Alþingi 1994

ÞINGSETNINGARFUNDUR

laugardaginn 1. okt.

Þingsetning.

Árið 1994, laugardaginn 1. október, var hundraðasta og átjánda löggefandi Alþingi sett í Reykjavík. Er það nítugasta og sjöunda aðalþing í röðinni en hundrað þrítugasta og þriðja samkoma frá því er Alþingi var endurreist.

Þingmenn söfnuðust saman í Alþingishúsinu kl. 1.15 miðdegis og gengu þaðan til guðsþjónustu í Dómkirkjunni kl. 1.30. Séra Ragnar Fjalar Lárusson steig í stólinn og lagði út af Lúk. 14:8.

Að lokinni guðsþjónustu gengu þingmenn aftur til Alþingishússins, fundarsalar Alþingis.

Þessir menn skipuðu þingið:

1. Anna Ólafsdóttir Björnsson, 9. þm. Reykn.
2. Árni R. Árnason, 5. þm. Reykn.
3. Árni Johnsen, 3. þm. Suðurl.
4. Árni M. Mathiesen, 3. þm. Reykn.
5. Björn Bjarnason, 3. þm. Reykv.
6. Davíð Oddsson, 1. þm. Reykv.
7. Eggert Haukdal, 6. þm. Suðurl.
8. Egill Jónsson, 3. þm. Austurl.
9. Einar K. Guðfinnsson, 3. þm. Vestf.
10. Eyjólfur Konráð Jónsson, 4. þm. Reykv.
11. Finnur Ingólfsson, 11. þm. Reykv.
12. Friðrik Sophusson, 2. þm. Reykv.
13. Geir H. Haarde, 8. þm. Reykv.
14. Gísli S. Einarsson, 4. þm. Vesturl.
15. Guðjón Guðmundsson, 5. þm. Vesturl.
16. Guðmundur Bjarnason, 1. þm. Norðurl. e.
17. Guðmundur Hallvarðsson, 16. þm. Reykv.
18. Guðmundur Árni Stefánsson, 6. þm. Reykn.
19. Guðni Ágústsson, 5. þm. Suðurl.
20. Guðrún J. Halldórsdóttir, 18. þm. Reykv.
21. Guðrún Helgadóttir, 14. þm. Reykv.
22. Gunnlaugur Stefánsson, 5. þm. Austurl.
23. Halldór Ásgrímsson, 1. þm. Austurl.
24. Halldór Blöndal, 2. þm. Norðurl. e.
25. Hjörleifur Guttormsson, 4. þm. Austurl.
26. Ingi Björn Albertsson, 5. þm. Reykv.
27. Ingibjörg Pálmadóttir, 2. þm. Vesturl.
28. Jóhann Ársælsson, 3. þm. Vesturl.
29. Jóhann Einvarðsson, 7. þm. Reykn.
30. Jóhanna Sigurðardóttir, 12. þm. Reykv.
31. Jóhannes Geir Sigurgeirsson, 6. þm. Norðurl. e.
32. Jón Baldvin Hannibalsson, 7. þm. Reykv.
33. Jón Helgason, 2. þm. Suðurl.
34. Jón Kristjánsson, 2. þm. Austurl.
35. Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, 6. þm. Vestf.
36. Kristinn H. Gunnarsson, 5. þm. Vestf.
37. Kristín Ástgeirsdóttir, 15. þm. Reykv.
38. Kristín Einarsdóttir, 10. þm. Reykv.
39. Lára Margrét Ragnarsdóttir, 13. þm. Reykv.
40. Margrét Frímannsdóttir, 4. þm. Suðurl.
41. Matthías Bjarnason, 1. þm. Vestf.
42. Ólafur G. Einarsson, 1. þm. Reykn.
43. Ólafur Ragnar Grímsson, 8. þm. Reykn.
44. Ólafur Þ. Þórðarson, 2. þm. Vestf.
45. Páll Pétursson, 1. þm. Norðurl. v.
46. Pálmi Jónsson, 2. þm. Norðurl. v.
47. Petrína Baldursdóttir, 11. þm. Reykn.
48. Ragnar Arnalds, 3. þm. Norðurl. v.
49. Rannveig Guðmundsdóttir, 4. þm. Reykn.
50. Salome Þorkelsdóttir, 2. þm. Reykn.
51. Sigbjörn Gunnarsson, 7. þm. Norðurl. e.
52. Sighvatur Björgvinsson, 4. þm. Vestf.
53. Sigríður A. Þórðardóttir, 10. þm. Reykn.
54. Sólveig Pétursdóttir, 6. þm. Reykv.
55. Stefán Guðmundsson, 4. þm. Norðurl. v.
56. Steingrímur J. Sigfússon, 4. þm. Norðurl. e.
57. Sturla Böðvarsson, 1. þm. Vesturl.
58. Svavar Gestsson, 9. þm. Reykv.
59. Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.
60. Valgerður Sverrisdóttir, 3. þm. Norðurl. e.
61. Vilhjálmur Egilsson, 5. þm. Norðurl. v.
62. Þorsteinn Pálsson, 1. þm. Suðurl.
63. Össur Skarphéðinsson, 17. þm. Reykv.

Forseti Íslands setur þingið.

Þá er þingmenn höfðu skipað sér til sætis kom forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, inn í salinn og gekk til ræðustóls.

Forseti Íslands (Vigdís Finnbogadóttir):

Hinn 13. september 1994 var gefið út svofellt bréf:

„Forseti Íslands gjörir kunnugt:

Ég hef ákveðið, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman til fundar laugardaginn 1. október 1994.

Um leið og ég birti þetta, er öllum, sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur, og verður þá Alþingi sett, að lokinni guðsþjónustu í Dómkirkjunni, sem hefst kl. 13.30.

Gjört í Reykjavík, 13. september 1994.

Vigdís Finnbogadóttir.

Davíð Oddsson.

Forsetabréf um að Alþingi skuli koma saman til fundar laugardaginn 1. október 1994."

Samkvæmt bréfi því sem ég nú hef lesið lýsi ég yfir því að Alþingi Íslendinga er sett. Bið ég yður að rísa úr sætum og minnast ættjarðarinnar.

[Þingheimur stóð upp og **forsætisráðherra, Davíð Oddsson,** mælti: „Heill forseta vorum og fósturjörð. Ísland lifi.“ Tóku þingmenn undir þessi orð með ferföldu húrrahrópi.]

Samkvæmt 1. gr. þingskapa ber nú aldursforseta að stjórna fundi þar til kosning forseta Alþingis hefur farið fram og bið ég aldursforseta, Matthías Bjarnason, 1. þm. Vestf., að ganga til forsetastóls.

[14:06]

Aldursforseti (Matthías Bjarnason):

Ég býð hv. alþm. velkomna til starfa á 118. löggjafarþingi og læt í ljós þá von og ósk að störf þess verði landi og þjóð til heilla. Starfsfólki Alþingis árna ég velfarnaðar í störfum.

Minning Jóns Þorsteinssonar.

Aldursforseti (Matthías Bjarnason):

Jón Þorsteinsson hæstaréttarlögmaður og fyrrverandi alþingismaður andaðist laugardaginn 17. september, varð bráðkvaddur, sjötugur að aldri.

Jón Þorsteinsson var fæddur á Akureyri 21. febrúar 1924. Foreldrar hans voru hjónin Þorsteinn verkamaður á Akureyri Jónsson bónda í Hrappsstaðakoti í Svarfaðardal Jónssonar og Guðrún Guðmundsdóttir bónda og formanns í Minnihlíð, síðar á Hóli í Bolungarvík Jóhannessonar. Jón Þorsteinsson lauk stúdentsprófi í Menntaskólanum á Akureyri vorið 1944 og lögfræðiprófi í Háskóla Íslands vorið 1949, varð héraðsdómslögmaður 1950 og hæstaréttarlögmaður 1973. Hann var fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum sumarið 1949, fluttist um haustið til Akureyrar og rak þar málaflutningsskrifstofu til 1955. Starfsmaður Alþýðusambands Íslands í Reykjavík var hann 1955–1960, rak málaflutningsskrifstofu í Reykjavík 1960–1963 og aftur frá 1973 til æviloka.

Jón Þorsteinsson var valinn til ýmissa nefndar- og stjórnarstarfa. Árið 1959 var hann skipaður í nefnd til að undirbúa lög um samningsrétt opinberra starfsmanna og 1960 í endurskoðunarnefnd skattalaga. Hann var í stjórn Íslenskrar endurtryggingar 1961–1972, í kjaranefnd 1962–1973 og í samninganefnd ríkisins um launakjör ríkisstarfsmanna 1962–1966. Málflytjandi ríkisins fyrir Kjaradómi var hann 1963–1972. Árið 1964 var hann skipaður í nefnd til athugunar á menntunarkröfum og atvinnuréttindum vélstjóra og á sama ári kosinn í áfengismálanefnd. Hann var formaður framkvæmdanefndar byggingaráætlunar 1965–1969. Árið 1966 var hann skipaður í nefnd til að semja frumvarp um framleiðnisjóð landbúnaðarins og var síðan í stjórn sjóðsins 1966–1974. Hann var skipaður árið 1968 í nefnd til að athuga ýmsa þætti landbúnaðarmála og var í yfirnefnd um verðlagsgrundvöll landbúnaðarins 1968–1975. Á árunum 1975–1980 átti hann sæti í mörgum sáttanefndum í kjaradeilum. Hann var formaður nefndar sem skipuð var af Hæstarétti á árinu 1986 til að rannsaka viðskipti Útvegsbanka Íslands og Hafskips. Í Félagsdómi átti hann sæti frá 1986 og í Kjaradómi 1991–1993. Formaður umsjónarnefndar fólksbifreiða á höfuðborgarsvæðinu var hann frá 1989.

Jón Þorsteinsson var alþýðuflokksmaður, sat í miðstjórn flokksins 1958–1972. Eftir kjördæmabreytinguna 1959 skipaði hann efsta sæti á lista flokksins í Norðurlandskjördæmi vestra í þrennum kosningum til Alþingis og var landskjörinn þingmaður 1959–1971, sat á 12 þingum alls.

Jón Þorsteinsson var skákmeistari Norðurlands 1942–1944 og 1952–1953, eða fimm sinnum alls. Hann var sigurvegari í meistaraflokki á skákþingi Norðurlanda í Svíþjóð 1959 og hlaut sigur í áskorendaflokki á skákþingi Íslands 1976.

Jón Þorsteinsson valdi sér lögfræði að ævistarfi. Ríkasti þátturinn í störfum hans á því fræðasviði var í þágu samtaka verkalýðsins. Hann var traustur lögfræðingur, íhugull og hreinskiptinn. Málflutningur hans var rökfastur og hófstilltur, skýr og hnitmiðaður, hvort sem um var að ræða flókin lagaatriði eða margþætt viðfangsefni stjórnmála. Alla sína þingmannstíð var hann stuðningsmaður ríkisstjórnar, sat í efri deild og starfaði í mörgum þingnefndum. Innan þings og utan átti hann þátt í margvíslegri lagasmíð. Í kjördæmi sínu naut hann vaxandi trausts meðan hann gaf kost á sér til þingmennsku. Hann var löngum störfum hlaðinn, margir sóttu til hans ráð og hann brást ekki því trausti sem til hans var borið.

Eiginkona hans var Jónína Sigríður Bergmann.

Ég vil biðja þingheim að minnast Jóns Þorsteinssonar með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Varamenn taka þingsæti.

[14:16]

Aldursforseti (Matthías Bjarnason):

Borist hafa eftirfarandi bréf. Hið fyrsta hljóðar svo:

„Þar sem ég vegna veikinda get ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska þess að 1. varaþm. Framsfl. í Vestf., Pétur Bjarnason fræðslustjóri, Ísafirði, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni. Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegi forseti.

Ólafur Þ. Þórðarson, 2. þm. Vestf.“

Pétur Bjarnason hefur áður tekið sæti á Alþingi á þessu kjörtímabili og býð ég hann velkominn til starfa á þinginu.

Annað bréfið hljóðar svo:

„Þar sem Jóhann Ársælsson, 3. þm. Vesturl., getur ekki vegna veikinda sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska þess að 1. varamaður Alþb. í Vest-

url., Ragnar Elbergsson oddviti, Grundarfirði, taki sæti á Alþingi í fjarveru hans.

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegi forseti.

Ragnar Arnalds,
formaður þingflokks Alþýðubandalagsins."

Ragnar Elbergsson hefur áður tekið sæti á Alþingi á þessu kjörtímabili og býð ég hann velkominn til starfa.

Þriðja bréfið hljóðar svo:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska þess að 1. varamaður Alþb. í Norðurl. v., Sigurður Hlöðvesson tæknifræðingur, Siglufirði, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegi forseti.

Ragnar Arnalds, 3. þm. Norðurl. v."

Sigurður Hlöðvesson hefur áður tekið sæti á Alþingi á þessu kjörtímabili og býð ég hann velkominn til starfa.

Útbýting þingskjala:

Fjárlög 1995, 1. mál, stjfrv., þskj. 1.

Þjóðhagsáætlun 1995, 2. mál, skýrsla forsrh., þskj. 2.

Fundi frestað kl. 14:18.

ÞINGSETNINGARFUNDUR (frh.)

mánudaginn 3. okt.,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Kosning forseta skv. 1. mgr. 3. gr. þingskapa.
2. Kosning varaforseta skv. 3. mgr. 3. gr. þingskapa, sbr. 5. mgr. 68. gr.
3. Kosning í fastanefndir skv. 13. gr. þingskapa:
   a. allsherjarnefnd, 9 manna,
   b. efnahags- og viðskiptanefnd, 9 manna,
   c. félagsmálanefnd, 9 manna,
   d. fjárlaganefnd, 11 manna,
   e. heilbrigðis- og tryggingnefnd, 9 manna,
   f. iðnaðarnefnd, 9 manna,
   g. landbúnaðarnefnd, 9 manna,
   h. menntamálanefnd, 9 manna,
   i. samgöngunefnd, 9 manna,
   j. sjávarútvegsnefnd, 9 manna,
   k. umhverfisnefnd, 9 manna,
   l. utanríkismálanefnd, 9 manna og 9 varamanna.
4. Hlutað um sæti þingmanna skv. 4. mgr. 3. gr. þingskapa.

Tilkynning.

Aldursforseti (Pálmi Jónsson):

Í veikindaforföllum aldursforseta, hv. 1. þm. Vestf., Matthíasar Bjarnasonar, og vegna fjarveru hv. 3. þm. Norðurl. v., Ragnars Arnalds, er næstur kemur honum í röð að starfsaldri, kemur það í minn hlut að gegna forsetastörfum þar til forseti Alþingis hefur verið kjörinn.

Til hægðarauka fyrir hv. alþm. hefur dagskrá verið útbýtt þrátt fyrir að verkefni þessa fundar séu fastákveðin í þingsköpum.

Fjarvistarleyfi:

Friðrik Sophusson fjmrh.,
Guðmundur Bjarnason, 1. þm. Norðurl. e.,
Guðmundur Árni Stefánsson félmrh.,
Jón Baldvin Hannibalsson utanrrh.,
Matthías Bjarnason, 1. þm. Vestf.

Útbýting þingskjala:

Átak við að leggja jarðstrengi í stað loftlína, 15. mál, þáltill. GE o.fl., þskj. 15.

Héraðsdómstóll í skatta- og bókhaldsmálum, 9. mál, frv. JóhS, þskj. 9.

Jarðhitaréttindi, 6. mál, frv. HG o.fl., þskj. 6.

Lyfjalög, 5. mál, frv. IP o.fl., þskj. 5.

Mengunarvarnabúnaður í bifreiðar ríkisins, 16. mál, þáltill. GE og PBald, þskj. 16.

Notkun steinsteypu til slitlagsgerðar, 14. mál, þáltill. GE o.fl., þskj. 14.

Orka fallvatna, 7. mál, frv. HG o.fl., þskj. 7.

Réttur til launa í veikindaforföllum, 8. mál, frv. HG, þskj. 8.

Staðgreiðsla opinberra gjalda, 12. mál, frv. JóhS, þskj. 12.

Tekjuskattur og eignarskattur, 10. mál, frv. JóhS, þskj. 10.

Viðmiðunarreglur um breytt endurgjald vegna eigin atvinnureksturs, 13. mál, þáltill. JóhS, þskj. 13.

Virðisaukaskattur, 11. mál, frv. JóhS, þskj. 11.

Lagt fram á lestrarsal:

Ályktun aðalfundar Félags íslenskra heimilislækna um fjölskylduna í íslensku samfélagi.

Kosning forseta.

Aldursforseti (Pálmi Jónsson):

Nú fer fram kosning forseta Alþingis samkvæmt 1. og 2. mgr. 3. gr. þingskapa. Ég óska eftir tilnefningu.

Tilnefning hefur borist um Salome Þorkelsdóttur, 2. þm. Reykn.

Ég vek athygli á því sem segir í upphafi 3. gr. þingskapa að í kjöri eru þeir einir sem tilnefndir eru og eigi hreyfa andmælum við því. Því verða atkvæði sem falla kunna á aðra þingmenn en þann sem tilnefndur er að teljast ógild atkvæði.

Gengið var til forsetakosningar. Atkvæði féllu þannig að **Salome Þorkelsdóttir**, 2. þm. Reykn., hlaut 43 atkvæði, auðir seðlar voru 11.

Aldursforseti (Pálmi Jónsson):
Ég árna nýkjörnum og endurkjörnum forseta Alþingis, Salome Þorkelsdóttur, allra heilla í starfi og óska henni einnig til hamingju með þetta ágæta kjör og ég bið hana að taka við stjórn fundarins.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):
Ég þakka aldursforseta, hv. 2. þm. Norðurl. v., fyrir hlý orð í minn garð og góðar óskir. Jafnframt þakka ég það traust sem mér hefur verið sýnt með því að kjósa mig enn á ný sem forseta Alþingis. Það er einlæg von mín að takast megi gott samstarf og samvinna milli forseta og þingmanna allra á því þingi sem nú fer í hönd.

Kosning varaforseta.

Fram kom einn listi með jafnmörgum nöfnum samtals og kjósa skyldi. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosin væru án atkvæðagreiðslu:

1. varaforseti: Valgerður Sverrisdóttir, 3. þm. Norðurl. e.,
2. varaforseti: Gunnlaugur Stefánsson, 5. þm. Austurl.,
3. varaforseti: Guðrún Helgadóttir, 14. þm. Reykv.,
4. varaforseti: Sturla Böðvarsson, 1. þm. Vesturl.,
5. varaforseti: Kristín Einarsdóttir, 10. þm. Reykv.,
6. varaforseti: Pálmi Jónsson, 2. þm. Norðurl. v.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):
Ég vil við þetta tækifæri bjóða forsætisnefnd velkomna til starfa á ný. Það er einlæg ósk mín að við megum áfram eiga gott samstarf og samvinnu á því þingi sem nú er fram undan.

Kosning í fastanefndir.

Við kosningu nefndanna komu fram hverju sinni tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Kosningin fór því fram án atkvæðagreiðslu og urðu nefndir svo skipaðar:

1. Allsherjarnefnd.
Sólveig Pétursdóttir (A),
Jón Helgason (B),
Björn Bjarnason (A),
Kristinn H. Gunnarsson (B),
Gísli S. Einarsson (A),
Eyjólfur Konráð Jónsson (A),
Ólafur Þ. Þórðarson (B),
Ingi Björn Albertsson (A),
Anna Ólafsdóttir Björnsson (B).

2. Efnahags- og viðskiptanefnd.
Vilhjálmur Egilsson (A),
Finnur Ingólfsson (B),
Ingi Björn Albertsson (A),
Steingrímur J. Sigfússon (B),
Rannveig Guðmundsdóttir (A),
Jóhannes Geir Sigurgeirsson (B),
Sólveig Pétursdóttir (A),
Guðjón Guðmundsson (A),
Kristín Ástgeirsdóttir (B).

3. Félagsmálanefnd.
Guðjón Guðmundsson (A),
Valgerður Sverrisdóttir (B),
Eggert Haukdal (A),
Kristinn H. Gunnarsson (B),
Rannveig Guðmundsdóttir (A),
Einar K. Guðfinnsson (A),
Jón Kristjánsson (B),
Gísli S. Einarsson (A),
Guðrún J. Halldórsdóttir (B).

4. Fjárlaganefnd.
Sturla Böðvarsson (A),
Guðmundur Bjarnason (B),
Einar K. Guðfinnsson (A),
Margrét Frímannsdóttir (B),
Sigbjörn Gunnarsson (A),
Jón Kristjánsson (B),
Árni Johnsen (A),
Árni M. Mathiesen (A),
Jóna Valgerður Kristjánsdóttir (B),
Gunnlaugur Stefánsson (A),
Guðrún Helgadóttir (B).

5. Heilbrigðis- og trygginganefnd.
Lára Margrét Ragnarsdóttir (A),
Ingibjörg Pálmadóttir (B),
Guðmundur Hallvarðsson (A),
Margrét Frímannsdóttir (B),
Gunnlaugur Stefánsson (A),
Sólveig Pétursdóttir (A),
Finnur Ingólfsson (B),
Sigríður A. Þórðardóttir (A),
Guðrún J. Halldórsdóttir (B).

6. Iðnaðarnefnd.
Pálmi Jónsson (A),
Páll Pétursson (B),
Guðjón Guðmundsson (A),
Svavar Gestsson (B),
Gísli S. Einarsson (A),
Guðmundur Bjarnason (B),

Sigríður A. Þórðardóttir (A),
Tómas Ingi Olrich (A),
Kristín Einarsdóttir (B).

7. Landbúnaðarnefnd.
Egill Jónsson (A),
Guðni Ágústsson (B),
Eggert Haukdal (A),
Ragnar Arnalds (B),
Gísli S. Einarsson (A),
Einar K. Guðfinnsson (A),
Jóhannes Geir Sigurgeirsson (B),
Árni M. Mathiesen (A),
Kristín Ástgeirsdóttir (B).

8. Menntamálanefnd.
Sigríður A. Þórðardóttir (A),
Valgerður Sverrisdóttir (B),
Árni Johnsen (A),
Svavar Gestsson (B),
Petrína Baldursdóttir (A),
Ólafur Þ. Þórðarson (B),
Björn Bjarnason (A),
Tómas Ingi Olrich (A),
Kristín Ástgeirsdóttir (B).

9. Samgöngunefnd.
Pálmi Jónsson (A),
Stefán Guðmundsson (B),
Árni Johnsen (A),
Jóhann Ársælsson (B),
Petrína Baldursdóttir (A),
Sturla Böðvarsson (A),
Guðni Ágústsson (B),
Egill Jónsson (A),
Jóna Valgerður Kristjánsdóttir (B).

10. Sjávarútvegsnefnd.
Matthías Bjarnason (A),
Ingibjörg Pálmadóttir (B),
Árni R. Árnason (A),
Jóhann Ársælsson (B),
Gunnlaugur Stefánsson (A),
Stefán Guðmundsson (B),
Guðmundur Hallvarðsson (A),
Vilhjálmur Egilsson (A),
Steingrímur J. Sigfússon (B).

11. Umhverfisnefnd.
Tómas Ingi Olrich (A),
Jón Helgason (B),
Árni M. Mathiesen (A),
Hjörleifur Guttormsson (B),
Petrína Baldursdóttir (A),
Árni R. Árnason (A),
Kristín Einarsdóttir (B),
Lára Margrét Ragnarsdóttir (A),
Ólafur Ragnar Grímsson (B).

12. Utanríkismálanefnd.
Aðalmenn:
Geir H. Haarde (A),
Halldór Ásgrímsson (B),
Björn Bjarnason (A),
Ólafur Ragnar Grímsson (B),
Rannveig Guðmundsdóttir (A),
Páll Pétursson (B),
Árni R. Árnason (A),
Lára Margrét Ragnarsdóttir (A),
Anna Ólafsdóttir Björnsson (B).

Varamenn:
Tómas Ingi Olrich (A),
Guðmundur Bjarnason (B),
Árni M. Mathiesen (A),
Hjörleifur Guttormsson (B),
Petrína Baldursdóttir (A),
Jón Helgason (B),
Vilhjálmur Egilsson (A),
Sólveig Pétursdóttir (A),
Guðrún J. Halldórsdóttir (B).

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):
Forseti mun í framhaldi af kjöri til fastanefnda beita sér fyrir því sem fyrr að gerð verði áætlun um fundatíma nefndanna. Reynt verður að hafa fundatímana þá sömu og á síðasta þingi, eftir því sem hægt er, en breytingar sem orðið hafa á skipan nefndanna gætu leitt til einhverra breytinga á fundatíma þeirra. Ætlun forseta er að slík fundaáætlun liggi fyrir síðdegis á morgun, þriðjudag, og geti nefndirnar þá komið saman til síns fyrsta fundar samkvæmt þeirri áætlun á næstu dögum og kosið sér formann og varaformann og eftir atvikum fjallað um önnur mál er til þeirra hefur verið vísað. Miðað er við að fyrstu nefndafundir samkvæmt fundaáætlun hefjist næstkomandi miðvikudag.

Sætaskipun.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):
Nú verður hlutað um sæti þingmanna sbr. 4. mgr. 3. gr. þingskapa. Sætaúthlutun verður með hefðbundnum hætti.

Sætaúthlutun fór á þessa leið:

2. sæti hlaut Matthías Bjarnason,
3. sæti hlaut Svavar Gestsson,
4. sæti hlaut Kristinn H. Gunnarsson,
5. sæti hlaut Kristín Einarsdóttir,
6. sæti hlaut Ólafur Ragnar Grímsson,
7. sæti hlaut Ingi Björn Albertsson,
8. sæti hlaut Ragnar Arnalds,
9. sæti hlaut Egill Jónsson,

10. sæti hlaut Vilhjálmur Egilsson,
11. sæti hlaut Valgerður Sverrisdóttir,
12. sæti hlaut Guðmundur Bjarnason,
13. sæti hlaut Páll Pétursson,
14. sæti hlaut Hjörleifur Guttormsson,
15. sæti hlaut Petrína Baldursdóttir,
16. sæti hlaut Kristín Ástgeirsdóttir,
17. sæti hlaut Sigbjörn Gunnarsson,
18. sæti hlaut Sigríður A. Þórðardóttir,
19. sæti hlaut Margrét Frímannsdóttir,
20. sæti hlaut Árni Johnsen,
21. sæti hlaut Einar K. Guðfinnsson,
22. sæti hlaut Lára Margrét Ragnarsdóttir,
23. sæti hlaut Sólveig Pétursdóttir,
24. sæti hlaut Jón Helgason,
25. sæti hlaut Tómas Ingi Olrich,
26. sæti hlaut Gunnlaugur Stefánsson,
27. sæti hlaut Ingibjörg Pálmadóttir,
28. sæti hlaut Halldór Ásgrímsson,
29. sæti hlaut Árni R. Árnason,
30. sæti hlaut Finnur Ingólfsson,
31. sæti hlaut Guðrún J. Halldórsdóttir,
32. sæti hlaut Pálmi Jónsson,
33. sæti hlaut Jóhann Ársælsson,
34. sæti hlaut Jóhannes Geir Sigurgeirsson,
35. sæti hlaut Árni M. Mathiesen,
36. sæti hlaut Rannveig Guðmundsdóttir,
37. sæti hlaut Björn Bjarnason,
38. sæti hlaut Guðrún Helgadóttir,
39. sæti hlaut Sturla Böðvarsson,
40. sæti hlaut Steingrímur J. Sigfússon,
41. sæti hlaut Ólafur Þ. Þórðarson,
42. sæti hlaut Geir H. Haarde,
43. sæti hlaut Guðni Ágústsson,
44. sæti hlaut Jóna Valgerður Kristjánsdóttir,
45. sæti hlaut Jóhanna Sigurðardóttir,
46. sæti hlaut Jóhann Einvarðsson,
47. sæti hlaut Eyjólfur Konráð Jónsson,
48. sæti hlaut Anna Ólafsdóttir Björnsson,
49. sæti hlaut Guðmundur Hallvarðsson,
50. sæti hlaut Stefán Guðmundsson,
51. sæti hlaut Guðjón Guðmundsson,
52. sæti hlaut Jón Kristjánsson,
53. sæti hlaut Gísli S. Einarsson,
54. sæti hlaut Eggert Haukdal.

Fundi slitið kl. 15:47

---

2. FUNDUR

þriðjudaginn 4. okt.,
kl. 8.30 síðdegis.

Dagskrá:

Stefnuræða forsætisráðherra og umræða um hana (útvarpsumr.).

Fjarvistarleyfi:

Friðrik Sophusson fjmrh.,
Guðmundur Bjarnason, 1. þm. Norðurl. e.,
Jón Baldvin Hannibalsson utanrrh.,
Matthías Bjarnason, 1. þm. Vestf.

Stefnuræða forsætisráðherra (útvarpsumræður).

[20:31]

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Umræðurnar skiptast í tvær umferðir. Í fyrri umferð hefur forsrh. til umráða allt að hálfri klukkustund en fulltrúar annarra þingflokka 20 mínútur hver. Í síðari umferð hefur hver flokkur 10 mínútur til umráða. Jóhanna Sigurðardóttir, 12. þm. Reykv., utan flokka, talar síðust í fyrri umferð og hefur 15 mínútur til umráða. Röð flokkanna verður þessi í báðum umferðum: Sjálfstfl., Framsfl., Alþfl., Alþb. og Samtök um kvennalista.

Ræðumenn verða: Fyrir Sjálfstfl. Davíð Oddsson forsrh. í fyrri umferð og Ólafur G. Einarsson menntmrh. í síðari umferð. Af hálfu Framsfl. tala Halldór Ásgrímsson, 1. þm. Austurl., og Páll Pétursson, 1. þm. Norðurl. v., í fyrri umferð en Ingibjörg Pálmadóttir, 2. þm. Vesturl., í síðari umferð. Ræðumenn Alþfl. verða Sighvatur Björgvinsson viðskrh. og Rannveig Guðmundsdóttir, 4. þm. Reykn., í fyrri umferð, en Össur Skarphéðinsson umhvrh. í þeirri síðari. Fyrir Alþb. tala Ólafur Ragnar Grímsson, 8. þm. Reykn., og Kristinn H. Gunnarsson, 5. þm. Vestf., í fyrri umferð, en Steingrímur J. Sigfússon, 4. þm. Norðurl. e., í síðari umferð. Af hálfu Samtaka um kvennalista tala Guðrún J. Halldórsdóttir, 18. þm. Reykv., og Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, 6. þm. Vestf., í fyrri umferð, en Kristín Einarsdóttir, 10. þm. Reykv., í þeirri síðari.

[20:33]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti. Góðir Íslendingar. Ég flyt nú stefnuræðu ríkisstjórnar minnar í fimmta sinn og nú í upphafi kosningavetrar. Þetta þing, sem nú er að hefjast, er lokaþing kjörtímabils sem hefur ekki verið með öllu viðburðasnautt og á ýmsu hefur gengið um efnahagslega afkomu íslensku þjóðarinnar. Það er e.t.v. ekki til þess fallið að skapa vellíðan í brjóstum landsmanna að nefna kosningaþing því að bitur er reynslan af slíkum þingum. Þá hefur ábyrgðarleysið einatt vikið aðhaldinu til byggðar, festa horfið fyrir undanlátssemi og léttúð tekið við af styrkri stjórn. Hvorki ég né þið, hlust-

endur góðir, höfum gleymt því hvernig fyrri stjórn lauk ferli sínum. Síðustu 4 lífmánuði hennar hækkuðu útgjöld um nálægt 9 þús. millj. kr. og saup þjóðin lengi seyðið af þeirri upplausn. Til voru þeir sem gerðu því skóna í sumar að núv. ríkisstjórn mundi lenda í vandræðum á haustþingi og ná ekki að koma fram með heilsteypta og skýra fjármálastefnu sem væri í takt við þann efnahagslega stöðugleika sem ríkisstjórnin hefur tryggt á undanförnum árum. Veruleg hætta væri á að þau markmið, sem menn hefðu sett sér við fjárlagagerð, næðust ekki. Jafnvel var fullyrt að umræður um haustkosningar mætti rekja til þessa vanda og menn vildu forðast að afhjúpað yrði að ríkisstjórnin hefði ekki burði til að koma fjárlagadæminu saman. Allar þessar vangaveltur voru staðlausar og fjarri veruleikanum.

Fjárlagafrv. það sem fjmrh. hefur nú lagt fram tekur reyndar af öll tvímæli. Engum dylst að það fjárlagafrv. er til þess fallið að auka tiltrú manna og markaða á þeim stöðugleika sem tekist hefur að skapa og hefur verið meiri undanfarin þrjú og hálft ár en oftast áður.

Ég minnist þess að iðulega hefur verið haft á orði að spár opinberra stofnana um þróun efnahagsmála hafi gjarnan virst taka meira mið af óskhyggju en raunveruleikanum. Sjálfsagt hefur slíkt álit á spádómum og áætlunum hins opinbera stundum átt við rök að styðjast. Því er athyglisverðara að horfa á þjóðhagsáætlun fyrir það ár sem nú er að líða og bera spá hinna saman við hina raunverulegu útkomu. Þar kemur margt á óvart en kannski mest það að raunveruleikinn tekur spánni og áætluninni langt fram og er mun hagstæðari búskap þjóðarinnar.

Eins og fram kemur í þeirri þjóðhagsáætlun, er þingmenn hafa fyrir framan sig, hefur framvindan á þessu ári orðið mun jákvæðari á öllum sviðum en búist var við þegar áætlunin var kynnt sl. haust. Verðbólgan er minni en þá var reiknað með og viðskiptajöfnuðurinn hagstæðari. Vextir hafa lækkað og atvinnuleysi er minna en spáð var. Síðast en ekki síst hefur kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann aukist lítillega en í fyrrahaust var því spáð að hann minnkaði nokkuð á þessu ári. Hagvöxtur hefur glæðst á ný og verður meiri en nokkurt eitt ár síðan 1987 en gert hafði verið ráð fyrir að hagvöxtur yrði neikvæður enn eitt árið þegar áætlunin var gerð. Þetta eru mjög mikil umskipti til hins betra.

Hér er ekki spá á ferð heldur raunveruleiki en þrátt fyrir að allir þessir mikilvægu þættir, verðbólga, viðskiptajöfnuður, vextir, atvinnuleysi, kaupmáttur og hagvöxtur, séu hagstæðari en gert var ráð fyrir neitar stjórnarandstaðan enn að trúa því að mikill bati sé að verða í þjóðfélaginu og tönnlast á að ekki sé góð lykt af svo jákvæðum fréttum. Ég er afar þakklátur fyrir að deila ekki pólitísku lyktarskyni með stjórnarandstöðunni fyrst það leiðir menn á slíkar villigötur.

Þegar litið er yfir efnahagssögu Íslands og efnahagsstjórn blasa við ótal dæmi um einkennilegar uppákomur. Sífelldar glímur hafa verið við árviss vandamál þannig að sjaldnast hefur náðst að leggja línur til lengri tíma. Við munum öll eftir því að þennan 1. júní eða hinn 1. september eða 1. desember væru öll mál í uppnámi og tilefni til þess að gripið yrði til smáskammtalækninga af efnahagslegu tagi til þess að bjarga í horn. Oftar en ekki var þá gripið til millifærslna, stundum í stórum stíl, til að bjarga því sem aflaga fór. Því miður var allt of oft tjaldað til einnar nætur.

Á þessu kjörtímabili hefur þessi mynd ekki horft þannig við nokkrum manni. Festa hefur ríkt, jafnvægi, vinnufriður og stöðugleiki. Að sönnu skulum við ekki draga úr því að þjóðin hefur orðið að takast á við mikinn samdrátt sem jafna má við kreppu vegna minnkandi þjóðartekna en hún hefur staðið þessa kreppu af sér. Þau skilyrði sem sköpuð hafa verið fyrir íslenskt atvinnulíf hafa gert okkur kleift að komast betur frá þeirri kreppu en spár stóðu til.

Vissulega hafa ytri aðstæður verið óhagstæðar allt fram undir það síðasta og auðvitað hefur það umhverfi sett framkvæmd stjórnarstefnunnar þrengri skorður en ella hefði verið og þá ekki síst fjármálum ríkisins. Ríkisstjórninni og aðilum vinnumarkaðarins var ljóst að forgangsverkefni við þessar aðstæður væri að efla atvinnulíf landsmanna, uppsprettu lífskjara og velmegunar. Það varð því að ganga fyrir öðru að koma á stöðugleika í efnahagsmálum og tryggja undirstöðurnar, rekstur atvinnufyrirtækjanna. Hverfa varð frá þeim smáskammtalækningum sem voru svo algengar í tíð síðustu ríkisstjórnar en grípa hins vegar til markvissra aðgerða sem miðuðu að því að skapa tryggt ástand og öruggan grundvöll sem fólk og fyrirtæki gætu byggt á til lengri tíma og með því brotist út úr margra ára kyrrstöðu.

Margvíslegar skipulagsbreytingar hafa verið gerðar í hagkerfinu og þá jafnan í þeim tilgangi að auka frjálsræði og um leið samkeppni í efnahags- og atvinnulífinu og gera leikreglurnar skilvirkari og réttlátari.

Það var annað höfuðmarkmið ríkisstjórnarinnar að leiða samningana um Evrópska efnahagssvæðið til lykta með farsælum hætti og með þeim að tryggja Íslendingum, jafnt einstaklingum sem fyrirtækjum, alla þá nýju möguleika sem Evrópa hefur upp á að bjóða og um leið íslenskum neytendum verulegan ávinning.

Þegar ég flutti stefnuræðu mína fyrir ári gat ég aðeins sagt að nokkrar vísbendingar væru um að efnahagsástandið færi nú hægt batnandi. Stjórnarandstæðingar gerðu þá hvað þeir gátu til þess að telja fólki trú um að verið væri að draga upp mynd sem ætti sér enga stoð. Þegar þessi batamerki urðu skýrari með sumrinu og frá því var greint var uppi sami söngurinn. En nú er svo komið að þjóðin öll skynjar efnahagbatann en stjórnarandstaðan hefur allt til þessa dags haldið dauðahaldi í kreppuna. Það er eins og henni sé meinilla við að nú sé bjartari tíð fram undan og allt erfiðið sé að skila árangri. Ég vona að hv. stjórnarandstæðingar beri gæfu til þess í kvöld að líta örlítið bjartari augum til framtíðar.

Hugsanlegt er að talsmenn stjórnarandstöðunnar hafi bakþanka vegna eigin ummæla um efnahagsaðgerðir

ríkisstjórnarinnar. Ég býst ekki við að margir séu búnir að gleyma fullyrðingum þeirra um að þær ráðstafanir leiddi til efnahagslegrar kollsteypu, óðaverðbólgan færi af stað á nýjan leik og ekki yrði við neitt ráðið. Vandinn var orðinn svo hrikalegur, sögðu þeir í júní í fyrra, að engri venjulegri meirihlutastjórn væri ætlandi að taka á honum. Nú yrði þjóðstjórn að koma til. Það gleður þá vonandi nú eins og alla aðra að þessi ríkisstjórn hefur tekið á þessum vanda og leyst hann.

Eðlilegt er að spurt sé hvers vegna efnahagssamdrátturinn hér á landi hefur ekki leitt til þess að atvinnuleysi hafi rokið upp í 15–20% eins og gerst hefur í mjög mörgum ríkjum Evrópu. Meginástæðan er auðvitað sú að íslensk stjórnvöld brugðust fyrr við, gengu fyrr á hólm kreppuna og áttu náið samráð við lykilsamtök og stofnanir samfélagsins. Almennum aðferðum var beitt til að tryggja stöðu hins íslenska atvinnulífs, gengi krónunnar var lagað að þörfum útflutningsfyrirtækjanna, skattar voru lækkaðir, kaupmáttur almennings varinn með lækkun virðisaukaskatts á matvælum og um leið var hamlað gegn atvinnuleysi með tímabundnum atvinnuskapandi framkvæmdum. Þess var þó jafnan gætt við allar þessar ákvarðanir að ekkert færi úr hömlu og stöðugleikanum væri ekki stefnt í voða. Það tókst að skapa skilning á þessum viðhorfum í þjóðfélaginu og kjarasamningarnir í maí 1993 tóku mið af aðstæðum þjóðarbúsins og efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar. Þær ákvarðanir, sem aðilar vinnumarkaðarins höfðu þrek til að axla, eiga sinn drjúga þátt í þeim mikla árangri sem þjóðin hefur náð.

Það var ánægjulegt að samstaða náðist um það í maí sl. að láta nokkurn hluta af þessum ávinningi skila sér aftur til launþeganna í landinu. En ekki var síður ánægjulegt að eitt meginbaráttumál verkalýðshreyfingarinnar í mörgum undanförnum kjarasamningum, lækkun vaxta, sem stjórnvöld höfðu um árabil heitið að beita sér fyrir, gekk nú fyrst fram eftir að efnahagslegi stöðugleikinn kom til.

Þegar ríkisstjórnin tók við völdum var raunávöxtunarkrafa ríkisverðbréfa á Verðbréfaþingi 8,15% en er nú 4,86%. Ríkissjóður fjármagnar þannig halla sinn, sem tekist hefur að koma nokkrum böndum á, við mun lægra vaxtastig en hann gerði fyrir tíð þessarar ríkisstjórnar. Skattgreiðendur framtíðarinnar munu hagnast á því. En meira skiptir þó að fjármagnskostnaður almennings og fyrirtækjanna hefur lækkað verulega. Í því felast raunverulegar kjarabætur.

Á þessu ári verður hagvöxtur hér á landi meiri en nokkurt eitt ár síðan 1987 og á næsta ári eru góðar horfur á áframhaldandi vexti. Þannig hefur okkur tekist að rjúfa tímabil stöðnunar og samdráttar sem ríkt hafði undanfarin sjö ár. Þessi umskipti eiga sér að hluta skýringu í auknum afla á fjarlægum miðum og einnig auknum umsvifum í helstu viðskiptalöndum okkar. En hitt skipti sköpum að ríkisstjórnin hefur fylgt aðhaldssamari efnahagsstefnu og aðilar vinnumarkaðarins hafa lagt raunsætt mat á þjóðhagsleg skilyrði. Vissulega er hagvöxturinn enn minni en hann hefur verið að meðaltali þau 50 ár sem lýðveldi hefur verið á Íslandi. En þá er rétt að hafa í huga að á meðan við gátum aukið sjávaraflann með útfærslu fiskveiðilögsögunnar voru skilyrði hagvaxtar góð og uppbygging lífskjara hröð. En vissulega hefur þessi vöxtur verið óstöðugur eins og fjölmörg dæmi eru um. Þannig hefur landsframleiðslan dregist saman 11 sinnum á síðustu 50 árum. Þetta eru mun fleiri samdráttarskeið en aðrar þjóðir við sambærilegan efnahag hafa þurft að ganga í gegnum.

Við skulum einnig hafa hugfast að slíkar sveiflur leiða til þess að lífskjör eru ótryggari á Íslandi en í þeim löndum þar sem hagvöxtur er jafnari og stöðugri. Vegna þessara sveiflna hefur óstöðugleiki verið helsti efnahagsvandi Íslendinga í marga áratugi. Allar ríkisstjórnir hafa þurft að glíma við síkan vanda. Hann hefur birst í margvíslegum myndum, ekki síst í viðvarandi viðskiptahalla, mikilli erlendri skuldasöfnun, þrálátri verðbólgu, stundum óðaverðbólgu. Á þessum 50 árum, sem við höfum algerlega haft öll okkar mál í okkar höndum, hefur aðeins níu sinnum verið afgangur á viðskiptajöfnuði við útlönd. Í fyrsta sinn á þessu tímabili hillir nú undir að afgangur verði í utanríkisviðskiptum í þrjú ár í röð, 1993, 1994 og 1995. Þessi árangur er í raun þjóðarsigur.

Hvað þýðir þessi niðurstaða á mæltu máli? Hún þýðir að árið 1993 greiddum við erlendar raunskuldir okkar niður um rúmar 6 þúsund millj. kr. Á þessu ári greiðum við niður raunskuldir þjóðarinnar um 9 þús. millj. kr. og væntanlega um 8 þús. millj. á því næsta. Þetta þýðir með öðrum orðum að á þremur árum greiðum við niður erlendar raunskuldir okkar um 23 milljarða kr. Það er sannkallaður þjóðarsigur. Meðan þannig er haldið á málum þarf enginn maður í þessu landi að óttast að þjóðin sé á þeirri braut sem frændur okkar Færeyingar lentu á illu heilli. En við vorum á þeirri braut. Af henni var horfið og á hana má ekki aftur fara.

Í fyrsta sinn í sögu lýðveldisins næst sá árangur að verðbólga verði innan við 5% á ári fjögur ár í röð, 1992, 1993, 1994 og 1995. Nú er raunhæft að halda verðbólgunni um eða innan við 2% þannig að ekki á að vera hætta á ef af festu er stjórnað að verðbólgan skekki viðskiptagrundvöll okkar við aðrar þjóðir. Við höfum aldrei verið nær því en nú að festa stöðugleikann í sessi og aldrei nær því en nú að skapa forsendur fyrir stöðugum og jöfnum hagvexti. Því er afar mikið í húfi að þessari skýru efnahagsstefnu, sem núv. ríkisstjórn hefur fylgt fram, sé haldið og hvergi frá henni vikið. Þessi stefna leggur grunn að því að við getum byggt upp þróttmikið og fjölbreytt atvinnulíf á næstu árum.

Á undanförnum sjö árum hafa launþegar þurft að horfa upp á kaupmátt sinn falla ótt og títt, aldrei þó jafnmikið og í tíð síðustu ríkisstjórnar, er kaupmáttur launafólks hrapaði stöðugt, ekki síst árin 1989 og 1990. Síðan hefur kaupmáttur minnkað lítillega, en nú á þessu ári hefur tekist að varðveita hann og reyndar hefur hann aðeins aukist síðustu mánuðina. Nú þegar kjarasamningar fara í hönd er í fyrsta sinn í langan tíma hægt að gera ráð fyrir að þeir samningar tryggi

ekki aðeins kaupmátt heldur geti aukið hann ef vel er á haldið og allrar varfærni gætt.

Þetta kjörtímabil, sem nú er senn liðið og það á undan því, eru lýsandi dæmi um tvo ólíka kosti um stjórn efnahagsmála. Í kosningum á vori komanda verður einkum tekist á um þessa tvo kosti og ætti það val að vera auðvelt.

Stjórnmálamenn fortíðarinnar hafa stundum haldið því fram að vexti sé hægt að lækka með handafli eða tala þá niður. Ekkert er í raun fjær sannleikanum en fullyrðing af slíku tagi. Með yfirlýsingum og aðgerðum stjórnvalda er vissulega hægt að stuðla að því að vextir lækki. Ógætileg ummæli áhrifamanna eða peningastofnana geta til skamms tíma haft óheppileg áhrif á vaxtastöðuna en meginatriðið er þó það að nokkrir grundvallarþættir efnahagslífsins séu í lagi ef takast á að lækka vextina. Þessi atriði voru ekki í lagi en úr því hefur verið bætt og þess vegna hefur tekist að lækka vextina og einmitt þess vegna er líklegt að vextir í framtíðinni lækka enn meira.

Ég skal nefna nokkur dæmi um forsendur sem þurfa að vera til staðar til að tryggja lágt vaxtastig þannig að atvinnulífið og einstaklingarnir njóti góðs af.

Mikilvægt er að viðskiptajöfnuður við erlendar þjóðir sé hagfelldur. Áríðandi er að ríkissjóðshalli fari ekki úr böndum. Þýðingarmikið er að nýsparnaður sé töluverður í landinu og lánsfjárþörf hins opinbera sé minni en nýsparnaðurinn.

Hvernig víkja þessar forsendur við nú? Eins og ég hef áður sagt hefur okkur tekist að lækka raunskuldir þjóðarinnar út á við um 23 þús. millj. kr. — 23 milljarða kr. — hvorki meira né minna. Þessi árangur er afar mikilvægur.

Þegar ríkisstjórnin tók við var lánsfjárþörf hins opinbera um 40 milljarðar kr. Mun meiri en allur nýsparnaður í landinu. Þess vegna var vaxtastigið mjög hátt þótt reynt væri að beita blekkingum með því að skrá vexti ríkisins lægri en sala bréfa þess á markaði sagði fyrir um.

Nú horfir málið hins vegar þannig við að lánsfjárþörf hins opinbera verður aðeins um 14 milljarðar kr. í staðinn fyrir 40 milljarðar áður en nýsparnaðurinn nálægt 35 milljörðum kr. Hér er því um gjörbreytingu að ræða sem tryggir lágt vaxtastig.

Fjárlagahallinn verður milli 6 og 7 milljarðar kr. eða 3 milljörðum lægri en í núgildandi fjárlögum. Við fjárlagavinnu var markið sett á 9 milljarða í fyrstu en spár sumra stjórnarandstæðinga lutu að því að hallinn mundi verða um 20 milljarðar kr. Þessi halli á ríkissjóði er of mikill en rétt er að hafa í huga að íslenska ríkið er rekið með minni halla en flest ríki OECD, helstu viðskipta- og samanburðarlönd okkar. Einnig í þessum efnum hefur þrátt fyrir kreppu tekist betur til en á horfðist.

Afgreiðsla fjárlaga, viðskiptajöfnuður, aukinn nýsparnaður, minni lánsfjárþörf hins opinbera — allir þessir þættir benda til þess að vextir muni fara lækkandi á næstu missirum.

Fréttir berast nú frá fyrirtækjum og bönkum um bætta afkomu. Bankar og sjóðir hafa afskrifað óhemju fé á liðnum árum. Bættur hagur banka á að geta leitt til þess á næstu missirum að vaxtamunur fari minnkandi í bankakerfinu sem er áríðandi fyrir viðskiptamenn bankanna og að mínu mati farsælt fyrir bankakerfið þegar til framtíðar er horft. Við höfum öll viðurkennt að óhjákvæmilegt væri að bankarnir hefðu hér háan vaxtamun meðan þeir borguðu niður vanda fortíðarinnar. Hagur bankanna fer nú batnandi og því full ástæða til að ætlast til þess af bankakerfinu að það minnki vaxtamun þegar fram líða stundir. Ríkisvaldið mun fylgjast náið með framvindu þeirra mála.

Hæstv. forseti. Nú um hríð hafa Íslendingar deilt nokkuð við næstu nágranna sína í austri, forna vini og frændur, Norðmenn, og eftir atvikum einnig við Rússa. Ekkert stendur okkur þó fjær en að standa í illdeilum við þessar þjóðir. Okkur hefur hins vegar óneitanlega sárnað viðbrögð Norðmanna við veiðum Íslendinga á alþjóðlegu hafsvæði. Auðvitað geta menn deilt um slíka hluti en því miður hafa forustumenn Noregs svarað rökstuddum óskum okkar af mikilli óbilgirni. Það hefur komið mér á óvart hversu stór orð þessir forustumenn hafa haft um íslenska sjómenn og íslensk stjórnvöld. Því hefur verið haldið fram að Íslendingar hafi stundað rányrkju á eigin miðum og svo gjörsamlega misfarist fiskveiðistjórnun að nú neyði fiskþurrð á heimaslóð okkur til þess að stofna lífríki hafs á fjarlægum miðum í hættu. Látið er að því liggja að Norðmenn hafi haldið betur á sínum málum en við höfum gert. Jafnframt hafa norsk yfirvöld gert því skóna að Íslendingar gangi á svig við málstað strandríkja og fylgi fram stefnu úthafsveiðiríkja og rányrkjuþjóða. Saga Íslands í sjávarútvegsmálum verðskuldar ekki þennan dóm og það sem meira er, okkar ágætu vinir Norðmenn hafa ekki efni á slíkum svigurmælum í okkar garð.

Íslendingar voru forustumenn á heimsvísu um útfærslu landhelgi og stjórnun á veiðum í þágu skynsamlegrar nýtingar á lífríki hafsins. Norðmenn voru eftirbátar, sporgöngumenn, ekki brautryðjendur. Íslendingar voru strax í kjarnahópi strandríkja á úthafsveiðiráðstefnu Sameinuðu þjóðanna en Norðmenn ekki. Það var ekki fyrr en Noregur lenti í útistöðum við Íslendinga að þeir breyttu um stefnu. Noregur hélt því fram í upphafi þessara deilna að veiðar Íslendinga í hinni svokölluðu Smugu væri ólögleg rányrkja, ekki stunduð af sjómönnum heldur sjóræningjum. Þeir halda því ekki lengur fram að Smuguveiðarnar séu ólöglegar. Norðmenn stóðu að því að trufla veiðar á Svalbarðasvæðinu og beittu til þess landhelgisgæslu sinni. Þó var innlend lagasetning í Noregi og lagafrágangur þá með þeim hætti að nú nýlega töldu Norðmenn sig þurfa að breyta reglunum til þess að treysta lagagrundvöll sinn innan lands.

Allur þessi málatilbúnaður af hálfu Norðmanna hefur vakið mikla undrun mína sem jafnan hef haft mikið álit á Noregi og dálæti á norsku þjóðinni.

Ég býst við að flestum Íslendingum sé þannig farið að þykja þessi samskipti dapurleg og geti ekki hugsað sér að hafa þau lengi í þessu fari. Meginatriðið er þó það að Norðmenn geta ekki fært fram sannfærandi

rök fyrir því að Íslendingar skuli einir þjóða í okkar heimshluta og sú þjóð sem mest er háð fiskveiðum vera útilokaðir frá veiðum í Norðurhöfum á meðan fjarlægari þjóðum er hins vegar ætlaður réttur á þeim slóðum. Deila þessi verður ekki leyst þannig að báðar þjóðirnar hafi sóma af nema Íslendingar fái sanngjarnan kvóta í þorskveiðum á Barentshafi. Þessi krafa sýnir að það er fjarri Íslendingum að ýta undir ofveiði einhvers staðar í heiminum sem stofni viðkomu fiskstofna í hættu eða takmarki vöxt þeirra eða viðgang.

Norðmenn hafa beitt allri hörku gagnvart Íslendingum en á hinn bóginn látið þjóðum eins og Rússum eftir að veiða á sama svæði án nokkurra afskipta eða eftirlits.

Við Íslendingar berjumst fyrir því að sanngjörn niðurstaða fáist á úthafsveiðiráðstefnu Sameinuðu þjóðanna. Við höfum barist fyrir því að sanngjarnar alþjóðlegar reglur, eins og hafréttarsáttmálinn, gildi í samskiptum þjóðanna á hafinu. Norðmenn hafa ekki enn staðfest hafréttarsáttmálann en nú er svo komið að nægjanlegur fjöldi ríkja hefur gert það svo hann öðlast ótvírætt lagagildi að þjóðarétti á næstu vikum.

Ég tel að samningsstaða okkar í þessum deilum sé sterk að því leyti til að sanngirnisrök mæli með því að komið verði til móts við sjónarmið Íslendinga en jafnframt hljótum við að forðast að sýna óbilgirni í samningskröfum okkar. Við munum auðvitað krefjast kvóta sem tryggi okkur reglubundinn afla og varanlegan aðgang að veiðum í Barentshafi. Með þeim hætti verður slegið á órökstuddar fullyrðingar um að Íslendingar stuðli að því að þorskur sé ofveiddur á þessu hafsvæði. Jafnvel kæmi til álita af okkar hálfu í slíkum viðræðum að tengja þann kvóta sem okkur væri úthlutað í Barentsþorski við stofnstærð hans, rétt eins og gert er í samningi um veiðar á Alaskaufsa í Norður-Kyrrahafi í hinum svokallaða „kleinuhringssamningi". Í slíkum tilfellum getur kvóti farið alveg niður í nánast ekki neitt ef stofnstærð fer niður fyrir ákveðin mörk.

Íslendingar hafa verið forustuþjóð í fiskverndarmálum og við verðum það áfram, jafnt á nálægum sem fjarlægðum miðum. Þekkingin á fiskstofnunum hefur verið takmörkuð en þó aukist ár frá ári. Þrátt fyrir þær augljósu takmarkanir sem á þessum vísindum eru þá hljóta menn að styðjast við þau í sínum ákvörðunum.

Við höfum einnig önnur mál að ræða við Norðmenn en þorsk. Við höfum sameiginleg hagsmunamál á fleiri sviðum sjávarútvegs, svo sem síld, karfa og aðra mikilvæga stofna. Við eigum reyndar samleið með Norðmönnum í öllum meginatriðum á úthafsveiðiráðstefnunni og norsk stjórnvöld mega ekki láta kapphlaupið inn í Evrópusambandið villa sér sýn og koma í veg fyrir eðlileg samskipti þessara fornu vinaríkja. Norsk stjórnvöld hljóta að skilja að við getum ekki samþykkt að íslenskir sjómenn og útgerðir njóti ekki eðlilegs réttar. Þeir hljóta að skilja að vilji Íslendinga stendur til skipulegra veiða og þær deilur sem nú eru uppi eru ekki til þess fallnar að auka öryggi í umgengni við þorskstofna í Norðurhöfum.

Viðræðufundur ríkjanna verður hinn 11. okt. nk. Sá fundur er ekki eiginlegur samningafundur heldur könnunarviðræður. En engu að síður hljótum við að binda vonir við að fundarhöld af því tagi og framtíðarviðræður munu að lokum leiða til lausnar og samvinnu þjóðanna í þessum málum sem báðum verður til hags og blessunar.

Hæstv. forseti. Við vorum nokkuð mörg sem settumst í fyrsta sinn inn á þing í upphafi þessa kjörtímabils. Margt hefur komið á óvart, sumt þægilega en annað ekki. Mér hefur komið mest á óvart hve ósparir sumir menn hér eru á fullyrðingar og hversu langt þeir leyfa sér að ganga í árásum á menn, bæði innan þings og utan. Er þetta að mínu mati helsti ljóður á störfum þingsins. En við nýliðarnir hér þurfum þó ekki að ætla að þessi ósiður sé með öllu nýtilkominn. Í fróðlegu útvarpserindi fyrir réttum 20 árum ræðir Gísli Jónsson um stöðu Íslands í ríkisráði Danakonungs í byrjun aldarinnar. Erindinu lýkur hann svo, með leyfi forseta:

„Þessi saga er ímynd og sýningarverk á því hvernig mál eru meinlaus eða hættuleg eftir atvikum eins og dýr merkurinnar og fuglar himinsins skipta um lit eftir árstíðum. Allan þann langa tíma sem þrefað var um ríkisráðsákvæðið, menn bornir landráðabrigslum, ráðherrar sögðu af sér og flokkar stofnaðir og klofnir út af því, voru sérmál Íslands borin upp í ríkisráðinu danska og kom aldrei að sök."

Samningurinn um hið Evrópska efnahagssvæði er tæplega ársgamall og þegar orðinn okkur til góðs. Því miður báru stjórnarandstöðuflokkarnir á Alþingi ekki gæfu til þess að standa að þeirri samningsgerð. Hér var deilt dögum saman og margt af því sem þá var sagt er orðið jafnfáfengilegt í ljósi örstuttrar sögu og sumt sem sagt var um ríkisráðið forðum tíð. En sem betur fer virðast efasemdarraddirnar nú að mestu þagnaðar og enginn nefnir að Íslendingar eigi að losa sig frá samningnum og missa af þeim ábata sem í honum felst. Innganga flestra EFTA-ríkja í Evrópusambandið leiðir til þess að aðlaga þarf EES-samninginn að hinum breyttu aðstæðum. Þau mál hafa verið undirbúin af hálfu ríkisstjórnarinnar og viðbrögð Evrópusambandsins eru þannig að ekki er ástæða til að ætla annað en að viðunandi lausn fáist.

Evrópusambandið stendur nú á tímamótum. Þeir sem best til þekkja telja að það endurmat á skipulagi sambandsins sem fram undan er verði afar flókið og ljúki ekki fyrr en undir aldamót. Íslendingar munu fylgjast grannt með því sem þar gerist og þeim breytingum sem verða á Evrópusambandinu.

Árið 1992, fyrir tveimur árum síðan, stóðu Íslendingar frammi fyrir þeirri spurningu hvort þeir ættu að eiga samleið með ríkisstjórnum Norðurlanda sem þá leituðu eftir inngöngu í Evrópusambandið. Það var ákvörðun ríkisstjórnarinnar og Alþingis í raun að hafna þeim kosti þá. Forustumenn Evrópusambandsins hafa sagt við mig að engin ný ríki verði tekin í Evrópusambandið fyrr en eftir þá breytingu á skipulagi sambandsins sem áður var getið. Þessi niðurstaða var áréttuð af einum af aðalráðamönnum ESB, Henning Christophersen, í sjónvarpsviðtali fyrir nokkrum dögum, en reyndar virtist það mat hans að á inngöngu

mundi ekki á reyna fyrr en árið 2003. Hugsanlegt er því að spurningin um það hvort Ísland standi utan Evrópusambandsins eða ekki verði áleitin á ný undir lok aldarinnar. Það ræðst þó algjörlega af þeim breytingum sem verða á skipulagi Evrópusambandsins og með hvaða hætti forræðishyggja þess þróast í þeim málum sem okkur eru mikilvægust. Íslendingar eru Evrópuþjóð í besta skilningi þess orðs. Með samningnum um Evrópska efnahagssvæðið höfum við tryggt íslensku þjóðinni aðgang að öllum þáttum hins evrópska efnahagslífs, með kostum þess en ekki með þeim göllum sem Evrópusambandsaðild mundi fylgja við núverandi aðstæður.

Ísland er svo vel í sveit sett um þessar mundir að efnahagsleg skilyrði eru með þeim bestu sem þekkjast í Evrópu. Allir kostir eru því Íslendingum opnir ef þeir kjósa og engum tækifærum hefur verið á glæ kastað. Spurningin er því einvörðungu sú hvort Evrópusambandið muni í framtíðinni breytast svo að það verði aðgengilegt fyrir Íslendinga að þeirra eigin mati.

Hæstv. forseti. Góðir Íslendingar. Þingstörf hefjast nú á ný. Þótt þinghaldið verði skemmra en endranær vegna komandi kosninga verða fjölmörg mál til úrlausnar og mikilvægt að vel takist til um meðferð þeirra. Það er vissulega fagnaðarefni fyrir okkur öll að sjá að verstu erfiðleikarnir eru nú að baki. En lífsbaráttan verður þó ætíð hörð hér á okkar góða landi. Hún krefst þess að hver maður geri sitt besta, að samheldni og samhugur ríki meðal þjóðarinnar og að lífsins gæðum sé af sanngirni deilt. Sundrungaröfl hafa oft sleginn á baráttuþrek þjóðarinnar og spillt fyrir því að hún fái notið ávaxta atorku sinnar. Við skulum heita því að gera okkar ýtrasta til að tryggja að þeim efnahagslega ávinningi sem er innan seilingar verði ekki fórnað á altari sundrungar og óeiningar.

Ég þakka þeim sem hlýddu.

[21:04]

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegi forseti. Góðir Íslendingar. Það var um margt merkilegt að hlusta á stefnuræðu hæstv. forsrh. Ekki vegna þess að í henni birtist skýr og afmörkuð stefna með framtíðarsýn heldur fyrst og fremst vegna þess að hæstv. forsrh. er enn með hugann við fortíðina. Hann gerir í reynd lítið úr þeim framförum sem orðið hafa á Íslandi síðasta áratuginn og þar gildir einu hvort hans flokkur hefur átt aðild að ríkisstjórn, svo ekki sé nú talað um Alþfl.

Stefnuræðan var fyrst og fremst um að allt hafi verið rétt gert í tíð núv. ríkisstjórnar en allt rangt í tíð fyrri ríkisstjórna. Hólið um eigið verk verður mest áberandi og reynt er að lítillækka þá sem gengu götuna fram til valdatíma núv. ríkisstjórnar. Að þessu tilefni og þeirrar ónákvæmni sem þar gætti er nauðsynlegt að rifja upp helstu gagnrýnisatriði okkar framsóknarmanna á ríkisstjórn Davíðs Oddssonar.

Við gagnrýndum í upphafi þá miklu svartsýni og þá dökku mynd sem birtist hjá núv. ríkisstjórn. Þetta dró kjarkinn úr landsmönnum og varð til þess að verðmætasköpunin minnkaði mun meira en annars hefði orðið. Vextir voru hækkaðir í stað þess að grípa til aðgerða sem héldu þeim í skefjum. Mikill samdráttur kom hart niður á velferðarkerfinu og setti heimilin í mikinn og sársaukafullan vanda. Ríkisstjórnin taldi að ekki ætti að hafa afskipti af atvinnulífinu, gjaldþrot voru mun fleiri en ástæða var til með tilheyrandi erfiðleikum. Eftir mikla niðursveiflu er nú vissulega farið að birta til. Sá mikli kraftur sem er í sjávarútveginum kemur nú til góða og verðmætasköpunin þar er meiri en ýmsir höfðu gert ráð fyrir. Ástæðurnar fyrir þessu eru margar. Mér dettur ekki til hugar að halda því fram að það sem núv. ríkisstjórn hefur gert hafi allt verið rangt en ég veit að sumt af því sem er að koma fram í dag er vegna aðgerða sem gripið var til fyrir daga hennar. Mér er jafnframt ljóst að fyrri ríkisstjórnum hafa orðið á mistök eins og þessari. Hinu má ekki gleyma að grundvöllurinn fyrir stöðugleikanum var lagður í þjóðarsáttarsamningunum 1990. Því samstarfi sem þá tókst hefur verið haldið áfram og vonandi verður svo um langa framtíð.

Fiskveiðistefnan var mótuð að mestu leyti í tíð fyrri ríkisstjórnar en það tók allt of langan tíma hjá núv. ríkisstjórn að festa hana í sessi. Það tafði verulega fyrir framförum í sjávarútveginum. Núv. ríkisstjórn ætlaði sér að gjörbreyta þessari stefnu en það var ekki síst vegna jákvæðrar stjórnarandstöðu Framsfl. að það tókst að ná niðurstöðu.

Það hefur lítinn tilgang að sökkva sér sífellt niður í fortíðina með líkum hætti og hæstv. forsrh. gerir gjarnan og það þýðir ekkert að bera það á borð fyrir almenning að kaupmáttur launafólks hafi hrapað stöðugt áður fyrr eins og hann sagði að hefði gerst m.a. árið 1989 og 1990 en árin þar á undan hafði kaupmáttur aukist mjög verulega. Það er að vísu ekki rétt að kaupmáttur hafi rýrnað mjög mikið 1990. Þetta kemur skýrt fram í töflu um kaupmátt ráðstöfunartekna í þjóðhagsáætlun á bls. 31 þar sem kemur í ljós að ráðstöfunartekjur fóru vaxandi frá miðju ári 1990 til miðs árs 1991. Þær hafa síðan verið að falla af ýmsum ástæðum en þær eru ekkert allar af gerðum hæstv. ríkisstjórnar síðan. Aðallega hafa það verið utanaðkomandi aðstæður. En það er þessi óskhyggja um eigin verk sem verður alltaf yfirsterkari og því er m.a. haldið fram að afkoma iðnaðarins hafi batnað um 20% en það er því miður ekki rétt.

Eitt mikilvægasta atriði í stefnuskrá Framsfl. er það að við setjum manngildi ofar auðgildi. Á tímum atvinnuleysis og vaxandi misréttis teljum við það vera mikilvægasta hlutverk flokksins í stjórnmálum að segja til um hvernig við getum unnið hugsjónum okkar brautargengi ef við fáum til þess aðstöðu og traust í næstu kosningum. Í lok nóvember munum við halda flokksþing og undirbúum stefnumörkun Framsfl. um þessar mundir undir kjörorðinu „Fólk í fyrirrúmi". Með því viljum við leggja áherslu á að við viljum þjóna hagsmunum fólksins og veita íbúum landsins sem besta möguleika til að lifa hamingjusömu lífi. Við munum leggja höfuðáherslu á atvinnumál, auka verður fjárfestinguna ef atvinnustig á að batna. Við teljum að ríkisvaldið eigi að hafa afskipti af þeim málum og við viljum breyta Byggðastofnun í atvinnumálastofnun þar

sem hið pólitíska vald og aðilar vinnumarkaðarins taki höndum saman um að aðstoða við uppbyggingu atvinnulífs um land allt. Núv. ríkisstjórn hefur dregið allan mátt úr þessari stofnun og það er kominn tími til að umbylta henni og gefa henni nýtt líf. Það er nauðsynlegt að hún hafi í þjónustu sinni atvinnumálafulltrúa í öllum kjördæmum sem geta ráðlagt þeim sem vilja stofna ný fyrirtæki og taka þátt í að auka hagvöxtinn. Hún verður jafnframt að geta tekið þátt í nýjungum með því að leggja fram áhættufé í afmörkuðum tilvikum.

Við viljum breyta skattalögum þannig að almenningi verði auðveldað að leggja fram fé í atvinnurekstur. Við viljum örva þátttöku lífeyrissjóðanna í atvinnulífinu og greiða fyrir því með skattalagabreytingum að þeir leggi fram fjármagn á móti launþegum til uppbyggingar. Við viljum endurskipuleggja fjárfestingarlánasjóðina þannig að þeir hafi meira frumkvæði.

Við viljum auka fjármagn ríkisins til markaðs- og þróunarstarfs og við viljum leggja mesta áherslu á ríkisútgjöld sem skapa fleiri störf eins og t.d. viðhaldsverkefni.

Við trúum því að það megi ná meiri hagvexti en nú lítur út fyrir að verði. Við trúum því að með auknum hagvexti megi ná jöfnuði í ríkisfjármálum án þess að skera niður ríkisútgjöldin eða auka skattana. Við teljum að aðgerðir í atvinnumálum og aukin verðmætasköpun séu lykillinn að því að leysa hér margvíslegt misrétti. Við gagnrýnum núverandi ríkisstjórn fyrir að vera ríkisstjórn sumra en ekki allra. Við teljum fráleitt að lækka nú skatta á þá sem meira mega sín í stað þess að jafna byrðarnar. Við viljum nýta það svigrúm sem hátekjuskatturinn gefur og með því að samræma skattlagningu allra eigna og tekna, þar með talið fjármagnstekna, til að hækka persónuafsláttinn sem hefur lækkað verulega í tíð núv. ríkisstjórnar þrátt fyrir fögur fyrirheit Sjálfstfl. í síðustu kosningabaráttu. Við teljum að það hafi verið mistök að taka upp tvö þrep í virðisaukaskatti og það hefði mátt ná fram mun meiri jöfnuði með því að hækka persónuafslátt og barnabætur til barnmargra fjölskyldna.

Við framsóknarmenn erum því ekki alveg jafnánægðir með lífið og tilveruna og hæstv. forsrh., ekki vegna þess að við séum ekki bjartsýn eða vegna þess að við trúum ekki á framtíðina heldur vegna þess að við sættum okkur ekki við að hagvöxtur sé mun minni hér á landi en gerist og gengur í nágrannalöndunum. Því miður virðist núverandi ríkisstjórn ekki hafa meiri metnað fyrir hönd þjóðarinnar og ríkisstjórnarinnar sjálfrar en að vera ánægð með að vera einna neðst á blaði að því er varðar aukningu þjóðartekna í Evrópu. Við höfum verulegar efasemdir um að núverandi ríkisstjórn geti tekist á við þau verkefni sem eru fram undan. Fjárlagafrv. byggir á ýmsum forsendum sem ekki eru orðnar að raunveruleika. Ýmsir ráðherrar eru uppteknir af öðru en að skapa forsendur fyrir þeim aðhaldsaðgerðum sem gert er ráð fyrir í fjárlagafrv. Öllum er kunnugt að heilbrrn. fer um það bil 2 milljarða fram úr forsendum fjárlaga á þessu ári. Það er ekkert sem bendir til að svo verði ekki jafnframt á næsta ári. Sama má segja um ýmsa aðra þætti frv.

Það er nauðsynlegt að setja mikinn kraft í undirbúning að tvíhliða samningi milli Íslands og Evrópusambandsins. Lítið virðist gerast í þeim málum, enda er ríkisstjórnin ósammála um leiðir og hæstv. forsrh. hefur lýst því yfir að hann treysti ekki núv. hæstv. utanrrh. til þeirra samninga. Hann hefur með því lýst sig sammála stjórnarandstöðunni og er því kominn í stjórnarandstöðu í eigin ríkisstjórn. Mikið vantraust virðist hafa skapast milli stjórnarflokkanna og við höldum því fram að í því andrúmslofti sé ekki hægt að finna lausn á mikilvægum málum. Sú staða er alveg ný í íslenskum stjórnmálum að flokkar haldi áfram að sitja saman í ríkisstjórn þótt trúnaðarbrestur og vantraust ríki á milli þeirra. Hvað er nú orðið af heiðursmannasamkomulaginu úr Viðey sem væntanlega hefur verið byggt á gagnkvæmu trausti? Þjóðin þarf á því að halda að fá ríkisstjórn sem hefur traust út á við og inn á við. Það verður að ríkja gagnkvæmur trúnaður innan ríkisstjórnar sem ætlar að láta taka sig alvarlega. Hæstv. forsrh. getur ekki breitt upp fyrir haus og látið sem ekkert sé, en því miður bendir allt til þess að kraftar ríkisstjórnarinnar fari í það á næstunni að halda sem fastast í stólana og eyða tímanum í tilraunir til að afla sér syndakvittana fyrir vanhugsuð störf.

Virðulegur forseti. Góðir Íslendingar. Við framsóknarmenn munum láta reyna á það í næstu kosningum og stjórnarmyndun sem á eftir mun fara hvort manngildið verður ofar auðgildi í okkar ágæta landi og hvort það verður fólk sem verður í fyrirrúmi eða kreddukenningar sem byggja á afskiptaleysi ríkisvaldsins á sviði atvinnumála og kjarajöfnunar. Við þorum að takast á við viðfangsefnin og ætlum okkur að gera það á grundvelli þess að framtíðin er það besta sem við eigum. Fortíðin er góð í minningunni en breytir litlu um árangurinn sem við náum á komandi tíð.

Ég þakka þeim sem hlýddu. — Góðar stundir.

[21:15]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Góðir Íslendingar. Mér virðist sem hæstv. forsrh. hafi samið stefnuræðu sína í þetta skipti með einhvers konar bjartsýnisgleraugu á nefinu. Raunar var ræða hans ekki stefnuræða í venjulegri merkingu þess orðs heldur fyrst og fremst og fremur ómerkileg kosningaræða. Hæstv. forsrh. leit yfir farinn veg og sú mynd sem hann dró upp fyrir þing og þjóð á lítið skylt við raunveruleikann. Hann reynir að gylla það sem hann vill sýna okkur en nefnir ekki hitt sem hann vill fela. Stefnumörkun til framtíðar er litla að finna í þessari stefnuræðu.

Þegar hæstv. forsrh. lítur yfir farinn veg ríkisstjórnar sinnar, þá hlýtur hann að sjá að það sem einkennir stjórnartímabilið öðru fremur er hin gífurlega eignatilfærsla sem orðið hefur í þjóðfélaginu. Þjóðarauðurinn er að safnast á örfáar hendur. Þeir ríku eru orðnir miklu ríkari, þeir fátæku miklu fátækari. Það hefur orðið grundvallarbreyting í þjóðfélagi okkar undir ríkisstjórn Davíðs Oddssonar. E.t.v. var ríkisstjórn Davíðs Oddssonar mynduð til þess að koma þessari grund-

vallarbreytingu á og þá er við hæfi að hæstv. forsrh. tíundi þau afrek sín á mannamáli.

Byrðum sem fyrirtækin tóku þátt í að bera áður hefur verið velt af fullkominni hörku yfir á almenning og ekki þá sem hafa breiðu bökin, nei, heldur hina. Vaxtahækkunin sem ríkisstjórnin stóð fyrir í upphafi ferils síns var liður í hernaðaráætluninni gegn fólkinu í landinu og hún skilaði sannarlega árangri. Skuldir heimilanna hafa vaxið geigvænlega og nú er svo komið að fjórðungur húsbréfa er í vanskilum. Atvinnuleysi hefur haldið innreið sína í samfélag okkar, atvinnuleysi sem kostar 10 milljarða á ári. Hæstv. forsrh. gortar að vísu yfir því að það sé ekki orðið eins mikið og hjá Evrópusambandinu. En ríkisstjórn Davíðs Oddssonar hefur notað atvinnuleysið sem hagstjórnartæki.

Hæstv. forsrh. hælir sér af því að vinnufriður hafi ríkt. En hvernig er sá vinnufriður fenginn? Hann er fenginn með atvinnuleysi og greiðslukortum.

Ríkisstjórnin hefur lagt fram mjög óraunhæft fjárlagafrv. Rauntölur ársins 1995 verða auðsjáanlega allt aðrar en standa í frv. Þetta frv. sýnir þó hvert ríkisstjórnin er að stefna. Fjárfestingarnar eru skornar niður um 25% í því skyni að viðhalda atvinnuleysi væntanlega, en hátekjuskatturinn er afnuminn til þess að létta byrðum af hátekjufólki og gæðingum og kostunaraðilum ríkisstjórnarinnar. Á sama tíma er Lánasjóður ísl. námsmanna enn skertur um 50 millj. og framlög til landbúnaðarmála enn lækkuð um 12%. Þá er enn einu sinni frestað að skattleggja fjármagnstekjur þvert ofan í fyrri margendurteknar yfirlýsingar. Peningarnir virðast nefnilega vera heilagir, vinnutekjur fólksins ekki.

Auðvitað eru nokkur sjáanleg batamerki í efnahagslífinu en þau eru ekki ríkisstjórninni að þakka. Sjómenn hófu veiðar í Smugunni þrátt fyrir andmæli og aðvaranir ríkisstjórnarinnar. Við stöndum í þakkarskuld við þá brautryðjendur. Það er fyrst og fremst vegna framtaks sjómanna og útgerðarmanna sem batamerki sjást í efnahagslífinu.

Frú forseti. Hæstv. forsrh. gerði samning um Evrópskt efnahagssvæði að umtalsefni. Ég var andvígur þeim samningi og skoðun mín hefur ekki breyst. Hann var of dýru verði keyptur. Að sjálfsögðu getum við ekki stigið þetta skref til baka og verðum að búa við orðinn hlut. Sá efnahagslegi ábati sem talsmenn samningsins fjösuðu um hefur nú heldur betur látið á sér standa. En þær skyldur sem við höfum undirgengist höfum við hins vegar orðið að uppfylla og Alþingi gengur að vissu leyti með bundnar hendur til löggjafarstarfa.

Alþingi fól ríkisstjórninni 5. maí 1993 að undirbúa gerð tvíhliða samnings við Evrópusambandið. Þessari skyldu hefur ríkisstjórnin ekki sinnt með viðunandi hætti. Hvers vegna ekki? Það er vegna þess að ríkisstjórnin er sjálfri sér sundurþykk í þessu máli. Hæstv. utanrrh. veður um heiminn og segir okkur stefna að aðild að Evrópusambandinu en það gengur þvert á yfirlýsta stefnu ríkisstjórnarinnar. En með þessum málflutningi kemur hann í veg fyrir það að Evrópusambandið nenni að tala við okkur í alvöru um tvíhliða samning. Að sjálfsögðu dæmir hæstv. utanrrh. sig vanhæfan með þessum málflutningi og það hefur hæstv. forsrh. einnig gert mjög skilmerkilega þegar hann sagði að þeim mönnum sem teldu sjávarútvegssamning norsku ríkisstjórnarinnar góðan væri ekki treystandi til að semja fyrir Íslands hönd. Hæstv. utanrrh. hefur sem kunnugt er talið norska samninginn góðan og norska ríkisstjórnin vitnar óspart til þeirra ummæla hans.

Það er undarleg ríkisstjórn sem við höfum. Hæstv. forsrh. segir hæstv. utanrrh. réttilega vanhæfan til að semja fyrir Íslands hönd um mikilvægustu hagsmunamál okkar en biðst samt hvorki lausnar fyrir utanrrh. né ríkisstjórnina. Þetta getur auðvitað ekki gengið svona. Hæstv. forsrh. á bara tveggja sómasamlegra kosta völ: Annar er að reka hæstv. utanrrh., hinn er að biðjast lausnar fyrir ríkisstjórnina, rjúfa þing og efna til kosninga. Aðrir sómasamlegir kostir eru bara ekki í stöðunni.

Framtíð Íslands veltur á afstöðunni til Evrópusambandsins. Alþingi hefur markað stefnuna. Tvíhliða samningur, ekki aðild. Þessari stefnu megum við ekki breyta. Það er margyfirlýst stefna Framsfl. að aðild að Evrópusambandinu komi ekki til greina. Hæstv. forsrh. hefur sagt margt skynsamlegt um það mál nú síðari hluta sumars og í haust þó að mér finnist hann dragi nokkuð í land í stefnuræðunni. Aðild að Evrópusambandinu mundi þýða að við afsöluðum okkur hinu dýrmæta stjórnarfarslega sjálfstæði og yfirráðum yfir auðlindum okkar. Við sjáum hvernig fór fyrir Nýfundnalandi þegar þeir misstu yfirráðin yfir auðlindum sínum og glötuðu stjórnarfarslegu sjálfstæði. Talsmenn aðildar fjölyrða um hættuna á einangrun Íslands ef við stöndum utan Evrópusambandsins. Þetta er fjarstæða. Hættan er sú að við lokumst inni í Evrópusambandinu og einangrumst frá öðrum hlutum veraldarinnar og getum ekki heldur látið fullmektuga rödd Íslands heyrast á alþjóðavettvangi.

Einkennileg var sú ákvörðun hæstv. forsrh. að fara að óska eftir úttekt háskólans á kostum og göllum aðildar. Auðvitað vissi hæstv. forsrh. fyrir fram hvaða álit háskóladeildirnar mundu gefa miðað við þann söng sem hefur borist frá háskólanum undanfarið. Þar eru í fararbroddi menn sem eru ákveðnir í að sjá bara kostina en neita að gallarnir séu fyrir hendi. Talsmenn aðildar tala um hvað það sé mikilvægt fyrir okkur að mega segja já í stofnunum Evrópusambandsins. Þetta er nú ekkert nema innantóm mannalæti að ímynda sér það að við hefðum þar einhver veruleg áhrif. Það er hverju orði sannara að við megum aldrei selja yfirráð yfir auðlindum okkar fyrir þýðingarlítinn atkvæðisrétt í Brussel.

Frú forseti. Nú er Alþfl. farinn að siðvæða íslensk stjórnmál. Að sjá hæstv. utanrrh. og hæstv. félmrh. prédika siðbót í stjórnmálum er svona álíka og þeir hefðu verið skipaðir í tannverndarráð, þeir félagar Karíus og Baktus. Auðvitað eru stjórnarhættir ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar spilltir í mörgum greinum og það er óþolandi. Menn hafa undanfarið verið að gagnrýna hæstv. félmrh. sérstaklega fyrir spillingu. Ég tel að hæstv. félmrh. hafi það sér til málsbóta að hann hafi

haldið þegar hann sem óreyndur en stórhuga ungur maður kom í ráðherrastól, að þetta væru eðlilegir stjórnarhættir í ríkisstjórn Davíðs Oddssonar. Hann hafði orðið vitni að einkavinavæðingu hæstv. forsrh., t.d. í Hrafnsmálinu, horft upp á aðfarir formanns Alþfl. við embættaveitingar og ýmislegt hjá öðrum ráðherrum. Aðhlynningarstörf hæstv. félmrh. og einkavinavæðing er ekki hótinu verri heldur en margt af því sem hinir hæstv. ráðherrar hafa gert.

Frú forseti. Það er þjóðinni dýrt að setja þessa ríkisstjórn á vetur. Hún ætti að fara frá sem fyrst og efna til kosninga þar sem þjóðin gæti valið sér fulltrúa sem mynduðu ríkisstjórn sem líklegri væru til farsælli verka en ríkisstjórn Davíðs Oddssonar hefur reynst. Ríkisstjórn sem hefði það að leiðarljósi að standa vörð um stjórnarfarslegt sjálfstæði Íslands, eflingu atvinnulífsins og jöfnun á lífskjörum og lífsaðstöðu þegnanna í landinu.

Ég hef lokið máli mínu.

[21:25]

Viðskiptaráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Frú forseti. Góðir tilheyrendur. Sl. 7 ár hafa verið erfið fyrir okkur Íslendinga. Á því tímabili hafa orðið meiri og langvinnari umskipti til hins verra í íslenskum þjóðarbúskap en dæmi eru til um á allri þessari öld. Sem dæmi má nefna að ef landsframleiðslan hefði vaxið frá árinu 1987 svipað að meðaltali til þessa dags og hún gerði áður, þá væri kaupmáttur ráðstöfunartekna heimilanna á Íslandi líklega yfir 20% meiri en hann er í dag. Allt þetta kjörtímabil hefur núv. ríkisstjórn því háð harða varnarbaráttu. Þar hefur ríkisstjórnin ekki staðið ein. Hún hefur ekki notið stuðnings stjórnarandstöðunnar heldur voru það aðilar vinnumarkaðarins sem tóku höndum saman við ríkisstjórnina á erfiðum tímum. Saman hafa þessir aðilar, ríkisstjórnin og hin ábyrgu öfl á vinnumarkaðinum, náð miklum árangri.

Fyrir rúmum einum áratug komst verðbólga á Íslandi í þær hæðir að vera á milli 80 og 90% og þá þóttu það stór tíðindi, ef verðbólga hrökk niður fyrir 20% um nokkurra mánaða skeið. Nú hefur verðlag verið stöðugt um langan tíma og horfur eru á að á næsta ári fari verðbólgan ekki fram úr 2%. Halda menn að það gerist af sjálfu sér? Á sama tíma og sú frændþjóð sem okkur er líkust í lífs- og atvinnuháttum er komin í gjörgæslu erlendra lánardrottna erum við Íslendingar að borga niður erlendar skuldir okkar. Halda menn að það gerist af sjálfu sér? Barátta stjórnvalda fyrir stöðugu gengi og verðlagi og ábyrg afstaða aðila vinnumarkaðarins hefur tryggt að raungengi íslenska gjaldmiðilsins er nú hagstæðara útflutnings- og samkeppnisgreinum en verið hefur í meira en fjóra áratugi. Halda menn að það gerist af sjálfu sér? Þá hafa aðgerðir ríkisstjórnarinnar til lækkunar á vöxtum skilað árangri. Að meðaltali hafa vextirnir í landinu lækkað um rúm 2%, en sú lækkun skilar heimilum og fyrirtækjum í landinu 8 þús. millj. kr. í aukið ráðstöfunarfé á hverju einasta ári. Halda menn að þetta hafi líka gerst af sjálfu sér?

Sá árangur sem náðst hefur í einhverju erfiðasta tímabili í sögu þjóðarinnar hefur ekki náðst án átaka. Sá sem hér stendur hefur ekki farið varhluta af því. Ég þurfti að beita mér fyrir erfiðum aðgerðum í heilbrigðismálum sem voru harkalega umdeildar á sínum tíma. Fullyrt var að þessar aðgerðir mundu engum árangri skila. Ríkisendurskoðun komst að þveröfugri niðurstöðu. Aðgerðirnar skiluðu þeim árangri að á fyrstu tveimur árunum lækkuðu útgjöld hins opinbera til heilbrigðismála um 4 þús. millj. kr. og gangi áætlun fjárlagafrv. eftir munu útgjöldin til málaflokka heilbr.- og trmrn. lækka um 10% á þessu kjörtímabili. Þá var sagt að það væri ekkert að marka því að útgjöldin sem sparast hefðu hjá ríkinu hefðu einfaldlega verið lögð á sjúklinga.

Í apríl 1994 kom út ritið „Búskapur hins opinbera" sem Þjóðhagsstofnun tekur saman. Þar kemur fram að samanlögð útgjöld einstaklinga og hins opinbera til heilbrigðsmála, þjóðarútgjöldin, lækkuðu á árunum 1991–1993 um hvorki meira né minna en 8 þús. kr. á hvert mannsbarn í þessu landi. Á þessum sama tíma voru tekin í notkun yfir 120 ný hjúkrunarrúm fyrir aldraða, nokkrir tugir nýrra þjónusturýma fyrir aldraða, ný geðdeild var opnuð á Sogni fyrir ósakhæfa afbrotamenn, sex nýjar heilsugæslustöðvar voru opnaðar, glasafrjóvgun var tekin upp í landinu og hjartaskurðlækningum fjölgaði um yfir 50%. Þrátt fyrir alla þessa aukningu á dýrri þjónustu í heilbrigðiskerfinu lækkuðu heildarútgjöld þjóðarinnar til þeirrar þjónustu á sama tíma um 8 þús. kr. á hvert mannsbarn í landinu. Það kalla ég, frú forseti, árangur.

Með lágri verðbólgu, hagstæðu raungengi, gjörbreyttu skattalegu umhverfi, lækkun vaxta og síðast en ekki síst aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu hefur ríkisstjórnin mótað nýja og framsækna atvinnustefnu. Árangurinn er nú að skila sér. Það sést m.a. á því að 12% veltuaukning varð í almennum iðnaði á fyrri helming þessa árs miðað við sama tíma í fyrra. Í matvælaiðnaði varð verkaukningin meiri en 20% og það hefur verið mikil aukning í útflutningi almennra iðnaðarvara á þessu ári.

En ríkisstjórnin hefur einnig hugað að sérstökum verkefnum í atvinnumálum. Í iðnrn. hefur t.d. verið gert átak í málum skipasmíðaiðnaðarins sem hefur gjörbreytt til hins betra, ekki bara stöðu þeirrar iðngreinar heldur ekki síður andrúmsloftinu sem þar ríkir. Í samvinnu við sjútvrn. og samtök í sjávarútvegi og iðnaði höfum við komið upp samstarfsvettvangi þar sem verið er að skapa ný þróunar- og atvinnutækifæri. Í samvinnu við Samtök iðnaðarins hefur verið komið á fót hönnunarmiðstöð í þeim tilgangi að hanna innréttingar og húsmuni með tilliti til íslenskra þarfa þannig að íslenskur iðnaður eigi aukna möguleika á að hljóta innlend útboðsverkefni. Alkunna er að iðnrn. hefur beitt sér fyrir greiðari viðskiptum við Rússa og því hefur verið falið að hafa umsjón með margvíslegum aðgerðum sem ríkisstjórnin hefur samþykkt í þeim efnum. Ráðuneytið er nú í viðræðum við Útflutningsráð og utanrrn. um stofnun embættis viðskiptafulltrúa við sendiráðið í Moskvu.

Þá hefur iðnrn. í samráði við Samtök iðnaðarins og

Iðntæknistofnun beitt sér fyrir átaki í matvælaiðnaði í því skyni að auka samkeppnishæfni innlendra matvælafyrirtækja. Nú er ráðuneytið að huga að því hvernig auka megi hlutdeild íslensks iðnaðar í framleiðslu byggingarhluta. Við höfum beitt okkur sérstaklega fyrir aðgerðum til að auka erlenda fjárfestingu á Íslandi og nú um þessar mundir er verið að skipa vinnuhóp sem hefur það sérstaka verkefni að leita eftir erlendu fjármagni til uppbyggingar í atvinnulífi landsmanna.

Mikilvægasta aðgerðin til styrktar atvinnulífi þessarar þjóðar er þó án efa samþykktin um aðild Íslands að Evrópsku efnahagssvæði. Margir vildu nú þá Lilju kveðið hafa. En það er staðreynd að það var formaður Alþfl. sem með órofa stuðningi síns flokks allt frá upphafi þess máls leiddi það til farsælla lykta með góðum samstarfsmönnum.

Ég er ekki í vafa um að sagan mun dæma það verk sem eitt hið þarfasta og merkasta sem unnið hefur verið á vettvangi íslenskra stjórnmála á síðari hluta þessarar aldar. Skoðun Alþfl. er sú að því verki skuli áfram haldið. Það er enginn vafi á því að Ísland er hluti af Evrópusamfélaginu og við eigum að taka þátt í myndun nýrrar Evrópu sem alvöruríki, þ.e. ríki sem krefst þess að fá fulla aðild að ákvörðunum. Þegar EES-samningalotan hófst var gert ráð fyrir því að ekkert EFTA-ríkjanna gæti orðið aðili að Evrópusambandinu fyrr en eftir ríkjaráðstefnuna sem átti að hefjast og á að hefjast árið 1996. Þessar aðstæður eru nú gjörbreyttar. Öll EFTA-ríkin á svæðinu nema Ísland hafa óskað eftir aðild. Verði aðildarsamningar samþykktir í þjóðaratkvæðagreiðslu nú í haust verða þau orðin aðilar en Ísland stendur eitt eftir utan við. Það er ekki staða sem er viðunandi. Rödd Íslands á að heyrast þegar tekin er ákvörðun um framtíð Evrópu.

Þessi mál hafa verið á dagskrá. Aðilar vinnumarkaðarins hafa verið að kynna sér þau og stofnanir Háskóla Íslands hafa um þau fjallað. Niðurstaða háskólans er m.a. sú að með aðildinni muni hagur íslenskra neytenda stórbatna og atvinna aukast. Getur þjóð sem er að berjast í bökkum ekki hlýtt á slík rök? Vissulega eru þó þarna mörg álitamál, ekki síst í sjávarútvegi.

Utanrrh. okkar hefur sagt að hann telji sjávarútvegssamninginn sem Norðmenn fengu álitlegan fyrir Norðmenn og það gæti gefið til kynna að Íslendingar, sem eiga svo miklu meira undir sjávarútvegi en Norðmenn, gætu e.t.v. átt þess kost að fá sjávarútvegssamning sem er þeim að skapi.

Forsætisráðherrar Belgíu og Luxemborgar hafa báðir bent á að Íslendingar ættu að geta fengið undanþágu frá sjávarútvegsstefnu Evrópusambandsins með sama hætti og Norðmenn, Svíar og Finnar fengu undanþágu frá landbúnaðarstefnu Evrópusambandsins. Þeir hafa sagt að formlega væri ekkert sem mælti gegn því að slík undanþága yrði veitt. Það væri bara spurning um pólitískan vilja.

Niðurstaða af álitamálum af þessum toga fæst ekki nema menn láti á það reyna í samningaviðræðum. Við alþýðuflokksmenn erum langt í frá að vera einir um þá skoðun. Nýlega fóru nokkrir forsvarsmenn í íslensku atvinnulífi til Brussel til viðræðna við forsvarsmenn Evrópusambandsins. Að loknum fundum með þeim kváðu tveir, þeir Kristinn Björnsson, forstjóri Skeljungs, og Friðrik Pálsson, forstjóri SH, upp úr með það að þeirra skoðun væri sú að nú eigi að hætta að skoða, nú eigi að taka ákvörðun.

Bjarni heitinn Benediktsson, fyrrv. forsætis- og utanríkisráðherra, hafði forustu um að gjörbreyta íslenskri utanríkisstefnu þegar landið hvarf frá hlutleysisstefnunni og gerðist virkur og fullgildur aðili í samstarfi vestrænna þjóða og síðan í EFTA-samstarfinu. Sú ákvörðun var umdeild á sínum tíma en nú munu allir sammála um að Bjarni hafði rétt fyrir sér. Orðtak Bjarna heitins Benediktssonar var gjarnan að allt orki tvímælis þá gert er. Þannig var það á sínum tíma með aðildina að Atlantshafsbandalaginu. Þannig var það með inngönguna í EFTA. Þannig var það með þátttökunni í Evrópska efnahagssvæðinu og þannig er það einnig í þessu máli.

Á Ísland kost á því að gerast aðili að þessu samstarfi og fá þar áhrif til jafns við önnur ríki á forsendum sem okkur Íslendingum eru að skapi? Það er álitamál. Þeirri spurningu hefur ekki verið til fullnustu svarað. En hvernig eiga menn að vita hvort þeir eru velkomnir gestir öðruvísi en að menn knýi dyra? — Góðar stundir.

[21:37]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Góðir landsmenn. Ríkisstjórn Sjálfstfl. og Alþfl. hefur náð umtalsverðum árangri við erfiðar aðstæður. Í fyrsta lagi er sá árangur fólginn í því að varðveita stöðugleika í efnahagslífinu og skapa sóknarfæri í atvinnumálum þrátt fyrir efnahagslægð, verulega minnkaðar aflaheimildir og erfið ytri skilyrði, eins og fram kom í ræðu forsrh.

Í öðru lagi höfum við lært af þessari efnahagskreppu með því að bregðast ábyrgt við henni með niðurskurði ríkisútgjalda, breytingum og hagræðingu í opinberum rekstri sem skilar sér til framtíðar. Það hefur tekist að varðveita velferðarkerfið og á sumum sviðum ná fram umbótum til eflingar því, svo sem í málefnum barna og fatlaðra. Það hvarflar ekki að mér að halda því fram að allt hafi verið gert á besta máta eða á þann veg að hver og einn í stjórnarliðinu sé fullkomlega ánægður því auðvitað bera verk okkar þess merki að stjórnarsamstarf er málamiðlun, málamiðlun þar sem einn fær sjaldnast allt sitt fram.

Það hefur komið fram í skoðanakönnunum að fólk leggur mikið upp úr stöðugleika auk þess hve atvinnumálin hafa mikið vægi. Nú hefur verðbólga verið lág nokkur ár í röð, undir 5% og við erum vel flest farin að taka því sem sjálfsögðum hlut. Þess vegna er það afar mikilvægt að bæta hag heimilanna og auka kaupmátt án þess að ógna stöðugleikanum, lágum vöxtum og lágri verðbólgu. Það gleymist of oft í umræðunni að stöðugleiki og vaxtamál eru kjaramál.

Alþfl. hefur verið ótrauður talsmaður EES- og GATT-samninga vegna þess að í þeim liggja tækifærin sem gera okkur kleift að bæta lífskjörin með lækkuðu vöruverði og auknum kaupmætti. Þegar EES-umræðan var sem hörðust hér á Alþingi var flokkur minn

borinn þungum sökum. Því spyr ég: Ætla stjórnarandstöðuflokkarnir að vera samkvæmir sjálfum sér og segja EES-samningnum upp ef þeir komast í stjórn? Eða munu þeir viðurkenna að Alþfl. hafi haft rétt fyrir sér um mikilvægi þessa samnings sem skapar áður óþekkt skilyrði til að auka vinnslu afurða hér heima, skapa íslenskum höndum vinnu og þjóðarbúinu arð?

Ég sagði að Alþfl. hefði verið borinn þungum sökum vegna stefnumála sem hann hefur verið trúr en að undanförnu hefur flokkur minn orðið fyrir óvæginni gagnrýni af öðrum toga. Það hafa verið ástríðuþrungnar tilfinningar í umræðunni um rétt og rangt, ekki síst innan okkar flokks og það hefur verið tekist á um sjónarmið. Við biðjumst ekki undan óvæginni umræðu, hún er til að læra af og vinna úr í baráttunni fyrir betri framtíð. Þessi umræða hefur borið í sér þann jákvæða tón að auka vitund manna um mikilvægi þess að gera strangar kröfur varðandi stjórnvaldsaðgerðir. Þannig má segja að sú umræða sem hefur farið fram í þjóðfélaginu geti orðið til góðs.

Alþfl. er oft borið á brýn að vera of mikið til hægri, eins og sagt er, að hann sé hálfgert „litla-íhald". Við sem vinnum að framgangi jafnaðarstefnunnar vitum að það er vegna þess að Alþfl. beitir sér fyrir nútímalegri löggjöf á vettvangi efnahagsmála. Hann vill frjálsræði í viðskiptum og aðhald í ríkisútgjöldum því þessir þættir eru undirstaða að aukinni velferð fjölskyldnanna í landinu og fjölskyldustefnan er rauði þráðurinn í stefnu jafnaðarmanna.

Sænskir jafnaðarmenn unnu mikinn kosningasigur fyrir tveimur vikum. Í kosningastefnuskránni settu þeir fram það markmið að minnka útgjöld og hækka tekjur sem næmi 61 milljarði sænskra króna. Í kjölfar kosningaúrslita hafa þeir sagt að stuðningur sé við aðgerðir er nema 60 milljörðum. Það er fróðlegt að líta á hvað þarna er að finna. Þeir segja: Vextir eru allt of háir, fjárfestingar hafa stöðvast, skuldir ríkisins hækka, vaxtabyrði eykst og halli í ríkisfjármálum er methár.

Sænskir jafnaðarmenn segja: Við björgum velferðinni ef við lækkum opinber útgjöld, allir verða að leggja sitt af mörkum, bæði skattar og þjónustugjöld verða að hækka. Og þeir segja: Við viljum gera fjárfestingar í atvinnulífinu skattalega mögulegar. Við viljum lækka skatta á fyrirtæki af því að það gefur fleira fólki atvinnu. Fjárfestingar dagsins í dag er grunnur að framleiðslu og velferð morgundagsins og það er óásættanlegt að ná niður fjárlagahalla og ríkisskuldum með aukinni verðbólgu.

Þetta hljómar afskaplega kunnuglega en hjá okkar stjórnarandstöðu fá slík markmið stimpilinn „hægri lausnir og íhaldsúrræði". Enginn mundi gefa sænskum krötum íhaldsstimpil og þess vegna er hollt að gefa þeirra efnahagsáherslum gaum.

Það er athyglisvert að sænskir jafnaðarmenn í stjórnarandstöðu settu fram valkost að stjórnarstefnu. Og spyrja má: Hvar eru þeir valkostir sem íslensk stjórnarandstaða býður upp á í efnahags- og atvinnumálum?

Nú eru kjarasamningar fram undan. Miklu skiptir að varðveita þann frið á vinnumarkaði sem verið hefur undangengin ár. Ekki síst er hann því að þakka hve ábyrgir aðilar vinnumarkaðarins hafa verið. Þjóðarsáttin skilaði ávinningi til allra og er undirstaða þess að við vinnum okkur út úr erfiðleikunum. Hitt er jafnljóst að færðar hafa verið fórnir á þessari vegferð. Þær fórnir hafa verið lágtekjufólki þungbærar. Það má ekki gleymast í komandi kjarasamningum. Það er markmið og krafa Alþfl. að kjarabætur sem samið verði um skili sér skilyrðislaust til láglaunahópanna.

En kjarajöfnun felst líka í því að þeim byrðum sé réttlátlega skipt er standa undir samneyslunni. Það felst ekki eingöngu í skattaprósentu heldur því grundvallaratriði að allir sem geta leggi sitt af mörkum. Alþfl. hefur margoft vakið athygli á göllum skattkerfisins og gert tillögur til úrbóta. Umbætur sem fjmrh. hefur gert á þessu kjörtímabili, m.a. með stofnun sérstaks embættis skattrannsóknastjóra ríkisins, hafa skilað sýnilegum árangri en það er nauðsynlegt að taka enn betur á.

Í byrjun stjórnarsamstarfsins beitti ríkisstjórnin sér fyrir endurmati á útgjöldum til velferðarmála. Þá var því haldið fram að þær aðgerðir væru atlaga að velferðarsamfélaginu og velferðarkerfið yrði lagt í rúst. Hefur þetta gengið eftir? Nei. Alls ekki. Þrátt fyrir gífurleg efnahagsleg áföll tókst að verja velferðarkerfið. Ekki aðeins unnum við varnarsigur heldur höfum við jafnframt sótt fram. Ég nefni til sögunnar tvo málaflokka, málefni fatlaðra og mál er lúta að börnum.

Á sama tíma og raunaukning fjárframlaga hefur orðið í þjónustu við fatlaða hefur verið sett ný og nútímaleg löggjöf sem markar þáttaskil og nýja framtíðarsýn.

Í málefnum barna standa fyrir dyrum gjörbreytingar á stjórnsýslu sem ætlað er að ná fram árangursríkari starfsháttum, bættri þjónustu og aukinni heildarsýn. Verulega aukin fjárframlög hafa runnið til nýrra vistheimila fyrir börn og meðferðarúrræða fyrir unglinga í vanda á sl. tveimur árum. Miklar vonir eru bundnar við umboðsmann barna sem ákveðið er að taki til starfa á næstunni.

Ég minni líka á húsaleigubætur og komið hefur fram að félmrh. hyggst leggja fram frv. um greiðsluaðlögun á þessu þingi.

Góðir áheyrendur. Ríkisstjórnin skilar af sér góðu búi. Síðustu mánuðir stjórnarsamstarfs fara í hönd og brátt munu stjórnarflokkar leggja verk sín í dóm kjósenda og ég kvíði ekki þeim dómi. — Góðar stundir.

[21:47]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Góðir Íslendingar. Í kvöld birtist okkur forsrh. sem hefur gert sjálfsánægjuna að dyggð. En vissulega ber okkur að sýna honum nokkra samúð með sundurtætta ríkisstjórn á bak við sig og í hönd fer mikil yfirvinna hjá Ríkisendurskoðun við að rannsaka spillinguna á vettvangi ríkisstjórnarinnar. En það var athyglisvert að í þessari sjálfshólsræðu hæstv. forsrh. var ekki eitt einasta orð um ágæti stjórnarsamstarfsins, ekkert orð um gagnkvæma hollustu og drengskap ráðherranna. Hvers vegna ekki? Jú, vegna þess, eins og við vitum öll, þá hefur viðreisnardraumurinn um langvarandi samstarf gömlu flokkanna, Sjálfstfl. og

Alþfl., breyst í hreina martröð.

En í nafni allrar sanngirni þá er auðvitað rétt að taka undir með hæstv. forsrh. hvað það snertir að það er ánægjulegt að ríkisstjórninni hefur tekist að viðhalda þeim stöðugleika í verðlagsmálum sem síðasta ríkisstjórn skilaði í hendur hennar. Og það er líka vissulega ánægjulegt að gjaldeyristekjur hafa aukist að undanförnu vegna meiri veiða á loðnu, vegna þess að íslenski flotinn hefur sótt í Smuguna og vegna þess að erlendir ferðamenn hafa sótt hingað í ríkum mæli. Það er ástæðan á bak við þá 23 milljarða sem hæstv. forsrh. gerði að umræðuefni í kvöld og kallaði þjóðarsigur í lækkun erlendra skulda og skulum við þá láta liggja á milli hluta þá 3 milljarða reikningsskekkju sem er í þeirri tölu vegna þess að í fjárlagafrv. ríkisstjórnarinnar sjálfrar, sem liggur hér á borðum, er talan 20 milljarðar en ekki 23 milljarðar.

En er það virkilega þannig þegar litið er yfir stöðu íslenskra þjóðmála, ástand opinberra mála, að það sé tilefni til slíks sjálfshóls sem við heyrðum í kvöld?

Forsrh. er eins konar aðalforstjóri í rekstri hins opinbera. Hvernig stendur rekstur hins opinbera í lok þessa kjörtímabils og samkvæmt því fjárlagafrv. sem hér liggur á borðum? Það er nánast eins og hæstv. forsrh. hafi ekki lesið fjárlagafrv. eigin ríkisstjórnar vegna þess að þar kemur fram að í tíð ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar hafa hreinar skuldir hins opinbera aukist um 100% — verða á árinu 1995 156 milljarðar. Heildarskuldaaukning hins opinbera hefur á þessum sömu þremur árum, sem hæstv. forsrh. var að hæla sér af hér áðan, aukist um rúmlega 40 milljarða eða tvöfalt meiri aukning á heildarskuldaaukningu hins opinbera á þessum sömu þremur árum og hann var að tína til hér 20 milljarða bata í erlendri skuldasöfnun. Og reyndin, eins og fram kemur í fjárlagafrv., er sú að raunverulegt hlutfall erlendra skulda af þjóðarframleiðslu hefur vaxið úr 45% af þjóðartekjum árið 1991 í 55% í ár. Ríkisstjórn sem boðaði að hún ætlaði að skila hallalausum fjárlögum á fyrstu tveimur árum mun skila í lok kjörtímabilsins samkvæmt eigin fjárlögum lýðveldismeti í hallasöfnun nokkurrar ríkisstjórnar eða 30–40 milljarða skuldabagga til framtíðarinnar.

Þessi skuldasöfnun ríkisstjórnarinnar á öllum sviðum hins opinbera rekstrarkerfis er einstök í sögu ríkisstjórna á undanförnum áratugum og þarf satt að segja að líkja henni einna helst við hrakfallasöguna úr Hafnarfirði, fjármálastjórn Hafnarfjarðar á síðasta kjörtímabili, til að finna samanburð í skuldasöfnun. Kannski er við hæfi að bæjarstjórinn fyrrverandi og borgarstjórinn fyrrverandi sameinist í þessari ríkisstjórn í skuldameti sem skilað verður í lok kjörtímabilsins. Þess vegna var kannski eðlilegt að hæstv. forsrh. vildi lítið tala í ræðu sinni um skuldirnar. En boðskapurinn var batinn. Batinn var pistill dagsins. Nú er svo komið, sagði hæstv. forsrh., að þjóðin öll skynjar efnahagsbatann. Hvílík fífldirfska í orðavali. Kannski eru til forstjórar nokkurra stórfyrirtækja sem geta talið hagnaðinn í 50 eða 100 milljónum á þessu ári og hinu liðna og vissulega er til hátekjufólk í landinu með 400 þús., 600 þús. og jafnvel milljón kr. á mánuði sem fær þann fagnaðarboðskap að hátekjuskatturinn verði felldur niður í árslok sem geta talað um bata. En ég spyr ykkur, tilheyrendur góðir, fiskvinnslukonuna í frystihúsinu, kennarann í grunnskólanum, iðnverkafólkið í verksmiðjunum, skrifstofufólkið og þjónustufólkið, ungu fjölskyldurnar með börnin og þunga byrði húsnæðislánanna: Hafið þið skynjað þennan bata sem forsrh. var að tala um í kvöld? Nei, hæstv. ríkisstjórn. Forstjórarnir og hátekjufólkið er kannski ykkar þjóð. En þjóðin í landinu skynjar ekki þennan bata. Hún er hneyksluð á þeirri skattastefnu sem birtist í því að á sama tíma og hátekjufólkið í landinu á að fá sérstaka skattalækkun og fjármagnseigendur eiga áfram að búa við skattfrelsi verður sett á þessu ári og hinu næsta met í skattbyrði tekjuskatts á fólki með 50–60 þús. kr. í mánaðarlaun og ungu barnafjölskyldunum sem þurfa að glíma við húsnæðislánin með sameiginlegar tekjur á bilinu 100–150 þús. kr.

Nei, misréttið, óréttlætið í þessu þjóðfélagi er orðið slíkt að ekki er tilefni til þess að halda sjálfshólsræður á Alþingi. Stjórnarstefnan skilur við þetta þjóðfélag með meiri skuldabagga á einu kjörtímabili en sést hefur áður. Hún skilur eftir sig meira misrétti hjá fólkinu í landinu en við höfum áður þekkt. Hún skilur eftir sig þúsundir atvinnuleysingja. Hún skilur eftir sig tugi milljarða í aukinni skuldastöðu heimilanna við bankakerfið. Hún skilur eftir sig þúsundir fjölskyldna sem nú þegar eru orðnar gjaldþrota eða eru að verða gjaldþrota vegna byrða af húsnæðislánunum. Hún skilur eftir sig ungt námsfólk sem er nánast örvæntingarfullt vegna erfiðleika af námslánum. Hún skilur eftir sig aldraða og sjúka, fatlaða og öryrkja sem búa nú við kjör sem eru á barmi hreinnar fátæktar. Hæstv. forsrh. kemur svo hér í kvöld og hælist um og talar um bata. Þessi ríkisstjórn mun sem betur fer fara senn frá. Þá verður að taka við ný tíð með nýrri stefnu og öðrum viðhorfum.

Ég kynnti í þessum stól fyrir réttu ári við stefnuræðu forsrh. þá, frumhugmyndir þeirrar leiðar sem við alþýðubandalagsmenn unnum síðan að allan síðasta vetur og höfum gefið út í sérstakri grænni bók, Útflutningsleiðinni — atvinna, jöfnuður, siðbót. Við munum halda áfram að vinna og kynna þær tillögur. Ánægjulegt var að verða vitni að því í heimsókn utanrmn. til Washington í maí að einmitt á vettvangi Alþjóðabankans eru sams konar hugmyndir og þær sem liggja til grundvallar tillögugerð okkar alþýðubandalagsmanna taldar mest í takt við tímann og ný viðhorf í stjórn efnahagsmála. En þegar ég fyrir réttu ári síðan reifaði nauðsynina á siðbót í íslenskum stjórnmálum, þá hlógu menn í þessum sal. Hv. þm. Árni Johnsen hló líka þá eins og hann hlær í kvöld. En þeir hlæja ekki núna, stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar, að þörfinni á siðbót. Sömu mennirnir og hæddust að mér hér í fyrra fyrir tillögurnar um siðbót í íslenskum stjórnmálum og kölluðu mig háðsyrðinu Lúter íslenskra stjórnmála eru nú á harðahlaupum til Ríkisendurskoðunar til að biðja um rannsókn á sjálfum sér og samráðherrum sínum. Nei, það er nefnilega þannig, hv. þm., að nú er það þjóðin öll sem tekur undir kröf-

urnar um siðbót í íslenskum stjórnmálum. Nú vilja allir þá Lilju kveðið hafa sem við alþýðubandalagsmenn kynntum hér fyrir ári síðan.

Það er rangt sem hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir sagði áðan að enginn íslenskur flokkur hefði kynnt heildarprógramm nýrrar stjórnarstefnu. Alþb. hefur lagt fram slíkt heildarprógramm. Alþb. mun á næstu vikum og mánuðum heimsækja öll byggðarlög landsins til þess að kynna það prógramm. Það eru vinnubrögð í anda þeirra starfsháttа sem sænski jafnaðarmannaflokkurinn stundaði á síðasta kjörtímabili vegna þess að Alþb. er hinn eini raunverulega sanni jafnaðarmannaflokkur á Íslandi. En Alþfl. sem með röngu hefur skreytt sig því nafni er að tætast í tætlur vegna innbyrðis sundrungar, spillingar og óánægju.

En nú er ekki tími til þess, íslenskir vinstri menn, félagshyggjufólk og jafnaðarsinnar, að dreifa kröftunum. Við þurfum á sterku afli að halda. Við þurfum víðsýni til að ná saman um það afl. Við eigum ekki að skipta okkur upp í margar fylkingar. Við eigum að ná saman um samstillt átak, um sameiginlega stefnu. Alþb. er reiðubúið til þess að verða eitt sér eða með öðrum kjölfestan í nýrri hreyfingu íslenskra vinstri manna sem tekur að sér á nýju kjörtímabili að breyta íslensku þjóðfélagi í anda jafnaðar og réttlætis, atvinnu fyrir alla og siðferðis, bæði í opinberu lífi og á vettvangi atvinnulífs. Ísland á ærinn auð. En það þarf vit og vilja til að virkja hann og skipta honum með réttlátum hætti. — Góða nótt.

[21:59]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Góðir landsmenn. Þegar hlýtt er á stefnuræðu forsrh. leynir sér ekki að alþingiskosningar eru í nánd. Forsrh. keppist við að draga upp sem mesta glansmynd af stöðu efnahagsmála og gyllir árangur ríkisstjórnarinnar sem mest hann má. Svo mikið er kappið að honum ferst svipað og Þórólfi smjör forðum: Engu eru líkara en smjör drjúpi af hverju strái eða eins og segir í stefnuræðunni: Allt er hagstæðara en gert var ráð fyrir.

Það er leitt til þess að vita að forsrh. skuli enn vera fastur í ýkjukenndum málflutningi sínum. Landsmenn muna sjálfsagt enn eftir því að fyrsta ár ríkisstjórnarinnar fór í það að hallmæla fyrri ríkisstjórn sem mest og draga að öllu leyti upp sem dekksta mynd af ástandi mála nánast hvar sem því varð við komið. Fortíðarvandaskýrslurnar voru framleiddar á færibandi. Það er óskandi að forsrh. og ríkisstjórn hans hætti sem fyrst sandkassapólitík af þessu tagi og taki upp málefnalegri umræðu og meira í takt við veruleikann en fram til þessa hefur verið. Auðvitað er svona ýkjukenndur málflutningur fráleitur. Það sér hvert mannsbarn að honum er einungis ætlað að beina athyglinni frá þeirri pólitísku stefnu sem ríkisstjórnin framfylgir og því sem af henni hefur leitt.

Það er einmitt þetta sem stjórnarflokkarnir forðast að ræða. Aðgerðir í skatta- og kjaramálum sem þeir hafa staðið fyrir, staðreyndir um vaxandi ójöfnuð og misrétti í þjóðfélaginu, staðreyndir sem leiða í ljós að núverandi stjórn hefur markvisst þyngt klyfjarnar á sumum þjóðfélagshópum, þótt þeir hafi illa getað borið þær sem fyrir voru, en öðrum hópum verið hlíft þótt þar væru léttar byrðarnar fyrir. Síðast en ekki síst forðast þeir að ræða atvinnuleysið. Og víkjum fyrst að því og staðreyndum sem stefnuræðan þegir um.

Í stefnuræðunni segir forsrh. það eitt um atvinnuleysið að það sé á þessu ári minna en spáð var. Staðreyndin er sú að það er áætlað að um 6.300 manns verði án atvinnu, þ.e. um 700 manns meira en á síðasta ári. Það má vel vera að fyrir ári hafi verið spáð meira atvinnuleysi en nú er. Það breytir því ekki að þeim 700 sem nú eru atvinnulausir en voru það ekki í fyrra þykir það vafalaust lítið fagnaðarefni og gefa lítið fyrir lyktina af svo jákvæðum fréttum, eins og forsrh. kemst að orði, um það að atvinnuleysi nú sé minna en spáð var. Mér þykir það ekki jákvæð frétt að atvinnulausum hafi fjölgað um 700 manns og það er heldur ekki jákvæð frétt að nú er spáð að atvinnulausir verði áfram á næsta ári 700 fleiri en í fyrra. Og jafnvel teikn á lofti um að atvinnuleysi kunni enn að aukast. Í mínum huga er það vond frétt að atvinnulausu fólki hafi fjölgað og muni fjölga á næsta ári en ekki fækka. En það er enn verri frétt að forsrh. hafi komið sér hjá því að nefna þessa staðreynd. Sú þögn segir væntanlega landsmönnum að ríkisstjórnin er á miklum villigötum.

Stjórnvöld hafa aukið skatta og aðrar álögur verulega þrátt fyrir loforð um hið gagnstæða frá báðum stjórnarflokkum. En gerum það ekki að aðalatriði málsins, heldur hitt hvernig sköttunum var jafnað niður. Helstu álögur ríkisstjórnarinnar eru þessar:

Persónuafsláttur hefur lækkað um tæp 10% eða tæplega 6 þús. kr. á mánuði í tíð núv. ríkisstjórnar. Það er bein skattahækkun og hún kemur þyngst niður á láglaunafólki. Sem dæmi má nefna að fyrir mann með 80 þús. kr. tekjur á mánuði þýðir lækkun persónuafsláttarins um 35% hækkun á staðgreiddum sköttum. Vaxtabætur hafa lækkað verulega, um 400–500 millj. kr. á ári. Tekjuskattur og útsvar hafa hækkað um 3 milljarða kr. á ári og vextir voru hækkaðir á lánum í Byggingarsjóði verkamanna um hvorki meira né minna en 140%. Þessar skattaálögur hafa verið sóttar fyrst og fremst af lágum tekjum. Þessar staðreyndir staðfesta að láglaunafólki hefur ekki verið hlíft við því að taka á sig auknar byrðar og barnafólk sem er að koma yfir sig þaki virðist hafa verið sérstakur markhópur ríkisstjórnarinnar. Þessi hópur hefur mátt þola hærri vexti, lægri vaxtabætur, lægri persónuafslátt og hærri skattprósentu. Hins vegar er haldið hlífiskildi yfir hátekjumönnum og þeim sem hafa tekjur af fjármagni.

Það er furðulegt að enn skuli það vera þannig að eignamaður sem hefur milljón krónur í tekjur af verðbréfum skuli engan skatt greiða af þeim tekjum en launamaður með sömu tekjur greiði allt að ríflega 40% þeirra tekna í skatt. Það verður ekki á þessa ríkisstjórn borið að hún leggi sig eftir því að leggja skatta á menn eftir efnum og ástæðum. Þvert á móti. Með aðgerðum sínum hefur ríkisstjórnin aukið á misréttið og ójöfnuðinn sem aftur hefur leitt af sér jafnhliða minnkandi atvinnu, að æ stærri hluti landsmanna á í erfiðleikum

með að standa við skuldbindingar sínar og jafnvel hefur ekki ofan í sig og á.

Um allt land verða menn varir við vaxandi neyð fólks en hvergi er hún eins greinileg og í Reykjavík, höfuðborg landsins. Samkvæmt upplýsingum frá Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar þá hefur fjárhagsaðstoð tvöfaldast frá 1992 og flest bendir til þess að um tíundi hver Reykvíkingur þurfi á aðstoð stofnunarinnar að halda á þessu ári. Fjölmennastir eru atvinnulausir, öryrkjar og einstæðir foreldrar. Þetta er afleiðing þess að ríkisstjórnin fylgir óheftri markaðshyggju og hefur unnið alvarleg spjöll á öryggisneti velferðarkerfisins. Upplýst er að stór hluti Reykvíkinga er kominn á þurfamannastig og samt kemur hér forsrh., 1. þm. Reykn., og leyfir sér að tala eins og þetta fólk sé ekki til. Hann sér það ekki í glansmyndakasti sínu og segir að framvindan í þjóðarbúskapnum hafi á öllum sviðum orðið jákvæðari en búist var við. Svona talar aðeins veruleikafirrt ríkisstjórn. Slíka ríkisstjórn er ekki á vetur setjandi. — Ég þakka áheyrnina. Góðar stundir.

[22:07]

Guðrún J. Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Góðir Íslendingar. Hæstv. forsrh. hefur flutt okkur boðskap sinn og stjórnar sinnar. Honum verður tíðrætt um efnahagsbata, hagvöxt, hagstæðan viðskiptajöfnuð við útlönd og niðurgreiðslur erlendra skulda sem þar af leiðir. Hann talar líka um bætta afkomu fyrirtækja og jafnvel hefur hann á orði að ráðstöfunartekjur einstaklinga hafi hækkað. Allt er þetta harla gott á blaði og fagurt í munni forsrh. sem er gæddur slíku undraþefskyni að nef hans nemur aðeins sæta efnahagsilman að því er hann sjálfur lætur liggja að í ræðu sinni hér í kvöld.

Hætt er við því að margir hafi átt bágt með að trúa eigin eyrum þegar þeir hlýddu á þennan boðskap. Hvar hefur þessi bati gert vart við sig? Hverjir hafa eiginlega notið hans? Eru það atvinnuleysingjarnir 6.300 sem þjóðhagsskýrslan getur um, sem út kom með ræðu forsrh.? Þeir hafa innan við 45 þús. kr. í ráðstöfunartekjur á mánuði. Eða er það unga, atvinnulausa fólkið sem hvorki nýtur atvinnuleysisbóta né á möguleika á að fá vinnu? Eða eru það e.t.v. fiskvinnslukonurnar sem fá 56 þús. kr. í mánaðarlaun fyrir 8 stunda vinnudag? Eða eru það kannski leikskólakennararnir sem hafa 65–70 þús. kr. í mánaðarlaun? Veit forsrh. og ríkisstjórnin e.t.v. ekki að nú er verið að ráða kennara með full réttindi í leikskólum fyrir aðeins 59 þús. kr. á mánuði? Heldur hann að þetta fólk hafi orðið vart við rýmkaðar ráðstöfunartekjur?

Hefur kaupmáttaraukningin kannski borist lífeyrisþegum sem margir bera miklu minna úr býtum en fiskverkakonan áðurnefnda? Ég get svo sem hugsað mér einn hóp lífeyrisþega sem kannski hefur orðið var við kaupmáttaraukningu. Það er fólk sem ekki greiddi í lífeyrissjóð, keypti sér verðbréf og hlutabréf og einkalífeyrisrétt og greiðir nú samkvæmt vísri ákvörðun landsfeðranna í ríkisstjórninni, enga skatta af eignatekjum sínum en nýtur um leið hæstu framlaga almannatrygginga, styrkja sem ætlaðir voru eingöngu öreigum og öðrum mjög illa stöddum lífeyrisþegum. Ég held að vísu ekki að þessir einstaklingar séu margir. En þeir hafa sannarlega ávaxtað sitt pund og nú er þeim umbunað af ríkisstjórnarherrunum sem styðja hlutabréfa- og verðbréfakaup með öllum hugsanlegum ráðum. Hinir, sem héldu að þeir væru að gera rétt með því að greiða í lífeyrissjóð og voru raunar skyldaðar til þess, fá nú lífeyrissjóðsgreiðslurnar sínar skattlagðar aftur ásamt því að fá lægri greiðslur úr almannatryggingunum. Já, hagstjórnarviskan er mikil og hagvaxtarilmanin er sæt.

En hvers vegna hyggst ríkisstjórnin ekki koma á skatti á fjármagnstekjur og hvers vegna hyggst hún afnema hátekjuskatt? Það hefði þó ekki verið nema sanngjarnt úr því að hún telur sig ekki þurfa þessa aura í ríkiskassann að láta fólk með lægstu tekjur njóta þeirra, nota hátekjuskatt og skatta af fjármagnstekjum til að hækka skattleysismörkin. Í því hefði falist ilmandi efnahagsbætur sem ónæmustu nef hefðu getað numið.

Er það e.t.v. hugsanlegt að þessi tregða stjórnarinnar dragi dám af því að það eru kosningar fram undan? Að vísu segir forsrh. að ríkisstjórnin hugsi ekki svoleiðis. En hver veit? Kannski veit hún ekki hvað hún hugsar.

Virðulegi forseti. Flest þau hugtök sem hæstv. forsrh. fer svo fimlega með í stefnuræðu sinni, svo sem hagvöxtur, kaupmáttarauki og efnahagsbati, voru búin til sem mælitákn til að mæla hluti sem illmælanlegir eru. Flestir halda t.d. að hagvöxtur þýði hagsæld alls fólks í landinu, en hagvöxtur táknar það ekki. Hagvöxtur táknar peningaflæði og því meira flæði, þeim mun meiri hagvöxtur. Þetta hringsól peningastraumsins þarf ekki að þýða það að allir þegnar þjóðfélagsins eigi þátt í því og svo er alls ekki núna. Stór hluti almenns launafólks á sáralítinn og alls engan þátt í þessu flæði. Það er fólkið sem dregur nú úr innkaupum og herðir sultaról svo að innflutningurinn dregst saman og útflutningurinn verður meiri en innflutningur þrátt fyrir erfiðleika sem við er að etja í útflutningsgreinunum.

Ein helsta ástæðan fyrir bættum viðskiptajöfnuði er raunar sú að kyrrstaða ríkir í framkvæmdum sem auðvitað kemur niður á almennum launþegum og eykur atvinnuleysið. Herra forsrh. Næsta skref í kyrrstöðu getur orðið afturför ef leiðtogar halda ekki áttum.

Forsrh. er gjarnt að líta til liðins tíma og vitna í fyrri forustumenn. E.t.v. vilja hann og þingheimur skyggnast til baka og sjá hvernig aðstæður fjölskyldunnar voru fyrir 50 árum. Húsnæði var þröngt og stríðsskömmtun á innflutningi. En ein fyrirvinna nægði til að sjá fjölskyldu farborða. Oftast var húsmóðirin heima og veitti margs konar félagslega þjónustu börnum og gamalmennum, auk þess sem hún skóp heimilinu margvísleg efnahagsleg gæði með iðju sinni, matvælaframleiðslu, fataframleiðslu og því um líku. En í störfum hennar taldist enginn hagvöxtur fólginn því að hún hægði fremur á peningaflæðinu heldur en auka það. Þessi framleiðsla og þjónusta var því ekki til margra fiska metin, enda geta fræðingar ekki mælt vinnuframlag af þessu tagi. Þessa sér enn þá augljósan stað í launagreiðslum fyrir hefðbundin kvennastörf.

Hvenær skyldi sá tími koma að vinnuframlag við verndun og viðgang lífs hljóti þá fjárhagslegu viðurkenningu sem réttlát er? Kannski í næstu kjarasamningum. Þeir eru fram undan.

Fljótlega fór svo á árunum eftir stríð að verðbólga og vinnuaflsskortur kallaði konur út á vinnumarkaðinn, enda rýrnaði kaupmáttur fljótlega svo að ekki veitti af tveimur til að afla tekna til heimilis, til þess að fjármagna húsbyggingu, til að greiða af lánum og svo nú síðast til þess að kaupa lífsnauðsynjar. Þannig hefur staða hinnar íslensku, venjulegu alþýðufjölskyldu snarversnað í samfélaginu. Og samfélagið hefur brugðist seint við. Þjónustustofnanir hafa brugðist hægt við, leikskólar og skólar, ellivistun og elliþjónusta ýmiss konar, allt er þetta langt á eftir að umfangi þótt starfsemi einstakra stofnana sé góð. Það er nöturlegt til þess að vita, hvað svo sem hæstv. heilbrrh. sagði í kvöld, að gamalt og örvasa fólk í dag sem unnið hefur þessu þjóðfélagi langa ævi getur ekki verið öruggt með samastað þegar það mest þarf við.

Í stefnuræðu sinni minntist hæstv. forsrh. ekki á þetta. Hann talar þó um hag fyrirtækja sem hafa hjarnað allverulega að hans mati og það er vel. En e.t.v. man forsrh. ekki eftir því að heimili þessa lands eru undirstaða alls atvinnulífs í landinu. Það eru þau sem skapa aðalþjóðarauðinn, börnin, vinnuafl framtíðarinnar, skapendur framtíðarinnar. Það er höfuðnauðsyn og undirstöðuatriði að heimilin og fjölskyldurnar í landinu geti rétt úr kútnum og búið sjálfum sér og börnum sínum holl og þroskavænleg lífskjör, menntun og umfram allt öryggi.

Virðulegi forseti. Í ræðu sinni vék forsrh. að því að hann og stjórnvöld teldu að rétt væri að stefna eingöngu að samningi um Evrópskt efnahagssvæði en sækja ekki um inngöngu í Evrópusambandið. Það er ánægjulegt til þess að vita að sú stefna hefur orðið ofan á í þessari ríkisstjórn. Vitað er að minni flokkurinn sem að stjórninni stendur hefur um langan aldur viljað beint í breiðan faðm Evrópusambandsins. Þetta er ekki ný saga. Í bók sinni um viðreisnarárin skýrir dr. Gylfi Þ. Gíslason frá því að alþýðuflokksmenn vildu inn í þetta bandalag þegar það var á frumstigi ferils þess. Að sögn dr. Gylfa var þessi skoðun einnig ríkjandi í Sjálfstfl. á þessum tíma. Batnandi mönnum er best að lifa. Sem betur fer hefur stefnan ekki verið tekin á fulla aðild og þar með á fullt afsal sjálfræðis okkar, nóg er nú samt. Og það er fyllsta ástæða til að vera enn þá vel á verði.

Virðulegi forseti. Góðir Íslendingar. Þrátt fyrir margvísleg misstig þessarar ríkisstjórnar höfum við ekki ástæðu til annars en að horfa djarfhuga fram á veginn. Við eigum auð sem er orka í jörðu, hreint land, sem býður upp á vistvæna framleiðslu, og fiskimið í kringum landið sem við getum verndað og bætt. Auk þess eigum við mannauð og gott menntunarstig. Allt þetta þurfum við að efla og leggja rækt við. Sameinuð í stéttlitlu samfélagi eiga allir, konur og karlar, ungir sem aldnir, jafnan rétt til að leggja sitt af mörkum til þjóðfélagsins. Því þarf að útrýma atvinnuleysi, jafna launakjör og efla félagslega þjónustu. Í slíku þjóðfélagi viljum við Íslendingar búa. — Ég hef lokið máli mínu.

[22:18]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Góðir Íslendingar. Í ræðu sinni í kvöld hélt forsrh. því fram að á kjörtímabilinu hafi ríkt jafnvægi, vinnufriður og stöðugleiki. Ekki skal úr því dregið að fyrir nokkrum árum hefðum við talið það mikinn sigur að verðbólga væri svo lág sem raun ber vitni og væntanlega þurfum við aldrei oftar að lifa þá verðbólgutíma sem hér ríktu áður. En þar með er ekki öll sagan sögð. Það er líka merki um stöðnun og litla fjárfestingu. Atvinnulífið er í lamasessi víða um land. Atvinnuleysið hefur vaxið úr 1% árið 1991 í tæp 5% í ár og er þá aðeins tekið meðaltal. Á mörgum stöðum á landinu er atvinnuleysið mun meira og mest er það hjá konum.

Forsrh. segir það merki um efnahagsbata að atvinnuleysið sé minna en spáð var á árinu en árið er nú ekki liðið enn svo að þarna eru ekki rauntölur á ferðinni. Sú staðreynd að atvinnuleysi hefur bitnað harðast á ungu fólki og konum þykir mér uggvænleg og jafnframt fjölgar þeim sem hafa verið atvinnulausir í ár eða meira. Sú ríkisstjórn sem sættir sig við það er ekki starfi sínu vaxin.

Mér þótti það merkilegt í ræðu forsrh. að hvergi var minnst á fjölskylduna og afkomu heimilanna. Þó hafa skuldir heimilanna vaxið gífurlega í tíð þessarar ríkisstjórnar. Kaupmáttur hefur lækkað og minni möguleikar eru að afla aukinna tekna vegna minnkandi atvinnu. Nýlega hafa heimilislæknar sent frá sér ályktun um fjölskylduna í íslensku samfélagi. Þar er bent á það að grundvallaratriði sé að allir hafi atvinnu. Þeir nefna sjálfsímynd og sjálfsvirðingu sem tengt sé atvinnu. Atvinnuleysið hafi hins vegar þau áhrif að spilla heilsu manna og stytta líftíma. Þá hefur landlæknir varað við afleiðingum atvinnuleysis og auknum fjölda afbrota í kjölfarið.

Það er líka staðreynd að byrðum hefur verið létt af atvinnulífinu og þær byrðar færðar yfir á einstaklingana. Þar er ekki um neinar smáupphæðir að ræða. Þeir 4 milljarðar kr. sem áður voru innheimtir með aðstöðugjöldum á fyrirtæki voru fyrir einu ári færðir á einstaklinga. Staðgreiðslan var hækkuð um tvö stig eða úr 39,8% af tekjum í 41,8%. Jafnframt var persónafslátturinn lækkaður. Á sama tíma hafa þjónustugjöld hvers konar verið tekin upp í auknum mæli og þátttaka sjúklinga í lyfjakostnaði hefur einnig vaxið.

Liðurinn læknishjálp í útreikningi framfærsluvísitölunnar hækkaði um 95% á árinu 1992 og um 20% á árinu 1993. Liðurinn sjúkrakostnaður hækkaði um 70% á árinu 1992 og um önnur 70% á árinu 1993. Allt ber að sama brunni. Það eru lækkaðar álögur á fyrirtækjunum en skattbyrðin er að sliga einstaklingana.

Nú fullyrðir forsrh. að efnahagsbati sé fram undan. Og hvernig bregst þá ríkisstjórnin við? Ekki með því að hækka persónuafsláttinn eða lækka almennu skattprósentuna. Nei, ríkisstjórnin ætlar að afnema hátekjuskattinn og ríkisstjórnin ætlar ekki að taka upp fjármagnstekjuskatt eins og marglofað hefur verið. Í stað-

inn ætlar hún að auka enn þátttöku sjúklinga í læknakostnaði og nú eru það svonefnd ferliverk á sjúkrahúsum sem sjúklingar eiga að greiða og eiga að spara ríkissjóði 100 millj. kr. samkvæmt fjárlagafrv.

Þá má líka minna á það að 1. júlí sl. var ekkjulífeyrir tekjutengdur til þess að ekkjurnar hefðu það nú ekki of gott. Það átti að spara ríkissjóði 70 millj. kr. og 40% þeirra kvenna, sem þá höfðu ekkjulífeyri, misstu hann. Á sama tíma var einnig laumað inn skerðingu á ellilífeyri og það gert um leið og eingreiðslurnar komu svo fólk tæki nú ekki eins eftir því. Nú er einnig boðað að hætta eigi eingreiðslum til lífeyrisþega á næsta ári og þannig á enn að skerða lífeyri hjá gömlu fólki og öryrkjum.

Sá bati í efnahagslífinu sem forsrh. hampar svo mjög er á veikum grunni byggður. Hann byggist að miklu leyti á því að veiðar hafi verið stundaðar á fjarlægum miðum. Fleiri skip hafa stundað þær veiðar en nokkru sinni fyrr og afli hefur verið mikill síðustu mánuði. Þar ber hæst hinar svokölluðu Smuguveiðar. Þar lætur nærri að útflutningsverðmæti hafi þrefaldast á einu ári. Þar er framtíðin óljós svo ekki sé meira sagt. Við verðum að stefna að því að ná þar samningum við Norðmenn og Rússa og ótrúlegt mjög að þá verði hægt að veiða þar jafnmikið og nú hefur verið gert. Við getum heldur ekki sem ábyrg fiskveiðiþjóð haldið uppteknum hætti við veiðar í Barentshafi. Þá erum við fallin í sömu gryfju og þær þjóðir sem við höfum gagnrýnt hvað harðast í okkar landhelgisdeilum. Með minnkandi afla á heimamiðum ber vissulega nauðsyn til að leita á fjarlægari mið. Við eigum stóran og vel búinn skipaflota sem ekki hefur næg verkefni, en að sjálfsögðu verðum við að stunda úthafsveiðar undir formerkjum ábyrgrar fiskveiðistjórnunar.

Við lifum á tímum mikilla breytinga í viðskiptum við aðrar þjóðir. EES-samningurinn, sem nokkuð hefur verið nefndur hér í kvöld, gekk í gildi um síðustu áramót. Hann er engin endanleg lausn eins og margir virtust halda. Nú koma berlega í ljós þeir gallar sem við andstæðingar samningsins bentum á í umræðum. Stofnanaþáttur samningsins, EES-dómstóll o.fl., hefur engan tilgang og staða okkar í viðskiptum við Norðurlöndin, gangi þau í Evrópusambandið, er verri innan EES-samningsins en áður var.

Kvennalistinn vildi að gerður væri tvíhliða samningur við Evrópusambandið í stað EES-samningsins. Nú hefur Alþingi samþykkt að þeim samningi skuli breytt í tvíhliða viðskiptasamning og að því verður unnið. Það stefnir því í það að þær stofnanir sem koma þurfti á fót í tengslum við EES-samninginn verði flestar lagðar niður áður en á þær reynir til hlítar.

Forsrh. hefur lýst því yfir að aðild að Evrópusambandinu sé ekki á dagskrá. Um það mál er ég honum sammála. Rök fyrir þeirri afstöðu eru mörg. Þar nægir að nefna uppbyggingu valdakerfis Evrópusambandsins og sjávarútvegsstefnu þess.

Sú ríkisstjórn sem nú situr er ekki starfhæf vegna sundurlyndis. Það kom glöggt fram á liðnum vetri og ekki síst í landbúnaðarmálum sem flestir muna. Hún er heldur ekki traustvekjandi í utanríkismálum þar sem forsrh. lýsir yfir vantrausti á utanrrh. til þess að fara með samningamál fyrir Íslands hönd á erlendum vettvangi. Forsrh. og sjútvrh. elda grátt silfur frá gamalli tíð. Eina konan sem sæti átti í ríkisstjórninni hefur fengið nóg og sagt af sér. Sífelldar hrókeringar Alþfl. um ráðherrastóla bera ekki vott um ábyrgðartilfinningu. Og fleiri en einn ráðherra hefur gert sig sekan um dómgreindarskort og siðferðisbrest í störfum sínum. Hjá öðrum þjóðum mundu slíkir menn segja af sér ráðherrastörfum þegar í stað.

Þingflokkur Kvennalistans hefur margoft gagnrýnt störf einstakra ráðherra og ríkisstjórnarinnar allrar. Við teljum að félmrh. hefði átt að segja af sér í kjölfar nýjustu upplýsinga um embættisferil hans. Taki ríkisstjórnin ekki á því máli á allra næstu dögum er eðlilegt að fram komi vantraust á ríkisstjórnina eins og Kvennalistinn hefur boðað.

Virðulegi forseti. Góðir landsmenn. Þessi ríkisstjórn heldur að það sé nóg að gert ef atvinnuleysi fer ekki yfir 5% í ár. Þessi ríkisstjórn hefur sífellt verið að skerða kjör einstaklinga og heimila með sköttum, þjónustugjöldum, lækkun barnabóta, lækkun vaxtabóta, skerðingu lífeyris til ekkna, öryrkja og ellilífeyrisþega. Það er ekki undarlegt þó að skuldir heimilanna vaxi hröðum skrefum og fjórða hvert húsbréfalán sé í vanskilum. Á sama tíma bruðla einstakir ráðherrar með fjármuni almennings í landinu til að hygla eigin flokksmönnum. Ég spyr ykkur, góðir Íslendingar: Er ekki nóg komið?

[22:28]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Góðir Íslendingar. Það er athyglisvert að líta á siðvæðingu stjórnmálanna út frá öðrum sjónarhóli en verið hefur í umræðunni. Hvaða umhverfi höfum við stjórnmálamenn og aðrir sem ábyrgð bera í valdastöðum þjóðlífsins búið fólkinu í landinu? Er það umhverfi siðvædds lýðræðislegs þjóðfélags sem byggir á jafnrétti fólksins og eðlilegri og réttlátri skiptingu þjóðarkökunnar? Nei, hér býr ekki ein þjóð í einu landi. Auður og völd safnast æ meir á fárra manna hendur. Misréttið í tekju- og eignaskiptingunni er gífurlegt og bilið breikkar jafnt og þétt milli hálauna- og láglaunahópanna og stéttaskipting er staðreynd í íslensku þjóðfélagi. Samhjálp, jöfnuður og samstaða með alþýðu fólks, sem nú er skilgreind sem gamaldags jafnaðarmennska, er æ meira vikið til hliðar fyrir eins konar tæknimennsku og frjálshyggju markaðsbúskaparins, þar sem mannleg verðmæti eru á undanhaldi. Stjórnmál tæknihyggjunnar, hinnar köldu gróðahyggju, hefur nánast ýtt hinum siðferðilegu mælikvörðum hugsjónanna út af borðinu. Heilbrigðis- og félagsþjónusta eða menntakerfið eru ekki einungis stærð í fjárlögum eða atvinnuleysi bara prósentur. Virðingin fyrir manninum, rétti hans til viðunandi lífskjara og að geta með fullri reisn fætt, klætt og menntað börnin sín og skapað þeim sómasamleg lífsskilyrði skipta líka máli.

Ljóst er að fyrirgreiðslan og ábyrgðarleysið í þjóðfélaginu hefur leitt þjóðina í mikla skuldasöfnun og fært hér niður lífskjörin sem mest hefur auðvitað bitnað á láglaunafólki. Á þessu ástandi berum við mikla

ábyrgð sem treyst hefur verið fyrir stjórn landsmálanna á umliðnum árum og áratugum Ég ber vissulega minn hlut þar sem ráðherra sl. 7 ár. Þar skorast ég hvergi undan ábyrgð og hef einungis mér til málsbóta að hafa reynt að berjast gegn misskiptingunni þegar of langt hefur verið gengið sem síðan leiddi til afsagnar minnar sem ráðherra.

Sem þingmaður utan flokka, engum háður nema minni eigin sannfæringu og loforðum mínum við kjósendur, mun ég áfram berjast fyrir breyttu og réttlátara samfélagi. Við þurfum nýtt afl, nýja jafnaðarmannahreyfingu hér á landi sem er tilbúin til að breyta skiptingu þjóðarkökunnar og ráðast gegn spillingu, forréttindum og auðsöfnun á fárra manna hendur. Í undirbúningi er stofnun nýrrar stjórnmálahreyfingar jafnaðarmanna sem hefur það að markmiði að mynda breiðan samstarfsvettvang fyrir alla þá sem aðhyllast framsækna jafnaðarstefnu, þar sem megináherslan verður lögð á atvinnuöryggi, jafnrétti, ábyrgð, samhjálp, valddreifingu og siðvætt samfélag.

Við þurfum nýtt afl í þjóðfélaginu fyrir fólkið þar sem gefið verður upp á nýtt, þar sem meginverkefnið verður að breyta skiptingu þjóðarkökunnar og því siðlausa umhverfi sem hér þrífst víða og ég mun greina frá.

Við þurfum að hefja til vegs og virðingar breytt gildismat í þjóðfélaginu þar sem ábyrgð og jöfnuður siðvædds samfélags er sett í öndvegi þannig að allir geti lifað lífinu með reisn. Við þurfum nýjar leikreglur, leikreglur siðvædds samfélags. Það þarf að opna myrkruð skúmaskot þjóðfélagsins og neðanjarðarspillingarinnar og hreinsa til í íslensku þjóðfélagi. Græðgi verður að víkja fyrir réttsýni og jöfnuði. Fyrst þá getum við stjórnmálamenn staðið upp frá okkar verki með fullri reisn og sagt að hér búi ein þjóð í einu landi.

Við getum spurt: Gengur það í siðvæddu samfélagi að hálaunamaðurinn sé einn mánuð að vinna fyrir tveggja ára launum láglaunamannsins? Nei, hér gilda engar sanngjarnar leikreglur heldur frumskógarlögmálið þar sem hinir sterku klifra upp eftir bakinu á þeim veikari og hrifsa til sín alla kökuna nema molana þannig að láglaunafólkið á ekki fyrir brýnustu nauðþurftum.

Mikil misskipting lífskjara í þjóðfélaginu endurspeglast líka í eignaskiptingunni. Samkvæmt framtölum sl. árs eru 9.800 hjón og einstaklingar með að meðaltali nálægt 3 millj. kr. í skuldir umfram eignir. Á sama tíma sýna skattframtölin að nokkur hundruð hjón og einstaklingar eiga hvert um sig að meðaltali 103 millj. kr. í eignir umfram skuldir. Af því eiga þau um 43 millj. að meðaltali hvert um sig í skattfrjálsum peningalegum eignum sem kerfið er að velkjast með árum saman hvernig eigi að skattleggja. Við finnum enga peninga til að létta skattbyrðina hjá láglaunafólki, t.d. með hækkun skattfrelsismarka sem ætti að vera 71 þús. kr. í stað 57 þús. kr. ef þau hefðu haldið í við framfærsluvísitöluna. Síðan vefst það árum saman fyrir kerfinu á tímum tækninnar hvernig koma eigi á fjármagnstekjuskatti á 160 milljarða skattfrjálsar peningalegar eignir stóreignamanna. Forgangsverkefnið er að koma á slíkum skatti og nýta það fjármagn til að lækka skattbyrði láglaunafólks.

Og þá er komið að hinu siðvædda atvinnulífi íslensku þjóðarinnar. Á sjö árum, frá 1987 til 1993, hafa nærri 45 milljarðar verið metnir sem afskrifaðir hjá bönkum og fjárfestingarlánasjóðum. Þessu ábyrgðarleysi í sjóða- og bankakerfinu er síðan velt yfir á fólkið í formi meiri vaxtamunar eða nýrra þjónustugjalda og enginn er ábyrgur.

Það er til önnur hlið á þessu máli. Lítum á fortíðarvanda fyrirtækjanna upp á 86 milljarða kr. sem væntanlega verður framtíðarvandi skattgreiðenda og sem dregur niður lífskjörin í þjóðfélaginu. Hér á ég við ónotuð rekstrartöp sem samkvæmt álagningu 1994 eru hvorki meira né minna en 86 milljarðar kr. og hafa hækkað um 20 milljarða kr. á sl. tveimur árum. Þessi rekstrartöp eru m.a. nýtt af velstæðum fyrirtækjum sem kaupa raunverulega inn til sín illa stödd eða gjaldþrota fyrirtæki fyrir óverulegar fjárhæðir. Síðan nýta þau þessi rekstrartöp til að draga frá sínum hagnaði og minnka sínar skattgreiðslur til samfélagsins. Meira að segja er svo langt gengið að þessi töp eru auglýst til sölu.

Ég tel því ljóst að það þurfi að endurskoða frá grunni skattaívilnanir, hlunnindagreiðslur og meðferð ónotaðra rekstrartapa og meta upp á nýtt réttmæti þeirra. Sama gildir um gjaldþrota fyrirtæki þar sem eigendur þeirra komast upp með aftur og aftur að hafa af ríkissjóði fjármuni og senda honum reikninginn en stofna jafnharðan til annars eða sams konar reksturs á rústum gjaldþrotsins.

Hér verður að setja lög, eins og víða tíðkast, þar sem eigendur slíkra fyrirtækja þurfa að sæta atvinnuleyfissviptingu og er einnig bannað eftir slík „hvítflibbagjaldþrot" að vera í forsvari eða í stjórn annars fyrirtækis um tiltekinn tíma.

Lítum síðan á sjávarútveginn, sægreifana svokölluðu sem eru smám saman að eignast fiskimiðin. Tíu kvótahæstu fyrirtækin eru með 25% af heildarkvótanum. Þegar litið er á 40 stærstu kvótahafana fyrir fiskveiðiárið 1994–1995 þá eru þeir með yfir 50% af öllum úthlutuðum veiðiheimildum. Þannig eru 4% kvótahafa með á sinni hendi meira en helming af öllum úthlutuðum veiðiheimildum. Á sama tíma er verið að þrengja verulega að smábátaútgerðinni og rekstrargrundvellinum verið kippt undan mörgum tugum smábáta sem þó hefur verið meginstoð heilu byggðarlaganna. Endurskoðun á kvótakerfinu er því hvergi nærri lokið. Snúa þarf við þeirri þróun að þessi sameign þjóðarinnar verði smám saman eign fámenns hóps kvótakónga. Aðrir verða einungis leiguliðar að kvótanum þannig að þar siglum við hraðbyr inn í lénsskipulag miðaldanna.

Síðan er það hið íhaldssama smákóngaveldi lífeyrissjóðanna 80 sem tekur til sín árlega nálægt 700 millj. kr. í laun og rekstrarkostnað. Þar geta topparnir í þjóðfélaginu hirt til sín á einum til tveimur mánuðum í lífeyrisgreiðslu sömu fjárhæðir og almennt launafólk fær úr sínum lífeyrissjóði á fimm árum. Forgangsverkefni í íslenskum stjórnmálum er að endurskoða lífeyriskerf-

ið frá grunni sem komið er í hreint öngstræti og koma hér á réttlátu og sanngjörnu lífeyriskerfi.

Og þá komum við að skattsvikurunum. 11 milljörðum verður ríkissjóður af vegna þeirra sem er svipuð fjárhæð og kostar ríkissjóð að reka allt skólakerfið.

Á Alþingi hef ég lagt fram nokkur þingmál sem öll miða að róttækum aðgerðum til að stemma stigu við skattsvikum. M.a. er lagt til að stofnaður verði sérstakur skattadómstóll, sektir við skattsvikum verði stórhækkaðar og að tekið verði á sviksamlegri háttsemi manna við að fá virðisaukaskatt ranglega greiddan út úr ríkissjóði. Við eigum að hefja hér markvissa herferð gegn skattsvikurum en hætta að taka á þeim málum með einhverjum silkihönskum.

Það þarf líka að endurskoða frá grunni öll hlunnindi og fríðindi sem viðgengist hafa hjá hinu opinbera og í bankakerfinu. Ég nefni bílafríðindin, laxveiðileyfin, risnuna, ferðahvetjandi dagpeningakerfið, himinhá launakjör og lífeyrisfríðindi manna í æðstu stöðum stjórnsýslunnar. Það er með ólíkindum að eyða þurfi í þetta 2–3 milljörðum á ári á sama tíma og sífellt er verið að þrengja að hópum sem höllustum fæti standa í þjóðfélaginu.

Við þurfum einnig að opna hér alla starfsemi stjórnmálaflokka og setja löggjöf um fjárreiður þeirra og upplýsingaskyldu og þak á greiðslur sem þeir geta þegið af einkaaðilum til sinnar starfsemi. Í því efni má aldrei leika vafi á að hagsmunatengsl við aðila sem þeir eru háðir fjárhagslega hafi áhrif á störf stjórnmálaflokkanna.

Varðandi bætt siðferði í opinberum rekstri vil ég segja þetta: Þegar svo er komið að djúpstæður og langvarandi trúnaðarbrestur hefur orðið með þjóðinni og opinberum stjórnvöldum þá er nauðsynlegt að huga að því hvernig bæta megi siðferði í opinberri stjórnsýslu. Að öðrum kosti getur þetta ástand haft alvarlegar afleiðingar fyrir þjóðarhagsmuni og skapað tortryggni almennt í störfum í stjórnsýslunni. Það hlýtur því að koma til álita að Alþingi álykti um það að skipuð verði nefnd sem hafi það verkefni að kanna þær skráðu og óskráðu reglur sem í reynd ríkja um embættisfærslur í opinberri stjórnsýslu og ráðstöfun opinberra fjármuna sem og að kanna hvernig draga megi úr stjórnmálalegum afskiptum í sjóða- og bankakerfinu. Einnig að skoða hvort rétt sé að breyta fyrirkomulagi við ráðningar í æðstu stöður opinberra stofnana.

Ég hef hér lýst hvernig hægt er að setja ábyrgð og jöfnuð í öndvegi í íslenskum stjórnmálum. Brýnt úrlausnarefni vil ég einnig nefna sem er að jafna atkvæðavægi kjósenda og ráðast í breytta kjördæmaskipan. Ég tel það vænlegan kost að fækka þingmönnum og gera landið að einu kjördæmi ásamt því að skoða vandlega hvort ekki sé hægt að auka valfrelsi kjósenda með því að sameina kosti persónukjörs og listakjörs.

Góðir Íslendingar. Það er rétt sem fram kemur í stefnuræðu forsrh. að mikilsverður árangur hefur víða náðst í stjórn efnahagsmála í tíð þessarar ríkisstjórnar og ég dreg ekki í efa að batamerki eru fram undan í efnahagslífinu. En eitt augnablik skulum við ekki gleyma því að það er láglaunafólkið í landinu sem helst hefur borið hitann og þungann af því að ná þjóðinni upp úr þeirri djúpu efnahagslægð sem við höfum verið í undanfarin sjö ár. Jafnsannfærð er ég líka um það að það er stór hluti þjóðarinnar sem ekki getur tekið undir þá fullyrðingu sem fram kemur í orðum forsrh. að nú sé svo komið að þjóðin öll skynji efnahagsbatann. Láglaunafólkið gerir ekki stórar kröfur til þjóðfélagsins. Það biður um atvinnuöryggi og að kjör þess dugi fyrir brýnustu framfærslunni. Þetta er fólkið sem stritar myrkranna á milli, vinnur 60–70 stunda vinnuviku og launin hrökkva ekki fyrir matnum eða reikningunum í gluggaumslögunum frá hinu opinbera og víða á landsbyggðinni hrökkva launin varla fyrir húshitunar- og matarkostnaði. Uppskeran er kannski 15.000 kr. á viku eftir skatt. Þessi sultarkjör eru þjóðarskömm í siðvæddu samfélagi sem ekki hefur getu né burði til að taka af hörku á skattsvikum, forréttindum eða auðsöfnun á fárra manna hendur í þjóðfélaginu. Engan þarf að undra þótt skuldir fólks aukist og það eigi í erfiðleikum með að standa í skilum enda kemur í ljós í húsnæðiskerfinu að ¼ vanskilanna má rekja til atvinnuleysis, verulegs samdráttar í tekjum og minnkandi yfirvinnu eða veikinda.

Ég sakna þess í þessari bjartsýnisræðu forsrh. þegar kreppan er blásin af og bati er boðaður fram undan að engar hugmyndir séu settar fram um hvaða leiðir á að fara til að rétta hlut láglaunafólksins.

Í fjárlögum sýnist mér, þrátt fyrir batann sem boðaður er, að áfram sé höggvið í sama knérunn að skerða þjónustu í heilbrigðis- og félagsmálum og að skerða réttindi atvinnulausra og námsmanna á sama tíma og skattur á hátekjufólk er afnuminn.

Ég fullyrði að samhugur og samheldni mun ekki ríkja hér á landi ef áfram á að halda á þeirri braut að skipta þjóðinni upp í tvær þjóðir. Slíkt leiðir til upplausnar, ekki samstöðu. Slíkt leiðir til stéttaskiptingar og sundrungar meðal þjóðarinnar. Það er ekki það siðvædda, lýðræðislega samfélag sem við viljum sjá hér á landi. Orð forsrh. hér áðan um mikilvægi þess að lífsins gæðum sé af sanngirni deilt eru marklaus meðan hann þegir þunnu hljóði um það hvernig það skuli gert og hann segir ekki þjóð sinni hvernig batinn eigi að skila sér til þess hluta þjóðarinnar sem harðast hefur orðið úti í efnahagskreppunni.

Góðir Íslendingar. Við þurfum nýtt afl jafnaðarmanna til valda í íslensku þjóðfélagi þar sem ábyrgð og jöfnuður í þjóðfélaginu verða í öndvegi. Það afl verður upphaf nýrra tíma í íslenskum stjórnmálum.

[22:43]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Virðulegur forseti. Hæstv. forsrh. nefndi í ræðu sinni áðan nokkra mikilvæga þætti í efnahagslífinu sem eru hagstæðari nú en áður: verðbólga í lágmarki, viðskiptajöfnuður hagstæður þriðja árið í röð — slíkt hefur ekki gerst síðan á stríðsárunum — vextir hafa farið lækkandi og jafnvægi ríkir í vaxtamálum, atvinnuleysi er minna, og það til muna minna, en í nágrannalöndunum og Evrópulöndum yfirleitt, kaupmáttur fer

vaxandi svo og hagvöxtur, erlendar skuldir greiddar niður um 23 milljarða kr., ríkisútgjöld lækkuð og fleira mætti telja.

Ekkert af þessu er sjálfsagt, síst af öllu á þeim þrengingartímum sem við höfum nú lifað. Markvissar aðgerðir ríkisstjórnarinnar eiga stóran þátt í þeim mikilsverða árangri sem náðst hefur á síðustu þremur árum. Frá upphafi hefur ríkisstjórnin stefnt að því marki að koma efnahagsmálum þjóðarinnar í lag. Þrátt fyrir ýmis ytri áföll er þetta markmið nú í augsýn. Þjóðin hefur tekið þar fullan þátt. Svo kemur hér í ræðustól hv. þm. Halldór Ásgrímsson og rifjar upp gagnrýni stjórnarandstöðunnar á ríkisstjórnina í upphafi kjörtímabils fyrir það hversu dökka mynd hún hafi dregið af stöðu efnahagsmála þá. Og hvað gerir stjórnarandstaðan nú þegar hæstv. forsrh. lýsir því að bjartara sé fram undan? Jú, þá gagnrýnir stjórnarandstaðan ríkisstjórnina fyrir að auka mönnum bjartsýni. Heldur dauðahaldi í kreppuna eins og forsrh. sagði og hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson innsiglaði í sinni ræðu áðan.

Stefna ríkisstjórnarinnar nú byggir á þeim grunni sem lagður var í upphafi kjörtímabilsins að tryggja stöðugleika og örva nýsköpun í atvinnulífinu, auka verðmætasköpun, renna fleiri stoðum undir atvinnulífið og skapa þannig fjölbreytt störf. Þessari stefnu hefur verið fylgt af festu og svo verður gert áfram.

Þjóðir heims standa frammi fyrir þeirri staðreynd að afkoma þeirra ræðst í æ ríkari mæli af öflugu rannsókna- og þróunarstarfi, jafnt í undirstöðugreinum sem þjónustugreinum. Víða hefur því verið lögð meiri áhersla á eflingu vísinda á undanförnum árum en fyrr. Sama hefur orðið hér á landi fyrir ákvarðanir núv. ríkisstjórnar. Fyrir réttu ári samþykkti ríkisstjórnin stefnu í vísinda- og tæknimálum, stefnu sem fylgt var eftir með stórauknu vísindasamstarfi við Evrópusambandið og svo frumvarpi sem ég flutti á Alþingi um nýtt Rannsóknarráð Íslands en það varð að lögum á sl. vori. Á þeim tíma hafði ríkisstjórnin tvöfaldað framlag til til rannsóknarsjóðs Rannsóknarráðs á árinu 1992. Hinu nýja Rannsóknarráði er ætlað aukið hlutverk við að fylgjast með framvindu í vísinda- og tæknistarfi, leita leiða til þess að efla rannsóknarstarfsemi í landinu og auka þátttöku í alþjóðlegu samstarfi. Rannsóknarnámssjóður við Háskóla Íslands er lögfestur en ég beitti mér fyrir því að stofna hann með sérstöku fjárframlagi árið 1993.

Hið nýja Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, tekur til starfa hinn 1. des. nk. og Þjóðarbókhlaða verður vígð. Það var ákvörðun þessarar ríkisstjórnar að ljúka hinni allt of löngu byggingarsögu á þessu kjörtímabili. Við þá ákvörðun er staðið með því að auknu fé hefur verið varið til framkvæmdanna á kjörtímabilinu. Sameining Landsbókasafnsins og Háskólabókasafnsins í hið nýja safn og flutningur í Þjóðarbókhlöðu mun gjörbreyta aðstöðu í Háskóla Íslands og verða alveg nýr vettvangur til upplýsingaöflunar. Til verður raunverulegt rannsóknarbókasafn.

Stórefling vísinda og rannsókna og flutningur safnanna í Þjóðarbókhlöðu hefur orðið vegna skilnings núv. ríkisstjórnar á mikilvægi þessara þátta í þjóðlífi okkar Íslendinga. Þetta hefur orðið þrátt fyrir erfiðleika í fjármálum og skertar fjárveitingar til ýmissa mikilvægra mála.

Heildstæð stefna í málefnum grunn- og framhaldsskóla hefur nú verið mótuð með heilladrjúgu starfi menntastefnunefndar undanfarin tvö ár. Um tillögur nefndarinnar hafa skapast miklar umræður í samfélaginu og er einsýnt að landsmenn leggja áherslu á að komið verði á umbótum í skólastarfi.

Hér í þinginu og af sumum talsmönnum kennarasamtakanna var gagnrýnt að ráðist skyldi í hina viðamiklu endurskoðun menntastefnunnar. Spurt var hvers vegna. Á undanförnum árum hefur íslenska skólakerfið verið gagnrýnt töluvert og ýmsar spurningar vaknað um gæði skólastarfsins. Gagnrýnisraddir voru háværar, skólakerfið átti undir högg að sækja og við þessu varð að bregðast.

Hin nýja menntastefna er eitt af stærstu framfaramálum þjóðarinnar. Meginmarkmið hennar er að efla starfið í grunnskóla og framhaldsskóla og stuðla að bættri menntun ungs fólks. Ný lög um bæði skólastigin munu leiða til þess að auknar kröfur verða gerðar um gæði skólastarfs og betur verður fylgst með árangri þess en verið hefur. Áhersla er lögð á að styðja við faglegt starf kennara og skólafólks og opna skólakerfið gagnvart samfélaginu. Reynt er að auka hlut foreldra og aðila atvinnulífs í stefnumörkun á sviði skólamála. Hin nýja stefna tekur í senn til grunnskóla og framhaldsskóla.

Á síðasta þingi voru samþykkt ný lög um leikskóla og leikskólinn viðurkenndur þá sem fyrsta skólastigið.

Þegar þessi frumvörp eru orðin að lögum hefur Alþingi markað uppeldis- og menntastefnu fyrir íslenska æsku frá leikskólaaldri og fram undir tvítugt.

Mikið hefur verið rætt um þá tillögu menntastefnunefndar að lengja skólaárið í 10 mánuði. Tillagan hefur fengið dræmar undirtektir og raunar mætt verulegri andstöðu margra. Því hef ég ákveðið að hverfa frá þessari tillögu en leggja á hinn bóginn megináherslu á rétt nemenda til náms og kennslu þá níu mánuði sem skólinn starfar. Raunverulegum kennsludögum verður fjölgað frá því sem nú er og tíminn betur nýttur til skipulegra starfa nemenda undir leiðsögn kennara. Stefnt er að því að nemendur komi með betri námsundirbúning er þeir ljúka grunnskóla og að leiðum úr framhaldsskóla verði fjölgað þannig að allir nemendur sem framhaldsskólann sækja útskrifist með skilgreind próf sem opna þeim leiðir til áframhaldandi náms eða starfa úti í þjóðfélaginu.

Það er afar brýnt að námsframboð framhaldsskólans verði endurskoðað. Mikilvægt er að starfsnám fái forgang í skólamálum á næstu árum. Í íslenskum skólum hefur verið mikil einhliða áhersla á almennt bóknám á kostnað verklegs náms. Rannsókn hefur sýnt að af hverjum fjórum nemendum framhaldsskólans voru þrír skráðir á bóknámsbrautir. Einungis um 8% af þeim nemendum sem könnunin náði yfir höfðu lokið iðnnámi eða öðru starfsnámi. Hjá öðrum þjóðum ljúka um

eða yfir 50% hvers árgangs skilgreindu starfsnámi.

Samkvæmt hinni nýju stefnu verður öll ábyrgð á framkvæmd grunnskólahalds færð til sveitarfélaga. Það er í fullu samræmi við ítrekaðar óskir þeirra, augljóst hagræði sem einfaldar stjórnun. Krafan um aukinn árangur af starfi grunnskólans helst mjög í hendur við þá kröfu að daglegur og vikulegur skólatími grunnskólanemenda verði lengdur. Sem svar við umræðum í samfélaginu um tillögur menntastefnunefndar er í nýju frv. til laga um grunnskóla gert ráð fyrir því að skóladagur nemenda verði lengdur til muna og að allir grunnskólar verði orðnir einsetnir fyrir aldamót. Í hinum nýja grunnskóla munu allir nemendur hefja nám að morgni og kennsludagur mun ná fram yfir hádegi.

Allt mun þetta kosta aukið fé. Að undanförnu hefur skólakerfið því miður ekki fengið aukin framlög fremur en aðrir þættir opinberrar þjónustu. En nú rofar til. Á nýbyrjuðu skólaári var kennslustundum fjölgað um sex í grunnskólum og stefnt er að fjölgun um sex stundir á hinu næsta. Þá hefur verið skilað aftur þeim tólf stundum sem fækkað var um haustið 1992 í hinum nauðsynlegu aðhaldsaðgerðum. Forverar mínir í stóli menntamálaráðherra, þeir sem þurft hafa að skera niður kennslustundir, hafa ekki skilað þeim aftur. Þar er um að ræða tvo fyrrv. ráðherra Alþb., þá hv. þm. Ragnar Arnalds og Svavar Gestsson.

Í nýja grunnskólafrumvarpinu er lagt til að kennslustundum fjölgi á hverju ári þar til lágmarksákvæðum frv. er náð, skólaárið 1999–2000. Þá mun vikulegum kennslustundum grunnskólanemenda hafa fjölgað um 43. Allir nemendur grunnskólans verða þá í skólanum frá morgni og fram yfir hádegi.

Hæstv. forseti. Ég hef orðað það svo við annað tækifæri að þjóðarnauðsyn sé að koma í höfn á þessu þingi nýrri skólastefnu. Það er unnt með því að greiða götu frumvarpa um grunnskóla og framhaldsskóla í þinginu og að hin nýja skólastefna hljóti öflugan stuðning úti í þjóðfélaginu. Ríkisstjórnin er einhuga um stefnuna í skólamálum. Ég læt í ljós þá von að umræða um skólamál verði málefnaleg og afgreiðsla frumvarpanna í samræmi við það.

Góðir landsmenn. Opnun Þjóðarbókhlöðu, efling rannsókna- og vísindastarfs og ný stefna í menntamálum eru mikilvægir áfangar á leið okkar til að efla og styrkja íslenska menningu. Þannig fer saman í störfum þessarar ríkisstjórnar áhersla á stöðugleika í efnahagsmálum og nýsköpun í atvinnulífi samfara öflun nýrrar þekkingar. Með þessum hætti stuðlar ríkisstjórnin að sókn á öllum sviðum íslensks atvinnu- og menningarlífs til hagsældar fyrir land og þjóð. — Góðar stundir.

[22:53]

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Góðir áheyrendur. Allt hefur sinn tíma og öllu er afmörkuð stund. Ríkisstjórn, sem fáum lögmálum hefur lotið, rennur lokaskeið sitt. Þær breytingar sem orðið hafa á valdatíð hennar eru víðtækar og hafa komið harðast niður á þeim sem hlífa skyldi. Atvinnuleysið, sem hélt innreið sína fyrir alvöru með þessari ríkisstjórn, er sú vofa sem verst lyktar. Fnykurinn af henni finnst víða um land þótt það trufli ekki lyktarskyn hæstv. forsrh. Honum er tíðrætt um stöðugleika og frið á vinnumarkaðinum. Hver er raunveruleikinn? Það er ótti á vinnumarkaðinum. Fólk hefur fylgst með þeirri vá sem gjaldþrotum fylgja og fólk er einfaldlega dauðhrætt. Það er hræðsla en ekki friður sem ríkir þar.

Hefði einhver hv. alþm. trúað því fyrir nokkrum árum að verkalýðsfélög létu það óátalið að kauptrygging fólks, sem barist var fyrir í áratugi, er víða horfin? Fólk er lausráðið í stórum stíl, kemur þegar vinnu er að fá og er kauplaust þess á milli. Þetta er því miður staðreynd sem verkalýðsfélögin hafa lítið getað gert við. Nú boðar hæstv. forsrh. betri tíð. En hverjum á þessi góða tíð að þjóna? Á hún að þjóna landsmönnum öllum? Ekkert bendir til að svo sé.

Nýútkomið fjárlagafrv. vekur margar spurningar. Húsbréfakerfið er komið að fótum fram. 15 milljarðar eru í vanskilum. Skuldir heimilanna hafa stóraukist, framlög til Lánasjóðs ísl. námsmanna lækka um 50 millj., framlög til landbúnaðarins dragast saman um 12%. Fjármagn til rannsókna í sjávarútvegi lækkar um 11%. Stóraukin þjónustugjöld í heilbrigðiskerfinu eru boðuð og ekki er tekið á hallarekstri sjúkrahúsa.

Öryrkjum hefur fjölgað um 16% á tveimur árum og hefur atvinnuleysi ýtt undir þá fjölgun. Samt á að skera niður framlög til þeirra. Lækka á útgjöld vegna sjúkratrygginga um 420 millj. en það vekur athygli að í staðinn fyrir sparnaðinn kemur nýr útgjaldaliður. Kaup á lóð á dýrasta stað í Berlín undir enn eitt nýtt monthús.

Það er ánægjulegt að þjóðartekjur hafa aukist. Það er fyrst og fremst vegna þess að afkoma loðnuveiða er langtum betri en spáð var vegna aflabrests í Kanada og Noregi. Veiðar í Barentshafi og úthafsveiðar á Reykjaneshrygg hafa skilað verulegri veltuaukningu.

Virðulegur forsrh. samdi kvikmyndahandrit fyrir fáum árum sem innihélt þann boðskap að allt gott komi frá guði. Þessi mynd rifjast upp fyrir mér þegar hæstv. forsrh. þakkar sér aflaaukningu umfram spár og líka rifjast upp fyrir mér að það var ekki baráttumál ríkisstjórnarinnar að þau öflugu skip voru keypt sem nú eru á veiðum í úthöfum. Enn fremur rifjast upp fyrir mér að þeir sem bölsótuðust mest yfir kaupunum á þessum skipum fyrir fáum árum eru orðnir aðaltalsmenn úthafsveiði sjómanna. Góð sinnaskipti þar.

Hæstv. forsrh. er enn upptekinn af fortíðinni og hefur jafnvel farið fram í fortíðarfræðum. Hann segir eftirfarandi í stefnuræðu sinni, með leyfi forseta:

„Við munum öll eftir því að þennan 1. júní eða hinn 1. september eða 1. desember væru öll mál í uppnámi og tilefni til þess að gripið yrði til smáskammtalækninga af efnahagslegu tagi til þess að bjarga í horn. Oftar en ekki var þá gripið til millifærslna, stundum í stórum stíl, til að bjarga því sem aflaga fór. Því miður var allt of oft tjaldað til einnar nætur."

Þetta segir hæstv. forsrh. með megnustu fyrirlitningu. En hvað hefur gerst í tíð núv. ríkisstjórnar? Útstrikanir á skuldum með gjaldþrotaleiðum úti um allt land. Það er aðferð sem ekki er hægt að kenna við stöðugleika heldur kollsteypu.

Ég var á fundi stjórnar Byggðastofnunar í morgun og ekki vakti sá fundur neinar sérstakar vonir um að þessari gjaldþrotahrinu væri lokið. Sveitarsjóðir eru að verða aðalatvinnuveitendur á landsbyggðinni. Maður spyr sig: Er það stefna ríkisstjórnarinnar í atvinnumálum?

Það væri fróðlegt að gera úttekt á hvað margir einstaklingar hafa hætt atvinnurekstri á þessu kjörtímabili og hvað margir nýir hafa byrjað. Það er einnig verðugt rannsóknarefni hvers vegna það er ekki fýsilegur kostur að hefja atvinnurekstur á Íslandi.

Þó atvinnulífið hafi ekki tekið fjörkipp í tíð núv. hæstv. ríkisstjórnar hefur hæstv. forsrh. tekið fjörkipp. Hann er afar bjartsýnn og það eru þeir einnig sem eiga milljónir í bönkum. Áformum um fjármagnstekjuskatt er frestað og þeir eru líka bjartsýnir sem hafa háar tekjur því hátekjuskatturinn verður felldur niður.

Virðulegi forseti. Góðir landsmenn. Þrátt fyrir þessa miklu misskiptingu og mikla ranglæti sem stefna ríkisstjórnarinnar hefur leitt af sér getur verið bjart fram undan því afmörkuð stund þessarar ríkisstjórnar er senn á enda runnin. — Góðar stundir.

[23:00]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson):

Góðir Íslendingar. Þetta hefur að mörgu leyti verið fróðleg en þó skrýtin umræða í kvöld. Við höfum hlustað á talsmenn og formann Alþb. ásaka ríkisstjórnina fyrir að vera í bjartsýniskasti. Aftur á móti höfum við heyrt alla þrjá talsmenn Framsfl. ásaka ríkisstjórnina fyrir að vera sokkna ofan í gjá þunglyndisins. Ég spyr ykkur hlustendur góðir: Ef þessir herramenn geta ekki einu sinni komið sér saman um það í hvernig skapi ríkisstjórnin er gætu þeir nokkru sinni komið sér saman um það hvernig á að stjórna landinu?

Málfundir eins og eldhúsdagur eru jafnan háðir um þau dægurmál sem ber hæst hverju sinni en það er nú svo að líka er þörf á að ræða önnur mál sem ekki eru beinlínis í kastljósi hversdagsins. Eitt af þessum málum er einmitt kjördæmamálið sem eiginlega ekkert hefur verið drepið á í kvöld. En eitt af þeim málum sem Alþfl. telur vera með brýnustu verkefnum þessa vetrar er endurskoðun á kjördæmakerfinu og kosningalögum. Gallarnir á núverandi kerfi eru flestum kunnir. Kosningarréttur er ójafn eftir búsetu eins og speglast best í því að íbúar í mínu kjördæmi, Reykjavík, hafa einungis fjórðung þess atkvæðavægis sem ýmsir aðrir landsmenn hafa í kosningum til Alþingis. Þetta er ekki réttlæti, þetta er ekki sá jöfnuður sem sannir jafnaðarmenn berjast fyrir.

Misvægið er raunar ekki aðeins á milli landsbyggðarinnar almennt og þéttbýliskjarnans á suðvesturhorninu heldur líka innbyrðis á milli landsbyggðarkjördæmanna. Alþfl. hefur frá stofnun sinni barist fyrir jöfnum kosningarrétti landsmanna, óháðum kyni, efnahag og búsetu. Engum dettur lengur í hug að mismuna kjósendum á grundvelli kynferðis eða efnahags en mismunun á grundvelli búsetu er og hefur raunar verið staðreynd alla þessa öld. Einfaldasta lausnin á þessum vanda er sú sem Alþfl. hefur lagt til, þ.e. að landið verði gert að einu kjördæmi. Rökin fyrir því eru skýr. Í fyrsta lagi er það einfaldasta og besta leiðin til að jafna kosningarrétt landsmanna. Í öðru lagi næst með því jafnvægi á milli þingstyrks og kjörfylgis flokkanna. Í þriðja lagi aðlagast slíkt kosningakerfi sjálfkrafa hröðum breytingum og atvinnuháttum og búsetu. Í fjórða lagi og það er e.t.v. ekki síst mikilvægt þá dragi það úr hrepparíg og óeðlilegri hagsmunagæslu.

Kosningarrétturinn er mannréttindi sem ber að virða. Ójafn kosningarréttur er að mínu viti ekkert annað en brot á sjálfsögðustu mannréttindum.

Hæstv. forsrh. sagði fyrr í kvöld að Íslendingar væru Evrópuþjóð í besta skilningi þess orðs og því er ég hjartanlega sammála. Það var Alþfl. sem hafði forustu um aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu með öllum þeim ávinningum sem henni fylgja. EES var spurning um atvinnu, um traustari markað, um betri kjör fyrir íslenskar afurðir og þar með er EES eins og raunar samningurinn um GATT að lokum spurning um aukinn kaupmátt og þar með kjarabætur fyrir íslenska alþýðu.

Á sínum tíma þorði stjórnarandstaðan ekki að fylgja málinu. Enginn úr hennar hópi hafði kjark til þess að greiða því atkvæði. Nú spyr ég talsmenn stjórnarandstöðunnar: Ætla þeir að standa við stóru orðin? Ætla þeir að segja upp aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu þegar þeir komast til valda og ef þeir komast einhvern tímann til valda? Á þjóðin von á því að sá mikli ávinningur sem hlýst af EES verði ónýttur? Þeir skulda þjóðinni svör við þessu og eftir þeim svörum verður gengið.

Nú blasir jafnframt við að frændþjóðirnar á Norðurlöndum ganga í Evrópusambandið og þar með hafa forsendur fyrir utanríkisstefnu Íslands á örskammri stundu breyst. Við slík tímamót er erfitt að halda því fram að Evrópusambandið sé ekki á dagskrá. Þvert á móti munu samskipti okkar við Evrópusambandið vera eitt erfiðasta en jafnframt mikilvægasta viðfangsefni okkar á næstu missirum og næstu árum. Það er athyglisvert að þrjár stofnanir háskólans hafa þegar metið það svo að kostirnir við aðild vegi þyngra en gallarnir.

Afstaða Alþfl. til málsins liggur fyrir. Hún var mótuð á flokksþingi í sumar þar sem ályktað var, með leyfi forseta:

„Að hagsmunum Íslendinga verði til frambúðar best borgið með því að Ísland láti á það reyna hvort unnt er að tryggja brýnustu þjóðarhagsmuni Íslendinga við samningaborðið. Endanleg afstaða til hugsanlegrar aðildar að ESB verður hins vegar ekki tekin fyrr en samninganiðurstöður liggja fyrir og hafa verið rækilega kynntar."

Síðan segir, með leyfi forseta: „Íslenska þjóðin mun að sjálfsögðu eiga síðasta orðið um það mál í almennri þjóðaratkvæðagreiðslu."

Nú er það staðreynd sem liggur fyrir að fjölmargir forustumenn í íslensku atvinnulífi eru einmitt þessarar skoðunar. Eins og hæstv. viðskrh. rifjaði upp fyrr í kvöld þá viðhafði einn þeirra, Friðrik Pálsson, forstjóri SH, þau ummæli í sjónvarpi á dögunum að umsókn um ESB-aðild væri nánast eina færa leiðin við

mótun utanríkisviðskiptastefnu Íslendinga.

Hlustendur góðir. Þessi eldhúsdagur er háður við dálítið sérstakar aðstæður. Þingmenn hafa á borðunum fyrir framan sig nýja þjóðhagsáætlun sem sýnir svart á hvítu að ríkisstjórnin er að ná góðum árangri á nánast öllum sviðum efnahagslífsins. Hvernig bregst stjórnarandstaðan við þessum jákvæðu tíðindum? Við höfum heyrt það hér í kvöld. Hún sér ekki rautt, hún sér svart. Það er eins og hún lifi í eilífu svartnætti þar sem aldrei blaktir týra á skari. En við skulum leyfa okkur þann munað, hv. fyrrv. þingflokksformaður Framsfl., Páll Pétursson, að skoða nokkrar staðreyndir.

Mestallan síðasta áratug geisaði hér stjórnlaus verðbólga. Ríkisstjórn Alþfl. og Sjálfstfl. hefur hins vegar tekist að halda miklum stöðugleika í verðlagsmálum og verðbólgan er nú minni en í nágrannaríkjunum og það sem meira er allt bendir til að svo verði áfram. Ríkisstjórnin lofaði að hemja verðbólguna og við það hefur hún staðið. Því var haldið fram af stjórnarandstöðunni að ríkisstjórnin réði ekki við vaxtamálin og hávaxtastefnan sem ríkisstjórnin tók í arf frá formanni Alþb. mundi brenna atvinnulífið á báli. Hvernig brást ríkisstjórnin við því? Hún styrkti efnahagsumhverfið með aðhaldi og sparnaði og þegar tíminn var réttur greip hún til snaggaralegra ráðstafana sem leiddi til þess nánast á einni nóttu að vextir lækkuðu verulega. Á sama tíma er þróunin þveröfug í nágrannalöndunum, þar er hún á uppleið. Jafnframt blasir við að bankarnir, eins og flest önnur fyrirtæki í landinu, eru að sigla í gegnum brimskaflana og ríkisstjórnin mun ganga eftir því eins og forsrh. hefur ítrekað hér í kvöld að bættur hagur bankanna skili sér í lægri bankavöxtum til fólksins í landinu. Eftir stendur þessi mikilvæga staðreynd: Ríkisstjórnin lofaði vaxtalækkun og við það hefur hún staðið.

Stjórnarandstaðan hefur í kvöld enn fremur deilt á ríkisstjórnina vegna stöðunnar í atvinnumálum og hún er sökuð um afskiptaleysi. Ég fullyrði hins vegar: Það er ekkert fjær sanni. Ríkisstjórn fremur ekki töfrabrögð og hún dregur ekki kanínu upp úr hatti en hún getur hins vegar gripið til tímabundinna ráðstafana til þess að taka kúfinn af atvinnuleysinu. Það hefur þessi ríkisstjórn gert. Hún hefur varið milljörðum króna til þess að skapa ný störf. Fyrir atbeina hennar hafa á þessu ári orðið til 1.000 störf og ég spyr hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson sem kvartaði yfir aðgerðaleysi: Skipta 1.000 störf ekki máli? 1.000 fjölskyldur geta séð sér farborða vegna athafna ríkisstjórnarinnar. Er þetta að sitja með hendur í skauti?

Ég fullyrði, virðulegi forseti, sem líffræðingur, að það þarf bókstaflega blindan mann til þess að sjá ekki batamerkin í kringum okkur en jafnvel sjáendur hér í kvöld virðast hafa haldin augu. Sterk staða útflutningsgreinanna speglar batann betur en flest annað. Það er uppgangur í stóriðju. Það er aukning í útflutningi annars iðnvarnings og meira að segja í landbúnaði hefur útflutningur á fyrstu sjö mánuðum þessa árs vaxið talsvert. Sjávarútvegurinn, sem hv. stjórnarandstæðingar spáðu hruni vegna stjórnarstefnunnar, er rekinn með hagnaði. Ferðaþjónustan. Stjórnarandstaðan hélt hástemmdar ræður um í fyrra um að ríkisstjórnin væri að drepa hana en hvað sögðu fréttirnar í kvöld? Fjölgun ferðamanna nemur 15%, auknar gjaldeyristekjur vegna ferðamanna 2 milljörðum. Þetta er greinin sem stjórnarandstaðan sagði að ríkisstjórnin væri að drepa. Á sama tíma og þessi mikilvægi árangur hefur náðst hafa Íslendingar í fyrsta skipti frá styrjaldarárum í þrjú ár í röð greitt niður erlendar skuldir. Við erum loksins byrjuð að létta klyfjar afkomendanna. Við höfum greitt niður hvorki meira né minna en 23 þús. millj. ísl. kr. af erlendum skuldum. Meira að segja formaður Alþb. talaði þannig í kvöld að ég gat ekki skilið hann betur en svo að hann væri sammála forsrh. hæstv. um að þetta væri þjóðarsigur enda þótt þá greindi á um 3 milljarða.

Góðir Íslendingar. Ég hef aðeins eina spurningu til ykkar og hún er þessi: Í hvaða veröld lifir það fólk sem heldur því fram að þetta sé ekki árangur? Og ég spyr líka: Hvar eru tillögur stjórnarandstöðunnar? Hvar eru hugmyndir þeirra? Í grænu bókinni sem hv. formaður Alþb. segist ætla að fara að ferðast með um landið, hvar eru þessar tillögur? Staðreyndin er sú, ágætu hlustendur, að alveg eins og þessi stjórnarandstaða getur ekki einu sinni komið sér saman um það í hvernig skapi ríkisstjórnin er, þá getur hún ekki heldur komið sér saman um samstæða stefnu og það er þess vegna sem engar líkur benda til þess að hún verði valin til að stjórna þessu landi.

[23:11]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Góðir áheyrendur. Þeir hafast ólíkt að, ráðherrarnir hér í kvöld. Hæstv. menntmrh. kom og talaði eingöngu um skólamál, en síðast heyrðum við hæstv. umhvrh. koma og minnast ekki einu einasta orði á umhverfismál frekar en reyndar því miður aðrir ræðumenn hér í kvöld og minnist ég þess ekki í annan tíma að hafa heyrt ráðherra hundsa sinn eigin málaflokk svo gersamlega eins og hæstv. umhvrh. gerði. Hann virtist eitthvað skorta upp á málflutning forsrh. Hann var að reyna að rökstyðja enn frekar glæsimyndina sem hæstv. forsrh. eyddi ræðutíma sínum hér, heilum 30 mínútum, í að reyna að draga upp.

Það á víst að heita svo að hér sé flutt stefnuræða forsrh. Samkvæmt fundarsköpum og því sem þjóðinni var sagt í fjölmiðlum, þá yrði hér í kvöld umræða um stefnuræðu forsrh. Hún hefur ekki komið fram enn. Þetta var engin stefnuræða í venjulegum skilningi þess orðs. Þetta var harðsoðin áróðursræða, hápólitísk kosningaræða þar sem í raun og veru hvergi var minnst á stefnu ríkisstjórnar. Þetta var ekki útskýring á efnahagsstefnu eða atvinnumálastefnu þessarar ríkisstjórnar, ekki rökstuðningur fyrir henni. Þetta var svart/hvít áróðursræða dregin upp í þeirri svart/hvítu söguskoðun sem hæstv. forsrh. hefur verið að búa sér til. Staðreyndin er sú að hæstv. forsrh. eyðileggur eigin málflutning með þessari svart/hvítu röksemdafærslu. Hefði nú til að mynda hæstv. forsrh. þó ekki væri nema viðurkennt að það var í tíð fyrri ríkisstjórnar sem stöðugleikinn hélt innreið sína og ráðin voru niðurlög verðbólgunnar, þá hefði það strax gert málflutning hans trú-

verðugri. En sú staðreynd að hæstv. forsrh. þagði um þetta í glansmyndaræðu sinni en miklaðist svo af því að hans ríkisstjórn hefði viðhaldið hér og varðveitt mikinn stöðugleika gerir auðvitað hans málflutning ótrúverðugan. Löngun hæstv. forsrh. til að skrifa stjórnmálasöguna eftir eigin höfði en ekki samkvæmt staðreyndunum ber hann ofurliði. Hæstv. forsrh. getur sem rithöfundur þegar hann er að semja skemmtisögur um tyggjó af himnum ofan eða annað því um líkt farið með söguþráðinn af vild. En hann getur ekki meðhöndlað stjórnmálasöguna svona.

Það er auðvitað rétt að viðurkenna að fyrri ríkisstjórn glímdi við ýmis erfið verkefni og henni tókst ekki allt sem hún ætlaði sér. Og viðskilnaður hennar var að sjálfsögðu ekki fullkominn. En minnumst þess að hún tók við einhverju versta búi sem nokkur ríkisstjórn hefur fengið, þrotabúi ríkisstjórnar Sjálfstfl. sem hrökklaðist frá völdum haustið 1988 og yfirvofandi var allsherjarhrun í íslensku atvinnulífi. Það tókst að afstýra því hruni. Það tókst að ráða niðurlögum verðbólgunnar. Og það tókst að halda uppi fullri atvinnu allt síðasta kjörtímabil. Það mætti hæstv. forsrh. muna ef hann ætlar sér að komast á blað sem sagnfræðingur í íslenskri stjórnmálasögu.

Þetta, hæstv. forseti, gerir auðvitað málflutning hæstv. forsrh. Davíðs Oddssonar ótrúverðugan sem og sú einhliða glansmynd sem hann reynir að draga hér upp. Nú er allt gott, allt fullkomið. En viðskilnaður fyrri ríkisstjórna og reyndar allt sem aðrir stjórnmálamenn hafa á fyrri tíð gert er alvont. Þetta er röksemdafærsla sem dugar ekki, hæstv. forsrh. Og hæstv. forsrh. gengur svo langt að segja í þessu plaggi einhvers staðar: „En nú er svo komið að þjóðin öll skynjar efnahagsbatann en stjórnarandstaðan hefur allt til þessa dags haldið dauðahaldi í kreppuna.“ Ja, það er bara það.

Er þetta svona einfalt? Er þetta svona? Skynjar öll þjóðin nema við, nokkrir nöldurseggir í stjórnarandstöðunni, efnahagsbatann? Hvað með þessa 6.300 Íslendinga sem að jafnaði ganga atvinnulausir allt þetta ár? Skynja þeir efnahagsbatann, hæstv. fjarverandi forsrh.? Hvað með 3.500 viðskiptamenn Félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar sem fá 540 millj. kr. í fjárhagsaðstoð á þessu ári til að framfleyta sér, draga fram lífið? Skynja þessir íbúar í þinni eigin borg, þínu eigin kjördæmi, hæstv. forsrh., efnahagsbatann? Hefur hæstv. forsrh. heimsótt athvörf atvinnulausra í Reykjavík eða á Akureyri og rætt við það fólk sem þangað mætir um efnahagbatann? Hefur hann fengið undirtektir þar? Hefur hæstv. forsrh. rætt við þær þúsundir íslenskra fjölskyldna, sem berjast núna við að halda þaki yfir höfuðið á sér, um efnahagsbatann? Hefur hæstv. forsrh. rætt við það fólk, sem er með fjórða hvert húsbréfalán í vanskilum, um efnahagsbatann? Nei, hæstv. forsrh. Þetta er ekki trúverðugur málflutningur. Við viðurkennum það, stjórnarandstæðingar, að vissulega eru ýmis batamerki í okkar ytra efnahagsumhverfi, það er rétt, enda hefur hagur atvinnuveganna batnað, enda hefur gengið verið fellt og 5 þúsund millj. kr. verið létt af atvinnulífinu í sköttum og færðar yfir á herðar launafólks. Það munar um minna.

Aðstöðugjald á einu bretti sem nú mundi skila samkvæmt álagningu eins og það var 5 milljörðum í álagningu og væntanlega um 4,2 milljörðum í innheimtu var flutt á einu bretti yfir á herðar almennra launamanna í þessu landi. Það er búið að lækka tekjuskattsprósentu fyrirtækja þannig að þau borga núna 500 millj. kr. minna í tekjuskatt. Sú byrði var líka flutt yfir á launamenn. Auðvitað skilar þetta bættri afkomu.

Íslenskur sjávarútvegur hefur enn einu sinni sýnt hvað í honum býr. Með stóraukinni verðmætasköpun, aukinni úrvinnslu, metloðnuvertíð og veiðum í Smugunni, sem ríkisstjórnin vel að merkja vildi banna, hefur auðvitað íslenskur sjávarútvegur fyrst og fremst rétt okkur þau batamerki sem við nú sjáum.

Batnandi efnahagsástand í okkar helstu viðskiptalöndum, fleiri ferðamenn o.s.frv., allt eru þetta þættir sem við viðurkennum. En þá kemur líka að því hvað ætlum við að gera með þennan bata að svo miklu leyti sem hann er raunverulegur og verður varanlegur. Á það minntist hæstv. forsrh. ekki í þeim skilningi sem ég hefði viljað heyra, sem sagt þeim að bæta þeim nú upp það sem mestar hafa fært fórnirnar og eiga í raun og veru heiðurinn af því að ástandið er þó ekki verra en það er á Íslandi í dag, almennum launamönnum sem hafa tekið á sig skert lífskjör, minni vinnu og þrengt sinn kost á ýmsan veg, sérstaklega vegna aukinna skattbyrða ríkisstjórnarinnar. Það er auðvitað mergurinn málsins, hvað ætla menn að gera við þennan bata, og ég endurtek, að svo miklu leyti sem hann reynist raunverulegur og verður varanlegur.

Hæstv. forsrh. fór ekki yfir það hér að þrátt fyrir alla bjartsýnina er spáð 4,9% atvinnuleysi á næsta ári. 6.500 manns munu þá ganga án atvinnu. Atvinnuleysi í mínu kjördæmi er 8–10% meðal kvenna. Atvinnuleysi meðal kvenna hér í höfuðborginni, kjördæmi forsrh., er 6%. Skuldir heimilanna hafa margfaldast. Skattpíning almennings hefur aukist. Það er uppgjöf í ríkisfjármálum. Friðrik Sophusson fjmrh. slær Íslandsmet í hallarekstri ríkissjóðs á einu kjörtímabili. Skattastefna ríkisstjórnarinnar segir í raun og veru allt sem segja þarf um eðli þessarar stjórnarstefnu. Sú staðreynd að það er einn hópur, einn hópur sem fær góðar fréttir í þessu fjárlagafrv., það er hátekjufólkið í landinu, segir allt sem segja þarf um inntak þessarar stjórnarstefnu. Það er sá hópur sem ríkisstjórn Davíðs Oddssonar taldi sérstaka ástæðu til að ívilna nú um þessar mundir. Í 5% atvinnuleysi og bullandi hallarekstri ríkissjóðs getur ríkisstjórn Davíðs Oddssonar, fjmrh. Friðrik Sophusson og leifarnar af Alþfl., ef svo má að orði komast, séð af 300–400 millj. kr. Handa hverjum? Handa atvinnuleysingjum? Öldruðum? Fötluðum? Nei. Hátekjufólkinu á Íslandi. Þar ber ríkisstjórnin niður. Þar hefur hún væntanlega talið þörfina vera mesta. Það þarf í raun og veru, hæstv. forseti, ekki að fara mörgum orðum um þetta ástand.

Við alþýðubandalagsmenn höfum á öllu þessu kjörtímabili barist hart gegn þessari frjálshyggjustefnu. Við vöruðum við afleiðingum hennar. Við spáðum því að hún mundi innleiða atvinnuleysi og lífskjörin mundu

versna, að hér yrði stöðnun í atvinnu- og efnahagsmálum og það hefur orðið raunin. Því miður. Það þarf að koma þessari ríkisstjórn frá. Hún er ekki starfhæf. Annar stjórnarflokkurinn er í tætlum. Alþfl. er rjúkandi rúst og finnur sér helst huggun í því að jafnaðarmenn í Svíþjóð hafi komið vel út úr kosningum. Eyddu stórum hluta af ræðutíma sínum hér í kvöld, kratar, í að gleðjast yfir því að krataflokkurinn í Svíþjóð hefði komið vel út. Ja, það er von að þeir tali ekki mikið um stöðuna í eigin flokki. Alþfl. klofinn. Við heyrðum fyrrv. varaformann hans hér tala utan flokka áðan og ég verð að segja það alveg eins og er að ef ég á einhver ein ráð handa Alþfl. núna, þá eru þau að hugleiða vandlega að bjóða ekki fram í næstu kosningum, velta því fyrir sér hvort það sé ekki hyggilegt fyrir Alþfl. að stefna frekar á framboð í kosningunum 1999, hvíla þjóðina á sér í eins og eitt kjörtímabil og fara í góða endurhæfingu á meðan. Þetta væru mín ráð til þeirra leifa, sem hægt er að kalla svo, Alþfl.

En alvarlegastur, hæstv. forseti, er þó auðvitað sá algeri trúnaðarbrestur sem orðinn er milli forustumanna stjórnarflokkanna. Forsrh. hefur opinberlega lýst vantrausti á utanrrh. Gengur það í lýðræðisríki og í þingbundinni ríkisstjórn að utanrrh. sem hefur fengið á sig vantrauststillögu frá forsrh. sitji áfram eins og ekkert hafi í skorist? Ætlar hæstv. forsrh. virkilega að bjóða þjóðinni upp á það að sitja uppi með ríkisstjórnina svona á sig komna í allan vetur? Það er hreint ábyrgðarleysi á viðkvæmum tímum, þegar m.a. allir kjarasamningar eru lausir, að standa þannig að málum.

Góðir Íslendingar. Vonandi losnum við við þessa ríkisstjórn fyrir jól. Ef ekki, þá verðum við að vísu að þreyja þorrann og góuna líka en sem betur fer ekki lengur. Þá, í síðasta lagi þá mun vora í tvennum skilningi á Íslandi, bæði stjórnarfarslega og hvað veðráttuna snertir. — Góðar stundir.

[23:22]

Kristín Einarsdóttir:

Frú forseti. Góðir áheyrendur. Þessi umræða, sem nú er að ljúka, hefur um margt verið fróðleg. Þjóðin hefur í kvöld getað hlýtt á sjálfshól sundurþykkrar ríkisstjórnar, stjórnar sem virðist sammála um það eitt að sitja og þrauka til loka kjörtímabilsins hvað sem líður áhöfninni, mannstöpum, siðspillingu og embættisfærslu einstakra ráðherra. Það er annar svipur á þessum lokaþætti í lífi ríkisstjórnar Sjálfstfl. og Alþfl. en upphafinu.

Man einhver lengur eftir tilhugalífinu í sófanum í Viðey á vordögum 1991 og hlýjum handtökum formannanna með Esjuna í bakgrunni? Þá gekk ekki hnífurinn á milli manna. Nú blika hins vegar rýtingar í öllum áttum á þessu kærleiksríka heimili og í hönd fer skammdegið. Á þjóðin að búa við þessa ríkisstjórn í hálft ár í viðbót og taka á sig áhættuna af verkum hennar enn eitt missiri í viðbót? Við kvennalistakonur segjum nei. Við viljum fá úr því skorið sem fyrst hvort þessi ríkisstjórn styðst við meiri hluta hér á Alþingi. Því höfum við boðað vantrauststillögu á ríkisstjórn Davíðs Oddssonar. Það kemur þá í ljós hverjir það eru sem vilja bera ábyrgð á því að lengja í þeim trosnuðu böndum sem enn halda henni saman.

Forsrh. notaði mörg orð til að dásama árangur ríkisstjórnar sinnar. Það var varla að hann kæmi við jörðina, svo hátt var flugið. Arnfráum augum skimaði formaður Sjálfstfl. yfir völlinn langt fyrir neðan þar sem þjóðin hans býr hamingjusöm og nýtur ávaxtanna af starfi hans og ráðherra Alþfl. Þjóðarsigur var það orð sem leiðtoginn taldi best lýsa afrekum sínum og sinna manna, karlanna í ríkisstjórninni.

Ef leitað er að gylltum þræði sem bindur saman þennan þjóðarsigur formanns Sjálfstfl. og gekk í gegnum stefnuræðu hans frá upphafi til enda, þá er það hugtakið stöðugleiki. Sama bindiefni er að finna í greinargerð varaformanns flokksins með nýframlögðu fjárlagafrv. Þar er viðkvæðið hinn langþráði stöðugleiki sem ekkert má raska og ná skal enn frekari fullkomnun á næsta kjörtímabili ef Sjálfstfl. fær að ráða.

Við upphaf þessarar umræðu heyrðuð þið úr munni forsrh. eftirfarandi:

„Festa hefur ríkt, jafnvægi, vinnufriður og stöðugleiki." Hann sagði einnig: „Við höfum aldrei verið nær því en nú að festa stöðugleikann í sessi." Þetta er aðeins dæmi af þeim orðaflaumi sem ráðherrann sáldraði yfir okkur áðan. Stöðugleiki getur vissulega verið góður ef náð hefur verið ásættanlegri skipan mála og enginn er t.d. að óska eftir óðaverðbólgu, vaxtahækkunum eða öðru viðlíka fári. En stöðugleiki snýst í helsi ef nota á hann til þess að viðhalda óréttlæti og rangri skipan mála og það er í þessu sem veikleikinn í málflutningi forsrh. er fólginn.

Hvað skyldu þeir segja um blessun stöðugleikans, sem orðið hafa fyrir barðinu á aðgerðum ríkisstjórnarinnar gagnvart velferðinni í landinu? Hvað segja þeir um gjaldið fyrir stöðugleikann sem aðgerðir menntmrh. hafa bitnað harðast á? Hvernig leggst stöðugleikinn í þá sem orðið hafa fyrir barðinu á niðurskurði og hringlandahætti tveggja alþýðuflokksráðherra í heilbrigðismálum? Hvernig hljómar söngurinn um stöðugleikann sem ekkert megi raska í eyrum þeirra sem hafa verið að kikna undan afleiðingum af stöðu húsnæðismála um margra ára skeið? Hvað segir fólkið á landsbyggðinni sem býr við skerta þjónustu og vaxandi öryggisleysi? Vill það meira af þeim stöðugleika, stöðnun og atvinnuleysi sem ríkisstjórnin hefur gert að hlutskipti þúsunda um allt land? Og hvað segja konur til sjávar og sveita sem hafa ætlað sér annað hlutskipti en felst í óbreyttu ástandi, þar sem þeim eru skömmtuð langtum lægri laun en karlar njóta fyrir sambærileg störf auk annars óréttlætis sem er hlutskipti þeirra?

Forsrh. hrósaði sér af því að hafa horfið frá smáskammtalækningum sem forverar hans hafa stundað. Það er vissulega rétt að ríkisstjórnin hefur verið stórtæk í því að breyta leikreglunum í íslensku samfélagi og þá fyrst og fremst í þá átt að gefa markaðsöflunum lausan tauminn.

Fyrir hálfu öðru ári samþykkti meiri hlutinn hér á Alþingi samninginn um Evrópskt efnahagssvæði. Með þeim samningi hafa Íslendingar að stórum hluta afsalað sér sjálfræði í efnahagsstjórn og raunverulegt vald Alþingis og innlendra dómstóla verið stórlega skert.

Forsrh. talar um að með þeim samningi hafi Íslendingum verið tryggðir, eins og hann orðaði það, allir þeir nýju möguleikar sem Evrópa hefur upp á að bjóða og neytendur hljóti verulegan ávinning. Þetta eru innantóm orð og enn er engin marktæk reynsla komin á afleiðingar þessa samnings nema hvað utanrrh. vill þegar sigla alla leið í náðarfaðm Evrópusambandsins.

Það er þó athyglisvert að þegar eru uppi nokkrar efasemdir hjá stjórnarliðunum um áhrif óheftra fjármagnsflutninga. Ríkisstjórnin hefur sem kunnugt er fallið frá að leggja á hátekjuskatt á næsta ári sem og skatt á eignatekjur, þ.e. svokallaðan fjármagnsskatt. Í greinargerð fjárlagafrv. er þessi mildi gagnvart fjármagnseigendum ekki síst sögð koma til af ótta við vaxtahækkanir í kjölfarið og ótta við fjárstreymi úr landi. Þarna viðurkennir fjmrh. hvernig ákvæði EES-samningsins taka fram fyrir hendur hans um efnahagsstjórn nema þá samningurinn sé notaður sem skálkaskjól til að halda verndarhendi yfir óréttlætinu í landinu. Svo mikið er víst að það óhefta markaðskerfi sem EES-samningurinn kallar yfir þjóðina mun auka misskiptingu enn frekar í þjóðfélaginu og gera erfiðara fyrir að vinna að jöfnuði óháð kyni og búsetu.

Það er vissulega fróðlegt að heyra nýja talsmenn Framsfl. hér á Alþingi komna í þann kór að lofa og prísa þennan óheillasamning.

Það er ánægjulegt að forsrh. aftekur að Íslendingar sæki um aðild að Evrópusambandinu í bili. Undir þá skoðun hans get ég tekið, en vildi þó kveða fastar að orði. Margir hljóta líka að velta því fyrir sér fyrir hve stóran hluta af Sjálfstfl. hann talar í þessu máli m.a. í ljósi ummæla allmargra þingmanna og væntanlegra frambjóðenda flokksins sem ganga í aðra átt. Nauðsynlegt er að þeir sem bjóða sig fram fyrir næstu kosningar geri kjósendum grein fyrir stefnu sinni gagnvart Evrópusambandinu. Það getur ekki gilt neitt ha og pú og kannski, slíkt örlagamál sem hér er á ferðinni.

Góðir áheyrendur. Kvennalistinn var ekki stofnaður til að festa hér í sessi stöðugleika á forsendum karlveldisins. Tilkoma Kvennalistans fól í sér uppreisn gegn ríkjandi ástandi og óþolandi óréttlæti sem er hlutskipti kvenna og lágtekjuhópa í þessu landi. Úr því verður ekki bætt með því að brjóta niður velferðarkerfið eða innleiða óhefta harðstjórn markaðarins.

Kvennalistinn hefur í bráðum 12 ára sögu sinni fengið mörgu áorkað, bæði beint og óbeint. Það er þó langt frá því að við búum við viðunandi ástand og á mörgum sviðum er kvennabaráttan í varnarstöðu um þessar mundir.

Lítið á hverjir fylla að meiri hluta láglaunahópana í landinu. Lítið á aðstæður einstæðra foreldra sem að miklum meiri hluta eru konur. Lítið á Alþingi Íslendinga þar sem konur eru aðeins fjórðungur fulltrúa á sama tíma og þær eru um og yfir 40% á þjóðþingum annars staðar á Norðurlöndum. Lítið á ríkisstjórnina sem hefur nýlega hrakið úr sínum röðum einu konuna sem þar hefur setið um sjö ára skeið. „Kvenmannslaus í kulda og trekki" gætu verið einkunnarorð ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar sem leggur nú með þjóðarsigur sinn að baki út í skammdegið.

Það er ekki frysting á þessu ástandi sem Kvennalistinn boðar. Við höfnum stöðugleika sem hefur þetta ástand fyrir forsendu. Krafan um kvenfrelsi á vaxandi fylgi að fagna hérlendis og erlendis hvað sem líður stefnu ríkisstjórna. Þessi hugur endurspeglaðist vel á norræna jafnréttisþinginu í Finnlandi á liðnu sumri en íslenskar konur voru þar virkir þátttakendur. Það ánægjulegasta við þingið var að finna þann kraft og sóknarhug sem einkenndi konur sem það sóttu.

Fram undan á næsta ári er jafnréttisstefna á vegum Sameinuðu þjóðanna og verður hún haldin í Kína. Hingað til hefur undirbúningur hérlendis fyrir þessa ráðstefnu verið í skötulíki. Þótt tíminn sé naumur má þó eitthvað úr bæta. Þrátt fyrir allt verður að reyna að tryggja sem myndarlegasta þátttöku okkar og áhrif á þessa heimsráðstefnu sem er í senn táknræn og mikilvæg. Íslenskar konur geta haft þar mikið fram að færa auk þess að kynnast reynslu kvenna frá öðrum löndum.

Frú forseti. Skammt er til alþingiskosninga þar sem leitað verður eftir endurnýjuðu umboði fulltrúa á þessari gamalgrónu stofnun. Kvennalistinn leggur óhikað störf sín og stefnu undir dóm þjóðarinnar og biður um stuðning við málstað sinn. Við skulum vona að fleiri konur sitji á bekkjum ráðherra og þingmanna að kosningum loknum og umfram allt að málstaður jafnréttis á sem flestum sviðum standi styrkari fótum en hingað til á Alþingi Íslendinga.

Ég þakka þeim sem enst hafa til að hlusta á þessa umræðu til loka. Góða nótt.

Útbýting þingskjala:

Afnám tvísköttunar af lífeyrisgreiðslum, 25. mál, þátill. GHall o.fl., þskj. 25.

Atvinnuleysistryggingar, 18. mál, frv. TIO og VS, þskj. 18.

Álitsgerðir Háskóla Íslands um ESB-aðild, 29. mál, fsp. HG, þskj. 29.

Forgangsröð kennslu erlendra tungumála, 27. mál, fsp. HG, þskj. 27.

Fráveitumál sveitarfélaga, 26. mál, fsp. SHl, þskj. 26.

Heildarútlán og vanskil við Húsnæðisstofnun ríkisins, 33. mál, fsp. FI, þskj. 33.

Húsnæðisaðstaða Fjölbrautaskólans við Ármúla, 32. mál, fsp. FI, þskj. 32.

Lánsfjárlög 1995, 3. mál, stjfrv., þskj. 3.

Nýting landkosta, 23. mál, þáltill. JHelg o.fl., þskj. 23.

Samningur á grundvelli orkusáttmála Evrópu, 30. mál, fsp. HG, þskj. 30.

Sjómannalög, 21. mál, frv. GHall og GuðjG, þskj. 21.

Skipun nefndar um vatnsútflutning, 22. mál, þáltill. JHelg o.fl., þskj. 22.

Skuldir Vegasjóðs, 28. mál, fsp. REl og SJS, þskj. 28.

Starfslokasamningar, 4. mál, fsp. SvG, þskj. 4.

Tekjuskattur og eignarskattur, 17. mál, frv. ÁRÁ og EKG, þskj. 17.

Tekjuskattur og eignarskattur, 19. mál, frv. TIO og StB, þskj. 19.

Tekjuskattur og eignarskattur, 20. mál, frv. TIO o.fl., þskj. 20.

Tollalög, 24. mál, frv. GHall o.fl., þskj. 24.

Úttekt á tekju- og eignaskiptingu í þjóðfélaginu, 31. mál, þáltill. JóhS, þskj. 31.

Fundi slitið kl. 23:35.

---

3. FUNDUR

miðvikudaginn 5. okt.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Jarðhitaréttindi, frv., 6. mál, þskj. 6. — 1. umr.
2. Orka fallvatna, frv., 7. mál, þskj. 7. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Anna Ólafsdóttir Björnsson, 9. þm. Reykn.,
Árni R. Árnason, 5. þm. Reykn.,
Friðrik Sophusson fjmrh.,
Gísli S. Einarsson, 4. þm. Vesturl.,
Guðmundur Bjarnason, 1. þm. Norðurl. e.,
Guðmundur Árni Stefánsson félmrh.,
Gunnlaugur Stefánsson, 5. þm. Austurl.,
Halldór Ásgrímsson, 1. þm. Austurl.,
Ingibjörg Pálmadóttir, 2. þm. Vesturl.,
Jón Baldvin Hannibalsson utanrrh.,
Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, 6. þm. Vestf.,
Pálmi Jónsson, 2. þm. Norðurl. v.,
Petrína Baldursdóttir, 11. þm. Reykn.,
Sturla Böðvarsson, 1. þm. Vesturl.

Útbýting þingskjala:

Hvalveiðar, 36. mál, fsp. EKG, þskj. 36.

Jöfnunaraðstoð í skipasmíðaiðnaði, 35. mál, fsp. EKG, þskj. 35.

Ráðherraábyrgð, 34. mál, þáltill. SvG, þskj. 34.

Vegaframkvæmdir á Austurlandi, 37. mál, þáltill. EgJ, þskj. 37.

Athugasemdir um störf þingsins.

Sjónvarpsútsendingar frá Alþingi.

[13:35]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegi forseti. Tilefni þess að ég óska eftir að ræða störf þingsins er staðan varðandi útvarpssendingar, hljóðvarps- og sjónvarpssendingar frá Alþingi. Eins og menn rekur væntanlega minni til lögðum við fjórir hv. alþingismenn fram till. til þál. á síðasta þingi um að forsn. þingsins tryggði að fyrir upphaf þessa þings yrði þannig frá gengið að útvarp frá Alþingi næði til allra landsmanna. Hæstv. forseti gat þess í þingslitaræðu sl. vor að þetta mál yrði kannað af hálfu forsn. og farið ofan í saumana á því, einkum kostnaðarhlið þess og að forsn. væri ráðin í að ljúka athugun á þessu máli fyrir haustið. Nú hef ég fengið um það vitneskju að forsn. hafi vissulega fjallað um málið og í aðalatriðum sé málið í þeirri stöðu að gert sé ráð fyrir því að fram eftir vetri verði sjónvarpað frá Alþingi á vegum Stöðvar 2 og Sýnar, sem munu vera í einum potti, en síðan eftir að breytingum hjá Stöð 2 verði lokið í sambandi við myndlykla þá falli málið aftur í hinn gamla farveg og Sýn taki við ef samið verður áfram um sendingar við þá sjónvarpsstöð. Jafnframt að ráðgert sé að ræða frekar við ríkissjónvarpið.

Ég tel, virðulegur forseti, að það sé algerlega óviðunandi staða hjá Alþingi að útvarpssendingar frá þinginu nái ekki til landsins alls og það skuli vera farið áfram inn á þá braut að sjónvarpa héðan til takmarkaðs hluta landsmanna. Að vísu er sagt að þetta nái til yfir 90% landsmanna nú á næstu mánuðum en það er engan veginn viðunandi. Ég vænti þess að hæstv. forseti greini okkur nánar frá því hvað áformað er í þessu máli. Ég hefði talið ráðlegt að bíða með allar sendingar frá Alþingi eftir því að þetta mál komist í viðunandi horf.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Í tilefni orða hv. 4. þm. Austurl. vill forseti taka fram eftirfarandi:

Eins og fram kom í orðum forseta við þinglok, og hv. 4. þm. Austurl. nefndi, var ætlunin að eiga viðræður við forsvarsmenn Íslenska útvarpsfélagsins og Sýnar um að staðið yrði við fyrirheit í samningi milli Alþingis og þessara aðila frá því í apríl 1992 um að unnið yrði að stækkun á útsendingarsvæði Sýnarrásarinnar. Svo fór sl. sumar, eins og flestum er nú kunnugt, m.a. vegna allmikilla hræringa innan hlutafélaganna sem um er að tefla, að grundvöllur var ekki fyrir umræðum um þetta atriði. Hins vegar var forseta, mjög óvænt, tilkynnt með bréfi 6. september að Íslenska útvarpsfélagið og Sýn gætu ekki staðið við ákvæði fyrrnefnds samnings að útsendingar af þingfundum væru órofnar og var það vegna myndlyklaskipta hjá Stöð 2. Útsendingar yrði að rjúfa laust fyrir klukkan fimm en þá hefst dagskrá stöðvarinnar á báðum rásum, rás Stöðvar 2 og rás Sýnar. Hér væri um tímabundnar ráðstafanir að ræða og búast mætti við að þetta frávik frá samningi stæði fram í marsmánuð nk. eða seinni partinn í febrúar.

Forseti hafði þegar samband við framkvæmdastjóra stöðvarinnar og hann kom á fund forseta. Niðurstaða þeirra samtala varð sú að stöðin var tilbúin til að sjónvarpa frá þingfundum órofið á einni rás Fjölvarpsins, sem hefur reyndar takmarkaða útbreiðslu, og á útvarpsrás, FM 102,2, meðan á þessu stæði. Jafnframt að sjónvarpsútsendingar frá Alþingi yrðu á báðum rásum

stöðvarinnar, þ.e. á rás Stöðvar 2, sem sagt er að nái til 96% landsmanna, og Sýnarrásinni. En þó ekki lengur en til þessa áburgreinda tíma, þ.e. fimm mínútur fyrir kl. 5 á daginn.

Málið var síðan kynnt þingflokksformönnum og rætt ítarlega í forsn. Skoðanir hafa verið skiptar um viðbrögð við þessum aðstæðum en niðurstaða forsn. var sú að eins og mál stæðu skyldi fallist á beiðni Íslenska útvarpsfélagsins og Sýnar. Jafnframt samþykkti forsn. á fundi sínum 28. sept sl. að kanna enn á ný hvort Ríkisútvarpið gæti hafið útsendingar héðan annaðhvort útvarpssendingar eða sjónvarpssendingar sem næðu til landsins alls. Forseti hefur áður rætt við útvarpsstjóra og tæknimenn útvarpsins um möguleika á útsendingum héðan. Fyrir liggur að möguleikar til útvarpssendinga til allra landsmanna eru ekki fyrir hendi nema byggt verði upp dreifikerfi fyrir nýja rás og er kostnaður áætlaður um 400 millj. kr. Þá liggur enn fremur fyrir að ríkissjónvarpið hefur ekki aðra möguleika en að senda út héðan fram að reglulegri dagskrá sem nú í vetur mun hefjast klukkan fimm. Órofin útsending héðan kallar því á nýja sjónvarpsrás á vegum ríkissjónvarpsins og er talið að hún muni kosta um 1.000 millj. kr. ef hún á að ná til allra landsmanna.

Forseti átti á ný fund með útvarpsstjóra í framhaldi af samþykkt forsn. til að kanna enn frekar hug útvarpsins til sjónvarpsútsendinga. Á þeim fundi kom fram fullur vilji ríkissjónvarpsins til að hefja sjónvarpsútsendingar frá þingfundum ef samkomulag næst um framkvæmdaratriði. En þó með þessum annmarka að útsendingum lyki laust fyrir klukkan fimm. Þetta mál er í frekari athugun þessa dagana og þess vænst að niðurstaða fáist mjög fljótlega, m.a. um með hvaða skilyrðum þessar útsendingar yrðu.

Hins vegar er öllum ljóst að ef til þess kæmi að Ríkisútvarpið hæfi útsendingar frá þingfundum fram til klukkan fimm síðdegis hlýtur það að raska nokkuð fundarstörfum. Þess vegna er að dómi forseta fullt tilefni til þess að Alþingi taki til athugunar fundatíma sinn og fleira í þessu sambandi. Að breytingum á fundatíma Alþingis þurfa þó margir að koma. Það er sjónarmið forseta að í því efni eigi ekki að hrapa að neinu og e.t.v. má líta svo á að fyrirkomulag þessara mála sé til reynslu í vetur, á þessu þingi, en að málið yrði þá tekið upp í heild við upphaf nýs kjörtímabils.

Loks má í þessu efni hafa í huga að tækni í fjarskiptum fleygir mjög fram. Sá tími er e.t.v. ekki svo langt undan að landsmenn allir eigi kost á því að fylgjast með störfum Alþingis jafnharðan og án teljandi fyrirhafnar. Þess vegna er m.a. eðlilegt að menn hiki við að stofna til mikilla fjárfestinga í þessu skyni.

Forseti vill að lokum þakka hv. 4. þm. Austurl. fyrir að vekja athygli á málinu. Vafalaust deila flestir alþingismenn þeirri skoðun með honum að það væri bæði Alþingi og þjóðinni til heilla að landsmenn gætu fylgst með störfum þingsins í útvarpi eða sjónvarpi. Kostnaðurinn er hins vegar svo mikill að ráðlegt er að doka við og athuga málið betur, umfram það sem hér liggur fyrir.

[13:44]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni fyrir að vekja athygli á þessu máli og þakka jafnframt þá yfirlýsingu sem forseti las af stóli. Það er ljóst að við erum að fjalla um nokkuð flókið mál og því fylgir kostnaður að koma sjónvarpsútsendingum frá Alþingi í viðunandi horf en ég vil lýsa þeirri skoðun minni að mér finnst þessi niðurstaða eins og hún liggur nú fyrir vera mjög óviðunandi. Það hlýtur að teljast óviðunandi fyrir þann hluta landsmanna, sem nýtur þess að sjá Stöð 2, að upplifa það á hverjum degi að útsendingar verði rofnar rétt fyrir klukkan fimm og ræðumenn geta þá verið í miðjum klíðum og er þetta í raun og veru brot á þeim samningi sem gerður var. Við vitum það að Íslenska útvarpsfélagið hefur þessa rás einmitt vegna samningsins við Alþingi. Enda þótt áfram verði haldið á rás Sýnar sér hluti landsmanna alls ekki þá stöð. Ég tek undir það að við þurfum að ræða þessi mál og kanna mjög ítarlega. Við þekkjum það frá öðrum löndum að víðast hvar getur fólk horft á útsendingar frá þjóðþingum frá morgni og fram á rauða nótt þar sem fundir standa svo lengi og þess á milli eru útsendingar eða þær stöðvar eru notaðar til viðtala og til þess að sjónvarpa blaðamannafundum og ýmsu sem fram fer á vegum stjórnmálamanna. Við eigum langt í land með að nýta okkur tæknina og að gefa landsmönnum kost á því að fylgjast með störfum stjórnmálamanna og Alþingis eins og bestur væri kostur. Þetta mál þurfum við að halda áfram að ræða en mér finnst óviðunandi ef útsendingar verða rofnar með þessum hætti.

[13:47]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég held að ávinningur sé að því að sjónvarpa frá þingfundum og að reynslan hafi kennt okkur að töluvert mikið er fylgst með þessu sjónvarpi. Það er ávinningur fyrir Alþingi ef þjóðin fylgist með því sem hér er að gerast. Þar sem við höfum ríkisútvarp er eðlilegt að útsendingarnar séu á vegum þess en ekki einkafyrirtækis, allra síst eftir að það einkafyrirtæki, sem upphaflega var samið við, hefur rofið samninginn. Mér finnast undanfærslur Ríkisútvarpsins um kostnaðarsamar framkvæmdir, sem þurfi að vera því til fyrirstöðu að farið sé að sjónvarpa héðan, vera nokkuð einkennilegar og ég tel að þeir hafi ekki skilyrði til að setja sig sérstaklega á háan hest. Þingfundum er hægt að haga þannig að fundum geti alltaf verið lokið klukkan fimm. Það er ákaflega einfalt að færa til fundartíma. Þingflokksfundir byrji t.d. ekki fyrr en eftir klukkan fimm. Það er hægt að fá nægilegan tíma til þess að hér geti staðið skikkanlegir þingfundir og þó verið lokið fyrir klukkan fimm.

Ég vil sem sagt skora á frú forseta og hv. forsn. að ganga í málið og knýja ef með þarf Ríkisútvarpið til að fara að sjónvarpa héðan. Það er ekkert kostnaðarsamara fyrir Ríkissjónvarpið að sjónvarpa héðan en að sjónvarpa stillimynd þann tíma sem ég hef tilnefnt.

[13:49]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Satt að segja hefur ekki verið haldið að öllu leyti nægilega vel á þessu máli, hvorki af okkur hér í þessari virðulegu stofnun né heldur af Ríkisútvarpinu og ekki heldur af ríkisstjórninni. Ég held að kominn sé tími til að menn reki af sér slyðruorðið og að reynt verði að koma saman einhverri framkvæmdaáætlun í þessu máli þannig að héðan geti hafist a.m.k. útvarpssendingar hið allra fyrsta eða jafnóðum og burðugt dreifikerfi í því sambandi verður til. Ég tel að aðalatriðið hljóti að vera það á þessari stundu að tekin sé um það ákvörðun að fundum Alþingis verði útvarpað og að það sem þarf verði gert í þeim efnum enda þótt það geti tekið einhvern tíma eins og gengur. En að það verði tekin alveg skýlaus ákvörðun um það af forsn. Alþingis að stefna á þetta, af menntmrn. að styðja það og af Ríkisútvarpinu að framkvæma það. Ég er sammála hv. 1. þm. Norðurl. v. um það að undanfærslur Ríkisútvarpsins duga ekki í þessu máli enda á Ríkisútvarpið auðvitað ekkert að ráða ákvörðunum af þessu tagi miðað við eðli málsins. Það hlýtur að vera verkefni Alþingis og ríkisstjórnarinnar á hverjum tíma og fjármálayfirvalda. Ég hvet því til þess að menn taki stefnumótandi ákvarðanir og dragi það ekki stundinni lengur og þær stefnumótandi ákvarðanir er hægt að taka, í fyrsta lagi forsn. Alþingis.

[13:50]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég þakka þær skýringar sem hæstv. forseti gaf varðandi málið og þátttöku hv. þm. í umræðu um þetta mál. Mér finnst þetta vera í mjög vandræðalegu horfi fyrir Alþingi Íslendinga svo vægt sé til orða tekið. Ég hefði í sporum forseta ekki byrjað að láta sjónvarpa eða útvarpa frá Alþingi við þessar aðstæður á nýjan leik. Við féllumst á það hér með semingi, a.m.k. í mínum þingflokki, á sínum tíma 1992 að í tilraunaskyni yrði farið að sjónvarpa til hluta landsmanna, þ.e. á höfuðborgarsvæðinu. Það var í rauninni skilyrt við að þetta væri algert bráðabirgðaástand. Sá tími er liðinn og við þær aðstæður finnst mér að Alþingi eigi að stöðva þessa tilraun þangað til hægt er að finna frambærilega lausn. Nóg er nú mismununin í landinu þó að hluti þjóðarinnar — og þó það væru ekki nema 4% — væri hornrekur að því er varðar Alþingi Íslendinga. Ég skora á forsætisnefnd þingsins að taka þetta mál nú þegar föstum tökum með það að markmiði að útvarpssendingar hefjist frá Alþingi. Mér finnst að það geti verið allt eins hljóðvarpssendingar og sjónvarpssendingar, geti orðið álíka notadrjúgar fyrir landsmenn, og þangað til að sú lausn er fengin verði ekki sent út frá þinginu nema, eins og gert var í gamla daga, á tilteknum afmörkuðum tímum eins og í gærkvöldi.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Eins og forseti hefur áður sagt, þá var það með semingi að forsætisnefnd ætlaði að láta þetta yfir þingið ganga, ef má orða það svo, að svo stöddu svo að þessar útsendingar féllu ekki alveg niður. Kannski ekki síst vegna þess fjölda fólks sem fylgist með þessum útsendingum og vill ekki missa af þeim. En það var hreint ekki með glöðu geði að forsn. sætti sig við það ástand sem nú varir um hríð.

[13:53]

Guðmundur Hallvarðsson:

Virðulegi forseti. Síðasti ræðumaður talaði um að það væri vandræðalegt ástand sem ríkti vegna sjónvarps- og útvarpssendinga frá Alþingi. Að vissu leyti get ég tekið undir með honum hvað áhrærir þann fjölda sem ekki nær því að horfa á sjónvarpsstöðina Sýn, hvað þá heldur að útvarpað sé héðan frá hinu háa Alþingi reglulega, en vandræðagangurinn er kannski fyrst og fremst sá hjá ríkisfjölmiðlunum að það skuli ekki heyrast útvarp almennilega alls staðar á landinu og ekki sjáist alls staðar sjónvarp. Það er ein stétt manna þar sem sjómannastéttin er, á sjötta þúsund manns, sem nýtur þess afar sjaldan og alls ekki þá á miðin er komið að ná sjónvarpssendingum. Vandræðagangurinn felst kannski fyrst og fremst í því að koma almennri sjónvarpssendingu til allra landsmanna og á miðin áður en farið er að sjónvarpa héðan frá Alþingi. Mér finnst það í hæsta máta óeðlilegt á því herrans ári 1994 að af því að einhver tiltekinn hópur nái því ekki að sjá sjónvarp, þá sé eðlilegt að loka fyrir þessa útsendingu sjónvarpsstöðvarinnar Sýnar héðan frá Alþingi. Það er stór hluti landsmanna sem nær því að horfa á sjónvarp og þeir eiga að fá að njóta. En auðvitað ber okkur að vinna að því að allir geti horft á sjónvarpssendingar og heyrt útvarpssendingar héðan af hinu háa Alþingi. En byrjum þá á því að gera öllum landsmönnum jafnhátt undir höfði þannig að sjónvarpssendingar og útvarpssendingar náist um allt land og sjónvarpssendingar sjáist út á miðin. Það tel ég að sé mest um vert áður en miklu fjármagni er eytt í að koma sjónvarpi og hljóðvarpi héðan frá Alþingi.

Athugasemdir um störf þingsins.

Kynning á frumvarpi til fjárlaga 1995.

[13:55]

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég vil beina orðum til forseta varðandi þá kynningu sem fram fór á fjárlagafrv. sem var lagt hér fram í upphafi þings.

Ég tel að þar hafi minni hluti fjárln. sem á að fjalla um þetta mál og sitja fyrir svörum um það, verið sniðgenginn með þeim hætti að ekki verður við unað áfram. Ég hef upplýsingar um það að á föstudaginn var, degi áður en þingsetningin var, var Morgunblaðinu og ljósvakafjölmiðlum kynnt þetta frv. en við þingmenn fengum það í hendur sólarhring síðar og almennur fréttamannafundur um málið var haldinn kl. 11 á laugardag og þar var málið kynnt.

Ég hef ekkert á móti því að fjölmiðlum sé kynnt málið á frumstigi. En það ætti að vera lágmark að sýna okkur minnihlutamönnum fjárln., sem ekki höfum komið neitt að málinu en verðum að svara fjölmiðlum um þetta mál, þann trúnað að leggja frv. fyrir okkur

jafnframt og að við fáum frv. í hendur jafnsnemma a.m.k., ég fer ekki fram á meira, og Morgunblaðið og ljósvakamiðlarnir sem fengu málið í hendur næstum því sólarhring á undan öðrum fjölmiðlum að þessu sinni. Það var að vísu til að gæta allrar sanngirni vegna þess að þeir höfðu aðstöðu til þess að fjalla um málið um helgina, en því meiri ástæða er til þess að fjárlaganefndarmenn fái að sjá málið.

Þetta verður auðvitað ekki aftur tekið nú en ég vil beina því til hæstv. forseta að um þetta verði settar reglur hliðstæðar því sem Ríkisendurskoðun hefur um sínar skýrslur, að kynna það þingheimi áður en það er sent fjöðlmiðlum eða jafnframt.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseta þykir miður að heyra um hvernig til hefur tekist. Að öðru leyti verður þessum athugasemdum komið á framfæri við rétta aðila.

[13:58]

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir orð hv. 2. þm. Austurl. og ítreka það að staða og störf hv. fjárln. eru ólíðandi. Við minnihlutamenn höfum ekki fengið að berja augum innihald fjárlagafrv. þegar það er lagt fram hér á Alþingi og við urðum auðvitað öll fyrir því að fjölmiðlar fóru að hringja í okkur og óska eftir athugasemdum um fjárlagafrv. sem þeir voru komnir með í hendurnar en við höfðum ekki séð. Við þetta verður auðvitað ekki unað.

Þá hefur það borið við fyrr en nú að nefndin er í raun og veru að verða óstarfhæf vegna þess að þeir sem henni eiga að stýra eru bundnir við störf annars staðar. Ég veit að þeir ráða ekki við það en það er sérkennileg samsetning að þeir sem eiga að vinna að afgreiðslu fjárlagafrv. skuli ekki vera á landinu til þess að annast það.

Síðan berast okkur nú fréttir um að fjölmiðlar séu með lista yfir úthlutanir úr þeim sjóðum sem ráðherrar hafa sjálfir undir höndum. Við höfum ítrekað beðið um þessa lista en það virðist vera ráðið að fara í blaðamennsku til þess að afla sér upplýsinga um slíkar greiðslur og kennir þar nú margra kyndugra grasa.

Þá óskaði ég eftir því fyrir allnokkru að fá upplýsingar um kostnað eða ágóða af hinum nýgerða EES-samningi. Svar við því hefur ekki borist enn frá fjmrn. og virðist sem ráðuneytið hundsi gersamlega allar fyrirspurnir nefndarinnar.

Í þriðja lagi og ekki síst hefur legin tilbúið úr prentun síðan í vor niðurstaða svokallaðrar reikningsskilanefndar sem átti að reyna að samræma, svo læsilegt væri venjulegu fólki, reikninga hins íslenska ríkis og fjárlagafrv.

Þetta er óþolandi og ólíkt öllu sem alls staðar annars staðar gerist. Ég óska því eftir því að forseti ræði við formann fjárln. og eitthvað verði gert í því að nefndin verði starfhæf.

[14:01]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Það er kannski dálítið sérkennilegt að ég taki til máls hér til þess að verja þær aðferðir sem greinilegt er að núv. hæstv. fjmrh. viðhafði við kynningu á fjárlagafrv. En þetta eru nákvæmlega sömu aðferðir og hafa verið notaðar frá árinu 1987 og enginn hefur gert athugasemd við fram að þessu. (**StG:** Jafnvitlausar fyrir því.) Hv. þm. Stefán Guðmundsson getur haft sínar skoðanir á því, en ekki mótmæltu þingmenn Framsfl. þessum vinnuaðferðum þau ár sem ég var fjmrh. þannig að það er þá einhver ný uppgötvun hjá þingmönnum Framsfl. að telja þetta óeðlilegt. (Gripið fram í.)

Hver eru rökin fyrir því að það geti verið nauðsynlegt að ráðherrar kynni fjölmiðlum efni þannig að fjölmiðlar geti birt efnið á sama degi og þingheimur fær efnið í sínar hendur? Það er einfaldlega upplýsingaskylda í nútímalýðræðisríki þar sem starfshættir og vinnubrögð fjölmiðla gera það nauðsynlegt að þeir geti á trúnaðargrundvelli fengið veigamikil gögn svo að fjölmiðillinn geti greint almenningi frá innihaldi viðkomandi frumvarpa eða skýrslna samtímis því sem þingheimur eða aðrir fá það í sínar hendur. Mér finnst satt að segja sérkennileg mótsögn í því að vera fyrri hlutann hér í dag að gagnrýna það að almenningur í landinu geti ekki fengið að hlýða á þingheim jafnóðum og umræðan fer fram en vera svo að mótmæla nú vinnubrögðum sem eru óhjákvæmileg, því miður, ef almenningur í landinu á að sitja við sama borð og þingmenn. (Gripið fram í.) Og ég bið nú þingmenn Framsfl. sérstaklega, sem eru greinilega orðnir mjög órólegir, að átta sig á nútímavinnubrögðum í fjölmiðlun og nútímavinnubrögðum í lýðræðisþjóðfélagi en fari ekki að heimta að það verði settar sérreglur um þingmenn og setja þá í æðri sess en almenning í landinu.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti getur ekki haldið þessum umræðum áfram vegna þess að tíminn sem til þeirra er ætlaður samkvæmt þingsköpum er liðinn. Þær mega standa 20 mínútur. Forseti væntir þess að sjónarmiðin hafi komið fram, bæði með og móti.

Hv. 2. þm. Austurl. óskar að bera af sér sakir og væntir forseti að það komi fram í upphafi hans máls hvaða sakir hann þarf að bera af sér.

[14:04]

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég vil bera af mér þær sakir að ég hafi verið að heimta að upplýsingum væri haldið leyndum fyrir fjölmiðlum. Ég sagðist ekkert hafa við það að athuga að fjárlagafrv. væri kynnt fjölmiðlum á frumstigi og annað er bara hreinn útúrsnúningur. Ég ber af mér þær sakir að ætlast til að einhverjum upplýsingum sé haldið leyndum eða tekin upp einhver fornaldarvinnubrögð hvað það varðar. Ég tel alveg fullkomlega eðlilegt að fjárlagafrv. sé kynnt fjölmiðlum og fann ekkert að því. En ég vil bara að það sé líka kynnt þeim þingmönnum sem eiga að svara fjölmiðlum um fjárlagafrv. og í því felst upplýsingaskylda, hv. 8. þm. Reykn.

[14:05]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson):

Virðulegi forseti. Ég kem hér líka til þess að bera

af mér sakir þó að það sé með hálfum huga sem ég blanda mér í þessar deilur stjórnarandstöðunnar sem er búin að taka upp þá siðu að rífast eins og hundur og köttur. En hv. þm. Guðrún Helgadóttir geisaði hér mjög yfir því að ráðherrar þessarar ríkisstjórnar héldu leyndum ýmsum upplýsingum sem varðaði fjármál, t.d. það sem heitir ráðstöfunarfé ráðherra. Að því er þennan ráðherra varðar þá hefur ekkert slíkt átt sér stað. Ég minni á það, virðulegi forseti, að á síðasta ári fór umhvn. þingsins þess á leit við ráðuneytið að það yrði gerð grein fyrir þessum lið síðustu tvö ár og það var gert. Þannig að að því er þennan ráðherra og þetta ráðuneyti varðar, þá hefur það verið gert. Ég tel reyndar að að þessu leyti eins og e.t.v. öðrum ættu önnur ráðuneyti að taka sér það til fyrirmyndar og liggja ekki á slíkum upplýsingum.

Tilkynning um utandagskrárumræðu.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Áður en gengið er til dagskrár ætlar forseti að upplýsa að fyrirhuguð er utandagskrárumræða að loknum dagskrármálum. Málshefjandi er hv. 4. þm. Austurl. og það er hæstv. samgrh. sem verður til andsvara. Efni umræðunnar er: afstaða samgrh. til jarðgangagerðar á Austurlandi. Þetta er hálftíma umræða.

Jarðhitaréttindi, 1. umr.

Frv. HG o.fl., 6. mál. — Þskj. 6.

og

Orka fallvatna, 1. umr.

Frv. HG o.fl., 7. mál. — Þskj. 7.

[14:07]

Flm. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég á hér tvö dagskrármál sem eru efnislega mjög skyld, varða bæði orkulindir, eignar- og umráðarétt orkulinda og ég óska eftir því að mega mæla fyrir báðum þessum frumvörpum í framsöguræðu ef ekki er gerð athugasemd við það.

(**Forseti** (SalÞ): Forseti gerir ekki athugasemdir við það og ef ekki koma fram athugasemdir frá öðrum, þá er það í lagi.)

Ég þakka. Þau mál sem hér um ræðir eru frv. til laga um jarðhitaréttindi á þskj. 6, sem flutt er af mér og öðrum þingmönnum Alþb., og frv. til laga á þskj. 7 um orku fallvatna og nýtingu hennar og um breytingu á vatnalögum, nr. 15/1923, og flm. eru hinir sömu. Bæði þessi mál hafa komið nokkrum sinnum og raunar alloft fyrir hv. Alþingi, upphaflega flutt í neðri deild Alþingis 1983, síðan lögð fram nokkrum sinnum í neðri deild og eftir að þingið var sameinað í einni málstofu voru þessi mál flutt á síðasta þingi t.d. og ætíð verið vísað til hv. iðnn. þingsins.

Þessi mál varða eignar- og umráðarétt yfir orkulindum landsmanna, vatnsafli og jarðhita. Í frv. um jarðhitaréttindi er kveðið svo á í 1. gr. að landareign hverri sem háð er einkaeignarrétti fylgi réttur til umráða og hagnýtingar jarðhita á og undir yfirborði hennar í allt að 100 metra dýpi og landeiganda sé rétt að bora eftir og hagnýta sér jarðhita með þeim takmörkunum sem lög þessi tilgreina, en hins vegar í 6. gr. tekið fram:

„Íslenska ríkið á allan rétt til jarðhita sem liggur dýpra en 100 metra undir yfirborði landareigna skv. 1. mgr. 1. gr."

Í öðrum greinum og köflum frv. er þessi stefna nánar útfærð og m.a. leyfisveitingar, bæði til rannsókna og hagnýtingar og sérstaða sveitarfélaga í þessum efnum afmörkuð.

Í frv. um orku fallvatna og nýtingu hennar er því með ekki ósvipuðum hætti slegið föstu skv. 1. gr.:

„Orka fallvatna landsins er eign íslenska ríkisins sem eitt hefur heimild til nýtingar hennar, sbr. þó 2. gr."

En í 2. gr. eru undanþáguheimildir frá þeirri stefnu að því er varðar smávirkjanir, virkjanir sem þegar hafa verið reistar, sem og aðlögunartíma í tíu ár gagnvart þeim sem hefja framkvæmdir á þeim tíma. Í öðrum greinum þessa frv. er málið nánar útfært, m.a. með tilliti til umhverfismála og umhverfismats sem þarf að fara fram samkvæmt sérlögum ef í framkvæmdir er ráðist.

Við umfjöllun þessara þingmála, sem ég mæli fyrir, hefur spurningin um stöðu þeirra gagnvart eignarréttarákvæðum skv. 67. gr. stjórnarskrárinnar m.a. verið álitaefni. Í greinargerð með frv. kemur fram það mat að lagasetning af því tagi sem hér um ræðir standist eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar, brjóti ekki gegn þeim, og þar eru leidd fram mörg veigamikil rök til að styðja þá skoðun og ummæli og athuganir virtra fræðimanna, þar á meðal þingskörunga, sem nú eru horfnir af sjónarsviðinu, eins og prófessoranna Ólafs Jóhannessonar og Bjarna Benediktssonar. En báðir þessir fræðimenn og alþingismenn voru þeirrar skoðunar að unnt væri að setja löggjöf með svipuðum hætti og hér er að stefnt. Þetta er mjög þýðingarmikið atriði. Einnig er vísað til hæstaréttardóma, sem fallið hafa, m.a. varðandi botn Mývatns og til dómsins varðandi Landmannaafrétt frá árinu 1981 þar sem því er beinlínis vísað til þingsins að skera úr um stöðu mála að því er eignar- og yfirráð varðar með löggjöf.

Mér og öðrum flutningsmönnum þessa máls hafa verið mikil vonbrigði að ekki skuli hafa tekist á þeim tíma sem þessi þingmál hafa verið til umfjöllunar á hv. Alþingi, að setja löggjöf um þessi efni. Hér er um að ræða stefnumarkandi mál sem hljóta að teljast stórmál og varða þjóðarhagsmuni. Eftir því sem tíminn hefur liðið hefur það orðið æ brýnna að Alþingi Íslendinga tæki á þessum málum. Eftir að samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði var samþykktur á Alþingi Íslendinga ætti það að vera öllum háttvirtum þingmönnum enn ljósara en áður hvílík nauðsyn það er fyrir þjóð-

ina að því verði slegið föstu með löggjöf hver umráðarétturinn er og hvert eignarhaldið er á þessum náttúruauðæfum sem væntanlega geta að hluta til orðið auðlindir og staðið undir efnahags- og atvinnulífi í meira mæli en orðið er.

Ég batt við það vonir, virðulegi forseti, að núverandi ríkisstjórn tæki á í þessu máli, ekki síst í ljósi stjórnarsáttmála núverandi háttvirtrar ríkisstjórnar, sem ber heitið „Velferð á varanlegum grunni", og gefinn var út í október 1991 og nánari útfærsla á þeim yfirlýsingum sem gengu fram fyrst eftir valdatöku ríkisstjórnarinnar. Ég leyfi mér, virðulegi forseti, að vitna til þessara ákvæða í samningi stjórnarflokkanna. Þar stendur, með leyfi forseta:

„Skipan orkurannsókna verður endurskoðuð. Gerð verður áætlun um rannsóknir og nýtingu orkulinda landsins og landgrunnsins. Lagt verður fram frumvarp um eignarhald á orkulindum og afréttum og almenningum á 115. löggjafarþinginu." — En nú er hafið það 118. — „Þar verður skilgreint hvaða réttur til náttúruauðæfa landsins skuli fylgja bújörðum og öðrum landareignum og hvað skuli teljast almannaeign. Í framhaldi af starfi nefndar, sem hefur það hlutverk að skýra og skilgreina mörk eignarlands og almenninga, verður einnig sett löggjöf um það efni."

Hér er, virðulegur forseti, talað mjög skýrt í þessum stjórnarsáttmála. En jafnframt hefur komið fram á starfstíma núverandi hv. ríkisstjórnar, þegar þessi mál hafa verið rædd hér og spurst hefur verið fyrir um framgang þessara ákvæða stjórnarsáttmálans, að stjórnarflokkarnir virðast ekki hafa náð saman um málið. Ég gæti vitnað til ummæla iðnaðarráðherra liðinna ára, hv. fyrrv. þm. og hæstv. ráðherra, Jóns Sigurðssonar, sem svaraði fyrir um þetta mál um skeið. Þá var frumvarpið alltaf að koma. Það var væntanlegt fyrir jólin, það var væntanlegt í þingbyrjun og hæstv. páv. iðnrh. endurtók með nákvæmlega sama hætti með árs millibili, orðin: „Það skal vanda sem vel á að standa." Nákvæmlega sömu orðin þegar hann var að afsaka þann drátt sem orðið hefði á framlagningu þessara mála.

Ég vænti þess, virðulegur forseti, að við umræðuna komi fram frá hæstv. ráðherrum, frá hæstv. starfandi iðnrh. og einnig frá hæstv. forsrh., sem hefur verið svo vinsamlegur að vera við umræðu málsins, hvernig þessum málum er varið hjá ríkisstjórnarflokkunum. Það hefur legið fyrir af hálfu flutningsmanna þessara mála að við höfum verið reiðubúnir til að leita samstarfs við ríkisstjórn varðandi málatilbúnað af hennar hálfu til þess að reyna að ná samkomulagi og sáttum í þessum stórmálum. Iðnn. þingsins hefur fyrr og síðar verið reiðubúin til þess að leggja sitt af mörkum í þessum málum. Því er þörf á að tekið verði á þessu máli nú á þinginu. Ég vísa jafnframt til þess, virðulegur forseti, að undanþáguákvæði EES-samningsins varðandi eignarhald á landi, varðandi sölu jarðeigna, renna út frá og með næstkomandi áramótum. Þá er sú staða uppi í ljósi ákvæða EES-samningsins að hver og einn á þessu svæði getur keppt við Íslendinga um kaup á jarðnæði, auðvitað með þeim hlunnindum sem landareignum fylgja. Þetta er auðvitað gersamlega óviðunandi staða og ég vænti að hv. alþingismenn séu almennt sammála um það. Við svo búið má ekki standa. Það getur ekki gengið að vera að vísa til hugsanlegrar óvissu um stöðu gagnvart 67. gr. íslensku stjórnarskrárinnar, þegar málið er komið út á miklu víðari völl og farið er að varða þjóðarhagsmuni með þeim hætti sem ég hef hér reynt að rekja. Þess vegna vil ég vænta þess að hæstv. ríkisstjórn, þrátt fyrir þær yfirlýsingar sem fram komu hjá hæstv. núv. iðnrh. sl. vor, þess efnis að ekki hefði gengið saman með stjórnarflokkunum, taki sig á og leggist á sveif með okkur flutningsmönnum þessa máls og öðrum hv. þingmönnum í stjórnarandstöðu til að vinna sig fram úr þeim vanda sem hér blasir við varðandi svo þýðingarmikla hagsmuni Íslendinga.

Það ætti að vera hvatning núv. hæstv. forsrh. að taka á í þessu máli þegar litið er til viðhorfa fyrrum formanns Sjálfstæðisflokksins, Bjarna Benediktssonar, í þessu máli, þar sem hann tjáði sig með skýrum hætti sem fræðimaður.

Ég legg til, virðulegur forseti, og ætla ekki að lengja mál mitt af því að það hefur vissulega oft verið mælt fyrir þessum málum hér á Alþingi Íslendinga, að þessum þingmálum báðum verði vísað að lokinni umræðu til iðnn. Alþingis.

[14:20]

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er sammála hv. síðasta ræðumanni um að í þessu máli þarf að taka af skarið. Það er ekki einleikið að það skuli hafa tekið jafnlangan tíma og raun ber vitni að komast að niðurstöðu um eignarhald t.d. á jarðhita undir hundrað metra dýpi, en það er vegna þess hve viðkvæmt og vandasamt þetta mál er að þingmenn m.a. hafa skotið sér undan því að taka af skarið en nauðsynlegt er að það verði gert. Hvort það sé nauðsynlegt vegna þess að það tengist sérstaklega aðild okkar að Evrópska efnahagssvæðinu vil ég ekki leggja mat á. Þetta mál hefur verið til umræðu frá því löngu áður en kom til tals að við gerðumst aðilar að því samstarfi. En ástæðan fyrir því að ég stóð hér upp, virðulegi forseti, er sú að hv. þm. sagði að óvissa um þetta og undanþágur okkar í þessu efni gagnvart Evrópska efnahagssvæðinu rynnu út um næstu áramót. Ég tel að þær renni ekki út fyrr en 1. jan. 1996. Þannig að við höfum þetta þing og fyrri hluta á þinginu 1995 til að taka af skarið varðandi innlenda lagasetningu sem hefur verið á döfinni, m.a. vegna eignarhalds á jörðum, en að það sé ekki um næstu áramót sem sá tími rennur út.

[14:21]

Flm. (Hjörleifur Guttormsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég skal ekki taka af um það efni sem hv. þm. gerði athugasemd við. Ég hafði litið svo til að þessi frestur væri að renna út, en það væri betur að það væri rétt, sem ég ætla ekki að vefengja, að það sé næsta ár sem við höfum í þessum efnum. En það er auðvitað nákvæmlega þess vegna ástæða til þess hér og nú á þessu þingi að setja löggjöfina.

[14:22]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson,

hefur hér ásamt nokkrum öðrum þingmönnum Alþb. endurflutt tvö merk frv., annars vegar um orku fallvatna og hins vegar um jarðhitaréttindi. Ég tek undir það með hv. þm. og raunar einnig hv. 3. þm. Reykv. að það er nauðsynlegt að taka af skarið í þessum efnum og fá þessi frv. inn í þingið til umræðu til að það sé hægt að komast að samkomulagi. Þessi frv. eru bæði að mínu viti jákvæð og ég held að það sé full ástæða til að þekkjast það ágæta boð hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar, sem hér hefur komið fram, um samstarf stjórnar og stjórnarandstöðu til þess að reyna að ná sáttum í þessu vandasama og flókna máli.

Þetta mál á sér talsverðan aðdraganda. Það hafa af og til alla öldina staðið deilur sem tengjast eignarhaldi á auðlindum í jörðu. Ég hygg að þær fyrstu bókfærðu séu síðan 1904 eða 1905. Þau þingmál sem hér eru endurflutt má rekja aftur til ríkisstjórnar Ólafs Jóhannessonar, sem í samstarfssamningi sínum 1. sept. 1978 gerði grein fyrir þeim óskum sínum að jarðhiti í jörðu yrði þjóðareign. Alþýðuflokkurinn átti aðild að þeirri ríkisstjórn, stóð að þeirri samstarfsyfirlýsingu og hefur ekki breytt sinni skoðun í þessum efnum.

Nú er það svo að almenn löggjöf um eignarhald á auðlindum í jörðu hefur ekki verið sett. Menn hafa frekar freistast til að setja lög um tiltekin gögn og gæði úr jörðu. Ég minni til að mynda á námalögin frá því á fyrri hluta aldarinnar og jafnframt jarðhitalögin frá því árið 1941. Það er nauðsynlegt hins vegar, tel ég og ríkisstjórnin, að setja almenna löggjöf um eignarhald á auðlindum sem er að finna í jörðu og þá ekki einungis jarðhita eða vatnsorku heldur ýmis önnur efni.

Nú er það svo að ég hygg að mig bresti ekki minni þegar ég held því fram, að fyrir fjórum þingum að líkindum þá var flutt og samþykkt frv. sem gerði ráð fyrir því að hafsbotninn og ólífræn efni önnur en þau sem féllu til vegna lifandi tegunda væru þjóðareign. Það er þess vegna ljóst að það er nauðsynlegt að setja samsvarandi löggjöf um eignarhald á auðlindum sem eru undir yfirborði jarðar og út að netalögnum.

Eins og fram hefur komið í þessari umræðu þá hefur hæstv. ríkisstjórn í hyggju að leggja fram frv. af þessu tagi. Hér er um að ræða gerð tveggja frv. sem eru mjög áþekk að efni til og þau frv. sem hér eru lögð fram. Það er hárrétt hjá hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni að það stóð til að leggja þau fyrr fram, en eins og hefur komið fram hjá hæstv. forsrh. þá verða þau lögð fyrir á þessu þingi og ég vænti þess að með þeim góða vilja sem lýsir sér hjá hv. flm., sem jafnframt talar fyrir munn hv. formanns iðnn., þá takist að ná samkomulagi um þetta.

Iðnrn. hefur áður fjallað um þessi frv. og viðhorf þess er að finna í fylgiskjali með frv. um jarðhitaréttindin. Þar kemur fram að í rauninni er iðnrh. sammála meginefni frumvarpanna. Það er hins vegar svo að sérfræðingar ráðuneytisins og ráðherrann telja að það sé e.t.v. ekki rétt að fara þá leið sem mörkuð er í 1. og 6. gr. frv. þar sem gert er ráð fyrir að nytjaréttur fylgi landareignum í einkaeign niður að 100 metra dýpi en þar við taki þjóðareign. Ráðuneytið telur að það sé æskilegra að gera greinarmun á háhita- og lághitasvæðum og láta þá rétt til nýtingar á lághitasvæðum fylgja landareign, en telur hins vegar nauðsynlegt að það sé skýrt tekið fram í lögunum að rétturinn til að nýta háhitasvæðin sé sameign þjóðarinnar. Það má e.t.v. segja að þetta sé meginmunurinn á þessum frv., annars vegar þeim sem verið er að semja fyrir hönd ríkisstjórnarinnar og hins vegar þess frv. sem hér liggur fyrir. Það er að vísu rétt, til að halda öllu til haga, að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson, hefur í fyrri umræðum tekið fram að af hans hálfu og hans flokks þá sé það matsatriði hversu langt eigi að seilast í iður jarðar til að setja þessar markalínur. Ég met það svo að það sé undirstrikun á þeim vilja sem hann hefur lýst yfir hér fyrr í dag til að ná samkomulagi um þetta mál.

Það er hins vegar rétt að það komi fram að í þeim frv. sem eru í samningu hjá ríkisstjórninni er gert ráð fyrir að efni þeirra sé talsvert víðtækara. Þar er einnig fjallað um aðrar auðlindir sem finnast í jörðu eins og málma, steinefni, jarðgas, olíu og jafnframt grunnvatn, sem er auðlind sem menn horfa stundum fram hjá en kann að verða af skornum skammti þegar vindur fram um miðja næstu öld.

Nú er það svo, eins og hér hefur líka komið fram að niðurstaða í þessu máli verður enn brýnni vegna þess að við erum búin að samþykkja aðild okkar að Evrópska efnahagssvæðinu og því þarf enn frekar að vanda til við gerð þessa frv. og það er ein skýringin á því hversu framlagning þess hefur tafist. En það er rétt að taka fram að í undirbúningi þessa frv. hefur verið leitað til helstu sérfræðinga sem við eigum á sviði auðlindalöggjafar og einnig til erlendra sérfræðinga og ráðleggingar þeirra verið teknar upp í þessi frv.

Ég vil að lokum segja það, virðulegi forseti, að ég tek undir að þessi mál þarf að leiða til niðurstöðu og vænti í framhaldi af því sem hæstv. forsrh. hefur sagt og þess samkomulagsvilja sem lýsir sér í ræðum hv. 1. flm. að þá muni það takast léttilega.

[14:29]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. 4. þm. Austurl. fyrir þá forustu sem hann hefur haft varðandi það að flytja þessi mál hér inn í þingið um langt árabil. Satt að segja má það nokkuð merkilegt teljast að ekki skuli hafa tekist að ná umræðu um málið með skipulegum hætti sem yrði færð til niðurstöðu hér í þessari virðulegu stofnun. Það er alveg rétt sem hv. 3. þm. Reykv. sagði áðan að það er ekki einleikið hvað þetta hefur tekið langan tíma. Það er líka rétt að mínu mati að orða það svo, eins og hann gerði, að þingmenn hafa skotið sér undan því að taka ákvörðun í þessu máli. Ástæðan er einfaldlega sú að um málið er eða var mjög djúpstæður ágreiningur sem í grófum dráttum var sagður vera annars vegar á milli þeirra sem vildu að þessi auðæfi og auðlindir væru í almannaeigu og hins vegar þeirra sem vildu að þessar auðlindir væru í svokallaðri einkaeigu landeigenda, viðkomandi landeigenda aðallega. Og það er dálítið sérkennilegt að hugsa um það að í raun og veru fékkst þessi deila aldrei almennilega gerð upp. Það var kergja í málinu og niðurstaðan varð sú að menn fengust ekki til að

taka það til meðferðar hvorki hér í þessari stofnun né annars staðar að neinu marki að ég tel vera. En þeim mun meiri ástæða er til þess að þakka hv. 4. þm. Austurl. fyrir dugnaðinn sem hann hefur sýnt við að halda þessu máli til haga og það er kannski líka ástæða til að þakka hæstv. umhvrh. fyrir þau ummæli sem fram komu hjá honum áðan þar sem hann í raun og veru bauð upp á samstarf stjórnar og stjórnarandstöðu um að leiða þetta mál til lykta.

Það má segja að það sé athyglisverð nýjung í störfum þings þar sem starfar meirihlutastjórn að menn skuli ætla sér að taka á deilumálum með samningum við stjórnarandstöðu svona snemma vetrar, þó það gerist nú oft þegar líður á veturinn, þá er það engu að síður þakkarvert að hæstv. umhvrh. skuli hafa nefnt þennan möguleika því vissulega verð ég að játa að mér kom hann í hug á síðasta þingi. Hvort það væri hugsanlegur möguleiki að stjórn og stjórnarandstaða settust aðeins yfir þetta mál í hv. iðnn., sem er eðlilegast að fjalli um málið, til að kanna í fyrsta lagi hvort það er samkomulagsflötur og í öðru lagi, ef ekki er samkomulagsflötur um hvað ágreiningurinn er nákvæmlega. Þannig að menn fari ekki í grafgötur um það um hvað ágreiningurinn er í þessu þýðingarmikla máli.

Í rauninni skildi ég ummæli hæstv. umhvrh. áðan þannig að í grófum drættum væri hann sammála þeim grundvallaratriðum sem fram koma í frv. alþýðubandalagsmanna, sem hv. 4. þm. Austurl. mælti fyrir og hér er á dagskrá. Þannig að ég tel að það megi út af fyrir sig ætla að um málið sé allgóð samstaða enda þótt það sé svo, og rétt er að halda því til haga, að um málið er ekki full samstaða heldur í stjórnarandstöðuflokkunum þar sem hefur orðið vart við fyrirvara við uppsetningu málsins og tillöguflutning þann sem í þeim báðum felast, t.d. í Framsfl.

Þessi mál komu bæði til meðferðar í hv. iðnn. á síðasta þingi og þar voru málin fyrst tekin fyrir þann 20. okt. Þar lagði ég til, sem formaður nefndarinnar, að nefndin biði með að fjalla um málin uns hún hefði hitt ráðherra og rætt við hann um fyrirhuguð stjfrv. um svipuð efni. Þannig að við ákváðum strax í fyrravetur, þann 20. okt., að ræða við hæstv. iðnrh., sem þá hafði ekki fyrir löngu tekið við, Sighvat Björgvinsson, um þessi mál. Ég átti við hann nokkrar viðræður um þessi mál án þess að hann gæti út af fyrir sig tekið af skarið um þau og þau komu aftur til meðferðar þann 8. des., þar sem ákveðið var að taka málin til umræðu sérstaklega og var nefndaritara falið að taka saman umsagnir og senda nefndarmönnum. En staðreyndin er sú að það er geysilegt magn af gögnum sem liggur fyrir um þessi mál frá þinginu bæði frá því í fyrra og hitt-iðfyrra og svo langt aftur í tímann.

Í þriðja lagi var svo málið tekið fyrir á fundi nefndarinnar 26. jan. 1994 og á fundinn kom Gunnar Viðar, lögfræðingur í iðnrn. Hann gerði grein fyrir frv. um sama efni sem unnið er að í ráðuneytinu og svaraði fyrirspurnum nefndarmanna. Þarna kom það fram, eða a.m.k. skildu nefndarmenn það svo, að málin væru eiginlega í þann veginn að fæðast. Þetta væri svo að segja tilbúið í iðnrn., væri kannski ekki búið að ganga í einstökum atriðum frá öllum hnútum gagnvart samstarfsflokki iðnrh., þ.e. Sjálfstfl. Það væri sem sagt verið að hnýta upp pólitíska hnúta á lokastigi málsins og þannig upplifðum við þetta í hv. iðnn.

Síðan gerðust ýmsar sviptingar í pólitíkinni eins og gengur, reyndar aðeins meira en gengur og gerist í þessu stjórnarsamstarfi, eins og kunnugt er, þannig að málið var tekið fyrir aftur á fundi iðnn. þann 23. mars 1994 og þar greindi ég frá því, eftir að hafa átt viðræður við hæstv. iðnrh., að ég mundi þá innan skamms leggja fram tillögu í nefndinni um meðferð málsins. Það var gert á fundi nefndarinnar, það var fimmti fundur nefndarinnar þar sem um þetta var fjallað. Þann 13. apríl 1994 var málið enn til umræðu og þar segir: „Á fund nefndarinnar kom Gunnar Viðar frá iðnrn. Fram kom hjá Gunnari að frumvörp iðnrh. um svipuð efni hefðu verið send ríkisstjórninni fljótlega eftir áramót en ríkisstjórnin hefði enn ekki afgreitt málið frá sér.“ Það er sem sagt hinn 13. apríl 1994 sem hann segir þetta.

Af hverju er ég að rekja þetta, hæstv. forseti? Það er vegna þess að ég vil spyrja hæstv. forsrh.: Af hverju telur hann að málin hafi tafist og í hverju telur hann að ágreiningurinn hafi verið falinn í sambandi við þessi tvö frv.? Í þriðja lagi: Er það ásetningur hans, ásamt samstarfsflokknum, að leggja fram fyrir þingið frv. frá ríkisstjórninni um þau efni sem hér eru á dagskrá? Ég tel að það sé mjög brýnt að það verði gert, sérstaklega vegna þess, hæstv. forseti, að það hefur komið fram að það er annaðhvort um næstu eða þarnæstu áramót sem við þurfum að hafa afgreitt málin frá okkur vegna þess hvernig stendur á með EES-samninginn. Auðvitað er það alveg rétt að EES-málið er ekki fyrsti hvatinn að þessum frv., eins og allir þekkja, en það ýtir enn þá frekar á eftir þeim og þess vegna ber ég þessar fyrirspurnir fram við hæstv. forsrh.

[14:37]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Eftir að þessi mál komu til ríkisstjórnar þá varð það niðurstaðan, þar sem um viðkvæmt og vandmeðfarið mál er að ræða og nokkuð skiptar skoðanir milli stjórnarflokkanna um málið, að þeir tilnefndu hvor sinn lögvísindamanninn til að fara yfir málið og einkum þá í því formi sem það þá var og einkum þá með tilliti til þess hvernig málið viki við stjórnarskránni. Þessir tveir lögfræðingar, lögvísindamenn, sem flokkarnir tilnefndu, komust að þeirri niðurstöðu báðir tveir að málið í þeirri mynd sem það var þá stríddi gegn ákvæðum stjórnarskrárinnar og gæti þess vegna ekki gengið fram. Það er auðvitað áríðandi að málið, þegar það er komið til þingsins, sé ekki slíkum annmarka háð. Í fyrsta lagi ef þetta lægi nú ótvírætt fyrir þá ætti að vísa málinu þegar af þeirri ástæðu frá þinginu og ef það væri óljóst en kæmi í ljós við meðferð málsins á þinginu þá væru menn verr staddir en að fara með málið inn í þingið betur undirbúið. Málið er vandmeðfarið. En það er eins og kom fram hjá hæstv. umhvrh. vilji til þess milli stjórnarflokkanna að reyna að finna á því ásættanlega lausn.

[14:38]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir þessi svör en vildi ítreka þá spurningu sem ég bar fram við hann áðan: Í hverju eru ágreiningsefnin eða úrlausnarefnin aðallega fólgin sem erfitt er að taka á í þessu sambandi? Ég hef í sjálfu sér ekki trú á að það sé nokkur ágreiningur um það milli stjórnarflokkanna að það eigi ekki að leggja hér fyrir mál sem brjóti í bága við stjórnarskrána. Það dettur væntanlega engum í hug. En það er nokkuð sérkennileg viðbára í rauninni með hliðsjón af þessum frv. sem hér eru flutt. Þau taka af skarið varðandi eignarrétt, en eru samt ekki talin brjóta í bága við stjórnarskrána og ég dreg þá ályktun af því að þau hafa verið hér á dagskrá Alþingis í tíu ár og menn líta þá þannig á að þau brjóti ekki í bága við stjórnarskrána. Þar af leiðandi hlýt ég að draga þá ályktun að frv. þeirra alþýðuflokksmanna hafi gengið lengra varðandi almannarétt á þessu sviði heldur en þessi frv. hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar og fleiri. En aðallega spyr ég hæstv. forsrh.: Hvaða ágreiningsefni eru það eða treystir hann sér til að greina frá þeim ágreiningsefnum sem einkum eru uppi í þessum efnum? Og er hann tilbúinn til þess, ásamt hæstv. umhvrh., að stuðla að því að stjórn og stjórnarandstaða vinni sig í gegn um þessi mál eins og hv. umhvrh. bauð upp á áðan í umboði hæstv. iðnrh.?

[14:40]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mál þurfa náttúrlega að liggja þannig fyrir að þau brjóti augljóslega stjórnarskrána til að forseti þingsins vísi málinu frá. Mjög fá mál, sem hingað berast, brjóta augljóslega stjórnarskrá. Hins vegar kann mat lögvísindamanna að fela í sér þá niðurstöðu. Ég þekki ekki hvort slíkir aðilar hafi skoðað þessi frv. í áranna rás út frá því. En aðalatriðið í málinu varðar eignarrétt.

[14:41]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Þessi mál hafa þráfaldlega verið flutt á þingi af hv. 4. þm. Austurl. Ég hef einstöku sinnum tekið þátt í þeirri umræðu og ætla ekki að endurtaka það sem ég er búinn að segja um málið. Að sumu leyti hafa aðstæður breyst þannig að ég sé ekki ástæðu til að hafa nákvæmlega sömu skoðun og ég hef áður haft.

Í hverju er ágreiningurinn nákvæmlega fólginn, spurði hv. þm. Svavar Gestsson. Því hefur náttúrlega hæstv. forsrh. svarað skilmerkilega. Hann er fólginn í 67. gr. stjórnarskrárinnar, þ.e. eignarréttargreininni. Ef hún væri ekki afdráttarlaus eins og hún er í stjórnarskránni gæti vel verið að búið væri að afgreiða þetta mál. Í fylgiskjali sem prentað er með öðru frv. er vitnað til vinnu sem unnin var fyrir 15 árum. Frv. er reyndar byggt á meirihlutaáliti nefndar sem páv. iðnrh. skipaði. Ég var í þeirri nefnd og skilaði sérálíti og ég studdist við greinargerð sem prófessor Gaukur Jörundsson, núv. umboðsmaður Alþingis og einn helsti eignarréttarsérfræðingur þjóðarinnar, vann. Í greinargerð prófessors Gauks segir og vitna ég þá til þess sem prentað er sem fylgiskjal, með leyfi forseta:

„Við setningu vatnalaga, nr. 15 frá 1923, var samkvæmt framansögðu tekið af skarið um að landeigendur einir ættu rétt til að hagnýta vatnsorku þeirra vatna sem um landareign þeirra runnu. Eru vatnsréttindi landeigenda þannig þáttur í eignarrétti þeirra sem verndar nýtur skv. 67. gr. íslensku stjórnarskrárinnar. Í samræmi við það hefur eignarnámi verið beitt samkvæmt vatnalögum eða sérstökum lögum og eignarnámsbætur greiddar þegar afla hefur þurft vatnsréttinda í einkaeign í þarfir virkjana. Verður að telja tvímælalaust að ekki yrðu samrýmd 67. gr. stjórnarskrárinnar lagaákvæði sem lýstu rétt til virkjunar vatna, ríkiseign, án endurgjalds til eigenda.“ Þetta er nákvæmlega það sem stendur í vegi fyrir þessu og hefur staðið í vegi fyrir þessari lagasetningu. Reyndar er kominn nýr þáttur inn í málið, þ.e. samningurinn um EES og það er eini hvatinn til að nauðsynlegt sé að setja lög í stíl við þetta. Eitt af því sem við þurfum að gjalda fyrir það að gerast aðilar að samningnum um Evrópskt efnahagssvæði er að við þurfum að finna framtíðarskipan þessara mála. Að því leyti er viðhorfið breytt frá því að við vorum að ræða þetta árið 1979.

Út af fyrir sig er hægt að setja svona lög og gera þessar eignir upptækar enda komi fullt gjald. Ég geri ráð fyrir að það stæði í mönnum að láta ríkið leysa til sín öll vatnsréttindi og jarðhitaréttindi og komi fullt gjald fyrir. Í fljótu bragði sé ég ekki aðra leið en að við þurfum að breyta stjórnarskránni ef þetta þarf fram að ganga og afnema eða takmarka í þessu tilliti eignarréttarákvæðið því ekki stenst að setja lög sem stangast jafnberlega á við stjórnarskrána.

Nú erum við að vísu á þessum síðustu og verstu tímum ýmsu vanir varðandi stjórnarskrána og rifja ég upp umræður sem hér urðu og deilur í þinginu um samninginn um Evrópskt efnahagssvæði sem að mínu mati og margra fleiri stangaðist líka á við stjórnarskrá. Það eru engin rök í málinu að þessum frv. hafi ekki verið vísað frá af hálfu forseta á fyrri stigum. Ég tel eðlilegt að unnið sé í þessu máli. Mér er ljóst að það ástand sem áður var að lagasetning í þessa veru væri ekki brýn er ekki lengur fyrir hendi. Það er orðið brýnt að fá framtíðarskipan á þessi mál. Ég vil hins vegar bíða eftir því og tel að það sé skylda ríkisstjórnarinnar að hafa forgöngu um að finna þann farveg sem hægt er að leiða málið í. Ég er ekki að skorast undan að taka þátt í vinnu í iðnn. við þessi frv. Ég teldi heppilegra ef hægt væri að gera þetta í samkomulagi og með löglegum hætti, þ.e. að við þyrftum ekki að þverbrjóta stjórnarskrá með samþykki þessara frv. Menn fyndu einhverja leið til að takmarka þetta eignarréttarákvæði í stjórnarskránni eða að ríkið léti koma fullt gjald fyrir ef menn vilja vera nógu rausnarlegir.

[14:47]

Flm. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég þakka þátttöku hv. alþm. og hæstv. ráðherra í umræðunni og þann vilja sem fram hefur komið, bæði frá hv. 3. þm. Reykv. og hæstv. umhvrh. fyrir hönd iðnrh., sem er fjarverandi, til að vinna sig fram til lausnar í þessu stóra máli. Það var gagnlegt að fá fram sjónarmið hæstv. forsrh. við um-

ræðuna þó ég saknaði kannski af hans hálfu þeirrar áherslu á nauðsyn þess að ganga frá löggjöf hið fyrsta um þetta efni. Ég vænti þess að ekki sé heldur fyrirstaða í því efni af hálfu hæstv. forsrh. enda er málið bundið samkvæmt stjórnarsáttmála sem ætti að vera einhvers virði á stjórnarheimilinu að reyna að standa við.

Mér þótti það athyglisvert sem kom fram hjá hv. 1. þm. Norðurl. v. í þessu efni en hann vitnaði til þeirrar greinargerðar sem hann studdist við í nefndarstarfi á sínum tíma þar sem hann myndaði minni hluta. Það væri mat manna að stefna frv., sem hér liggur fyrir varðandi orku fallvatna og væntanlega einnig þá varðandi jarðhitaréttindin, stangaðist á við stjórnarskrá. Því þyrfti að athuga um breytingar á stjórnarskránni til þess að unnt væri að ganga frá lögfestingu í þá veru sem hér er gerð tillaga um eða eftir því sem samkomulag gæti tekist um við frekari athugun málsins á milli flokka á hv. Alþingi.

Ég tek það skýrt fram og tel ástæðu til þess vegna umræðunnar, virðulegur forseti, að það er og var mat okkar flutningsmanna málsins að sú löggjöf sem er lögð til, bæði varðandi jarðhitaréttindi og orku fallvatna, rúmist innan óbreyttrar stjórnarskrár. Fyrir þessu eru færð rök sem ég tel vera gild enn í dag í greinargerð með frv., í II. kafla þess og einnig síðar í IV. kafla frv. um jarðhitaréttindi þar sem allítarlega er út í þessi mál farið og leiddir fram fræðimenn sem hafa verið taldir mjög traustir í þessum efnum.

Ég leyfi mér, virðulegur forseti, að vitna aðeins í greinargerðina að þessu gefna tilefni. Það segir í II. kafla, með leyfi forseta:

„Eins og fram kemur í lýsingu á settum lögum um jarðhita hér að framan hefur í löggjöf verið byggt á þeirri meginstefnu að landeigendur hefðu umráða- og eignarrétt á jarðhita bæði á og í jörðu. Þessum rétti hafa verið sett ýmis takmörk en enga reglu eða ábendingu er að finna í löggjöf um það hversu djúpt í jörðu niður forræði landeiganda á jarðhita nær né heldur er í íslenskum rétti að finna reglu sem kveður á um takmörk eignarráða landeiganda niður á við. Fræðimenn hafa talið að þau nái svo langt niður sem nauðsynlegt er að leyfa til þess að landeigandinn geti haft þau not af landi sínu sem heyra til venjulegrar hagnýtingar á landi, sjá t.d. Ólafur Lárusson: Eignaréttur, bls. 46.

Í frumvarpi þessu er á því byggt að eignarrétti að landi geti löggjafinn sett almennar takmarkanir, þó þannig að ekki brjóti í bága við rétt landeiganda til að hafa þau not af landi sínu sem heyra til venjulegrar hagnýtingar á landi."

Síðar í greinargerðinni segir:

„Áður hefur verið vísað til þess sem Ólafur Lárusson sagði í ritinu Eignaréttur. Árið 1956 var lagt fyrir Alþingi frumvarp til laga um jarðhita í 66 greinum og 9 köflum. Í 8. gr. frumvarpsins var svohljóðandi ákvæði: „Ríkið á allan rétt til umráða og hagnýtingar jarðhita, sem liggur dýpra eða sóttur er dýpra en 100 metra undir yfirborð jarðar, sbr. þó 14. gr." Með frumvarpi þessu fylgdi ritgerð eftir Ólaf Jóhannesson sem bar nafnið: Um eignar- og umráðarétt að jarðhita. Ritgerð þessi er ítarlegasta lögfræðilega greinargerðin um þessi efni sem rituð hefur verið á íslensku. Í henni er fjallað um hversu háttað sé að íslenskum lögum eignar- og umráðarétti að jarðhita, hver stefna muni í þeim efnum hallkvæmust hagsmunum bæði einstaklinga og þjóðarheildar og skipun löggjafar á þessu sviði hjá öðrum þjóðum.

Niðurstöður Ólafs Jóhannessonar voru þær að þótt réttur landeigenda til umráða og hagnýtingar jarðhita á landi sínu sé, að því er virðist, litlum skorðum bundinn að núgildandi lögum þá megi auðvitað setja honum ýmis takmörk með nýrri löggjöf ef ástæða þykir til. Enn fremur segir Ólafur að það sé sanngjörn regla og í samræmi við eðli máls að sérstök náttúruauðæfi, sem enginn einstakur hefur átt þátt í að skapa, séu sameign þjóðarinnar allrar. Með löggjöf þeirri, sem gerð var tillaga um, væri ekki gengið of nærri hagsmunum landeigenda. Þeir héldu eftir nægilegri orku til sinna eðlilegu þarfa. Lokaorð ritgerðar Ólafs um ákvæði frumvarpsins um umráðarétt ríkisins neðan 100 metra dýpis eru þessi: „Og slík löggjafarákvæði mundu ekki brjóta í bág við eignarréttarvernd stjórnarskrárinnar. Er það augljóst þegar litið er til þeirrar löggjafar sem sett hefur verið í öðrum löndum um hliðstæð efni, enda þótt þar séu svipuð eða samhljóða ákvæði um friðhelgi eignarréttar, sbr. það sem sagt er hér að framan um Danmörk."

Rétt er og að vitna til ummæla dr. Bjarna Benediktssonar í greinargerð með frumvarpi til laga sem hann flutti á Alþingi 1945, um viðauka við lög nr. 98/1940, um eignar- og notkunarrétt jarðhita (Alþingistíðindi 1945 A, bls. 434–435). Var lagt til að jarðboranir er ná dýpra en 10 metra mætti ekki framkvæma án leyfis ráðherra sem skyldi synja leyfis ef hætta kynni að vera á því að með jarðborunum væri spillt hagnýtingu jarðhita á eign annars manns sem þegar er hafin eða hagnýtingu síðar meir, enda sé sú hagnýting jarðhitans mun verðmeiri en sú hagnýting sem stefnt er að með hinni fyrirhuguðu jarðborun.

Ekki var í frumvarpinu ákvæði um bætur, enda segir m.a. í greinargerð með því: „Hér er aðeins um almenna takmörkun á eignarréttinum að ræða, sem löggjafarvaldinu er heimilt að setja, þrátt fyrir ákvæði stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttarins." Í frumvarpi þessu var því lagt til að unnt væri að svipta landeiganda rétti til hagnýtingar jarðhita neðan 10 metra dýpis ef hætta kynni að vera á því að það spillti byrjaðri eða væntanlegri hagnýtingu jarðhita á landi annars manns. Taldi dr. Bjarni Benediktsson þetta almenna takmörkun eignarréttar sem heimil væri án bóta. Virðast því fræðimennirnir Bjarni Benediktsson og Ólafur Jóhannesson hafa verið sammála í aðalatriðum um þetta efni."

Virðulegur forseti. Nánar er síðan að þessum atriðum vikið, spurningunni um stjórnarskrána og eignarréttinn, í IV. kafla greinargerðar um jarðhitaréttindi og ég ætla ekki að fara að lesa lengra í því efni hér, en þar er m.a. vísað til hæstaréttardóma sem ástæða er til að vekja kannski athygli á áður en ég lýk máli mínu. Það segir í lok þessa kafla:

„Um rétt ríkisins til að setja reglur um meðferð jarðhita utan einkaeignarlanda og neðan við 100 metra dýpi undir einkaeignarlöndum má vísa til dóms Hæstaréttar 19. febrúar 1981, um eignarrétt að botni Mývatns utan netlaga, og dóms Hæstaréttar 28. desember 1981, um eignarrétt að Landmannaafrétti. Í báðum tilvikum var einkaeignarréttarkröfum landeigenda hafnað, en kveðið á um rétt handhafa ríkisvaldsins til að setja reglur um yfirráð, meðferð og nýtingu náttúruauðæfa þessara."

Ég kann auðvitað ekki að skýra og þekki ekki þau sjónarmið sem hæstv. forsrh. vísaði hér til, þar sem um var að ræða einhverja tilkvadda sérfræðinga stjórnarflokkanna. Og ef ég hef lesið rétt í ummæli eða svör hæstv. forsrh. við spurningum hv. þm. Svavars Gestssonar áðan þá virðist sem báðir hafi kveðið sömu vísuna í þeim efnum.

Ég hafði hins vegar ekki skilið hæstv. iðnrh. Alþfl. þannig að þeir mætu slík rök gild í þessu máli. Hæstv. iðnrh., nú starfandi, sá sem nú fer með þau mál í Stjórnarráði Íslands, Sighvatur Björgvinsson, lýsti mjög jákvæðum viðhorfum til þessara mála svo seint sem í apríl eða maí byrjun síðastliðnum og lágu þá væntanlega þessi sjónarmið fyrir. Þannig að ég held að það sé mikil þörf á því að það verði farið ofan í þessi efni. Þingið sameinist um það að reyna að setja löggjöf á þessum stóru sviðum mála á yfirstandandi þingi. Frestur*inn gagnvart EES-samningnum* er — það hef ég fengið upplýst síðan ég talaði hér síðast — til 1. janúar 1996, að ritari utanrmn. upplýsir, og það segir okkur að við þurfum að taka á þessu máli á yfirstandandi þingi og leitast við að setja skilmerkilega löggjöf um bæði þau efni sem hér liggja fyrir til umræðu.

[14:58]

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég hef nú heyrt þessa ræðu hv. 4. þm. Austurl. áður og mér eru kunnar þær tilvitnanir sem hann *fór með. Ég er náttúrlega ekki maður til þess* að fara í lögfræðilegar rökræður við hina horfnu heiðursmenn Ólaf Jóhannesson og Bjarna Benediktsson. En þessar tilvitnanir eru að sjálfsögðu kunnar dr. Gauki Jörundssyni og ég geri einnig ráð fyrir að þær séu vafalítið kunnar lögfræðingum stjórnarflokkanna sem voru annarrar skoðunar. Það er nefnilega eitt að málið er öðrum þræði pólitískt, en pólitískur vilji rekur sig á lögfræðina að því er mér sýnist í þessu máli. Það er nefnilega eitt að langa til að eiga og annað að eignast.

[14:59]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil einungis koma hér til að taka af tvímæli um það að Alþfl. leggur á það áherslu að þessum málum verður náð fram á þessu þingi. Ég hefði gjarnan viljað sjá þau afgreidd fyrr. Að því leyti til er alveg ljóst að það er full samstaða milli okkar og flm. þessara frv. En ég vil hins vegar taka það skýrt fram að sá skoðanamunur sem var vissulega með stjórnarflokkunum í þessu máli varðaði fyrst og fremst eignarréttarvernd stjórnarskrárinnar og til þess að leysa úr því voru kvaddir til tveir lögspekingar sem komust báðir að sömu niðurstöðu. Í kjölfar þess var Markúsi Sigurbjörnssyni falið af hálfu þeirra sem voru að semja frv. að búa það í þann búning sem mætti vel við una. Mér skilst að það liggi þannig fyrir núna og verði á næstunni með þeim hætti lagt fyrir ríkisstjórnina. Að því loknu er þess að vænta að það komi inn í þingið og hv. iðnn. geti þá fengið það til meðferðar og þá reyni væntanlega á þann sáttavilja sem hér hefur komið fram, bæði af hálfu stjórnar og stjórnarandstöðu.

[15:00]

Flm. (Hjörleifur Guttormsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. umhvrh. það innlegg sem hér kom fram í hans máli og ég vil aðeins hvetja til þess að það verði reynt að vinna bráðan bug að því að koma þessum málum fyrir þingið og inn í hv. iðnn. Ekki hefur skort viljann á þeim vettvangi á undanförnum árum til þess að reyna að taka á þessum málum. En við sem förum orðið með þessa vísu hér árvisst, þ.e. þau frumvörp sem hér eru til umræðu, erum auðvitað að verða nokkuð langþreyttir á stöðugum yfirlýsingum hliðstæðum þeim sem hér komu fram, vafalaust bornar fram af góðum vilja af hæstv. umhvrh., um það að þetta væri alveg að koma. Við svo búið má ekki standa og ég trúi ekki öðru en metnaður stjórnarflokkanna sé meiri en svo að þeir reyni nú að reka af sér slyðruorðið einnig í ljósi ákvæða eigin stjórnarsáttmála.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað. [15:02]

Umræður utan dagskrár.

Afstaða samgönguráðherra til jarðgangagerðar á Austurlandi.

[15:02]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ástæðan fyrir því að ég kveð mér hljóðs utan dagskrár eru ummæli hæstv. samgrh. nýverið við fjölmiðla, að því er varðar jarðgangagerð á Austurlandi. Á sjónvarpsstöðinni Stöð 2 sl. sunnudagskvöld var haft viðtal við hæstv. samgrh. og inngangurinn að viðtalinu var þannig, með leyfi forseta, af hálfu fréttamanns:

„Austfirðingar fá engin jarðgöng á næstu árum. *Halldór Blöndal samgönguráðherra leggst gegn því að* Austfjarðagöng komi í beinu framhaldi af Vestfjarðagöngum og segir frekari jarðgangagerð bíða næstu aldar."

Síðan kemur viðtalið við ráðherrann þar sem ráðherrann svarar spurningunni: Verða jarðgöng á Austurlandi inni á næstu fjögurra ára vegáætlun? Svar ráðherrans: „Ég á alls ekki von á því. Eins og ég hef oft haft orð á þá er það skoðun mín að brýnasta verkefnið á Norðausturlandinu sé að tengja saman Norðurland og Austurland og ég tel að það eigi að sitja fyrir. Frekari jarðgangagerð er nokkuð sem bíður næstu aldar, ef ég má segja sem svo."

Litlu síðar í viðtalinu segir ráðherrann: „Mér er raunar ekki kunnugt um að Austfirðingar hafi orðið á eitt sáttir um sínar áherslur fyrir austan í jarðgangamálum."

Hér er um að ræða stórmál og samkvæmt því sem hæstv. ráðherra hér lýsir þá er hans hugur sá að taka áætlanir sem verið hafa á langtímaáætlun, sem legið hefur hér fyrir Alþingi Íslendinga, áform um jarðgöng á Austurlandi í framhaldi af jarðgangagerð á Vestfjörðum, út af dagskrá og vísa því til næstu aldar.

Hér er jafnframt verið að ganga inn í undirbúning og umræðu sem á sér nú stað um þessi efni á vegum sveitarstjórna og kjörinna fulltrúa þeirra á Austurlandi með þeim hætti að telja verður til fádæma að fulltrúi framkvæmdarvaldsins, hér hæstv. samgrh., skuli sjá ástæðu til þess að ganga inn í málið á þennan hátt. Auðvitað er honum jafnkunnugt um það sem okkur þingmönnum Austurlands að fram fer með eðlilegum hætti umræða á Austurlandi um það hvernig standa eigi að framkvæmdum og nýtingu þeirra miklu fjármuna sem Alþingi og framkvæmdarvaldið í rauninni hefur lýst yfir að ráð sé fyrir gert að varið verði til jarðgangagerðar á Austurlandi á þessari öld, ekki seinna en á árinu 1998, að ráðist verði í framkvæmdir og tíminn þangað til verði notaður til undirbúnings með eðlilegum hætti. Umræðan sem nú fer fram á Austurlandi er einmitt liður í því að vinna sig fram til ákvörðunar af hálfu heimamanna í samvinnu við þingmenn kjördæmisins, sem auðvitað verða að taka á þessu máli með framkvæmdarvaldinu og með Alþingi Íslendinga, sem á að ráða þessu máli til lykta.

Vegáætlun verður til endurskoðunar á þessu þingi og það er auðvitað hlutverk Alþingis og í sambandi við umfjöllun um vegáætlun að taka stefnumarkandi ákvarðanir í þessu efni. Þar hljótum við þingmenn Austurlands — ég tala þar a.m.k. fyrir mig — að leggja á það alla áherslu að staðið verði við gefnar yfirlýsingar og fyrirheit sem leiddu til þess m.a. að Austfirðingar lögðust á sveif með Vestfirðingum á sínum tíma um framkvæmdaröð varðandi jarðgangagerð. Vestfjarðagöng eru nú langt komin, stór framkvæmd og þýðingarmikil. Og það gengur ekki að ætla að drepa þessu máli á dreif, eins og hæstv. samgrh. er að reyna, með því að vísa í aðrar framkvæmdir, almennar framkvæmdir í vegagerð, tengingu milli Norður- og Austurlands, sem auðvitað er sjálfsagt verkefni en þarf einnig sinnar athugunar við og sú athugun stendur yfir. Það er einnig ótímabært af hæstv. samgrh. að vera að lýsa einhverjum niðurstöðum í því máli eða telja að þau mál séu til lykta leidd á sama tíma og þau eru á athugunarstigi í nefnd sem vegamálastjóri hefur sett á laggirnar, að ég hélt með vilja samgrn.

Virðulegur forseti. Ég vænti þess og taldi það óhjákvæmilegt í framhaldi af orðum og yfirlýsingum hæstv. samgrh. að þessi mál væru rædd hér í þinginu til þess að reyna að bæta fyrir þá óvissu sem ráðherrann skapar með ummælum sínum og þau inngrip inn í eðlilega umræðu í aðdraganda ákvarðana sem nú fer fram.

[15:08]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Það er ekki rétt hjá hv. þm. Það er ekki algengt að hann hafi sitt skjalasafn ekki í lagi. En það er svo í þessu máli að það er ekki rétt hjá honum að Alþingi hafi samþykkt langtímaáætlun sem gerir ráð fyrir því að Austfjarðagöngum ljúki á þessu ári. Síður en svo. (**Gripið fram í:** Á Austfjörðum?) Að göngum á Austfjörðum ljúki á þessari öld. Það er ekki gert ráð fyrir því og langtímaáætlun sem lögð var fyrir Alþingi á sínum tíma var ekki samþykkt hér í þinginu. Þannig að það er ekki rétt. Þegar hann vék að því hér áðan þá var hann að tala um þá miklu fjármuni sem Alþingi hefði ákveðið, ég man ekki hvort hv. þm. sagði 1998 eða 1999, til jarðgangagerðar. Þetta er ekki rétt. Alþingi hefur ekki tekið afstöðu til þess að veita fjármagn til ganga á Austurlandi.

Það er líka misskilningur hjá hv. þm. að niðurstaðan í þeirri jarðganganefnd sem lauk störfum vorið 1993, má ég segja, hafi orðið eintóma. Þótt niðurstaðan hafi orðið sú í marsmánuði 1993 að það skyldi sitja fyrir að leggja jarðgöng frá Seyðisfirði til Mjóafjarðar, frá Norðfirði til Mjóafjarðar og frá Mjóafirði til Egilsstaða, þá gerði sá maður sem hafði komið inn í nefndina sem sveitarstjóri Vopnafjarðar nokkurn fyrirvara. Þótt hann sé kannski ekki sterkur, þá kom þar fram að hann leit svo á að göng til Vopnafjarðar skyldu sitja fyrir. Nú skal ég ekki gera mikið úr því en ég held að það sé alveg nauðsynlegt á hinn bóginn að menn átti sig á að takmarkað fé rennur til vegamála og ef menn leggja áherslu á frekari jarðgangagerð þá er öldungis ljóst að það mun bitna á almennum vegaframkvæmdum í landinu. En mér finnst það ekki vera eðlilegt af hv. þm. að leggja málið þannig fyrir.

Hugsanleg jarðgöng frá Seyðisfirði til Mjóafjarðar eru 5,3 km, 3,9 km frá Norðfirði til Mjóafjarðar og 6,8 km frá Mjóafirði til Egilsstaða upp á Hérað og þá erum við að tala um 6,4 milljarða kr. Til samanburðar rifja ég upp að göngin í gegnum Ólafsfjarðarmúla kosta á verðlaginu í dag um 1,2 milljarða kr. og þótti mikið átak og bitnaði á vegagerð á Norðurlandi að við skyldum ráðast í það verkefni. Vestfjarðagöngin kosta 3,9 milljarða og bitna mjög harkalega á vegagerð á Vestfjörðum þannig að hún hefur setið eftir vegna hluts Vestfjarða í þessum göngum. Og ef við erum að tala um hugsanleg Hvalfjarðargöng þá erum við þar að tala um innan við 4 milljarða kr. Því má ekki gleyma að kjördæmin verða að leggja fram fimmtung kostnaðarins við jarðgöngin og ég er ekki alveg sannfærður um það að ástand vega á Austurlandi sé með þeim hætti að menn þar séu almennt reiðubúnir nú til þess að ráðast í verkefnið á þeim grundvelli að Austfirðingar leggi þar fram nokkuð á annan milljarð kr. Fyrir utan það að það er orðið mjög brýnt að ljúka vegagerðinni milli Norðurlands og Austurlands. Ég vil segja það sem mína almennu skoðun að þó svo að kjördæmaþingmenn séu ákveðnir og sumir haldi því fram að ég gangi úr hófi fram í því sem sumir kalla frekju fyrir mitt kjördæmi, þá hygg ég að menn verði að skilja að það er ekki hægt að ráðast í tvö stórverkefni samtím-

is fyrir hið sama kjördæmi. Það gengur auðvitað ekki.

Á hinn bóginn vil ég vekja athygli á því að samkvæmt þeirri langtímaáætlun sem hv. þm. vísaði til og lýkur á árinu 2002 var ekki gert ráð fyrir því að komast lengra til Norðurlands en svo að Jökuldalurinn kláraðist og svo til Fellabæjar. Það var ekki gert ráð fyrir því að ljúka því á þessari öld og það var heldur ekki gert ráð fyrir því að setja eina einustu krónu í Fjöllin yfir til Norðurlands. Það verkefni var því mjög látið sitja á hakanum svo ekki sé meira sagt.

[15:14]

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka málshefjanda, hv. 4. þm. Austurl., fyrir að hreyfa þessu máli. Ég vil taka undir með honum og mótmæla eindregið vinnubrögðum hæstv. samgrh. varðandi þetta mál og samráði hans við þingmenn og heimaaðila varðandi vegagerð yfirleitt. Það er náttúrlega alveg forkastanlegt á þeim tíma þegar verið er að móta tillögur í þessu máli heima fyrir og reyna að samræma sjónarmiðin og m.a. hefur verið boðaður fundur um það efni núna eftir viku þar sem er mikilvægur tímapunktur í þessu máli, að ráðherra skuli lýsa því yfir við fjölmiðla að þessar framkvæmdir séu blásnar af á þessari öld. Það er þingið sem á að fjalla um þetta mál og það á að endurskoða vegáætlun í vetur og það er hinn rétti vettvangur til þess að móta þessi mál.

Þar að auki vil ég mótmæla þessari staðhæfingu vegna þess að hingað til hefur verið samstaða um það hér í hv. Alþingi hvað sem verður, að það sé nokkur samfella í jarðgangaframkvæmdum og framkvæmdir á Austurlandi komi á eftir Vestfjarðagöngum. Það er náttúrlega ekki við hæfi að hæstv. samgrh. segir þegar komið er að Austurlandi í jarðgangamálum: Það er auðvitað vitað að jarðgangagerð kemur niður á öðrum vegaframkvæmdum landinu. Það hefur alltaf gert það. Það gerði það, eins og hann segir, í hans kjördæmi og það gerir það á Vestfjörðum að sjálfsögðu.

Ég stóð í þeirri meiningu að um þetta væri bærileg samstaða í hv. Alþingi og ég mótmæli þessum buslugangi í undirbúningi þessara mála.

[15:17]

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Hann kemur mér nú satt að segja nokkuð á óvart sá mikli titringur sem orðið hefur í kringum ummæli hæstv. samgrh. Langtímaáætlun liggur reyndar fyrir og það plagg segir nú fyrir um að það er fyrst á þriðja tímabili þeirrar áætlunar sem nær yfir næstu aldamót sem gert er ráð fyrir byrjunarframkvæmdum í gerð vegganga á Austurlandi. Það eru smávægilegar fjárveitingar á hinum tveimur áætlununum sem varða einungis rannsóknir og brýnasta undirbúning. Með öðrum orðum gerir langtímavegáætlun ekki ráð fyrir því að það verði hafnar framkvæmdir við gerð jarðganga á Austurlandi fyrr en um næstu aldamót. Þetta eru nú staðreyndirnar sem liggja fyrir.

Við skulum svo ekki gleyma því, þingmenn Austurlands, að meira að segja við höfum verið með auknar áherslur að því er varðar vegagerð til þeirra staða sem jarðgöngin áttu sérstaklega að rjúfa einangrun við *þannig að nú er búið að byggja upp vel uppborinn veg* til Norðfjarðar og hyllir undir árangur í sambærilegri vegagerð til Seyðisfjarðar. Auðvitað hafa menn með þessum ákvörðunum haft annað augað á því að svo gæti farið að upphaf þessara vegganga gæti eitthvað breyst frá upphaflegum áformum.

Það er svo líka alveg ljóst að Alþingi, þar á meðal þingmenn Austurlandskjördæmis, sem studdu gerð síðustu vegáætlunar hafa líka fallist á breyttar áherslur eða auknar áherslur í vegaframkvæmdum með því að samkvæmt henni var tekin ákvörðun um að rjúfa sambandsleysið við Norðurland. (Forseti hringir.) Um það ætti því ekki að vera neinn ágreiningur okkar á milli.

Virðulegi forseti. Ég lýk nú senn máli mínu. Það vill svo heppilega til að ég hef lagt fram till. til þál. um vegagerð á Austurlandi og það kemur fram í þeirri tillögu, sem verður rædd innan fárra daga, að til þess að koma þar á sambærilegu vegakerfi og er komið núna á í sumum öðrum kjördæmum þurfum við að fá 4 milljarða kr. Það er jafnmikið fé og þarf til þeirra stórframkvæmda sem hafa verið í veggöngum að undanförnu.

[15:20]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég hef deilt þeirri skoðun með hæstv. samgrh. að það sé afar brýnt úrlausnarefni fyrir Norður- og Austurland í samgöngumálum að rjúfa einangrunina sem nú er orðin á milli Norður- og Austurlands þar sem vegagerð yfir Fjöllin austur á Hérað er komin algerlega úr takt við hringveginn að öðru leyti. Ég hef m.a. fylgt þessu eftir, bæði heima fyrir og með tillöguflutningi hér á Alþingi. Ég óttast það hins vegar að með einstrengingslegum vinnubrögðum og strákslegu orðfæri þegar kemur að umræðu um þetta mál sé hæstv. samgrh. að tefja fyrir og skemma fyrir málinu. Það er ekki til þess fallið að ná samkomulagi í máli sem ég geri mér fulla grein fyrir að er viðkvæmt að ganga fram með þeim hætti sem hæstv. samgrh. hefur gert þegar kemur að ummælum hans um bæði um austfirska þingmenn og sjónarmið Austfirðinga almennt í þessu máli. Ég ítreka það, virðulegi forseti, að ég óttast það að með þessum vinnubrögðum sé hæstv. samgrh. að tefja fyrir málinu og í raun að skemma fyrir því að menn nái sameiginlegri viðunandi lausn.

Ég vil svo að lokum, virðulegur forseti, segja það sem mína skoðun að þá fyrst þegar búið er að byggja upp veginn milli kjördæmanna, Norðurlands eystra og Austurlands, og leggja hringveginn allan bundnu slitlagi hefði verið tilefni og ástæða til að blása til fagnaðar og setja upp minnismerki, en ekki bara þegar búið var að ljúka ákveðnum spöl af þessari mikilvægu hringtengingu.

[15:22]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það hefur verið rifjað upp og er ástæða til þess að ítreka að á sínum tíma náðist samstaða milli Vestfirðinga og Austfirðinga um framkvæmdir í jarðgangamálum og að þeir studdu hvorir aðra um framvindu mála. Við nutum stuðnings Aust-

firðinga þegar unnið var að því að fá fram ákvörðun um jarðgöng á Vestfjörðum og þeir aftur njóti stuðnings okkar til þess að ráðist verði í jarðgangaframkvæmdir þar þegar að loknum framkvæmdum á Vestfjörðum. Það er ástæða til þess að halda þessu samkomulagi á lofti því það er greinilegt að hæstv. samgrh. leggur sig töluvert fram um að reyna að hleypa því í uppnám og spilla fyrir því sem mest hann má. Hann verður að eiga það við sig en það hljóta allir að skilja að það er brýnasta verkefnið í vegamálum að tryggja öruggar samgöngur á milli staða þannig að íbúar í byggðarlagi eigi kost á öruggum samgöngum frá sínum stað til annars. Það hlýtur að vera mikilvægara að tryggja að samgöngur séu öruggar þannig heldur en á milli landshluta meðan til eru staðir sem búa við ófullnægjandi öryggi í vegamálum eins og er bæði á Vestfjörðum og Austfjörðum. Hæstv. samgrh. verður þá að svara því hvaða staðir það eru á Íslandi að hans mati sem ekki eru þess verðugir að menn leggi sig fram um það að tryggja öruggt heilsársvegasamband með jarðgöngum eða öðrum sambærilegum hætti. Hann er að ráðast gegn öryggi manna í þessa veru og bjóða upp á lakari kost en menn hafa fram til þessa talað fyrir.

Ég vil svo að lokum, virðulegi forseti, minna á það, fyrst hæstv. ráðherra fór nokkrum orðum um kostnað við jarðgöng á Vestfjörðum og hlut kjördæmisins í því, að ráðherrann hefur gert sitt til þess að gera okkur það óbærilegra en til stóð. Það stóð til og var samþykkt með sérstakri þingsályktun að kjördæmin greiddu sinn hluta á allmörgum árum. Ráðherrann hefur eyðilagt áhrif af þessari þál. og gert kjördæminu að reiða fram sinn hluta á framkvæmdatímanum. Það þýðir að á tveimur árum, virðulegi forseti, er hlutur Vestfirðinga til framkvæmda í kjördæminu rýrður um 400 millj. kr. Það munar um minna.

[15:25]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég ætlaði ekki að blanda mér í þessa umræðu, en eftir að hafa hlýtt á hana um stund, þá held ég að það sé alveg nauðsynlegt fyrir hæstv. samgrh. að þekkja valdmörk sín. Það er ekki hans að ákveða framkvæmdaröð í vegamálum, það er kjarni málsins. Hann þarf ekki að fara að haga sér eins og einhver Napóleon í vegamálum. Það er ákvörðunaratriði fyrir þingmenn viðkomandi kjördæma hvernig þeir vilja haga framkvæmdaröðinni og síðan hefur Alþingi síðasta orðið um fjárveitingar og framkvæmdaröð eftir tillögum viðkomandi þingmannahópa.

Hér er um að ræða tvenns konar nauðsynlegar vegaframkvæmdir og það er sem sagt ekki samgrh. sem á að ákveða það í hvora er ráðist á undan.

Kosningabomba hæstv. forsrh. um 7 milljarða til vegagerðar á næstu árum, sem á að greiðast af bensínkaupendum og á ekki að byrja á því fyrr en eftir nokkur ár, þ.e. ekki fyrr en á næsta kjörtímabili, hljómaði vel þegar hún sprakk en viðtökurnar hafa verið dauflegar svoleiðis að ég veit ekki hvort við getum reitt okkur á að þetta verði niðurstaðan.

Nú veit ég ekki hvernig hv. þm. Austurl. raða framkvæmdum í kjördæminu eða hver þeirra hugur er. Mér kom það hins vegar á óvart þegar hv. þm. Egill Jónsson fór að leggjast gegn jarðgangagerð á Austurlandi. Venjulega hefur hann verið manna kröfustífastur hér fyrir sitt kjördæmi og framkvæmdir þar. Ég átta mig ekki alveg á því hvað hefur skeð, að hann skuli leggjast gegn jarðgangagerðinni. Það getur verið að það sé vilji meiri hluta þingmanna Austurl. og þá verður að búa við það og þá gröfum við jarðgöng bara einhvers staðar annars staðar.

[15:27]

Pétur Bjarnason:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir það sem hérna hefur komið fram að það var eftir því sem ég best vissi fullt samkomulag um það að eftir Vestfjarðagöng yrði hafist handa við jarðgöng á Austurlandi. Ég vil minna á það að jarðgangagerð er ekki gömul hér á landi. Hún hófst kannski að einhverju marki fyrir 30 árum eða svo. Þá var hafist handa við Strákagöng og síðan Oddsskarð. Ég tel að það hafi verið mikil mistök að eftir að við þau mannvirki var hætt, þá var gefist upp. Þess vegna var verkþekkingu ábótavant. Ef við hefðum haldið áfram í smærri stíl þá væri ástand þessara mála betra núna. Ég vil þess vegna taka það fram að ég tel mjög nauðsynlegt að sú verkþekking sem hefur náðst í Vestfjarðagöngum og reyndar í Ólafsfjarðarmúla, og hefur leitt til þess að vinna sem að mestu leyti var framkvæmd af útlendingum er nú að verulegu leyti í höndum Íslendinga, tapist ekki. Við verðum að halda henni við.

Hér hefur komið fram að yfirlýsingar eins og eru á ferðinni í fjölmiðlum um málefni einstakra kjördæma eru tæplega til þess að skapa sátt eða greiða fyrir að mál af þessu tagi fái farsælan endi eða farveg. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem ráðherrann gerir þetta. Við höfum orðið vör við þetta, Vestfirðingar. Á sama tíma, eins og komið hefur fram, og dregið er úr fjármagni til almennra vegaframkvæmda vegna stórframkvæmda sem eiga sér stað á Vestfjörðum þá eru þingmenn auðvitað að reyna að skipuleggja, hagræða og verja þeim knöppu fjármunum sem allra best og þá er mjög óþægilegt eins og henti fyrir ári eða svo að fá yfirlýsingar um nýjan veg í fjölmiðlum án þess að nokkurt frumkvæði kæmi að heiman. Hér er um að ræða Kollafjarðarheiði, sem er fallegur túristavegur. Ráðherrann lét hafa eftir sér í fjölmiðlum að þetta væri vænlegasti kosturinn fyrir Vestfirðinga að ráðast í næst, en ég veit ekki um einn einasta mann af þeim sem þar ráða sem taka undir þau sjónarmið. Yfirlýsingar af þessu tagi eru afskaplega óheppilegar og mjög til þess fallnar að tefja mál og hindra.

[15:30]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þm. þátttöku í þessu og alveg sérstaklega þeim sem hafa hvatt til þess að staðið verði við þau markmið sem fram komu í langtímaáætlun í vegagerð á sínum tíma og sem hæstv. ráðherra var að reyna að gera lítið úr. Þótt hún hafi ekki verið endanlega samþykkt hér á Alþingi þá hefur hún verið til viðmiðunar í sambandi við svona meg-

inmál. Þar segir, með leyfi forseta:

„Á öðru tímabili [þ.e. frá 1995–1998 mun það vera] er gert ráð fyrir að framkvæmdum og greiðslum vegna Vestfjarðaganga og framkvæmdir við Austfjarðagöng hefjist og verði þeim síðan fram haldið á þriðja tímabili."

Á þessu hefur aðeins orðið smáhliðrun, þ.e. þannig að gert er ráð fyrir framkvæmdafjármagni til framkvæmda á Austfjörðum á árinu 1998 þannig að framkvæmdum ljúki skömmu eftir aldamót við þá stórframkvæmd sem þar yrði ráðist í. Allt annað er útúrsnúningur í þessum efnum og fjárveitingar samkvæmt gildandi vegáætlun til rannsókna og undirbúnings þessa máls bera þess vitni að stefnt hefur verið að þessu af bæði þingmönnum kjördæmisins sem og Alþingi sem hefur samþykkt þær fjárveitingar. Þær eru að vísu ekki háar, á árinu 1995 10 millj. kr., árinu 1996 samkvæmt vegáætlun 13 millj. kr., en þurfa síðan að vaxa í ljósi væntanlegra framkvæmda.

Það er ósæmilegt að reyna að hlaupa frá þessum markmiðum og þessari stefnu með því að ala á því að það þurfi að bæta hið almenna vegakerfi í landinu eins og hæstv. samgrh. er að reyna að gera hér. Því miður heyrist mér hann fá einhvern stuðning frá einum úr hópi þingmanna Austurlands í því efni þar sem látið er að því liggja að það sé eitthvað nýtt að það hafi átt að byggja upp nýja vegi til fjarða á Austurlandi sem verið er nú að ljúka við. Sú stefnumótun lá fyrir þegar stefna var mörkuð varðandi jarðgangaframkvæmdir og er þannig ekkert nýtt inn í þetta samhengi.

Spurningin um tengingu á milli Norðurlands og Austurlands, sem auðvitað er stórt mál á sinn hátt, er hins vegar annað mál. Jarðgangaframkvæmdir á Austurlandi hafa allt annað og stærra gildi heldur en spurningin um tengingu á milli landshluta. Á því er enginn vafi. Auðvitað þarf að koma til uppbyggingar á þeim vegi en stefnan hefur hins vegar ekki verið skilmerkilega mörkuð hvar sá vegur eigi að liggja. Það er næsta verkefni sem hæstv. ráðherra ætti að reyna að beita sér fyrir að leyst verði.

[15:33]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Ég er hér með þskj. 961 frá þinginu 1990–1991 og þar kemur þetta allt saman fram um annað og þriðja vegaáætlunartímabil. Þessari langtímaáætlun átti að ljúka árið 2002. Það kemur fram að á þriðja tímabili átti að verja í Jökulsá á Dal 84 millj. kr., árið 2002. Það vantaði helminginn til verksins. Nú er gert ráð fyrir því að ljúka við brúargerð yfir Jökulsá á Dal þegar á næsta ári og hefur verið varið til þess 163 millj. kr. svo vissulega hefur verið ráðist í ný verkefni.

Ef við erum að tala um hvort það hafi verið veitt nægilegt fé á þessari langtímaáætlun til þess að hægt sé að ljúka eftir henni jarðgangagerð á Austurlandi á árinu 2000 þá er hv. þm. ekki að tala um göngin frá Seyðisfirði í Mjóafjörð og Norðfirði í Mjóafjörð og þaðan upp á Hérað því þau göng eru miklu dýrari. Þau kosta 6,4 milljarða kr. En á langtímaáætlun eru eingöngu 2 milljarðar kr. Þannig að ef hv. þm. hefur haft þau göng í huga þegar hann blessaði sinn flokksbróður, samgrh. Steingrím Sigfússon, fyrir örlæti til Austfirðinga þá hefur hann gleymt tveim þriðju, gleymt 4 milljörðum af 6 til þess að hann gæti lokið við þessa jarðgangagerð. Ef hv. þm. var á hinn bóginn að hugsa um jarðgöngin frá Fáskrúðsfirði yfir til Reyðafjarðar eða Vopnafjarðargöng þá hefðu þessir peningar ekki alveg dugað en nokkuð hrokkið til að þeim göngum mætti ljúka.

Ég ætla síðan að segja við þingmenn Vestfirðinga að samkvæmt langtímaáætlun er alls ekki gert ráð fyrir því að Austfjarðagöng komi þegar á eftir Vestfjarðagöngum. Væri náttúrlega rétt fyrir þingmenn, sem ekki voru hér vorið 1991, að fletta upp í þingskjölum áður en þeir fara að blanda sér í umræður af þessu tagi. Og ég vil segja við Pál Pétursson, hv. þm. Norðurl. v., að það er ekki einkamál einstakra kjördæma hversu mikið af stórframkvæmdafé kemur til einstakra framkvæmda. Það er ekki einkamál manna á Austurlandi hvenær ráðist verður í jarðgöng. Það er auðvitað Alþingi sem kveður upp úr um framlögin. En jafnvel samkvæmt langtímaáætlun, sem er biblía hv. fyrirspyrjanda, er ekki gert ráð fyrir að ráðast í jarðgöngin fyrr en á næstu öld.

Fundi slitið kl. 15:36.

---

4. FUNDUR

fimmtudaginn 6. okt.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Jarðhitaréttindi, frv., 6. mál, þskj. 6. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Orka fallvatna, frv., 7. mál, þskj. 7. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Réttur til launa í veikindaforföllum, frv., 8. mál, þskj. 8. — 1. umr.
4. Héraðsdómstóll í skatta- og bókhaldsmálum, frv., 9. mál, þskj. 9. — 1. umr.
5. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 10. mál, þskj. 10. — 1. umr.
6. Virðisaukaskattur, frv., 11. mál, þskj. 11. — 1. umr.
7. Staðgreiðsla opinberra gjalda, frv., 12. mál, þskj. 12. — 1. umr.
8. Viðmiðunarreglur um reiknað endurgjald vegna eigin atvinnureksturs, þáltill., 13. mál, þskj. 13. — Fyrri umr.
9. Notkun steinsteypu til slitlagsgerðar, þáltill., 14. mál, þskj. 14. — Fyrri umr.
10. Átak við að leggja jarðstrengi í stað loftlína, þál-

till., 15. mál, þskj. 15. — Fyrri umr.

11. Mengunarvarnarbúnaður í bifreiðar ríkisins, þáltill., 16. mál, þskj. 16. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Eggert Haukdal, 6. þm. Suðurl.,
Friðrik Sophusson fjmrh.,
Guðmundur Bjarnason, 1. þm. Norðurl. e.,
Halldór Blöndal landbrh.,
Ingibjörg Pálmadóttir, 2. þm. Vesturl.,
Jón Baldvin Hannibalsson utanrrh.,
Margrét Frímannsdóttir, 4. þm. Suðurl.,
Pálmi Jónsson, 2. þm. Norðurl. v.,
Sturla Böðvarsson, 1. þm. Vesturl.

Útbýting þingskjala:

Aðgerðir til að draga úr kynjamisrétti, 38. mál, þáltill. KÁ o.fl., þskj. 38.

Foreldrafræðsla, 39. mál, þáltill. KÁ o.fl., þskj. 39.

Lánskjör og ávöxtun sparifjár, 44. mál, frv. EH o.fl., þskj. 44.

Varðveisla arfs húsmæðraskóla, 40. mál, þáltill. KÁ o.fl., þskj. 40.

Þingfararkaup alþingismanna, 43. mál, frv. EH o.fl., þskj. 43.

Þingsköp Alþingis, 42. mál, frv. TIO o.fl., þskj. 42.

Tilkynning um kosningu embættismanna fastanefnda o.fl.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseta hefur borist eftirfarandi bréf, dags. 5. okt:

„Þingflokkur Framsfl. samþykkti á fundi sínum í dag að tilkynna forseta Alþingis að þingflokkurinn óski eftir því að Jón Helgason taki sæti Valgerðar Sverrisdóttur í félmn. Alþingis, sbr. 16. gr. þingskapa."

Undir þetta bréf ritar fyrir hönd þingflokks Framsfl. Finnur Ingólfsson, formaður.

Ef ekki koma athugasemdir um þessa ráðstöfun skoðast hún samþykkt og tekur þá Jón Helgason sæti Valgerðar Sverrisdóttur í félmn.

Þá hefur forseta borist tilkynning um að efh.- og viðskn. hafi í dag, 6. okt., kosið formann nefndarinnar og varaformann. Formaður er Jóhannes Geir Sigurgeirsson og Vilhjálmur Egilsson varaformaður.

Utanrmn. hefur kosið sér formann Björn Bjarnason og Pál Pétursson varaformann.

Umhvn. hefur kosið sér formann Kristínu Einarsdóttur og Petrínu Baldursdóttur varaformann.

Réttur til launa í veikindaforföllum, 1. umr.

Frv. HG, 8. mál (verkafólk og sjómenn). — Þskj. 8. [10:40]

Flm. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um rétt til launa í veikindaforföllum. Efni þess kemur fram í 1. gr. frv. sem flutt er sem breyting á lögum um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla en þar segir, með leyfi forseta:

„Til forfalla frá vinnu vegna sjúkdóma eða slysa samkvæmt lögum þessum teljast hvers kyns aðgerðir sem taldar eru nauðsynlegar af læknisfræðilegum ástæðum, rannsóknir og önnur meðferð að læknisráði enda þótt launþegi hafi ekki verið óvinnufær við upphaf læknismeðferðar.

Heilbrigðir líffæragjafar njóta réttar til launa í forföllum frá vinnu vegna líffæragjafar í samræmi við ákvæði laga þessara."

Lögð er til hliðstæð breyting á sjómannalögum, nr. 35/1985, þar sem bætt verði við sams konar ákvæðum við 36. gr. þeirra laga.

Markmið þessa frv. er einkum tvíþætt eins og fram kemur í því sem ég las. Annars vegar er lögð til lagabreyting sem stuðlar að því að jafna rétt launþega hér á landi til launa í veikindaforföllum. Hins vegar er lagt til að kveðið verði sérstaklega á um rétt tiltekins hóps manna, heilbrigðra líffæragjafa, og þeim veittur lagalegur réttur til launa sem um veikindaforföll væri að ræða. Þessar breytingar eru lagðar til í ljósi réttarþróunar hér á landi undanfarinn áratug.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar sem tryggja eiga rétt launþega til greiðslu launa í forföllum að læknisráði án þess að gert sé að ófrávíkjanlegu skilyrði að viðkomandi sé óvinnufær. Þá er einnig lagt til að réttur heilbrigðra líffæragjafa verði tryggður sérstaklega eins og fram hefur komið. Enn hefur ekki reynt á rétt þessa hóps fyrir dómstólum en þegar hafa komið upp dæmi um að atvinnurekendur neiti að greiða heilbrigðum líffæragjöfum laun vegna fjarvista þeirra við líffæragjöf, enda þótt margir vinnuveitendur muni væntanlega kjósa að greiða starfsfólki sínu laun í slíkum tilvikum. Þess má geta að árið 1993 voru skráð fjögur tilvik líffæragjafa hjá Íslendingum.

Opinberir starfsmenn hafa fengið viðurkenndan rétt til greiðslu launa vegna forfalla svipaðra þeim og frv. tekur til, eins og vegna tæknifrjóvgunar sem eru að vissu leyti einnig aðgerðir sem einstaklingar velja sjálfir hvort þeir gangast undir. Heilbrigðir líffæragjafar hafa hins vegar algera sérstöðu þar sem þeir gangast heilbrigðir undir aðgerð til að hjálpa þriðja manni, ef til vill ekki beinlínis að ráði læknis, þó að um geti verið að ræða að verið sé að bjarga lífi annars manns. Sú breyting, sem hér er lögð til, á því fyrst og fremst rætur að rekja til mannúðarsjónarmiða.

Það getur verið álitamál hvort það eigi að setja málið fram eins og hér er gerð tillaga um eða nota almannatryggingalöggjöf til þess að reyna að tryggja hliðstæðan rétt og það er auðvitað eitt af því sem til álita er í sambandi við mál af þessum toga.

Réttarþróun undanfarinna ára hefur aukið misrétti milli einstakra hópa launþega hvað varðar rétt til launa í veikindaforföllum. Það byggist annars vegar á því að lögbundinn réttur verkafólks og sjómanna á þessu sviði hefur verið túlkaður mjög þröngt og hins vegar á því

að þessum hópum hefur ekki verið tryggður réttur í samræmi við þróun á sviði nútímalækninga. Þannig má sem dæmi nefna að ýmis fjölmenn samtök launþega, svo sem starfsmenn ríkis og bæja, hafa fengið viðurkenndan rétt til launa í forföllum vegna tæknifrjóvgunar. Sé litið til réttarþróunar er langt frá því að verkafólk og sjómenn njóti slíks réttar og í raun hefur þróunin í heild leitt til þess að verkafólk og sjómenn hafa nú lakari rétt en almennt gerist og lakari rétt en ráða má af lagafyrirmælum. Þannig hafa hugtökin „sjúkdómur" og „óvinnufærni" í lögum nr. 19/1979 og lögum nr. 35/1985 verið túlkuð afar þröngt af dómstólum. Þar hef ég í huga dóma eins og þann sem kveðinn var upp 28. maí 1980 í bæjarþingi Reykjavíkur þar sem deilt var um það hvort frávera vegna aðgerðar sem gerð var á kjálka manns stofnaði rétt til launa frá atvinnurekanda. Ég vísa einnig til dóms héraðsdóms Reykjavíkur frá 6. nóv. 1992 þar sem það sjúkdómstilfelli sem um var að ræða var æðahnútaaðgerð. Benda má einnig á dóm bæjarþings Sauðárkróks frá 30. jan. 1992 þar sem fjallað var um réttarstöðu konu sem þurfti að fara í munnskurðaraðgerð vegna töku endajaxla. Einnig má nefna dóm fyrir bæjarþingi Reykjavíkur frá 17. maí 1990 sem varðaði launakröfur stýrimanns í veikindum, en hann hafði verið með sífellda verki fyrir bringspölum á síðustu ferð skips og hungurverki og verulegt mataróþol á ýmsan mat og leitaði sem sagt læknismeðferðar og vildi fá laun sín tryggð. En við þessu var ekki orðið og útgerðin sýknuð af kröfu hans. Benda má einnig á dóm fyrir bæjarþingi Kópavogs frá 17. okt. 1990 þar sem um var að ræða hjartaþræðingu og fleira mætti til tína eins og dóm fyrir bæjarþingi Reykjavíkur frá 13. febr. 1984 þar sem um var að ræða sjómann, skipverja, sem krafði útgerðina um veikindalaun vegna fráveru sem stafaði af því að hann þurfti að fá nýtt gerviauga.

Svona má tína til fleiri dóma sem fallið hafa gagnvart verkafólki og sjómönnum og það er til þess að slá föstu með löggjöf hver aðstaða slíkra er og til að jafna stöðu launafólks, opinberra starfsmanna, verkafólks og sjómanna að þessu leyti sem þetta frv. er hér flutt.

Dómstólarnir hafa sem sagt komist að þeirri niðurstöðu að lögin tryggi þeim ekki rétt sem að læknisráði gangast t.d. undir hjartaþræðingu og rannsókn vegna magasárs. Vist á heilsuhæli að læknisráði vegna slæmrar vöðvabólgu hefur ekki verið talin veita rétt til launa í veikindaforföllum né heldur fjarvist vegna munnskurðaraðgerðar, kjálkaaðgerðar og ísetningar gerviauga, eins og ég gat hér um áðan. Sama gildir um tæknifrjóvgun sem ekki hefur talist til greiðsluskyldra forfalla enda þótt ófrjósemi kunni að stafa af sjúkdómi en eins og að framan er getið fá opinberir starfsmenn greidd laun í forföllum vegna tæknifrjóvgunar. Þá hafa einnig opinberir starfsmenn fengið greidd laun sem um veikindaforföll væri að ræða vegna áfengismeðferðar í fyrsta sinn þrátt fyrir niðurstöðu Hæstaréttar í dómi 1984 nr. 439, þar sem áfengissýki er ekki talin sjúkdómur og því ekki veita rétt til launa í veikindaforföllum. Hins vegar þótti ekki rétt í frv. þessu að leggja til að atvinnurekendur yrðu í lögum skyldaðir til greiðslu launa í forföllum starfsmanns vegna áfengismeðferðar. Það efni þarfnast að mínu mati sérstakrar athugunar, m.a. vegna þess að skiptar skoðanir eru um hvaða reglur eigi að gilda þar að lútandi.

Virðulegur forseti. Ég hef rakið helstu sjónarmið sem tengjast þessu frv. sem hér er flutt og ég vænti að fái góða athugun á vegum hv. félmn., sem ég legg til að fái þetta mál til meðferðar.

[10:49]

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð til að taka undir þá hugsun sem fram kemur í þessu frv. Ég tel að það sé full ástæða til að taka á þessum málum ekki síst vegna þess að hér hefur verið um mismunandi réttarstöðu launþega að ræða eftir því hvar þeir vinna og það tel ég út af fyrir sig fullgilda ástæðu til þess að flytja frv. af þessu tagi. Mér finnst það líka mjög athyglisvert og í rauninni áhyggjuefni að það skuli ekki veita skýlausan rétt til veikindaforfalla að fara eftir læknisráði inn á spítala vegna hjartaþræðingar eða í rannsókn vegna magasárs eins og fram kemur í grg. frv. Mér þykir líka margt athyglisvert sem fram kemur í grg. um það hvað og hvenær um löglegar fjarvistir vegna veikinda er að ræða eftir því hvar fólk vinnur og einnig eftir því hvað er á ferðinni.

Ég held að það sé óviðunandi að þarna ráði velvilji eða geðþóttaákvarðanir vinnuveitenda. Ég veit að víða hefur sú regla gilt að menn hafa sýnt því skilning hafi menn þurft t.d. að fara í aðgerðir vegna ófrjósemi eða í tæknifrjóvgun. Ef þar er um geðþóttaákvarðanir að ræða þá er það í sjálfu sér mál sem þarf að leysa. Á því er reyndar ekki tekið í þessu frv. og heldur ekki því hvenær og hvort það á að vera skýlaus réttur að fara í áfengismeðferð eins og opinberir starfsmenn geta og fá greidd laun eins og um veikindaforföll væri að ræða alla vega í fyrsta sinn. Jafnvel þó það eigi ekki að fara neitt gáleysislega með þennan rétt fólks til að fá slíka þjónustu, þetta tvennt t.d. tæknifrjóvgun og áfengismeðferð, þá held ég að það væri af hinu góða að setja betri reglur en nú eru, koma því í fastar skorður, þannig t.d. að mat læknis vegi þar þungt og að það sé til þess fallið að jafna rétt fólks á vinnumarkaði.

Ég geri mér fulla grein fyrir að þetta mál er vandmeðfarið og það er alltaf hætta á einhverjum óhöppum eða misnotkun en ég held að í flestum tilvikum sé fólk ekki að fara í aðgerðir eða meðferð af þessu tagi nema full ástæða sé til. Ég held að það sé líka skylda þeirra lækna sem ráðleggja slíkt að þess sé gætt.

Þetta eru einu athugasemdirnar sem ég hef við þetta frv. Ég fagna því að öðru leyti og vonast til að það fái greiða og góða leið í gegnum þingið.

[10:52]

Guðmundur Hallvarðsson:

Virðulegi forseti. Hér er athyglisvert frv. til laga um launakjör verkafólks eða launþega í veikindaforföllum. Um langan tíma hefur réttarstaða almenns launamanns verið nokkuð óviss hvað varðar laun í veikindaforföllum. Eru dæmi um að menn sem aldrei hafa stundað önnur störf en sjómennsku og komnir eru á aldurinn milli fimmtugs og sextugs hafa lent í því að

veikjast eða slasast og staðið þá jafnvel frammi fyrir því að vera útskrifaðir heilbrigðir þó ekki sé að fullu og öllu. En á læknisvottorði hefur þá staðið eitthvað á þá vegu að þeir væru nú ekki sjúkir lengur en hæfir til að gegna skrifstofustörfum en ekki hæfir til að gegna störfum sem sjómenn. Það segir nokkuð til um hve vandinn er víðfeðmur í þessu. Kannski ekki eingöngu það sem snýr að vinnuveitandanum heldur líka hvað snýr að læknastéttinni og starfsstétt viðkomandi. Vissulega getur verið mjög erfitt að meta til hvaða verka maðurinn er hæfur, einkum og sér í lagi finnst mér ekki óeðlilegt að það sé litið til þeirrar vinnu sem hefur verið aðalstarf mannsins um langan tíma.

Hér er eitt atriði líka sem mér finnst rétt að geta um. Flutningsmaður Hjörleifur Guttormsson leggur til að frv. sé vísað til félmn. Hins vegar eru þarna ákvæði sem falla undir sjómannalögin og það er að öllu jöfnu samgn. sem um þau lög fjallar. Því er ekki óeðlilegt að samgn. taki þetta mál til skoðunar jafnhliða félmn.

Bara eitt að lokum. Þetta er hið athyglisverðasta mál og ég tel afar brýnt fyrir launþega að fá um það óyggjandi staðfestingu löggjafans hver sé réttarstaða þeirra í veikindum og ég vona að löggjafanum takist með þessu frv. ásamt ígrundun nefnda Alþingis að afgreiða þetta mál svo viðunandi sé fyrir launþega og fyrir vinnuveitandann svo það fari ekkert á milli mála hverjar séu skyldur atvinnurekandans og hver sé réttur launþegans í slysa- og veikindatilfellum.

[10:55]

Flm. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég þakka þeim tveimur hv. þm. sem hafa rætt þetta mál og lýst yfir stuðningi við það í heild sinni en komið með gagnlegar ábendingar og athugasemdir. Ég tel mjög eðlilegt að þingnefnd gaumgæfi það sem þingmennirnir höfðu fram að færa eins og varðandi tæknifrjóvgun og áfengismeðferð, sem er auðvitað stórt mál og þörf á að skýra réttarstöðu þeirra sem þar eiga hlut að máli. Þar er mismunun til staðar eins og getið er um í greinargerð milli þeirra annars vegar sem hafa fengið viðurkenndan rétt sinn samkvæmt kjarasamningum og annarra sem ekki njóta neinnar lögverndar. En niðurstaðan að nokkuð vel athuguðu máli varð sú að taka það mál ekki upp með beinum hætti hér en vekja hins vegar athygli á því. Sama gildir um tæknifrjóvgun það sem nefnt var af hv. 9. þm. Reykn. um það efni.

Spurningin um samvinnu nefnda við athugun málsins finnst mér alveg réttmæt ábending frá hv. 16. þm. Reykv., að sú þingnefnd sem einkum fjallar um málefni sjómanna fái aðgang að þessu máli og ég treysti því að það verði auðvelt að finna samgang milli félmn. og samgn. um það atriði.

Ég vil svo aðeins nefna að það liggja fyrir álitsgerðir um þessi vandamál sem endurspeglast í þeim fjölmörgu dómum sem ég sumpart nefndi og fallið hafa frá því að lögin frá 1979 um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla voru sett. Ég get nefnt sem dæmi rit eftir Láru V. Júlíusdóttur, fyrrv. framkvæmdastjóra Alþýðusambands Íslands, Réttindi og skyldur á vinnumarkaði, þar sem fjallað er um þessi efni og ýmis fleiri sem um það hafa fjallað. Við athugun málsins var m.a. haft samband við lögfræðing sem hefur fjallað um þessi mál og átt hlut að málum fyrir hönd launafólks og sjómanna, Arnmund Backman, það er skylt að geta þess að hann hefur mikla reynslu af því að fjalla um þessi efni. Síðan eru auðvitað sjónarmið atvinnurekenda sem eðlilega hljóta að koma fram í sambandi við meðferð málsins. Mér þykir því vænt um að heyra að það er góður stuðningur hér frá þeim sem hafa tjáð sig um málið og ég vona að það takist að afgreiða það á þessu þingi og lögfesta.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tilkynning um kosningu embættismanna fastanefnda.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Borist hefur tilkynning um að sjútvn. hafi kosið sér formann og varaformann. Matthías Bjarnason var kjörinn formaður og Steingrímur J. Sigfússon varaformaður.

Þá hefur allshn. einnig kosið sér formann og varaformann. Sólveig Pétursdóttir var kjörin formaður og Gísli S. Einarsson varaformaður.

Héraðsdómstóll í skatta- og bókhaldsmálum, 1. umr.

Frv. JóhS, 9. mál. — Þskj. 9.

Tekjuskattur og eignarskattur, 1. umr.

Frv. JóhS, 10. mál (meðferð skattsvikamála, sektarfjárhæð). — Þskj. 10.

Virðisaukaskattur, 1. umr.

Frv. JóhS, 11. mál (sektarfjárhæð og tryggingar). — Þskj. 11.

Staðgreiðsla opinberra gjalda, 1. umr.

Frv. JóhS, 12. mál (sektarfjárhæð). — Þskj. 12.

og

Viðmiðunarreglur um reiknað endurgjald vegna eigin atvinnureksturs, fyrri umr.

Þáltill. JóhS, 13. mál. — Þskj. 13.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Það hefur komið fram ósk frá hv. 12. þm. Reykv. um að mega mæla samtímis fyrir 4.–8. dagskrármál-

inu, skv. 3. mgr. 63. gr. þingskapa. Ef ekki koma fram athugasemdir um það skoðast það samþykkt.

[10:59]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Á dagskrá þessa fundar eru fimm mál sem öll fjalla um aðgerðir gegn skattsvikum. Sum eru efnislega samhljóða, eins og um hvernig lágmarkssektum verði beitt gegn skattsvikum, þannig að ég tel eðlilegt að mæla fyrir þeim öllum samtímis.

Það þarf ekki að hafa um það mörg orð að skattsvik hér á landi eru mjög mikil, eins og víða annars staðar, og þó ýmislegt hafi verið reynt að gera hér á landi til þess að sporna við skattsvikum þá virðist hægt miða. Ég vil í upphafi minna á að það var á árinu 1984 sem voru lagðar fram á Alþingi tvær tillögur, annars vegar tillaga um að kanna umfang skattsvika og hins vegar um aðgerðir stjórnvalda gegn skattsvikum. Síðar starfaði nefnd á árunum 1992 og 1993 til þess að kanna aftur umfang skattsvika og það er nokkuð athyglisvert að í þessum tveim könnunum sem hafa farið fram um umfang skattsvika þá virðist niðurstaðan vera sú sama. Þær eru gerðar með átta ára millibili og er niðurstaðan sú að ríkissjóður verði af skatttekjum vegna undandráttar í skatti upp á 11 milljarða kr. Þannig að það virðist lítill árangur verða. Og jafnvel þó að það hafi verið gripið til ýmissa aðgerða eins og t.d. að efla embætti skattrannsóknarstjóra, einfalda skattkerfið, fækka frádráttarliðum, taka upp kerfisbreytingu, sem var virðisaukaskattur í stað söluskatts, þá virðist þetta vera niðurstaðan að skattaundandráttarinn virðist vera hinn sami. Er ég ekki þar með að gera lítið úr því að það er alveg ljóst að skatteftirlitið hefur skilað engu að síður nokkrum árangri, en það virðist vera svo að skattsvikarar finni alltaf nýjar leiðir til þess að komast undan skatti.

Við erum ekki að tala um neinar smáupphæðir hér þegar um er að ræða 11 milljarða kr. sem ríkissjóður verður af. Það er sama upphæð og kostar ríkissjóð að reka allt skólakerfið. Þetta eru 4 milljörðum kr. hærri upphæð heldur en rekstur félmrn. kostar, sem er þó með stóra og viðamikla málaflokka eins og Atvinnuleysistryggingasjóð og húsnæðiskerfið. Þannig að það er mjög brýnt að Alþingi geri það sem í þess valdi stendur til þess að grípa til aðgerða og stuðla að lagabreytingum sem geti bætt þetta ástand.

Það er alveg ljóst að skattsvik eru mjög alvarlegt brot og hafa valdið miklu tjóni og lamað siðferðisþrek þjóðarinnar og það gengur auðvitað ekki að stór hópur manna komist upp með skattsvik. Það er mín skoðun að með skattsvikamál verði að fara eins og hvert annað alvarlegt afbrot í þjóðfélaginu og taka á þeim af fullri hörku, en það finnst mér ekki hafa verið gert eins og ég mun koma að síðar.

Ég vil, áður en ég held lengra, vísa til þess sem fram kemur í Alþýðublaðinu í morgun, í forustugrein, þar sem talað er um skattsvikin. Þar er farið um það nokkrum orðum að sú sem hér stendur hafi setið á þingi frá 1974, stendur nú hér, og sem ráðherra síðustu sjö árin og á þeim tíma hafi ég haft alla möguleika til þess að koma fram málum í ríkisstjórn sem vörðuðu harðara eftirlit með skattsvikum en enginn kannist við að slík málaleitan frá undirritaðri hafi strandað á andstöðu meðráðherra. Ég tel alveg fulla ástæðu til þess að fara um þetta nokkrum orðum, ekki síst þar sem síðar í þessum leiðara kemur fram að sú sem hér stendur ber ekki síst ábyrgð á því að ekki hafi verið meira gert í þessum málum.

Ég vil minna á það að þær tvær tillögur sem voru fluttar 1984 flutti ég ásamt fleirum og það er ýmislegt sem hefur verið gert í samræmi við þáltill. um aðgerðir stjórnvalda gegn skattsvikum. Það hefur t.d. verið fjölgað sérhæfðu starfsliði við embætti skattrannsóknarstjóra og það fór fram endurskoðun á fyrirkomulagi söluskattskerfisins eins og þar var lagt til. Það hafa verið í undirbúningi nauðsynlegar breytingar á bókhaldslögum og var lagt fram um það frv. á síðasta þingi, þó það hafi ekki orðið að lögum. En það sem ekki hefur verið framkvæmt er að beita í auknum mæli sjálfvirkum sektarákvæðum og hækkuðum sektum og það hefur ekki verið ráðist í það sem Alþingi ályktaði þó, að stofna sérdeild við Sakadóm Reykjavíkur sem taki til meðferðar skattsvikamál.

Af því að Alþýðublaðið heldur því nú fram að ég hafi ekkert gert sem ráðherra í þessu máli þá er það rangt vegna þess að ég á hér í mínum fórum nokkur minnisblöð sem ég hef sent mínum samráðherrum, einkum í tengslum við fjárlagagerðina. Þegar komið hafa fram tillögur um að skerða ýmsa félagslega þjónustu þá hef ég lagt fram ýmsar tillögur til þess að taka á skattsvikamálum. Ég er m.a. með tvö minnisblöð frá 1992 sem voru send forsrh. og samráðherrum mínum í ríkisstjórn þar sem ég tek einmitt á því lið fyrir lið hvað ég tel að eigi að gera til þess að taka á skattsvikamálum og í þeirri upptalningu er m.a. að finna þau atriði sem ég nú flyt í frumvarpsformi en náðu þá ekki fram að ganga. Þannig að ég vísa því til föðurhúsanna sem stendur í leiðara Alþýðublaðsins, sem mér finnst nú oft ekki marktækur.

Nefnd sem kannaði umfang skattsvika og tillögur um aðgerðir gegn þeim skilaði áliti 1993. Það er margt athyglisvert sem þar kemur fram. Ég vil með leyfi forseta vísa til þess sem fram kemur í þessari skýrslu, þar sem nefndin fjallar um árangur skatteftirlits og skattrannsókna. Þar segir svo, með leyfi forseta:

„Breitt bil er milli refsiheimilda skattalaga annars vegar og réttarframkvæmda hins vegar. Dómar í skattsvikamálum verða að teljast vægir í samanburði við refsidóma vegna ýmiss konar auðgunarbrota og annarra fjármunabrota. Ástæður eru ekki ljósar en viðhorf almennings og jafnvel afstaða réttarkerfisins gagnvart skattsvikum virðist vera á þann veg að vægar sé litið á slík brot en rétt er að mati nefndarinnar. Héraðsdómstólar, en þó einkum Hæstiréttur, hafa í dómum sínum dæmt sektir sem eru töluvert lægri en það skattundanskot sem sannað hefur verið. Varnaðaráhrif slíkra dóma hljóta að vera hverfandi lítil og gefa almenningi tilefni til að ætla að brot gegn skattalögum séu ekki eins ámælisverð og önnur fjármunabrot. Nefndin er þeirrar skoðunar að á þessu ástandi verði óhjákvæmilega að verða breyting."

Síðan er athyglisvert sem kemur fram hjá nefndinni að hún segir að líklegt sé að ótti manna við skatteftirlit og skattrannsóknir hafi sífellt minnkað hin síðari ár. Áhættan af skattsvikum hefur ekki verið mikil því líkur á að upp komist um þau eru ekki verulegar.

Þetta er náttúrlega mjög alvarlegt sem hér er sett fram, að það sé staðhæft hér að líkur til þess að upp komist um alvarleg skattsvikamál séu ekki verulegar.

Síðan er sagt: „Þannig má leiða líkur að því að ótti við ranga skýrslugerð sé ekki umtalsverður af hálfu þeirra sem stunda skattsvik."

Mér finnst mjög alvarlegt þegar þetta er sett fram með þessum hætti, en í tillögu nefndarinnar eru lagðar fram ýmsar tillögur til úrbóta.

Í niðurstöðu nefndarinnar kemur fram að nefndin hafi lagt fram ítarlegar tillögur til úrbóta á þessu ástandi og segir síðan, með leyfi forseta:

„Ljóst er þó að hert skattframkvæmd með auknum mannafla til skattrannsókna og skatteftirlits ásamt hertum refsingum við skattsvikum eru þær tillögur sem mestu máli skipta ef stemma á stigu við því ástandi sem nú er. Því miður bendir margt til að það hafi versnað á undanförnum missirum að mati þeirra sem til þekkja. Stefnumörkun fjmrn. þarf af þeim sökum að vera virkari og einbeittari en verið hefur. Jafnframt er mikilvægt að það takist að auka skilning skattaðila á réttum skattskilum og draga þannig úr áráttu allt of margra einstaklinga til skattsvika.

Skattsvik eru útbreidd lögbrot hér á landi og alvarleg þjóðfélagsleg meinsemd. Skattsvikin særa réttlætiskennd fólks og þegar stór hópur manna kemst undan því, með býsna opinskáum hætti, að fara að lögum veikir það trú á því að við lýði sé réttarríki hér á landi. Skattsvikin skekkja aðstæður til samkeppni í atvinnulífinu og hefta í mörgum tilfellum eðlilega og æskilega framþróun fyrirtækja og jafnvel heilla atvinnugreina. Opinberir aðilar verða af umtalsverðum skatttekjum vegna skattsvika og fyrir vikið þurfa skattgreiðendur nú og í framtíð að bera þyngri byrðar en ella."

Virðulegi forseti. Ég hef því leyft mér að leggja fram nokkur mál sem öll miða að því að herða aðgerðir gegn skattsvikum og fara nýjar leiðir og grípa til nýrra aðgerða til að taka á þessu máli. En kjarninn í þessum málum sem ég flyt er að skattsvikurum verði sýnd aukin harka og að málsmeðferð skattsvikamála verði gerð skilvirkari.

Ég vil nefna það að í tillögum nefndarinnar sem ég hef verið að vitna til frá 1993 er einnig tekið á þessum málum sem ég hér flyt. Það eru tvær tillögur sem ég hef tekið upp sem nefndin mælir með og flutt í frumvarpsbúning. Það er að endurskoða viðmiðunarreglur um reiknað endurgjald vegna eigin atvinnureksturs og sjálfstæðrar starfsemi og að lágmarkssektir við skattsvikum verði hækkaðar.

Að öðru leyti flyt ég þrjú mál sem eru um það að komið verði á fót sérstökum skattadómstól. Embætti skattrannsóknarstjóra verði gert að rannsaka mál að opinberum hætti og unnt verði að krefjast ábyrgða vegna innskattsgreiðslna.

Ef ég vík fyrst að fyrsta málinu, sem er frv. til laga um sérstakan héraðsdóm í skatta- og bókhaldsmálum, þá hefur þetta mál komið áður fyrir Alþingi. Að vísu ekki í sama búningi og nú. Það er í fyrsta lagi að það er sennilega á árinu 1978 að flutt er mál af Vilmundi Gylfasyni og þeirri sem hér stendur um sérstakan dómara og rannsóknadeild í skattamálum og bókhaldsmálum. Þetta mál miðaði að því sama, eins og hér er lagt til, þó með nokkrum öðrum hætti sé lagt til í þessu frv. sem hér er til umræðu. Og í þeirri tillögu sem var samþykkt á Alþingi, þar sem fram komi vilji Alþingis, á árinu 1984, kom fram að stofnuð yrði sérdeild við Sakadóm Reykjavíkur til þess að taka á skattsvikamálum. En þrátt fyrir þetta hefur ekkert verið gert að því er varðar það mál.

Ég tel að með stofnun sérstaks skattadómstóls yrði stigið stórt skref í þá átt að gera meðferð skattsvikamála í sem mestum mæli opinbera, en ég tel að það sé veigamikil forsenda fyrir því að takast á við þetta mikla umfang skattsvika. Ég tel að slík meðferð veiti miklu meira aðhald og varnaðaráhrif gegn skattsvikum. Meðferð skattsvikamála mun ganga greiðar fyrir sig hjá sérstökum skattadómstól en almennum dómstólum sem eru ofhlaðnir störfum og skattsvikamál geta því verið að velkjast í dómskerfinu árum saman. Það er staðreynd að dómskerfið er seinvirkt og þar vantar starfskrafta með sérþekkingu í skattskilum og reikningshaldi til þess að taka á þessum málum. Því hefur sú leið verið valin og farin gegnum árin að senda flest mál til einfaldrar sektarmeðferðar hjá yfirskattanefnd, sem áður var ríkisskattanefnd, en ekki til opinberrar meðferðar dómstóla.

Þegar skoðuð eru t.d. árin 1985 til 1991 þá voru 16 mál send til opinberrar rannsóknar á meðan á sama tíma eru 134 mál send til ríkisskattanefndar til sektarmeðferðar. Þannig að tilhneigingin er að senda málin frekar til þessarar skattanefndar, yfirskattanefndar nú, heldur en til dómstólanna og ég hygg að það sé vegna þess að dómstólakerfið er mjög svifaseint í þessum málum.

Ég bendi einnig á að það verður kannski að teljast óeðlilegt að það sé skattrannsóknarstjóri sem einn taki ákvörðun um það hvort mál séu send yfirskattanefnd til meðferðar eða hvort þau séu send til opinberrar meðferðar hjá dómstólum. Hjá yfirskattanefnd taka þessi mál, skattsvikamálin, um þrjá til sex mánuði, en það er algengt að hjá dómstólunum taki þau tvö til þrjú ár, þó það megi finna dæmi um styttri tíma. Við höfum einnig fyrir okkur dæmi í dómskerfinu um að skattsvikamál taki mörg ár og þar eru líka tilvik sem sýna okkur að öll brot eru löngu fyrnd þegar kemur að dómi í skattsvikamálum. Því tel ég að með stofnun sérstaks héraðsdóms í skattsvikamálum taki mál miklu styttri tíma og þurfi varla að taka þar lengri tíma en nú gerist hjá yfirskattanefnd. En ljóst er að slík opinber meðferð veitir miklu meira aðhald gegn skattsvikum eins og ég hef sagt.

Í frv. er lagt til að héraðsdómur í skatta- og bókhaldsmálum verði stofnaður og opinber mál vegna brota á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, virðis-

aukaskatt, staðgreiðslu opinberra gjalda, tryggingagjald og lög um bókhald sem og vegna brota á reglugerðum og öðrum stjórnvaldsákvörðunum skuli rekin og dæmd fyrir þessum sérstaka héraðsdómi í skatta- og bókhaldsmálum. Lagt er til að dómarar í héraðsdómi í skatta- og bókhaldsmálum verði þrír og það er vegna umfangs og fjölda skattsvikamála sem það er gert. Síðan er bent á að auk þess geti komið til að það kunni að vera lögbundin nauðsyn að þrír dómarar dæmi í einstaka málum þegar um mjög flókin og alvarleg skattsvikamál er að ræða. Auk þess er áskilið að dómarar, sem skipaðir eru við sérstakan héraðsdóm í skatta- og bókhaldsmálum, verði að hafa sérþekkingu á skattskilum og reikningshaldi. Kveðið er á um að öll skattsvikamál skuli rekin fyrir dómnum nema mál sem sætir refsimeðferð af hálfu yfirskattanefndar. Tekið er fram að hugsanlega geti aðrir aðilar eins og sýslumenn sent mál til dómsins.

Einnig er kveðið á um að ríkissaksóknari geti í þeim tilvikum sem ætla má að sökunautar hafi gerst brotlegir um aðra refsiverða háttsemi er lýtur að skattsvikamálum sent málið til framhaldsmeðferðar fyrir almennum héraðsdómi. Athafnir héraðsdóms í skatta- og bókhaldsbrotum, svo sem varðandi þingfestingu, fyrirtekt og fleira, skulu þó engu að síður halda gildi sínu.

Virðulegi forseti. Í lokin er ákvæði til bráðabirgða þess efnis að mál sem þingfest hafi verið fyrir almennum héraðsdómstólum fyrir gildistöku laga þessara skulu rekin þar áfram.

Ég tel ekki ástæðu, virðulegi forseti, til að hafa frekari orð um þetta mál og ég sný mér að frv. til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt og frv. til laga um breytingu á staðgreiðslu opinberra gjalda. Þau eru efnislega samhljóða að meginhluta til og er meginefni og innihald þeirra að sett verði ákvæði um sektarlágmark vegna skattsvika. Það er einu sinni svo að það vantar ekki ákvæði í lög sem heimila að beita mjög háum sektum við skattsvikum en staðreyndin er sú að þeim er mjög vægilega beitt. Um er að ræða að í lögum er heimilt að beita í sekt allt að tífaldri þeirri fjárhæð sem undan er dregin en þegar litið er á hvernig þessum sektarákvæðum er beitt þá er ljóst að það er aðeins um að ræða brot af þeirri fjárhæð sem undan er dregin frá skatti sem beitt er sem skattsekt.

Í skýrslunni, sem ég hef verið að vitna til um umfang skattsvika, kemur fram að sektir sem undirréttur hafi dæmt í þessum málum sem hlutfall af skattsvikum hafi verið frá 17%–116% og sektir Hæstaréttar sem hlutfall af skattsvikum einungis frá 7–68%. Allir sjá að þegar svo lágum fjárhæðum er beitt í skattsvikamálum veitir það mjög lítið aðhald. Í hæsta lagi er þar er um að ræða sömu fjárhæð og skotið er undan.

Í því frv., sem ég legg hér fram, er gerð tillaga um að sett sé ákveðið lágmark í þessu skyni sem nemi þrefaldri þeirri fjárhæð sem undan er dregin að lágmarki og allt að tífaldri þeirri fjárhæð sem undan er dregin að hámarki. Nefndin sem kannaði umfang skattsvika tekur í reynd undir það að þessu ákvæði skattalaga sé mjög mildilega beitt. Það kemur einmitt fram þegar hún fjallar um það að líklegt sé að ótti manna við skatteftirlit og skattrannsóknir hafi sífellt minnkað hin síðari ár og áhættan af skattsvikum hafi ekki verið mikil. Þess vegna tel ég fyllilega ástæðu til þess að setja slíkt lágmarksákvæði. Auðvitað geta mennirnir þá deilt hvar slíkt gólf eigi að liggja, hvort það eigi að vera tvöföldun eða þreföldun, en það er tillaga mín í þessu frv. að um þreföldun verði að ræða. Með frv. þessu er því lagt til að tiltekið refsilágmark verði lögfest og einnig að málsmeðferð skattsvikamála hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins verði háð meðferð opinberra mála.

Ég tel að með því að beita slíku refsilágmarki tryggi það betur að refsiákvæðum skattalaga sé beitt á þann hátt að þau veiti raunverulegt aðhald gegn skattsvikum samhliða því að skattrannsóknir verða að hætti opinberra mála sem á að tryggja að fleiri skattsvikamál sæti refsimeðferð fyrir dómi. Ég tel að það sem kemur fram í frv. sé raunverulega í samræmi við vilja Alþingis, sem kom fram fyrir 10 árum, þ.e. árið 1984, þar sem Alþingi ályktaði um að það ætti að herða alla beitingu á þessum sektarákvæðum en það virðist ekki hafa verið gert.

Ég tel ekki ástæðu til að fara frekari orðum um frv. en vil þó aðeins víkja að 5. gr. Samkvæmt gildandi lögum fer rannsókn skattsvikamála fram hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins, endurákvörðun opinberra gjalda fer fram hjá ríkisskattstjóra nema hann feli hana skattstjóra og refsiþáttur mála er að meginstefnu til einnig afgreiddur í skattakerfinu, þ.e. hjá yfirskattanefnd. Í samræmi við þessa meginstefnu laganna er meðferð mála hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins, stjórnsýslumeðferð og í frv. þessu er lagt til að mál sem skattrannsóknarstjóri ríkisins tekur til rannsóknar skuli sæta meðferð opinberra mála. Þá er jafnframt lagt til að þegar rannsókn mála hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins sé lokið skuli mál send til ríkisskattstjóra. Þegar um minni háttar mál er að ræða skulu þau sæta refsimeðferð í skattkerfinu, þ.e. hjá yfirskattanefnd. Með þessum hætti er stefnt að því að meginreglan verði sú að skattsvikamál sæti úrlausn dómstóla. Breytingin hefur vafalítið meiri skilvirkni á rannsókn á málsmeðferð í för með sér þar sem mál fara strax til ákæruvalds en þurfa ekki að lokinni rannsókn hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins að sæta opinberri rannsókn hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins eins og nú er.

Ég vil þá, virðulegi forseti, víkja að frv. til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt. Það er efnislega samhljóða frv. um tekjuskatt og eignarskatt og um staðgreiðslu opinberra gjalda er varðar þann þátt sem ég hef gert að umtalsefni og kveður á um hvernig beita eigi sektarákvæðum skattalaga, þ.e. að þarna verði sett ákveðið gólf.

Í frv. þessu er einnig annað ákvæði sem fjallar um það að skattstjórum sé heimilt að krefjast tryggingar vegna endurgreiðslu virðisaukaskatts úr ríkissjóði. Ég tel mjög mikilvægt að allar leiðir séu skoðaðar til að sporna gegn því að skattsvikarar finni leið til þess að fara fram hjá virðisaukaskattskerfinu. Því tel ég brýnt að á þessu sé tekið og reynt að finna leiðir til að bæta

þar úr. Ein leiðin er sú, sem hér er lögð til, þ.e. að krefjast tryggingar gegn endurgreiðslu virðisaukaskatts úr ríkissjóði. Á það er bent í greinargerð með frv. að dómar hafi gengið vegna sviksamlegrar háttsemi manna við að fá virðisaukaskatt ranglega greiddan úr ríkissjóði. Hér er um nýja tegund skattsvika að ræða og hætta á misferli veruleg.

Uppbygging skattsins er þannig að innskattur getur alloft orðið hærri en útskattur. Oft á tíðum hafa aðilar því fengið umtalsverðar fjárhæðir ranglega endurgreiddar áður en í ljós hefur komið að um skattsvik hefur verið að ræða. Nauðsyn beri til að sporna við tilhneigingu af þessu tagi og því er gert ráð fyrir að unnt verði að krefja aðila sem fá greiddar verulegar fjárhæðir úr ríkissjóði um tryggingu, t.d. bankaábyrgð eða veðsetningar. Með þeim hætti ættu hagsmunir ríkissjóðs að vera betur tryggðir ef í ljós kæmi að forsendur endurgreiðslu virðisaukaskatts ættu ekki rétt á sér. Þá verður að telja líkur á að unnt verði að draga úr tilhneigingu af þessu tagi þegar aðilar þurfa að leggja fram tryggingar. Þessu ákvæði mætti beita þegar innskattur er að jafnaði hærri en útskattur. Er gert ráð fyrir að nánar verði kveðið á um í reglugerð hvernig að þessu skuli standa. Gróft má áætla að um 10% framteljenda virðisaukaskatts fái endurgreiddan virðisaukaskatt þegar innskattur reynist hærri en útskattur en það er í þeim tilvikum þegar um er að ræða fjárfestingar, útflutning eða breytingu á eignarhaldi.

Þá vil ég, virðulegi forseti, í lokin víkja að þáltill. sem kveður á um endurskoðunarviðmiðunarreglur um reiknað endurgjald vegna eigin atvinnureksturs eða sjálfstæðrar starfsemi. Um þetta mál hefur verið nokkuð fjallað á Alþingi og m.a. í tengslum við fyrirspurn Rannveigar Guðmundsdóttur um skattframtöl á 116. löggjafarþingi en þar spurði þingmaðurinn um hve stór hópur skattgreiðenda fékk áætlaðan skatt árin 1991 og 1992 og komu þar fram mjög athyglisverð svör.

Tillagan felur í sér að fela fjmrh. að skipa nefnd með aðild skattyfirvalda og aðila vinnumarkaðarins sem hafi það verkefni að endurskoða viðmiðunarreglur um reiknað endurgjald vegna eigin atvinnureksturs eða sjálfstæðrar starfsemi og kanna hvort rétt sé að lögfesta slíkar reglur eða setja þær í reglugerð og við það skuli miða að breyttar viðmiðunarreglur taki gildi 1. janúar 1995. Nefnd sú sem kannaði umfang skattsvika tekur mjög undir það að þetta reiknaða endurgjald verði tekið til endurskoðunar frá grunni og er vísað í það í greinargerð með tillögunni. Í skýrslu nefndarinnar kemur fram að með öllu sé ótækt að viðmiðunarreglurnar séu notaðar með þeim hætti að það sé mun lægri en meðallaun launþega í sömu starfsgrein. Auðvitað er mjög alvarlegt ef svo er og gerir nefndin það að tillögu sinni að reiknuð viðmiðunarlaun verði í heild sinni tekin til endurskoðunar og hækkuð mjög verulega þannig að þau verði eigi lægri en meðallaun í viðkomandi starfsgrein. Því tel ég að það þurfi að fara ofan í þessi mál. Í þeim tilgangi er tillagan flutt.

Fyrirkomulagið nú er með þeim hætti að ríkisskattstjóri ákveður lágmark reiknaðs endurgjalds samkvæmt viðmiðunarreglu sem hann ákveður. Það er spurning hvort það sé rétt að hafa þetta með þeim hætti að ríkisskattstjóri einn taki ákvarðanir um hvernig þessar viðmiðunarreglur skuli vera og hvort ekki sé rétt að festa í reglugerð eða löggjöf hvernig með skuli fara. Staðreyndin er sú að viðmiðunarreglurnar hafa ekki breyst í 13 eða 14 ár og einungist tekið breytingum í samræmi við þróun tekna og launa í viðkomandi starfsgrein. Að vísu er þó undanskilið árið 1992 en þá voru samþykktar á Alþingi breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt þar sem ríkisskattstjóra var gert að hækka reiknað endurgjald um 15% á þessum þáttum. Engu að síður segir nefndin að þrátt fyrir þessa hækkun sé ekki nóg að gert og þetta þurfi að endurskoða frá grunni. Fjöldi þeirra einstaklinga, sem reiknuð voru endurgjöld, var um 25 þúsund á sl. ári og heildarfjárhæð reiknaðs endurgjalds er rúmlega 15 milljarðar kr.

Allmargir framteljendur eru með reiknað endurgjald vegna hlutastarfs og því er meðaltalið mjög lágt í þessu ef reynt er að reikna það út og það skekkjir náttúrlega þessa meðaltalsútreikninga. Á hinn bóginn eru hæstu viðmiðunarmörk fyrir ýmsa sjálfstætt starfandi aðila, svo sem löggilta endurskoðendur, tannlækna, lögmenn og fleira, ákaflega lágt reiknuð. Ef við skoðum þessi viðmiðunargjöld þá eru þau frá að mig minnir 90 þús. kr. á mánuði núna upp í liðlega 256 þús. kr. Þannig að ég tel að það standi allar forsendur til þess að skoða þetta frá grunni.

Virðulegi forseti. Ég hef farið yfir þau mál sem ég hef lagt fram sem miða að því að taka skattsvik föstum tökum sem ég tel að allir þingmenn hljóti að vera sammála um að gert verði þó menn geti kannski greint á um hvaða leiðir skuli fara í því efni. Ég vænti þess að þessi mál fái meðferð hér á þingi og verði afgreidd þannig að við getum búið við löggjöf sem veitir meira aðhald en nú er gegn skattsvikum. Ég legg til, virðulegi forseti, í lokin að þessum málum öllum verði vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

[11:31]

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég get tekið undir það með hv. ræðumanni að allir viljum við þingmenn að dregið sé úr skattsvikum og gerðar séu ráðstafanir til að uppræta þau. En ég held hins vegar að frv. hv. þm. um sérstakan héraðsdóm í skatta- og bókhaldsmálum sé tímaskekkja miðað við þau lög sem sett hafa verið um dómstólana og héraðsdómstólana þar sem stefnt hefur verið að því að fækka sérdómstólum og fella þá undir héraðsdómstóla. Ég geri mjög miklar athugasemdir við það að flutt sé frv. í þessum dúr. Það kann að hafa átt rétt á sér að árið 1979 að vera uppi með hugmyndir um þetta en síðan þá hefur dómstólakerfinu verið gjörbreytt og m.a. með það að markmiði að fella niður sérdómstóla eins og þann sem hér er lagt til að komið verði á fót.

Auk þess geri ég athugasemd við það, virðulegi forseti, að þessum málum öllum sé vísað til efh.- og viðskn. Ég tel að frv. um sérstakan héraðsdóm í skatta- og bókhaldsmálum eigi heima í allshn. enda fjallar hún um dómstólakerfið í landinu.

[11:33]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel að þau rök sem hv. þm. teflir hér fram þar sem hann lýsir andstöðu sinni við sérstakan héraðsdóm í skatta- og bókhaldsmálum séu hreinlega ekki gild. Einu rökin sem hann teflir fram eru að það sé stefnt að því að fækka þessum dómstólum. Við höfum fyrir okkur staðreyndir í þessu máli, hvernig dómskerfið hefur virkað í þessum málum, hve mikil seinvirkni hefur verið í dómskerfinu í þessum málum og hve mörg ár það hefur tekið að fá meðferð á skattsvikamálum. Ég tel því að það standi öll efni til þess í þessum sérstöku málum, sem eru skattsvikamál sem okkur ber að taka á af fullri hörku, að málin verði rekin fyrir sérstökum dómstóli.

[11:34]

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég er ekki að boða neina nýja stefnu með því að mæla með því að fallið sé frá slíkum sérdómstólum. Alþingi hefur mótað þessa stefnu með einkamálalögunum og lögunum um opinbert réttarfar og héraðsdómstóla. Þar var t.d. ákveðið að fella niður sérstakan fíkniefnadómstól og siglinga- og verslunardómstól. Ég held að eini sérdómstóllinn sem unnt er að tala um núna sé félagsdómur enda er hann byggður upp með alveg sérstökum hætti þannig að ég tel að þetta sé tímaskekkja. Ef menn sjá hins vegar nauðsyn þess að efla styrk dómstóla til að fjalla um mál af þessu tagi og flýta málsmeðferð þá á frekar að beina athyglinni að því að sérmennta lögfræðinga á þessu sviði og styrkja dómstólakerfið með þeim hætti til þess að takast á við þessi mál.

Það hafa verið gerðar ráðstafanir í því skyni, m.a. með ráðningu sérfræðinga til saksóknara ríkisins, og á öðrum sviðum. Ég mundi hallast að því að Alþingi beitti sér frekar fyrir því í þessum málum ef það er mat þingmanna að gera þurfi sérstakt átak innan dómstólakerfisins, að beina athyglinni að því að sérmennta lögfræðinga og aðra til þess að glíma við þessi vandmeðförnu mál en það sé ekki rétta skrefið að brjóta upp þær meginreglur sem við mótuðum með samþykkt laga um breytt dómstólakerfi sem hafa verið afgreidd á nýafstöðnum þingum.

[11:36]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Þau þingmál sem hv. 12. þm. Reykv. hefur mælt fyrir í einu lagi eru allmörg og viðamikil og ég tek undir það með henni að það er vissulega nauðsyn aðhalds og eftirlits í öllum þessum skattamálum sem hún kemur hér inn á. Það fer ekki hjá því að 12. þm. Reykv. hlýtur að hafa sem fyrrv. ráðherra góða yfirsýn yfir þessi mál. Ég vil einnig í framhaldi af því nefna það, sem mér fannst reyndar ekki koma fram í hennar ræðu, að í fjárlagafrv. síðasta árs, þ.e. fjárlögum yfirstandandi árs, eru einnig tugir millj. kr. ætlaðir til herts skatteftirlits. Samkvæmt því sem upplýst hefur verið um stöðu fjárlaga nú þá hefur þetta skatteftirlit skilað sér allvel því tekjur ríkisins einmitt í sköttum eru miklu mun meiri en fjárlögin á þessu ári höfðu gert ráð fyrir. Trúlega hafa því þær milljónir sem voru lagðar til herts skatteftirlits skilað sér nokkuð vel. Enda held ég að allir nefndarmenn í fjárln. hafi verið sammála um að það þyrfti að leggja aukið fé í það.

Hv. þm. nefndi áðan í 13. máli um viðmiðunarreglur um reiknað endurgjald að það þyrfti að endurskoða lög um reiknað endurgjald eða breyta viðmiðunarreglum. Hún nefndi þar að þessar viðmiðunarreglur gerðu ráð fyrir því að viðmiðunargjald væri á bilinu frá 90 þús. til 256 þús. kr. og að það væri yfirleitt of lágt. Ég get tekið undir það með henni að í sumum tilfellum er það vissulega of lágt. Ég þekki dæmi um ýmsar greinar atvinnurekstrar þar sem ég tel að þetta sé of lágt. Hins vegar held ég að þetta þurfi jafnframt að skoða, og það er ábending, hjá þeim sem eru að hefja atvinnurekstur. Þá erum við einnig að tala um það að við viljum gjarnan efla atvinnulífið og að sem flestir fari út í atvinnurekstur sem telja sig hafa möguleika til þess. En reglurnar eru þannig að um leið og fólk byrjar atvinnurekstur verður það að fara að greiða þetta reiknaða endurgjald. Í sumum tilfellum, og ég þekki dæmi um það, er fólk að hefja atvinnurekstur og er kannski nýkomið úr námi. Ég hef nú í huga ákveðið dæmi um landslagsarkitekt sem er nýkominn úr námi með margra ára námslán á bakinu sem þarf að fara að borga af og er að byrja að taka að sér verkefni og þarf á sama tíma og hún er að byrja með eigin atvinnurekstur að greiða allt að 250 þús. kr. á mánuði í reiknað endurgjald. Það þarf þá jafnframt að skoða hvort ekki þurfi að vera einhverjar öðruvísi reglur þegar fólk er að byrja á atvinnurekstri.

Í 12. máli, sem er um breytingu á staðgreiðslu opinberra gjalda, nefnir hv. þm. í athugasemd að það sé lagt til að sektir vegna skattsvika skuli aldrei nema lægri fjárhæð en þrefaldri þeirri upphæð. Samt er einnig nefnt hér að heimildir skattalaga kveði á um að þær geti numið allt að tífaldri þeirri fjárhæð sem undan er dregin þannig að heimildir eru í skattalögum fyrir þessu ákvæði. Ég sé því ekki alveg tilganginn með þessari breytingu.

Hvað varðar frv. til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt þá kom hv. flm. inn á að það væri eðlilegt að leggja fram bankaábyrgð eða veðsetningu fyrir því þegar innskattur væri greiddur út og væri hærri en útskattur. Ég þekki ýmis dæmi um að þar sem svo háttar til, og það er oft svo með sjávarútvegsfyrirtæki einmitt sem fá meiri innskatt en útskattur er á ákveðnu tímabili, er alltaf beðið um bókhaldsgögn eða ég veit ekki annað. Þannig að innskattur sem er einhver verulegur upphæð á ekki að vera greiddur út nema því aðeins að bókhaldsgögn séu skoðuð áður af viðkomandi skattstofu og hún fari yfir það að þessi innskattur sé raunverulegur og fyrirtækið eigi rétt á því að fá hann greiddan.

Að öðru leyti tel ég gott að þessi mál komi fram og veki umræðu. Ég vil einnig minna á það að við kvennalistakonur höfum lagt fram ýmsar fyrirspurnir um skattamál á undanförnum þingum og spurt um framgang skýrslu Ríkisendurskoðunar, sem hefur bent á ýmislegt sem aflaga fer, og hvort farið sé eftir henn-

ar ábendingum. Við höfum lagt fram tillögur um að rannsaka útlánatöp. Við höfum einnig lagt fram tillögur um að endurskoða lög um tekju- og eignarskatt og spurst fyrir um hvað líði endurskoðun laga um bókhald. Þetta eru því mál sem alltaf þarf að ýta við á Alþingi og mjög þarft að komi fram.

Ég vil svo að lokum láta það álit í ljós að ég er ekki viss um hvort hv. 12. þm. Reykv. hefur meiri möguleika á að koma þessum málum fram með stuðningi stjórnarandstöðunnar. Það mun tíminn leiða í ljós en eins og ég sagði er umræðan vissulega tímabær og ef það leiðir til meiri skilvirkni í skatteftirliti en núv. ríkisstjórn hefur komið í framkvæmd þá er það af hinu góða.

[11:43]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil nefna hér eitt atriði þar sem mér finnst gæta ákveðins misskilnings hjá hv. þm. Hann vitnar til þess að það sé heimild í skattalögum að beita sektarákvæðum þannig að það sé tíföld sú fjárhæð sem undan er dregin sem megi beita í sekt. Það er alveg rétt. Lögin veita nægilegt svigrúm, þeim er einfaldlega ekki beitt.

Ég vitnaði til þess að í dómum í skattsvikamálum hafa sektirnar verið frá 7% til 68% af þeirri fjárhæð sem undan er dregin, t.d. í Hæstaréttí. Þegar það er ekki einu sinni sú fjárhæð sem undan er dregin sem fólk er sektað fyrir sem er í skattsvikum þá tel ég nauðsynlegt að setja þarna ákveðið gólf, að það sé ákveðið sektarlágmark og sektin sé að lágmarki þreföld sú upphæð sem undan er skotið.

Ég vil líka taka undir með þingmanninum að það á alls ekki við í öllum tilvikum að það þurfi að endurskoða viðmiðunarreglur um reiknað endurgjald. Þetta eru margir flokkar og geta verið slík tilvik eins og hv. þm. nefndi sem réttlæta það að ekki ætti að hækka þetta. Ég velti því fyrir mér hvort það ætti að hækka þetta alveg flatt yfir línuna, t.d. að þau 15% sem þingið var með fyrir tveimur árum hækkuðu í 40%. En ég taldi að það þyrfti að skoða hvern einstakan flokk fyrir sig. Það eru ákveðnir flokkar sem eru allt of lágir sem sérstaklega þarf að skoða en aðra flokka er minni þörf að skoða. Þetta vildi ég láta koma fram.

[11:45]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var einmitt það sem ég var að nefna áðan að það væri til í lögum að hafa allt að tífaldar sektir á það sem undan er skotið. Ég endurtek að ég sé ekki alveg hvort það þjónar tilgangi að breyta þessu en vel má vera að það sé betra að kveða fastar á um það.

Hvað varðar þetta reiknaða endurgjald þá er ég ánægð með að hv. flm. skuli hafa tekið þær ábendingar mínar til greina og finnist að það sé virkilega skoðunarvert að athuga það út frá þeim forsendum sem ég gat um áðan.

[11:46]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Vissulega er þarft verk að hreyfa skattamálum og skatteftirliti í þingsölum og það er eðlilegt að þegar nýir vendir koma í þingsali, hvort sem ýmsir þingmenn eru að koma í fyrsta skipti eða stíga niður úr hærri sölum að þeir komi fram með málefni af þessu tagi. Nú hlýt ég að gefa mér það að hv. þm. hafi beitt sér fyrir þessum málum innan núverandi hæstv. ríkisstjórnar og ekki náð þar árangri og kjósi nú að leita fulltingis annarra aðila á Alþingi.

Ég mun því í upphafi míns máls bera fram þá spurningu til hv. 12. þm. Reykv. hversu oft þingmaðurinn hafi borið þetta mál formlega upp í ríkisstjórn, þ.e. hversu oft þetta mál hefur verið á dagskrá þeirrar ríkisstjórnar sem hv. þm. hefur setið að hennar frumkvæði. Ég held að það hvað við tökum þennan málatilbúnað alvarlega hljóti að verulegu leyti að mótast af því hvað hv. þm., þá sem ráðherra, hefur beitt sér fyrir þessu máli af mikilli hörku innan ríkisstjórnarinnar. Það er nú einu sinni svo að við höfum fengið á síðustu þingum langa skattabandorma frá hæstv. ríkisstjórn þar sem hefði verið í lófa lagið að bæta sumu af því sem hér kemur fram inn í ef fyrir því hefði verið vilji og fyrir því hefði verið barist.

Virðulegi forseti. Í þessari fyrstu umræðu vil ég fyrst og fremst ræða um skattsvik almennt og viðhorf til þeirra mála og kannski út frá því hvernig hægt er að bregðast við. Mér finnst hv. þm. og flutningsmaður þessara tillagna líta þannig á að þegar talið berst að skattsvikum og skattsvikurum sé þar um að ræða til þess að gera fámennan hóp sem sé auðvelt að ráðast gegn með öflugum lögreglu- og dómsaðgerðum. Mér finnst að í þessu gæti annaðhvort misskilnings eða vanþekkingar. Ef við lítum á þá skýrslu sem hefur verið unnin á vegum fjmrn. og ég þykist sjá af málatilbúnaði hv. þm. að þingmaðurinn hafi nokkuð leitað til þá koma þar fram margir afar athyglisverðir hlutir sem út af fyrir sig koma ekki á óvart. Ég hafði lesið þessa skýrslu áður en ég las hana aftur núna. Ég staldraði aftur við sama hlut og í upphaflega lestrinum og það var varðandi skoðanakönnun á viðhorfum almennings til skattsvika. Þar kemur fram að 70% aðspurða í 1.200 manna úrtaki segjast vera tilbúnir til að taka þátt í skattsvikum. Þessi einfalda staðreynd segir mér að það er ekki hægt að ráða við eða ráðast að þessu þjóðarmeini með lögreglu- eða dómsaðgerðum. Það mundi mjög bera keim af aðgerðum í lögregluríki og slíkar aðgerðir hafa aldrei skilað árangri.

Mér fannst bera svolítið á því hjá hv. þm. að hún vildi einskorða umræðuna við svokallaða hvítflibbaafbrotamenn og vissulega er það svo að í þeirra hópi eru stærstu afbrotin framin. Ef við hins vegar skoðum það og reynum að átta okkur á því hvar er meiri hluti upphæðarinnar, þessara 11 milljarða sem ríkissjóður tapar, þá hygg ég að hann liggi ekki þar. Hann liggur hjá þessum 70%, hluta þeirra, sem eins og mórallinn er í þjóðfélaginu í dag, telja eðlilegan hlut í lífsbaráttu sinni til að létta framfærslu sína að taka þátt í skattsvikum því að það er bara ríkið sem verið er að svíkja. Í augum allt of margra er ríkið bæði stórt og vont og sjálfsagt að pretta það ef nokkur kostur er.

Ég held að við þurfum í þessari umræðu að líta nokkuð í eigin barm. Ég geri ekki þá kröfu til þing-

manna að þeir skrifti hér og vitni hvort þeir hafi tekið þátt í skattsvikum. En ég vil biðja þann þingmann að gefa sig fram, sem ekki hefur fengið á síðustu árum í tengslum við sín almennu viðskipti, sitt heimilishald, hvort sem það er viðhald á bíl, húsi, þeir hafi haldið veislu, eða hvað sem það er, sem á síðustu árum hefur ekki fengið tilboð um að taka þátt í skattsvikum. (**Gripið fram í:** Hefur þú fengið það?) Ég hef fengið það, hv. þm., já. (**Gripið fram í:** Hvað gerði þingmaðurinn?) Ég get alveg vitnað um það hér að ég hafnaði því tilboði. En staðreyndin er sú að í nánast flestum tilfellum skipta verksali og verkkaupi með sér hagnaðinum og eru þar með báðir aðilar orðnir samsekir.

Enginn má skilja þessa ræðu mína þannig að ég sé með henni að réttlæta skattsvik og segja að við eigum ekki að berjast á móti þeim, þvert á móti. Ég held að við verðum með öllum ráðum að vinna á móti skattsvikum. En ég er hins vegar, virðulegur forseti, að reyna að leiða rök að því að ekki verður brugðist við þessum málum með viðhlítandi árangri á þann hátt sem hv. þm. er hér að leggja til, þ.e. með lagabreytingum og ætla sér að beita lögreglu og dómstólum. Eðli málsins er einfaldlega þannig að það gengur ekki upp.

Varðandi það sem hv. þm. hefur sagt um það að refsiákvæðum sé ekki beitt af fullum þunga þá hygg ég að það sé rétt. Ég hygg hins vegar að ef við berum það saman við dóma í öðrum málaflokkum þá kæmumst við að því að hin almenna regla í íslenska dómskerfinu er sú að beita ekki refsiákvæðum á þyngsta hátt nema brot séu mjög alvarleg. Ég held að við verðum að skoða þetta í því ljósi.

Hvaða forsendur þurfa þá að vera til staðar til þess að við náum árangri í þessum málum? Ég hef ekki tíma til að fara út í það ítarlega en þó vil ég nefna nokkur atriði sem snúa að stjórnvöldum:

Í fyrsta lagi þurfa skattalög að vera einföld og skilvirk.

Í öðru lagi þá verða skatthlutföll að vera innan eðlilegra marka, þ.e. þau mega ekki vera það há að þau ofbjóði greiðsluþoli og réttlætiskennd þeirra sem þurfa að greiða skattana.

Í þriðja lagi þarf öll meðferð á opinberu fé að vera þannig að skattgreiðendur fái traust á meðferðinni og fái traust á þeim sem er trúað fyrir opinberu fé.

Mér hefur oft fundist skorta á það hér á landi, bæði varðandi ríkisfjármál og fjármál sveitarfélaga að menn geri sér þessa ábyrgð nægjanlega ljósa.

Varðandi fyrsta liðinn, sem ég nefndi, þá verður því miður að segjast alveg eins og er að í tíð þeirrar ríkisstjórnar sem nú situr, sem hv. þm. var ráðherra í í þrjú ár, hefur verið gengið þveröfuga braut með stuðningi hv. þm. Í fyrri ríkisstjórnum, sem hv. þm. sat í, á fyrra fjögurra ára tímabili var unnið markvisst starf í þá veru að gera skattalög einfaldari, skatthlutföll einföld til að fá fram skilvirkara skattkerfi. Því miður hafa flestar aðgerðir núv. hæstv. ríkisstjórnar beinst í öfuga átt. Ég hef ekki orðið var við það að hv. þm. hafi staðið þar mikið á bremsunum.

Virðulegur forseti. Vissulega er úrbóta þörf. Ég ætla að nefna nokkur atriði sem ég tel að okkur stjórnmálamönnum beri að skoða.

Ég tel í fyrsta lagi að við þurfum að skoða mjög rækilega hvort sú leið sé fær að lækka skatthlutföll en að við höldum samt sambærilegum tekjum ríkisins. Ég tel að við þurfum að skoða hvort há skatthlutföll séu farin að virka hamlandi á athafnasemi bæði einstaklinga og fyrirtækja. Hvort það geti verið að það mundi gerast á þessum vettvangi eins og gerðist til að mynda í tíð ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar og frumkvæði formanns Alþýðuflokksins að tollar af algengum heimilistækjum voru lækkaðir og samræmdir. Ég er sannfærður um það að í dag þá skila þessir lægri tollar jafnmiklum tekjum til ríkissjóðs og þeir gerðu fyrir breytinguna. Það dró mjög úr hvatanum til að flytja þessar vörur inn fram hjá kerfinu. Þetta tel ég eitt af þeim atriðum sem okkur stjórnmálamönnum beri skylda til að skoða.

Í öðru lagi verði aftur að hverfa á braut einfaldari skattlagningar og reyna með því að ná fram breiðari skattstofnum en þó lægri skattprósentu. Inn í þessa umræðu vil ég taka tekjur af fjármagni. Það gengur ekki lengur og það ofbýður algjörlega réttlætiskennd hins almenna skattgreiðanda að bæði fjármagnseign og fjármagnstekjur séu að mestu leyti skattfrjálsar.

Í þriðja lagi, og í þá vinnu getum við fyrst ráðist eftir að hafa tekið til, við stjórnmálamenn í okkar ranni, verði unnið að þjóðarsátt í skattamálum og við reynum að snúa 70/30% hlutföllunum við því að fyrr náum við ekki árangri. Ef við með vinnu okkar í löggjöf og framkvæmd skattamála gætum komið því til leiðar að hlutfallið snerist við, 70% almennings væru ekki tilbúin til þess að taka þátt í skattsvikum, værum við komin með stöðu til þess að ná þarna marktækum árangri.

Ég geri mér grein fyrir því að hér er ekki um að ræða einfalt mál og það kann að taka langan tíma að breyta þessu og snúa þessu við. Við þurfum ekki annað en að líta til ýmissa nágrannaþjóða okkar. Ég tala nú ekki um þeirra þar sem hlutfall undanskota er svipað. Ég tala nú ekki um ef við förum að líta til Suður-Evrópuþjóðanna þar sem menn tala um að tugir prósentna af efnahagslífinu séu í neðanjarðarhagkerfinu að það þarf mikið átak til þess að snúa þessu við. Það þarf miklu meira átak en kemur fram í þeim þingmálum sem hér eru lögð fram, auk þess sem, eins og ég hef fært rök að, þá tel ég að þarna sé að nokkru leyti verið að byrja á öfugum enda. Það snúi að okkur stjórnmálamönnum sjálfum að stíga fyrstu skrefin með okkar vinnu varðandi skattlagningu og meðferð opinbers fjár.

Vissulega hefur þar margt breyst til batnaðar og við skulum vona að sú þróun haldi áfram á næstu árum.

Virðulegur forseti. Ég vil að lokum taka undir þá athugasemd sem hér hefur komið fram um 9. málið, um sérstakan héraðsdóm í skatta- og bókhaldsmálum, þá er ég sammála hv. 3. þm. Reykv. um þá skoðun að þetta mál eigi að fara til allshn. Hér er um að ræða breytingu á dómskerfinu og samkvæmt þingsköpum þá heyrir það mál undir þá nefnd.

[12:03]

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Það er ljóst eftir síðustu ræðu hv. þm. Jóhannes Geirs að í hönd er farið kosningaþing. Hér kemur nýkjörinn formaður efh.- og viðskn. og lýsir í fögrum orðum hvað Framsfl. ætlar sér að gera ef hann kemst aftur til valda sem fólst í því í stuttu máli að skattalækkun var boðuð héðan úr ræðustól. (**JGS:** Það er ekki rétt.)

Mér þykir skondið að hlusta á slíka ræðu frá framsóknarmönnum sem börðust hér hatrammlega gegn tveggja þrepa virðisaukaskatti á síðasta þingi, notuðu stór orð og notuðu ljót orð um það kerfi sem þá var sett í gang, tveggja þrepa kerfi. Þeir hétu því þá að þeir mundu snúa aftur frá þessari vitleysu sem þingið var að samþykkja. Svo koma þeir hér upp og ræða um lækkun skatta þegar þeir á sama tíma eru í rauninni með stefnuna að hækka skatta. Þeir vilja hækka matarverð í landinu, einhverja bestu kjarabót sem hefur komið fram í langan tíma fyrir almenning í landinu þannig að ég vísa slíkum málflutningi algjörlega frá. (**GÁ:** Þetta er bull.) Hv. þm. Framsfl. geta beðið hér um orðið og þeir geta líka farið fram og flett upp í þingtíðindum í eigin málflutningi frá síðasta þingi og rifjað upp hvað þeir sögðu um tveggja þrepa virðisaukaskatt og hvers lags meginfirru þingið væri að gera þá. (Gripið fram í.) Þeir boðuðu það þá að þeir mundu koma því aftur á, þeir mundu snúa til baka. Þeir vilja sem sagt auknar álögur á fólkið í landinu. (**GÁ:** Rangt.) Svo koma menn hér upp og tala um að það ætti að lækka skatta og slíkt. Það vilja auðvitað allir lækka skatta þegar það er hægt. (**GÁ:** Þetta er lýðskrum.)

(**Forseti** (KE)**:** Hljóð í salnum.)

Hv. þm. fór hér yfir skattsvikamál yfirleitt og talaði um þá 11 milljarða sem hafa verið nefndir að ríkissjóður verði af. Þetta er auðvitað gefin tala, þetta er ágiskun, það eru engin vísindaleg rök þarna að baki. En ég hef oft talað fyrir því hér að það væri nauðsynlegt að flokka þessi skattsvik og þessar upphæðir niður eftir atvinnugreinum og fara þá að vinna í því í hverri atvinnugrein hvernig má taka á þeim skattsvikurum sem þar finnast. Ég hef gjarnan nefnt landbúnaðinn, hinar ýmsu greinar hans. Ég er ansi hræddur um að þar leynist víða möguleikar til skattsvika. Ég hef ekki orðið var við að menn tækju undir það. Menn tala helst um skattsvikara í stétt verslunar. Það er vissulega rétt. Það eru ábyggilega til skattsvikarar til þar eins og í öllum öðrum stéttum en það á auðvitað að taka þetta dæmi og kryfja það, brjóta það upp og vinna kerfisbundið að því að finna þá skattsvikarana en ekki horfa fram hjá einum en ráðast á annan. (Gripið fram í.)

Ég held það og hef oft sagt það að skattpíningin sem er til staðar í dag og bitnar mjög hart á stórum hluta þjóðarinnar er helsti hvatinn til þess að við höfum svona stórt hlutfall skattsvikara. Þar fannst mér hv. þm. taka í sama streng. Skattálögurnar eru komnar í það horf að til þess að fólk geti skrimt þá er því hreinlega ýtt út í þetta. Því er ýtt út í það. Það er þar af leiðandi okkur sjálfum að kenna sem samþykkjum þau skattalög sem eru í gildi. Það er okkur fyrst og fremst að kenna að fólki er ýtt út í að svíkja undan skatti.

Hins vegar er aldrei hægt að setja slíkt kerfi á að það verði ekki til einhverjir sem munu reyna að finna leiðir fram hjá því. Það er alls staðar í heiminum og mun verða hér alltaf. En ég get tekið undir þann meginþráð sem er hér í tillögum hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur að það eigi að herða viðurlög en ég er ekki endilega tilbúinn að segja að það eigi að gera það með þeim hætti sem flm. leggur hér til. Það má vel vera að það sé rétt en ég er svo heppinn að sitja í hv. efh.- og viðskn. og fæ því tækifæri til þess að fjalla um málin þar. En ég er sammála því að það á að herða þau og það á að taka harðar á þeim vegna þess að hert viðurlög fæla frá. Ég er ekki í nokkrum vafa um það og menn hafa fyrir sér dæmi um slíkt. Þannig að ég held að stefnan sem birtist í þessum málum sem verið er að mæla fyrir sé rétt. Hvort aðferðin er nákvæmlega sú rétta kemur í ljós í vinnu nefndarinnar.

Ég vil tala undir athugasemdir hv. þm. Björns Bjarnasonar að ég tel að 9. mál eigi heima í allshn. en ekki efh.- og viðskn. og tel að við nánari skoðun muni flm. komast að raun um að það er rétt. En ég ætla ekki efnislega að fara í þessi mál, ég ætla að nota mér þau forréttindi að sitja í þeirri nefnd, hvort sem það er allshn. eða efh.- og viðskn., sem fjallar um þessi mál.

Ég vil þó aðeins koma inn á 11. mál um virðisaukaskatt þar sem sagt er í 1. gr., og geri reyndar athugasemdir við það að það eru engar skýringar með greinunum sem er nú venjan, að sé innskattur að jafnaði hærri en útskattur er skattstjóra heimilt að krefja viðkomandi um tryggingu fyrir endurgreiddum virðisaukaskatti o.s.frv.

Mér finnst þetta svolítið bera keim af því að þeir sem hafa meiri innskatt en útskatt séu nánast stimplaðir sem svikarar. Það er þannig í dag í virðisaukaskattsdeild skattstofunnar að þá eru það yfirleitt þeir aðilar sem sýna inneign sem eru teknir til rannsóknar. Þetta er bara ekki rétt vegna þess að svikararnir felast engu að síður í þeim sem skila litlum útskatti en hefðu hugsanlega átt að skila miklu meira. Þar fyrir utan koma auðvitað löng tímabil hjá mönnum í viðskiptum þar sem innskattur getur verið hærri en útskattur og það er í hæsta máta óeðlilegt að fara að krefja menn þá um tryggingu vegna slíks. Það eru skýringar fyrir slíku og virðisaukaskattsdeildin getur kallað eftir bókhaldsgögnum hvenær sem hún vill. En að þurfa að leggja fram einhverja tryggingu gegn slíku tel ég ekki rétt og menn ættu að forðast það.

Það sem ég hefði gjarnan viljað sjá hér er það, talandi um virðisaukaskatt, að aðilar sem gera skil geri skil eftir að greiðsla hefur farið fram. Það er mjög mikið um lánsviðskipti í landinu. Menn eru að selja vörur með alls konar hætti — þriggja mánaða greiðslufresti upp í sex mánuði eða hvað sem það er — og þá er auðvitað óeðlilegt að söluaðilinn skuli vera að greiða virðisaukaskattinn fyrir þriðja aðila. Það er eðlilegt að hann sé greiddur inn á þeim tíma sem greiðsla berst fyrirtækinu en ekki að söluaðilinn skuli þurfa að greiða

hann til ríkissjóðs. Þetta er hlutur sem ég tel að menn eigi að taka á.

Hæstv. forseti. Ég vildi aðallega koma hér upp til þess að lýsa stuðningi við þá meginstefnu sem felst í þessum frumvörpum. Ég ítreka það hins vegar að ég tel að mjög líklega þurfi að breyta þeim, hugsanlega að þau verði mildari. Mér finnst refsigleðin kannski fullmikil en það er annað mál, það kemur fram í nefndinni í umfjöllun hennar, en mér fannst málið ekki fá góða byrjun eftir ræðu hv. nýkjörins formanns efh.- og viðskn.

[12:12]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Mér komu viðbrögð hv. 5. þm. Reykv. nokkuð á óvart við ræðu minni áðan. Hv. þm. kaus að fara hér upp með mikinn hávaða og flokkspólitískt írafár. Ég tel að ræða mín hafi verið fullkomlega málefnaleg og reyndar kom fram að hv. þm. var að verulegu leyti sammála mínum málflutningi. Ef til vill var það það sem fór svona í taugarnar á honum. En varðandi skattastefnu Framsfl. þá vil ég benda hv. þm. á það að milli tillagna okkar framsóknarmanna á síðasta vetri og málflutnings míns í ræðu minni hér áðan var fullkomið samræmi. Tillögur okkar framsóknarmanna á síðasta vetri byggðust á því, ef hv. þm. man rétt, að hafa skattstofninn breiðari en skattprósentuna lægri. Ég býst við að hv. þm. gleymi því að við lögðum til að lækka hina almennu skattprósentu. Við sýndum fram á að það var hægt að ná sama árangri fyrir ríkissjóð með þessu og það var hægt að ná betri árangri fyrir heimilin í landinu. Það voru staðreyndir málsins sem ég hygg að Ríkisendurskoðun hafi nú staðfest. Það var þetta sem var einmitt meginkjarninn í mínu máli að með breiðari skattstofni — og þar nefndi ég fjármagnstekjurnar og gjöldin líka, við lögðum til fyrsta stig á síðasta vetri — að leggja á fjármagnsskatt með breiðari skattstofni og lægri skattprósentu sé hægt að ná sama árangri fyrir ríkið en um leið réttlátari skattlagningu fyrir þegnana.

[12:14]

Ingi Björn Albertsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég skal ekkert mótmæla því að ræða hv. þm. var málefnaleg. Ég þarf ekkert endilega að vera sammála henni. Hún getur verið málefnaleg engu að síður. En ég er hræddur um að hann muni bara ekkert allt of vel frá umræðunum á síðasta þingi eða þeim útreikningum sem hv. framsóknarmenn höfðu þá gert. Það getur vel verið að það sé rétt að þeir ætluðu sér að ná sama árangri fyrir ríkið en það fer ekki saman við þegnana í þessu tilfelli. Það er langt frá því. Ég er hræddur um að menn verði að koma með þá útreikninga vegna þess að þeir hafa ekki sýnt þá hér fyrr. Ég man ekki nákvæmlega hver prósentan var sem þeir voru að tala um en það er eins og mig minni að hún hafi verið 22% eða eitthvað slíkt. Ég vil gjarnan biðja menn að sýna okkur fram á það hvernig matarverð í landinu með 22% flötum virðisaukaskatti yfir allt verður það sama og það er í dag með 14% skatti. Ég vildi gjarnan biðja menn að koma hér upp með útreiknuð dæmi og sýna okkur fram á það hvernig það er því það tókst þeim ekki sl. vor. En það er athyglisvert að þeir ítreka það hér og nú að þeirra stefna er óbreytt. Þeir ætla að hverfa aftur í eitt þrep. Þeir ætla að hækka matarverð í landinu og það er góður boðskapur frá Framsfl. á kosningaþingi — við ætlum að hækka matarverð í landinu, segja framsóknarmenn í dag. (**Gripið fram í:** Hvaða bull er þetta?) Til hamingju með það, framsóknarmenn. (Gripið fram í.) Ég minnist þess líka að menn sáu hér skrattann í hverju horni að skattsvikin mundu stóraukast við að fara í tvö þrep. Geta menn fært sönnur fyrir því að slíkt hafi skeð? Ég held þvert á móti að það sé ekki hægt. Ef töframenn Framsfl. geta gert það þá óskum við eftir því að þeir geri það.

[12:16]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Af viðbrögðum hv. þm. gæti maður haldið að hann væri í miðjum prófkjörsslag Sjálfstfl. hér í Reykjavík en svo mun nú ekki vera. En ég mun, virðulegur forseti, vera alveg tilbúinn að leggja fyrir hv. þm. öll þau gögn sem við framsóknarmenn lögðum fram í umræðum um skattamál á síðasta vetri. Ef ég man rétt þá eru þau í þingtíðindum og birtust með okkar minnihlutaáliti. Ég ítreka það sem ég sagði hér áður að það er mín skoðun að skynsamlegra sé að hafa skattstofnana einfalda og það séu fyllilega rök fyrir því að það sé gildur og virkur liður í þessu að viðhalda eðlilegu skatteftirliti. (**Gripið fram í:** Það deilir enginn um það.) Það deilir enginn um það, segir hv. þm., en þá er hv. þm. kominn um leið í algjöra þversögn við ræðu sína sem hann hélt hér fyrir rúmri mínútu síðan, þegar hv. þm. sagði að það að fjölga skattþrepum í virðisaukaskatti hefði dregið úr skattsvikum. Ég vil biðja hv. þm. að vera meira sjálfum sér samkvæmur. Það geta verið áleitnar pólitískar spurningar hvort það eigi eins og í þessu tilfelli að hafa fleiri, tvö, þrjú eða fleiri skattþrep í virðisaukaskatti, þau hafa verið þrjú hér í dag. Það geta verið áleitnar pólitískar spurningar en út frá skattalegu sjónarmiði og sjónarmiði eftirlitsins þá er enginn vafi hvaða skattheimta er best.

[12:18]

Ingi Björn Albertsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég veit ekki hvort það er hægt að tala við menn sem hlusta ekki og heyra ekki. Að sjálfsögðu taka allir, og ég segi allir þingmenn undir það að skatteftirlit á að vera sem best. Að sjálfsögðu. Og ég hef aldrei talað gegn því. Hv. þm. sagði að ég hefði talað í aðra veru mínútu áður. Hvers lags hlustun og heyrn er þetta eiginlega? Ja, ég veit ekki hvert orðin fara.

Í öðru lagi sagði ég um tveggja þrepa kerfið að framsóknarmenn hefðu séð fram á það að skattsvik mundu stóraukast. Síðan kemur hv. þm. hér upp og segir að ég hafi sagt að það mundi draga úr skattsvikum. Hvað er að í málflutningi slíkra manna? Eru þeir ekki algjörlega röklausir, rökþrota, ef þeir koma hér upp og fara með algjörar þverstæður við það sem menn segja?

[12:19]

Finnur Ingólfsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Ingi Björn Albertsson er enn þingmaður Sjálfstfl., þess flokks sem lofaði fyrir síðustu kosningar þjóðinni að lækka skatthlutfallið í tekjuskattinum úr 39,79% niður í 35% eða lækka skattbyrði á einstaklinga um 9.150 millj. kr. Hverjar eru efndirnar á þessum loforðum Sjálfstfl.? Þær eru þær að skatthlutfall einstaklinganna hefur verið hækkað úr 39,79% í 42%. (**Gripið fram í:** Með því að lækka það?) Þið lofuðuð að lækka það, hv. þm. (**IBA:** Ætlar Framsfl. að lækka það?) Framsfl. kemur auðvitað fram með sína stefnu í þessu málum. En það sem upp úr stendur er að Sjálfstfl. sveik það sem hann lofaði. Í stað þess að lækka um 9.150 millj. hefur Sjálfstfl. staðið fyrir 12 milljarða kr. skattahækkun, beinni skattahækkun á fólkið í landinu og þar ofan á bætast öll þjónustugjöldin sem m.a. fyrrv. hæstv. félmrh. Jóhanna Sigurðardóttir stóð að í þessari ríkisstjórn — á öryrkjana, á sjúklingana, á gamla fólkið í landinu. Þessi ríkisstjórn hefur líka lækkað barnabæturnar. Hún hefur lækkað persónuafsláttinn. Hún hefur lækkað vaxtabæturnar. Stefna Framsfl. sem birtist hér í þessum þingsal fyrir síðustu jól var hækkun á persónuafslættinum, hækkun á barnabótunum, hækkun á vaxtabótunum, ein skattprósenta í virðisaukaskattinum. Niðurstaða Þjóðhagsstofnunar var sú að þetta væru meiri kjarabætur fyrir fólkið í landinu heldur en sú leið sem ríkisstjórnin valdi með hluta af stjórnarandstöðunni.

[12:21]

Ingi Björn Albertsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það væri fróðlegt að fá það fram hjá hv. nýkjörnum formanni þingflokks Framsfl., Finni Ingólfssyni, sem fór hér með mikla þulu um álögur og háar tölur, 12 milljarða, hvort hann sé tilbúinn að koma hér upp og segja það að Framsfl. ætli sér í næstu kosningabaráttu að lofa kjósendum að hverfa frá þessum ósköpum öllum. Eða ætlar hann að koma hér upp og segja: Ja, þetta er kannski ekki svo alslæmt, við munum skilja eitthvað eftir. Eru framsóknarmenn tilbúnir að fylgja sínum málflutningi eftir með þeim hætti að segja að öll þessi vitleysa, sem núv. ríkisstjórn hefur gert að þeirra mati, verði aftur tekin? Eða ætla þeir kannski að lifa áfram við það? Það er náttúrlega athyglisvert og það er nauðsynlegt fyrir þjóðina að fá svör við slíkum spurningum, hvort það geti virkilega verið. Þeir eru auðvitað í gamla klafanum á gamla staðnum. Þeir vilja aukið millifærslukerfi á öllum sviðum. Þeir vilja draga og soga allt fjármagnið inn til sín og síðan að deila því út eftir einhverju ölmusukerfi sem þeir finna út. Þetta er nákvæmlega framsóknarmennskan. Þetta er nákvæmlega sú stefna sem þeir hafa alltaf fylgt og ætla sér greinilega að halda áfram.

[12:23]

Finnur Ingólfsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er ljóst að ef Framsfl. kemur til með að vera í næstu ríkisstjórn að afloknum kosningum mun hann stokka upp þetta snarvitlausa skattkerfi sem Sjálfstfl. hefur byggt hér upp, þar sem meðallaunamaðurinn í landinu þarf að greiða 70% í jaðarskatt. Af hverjum 100 kr. sem meðaltekjumaðurinn í landinu getur unnið sér inn þarf hann að greiða 70 kr. til hæstv. fjmrh. Friðriks Sophussonar, varaformanns Sjálfstfl., áður en hann fær eina einustu krónu sjálfur. (**IBA:** Segðu fólkinu hvað þú ætlar að gera.) Framsfl. mun stokka þetta kerfi upp, það er ljóst, að afloknum kosningum fái hann tilstyrk. (Gripið fram í.) Það er útilokað að búa við það að vera með skattkerfi sem gerir ráð fyrir 70% jaðarskatti, þar sem hinn almenni launamaður þarf að greiða 70 kr. af hverjum 100 fyrst til fjmrh. áður en hann fær eina einustu krónu sjálfur. Hæstv. fyrrv. félmrh. stóð að þessum skattkerfisbreytingum öllum saman á launafólkið í landinu.

[12:24]

Ingi Björn Albertsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil aðeins þakka hv. þingflokksformanni Framsfl., Finni Ingólfssyni, fyrir mjög skýra skattastefnu Framsfl.

Útbýting þingskjals:

Endurskoðun á launakerfi ríkisins, 41. mál, þáltill. KÁ o.fl., þskj. 41.

[12:25]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Þetta er vissulega tímamótadagur hér á Alþingi í dag þegar einn af fyrrv. ráðherrum ríkisstjórnarinnar hefur sest á bekkinn með stjórnarandstöðunni og lagt hér fram mörg mál. Ég sem stjórnarandstæðingur og andstæðingur ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar hlýt að bjóða Jóhönnu Sigurðardóttur velkomna í okkar hóp og fagna því að hún skyldi taka þá ákvörðun að yfirgefa þessa mislukkuðu ríkisstjórn sem hún hefur starfað í um svo langa hríð.

En auðvitað er það svo að það vakna hjá manni margar spurningar. Þegar hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir er komin í okkar hóp og farin að berjast í málum sem við höfum barist í síðustu þrjú ár við þessa ríkisstjórn, er allt í einu orðin þátttakandi með okkur í liðinu, þá hljótum við auðvitað að spyrja spurninga eins og hér hafa komið fram: Hverjar voru tillögurnar? Okkur vantaði undirtektirnar í málunum um skattsvikin. Við framsóknarmenn höfum á þessu kjörtímabili margítrekað í þessum sal rætt um skattsvikin og aðgerðir gegn þeim við dræmar undirtektir ríkisstjórnarinnar og þingliðs stjórnarinnar. Við höfum líka margítrekað rætt hér stöðu heimilanna. Auðvitað er það svo, hæstv. forseti, að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hefur verið innanbúðarmaður í þeirri ríkisstjórn sem enn starfar. Hún hefur verið innanbúðarmaður í þeirri spillingu sem hún nú lýsir yfir að sé í landinu. Hún hefur verið innanbúðarmaður í þeirri misskiptingu tekna sem er í þessu landi og það er eðlilegt að spurt sé: Hvar hefur hv. þm. þær tillögur eða hvað lagði hún til í ríkisstjórninni? Þetta eru auðvitað spurningar sem hv. þm. hlýtur að svara. Ráðherraferill að baki í sjö ár, það er langur tími þannig að það er af mörgu að taka.

Ég er sannfærður um það að hér þarf að taka á í

þeim málum sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hefur mælt fyrir í morgun. Skattsvik með þessum hætti ganga ekki upp. Það er auðvitað deilt um það hvort það séu 11 eða 15 milljarðar í neðanjarðarhagkerfi. Nú geri ég mér grein fyrir því að hv. þm. hefur setið það tímabil í ríkisstjórn þar sem mestar skattkerfisbreytingar hafa átt sér stað. Ég minnist þess að á árunum 1987–1988 stóð hér hæstv. utanrrh. Jón Baldvin Hannibalsson, sem þá var fjmrh., og barðist fyrir því að taka upp staðgreiðslu, barðist fyrir því að taka upp virðisaukaskatt í staðinn fyrir söluskattinn. Og hann taldi hér á fingrum sér og sagði að þessar kerfisbreytingar mundu leiða það af sér að skattsvik heyrðu sögunni til. Þetta hefur ekki gerst. Auðvitað eru það vonbrigði fyrir hann og vonbrigði fyrir alla hv. þm. að ég hygg. Mér finnst það því mjög mikilvægt að við reynum að finna sanngjarna leið sem skilar því að þjóðin öll sitji við sama borð og að undanskot tilheyri fortíðinni. Ég veit að það er flókið en ég tel þetta aðalverkefni þess þings sem nú situr. Ella verð ég að segja það að ef menn ná ekki árangri gegn skattsvikunum þá er auðvitað komið að því að menn geta ekki haldið uppi tekjuskattinum eins og hann er. Þá verða menn að falla frá tekjuskatti á launamenn og finna upp nýtt tekjuöflunarkerfi fyrir ríkið því þetta er slíkt ranglæti að við það verður ekki unað.

Ég hef skoðað þau mál sem hv. þm. hefur hér lagt fram og er þó ekki sannfærður um að þau öll muni leysa þann vanda sem hv. þm. auðvitað væntir með því að leggja þau fram. Ég get tekið hér undir með hv. þm. að það er mikilvægt að skattkerfið sé einfalt og að menn hafi þar ekki of háa prósentu. Þannig að ég er ekki sannfærður um að þessi mál leysi — fyrir utan hitt að ég tek undir það hér með hv. þm. Birni Bjarnasyni að sérdómstóll sé úrelt leið.

Hvað fleira varðar þá er auðvitað athyglisvert að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, sem nú er komin í okkar hóp, stjórnarandstöðunnar, og farin að tala með okkur í ýmsum málum, hefur yfirgefið ráðuneyti sitt, stendur upp frá borði þegar það hefur gerst í tíð ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar að meðalskuldir heimilanna hjá fjögurra manna fjölskyldu hafa aukist um 43%. Það er Alþýðublaðið sem upplýsir það í morgun að meðalskuldir hverrar fjögurra manna fjölskyldu hafi í ríkisstjórnartíð Davíðs Oddssonar aukist úr 3 millj. kr. upp í 4,3 millj. (**JóhS:** Það er ekki alltaf að marka Alþýðublaðið.) Það er ekki að marka Alþýðublaðið, segir hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir. (**JóhS:** Ekki alltaf að marka Alþýðublaðið.) En ég hygg nú að þessar staðreyndir séu í samræmi við það sem hér kom fram í umræðu um skuldastöðu heimilanna á vordögum. Það er auðvitað athyglisvert að þegar við ræðum skattamál þá hafa álögurnar á þessu tímabili ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar verið færðar af fyrirtækjunum yfir á fólkið í landinu.

Eins og hér kom fram býr fjöldi fólks orðið við jaðarskatt upp á 70% af tekjum sínum. Þetta gengur auðvitað ekki upp. En það kemur líka fram hér í Alþýðublaðinu í morgun að skuldir fyrirtækjanna hafa á þessu tímabili verið að lækka og það er gott. En þarna hefur orðið óásættanleg misskipting vegna rangra skattareglna.

Ég ætla ekki að lengja ræðu mína í þetta sinn. En auðvitað getur það ekki gengið upp að ráðherra sem setið hefur í ríkisstjórn á Íslandi afgreiði fortíð sína með tveimur setningum. Ábyrgðin er mikil og hefði hv. þm. beitt sér af fullum þunga eins og hún gerði oft í mörgum málum þá hlyti hún að hafa getað náð meiri árangri til að berjast gegn skattsvikum og standa að hagsmunum fjölskyldunnar á Íslandi. Ég minnist þess oft að þegar þessi hv. þm. var ráðherra þá skellti hún stundum hurðum og hótaði afsögn til að ná árangri. Og mér fannst stundum að hún segði að hún hefði náð því fram sem hún vildi. Ég hélt því að það væri sterkasti vettvangur sem stjórnmálamaður stæði á að sitja í ríkisstjórninni sjálfri til að berjast fyrir málum sínum. Hins vegar skil ég jafnaðarmanninn Jóhönnu Sigurðardóttur, að hún skuli ekki lengur geta starfað í Alþýðufl. sem mér sýnist að sé últra-hægriflokkur í íslenskum stjórnmálum, löngu horfinn frá hugsjónum sínum og baráttumálum og starfi nú með þeim flokki sem hann á samleið, frjálshyggjuliði Sjálfstfl. En við stjórnarandstæðingar munum að sjálfsögðu starfa að góðum málum með Jóhönnu Sigurðardóttur og ég óska henni alls hins besta á nýjum vettvangi.

[12:36]

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir þá andúð á skattsvikum sem fram hefur komið hjá hv. ræðumönnum í þessari umræðu en mig langar að staldra við orð hv. síðasta ræðumanns, Guðna Ágústssonar. Ég velti því fyrir mér hvort hann geti gert hv. þingheimi grein fyrir því hvort skattsvik séu meiri í tíð núverandi ríkisstjórnar heldur en var í tíð fyrri ríkisstjórnar eða á því tímabili sem Framsfl. sat í ríkisstjórn. Mér þætti einnig áhugavert að heyra hjá hv. þm. hvernig hann ætlar að fara að því að lækka skatthlutfallið án þess að hækka aðra skatta þar á móti eða að skera niður útgjöld ríkisins.

[12:37]

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ætla auðvitað ekkert að fullyrða um hvenær mest hafi verið skattsvik á Íslandi. En ég hygg að það sé öllum almenningi ljóst að skattsvik hafa verið að aukast og eins og ég gat um í ræðu minni hefur nýtt kerfi sem tekið var upp, staðgreiðsla og virðisaukaskattur, ekki skilað þeim árangri sem menn væntu. En ég er sannfærður um, eins og hér hefur komið fram í umræðunni, að ein ástæða ræður töluverðu um þann vilja almennings að taka þátt í skattsvikum, vera annar aðilinn í þeim, og það er sú skattastefna sem ríkisstjórn Davíðs Oddssonar hefur rekið — að færa allar álögur af stórgróðafyrirtækjum á Íslandi yfir á launafólkið með ýmsum hætti þannig að eins og hér hefur komið fram eru jaðarskattar orðnir með þeim hæstu í heiminum, komnir upp í hátt í 70%. Ég hygg því að það ráði mjög um þann vilja almennings að reyna að bjarga sér með því að vera ginnkeyptir fyrir slíkum tilfellum. Hins vegar vil ég taka það fram að ég sagði hér í ræðu minni að það sé afar

brýnt verkefni þessa þings að fara á ný yfir skattamálin með það í huga að gera skattkerfið réttlátara og skilvirkara. Ég gat um það að í þessum efnum væru hér tvær þjóðir og það getur ekki orðið þjóðarsátt nema Alþingi sýni þann vilja að það ætli sér að ná sátt um tekjustofna ríkisvaldsins.

[12:39]

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þegar stórt er spurt þá verður oft lítið um svör. Ég get því út af fyrir sig skilið að hv. þm. Guðni Ágústsson geti ekki svarað á mjög greinilegan eða skýran hátt seinni spurningu minni frá því í fyrra andsvari. En varðandi fyrri spurninguna um það hvenær skattsvik hafi verið mest á Íslandi þá er kannski líka erfitt fyrir hann að svara því. Hann tilgreinir nokkrar skattkerfisbreytingar sem hann telur vera orsök fyrir auknum skattsvikum en þá man ég ekki betur en að Framsfl., sá flokkur sem hann situr á þingi fyrir, beri fulla ábyrgð á þessum skattkerfisbreytingum eins og reyndar aðrir flokkar hér í þinginu og því er það ekki stórmannlegt að ásaka núverandi stjórn eða aðra flokka um að hafa valdið þessum auknu skattsvikum sem hann vill kalla svo að ásaka þá fyrir það þegar hans eigin flokkur og hann sjálfur ber þá fullt eins mikla ábyrgð á því ef um aukin skattsvik er að ræða.

[12:41]

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er aldrei stórmannlegt að snúa út úr ræðum manna. Það er aldrei stórmannlegt. Það gerðist hér hjá hv. þm. Ég sagði aldrei að hinar miklu kerfisbreytingar væru orsök skattsvikanna. Ég sagði að bæði sá ráðherra sem beitti sér fyrir þeim og allur þingheimur harmaði að það skyldi ekki rætast sem boðað var að nýtt virðisaukakerfi og staðgreiðsla skatta skiluðu því að skattsvik heyrðu sögunni til. Það voru mín orð. Hins vegar hef ég rakið það hér að ég tel ástæðu fyrir vilja almennings til að taka þátt í skattsvikum vera hvernig núverandi ríkisstjórn hefur aukið álögur á almenning á öllum sviðum, bæði með hækkuðum sköttum, þjónustugjöldum. Hinn almenni þegn sem á enga möguleika, hver króna er gefin upp á hann, hann hefur ekki haft svigrúm til að sjá fjölskyldu sinni farborða í þeim þrengingum sem röng skattastefna ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar hefur valdið.

[12:42]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Það er vel að hér hefur orðið nokkur umræða um skattsvik í þjóðfélaginu og skattastefnu og skattamál almennt vegna þess að það er mjög mikilvægt að á báðum þessum þáttum varðandi skattastefnuna almennt og varðandi skattsvikin sé tekið með skynsamlegum hætti vegna þess að það skiptir fólkið í landinu auðvitað mjög miklu hvernig á því er tekið. Ég tel það þjóna ansi litlum tilgangi að vera að metast um hvort skattsvik séu meiri í tíð þessarar ríkisstjórnar eða hinnar fyrri. Við höfum staðreyndirnar fyrir framan okkur þar sem tvær nefndir hafa skilað áliti og komist að því sama um umfang skattsvika. Umfang skattsvika 1985 var 11 milljarðar og í dag einnig 11 milljarðar. Þannig að þó það hafi verið gripið til ýmissa aðgerða, bæði af þessari ríkisstjórn og hinni fyrri, og árangur vissulega skilað sér í bættu skatteftirliti, þá er alveg ljóst eins og ég sagði í fyrri ræðu minni að þeir sem stela undan skatti hafa þá fundið sér aðrar leiðir. Þannig erum við í sömu sporum að því leyti til að þetta er 11 milljarða undanskot og er það sama og fyrir 8–10 árum.

Það er alveg ljóst að þessi ríkisstjórn hefur gert nokkuð til að stemma stigu við skattsvikum, m.a. að stórefla og fjölga í skatteftirlitinu hjá skattrannsóknarstjóra. Það er verið að gera átak til þess að taka á svartri atvinnustarfsemi. Bókhaldslög hafa verið endurskoðuð, frv. um það var lagt fram í fyrra en náði ekki fram að ganga eftir því sem ég best veit. Og nú hefur verið farið í meðferð á hlunnindagreiðslum. Með sama hætti var gripið til aðgerða í tíð síðustu ríkisstjórnar. En það virðist ekki vera nóg að gert. Mér finnst gæta hér í máli manna nokkurrar íhaldssemi um það hvernig eigi að taka á þessum málum. Menn nefna að þeir vilji ekki lögregluaðgerðir, þetta séu bara lögreglu- eða dómsaðgerðir og þær skili ekki árangri.

Ég vil minna á tvennt í því sambandi. Það eru stjórnskipaðar nefndir sem hafa starfað að þessu máli, skoðað ofan í þetta þar sem eru menn með þekkingu á bókhaldsmálum. Þarna koma aðilar vinnumarkaðarins að verki, fjmrn., menn í skatteftirlitinu og að þeirra bestu yfirsýn leggja þeir til að stórherða allar sektir og leggja fram tillögur sem koma m.a. fram í þeim frumvörpum sem hér eru flutt. Ég tel að við séum ekki að fara inn í neinar lögregluaðgerðir þó að við hækkum sektir sem við höfum fyrir framan okkur að er beitt mjög mildilega gagnvart skattsvikurum. Á þeim er tekið með silkihönskum og ég vil minna á það að fyrir nokkrum árum voru allar sektir í Bandaríkjunum stórhertar. Þar voru margfaldaðar sektirnar. Það skilaði árangri. Vissulega má deila um hvort lágmarkið eigi að vera þeföldun en við verðum að fara út í það að hækka refsiákvæði og hvernig þeim er beitt. Ég tel það alveg nauðsynlegt. Það hlýtur að segja okkur að eitthvað sé að í okkar kerfi, eitthvað sem við alþingismenn eigum að hafa afskipti af og herða þá löggjöfina þegar stjórnskipuð nefnd kemst að þeirri niðurstöðu að ótti manna við skatteftirlit og skattrannsókn hafi sífellt minnkað hin síðari ár. Af hverju er það? Af því að sektirnar við skattaundandrætti eru svo litlar. Það er sagt: Áhættan af skattsvikum hefur ekki verið mikil því að líkur á að upp komist um þau eru ekki verulegar. Af hverju er þetta svo? Við höfum stórhert skatteftirlit eða fjölgað í skatteftirlitinu en nefndin sem skilaði áliti 1993 kemst að þessari niðurstöðu.

Spurt er um hvað ég hafi gert í málinu, m.a. í ríkisstjórn. Ég held að það sé nokkuð ljóst að ég hef beitt mér mjög á Alþingi í skattsvikamálum þannig að ég er ekki að taka upp neitt nýtt. Ég minni á að árið 1978 beitti ég mér fyrir því að stofnaður yrði sérstakur dómstóll í þessu efni með öðrum þingmönnum og árið 1984 er samþykkt tillaga á Alþingi um aðgerðir gegn skattsvikum. Þeirri tillögu hef ég fylgt eftir að hún

komist til framkvæmda, bæði sem þingmaður og sem ráðherra. Sú tillaga er í sex liðum og fjórir af þeim liðum sem þarna eru hafa komist til framkvæmda, líka í tíð minni sem ráðherra, og hafa þeir átt þátt í því að efla allt skatteftirlit. Tvö atriði hafa ekki komist til framkvæmda og þeim er ég að fylgja eftir núna, þ.e. m.a. að beita í auknum mæli sjálfvirkum sektarákvæðum og hækkuðum sektum. Þá er spurt: Er bara verið að gera það núna þegar fyrrv. ráðherra er orðinn óbreyttur þingmaður? Svarið við því er nei. Ég hef ítrekað tekið þessi mál upp og lagt fram tillögur einmitt í tengslum við niðurskurð á fjárlögum þar sem ég hef lagt mat á það hvað væri hægt að ná meira inn í fjármagnið, t.d. með því að beita sektarákvæðum með öðrum hætti en verið hefur. Af tilviljun er ég með tvö blöð fyrir framan mig sem ég hef sett fram með þessum hætti í ríkisstjórn og þar eru tillögur skattsvikanefndar frá árinu 1985 komnar til framkvæmda, þ.e. skattaleg meðferð hlunnindagreiðslna. Að undanförnu hefur verið unnið að endurskoðun á ákvæðum mála og sektum vegna skattsvika, hert bókhaldseftirlit og viðurlög við brotum. Frv. var lagt fram um það í fyrra og verður væntanlega aftur á þessu þingi. Hert verði refsing og álag þeirra hópa sem láta áætla á sig skatt og skila ekki framtali. Vissulega hef ég reynt að fylgja þessu máli eftir, bæði sem þingmaður og sem ráðherra, og tel að það hafi skilað nokkru.

Mér finnst sumir hv. þm. taka undir að full ástæða sé til þess að endurskoða ýmis atriði sem miða að því að herða allar aðgerðir okkar gegn skattsvikurum. Ekki er nóg að segja það sem mér fannst koma fram hjá formanni efh.- og viðskn. að það væru svo margir sem skjóta undan skatti og vitnaði hann í könnun um að 70–80% manna væru tilbúnir til þess að svíkja undan skatti ef þeir ættu kost á því. En ég man ekki betur en að í annarri skoðanakönnun hafi einmitt verið spurt um skattsvikin og afstöðu manna til þeirra og að þar hafi komið fram álíka hátt hlutfall sem taldi skattsvikin *mjög alvarlegt brot sem ætti að taka á*. Einhver skoðanakönnun sem segir að margir séu tilbúnir til að svíkja undan skatti afsakar það ekki að við slökum eitthvað á í þeim efnum. Þegar við höfum tvær skýrslur fyrir framan okkur af stjórnskipuðum nefndum með aðilum sem gerþekkja þessi mál þar sem ákveðnar tillögur og ábendingar koma fram eigum við að taka það alvarlega og taka það til rækilegrar skoðunar á Alþingi og það er ég að biðja um með flutningi þessara mála.

Ég ætla ekki að fara frekar yfir þessi mál. Ég get alveg tekið undir það að veruleg tilfærsla hefur orðið á fjármunum frá hinum venjulegu skattgreiðendum yfir til atvinnurekstrarins í tíð þessarar ríkisstjórnar og fyrir því eru ákveðin rök. Ég man ekki betur en það hafi líka verið aðilar vinnumarkaðarins þegar heildaraðgerðir voru skoðaðar til þess að tryggja hér stöðugleika og draga úr atvinnuleysi sem ekki hafi mótmælt því að það hafi verið gert. Engu að síður hefur verið gengið of langt í því efni varðandi lægst launuðu hópana. Ég get alveg tekið undir það sem kemur fram hjá framsóknarmönnum að það þarf að skoða þetta varðandi lægst launuðu hópana og hlýtur að koma til skoðunar hvort eigi að fara út í stighækkandi tekjuskatt, vera með 33% á fyrirtækin. Er rétt að lækka skattbyrðina hjá þeim lægst launuðu eða skoða einhverja tekjutengingu varðandi persónuafsláttinn?

Ég nefni þetta af því að það er mikið talað um efnahagsbata í þjóðfélaginu og það hlýtur að vera horft til þess að gera það með þeim hætti að skoða skattbyrðina hjá lægst launaða fólkinu. En ég hygg að ef menn ætla að ráðast í það verði þeir að vera tilbúnir til þess að breyta skattkerfinu líka þannig að það séu þá til þess fjármunir að lækka skattbyrðina hjá láglaunafólkinu. Bæði í tíð þessarar ríkisstjórnar og í tíð ríkisstjórnarinnar þar áður var mikið rætt um fjármagnstekjuskatt. Hvorki þessi ríkisstjórn né ríkisstjórnir þar áður gátu lagt fram tillögur um það að taka á fjármagnstekjuskatti. Mér finnst menn alltaf vera með einhverjar viðbárur í því efni. Ég tel að það eigi að skoða tvennt samhliða, þ.e. skoða sköttun á fjármagnstekjur af fullri alvöru — ég held að það séu ekki svona miklir tæknilegir erfiðleikar eins og menn eru að bera fyrir sig — og að skoða lækkun á sköttum láglaunafólksins.

Ég held, virðulegi forseti, að ég hafi ekki fleiri orð um þetta mál. Hér hefur verið nokkuð nefnt að 9. málið ætti frekar heima í allshn. en í efh.- og viðskn. og ég geri ekki athugasemd við það ef vilji er til þess að það mál verði frekar til meðferðar í allshn.

Forseti (Kristín Einarsdóttir):

Forseti lítur svo á að þingmaðurinn falli frá tillögu sinni um að málið fari í efh.- og viðskn. þannig að tillaga er um að vísa því til allshn.

[12:55]

Finnur Ingólfsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur fyrir þær ágætu útskýringar sem komu fram áðan um hvernig að þessu hefði verið staðið af hennar hálfu í samstarfi við aðra flokka í ríkisstjórnum fram til þessa. Ég dreg alls ekkert í efa að hv. þm. hefur lagt talsvert fram í þessum efnum og lagt sig fram um að takast á við skattsvik og vill vel. Það sem mér fannst hins vegar merkilegt við ræðu hv. þm. hér áðan var það að þegar hv. þm. sagði að hún hefði ítrekað reynt það í tíð núv. ríkisstjórnar að það væri tekið á skattsvikamálum. Því spyr ég hv. þm.: Getur maður skilið þetta sem svo að eins og ríkisstjórnin er nú skipuð hafi einstakir hæstv. ráðherrar í þeirri ríkisstjórn barist gegn því? Það væri fróðlegt að vita hvort hæstv. umhvrh. væri í þeim hópi, ráðherra í ríkisstjórninni, sem berðust gegn því að tekið væri á skattsvikum. Fróðlegt væri að fá svar hjá hv. þm. um þetta atriði.

[12:57]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég gat um það í mínu máli áðan að gripið hefði verið til aðgerða af hálfu þessarar ríkisstjórnar og þeirrar ríkisstjórnar sem sat áður. Ég minnist þess t.d. varðandi þá þáltill., sem ég hef verið að rifja upp um aðgerðir stjórnvalda gegn skattsvikum, þar sem m.a. eru tvö atriði sem hefur ekki verið

nægjanlega framfylgt, að ég hef sent bæði núv. og fyrrv. fjmrh. þessa tillögu þar sem ég óskaði eftir því að tekið yrði á þessum ákvæðum og framfylgt þeirri ályktun sem Alþingi samþykkti í þeim efnum. Ýmist af þessu hefur komist til skila, alls ekki allt saman og það hefur verið árangur í skattaaðgerðum bæði í tíð þessarar og fyrri ríkisstjórnar. Þessi mál eru í höndum fjmrh. eins og hv. þm. veit og það er náttúrlega mest undir honum komið hvaða áherslur eru þar lagðar, á hverju er tekið í skattsvikamálum hverju sinni.

[12:58]

Finnur Ingólfsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. svarið. Ég tek undir það að það byggist auðvitað mjög mikið á hæstv. fjmrh. hverju sinni hvernig þeir vilja meðhöndla þessi mál. Auðvitað er miður að þessi tvö atriði í ályktun Alþingis um hvernig eigi að taka á skattsvikum skuli ekki hafa komist í framkvæmd. Ég skil ekki hv. þm. öðruvísi en svo að tveir síðustu hæstv. fjmrh. hafi í raun og veru staðið gegn því að þessi tvö atriði, sem Alþingi hefur ályktað um, skuli hafa náð fram að ganga. Það er auðvitað mjög alvarlegt ef staðreyndin er sú að einstakir ráðherrar í ríkisstjórn geti í krafti síns embættis staðið gegn því að ályktanir Alþingis komist í framkvæmd.

[12:59]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég held að það væri mjög gott ef þetta væri þannig í öllum tilvikum að álykunum, sem Alþingi samþykkir, væru hrint í framkvæmd af framkvæmdarvaldinu. Við fáum árlega yfirlit yfir hvernig þingsályktunartillögur hafa verið framkvæmdar og er allur gangur á því. Ég hygg að sú ályktun, sem við erum að ræða um, taki mörgum ályktunum langt fram um það að hafa komist til framkvæmda og mætti rifja upp margar þáltill. sem Alþingi hefur samþykkt sem hafa ekki komist til framkvæmda. Þegar verið er að tala um hvort fjmrh. hafi akkúrat staðið gegn þessum atriðum, þá er ég ekki að halda því fram að þeir hafi gert það. Þeir hafa fengið frá mér þessar ábendingar um að það ætti að taka á þessum málum. Þeir hafa lagt sínar áherslur í skattamálum og skattsvikamálum, komið fram með ýmsar aðgerðir þó það séu ekki nákvæmlega þessar. Nú höfum við reynsluna af hvernig þessum ákvæðum varðandi sektirnar hefur verið beitt. Það má vel vera að menn hafi viljað fá einhverja frekari reynslu á því hvernig dómskerfið tæki á þessu máli vegna þess að það er ekki undir fjmrh. komið að því er varðar beitingu þessara sektarákvæða. Lagaákvæðin eru fyrir hendi. Þau segja að það megi beita allt að tífaldri þeirri fjárhæð sem undan er skotið. Mín gagnrýni hér beinist því fyrst og fremst að þeim aðilum sem sjá eiga um beitingu á þessum heimildum og þeir hafa ekki gert það sem skyldi. Þess vegna segi ég: Ég tel rétt og tímabært að Alþingi taki á þessu og setji hér ákveðið refsilágmark.

[13:01]

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir það með hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur að auðvitað á ekki að taka á skattsvikurum með neinum silkihönskum. Það þurfa að vera refsingar og aðgerðir en fyrst og fremst þarf að skoða þetta mál í heild sinni og finna upp nýjar leiðir í skattamálum.

Hér ræðir hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir málefni láglaunafólksins af tilfinningu sem kemur mér ekki á óvart. En ég ætla að spyrja hv. þm. um verstu aðgerð sem ég tel að ríkisstjórn hennar og hún sjálf hafi staðið að á sínu tímabili.

Skattleysismörk voru komin upp 63 þús. kr. Ríkisstjórn Davíðs Oddssonar lækkaði skattleysismörk niður í 57 þús. kr. sem er flatur hækkandi tekjuskattur á láglaunafólk. Nú sagði í umræðu undir stefnuræðu forsrh., hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, að skattleysismörkin þyrftu að vera 71 þús. kr. Hér stóð stjórnarandstaðan eins og veggur og barðist gegn þessari aðgerð og taldi hana óhæfu en Sjálfstfl. og Alþfl. stóðu eins og veggur og lækkuðu skattleysismörkin niður í 57 þús. kr. Nú vil ég spyrja hv. þm.: Voru átök um þetta mál í ríkisstjórn? Og hver var afstaða þingmannsins? Hvers vegna var þá ekki hurðum skellt og hótað afsögn? Því að þessi aðgerð hefur átt stóran þátt í því hvernig alþýðuheimilin hafa verið að fara í tíð ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar.

[13:04]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að það sé rétt að minna á í þessu sambandi að við gerð síðustu kjarasamninga kom það mjög upp á borðið að hækka skattfrelsismörkin. Ríkisstjórnin lagði fram að mig minnir 3,5 milljarða kr. þar sem ýmsir ráðherrar í ríkisstjórninni lögðu á það áherslu að frekar yrði þetta fjármagn notað til þess að hækka skattfrelsismörkin heldur en koma á tveggja þrepa skatti með lækkun matvæla. Ég spyr mig hvort það hefði ekki verið eðlilegri leið þegar við áttum hér til 3,5 milljarða að nota þá til þess að hækka skattfrelsismörkin og ég spyr: Hvað er til í því að á 100 vinnustöðum sem ég hef farið á í sumar hefur fólk á vinnustað eftir vinnustað úti á landi haldið því fram að þessi matarskattslækkun hafi ekki skilað sér nema á fyrstu vikunum, þetta sé allt komið í sama farið aftur? Það er ástæða til að skoða það hvort þessi kjarabót, sem fólk átti að fá í stað almennrar launahækkunar, hafi ekki skilað sér nema á fyrstu vikunum. Það hefur því vissulega verið horft til þess, hv. þm., af ríkisstjórninni og einstaka ráðherrum að hækka frekar skattfrelsismörkin en það var vilji aðila vinnumarkaðarins, sérstaklega ASÍ, að fara frekar hina leiðina. Þetta hefur því vissulega verið uppi á borðinu í erfiðri stöðu sem ríkisfjármálin hafa verið í og það kostar vissulega mikið að hækka skattfrelsismörkin. Ef við ætlum að fara með skattfrelsismörkin úr 57 í 75–80 þús., þá erum við að tala um 10–12 milljarða. Við erum að tala um 10–12 milljarða. Þess vegna hef ég nefnt að það sé nauðsynlegt að taka upp fjármagnstekjuskattinn, dreifa byrðunum með öðrum hætti en verið hefur.

Og varðandi það sem þingmaðurinn nefndi þegar þetta var lækkað á einhverjum tíma sem hann nefndi ákveðnar tölur um, þá stóð ákvörðun um það að lækka

verulega barnabætur eða fara þessa leið. Það varð niðurstaðan að fara þessa leið, en ég minni á að þetta hefur vissulega verið uppi á borði ríkisstjórnarinnar og var hægt að eyða 3,5 milljörðum í að hækka skattfrelsismörkin.

[13:06]

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hér kemur fram hjá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur sú skoðun, sem kannski við framsóknarmenn óttuðumst, að með því að hún hefur loksins ferðast um landið hefur hún komist að raun um, segir hún, að tveggja þrepa virðisaukaskattskerfið hefur ekki skilað sér til allra í landinu. Ég legg því til að hv. þm. Ingi Björn Albertsson fari í ferðalag um landið og kynni sér málið vegna ræðu sinnar hér áðan.

En hvað skattleysismörkin varðar þá finnur maður það auðvitað í ræðum hv. þm. að hún iðrast að hafa staðið að þessari aðgerð með ríkisstjórn sinni, en þessi aðgerð hefur leikið láglaunafólkið á Íslandi mjög grátt. Hv. þm. sagði í umræðum að eðlilegt væri að þessi mörk væru við 71 þús. kr. en ekki 57 þús. kr. Ég fagna þeirri yfirlýsingu, en var fyrst og fremst að spyrja hvers vegna Alþfl. og hv. þm. hefðu ekki hugleitt þetta mál betur þegar farið var í þessar vondu aðgerðir á sínum tíma.

[13:08]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Ég skal ekki lengja þessa umræðu mikið, en taldi mig þó knúinn til þess að taka aftur til máls í framhaldi af ræðu hv. 12. þm. Reykv. Það mátti skilja hv. þm. svo að hún túlkaði mína ræðu þannig að ég vildi draga úr aðgerðum gegn skattsvikum. Það er alrangt. Kjarninn í minni ræðu var sá að við hlytum að vinna gegn skattsvikum með öllum ráðum en ég hefði ákveðnar efasemdir um þá forgangsröð verkefna í málinu sem kom fram hjá hv. þm.

Það er alveg rétt sem hv. þm. vitnaði til í skattsvikaskýrslunni að þar er lagt til að það verði skoðað að herða viðurlög og vissulega er það eitt sem við þurfum að horfa til. En ég benti á það í minni ræðu að það sem við stjórnmálamenn þyrftum að gera fyrst væri að laga til á þeim vígstöðvum þar sem við höfðum tækifæri til og gera skattkerfið og alla meðferð opinbers fjár það trúverðuga að við ykjum traust og trúnað við hinn almenna skattgreiðanda. Það er að mínu mati grunnurinn og hinn eini grunnur sem við getum byggt raunverulegan árangur á.

Varðandi hins vegar það að núv. ríkisstjórn hefði lagt til að fjölga í skattrannsóknum og skatteftirliti er rétt að það hefur nokkuð verið unnið í því. Hins vegar vil ég benda á annað sem kemur fram í skýrslunni og það er að vinnu starfsfólks skattstofanna sé ekki hagað á þann hátt að vænlegt sé til árangurs gagnvart skattsvikum. Nú er ég ekki að segja, og má enginn skilja mín orð þannig, að starfsfólk skattstofanna skili ekki góðu starfi. Það gerir það starfsfólk vissulega, en því miður er það svo að allt of hátt hlutfall vinnunnar fer í formsatriðin, fer í vinnu sem skilar litlum árangri gagnvart skatteftirlitinu. Í skýrslunni er bent á að mjög vænleg leið til árangurs væri að einfalda alla meðferð framtala og það á að vera tæknilega framkvæmanlegt í dag að koma því þannig við að hinn almenni launþegi þurfi ekki að standa í gerð skattaframtala, hann eigi að geta fengið útskrift frá skattinum sem hann þurfi ekki annað en gera athugasemdir við ef honum líkar ekki það sem þar kemur fram. Á það er bent að með breytingum á þessu sviði sé hægt að losa um fjármagn og um leið vinnuafl til þess að sinna skatteftirlitinu. Ástæðan fyrir því að menn óttast skattsvik minna núna en fyrir nokkrum árum hygg ég að sé ekki síst sú að menn vita að það eru svo litlar líkur til þess að þeirra framtal verði dregið út úr og tekið til skoðunar vegna þess að starfsliðið er nánast allt saman upptekið við að bera saman launamiða, framtöl og hvers kyns formsatriði sem ætti að vera hægt með nútímatækni að sinna á vélrænan hátt. Hérna er atriði sem menn eiga að taka á og taka á strax.

Ég vil að lokum nefna að það hefur verið rætt hér um ný bókhaldslög og það hefur ekki staðið á Alþingi með afgreiðslu á þeim. Frv. um þau kom einfaldlega svo seint fram á síðasta þingi að það voru engin tök á að vinna það nokkuð. Efh.- og viðskn. fór yfir drög að frv. að þessum lögum í sumar með það fyrir augum að flýta fyrir vinnunni þegar þing kæmi saman núna í haust. Ég hafði gert mér vonir um að frv. að nýjum bókhaldslögum og nýjum lögum um uppgjör fyrirtækja lægju fyrir strax í upphafi þings þannig að efh.- og viðskn. hefði getað farið í það strax á fyrstu vikum þingsins meðan beðið er á hefðbundinn hátt eftir að skattalögin komi fram, en því miður bólar ekkert á þessum frumvörpum. En ég tel mig geta sagt það hér og fullyrt fyrir hönd nefndarinnar að það muni ekki stranda á henni þegar kemur til slíkrar vinnu og í raun tel ég að ýmsum af þeim atriðum sem hv. þm. leggur til væri hægt að koma til framkvæmda í þeirri vinnu, þegar við förum í breytingar á þeirri löggjöf.

[13:14]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson):

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að tefja þessa umræðu vegna þess að þegar ég gekk í salinn, þá var þeirri spurningu beint til mín af hálfu Framsfl. hvort verið gæti að sá ráðherra sem hér stæði hefði verið að beita sér gegn skattsvikum innan ríkisstjórnarinnar. Svo er alls ekki. Ég er auðvitað eins og fyrrv. ... **(Gripið fram í:** Þú varst helst grunaður.) Má vel vera að ég hafi skapað mér þann orðstír hér í þessum sölum að ég væri þá helstur manna sem lægi undir grun um skattsvik en því miður eru laun mín þess eðlis og koma úr þannig sjóðum að það er alls ekki svo eða sem betur fer.

Hins vegar er það svo að á meðan ég var í flokki með hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, þá vorum við mjög samstiga í því einmitt að beita okkur fyrir aðgerðum til þess að uppræta skattsvik. Að vísu er það svo, hv. þm. Alþb., Ólafur Ragnar Grímsson, að hún hefði e.t.v. mátt fá betri stuðning frá fylgismönnum annarra flokka. Ég hef að vísu ekki séð áður ýmsar þær tillögur sem hér hafa komið fram hjá hv. þm., t.d. um skattadómstól, en ég hygg að þær séu allrar íhugunar virði. Hins vegar er það ekki svo að þessi ríkis-

stjórn hafi ekkert gert til þess að uppræta skattsvik eins og má stundum heyra á máli hv. þm. Ég bendi t.d. á það að síðan 1993 hafa átt sér stað breytingar hjá skattrannsóknarstjóra, þar sem þeim starfsmönnum sem vinna að rannsókn skattsvika hefur fjölgað úr fjórum í 17. Það hefur verið sett á laggir sérstök skrifstofa til þess að sinna sérstaklega því sem kallað er svört atvinnustarfsemi og ég held að allir verði að taka undir að þarna er mikil bót á ferðinni. (Gripið fram í.) Ég bendi líka á það, hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, að það hafa verið sett lög til þess einmitt að gera skattrannsóknarstjóra auðveldara fyrir að rannsaka bókhald fyrirtækja og komast þannig fyrir rót vandans. Það held ég að menn hljóti að taka undir að er til hins betra og segi það að öðru leyti að þessi umhvrh. mun auðvitað skoða þau frumvörp hv. þm. óstofnaðs flokks jafnaðarmanna með miklum velvilja.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Notkun steinsteypu til slitlagsgerðar, fyrri umr.

Þáltill. GE, o.fl., 14. mál. — Þskj. 14.

[13:17]

Flm. (Gísli S. Einarsson):

Ég mæli fyrir till. til þál. um notkun steinsteypu til slitlagsgerðar. Ályktunin er þannig:

„Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að beita sér fyrir aukinni notkun steinsteypu til slitlagsgerðar þar sem álagsumferð er meiri en 5 þúsund bílar á dag, jafnframt til brúargerðar og á vegi við þéttbýli þar sem umferð er 5 þúsund bílar á sólarhring og meira. Vegagerð ríkisins hafi að markmiði við nýlagningu og endurnýjun slitlags að nota steinsteypu þar sem umferðarþungi og álag er mikið."

Frú forseti. Þegar þessi tillaga var flutt á síðasta þingi var lagt fram sem fylgigagn myndband sem heitir „Steyptar götur í 30 ár". Ég geri ráð fyrir því að það sé til staðar en ef svo er ekki en talin er þörf á því þá hef ég slíkt band undir höndum og til afnota fyrir samgn.

Ég vil einnig geta þess að iðnn. fékk þessa tillögu til umfjöllunar á síðasta þingi og skilaði frá sér álitsgerð. Ég lít svo á að álitið sé til staðar og ekki þörf á að vísa tillögunni aftur til nefndarinnar, þar sem iðnn. er skipuð sömu aðilum og sátu í henni á sl. ári.

Að öðru leyti er greinargerð með tillögunni eftirfarandi:

„Mjög ítarlegar og markvissar rannsóknir hafa verið unnar á síðustu tveimur áratugum á notkun steinsteypu til vega- og gatnagerðar. Fyrir liggur að mun hagkvæmara er að nota steypu þar sem umferð og álag af völdum veðurfars og þungaflutninga er mikið. Í þessari greinargerð er vísað til meðfylgjandi gagna um rannsóknir sem unnar hafa verið og kynntar af Íslendingum. Notkun íslenskra efna til vegagerðar er kappsmál þar sem saman fara atvinnuskapandi og gjaldeyrissparandi þættir, auk meiri gæða.

Kostir frá umhverfissjónarmiði eru ótvíræðir. Í stað olíuefna, sem gufa upp og menga jarðveg og andrúmsloft eða er komið fyrir í náttúrunni þegar gömul olíuslitlög eru fjarlægð, kemur umhverfisvænt efni, alíslenskt, sem er steinsteypa.

Góða sönnun fyrir hagkvæmni steinsteypu sem bundins slitlags má finna á Akranesi. Allt frá fyrstu tíð, þ.e. frá árinu 1960, hafa steyptu slitlögin reynst þar eins og best verður á kosið. Engum fjármunum hefur verið varið til viðhalds steyptra gatna á Akranesi þau 33 ár sem þau hafa verið í notkun. Tæknimenn Akranesbæjar reikna með að steypt gata endist a.m.k. þrisvar sinnum lengur en malbikuð og er það byggt á framansögðu. Við mat á hagkvæmni slitlags kemur það enn frekar í ljós. Tilboð í 5 sm þykkt malbik á síðasta ári var ekki nema 40% ódýrara en 12 sm þykk steypa. Verðtilboð í steypu var á Akranesi á árinu 1993 1.891 kr. á fermetra miðað við 12 sm þykkt, en verðtilboð í malbik á sama tíma var 1.150 kr. á fermetra miðað við 5 sm þykkt.

Rétt er að geta þess að sementsverð er það sama á öllu landinu vegna verðjöfnunar. Á malbiki er engin verðjöfnun sem gerir það þeim mun dýrara sem flutningsleið þess er lengri frá löndunarhöfn. Enn fremur ber að hafa í huga að til lagningar malbiks þarf sérhæfð tæki og mannskap. Nær alls staðar á Íslandi er til verkþekking til gatna- og vegagerðar með steinsteypu. Eftirfarandi atriði mæla sérstaklega með steinsteypu til gatna- og vegagerðar:

Meiri ending og minna viðhald, ekki síst við álag nagladekkja.

Minni erlendur kostnaður, en kostnaður er óháður olíuverði sem er u.þ.b. 11% af stofnkostnaði malbiks.

Fleiri störf hérlendis, steypustöðvar, efnisvinnsla, sementsverksmiðja.

Minni eldsneytisnotkun (10–20%) einkum vegna harðara yfirborðs steypu og minna vatns í hjólförum.

Minni efnamengun vegna slitryks."

Það er rétt að geta þess að í svari frá hæstv. umhvrh. kom fram á síðasta þingi að hundruð tonna af tjöruryki fara út í umhverfið vegna slits á olíubornum vegum á Íslandi.

„Að jafnaði grynnri hjólför og þar af leiðandi minna um slys.

Minni kostnaður við lýsingu þar sem steypa er ljós en malbik dökkt.

Á allt of mörgum sviðum hefur hagkvæmum og atvinnuskapandi möguleikum, þar sem um hefur verið að ræða íslensk efni, verið hafnað. Erlend efni hafa verið tekin fram yfir vegna auglýsinga og áróðurs í krafti fjármagns þeirra sem hlut eiga að máli. Oft eru ákvarðanir teknar með skammtímasjónarmið í huga og án þess reikna hagkvæmnidæmið til enda og þegar haft er í huga að eingöngu opinberir aðilar standa að slitlagagerð gefur það vissulega tilefni til sérstakrar rannsóknar og úttektar."

Ég get upplýst það hér að nú er í gangi hjá Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins sérstök úttekt og það sem komið er bendir til þess að það sem er getið

um í þessari tillögu stenst allt og meira til því að það eru allar líkur á að hagkvæmni notkunar steinsteypu sé verulega meiri en hér er um getið.

„Hliðstæð dæmi má nefna þar sem íslensk byggingarefni, sambærileg að verði og gæðum, hafa lotið í lægra haldi fyrir innfluttum byggingarvörum sem oft eru niðurgreiddar eða ríkisstyrktar. Þetta á t.d. við um eldhúsinnréttingar, fjölmarga innanstokksmuni, gipseiningar og margs konar loft- og veggplötuklæðningar. Annað dæmi, sem rétt er að nefna, er íslenskur skipasmíðaiðnaður sem er nánast rjúkandi rústir sökum samkeppni við ríkis- og atvinnubótastyrktan sambærilegan iðnað í nágrannalöndum okkar, svo sem Noregi, Danmörku, Svíþjóð og fleiri vestrænum ríkjum."

Það er þó rétt að geta þess sem vel er gert. Á síðasta ári og á þessu ári var tekið á þessu máli af hálfu ríkisstjórnar með jöfnunarframlögum sem vert er að þakka.

Ég vil nota þetta tækifæri til að vekja athygli á því að það er brýn nauðsyn að það verði gerð grein fyrir því á hvern hátt og til hvaða verkefna ríkið hefur lagt fram fjármuni til jöfnunaraðgerða vegna skipasmíðaverkefna. Ég tel að það sé full ástæða til að skora á ríkisstjórn að kanna enn frekar til hvaða aðgerða er unnt að grípa til þess að halda viðgerðarverkefnum og nýsmíðum innan lands í skipasmíðaiðnaðinum og þeim virðisauka sem þannig verður til. Ég vil taka það fram sem áhersluauka að núna á þessum dögum eru að fara skipasmíðaverkefni fyrir 8 millj. kr., það er ekki hærri upphæð en 8–9 millj., þau skip eru að fara til Póllands til viðgerða. Það kostar á bilinu 3–5 millj. að fara með skip til Póllands til viðgerða með því sem þar þar fylgir. Getur það verið að þar sé eðlilega að máli staðið? Er það ekki klárt mál að það verður að grípa í taumana í þessum efnum?

Ég vil beina þessari áskorun, sem ég gat um áðan, til ríkisstjórnar Íslands í nafni allra atvinnulausra járniðnaðarmanna og iðnaðarmanna sem nú vinna í störfum ófaglærðra og einnig þeirra fyrirtækja sem eru ákaflega illa stödd, fyrirtæki sem eru að sinna þeim viðgerðum sem við fáum hér innan lands. Ég tel að íslensk yfirvöld verði að stemma stigu við því að verkþekking og atvinnutækifæri glatist sökum andvaraleysis þegar vegið er að starfsgreinum í atvinnulífi landsmanna.

Frú forseti. Ég hef flutt greinargerð með þessari tillögu og mælist til að tillögunni verði vísað til samgn.

[13:27]

Guðjón Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Þessi ágæta tillaga sem hér er til umræðu var flutt á síðasta þingi og vísað til samgn. sem tókst reyndar ekki að afgreiða hana fyrir þinglok. Nú er tillagan flutt í upphafi þings og fær vonandi afgreiðslu á þessu þingi.

Það er margt sem mælir með því að nota steinsteypu frekar en malbik til slitlagsgerðar á vegum þar sem álagsumferð er mikil. Þar má nefna fleiri störf hérlendis. Steinsteypan er alíslenskt efni unnið af starfsmönnum Sementsverksmiðjunnar, efnisvinnslu og steypustöðva sem þýðir aftur minni erlendan kostnað og meiri innlendan heldur en með notkun annarra slitlagsefna. Mengun vegna slitryks er tvímælalaust minni af steyptum vegum en malbikuðum. Steyptir vegir þola betur nagladekk þannig að hjólför verða grynnri og slysahætta því minni. Á þetta er allt drepið í greinargerð með tillögunni. Ekki síst er svo ending steypts slitlags margföld á við hið malbikaða og viðhaldskostnaður því miklu minni og það vegur fljótlega upp þann verðmun sem oftast er á þessum slitlagstegundum. Það er því ekkert vafamál að steinsteypan er hagstæðasta slitlagsefnið þar sem umferð er mikil og áraun vegaryfirborðsins.

Löng og góð reynsla af steinsteyptum slitlögum sannar þetta og þar má minna á Reykjanesbrautina, en eldri hluti hennar er 31 árs gamall á þessu ári, svo og Vesturlandsveginn upp í Kollafjörð sem er orðinn 22 ára. Gæði steinsteypunnar hafa reyndar aukist mjög síðan þessir vegir voru steyptir og tæknileg útlagning steypunnar verið bætt mjög. Steinsteypan hefur einnig sannað ágæti sitt í gatnagerð í ýmsum sveitarfélögum landsins, ekki síst á Akranesi, þar sem byrjað var að leggja steypt slitlag á helstu umferðargötur bæjarins árið 1960 og hefur stór hluti gatnakerfisins verið lagður steyptu slitlagi æ síðan. Reynslan af þessu slitlagi hefur verið framúrskarandi góð og má segja að það hafi verið viðhaldsfrítt öll þessi ár.

Sementsverksmiðjan á Akranesi hefur á undanförnum árum staðið að ýmsum tilraunum með nýja tækni og aukin steypugæði við notkun steinsteypu í gatna- og vegaslitlög. Það hefur þó staðið þessum tilraunum nokkuð fyrir þrifum að ekki er búnaður til í landinu til niðurlagningar steinsteypu í vegi. Því hefur oft verið leitað til Íslenskra Aðalverktaka á Keflavíkurflugvelli en það fyrirtæki hefur slíkan útbúnað og hefur reyndar framkvæmt stór verk á þessu sviði á Keflavíkurflugvelli. Einnig hefur skort tækifæri í vegagerð hérlendis þar sem steinsteypa hentar sem slitlagsefni, þ.e. þar sem er mikil umferð og áraun vegaryfirborðsins. Nú bendir hins vegar margt til að slík verkefni séu fram undan. Hæstv. forsrh. hefur kynnt stórhuga hugmyndir um átak í samgöngumálum, m.a. hér á höfuðborgarsvæðinu þar sem umferðin er mest en einmitt við þær aðstæður er steinsteypan hagstæðust til slitlagsgerðar. Þó fyrstu viðbrögð við hugmyndum hæstv. forsrh. séu misjöfn er ekkert vafamál að hjá þessum framkvæmdum verður ekki komist eins og ástandið er orðið í umferðinni að og frá höfuðborginni.

Sementsverksmiðjan komst að samkomulagi við Vegagerð ríkisins um að steypa 200 metra tilraunakafla á stórumferðaræð, þ.e. tengingu milli Suður- og Vesturlandsvegar og var verkið framkvæmt sl. fimmtudag. Meiningin er að bera saman endingu slitlagsins á þessum kafla vegarins og öðrum sem lagður er malbiki. Ég er ekki í vafa um að sá samanburður verður steypunni í hag. Annars virðist vera ótrúleg tortryggni og tregða ríkjandi í garð steinsteypunnar hjá yfirstjórn vegamála. Má þar nefna t.d. fyrirhugað slitlag á gólf Vestfjarðaganga en verktaki bauðst til að steypa gólfið á svipuðu verði eða jafnvel lægra en það kostaði að malbika

það. Nú eru liðnir nokkrir mánuðir síðan tilboð voru opnuð en enn hefur ekki fengist svar við því hvort gólfið verður steypt eða malbikað. Virðist þó liggja í augum uppi að steypan er hagstæðari til lengri tíma litið.

Kreppa undanfarinna ára hefur aukið mjög skilning okkar Íslendinga á því að taka íslenskar vörur og íslenska þjónustu fram yfir erlenda og er það vel. Þessi viðhorfsbreyting er sérlega ánægjuleg og má víða sjá þess merki að innlend framleiðsla og þjónusta er í sókn. Erfiðast er við þetta að eiga þegar keppt er við erlenda vöru og þjónustu sem er niðurgreidd eða ríkisstyrkt, t.d. skipasmíðar eða skipaviðgerðir eins og framsögumaður nefndi í sinni ræðu. Þetta hefur einnig átt við ýmsar byggingarvörur sem hafa flætt inn í landið og drepið niður sams konar iðnað íslenskan. Þarna er við ramman reip að draga því að til viðbótar við styrki og niðurgreiðslur bætast svo hagsmunir innflytjenda og ýmissa annarra auk þess sem oftast virðist meira fé til að auglýsa erlendar vörur en íslenskar. Það verður að gera þá kröfu að hið opinbera gangi á undan með kaupum á innlendri vöru og þjónustu.

Ég hef hér að framan nefnt nokkur rök fyrir notkun steinsteypu frekar en annarra efna til slitlagsgerðar og ég vil bæta því að þetta er auðvitað mikið hagsmunamál fyrir Sementsverksmiðjuna sem er að fullu eigu íslenska ríkisins. Þessi verksmiðja, sem er sú minnsta á Norðurlöndum, hefur orðið að mæta gríðarlegum samdrætti í sölu á undanförnum árum, bæði vegna þess mikla samdráttar sem orðið hefur í byggingum og vegna aukins innflutnings á tilbúnum byggingarhlutum og efnum sem koma í stað múrhúðunar. Sala verksmiðjunnar komst í 160 þús. tonn á ári þegar virkjunarframkvæmdir voru sem mestar en var að jafnaði 115–130 þús. tonn á ári á síðasta áratug. Í ár er einungis gert ráð fyrir að selja um 83 þús. tonn. Starfsmönnum hefur fækkað gífurlega og eru þeir nú í kringum 90 en voru tvöfalt fleiri þegar umsvifin voru sem mest. Sú fækkun skýrist reyndar að hluta af breyttri tækni og hagræðingu en einnig að stórum hluta af þessum mikla sölusamdrætti.

Það er auðvitað mjög mikilvægt að þetta fyrirtæki haldi velli. Afkastageta verksmiðjunnar hefur nýst mjög illa á undanförnum árum og hún hefur verið stöðvuð allt að fjóra mánuði á ári. Reksturinn hefur að sama skapi verið mjög erfiður og mikið tap á undanförnum árum þrátt fyrir að starfsfólk verksmiðjunnar hafi gert stórátak í margs konar hagræðingu.

Helstu möguleikar fyrirtækisins á aukinni framleiðslu og sölu á næstunni liggja tvímælalaust í vegagerð.

Hæstv. forseti. Aukinni notkun steinsteypu til slitlagsgerðar fylgja margir kostir eins og ég hef nefnt hér að framan, m.a. minni mengun, minni slysahætta, minni viðhaldskostnaður og bættur hagur Sementsverksmiðjunnar sem er í eigu ríkisins og síðast en ekki síst fleiri störf fyrir Íslendinga. Þess vegna er hér á ferðinni góð tillaga sem vonandi fær jákvæða afgreiðslu á þessu þingi.

[13:34]

Ragnar Elbergsson:

Virðulegi forseti. Sú tillaga sem hér er lögð fram um notkun steinsteypu til slitlagsgerðar er athyglisverð og tímabær og ber að þakka hv. flm., Gísla S. Einarssyni, frumkvæðið að því að flytja þetta mál hér.

Eins og fram kemur í greinargerð með tillögunni eru kostir við þessa tilhögun margir. Athuganir hafa sýnt að mun hagkvæmara er að nota steypu þar sem umferð er mikil og jafnframt álag af völdum veðurfars og þungaflutninga. Sú reynsla og verkþekking sem við búum að í steypuframkvæmdum hér á landi rökstyður það að þessi leið sé farin.

Notkun íslenskra efna til vegagerðar og að byggt sé á reynslu og þekkingu innlendra aðila er þáttur í því að auka hér atvinnu og jafnframt er rennt styrkari stoðum undir innlendan iðnað. Við höfum í allt of miklum mæli þurft að horfa upp á að valin séu erlend efni þrátt fyrir að innlend framleiðsla sé fyllilega samkeppnishæf. Eins og fram kemur í greinargerðinni eru erlend efni tekin fram yfir þar sem auglýsingar og áróður í krafti fjármagnsins er leiðandi í ákvarðanatökunni.

Í greinargerðinni með tillögunni eru tekin nokkur dæmi um stöðu innlends iðnaðar, m.a. stöðu skipasmíðaiðnaðarins. Þar er einmitt lýsandi dæmi um stöðu iðngreinar sem farið hefur halloka í samkeppni við ríkisstyrktan erlendan iðnað. Greinargerðin tekur á fleiri þáttum um hliðstæð efni sem hér eru í framleiðslu en fara síðan halloka vegna þess að innflutningur er það ör á þeim. Það er hægt að taka dæmi, eins og kemur fram í greinargerðinni, um eldhúsinnréttingar, fjölmarga innanstokksmuni, gipseiningar og margs konar loft- og veggplötuklæðningar.

Síðan er þetta spurning um umhverfisáhrif. Ég fagna því að hæstv. umhvrh. skuli vera hér. Þetta er eitt af því sem þarf að vega og meta við gerð slitlags á þjóðvegina okkar og ég tala ekki síður um í þéttbýli. Jafnframt á þeim svæðum víða um land sem eru ferðamannasvæði og útivistarsvæði varðandi slitlagsgerð og fleira í þeim dúr. Ég fagna því sem sagt að þessi tillaga er komin fram og ég tel að þetta sé einn þátturinn í þeirri aðgerð að efla íslenskan iðnað. Ég vona að tillagan fái jákvæða umfjöllun á hv. Alþingi og að við séum öll sammála um að nauðsynlegt sé að hlúa sem best að því sem innlent er.

[13:38]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson):

Virðulegur forseti. Ég vil aðeins í örstuttu máli lýsa stuðningi mínum við þessa tillögu. Frá sjónarmiði umhverfisins þá er alveg ljóst að hún hefur marghátt aðan ávinning í för með sér. Þannig liggur fyrir að ef slitlag er gert úr steinsteypu þá leiðir það til minni notkunar á eldsneyti úr jarðefnum og það eitt og sér felur í sér ávinning fyrir umhverfið. Það er líka alveg ljóst að það er minni efnamengun vegna slitryks og í þriðja lagi liggur það líka fyrir að þau efni sem eru í steinsteypunni eru ekki jafnmengandi og ýmis þau olíuefni sem er að finna í asfaltinu. Bæði þegar asfaltið er lagt og eins þegar það er síðan fjarlægt. Þessir þrír

kostir mæla því sterklega með samþykkt þessarar tillögu. Síðan er það auðvitað líka mjög mikilvægt að með því að flytja sig úr asfalti yfir í steinsteypu þá eru menn að flytja sig úr erlendum efnum yfir í innlend efni. Þetta mun auka innlenda framleiðslu, þetta mun skapa störf hér á Íslandi og síðast en ekki síst, eins og hefur komið fram í máli hv. flm. og annarra þeirra sem hér hafa tekið til máls um efni tillögunnar, þá skýtur þetta styrkari stoðum undir eitt af merkustu fyrirtækjum landsins, þ.e. Sementsverksmiðjuna á Akranesi, sem hefur glímt við nokkra erfiðleika á því samdráttarskeiði sem við höfum att kappi við á síðustu árum. Og það líka skiptir máli. Þess vegna segi ég það sem umhvrh. og þingmaður að ég tel að það mæli flest með því að þessi tillaga verði samþykkt og að stjórnvöld í framhaldi af því beiti sér fyrir því að flytja vegagerð yfir í steinsteypu.

[13:39]

Flm. (Gísli S. Einarsson):

Frú forseti. Ég þakka góðar undirtektir, hæstv. umhvrh. og hv. þm., meðflutningsmönnum mínum fyrir athyglisverðar og góðar ábendingar til viðbótar því sem inn er lagt í greinargerðinni. Að lokum hlýt ég að treysta því að virðuleg samgn. ljúki málinu hið fyrsta.

Ásamt mér flytja þessa tillögu, hv. þm. Kristín Einarsdóttir, Guðjón Guðmundsson, Árni R. Árnason, Ingibjörg Pálmadóttir, Svavar Gestsson og Ragnar Elbergsson. Ég ítreka þakkir fyrir undirtektir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Átak við að leggja jarðstrengi í stað loftlína, fyrri umr.

Þáltill. GE o.fl., 15. mál. — Þskj. 15.

[13:41]

Flm. (Gísli S. Einarsson):

Frú forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um að gera átak við að leggja jarðstrengi í stað loftlína. Þessi tillaga var flutt á síðasta þingi og hún komst það langt í afgreiðslu iðnn. að það átti rétt aðeins eftir að kalla til viðtals nokkra aðila til að ganga frá málinu. Ég reikna með að því ljúki fljótlega á þessum vetri.

Tillagan er flutt af mér og hv. þm. Jónu Valgerði Kristjánsdóttur, Eggert Haukdal, Steingrími J. Sigfússyni, Jóhannesi Geir Sigurgeirssyni og Sigbirni Gunnarssyni.

Tillagan er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hún beiti sér fyrir að gert verði sérstakt átak við að leggja jarðstrengi í stað loftlína í dreifikerfi á þeim svæðum þar sem mest veðurálag er eða æskilegt er frá umhverfissjónarmiði að þær hverfi. Ríkisstjórnin leggi fram, sem lið í atvinnuátaki, sérstakt fjármagn til þessara framkvæmda."

Greinargerð með tillögunni er svohljóðandi:

„Mjög mikið tjón hefur orðið á raflínum á undanförnum árum og hefur það valdið miklu tjóni, sérstaklega í sveitum og dreifðum byggðakjörnum. Varla þarf að lýsa þeim erfiðleikum og hættum sem viðgerðarmenn hafa búið við og verið samfara viðgerðum við hrikalegar veðurfarsaðstæður.

Þar til fyrir 2–3 árum hefur ekki verið fjárhagslegur grundvöllur fyrir framkvæmdum af þessum toga en samkvæmt upplýsingum Rarik er orðið ódýrara að leggja jarðstreng en reisa nýjar loftlínur.

Jarðstrengir hafa lækkað umtalsvert í verði og er heildarkostnaður um 80–90% af kostnaði við tréstauralínur." — Það er rétt að ítreka að það er ekki meira. Þetta er hámark sem þarna er getið um.

„Rafdreifilínur eru um 7.000 km langar á Íslandi. Mjög víða hagar þannig til að auðvelt er að plægja niður strengi jafnvel þótt jarðvegur sé grýttur og væri þannig auðvelt að koma fyrir jarðstrengjum því að meginhluti lína liggur á þannig svæðum.

Íbúar í sveitum hafa orðið að búa við kulda og ljósleysi vegna rafmagnsleysis allt að 7–8 dögum þegar verstu veður hafa gengið yfir." — Við getum hugsað okkur það ef íbúar í þéttbýli þyrftu að búa við rafmagnsleysi í sjö til átta daga. Ég vona að menn geri sér grein fyrir því hvað um er að ræða þegar slíkt ástand er. Þetta hefur verið þannig þegar verstu veður hafa gengið yfir. — „Mikil tæknivæðing við meðferð mjólkur og gripafóðrun hefur átt sér stað tengd raforku og skapast mikil vandamál einnig af þeim sökum þegar rafmagnsleysi verður eins og kunnugt er. Af þessum ástæðum, svo og af fjölmörgum öðrum, er eðlilegt að ríkisstjórnin setji fjármagn til þessa verks sem yrði tengt atvinnuátaki sem skilar sér sem trygging fyrir öruggari búsetu á landinu.

Hlutföll milli vinnu og efnis við framkvæmd þá sem hér er um rætt eru: Efni 65–70%, vélavinna 15–20% og mannvinna 10–20%. Í þessari tillögu er miðað við að vinnulaunaþáttur verði fjármagnaður af ríkisfé enda verði verkefnið atvinnuátakstengt.

Oft er rætt um að sjónmengun sé af raflínum og að þær séu lýti á landslagi. Á það er ekki lagður dómur með þessari tillögu en hún kemur þó til móts við sjónarmið þar að lútandi. Fyrst og fremst er verið að hugsa um öryggismál, hagkvæmni og atvinnuaukningu og má benda á að miðað við núverandi vaxtakjör stendur jákvæður mismunur á kostnaði við að leggja rafstreng í jörð undir kostnaði af lántöku vegna framkvæmdanna."

Ég vil aðeins til viðbótar vitna til þess sem er síðast í fylgiskjali á bls. 3, í kaflanum Samantekt og niðurstöður, með leyfi forseta:

„Fram undan er síðan endurnýjun á dreifikerfunum, en ljóst er að á útsettum stöðum er komið að því að endurnýja þarf kerfishluta sem eru orðnir úr sér gengnir vegna tæringar, áraunar og slits. Til þessa verkefnis hafa Rafmagnsveitur ríkisins varið 164 millj. kr. á undanförnum þremur árum til viðbótar við almennt viðhald. Upp úr næstu aldamótum má gera ráð fyrir að verja þurfi árlega a.m.k. 168 millj. kr. í þessu skyni."

Frú forseti. Ég mælist til að tillögunni verði að lokinni umræðu vísað til hv. iðnn.

[13:46]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Um leið og ég fagna því að þessi tillaga skuli vera komin fram og vænti þess að hún fái fullnaðarafgreiðslu í nefnd og ég tek undir allt það sem hv. flm. hefur sagt um nauðsyn þess að koma þessu máli áfram, þá langar mig til að spyrja hann hvort hann geri ráð fyrir því að þessari afgreiðslu ljúki og það verði fjárframlag á fjárlögum næsta árs til þess að takast á við þetta verkefni.

[13:47]

Flm. (Gísli S. Einarsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir undirtektirnar enda er þingmaðurinn meðflm. Ég lít svo á að þetta gæti orðið atvinnuskapandi verkefni og það sé unnt að ná fram fjárframlagi til þessa verkefnis með atbeina ríkisstjórnarinnar. Þessi tillaga er flutt með samþykki hæstv. iðnrh. og hefur verið kynnt fyrir forsrh. þannig að ég vonast til þess að málið hljóti jákvæða afgreiðslu. Ég get ekki lofað, frekar en aðrir, að það verði látnir út peningar. Ég get ekki lofað því en ég vonast eindregið til þess og það er þörf á því miðað við það sem fram er komið.

[13:48]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þar sem peningar eru nú afl þeirra hluta sem gera skal þá er auðvitað nauðsynlegt að jafnframt verði tryggt fjármagn til þessara verkefna.

Hæstv. iðnrh. er ekki í þingsölum en ég hygg að starfandi iðnrh. sé hér staddur og hugsanlega upplýsir hann um það hvort þetta mál hefur verið rætt innan ríkisstjórnar og hvort vilyrði muni hugsanlega fást þar fyrir því að taka þetta inn á fjárlög. Ég vil, eins og hv. flm., leggja mikla áherslu á það að á þessu máli sé tekið. Það er orðið löngu tímabært.

[13:49]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson):

Virðulegi forseti. Ég get staðfest að það er stefna bæði iðnrn. og umhvrn. að flytja línulagnir yfir í jarðstrengi eftir því sem tækni og landgæði leyfa. Þetta er ekki síst vegna þess að þegar línur eru lagðar með gamla laginu hafa þær tilhneigingu til þess að brotna í ofviðrum og það veldur því að þeir sem njóta þess rafmagns sem um þær fer sitja í myrkri og kulda. Það sjónarmið er jákvætt út af fyrir sig að vilja koma í veg fyrir það. Ég fylgi þessu máli hins vegar fyrst og fremst vegna annarra atriða, þ.e. ég tel að umhverfissjónarmið valdi því að það sé æskilegt að reyna að leggja línur í jörð eins og hægt er.

Mér komu nokkuð á óvart þær upplýsingar sem hv. flm. Gísli Einarsson greindi frá í sínu máli, ég rengi þær alls ekki, að tæknin hafi nú gert okkur kleift að leggja slíkar línur jafnvel með ódýrari hætti en þessar hefðbundnu línur. Ég skildi mál hv. þm. svo. Því fagna ég. Hitt veit ég að tækniþróunin hefur á síðustu árum verið þannig að kostnaðurinn við jarðlagnir hefur minnkað verulega og ég vænti þess að á næstu árum muni sú þróun halda áfram.

Nú er það svo að það togast mismunandi hagsmunir á um nýtingu landsins okkar. Menn vilja sumir eðlilega virkja og leggja línur, aðrir vilja nota svæði undir ferðaþjónustu og það er alveg ljóst að sú grein sem á Íslandi er í hvað mestum vexti, þ.e. ferðaþjónustan, byggir á þessari sérstöku náttúru sem við höfum. Útlendingar koma til Íslands til þess að sjá ósnortin víðerni, til þess að sjá náttúru sem þeir geta horft yfir án þess að augum mæti nokkur mannanna verk, byggingar eða línur. Erlendis hafa yfirvöld sums staðar farið þá leið beinlínis að fyrirskipa að það megi ekki leggja línur einmitt vegna þess sem menn kalla sjónmengun. Ég hegg eftir því að í greinargerð hv. flm. og reyndar í framsögu hans líka þá lagði hann minna upp úr því en ýmsu öðru sem hann sá jákvætt við þessa tillögu. Ég legg hins vegar mest upp úr því.

Það er ákveðin vinna farin í gang, vonum seinna, sem tengist skipulagningu miðhálendisins. Þar munu menn m.a. véla um það hvar eigi að leyfa að leggja línur og hvar ekki. Sums staðar er hægt að höggva á deilur sem hafa komið upp og kunna að koma upp varðandi línulagnir einmitt með því að fara þá leið sem er lögð til í þessari tillögu. Ég fagna því og reyndar vænti ég þess að í þeirri vinnu sem tengist skipulagningu miðhálendisins þá muni koma fram beinar óskir um það að á sumum stöðum verði ekki lagðar þessar hefðbundnu línur.

Ég segi, virðulegi forseti, að frá sjónarhóli umhverfisverndar tel ég þetta mjög jákvætt mál og ég tel að í því felist ákveðin stefnumörkun, ef samþykkt verði, sem ég fagna.

[13:52]

Flm. (Gísli S. Einarsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka undirtektirnar við umfjöllun um þessa tillögu. Ég verð þó að hryggja félaga minn, hæstv. umhvrh., með því að játa það að háspennulínur, ekki dreifilínur, eru enn svo dýrar ef það á að leggja þær í jörðu að það munar verulega miklu hvað jarðkapall fyrir háspennu er miklu dýrari en loftlínur. Þarna er sérstaklega talað um rafdreifilínur sem eru u.þ.b. 7.000 km langar á Íslandi og það eru þær línur þar sem mest álagið er. Þar er orsakavaldurinn almennt að því að fólk býr við ljósleysi og rafmagnsleysi og ég hef ekki seilst lengra en það. En ég hygg að það komi vel til greina að á áberandi ferðamannastöðum þar sem um tiltölulega skamman veg er að ræða sé unnt að koma raflínum eða háspennulínum í jörðu til þess að koma á móti þessum sjónarmiðum.

En ég ítreka þakkir mínar fyrir undirtektir við þessa tillögu, sérstaklega til sitjandi iðnrh. Ég tel að ég hafi fengið það góðar undirtektir við þetta mál að það ætti að geta fengið framgang en að sjálfsögðu þarf það mikinn undirbúning og athugun.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Mengunarvarnabúnaður í bifreiðar ríkisins, fyrri umr.

Þáltill. GE og PBald, 16. mál. — Þskj. 16.

[13:55]

Flm. (Gísli S. Einarsson):

Frú forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um eldsneytissparnaðar- og mengunarvarnabúnað í bifreiðar ríkisins. Meðflm. minn er hv. þm. Petrína Baldursdóttir.

Till. er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela umhverfisráðherra að beita sér fyrir að allar bifreiðar í eigu ríkisins verði búnar eldsneytissparnaðar- og mengunarvarnabúnaði, svokölluðum brennsluhvata."

Þessi tillaga var flutt á síðasta þingi, komst því miður ekki til umfjöllunar í umhvn. Ég vona svo sannarlega að umhvn. sjái sér fært að taka þessa tillögu til umfjöllunar þar sem getur verið um að ræða sparnað sem liggur á bilinu 600–1.000 millj. í olíu- eða eldsneytiskaupum. Ég tel að það sé mikil ástæða til að gefa þessu máli gaum.

Greinargerðin sem fylgir með ályktuninni er svohljóðandi:

„Með ítarlegum prófunum hefur verið sannað að sá búnaður, sem hér er lögð fram tillaga um að settur verði í ríkisbifreiðar, minnkar umtalsvert mengandi efni í útblæstri farartækja ásamt því að draga úr eldsneytisnotkun.

Eldsneytissparnaður reynist mismunandi eftir vélategundum en liggur á bilinu 4–10% sem leitt getur til sparnaðar sem nemur tugum milljóna króna á ári hjá ríkinu. Minnkun skaðlegra efna og lofttegunda í útblæstri vegna betri brennslu og þar með lægri útblásturshita liggur á bilinu 15–60% eftir gastegundum."

Með leyfi forseta vil ég vitna í bréf sem sýnir fram á hversu lítið þarf til þess að klára þær rannsóknir sem gerðar hafa verið. Bréfið er dagsett 31. maí 1994 og er til hæstv. umhvrh. :

„Við undirritaðir sem störfum í CO_2-nefndinni, sem skipuð var með bréfi umhvrn. 14. mars sl., höfum stöðugt verið að athuga á hvern hátt megi draga úr útstreymi CO_2 við brennslu olíu í farartækjum á landi, sjó og lofti.

Nýlega gerðum við, með þeim fyrirvara að peningar fengjust bæði hér á landi og erlendis, samkomulag við C.E.P. Filter Engineering Ltd. í Englandi um rannsóknarverkefni sem lýst er í fylgiriti. Rannsóknarverkefni þetta er fólgið í því að greina orsakir efnabreytingar á dísilolíu þegar hún streymir í gegnum svonefnt CEP sigti og hversu mikla olíu mætti spara. Sýnt hefur verið fram á það með nokkrum rökum, bæði hér og erlendis, að bruni olíunnar er betri þegar sigtið er notað og hefur komið fram um 5–7% olíusparnaður.

Sá hluti sem við leggjum til að gerður verði við Háskóla Íslands er að greina hvaða efnabreytingar verða á olíunni með notkun sigtisins og ef mögulegt er að finna orsakir þeirra breytinga.

Uppsetning tækja er tiltölulega ódýr og nauðsynleg mælitæki eru til staðar við Háskóla Íslands. Helsti kostnaður er launakostnaður rannsóknarmanns, áætlaður ca. sex mánuðir til að byrja með, auk rekstrarkostnaðar rannsóknartækja. Þetta gæti verið að stærðargráðu 1–1,5 millj. Ef rannsóknir þessar verða jákvæðar gæti það leitt til þess að CO_2-nefndin tæki málið til athugunar og gerði tillögur til ráðuneytisins.

Í framhaldi af þessu bréfi viljum við óska eftir viðtali við þig um viðbrögð ráðuneytis og til að gefa frekari upplýsingar ef óskað er."

Með þessu bréfi fylgir síðan svarbréf ráðuneytisins þar sem ráðuneytið telur sig ekki hafa fjármuni til þess að sinna þessu verkefni.

Ég lít þannig á að það sé mjög alvarlegt ef svo kröpp staða er að þar sem um er að ræða rannsóknir sem geta leitt til sparnaðar sem nemur 600–1.000 millj. sé ekki hægt að veita til þess verkefnis 1 millj. kr. og jafnvel mundu 500 þús. kr. gera það sem þyrfti til þess að klára þetta mál.

Held ég þá áfram með greinargerðina:

„CO_2-mælingar sýna að hlutfallið í útblæstri eykst lítillega en gengur til baka vegna þess að brennt er minna magni af olíu/bensíni til þess að fá sömu orku út úr vélinni. Án þess að framkvæma kostnaðarsamar breytingar geta flestir bílar með notkun „Powerplus" brennt blýlausu (blýminna) bensíni og þar af leiðandi minnkar blýmengun af völdum fólksbíla um u.þ.b. 20 tonn á ári.

Tæknideild Fiskifélags Íslands hefur ásamt Vélskóla Íslands, með styrk frá LÍÚ og umhverfisráðuneyti, gert mjög nákvæma rannsókn á vél togarans Snorra Sturlusonar þar sem niðurstöður sýna fram á að ef íslenski togara- og fiskiskipaflotinn notaði Cleanburn eða CEP Cleanburn brennsluhvatann gæti verið um að ræða 200–300 millj. kr. sparnað á ári." — Aðeins hjá fiskiskipaflotanum.

Niðurstöður tæknideildar Fiskifélags Íslands og Vélskóla Íslands staðfesta niðurstöður tæknideildar British Rail Eir sem gert hefur ítarlega prófun á a.m.k. 8 hraðlestum síðustu 18 mánuði. Í gær fékk ég í hendur staðfestingu á því að dönsku ríkisjárnbrautirnar eru að taka upp notkun á þessum hvata vegna minnkandi mengunar eins og hér er getið um og í sparnaðarskyni. Að beiðni Vegagerðar ríkisins framkvæmdi Vélskóli Íslands mengunarmælingar á fjórum farartækjum útbúnum brennsluhvata. Eins og við fyrri mælingu á botnvörpungnum Snorra Sturlusyni kom í ljós að mengandi efni í útblæstri minnkuðu og það bendir til betri nýtingar eldsneytisins. Í kjölfar jákvæðra niðurstaðna bíladeildar Eimskipafélags Íslands var tekin ákvörðun um að setja brennsluhvata í öll stærri tæki og bíla fyrirtækisins.

Til að nefna dæmi um sparnað: Olíukostnaður íslenska fiskiskipaflotans er nálægt 4 milljörðum á ári. Ef aðeins 4–5% sparnaður næst, hér er getið um 5–7% sparnað í bréfi sérfræðinga háskólans, þá er auðvitað um hærri upphæð að ræða, en bara 4–5% sparnaður nemur um 200 millj. kr. sem svarar til 650–1.120 þús. kr. sparnaðar á hvern togara eftir olíutegundum.

Útvegsmenn hafa vaxandi áhuga á hvatanum og margir þeirra hafa sett þennan búnað í skip sín á grundvelli staðreynda frá þeim sem hafa notað og gert

úttekt á búnaðinum undanfarin fjögur ár. Það væri eðlilegt að mínu mati að veita úr Fiskveiðasjóði sérstaka fyrirgreiðslu til að flýta fyrir uppsetningu þess búnaðar í flotann með tilliti til sparnaðar og minni mengunar. Rétt er að geta þess að í norska þinginu er í umfjöllun að leggja fram 500 millj. norskra króna til þess að taka upp þennan búnað í öllum ríkisreknum ferjum og skipum og farartækjum sem eru á þeirra.

DEB-þjónustan á Akranesi hefur safnað miklu efni um reynslu af brennsluhvatanum frá opinberum stofnunum víða í heiminum undanfarin fimm ár. Það hafa verið teknar saman skýrslur með tæknilegum upplýsingum um niðurstöður prófana á íslenskum fiskiskipum og togurum. Þessar upplýsingar hafa m.a. verið notaðar í tæknilegar ritgerðir hjá British Rail og sem kynningarefni í Bandaríkjunum, Bretlandi og Noregi.

Umhvrh. hefur sagt að undir vissum kringumstæðum sé mengun frá útblæstri bifreiða á ákveðnu stöðum í Reykjavík mjög mikil. Sú staðreynd að unnt er að draga svo að um munar úr þeirri mengun er óyggjandi og er ein helsta ástæðan fyrir flutningi þessarar þáltill., svo og sparnaður sem kemur ríkissjóði til góða. Opinberum stofnunum hefur verið falið að leita leiða til að minnka olíunotkun og CO_2-mengun til að standa við fyrirheit varðandi Ríó-sáttmálann. Það hafa komið ýmsar hugmyndir fram í þessu sambandi, t.d. notkun vetnis- og rafmagnsvéla og aukin notkun rafmagns almennt. Sumt af þessari tækni er enn á þróunar- og tilraunastigi. Ef Íslendingar ætla sér að standa við Ríó-skuldbindingar sínar, og ég undirstrika það, ef Íslendingar ætla sér að standa við Ríó-skuldbindingar sínar er margt sem bendir til þess að brennsluhvatinn sé hagkvæmasta leiðin sem við höfum til þess.

Það er von okkar flm. að þessi ályktun hljóti góða og skjóta afgreiðslu í þinginu.

Frú forseti. Ég legg til að að lokinni umræðu verði þessari tillögu vísað til hv. umhvn. og ég bind svo sannarlega vonir við að sú ágæta nefnd gefi sér tíma til að taka á og ræða um málefni sem geta verið sparandi fyrir ríkið upp á 600 millj., allt að einum milljarði.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 1. og 2. mál.

Fundi slitið kl. 14:06.

5. FUNDUR

mánudaginn 10. okt.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Jarðhitaréttindi, frv., 6. mál, þskj. 6. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Orka fallvatna, frv., 7. mál, þskj. 7. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Réttur til launa í veikindaforföllum, frv., 8. mál, þskj. 8. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Héraðsdómstóll í skatta- og bókhaldsmálum, frv., 9. mál, þskj. 9. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 10. mál, þskj. 10. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Virðisaukaskattur, frv., 11. mál, þskj. 11. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Staðgreiðsla opinberra gjalda, frv., 12. mál, þskj. 12. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
8. Viðmiðunarreglur um reiknað endurgjald vegna eigin atvinnureksturs, þáltill., 13. mál, þskj. 13. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
9. Notkun steinsteypu til slitlagsgerðar, þáltill., 14. mál, þskj. 14. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
10. Átak við að leggja jarðstrengi í stað loftlína, þáltill., 15. mál, þskj. 15. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
11. Mengunarvarnabúnaður í bifreiðar ríkisins, þáltill., 16. mál, þskj. 16. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

Fjarvistarleyfi:

Árni M. Mathiesen, 3. þm. Reykn.,
Einar K. Guðfinnsson, 3. þm. Vestf.,
Halldór Blöndal landbrh.,
Hjörleifur Guttormsson, 4. þm. Austurl.,
Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, 6. þm. Vestf.

Útbýting þingskjala:

Aðgangur almennings að þingskjölum og umræðum á Alþingi, 51. mál, þáltill. AÓB o.fl., þskj. 51.

Atvinnuleysistryggingar, 50. mál, frv. AÓB o.fl., þskj. 50.

Áfengislög, 55. mál, þáltill. RG og PBald, þskj. 55.

Átak í málefnum barna og ungmenna, 45. mál, þáltill. JVK o.fl., þskj. 45.

Fjárframlög til stjórnmálaflokka, 46. mál, þáltill. JVK o.fl., þskj. 46.

Greiðsluaðlögun húsnæðislána, 54. mál, þáltill. SvG og KHG, þskj. 54.

Héraðsskólinn að Núpi, 52. mál, þáltill. JVK og KHG, þskj. 52.

Markaðssetning rekaviðar, 53. mál, þáltill. JVK o.fl., þskj. 53.

Staðsetning björgunarþyrlu, 48. mál, þáltill. JónK o.fl., þskj. 48.

Tekjuskattur og eignarskattur, 47. mál, frv. JVK o.fl., þskj. 47.

Tekjuskattur og eignarskattur, 49. mál, frv. GÁ og FI, þskj. 49.

Athugasemdir um störf þingsins.

Endurskoðun þingskapa.

[13:34]

Geir H. Haarde:

Virðulegi forseti. Svo sem öllum hér inni er kunnugt þá sameinaðist þingheimur í upphafi þings í fyrra um að gera nokkrar breytingar á þágildandi þingskapalögum. Í lögum um þessar breytingar, nr. 102 frá 1993, er svohljóðandi ákvæði til bráðabirgða, með leyfi forseta:

„Ákvæði laga þessara skal taka til endurskoðunar fyrir 10. okt. 1994."

Þarna er sem sagt kveðið á um að ákvæði þessara laga skuli endurskoða fyrir daginn í dag, 10. okt. 1994.

Þær breytingar sem hér er um að ræða, rétt til glöggvunar, fólust m.a. í breytingum á ræðutíma, einkum við 1. umr. um lagafrumvörp en einnig ýmsum öðrum smærri atriðum.

Ég hygg að það sé skoðun flestra þingmanna að þessar breytingar hafi tekist vel og rétt og eðlilegt sé að þær standi áfram óhreyfðar.

Í greinargerð frv., sem síðar varð að lögum nr. 102 1993, segir enn fremur að lagabreytingin sé liður í heildarendurskoðun þingskapa í ljósi þeirrar reynslu sem fengist hefur af starfi þingsins í einni málstofu.

Einnig segir að það sé ásetningur formanna þingflokka að halda þessari endurskoðun áfram og „stefna að því að ný þingsköp taki gildi við upphaf nýs kjörtímabils", eins og segir í greinargerðinni.

Formenn þingflokka hafa rætt þetta bráðabirgðaákvæði nokkuð á fundum sínum síðla sumars og nú í haust. Niðurstaða okkar var sú að gera að þessu sinni engar tillögur um breytingar á þingsköpunum. Nokkrar hugmyndir, flestar tæknilegs eðlis, hafa verið lauslega ræddar en ákveðið var að slá þessu máli á frest fram eftir vetri enda yrði þá, svo sem venja er til, haft náið samráð við þingflokkana um málið og eins og ég sagði áður væri markmiðið þá það að ný og endurskoðuð þingsköp gætu tekið gildi frá og með upphafi nýs kjörtímabils.

Þetta vildi ég, virðulegi forseti, að fram kæmi í dag vegna þessa bráðabirgðaákvæðis.

Tilkynning um utandagskrárumræðu.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Áður en gengið er til dagskrár vill forseti minna á að að lokinni atkvæðagreiðslu fer fram utandagskrárumræða að beiðni þingflokka stjórnarandstöðunn-

ar. Málshefjandi verður hv. 1. þm. Austurl., Halldór Ásgrímsson.

Umræðan fer fram samkvæmt 2. mgr. 50. gr. þingskapa og er um stöðu ríkisstjórnarinnar.

Jarðhitaréttindi, frh. 1. umr.

Frv. HG o.fl., 6. mál. — Þskj. 6.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:37]

Frv. vísað til 2. umr. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, IP, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, KHG, KÁ, LMR, ÓE, PP, PJ, PBald, PB, REl, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.

16 þm. (AÓB, ÁMM, EH, EKG, GB, GJH, HBl, HG, IBA, JVK, KE, MF, MB, ÓRG, SighB, VE) fjarstaddir.

Frv. vísað til iðnn. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, IP, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, PP, PJ, PBald, PB, REl, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.

14 þm. (AÓB, ÁMM, EKG, GB, GJH, HBl, HG, IBA, JVK, MF, MB, ÓRG, SighB, VE) fjarstaddir.

Orka fallvatna, frh. 1. umr.

Frv. HG o.fl., 7. mál. — Þskj. 7.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:38]

Frv. vísað til 2. umr. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, IP, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, PP, PJ, PBald, PB, REl, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.

13 þm. (AÓB, ÁMM, EKG, GB, GJH, HBl, HG, IBA, JVK, MF, ÓRG, SighB, VE) fjarstaddir.

Frv. vísað til iðnn. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, IP, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, PP, PJ, PBald, PB, REl, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.

14 þm. (AÓB, ÁMM, EKG, EKJ, GB, GJH, HBl, HG, IBA, JVK, MF, ÓRG, SighB, VE) fjarstaddir.

Réttur til launa í veikindaforföllum, frh. 1. umr.

Frv. HG, 8. mál (verkafólk og sjómenn). — Þskj. 8.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:39]

Frv. vísað til 2. umr. með 51 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, IP, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, PP, PJ, PBald, PB, REl, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.

12 þm. (ÁMM, EKG, GB, GJH, HBl, HG, IBA, JVK, MF, ÓRG, SighB, VE) fjarstaddir.

Frv. vísað til félmn. með 51 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, IP, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, PP, PJ, PBald, PB, REl, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.

12 þm. (ÁMM, EKG, GB, GJH, HBl, HG, IBA, JVK, MF, ÓRG, SighB, VE) fjarstaddir.

Héraðsdómstóll í skatta- og bókhaldsmálum, frh. 1. umr.

Frv. JóhS, 9. mál. — Þskj. 9.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:40]

Frv. vísað til 2. umr. með 52 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, HÁ, IP, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, PP, PJ, PBald, PB, REl, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.

11 þm. (ÁMM, EKG, GB, HBl, HG, IBA, JVK, MF, ÓRG, SighB, VE) fjarstaddir.

Frv. vísað til allshn. með 53 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, HÁ, IBA, IP, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, PP, PJ, PBald, PB, REl, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.

10 þm. (ÁMM, EKG, GB, HBl, HG, JVK, MF, ÓRG, SighB, VE) fjarstaddir.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 1. umr.

Frv. JóhS, 10. mál (meðferð skattsvikamála, sektarfjárhæð). — Þskj. 10.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:41]
Frv. vísað til 2. umr. með 53 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, HÁ, IBA, IP, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, PP, PJ, PBald, PB, REl, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.
10 þm. (ÁMM, EKG, GB, HBl, HG, JVK, MF, ÓRG, SighB, VE) fjarstaddir.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. með 52 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, HÁ, IBA, IP, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, PP, PJ, PBald, PB, REl, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.
11 þm. (ÁMM, EKG, GB, HBl, HG, JVK, MF, ÓRG, RG, SighB, VE) fjarstaddir.

Virðisaukaskattur, frh. 1. umr.

Frv. JóhS, 11. mál (sektarfjárhæð og tryggingar). — Þskj. 11.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:42]
Frv. vísað til 2. umr. með 53 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, HÁ, IBA, IP, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, PP, PJ, PBald, PB, REl, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.
10 þm. (ÁMM, EKG, GB, HBl, HG, JVK, MF, ÓRG, SighB, VE) fjarstaddir.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. með 52 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, HÁ, IBA, IP, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, PP, PJ, PBald, PB, REl, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.
11 þm. (ÁMM, EKG, GB, HBl, HG, JVK, MF, MB, ÓRG, SighB, VE) fjarstaddir.

Staðgreiðsla opinberra gjalda, frh. 1. umr.

Frv. JóhS, 12. mál (sektarfjárhæð). — Þskj. 12.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:43]
Frv. vísað til 2. umr. með 53 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, HÁ, IBA, IP, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, PP, PJ, PBald, PB, REl, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.
10 þm. (ÁMM, EKG, GB, HBl, HG, JVK, MF, ÓRG, SighB, VE) fjarstaddir.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. með 52 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, HÁ, IBA, IP, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, PJ, PBald, PB, REl, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.
11 þm. (ÁMM, EKG, GB, HBl, HG, JVK, MF, ÓRG, PP, SighB, VE) fjarstaddir.

Viðmiðunarreglur um reiknað endurgjald vegna eigin atvinnureksturs, frh. fyrri umr.

Þáltill. JóhS, 13. mál. — Þskj. 13.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:44]
Till. vísað til síðari umr. með 53 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, HÁ, IBA, IP, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, PP, PJ, PBald, PB, REl, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.
10 þm. (ÁMM, EKG, GB, HBl, HG, JVK, MF, ÓRG, SighB, VE) fjarstaddir.

Till. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Notkun steinsteypu til slitlagsgerðar, frh. fyrri umr.

Þáltill. GE o.fl., 14. mál. — Þskj. 14.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:46]
Till. vísað til síðari umr. með 52 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, HÁ, IBA, IP, JE, JóhS, JGS, JBH, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, PP, PJ, PBald, PB, REl, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.

11 þm. (ÁMM, EKG, GB, HBl, HG, JHelg, JVK, MF, ÓRG, SighB, VE) fjarstaddir.

Till. vísað til samgn. án atkvgr.

Átak við að leggja jarðstrengi í stað loftlína, frh. fyrri umr.

Þáltill. GE o.fl., 15. mál. — Þskj. 15.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:46]

Till. vísað til síðari umr. með 52 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, HÁ, IBA, IP, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, PP, PJ, PBald, PB, REl, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.

1 þm. (JónK*) greiddi ekki atkv.

10 þm. (ÁMM, EKG, GB, HBl, HG, JVK, MF, ÓRG, SighB, VE) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

Till. vísað til iðnn. án atkvgr.

Mengunarvarnabúnaður í bifreiðar ríkisins, frh. fyrri umr.

Þáltill. GE og PBald, 16. mál. — Þskj. 16.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:47]

Till. vísað til síðari umr. með 51 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, HÁ, IBA, IP, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, MB, ÓE, PP, PBald, PB, REl, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SHl, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.

12 þm. (ÁMM, EKG, GB, HBl, HG, JVK, LMR, MF, ÓRG, PJ, SighB, VE) fjarstaddir.

Till. vísað til umhvn. iðnn. án atkvgr.

Umræður utan dagskrár.

Staða ríkisstjórnarinnar.

[13:48]

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Ástæðan fyrir því að við í stjórnarandstöðunni biðjum um umræðu um stöðu og störf ríkisstjórnarinnar er vaxandi vantrú á að ríkisstjórnin ráði við ýmis mikilvæg verkefni sem eru fram undan. Við viljum beina ýmsum spurningum til ríkisstjórnarinnar, gagnrýna hana en við teljum jafnframt að mikilvægt sé fyrir ríkisstjórnina sjálfa að hún fái tækifæri til að útskýra ýmis mál betur sem hafa verið í umræðunni að undanförnu. Þótt við í stjórnarandstöðu séum andvíg núv. ríkisstjórn þá teljum við að á hverjum tíma sé það mikilvægt að mál séu sem mest á hreinu. Að sjálfsögðu þarf jafnframt að gæta sanngirni í garð ríkisstjórnar á hverjum tíma og mikilvægt að hún geti komið sínum útskýringum að.

Ástæður þess að við biðjum um þessa umræðu eru margar. Það er öllum kunnugt að einn af ráðherrum í ríkisstjórn sagði af sér ráðherradómi á sl. vori sem eru að sjálfsögðu mikil tíðindi þegar ráðherra sem setið hefur í ríkisstjórn í sjö ár gefst upp á stjórnarsamstarfinu og velur þann kost að fara frá ráðuneyti sínu og yfirgefa ríkisstjórnina. Þetta bendir til þess að margt af þeirri gagnrýni sem við í stjórnarandstöðunni höfum haft í frammi eigi við rök að styðjast því að fyrrv. félmrh. hefur í reynd tekið undir mörg gagnrýnisatriði með afsögn sinni og útskýringum á því hvers vegna hún kaus þennan kost.

Þá hefur staða ýmissa ráðherra verið mjög til umræðu að undanförnu, hvort þeir hafa í reynd traust innan ríkisstjórnarinnar, hvort oddvitar ríkisstjórnarinnar hafa traust á meðráðherrum sínum og eru uppi mikilvægar efasemdir um það, sérstaklega að því er varðar hæstv. félmrh., hvort hann njóti þess trausts innan ríkisstjórnarinnar sem hlýtur að vera honum nauðsynlegt til að geta gegnt störfum sínum.

Þá hafa ýmsar pólitískar embættaveitingar ráðherra verið mjög til umræðu. Það kannast allir við umræðuna sem varð á sl. ári um skipan sjónvarpsstjóra í embætti sem var hápólitísk embættisveiting og skapaði mikinn óróleika í mikilvægri ríkisstofnun. Þá hafa embættaveitingar hæstv. utanrrh. og margra annarra ráðherra verið af pólitískum toga og hafa þær verið gagnrýndar.

Allt þetta hefur orðið til þess að veikja tiltrú á núv. ríkisstjórn og kannski hefur það ekki síst veikt tiltrú að mikið ósamlyndi virðist vera innan ríkisstjórnarinnar, sérstaklega milli oddvita hennar, sem verður til þess að menn hljóta að efast um að ríkisstjórnin sé fær um að taka á mikilvægum málum, t.d. út á við.

Ég vil rifja upp í sambandi við umræðu um Evrópumál að hæstv. forsrh. sagði hinn 25. sept. sl. þegar hann ræddi um sjávarútvegsmál, með leyfi forseta, svo vitnað sé í útvarpsviðtal sem við hann var haft: „...og það er afskaplega hæpið fyrir aðila sem vilja ganga í ESB hér á landi að segja að þessi samningur sé góður.“ Þá er átt við samning Norðmanna um sjávar-

útvegsmál. Ég er sammála hæstv. forsrh. um það. Síðan segir hann:

„Slíkum mönnum [þ.e. mönnum sem telja að þessi samningur sé góður] er ekki treystandi fyrir því að semja um okkar fiskveiðimál ef þeir halda að þessi samningur sé góður."

Hann bætti enn um betur:

„Ég er ekki heldur í vafa um það að hinn ágæti formaður Alþfl. býst við því að hann geti með umræðum um Evrópusambandið eitthvað ruglað stöðu mála og jafnvel kræki sér í eitthvert fylgi frá sjálfstæðismönnum. Það er engin ástæða til þess að láta hann gera það."

Nú hefur það ekki, a.m.k. samkvæmt skoðanakönnunum, verið að gera út af við hæstv. ríkisstjórn að Alþfl. væri með svo mikið fylgi. Ég veit ekki betur en að hæstv. forsrh. hafi fremur haft áhyggjur af því hvað samstarfsflokkurinn hefur lítið fylgi samkvæmt skoðanakönnunum og er því merkilegt að hann skuli hafa áhyggjur af því að flokkurinn næli sér í eitt og eitt atkvæði. Í þessum ummælum kemur fram mikið vantraust á hæstv. utanrrh. Það er greinilegt að hæstv. utanrrh. skilur það svo því hann sagði eftirfarandi daginn eftir að forsrh. lét þessi orð falla, þann 26. sept., með leyfi forseta:

„Jón Baldvin Hannibalsson utanrrh. segir ummæli sem forsrh. lét falla í sinn garð á málefnaþingi Sambands ungra sjálfstæðismanna í gær vægast sagt ómálefnaleg. Þau séu fyrst og fremst pólitísk aðgerð af hálfu Davíðs til að halda hjörð sinni saman."

Það er því enginn vafi samkvæmt þessum ummælum að hér var verið að tala um hæstv. utanrrh. og hæstv. utanrrh. tekur þessi ummæli til sín. Hann reynir ekkert að halda því fram að trúlega hafi þetta verið misskilningur, hæstv. forsrh. hljóti að vera að tala um einhverja aðra eða einhvern annan. Nei, það er enginn vafi á því í hans huga. Hann tekur þetta til sín og telur að hann njóti ekki lengur trausts forsrh. til að fara með sennilega mikilvægustu mál sem við eigum nú fram undan í sambandi við samskiptin við Evrópusambandið.

Það er mjög alvarlegt þegar oddvitar ríkisstjórnarinnar eru svo ósammála í mikilvægu máli eins og þarna kemur fram. Það er líka mjög alvarlegt þegar ekki ríkir lengur traust á milli þeirra sem fara með stjórnarforustuna. Það er ekki líklegt að slíkir menn geti leitt mikilvæga málaflokka eins og þennan. Þess vegna er nauðsynlegt að hæstv. ráðherrar útskýri það hver sé í reynd stefna ríkisstjórnarinnar í þessu máli og hvernig sé verið að vinna að því að koma fram mikilvægum hagsmunum Íslands í sambandi við samvinnu og samstarf við Evrópusambandið.

Það vita það flestir að á næstunni munu tollar hækka, t.d. á síldarafurðum. Ekkert er vitað um það enn þá hvort tollur leggst á síldarafurðir til Finnlands og Svíþjóðar um næstu áramót miðað við að þessi ríki gangi í Evrópusambandið. Þótt nokkur óvissa ríki um það þá hefur ávallt í sambandi við þessi mál verið almennt gengið út frá því að það gæti gerst og mundi sennilega gerast. Því miður er það svo að tollur mun þá leggjast á þessar afurðir. Það er jafnframt staðreynd að tollur er innheimtur af síldarafurðum til Þýskalands og Bretlands um þessar mundir, t.d. edikverkaðri síld, jafnvel þótt hæstv. utanrrh. hafi haldið öðru fram. Þessi tollamál skipta miklu máli og ríkisstjórnin þarf að gera grein fyrir því hvernig hún er að vinna að framgangi þeirra og hvort það megi vænta þess að við fáum úrlausn þeirra mála.

Ríkisstjórnin þarf jafnframt að gera grein fyrir hvernig hún hyggst tryggja að Íslendingar geti haft áhrif á gang mála innan Evrópusambandsins í þeim samningum sem við eigum eftir að fara út í við þá. Mér er ekki kunnugt um að neitt liggi fyrir enn þá um undirbúning þeirra mála og ég minni á að nú leggja sósíaldemókratar í Noregi mikla áherslu á það í kosningabaráttunni þar að líklegt sé að stofnanir EFTA muni verða gjörsamlega áhrifalausar og Evrópskt efnahagssvæði muni í reynd leggjast af. Ég er ekki sammála þeirri umræðu sem þeir efna til en það hlýtur að vera alvarlegt fyrir okkur Íslendinga ef ráðamenn í Noregi eru að túlka þessi mál með allt öðrum hætti en sagt hefur verið við okkur, þ.e. íslenskir ráðherrar hafa verið fullvissaðir um að stofnanir þær sem við nú byggjum á muni starfa áfram eða a.m.k. muni það annað koma í staðinn sem jafngildi þeim. Hitt er svo annað mál að áhrif okkar Íslendinga, ef við verðum einir eftir í EFTA, verða ekki hin sömu og þess vegna er nauðsynlegt að tryggja pólitísk áhrif með öðrum hætti og mikilvægt að umræða fari fram um það og málið undirbúið sem best.

Mér vitanlega er ekki mikill undirbúningur í gangi, enda kannski ekki von þegar það liggur fyrir að hæstv. utanrrh. vill sækja um aðild að Evrópusambandinu jafnvel þótt aðrir flokkar hafi ekki tekið undir það og er þar af leiðandi í algerum minni hluta með það mál.

Svo virðist sem þessi stefna gildi hjá utanrrh. enda væri vart um það að ræða að hæstv. forsrh. hefði mikið vantraust á utanrrh. ef hann væri í reynd að framfylgja þeirri stefnu sem mótuð var hér á Alþingi. Vantraustið hlýtur að koma m.a. til af því að hann hafi fullvissu fyrir því að hæstv. utanrrh. sé að framfylgja annarri stefnu.

Ég tek jafnframt fram að sú mikla styrkjastarfsemi sem viðgengst nú innan Evrópusambandsins í sjávarútvegsmálum hlýtur að hafa mikil áhrif á samkeppnisstöðu okkar og þess vegna er nauðsynlegt að starf fari í gang til að endurskipuleggja ýmsa sjóði hér á landi til að mæta þeirri stöðu. Þar á ég einkum við Þróunarsjóð sjávarútvegsins, Fiskveiðasjóð og aðra þá sjóði sem koma inn á samkeppnisstöðu sjávarútvegsins. Þetta starf er mjög mikilvægt þannig að samkeppnisstaða okkar verði sem best tryggð.

Ég legg jafnframt áherslu á sameiginlegt starf Norðurlandanna og minni á að það er mikilvægt að Norðurlöndin hafi með sér gott samstarf innan Evrópusambandsins til þess að tryggja þar áhrif, ekki síst vegna okkar Íslendinga. Ég er því þeirrar skoðunar að mikilvægt sé að Norðurlöndin hafi sameiginlega skrifstofu í höfuðstöðvum Evrópusambandsins til þess að tryggja áhrif okkar betur. Ég vil spyrjast fyrir um það hjá

hæstv. ríkisstjórn hver er skoðun hennar í því máli.

Það sem er alvarlegast í þessu öllu er að Evrópusambandinu hefur í reynd verið tilkynnt það af hæstv. forsrh. að utanrrh. njóti ekki trausts ríkisstjórnarinnar í þessu máli. Ólíklegt er að Evrópusambandið taki alvarlega samningaumleitanir Íslendinga þegar svo er. Þetta hlýtur að vera mikið áhyggjumál hæstv. utanrrh. og það er jafnframt mikið áhyggjumál þjóðarinnar því að hæstv. utanrrh. er að sjálfsögðu fulltrúi hennar í þessum mikilvægu málum. Ef hann hefur ekki lengur þann styrk og það traust sem er nauðsynlegt til að standa í samningum þá er það að vissulega mjög alvarlegt mál.

Ég nefni jafnframt eitt annað mál sem er mjög mikilvægt um þessar mundir og það eru veiðar okkar í Barentshafi og samningar þar um. Hæstv. forsrh. hefur látið svo um mælt í fjölmiðlum að enginn hafi tekið eftir þeim mikilvægu ummælum sem hann viðhafði í stefnuræðu sinni þar sem hann var að tala um það hvernig hugsanlega ætti að reikna út kvóta í sambandi við Barentshafið. Ég verð að segja alveg eins og er að ég taldi þessi ummæli ekki skipta miklu máli því að sjálfsögðu er samningamál á hverjum tíma hvernig kvóti skal reiknaður út er. Þar er hægt að viðhafa ýmsar aðferðir og sú aðferð sem hæstv. forsrh. nefndi kemur að sjálfsögðu til greina. En aðalatriðið er að styrkja stöðu okkar í þessu máli og ég vil láta þá skoðun mína í ljós að ég tel nauðsynlegt að nú þegar verði farið út í viðræður við Grænlendinga um að koma upp fiskveiðistofnun Íslendinga og Grænlendinga á Reykjaneshrygg með hugsanlegri aðild annarra að þeirri stofnun. Ég treysti ekki nægjanlega þeirri stofnun, sem hefur farið með þau mál, þ.e. NEA, og mér finnst eðlilegt að við setjum upp slíka fiskveiðistofnun með sama hætti og Rússar og Norðmenn hafa gert í Barentshafi. Slík útspil geta styrkt stöðu okkar vegna þess að Norðmenn og Rússar framkvæma á sama tíma svipaðar aðgerðir á Reykjaneshrygg og þeir eru að mótmæla að við höfum í frammi í Barentshafinu. Þeir eru sem sagt ekki samkvæmir sjálfum sér, þeir vilja halda rétti sínum í Barentshafi með þeim aðferðum sem þeir viðhafa þar en þeir vilja jafnframt halda rétti sínum á Reykjaneshrygg með þeim aðferðum sem þeir mótmæla af okkar hálfu í Barentshafinu. Ég held því að nauðsynlegt sé að blanda þessum málum saman ef við eigum að vænta þess að ná sanngjarnri niðurstöðu.

Hæstv. utanrrh. er á förum til Rússlands til viðræðna við stjórnvöld þar. Ég tel ástæðu til að fagna því að sá fundur er haldinn því ég er þeirrar skoðunar að allt of lítið hafi verið rætt við Rússa um þessi mál og því sé þessi fundur mikilvægur. En það er með þann fund eins og aðra að utanrrh., sem ekki nýtur trausts í eigin ríkisstjórn, getur vart komið mikilvægum málum fram.

Ég vil lítillega minnast á málefni hæstv. félmrh. Ég tek fram að við í Framsfl. höfum ekki krafist þess að hæstv. félmrh. segi sérstaklega af sér. Við krefjumst þess að ríkisstjórnin í heild sinni segi af sér. Við teljum vart taka því að hæstv. félmrh. segi af sér sérstaklega. Að sjálfsögðu ber ríkisstjórnin í heild ábyrgð á þeim málum eins og öðrum og það sem þar hefur gerst er áfellisdómur á ríkisstjórnina í heild sinni en ekki eingöngu hæstv. félmrh. Það hlýtur að vera mikilvægast fyrir hæstv. félmrh. að vita hvort hann nýtur trausts samstarfsmanna sinna í ríkisstjórn. Ég hef ástæðu til að ætla að svo sé ekki, a.m.k. hefur hæstv. forsrh. ekki lýst því yfir að hann beri traust til ráðherrans. Hann segir m.a. í útvarpsviðtali eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Og þær alvarlegu athugasemdir sem fram hafa komið á embættisfærslur hans sé alfarið innanhússmál hjá Alþýðuflokknum."

Þá vitum við það. Hæstv. forsrh. telur að um mjög alvarlegar athugasemdir sé að ræða en telur jafnframt að þetta sé eingöngu innanhússmál Alþfl.

Náttúrlega er svo alls ekki. Þetta er málefni ríkisstjórnarinnar í heild og þó að Alþfl. beri fyrst og fremst ábyrgð á ráðherrum sínum þá ber hæstv. forsrh. líka ábyrgð á ráðherrum sínum. Þess mætti vænta að það væri það samstarf og þau samtöl á milli hæstv. utanrrh. og hæstv. forsrh. að þeir geti komist að niðurstöðu í þessu máli.

Hæstv. forsrh. lét líka hafa eftir sér eftirfarandi, sem gefur ákveðnar vísbendingar, í viðtali við sjónvarpið þann 1. október, með leyfi forseta:

„Það gæti hins vegar verið svo að stjórnmálaflokkur teldi að vegna umræðunnar sem kannski hefur farið úr böndum og vegna alls máls gæti það verið hagfelldara fyrir viðkomandi ráðherra sjálfan, fyrir flokk hans eða ríkisstjórn að hann dragi sig í hlé þó í því fælist enginn áfellisdómur."

Ég tel að þetta sé ákveðin vísbending frá hæstv. forsrh. um að hæstv. félmrh. ætti alvarlega að hugsa um að draga sig í hlé. Ég veit ekki hvernig á að túlka slík ummæli öðruvísi.

Hæstv. utanrrh. hefur ekki kveðið upp úr um það hvort hann hefur traust á samstarfsmanni sínum og hefur vísað því frá sér. Að endingu er öllu málinu vísað til Ríkisendurskoðunar og Ríkisendurskoðun beðin um að fara ofan í málið. Ég tel að það breyti engu þó það sé allt í lagi að senda mál til endurskoðanda. Ég hef út af fyrir sig ágætis traust á þeim. En ég tek eftir því að hæstv. félmrh. hefur ekki mikið traust á endurskoðendum því í nýlegri úttekt löggiltra endurskoðenda hér í Reykjavík á málefnum Hafnarfjarðarbæjar kemur fram að hann gefur lítið fyrir það og hann leggur mikla áherslu á það að þessir sömu endurskoðendur séu frá Reykjavík. Mér skilst að endurskoðendur í Hafnarfirði séu miklu betri og allt öðruvísi þó mér komi það á óvart. Ég bendi á það að flestir þeir sem starfa hjá Ríkisendurskoðun eru búsettir í Reykjavík og ég vænti þess að það sé þá sama með þá að hæstv. félmrh. hafi litla trú á endurskoðendum hjá Ríkisendurskoðun sem búa í Reykjavík. (**Gripið fram í:** Það var einn úr Hafnarfirði.) Nú, er einn úr Hafnarfirði — sennilega ríkisendurskoðandi sjálfur og það bjargar sennilega málunum. Þá er komin skýring á því hvernig þetta allt saman ætlar að ganga upp.

Að sjálfsögðu er það mál félmrh. sjálfs hvort hann vill sitja í ríkisstjórn við þessar aðstæður og ég skil vel

að hann sé mjög hugsandi yfir því. Samt hlýtur að vera aðalmálið hvort ríkisstjórn, sem er með svo mörg mál í lausu lofti, vill sitja áfram. Hvernig getur það gengið til langframa að hér starfi ríkisstjórn þar sem utanrrh., oddviti annars stjórnarflokksins, nýtur ekki lengur trausts samstarfsflokksins? Hvaða siðgæði er það að starfa við slíkar aðstæður? Ég tel að skylda þessara oddvita ríkisstjórnarinnar sé að gera grein fyrir innri málum sínum og innra samstarfi þannig að það megi vera alveg ljóst hvort einhver samstarfsvilji er milli þeirra lengur eða ekki. Ég tel að þeir skuldi þjóðinni og Alþingi þær útskýringar vegna þess að þrátt fyrir allt eru mikilvæg málefni fram undan sem varða okkur öll, ekki aðeins ríkisstjórnarflokkana heldur jafnframt stjórnarandstöðuna. Þar vil ég ekki síst nefna til mál eins og Evrópumálin og þær deilur sem eru nú uppi að því er varðar Barentshafið.

Vissulega væri ástæða til að gera mörg önnur mál að umtalsefni. Síðar í umræðunni gerum við málefni landbúnaðarins að umtalsefni. Þar eru miklar breytingar fram undan. Innflutningur á landbúnaðarvörum stendur fyrir dyrum vegna samninga við Evrópusambandið og vegna samninganna um GATT. Ekkert hefur komið fram um það hvernig hæstv. ríkisstjórn ætlar að mæta þessum nýju aðstæðum og hæstv. landbrh. hefur ekki gert skilmerkilega grein fyrir því hvernig það muni verða gert.

Líka er mikil ástæða til þess að ræða málefni fjmrn. Það verður að sjálfsögðu aðallega gert í umræðunum um fjárlögin en mikil óvissa er um ýmsa útgjaldaliði. Það er ljóst að rekstrarútgjöld hafa vaxið, fjárfestingar eru að dragast saman. Myndin sem hæstv. forsrh. og fjmrh. reyna að draga upp af fjárlögunum er því miður ekki jafnbjört og þeir hafa látið skína í. Það hlýtur líka að vera mikið umhugsunarefni fyrir hæstv. fjmrh. að standa frammi fyrir því að hafa valið langviðamestu og dýrustu breytinguna á skattkerfi ríkissjóðs til þess að ná fram ákveðinni kjarajöfnun. Hann vill að vísu kenna öðrum þar um en það er hæstv. fjmrh. sem ber ábyrgð á skattamálum ríkisins og ber að sinna því samkvæmt starfsskyldum sínum.

Eitt mikilvægasta óréttlætið í landinu eru þau miklu skattsvik sem nú eru uppi. Ef alltaf eru sett ný göt á skattkerfið og það gert flóknara aukast skattsvik. Sífellt fleiri menn eru uppteknir við að stoppa í þessi göt og hafa ekki við þeim nýju götum sem hæstv. fjmrh. pikkar á kerfið á hverju ári. Það verður náttúrlega til þess að skattsvikin aukast og möguleikar þeirra manna sem starfa þar verða minni og minni til þess að uppræta þau.

Það er líka umhugsunarvert fyrir hæstv. fjmrh. að hafa staðið að því að lækka skattleysismörk verulega, lækka barnabætur og vaxtabætur svo eitthvað sé nefnt þrátt fyrir fögur kosningaloforð flokks hans fyrir síðustu kosningar.

Aðalmálið er þrátt fyrir allt það að þessi núverandi hæstv. ríkisstjórn hefur leitt fjöldaatvinnuleysi yfir þjóðina hvað svo sem þeir segja. Nú er atvinnuleysi í landinu sem samsvarar því að 6.300 menn gangi atvinnulausir og það hefur vaxið um 4.400 störf á þremur árum. Ekki verður ráðið af ummælum hæstv. ríkisstjórnar að hún hafi mjög miklar áhyggjur af þessu. Af þeim ummælum verður fremur ráðið að þetta sé nokkuð gott og þetta standi nokkuð vel, þetta gæti verið miklu verra. Ekki verður ráðið af fjárlagafrv. og þjóðhagsáætlun að það standi almennt til að fara út í aðgerðir sem breyti miklu um þetta. Fjárfestingarnar hafa farið lækkandi og eru allt of lágar og ef svo heldur áfram mun atvinnuleysið því miður aukast. Það þarf að grípa til margvíslegra ráðstafana til þess að draga úr þessu mikla atvinnuleysi og leitt er til þess að vita að núverandi ríkisstjórn hafi litlar áhyggjur af því. Ummæli verkalýðshreyfingarinnar benda jafnframt til þess að verkalýðshreyfingin hafi mikla vantrú á fjárlagafrv. ríkisstjórnarinnar, sérstaklega að því er varðar atvinnumálin. Það virtist vera að það hefði skapast traust hjá verkalýðshreyfingunni að núv. hæstv. ríkisstjórn ætlaði að fara út í atvinnuskapandi aðgerðir, en ríkisstjórnin virðist hafa misst traust verkalýðshreyfingarinnar í þessum málum. Þetta er að sjálfsögðu alvarlegt vegna þeirra kjarasamninga sem nú eru fram undan og það má ráða af ummælum sem komið hafa fram hjá forustumönnum verkalýðshreyfingarinnar að ríkisstjórnin njóti ekki nauðsynlegs trausts í sambandi við væntanlegan kjarasamning.

Virðulegur forseti. Tími minn er búinn. Ég vil þakka fyrir að þessi umræða hefur getað farið fram í dag. Það er ljóst að við í Framsfl. og í stjórnarandstöðunni almennt teljum að núv. ríkisstjórn eigi að fara frá, það sé öllum fyrir bestu og kannski ekki síst henni. Ef hún gerir það þá leysir hún sín innri mál í leiðinni og það sé nauðsynlegt að ganga til kosninga sem fyrst.

Ég vil óska eftir því að hæstv. forsrh. geri betri grein fyrir þessum alvarlegu málum og segi það skýrt hér á eftir hvort hann ætlar að sitja við þessar aðstæður áfram, hvort hann ætlar virkilega að sitja í ríkisstjórn þar sem hann hefur ekki lengur traust á sínum eigin ráðherrum.

[14:19]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti. Ég vil gjarnan strax í upphafi ræðu minnar til að forðast að skapa nokkra spennu í salnum svara síðustu spurningunni strax. Það stendur ekki til að ríkisstjórnin fari frá og það stendur ekki til að efnt verði til kosninga fyrr en í vor, þannig að því sé svarað þegar í upphafi. Á hinn bóginn vil ég nefna að mér finnst málatilbúnaðurinn og aðdragandinn að þessari umræðu athyglisverður, sérstæður um margt. Ég hygg, að það séu liðnir á þriðja tug daga síðan einn af stjórnarandstöðuflokkunum hér á Alþingi tilkynnti að hann mundi bera fram vantraust á ríkisstjórnina. Það hefur ekki bólað á þessari vantrauststillögu frá stjórnarandstöðunni eða frá þessum flokki og ég hygg að það sé einsdæmi að vantrauststillaga sé svo lengi á leiðinni. Kannski felst í þessari staðreynd óbeint traust á ríkisstjórninni að meira að segja flokkur sem hefur lýst því yfir að nú verði lagt fram vantraust á ríkisstjórnina geti ekki komið sér til þess og þarf til þess næstum því 30 daga. Það má vel vera að hinir flokkarnir hafi ekki kunnað að meta það að Kvennalistinn tók

frumkvæði með þessum hætti í málinu, þess vegna hafi Kvennalistinn hægt á sér og ekki haft sig í að bera fram vantraust á ríkisstjórnina.

Ég hygg að það hafi verið eitt fyrsta verkefni nýkjörins formanns þingflokks Framsfl., *ég vil nota tækifærið til að óska honum til hamingju með það kjör* um leið og ég þakka hv. þm. Páli Péturssyni fyrir mjög traust og ánægjulegt samstarf en hann gegndi því starfi, en ég hygg að það hafi verið fyrsta embættisverk eða eitt af því fyrsta hjá núv. formanni þingflokks Framsfl. að hafa samband við mig og orða þessa umræðu. Og ég hygg að ég sé ekki að ljósta upp neinu leyndarmáli úr tveggja manna tali að ég sagði við hann: Viltu ekki bara flytja vantraust á ríkisstjórnina? Nei, hann vildi það nú ekki, hann vildi bíða eitthvað með það þannig að Kvennalistinn kemur sér ekki til að flytja vantraust á ríkisstjórnina, Framsfl. meira að segja er með hálfgerða beiðni frá forsrh. en það dugir ekki til. Hér hefst hins vegar eins konar vantrauststumræða án tillögu. Það er afar sérkennileg málsmeðferð svo að ekki sé nú meira sagt. Ef ég skildi útvarpsfréttirnar rétt, þá ætlar síðan stjórnarandstaðan að meta það eftir þessar umræður, hvort efni og ástæður séu til að flytja vantraust á ríkisstjórnina. Það liggur sem sagt ekki fyrir nægjanleg þekking stjórnarandstöðunnar á störfum ríkisstjórnarinnar eftir þrjú og hálft ár til þess að hún geti gert upp við sig að flytja vantraust á ríkisstjórnina. Hún þarf að fá þessa umræðu líka til þess og svo væntanlega þá aðra vantraustsumræðu eins og við erum stödd í núna eins og ég skil málið. (**Gripið fram í:** Þeir þurfa önnur fjögur ár.)

(**Forseti** (SalÞ)**:** Ekki framm íköll.)

Hv. 1. þm. Austurl., málshefjandi þessarar umræðu, sagði hins vegar að ástæðan fyrir umræðunni væri vaxandi vantrú á ríkisstjórninni og að stjórnarandstaðan vildi hafa mál á hreinu. Það væri hluti af aðdraganda*num* að einn af ráðherrum úr ríkisstjórninni, hæstv. fyrrv félmrh., hafi gefist upp á ríkisstjórnarsamstarfinu eins og hv. þm. orðaði það. Ég kannast reyndar ekki við að hæstv. fyrrv. félmrh. hafi lýst ástæðum brottfarar sinnar úr ríkisstjórninni með þessum hætti og þar sem mikið er nú rætt um trúnaðarbrest á milli ráðherra, þá get ég a.m.k. fullyrt að ástæðan fyrir því að fyrrv. félmrh. fór úr ríkisstjórninni var ekki trúnaðarbrestur á milli mín og ráðherrans. Engum slíkum trúnaðarbresti var til að dreifa og ég tel að ég og hæstv. fyrrv. félmrh. höfum ætíð haft fullan trúnað og traust á milli okkar og við höfum bæði getað treyst þeim orðum sem við sögðum hvort við annað og vonandi verður það þannig í framtíðinni.

Þá er hitt eftir hvort nú sé komin upp slík staða og slíkt vantraust innan ríkisstjórnarinnar og milli manna að ríkisstjórninni sé ekki vært af þeim sökum. Hv. 1. þm. Austurl. rakti nokkur ummæli úr úrklippusafni sínu til þess að ýta undir þá röksemd að vantraust milli manna væri orðið slíkt að þeim væri ekki fært að sitja saman í stjórninni. Reyndar vantaði nú nokkur ummæli í úrklippusafnið sem hefðu getað gengið í þveröfuga átt. Til að mynda ein ummæli sem ég viðhafði aðspurður í sjónvarpinu varðandi hæstv. félmrh. núv. þar sem ég sagðist hafa persónulega á honum traust. En hv. þm. sagði hér að ég hefði ekki lýst neinu slíku yfir. Ég gerði það og sé ekki ástæðu til þess að draga fjöður yfir það.

Þá sagði hv. þm. að ein ástæðan enn fyrir vaxandi vantrausti á ríkisstjórninni væri sú að einstakir ráðherrar hefðu staðið fyrir eins og hann orðaði það embættislegum veitingum af pólitískum toga. Það er alveg örugglega rétt hjá hv. þm. að það hafa ráðherrar gert og það hafa allir ráðherrar gert fyrr og síðar í þessu landi og í öllum löndum, staðið að embættaveitingum af pólitískum toga. Það er ekki hægt að minnast á neina ríkisstjórn eða neinn ráðherra sem ekki hafi staðið fyrir embættaveitingum af pólitískum toga. Reyndar er það gert í stærri stíl og víðar annars staðar heldur en hér á landi, til að mynda í Bandaríkjunum þar sem gert er ráð fyrir að það sé skipt um, sumir tala um allt að 200 þús. manns, eftir hverjar forsetakosningar af hreinum pólitískum toga.

Ég sá eftir fræðimanni haft við háskólann að erlendis hefðu ráðherrar ekki með mannaráðningar að gera. Þetta er ekki merkileg fræðimennska. Til að mynda hefur breski forsætisráðherrann persónulega með ráðningar á hunduðum manna að gera, meira að segja biskup, hvað þá heldur annað. Auðvitað er það svo að ráðherrar standa fyrir embættaveitingum af pólitískum toga. En það er auðvitað spurning, það er rétt hjá hv. þm. að slíkar veitingar geta út í öfgar gengið, en það getur ekki verið gagnrýnisatriði af hálfu formanns Framsfl. að menn séu með embættaveitingar af pólitískum toga. Það hefur Framsfl. svo sannarlega í gegnum tíðina gert og oft ráðið ágæta menn þó pólitísk sjónarmið hafi verið höfð þar til hliðsjónar og mætti nefna mörg dæmi um það.

Að þessu frátöldu taldi hv. 1. þm. Austurl., formaður Framsfl., að slíkt vantraust væri komið upp á milli mín og hæstv. utanrrh. að við gætum ekki saman starfað og það væri þá meginröksemdin fyrir því að stjórnin ætti að fara frá. Ég hef átt mjög gott samstarf við hæstv. utanrrh. Það breytir ekki hinu að okkur greinir á um nokkur mál og allmörg mál sem kemur engum á óvart. Hann er formaður í einum stjórnmálaflokki og ég í öðrum. Jafnvel innan stjórnmálaflokks greinir menn á, hvað þá milli flokka og auðvitað greinir menn á. En sá ágreiningur er ekki í því fari og fjarri því að hann ætti að leiða til þess að þessir flokkar gætu ekki saman starfað. Ég held nefnilega að það séu ekki einstök ummæli sem tekin eru úr ræðum manna eða viðtölum sem segja til um það hvort nægilegur trúnaður sé milli manna og traust til samstarfs að þeir geti áfram unnið heldur þau verk sem þeir skila og auðvitað er ágreiningur milli mín og hv. 1. þm. Austurl., formanns Framsfl., um það hvort ríkisstjórnin hafi skilað góðu eða slæmu starfi, en ég leyfi mér að fullyrða að árangur ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum sé einhver sé besti og mesti sem nokkur ríkisstjórn hafi náð við jafnerfiðar aðstæður. Og ég segi: Ríkisstjórn sem nær slíkum árangri hlýtur að hafa andrúmsloft til vinnufriðar innan sinna raða ella næði hún ekki slíkum árangri. Það er ekki hægt að taka einhver ummæli

héðan og hvaðan og reyna að láta þau sannfæra menn um að það sé ekki nægilega góður starfsandi innan þessarar ríkisstjórnar.

Það vita allir um það og ekkert er undan dregið að það er meginágreiningur milli mín og hæstv. utanrrh. um það hvort Íslendingar eigi að sækja um aðild að Evrópusambandinu. Ég held því fram og reyndar heldur Evrópusambandið því fram líka að það sé ekkert inni í neinni mynd fyrr en upp úr aldamótum. Ég held því fram að ríkisstjórnin og reyndar Alþingi hafi árið 1992 tekið ákvörðun um það að sækja ekki um aðild að Evrópusambandinu. Ég held því fram að þessi spurning rísi ekki á ný fyrr en árið 2000, hið fyrsta. Ég held þessu fram — og reyndar halda allir forráðamenn Evrópusambandsins slíku fram líka — þannig að ég lít svo til að ágreiningur okkar hæstv. utanrrh. um þetta efni sé ekki ríkisstjórninni skaðlegur, tefji ekkert fyrir störfum hennar eða skaði þau á neinn veg, af því að á þetta mun ekki reyna fyrr en um aldamótin þannig að ég hef ekki áhyggjur af þessum þætti málsins. (**Gripið fram í:** Utanrrh. er í ríkisstjórninni.) Ja, það skal ég segja þér, hv. þm., hann er það. Ég vona að það séu ekki fleiri slík augljós atriði sem hafa farið fram hjá hv. þm. því að þá hlýtur hann að eiga erfitt um störf.

Hv. 1. þm. Austurl. nefndi það að vegna þessa ósamlyndis sem hann vildi meina að væri í ríkisstjórninni þá gengju menn ekki fram í að undirbúa þau þýðingarmiklu mál sem snertu breytingar í tilefni þess að hinar norrænu þjóðir þrjár, sem um aðild sækja nú, mundu hugsanlega, jafnvel væntanlega ganga inn í Evrópusambandið eftir þjóðaratkvæðagreiðslur. Ég fullyrði að þetta undirbúningsstarf er í góðum gangi og ég tek mark á fullyrðingum forráðamanna Evrópusambandsins um að við þurfum ekki að hafa af þessum málum áhyggjur, þessi mál verði leyst. Þeir hafa fullvissað okkur um það, en það verður ekki gert fyrr en menn sjá niðurstöðuna í þjóðaratkvæðagreiðslunum.

Það er mikið talað um síldina og þetta hefur orðið stórmál í heilmörgum fréttatímum. Ef allt færi á versta veg með síldina þá eru það hagsmunir upp á 34 millj. kr. En það eru engar líkur að allt fari á hinn vesta veg með síldina. Þvert á móti standa allar líkur til þess að það mál verði leyst en við fáum ekki úr því skorið endanlega fyrr en í formlegum viðræðum sem hefjast ekki fyrr en eftir þjóðaratkvæðagreiðslurnar í Skandinavíulöndunum.

Ég hef tekið eftir því sem hv. þm. og málshefjandi nefndi að norskir stjórnmálamenn halda því fram núna á lokadögum baráttunnar um aðild eða ekki aðild að EES-samningarnir muni ekki halda. Ég er sammála hv. þm. um að þetta er rangt og ég er undrandi á því hversu norskir stjórnmálamenn leyfa sér að ganga langt í kappsmáli og baráttu sinni fyrir ESB-aðild. Ég hef á hinn bóginn verið viðstaddur blaðamannafund þar sem Gro Harlem Brundtland var spurð um þessi atriði og svaraði aðgerlega hinu gagnstæða til, að ef þetta yrði fellt í Noregi þá hefðu þeir EES-samninginn og hann væri í fullu gildi, yrði í fullu gildi og þeir hefðu þar samning þannig að að því leyti væri engin katastrófa fram undan hjá Norðmönnum. Því kemur mér þessi áróður í kosningabaráttunni vissulega á óvart.

Varðandi aðra þá þætti sem hv. þm. nefndi þá vil ég víkja nokkrum orðum að vinnunni varðandi undirbúning staðfestingar okkar á GATT-samkomulaginu. Starfshópur ráðuneytanna sem að mállinu koma hafa verið í fullri vinnu við að undirbúa það mál. Það var lengi mjög á huldu hvort lykilþjóð í þessari samningsgerð allri, Bandaríki Norður-Ameríku, mundu staðfesta þennan samning eða ekki. Nú er almennt talið að þau muni staðfesta samninginn fyrir áramót. Þó að málinu verði frestað fram yfir kosningar, þingið verður kallað saman á nýjan leik, þá muni verða meginsátt milli stóru flokkanna bandarísku um að afgreiða málið fyrir áramót samkvæmt þeim heimildum sem við höfum. Ég tel mikilvægt að við fyrir okkar leyti afgreiðum málið líka fyrir áramót. Ég tel að á því eigi ekki að þurfa að vera nein vandræði, þau eigi að geta gengið fram. Nefndastarfið að undirbúningi gengur vel og ég á von á því að þau mál verði kynnt fyrir ríkisstjórninni á næstu dögum.

Varðandi matarskattinn sem hv. þm. nefndi, þá verð ég nú að segja eins og er að ég tel að í þessari löngu skýrslu Ríkisendurskoðunar komi nú ekki margt nýtt fram sem ekki var vitað áður. Það er vitað um ýmsa þá annmarka sem á framkvæmdinni væru. Það var vitað að menn gætu gefið sér, að hinir efnameiri fengju jafnvel fleiri krónur út úr breytingunni heldur en hinir tekjulægstu, það var allt vitað. En það var líka vitað að breytingin væri miklu þýðingarmeiri fyrir hina tekjulægstu heldur en hina tekjumeiri, miklu stærri hluti tekna þeirra færu í matarkaup þannig að þeir stæðu miklu betur eftir en áður. Og meginniðurstaðan í skýrslunni sem máli skiptir er sú að lækkunin skilaði sér, hún gekk fram, en það voru miklar efasemdir á lofti um það að matarskattslækkunin mundi skila sér, en það er meginniðurstaðan að hún skilaði sér, það er meginniðurstaðan.

Mér þykir mjög merkilegt ef Framsfl. ætlar að fara með það sem sitt höfuðbaráttumál fyrir næstu kosningar að hækka matarskattinn. Mér finnst afar sérstætt ef það verður höfuðbaráttumál Framsfl. fyrir næstu kosningar að hann muni berjast fyrir því að hækka matarskattinn, það fyndist mér afar sérstætt, en það verður fróðlegt að heyra það, hvort það verður eitt af þeim málum sem Framsfl. muni setja á oddinn.

Varðandi atvinnuleysið sem hv. þm. nefndi, þá er það auðvitað þannig að sérhver maður, jafnt stjórnarsinnar sem stjórnarandstæðingar sem allur almenningur í landinu hefur auðvitað áhyggjur af atvinnuleysi. Sama er með öðrum þjóðum þar sem atvinnuleysi er margfalt á við það sem hér gerist. Ég er viss um það að stjórnmálamennirnir þar, hvaða flokkar sem eru þar í stjórnarforustu, hafa miklar áhyggjur af atvinnuleysinu þó þeim hafi ekki tekist að koma því niður fyrir 14–15% eins og í Belgíu þar sem reyndar höfuðstöðvar Evrópusambandsins eru, en Háskóli Íslands telur að til að tryggja atvinnustigið eigum við einmitt að ganga í Evrópusambandið. Það er dálítið merkileg skoðun það. En auðvitað hafa allir þessir aðilar miklar áhyggjur af atvinnuleysinu. Það höfum við, en það dregur

ekki úr því að það gleður auðvitað okkar huga og okkar hjarta þegar varnarbaráttan gegn atvinnuleysinu heppnast, þegar tekst að minnka atvinnuleysið frá því sem spáð var, þegar tekst að minnka atvinnuleysið frá því sem spáð var, þegar tekst að mæta vaxandi fjölda á vinnumarkaði þannig að atvinnuleysið eykst ekki af þeim sökum. Og þegar sést núna í könnunum, í fyrsta sinn í langan tíma þegar forráðamenn fyrirtækja eru spurðir eru þeir ekki að fara að fækka hjá sér fólki eins og þeir hafa svarað í öllum könnunum fram að þessu, heldur að fjölga hjá sér fólki. Það er alveg ljóst að sá efnahagsbati sem þegar er orðinn hefur verið nýttur til þess að grynnka á skuldum fyrirtækjanna. Það sést á öllum tölum. Í framhaldinu munu fyrirtækin auðvitað fara í fjárfestingar og sú staðreynd mun styrkja atvinnustigið. Þess vegna erum við bjartsýn hvað það varðar.

Hv. þm. sagði að ég hefði gefið til kynna að deilan um störf hæstv. félmrh. væri mál Alþfl. Hv. þm. var andvígur þeim skilningi mínum og sagði að auðvitað væri þetta mál ríkisstjórnarinnar allrar og mitt mál sérstaklega. Svona mál hafa komið upp áður, ekki algerlega samkynja. Þá var það viðhorf formanns Framsfl. þáv. að slík mál væru alfarið mál þess flokks sem þá var í stjórn með Framsfl. Hv. þm. sat í þeirri ríkisstjórn og ég man ekki til þess að hann hafi nokkurs staðar, a.m.k. ekki opinberlega, gert grein fyrir því að hann væri andvígur þeim skilningi fyrirrennara síns í formannsstól Framsfl., sem marglýsti því yfir að það mál sem þá var til umræðu væri algerlega mál samstarfsflokksins, ekki mál hans sem forsrh. né Framsfl., hann marglýsti því yfir. Ég hef því með mínum ummælum og sjónarmiðum algerlega fylgt því mati sem þáv. formaður Framsfl., Steingrímur Hermannsson, hafði og ég hygg varaformaðurinn einnig, a.m.k. lét hann ekki afstöðu sína í ljós neins staðar eða aðra skoðun á málinu. Ég tel mikilvægt í íslenskri stjórnskipun að það sé samkvæmni í skilningi af þessu tagi. Það gildi ekki eitt í dag og annað á morgun, eitt í dag og annað í gær.

Hv. þm. sagði það sitt mat að hæstv. utanrrh. nyti ekki trausts samstarfsflokksins. Ég tel að hann hafi ekki getað sýnt fram á í ræðu sinni að hæstv. utanrrh. nyti ekki trausts samstarfsflokksins. Það gerir hann auðvitað. Hins vegar eru dæmi um það að utanrrh. hafi setið í ríkisstjórn þó þeir nytu ekki trausts samstarfsflokksins þó það væri ótvírætt. Ég minni á einn formann Framsfl. til og ekki ómerkari mann en Ólaf Jóhannesson sem var utanrrh. Það var alveg ljóst að hann naut þá ekki trausts Alþb. þegar hæstv. fyrrv. utanrrh., Ólafur Jóhannesson, var að byggja flugskýli. Þá var nú aldeilis hljóð í einum strokki í samstarfsflokknum Alþb. Þeir fullyrtu að honum væri þetta óheimilt og Alþb. mundi aldrei samþykkja það að hann fengi að byggja þetta flugskýli. Hvað sagði Ólafur Jóhannesson: Þið étið það eins og allt annað. Hvað gerði Alþb.? Þeir átu það eins og allt annað. Þegar málið kom til umræðu í þinginu vakti það ekki bara athygli að Alþb. æti málið, þeir töluðu ekki einu sinni. Þáv. formaður þingflokksins, Ólafur Ragnar Grímsson hv. þm., hafði skýringu á því af hverju stjórnarflokkurinn talaði ekki. Það segir hér, með leyfi forseta:

„Nokkra athygli vakti að þingmenn og ráðherrar Alþb. tóku ekki þátt í þessum umræðum" — um flugskýlið og allt átið. — „Var Ólafur Ragnar Grímsson, formaður þingflokksins spurður hverju það sætti. Þær voru fyrir neðan okkar „standard", sagði Ólafur. Morgunblaðið spurði þá Ólaf hvort það væri rétt skilið að umræður á Alþingi væru stundum fyrir neðan „standard" Alþb.? Já, sagði formaðurinn. Yfirleitt þær umræður sem stjórnarandstaðan stendur fyrir."

Þetta er lýðræðissinninn sjálfur. En hvað ætli væri sagt við mig, hv. þm. og þingheimur, ef ég hefði sagt við hv. 1. þm. Austurl.: Nei, ég ætla að sitja hér og segja ekki eitt einasta orð því umræðan sem stjórnarandstaðan stendur fyrir er fyrir neðan minn „standard". (**Gripið fram í:** Prófaðu.) Nei, það eru bara sumir sem geta sagt þetta og það er hv. leiðtogi þinn, hv. þm., sem getur sagt þetta. (**ÓRG:** Þig dauðlangar til þess.) Ég verð að segja það að þessar umræður hljóta að hafa verið afskaplega lélegar fyrst þær voru fyrir neðan „standard" Alþb. miðað við þann standard sem sá flokkur hefur á umræðum. Hæstv. forseti, ég læt lokið máli mínu.

[14:43]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Það er gott að það liggur vel á hæstv. forsrh. Sennilega er það ástæða kæti hans að hann veit þrátt fyrir allt að um eitt getur þessi ríkisstjórn alltaf komið sér saman, á það má þó treysta í hverfulum heimi og það er að sitja í stólunum, ríghalda í stólana og hanga í þeim hvað sem tautar og raular. Það virðist ætla að verða niðurstaða þessarar umræðu ef marka má ræðu hæstv. forsrh. eins og áður að þrátt fyrir allt og allt, að stjórnarsamstarfið sé í molum og stjórnarflokkarnir klofnir og í tætlum út og suður þá nái þeir saman um eitt, að vísu aðeins eitt, og það er að sitja.

Við höfum óskað eftir því, hæstv. forseti, að fá þessa umræðu um stöðu og störf ríkisstjórnarinnar og þar með talin störf einstakra ráðherra. Við höfum jafnframt valið að beina þeirri umræðu til hæstv. forsrh. Hvers vegna er það? Það er bæði vegna þess, hæstv. forseti, að við höfum staðið í þeirri trú að hæstv. forsrh. væri verkstjóri og leiðtogi einnar ríkisstjórnar. Þetta væru ekki tvær ríkisstjórnir og hæstv. utanrrh. væri ekki einhvers konar tvíburaforsætisráðherra þess sem ber þann titil að forminu til en hæstv. forsrh. talar eins og um sé að ræða tvær ríkisstjórnir, ríkisstjórn Sjálfstfl., sem hann veiti forstöðu og beri ábyrgð á, og ríkisstjórn Alþfl. Þetta séu tvö aðskilin ráðuneyti. Ráðuneyti Davíðs Oddssonar, hæstv. forsrh., og ráðuneyti Jóns Baldvins Hannibalssonar, hæstv. utanrrh. Það er ekki síst ástæðan fyrir því að við beinum okkar spurningum til hæstv. forsrh. að við viljum fá úr því skorið í eitt skipti fyrir öll og fá það á hreint: Ber hæstv. forsrh. ábyrgð á þessari ríkisstjórn? Er þetta ein ríkisstjórn eða eru þetta margar ríkisstjórnir?

Hæstv. forsrh. hefur gefið tilefni til að svo sé spurt. Hann hefur margoft í fjölmiðlum undanfarnar vikur

reynt að komast hjá allri ábyrgð á því sem einstakir ráðherrar samstarfsflokksins gera og afgreitt það sem vandamál Alþfl. Vegna svara hæstv. forsrh. áðan þá hlýtur maður að leyfa sér að spyrja: Hve langt þarf mál að ganga og hvers eðlis þarf það að vera til að hæstv. forsrh. telji það varða ríkisstjórnina alla en ekki bara samstarfsflokkinn? Er sama hvað ráðherrar Alþfl. tækju upp á að gera? Hversu kirfilega sem þeir gengju fram í því að brjóta lög og misnota vald sitt, mundi það aldrei neinu máli skipta? Væri það alltaf vandamál og hausverkur Alþfl.?

Ég held að hæstv. forsrh. komist ekki upp með það að koma sér hjá því að svara kjarna málsins eins og hann er að reyna með sínum undanbrögðum. Þessar spurningar snúast líka orðið um miklu meira en einstök efnisatriði þessa máls. Einstakar embættisathafnir viðkomandi ráðherra. Þetta snýst um hvort ríkisstjórn hafi tiltrú, sé starfhæf og hvort fólkið í landinu geti búið við stjórnvald af þessu tagi.

Ég vil í fyrsta lagi spyrja hæstv. forsrh.: Hvað segir hann um þá stöðu að embættisathöfnum tveggja ráðherra í hans ríkisstjórn er vísað til skoðunar hjá Ríkisendurskoðun? Eru send þangað í rannsókn? Telur hæstv. forsrh. það slíkt smámál að hann geti notað stóran hluta af ræðutíma sínum hér til að fara með gamanmál, það liggi svo vel á honum og málið sé svo léttvægt að hann segi bara brandara í stórum hluta af ræðutíma sínum. Finnst hæstv. forsrh. það bara vera sjálfsagt mál og ekkert milli vina þó embættisathafnir ráðherra í samstarfsflokknum í þessu tilviki sæti rannsókn hjá Ríkisendurskoðun? Þar á ég við í fyrsta lagi þá rannsókn sem óskað hefur verið eftir á fjölmörgum mjög umdeildum embættisathöfnum hæstv. heilbrrh. og sömuleiðis á framgöngu hæstv. utanrrh. í utanrrn. sem sjálfur hefur haft um það þau orð að hann liggi undir ámæli fyrir að hafa gert utanrrn. óstarfhæft.

Hæstv. forsrh. hafði sjálfur í viðtali við fjölmiðla miklar efasemdir um að Ríkisendurskoðun væri rétti vettvangurinn til að fara yfir mál siðferðilegs og stjórnmálalegs eðlis sem hér eiga í hlut ekki síður en fjármálalegs. Að vísu eiga þarna einnig undir mál þar sem til að mynda hæstv. heilbrrh. hefur sýnt svo ótrúlegt dómgreindarleysi í meðferð fjármuna að slíks eru vonandi fá ef nokkur dæmi. Á maður þar til að mynda við það að ráða mann, fyrrum opinberan embættismann, í sérverkefni sem sætir samtímis rannsókn vegna meintra stórfelldra skattsvika. Slíkt er fáheyrt. Um hina fjármunalegu þætti þess máls getur Ríkisendurskoðun að sjálfsögðu að einhverju leyti fjallað en ekki hina sem eru siðferðilegs og pólitísks eðlis.

Hvað finnst hæstv. forsrh. um þetta? Er hægt að fá hann til að fara yfir það hér? Finnst honum það þægileg staða í ríkisstjórn að vera með ráðherrana í rannsókn og embættisverk þeirra hér og þar hjá Ríkisendurskoðun? Og næst þegar eitthvað kemur upp á verður þá bara næsti maður sendur í rannsókn og ríkisstjórnin situr áfram eins og ekkert sé?

Ég vil fara yfir nokkur atriði sem eru þess eðlis að þau verða ekki leyst með því að skrifa bréf til Ríkisendurskoðunar. Þau safnast þegar saman kemur og snúa að því hvort almennt séð sé hægt að bera traust til stjórnvalds. Við höfum horft upp á það á þessu þingi að þriðjungur þingflokks Alþfl. er hlaupinn á dyr, komin í bitlinga innan lands eða utan. Þriðji hver maður fyrir borð á einu kjörtímabili og munar um minna. Við höfum horft upp á það í öðru lagi að þjóðin hefur verið höfð að fíflum með því að það hafa verið auglýst til umsóknar opinber embætti og það er löngu ákveðið fyrir fram hvaða kratar eða hvaða stjórnarsinnar fái þau embætti. Það var auglýst eftir seðlabankastjóra og forstjóra í Tryggingastofnun og öll þjóðin vissi að það var búið að ráðstafa því fyrir fram hvaða gæðingar færu í þau embætti. Telur hæstv. forsrh. það vera eðlilega meðferð á slíkum málum þegar Jón Sigurðsson var gerður að seðlabankastjóra og Karl Steinar, fyrrv. hv. þm., að forstjóra Tryggingastofnunar og allt saman löngu ákveðið fyrir fram? Hvað segir hæstv. forsrh. um starfsaðferðir menntmrh. sem í sambandi við ráðningu á skólastjóra á Suðurlandi sagði fyrir nokkrum mánuðum að hann legði fyrst og fremst áherslu á menntun. Það yrði að ráða í svona embætti eftir því hvað menntunin væri mikil og þess vegna hefði hann ráðið einn en ekki annan í starf skólastjóra á Suðurlandi. En bíðum við. Nokkrum vikum seinna þarf að ráða landsbókavörð og hvað gerist þá? Þá ræður hæstv. menntmrh. mann sem hefur miklu minni menntun en annar umsækjandi og snýr allri röksemdafærslunni við eins og ekkert sé, allt á hvolfi. Nú skal það ekki vera menntunin sem gildir. Þó menn hafi doktorsgráður og hvaðeina í viðkomandi fagi, nei, heldur eitthvað annað. Hvað með ráðninguna á þjóðminjaverði? Eitt afrek menntmrh. enn.

Telur hæstv. forsrh. að þarna hafi verið farið eðlilega með embættaveitingavald? Og hvað með Hrafnsmálið? Er ekki rétt að minna aðeins á það hér. Það er að vísu mikið hættuspil því eins og kunnugt er þá vill hæstv. forsrh. verða oft mjög hvumpinn ef það ber á góma. Nú er ómögulegt að vita hvaða fordæmingar ég fæ á mig fyrir að voga mér að nefna það hér. En það var fáheyrður atburður í stjórnsýslunni að opinber embættismaður er látinn víkja en hann er ráðinn aftur daginn eftir í æðra embætti. Honum er sparkað upp á við, eins og þjóðin réttilega orðaði það.

Er þetta eðlilegt, hæstv. forsrh.? Er þetta til þess fallið að skapa tiltrú í stjórnsýslunni? Hvað með það í fimmta lagi, hæstv. forsrh., í þessari ríkisstjórn hafa pólitískir aðstoðarmenn ráðherra verið gerðir að ráðuneytisstjórum í röðum. Hvað segir hæstv. forsrh. um þetta? Er þetta ný stefna? Vill þá hæstv. forsrh. beita sér fyrir breytingu á lögunum um Stjórnarráðið þannig að ráðuneytisstjórar fylgi hér eftir ráðherrum og þeir geti tekið sína pólitísku embættismenn í ráðuneytin og farið síðan með þá aftur. Eða er hæstv. forsrh. tilbúinn að lýsa því yfir að pólitískir aðstoðarmenn ráðherra sem gerðir hafi verið að ráðuneytisstjórum muni allir láta af störfum þegar þessi ríkisstjórn hættir?

Ég segi alveg eins og er: Hvernig á að ætla mönnum það að taka við — því sem betur fer verður þessi ríkisstjórn ekki eldri — og annarra flokka menn kunna að koma að þessum verkum eftir fáeina mánuði? Er

eðlilegt að ætlast til þess að þeir gangi að pólitískum aðstoðarmönnum forvera sinna sem ráðuneytisstjórum í stórum stíl?

Þetta er auðvitað ekki hægt, hæstv. forseti. Hæstv. forsrh. verður að horfast í augu við það að þessi annáll verður tekinn saman og er miklu ítarlegri og lengri en ég hef tíma til að fara hér yfir.

Hvað með langa lista flokksgæðinga sem til að mynda hafa verið gerðir að sýslumönnum og öðrum slíkum sýslunarembættismönnum í tíð hæstv. dómsmrh.? Og hvað með meðferð hæstv. ríkisstjórnar á ýmsum öðrum þáttum eins og fjármunum sem þeir hafa óskipta til ráðstöfunar? Hvað með styrkveitingar hæstv. iðnrh., sem hefur nú þóst öðrum mönnum heilagri yfirleitt í þessum málum, til Sunnukórsins á Ísafirði? Hvað kemur það iðnrn. við, hæstv. forsrh.? **(Gripið fram í:** Það var frá heilbrrn.) Eða heilbrrn., sama er mér. Ég vissi ekki annað en þessi kór væri við góða heilsu.

Meðferð hæstv. *ríkisstjórnar á valdi sínu er löngu* orðin að ja, mér liggur við að segja goðsögn. Það er náttúrlega allt of jákvætt orð í þessu sambandi. Það mun lifa með þjóðinni hvernig þessi ríkisstjórn Davíðs Oddssonar fór með vald sitt. Og alveg sérstaklega ef niðurstaðan verður svo sú að hún bara situr og situr og situr og ráðherrarnir sitja og sitja og sitja alveg *sama hvað gerist. Það er ekki einu sinni opnað fyrir* þann möguleika að menn stigi til hliðar á meðan mál þeirra sæta rannsókn. Ráðherrar, sem hafa beðist afsökunar á gjörðum sínum í fleiri en einu og fleiri en tveim tilvikum og viðurkennt á sig mistök, gangast fyrir því sjálfir að senda mál sín í rannsókn til Ríkisendurskoðunar en þeir sitja. Og hæstv. forsrh. virðist ekki telja neitt athyglisvert við það.

Að síðustu, eins og hér hefur svo verið nefnt, hæstv. forseti, er það til að kóróna allt saman að hæstv. forsrh. skuli opinberlega lýsa vantrausti á utanrrh. Það hefur ekki verið dregið til baka að hæstv. forsrh. átti við utanrrh. þegar hann sagði: Þeim mönnum sem telja að Norðmenn hafi gert góðan sjávarútvegssamning er ekki treystandi til að fara með samninga Íslands út á við gagnvart þessu bandalagi. Í næstu stetningu fór hæstv. forsrh. að tala um utanrrh. Síðan hefur hv. þm. Björn Bjarnason, sem stundum gengur í lið með forsrh. í greinarskrifum, hnykkt á þessari skýringu. En hvernig liggur svo málið? Málið liggur þannig að eini nafntogaði Íslendingurinn sem hefur ítrekað sagt að Norðmenn hafi gert góðan sjávarútvegssamning er hæstv. utanrrh. Hann á þann heiður einn og óskiptan að telja þetta góðan samning. Berara getur þetta ekki orðið. Hæstv. forsrh. hefur lýst vantrausti á hæstv. utanrrh. *á sama tíma og samkvæmt ákvörðun Alþingis eiga* að vera í gangi samningaviðræður við Evrópubandalagið. Undir forustu hvers? Undir forustu utanrrh. því hann fer með það verkefni samkvæmt stjórnskipun landsins að leiða viðræður okkar í alþjóðlegum samningaviðræðum.

Getur þetta gengið svona, hæstv. forsrh.? Það þýðir ekkert að koma hér upp í ræðustólinn og rifja upp 15 ára gamla sögur eða segja brandara. Það er verið að spyrja um ástand mála á líðandi stundu hjá ríkisstjórn sem situr í dag en ekki einhverja sem sat fyrir 15 árum þó það geti verið sagnfræðilega áhugavert út af fyrir sig að fara yfir þá hluti.

Ég held, hæstv. forseti, að forsrh. verði að gera betur *hér í þessari umræðu og í raun og veru er málið* ósköp einfalt. Hæstv. forsrh. þarf að koma hér upp og segja: Ég ber ábyrgð á embættisathöfnum heilbrrh. þar á meðal, utanrrh. þar á meðal, og þeir njóta óskoraðs trausts míns. Þingflokkur Sjálfstfl. ber ábyrgð á embættisathöfnum heilbrrh. og er tilbúin til að verja þær gjörðir sem hann hefur staðið fyrir. Ef hæstv. forsrh. *gerir þetta ekki þá ber honum að koma hér upp og* segja af sér. Þá ber honum að gera það. Þá er komin upp sú staða í ríkisstjórninni að hún er ekki starfhæf og hefur lengi verið að okkar mati. Og það er, hæstv. forseti, m.a. ástæðan fyrir því að við stjórnarandstæðingar töldum eðlilegt að byrja þetta mál með umræðu þar sem hæstv. forsrh. gæti svarað fyrir sig og stöðu *málsins. Það var harla sérkennilegt að heyra* hæstv. forsrh. eins og agnúast út í það að Alþingi Íslendinga ætti kost á því að ræða þessi mál og biðja um vantraust. Var það e.t.v. vegna þess og er það vegna þess að hæstv. forsrh. veit að stjórnin er að gliðna sundur og bindur helst vonir við að hann geti lamið hana saman í atkvæðagreiðslu um vantraust? Auðvitað er slík stjórn ekki starfhæf. Bara nýleg dæmi sýna að hún er ekki starfhæf. Utanrrh. kemst ekki á allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna til að flytja þar ræðu vegna þess að deilurnar í hans eigin flokki og illindin í stjórnarsamstarfinu gera það að verkum að hann á ekki heimangengt, hann kemst ekki úr landi, hann þorir ekki úr landi. Þetta er orðið eins og hjá einræðisherrunum í sumum Afríkuríkjum að þeir þora ekki úr landi af því að þeir óttast að það verði gerð bylting á meðan og allt fari í vitleysu. Ráðherrar íslensku ríkisstjórnarinnar geta ekki sinnt störfum sínum vegna þessara innri mála.

Að lokum, hæstv. forseti, óska ég eftir því að hæstv. forsrh. svari því skýrt og skorinort vegna þess að í haust viðurkenndi hann í raun og veru stöðu málsins með tali sínu um haustkosningar. Er hæstv. forsrh. tilbúinn til þess að ræða þann möguleika á næstu dögum og vikum að það verði gengið til kosninga til að mynda í lok nóvember eða byrjun desembermánaðar eða ætlar hæstv. forsrh. að láta örfáa krata, sem eftir eru í þeim flokki, halda öllu þinginu í gíslingu og gera það að verkum að þessi ríkisstjórn, sem í raun og veru er búin að vera í öllum skilningi nema þeim einum að hún hangir í stólunum, sitji óstarfhæf í allan vetur?

[14:58]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Ef stjórnarandstaða telur sig hafa ástæðu til að ætla að sitjandi ríkisstjórn eða stjórnarmeirihluti hafi af einhverjum ástæðum tapað meiri hluta sínum, þá er sá kostur fyrir hendi að láta á þetta reyna með því að bera fram vantraust. Áður en gengið var til þings mátti heyra yfirlýsingar, misjafnlega skilmerkilegar, af hálfu forustumanna stjórnarandstöð-

unnar um að hún þráði þá heitast að þing kæmi sem fyrst saman til þess að unnt væri að koma fram vantrausti. Nú er ég farinn að halda eftir að hafa hlustað grannt á þessar umræður að það sé eiginlega ekki nokkur leið að fá stjórnarandstöðuna til að bera fram þetta vantraust og það þurfi jafnvel að láta enn frekar á það reyna en orðið er hvort stjórnarandstaðan er fáanleg til þess, sérstaklega þegar hv. þm., varaformaður Alþb., missti það út úr sér að það yrði sennilega til þess eins að þétta raðir stjórnarsinna. Og ef stjórnarandstaðan er ófáanleg til þess að bera fram vantraust þá tekur hún þann kost að ræða stöðu ríkisstjórnarinnar.

Nú vill svo til að þeirri umræðu er lokið. Hún fór fram um stefnuræðu forsrh. og þá var að sjálfsögðu rætt um stöðu ríkisstjórnarinnar (**Gripið fram í:** Stefnu.) Stefnu og stöðu. Því miður er það svo að ég var að skyldustörfum og gat ekki tekið þátt í þeirri umræðu en hef heyrt af skilvísum mönnum að stjórnarandstaðan hafi ekki riðið feitum hesti frá þeirri umræðu. (**SvG:** Hver sagði þér það?) Kannski er þá tilgangurinn sá með þessari umræðu að rétta hlut stjórnarandstöðunnar eða freista þess?

Hæstv. forsrh. hefur út af fyrir sig þegar svarað þeim málsatvikum sem fram komu í ræðu framsögumanns og varðaði grunsemdir um gagnkvæman trúnað einstaklinga í ríkisstjórnarsamstarfinu og ég hef út af fyrir sig engu við það að bæta. Það er sérstaklega ástæða til þess að spyrja: Eru líkur á því að stjórnarflokkarnir hafi tapað meiri hluta sínum vegna þeirrar staðreyndar að hv. þm., fyrrv. félmrh., hefur vikið úr ríkisstjórninni? Forsrh. svaraði því skilmerkilega fyrir sitt leyti. Og ég get svarað því fyrir mitt leyti að ég sé ekki ástæðu til þess að ætla að þingmeirihlutinn sé brostinn af þeim sökum og tel reyndar ekki hafa orðið mikla breytingu á afstöðu hv. þm., þ.e. þess gætti stundum áður í stjórn að hún lýsti ýmsum sjónarmiðum sem hún átti sameiginleg með stjórnarandstöðunni. Ekki geta menn verið að byggja þetta tal á skoðanakönnunum, jafnvel ekki þeir sem telja ævidaga sína í pólitík eftir slíkum vinsældakönnunum vegna þess að nú bregður svo við að þessar blessaðar skoðanakannanir sýna það helst ef eitthvert mark er á þeim takandi þessa stundina að nú undir lok kjörtímabilsins er það svo með forustuflokk stjórnarandstöðunnar, Framsfl., að hann hefur lengst af kjörtímabilsins staðið mun betur í skoðanakönnunum. Sama á við um Kvennalistann. Að því er varðar Alþb. þá eru skilaboðin nokkuð misvísandi þessi dægrin. Ein skoðanakönnunin leiddi í ljós að Alþb. væri býsna óvarið fyrir stuðningsmönnum hæstv. fyrrv. félmrh. en könnun sem núna var nýlega virtist leiða í ljós að Alþb. væri ögn að hressast, en það var tekið fram að hún væri ómarktæk vegna þess að það væri helmingur sem vildi ekki svara. Það eru því vandfundin haldgóð rök fyrir því hvers vegna verið er í þessum umræðum að forðast að tala um vantraust en tala heldur um daginn og veginn, um stöðu ríkisstjórnarinnar.

Ég minnist þess frá fyrri dögum, árið 1988–1989, þá fór svipuð umræða fram. Þá var Sjálfstfl. í stjórnarandstöðu og var eitthvað að spyrjast fyrir um hvort ekki væri eitthvað á huldu um það hvort stjórnarmeirihlutinn væri fyrir hendi á þingi og þá stóð upp mjög virtur stjórnmálamaður, fyrrv. framsóknarmaður Stefán Valgeirsson og sagði: Jú, það væri kannski á huldu en það væru huldumenn hér á þingi sem mundu greiða þáverandi stjórn atkvæði og verja hana falli og það var bara látið gott heita, að páv. ríkisstjórn sæti í krafti þess að henni bærist stuðningur að handan og menn voru ekkert að gera sér rellu út af því. Sú ríkisstjórn hélt sínu striki og reyndi þó ekki á að huldumenn gæfu sig fram (**Gripið fram í:** Jú, jú.) fyrr en þar að kom og reyndust þá vera þessa heims.

En það verður að reyna að taka þetta alvarlega og það er verið að spyrja um stöðu ríkisstjórnarinnar. (**ÓRG:** Aðallega verið að spyrja um stöðu þína.) Sannleikurinn er sá að ef við lítum yfir feril og verk þessarar ríkisstjórnar og spyrjum hvernig hún skilar af sér verkum sínum og hvernig búi hún skilar í samanburði við það ástand sem hún tók við, þá held ég að flestum beri saman um það að staða ríkisstjórnarinnar er sterk.

Nú fer það ekkert á milli mála og á bæði við þessa ríkisstjórn og forvera hennar að þessar ríkisstjórnir hafa stjórnað á einhverju langdregnasta samdráttarskeiði sem yfir þessa þjóð hefur gengið. Sjö ár eru langur tími í samfelldu samdráttarskeiði. Nú er það að vísu sögulegt álitamál hvort erfiðara er að stjórna í góðæri eða harðæri, en það fer þó ekki á milli mála að það reynir á þegar svo háttar til að þjóðartekjur og þjóðarframleiðsla og verðmætasköpun dregst saman yfir heilt tímabil með mjög alvarlegum hætti. Ég held að það sé best að gera grein fyrir því með því að vísa til þess að ef hagvöxtur á Íslandi hefði verið sá hinn sami á árunum 1987–1994 og hann reyndist að meðaltali í OECD-löndunum þá væri þjóðarframleiðsla okkar 100 milljörðum kr. meiri heldur en hún í reynd er. Hagvöxtur OECD-ríkjanna að meðaltali varð ekkert mjög mikill en samdrátturinn hér leiðir þó í ljós að það vantar til þess að halda í við þessar þjóðir um 100 milljarða kr. á þessu tímabili á verðlagi ársins 1994. Ef við metum þetta á hvern einasta mann, þá er niðurstaðan sú að það vantar um 400 þús. kr. í buddu hvers einstaklings á Íslandi vegna þess sem við höfum tapað í þjóðarframleiðslu á þessu langa samdráttarskeiði. Tökum annað dæmi til þess að sýna hið sama. Ef við hefðum haldið áfram hagvexti í sama takti og 10 árin næst á undan 1987 þá hefðu ráðstöfunartekjur á mann á Íslandi núna verið um 20% hærri en þær eru. Ég læt þessi dæmi nægja til þess að sýna hvers konar erfiðleika hefur verið við að fást.

En ég nefni annað til sögunnar og það er þetta: Við höfum á tímabili lýðveldisins oft lent í því og oftar en aðrar þjóðir vegna þess hve efnahagslíf okkar er einhæft og sveiflugjarnt að það hafa orðið samdráttarskeið, ellefu slík tímabil á sl. hálfri öld. Það hafa yfirleitt verið þau tímabil þegar allt hefur farið úr böndunum á Íslandi vegna þess að þá hefur hinn pólitíski þrýstingur vaxið um allan helming um það að reyna að halda sér gangandi með svikinni mynt og aukinni verð-

bólgu, það hefur verð gripið til gengisfellingar og við höfum endað í kollsteypum, víxlhækkanaverðbólgu og yfirleitt þjóðfélagið allt saman að meira og minna leyti farið úr skorðum. Það er einmitt í lok slíkra erfiðleikatíma vegna þess að menn hafa ekki haft þrek til þess að halda út sem allt hefur farið á hvolf og að mínu mati, til þess að segja það hreint út, þá er það hið pólitíska afrek þessarar ríkisstjórnar, sem auðvitað er ekki hafin yfir gagnrýni og alls ekki verður um hana sagt að hún hafi ekki gert sín mistök, að hafa haldið út á erfiðum tíma og skilað nú af sér, þrátt fyrir þetta samdráttarskeið, þjóðfélagi sem hægt er að lýsa með eftirfarandi orðum:

Það rengir það enginn að það er ríkjandi festa og stöðugleiki í íslenskum þjóðarbúskap. Það rengir það enginn að raungengi íslenska gjaldmiðilsins, sama á hvaða kvarða það er mælt, er traust og þar af leiðir að samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs er með því besta sem þekkst hefur um áratuga skeið. Og það er staðfest sérstaklega með því að útflutnings- og samkeppnisgreinar, að sjálfsögðu einnig á grundvelli þessa ákvæðis sem EES-samningurinn færði þeim, eru betur staddar núna en verið hafa um mjög langt skeið. Verðbólga á Íslandi er með því lægsta sem þekkist meðal grannlanda okkar og það er pólitískt afrek og það er einhver mesta kjarabót sem unnt er að tryggja fólki og einhver besta og traustasta forsendan fyrir því að unnt sé að vinna bug á atvinnuleysi. Það er forsendan fyrir því að vextir hafi farið lækkandi og ef við berum saman vaxtastigið nú og fyrir um það bil ári síðan þá skilar það fyrirtækjum og heimilum í landinu um það bil 8.000 millj. kr. ávinningi á ársgrundvelli á ári hverju, það er besta kjarabót sem hægt hefur verið að færa þessari þjóð. En það ber að taka það fram að þetta er ekki bara afrek ríkisstjórnarinnar. Þetta er ávinningurinn af annars vegar sparnaðar- og aðhaldsaðgerðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum og trausti aðila vinnumarkaðarins á þá stefnu og skynsamlegum kjarasamningum sem hafa tryggt vinnufrið á þessum forsendum. En þetta er engu að síður þessum aðilum að þakka og besta kjarabótin sem fólki hefur verið færð hér á landi.

Það er þess vegna sem afkoma fyrirtækja fer nú batnandi. Meira að segja afkoma bankakerfisins eftir að hafa orðið fyrir ómældum skaða í formi tapaðra útlána vegna fortíðarvanda. Það er þess vegna sem útflutnings- og samkeppnisgreinar hafa nú reynst þess umkomnar að skapa ný störf þannig að atvinnustigið á Íslandi er ekki versnandi eins og víðast hvar í kringum okkur heldur þvert á móti hefur tekist að taka við fjölguninni á vinnumarkaðinum. Allt byggist þetta á því að ríkisstjórnin, þrátt fyrir mjög harða og ósanngjarna gagnrýni stjórnarandstöðunnar, sveigði ekki af leið varðandi það sem er pólitískt erfiðast yfirleitt og það er að grípa til spanaðaraðgerða í ríkisfjármálum. Með öðrum orðum, þessi ríkisstjórn, ef menn spyrja um það, er að skila af sér góðu búi, er að leggja í hendur þeirra sem taka við, hverjir sem það eru, forsendur fyrir nýrri framfarasókn og skapa ný sóknarfæri á traustum grundvelli. Ég er ekki í nokkrum vafa um það að það er leitun á því að ríkisstjórn hafi skilað af sér jafn vel. (**SvG:** Ætlarðu þá ekki að halda áfram með Davíð?) Þetta er byggt á staðreyndum sem ég hygg að séu svona nokkurn veginn óumdeildar. (**SvG:** Ætlarðu þá ekki bara að halda áfram?) Hvernig sem það nú fer, nú get ég ekki svarað spurningum hv. þm., þá getur hann ekki undan því kvartað að þannig hefur verið staðið að verkum að taki hann við, þá getur hann ekki skellt skuldinni á forvera sína og það er þá betur lagt upp í hendurnar á honum það sem hann á að fara með heldur en það sem við tókum við. (**SvG:** Það er auðveldara að taka við af Ólafi Einarssyni en mér, áttu við það?)

Stjórnarandstaða sem boðar vantraust en þorir ekki að leggja það fram er auðvitað í dálitlum vanda. En ég skil það hins vegar ákaflega vel vegna þess að það er í sjálfu sér hjákátlegt að ætla að byrja seinasta þing kjörtímabilsins með því að bera fram vantraust á ríkisstjórn sem skilaði af sér þannig verkum. Hvernig ætlar stjórnarandstaðan að rökstyðja það? Eigum við að hafa eitthvert sérstakt traust á því að þeir stjórnarandstöðuflokkar sem hér sitja hafi áunnið sér traust á þessu kjörtímabili af sínum verkum? Ég nefni tvennt sem er bara dæmi um það að stjórnarandstaðan fær nú væntanlega ekki undir því risið. Þegar þessi ríkisstjórn lagði hvað mest á sig og harðast var að henni sótt vegna sparnaðaraðgerða í heilbrrn. þá ætlaði hér allt um koll að keyra vegna hástemmdra yfirlýsinga um að hér væri verið að leggja velferðarkerfið á Íslandi í rúst. Nú er sú gerningahríð að baki og staðreyndirnar eru þekktar. Það tókst á árunum 1992–1993 að ná fram raunsparnaði í útgjöldum heilbrrn. upp á 4 milljarða. Það mun takast að mati Ríkisendurskoðunar ef forsendur fjárlagafrv. reynast traustar að ná fram 10% sparnaði að raungildi í þessum útgjaldaflokkum. Það er ekki rétt að þessum sparnaði hafi verið náð með því að velta gjöldunum á einstaklinga í landinu vegna þess að það er staðreynd að sameiginleg útgjöld hins opinbera og einstaklinga, viðskiptavina heilbrigðiskerfisins, hafa lækkað á kjörtímabilinu sem svarar um 8.000 kr. á mann. Með öðrum orðum, stjórnarandstaðan reyndist vera ósanngjörn og ómálefnaleg í þessari gagnrýni. Þetta var nauðsynlegur sparnaður til þess að ná þessum árangri en stjórnarandstaðan afflutti málið og vann sér ekki truast með þessum málflutningi. Hitt dæmið er auðvitað EES-samningurinn. EES-samningurinn er eitthvert stærsta mál sem þessi ríkisstjórn hefur komið fram. Hann er mikil lyftistöng fyrir atvinnulíf í landinu. Og nú vill svo til að það eru ekki bara stjórnarflokkarnir heldur málsvarar stjórnarandstöðunnar sem leggja öll mál upp á þann veg að meginmálið sé að halda þeim ávinningi sem EES-samningurinn hefur tryggt okkur og festa hann í sessi með því að gera hann að formi til að tvíhliða samningi. Það er stefna þessarar ríkisstjórnar og að því erum við að vinna eins og forsrh. vék að. En ég spyr, ef menn eru að spyrja um traust: Munið þið hvað leiðtogar stjórnarandstöðunnar sögðu um þennan samning á sinni tíð? Munið þið gerningaveðrið sem stóð hér yfir í mörg ár? Munið þið röksemdirnar um það að þetta mundi binda endi

á íslenskt sjálfstæði? Munið þið röksemdirnar um að þetta mundi kollvarpa okkar íslensku þjóðfélagsskipun, færa allt vald, framkvæmdarvald, löggjafarvald og dómsvald úr landinu o.s.frv. og væri náttúrlega til einskis gagns að því er varðar íslenskt atvinnulíf?

Nú er það svo að þessir hinir sömu menn sem svona töluðu og greiddu atkvæði á Alþingi Íslendinga segja: Þessi EES-samningur er haldreipi vort. Á þessu bjargi munum við byggja framhaldið. Hefur nokkur utanrrh., umdeildur að vísu, nokkurn tíma fengið jafnmikið traust frá leiðtogum stjórnarandstöðunnar eins og sá sem hér stendur?

[15:16]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Eftir að hafa hlustað hér á ræðu hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh., þá spyr ég mig að því, í hvaða heimi lifa þessir menn? Hvers konar veruleikasýn er það sem þeir hafa þegar þeir lýsa ástandi mála eins og þeir gera? Annars vegar er hæstv. utanrrh. sem sér ekkert nema bjart fram undan og væri betra að satt væri og síðan hæstv. forsrh. sem bara segir: Aðrir gera það líka. Aðrir veita stöður pólitískt, þá er allt í lagi að gera það hér.

Mig langar til að minna hæstv. utanrrh. á nýútkomna skýrslu Ríkisendurskoðunar sem sýnir þann tilflutning sem orðið hefur á fjármagni frá fyrirtækjum í landinu yfir á almenning. Ég vil minna hæstv. utanrrh. á það að það er vaxandi misskipting í okkar þjóðfélagi. Við höfum upplifað hér meira atvinnuleysi á undanförnum árum en við höfum áður séð. Við sjáum fátækt, við sjáum fólk sem þarf að leita til félagsmálastofnana, fólk sem getur ekki lifað á launum sínum. Hvers konar stöðugleiki er þetta? Er þetta viðunandi stöðugleiki? Ég hef hitt margt fólk á undanförnum dögum og ég finn fyrir því og ég veit að það gildir um aðra líka að það er mjög vaxandi þrýstingur úti í þjóðfélaginu á það að hér verði breyting á, að fólk fái einhverjar kjarabætur. Þeir sem hafa tekið á sig aukna skatta og minnkandi kaupmátt, það fólk krefst þess að nú verði hér breyting á og þarf ekki annað en að minna á þing Alþýðusambands Austurlands um helgina þar sem greinilega heyrist harðari tónn en við höfum heyrt hingað til vegna þess að fólk er algjörlega að þrotum komið. Það er ekki hægt að ganga lengra og ég held að hæstv. utanrrh. ætti að fara og hlusta á þær raddir.

Hann minntist líka í sinni afrekaskrá á raunsparnaðinn í heilbrrn. Þar hefur gjöldum verið velt yfir á almenning. Það er sama sagan. Gjöldunum hefur verið velt yfir á almenning og sveitarfélögin. Hann ætti líka að lesa nýútkomið fjárlagafrv. þar sem það er tekið fram hvað eftir annað að áformaður sparnaður í heilbrrn. hafi ekki náðst fram. Þar hafa menn gefist upp við sparnaðinn. Þannig að hann ætti að fara varlega í að fullyrða um þennan mikla árangur sem þessi ríkisstjórn á að hafa skilað.

Mér fannst sú ræða sem hæstv. forsrh. flutti í upphafi þessarar umræðu vera mjög dæmigerð fyrir þá siðferðilegu kreppu sem við stöndum frammi fyrir í íslenskum stjórnmálum og risið hefur hvað hæst á undanförnum vikum í kringum mál hæstv. félmrh.

Hæstv. forsrh. sagði í sinni ræðu að aðrir hefðu veitt stöður pólitískt og vitnaði til þess að það væri gert í öðrum löndum líka. Það er vissulega rétt að hér á landi höfum við búið við, því miður, það siðferði að menn hafa deilt út mjög mikilvægum stöðum til sinna flokksmanna og þarf ekki annað en að minna á Seðlabankann í því efni. En hjá öðrum þjóðum sem telja sig siðmenntaðar og hafa sterkt gildismat varðandi pólitískt siðferði gilda þær reglur, t.d. í Bandaríkjunum, að menn eru kallaðir fyrir af þingnefndum og það er kannað hvort þeir eru þess trausts verðir sem stjórnvöld vilja sýna þeim. Jafnvel þeir sem eru tilnefndir sem hæstaréttardómarar eru kallaðir fyrir og þeirra ferill kannaður. Þetta er auðvitað allt annar mælikvarði heldur en hér gildir þar sem búið er að úthluta stöðum fyrir fram. Það sem hér er að gerast er einfaldlega það og í ljós hefur komið í þessari umræðu að ríkisstjórnin og sá sem situr í forsæti hennar er að koma sér undan því að axla ábyrgð og taka á þeim siðferðilegu spurningum sem við stöndum hér frammi fyrir.

Nú ætla ég ekki að fella dóm yfir hæstv. félmrh. og við erum að velta því fyrir okkur í þessari umræðu hvar landamærin eru milli þess sem siðlegt getur talist og þess sem misbýður siðferðiskennd almennings. Hvar liggja þessi mörk? Það er erfitt að skilgreina þau og þau geta verið mjög persónuleg, en það dugar ekki að gera það sem menn hafa gripið til hér hvað eftir annað að kalla á Ríkisendurskoðun. Þegar málefni Hrafns Gunnlaugssonar og reyndar hæstv. menntmrh. voru hér til umræðu og mér fannst það mál snúast fyrst og fremst um hæstv. menntmrh. og hans gjörðir, þá var því máli vísað til Ríkisendurskoðunar. Það snerist ekki um það hvort lög og reglur hefðu verið brotnar. Það snerist um embættaveitingar og gjörðir hæstv. menntmrh. Hið sama gildir hér, við erum að ræða um embættisverk hæstv. félmrh., sem reyndar hefur ekki flétt ast inn í umræðuna hér. Við erum að tala um hans verk og það hvort þar hafi verið rétt að málum staðið. Ég efast um að hann hafi brotið nokkra einustu reglu eða lög. Ég efast um það. En hann hefur að mínum dómi farið yfir mörk hins siðlega.

Nú skal ég viðurkenna það að ég var ekki á landinu meðan þessi mikla orrahríð stóð yfir en hef lesið um hana í blöðunum og mér fannst ógnvekjandi að lesa lýsinguna á þeim blaðamannafundi sem hæstv. félmrh. hélt og finnst augljóst af því sem þar kemur fram að hann hefði átt að segja af sér. Það hefði verið honum og okkar stjórnmálalífi fyrir bestu og ég harma að hann skyldi ekki gera það.

Hér hafa hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh. sýnt mikinn söknuð yfir því að ekki skuli hafa komið fram vantraust á ríkisstjórnina. Það er auðvelt að bæta úr því. Okkur í stjórnarandstöðunni fannst rétt að hér færi fyrst fram umræða á Alþingi um stöðu ríkisstjórnarinnar. Það væri eðlilegt að bera fram spurningar til hæstv. ráðherra áður en vantrauststillaga kæmi fram. Umræða um stöðu ríkisstjórnarinnar á ekki að fara eingöngu fram í fjölmiðlum, hún á að fara fram á Alþingi og það er Alþingis að skera úr um það hvort ríkisstjórnin nýtur trausts.

Mig langar að koma aðeins inn á stöðu þessarar ríkisstjórnar vegna þess að þar er auðvitað margt fleira en þau vinnubrögð sem við höfum orðið vitni að á undanförnum vikum sem koma inn í. Þegar ég spyr mig hvað þessi stjórn ætlaði sér í upphafi þá var það ekki lítið. Það kom út stefnuyfirlýsing 30. apríl 1991 þar sem segir m.a. að markmið ríkisstjórnarinnar sé að rjúfa kyrrstöðu og auka verðmætasköpun í atvinnulífinu sem skili sér í bættum lífskjörum. Auk þess ætlaði þessi ríkisstjórn að standa að sáttargjörð um sanngjörn kjör — sáttargjörð um sanngjörn kjör — sem *flestir eru búnir að gleyma.*

Þau efnahagslegu markmið sem þessi ríkisstjórn setti sér í upphafi hafa ekki náðst fram að ganga. Hún ætlaði sér að ná ríkishallanum niður á tveimur árum. Það hefur alls ekki gengið eftir og er þar ekki við ríkisstjórnina eina að sakast heldur einnig það umhverfi sem hún hefur átt við að glíma. Það gerðist líka í upphafi ferils þessarar ríkisstjórnar að hún tók að boða þar ýmis stefnuatriði sem alls ekki höfðu verið rædd í kosningabaráttunni, sem alls ekki voru þar til umræðu, eins og einkavæðing ríkisfyrirtækja, þjónustugjöldin sem velt hefur verið yfir á almenning. Það hafa þeir allt gert í umboðsleysi kjósenda. Þeirra stefna er meira og minna í umboðsleysi kjósenda. Hver er árangurinn? Árangurinn er sá að hér er meiri halli á ríkissjóði en nokkurn tímann hefur sést og á tíma þessarar ríkisstjórnar nemur hann tæplega 30 milljörðum króna. Sem betur fer hafa ýmis af stefnuatriðum ríkisstjórnarinnar eins og einkavæðingin runnið meira og minna út í sandinn og er fróðlegt að minnast þess að á fyrstu árum þessarar ríkisstjórnar ætlaði hún að selja fyrirtæki fyrir 1,5 milljarða en núna er sú tala komin niður í 100 millj. í fjárlagafrv. ársins 1995.

Þá er vert að minnast á þær breytingar sem gerðar voru á Lánasjóði ísl. *námsmanna og við eigum enn* eftir að sjá afleiðingar þeirra breytinga.

Ég minni líka á þann mikla óróa sem núv. heilbrrh. skapaði í heilbrigðiskerfinu vegna þeirra stöðugu upphlaupa sem voru í kringum hann, þar sem hann var stöðugt að skapa óvissu og glundroða og enginn vissi hvaðan á sig stóð veðrið í þeim handahófskennda niðurskurði og þeim sundurleitu tillögum sem hann lagði fram.

Síðast en ekki síst hefur tímabil þessarar ríkisstjórnar einkennst mjög af innbyrðis átökum milli stjórnarflokkanna þar sem hnútur hafa gengið á milli. Er þar skemmst að minnast deilunnar miklu um landbúnaðarmálin sem geisaði allt sl. sumar og langt fram eftir hausti og nú það sem við höfum orðið vitni að í sumar með yfirlýsingum hæstv. utanrrh. varðandi Evrópusambandið þar sem hæstv. forsrh. hefur reynt að troða ofan í hann yfirlýsingunum aftur, hvað eftir annað.

Þar við bætast svo þær stöðuveitingar sem einkennt hafa allt þetta tímabil og sem hafa að mínum dómi keyrt svo um þverbak að annað eins hefur ekki sést — alla vega á lýðveldistímanum. Ég hygg að ef við færum í pólitíska samanburð þá hafi ekki ríkt annar eins *óróa og önnur eins vinnubrögð í íslenskum stjórnmál*um síðan á dögum Jónasar frá Hriflu í kringum 1930. Menn hafa farið í gegnum þessarar stöðuveitingar og er óþarfi að vera að rifja það upp aftur, en það var reyndar allt fyrirséð fyrir tveimur árum að sú hringekja mundi fara af stað þar sem ýmsum æðstu stöðum okkar samfélags yrði úthlutað til háttsettra krata. Ekki vil ég fullyrða að þar séu eðalkratar á ferð.

En síðast á þeim ferli eru svo mál hæstv. félmrh., Guðmundar Árna Stefánssonar, og þau endurspegla því miður þvílíkt dómgreindarleysi að það er sorglegt upp á að horfa. Ég vil þar taka sem dæmi það sem snertir *hans aðstoðarmann.* Nú vil ég taka það skýrt fram að hann hefur að sjálfsögðu rétt til þess að velja sér hvern þann aðstoðarmann sem hann vill og það gildir auðvitað um aðra ráðherra líka. Þar er um það að ræða að menn velji sér fólk til samstarfs sem hægt er að treysta. En að sá aðstoðarmaður skuli taka sæti í 12 nefndum og starfshópum, hvað sem fyrri aðstoðarmaður gerði, *þetta eru þvílík fádæma vinnubrögð* að maður skilur ekki að mönnum skuli detta svona lagað í hug. Hvernig á nokkur maður að geta sinnt svona starfi? Hvers konar starf fer þarna fram? Er það eðlilegt að aðstoðarmaður ráðherra sé stjórnarformaður stjórnar Ríkisspítalanna? Eru það einhver eðlileg vinnubrögð að menn setji sína helstu aðstoðarmenn sem stjórnarformenn í ríkisstofnunum? Ég er ekki sammála því og mér finnst að þarna hafi skort mjög á fagleg vinnubrögð ráðherrans. Og í ljósi alls þess sem Alþfl. hefur staðið fyrir og gert á þessu kjörtímabili þá verkar það hálf hjákátlega að hann skuli nú boða siðbót. En batnandi mönnum er best að lifa og ég held að þeir ættu í mikilli alvöru að fara í gegnum sín vinnubrögð og að skoða þann feril sem þeir hafa að baki ef þeir ætla sér að lifa af í íslenskum stjórnmálum.

Að lokum, virðulegi forseti, þá eru það auðvitað allt *alvarlegar spurningar sem við okkur blasa um hlutverk* stjórnmálamanna og hvar hin siðferðilegu mörk liggja. Við megum ekki gleyma því að við sem hér erum innan dyra erum fulltrúar almennings í landinu. Okkur er falið að gæta almannahags og að fara með hluta þess valds sem skilgreint hefur verið sem ríkisvaldið og þess utan fer hér auðvitað fram hin almenna pólitíska umræða í þjóðfélaginu. Það sem þeir sem bjóða sig fram sem fulltrúar almennings í landinu eiga að gæta er auðvitað að standa vörð um almannahag og vera ekki að hygla sér og sínum. Þar liggja mörkin. Að spyrja um almannahag, að spyrja um fagmennsku, en vera ekki að hygla sér og sínum. Þær spurningar sem við glímum við hér verða ekki leystar með því að kalla til Ríkisendurskoðun, þær verða fyrst og fremst leystar með því að við horfum í eigin barm og viðurkennum að siðferðið kemur innan frá eins og presturinn sagði við setningu Alþingis og þar ber hverjum og einum að standa sig.

Útbýting þingskjala:

Endurgreiðsla virðisaukaskatts vegna kaupa skógarbænda á aðföngum, 59. mál, fsp. HG, þskj. 59.

Færsla aflaheimilda á fiskveiðárinu 1993–94, 57. mál, fsp. ÁRÁ, þskj. 57.

Samkeppnisstaða innlendrar framleiðslu, 56. mál, þáltill. FI o.fl., þskj. 56.

Skipting á vegafé milli kjördæma, 58. mál, fsp. RG, þskj. 58.

[15:33]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Við þær umræður sem hér fara fram þá er vegin og metin staða ríkisstjórnarinnar og þá hvort ástæða sé til að hún fari frá. Það er auðvitað hægt að vega og meta stöðu ríkisstjórnarinnar út frá ýmsum hliðum og ég vil staðnæmast hér við nokkra þætti.

Spurningin er: Hvaða árangri hefur þessi ríkisstjórn náð? Og kannski einnig út frá því: Hefur þessi ríkisstjórn meiri hluta fyrir sínum málum sem hún vill ná fram á þessu þingi fyrir fjárlagafrv. til að mynda og fleirum málum sem ég vil koma hér að á eftir? Það er líka spurt hvort trúnaðarbresturinn og sundurlyndið sé það mikið innan og milli stjórnarflokkanna að hún sé óstarfhæf og hafi þá ekki burði til að takast á við brýnustu úrlausnarefni landsmálanna. Og er málefnastaða hennar slík og þær aðgerðir sem hún leggur upp með til að bæta lífskjörin að það sé kannski betra fyrir þjóðarhagsmuni að hún fari frá strax?

Ég vil aðeins fara inn á þessa þætti og ég vil segja það fyrst að það er ekki með neinni sanngirni hægt að halda því fram að ríkisstjórnin hafi ekki náð árangri til að mynda í efnahagsmálum. Við vitum að varðandi verðbólguna hefur náðst umtalsverður árangur. Viðskiptajöfnuð má nefna þar sem hefur náðst verulegur árangur, sem er forsenda þess að það hefur verið hægt að lækka hér vexti. Varðandi erlendar skuldir þá hefur skuldasöfnun verið stöðvuð og orðið reyndar nokkur raunlækkun á erlendum skuldum og það hefur náðst verulegur árangur í vaxtamálunum. Varðandi atvinnumálin og atvinnuleysið þá má segja að þarna hafi unnist ákveðinn varnarsigur þó vissulega sé atvinnuleysi enn þá mjög mikið. Við munum að það er ekkert langt síðan, tvö ár, síðan spáð var að atvinnuleysi gæti farið í 15 eða 20%.

En mér finnst reyndar að í spá ríkisstjórnarinnar fyrir þetta og næsta ár þá sé spáin reist á mjög veikum grunni. Við höfum náð niður atvinnuleysinu til að mynda vegna átaksverkefna milli ríkis og sveitarfélaga, vegna fjármagns sem hefur farið í vegaframkvæmdir og viðhaldsverkefni, sem hefur skapað um 3.000 störf á þessu og sl. ári og spurning hvort framhald verði á þessum átaksverkefnum ríkis og sveitarfélaga. Það er alveg ljóst að það á ekki að setja peninga í þessar vegaframkvæmdir eða viðhaldsverkefni áfram. Þvert á móti er talað um mikla lækkun á fjárfestingu, 25% niðurskurð sem er um 3 milljarðar kr. og það er alveg ljóst að það mun magna upp samdráttareinkennin í þjóðfélaginu og auka hér atvinnuleysi. Þess vegna tek ég með mikilli varfærni því sem haldið er hér fram að við munum hafa atvinnuleysi hér sem verður innan við 5% á næsta ári. Ég held að það sé miklu nær því að verða 6 eða 7%.

Síðan þarf að vega það og meta hvernig þessi árangur er fenginn sem við erum að tala um. Það er auðvitað fyrst og fremst vegna þeirrar þjóðarsáttar sem komst á milli aðila vinnumarkaðarins og reyndar ríkisvaldsins og það hefur orðið veruleg fjármunatilfærsla í þessu þjóðfélagi frá launafólki yfir til atvinnulífsins. Við erum að tala um að það er flutt skattbyrði frá fyrirtækjum sem nemur sennilega 5–6 milljörðum kr. yfir til launafólks og það er auðvitað stærsti hlutinn af því að hér hefur náðst árangur. Við vitum og það er ekkert hægt að mótmæla því að það hefur verið þrengt að velferðarkerfinu á ýmsum sviðum, ekki síst í heilbrigðis- og menntakerfinu og árangurinn er líka fenginn með þeirri búbót sem verið hefur í Smuguveiðunum, sennilega upp á 3–4 milljarða. Útflutningur hefur aukist og bati í alþjóðlegum efnahagsmálum sem hér hefur m.a. skilað sér í verulega auknum tekjum í ferðamannaþjónustunni. Þetta eru nú helstu þættirnir og hitann og þungann af þessu öllu hefur launafólkið borið. Ýmislegt má benda á annað sem ríkisstjórnin hefur náð árangri í, m.a. sem hæstv. utanrrh. nefndi varðandi EES-samninga og ýmis umbótamál hafa náð fram á kjörtímabilinu.

En spurningin er, hefur ríkisstjórnin meiri hluta fyrir þeim málum sem hún leggur upp með nú á þessu síðasta ári sínu? Þar tala ég um fjárlagafrv. og auðvitað kemur það ekki í ljós fyrr en tekist er á um einstök mál í ríkisstjórninni, ekki síst þeirri stefnumörkum sem birtist fjárlögum. Stjórnarliðar hafa ekki enn sem komið er lýst yfir andstöðu við þá stefnumörkun eða einstaka þætti fjárlaga eða einstaka mál sem boðuð hafa verið og það er auðvitað æskilegt að það komi sem fyrst fram hvort meiri hluti ríkisstjórnarinnar sé svo tæpur að ástæða sé til að ætla að hún hafi ekki alla stjórnarliða á bak við sig.

Það er ýmislegt sem mér kemur á óvart í fjárlagafrv. og í málum reyndar sem boðað er að verði flutt af hæstv. ríksstjórn, að Alþfl. og einstaka þingmenn hans ætli að standa að. Ég nefni hér að flokksþing Alþfl. lagði á það áherslu í sumar, þunga áherslu, eins og það er orðað í ályktun flokksþingsins, að það eigi að skattleggja fjármagnstekjur. Flokksþingið ályktaði um það að strax á þessu haustþingi yrði lagt fram frv. um fjármagnstekjuskatt sem kæmi til framkvæmda um nk. áramót. Og spurningin er sú í mínum huga: Mun Alþfl. beita sér fyrir því að lagt verði fram frv. um fjármagnstekjuskatt eða ætlar flokkurinn að sætta sig við að Sjálfstfl. ráði ferðinni í þessu máli? Er ágreiningur uppi milli stjórnarflokkanna varðandi fjármagnstekjuskattinn? Mér finnst mjög mikilvægt að þetta komi fram vegna þess að við höfum það fyrir okkur að það væri hægt frá og með næstu áramótum að fá töluverða fjármögnun til þess að skila þá yfir til láglaunafólksins með því að lækka skattbyrði á því ef það næðist samstaða um það mál. Það er alltaf borið fyrir sig tæknilegum erfiðleikum og að það hafi óæskileg áhrif á vaxtastig að taka hér upp fjármagnstekjuskatt. Ef svo hefur verið þá hefði flokksþing Alþfl. átt að gera sér grein fyrir því í sumar þegar var ályktað um þetta mál. Þess vegna spyr ég um það mál. Það eru öll lönd innan OECD sem hafa tekið upp fjármagnstekjuskatt í einni eða annarri mynd. Alþfl. hefur talað fyrir því að

breikka t.d. eignarskattsstofninn, það sé auðveldasta leiðin og því er ástæða til að spyrja um það. Það kemur fram í fjárlögunum að það á enn þá að þrengja að velferðarkerfinu á ýmsum sviðum og þá spyr ég: Vill Alþfl. frekar standa að þeirri skerðingu í velferðarkerfinu en að berjast fyrir fjármagnstekjuskatti? Sama má spyrja varðandi hátekjuskattinn. Flokksþingið ályktaði t.d. um það að við ríkjandi aðstæður bæri að framlengja hátekjuskattinn. Hefur Alþfl. fallist á það með Sjálfstfl. að hátekjuskattur verði ekki framlengdur? Hv. formaður fjárln. hefur m.a. lýst þeirri skoðun sinni að hann telji að það eigi að framlengja hátekjuskattinn. Verður þetta mál tekið upp á síðari stigum eða er þetta endanlega afgreitt af hálfu stjórnarflokkanna?

Ég spyr um annað mál. Það er það sem boðað er í málaskrá ríkisstjórnarinnar að það eigi að breyta Landsbankanum og Búnaðarbankanum í hlutafélagabanka. Er samstaða um það milli stjórnarflokkanna? Hefur Alþfl. fallist á að það mál verði lagt fram á þessu þingi og það verði samþykkt? Það er ástæða til að spyrja um það vegna þess að öllum er ljóst að það er fyrsta skrefið í átt til einkavæðingar ríkisbankanna og í stefnu ríkisstjórnarinnar, sem birtist í fjárlögum, er sett fram sú stefna að rétt sé að selja hlutabréfin. Um það mál hefur verið ágreiningur í þingflokki Alþfl. og þess vegna spyr ég um það þegar við erum að vega og meta hvort þessi ríkisstjórn hafi meiri hluta, hvort það sé samstaða um þetta mál. Einnig væri hægt að spyrja um það sem Alþfl. lagðist gegn á síðasta þingi, þ.e. að takmarka aðgang að háskólanum. Er samstaða um það milli flokkanna að slíkt frv. verði lagt fram og hefur slíkt frv. meiri hluta hér á þingi?

Það þarf ekki að fara mörgum orðum um það að ýmislegt hefur komið fram sem staðfestir að það er djúpstæður trúnaðarbrestur í samskiptum forustumanna flokkanna og það hefur verið rætt í þessari umræðu og það eitt út af fyrir sig gerir ríkisstjórninni erfitt í því að takast á við brýnustu úrlausnarefni sem eru fram undan. Og þegar verið er að spyrja um meiri hluta þá er náttúrlega reynslan sú á þessu kjörtímabili að það er frekar Alþfl. sem hefur komið fram sem ein heild í erfiðum málum en Sjálfstfl., þannig að það er líka ástæða til að spyrja um það hvort þinglið Sjálfstfl. haldi í ýmsum málum. Það eru miklu frekar þingmenn þeirra sem hafa ekki stutt ríkisstjórnina í veigamiklum málum. En spurningin snýr að mínum gamla flokki um afstöðu þeirra til grundvallarmála sem ég hef nefnt, fjármagnstekjuskattsins, einkavæðingu banka í bankakerfinu, hátekjuskattinn. Við erum þannig stödd að skattfrelsismörk eru bara 57 þús. en ættu að vera 71 þús. kr. ef þau hefðu haldið í við verðlag og þess vegna er ástæða til að spyrja, hvort ekki sé eðlilegt að þessir skattar séu lagðir á sem ég hér nefndi.

Síðan er það það grundvallaratriði sem ekki síst vekur furðu mína. Ef þingflokkurinn ætlar að standa að þeirri stefnumörkun, og það tel ég það alvarlegasta sem fram kemur í fjárlögum og ég hefði aldrei staðið að fjárlögunum eins og þau eru lögð fram núna, ekki síst með tilliti til þeirrar forsögu sem við höfum hér talað um, að það er láglaunafólkið sem hefur borið hitann og þungann af því að viðhalda hér stöðugleika og það sést ekki ljós glæta í fjárlagafrv. um það að stjórnarflokkarnir ætli nú þegar betur árar og bati er boðaður í efnahagslífinu að umbuna láglaunafólki eða skila batanum til láglaunafólksins. Þvert á móti, það á ekki að létta skattbyrði á láglaunafólki, þess sér ekki stað í frv., og á ýmsum sviðum er þrengt enn að velferðarkerfinu þrátt fyrir að bati sé boðaður, svo sem í menntakerfinu, ekki síst í háskólanum og Lánasjóði ísl. námsmanna. Upptöku þjónustugjalda í heilbrigðiskerfinu er haldið áfram og það á að skerða réttindi atvinnulausra og raunlækkun er, það vekur furðu mína, á ýmsum framlögum til hópa sem höllum fæti standa eins og fatlaðra og það er ekki heldur gert ráð fyrir eingreiðslum til aldraðra eða atvinnulausra.

Ég tel því að í ljósi þessarar stefnumörkunar sem fram kemur núna á síðasta ári þessarar ríkisstjórnar, þar sem batanum á með engum hætti að skila til láglaunafólks, þá væri ástæða til þess að ríkisstjórnin segði sem fyrst af sér og boðað yrði til kosninga. Og ekki síst þegar horft er til áætlunar sem ríkisstjórnin leggur fram varðandi næstu fjögur árin. Þar er áfram boðuð 7% lækkun eða 9% að raungildi á útgjöldum og tekjur eiga að standa í stað. Það segir okkur þá að þessi ríkisstjórn ætlar ekki að koma á fjármagnstekjuskatti ef hún fær umboð til að sitja næstu fjögur árin, a.m.k. á sá fjármagnstekjuskattur þá varla að skila sér til launafólks. Það á kannski að fara með hann eins og íhaldið vill, að hann fari þá til þess að lækka almennt eignarskatt.

En það er alveg ljóst þegar skoðað er hvert þessi bati hefur skilað sér, eins og utanrrh. nefndi. Hann nefndi í batnandi afkomu fyrirtækja og það er auðvitað gott og vel og líka til fjármálastofnana. Við höfum það fyrir okkur að á síðustu 12 mánuðum hafa skuldir fyrirtækja við bankakerfið minnkað um 9 milljarða, en skuldir einstaklinga á sama tíma aukist um 4 milljarða. Þannig að það hlýtur að vera komið að láglaunafólkinu núna, að skila batanum til láglaunafólksins.

Það má líka nefna það sem hefur verið rætt hér í þessari umræðu varðandi lækkunina á matvælum að ég held að það sé alveg ljóst að hún hafi ekki skilað sér til láglaunafólks. Ríkisstjórnin stóð að þessu og þar með talin sú sem hér stendur. Það var gert að kröfu verkalýðshreyfingarinnar, en ég held að fólk finni það og ég hef rætt við mikið af fólki á vinnustöðum á umliðnum vikum, að það segir að matarskattslækkunin hafi skilað sér á fyrstu vikunum og síðan ekki söguna meir. Þannig að það er ástæða til þess að fara ofan í það betur heldur en gert hefur verið, hvort þessi matarskattslækkun hafi skilað sér til láglaunafólksins.

Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa fleiri orð við þessa umræðu. Mér finnst að það komi mjög skýrt fram, og vil ítreka það, í fjárlagafrv., þeirri málaskrá sem ríkisstjórnin leggur fram, þeirri áætlun sem hún hefur sett fram um hvernig taka eigi á efnahagsmálunum til næstu fjögurra ára, að ríkisstjórnin ætlar sér ekki, og það sést ekki í fjárlagafrv. eða þeim málum sem hún leggur fram, að hún ætli að fara í aðgerðir

sem breyti hér skiptingu þjóðarkökunnar eða sem ganga í þá átt að stokka upp tekjuskiptinguna í þjóðfélaginu og það finnst mér það alvarlegasta sem er núna hjá ríkisstjórninni að þess sér ekki nokkur merki. Og það væri á þeim grundvelli sem frekar ætti að skoða þann málatilbúnað að ríkisstjórnin ætti að fara frá fremur heldur en ýmislegt annað sem fram hefur komið í þessari umræðu.

[15:48]

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Ég held að það sé full ástæða til þess að ræða störf hæstv. ríkisstjórnar nú í upphafi þings og gera upp störf hennar, þar sem hún hefur í raun lokið störfum. Ég heyri að það fer mjög í taugarnar á hæstv. ráðherrum og hv. forustumönnum stjórnarflokkanna að ræða þessi mál hér á hv. Alþingi, en miðað við ræðu síðasta hv. ræðumanns, hv. 12. þm. Reykv., fyrrv. félmrh., þá staðfesti hún í raun að það er djúpstæður ágreiningur, það er djúpstæður trúnaðarbrestur, eins og hv. þm. orðaði það, á milli forustumanna stjórnarflokkanna. Ég hjó líka eftir því að hún er efins um það að ríkisstjórnin hafi meiri hluta hér á hv. Alþingi. Þannig að það sýnir kannski betur heldur en margt annað, þar sem sá hv. þm. hefur þó nokkra reynslu af því að sitja í þessari hæstv. ríkisstjórn, að umræðan er svo sannarlega tímabær.

Hæstv. forsrh. gerði sér raunar grein fyrir því í haust að ríkisstjórnin væri illa starfhæf og vildi fara í kosningar. Þegar á reyndi ákvað hann að beygja sig undir vald hæstv. utanrrh. og láta hann ráða ferðinni og sitja til vors og staðfesti hann það í sinni ræðu áðan að hann sé enn með það á prjónunum. Mér heyrðist hæstv. forsrh. vera hér þó nokkuð að vitna í fortíðina, eins og hans er von og vísa, og hann vitnaði m.a. í Ólaf heitinn Jóhannesson og þá ríkisstjórn sem hann sat í sem reyndar mun hafa verið ríkisstjórn Gunnars Thoroddsens. Samlíkingin var náttúrlega ekki alveg nógu góð hjá hæstv. ráðherra vegna þess að Ólafur Jóhannesson var ekki forsrh. í þeirri ríkisstjórn og þess vegna gat hann illa borið sig saman við hann hvað það snertir að hann mun hafa haft orð um samstarfsflokk sem þá var Alþb., en hann sagði það ekki sem forsrh. þeirrar ríkisstjórnar.

Mér er það ofarlega í huga að í haust var það skoðun ungra sjálfstæðismanna að það ættu að fara fram haustkosningar. Það var vegna þess að hæstv. ríkisstjórn hefði lokið við þau verk sem hún ætlaði sér að vinna þannig að hún væri bara búin og gæti bara farið frá og það væri rétt að kjósa. Það er hins vegar ekki alveg í samræmi við það að hæstv. ríkisstjórn leggur nú fram — í opinberum plöggum kemur fram að hún hyggst leggja hér fram á þinginu um 150 þingmál. En auðvitað er staðreyndin sú að hæstv. ríkisstjórn hefur litlu áorkað og það má a.m.k. fullyrða það að kjör fólksins í landinu eru óviðunandi og þar tek ég undir orð síðasta ræðumanns.

Ég ætla, eins og reyndar hæstv. forsrh., aðeins að fara svolítið aftur í tímann, ekki mörg ár, en mér er það ákaflega minnisstætt þegar ríkisstjórnin tók við og það birtust glaðhlakkalegir stjórnmálaforingjar á skjánum og höfðu hist í Viðey á vordögum. Það sem mér er hvað minnisstæðast er að hæstv. ríkisstjórn ætlaði ekki að tala saman í fjölmiðlum. Það var komin ný ríkisstjórn sem ætlaði ekki að tala saman í fjölmiðlum. Og Sjálfstfl. var svo hamingjusamur með þetta nýja samstarf að hann færði Alþfl., samstarfsflokknum, fimm ráðherrastóla á silfurfati. Það má því segja það að Alþfl. hefur mikil áhrif og völd í skjóli Sjálfstfl. Nú finnst mér hins vegar vera þannig komið að Alþfl. hefur fengið það hlutskipti að vera eins konar skóþurrka Sjálfstfl. Sjálfstfl. nærist á öfórum Alþfl. sem eru allveruleg, það fer ekkert á milli mála.

Man nokkur eftir fréttatíma þegar við lítum daga og vikur aftur í tímann þar sem ekki hefur verið einhver forustumaður, annar forustumaður stjórnarflokkanna, að gefa álit á einhverju sem hinn hefur sagt? Þetta hélt ég að væri sú skilgreining sem við köllum að tala saman í fjölmiðlum. Það er ekki talað saman nema í fjölmiðlum og hv. 12. þm. Reykv. staðfesti það hér áðan að það er djúpstæður trúnaðarbrestur á milli forustumanna stjórnarflokkanna.

Hæstv. forseti. Ég álít að þessi vetur sem nú fer í hönd muni ganga þannig fyrir sig að Sjálfstfl. muni halda áfram þegar tækifæri gefst til að sparka svolítið í Alþfl. í fréttatímum og það verði ekki mikið aðhafst. Það eru ýmis vandamál sem þyrfti að taka á og það er því dýr tími fram undan og illa farið með þann tíma ef hv. Alþingi fær ekki önnur verkefn en þau að nánast bíða þess að vorið komi því þá megi fyrst kjósa.

Hæstv. forsrh. hafði hér mörg orð í sinni stefnuræðu um það hvað ástandið væri gott og það væri náttúrlega honum að þakka að hér hefði verið sveigt af Færeyjaleiðinni. Ég verð að segja það að ég óttast því miður að hæstv. forsrh. vanti tengsl við þetta þjóðfélag og ég hef áður haldið því fram. Ég óttast að hann einblíni á tölur sem segja aldrei allan sannleikann. Ég óttast að hann fari ekki um landið til að tala við fólk. Það virtist t.d. hafa haft mjög góð áhrif á fyrrv. félmrh. að fara um landið og tala við fólk og eftir orðum hæstv. forsrh. áðan þá virðist vera og hafa verið gott samstarf á milli þeirra þannig að ég held að hann ætti að taka fyrrv. félmrh. sér til fyrirmyndar og ferðast um landið og fræðast um það hvernig fólkið hefur það í landinu, hver kjör fólksins eru. (**SJS:** Og segja svo af sér.) Það var innskot frá hv. 4. þm. Norðurl. e. að hann mundi þá sennilega segja af sér á eftir og það getur verið að það yrði einmitt raunin. Það er nefnilega þannig að fólkið í landinu fer algjörlega á mis við þessa miklu velgengni sem hæstv. forsrh. hælir sér mjög af.

Mér eru minnisstæð orð hæstv. fjmrh., sem heiðrar okkur með nærveru sinni, sem hann lét falla fyrir nokkrum dögum í fjölmiðlum og voru þess efnis að skattleysismörkin hér væru alls ekki lág vegna þess að það væru svo margir innan skattleysismarka og þess vegna hlytu þau bara að vera nógu há. Það var eins og hæstv. fjmrh. léti sér ekki detta í hug að ástæðan gæti verið sú að hér væru svo margir á lágum launum. En það er með þetta eins og annað að það eru súluritin og línuritin sem eru látin ráða ferðinni en ekki fólkið.

Siðferði í stjórnmálum hefur verið mikið í umræðunni að undanförnu og ég get sagt það að mér hefur ekki áður fundist eins niðurdrepandi að vera atvinnupólitíkus og síðustu vikurnar. Auðvitað er eitthvað töluvert að hjá okkur í þessum efnum og við eigum að vera manneskjur til þess að viðurkenna það og taka á þessum málum. Þetta verðum við að gera. Það er alltaf erfitt að setjast í dómarasæti og ég ætla mér ekki að gera það, hef engan áhuga á því en mín skoðun er þó sú að hæstv. félmrh. hefði átt að segja af sér og hefði átt að vera búinn að því. Eins og ég segi ætla ég mér ekki að setjast í neitt dómarasæti en ég tel að svo sé komið að hæstv. ráðherra njóti ekki trausts þannig að það væri honum fyrir bestu og kannski okkur öllum þegar ég horfi til framtíðarinnar. Hann hefur sýnt ákveðið dómgreindarleysi, ég held að það fari ekkert á milli mála. Þjóðin verður að hafa traust á stjórnvöldum og stjórnmálamönnum. Hvers vegna svo er ekki í nægilegum mæli er erfitt að segja til um en ein ástæðan er sú að það eru of mörg dæmi þess að hæstv. ráðherrar hafi misnotað vald sitt. Ég leyfi mér að fullyrða að þó að ýmislegt hafi gerst í tíð fyrri ríkisstjórnar sem ekki er til fyrirmyndar þá keyri um þverbak í tíð þessarar hæstv. ríkisstjórnar.

Hæstv. forseti. Mig langar að segja örfá orð um landbúnaðinn sem geta verið í góðu samhengi við það sem kom fram hjá hæstv. utanrrh., m.a. í ræðu hans áðan. Það er skaði að hæstv. landbrh. er ekki viðstaddur þessa umræðu en maður efast stundum um að hann hafi öll völd í landbúnaðarmálum þannig að það er kannski allt í lagi að tala um þau líka við hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh. Þannig er að landbúnaðurinn, eins og allir vita, er að ganga í gegnum mikið breytingarskeið og það mætti kalla það allt að því byltingu. En hvaða vinna skyldi vera í gangi í landbrn. í sambandi við það? Sannleikurinn er sá að það er engin vinna í gangi. Aðrar þjóðir taka öðruvísi á þessum málum og þar er unnið að því að aðlaga starfsgreinar að breyttum starfsháttum. En hæstv. ríkisstjórn virðist ekki hafa miklar áhyggjur af þessum málum eða eru ástæðurnar kannski aðrar? Eru ástæðurnar kannski þær að það er vitað að það náist ekki samstaða um neitt landbúnaðarmál og þess vegna sé ekki óhætt að leggja slíkt mál fram á hv. Alþingi?

Til að rökstyðja þetta örlítið þá ætla ég að koma með dæmi. Í framhaldi af lögum sem sett voru í desember á síðasta ári var gert ráð fyrir því að hæstv. landbrh. gæfi út reglugerð um jöfnunargjöld sem snertu útflutning. Á hátíðarstundum tölum við og hæstv. ráðherrar tala gjarnan um útflutning Íslendinga á matvælum. En þessi útflutningur getur hins vegar ekki átt sér stað vegna þess að hæstv. landbrh. kemur ekki frá sér þessari reglugerð. Hæstv. utanrrh. sagði áðan að samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs væri betri en um langt skeið. Skyldi það varða landbúnað líka?

Ég veit ekki hvort það þarf að útskýra það frekar fyrir þingheimi út á hvað sú reglugerð á að ganga sem ekki lítur dagsins ljós. Í stuttu máli er það að hráefni landbúnaðarins til útflutnings á að fást á sama verði og lægst þekkist á ESB-svæðinu. Svona tækifæri nota aðrar þjóðir sér til fullnustu en það gerum við greinilega ekki því ekkert bólar á þessari reglugerð. Kannski hæstv. utanrrh. geti sagt okkur eitthvað frá því hvað veldur ef hann tekur til máls aftur?

Minn tími er senn á þrotum en ég hafði hugsað mér að hafa nokkur orð um menntamálin. Eftir því sem mér skilst þá er meiningin að hér fari fram umræður um menntamál í vetur og verða lögð fram frumvörp sem kveða á um breytingar á lögum, bæði um grunnskóla og framhaldsskóla. Róttækasta breytingin hvað varðar grunnskólann er kannski sú að það er meiningin að flytja hann til sveitarfélaganna og það strax 1. ágúst á næsta ári. Undirbúningur sem þarf að fara fram áður en þetta getur átt sér stað er allur í skötulíki. Það er t.d. ekki ljóst hvernig á að vera með eftirlitsþátt þess máls þegar grunnskólinn er kominn til sveitarfélaganna. Geta sveitarfélögin fækkað kennslustundum eins og þeim sýnist án þess að nokkur fái því breytt? Þetta er mál sem hefur t.d. verið í umræðunni í Noregi og óljóst um réttarstöðu sveitarfélaga hvað þetta varðar.

Það hafa ekki farið fram viðræður við kennarafélögin varðandi kjara- og réttindamál. Sveitarfélögin hafa ályktað og sett ákveðin skilyrði til þess að af þessu geti orðið 1. ágúst á næsta ári og mér finnst að þau skilyrði séu mjög eðlileg en það heyrist lítið frá hæstv. ríkisstjórn um þetta mál eins og svo mörg önnur.

[16:03]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Það var dálítið sérkennilegt að hlusta á hæstv. forsrh. að tala hér fyrr í dag. Sérstaklega var athyglisverð sjálfsánægjan sem birtist í máli hans og hæstv. utanrrh. Þeir eru fjarska sáttir greinilega við þessa stjórn og stöðu hennar. (Gripið fram í.) Og þeir telja, eins og hv. þm. bendir á, að þessi stjórn hafi náð gífurlegum árangri og í raun og veru vantaði bara eina yfirlýsingu í ræðu þeirra beggja, sömu yfirlýsinguna, en við heyrum hana væntanlega næstu daga. Það er yfirlýsingin um það að Sjálfstfl. og Alþfl. ætli í næstu kosningabaráttu að berjast fyrir því að þessir flokkar vinni saman í næstu ríkisstjórn. Það er útilokað að draga aðra ályktun af þeim umræðum sem hér hafa farið fram í dag en að Alþfl. leggi megináherslu á að vera í stjórn með Sjálfstfl. eftir næstu kosningar. Ég heyri ekki betur en Sjálfstfl. segi í rauninni það sama. Hann hafi náð svo miklum árangri og glæsilegum einkunnum í efnahagsmálum að hann hljóti að óska eftir þessu stjórnarsamstarfi áfram. Þetta eru alveg ótrúleg tíðindi en ber að þakka fyrir að þau skuli koma fram þegar í upphafi þings þannig að það sé hægt að haga hinni pólitísku baráttu eftir því á næstu vikum og mánuðum. Þessi stjórn ætlar að berjast fyrir meiri hluta áfram og það er sérstök ástæða til þess að óska vinstri armi Alþfl. til hamingju með þær yfirlýsingar sem heyrst hafa úr þessum ræðustól í dag. Það er afar sérkennilegt að hlusta á þessar yfirlýsingar frá hæstv. ráðherrum líka með hliðsjón af því að núv. ríkisstjórn hefur verið að molna í sundur innan frá svo að segja allan tímann frá því að hún var mynduð. Eða hver er sú stjórn sem situr í dag? — Hvar er iðnrh. og viðskrh.

sem í upphafi lagði af stað með þessari stjórn og ætlaði að byggja álver með meiru? Hann er núna kominn í vinnu í útlöndum. — Hvar er umhvrh. sem lagði af stað með þessari stjórn? Hann er kominn í vinnu í útlöndum. — Hvar er formaður fjárln. sem lagði af stað með þessari stjórn? Hann er ekki kominn í vinnu í útlöndum, hann er kominn í vinnu innar á Laugaveginum. — Og hvað er með hæstv. fyrrv. varaformann Alþfl. og félmrh.? Hvar er hún? (**Gripið fram í:** Í frí.) Hætt. Hefur yfirgefið þessa stjórn vegna þess að hún telur að það sé stórfelldur trúnaðarbrestur á milli forustumanna stjórnarinnar eins og fram kom hér áðan. Síðan bætist við að hæstv. núv. félmrh. verður fyrir stórfelldu hnjaski í opinberri umræðu sem að mínu mati styðst við rök að verulegu leyti og hefði verið skynsamlegra hans vegna og þingsins og allra aðila að hann hefði sagt af sér meðan hann leitaði skjóls annars staðar vegna þeirra ávirðinga sem á hann eru bornar. Þetta liggur fyrir og hvað gerist svo? Þegar formaður þingflokks Framsfl. hringir í hæstv. forsrh. þá segir forsrh.: Hvað? Í fyrsta sinn í sögunni gerist það að forsrh. er svo illa haldinn af klofningnum í sínu liði að hann biður formann þingflokks Framsfl. um að flytja á sig vantraust. Og lái nú hver sem er formanni þingflokks Framsfl. þó hann hafi a.m.k. dregið það við sig að játa þessari beiðni hæstv. forsrh.

Það er alveg með ólíkindum að hlusta á þær ræður sem hér eru fluttar með hliðsjón af þeim veruleika sem hér blasir við. Forsrh. vildi fá vantrauststillögu. Til hvers? Til þess að safna saman sínu liði, til þess að fá tækifæri til að rjúfa þing og efna til kosninga ef hinir óþekku væru of margir en annars til að berja þá saman til hlýðni í allan vetur. Auðvitað gæti verið fróðlegt að kanna hvort hver einasti þingmaður Sjálfstfl. er tilbúinn til að skrifa t.d. upp á embættisverk hæstv. félmrh. eða hvort hver einasti þingmaður Alþfl. og Sjálfstfl. er tilbúinn til að skrifa upp á framlengingu lífs þessarar ríkisstjórnar til vorsins miðað við þá afrekaskrá sem fyrir liggur.

Það var athyglisvert og alveg einstakt í stjórnmálasögu Íslands að það skyldi gerast að hæstv. forsrh. sá sérstaka ástæðu til þess í ræðu sinni að taka það fram, að vísu sem viðbragð við frammíkalli, að utanrrh. væri enn í ríkisstjórn hans. Ég hygg að þess séu fá dæmi að forsrh. hafi þurft að telja saman ráðherra sína með þeim hætti sem hann gerði áðan.

Með hvað eru þeir ánægðir, þessir snillingar? Hvað er það sem gefur þeim rétt, möguleika, innri styrk — liggur mér við að segja — til að tala með því yfirlæti, steigurlæti, sem birtist í ræðum þeirra í dag? Það er batinn í efnahagsmálum. Það er hinn mikli árangur í efnahagsmálum sem þeir telja ástæðu til að hæla sér af. Hver hefur borgað batann í efnahagsmálum? Hver hefur borgað þann bata? Hverjir eru það í landinu? Það eru m.a. 3.500 einstaklingar sem í Reykjavík hafa lífsviðurværi sitt af Félagsmálastofnun einni. Það eru þeir einstaklingar. Fátæktin hefur haldið innreið sína á þúsundir heimila í sjálfu kjördæmi forsrh. Þeir sem hafa borgað batann eru m.a. hinir atvinnulausu en þeir hafa aldrei verið fleiri á Íslandi en í tíð núv. ríkisstjórnar og því er spáð, m.a. af þeim sem mætti gerst til þekkja, hæstv. fyrrv. félmrh., að atvinnuleysistölurnar muni hækka verulega á næsta ári frá því sem spáð er í fjárlagafrv.

Það liggur líka fyrir að ýmsir þættir velferðarkerfisins hafi orðið fyrir stórfelldu hnjaski. Það eru sjúklingar sem þurfa að kaupa lyf sem hafa borgað batann. Það eru sjúklingar sem þurfa að leita til heilsugæslustöðvar sem hafa borgað batann sem þeir eru að hæla sér af í efnahagsmálum. Það er þetta fólk og það er líka menntakerfið þar sem staðan er þannig að raunniðurskurður framlaga til skóla á Íslandi, menntamála á Íslandi, er hver? Hann er 2.100 millj. kr. Heimildin er hver? Heimildin er fjárlagafrv. fyrir árið 1995. Ríkisstjórnin hælir sér af því að hún hafi verið að ná stórfelldum árangri m.a. með því að spara stórkostlega í heilbrigðiskerfinu. Staðreyndin er sú að þar hefur hún lagt hundruð milljónir króna á sjúklinga og aðra viðskiptamenn heilbrigðiskerfisins, hundruð millj. kr. ef ekki milljarða kr., a.m.k. tvo milljarða kr. miðað við þær tölur sem við röktum hér í umræðum um þessi mál á Alþingi í fyrra. En það liggur líka fyrir samkvæmt tölum Ríkisendurskoðunar, sem ég hef undir höndum, að heilbrrh., Sighvatur Björgvinsson, hefur engum árangri náð í að skera niður raunkostnað ríkisins í lyfjamálum. Það liggur fyrir samkvæmt tölum sem ég hef hér undir höndum frá Ríkisendurskoðun að raunkostnaður til lyfjamála á verðlagi ársins 1994 var 2,7 milljarðar 1991, 2,9 milljarðar 1992, 2,6 milljarðar 1993, en verður hver? 2,9 milljarðar 1994 og samkvæmt fjárlagafrv. verður þessi tala á árinu 1995 2,9 milljarðar líka. Þannig að frá því að núv. hæstv. heilbrrh. tók við störfum á árinu 1991 hefur lyfjareikningur ríkisins hækkað samtals um 600 millj. kr., hvorki meira né minna, sem er æðimikið önnur uppstilling en hann vill vera láta í sínum ræðum og hæstv. utanrrh. endurtók hér áðan. Auk þessa kostnaðar ríkisins upp á 600 millj. kr. er almenningur í landinu að borga meira fyrir lyf, meira fyrir læknisþjónustu en nokkru sinni fyrr. Það er þess vegna augljóst mál að hæstv. núv. heilbrrh. hefur farið fram af svo miklum bægslagangi í heilbrigðismálum að í raun og veru er heilbrigðiskerfið að því er lyfin varðar dýrara nú í rauntölum en þegar hann tók við 1991. Það er lítill árangur eftir allar ræðurnar, blaðamannafundina, skýrslurnar og belginginn, m.a. hér í þessum ræðustól.

Er það kannski ástandið í heilbrigðismálum, t.d. í þjónustu við aldraða, sem veldur því að stjórnarflokkarnir eru svona ánægðir með sinn hlut? Eða er það t.d. að því er varðar aðbúnað atvinnualausra í landinu? Í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir því að skera niður kjör atvinnulausra þannig að kaup atvinnulausra verði minna, lægra, verra á árinu 1995 en það er á árinu 1994. Eða er það kannski ástandið í húsnæðismálum sem veldur því að stjórnarflokkarnir eru svona sérstaklega ánægðir með sig þar sem gert er ráð fyrir því að á sama tíma og fjórða hvert húsbréf er í vanskilum að skera niður framlög til félagslega húsnæðiskerfisins í fjárlagafrv. fyrir árinu 1995 um sýnist mér um það bil 200 millj. kr.? Er þetta árangurinn? Atvinnuleysi meira en nokkru

sinni fyrr. Biðlistar fátæktar hjá félagsmálastofnunum allt í kringum landið. Biðlistar eftir þjónustu aldraða. *Dýrari heilbrigðisþjónusta á heilsugæslustöðvum* og annars staðar en nokkru sinni fyrr. Verri þjónusta við atvinnulausa. Stórfellt vanskilaástand í húsnæðismálum. Er það þetta sem þessir flokkar ætla að vaða með núna út til kjósenda og segja: Við viljum áfram meiri hluta, einmitt við, þessir flokkar sem skiljum svona við þetta fólk, biðlista vonleysisins í öllum opinberum stofnunum á Íslandi. Þessir menn ættu ekki að hreykja sér af þessum árangri að mínu mati heldur að blygðast sín.

Og síðan kemur, hæstv. forseti, umræðan um mál núv. hæstv. félmrh. Það er umræða sem væri ástæða til að fara mjög rækilega yfir hér. Ég ætla þó ekki að gera það heldur bendi á að það hefur verið flutt hér lítil tillaga um endurskoðun laga um ráðherraábyrgð þar sem ég tel að ástæða væri til að ræða mjög rækilega þau mál sem snúa að hæstv. félmrh. Staðreyndin er auðvitað bersýnilega sú að íslenska stjórnkerfið þarf á því að halda að menn fari yfir mér liggur við að segja siðrænar forsendur þess og allra embættisathafna hvar sem svo þær eru, á vegum hvaða flokks sem er og í hvaða ráðuneyti sem er. Ég get ekki neitað því að eftir að hafa setið hér í þessari stofnun um nokkurra ára skeið og eftir að hafa fylgst með þeirri umræðu sem fram hefur farið núna að undanförnu varðandi þær ávirðingar sem bornar eru á hæstv. félmrh. þá tel ég að full ástæða sé til þess fyrir Alþingi til að staldra við og velta því fyrir sér hvort ekki er unnt að setja reglur sem eru með þeim hætti að ráðherrar geti ekki misbeitt valdi sínu á einn eða annan hátt í skjóli nafnleyndar á bak við lokaða glugga og lokaðar dyr ráðuneytanna. Að vísu er það rétt, sem hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir benti á hér áðan, að í rauninni verða aldrei settar tæmandi reglur um mál af þessum toga því að það sem ræður úrslitum er auðvitað sá innri styrkur sem hver og einn hefur til að bera sem öðlast mikinn trúnað á Alþingi eða í ríkisstjórnum á hverjum tíma. En þessar umræður eru hrikalegar í raun og veru eins og þær hafa farið fram og ég tel þess vegna ástæðu til að draga þær inn í ræðu mína um stöðu ríkisstjórnarinnar því að þessi mál sem kölluð eru spillingarmál eru hvað sem öðru líður, hvort sem mönnum líkar betur eða verr, partur af þeirri mynd sem þjóðin hefur af núv. ríkisstjórn þó svo að forustumenn stjórnarflokkanna kjósi að reyna að setja þetta upp sem glansmynd eins og fram kom í ræðum formanna stjórnarflokkanna hér áðan þegar vantaði í rauninni bara hálft orð til þess að þeir lýstu því yfir að þeir ætli sér að berjast fyrir meiri hluta Sjálfstfl. og Alþfl. í næstu kosningum. Og ég segi, virðulegi forseti og með leyfi forseta: Guð og aðrar góðar vættir forði þjóðinni frá þeim ósköpum.

[16:19]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Ég vil taka þátt í þessari umræðu vegna þeirra dóma sem hafa verið látnir falla í umræðunni af hálfu stjórnarandstöðunnar. Mig langar að minna á að það eru ekki nema örfáir dagar frá þingsetningu þar sem við kirkjuathöfn var beint til þingmanna tilmælum um að dæma á þann hátt sem þeir sjálfir vilja vera dæmdir. Ég minni menn á þessi orð sem presturinn las þeim.

Mig langar að ræða málin út frá hluta af þeim verkum sem unnin hafa verið á vegum ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar. Ég bið um að landsmenn meti hvort ekki hafi vel áunnist í ljósi þeirra orða sem hér á eftir fara. Ég hlýt að taka undir orð hæstv. forsrh. að mikill árangur hafi náðst í stjórn efnahagsmála. En að líkum erum við nokkuð ósammála um hvernig standa skal að undirbúningi að umsókn um ESB-aðild. Ég tel að í því máli þurfi að gera grein fyrir niðurstöðum úr úttektarskýrslum Háskóla Íslands. Ef þær eru á þann veg sem heyrst hefur að vænta megi mjög bættrar stöðu bænda með ESB-aðild, ólíkt betri möguleikar munu verða til að útrýma atvinnuleysi með fullvinnslu framleiddra vara á Íslandi og fleiri atriða sem mætti telja þá þurfum við að skoða okkar huga.

Ég hef þá trú að Íslendingar hafi besta stöðu á jafnréttisgrundvelli meðal okkar helstu viðskiptaþjóða og samstöðu með frændþjóðum okkar, Finnum, Svíum og Norðmönnum. Ég tel að ríkisstjórnin sem nú situr eigi að halda áfram og klára sín verk og leggja þau síðan í dóm kjósenda á réttum tíma. Það hefur komið áður fram í mínu máli að ég tel að rétt sé að málum staðið.

Ég vil reyndar til þess að taka undir með þeim mönnum sem hér hafa talað að brýnustu verkefni á næstu mánuðum eru að bæta kjör fólks á lægstu launum launastéttanna. Ég tel að það verði að afnema tvísköttun lífeyris, ég tel að skattleysismörkum verði að breyta til samræmis við framfærslukostnað. Ríkisstjórnin hefur tækifæri til inngrips í þessi mál með því að klára sitt kjörtímabil og hún á að gera það.

Ég vil nú víkja nokkrum orðum að stöðu í efnahagsmálum. Með ábyrgri efnahagsstjórn og sátt í kjaramálum þá hefur tekist að varðveita stöðugleika í efnahagsmálum og koma verðbólgu á lægra stig en undanfarna þrjá áratugi og lægra stig en í helstu viðskiptalöndum. Núna er spáð hækkun á framfærsluvísitölu milli áranna 1993 og 1994 um 1–1,5% sem er með því lægsta sem þekkist í heiminum. Verðbólga á Íslandi hefur aldrei verið lág — og takið eftir því — nema þegar Alþfl. hefur verið í ríkisstjórn. Þá hefur einnig tekist að tryggja jafnvægi í viðskiptum við útlönd og stöðva skuldasöfnun erlendis. Útflutningsgreinar hafa ekki búið við betri samkeppnisskilyrði um *áratuga skeið, þar sem saman fara lágir tollar erlendis* og það eru áhrif EES-samningsins, það er lágt raungengi, lækkandi vextir og lægri skattar fyrirtækja. Og það vita þeir sem eru að reka fyrirtæki, hv. þm., sem við mér brosir. Þessi árangur hefur náðst að nokkru leyti á kostnað jafnvægis í ríkisfjármálum, með lækkun virðisaukaskatts og auknum framlögum til atvinnuskapandi aðgerða til að stuðla að friði á vinnumarkaðnum með kjarasamninga til langs tíma.

Það hefur verið sett ný nútímaleg löggjöf um nær öll svið fjármagnsmarkaðarins. Almennar leikreglur hafa verið færðar til þess horfs sem algengast er í ná-

grannaríkjunum. Það hafa verið sett ný lög um innflutning, ný gjaldeyrislög og nýjar gjaldeyrisreglur á grundvelli þeirra. Það hafa verið afnumin fjölmörgt höft á gjaldeyrisviðskiptum og leiðin vörðuð til afnáms síðustu haftanna í árslok 1994. Ég vil minna á það að Alþfl. hefur verið í fylkingarbrjósti þeirra sem vilja aukið frelsi í viðskiptum með landbúnaðarvörur, bændum og neytendum til hagsbóta.

Nýr GATT-samningur heimilar frjálsan innflutning á búvörum frá árinu 1995. Á móti koma há jöfnunargjöld til að auðvelda innlendum framleiðendum og vinnslustöðvum þessa tímabæru aðlögun að eðlilegum viðskiptaháttum. Ég vil minna á það að að frumkvæði Alþfl. hafa verið sett samkeppnislög sem stuðla að virkri samkeppni. Lögin banna fyrirtækjum sem eru ráðandi á markaðnum að misnota aðstöðu sína. Jafnframt er lögunum ætlað að skapa eðlilega umgjörð fyrir fyrirtæki í opinberri eign þannig að þau geta ekki notað einangrunaraðstöðu sína á einu sviði til að niðurgreiða starfsemi á öðru sviði þar sem samkeppni við einkafyrirtæki er fyrir hendi.

Ég vil minna á að það var ráðherra Alþfl. sem hafði forustu í vaxtalækkunaraðgerð ríkisstjórnarinnar í október 1993. Sú aðgerð hefur nú borið ríkulegan árangur. Vextir ýmissa ríkisverðbréfa eru nú jafnlágir eða lægri á Íslandi en í grannlöndum og seðlbankavextir sömuleiðis. Bankavextir hafa lækkað og vextir fjárfestingarlánasjóða fara lækkandi. Varanleg vaxtalækkun — ég segi varanleg vaxtalækkun er mesta kjarabót sem hægt er að tryggja skuldugum fjölskyldum. Þetta er líka öflugasta aðgerðin til að fyrirbyggja vaxandi aðgerðarleysi, treysta afkomu fyrirtækja og þar með atvinnuöryggi.

Herra forseti. Síðastliðinn fimmtudag bar ég fram fyrirspurn og taldi að ég þyrfti að fá að vita og þingið hver væru áhrif af jöfnunaraðgerðum varðandi skipasmíðaiðnað á árinu 1994. Ég hef á þessum dögum sem liðnir eru síðan þá aflað mér upplýsinga um hvernig til hefur tekist með þær aðgerðir sem menn voru hér sammála um að þyrfti að grípa til á vordögum. Það er búið að veita jöfnunaraðstoð í skipaiðnaði frá ársbyrjun 1994. Ég hef hér yfirlit þar sem finna má niðurstöður á ráðstöfunum þess fjármagns eftir verkefnum og fyrirtækjum sem það hafa hlotið. Iðnlánasjóður sér um framkvæmd jöfnunaraðstoðarinnar og það var óskað eftir því í apríl að það yrði lagt mat á árangur jöfnunaraðstoðarinnar fram að þeim tíma. Þetta mat er ég kominn með í hendur og tel ástæðu til að greina frá því.

Það hefur verið stuðlað að hagræðingu innan greinarinnar með því að auðvelda fyrirtækjum aðgang að ráðgjafarþjónustu vegna hagræðingarverkefna. Fyrirtæki hafa getað fengið greitt allt að 80 ráðgjafartímum. Það hefur einnig verið veitt ráðgjöf til endurskipulagningar iðngreinarinnar í heild. Varið hefur verið til þessa verkefnis um 3 millj. kr. Það hefur verið unnið að verkefninu Skipasmíðaiðnaður 1994, þar sem miðar að því að efla vöruþróun og markaðsmál fyrirtækja. Verkefnið nær til 12 verkefna í skipasmíða- og málmiðnaði og auglýst var eftir þátttöku að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Iðntæknistofnun, sem sér um framkvæmdir verkefnisins, hefur þegar skilað þeim afurðum sem komnar eru í framleiðslu. Það hefur verið veitt 12 millj. til þessa verkefnis og er þá talinn með kostnaður vegna sjálfs verkefnisins. Það er búið að veita jöfnunaraðstoð í skipasmíðaiðnaði frá ársbyrjun 1994. Rétt er að minna á hverjir hafa fengið þessa jöfnunaraðstoð. Það eru fyrirtæki sem eru að vinna við þetta verk, þ.e. Ósey hf., Landsmiðjan hf., Stálsmiðjan hf., Skipalyftan hf., Þorgeir og Ellert hf., Slippstöðin Oddi hf. og Marel hf., svo nokkrir séu nefndir. Upphæðirnar sem þessi fyrirtæki hafa fengið í styrki til að efla atvinnu eru frá 400 þús. kr. upp í 16 millj. kr. sem hafa fallið í hlut Odda hf. Það er ljóst að það hefur verið unnið á þessu ári fyrir u.þ.b. 350 millj. kr. meira í skipasmíðaiðnaði árið 1994 það sem af er ársins heldur en á öllu sl. ári. Ef menn telja ekki að það hafi verið gripið til aðgerða í ljósi þessara staðreynda þá eru menn blindir eins og hér var sagt áðan, þeir vita ekki hvað er verið að gera í landinu. Og eins og var nefnt hér, menn eru firrtir því að fylgjast með hvað er að gerast í kringum þá.

[16:29]

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Það var hressilegt að heyra kosningaræðu hv. seinasta ræðumanns sem greinilega er ekki mjög öruggur um langlífi þessarar ríkisstjórnar og deili ég því raunar með honum að það væri hið æskilegasta og heppilegasta. Ekki veit ég hvort sú var ástæðan eða að þarna væri bara um hreint raunsæi að ræða.

Það hefur verið mjög sérkennileg umræða hér í dag þar sem hæstv. forsrh. og utanrrh. hafa báðir talað sérstaklega um þá beiðni sem þeir hafa lagt fram til ýmissa aðila um að leggja fram vantraust á þessa ríkisstjórn. Þetta hefur almennt verið túlkað sem svo að þetta yrði þá til að þjappa ríkisstjórninni saman. En það læðist að manni sá grunur að e.t.v. sé að minnsta kosti í huga hæstv. forsrh. um ákveðna óskhyggju að ræða þar sem hann og ýmsir flokksbræður hans gátu illa dulið vonbrigði sín þegar ekki kom til haustkosninga. Þeim er greinilega orðið mjög illa líft í þessari ríkisstjórn og það skyldi nú ekki vera að sú von alla vega blundaði einhvers staðar baka til í huga þeirra. En þeir geta ekki vikið sér frá því sem hér er til umræðu í dag. Nú er boltinn hjá ríkisstjórninni og það er hennar og hennar einnar að taka á þeim málum. Þeim alvarlegu ásökunum sem fram hafa komið að undanförnu um það að ríkisstjórnin sé ekki vandanum vaxin sem hjá henni er, bæði í þeim málum sem hún hefur tekið að sér að koma áfram og einnig vegna sundurlyndis innbyrðis og vegna þess að vinnubrögðin eru orðin með þeim hætti að jafnvel blöskrar einum flokki hvað annar gerir og þá er mikið sagt því að samkeppnin er hörð á því sviði sem fjallar um ýmsar embættisákvarðanir sem eru vafasamar.

Ef þetta er sem margir hér hafa ætlað í dag að hæstv. forsrh. eigi illt með að þola þá umræðu sem hefur verið og vilji þess vegna fara að fá vantrauststillögu þá er það út af fyrir sig skiljanlegt því þessi um-

ræða er ekki bara brýn og þörf hún er jafnframt slíkur áfellisdómur um ríkisstjórnina að stuðningsmönnum hennar fer fækkandi. Þegar allt var að lappast í rétta átt hjá þessari hæstv. ríkisstjórn í skoðanakönnunum og stuðningurinn rétt að koma þar sem kosningar nálguðust nú í sumar að ýmissa mati þá er hún nú óðum að glata fylgi sínu aftur og stefnir í enn verra ef ekkert verður að gert. Kvennalistinn hefur tekið af skarið og bent á það að dugi ekki annað þá muni Kvennalistinn — að sjálfsögðu í samráði því sem heppilegt væri við aðra stjórnarandstöðuflokka — vera reiðubúinn til að flytja vantraust á ríkisstjórnina en auðvitað á ríkisstjórnin sjálf fyrst og fremst að taka á þessum málum. Það að stjórnarandstaðan flytji vantraust er úrræði sem á ekki að þurfa að grípa til ef ríkisstjórn er vanda sínum vaxin. En mér sýnist nú á þeim umræðum sem hafa verið hér í dag að ríkisstjórnin sýni ekkert fararsnið og þá vitna ég í tillögur eða ályktun sem kom frá þingflokki Kvennalistans þann 28. sept. sl. þar sem sérstaklega er talað um að ríkisstjórnin sé vanhæf taki hún ekki á sínum vanda og þingflokkur Kvennalistans muni leggja fram vantraust á hana á þingi ef hún taki ekki á málunum. Um það erum við að fjalla í dag. Þetta er síðasti möguleiki ríkisstjórnarinnar til að taka sjálf á sínum vanda.

Það sem þingkonur Kvennalistans eru einkum að gagnrýna, þó af nógu sé að taka, er að margoft hefur verið ástæða til að gagnrýna störf einstakra ráðherra og ríkisstjórnarinnar allrar og tækifærin hafa því miður verið allt of mörg og allt of veigamikil til að undan því hafi verið vikist. Allir ráðherrar meira og minna, ríkisstjórnar Alþfl. og Sjálfstfl., bera ábyrgð á þessu og hafa flestir ítrekað gert sig seka um vafasamar embættisfærslur og stöðuveitingar og þetta hefur verið rakið hér bæði í þessari umræðu í dag og fjölmiðlunum að undanförnu. Skorti menn eitthvað á að dæmi séu hér nefnd þá er velkomið að koma hér upp aftur en ég vil fyrst og fremst ræða þetta prinsippatriði því ég vil ekki vera að gera upp á milli þeirra atriða sem ég tel vera ámælisverð hér vegna þess einfaldlega að þá gæti verið á einn hallað þegar ástæða væri til að halla á annan frekar. En vilji menn fleiri dæmi en þau sem hér hafa birst í umræðunni og í fjölmiðlum þá er það að sjálfsögðu velkomið.

Ég vil líka taka fram það sem við þingkonur Kvennalistans höfum orðið að ítreka hvað eftir annað og það er að það þarf að fara mjög á saumana á því hvernig fjárframlögum til stjórnmálaflokka er háttað. Ég vil vekja athygli á því að á síðasta þingi þá lögðum við kvennalistakonur fram tillögu með 1. flm. Jónu Valgerði Kristjánsdóttur, þingflokksformann okkar, um að það yrði sett löggjöf um fjárframlög til stjórnmálaflokka. Og í greinargerð með þessari tillögu sem síðan hefur verið endurflutt nú á þessu þingi og er að finna á þskj. 46, 46. mál, þá segir m.a., með leyfi forseta:

„Síðustu missirin hefur komið fram hörð gagnrýni á það valdakerfi sem íslenska þjóðin býr við. Stjórnmálaflokkarnir eru þar ekki undanskildir og hefur gagnrýnin ekki síst beinst að því að um þá gilda ekki nein skýr lög eða reglur, hvorki varðandi fjárreiður né annað, og má m.a. minnast á áskorun átta háskólakennara frá 15. september 1993 sem birt er sem fylgiskjal með tillögunni. Þar sem stjórnmálaflokkar og samtök eru tæki almennings til að hafa áhrif á stjórnkerfið er nauðsynlegt að eyða allri tortryggni um óeðlileg fjárhagsleg hagsmunatengsl flokkanna við fjársterk fyrirtæki eða hagsmunasamtök."

Ég held að það sé full ástæða til að halda þessu einnig til haga í þeirri umræðu sem núna er í gangi og fjallar m.a. um það hver vinnubrögð hafa verið og hvers við eigum að vænta af okkar stjórnmálamönnum. Þetta er í rauninni mál sem er svo alvarlegt að það eitt út af fyrir sig dygði algerlega til þess að við ættum þá kröfu á þá ríkisstjórn sem nú situr að hún viki hið snarasta. Bara með því að líta á þessi afglöp í embættisfærslum höfum við nógu veigamikla ástæðu til þess að það er krafa um að ríkisstjórnin fari frá.

Það hefur verið fjallað töluvert um siðvæðingu stjórnmála og meira að segja eru ótrúlegustu flokkar farnir að taka þátt í þeirri umræðu og boða aðgerðir. Við bíðum og vonum að batnandi mönnum sé best að lifa. Auk þessa stöndum við frammi fyrir því að hér er sundurlyndi þessarar ríkisstjórnar með slíkum eindæmum og verklagið svo óskaplegt að það yrði einnig full ástæða til þess að þessi ríkisstjórn viki. Sambúð þeira Viðeyjarbræðra má líkja við löngu útbrunnið hjónaband, samband sem er dautt úr öllum æðum og spurningin er: Hvers vegna er því haldið saman? Er það barnanna vegna? Nei, landsins börn eru löngu búin að fá sig fullsödd af aðgerðum ríkisstjórnarinnar og eiga sér ekki aðra ósk heitari en að upp úr þessu óheillasambandi slitni hið fyrsta. Ósamlyndið birtist í ýmsum myndum. Forsrh. treystir ekki utanrrh. og fyrir hverju treystir hann honum ekki? Utanríkismálum. Og hér ætla ég eins og fleiri að vísa í það útvarpsviðtal sem málshefjandi, hv. 1. þm. Austurl., gerði að umtalsefni í sinni ræðu. En það viðtal er frá 25. síðasta mánaðar. Lýsing hæstv. utanrrh. eða dómur hans um ríkisstjórnina er sá að hún hafi haldið út. Þetta er nú ekki beinlínis hægt að segja að séu mikil meðmæli með ríkisstjórninni en þetta eru hans óbreyttu orð nú í umræðunni.

Spurningin er hvers vegna ættu börnin, landsins börn, að vilja að þessari ríkisstjórn yrði haldið saman? Varla er það vegna vanefndra loforða um hækkun skattleysismarka. Það er nú varla að slíkt réttlæti áframhaldandi setu ríkisstjórnarinnar. En hér hefur komið fram í umræðunni að skattleysismörk ættu að vera komin upp í 71 þús. en eru í um 57 þús. kr. Ég tek það fram að það var nú ekki einasta að þeir flokkar sem nú standa að ríkisstjórninni hafi lofað óbreyttum skattleysismörkum heldur ætluðu þeir nú að gera gott betur og bæta hag fólks með því að hækka þessi skattleysismörk.

Haldið er áfram skattlagningu á lágtekjufólk af fullum þunga bæði með þessum hætti og einnig með auknum þjónustugjöldum og þetta er gert í stað þess að nýta þau úrræði sem eru fyrir hendi eins og t.d. að halda áfram hátekjuskatti eða setja á fjármagnstekju-

skatt. Varla eru það loftfimleikarnir með vextina sem ríkisstjórnin snarhækkaði í upphafi ferils síns sem valda því að landsins börn vilji að þessi ríkisstjórn haldi áfram, þau vilja það einfaldlega ekki og þau tengja það að sjálfsögðu aðgerðum ríkisstjórnarinnar hvernig komið er hér á þúsundum heimila sem eru að sligast undan vaxtabyrðinni sem safnast hefur upp á ríkisstjórnartíma þessarar ríkisstjórnar. Varðandi þann sparnað í heilbrigðiskerfinu sem hæstv. utanrrh. m.a. tíundaði að það hefði ekki bitnað á notendum heilbrigðisþjónustu þá einfaldlega spyr ég eins og fleiri hér: Hvar lifir þessi maður? Ég veit að hann hefur verið mikið erlendis og má vera að það sé þess vegna sem raunveruleikaskynið er með þessum hætti en ég held að það sé nóg að hlusta á hvað fólk segir sem þarf að nota þessa þjónustu, þarf að greiða meira fyrir sín lyf, þarf að greiða meira fyrir læknisþjónustu og á nú að fara að greiða fyrir það líka að bregða sér á spítala í bráðnauðsynlegar aðgerðir. En það er sá boðskapur sem lesa má út úr því fjárlagafrv. sem hér verður væntanlega tekið fyrir á morgun að óbreyttu.

Þetta eru aðeins nokkur dæmi af því sem blasir við. Hér eru komnir tveir stórir málaflokkar sem eru þess eðlis að ég skil ekki hvers vegna hæstv. ríkisstjórn lætur sér detta í huga að sitja áfram. Það er í fyrsta lagi stefna hennar og í öðru lagi vinnubrögðin. Ég held að ég láti það eftir mér hér fyrst ég á örlítinn tíma eftir að vitna í erindi Vilhjálms Árnasonar heimspekings á siðvæðingarfundi svokölluðum sem Félag frjálslyndra jafnaðarmanna hélt á Hótel Sögu þann 22. sept. sl., ekki síst vegna þeirra ummæla sem hafa verið hér um mismunandi áherslur hæstv. utanrrh. og hæstv. forsrh. um inngöngu í Evrópusambandið og ég held að það skýri sig að nokkru leyti sjálft hver tengingin er. En sé hér á landi hætta að stjórnmálamenn og embættismenn losni úr tengslum við umbjóðendur sína þá held ég að sú hætta sé enn meiri innan þess stóra batterís sem Evrópusambandið er alla vega eins og það lítur út hér og nú. Í þessu erindi sagði Vilhjálmur, með leyfi hæstv. forseta, m.a.:

„Vegna þessa virðingarleysis stjórnmálamanna gagnvart umbjóðendum sínum hefur almenningur almennt glatað virðingu sinni fyrir fulltrúum sínum og pólitískur doði hefur sest að í hugum margra í lýðræðisríkjum samtímans. Það er alvarlegt áhyggjuefni því þar með dæmir hinn eiginlegi valdhafi, lýðurinn, sjálfan sig úr leik. Enn er aukið á þessa firringu stjórnmálanna frá almenningi með síauknu valdi sérfróðra ráðunauta og sérfræðinga í stjórnkerfinu. Þeir gefa afdrifaríkum pólitískum ákvörðunum tæknilegt yfirbragð því úrlausnarefnin eru sögð vera á valdi sérfræðinganna einna. Þessi tæknivæðing stjórnmálanna á stóran þátt í því að útiloka almenna pólitíska umræðu."

Þetta er einmitt kjarninn í einni höfuðgagnrýninni sem komið hefur á Evrópusambandið og þetta er tekið með sem hluti af umræðu um siðvæðingu í pólitík. En í lokin þá vil ég koma aðeins framar í þetta erindi þar sem komið er að ástandinu hér á landi. Þar segir Vilhjálmur, með leyfi forseta:

„Hin afleiðingin á afsiðun stjórnmálanna í þessum víða skilningi er að þau eru að verða vettvangur tiltölulega þröngs hóps atvinnustjórnmálamanna og stjórnmálaflokkanna sem leitast við að tryggja eigin afkomu og völd. Um þetta segir í hinni ágætu bók, Uppreisn frá miðju: Hagur flokksins er settur ofar þjóðarhag, tillitið til flokksins vegur þyngra en rökstudd sannfæring og tillit til kjósenda kemur einna ljósast fram í óttanum við atkvæðatap."

[16:45]

Guðmundur Bjarnason:

Hæstv. forseti. Það er sannarlega ekki að ástæðulausu að hér hefur verið óskað eftir umræðu um stöðu ríkisstjórnarinnar. Og það er kannski ekki að undra það heldur þótt hæstv. ráðherrar, forsrh. og utanrrh., séu nokkuð undrandi á því hvernig þá umræðu ber að og virðast helst óska eftir því að hún væri með öðru móti, það væri talað hér um vantrauststillögu, vegna þess að þeir vona það auðvitað og telja að með slíkri tillögu væri líklega hægt að berja stjórnarliðið, sem er nú alltætt, saman til stuðnings við þessa ríkisstjórn sem er nú ekki að verða mikils virði. Mér fannst reyndar einnig að svör hæstv. forsrh. við þeim fyrirspurnum sem málshefjandi lagði fyrir hann með spurningum vera heldur veigalítil.

Það er margt sem við stjórnarandstæðingar hljótum að vekja athygli á og spyrja um. Eitt af því var t.d. uppgjöf fyrrv. hæstv. félmrh., uppgjöf hæstv. ráðherra við að sitja í þessari ríkisstjórn og að fylgja fram stefnumálum hennar. Forsrh. hæstv. svaraði því nánast þannig að þeim hefði alla tíð verið vel til vina, forsrh. Hæstv. forsrh. svaraði því nánast þannig að þeim hefði alla tíð verið vel til vina, forsrh. og félmrh., og er vissulega gott til þess að vita að svo hafi verið. En einhverra hluta vegna gafst hæstv. ráðherra, sem fór með félagsmálin, upp á því að sitja í ríkisstjórn með vini sínum forsætisráðherranum og vænti ég þó að hún hafi kannski átt einhverja aðra (**Umhvrh.:** Hún gafst upp á mér.) innan ríkisstjórnar sem ekki voru jafnmiklir vinir hennar, t.d. hæstv. umhvrh. sem hér kallar fram í. Þó held ég að það hljóti að hafa verið ýmislegt í störfum og stefnu ríkisstjórnarinnar sem hæstv. fyrrv. félmrh. gat ekki sætt sig við enda hefur það komið mjög vel fram í máli hennar, bæði í þingræðum og í ýmsum ummælum sem höfð hafa verið eftir hv. þm. í fjölmiðlum að undanförnu. Þetta vitum við vel, þetta veit öll þjóðin og þó að hæstv. forsrh. og hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur hafi verið vel til vina þá á það út af fyrir sig ekkert skylt við það hver staða ríkisstjórnarinnar er í dag og hversu veik hún er í raun.

Í öðru lagi var spurt um trúnaðarbrest milli hæstv. forsrh. og utanrrh. og hæstv. forsrh. svaraði því eitthvað á þá leið, ef ég tók rétt niður eftir honum, að það þýddi ekki að byggja slíkt á einhverjum ummælum héðan og hvaðan. Þessi ummæli, sem verið er að vitna til, eru þó ummæli hæstv. forsrh. um hæstv. utanrrh. í hans eigin ríkisstjórn. Við hljótum að spyrja: Er það virkilega svo að hæstv. forsrh. geti talað þannig til utanrrh., þó það sé á fundi hjá ungum sjálfstæðismönnum, að hann sé ekki þess trausts verður að semja fyrir hönd Íslands um utanríkismál? Við hljótum að telja

að þetta séu ekki bara einhver ummæli héðan og hvaðan. Þetta eru ummæli sem hæstv. forsrh. hefur um formann samstarfsflokksins í sinni ríkisstjórn, hæstv. utanrrh.

Ég hef setið á fundi í utanrmn. á liðnu sumri þar sem forsrh. tók það fram að hann vildi ekki sitja undir ummælum um það að ríkisstjórnin sé að hafa af þjóðinni til lengri tíma litið tekjur og tækifæri ef ekki verði sótt um aðild að Evrópusambandinu. Hver skyldi hafa viðhaft þessi ummæli sem hæstv. forsrh. vildi ekki sitja undir? Það var hæstv. utanrrh. Ég man ekki eftir því að annar hafi talað hærra um það að með því að sækja ekki nú þegar um aðild að Evrópusambandinu væri ríkisstjórnin að hafa af þjóðinni tækifæri til frambúðar til lengri tíma litið og undir slíkum ummæli vildi hæstv. forsrh. ekki sitja. Ég tek alveg undir það með honum út af fyrir sig, ég er alveg sammála honum í því. Þetta hlýtur einnig að sýna okkur að það er alvarlegur trúnaðarbrestur innan ríkisstjórnarinnar milli þessara tveggja forustumanna hennar og því hljótum við að vera undrandi á því að ríkisstjórnin skuli ætla sér að reyna að sitja heilt þing og halda þessu tætingsliði saman og stefna að kosningum í vor. Slíkt hefði auðvitað átt að gerast fyrr.

Í þriðja lagi var hér rætt um pólitískar embættisveitingar sem hafa verið mjög til umræðu að undanförnu. Þá líkti forsrh. því við stjórnarfarslegt skipulag í öðrum ríkjum sem mér finnst ekkert eiga skylt við þá umræðu sem hefur farið fram í þjóðfélaginu hjá okkur að undanförnu. Auðvitað er það með ýmsum hætti. Ef stjórnarskrá og stjórnskipulag gera ráð fyrir því að embættismenn víki þegar ný ríkisstjórn tekur við og nýir embættismenn eru valdir þá hljóta þeir að vera valdir í pólitískum tilgangi og þá er gert ráð fyrir því. Hér hafa menn verið að tala um annars konar pólitískar ráðningar og ég eyði ekki tíma mínum, hæstv. forseti, í að rekja það. Bæði er hv. þm. öllum vel kunnugt um það svo og þjóðinni allri.

Að lokum langar mig að nefna eitt mál enn sem hefur verið mikið til umræðu að undanförnu og alþjóð orðið vitni að og sennilega nánast orðin leið á. Það er umræðan um siðferði en þó má alþjóð ekki verða leið á slíkri umræðu því eitt það mikilvægasta sem við þingmenn allir og allir stjórnmálamenn þurfa að gæta sín á er að þeir fari fram með réttu siðferði í öllum sínum embættis- og trúnaðarstörfum.

Það er erfitt að gerast dómari í siðferðismálum og hefur verið haft eftir hæstv. ráðherrum og sjálfsagt hv. þm. einnig að rétti dómarinn í slíkri umræðu sé kjósandinn, það séu kosningarnar sem við allir þurfum að gangast undir á fjögurra ára fresti hið minnsta. Þar fáum við þann dóm sem okkur ber fyrir þau störf sem við höfum verið að vinna og væntanlega í samræmi við það hvernig við höfum farið með þann trúnað sem kjósendurnir hafa veitt okkur.

Ég ætla því ekki að gerast dómari frekari en aðrir sem hafa komið í þennan ræðustól í umræðunni um siðferði hæstv. ráðherra sem hefur verið mikið til umræðu að undanförnu. En eitt atriði langar mig þó að nefna sem mér finnst hafa verið sérstaklega ámælisvert í störfum hæstv. núv. félmrh., sem hefur legið mjög undir ámæli í þessari umræðu og þessari gagnrýni og ég ætla ekki að nefna neina aðra þætti en þennan eina, að ráðherra sveitarstjórnarmála má ekki kveða upp vafasama dóma um fjárhagslega skýrslugerð sem unnin er af löggiltum endurskoðendum. Ég tel að þó að viðkomandi hæstv. ráðherra hafi áður verið sveitarstjórnarmaður í sveitarfélagi þá verði hann að gæta sín fyrst og fremst í þessu tilfelli í því hlutverki sem hann gegnir nú sem ráðherra sveitarstjórnarmála. Það verður erfitt fyrir aðra sveitarstjórnarmenn í öðrum sveitarfélögum að leggja ágreiningsmál í dóm þess ráðherra sem ég tel að hafi farið illa með sitt vald þegar hann kvað upp þennan dóm sem ég hygg að hafi verið vafasamur og hafi mótast af hita umræðunnar en hafi ekki verið kveðinn upp af hæstv. ráðherra í því embætti sem hann nú situr í, þ.e. í hlutverki hans sem ráðherra félagsmála og þar með talinna sveitarstjórnarmála.

Mig langar aðeins, af því að ég er að ræða þessi siðferðismál, að nota þetta tækifæri, hæstv. forseti, og fara örlítið yfir þátt sem hefur verið í umræðum í fjölmiðlum að undanförnu og mitt nafn hefur verið bendlað við, þ.e. ráðning og starfskjör eins af okkar opinberu embættismönnum, Guðjóns Magnússonar, skrifstofustjóra í heilbr.- og trmrn. Ég var heilbr.- og trmrh. þegar þessi umræddi starfsmaður var ráðinn skrifstofustjóri í ráðuneytinu. Það var mitt verk. Ég lagði áherslu á það að fá hann í það starf og taldi mig vera að ráða þar hæfan og duglegan mann til starfa. Hann setti nokkrar forsendur fyrir umsókn sinni þegar hann sótti um þetta starf. Mig langar að nefna — ég hef varla tíma til að lesa það upp en nefna þau atriði. Hann bað um það að fá áfram að gegna þeirri ábyrgð sem hann hafði tekið á sig sem varaformaður Alþjóðasambands Rauða krossins. Hann bað um að fá áfram að þiggja laun samkvæmt sama kjarasamningi og hann hefði haft áður, þ.e. kjarasamningi við Læknafélagið, þó hann færi úr starfi aðstoðarlandlæknis yfir í starf skrifstofustjóra. Hann bað um það að mega áfram gegna hlutastarfi sem dósent við læknadeild háskólans. Þetta voru forsendur sem hann setti. Síðan gat hann þess í lok umsóknar sinnar og með leyfi hæstv. forseta þá ætla ég að lesa þá setningu: „Þá vek ég athygli ráðuneytisins á því að ég hefi til þessa ekki átt þess kost að nýta mér námsleyfi samkvæmt kjarasamningum."

Þess umsókn sendir Guðjón til ráðuneytisins 31. maí 1990. Um miðjan ágúst er hann settur í þetta starf af því að hann fékk launalaust leyfi í tvö ár sem aðstoðarlandlæknir en var settur í starf skrifstofustjóra í ráðuneytinu og þá skrifaði ég honum svofellt bréf sem ég ætla að fá að lesa, með leyfi forseta. Það er dagsett 15. ágúst 1990:

„Með vísun til umsóknar yðar um starf deildarstjóra í heilbr.- og trmrn." — sem var undanfari þess að hann var síðan settur sem skrifstofustjóri — „og setningar yðar í það starf, samanber bréf dagsett 15. ágúst 1990, tekur ráðuneytið fram: Um laun yðar fer samkvæmt kjarasamningi Læknafélags Íslands og fjár-

málaráðuneytisins þannig að laun yðar verða þau sömu og aðstoðarlandlæknis. Ráðuneytið veitir yður leyfi til þess að gegna áfram hlutastarfi dósents í félagsfræði við læknadeild Háskóla Íslands og tekið mun tillit til þeirrar ábyrgðar sem þér hafið tekist á herðar sem varaformaður Alþjóðasambands Rauða kross félaganna. Um áunninn námsleyfisrétt vegna starfa yðar sem aðstoðarlandlæknir fer samkvæmt samningum." — Ég ætla að leyfa mér að endurtaka þessa síðustu setningu: „Um áunninn námsleyfisrétt vegna starfa yðar sem aðstoðarlandlæknir fer samkvæmt samningum."

Það var sem sagt kirfilega undirstrikað af minni hálfu að það er fallist á önnur skilyrði sem sett eru fyrir umsókninni, þar á meðal kjarasamningar. Varðandi það atriði var haft samráð við launadeild fjmrn. þannig að það fari ekkert á milli mála. Það var engin ákvörðun tekin af heilbrrh. sérstaklega heldur í samráði við launadeild fjmrn. en um námsleyfisrétt yrði farið samkvæmt samningum.

Síðar gerist það þegar Guðjón hefur nýlega hafið störf við ráðuneytið að honum býðst staða sem prófessor við heilsuháskóla í Gautaborg. Þetta var tímabundin staða en ég taldi mikilvægt að hann gegndi áfram störfum sem skrifstofustjóri í ráðuneytinu, þá nýlega tekinn við því veigamikla embætti og var að vinna að mörgum mikilvægum störfum. Ég nefni t.d. frv. um ný lyfjalög sem lagt var fram á hv. Alþingi rétt fyrir þinglok 1991. Ég taldi afar brýnt að Guðjón ynni áfram þau verkefni. Ég taldi hins vegar líka að það væri ekki bara fyrir hann mikill heiður að þiggja þetta starf heldur einnig fyrir íslenska heilbrigðisþjónustu og íslenska heilbrigðisstjórnun, sem hann var sannarlega orðinn aðili að sem skrifstofustjóri í ráðuneytinu, að fara í þetta starf og gegna þessu prófessorsembætti í nokkra mánuði. Við gerðum um það samkomulag hvernig að því yrði staðið, hvernig það mætti falla að störfum hans í ráðuneytinu og hvernig hægt væri að sinna þessum störfum báðum samtímis. Það kann að vera umdeilanlegt að ráða menn til þess að gegna tveimur störfum eða heimila mönnum að gegna tveimur störfum á sama tíma. Það er þó ekki óþekkt í íslensku samfélagi og ég hygg að það sé meira um það talað í dag að menn hafi ekki nema eitt starf og menn geti varla lifað af því að hafa aðeins eitt starf. Flestir vildu hafa a.m.k. eitt og hálft ef ekki tvö störf til þess að komast af í þessu þjóðfélagi hæstv. ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar í dag. Í þessu tilfelli kann það reyndar alltaf að vera umdeilanlegt hvort þetta er rétt. En af þeim ástæðum sem ég hef rakið þá taldi ég það vera og samþykkti þá ráðningu. Ég tel að Guðjón hafi fyllilega skilað sínu hlutverki til heilbrrn. á þessum tíma sem hann gegndi stöðunum báðum meðan ég var í ráðuneytinu, sem var reyndar ekki nema skamman tíma eftir að þetta nýja starf hans hófst, þ.e. um mánaðamótin febrúar/mars 1991 en úr ráðuneytinu fór ég um mánaðamótin apríl/maí eins og alþjóð veit. Alla vega verður varla sagt að þarna hafi verið um að ræða ráðningu af pólitískum toga. Ég veit að vísu ekki hvar eða hvort Guðjón Magnússon er einhvers staðar skráður í stjórnmálaflokk en ég veit að hann er ekki skráður í Framsfl. og ég man ekki eftir því að hafa séð hann á neinum flokkslegum eða pólitískum samkomum. Ráðning hans í þetta starf var því a.m.k. ekki af pólitískum toga heldur af því að þar taldi ég mig vera að ráða góðan mann til starfa.

Aðeins að lokum, virðulegur forseti, af því að tími minn er að renna út, þá er það ekki og getur ekki verið á verksviði eða á borði ráðherra á hverjum tíma að fara yfir ferðakostnaðarreikninga. Þeir hljóta að verða að greiðast og meðhöndlast eins og kjarasamningar kveða á um og það hlýtur að vera yfirmanna hinna daglegu starfa í hverju ráðuneyti að sjá um uppgjör ferðareikninga á hverjum tíma. Séu þeir eitthvað athugaverðir þá hlýtur það að vera ríkisféhirðir og launadeild sem gerir við það athugasemdir.

[17:01]

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Það er ekki langt síðan hæstv. forsrh. stóð í þeim sporum að hann hugðist boða til kosninga 1. okt. í stað þess að kalla saman þing á þeim tíma. Þetta var svo þroskuð ákvörðun orðin að mér er alveg fullkunnugt um það að þingmenn Sjálfstfl. töldu það víst að af þessu yrði og voru búnir að gera sínar ráðstafanir í samræmi við það. Ég fullyrði það að af hálfu Sjálfstfl. var þetta ákveðið. Ástæðurnar voru taldar að páskarnir væru ekki á réttum tíma á dagatalinu, það yrði vont veður í vetur og erfitt að kjósa. En ástæðurnar hafa áreiðanlega ekki verið af þessum toga í raun. Ástæðurnar voru þær að þetta stjórnarsamstarf var í uppnámi. Ég er sannfærður um að einhverjir aðilar hafa gengið í það að berja það saman þannig að það var hætt við þessa ákvörðun. Það var hætt við hana einfaldlega vegna þess að Sjálfstfl. vildi ekki klippa á þann möguleika að hafa Alþfl. með áfram í ríkisstjórn eftir kosningar.

Það er alveg ljóst að þetta liggur fyrir og því auðsærri er því ábyrgð Sjálfstfl. á Alþfl. Ég segi þetta vegna þess að hv. þm. Sjálfstfl. er það gjarnt að berja sér á brjóst og telja sig ekki bera neina ábyrgð á ýmsum siðspillingarmálum í hópi Alþfl. En auðvitað bera þeir ásamt ráðherrum Sjálfstfl. í ríkisstjórninni fulla ábyrgð á því öllu saman. Síðan kemur hæstv. forsrh. hér upp og undrast að það skuli vera beðið um umræður um stöðu ríkisstjórnarinnar og telur að það hafi farið fram umræður um stefnuræðu forsrh. fyrir viku síðan og það sé alveg nóg í þessu sambandi. Stefnuræða er flutt samkvæmt þingsköpum og útbýtt fyrir fram og umræðan snýst um hana. Það er í ákveðnum farvegi og skoðanaskipti eru ekki möguleg um þá stefnuræðu frá okkur almennum þingmönnum.

Hins vegar tek ég eftir því að eini stjórnarliðinn sem hefur haft kjark til þess að taka þátt í þessari umræðu fyrir utan þá ráðherra sem hér hafa komið upp er hv. 4. þm. Vesturl., Gísli Einarsson. Þingmenn Sjálfstfl. kjósa að þegja þunnu hljóði í þessari umræðu. Það er eðlilegt því þeir óttast að tala af sér. Þeir óttast að það verði á skjön við ræðu hæstv. forsrh. sem talar af mikilli bjartsýni og segir að þó að hann lýsi vantrausti á utanrrh. í ræðu hjá ungum sjálfstæðismönnum út af Evrópumálum þá sé það allt í lagi. Það

sé allt í þessu fína lagi, málið sé ekki á dagskrá fyrr en um aldamót og menn geti haldið áfram að rífast þangað til innbyrðis um þetta mál og lýsa vantrausti hver á annan. Ég vona reyndar að hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh. verði ekki saman í ríkisstjórn um aldamótin. Ég vona að komið verði í veg fyrir það í vor þegar kosið verður en það gæti verið vilji til þess þrátt fyrir allt þetta tal. Auðvitað verða Evrópumálin á dagskrá. Þau verða á dagskrá eftir nokkrar vikur eftir þjóðaratkvæðagreiðslurnar á Norðurlöndum. Það er alveg ótrúlegt að það breytist ekki neitt eftir niðurstöður af þeim atkvæðagreiðslum.

Vont er að hlusta á yfirlýsingar ráðherranna innan lands og þær vekja ekki mikið traust en það versta er að misvísandi afstaða íslenskra ráðamanna veikir traust erlendis á íslensku ríkisstjórninni og á íslensku stjórnarfari yfirleitt þegar hæstv. ráðherrar koma fram klofnir í hverju málinu á eftir öðru til stórmála á erlendum vettvangi. Þess vegna er m.a. beðið um þessa umræðu um stöðu ríkisstjórnarinnar Þess vegna viljum við stjórnarandstæðingar fá yfirlýsingar um það hvort ríkisstjórnin ætli virkilega að sitja áfram í vetur. Sú yfirlýsing er komin. Hún ætlar að gera það samkvæmt yfirlýsingu hæstv. forsrh. á þeim forsendum að allt sé í fínu lagi fyrir hæstv. ráðherra í ríkisstjórninni að rífast innbyrðis í allan vetur, fara í kosningabuxur þegar þeir koma á fundi út um land og í kjördæmum sínum og lýsa vantrausti hver á annan. Þetta er satt að segja ekki til þess fallið að auka tiltrú á stjórnmálum eða stjórnmálamönnum yfirleitt. Það sem er kannski verst er að auðvitað gengur þetta út yfir alla og almenningur er forundrandi á því hvernig þessi mál ganga til. (Gripið fram í). Síðan er sagt að allt sé í fína lagi, hagvöxtur verði upp á 1,4% á næsta ári og stjórnarstefnan hafi skilað miklum árangri, svo miklum árangri að hæstv. forsrh. sagði áðan í ræðu sinni að engin ríkisstjórn hefði náð slíkum árangri í sögunni miðað við þær aðstæður sem við hefði verið að glíma. En hver skyldi raunveruleikinn vera í sambandi við þessasr góðu horfur? Ég neita því alls ekki að ýmsir hlutir eru jákvæðir í efnahagsmálum. Hins vegar komu fulltrúar Þjóðhagsstofnunar í morgun á fund fjárln. til að ræða þjóðhagsáætlunina. Í morgun var haldinn fundur í nefndinni og þar sögðu fulltrúar Þjóðhagsstofnunar að spáin væri bundin fleiri óvissuþáttum en nokkru sinni fyrr. Þetta er sú mynd sem við blasir þó að hæstv. forsrh. kjósi að tala svona.

Síðan er leiknum haldið áfram með því að setja fjárlagadæmið þannig upp að nú eigi að brjóta blað, nú eigi ekki að setja upp svokölluð kosningafjárlög og óhætt sé að skera niður útgjöld til opinberra framkvæmda um einn fjórða því atvinnulífið sé svo vel statt að það muni taka við þeirri fjárfestingu. Skyldi atvinnulífið í landinu vera svo vel statt að það taki við þar sem ríkisvaldið sleppir af hendinni? Ég stórefa það svo ekki sé meira sagt að hægt sé að halda uppi atvinnustiginu og halda atvinnuleysinu um 5% með þessu sem nú liggur fyrir í fjárlögunum og með þessum horfum í atvinnulífinu. Hæstv. forsrh. orðaði það svo að atvinnuleysi hefði verið miklu minna en spáð var. Staðreyndin er sú að atvinnuleysi í þjóðfélaginu er 5%. Ég hefði orðað það þannig að atvinnuleysi hefði þrefaldast á kjörtímabilinu. Það má segja hlutina á misjafnan hátt og ég held því fram að við eigum ekki að sætta okkur við þessa stöðu mála og útilokað sé að sætta sig við slíkt atvinnustig.

Ég sagði áðan að ríkisstjórnin væri í uppnámi en það er greinilega ákvörðun formanna stjórnarflokkanna þrátt fyrir allt að halda henni saman í vetur. Það er ekki einungis svo að einn fyrrv. ráðherra í ríkisstjórn sé stunginn af sökum ágreinings við ríkisstjórnina og búin að kljúfa annan stjórnarflokkinn heldur er það alveg ljóst að sá hluti Alþfl. sem eftir er gengur ekki í takt. Þrátt fyrir að þetta sé svo hafa hæstv. ráðherrar og þingmenn Sjálfstfl. tekið þá ákvörðun að sitja, þegja þunnu hljóði, samþykkja með þögninni við þessa umræðu að halda þessari ríkisstjórn saman. Hins vegar þegar þeir koma út í kjördæmi sín í prófkjörsslaginn og á aðra fundi, sem tilheyra þeirra pólitíska starfi, eru þeir tilbúnir til þess að sverja þennan samstarfsflokk sinn af sér og telja sig enga ábyrgð bera á gerðum hans. Gerðu þeir það þá blasir það við að ráðherrar þeirra eru síður en svo saklausir heldur af ýmsum embættaveitingum ef svo má að orði komast. En þetta stjórnarfar kann ekki góðri lukku að stýra og títtnefnd yfirlýsing hæstv. forsrh. um að utanrrh. væri ekki treystandi til þess að fara með samninga fyrir íslands hönd hefur auðvitað algera sérstöðu í ljósi þess að um er að ræða forsrh. og utanrrh. og formenn stjórnarflokkanna sem halda ríkisstjórninni saman.

Ég hélt að það væri hlutverk hæstv. forsrh. að vera mannasættir og bera klæði á vopnin í þeirri ríkisstjórn sem hann stjórnar á hverjum tíma. Þetta er alveg nýtt í íslenskum stjórnmálum og ég er viss um að þetta dregur úr trausti almennings á stjórnmálamönnum almennt og það lýsir bæði lélegri dómgreind og vissu kæruleysi að sitja áfram við þessar aðstæður.

Útbýting þingskjala:

Fjáraukalög 1994, 66. mál, stjfrv., þskj. 66.
Ríkisreikningur 1991, 64. mál, stjfrv., þskj. 64.
Ríkisreikningur 1992, 65. mál, stjfrv., þskj. 65.

[17:16]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson):

Virðulegi forseti. Stjórnarandstaðan hóf þessar umræður í dag með því að hafa miklar áhyggjur af heilsufari ríkisstjórnarinnar. Ég hygg að sú umræða, sem hefur farið fram í dag, geti a.m.k. leitt til þess að hv. stjórnarandstæðingar geti gengið rólegir til hvílu í kvöld vegna þess að það sem hefur komið fram í dag er nákvæmlega það að ríkisstjórnin er við bærilega heilsu.

Hv. þm. Jón Kristjánsson hélt rétt áðan skörulega ræðu að vanda og hann hafði áhyggjur af Alþfl. eins og reyndar fleiri framsóknarmenn sem hafa talað í dag. Hann hafði miklar áhyggjur af því að Alþfl. gengi ekki í takt. Nú er það svo, virðulegi forseti, að mér sýnist ekki á yfirlýsingum sem fram hafa komið hjá forustumönnum Framsfl. fyrrv. og núv. að sá flokkur stundi

beinlínis samræmt göngulag fornt.

Virðulegi forseti. Ég vísa til þeirra ummæla sem hv. þm. Páll Pétursson hafði í tilefni af því að hann fór úr stöðu sem formaður þingflokks Framsfl. og sagði aðspurður í ljósvakamiðli að það væri vegna þess að hann nyti ekki lengur trausts hins nýja formanns Framsfl. Ég spyr, virðulegi forseti: Er þetta ekki að kasta grjóti úr glerhúsi? Er ekki fullmikið hjá hv. þm. Jóni Kristjánssyni að tala um að Alþfl. gangi ekki í takt þegar hv. þm. Framsfl., forustumenn núverandi og fyrrverandi, tala ekki einu sinni í takt?

Hv. þm. Halldór Ásgrímsson hafði áhyggjur af velferð Alþfl. og ég þakka honum fyrir það. Alþýðuflokksmenn gleyma því ekki að það var sama höndin sem skrifaði stefnuskrá flokkanna beggja, Alþfl. og Framsfl., þannig að hv. þm. er einungis að halda fram hefð formanna Framsfl. sem gjarnan hafa viljað Alþfl. vel. En ástæðan fyrir því að hv. þm. Halldór Ásgrímsson hafði svolitlar áhyggjur af Alþfl. var gengi flokksins í skoðanakönnunum. Þá er í fyrsta lagi athyglisvert, virðulegi forseti, að eftir að fyrrv. hæstv. félmrh. fór úr Alþfl. reyndist einn flokkur sem ekki hefur goldið þess í skoðanakönnunum og hefur farið upp í skoðanakönnunum og það er Alþfl.

Lítum hins vegar á þann flokk sem hv. þm. Halldór Ásgrímsson leiðir og athugum heilsufar hans. Hvernig hefur þeim flokki farnast á þeim mælikvarða sem hv. þm. Halldór Ásgrímsson leggur á flokk minn í skoðanakönnunum? Við skulum t.d. staðnæmast við þann punkt þegar hv. þm. varð formaður Framsfl. Hann tók við flokki sem stóð vel í skoðanakönnunum, 26–27%. Ég spyr, virðulegi forseti: Hvað hefur síðan gerst í Framsfl.? Það er eitt áberandi. Hann hefur farið niður í skoðanakönnunum. Fylgi Framsfl. mælist núna í 18–19%. Ég verð að segja það, virðulegi forseti, með vísan til sameiginlegrar fortíðar þessara tveggja flokka að ég hef nokkrar áhyggjur af Framsfl. Ég verð að segja það.

Raunar er það svo að í máli sumra stjórnarandstæðinga hefur umræðunni eiginlega alveg verið snúið á hvolf. Hv. þm. Svavar Gestsson snerist þannig við ummælum hæstv. forsrh. að ekki væri hægt að skilja annað á mæli hv. þm. Svavars Gestssonar en að frýjunarorð hæstv. forsrh. fyrr í dag í garð stjórnarandstöðunnar væru ekkert annað en úthugsað plott til að kalla fram vantraust til þess að ráðherra gæti náð fram skikki í sínu eigin liði.(Gripið fram í). Þetta er ótrúlegur málflutningur en hins vegar er það svo, hv. þm. Svavar Gestsson að sumir hafa meiri hæfileika en aðrir til þess að láta hlutina standa á haus og komast upp með það.

En veltum nú fyrir okkur, eftir hverju gengur stjórnarsamstarf? Stjórnarsamstarf gengur auðvitað eftir lögmálum málamiðlana. Þegar flokkar ganga til samstarfs í ríkisstjórn liggur auðvitað fyrir í upphafi að þeir starfa ekki á grundvelli sömu stefnu. Þá væri ekki um tvo eða fleiri flokka að ræða heldur einn og sama flokkinn. Þess vegna er það auðvitað eðlilegasti hlutur í heimi að stundum sé skoðanamunur sem jafnvel geti blossað í einstaka málum upp í hreinan skoðanaágreining innan ríkisstjórnar. Ég tel að það sé frekar dæmi um gott heilsufar ríkisstjórnar sem hefur nægilega sterk bein til að geta stundum tekist á um mál innbyrðis. Það er alveg ljóst eins og um þau mál sem varða Evrópusambandið, svo að maður tali hreinskilnislega, að Sjálfstfl. og Alþfl. hafa mismunandi skoðanir þar og það er líka alveg ljóst að þetta er mál sem er í vaxandi mæli að færast inn á dagskrá stjórnmálanna. Minn ágæti formaður, hæstv. utanrrh., telur að það verði með fyrra fallinu. Hæstv. forsrh. telur að það verði ekki fyrr en undir aldamótin og hvað með það? Er eitthvað skrýtið þó að menn hafi mismunandi skoðanir? Er það nægilegt til þess að menn telji að stjórnin sé í upplausn og sé að falla? Lítum á ástandið til að mynda innan sumra stjórnarandstöðuflokkanna og hugsum okkur að einhver þeirra væri í ríkisstjórn. Tökum t.d. Alþb. Þar er ágætur þingmaður, hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, sem hefur lýst því yfir að hann vilji gefa kost á sér sem formaður Alþb. og ekkert óeðlilegt við það. Hverju svaraði því hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, formaður Alþb.? Hann svaraði efnislega með þeim frýjunarorðum að hann væri viss um að varaformaður Alþb. rynni á rassinn með þetta eins og í fyrrasumar. Hugsum okkur að Alþb. væri í ríkisstjórn núna. Mundu þá þessi ummæli milli tveggja forustumanna Alþb. gera það að verkum að sjálfgefið væri að stjórnarandstaðan ryki upp og kæmi með vantraust? Að sjálfsögðu ekki. En hitt er auðvitað umhugsunarefni að stjórnarandstaðan hefur ekki komið fram með vantrauststillögu. Hv. þm. Anna Ólafsdóttir Björnsson orðaði það svo í ræðu sinni fyrr í dag, það var ekki hægt að skilja hana öðruvísi en svo, að einn tiltekinn flokkur stjórnarandstöðunnar, Kvennalistinn, væri að hugsa um það. Eins og hv. þm. orðaði það: í dag væri síðasti möguleiki ríkisstjórnarinnar til þess að taka sjálf á málunum. Að því loknu? Þá ætlaði stjórnarandstaðan, sem er búin að sýna sig ærið sundurleita í dag, að taka til sinna ráða og við höfum aldeilis séð blóðið í stjórnarandstöðunni í dag. Umræðan hefur verið tímaeyðsla og ekkert annað.

Þegar menn ræða um stöðu ríkisstjórnar og telja að hún sé veik þá hljóta þeir að dæma hana á þeim kvarða sem hún hefur sjálf lagt, kvarða verka hennar. Ríkisstjórnin hóf feril sinn með yfirlýsingar um ákveðna hluti. Hún ætlaði að koma á stöðugleika. Ég verð að segja, ágætu þingmenn, að hefði henni mistekist það væri ærin ástæða fyrir ykkur til að eyða tíma þingsins til þess að ræða stöðu ríkisstjórnarinnar og jafnvel að leggja fram vantrauststillögu.

Hvernig hefur henni tekist að koma á þeim stöðugleika? Ég hef fyrir framan mig fréttatilkynningu sem gefin er út í dag af Hagstofunni. Hún er um þróun vísitölu framfærslukostnaðar. Hvað kemur þar fram? Þar kemur fram að vísitölur framfærslukostnaðar, vöru og þjónustu, voru í októbermánuði óbreyttar frá sama tíma og í fyrra. Með öðrum orðum, undanfarna 12 mánuði hefur ekki mælst nokkur einasta verðbólga á Íslandi. Að sjálfsögðu er þetta stöðugleiki. Verðbólgan á Íslandi mælist nú lægst af öllum þeim löndum sem tilheyra Evrópska efnahagssvæðinu. Er það ekki árangur? Vitaskuld er það árangur. Þannig mætti lengi telja.

Fyrst við erum að tala um verðbólguna — hvernig var hún hér áður? Hún var stjórnlaus allan síðasta áratug. Muna hv. þm. Alþb. upphaf síðasta áratugar þegar þeir voru í ríkisstjórn þegar verðbólgan mældist á einum tíma langt á annað hundrað prósent, þegar hv. þingmenn Alþb. neyddust til þess að brjóta kjarasamninga nokkrum sinnum einmitt vegna þess að verðbólgan fór eldi um þá ríkisstjórn? Allan síðasta áratug var verðbólgan að meðaltali á ársgrundvelli 33% og í dag, nákvæmlega í dag er hún 0%. Halda menn að þetta gerist af sjálfu sér? Halda menn að hlutirnir detti svona niður af himni? Að sjálfsögðu ekki. Þetta er auðvitað svona vegna þess, virðulegi forseti, að þrátt fyrir allt sem stjórnarandstaðan talar um innbyrðiságreining ríkisstjórnarinnar hefur hún eigi að síður það sterk bein að þrátt fyrir ágjöf, þrátt fyrir erfið ytri skilyrði, þrátt fyrir þorskbrest, hefur hún ekki látið hrekjast af leið. Hún hefur haldið fast við þau stefnumið sem hún setti sér og þetta er árangurinn, 0% verðbólga.

Þegar ríkisstjórnin tók við lagði stjórnarandstaðan á hana mælikvarða og sagði: Ef ekki tekst að hemja og lækka vextina er þessi ríkisstjórn dauð. Ég man ekki betur en hæstv. forsrh. hafi einhvern tímann í ræðu tekið undir þetta sjónarmið, þ.e. hafi sagt að það væri mælikvarði á getu og líf ríkisstjórnarinnar hvort henni tækist að hemja vexti. Hvað gerði ríkisstjórnin? Hún óð ekki í það eins og fíll í glervörubúð. Hún skapaði umhverfi og þegar umhverfið var rétt greip hún til snaggaralegra ráðstafana sem leiddu til þess að vextir lækkuðu um 2%. Hvað þýðir það? 1.500 millj. fyrir atvinnulífið í landinu. Nú er líka alveg ljóst, virðulegi forseti, að bankarnir og lánastofnanirnar í landinu eru að sigla í gegnum holskeflurnar eru að komast á þurrt með sitt og það þýðir einfaldlega að innan tíðar er hægt að koma á enn frekari vaxtalækkunum í bankakerfinu. Hvað mundi til að mynda þýða, virðulegi forseti, ef tækist að lækka vexti þar um 1%? 1.200 millj. kr. fyrir fyrirtækin í landinu.

Það er hárrétt sem hv. þm. Jón Kristjánsson sagði áðan að það alveg sama hvað ríkisstjórnin segir, atvinnuleysið er of mikið. Allir eru sammála um það. Auðvitað þarf að leggja á sig til að draga enn úr því. Ég segi samt sem áður og þykist hafa rök fyrir því að einmitt í atvinnumálum hefur ríkisstjórninni tekist ágætlega upp. Við skulum ekki gleyma því, virðulegi forseti, að ekki eru nema tvö eða þrjú missiri síðan að forusta ASÍ lagði kvarðann þar sem við erum mældir á. Hún sagði: Ef ríkisstjórnin grípur ekki til aðgerða mun koma 15–20% atvinnuleysi. Það gerðist ekki og á grundvelli þeirra forsendna sem forusta ASÍ lagði er ekki hægt að draga aðra ályktun en þá að ríkisstjórninni hafi tekist býsna vel upp þótt ég óskaði þess vissulega að atvinnuleysið væri minna. Við erum öll sammála um það að það er eitt mesta böl sem nokkra fjölskyldu getur hent.

Hv. þm. Jón Kristjánsson sagði líka og vísaði til orða hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, sem hann taldi hafa mikla þekkingu á atvinnumálum, að vart væri að treysta þeim spám sem núna hafa verið settar fram um atvinnuleysið. Skoðum hvernig hefur mátt treysta þeim áður. Það var svo, virðulegi forseti, að Þjóðhagsstofnun spáði 5,5% atvinnuleysi á þessu ári. Eins og þingheimur man eftir byrjuðum við árið með sjómannaverkfalli sem skapaði verulega mikið atvinnuleysi hjá landverkafólki víða um landið. Eins og árið byrjaði hefði vel getað gerst svo að þessi spá hefði ekki aðeins gengið eftir heldur hefði atvinnuleysið jafnvel orðið meira. Atvinnuleysið er samt í dag ekki nema 4,7%. Það liggur fyrir að þær spár sem Þjóðhagsstofnun hefur sett fram hafa verið of varfærnar, þær hafa verið of bölsýnar. Ég get því ekki fallist á þessi orð hv. þm. Jóns Kristjánssonar. (**Gripið fram í:** Smugan?) Smugan. Eigum við þá aðeins að taka Smuguna, hv. þm. Jón Kristjánsson? Það er svo að það var einmitt Framsfl. sem fyrir nokkrum mánuðum spáði sjávarútveginum hruni. Hvað hefur gerst síðan? Ríkisstjórn hefur m.a. sett á laggirnar Þróunarsjóðinn sem er grundvöllur þess að við getum farið í langþráða hagræðingu í sjávarútvegi. Hvernig er staða sjávarútvegsins í dag, hv. þm. Jón Kristjánsson? Það er mikil ánægja að upplýsa þig um að hann er rekinn með 2,5% hagnaði. Auðvitað er hárrétt að veiðar utan efnahagslögsögunnar skipta miklu máli. Miklu máli skiptir að veiða 1.500 tonn af rækju á Flæmska hattinum, 30–40 þús. tonn af þorski í Barentshafi. Það er eigi að síður svo að aðgerðir ríkisstjórnarinnar hafa ekki síst gert það af verkum að greinin, sem Framsfl. spáði hruni, vitaskuld líka vegna þess að hún hefur sýnt mikla aðlögunarhæfni, er að rétta úr kútnum. Hvað gerði ríkisstjórnin? Hún hefur gripið til bæði almennra og sértækra ráðstafana til þess að styðja sjávarútveginn. Hinar almennu hef ég rakið hér. Vaxtalækkun, stöðugleika í verðlagsmálum og ég tel rétt að við tökum þá einn í viðbót sem er nákvæmlega raungengið. Forustumenn Framsfl. ásökuðu ríkisstjórnina fyrir nokkrum mánuðum aftur og aftur fyrir að haga efnahagsmálum þannig að raungengið væri óhagstætt. Hvernig er það núna? Það er 10% lægra en að meðaltali frá árunum 1987 til 1993. 19% lægra en það var hæst þá og lækkar enn um 6% á þessu ári.

(**Forseti** (SalÞ)**:** Tíminn er búinn.)

Er þetta ekki árangur? (Forseti hringir.) Þetta er árangur, virðulegi forseti, og ég held að þessi umræða í dag hafi sýnt að hv. stjórnarandstaða hefur ekki erindi sem erfiði þegar hún kemur hingað og ætlar að boxa ríkisstjórnina. (Forseti hringir.) Það er svo að ríkisstjórnin þrátt fyrir skoðanamun stjórnarflokkanna hefur bein til þess að sigla í gegnum erfiðleikana og hún er að skila árangri (Forseti hringir.) sem fyrri ríkisstjórnir geta ekki státað af.

[17:32]

Svavar Gestsson *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Hvar er byltingarleiðtoginn sem talaði hér af pöllunum fyrir nokkrum árum? Barðist fyrir réttindamálum alþýðunnar í þessu landi. Hvar er hann? Hann var a.m.k. ekki í stólnum áðan, maðurinn sem hrósaði sér af stöðugleikanum, tölurnar sem hefðu verið fastar langtímum saman, hinn mikli árangur þessarar ríkisstjórnar. Hvernig horfir sá stöðugleiki við venjulegu fólki í landinu? Er stöðugleiki í tölunum um fjölda fátækra á Íslandi? Svarið er nei. Fátækir hafa

aldrei verið fleiri á Íslandi. Viðskiptamenn félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar hafa aldrei verið fleiri en þeir eru núna. Er það stöðugleiki og árangur til að hrósa sér af?

Atvinnuleysið hefur aldrei verið meira á Íslandi en núna. Aldrei. Og það eru horfur til þess að það verði enn meira á næsta ári eins og fram kom fyrr í dag. Er ástæða til að hrósa sér af því? Nei, a.m.k. ekki fyrir róttækan mann, ekki fyrir vinstri sinnaðan mann a.m.k. Er ástæða til að hrósa sér af því að hér hafa verið lögð á skólagjöld í fyrsta sinn með stuðningi núv. umhvrh.? Er ástæða til að hrósa sér af því að einstaklingar greiða nú hærri skatta en nokkru sinni fyrr og hafa tekið á sig skattbyrði af fyrirtækjum upp á milljarða króna? Nei, það er ekki ástæða til að hrósa sér af því. En það er dapurlegt, hæstv. forseti, að hlýða á ræðu þess manns sem forðum flutti byltingarræður á pöllum Alþingis þrátt fyrir höggin í bjölluna úr stóli forseta. Það er ömurlegt að hlusta á það hvernig stjórnarsamstarfið hefur farið með þennan góða mann.

[17:34]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það sem hv. þm. Svavar Gestsson sagði hérna áðan, er mestallt rétt. Það er alveg rétt, það er ekki ástæða til að hrósa sér af þeim fjölda sem teljast fátæklingar á Íslandi í dag. Það var enginn í þessum stóli til að hrósa sér af því, virðulegi forseti. Hins vegar tel ég ástæðu til þess að hrósa sér af að hafa átt þátt í því, þrátt fyrir þann mikla samdrátt og þá miklu kreppu, sem er raunar ein lengsta kreppa sem verið hefur á Íslandi, þá er nokkur ástæða fyrir ríkisstjórnina að hrósa sér af því að hafa þrátt fyrir allt spýtt í lófana og tekist að smyrja svo gangverk efnahagslífsins að það eru batamerki á flestum sviðum þess. Menn þurfa ekki annað en að lesa þjóðhagsáætlun til þess að skilja það. Ég gæti rakið það í miklu lengra máli en ég gerði áðan, tími minn leyfði bara ekki meira. En ástandið núna er að verða þannig að við erum að sigla fram úr þessari löngu lægð og þá vænti ég, hv. þm. Svavar Getsson, að okkur takist að fækka fátæklingunum, auka kaupmáttinn, sem raunar hefur aukist á þessu ári gagnstætt því sem spáð var á síðasta ári, og reyndar er líka spáð að hann aukist á næsta ári. Þá vona ég, hv. þm., að okkur takist að minnka launamuninn í landinu. Ég segi það fyrir sjálfan mig, til er ég í það samstarf, enda, virðulegi forseti, gamall byltingarleiðtogi, alinn upp undir handarjaðri þess byltingarleiðtoga sem nú stígur í stólinn.

[17:36]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það verður að vísu að viðurkenna það að sumt af því sem maður hefur komið nærri um dagana er ekki ástæða til að vera að selja reykinn yfir og meðal þess er það að ég verð að viðurkenna að ég reyndi um hríð að ala upp þennan mann sem var að stíga úr stólnum rétt í þessu. En það er rétt hjá hæstv. ráðherra að það eru til hópar í þessu þjóðfélagi sem horfa fram á betri tíð. Það eru ekki viðskiptamenn félagsmálastofnunar. Það eru ekki atvinnulausir. Það eru ekki námsmenn. Það er ekki skólakerfið. Það er ekki velferðarkerfið. Ónei. Það eru hátekjumennirnir, en hæstv. ráðherra hefur tekið um það ákvörðun að lækka skatta á hátekjumönnum á næsta ári. Það er í raun og veru eina flaggið sem Jafnaðarmannaflokkur Íslands skilur eftir sig í því fjárlagafrv. sem nú liggur fyrir þessu þingi.

[17:37]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er ekki rétt hjá hv. þm. Svavari Gestssyni að Alþfl. hafi beitt sér fyrir því eða tekið þátt í því að afnema hátekjuskattinn. Eins og hv. þm. veit þá voru sólarlagsákvæði í lögunum sem um þann skatt fjölluðu. Það þarf þess vegna að setja ný lög til þess að framlengja hann. Ég viðurkenni það, hv. þm. Svavar Gestsson, að ég vil skoða þennan skatt. Hvers vegna? Vegna þess að það hafa heyrst raddir sem halda því fram að þeir sem helst lenda í hátekjuskatti sé fólk með þunga framfærslubyrði, sé ungt fólk sem er að koma yfir sig þaki. Sumir kalla þetta ekki hátekjuskatt heldur millitekjuskatt. Og ég segi fyrir sjálfan mig: Ég er reiðubúinn til þess að skoða útfærslu þessa skatts, en það er hins vegar algjörlega rangt að Alþfl. hafi tekið um það ákvörðun að falla frá þessum skatti, þetta mál er einfaldlega ekki útrætt milli stjórnarflokkanna. Og ég vek eftirtekt á því, virðulegi forseti, að fjölmargir þingmenn úr liði stjórnarflokkanna, úr liðum beggja flokkanna, hafa einmitt lýst sig fylgjandi hátekjuskatti.

[17:38]

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Hæstv. forsrh. gat um það í upphafi sinnar ræðu að hann hefði ætlað að vitna hérna í tveggja manna tal þegar ég hafði samband við hann og óskaði eftir því að þessi umræða færi fram. Við það er ekkert að athuga því ekkert fór fram í þessu samtali sem ekki má vitna í, hæstv. forsrh., og í sjálfu sér bara eðlilegt. Hins vegar hefði kannski mátt segja að það væri kurteisi að óska eftir því áður hvort ekki mætti vitna í þetta tveggja manna tal er fram fór. Ég tók hins vegar eftir því þegar ég óskaði eftir þessari umræðu fyrir hönd stjórnarandstöðunnar að hæstv. forsrh. var bæði aumur og áhyggjufullur yfir stöðu ríkisstjórnarinnar og bað um það að vantraustið kæmi bara fram strax. Ég taldi rétt að taka þessa umræðu fyrst og kanna hver staðan væri hjá stjórnarflokkunum og meta síðan í framhaldi af því hvort slík umræða skilaði einhverju og hver staða ríkisstjórnarinnar væri í raun og veru áður en vantraust yrði borið fram og þá yrði það metið hvaða tími væri heppilegastur til þeirra hluta.

En það hefur komið fram hér í máli hæstv. forsrh. og utanrrh. að ríkisstjórnin standi traustum fótum. Það er gott ef svo er. En það eru dálítið önnur viðhorf sem þar koma fram heldur en komu fram hjá nokkrum hv. þm. stjórnarliðsins nokkrum dögum áður en þing var sett. Vil ég, með leyfi hæstv. forseta, vitna í viðtöl við tvo hv. þm. Sjálfstfl. í septembermánuði, hv. þm. Björn Bjarnason og Egil Jónsson. Þar segir: „Varðandi mál

Guðmundar Árna vil ég segja það að stjórnarsamstarf getur ekki byggst á því að menn gangi lengra í að sætta sig við embættisverk samstarfsaðilans heldur en maður mundi gera við mann í eigin stjórnmálaflokki. Það er ekki hægt að teygja stjórnarsamstarfið eftir því. En þetta eru auðvitað fyrst og fremst erfiðleikar Alþfl., sagði Björn Bjarnason alþingismaður í samtali við DV."

Egill Jónsson alþingismaður frá Seljavöllum tekur í sama streng og Björn: „Það duga engar skýrslur gegn því viðhorfi sem komið er upp vegna embættisfærslu Guðmundar Árna Stefánssonar félmrh. Þetta er auðvitað mál Alþfl. og fjarri því að ég ætli að fella dóm í þeim efnum. Menn verða hins vegar að athuga það vel að þegar kemur til þings þá eru mál Guðmundar Árna þess eðlis að þau snerta ríkisstjórnina alla og hafa áhrif á stöðu hennar í heild sinni. Því er spurningin hvort óbreyttir stjórnarþingmenn vilja taka sér fyrir hendur að forsvara þessi mál ráðherrans, þegar þau koma til kasta Alþingis", sagði Egill Jónsson.

Þorsteinn Pálsson sjútvrh. og Ólafur G. Einarsson menntmrh. sögðu varðandi tal um kosningar fyrir áramót, að þeir efuðust um að svo færi. Þeir tóku þó báðir fram að það mundi ráðast af því hvernig mál þróuðust hjá Alþfl. á næstu vikum.

Þetta er svolítið annar tónn hjá þessum tveimur hv. þingmönnum Sjálfstfl. heldur en kom fram í ræðu hæstv. forsrh. áðan. Það er auðvitað gott ef þessi afstaða er breytt eða það sem forsrh. segir hér áðan þegar hann segir að ríkisstjórnin standi traustum fótum. Það er bara ekkert að marka það sem þessir hv. alþm. eru að láta hafa eftir sér í fjölmiðlum. Það mun auðvitað koma fram í atkvæðagreiðslu um vantraust á ríkisstjórnina komi til þess og þegar að því kemur hvort hv. þm. Egill Jónsson frá Seljavöllum er tilbúinn til þess að forsvara þau mál sem hæstv. félmrh. hefur verið að sýsla við meðan hann var í heilbrrn. Því það að greiða ríkisstjórninni atkvæði þegar þar að kemur er auðvitað að forsvara þau mál sem snúa að ríkisstjórninni, eins og hv. þm. lætur hafa eftir sér hér í dagblaðsviðtalinu.

Það verður líka fróðlegt að vita hvort hv. þm., fyrrv. sessunautur minn, Eggert Haukdal, leggur blessun sína, með því að standa með ríkisstjórninni, yfir þau verk og þau orð sem hann hefur haft hér um hæstv. utanrrh. Það verður líka fróðlegt að vita hvort hv. þingmenn sem ekki ætla að gefa kost á sér núna í prófkjöri Sjálfstfl. í Reykjavík, þeir Eyjólfur Konráð Jónsson og Ingi Björn Albertsson, eru tilbúnir til þess að leggja blessun sína yfir það fjárlagafrv. sem núna hefur verið lagt fram af ríkisstjórninni, þar sem enn er aukið á álögur sjúklinganna, þar sem á að skera niður um 850 millj. kr. við gamla fólkið og við öryrkjana með því að lækka lífeyristryggingarnar um 850 millj. kr. Og það verður fróðlegt að vita hvort þingmenn Sjálfstfl., sem skrifuðu undir hvítbókina og lofuðu því að þessi ríkisstjórn skyldi skila hallalausum fjárlögum á þessu ári, eru tilbúnir til að greiða henni atkvæði, því í dag er hæstv. fjmrh. að leggja hér fram frv. til laga, tvö frumvörp, þar sem hann er að fá það samþykkt að fjárlagahallinn hjá ríkisstjórn Davíðs Oddssonar sé 24 milljarðar kr., 24 milljarðar kr. á tveimur árum, enda hefur það komið fram að hæstv. fjmrh. er heimsmeistari í fjárlagahalla. En auðvitað koma hv. þm. Sjálfstfl. einhvern tíma, hvort sem það verður í atkvæðagreiðslu um vantraust á þessa ríkisstjórn eða við fjárlagaafgreiðsluna, þá kemur það í ljós hvort þeir eru tilbúnir til þess bæði að forsvara það sem einstakir ráðherrar hafa verið að gera í ríkisstjórnarsamstarfinu og síðan að leggja blessun sína yfir það sem þessi ríkisstjórn er að bera fram.

Hæstv. forsrh. sagði það hér við umræðuna að þetta væri allt saman mál Alþfl., Sjálfstfl. kæmi raunverulega ekkert við þessi vandamál sem uppi væru í Alþfl. og sem til væru komin vegna embættisfærslna hæstv. félmrh. og vitnaði þar til hvernig fyrrv. forsætisráðherrar hefðu meðhöndlað þessi mál. Nú er ágætt fyrir hæstv. forsrh. að fara að bera sig saman við aðra. Honum hefur stundum ekki þótt það fínt sem fyrri forsætisráðherrar hafa verið að gera og hefur látið hafa það eftir sér að þessi ríkisstjórn væri ekkert að ganga í spor fyrri ríkisstjórna. Þessi ríkisstjórn ætlaði að gera hlutina öðruvísi. En auðvitað er það svo nú að hæstv. forsrh. ræður í raun ekki við þessi mál. Hann getur ekki tekið á eigin málum. Hann getur ekki tekið á málum ríkisstjórnarinnar.

Í útvarpsviðtölum hefur hæstv. forsrh. látið hafa það eftir sér hvað eftir annað, hann hefur aldrei nokkurn tíma kveðið upp dóm um það hvort hæstv. félmrh. ætti að víkja úr ríkisstjórninni eða ekki, ávallt skotið sér undan ábyrgð og vikið sér undan að svara með því að segja: Mér kemur þetta ekki við, þetta er mál Alþfl. Ég spyr nú hæstv. forsrh.: Hefðu slík mál eins og núna eru uppi varðandi hæstv. félmrh. komið upp í ríkisstjórninni og þar hefði verið um að ræða að ráðherra Sjálfstfl. hefði verið í þeim sporum sem hæstv. félmrh. er nú í, þá hefði ekki verið hægt að segja: Þetta er ekki mál Sjálfstfl., þetta er mál Alþfl. Hvað hefði hæstv. forsrh. gert í þeim efnum? Hefði hæstv. forsrh. látið viðkomandi ráðherra sitja áfram eða hefði hann óskað eftir því að hann segði af sér? Það er auðvitað þessu sem hæstv. forsrh. þarf að svara hér, þar sem hann ber ábyrgð á þessari ríkisstjórn. En ástæðan fyrir því að hæstv. forsrh. víkur sér undan að svara er sú að þegar menn fara yfir kjörtímabilið og skoða hvað það er sem stendur upp úr sem menn telja að hæstv. félmrh. hafi verið að gera af sér og hafi orðið á í sínum embættisfærslum og bera það síðan saman við önnur mál er upp hafa komið, bæði hér á Alþingi og í borgarstjórnarkosningunum sl. vor, þá sjá menn í raun að Sjálfstfl. hefur aðhafst nákvæmlega það sama og þau stærstu mál sem standa upp úr í embættisfærslum hæstv. félmrh. og ætla ég hér að nefna tvö dæmi.

Menn telja að stærstu mistök hæstv. félmrh. þegar hann var heilbrrh. væru þau að hafa gert starfslokasamning og endurráðið páv. tryggingayfirlækni til starfa á vegum ráðuneytisins og greitt fyrir slíka hluti. Hver er munurinn á því máli og máli Hrafns Gunnlaugssonar, sem var rekinn frá Ríkisútvarpinu en hæstv. menntmrh. ákvað síðan að ráða að þeirri sömu

stofnun til stærri og meiri starfa en hann var áður við?

Það var á það deilt að ekki lægi fyrir skýrsla í heilbrrn. frá Hrafnkeli Ásgeirssyni um þau störf er hæstv. heilbr.- og trmrh. hafði óskað eftir að hann innti fyrir ráðuneytið. Sú skýrsla fannst ekki. Muna menn eftir umræðunni um verk núv. borgarfulltrúa í Reykjavík, Ingu Jónu Þórðardóttur, þau verk er hún hafði unnið fyrir þáv. borgarstjóra og fengið háar greiðslur fyrir? Sú skýrsla er ekki fundin enn, enda var það að mati þáv. borgarstjóra ekki nútímastjórnunaraðferðir að vera að skrifa skýrslur, heldur átti það að berast munnlega milli manna. Og þegar menn skoða þessi mál og bera þau saman þá skilja menn það að hæstv. forsrh. getur auðvitað ekki tekið á þeim vandamálum sem uppi eru í þessari ríkisstjórn.

Útbýting þingskjals:

Breytingar á embættum héraðslækna, 60. mál, fsp. HG, þskj. 60.

[17:50]

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Það voru fögur fyrirheit sem formenn núverandi stjórnarflokka gáfu að loknum Viðeyjarfundum fyrir þremur og hálfu ári. Það skyldu tekin upp ný vinnubrögð í stjórnarsamstarfinu sem þar var innsiglað. Eindrægni og drengskapur skyldi ríkja á stjórnarheimilinu, stjórnarheimili Davíðs Oddssonar, hins nýja formanns Sjálfstfl., a.m.k. skyldi ekki annað koma í ljós í fjölmiðlum.

Nú þegar óðum líður að lokum þessa kjörtímabils munu fáir neita því að ástandið á þessu heimili hafi orðið með öðrum hætti, a.m.k. að því leyti sem það hefur birst okkur sem utan þess erum. Því miður hefur sú mynd sem ríkisstjórnin hefur sýnt þjóðinni með störfum sínum, verið á þann veg.

Við minnumst þess t.d. á sl. vetri þegar hér fóru fram miklar umræður um landbúnaðarmál með hæstv. forsrh. í fararbroddi. Viku eftir viku og mánuð eftir mánuð var sagt að allt væri í ströggli milli ráðherra í ríkisstjórninni um þessi mál. E.t.v. hefur það þó verið sýndarmennska sjálfstæðismanna frá upphafi því að lokum var það eins og áður vilji yfirlandbrh. Jóns Baldvins Hannibalssonar, hæstv. utanrrh., sem réði. En ríkisstjórn sem gerir hagsmuni atvinnuvega að bitbeini í innbyrðis valdatafli í stað þess að vinna að eflingu þeirra hefur að sjálfsögðu algerlega brugðist skyldu sinni.

Vinnubrögðin á stjórnarheimilinu hafa þó að mati okkar sem í stjórnarandstöðu erum keyrt um þverbak síðan í vor. Í fjölmiðlum hefur að undanförnu verið haft hæst um ákvarðanir hæstv. núv. félmrh. Vissulega er þar af mörgu að taka sem erfitt er að skilja að sá sem hefur tekið að sér ábyrgð ráðherrastarfs skuli standa að. Hins vegar er rétt að gera sér grein fyrir því í hvaða umhverfi hann kemur á stjórnarheimili hæstv. forsrh. Davíðs Oddssonar þar sem einkavinavæðingin hefur setið í fyrirrúmi.

Þó að liðin tíð gleymist fljótt er Hrafnsmálið þó enn þá ofarlega í huga margra eins og minnt hefur verið á í þessari umræðu. En þrátt fyrir það að telja verður að dómgreindarleysi ráðherra hafi leitt til ýmissa óafsakanlegra ákvarðana þá eru það þó atburðir síðustu mánaða á stjórnarheimilinu sem eru enn þá alvarlegri. Í sumar kom upp djúpstæður ágreiningur milli hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh. um það hvernig Íslendingar skuli bregðast við væntanlegri inngöngu annarra EFTA-þjóða sem standa að Evrópska efnahagssvæðinu inn í Evrópusambandið. Um það var mikið fjallað í fjölmiðlum þá.

Hæstv. forsrh. kvartaði undan því í ræðu sinni hér fyrr í dag að málshefjandi, hv. 1. þm. Austurl., vitnaði til orða hæstv. forsrh. á síðustu vikum. Enginn hefur þó talað meira um fortíð og fortíðarvanda en hæstv. forsrh., enda fór hann meira en áratug aftur í tímann til að sækja sér samanburð. En ég er algerlega ósammála þeirri skoðun sem kom fram í ræðu hæstv. forsrh. að menn ættu ekki að ræða um það sem menn hafa sagt, að þeir ættu ekki að bera ábyrgð á orðum sínum, eins og fram kom í þeim ummælum hans að það þýði ekki að taka ummæli héðan og þaðan. Ég tel að menn eigi að bera ábyrgð á orðum sínar hvar og hvenær sem þau eru sögð og sem betur fer hygg ég að flestir vilji enn halda í heiðri að orð skulu standa. Því vil ég hér til viðbótar vitna til nokkurra setninga sem hæstv. forsrh. lét falla í fjölmiðlum um þetta málefni í júlímánuði sl.

Hinn 20. júlí var frétt um Evrópusambandsmál í Ríkisútvarpinu og í upphafi sagði fréttamaðurinn, með leyfi hæstv. forseta: „Davíð Oddsson segist vera ósammála Jóni Baldvin Hannibalssyni utanrrh. um að rétt sé að sækja um aðild að Evrópusambandinu nú. Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið dugir ágætlega að hans mati, enda er það stefna Alþingis og ríkisstjórnar að halda sig við hann, stefna sem forsrh. segist ekki vita annað en utanrrh. hafi talað fyrir á fundum sínum nýlega. Einkaskoðanir Jóns Baldvins virðast hins vegar hafa breyst, segir Davíð Oddsson."

Í hádegisfréttum daginn eftir er sagt frá því að hæstv. forsrh. hafi boðað utanrmn. Alþingis á sinn fund síðdegis þann dag til að ræða samskipti Íslands og Evrópusambandsins og þar segir áfram, með leyfi hæstv. forseta: „Jón Baldvin Hannibalsson utanrrh. situr fundinn. Hann hefur lýst því afdráttarlaust yfir að hann telji að Íslendingar eigi að sækja sem fyrst um aðild að ESB sem forsrh. segir að ekki sé á stefnuskrá ríkisstjórnarinnar." En í viðtölum sem fréttamenn eiga síðan við hæstv. forsrh. eftir þennan fund koma fram næsta furðulegar yfirlýsingar, eins og vil hér taka örfá dæmi um. Þar segir m.a., með leyfi hæstv. forseta:

„Þetta er svona einhvers konar sumarbóla sem rýkur upp eins og stundum vill gerast hér á landi mjög óyfirvegað í mjög alvarlegu máli. Umræðan er farin út og suður um allan völl, en þannig að allt í einu að hlaupa upp með þessa umræðu núna og halda því að fólki að það sé eitthvað sérstakt að gerast núna, við séum við að missa af einhverjum tækifærum, er bara ekki leyfilegt. Þetta get ég sagt hér og ég hef sagt þetta við utanrrh. Ég held að út af fyrir sig sé okkur ekki til framdráttar í þessari samningagerð, [þ.e. ummæli hæstv. utanrrh.,] en ég geng ekki svo langt að segja að

það spilli fyrir okkur. Ég læt nú aldrei neitt flakka svona að fyrrabragði, en það er óhjákvæmilegt að útskýra það þegar svona kemur upp að málið er á villigötum."

Þannig er hægt að halda lengi áfram. En ég held að flestir hljóti að telja að ríkisstjórn sem er orðin svo sjálfri sér sundurþykk, eins og fram kemur í þessum og fleiri ummælum hæstv. forsrh. um viðhorf hæstv. utanrrh., hefur ekki lengur starfsgrundvöll og sjálfsagt hefur hæstv. forsrh. verið sömu skoðunar því í kjölfarið fer hann að hefja umræðu um kosningar nú í haust. Endir þeirrar umræðu var sá að hæstv. utanrrh. hafnaði þessari tillögu hæstv. forsrh. og þar með var hún úr sögunni. Þegar sú niðurstaða lá fyrir reyndi hæstv. forsrh. hins vegar að sannfæra sjálfan sig og aðra um það að þessi tillaga hans hefði ekki verið skynsamleg því að það væri svo afskaplega mikilvægt fyrir þjóðina að ríkisstjórn Sjálfstfl. og Alþfl. sæti áfram og það hefur verið ítrekað hér af hæstv. ráðherrum í umræðunni í dag. En hér í umræðunni hefur síðan verið vitnað til ummæla hæstv. forsrh. um hæstv. utanrrh. á fundi Sambands ungra sjálfstæðismanna sem hæstv. forsrh. kveinkaði sér undan að gert var. En í orðum hæstv. forsrh. var að öðru leyti að heyra að það væri í góðu lagi að hann segði að hæstv. utanrrh. væri ekki treystandi til að annast samninga við aðrar þjóðir. Það hefur ekki komið neitt svar eða skýring við þeim ummælum. En þó að hæstv. forsrh. telji að það sé í góðu lagi að hann veiti slíkum manni, slíkum utanrrh., umboð sitt til þess að annast þessi mál fyrir sína hönd þá hljótum við að spyrja hvort öllum öðrum þingmönnum stjórnarflokkanna finnist ekkert athugavert við þetta. En fyrst og fremst hlýtur að vakna spurningin hvort þjóðinni finnst þetta í góðu lagi, ekki aðeins að hafa utanrrh. sem hæstv. forsrh. gefur þessa einkunn, heldur fyrst og fremst hvort þjóðin getur sætt sig við að hafa forsrh. sem hefur slíkt viðhorf að það sé í lagi að utanrrh. gegni áfram starfi sínu. Og á hvaða braut erum við ef þjóðin ætlar að sætta sig við þetta?

Svo má einnig spyrja: Hvernig getur hæstv. utanrrh. setið áfram í ríkisstjórn eftir að hæstv. forsrh. hefur gefið slíka yfirlýsingu um að hann treysti honum ekki til að gegna störfum sínum? Tekur hæstv. utanrrh. svo lítið mark á orðum hæstv. forsrh. að honum finnst slík yfirlýsing engu máli skipta? Hvernig er það fyrir hæstv. utanrrh. að mæta sem fulltrúi Íslands á erlendum vettvangi með þennan stimpil hæstv. forsrh.? Hvaða virðingu bera hæstv. ráðherrar fyrir sjálfum sér að una slíkri stöðu? Eina svarið sem við höfum fengið frá hæstv. ráðherrum hér í dag er að þar sé allt svo afskaplega gott og það sé bjart fram undan. Um málefnin að öðru leyti, atvinnu- og efnahagsmál, verður rætt síðar en í mínum huga er það þessi furðulega staða sem komin er upp í ríkisstjórn sem er það alvarlegasta fyrir þjóðina ef við eigum að sætta okkur við það vikum og mánuðum saman að búa við þessa ríkisstjórn eftir það sem á undan er gengið.

[18:03]

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegi forseti. Þessi umræða hefur verið um margt fróðleg. Það hefur m.a. verið nokkuð fróðlegt hverjir hafa talað í þessari umræðu en þó enn þá fróðlegra hverjir hafa ekki talað. Það hefur t.d. komið fram að það hefur enginn þingnaður eða ráðherra Sjálfstfl. talað hér nema hæstv. forsrh. og ég skil það þá þannig að það sé búið að múlbinda allan þingflokk Sjálfstfl. til stuðnings við ríkisstjórnina þannig að þeir hv. þm. Egill Jónsson og Eggert Haukdal, Eyjólfur Konráð Jónsson og fleiri sem hafa verið með gagnrýni á núverandi ríkisstjórn og samstarfið við Alþfl. hafi látið af þeirri gagnrýni. E.t.v. mun það kvikna á nýjan leik hjá hv. þm. Eggert Haukdal þegar hann fréttir það að núv. hæstv. utanrrh. er að fara til Rússlands til að ræða þar um menningarsamning. En ég man það að hv. þm. sagði upp hollustu sinni við ríkisstjórn Gunnars Thoroddsens ef ég man rétt vegna menningarsamnings sem var gerður við fyrrum Sovétríkin. Þetta voru mikil tíðindi á þeim tíma og birtist mikið viðtal við hv. þm. þannig að það má vera að þegar það kemur í ljós að menningarmálin komast á ný á dagskrá við Rússland, sem er að vísu dálítið annað en fyrrum Sovétríkin, að hv. þm. Eggert Haukdal átti sig á því að þarna kunni að vera hætta á ferðum.

Ég tel þó að það hafi komið ákveðin niðurstaða út úr þessari umræðu og hún er sú að hæstv. forsrh. hefur lýst yfir trausti á hæstv. utanrrh. og hann hefur lýst yfir persónulegu trausti á hæstv. félmrh. Guðmund Árna Stefánsson. Ég lít nú svo á að það sé það sama að hafa persónulegt traust á ráðherra og traust, en þetta er þó ákveðin niðurstaða og þá er það vitað. Við eigum þá væntanlega ekkert að efast um það lengur og það hlýtur að vera gott fyrir hæstv. utanrrh. og hann hlýtur að fagna þessari niðurstöðu. Það hlýtur að vera mikilvægt fyrir hann á erlendum vettvangi að nú skulu komin þau skilaboð þegar hann fer næst til Brussel eða Moskvu að hann hafi fullt traust forsrh. síns. Ég tel ástæðu til að óska honum til hamingju með það að þessari óvissu hefur verið eytt, en ég spyr þó: Á ekkert að taka mark á orðum hæstv. forsrh. þegar hann segir að það sé ekki hægt að treysta mönnum til samninga sem telja sjávarútvegssamning Norðmanna góðan? Og þessi ummæli út og suður. Eigum við sem sagt héðan í frá ekkert að taka mark á því? Hæstv. forsrh. sagði að ég hefði eingöngu farið hér með ummæli sem hefðu verið neikvæð um hæstv. ráðherra. Ég hef ekki farið yfir ummæli sem væru jákvæð. Á maður að þurfa að spyrja í hvert og eitt skipti hvort það eigi að túlka neikvæð ummæli sem jákvæð og jákvæð ummæli sem neikvæð? Það hlýtur að vera ljóst að forsrh. sem talar út og suður um ráðherra í ríkisstjórn sinni verður vart tekinn alvarlega um þessi mál héðan í frá því að nú hefur hann lýst yfir afdráttarlausu trausti á þessa tvo hæstv. ráðherra og þar með hefur hann fyrir hönd Sjálfstfl., vegna þess að það hefur enginn annar talað hér af hálfu Sjálfstfl., tekið á sig fulla ábyrgð á þessum ráðherrum eins og hann á að sjálfsögðu að gera því að forsrh. ber ábyrgð á sínum ráðherrum í sinni ríkisstjórn.

Hæstv. forsrh. gerði nokkuð mikið úr því að upp hefði komið mál hér áður fyrr í samstarfi Framsfl. og

Sjálfstfl. og því hafi þá verið lýst yfir að það væri alfarið á ábyrgð Sjálfstfl. Þótt ég geri mér grein fyrir því að hver og einn flokkur beri ábyrgð á sínum ráðherrum, þá hlýtur það að vera svo að forustumenn samstarfsflokka ræði saman um slík alvarleg mál og reyni að komast að sameiginlegri niðustöðu sem er til hagsbóta og farsældar fyrir viðkomandi ríkisstjórn. Ég er a.m.k. ekki þeirrar skoðunar að það sé eingöngu málefni viðkomandi flokks og komi samstarfsflokknum ekkert við. Ég hef ekki nákvæmlega þau ummæli sem hæstv. forsrh. vitnaði til, en það er hins vegar alveg ljóst að slík mál hljóta á hverjum tíma að vera rædd milli samstarfsaðila í ríkisstjórn. Hitt er svo annað mál, að það hefur hvert mál á hverjum tíma ákveðna sérstöðu og þess vegna er alltaf erfitt að bera þau saman.

Mér finnst að hæstv. forsrh. hafi gert mjög mikið úr verkum þessarar ríkisstjórnar og það fer allur krafturinn í það. Hann sagði að árangur þessarar hæstv. ríkisstjórnar sé þá ekki bara sá mesti sem nokkur ríkisstjórn hefur náð heldur jafnframt sá besti. Það er sem sagt ekki nóg að nota lýsingarorðið mestur, það þarf jafnframt að nota lýsingarorðið bestur. Auðvitað er gott að hafa sjálfstraust og hafa álit á því sem menn eru að gera. En er þetta nú ekki nokkuð langt gengið, hæstv. forsrh., að endurtaka í sífellu þessi orð og nánast að segja að þetta sé allt saman í mjög góðu lagi?

Auðvitað hefur núverandi ríkisstjórn náð árangri á vissum sviðum. Ekki ætla ég að mótmæla því. En það er margt annað sem hún hefur ekki náð árangri í og hefur verið tíundað hér ágætlega í dag af öðrum stjórnarandstæðingum. Mér finnst það t.d. vera í þessum anda þegar hæstv. forsrh. segir hér að þetta sé nú ekki mikið vandamál með síldina. Í versta falli sé þetta spurningin um 34 millj. Það er því miður ekki rétt. Ég hef að vísu ekki tölur um það hver útflutningurinn á Svíþjóð og Finnland er nákvæmlega. En eftir því sem ég best veit eru það nokkur hundruð millj. og ef illa fer kemur á þessa síld 10–12% tollur. Ég vona sannarlega að það muni takast að koma í veg fyrir það og það má vel vera að það sé minna vandamál í ákveðnum tilvikum en í öðrum. En það má ekki umgangast þessi mál með þessum hætti nema það sé ætlunin að borga þetta hreinlega úr ríkissjóði ef illa fer því að mismunur á samkeppnisstöðu upp á 10–12% er spurningin um það hvort hægt er að framleiða viðkomandi vöru eða ekki. Og það er ekki bara spurningin um Svíþjóð og Finnland. Það er jafnframt spurningin um það ef Norðmenn ganga þarna inn þá munu þeir hætta að borga toll upp á 20% en við borgum í sumum tilvikum toll upp á 10%. Það er t.d. verið að borga 10% toll af edikverkaðri síld, sem hæstv. utanrrh. lét í ljósi álit sitt um að kæmi ekki til. Það hafa þess vegna ekki staðist að öllu leyti þau orð sem féllu í sambandi við samningana um Evrópskt efnahagssvæði að því er varðar síldina. Og svo er það líka staðreynd að ef verið er að senda frysta síld um þessar mundir inn á Bretlandsmarkað, þá er borgaður af henni tollur því að hann fellur ekki niður fyrr en 15. febr. Þetta eru samkeppnisatriði sem skipta mjög miklu máli og mér finnst með ólíkindum að hæstv. forsrh. skuli gera svona lítið úr þessu. Það var enginn að kenna honum um eða hans ríkisstjórn að það var ekki búið að breyta þessu. Ég var með vissar efasemdir um að undirbúningurinn væri langt kominn. Vonandi er það rangt hjá mér. En ef öll mál eru meðhöndluð með þessu hugarfari, að þetta sé eiginlega ekkert vandamál, þetta sé svona eins og smástyrkir úr sjóðum ráðherranna, það þurfi ekki að skera niður nema styrkinn til Sunnukórsins og eitthvað annað til þess að koma á móti þessu, þá er ekki von að vel fari.

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu. Mér finnst að niðurstaða hennar sé komin. Hún kemur að vísu nokkuð á óvart en það er þá niðurstaða. Hæstv. forsrh. hefur fullt traust á ráðherrum í ríkisstjórninni og hefur tekið fulla ábyrgð á þeim. Það er vissulega drengskaparbragur að því. Hann hefur tekið til baka ummæli sín um hæstv. utanrrh. Það kom vissulega á óvart að hann hefði fullt traust á utanrrh. Þá veit þjóðin það og ekki síst samstarfsaðilar okkar erlendis. Það er hins vegar alveg ljóst að stjórnarandstaðan treystir ríkisstjórninni ekki. Hún vantreystir henni en við áttum satt best að segja von á því að það væri svipað með ýmsa aðra þingmenn stjórnarliðsins sem kæmu hér upp til þess að láta í ljós vissar efasemdir og staðfesta þær en ég skil þögn þeirra þannig að þeir hafi látið af þessum efasemdum og séu nú staðráðnir í því að standa með núv. hæstv. ríkisstjórn.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir sagði að það væri djúpstæður trúnaðarbrestur í núv. ríkisstjórn. Það var það sem við vorum að halda fram hér í stjórnarandstöðunni, töldum það alvarlegt og sáum ekki hvernig núverandi ríkisstjórn gæti haldið áfram með djúpstæðan trúnaðarbrest innan borðs. Nú hefur hæstv. forsrh. tekið af allan vafa um það að svo er alls ekki og menn hljóta að spyrja: Hverju á að trúa? Hefur hér verið breitt yfir trúnaðarbrestinn í dag? Er hann til staðar? Ég lít svo á að dagurinn í dag hafi farið í það hjá hæstv. ráðherrum að breiða yfir þennan trúnaðarbrest. Ég tel að hann sé til staðar og ég tel að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hafi þekkingu til og reynslu til að staðfesta það. Ég hef ástæðu til að trúa því sem hún þar sagði. Ég vænti þess að hæstv. forsrh. taki líka mark á þeim orðum miðað við þau ummæli sem hann hafði um þennan hv. þm. þar sem hann sagði að það hefði aldrei borið skugga á þeirra samstarf og þess vegna kemur það mjög á óvart að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir skuli fullyrða hér að það sé djúpstæður trúnaðarbrestur til staðar en hæstv. forsrh. kemur hér upp og segir: Ég hef fullt traust á mínum ráðherrum.

Ég vil svo þakka fyrir þessa umræðu sem ég tel að hafi verið málefnaleg og ég virði þau svör sem hér hafa komið fram en ég verð að játa það að ég er ekki alveg viss um hvort ég get alveg trúað þeim svörum. Mér finnst vera undansláttur í þeim og mér finnst það vera þannig að ráðherrarnir séu að reyna að breiða yfir sannleikann í sínu samstarfi.

[18:18]

Eggert Haukdal *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Að gefnu tilefni frá hv. síðasta ræðumanni, hv. 1. þm. Austf., vil ég gjarnan hryggja

hann eða gleðja með þeim orðum að afstaða mín til hæstv. utanrrh. er óbreytt eins og hún hefur lengi verið. Það er engin breyting á því. (**HÁ:** Og hver er hún?) Einn maður fær hins vegar litlu áorkað að breyta um ráðherradóm hæstv. utanrrh. Hv. þm. þarf ekki að spyrja, hann veit um mína afstöðu.

En af því að það er víst komið að lokum þessarar umræðu, þá hélt ég að þessi umræða yrði nokkru bragðmeiri hjá stjórnarandstöðunni heldur en komið hefur í ljós. En það er ekkert langt á milli hv. 1. þm. Austf. og hæstv. utanrrh. Hv. þm. Halldór Ásgrímsson hefur keppst lengi við að komast upp í lestina til Brussel og krækja sér þar í nógu þægilegt sæti eins og hæstv. utanrrh. Það er eiginlega leitt til þess að vita miðað við að hans ágæti fyrirrennari í formannsstól Framsfl. var ekkert á leiðinni inn í þessa lest. Ég hefði unnt hv. 1. þm. Austurl. betra hlutskiptis en að vera stöðugt að reyna að krækja sér þarna í nógu þægilegt sæti.

[18:20]

Halldór Ásgrímsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vil þakka hv. þm. Eggert Haukdal fyrir að koma hér upp og lýsa yfir vantrausti sínu á einn ráðherra í hæstv. ríkisstjórn og vonandi koma fleiri hér upp og segja allan sannleikann en láta ekki hæstv. forsrh. tala eingöngu fyrir sinn munn. Hins vegar er það misskilningur hjá hv. þm. Eggert Haukdal að ég hafi gert einhverja tilraun til þess að krækja mér í þægilegt sæti í einhverri lest sem sé á leiðinni til Brussel. Það er algjör misskilningur hjá honum, ég hef ekki haft neina slíka tilburði. Hins vegar geri ég mér grein fyrir því að það eru mikilvæg viðskipti sem við eigum við Evrópu, fram hjá því verður ekki gengið og um þau mál verðum við að ná samningum. En ég hef aldrei haldið því fram að við ættum að sækja um aðild að Evrópusambandinu, ég hef aldrei haldið því fram að við ættum að ganga í það. Ég hef hins vegar verið stuðningsmaður þess að við viðurkenndum það að samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði er samningur sem við þurfum nú að byggja á og ég hef jafnframt sagt það að ekki séu uppi neinar umræður um það að segja honum upp þótt á honum séu ýmsir gallar. Við þurfum að reyna að lagfæra þann samning og byggja á honum í framhaldinu. Ég vonast eftir því að hv. þm. Eggert Haukdal sé jafnframt áhugamaður um það. Ég saknaði þess aðeins að hann sagði okkur ekkert um álit sitt á samningi við Rússa um menningarmál. Ég hefði gjarnan viljað heyra hug hans til þess máls, hvort hann treystir núv. hæstv. utanrrh. til þess að endurlífga þann samning.

[18:22]

Eggert Haukdal *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Að sjálfsögðu vil ég viðskipti við Evrópu. Við þurfum það fjármagn og viðskipti. En við þurfum ekkert að fara með sjálfstæðið til Brussel, við getum uppréttir fengið gott samstarf við Evrópu. Þarna liggur aðalmálið í öllum þessum umræðum um viðskiptin við Evrópu, það er að koma þangað ekki hundflatir og vonandi tekst að forða meiru illu en orðið er.

Hæstv. utanrrh. kom að því hér í dag að við hefðum fengið milljarða og það sæju allir. Hvar eru þessir milljarðar sem hafa komið út úr þessum samningum? Það þyrfti sannarlega sem fyrst að fá upplýst á borðið. En ég vil undirstrika, ég vil samstarf við Evrópu, en uppréttur.

[18:23]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég held að þessi umræða sé þegar orðin gagnleg fyrir ýmissa hluta sakir. Hún hefur dregið það fram sem út af fyrir sig var orðið ljóst að ríkisstjórnin mun ætla sér að sitja hvað sem tautar og raular og þar með er það í raun og veru undirstrikað að það ber ekki að taka mark á orðum hæstv. ráðherra eða einstakra hv. stjórnarliða þegar þeir eru að sendast á skeytum í fjölmiðlum. Við hljótum að skilja það svo sem vantraustsyfirlýsing forsrh. á utanrrh. sé til baka dregin svo ekki sé minnst á smápíp sem hafði heyrst í einstöku stjórnarþingmanni um að þeir kynnu nú að vilja þvo hendur sínar til að mynda af embættisgjörðum hæstv. heilbrrh. Það er til að mynda niðurstaða þessa dags af því að hér hefur setið hv. þm. Egill Jónsson nýkominn úr prófkjöri, þögull sem gröfin í allan dag, að ummæli hans um að hann kunni nú að hugsa sinn gang gagnvart því hvort hann skrifi upp á þennan heilbrrh., þau eru marklaust blaður. Enda var þá prófkjör fram undan hjá hv. þm. og hann hafði vissa þörf fyrir að vekja á sér athygli og fegra á sér vangann svona fyrir kjósendur sína á Austurlandi, þessi 50% sem studdu hann af þeim sem tóku þátt í forvalinu og var hann þó víst einn í framboði til fyrsta sætisins.

Þannig er það nú að verða niðurstaða að hv. þm. Egill Jónsson, svo dæmi sé tekið af einum óbreyttum stjórnarliða, mun af líkindum sitja út allt þetta kjörtímabil og bera fulla ábyrgð á þeim hæstv. utanrrh. og landbúnaðarstefnu hans og hæstv. heilbrrh. Þetta er auðvitað nauðsynlegt að liggi fyrir og verður e.t.v. undirstrikað með enn skýrari hætti á Alþingi á næstunni að í þessum efnum er bara annaðhvort eða. Annaðhvort eru menn stuðningsmenn ríkisstjórnar eða ráðherra í ríkisstjórn og bera sameiginlega ábyrgð á gerðum hennar sem slíkir eða ekki. Þegar tækifæri gefast til að gera grein fyrir sinni stöðu og þau eru látin ónotuð eins og stjórnarþingmenn, til að mynda allir þingmenn Sjálfstfl. í dag, kjósa að gera þá þýðir það bara eitt: Þögn þeirra er sama og samþykki. Sama og uppáskrift á ríkisstjórnina og embættisathafnir einstakra ráðherra og verði hv. þingmönnum Sjálfstfl. mjög að góðu að taka þannig á sig sameiginlega ábyrgð á stjórnarsamstarfinu.

Hæstv. ríkisstjórn virðist sem sagt ætla sér að lifa áfram í sínum tilbúna draumaheimi um mikinn efnahagsbata og glæsilegan árangur á öllum sviðum sem hún reynir að telja þjóðinni trú um að sé þvert ofan í þær staðreyndir, nöturlegu staðreyndir sem blasa við um atvinnuleysi, skuldasöfnun heimilanna o.s.frv.

Margt er auðvitað kostulegt í þessum samskiptum stjórnarliða og hlýtur að komast eitthvað af því á spjöld sögunnar trúi ég. Til að mynda þessar kostu-

legu einkunnir sem ráðherrarnir hafa verið að gefa hver öðrum. Skeytasendingar hæstv. utanrrh. og hæstv. forsrh. til dæmis núna síðsumars, ég held að þær hljóti að teljast nokkuð sögulegar í samskiptum forustumanna stjórnarflokkanna þar sem þeir töluðu um sumarbólur og upphlaup og einkaskoðanir og annað þar fram eftir götunum og voru nánast að biðja þjóðina um það að vera ekki að taka mark á hvor öðrum. Það væri ekkert að marka þetta, þetta væru bara einhverjar sumarbólur, einhverjar einkaskoðanir, einhver upphlaup sem bæri ekki að taka mark á. Er það nú von að „rygti" slíkra stjórnvalda rísi ekki hátt.

Það er líka dálítið fróðlegt að heyra hvernig hæstv. forsrh. grípur til þess ráðs þegar hann kemst í nokkra kastþröng að tala þá um einkaskoðanir ráðherra í ríkisstjórn sinni og virðist gera þar alveg skýran greinarmun. Sem sagt, hæstv. utanrrh. hefur leyfi til þess að hafa einkaskoðanir sem ganga algjörlega þvert á stefnu ríkisstjórnarinnar. Það virðist vera í lagi að mati hæstv. forsrh. Sömuleiðis fann hann upp nýtt hugtak hér áðan þegar hann var aftur í vissum vanda með það að orða afstöðu sína til hæstv. heilbrrh. Hvaða hugtak fann forsrh. þá upp? Hann hafði persónulega traust á hæstv. félmrh. Sem sagt einstaklingurinn Davíð Oddsson, sem er þá væntanlega ekki hæstv. forsrh. og má þá ávarpa sem slíkan hér á þinginu, einstaklingurinn Davíð Oddsson hefur persónulega traust á einstaklingnum væntanlega Guðmundi Árna Stefánssyni. En það var ekki embættisleg uppáskrift forsrh. sem þar fór fram.

Svona billega geta menn greinilega ætlað sér að sleppa frá hlutunum.

Hið alvarlega er auðvitað, hæstv. forseti, að þessi ríkisstjórn er gjörsamlega sundurtætt og hefur enga stefnu. Þetta er yfirlýsing um það. Auðvitað. Til að mynda getur framganga þessarar ríkisstjórnar í samskiptum okkar við Evrópusambandið ekki orðið annað en hörmung við þessar aðstæður. Hæstv. utanrrh. má ekki sleppa úr landi augnablik þá rassakastast hann um öll lönd og álfur og segir að Íslendingar séu á leið inn í Evrópusambandið. Gefur það aftur og aftur í skyn að það kunni að vera von á umsókn frá Íslandi. Svo þegar hann kemur heim þá er hann auðvitað barinn til þess að hafa hér hægt um sig. Og hæstv. forsrh. ef hann lendir í vanda með þetta segir: Þetta eru einkaskoðanir utanrrh., málið er ekki á dagskrá og kemst það ekki fyrr en á næstu öld.

Er hægt að láta þetta ganga svona? Hugsar hæstv. forsrh. sér að búa við það áfram að hæstv. utanrrh., sem á stundum leið til útlanda eins og kunnugt er, gjósi upp í fjölmiðlum í Noregi í dag og í Danmörku á morgun, í Brussel þriðja daginn og þar sé hann að halda fram þessari einkastefnu sinni um að Íslendingar eigi að leggja inn umsókn. Gefa það í skyn að svo kunni að vera, gefa samningagjörðum annarra ríkja einkunnir og hæla þeim þvert á það sem er stefna ríkisstjórnarinnar eða hæstv. forsrh. hér heima sem heldur hinu gagnstæða fram í öllum tilvikum og lætur auðvitað að því liggja sem er rétt að þessi staða skaði viðkvæma utanríkishagsmuni Íslands. Augljóslega. Er það t.d. gæfulegt upplegg fyrir okkur Íslendinga í samskiptum við Evrópubandalagið að utanrrh. skuli hafa sannað svo metnaðarleysi sitt fyrir okkar hönd þegar kæmi að samningum um sjávarútvegsmál að hann hæli niðurstöðum Norðmanna sem allir nema hæstv. utanrrh. telja slæmar? Ég held að það þurfi ekki að fara um það mörgum orðum að svona staða er auðvitað alveg ótæk. Það er ekki hægt að hafa ríkisstjórn sem umgengst viðkvæma samningshagsmuni Íslands gagnvart erlendum ríkjum með þessum hætti. Það er ómögulegt. Það verður að vera einhver stefna sem er opinber og viðurkennd og er framfylgt og það er ekki hægt að hafa utanrrh. sem fylgir henni ekki fram heldur gerir hið gagnstæða um leið og hann sleppur úr landi. Það er auðvitað ekki hægt.

Hæstv. utanrrh. hefur ekkert umboð til þess að ganga þannig fram, hvorki frá ríkisstjórn, frá þinginu, né frá neinum aðila nema bara sitt tilbúna umboð sem hann býr sér til. Aumingjaskapur hæstv. forsrh., með leyfi að segja svo, hæstv. forseti, er auðvitað hvað mest yfirþyrmandi þegar kemur að því hvernig hann hefur látið hæstv. utanrrh. vaða uppi og er þá sama hvar borið er niður, hvort það er yfirgangur hæstv. utanrrh. í Evrópumálum, afstaða hans til haustkosninga þegar hann kúgaði yfirgnæfandi meiri hluta þingsins og samstarfsflokkinn með einhverjum hluta af sínum liðsmönnum til þess að hætta við haustkosningar.

Hæstv. forseti. Það mætti hér sömuleiðis nefna til að mynda stöðu landbúnaðarmálanna í þessari ríkisstjórn sem er eins og bent hefur verið á viðkvæm um þessar mundir. Hv. þm. Egill Jónsson mun komast á spjöld sögunnar fyrir það að sitja undir landbúnaðarstefnu Jóns Baldvins Hannibalssonar í fjögur ár án þess að reisa þar neina rönd við nema í orði kveðnu. Hv. þm. hefur að vísu farið býsna hátt í hástemmdum yfirlýsingum en hann hefur ævinlega brotlent, magalent, og situr svo áfram í súpunni og styður Alþfl., skrifar upp á Alþfl., skrifar upp á framgöngu utanrrh. í samningum við erlend ríki þar sem landbúnaðarmál eiga í hönd og skrifar upp á hæstv. félmrh. núna.

Nú á að ganga frá fyrir áramót, ef ég veit rétt, útfærslu okkar á því hvernig við stöndum að fullgildingu Úrúgvæ-niðurstöðu GATT-samninganna. Hvar er það mál á vegi statt? Ætli það verði ekki önnur eins endemis þvæla og framganga þessarar ríkisstjórnar varð hér í landbúnaðardeilunni miklu á síðasta vetri. Hörmuleg niðurstaða, til skammar fyrir þing og þjóð að fara þannig með viðkvæm og vandasöm mál eins og þar var gert. Skila hér tveimur nál. stjórnarsinna sem ganga gjörsamlega hvort í sína áttina, túlka málið í 180 gráður. Er von á annarri eins endemis niðurstöðu í GATT-málinu núna? Það er von að spurt sé vegna þess að það er auðvitað vitað að ríkisstjórnin er jafnórafjarri því nú eins og hún var áður að hafa nokkra sameiginlega stefnu í þessum efnum. Svona er þetta á fjölmörgum öðrum sviðum.

Ég gerði stöðu mála í Alþfl. lítillega að umræðuefni fyrr í dag. Það er auðvitað með þvílíkum ólíkindum að þessi flokkur sem fékk helmingaskipti við Sjálfstfl. um ráðherra hefur síðan skipt út stórum hluta af þingflokki sínum, ráðherrar og trúnaðarmenn flokks-

ins komnir í bitlinga út um lönd og álfur, fjórir af tíu þingmönnum Alþfl. sem mættu hér til þings í upphafi þessa kjörtímabils eru annaðhvort gengnir úr flokknum og hættir að styðja hann eða farnir af þingi. Fjórir tíundu af þessum þingflokki eru horfnir með ýmsum hætti af sjónarsviðinu. Það er alveg með ólíkindum. En auðvitað er það vandamál Alþfl. hvað það snertir að kynna þá niðurstöðu svo þeim fáu kjósendum sem hugsanlega kynnu að glepjast til þess að kjósa flokkinn aftur hvernig hann ætlar að forsvara það hvernig þessi flokkur hefur farið með þó þann trúnað kjósenda sem hann fékk síðast, auðvitað allt of mikinn, byrjandi auðvitað á því að sníkja algjörlega lit í þeirri kosningabaráttu, blekkja menn til stuðnings við sig á þeirri forsendu að flokkurinn hefði hug á að halda áfram því ríkisstjórnarsamstarfi sem hann hafði verið í en kosninganóttin var vart byrjuð þegar formaður Alþfl. hafði gefið yfirlýsingu um að það yrði svikið og hlaupinn í náðarfaðm íhaldsins. Kannski verður það svo að hæstv. forsrh. geti farið að velta fyrir sér orðum sem annar forsrh. fyrr á öldinni hafði um sambúðina við Alþfl. eftir að hafa haft hann í fanginu um alllangt skeið eða nánar tiltekið þrjú kjörtímabil: Ja, ætlar þetta að deyja í fanginu á manni? Það skyldi nú ekki fara svo að hæstv. forsrh., Davíð Oddsson, þurfi að velta því fyrir sér hvort svipuð staða sé í vændum að Alþfl. ætli að deyja í fanginu á honum.

Auðvitað verkar það bæði á þing og þjóð sem argasti farsi þegar það er rifjað upp hvernig hrint var úr vör þessu ríkisstjórnarsamstarfi. Þá voru vinahótin slík að það jaðraði við ósiðlegheit á almannafæri þegar þeir voru að heilsast og kveðjast vinirnir, núv. hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh. Þá var lagður hér fram stjórnarsáttmáli, þá þynnsti í sögunni, og hver var skýringin? Það þarf ekki orð á blaði þar sem svona heiðursmenn gera samkomulag. Það er bara handtakið sem dugar. Og hver er svo orðin staðan? Auðvitað mætti líka velta því fyrir sér hvort ástandið í Sjálfstfl. sé ekki að nokkru leyti skýring þess að hæstv. forsrh. velur þrátt fyrir allt að sitja með ónýta ríkisstjórn. Er það ekki þannig að hæstv. forsrh. hefur sjálfur setið uppi með klofinn þingflokk í afdrifaríkum málum og er nærtækt að vitna um dæmin þegar hæstv. forsrh. talaði með fyrirlitningu um atkvæðin eða atkvæðið a.m.k. sem hann gæti ekki treyst á. Ætli það sé ekki enn þá þannig að það kunni að leynast talsverðir veikleikar í baklandi ríkisstjórnarinnar, einnig í þingflokki hæstv. forsrh. og kemur e.t.v. á daginn hér í vetur.

Hæstv. forseti. Mér segir svo hugur að það muni koma á daginn að einhver afdrifaríkustu ef ekki afdrifaríkustu mistök sem hæstv. forsrh. Davíð Oddsson hefur gert á ferli sínum hingað til hafi verið þau að láta Alþfl. það eftir að hætta við kosningar núna í haust. Það skyldi nú ekki eiga eftir að sannast að það reynist hæstv. forsrh. ærið dýrt að leggja upp í þessa vonlausu för með þessa gjörsamlega ónýtu ríkisstjórn á þeim vetri sem í hönd fer og það komi á daginn að það hefði verið öllum fyrir bestu, ekki bara þjóðinni og efnahagsmálum hennar að kosið yrði í haust heldur líka flokkunum sem að þessu standa. Stjórnarsamstarfið er í rúst, glansmyndin mun ekki endast veturinn, hún er ekki á vetur setjandi og uppákomurnar í störfum ríkisstjórnarinnar hljóta að verka lamandi á allt starfið hér í vetur. Hvernig halda menn að staða hæstv. heilbrrh. verði þegar hann ætlar að fara að koma fram með þingmál, flytja hér frv. eða gæta hagsmuna síns málaflokks í fjárlagaafgreiðslu? Það hljóta auðvitað allir menn að sjá hvaða áhrif staða af því tagi sem nú er uppi hefur á allt starf ríkisstjórnar og málafylgju á allan hátt. Það er mjög vont fyrir alla að gagnslaus og óstarfhæf ríkisstjórn sitji við völd í allan vetur og það er mikið gæfuleysi hjá hæstv. forsrh. að skynja þetta ekki. Ég hefði talið að hann hefði, þó svo hann kunni að hafa metið það ófæra leið í haust í andstöðu við Alþfl., íhugað það vandlega nú í ljósi þess sem síðan hefur gerst að rjúfa þetta þing og boða til kosninga.

[18:39]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka þá umhyggju sem fram kom í minn garð í máli síðasta ræðumanns og þær áhyggjur sem hann hefur af pólitískri velferð minni vegna þess að ég hafi ekki látið sverfa til stáls og efna til haustkosninga. Það þarf út af fyrir sig ekki miklu við þessa umræðu að bæta. Ég vil þó segja vegna orða hv. 1. þm. Austurl. um síldina að það var ekki svo að ég væri að gera lítið úr því máli, alls ekki, en vildi þó vegna þeirrar umræðu sem verið hafði í fjölmiðlum draga upp umfang þess. Ég varð m.a. var við það að sumir lögðu þetta mál út á þann veg að það væri eins gott fyrir okkur að ganga í Evrópusambandið því að síldarmálið væri í hættu. Þess vegna fannst mér rétt að menn áttuðu sig á því að hér eru menn að tala um 34 millj. kr. ef allt fer á hinn versta veg. Ég sagði jafnframt að það væru engar líkur á því að að allt færi á hinn versta veg. Þvert á móti benda flestar líkur til þess að þetta mál fái farsæla niðurstöðu. Ég tel því að menn þurfi ekki að hafa af því verulegar áhyggjur.

Ég vil aðeins nefna út af öðru sem hv. 4. þm. Norðurl. e. nefndi í fyrri ræðu sinni um það að menn væru með þá óskammfeilni, ef ég skildi hann rétt, að gera pólitíska aðstoðarmenn síðar að ráðuneytisstjórum eða starfsmönnum ráðuneyta. Sjálfsagt er að fara varlega í slíkt eins og í alla aðra slíka þætti en ég hlýt þó að vekja athygli á því að við sem stjórnmálamenn eigum ekki að gefa okkur það að slíkir pólitískir aðstoðarmenn séu með öllu vanhæfir til þess að geta síðar reynst farsælir embættismenn. Ég vek athygli á því að þegar ég kom til starfa í forsrn. hafði minn fyrirrennari þar skipað sinn aðstoðarmann sem skrifstofustjóra í ráðuneytinu, Helgu Jónsdóttur, afskaplega færan starfsmann og ég varð aldrei var við annað, aldrei, en að ég gæti hundrað prósent sem forsrh. treyst vinnubrögðum hennar. Það er ekki endilega gefið að jafnvel menn sem hafa pólitískan áhuga geti ekki síðan af heilindum unnið fyrir hvern þann yfirmann sem rekur á þeirra fjörur. Þessi er reynsla mín af þessum tiltekna aðstoðarmanni stjórnmálamanns og ég held að hver ráðherra yrði fullsæmdur af slíkum starfsmanni. Og ég vona að í öðrum dæmum sem hafa komið upp þá geti

menn sagt hið sama.

Ég vil aðeins vegna þeirra orða sem hv. 9. þm. Reykv. lét falla þegar hann var að ræða um það að við forustumenn stjórnarflokkanna værum nokkuð sáttir við þann árangur sem hefði orðið og þann efnahagsbata. Þá spurði hv. þm.: Hver hefur borgað þann bata? Hann taldi síðan upp ýmsa þá í þjóðfélaginu sem eiga undir högg að sækja. Því miður hefur ætíð verið svo að ákveðinn hluti þjóðfélagsins á undir högg að sækja, stundum verr en aðrir. Alltaf eru einhverjir sem eru lægst launaðir í þjóðfélaginu. Oftast hafa kjör hinna lægst launuðu verið mjög erfið, á öllum tímum. Ég þekki engan tíma þar sem kjör þeirra sem við lökust laun þurfa að búa eru ekki mjög erfið. Þá er bara spursmálið þetta: Stendur þetta fólk betur, sem lökust kjörin hefur, í stöðugleika eða óðaverðbólgu? Efnahagsbatann, stöðugleikinn, lægri vextir, vinnufriður, kannski græðir það fólk mest sem minnst ber úr býtum einmitt við stöðugleika. Það borgar ekki stöðugleikann, það hagnast á honum. En ég geri ekki lítið úr því að það eru ætíð í þjóðfélaginu hópar sem standa lakar en aðrir, í öllum þjóðfélögum, því verður ekki breytt. En það er sá efnahagsárangur sem hefur náðst engu að síður sem tryggir jafnframt stöðu þessa fólks.

Ég vil líka vekja athygli á að stundum í umræðum, til að mynda hér í dag, þá ganga röksemdir, gagnrýnisraddir, þannig fram að fullyrðingar stangast verulega á. Í einu orði er talað um að ríkisstjórnin hafi ekki náð nægum árangri varðandi halla á ríkissjóði. Þar hefur töluverður árangur náðst, ekki fullnægjandi, má segja, jafnvel þó við getum sýnt fram á með samanburði við önnur sambærileg lönd að árangurinn sé þokkalegur. En sömu aðilar sem gagnrýna ríkisstjórnina fyrir þetta hafa nánast andmælt öllum úrræðum til sparnaðar, á öllum sviðum. Ef vilji þessara hv. þm. hefði gengið fram, andmæli þeirra við sparnaðartilraunum haft erindi, þá væri hallinn margfaldur á við það sem hann er núna því hv. þm. hafa ekki bent á aðrar leiðir eða vænlegri til að taka á þessum vanda. Á það hefur skort og það hefur vantað.

Ég er sammála hv. 1. þm. Austurl. um að niðurstaðan af þessari umræðu er sú að ríkisstjórnin stendur traustum fótum. Hv. þm. gerði töluverða tilraun til þess að kalla menn hér upp til að fá fram aðra niðurstöðu. Það hefur ekki gengið fram. (**HÁ:** Það kom einn.) Sá hv. þm. sem hv. þm. Halldór Ásgrímsson vitnar væntanlega til lýsti því ekki yfir að hann mundi greiða atkvæði gegn ríkisstjórninni í vantrausti. Hann er stuðningsmaður ríkisstjórnarinnar. (**Gripið fram í:** Ekki utanrrh.) Hann hefur sér skoðanir á utanrrh.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon nefndi einkaskoðun og taldi það vera afskaplega skrýtinn málatilbúnað af minni hálfu að menn mættu hafa einkaskoðanir í ríkisstjórnarsamstarfi. Þetta sjónarmið er sérstakt úr hans munni komið því Alþb. hefur iðulega setið í ríkisstjórn með einkaskoðanir á öllum varnarmálum landsins og aðildinni að NATO, jafnvel spásserað Keflavíkurgöngur og setið í ríkisstjórn sem vill hafa varnarlið og aðildina að NATO, hefur haft þetta sem einkaskoðun. Algera einkaskoðun í stórum og miklum málaflokki. Og gert það bara léttilega, gengið glaðir í bragði, gengið léttir í lundu frá Keflavík í bæinn með þessa einkaskoðun á varnarmálum og NATO og setið í ríkisstjórnum sem hafa ekki haft það á stefnuskrá sinni að fara úr þeim ágæta félagsskap, NATO, eða láta varnarlið hverfa — verið með sína einkaskoðun. Það hefur verið tekið gilt. Ég hugsa að þessi flokkur sé frægastur fyrir þetta af öllum flokkum sem hér hafa setið fyrr og síðar. (**Gripið fram í:** Hafa stjórnmálaflokkar einkaskoðanir?) Innan ríkisstjórnar já, hv. þm., hefur það liðist að stjórnmálaflokkar hafi einkaskoðanir sem ganga þvert á meginstefnur ríkisstjórnar. Ef þetta fyrirkomulag væri bannað þá ætti Alþb. aldrei möguleika á að komast í ríkisstjórn þannig að það er nú eins gott að hafa þetta fyrirkomulag á áfram.

Að öðru leyti held ég að þessar umræður hafi verið gagnlegar. Niðurstaðan er fengin eins og hv. þm. Halldór Ásgrímsson lýsti og það er út af fyrir sig fagnaðarefni að geta með hreint borð gengið á vit nýs þings og nýs vetrar.

[18:47]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil taka það skýrt fram að þegar ég er að tala um þá stöðu sem upp kemur þegar pólitískir aðstoðarmenn ráðherra eru settir í starf ráðuneytisstjóra þá er ég ekki á nokkurn hátt að fjalla um það hvort viðkomandi einstaklingar séu hæfir eða ekki hæfir til að gegna því starfi. Ég gef mér að menn séu ekki að setja þar algerlega óhæfa menn út á flokksskírteinið eitt. Ég er hins vegar að benda á að jafnvel þótt þeir séu prýðilega hæfir sem slíkir þá hljóta menn að sjá hvaða staða kemur upp fyrir pólitískan andstæðing sem kemur að því ráðuneyti ef hann mætir fyrir í dyrum ráðuneytisstjóra sem hefur þann bakgrunn að hafa verið pólitískur aðstoðarmaður fyrirrennara hans kannski mestallan sinn starfstíma. Taka svo við ráðuneytisstjórastarfi sem er mjög viðkvæmt starf þegar kemur að samskiptum innan ráðuneytisins og mikilvægt að þar geti hundrað prósent trúnaður ríkt. Ég held það þurfi að rökstyðja þetta frekar burt séð frá ágæti viðkomandi einstaklinga þá hljóta allir að viðurkenna hversu vandasöm staða getur þarna komið upp. Er nærtækt líka að horfa út fyrir landsteinana og minnast þess að þar er víða einmitt það fyrirkomulag við lýði að ráðuneytisstjórinn fylgir viðkomandi ráðherra. Það er talið að æðsti yfirmaður embættismannanna í ráðuneytinu þurfi að vera sérstakur trúnaðarmaður viðkomandi ráðherra einnig pólitískt og þar af leiðandi dugi ekki að hann sé bara venjulegur embættismaður. Ég er alveg viss um að í þeim löndum dytti engum heilvita manni í hug að það kæmi til geina að pólitískur aðstoðarmaður fyrrv. ráðherra sæti þar sem ráðuneytisstjóri eftir stjórnarskipti, það kæmi aldrei til greina.

Varðandi umræður hér um einkaskoðanir og ekki einkaskoðanir þá var ég, hæstv. forsrh., að reyna að gera greinarmun á því, sem mér eru engar fréttir, að það ríki skoðanafrelsi í landinu og hinu að menn fari um í nafni síns embættis sem utanrrh. til að mynda og prediki þar sína einkatrú þvert á stefnu ríkisstjórnar.

Það er meira frjálslyndi í þessum efnum heldur en ég hef hingað til talið að væri við hæfi. En einhvern tímann er allt fyrst. Ef til vill eru það nýir tímar í íslenskum stjórnmálum að menn geti bara haft þetta eins og þeir vilja. Þykir mér þá hæstv. forsrh. Davíð Oddsson fara að gerast umburðarlyndur og er spurning hvort þetta á við um fleiri svið.

[18:50]

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að fara að eyða tíma mínum í að vekja athygli á vandræðaganginum út af því hvort hæstv. utanrrh. teljist innan ríkisstjórnar eður ei, ég held að flestir hafi tekið eftir því. En mig langar til að leiðrétta hæstv. forsrh. þar sem hann segir blákalt að stjórnarandstæðingar hafi ekkert haft fram að færa til þess annars vegar að skera niður í ríkisútgjöldum og hins vegar að afla meiri tekna því það er önnur leið líka til að koma því í verk sem þarf að gera. Hafi hæstv. ráðherra hlustað í dag og aðra daga þar sem þessi mál hefur borið á góma þá hefur hann e.t.v. veitt því athygli að stjórnarandstaðan hefur sí og æ verið að reyna að koma því á framfæri og raunar sumir stjórnarliðar líka að hægt væri að nýta leiðir eins og hátekjuskatt og fjármagnstekjuskatt til að afla tekna. Mér þykir það mjög sérkennilegt ef hæstv. forsrh. hefur ekki enn þá tekið eftir þessu. En það kann að skýra það hvers vegna þessi mál eru að detta sem óðast út af borði hæstv. ríkisstjórnar.

[18:51]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ef ég hef ekki tekið einhverjum góðum tillögum af hálfu þeirra kvennalistakvenna þá þykir mér það miður og skal hlusta betur á það í framtíðinni. Varðandi hins vegar hátekjuskattinn, sem svo er kallaður og er enginn hátekjuskattur, millitekjuskattur væntanlega, sem menn hafa talað um og gagnrýnt ríkisstjórnina fyrir að vera ekki með inni á plani hjá sér nú þá vek ég athygli á því að þessi ríkisstjórn setti á slíkan skatt. Það var meira en fyrri ríkisstjórn gerði. Eða fyrri fjmrh. til að mynda, vinstri stjórnin. Þessi stjórn hefur sett þennan skatt. Þeir sem formæla okkur fyrir að vilja ekki hafa hann nema tvö ár, láta lög standa, höfðu ekki uppburð í sér til að setja slíkan skatt. Það er athyglisvert og menn ættu að hafa það í huga.

[18:52]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hjó eftir því að hæstv. forsrh. komst þannig að orði að fátæktin, eins og atvinnuleysið væri óhjákvæmilegur fylgifiskur stöðugleikans, sem kallaður er í efnahagsmálum, þess stöðugleika sem hann talar fyrir. Ég vil vísa þessu á bug og hafna þessum sjónarmiðum. Ég vil ekki stöðugleika sem hefur í för með sér atvinnuleysi og fátækt þúsunda eins og blasir við. Ég tel reyndar að það sé ekki stöðugleiki sem birtist á þeim heimilum sem nú eru að berjast við að reyna að láta enda ná saman með litlar eða engar tekjur.

Í öðru lagi varðandi það sem hefur komið fram í þessum umræðum, virðulegur forseti, er fyrst og fremst það að stjórnarflokkarnir vilja leggja á það áherslu að þeir geti staðið saman. Það er bersýnilega ætlunin eftir umræðurnar í dag að mynda sams konar ríkisstjórn eftir næstu kosningar ef þessir flokkar fá meiri hluta til þess. Og ég held að það sé sá veruleiki, sú staðreynd sem stendur upp úr eftir þessar umræður og eru tíðindi í íslenskum stjórnmálum síðustu missira miðað við ósamkomulagið sem hefur verið milli stjórnarflokkanna. Ég tel þess vegna að það sé fréttin eftir daginn: Þeir ætla sér að halda áfram eftir kosningar ef þeir fá meiri hluta til. Samkvæmt því hljótum við í stjórnarandstöðunni að haga okkar málflutningi á komandi vikum og mánuðum og í kosningabaráttunni sem í hönd fer.

Ég vildi loks mótmæla því, hæstv. forseti, að stjórnarandstaðan hafi ekki sýnt að hún vilji spara. Ég bendi á búvörusamninginn sem gerður var í tíð fyrrv. ríkisstjórnar og fyrrv. hæstv. landbrh. og fjmrh. þar sem um er að ræða stórfelldan sparnað í ríkisútgjöldum frá því sem ella hefði verið. Ég hygg að ekki sé í rauninni hægt að finna neina eina ákvörðun sem hefur skilað eins miklum árangri í ríkisfjármálum og búvörusamningurinn sem gerður var í tíð fyrrv. ríkisstjórnar.

[18:54]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er auðvitað fráleitt að hv. 9. þm. Reykv. geti lesið það úr mínum orðum að stöðugleikanum fylgdi fátækt. Ég sagði ekkert þvílíkt. Ég sagði aftur á móti að fátækt mundi væntanlega ætíð vera til, erfiðleikar ætíð vera til. Og ég segi: Þeir sem búa við fátækt, hlutskipti þeirra er lakast þegar efnahagsskilyrðin eru erfiðust, til að mynda þegar verðbólgan fer upp í 100% eins og þegar hv. þm. var ráðherra í eina tíð. Þá hefur verið mjög erfitt að vera fátækur á Íslandi.

Varðandi þá yfirlýsingu sem hv. þm. segir að sé frétt dagsins. Ég tók ekki eftir því að við talsmenn stjórnarflokkanna hefðum gefið slíkar yfirlýsingar. Hv. þm. er sá eini sem slíka yfirlýsingu hefur gefið og hann hefur ekki verið útnefndur sérlegur blaðafulltrúi stjórnarflokkanna. (**SvG:** Ég mótmæli, ráðherra.) Ég fer bara með staðreyndir málsins eins og hv. þm. ætti að gera. Hann er sá eini sem hefur gefið slíka yfirlýsingu hér í kvöld og það vita allir þeir sem á þetta mál hafa hlýtt.

Um fundarstjórn.

Andsvör.

[18:56]

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Úr forsetastóli var því lýst yfir áðan að þingmönnum gæfist kostur á að tvískipta andsvaratíma sínum. Það taldi ég mig hafa gert og átti 45 sekúndur eftir. Forsrh. svaraði með þeim hætti að ég taldi fulla ástæðu til að svara því. En ég vil gera þessa athugasemd og vona að í framtíðinni verði það virt. Sé boðið upp á að tvískipta sínum tíma, þá sé það leyft.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Forseti vill vegna orða hv. 9. þm. Reykn. taka það fram að samkvæmt þingskapalögum er það á valdi forseta hvort hann leyfir andsvör eða ekki. Forseti ákvað að skerða ræðutíma að þessu sinni og þar sem það var innan við mínúta sem hv. þm. átti eftir þá var það mat forseta að það væri of stuttur tími til þess að það gæti orðið úr því ræða og þess vegna var þessi ákvörðun tekin að þessu sinni. En forseti getur viðurkennt að það getur verið umdeilanleg ákvörðun sem var tekin í þessu tilfelli. Hún var engu að síður tekin og henni verður ekki breytt héðan af.

Fundi slitið kl. 18:58.

---

6. FUNDUR

þriðjudaginn 11. okt.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

Fjárlög 1995, stjfrv., 1. mál, þskj. 1. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Einar K. Guðfinnsson, 3. þm. Vestf.,
Gísli S. Einarsson, 4. þm. Vesturl.,
Guðmundur Árni Stefánsson félmrh.,
Gunnlaugur Stefánsson, 5. þm. Austurl.,
Halldór Blöndal landbrh.,
Hjörleifur Guttormsson, 4. þm. Austurl.,
Jóhann Einvarðsson, 7. þm. Reykn.,
Jón Baldvin Hannibalsson utanrrh.,
Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, 6. þm. Vestf.

Útbýting þingskjala:

Sjóvarnir, 61. mál, frv. StB o.fl., þskj. 61.

Stuðningur Byggðastofnunar við atvinnumál í sameinuðum sveitarfélögum, 68. mál, fsp. JónK, þskj. 68.

Tilkynning um kosningu embættismanna fastanefnda.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Borist hefur bréf um að heilbr.- og trn. hafi kosið sér formann Gunnlaug Stefánsson og Ingibjörgu Pálmadóttur varaformann.

Þá hefur einnig borist bréf um að menntmn. hafi kosið sér formann Sigríði Önnu Þórðardóttur og Petrínu Baldursdóttur varaformann.

Borist hefur tilkynning um að félmn. hafi kosið sér formann Rannveigu Guðmundsdóttur og Guðrúnu J. Halldórsdóttur varaformann.

Einnig hefur borist bréf um að samgn. hafi kosið sér formann Pálma Jónsson og varaformann Petrínu Baldursdóttur.

Þá er einnig bréf um að landbn. hafi kosið formann Egil Jónsson og Gísla S. Einarsson varaformann.

Iðnn. hefur kosið sér formann Svavar Gestsson og varaformann Gísla S. Einarsson.

Fjárlög 1995, 1. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 1.

[13:41]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til fjárlaga fyrir árið 1995. Frv. var lagt fram fyrir rúmri viku á fyrsta þingdegi og hafa hv. þm. því haft gott tækifæri til að kynna sér helstu efnisatriði þess. Ég tel því ekki ástæðu til þess að fjalla ítarlega um einstök efnisatriði frv. Í ræðu minni mun ég því ekki síður fjalla um stefnumörkun ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar í efnahagsmálum, þann árangur sem stefnan hefur skilað og þau umskipti sem orðið hafa á flestum sviðum efnahagsmála á þessu kjörtímabili.

Meira jafnvægi er nú í efnahagslífinu en verið hefur um áratuga skeið þrátt fyrir ýmis áföll síðustu ár vegna niðurskurðar aflaheimilda, erfiðs efnahagsástands í helstu viðskiptalöndum okkar og verðfalls á útflutningsafurðum. Verðbólga er með því lægsta sem gerist í heiminum. Tekist hefur að snúa meira en 20 milljarða kr. halla á viðskiptum við útlönd árið 1991 í afgang og horfur eru á afgangi á næsta ári, þriðja árið í röð. Erlend skuldasöfnun hefur því verið stöðvuð og raunskuldir fara nú lækkandi ár eftir ár. Þá hafa vextir lækkað verulega og eru nú lægri en verið hefur um langt árabil. Með lægri vöxtum fjárfesta fyrirtækin meira og ráða til sín fleira fólk. Enn fremur lækkar vaxtabyrði heimilanna og kaupmáttur þeirra eykst. Jafnframt er atvinnuleysi minna hér á landi en annars staðar. Þennan árangur má einkum rekja til markvissrar stefnu ríkisstjórnarinnar í peninga- og ríkisfjármálum, sérstakra efnahagsaðgerða stjórnvalda og ábyrgrar afstöðu aðila vinnumarkaðarins.

Hagvöxtur hefur nú glæðst á nýjan leik hér á landi og horfur á hægfara aukningu næsta ár. Boðskapur þessa fjárlagafrv. er skýr. Ekki verður hvikað frá þeirri aðhaldsstefnu í ríkisfjármálum sem ríkisstjórnin hefur fylgt.

Nú þegar loksins rofar til í efnahagslífinu eftir erfiðleika og samdrátt undanfarin ár er afar mikilvægt að sá tekjuauki sem efnahagsbatinn skilar gangi til þess að minnka halla ríkissjóðs. Lækkun ríkisútgjalda og jafnvægi í ríkisbúskapnum eru forsendur þess að treysta hagvöxt í sessi og bæta lífskjörin. Þetta er kjarninn í stefnu ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum. Verði efnahagsaðstæður hagstæðar er í senn æskilegt og raunhæft að ná þessu markmiði á næsta kjörtíma-

bili. Trúverðug stefna í ríkisfjármálum sem byggir á þessum grunni er forsenda fyrir lægri vöxtum, auknum hagvexti, eflingu atvinnulífs og bættum lífskjörum. Skilningur á mikilvægi hallalausra fjárlaga fer vaxandi, enda ljóst að hallarekstur í dag þýðir einfaldlega skattahækkun á morgun.

Enda þótt stefnan í ríkisfjármálum gegni lykilhlutverki þarf fleira að koma til. Afkoma atvinnulífs hefur batnað, m.a. vegna aðgerða sem ríkisstjórnin hefur gripið til og aukinnar hagræðingar í rekstri. Í kjölfarið hafa umsvif í efnahagslífinu aukist. Hvort tveggja hefur jákvæð áhrif á atvinnustig og tekjur. Þessar aðstæður eiga að gera aðilum vinnumarkaðarins kleift að leiða komandi kjarasamninga til lykta án atbeina ríkisvaldsins.

Að mörgu leyti verða næstu kjarasamningar gerðir við breyttar aðstæður frá því sem verið hefur. Vextir ákvarðast nú á markaði og almennar efnahagshorfur og væntingar hafa því í vaxandi mæli áhrif á vaxtastigið hér á landi líkt og gerist annars staðar. Þá mun frekari opnun fjármagnsmarkaðar gagnvart útlöndum um næstu áramót hafa þau áhrif að vextir verða enn viðkvæmari fyrir utanaðkomandi áhrifum en ella. Það er því afar mikilvægt að niðurstaða komandi kjarasamninga samræmist því jafnvægi sem náðst hefur í efnahagsmálum að undanförnu og kauphækkanir verði í takt við efnahagsbatann. Þannig tekst að tryggja áframhaldandi stöðugleika í efnahagslífinu.

Langvinn efnahagslægð hefur haft neikvæð áhrif á þjóðarbúskapinn og nánast enginn hagvöxtur orðið hér frá árinu 1987. Síðari hluta þessa tímabils, eða frá árinu 1992, hefur verið sérstaklega erfiður vegna mikillar en óhjákvæmilegrar skerðingar á þorskveiðiheimildum. Alþjóðleg efnahagslægð sem gekk yfir á sama tíma bætti gráu ofan á svart og olli m.a. verðlækkun á erlendum mörkuðum og minnkandi sölu. Ekki bætir úr skák að í kjölfar langvarandi tímabils óðaverðbólgu stóðu mörg fyrirtæki frammi fyrir miklum örðugleikum sem kölluðu ekki einungis á aukið aðhald og hagræðingu í rekstri heldur grundvallarskipulagsbreytingar.

Eins og öllum er kunnugt hefur ríkisstjórnin ekki setið auðum höndum heldur gripið til margvíslegra aðgerða til þess að bregðast við þessum vanda. Að öðrum kosti hefði skapast hér alvarlegt ástand og atvinnulífið komist í þrot og atvinnuleysið orðið mun meira en raun ber vitni. Aðgerðir ríkisstjórnarinnar miðuðu að því að renna styrkari stoðum undir atvinnulífið með því að lækka skatta, ná niður vöxtum og treysta þannig almenn starfsskilyrði þess. Jafnframt hefur verið leitast við að draga úr áhrifum efnahagssamdráttarins á hag hinna tekjulægstu og efnaminni. Virðisaukaskattur á matvæli var lækkaður og aðstöðugjald fellt niður en hvort tveggja leiddi til verðlækkunar á helstu nauðsynjum. Einnig var tekjuskattur á fyrirtæki lækkaður verulega til að treysta atvinnulífið og styrkja samkeppnisstöðu fyrirtækja gagnvart erlendum keppinautum. Þá voru fjárframlög úr ríkissjóði til ýmissa framkvæmda og atvinnuskapandi verkefna aukin verulega til að hamla gegn atvinnuleysi. Þessar aðgerðir hafa aukið halla ríkissjóðs um sinn. Ríkisstjórnin mat aðstæður hins vegar svo að það væri réttlætanlegt til þess að tryggja stöðugleikann í sessi, enda yrði tekið á ríkissjóðshallanum strax og betur áraði.

Á þessu ári hefur árangur efnahagsaðgerðanna og stefnu ríkisstjórnarinnar komið glögglega í ljós. Í stað stöðnunar og jafnvel samdráttar undanfarandi ára birtast æ fleiri vísbendingar um að efnahagslífið sé að rétta úr kútnum og hagvöxtur sé tekinn að glæðast á nýjan leik. Engin merki eru þó um þenslu og verðbólga lítil og nánast engin samkvæmt nýjustu upplýsingum frá Hagstofu Íslands. Afgangur er á viðskiptajöfnuði og erlendar skuldir fara því lækkandi. Vextir hafa því lækkað og atvinnuleysi er minna hér en annars staðar. Loks eru horfur á að afkoma ríkissjóðs á árinu 1994 verði nær markmiðum fjárlaga en verið hefur um langt árabil.

Allt eru þetta merki um að þáttaskil hafi orðið í efnahagsmálum hér á landi. Þau má að verulegu leyti rekja til markvissra efnahagsaðgerða og umbóta í hagstjórn í tíð ríkisstjórnarinnar. Þá skiptir ekki síður máli sú samstaða og sá skilningur sem almenningur í landinu hefur sýnt þessum aðgerðum, m.a. nauðsyn þess að skapa þyrfti atvinnulífinu traust starfsskilyrði. Þessi ábyrga afstaða hefur ráðið miklu um þann stöðugleika sem við búum við nú.

Á sviði ríkisfjármála hefur aðhald í rekstri verið hert og ábyrgð stjórnenda aukin. Sjálf fjárlagagerðin er markvissari og ábyrgð einstakra ráðherra og ráðuneyta meiri en áður. Ýmsar aðrar umbætur hafa orðið í ríkisrekstri.

Ríkisstjórnin hefur markað ákveðna stefnu í útboðum á vegum ríkisins sem hefur skilað umtalsverðum sparnaði og aukið samkeppni. Þá er unnið að gerð þjónustusamninga milli ráðuneyta og stofnana, en með þeim verður reksturinn hagkvæmari og þjónusta við almenning betri. Einnig má nefna að á undanförnum árum hafa mörg ríkisfyrirtæki verið seld, Gutenberg, Jarðboranir, Ferðaskrifstofa Íslands, Íslensk endurtrygging, SR-mjöl og Þróunarfélag Íslands, og öðrum verið breytt í hlutafélög sem greiðir fyrir sölu þeirra síðar. Ríkisendurskoðun vinnur nú að sérstakri úttekt á þessum málum.

Með samningum milli fjmrn. og Seðlabanka hefur verið lokað fyrir yfirdrátt ríkissjóðs í Seðlabanka og frá síðustu áramótum hefur ríkissjóður alfarið mætt fjárþörf sinni á almennum lánamarkaði. Þessi breyting þjónar margvíslegum tilgangi. Hún veitir nauðsynlegt aðhald við meðferð á almannafé, stuðlar að eflingu innlends fjármagnsmarkaðar og sýnir mjög áþreifanlega þá þýðingu sem afkoma ríkissjóðs hefur fyrir þróun vaxta.

Á peningamarkaði hafa verið gerðar margvíslegar aðrar umbætur sem stuðla að frekari uppbyggingu verðbréfamarkaðar hér á landi. Þessar breytingar hafa gert Seðlabanka fært í ríkari mæli en áður að taka virkan þátt í viðskiptum á fjármagnsmarkaði og hafa þannig áhrif á vaxtaþróunina. Það, ásamt þeirri ákvörðun sl. haust að láta ríkissjóð leita á erlendan lánamarkað ef vextir lækkuðu ekki innan lands, átti stóran þátt

í þeirri vaxtalækkun sem náðst hefur.

Einnig vil ég geta þess að í þessari viku verður fyrsta útboð ríkissjóðs á skuldabréfum með tengingu við Evrópsku mynteininguna ECU og er fyrirhugað að þau verði framvegis tvisvar í mánuði. Með þessari nýjung er senn komið til móts við þarfir þeirra fjárfesta sem vilja dreifa áhættu og kaupa bréf í erlendri mynt og hamlað um leið gegn fjárstreymi úr landi.

Ég vil taka það fram að með þessu útboði er ekki verið að afla viðbótarfjár til ríkissjóðs heldur er ætlunin að nýta þetta fé til að greiða upp skammtímalán. Ríkissjóður hefur þegar aflað alls þess lánsfjár sem á þarf að halda á þessu ári. Styrkari stjórn efnahagsmála hér á landi hefur einnig leitt til hagstæðari lánskjara Íslendinga erlendis.

Ég hef nú farið nokkrum orðum um stefnumörkun ríkisstjórnarinnar, aðgerðir hennar og þann árangur sem stefnan hefur skilað. Næst vil ég gera stutta grein fyrir helstu niðurstöðum fjárlagafrv. og þeim áherslum sem þar ber hæst.

Í fyrsta lagi vil ég nefna, og það skiptir meginmáli, að með fjárlagafrv. er stefnt að því að lækka halla ríkissjóðs um þriðjung frá fjárlögum yfirstandandi árs. Þannig er gert ráð fyrir að halli ríkissjóðs árið 1995 verði 6,5 milljarðar kr. eða 3 milljörðum lægri en á fjárlögum ársins 1994. Þetta svarar til 1,5% af landsframleiðslu samanborið við 2,5% árið 1994. Lögð er áhersla á að betri efnahagshorfur verði nýttar til þess að minnka halla ríkissjóðs verulega á næsta ári.

Í öðru lagi lækka skatttekjur ríkissjóðs á næsta ári, þriðja árið í röð. Samkvæmt tekjuáætlun fjárlagafrv. lækka bæði heildartekjur og skatttekjur í hlutfalli við landsframleiðslu og þarf að fara allt aftur til ársins 1987 til að finna lægri skatthlutföll. Ríkisstjórnin mun því ekki grípa til skattahækkana til að draga úr halla ríkisins.

Í þriðja lagi lækka útgjöld ríkissjóðs á næsta ári um rúma 4 milljarða kr. að raungildi. Þetta endurspeglar þá staðföstu stefnu ríkisstjórnarinnar að freista þess að draga úr halla ríkissjóðs með aðhaldi og sparnaði í ríkisútgjöldum. Hlutfall ríkisútgjalda af landsframleiðslu á næsta ári verður einnig það lægsta sem mælst hefur frá árinu 1987. Ég vek sérstaklega athygli á því að útgjöld ríkisins á næsta ári verða tæplega 9 milljörðum kr. lægri að raunvirði en á árinu 1991. En á næstu fjórum árum þar á undan jukust þau um tæplega 20 milljarða kr.

Í fjórða lagi minnkar lánsfjárþörf ríkissjóðs og annarra opinberra aðila um þriðjung 1995 eða úr 22 millj. kr. í 14 millj. kr. Þetta svarar til 3,2% af landsframleiðslu en það er lægsta hlutfall sem mælst hefur í áratug. Minni lánsfjárþörf ríkisins skapar skilyrði fyrir lægri vöxtum en ella.

Þessi fjögur atriði sýna að ríkisstjórnin hyggst líkt og hingað til fylgja ábyrgri stefnu í ríkisfjármálum. Í fjárlagafrv. er því ekki að finna kosningavíxla eins og t.d. gerðist 1991 sem þó magnaðist upp einkum og sér í lagi vegna þess að ekki tókst að loka lánsfjárlagafrv. fyrr en löngu eftir áramót og þegar nær hafði dregið kosningum.

Ég mun nú gera grein fyrir helstu þáttum á tekju- og gjaldahlið fjárlagafrv. auk lánsfjármála.

Tekjur ríkissjóðs árið 1995 eru áætlaðar 109,4 milljarðar kr. samanborið við 106,8 milljarða á þessu ári. Aukin umsvif í efnahagslífinu styrkja tekjuhlið ríkissjóðs. Skatttekjurnar eru þó talsvert minni en við upphaf samdráttarskeiðsins á árinu 1991, hvort sem mælt er í hlutfalli við landsframleiðslu eða á föstu verðlagi.

Á móti tekjuauka vegna efnahagsbatans vegur lækkun tekna í kjölfar ýmissa skattbreytinga á þessu ári en áhrif þeirra skila sér ekki að fullu fyrr en á næsta ári. Þar má nefna lækkun virðisaukaskatts á matvælum, breytingar á tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga, lækkun skatts á gjaldeyri og brottfall sérstaks tímabundins tekjuskatts, svonefnds hátekjuskatts. Samanlagt lækka þessar breytingar tekjur ríkissjóðs um 1,5 milljarða kr. á næsta ári.

Þá vil ég nefna nokkur atriði sem lúta að hertu skatteftirliti og aðgerðum gegn skattsvikum. Í kjölfar tillagna nefndar sem ég skipaði á síðasta ári var störfum við skatteftirlit fjölgað og skatteftirlit þannig aukið verulega. Þá vinnur sérstök skrifstofa hjá embætti skattrannsóknarstjóra eingöngu að rannsóknum á svartri atvinnustarfsemi. Reglur um ýmsa frádráttarliði í rekstri fyrirtækja hafa verið endurskoðaðar og loks vil ég nefna að ég hef nýverið skipað sérstaka framkvæmdanefnd til að fjalla um þessi mál og koma með frekari tillögur til úrbóta.

Ríkisstjórnin hefur kannað rækilega ýmsa kosti er varða samræmingu í skattlagningu eignatekna og annarra tekna. Afgreiðslu þessa máls var hins vegar frestað, ekki síst vegna ábendinga um að álagning eignatekjuskatts kynni að valda vaxtahækkun og vinna þannig gegn þeim aðgerðum sem stjórnvöld beittu sér fyrir til að lækka vexti. Auk þess var bent á að sviptað gæti verið upp á teningnum vegna opnunar fjármagnsmarkaðarins gagnvart útlöndum og fjármagn kynni að streyma úr landi.

Heildargjöld samkvæmt fjárlagafrv. eru 115,9 milljarðar kr. og lækka um 0,5 milljarða kr. að raungildi frá fjárlögunum 1994 og um 4 milljarða kr. frá áætlaðri útkomu á þessu ári. Frá árinu 1991 hafa útgjöld ríkissjóðs lækkað um tæpa 9 milljarða kr. að raungildi. Helstu einkenni á gjaldahliðinni eru þau sem ég mun nú lýsa.

Áfram er unnið að því að efla þjónustu ríkisstofnana og auka hagkvæmni í rekstri þeirra. Áhersla er lögð á að auka ábyrgð stjórnenda og flytja ákvarðanir um rekstur sem næst vettvangi.

Framlög til skólastofnana aukast að raungildi frá fjárlögum í tengslum við stefnumótun í málefnum grunnskóla og framhaldsskóla. Þá er rekstur stærstu sjúkrahúsa landsins styrktur með hliðsjón af verkaskiptingu milli þeirra.

Í byrjun næsta árs taka gildi ný lög um húsaleigubætur. Hlutur ríkisins í þeim bótum er ákveðinn 400 millj. kr. en úthlutun bótanna verður á ábyrgð sveitarfélaga.

Áfram er lögð áhersla á stuðning við rannsóknir, þróun og markaðssókn. Á árinu 1995 sér þessa m.a.

stað í þátttöku í rannsóknaráætlun Evrópusambandsins og framlagi í nýstofnaðan lýðveldissjóð sem Alþingi samþykkti í sumar. Enn fremur er í undirbúningi stefnumótun um stuðning stjórnvalda við nýsköpun í atvinnulífi.

Gert er ráð fyrir að átaksverkefni sveitarfélaga og ríkisins til atvinnueflingar haldi áfram, þriðja árið í röð. Verkefnið hefur gefist vel og átt þátt í að atvinnuleysi á yfirstandandi ári er talið vera minna en spáð var í upphafi árs. Stjórnvöld hafa óskað eftir viðræðum við sveitarfélög um þetta mál eða aðrar hugsanlegar leiðir að sama marki.

Til að styrkja stöðugleika í ríkisfjármálum er stefnt að afnámi ákvæða um sjálfvirkar hækkanir á sköttum og bótagreiðslum. Þess í stað verði hækkanir ákveðnar við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni.

Mikilvægt er að efnahagsbatinn verði nýttur til þess að draga úr lánsfjárþörf hins opinbera og auka svigrúm atvinnulífsins til fjárfestingar og fjölgunar starfa.

Hrein lánsfjárþörf ríkissjóðs og annarra opinberra aðila, svo sem húsnæðiskerfisins, fjárfestingarlánasjóða og opinberra fyrirtækja, er áætluð 14,4 milljarðar kr. á árinu 1995, um þriðjungi minni en í ár. Frá árinu 1991 hefur hrein lánsfjárþörf hins opinbera lækkað úr 10% af landsframleiðslu í 3% miðað við áform fjárlagafrv.

Veruleg lækkun á lánsfjárþörf ríkissjóðs og hins opinbera stuðlar að enn frekari lækkun raunvaxta á innlendum lánamarkaði.

Í tíð núv. ríkisstjórnar hefur þannig margt áunnist. Nú þegar allt bendir til þess að umskipti til hins betra hafi orðið í efnahagsmálum og fram undan sé hægfara efnahagsbati er brýnt að marka og fylgja skýrri efnahagsstefnu til nokkurra næstu ára. Þar ber hæst mikilvægi þess að draga úr halla ríkissjóðs.

Fyrr á þessu ári kynnti ég skýrslu fjmrn. um áætlun í ríkisfjármálum til næstu ára. Skýrslan var unnin í samráði við Þjóðhagsstofnun og Seðlabanka Íslands. Í henni eru sýndar niðurstöður tveggja dæma um hugsanlega þróun efnahagsmála fram til ársins 1998. Þar kemur fram að eina örugga leiðin til þess að örva hagvöxt og efla atvinnulífið felst í stöðugleika í verðlagsmálum og lægri vöxtum. Forsenda fyrir því er að áfram verði dregið úr halla ríkissjóðs með ströngu aðhaldi í ríkisútgjöldum. Með því eykst svigrúm einstaklinga og fyrirtækja til athafna. Framleiðsla og eftirspurn í þjóðfélaginu eykst. Ný atvinnutækifæri verða til og atvinnuleysi minnkar.

Það er engin tilviljun að í nágrannaríkjunum er sífellt meiri áhersla lögð á stefnumörkun til lengri tíma, ekki einungis hjá stjórnvöldum heldur ekki síður hjá einkaaðilum. Skýringin er fyrst og fremst gjörbreyttar aðstæður á alþjóðamarkaði þar sem fjármagn streymir meira eða minna frjálst milli landa. Hér skipta væntingar miklu máli, ekki síst á peningamarkaði þar sem vaxtastigið er mikilvægur mælikvarði.

Þessi mál sem ég hef hér verið að ræða hafa verið fyrirferðarmikil í efnahagsumræðu á alþjóðavettvangi undanfarin missiri. Á sameiginlegum fundi efnahags- og fjármálaráðherra EFTA- og ESB-ríkjanna, sem haldinn var í Brussel í síðasta mánuði, og eins á ársfundi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Alþjóðabankans í Madrid í síðustu viku var breið samstaða um að meginviðfangsefni hagstjórnar á næstunni sé að skapa skilyrði fyrir auknum hagvexti og draga úr atvinnuleysi. Aðhaldssöm stefna í ríkisfjármálum og markviss áætlun um hvernig stjórnvöld hyggjast draga úr halla ríkissjóðs á næstu árum er veigamesta forsendan fyrir því að þessum markmiðum megi ná. Aðeins þannig er talið unnt að stuðla að áframhaldandi lækkun vaxta.

Virðulegi forseti. Þegar þessi ríkisstjórn tók við á árinu 1991 var stjórn efnahagsmála í uppnámi. Gífurlegur halli var á viðskiptum við önnur lönd. Yfirdráttarskuld ríkisins í Seðlabanka var yfir 10 milljarðar kr. Hallinn á ríkissjóði þrefalt meiri en fjárlög höfðu gert ráð fyrir. Lánsfjárþörf opinberra aðila nam hátt í 45 milljörðum kr. og gleypti allan sparnað landsmanna og gott betur. Vextir voru því háir. Þessari þróun hefur verið snúið við. Þrátt fyrir margvíslegt andstreymi vegna samdráttar í efnahagslífinu hefur ríkisstjórnin beitt sér fyrir miklum breytingum til þess að treysta undirstöður efnahagslífsins en þar var víða pottur brotinn. Stöðugleiki ríkir á öllum sviðum efnahagsmála. Verðbólgan er með því lægsta sem gerist í heiminum og samkvæmt nýjustu upplýsingum frá Hagstofunni er framfærslukostnaður heimilanna sá sami í dag og var fyrir einu ári. Afgangur er á viðskiptajöfnuði og erlendar skuldir þjóðarinnar farnar að lækka. Lánsfjárþörf ríkissjóðs og annarra opinberra aðila er nú einungis þriðjungur þess sem var þegar ríkisstjórnin tók við og sparnaður nær þrefalt meiri. Þá hafa vextir lækkað um nær helming. Enn fremur hefur tekist að koma í veg fyrir að atvinnuleysi ryki upp líkt og gerst hefur í flestum nágrannalöndum okkar. Af þessu má ráða að stefna ríkisstjórnarinnar hefur verið árangursrík. Ríkisstjórnin hefur gripið til almennra aðgerða til að treysta stöðu atvinnulífsins, m.a. lækkað og fellt niður skatta. Um leið hefur verið leitast við að verja kaupmátt almennings, m.a. með lækkun virðisaukaskatts á matvælum og sérstökum stuðningsaðgerðum við hina lægst launuðu. Jafnframt var gripið til tímabundinna atvinnuskapandi framkvæmda til að hamla gegn atvinnuleysi.

Um þessar aðgerðir hefur ríkt almenn sátt í þjóðfélaginu enda þær undirbúnar að höfðu samráði við aðila vinnumarkaðarins. Nú er svo komið að kaupmáttur ráðstöfunartekna heimilanna er farinn að aukast á ný og er gert ráð fyrir að framhald verði á þeirri þróun á næsta ári.

Á sviði ríkisfjármála hefur einnig margt áunnist. Ég vil sérstaklega nefna að frá árinu 1991 hefur tekist að lækka ríkisútgjöld um 7% að raunvirði eða sem nemur tæplega 9 milljörðum kr. Þetta er grundvallarbreyting og má til samanburðar nefna að næstu fjögur ár á undan jukust útgjöldin um tæplega 20 milljarða kr. Þá hefur yfirdráttur ríkissjóðs í Seðlabanka verið lagður af og tekin upp sú stefna að mæta fjárþörf ríkissjóðs alfarið á markaði. Með þessu hafa vaxtaákvarðanir færst út á markaðinn og efnahagsumhverfið styrkst til muna.

Þetta var einn mikilvægasti þátturinn í því að skapa

skilyrði fyrir þeirri vaxtalækkun sem orðið hefur. Þá er stefna ríkisstjórnarinnar um nýskipun í ríkisrekstri að skila árangri.

Það er þess vegna fyrir öllu að halda þessu uppbyggingarstarfi áfram á næsta ári og næstu árum. Við megum alls ekki fórna þeim ávinningi og stöðugleika sem náðst hefur að undanförnu. Skammtímahagsmunir verða að víkja fyrir mikilvægari markmiðum til lengri tíma, m.a. um frekari lækkun erlendra skulda, aukna atvinnu og varanlegan hagvöxt. Það er forsendan fyrir bættum lífskjörum til framtíðar.

Það er oft haft á orði að fjárlög á kosningaári séu marklaus því þá falli stjórnmálamenn oft í þá freistni að gefa út kosningavíxla og kaupa þannig atkvæði. Vissulega hefur raunin oft orðið sú á undanförnum árum. Dæmi frá síðustu kosningum árið 1991 er einna skýrast en þá voru útgjöld aukin verulega rétt fyrir kosningar með þeim afleiðingum að halli á ríkissjóði á kosningaárinu varð meiri en nokkru sinni fyrr. Það má ekki endurtaka sig. Þetta eru sem betur fer vinnubrögð sem almenningur telur ekki lengur boðleg. Þeir sem borga brúsann átta sig á því að viðbótarútgjöld og halli í dag þýðir einfaldlega skattahækkun á morgun.

Markmið fjárlagafrv. fyrir árið 1995 er að leggja grunn að auknum hagvexti á næstu árum, festa stöðugleikann í sessi, halda vöxtum lágum og auka atvinnu. Brýnasta verkefnið er að skapa víðtækan skilning á því að þetta sé eina færa leiðin til þess að treysta og bæta lífskjörin í landinu.

Alls staðar á Norðurlöndum hafa stjórnmálaflokkar, bæði til hægri og vinstri, sett fram hugmyndir um hvernig draga megi úr ríkisútgjöldum. Stjórnmálamönnum er ljóst að jafnmikil aukning ríkisútgjalda og verið hefur á undanförnum árum og áratugum getur ekki gengið. Ríkissjóður er ekki óþrjótandi peningauppspretta.

Í þessu sambandi vil ég nefna nokkur mikilvæg viðfangsefni. Í fyrsta lagi er brýnt að ná jafnvægi í ríkisfjármálum með aðhaldi í útgjöldum en ekki skattahækkunum. Ég vil af þessu tilefni leyfa mér að vitna til viðhorfskönnunar sem fjmrn. lét vinna nýlega. Þar var spurt um afstöðu fólks til þess hvort það teldi mikilvægt að draga úr halla ríkissjóðs og hvernig ætti að ná því markmiði. Niðurstöðurnar voru mjög afdráttarlausar, þ.e. stuðningur við þá stefnumörkun ríkisstjórnarinnar að draga úr halla ríkissjóðs en það studdu 84% þeirra sem tóku afstöðu. Þegar spurt var um hvernig fólk teldi æskilegt að ná því markmiði voru svörin einnig afdráttarlaus: Meira en fjórir af hverjum fimm töldu að draga ætti úr ríkisútgjöldum en innan við 8% að hækka ætti skatta.

Í öðru lagi vek ég athygli á því að á næstu árum munu útgjöld á ákveðnum sviðum velferðarmála aukast, m.a. vegna breyttrar aldursskiptingar þjóðarinnar og fjölgunar ellilífeyrisþega. Til þess að geta mætt auknum útgjöldum þarf að endurskoða forgangsröð verkefna, hagræða og beina greiðslum í auknum mæli til þeirra einstaklinga sem þurfa mest á þeim að halda en hætta að greiða þeim sem betur mega sín. Þannig má treysta stoðir velferðarkerfisins sem var fyrst og fremst byggt upp til að liðsinna þeim sem minnst mega sín.

Í þriðja lagi þarf að hagræða í ríkisrekstri, m.a. með sameiningu og fækkun ríkisstofnana. Fjárlagafrv. fyrir árið 1995 gerir strangar kröfur um aðhald í ríkisrekstri, ráðuneytin eiga m.a. að hagræða hjá sér um 2% í rekstri og víða annars staðar verður sparað. Tryggja þarf að nýjum útgjöldum verður mætt með sparnaði.

Í fjórða lagi tel ég eðlilegt og æskilegt að afskipti ríkisins beinist í ríkari mæli en nú að stuðningi við menntamál ekki síst rannsókna- og vísindastarfsemi um leið og dregið verður úr starfsemi sem einkaaðilar geta betur sinnt.

Í fimmta lagi er eðlilegt að afnema ríkisábyrgð á sem flestum sviðum, einkum hjá þeim opinberu fjármálastofnunum sem starfa í beinni samkeppni við einkaaðila því að hún skekkir samkeppnisstöðu á fjármagnsmarkaði og heldur uppi vöxtum. Besta leiðin til að tryggja það er að breyta ríkisbönkum og fjárfestingarlánasjóðum í hlutafélög og selja hlutabréfin. Þangað til er eðlilegt að þessir aðilar greiði sérstakt ríkisábyrgðargjald.

Virðulegi forseti. Það frv. sem hér er til umræðu er síðasta fjárlagafrv. þessarar ríkisstjórnar. Af því tilefni er eðlilegt að horft sé yfir farinn veg og spurt hvað hafi áunnist og hvernig við stöndum í samanburði við aðrar þjóðir. Ég hef bent á fjölmarga þætti sem horfa ótvírætt til framfara. Hér má nefna gerð rammafjárlaga, aukna ábyrgð einstakra ráðherra og umtalsverðan sparnað og lækkun útgjalda. Viðamiklar breytingar á peninga- og lánsfjármarkaði sem hafa leitt til lækkunar vaxta og ýmsar nýjungar í ríkisrekstri. Enn fremur hefur ríkisstjórnin gripið til umfangsmikilla aðgerða til að styrkja atvinnulífið og hamla gegn atvinnuleysi. Þá hafa skattar lækkað þrjú ár í röð og heildarskattbyrði sem hlutfall af landsframleiðslu reyndar ekki verið lægri síðan árið 1987. Þetta er mikilsverður vitnisburður þess að ríkisstjórnin hefur fylgt ábyrgri en um leið framsýnni stefnu í efnahagsmálum. Samanburður við aðrar þjóðir leiðir þetta enn rækilegar í ljós. Þannig er verðbólga hér á landi minni en í flestum iðnríkjum heims. Vextir eru einnig með því lægsta sem þekkist. Skuldir ríkissjóðs eru einnig minni en víðast hvar annars staðar. Loks er hallinn á ríkissjóði minni en í flestum nálægum löndum.

Með stefnufestu ríkisstjórnarinnar og samstöðu þjóðarinnar eru Íslendingar að komast upp úr efnahagslegum öldudal. Mikilvægt er að nýta batnandi árferði til að styrkja enn frekar það jafnvægi sem nú ríkir í efnahagsmálum. Markviss efnahagsstefna sem miðar að jafnvægi í ríkisbúskapnum er forsenda aukinnar framleiðslu í landinu, fjölgunar starfa og þar með batnandi lífskjara almennings. Með fjárlagafrv. er stigið mikilvægt skref í þessa átt.

Virðulegi forseti. Að svo mæltu legg ég til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjárln.

[14:12]

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Við höfum nú hlýtt á fjárlagaræðu hæstv. fjmrh. Hann er nokkuð borubrattur og hef-

ur dregið upp mikla glansmynd á sviði ríkisfjármála. Ég verð því miður að segja að það vantar nú að skyggnast á bakhliðina á þeirri mynd og draga fram ýmislegt sem hæstv. fjmrh. lét undir höfuð leggjast í sinni ræðu. Það er nefnilega ljóst hvers konar blekkingarleik hér er verið að fara með. Hæstv. fjmrh. hefur gumað af því að hann ætli sér ekki að leggja fram kosningafjárlög, hér séu ekki kosningavíxlar á ferðinni. Þetta er sniðug flétta, en hún er því miður gegnsæ. Þetta er sett þannig upp að opinberar framkvæmdir eru skornar niður og þegar talað er um hvaða áhrif það hefur á atvinnustigið þá er einfaldlega sagt: Atvinnulífið í landinu er komið í svo fínt lag undir núverandi ríkisstjórn að það mun taka við. En er þetta nú svona? Er myndin svona rakin, hrein og tær eins og hæstv. fjmrh. lætur í veðri vaka? Ég held ekki, því miður. Ég mun koma aðeins að því síðar.

Það sem fyrst kemur í hugann þegar fjárlagafrv. er skoðað er á hve traustum forsendum niðurstöður þess eru fengnar. Það er gert ráð fyrir því að halli fjárlaga verði 6,5 milljarðar á næsta ári, en lagt var upp á síðasta ári með 9,8 milljarða. En við skulum athuga það að þetta plagg sem hér liggur fyrir eru ekki staðreyndir. Þetta er áætlun yfir tekjur og gjöld ríkissjóðs á næsta ári. Niðurstaða fjárlaga á yfirstandandi ári verður alls ekki 9,8 milljarðar. Það er nú þegar orðinn 11 milljarða kr. halli á ríkissjóði á yfirstandandi ári og enn er árinu ekki lokið og það þrátt fyrir að tekjuaukning hafi verið 2,6 milljarðar á árinu, það sem af er. Útgjaldaaukningin varð bara einfaldlega miklu meiri. Þannig að frávikið nemur 6,4 milljörðum kr. Hér er því ekki um neinar staðreyndir að ræða og þess vegna er nauðsynlegt að skyggnast í það á hvaða forsendum þessi gerningur er byggður og hvaða forsendur liggja hér að baki.

Það er reiknað með því að hagvöxtur verði 1,4% á næsta ári. Það eru vissulega jákvæðar fréttir og ég ætla að vona að það markmið standist að hagvöxtur verði það, ekki veitir af, og sú forsenda fjárlagafrv. standist. En því miður er það svo að jafnvel þetta markmið er að mati Þjóðhagsstofnunar byggt á óvenju mikilli óvissu að þessu sinni.

Það hafa verið góð aflabrögð í ýmsum greinum á þessu ári. Úthafsveiðar hafa verið miklar, en því miður ríkir óvissa um hluta þessara úthafsveiða. Alger óvissa um það ef veiðar minnka í Smugunni eða á Svalbarðasvæðinu hvort önnur mið koma í staðinn. Vissulega vonum við að okkur takist að tryggja okkar rétt þar og halda uppi aflanum, en þessi forsenda er eigi að síður óviss. Því síður er hann kominn til fyrir snilli þessarar ríkisstjórnar því það var nú frekar að það væri dregið úr útgerðarmönnum að fara í þessar veiðar heldur en að það væri ýtt undir þá.

Fjárlagafrv. er byggt á því að atvinnuleysi næsta ár verði 4,9%. Það er gert mikið úr því að atvinnuleysi sé minna heldur en í nágrannalöndunum þar sem atvinnuleysi upp á tveggja stafa tölur hefur verið landlægt um árabil. En við stöndum eigi að síður í þeim sporum að atvinnuleysi hefur þrefaldast á þessu kjörtímabili og ég er hræddur um að hæstv. ráðherrar séu farnir að líta á þessa tölu eins og sjálfsagðan hlut og segja að ástandið sé bara harla gott. Og þá komum við að því, hvernig er brugðist við þessu? Hvernig á að halda atvinnuleysisstiginu svona? Er útlit fyrir að þetta markmið haldist? Er útlit fyrir að þetta verði minna eða meira?

Það er staðreynd að opinberar framkvæmdir samkvæmt frv. eru skornar niður um 24,9%. Og svarið við því hvaða áhrif þetta hefur á atvinnustigið er það, eins og ég rakti áðan, að atvinnulífið í landinu sé þannig á vegi statt að það taki við þessum niðurskurði. Fjárfesting er í lágmarki í þjóðfélaginu. Ég vil beina þeirri spurningu til fjmrh. hvort hann telji í raun að þetta gangi eftir, hvort atvinnulífið sé í raun tilbúið til þess að skapa fleiri störf á næstu árum?

Ég tók eftir því í framsöguræðu hæstv. fjmrh. áðan að hann fer með þessa fullyrðingu í framsöguræðu sinni: Með lægri vöxtum fjárfesta fyrirtæki meira og ráða til sín fleira fólk. Stenst þessi fullyrðing? Er lokið þeirri hagræðingarvinnu í fyrirtækjum sem fækkar fólki í stað þess að ráða til sín fleira fólk? Ég veit ekki betur en fyrirtæki hafi verið að fækka fólki á undanförnum árum en ekki ráða til sín fleira fólk. Ég veit ekki betur en í stórfyrirtækjum hér þá eigi fólk von á því enn þá, á hverjum degi, að fá sín uppsagnarbréf og það sé enginn öruggur um atvinnu sína. Þessi mynd ber a.m.k. ekki saman við þann heim sem ég lifi í, en ég veit ekki í hvaða heimi hæstv. ráðherrar lifa. Er búið þannig að nýsköpun og uppbyggingu nýrra atvinnufyrirtækja í þjóðfélaginu að þessi nýju atvinnufyrirtæki ráði til sín fleira fólk á næsta ári og fjárfesti í stórum stíl, t.d. í byggingum, vélakosti og öðru slíku? Ég vil spyrja hæstv. fjmrh. þessarar spurningar. Er eiginfjárstaða fyrirtækja orðin það sterk eftir erfiðleika undanfarinna ára að bati, ef hann verður í afkomu, sem vonandi verður, og það hefur verið bati í afkomu, verði ekki notaður til þess að bæta hana í staðinn fyrir að fara í auknar fjárfestingar? Telur hæstv. fjmrh. að atvinnufyrirtækin í landinu muni hella sér út í fjárfestingar á næstu árum í stað þess að bæta eiginfjárstöðu sína? Það er staðreynd að fjárfesting hefur verið mjög mikil á síðasta áratug og hún hefur verið það mikil, það viðurkennum við öll, að það hefur verið talað um offjárfestingu. Það er vannýtt atvinnuhúsnæði í mörgum greinum. Mun atvinnulífið fara í það á næsta ári að fjárfesta stórlega í byggingum og taka þannig á móti fleira fólki í byggingariðnaðinum? Ég stórefa að myndin sé svona björt eins og hæstv. fjmrh. dregur fram í einni setningu í sinni framsöguræðu.

Alþýðusamband Íslands hefur gefið út ályktun, eftir formannafund sinn, um þetta frv. og þá nálgast ég það atriði frv. sem gerir ráð fyrir að launaþróun á næsta ári verði í takt við batann í þjóðfélaginu og launahækkanir eða kaupmáttarhækkanir verði á bilinu 2–2,5% á næsta ári. Er líklegt að launafólk sé í því skapi núna að það markmið standist? Hefur jarðvegurinn verið undirbúinn þannig undir kjarasamninga, sem eiga að fara fram um áramótin, að það sé líklegt að þetta markmið náist? Að mati Alþýðusambands Íslands vantar 700 millj. upp á að það hafi verið staðið við fyrirheit um opinberar framkvæmdir til atvinnu-

aukningar og samkvæmt gögnum sem liggja fyrir frá þeim liggur fyrir að fjárfestingar til kaupa á nýrri björgunarþyrlu hafa verið taldar með fjárfestingum í þessu skyni. Ég held að þetta sé til þess fallið að fara í kringum hlutina og það er ljóst að á meðan þetta er ekki frágengið og þetta kemst ekki á hreint milli ASÍ og ríkisstjórnarinnar þá er ekki gott andrúmsloft í kjarasamninga, hvað þá þegar til viðbótar við þessar vanefndir kemur að opinberar framkvæmdir eru skornar stórlega niður til viðbótar og gengið á bak öllum orðum um framkvæmdir til atvinnuaukningar, sem m.a. hæstv. forsrh. var að ræða um sl. sumar. Vegaframkvæmdir í stórum stíl upp á eina 7 milljarða, sem að vísu átti að borga einhvern tíma í framtíðinni. En nú hefur greinilega verið snúið heldur harkalega við og reynt að setja upp þennan blekkingavef núna á kosningavetri.

Ég get ekki varist því að minnast á önnur samskiptamál ríkisstjórnarinnar í þessum fyrri ræðutíma mínum og það eru samskipti hæstv. ríkisstjórnar við sveitarfélögin sem eru með miklum endemum og þær tölur sem eru í frv. og varða þau geta auðvitað ekki staðist og gera það að verkum að þetta plagg stenst ekki raunveruleikann. Það er alveg ljóst að hæstv. fjmrh., hæstv. félmrh. og hæstv. forsrh. skrifuðu undir yfirlýsingu um það á sl. hausti að það yrði ekki framlengt 600 millj. kr. gjald sveitarfélaganna í Atvinnuleysistryggingasjóð. Þetta liggur fyrir skjalfest, en það er gengið á bak þessara orða í frv., auðvitað til stórtjóns fyrir öll samskiptin við sveitarfélögin. Hér segir t.d. Sigurður J. Sigurðsson, bæjarfulltrúi Sjálfstfl. á Akureyri, í viðtali við Dag nýverið, að langlundargeð manna sé á þrotum hjá sveitarfélögunum.

Það eru fleiri samskipti sem eru einkennileg varðandi sveitarfélögin. Þau hafa verið í skipulagsbreytingum, breytingum á verkaskiptingu sem áætlaðar eru á næsta ári. Það á að yfirtaka grunnskólann um mitt næsta ár. Þess sér hvergi stað í þessu frv. að það sé reiknað með neinum kostnaðarauka á sveitarfélögin þess vegna. Ég sé ekki betur en með þessari uppsetningu sé því máli stefnt í voða og það mál sé í uppnámi. Það er ekki reiknað með fjárveitingum í að framkvæma ný grunnskólalög, en sveitarfélögunum er vafalítið ætlað að gera það með þeim kostnaðarauka sem því fylgir. Það er líka ljóst að ríkisstjórnin lofaði því á síðasta hausti að Byggðastofnun kæmi með öflugum hætti inn í atvinnuuppbyggingu í sameinuðum sveitarfélögum. Í sameinuðum sveitarfélögum yrði gert átak í vegamálum. Hver einasta sveitarstjórn í sameinuðu sveitarfélagi sem hefur komið til viðtals við fjárln. undanfarna daga hefur minnt á loforðið og krafist efnda. En hverjar eru efndirnar? Byggðastofnun fær 25 millj. kr. í viðbótarframlag til að standa undir svokallaðri stefnumótandi byggðaáætlun. Það er góðra gjalda vert. Hitt er ljóst að skorið hefur verið niður til hennar fjármagn í stórum stíl á undanförnum árum. Hún hefur enga möguleika á að koma inn í atvinnuuppbyggingu í sameinuðum sveitarfélögum. Yfirlýsing ríkisstjórnarinnar er því markleysa ein. Yfirlýsingar hennar um vegamál eru hrein markleysa. Samskipti hæstv. ríkisstjórnar við sveitarfélögin, sem hún á að hafa samskipti við úti í þjóðfélaginu, stórspilla fyrir því trausti sem þarf að vera milli ríkis og sveitarfélaga til þess að þau samskipti séu skikkanleg og hægt sé að koma á eðlilegri verkaskiptingu milli þeirra.

Ég held að í þessu frv. sé ekki horfst í augu við raunveruleikann. Tekjur hafa stórminnkað hjá almenningi, fjöldi fólks er atvinnulaus, reiknað er með fimm prósent atvinnuleysi. Þess vegna krefst launafólk hlutdeildar í þeim bata og að eiga svolítið af þeirri glansmynd sem hefur verið dregin upp. Ekki er að sjá að það eigi neitt af henni. Hins vegar eiga þeir sem hæst hafa launin svolítið af henni vegna þess að hátekjuskattur hefur verið felldur niður og því er frestað enn um sinn að leggja skatt á fjármagnseigendur í landinu. Þetta frv. mun verða til þess að breikka bilið milli manna fremur en að jafna kjörin í landinu og það er miður.

[14:32]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Mig langar til að veita andsvar við tveimur atriðum úr ræðu hv. þm.

Í fyrsta lagi vék hann í máli sínu að því að ASÍ teldi að 700 millj. vantaði upp á að efnt væri loforð um fjárfestingu sem gefið var á sínum tíma. Ég vil eingöngu að það komi fram að við það loforð verður staðið. Það hefur margoft verið sagt. Hins vegar er rétt að vissar framkvæmdir á listanum hafa tafist, þar á meðal dómshús og reyndar skólabyggingar, en við þetta loforð verður að sjálfsögðu staðið. Ég vil láta það koma fram að fjárfestingar hafa reyndar aukist meira en ASÍ hefur tekið fram í sínum pappírum. Þetta er nauðsynlegt að komi fram. Þá er ekkert verið að tala um björgunarþyrlu í því sambandi þegar talað er um fjárfestingar.

Í öðru lagi er rætt um 600 millj. í frv. sem ætlast er til að sveitarfélögin leggi til vegna atvinnuátaks. Það er hárrétt að skrifað var undir í desember sl. af hálfu félmrh. og fjmrh. að ekki væri ráðgert að taka þetta upp með samsvarandi hætti í fjárlagafrv. 1995. Við höfum hins vegar óskað eftir viðræðum við þessa aðila til að þeir legðu sinn skerf fram til þessa átaks annaðhvort með sama hætti eða með öðrum hætti sem að gagni getur komið. Ástæðan er einföld. Átaksverkefnin hafa gengið vel og þau hafa komið sveitarfélögunum til góða. Við teljum að þetta séu verkefni sem séu hjálpleg, ekki síst vegna þess að mjög stutt er á milli þess fólks sem er annars vegar á atvinnuleysistryggingaskránni og hins sem er á félagslegu framfæri sveitarfélaganna. Þarna er straumur af fólki á milli og eðlilegt að líta á þetta í sameiningu. Á þetta vil ég leggja áherslu. Við höfum óskað eftir þessum viðræðum í trausti þess að sveitarfélögin muni vilja við okkur tala. Ég er sannfærður um að niðurstaðan verður jákvæð. Ég vil aðeins minna á það í lokin að útsvör eru borguð til sveitarfélaganna af atvinnuleysistryggingabótum.

[14:35]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það getur verið að ég sé eitthvað tregur en ég kem því ekki inn í kollinn á mér hvernig í sömu andrá er hægt að standa við þessar 700 millj. og skera síðan niður framkvæmdir á næsta ári um 3.300 millj. ef ég man rétt. En það er gott út af fyrir sig ef á að standa við þessar 700 millj. á þessu ári. Ég er hræddur um að forustumenn ASÍ muni horfa á þá tölu sem er í framkvæmdir á næsta ári, þann niðurskurð sem þar er, og verði ekki alveg fullkomlega ánægðir með þá niðurstöðu sem þar blasir við eða kaupi þær skýringar sem hæstv. ríkisstjórn gefur og fjmrh. mun áreiðanlega koma að síðar öðruvísi en í andsvari.

Varðandi sveitarfélögin og átaksverkefnin hef ég aldrei skilið þessa hringferð peninganna vegna þess að sveitarfélögin hafa um áraraðir verið í átaksverkefnum í atvinnulífinu og varið til þess peningum. Ég skil ekki þá hringferð að peningarnir þurfi að fara í Atvinnuleysistryggingasjóð og úthluta þeim svo aftur til sveitarfélaganna og stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs. Sveitarfélögin hafa um árabil verið í þessum átaksverkefnum og þetta er ekkert nýtt. Þetta er einhver slaufa, svo ég noti orðalag hv. 3. þm. Austurl., sem er útbúin til að láta þetta líta vel út. Ég held að það væri langréttast og best fyrir atvinnulífið í landinu að þetta væri lagt niður.

[14:37]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil endilega að það komi skýrt fram í upphafi þessara umræðna að þær 700 millj. sem verið er að tala um er verið að tala um vegna loforða sem ríkisstjórnin gaf um tilteknar framkvæmdir. Við það verður staðið. Það er rétt að töf hefur orðið á vissum framkvæmdum en við þetta verður að sjálfsögðu staðið.

Númer tvö er alveg hárrétt hjá hv. þm. að hringferð peninganna eða þessi slaufa, sem svo er kölluð, kann að virðast einkennileg. Ef það kemur í ljós í samtölum við sveitarfélögin að þau eru tilbúin til að láta af hendi álíka mikið fjármagn og þau hafa gert að undanförnu í ríkissjóð, í Atvinnuleysistryggingasjóð, til að auka atvinnuna er það að sjálfsögðu ásættanleg niðurstaða. Við erum einungis að benda á að við teljum ekki að sveitarfélögin geti verið stikkfrí. Ef þau vilja gera þetta með öðrum hætti er allt í lagi að fara öðruvísi að. En ég minni á að stutt er á milli þeirra sem eru á félagslegu framfæri bæjarfélaganna og hinna sem eru á atvinnuleysisskránni og eðlilegt er að þetta sé sameiginlegt verkefni ríkis og sveitarfélaga. Enn einu sinni minni ég á að af atvinnuleysistryggingabótunum greiðir ríkið alveg eins og um laun sé að ræða til sveitarfélaganna. Það kemur kannski mörgum á óvart þegar sagt er að af staðgreiðslunni sitji eftir 18 milljarðar hjá sveitarfélögunum en einungis 15 milljarðar hjá ríkinu þótt hlutfallið sé miklu hærra hjá ríkinu.

[14:39]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Vera kann að ASÍ hafi verið lofað tilteknum framkvæmdum. Þó hygg ég að þeir hafi hugsað á þeim bæ fyrst og fremst hvert heildarmagnið væri. Ég hef ekki trú á því að ASÍ hafi sérstakan áhuga á því að knýja fram byggingu á húsnæði fyrir Hæstarétt og að það sé eitthvert sáluhjálparatriði fyrir Alþýðusambandið. Auðvitað eru það heildarupphæðirnar sem skipta máli í þessu sambandi. En það er góðra gjalda vert ef standa á við loforðið um 700 millj. á þessu ári en það breytir ekki þeirri mynd sem fram undan er í þessum efnum.

Varðandi sveitarfélögin þá efast ég ekki um að þau séu fáanleg til að leggja fé til atvinnumála eins og þau hafa alltaf verið. Ekkert var rætt um það í þessari yfirlýsingu. Rætt var um að þessi skattur yrði ekki innheimtur áfram. Einhver sagði nú, mig minnir að það hafi verið flokksbróðir hæstv. fjmrh., formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga: „Orð skulu standa.“ Það er gengið á bak þessara orða í fjárlagafrv. En ekki ætla ég að lasta það að teknar verði upp viðræður um það eftir á. Það hefði verið betra að gera það áður en frv. var lagt fram til að forðast þau illindi sem þegar eru orðin við sveitarfélögin.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Áður en umræðan heldur áfram vill forseti lesa bréf sem barst eftir að umræðan var hafin.

Það er til forseta Alþingis, dags. 11 okt. 1994.

„Með vísan til 3. mgr. 55. gr. laga um þingsköp Alþingis leyfi ég mér að óska eftir því fyrir hönd þingflokks Alþb. að umræðutími við 1. umr. um frv. til fjárlaga verði tvöfaldur vegna mikilvægis þeirra efnahagsmála og efnahagsstefnu sem fjárlagafrv. felur í sér.“

Undir bréfið ritar Guðrún Helgadóttir, starfandi formaður þingflokksins.

Skýr ákvæði eru í þingsköpum um þetta atriði. Þar segir í 55. gr.:

Hver þingflokkur á rétt á að fá ræðutíma samkvæmt þessari málsgrein lengdan, [þ.e. varðandi 1. umr. um lagafrv.] allt að tvöföldum tíma, ef fyrir liggur rökstudd beiðni þar að lútandi áður en frv. er tekið til umræðu.

Forseti vill upplýsa að fyrir hádegi kom hv. 8. þm. Reykn. að máli við forseta og spurði með hvaða hætti umræðan færi fram. Forseti tjáði honum að hún ætti von á því að beðið yrði um lengri umræðu, þ.e. tvöfaldan ræðutíma. Forseti tekur það fram að hún sagði að hún „ætti von“ á að beðið yrði um það og ef svo yrði þá yrði þetta tvöfaldur ræðutími. Síðan kom í ljós í upphafi fundar að ekki lá fyrir beiðni og því miður er þessi beiðni sem mér hefur síðar borist of seint fram komin þar sem umræðan var hafin þegar það bréf barst og því ekki hægt að verða við henni.

[14:43]

Ólafur Ragnar Grímsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Það er rétt að ég gerði mér sérstaka ferð á skrifstofu forseta hér fyrir hádegi til að ganga úr skugga um þetta atriði. Forseti sagði ýmislegt fleira en hún greindi frá hér áðan, m.a. sagði hún við mig sem fyrsta svar að hún reiknaði með því að ræðutíminn yrði tvöfaldur. Það orðalag tók ég sem nánast ákvörðun um að svo yrði. Ég skildi orðaskipti mín við forseta á þann veg að málið væri í raun og veru frágengið enda hvarflaði varla að mér annað en að umræða um svo mikilvægt frv. sem þetta fengi tvöfaldan ræðutíma. Ég skildi ummæli forsetans í morgun þannig að það væri frágengið að ræðutími yrði tvöfaldur. Í þingsköpum stendur ekkert um að sú beiðni verði að berast skriflega að ræðutíminn sé tvöfaldur. Ég taldi erindi mitt til forseta fyrir hádegi í morgun vera að ganga úr skugga um það að ræðutíminn yrði tvöfaldur og ég skildi forseta þannig af orðalagi hennar að hún reiknaði með að svo yrði. Það er ekki í vitund minni að slíkar beiðnir þurfi að berast skriflega. Ekkert stendur um það í þingsköpum og venjulega hefur það dugað í þinginu að menn gangi á fund forseta til að ræða slík mál. Ég harma það mjög ef slíkur misskilningur á að verða til þess að menn fái ekki nægilega ríflegan tíma til að ræða þetta mikilvæga mál.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Sú venja hefur skapast síðan þetta ákvæði var tekið upp í þingsköp að slík beiðni, sem hér er um að ræða, berst bréflega.

[14:45]

Kristín Ástgeirsdóttir *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Eins og vitnað hefur verið til þá segir í 55. gr. þingskapalaga að hver þingflokkur eigi rétt á að fá tíma, samkvæmt þessari málsgrein lengdan, allt að tvöföldum ræðutíma ef fyrir liggur rökstudd beiðni þar að lútandi áður en frv. er tekið til umræðu. Ég vil upplýsa það að áður en umræða hófst gekk ég á milli stjórnarandstæðinga sem sæti eiga í fjárln. og spurði þá að því hvort þeir ætluðu að biðja um lengri ræðutíma og því var svarað neitandi nema hv. þm. Guðrún Helgadóttir sem taldi sig þurfa lengri tíma en það varð þó ekki til þess að formleg beiðni kæmi fram. Ég býst við að ef við hefðum sameinast um slíka beiðni þá hefði forseti orðið við því. En kannski má segja að við stjórnarandstæðingar hefðum þurft að bera saman bækur okkar eða að þeir þingflokkar sem hefðu óskað eftir lengri tíma hefðu átt að koma slíkri beiðni á framfæri. Það hlýtur alla vega að vera ljóst að umræðan er hafin, hæstv. fjmrh. hefur flutt ræðu sína og þar að auki einn af talsmönnum stjórnarandstöðunnar. Við verðum því að gjöra svo vel og sæta því að umræðan er hafin og samkvæmt þingsköpum er ekki hægt að breyta þessu.

[14:46]

Ólafur Ragnar Grímsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Samkvæmt þeirri venju, sem ég hef kynnst í þinginu jafngildir það formlegu erindi þegar formaður þingflokks eða formaður flokks gerir sér sérstakt erindi til forseta þingsins til að ræða fyrirkomulag umræðu. Það er eitthvað algerlega nýtt fyrir mér að samskiptahættir séu orðnir þannig í þinginu að slíkt þurfi að vera skriflegt.

Erindaflutningur á skrifstofu forseta hefur að mínum dómi jafngilt beiðni. Ég taldi mig vera að flytja slíka beiðni fyrir hádegi til forseta þingsins og taldi mig skilja svör forseta á þann veg að þar sem hún reiknaði með því væri málið í höfn. Það vil ég að komi alveg skýrt fram.

Ástæðan fyrir því að ég ræddi þetta ekki fyrr var að við sammæltumst um það ég og formaður þingflokks Sjálfstfl. að ég skyldi ekki koma með þetta beint í kjölfar ræðu fjmrh. heldur væri tækifæri til að ræða málið undir ræðu hv. þm. Jóns Kristjánssonar.

[14:48]

Guðmundur Bjarnason *(um fundarstjórn)*:

Virðulegur forseti. Ég vil aðeins upplýsa það út af umræðunni um ræðutímann eða málsmeðferðina á fundinum að í lok fundar fjárln. í morgun kom aðeins til tals okkar á milli hver ræðutíminn yrði í dag við 1. umr. fjárlaga og hvort það væri álit manna að þörf eða ástæða væri að biðja um lengda umræðu. Það varð reyndar ekki niðurstaða í því og ég átti síðan viðræður við nokkra fulltrúa í stjórnarandstöðunni, kannski ekki alla. Við bárum saman bækur okkar og það varð niðurstaða okkar að biðja ekki um þessa lengdu umræðu enda kannski verið á forræði þingflokksformanna eða flokksformanna að hafa um það forgöngu enda þótt álit nefndarmanna í viðkomandi nefnd sem fjallar um viðkomandi þingmál hljóti auðvitað líka að skipta máli. En þetta varð niðurstaða okkar.

Ég þykist muna það rétt að í fyrra, fyrir ári síðan þegar fjárlagafrv. var til 1. umr., þá hafi það verið þingflokkur hæstv. fjmrh. sem bað um lengda umræðu en ekki fulltrúar stjórnarandstöðunnar. En það er vissulega rétt sem hér hefur komið fram að hér er auðvitað um að ræða afar þýðingarmikið mál, eitt af stærstu málum sem hvert þing fjallar um, þ.e. fjárlög hæstv. ríkisstjórnar eða fjárlagafrv., og því hefði vafalaust verið ástæða til að ræðutíminn væri tvöfaldur og ekki hef ég á móti því að það yrði gert, síður en svo, en það var sem sagt niðurstaða þeirra fulltrúa stjórnarandstöðunnar sem röbbuðu saman í morgun og eiga sæti í fjárln. að fara ekki fram á það.

[14:50]

Geir H. Haarde *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Við erum hér að ræða um framkvæmd á ákvæði sem er eins árs gamalt í þingsköpunum, var tekið inn við breytingar fyrir ári síðan. Á því eina ári sem síðan er liðið hefur sú venja skapast að þegar farið er fram á lengdan ræðutíma, þá er það gert með bréfi sem skrifað er fyrir hönd viðkomandi þingflokks, það eru þingflokkar sem eiga þennan rétt, þannig að það hefur verið framkvæmdin á þessu atriði frá því að þetta ákvæði kom inn í lögin.

Hins vegar er það svo að í morgun hefur greinilega orðið einhver misskilningur milli manna þegar verið var að tala um þetta. Ég held að þetta mál sé alveg ljóst, hver efnisatriði þess eru. Það er rétt sem hv. síð-

asti ræðumaður sagði. Í fyrra þegar beðið var um tvöfaldan ræðutíma í fjárlagafrv. var það gert með bréfi sem ég skrifaði fyrir hönd þingflokks sjálfstæðismanna vegna þess að þá lá fjmrh. kannski meira á hjarta en í dag og við komum okkur saman um að það væri ástæðulaust að biðja um það að þessu sinni. En auðvitað höfðu aðrir þingflokkar þennan sama rétt. En sem sagt, þessi beiðni kom ekki frá okkur og hún kom heldur ekki frá öðrum fyrir tilsettan tíma. Þannig liggur nú í þessu máli.

[14:51]

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Nú í upphafi síðasta þings núv. ríkisstjórnar er áhugavert að líta í bækling sem þessi ríkisstjórn sendi frá sér í upphafi starfs síns og bar heitið Velferð á varanlegum grunni, stefna og starfsáætlun ríkisstjórnar Sjálfstfl. og Alþfl. Ekki síst er ástæða til að skoða loforð ríkisstjórnarinnar þegar hún leggur fram síðasta frv. sitt til fjárlaga. Það frv. hlýtur að verða nokkur mælikvarði á hvernig til hefur tekist um stjórn landsins.

Því miður er það svo að torvelt er að ræða þau mál á málefnalegan hátt og það á til allrar ólukku við um öll önnur þjóðmál. Svo virðist sem þeir sem landinu stjórna hreyki sér af því sem sæmilega tekst en eru ábyrgðarlausir með öllu þegar illa tekst til. Gagnrýnislaus umfjöllun sýnist nægja fólki til að mynda sér skoðun á aðgerðum stjórnvalda og þegar ég segi gagnrýnislaus umfjöllun á ég kannski fyrst og fremst við þá tilhneigingu sem menn hafa til að setja allt undir einn hatt, viðhafa hnjóðsyrði um öll störf Alþingis, meta lítið það sem vel er gert og láta sér þess vegna fátt um finnast þó alvarlega sé misfarið með vald. Þessi hirðuleysislega umfjöllun fer því miður einnig fram í þingsal á stundum sem er mjög miður. Það er þess vegna eins víst að fæstir taki loforðaskrá nýrrar ríkisstjórnar alvarlega og því sé áðurnefndur bæklingur ríkisstjórnarinnar léttvægur þegar líður að lokum kjörtímabils. Ég ætla þó að leyfa mér að blaða í gegnum hann og rifja upp helstu áhersluatriði hans.

Í fyrsta kafla sem heitir Framtíðarsýn segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„*Ríkisstjórnin vill tryggja stöðugleika í efnahagslífinu og stuðla þannig að því að sættir takist um sanngjörn kjör.* Hún mun í þessu skyni beita sér fyrir aðgerðum í skatta- og félagsmálum, sem koma hinum tekjulægstu til góða."

Hæstv. ráðherrar guma mjög af stöðugleika í efnahagslífinu og benda á að tekist hefur að halda niðri verðbólgu. Víst er það mikilvægt. En ég er hrædd um að enginn stöðugleiki sé sýnilegur á heimilum launþeganna í landinu. Komið hefur fram að hver launþegi innan ASÍ með meðaltekjur 111 þús. kr. á mánuði hefur misst 300–400 þús. kr. vegna aðgerða ríkisstjórnarinnar í skatta- og félagsmálum eins og þar sagði. Hverjum það hefur komið til góða, eins og þar sagði einnig, er erfitt að sjá.

Næsti kafli heitir Ráðdeild í ríkisrekstri. Þar stendur m.a.: „Ríkisstjórnin hyggst auka aga og ráðdeild í opinberum rekstri." Eftir umræðu síðustu vikna um grófa misnotkun almannafjár hljómar þetta eins og hver önnur aulafyndni. Ekki tekur betra við þegar fjallað er um sölu ríkisfyrirtækja. Þar segir m.a.:

„Þá hefur ríkisstjórnin einsett sér að breyta ýmsum opinberum stofnunum og fyrirtækjum í hlutafélög er verði, a.m.k. fyrst um sinn, í eigu ríkisvaldsins, en hlutabréf í þeim verði síðan seld. Þessi fyrirtæki og stofnanir eiga að starfa við sambærileg skilyrði og almenn fyrirtæki enda gildi um reksturinn almennar bókhalds- og skattareglur. Þess verður gætt að einkafyrirtækjum verði ekki afhent einokunaraðstaða á markaði."

Frú forseti. Menn geta svo skoðað örlög Skipaútgerðar ríkisins og síðar Samskipa og samkeppnisstöðuna gagnvart Eimskipum og salan á Síldarverksmiðjum ríkisins er saga út af fyrir sig sem raunar hefur verið beðið um skýrslu um í hv. fjárln. Í kafla sem heitir Frá vanda til velferðar segir m.a.:

„Ríkisstjórn Sjálfstfl. og Alþfl. mun standa vörð um afkomuöryggi landsmanna og jafna tækifæri þeirra og lífskjör."

Hvaða leið skyldi þessi sama ríkisstjórn hafa valið til þess að ná því markmiði? Jú, þá að stórauka greiðslubyrði sjúklinga og fatlaðs fólks, lækka tekjur aldraðra, lækka greiðslur til foreldra ungra barna og skera niður Lánasjóð ísl. námsmanna svo að eitthvað sé nefnt.

Í kafla sem ber heitið Íslenskir atvinnuvegir efldir segir m.a.:

„Aðgerðir til eflingar atvinnulífi landsmanna munu miða að því að viðhalda stöðugleika í efnahagsmálum og tryggja atvinnu- og afkomuöryggi launafólks."

Afrakstur þessara fögru fyrirheita er sá að fjárlagafrv. ársins 1995 gerir ráð fyrir 4,8% atvinnuleysi. Meira en 6.000 Íslendingum er ofaukið á vinnumarkaðinum. Þessum útilegumönnum samfélagsins er ofaukið og ekki horfur á að það breytist. Það er að vísu ekki mikið rætt um jafnrétti kynjanna í hvítu bókinni svo að segja má að ekkert sé svikið þar. En ljóst er að atvinnuleysisvofan sækir ekki síst að konum sem ævinlega eiga í vök að verjast á vinnumarkaðinum.

Hæstv. forseti. Það sem hér hefur verið talið upp af loforðum þessarar ríkisstjórnar er aðeins lítið brot af því sem lofað var og svikið. Það var því furðulegt að horfa á glaðhlakkalega ráðherrana gera að gamni sínu hér í þingsölum í gær og merkja í engu áhyggjur af því ástandi sem íslenska fjölskyldan horfir framan í þessa dagana. Sýnu meiri áhyggjur mátti greina í svipbrigðum fulltrúa Þjóðhagsstofnunar á fundi með fjárln. í fyrradag. Vissulega hefst þjóðhagsáætlun á þessum orðum með leyfi hæstv. forseta:

„Batamerki má nú víða sjá í efnahagslífinu" og rætt er um að mikilsverður árangur hafi náðst á sviði efnahagsmála á undanförnum árum. Í hvítu bókinni var lofað hallalausum fjárlögum í árslok 1993 en fjárlagafrv. það sem nú liggur fyrir gerir ráð fyrir 6,5 milljarða halla á árinu 1995 sem er auðvitað óraunhæft með öllu. Sú hallatala er óraunhæf vegna þess að hún byggist á svo mörgum óvissuþáttum að erfitt er að taka mikið mark á henni.

Um áramót eru kjarasamningar lausir og þrátt fyrir það að þorri launþega hafi nú laun sem nægja ekki fyrir brýnustu lífsnauðsynjum er ekki gert ráð fyrir neinum launahækkunum. Halda menn virkilega að launþegar sætti sig við ástandið í launamálum einu sinni enn? Það held ég ekki. Ég tel að svo sé búið að herða að launafólki að það sé tilbúið til aðgerða. Það hefur þegar fært þær fórnir sem hugsanlega er hægt að ætlast til án þess að nokkru sé skilað til baka. Traust launamanna á ríkisstjórninni er ekki fyrir hendi lengur. Það er engin þjóðarsátt á dagskrá lengur.

Eitt af loforðum ríkisstjórnarinnar í hvítu bókinni var að endurskoðuð skyldu frá grunni lög um starfsmanna- og kjaramál ríkisins og skilgreind á ný réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins eins og þar segir á bls. 19. Hvar er sú endurskoðun?

Launakerfið í landinu er einfaldlega ónýtt. Launamenn allt upp í launaflokka sem einu sinni gáfu þokkalega framfærslumöguleika taka nú laun sem eru langt undir því sem sannanlega þarf til nauðþurfta og lægstu laun eru litlu hærri en atvinnuleysisbætur. Og hefði það nú einhvern tíma þótt ógnvænlegt að lítill munur væri á vinnulaunum og atvinnuleysisbótum. Sú var tíðin að grunnhugmyndin að baki velferðarkerfisins var sú að það skyldi aldrei vera betri kostur en vinnulaun. Sú spurning verður því enn áleitnari hvort efnahagsbatinn ber í sér þá framtíðarsýn að við Íslendingar séum á leið til þess þjóðfélags sem vinir okkar Danir búa nú við en þar þiggja nú 40% landsmanna framfærslu hins opinbera án þess að vinna nokkuð fyrir þeim. Sú leið held ég að hæfi Íslendingum ekki vel enda er atvinnuleysi eitt versta böl hverrar þjóðar. Ég trúi því þess vegna ekki að launþegasamtökin sætti sig við áform ríkisstjórnarinnar um að kaupmáttur aukist lítillega og milli 6 og 7 þúsund vinnufúsra Íslendinga gangi atvinnulausir. Sú forsenda fjárlagafrv. er því ómarktæk.

Annað er það atriði sem þjóðhagsspá gerir ráð fyrir sem er byggt í mýri en það er að úthafsveiðar Íslendinga verði jafnmiklar og á þessu ári. Grunur minn er sá að framganga Íslendinga í Smugunni og við Svalbarða verði ekki til að tryggja hlut Íslendinga þar og jafnvel skaði okkur í samningum á öðrum svæðum. Það mál skal ekki rætt hér en ástæða er til að harma það mál allt. Sá stundargróði getur orðið að miklu tapi ef ekki er að gætt. Víst eiga þau 40 þúsund tonn sem á þessum svæðum veiddust sterkan þátt í efnahagsbataanum svonefnda ásamt milljarða uppgripum í loðnuveiðum en þarna er heldur ekkert á vísan að róa. Vissulega eru fiskveiðar okkar alltaf óvissuþáttur þegar um þjóðarhag er rætt en það er ótrúleg dirfska að reikna með að ævintýri ársins sem er að líða endurtaki sig. Fiskifræðingar eru tiltölulega bjartsýnir varðandi loðnuveiðar og spáð er hækkandi fiskverði en allt er þetta óvissunni háð. Þá er spáð þriggja milljarða samdrætti í fjárfestingum sem vitanlega krefst aukinna ríkisútgjalda. Síðast en ekki síst er gert ráð fyrir svipuðum þorskafla á heimamiðum og verið hefur sem líkur benda til að sé með öllu óraunhæft. Það er því ljóst að forsendur fjárlagafrv. eru í hæsta máta vafasamar og því frv. allt viðlíka vafasamt.

Hæstv. forseti. Það er e.t.v. til lítils að fara yfir frv. lið fyrir lið við þessa 1. umr. Til þess gefst betra tækifæri við 2. umr. Minni hluti fjárln. fékk frv. í hendur um leið og aðrir hv. þm. og af ástæðum sem áður hafa komið fram hitti nefndin í heild fulltrúa fjmrn. ekki fyrr en í morgun. Fjölmörgum spurningum var því ósvarað þegar þessi orð voru sett á blað og er raunar enn og ekki bætir úr skák að í gær var lagt fram frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1994, sem auðvitað er samtengt hinu nýja frv. og þyrfti að ræðast í samhengi við ríkisbúskapinn á næsta ári, en enginn tími gafst til skýringa á því. Ég mun því einungis gera athugasemdir við meginlínur í frv. til fjárlaga 1995 nú en fara nánar í saumana á því við 2. umr.

Áætlaðar tekjur eru 109,5 milljarðar en gjöld 116 milljarðar, þ.e. fjárlagahallinn er áætlaður 6,5 milljarðar. Eins og áður er aðeins ákveðnum hluta launþega ætlað að bera skattbyrðina og engir tilburðir eru sýnilegir til að ná til þeirra sem mikið fjármagn eiga. Mér er ekki eins sárt um hátekjuskattinn sem ríkisstjórnin er nú að heykjast á. Það er vegna þess að hann bitnaði á ýmsum þeim sem síst skyldi, ýmist þeim sem hafa mjög sveiflukenndar tekjur, t.d. sjómönnum, og ungu fjölskyldufólki sem mest þarf á fé að halda vegna íbúðakaupa og þungrar framfærslu. Tekjumarkið var einfaldlega of lágt og bitnaði ekki á þeim sem yfir verulegu fjármagni ráða. Það fjármagn fær að æxlast og auka kyn sitt í friði á meðan launafólk aflar til samneyslunnar. Fjármagnsskattur væri mun skynsamlegri leið til tekjuöflunar en hátekjuskattur af tekjum sem síst eru of háar.

Það er ljóst að stefna ríkisstjórnarinnar er enn sem fyrr að auka bilið milli hinna ríku og hinna fátæku, enda verðum við að viðurkenna að við notum nú orð hér í þingsölum sem ekki heyrðist oft fyrir nokkrum árum, þetta skelfilega orð: fátækt. Fátækt er nefnilega orðin staðreynd í þessu auðuga landi. Misskiptingin og óréttlætið daglegur fylgifiskur þúsunda manna. Haldi menn að þetta sé efnahagsbati er það rangt. Slíkur efnahagbati á eftir að hefna sín grimmilega. Verði ekki snúið frá þessari stefnu misskiptingar í samfélaginu er þessi þjóð í vanda sem erfitt getur reynst að ráða við.

Það er athyglisvert að skatttekjur ríkissjóðs lækka þriðja árið í röð í hlutfalli við landsframleiðslu. Þær lækkuðu á þessu ári þrátt fyrir 7 milljarða happdrættisvinning í fiskveiðum. Skattar fyrirtækjanna lækkuðu nefnilega en skattar launþeganna hækkuðu. Heildarútgjöld lækka um hálfan milljarð kr. samkvæmt frv. Það er hins vegar áhyggjuefni að skuldir sveitarfélaganna eru nú komnar í þrjá milljarða kr. Er enginn vafi á því að ríkisvaldið hefur flutt verulegan fjárhagsvanda sinn yfir til sveitarfélaganna. Og enn á að láta þau bera 600 millj. af útgjöldum Atvinnuleysistryggingasjóðs sem sveitarfélögin hafa eðlilega mótmælt.

Engin áform eru sjáanleg um afnám lánskjaravísitölu, en um það mál verður umræða hér innan tíðar þegar frv. þess efnis kemur á dagskrá en hv. 6. þm. Suðurl., Eggert Haukdal, hefur um árabil barist fyrir því máli. Ég vil hvetja alla hv. þm. að lesa grein eftir Guðmund J. Guðmundsson, fyrrv. hv. þm. og for-

mann Dagsbrúnar, í Morgunblaðinu 8. okt. sl. þar sem hann bendir á fáránleika þessarar vísitölu, sem felur í sér að í hvert sinn sem laun hækka, hækka skuldir jafnframt. Ég trúi því sjálf að þjóð sem um langt skeið hefur búið við verðbólgu reyni að sjá svo til að það gerist ekki á ný. En þá verður hún að trúa því sjálf. Lánskjaravísitala er hins vegar staðfesting á því að stjórnvöld trúa því ekki sjálf að verðbólgu verði haldið niðri. Ef þau gerðu það væri lánskjaravísitalan afnumin.

Hæstv. forseti. Í frv. til fjárlaga er það staðhæft á bls. 263 að erlendar skuldir muni lækka úr 55% í 52% á árinu 1995, þ.e. af landsframleiðslu, og um að 33% af útflutningstekjum muni fara til greiðslu vaxta af erlendum skuldum á þessu ári. Á árinu 1995 munu hins vegar 26,5% af útflutningstekjunum fara í greiðslu vaxta. Þess vegna mætti ætla að erlendar skuldir ríkissjóðs færu lækkandi. Þetta er hins vegar ekki svo því hér er ekki einungis um að ræða erlendar skuldir ríkissjóðs heldur allar erlendar skuldir. Nákvæm tala yfir erlendar skuldir ríkissjóðs er ekki auðfundin í frv. En fulltrúar fjmrn. upplýstu í fjárln. í morgun að þær hefðu hækkað.

Ég hef áður lagt á það áherslu, hæstv. forseti, að of lítið hafi verið gert af því að greiða af erlendum skuldum þegar viðkomandi gjaldmiðill væri á hagstæðu gengi. En samkvæmt upplýsingum sömu fulltrúa ráðuneytisins hefur nú nokkuð verið gert af því. Ég fagna því að þær ábendingar hafa verið virtar.

Þrátt fyrir efnahagsbatann er áætlað að tekjuhlið fjárlaga lækki um 1,5 milljarða en útgjöld aukist um 2%. Heildartekjur árið 1994 jukust um 2,8 milljarða eða 1,7% milli ára en í frv. fyrir árið 1995 er spáð 2% samdrætti milli þjóðartekna og þjóðarútgjalda.

Nú er ég hrædd um, hæstv. forseti, að ég verði aðeins að hlaupa hér yfir nokkurn kafla í ræðu minni. Ég vil taka það fram að ég gerði einnig ráð fyrir að frá því hefði verið gengið að tvöfaldur tími gæfist til að ræða þetta mikilvæga mál en það var greinilegt að svo var ekki.

Í stuttu máli held ég að þetta fjárlagafrv. sé óraunhæft. Ég vona að það eigi eftir að taka miklum breytingum. Það er hins vegar athyglisvert — og ég vildi að ég hefði tíma til þess að fara í gegnum þau áhersluatriði sem ríkisstjórnin leggur fyrir — en ég vil þó geta þess að hér er talað um framlög til EFTA eins og það eigi að starfa allt árið. Ég vil upplýsa það að á fundi sem við EFTA-nefndarfólkið áttum með Kjartani Jóhannssyni framkvæmdastjóra EFTA í Bern fyrir skömmu þá sagði hann að ákveðið væri að EFTA starfaði af fullum styrk til áramóta. Áætlaður tími til að draga starfsemina saman væri sex mánuðir. Hann sagði engar endanlegar ákvarðanir verða teknar fyrr en í desember þegar allar þjóðaratkvæðagreiðslur um inngöngu EFTA-landa í ESB væru afstaðnar. Hann sagði umræður um framtíð EFTA ganga út á að annaðhvort væri að leggja það niður eða viðhalda lítilli skrifstofu. Hann ítrekaði að dýrt mundi reynast að viðhalda sérfræðiþekkingu innan stofnunarinnar. Þau mál eru því auðvitað öll í upplausn eins og allir vita og þar með vitanlega samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið.

En að lokum, hæstv. forseti, ég mun að sjálfsögðu taka til máls aftur, en það sem auðvitað vekur athygli manns í þessu fjárlagafrv. á gjaldahlið þess er hversu gengið er hart að menntunar- og menningarkerfinu í landinu. Á sama tíma og menn klifa á því að auka beri rannsóknir, bæði í atvinnuvegunum og á öllum sviðum, þá er skorið niður nærri alls staðar í skólakerfinu, í námslánakerfinu og Háskóla Íslands er haldið í svelti. Það getur ekki komið heim og saman í mínum kolli hvernig þetta tvennt getur farið saman, þau markmið að efla tækni, vísindi og rannsóknir en skera niður alls staðar í skólakerfinu.

Ég mun fara aðeins ítarlega yfir þetta á eftir en það er auðvitað einnig athyglisvert hvernig farið hefur fyrir öllu brölti þessarar lánlausu ríkisstjórnar í heilbrigðiskerfinu. Á sama tíma og milljarðar hafa verið lagðir á fólkið í landinu sýnist sparnaðurinn í heilbrigðiskerfinu allur meira og minna í upplausn. Það nægir að minna á að hér í höfuðborg landsins eru þrjú sjúkrahús (Forseti hringir.) og nú er svo komið að þar horfir til stórvandræða í þeim öllum.

Hæstv. forseti. Ég verð að beygja mig fyrir lögum og reglum hér á hinu háa Alþingi og mun því bíða með seinni hluta ræðu minnar þar til ég fæ að komast að aftur.

[15:12]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að fagna því að hv. þm. Guðrún Helgadóttir hefur fullan skilning á því að ekki er jafnsnjallt og sýnist að halda áfram hátekjuskatti og ég get lýst því yfir að ég er sammála henni varðandi það atriði.

En það er annað sem ég vil nefna hér sem kom fram hjá hv. þm. sem getur orkað tvímælis og það er þegar hv. þm. er að nota skýrslu Ríkisendurskoðunar til að sýna fram á hve laun hafa takmarkast og kaupmáttur á nokkurra ára bili og kenna núv. ríkisstjórn um. Málið er nefnilega það að Ríkisendurskoðun skoðar bilið frá 1988 til 1993 og langsamlega stærsti hluturinn er vegna aðgerða fyrrv. ríkisstjórnar sem þarna er verið að tala um. Þegar við lítum á tölurnar þá kemur í ljós að heildarskattar hafa lækkað um 1 milljarð í tíð þessarar ríkisstjórnar en hækkaði til samanburðar í tíð fyrrv. ríkisstjórnar um 11 milljarða, m.a. á þessum einstaklingum vegna þess að reglur breyttust. Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson stóð fyrir því og ríkisstjórn sem hann sat í ber ábyrgð á þessu.

Nú er það svo að þegar breytingar voru gerðar hjá núv. ríkisstjórn þá var á móti lækkað matarverð í landinu. Virðisaukaskatturinn var færður niður og aðstöðugjald var lækkað sem sannarlega kom fram í lægra vöruverði. Þetta hefur m.a. orðið til þess að verðbólga er engin og þannig tryggt að kaupmátturinn hefur ekki rýrnað. Þetta er munurinn á tveimur ríkisstjórnum og það er ekki hægt að leggja saman þetta tvennt úr hólfum beggja ríkisstjórna og segja svo að það sé núv. ríkisstjórn að kenna hvernig komið er í þessu máli sem

hv. þm. vitnaði til. Þar verður hún að líta sér nær.

[15:14]

Guðrún Helgadóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Vegna þess að hæstv. fjmrh. hnaut um það sem ég sagði um hátekjuskattinn vil ég segja þetta: Mér er það mjög vel ljóst að minn flokkur, Alþb., hefur ályktað um að það væri æskilegt að setja á hátekjuskatt en þá verður það líka að vera hátekjuskattur. Hluturinn er nefnilega sá að tekjuhugmyndir manna eru orðnar svo fráleitar að það sem einhvern tíma hétu háar tekjur eru það ekki lengur og það eru ekki háar tekjur þó að ungar barnafjölskyldur hafi 300–350 þús. kr. á mánuði með mikilli vinnu í laun þegar litið er til hvað þessar fjölskyldur eru að borga. Það heita þess vegna ekki hátekjur lengur. En það brennur við að fólk kallar stéttir eins og kennara, skólastjóra og hjúkrunarfólk hátekjufólk. Þetta var hátekjufólk þegar ég var barn en síðan er alveg óralangt.

Hæstv. ráðherra vil ég segja þetta: Ég ólst upp í kaþólska skólanum í Hafnarfirði. Þess vegna þarf ég ekki alltaf siðferðisvottorð frá hv. virðulegum ríkisendurskoðanda. Ég hef þess vegna ekkert farið í smiðju til hans um lækkun kjara í þessu landi. Þau blasa við hverri manneskju sem þarf að nota peninga. Og þar sem ég er kona þá verð ég venjulega að kaupa inn fyrir heimilið og það fer ekkert fram hjá neinum hvernig búið er að fara með laun fólks í landinu og það mætti vera íhugunarefni fyrir þá háa Alþingi hver áhrif sú stefna er að hafa á hið háa Alþingi sjálft þar sem menn fást ekki lengur í framboð af því að þeir hafa ekki efni á því. Ég hef tvisvar heyrt þá skýringu í dag að fólk sem ég bjóst að byði sig fram til starfa á hinu háa Alþingi hefur ekki efni á því það þó að það borgaði ekki hátekjuskatt.

[15:16]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er alveg sammála rökum hv. þm. um hátekjuskattinn, þar erum við sammála. Það sem ég var að veita andsvar við var að hv. þm. sagði áðan að það væri þessari ríkisstjórn sem nú situr að kenna að breytingar hefðu orðið á persónuafslætti og tekjuskatti. Ég var að benda á að þegar verið var að fara með þær tölur sem hv. þm. fór með þá var verið að taka miklu lengra tímabil og meginþorrinn af þessum breytingum átti sér stað í tíð fyrrv. ríkisstjórnar. Það sem hins vegar gleymist að telja fram þegar verið að ræða um hvað núv. ríkisstjórn hefur gert er það að þegar fiktað hefur verið í tekjuskattinum þá hefur það verið gert vegna þess að það þurfti að bæta upp að nokkru leyti tekjutap sem varð vegna þess að við færðum niður virðisaukaskattinn og hv. þm. og ég stóðum saman að því. Og af hverju var það gert? Við megum ekki gleyma því. Það var gert af því að við vildum koma betri og meiri kaupmætti til þeirra sem eru undir skattleysismörkunum. Um það vorum við, ég og hv. þm. og reyndar hennar flokksfólk, sammála í umræðunum fyrir síðustu jól. En það má ekki gleyma þessari tekjubót sem felst í þessu þegar við ræðum um skerðinguna sem hefur orðið í tekjuskattinum. En ef hv. þm. vill skammast út af því hvernig var farið með tekjuskattinn þá held ég að hann geti auðveldlega gert það í komandi tíð á þingflokksfundum í sínum eigin þingflokki.

[15:18]

Guðrún Helgadóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að hæstv. ráðherra hafi misskilið svolítið það sem ég sagði. Ég var að vitna í hvítu bókin þar sem talað var um aðgerðir í skatta- og félagsmálum sem kæmu hinum lægst launuðu til góða. Ég vil minna hæstv. ráðherra á að það eru ekki aðeins skattar sem eru vandamálið. Hefur ráðherrann gleymt því sem búið er að leggja á fólk sem leita þarf læknis? Það eru gríðarlegar upphæðir sem fólk verður að greiða fyrir hvað lítið sem er og því miður er nú ástandið þannig að fólk hefur mjög dregið úr t.d. að láta fylgjast með tannhirðu barna sinna. Fólk fer ekki til læknis út af einhverjum smámunum. Það fer helst ekki til læknis eða kaupir lyf nema það nauðsynlega þurfi. Þetta er ekki það heilbrigðiskerfi sem við vildum reka og ég held að fyrrv. hæstv. fjmrh. hafi ósköp lítið með þessar aðgerðir að gera. Ég hef hins vegar engan áhuga á að verja hans fortíð á nokkurn hátt enda reyndi ég að segja í upphafi ræðu minnar að ég mundi reyna að halda mig við nútímann og reyna að ræða þetta fjárlagafrv. sem við erum að ræða um hér málefnalega. Ég vænti þess að menn geti haldið þá reglu því hér er um alvarlegri mál að ræða en svo að menn eigi að fara að bítast um það hvort eitthvað hafi verið gert í ráðherratíð flokksformanns míns og það verði aðalumræðuefni hér. Núv. hæstv. fjmrh. hefur setið hér fínn og fallegur í fjögur ár bráðum og það er hann sem við erum að ræða um og við.

[15:20]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er merkilegt að hlusta á þá umræðu sem hér fer fram og þá ræðu sem hv. fjmrh. flutti í upphafi umræðunnar því það má öllum lýðum vera ljóst að það eru kosningar fram undan og þetta fjárlagafrv., sem hann hefur lagt fram, hið síðasta á þessu kjörtímabili, það ber þess vitni að það eru kosningar fram undan. Hér er áhersla lögð á björtu hliðarnar, sem betur fer er nokkur ástæða til, en það er ekki horft á dökku hliðarnar sem eru reyndar mjög alvarlegar og ég ítreka það sem ég sagði í ræðu minni í gær. Ég spyr: Í hvaða heimi lifa þessir menn sem draga upp þessa glansmynd af ástandinu í íslensku þjóðfélagi en nefna ekki hin alvarlegu teikn eins og atvinnuleysi, eins og þá miklu kjararýrnun sem hér hefur átt sér stað og annað það sem ég ætla reyndar að koma hér að á eftir?

Þegar farið er í gegnum þetta frv. og þær skýringar sem hér eru gefnar þá blasir við og endurómar hugmyndafræði frjálshyggjunnar þó allnokkuð hafi dregið úr frá því sem við sáum á fyrstu árunum enda hefur þessi ríkisstjórn rekið sig rækilega á. En þó er meginninntak þessarar hugmyndafræði það að draga úr umsvifum ríkisvaldsins, gefa fyrirtækjunum aukið svigrúm í efnahagskerfinu án þess að skoða í alvöru hvað

ríkisvaldið þarf að gera og hverju það þarf að sinna miðað við það ástand sem við stöndum frammi fyrir.

Ríkisstjórnin hefur nú sett það markmið fram í fjárlagafrv. að ná ríkishallanum niður á tímabilinu fram til 1988. Við minnumst þess þegar þessi ríkisstjórn tók til starfa þá setti hún sér það markmið að ná halla ríkissjóðs niður á tveimur árum. Það átti nú að fara býsna bratt í það. En ég hygg að það markmið sem hér er sett fram, gott væri ef tækist að ná ríkishallanum niður á þessum tíma en ég held þó að menn verði að fara sér hægt, og ég hygg að þetta sé óraunhæft markmið. Kannski ekki jafnóraunhæft og það sem sett var fram í upphafi kjörtímabilsins en ég rökstyð þetta álit mitt með því að þær forsendur sem menn eru að gefa sér fyrir þessu frv. til fjárlaga fyrir árið 1995 og svo framhaldinu eru býsna veikar. Spárnar sem Þjóðhagsstofnun hefur sett fram og byggir sínar tillögur og álit á eru býsna veikar. Þetta er það sem við verðum að hafa í huga þegar við ræðum þetta frv. og þegar við horfum á framtíðina að það eru stórir og miklir óvissuþættir í efnahagslífinu.

Það má auðvitað segja sem svo að sá samdráttur sem spáð var á þessu ári hefur ekki gengið eftir, sem betur fer, en þar kemur auðvitað fyrst og fremst til úthafsveiðarnar sem skilað hafa milljörðum inn í þjóðarbúið, meiri loðnuafli en reiknað hafði verið með, meiri aukning í ferðaþjónustu en reiknað hafði verið með o.s.frv. Þarna hafa komið inn utanaðkomandi áhrif sem ekki er hægt að þakka ríkisstjórninni fyrir. Þessi bati hefur einmitt orðið þrátt fyrir ríkisstjórnina en ekki vegna hennar.

En þessir óvissuþættir eru þarna til staðar. Það veit enginn hver úthafsafli verður á næsta ári, það veit enginn hver loðnuaflinn verður og rétt eins og við höfum orðið að skera niður þorskaflann ár eftir ár þá er nokkuð óljóst hver þorskafli innan íslenskrar landhelgi verður á næsta ári. En eins og við vitum þá hafa aðrir fiskstofnar verið að koma sterkar inn í veiðarnar og það skiptir auðvitað máli en þetta eru óvissuþættir sem geta breytt öllum forsendum og allri niðurstöðu fjárlagafrv. allverulega.

Þá vil ég nefna það líka að það eru kjarasamningar fram undan. Í frv. er gengið út frá því að niðurstaða þeirra verði á hófsömum nótum rétt eins og verið hefur. En ég hef grun um það að þessir kjarasamningar muni verða erfiðari en menn kannski halda því það er mjög mikill þrýstingur úti í þjóðfélaginu. Fólk hefur orðið fyrir mikilli kjaraskerðingu, heimilin eru orðin gífurlega skuldsett eins og við höfum séð í þeim tölum sem lagðar hafa verið fram og þetta veldur auðvitað vaxandi þrýstingi á það að fólk fái verulegar kjarabætur í komandi samningum. Þar að auki verðum við að horfast í augu við þá staðreynd að það launakerfi sem við búum við hér á landi er afar óréttlátt, það bitnar harðast á konum. Sannarlega er kominn tími til að ríkisvaldið gangist fyrir því að stokka upp launakerfi sitt. Það þarf ekki að þýða aukin útgjöld heldur fyrst og fremst að meiri jöfnuði og meira réttlæti verði komið á. Það launamisrétti kynjanna, sem við búum við hér á landi, er orðið algjörlega óþolandi og íslensku þjóðfélagi til skammar enda vil ég benda á að stofnanir Sameinuðu þjóðanna hafa gert athugasemdir við launamisréttið hér á landi sem bitnar á konum.

Þá er enn einn þáttur sem veikir forsendur þessa frv. og það eru þau áform ríkisstjórnarinnar að skera niður fé til framkvæmda. Ríkisstjórnin ætlar að treysta á að efnahagsbatinn skili sér í auknum framkvæmdum einkaaðila og þar er m.a. vísað til Hvalfjarðarganganna en sú framkvæmd mun hugsanlega hefjast á næsta ári. En ef meiningin er að reyna að halda atvinnuleysinu í kringum 4,8% eins og spáð er af Þjóðhagsstofnun, og er auðvitað allt of mikið atvinnuleysi, þá efast ég um að ríkisstjórnin komist upp með að skera framkvæmdafé niður með þessum hætti. Ég efast stórlega um að þetta nái fram að ganga enda er það hlutverk ríkisvaldsins að halda atvinnu uppi.

Enn einn þáttur sem gengið er út frá í fjárlagafrv. er það atriði að ríkisstofnunum er enn eitt árið gert að spara með hagræðingu. Öllum er gert að hagræða mismunandi mikið eftir því hvar er. Ég spyr mig að því: Hversu lengi geta stofnanir hagrætt án þess að einhver veruleg uppstokkun eigi sér stað? Ég hef ekki heyrt annað en að hver stofnunin á fætur annarri lýsi því yfir að lengra verði ekki gengið í hagræðingu og sparnaði. Ég vil þá vísa til þess að fulltrúar Háskóla Íslands gengu á fund menntmn. í morgun til að greina frá ástandinu innan háskólans. Það er alveg ljóst að Háskóli Íslands er í hættu. Hann hefur sætt svo miklum niðurskurði af hálfu ríkisvaldsins að starfsemi hans er hreinlega í hættu. Spurningarnar um það hvort háskólinn getur sinnt þeim kröfum sem til hans eru gerðar verða æ áleitnari. Kennsla hefur verið skorin niður, fjölgað í hópum og allt gert til að mæta þeim sparnaði sem háskólinn hefur orðið fyrir og lengra verður ekki gengið enda eru þeir að biðja um auknar fjárveitingar. Þetta er mjög alvarlegt mál og gengur auðvitað þvert á það sem ríkisstjórnin hefur sagt um áherslur á bætta menntun, rannsóknir og vísindi þó að reyndar hafi orðið aukning á fjárframlögum til rannsóknarsjóða. En grunnurinn er auðvitað í skólunum og þangað verður fjármagn að koma. Þetta er mál sem við þurfum að ræða mjög alvarlega og skoða.

Enn eitt atriði sem ég vil benda á í forsendum fjárlagafrv. er það atriði að fjárfestingar í atvinnulífinu eru enn í sögulegu lágmarki eins og sagt var í fjárlagafrv. þess árs sem nú er senn á enda. Fjárfestingar eru afar litlar og það segir okkur þá sögu að það er lítil nýsköpun á ferð, lítil von er til þess að einhver veruleg fjölgun verði á nýjum störfum í atvinnulífinu. Þetta er auðvitað afar alvarlegt mál. Þar af leiðandi bendi ég aftur á það að ég held að það sé afar hæpið að ríkisstjórnin eða ríkisvaldið dragi úr fjárframlögum til framkvæmda. Afleiðingin getur einfaldlega orðið sú að atvinnuleysi verði mun meira en hér er reiknað með.

Reiknað er með því í þessu fjárlagafrv. að sveitarfélögin komi til liðs við ríkisvaldið og leggi fram peninga til atvinnusköpunar þvert á það samkomulag sem gert var við sveitarfélögin í fyrra. Auðvitað vaknar sú spurning hvers sveitarfélögin eru megnug. Hvað geta

þau gert ef ríkisvaldið ætlar að skera niður framkvæmdafé? Samkvæmt því sem upplýst var á fundi fjárln. í gær hefur skuldastaða sveitarfélaganna í landinu versnað allverulega og sveitarfélögin eru í samkeppni við ríkisvaldið og aðra aðila um fjármagn á lánsfjármarkaði. Og hvað geta þau gert? Þetta eru allt stórar spurningar og svörin óljós. Því er niðurstaða mín sú að ýmsar af þeim forsendum sem menn gefa sér í þessu fjárlagafrv. séu vægast sagt hæpnar.

Til þess að vera ekki öll á neikvæðu nótunum er auðvitað rétt að verulega hefur dregið úr verðbólgu, vextir hafa lækkað sem kemur bæði skuldugum heimilum og skuldugum fyrirtækjum til góða. En sú spurning vaknar hvað það segi um efnahagslífið að verðbólga skuli komin niður í núll. Ég er ekki hagfræðimenntuð en ég veit þó að skoðanir eru nokkuð skiptar um það hvað er eðlileg verðbólga og á hvaða stigi á hún að vera. Það að verðbólga skuli komin niður í núll segir okkur að það er ekkert að gerast í íslensku efnahagslífi. Þetta er merki samdráttar en ekki þess að það sé einhver hreyfing þó það sé auðvitað best að halda verðbólgu niðri en verðbólga í núlli eða jafnvel í mínustölum speglar auðvitað allt annað ástand.

Ég ætla aðeins að víkja að tekjuhlið fjárlaganna. Ég hefði eins og aðrir óskað eftir lengri ræðutíma en verð auðvitað að bíta í það súra epli að ekki var beðið um það formlega. Það vekur furðu að í frv. er því frestað enn eitt árið að koma á fjármagnstekjuskatti. Má ljóst vera að aldrei hefur verið mikil alvara í þeim áformum af hálfu Sjálfstfl. Því er borið við í þessu frv. að fjármagnstekjuskattur kynni að hafa slæm áhrif á vaxtaþróun og hugsanlega ýta undir að fjármagn flyttist úr landi vegna þeirra breytinga sem munu eiga sér stað um áramótin. Nokkuð kann að vera til í þessu enda hefði átt að vera búið að koma þessum skatti á fyrir löngu. Auðvitað er ekki gott að gera miklar breytingar sem hugsanlega ganga hver gegn annarri með stuttu millibili. Það er furðulegt að þessi ríkisstjórn skuli ekki hafa komið þessum skatti á fyrir lifandis löngu. Auðvitað speglar það sjónarmið þessarar ríkisstjórnar að stöðugt er verið að hygla hinum ríku en verið að velta sköttum og byrðum yfir á þá sem verr standa. Sama gildir um hinn svokallaða hátekjuskatt sem hefur verið til umræðu. Það er afar sérkennilegt þegar halli á ríkissjóði er jafnmikill og raun ber vitni að áform skuli vera uppi um að fella þennan skatt niður þó hann ætti auðvitað að miðast við hærri tekjur en nú er gert. En ég fæ ekki séð að ríkissjóður megi við því að fella skattinn niður og mundi leggja til t.d. að þessum skatti verði haldið inni og þeir peningar renni til Háskóla Íslands sem sárlega vantar fé þó eflaust mætti benda á ýmsilegt annað sem ekki þarf síður peninga til.

Ögn um gjaldahlið frv. Hér er ekki tími til að fara út í einstaka þætti en ég vil aðeins nefna menntamálin og menningarmálin. Í kaflanum um menntmrn. er farin sú leið reyna að skera niður í menningarmálunum. Þar kemur m.a. fram sem tillaga að leggja niður listskreytingarsjóð sem er afar lítið dæmi í heildarútgjöldum menntmrn. og ég lýsi því yfir að ég mun leggjast hart gegn þeirri breytingu og ég sé engan rökstuðning fyrir því að leggja þennan sjóð niður. Þetta er eitt af fáu þar sem um er að ræða beinan stuðning ríkisins við myndlistarmenn ef frá eru talin starfslaun. Ég held að ekki veiti af að reyna að fegra byggingar hér á landi með listaverkum. Í frv. kemur reyndar fram að verið sé að skoða lögin um þennan sjóð en á meðan það hefur ekki verið gert legg ég til að við hlífum þessum sjóði og haldið verði áfram að skreyta byggingar með listaverkum.

Í frv. er ekki gert ráð fyrir því að grunnskólinn flytjist til sveitarfélaganna á næsta ári. Það er reiknað með útgjöldum til grunnskólanna. Ég verð að segja að ég tel þetta vera rétta stefnu því það er einfaldlega mikil umræða eftir um flutning grunnskólans til sveitarfélaganna og mörg mál óleyst varðandi það mikla mál að ég tel óraunhæft að sá flutningur eigi sér stað með þeim hætti sem rætt hefur verið um og miklu réttara að gefa sér tíma til að skoða það mál rækilega.

Ég ætla ekki að nefna Háskóla Íslands meira en ég hef gert. Auðvitað vekur líka athygli niðurskurðurinn á framlögum ríkisins til Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Þegar við höfum fengið nánari upplýsingar um stöðuna í sjóðnum og hvernig mál hafa þar þróast mun ég ræða þau mál betur við 2. umr. um fjárlög. En þarna er haldið áfram á sömu braut. Framlög ríkisins eru skorin niður í beinum framlögum til lánasjóðsins og honum vísað enn og aftur út á lánamarkaðinn. Þetta er verið að gera um leið og nemendum fjölgar í framhaldsskólum og á háskólastiginu.

Heilbrigðismálin eru mál málanna þegar um útgjöld ríkisins er að ræða. Sú spurning sem vaknar er: Hvaða sparnaður hefur náðst í raun og veru í heilbrigðiskerfinu? Í mínum huga er afar óljóst hvort þar er um nokkurn árangur að ræða og hvort þarna er nokkuð annað á ferðinni en tilfærslur úr heilbrigðiskerfinu yfir í tryggingakerfið, frá ríkinu yfir til sveitarfélaganna o.s.frv. Svo mikið er víst að miklum byrðum hefur verið velt yfir á sjúklinga og aðstandendur þeirra. Hér á að stíga enn eitt skrefið og velta 100 millj. kr. yfir á þá sem þurfa að koma inn á göngudeildir þar sem unnin eru svokölluð ferliverk, þ.e. verk sambærileg við þau sem unnin eru á stofum út í bæ. Hér er ekki stórmannlega að verki staðið frekar en fyrri daginn.

Ég vil nota þessar síðustu sekúndur sem ég á eftir til að leggja enn einu sinni áherslu á það að vissulega er þörf á því að skoða heilbrigðiskerfið og hvaða leiðir eru þar til sparnaðar þar sem það tekur gríðarlega stóran og mikinn hluta af ríkisútgjöldunum en ég held að menn séu einfaldlega ekki að spyrja þar réttra spurninga. Spurningin er ekki sú: Hvernig getum við skorið niður í viðgerðarþjónustunni? Heldur á spurningin að vera sú: Hvernig getum við bætt heilsu þjóðarinnar? Hvaða aðgerða getum við gripið til til þess að bæta heilsu þjóðarinnar þannig að fólk þurfi ekki að leita til heilbrigðiskerfisins í jafnríkum mæli og gert er? Þær leiðir eru margar. Þær byggjast á forvörnum og aftur forvörnum. Ég vil gjarnan upplýsa hæstv. fjmrh. um það að ég var svo heppin úti í Bandaríkjunum að hlusta þar á heilbrigðisráðherra Bandaríkjanna. (For-

seti hringir.) — Ég er rétt að ljúka máli mínu, virðulegur forseti. — Og sú kona, sem heitir Donna Shalala, lagði einmitt mjög mikla áherslu á það að hin rétta stefna í heilbrigðismálum væri forvarnir og aftur forvarnir. Og ég er alveg sannfærð um það að við náum ekki árangri í því að draga saman ríkisútgjöld án þess að veruleg uppstokkun eigi sér stað innan stofnana ríkisins og með því að sameina stofnanir og einfalda ríkiskerfið, en hér er engar slíkar tillögur að finna. Hér er eingöngu enn einu sinni verið að skera ofan af. Hér er um sáralitlar úrbætur að ræða til frambúðar.

[15:41]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er einungis eitt atriði sem mig langar til að komist hér á framfæri strax og það varðar Lánasjóð ísl. námsmanna. Eins og kemur fram í frv. og sést sérstaklega vel á bls. 356, þá munu veitt lán aukast úr Lánasjóði ísl. námsmanna. Ástæðan fyrir því að hægt er að draga úr framlögum ríkisins er að við gerum ráð fyrir því að lægri vextir skili sér betur, lántökukostnaðurinn verði lægri og það er slíkt endurmat sem leiðir til þess að við búumst við því að leggja þurfi sjóðnum minna til beint úr ríkissjóði. En þetta gefur mér hins vegar tilefni til þess að undirstrika það sem hefur gerst á undanförnum árum og það er að ríkisstjórnin leggur nú til sjóðsins það mikla fjármuni að það er ekki gengið á eigið fé sjóðsins. Hér áður og fyrrum og kannski sérstaklega á árunum 1990 og 1991 voru tekin lán en framlag ríkissjóðs dugði hvergi nærri til þess að standast þær kröfur að eigið fé sjóðsins væri óskert þannig að sú upphæð sem þarna er um að ræða helgast einungis af þessu. Við höfum gert miklar breytingar á sjóðunum yfir höfuð, bæði Byggingarsjóði verkamanna og Lánasjóði ísl. námsmanna og reynt að koma í veg fyrir að búinn sé til nýr fortíðarvandi eins og var hér þegar ríkisstjórnin tók við.

[15:43]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér er vel kunnugt um það að ríkisstjórnin hefur búið sér til ákveðna reglu í þessu sambandi og leggur til sjóðsins ákveðið hlutfall eða 54% af áætlaðri námsaðstoð. En það breytir auðvitað ekki því að þessum sjóði hefur verið vísað út á hinn almenna lánamarkað og það er mjög athyglisvert að skoða þær tölur sem hér er að finna yfir sjóðinn, þar sem það kemur berlega í ljós hversu mikill hluti af fjármagninu fer í það að borga vexti og lán. Þetta er grundvallarspurning sem við erum að fást við og ræddum hér mikið þegar lánasjóðurinn var til umræðu, þ.e. hvert á framlag ríkisins að vera til námsaðstoðar og hvernig er eðlilegt að hafa þau mál. En það vekur athygli mína að hér á bls. 355 í frv. er vikið að þessu endurmati varðandi sjóðinn og þar segir, með leyfi forseta:

„Leiði endurmat á kostnaðarhlutfallinu til annarrar niðurstöðu verða útlánareglur og vaxtakjör sjóðsins endurskoðuð í samræmi við þá stefnu ríkisstjórnarinnar sem áður er lýst."

Ég skil þetta þannig að það geti komið til að vextir verði hækkaðir í lánakerfinu, sem er auðvitað mjög alvarlegt mál, og mér sýnist að þær áhyggjur sem við höfðum af Lánasjóðnum á sínum tíma séu fyllilega réttmætar og að því miður munum við standa frammi fyrir því á næstu árum, ekki síst í ljósi þeirrar launaþróunar sem hér hefur átt sér stað, að fjöldi lánþega mun eiga í miklum erfiðleikum með að greiða þessi lán. Ég tala nú ekki um ef það er meiningin að hækka vextina í lánakerfinu. Þetta er því mjög alvarlegt mál sem þarna er á ferð.

[15:45]

Sigbjörn Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir, sem talaði áðan, minntist á merkilegt erindi sem hún hafði hlýtt á hjá heilbrigðisráðherra Bandaríkjanna, Donnu Shalala, þar sem hún gat um mikilvægi forvarna varðandi heilbrigðismál.

Það er auðvitað hárrétt og er löngu vitað að forvarnir í heilbrigðismálum eru afar mikilvægar til þess að koma í veg fyrir að skemmdir eigi sér stað á síðari stigum. Nákvæmlega það sama er mikilvægt varðandi efnahagslífið og að halda efnahagslífinu heilbrigðu, þ.e. að grípa til forvarna. Til forvarna hefur einmitt verið gripið á þessu kjörtímabili. Það hefur tekist að draga úr þessum sjálfvirku útgjaldahækkunum sem hafa viðgengist hér allt of lengi með þeim árangri að verðbólgan er niðri og langt innan þeirra marka sem er í öðrum OECD-löndum. Viðskiptajöfnuðurinn hefur breyst frá því að vera árið 1991 í um 20 milljörðum í mínus og er orðinn hagstæður. Það hefur einmitt skapast vegna þess að menn hafa gripið til forvarna, menn hafa tekið saman höndum um að verjast á því samdráttarskeiði og einmitt í þeirri vissu að einungis þannig væru möguleikar á betri tíð og möguleikar á heilbrigðu efnahagslífi hér á Íslandi.

Það frv. sem hér er til umræðu ber auðvitað með sér þennan stöðugleika sem tekist hefur að skapa. Margir hafa sagt, og það var ekki síst um það talað á nýliðnu sumri, að nauðsynlegt væri að grípa á haustdögum til kosninga þar sem ríkisstjórnarmeirihlutinn mundi ekki koma sér saman um frv. til fjárlaga eða fjárlög. Það er liðin tíð og menn munu aldrei, fullyrði ég, upp frá þessu leggja fram frv. til fjárlaga fyrir kosningar sem ekki er trúverðugt frv. Menn eru farnir að sjá í gegnum slíkar myndir, slíkar brellur takast ekki og þær eru einungis til þess fallnar að auka við þann vanda sem við er að búa í framtíðinni.

Ýmsir stjórnarandstæðingar hafa haft á orði hér á undan að það sé mikill veikleiki í þeim forsendum, í þeim spám, sem lagðar eru til grundvallar í þessu fjárlagafrv. Víst er það svo að alltaf er erfitt að spá um framtíðina, en hitt er jafnljóst að um þessar mundir sjáum við einmitt ótrúlega og óvenjumargar efnahagsstærðir talsvert langt fram í tímann. Rannsóknir okkar hafa aukist, t.d. á stofnstærð þorsks og á stofnstærð lífríkisins í hafinu og við höfum gert langtímaspár sem virðast vera áreiðanlegri heldur en fyrr var. Auk þess hefur lækkun verðbólgu og lækkun vaxta og sá stöðugleiki sem við höfum verið við að búa, gert það að verkum að það er mun auðveldara að sjá fram í tím-

ann heldur en verið hefur. Hitt er jafn augljóst að við getum aldrei með fullkominni vissu séð það fyrir hversu mikið mun aflast og hversu erlendir markaðir verða tilbúnir að taka við þeirri framleiðslu sem við höfum.

Fyrir fáum missirum höfðu samtök launþega uppi spár um að yrði ekkert að gert mundi atvinnuleysi stefna í tveggja stafa tölu og fara jafnvel upp í um 20%. Þetta hefur sem betur fer ekki gengið eftir vegna þess að í samráði við aðila vinnumarkaðar hefur ríkisstjórnin gripið til aðgerða á undanförnum árum. Fyrirtæki búa við lægri skatta heldur en verið hefur og fyrirtæki og almenningur búa við lægri vexti. Virðisaukaskattur hefur verið lækkaður á matvæli og aðstöðugjöld numin brott. Auk þess hafa verið sérstök framlög til atvinnuskapandi verkefna og ýmissa verklegra framkvæmda og sumt af því hefur verið jafnframt í samráði og samvinnu við sveitarfélögin í landinu. Þannig mætti nokkuð áfram telja.

Vissulega hefur halli ríkissjóðs aukist með þessum aðgerðum umfram það sem ráð var fyrir gert. Ríkisstjórnarmeirihlutinn taldi hins vegar nauðsyn að bregðast við með þessum hætti til að koma í veg fyrir enn meiri vanda. Það er rétt, sem hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir sagði hér áðan, að nokkru, að það er hlutverk ríkisvaldsins að halda uppi atvinnu. Síðan er það aftur spurning, sem við eflaust erum ekki öll sammála um, á hvern hátt ríkisstjórnin og ríkisvaldið eigi að halda uppi atvinnu. Það er mín skoðun að ríkisvaldið eigi fyrst og fremst að halda uppi atvinnu með þeim hætti að skapa skilyrði til þess að atvinnulífið fái viðgengist með heiðarlegum hætti.

Það hefur tekist með efnahagsaðgerðum ríkisstjórnarinnar að skapa þessar aðstæður. Það kom fram í fréttum í gær að verðbólgan er einmitt í núlli á meðan verðbólga á OECD-ríkjunum er um 3%. Þetta hefur vissulega bætt stöðu útflutningsgreinanna verulega í samkeppni við vörur annars staðar frá. Þannig hefur til að mynda útflutningur iðnvarnings aukist til muna á þessu ári, má þar t.d. nefna veiðarfæri og tölvuvogir, vegna þess að tekist hefur verið á við efnahagsvandann og það með heilbrigðum aðferðum. Allt þetta hefur auðvitað í för með sér aukna atvinnu.

Við 3. umr. fjárlaga í desember í fyrra ræddi ég mikið um verkefni sem biði okkar stjórnmálamanna, þ.e. að vinna trúverðuga áætlun um að eyða halla ríkissjóðs. Að þessum málum hefur hæstv. fjmrh. vikið hér á undan og glögg greinargerð er um þessi efni í fjárlagafrv. sem hér er til umræðu. Ég hvet þingheim og reyndar alla þá sem hafa tök á að kynna sér þessa greinargerð og vega hana og meta. Það er fullljóst að þeir sem koma til með að fara með stjórnartauma að afloknum næstu kosningum verða að ganga út á þær brautir og marka stefnu til þess að ná hallanum niður á tilteknu árabili, hugsanlega á kjörtímabili eða rúmlega það. Það verður skylda þeirra sem við stjórnartaumunum taka. Það verða öll tækifæri til þess ef tekst að afgreiða það fjárlagafrv. sem hér er til umræðu með skynsamlegum og ábyrgum hætti. Þessi ríkisstjórn mun skila góðu búi. Sú ríkisstjórn sem við tekur þarf ekki að takast á við vanda fortíðar. Ég ætla einnig að vona að þjóðin verði ekki fyrir þeim búsifjum á næstunni sem við höfum þurft að þola undanfarin ár.

Ég ætla ekki að eyða löngu máli í framvinduhorfur efnahagsmála. Hæstv. fjmrh. hefur farið yfir það hér á undan. Ég átti þess hins vegar kost á dögunum að fylgjast með umræðum í Evrópuráðinu um áætlun og horfur í efnahagsmálum í OECD-ríkjunum. Eftir samdráttarskeið sem þar hefur ríkt þá ríkti þar nokkur bjartsýni um framgang mála á næstu árum. Efnahagsbati væri í nánd, menn horfðu fram á hagvöxt. Efnahagsbati í þessum helstu viðskiptaríkjum okkar mun auðvitað skila sér til okkar með ýmsum hætti. Það fór þó ekki hjá því að stórum hluta af tíma sínum eyddu forustumenn OECD og aðrir þeir sem þátt tóku í umræðunni í umræður um atvinnuleysið og áhyggjur vegna þess.

Það sem þeir aðilar sem þar ræddu bundu hins vegar mestar vonir við í baráttunni gegn auknu atvinnuleysi og til þess að reyna að draga úr atvinnuleysi voru efling rannsókna- og vísindastarfsemi og nýsköpun. Það eru einmitt þættir sem lögð er nokkur áhersla á í því fjárlagafrv. sem hér er til umræðu og e.t.v. hefur mikið skort á að við höfum á undanförnum árum varið jafnmiklum fjármunum og æskilegt hefði verið til eflingar rannsókna- og vísindastarfsemi.

Eins og fram kemur í greinargerð með frv. eru horfur á að tekjur verði ívið minni á næsta ári, sem hlutfall af landsframleiðslu, þrátt fyrir bjartari horfur um framvindu efnahagsmála. Þannig hafa ýmsar skattalagabreytingar neikvæð áhrif á tekjuhliðina og valda því að tekjur dragast saman.

Á undanförnum árum höfum við hér í hinu háa Alþingi gengið fram í því að auka tekjutengingu ýmissa bóta og annarra slíkra liða. Það er e.t.v. að verða og má kannski verða okkur nokkurt áhyggjuefni hvort ekki hafi verið of langt gengið. Stundum á handahófskenndan hátt höfum við tekjutengt ýmsar bætur og ýmsa slíka liði án þess jafnvel að hafa yfirsýn yfir sviðið. Þetta hefur ekki einungis verið að gerast hér á Íslandi. Það sama hefur verið að gerast í öðrum ríkjum Vestur-Evrópu. Þetta er eitt af þeim atriðum sem mikið voru til umræðu varðandi OECD-umræðuna sem ég vitnaði til hér. Þannig voru menn með dæmi um það að þegar tekjuaukning varð upp á einn dollara væri það sem fólk bæri í raun og veru úr býtum 5 cent eða 5%. Ég hygg að það hljóti að verða verkefni okkar á næstu missirum að reyna að nálgast heildarsýn yfir þá tekjutengingu sem við höfum komið á á undanförnum árum. Það er nefnilega svo að ef gengið er of langt í tekjutengingu þá er það hvati til skattsvika og það er jafnvel mjög letjandi til vinnu.

Nokkrar umræður hafa orðið við þessa umræðu á síðustu dögum um hátekjuskatt. Það hefur komið fram áður að ég er því fylgjandi að hátekjuskattur verði lagður á og honum verði viðhaldið. Menn vita að í þeim lögum sem samþykkt voru fyrir tveimur árum var sólarlagsákvæði, eins og sagt er, þannig að hátekjuskattur skyldi falla niður um áramót. Þó svo að í prinsippinu sé ég fylgjandi hátekjuskatti þá er óþarft

að vera ósveigjanlegur í þeim efnum. Það kann að vera að við þurfum að breyta álagningu hátekjuskattsins á einhvern veg þannig að við hækkum mörkin og lítum jafnvel til fleiri þátta í þeim efnum, en ég tel að hátekjuskattur eigi að vera við lýði, en e.t.v. ekki endilega í þeirri mynd sem verið hefur undanfarin tvö ár.

Í hvítbók ríkisstjórnarinnar var frá því sagt að ríkisstjórnin mundi á kjörtímabilinu vinna að samræmingu á skattlagningu eigna og eignatekna. Þetta er stundum nefnt fjármagnstekjuskattur öðrum orðum. Auðvitað ber ríkisstjórninni að ljúka þeirri vinnu sem unnið hefur verið að á undanförnum missirum. Það er sannfæring mín að það sé mikið réttlætismál að unnið sé að skattlagningu í þessa veru. Það er jafnljóst að tekjuhliðin hefur ekki verið að fullu rædd fremur en gjaldahliðin, þó svo að gjaldahliðin hafi verið mun meira rædd, í það minnsta í þingflokki Alþfl. Ég minni og á að hér er um frv. að ræða og við vitum það öll að frumvörp taka ávallt breytingum í meðferð nefnda.

Nú sem aldrei fyrr ríður á að sett séu trúverðug fjárlög. Fyrir dyrum eru kjarasamningar aðila vinnumarkaðar. Ein meginforsenda þess að á þeim vettvangi megi vel til takast er að traust fjárlög verði sett, að verðbólga fái haldist á þeim lágu nótum sem hún sannanlega er, að möguleikar skapist fyrir enn lækkandi vöxtum. Einungis þannig skapast svigrúm fyrir frekari viðgang atvinnufyrirtækjanna í landinu og þar með möguleikar til að auka kaupmátt launafólks og halda atvinnustiginu uppi. Mál eru ekki flóknari en það að ef skilyrði eru ekki sköpuð fyrir fyrirtækin í landinu til samkeppni við fyrirtæki annarra landa verður enginn hagvöxtur í landinu. Þá náum við ekki að draga úr skuldum, þá náum við ekki að auka kaupmátt, þá náum við ekki að koma böndum á vexti.

Öllum er einnig ljóst að þrengt hefur að íslenskri þjóð á undanförnum árum. Þjóðin á heiður skilinn fyrir baráttuna gegn hruni efnahagslífsins. Vissulega hefur það ekki verið þrautalaus barátta. Í mótlætinu höfum við snúið bökum saman og tekist á við vandann. Nú erum við að uppskera í samræmi við það. Sá tími er liðinn og þau vinnubrögð heyra fortíðinni til að vandanum sé ýtt til hliðar og komandi kynslóðir séu látnar um lausnir.

[16:01]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm., formaður fjárln., sem nú var að ljúka máli sínu, gaf fjárlagafrv. og efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar þá einkunn að nú væri sá tími liðinn að menn veltu vandanum yfir á komandi kynslóðir. Hann sagði fyrr í ræðu sinni að ríkisstjórnin skildi ekki eftir sig fortíðarvanda fyrir aðra til að glíma við. Hv. þm. kinkar kolli til staðfestingar því að rétt er eftir haft. Ég vil spyrja formann fjárln.: Er ekki vandi fyrir komandi kynslóðir að hreinar skuldir hins opinbera, sem yfir 90% eru til ríkisins, hafa aukist á þessu kjörtímabili samkvæmt frv. úr 177 milljörðum í 247 milljarða? Nærri því 80 milljarðar hafa bæst við skuldir hins opinbera á kjörtímabilinu. Er það ekki framtíðin sem á að glíma við þær skuldir sem ríkisstjórnin hefur aukið? Hefur formaður fjárln. ekki tekið eftir því að samkvæmt fjárlagafrv. hafa hreinar skuldir hins opinbera, sem hlutfall af vergri landsframleiðslu, aukist frá því að vera 16–17% á árunum 1989–1991 yfir í að vera 34–35% í ár og á næsta ári? Hreinar skuldir hins opinbera sem hlutfall af vergri landsframleiðslu hafa því tvöfaldast frá árunum 1989–1991 til 1994–1995. Erlendar skuldir hins opinbera hafa líka stórvaxið á kjörtímabilinu þannig að næsta kjörtímabil og komandi kynslóðir verða að greiða mun meira af erlendum lánum ríkisstjórnarinnar en áður. Hlutfall erlendra skulda af vergri landsframleiðslu var 1990 og 1991 16 og 17%, var komin 1993 í 25% og hefur vaxið síðan. Ég spyr því formann fjárln.: Er það ekki að velta vanda yfir á framtíðina, er það að skilja ekki eftir sig neinn fortíðarvanda að auka skuldir hins opinbera um 80 milljarða, að tvöfalda skuldir hins opinbera vergri landsframleiðslu, að stórauka erlendar skuldir ríkisins?

[16:04]

Sigbjörn Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er hárrétt hjá hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni að skuldir hafa aukist. Ég sagði það í máli mínu áðan að við hefðum búið við mun lakari aðstæður í samfélaginu, við samdrátt í tekjum. Þrátt fyrir það hefur mönnum tekist að koma böndum á efnahagslífið í landinu. Hluti af þeim vanda sem hefur verið við að glíma á kjörtímabilinu, sem nú er senn liðið, er auðvitað afleiðing til að mynda kosningafjárlaga sem síðast voru gerð fyrir fjórum árum sem stendur ekki til að gera að þessu sinni. Það er áhyggjuefni okkar hvernig þessi kynslóð sem við erum af hefur einmitt ýtt vandanum á undan sér til skamms tíma en fyrst nú á allra síðustu árum hafa menn orðið sammála um að taka á vandanum en við snúum ekki í einu vetfangi við blaðinu þótt við fegnir vildum og sérstaklega ekki við þær aðstæður sem við höfum búið við á undanförnum þremur árum.

[16:06]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er ánægjulegt að formaður fjárln. er að nálgast veruleikann. Hann er að byrja að viðurkenna að ríkisstjórnin skilur eftir sig meiri aukningu á skuldum hins opinbera, meiri aukningu á erlendum skuldum hins opinbera og meiri samanlagðan fjárlagahalla á kjörtímabilinu en nokkur önnur ríkisstjórn í sögu lýðveldisins. Svo geta menn talað um einhver kosningafjárlög 1991 sem Alþfl. greiddi atkvæði með og sótti hart í að fá öll þau atriði inni í því frv. sem þá var afgreitt. En engu að síður er það þannig að þótt allar hallatölur síðasta kjörtímabils séu teknar samanlagt ná þær ekki hallatölum þessa kjörtímabils. Það væri nær fyrir formann fjárln. að viðurkenna þá stórkostlegu skuldasúpu sem ríkisstjórnin skilur eftir sig sem er lýðveldismet í skuldaklafa sem nokkur ríkisstjórn hefur skilið eftir sig á Íslandi en að fimbulfamba í ræðu um það að þessi ríkisstjórn hafi ekki skilið eftir sig neinn fortíðarvanda handa framtíðinni að leysa.

[16:07]

Sigbjörn Gunnarsson *(andsvar)*:

Formaður fjárln. hefði óskað þess að staðan væri betri en raun ber vitni og þess hefðum við eflaust öll óskað. Formaður fjárln. hefði jafnframt eins og við öll sem þessari þjóð tilheyrum, og væntanlega hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson líka, viljað búa við það að við hefðum stöðugan afla þorsks upp á 300–400 þús. tonn. Þar hefur aflinn minnkað stórlega niður í um 150 þúsund tonn eins og við öll vitum. Og hvernig í ósköpunum átti mönnum að takast að eyða fjárlagahallanum sem menn höfðu þá sett sér að markmiði miðað við þær aðstæður sem við höfum búið við undanfarin ár? Það var ógerlegt, það var ekki gerlegt og ég bið fólk að hugsa til þess ef þannig hefði verið haldið á spilum hver staða atvinnulífsins, hver staða fólksins í landinu hefði verið.

[16:08]

Ingi Björn Albertsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er fundur í gangi úti í sal.

(**Forseti** (KE): Hljóð í salnum.)

Hæstv. forseti. Hv. þm. Sigbjörn Gunnarsson, formaður fjárln., hóf mál sitt á því að fara nokkrum orðum um forvarnir. Mig langar í ljósi þess að minna hv. formann á að í fjárlögum yfirstandandi árs er liður 02-989, undirliður 1 16, sem heitir Íþróttafélög, styrkir. Þessi liður er dottinn út úr því frv. sem hér er lagt fram og var verið að mæla fyrir í dag.

Nú held ég að enginn deili um það að íþróttir og það starf sem þar fer fram er eitthvert það almesta forvarnastarf sem til er. Því vil ég spyrja hv. formann hvort hann muni beita sér fyrir því í fjárln. að því slysi sem núna vofir yfir verði afstýrt.

[16:09]

Sigbjörn Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Formaður fjárln. er gefinn fyrir forvarnir. Formaður fjárln. er gefinn fyrir íþróttir. Formaður fjárln. er gefinn fyrir að afstýra slysum. Ég mun auðvitað leitast við að afstýra öllum þeim slysum sem kunna að finnast í þessu frv. Við í fjárln. munum auðvitað ræða við menntmrn. um þessi mál og ég get fullvissað hv. þm. Inga Björn Albertsson um það að formaður fjárln. er maður forvarna og mun reyna að koma í veg fyrir slys.

[16:10]

Ingi Björn Albertsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er viss um að allir sem hér sitja eru tilbúnir að taka þátt í því að koma í veg fyrir slys. Ég vildi engu að síður inna eftir skýrari svörum við spurningu minni. Er formaður fjárln. tilbúinn að beita sér fyrir því að íþróttasjóður, en það er hann sem verið er að leggja niður með þessari aðgerð, verði endurreistur og hann verði í þeim fjárlögum sem verða samþykkt í desember? Það er mikilvægt að menn hlaupi ekki undan því að svara jafnskýrum spurningum og hér eru lagðar fram vegna þess að þau skilaboð, sem þar með eru send til íþróttahreyfingarinnar, til æskufólksins og til foreldranna sem eru að berjast við aukna fíkniefnaneyslu, aukna áfengisneyslu, aukin afbrot, aukið agaleysi í þjóðfélaginu, það eru skýr skilaboð í fjárlagafrv. eins og það er í dag og ég vil kalla það slys ef menn eru ekki tilbúnir til að leiðrétta það sem þarna er og ég tel að menn eigi að koma hér upp og segja alveg skýrt og skorinort: Eru menn tilbúnir að beita sér fyrir því að íþróttasjóður og fjárlög til févana íþróttafélaga verði í fjárlögum fyrir árið 1995?

[16:11]

Sigbjörn Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Svo að það sé alveg skýrt þá vil ég engu slíku lýsa yfir á þessari stundu. Hér hafa heyrst raddir fyrr í þessari umræðu sem telja það eitt hið mesta slys sem hugsast getur að listskreytingasjóður falli niður. Íþróttasjóður hefur margt gert gott á mörgum árum. Ég er þó ekki endilega sannfærður um það að ekki sé mögulegt að verja fjármunum betur á annan hátt. Ég hef raunverulega ekki á því skoðun. Ég vil fá minn tíma til að huga að þessum málum, ræða við það ráðuneyti sem fer með íþróttamál og hefur lagt þetta til. Ég vil ekki lýsa því fyrir fram að ég sé því fylgjandi að íþróttasjóður verði áfram við lýði.

Það má hins vegar öllum ljóst vera, þingheimi og þjóð, að forvarnir eru nauðsynlegar og íþróttir og íþróttalíf er stór liður í forvörnum.

[16:12]

Guðmundur Bjarnason:

Hæstv. forseti. Ég tel í það minnsta bæði æskilegt og nauðsynlegt að hæstv. fjmrh. sé viðstaddur umræðuna og hefði reyndar ekki talið vanþörf á því að fleiri hæstv. ráðherrar væru viðstaddir. Meðan ég bíð a.m.k. eftir hæstv. fjmrh., ætla ég að biðja forseta að slökkva hér á klukkunni sem gengur á mig.

(**Forseti** (KE): Fjmrh. er genginn í salinn.)

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir og ítreka að ég tel að það hefði verið ástæða til þess að hér sætu fleiri hæstv. ráðherrar og hlýddu á umræður um fjárlagafrv. hæstv. ríkisstjórnar sem er auðvitað ekki bara stefnumótun í ríkisfjármálum og stefnumótun í starfsemi ráðuneyta og ríkisstofnana heldur er einnig hið mikilvægasta frv. til umfjöllunar um stefnumótun í efnahags- og atvinnumálum og stefnu hæstv. ríkisstjórnar á því sviði. Ég verð að segja það að þrátt fyrir að hæstv. fjmrh. virtist harla ánægður í framsöguræðu sinni með það verk sem hann hefur lagt fyrir Alþingi þá finnst mér varla ástæða til þess að fagna svo mjög. Við höfum að vísu líka heyrt hæstv. forsrh. blása kreppuna af aftur og aftur með miklum lúðrablæstri en það er eins og sá lúðrablástur hafi ekki heyrst inn í fjmrn. Einhverra hluta vegna er það a.m.k. svo að í þessu plaggi sem hæstv. ráðherra leggur fyrir okkur er enn spáð auknu atvinnuleysi. Gert er ráð fyrir því að atvinnuleysið vaxi frá því sem er í ár og það getur varla verið fagnaðarefni. Að vísu er smáhuggun í greinargerðinni en þar er sagt að atvinnuleysið sé minna hér á landi en annars staðar. Ég segi nú eins og einhvers staðar hefur verið sagt áður: Litlu verður Vöggur feginn.

Það er einhvers staðar rætt um það líka að svigrúm sé til frekari vaxtalækkana en hæstv. ríkisstjórn hefur hrósað sér mjög að hafa náð vöxtum nokkuð niður frá þeirri hækkun sem hún stóð fyrir í upphafi valdatíma

síns en mér finnst ég hafa heyrt í fréttum í dag að vextir væru þvert á móti að hækka. Mig minnir að ég hafi hlýtt á það í fréttum Ríkisútvarps í morgun eða dagskrárþætti einhverjum að nú væru vextir að hækka og það væri m.a. vegna óvissu í ríkisfjármálum sem m.a. stafaði af óvissu í kjarasamningum og svo það að einhverjir — ég veit ekki eiginlega hverjir eru svo bjartsýnir — eru svo bjartsýnir að halda að einhverjar framkvæmdir eða fjárfestingar væru á döfinni. Þá fer auðvitað fjármagnseigendaliðið af stað og hækkar vextina til þess að geta þá e.t.v. komið í veg fyrir slíka þróun eða þá a.m.k. grætt eitthvað á henni ef hún skyldi nú þrátt fyrir allt eiga sér stað. Þetta stangast náttúrlega á við röksemdafærslu hæstv. fjmrh. og þá sem kemur fram í þessu frv. eins og öðrum frv. hæstv. ríkisstjórnar um ríkisfjármál, að meginröksemdin fyrir því að ná niður vöxtum sé sú að draga úr ríkissjóðshallanum og skera niður ríkisútgjöldin. Vissulega er þó nokkur tekjuauki í ríkisfjármálunum nú þegar í ár og stefnt að því — hvað sem reynslan segir okkur til um — að ríkissjóðshallinn verði minni á næsta ári. Í einni setningu í greinargerð þessa frv. segir, með leyfi forseta: „Afkoma ríkissjóðs 1994 er nær markmiðum fjárlaga en verið hefur um langt árabil."

Þetta er kannski ástæða til að skoða aðeins nánar. Að vísu segir að tekjur aukist um 2,5 milljarða kr. í ár og hæstv. fjmrh. lýsti því yfir í framsöguræðu sinni að tekjuauka ætti að nýta til þess að lækka halla ríkissjóðs. En er það svo? Er það staðreyndin á yfirstandandi ári? Í frumvarpsgreinargerðinni er nefnilega líka greint frá því að útgjöldin hækki um tæpa 4 milljarða. Er það að halda sig við markmið fjárlaga, hæstv. fjmrh.? Tekjurnar aukast að vísu um 2,5 milljarða þannig að hallinn eykst þá ekki nema um 1,5. En útgjöldin fara auðvitað langt umfram það sem fjárlögin gerðu ráð fyrir og kemur sumum hér inni ekki á óvart, þó það kunni að koma hæstv. fjmrh. á óvart og e.t.v. öðrum hæstv. ráðherrum. Þetta er svo sem rökstutt með því að segja: Þetta eru sérstakar aðgerðir ríkisstjórnarinnar. Ríkisstofnanir halda sig við fjárlög, þær hafa staðið við stefnumótunina og það sem þeim var markað og það er vissulega rétt, a.m.k. að hluta til. En í hverju eru þá ráðstafanir ríkisstjórnarinnar fólgnar? T.d. nýjum kjarasamningum upp á 450 millj. kr. í nýjum útgjaldaauka. Datt engum það í hug? Var það eitthvað ófyrirséð? Vissi enginn að það væru lausir kjarasamningar og það þyrfti kannski að semja við það fólk og það gæti kostað einhverja fjármuni? Það leiðir til þess að eingreiðslur lífeyris- og atvinnuleysistrygginga eru hækkaðar um 400 millj. kr. Vissi enginn þetta heldur? Var þetta algerlega óvænt og ófyrirséð? Sjúkratryggingar hækka um 900 millj. kr. Þetta vissu auðvitað allir nema þá kannski hæstv. fjmrh. og hæstv. heilbr.- og trmrh. A.m.k. held ég að flestum öðrum hv. þm. hafi verið ljóst að markmiðin sem sett voru í fjárlagafrv. í fyrra voru algerlega óraunhæf. Og skólar og sjúkrahús og fleiri stofnanir hækka um 200 millj. kr. Þetta eru samtals 2 milljarðar af þessum 4 sem útgjöldin aukast í ár.

Í fjárlagafrv. er gerð grein fyrir stefnumörkun til lengri tíma. Það er út af fyrir sig virðingarvert að setja sér stefnu og markmið til fleiri ára til þess að vinna að, en það hefði verið skynsamlegra af hæstv. ríkisstjórn að setja þennan boðskap fram í upphafi síns valdatíma en ekki í lok hans. Ég geri a.m.k. síður ráð fyrir því að það verði framlenging á lífi þessarar hæstv. ríkisstjórnar, kæmi það mjög á óvart ef svo yrði og þess vegna finnst mér að þó þessi fyrirheit séu út af fyrir sig í mörgu ágæt þá séu þau ekki mjög markviss.

Ég get tekið undir sumt af því sem hér er sagt og reyndar höfum við framsóknarmenn ályktað um að það eigi að setja sér markmið og það sé mikilvægt að ná jöfnuði milli tekna og gjalda og koma í veg fyrir hallarekstur ríkissjóðs og slíkum markmiðum þurfi að ná í áföngum. Við höfum sett fram hugmyndir um hvernig það verði gert og m.a., með leyfi forseta, segir í samþykkt síðasta flokksþings framsóknarmanna fyrir tveimur árum síðan:

„Samþykkt verði rammafjárlög til þriggja ára í senn þar sem rekstrarframlög til stofnana verði ákvörðuð í meginatriðum. Einstökum stofnunum verði sett ákveðin markmið um aukna hagkvæmni í rekstri. Sjálfstæði stofnana verði aukið jafnframt því sem frumkvæði og ábyrgð stjórnenda verði meiri og skipulagsbreytingar verði í samráði við starfsfólk einstakra stofnana ..." Svo dæmi séu tekin úr þessari stefnu. Um þetta get ég út af fyrir sig verið sammála hæstv. fjmrh.

En það er annað sem kemur fram í þessari stefnumótun hans sem ég er ekki jafnsammála um. Það eru þær forsendur sem hann gefur sér við þessa stefnumótun. Má t.d. nefna í fyrsta lagi að það er sagt: „Verulegur samdráttur verður í fjárfestingu, a.m.k. í upphafi tímabilsins ..." sem þýðir þá líklega næsta ár og kannski þar næsta. Í öðru lagi segir: „Stefnt er að 7% útgjaldalækkun, raunlækkun á tímabilinu." Í þriðja lagi segir: „Þeir sem njóta þjónustu taki meiri þátt í kostnaði henni samfara." Hefði nú kannski sumum fundist að nóg væri komið af því. Og í fjórða lagi segir hér að upp skuli tekin ný forgangsröðun og væri fróðlegt að vita í hverju hún á að vera fólgin.

Það er nauðsynlegt að fá svör við þeim spurningum, helst við 1. umr. fjárlaga frá hæstv. fjmrh., hvernig hann hugsar sér að ná þessum markmiðum fram.

Mig langar aðeins að fara nánar yfir þessi fjögur atriði sem ég nefndi. Í fyrsta lagi þann verulega samdrátt sem boðaður er í fjárfestingu sem hlýtur að hafa áhrif á atvinnustigið og vera áhyggjuefni, bæði þingheims og svo þeirra fjölmörgu launþega sem annaðhvort hafa litla atvinnu eða óvissa atvinnu og ég tala nú ekki um alls þess fjölda sem hefur enga atvinnu. Ég hefði frekar viljað sjá boðaða stefnu í þessu fjárlagafrv. sem benti til þess að það væri von á betri tíð.

Í öðru lagi var þetta með útgjaldalækkunina á tímabilinu. Það er sett upp nokkuð sem kallað er annars vegar halladæmi og hins vegar jafnaðardæmi og gerð grein fyrir því í greinargerð fjárlagafrv. hvernig þetta er reiknað út og hugsað. Annars vegar er sagt að það skuli stefnt að þessari 7% útgjaldalækkun að raungildi yfir tímabilið sem ég nefndi áðan. Hins vegar ef ekki verður gripið til aðgerða eða tekið í taumana muni útgjöldin aukast um 11%. Ég hefði viljað sjá dæmi og

hugmyndir frá hæstv. ríkisstjórn og ég mundi gjarnan vilja láta skoða slíka hluti, hvort ekki væri hægt að setja sér markmið til þriggja eða fjögurra ára eða eins kjörtímabils þar sem stefnt væri að því að jafna tekjur og gjöld ríkissjóðs með því að binda útgjaldahliðina. Það er þegar nokkuð búið að skera hana á undanförnum árum og þykir sjálfsagt sumum nóg komið, a.m.k. í ýmsum málaflokkum — við höfum oft rætt um bæði menntamál og heilbrigðismál og ætla ég ekki að taka langa umræðu um það hér, það gefst betri tími til þess síðar — en leggja síðan alla áherslu á það að auka ríkissjóðstekjurnar með aukinni þjóðarframleiðslu, með meiri veltu í þjóðfélaginu og aðgerðum sem ríkisvaldið getur vissulega gripið til til þess að ná jöfnuðinum á þann hátt frekar en ganga enn lengra í niðurskurði. Auðvitað er sjálfsagt að ganga eins langt og hægt er í skynsamlegri hagræðingu og koma í veg fyrir eyðslu og bruðl en ég hygg að flestar ríkisstofnanir hafi lagt hart að sér á undanförnum árum og kemur það e.t.v. fram í því sem ég nefndi áðan að ríkisstofnanirnar standa flestar við fjárlögin og þann útgjaldaramma sem þeim hefur verið settur.

Síðan langar mig að ítreka spurningu mína til hæstv. ráðherra: Hvað er átt við með því þegar hann segir í grg. frv.: „Þeir sem njóta þjónustu taki meiri þátt í kostnaði henni samfara"? Erum við þá enn að tala um að hækka þjónustugjöld í menntakerfinu, í heilbrigðiskerfinu eða erum við að tala um kannski sölu á þjónustu ýmissa annarra stofnana, rannsóknastofnana, sem er nú ein af skrautfjöðrunum í frv., og á nú að verja auknum fjármunum til þróunar- og rannsóknarstarfsemi til þess að efla atvinnulífið? Það er allt saman af hinu góða ef rétt er en hvað þýðir þá þetta? Á þá aftur að ætla þessum sömu stofnunum að selja þjónustu sína og eru það kannski auknu framlögin sem stofnanirnar eru að fá? Eru það auknar sértekjur, hæstv. fjmrh.?

Ég nefndi síðan í fjórða lagi varðandi þessa nýju langtímastefnumörkun hina nýju forgangsröðun. Mér er auðvitað alveg ljóst að við búum við sjálfvirkar hækkanir af ýmsum máta, t.d. vegna fjölgunar þjóðarinnar og vegna breyttrar aldursskiptingar aukast lífeyrisgreiðslurnar og er sjálfsagt ýmis annar sjálfvirkur kostnaðarauki sem þarf að taka tillit til. Því langar mig að spyrja hæstv. ráðherra: Hvar er þessi nýja forgangsröðun? Hvað á að draga saman á móti? Eða er það kannski rétt skilið hjá mér, sem mér fannst ég hafa séð í greinargerðinni einhvers staðar, ég fann það ekki í fljótheitum, og held að ég hafi heyrt hæstv. fjmrh. nefna sérstaklega áðan í framsöguræðu sinni, að það ætti að afnema sjálfvirkar hækkanir á bótagreiðslum? Það þýðir sem sagt það að lífeyrisþegar þessa lands geta ekki lengur átt það nokkuð öruggt að bætur hins opinbera til þeirra fylgi því sem gerist á hinum almenna markaði, fylgi því sem gerist í kjarasamningum og þeirri þróun sem að öðru leyti kann að vera í þjóðfélaginu og þeir hafa þó getað reitt sig nokkuð á að undanförnu.

Mér finnst því miður í þessu frv. vera mest áberandi að ríkisstjórnin hafi gefist upp í baráttu sinni við atvinnuleysið, gefist upp í baráttunni við það að draga úr atvinnuleysinu og hún sé um það bil að sætta sig við viðvarandi kannski 5% eða, sem enn væri verra, vaxandi atvinnuleysi. Og mér sýnist á því að kreppan, sem hæstv. forsrh. hefur þó reynt að blása af, sé enn við lýði, sé enn viðvarandi. Ég ítreka þess vegna að það hefði verið nær að ríkisstjórnin setti sér skýr markmið um fjölgun starfa, um að auka hagvöxt í þjóðfélaginu og skapa ný atvinnutækifæri. Héðan af verður það trúlega verkefni nýrrar ríkisstjórnar að fást við það.

Ríkisstjórnin hefur einblínt á stöðugleikann, sem er auðvitað mikilvægur, það er mikilvægt að halda stöðugleika í efnahagslífinu, og hún hefur hælt sér af lítilli verðbólgu eða engri. En er það nú nóg? Er nóg fyrir ríkisstjórn að ná þessum markmiðum eða vita hæstv. ráðherrar og hv. stuðningsmenn þessarar ríkisstjórnar ekkert um það ástand sem ríkir á fjölmörgum heimilum í landinu vegna atvinnuleysis og vegna samdráttar í atvinnulífinu? Veit hæstv. ríkisstjórn ekkert um það að í landinu er því miður vaxandi fátækt og það er átakanleg alvörufátækt til á fjölmörgum heimilum? Veit hæstv. ríkisstjórn ekkert um þá gífurlegu eignatilfærslu sem orðið hefur sem afleiðing af hinni óheftu markaðshyggjustefnu sem ríkisstjórnin hefur framfylgt? Og veit hæstv. ríkisstjórn ekki um það vaxandi óréttlæti sem er í tekjuskiptingunni í þjóðfélaginu, sem m.a. stafar af röngum áherslum í skattkerfinu? Ég gæti nefnt t.d. hátekjuskattinn, sem hefur verið nokkuð ræddur hér áður og hv. formaður fjárln. gerði að umræðuefni áðan. Ég gæti nefnt fjármagnstekjuskatt en nú hefur verið upplýst af starfsmönnum fjmrn. að sú vinna er ekkert lengur í gangi. Menn eru hættir að hugsa til þess að koma á fjármagnstekjuskatti. Menn eru ekkert lengur að velta því fyrir sér. Hæstv. ríkisstjórn virðist því vera hætt við það markmið sitt. Auðvitað þarf að leggja enn aukna áherslu á bætt skatteftirlit. Ég veit þó að hæstv. fjmrh. hefur verið að vinna á því sviði allnokkurt starf og verið með nýjar áherslur sem eru þakkarverðar en ég hygg að þar þurfi að gera enn betur.

Og að lokum langar mig til að spyrja: Veit hæstv. ríkisstjórn ekkert um þær breyttu áherslur annarra þjóða sem eru í baráttunni við atvinnuleysið, um þá miklu áherslu hjá öllum þjóðum sem búa við það böl sem atvinnuleysið er og er að verða eitt aðalviðfangsefni þjóða um allan heim? Ég heyrði að hv. formaður fjárln. gat um umræðu á þingi Evrópuráðsins sem haldið var í síðustu viku um starfsemi OECD-ríkjanna. Þar voru fulltrúar fleiri ríkja en Evrópuríkjanna. Þar voru t.d. fulltrúar frá Kanada og ég hjó sérstaklega eftir því að fulltrúi Kanada gerði það að umtalsefni að hin félagslegu viðfangsefni verða ekki lengur skilin frá hinum efnahagslegu. Hann taldi að þessi viðfangsefni bæði, efnahagsleg og félagsleg, yrðu að leysast í sameiningu og í sátt og menn yrðu að finna leið til þess. Og það var álit fleiri ræðumanna í þessari umræðu, sem mér þótti mjög athyglisverð og merkileg og hafði gaman af að hlýða á, að markaðslögmálið eitt og sér gæti ekki lengur leyst allan vanda í þjóðfélögunum.

Hin félagslegu vandamál sem því miður fylgja oft þessu markaðslögmáli, ef það á eitt og sér að rétta af stefnuna, séu svo stór að nauðsynlegt sé að taka þau með inn í dæmið og fjalla um það samhliða settum markmiðum í efnahagsmálum.

Ég hefði gaman af því að vita, hvað hæstv. núv. ríkisstjórn hefur fjallað um í þessu sambandi og sett sér í þessu sambandi. Mér finnst því miður að það sé ekki boðskapurinn sem við lesum út úr þessu fjárlagafrv. frekar en öðrum fjárlagafrumvörpum hennar og þó að ég geti út af fyrir sig tekið undir með hv. formanni fjárln. þegar hann var að tala um nauðsyn þess að forvarnastarf ætti sér stað víðar heldur en í heilbrigðiskerfinu, forvarnastarf þyrfti líka að eiga sér stað í efnahagskerfinu, í efnahagsmálunum og í fjárlögum ríkisstjórnar á hverjum tíma, þá þarf það forvarnastarf að vera þess eðlis og með þeim hætti að við séum í alvöru að leysa öll mál og sjáum yfir allt sviðið en horfum ekki á mál einangruð og sér og segjum: Þetta mál ætlum við að leysa núna og búa með því til ný vandamál. Það höfum við því miður verið að gera. Það höfum við verið að gera með því að ráðast t.d. á ýmsa þætti heilbrigðisþjónustunnar á þann hátt að forvarnastarfi þar hefur verið hent fyrir borð, ef það má orða það þannig. Ég óttast að við séum einnig að gera það í sambandi við efnahagsstefnuna að með því að byggja hana upp svo einangrað og afmarkað á markaðslögmálinu eins og þessi ríkisstjórn hefur gert allan tímann í sinni stjórnartíð séum við að kasta félagslegum markmiðum fyrir róða. Þá er forvarnastarfið lítils virði. Ég er hræddur um að þá sitjum við uppi með fortíðarvanda frá núv. ríkisstjórn sem sú ríkisstjórn, sem kann og verður að taka við af þeirri sem nú situr, verður að takast á við.

Þetta eru þau atriði, virðulegur forseti, sem ég vildi leggja áherslu á við 1. umr. um fjárlagafrv. Ég sé að minn tími er alveg á þrotum og mig langar aðeins í lokin að segja það um einstaka efnisþætti frv. og athugasemdir um tekju- og gjaldahlið verður fjallað nánar við 2. umr. frv. eftir að hv. fjárln. hefur haft það til meðhöndlunar Þar á ég sæti og hef því kost á að fylgjast með því og gera athugasemdir og reyna að koma fram þeim lagfæringum eða úrbótum sem ég tel vera þörf, en það verður að bíða síns tíma.

[16:33]

Lára Margrét Ragnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Það hefði verið æskilegt að hæstv. heilbrrh. hefði getað verið viðstadur umræðuna hér í dag, en mig langar til að leggja nokkur orð í belg um málaflokk hans.

Í athugasemdum með því frv. til fjárlaga sem við ræðum í dag kemur fram að hæstv. heilbrrh. hyggst ná fram sparnaði í sérfræðiþjónustu með endurupptöku á tilvísunarkerfinu svokallaða. Fyrir tveimur árum var sami ráðherra með svipaðar hugmyndir uppi á borði og var þeim mótmælt bæði af almenningi í fjölmiðlum og hér á hinu háa Alþingi, m.a. af mér og hv. þm. Pálma Jónssyni. Rökin voru bæði að ekki væri sýnt fram á að sparnaður fælist í slíku kerfi og að tilvísanakerfið skerti valfrelsi fólks til læknisþjónustu.

Ég vil að gefnu tilefni við 1. umr. um frv. til fjárlaga endurtaka umfjöllun mína um þessa prálátu hugmynd núv. hæstv. heilbrrh. að unnt verði að ná sparnaði í heilbrigðiskerfinu með endurupptöku þessa kerfis og spara þannig um 100 millj. kr. Svo virðist sem rökin fyrir endurinnleiðingu tilvísanakerfis séu þau sömu og sami ráðherra hafði fyrir tveimur árum, þ.e. að sparnaður náist í heilbrigðiskerfinu ef sjúklingar leita eingöngu til sérfræðinga fyrir tilstilli heimilislækna. Þessu vil ég eindregið andmæla, enda hafa hvergi komið fram útreikningar frá heilbrrn. né fjmrn. sem styðja þessa hugmynd hæstv. ráðherra. Þvert á móti tel ég að endurinnleiðing tilvísanakerfis muni fremur leiða til aukinna útgjalda ríkisins nema það sé ætlun ráðherra að draga úr eftirspurn fólks eftir nauðsynlegri læknisþjónustu sem getur haft sínar afleiðingar. Ef við höfum í huga þær breytingar sem orðið hafa í sjúkrahúsþjónustu á undanförnum árum og að umtalsverður hluti þeirrar þjónustu hefur færst út á lækningastofu sérfræðinga þá má í raun segja að það sé ótrúlegt að hlutur sérfræðikostnaðar í heilbrigðisþjónustu hafi ekki vaxið enn meir á undanförnum árum. Raunin er sú að hlutfall sérfræðikostnaðar nam á sl. ári um 3,6% af heildarkostnaði við heilbrigðisþjónustuna en var 3,3% árið 1989. Útgjöld vegna sérfræðikostnaðar 1993 nam um 1.020 millj. kr. en nam miðað við sama verðlag 1.132 millj. kr. árið 1989. Það er því varla unnt að halda því fram með réttu að sérfræðikostnaður utan sjúkrahúsa miðað við aukin afköst undanfarinna ára sé dragbítur í kostnaðarlegu tilliti. Þvert á móti tel ég að það kerfi sem viðgengst í dag og felst í því að fólk njóti valfrelsis og leiti til þeirra lækna sem það telur geta leyst sem skjótast og hagkvæmast úr vanda þess þegar á bjátar skili sér í lágmarkskostnaði fyrir ríkissjóð.

Ég vil sérstaklega taka fram að að sjálfsögðu leitar fólk fyrst til síns heimilislæknis þegar þannig stendur á. Ég hef áður lýst því yfir að ég telji almenning vel færan um að meta sjálfan í langflestum tilvikum hvort það sé heppilegra að leita beint til sérfræðings eða fá um það ráð frá heimilislækni. Það hlýtur að gefa auga leið að ef fólk verður á einn eða annan hátt þvingað til að leita til tveggja lækna í stað eins þá leiðir það af sér óþarfa útgjöld ríkisjóðs auk óþæginda fyrir sjúklinga.

Enn vil ég benda á að meðalgreiðsla ríkissjóðs vegna heimsókna til heimilislæknis er að öllum líkindum ekki lægri en að leitað sé sérfræðiaðstoðar því að sjúklingar greiða mun meira úr eigin vasa til sérfræðinga. Þannig á það ekki að skipta sköpum fyrir ríkissjóð til hvors sé leitað, heimilislæknis eða sérfræðings.

Álag á heimilislæknisþjónustu hefur einnig vaxið mjög á undanförnum árum og vil ég aftur benda á að auk tvöföldunar á kostnaði sem af hlytist í langflestum tilvikum við endurupptöku tilvísunarskyldu þá yrði viðbótarálag á heimilislækna umtalsvert. Heimilislæknar á landinu öllu eru nú um 400 talsins en gera má ráð fyrir að heimsóknir til sérfræðinga nemi um 400 þúsund heimsóknum á ári. Það yrði því heldur betur að fjölga í stétt heimilislækna til þess að ráða við tilvísanafarganið.

Í frv. er enn fremur áformað að bjóða út meinefnarannsóknir fyrir sjúklinga sem þarfnast ekki innlagnar og lækka þannig útgjöld um 70 millj. kr. Ég er í grundvallaratriðum samþykk þeim aðferðum en þó tel ég að fara verði afar varlega með slíka samninga þannig að menn sitji við sama borð við útboð þeirra. Líklegt er að boðið verði í þjónustuna bæði af einstaklingum og opinberum stofnunum og því nauðsynlegt að gæta að skekkju sem valdið gæti mismun í hag opinberra rannsóknarstofa. Tryggja þarf að slíkar skekkjur liggi ekki í tilboðum aðilanna. Til nánari útskýringinar vil ég benda á að tilboð einkarekinna rannsóknarstofa munu miðast við allan reksturskostnað einkarekinna rannsóknarstofa að meðtöldum fjármagns- og stofnkostnaði. Hins vegar er enn þá erfitt að skilja að fjárhagsleg tengsl rannsóknarstofa opinberra stofnana við aðrar þjónustudeildir þeirra og þá ekki síst fjármagns- og stofnkostnað. Því gæti reynst erfitt að bera saman tilboð frá einkareknum aðilum og rannsóknarstofum á vegum hins opinbera.

Enn fremur er nauðsynlegt að tryggja að útboð leiði ekki til rýrnunar á þjónustugæðum og hefti framfarir í heilbrigðisþjónustu.

Enn fremur áformar hæstv. heilbrrh. að lækka útgjöld vegna sjúkraþjálfunar um 50 millj. kr. en ekki er nánar greint frá því hvernig þeim sparnaði verður náð.

Hæstv. heilbrrh. áformar einnig að flýta seinni gildistöku nýrra lyfjalaga um heila tíu mánuði. Sl. vor náðist samkomulag milli stjórnarflokkanna um að skoða og meta áhrif þeirra þátta lyfjalaga sem væru bein afleiðing af gildistöku EES-samningsins sérstaklega og fá þannig á hreint hvaða áhrif EES-samningurinn hefði á lækkun á lyfjakostnaði. Reyndar var það skoðun margra að sú gildistaka, sem sátt varð um að lokum, kæmi of snemma, hálft ár til viðbótar væri mun eðlilegri tími með gildistöku 1. júlí 1996. Það gefur auga leið að sex mánaða reynsla á EES-samninginn með seinni gildistöku 1. jan. 1995 nægir engan veginn til að meta að fullu eða með nokkurri sanngirni áhrif samningsins á lyfjaverð í landinu og get ég því með engu móti fallist á flýtingu gildistöku seinni áfanga lyfjalaganna um nk. áramót, hvað þá heldur þau rök að sú flýting lækki á einu ári lyfjakostnaðinn um 200 millj. kr.

Að lokum vil ég leyfa mér að nefna fyrirhugaðar breytingar á verkaskiptingu sjúkrahúsanna í Reykjavík. Það er viss áherslubreyting í frv. þar sem ekki er minnst á sameiningarhugmyndir Borgarspítala og Landakotsspítala heldur einvörðungu er talað um flutning barnadeildar Landakotsspítala á Borgarspítala. Gert er ráð fyrir 50 millj. kr. viðbótarreksturskostnaði af þeim sökum. Hins vegar er ljóst að leggja þarf í framkvæmdir vegna flutnings á hjartadeild og breytingu á núverandi húsnæði hennar vegna barnadeildar. Það virðist ekki gert ráð fyrir neinum sérstökum framlögum vegna þessara breytinga en stofnkostnaður er óbreyttur til spítalans.

Ég vil hvetja til þess að fundin verði sem fyrst framtíðarlausn á sameiningarmálum Landakots og Borgarspítala og að horft verði til framtíðar með framþróun og faglegt og fjárhagslegt aðhald í huga.

[16:41]

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Mig langar að gera að umræðuefni nokkur mál sem sérstaklega heyra undir menntmrn. við 1. umr. fjárlaga.

Það er í fyrsta lagi mál sem varða Háskóla Íslands. Á fundi hv. menntmn. í morgun fengum við gesti frá háskólanum sem hafa miklar áhyggjur af því hvernig fjárlagafrv. lítur út og það sem að þeim snýr. En framlög á nemanda hafa lækkað um 10% frá árinu 1991, sem sagt í tíð þessarar ríkisstjórnar og það vantar í raun 300 millj. til að hægt sé að tala um að reka háskólann á sómasamlegan hátt. En þeir fara ekki fram á þá upphæð á fjárlögum 1995 heldur að fá 100 millj. til viðbótar.

Það er svipuð upphæð og nú innheimtist af skólagjöldum í háskólanum en háskólinn hefur þurft að fara þá leið að innheimta háar upphæðir í skólagjöldum. Hver nemandi greiðir 18 þús. kr. til reksturs háskólans. Háskólamenn svöruðu því aðspurðir að þeir treystu sér ekki til þess að hækka skólagjöldin um helming enda held ég að þá heyrðist hljóð úr horni. Ég vil því spyrja hæstv. menntmrh. hvort hann ætli virkilega að standa þannig að málum að Háskóli Íslands verði nánast óstarfhæfur.

Það kom einnig fram hjá háskólamönnum að miðað við þá bjartsýni sem ríkir hjá hæstv. forsrh. þá undrast þeir mjög að svona skuli vera staðið að málum gagnvart þeim.

Þá má nefna Lánasjóð ísl. námsmanna sem er skertur um 50 millj. kr. og meira að segja formaður sjóðsins telur að það sé ekki hægt að ganga lengra í skerðingu við námsmenn og það verði þá að fara út í auknar lántökur sem er nánast þversögn við það sem talað var um þegar lögunum var breytt á hv. Alþingi fyrir örfáum árum.

Ég vil þá spyrja hæstv. menntmrh. að því hvort hann muni beita sér fyrir auknu framlagi til Lánasjóðs ísl. námsmanna á árinu 1995 eða hvernig hann sjái fyrir sér að málefni sjóðsins verði leyst á annan hátt.

Það vekur athygli, svo ég víki að grunnskólanum næst, að miðað við framsetninguna í fjárlagafrv. er ekki að sjá að gert sé ráð fyrir því að grunnskólinn færist yfir til sveitarfélaganna 1. ágúst 1995. Þess vegna leiðir maður hugann að því hvort það sé kannski bara grín að hér eigi að taka upp mikla umræðu um skólamál og breyta lögum bæði um grunnskóla og framhaldsskóla. Ég hefði haft ánægju af því ef hæstv. menntmrh. vildi fræða okkur um hvernig stendur á þessu ósamræmi sem þarna er á milli.

Það er enn reiknað með því að skerða grunnskólann vegna þess að gert er ráð fyrir hagræðingu í rekstri upp á 1% sem mun gefa um 40 millj. kr. og ég get ekki séð hvernig er hægt að ná þeim sparnaði fram eftir allan þann niðurskurð sem hefur átt sér stað á síðustu árum. Það væri hægt að hafa mörg orð um grunnskólann og hvernig þau mál hafa öll þróast á síðustu árum. Hæstv. menntmrh. sagði reyndar í sinni ræðu

undir stefnuræðu forsrh. að hann ætlaði að standa sig mjög vel og skila þessum kennslustundum aftur þegar hann hætti og má kannski segja að það sé virðingarvert. En ég veit ekki hvernig hann ætlar að skila því til þeirra nemenda sem hafa verið svo óheppnir að vera einmitt í grunnskólanámi þessi síðustu ár. Ég er hrædd um að þau ár komi aldrei aftur, hæstv. menntmrh.

Mig langar til þess að snúa mér að öðru málefni sem er listskreytingasjóður ríkisins, hæstv. forseti. Eitt af því sem vekur athygli í frv. til fjárlaga er að ekki er gert ráð fyrir neinum fjárveitingum til listskreytingasjóðs en framlög á þessu ári voru 12 millj. kr. En í frv. segir, með leyfi forseta:

„Allt frá því að lögin um listskreytingasjóð voru sett hafa fjárveitingar til sjóðsins verið skertar. Menntmrn. vinnur nú að endurskoðun laga um listskreytingasjóð."

Þar sem núv. hæstv. menntmrh., Ólafur G. Einarsson, var einn þriggja flm. að frv. til laga um listskreytingar opinberra bygginga langar mig til þess að spyrja hann hvaða þættir það eru í lögunum, sem samþykkt voru árið 1982, sem hann er ósáttur við. Eða er hann e.t.v. aðeins ósáttur við það að lögunum var ekki framfylgt? Ef svo er þá legg ég til að sjóðurinn verði ekki settur í algjört fjársvelti heldur fái nokkurt fjármagn þannig að hann hjari áfram þangað til ný lög hafa verið samþykkt. Það er engin ástæða til að höggva algjörlega á fjárveitingar meðan beðið er eftir nýjum lögum ef eina markmið þeirra er að tryggja betur en tekist hefur að sjóðurinn fái það sem honum ber. Þau lög sem nú gilda voru sett í tíð Ingvars Gíslasonar sem menntmrh. og þó að þeim hafi ekki verið framfylgt sem skyldi þá er ég sannfærð um að þau hafa gert mikið gagn og orðið til þess að opinberar byggingar hafa verið listskreyttar.

Mér finnst það mjög alvarlegt mál sem hér blasir við okkur og hæstv. menntmrh. getur ekki komist hjá því að segja okkur frá því í þessari umræðu hvernig hann ætlar að leysa þessi mál ef engin verði framlögin.

Hæstv. forseti. Það er ekki langur tími sem hver ræðumaður hefur þannig að ég ætla að venda mínu kvæði í kross og koma aðeins að öðru máli sem er Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, en það mun verða vígt þann 1. des. 1994 og er þá lokið langri byggingarsögu sem ekki er að öllu vansalaus eins og þingheimur veit. Það er trúlega óþarfi að rifja upp þá sögu svo kunn sem hún er en af því að rannsókn á fortíðinni getur oft forðað okkur frá því að gera aftur sams konar mistök þá vil ég leyfa mér að fara nokkrum orðum um sögu safnsins áður en ég vík að ætluðum framlögum til safnsins á fjárlögum.

Það má eiginlega rekja söguna a.m.k. til ársins 1957 er Alþingi samþykkti þáltill. þess efnis að sameina bæri Háskólabókasafn Landsbókasafni eins fljótt og unnt væri.

Frv. til laga um þjóðarátak til byggingar Þjóðarbókhlöðu var samþykkt á Alþingi 22. apríl 1986 og skyldi sérstakur eignarskattsauki fyrir árið 1987–1989 verða varið í því skyni að ljúka smíði bókhlöðunnar. Ekki urðu efndirnar þó með sama stórhug sem loforðin. Álagning eignarskattsaukans árið 1987–1989 nam samtals 687 millj. Af þeim skiluðu sér 540 millj. á verðlagi september 1989. Ef maður færir það til verðlags í dag þá má reikna með að það sé yfir 700 millj. Þarna hefur því ekki verið staðið vel að málum.

Á hinn bóginn samþykkti Alþingi 19. maí 1989 lög um áframhald álagningu eignarskattsaukans og skyldi honum að þessu sinni verða varið til að standa straum af kostnaði við endurbætur á húsakosti menningarstofnana, stuðla að verndun gamalla bygginga í eigu ríkisins og ljúka byggingu Þjóðarbókhlöðunnar. Til að taka af allan vafa að í upphafi skyldi lokið smíði bókhlöðunnar var eftirfarandi ákvæði sett í lok laganna, með leyfi forseta: „Þar til byggingu Þjóðarbókhlöðu er lokið skal sérstakur eignarskattur samkvæmt lögum þessum renna til þeirrar framkvæmdar eftir því sem þörf krefur."

Þrátt fyrir þessi ákvæði var jafnnaumt skammtað til bókhlöðunnar næstu árin og áður hafði verið og það var ekki fyrr en árið 1992 sem þau umskipti urðu á framkvæmdum laga um eignarskattsaukann að meginþorri hans rann til framkvæmda á bókhlöðunni.

Á þeim langa tíma sem liðinn er frá því að fyrst var ýtt úr vör með hugmyndir um sameiningu Landsbókasafns og Háskólabókasafns hefur margt breyst. Ég hygg að í dag mundi ekki verða farið af stað með byggingu eins safns yfir svo margþætta starfsemi en það er annað mál.

Fjárveitingar til starfsmanna Landsbókasafns og Háskólabókasafns á árinu 1994 eru áætlaðar tæpar 68 millj. og eru þá ótalin átta störf sem greidd eru af stofnkostnaði Þjóðarbókhlöðu. Fjárveitingin byggir á 55 störfum. Samkvæmt fjárlagafrv. sem hér liggur fyrir er vafasamt hvort unnt verði að ráða allt fastráðið starfsfólk til hinnar nýju stofnunar enda þótt í athugasemdum við frv. til laga um Þjóðarbókhlöðu hafi verið sagt um starfsmannamál, með leyfi forseta:

„En rétt er að benda á að sökum hinnar auknu og víðfeðmu starfsemi bókasafnsins samkvæmt þessu frv. eru ekki líkur á að fækka megi starfsmönnum safnsins heldur hið gagnstæða."

Þá er enn fremur ástæða til þess að benda á að fjmrn. hefur veitt umsögn sína og birtist hún í fskj. I um frv. til laga um Þjóðarbókhlöðu og verður að ætla að niðurstaða fjmrn. eigi að geta orðið viðmiðunartölur um að ekki verði komist lægra án þess að stefna þeim markmiðum sem menn setja sér í hættu.

Um launamál og starfsmannahald farast ráðuneytinu svo orð, með leyfi forseta:

„Samstarfsnefndin [þ.e. samstarfsnefnd um nýtt þjóðbókasafn] telur að miðað við fullan rekstur verði störfum að fjölga í 107. Fjmrn. telur óhjákvæmilegt að nokkur fjölgun verði á starfsmönnum við það að söfnin tvö sameinast og flytja í nýtt húsnæði. Við sameininguna eykst þjónustuhlutverk safnanna og umfang hins nýja húss kallar á aukið starfslið. Telja verður ásættanlegt að starfsliði fjölgi í 82, en viðbót um frekari 25 starfsmenn eftir hugmyndum samstarfsnefndarinnar verður að bíða síðari tíma og kosta það eftir því sem fé fæst á fjárlögum."

Um rekstrarkostnað safnsins segir fjmrn. í áður tilgreindu fskj., með leyfi forseta:

„Heildaraðföng bóka, tímarita og nýsigagna beggja safnanna eru talin kosta 52 millj. kr. á árinu 1994 á verðlagi þess árs en samstarfsnefndin telur að auka þurfi fjármuni til aðfanga um 18 millj. kr. ... Fjmrn. telur ásættanlegt að sú fjárhæð verði óbreytt milli ára." — Litlu síðar segir: „Áætlun samstarfsnefndar um rekstur húsnæðis upp á 44 millj. kr. er að mati fjmrn. vel unnin og endurspeglar væntanlegan rekstrarkostnað á raunsæjan hátt." — Og litlu síðar segir: „Önnur rekstrargjöld eru talin nema 49 millj. kr. ...Að mati fjmrn. mætti komast af með lægri fjárhæð."

Mig langar til þess að spyrja hæstv. menntmrh. hvort hann muni ekki beita sér af alefli í þá veru að í stað áætlunar upp á 161 millj. kr. til Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns verði niðurstaða Alþingis a.m.k. í samræmi við álit fjmrn. í umsögn sinni um frv. Með leyfi forseta vil ég enn vitna í umsögn ráðuneytisins þar sem segir:

„Samandregin niðurstaða fjmrn. er því á þann veg að launakostnaður verði 101 millj. kr. á fyrsta ári og annar rekstur kosti 141 millj. kr." Alls 242 millj. kr. — Er hæstv. menntmrh. bara algjörlega horfinn undir þessari ræðu? (**Gripið fram í:** Honum ofbauð.) Honum ofbauð. Ég vona að hann sé samt einhvers staðar hér í grenndinni. En ég var að hafa það yfir að þetta væru alls 242 millj. kr. í staðinn fyrir 161 sem er í frv.

Ég vil einnig árétta að niðurstaða fjmrn. er umtalsverð lækkun frá upphaflegri áætlun eða um 50 millj. kr. Ég treysti því að hæstv. menntmrh. sé hér einhvers staðar í hliðarsölum og heyri mál mitt og muni svara þessari spurningu minni.

Hæstv. forseti. Ég hef ekki hugsað mér að hafa hér lengra mál að þessu sinni, en ég hef að sjálfsögðu tækifæri til þess að koma aftur inn í þessa umræðu síðar þegar hæstv. menntmrh. er viðstaddur.

[16:58]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Í upphafi máls míns vil ég ítreka það að ég tel mjög miður að sá misskilningur hafi orðið milli mín og forseta þingsins að ekki er hægt að ræða fjárlagafrv. hér með þeim hætti að þingmenn hafi nauðsynlegan ræðutíma til að fara yfir þessa stöðu. Nauðsynin er sérstaklega brýn nú vegna þess að fjmrh. og forsrh. hafa að undanförnu verið að gefa svo falska mynd af stöðu efnahagsmálanna, stöðu ríkisfjármála og skuldastöðu þjóðarbúsins og ríkisins sérstaklega að það er alveg nauðsynlegt að fara rækilega yfir þessa stöðu svo að bæði þingheimur og reyndar þjóðin öll og kannski ráðherrarnir sjálfir átti sig á þeim óskapnaði sem felst í heildaruppgjöri á valdaferli þessarar ríkisstjórnar.

Hvað væri sagt um ríkisstjórn sem í upphafi ferils síns mundi lýsa því yfir að við lok kjörtímabilsins ætlaði hún að tvöfalda skuldir hins opinbera? Í lok kjörtímabilsins ætlaði hún að setja lýðveldismet í hallasöfnun? Í lok kjörtímabilsins ætlaði hún að stórauka erlendar skuldir ríkisins? Í lok kjörtímabilsins ætlaði hún ekki að ná neinum árangri í sparnaði á rekstrargjöldum ríkisins? Í lok kjörtímabilsins mundi hún ekki ná neinum árangri í lækkun tilfærslna nema þeim sem fyrri ríkisstjórn hefði ákveðið? Hvað hefði verið sagt um prógramm slíkrar ríkisstjórnar? Hún hefði auðvitað verið hrópuð út af borðinu, ég tala nú ekki um ef svo hefði verið bætt við að í lok valdaferils síns yrði skattbyrði einstaklinga í landinu meiri en nokkru sinni fyrr.

Allt þetta sem ég hef hér lýst eru staðreyndir um niðurstöðurnar á valdaferli ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar og fjármálastjórn Friðriks Sophussonar, hæstv. ráðherra. Og það þarf satt að segja alveg ótrúlega óskammfeilni til þess að koma hér í ræðustól og lýsa ástandinu sem gífurlegum bata, góðu jafnvægi, traustum grunni fyrir framtíðina og annað af því tagi sem ráðherrarnir hafa notað.

Ég hef tekið eftir því að þegar einstökum þingmönnum hefur verið sagt það að hreinar skuldir hins opinbera hafi tvöfaldast á þessu kjörtímabili þá verða menn undrandi. Þetta á við hvort heldur eru teknar heildarupphæðirnar eða hlutfall af vergri landsframleiðslu. Það er mjög athyglisvert að á árunum 1989, 1990 og 1991 var hlutfall hreinna skulda hins opinbera af vergri landsframleiðslu stöðugt. Á bilinu 16,4–17,4% öll þrjú árin í tíð síðustu ríkisstjórnar. En á árinu 1993 er það komið upp í 30,8% og verður samkvæmt fjárlagafrv. í ár 34,1% og 35,2% á næsta ári, þ.e. um tvöföldun á hlutfalli hreinna skulda hins opinberra af vergri landsframleiðslu hjá þessari ríkisstjórn. Og heildarskuldir hins opinbera, eins og ég rakti hér fyrr í dag, hafa aukist úr 177 milljörðum 1991 í 247 milljarða á næsta ári og hreinar skuldir hins opinbera úr 85 milljörðum 1991 í 156 milljarða á næsta ári. Þetta eru hrikalegar tölur. Þær sýna að fjmrh., sem kemur fram með sitt síðasta fjárlagafrv. á kjörtímabilinu, getur ekki með nokkrum hætti haldið því fram að hann hafi verið að leggja hér traustan grunn fyrir næstu ríkisstjórnir til að byggja á. Það verður satt að segja risavaxið verkefni fyrir næstu ríkisstjórn að snúa við þeirri stórfelldu skuldasöfnun hjá hinu opinbera sem viðgengist hefur í tíð þessarar ríkisstjórnar og hefur satt að segja verið helsta stjórntæki ríkisstjórnarinnar. Að því leyti eiga bæjarstjórinn fyrrv. í Hafnarfirði á síðasta kjörtímabili og öll núv. hæstv. ríkisstjórn það sameiginlegt að beita fyrst og fremst stórfelldri skuldasöfnun sem hagstjórnartæki.

Og forsrh. og fjmrh. og reyndar umhvrh. líka hafa í umræðum verið að hæla sér af því að erlend skuldastaða hafi batnað. Það á ekki við um skuldastöðu ríkisins því það kemur greinilega fram í fjárlagafrv. að á árunum 1989–1991 er hlutfall erlendra lána hins opinbera af vergri landsframleiðslu, þ.e. ríkissjóðs, á bilinu 17,1–17,9% þessi þrjú ár. En það hefur vaxið þannig að á árinu 1993 er það komið upp í tæp 25% og er örugglega orðið rúm 26% á þessu ári. Þannig að þessi ríkisstjórn hefur haldið áfram að beita erlendum lántökum ríkisins sem hagstjórnartæki.

Og halda menn virkilega að þjóðin og þingheimur sé svo einföld að það dugi að telja inn gjaldeyristekjurnar af Smuguveiðunum, loðnuveiðum og öðru slíku

og halda fram þessari frægu 23 milljarða tölu hér í umræðu? Þar með er verið að slá hulu yfir hina stórkostlegu erlendu skuldasöfnun ríkisins á þessu tímabili. Það er alveg sama á hvaða mælikvarða er litið, samanlagðan halla, hreinar skuldir ríkisins, heildarskuldir ríkisins, hlutfall skulda ríkisins af vergri landsframleiðslu eða erlendar lántökur og erlendar skuldir ríkissjóðs, bæði í heildartölum og hlutfalli af vergri landsframleiðslu, alls staðar hefur á kjörtímabilinu orðið risavaxin aukning. Það er þess vegna alveg ljóst, því miður, að það verður, eins og ég sagði áðan, risavaxið verkefni fyrir nýja ríkisstjórn að glíma við þessa arfleifð. Og það er ekkert fagnaðarefni að þjóðin skuli við lok þessa kjörtímabils fá þetta í arf. En það eru staðreyndirnar, hæstv. fjmrh. og hv. stuðningsmenn þessarar ríkisstjórnar, sem blasa við úr þessu fjárlagafrv. Það væri hægt að rekja hér miklu fleiri tölur um þessa skuldaþætti til þess að sýna fram á þennan veruleika.

En hefur þá tekist að ná árangri í rekstri ríkissjóðs í einhverjum umtalsverðum sparnaði, sem hæstv. fjmrh. hefur nokkuð oft gert að umræðuefni? Því miður blasir það sama við þar. Á verðlagi ársins 1994 voru rekstrargjöld ríkisins á árunum 1989–1990 44 milljarðar. Þeir verða á þessu ári og á næsta ári 45 milljarðar, voru á árinu 1991 47 milljarðar. Þannig að ef skoðuð eru árin 1988, 1989 og 1990 þá hefur enginn árangur náðst í að minnka ríkisútgjöldin hjá þessari hæstv. ríkisstjórn. Það er aðeins með því að taka þetta eina ár, 1991, sem þau geta fundið einhverja smávægilega breytingu. Þannig að ef borin eru saman heilu árin hjá þessari ríkisstjórn og síðustu ríkisstjórn þá hefur ekki orðið sparnaður í ríkisútgjöldum. Og ef skoðaðar eru tilfærslurnar, jú, þá hefur þar orðið sparnaður. En í hverju felst hann? Hann felst í því að á þessu kjörtímabili hefur komið til framkvæmda þriggja milljarða sparnaður á útgjöldum til landbúnaðarmála sem byggður var á búvörusamningnum sem gerður var í tíð síðustu ríkisstjórnar. Þessi ríkisstjórn hefur þess vegna ekki náð neinni umtalsverðri aðgerð til sparnaðar í ríkisútgjöldum á öllu kjörtímabilinu sem samsvarar þeim sparnaði af útgjöldum til landbúnaðarmála sem lagður var grundvöllurinn að í tíð síðustu ríkisstjórnar.

Það er staðreyndin ef horft er yfir kjörtímabilið að það er ekki hægt að finna eitt einasta umtalsvert tilvik um eðlisbreytingar í ríkiskerfinu samanborið við búvörusamninginn sem gerður var í tíð síðustu ríkisstjórnar. Ég skora á stuðningsmenn þessarar ríkisstjórnar að benda á eitt einasta atriði sem ákveðið hefur verið á þessu kjörtímabili sem felur í sér umtalsverðan kerfisbundinn sparnað hjá hinu opinbera sem sé varanlegur samkvæmt frágenginum sjálfum.

Á sama tíma gerist það svo að fjmrh. Sjálfstfl., ríkisstjórn undir forsæti Sjálfstfl., flokks sem lofaði landsmönnum umtalsverðri skattalækkun einstaklinga fyrir síðustu kosningar, kemur hér við lok kjörtímabilsins og skilur eftir sig nánast lýðveldismet í skattlagningu einstaklinga. Það er alveg rétt að skattar á fyrirtækjum hafa verið minnkaðir. En loforð Sjálfstfl. og Alþfl. fyrir síðustu kosningar var fyrst og fremst að lækka skattana á einstaklingum.

Þegar allar þessar staðreyndir eru reiddar fram um skuldirnar, um rekstrarútgjöldin, um tilfærslurnar, um erlendu lántökurnar, um metin í skattlagningu einstaklinga, þá er reynt að tala um þorskinn og að það hafi ekki orðið álver. Hæstv. fjmrh. var varaður við, m.a. af þeim sem hér stendur, þegar hann lagði fram sitt fyrsta fjárlagafrv., að hann væri að byggja það á fölskum forsendum þegar hann reiknaði með álveri. Það var okkur öllum orðið ljóst fyrir síðustu alþingiskosningar að það væri í meira lagi hæpið að einhverjar líkur væru á því að hin erlendu fyrirtæki mundu reisa hér álver. Það sögðum við í okkar kjördæmum fyrir síðustu þingkosningar, bæði ég og þáv. hæstv. forsrh. Steingrímur Hermannsson, hlutum ekki vinsældir fyrir í okkar kjördæmum, en það var raunsætt mat. Fjmrh. sem fór síðan að byggja sitt fjárlagafrv. á slíkum falsvonum reyndist ekki byggja það á traustum grunni og þess vegna þýðir ekkert að koma hér og skjóta því fyrir sig sem afsökun, vegna þess að hann var varaður við, honum var sagt að það væri falskur grundvöllur að byggja fjárlagafrv. á því.

Hin vörnin er þorskurinn, en þá ber að geta þess að það hefur ekki orðið nein umtalsverð lækkun í tekjum þjóðarbúsins af verðmæti sjávarafurða á þeim árum sem hér eru til umræðu vegna þess að sem betur fer hefur loðnan, Smuguveiðarnar, rækjan og úthafskarfinn komið þar á móti, ásamt traustari framleiðsluháttum og meiri arðsemi í rekstri sjávarútvegsfyrirtækja.

Síðan eru það vextirnir. Í sporum hæstv. fjmrh. hefði ég ekki talað um vextina hér í dag, því hvað segir þetta fjárlagafrv. um vextina? Það segir, að vísu í ekki löngu máli en engu að síður mjög skýrt: Hæstv. fjmrh. og ríkisstjórn hefur mistekist að selja verðbréf ríkisins á frjálsum markaði. Hæstv. fjmrh. hælir sér af því að það sé ekki lengur yfirdráttarlán hjá ríkissjóði í Seðlabankanum. En ég spyr hæstv. fjmrh.: Er einhver eðlismunur á því að taka yfirdráttarlán í Seðlabankanum upp á 9 milljarða og Steingrímur Hermannsson og Birgir Ísl. Gunnarsson séu síðan aðalkaupendurnir að ríkisbréfunum sem ráðherrann er að reyna að selja? Vegna þess að Seðlabankinn hefur á þessu ári keypt 9 milljarða, 9 milljarða sem Seðlabankinn hefur keypt á þessu ári af ríkisvíxlum og ríkisbréfum af fjmrn. Og þessi sami hæstv. fjmrh., sem kemur hér og reynir að tala um stöðugleika og markaðsárangur í sölu ríkisbréfa, mætir þeirri staðreynd að þetta er nákvæmlega sama tala og hann fordæmdi mig hér úr þessum ræðustól með stórum orðum mánuð eftir mánuð á fyrsta þingi þessa kjörtímabils fyrir að vera með 9 milljarða yfirdrátt í Seðlabankanum þegar núv. fjmrh. tók við. (**Fjmrh.:** Það eru rúmir 10.) Já, þó að það séu rúmir 10 hæstv. ráðherra. En ráðherra, sem hefur orðið að láta Seðlabankann hinum megin við götuna kaupa af sér nánast obbann af öllum bréfunum sem hann hefur verið að gefa út, er í raun og veru að segja það að markaðurinn neitar að skipta við hann.

Og það er meira en þetta. Seðlabankinn hefur líka orðið að kaupa 4 milljarða af húsbréfunum vegna þess að það hefur enginn annar keypt húsbréfin eða með öðrum orðum Seðlabankinn hefur á þessu ári keypt

fyrir 13 milljarða þá ríkispappíra sem fjmrn. sjálft eða Húsnæðismálastofnun hafa verið að reyna að koma út.

Þannig að vaxtastefna og markaðsstefna ríkisstjórnarinnar varðandi vextina er auðvitað gersamlega sprungin. Ef þetta hefðu verið hinir frjálsu kaupendur á hinum frjálsa markaði sem hefðu keypt fyrir þessa 9 milljarða, þá hefði maður sagt: Gratulera, hæstv. fjmrh. En að fara bara yfir götuna með ríkisbréfin í hjólbörum til Steingríms Hermannssonar og Birgis Ísl. Gunnarssonar, það er ekki mikill árangur. Það er einfaldlega yfirlýsing um að það er ekki nokkur maður sem ber traust til þessarar efnahagsstefnu á markaðnum sjálfum. Þannig að 9 milljarðarnir og 4 milljarðarnir sem hafa verið að hlaðast upp í Seðlabankanum eru vantraustsyfirlýsing markaðarins á vaxtastefnu og fjármálastefnu þessarar ríkisstjórnar.

Það vantraust birtist líka í öðru. Það birtist í því, ef ég man rétt, að 5–6 milljarðar hafa streymt hér út úr landinu í fjármagni sem menn hafa varið á erlendum mörkuðum til þess að kaupa erlend verðbréf, mun stærri upphæð en nokkurn óraði fyrir. Og hvað gerist svo um áramótin þegar algerlega verður opnað fyrir? Þá heldur auðvitað fjármagnið áfram að streyma út, enda er svo komið núna að Sigurður B. Stefánsson, einn helsti kunnáttumaðurinn á peningamarkaðnum, spáði í fyrradag verulegri vaxtahækkun, að vísu á skammtímamarkaði, en það breytir satt að segja, því miður, mjög litlu. Það er þess vegna alveg ljóst að þessi skuldasöfnun ríkisstjórnarinnar, mistökin í framkvæmd vaxtastefnunnar, getuleysið í að selja markaðsbréf ríkisins hafa leitt til þess að vextirnir munu hækka á næstunni. (Gripið fram í.) Hvað mikið, það skulum við ekki fullyrða hér í þessum sal. En ég ráðlegg hæstv. fjmrh. og hæstv. forsrh. að tala varlega um vextina, tala varlega um árangurinn af markaðssölu ríkisbréfanna. Það getur vel verið að það sé hægt að berja hér einhverja þingmenn Sjálfstfl. og Alþfl. til þess að greiða atkvæði gegn vantrausti á þessa ríkisstjórn, en markaðurinn hefur nú þegar greitt atkvæði með vantrausti á hana.

Nú er fjmrh. að bjóða ECU-bréf og auglýsir þau sérstaklega með því að birta mynd af erlendri belju í Morgunblaðinu dag eftir dag. Ég vil spyrja hæstv. fjmrh.: Þegar farið er að selja ríkispappírana í ECU-mynt, er það ekki bara erlend lántaka alveg eins og þegar verið er að taka lán í dollurum eða pundum? Auðvitað vegna þess að slík bréf lúta sömu lögmálum og erlendar lántökur. Þegar gengið fellur, þá aukast skuldirnar, en ef lánin eru í íslenskri mynt, þá aukast þær ekki þó að gengið falli. Og þegar gjaldbreytingar verða á frankanum og markinu og öðrum slíkum evrópskum myntum þá breytist líka hlutfallið innan ECU. Þannig að fjmrh. sem ætlar að nota ECU-bréfin til þess að greiða til baka hluta af 9 milljörðunum sem Seðlabankinn er búinn að kaupa fyrir fram á þessu ári er bara einfaldlega að fara bakdyrnar og auka erlendu skuldirnar með þessum hætti.

Hæstv. fjmrh. Friðrik Sophusson ætti satt að segja að temja sér meiri hógværð í umræðu um efnahagsstefnu þessarar ríkisstjórnar og vaxtaviðskilnaðinn.

Virðulegi forseti. Því miður er það þannig að þau tímamörk sem hér eru sett leyfa ekki fleiri atriði af þessu tagi. Ég vil þó aðeins nefna það að lokum að alls staðar þar sem menn eru að skoða efnahagslegar framfarir, alls staðar þar sem menn eru að greina hagvöxt, og að því leyti er þessi skýrsla Alþjóðabankans um efnahagsárangurinn í Asíu mjög merkileg og reyndar einnig tillögugerð Alþb. sem er sprottin af sama toga, er niðurstaðan sú að fjárfesting í menntun og almenn fjárfesting sé meginforsenda þess að menn geti bætt lífskjörin og aukið hagvöxt. Hvort tveggja er skorið niður í þessu fjárlagafrv. og samkvæmt efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar. Í þessu fjárlagafrv. er því verið að vega að þeim tveimur meginundirstöðum sem helstu sérfræðingar á alþjóðavettvangi eru sammála um að eru meginforsenda framfara. Svo kemur hæstv. fjmrh. og talar um það sem staðreynd að hallinn á næsta ári verði 6 milljarðar og segir að þetta séu ekki kosningafjárlög.

Ég var á fundi Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu sl. laugardag, hæstv. fjmrh. Þar reis upp hver forustumaðurinn frá Sjálfstfl. á fætur öðrum og fordæmdi ákvæðið um sveitarfélögin í þessu fjárlagafrv. Þar eru nú 700 millj. í viðbót eða 600.

Síðan er reiknaður í þessu fjárlagafrv. 2% sparnaður í öllum ráðuneytum, svokallaður flatur niðurskurður. Það er nú einfaldasta trikkið í bókinni að gefa sér einhver 2% og reikna þau svo inn í allt fjárlagafrv. eins og það sé í hendi. Það eru engin rök færð fyrir því í þessu frv. að slíkur niðurskurður sé í hendi.

Ef horft er á óraunhæfni þessara 2%, á framgönguna við sveitarfélögin, loforðið gagnvart verkalýðshreyfingunni, að ógleymdu heilbrrn., þá má þakka fyrir ef hallinn á næsta ári verður undir 9–10 milljörðum.

[17:18]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég mun í ræðu minni síðar í dag svara því sem hefur komið fram hjá hv. þm. mestan part því hann er sérfræðingur í að snúa öllu við og gera svart hvítt og hvítt svart. En það er eitt sem ég tel ástæðu til að ræða núna sérstaklega og það er þegar hann ræðir um skuldir ríkisins og skuldir þjóðarinnar.

Það er hárrétt hjá hv. þm. að skuldir ríkisins hafa verið að vaxa. Auðvitað fer það ekki öðruvísi þegar halli er á ríkissjóði ár eftir ár. Hitt er hins vegar staðreynd að skuldir þjóðarbúsins erlendis eru nú að minnka, sem betur fer. Það er ekki lengur 20 milljarða halli á þjóðarbúinu eins og var árið þegar hv. þm. hvarf úr ríkisstjórn.

Auðvitað hafa gengisbreytingar áhrif á skuldir ríkisins erlendis. Það hefur líka áhrif þegar ríkisstjórn þarf að taka yfir gamlar syndir t.d. Framkvæmdasjóðs, Byggðasjóðs, Atvinnutryggingarsjóðs og fleiri aðila. Það hefur líka áhrif þegar á árinu 1992 þurfti að taka erlent lán til að borga upp gamlar skuldir frá árinu áður sem höfðu myndast, eins og þingmaðurinn sagði, fyrri hluta ársins 1991.

Síðan segir hv. þm.: Hafa ekki skuldir ríkisins tvö-

faldast á árunum 1991–1995? Og það er rétt. En hvað haldið þið, hv. þm., að hefði verið sagt ef sá sem var fjmrh. 1988 hefði lýst því yfir að hann ætlaði að tvöfalda skuldir ríkisins — ekki á heilu kjörtímabili heldur á einu ári. Það hefði eitthvað verið sagt. En hver skyldi hafa gert þetta annar en hv. þm.? Hann er að segja það hér að ég hafi tvöfaldað skuldir ríkisins á heilu kjörtímabili, ég get gefið skýringar á því. Sjálfur tvöfaldaði þessi sami maður, hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, skuldir íslenska ríkisins á einu ári.

[17:21]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Samkvæmt eigin fjárlagafrv. ráðherrans voru heildarskuldir hins opinbera 1988 147 milljarðar, voru árið 1989 166 milljarðar og ef ráðherrann getur fengið það út að það sé tvöföldun á 147 milljörðum að verða 166 milljarðar þá hefur hann satt að segja lært reikning einhvers staðar annars staðar en þar sem hann kenndi hann. Ég held því að ráðherrann verði að temja sér vandaðri vinnubrögð í málflutningi en svona útúrsnúninga eins og kom fram hjá honum áðan.

Síðan er hann í öðru lagi að skýra út þessa miklu skuldasöfnun með því að ríkissjóður hafi orðið að taka að sér Atvinnuleysistryggingasjóð og Hagræðingarsjóð. Ég veit ekki betur en þessi ríkisstjórn hafi á síðasta þingi flutt þessar skuldir yfir á sjávarútveginn með því að setja þær inn í — hvað heitir hann nú aftur — Þróunarsjóð sjávarútvegsins. Er það ekki rétt munað? Þessar skuldir hafa bara verið fluttar frá ríkissjóði yfir á frystihúsin og útgerðina í landinu. Svo eru það aðalrökin fyrir því að þessi skuldastaða hafi aukist svona mikið sem búið er að bókfæra á atvinnulífið sjálft.

Satt að segja ætti hæstv. fjmrh. að temja sér vandaðri vinnubrögð í túlkun á staðreyndum en að reikna hjá sér skuldir sem hann flutti frv. um á síðasta þingi að reikna hjá sjávarútveginum.

[17:22]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Hv. þm. getur ekki einu sinni þegar hann kemur í tvær mínútur í ræðustól notað þessar tvær mínútur til þess að segja satt. Í fyrsta lagi stendur það svart á hvítu og kemur fram í þessu frv. að hv. þm. tvöfaldaði skuldir ríkissjóðs á einu ári. Það stendur svart á hvítu. Síðan segir hv. þm. að ég sé að bera mig illa undan því að hafa þurft að taka skuldir sem hann skildi eftir yfir á ríkissjóð og bendir á að það sé ekki mikill manndómur í því að setja slíkar skuldir til að mynda inn í Þróunarsjóð sjávarútvegsins. Við látum tekjur á móti. Ríkissjóður hafði tekjur af sjávarútveginum. Þessar tekjur renna nú til þessa sjóðs til þess að greiða þessar skuldir niður. Það er meiri mannsbragur á því en (**HÁ:** Hvaða tekjur eru það?) þegar hv. þm. skildi eftir hjá sér til að mynda það að Byggingasjóður verkamanna hlóð upp skuldum og Lánasjóður ísl. námsmanna hlóð upp skuldum og þeir sem tóku við búinu af hv. þm. hafa þurft að nota heilt kjörtímabil til þess að moka út flórinn eftir hv. þm. Og honum væri sæmra að koma hér upp og byrja á því að segja sannleikann því sannleikurinn er sá og það er rétt að það var tæplega tvöföldun á ríkisskuldunum á heilu kjörtímabili en það var rúmlega tvöföldun á ríkisskuldunum á milli áranna 1988 og 1989. Ég skora á hv. þm. að koma hér upp og viðurkenna að honum hefur orðið fótaskortur á sannleikanum.

[17:24]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er alveg greinilegt að þegar farið er að tæta þessa glansmynd í sundur þá loksins kemst fjmrh. að raun um það hvar hann er staddur og bregst við reiður og sár og fúll. Það þýðir ekkert að koma í ræðustólinn reiður, sár og fúll, hæstv. fjmrh. Við getum haldið áfram í allan dag og alla nótt að reiða þessar staðreyndir fram. Og segja hér að fjmrh. hafi látið sjávarútveginn fá tekjur á móti. Hvílíkt grín. Það gerðist á þessu kjörtímabili að ríkisstjórnin tók upp á að skattleggja sjávarútveginn. M.a. átti hann að standa undir rekstri ríkisstofnana. Það hafði aldrei tíðkast áður. Svo þegar það er lagt niður þá er sagt að það sé verið að skila tekjum á móti. Hvílíkar hundakúnstir í málflutningi.

Svo er hæstv. ráðherra að tala um húsnæðismálin. Ráðherra sem stendur frammi fyrir því að það hefur enginn viljað kaupa þau bréf sem Húsnæðisstofnun hefur boðið á markaði aftur og aftur og aftur á undanförnum mánuðum. Og Seðlabankinn, Steingrímur Hermannsson og Birgir Ísleifur, hafa hlaupið til til að bjarga ráðherranum frá þessum vanda í húsnæðismálum og hafa látið Seðlabankann kaupa húsnæðisbréf fyrir 4 milljarða það sem af er þessu ári. (**GÁ:** Það eru margar hjólbörur.) Já, það eru margar hjólbörur, hv. þm., sem hafa verið keyrðar á milli þvert yfir götuna á milli Seðlabankans og fjmrn. Þannig að fjmrh. sem er að tala um viðskilnað í húsnæðismálum á sama tíma og það er Seðlabankinn sem með 4 milljörðum hefur bjargað hruni húsbréfakerfisins bara á fáeinum mánuðum ætti lítið að vera að tala um viðskilnað í húsnæðismálum.

Það er satt að segja alveg sama hvar litið er á hallann hjá ríkissjóði, skuldasöfnunina, lánakerfið í húsnæðismálunum, erlendu skuldirnar, tekjuskatt einstaklinganna, alveg sama hvar litið er á alla þessa mælikvarða sem Sjálfstfl. hefur viljað leggja á undanförnum árum. (Gripið fram í.) Já, hæstv. fjmrh. verður bara að þola það án frammíkalla að staðreyndirnar séu reiddar hér fram. En ég skil vel (Gripið fram í.) að hann hafi orðið reiður og sár vegna þess að það er alveg greinilegt að hann hefur verið farinn að trúa sinni eigin glansmynd.

(**Forseti** (VS): Tíminn er búinn.)

Og þegar hún er tætt í sundur þá ókyrrist hann svo í salnum að hann getur ekki einu sinni hlustað á einfalt mál. (**Fjmrh.:** Af hverju svararðu ekki spurningunni?)

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Andsvörum er lokið. Það er bara einn sem hefur orðið í einu í þessum hv. þingsal.

[17:27]

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Ég hafði ekki ætlað mér að taka til máls við 1. umr. um fjárlögin en sé mig knúinn til þess vegna viðbragða hv. formanns fjárln. við andsvari sem ég veitti um íþróttasjóð sem nú stendur til að leggja niður.

Þegar lögin um verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga voru til umræðu háðum við nokkuð harða baráttu fyrir tilvist íþróttasjóðs sem þá stóð til að leggja niður. Eftir harða rimmu náðist að verja sjóðinn. Þótt veikur væri og lítið fé sett í hann þá litu menn á það sem ákveðinn sigur og mætti í framhaldi af því vinna að því að efla þennan sjóð og styrkja þannig að hann yrði verulegur styrkur fyrir íþróttirnar í landinu.

Nú kemur fram í þeim fjárlögum sem hér eru lögð fram að ætlunin er að leggja íþróttasjóð niður. Í frv. sjálfu, í skýringum við þennan lið, sem er liður 989, segir, með leyfi forseta:

„Fjárveiting til íþróttafélaga að fjárhæð 14,5 millj. kr. er felld niður. Fjárveiting þessi hefur verið nýtt til að styrkja framkvæmdir á vegum íþróttafélaga. Með breyttri verkaskiptingu á árinu 1990 tóku sveitarfélög að sér byggingu íþróttamannvirkja og stuðning við framkvæmdir á vegum íþróttafélaga."

Þegar slík rök eru borin á borð þá hlýtur maður að líta til þess hvernig stuðningur Jöfnunarsjóðs hefur verið við íþróttafélögin í landinu vegna þess að það er gefið í skyn í skýringum með þessum lið að þetta sé allt með felldu og stuðningur úr Jöfnunarsjóði frá sveitarfélögunum sé eitthvað sem marktækt er.

Ég er hér með útskrift yfir útgreiðslur úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga fyrir árið 1993 og ég ætla að fara aðeins yfir það hvernig hann hefur stutt í raun og veru hina frjálsu íþróttahreyfingu og félög eins og sagt er í greinargerð með frv. Ef við lítum fyrst yfir árið 1993, þessu er skipt eftir kjördæmum, þá fékk Reykjanes 0 kr., Vesturland fékk 1.547 þús. kr., Vestfirðir 0 kr., Norðurland vestra 0 kr., Norðurland eystra 167 þús. kr., Austurland 100 þús. kr. og Suðurland ekkert. Samtals á árinu 1993 1 millj. og 814 þús. kr. úr Jöfnunarsjóði.

Lítum á árið 1994. Reykjanes ekkert, Vesturland ekkert, Vestfirðir 1,5 millj. kr., Norðurland vestra 1 millj. 992 þús. kr., Norðurland eystra ekkert, Austurland 1.722 þús. kr. og Suðurland 3,5 millj. kr.

Þetta er allur styrkurinn sem kemur frá sveitarfélögunum í gegnum Jöfnunarsjóðinn.

Þetta er nákvæmlega það sem við óttuðumst þegar verkaskiptalögin voru samþykkt að sérstaklega smærri sveitarfélögin réðu ekki við að styrkja íþróttirnar í sínu umdæmi. Það er nákvæmlega sú mynd sem birtist á þessum tölum sem koma frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Og nú ætla menn að færa fyrir því rök í fjárlagafrv. að það sé hægt að leggja íþróttasjóð niður vegna þess að sveitarfélögin og Jöfnunarsjóður eigi að sjá um hann. Menn hafa það svart á hvítu hver reynslan er. Rökstuðningurinn eða það sem er gefið í skyn í fjárlagafrv. er þess vegna villandi. Í hæsta máta villandi.

Ég mun því fyrir 2. umr. leggja fram brtt. við þennan lið og mér þykir sárt, virðulegi forseti, að hæstv. menntmrh. er ekki viðstaddur þessa umræðu því þetta er málaflokkur sem heyrir undir hann en ég skil það og veit ástæðuna fyrir því að hann getur ekki verið viðstaddur umræðuna en hef engu að síður sagt honum mína skoðun á þessu þannig að hann veit nákvæmlega minn hug í málinu.

Það er hlálegt að á sama tíma og menn tala um forvarnir og mikilvægi forvarna skuli svona tala birtast í fjárlagafrv. fyrir árið 1995. Það er reyndar ekki hlálegt, það er sorglegt og menn geta farið yfir þættina. Það þýðir ekkert að standa hér í ræðustól og berja sér á brjóst og tala um forvarnir og gera sig að einhverjum englum með geislabaug en meina svo nákvæmlega ekkert með því vegna þess að það er ekkert til í íslensku þjóðfélagi sem er betri forvörn gegn alls kyns villum sem fólk getur lent í en einmitt íþróttastarfið. Um það eru til rannsóknir sem voru gerðar á vegum Háskóla Íslands og á vegum íþróttanefndar ríkisins fyrir tilstilli Þórólfs Þórlindssonar prófessors. Þar kemur þetta alveg skýrt í ljós og þessi skýrsla verður lögð fram á íþróttaþingi sem verður um næstu helgi. Hvað kemur þar í ljós? Það koma í ljós bein tengsl t.d. við námsárangur. Þeir sem stunda íþróttir ná betri námsárangri en þeir sem stunda þær ekki. Þeir sem stunda íþróttir neyta minna áfengis en þeir sem stunda þær ekki. Þeir sem stunda íþróttir lenda síður á villigötum fíkniefnanna en þeir sem stunda þær ekki. Svona er hægt að telja upp lið fyrir lið fyrir lið að ógleymdu heilsufari almennt. Svo ætla menn að koma hér og bjóða upp á þetta, þetta eru litlar 14,5 millj. kr. en það er prinsippið sem gildir í þessu máli. Það er stefnan og það eru skilaboðin sem er verið að segja við fólkið í landinu. Og það er ekki hægt að taka það gott og gilt að á sama tíma komi menn og tali um forvarnir, vegna þess að það eru innantóm orð. Menn segja náttúrlega berum orðum: Við meinum ekkert með þessu. Hér ættu menn að vera að koma og styrkja forvarnir í landinu. Menn ættu að rifja upp nýlega umræðu um fíkniefnin. Viðtöl við unga, glæsilega stelpu í sjónvarpinu sem hafði lent í þessum ósköpum, viðtöl við móðurina. Menn ættu að labba hér í Austurstræti um helgar og sjá ástandið þar. Menn ættu að fletta í lögregluskýrslum um afbrotin. Ég fullyrði að fjöldanum öllum af þessu fólki væri hægt að bjarga með því að leiða það inn á brautir íþróttanna.

Þess vegna finnst mér sorglegt að sjá þá stefnu og þau skilaboð sem æskan í landinu, sem foreldrarnir, uppalendur, kennarar og allir þeir sem bera hag æskunnar og framtíðarinnar fyrir brjósti, eru að fá með þessum tillöguflutningi sem hér er. Meira að segja RLR getur ekki spornað við fæti. Þeir vita af þessu öllu, en þeir hafa ekki mannskapinn, þeir hafa ekki fjármagnið. Það er því alveg sama hvar við berum niður á þætti forvarnanna, það eru engar raunverulegar forvarnir til. Þær eru til á tyllidögum, þær eru til í afmælum og í veislum og öðru slíku, stórræðum, en þegar komið er að aðgerðunum þá eru þær ekki til. Þess vegna harma ég að þetta sé.

Síðan spyr ég hv. formann fjárln., sem var mikill og

þekktur íþróttagarpur hér áður fyrr, hvort hann treysti sér til þess að segja hér úr ræðustól að hann mundi beita sér fyrir því, ekki að hann gæti lofað mér því að þetta yrði að veruleika, að sjóðnum yrði bjargað, en hann mundi beita sér fyrir því að svo færi. Nei, það var aldeilis ekki hægt að taka á því. Það er hægt að finna hér í þessu plaggi fjöldann allan af fjárhæðum sem væri betur varið til íþrótta heldur en þar sem þær eru, fjöldann allan. Hv. formaður treysti sér ekki til að taka þessa afstöðu, einfaldlega hvort hann vildi beita sér fyrir þessu, *en hann treysti sér til þess að taka afstöðu* til þess að hátekjuskattur eigi að vera á. Það var stórmannlegt, en hitt er ekki mjög stórmannlegt. Ég tek undir sjónarmið hv. þm. með hátekjuskattinn. Ég er því fylgjandi að hann verði á og þess vegna mætti þrepa hann upp, fara með hann í fleiri þrep svipað og t.d. er gert í Svíþjóð og ég hef reyndar lagt fram fyrirspurn þess efnis hvernig sú skipting kæmi út. En ef menn eru tilbúnir að taka afstöðu til jafnstórs máls og hátekjuskattur er, hljóta menn að geta litið á þetta, þá hljóta menn að geta gert það.

Ég get ekki úr því að ég er kominn hérna upp stillt mig um, svipað og fyrir 2–3 dögum, að inna hv. þm. Framsfl. enn einu sinni eftir því: Ætla þeir að fara með virðisaukaskattinn í eitt þrep ef þeir komast til valda? Þeir hafa hlaupið hér fagnandi um götur eftir að skýrsla Ríkisendurskoðunar kom fram. Reyndar skilur enginn hverju þeir eru að fagna. Barið sér á brjóst og sagt: Sjáið þið, sjáið þið. Fleiri þrep í skattkerfinu auka möguleikana á skattsvikum. Þvílík uppgötvun! Hver ætli hafi ekki gert sér grein fyrir því. Eftir því sem eru fleiri dyr á húsum eru fleiri leiðir út úr þeim. Þvílík uppgötvun. Og síðan að það yrði flóknara bókhaldskerfið eða bókhaldsfærslan á þeim. Önnur eins stórkostleg uppgötvun. Þetta vissi auðvitað hver einasti maður. En eftir öll þau stóru orð sem féllu hér og eru enn að falla þá á þjóðin það inni hjá Framsfl. að þeir segi það skýrt og skorinort, ætla þeir að setja matarskattinn aftur á, vegna þess að það sögðu þeir á síðasta þingi. Nú er aðeins farið að reka í bakkgírinn og segja: Það er erfitt að breyta til baka, og annað slíkt. En á sömu stundu er sagt: Þetta er eitthvað það vitlausasta sem gert hefur verið. Og þá er jafnvel verið að segja: Við ætlum þá bara að lifa við þetta vitlausa kerfi. Það er því kominn tími til að hv. þm. Framsfl. segi þjóðinni, skýrt og skorinort eins og þeir gerðu hér á síðasta þingi: Við ætlum að auka byrðarnar á ykkur, við ætlum að hækka matarverðið í landinu. Það eru nákvæmlega skilaboðin sem voru hér. Nú er bara spurning. Menn tala um kosningaþing. Eru menn menn til þess að standa við fyrri orð?

Um skattsvikin vil ég endurtaka það sem ég sagði áðan. Skattar eru orðnir allt of háir. Allt of háir. Það er allt of mikið af fólki sem lifir ekki vegna skattanna, fyrst og fremst. Af hverju halda menn að skattsvik aukist? Það er fyrst og síðast vegna þess að fólk verður auðvitað að bjarga sér, því er ýtt út í það vegna þess að skattarnir eru of háir. Hvað gerum við ekki til að brauðfæða börnin okkar? Við förum aðeins fram hjá kerfinu, ef þess þarf með, og það erum við hér inni sem setjum skattalögin sem berum stærstu ábyrgðina á því. Ég er tilbúinn að axla þá ábyrgð. En það er okkur að kenna. Við eigum fyrst að líta hér inn heldur en að líta út um allt þjóðfélag og reyna að finna einhverja seka menn þar, sem eru sekir af því að við settum þá í þá stöðu. Þannig að það er alveg ljóst að skattbyrði á þorra fólks verður að létta með einum eða öðrum hætti. Þess vegna tek ég undir þá gagnrýni sem hefur komið fram, að hátekjuskatt á ekki að leggja niður. Ég trúi ekki öðru, þegar upp verður staðið rétt undir jól, en að við verðum búnir að setja hann á aftur. Ég trúi ekki öðru. Það er bara ekki réttlæti í öðru.

[17:41]

Halldór Ásgrímsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það var mjög athyglisvert sem hv. þm., Ingi Björn Albertsson, sagði hér áðan. Hann sagði: Við vissum að sjálfsögðu að þetta mundi auka skattsvikin. Við vissum að skilvirknin mundi minnka. Ætlar þessi hv. þm. að gerast fulltrúi skattsvikaranna í landinu? Ef það er sannað að skattsvik aukast með flóknara kerfi, vill hann viðhalda því? Vill hann viðhalda því fólki í störfum sem er að fylgjast með þessum tveimur þrepum? Það er staðfest í skýrslu Ríkisendurskoðunar að það hafa verið ráðnir í það 14 menn bara til að fylgjast með því. En það var sagt hér í annarri skýrslu að það þyrfti 23–26. Það er vitað mál að þetta fólk gæti fylgst með öðru. Það gæti verið með í því að uppræta skattsvikin, þessa 11 milljarða. Það þýðir ekkert fyrir hv. þm. að koma hér ár eftir ár, berja sér á brjóst og segja: Við viljum uppræta skattsvik, en vilja síðan gera skattkerfið flóknara og flóknara.

Ég vil aðeins benda hv. þm. á eitt. Það stendur í fjárlagafrv., sem mér skilst að hann styðji, af því að hann styður núv. ríkisstjórn:

„Þyngst vegur að undanþágurnar eru fleiri en að var stefnt í upphafi og horfið hefur verið frá því grundvallarmarkmiði að hafa aðeins eitt skattþrep, a.m.k. um sinn. Þessar breytingar hafa óneitanlega dregið úr skilvirkni kerfisins og gert framkvæmdina erfiðari en ella. Það er óumdeilt að í skattalegu tilliti er eitt þrep og sem fæstar undanþágur æskilegasti kosturinn."

Þetta er fjárlagafrv., hv. þm., sem hér er borið fram. Og ég segi það fyrir mig að auðvitað eigum við að taka upp það kerfi sem gefur mesta jöfnun, mesta skilvirkni og mest réttlæti og það er alveg vitað að það er eitt þrep, hvað svo sem hv. þm. segir.

[17:43]

Ingi Björn Albertsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það fór á alveg sömu leið og hér um daginn að þegar komið er örlítið við kaunin á hv. þm. Framsfl. þá lokast eyrun og þeir heyra eitthvað illa. Í sama húsi og Sjálfstfl. er með höfuðstöðvarnar eru seld tæki sem hjálpa mönnum sem heyra illa eða heyra óskýrt. Þau eru sett svona inn í og það er hægt að stilla pínulítið. Vegna þess að ég sagði aldrei að skattsvik hefðu aukist. Ég sagði að það yki möguleikana á þeim og það er allt annað, hv. þm. (Gripið fram í.) Það er allt annað, það eykur möguleikana. Ef hv. þm. skilur það ekki þá fer ég nú að skilja margt í hans

málflutningi betur en áður.

Það voru skýr skilaboð loksins frá Framsfl. til fólksins í landinu. Við ætlum að hækka matarverð ef við komumst til valda. Við ætlum að taka upp á nýtt matarskatt. Það komst loksins til skila. Það þurfti að spyrja þá nokkrum sinnum að því, en þetta eru skilaboðin. Við ætlum að auka byrðarnar á ykkur, kæra fólk, sem reyndar hafið nægar byrðar í dag. Mér þykir þetta afar athyglisvert. Mér þykja þetta reyndar bágleg tíðindi, en þó ekki, vegna þess að nú veit fólk þetta og ég held að það detti ekki nokkrum heilvita manni í hug að fara að kalla slíkt yfir sig, ekki nokkrum heilvita manni.

Hvað varðar hins vegar skýrslu Ríkisendurskoðunar, þá stend ég við það sem ég sagði áðan. Auðvitað auka fleiri þrep möguleikana á skattsvikum. Að sjálfsögðu. Það þarf ekki að kosta til stórfé Framsfl. í skýrslu frá Ríkisendurskoðun til þess. Og auðvitað verður bókhaldið þyngra í vöfum. Að sjálfsögðu. En til hvers að eyða skattpeningum af almannafé til þess að fá Ríkisendurskoðun til að fara yfir slíkt?

[17:45]

Halldór Ásgrímsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég kannast nú ekki við þessar græjur sem menn geta keypt á kontórum íhaldsins hér í bænum. En mér heyrist nú að hv. þm. hafi a.m.k. hætt að nota þessi tæki, ef hann hefur einhvern tíma fengið þau ókeypis hjá flokknum. En trúlega hefur það verið tekið af honum eins og margt annað í þessum íhaldsflokki.

Hv. þm. segir: Auðvitað aukast möguleikarnir á skattsvikum. En er það þannig, hv. þm., að ef að möguleikarnir aukast, þá sé það nokkurn veginn víst að enginn muni notfæra sér þá? Hefur hv. þm. ekkert kynnt sér skýrslu skattsvikanefndar? Hefur hann ekkert reynt að fara ofan í það sem þar stendur og hvernig skattvik eru tilkomin í þessu landi? Auðvitað er það m.a. vegna þess að það er alltaf verið að hringla í skattkerfinu og það er alltaf verið að breyta skattalögum. Heldurðu að það hafi ekki haft mikil áhrif að skattkerfið var allt upptekið af þessari breytingu það sem af er árinu? Ég reikna með því að hæstv. fjmrh. geti staðfest það að skattsvik hafa aukist. Auðvitað notfæra menn sér þessa möguleika ef þeir eru til staðar. Þannig að mig undrar það að hv. þm. virðist álíta svo að það sé bara allt í lagi að auka möguleikana á skattsvikum í kerfinu almennt vegna þess að það megi ganga út frá því að allir séu svo heiðarlegir að þeir muni að sjálfsögðu ekki notfæra sér þessa glufu. Ég hélt að hv. þm. vissi betur um ýmsa aðra möguleika á skattsvikum líka sem við ættum öll að þekkja.

[17:47]

Ingi Björn Albertsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er afar athyglisvert að hlusta á framsóknarmenn hér, þeir eru í miklum vandræðum, vegna þess að ég get ekki túlkað málflutning formanns Framsfl. á annan hátt en að hann sé á móti hátekjuskatti. Er það virkilega svo, að Framsfl. sé líka á móti hátekjuskattinum? Hann ætlar að hækka matarverðið, setja matarskattinn á aftur og hann ætlar að létta byrðarnar á hátekjufólkinu. Þetta er nákvæmlega boðskapurinn sem hér var fluttur. Við erum á móti að þrepa skattana, það eykur líkurnar á því að það verði svikið undan skatti. Og hvað gerir þá hátekjuskatturinn? Hann er annað þrep í tekjuskatti einstaklinga. Þar með hlýtur Framsfl. að vera á móti hátekjuskatti. Ja, það eru aldeilis skilaboð sem hér komu í dag. Það eru aldeilis skilaboð. Við ætlum að auka byrðarnar á fólkið í landinu, allan almenninginn, og svo ætlum við að lækka það á hátekjufólkinu. Þetta er nýja stefna Framsfl. Þetta er glæsilegt. Síðan segir hv. formaður Framsfl. að skattsvik hafi aukist. Ég er ansi hræddur um að hann hafi ekkert fyrir sér í því. Ég leyfði mér alla vega að skilja höfuðhreyfingu hæstv. fjmrh. á þann veg að skattsvik hafi ekki aukist. En það getur vel verið að hv. formaður Framsfl. hafi einhverjar aðrar upplýsingar. Ég hef þær ekki. Ég ætla ekkert að fullyrða hvort þau hafi aukist eða aukist ekki. En skilaboðin frá Framsfl. eru auðvitað glæsileg frá hendi hins nýja formanns flokksins.

Útbýting þingskjals:

Tekjuskattur einstaklinga, 71. mál, fsp. IBA, þskj. 71.

[17:49]

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Vegna misskilnings um lengd ræðutíma hér í dag, í upphafi fundar, átti ég nokkuð eftir af ræðu minni. Ég hafði hugsað mér að fara nokkuð gegnum áætlanir hinna einstöku ráðuneyta, en verð að stytta mál mitt, sem kemur ekki að sök þar sem félagar mínir í þingflokknum munu einnig ræða ýmsa málaflokka.

Um málefni forsrn. er ekki mikið að segja. Beðið var um 70 millj. í fjárlögum fyrir árið 1994 til lýðveldishátíðar og auðvitað er ekkert í fjárlagafrv. 1995 um hana. En í frv. til fjáraukalaga 1994, sem lagt var fram í gær, er beðið um 42 millj. til sömu lýðveldishátíðar, þar sem allur kostnaður fór úr böndunum meðan stór hluti hátíðargesta sat fastur á þjóðveginum og komst aldrei til Þingvalla. En það hefur komið í ljós að enginn var ábyrgur og vegna þess sem hv. 5. þm. Reykv. hefur verið að tala um hér í dag, um framlög til íþrótta, þá vil ég benda á að gott hefði nú verið að eiga uppi í erminni þessar 42 millj.

Ég hlýt að fagna því að margra ára baráttumál mitt, embætti umboðsmanns barna, verður nú að veruleika. Ég vona að hæstv. forsrh. beri gæfu til að ráða til þess mann sem reynslu hefur af starfi með börnum og umfram allt mann sem hefur áhuga á börnum og virðingu fyrir þeim.

Ég hlýt hins vegar að spyrja hæstv. fjmrh. hvort allri vinnu við svæðisskipulag Þingvallasvæðisins sé lokið, þar sem fjárveiting til hennar fellur brott. Eða hefur hæstv. ríkisstjórn látið að vilja einhverra þeirra sem þar eiga þröngra einkahagsmuna að gæta? Ég vænti svars við þessari spurningu. Ég er ekki of kunnug því máli, svo allrar einlægni sé gætt.

Hv. 9. þm. Reykv., Svavar Gestsson, mun fara yfir þátt heilbrrn. hér á eftir. En ef honum skyldi hafa skotist yfir eina setningu hér á bls. 324 í kaflanum um

heilbrigðismálin þá stendur hér, með leyfi hæstv. forseta, og ég bið hv. þm. að taka eftir: „Útgjöld lífeyristrygginga lækka samtals um 850 millj. kr. Eins og greint er frá í kafla 6.3 hér að framan er ekki áætlað fyrir eingreiðslum í fjárlagalið lífeyristrygginga," — og nú bið ég menn að taka eftir — „einnig er áformað að endurskoða heimildarbætur lífeyristrygginga í m.a. ljósi nýrra laga um húsaleigubætur."

Ég vil biðja hv. þingmenn að íhuga hvort nú eigi að fara að láta það bitna á lífeyristryggingum hvort menn fá húsaleigubætur. En ég ætla að öðru leyti að láta heilbrigðisþáttinn eiga sig.

Ég lýsti í fyrri ræðu minni áhyggjum mínum af alvöruleysi í menntamálum. Á töflu á bls. 291 má sjá hvernig skorið hefur verið niður á öllum sviðum grunnmenntunar á sama tíma og gumað er og gasprað um aukna áherslu á vísindastörf og rannsóknir. Háskóli Íslands verður að treysta á spilafíkn fólks til að fjármagna framkvæmdir sínar og kennarar skólans og raunar kennarar allra annarra skóla berjast í bökkum við að draga fram lífið af launum sínum. Rekstrarframlag til háskólans lækkar samt um 66,4 millj. í frv. til fjárlaga fyrir 1995. Hver er hugsunin í þessu? Sömu sögu er að segja um Kennaraháskólann sem einnig eru stórlækkuð framlög til. Enn furðulegra er þó að sjá að Rannsóknarráð Íslands sem stofnað var í stað Vísindasjóðs og Vísindaráðs, Rannsóknaráðs ríkisins og Rannsóknasjóðs á að fá sömu upphæð og hinar fyrri stofnanir fengu 1994. Samt á ráðið að „treysta" stoðir íslenskrar menningar og atvinnulífs með því að stuðla að markvissu vísindastarfi, tækniþróun og nýsköpun, eins og þar segir.

Frú forseti. Maður hlýtur að spyrja: Hvers konar rugl er þetta?

Í lið 299 stendur orðrétt: „Háskóla- og rannsóknastarfsemi. Framlag lækkar um 27,6 millj. kr. og verður 38,9 millj. kr."

Árið 1994 fóru rúmar 300 millj. í EFTA og Evrópska efnahagssvæðið, skrifstofuvinnu fyrir þau góðu fyrirbæri.

Engin aukning er á framlögum til Námsgagnastofnunar sem um langt skeið hefur verið í fjársvelti. Enn síður stendur til að efla handmennt og verkmennt í grunnskólanum enda ekki fullljóst hver á að reka grunnskólann á næsta ári.

Þegar komið er yfir í menningararfinn, þennan sem við töluðum svo fallega um á Þingvöllum í sumar, blasir ófögur sjón við. Sú stofnun sem varðveitir hinn sýnilega hluta arfsins, Þjóðminjasafn, er skorin niður bæði í rekstri og framkvæmdum. Framlag til endurbyggingar gamalla húsa er lækkað. Það er e.t.v. stefnan að þetta dót brenni bara smám saman eins og gerðist fyrir skömmu. Það leysti vitaskuld heilmikinn vanda.

Safnahúsið, þetta eitt fegursta hús landsins, skal nú lækkað um 44% þó að engin ákvörðun hafi verið tekin um rekstur þess.

Listasafn Íslands á enn að búa við sömu kjör og verið hefur. Önnur söfn skulu enn búa við fjársvelti.

Hv. 5. þm. Norðurl. e., Valgerður Sverrisdóttir, gerði Þjóðarbókhlöðu skil og ég skal ekki þreyta hv. þm. á því að endurtaka þau orð. En athyglisvert er að eignarskatturinn frægi skal halda áfram til aldamóta. Og sorglegt er að listskreytingasjóður skuli nú aflagður. Ég hlýt að spyrja hæstv. menntmrh. hvort hann hafi rætt það mál við félaga sinn, virðulegan seðlabankastjóra Birgi Ísleif Gunnarsson, fyrrv. hæstv. menntmrh., sem mjög bar þennan sjóð fyrir brjósti á sínum tíma.

Önnur sorgarsaga, frú forseti, er niðurskurður á Kvikmyndasjóði. Sú skammsýni sem birtist í því er ótrúleg á tímum samdráttar og atvinnuleysis. Kvikmyndir geta skilað miklum tekjur ef stutt er við bakið á þessari starfsgrein í fyrstu og getur skapað mikla vinnu ef vel er á málum haldið.

Það er að bera í bakkafullan lækinn að minnast á virðisaukaskatt á bókum og blöðum sem þessi hæstv. ríkisstjórn hefur lagt á og hefur þegar haft hörmuleg áhrif á bókaútgáfu í landinu og þekkja þá sögu allir.

Fjárveiting til íþróttafélaga er bara stutt og laggott afgreidd með hreinni aftöku. Fjárveiting er núll.

Það þarf hjartahreinni persónu en þá sem hér stendur til að eygja áhuga hæstv. menntmrh. á mennt og menningu í landinu. Eða skilning hæstv. ríkisstjórnar á mikilvægi hvors tveggja fyrir alla framtíð þessarar þjóðar.

Ég hlýt að spyrja að lokum hæstv. menntmrh. og hef gert það reyndar í virðulegri fjárln. um ástæðuna fyrir því að hann treystir sér ekki til að birta lista yfir fjárveitingar ráðuneytisins úr svokölluðum ráðherrasjóði. Það held ég að sé listi sem við eigum öll rétt á að sjá og veitti okkur ekki af að sjá eitthvað sem gæti glatt okkur sem lagt hefur verið fram til lista og menningar þegar við horfum á þann niðurskurð sem hér er að finna í núverandi frv.

Rétt að lokum: Ef við færum okkur yfir í sjútvrn. þá hnýtur maður um Hafrannsóknastofnun. Framlög til hennar lækka um 5 millj. í frv. Hún á hins vegar að sækja um fé í lýðveldissjóðinn fræga þannig að sá sjóður er svo sem engin viðbót þegar upp er staðið. Hann á einfaldlega að nota í staðinn fyrir fjárveitingar ríkisins til Hafrannsóknastofnunar. Það þarf ekki mikla skynsemi til að hafa áhyggjur af því hvernig sú stofnun á að ráða við það mikla verkefni sem henni hefur verið fengið og á tímum þar sem við verðum að gæta vel að því sem í sjónum er og hvernig með það er farið.

Rétt að lokum vegna þess að í upphafi máls míns fyrr í dag minntist ég á hvernig umræða um þjóðmál er í landinu, hvernig áhersla er lögð á það sem sagt er hér á hinu háa Alþingi, hvernig áherslu við leggjum sjálf á það sem við segjum hvert við annað. Það var ekki liðinn langur tími frá ræðu minni þegar ég heyrði af tilviljun í Ríkisútvarpinu, ekki brot eða bita úr langri og allefnismikilli ræðu sem ég flutti hér heldur orðaskiptum okkar hæstv. fjmrh. um hátekjuskatt og andsvör hans. Og trúið mér til, það sem eftir stendur af ræðu minni í fjölmiðlum er það að ég styðji hátekjuskatt. Ég vil þess vegna leitast við að leiðrétta það. Ég lýsti hins vegar efasemdum um þann mælikvarða sem

hæstv. ráðherrar og hv. þm. og þjóðin öll leggja á háar tekjur. Ég spyr: Eru það hátekjur sem fréttabréf kjararannsóknanefndar lýsir sem bráðnauðsynlegum (Forseti hringir.) launum til þess að menn hafi í sig og á? Ef það eru háar tekjur og efni í hátekjuskatt þá er ég á móti honum. En ég er ekki á móti hátekjuskatti manna sem hafa kannski ríflega milljón á mánuði og þó minna væri. (Forseti hringir.) Ég hef lokið máli mínu, hæstv. forseti.

[18:01]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Það eru nokkrar fyrirspurnir sem hefur verið beint til mín sem ég skal reyna að svara. Hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir ræddi nokkur atriði sem varða menntmrn., kom fyrst að málefnum Háskóla Íslands og spurði hvort ég ætlaði að standa þannig að málum að háskólinn yrði nánast óstarfhæfur. Því er fljótsvarað að ég hef ekki hugsað mér að standa þannig að málum og tel ekki að það sé hægt að lesa það út úr fjárlagafrv. að framlög til háskólans séu þannig að hann verði óstarfhæfur. Framlögin til Háskóla Íslands eru má segja óbreytt frá gildandi fjárlögum yfirstandandi árs. Þess vegna er það rangt sem hv. þm. Guðrún Helgadóttir sagði að framlög til Háskóla Íslands lækkuðu í raun um 66,4 millj. kr., held ég að hún hafi sagt. Það þarf að taka tillit til þess að það er breytt uppsetning vegna sameiningar Landsbókasafns Íslands og Háskólabókasafns í eitt safn þannig að þar er tilfærsla á milli liða. Það færist frá háskólanum sem þýðir í raun að framlögin til Háskóla Íslands eru óbreytt frá gildandi lögum.

Mér er alveg ljóst að það hefur orðið fjölgun nemenda í Háskóla Íslands sem undir öllum venjulegum kringumstæðum hefði átt að kalla á aukin framlög en Háskóli Íslands verður að búa við það sem aðrir að hagræða í rekstri vegna þess ástands sem enn ríkir í okkar efnahagsmálum. Ég hef minnst á það stundum áður í þessari umræðu þegar fækkun hefur orðið á nemendum á milli ára í Háskóla Íslands sem hefur orðið á þessu kjörtímabili að þá hefur aldrei verið talað um lækkun til Háskóla Íslands þess vegna. Það hefur ekki verið gert.

Hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir nefndi einnig Lánasjóð ísl. námsmanna, að það væri gert ráð fyrir skerðingu á ríkisframlaginu um 50 millj. sem er rétt og spurði hvort ég mundi beita mér fyrir auknu fjármagni til lánasjóðsins. Á þessu stigi málsins get ég ekki svarað því öðruvísi en svo að ég reikna með að framlagið verði eins og gert er ráð fyrir í fjárlagafrv. Það stendur hins vegar yfir athugun á sjóðnum, það er Hagfræðistofnun háskólans sem annast þá úttekt og það hefur verið litið svo á að þetta framlag gæti lækkað án þess að námsaðstoðin verði skert. Það má vel vera að þetta kalli á aukna lántöku og það er nú einu sinni svo að hag sjóðsins er þannig komið núna eftir þær breytingar sem gerðar hafa verið á þessu kjörtímabili að hann mundi þola kannski á einu ári og jafnvel lengri tíma meiri lántökur en gert hefur verið ráð fyrir. Hins vegar er unnið að ýmsum öðrum atriðum í sambandi við sjóðinn, t.d. lækkun lántökukostnaðar sem hefur veruleg áhrif á hag sjóðsins. Lántökukostnaður sjóðsins eru óeðlilega hár vegna þess að hann hefur þurft að borga ábyrgðargjald til ríkisábyrgðasjóðs sem er talið óeðlilegt og sjóðurinn eigi að losna undan. Þannig að þetta er eitt með öðru sem haft er í huga þegar gert er ráð fyrir að ríkisframlög geti lækkað um 50 millj. til lánasjóðsins.

Hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir kom einnig að málum grunnskólans og nefndi að það sæist ekki í fjárlagafrv. að flytja ætti grunnskólann til sveitarfélaganna 1. ágúst 1995 eins og gert er ráð fyrir í frv. til nýrra grunnskólalaga sem lagt verður fyrir Alþingi nú á næstu dögum eða vikum.

Það þarf í sjálfu sér engum að koma á óvart þótt í fjárlagafrv. sé gert ráð fyrir óbreyttri þátttöku ríkisins í rekstri grunnskólans. Það verður hins vegar tekið til endurmats ef ný grunnskólalög verða samþykkt fyrir afgreiðslu fjárlaga. Ef svo verður hins vegar ekki en grunnskólalög yrðu samþykkt fyrir þinghlé í vetur þá sé ég ekki að það þyrfti að hafa svo mikla erfiðleika í för með sér þótt ekki sé búið að breyta skattalögum sem þarf að breyta vegna aukinnar þátttöku sveitarfélaganna í staðgreiðslunni. Þá má hugsa sér að þetta mál yrði leyst á árinu 1995 með hliðstæðum hætti og leyst voru málin þegar aðstöðugjald var fellt niður og ríkissjóður greiddi beint til sveitarfélaganna það sem ætlað var að þau hefðu innheimt í aðstöðugjaldi. Á sama hátt sé ég það fyrir mér að ríkissjóður mundi greiða beint til sveitarfélaganna kostnaðinn við rekstur grunnskólans síðari hluta ársins 1995 þannig að menn mega ekki mikla það fyrir sér að það sé eitthvað óleysanlegt vandamál. Svo er ekki.

Hv. þm. talaði um að enn væri reiknað með skerðingu á framlögum til skólamála. Það er ekki rétt. Þvert á móti er reiknað með aukningu og sú aukning kemur fyrst og fremst fram í kennsluliðunum. Í grunnskóla aukast framlög um nær 200 millj. kr. og á framhaldsskólastiginu um yfir 70 millj. Að hluta til stafar þetta af auknum nemendafjölda í einstökum árgöngum. Það eru að koma inn stórir árgangar núna, bæði í grunnskóla og framhaldsskóla, og til þess er tekið tillit í fjárlagafrv. En einnig er bætt við kennslustundum í grunnskólanum, það er bætt við sex kennslustundum á þessu hausti, á nýju skólaári var bætt við sex kennslustundum og gert er ráð fyrir að bætt verði sex kennslustundum við á næsta skólaári og þá hefur verið skilað aftur þeim 12 stundum sem kennsla var skert um 1992 í þeim sérstöku aðhaldsaðgerðum sem þá áttu sér stað.

Hv. þm. minntist einnig á listskreytingasjóð en það er ekki gert ráð fyrir neinu framlagi til hans í fjárlagafrv. Mér er alveg ljóst að þetta veldur vonbrigðum. Það er tekið fram í athugasemdum við fjárlagafrv. að ætlunin sé að endurskoða lög um listskreytingasjóð og ég vona að menn geti verið sammála um það að lögin um listskreytingasjóð þola endurskoðun og eiga hana skilið, m.a. vegna þess að það sem ætlað var með lögunum um listskreytingasjóð hefur aldrei náð að fullu fram að ganga. Hann hefur verið skertur, að vísu ekki mjög mikið, en hann hefur verið skertur á undanförnum

árum eins og svo sem margir og jafnvel flestir aðrir sjóðir.

Ég held að þegar af þessari ástæðu að það hefur ekki náð fram að ganga sem ætlað var með lögunum um listskreytingasjóð sé ástæða til þess að endurskoða hann. Það sem ég vildi sjá í þessari endurskoðun er að hverri opinberri byggingu verði tryggt fjármagn einmitt til listskreytingar. Það er ekki svo í dag. Núna fara umsóknir frá þeim, sem standa fyrir opinberum byggingum, til stjórnar listskreytingasjóðs sem er skipuð þremur mönnum, ef ég man rétt. Ég er ekkert sannfærður um að það sé eina rétta skipulagið. Við höfum reynt það og það má vel vera að menn komist að þeirri niðurstöðu að best sé að hafa þetta miðstýrt frá þriggja manna stjórn. Ég sé fyrir mér annan möguleika: að haldið sé eftir tiltekinni prósentu af byggingarkostnaði hverrar einustu opinberrar byggingar og þannig tryggt að hver einasta opinber bygging verði skreytt með einum eða öðrum hætti listaverkum. Hvort það sé heppilegast að ákvarðanir um listskreytingar verði teknar á hverjum stað, hjá hverjum og einum sem stendur fyrir byggingunni heima í héraði, ef ég má orða það svo, það er leið sem mér finnst sjálfsagt að verði athuguð. Ég get séð fyrir mér að það tryggir enn betur heldur en þetta fyrirkomulag sem við búum við að listskreytingar verði í öllum opinberum byggingum.

Hv. þm. minntist svo á Landsbókasafn – Háskólabókasafn, hið nýja sameinaða safn og talaði þar um eignarskattsaukann sem nú er reyndar orðinn fastur í sessi með lögum frá 1989 um endurbótasjóð. Þessi skattur hefur runnið að langmestu leyti óskertur til Þjóðarbókhlöðunnar eins og lögin segja raunar að hann eigi að gera þar til framkvæmdum við Þjóðarbókhlöðu er lokið. Nú sjáum við fyrir endann á þeirri framkvæmd. Þjóðarbókhlaða verður vígð þann 1. desember nk. Það lá hins vegar ljóst fyrir þegar fjárlög voru afgreidd fyrir yfirstandandi ár að endurbótasjóðurinn nægði ekki til þess að greiða þann kostnað sem félli á Þjóðarbókhlöðuna á þessu ári. Það var gert ráð fyrir að það þyrfti að bæta við þar 230 millj. ef ég man rétt, fremur en 250, ég held það hafi verið 230 millj. Sú upphæð verður að renna til Þjóðarbókhlöðu af endurbótasjóðnum á árinu 1995. En eftir það verður hægt að beina þessum fjármunum í aðrar menningarbyggingar sem svo sannarlega eru margar og þarfnast verulegra fjármuna. Ég nefni nú bara þær stofnanir sem byrja á þjóð, það er einkum þær sem eru í mestum vandanum, Þjóðleikhús, Þjóðminjasafn, Þjóðskjalasafn og áfram mætti telja. Þarna er um að ræða milljarða króna sem þörf er á að leggja í þessar byggingar. Og ekki bara þessar, þær eru fleiri sem þarna er um að ræða. Þannig að verkefnin fyrir endurbótasjóð eru mörg á komandi árum.

Auðvitað er gert ráð fyrir að það þurfi að bæta við starfsliði í hinu sameinaða safni því þarna er auðvitað ætlunin að bæta alla þjónustu. Þess vegna var lagt í þetta viðfangsefni fyrir að vísu allt of mörgum árum. Það hefur auðvitað verið ljóst frá fyrstu tíð að það mundi kosta meira að flytja inn í byggingu sem er rúmlega 11 þús. fermetrar úr byggingum sem voru rúmir 3 þús. fermetrar ef ég man rétt, sameinuð Landsbókasafn og Háskólabókasafn. Það liggur í augum uppi að þetta mun kosta aukna fjármuni og meiri þegar þetta er allt komið í fullan rekstur en gert er ráð fyrir í þessu fjárlagafrv., það er alveg ljóst. En þarna verðum við, sem víða annars staðar að taka mið af getu okkar núna, og þetta verður að eiga sér stað á einhverjum árum þessar auknu fjárveitingar sem þarf að veita til hins nýja Landsbókasafns – Háskólabókasafns.

Hv. þm. Guðrún Helgadóttir minntist á að hið nýja Rannsóknarráð Íslands það fengi sömu upphæð og áður. Það er rétt að sjóðirnir sem nú eru vistaðir hjá hinu nýja Rannsóknarráði voru áður hjá Rannsóknaráði ríkisins og Vísindaráði. Það er gert ráð fyrir að þeir sjóðir fái sömu upphæð og áður. En ég minni bara á það, fyrst verið er að gagnrýna það núna, að ekki sé um aukningu að ræða frá árinu 1994–1995, að frá árinu 1992 á þessu kjörtímabili þá nær tvöfaldaðist rannsóknasjóður Rannsóknaráðs ríkisins úr 110 millj. í 200 millj. á yfirstandandi ári. Það er gert ráð fyrir að hann fái, sjóður sem nú heitir að vísu Tækja- og byggingasjóður ef ég man rétt, en er gamli rannsóknasjóðurinn, hann fái sömu upphæð, 200 millj. kr. Það er unnið að áætlunum um að efla hinn gamla Vísindasjóð sem hefur tekjur sínar fyrst og fremst úr arðsjóði Seðlabankans, aðeins 25 millj. af fjárlögum, sú upphæð er óbreytt.

Ég sé það fyrir mér að það mætti sjá meira fé renna úr arðsjóði Seðlabankans til rannsókna- og vísindastarfa. Og ég mun beita mér fyrir því í samvinnu við hæstv. viðskrh. (**GHelg:** Ég legg til að dalurinn verði seldur.) Já, það er sjónarmið. Það er Holtsdalurinn, er það ekki? Ekki veit ég hvað fengist fyrir hann.

Hv. þm. nefndi einnig Þjóðminjasafnið og ég held ég hafi skilið hv. þm. þannig að það væri gagnrýnivert að ekki væri varið meiru fé til viðhalds safnhússins við Suðurgötu en nú væri gert. Ég minni líka á í því samhengi að aldrei fyrr hefur verið varið jafnmiklum fjármunum til viðhaldsframkvæmda við Þjóðminjasafnshúsið við Suðurgötu en á undangengnum árum. En það er rétt að það er ekki varið jafnmiklu samkvæmt frv. núna eins og á þessu og síðasta ári. En það er unnið þarna af meira afli en áður hefur verið gert og þörfin er mikil. Því fer víðs fjarri að þetta hús hafi verið þannig úr garði gert að það réttlæti það að þar séu geymdir mestu dýrgripir okkar. Þess vegna er það sem núverandi ríkisstjórn hefur brugðist við og varið verulegum fjármunum til þessa húss.

Þá minntist hv. þm. á niðurskurðinn á Kvikmyndasjóði sem hefur valdið mikilli ókyrrð og ég er svo sem ekkert hissa á því. Það er vissulega slæmt, ég viðurkenni það fúslega, það er vissulega slæmt að þurfa að skerða framlögin til Kvikmyndasjóðs vegna þess að þarna er verulegur vaxtarbroddur í okkar menningarlífi. Það er rétt sem hefur verið dregið fram í þessari umræðu að hin mikla gróska sem hefur verið í kvikmyndagerð á undanförnum árum hún hefur dregið inn verulegt fjármagn erlendis frá, einkum frá tveimur kvikmyndasjóðum, Eurimages og Norræna kvikmyndasjóðnum, og svo frá öðrum sem hafa fjármagn-

að kvikmyndir sem gerðar hafa verið af Íslendingum og hér heima að mestu leyti. Þetta er alveg rétt. Menn mega hins vegar ekki mála þetta svona dökkum litum eins og allt sé að hrynja vegna þess að Kvikmyndasjóður sé skertur á árinu 1995. Skerðingin er þó ekki meiri en svo að þetta framlag ríkisins er lítið eitt lægra heldur en var á árinu 1991, það er lítið eitt lægra. Það er ekki eins og þetta sé að gerast í fyrsta sinn, að það sé verið að skerða Kvikmyndasjóð. Ég er ekki að segja að það sé einhver sérstök málsvörn. En í guðs bænum ekki tala um þetta eins og þetta sé að gerast í fyrsta sinn. Ég athugaði framlögin nokkur undanfarin ár. Ég tók þau þrjú ár sem ég hef haft afskipti af fjárlagagerðinni og hvað rennur í Kvikmyndasjóð. Á síðustu þremur árum, þau ár sem ég hef haft afskipti af þessu, hefur Kvikmyndasjóður fengið yfir 302 millj. en skerðingin er liðlega 30 millj. á þessum þremur síðustu árum, 1992–1994. Skerðingin er liðlega 30 millj. kr. en framlögin 302 millj. Á þremur árum þar á undan, sem ég réði nú engu um, voru framlögin 229 millj. en skerðingin 80 millj. Ég man nú eftir að — jú það var fundið að þessu — en ekki með þeim látum sem nú hafa verið. Ég man ekki eftir því að menn hafi talið þá að allt væri að hrynja þótt skerðingin væri margfalt meiri. Meira að segja þó það yrði bætt við fjórða árinu sem ég hef afskipti af þessu ef þetta verður eins og frv. gerir ráð fyrir þá næ ég ekki skerðingunni sem var á síðustu árum forvera míns, ég næ henni ekki. Það tosast kannski upp í 75 millj. kr. skerðingu á fjórum árum á móti 80 millj. á þremur árum. Þetta bið ég menn að hafa í huga.

Ég er ekkert að setja þetta fram sem einhverjar sérstakar málsbætur fyrir skerðingunni núna, hún er vond, ég viðurkenni það. Ég hefði gjarnan viljað sjá að sjóðurinn gæti orðið óskertur sem hann hefur aðeins einu sinni verið. Aðeins einu sinni hafa framlög til Kvikmyndasjóðs verið óskert á fjárlögum og það var árið 1993, 111 millj. kr. átti framlagið að vera og það varð 111 millj. kr. Það er eina skiptið í sögu sjóðsins sem hann hefur ekki verið skertur.

Þá að lokum listi yfir ráðstöfunarfé ráðherra sem ég er búinn víst alveg óvart að gera að einhverju óskaplega spennandi máli í þjóðfélaginu. Það er nú ekki aldeilis. Ég býst við að menn verði fyrir óskaplega miklum vonbrigðum þegar listinn verður birtur, því ég ætla auðvitað að birta hann. En mér fannst á hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur, sem á sæti í fjárln., eins og fjárln. hefði bara aldrei séð hvernig þessum lið í fjárlögunum er varið. Fjárln. hefur á hverju ári beðið mig um yfirlit og að sjálfsögðu hefur fjárln. fengið þetta yfirlit. Og núna hins vegar er þetta fréttamatur að fjárln. biður ráðherrana um greinargerð um þetta ráðstöfunarfé. Það er ekki nýtt, það hefur alltaf verið gert. Ég taldi mig hafa svarað þessu nægilega vel í fréttatilkynningu frá ráðuneytinu að af þessum 18 millj. hef ég ráðstafað 12 millj. núna þann 1. okt. og dreift því á aðra safnliði ráðuneytisins. Það er það sem er öðruvísi í menntmrn. en hjá öðrum ráðuneytum að það eru margir safnliðir í menntmrn. sem eru allt of naumt skammtaðir og þetta ráðstöfunarfé ráðherra fer til þess að bæta upp þessar naumu fjárveitingar. Þannig hefur þessu verið varið og það er hrein tilviljun hverjir lenda á þessum lista yfir styrki af ráðstöfunarfé ráðherra. Það eru þeir sem hafa ekki verið afgreiddir meðan hinir safnliðirnir voru enn þá til. Þetta er ástæðan. Ég býst við að menn séu að bíða eftir einhverjum hneykslismálum frá menntmrn., að ég sé að verja ráðstöfunarfé ráðherra í menntmrn. til einhverra alls óskyldra verkefna heldur en heyra undir menntmrn., en það er ekki svo. Það mun koma í ljós því ég ætla að svipta hulunni af þessum mikla leyndardómi og ég vona að ég geti gert það á morgun.

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Nú hafa fimm hv. þm. óskað eftir að veita andsvar við ræðu hæstv. menntmrh. Verður því forseti að takmarka ræðutíma hvers og eins við eina mínútu.

[18:22]

Valgerður Sverrisdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hér kemur hæstv. menntmrh. og þarf óneitanlega að biðjast afsökunar á ansi mörgum hlutum sem heyra undir hans ráðuneyti. Það vekur upp þá spurningu hjá manni hvort þetta sé alveg í samræmi við málflutning hæstv. forsrh. sem gumar mjög af því hvað ástandið sé gott í þjóðfélaginu á öllum sviðum, efnahagslífið hafi aldrei blómstrað annað eins. Það fer ekki hjá því að maður velti því fyrir sér hvort það sé fyrir linku í hæstv. menntmrh. eða hvort ástæðurnar séu einhverjar aðrar að svo illa er leikinn hans málaflokkur, mennta- og menningarmál. En þar sem hann kom inn á háskólann í sínu máli og vitnaði þar til minna orða þá vil ég endurtaka það að ég var að tala um að miðað við nemendafjölda hefðu framlögin lækkað um 10% frá því hæstv. ráðherra tók við.

[18:24]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það skiptir náttúrlega mestu máli í sambandi við háskólann hver staða hans er nú. Stöðu hans metur háskólarektor, Sveinbjörn Björnsson, þannig í viðtali við sjónvarpið þann 5. þessa mánaðar, svo ég hafi það eftir, með leyfi forseta:

„Þegar við reiknum kostnað hér og notum íslensk launakjör þá kemur samt svo út að okkur vantar um 20% á okkar fjárveitingar til að vinna með sama lagi og evrópskir skólar vinna."

Þetta eru auðvitað alvarleg tíðindi, hæstv. menntmrh., og ástæða til að staldra við.

Skerðing Kvikmyndasjóðs verður auðvitað ekkert léttbærari þó hann hafi verið skertur áður. Það er náttúrlega alveg einkennileg ráðstöfun af því að þessi sjóður aflar gjaldeyristekna og mokar peningum inn í landið eins og hæstv. menntmrh. viðurkennir að þá skuli vera notað tækifærið til að skerða hann.

[18:25]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er auðvitað ljóst að það atriði sem stendur með vissum hætti upp úr fjárlagafrv. að því er varðar menntmrh. er staða Háskóla Íslands. Það er auðvitað hægt að segja margt um niðurskurðinn á

sjóðunum þremur, listskreytingasjóði, Kvikmyndasjóði og húsafriðunarsjóði sem ég tek undir það sem fyrr hefur verið sagt um það mál. En niðurskurðurinn á Háskóla Íslands er svakalegur. Þannig að það er stórkostleg hætta á því að Háskóli Íslands muni, ef svo heldur fram sem horfir, ekki standast samkeppni við erlenda háskóla og okkar unga fólk sem kemur út úr Háskóla Íslands geti í raun og veru ekki hafið nám í erlendum háskólum með jafnöruggum hætti og verið hefur. Þetta skýrist náttúrlega mjög vel, hæstv. forseti, af þeirri staðreynd að fjárveiting á nemanda í Háskóla Íslands var 340 þús. kr. árið 1991 en er árið 1995 284 þús. kr. Hér er um að ræða niðurskurð í kringum 17% í rauntölum á nemanda í Háskóla Íslands. Ég spyr ráðherrann: Ætlar hann virkilega að gera tilraun til þess að láta fjárlagafrv. fara í gegn óbreytt að því er Háskóla Íslands varðar?

[18:27]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það liggur náttúrlega í augum uppi að fjárln. á eftir að fjalla um allt fjárlagafrv. Og ég efast ekki um að fjárlaganefndarmenn hafa skoðanir á hinum ýmsu efnisgreinum fjárlagafrv. Ég fagna náttúrlega þeim áhuga sem hér er sýndur á málefnum Háskóla Íslands. Það er svo sannarlega ástæða til að vera vakandi yfir málefnum Háskóla Íslands. Það er illa komið fyrir okkur ef þar getur ekki ríkt sá metnaður sem þarf að gera varðandi málefni hans. Ég sé hins vegar ekki að það sé eitthvað sérstaklega gagnrýnisvert þó kostnaður á nemanda hafi lækkað hjá Háskóla Íslands. Það þarf ekki út af fyrir sig að vera tilefni til gagnrýni. Háskólinn hefur tekið mjög myndarlega á ýmsum málum innan sinna vébanda sem hafa orðið til þess að hagræða í rekstri háskólans og er ekki í sjálfu sér tilefni til gagnrýni nema síður sé.

[18:28]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er út af fyrir sig rétt að kostnaður á nemanda í Háskóla Íslands segir ekki allt. En það er auðvitað ein talan sem hægt er að miða við. Það liggur hins vegar fyrir hver er skoðun Háskóla Íslands sjálfs á því hvað hann þurfi í minnsta lagi til að halda uppi þó þeim gæðum í háskólakennslunni sem um var að ræða á síðasta námsári og það eru 75 millj. kr. til viðbótar við það sem gert er ráð fyrir í fjárlagafrv. Og ég fagna því að hæstv. menntmrh. opnar í raun og veru fyrir það í sínu svari hér áðan að fjárln. taki myndarlega á því máli og reyndi að bæta þarna nokkru við. Því það er alveg ljóst að Háskóli Íslands þolir ekki áframhaldandi niðurskurð með þeim hætti sem gert er ráð fyrir í fjárlagafrv.

[18:29]

Finnur Ingólfsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það hefur nú verið svo að ráðherrarnir hafa gumað af því hver á fætur öðrum að staðfesta ráðherra og stefnufesta ríkisstjórnarinnar sé hennar helsta einkenni. Nú kemur það dálítið á óvart þegar hæstv. menntmrh. segir það hér áðan að Lánasjóður íslenskra námsmanna sé orðinn það vel stæður að hann muni ekki mikið um að taka lán til að geta staðið við þær skuldbindingar sem honum hefur verið ætlað. Helsta röksemdin fyrir þeim harkalegu aðgerðum sem ríkisstjórnin greip til gagnvart námsmönnum með því að breyta í grundvallaratriðum lögunum um Lánasjóð ísl. námsmanna var sú að lánasjóðurinn væri gjaldþrota og hann gæti ekki starfað áfram. Og því þyrfti að skerða svona kjör stúdenta og því þyrfti að grípa til þessara róttæku aðgerða. Nú segir hins vegar hæstv. menntmrh. tveimur árum síðar, að staða lánasjóðsins sé orðin það góð að hann geti alveg tekið lán til þess að standa undir skuldbindingunum. Þetta er öll stefnufestan.

[18:30]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það eru svolitlir útúrsnúningar í þessu hjá hv. þm. Finni Ingólfssyni. Ég sagði aldrei að lánasjóðurinn væri þannig settur að hann munaði ekki mikið um að taka lán. Ég orðaði það ekki svoleiðis, það er töluverður blæbrigðamunur á því sem hv. þm. hafði eftir mér og því sem ég sagði. Ég sagði að staða sjóðsins væri þannig orðin eftir aðgerðir núv. ríkisstjórnar að hann kynni að þola það að taka meiri lán eitt árið heldur en hann ella hefði getað. Við sögðum heldur ekki þegar við vorum að breyta lögunum um lánasjóðinn að hann væri gjaldþrota. Við sögðum að það stefndi í gjaldþrot ef ekkert yrði að gert og á þessu er líka verulegur munur.

[18:31]

Finnur Ingólfsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það kann vel að vera að ég hafi ekki haft alveg nákvæmlega rétt orðalag eftir hæstv. menntmrh. en það gildir nú einu af þeirri ástæðu að hann er í raun og veru að segja það hér enn í sinni annarri ræðu við þessu andsvari að það standi til að láta Lánasjóð ísl. námsmanna taka lán til þess að standa undir framfærslu námsmanna á næsta ári. Það er nú hins vegar svo að ríkisframlagið sem hefur farið til þessa sjóðs á undanförnum árum hefur verið einmitt til þess að lánasjóður þyrfti ekki að taka lán undangengin síðustu tvö ár. Það hefur enginn afgangur verið og þá eru menn að fara í sama farið og hæstv. menntmrh. sagði að aldrei yrði farið. Ég er því miður ekki með ræðu hans hér alla sem hann hélt í þessu máli á sínum tíma fyrir framan mig, en það má fletta upp í þeim í þingtíðindum frá þeim tíma, þar sem hæstv. menntmrh. sagði að það yrði aldrei farið í þann farveg sem fyrri ríkisstjórnir hafa farið í að láta Lánasjóð ísl. námsmanna taka lán til að standa undir framfærslunni og af því erum við nú að breyta.

Ekki ætla ég að deila um það hvort hæstv. menntmrh. hafi á sínum tíma sagt að lánasjóðurinn stefndi í að verða gjaldþrota eða hann væri gjaldþrota. En það lá hér fyrir skýrsla sem benti til þess að sjóðurinn væri gjaldþrota á þeim tíma sem hún kom fram.

[18:33]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veit ekki alveg hvað hv. þm. á við

þegar hann segir að það hafi ekki staðið til hjá þessari ríkisstjórn að taka lán, að lánasjóðurinn taki lán til þess að standa undir námsaðstoðinni eða framfærslunni. Auðvitað tekur lánasjóðurinn lán. Framlag ríkisins til námsaðstoðarinnar hefur verið ætlað að vera 54%. Það var komið upp í miklu hærri fjárhæð, miklu hærra hlutfall, ef ég man rétt 65%. Það hefur lækkað niður í 54% og þessi 54% eru ekkert endilega heilög tala. Það fer bara eftir getu sjóðsins og það hefur orðið veruleg breyting á bara þannig að það sé alveg ljóst að sjóðurinn þarf auðvitað að taka lán til þess að standa undir námsaðstoðinni. Hún kemur ekki öll í beinu framlagi frá ríkissjóði.

[18:34]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég hafði satt að segja hugsað mér að víkja hér aðeins að örfáum atriðum í fjárlagafrv. og ég verð að taka undir það sem komið hefur fram fyrr í dag að ég harma það að ræðutími skuli hafa verið skorinn niður eins og við stöndum nú frammi fyrir. Í raun og veru hefðum við þurft lengri tíma til að fjalla um þetta frv. heldur en kostur er á miðað við þau þingsköp sem við störfum nú eftir.

Það sem ég vil kannski leggja aðaláherslu á í máli mínu og tel mig munu sýna fram á í ræðu minni er það að fjárlagafrv. er gatasigti, það heldur engu. Það er bersýnilegt að það vantar að gera ráð fyrir ýmsum þáttum og það er líka bersýnilegt að sparnaðaráform sem gerð er grein fyrir í fjárlagafrv. standast ekki. Ég mun koma að því síðar ræðu minni að áformin um niðurskurðinn í heilbrrn. upp á 1.910 millj. kr. eru illa undirbyggð og á bak við þau er ekki pólitískur vilji sem mun duga til þess að koma þeim málum fram í þinginu. Ég fullyrði reyndar, hæstv. forseti, að í sumum tilvikum sé það þannig að einstakir þingmenn stjórnarflokkanna eða jafnvel þingflokkar stjórnarflokkanna hafi ekki samþykkt þær lagabreytingar sem óhjákvæmilegar eru til þess að koma fram þeim breytingum sem gert er ráð fyrir í heilbrrn. Það sem ég á sérstaklega við þar, hæstv. forseti, eru hugmyndir í frv. um að aftengja elli- og örorkulífeyri hinum almennu breytingum sem verða á launakjörum í landinu.

Eins og kunnugt er var það eitt meginverkefni og eitt megináhersluatriði viðreisnarstjórnarinnar á sínum tíma þegar lögin um almannatryggingar voru sett árið 1971 undir forustu Eggerts G. Þorsteinssonar, að þar væru inni ákvæði um það að elli- og örorkulífeyrir breyttist um leið og launakjör í landinu, hvort sem þar væri um að ræða breytingar vegna verðlagsþróunar, verðbólgu eða aðrar kjarabreytingar sem um yrði samið á hverjum tíma. Og í þessum lögum eins og þau voru í upphafi var gert ráð fyrir því að þessar breytingar á elli- og örorkulífeyri taki gildi ekki seinna en þremur mánuðum eftir breytingarnar eins og þetta var, að mig minnir. Síðan hygg ég að þessu hafi verið breytt, a.m.k. í verki þannig að þær breytingar sem urðu á launamarkaði komu strax á ellilaunin, jafnvel um leið eða stundum mánuði seinna eða svo. Nú er hins vegar gert ráð fyrr því að höggva á þessi tengsl milli ellilaunanna annars vegar og almennra launa á vinnumarkaðinum hins vegar. Ég vil sérstaklega spyrja hæstv. fjmrh. að því hvort það er svo að stjórnarflokkarnir hafi samþykkt þá lagabreytingu sem óhjákvæmileg er í þessu efni og ég vil einnig leyfa mér að spyrja hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur, formann þingflokks Alþfl., hvort Alþfl. hefur samþykkt þessa breytingu því að hún er í raun og veru bylting í kjörum aldraðra og öryrkja í landinu. Auðvitað er það svo að í tíð núv. ríkisstjórnar hefur maður séð eitt og annað sérkennilegt að því er varðar velferðarkerfið og sem betur fer hefur tekist að verja velferðarkerfið að talsverðu leyti, m.a. fyrir öflugan málflutning stjórnarandstöðunnar og verkalýðshreyfingarinnar á þessu kjörtímabili. En hér væri um að ræða atlögu að kjörum aldraðra sem er auðvitað með þeim hætti að það er alveg óhjákvæmilegt að fá það skýrt fram. Hefur Sjálfstfl. samþykkt þessa atlögu og hefur Alþfl., Jafnaðarmannaflokkur Íslands, ofan á allt það sem hann hefur þurft að ganga í gegnum í seinni tíð lagt það á sig að samþykkja þessi ósköp?

Ég held að þetta atriði sé í raun og veru eitt það ljótasta af þeim fjölmörgu atriðum sem ástæða er til að spyrja um að því er varðar fjárlagafrv. og heilbrrn. Áður en ég hins vegar kem nánar að því þá ætla ég að segja það hér, virðulegi forseti, að mér finnst að uppsetning fjárlagafrv. og umræðurnar um fjárlagafrv. beri öll þess merki að á bak við hana sé lítill metnaður. Menn eru tiltölulega duglegir að grafa í fortíð. Menn eru tiltölulega duglegir við að setja á sig eitt og annað að því er varðar tölur frá hinum liðna tíma. En ef við skoðum fjárlagafrv. og veltum fyrir okkur framtíðinni og því sem við tekur þá er í raun og veru ekki gert ráð fyrir neinni framtíð í þessu fjárlagafrv. eins og það lítur út. Hér eru menn að bora í fortíðina. Og það kemur auðvitað átakanlegast fram í fjárveitingum til menntmrn. Það er satt að segja ömurlegt að horfa upp á það einu sinni enn að þannig sé á þeim hlutum haldið í menntmrn. að ráðherrann tekur ekki einu sinni mark á sínum eigin frumvörpum um grunnskóla og framhaldsskóla sem þó munu vera tilbúin einhvers staðar í kerfinu. Hann gerir ekki ráð fyrir þeim frumvörpum í fjárlagafrv. fyrir árið 1995. Og auðvitað er það svo, hæstv. forseti, að það er ekki hægt að flytja grunnskólann á næsta ári. Það kemur málinu ekkert við hvort menn eru með því eða á móti því. Staðreyndin er bara sú að það er eftir að ganga frá samningum við kennara um lífeyrismál og guð veit hvað og það tekur allt sinn tíma og auðvitað eiga allir sanngjarnir menn að sameinast um að leyfa þessu að taka þann tíma sem nauðsynlegur er þannig að þetta verði þá verkefni næstu ríkisstjórnar eins og fleira á sviði skólamála.

Fyrir utan það sem hér væri auðvitað ástæða til að fara yfir varðandi menntmrn. ætlaði ég síðan að drepa einkum á heilbrrn. og af því að tíminn er skammur þá verð ég að fara mjög hratt yfir sögu því miður. Ég gæti svo sem bætt því við að það er búið að skera niður framlög til menntamála á Íslandi á föstu verðlagi um 2 milljarða í tíð núv. ríkisstjórnar, 2 milljarða. Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson gat þess hér fyrr í dag að í

þeim löndum sem náð hafa mestum árangri í efnahagsmálum á undanförnum árum er lögð veruleg áhersla á það að stórauka framlög til menntamála, rannsókna og menningarmála. Hér á landi búum við við þann fornaldarhugsunarhátt að megi skera niður skóla, menntamál og rannsóknir í raun og veru bara eins og hvern annan almennan rekstrarkostnað í þjóðfélaginu þó að staðreyndin sé auðvitað sú að framlög til menntamála og rannsókna eru framlög til þess að tryggja að þjóðin geti búið hér við sæmileg lífskjör á komandi árum og áratugum.

Fyrir utan þennan framtíðarskort í fjárlagafrv. ætlaði ég að víkja að einu umbótamáli áður en ég kem aðeins að heilbrrn. og það eru húsaleigubætur. Mikið óskaplega eru menn nú búnir að hæla sér margir af húsaleigubótum. (**Fjmrh.:** Ekki ég.) Ekki ég, segir hæstv. fjmrh. dapur og niðurkýldur og verður stöðugt lægra á honum risið eftir því sem líður lengra á þessa umræðu. Það er út af fyrir sig rétt að hann hefur ekkert verið að glenna sig mikið með þessar húsaleigubætur. En í frv. hans er þó gert ráð fyrir því og í ræðunni nefnir hann húsaleigubæturnar að það séu 400 millj. kr. sem þetta kostar. En hvaðan á að taka þessar 400 millj. kr., það stendur nefnilega líka í fjárlagafrv. fyrir árið 1995 hvaðan á að taka þær. Í fyrsta lagi ætlar hann að skera niður Byggingarsjóð verkamanna um 200 millj. kr., reyndar alls um 310 millj. kr. og það á að fækka íbúðum sem byggðar verða í félagslega íbúðakerfinu á næsta ári um 100. Það er fyrsta skrefið til að framkvæma þessi fyrirheit um húsaleigubætur, eins og fram kemur í fjárlagafrv. og greinargerð þess á bls. 320. En ekki er nóg að gert vegna þess að til þess að taka nú tekjubótina, réttarbótina örugglega alla aftur þá koma húsaleigubæturnar við sögu í fjárlagafrumvarpsgreinargerðinni á bls. 326 og þar stendur með leyfi forseta:

„Áformað er að lækka útgjöld lífeyristrygginga um 250 millj. kr. Þar af eru 200 millj. kr. vegna endurskoðunar á svokölluðum heimildarbótum [almannatrygginga vel að merkja] í kjölfar upptöku húsaleigubóta ...“ Með öðrum orðum, það er meiningin að lækka bætur almannatrygginga, heimildarbæturnar, sem eru sérstaklega til þeirra sem búa við afar krappan kost, það á að skera þetta niður um 200 millj. kr. og þannig að fjármagna húsaleigubæturnar. Þetta er auðvitað ótrúlegt og ég ætla líka að spyrja um þetta. Það er enginn krati lengur hér í salnum. Það er kannski ekki nema von, það er kannski fyrirboði þess sem koma skal. (Gripið fram í.) Já, formaður þingflokks Alþfl. reynist hafa kjark til að vera hér. Er það svo að Alþfl. hafi líka samþykkt að skera niður heimildarbætur almannatrygginga á móti húsaleigubótunum upp á 200 millj. kr.? Er það svo? Það er auðvitað alveg óhjákvæmilegt að fá það skýrt fram hér við þessa umræðu hvort stjórnarflokkarnir standa á bak við þessa aðferð við að láta fjármagna húsaleigubæturnar. (**KÁ:** Hvar er heilbrrh.?) Það er spurt hér um heilbrrh., ég segi virðulegi forseti, ég er hættur að nenna að spyrja um þessa ráðherra Alþfl. Það tekur því varla, það eru bráðum kosningar. En það er ágætt að hafa hérna formann þingflokksins til að svara fyrir þessa hluti.

En er það virkilega þannig að Jafnaðarmannaflokkur Íslands ætli að fjármagna húsaleigubæturnar, ekki með hátekjuskatti, nei. Hann hefur öðlast djúpa sannfæringu fyrir því að það verði að leggja á hátekjuskattinn. Ekki með því, heldur með því að skera niður bætur hjá öldruðum, öryrkjum og fötluðum í landinu. Hvílík jafnaðarstefna er þetta hér, hæstv. forseti, hvílík jafnaðarstefna. Og það væri fróðlegt reyndar að vita á hvaða stigi málsins við afgreiðslu fjárlaganna þessi ósköp komu upp að menn leyfðu sér að láta sér detta það í hug, hvað þá heldur að framkvæma það að skera niður bætur til fatlaðra til þess að fjármagna húsaleigubæturnar, sem menn hafa verið að monta sig af hér í ótal ræðum og greinum, í Alþýðublaðinu og m.a. hérna við útvarpsumræðurnar. Hvernig stendur á þessu? Ég skora á hv. formann þingflokks Alþfl. að svara þessu.

Ég sagði það hér áðan, virðulegi forseti, að fyrir utan þessi atriði sem ég hef nefnt þá mundi ég aðeins víkja að málefnum heilbrrn. Því miður er enginn kostur á því að fara almennilega yfir þau en ég ætla að rekja þetta aðeins. Hæstv. heilbrrh., Sighvatur Björgvinsson, hefur einu sinni enn selt fjmrh. það að hann ætli að skera niður tiltekna þætti í útgjöldum heilbrigðismála og það er makalaust hvað fjmrh. lætur plata sig oft, það er alveg ótrúlegt. Látum nú vera þó að hæstv. ráðherra Sighvati Björgvinssyni tækist að plata fjmrh. einu sinni en þrisvar og í þessu frv. eru ósannindin sem hæstv. heilbrrh. hefur selt fjmrh. hvorki meira né minna en 2 þús. millj. kr. sem hæstv. heilbrrh. fullyrðir að hann muni skera niður en á bak við það er enginn pólitískur vilji að því er best verður séð. Í fyrsta lagi á að skera niður rekstrarútgjöld í heilbrrn. upp á 600 millj. kr. Og hvernig á að taka það? M.a. með því, með leyfi forseta, að Framkvæmdasjóði aldraðra er ætlað að fjármagna 175 millj. kr. af rekstri hjúkrunarheimila, sértekjur sjúkrahúsa eru auknar um 100 millj. kr. og endurskoðun á hlutverki og skipulagi sjúkrahúsaþjónustu í Reykjavík og á landsbyggðinni á að skila 100 millj. kr. Þá eru rekstrarútgjöld og til heilsugæslu og sjúkraflutninga lækkuð um 100 millj. kr. Loks er gengið út frá 80 millj. kr. almennri hagræðingu hjá stofnunum ráðuneytisins annarra en sjúkrahúsanna í Reykjavík. Það liggja engar upplýsingar fyrir um það, nákvæmlega engar, hvernig á að fara að þessu, ekki nokkrar. Og ég endurtek það sem ég sagði áðan. Ég hef ekki fyrir því að auglýsa eftir heilbrrh. svo hann geti komið hér og gert grein fyrir því hvernig hann ætlar að skera þetta niður.

Í öðru lagi segir hér að það er gert ráð fyrir því að skera niður útgjöldin til lífeyristrygginga um hvorki meira né minna en 850 millj. kr. Og ég spurði: Er einhver pólitískur vilji á bak við það? Eru menn tilbúnir til þess að aftengja ellilífeyrinn annars vegar og launaþróunina í landinu hins vegar eða hvað, eins og gert er ráð fyrir í þessari greinargerð?

Í þriðja lagi er gert ráð fyrir því að skera niður sjúkratryggingarnar, ef ég man rétt, um 420 millj. kr. og engar upplýsingar liggja fyrir um það með hvaða

hætti það á að gerast heldur. En hér stendur, með leyfi forseta:

„Þá er áformað að lækka útgjöld sjúkratrygginga um 420 millj. kr. Þar af eru 200 millj. kr. í lyfjakostnaði, 100 millj. kr. í sérfræðikostnaði og svo kemur setning aldarinnar, þegar fjármálaráðuneytismenn hafa verið komnir í algera kastþröng við að koma frá sér þessari stílsnilld sem greinargerðin er. Svo stendur hér ofan á allt annað, þegar búið er að telja upp 200 millj. hér og 100 þar og þá eru 120 eftir og þá er sagt: Já, og svo afgangurinn í meinaefnarannsóknum og kostnaði við sjúkraþjálfun. Það er augljóst, hæstv. forseti, að höfundar greinargerðarinnar hafa ekki hugmynd um hvað þeir eru í raun og veru að segja í þessum texta. Þannig að ég fullyrði það, hæstv. forseti, og tel mig hafa fært full rök fyrir því, að á bak við sparnaðaráform heilbrrn. er mjög óljós pólitískur vilji og ber í raun og veru að líta þannig á að með því móti sé hægt að halda því fram að það séu 2.000 millj. í viðbót sem vanti inn í fjárlagafrumvarpsdæmið til þess að menn geti í raun og veru horft á það nákvæmlega eins og það er.

Ég held hins vegar að með hliðsjón af því hvernig háttar hér til þá sé óhjákvæmilegt að ég ljúki máli mínu nú með því að bera fram og endurtaka þessar spurningar til hæstv. fjmrh. og hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur. Ég vil líka leyfa mér að spyrja hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur, af því að ég sé að hún hefur beðið um orðið í andsvari: Hvaða niðurskurður á atvinnuleysisbótum er það sem Alþfl. hefur samþykkt? En frv. gerir ráð fyrir því að lækka atvinnuleysisbætur í raun um 200 millj. kr. Hvernig á að skerða kjör hinna atvinnulausu til þess að uppfylla þessa yfirlýsingu í greinargerð fjárlagafrv.?

[18:52]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það eru eitt eða tvö atriði. Í fyrsta lagi varðandi húsaleigubætur, þá er hugmyndin að þær séu fjármagnaðar með því að það komi 50 millj. beint úr ríkissjóði, það eru 50 millj. sem koma vegna framlags til Byggingarsjóðs verkamanna. Það er vegna þess að við fáum vexti sem eru lægri, vaxtakostnaður sjóðsins er lægri. Það er rétt að það á að fækka byggingum eða kaupum á félagslegum íbúðum. Það eru 250 millj. En 50 millj. sem eiga að koma frá Tryggingastofnuninni af svokölluðum heimildarbótum eru eingöngu fjármunir sem hafa verið notaðir af heimildarbótunum til þess að styrkja þá sem fá húsaleigubætur með lögunum um félagslega aðstoð. Þannig að fólk á að vera jafnsett eftir sem áður. Þetta vildi ég að kæmi hér fram.

Í öðru lagi varðandi eingreiðslur, þá skal það tekið fram að það verður að sjálfsögðu fyrir því séð í frv. og er fyrir því séð í frv. og í fjárlögum, að það sé farið að lögunum um almannatryggingar hvað varðar hækkun á bótagreiðslum í takt við hækkanir í kjarasamningum. Þetta var nokkuð til umræðu á yfirstandandi ári. Fjmrn. og ég vildum að þá strax yrði tekið tillit til þess að setja ákveðna fjármuni inn í grunninn í stað þess að vera með þessar eingreiðsluhugmyndir Alþýðusambandsins. Á það var ekki fallist. Alþýðusambandið vildi fá eingreiðslur hvað sem tautaði og raulaði. En við gerum ráð fyrir því hér í fjárlagafrv. að hægt sé að bæta bótaþegum upp það sem kemur út úr kjarasamningum, en það er ekki gert ráð fyrir eingreiðslum eins og þær komu út úr kjarasamningunum, enda engin ástæða til þess, því að við teljum að nú eigi að semja um laun og kjör á milli aðila á vinnumarkaði.

[18:54]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir þessi svör. Það er auðvitað alveg skýrt hvað hér er á ferðinni. Það eru 50 millj. af húsaleigubótunum sem eiga að koma úr ríkissjóði, 250 millj. með því að skera niður í raun og veru Byggingarsjóð verkamanna. Og það sem eftir er á að koma af heimildarbótum almannatrygginga og það er frá þeim sem hafa fengið styrk frá almannatryggingum til þess að greiða sinn húsnæðiskostnað (**Fjmrh.**: Og mundu fara yfir þetta kerfi.) og mundu fara yfir þetta kerfi. Þá segi ég við hæstv. ráðherra: Þeir sem stóðu að lögunum um húsaleigubætur samþykktu þau ekki til að þau yrðu notuð til að skerða kjör þessa fólks, eins og hann virðist ætla að gera. Það er alveg skýrt.

Í annan stað vil ég segja, að samkvæmt fjárlagafrv. kemur það skýrt fram, hæstv. ráðherra, að það á að breyta, til endurskoðunar á verðlags- og launatengingu bótafjárhæða og framlaga fyrir veitta þjónustu, almannatryggingalögunum. Það stendur hér fullum fetum. Með öðrum orðum, til hvers á að breyta þessum ákvæðum laganna, ef það er samt sem áður ætlunin að láta ellilífeyrinn og örorkulífeyrinn fylgja í einu og öllu launaþróun. Ég sé ekki að það sé þörf á þessari lagabreytingu.

[18:55]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Nú man ég ekki gjörla út á hvað lagabreytingin gengur út af fyrir sig. En við verðum að gera mun annars vegar á bótagreiðsluauka úr almannatryggingalögunum vegna launabreytinga og hins vegar sérstökum samningum sem hafa orðið um svokallaðar eingreiðslur, sem þurfti auðvitað lagaheimild til, en reiknað er með að falli niður.

Í öðru lagi varðandi húsaleigubæturnar, þá vonast ég til þess að það komist skýrt til skila að það lá fyrir strax í apríl hvernig átti að fjármagna húsaleigubæturnar og um það var meira að segja gerður skriflegur gjörningur, sem ég skrifaði upp á ásamt fyrrv. félmrh., hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur. Það var víðtæk samstaða um að fjármagna húsaleigubæturnar með þessum hætti, enda sé ég ekki annað en það sé eðlilegt að fella niður greiðslur úr heimildarbótakerfinu til þeirra sem eru í því kerfi og munu fá húsaleigubætur samkvæmt húsaleigubótakerfinu. Þannig að ég sé ekki annað en það sé mjög eðlilegt að fara að með þessum hætti.

Það er líka þannig að Byggingarsjóður verkamanna hefur skilað gífurlega mörgum íbúðum á undanförn-

um árum og er kominn tími til að hægja aðeins á þeirri starfsemi og þá var spurningin: Átti að skera það niður í sjálfu sér til bóta fyrir ríkissjóð? Það kom auðvitað til greina og ég hefði þegið það, svo sannarlega. En í staðinn var fallist á að nota það fjármagn, sem þar hafði áður farið inn fyrir Byggingarsjóð verkamanna, til húsaleigubóta fyrir þá sem þurfa að leigja á almennum markaði.

Þetta þarf að koma fram og vona ég að það skýri þetta mál nægilega vel fyrir hv. þm.

[18:57]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alveg skýrt hvað hér er á ferðinni. Hér er verið að skera niður framlög til Byggingarsjóðs verkamanna um 250 millj. til að taka upp húsaleigubætur og hér er verið að skera niður heimildarbætur almannatrygginga um 50 millj. til að taka upp húsaleigubætur. Það er alveg kristalsklárt og það er líka alveg skýrt að það er ætlun ríkisstjórnarinnar, samkvæmt greinargerð fjárlagafrv., að höggva á hina sjálfvirku tengingu á milli breytinga á launum og ellilífeyri. Það er ætlunin að gera það samkvæmt orðanna hljóðan í textanum í greinargerð fjárlagafrv., þó að það geti hins vegar verið svo að stjórnarflokkarnir muni eiga erfitt með að koma því máli í gegnum þingið. Og ég get alla vega sagt það fyrir mig persónulega, en ekki neina aðra, að það verður auðvitað reynt að taka á móti tilraunum til að skera niður heimildarbætur almannatrygginga og tenginguna við ellilífeyrinn eins og kostur er hér úr þessum ræðustól og annars staðar hér í starfsemi þingsins.

Ég tel líka ástæðu til að óska eftir því við hæstv. fjmrh., af því hann nefndi samning sem hefði verið undirritaður í apríl sl., að þá vil ég óska eftir því fyrir mitt leyti að fá afrit af þeim samningi þannig að það sé alveg skýrt um hvað er verið að tala í honum.

[18:59]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég verð að segja að hv. 9. þm. Reykv. er mjög svo hávær í ræðustólnum um þessi mál, en ég er mjög ánægð með að heyra hvaða umhyggju hann ber fyrir Alþfl. Mér finnst það vel og gott mál ef það er svo.

Það er alveg rétt skilið að það var ákveðið að taka tillit til þess þáttar heimildarbótanna sem mundi létta af útgjöldum Tryggingastofnunar við að húsaleigubætur yrðu teknar upp. Eins og við vitum öll þá er húsaleigufyrirgreiðsla í Tryggingastofnun til aldraðra og við höfum gert ráð fyrir því að með þeim húsaleigubótum sem verða teknar upp þá létti af þessum þætti og það var litið til þess, það var skoðað mjög víða, eins og á að gera, hvað gerist þegar ný lagasetning kemur, hvaða aðrir þættir hafa verið til staðar sem breytast þá. Hver talan er nákvæmlega er ég ekki fær um að meta, hvað sé rétt í því, en þetta var skoðað mjög ítarlega af fyrrv. félmrh. og gerði hún það með mikilli umhyggju bæði fyrir öldruðum sem og öðrum sem hún bar fyrir brjósti.

Þess vegna er það ljóst að hluti heimildabótanna sem lýtur að húsaleigustyrk fellur inn í húsaleigubæturnar og kemur þarna inn. Það getur vissulega þurft að endurskoða þá tölu sem þarna er, ef mörg sveitarfélög taka ekki upp húsaleigubætur en eru með aldraða sem þyrftu á styrk að halda. Sem betur fer er það þó svo í þeirri umræðu að Reykjavík, sem er væntanlega með mestan fjölda þeirra sem þurfa á aðstoð að halda, hefur ákveðið að taka upp húsaleigubætur og vil ég hér nota tækifærið til að lýsa ánægju minni með það.

Eins og þingmaðurinn hefur væntanlega gert sér ljóst þá mundi ég ekki fyrir hönd Alþfl. geta svarað spurningu hans um eingreiðslur með einu jái. Til þess er það mál of flókið. Það er ekki sama hvernig verður unnið að þessu máli, hvernig bætur almannatrygginga verða reiknaðar út ef eingreiðslurnar verða teknar út. Það er ekki sama hvernig það er og sömuleiðis á eftir að skoða hvernig endurskoðun reglna á atvinnuleysisbótum verður. Þannig að það væri mjög gott ég ég gæti fyrir fram sagt: Nákvæmlega svona verður gagnvart atvinnulausum. Svo er ekki.

[19:02]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir svörin. Út af fyrir sig er ekki að ætlast til þess að hún svari því í einstökum atriðum hvernig á að fara að því að skerða tekjur atvinnulausra. En það er greinilega ætlunin að skerða tekjur atvinnulausra um 200 millj. og það er nú ekki beint að ráðast á garðinn þar sem hann er hæstur verð ég að segja, með fullri virðingu fyrir alþýðuflokksmönnum. Ég get svo sem alveg borið umhyggju fyrir þeim eins og öðrum, ef þingmaðurinn óskar eftir því.

En það sem ég vildi sérstaklega vekja athygli hennar á er að á bls. 326 í fjárlagafrv., í 5 línu að ofan, er setning sem hljóðar svo, með leyfi forseta: „Áformað er að aftengja sjálfvirka hækkun bótagreiðslna lífeyristrygginga vegna ófyrirséðra launabreytinga og miða þær þess í stað við forsendur fjárlaga hverju sinni."

Hvað þýðir þetta? Á undanförnum árum hefur þetta verið þannig að þegar laun hafa hækkað, t.d. um 10% eða 5%, þá hefur elli- og örorkulífeyrir hækkað líka um 5% eða 10% eða hvað það nú hefur verið. Þannig hefur það verið um árabil, alveg frá því að Eggert G. Þorsteinsson knúði það í gegn í samningum við íhaldið árið 1971. Nú er hins vegar verið að segja sem svo: Þetta á ekki að fylgja launabreytingum, nei, heldur forsendum fjárlaga. Með öðrum orðum, því hversu mikið er ætlað til þessa í ríkissjóði við afgreiðslu fjárlaganna. Ef ekki er ætlað nóg til þessa á liðnum laun og verðlagsmál í fjmrn. þá fær gamla fólkið og öryrkjarnir minna en það hefur fengið til þessa. Þannig er verið að slíta í sundur ellilífeyri og laun í landinu og taka þá áhættu að kjör gamla fólksins og öryrkjanna sitji stórkostlega eftir þegar um það er að ræða að þróa launamálin áfram. Og ég spyr hv. þm.: Vill hún breyta lögum þannig að þessi tengsl launa og ellilífeyris verði slitin? Svo einfalt er málið.

[19:04]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það kom fram í máli fjmrh. hér fyrir skömmu að þrátt fyrir að áform séu uppi um að

afnema eingreiðslurnar — og við skulum ekki gleyma því að eingreiðslur eru nýrri tíma fyrirbæri og bara hin síðari ár verið notað sem slíkt — er fyrirhugað að vissulega taki bæturnar mið af launabreytingum, þær munu taka mið af launabreytingum. Það er ekki verið að segja þarna að það eigi að afnema viðmiðun við laun.

Mig langar líka að nota þetta tækifæri til að nefna það sem ég kom ekki að áðan varðandi Húsnæðisstofnun og félagslegar íbúðir, vegna þess að þingmaðurinn var með mjög harða afstöðu gagnvart því. Við sóttum það mjög fast að koma á lögum um húsaleigubætur og við vorum tilbúin til þess að líta svo á að húsaleigubætur bættu svo mikið kjör fólks á leigumarkaði að það kæmi að hluta til inn á þá miklu þörf sem hefur verið fyrir byggingu félagslegra íbúða, bæði félagslegra leiguíbúða og félagslegra eignaríbúða, og að það mundi e.t.v. fresta að hluta til jafnmikilli þörf. Við höfum á liðnum árum byggt um 500 íbúðir á ári. Ég held að ég muni það rétt að félmrh. hafi reiknað með að það væri 30–50 íbúðum færra sem yrðu byggðar fyrst meðan verið væri að koma þessu á. Það er ákvæði um að endurskoða lögin og það er svo að þegar maður þarf að fórna einhverju til þess að koma góðum hlutum á, þá vonar maður vissulega að innan skamms tíma geti maður rétt þá hluti af. Það er trú mín að verði Alþfl. í ríkisstjórn á næsta kjörtímabili þá verði haldið áfram og stefnt á það að halda viðteknum hætti í byggingum félagslegra íbúða.

[19:06]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel að ef Alþfl. hefur keypt, eins og það er stundum kallað, niðurstöðu fjárlagafrv. á þeim forsendum sem þingmaðurinn rakti hér áðan, þá misskilur hún lóðrétt allt málið. Vegna þess, hv. þm., að hér er ekki bara verið að tala um eingreiðslurnar. Það er annað mál. Eingreiðslurnar eru samkvæmt samningum sem gerðir voru og þær hafa verið í gangi með tilteknum hætti á þessu ári, m.a. samkvæmt fjáraukalagafrv. sem hér liggur fyrir og allt í lagi með það. En ekki er gert ráð fyrir því bara að höggva frá hugsanlegar eingreiðslur, heldur er verið að tala um að höggva frá elli- og örorkulífeyri þær breytingar sem verða á hinum almennu launakjörum í landinu burt séð frá einhverjum eingreiðslum. Það er aukaatriði í þessu sambandi, hv. þm. Ég óttast að hæstv. fjmrh. hafi ekki gert mönnum nægilega skýra grein fyrir því hvað er á ferðinni og a.m.k. er niðurstaða mín sú eftir að hafa hlýtt á skýringar hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur að eftir sé að samþykkja þessar undirstöður fjárlagafrv. upp á svona hálfan milljarð eða svo þegar þetta er allt skoðað. Það er náttúrlega athyglisvert, hæstv. forseti.

[19:08]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Ég vil grípa upp orðið í upphafi í þessum seinni ræðutíma mínum þar sem frá var horfið. Hvað hefur gerst með bætur almannatrygginga? Það sem átt er við með því að farið verði eftir forsendum fjárlaga er að sjálfsögðu það að tryggingarnar hækka ekki meira en launaforsendur fjárlaga gera ráð fyrir. Ef verður samið á almennum vinnumarkaði um hærra þá er ríkisstjórnin og Alþfl. þar með búin að ganga frá því að þessir aðilar fá ekki hærri bætur. Það er einfaldlega það sem er að gerast.

Hins vegar er það svo að umræðurnar hafa leitt það í ljós að fjárlagafrv. er kannski enn þá minna marktækt plagg en ég átti þó von á í upphafi. M.a. hæstv. menntmrh. hefur lýst því yfir að illa sé farið með ráðuneyti hans í frv. og fjárln. eigi eftir að skoða málið. Það rennir kannski stoðum undir það að lokafrágangur frv. í sumar hafi verið saminn í einhvers konar timburmönnum eftir það kosningafyllerí sem Sjálfstfl. og ríkisstjórnin fór á á miðju sumri og það hafi verið bakslag eftir þau áform sem gerði það að verkum að Alþfl. hefur haft lítinn tíma til að líta á þetta frv.

Á Stöð 2 var viðtal við hæstv. utanrrh. 2. október um fjárlagafrv., formann annars stjórnarflokksins og þar segir hann, með leyfi forseta:

„Ég tek undir það með fjmrh. þar sem hann segist gera sér vonir um að fjárlagafrv. verði samþykkt á Alþingi óbreytt. Ég geri mér vonir um það en engu að síður er það nú svo að við megum búast við einhverjum breytingum í meðförum þings. Ég minni líka á að ríkisstjórnin út af fyrir sig hefur ekki rætt til hlítar hugmyndir um tekjuhliðina þannig að það kann að vera eitthvert svigrúm til breytinga."

Síðan segir hann svo: „En kjarni málsins er að viðhalda stöðugleikanum." Hvað er hér á ferðinni? Svo vill til að hæstv. ráðherrar aðrir en hæstv. fjmrh. og menntmrh. hæstv. sjá ekki ástæðu til að vera við umræðuna og er það náttúrlega algerlega ófært vegna þess að hæstv. fjmrh. hefur lagt á það mikla áherslu í sinni tíð að einstök ráðuneyti eins og hann segir beri ábyrgð á málaflokkum sínum. Hann hefur hælt sér mjög af því að hafa lagt ábyrgðina á útgjöldum í einstaka málaflokkum yfir á herðar fagráðherranna og fagráðuneytanna. Þess vegna er það furðulegt að hæstv. ráðherrar skulu ekki sjá ástæðu til þess að standa fyrir máli sínu ef ábyrgðin er öll komin á herðar þeim til þess að við vitum hvort hér er um eitthvert marktækt plagg að ræða eða sem mér skilst vera að boltinn hafi verið gefinn upp með það í umræðunni að fjárln. eigi að breyta frv. meira og minna og sníða af þá agnúa sem eru á því. Ég fagna því ef svo er og er tilbúinn að taka þátt í þeirri vinnu að laga þetta.

Fleiri atriði eru óljós varðandi tekjuhliðina. Það hefur verið komið lítillega inn á skattsvikin í umræðunni. Frv. tekur engan veginn á því máli. Hér er talað hátt um skattsvik og hv. 5. þm. Reykv. talaði um það í ræðu sinni að menn yrðu auðvitað að bjarga sér og afgreiddi umræðuna um skattsvik og skattkerfið þannig að Framsfl. vildi hækka matarverð til fátæks fólks í landinu. Þetta er náttúrlega máflutningur sem er ekki mikið mark takandi á og þarf í rauninni ekki að hafa mörg orð um hann. Hins vegar er auðvitað algerlega ófært að líða það að skattsvik í þjóðfélaginu séu orðin um 15 milljarðar kr. eins og skýrslur gefa til kynna og það eina sem er gert í því sambandi sé að flækja skattkerfið og ráða fleiri menn til að líta eftir að þær

aðgerðir gangi eftir sem þingið samþykkir.

Eins og ég kom inn á í upphafsræðu minni hefur Alþýðusamband Íslands ályktað um fjárlagafrv. og sent frá sér greinargerð um efni þess. Þar telja þeir upp nokkur atriði og lista þau upp sem eru afnám tenginga bótafjárhæðar við kjarasamninga, afnám eingreiðslna hjá atvinnulausum og elli- og örorkulífeyrisþegum, bein lækkun atvinnuleysisbóta, hækkun vaxta í húsbréfakerfinu um 0,1% sem eykur greiðslubyrði lána, fækkun félagslegra íbúða sem hér hefur verið komið inn á, Framkvæmdasjóður aldraða á að leggja 175 millj. til reksturs hjúkrunarheimila og aukin gjaldtaka á sjúkrahúsum og í heilbrigðiskerfinu. Þetta er talið upp, þetta er ekki áróður stjórnarandstöðunnar á Alþingi. Þetta er skoðun Alþýðusambands Íslands á frv. einmitt þegar á að fara í samninga um kaup og kjör núna á næstu vikum.

Hæstv. fjmrh. hefur ekki svarað enn þá spurningum mínum um hvernig atvinnulífið eigi að taka við ef ríkið kippir að sér hendinni í fjárfestingum. Því má velta því fyrir sér hvort sveitarfélögin geti tekið við þessu hlutverki, geti tekið á í atvinnumálum. Ég hygg að sveitarfélögin séu fús til þess ef þau halda tekjustofnum sínum að taka á eins og þau hafa efni til. Hins vegar er það svo að staða sveitarfélaga hefur stórversnað á síðustu árum og þær 600 millj. sem þau greiddu í Atvinnuleysistryggingasjóð hafa ekki runnið til sveitarfélaganna aftur. Hluti af því er skattur í ríkissjóð þannig að ljóst er að ekki verður svo að sveitarfélögin taki við hlutverki ríkisins í því að halda uppi atvinnu frekar en ég stórefast um að atvinnulífið sé í stakk búið til þess að gera það.

En tíma mínum er að ljúka. Ég hygg að fjárln. þurfi að leggja mikla vinnu í frv. til þess að koma í það einhverju viti og væri fróðlegt að heyra það frá fulltrúum Alþfl. hvort þeir hafi í raun samþykkt tekjuhliðina í frv. miðað við ummæli formanns flokksins í sjónvarpsviðtali 2. október sl.

[19:19]

Ingi Björn Albertsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Jón Kristjánsson sagði eitthvað á þá leið að málflutningur minn fyrr í dag væri ekki svaraverður vegna þess að ég hélt því fram að Framsfl. vildi hækka verð á matvælum í landinu með því að taka upp að nýju matarskatt. Ég hlýt að spyrja hv. þm. að því hvort það sé rétt skilið hjá mér að Framsfl. sé klofinn í afstöðu sinni til þessa máls vegna þess að hér var alveg skýr yfirlýsing frá formanni flokksins í andsvari við ræðu mína fyrr í dag þar sem hann lýsti því yfir að Framsfl. mundi fara í eitt skattþrep í virðisaukaskatt þannig að maður hlýtur að velta því fyrir sér hvort klofningur sé kominn upp í Framsfl.

Síðan kom hv. þm. inn á það að ég hefði sagt að fólk neyddist oft til þess að bjarga sér með skattsvikum. Þetta er alveg hárrétt. Ég sagði þetta og ég stend við það. Það er deginum ljósara að svona er þetta. Og ég fór yfir það hvers vegna það er. Það er vegna þess að skattar í landinu eru allt of háir og fólk lifir hreinlega ekki af þeim kjörum sem það hefur í dag. Hins vegar er öllum ljóst að það er alveg sama hvaða kerfi við setjum upp í skattamálum. Auðvitað verða alltaf til skattsvikarar, þeir verða alltaf til. En það breytir því ekki að staða margra er þannig í dag að þeir lifa engan veginn af þeim kjörum sem þeim er boðið upp á. Þess vegna segi ég það að margir eru neyddir til þessara hluta vegna þess að fólk er að brauðfæða börn sín, koma þeim á legg og það gerir það sem það þarf til þess ef kerfið er jafnslæmt og það virðist vera gagnvart þessum hópi fólks.

[19:21]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 5. þm. Reykv. virðist vera algerlega fastur í þeirri kenningu að ekki sé hægt að lækka matarverð í landinu nema í gegnum skattkerfið, nema flækja skattkerfið og gera það illframkvæmanlegt. Hitt getum við svo verið sammála um að kjörin í landinu eru bágborin. Hv. 5. þm. Reykv. hefur stutt þá ríkisstjórn, sem lækkaði skattleysismörk. Ætli það hafi ekki orðið til þess að rýra kjörin og að hrinda einhverjum til skattsvika eins og mér skilst að hv. 5. þm. Reykv. haldi fram? Þannig er nú komið í tíð hæstv. ríkisstjórnar að ég er ekki hissa þó að hv. 5. þm. Reykv. ætli ekki að fara fram aftur ef ástandið er orðið slíkt að búið sé að hækka skattbyrðina það mikið í þjóðfélaginu í tíð Sjálfstfl. að fólk neyðist til skattsvika til þess að brauðfæða börnin sín. Þetta er ekki falleg mynd og þetta eru ekki góð eftirmæli eftir þetta kjörtímabil af kjörum fólks í landinu. Því miður eru kjörin bágborin, bilið hefur breikkað milli manna, heimili komin í vanskil en þetta fjárlagafrv. tekur ekki með neinum hætti á þessum vandamálum.

[19:23]

Ingi Björn Albertsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Tók þingheimur eftir því að hv. þm. minntist ekki einu orði á matarskattinn, hann minntist ekki einu orði á virðisaukaskattinn, hann minntist ekki einu orði á þá yfirlýsingu sem formaður flokksins gaf fyrr í dag. Hann gerði ekki tilraun til að svara spurningu minni um það hvort Framsfl. væri klofinn í þessu máli heldur fór hann með almennar hugleiðingar út frá ræðu minni um skattsvik í þjóðfélaginu. Það er athyglisvert að þingmenn Framsfl. eru á hröðum flótta. Þeir eru ekki bara á hröðum flótta frá yfirlýsingum sínum gagnvart matarskattinum. Nú eru þeir á hröðum flótta hver frá öðrum. Hinn nýi formaður Framsfl. fær ekki stuðning hv. þm. í andsvari rétt áðan heldur fór hann svona fram hjá því á penan hátt. Ég hlýt að spyrja aftur: Er Framsfl. klofinn í afstöðu sinni til virðisaukaskatts? Ég hlýt að túlka málið þannig. Það er alveg ljóst og það vita allir hvaða tillögu Framsfl. var með á síðasta þingi. Þeir ætluðu að fara með virðisaukaskattinn niður í 23% og síðan átti að auka greiðslur vegna barnabóta og slíkra hluta. Þetta var uppistaðan í þeirra máli. Hvað halda menn að 1,5% lækkun á matarverði hefði skilað sér? Því hefði hvergi fundið stað og hvað ætla menn að gera við einyrkja, aldraða og aðra þá sem ekki eiga börn? Hvað hefði að komið þeim að notum? Ég spyr Framsfl. hvaða jöfnuður væri í því að fara þá leið sem þeir boðuðu enda benti skýrsla Ríkisendurskoðunar á það að þetta var alversta leiðin.

[19:25]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Framsfl. er ekki klofinn í þessu máli og hv. 5. þm. Reykv. rakti afstöðu Framsfl. til þessara mála. En hins vegar er hann algerlega fastur í þeirri kenningu að ekki sé hægt að bæta hag láglaunafólks nema flækja skattkerfið og taka upp tvær skattprósentur. Við bentum á það fyrir ári að hægt væri að ná þessum markmiðum með öðrum hætti. Ekkert af því hefur verið hrakið. Það er holur hljómur í máli þeirra sem berja sér á brjóst og ætla að berjast gegn skattsvikum í þjóðfélaginu sem berjast svo gegn því að það tæki sem þeir hafa til þess, einfalt skattkerfi, sé virkt. (**IBA:** Að vera á móti hátekjuskattinum?) Hátekjuskatturinn er nú dálítið annað mál, hv. þm., en tvö þrep í virðisaukaskatti.

Hins vegar standa þær staðreyndir eftir að hv. 5. þm. Reykv. lýsir viðskilnaði hæstv. ríkisstjórnar svo að skattbyrðin sé orðin þvílíkar drápsklyfjar að fólk neyðist til að svíkja undan skatti til að brauðfæða börnin sín. Þetta er ljót lýsing en því miður er það kannski sannleikur að Jafnaðarmannaflokkur Íslands og Sjálfstfl. hafi skilið þannig við eftir þetta kjörtímabil.

[19:27]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Mér er ekkert að vanbúnaði að flytja mína ræðu nú fyrir matarhlé en ég heyri að það hefur verið gert samkomulag um að fresta fundi klukkan hálfátta og ég er dálítið hissa á tímaskyni forseta. Mín klukka verður fyrr hálfátta en hans klukka en að öðru leyti ætla ég ekki að gera neinar athugasemdir við fundarstjórn hans.

Mig langar aðeins að beina til fjmrh. spurningum í framhaldi af lestri þessa frv. Ég hef hlýtt á hans ræðu og tekið eftir því að ekki komu fram svör við nokkrum atriðum sem eru afar athyglisverð og fyllsta ástæða til þess að vekja athygli á.

En áður en ég kem að því þá langar mig til að ítreka það sem fram kom í máli hv. þm. Svavars Gestssonar þar sem hann vakti rækilega athygli á áformum ríkisstjórnarinnar að ná niður sparnaði um nokkur hundruð milljónir með því að taka út ákvæðið um eingreiðslur sem tengdust kjarasamningum og kauphækkunum. Það eru greinilega áform ríkisstjórnarinnar að aftengja þessa hluti þannig að þótt samið verði um kauphækkanir í komandi kjarasamningum, sem er augljóst að verður því hæstv. forsrh. hefur beinlínis boðið kauphækkanir strax í forgjöf, eiga þær ekki að ganga til þeirra sem njóta bóta eins og atvinnuleysistryggingabóta og lífeyrisbóta. Það kemur skýrt fram í athugasemdum í fjárlagafrv. á bls. 323 og 326 að þessi eru áform ríkisstjórnarinnar, að ná niður töluverðum fjármunum í útgjöldum með því að aftengja þennan bótalið við kjarasamninga.

Það kemur t.d. fram á bls. 323, sem hv. þm. Svavar Gestsson gat ekki um en hann vakti athygli á sams konar ákvæði varðandi lífeyrisbætur, í athugasemdum um Atvinnuleysistryggingasjóð að það sé stefna ríkisstjórnarinnar að afnema sjálfvirka verðlagstengingu á atvinnuleysisbótum. Gert er ráð fyrir því að spara um 130 millj. kr. í atvinnuleysisbótum vegna þessa og auk þess að spara 200 millj. kr. sem er ekki skýrt að fullu hvernig eigi að nást fram en má skilja af textanum að eigi að einhverju leyti að nást með aftengingu bóta við kauphækkanir.

Þetta verður að sumu leyti skiljanlegt þegar við skoðum fjáraukalagafrv. sem liggur fyrir og verður síðar rætt en þar kemur fram í því að þessir liðir hafa farið verulega fram úr áætlun fjárlaga 1994. T.d. kemur fram á bls. 38 í því frv. að útgjöld til lífeyristrygginga verða um 700 millj. kr. hærri á þessu ári en áætlað var í fjárlögunum vegna einmitt eingreiðslna til lífeyrisþega. Það gefur okkur nokkra hugmynd um þær tölur sem ríkisstjórnin er að seilast í að þurfa ekki að borga á þessu ári og greinilegt að hér er um að ræða allstórt mál fyrir þá sem þurfa á þessum bótum að halda.

En mig langar að varpa fyrirspurn til hæstv. fjmrh. um sértekjur Fiskistofu Íslands. Í frv. undir kaflanum um sjávarútvegsráðuneyti á bls. 316 í skýringum með Fiskistofu stendur eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Sértekjur eru áætlaðar 112,1 millj. kr. Gert er ráð fyrir að lögum um stjórn fiskveiða verði breytt þannig að innheimt verði sérstakt gjald af afla báta er veiðar stunda með línu og handfærum með dagatakmörkunum."

Þetta er ekki skýrt frekar nema þess er getið í yfirliti aftast með fjárlagafrv. þar sem listuð eru upp þau lög sem þarf að breyta til að ná fram forsendum fjárlagafrv. en þar eru talin með lögin um stjórn fiskveiða.

Ég hlýt að spyrja: Hvaða breytingar er nákvæmlega gert ráð fyrir að gera á þessum lögum? Hvaða gjald á að taka upp á krókaleyfisbáta sem ekki eru í dag?

Það er hins vegar athyglisvert að á lista um væntanleg stjfrv. á þessu þingi sem fylgdi með stefnuræðu forsrh. var ekki getið um þessa lagabreytingu. Ég spyr hæstv. ráðherra að því líka hvort ríkisstjórnin hafi hætt við að flytja þessa breytingu.

Það sem mig langar til að eyða tíma mínum í að þessu sinni er að fara yfir framlög til vegamála og áform ríkisstjórnarinnar hvað það varðar á næsta ári.

Ef við lítum á athugasemdir með frv. um vegamál þá er dálítið sérstakur kafli og athyglisverður í ljósi fyrri skýringa á framkvæmdaátaki vegna atvinnumála. Það kemur fram á bls. 342 í frv. að þar er um að ræða sérstaka skerðingu á mörkuðum tekjustofnum til vegamála og í stað þess að renna til vegagerðar þá á að taka fé í ríkissjóð. Það er útskýrt með því að segja að þessari skerðingu sé ætlað að standa undir útgjaldaaukningunni á þessu og síðasta ári vegna hins sérstaka framkvæmdaátaks vegna atvinnumála.

Þetta gefur tilefni til þess að spyrja hvort ríkisstjórnin hafi gefist upp á þessu þriggja ára framkvæmdaátaki í atvinnumálum og það verði aldrei nema tveggja ára átak. Þegar við skoðum fjárlagafrv. þá sjáum við að það vantar alveg þessa átakstölu fyrir árið 1994 sem á samkvæmt vegáætlun að vera 463 millj. Eftir stendur því að það er aðeins árin 1993 og 1994 sem er sérstök fjárveiting til þess að mæta fram-

kvæmdaátaki vegna atvinnumála, þ.e. átaki í vegamálum.

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra að því hvort það hafi verið hætt við þetta sérstaka átak þannig að það verði bara tvö ár en ekki þrjú ár eins og áður hefur verið lýst yfir að verði. Það er reyndar staðfest í vegáætlun að það eigi að standa yfir í þrjú ár, 1993–1995.

Þegar við skoðum tölurnar um fjármagn til vegamála á árinu 1995 þá er skerðingin svo mikil að hún er meiri en sem nemur þessu sérstaka framkvæmdaátaki á næsta ári. Það er því ljóst að fjárveitingin er þannig að á næsta ári verður enginn peningur til að standa undir þeim átaksverkefnum. Það hlýtur að kalla fram þá spurningu hvort það séu áform ríkisstjórnarinnar að breyta vegáætlun þannig að taka út úr henni allar þær framkvæmdir sem komu inn í hana við það að bæta við því fjármagni sem hét framkvæmdaátak í atvinnumálum. Eða ef framkvæmdirnar eiga að standa áfram og eiga að verða unnar á næsta ári er þá meiningin að Vegasjóður taki lán sem nemur mismuninum? Á að auka lántökur Vegasjóðs á næsta ári frá því sem áformað er?

En það er rétt af þessu tilefni að fara aðeins yfir vegamálin því ríkisstjórnin hefur nokkuð hælt sér af þessu átaki í vegamálum og það er nauðsynlegt svo að menn vaði ekki í neinni villu um staðreyndir í þessu máli að draga fram meginatriðin í því sem hún hefur gert í vegamálum á þessum rúmlega þremur árum sem hún hefur setið.

Þar er fyrst til að taka að rifja upp að eftir að ríkisstjórnin tók við byrjaði hún á því að skera niður framlög til vegamála á þágildandi vegáætlun. Hún byrjaði á því að draga saman seglin á árunum 1991 og 1992 um samtals 1.115 millj. kr. Það var fyrsta skerðingin. Næst er það að ríkisstjórnin auglýsir að hún muni grípa til sérstaks átaks til þess að draga úr atvinnuleysi í framhaldi af kjarasamningum árið 1992 og um 3.000 millj. kr. muni verða varið til vegagerðar umfram það sem áður var áætlað til þess að draga úr atvinnuleysi. Þetta er sett inn í vegáætlun á sínum tíma og dreifist á þrjú ár, 1993, 1994 og 1995. En það merkilega er að eins og kom fram í nál. meiri hluta efh.- og viðskn. 1992 þá er þetta framkvæmdaátak notað sem rökstuðningur fyrir því að taka upp sérstakan skatt, að taka upp sérstakt bensíngjald, frá og með 1993 sem átti að skila um 750 millj. kr. á ári. Það þýðir að á gildistíma vegáætlunar mun þessi skattur skila um 3.000 millj. kr. eða liðlega þeirri fjárhæð sem ætluð var í þetta framkvæmdaátak. Það er því búið að skattleggja bifreiðaeigendur fyrir þessu sérstaka framkvæmdaátaki. En gallinn er bara sá að skatturinn rennur í ríkissjóð en framkvæmdirnar eru kostaðar úr Vegasjóði. Þannig að ríkissjóður hirðir tekjurnar en lætur Vegasjóð standa uppi með skuldirnar. (**Gripið fram í:** Það er sami sjóðurinn, Vegasjóður og ríkissjóður.) Það virðist ekki vera miðað við þessa áherslu meiri hlutans á því að aðgreina þessa sjóði og láta annan borga en hinn hafa tekjurnar.

Til þess að mæta þessu sérstaka átaki er þessi 3.000 millj. kr. skattur lagður á en hann rennur á annað stað en þann sem kostar átakið. Þetta er atriði númer tvö.

Atriði númer þrjú er að af mörkuðum tekjustofnum Vegagerðarinnar er tekin fjárhæð á hverju ári í ríkissjóð þannig að framkvæmdagetan verður minni sem því nemur öll ár gildistíma vegáætlunarinnar. Samtals er um að ræða á þessum fjórum árum skerðingu um 781 millj. kr. Auk þess er í fjárlögum 1994 skerðingin meiri en áformað hafði verið í vegáætlun. Það hafði verið gert ráð fyrir að ríkissjóður tæki 143 millj. en varð 227 millj. meira.

Í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir því að taka 150 millj. kr. meira í ríkissjóð af tekjum Vegasjóðs en vegáætlun gerir ráð fyrir. Þarna er því um að ræða samtals um 377 millj. í skerðingu á tveimur árum umfram það sem áður hafði verið samþykkt.

Síðan kemur þar að auki í fjárlagafrv. skerðing upp á 556 millj. á framkvæmdafé. Þarna erum við því komin með 2.829 millj. kr. sem Vegasjóður hefur verið skertur á þessum fjórum árum, 1993–1996, að viðbættum skerðingunum 1991 og 1992.

Nýr kostnaður hefur verið settur á Vegasjóð um 2.000 millj. kr. sem eru ferjur og flóabátar þannig að það eru 4,8 milljarðar sem er ýmis fært af vegafé yfir í ríkissjóð eða kostnaður færður af ríkissjóði yfir á Vegasjóð.

Það er ekki nóg með það að fara svona illa með framkvæmdaféð heldur er til þess að fela skerðinguna tekið lán upp á 3.000 millj. til að halda uppi framkvæmdum og þær lántökur á eftir að borga með tekjum Vegasjóðs samkvæmt upplýsingum fjmrh. á sínum tíma sem yrði einhvern tímann eftir að þessu framkvæmdaátaki lýkur þannig að á næstu árum eftir að þessi ríkisstjórn hefur farið frá á að borga skuldirnar sem þessi ríkisstjórn hefur stofnað til.

Niðurstaðan er sú að það er búið að draga saman getu Vegasjóðs um tæpa 5 milljarða og það er búið að skuldbinda hann um 3 milljarða þar að auki sem gerir það að verkum að framkvæmdir minnka sem því nemur á næstu árum.

Þetta er ekki góð staða, hæstv. fjmrh. Það má vel vera að menn geti búið til fjárlagafrv. sem sýnir skaplegar tölur með svona aðferðum, að færa tölur af einum sjóði yfir á annan, út úr fjárlagafrv. og yfir í aðra sjóði. En það breytir ekki þeirri staðreynd að þessari ríkisstjórn hefur tekist að skattleggja meira en þeim sem á undan fóru og henni hefur tekist að eyða meira en fyrri ríkisstjórnum. Það er svo sem í takt við afrekaskrá Sjálfstfl. að skilja eftir sig skuldir, eyða meira en aflað er á hverjum tíma. Það er merkileg staðreynd að bæði í ríkisstjórn og reyndar í sveitarstjórnarmálum eins og hjá Reykjavíkurborg hefur Sjálfstfl. haldið uppi þeirri stefnu að safna skuldum. Það hefur verið rakið rækilega hér hversu mjög skuldir ríkissjóðs hafa aukist. Samanlagður halli þessarar ríkisstjórnar stefnir í það að vera 40 millj. kr. og það er ekki bara að ríkissjóður hafi safnað skuldum heldur hefur hæstv. fjmrh. tekist að láta Vegasjóð safna miklum skuldum sem þeir sem á eftir koma eiga að sjá um að borga.

[Fundarhlé. — 19:46]

[20:31]

Ólafur Ragnar Grímsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Þessi umræða um frv. til fjárlaga hefur staðið hér í allan dag frá því kl. hálftvö. Eitt helsta atriðið í málflutningi hæstv. fjmrh. var að þetta fjárlagafrv. væri forsendan fyrir lægri vöxtum. Það er meginstefið bæði í framsöguræðu hæstv. ráðherra og í greinargerð fjárlagafrv. Umræðan í dag hefur öll byggst á þeirri fullyrðingu hæstv. ráðherra í þingsalnum í dag að fjárlagafrv. tryggi lægri vexti. Nú gerist það hins vegar í stuttu fundarhléi að hæstv. fjmrh. birtist á sjónvarpsskerminum og boðar vaxtahækkun. Ég hugsa að það sé einsdæmi að fjmrh. í stuttu fundarhléi frá fjárlagaumræðu á Alþingi ávarpar þjóðina og boðar vaxtahækkun þvert ofan í allt það sem hann hefur sagt hér í dag og það sem sagt er í fjárlagafrv. Þessi tíðindi, vaxtahækkunarboðskapur hæstv. fjmrh., er með þeim hætti að það er nánast ógerlegt að halda umræðum ...

(**Forseti** (VS): Forseta finnst þetta ekki alveg vera varðandi fundarstjórn forseta.)

Ég er nú að koma að því, virðulegur forseti, eins og ég greindi starfandi forseta frá fyrir fundinn og bið þann forseta sem nú er í stólnum að sýna bara biðlund.

(**Forseti** (VS): Það væri ágætt að það færi að koma að því.)

Ég hef greint forsetaembættinu frá því hvað ég muni segja hér. Ef samskiptahættir forsetaembættisins eru með þeim hætti að þau skilaboð komast ekki áleiðis þá verða forsetarnir að eiga um það innbyrðis en mér finnst óréttlátt að skerða ræðutíma minn vegna samskiptaörðugleika forsetanna.

Það er þess vegna alveg ljóst, virðulegur forseti, að fjmrh. hefur í fundarhléinu gjörbreytt allri þessari umræðu. Hann hefur nú tilkynnt vaxtahækkun sem gerir það að verkum að öll umræðan hér í dag hlýtur að beinast inn á aðrar brautir. Þetta er fyrsta ástæðan fyrir því að ég óska eftir því að umræðunni verði frestað og hún haldi ekki áfram fyrr en á morgun svo menn fái tíma til að átta sig á þessari tilkynningu fjmrh. um vaxtahækkun.

Önnur ástæðan er sú, virðulegur forseti, að hér hefur ítrekað í dag verið óskað eftir því að viðkomandi fagráðherrar, sem bera ábyrgð á þeim köflum í fjárlagafrv. sem fjalla um samgöngumál, menntamál, heilbrigðismál og félagsmál, verði mættir til umræðunnar þannig að þeir geti svarað þeim spurningum sem til þeirra hefur verið beint. Aðeins hæstv. menntmrh. gerði það í dag en fór síðan af fundi strax á eftir. Það er nánast ógerlegt að ætla þingmönnum að taka fyrir þessa götóttu þætti í fjárlagafrv. án þess að viðkomandi fagráðherrar sem fjmrh. segir að beri ábyrgð á skiptingunni í sínu ráðuneyti ... (Forseti hringir.)

Virðulegi forseti. Ég þurfti að verja 30 sekúndum vegna frammíkalla forseta áðan og ætla mér að fá 30 sekúndur í viðbót til að ljúka máli mínu.

(**Forseti** (VS): Það er mjög ríflegt.)

Önnur röksemdin er þess vegna sú að umræðan haldi ekki áfram fyrr en þeir alvörufagráðherrar sem bera ábyrgð á málaflokkunum komi til umræðunnar.

Í þriðja lagi er það líka orðið ljóst, (Forseti hringir.) virðulegur forseti, að fjmrh. einum er gjörsamlega fyrirmunað á þeim stutta ræðutíma sem hann hefur hér í kvöld að svara öllum þeim fyrirspurnum (Forseti hringir.) um einstaka málaflokka í frv. sem fjallað hefur verið um.

Ég fer þess vegna formlega fram á það fyrir hönd Alþb., virðulegur forseti, með sérstöku tilliti (Forseti hringir.) til vaxtahækkunaryfirlýsingar fjmrh., að þessari umræðu verði frestað til morguns.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Hv. þm. verða að lúta stjórn forseta og virða tímamörk.

[20:36]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Það er einhver misskilningur sem kemur fram hjá hv. þm. að ég hafi gefið yfirlýsingu um vaxtahækkun. Það sem ég sagði í dag við fjölmiðla, aðallega þó sjónvarpið, var að búast mætti við vaxtahækkunum á markaðnum á næstunni vegna þess að vaxtastigið á verðbréfamarkaðnum íslenska er orðið talsvert miklu lægra en annars staðar. Það sést til að mynda á því að í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð eru vextir talsvert hærri á skammtímaskuldbindingum. Ég veit að hv. þm. á mjög erfitt með að venjast þeirri tilhugsun að vextir verði til á markaði en það er ekki svo að fjmrh. gefi yfirlýsingu um það hvað gerist á þessum markaði heldur var sá sem hér stendur einungis að segja að það væri eðlilegt að búast mætti við þessari vaxtahækkun. Vona ég að það skýri þetta mál. Þegar talað er um lága vexti og háa vexti þá er það afstætt og þegar við höfum verið að tala um lága vexti þá erum við ekki að tala um að vextirnir séu nákvæmlega stöðugir, þeir færast auðvitað til og eitt af því sem hefur áhrif á vaxtastigið hér er vaxtastig í nærliggjandi löndum.

Mér þykir sjálfsagt, virðulegur forseti, að við tækifæri ræði menn um vaxtastefnu ríkisstjórnarinnar, ég er tilbúinn til þess. Að lokum vil ég geta þess, vegna þess að minnst var á að hér væru engir ráðherrar, að hæstv. umhvrh. var að ganga í salinn og ég veit að hann gegnir fleiri embættum en einu nú um stundir.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Forseti vill upplýsa að þeim hæstv. ráðherrum sem ekki hafa fjarvistarleyfi eða hafa tilkynnt veikindaforföll hefur verið tilkynnt að þeirra sé óskað í þingsalinn. Forseti gerir sér reyndar ekki grein fyrir á þessari stundu hversu mörgum embættum hæstv. umhvrh. gegnir en mun eflaust geta fengið upplýsingar um það. (**SJS**: Að minnsta kosti þremur.)

En af þessum ástæðum telur forseti á þessari stundu að umræðan geti haldið áfram.

[20:38]

Finnur Ingólfsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Það kom fram við umræðuna fyrir kvöldmat að hæstv. fjmrh. var spurður ákveðinna

spurninga úr kaflanum um lífeyristryggingar í fjárlagafrv. Hann gat engu svarað svo mark væri takandi á. Sömuleiðis var hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir, formaður þingflokks Alþfl., spurð sömu spurninga og fengust engin svör sem skýra þau atriði sem snúa að þeim mikla niðurskurði upp á 850 millj. kr. í lífeyristryggingakafla frv.

Nú veit ég ekki hvort heilbr.- og trmrh. er með fjarvistarleyfi eða hvort hann hefur tök á að koma hingað í þingsalinn en það er eðlilegt að óskað sé eftir því. Þar sem ég er næstur á mælendaskrá og ætlaði að fara örlítið í þann málaflokk í minni ræðu þá óska ég eindregið eftir því að hæstv. heilbr.- og trmrh. verði gert ljóst að hann þarf að vera viðstaddur þessa umræðu. Nú getur vel verið að hæstv. umhvrh. gegni fyrir heilbr.- og trmrh. Ef svo er þá kann vel að vera að hæstv. umhvrh. geti svarað þeim spurningum er að lífeyristryggingunum snúa. Það finnst mér vera það sem menn þurfa fyrst og fremst að fá svör við. Ef svo er ekki þá finnst mér mjög eðlilegt og tek undir það með hv. 8. þm. Reykn. að umræðunni verði frestað þar til ríkisstjórnin er svo mönnuð að hún geti svarað einföldum spurningum um fjárlagafrv. sem bornar eru fram af þingmönnum og menn þurfa að fá svör við. Það er eðlilegt að svo sé þar sem hæstv. fjmrh., sem ber jú ábyrgð á fjárlagafrv., er ekki fær um að svara þeim spurningum sem hér hafa komið fram.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. heilbr.- og trmrh. er staddur erlendis þannig að hann mun ekki geta mætt hér á fundinn. (**Umhvrh.:** Hann kemur víst til landsins í kvöld.) (**Gripið fram í:** Frestum þessu þá til morguns.) Hæstv. umhvrh. gegnir sennilega fyrir hann og mun þá svara spurningum. Er ekki svo? (**Gripið fram í:** Hann veit ekkert um þetta.)

Forseti vill eindregið óska eftir því við hv. þm. að þeir fari ekki langt út fyrir það að ræða um fundarstjórn forseta undir þessum lið.

[20:41]

Guðmundur Bjarnason *(um fundarstjórn)*:

Virðulegur forseti. Ég tel ósk hv. 8. þm. Reykn. um frestun á umræðunni vera mjög eðlilega. Ég gat um það í ræðu minni í dag að ég hefði þóst heyra það í fréttum Ríkisútvarpsins í morgun að það væri í umræðu og taldar allar líkur á því að vextir mundu frekar hækka en lækka eins og þó er boðað í greinargerð þessa frv. sem hefur verið til umræðu hér í allan dag. En þegar hæstv. fjmrh. hefur síðan í kvöldfréttum sjónvarps staðfest að það sé raunin þá finnst mér eðlilegt að okkur, sem höfum verið að taka þátt í þessari umræðu, gefist frestur til að skoða málin í þessu nýja ljósi og halda umræðunni áfram að því loknu. Það mundi geta gerst á morgun.

Annað, sem kom fram líka hjá hv. 8. þm. Reykn. sem bað um frestun á umræðunni, var að einstakir fagráðherrar hafa lítið verið viðstaddir umræður í dag. Ég hóf ræðu mína í dag á því einnig að lýsa yfir óánægju minni með það að þeir sæju sér ekki fært að sitja yfir umræðunni um fjárlagafrv. sem er eitt af þýðingarmestu og mikilvægustu frv. ríkisstjórnar á hverjum tíma.

Mig langar að lesa máli mínu til stuðnings, hæstv. forseti, eina málsgrein úr greinargerð fjárlagafrv. þar sem segir, með leyfi forseta:

„Á sviði ríkisfjármála hefur aðhald í rekstri verið hert og ábyrgð stjórnenda aukin. Sjálf fjárlagagerðin er markvissari og ábyrgð einstakra ráðherra og ráðuneyta meiri en áður."

Ábyrgð einstakra ráðherra er náttúrlega alveg sérstaklega merkilegt orðalag í þessu tilviki og samhengi umræðunnar að undanförnu.

(**Forseti** (VS): Forseta þykir hv. þm. kominn lant út fyrir umræðuefnið fundarstjórn forseta.)

Nei, virðulegur forseti. Þingmaður er að reyna að rökstyðja mál sitt fyrir beiðni um að það sé nauðsynlegt að aðrir ráðherrar en hæstv. fjmrh., sem hefur með þessu orðalagi hér framselt hluta af valdi sínu til einstakra fagráðherra, séu viðstaddir þessa umræðu. Það var mín ósk, virðulegur forseti. (**SvG:** Þetta eru einstakir ráðherrar.) Já, það var vitað mál að þetta eru mjög einstakir ráðherrar. En það væri æskilegt að þeir væru viðstaddir umræðuna. Geti þeir það ekki nú þá finnst mér eðlileg sú ósk sem fram hefur komið að umræðu sé frestað til morguns.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. fjmrh. bauð upp á umræður um vaxtastefnu ríkisstjórnarinnar og forseta fannst það ágætis tillaga að slík umræða gæti farið fram mjög fljótlega.

Þar sem ekki er mjög löng stund síðan nokkrir hæstv. ráðherrar fengu kall er ekki útséð um hvort þeir muni birtast hér fleiri. Forseti telur ástæðu til að halda umræðunni áfram um sinn og sjá hvað setur.

[20:44]

Ólafur Ragnar Grímsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegur forseti. Fjmrh. hefur í kvöld boðað alþjóð vaxtahækkun. Það voru alveg skýr ummæli í viðtali við ríkissjónvarpið í kvöld. Þau ummæli ganga þvert á alla þá stefnumótun sem fjárlagafrv. er byggt á. Við höfum verið að gagnrýna hæstv. ríkisstjórn fyrir að vaxtalækkunarloforð hennar mundu ekki standast. Fjmrh. svaraði engu um það í þingsalnum í dag en kaus að fara í fjölmiðla og gefa yfirlýsingu gagnstæða því sem hann hefur sagt hér í dag. Hæstv. fjmrh. getur svo reynt að koma aftur inn í þingsalinn og reynt að draga í land og segja að hann hafi verið að tala um vexti á markaði. Auðvitað var hann að tala um vextina sem munu gilda í þeim útboðum sem hann sjálfur stendur fyrir. Það var alveg ljóst í viðtalinu. Þess vegna var hæstv. fjmrh. að boða það að ríkið yrði að sætta sig við hærri vexti á skammtímamarkaði fyrir sín bréf, það er alveg ljóst. Það þýðir á mæltu máli vaxtahækkun. Og ég segi við virðulegan forseta: Það er gjörsamlega útilokað að halda þessari umræðu áfram, sérstaklega í ljósi þess að fjmrh. er núna að reyna að halda einhverju öðru fram, nema þingheimur fái tækifæri til að skoða rækilega þessa vaxtahækkunaryfirlýsingu ráðherrans utan þings. Við höfum tækifæri til að ræða við Seðlabankann í fyrramálið og afla þeirra gagna sem við

þurfum til að geta haldið þessari umræðu áfram.

Ég vona að hæstv. forseti geri sér grein fyrir því að eftir allt sem hefur verið sagt hér á undanförnum mánuðum þá er vaxtahækkunaryfirlýsing fjmrh. stórtíðindi. Og að halda að hægt sé að ræða fjárlagafrv. áfram eins og ekkert hafi í skorist er náttúrlega fullkomlega út í hött. Það er einfaldlega ekki hægt. Þegar það bætist svo við að enginn af þeim fagráðherrum sem hér hafa sérstaklega verið gagnrýndir á síðustu klukkustundum þessarar umræðu er viðstaddir enn sem komið er þá setur það líka umræðunni þannig skorður að það er ekki hægt að halda henni áfram.

Nú hefur það verið upplýst að hæstv. heilbrrh. sé að koma til landsins í kvöld. Hv. þm. Svavar Gestsson og fleiri hv. þm., m.a. hv. þm. Guðmundur Bjarnason, hafa rakið hér mjög rækilega hve hæpnar yfirlýsingarnar í fjárlagafrv. varðandi heilbr.- og trmrn. eru. Fjmrh. gat ekki svarað þeim athugasemdum fyrr í dag. Vilji hæstv. forseti láta taka umræðu um fjárlög íslenska ríkisins alvarlega hér á Alþingi en líti ekki bara á þetta sem frekar leiðinlegan málfund þá er alveg ljóst að hæstv. forseta ber að skapa þingmönnum þau skilyrði að það sé hægt í alvöru að ræða fjárlagafrv. íslenska ríkisins á Alþingi. Og ég ítreka formleg tilmæli Alþb. um að þessari umræðu sé frestað til morguns.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Forseti telur rétt að það komi fram að það fer fram 1. umr. um fjárlög. (**ÓRG:** Hin fer fer nú ekki fram fyrr en í desember.) Það gefst væntanlega tækifæri síðar til þess að ræða fjárlögin. (**ÓRG:** Hvers konar svör eru þetta?)

[20:48]

Kristín Ástgeirsdóttir *(um fundarstjórn)*:

Virðulegur forseti. Ég vil taka undir þau ummæli sem hér hafa fallið við þessa umræðu. Það er mjög óeðlilegt að halda umræðunni áfram með þessum hætti þegar ráðherrar eru fjarverandi. Að vísu er maður orðinn svo vanur því að þeir láti ekki sjá sig að það er varla að maður hafi geð í sér til að spyrja um þá. Ég vil samt leita eftir upplýsingum um það hvar hæstv. félmrh. er að finna. Er von á honum hingað í hús? Svo vill til að það eru líka mál sem varða ráðuneyti hans eins og húsaleigubæturnar og eins og niðurskurðurinn á Atvinnuleysistryggingasjóði sem vert væri að ræða við hann og ég gat ekki komið að í ræðu minni í dag. Því spyr ég hæstv. forseta hvort félmrh. er að vænta hingað. Mér finnst rétt að við fáum upplýst hvaða ráðherrar eru á leiðinni í hús og hvort hægt verði að halda þessari umræðu eðlilega áfram. Ef svo er ekki þá tek ég undir þá ósk að umræðunni verði einfaldlega frestað.

[20:49]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegur forseti. Ég tek undir að það er nauðsynlegt að fleiri fagráðherrar komi og fylgist með umræðunni. Hins vegar veit ég og kannski fleiri að ekki er hægt að ætlast til þess að hæstv. félmrh. komi í kvöld og það er kannski þeim mun meiri ástæða til þess að umræðunni sé þá frestað. Hins vegar bendi ég á að hæstv. fjmrh. kaus í upphafi máls síns í dag að snúa þessari umræðu fyrst og fremst upp í almenna umræðu um efnahagsmál og sleppa nánast að fara í efnisatriði í fjárlagafrv. sem maður hefi kannski talið að umræðan ætti að snúast um. Þess vegna tel ég afar mikilvægt og spyr virðulegan forseta hvort hæstv. forsrh. hafi verið látinn vita af því að almenn umræða væri í gangi um efnahagsmál en efnahagsmálin heyra eins og við vitum undir forsrh. samkvæmt stjórnskipan okkar. Ég tel því að það væri mjög æskilegt að hæstv. forsrh. fylgdist með umræðunni, ekki síst þar sem svo fáir fagráðherrar geta mætt þannig að hann komi sem samnefnari ríkisstjórnarinnar ef það er vilji forseta að halda umræðunni áfram.

[20:51]

Jón Helgason *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ósk hefur komið fram frá einum þingflokki um að fresta umræðunni og hún studd af fleiri hv. þm. Ég legg til að hæstv. forseti frestaði þessum fundi t.d. í 10 mínútur þannig að tækifæri gæfist til að ræða við hæstv. fjmrh. um þessa stöðu sem er komin upp og þá í samráði við hæstv. forseta.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Forseti telur rétt að verða við þeirri ósk að fresta fundi og frestar fundi í 13 mínútur eða þar til kl. 21.05.

[Fundarhlé. — 20:52]

Á óformlegum fundi sem var haldinn af forseta með forsvarsmönnum þingflokka náðist ekki niðurstaða en forseti metur það þó svo að ekki sé ástæða til þess að fresta þessari umræðu. Henni verður haldið áfram. Það er vitað að heilbr.- og trmrh. er að koma til landsins rétt um þetta leyti og mun koma í þingið. Eftir því sem forseti best veit eru fleiri ráðherrar væntanlegir þegar líður á kvöldið. Forseti vill taka fram að gagnrýni stjórnarandstöðunnar er réttmæt hvað það snertir að hæstv. ráðherrar hafa mætt illa við umræðuna. Engu að síður verður henni haldið áfram. — Hv. 8. þm. Reykn. hefur þegar talað tvisvar um fundarstjórn forseta og samkvæmt þingskapalögum er honum ekki heimilt að tala oftar og tekur þá til máls hv. 11. þm. Reykv.

[21:12]

Finnur Ingólfsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Eins og fram kom hjá hæstv. forseta upplýstist það að hæstv. heilbr.- og trmrh. mun vera á leiðinni til landsins. Nú er það svo að ég er næstur á mælendaskrá og ætlaði einvörðungu að fjalla um og spyrja ákveðinna spurninga er snúa að heilbrigðis- og tryggingamálunum, mjög svipaðra spurninga og hv. þm. Svavar Gestsson spurði áðan og ekki hafa fengist svör við. Nú kann það að vera og það verður þá að vera mat hæstv. umhvrh., sem ég vildi gjarnan fá að heyra hér í, hvort hann treystir sér til að svara þeim spurningum er snúa að heilbr.- og trmrn. sérstaklega er að þessum málaflokki lýtur. Ef hæstv. umhvrh. treystir sér til þess er ég í sjálfu sér tilbúinn til að halda mína ræðu. Ef hins vegar ekki þá óska ég eftir því að fá að fresta ræðu minni þar til hæstv. heilbr.- og trmrh., sem er að koma núna til landsins, er

kominn í hús. (**Gripið fram í:** Er ekki rétt að allir fresti ræðum sínum þar til hann er kominn?)

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Forseti vill taka fram svo að það liggi ljóst fyrir að hæstv. heilbr.- og trmrh. mun koma til landsins um kl. 10 þannig að hann verður sjálfsagt ekki kominn í þingið fyrr en þá um 11 en forseti vill taka fram að hv. þingmönnum var kunnugt um það að hæstv. heilbr.- og trmrh. væri erlendis í dag þannig að það er ekkert að koma í ljós á þessari stundu.

[21:14]

Svavar Gestsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég hygg að það sé alveg rétt athugasemd hjá hæstv. forseta að þingmönnum hafi verið það ljóst að hæstv. heilbr.- og trmrh. hefur verið fjarri hér í dag. En ástæðan til þess að eftirspurn er eftir ráðherranum núna en var kannski ekki fyrr í dag er e.t.v. sú að hér hafa komið fram upplýsingar og spurningar sem menn hafa kannski ekki áttað sig á að væru í stöðunni núna síðdegis í dag og í kvöld. Þess vegna finnst mér satt að segja spurning hvort ekki er hægt að finna flöt á því að hinkra með umræðuna þangað til á morgun og reyna að finna því einhvern þann búning að allir haldi andlitinu. Auðvitað er vandasamt fyrir hæstv. forseta sem er þingmaður stjórnarandstöðunnar að taka af skarið í máli af þessum toga þar sem hæstv. fjmrh. leggur sjálfsagt á það ofurkapp að umræðan haldi áfram. Ég vildi beina því til hæstv. forseta og hæstv. fjmrh. að íhuga mjög vandlega það sem hér hefur gerst. Það er það að fulltrúar allra þingflokka stjórnarandstöðunnar hafa óskað eftir því að um málið verði fjallað frekar á morgun þegar ráðherrarnir eru komnir. Ég spyr: Er þá ekki hægt að semja um það hvernig umræðunni verður háttað á morgun og hvenær og hvernig henni verður lokið? Er það ekki mikið skynsamlegra en vera að þrjóskast við núna fram eftir kvöldi, sem ég er þó ekki að segja að hæstv. forseti sé að gera, en er ekki skynsamlegra að við reynum að finna einhvern rólegan flöt á málinu og ljúkum þessu eins og sæmir góðum forsetum og þingmönnum. Ég held að við hljótum að finna flöt á því að hinkra með málið til morguns þannig að við getum spurt viðkomandi ráðherra og lokið umræðunni með reisn einhvern tíma dags á morgun.

[21:16]

Steingrímur J. Sigfússon *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég er líklega annar maður á mælendaskrá í þessari umræðu og ég verð að taka undir þær óskir sem hafa komið fram að okkur verði ekki gert eða ætlað að halda ræður okkar við þær aðstæður að til að mynda þeir ráðherrar sem við viljum eiga orðastað við séu á leið til landsins með flugvél, muni lenda um kl. 10 og svo fer það eftir atvikum hvenær þeir verða komnir til bæjarins og hvort þeir verða þá í stuði til að koma hingað og standa fyrir máli sínu. Mér er bara ekki nokkurt gagn að því að vita það að hæstv. heilbrrh. sé einhvers staðar í flugvél yfir Ingólfshöfða núna.

Ég held að mjög vel rökstuddar beiðnir hafi komið hér fram um það að fresta þessari umræðu. Þær eru vel rökstuddar, hæstv. forseti. Það er ekki þannig að þetta sé einhver ástæðulaus kergja í okkur stjórnarandstæðingum. Hér hafa gerst atburðir í umræðunni og í fréttum í kvöld. Reyndar er það ekki bara fjmrh. einn heldur líka félmrh. sem hefur hækkað vexti í dag því að í kvöldfréttum kom að félmrh. hefði samþykkt að leggja ábyrgðargjald á húsbréfalán sem mun þýða sjálfkrafa hækkun á vöxtum húsbréfa þannig að þeir fari í yfir 5%. Það eru auðvitað heilmikil tíðindi að hæstv. félmrh. skuli gera þetta í andstöðu við stjórn Húsnæðisstofnunar.

Þetta og margt fleira, hæstv. forseti, gefur alveg tilefni til þess að taka umræðuna upp á morgun við þær aðstæður að ráðherrarnir geti svarað spurningum. Ef það er þannig að menntmrh., félmrh., heilbrrh., samgrh. og jafnvel fleiri ráðherrar, sem hefur verið óskað eftir að væru viðstaddir, geta allir verið hér á morgun en ekki í kvöld þá verð ég að segja alveg eins og er að ég held að forseti hafi bara engin sanngirnisrök til þess að halda umræðunni áfram. Það er engin tímanauð sem rekur okkur til þess að ganga þannig til verka á fyrstu sólarhringum þinghaldsins. — Ef ég leyfi mér að spyrja hæstv. forseta, er eitthvað óupplýst í þessu máli sem við vitum ekki? Af hvaða ástæðum er ekki unnt að verða við því að fresta umræðunni nú og halda henni áfram á morgun? Er þar eitthvað í veginum sem ekki hefur verið upplýst um? Ég óska þá eftir því að það komi fram. Er allt í uppnámi hjá hæstv. fjmrh. ef umræðunni lýkur ekki nákvæmlega núna í kvöld? Það eru mér alveg nýjar fréttir. Ég veit að hæstv. forseti hefur kynnt sér fjárlagafrv. og veit að sjálfur grundvöllur þess er akkúrat sá vaxtalækkunarboðskapur sem þar er á ferðinni. Ég bendi forseta til að mynda að líta á bls. 242. Þar kemur fyrir lækkun vaxta líklega sex sinnum í einni málsgrein, algert úrslitaatriði, lykilatriði er það kallað aftur og aftur og aftur. Síðan fáum við þær fréttir að tveir ráðherrar hafi í dag boðað eða staðið fyrir vaxtahækkununum. Ég held, hæstv. forseti, að næg rök og meira en það séu fyrir utan alla sanngirni sem mælir með því að forseti verði við þessum skynsamlegu óskum. Ég spyr hæstv. forseta, ef ég óska eftir því að fresta ræðu minni þangað til tilteknir ráðherrar eru komnir hér á eftir ætlar þá forseti að neita mér um þá bón?

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Aðalrök forseta fyrir því að halda umræðunni áfram eru þau að reiknað hafði verið með því að henni lyki þó að ekki hafi verið samið um það við þingflokka. En vegna þeirra ítrekuðu beiðna sem hér hafa komið fram um það að umræðunni verði frestað þá ætlar forseti að verða við því en vill þó taka fram að það er algerlega óljóst hvaða hæstv. ráðherrar geta verið við á morgun. Það eru líkur á því að hæstv. heilbr.- og trmrh. geti verið við. Hæstv. félmrh. getur það ekki, hæstv. forsrh. ekki og það er ekki vitað um heilsufar hæstv. samgrh. Hann hefur veikindaforföll í dag og gæti þess vegna ekki komið á morgun þannig að hv. þingmenn verða að gera sér grein fyrir því að svo gæti farið að

forföll verði á ráðherrabekkjum líka á morgun. En forseti vonast þá til þess að umræðunni geti lokið á morgun á tiltölulega skömmum tíma en um það verður væntanlega reynt að semja við þingflokka. (**KÁ:** Forseti hefur kveðið upp úrskurð?) (**ÓRG:** Hún hefur kveðið upp úrskurð.) Forseti hefur þegar kveðið upp úrskurð um það að umræðunni er frestað og treystir því að það náist samkomlag við þingflokka um að umræðunni geti lokið á tiltölulega skömmum tíma á morgun.

Umræðu frestað.

Fundi slitið kl. 21:22.

---

7. FUNDUR

miðvikudaginn 12. okt.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Fjárlög 1995, stjfrv., 1. mál, þskj. 1. — Frh. 1. umr.
2. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 17. mál, þskj. 17. — 1. umr.
3. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 19. mál, þskj. 19. — 1. umr.
4. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 20. mál, þskj. 20. — 1. umr.
5. Atvinnuleysistryggingar, frv., 18. mál, þskj. 18. — 1. umr.
6. Lyfjalög, frv., 5. mál, þskj. 5. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Anna Ólafsdóttir Björnsson, 9. þm. Reykn.,
Davíð Oddsson forsrh.,
Einar K. Guðfinnsson, 3. þm. Vestf.,
Gísli S. Einarsson, 4. þm. Vesturl.,
Guðmundur Árni Stefánsson félmrh.,
Gunnlaugur Stefánsson, 5. þm. Austurl.,
Hjörleifur Guttormsson, 4. þm. Austurl.,
Jón Baldvin Hannibalsson utanrrh.,
Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, 6. þm. Vestf.,
Matthías Bjarnason, 1. þm. Vestf.

Útbýting þingskjala:

Aðgerðir til stuðnings íbúum Austur-Tímor, 69. mál, þáltill. KÁ o.fl., þskj. 69.
Ársreikningar, 73. mál, stjfrv., þskj. 73.
Ferðamálastefna, 63. mál, frv. SJS, þskj. 63.
Ferðaþjónusta, 62. mál, frv. SJS, þskj. 62.
Lánsfjáraukalög 1994, 74. mál, stjfrv., þskj. 74.
Nefnd til að kanna útlánatöp innlánsstofnana, 70. mál, frv. KÁ o.fl., þskj. 70.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Borist hefur svohljóðandi bréf, dagsett 11. okt. 1994:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér með vísað til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska þess að 1. varaþm. Sjálfstfl. í Norðurl. v., Hjálmar Jónsson prófastur, Sauðárkróki, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegi forseti.

Vilhjálmur Egilsson, 5. þm. Norðurl. v."

Hjálmar Jónsson hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðinn velkominn til starfa.

Tilkynning um dagskrá.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill láta þess getið að forseti og formenn þingflokka hafa rætt saman um þinghaldið fram undan í dag. Niðurstaða þess fundar varð sú að þessi þingfundur gæti staðið allt að til klukkan fimm ef á þarf að halda til framhaldsumræðu um fjárlagafrv. og mun því þingflokksfundum frestað sem því nemur.

Fjárlög 1995, frh. 1. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 1.

[13:36]

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Kannski er ein meginástæðan fyrir því að þessari umræðu var frestað í gær sú að ekki var mættur í þingsalinn hæstv. heilbr.- og trmrh. og nú sé ég þegar umræðan hefst að hann er ekki enn mættur.

(**Forseti** (SalÞ): Forseti vill láta þess getið að hæstv. heilbrrh. mun verða á þessum fundi og væntanlega er hann rétt ókominn í hús eða er á leiðinni.)

Það er ágætt að vita það, ég þakka forseta. Ég mun þá byrja á öðrum þætti í ræðu minni sem snýr að vaxtamálum sem einnig voru talsvert til umfjöllunar í gær. Þegar hæstv. heilbr.- og trmrh. kemur mun ég reyna að beina orðum mínum til hans þó svo að það sé rétt að vaxtamálin skipta hann örlitlu máli þar sem hann er viðskrh.

(**Forseti** (SalÞ): Hæstv. heilbr.- og trmrh. er kominn í hús, hv. þm.)

Það er aldeilis fínt. Ég þakka hæstv. forseta fyrir það.

Það voru merkilegar upplýsingar sem komu fram í gær hjá hæstv. fjmrh. þar sem hann gat þess að vextir á skammtímapappírum færu hækkandi. En þegar menn lesa í gegnum fjárlagafrv. er alveg ljóst að þar er gert ráð fyrir því að vextir fari lækkandi á árinu 1995. Og enn þá fróðlegra var það þegar hæstv. fjmrh. sagði að þrátt fyrir að vextir væru á uppleið á skammtímaríkispappírum þá gætu bankarnir og ættu að lækka sína vexti. Hvernig í ósköpunum fer þetta nú saman, hæstv. fjmrh., ef menn eru í raun og veru að tala um að það sé einhver samkeppni um þá fjármuni sem eru á markaðinum hverju sinni? Fyrir utan það að bankarnir hafa ekki treyst sér til raunverulegrar vaxtalækkunar og vextir hafa í raun alls ekki lækkað í bankakerfinu þar sem bankarnir hafa brugðist við kröfum ríkisstjórnarinnar um handaflsaðgerðir til lækkunar vaxta með því að hækka þjónustugjöldin. Þegar upp er staðið og þjónustugjöldin og vextirnir eru metnir saman og það skoðað hvað það er sem skuldararnir eru að greiða þá er ekki um neina vaxtalækkun að ræða heldur hið gagnstæða, að vextir eru sennilega örlítið hærri en áður.

Fyrir utan þann mikla áhuga sem hæstv. fjmrh. hefur sýnt markaðstengingu ríkisverðbréfa, hvort sem það eru húsnæðisbréf, ríkisvíxlarnir eða ríkisskuldabréfin, þar sem hann segir að markaðurinn hafi náð til þess að lækka vextina þá er það síður en svo. Það eru handaflsaðgerðir stjórnvalda sem hafa orðið til þess að vextir á þessum pappírum hafa gengið niður. Seðlabankinn hefur keypt ríkistryggða pappíra, húsbréf, ríkisskuldabréf og ríkisvíxla fyrir 23 milljarða kr. Þetta hefur auðvitað leitt til þess að það hefur dregið úr framboðinu á markaðinum þannig að handaflsaðgerðir fyrir tilstuðlan Seðlabankans hafa orðið til þess að vextirnir hafa lækkað. Nú treystir Seðlabankinn sér hins vegar ekki lengur til þess að halda þessum kaupum áfram, hann getur það ekki. Það bendir því allt því miður til þess, og það er sennilega rétt sem hæstv. fjmrh. sagði í sjónvarpsviðtalinu í gær og sem Sigurður Stefánsson hagfræðingur lætur hafa eftir sér á ráðstefnu þeirri sem hann flutti erindi á fyrir Íslandsbanka, að vextir á skammtímapappírum fari hækkandi hér á næstu mánuðum.

Þetta er ekkert annað en það sem stjórnarandstaðan hélt fram þegar handaflsaðgerðir ríkisstjórnarinnar til vaxtalækkunar gengu eftir með því að 9.000 millj. kr. úr Seðlabankanum var dælt út í hagkerfið til þess að létta á þrýstingnum sem þar var fyrir og þá fóru vextir lækkandi. Síðan hafa þessar handaflsaðgerðir verið notaðar til þess að halda þessu vaxtastigi með því að beita Seðlabankanum til kaupa á ríkispappírum á markaði. Það er því enginn markaður sem þarna er um að ræða annar en sá markaður sem ríkið stendur raunverulega fyrir sjálft og lætur þetta sjálfkrafa ganga fyrir sig með þeim hætti að Seðlabankinn kaupir þá fjármuni sem þangað koma út.

Þar sem tíminn er takmarkaður til þessarar umræðu ætla ég örlítið í ræðu minni að snúa mér að heilbrigðis- og tryggingamálunum þar sem hæstv. heilbr.- og trmrh. er mættur til leiks. Ég hygg að þeir sem hér munu tala og þeir sem hafa verið að bera fram spurningar við hæstv. heilbr.- og trmrh. fagni því að hann skuli vera kominn í þingsalinn þar sem hæstv. fjmrh. gat í mörgum tilfellum alls ekki svarað þeim spurningum sem voru lagðar fyrir hæstv. fjmrh. og snúa að heilbrigðis- og tryggingamálunum í fjárlagafrv.

Það kemur fram í fjárlagafrv. að áformaður sparnaður í heilbrigðis- og tryggingamálum á árinu 1995 eigi að vera með þeim aðgerðum sem grípa á til 1 milljarður og 910 þús. millj. Hvernig þessi sparnaður er nákvæmlega útreiknaður er hins vegar erfitt að átta sig á í fjárlagafrv. því það er ekkert sagt um það hversu mikið útgjöld heilbr.- og trmrn. á árinu 1994 munu fara fram úr fjárlagafrv. sem slíku. Ef það er rétt sem hefur verið haldið fram að það gætu orðið allt að því 2 milljarðar kr. þá er ekki um neinn raunsparnað í þessum málaflokki að ræða í fjárlagafrv. því sem hér liggur fyrir.

Í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir því að aðgerðir til fjármögnunar rekstrarútgjalda til lækkunar nemi samtals 600 millj. kr. Gert er ráð fyrir að 175 millj. verði teknar úr Framkvæmdasjóði aldraðra til lækkunar rekstrarútgjalda og þær notaðar til þess að greiða daggjöld á hjúkrunarheimilum. Þessar 175 millj. kr. sem þarna er um getið eru fyrst og fremst fjármunir sem ætlaðir eru til reksturs einnar stofnunar og því vil ég spyrja hæstv. heilbr.- og trmrh. þar sem fjárlagafrv. gerir ráð fyrir að 251 millj. kr. af fjármunum Framkvæmdasjóðs aldraðra fari til þess að reka þessar stofnanir: Hversu hátt hlutfall er það af heildarfjármunum sjóðsins?

Í öðru lagi vil ég spyrja hæstv. heilbrrh.: Hvað er áætlað að heildarútgjöld heilbr.- og trmrn. árið 1994 verði mörg hundruð milljónir eða milljarðar umfram það sem fjárlög gera ráð fyrir?

Í lífeyristryggingum er gert ráð fyrir því að útgjöldin lækki um 850 millj. 600 millj. kr. á að ná með því að aftengja sjálfvirka hækkun bótagreiðslna lífeyristrygginga vegna ófyrirséðra launabreytinga og miða þær þess í stað við forsendur fjárlaga hverju sinni. Því vil ég spyrja hæstv. heilbrrh. hvort fyrirhugað sé að leggja fram á Alþingi frv. til laga um breytingu á almannatryggingalögum sem gerir ráð fyrir því að breyta 65. gr. þeirra laga sem nú hljóðar svo, með leyfi forseta, 1. málsl.: „Nú verður breyting á vikukaupi í almennri verkamannavinnu og skal ráðherra þá innan sex mánaða breyta upphæðum bóta samkvæmt lögum þessum og greiðslum samkvæmt 59. gr. í samræmi við það."

Er meiningin að afnema þetta ákvæði almannatryggingalaganna? Um þetta var einnig spurt í gær við umræðuna. Ef svo er þá eru menn að stíga hér skref sem breytir í grundvallaratriðum þeirri hugsun sem er í almannatryggingalögunum. Að þeir einstaklingar sem njóta bóta almannatrygginga geti verið vissir um að bæturnar hækki í samræmi við laun í almennri verkamannavinnu. Nú hefur það ekki gerst í seinni tíð að menn hafi dregið það í sex mánuði, eins og lögin gera ráð fyrir, að þessar bótahækkanir gangi fram. Það hef-

ur yfirleitt alltaf verið gert strax. Og menn hafa í raun á síðustu árum verið að færa fram þann tíma sem bótaþegar fá útgreiðsluna. Við þessu atriði er auðvitað mjög mikilvægt að fá svar.

Í öðru lagi er sagt að af þessum 850 millj. eigi að lækka útgjöld lífeyristrygginga um 250 millj. Þar af eru 200 millj. kr. vegna endurskoðunar á svokölluðum heimildarbótum í kjölfar upptöku húsaleigubóta og umfangsmikilla breytinga sem gerðar hafa verið á sjúkratryggingum vegna þeirra sem hafa háan lyfja- og lækniskostnað.

Þarna eru 200 millj. og þetta á að réttlæta með húsaleigubótunum. Staðreyndin er hins vegar sú að þessi húsnæðiskostnaður sem menn hafa verið að fá greiddan frá almannatryggingum er ekki tengdur því hvort einstaklingurinn hefur háan kostnað vegna húsaleigu eða vegna þess að húsnæðiskostnaðurinn er mikill. Ef viðkomandi einstaklingur sem nýtur bóta almannatrygginga á þá húseign sem hann er í og er með háan húsnæðiskostnað þá fær hann engar húsaleigubætur. Því spyr ég hæstv. heilbr.- og trmrh.: Með hvaða hætti er það hugsað að þessi framkvæmd gangi eftir, að þessar 200 millj. kr. verði sparaðar á þessum heimildabótum?

Í þriðja lagi finnst mér rétt að hæstv. heilbr.- og trmrh. svari því hvernig eigi að ná þeim 50 millj. kr. sparnaði sem gert er ráð fyrir að lækka lífeyristryggingarnar um með almennri endurskoðun bótakerfisins. Nú er afskaplega gaman hjá hæstv. heilbr.- og trmrh. þegar hann er kominn í þingsalinn að nýju og mér þykir ágætt að hann skuli ætla að greiða fyrir umræðum með því að hafa tekið niður þær spurningar sem upp hafa verið bornar og svara þeim þannig að við hv. þm. í stjórnarandstöðunni sem viljum greiða fyrir þingstörfunum þurfum að koma aftur upp af því að svörin verði það greið og skýr hjá hæstv. heilbr.- og trmrh. við því sem við erum að fara fram á að fá skýr svör við af því að hæstv. heilbr.- og trmrh. gat ekki starfa sinna vegna verið í þingsalnum í gær, þá þurfti að draga þessa umræðu fram á annan dag fjárlagaumræðunnar við 1. umr., þá er það fínt ef hann getur greitt svo fyrir þingstörfum á eftir að menn þurfi ekki nema sáralítinn tíma til þess að fá svör þeim spurningum sem bæði er verið að bera upp núna og voru bornar upp af öðrum þingmönnum í gær.

Í málaflokki sjúkratrygginga er gert ráð fyrir að spara 420 millj. Sparnaður í lyfjum á að vera 200 millj. kr. Nú stefnir í það að lyfjakostnaðurinn á árinu 1994 samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef frá Ríkisendurskoðun verði a.m.k. 2,9 milljarðar. Það er verulega hækkun frá því sem fjárlagafrv. gerði ráð fyrir og er þá auðvitað inni í þessum tveimur milljörðum sem talað er um að útgjöld heilbr.- og trrn. fari umfram fjárlög á þessu ári. Nú liggja þær upplýsingar líka fyrir frá Ríkisendurskoðun að með öllum þeim miklu aðgerðum, reglugerðarbreytingum, lagabreytingum og öðru slíku sem hæstv. heilbr.- og trmrh. hefur farið út í, að lyfjakostnaður á föstu verðlagi Tryggingastofnunar ríkisins hefur síður en svo lækkað. Hann hefur hækkað. Árið 1991 þegar gripið var til allra þeirra aðgerða, þá var lyfjareikningur Tryggingastofnunar 2,7 milljarðar, 2,9 milljarðar 1992, 2,7 sem eru þó bráðabirgðatölur 1993. Fjárlög 1994 gera ráð fyrir 2,6 milljörðum, en það stefnir í tæpa 3 milljarða samkvæmt þessum upplýsingum. Það sem hefur gerst er að lyfjakostnaðurinn hefur hækkað hjá Tryggingastofnun ríkisins þrátt fyrir allar þessar aðgerðir en um leið hefur kostnaðarhlutur sjúklinganna hækkað um 100 millj. kr., úr 18% árið 1991 í 32% á þessu ári, þannig að heildarlyfjaútgjöld ríkisins hafa stórlega hækkað á þessum tíma.

Um það var samið í fyrravor milli stjórnarandstöðu og ríkisstjórnar í umræðum um breytingar á lyfjalögum að ekki kæmu til framkvæmda þau ákvæði lyfjalaganna er sneru að lyfjadreifingunni, verðlagningunni og lyfsölunni fyrr en 1. nóv. 1995. Í framhaldi af því var skipuð nefnd til þess að fylgjast með hvaða áhrif þær breyttu reglur sem verða á lyfjamarkaðnum með tilkomu EES-samningsins mundu hafa á lyfjaverð og lyfjanotkun. Þennan tíma fram til 1. nóv. 1995 átti að nota til þess að menn gætu áttað sig á því hvaða áhrif þessar breyttu reglur hefðu.

Nú hefur hæstv. heilbr.- og trmrh. látið það fara frá sér og þessi nefnd hefur boðað til fundar nk. þriðjudag þar sem þess er krafist að frá þessu samkomulagi verði fallið og þessi ákvæði lyfjalaganna taki gildi um næstu áramót. Með öðrum orðum, það á ekki að láta á það reyna hvort og hvaða áhrif EES-ákvæðin hafi eins og samið var um hér við afgreiðslu málsins. Það hefur reyndar komið fram í umræðunni hjá einum hv. þm. stjórnarliðsins að þetta ákvæði sé a.m.k. ekki stutt af hv. þm. Láru Margréti Ragnarsdóttur og því spyr ég hæstv. heilbr.- og trmrh.: Er samkomulag milli stjórnarflokkanna að þetta frv. verði lagt hér fyrir?

Af þessum 420 millj. kr. er gert ráð fyrir 100 millj. kr. sparnaði í sérfræðilæknishjálp. Með hvaða hætti, hæstv. heilbr.- og trmrh., á að ná þessum sparnaði? Á að gera það með því að hækka þátttöku einstaklinganna í sérfræðilæknishjálpinni eða á að gera skipulagsbreytingar á því fyrirkomulagi sem nú er við lýði? Annars staðar í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir því að auka álögur á þá sem þurfa að sækja þjónustu göngudeildanna um 100 millj. kr. til þess að samræma og bæta samkeppnisstöðu þeirra sem sækja annars vegar sérfræðilæknishjálpina út í bæ og hins vegar þeirra sem þurfa á þjónustu göngudeildanna að halda. Ef á að hækka prósentuna í því sem sjúklingarnir eiga að borga fyrir þjónustu hjá sérfræðilæknum sem starfandi eru á eigin stofu úti í bæ þá þarf sennilega meira en þessar 100 millj. ef jafna á samkeppnisstöðuna eins og þetta er orðað í auknar álögur á þá sem sækja þjónustu göngudeildanna.

50 millj. af þessum 420 í sjúkratryggingunum er áætlað að ná með því að spara í sjúkraþjálfun. Það finnst mér nú í stóra upphæð ráðist því að það kemur ekki fram í fjárlagafrv. nákvæmlega hver sú upphæð er sem fer í sjúkraþjálfunina en mér þykir það vera hins vegar, ef ég man rétt, mjög hátt hlutfall af því sem þar er í heildarkostnað.

Tími minn er nú því miður senn á þrotum og það

væri ágætt ef hæstv. heilbrrh., sem ég býst fastlega við að hafi náð öllum þessum spurningum niður, gæti gefið óyggjandi svör við öllu því sem spurt hefur verið um en mikilvægast af því öllu þykir mér þó það ákvæði er snýr að lífeyristryggingunum og spurningin er sú: Er fyrirhugað að breyta í grundvallaratriðum þeirri hugsun sem er í almannatryggingalögunum um að einstaklingar, þeir sem njóta bóta almannatrygginga, eigi rétt á því að fá sömu hækkanir og fólk í almennri verkamannavinnu?

[13:57]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er aðeins eitt atriði sem mig langar til þess að fjalla hér um í andsvari, það eru vaxtamálin. Ég vil segja frá því að það var engin yfirlýsing frá mér sem var gefin í gær. Það var einungis verið að svara fyrirspurn þess efnis hvort búast mætti við að vextir á skammtímamarkaði mundu hækka. Það er ljóst að svo getur orðið og ég ætla að rekja aðeins ástæðuna fyrir því því að ég held að það sé hollt fyrir hv. stjórnarandstæðinga að hlusta á það.

Í fyrsta lagi kemur í ljós þegar farið er yfir þessi mál að vextir voru hér mjög háir og þeir voru í reynd skelfilega háir, ekki síst í tíð síðustu ríkisstjórnar og einnig bankavextir að sjálfsögðu, en fyrst og fremst vextir af skammtímaskuldabréfum ríkissjóðs. Það sem hins vegar gerðist fyrir um það bil ári síðan var að vextir snarlækkuðu vegna þess að notað hefur verið markaðslögmálið sem ég veit að er framandi fyrir suma hv. þm. stjórnarandstöðunnar og það hefur verið gert vegna þess ...(**ÓRG:** Það var þegar Jón Sigurðsson var viðskrh.) Ég skora nú á hv. þm. að vera ekki svona viðkvæman fyrir þessu þó að það sé staðreynd, óhrekjanleg staðreynd, sem hv. þm. getur ekki neitað að þegar hann lauk sínum störfum sem fjmrh. þá voru vextir hér á markaði á verðtryggðum skuldabréfum ríkisins yfir 8% en eru innan við 5% eða um það bil 5% núna. (**ÓRG:** Þú hækkaðir þá.) Það sem skiptir máli er að á skammtímamarkaði hafa vextir verið að hækka erlendis og nú er svo komið að vextir hér á landi eru þeir lægstu á Norðurlöndum, lægri en í Bretlandi, svipaðir og í Þýskalandi. Það eru aðeins Japan og Bandaríkin og slík stórveldi sem hafa lægri vexti á skammtímamarkaði. Og þegar íslenski fjármagnsmarkaðurinn er kominn í tengsl við þann sem erlendis er þá hljóta vextir á skammtímamarkaði að hækka um stundarsakir. Þetta þarf að koma fram að sjálfsögðu og ég mótmæli þeim viðhorfum sem komu fram hjá hv. þm.

[13:59]

Finnur Ingólfsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það sem var merkilegast við ræðu hæstv. fjmrh. er að hann er að undirstrika í þessari ræðu sinni að vextir á skammtímabréfum fara hækkandi enda var þetta varnarræða fyrir slíkum hlutum. Ef hæstv. fjmrh. les ágætt fréttaviðtal við Sigurð B. Stefánsson hagfræðing þá er það ekki nema lítið brot af þeim ástæðum eða ein lítil ástæða fyrir því að vextir eru núna að hækka á skammtímabréfum að verið sé að samræma þetta því sem er að gerast í nágrannalöndunum. Það er hins vegar þenslumerkin sem eru hér að verki og gera það að verkum að vextir hér fara nú hækkandi. Og það er staðreynd að Seðlabankinn treystir sér ekki lengur til að kaupa meira af þessum ríkistryggðu pappírum til þess að halda vöxtunum niðri fyrir ríkisstjórnina og það kemur að því bara sem menn héldu hér fram fyrir tæpu ári síðan eða sl. haust að þessar aðgerðir væru handaflsaðgerðir sem væru í engu sambandi við það sem væri að gerast á markaðnum og vextir færu þess vegna hækkandi og það er það sem er að gerast.

[14:01]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alveg ótrúlegt hvernig stjórnarandstæðingar fara að því að reyna að skýra út fyrir fólki að vextir hér séu háir eða það hafi verið gert eitthvað með handafli og þess háttar. Það liggur fyrir alveg með skýrum hætti að vextir hafa stórkostlega lækkað hér á landi með markaðsaðgerðum. Og nú ætla ég að segja hv. þm. að ríkissjóður þarf ekki á nýrri lántöku að halda það sem eftir er þessa árs, ekki á nýjum peningum að halda. Það þarf auðvitað að endurnýja stokkinn. En ríkissjóður þarf ekki á meiri peningum að halda. Ég er hérna með það sem Sigurður B. Stefánsson sagði og það sem hann benti á er auðvitað að það er ekkert hættumerki á íslenska markaðnum þótt skammtímavextir hækki nú tímabundið vegna þess að vextir hafa verið að hækka annars staðar. Þvert á móti sé það heilbrigðismerki á íslenska fjármagnsmarkaðnum að bregðast við með þessum hætti. Ég held að hv. þm. og fleiri hans flokksmenn og stjórnarandstæðingar ættu að kynna sér vaxtamálin betur og átta sig á því hvernig þau virka og viðurkenna þá staðreynd að vextir hafi lækkað hér á landi og það er kannski stærsti sigur ríkisstjórnarinnar að ná einmitt tökum á málum með þeim hætti. Þeir yrðu menn að meiri ef þeir viðurkenndu þetta. Og ég skora á hv. þm. að koma hér upp og segja það umbúðalaust og vera ekki að reyna að pota vöxtunum upp með því að gera hlutina tortryggilega þegar það liggur fyrir, meira að segja frá Sigurði Stefánssyni og ég held hérna á viðtölunum við hann, hann segir að þetta sé heilbrigðismerki að við færum vextina til samræmis við það sem gerist í okkar nágrannalöndum, ekki síst ef við erum að opna íslenska fjármagnsmarkaðinn. Þetta á auðvitað hv. þm. að vita og ég veit að hv. þm. er maður til þess að viðurkenna staðreyndir og ég vonast til þess að hann komi hér í ræðustólinn og geri það í annarra áheyrn.

[14:03]

Finnur Ingólfsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það hefur aldrei komið fram í mínu máli, hæstv. fjmrh., að ég neiti því að vextir hafi lækkað, það er alveg hárrétt. Vextir hafa verið keyrðir hér niður með handafli og ég legg áherslu á það, með beinum aðgerðum og samræmdum aðgerðum ríkisstjórnar og Seðlabanka. Og ég vil bara segja, þegar menn tala um að þarna sé um markaðslögmálin að ræða, þá er það ekki þar sem Seðlabankinn er náttúr-

lega, þótt sjálfstæður eigi að kallast, ekkert annað en tæki sem ríkisstjórnin hefur til þess að halda vöxtum niðri. Það kann vel að vera rétt að það sé að vissu leyti nokkurt merki um heilbrigði í efnahagslífinu að vextir skulu núna fara upp. Það er auðvitað merki um ákveðna þenslu sem er að fara af stað og þá bregðast menn við með því að draga úr peningum í umferð, með því að hækka vextina. Það er eðlilegt. En nú fara menn hins vegar þá leið að byrja á því að hækka vextina áður en menn sjá hver þenslumerkin eru. Aftur á móti þegar menn voru hér að reyna að koma vöxtunum niður þá var aldrei hægt að grípa til aðgerða hvorki af hálfu ríkisvalds né bankastofnana fyrr en alveg var orðið ljóst að verðbólgan færi ekki meira upp en þetta á næstu mánuðum. Þá voru allar aðgerðir eftir á og það er bara staðreynd, hæstv. fjmrh., og ég undirstrika það enn og aftur. Vextirnir hafa lækkað en það er tilkomið vegna aðgerða af hálfu ríkisstjórnarinnar, ekki markaðsaðgerða heldur samræmdra aðgerða ríkisstjórnar og Seðlabanka og því miður eru þau þenslumerki núna á ferðinni og í raun og veru er það Seðlabankinn sem ekki getur lengur keypt og þess vegna eru vextirnir á uppleið.

[14:05]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Það er náttúrlega eðlilegt að hæstv. fjmrh. sé hvumpinn þegar þessi vaxtamál ber á góma og ókyrr mjög eins og gefur að sjá og heyra. Staðreyndin er náttúrlega sú að sú yfirlýsing sem hann gaf í fréttum í gær var alveg dæmalaus. Það var stundum sagt hér á árunum að menn væru að fella gengið með blaðri um væntanlegar gengisfellingar og auðvitað er það alveg eins með vaxtahækkanir. Ef sjálfur fjmrh. gefur það út í fjölmiðlum að nú megi búast við vaxtahækkunum þá hækka vextirnir jafnvel þó ekkert annað kæmi til. Síðan er það auðvitað þannig að hæstv. fjmrh. á í miklu baksi með sögu ríkisstjórnarinnar í þessum vaxtamálum því að það veit öll þjóðin að hans fyrsta verk og ríkisstjórnarinnar fyrsta verk á þessu sviði var að hækka vaxtastigið í landinu um hartnær fjórðung, bara að drífa upp vextina, hækka einhliða vextina á ríkispappírunum, sem teymdu síðan allt vaxtastigið í landinu á eftir sér. Þetta veit öll þjóðin. Við það sat í ein tvö ár að vaxtastigið hér var alveg óheyrilega hátt og þó svo að vextirnir hafi núna lækkað á nýjan leik þá er það auðvitað ekki nema vonum síðar að þeir kæmust á nýjan leik niður á við úr þeim hæðum sem ríkisstjórnin sjálf setti þá upp í. Og talandi um það hvort hér sé á ferðinni handafl eða markaður, handleiðsla eins og ég datt nú niður í að orða það í fyrra eða hvað skiptir auðvitað ekki öllu máli. Það er hin efnislega niðurstaða sem telur. Menn geta kallað þetta handaflsmarkað eða hvað sem er mín vegna, (Gripið fram í.) það breytir ekki máli, hæstv. umhvrh., sem ég held að ætti nú að hugsa um skordýrin og láta þessa vaxtaumræðu í friði.

Hæstv. forseti. Auðvitað er það þannig að þetta fjárlagafrv. ber miklu metnaðarleysi vitni. Og satt best að segja er mér til efs að menn hafi reynt að rumpa saman fjárlagafrv. og ná svona eitthvað utan um halla í fjárlagafrv. með jafnaumingjalegum hætti eða billegum eins og hér gefur að líta. Staðreyndin er sú að þegar farið er yfir forsendur þessa frv. eins og ég mun gera í nokkrum liðum á eftir, þá er það satt best að segja mikil sorgarsmíð, bæði vegna þess að það er svo bjálfalegt en líka vegna þess auðvitað að pólitíkin sem í því felst er mjög grimmúðleg því að þar eru fyrst og fremst velferðarmálin lögð undir með algerlega fráleitum frágangi á því hvernig eigi að sjá fyrir útgjöldum til þeirra mála á næsta ári.

Ég vil þó fyrst auðvitað nefna aumingjaskapinn gagnvart tekjuöflun sem er dæmalaus við þær aðstæður sem hæstv. fjmrh. hefur búið við, að vera þegar orðinn Íslandsmeistari í hallarekstri á einu kjörtímabili. Að hæstv. fjmrh. skuli þá ekki reyna eitthvað til tekjuöflunar. Ná a.m.k. að einhverju leyti þannig upp í þennan vanda. Nei, það má ekki. Frjálshyggjukreddan bannar að það séu lagðir á skattar eða aflað tekna jafnvel á þá sem þó mega sín einhvers. Þess vegna situr fjmrh. uppi með þá dæmalausu niðurstöðu að vera að missa út mörg hundruð milljónir króna vegna þess að það á að hætta að leggja á hátekjuskatt. Möguleikar til þess að skattleggja fjármagnstekjur og fá kannski tekjur upp á 1—2 milljarða svo vægt sé reiknað með því móti eru lagðir til hliðar. Það er ljóst að skatttekjur af fyrirtækjum gætu verið mörg hundruð milljónum króna meiri ef notaðar væru álagningareglur frá t.d. fyrra ári en ekki haldið áfram á þeirri braut að lækka til að mynda tekjuskattinn á gróðafyrirtækjunum. Það mætti halda að hæstv. fjmrh. væri bara arabískur olíufursti og peningarnir stæðu út úr eyrunum á honum eins og hann umgengst tekjumöguleika ríkisins. Þetta er alveg með ólíkindum við þær aðstæður að hér á hvort tveggja í senn, að reka ríkissjóð áfram með miklum halla og skuldasöfnun og skera niður marga viðkvæma málaflokka í velferðarkerfinu. Þetta er alveg dæmalaust.

Eins eru, hæstv. forseti, ákveðnir liðir í greinargerð með frv. náttúrlega alveg kostulegir. Ég vil til að mynda spyrja hæstv. fjmrh. hvort orðalag á bls. 240 sé brandari. Er þetta gamansemi í texta greinargerðar fjárlagafrv. þar sem segir neðarlega á blaðsíðu 240, með leyfi forseta:

„Allt eru þetta merki um að þáttaskil hafi orðið í efnahagsmálum hér á landi.“ Það sem hefur verið farið yfir það á undan. Svo segir: „Þau má að verulegu leyti rekja til umbóta í hagstjórn í tíð ríkisstjórnarinnar.“

Ég spyr aftur, hæstv. fjmrh.: Er þetta gamansemi? Eða er virkilega ætlast til að menn taki mark á þessu? Þegar það liggur fyrir að það sem helst er hægt að telja til jákvæðra hluta eru utanaðkomandi ástæður sem koma hagstjórn þessarar ríkisstjórnar, ef því nafni skyldi kalla, ekkert við. Eins og afli í Smugunni og batnandi efnahagsástand í viðskiptalöndum okkar eða fjölgun erlendra ferðamanna. Er það hagstjórn fjmrh. að þakka að hingað koma fleiri Þjóðverjar? Ég hef ekki orðið var við það.

Sama má segja um orðalag á bls. 242. Hvaða innstæður, hæstv. fjmrh., eru fyrir því orðalagi að besta leiðin til að tryggja breytingar í sambandi við ríkis-

ábyrgð og fleira hjá hinu opinbera sé að breyta ríkisbönkum og fjárfestingarlánasjóðum í hlutafélög og selja hlutabréfin? Hvaða innstæða er á bak við þetta? Er ríkisstjórnin búin að taka um það einhverja nýja ákvörðun að gera þetta? Og ef ekki til hvers er þá verið að setja þetta á blað eina ferðina enn? Er það af því að hæstv. fjmrh. hafi gaman af því að verða til athlægis ár eftir ár eftir ár? Fjmrh. setti 1.200 millj. inn í teknahlið frv. fyrstu ár sín í embætti því hann ætlaði alltaf að selja heilu og hálfu bankana, þess vegna á útsölu ef ekki vildi betur til, og hafði svo upp úr krafsinu 50–70 millj. kr. á ári. Ég sé að vísu að hæstv. fjmrh. hefur lært af þessu og setur núna af allri hógværð inn í teknahliðina einungis 100 millj. kr. í sölu eigna, úr 1.200 millj. niður í 100 millj. Svona hefur nú reynslan kennt hæstv. fjmrh. bitran sannleika. En til hvers þá þessa þvælu einu sinni enn um að selja ríkisbankana og fjárfestingarlánasjóðina þegar ljóst er að það verður ekki neitt úr neinu hjá ríkisstjórninni og hún hefur ekkert komist áfram með þessi áform?

Ég hefði, hæstv. forseti, óskað eftir því að sjútvrh., félmrh. og samgrh. væru hér viðstaddir. Ég ætlaði að koma lítillega inn á málaflokka sem undir þá falla.

Í fyrsta lagi spyr ég hæstv. sjútvrh. út í orðalag á bls. 316, ítreka spurningu sem hefur komið fram: Hvaða áform eru þar á ferðinni um að breytra lögum um stjórn fiskveiða og hefja innheimtu á sérstöku gjaldi af afla báta sem stunda veiðar með línu og handfærum? Er það ætlun ríkisstjórnarinnar að opna upp fiskveiðistjórnunarlögin nokkrum mánuðum eftir að þau voru hér afgreidd og innleiða nýja gjaldtöku á krókaleyfisbáta? Er það það sem stendur þarna? Hver er réttlætingin eða röksemdafærslan fyrir þeirri gjaldtöku? Hvers vegna var þetta þá ekki boðað eða gert í tengslum við gildistöku þessara frv. hér á sl. vetri?

Ég óska eftir því að hæstv. sjútvrh. komi inn í umræðuna síðar og svari til um þetta orðalag sem reyndar fleiri en ég hafa spurt um. Það er ekki hægt að afgreiða málin með hálfkveðnum vísum af þessu tagi. Hæstv. ráðherrar eiga auðvitað ekki að komast upp með að sleppa svo billega í gegnum þessa umræðu.

Þá vil ég, hæstv. forseti, í fjórða lagi koma inn á það sem reyndar hefur líka verið nefnt af fleirum en mér og það er hinn dæmalausi frágangur á fjármögnun húsaleigubótanna. Er það virkilega svo að það sé niðurstaða sem ekki verði um breytt að fjármögnun húsaleigubótanna verði að öllu leyti með samsvarandi niðurskurði í félagslega húsnæðiskerfinu?

Nú liggur það fyrir að hæstv. fjmrh. og hæstv. fyrrv. félmrh., nú hv. þm. utan flokka, Jóhanna Sigurðardóttir, gerðu með sér tiltekið samkomulag um þetta efni. En ég hafði hugsað mér að spyrja hæstv. núv. félmrh.: Telur hann sig bundinn af þessu samkomulagi? Er það hluti af óumbreytanlegri stefnu ríkisstjórnarinnar að húsaleigubæturnar skuli allar fjármagnaðar með jafngildum niðurskurði í byggingu félagslegs íbúðarhúsnæðis eða þá í tryggingakerfinu? Forsendur fjárlagafrv. eru þær að íbúðarbyggingar verði skornar niður um 100, úr 500 í 400, og einnig er þarna á ferðinni, eins og vitnað var til í umræðunni í gær, mjög sérkennilegt orðalag um að í tryggingakerfinu verði sparað eða skorið niður til móts við það sem húsaleigubætur kunna að koma viðskiptamönnum tryggingakerfisins til góða. Hver er þá uppskeran? Hver er þá uppskeran fyrir fólkið ef hver einasta króna sem fer í greiðslu húsaleigubóta verður skorin niður í velferðarkerfinu einhvers staðar annars staðar? Í félagslegu íbúarhúsnæði eða tryggingagreiðslum? Þá er uppskeran sú að menn sitja uppi með þetta meingallaða frv., þessa meingölluðu útfærslu á húsaleigubótunum, sem sveitarfélögin í landinu eru unnvörpum þessa dagana að afsegja og neita að framkvæma eins og til var stofnað. Það er kannski ætlunin að hafa lögin svo vitlaus og útfærsluna svo ómögulega að menn treysti sér ekki almennt til að taka upp þessar bætur.

Ég held að hæstv. núv. félmrh. verði að gera grein fyrir hver er hans staða í þessu máli. Telur hann sig bundinn af samningi fyrrv. félmrh. og fjmrh. um þessa fjármögnun eða er þetta eitthvað sem kemur til álita að skoða hér í meðförum frv.?

Auðvitað mætti, hæstv. forseti, segja margt fleira um þessa dæmalausu afgreiðslu á húsaleigubótunum í frv. og þennan sorglega samning sem hæstv. fyrrv. félmrh., hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, hefur því miður gert að því er virðist, um að fjármögnun húsaleigubótanna verði öll á þann veg að skorið verði niður á móti annars staðar í velferðarkerfinu.

Þá vil ég, hæstv. forseti, gera að umræðuefni útreiðina á Atvinnuleysistryggingasjóði og spyrja hæstv. félmrh. um það mál því þangað hafa þær bætur nú verið færðar. Það er alveg með endemum hvernig ríkisstjórnin hyggst ganga frá þeim málum. Þar er í fyrsta lagi einhliða fært á sveitarfélögin að greiða 600 millj. kr. í þann sjóð, þvert á gerðan samning um að slíkri þátttöku sveitarfélaganna í átaksverkefnunum lyki á þessu ári. Hvers konar framkoma er það gagnvart þessu sjálfstæða stjórnsýslustigi í landinu, sem hefur sér til varnar m.a. undirritaðan Evrópusáttmála um að löggjafarvaldinu beri að virða sjálfstæði sveitarstjórnarvaldsins, að ætla því svona einhliða að taka á sig þessar byrðar og rjúfa þannig samning og samkomulag sem við það hefur verið gert?

En þetta er ekki allt því miður. Ef menn líta á bls. 323 í greinargerð frv. og einnig á bls. 361 og 362 þá er þar að finna satt best að segja alveg ótrúlegan frágang á fjármögnun Atvinnuleysistryggasjóðs á næsta ári. Ég fullyrði, hæstv. forseti: Það vantar meira en milljarð í fjármögnun Atvinnuleysistryggingasjóðs á næsta ári. Það er gat í frv. upp á á annan milljarð króna eins og ríkisstjórnin er að reyna að rumpa því saman. Ég skal fara yfir hvernig það gat er tilkomið.

Það er í fyrsta lagi vegna þess að þessar 600 millj. munu ekki skila sér. Sveitarfélögin munu að sjálfsögðu ekki endalaust láta fara þannig með sig að þegar þau hafa gert samning um að taka þátt í þessum útgjöldum í tiltekinn tíma enda ljúki þá þeirri þátttöku þá láta þau væntanlega ekki valta yfir sig í lokin með þeim hætti sem ríkisstjórnin ætlar að gera. Þar eru 600 millj. kr.

Í öðru lagi segir að ætlunin sé að spara 200 millj. í

framkvæmd atvinnuleysistryggingabóta. Hvernig? Það er ekki hægt að spara þær nema skera bæturnar niður. Halda menn að þeir komist upp með það? Þar eru komnar 200 millj. í viðbót, 800 millj. (**Landbrh.:** Það er ekki hægt að spara það sem ekkert er.)

Í þriðja lagi, hæstv. samgrh., gerir frv. ráð fyrir því að það verði ekki greiddar eingreiðslur til atvinnulausra á næsta ári. Dettur mönnum í hug að þeir komist upp með það að svíkja þennan hluta landsmanna um þessar greiðslur? Ég held ekki. Þar eru 130 millj. í viðbót.

Í fjórða lagi er sjóðnum ætlað að ganga á eigin fé um 200 millj. kr. Þarna vantar því í raun til að Atvinnuleysistryggingasjóður geti sinnt sínu verkefni á næsta ári 600 millj. plús 200 millj. plús 200 millj. plús 130 millj. eða 1.130 millj. kr. Hvað segir hæstv. fjmrh. um þetta? Þetta er augljóslega gat í frv. upp á talsvert á annan milljarð. Hef ég þó ekki nefnt það að þessi útgjaldaáætlun gerir ráð fyrir bjartsýnisspá, því miður, um atvinnuleysið. Það eru flestir á því að það stefni í að verða meira en forsendur fjárlagafrv. gera ráð fyrir, m.a. vegna þess að í fjárlagafrv. sjálfu felst 25% niðurskurður á fjárfestingum hins opinbera. Stórkostlegur niðurskurður í samgöngumálum eins og ég kem að á eftir. Það mun auðvitað þýða minni umsvif, minni atvinnu og hættuna á auknum útgjöldum til greiðslu atvinnuleysisbóta. Ef það svo bætist við gat upp á 1.130 millj. sem fyrir er í frv. þá erum við að tala hér um tölur sem fara eitthvað talsvert á annan milljarð króna. Svona er nú þessi spilaborg hæstv. fjmrh., hæstv. félmrh., sem þarna er byggt á.

Þetta er aldeilis fráleitur frágangur og það er alveg jafnfráleitt hjá hæstv. heilbr.- og trmrh. að láta sér detta í hug að hann komist upp með það að borga engar eingreiðslur til lífeyrisbótaþega á næsta ári. Vegna þess að verði láglaunabæturnar og orlofsuppbótin og aðrar eingreiðslur ekki umsamdar á næsta ári þá munu þær koma inn í hækkun grunnkaupsins. Dettur mönnum það virkilega í hug að verkalýðshreyfingin muni semja um kauplækkun sem nemur eingreiðslunum á næsta ári? Það er það sem fjárlagafrv. gengur út frá. Þetta er svo fráleitur frágangur að engu tali tekur. Þarna er verið að ljúga saman frv. svo nemur útgjöldum upp á milljarða króna. Eingreiðslurnar samtals, bæði til lífeyrisbótaþega og atvinnulausra, eru væntanlega á stærðargráðunni 600–700 millj. kr. á þessu ári þannig að hér er um verulegar fjárhæðir að ræða.

Þá vil ég, hæstv. forseti, koma aðeins að samgöngumálum. Þar er því miður um að ræða þvílíka útreið á hæstv. samgrh. að ég held að það sé leitun að öðru eins. Samgöngumálin eru skorin svo harkalega niður að það þarf væntanlega að fara langt aftur í tímann til að finna einhvern samjöfnuð í þeim efnum. Nú er veislunni því miður lokið hjá hæstv. samgrh. sem hefur haldið uppi framkvæmdum af svipaðri stærðargráðu og hér hafa verið um nokkurt árabil með lántökum. Nú er veislunni lokið. Lántökunum hætt og komið að skuldadögunum. Og hver er útkoman hjá hæstv. samgrh.? Hún er sú að nýframkvæmdir á næsta ári munu samkvæmt fjárlagafrv. skerðast um talsvert á annan milljarð króna. Ef menn taka þær tölur sem eru í fjárlögum yfirstandandi árs þá eru þær hverjar? Þær eru 2.280 millj. til nýframkvæmda plús 900 millj. í sérstakt framkvæmdaátak. Þetta gera 3.180 millj. sem eru færðar undir liðinn Nýframkvæmdir í lögunum eins og þau gilda á þessu ári. En hvað stendur í fjárlagafrv.? 2.103 millj. Með öðrum orðum er niðurskurðurinn eins og hann birtist í liðnum Nýframkvæmdir 1.077 millj. kr. Eða réttur þriðjungur, 3 milljarðar 180 millj. fara í 2 milljarða 103 millj. kr. Til viðbótar er svo niðurskurður á liðum eins og Fjallvegir, Sýsluvegir og Þéttbýlisvegir og þegar það er lagt saman er heildarniðurskurðurinn til Nýframkvæmda orðinn 1.122 millj. kr. Þess mun svo sannarlega sjá stað þegar svo við bætist að skuldagreiðslurnar vegna lántöku undanfarinna ára fara að þyngjast á næstu árum.

Þessi útreið á hæstv. samgrh. er alveg skelfileg og þó er það kannski hvað alvarlegast hvernig hæstv. samgrh. hefur látið fara með hina mörkuðu tekjustofna Vegagerðarinnar á þessu tímabili því ríkið hefur gengið á lagið og tekið stærri hlut þessara tekna til sín ár frá ári auk þess sem nýjar byrðar hafa verið færðar yfir á Vegagerðina, henni að óbættum tekjum. Þar á ég við um hálfs milljarðs króna útgjöld í ferjurekstur. Þetta er ömurleg útreið sem hæstv. samgrh. verður fyrir.

Um hafnirnar er svipaða sögu að segja. Þar er til nýframkvæmda samkvæmt frv. 441 millj. en voru 728 millj. í fyrra. Það munar um minna, niðurskurð upp á 287 millj. Síðan er vísað í Hafnabótasjóð í texta fjárlagafrv. og sagt að sterk staða hans geti komið á móti. Vita menn ekki hvað þeir eru að tala um? Hafnabótasjóður getur ekki gengið inn í það að kosta almennar hafnarframkvæmdir, það er bull. Hvað á þetta að þýða? Eru menn að reyna að dulbúa og fela að þarna er á ferðinni grímulaus niðurskurður upp á hátt í 300 millj. króna.

Þannig að þegar saman er lagður niðurskurðurinn til vegamála og hafnargerðar er hann kominn í 1,5 milljarða. Ég gratúrlera, hæstv. samgrh., með þessi ósköp eða hitt þó heldur. Ég held að aldrei hafi einn samgrh. í lýðveldissögunni verið rassskelltur jafnhressilega á kosningaþingi og hæstv. núv. samgrh. Halldór Blöndal. Það er með endemum þegar sagan verður skrifuð hvernig útreið hans er á þessum tíma.

Nei, hæstv. forseti, þetta fjárlagafrv., þessi glæsti kastali hæstv. fjmrh. er hinn hin argasta spilaborg og í raun og veru fauk hún um koll í gærkvöldi þegar hann boðaði vaxtahækkunina vegna þess að það er tuggið aftur og aftur og aftur í frv. að forsenda efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar sé — hver? Vaxtalækkun. Það stendur sex sinnum í einni málsgrrein á bls. 214, að ég held, að forsenda þess og hins sé vaxtalækkun, lægri vextir. Lykilatriði að lækka vexti, örva efnahagsstarfsemina með því að lækka vexti. Það stendur hér og stendur þar. Svo kemur hæstv. fjmrh. og blæs sína eigin spilaborg um koll með því að boða vaxtahækkun í sjónvarpinu í gærkvöldi.

[14:26]

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Í upphafi fjárlagaræðu sinnar lýsti

hæstv. fjmrh. því yfir að hann ætlaði að fjalla um stefnumörkun ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar í efnahagsmálum. Eins og hér hefur komið fram þá urðu vaxtamálin fyrirferðamikil í þeirri efnahagsumfjöllun. Slíkt er ekkert nýtt þegar efnahagsstefna ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar er rædd.

Hér var áðan minnst á vaxtasprenginguna miklu sem ríkisstjórnin setti af stað í upphafi valdaferils síns og hefur dregið svo þungan dilk á eftir sér. Afleiðingar hennar urðu greiðslu- og rekstrarerfiðleikar fyrirtækjanna og heimilanna í landinu. Árið 1990 var staða fyrirtækja með því besta sem verið hafði um langt skeið en skyndilega snerist dæmið við. Mörg fyrirtæki hafa síðan orðið og eru enn að verða gjaldþrota með gífurlegu tapi fyrir bankakerfið sem hefur þurft að bæta sér það upp með háum vöxtum. Samdráttur í rekstri varð einnig hjá flestum eða öllum sem þó hafa enn getað haldið áfram og það leiddi að sjálfsögðu til minnkandi atvinnu og þess mikla atvinnuleysis sem nú er okkar mesta böl fyrir þá einstaklinga sem fyrir því verða og þjóðarbúið í heild. Sá mikli fjársjóður sem er í vinnuafli þeirra sem eru atvinnulausir nýtist þjóðinni ekkert og atvinnuleysið veldur þungum útgjöldum ríkissjóðs og sveitarfélaga. Samt keppast ráðherrarnir við að segja að ástandið sé orðið harla gott og fram undan sé betri tíð með blóm í haga en því miður stangast ýmislegt hvað á annars horn í orðum og athöfnum.

Ummæli hæstv. forsrh. í umræðum utan dagskrár á Alþingi í fyrradag auðvelda ekki hv. alþm. að vita hverju skal trúa hjá hæstv. ráðherrum en þá svaraði hæstv. forsrh. því þegar verið var að biðja um skýringar á ummælum ráðherra að ekki væri hægt að taka einhver ummæli héðan og þaðan úr ræðum manna eða viðtölum. Því verður það spurning hverju á að trúa í sambandi við vaxtamálin líka.

Í greinargerð fjárlagafrv. á bls. 338 stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Loks lækka vaxtagreiðslur vegna ríkisvíxla og ríkisbréfa um 700 millj. kr. vegna lækkunar skammtímavaxta milli ára og minni halla á ríkissjóði."

Eins og hér hefur verið bent á þá vék hæstv. fjmrh. að sama efni á mörgum stöðum í ræðu sinni og segir að vextir hafi lækkað verulega og séu lægri en verið hefur um langt árabil og vaxtabyrði heimilanna hafi lækkað. Vextir hafi lækkað og atvinnuleysi sé hér minna en annars staðar, sem virðist vera takmörkuð huggun fyrir þá sem eru atvinnulausir.

En eins og hér hefur verið bent á kemur síðan hæstv. fjmrh. í sjónvarpið og segir að vextir muni hækka. Ég get ómögulega skilið hvernig það kemur saman við það sem hann segir í fjárlagafrv., að lækkun skammtímavaxta muni leiða til minni útgjalda á sama tíma og skammtímavextir eru að hækka.

Í Morgunblaðinu í gærmorgun var viðtal við sérfræðing í vaxtamálum sem hér hefur verið vitnað til. Hann telur að ekki verði komist hjá því að hækka vexti á skammtímamarkaði á næstunni vegna hækkandi vaxta á alþjóðlegum markaði, óvissu um verðbólgu vegna ógerðra kjarasamninga og loks hugsanlega vegna aukinna umsvifa í þjóðarbúskapnum. Hér efast sérfræðingurinn í vaxtamálum um að það standist sem stendur í grg. fjárlagafrv. um lækkun skammtímavaxta og að ekki sé allt jafnbjart fram undan eins og hæstv. ráðherrar virðist vilja telja.

En reyndar bætir sérfræðingurinn við og segir, með leyfi hæstv. forseta: „Slík hækkun er nauðsynleg til að varðveita tiltrú manna á efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar."

Ég vildi gjarnan fá að heyra skýringu hæstv. fjmrh. á því hvernig vaxtahækkun er nauðsynleg til að varðveita tiltrú á efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar. Er það e.t.v. til þess að skapa slíka tiltrú sem ríkisstjórnin tekur nú nýtt skref í vaxtahækkun?

Í ræðu sinni í gær sagði hæstv. fjmrh. að í þessari viku verði fyrsta útboð ríkissjóðs á skuldabréfum með tengingu við evrópsku mynteininguna ECU og er fyrirhugað að þau verði framvegis tvisvar í mánuði. Þessari ákvörðun er fylgt eftir með miklum auglýsingum í Morgunblaðinu í gær. Fyrst er heilsíðuauglýsing með þessari fallegu mynd af Skrautu í blómskrýddum haga. (**Fjmrh.:** Er hún erlend eða íslensk?) Kusa? Hún er íslensk. (**Fjmrh.:** Það var sagt við mig í gær að hún væri erlend.) (**JGS:** Ólafur Ragnar hefur ekkert vit á svoleiðis.) (**SvG:** Ólafur er ekki fróður í þessum málum.) Það hef ég ekki hugmynd um. En þetta er hún íslenska Skrauta og vissulega er ánægjulegt að sjá svo fallega mynd af henni. (Gripið fram í.) En á eftir þessari fallegu auglýsingu kemur önnur á næstu blaðsíðum sem segir nánar um það hvað þessi fallega mynd á að þýða. Þar segir m.a. svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Fyrsta útboð á nýjum ECU-tengdum spariskírteinum ríkissjóðs til fimm ára fer fram á morgun, miðvikudaginn 12. október, kl. 14.00." — Það er sem sagt nýhafið þetta nýja útboð. — „Á sama tíma fer fram útboð á hefðbundnum verðtryggðum spariskírteinum til fimm og tíu ára.

Nýju ECU-tengdu spariskírteinin til fimm ára eru í íslenskum krónum og bera 8% nafnvexti með gjalddaga 5. nóvember 1999. Spariskírteinin eru með tengingu við ECU á lánstímanum...

Útboð á hefðbundnum, verðtryggum spariskírteinum ríkissjóðs fer einnig fram á morgun á sama tíma", en spariskírteinin verða seld með tilboðsfyrirkomulagi.

Hér er ríkisstjórnin að fara í mikla herferð á sölu gjaldeyristengdra spariskírteina með 8% vöxtum. Þá hlýtur að vakna spurningin hvort það sé líklegt að önnur spariskírteini eða verðbréf ríkissjóðs, sem verið er að auglýsa og bjóða fram á sama tíma, verði keypt á miklu lægri vöxtum. Við höfum oft heyrt sagt í fréttum frá tilraun Húsnæðisstofnunar til að selja húsbréf á 5% vöxtum nú í sumar með takmörkuðum árangri og þó var ekkert slíkt glæsitilboð með 8% vöxtum á boðstólum á sama tíma. Miðað við þann kostnað sem ríkisstjórnin virðist ætla að leggja í að auglýsa þessi hávaxtabréf og fá sem flesta til að kaupa þau þá hlýtur hún að hafa gert sér einhverja grein fyrir því hvaða áhrif það muni hafa á önnur skuldabréfaviðskipti og hvaða áhrif er líklegt að það hafi fyrir vaxtastig almennt í landinu, bæði fyrir atvinnulíf og einstaklinga. En hæstv. fjmrh. hefur undirstrikað að þetta nýja út-

boð með háu vöxtunum sé ekki af þörf til að afla lánsfjár, það sé af einhverjum öðrum ástæðum. Hæstv. fjmrh. hefur einnig sagt að bankavextir þyrftu að lækka. Þeir væru hér of háir. En er það til að stuðla að slíkri lækkun sem nú eru boðin með miklu kappi þessi hávaxtabréf? Er ekki líklegt að bankarnir telji að þarna sé kominn nýr keppinautur um fjármagn til þeirra með svo háum vöxtum að þeir verði að bregðast við í gagnstæða átt? Eða er þetta nýja tilboð með háu vöxtunum til að varðveita tiltrú manna á efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar eins og sagði í orðunum sem ég vitnaði til áðan og hæstv. fjmrh. tók undir? Hversu dýru verði verður þessi styrking á stefnu ríkisstjórnarinnar keypt þegar öll kurl koma til grafar, þegar áhrifin af þeim hafa komið fram?

Ég tel æskilegt að hæstv. fjmrh. geri grein fyrir ástæðunum fyrir því að þarna er farið að bjóða verðtryggð ríkisskuldabréf með 60% hærri vöxtum en hefur verið miðað við nú á þessu sumri, hvaða áhrif það muni hafa á markaðinn og afleiðingar fyrir þjóðfélagið í heild.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að fara í fleiri atriði þessa fjárlagafrv. Þar er að sjálfsögðu af mörgu að taka en það mun verða rætt ítarlegar síðar.

[14:39]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég skal gera tilraun til þess að skýra þetta út fyrir hv. þm.

Í fyrsta lagi er verið að gefa út bréf með ECU-viðmiðun til þess að auka fjölbreytni og til þess að koma til móts við þarfir þeirra sem vilja festa fé um stundarsakir í mynt sem er tengd erlendum gjaldeyri vegna þess að ýmsir þurfa að borga niður samninga síðar og við töldum heppilegra að bjóða upp á það hérlendis en að viðkomandi aðilar þyrftu að fara til útlanda til að festa fé þar.

Það er misskilningur að 8% vextir séu eitthvað mjög háir vextir hvað þetta snertir. Það eru lægri vextir en t.d. í Danmörku og Portúgal, svo að ég nefni dæmi. Svo má hv. þm. ekki rugla saman nafnvöxtum annars vegar og ávöxtunarkröfu hins vegar. Nafnvextir eru þeir vextir sem settir eru í viðkomandi bréf en það er hins vegar markaðurinn sem ræður því hver ávöxtunarkrafan er á hverjum tíma, hún getur verið lægri og hún getur verið hærri eftir atvikum því um er að ræða tilboð og útboðsstarfsemi og gildir engu hvaða nafnvextir eru í bréfunum. Þetta veit auðvitað hv. þm. Ég ætla að nefna dæmi um þetta. Þegar hann bar ábyrgð á ríkisstjórn síðast þá voru nafnvextir á spariskírteinum ríkissjóðs 6%. Það seldist ekki eitt einasta bréf því ríkisstjórnin þá vildi ekki hækka vextina. Markaðurinn sagði að vextirnir ættu að vera yfir 8% og ávöxtunarkrafan á húsbréfum var 8,4%. Það varð auðvitað að hækka vextina til samræmis við það sem markaðurinn gerði en nafnvöxtunum var ekkert breytt að sjálfsögðu. Það voru bara markaðsvextirnir sem réðu í þessu sambandi.

Þetta vildi ég að kæmi fram og það er kannski til umhugsunar fyrir nokkra sem hér eru að bankavextir hafa ekki lækkað eins mikið og vextir á verðbréfamarkaði, þar á meðal á bréfum sem ríkið gefur út og það skiptir auðvitað miklu máli í allri þessari umræðu og gefur okkur vonir um frekari vaxtalækkanir í bankakerfinu.

[14:42]

Jón Helgason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það voru takmarkaðar skýringar sem hæstv. fjmrh. gaf sem svör við mínum spurningum enda kannski eðlilegt þar sem tíminn er stuttur til andsvara. En þó að hér sé um mismun að ræða milli ávöxtunarkröfu og nafnvaxta þá reikna þeir sem kaupa með 5% vöxtum, ávöxtunarkröfu. Hver er mismunurinn þar á milli? (**Fjmrh.:** Ég skal reyna að skýra það.) Hver er þá hinn raunverulegi mismunur á 5% ávöxtunarkröfu og 8% nú? Er enginn mismunur á milli 8% vaxta af þessum ECU-bréfum og þeirra vaxta sem hafa verið þegar lífeyrissjóðir og aðrir slíkir fara að ákveða hvar þeir ætla sér að ávaxta sitt fjármagn?

Hér eru bréf til fimm ára sem er gert ráð fyrir að standi þannig að það er ekki um mjög skamman tíma sem menn ávaxta sitt fjármagn. En fyrst og fremst óska ég eftir því að hæstv. fjmrh. útskýri þetta betur og hvort hann telji að þetta hafi engin áhrif á sölu á öðrum spariskírteinum ríkissjóðs.

[14:44]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég veit ekki hvort þetta hefur áhrif á sölu annarra spariskírteina eða annarra skírteina. Ég skal reyna að skýra þetta út. Þetta er ekki mjög flókið en ég bið hv. þm. um að hlusta samt vel.

Munurinn á bréfunum er sá að önnur bréfin eru verðtryggð. 5% nafnvextir, verðtryggð bréf. Sá sem kaupir slík bréf tekur því ekki áhættuna af því hver verðbólgan verður. Hún er bætt upp í verðtryggingunni. Það eru spariskírteini ríkissjóðs. Hins vegar eru nýju bréfin, „beljubréfin", sem hv. þm. var að tala um hér áðan, ECU-bréfin, með 8% nafnvöxtum, enginn veit um ávöxtunarkröfuna en það er vegna þess að þau eru ekki verðtryggð og það er verðbólga í þeim löndum sem ECU-viðmiðunin tekur til. Nú veit hv. þm. áreiðanlega að stundum er verðbólga. Meira að segja á Íslandi hefur verið verðbólga, ég veit að sumir menn eru búnir að gleyma því að það var verðbólga hér á árum áður. Verðbólgan bætist upp með verðtryggingu ef bréf eru verðtryggð en ekki af óverðtryggðum bréfum. Þess vegna er það ekkert skrýtið að það sé þarna 3% munur af því að verðbólga getur verið milli 2 og 3% og oft er hún u.þ.b. 3%.

Ég veit ekki hvort hv. þm. skilur þetta en ég hef alla vega gert mitt besta til að skýra þetta út.

[14:45]

Jón Helgason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég skil skýringar hæstv. fjmrh. svo langt sem þær ná en ég spurði líka hvaða áhrif hæstv. fjmrh. teldi að þessi útboð hefðu á vexti og á vaxtaþróun og sölu á öðrum spariskírteinum. Er þá farið út í þetta án þess að vega það nokkuð eða meta hvaða áhrif það muni hafa?

[14:46]

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Það eru örfáar spurningar sem ég hef fengið frá ýmsum þingmönnum, bæði í dag og fyrr við þessar umræður, sem ég vildi gjarnan svara.

Í fyrsta lagi var spurt um hversu stórum hluta af umráðafé Framkvæmdasjóðs aldraða ætti að verja í rekstur. Þetta kemur fram á yfirliti um Framkvæmdasjóð aldraðra í fjárlagafrv. þannig að menn geta flett upp á því sjálfir. Það er heimilt samkvæmt lögum að verja allt að 55% af ráðstöfunarfé sjóðsins til þess að greiða rekstur stofnana samkvæmt ákvörðunum Alþingis. Ef farið væri bókstaflega eftir því væri um það að ræða að í rekstrarhluta sjóðsins væru 264 millj. teknar til þeirra hluta af að mig minnir 480 millj. kr. heildarráðstöfunarfé. Það er nokkru lægra en lögin heimila. Ef farið væri út í ystu æsar samkvæmt heimildum laganna þá mætti verja 264 millj. til þessara þarfa en það er eins og ég áður sagði 251 millj. sem verja á til þessara þarfa samkvæmt fjárlagafrv. Þetta ákvæði átti við þrjú ár, árin 1993, 1994 og 1995.

Þá var spurt hvað farið yrði mikið fram úr fjárlögum vegna málefna heilbr.- og trmrn. á árinu 1994. Nýlega hefur verið lagt fram á hinu háa Alþingi frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 1994, það er 66. mál á þskj. 66. Þar kemur þetta nákvæmlega fram vegna þess að þar leggur ríkisstjórnin fram við Alþingi tillögur um fjáraukalög eins og málin standa þegar þau lög voru flutt. Þar kemur fram að lagt er til að fjárheimild heilbr.- og trmrn. verði aukin um 1.499 millj. á árinu. Þar af eru um 300 millj. vegna ákvörðunar ríkisstjórnar um að greiða út sömu eingreiðslu og á liðnu ári en fyrir því var ekki áætlað í fjárlögum. Þá er einnig gert ráð fyrir því að aukinn kostnaður, m.a. vegna lyfja verði upp á 300 millj. sem stafaði m.a. af því að ákvæði lyfjalaga um verðlagningu tóku ekki gildi á árinu eins og gert var ráð fyrir við afgreiðslu fjárlaga. Þá hefur kostnaður vegna nýrra lyfja sem hafa komið á markaðinn á þessu ári verið mun meiri en menn gerðu ráð fyrir þannig að hann hefur etið upp þann sparnað sem hefur orðið eins og vegna magasárslyfja og fleira.

Þá er einnig gert ráð fyrir því að það þurfi að auka útgjöld vegna sérfræðilæknishjálpar um 300 millj. kr. Ástæðan fyrir því er sú að það hafa ekki náðst nýir samningar við sérfræðilækna. Það er gert ráð fyrir því að halda þá áfram að vinna eftir gömlu samningunum þangað til nýir samningar verða gerðir. Það segir sig auðvitað sjálft að á meðan svo er að ekki fást nýir samningar þá er ekki hægt að gera ráð fyrir því að tiltekinn árangur fáist af samningi við sérfræðilækna. Þá vil ég einnig vekja athygli á því, sem er umhugsunarvert, að þessir samningar eru svo opnir að á liðnu ári var stofnað nýtt fyrirtæki sem heitir Myndgreining hf. Ég gæti trúað að tækja- og vélabúnaður þess fyrirtækis, sem þurfti að kaupa, m.a. mjög fullkomin röntgentæki og sneiðmyndatæki, hafi kostað eitthvað um eða yfir 100 millj. kr. Þetta fyrirtæki getur samkvæmt samningi við sérfræðilækna gengið beint inn í þjónustu Tryggingastofnunar ríkisins og hefur gert það með sambærilegum hætti og sérfræðilæknir sem vill opna lækningastofu og hefja viðskipti við Tryggingastofnun ríkisins þarf aðeins að senda Tryggingastofnun ríkisins tilkynningu um að lækningastofa hafi verið opnuð og þar með öðlast viðkomandi réttindi til að skrifa út reikninga fyrir almannafé. Þetta hefur gerst með Myndgreiningu hf. og hefur valdið því að kostnaður hefur hækkað allverulega í sambandi við þá þjónustu sem þar er veitt. Ríkissjóður þarf auðvitað að greiða það í gegnum sjúkratryggingar. Á sama tíma hefur dregið úr sambærilegri þjónustu á spítölunum sem reknir eru fyrir ríkisfé, þ.e. Borgarspítala og Landakotsspítala, þannig að þar verður umtalsverður skortur á sértekjum sem ríkið þarf líka að borga. Þannig að þetta fyrirbæri kostar ríkissjóð tvöfalt, þ.e. í fyrsta lagi viðbótarútgjöld vegna hinnar nýju þjónustu viðskiptaaðila sem ríkisvaldið ræður engu um hvort það tekur í þjónustu sína eða ekki og svo hins vegar að standa undir tekjutapinu sem af því hlýst á röntgendeildum spítala sem ríkið rekur. Ég held að það komi því engum á óvart að á meðan svona kerfi er í gildi þá sé ekki líklegt að hægt sé að ná umtalsverðum árangri í lækkun kostnaðar við þessa þjónustu.

Hv. 11. þm. Reykv., sem talaði hér áðan, spurðist fyrir um hvernig menn ætluðu sér að reyna að ná þessum kostnaði niður á næsta ári fyrst það liggur fyrir að mánuðum saman hefur ekki verið hægt að semja við sérfræðilækna um nýja kjarasamninga. Því er til að svara að ég hef ákveðið og nú er í undirbúningi að taka upp tilvísanakerfi sem heilbrrh. hefur fullar heimildir skv. lögum til að beita og þarf aðeins að taka ákvörðun um hvernig beitt skuli. Ég reikna með að það kerfi muni geta komist til framkvæmda um næstkomandi áramót. Það á hins vegar eftir að sjá hversu miklum árangri það kerfi kann að ná, ekki bara í sparnaði heldur til að greiða fyrir eðlilega þjónustu í þessu kerfi því það segir sig auðvitað sjálft að þetta kerfi eins og öll önnur þarf á einhvers konar samræmingu og aðhaldi að halda, ekki bara til þess að draga úr kostnaði heldur til að tryggja að ávallt sé veitt sú hagkvæmasta þjónusta sem veita ber í hverju tilviki fyrir sig.

Þá var spurt hvort ætlunin væri að breyta almannatryggingalögum. Svarið við því er nei, það er ekki ætlunin. Það er hins vegar ekki áætlað fyrir eingreiðslum í frv. til fjárlaga. Þær tengjast að sjálfsögðu kjarasamningum aðila vinnumarkaðarins, hvort samið verði um slíka hluti í kjarasamningum aðila sem hefjast væntanlega nú í haust er ekki ljóst nú. Það verður þá að sjá til og ráðast í afgreiðslu Alþingis á fjárlögum hvort ástæða er til ef samningar nást á þessu hausti að gera ráð fyrir áframhaldandi eingreiðslum af þessu tagi á næsta ári.

Svarið við spurningunni um það hvort ætlunin sé að breyta almannatryggingalögunum og draga úr því eða torvelda það að launakjör og kjör lífeyrisþega fylgist að, svarið er nei, það er ekki tilgangurinn að gera það.

Það er spurt um sparnað í lyfjum. Ég hef gert nokkra grein fyrir því af hverju hann náðist ekki á þessu ári eins og ráð var fyrir gert. Út af næsta ári er því til að svara að í þeirri rammafjárlagagerð sem hefur ríkt hér á Alþingi og hjá ríkisstjórn allt frá tíð

hæstv. fjmrh. Ólafs Ragnars Grímssonar sem fyrstur kom með þá aðferð í fjárlagagerð á fjármálaráðherraárum sínum þá er gengið út frá því þegar rammi er gerður að áætla útgjöld næsta árs að öllu óbreyttu á grundvelli útgjaldaspár yfirstandandi árs og líklegs vaxtar. Þannig er í ramma fjárlaganna vegna lyfjakostnaðar gengið út frá því að horft sé á lyfjakostnaðinn eins og hann verður í ár og bætt þar við líklegum útgjaldavexti á næsta ári sem var fyrir 1991 á milli 12 og 13% á hverju einasta ári en hefur verið mun minni síðan. Síðan eru sparnaðaráformin gerð út frá þeirri niðurstöðu, þ.e. út frá því hvað verða mundi ef ekkert yrði að gert. Það er út frá þeim grundvallarviðhorfum sem áformin eru reist.

Þá er spurt hvort ætlunin sé að flytja frv. um að flýta gildistöku verðlagsákvæða lyfjalaga. Svarið við því er jákvætt. Það er ein af forsendunum fyrir því að áform ríkisstjórnarinnar um lækkun lyfjakostnaðar á næsta ári nái fram að ganga. Verði það frv. ekki afgreitt þá segir það sig sjálft að þessi sparnaðaráform varðandi lyfjakostnað á næsta ári verða fallin. Alveg eins og þau féllu um sjálf sig á yfirstandandi ári þegar Alþingi samþykkti ekki gildistöku lyfjalaganna eins og fyrrv. heilbrrh. hafði gengið út frá og eins og gengið hafði verið út frá við fjárlagagerðina fyrir árið 1994.

Ég er búinn að svara spurningunni um hvernig hugsað sé að reyna að ná sparnaði fram í sérfræðilækningum. Það er sem sé með því að taka upp tilvísanakerfi sem er í undirbúningi í ráðuneytinu og stefnt að því að taki gildi eins fljótt og við verður komið, líklega um næstu áramót.

Þá er einnig spurst fyrir um hvernig standi á því að lækkaðar eru heimildarbætur í almannatryggingakerfinu með því að færa húsaleigubætur út úr því kerfi og yfir í greiðslu húsaleigubóta í félmrn. Því er til að svara að þetta var samkomulag fyrrv. heilbrrh. og fyrrv. félmrh. að svona skyldi þetta gert. Það var samkomulag þessara aðila að til þess að styrkja og auka möguleika til húsaleigubótagreiðslna í hinu nýja húsaleigubótakerfi þá féllst heilbrrh. þáv. á, ef orða má það svo, að leggja til það fjármagn sem farið hefði til húsaleigubóta í heimildarbótakerfi almannatrygginga og flytja það til félmrn. sem húsaleigubótagreiðslur í gegnum það ráðuneyti enda gert ráð fyrir að húsaleigubætur sem yrðu greiddar yrðu eftirleiðis greiddar í gegnum hið nýja kerfi húsaleigubóta en ekki í gegnum heimildarbótakerfi almannatrygginga. (**KÁ:** Það eru ekki nema 50 millj. kr.) Þannig að þarna var um að ræða samkomulag á milli fyrrv. félmrh. og fyrrv. heilbrrh. og fjmrh. Þetta er samkomulag sem þá var gert og er staðfest í þessu fjárlagafrv.

Þetta var viðvíkjandi því hvort verið væri að flytja á milli bótaflokka. Auðvitað er í áformum fjárlagafrv. um lækkun heimildabóta gert ráð fyrir áhrifum til lækkunar af öðrum aðgerðum en bara þessum. Þetta var spurningin þar sem spurt var hvort þarna væri um að ræða flutning á milli og það er svo. Samkvæmt því samkomulagi sem þá var gert er ekki gert ráð fyrir að húsaleigubætur verði greiddar út úr heimildarbótakerfi almannatrygginga. Það var samkomulagið sem gert var milli umræddra þriggja ráðherra.

Virðulegi forseti. Ég tel að ég hafi svarað þeim fyrirspurnum sem til mín var beint og það er sjálfsagt að veita greiðari upplýsingar ef ég get.

[14:59]

Finnur Ingólfsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. heilbr.- og trmrn. hefur nú svarað flestum þeirra spurninga sem til hans var beint og í þeim hafa fengist skýr og ótvíræð svör. Þó eru nokkrar athugasemdir sem ég vil gera. Í fyrsta lagi varðandi sérfræðilæknishjálpina, tilvísanakerfið eins og hæstv. ráðherra gerir ráð fyrir að tekið verði upp. Það er alveg ljóst að um leið og tilvísanakerfið verður tekið upp þá munu útgjöld heilsugæslunnar aukast á sama tíma, það er ekki nokkur einasti vafi. Þá kemur það dálítið á óvart að heilsugæslan skuli vera lækkuð um 50 millj. kr. á milli ára á sama tíma og menn ætlast til aukinnar þjónustu af heilsugæslunni.

Það á ekki að breyta almannatryggingalögum, ég fagna því. Ég spyr hins vegar hæstv. ráðherra hvort það sé þá ekki óraunsætt að ætla að þessi fjárlög standist þegar það er alveg ljóst að kjarasamningar eru fram undan, þar verður samið um ákveðnar launahækkanir og alltaf hefur það gerst að í kjölfar slíkra launahækkana hafa eingreiðslur komið. Ég spyr: Hefur verið rætt við verkalýðshreyfinguna um þá hluti?

Í þriðja lagi segir hæstv.- og trmrh. að það eigi að flytja hér frv. sem geri ráð fyrir því að gildi taki þeir kaflar lyfjalaganna sem menn náðu samkomulagi um milli stjórnar og stjórnarandstöðu hér á þinginu á sl. vori um að þessir kaflar yrðu ekki í gildi þar til 1. nóv. 1995. Ég spyr: Er það þá meiningin, hæstv.- og trmrh., að brjóta þetta samkomulag sem varð milli ríkisstjórnarinnar og stjórnarandstöðunnar og var forsenda fyrir því í raun að þetta frv. fékkst samþykkt hér á þinginu?

Í fjórða lagi er alveg ljóst að lækkunin á þessum lið, Lífeyristryggingar, 200 millj. sem ætlaðar eru út af húsaleigubótunum og öðru slíku er langt umfram það sem þeir fá sem eru í leiguhúsnæði og njóta styrkjar frá Tryggingastofnun vegna húsaleigubóta sem gæti verið í kringum 50 millj. kr. Hvar er þá og hvernig á að ná öðrum sparnaði í þessum 250 millj. kr.?

[15:02]

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er mjög algengt þegar gengið er frá fjárlögum, eða fjárlagafrv. á þeim tíma þegar kjarasamningar eru lausir og enginn hefur hugmynd um hvernig viðræðum aðila vinnumarkaðarins muni ljúka þá sé ekki gert ráð fyrir því í áætlun fjárlaga að það sé verið með einum eða öðrum hætti að geta sér til um það hvernig þeirri kjarasamningalotu muni ljúka. Það er reglan, hitt er undantekning, að menn geri í fjárlögum ráð fyrir því að kauphækkun skili einhverjum vissum viðbótarútgjöldum fyrir ríkissjóð þegar samningaviðræður eru ekki einu sinni hafnar. Það er ekkert óeðlilegt við það að ekki sé gert ráð fyrir hlutum eins og eingreiðslum sem tengjast kjarasamning-

um á tímum þegar kjarasamningar eru lausir og viðræður aðila eru ekki einu sinni hafnar. Slíkt er venja en ekki undantekning.

Hv. þm. spurði hvort ætlunin væri að brjóta samkomulag sem gert hefði verið í þinginu um afgreiðslu lyfjafrv. Það samkomulag var nú fyrst og fremst um þann þátt sem sneri að frjálsri lyfsölu, þ.e. ráðherra hætti að veita heimildir með þeim hætti sem hann hefur gert hingað til, hitt var minna atriði. En það er engin spurning í mínum huga um að ég mun leggja fram frv. um slíkt, þ.e. að gildistöku verðlagsákvæða lyfjalaganna verði flýtt. Verði það ekki samþykkt á Alþingi sem vel getur verið, ég vil engu spá, þá ná ekki þær aðgerðir fram að ganga sem reiknað er með að leiði til sparnaðar í lyfjakostnaði á næsta ári. Þetta vildi ég taka mjög skýrt fram.

Um húsaleigubótaþáttinn í heimildarbótunum er það að segja að heimildarbæturnar hafa vaxið miklu meira og hraðar en menn gerðu ráð fyrir. Það liggur ekki enn fyrir hve húsaleigubátturinn í þeim heimildarbótum er mikill en við skulum sjá hver hann verður þegar upp verður staðið. *Ég ítreka að þessar bætur hafa vaxið* miklu meira en menn gerðu ráð fyrir.

[15:05]

Finnur Ingólfsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Varðandi lyfjalögin þá er það alveg ljóst að samkomulagið sem varð milli ríkisstjórnarflokkanna og stjórnarandstöðunnar á þinginu sl. vor tók til þess að þessum ákvæðum sem um er getið í bráðabirgðaákvæði laganna skyldi frestað þannig að áður en þessir þættir tækju gildi, þ.e. verðlagningin, dreifingin og innflutningur lyfjanna, gætu menn áttað sig á því hvaða áhrif EES-ákvæðin hefðu á lyfjakostnað ríkisins, lyfjakostnað einstaklinganna og lyfjanotkun. Það er því ljóst samkvæmt þessu ef þetta frv. verður flutt að þar yrði um brot á þessu samkomulagi að ræða sem menn gerðu hér sl. vor. Ég spyr hæstv. heilbr.- og trmrh.: Er þetta stjfrv.? Er þetta frv. ríkisstjórnarinnar sem hér verður flutt eins og hæstv. ráðherra er að boða að verði gert?

[15:06]

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þetta er eins og með önnur mál sem tengjast fjárlagagerð. Þetta hefur verið lagt svona upp í ríkisstjórn. Ríkisstjórn hefur fallist á að byggja fjárlagagerðina á þessum grunni. Það á síðan að sjálfsögðu eftir að láta reyna á það hvaða útslit málið fær á Alþingi. En eins og málin standa nú þá tel ég að mér sé skylt sem ráðherra, sem stendur að þessu fjárlagafrv., að beita mér fyrir flutningi slíks frv. á Alþingi og ég tel að ég hafi til þess stuðning allra ráðherra í ríkisstjórninni.

[15:07]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Varðandi lyfjamálið sem hér var rætt núna þá er það auðvitað alveg ljóst að sá þáttur sem hv. þm. Finnur Ingólfsson spurði um var samkomulagshluti við afgreiðslu málsins sl. vor. Ég vona að menn muni hvernig þetta gekk fyrir sig með það mál, það var allt vitlaust í þinginu dögum saman. Þetta mál var úrslitamál þannig að þegar afgreiðslu þess lauk var fyrst hægt að ljúka þinginu. Það er því satt að segja dálítið hart burt séð frá efni málsins að segja að menn skuli núna örfáum mánuðum seinna koma og segja: Þetta samkomulag skiptir engu máli, skítt með það. Við högum okkur eins og það hafi aldrei verið gert. Spurningin fyrir stjórnarandstöðuna hlýtur þá að vera sú: Á hún ekki að hætta að reyna að gera samkomulag við ríkisstjórnina um afgreiðslu mála? Ég fullyrði a.m.k. að þetta háttalag greiðir ekki fyrir vinnubrögðum á yfirstandandi þingi.

Í öðru lagi, hæstv. forseti, ætla ég að vekja athygli hæstv. ráðherra á því að í grg. fjárlagafrv. stendur: „Áformað er að aftengja sjálfvirka hækkun bótagreiðslna lífeyristrygginga vegna ófyrirséðra launabreytinga og miða þær í þess stað við forsendur fjárlaga hverju sinni.“ Í greinargerðinni stendur enn fremur að meðal þeirra frumvarpa sem verði flutt sem stjfrv. á þessu þingi á næstu dögum sé frv. um breytingu á lögum um almannatryggingar til endurskoðunar á verðlags- og launatengingum bótafjárhæða og framlaga fyrir veitta þjónustu. Með öðrum orðum stendur að það eigi að höggva á þessi tengsl. Hæstv. ráðherra sagði: Lögunum verður ekki breytt. Þar með afturkallar hann allt það sem hér stendur í þessum texta. Ég orðaði það þannig í gær að fjárlagafrv. væri gatasigti. Er það enn þá meira gatasigti en hægt er að lesa út úr þessu? Ætlar hann að afturkalla yfirlýsingar fjárlagafrv. að því er þetta atriði varðar? Er ekki orð að marka það sem fjmrh. segir að því er varðar heilbr.- og trmrn.?

[15:09]

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. (**Gripið fram í:** Eru þetta gleraugu fjmrh.?) Að sjálfsögðu verðum við að reyna að samnýta gleraugu í þessari ríkisstjórn eins og menn reyna að draga úr öðrum kostnaði.

Virðulegi forseti. Í frv. eru bætur almannatrygginga miðaðar við það launastig sem nú er. Á fjárlagalið 989 Launa- og verðlagsmál í fjmrn. eru 590 millj. kr. til að *mæta áætluðum hækkunum á næsta ári.* Þetta er skýrt á bls. 286 í frv., en þar segir með leyfi forseta:

„Hvað breytingar á bótum almannatrygginga varðar þá er miðað við að m.a. sé rúm til að mæta hækkun með bótagreiðslum sem svarar til orlofs- og desemberuppbóta lífeyristrygginga. Þær og aðrar hækkanir bóta eru ákvörðunaratriði stjórnvalda og tengjast m.a. fyrirhugaðri uppstokkun á heimildarbótum sem greint er frá í umfjöllun um bætur lífeyristrygginga hér á eftir. Einnig ráðast ákvarðanir um hækkun bóta að einhverju marki af almennum launa- og verðbreytingum í þjóðfélaginu.“

Þetta er alveg skýrt og ég skal endurtaka það sem ég sagði áðan. Ekki er gert ráð fyrir því að flytja tillögu um breytingar á lögum um almannatryggingar til að rjúfa þessi tengsl.

[15:11]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Spurning mín til hæstv. ráðherra er þessi: Hverju á að breyta í frv.? Í frv. stendur að það eigi að breyta almannatryggingalögunum, tengslum launa annars vegar og bótafjárhæða hins vegar, þ.e. elli- og örorkulífeyris. Hér stendur í frv. að þessu eigi að breyta og það stendur líka að það eigi að höggva á þessi sjálfvirku tengsl og upphæðirnar eigi að ráðast af launa- og verðlagsliðnum í fjárlögum á hverjum tíma. Þetta stendur hérna. Þegar hæstv. heilbrrh. er núna spurður um málið segir hann — hæstv. fjmrh., leyfðu hæstv. heilbrrh. einu sinni að svara einum út af fyrir sig, jafnvel gleraugnalausum. Hvað þýðir þá svar hæstv. heilbrrh.? Þýðir það að ekki eigi að breyta lögunum? Það er auðvitað stórfrétt sem þýðir gat upp á nokkur hundruð millj. kr. í viðbót í fjárlagafrv. Ef hæstv. ráðherra viðurkennir það ekki núna mun hann neyðast til að viðurkenna það þegar ríkisreikningurinn fyrir árið 1995 verður birtur og flutt verður fjárraukalagafrv. um það mál. Það er bersýnilegt að með orðum sínum áðan var hæstv. heilbrrh., gleraugnalaus að vísu, að taka allt það aftur sem fjmrh. sagði og þökk sé hæstv. heilbrrh. aldrei þessu vant.

[15:12]

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í fjárlagafrv. eru greiðslur samkvæmt lögum um almannatryggingar miðaðar við það launastig sem er í landinu í dag. Í fjárlögum er gert ráð fyrir því að menn geti bætt það upp á næsta ári með allt að 580 millj. Verði gerðir nýir kjarasamningar áður en fjárlög verða afgreidd verður auðvitað gert nákvæmlega það sama við þessa fjárlagaafgreiðslu eins og vani er við fjárlagaafgreiðslur við slíkar aðstæður, að tekið verði tillit til áhrifa hinna nýju kjarasamninga sem gerðir kunna að vera. Þetta eru nákvæmlega sömu aðferðir sem hafa verið viðhafðar við sambærilegar aðstæður og nú er. Ég ætla enn einu sinni að segja það og í þriðja skiptið, virðulegi forseti. Ekki stendur til að gera þá breytingu á almannatryggingalöggjöfinni að höggva á tengsl milli launastigs í landinu og greiðslu tryggingabóta. (**Gripið fram í:** Er þetta þá bara rugl hjá Friðriki?

[15:13]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Mér þætti vænt um ef hæstv. samgrh. og landbrh. vildi vera við þessa umræðu þegar á hana líður. Hæstv. fjmrh. situr í sæti sínu og við hann þarf ég að tala nokkur orð.

Það er merkilegt, hæstv. forseti, að núv. fjmrh. er einhver brattasti og kokhraustasti náungi sem þekkist. Hann þylur á hverju hausti ræðu sem verkar eins og öfugmælavísa um þær staðreyndir sem blasa við í þjóðfélaginu í heild. Enginn maður minnir mig jafnmikið á söguhetjuna „Palli var einn í heiminum" eins og þessi hæstv. ráðherra. Svo vill nú til, hæstv. fjmrh., að hægt er að rekja aðgerðir núv. ríkisstjórnar í gegnum þingtíðindi og þá kemur í ljós að ríkisstjórn Davíðs Oddssonar hefur starfað fyrir minnihlutahóp í þjóðfélaginu. Hún hefur unnið í þágu stórgróðafyrirtækja, velt byrðunum af þeim yfir á herðar launþega. Meðan stórgróðafyrirtækin og atvinnulífið í heild hefur lækkað skuldir sínar hafa heimilin í landinu stóraukið skuldir sínar eða um 43% á tímabili þjóðarsáttar og starfstíma þessarar ríkisstjórnar. Þangað hafa byrðirnar verið fluttar, hæstv. fjmrh., í tíð núv. ríkisstjórnar. Þetta er staðfest í Alþýðublaðinu á dögunum. En með leyfi forseta segir í Alþýðublaðinu fimmtudaginn 6. október sl.:

„Á fyrri helmingi yfirstandandi árs jukust skuldir heimilanna í landinu um 6%. Heildarskuldir heimilanna í júní voru 282 milljarðar kr. og lætur nærri að hver fjögurra manna fjölskylda hafi skuldað um 4,3 millj. í lok júnímánaðar. Til samanburðar var þessi fjárhæð 3 millj. í árslok 1990 ..."

Þegar ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar fór frá voru skuldir hverrar fjögurra manna fjölskyldu á Íslandi um 3 millj. kr. en eru nú komnar í 4,3 og hafa hækkað um 43%. Þetta eru staðreyndir málsins. Þangað hefur hæstv. núv. fjmrh. flutt byrðarnar og svo er komið í þessu þjóðfélagi að menn sjá í gegnum þá glansmynd sem reynt er að blása upp af hæstv. ríkisstjórn. Þetta hefur gerst á tíma þjóðarsáttar á Íslandi. Þetta hefur gerst í verðbólguleysi á Íslandi, farið þveröfugt á við stórgróðafyrirtækin sem hafa á sama tíma samkvæmt upplýsingum Alþýðublaðsins lækkað skuldir sínar um 1%. Nú gerist það trekk í trekk, þing eftir þing að byrðarnar eru fluttar af fyrirtækjunum yfir á herðar fólksins og ekki með réttlátum hætti. Þar fer sá verst út úr hlutunum sem síst skyldi. Hæstv. fjmrh. ber þyngsta ábyrgð á þessari staðreynd.

Nú hefur hæstv. fjmrh. lagt fram síðasta fjárlagafrv. sitt og segja má eins og skáldið: Eigi er ein báran stök, ein er síðust og mest. Versta verkið blasir við þegar hann leggur fram sitt síðasta fjárlagafrv. Þá sjá menn skýrast í gegnum hugarfar þessa hæstv. ráðherra og ríkisstjórnarinnar. Besta við frv. er að það leynir engu. Ríkisstjórnin hikar ekki við að vega í sama knérunn og sem betur fer leynir því ekki þjóð sína neinu þegar hún leggur fram frv. Menn sjá það skýrt hvert hún er að fara og hverjir skulu bera baggana.

Kosningafrv. flytur þeim tekjuháu og þeim sem eignirnar eiga þá miskunn að þeim skuli hlíft á kosningaári. Þar hafi verið mest þörfin að lina tökin. Þetta kemur fram í frv. hæstv. fjmrh. Boðskapur frv. er lækkun á skattbyrði hátekju- og eignafólks um hvorki meira né minna en 1,1 milljarð. En niðurskurðurinn fellur á þá liði sem síst skyldi, þ.e. á félags- og velferðarmálin. Sér hæstv. fjmrh. ekki að brýnasta verkefni dagsins er að styrkja hag meðaltekju- og láglaunafólks sem er að tapa eignum sínum, sem hefur á tímabili þessarar ríkisstjórnar verið að auka skuldir sínar um 43% vegna þess að byrðarnar eru of þungar og launin eru of lág. Tekjuskiptingin er mikil. Þetta er óásættanleg niðurstaða sem blasir við. Þetta sést best á því að 25% húsbréfanna liggja í vanskilum. Það er vegna þess að fólkið hefur ekki lengur peninga til þess að standa í skilum.

Hér væri hægt að halda langa ræðu um skattastefnu ríkisstjórnarinnar en það verður að bíða betri tíma. Að

afnema hátekjuskattinn þýðir í tekjutapi 400 millj. fyrir ríkið. Hver var að segja að þessi 5% hátekjuskattur væri ranglátur? Jú, hv. þm. Guðrún Helgadóttir lét fagurgala fjmrh. plata sig í gær. Það minnti mig á ævintýrið um úlfinn og Rauðhettu, það er auðvelt að plata saklausar stelpur jafnvel þótt þær séu komnar til ára sinna. Núverandi hátekjuskattur er fyrst og fremst lagður á verulega háar tekjur. Hjón sem hafa 4,8 millj. á ári eða 400 þús. á mánuði hafa sloppið við hátekjuskattinn. Einstaklingar með 200 þús. á mánuði og þar fyrir neðan hafa sloppið við hátekjuskattinn. Auðvitað á við þær ójöfnu aðstæður og óásættanlegan launamismun að viðhalda hátekjuskattinum. Þegar forstjórar og fyrirmenn innbyrða árslaun verkamanns á mánuði verður að jafna bilið í gegnum skatta.

Nú gerist það að hátekjumenn beita fyrir sig þrýstihópum og segja: Það er ósanngjarnt að sjómenn og ungt fólk komið úr námi beri þennan skatt. Tekjur eru 200 þús., tekjur hjóna yfir 4,8 millj. fá ekki á sig hátekjuskatt. Þetta eru staðreyndir sem eigi að síður blasa við. Það eru frábær lífskjör sem þessir aðilar búa við og þótt einhverjir skipstjórar á aflaskipum og nýútsprungnir læknar í feitu brauði falli inn þennan hóp finnst mér sanngjarnt að honum sé viðhaldið áfram. Hér er ekki um almenna sjómenn að ræða eða ungt fólk komið úr námi. Það er fyrirsláttur einn. Þess vegna hlýtur það að vera krafa til þessarar ríkisstjórnar að hún nái í þessar 400 millj. í hátekjuskatti við þær aðstæður sem nú blasa við í þjóðfélaginu. Það er annar hópur sem hér hefur verið nefndur sem þarf áheyrn frekar en þessi hátekju- og eignahópur í þjóðfélaginu, hæstv. fjmrh.

Aftur á móti finnst mér, og um það höfum við hv. þm. Finnur Ingólfsson lagt fram frv. hér á Alþingi, að hjón og sambúðarfólk fái að nýta að fullu sinn persónuafslátt til frádráttar. Það skilaði sér til fólks þar sem maki er heimavinnandi eða í námi og dragi úr atvinnuleysi í landinu. Þessi aðgerð sem við höfum lagt til mundi kosta í tekjutapi hjá ríkissjóði 500–600 millj. en hátekjuskatturinn gefur 400–500 millj. Ég vil biðja hv. alþm. að íhuga það hvort ekki sé sanngjarnari leið að hjón og sambúðarfólk fái að nýta þennan persónuafslátt að fullu þó þau velji sér þann lífsstíl að vera heima, ala upp sín börn eða vera í námi að persónuafslátturinn sé ekki skertur um 20%. Þetta eru svipaðar upphæðir.

Ríkisstjórnin ber fulla ábyrgð á atvinnuleysinu. Líklega er það á sjöunda þúsund manns sem nú er án atvinnu. Megnið af þessu fólki er fólk sem vill vinna en fær ekki vinnu og himinninn er að hrynja ofan á þetta fólk í dag. Það á verulega erfitt. En eigi að síður staðfestir síðasta fjárlagafrv. hæstv. fjmrh. að hann ætlar að festa atvinnuleysið í sessi. Fjárveitingar til framkvæmda eru skornar niður um hvorki meira né minna en 3,3 milljarða eða um 25% miðað við framkvæmdir þessa árs. Kjarasamningar fara í hönd. Svipa atvinnuleysisins lækkar róminn kannski í Dagsbrún og öðrum slíkum sem berjast fyrir því að fyrirtækin, sem hafa verið að lækka skuldir sínar um 1% og eru að skila hagnaði, leyfi sér að hækka kaupið aðeins. Það getur vel verið að það sé hægt að halda kaupinu niðri með því að festa atvinnuleysið í sessi eins og þetta fjárlagafrv. staðfestir að ríkisstjórnin ætlar sér.

Ég gat um það að hátekju- og stóreignamenn fá í gegnum frv. niðurfellingu og lækkun á sköttum upp á 1,1 milljarð. En á sama tíma boðar frv. sparnað og lækkun á bótum og eingreiðslum til atvinnulausra, elli- og örorkulífeyrisþega upp á hvorki meira né minna en 850 millj., 850 millj. skulu skertar hjá því fólki sem erfiðast á. Hátekju- og stóreignamenn fá á ný í veski sitt 1,1 milljarð meðan klipið er af kjörum atvinnulausra, elli- og örorkuþega upp á milljarð. Hæstv. fjmrh., vont er ykkar ranglæti en verra er ykkar réttlæti. Það held ég að séu staðreyndir málsins, það held ég að sé sá skilningur sem íslensk þjóð er nú að öðlast á störfum þessarar ríkisstjórnar.

Þetta fjárlagafrv. eitt og sér kallar á vantraust á hæstv. ríkisstjórn. Hún verður að fara frá.

Ég nefni nú ekki lengur Alþfl. á nafn, hann minnir mig helst á gjaldþrota hænsnabú. Þó haninn gali í morgunsárið þá eru hænurnar löngu hættar að verpa. Flokkurinn starfar ekki lengur í þágu íslenskra launþega eða verkalýðshreyfingar. Því miður hefur hann brugðist.

Ég mun við 2. umr. þessa frv. fara yfir ýmsa liði sem heyra undir þær nefndir sem ég á sæti í. Mér sýnist t.d. að landbúnaðurinn fái ekki frekar en fyrr tekið tillit til búvörusamnings og bókana við gerð hans og fjárframlög til atvinnuuppbyggingar í sveitum séu ekki með. Hvað þá, hæstv. landbrh., að það eigi að standa í skilum með jarðabótastyrki sem lögum samkvæmt skal greiða. Staðreyndin er sú að íslenska ríkið skuldar lögum samkvæmt í þann málaflokk 250–300 millj. Ég vil spyrja hæstv. landbrh. undir þessari umræðu hvort ekki megi eiga von á því að hann standi við þau fyrirheit og þessir liðir komi inn í fjárlögin.

Enn fremur er vert undir þessum umræðum að ræða það við hæstv. landbrh. að erfiðleikar eru miklir í sveitum. Tekjur sveitafólksins voru skertar verulega í búvörusamningi en það var gert ráð fyrir því að það gæti náð tekjum sínum á nýjan leik í gegnum atvinnu sem er fyrir hendi í landinu. Nú hefur það gerst að atvinnuleysið veldur því að þetta hefur brugðist og ég vil spyrja hæstv. landbrh.: Hvernig ætlar hann að koma í veg fyrir það að fólkið í heilum byggðarlögum, að mér sýnist, muni nú gefast upp? Ég fór um Vestfirði, Dalasýslu, og sá t.d. að sauðfjárbændur höfðu ekki fengið þá vinnu sem þeir væntu og þeir sáu enga leið aðra en að yfirgefa jarðir sínar. Hvers vegna er þá ekki staðið við það fyrirheit, sem gefið var í búvörusamningi, að koma til móts við landbúnaðinn á þeim samdráttartímum sem nú ríkja með því að veita fjármagn til atvinnuskapandi starfa og leysa þannig þennan vanda? Fyrir utan hitt að það blasir við víða í sveitum landsins að menn hafa eygt nýja möguleika á útflutningi landbúnaðarafurða með nýjum hætti. Þess vegna væri kannski vert að ríkisstjórnin og hæstv. landbrh. beittu sér fyrir því að þegar menn eru komnir niður fyrir ákveðin tekjumörk fengju þeir greiddar atvinnuleysisbætur til þess að halda uppi tekjum sínum, gætu setið

jarðir sínar og unnið að því að bíða hins nýja tíma sem fram undan er.

Hæstv. forseti. Hæstv. fjmrh. og hæstv. forsrh. hafa gumað hér mjög af því að þeir eigi stöðugleikann og þeir hafi staðið fyrir stöðugleikanum í þjóðfélaginu. Það er öllum ljóst sem hafa enn minni í kolli sínum að það var ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar með Steingrím Hermannsson í broddi fylkingar sem náði þeim árangri að semja við aðila þjóðfélagsins, verkalýðshreyfinguna, atvinnulífið, landbúnaðinn, um það að fara í þjóðarsátt og slá verðbólguna niður. Þetta gerðist 1990, hæstv. fjmrh. Sem betur fer hefur verðbólgan haldist niðri en önnur verk þessarar ríkisstjórnar eru með þeim hætti að þjóðarsátt er nú að bresta. Ég trúi því ekki að verkalýðshreyfingin láti enn buga sig í þeim kjarasamningum sem nú eru fram undan.

Hvað vextina varðar þá þekki ég nokkuð þar til og það er enginn vafi að fyrsta verk hæstv. fjmrh. að hækka vextina á spariskírteinunum úr 6,5% upp í 8,3% voru verstu verk ríkisstjórnarinnar. Þar með hækkuðu útlánsvextir bankanna um 3–4% sem þýddi að hér hófst sú gjaldþrotahrina og skuldasöfnun hjá íslenskum fyrirtækjum og heimilum sem hefur varað síðan. Hins vegar dáðist ég að fjmrh. í fyrra þegar hann áttaði sig loksins á leiðinni og sagði við lífeyrissjóðina, sagði við stóreignamennina á peningum, að hann mundi núna láta bréfin á 5% og ef þeir ætu þau ekki þannig þá væri hann farinn á erlendan markað til að sækja fjármagn. Þetta lækkaði vextina. Hefðu þetta verið fyrstu skref þessarar ríkisstjórnar þá væri staðan í íslensku þjóðfélagi öðruvísi en hún er nú. En því miður fór hún aðra leið. Nú er staðan sú að hæstv. fjmrh., eins og kom fram í gær, ekur pappírum sínum í hjólbörum upp í Seðlabanka til þess að láta kaupa þá þar. Lífeyrissjóðirnir neita að taka þátt í því að lækka vexti. (Gripið fram í.) Stóreignamennirnir neita að kaupa bréfin. Hvar eru þeir í dag? Þeir eru hjá sveitarfélögunum, skuldugu sveitarfélögunum, Hafnarfirði og víðar, þeir eru hjá sterku fyrirtækjunum og segja: Losið ykkur við skuldirnar við bankana, við skulum bjóða ykkur vexti. Og þar eru þeir að selja í dag og fá miklu hærri vexti en hjá ríkinu.

Það er hart að lífeyrissjóðir landsins sem fólkið í landinu á skuli ekki hafa skilning á því að vaxtalækkun er mikilvægasta aðgerð sem þarf að eiga sér stað og þessir aðilar komast ekki hjá því að taka þátt í þeim aðgerðum sem nauðsynlegar eru.

Ég vil að lokum taka undir orð hv. þm. Inga Björns Albertssonar um að það er hrikalegt ef menntmrh. kemur ekki með í fjárlagafrv. framlög í íþróttasjóð því margar litlar upphæðir, eins og þessar 14 millj. sem fóru í þann sjóð í fyrra, hafa skilað sér til uppbyggingar í landinu (Forseti hringir.) — hæstv. forseti, til forvarnastarfs gagnvart ungu fólki um allt land. Þá hafa heimamenn komið með fjármagn á móti og framkvæmdir. (Forseti hringir.) En ríkisstjórnin er söm við sig. Hún hefur ekki skilning nema fyrir lítinn hluta þjóðarinnar, hún er í vinnu fyrir stóreignaliðið.

[15:34]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er ljóst að þegar fráfarandi ríkisstjórn fór frá völdum árið 1991 þá var vaxtastig á markaði þannig að ávöxtunarkrafa húsbréfa var 8,4% eða þar um bil og spariskírteini seldust ekki. Það var gífurleg innlausn spariskírteina þrátt fyrir nafnvexti upp á 6% og markaðurinn taldi að vextirnir ættu að vera, þ.e. ávöxtunarkrafan var yfir 8%, 8,1%.

Af því að hv. þm. er helsti sérfræðingur þeirra framsóknarmanna í vöxtum og fulltrúi framsóknarmanna í bankaráði þá langar mig til að leggja fyrir hann eina spurningu: Á bls. 367 í fjárlagafrv. er sýnd mynd af skammtímavaxtaþróun hér á landi. Þar er sýnt hvernig verðbréfavextir, þriggja mánaða víxlar sem ríkið gefur út, hafa snarlækkað en bankakerfið lætur sitt eftir liggja. Ef við lítum á árin 1989, 1990, 1991, 1992 og 1993 þá er vaxtamunurinn svona 2–3% á forvöxtum víxla í bankakerfinu og á skammtímabréfum. En upp á síðkastið er munurinn upp undir 6–7%. Nú spyr ég helsta sérfræðing Framsfl., fyrrv. bankaráðsformann Búnaðarbankans, hvernig á því stendur að bankakerfið hefur ekki lækkað vexti með samsvarandi hætti og gerðist á verðbréfamarkaðinum.

Ég væri mjög feginn ef hv. þm. mundi svara þessu í skýru máli af því að ég veit að hann er skýr eins og hann á kyn til.

[15:37]

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ekki bregst hæstv. fjmrh. stillingin og leikræna túlkunin. Staðreyndin er sú að Sjálfstfl. vann síðustu kosningar í gegnum stóreignamenn og hann var staðráðinn í því að hafa það fyrir sitt fyrsta verk að hækka vexti. Hann gerði það og þar með vandi hann þessa matvöndu aðila sem lífeyrissjóðirnir eru á peninga og stóreignamennina á það að búa við mjög góð kjör. Þess vegna er hann staddur núna í þeim sporum að þó hann gerði sér grein fyrir því í fyrra að það yrði að lækka vexti þá fær hann þá ekki til þess að éta pappírana frekar en hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni, fyrrv. fjmrh., heppnaðist á sínum tíma. En hefði hæstv. fjmrh. farið þessa leið strax í upphafi ferils síns þá væri staðan í íslensku samfélagi með öðrum hætti.

Hvað bankakerfið varðar þá geri ég mér grein fyrir því að á tímum allra þessara gjaldþrota þegar fyrirtækin og fólkið í landinu hafa verið að tapa milljörðum vegna stefnu ríkisstjórnarinnar þá hafa í mörgum bankanna verið að tapast slíkir fjármunir að það hefur aldrei gerst í Íslandssögunni fyrr upp á tugi milljarða í tíð núv. ríkisstjórnar. Það veldur því að bankarnir hafa orðið að halda uppi háum vöxtum sem þeir boða nú að þeir geti lækkað hvað líður.

Svo er hitt ljóst að ýmsir aðilar eru í leit með sitt sparifé að enn hærri vöxtum en þeir fá í bankakerfinu og það hefur orðið að mæta þeirri kröfu til þess að halda fénu hjá sér.

[15:39]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir svarið, fyrir að viðurkenna það, eins og kom glögglega fram í máli hans, að enn megi lækka vexti í bankakerfinu og eins fyrir að skýra okkur frá því hvernig bankakerfið heldur uppi háum vöxtum til þess að koma í veg fyrir gjaldþrot fólks í landinu. Það er að vísu sumum kannski torskiljanlegra.

En aðalatriði þessa máls er að umræðurnar um vexti hafa verið á þann veg að vextir á Íslandi á skammtímamarkaði, á verðbréfaþinginu, eru þeir lægstu sem um getur á Norðurlöndum og þótt víðar sé leitað en bankarnir sitja eftir. Nú hefur einn af bankaráðsmönnum Búnaðarbankans, hv. þm. Guðni Ágústsson, tekið af skarið, komið hér í ræðustól og lýst því yfir, sem ég hef sagt í mínum ræðum, að bankakerfið muni lækka vexti á næstunni. Vona ég að það gangi eftir.

[15:40]

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. fjmrh. leyfir sér stundum að snúa út úr málflutningi manna og er það ekki fallegur siður af hans hálfu. Ég hef aldrei haldið því fram að bankar hafi haldið uppi háum vöxtum til að koma í veg fyrir gjaldþrot fólks. Það liggur fyrir að sérstaklega í Íslandsbanka, sem ég hygg að sé hæstv. ráðherra kær, og Landsbankanum hefur orðið að leggja í afskriftasjóði slíkar upphæðir að bankarnir hafa orðið að taka það af útlánunum til baka. (**Fjmrh.:** En í Búnaðarbankanum?) Þar hafa afskriftirnar verið með allt öðrum hætti enda lánastefnan önnur. Þó hefur það gerst hjá Búnaðarbankanum að þar hefur orðið að leggja meira fyrir í afskriftasjóði í tíð núv. ríkisstjórnar en fyrr. En í Búnaðarbankanum eru vissulega lægri vextir og minni vaxtamunur en hjá einkabankanum.

Umræðu frestað.

Tilkynning um kosningu embættismanna fastanefnda.

Forseti (Kristín Einarsdóttir):

Forseta hefur borist bréf þar sem tilkynnt er að Sigbjörn Gunnarsson hafi verið kjörinn formaður fjárln. og Sturla Böðvarsson varaformaður.

Útbýting þingskjals:

Bókhald, 72. mál, stjfrv., þskj. 72.

Fjárlög 1995, frh. 1. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 1.

[15:42]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Hér ræðum við síðasta fjárlagafrv. sem hæstv. ríkisstjórn leggur fram á þessu kjörtímabili og þetta fjárlagafrv. veldur vissulega vonbrigðum. Ég get fallist á að þetta frv. eitt og sér kallar á vantraust á ríkisstjórnina.

Í frv. kemur fram stefnumörkun ríkisstjórnarinnar á síðasta árinu á þessu kjörtímabili. Ég hef átt sæti í þessari ríkisstjórn í þrjú ár og þegar þrengt hefur verið að velferðarkerfinu og kjörum fólks í landinu hef ég ávallt skilið ráðherra í ríkisstjórninni svo að þegar kæmi að því að það birti til í efnahagsmálunum yrði batanum skilað til fólksins ekki síst sem helst hefur borið hitann og þungann af því að ná þjóðfélaginu upp úr þeirri efnahagslægð sem það hefur verið í. En þess sér hvergi stað í þessu fjárlagafrv. Þvert á móti er áfram verið að þrengja að kjörum fólksins og afkomu heimilanna í landinu.

Við sjáum það víða í þjóðfélaginu, sjáum það í þessum fjárlögum að batinn á að skila sér fyrst og fremst til þeirra sem betur standa í þjóðfélaginu. Við sjáum það að fórnir launafólks hafa skilað verulega í þá átt að bæta stöðu fyrirtækjanna í landinu og er það vel. Stærstu fyrirtækin í landinu, sem eru með 40 milljarða í veltunni, hafa bætt afkomu sína um 2,5 milljarða og fyrirtækin hafa lækkað skuldir sínar í bankakerfinu á sl. 12 mánuðum um 9 milljarða á sama tíma og skuldir einstaklinga hafa aukist í bankakerfinu um 4 milljarða kr. Við sjáum líka hvað hefur verið að ske vegna þess að hlutur launa í framleiðslukostnaði fyrirtækja hefur lækkað mjög mikið á síðustu 6–7 árum. Við erum að tala þar um 7–7,5 milljarða sem hlutur launa í framleiðslukostnaði fyrirtækjanna hefur lækkað um. Það er svo komið varðandi kjör fólksins í landinu að stjórnvöld eru að senda frá sér upplýsingar til erlendra fjárfesta um hvað vinnuaflskostnaður hér á landi sé lítill samanborið við önnur lönd. Þar eru tekin 13 lönd, Norðurlönd m.a., nokkur Evrópulönd, Bandaríkin, og það er státað af því að við borgum langlægsta launakostnað og ekki bara í bein laun heldur einnig í launatengd gjöld. Og það á ekkert og sér ekki stað í þessu fjárlagafrv. að það eigi að umbuna láglaunafólki sem hefur borið hitann og þungann af því að bæta afkomu fyrirtækja, ríkissjóðs og þeirra sem betur standa í þjóðfélaginu.

Það er það sem ég gagnrýni í þessu fjárlagafrv. vegna þess að ríkisstjórnin hefur sagt með forsrh. í broddi fylkingar: Það er uppsveifla í þjóðfélaginu, það er bati. Ríkisstjórnin hefur skilað árangri, segja ráðherrarnir hver um annan þveran en það á ekki með neinum hætti að skila því til láglaunafólks.

Svo að ég víki að fjárlagafrv. sem er til umræðu þá er ég ekki sammála því, sem fram kom hjá síðasta ræðumanni, að þetta frv. leyni engu. Ég held nefnilega að staðreyndin sé sú að á útgjaldahlið sé víða um vanáætlun að ræða og gæti ég tekið nokkur dæmi. Og ég held að á tekjuhlið sé víða um ofáætlun að ræða. Við höfum það fyrir okkur varðandi fjárlagafrv. þessa árs að það hefur ekki staðist, hvorki á útgjaldahlið né á tekjuhlið. Tekjur eru áætlaðar 2,5 milljörðum meiri en fram kemur í fjárlagafrv. Og í því frv. sem við ræðum nú er talað um að tekjurnar verði nálægt sömu upp-

hæð hærri á næsta ári. Við getum bara tekið atvinnuleysið sem spáð er á næsta ári og þar með Atvinnuleysistryggingasjóð. Ég tel að þar megi margt að finna hvernig það er fram sett. Þar er spáð að atvinnuleysi verði undir 5% á næsta ári. Vonandi gengur það eftir. En mér sýnist ýmislegt koma fram í þessum fjárlögum sem segir okkur að þetta standist ekki.

Atvinnuleysinu höfum við náð nokkuð niður á umliðnum tveimur árum, m.a. vegna þess að við höfum ráðist í átaksverkefni í samráði og samvinnu við sveitarfélögin og það hefur verið sett aukið fjármagn í vegaframkvæmdir og viðhald. Það er ekkert í hendi um það að sveitarfélögin ætli þriðja árið í röð að leggja fram 600 millj. til átaksverkefna og á næsta ári er ekki gert ráð fyrir því viðbótarfjármagni sem farið hefur í vegaframkvæmdir og viðhald á þessu og síðasta ári. Og þess ofan er gert ráð fyrir samdrætti í fjárfestingu hjá hinu opinbera um 25% eða 3,3 milljarða. Vegna atvinnuátaksins með sveitarfélögunum og auknu fjármagni til vegaviðhalds hafa verið sköpuð hér 3.000 heilsársstörf á þessu og síðasta ári. Hvað á að koma í staðinn?

Við höfum líka haft búbót af Smuguveiðum upp á 3–4 milljarða. Reiknar ríkisstjórnin með því líka á næsta ári?

Það væri fróðlegt að fá nákvæmar fram á hverju ríkisstjórnin byggir sína forsendu um að atvinnuleysi verði innan við 5% á næsta ári. Það er ekki nægjanlegt að vísa bara til þess að það sé uppsveifla í hagkerfinu.

Ég vil segja eitt varðandi ýmislegt sem kemur fram í frv. Á útgjaldahlið er það mjög óljóst fram sett og ég hygg að það væri raunar rétt að biðja um að þessari umræðu yrði frestað þar til ríkisstjórnin hefur lagt fyrir þingið sundurliðun á ýmsum þáttum sem koma fram um útgjöld einstakra ráðuneyta sem er mjög óskýrt í þessu frv. og ekki hafa fengist fullnægjandi svör við. Ég er ekki að biðja um það, virðulegi forseti, en mér er skapi næst að gera það en ég ætla þó að fjárln. sem fær þetta til umræðu kafi mjög ofan í það.

Ég get nefnt hér nokkuð sem mér finnst mjög óljóst í þessu öllu saman. Ég vil nefna það sem hér hefur verið rætt varðandi heilbrrn. Þar er talað um að markmið á niðurskurði yfirstandandi árs á að flytjast á það næsta um 1 milljarð og ef ég skil fjárlagafrv. rétt þá er hér verið að tala um 2 milljarða kr. niðurskurð í heilbrrn. Reyndar er það svo að það er talað um niðurskurð í heild varðandi fjárlagafrv. um 4 milljarða kr. og að um raungildi um 0,5 milljarða. Þetta hefðum við þurft að fá sundurliðað ráðuneyti fyrir ráðuneyti og hvernig á að útfæra einstaka þætti sem þarna koma fram, ekki síst í heilbr.- og menntmrn.

Það er talað um 250 millj. kr. niðurskurð á heimildarákvæðum hjá Tryggingastofnuninni vegna elli- og örorkulífeyrisþega. Þar er eingöngu vitnað í húsaleigubætur vegna þess að húsaleigustyrkir sem hafa verið greiddir hjá Tryggingastofnun eiga nú að flytjast yfir í félmrn. með upptöku húsaleigubóta. En þar erum við eingöngu að tala um 50 millj. kr. Og hvernig á að útfæra þessar 200 sem eftir standa? Hvað á að skerða í heimildarákvæðum varðandi elli- og örorkulífeyrisþega? Mér finnst að við þurfum að fá nákvæm svör við því, alla vega fyrir 2. umr. fjárlaga.

Það er gert ráð fyrir því og vil ég láta það koma skýrt fram að í samkomulagi sem ég gerði við fjmrh. um þetta mál var einungis gert ráð fyrir því að styrkir sem nú eru greiddir hjá Tryggingastofnun ríkisins vegna húsaleigukostnaðar á almennum markaði mundu flytjast til félmrn. en ef um væri að ræða húsaleigustyrki sem eru greiddir t.d. vegna þungrar framfærslu þeirra sem eru í félagslega kerfinu og fá styrki þar þá verður það áfram hjá Tryggingastofnun. Og Tryggingastofnun áætlar þetta um 40–50 millj. kr. Það er ekkert sundurliðað 50 millj. vegna endurskoðunar á bótagreiðslum. Og fleira mætti telja í þessu efni.

Ég held þess vegna að það væri mjög æskilegt að fá betur sundurliðaðan þennan 4 milljarða kr. niðurskurð. Hvað af honum kallar á lagabreytingar sem þarf að leggja fyrir þingið, hvað er einföld reglugerðarbreyting og hvernig eru einstaka liðir sem hér eru settir fram útfærðir nákvæmlega?

Ég spyr líka og undrast það að fjmrh. áætli, eins og fram kemur í þessum fjárlögum, að tekjur vegna virðisaukaskatts hækki jafnvel að raungildi á næsta ári miðað við þetta ár, 40 milljarðar vegna 1994 og tæpur 41 milljarður 1995. Það er skýrt með því að tekjur vegna virðisaukaskatts hækki að raungildi vegna aukinnar einkaneyslu. Þetta nægir mér ekki sem skýring. Ég held að hér sé um ofáætlun að ræða. Við erum að tala um að tekjur ríkissjóðs hafi lækkað um rúma 3 milljarða vegna lækkunar á matvælum í virðisaukaskattskerfinu og ég spyr sjálfa mig aftur að því: Er það rétt sem fólk heldur fram ítrekað í mín eyru, á vinnustað eftir vinnustað sem ég fór í sumar, að matvælalækkunin hafi ekki skilað sér til fólksins? Fólk hafi einungis séð hana á fyrstu vikunum og síðan hafi þetta allt hækkað og farið í sama farið aftur? Er fjmrh. tilbúinn að leggja fram á Alþingi yfirlit yfir hvernig þróunin hefur orðið varðandi verðlag á matvælum í einstaka kjördæmum eftir að matarskatturinn var lækkaður? Ég spyr, hæstv. fjmrh., vegna þess að það er mjög nauðsynlegt fyrir okkur og líka aðila vinnumarkaðarins, ASÍ, sem setti þetta mál á oddinn, að við vitum hvort þetta hefur skilað sér í bættum kjörum fólksins.

Hér hefur nokkuð verið farið yfir menntamálin og ætla ég ekki að bæta miklu við það sem þar var sagt en mér finnst ýmislegt óljós þar. Ég undrast það og hef sagt það áður úr ræðustól að Alþfl. hafi fallist á að takmarka aðgang að Háskóla Íslands. Það hafa ekki komið fram nein svör við því, að ég best veit, frá þingmönnum Alþfl. þannig að það væri gott að fá það sem fyrst upplýst hvort um það sé samstaða. Síðan er búið að ganga ansi langt í því að skerða Lánasjóð ísl. námsmanna, en það virðist svo að enn eigi að höggva í þann knérunn.

Varðandi Atvinnuleysistryggingasjóð sem ég nefndi, þá held ég að það sé vanáætlað líka, hæstv. fjmrh. Hér er gert ráð fyrir lækkun. Þetta voru tæpir 3 milljarðar 1994 og nú er gert ráð fyrir tæpum 5,9 milljörðum. Ég spyr t.d.: Er ekki gert ráð fyrir því varðandi þessa áætl-

un að það hafi þurft einhvern útgjaldaauka vegna t.d. reglugerðar sem var gefin út þar sem réttindi sjálfstætt starfandi, vörubílstjóra og trillusjómanna voru rýmkuð? Ég spyr: Eru inni í þetta líka reiknaðar atvinnuleysisbætur vegna starfsmanna sveitarfélaga? Er það inni í þessu? Ég held að það sé óraunhæft, hæstv. fjmrh., og hef af því nokkra reynslu að um það nái hæstv. ráðherra ekki samstöðu í ríkisstjórn eða þingflokkunum. Það má þá heldur betur hafa breyst ef hann nær því að skera niður réttindi atvinnulausra um 200 millj. með því að tekjutengja biðtíma eftir bótum. Það var alger andstaða við það, ekki bara í þingflokkunum heldur í ríkisstjórn og hæstv. fjmrh. komst ekkert áfram með það mál. Þess vegna held ég að þessar 200 millj. sem eru settar fram séu óraunhæfar nema eitthvað mikið hafi breyst eftir að ég yfirgaf þessa ríkisstjórn.

Ég spyr líka um fjármagn til Kvennaathvarfsins og Stígamóta. Það var gerð framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum. Einn liðurinn í því var að tryggja fjármagn til Stígamóta og Kvennaathvarfsins sem félmrn. var falið að framkvæma. Það var sett á laggirnar nefnd sem skilaði af sér skýrslu. Þar var gert ráð fyrir nokkuð auknu fjármagni til Kvennathvarfsins og Stígamóta, bæði frá sveitarfélögunum og ríki. Hér var einungis um að ræða 2–3 millj. til viðbótar frá ríkinu. Ég sé ekki að það komi fram í þessu fjárlagafrv. 2–3 millj. sem gætu mjög breytt starfsemi Kvennaathvarfsins eins og það er nú brýnt. Það er ekki einu sinni í þessum bata hægt að hugsa sér það að rétta 2 eða 3 millj. til Kvennaathvarfsins, sem þó er í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar, til þess að það fólk sem þar vinnur geti bætt þjónustu við þá sem þangað leita.

Það eru líka skorin niður, sem ég undrast mjög, framlög til fatlaðra og aldraðra að raungildi og það er bætt á Framkvæmdasjóð fatlaðra þannig að hann tekur í auknum mæli á sig rekstur og var nú nóg samt. Það átti að vera tímabundið bara fyrir þetta ár að 25% af hans fjármagni átti að fara til greiðslu á liðveislu. Nú er það ekki bara framlengt heldur hækkað upp í 40% þannig að það eru 50 millj. til viðbótar af fé Framkvæmdasjóðsins sem fer í rekstur.

Virðulegi forseti. Ég sé að tími minn er að verða búinn. Ég geri líka athugasemd við framlögin sem fara í Byggingarsjóð verkamanna og mun gera nánari grein fyrir því við 2. umr. fjárlaga en hef ekki tíma til þess hér. Ég sé að það framlag er ekki einu sinni verðbætt og ekki einu sinni skilað þeim 400 millj. sem þar eiga að koma fram.

En aðeins örfá orð varðandi húsnæðiskerfið og húsbréfakerfið sem hér hefur nokkuð verið tekið til umræðu. Ég ætla aðeins fara um það örfáum orðum af því að hér hefur verið lagt fram frv. til lánsfjáraukalaga um aukna útgáfu á húsbréfum og ég spyr: Hvenær verður þetta frv. tekið til umræðu og hvenær verður þetta afgreitt? Það er nægjanlega lengi búið að draga lappirnar í útgáfu á þessum húsbréfaflokki. Félmn. varaði við því við afgreiðslu á frv. til fjárlaga fyrir 1994 að 11,5 milljarðar væru ekki nóg og það hefur auðvitað komið á daginn. Vegna þess að við sáum fyrir okkur að vaxtalækkunin, sem þá var orðin, mundi koma fram í aukinni útgáfu á húsbréfum. Ég held að það sé veruleg hætta á ferðum eins lengi og búið er að draga það að gefa út þennan húsbréfaflokk að það komi svo mikið af húsbréfum út á markaðinn í einu að það geti haft áhrif á afföll og vaxtastigið. Ég veit að fjmrh. hefur áhyggjur af því. En ég get alveg ímyndað mér í hvaða glímu hæstv. félmrh. hefur verið í við fjmrn. vegna þess að það er alltaf svo að þegar á að gefa út nýjan húsbréfaflokk þá koma kröfur frá fjmrn. um að þrengja að þessu kerfi. Þetta er nú einu sinni markaðskerfi, hæstv. fjmrh., og þar sem fjmrh. talar fyrir markaðslausnum þá ætti hann að vita hvernig slíkt kerfi á að vinna til þess að það geti virkað eðlilega.

Það kemur mér mjög á óvart að það eigi að hækka ábyrgðargjaldið um 0,1%. Það er ekkert annað en vaxtahækkun. Það er verið að fara með vextina upp í 5,1%. Við tókum upp ábyrgðargjald upp á 0,25% á sama tíma og við gátum lækkað vextina um 0,25% og farið með þá niður í 4,75% þannig að í heild var ekki verið að auka greiðslubyrði hjá fólki. En nú er verið að 4,75% þannig að í heild var ekki verið að auka greiðslubyrði hjá fólki. En nú er verið að fara yfir 5% markalínuna sem hefur verið heilög hjá þessari ríkisstjórn, svo heilög að hvert húsnæðisútboðið á fætur öðru hefur ekki gengið eftir og Húsnæðisstofnun hefur orðið að vera háð fjmrn. upp á 7 milljarða, það kemur fram í þessu frv., af því að það hefur engu tilboði mátt taka sem hefur farið yfir 5%. En nú er allt í lagi að hækka vextina um 0,1% ef það er verið að hækka þá hjá fólkinu í landinu, íbúðareigendunum.

Ég skal segja það í lokin, virðulegur forseti, að það er óþarfi, og skal koma nánar að því í umræðunni um lánsfjárlögin, vegna þess að fjármagn sem er geymt í Seðlabanka Íslands og húsbréfadeildin á er á lágum vöxtum, það er á 1% raunvöxtum, ætti að vera á miklu hærri vöxtum. Það skilar 40 millj. nú en ætti sennilega að skila 80 millj. ef vaxtagreiðslur væru eðlilegar í Seðlabankanum og ef það væri framkvæmt þá væri svo sannarlega óþarfi að fara út í það að hækka vexti.

[16:02]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Sjö ár sat hv. þm. í ríkisstjórn og er nú alheilagur, nýkominn úr stjórninni og ber ekki ábyrgð á einum einasta hlut sem hefur gerst í Íslandssögunni á síðustu árum. Ég vil svara hv. þm. með því að í fyrsta lagi er gert ráð fyrir því að ræða á morgun um lánsfjáraukalögin og við leggjum áherslu á að fá lögin í gegnum þingið. Ég hef talað við formann nefndarinnar sem ætlar að ræða málið í fyrramálið í nefndinni.

Ég minni hv. þm. á það að þegar hann var félmrh. í maí þá gerði hann ráð fyrir að það þyrfti 1 milljarð til viðbótar í húsbréfakerfið í ár. Það vantar 3,7. Það var ekki brugðist nægilega fljótt við og hv. þm. getur ekki kennt öðrum um, það er ekki hægt. Það var ekki ætlunin þegar hæstv. fyrrv. félmrh. sat í ríkisstjórninni að gefa út bréf fyrr en eftir að þing kæmi saman. Það var talað um 1 milljarð en þeir urðu 3,7.

Svo vil ég segja við hv. þm., ef það hefur farið fram hjá honum, að mælingar hafa farið fram á því hvort lækkun á virðisaukaskatti af matvælum hafi komið fram í matvælaverði og niðurstaðan er sú að það hafi gerst. Þannig gerðum við það í sameiningu ég og hv. þm. að reyna að auka kaupmátt þeirra lægst launuðu sem eru fyrir neðan skattleysismörkin. Hv. þm., eins og ríkisstjórnin öll, bar ábyrgð á því. Það er aðgerð sem hefur tekist jafnvel þótt hv. þm. hafi skipt um skoðun á ágæti ríkisstjórnarinnar eftir að hafa setið í henni í þrjú ár og fjögur ár á undan í ríkisstjórninni á undan þessari.

[16:04]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var í desembermánuði þegar var verið að fjalla um fjárlögin fyrir árið 1994 og lánsfjárlögin að við lögðum til að það yrðu ekki 11,5 milljarðar heldur 12,5 milljarðar. Það eru nú liðnir allir þessir mánuðir síðan. Síðan skýrðust málin miklu frekar á mánuðunum sem á eftir komu og fram kom að það yrði mikil vöntun varðandi það sem áætlað var varðandi húsbréfin og kom það fram í bréfi t.d. frá Húsnæðisstofnun. Það var meira en 1 milljarður og er ég ekki með þessa pappíra en mun auðvitað finna þá máli mínu til stuðnings.

Fjmrh. heldur hér fram að matvælaniðurfærslan í „vaski" hafi skilað sér til fólksins. Ég bið fjmrh. að leggja fram gögn, kjördæmi fyrir kjördæmi, máli sínu til staðfestingar.

[16:05]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Mig langar til að gera tilraun til að svara einhverju af því sem fram hefur komið við 1. umr. fjárlaga. Mér er ljóst að eins og endranær verður ekki hægt að svara öllu en það gefst mikill tími til þess því þetta frv. fær öðrum frv. frekar athugun í þinginu, í hv. fjárln. þar sem þingflokkar eiga sína verðugu fulltrúa.

Í fyrsta lagi spurðist hv. þm. Jón Kristjánsson fyrir um hvort það væru nokkrar líkur á því að fyrirtæki mundu ráða fleira fólk á næstunni. Þetta hefur að sjálfsögðu nokkuð verið kannað. Það er aðallega Þjóðhagsstofnun sem fylgist með þessu og í ljós kemur við þá könnun að það er almennt gert ráð fyrir að fyrirtæki greiði niður skuldir sínar fyrst, fjárfesti síðan. En það kemur einnig í ljós að á undanförnum vikum hafa fyrirtæki verið að auglýsa meira eftir fólki en áður.

Í þriðja lagi er það mikilvægt að fjárfestingin fari fram á vegum einkafyrirtækjanna fremur en á vegum ríkisins því sú fjárfesting sem á sér stað úti í atvinnulífinu er líklegri til að skila þjóðinni meiri hagvexti en hin.

Nokkuð hefur verið rætt um vexti og þó hefur blandast inn í þessa umræðu sú þróun sem hefur átt sér stað á skammtímamarkaði. Það hefur komið glögglega fram í þessum umræðum að vaxtastigið hér á landi, bæði á skammtímamarkaði og eins hinum langtíma, hefur breyst. Vextir hafa lækkað verulega en menn virðast vera almennt sammála um að vextir í bankakerfinu geti lækkað meira. Ég vil fagna sérstaklega því sem kom fram hjá hv. þm. Guðna Ágústssyni, helsta sérfræðingi Framsfl. í vöxtum og efnahagsmálum. Hann gaf þá yfirlýsingu í umræðunni að vextir mundu lækka í bankakerfinu á næstunni. Eftir því var tekið og með því verður fylgst hvort það gengur eftir.

Hv. þm. Guðmundur Bjarnason ræddi nokkur atriði sem tengjast svokallaðri langtímaáætlun og lýsti því yfir að hann teldi hana af hinu góða enda væri hún í takt við það sem Framsfl. hefði stungið upp á. Hann spurðist fyrir um hvað það þýddi þegar rætt væri um forgangsröðun í frv. Ég skal reyna að svara því með því að segja að það skiptir máli hér eins og í löndum sem búa við svipaða þjóðfélagsgerð að verja velferðarkerfið. Það verður ekki varið nema því sé breytt. Það þarf að breyta því á þann veg að koma fjármagni til þeirra sem minnst mega sín en koma í veg fyrir að hinir sem þurfa ekki á því að halda séu að fá peninga úr opinberum sjóðum. Þetta er aðalatriðið og kjarninn í umræðunni, ekki hér á landi eingöngu heldur í nálægum löndum einnig sem eiga við sams konar vandamál að glíma.

Þess vegna er nauðsynlegt að draga úr hinu mikla fjármagni sem fer í gegnum þetta tilfærslukerfi og láta það koma að betri notum. Það er til fólk í þjóðfélaginu, sem betur fer, sem getur borgað fyrir sína þjónustu í miklu stærri stíl en gert er í dag. Það á að leyfa því fólki að borga, jafnvel fólki sem er á sjúkrahúsum, í skólum og tekur þjónustu frá hinu opinbera, þó það eigi að sjálfsögðu að sjá til þess að enginn missi af þeim rétti sínum að fá að njóta eðlilegrar læknishjálpar eða menntunar. Þetta eru atriði sem stjórnmálamenn geta ekki komið sér hjá að ræða og fást við á næstunni því annars er verið að víkjast undan hinu eiginlega vandamáli sem við er að etja í ríkisfjármálunum.

En það þarf líka að auka útgjöld annars staðar. Þess vegna hafa þjóðirnar sem á undanförnum árum hafa verið að fást við þessi alvarlegu mál smám saman verið að uppgötva að það þarf að beina meira fjármagni til menntunar og uppbyggingar á því sviði, einkum á sviði rannsókna og vísindastarfsemi. Vegna þess að það tekur langan tíma að byggja upp slíka þekkingu hjá þjóðinni, þekkingu sem skilar sér í betri kjörum þjóðarinnar í framtíðinni. Þess vegna geta stjórnmálamenn ekki, hvar í flokki sem þeir standa og það hefur glögglega komið í ljós t.d. í sænsku kosningabaráttunni að sænsku kratarnir hafa ekki skirrst við að segja frá því í kosningabaráttunni að það þurfi að taka á velferðarkerfinu til þess að það lifi af, til þess að bæta það og til þess að lýðræðið geti blómstrað áfram í Svíþjóð. Hið sama gildir hér á landi og það sama gildir í öllum nálægum löndum. Þetta er eitt stærsta verkefni stjórnmálamanna hvar sem þeir búa í Norður-Evrópu í þjóðfélögum sem hafa kennt sig við velferðarþjóðfélög.

Hv. þm. sagði að Framsfl. hefði lýst því yfir að það ætti að binda útgjaldahliðina en nota hins vegar tekjurnar af aukinni þjóðarframleiðslu til að ná niður hallanum. Það er út af fyrir sig mjög gott og ég er sammála því. En það dugir ekki á næstu árum. Það dugir ekki á næstu árum. Samkvæmt spám Þjóðhagsstofn-

unar þá mun það ekki duga. Það þarf að draga úr útgjöldunum jafnframt. Og um það er fjallað í langtímaáætluninni sem fylgir fjárlagafrv. núna.

Ég veit ekki hvort ég á að vera að bæta við umræðuna um skuldir og reyna að skýra það út að það er munur á skuldum ríkisins og skuldum þjóðarinnar. Það er auðvitað hárrétt og liggur í augum uppi að ef ríkið er rekið með halla ár eftir ár þá hljóta skuldirnar að safnast upp. Ef ríkið þarf að taka yfir skuldir frá hinum ýmsu sjóðum sem ekki hafa getað innheimt eignir sínar af ýmsum ástæðum og þær skuldir fara yfir á ríkissjóð þá vaxa skuldir ríkissjóðs. Það er hárrétt hjá hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni að nettóskuldir ríkissjóðs munu á þessu kjörtímabili tvöfaldast eða þar um bil. En það er jafnrétt sem sagt var í umræðunum í gær að á einu ári, fyrsta ári sem hv. þm. var fjmrh., þá tvöfölduðust skuldir hins opinbera. Þær tvöfölduðust á einu ári, það mátti margfalda með tveimur þá á einu ári eins og gera má allt kjörtímabilið núna.

En það sem skiptir hins vegar máli er tvennt: Það þarf að takast á við þetta vandamál og það verður ekki gert nema ná niður ríkissjóðshallanum og svo er það hitt, sem ekki má gleymast, að það er byrjað að greiða niður erlendar skuldir íslensku þjóðarinnar. Það skiptir auðvitað langsamlega mestu mestu máli.

Árið 1991 voru lánsfjárlögin opin, fjármagn streymdi úr landi, viðskiptahallinn var 20 milljarðar, ég endurtek 20 milljarðar. Það þýðir að skuldasöfnun þjóðarinnar erlendis var álíka mikil. Nú er verið að greiða þessar skuldir niður og við væntum þess að næsta ár verði þriðja árið í röð sem við verðum í því að greiða niður erlendar skuldir þjóðarinnar.

Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson lýsti því yfir að það hefði ekki orðið lækkun á verði sjávarafurða á erlendum mörkuðum, hafnaði því. (**ÓRG:** Það sagði ég ekki.) Þá bíðst ég afsökunar á því en það hefur samt þýðingu vegna orða hv. þm. að segja að á árunum 1991–1994, það sýnir vandamálið sem við er að glíma, lækkaði verð á sjávarafurðum almennt miðað við vísitölu um 30%. 30% lækkun á sjávarafurðaverði á þessum árum. Lýsir nokkuð betur við hvaða vanda er að fást á högum þjóðarinnar þegar við sjáum tölur eins og þessar? (**SJS:** Samt viltu skattleggja sjávarútveginn.)

Í öðru lagi, fyrst minnst er á sjávarútveginn, þá skal það tekið fram að samdráttur í þorskveiðunum er mjög mikill. 307 þús. tonn veiddust árið 1991. Það er gert ráð fyrir að 185 þús. tonn veiðist á næsta ári. Smugan er meðtalin, úthafsveiðar eru meðtaldar í sambandi við þorskveiðarnar. Þetta sýnir líka hvað við hefur verið að etja. En það sem kannski skiptir mestu máli er að kanna hvernig kaupmátturinn hefur þróast.

Á undanförnum árum hafa þjóðartekjur lækkað. Frá árinu 1992 til dagsins í dag hafa þjóðartekjur lækkað um 5%. Kaupmáttur hefur lækkað um 5%, það er enginn að fela það. Kaupmáttur hefur lækkað um 5% enda hafa þjóðartekjurnar lækkað. Á árunum 1988–1991 þegar þjóðartekjurnar lækkuðu um 4% hvað skyldi kaupmátturinn hafa minnkað þá? Um 4%, nei, um 12%. Ég endurtek: Frá árinu 1992–1994 lækkuðu þjóðartekjur um 5% og kaupmáttur launa lækkaði um 5%. Ég mótmæli því ekki að kaupmátturinn lækkaði. Á árunum 1988–1991 lækkuðu þjóðartekjur um 4% en kaupmátturinn lækkaði um 12%. Hver var fjmrh.? Hann hét Ólafur Ragnar Grímsson, núv. 8. þm. Reykn.

Það hefur nokkuð verið rætt hér um tekjuskatta í þessari umræðu og það er ástæða til að endurtaka að þegar á allt er litið þá sýnist mér og þeim sem hafa reiknað út skattbreytingar að skattar muni á tímabili þessarar ríkisstjórnar hafa lækkað að raungildi um 1 milljarð en hækkuðu á tíma síðustu ríkisstjórnar um 10–11 milljarða, nær 11 milljörðum. 9 milljarðar má segja að hafi lent á almenningi, launþegum í landinu.

Hv. þm. Guðrún Helgadóttir ræddi það þegar persónuafslátturinn hefði lækkað og skattleysismörkin jafnframt og virtist kenna ríkisstjórninni um. Skoðum þetta eilítið nánar. Ríkisendurskoðun gaf út skýrslu. Í skýrslunni er tekið fyrir tímabilið 1988–1994. Ef við skiljum þetta tímabil í tvennt og miðum fyrri helminginn við starfstímabil fyrri ríkisstjórnar og síðari tímann við núv. ríkisstjórn þá kemur þetta í ljós: Á föstu verðlagi hafa skattleysismörkin lækkað um rúmlega 13 þús. kr., þ.e. úr 70.281 kr., þetta er miðað við verðlag 1. júlí 1994, árið 1988 í 57.200 kr. eða um 18,6%. Fram til ársins 1991 lækkuðu skattleysismörkin um 6.702 kr., eða 9,5% af þessu, en milli áranna 1991–1994 um 6.385 eða 9,1%, minna. En bíðum aðeins við, þetta segir ekki alla söguna vegna þess að fram til ársins 1991 lækka skattleysismörkin 90% eða 9/10 hlutum vegna aukinnar skattheimtu ríkisins. Að 1/10 hluta vegna aukinnar skattheimtu sveitarfélaga. Eftir 1991 hafa skattleysismörkin lækkað um 60% eða 9/10 hluta vegna aukinnar skattheimtu ríkisins en 40% vegna aukinnar skattheimtu sveitarfélaga, aðallega vegna þess að aðstöðugjöldin færðust að verulegum hluta inn í útsvar. Þetta segir töluverða sögu.

Ég held að hv. þm. stjórnarandstöðunnar, þeir sem voru í fyrrv. ríkisstjórn, ættu að huga að því þegar verið er að tala um breytingar á skattleysismörkum og persónuafslætti, hverjir stóðu fyrir þeim breytingum, því reikningurinn er auðvitað langmestur hjá fyrrv. ríkisstjórn en ekki núv. ríkisstjórn.

En það er ekki nóg með þetta, hv. þm. Guðni Ágústsson, vegna þess að núv. ríkisstjórn greip til þess að auka kaupmátt þeirra sem verst voru settir, þeirra sem ekki borga skatta vegna þess að þeir hafa ekki nægileg laun til þess að borga skatta, með því að lækka verð á matvælum. Og hverjir stóðu gegn því aðrir en hv. þm. Framsfl.? Þessu höfðu menn skilning á í Alþb. og stóðu með ríkisstjórninni. (**JGS:** Þetta er útúrsnúningur af lélegustu gerð.) Ég veit að hv. þm. Framsfl. ókyrrast mjög undir þessari umræðu, en þeir geta komið og svarað þessu í andsvari á eftir.

Virðulegur forseti. Ég þarf ekki að hafa þessi orð fleiri. Það hafa eðlilega komið upp mörg álitamál í þessari umræðu. Það gefast næg tækifæri til þess síðar í vetur, bæði við 2. umr. og 3. umr. og eins við umræður um önnur mál, að ræða þessi mál frekar, því mörg frumvörp eiga eftir að koma í takt við það sem kemur fram í fjárlagafrv.

Að svo mæltu vonast ég til þess að hv. þingnefnd kanni þetta mál eins og venja er til og ég megi eiga gott samstarf við hv. þm. sem í nefndinni sitja.

[16:21]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. fjmrh. hefur greinilega mikinn áhuga á sagnfræði. Hæstv. fjmrh. virðist hafa áhuga á því að hér í þinginu sé farið sérstaklega yfir málflutning manna og verk á árunum 1988 til 1991. Ég er alveg tilbúinn til þess, hæstv. fjmrh., að gera það hér í vetur og flytja t.d. allar þær yfirlýsingar sem hv. þáv. þm. Friðrik Sophusson gaf um loforð um skattalækkanir. Hvernig þingmenn Sjálfstfl. lofuðu skattalækkunum hér í salnum, fluttu tillögur um það, fullkomlega óábyrgar tillögur. Gengu fram í kosningabaráttunni, lofuðu að afnema alla skattana sem þáv. ríkisstjórn lagði á, svöruðu því í prófkjöri Sjálfstfl., sem nú er að fara fram aftur í Reykjavík, í sérstöku blaði sem ungir sjálfstæðismenn gáfu út, allir nema hv. þm. Geir Haarde. (**IBA:** Nei, ekki ég.) Og kannski Ingi Björn Albertsson, það getur vel verið, ég skal ekkert um það segja. En alveg var það ljóst að núv. forsrh. og fjmrh. lofuðu að leggja alla þessa skatta af.

Það er því alveg velkomið, hæstv. fjmrh., ef Sjálfstfl. telur það þjóna hagsmunum sínum að taka hérna einhvern tíma í vetur í þessa sagnfræði. Ég er líka alveg tilbúinn að ræða viðskilnað ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar, hvernig sólundað var á árunum 1986–1988 með botnlausum erlendum lántökum og hvers konar hagstjórn það var og hvaða erfiðleika hún skildi eftir sig. Ég ætla kannski að ræða það að nokkru leyti á eftir. En við leyndum aldrei kjaraskerðingunni sem var framkvæmd á þessum árum, hæstv. fjmrh. Þess vegna eru það engar fréttir að koma hér upp og þylja þessar tölur. Það var ekki nokkur maður að hylja þær og þær voru gerðar í fullu samþykki við Alþýðusambandið og BSRB.

En mig langar hins vegar að spyrja hæstv. fjmrh. einnar spurningar: Vill hann ekki upplýsa þingið um breytingu á heildarafla á árunum 1991–1994 og breytingar á heildaraflaverðmæti íslenskra sjávarafurða á þessu sama tímabili, svo hann geti þó reitt fram hérna einhverjar marktækar tölur um breytingar á tekjum þjóðarbúsins af sjávarútvegi?

[16:23]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég fagna því að hv. þm. skuli koma hér í stólinn og tel hann mann að meiri og lýsa því yfir að það sé rétt sem kom fram í máli mínu, að kjaraskerðingin, kaupmáttarrýrnunin, varð miklu meiri á þeim árum sem hann sat í ríkisstjórn heldur en þegar núv. stjórn hefur setið. Þetta er mjög mikilvægt og mikilvægara vegna þess að hv. þm. hefur aftur og aftur í sínum málflutningi, bæði í vetur og í fyrravetur, haldið því fram að sú ríkisstjórn sem nú situr hafi stundað stórkostlegt kauprán og kjaraskerðingar. Þess vegna segi ég að þessi yfirlýsing hv. þm., jafnvel þó honum sé ekki vel við sagnfræðina, er kærkomin fyrir þá sem eru að bera saman tvær ríkisstjórnir. Og það er ekkert óeðlilegt að það sé gert á kosningavetri, því auðvitað þarf fólk að rifja það upp fyrir sér, hvernig var ríkisstjórnin sem sat hér á undan, ríkisstjórn hv. þingmanna Halldórs Ásgrímssonar og Ólafs Ragnars Grímssonar og hvernig hefur núv. ríkisstjórn starfað? Auðvitað þarf að rifja það upp, ekki síst þegar rætt er um kjaramál.

[16:25]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var merkilegt að hæstv. fjmrh. treysti sér ekki til að upplýsa um aflaverðmætið fyrir þjóðarbúið á þeim árum sem ríkisstjórnin hefur setið, hann treystir sér heldur ekki til að upplýsa um heildaraflann. (**HÁ:** Hann er ekki sjútvrh.) Nei, en fjmrh. sem notar tekjur af sjávarútvegi sem meginrök fyrir óförum efnahagsstefnunnar hlýtur að hafa svona einfaldar tölur í kollinum, hv. þm. Halldór Ásgrímsson, ef á annað borð eitthvað er í kollinum á hæstv. fjmrh.

En ætlast hæstv. fjmrh., Friðrik Sophusson, virkilega til þess að umræðan sé á því plani sem hann er að reyna að innleiða hér. Ég fer að rifja upp ummæli mín fyrr á árum sem forsrh. vitnaði hér til um standard.

Er hann búinn að gleyma því að síðasta ríkisstjórn tók við í 30% verðbólgu, en þessi ríkisstjórn tók við í 4–5% verðbólgu? Er hann búinn að gleyma því að síðasta ríkisstjórn varð að fella gengið stórkostlega til þess að bjarga útflutningsatvinnuvegunum og ná jafnvægi í efnahagsmálum, en núv. ríkisstjórn tók við ástandi þar sem stöðugt gengi hafði ríkt um nokkur missiri? Hvernig ætlar hæstv. fjmrh. að leysa slíkan hnút án þess að það hafi einhver áhrif á kjörin í landinu? Eigum við virkilega að fara niður á þennan Heimdallarstíl í umræðum í þinginu?

Það var hins vegar afrek hjá síðustu ríkisstjórn að leysa þennan hnút án atvinnuleysis, hæstv. fjmrh., án atvinnuleysis. Ísland er eina landið í Evrópu sem hefur náð verðbólgu niður með þessum hætti án atvinnuleysis. En það sem gerist hins vegar hjá þessari ríkisstjórn, þegar hún tekur við stöðugu gengi í arf, stöðugu verðlagi í arf, er að hún innleiðir atvinnuleysið. Það er það sem ég hef gagnrýnt, hæstv. fjmrh. Við skulum fara í þessar umræður í vetur, það er sjálfsagt mál, en við skulum hafa þær aðeins vandaðri.

Ég átti orðastað við einn af starfsmönnum ráðherrans uppi í háskóla í gær, Þór Sigfússon. (Forseti hringir.) — Ég er að ljúka máli mínu, virðulegi forseti. — Sá starfsmaður ráðherrans leyfði sér að segja að síðasta ríkisstjórn hefði stjórnað í góðæri og er þó maðurinn hagfræðilega menntaður ráðgjafi ráðherrans. Ef staðreyndastaðan er svona í fjmrn. þá er ekki von á góðu.

[16:27]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ef hv. þm. vill endilega fá kennslustund í útflutningsverðmætum þá get ég bent honum á að á bls. 400 í fjárlagafrv. er þjóðhagsyfirlit þar sem m.a. er hægt að sjá útflutning á vöru og þjónustu. Þar kemur í ljós að það er fyrst núna á árinu

1994 sem útflutningsverðmæti verða meiri en á árinu 1990 og 1989. Það varð veruleg minnkun á árunum 1991 og 1992 og þetta veit auðvitað hv. þm. Meira að segja náðu útflutningsverðmætin 1993, þegar allt er talið, ekki því sem þau voru árið 1990.

Hvað atvinnuleysið varðar þá var það nú þannig að það er ekki nóg að mæla bara atvinnuleysið, því strax á árinu 1988 kom í ljós að það var minnkandi eftirspurn eftir vinnuafli. Það er hins vegar ekki fyrr en nokkrum árum síðar sem það framkallast atvinnuleysi. Þetta er hægt að lesa sér til um líka í hagskýrslum og ég veit að ég þarf ekki að skýra það út fyrir hv. þm.

Hins vegar þegar maður skoðar hvað gerðist hér á landi og hvað gerðist í nágrannalöndunum þá má benda á að það var álíka mikið atvinnuleysi í Svíþjóð og Finnlandi eins og hér á þeim árum sem hv. þm. var í ríkisstjórn. Atvinnuleysið þar fór upp í 10% og jafnvel 20% en staðnæmdist hér í u.þ.b. 5% og er nú á leiðinni niður. Þetta kalla ég líka árangur, þrátt fyrir allt, þegar á móti blæs í efnahagsmálum þjóðarinnar.

[16:30]

Ólafur Ragnar Grímsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég ætlaði bara að minna á það að á fundi fulltrúa flokkanna og forseta í gær var lögð rík áhersla á það að hæstv. samgrh. og hæstv. heilbrrh. mundu svara þeim fyrirspurnum sem til þeirra hefði verið beint. Hæstv. heilbrrh. hefur orðið við því í dag, en hæstv. samgrh. hefur ekki enn þá sýnt þinginu þá virðingu að svara þeim spurningum sem til hans hefur verið beint. Ég ítreka það að forseti ræði það við hæstv. samgrh. að hann svari þessum spurningum til þess að hægt sé að ljúka þessari umræðu með eðlilegum hætti eins og talað var um í gær.

[16:31]

Forseti (Kristín Einarsdóttir):

Hæstv. samgrh. er í húsinu og ég býst við að hann fylgist með umræðum. Hann hefur ekki beðið um orðið, en forseti skal láta hann vita að þessi athugasemd hafi komið fram.

[16:31]

Guðmundur Bjarnason:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. fjmrh. fyrir það að hafa sýnt viðleitni við að svara hér nokkrum spurningum sem voru lagðar fyrir hann í umræðunni í gær, þó ég verði því miður að segja að ég var ekki alveg ánægður með öll hans svör.

Fyrst nefndi hann að hv. þm. Jón Kristjánsson hefði spurt hann út í það hvort hann teldi líkur á því að fyrirtæki mundu ráða fleira fólk til starfa á næstunni og hvort það væri einhverjar slíkar vísbendingar að finna í þessu fjárlagafrv., sem reyndar er ekki að sjá í forsendum þess, sem gera ráð fyrir auknu atvinnuleysi á næsta ári eða vaxandi atvinnuleysi á næsta ári frá því sem er á þessu ári og þess vegna ljóst að það er ekki sú stefna sem boðuð er í fjárlagafrv., þó svo að hæstv. forsrh. hafi ítrekað lýst því yfir að undanförnu að kreppan væri nú blásin af. Það er svo sem ekki heldur flókið svar að segja að það megi gera ráð fyrir því að fyrirtækin byrji á því að greiða niður skuldir sínar og það held ég að við hljótum öll að vera sammála um að er líklegasta þróunin, þegar kemur að því að fyrirtækin hafi eitthvert svigrúm til þess að gera það, þegar svo hefur lagast í atvinnumálum og efnahagsmálum þessarar þjóðarinnar, að þróunin sé í þá átt. En það er því miður enn þá nokkur óvissa um endalok kreppunnar þó við vildum öll sjá betri tíð og betri fjárhags- og efnahagsstjórnun.

Síðan ræddi hæstv. ráðherra nokkuð um vextina og þær spurningar sem þegar hafa verið bornar fram varðandi vaxtamálin. Ég ætla svo sem ekki að bæta þar miklu við eða miklu í þann sarp, það er búið að ræða töluvert um þau. Ég gerði það sjálfur í gær. Hæstv. ráðherra heldur enn að stefnan sé sú að vextir muni lækka þrátt fyrir fréttir gærdagsins og það sem er í raun að gerast í hans eigin ráðuneyti. Hefði verið fróðlegt að vita hver eru viðhorf hæstv. viðskrh., bankamálaráðherra, til útgáfu ECU-tengdu spariskírteinanna með vöxtunum upp á 8%. Ég vona sannarlega að hv. þm. Guðni Ágústsson, sem sæti á í bankaráði Búnaðarbankans, verði sannspár þegar hann talar um það að bankavextir muni lækka og ég tel að það sé svigrúm til þess, þeir ættu í raun að lækka, þó að maður sjái ekki að síðustu skref hæstv. ríkisstjórnar í vaxtamálum séu beinlínis í þá áttina. Ég hefði haft gaman af því að vita hver eru viðhorf hæstv. viðskrh. til útgáfu þessarar nýju tegundar af spariskírteinum ríkissjóðs með 8% nafnvöxtum, þó þau séu ekki sambærileg við spariskírteini ríkissjóðs sem eru verðtryggð, auk þeirra vaxta sem þau bera og þess vegna kannski ekki ljóst í augnablikinu hvaða áhrif þessi nýju bréf kunna að hafa á vaxtaþróunina.

En ekki þykir mér ólíklegt, annað eins hefur nú gerst, eins og það að bankakerfið beri sig nú eitthvað saman við þessa vexti og segi að það sé ekki tímabært að fara út í vaxtabreytingar fyrr en ljóst sé hver áhrif þessara nýju bréfa kunni að verða. (Gripið fram í.) Ég sagði það áðan, hæstv. fjmrh., að ég vonaði að bankaráðsmaðurinn yrði sannspár, en ég hefði haft gaman af að vita hver væru viðhorf hæstv. bankamálaráðherra og viðskrh. til þessa máls og hver hann héldi að yrði þróunin og hver yrðu viðbrögð bankanna við þessari nýju spariskírteinaútgáfu, sem mér skilst að hæstv. fjmrh. hafi svarað hér áðan, ég heyrði því miður ekki það svar hans, að það væri með öllu óljóst, það væri ekkert vitað og það væri ekkert hægt að segja um það á þessu stigi. Mér finnst því að hér séu nú ekki stigin skref sem benda til vaxtalækkunar eða séu í þá veru eða til þess fallin að leiða til vaxtalækkunar.

Þá langar mig að fara örfáum orðum um svör hæstv. ráðherra við spurningum mínum um langtímastefnumörkun í ríkisfjármálum, stefnumörkun á næstu árum og út af fyrir sig endurtaka það að ég tel að það sé skynsamlegt að setja sér einhver slík markmið og setja opinberum stofnunum og ráðuneytum ákveðin markmið hvað varðar langtímaáætlun í fjárlagagerð og auka sjálfstæði stofnana og stjórnenda þeirra. Ég er sammála því. En ég var hins vegar ekki sammála áhersluatriðum sem koma fram í því hvernig hæstv. ríkisstjórn hyggst byggja þessa langtímaáætlun upp og

spurði þar einkum um forgangsröðun og aukna kostnaðarþátttöku.

Hæstv. ráðherra svaraði því auðvitað mjög hreinskilnislega. Það á að flytja byrðarnar yfir á fólkið í auknum mæli. Forgangsröðun er auðvitað óhjákvæmileg þegar ekki er úr nægum fjármunum að spila og við getum ekki gert allt sem við gjarnan vildum gera og sjá. Það er alveg ljóst. En í hverju felst þessi forgangsröðun þegar talað er um að verja velferðarkerfið og beina fjármunum í þann farveg að þeir njóti helst sem á þurfi að halda, eins og hæstv. ráðherra orðaði það. Auðvitað geta í sjálfu sér allir sagt þetta og gefið sér það að þetta sé svona stefnumótunin, en það hefði verið æskilegt að fá það nánar skýrt og það var það sem ég vildi fá að vita, hvað er ríkisstjórnin að hugsa um, einstaka þætti, einstök efnisatriði í þessu sambandi.

Mig minnir að hv. formaður fjárln., hv. þm. Sigbjörn Gunnarsson, hafi sagt það í gær að menn mættu vara sig á því hvert menn væru komnir í að tekjutengja alla skapaða hluti. Er það hafi sagt það í gær að menn mættu vara sig á því hvert menn væru komnir í að tekjutengja alla skapaða hluti. Er hæstv. fjmrh. að tala um að halda áfram tekjutengingunni? Hann segir að það sé til fullt af fólki í landinu sem geti borgað fyrir dvöl á sjúkrahúsum, sem geti borgað fyrir vist barna sinna í skólum og það er gott að fá það alveg hreint fram hjá hæstv. ráðherra hvort það er þetta sem hann er að leggja til. Er hann að leggja til að við tökum hér upp tvöfalt heilbrigðiskerfi, heilbrigðiskerfi fyrir þá sem geta borgað annars vegar, sjúkrahús og stofnanir fyrir þá sem geta borgað og hins vegar fyrir þá sem ekki hafa ráð eða efni á því? Er það það sem ráðherrann er að boða? Er hann að tala um það að við setjum upp tvöfalt skólakerfi, skólakerfi fyrir þá sem hafa efni á því að borga fyrir börnin sín í skólana og annað fyrir hina sem ekki hafa ráð á því? Er það slíkt þjóðfélag sem hæstv. fjmrh. er að boða og sem hann vill sjá í þessari langtímaáætlun sinni um ríkisfjármál? Það væri fróðlegt að fá alveg skýr svör við því þó kannski megi nú ofurlítið um það lesa út úr því sem hæstv. ráðherra sagði hér í svörum sínum.

Ég var að vona það að aukin kostnaðarþátttaka ætti að vera hjá opinberum stofnunum sem e.t.v. tengjast meira atvinnulífi, að þegar atvinnuvegirnir hafa rétt úr kútnum, þegar ný ríkisstjórn hefur tekið við völdum og hér er komið betra ástand í þjóðfélaginu, þá gæti atvinnulífið tekið vissa þætti og fleiri þætti af hinu opinbera og það mætti hugsa sér þróun í þá átt, en það virðist sem sagt enn eiga að halda áfram að láta neytendur velferðarkerfisins, skólanna og sjúkrahúsanna, taka þátt í rekstrarkostnaði. Ég hef beðið um það að Ríkisendurskoðun skoðaði það eða liti á það, reyndi að gera á því úttekt hvernig þessi þróun hefur verið í tíð núv. hæstv. ríkisstjórnar, hvað það er í raun mikið sem við höfum flutt af sköttum og samneyslu yfir á herðar sjúklinga og annarra sem þurfa að sækja heilsugæslustöðvar, sjúkrahús, sérfræðiþjónustu og neyta lyfja. Sú vinna er það ég veit best í gangi hjá Ríkisendurskoðun. Ég veit að þetta er ekki auðvelt verk en það verður gengið eftir því að fá úr þessu niðurstöðu.

Og svo aðeins að lokum, hæstv. forseti, þá nefndi ég þá hugmynd varðandi þau dæmi sem hér eru sett upp hjá hæstv. ríkisstjórn um stefnumörkun til lengri tíma, halladæmi og jafnaðardæmi, að við stefndum frekar að því að reyna að verja útgjaldahliðina eins og hún lítur núna út. Við þurfum sjálfsagt að forgangsraða þrátt fyrir það innan hennar því að það eru vissir þættir sem halda áfram að taka á sig aukin útgjöld, en við reyndum að komast hjá frekari erfiðum niðurskurði. A.m.k. tel ég að að sé alveg ljóst að frekari flatur niðurskurður verður ekki framkvæmdur þó að það örli nú reyndar aðeins á því enn hér í þessu frv. að skólum og öðrum stofnunum er ætlað að hagræða um einhverjar tilteknar upphæðir eða krónur sem er þá auðvitað í raun ekki annað en flatur niðurskurður. Og ég taldi að það ætti að nota hina hliðina, tekjuhliðina, auknar tekjur í þjóðarbúinu til þess að ná hallalausum fjárlögum. Hæstv. fjmrh. taldi það ekki duga, enda dugar það ekki með stefnu núv. hæstv. ríkisstjórnar sem hefur engan skilning á þörfum atvinnulífsins. Ef við værum að tala um það í alvöru af einhverri bjartsýni að leggja hér áherslu á bætt efnahagsástand og bætt atvinnulíf þá mundi auðvitað þróunin verða sú að gjaldahliðin gæti staðist en tekjuhliðin yrði til þess að jafna hallann.

[16:41]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég kemst ekki hjá því að spyrja hv. þm. af því að hann ræðir um langtímamarkmiðin hvernig Framsfl. hyggst, ef hann ætlar að frysta upphæð útgjaldanna, skera niður á móti þeim sjálfvirku útgjaldahækkunum sem koma fram á hverju ári upp á 3–4 milljarða. Hvar ætlar Framsfl. að skera? Er það í velferðarkerfinu, fjárfestingunum eða í rekstri? Og ég bið hv. þm. að sundurgreina það vegna þess að hv. þm. sagði að hann væri ekki sammála því sem sagt væri í kaflanum um þessi atriði og því sem kom fram í minni ræðu. Það er nefnilega svo að bara með því að halda útgjöldunum í stað í krónutölu, þá þarf að skera niður og mér finnst sanngjarnt að hv. þm. lýsi því þá hér og nú hvernig hann hyggst gera það.

Í öðru lagi vil ég segja hv. þm. að nú þegar birtir til er talið að hagvöxtur hér á landi verði mjög hægur á næstunni vegna þess að enn hefur ekki tekist að auka fiskveiðar, fiskigengd er minni hér við land en áður. Það er talið að á næstu árum getum við búist við svona 1,5% á ári sem er um það bil helmingi minni hagvöxtur en er í nágrannalöndunum. Við þurfum þess vegna að vera raunsæ, þetta eru spár, og spyrja okkur hvernig við getum náð hallanum niður. Mér finnst þess vegna, virðulegur forseti, full ástæða til þess hér og nú fyrst boðið er upp á þessa umræðu, sem ég tel vera mjög góða, að ræða fram í tímann hvernig Framsfl. hyggst standa að því að skera niður 3–4 milljarða til þess að halda útgjöldunum óbreyttum en nýta tekjurnar til lækkunar halla.

[16:43]

Guðmundur Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég gerði grein fyrir því í gær í nokkrum atriðum hvernig ég teldi að við framsóknarmenn vildum standa að því að ná jöfnuði og ná þeim markmiðum í áföngum, setja okkur langtímafjárlög, t.d. eitt kjörtímabil eða svo eins og hér er talað um eða til 3–4 ára, sem ég held að sé eðlilegt og nauðsynlegt. Mér er ljóst að innan óbreyttra útgjalda er ákveðin hækkunartilhneiging, þ.e. aldursskipting þjóðarinnar. Hún leiðir okkur til þess, og aðrir þættir eins og í menntakerfinu þýða það sjálfsagt líka, að við þurfum að horfast í augu við að ákveðnir þættir taka á sig aukin útgjöld. Þess vegna verðum við auðvitað að halda áfram að skoða allan hinn opinbera rekstur með því að leita allra leiða til að auka hagkvæmni þess. Við höfum talað um að setja einstökum stofnunum ákveðin markmið um raunlækkun kostnaðar og að sjálfstæði stofnana verði aukið og frumkvæði stjórnenda og ábyrgð þeirra og á þann hátt sé hægt að fara þannig í gegnum hið opinbera kerfi allt saman, í saumana á því betur heldur en ráðast á eða skera velferðarkerfið. Við teljum og ég tel að það sé komið nú þegar það langt í því að sauma að heilbrigðiskerfinu, heilsugæslunni og þeim þáttum að við getum ekki gengið lengra á þeirri braut.

Síðan vil ég segja það um hagvaxtarspána að með breyttum vinnubrögðum í efnahagsstjórnuninni og efnahagsstefnunni er ég sannfærður um að það er hægt að auka tekjur ríkissjóðs og ríkisins meira en hefur verið gert í tíð þessarar hæstv. ríkisstjórnar og það er sá tekjuauki sem ég held að sé hægt að nýta til þess að ná jafnvægi í ríkisbúskapnum án þess að þurfa að ganga lengra í niðurskurði heldur en við þegar höfum gert.

[16:45]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil vekja athygli á því að það sem hv. þm. sagði var að það ætti að fara lið fyrir lið í gegnum fjárlögin og skoða rekstur stofnana, setja þeim markmið og reyna að ná sparnaði fram með þeim hætti og ég er vitanlega sammála því. En þá verðum við að gera okkur grein fyrir stærðunum í fjárlögunum. Ef við tölum einungis um samneysluna eða rekstrinn, þá er hann kannski helmingurinn af fjárlagastærðinni, við sleppum heilbrigðis- og tryggingamálunum og menntamálunum. Það er verið að gera risavaxnar kröfur til þessa rekstrar ef það á að spara þar 3–4 milljarða og ég vek athygli á því að langsamlega stærsti liðurinn eru laun. Og þess vegna hlýtur maður að spyrja næst: Er þá hugmynd hv. þm. að spara launin og á það að gera með því að fækka fólki eða lækka launin því að það hlýtur að vera næsta spurning? Og þá er líka ástæða til þess að spyrja: Hvernig rímar það við það sem fram hefur komið hér í umræðunum um atvinnuleysi o.s.frv.?

Ég vek athygli á þessu vegna þess að auðvitað voru svörin ekki skýr hjá hv. þm. Ég veit það gjörla að það er ekki hægt að gefa algerlega ljós og skýr svör við þessum spurningum en ég held að það sé hollt fyrir okkur í þessari umræðu að gera okkur grein fyrir viðfangsefninu og átta okkur á því að það er kannski meira en að segja það að ná jafnvægi í ríkisfjármálunum. En ég fagna því hins vegar að einn stjórnarandstöðuflokkanna skuli taka það mál upp og sýna a.m.k. áhuga á því að ná jöfnuði í ríkisfjármálunum á næstu árum.

[16:47]

Guðmundur Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér er það fyllilega ljóst eins og hæstv. fjmrh. nefndi hér í lok sinnar ræðu að það er ekki auðvelt að ná þessum jöfnuði, það er ekki auðvelt að ná jöfnuði í ríkisfjármálum. En ég held að það sé líka alveg útilokað, það er nánast óraunhæft að setja sér það markmið í kreppu, í niðursveiflu þegar þjóðarútgjöldin dragast saman. Þá þurfa menn að leggja höfuðáherslu á það að efla atvinnulífið og það þarf ríkisvaldið að gera. Það tel ég að ríkisvaldið núverandi, núverandi hæstv. ríkisstjórn og ég hef margsinnis nefnt það og bent á það, og við framsóknarmenn og ég hygg og stjórnarandstæðingar allir, að ríkisstjórnin hafi ekki snúið sér sem skyldi að þeim þætti eða þeirri hlið ríkisfjármálanna, þ.e. tekjuhliðinni og því að leggja áherslu á það að auka þjóðartekjurnar. Þá er ég ekki að tala um viðbótar- eða aukna skattheimtu heldur það að atvinnulífið sé færara um það og burðugra, að standa undir þeim útgjöldum og því velferðarkerfi, því velferðarþjóðfélagi sem við höfum verið að byggja upp. Það er ekki hægt að ráðast að þessum vanda í kreppunni. Menn verða og við verðum að snúa okkur að hinni hliðinni að byggja upp og treysta atvinnulífið. Það er sú eina leið sem getur leitt okkur til hallalauss ríkisbúskapar.

Ég tel þá líka að á þeim sama tíma sem slíkt ástand ríkir, þá sé mjög erfitt, nánast útilokað að fækka mjög opinberum starfsmönnum vegna þess að sá vandi — og það reyndi ég nú að draga aðeins fram í ræðu minni í gær — vegna þess að sá vandi og sú staðreynd býr bara til ný félagsleg vandamál og útgjöld á ríkissjóð eftir öðrum leiðum, í gegnum atvinnuleysistryggingar, í gegnum heilbrigðiskerfi, í gegnum félagslega þjónustu og svo fleira og fleira. Svo ég held líka að á því sviði hafi hæstv. ríkisstjórn verið á rangri braut.

[16:49]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég hafði í sjálfu sér ekki ætlað mér að taka til máls undir þessari umræðu, 1. umr. um fjárlög fyrir árið 1995, en ég sé mig hins vegar knúinn til þess að gera það eftir ummæli hæstv. fjmrh. hér áðan um skattastefnu og skattatillögur okkar framsóknarmanna á síðasta ári.

Það kann vel að vera að hæstv. fjmrh. sé eins og forsrh. búinn að tala sig upp í það að ráðherrar trúi þeirri glansmynd af efnahagsmálum og efnahagslífi þjóðarinnar sem er dregin upp í fjárlagaræðu ráðherrans fyrir næsta ár. Það má vel vera að það sé þannig komið fyrir hæstv. ráðherra. Ég hef hins vegar til þessa ekki staðið hæstv. ráðherra að öðru en heiðarlegum

málflutningi úr þessum ræðustól þó að hæstv. ráðherra sé vissulega stundum strákslegur og geti brugðið á leik, hef ég ekki, yfirleitt ekki staðið hann að öðru en heiðarlegum málflutningi úr þessum ræðustóli. Varðandi þau orð sem hann lét falla um skattastefnu Framsfl. og ég tel að hann hafi beint að þeim tillögum sem Framsfl. lagði fram á síðasta vetri, þá var þar hins vegar um að ræða í hæsta máta óheiðarleagn málflutning og það held ég að hæstv. ráðherra viti sjálfur.

Ég sit í efh.- og viðskn. og ég sat í henni á síðasta ári og ég tók þátt í því að vinna þær tillögur sem við framsóknarmenn lögðum þar fram. Ég hygg að það séu ekki mörg dæmi að stjórnarandstaða þó hún stæði ekki að þessu í heild á þessum tíma hafi komið með jafnheildstæðar tillögur til breytinga á skattalögum því að við komum með pakka sem gekk fullkomlega upp. Hann skilaði þeim markmiðum sem hæstv. fjmrh. vildi ná og meira en það og var ódýrari fyrir ríkissjóð og að mati Þjóðhagsstofnunar og það hefur verið staðfest með annarri skýrslu núna í vetur skilaði meiri tekjujöfnun til hinna lægst launuðu en tillögur hæstv. fjmrh. á síðasta ári. Þetta vissi hæstv. ráðherra þá en ég hafði því miður ekki tíma til þess að ná í og geta vitnað beint í þingtíðindi frá síðasta vetri þar sem hæstv. raðherra stóð hér í þessum stól með strákslegu glotti og sagði: Jú, vinir mínar í Framsfl., þetta er alveg rétt hjá ykkur, þetta er allt saman rétt hjá ykkur. En ég var bara búinn að semja við menn úti í bæ um að gera þetta öðruvísi og ég verð að fara eftir því þó að það sé á móti minni sannfæringu. Þetta er ekki orðrétt það sem hæstv. ráðherra sagði en þetta er nákvæmlega inntakið og það veit hæstv. ráðherra, enda segir ráðherrann í þskj. 1, þ.e. fjárlagafrv. á bls. 277 í athugasemdum sem þar eru, með leyfi forseta:

„Eins og þetta yfirlit ber með sér hafa miklar breytingar verið gerðar á virðisaukaskattskerfinu frá því að það var upphaflega lögfest á árinu 1988. Þyngst vegur að undanþágurnar eru fleiri en að var stefnt í upphafi og horfið hefur verið frá því grundvallarmarkmiði að hafa aðeins eitt skattþrep, a.m.k. um sinn. Þessar breytingar hafa óneitanlega dregið úr skilvirkni kerfisins og gert framkvæmdina erfiðari en ella. Það er óumdeilt að í skattalegu tilliti er eitt þrep og sem fæstar undanþágur æskilegasti kosturinn."

Nú vil ég taka fram að þarna er einungis rætt um í skattalegu tilliti og þetta er sú stefna sem hæstv. þáv. fjmrh. Ólafur Ragnar Grímsson framfylgdi á sínum tíma og barðist hér grimmt fyrir því að hér skyldi einungis vera eitt skattþrep. Ég býst við að hæstv. ... (**ÓRG:** Nei, það var ekki mín stefna. Mín stefna var alltaf að hafa tvö skattþrep. Það voru Framsfl. og Alþfl. sem vildu eitt skattþrep. Ég barðist alltaf fyrir ...) Nú held ég að ég verði að biðja hæstv. fyrrv. ráðherra, núv. hv. þm. að rifja aðeins upp betur því að nú vill svo til að á árinu 1989 þegar verið var að móta hinar endanlegu reglur þá var sá sem hér stendur allan veturinn inni sem varamaður. Þá var ég annarrar skoðunar en ég er í dag. Ég var þeirrar skoðunar þá að það ættu að vera tvö þrep. Ég hef hins vegar komist að annarri niðurstöðu við nánari skoðun. En þá átti sá sem hér stóð í rimmum oftar en einu sinni við þáv. fjmrh. sem var ósveigjanlegur og ekki tilbúinn til að breyta þar nokkru. (**ÓRG:** Ég varði stefnu stjórnarinnar.) Nú er komin upp sú skemmtilega staða að nú lýsti hæstv. fjmrh. á síðasta þingi yfir að hann væri þar að framfylgja stefnu andstætt sinni sannfæringu og nú kemur í ljós að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson sem þáv. fjmrh. ku einnig hafa verið að framfylgja stefnu andstætt sinni sannfæringu, þannig að ... (Gripið fram í.) Það er alveg rétt og því hef ég margsinnis ... (**Gripið fram í:** Þú fórst fyrstur hringinn ...) Forseti, væri nokkur leið að fá hlé til þess að klára ræðu mína fyrir framm íköllum? En það er alveg rétt og það rakti ég hér úr þessum stól á síðasta vetri hvers vegna ég skipti um skoðun í þessu máli. En þetta er nú kannski útúrdúr. Aðalatriðið er þetta að mér ofbauð málflutningur hæstv. fjmrh. hér áðan. Hann vissi það sjálfur að hann var ekki heiðarlegur. Hann vissi það sjálfur að hann gekk þvert á það sem hæstv. ráðherra sagði hér úr þessum sama ræðustól á síðasta ári. Það er einu sinni svo að það er ekki svo einfalt að það að hafa skattkerfin einföld og skilvirk sé bara skattatæknilegt atriði. Það er í því tilliti sem ég birti mína skoðun á síðasta þingi og ég er þeirrar sannfæringar enn. Það er nefnilega pólitískt grundvallaratriði, því að það er grundvallaratriði varðandi það að almenningur í landinu sem þarf að borga skattana hafi trú á kerfinu, hann trúi því að þau séu skilvirk og þau skili árangri.

Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson nefndi það hér áðan, og ég rengi hann ekkert í því, að hann hafi verið þeirrar skoðunar á þeim tíma að þrepin ættu að vera tvö þó hann framfylgdi annarri stefnu, hann framfylgdi að öðru leyti stefnu þeirrar ríkisstjórnar sem í grundvallaratriðum gekk út á það að gera skattkerfin einfaldari. Og ég út af fyrir sig virði hæstv. ráðherra Jón Baldvin Hannibalsson sem var sá fjmrh. sem tók þessa stefnu upp, ég virði hann fyrir þau skref sem hann steig í þá átt og býst reyndar við að þau verði seinna meir e.t.v. talin mikilvægari og merkilegri en margt annað sem sá hæstv. ráðherra hefur unnið síðan. En grundvallarstefna þeirrar ríkisstjórnar í tollamálum og í skattamálum var að koma á einfaldara og skilvirkara kerfi og ég hygg að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, þá ráðherra, hafi í meginatriðum unnið að þeirri stefnu og haldið henni að öllu leyti meðan hann var fjmrh., e.t.v. að hluta þvert á sína sannfæringu.

Stefna núv. hæstv. ríkisstjórnar hefur hins vegar í nánast öllum atriðum gengið þvert á þetta. Það hefur verið gengið í það að gera skattkerfið flóknara og óskilvirkara.

(**Forseti** (KE): Nú vill forseti spyrja hv. þm. hvort hann er að ljúka máli sínu eða hvort hann vill gera hlé á ræðu sinni nú þar sem klukkan er orðin 5. Ef það er kannski aðeins ein mínúta eftir eða svo þá hefði forseti leyft þingmanninum að ljúka máli sínu, en að öðru leyti óskar forseti eftir að hann fresti máli sínu.)

Virðulegi forseti. Ég á eftir að ræða við hæstv. fjmrh. um vaxtamál og ég held að við verðum þá að fresta því þangað til í kvöld.

[Fundarhlé. — 17:00]

Útbýting þingskjals:

Vantraust á ráðherra í ríkisstjórn Davíðs Oddssonar, 77. mál, þáltill. KÁ o.fl., þskj. 77.

[20:39]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson (frh.):

Virðulegur forseti. Ég sá þegar ég settist í sæti mitt að það hafði verið dreift tillögu um vantraust á alla ráðherra ríkisstjórnarinnar og mér sýnist nú þegar ég lít hér til beggja handa úr ræðustól að þeir hafi tekið þetta mjög bókstaflega og hafi tekið þann kostinn að mæta ekki til þinghalds meir. Í það minnsta sést enginn ráðherra hér í ráðherrastólunum og það er þá spurning til hvers við höldum hér áfram þinghaldi, sá sem hér stendur og hv. 4. þm. Reykv. sem erum hér einir mættir ásamt forseta í upphafi þessa fundar. En ég hlýt nú að vona að hæstv. fjmrh. sé á leiðinni því að ástæðan fyrir því að ég kvaddi mér hér hljóðs var einungis ummæli hans í umræðunni hér áðan. Ég sé að hv. 4. þm. Norðurl. e. lítur hér eins og ég á ráðherrastólana en ég get upplýst þingmanninn um það að væntanlega hafa ráðherrarnir tekið framkomna vantrauststillögu svo bókstaflega að þeir hafi ákveðið að mæta ekki til þings meir. (**SJS:** Nei, farnir að pakka niður.) Farnir að pakka niður.

Í öðru lagi, virðulegi forseti, var ég búinn að biðja hér um það og taldi reyndar víst að hér væri mættur hv. 7. þm. Norðurl. e., formaður fjárln. en ég tel alveg nauðsynlegt að hann komi hér og verði við umræðuna eftir þær yfirlýsingar sem hv. þm. gaf hér í sjónvarpsfréttum í kvöld.

(**Forseti** (SalÞ): Það hafa verið send skilaboð til formanns fjárln. þannig að þess er að vænta að hann komi hér til fundar.)

Það virðist vera nauðsynlegt að við förum og gerum þinghlé og horfum á fréttirnar því að það koma alltaf nýjar og nýjar yfirlýsingar frá fulltrúum ríkisstjórnarflokkanna. En í sjónvarpsfréttum í kvöld lýsti hv. 7. þm. Norðurl. e., þingmaður Alþfl. og formaður fjárln., því yfir að það væri eiginlega ekkert að marka þær yfirlýsingar sem kæmu fram í fjárlagafrv. um tekjuhliðina og það ætti að hans mati bæði að viðhalda hátekjuskattinum og sömuleiðis stæði það í hvítbók ríkisstjórnarinnar að fyrir lok kjörtímabilsins yrði búið að taka upp fjármagnstekjuskatt í einhverju formi. Hv. þm., formaður fjárln., sagðist trúa því að ríkisstjórnin stæði við þetta. Og ég hlýt því að spyrja hæstv. fjmrh.: Er það svo að hann sé að leggja þetta fjárlagafrv. fram í eigin nafni einn og sér og hafi ekki stjórnarflokkana á bak við sig? Ég hlýt að spyrja hæstv. ráðherra að því hvað þessar yfirlýsingar þýði, hvort þær þýði að það sé í raun einungis annar stjórnarflokkurinn, Sjálfstfl., sem standi að baki þessu fjárlagafrv. því að það var enginn venjulegur þingmaður sem var að gefa yfirlýsingar hér í kvöldfréttunum. Það var formaður fjárln. og ef ég man rétt, þá lýsti sá hinn sami þingmaður því yfir þegar hann tók við því embætti að það væri í það minnsta ígildi ráðherraembættis og ef eitthvað væri, þá valdameira þannig að ég hlýt þá að taka í það minnsta jafnmikið mark á orðum hans eins og hæstv. fjmrh. Ég vænti þess að hæstv. ráðherra gefi einhverjar skýringar á þessu hér á eftir. Þetta hlýtur einnig að reka á eftir því að við sem sitjum í efh.- og viðskiptanefnd förum í það sem er okkar hlutverk samkvæmt þingsköpum að kanna tekjuhlið fjárlaganna og kanna hvaða vilji stendur á bak við það sem þar kemur fram. En ég hlýt að vona að hv. 7. þm. Norðurl. e. komi hér til umræðunnar þannig að við getum borið þessar spurningar fram við hann einnig.

Að lokum aðeins um vaxtamálin sem hæstv. ríkisstjórn hefur mikið gumað af og hæstv. fjmrh. talar mikið um markaðsaðgerðir í því sambandi og síst ætla ég að mótmæla því að í okkar opna hagkerfi ráðast vextir að nokkru leyti af markaði. Þeir ráðast líka að mjög miklu leyti af almennum aðgerðum sem menn á stundum hafa kallað handaflsaðgerðir og það var ekki fyrr en ríkisstjórnin lét undan og féllst á það að það væri skynsamlegt að beita handafli, því að hvað er það annað þegar vöxtum er náð niður, og það var ekki hægt að gera það öðruvísi og ég get út af fyrir sig tekið undir þá aðgerð ríkisstjórnarinnar og verið henni sammála. Vextir voru lækkaðir með hreinum hótunum, með því að segja, þeir sem réðu yfir fjármagninu hér, að ef þeir lækkuðu ekki vexti á ríkispappírum niður í 5%, þá yrði farið á erlenda markaði. Menn hlýddu þessu kalli. En því miður búum við nú hér, þessi vinnustaður okkar er nú stundum dálítið einangraður og það var eins og fulltrúar ríkisstjórnarinnar, bæði ráðherrar og einstakir þingmenn hefðu ekki hugmynd um það að lengi framan af og í raun fram á daginn í dag var það fyrst og fremst ríkið sem naut þessara lækkuðu vaxta. Fyrirtækin sem á tveimur fyrstu árum þessarar ríkisstjórnar höfðu verið að borga um og yfir 20% vexti af sínu skammtímafjármagni — það lækkaði að vísu eitthvað en enn þann dag í dag eru þau fyrirtæki sem ekki hafa burði til þess að fara út á markað með skuldabréf að borga 12–14% vexti fyrir sitt skammtímafjármagn. Það er enn að sliga atvinnurekstur hér á landi.

Virðulegur forseti. Ég á væntanlega eftir að taka þessa vaxtaumræðu aftur seinna við hæstv. fjmrh. en ég sé að nú er mættur í salinn hv. 7. þm. Norðurl. e. formaður fjárln. Ég hlýt að spyrja hv. þm. sömu spurninga og ég lagði fyrir hæstv. fjmrh.: Er það eingöngu Sjálfstfl. sem stendur að framlagningu þessa fjárlagafrv.? Í sjónvarpsfréttum í kvöld sagði hv. 7. þm. Norðurl. e. að hann vildi viðhalda hátekjuskattinum sem þó er skýrt tekið fram í skýringum með fjárlagafrv. og allri kynningu á því að eigi að leggja niður. Einnig sagði hv. þm. að það væri hans skoðun að ríkisstjórnin hlyti að standa við það loforð sitt sem var gefið í hvítbókinni að taka upp fjármagnstekjuskatt, taka upp skatt á fjármagn, áður en kjörtímabilinu yrði lokið. Á sama hátt er því lýst í forsendum með og í sjálfu frv. að það verði ekki gert og það er rökstutt þar. Ég er ekki sammála þeim rökstuðningi, en það kemur fram í frv. ráðherrans þannig að við stjórnarandstæðingar að spyrja: Hvað er eiginlega að ske? Getur þessi ríkisstjórn ekki einu sinni staðið saman að framlagningu fjárlagafrv. sem er hornsteinn í stefnu hverrar ríkis-

stjórnar og hornsteinn í hollustu við hverja ríkisstjórn að stjórnarflokkar standi saman að fjárlagafrv. og fjárlagagerð? Svo eru menn hissa á því að við í stjórnarandstöðunni skulum leggja fram vantraust á ríkisstjórn sem vinnur á þennan hátt.

Ég hlýt að gera þá kröfu bæði til hæstv. fjmrh. og hv. 7. þm. Norðurl. e., formanns fjárln., að þeir skýri þetta mál eilítið betur fyrir okkur hér áður en þessari umræðu lýkur. Hvað átti hv. þm. við með ummælum sínum í kvöld? Þýðir það að Alþfl. standi ekkert að baki þessa fjárlagafrv.? Og hvaða vinna er í gangi af hálfu hv. þm. og Alþfl. til þess að fá hátekjuþrepinu viðhaldið og koma á fjármagnsskatti sem skili einhverjum tekjum inn á næsta fjárlagaár?

[20:49]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef ekki ætlað mér að blanda mér inn í þessar deilur Sjálfstfl. sérstaklega eða stjórnarsinna annars vegar og Framsfl. hins vegar um virðisaukaskattinn og skýrslu Ríkisendurskoðunar þó að ég geti svo sem sagt ýmislegt um það og m.a. bent á að allt það sem ég sagði í ræðu eftir miðnættið í desember sl. vetur hefur reynst rétt þegar það var nú farið að ganga fram af manni ruglið sem haldið var fram af þeim sem voru á móti þessum breytingum. En ástæðan fyrir því að ég kvaddi mér hér hljóðs er það að hv. síðasti ræðumaður fór að draga nafn mitt og störf mín sem fjmrh. inn í þessar deilur þeirra framsóknarmanna og stjórnarliðsins og ég vildi þess vegna bara ítreka það sem ávallt hefur legið fyrir en hv. ræðumaður virtist hafa gleymt: Það hefur ávallt verið afstaða Alþb. að vilja lægra þrep í virðisaukaskatti á matvæli. Það var stefna sem við reyndum að flytja í síðustu ríkisstjórn en naut ekki stuðnings annarra stjórnarflokka. Niðurstaðan var málamiðlun sem fól í sér svokallað endurgreiðsluþrep á algengum innlendum matvælum en stefna stjórnarinnar var að öðru leyti um eitt þrep. Þá stefnu flutti ég auðvitað sem fjmrh. og varði hana en það var öllum ljóst að stefna Alþb. þá eins og nú var sú að vilja lægra þrep í virðisaukaskatti. Þetta bið ég menn að hafa hjá sér og alveg skýrt en að öðru leyti ætla ég ekki að svo komnu máli að blanda mér í þessar deilur.

[20:52]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég hef ekki ætlað mér hér að munnhöggvast við fyrrv. fjmrh., hv. 8. þm. Reykn., ég benti einfaldlega á það að hv. þm. fylgdi þessari stefnu eftir sem ráðherra þegar hann var það og barðist fyrir því með kjafti og klóm og varð hinn versti ef nefndar voru aðrar leiðir. Þannig að ég var einungis að setja þetta í eilítið sögulegt samhengi í dag.

[20:53]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er alveg rétt að ég barðist fyrir stefnu stjórnarinnar af mikilli hörku. Ég hefði t.d. aldrei liðið það að formaður fjárln. hefði afneitað tekjuhlið fjárlagafrv. þegar við 1. umr. eins og gerðist í kvöld í ríkisfjölmiðlunum.

[20:53]

Sigbjörn Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það kom skýrt fram í máli mínu í gær við þessar umræður að ég tel að hátekjuskattur skuli á lagður. Ég er hins vegar ekki endilega sannfærður um það að það skuli gert með sömu útfærslu og gert hefur verið undanfarin tvö ár. Vegna spurningar hv. þm. Jóhannesar Geirs Sigurgeirssonar hvort Alþfl. styddi ekki frv., þá styður Alþfl. að sjálfsögðu frv. Það er hins vegar ljóst og er engin nýlunda að tekjuhliðin er ekki að fullu rædd á milli stjórnarflokkanna. (Gripið fram í.) Varðandi það sem nefnt var um ...(**ÓRG:** Nú, vantar helminginn af frumvarpinu?) Forseti, er það ég sem hef orðið hér eða hv. 8. þm. Reykn.?

(**Forseti** (SalÞ): Forseti óskar eftir því að ræðumaður fái hljóð á meðan hann flytur sitt mál.)

Þakka þér fyrir, forseti. Ég lýsti þeirri skoðun minni í sjónvarpi í kvöld og hef gert það hvar sem eftir því hefur verið leitað að ríkisstjórnin eigi og muni að sjálfsögðu standa við það sem um var samið þegar þessi ríkisstjórn var sett á laggir að vinna að samræmingu á skattlagningu eigna og eignatekna. Ég hef enga ástæðu til þess að draga í efa að það verði gert enda hefur svo sem verið staðið við flest það sem í þessari ágætu bók stendur.

[20:55]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hér kom hv. 7. þm. Norðurl. e. og formaður fjárln. og sagði að að sjálfsögðu stæði hann að baki fjárlagafrv. Þá hljótum við að skoða ummæli hans í sjónvarpinu í kvöld sem innantómt gaspur.

Ef það er svo að hv. formaður fjárln. lýsir því hér yfir úr ræðustól að að sjálfsögðu standi hann að baki fjárlagafrv. sem hæstv. ráðherra er búinn að lýsa hvaða forsendur eru fyrir þá þýðir ekkert að koma fram í sjónvarpi og slá um sig með hvítbókinni og segja að að sjálfsögðu standi ríkisstjórnin við stefnu sína. Við munum fylgjast grannt með því, stjórnarandstæðingar, meðan á fjárlagavinnunni stendur hvernig þessu máli vindur fram, hvernig þessari rimmu hæstv. fjmrh. og hv. 7. þm. Norðurl. e. formanns fjárln. lýkur. En hæstv. fjmrh. hefur lýst því yfir sem einni af forsendum efnahagsstefnunnar, forsendum fjárlaganna að ekki verði tekinn upp fjármagnstekjuskattur. Þannig að hér er ein sönnunin enn um að það stendur ekki steinn yfir steini í þessu stjórnarsamstarfi. Það hlýtur að vera fáheyrt að við 1. umr. um fjárlagafrv. séu formaður fjárln. og fjmrh. ósammála í grundvallaratriðum um þær forsendur sem eiga að liggja að baki efnahagsstefnunni og fjárlagafrv.

[20:57]

Sigbjörn Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég verð nú ekki var við mikla rimmu milli okkar fjmrh. Það er hins vegar svo í hvaða samsteypustjórn sem ég hef þekkt til og man eftir að það kann að vera ákveðinn áherslumunur. Þessari ríkisstjórn hefur tekist fullkomlega að leysa þann ágreining sem á stundum hefur verið hafður uppi. Ég kann því hins vegar miður að talað sé um orð manna — og legg það ekki í vana minn að kalla orð manna inni-

haldslaust gaspur. Hins vegar mun hv. þm. Jóhannes Geir að sjálfsögðu fylgjast með því hvað út úr þessu kemur og hann bíður þá bara spenntur næstu tvo mánuði.

[20:58]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Vissulega er það svo að það er oft meiningarmunur milli stjórnarflokka. En ég hef miklu sterkari orð heldur en meiningarmun um það þegar ríkisstjórn leggur fram fjárlög sem eins og ég nefndi áðan eru hornsteinn efnahagsstefnu hverrar ríkisstjórnar og hæstv. fjmrh. og formaður fjárln. eru ekki sammála um grundvallaratriðin sem eiga að liggja að baki í tekjuöflun. Það er ekki meiningarmunur. Það er mjög alvarlegur ágreiningur.

Ég ítreka það sem ég sagði hér áðan að við munum fylgjast grannt með baráttu hv. þm. fyrir að taka upp fjármagnstekjuskatt sem komi inn sem liður í tekjuöflun á næsta ári. Hann má eiga vísan stuðning í það minnsta hluta stjórnarandstöðunnar hvað það snertir.

[21:00]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég skal verða við beiðni hv. þm. um það að lýsa því hvernig stendur á tekjuhlið fjárlaga. Ég vil fyrst taka það fram að ég held að það sé nokkuð góð staða að vera fjmrh. þar sem einstakir þingmenn eru óðir og uppvægir að reyna að bæta við tekjurnar. Það er mjög sjaldgæft að vera fjmrh. í þeirri stöðu og ég fagna því satt að segja.

Það er tvennt sem fyrst og fremst er verið að ræða, annars vegar hátekjuskatt, það var samþykkt á milli flokkanna á sínum tíma að þetta væri tímabundinn skattur til tveggja ára. Hins vegar er um að ræða fjármagnstekjuskatt sem ríkisstjórnin ætlaði sér að taka upp, og það er hárrétt, og ég tel vera mjög sanngjarnan skatt. Niðurstaðan varð sú, vegna þess að um næstu áramót opnast fjármagnsmarkaðurinn til útlanda, að fresta því a.m.k. um sinn. Það er einnig hárrétt hjá hv. þm. að það ríkir fullur skilningur á því á milli þingflokkanna, á milli stjórnarflokkanna, að það þurfi að ræða frekar tekjuhlið fjárlaganna. Ég man aldrei eftir því að þegar lagt hafi verið fram fjárlagafrv. á Alþingi hafi því verið lýst yfir að tekjuhlið fjárlaganna gæti ekki breyst. Fyrr mætti nú vera. Ég held að tekjuhlið fjárlaganna hafi breyst í öll þessi ár sem ég hef verið fjmrh. og hef ég þó verið fjmrh. manna lengst orðið á Íslandi á þessari öld. (**ÓRG:** Nei, nei.) (**Gripið fram í:** Ekki samfellt.) Ég sagði manna lengst, ég sagði ekki lengst. En það eru að verða full fjögur ár. (**SJS:** Of lengi alla vega, við getum verið sammála um það.) Þannig að ég vona að þetta skýri nákvæmlega við hvað er átt og ég skil áhuga hv. þm. á því að halda hátekjuskattinum og það er fleira sem þarf að ræða en fjárlögin styðjum við að sjálfsögðu og ég á von á því að meira að segja sumt á gjaldahliðinni gæti hugsanlega breyst eftir einhverjar viðræður á milli stjórnarflokkanna og einstakra þingmanna áður en þingi lýkur fyrir jól.

[21:02]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Vissulega geri ég mér fulla grein fyrir því, virðulegur forseti, að bæði tekju- og gjaldahlið fjárlaga breytast í meðförum Alþingis. Það breytir ekki því að stjórnarflokkar hljóta að koma sér saman um ákveðnar grundvallarforsendur sem liggja að baki fjárlagagerðinni. Því hefur hæstv. fjmrh. lýst skýrt og skorinort að það komi ekki til greina að taka upp fjármagnstekjuskatt sem hlut í tekjuöflun fyrir næsta fjárlagaár. Ég hlýt þá að líta á það sem eina af þeim forsendum sem stjórnarflokkarnir eru búnir að koma sér saman um varðandi fjárlagagerðina. Ég skoða ummæli hv. þm. og formanns fjárln. í því ljósi. Það er mér hins vegar gjörsamlega óskiljanlegt hvernig það er hægt og virðist vera hægt að telja fjmrh. ár eftir ár trú um það að nú sé ekkert vit í því að taka upp fjármagnstekjuskatt því nú séu aðstæður svona í þessu þjóðfélagi. Síðasta ár voru þær einhvern veginn öðruvísi. Ég sé ekkert sem bendir til þess, í það minnsta að núv. ríkisstjórn hafi nokkra burði til þess að taka upp þessa skattlagningu en það að ekki er búið að taka hér upp skattlagningu á fjármagnstekjur og fjármagnseign eins og aðrar eignir og aðrar tekjur í þessu þjóðfélagi er ein af þeim þjóðarmeinsemdum sem við verðum að taka á á næstunni. Þetta er eitt af því sem þeir sem eru að borga í dag drjúga skatta á lágum tekjum horfa ekki upp á þegjandi og hljóðalaust öllu lengur.

[21:04]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er hárrétt að það stóð til af hálfu þessarar ríkisstjórnar að leggja á fjármagnstekjuskatt en frá því hefur verið horfið. Það þýðir ekki endilega að fjármagnstekjuskattur komi aldrei á eða jafnvel ekki á næsta ári eða þarnæstu árum. Ég tel fyllilega eðlilegt að það sé haldið áfram að skoða það mál mjög rækilega og það eru til mjög vel unnin frumvörp um þetta ákveðna tiltekna mál. Það er hins vegar svo að fyrir þá sem þekkja til skattamála í Evrópu þá er þessi skattur víkjandi. Fjármagnsmarkaðurinn er orðinn þannig að hann tekur ekkert mark á landamærum lengur og það eru brögð að því að fjármagnið færist til þeirra landa þar sem fjármagnstekjuskatturinn er minnstur. Til þess að bregðast við þessu hafa ríkin í meira mæli verið að falla frá þessum tiltekna skatti. Það þurfum við að hafa í huga. En ég samþykki það sem hér hefur verið sagt og tek undir það sem hér hefur verið sagt að það sé eðlilegt að fólk greiði tekjuskatt af fjármagnstekjum eins og öðrum tekjum, en þá á að nota tækifærið og lækka eignarskattana á móti að sjálfsögðu.

[21:05]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ekki fannst mér þessi ræða lofa góðu um það að hér yrði tekin upp eðlileg skattlagning á fjármagnstekjum. Hæstv. fjmrh. var að rökstyðja það að aðstæður væru þannig að okkar umhverfi byði ekki upp á það og mundi hugsanlega ekki gera það á næstu árum og ég hlýt að lýsa yfir miklum vonbrigð-

um. Ef hæstv. ráðherra hefði nú tækifæri til að koma hér oftar upp, þá hefði ég gjarnan viljað spyrja ráðherrann að því: Hvaða aðstæður þurfa að vera uppi til þess að hægt sé að taka þennan skatt? Því ég sé ekki þær aðstæður sem gætu skapast þannig að þessi skattlagning hefði engin áhrif á vexti eða fjármagnsmarkað þannig að þau rök falla að mínu mati um sjálf sig.

[21:06]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Í upphafi ræðu minnar vil ég vekja athygli forseta á því að það var liður í því samkomulagi sem reynt var að gera í gærkvöldi milli þingflokka og við lögðum þunga áherslu á það að hæstv. samgrh. yrði ekki aðeins viðstaddur þessa umræðu heldur svaraði einnig þeim spurningum sem til hans yrði beint. Bið ég nú hæstv. forseta að hlýða á mál mitt. Hæstv. samgrh. fékk í dag mikilvægar spurningar sem snerta niðurskurð á fjármagni til samgöngumála í fjárlagafrv. Hér er um að ræða meiri niðurskurð til samgöngumála en menn hafa séð um langt árabil. Satt að segja er það skýrasti niðurskurðurinn í frv. sem er á sviði samgöngumála. Og það er auðvitað alls ekki líðandi, virðulegi forseti, að hæstv. samgrh. sé ekki hér til þess að svara og vil ég beina því til forseta að það sé ítrekað reynt að sækja hæstv. samgrh. til umræðunnar.

(**Forseti** (SalÞ): Forseti vill upplýsa að forseta láðist að geta þess í upphafi fundarins að hæstv. samgrh. og landbrh. tilkynnti fjarvistir vegna veikinda í kvöld. Hann er veikur heima. Hann var veikur í gær, en var hér um tíma í dag, en treystir sér ekki til að koma í kvöld vegna lasleika. Þetta liggur fyrir.)

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að draga það í sjálfu sér í efa, tel það ekki við hæfi, en mér sýndust ekki nein sérstök veikleikamerki á hæstv. samgrh. þegar hann var hér í allan dag. En ég vona að hann hressist og það skapist þá tækifæri til þess fyrr en í desembermánuði að ræða þennan niðurskurð á vettvangi samgöngumála og beini því til hæstv. forseta að það verði þá sköpuð sérstök umræða hér í þinginu þegar hæstv. samgrh. er orðinn hressari til þess að ræða þennan niðurskurð til samgöngumála. Ég get þess vegna hér og nú farið fram á það fyrir hönd þingflokks Alþb. að það verði sérstök utandagskrárumræða við tækifæri, þegar hæstv. samgrh. er orðinn hress, um niðurskurðinn til samgöngumála. Það er hagsmunamál sem snertir svo mörg byggðarlög að það er nauðsynlegt að ræða það sérstaklega.

Ég vil einnig segja það við hæstv. fjmrh. að það er sérkennilegt að nota það sem röksemd gegn fjármagnstekjuskatti nú að um áramótin verði opnað að fullu á streymi fjármagns milli Íslands og annarra landa, vegna þess að það er ákvörðun sem er búin að liggja fyrir í mörg ár, var reyndar tekin af síðustu ríkisstjórn. Og mér finnst líka sérkennilegt að Sjálfstfl., sem telur sig styðja atvinnulífið, hefur viljað viðhalda þeirri mismunun sem er á skattlagningu milli atvinnulífsins annars vegar og verðbréfaeignar hins vegar. Arður af hlutafé sem menn setja í fyrirtæki til að byggja upp atvinnulífið í landinu er skattlagður, en ef menn kaupa verðbréf af hæstv. fjmrh. til þess að leggja í púkkið út af ríkishallanum eða kaupa önnur verðbréf, þá er arðurinn af þeim skattfrjáls.

Ég hef satt að segja aldrei skilið hvers vegna Sjálfstfl., sem segist styðja atvinnulífið í landinu, hefur viljað viðhalda þessari mismunun á skattlagningu atvinnulífinu í óhag, vegna þess að Ísland er eina landið innan OECD sem skattalega hvetur fólk til að leggja ekki peninga í atvinnulífið heldur kaupa í staðinn verðbréf frá hinu opinbera eða öðrum slíkum peningasjóðum sem ekki eru tengd neinum sérstökum atvinnurekstri. Og það er satt að segja ein af furðum íslenskra stjórnmála að þessi sami flokkur, Sjálfstfl., sem berst harðast fyrir þessari mismunun, atvinnulífinu í óhag, skuli komast upp með það, þegar búinn er að vera meiri hluti hér á Alþingi, samansettur af öðrum flokkum, til að leiðrétta þessa mismunun. Það væri náttúrlega fróðlegt að hæstv. fjmrh. færi aðeins nánar yfir það hér hvort honum finnst nú ekki skynsamlegt, jafnvel þótt það hefði aðeins einhver áhrif á vextina, að innleiða skattlagningu fjármagnstekna og þar með styrkja þann hvata sem er til þess að leggja fjármagn í atvinnulífið. Ég man ekki betur en við hefðum sameinast um það hér á síðasta kjörtímabili, þegar núv. hæstv. fjmrh. var í efh.- og viðskn., að innleiða hér skattalegt hagræði fyrir fólk sem væri að leggja fjármagn í það að kaupa hlutabréf í fyrirtækjum. Ef ég man rétt er búið að þrengja þetta skattalega hagræði núna hjá þessari ríkisstjórn og það er nú reyndar enn ein sérkennilega þversögnin í íslenskum stjórnmálum.

Það má í sjálfu sér margt segja við hæstv. fjmrh. um þær umræður sem hér hafa farið fram. En ég vil aðeins á þeim stutta tíma sem ég hef hér til viðbótar nefna það að auðvitað er það þannig að einhver áhrifamesti vaxtavaki í sérhverju hagkerfi er fjmrh. Fjmrh. sem kemur og lýsir yfir tiltekinni skoðun í vaxtamálum er nánast eins og opinber tilkynning um vilja markaðarins. Þannig er það alls staðar í þróuðum efnahagsríkjum. Þegar breski fjármálaráðherrann lýsir yfir skoðun sinni á vöxtum, þá fylgir markaðurinn. Þegar bandarískí fjármálaráðherrann lýsir yfir skoðun sinni á vöxtum, þá fylgir markaðurinn. Þannig er það væntanlega eins hjá okkur. Það er þess vegna sem við höfum gagnrýnt hæstv. fjmrh. fyrir það að ganga nánast á undan markaðnum hér á Íslandi og tilkynna vaxtahækkanir, eins og hann gerði hér í gærkvöldi, sérstaklega í ljósi þess að eina glætan sem er í þessu frv. um bata í atvinnulífinu er ávísun á vaxtalækkun samkvæmt fjárlagafrv. Mér sýnist, virðulegi fjmrh., að ef horft er til þess vetrar sem nú fer í hönd þá séu engar horfur á því að vextir fari lækkandi. Fjmrh. er búinn að tína til ýmis rök fyrir því af hverju vextir munu hækka. Þau rök eru öllsömul rétt. Það eru líka fleiri rök sem koma þar til greina, sem ráðherrann vill ógjarnan nefna vegna þess að þau snerta efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar. Ég vil líka nefna þetta fjárstreymi frá Íslandi til annarra landa sem nú þegar er orðið og verður væntanlega enn frekar um áramótin.

Þess vegna væri það mjög fróðlegt ef hæstv. fjm-

rh. gæti með einhverjum rökum bent á hvað á að framkalla vaxtalækkun hér á næstu 6–9 mánuðum. Er eitthvað sem hæstv. fjmrh. getur bent á sem eigi að orsaka vaxtalækkun? Það er hægt að hafa alls konar skoðun á því hvað viðsiptabankarnir eiga að gera, en það breytir því ekki að þeir framfylgja sinni ákvörðun. Ég vildi biðja hæstv. fjmrh. að reyna að benda á eitthvað skýrt og afmarkað sem leiðir líkum að því að það verði hér vaxtalækkun á næstunni.

Ég gæti einnig farið rækilega yfir viðskilnað þessarar ríkisstjórnar við ríkisfjármálin, skuldasöfnunina og ýmislegt annað, árangursleysi í aðhaldi í rekstrarútgjöldum og fleira. En ég ætla ekki að gera það hér nú, enda á ég aðeins eftir fáeinar mínútur. En ég vil hins vegar segja það við hæstv. fjmrh. að ég skil heldur ekki samhengið í þeirri stefnu að vera á móti hátekjuskatti en koma svo hér og segja, eins og hæstv. fjmrh. gerði í dag, að það sé eðlilegt að þeir sem hafi meiri tekjur borgi meira fyrir heilbrigðisþjónustuna og menntunina. Það eigi sem sagt að vera stighækkandi greiðslur vegna læknishjálpar, heilbrigðisþjónustu og menntunar eftir tekjum. (**Fjmrh.:** ... stighækkandi.) Ja, það hlýtur náttúrlega að vera stighækkandi. Alla vega sagði hæstv. fjmrh. það að honum fyndist eðlilegt að þeir sem hefðu meiri tekjur borguðu meira fyrir velferðarþjónustuna heldur en hinir. Ég skrifaði það eftir hæstv. ráðherra. Hvernig í ósköpunum getur ráðherra, sem er að mæla með því hér að það sé stighækkandi greiðsla á velferðarþjónustunni eftir tekjum, verið á móti hátekjuskatti? Ég sé ekkert samhengi í því. Það hlýtur þá nánast að vera bara útfærsluatriði ef hæstv. ráðherra er sammála því að þeir sem hafa meiri tekjur eigi að borga hærra hlutfall.

Ég verð þess vegna að segja alveg eins og er að þegar hæstv. fjmrh. er knúinn svara um ýmsa veigamikla þætti í þessu frv., þá er ekki rökrænt samhengi í svörunum. Hitt er svo alvarlegast, virðulegi forseti, að þeir tveir þættir sem alls staðar á Vesturlöndum, að dómi færustu hagfræðinga, eru forsendur fyrir hagvexti og bættum lífskjörum, menntun og fjárfestingu, eru þeir tveir þættir sem skornir eru mest niður í ríkisfjármálum þessarar ríkisstjórnar.

[21:17]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég skal svara þessari spurningu sem til mín var beint og reyna að skýra það út fyrir hv. þm. hvernig á því stendur að ég vil ekki hátekjuskatt eða hvernig það getur gengið saman, en ég sagði það í dag að þeir sem hefðu meira handa á milli, væru efnameiri, með hærri tekjur, ættu að borga fyrir þjónustuna. Munurinn liggur í því að sá sem nýtur þjónustunnar á að borga fyrir hana. Það er ekki alveg víst að þeir sem lenda í hátekjuskatti, sem eru margir sjómenn eða ungt fólk sem er að byggja, þurfi mest á þessari opinberu þjónustu að halda sem ég var að tala um. Í þessu liggur munurinn og vona ég að hv. þm. átti sig á því að það er verið að tala um að borga fyrir þjónustu sem maður fær annars vegar, það eru þjónustugjöld, hins vegar er verið að tala um það að greiða skatt í það sem viðkomandi aðili stjórnar engu um í hvað peningarnir fara. Á þessu er í mínum huga grundvallarmunur.

Svo langar mig til að spyrja hv. þm. að því, þegar rætt er um fjármagnstekjuskattinn, af því að mér leikur forvitni á að vita það og tel að út frá ræðu hans sé nauðsynlegt að hann skýri það fyrir mér og öðrum: Hvað vill hv. þm. gera, í sambandi við fjármagnstekjuskatt, við þær tekjur sem lífeyrissjóðirnir fá, sem eru langsamlega stærstu og öflugustu kaupendur ríkisverðbréfa, þegar þeir kaupa verðbréfin og fá verulegar tekjur af þeim? Eiga þeir þá ekki að borga fjármagnstekjuskatt eins og aðrir fjármagnseigendur?

[21:19]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Fyrsta spurning mín til hæstv. fjmrh. var að óska eftir því að hann útskýrði hvort hann gæti fært einhver rök fyrir því að vextir ættu að lækka á næstu 6–9 mánuðum. Það var auðvitað athyglisvert að hæstv. fjmrh. sagði ekki eitt orð til að reyna að svara því. Það er ekki hægt að túlka á annan veg, eftir alla umræðuna sem orðið hefur í dag eftir yfirlýsingu ráðherrans í gærkvöldi, en þann að hann treysti sér ekki til að nefna eitt einasta atriði sem eigi að benda til vaxtalækkana á næstunni. Það er auðvitað mjög mikilvæg yfirlýsing að hæstv. fjmrh. útskýrir nauðsyn á vaxtahækkun í gærkvöldi, er spurður um það hér í kvöld hvort hann geti bent á eitt einasta atriði sem leiðir til vaxtalækkunar á næstu 6–9 mánuðum, fram á næsta vor og skilar auðu. Þar með blasir það við að fjmrh. íslenska lýðveldisins er afdráttarlaust þeirrar skoðunar að vextir muni fara hækkandi þvert ofan í yfirlýsingar forsrh. í stefnuræðunni og þvert ofan í meginforsendur þessa fjárlagafrv. Og ég er sammála hæstv. fjmrh. um það. Ég held nefnilega að fjmrh. þessarar ríkisstjórnar geti ekki bent á eitt einasta atriði og það sé ekki hægt að benda á eitt einasta atriði sem leiði til vaxtalækkunar.

Varðandi lífeyrissjóðina, þá er ég þeirrar skoðunar, virðulegi fjmrh., sem mér er nú ekki unnt að útskýra hér í stuttu andsvari, að skattlagningin á fjármagnstekjunum eigi fyrst og fremst að vera á einstaklingana. Það sem eigi hins vegar að gera við lífeyrissjóðina er að breyta heimildum þeirra til þess að leggja fjármagn í atvinnulífið og taka jafnvel upp ákvæði um skyldaframlag þeirra til þess að leggja fram fjármagn í atvinnulífið þannig að sú mikla fjármagnsuppspretta sem er á vettvangi lífeyrissjóðanna verði notuð að verulegu leyti til þess að veita kraft í atvinnulífsuppbyggingu hér á landi. Ég tel það skynsamlegri meðferð á fjármagni lífeyrissjóðanna hér á allra næstu árum heldur en að draga þá inn í skattlagningu fjármagnstekna.

[21:21]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. bað mig um að svara spurningu um vexti. Ég skal gera það. Ég tel vel að vextir geti lækkað á næsta ári og næstu mánuðum. Við höfum einungis verið að tala um þann hluta markað-

arins sem heitir skammtímamarkaður. Þar hafa vextir verið að hækka í nágrannalöndunum og munu ugglaust hækka á næstu vikum, en þeir vextir geta líka lækkað. Ég heyrði það hér í dag að bankaráðsmaður Búnaðarbankans sagði að vextir gætu lækkað í bankakerfinu fyrir það fyrsta. Í öðru lagi má búast við því að eftir kjarasamninga og kosningar komist meiri ró á markaðinn, eins og gerist víða annars staðar. Það er talað um það að í Þýskalandi, eftir kosningarnar þar, megi búast við því að vextir geti lækkað þar og sömu sögu er að segja þar sem meiri ró og kyrrð færist yfir. Þetta er auðvitað ekki ljóst. Vextir hafa verið að hækka og lækka á víxl og það má búast við því að í Bretlandi og Bandaríkjunum, á meðan þenslan er að fara af stað, haldist vextir á skammtímamarkaði tiltölulega hærri en þeir voru áður. Aðalatriðið er þó það sem sagt er í fjárlagafrv. og það sem forsrh. sagði, að við mundum ná niður vöxtum og þegar það er sagt þá er auðvitað miðað við þá vexti sem eru til staðar bæði hérlendis og erlendis. Og ég get sannfært hv. þm. um það að nú eru vextir á skammtímamarkaði á Íslandi mjög lágir, þeir lægstu á Norðurlöndum og þótt víðar væri leitað. Það er aðeins á örfáum stöðum í heiminum sem vextir eru lægri á skammtímamarkaði heldur en hér á landi nú.

[21:23]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta gerist nú allt saman dálítið skemmtilegt. Hæstv. fjmrh. er alltaf að predika þá kenningu að vextir ráðist af markaðslögmálunum. Þegar hann er beðinn um að færa einhver markaðsleg eða efnahagsleg rök fyrir því að vextir eigi að lækka hér á næstu 6–9 mánuðum þá getur hann ekki nefnt nein slík efnahagsleg rök, þau eru ekki í fjárlagafrv. Fjárlagafrv. er allt í einu hætt að vera nokkur röksemdafærsla varðandi vaxtalækkun. (**Fjmrh.:** Lítil lánsfjárþörf.) Hæstv. fjmrh. fer hins vegar að tala um pólitík. Segir að það séu kosningar í Þýskalandi og kannski eftir kosningarnar á Íslandi í apríl þá geti vextir lækkað. Það er nefnilega málið, hæstv. fjmrh. Á meðan þessi ríkisstjórn er við lýði þá lækka vextirnir ekki. Markaðurinn hefur greitt atkvæði um þessa ríkisstjórn og efnahagsstefnu hennar og ætlar ekki að lækka vextina. Þar með hefur markaðurinn sjálfur, hinn harði húsbóndi, sem fjármálaráðherra er oftast að vísa til, dæmt verkin á þann veg að hann treystir ekki efnahagsstefnunni sem forsendu fyrir vaxtalækkun. Ég bað um efnahagsleg rök fyrir vaxtalækkun á næstu 6–9 mánuðum og það var athyglisvert að fjmrh. tók akkúrat þann tíma hérna áðan og vísaði til þess að það væru litlar líkur á því að það yrði vaxtalækkun á þeim tíma, en kom með pólitískar ástæður. Hver hefði trúað því að þessari fjárlagaumræðu mundi ljúka þannig að fjmrh., sem leggur fram fjárlagafrv. á þann veg sem við þekkjum hér öll, sé önnum kafinn hér á seinustu klukkustundum umræðunnar við að rökstyðja nauðsynina á vaxtahækkun?

[21:25]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Nú fer í verra. Nú er meira að segja hæstv. fjmrh. hlaupinn á dyr og er þá þannig komið að hér er aðeins einn, að vísu mjög virðulegur hv. þm. Sjálfstfl. og enginn ráðherra inni í salnum. Bættist nú annar í hópinn.

Ég ætlaði einmitt að spyrja um það, hæstv. forseti, hvort það væri meiningin og greinilega bara yfirlýst stefna ríkisstjórnarinnar að skilja hæstv. fjmrh. eftir aleinan hér með fjárlagafrv. sundurskotið og hriplekt og þeir fáu hæstv. ráðherrar sem hér hafa látið svo lítið að láta sjá sig í dag eru gufaðir upp eins og dögg fyrir sólu og sjást ekki meir. Auðvitað er þetta ákaflega bágborin frammistaða hjá hæstv. ríkisstjórn, að reyna ekki að standa hér eitthvað fyrir máli sínu. Það hlýtur að kosta það að í meðförum þingsins á frv. verður þetta tafsamara að ýmsu leyti, að draga fram þær upplýsingar sem eðlilegt og sjálfsagt hefði verið að ráðherrarnir hefðu gefið við þessa umræðu. Og það er auðvitað óskaplega hvimleitt þegar spurt er beinlínis um tiltekin atriði að ráðherrunum hæstv. viðstöddum, eins og hér var gert í dag, að svo hverfi þeir bara úr þingsölunum og svari því engu. Hæstv. sjútvrh. er að vísu frægur að endemum fyrir að sinna ekki embættisskyldum sínum í þessum efnum og hefur oft komið til orðaskipta út af því á undanförnum þingum. En það sama virðist vera að gerast með hæstv. samgrh., þó að vísu beri að taka fram að hann var ekki almennilega heill heilsu, en var þó hér í dag og hefði sjálfsagt fengið að koma að sínum svörum og athugasemdum ef hann hefði leitað eftir slíku.

Ég minni á þetta hæstv. forseti, vegna þess að þeir voru, hæstv. samgrh. og hæstv. sjútvrh., spurðir beinna spurninga, sjútvrh. um fyrirhugaða gjaldtöku af krókaleyfisbátum, sem er ein af forsendum þessa frv., færð sem áætlaðar og áformaðar sértekjur hjá Fiskistofu og kostar lagabreytingu. En hæstv. ráðherra lætur ekki svo lítið að svara þessu. Ég hef þó trú á því að það séu fleiri en bara við þingmenn hér í salnum sem hefðum vissan áhuga á að vita hvað þarna er á ferðinni.

Þess var einnig óskað að hæstv. samgrh. færi aðeins yfir þann hrikalega niðurskurð sem boðaður er í hans málaflokki. Hæstv. ráðherra hafði enga tilburði uppi til þess. Það fór nú svo, hæstv. forseti, að ég hafði ekki alveg tíma til að fara yfir samgrn. í dag, klára það, ég átti eiginlega einn framkvæmdaflokkinn eftir þar sem eru flugvellirnir. Ég fór í það núna í kvöldmatarhléinu að líta aðeins á það mál og það verð ég að segja að ég varð fyrir enn einu áfallinu. Þar á enn einum staðnum lætur hæstv. samgrh. hreinlega valtra yfir sig. Og ég bíð eftir því að hv. 1. þm. Vestf. og fyrrv. samgrh., Matthías Bjarnason, komist á snoðir um það sem stendur hér í fjárlagafrv. um meðferðina á mörkuðum tekjum til flugvallagerðar. Því það vill nú svo til að sá maður á óskoraðan heiðurinn af því að koma því fyrirkomulagi á á sínum tíma að tekinn var upp sérstakur, markaður tekjustofn í formi gjaldtöku á flugrekstrinn og flugfarþega til að standa undir framkvæmdum við uppbyggingu flugvalla og flugsamgangna í landinu. Hvað er hæstv. núv. samgrh. að gangast undir í þessu frv.? Hann er að fallast á að hluti

af þessum sértekjum til framkvæmda í flugmálum gangi til að kosta rekstur Flugmálastofnunar eða 70 millj. kr. af sérmerktum tekjum til framkvæmda upp á tæpar 400 millj., sem þýðir jafngildan niðurskurð til framkvæmda á þessu sviði og þá er niðurskurður til framkvæmda kominn í 1,5 milljarða í samgrn. til samgöngumála. 1.122 millj. kr. til vegamála, 285 millj. kr. til hafnagerða og 70 millj. kr. til flugvalla. Ég verð að segja alveg eins og er að þessi hryggðarmynd er svo óskapleg að ég ætla að vona að hæstv. samgrh. nái heilsu á næstu dögum og það góðri heilsu, því honum mun ekki af veita ef hann á að hafa sig í gegnum veturinn eins og þetta lítur út hjá honum.

Auðvitað væri það eðlilegt að hæstv. ráðherra kæmi hér og gerði okkur grein fyrir því hvort það er meiningin að þetta standi svona? Er hæstv. ráðherra búinn að kyngja því að þetta verði svona? Því það hefur ekkert verið upplýst að það séu neinar deilur eða ágreiningur um gjaldahliðina. Hér kom að vísu hv. formaður fjárln. með þær merku upplýsingar, staðfestar af fjmrh., að það ætti eftir að útkljá tekjuhliðina. Nú er það eins og kunnugt er tæpur helmingur af fjárlögunum. Að vísu tæpur, því þessi ríkisstjórn aflar minni tekna heldur en hún eyðir. En það munar auðvitað um minna, að það vanti samstöðu um tæpan helming af fjárlögunum. Það hefur svo sem gerst áður og einhvern tímann var lagt hér fram fjárlagafrv. í tíð fyrri ríkisstjórnar, fyrir nokkru síðan, þar sem einn af ráðherrunum hafði fyrirvara á, að vísu um hina hliðina, þ.e. útgjaldahliðina og þótti nokkuð spaugilegt á sínum tíma. En síðan eru liðin nokkur ár og ætla ég ekki að rifja það upp frekar.

En nú snýr þetta akkúrat öfugt. Samkvæmt því sem hér hefur verið upplýst er orðin samstaða um útgjaldahliðina, þar með talinn væntanlega þennan hrikalega niðurskurð í samgöngumálunum, og ég gef mér að þó að það eigi að verða svo lágt risið á þingmönnum stjórnarliðsins í vetur að þeir kyngi þessu þá eigi eitthvað eftir skoða tekjuhlutann.

Nei, þetta er auðvitað, hæstv. forseti, alveg með ólíkindum og hlýtur að kosta að þessu frv. verði meira og minna hent og reynt að vinna það upp á nýjan leik. Því eins og hér hefur rækilega verið sýnt fram á í hverjum málaflokknum á fætur öðrum er frágangurinn þannig að það tekur engu tali. Ég hef aldrei séð, að ég man, útreið af öðru eins tagi og því sem Atvinnuleysistryggingasjóður fær í þessu frv. Það er svo barnalegt að bera það á borð fyrir menn, við þær aðstæður sem við Íslendingar erum að ganga í gegnum í atvinnuleysismálum, að það þýði að leggja fram frv. og ætla sér að loka því með þessum hætti, það vanti á annan milljarð króna upp á fjárveitingar til að sjóðurinn geti starfað eðlilega á næsta ári, miðað við, því miður, væntanlega vanmetna útgjaldaþörf á þessu sviði. Því miður eru yfirgnæfandi líkur á því að atvinnuleysið verði meira en forsendur fjárlagafrv. gera ráð fyrir, m.a. vegna þess að það vantar inn í frv. áhrifin af þeim mikla niðurskurði til framkvæmda sem hér er á ferðinni, eða um fjórðung. Halda menn að þess muni ekki sjá stað í atvinnu í landinu að framlög til samgöngumála, framkvæmda í samgöngumálum, eru skorin niður um 1,5 milljarða kr. Það munar nú um minna. Og ég held því miður að þessar forsendur um óbreytt atvinnuleysi á milli ára séu vanmat.

Ég spurði hvort það væri óumbreytanlegt að fjármögnun húsaleigubótanna yrði með þeim hætti sem frv. gerir ráð fyrir og ég hefði viljað heyra í hæstv. núv. félmrh., því það ber dálítið á því að ráðherrar í ríkisstjórninni telji sig af einhverjum ástæðum ekki lengur bundna af því sem fyrrv. félmrh. gerði. Nú á það auðvitað ekki að breyta neinu um embættisskyldu ráðherra til þess að virða ákvarðanir forvera síns hvort hann er genginn út úr ríkisstjórn og þingflokki eða ekki, þær eiga að vera jafngildar stjórnsýslulega séð. En það hefur nokkuð borið á þessu, satt best að segja, að ráðherrarnir telji sig lausa allra mála gagnvart því sem hæstv. fyrrv. félmrh., hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, hefur gert. Ég hefði þess vegna viljað heyra hæstv. núv. félmrh. svara því: Telur hann sig bundinn af þessum samningi fyrrv. félmrh. og fjmrh. um að fjármagna skuli húsaleigubæturnar með niðurskurði í félagslega húsnæðiskerfinu? Er það óumbreytanlegt að þetta verði þannig? Vegna þess að auðvitað verður maður að kyngja þeirri staðreynd ef svo er, bölvað sem það er, og þá fara að renna á mann mjög tvær grímur um það til hvers þessar húsaleigubætur þá eru, þó þær færi þarna vissulega til einhverja fjármuni, ef á móti kemur jafngildur niðurskurður og jafnvel rúmlega það, annars vegar í félagslega íbúðarhúsnæðiskerfinu og hins vegar í almannatryggingakerfinu. Þetta er auðvitað mjög dapurleg niðurstaða hæstv. forseti.

Ég vil svo að lokum nefna aftur eingreiðslurnar. Það er auðvitað alveg með ólíkindum að mönnum skuli detta það í hug, hæstv. fjmrh. eða þá hæstv. félmrh. eða hæstv. heilbr.- og trmrh., því allir eiga þeir hér hlut að máli, að leggja hér fram fjárlagafrv. sem gerir ráð fyrir því að þetta sé tekið af elli- og örorkulífeyrisþegum og atvinnuleysisbótaþegum. Það getur aðeins þýtt annað af tvennu. Að verkalýðshreyfingin semji um kauplækkun sem þessu nemur á næsta ári og þar með myndist ekki stofn til greiðslu þessara bóta hjá bótaþegunum, eða hitt, sem er væntanlega ætlunin, að svipta þessa hópa þessari kjarabót þó að um þær semjist á almenna vinnumarkaðnum. Þetta getur ekki einfaldara verið. Annað af tvennu hlýtur að þurfa að gerast, ef forsendur þessa frv., eins og það er sett hér fram, eiga að standast.

Hæstv. forseti. Ég leyfi mér að lokum að mótmæla því virðingarleysi sem hæstv. ríkisstjórn, sem vonandi á fáa daga eftir í embætti, því hér er komin fram vantrauststillaga, gagnmerk og verður innan skamms væntanlega samþykkt. En eftir sem áður, þó að stjórnin sé að fara frá, þá er það virðingarleysi sem ráðherrarnir sýna hér með framkomu sinni við þessa umræðu. Að hunsa það algjörlega að svara þeim spurningum sem til þeirra er beint og mæta svo ekki, þeir fáu sem eru á landinu eða eru heilir heilsu.

[21:36]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Aðeins út af því sem síðasti ræðu-

maður nefndi um húsaleigubætur. Ég held að hv. þm. verði að hafa í huga hve mikið hefur verið byggt af félagslegum íbúðum sl. þrjú ár. Ætli það séu ekki svona 1.500–2.000 félagslegar íbúðir sem hafa verið byggðar sl. 3 ár? Það er svo að sveitarfélögin eiga raunverulega orðið fullt í fangi með að koma til framkvæmda þessum 500 íbúðum sem hafa verið byggðar á ári. Það er nú einu sinni svo að við erum að tala um hóp sem hefur verið settur hjá, þ.e. leigjendur, hóp sem hefur verið settur hjá og ekki fengið aðstoð við leigugreiðslur. Ég tel að það sé til þess vinnandi, jafnvel þótt við séum að fækka félagslegum íbúðum um 100 með því að taka upp húsaleigubætur. Ég minni á að þessir peningar koma ekki alfarið úr félagslega kerfinu, hluti af þessu kemur beint úr ríkissjóði og hluti kemur úr almannakerfinu vegna þess að þeir sem hafa fengið styrki þar fara yfir í þetta húsaleigubótakerfi. Þannig að það er ekkert verið að taka af almannatryggingakerfinu frá því sem verið hefur, hér er aðeins um tilfærslu að ræða. Þeir standa eftir þarna inni í tryggingakerfinu, sem eru í félagslegum íbúðum, ef þeir hafa þurft til viðbótar aðstoð frá tryggingakerfinu. Þannig að ég held að við þær aðstæður, sem voru þegar þetta samkomulag var gert, hafi það verið fullkomlega réttlætanlegt. Og ég minni á að þegar hv. þm. var ráðherra og hefði getað haft áhrif á að koma á húsaleigubótum þá var það ekki gert og þetta er kannski sá hópur sem verst stendur í þjóðfélaginu, þ.e. leigjendur.

[21:38]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þessi síðustu orð hjá hv. þm. voru nú alveg sérlega ómerkileg. Því auðvitað veit og man hv. þm. að hann átti enga betri og öflugri stuðningsmenn í því í tíð fyrri ríkisstjórnar að taka upp húsaleigubætur en einmitt ráðherra og þingmenn Alþb. Það hefur allan tímann legið fyrir. Við höfum haft þetta mál á okkar stefnuskrá og barist fyrir því og það hefur strandað á öðrum en okkur. Og ég leyfi mér nú að minna hæstv. fyrrv. félmrh., núv. hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, á það að hún getur auðvitað ekki skotið sér undan ábyrgð á framkvæmd mála í einni ríkisstjórn með því að benda á einhverja sökudólga, einhverja vonda menn. Það leysir menn ekki undan sinni stjórnskipulegu ábyrgð þegar þeir fara með málaflokk í ráðuneyti. Það er ekki þannig.

Í öðru lagi verð ég að segja að mér finnast þessi svör um að það hafi verið mikið byggt af félagslegum íbúðum og þess vegna sé það allt í lagi að skera þetta niður mjög skrýtin. Ég kannast ekki við annað en það að fjölmargar sveitarstjórnir hringinn í kringum landið séu sáróánægðar með það hversu mikið beiðnir þeirra um félagslegar íbúðir eru skornar niður ár eftir ár eftir ár. Ég hef fylgst grannt með þessu í mínu sveitarfélagi og ég veit að til að mynda búsetuhreyfingin hefur fengið harkalegan niðurskurð ár eftir ár á þeim íbúðum sem hún hefur sótt um. Ég er alveg sannfærður um að það væri búið að byggja hér mun meira af búseturéttaríbúðum ef þarna hefði verið meira fjármagn til ráðstöfunar. Sama á við um fleiri tegundir af félagslegu húsnæði. Það er að vísu rétt að eftir að hv. þm., þáv. hæstv. félmrh., hækkaði vextina á félagslegu íbúðarhúsnæði þá dró nokkuð úr eftirspurninni vegna þess að það fækkaði því fólki sem réð við þær byrðar sem því var samfara að búa í því húsnæði. En framkvæmdin á þessum húsaleigubótum, góðar og þarfar sem þær eru eða a.m.k. væru ef það væri staðið með skynsamlegum hætti að framkvæmd þeirra og útfærslu, þá er þetta mjög gölluð niðurstaða, hæstv. félmrh. Og það sem nú er að koma í ljós um það hvernig á að fjármagna þessi útgjöld gerir það auðvitað að verkum að það renna tvær grímur á ýmsa. Ekki bara sveitarfélögin sem unnvörpum eru að gefast upp á því að greiða bæturnar samkvæmt þessum meingölluðu lögum sem hér voru sett heldur ósköp einfaldlega þá sem eru að velta fyrir sér hvort þetta sé þá orðin skynsamleg ráðstöfun fjármuna þegar hún bitnar einfaldlega annars staðar á einhverjum í velferðarkerfinu.

[21:41]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. talar um meingallaða framkvæmd. Nú veit ég ekki hvers hann er að vitna til. Hann hefur nefnt hér fjármögnunina. Ég hef útskýrt það af hverju hún var tilkomin með þeim hætti. Við stóðum frammi fyrir því á þeim tíma þegar húsaleigubætur voru ákveðnar hvort það ætti að taka þær upp með þessum hætti, þ.e. varðandi fjármögnunina, eða hætta við þær. Þetta varð niðurstaðan. Varðandi framkvæmdina sem helst hefur verið gagnrýnd og sem ég tel alveg réttmæta gagnrýni, hún var knúin fram af Sambandi íslenskra sveitarfélaga sem var með þeim hætti að sveitarfélögin gætu sjálf valið um það hvort þau tækju upp húsaleigubætur. Ég tel það mjög alvarlegan hlut ef einhver sveitarfélög, eins og fram hefur komið, ætla ekki að taka upp húsaleigubætur vegna þess að það er verið að auka verulega aðstoð við leigjendur með þessum hætti. Það er verið að bæta raunverulega við 60% sem kemur frá ríkinu inn í þær upphæðir sem eru greiddar í aðstoð við leigjendur. Og ég tel það mjög alvarlegan hlut hjá þeim sveitarfélögum sem ekki ætla að taka upp húsaleigubætur ef þau með þeim hætti með sinni ákvörðun koma í veg fyrir aðstoð hjá sínum íbúum, íbúum sem eru kannski hvað verst staddir. Vegna þess að það er alveg óumdeilt að það er verið að bæta inn í þær fjárhæðir sem hafa farið til greiðslu húsaleigustyrkja hjá sveitarfélögum um 400 millj. kr. frá ríkinu.

[21:43]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er alveg sammála hv. þm. um að það er ákaflega dapurlegt og í raun og veru skelfilegt ef það verður niðurstaðan að fjölmörg sveitarfélög treysta sér ekki til að greiða þessar húsaleigubætur. En það dregur bara athyglina að því að þetta fyrirkomulag er út í hött. Það er út í hött. Þetta átti að fara í gegnum skattakerfið eins og vaxtabætur og ef menn trúa því ekki þá eiga menn að hugleiða það augnablik hvort það geti verið skynsamlegt að það sé í valdi sveitarfélaganna, sveitarstjórna hist og her, með fullri virðingu fyrir þeim, að taka um það ákvörðun hvort

svona bætur eru greiddar. Og ef þær taka þá ákvörðun að gera það ekki hvað gerist þá? Þá svipta þær sveitarstjórnir íbúa sinna byggðarlaga þeim 60% líka sem koma frá ríkinu. Ég held að stjórnskipulega séð þá orki það mjög tvímælis að ekki skuli gilda jafnræði meðal allra þegna landsins gagnvart a.m.k. þeim 60% hluta sem ríkið kostar. Ég spyr hv. þm.: Hefur hann velt því fyrir sér hvað mundi gerast í málaferlum ef íbúi í sveitarfélagi teldi brotinn á sér rétt sem þegn í landinu, brotna á sér jafnræðisreglu með því að hans sveitarstjórn svipti hann ekki bara því sem er í valdi sveitarstjórnarinnar, 40%, heldur líka því sem kemur úr sameiginlegum sjóði allra landsmanna, ríkissjóði.

Þetta fyrirkomulag er meingallað, hv. þm., og ég held að við þurfum ekki að ræða það frekar fyrir utan það að það eru fleiri framkvæmdalegir agnúar á málinu. Þegar það svo bætist við að maður er hér með í höndunum þennan samning fyrrv. félmrh. og fjmrh. um fjármögnun á þessu sem er algjör uppgjöf, því miður, hv. þm., ég get bara ekki kallað það annað, það er algjör uppgjöf gagnvart því að sækja viðbótarfjármagn inn í þetta verkefni, þá er bara um hreina tilfærslu innan velferðarkerfisins að ræða og það hlýtur að draga úr gildi þess að þetta náðist fram. Jafnvel þó maður reyni að vera jákvæður. Það er ekki hægt að orða það vægar en svo.

[21:45]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vegna ræðu hv. 4. þm. Norðurl. e. vil ég segja að mér finnst hans málflutningur og hans gagnrýni á hæstv. samgrh. ósanngjörn. Ég tel mjög ósanngjarnt af hálfu hv. þm. að hafa uppi svo stór orð í garð samgrh. vegna þess að framlög til samgönguframkvæmda, bæði til hafnargerðar og vegagerðar, hefur verið meiri það sem af er þessu kjörtímabili og verður væntanlega á kjörtímabilinu í heild en menn hafa þekkt yfirleitt. Ég held að hv. 4. þm. Norðurl. e. hefði getað verið mjög ánægður með þann árangur sem hæstv. samgrh. hefur ... (Gripið fram í.) Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson veit alveg um það að á Íslandi hefur verið framkvæmt fyrir lán og ekki síst í tíð hans sem fjmrh. þannig að hann þarf ekki að kalla fram í og benda hv. þingmönnum á það.

En ég tel að þetta sé ósanngjörn gagnrýni hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni vegna þess að framlögin, bæði til vegagerðar og til hafnargerðar, svo ég taki tvö dæmi, eru sennilega þau hæstu sem nokkru sinni hafa verið. Það er hægt að sjá það í töflum sem fylgja fjárlagafrv. og allir sanngjarnir þingmenn held ég að geti staðfest þetta. Að vísu er dregið úr þessum framlögum í fjárlagafrv. frá því sem var í fjárlögum þessa árs en ég hef ekki heyrt betur en m.a. sé rætt um hættu á hækkun vaxta og það vita allir sem eitthvað þekkja til efnahagsmála að okkar vandi liggur í því að lækka ríkissjóðshallann til þess að hemja vexti og þetta ættu þingmenn Alþb. að vita ekki síst.

[21:47]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég fagna því alveg sérstaklega að Sjálfstfl. er kominn fram og hér hefur einn hv. þm. hans treyst sér til að taka þátt í þessari fjárlagaumræðu, að vísu í andsvari, en það ber að þakka. Það er viðleitni og strax í áttina að Sjálfstfl. er fundinn.

Hv. þm., ég geta bara ekki fallist á að það sé ósanngjörn umfjöllun um málaflokk hæstv. samgrh. að lesa tölur upp úr fjárlagafrv. og bera þær saman við fjárlögin sem gilda á þessu ári. Það er það sem ég hef gert. Í mínum málflutningi hefur ekkert annað falist en það að ég hef tekið þetta fjárlagafrv., ég hef tekið fjárlögin fyrir yfirstandandi ár og borið þetta tvennt saman. Það er því miður ekki rétt, hv. þm., að framlög til framkvæmda í vegamálum hafi verið óvenjumikil undanfarin ár á þessu kjörtímabili. Það er því miður ekki rétt vegna þess að stór hluti framkvæmdanna hefur ekki verið fyrir framlög heldur lán. Á það hef ég margoft reynt að benda en talað fyrir daufum eyrum. Hv. stjórnarliðar hafa reynt að slá sig til riddara út á það að haldið hefur verið uppi þokkalegu framkvæmdastigi, það hef ég allan tímann viðurkennt. En að stórum hluta til fyrir lán.

Það á ekki við um hafnirnar, það skal ég fúslega viðurkenna. Það er líka rétt sem hv. þm. sagði að framkvæmdir í hafnamálum voru í allþokkalegu horfi tvö sl. ár á þessu kjörtímabili en nú eru þau skorin harkalega niður og það er það eina sem ég hef sagt. Má ekki segja það? Það er greinilega mjög viðkvæmt að einfaldlega fletta þessu frv. Var ætlunin að enginn læsi þetta? Héldu menn virkilega að menn yrðu svo hógværir í umfjöllun sinni um stöðu mála að þeir læsu ekki einu sinni upp úr fjárlagafrv. Hvað þá bera það saman við fjárlögin í ár?

Nei, staðreyndin er sú, hv. þm., og það á eftir að koma í ljós, því miður, að þegar það verður lagt saman hvað hefur verið til framkvæmda í vegamálum á þessu kjörtímabili fyrir eigið aflafé Vegagerðarinnar, þá er það því miður ekki mikið. Það er lítið og framkvæmdastiginu hefur að allt of miklu leyti verið haldið uppi með lántökum og nú er að koma að skuldadögunum eins og kunnugt er.

[21:50]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er feginn því að hv. þm. viðurkenndi það sem ég sagði að framkvæmdastigi hefur verið haldið mjög háu í vegagerð og hafnargerð á þessu kjörtímabili. En það þurfti ekki að halda neina ræðu um það að vissulega hefur verið tekið lán vegna Vegagerðarinnar. En varðandi hafnargerðina þá tel ég að staða hafnarframkvæmda sé mjög góð. Það hefur tekist að ná verulega miklum og merkum áföngum í hafnagerð. Nú er t.d. staða Hafnabótasjóðs, sem var sveltur árum saman, býsna sterk og því ber að sjálfsögðu að fagna.

Meginmál hjá okkur er að ná sem mikilvægustum árangri í vegagerð, bæta samgöngur í landinu. Það má ekki gleyma því þegar litið er á þessar upphæðir sem eru í fjárlagafrv. núna til vegagerðar að gert er ráð fyrir því og vonandi verður það niðurstaða að framkvæmdir hefjist við Hvalfjarðargöng. Það mun verða mikilvægt og merkt innlegg í vegagerð og samgöngubætur á okkar landi.

[21:51]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta mun að sjálfsögðu allt skýrast í tímans rás. Hér liggur m.a. frammi fyrirspurn til hæstv. samgrh. um skuldastöðu Vegasjóðs vegna þeirrar lántöku sem ráðist hefur verið í á undanförnum árum. Ef ég man rétt eru lántökurnar 900 millj. á þessu ári og voru um 1.500 millj. 1993 þannig að það er auðvelt að leggja það saman og kemur fljótt í miklar upphæðir.

Ég get bara ekki annað en bent á það, hv. þm., menn verða að horfa á hlutina eins og þeir eru, að framkvæmdastigið á næsta ári ef til nýframkvæmda verða ekki nema rétt liðlega 2.000 millj. er komið mjög langt niður. Viðhaldið fer vaxandi, það er ákveðin tilhneiging í þá átt, skiljanlega. Eftir því sem umferðin þyngist og meira viðhald er á bundnu slitlagi þá fer meira hlutfallslega í það. Síðan hefur Vegagerðin því miður tekið á sig á þessu kjörtímabili byrðar upp á yfir hálfan milljarð kr. að óbættum tekjum þar sem er ferjureksturinn. Þegar svo þetta bætist við, þessi mikli niðurskurður sem nú er milli ára í framkvæmdafé, þá er útkoman þessi. Svona dapurleg.

Á þetta er eðlilegt, rétt og skylt að benda og þetta þurfa menn að ræða. Ætla menn að hafa þetta svona? Ætla menn að una þessu, m.a. einnig í ljósi þess atvinnuleysis sem hér er og að það hefur verið talið eitt af því skynsamlegasta sem menn gerðu við þær aðstæður þegar saman fara mikil þörf og mikið atvinnuleysi að reyna að ráðast í einhverjar framkvæmdir? Þetta eru hlutir sem ég held að menn verði að ræða.

Varðandi fjárveitingar til hafnamála þá vitum við báðir, ég og hv. þm., að þar var orðin alveg gífurleg uppsöfnuð þörf vegna þess að sá málaflokkur hafði verið sveltur hrikalega, sérstaklega á árunum 1983–1987. Þegar verst lét í stjórnartíð Sjálfstfl. og Framsfl. mun framkvæmdafé til hafnamála hafa farið nánast niður í ekki neitt. Það voru veittar svona rétt liðlega 100 millj. til framkvæmda og skuldirnar voru nokkurn veginn það.

Þannig var nú ástandið í þeim málaflokki þá. Það hefur að vísu heilmikið áunnist á tveimur sl. kjörtímabilum, það viðurkenni ég, en þörfin er líka gríðarleg.

[21:54]

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Hér fyrr í dag ræddi ég nokkuð um vaxtamál og bar fram spurningar til hæstv. fjmrh. m.a. um það hvaða áhrif væri ætlað að hin nýju hávaxtabréf í erlendum gjaldeyri mundu hafa á vaxtamarkað hér á landi. Því miður fengust þau svör að um það lægju engar áætlanir, a.m.k. hefði hæstv. fjmrh. enga hugmynd um hver þau áhrif yrðu. Hins vegar munu bankamenn óttast að þetta verði eitt atriðið enn sem ýtir undir hækkun vaxta.

Ég vék þá ekki að neinum einstökum öðrum liðum fjárlagafrv. en sagði að þó væri af mörgu að taka. Hér hefur t.d. komið til umræðu niðurskurður á vegafé sem mun áreiðanlega reynast þungbær víða því hvar sem farið er um landið og t.d. sveitarstjórnir hittar þá er efst á blaði hjá þeim slæmt ástand vega innan sveitarfélaganna því umferðin fer sífellt vaxandi og vegir innan sveita verða sífellt mikilvægari lífæðar fyrir allt mannlíf þar. Ég ætla ekki að fjalla frekar um það nú.

Það er eitt atriði sem ég tel óhjákvæmilegt að minnast á og vildi spyrja hæstv. fjmrh. um og það eru jarðræktarframlög. Samkvæmt fjárlagafrv. virðist ekki vera ætluð nein króna í þann fjárlagalið. Aðdragandi þessa máls er sá að á árinu 1992 var gerð breyting á jarðræktarlögum þannig að inn í þau bætist ein málsgrein sem orðast þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Allur réttur til framlaga samkvæmt lögum þessum er háður fjárveitingu Alþingis."

Skömmu áður höfðu verið gerðar róttækar breytingar á jarðræktarlögum þannig að framlög væru aðeins bundin við þær framkvæmdir sem stuðluðu að hagræðingu og nýsköpun í landbúnaði en ekki til að auka almenna framleiðslu. Var þess þá vænst að það mundi leiða til þess að við ákvæði laganna yrði að fullu staðið en það má geta þess að úr framkvæmdum dró vitanlega mjög mikið af þessum og öðrum ástæðum þannig að þörfin fyrir framlög, sem á verðgildi ársins 1992 voru allt að 500 millj. kr. nokkrum árum áður, var komin niður fyrir 100 millj.

En þrátt fyrir þessa lagabreytingu 1992 þá standa enn önnur ákvæði jarðræktarlaganna um rétt bænda til framlaga til ákveðinna verkefna. Það er gert ráð fyrir því að um slík framlög verði sótt, að framkvæmdir sem þau ná til verði teknar út á hverju hausti að loknum framkvæmdum og bændur eigi sem sagt rétt á að fá þessi framlög. Þannig eru þau lögð til grundvallar við framkvæmdaáætlanir bænda og líka það að við þessi framlög er miðað þegar lánveitingar eru ákveðnar til framkvæmdanna. Þannig að lánahlutfall verður lægra vegna þess að þarna er gert ráð fyrir því að framkvæmdirnar verði ódýrari sem þessu nemur.

Nú hefur það gerst að síðan þessi lagabreyting var gerð 1992 þá hefur ekki verið greitt út á neina framkvæmd frá þeim tíma. Það er orðið um allháa skuld að ræða sem ríkið á eftir að greiða. Ég veit ekki hversu há hún verður að loknu þessu framkvæmdaári en það skiptir einhverjum hundruðum milljóna samtals þegar alltaf bætist við.

Óvissan er mjög bagaleg að öllu leyti fyrir bændur og svo auðvitað það að fá ekki fjármagn sem treyst er á. Má benda á að þessi framlög eru flokkuð með svokölluðum grænum greiðslum í sambandi við GATT-samningana, þ.e. þeim er heimilt að halda áfram á sama hátt og má segja allar þjóðir í kringum okkur gera til að styrkja sinn landbúnað. Því er það ákaflega mikilvægt þegar búast má við að GATT-samningarnir gangi í gildi á næsta ári að þá verði þó þessum stuðningi til að jafna aðstöðu íslensks landbúnaðar haldið. Það væri fróðlegt að spyrja hæstv. ráðherra að því hvenær GATT-samningurinn muni ganga í gildi, hvort það verður á miðju næsta ári eins og um hefur verið talað.

Það sem ég vildi spyrja hæstv. fjmrh. um í fjarveru hæstv. landbrh. er hvort þeir tveir ráðherrar hafi samið um það að framkvæma þessa lagabreytingu frá 1992

við jarðræktarlögin á þann hátt að engin króna verði veitt til framlaga frá þeim tíma og hvort að það sé svo að bændur geti engra greiðslna vænst á næsta ári, hvorki út á framkvæmdir þessa árs eða þær sem ógreiddar eru frá fyrri árum.

Ég vonast auðvitað til þess að ekki hafi slíkt samkomulag eða ákvörðun verið gerð en vissulega er framkvæmdin samt slík að það má segja að það jafngildir því að alveg sé lokað fyrir þetta. En það er þó mikilvægt að fá yfirlýsingu frá hæstv. fjmrh. um þetta og ég vil þá spyrja hæstv. ráðherra: Hefur það nokkra þýðingu að vera að eyða vinnu og kostnaði við að taka úr þessar jarðabætur á þessu hausti sem hafa verið gerðar á þessu ári? Er nokkur von til þess að það þjóni tilgangi, fyrir bændurna eða búnaðarsamböndin sem eru lögum samkvæmt skyldug til að leggja í þessa vinnu að óbreyttum lögum? Þannig er sem sagt beinlínis verið að stofna til mikilla útgjalda að gagnslausu ef svona heldur fram sem horfir.

[22:03]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er ekki víst að ég geti svarað þessu alveg fyllilega en það gefst tækifæri síðar til að ræða þetta mál. Það er rétt sem kom fram hjá hv. þm. að lögunum var breytt og eftir þær breytingar eru það fjárlög sem ráða þannig að það er mitt álit a.m.k. að í raun hlaðist ekki upp réttur til þessara greiðslna því að rétturinn sé bundinn við framlög sem koma fram á fjárlögum hvers árs. Í því frv. sem hér liggur fyrir hygg ég að séu ekki fjármunir, a.m.k. ekki verulegir, til þess arna og skal ég þó ekkert um það segja hvort á því geti orðið breyting því ég þekki málið ekki nægilega vel til þess. En ég á síður von á því. Þetta eru auðvitað tvennskonar styrkir eða framlög, það eru annars vegar þessar jarðabætur og hins vegar haughús og þess háttar sem snúa að fjósum. Ég held að það hafi ekki alltaf gagnast vel því mér sýnist að það þurfi að gera breytingar jafnvel á reglum um hollustuvernd og breyta þessum kröfum sem bændur á Íslandi þurfa að þola við byggingu á sínum útihúsum.

Ég tel einnig að ef þessar bætur eru teknar út, jarðabætur og fleira, þá sé auðvitað ekki tryggt að fjármagn fáist frá ríkinu til þess að styðja þessar framkvæmdir þannig að sé það gert er það gert á ábyrgð þeirra sem taka út og bændanna, að það sé ekki þar með tryggt að fjármagnið komi. Öðruvísi get ég ekki svarað þessu.

Varðandi GATT vil ég bara segja að það er enn ekki fullljóst hvort Bandaríkjamenn muni geta samþykkt GATT fyrir áramótin. Það hefur heldur þokast í áttina í Evrópuríkjunum en það kann þó enn að gerast að samningurinn verði samþykktur fyrir áramót og almennt er búist við því að hann taki gildi á miðju næsta ári.

[22:06]

Jón Helgason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil mótmæla því að réttur falli niður þó að skorti upp á og jafnvel engin króna sé á fjárlagafrv. hvers árs vegna þess að það er ekki bundinn gjalddagi, þ.e. ekki skyldugreiðslugjalddagi í jarðræktarlögunum, aðeins ákvæði um það að greiðslurnar séu þá verðbættar ef greiðsla dregst.

Ég gleymdi einmitt að minnast á það sem hæstv. ráðherra gerði, kröfur um heilbrigðiseftirlit eða hollustu, að það sem hefur verið einna tilfinnanlegast í sambandi við þennan niðurskurð er það að vegna þess að kröfur voru hertar með reglugerð frá ríkisvaldinu þá neyddust margir bændur til að ráðast í mjög dýrar framkvæmdir. Þannig að það er beinlínis vegna nýrra krafna af hálfu ríkisvaldsins sem bændur urðu að ráðast í þessar framkvæmdir, stofna til þessara útgjalda, sem þeir reiknuðu með og treystu á að lagaákvæðin giltu um og því er það að sjálfsögðu enn þá tilfinnanlegra að svona skuli til takast.

[22:08]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég veit að þetta eru nýjar kröfur frá ríkisvaldinu og þess vegna nefndi ég það í mínu andsvari að það væri kannski tímabært að líta á það hvort ekki ætti að breyta þessum kröfum. Það heyrir ekki undir landbrn., hygg ég, heldur undir umhvrh. nú. Ég ætla ekki heldur að deila við hv. þm. um það hvort rétturinn hlaðist upp einfaldlega vegna þess að ég viðurkenni að hv. þm. þekkir þessa löggjöf sjálfsagt miklu betur en ég. Ég vil aðeins segja að ég mun að sjálfsögðu skýra hæstv. landbrh. frá þeim umræðum sem hér hafa farið fram.

[22:08]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Ég skal ekki lengja þessa umræðu mjög því ég þarf ekki að bæta mörgu við þá ræðu sem ég flutti í dag. Þó vil ég aðeins ræða við hæstv. fjmrh. um vexti á nýjan leik. Hann hefur reynt að nota orð mín frá því í dag um að vextir muni lækka. Ég fór vissulega yfir það í ræðu minni að allar aðstæður í bankakerfinu bentu til þess að þar væri nú svigrúm og möguleikar til þess að lækka vexti en hins vegar nefndi ég það að önnur atriði í þjóðfélaginu ráða því kannski að það verður ekki gert. Nú mun það vera svo að 20 milljarðar eru til í bankakerfinu í lausu fé sem er óvenjumikið. Við höfum séð það að bankastofnanir, peningastofnanir, hafa auglýst eftir lántakendum. Ég hygg að það hafi ekki gerst kannski fyrr í Íslandssögunni að peningastofnanir hafa orðið auglýsa í blöðum eftir traustum og góðum lántakendum en þetta gerðist í sumar. Þetta segir okkur það að eftirspurnin eftir lánsfé er ekki veruleg. Það stafar af því að þessi ríkisstjórn hefur auðvitað drepið þrótt þessa þjóðfélags með þeim hætti að það er ekkert nýtt að gerast á neinum stað. Það er engin athafnasemi, það er ekki verið að byggja upp neitt nýtt. Menn eru hrekktir af því að vera í atvinnulífinu og kannski margir kraftmestu menn sem hafa verið þar á síðustu árum orðnir gjaldþrota eftir þá efnahagsstefnu sem núv. ríkisstjórn hefur gert.

Ég gat þess líka að bankarnir teldu flestir að þeir væru komnir fyrir vind, sem kallað er, í að leggja á afskriftasjóði. Þeir hefðu lagt það mikið í afskriftasjóði á síðustu árum að þeir ættu á móti töpum og framlög í afskriftasjóði yrðu á næsta ári í bankakerf-

inu með eðlilegum hætti. Þannig að aðstæðurnar eru allar fyrir hendi í bankakerfinu til þess að lækka vexti en það er einn þröskuldur í veginum fyrir því að þetta gerist eða kannski tveir. Hæstv. fjmrh. er hallakóngur, hallarekstrarmeistari þessarar aldar. Hann er búinn að sitja í fjögur ár og er stoltur af því, hann hefur rekið ríkissjóð með halla upp á 35 milljarða kr. Hæstv. fjmrh. ræður ekki við rekstur ríkissjóðs og spyr eftir peningum endalaust og kannski hér í gær kjaftaði hann vextina upp með gáleysislegu tali. En hér hafa menn farið yfir t.d. ný tilboð sem komu frá Lánasýslu ríkissins, á ECU-tengdum spariskírteinum, verðtryggðum spariskírteinum, sem fram fór í dag. Ég hef að vísu ekki heyrt hvaða viðbrögð urðu á lánamarkaðnum. Hæstv. fjmrh. veit um það og segir frá því á eftir. En það er almennt talið að þetta tilboð muni valda því að vextir hækki. Hér er verið að bjóða upp á vexti upp á 8%.

Ég geri mér grein fyrir því að hér er ekki um verðtryggða pappíra að ræða og kannski mun þetta ekki valda neinni vaxtasprengju en þetta mun þó hafa þau áhrif að það kemur ný hreyfing af völdum hæstv. fjmrh. sem fremur mun toga vextina upp ef eitthvað verður.

Hitt atriðið er það að lífeyrissjóðirnir og stóreignamennirnir sem hafa verið á fóðrum hjá hæstv. fjmrh. hafa neitað að kaupa af ríkissjóði á þeim 5% sem hæstv. ráðherra hefur boðið og eru um þessar mundir, eins og ég gat um í minni fyrri ræðu, að leita mjög á sterk fyrirtæki og sveitarfélög að lána þangað sína peninga á mun hærri vöxtum en ríkið býður. Svo kemur eitt atriði enn sem auðvitað blasir við að upp úr áramótum þá búum við í opnu umhverfi hvað þetta varðar, þá verða það auðvitað erlendir markaðir sem ráða miklu meira um vexti hér á landi en áður var. Ég hygg að það sé rétt hjá hæstv. fjmrh. að um þessar mundir eru vextir lægri en í mörgum samkeppnislöndum okkar. Staðan er sú.

Svo er auðvitað hitt sem blasir við í bankakerfinu að eftir þau gífurlegu töp sem sumir bankanna hafa orðið fyrir þá hygg ég að þeir vilji næstu missiri reka sig með talsverðum gróða. Ég get nefnt Búnaðarbankann. Til þess að viðhalda sínu eigin fé þá þarf hann líklega að hafa í hagnað eftir skatta svona 360–370 millj. á ári. Ég hygg að einkabankinn, Íslandsbanki, til þess að viðhalda sínu eigin fé upp á 5,7 milljarða, hann þurfi að græða eftir skatta 570 millj. á ári.

Þannig að auðvitað er það mjög mikilvægt að reka hér sterkar bankastofnanir og það þekkir hæstv. fjmrh. best því við þekkjum það úr nágrannalöndum að þar hefur orðið að draga einkabanka og ríkisbanka upp eftir að þeir hafa farið á höfuðið og verja sparifé almennings í þeim löndum og ríkið hefur orðið að leggja til framlög og hér hefur það auðvitað gerst í tíð núv. ríkisstjórnar að það hefur orðið að láta banka í té milljarða til þess að styrkja stöðu hans. Þannig að það er ekkert æskileg staða.

En sem sé, niðurstaðan er þessi, hæstv. fjmrh., að aðstæðurnar eru fyrir hendi í bankakerfinu nú til þess að lækka vexti, því er ekkert að leyna, en það er ríkissjóður, hallarekstur ríkissjóðs, og auðvitað eins og ég gat um barátta lífeyrissjóðanna fyrir því að verja sitt fé og fá sem hæsta vexti sem valda því að bankarnir munu eiga erfitt með að ráða við þetta. Þeir verða að halda uppi á sparifé svipuðum vöxtum eins og fjmrh. býður á hverjum tíma. Þannig að hæstv. fjmrh. er þröskuldur í vegi þessarar þróunar sem væri mjög mikilvæg.

Ég hef verið hissa í þessari umræðu hvað hæstv. fjmrh. hefur verið stoltur af aðgerðum sínum, maður sem hét því í upphafi ferils síns að ríkissjóður skyldi að tveimur árum loknum vera rekinn hallalaus. En ætlar þrátt fyrir það líklega að tapa einum 20 milljörðum á tveimur síðustu árum sínum sem þýðir hærri skatta á unga fólkið sem er að koma út á vinnumarkaðinn og komandi kynslóðir.

En það sem stendur nú upp úr eftir þessa umræðu er staða þessa blessaða frv. sem auðvitað virðist auðvitað ekki vera traust og muni hafa heilmiklar ófyrirséðar afleiðingar í þessu þjóðfélagi. Það er ljóst að frv. er sett fram til þess að tryggja atvinnuleysið í sessi, það eru skornar niður framkvæmdir upp á 3,3 milljarða og við vitum að Sjálfstfl. krefst þess jafnan að hafa hóflegt atvinnuleysi til þess að halda verkalýðshreyfingunni niðri. Það hefur komið fram í umræðunni að menn ætla ekki að láta bætta stöðu fyrirtækjanna eða hluta af þeirri bættu stöðu fara til fólksins í landinu. (Forseti hringir.)

Hæstv. forseti. Svo er hitt auðvitað meginmálið að hér stendur til að fella niður hátekjuskatt og eignarskatt á stóreignamenn upp á 1,1 milljarð meðan það á að leggja á öryrkja, gamalt fólk og sjúklinga heilan milljarð eða skerða bætur til þessa fólks um heilan milljarð. (Forseti hringir.) Þetta er sú jafnaðarstefna sem blasir við eftir þessa umræðu.

[22:19]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Til að stytta umræðuna þá freista ég þess að svara örlitlu hér í andsvari.

Ég vil segja frá því að á útboðinu í dag voru tekin bréf fyrir u.þ.b. 300 millj. kr. á vöxtum sem eru 8,54 sem er mjög svipað og LIBOR-vextir á ECU-markaðnum þannig að boðin sem komu fram voru frá 8,40 upp í 9,40 upp á 1.200 millj. kr.

Eins og hefur gerst ævinlega þegar við höfum byrjað með nýja flokka þá hafa vextir verið hærri fyrst og lækkað síðan og ég bind vonir við það að það geti enn fremur gerst á þessum nýja flokki. (**Gripið fram í:** 8–9% raunvextir.) Það eru sömu vextir og eru greiddir LIBOR.

Varðandi það sem hv. þm. sagði um bankana þá finnst mér full ástæða til þess að benda á að bankarnir eru enn þá með mun hærri vexti en verðbréfamarkaðurinn. Þrátt fyrir þetta eru bankarnir að bjóða innlán, a.m.k. einn ríkisbanki er að bjóða innlán frá lífeyrissjóðum upp á 5,3 meðan við erum að selja ríkisskuldabréf upp á 5. Þetta hefur leitt til þess, þessir háu vextir bankakerfisins að flestir bestu viðskiptamenn bankanna eru að fara út á verðbréfamarkaðinn. Sveit-

arfélögin, stór ríkisfyrirtæki, lánastofnanir og fleiri fara út á markaðinn og fá þar betri vaxtakjör en fást í bönkunum. Þetta veldur því að bankarnir sitja uppi með ekki eins góða viðskiptamenn og einangrast dálítið með sína háu vexti. Þessi þróun hlýtur að breytast.

Loks vil ég benda á sem mér finnst vera of lítið rætt hér í umræðunni að á bls. 365 og blaðsíðunum þar á eftir í fjárlagafrv. er fjallað mjög ítarlega um lánamálin, mun ítarlegar í þessu frv. en í fyrri frumvörpum.

[22:22]

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. fjmrh. hefur staðfest það hér að þessi nýju ECU-bréf hafi farið í dag á vöxtum upp í 8,54% sem ég hygg að þyki nú allháir og staðfestir það auðvitað það sem bankamenn telja og fjmrh. hefur hér sagt að það kom vaxandi þrýstingur um hærri vexti í kjölfarið á þessum staðreyndum.

Ég hef farið hér yfir það að ég tel að bankar hafi allar aðstæður til þess að lækka vexti og viðurkenni það flestir og hljóti að skoða þann möguleika. Varðandi sparifé þá sé ég ekki hvernig bankarnir eiga að vera að bjóða svo há kjör á sparifé sem þeir geta svo ekki aftur lánað út eins og staðan er í því dauða þjóðfélagi sem við búum í um þessar mundir, því eins og ég rakti, þá er það hæstv. fjmrh. sem bjargar bönkunum við að halda vöxtum á mörgum milljörðum króna. Ég gat um það að laust fé hér í bankakerfinu væri nú um 20 milljarðar sem væri óvenjuleg staða.

Ég vil vænta þess að hæstv. fjmrh. fari yfir þetta vandræðafrv. sitt og fylli upp í götin. Það hefur gerst einu sinni, það var Albert heitinn Guðmundsson, þáv. fjmrh., sem benti sinni ríkisstjórn fljótlega á það að það var gat í frv. og það yrði að stoppa upp í það og það var gert. Það urðu hallalaus fjárlög. Nú ætti hæstv. fjmrh. að benda ríkisstjórninni á það í fyrramálið að þetta frv. sé fullt af götum og hefja sína vinnu við að stoppa í götin.

[22:24]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Ég er ekki sammála honum um bankana. Að vísu eigum við þar sameiginlega hagsmuni því að bankarnir þurfa að kaupa skemmstu bréfin af ríkissjóði og halda þannig ríkissjóði gangandi þannig að það eru gagnkvæmir hagsmunir í þessu. Ég skal viðurkenna það. Markaðurinn er einn og hefur verið að þroskast og þróast og ég vona að hv. þm. sé mér sammála um það að aldrei fyrr í sögu lýðveldisins hafa verið tekin jafnstór og afdrifarík spor í þá átt að útbúa hér eðlilegan verðbréfamarkað, fjármagnsmarkað, sem ætti að geta staðist snúning öðrum lánsfjármörkuðum þegar við tengjumst þeim í náinni framtíð. Það sem þá mun gerast og skiptir öllu máli er að þá verður það ekkert umflúið fyrir íslenska fjármagnsmarkaðinn að lækka vexti þegar þeir lækka en hingað til hefur það verið mesta meinið hér að vextirnir hafa getað lifað sjálfstæðu lífi yfirleitt miklu, miklu hærri á skammtímamarkaðnum á Íslandi en annars staðar í heiminum. Þetta hefur gerbreyst og nú eru vextirnir mun lægri en annars staðar en það mun að sjálfsögðu færast í jafnvægi eins og á að gerast og hlýtur að gerast þar sem markaðslögmál ráða.

Virðulegi forseti. Ég sé að það er enginn á mælendaskránni þannig að ég vil nota tækifærið, ég vona að ég misbjóði engum með því að nota hér tækifærið í andsvari mínu til að þakka hv. þm. fyrir ágæta umræðu hér við 1. umr. og vænti þess að við megum eiga gott samstarf um að koma þessu ágæta fjárlagafrv. í gegnum þingið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 2.–6. mál.

Fundi slitið kl. 22:27.

---

8. FUNDUR

fimmtudaginn 13. okt.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Fjárlög 1995, stjfrv., 1. mál, þskj. 1. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Lánsfjáraukalög 1994, stjfrv., 74. mál, þskj. 74. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
3. Lyfjalög, frv., 5. mál, þskj. 5. — 1. umr.
4. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 17. mál, þskj. 17. — 1. umr.
5. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 19. mál, þskj. 19. — 1. umr.
6. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 20. mál, þskj. 20. — 1. umr.
7. Atvinnuleysistryggingar, frv., 18. mál, þskj. 18. — 1. umr.
8. Sjómannalög, frv., 21. mál, þskj. 21. — 1. umr.
9. Skipun nefndar um vatnsútflutning, þáltill., 22. mál, þskj. 22. — Fyrri umr.
10. Nýting landkosta, þáltill., 23. mál, þskj. 23. — Fyrri umr.
11. Tollalög, frv., 24. mál, þskj. 24. — 1. umr.
12. Afnám tvísköttunar af lífeyrisgreiðslum, þáltill., 25. mál, þskj. 25. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Anna Ólafsdóttir Björnsson, 9. þm. Reykn.,
Davíð Oddsson forsrh.,
Eggert Haukdal, 6. þm. Suðurl.,
Egill Jónsson, 3. þm. Austurl.,
Einar K. Guðfinnsson, 3. þm. Vestf.,
Gísli S. Einarsson, 4. þm. Vesturl.,
Guðmundur Árni Stefánsson félmrh.,
Guðni Ágústsson, 5. þm. Suðurl.,

Gunnlaugur Stefánsson, 5. þm. Austurl.,
Hjörleifur Guttormsson, 4. þm. Austurl.,
Jón Baldvin Hannibalsson utanrrh.,
Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, 6. þm. Vestf.,
Kristinn H. Gunnarsson, 5. þm. Vestf.,
Matthías Bjarnason, 1. þm. Vestf.,
Ólafur Ragnar Grímsson, 8. þm. Reykn.

Útbýting þingskjala:

Eingreiðslur til atvinnulausra, 79. mál, fsp. SJS, þskj. 79.

Eingreiðslur til lífeyrisþega, 80. mál, fsp. SJS, þskj. 80.

Menntun á sviði sjávarútvegs og matvælaiðnaðar, mál, 76. mál, þáltill. ÁRÁ og GuðjG, þskj. 76.

Skattsvik, 75. mál, fsp. ÁRÁ, þskj. 75.

Skráning nafna í þjóðskrá, 78. mál, fsp. HjálmJ, þskj. 78.

Athugasemdir um störf þingsins.

Uppsögn pistlahöfundar við Ríkisútvarpið.

[10:35]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Þannig háttar til að núna í morgun spurðist það að einn af föstum pistlahöfundum Ríkisútvarpsins, Illugi Jökulsson, hefði fengið pokann sinn og honum hefði verið vikið frá störfum þar sem pistlar hans væru of pólitískir eins og það var kallað og yfirmaður hans nennti ekki lengur að sitja undir kvörtunum valdhafandi manna vegna þess að stofnunin væri með of pólitíska menn á sínum vegum.

Það er orðið mjög alvarlegt mál hvernig Sjálfstfl. leggur Ríkisútvarpið í einelti. Í því sambandi er skemmst að minnast þess þegar Kjartan Gunnarsson, framkvæmdastjóri Sjálfstfl., kvartaði sérstaklega undan pistlum Illuga Jökulssonar fyrir nokkrum mánuðum og má kannski líka rifja upp það mál sem snertir Hrafn nokkurn Gunnlaugsson og ítarlega var rætt hér á sínum tíma.

Ég tek þetta mál upp, hæstv. forseti, undir þessum dagskrárlið, störf þingsins, vegna þess að ég vil boða að fara þurfi fram umræða um stöðu Ríkisútvarpsins andspænis Sjálfstfl. sérstaklega um þessar mundir og á síðustu missirum. Það er óþolandi fyrir Ríkisútvarpið og samkeppnisstöðu þess og möguleika til að gegna skyldum sínum að stofnunin sé lögð í pólitískt einelti af stærsta stjórnmálaflokki landsins, flokki menntmrh. í þokkabót. Þess vegna boða ég að ég mun kalla eftir því að umræða fari fram um þessi mál innan eða utan dagskrár við fyrsta hentugt tækifæri.

[10:37]

Hjálmar Jónsson:

Virðlegi forseti. Það er sjálfsagt og eðlilegt að ræða málefni Ríkisútvarpsins og ég vil benda hv. þm. Svavari Gestssyni á að það verður fljótlega lagt fram frv. til nýrra útvarpslaga. Það er búið að endurskoða þau lög og hæstv. ráðherra menntamála mun flytja það frv. fljótlega.

Hitt vil ég taka fram að það eru ósannindi að Sjálfstfl. leggi Ríkisútvarpið í einelti. Fjarri fer því. Kjartan Gunnarsson má lýsa yfir hverju sem hann vill og hefur tjáningarfrelsi eins og aðrir menn um kost og löst á Ríkisútvarpinu eins og öðrum stofnunum og öðru í þjóðfélaginu og ekkert við það að athuga. Það er sjálfsagt mál, rétt eins og Illugi Jökulsson sem hér var nefndur hefur fullan rétt til að tjá sínar skoðanir. (**SJS:** Hafði.) Hefur — og hann er ekki fastur pistlahöfundur. Hann er lausráðinn, ráðinn frá tíma til tíma. Og það hefur ekki komið fram í útvarpsráði nokkurt vantraust á hann af hálfu sjálfstæðismanna. Ekki frekar en aðra pistlahöfunda nú upp á síðkastið. Hlutleysi og hlutlægni er sitt hvað. Hlutleysi er ekki fyrir hendi í Ríkisútvarpinu en hlutlægni, að tjá skoðanir að láta allar skoðanir koma fram og það er aðalsmerki Ríkisútvarpsins að svo sé og verði og eftir því reynum við að vinna í útvarpsráði. Ég fagna því að málefni Ríkisútvarpsins verði rædd hér á hinu háa Alþingi.

Fjárlög 1995, frh. 1. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 1.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:40]

Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GJH, HBl, HjálmJ, IBA, IP, JóhS, JGS, JHelg, KÁ, KE, LMR, ÓE, PBald, REl, RG, SigG, SighB, SAÞ, SHl, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP.

27 þm. (AÓB, DO, EH, EgJ, EKG, GE, GB, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HG, JE, JBH, JónK, JVK, KHG, MF, MB, ÓRG, PP, PJ, PB, SalÞ, StG, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til fjárln. án atkvgr.

Tilkynning um dagskrá.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Forseti vill taka það fram að 2. dagskrármál mun verða tekið á dagskrá síðar á fundinum en ekki nú strax vegna forfalla hæstv. fjmrh. og gæti það orðið laust fyrir kl. 12.

Lyfjalög, 1. umr.

Frv. IP o.fl., 5. mál (lyfsala dýralækna). — Þskj. 5.

[10:41]

Flm. (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lyfjalögum, nr. 93/1994.

Ég hefði gjarnan viljað að hæstv. heilbr.- og trmrh. hefði tíma til að vera viðstaddur þessa umræðu. Hann hefur tjáð mér að hann þurfi að víkja af fundi og mun ég ekki gera frekari athugasemd við það en það kann að vera að við förum fram á að afgreiðslu málsins verði frestað en ég geri það samt ekki hér og nú, ég vil sjá hvernig umræðan þróast.

Auk mín eru flm. Finnur Ingólfsson og Valgerður Sverrisdóttir.

1. gr. frv. orðast svo, með leyfi forseta:

„4. mgr. 30. gr. laganna orðast svo:

Lyfjaheildsölum er heimilt að selja lyf lyfsöluleyfishöfum, stofnunum sem reknar eru samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu eða öðrum sérlögum, læknum, tannlæknum og dýralæknum og þeim tilraunastofum sem vinna að rannsóknum lyfja. Kostnaður lækna og tannlækna vegna slíkra lyfjakaupa fellur undir rekstrarkostnað, en dýralæknar hafa heimild til að selja dýralyf á allt að hámarksútsöluverði sem ákveðið er af lyfjaverðsnefnd, sbr. 40. gr.

2. gr. Lög þessi öðlast þegar gildi."

Í greinargerð segir, með leyfi forseta:

„Í lok 117. löggjafarþings hlutu afgreiðslu ný lyfjalög. Minni hluti heilbrigðis- og tryggingnefndar gagnrýndi frá upphafi ýmis atriði frumvarps til lyfjalaga og telur hin nýju lög í heild sinni meingölluð. Auk þess hafa komið í ljós einstakir gallar á lögunum sem nauðsynlegt er að leiðrétta án tafar og er frumvarp þetta flutt af því tilefni.

Við þinglega meðferð frumvarps til lyfjalaga gerði meiri hluti heilbrigðis- og tryggingnefndar fjölmargar breytingar, þar á meðal varðandi lyfsölu dýralækna. Samkvæmt 58. gr. laga nr. 76/1982, um lyfjadreifingu, sem ný lyfjalög leystu af hólmi, höfðu héraðsdýralæknar heimild til lyfjasölu og bar skylda til að sjá um sölu lyfjanna í þeim héruðum þar sem ekki voru lyfjabúðir. Kveðið er á um lyfsölu dýralækna í 30. gr. nýrra lyfjalaga. Samkvæmt ákvæðinu er öllum dýralæknum nú heimilt að kaupa lyf í heildsölu og nota á eigin stofum og í sjúkravitjunum og fram kom í máli sérfræðinga heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis að með breytingunni væri ætlunin að rýmka starfsmöguleika dýralækna. Síðan hefur komið á daginn að í raun er verið að þrengja þá verulega. Þannig hefur heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti úrskurðað að með lyfjaafhendingu dýralækna sé einungis átt við að þeir megi afhenda lyf til að sinna meðferðarþörf þar til hægt sé að ná í lyf í lyfjabúð. Breytingin felur því í raun í sér verulega skerðingu á þjónustu við bændur og aukinn kostnað þeirra þar sem dýralæknar gátu áður skilið eftir hjá bændum nauðsynleg lyf til eftirmeðferðar. Samkvæmt túlkun 30. gr. núgildandi lyfjalaga er gert ráð fyrir að bændur verði sjálfir að nálgast slík lyf og reyndar einnig fyrirbyggjandi lyf sem þeir gátu áður keypt af dýralæknum, en bent skal á að í sex dýralæknishéruðum eru ekki lyfjaverslanir. Stéttarsamband bænda, sem hefur innan sinna vébanda um 4.500 bændur, og einstök hagsmunasamtök önnur hafa hvatt til þess að þegar verði gerðar breytingar í þessu efni þar sem mikið óhagræði fylgi hinu nýja fyrirkomulagi. Stéttarsambandið telur að eldra fyrirkomulag hafi reynst vel og m.a. átt þátt í því að lyfjanoktun í landbúnaði sé, eins og rannsóknir sýni, minni hér en víða annars staðar. Þá hafa dýralæknar bent á að í reglum sem Evrópusamband dýralækna hefur samþykkt er stefnt að því að skilja lyf ætluð mönnum frá dýralyfjum.

Með vísan til framangreinds er hér lagt til að sú takmörkun, sem felst í 30. gr. lyfjalaga, verði afnumin og dýralæknum veitt svigrúm til að veita sömu þjónustu og áður."

Þegar lyfjalög voru samþykkt á síðasta vori gerði stjórnarandstaðan miklar athugasemdir við það frv. eins og hv. alþm. er kunnugt og þeir ættu að muna. Þetta frv. var keyrt í gegnum Alþingi þrátt fyrir athugasemdir stjórnarandstöðunnar og það er ekki eitt klúður heldur hafa mörg klúður þegar komið fram og eiga eftir að koma fram því að hluti lyfjalaganna mun ekki taka gildi fyrr en 1. nóv. 1995 en einhver hluti bráðlega eftir því sem heilbr.- og trmrh. tjáði í gær. Hann *vill flýta því að hluti þess kæmi í framkvæmd. En* það sem er alvarlegast við það sem nú þegar er komið í framkvæmd og hefur tekið gildi er að kostnaður hjá bændum hefur stóraukist með þessum nýju lyfjalögum þar sem dýralæknum er nú ekki heimilt að afgreiða nema aðeins bráðalyf en bæði fyrirbyggjandi lyf og lyf til framhaldsmeðferðar verða bændur að sækja til lyfjaverslana sem eru ekki ávallt mjög nálægt þeim.

Við í hv. heilbr.- og trn. höfum fengið margar ábendingar um þetta mál. Ég bað um fund í heilbr.- og trn. áður en bráðabirgðalög voru sett því það muna hv. alþm. að það þurfti að setja bráðabirgðalög strax í vor um leið og lögin tóku gildi því þetta er, eins og ég hef áður sagt, allt saman meingallað mál. Þá bað ég um það á fundi heilbr.- og trn. að þetta ákveðna mál varðandi dýralækna yrði líka tekið til greina. Það var ekki tekið til greina á þeim fundi. Þótt margir hv. nefndarmenn hefðu fullan skilning á því að þetta mundi ekki ganga upp þá var ekki vilji fyrir því að breyta þessu í frv. á þeim tíma. Nú heyri ég það á mörgum hv. þm. að þeir eru búnir að sjá að þetta mál gengur ekki upp og það liggur á að fá breytingu á þessum lögum.

Ég vona að það verði breið samstaða í Alþingi um að afgreiða þetta mjög fljótt og greiðlega því það liggur á að fá úr þessu bætt.

Mér þykir afar slæmt, eins og ég sagði í upphafi, að hæstv. heilbr.- og trmrh. skuli ekki geta verið viðstaddur þessa umræðu því það er mjög mikilvægt að vita afstöðu hans í þessu máli. Ég tel mig vita afstöðu formanns hv. heilbr.- og trn. og afstaða hans er sú að það þurfi að breyta þessu ákvæði í frv. En ég bið virðulegan forseta að að lokinni umræðu um þetta mál verði því vísað til hv. heilbr.- og trn.

[10:50]

Sturla Böðvarsson:

Virðulegi forseti. Ég get tekið undir það með hv. 1. flm. frv., sem hér er tekið til umræðu, að nauðsynlegt er að gera breytingar á lyfjalögunum hvað varðar sölu dýralækna á lyfjum. Það hefur komið fram að það er nauðsynlegt. Þegar lyfjafrumvarpið var til meðferðar í

þinginu kom það fram, m.a. hjá fulltrúum heilbrrn. sem voru kallaðir til, að gert væri ráð fyrir óbreyttri framkvæmd á sölu lyfja á vegum dýralækna. Það hefur hins vegar komið í ljós og staðfest með bréfi ráðuneytisins að heilbr.- og trmrn. hefur hugsað sér að hafa aðra framkvæmd á þessu máli en gert var ráð fyrir. Þess vegna er nauðsynlegt að gera breytingu á lögunum til þess að það sé alveg skýrt og klárt að dýralæknum sé heimilt að selja lyf beint til bænda.

Varðandi þetta frv. þá verð ég því miður að segja að ég tel það ekki fullnægjandi. Ég tel það gallað og þá aðallega tvennt. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir því að allir dýralæknar hafi heimild til lyfsölu. Ég tel að það komi ekki til greina heldur eigi einungis að miða við héraðsdýralækna og þá dýralækna sem hafa dýralækningar að aðalstarfi. Það að heimila öllum dýralæknum, heilbrigðisfulltrúum og öðrum að stunda lyfjasölu er ekki ásættanleg úrlausn og því tel ég að ekki sé hægt að fallast á það frv. sem hér liggur hvað það varðar.

Í öðru lagi er nauðsynlegt að gera breytingu á 40. gr. laganna, sem varðar ákvörðunina um hámarksverð á lyfjum og umfjöllun um þá ákvörðun, því það hlýtur að vera eðlilegt að héraðsdýralæknar eigi fulltrúa í verðlagsnefnd þegar kemur að ákvörðun um hámarksverð. Það er því nauðsynlegt að einnig sé gerð breyting á 40. gr. en þetta frv. gerir ekki ráð fyrir því.

Ég tel að hér hafi ekki verið nægur undirbúningur og sé nauðsynlegt að annaðhvort verði annað frv. flutt eða hv. heilbr.- og trn. taki þetta til meðferðar og geri þær nauðsynlegu úrbætur á lögunum sem ég tel að verði að gera.

Auðvitað höfum við þingmenn fengið viðbrögð við þessu frá bændum og ég get sagt frá því við þessa umræðu að hæstv. heilbr.- og trmrh. og hæstv. landbrh. hafa átt viðræður um þetta mál og ég get borið þau boð inn í þessa umræðu að hæstv. heilbrrh. mun ganga til þess að flytja hér frv. sem tryggir nauðsynlegar breytingar varðandi lyfsölu dýralæknanna og annað sem því tengist að höfðu samráði við hæstv. landbrh. Væri eðlilegt að það yrði þá gert í tengslum við afgreiðslu á þeim bráðabirgðalögum sem sett voru og hljóta að koma til afgreiðslu þingsins innan skamms tíma.

Ég tel því rétt að fresta afgreiðslu þessa frv. þangað til séð verður hvernig heilbrrh. bregst við þessu en hann hefur lýst því yfir við mig að hann telji nauðsynlegt að gera lagfæringu á lyfjalögunum sem tryggi það að dýralæknar geti selt bændum lyf og haldið þannig úti eðlilegri og nauðsynlegri þjónustu. Þetta vildi ég að kæmi fram við þessa umræðu.

[10:55]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég kem nú fyrst og fremst til að taka undir að það er nauðsynlegt að leysa úr þessu máli sem upp er komið. Það verður náttúrlega að segja það eins og er að hér hafa gerst hlutir sem eru alls ekki nógu góðir og eru alls ekki í lagi. Þetta minnir okkur enn einu sinni á það að það eru alveg ótæk vinnubrögð að hér sé verið að troða í gegn viðamiklum frumvörpum af því tagi sem lyfjalögin eru við þær aðstæður sem voru á þinginu sl. vor. Það var bútað í sundur og búið til eitthvert samkomulag og menn voru með þetta á hlaupum í höndunum á síðustu sólarhringum þinghaldsins ef ég man rétt og útkoman er svo þessi sem raun ber vitni. Það er ekki nokkur leið að framkvæma lögin og menn verða að grípa til þess að setja bráðabirgðalög fáeinum vikum eða kannski einum eða tveimur mánuðum eftir að þingið fer heim til þess að bjarga því sem bjargað verður svona í horn. Svo kemur þar á ofan á daginn að í lögunum felst breyting sem alls ekki var ætlunin að gera, eða a.m.k. eru þau túlkuð þannig. Það verður svo til stórkostlegs trafala fyrir eðlilega dýralæknisþjónustu í landinu og þau viðskipti sem átt hafa sér stað á vegum dýralæknanna með lyf.

Þetta er náttúrlega einfaldlega klúður á mannamáli sagt. Ég held að þar verði allir að líta í eigin barm, bæði ráðuneytið sem undirbjó lögin og kannski að einhverju leyti hv. þingnefnd. Ég hefði þess vegna talið að mörgu leyti eðlilegast að heilbr.- og trn. flytti frv. sem nefnd til að lagfæra þessa ágalla og gerði það fljótt vegna þess að auðvitað er ekki hægt að láta þetta standa svona.

Ég ætla svo sem ekki að tjá mig um það hvernig útfærslan sem hér er á ferðinni er til þess fallin að leysa úr þessu. Ég hef skilið það svo að hér væri stuðst við upphaflegt orðalag sem ætlunin hafði verið að hafa í lögunum með hliðsjón af eldri ákvæðum sem gilt hafa um þetta. Ég veit ekki til annars en að það hafi verið vandræðalaust þannig að mönnum ætti svo sem ekki að vera skotaskuld úr því að hverfa aftur til þess forms sem var á þessu áður en þessi mislukkaða lagabreyting átti sér stað í fyrra. Það held ég að sé ætlun flm. En að sjálfsögðu getur hv. nefnd skoðað það hvort þarna ætti að miða við héraðsdýralæknana eða starfandi dýralækna, þ.e. þá sem hafa dýralækningar að fullu starfi og starfa sem slíkir. Það skal ég ósagt látið. Mér finnst það koma alveg til álita að takmarka þetta þannig. En aðalatriðið er og það sem er mikilvægast að lyfjaviðskiptin geti gengið eðlilega fyrir sig í samskiptum dýralækna og bænda og það er sérstaklega mikilvægt í þeim byggðalögum þar sem alls engin önnur úrræði eru til lyfjaútvegunar. Það er náttúrlega svo fráleitt sem nokkuð getur verið að það geti þjónað nokkrum skynsamlegum tilgangi að koma í veg fyrir að dýralæknirinn, sem er á ferðinni um sitt hérað og á viðskipti við bændurna og á erindi við þá hvort sem er, geti jafnframt afgreitt lyfin. Ég veit ekki hvaða tilgangi menn ætla eiginlega að þjóna með því að brjóta upp það fyrirkomulag. Það er gjörsamlega út í hött og getur ekkert annað haft í för með sér en óhagræði, óþægindi og kostnað.

Ég legg því til að hv. nefnd taki þetta snarlega til athugunar og annaðhvort lagfæri þetta frv. ef ástæða þykir til eða flytji bara nýtt frv. sem nefnd sem ekki þyrfti þá að ganga til nefndar og mætti þá taka á þeim atriðum ef mönnum sýnist svo sem hv. síðasti ræðumaður gerði hér að umtalsefni.

Að lokum, hæstv. forseti, vil ég aftur koma að því sem ég nefndi í upphafi að þessi vinnubrögð verða að

vera mönnum nokkur lærdómur. Þetta hefur gerst núna nokkur skipti, því miður, og mér finnst því miður hafa borið miklu meira á þessari hroðvirkni núna sl. tvö, þrjú ár af einhverjum ástæðum. Hvort þessir hlutir eru farnir að koma almennt miklu verr undirbúnir þegar frv. eru lögð fram eða vinnubrögðin á Alþingi og í nefndum eru ekki lengur sem skyldi skal ósagt látið en við verðum að horfast í augu við að það hafa endurtekið gerst svona hlutir, að hér hafa verið afgreidd svo meingölluð lög og lagabálkar frá þinginu að menn hafa orðið að bjarga þeim málum við með bráðabirgðalagasetningu á næstu mánuðum á eftir. Það er auðvitað alveg ótækt. Við getum ekki látið það ganga þannig trekk í trekk að þetta sé niðurstaðan. Það er þvílíkur áfellisdómur yfir vinnubrögðunum sem að baki lagasetningunni liggja að það er ekki nokkur kostur.

Svo vil ég spyrja hæstv. forseta hvort ekki sé farið að nálgast eða komið fram yfir þau tímamörk sem eru á staðfestingu bráðabirgðalaga varðandi framlagningu þeirra við upphaf þings. Ég held að hæstv. forseti þyrfti að athuga það svo ekki verði enn bitið höfuðið af skömminni með því að brotin verði lög með því að ekki komi fram frv. til staðfestingar bráðabirgðalögunum innan tilskilins frests.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Forseti vill taka fram vegna orða hv. þm. að það munu vera ákvæði um það í stjórnarskrá að það sé á ábyrgð framkvæmdarvaldsins að leggja bráðabirgðalög strax fram í þinginu þegar það kemur saman.

[11:01]

Guðrún J. Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég tel að þetta frv. til laga um breytingu á lyfjalögunum sé þarft frv. og styð það og styð að því verði vísað til heilbr.- og trn. þar sem má athuga hvort eitthvað í því mætti betur fara, t.d. ákvæði um það hvaða dýralæknir megi selja lyf. En ég gat ekki í vor þegar þetta mál kom til heilbr.- og trn. og get ekki enn þá skilið gagnsemina í þeim breytingum sem voru í því lagafrv. Ríkið græðir ekki á því, bændur græða ekki á því og því síður náttúrlega dýralæknar. Þetta er engum til ágóða nema kannski apótekurum sem ég er þó ekkert viss um. Ég held að þetta frv. eigi mjög mikinn rétt á sér og að ákvæðið um sölu á lyfjum til dýralækninga hafi verið stórkostlegur galli á frv. sem fram kom í vor.

Þetta hefur engum verið til góðs og það þarf að breyta þessu og því fagna ég því að þessi tillaga hefur komið fram.

[11:03]

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Það frv. sem hér hefur verið mælt fyrir gerir ráð fyrir breytingu á lyfjalögum eins og þau voru samþykkt sl. vor eins og fram hefur komið. Það er hins vegar alveg skýrt og málið er reyndar eins og lyfjamál þessarar ríkisstjórnar alveg óskiljanlegt vegna þess að staðreyndin er sú, og það þekki ég þar sem ég sit í hv. heilbr.- og trn., að það var alls ekki vilji hv. nefndar að þessi breyting yrði gerð á lyfjalögunum. Á öllum stigum málsins og ef menn fara í gegnum þá pappíra sem liggja að baki vinnu í nefndinni var aldrei gert ráð fyrir því að þessi breyting yrði gerð á frv. eins og það lá hér fyrir upphaflega. Einhverra hluta vegna fellur þetta út og þessi breyting er gerð.

Það er reyndar mjög erfitt að ræða lyfjamál þar sem hæstv. heilbrrh. er ekki í salnum og formaður hv. heilbr.- og trn., hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson, fær jú þetta mál, sem formaður nefndarinnar, til umfjöllunar í nefndinni. Það er auðvitað mikilvægt hvernig um málið verður fjallað þar. Það er til að mynda mín skoðun að ég tel útilokað að ætla að bíða eftir einhverjum breytingum frá heilbr.- og trmrn. á því að ýmsir kaflar núgildandi laga komi fyrr til framkvæmda en gert var ráð fyrir og samkomulag náist um milli stjórnar og stjórnarandstöðu. Ég tel útilokað að blanda þessum hlutum saman af þeirri ástæðu að það verður ekkert samkomulag um að brjóta það samkomulag sem var milli stjórnarliðsins á þinginu og stjórnarandstöðunnar um að lyfsölu-, lyfjaverðlags- og lyfjadreifingarkafli núgildandi lyfjalaga tæki ekki gildi fyrr en 1. nóv. 1995 og ætla nú að fara að flýta þeirri gildistöku til 1. jan. 1995. Staðreyndin er sú að það þarf að reyna á þessi ákvæði áður en menn geta gert slíkar breytingar til að fá úr því skorið hvaða áhrif EES-ákvæðin í lyfjalögunum hafa á lyfjakostnað ríkisins og lyfjakostnað einstaklinganna.

Ég tel því vel koma til greina við þessa umræðu að henni verði frestað þar til hæstv. ráðherra getur verið viðstaddur af þeirri ástæðu að hver svo sem vilji þingsins er þá finnst mér mikilvægt að hæstv. ráðherra láti í ljós skoðun sína, hvort hann sé tilbúinn að styðja það að þetta ákvæði, hvort sem næst samkomulag í nefndinni um nákvæmlega það orðalag sem hér er, eða a.m.k. efnisatriði þess frv. fái fljóta meðferð og vönduð vinnubrögð í þinginu og geti verið samþykkt eitt og sér en ekki verði beðið eftir þeim breytingum er hæstv. heilbr.- og trmrh. hefur boðað að komi fram á lyfjalögunum.

Ég held að það sé hárrétt ábending hjá hv. 1. þm. Vesturl. og megi a.m.k. skoða hvort rétt sé að þarna standi dýralæknar eða héraðsdýralæknar, starfandi dýralæknar. Það er a.m.k. alls ekki vilji okkar sem flytjum þetta mál að alþingismenn sem eru dýralæknar fari að selja lyf, það er ekki tilgangur frv., heldur þeir sem þjónustuna eiga að veita úti í hinum dreifðu byggðum og fyrst og fremst snýr þetta að þeim hópi, þ.e. að héraðsdýralæknar og dýralæknar sem þá þjónustu láta í té geti jafnfram afgreitt lyf.

Ég legg áherslu á það að málið hefur lengi þurft að bíða. Það fái skjóta meðferð þingsins og því verði ekki blandað saman við breytingar á lyfjalögum sem hæstv. heilbrrh. hefur boðað.

[11:08]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vegna ræðu hv. þm. Finns Ingólfssonar vil ég ítreka það sem ég sagði áðan og hann hefur sennilega ekki heyrt að hæstv. heilbr.- og trmrh. er reiðubúinn til þess. Í samtali við mig hefur komið fram að hann er reiðubúinn til þess að höfðu sam-

ráði við landbrn. að beita sér fyrir breytingum á þessum þætti, þ.e. lögum sem snúa að sölu á lyfjum á vegum dýralækna þannig að þessi framkvæmd verði með eðlilegum hætti. Í dag er ástandið algerlega óviðunandi. Ég tek undir með hv. þm. að ekki ekki að blanda þessu saman við aðrar breytingar sem hæstv. heilbrrh. kann að vilja gera á lyfjalögunum nema þá það sem snýr að bráðabirgðalögunum. Staðfestingin á bráðabirgðalögunum og sú breyting sem verður að gera og það frv. sem er til umræðu kemur inn á það gæti hins vegar fylgst að.

[11:09]

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir efni þessa frv. og með þeim sem hafa lagt áherslu á að þetta verði afgreitt eins fljótt og kostur er. Ég sé ekki að það þurfi að bíða eftir því að hæstv. heilbrrh. beiti sér fyrir málinu. Ég vil a.m.k. vonast til þess að sú afgreiðsla, sem fór fram, hafi verið vegna yfirsjónar hjá hv. heilbr.- og trn. og þess meiri hluta sem þessa lagasetningu studdi. Því sé þetta fyrst og fremst að þeir aðilar þurfi að leiðrétta þessa yfirsjón og ef svo er þá er út af fyrir sig ekki eftir neinu að bíða að gera það og hraða afgreiðslu þessa frv. Að sjálfsögðu er rétt að skoða hvort eitthvert orðalag í því megi betur fara og ná betur þessu markmiði. Vegna þess hvað um knýjandi mál er að ræða tek ég undir það að þessu sé ekki blandað saman við annað efni en um önnur atriði gefst tækifæri að ræða þegar hæstv. heilbrrh. flytur bráðabirgðalög sín. Því miður er margt í þessum lyfjalögum á annan veg en þyrfti að vera og að sumu leyti eru þau lyf, sem menn þurfa að nota, undir sömu sök seld og dýralyfin á ákveðnum svæðum, þ.e. þegar það ákvæði frv. kemur til framkvæmda mun það valda mjög miklum erfiðleikum og jafnvel vandræðum í afskekktum byggðarlögum. En ég ætla ekki að fara frekar út í þá umræðu nú. Ég hef rætt það fyrr við hæstv. heilbrrh. þegar frv. var fyrst lagt fram og tækifæri mun gefast til þess síðar en ég legg áherslu á að afgreiðslu þessa frv. verði hraðað og ég sé ekki að hv. alþm. þurfi að bíða eftir því að hæstv. heilbrrh. beiti sér fyrir afgreiðslu þess. Það er að sjálfsögðu á valdi hv. alþm. sjálfra.

[11:13]

Flm. (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka þá ágætu umræðu sem hefur orðið um þetta mál og þær upplýsingar sem hafa komið fram. Hér tjáði 1. þm. Vesturl. okkur að hæstv. heilbrrh. ætli að beita sér fyrir breytingu á þeim lögum sem voru samþykkt í vor. Við sem beittum okkur gegn þeim lögum fögnum þeim sinnaskiptum og að menn hafi vaknað til vitundar um að verið var að gera hlut sem átti eftir að koma illa niður við marga. Það er því mjög ánægjulegt að heyra að menn hafa loksins vaknað til vitundar þó seint væri um að lögin, sem voru samþykkt, eru óframkvæmanleg. Ég tek undir með þeim sem segja að rétt sé að taka þennan afmarkaða þátt út úr og geyma heildarendurskoðun þar til síðar því að það liggur á að afgreiða þetta mál.

Mig langar aðeins að leiðrétta hv. 1. þm. Vesturl. sem hélt áðan ræðu og sagði það að verið væri að opna fyrir það að allir dýralæknar gætu selt lyf, jafnvel dýralæknar sem sætu á Alþingi og m.a. heilbrigðisfulltrúar. Þetta er náttúrlega útúrsnúningur því að í gömlu lögunum máttu aðeins héraðsdýralæknar kaupa og selja lyf. Í nýju lögunum geta bæði héraðsdýralæknar og starfandi dýralæknar keypt og selt lyf. En sá böggull fylgir skammrifi að leyfi fyrir þeim lyfjum sem dýralæknar selja er aðeins bundið við bráðalyf. Þetta er því aðeins eins og hver annar útúrsnúningur og allt í lagi með það en það er líka hægt að bæta þarna einu orði við þannig að hv. þm. verði ánægður með þetta frv. Það er mikið atriði að ná breiðu samkomulagi um málið.

Ég ætla ekki að hafa mjög mörg orðum þetta í bili en ég tel rétt þar sem hæstv. heilbr.- og trmrh. verður hér í dag að við fáum úr því skorið nákvæmlega hvernig hann hyggst breyta þessum lögum. Eftir það getum við farið á fullu í það að sameinast um það að hraða málinu. En þær upplýsingar, sem komu fram um það að ráðherra sé tilbúinn til þess eru ágætar en það er rétt sem kom fram hjá hv. þm. Jóni Helgasyni að ef það er breitt samkomulag meðal þingmanna sjálfra þarf eflaust ekkert að bíða eftir honum. En þar sem hann verður við í dag þá er rétt að heyra hvað hann segir um þetta mál.

(**Forseti** (VS): Forseti skilur hv. þm. þannig að hún sé að óska eftir því að umræðunni verði frestað.)

[11:16]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vegna orða hv. 2. þm. Vesturl. vil ég segja að það er fjarri því að ég hafi verið með einhvern útúrsnúning í málflutningi mínum. Ég benti á tvö efnisatriði sem ég taldi mikilvæg og lúta að þessu frv. sem hér er til umræðu og varða lyfjalögin og framkvæmd þeirra. Annars vegar að ekki aðrir en héraðsdýralæknar og starfandi dýralæknar hafi heimild til lyfsölu og það er í mínum huga grundvallaratriði. Hins vegar, sem ekki kemur fram í frv., að gera þarf breytingu á 40. gr. í lyfjalögunum sem snýr að lyfjaverðlagskerfinu. Þetta tel ég að sé alveg nauðsynlegt og hefði e.t.v. komið í ljós ef hv. þm. hefði leitað samráðs við t.d. heilbrrh. og landbrh. sem hafa verið að undirbúa þetta mál og reyna að koma því í þann farveg sem heilbr.- og trn. tókst því miður ekki í umfjöllun sinni á síðasta þingi. Þetta er grundvallaratriði. Ég vona svo sannarlega að með því að hæstv. heilbrrh. og hæstv. landbrh. koma að málinu og þeir embættismenn, sem hafa fjallað um þetta, verði kallaðir til nefndarinnar að nýju til frekari umfjöllunar megi takast að koma þessu klúðri til betri vegar. Eins og lyfjalögin eru í dag hvað varðar sölu á dýralyfjum eru þau algerlega ófullnægjandi og ég vona svo sannarlega að þinginu takist að gera á því þær lagfæringar, sem nauðsynlegar eru, og tryggi að framkvæmdin verði ekki jafnóbærileg bændum landsins eins og staðan er í dag.

[11:18]

Flm. (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það hefur skýrst í umræðunni að við erum sammála um grundvallaratriðin og það skiptir miklu máli. Það kom fram í máli hv. þm. Sturlu Böðvarssonar að þingmaður sá sem hér stendur hefði átt að hafa samráð við hæstv. heilbrrh. og jafnvel Sjálfstfl. Þetta er hlægilegt. Ég veit ekki betur en að sú sem hér stendur hafi reynt að hafa samráð bæði við sjálfstæðismenn og alþýðuflokksmenn um þetta mál, um lyfjalögin í heild sinni þegar þau voru afgreidd úr þinginu. En ekki nokkur hv. þm. hafði minnsta áhuga á að skoða málið og ekki einn einasti þingmaður Sjálfstfl. nema hv. þm. Pálmi Jónsson, hv. 2. þm. Norðurl. v., sem kvaddi sér hljóðs í lokaumræðu um þetta mál þó að umræða stæði yfir í marga daga. Svo er hv. þm. að tala um samráð. Samráð við hvern? En ég fagna því að það hafa orðið sinnaskipti og menn vaknað til vitundar um að þeir hafa samþykkt frv. sem var tóm vitleysa. Við sem greiddum atkvæði gegn því en hv. þingmaður Sturla Böðvarsson var meðal þeirra sem voru ekki tilbúnir í það samráð sem við buðum um það að frv. væri sent til hæstv. ríkisstjórnar til endurskoðunar áður en það kæmi til afgreiðslu þingsins. Og svo eru menn að tala um samráð.

Umræðu frestað.

Tekjuskattur og eignarskattur, 1. umr.

Frv. ÁRÁ og EKG, 17. mál (stofnfjárbréf). — Þskj. 17.

[11:20]

Flm. (Árni R. Árnason):

Virðulegi forseti. Á þskj. 17 hefur verið lagt fram frv. til laga um breytingar á tvennum lögum, annars vegar um tekjuskatt og eignarskatt og hins vegar á lögum um frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri. Þær tillögur, sem hér koma fram, eru til þess fram settar að jafna aðstöðu sparisjóðanna sem starfa víðs vegar um landið við aðstöðu hlutafélagabanka til þess að afla eigin fjár á frjálsum markaði þar sem kaupendur hlutabréfa í bönkum og stofnfjárhlutabréfa í sparisjóðum hljóta að bera saman, ekki aðeins ávöxtun fyrir skatta heldur einnig eftir skatta. Staðreyndin er sú að með lögum nr. 43/1973, um viðskiptabanka og sparisjóði, var sparisjóðum öllum gert að breyta þeim samþykktum sem innan þeirra gilda um ábyrgðir og tryggingar ábyrgðarmanna samkvæmt eldri lögum um sparisjóðina og hverfa til þess að afla áhættufjár, eigin fjár, með útgáfu stofnfjárhlutabréfa meðal almennings rétt eins og almenningshlutafélög og þar með taldir hlutafélagabankar. Þær forsendur sem áður giltu um tryggingar og eigið fé sparisjóðanna hafa þess vegna horfið og þeim er gert að keppa við félög sem starfað geta um allt landið. Ég nefni þetta, virðulegi forseti, vegna þess að við fyrri umræður um frv. eða forvera þess á undangengnum tveimur þingum komu fram sjónarmið þess efnis að varla væri unnt að veita sparisjóðum sambærileg réttindi á við almenningshlutafélög vegna þess að um sölu á hlutabréfum giltu þau ákvæði að ekki mætti hafa hömlur við frjálsri sölu þeirra. En hömlur væru við frjálsri sölu stofnfjárbréfa í sparisjóðum. Ég hef hins vegar litið þannig á, virðulegi forseti, og það kom fram við síðari umræðu að fyrir því sjónarmiði var hljómgrunnur í hv. efh.- og viðskn. þingsins að þær hömlur, sem eru við sölu á stofnfjárhlutabréfum sparisjóða, eru eingöngu tilkomnar vegna þess að sparisjóðnum eru settar hömlur við að útfæra starfssvæði sín. Þar segir einfaldlega sem svo að þeir skuli starfa á afmörkuðum svæðum og þeim er gerð sú skylda í lögum að safna stofnfjárhlutafé, ef það orð má nota, innan þess svæðis. Eigendur stofnfjárhlutabréfanna verða að hafa búsetu ellegar stunda starfsemi á starfssvæði sparisjóðsins.

Ég álít þess vegna, virðulegi forseti, að hin almennu ákvæði um frjálsa sölu hlutabréfa á opnum markaði geti ekki átt við um fyrirtæki sem eru til þess neydd að keppa á þeim markaði og í öðrum lögum meinað að viðhafa frelsi um söluna. Ef við ætlum að halda slíku fram er alveg ljóst að aðstaða sparisjóðanna og grundvöllur til að keppa um þetta fé almennings við önnur fyrirtæki sem hafa öll réttindi munu þá smám saman víkja þeim út af þessum markaði.

Sparisjóðirnir starfa hins vegar í dag í öllum landshlutum og fylla þrjá tugi. Þeir starfa víða þar sem bankar hafa ekki talið sér fært að starfa og veita viðskiptaþjónustu íbúum og fyrirtækjum. Ég tel nauðsynlegt að þeim verði gert þetta kleift og ég tel eðlilegt að þeir fái sömu réttindi og hin félögin sem eru ekki á annan hátt skylduð til að beygja undan ákvæðum um frjálsa sölu bréfa sinna.

Ég legg til að málinu verði vísað til 2. umr. og til athugunar í hv. efh.- og viðskn. þingsins að umræðu lokinni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tekjuskattur og eignarskattur, 1. umr.

Frv. TIO og StB, 19. mál (endurbætur og viðhald á eigin húsnæði). — Þskj. 19.

[11:25]

Flm. (Tómas Ingi Olrich):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, með síðari breytingum. Frv. þetta er 19. mál þingsins og meðflm. með mér að þessu frv. er hv. þm. Sturla Böðvarsson.

Frv. þetta er í tveimur greinum og er meginefni þess að kostnaður við endurbætur og viðhald á eigin húsnæði sé frádráttarbær enda nemi þessi kostnaður að lágmarki 100 þús. kr. og skal endurgreiðslan vera 10% af þeim kostnaði sem ráðist hefur verið í. Greinargerð fylgir þessu frv. þar sem er farið nokkuð ítarlega í

ástæðurnar fyrir því að það er lagt fram. Eins og fram kemur í greinargerðinni er þjóðarauður Íslendinga að langmestu leyti bundinn í íbúðar- og atvinnuhúsnæði. Íbúðarhúsnæði og atvinnuhúsnæði í heild er metið á um 1.200 milljarða kr.

Ef við berum okkur saman við aðrar þjóðir eru þessar eignir hér á Íslandi til þess að gera ungar. Mikið byggingarskeið hófst á Íslandi eftir síðari heimsstyrjöldina og hefur húsakosti landsmanna að miklu leyti verið komið upp á þessum tíma. Við höfum því litla hefð í viðhaldsverkefnum og það hefur komið í ljós að samfara því að viðhaldsþörf þessa húsnæðis hefur farið stórvaxandi þá hefur viðhaldsverkefninu ekki verið sinnt sem skyldi. Þetta á bæði við um einstaklinga og opinbera aðila. Á sama tíma og við sjáum að þarna er verkefni sem er vanrækt og snertir þjóðarauð Íslendinga, verulegan hluta af honum, þá gætir atvinnuleysis í byggingariðnaði og fyrirtæki í þessari atvinnugrein eiga reyndar í harðri samkeppni við atvinnustarfsemi á svörtum markaði. Til þess að varpa ljósi á það hversu viðhaldsverkefnin hafa vaxið mikið er hægt að líta hér í fréttaauka samtaka iðnaðarins um byggingariðnaðinn en þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Helstu verkefni byggingariðnaðarins hafa verið nú á síðari árum viðhaldsverkefni og kemur fram hér í súluriti að á milli áranna 1992 og 1993 hafa viðhaldsverkefni byggingariðnaðarins aukist mjög verulega."

Þessi þáttur í byggingarstarfseminni er einmitt sá þáttur sem er viðkvæmastur fyrir skattskilum og ríkissjóður hefur beðið verulegt tjón af því að þessi starfsemi hefur ekki verið gefin upp til skatts eins og lög standa til. Raunar má segja að ríkissjóður beri af þessu tvöfalt tjón því að annars vegar er um að ræða tapaðar tekjur af atvinnustarfseminni en hins vegar koma fram útgjaldaliðir hjá ríkissjóði vegna aukinna atvinnuleysisbóta. Það er m.a. tilgangur þessa frv. að stuðla að auknum viðhaldsverkefnum hjá byggingariðnaðinum og bæta skattskil af byggingarstarfinu. Ef viðhald húsa í einkaeign hér væri með eðlilegum hætti þá má ætla að byggingariðnaðurinn og þjónustustarfsemin við byggingariðnaðinn velti á annan tug milljarða kr. Það er að sjálfsögðu erfitt að meta þetta nákvæmlega en í samanburði við önnur lönd — og ég hef reyndar farið þá leið að draga heldur úr kostnaðinum sem þarna gæti verið eðlilegur á ári vegna þess að húsnæði hér á Íslandi er þó allnýlegt — þá má gera ráð fyrir því að verkefnið sé hér árlega á annan tug milljarða kr. ef því væri sinnt svo sem vera ber. Það er því ljóst í þessu máli að það er um að ræða mikil verkefni ef í þau er ráðist en jafnframt er mikil áhætta tekin fyrir þjóðina ef þessu verkefni er ekki sinnt.

Þetta mál sem hér er lagt fram varðar afslátt af sköttum vegna viðhaldsverkefna og er um þann hluta byggingariðnaðarins að ræða sem talið er að skili sér einna verst í framtöldum tekjum. Það má reikna með því að af hverri milljón króna sem varið er til viðhaldsvinnu fari til ríkissjóðs sem skatttekjur um 250 þús. kr. miðað við að sá afsláttur sem hér er verið að tala um geti numið um 100 þús. kr. á milljón mundi ríkissjóður ekki skaðast af slíku máli þegar á heildina er litið ef tilhögunin leiðir til betri skattskila.

Ég vil taka það fram að þetta mál var lagt fram á 117. löggjafarþingi en hlaut þá ekki afgreiðslu. Málið er nú endurflutt óbreytt. Þess ber að geta að þessu máli var vísað til umsagnar og eru umsagnir um það undantekningarlaust mjög jákvæðar.

Ég legg til að að lokinni 1. umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

[11:31]

Björn Bjarnason:

Frú forseti. Ég vil þakka hv. síðasta ræðumanni og 1. flm. þessa frv. fyrir að endurflytja það hér á þessu þingi. Ég held að hér sé hreyft mjög mikilvægu máli sem snertir í senn fjárhag ríkissjóðs, almenna skattheimtu í landinu og virðingu fyrir skattalögum og einnig hagsmuni alls almennings eins og fram kemur í hinni ágætu greinargerð sem frv. fylgir þar sem rakið er hversu viðhaldsþörf húsa er mikil hér á landi og mun fara vaxandi á komandi árum. Hér er verið að leitast við að móta reglu í lögum til þess að auðvelda mönnum að endurheimta eða fá skattafslátt út af framkvæmdum sem þeir standa fyrir við endurbætur og viðhald á eigin húsnæði. Ég vil af þessu tilefni aðeins minnast á þær reglur sem gilda nú í dag um endurgreiðslu á virðisaukaskatti vegna framkvæmda- og viðhaldsverkefna við hús. Ég held að það væri mjög æskilegt að hv. efh.- og viðskn. liti á þær í meðferð sinni á þessu máli og skoðaði framkvæmd þeirra og hvernig þær hafi reynst og virkað í reynd. Ég tel t.d. að það sé hugsanlega þannig staðið að framkvæmd þeirra mála að of mikil skylda sé lögð á húseiganda og þann sem greiðir reikninga til iðnaðarmanna á að upplýsa hvað bak við reikningana standi og það kunni að spilla fyrir því að almenningur leggi það á sig ef þannig má að orði komast að eiga í samskiptum við skattyfirvöldin og ná fram þeim rétti sem honum er tryggður að þessu leyti. Það er t.d. gerður munur á endurgreiðslu á virðisaukaskatti eftir því hvort unnið er með vélum eða ekki og þeir sem standa í viðgerðum á húsnæði og ráða til þess t.d. múrara, kunna að þurfa að upplýsa skattyfirvöldin um það hvort múrarinn hafi unnið með háþrýstivél við að endurbæta húsið eða hvort hann hafi unnið með höndunum. Og ef þeir geta ekki gert greinarmun á því eða skýrt frá því hlutfalli við kostnað framkvæmdanna að því leyti sem unnið var með vélinni og það sem unnið var með höndunum þá kann að vera að þeir fái ekki að fá endurgreiðslu og lenda í vandræðum gagnvart skattyfirvöldunum. Einnig ef menn ráða menn til þess að brjóta niður einhvern hluta af mannvirkjum þá þurfa þeir að geta gert grein fyrir því hvað af vinnunni var unnið með vinnuvélum og hvað var unnið af mönnum sem báru grjót í fanginu t.d. og þurfa að upplýsa skattyfirvöldin um þetta og skila nákvæmum skýrslum til þess að endurgreiðslan komi til álita. Ég held að þarna sé um að ræða starfsreglur sem ekki séu til þess fallnar að menn sinni þessu eins og skyldi því að það hlýtur að vera akkur ríkisvaldsins að hafa þessar reglur einfaldar og skilvirkar þannig að almenningur sjái sér strax hag af því að

starfa samkvæmt þeim, fá reikninga, senda þá og síðan að bíða endurgreiðslu en það verði ekki lagt síðan á viðkomandi húseiganda t.d. að afla frekari upplýsinga fyrir skattyfirvöldin hvernig var háttað starfsemi einstakra manna sem unnu að framkvæmdum í hans þágu. Ég held að það væri mjög gott fyrir nefndina að líta á þetta í heild, kanna hvernig framkvæmdinni er háttað og það væri þá e.t.v. unnt að einfalda þessar reglur og gera þær þar með skilvirkari.

Það hefur komið fram í umræðum núna upp á síðkastið að það er síður en svo andstætt hagsmunum þeirra sem taka að sér að vinna þessi verk að þessar reglur séu einfaldar og skýrar, að reikningum sé skilað og öllu sé til skila haldið og ef ég man rétt þá hefur verið lagt af stað í sérstaka kynnisferð eða herferð til þess að hvetja fólk til þess að stunda þessi viðskipti með þeim hætti sem ber til þess að uppræta hugsanleg skattsvik eða svokallaða „svarta vinnu" á þessu sviði. En ég held að leiðin til þess að gera það sé m.a. sú að reglurnar um endurgreiðslurnar séu skýrar og einfaldar og menn séu ekki settir í þá stöðu ef þeir senda reikninga til yfirvaldanna þar sem þeir upplýsa um þann kostnað sem þeir hafi greitt og æskja endurgreiðslu þá fái þeir bréf til baka þar sem þeir eru beðnir að upplýsa nánar um hvað þetta snúist og eigi að fara að hefja eins konar rannsóknarstörf í þágu skattyfirvaldanna. Og sjálfur tel ég að það eigi í því sambandi að huga sérstaklega að meðalhófsreglunni sem við settum í stjórnsýslulögunum og það séu ákveðin mörk í því til hvers er unnt að ætlast af hinum almenna borgara að upplýsa um slíka reikninga og hvernig þeim er skipt innbyrðis hjá verktaka sem hann á viðskipti við.

Ég vildi nota þetta tækifæri um leið og ég lýsi stuðningi mínum við þetta ágæta mál sem hér hefur verið hreyft að hvetja til þess að þegar hv. efh.- og viðskn. tekur málið til skoðunar þá verði litið á þetta allt í þessu samhengi sem ég hef hér rakið.

[11:38]

Guðrún J. Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Þetta mál er hið þarfasta og ég tek raunar undir orð beggja ræðumanna hér á undan, flm. og hv. þm. Björns Bjarnasonar. Orð þeirra beggja eru sannarlega í fullu gildi. Ég tel samt að það væri hugsanlegt að þetta ætti að vera heldur hærri prósenta heldur en 10 til þess að ná þeim árangri sem áætlaður er eða sem miðað er að, a.m.k. 15%. Ég sé það ekki á þessari grein hvort hér er eingöngu átt við vinnukostnað við endurbæturnar eða hvort það er líka átt við efniskostnað. Ég tel að þessar prósentur ættu að eiga við hvort tveggja. Ég held að hingað til hafi eingöngu verið átt við vinnukostnað við endurgreiðslur á viðhaldskostnaði. Ég álít sem sagt að efniskostnaður ætti að vera í þessari endurgreiðslu.

Það er vitað mál að upp úr síðasta stríði hófst geysileg byggingaralda hér á Íslandi og hús sem voru byggð frá 1940 og næstu árin eru náttúrlega orðin hálfrar aldar gömul og það gefur auga leið að viðhald á þessum húsum hlýtur að þurfa að vera þó nokkuð mikið og ég tala nú ekki um þeim húsum sem eldri eru. Það hefur verið lenska hér á Íslandi að byggja alltaf stanslaust nýtt og halda ekki við því gamla. Þetta er hlutur sem þarf að gerbreyta. Þetta er svona eins konar þjóðarvörn. Ef við viljum ekki láta allt drabbast niður þá verðum við að halda öllu því við sem við höfum byggt upp, hvort sem það er í steinsteypu eða tré eða í menningarlegu tilliti. Þess vegna held ég líka að frv. það sem hv. þm. Árni Árnason flutti áðan sé af sama toga spunnið. Það þarf að styrkja þjóðlífið á alla kanta, ekki bara einn heldur annan og þessi tvö frumvörp miða bæði að uppbyggingu og viðhaldi þessarar þjóðar.

[11:41]

Flm. (Tómas Ingi Olrich):

Virðulegi forseti. Ég þakka þær jákvæðu undirtektir sem þetta mál hefur fengið hér í máli ræðumanna. Ég vil aðeins víkja að því sem hv. þm. Björn Bjarnason gat hér um þegar hann nefndi endurgreiðslur á virðisaukaskatti og mæltist til þess að efh.- og viðskn. endurskoðaði lög þar að lútandi með það fyrir augum að velta því fyrir sér hvort ekki mætti einfalda þessar lagareglur og skoða þá samhengi milli væntanlega lagatextans og reglugerða sem á honum væru byggðar. Ég styð þessa hugmynd. Mér finnst hún skynsamleg. Þarna gætir og hefur gætt mjög mikillar smásmygli. Reglurnar sem lúta að þessari endurgreiðslu eru mjög óaðgengilegar og það má kannski með nokkrum hætti segja að skattyfirvöld hafi orðið völd að því að draga úr mönnum kjarkinn að nýta þessar heimildir og þar með óbeint ýtt þeim út á svartan markað. Að svo miklu leyti sem lög kveða á um þessar flóknu reglur og þá smásmygli sem hv. þm. Björn Bjarnason gerði réttilega að umtalsefni áðan þá tel ég fulla ástæðu til þess að hv. efh.- og viðskn. taki þetta til athugunar og mundi fagna því ef það væri gert í sambandi við meðferð nefndarinnar á þessu þingmáli.

Hv. 18. þm. Reykv. spurðist fyrir um það hvort svo væri litið á að hér væri einungis átt við vinnuliði í efnisbótum eða vinnu- og efnisliði, heildarkostnað. Af hálfu flm. er rætt um heildarkostnað, en að öðrum kosti hefði það verið tekið sérstaklega fram ef einungis væri talað um vinnuliði.

Hv. 18. þm. Reykv. sagði einnig að hann teldi að prósentan ætti að vera hærri en 10% og nefndi sérstaklega í því sambandi 15%. Ég hygg að það verði talsvert átak að koma frádráttarliðum þessum í gegnum þingið. Það gætir mikillar tregðu hjá ákveðnum aðilum að fjölga frádráttarliðum og það er yfirleitt rökstutt með því að ríkissjóður þurfi á öllum sínum tekjum að halda. Hér er málið rökstutt með því að ríkissjóður verði ekki fyrir tekjumissi af þessu. Ekki skal ég setja mig upp á móti því ef menn geta komist að samkomulagi um það að hækka prósentuna en ég hygg að það væri mjög mikils virði ef grundvallartriðin fengjust í gegn að þessi endurgreiðsla yrði viðurkennd í lögum og síðan mætti með reynslu af lögunum færa sönnur á það hvort þetta mál hefur þau áhrif á þennan markað sem því er ætlað að hafa og mætti þá prósentan ráðast af því, jafnvel hækka síðar meir enn meira ef í ljós kæmi að lögin hefðu þessi tilætluðu áhrif.

Ég vil að lokum taka það fram að ég er ánægður með undirtektir þingmanna um þetta mál og vona að það fái fljóta afgreiðslu í hv. efh.- og viðskn. Það hefur þegar verið sent til umsagnar og umsagnirnar liggja fyrir þannig að það á að vera hægt að vinna að þessu máli til þess að gera hratt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tekjuskattur og eignarskattur, 1. umr.

Frv. TIO o.fl., 20. mál (endurgreiðsla ofgreiddra gjalda). — Þskj. 20.

[11:45]

Flm. (Tómas Ingi Olrich):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum. Mál þetta er 20. mál þingsins og eru flm. með mér á þessu máli hv. þm. Einar K. Guðfinnsson, Árni R. Árnason, Jóhannes Geir Sigurgeirsson, Ingi Björn Albertsson og Sólveig Pétursdóttir.

Í greinargerð með þessu frv. er gerð grein fyrir því að verulegt misræmi er á milli þess hvernig ríkissjóður gerir þeim aðilum sem ekki hafa greitt skatta sína að greiða vexti af þeim vanskilum og hins vegar af því hvernig farið er með mál þeirra aðila, fyrirtækja og einstaklinga sem hafa af einhverjum ástæðum verið dæmdir til þess að greiða hærri gjöld en endanlegur úrskurður segir til um. Gjaldendum ber að greiða dráttarvexti af vangreiddum opinberum gjöldum, sbr. 1. mgr. 112. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt en gjaldandi sem hefur greitt meira en sem nemur endanlegri ákvörðun á sköttum er hins vegar samkvæmt gildandi lögum bætt upp það tímabil sem fé hans var í vörslu ríkissjóðs með vöxtum sem miðaðir eru við vexti af almennum sparisjóðsinnstæðum Landsbanka Íslands á hverjum tíma.

Í þeim tilvikum að um ágreining er að ræða milli skattstjóra eða ríkisskattstjóra annars vegar og gjaldenda hins vegar um opinber gjöld má vísa þessum ágreiningi til yfirskattanefndar eða dómstóla. Úrskurði yfirskattanefndar má einnig vísa til dómstóla.

Viðbótarálagning skattstjóra eða ríkisskattstjóra á opinberum gjöldum fer þó til innheimtu áður en fjallað hefur verið um hann hjá yfirskattanefnd eða dómstólum. Getur af þessum sökum myndast verulegt misræmi í meðferð vangreiddra opinberra gjalda annars vegar og ofgreiddra opinberra gjalda hins vegar. Verði viðbótarálagningin dæmd ólögmæt fær gjaldandinn, sem greitt hefur álagninguna jafnvel með dráttarvöxtum, ekki bætt það tjón sem hann varð fyrir vegna ólögmætrar álagningar þar sem hann fær aðeins almennar sparisjóðsvexti af því fé sem bundið hefur verið í ríkissjóði vegna álagningarinnar auk þess sem hann kann að hafa orðið fyrir kostnaði af kæru málsins eða annarrar meðferðar þess.

Ekki þykir fært að leiðrétta þetta misræmi með því að láta sömu reglur gilda almennt um vangreiðslur og ofgreiðslur á opinberum gjöldum þar sem þá er hætta á því að gjaldendur gætu myndað hjá sér inneignir til að njóta slíkra vaxtakjara. Í því máli, sem lagt er fram, er lagt til að sömu reglur gildi um vaxtagreiðslur af inneignum gjaldenda sem verða til við endurákvörðun áður ofálagðra gjalda vegna ólögmætrar álagningar eða viðbótarálagningar skattstjóra eða ríkisskattstjóra og vaxtatöku af vangreiddum opinberum gjöldum en ekki í þeim tilvikum þegar inneign myndast af orsökum sem rekja má til gjaldenda sjálfra, svo sem mistaka við framtalsgerð.

Málið var lagt fram á 117. löggjafarþingi en hlaut þá ekki afgreiðslu í nefnd. Málið var sent til umsagnar og voru umsagnir undantekningarlaust jákvæðar. Bent var á í einni umsögn að ástæða væri til þess jafnvel að ganga enn lengra en frv. gerir ráð fyrir og gera ráð fyrir því að gjaldandi fengi greiddan þann kostnað sem hann verður fyrir vegna kærumáls þar sem álagning er dæmd ólögmæt.

Mál þetta er því endurflutt óbreytt frá 117. löggjafarþingi og legg ég til að eftir 1. umr. verði málinu vísað til hv. efh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Atvinnuleysistryggingar, 1. umr.

Frv. TIO og VS, 18. mál (bótaréttur í námi). — Þskj. 18.

[11:49]

Flm. (Tómas Ingi Olrich):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 93/1993, um atvinnuleysistryggingar, með síðari breytingum. Meðflm. minn að þessu frv. er hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir.

Frv. er í tveimur greinum og hljóðar efnisgrein frv. þannig:

„Við 18. gr. laganna bætist ný málsgrein, 3. mgr., svohljóðandi:

Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs getur heimilað einstaklingum, sem verið hafa án atvinnu og á atvinnuleysisbótum í a.m.k. eitt ár, að stunda nám á bótum í allt að átta mánuði í senn í því skyni að bæta með varanlegu móti atvinnumöguleika sína með formlegri menntun, enda liggi fyrir rökstutt einstaklingsbundið mat og meðmæli þess efnis frá stjórn vinnumiðlunarskrifstofu í heimasveit."

Í greinargerð kemur eftirfarandi fram:

„Samkvæmt 18. gr. laga nr. 93/1993 er einstaklingi heimilt að stunda lengst átta vikna nám á atvinnuleysisbótum. Slík námskeið eru gagnleg en breyta í reynd litlu um forsendur til atvinnuleitar fyrir þann hóp atvinnulausra sem hafa ófullkomna grunnmenntun og hafa því orðið harðast úti. Með þeirri takmörkuðu og einstaklingsbundnu heimild, sem hér er lagt til að verði lögfest, er leitast við að opna leið til að nýta Atvinnuleysistryggingasjóð til þess að breyta verulega vinnu-

horfum einstaklinga þar sem þessi leið þykir vænleg til árangurs.

Ljóst er að sú skipan, sem hér er gerð tillaga um, getur ekki orðið að almennri reglu, en heimild talin vera til bóta."

Ég tek fram að atvinnuleysi er nú nokkuð mikið á íslenskan mælikvarða, meira að segja mjög mikið víða um land, en þó allstaðbundið. Á Akureyri hefur verið landlægt atvinnuleysi, svo ég taki dæmi af héraði sem ég þekki vel til, og svo lengi hefur þetta atvinnuleysi staðið að þar hafa komið upp sömu einkenni og hjá þeim þjóðfélögum þar sem atvinnuleysi hefur orðið viðvarandi í langan tíma.

Hluti af atvinnulausum þróast nánast út af vinnumarkaðinum og þurfa tækifæri til að geta náð að leysa sín sérstöku vandamál. Það sem er verið að gera tillögu um er fyrst og fremst það að á atvinnuleysisbótum geti menn stundað nám sem miðar að því að bæta með varanlegu móti atvinnumöguleika viðkomandi aðila með formlegri menntun. Hér er ekki gengið mjög langt í þessu máli en þó er gengið inn á þá braut að nýta menntastofnanir okkar til þess að bæta atvinnumöguleika þeirra aðila sem talið er að geti nýtt sér slíka aðstöðu.

Ég legg til að eftir 1. umr. verði málinu vísað til hv. félmn.

[11:53]

Guðrún J. Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er hreyft allþörfu máli. Ég fagna því að það skuli vera fram komið. Það er ekki aðeins á Norðurlandi þar sem er mikið um fólk sem ætti að njóta þessa möguleika, það er auðvitað um allt land.

Mér veldur í fyrsta lagi dálítilli umhugsun þetta rökstudda einstaklingsbundna mat og meðmæli frá vinnumiðlunarskrifstofu í heimasveit. Meðmælin geta vafist fyrir vinnumiðlunarskrifstofunni og verið getur að hún sé hreinlega ekki í stakk búin til að gera þetta mat og þessi meðmæli. Það yrðu að vera einhverjir aðrir aðilar sem ættu að gera að. Þetta hvarflar að mér við fyrsta yfirlestur þessa frv.

Hv. frummælandi sagði að aldrei yrðu margir sem mundu njóta þessarar þjónustu en ég held að í rauninni séu geysilega margir sem þyrftu svona þjónustu. Í þessari grein er talað um að þeir eigi að geta bætt með varanlegu móti atvinnumöguleika sína með formlegri menntun. Ég veit ekki alveg hvað er átt við með formlegri menntun og að hverju er verið að stefna. Vitað er að fjöldinn allur af því fólki sem er atvinnulaust og ungt í dag vantar nauðsynlega meiri almenna menntun í undirstöðunámsgreinum til þess að eiga möguleika á vinnumarkaðinum. Er átt við þetta eða er átt við einhverja fagmenntun?

Ég held að ef átt er við undirstöðumenntun gæti þetta komið mjög mörgum að gagni sem þurfa nauðsynlega á að halda en ef eingöngu er átt við faglega menntun þá yrðu það náttúrlega færri.

Annað finnst mér sérkennilegt. Það er sagt að þeir geti notið bóta meðan þeir eru í námi í allt að átta mánuði. Nú er það svo að nám við formlegar menntastofnanir á Íslandi í einn vetur eru yfirleitt níu mánuðir. Á þá viðkomandi að vera orðinn bótalaus áður en hann fer í vorpróf? Ekki getur verið að hugsunin sé sú. Ég legg til að þessu verði breytt í níu mánuði eða alla vega rökstutt mjög af hverju er lagt til að þetta séu eingöngu átta mánuðir.

Í heild er stefnan hin vænlegasta og þyrfti að gera ýmislegt fleira í þessum efnum en þetta er góð byrjun.

[11:57]

Flm. (Tómas Ingi Olrich):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. 18. þm. Reykv. fyrir jákvæðar undirtektir undir það mál sem hér er flutt. Ég get þess sérstaklega að málið er undirbúið í samvinnu við félagsmálafulltrúa á Akureyri sem hefur kynnt sér þessi mál sérstaklega og fjallað um þau bæði opinberlega og í blaðagreinum. Í þeim viðræðum sem ég átti við hann kom sérstaklega fram að það væri mjög mikilvægt að einstaklingsbundið mat færi fram á þeim sem fengju að njóta þessara námsmöguleika og að fyrir lægju meðmæli frá vinnumiðlunarskrifstofu á staðnum. Oft er um að ræða mjög gagnlegar upplýsingar sem þar liggja fyrir um stöðu einstakra aðila, sem njóta atvinnuleysistryggingagreiðslna, og það var mat þeirra sem unnu með 1. flm. að málinu að það væri mjög brýnt að þarna væri heimild til þess að leyfa mönnum að stunda slíkt nám að því tilskildu að fyrir lægi rökstutt einstaklingsbundið mat á hverri einustu umsókn. Þetta gengi sem sagt ekki fyrir sig sjálfkrafa.

Í öðru lagi er með orðalaginu formleg menntun fyrst og fremst átt við menntun innan skólakerfisins. Það getur bæði verið grunnmenntun og einnig fagmenntun. Í sjálfu sér er mjög erfitt að átta sig á því eftir því hver á í hlut hvers konar menntun það er sem kemur sér vel fyrir hlutaðeigandi aðila. Þar af leiðandi er mikilsvert að þetta eigi bæði við um grunnmenntun og einnig fagmenntun.

Að því er varðar átta mánuði í senn er það tími sem hægt er að taka til endurskoðunar og er ekki sérstaklega miðaður við skólaárið en þarna eiga í hlut aðilar sem yfirleitt hafa lokið grunnskólamenntun og í mörgum tilvikum einnig einhverri framhaldsmenntun og það má taka það til athugunar hvort það er skynsamlegt að breyta þessu.

[12:00]

Guðrún J. Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tek undir að ég held ekki að rétt sé að það sé óheftur aðgangur að þessu. Það þurfa að vera aðilar sem gætu veitt meðmæli eða ummæli sem gæfu tilefni til að viðkomandi fengju slíka möguleika. Ég er alveg sammála því. Ég velti því fyrir mér hvort það mundi ekki þurfa sérstakan aðila til þess sem til þess væri kvaddur á vegum þessara stofnana.

Ég endurtek að mánuðirnir þurfa að vera níu en ekki átta.

Umræðu frestað.

Lánsfjáraukalög 1994, 1. umr.

Stjfrv., 74. mál (lántaka ríkissjóðs og húsbréfadeildar). — Þskj. 74.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EKJ, Fl, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GJH, HBl, HjálmJ, IBA, IP, JóhS, JGS, JHelg, KÁ, KE, LMR, ÓE, PBald, PB, REl, RG, SigG, SighB, SAÞ, SHl, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP.

26 þm. (AÓB, DO, EH, EgJ, EKG, GE, GB, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HG, JE, JBH, JónK, JVK, KHG, MF, MB, ÓRG, PP, PJ, SalÞ, StG, ÖS) fjarstaddir.

[12:01]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til lánsfjáraukalaga fyrir árið 1994. Þetta frv. er í tveimur greinum. Í fyrri grein frv. er gert ráð fyrir því að breyting verði á lántökuheimildum ríkissjóðs. Þetta er gert til þess að mæta þeim breytingum sem eru fyrirsjáanlegar á afkomu ríkissjóðs og má vitna þar til athugasemda við lagafrv. um lántökur ríkissjóðs.

Fjáraukalagafrv. er fram komið en þess skal getið að ríkisstjórnin hefur heimildir til lántöku umfram það sem kemur fram í lánsfjárlögum yfirstandandi árs. Það skal tekið fram að ég hef ákveðið að nýta heimild í 5. gr. laganna nr. 43/1990, um Lánasýslu ríkisins, og endurlána Húsnæðisstofnun ríkisins allt að 7 milljarða kr. þar sem útboð húsnæðisbréfa hafa ekki gengið eftir sem kunnugt er.

Í 2. gr. er lagt til að gerð verði breyting á lánsfjárlögum yfirstandandi árs þannig að í stað 11,5 milljarða komi 15,2 milljarðar í 4. tölulið 4. gr. en þar er fjallað um lántöku húsbréfadeildar en eins og kunnugt er er ríkisábyrgð á þeim lánum.

Ég ætla ekki í upphafsræðu minni við 1. umr. málsins að fjölyrða um málið, það er flestöllum hv. þm. kunnugt. Ég tek það fram að það var ljóst í vor og reyndar fyrr að bæta yrði við fjármunum í húsbréfaútgáfuna. Það er ekki hægt nema til komi heimild frá Alþingi því að enn sem komið er hvílir þetta kerfi á ríkisábyrgðum.

Það stóð til og var ákveðið 4. maí í vor að breyta greiðslumati og var áætlað að það yrði gert fyrir 15. júní. Hins vegar dróst það nokkuð og var gert í tveimur áföngum, annars vegar seint í september og hins vegar nú í þessum mánuði.

Jafnframt var ákveðið og hefur þegar verið gefin út reglugerð þar að lútandi af hálfu félmrh. að ábyrgðargjald yrði hækkað úr 0,25% í 0,35% enda reynist það nauðsynlegt þar sem töpuð útlán virðast vera meiri í kerfinu en gert var ráð fyrir í upphafi.

Ég hef átt viðræður við formann hv. efh.- og viðskn., hv. 6. þm. Norðurl. e., Jóhannes Geir Sigurgeirsson, og mér er kunnugt um að hv. nefnd ræddi þetta mál í morgun og það er fullur áhugi á því á hv. Alþingi að flýta fyrir því að þetta frv. geti orðið að lögum enda er það brýn nauðsyn að hægt sé að gefa út bréf þar sem biðröð hefur myndast í kerfinu. Ég er þess vegna þakklátur hv. þm. fyrir að hafa veitt brautargengi afbrigðum og á von á því að 1. umr. geti klárast hér í dag. Ég hefði sjálfur kosið að hægt hefði verið að gera þetta frv. að lögum í dag en það er náttúrlega mjög óvenjulegt ef það hefði tekist. En ég veit að hv. nefnd hyggst ræða málið aftur á mánudagsmorgni þannig að það ætti að vera hægt að ljúka málinu á mánudegi með því að frv. verði þá að lögum.

Í þessari ræðu tel ég ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta mál en ég bendi á að í athugasemdum með fjárlagafrv. á bls. 368 er vikið að húsbréfakerfinu og þar er skýrt mjög nákvæmlega hvernig vanskil hafa aukist í kerfinu allt frá árinu 1990 þegar kerfið var tekið upp og hvernig hugmyndir hafa verið um að bregðast við því.

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu á þessari stundu til að fara fleiri orðum um frv. en legg áherslu á að hv. þm. virði þau tilmæli mín að hægt verði að ljúka málinu á sem allra stystum tíma. Ég legg til að í lok fyrstu umræðu verði samþykkt að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

[12:07]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Það er alveg rétt sem kom fram í framsöguræðu hæstv. fjmrh. að ráðherrann leitaði til mín í gær og leitaði eftir því að nefndin tæki þetta mál fyrir á reglulegum fundi sínum í morgun. Ég leitaði þá þegar eftir því við nefndarmenn og því var vel tekið sem gerði það að verkum að nefndin hóf umfjöllun sína um þetta mál í morgun og fékk til fulltrúa bæði frá félmrn. og fjmrn.

Ég held að mér sé alveg óhætt að segja það hér fyrir hönd nefndarinnar að þar er fullur vilji á að afgreiða málið hratt frá þinginu. Við skiljum mjög vel þá þörf sem er á því að afgreiða nýjan lánaflokk húsbréfa þar sem húsbréfin eru orðin það áhrifamikill aðili á fasteignamarkaðnum og í raun stendur fasteignamarkaðurinn hvað snertir fjárfestingar einstaklinga orðið alfarið og fellur með húsbréfunum. Hvort sem það er nú hinn eðlilegi kostur og æskilegi ætla ég ekki að leggja mat á hér. Ég tel að það sé vilji nefndarinnar að afgreiða þetta fljótt. Það eru hins vegar þar eflaust skiptar skoðanir um þær hliðarráðstafanir sem eru gerðar samhliða útgáfu þessa nýja flokks húsbréfa. En ég tel að það muni ekki koma niður á afgreiðslu nefndarinnar og það hefur nú þegar verið boðaður fundur kl. 11 á mánudagsmorgun m.a. vegna þess að nefndarmenn vildu fá tækifæri til að ræða bæði við forsvarsmenn Húsnæðismálastofnunar og sömuleiðis að ræða við Seðlabankann um stöðu húsbréfanna og fjármögnun húsnæðiskerfisins inn á lánamarkaðinn.

Það sem kannski orkar mest tvímælis í kringum þessar breytingar allar er að hækka ábyrgðargjaldið um 0,1% og þar með hækka vexti af húsbréfunum sem því nemur. Þetta stingur svolítið í stúf við aðrar yfirlýsingar núv. hæstv. ríkisstjórnar þess efnis að hér megi helst ekkert gera sem geti raskað fjármálamarkaðnum og orðið til vaxtahækkunar. Það eru m.a. rökin fyrir

því að hér megi ekki skattleggja á eðlilegan hátt fjármagnseign og fjármagnstekjur. En það virðist hins vegar vera allt í lagi þegar að því kemur að leggja auknar byrðar á þá sem þurfa að greiða vextina, í þessu tilfelli þá sem taka húsbréfin. Við þurfum að fara betur ofan í það í nefndinni hvaða röksemdir liggja þarna að baki.

Það er alveg rétt sem kom fram hjá hæstv. ráðherra að vanskil eru orðin ískyggileg. Það kann hins vegar að orka tvímælis að viðbrögðin við auknum vanskilum verði að hækka vextina. Þess vegna held ég að það verði að skoða mjög rækilega hvað veldur þessum auknu vanskilum og bregðast við, taka á rótum vandans í stað þess að hækka vexti til að byggja upp afskriftasjóð. Ég viðurkenni að vísu að það er langtímaverkefni og eitt af því sem verður að taka á í öllu húsnæðiskerfinu að Húsnæðisstofnun nái að byggja upp afskriftasjóð sem geti tekið á sig tímabundnar sveiflur. En það er vandséð að það sé einmitt tími núna þegar fjármagnsmarkaðurinn er eins viðkvæmur og hæstv. fjmrh. hefur lýst yfir með sínu fjárlagafrv. að þar megi ekkert gera varðandi skattlagningu sem geti valdið vaxtahækkun.

Við fengum í hendur áðan töflu um vanskil í húsnæðiskerfinu. Hún er meðal þeirra gagna sem við óskuðum eftir að fá. Ég er hér með, virðulegur forseti, töflu yfir vanskil. Fyrsta dagsetningin er frá 15 mars 1990. Taflan nær yfir vanskil eftir 30 daga, 60 daga, 90 daga og lengur. Ég tel reyndar að sú tala í þessu sem er marktækust sé vanskil í 90 dagar og lengur. Ég geri ekkert of mikið með 30 daga vanskilin. Þó er það út af fyrir sig hættumerki eins og kom fram hjá fulltrúum ráðuneytanna í morgun að þessi skafl, 30–60 daga vanskila, er stöðugt að aukast. En 30 daga vanskilin mundu nú kannski flokkast undir það sem bankamenn kalla góða vanskilamenn, sem greiða alltaf en aldrei á réttum gjalddaga og skila þess vegna svona eilitlu af dráttarvöxtum inn í púlíuna í leiðinni. Þetta ku vera bestu viðskiptamenn bankastofnana og fjármálastofnana. En 90 daga vanskilin hafa þróast þannig, með leyfi forseta, ef ég tek hér nokkrar tölur. 15. des. 1990 voru þau 9,9%, 15. des. 1991 eru þau komin upp í 12,3%, 15. des. 1992 upp í 17,3% og 15. des. 1993 upp í 24,4%, þ.e. tæplega 25%. Það er þessi breyting á síðasta ári sem mér finnst alvarlegust. Það er kannski ekki óeðlilegt að þarna verði í prósentuvís nokkuð hröð aukning á meðan kerfið er ungt og er að byggjast upp en það eðlilega hefði verið að sú kúrfa hefði síðan lækkað eftir því sem lengra leið. Þarna er um að ræða atriði sem verður að taka á.

Það er náttúrlega kunnugt og hefur verið í fréttum að þetta ástand, sem nú er að húsbréf eru uppurin, hefur gert það að verkum að það er nánast ófremdarástand á fasteignamarkaðnum og það hefur smitað út frá sér ótrúlega hratt þegar þessi stífla myndast. Það er út af fyrir sig áhyggjuefni að það er skoðun fasteignasala að það verði komin upp svipuð staða aftur í byrjun desember þrátt fyrir þær ráðstafanir sem hér er verið að grípa til og það verður gaman að heyra skoðun hæstv. fjmrh. á þessu.

En almennt vil ég segja það um þetta mál og það sem kom fram á fundi nefndarinnar að uppbygging húsnæðiskerfisins á grunni markaðspappíra, þ.e. bréfa sem ganga kaupum og sölum, virðist þurfa miklu lengri tíma til að byggjast upp og ná stöðugleika en þau fáu ár sem eru frá því að húsbréfakerfið var tekið upp. Það verður því miður að segjast að þær væntingar sem voru gerðar til þessa kerfis hafa ekki staðist nema að hluta til. Þegar var verið að selja okkur stjórnmálamönnum þetta kerfi á þeim tíma þá átti það nánast að lifa sínu sjálfstæða lífi og stabílera sig innan frá, þ.e. sjálft, varðandi framboð og eftirspurn. Það kom hins vegar mjög fljótt í ljós að eftirspurnin var það mikil að afföllin fóru langt fram úr öllu velsæmi. En þrátt fyrir það var kerfið keyrt áfram á þeim forsendum árum saman. Það var ekki fyrr en hægt var að telja hæstv. núv. ríkisstjórn á að það yrði að beita handafli við að lækka vextina að ávöxtunarkrafan lækkaði á síðasta ári. Þá hins vegar kemur í ljós eins og menn máttu vita að þar með rauk eftirspurnin upp um leið. Þannig að að mínu mati er langur vegur í það að þetta kerfi sé búið að ná þeim stöðugleika sem það þarf að ná. Og í raun get ég sagt það sem mína skoðun að ef okkur tekst að ná einhverjum stöðugleika í þessu kerfi þá væri mjög æskilegt að losna við ríkisábyrgðina á því. Það er ekkert eðlilegt að mínu mati við það að mikill meiri hluti allra fasteignaviðskipta í landinu fari fram á ríkisábyrgð. Það ber að mínu mati að nota fyrsta tækifæri til að vinda ofan af því.

Þá endurspeglar framlagning þessa máls það sem hefur verið ljóst síðustu mánuði að það hefur ekki tekist að selja húsnæðisbréfin sem áttu að fjármagna hið almenna byggingarkerfi og ég hlýt að spyrja hæstv. fjmrh. hvort menn hafi ekki getað séð þetta fyrir þegar ákveðið var að hætta að semja við lífeyrissjóðina um þessa fjármögnun. Mér skildist á fulltrúum ráðuneytanna í morgun að ástæðan fyrir því að þessi bréf hafa ekki selst sé að lífeyrissjóðirnir hafa ekki treyst sér til að kaupa þau. Þarna eru náttúrlega farnir að stangast á að mínu mati hagsmunir sömu aðila. Því vissulega eru það í flestum tilvikum svo að þeir sem eiga undir það að sækja að fá lán úr hinu almenna kerfi til húsnæðiskaupa eru nánast í öllum tivikum í þeim hóp sem á hagsmuna að gæta varðandi lífeyri og eftirlaun gagnvart því hvernig tekst að fjármagna lífeyrissjóðina. Þarna er því um að ræða að það eru sömu aðilar að hluta til að því manni finnst beggja megin við borðið eða ættu að hafa hagsmuni beggja aðila í huga.

Virðulegur forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta mál hér. Það er að mínu mati almennur vilji fyrir því á Alþingi að það þurfi að afgreiða það fljótt þó svo að við höfum ekki treyst okkur til þess að standa fyrir afgreiðslu samdægurs ýmissa hluta vegna. Við töldum okkur þurfa að fá annan fund til að fara yfir málin auk þess sem það er út af fyrir sig ekkert góður blær á því að Alþingi sé að afgreiða mál samdægurs og þau eru lögð fram. (**Gripið fram í:** Eftir pöntun.) Eftir pöntun, er hér sagt framan úr sal. Já, eftir pöntun eða út úr neyð. Það er nú einu sinni svo að það er kominn 13. okt. þannig að ríkisstjórnin hefur í

sjálfu sér haft hér æðimarga daga til að koma þessu máli fram á Alþingi. Það lá alveg ljóst fyrir áður en þing kom saman að þetta mál yrði að fá afgreiðslu strax á fyrstu dögum. Ég held að það sé þá ekki óeðlilegt að Alþingi sem slíkt taki sér eina helgi og tvo fundi til að fara yfir málið. Við erum oft gagnrýnd fyrir að afgreiða mál án þess að fara nægilega ofan í saumana á þeim. Við vorum einmitt að ræða eitt slíkt mál í morgun sem er lyfjalagaafgreiðslan frá síðasta vori.

[12:23]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Örstutt andsvar. Ég vil taka undir það sem hv. þm. sagði um ríkisábyrgðina. Það er kominn tími til að skoða hvort ekki eigi að hverfa frá henni. Þetta ábyrgðargjald getur verið ágæt leið til þess, sem tryggir þá að til sé fyrir töpuðum útlánum. En það er einmitt það sem ábyrgðargjaldinu er ætlað að gera, enda hafa töp verið að aukast í þessu kerfi og endurskoðandi stofnunar telur að þau geti orðið 0,25% þegar á næsta ári.

Varðandi greiðslubyrði vil ég taka fram að greiðslubyrðin eykst mjög lítið hjá skuldaranum gagnvart Húsnæðisstofnuninni. Af hverri milljón eru það 700 kr. á ári, 3.500 ef þetta eru 5 millj. kr. Það er algerlega óvíst hvaða áhrif þetta hefur á markaðinn og það þarf ekki að breyta ávöxtunarkröfunni á markaðnum þegar bréfin eru seld þar. Þegar talað er um að þetta íþyngi, af því að hv. þm. gerði það, viðkomandi skuldurum gagnvart stofnuninni má ekki gleyma því að það er ár síðan við lækkuðum vextina um heilt prósent og það sem gerist nú kemur ekki til með að snerta þá sem þegar eru orðnir skuldarar og eru í vanskilum við stofnunina. Það verður að taka það skýrt fram. Þetta eru nýir skuldarar sem eru að fá þessi bréf og þurfa að borga til Húsnæðisstofnunar á miklu betri kjörum en áður.

Varðandi kröfuna á markaðnum, ávöxtunarkröfuna, er kannski mikilvægt að það komi fram að hún var, svo að ég taki nú dæmi, í mars 1992 7,7%, en núna í september 5,27% og það segir dálítið um þá vaxtaþróun sem hefur orðið hér á landi á bréfum til lengri tíma.

[12:25]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég hafði gaman af því að heyra hæstv. fjmrh. segja: Það er ár síðan við lækkuðum vextina um heilt prósent. Það er sem sagt ár síðan hæstv. ríkisstjórn gafst upp á því að láta hinn óburðuga vaxtamarkað stjórna vöxtunum, sem því miður var sjálftökumarkaður þeirra sem áttu peningana. Ég fagna því að heyra hæstv. fjmrh. viðurkenna það hér að það þurfti í raun handafl til þess að knýja vextina niður.

Varðandi það að við losum ríkið við ábyrgðina á húsnæðiskerfinu, þá er það mín skoðun að til þess að svo geti orðið þurfi miklu róttækari aðgerðir heldur en það ábyrgðargjald sem hér er lagt til að hækka. Og án þess að það sé að mikið athuguðu máli, þá hygg ég nú, ef það á að geta gerst í þeirri framtíð sem við sjáum fyrir okkur, það er nú títt að tala um aldamótin, ef það ætti að geta gerst fyrir aldamót, að ríkið yrði að gefa þessu barni sínu einhverja vöggugjöf, einhverja forgjöf, til þess að svo mætti verða. Næg eru fordæmin því að hvort sem ríkið er að selja síldarverksmiðjur eða banka til fjármagnseigenda hér á landi og losa sig við ábyrgð á slíku, þá er talið sjálfsagt að gefa hundruð milljóna með í forgjöf. Þannig að ég held að það væri ekkert óeðlilegt að menn skoðuðu það, að til þess að koma þessu barni af framfæri sínu, að gefa eitthvað með því í upphafi til þess að það gæti dafnað og þroskast úti á hinum frjálsa markaði.

[12:27]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég verð að viðurkenna það að mér gengur ákaflega erfiðlega að skýra út fyrir mörgum hv. framsóknarmönnum markaðslögmálin og vextina. Þegar ég sagði: Við lækkuðum vextina fyrir ári síðan, var ég ekki að tala um markaðsvextina. Ég var að tala um nafnvextina á bréfunum. Fyrrv. félmrh. lækkaði nafnvextina, sem eru skráðir í bréfin, um 1%. Það gerist bara með stjórnarathöfn. Það hefur ekkert með ávöxtunarkröfuna að gera. Það hefur eingöngu með það að gera hvað skuldarinn greiðir Húsnæðisstofnuninni, en það hefur ekkert með það að gera hvað fæst fyrir bréfið á hinum almenna markaði. Á almenna markaðnum gerðist það fyrir þennan tíma að ávöxtunarkrafan lækkaði úr um það bil 8 og niður í 5%. Það er markaðurinn, hitt eru nafnvextir bréfanna og á þessum gerum við að sjálfsögðu mikinn mun.

Varðandi síðan ábyrgðir á þessu kerfi og yfirfærslu í nýtt kerfi, þá er ég sammála hv. þm. að það gerist líkast til helst þannig að ríkið verði þátttakandi í stofnun húsbréfabanka ásamt lánastofnunum sem vildu koma að því máli. Ágóðinn fyrir ríkið er þá að ríkið getur tekið þessa hluti út úr sínum reikningum, haft það sérsjóða og losnað þannig við að sýna þessar gífurlegu ábyrgðir sem hlaðast upp í kerfinu og valda okkur, satt að segja, nokkrum vandræðum þegar við erum að láta meta lánskjör okkar erlendis.

[12:29]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég held að við þingmenn Framsfl. skiljum fjármagnsmarkaðinn ekkert síður en hæstv. fjmrh. Staðreyndin er náttúrlega sú að það sem varð þess valdandi að vextir lækkuðu loksins á síðasta ári var, þó það væri ekki formleg stjórnvaldsaðgerð, þá var það nánast hótun ríkisstjórnarinnar um að lækka vextina. Það var handaflsaðgerð (**Fjmrh.**: Hótun og ...) því að hinn svokallaði markaður og ég viðurkenni það fúslega, að til lengri tíma litið lýtur fjármagnsmarkaðurinn ákveðnum markaðslögmálum, en sá markaður var bara árum saman búinn að vera afar afskræmdur. Hann var búinn að vera sjálftökumarkaður þeirra sem eiga peningana, eins og ég sagði hér áðan við hæstv. fjmrh. Og núv. hæstv. ríkisstjórn var búin að þverskallast við árum saman að viðurkenna þetta. Fyrst var sagt á upphafsdögum þessarar ríkisstjórnar að þetta mundi nú allt saman koma þegar búið væri að ná niður fjárlagahallanum, þá mundu vextirnir lækka.

Fjárlagahallinn fór upp úr öllu valdi eins og við þekkjum og þá var það næsta að þetta mundi allt saman lagast þegar búið væri að opna fjármagnsmarkaðinn fyrir erlendu fjármagni. En það rann smám saman upp fyrir hæstv. ríkisstjórn að það dugði ekki heldur. Það urðu að koma til ákveðnar stjórnvaldsaðgerðir, sem ég vil leyfa mér að kalla handaflsaðgerðir, til þess að markaðurinn léti segjast.

[12:31]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Það frv. sem hér liggur fyrir til lánsfjáraukalaga sætir í sjálfu sér sem slíkt ekki stórum tíðindum. Það hefur verið í burðarliðnum alllengi og ég get út af fyrir sig tekið undir það með öðrum sem hér hafa talað, að ég sé ekki betur en menn neyðist til þess að hafa svona heldur hraðar hendur við að afgreiða það gegnum þingið vegna þess hvernig stendur á með langa biðlista fólks eftir húsbréfum.

Ég verð hins vegar að segja alveg eins að er að mér finnst ekki mikil alvara í flutningi þessa máls í þessari virðulegu stofnun og ég er þá í sjálfu sér ekki að gagnrýna hæstv. fjmrh. heldur hæstv. félmrh. Þetta er stórmál sem snertir náttúrlega hans málaflokk og ég segi alveg eins og er að ef ríkisstjórninni er svona mikið kappsmál að róta málinu í gegn og stjórnarandstaðan hefur fallist á að gera það fyrir sitt leyti með því að flýtt er fundum í efh.- og viðskn., málið tekið þar fyrir í morgun án þess að því hafi verið vísað þangað og ég heyrði það á formanni hv. nefndar hér áðan að hann hafði góð orð um að hraða málinu. Það skilja því allir hversu mikilvægt málið er, en þegar kemur að því að eiga orðastað við hæstv. félmrh. um húsnæðismálin þá vantar hann. Mér finnst satt að segja að málið hljóti þá að vera þannig að hann hafi afar gild rök fyrir sínum forföllum, afar gild rök, sem maður verður þá að una. Ekki ætla ég að fara að hafa hér uppi kröfur um það að hann verði kallaður til eða málinu verði frestað þangað til hann kemur. Ég treysti því þá að það verði hægt að tala eitthvað við hann um þessi húsnæðismál þegar hann kemur til verka. En þetta eru húsnæðismál sem við erum að tala um. Þetta eru ekki fyrst og fremst lánsfjárlagamál, þó að tæknilega heyri þau auðvitað undir hæstv. fjmrh. Þetta eru húsnæðismál, þetta eru félagsmál og þess vegna átti auðvitað hæstv. félmrh. að vera hér og ég gagnrýni það, mér finnst slæmt hvernig á því máli er haldið.

Það hefði auðvitað verið ástæða til þess að fara yfir heildarstöðuna í húsnæðislánakerfinu, þessu húsbréfakerfi. Hér hafa vanskilin verið rakin nokkuð. Á fundi nefnarinnar mun það hafa komið fram í morgun að 23% húsbréfa vegna kaupa á notuðu húsnæði eru í vanskilum núna, 27% húsbréfa vegna nýbygginga einstaklinga, 14% húsbréfa vegna endurbótalána, 10% vegna verktaka og byggingaraðila og 60% af greiðsluerfiðleikalánunum munu vera í vanskilum. Þetta er það alvarlega í málinu, þetta er það alvarlega og það ljóta, að það er augljóst mál að það fólk sem hefur verið tekið inn í þetta kerfi á undanförnum árum hefur ekki ráðið við verkefnið á þeim forsendum sem voru settar upp þegar þetta fólk fór í gegnum greiðslumat. Og hver eru þá viðbrögð stjórnvalda? Það er alveg ótrúlegt. Viðbrögð stjórnvalda eru ekki það að taka á málum þessa fólks, að ég tel vera. Viðbrögð stjórnvalda eru þau að herða greiðslumatskröfurnar hjá þeim sem sækja um framvegis og það heyrist í raun og veru mjög lítið um að það eigi að taka á vandamálum þessa fólks sem þúsundum saman er að kikna undan afborganabyrði af þessu húsbréfakerfi. Og af hverju er það? Er það vegna þess að greiðslumatið hafi verið vitlaust á sínum tíma? Svarið er nei, það er ekki vegna þess. Það er vegna þess að allar aðstæður í þjóðfélaginu hafa breyst í grundvallaratriðum á þeim tíma sem liðinn er frá því að fólkið fór í gegnum þetta greiðslumat. Staðan er því þannig núna að þetta fólk er með lægra kaup, minni tekjur, minni atvinnu og, hæstv. forseti, hærri skatta, miklu hærri skatta og lægri vaxtabætur en lagt var af stað með þegar þetta fólk var sett inn í húsbréfakerfið.

Ég segi fyrir mitt leyti að ég, sem aðili að þeirri ríkisstjórn sem sat hér þegar húsbréfakerfið var tekið upp, verð að játa það að ég var býsna seinþreyttur til þess að efna til óeirða út af málinu. En þó fór svo að það urðu talsverðar umræður í þáv. ríkisstjórn um málið. Það var m.a. tekin saman skýrsla, að mínu frumkvæði sem menntmrh., sem er óvenjulegt, um horfur í húsbréfakerfinu, af starfsmanni Seðlabankans sem ég fékk til liðs við mig í þessu máli. Því miður, segi ég, hefur það komið í ljós að allar þær niðurstöður sem birtust í þeirri skýrslu hafa komið á daginn. Af hverju? Fyrst og fremst vegna þess að menn töldu að það væri hætta á því að fólk réði ekki við afborganirnar af þessu kerfi.

Ég er t.d. með hérna fyrir framan mig sögu ungra hjóna sem hafa tekið lán í þessu kerfi, eru með tiltölulega góðar tekjur eftir atvikum af því að þau vinna mjög mikið. Einkum gátu þau unnið mjög mikið í upphafi þessa tíma þegar þau fóru gegnum þetta greiðslumat á árinu 1990 og heildarlaun þeirra voru þá býsna há, um 3,2 millj. kr. Þau hafa verið á sama vinnustað síðan, þau hafa ekki lent í atvinnuleysi. Hver ætli heildarlaun þeirra á sömu vinnustöðum séu núna, á sama verðlagi reiknað eftir lánskjaravísitölu? 2,7 millj. kr. Sem sagt, þau laun sem gengið var út frá við greiðslumatið hafa lækkað um 500 þús. kr. á ári hjá þessum ungu hjónum. En til viðbótar við þetta er það þannig að barnabætur hafa breyst, skattar hafa breyst með þeim hætti að það sem þau hafa til þess að borga upp í húsbréfaskuldirnar sínar er nákvæmlega þessi stærð, 500 þús. kr. minna en áður var, sem stafar ekki bara af tekjufallinu heldur líka af því að skattarnir hafa hækkað þeim í óhag um það bil um 50 þús. kr. á ári.

Svona dæmi þekkjum við sennilega mörg, öll sem erum hér í þessum sal. Það er satt að segja alveg ótrúlegur fjöldi fólks sem t.d. kemur til mín sem þingmanns hér á þessu svæði. Einmitt þetta fólk. Það vinnur býsna mikið. Það er reglusamt, þetta fólk. Það er duglegt, þetta fólk. Það heldur vel utan um sín mál. Þetta eru ekki óreiðugemsar af neinu tagi, eins og stundum er talað um að því er varðar þetta fólk. Það er ekki þannig. Þetta er fólk sem vandar sig, vinnur

myrkranna á milli, hefur ekki tíma til þess eins og það vildi að sinna börnunum sínum og heimili sínu, stundum með erfiðum afleiðingum fyrir viðkomandi aðila. Það er augljóst mál að þetta gengur ekki. Og það er í raun vitlaus nálgun þessa máls að mínu mati að tala bara um þetta út frá einhverjum tæknilegum forsendum fjmrn. Þetta er allt annað mál. Þetta er mál þessara einstaklinga, þúsunda, sem hér um ræðir. Um það á að tala. Þess vegna á hæstv. félmrh. að vera hér.

Hefur hann eitthvað lagt til þessara mála, hæstv. forseti? Jú, það hefur hann reyndar gert. Ég sá ekki betur en það væri viðtal við hann í blaði hér á dögunum þar sem hann lýsti því yfir að það þyrfti að skapa möguleika til að lengja lánstímann hjá þessu fólki, á þessum fasteignaveðlánum, og taka upp það sem kallað hefur verið fljótandi eða breytilegur lánstími, m.a. með hliðsjón af því að aðstæður hjá fólki hafa breyst frá því að lánin voru tekin, frá því að fólk fór í gegnum greiðslumat.

Ég held þess vegna að það hefði verið full ástæða til að ræða þetta í leiðinni og ég vil hvetja hv. efh.- og viðskn. til þess að fara yfir þetta líka, þessa hlið málsins, sem snýr að þessum einstaklingum, sem nefndin hefur vonandi þegar ætlað að gera og kannski að einhverju leyti gert, ég þekki það út af fyrir sig ekki nákvæmlega.

Hitt er kannski sérstök ástæða líka til þess að kalla einmitt eftir hæstv. félmrh., vegna þess að hann er búinn að hækka vextina á þessum lánum, hann er búinn að hækka ábyrgðargjaldið. Það er búið að leggja á þetta ábyrgðargjald, hækka það úr 0,25 í 0,35%. Og það er augljóst mál að þar er verið að stíga skref í þá átt að gera hvað? Að leggja byrðarnar af þessu kerfi og þeim vanda sem það birtir lántakendum, á lántakendur sjálfa og kannski þá sem síst skyldi. Þetta er alla vega ekki jafnaðarstefna, svo mikið er víst, og ég ætlast ekki til þess af hæstv. fjmrh. að hann framkvæmi jafnaðarstefnu, vegna þess að hann hefur, eins og kunnugt er, skipt þjóðfélaginu sér til hægðarauka í tvo hópa. Annar eru eigendur og hitt eru greiðendur og er afskaplega þægilegt fyrir fjmrh. að setja dæmið þannig upp og verður fróðlegt að vita hvenær þeir titlar birtast í símaskránni, eigendur og greiðendur. (**Fjmrh.:** Ég hef ekki gert það.) Nú, hann hefur ekki gert það. (**Fjmrh.:** Það er bara eitthvað úr pistlahöfundi útvarpsins.) Var það Hannes Hólmsteinn? (**Fjmrh.:** Já.) Já, þeim var ruglað saman. Ég bið hæstv. fjmrh. innilega afsökunar. (**Fjmrh.:** Það var rugl í pistlahöfundi.) Já, já, ruglað saman sem sagt hæstv. fjmrh. og Hannesi Hólmsteini Gissurarsyni. Ég skil vel að hæstv. ráðherra skuli taka það óstinnt upp og ég skal aldrei gera það að ósekju aftur að hjóla í hann (**Fjmrh.:** Rétt skal vera rétt.) með ásakanir af þessu tagi. Og rétt skal vera rétt, segir ráðherrann og hvessir sína ygglibrún ákaflega yfir þessum ótíðindum sem hafa hvolfst yfir hann í seinni tíð.

Nei, auðvitað ætti að fara yfir þessi mál sérstaklega, m.a. vegna þess að þarna er náttúrlega ekki verið að framkvæma neitt sem heitir jafnaðarstefna. Það er verið að leggja þennan kostnað fyrst og fremst á þá einstaklinga sem kannski verða verst úti að því er þessa hluti varðar og það er ekki verið að dreifa þessum kostnaði með sanngjörnum hætti.

Ég tel, hæstv. forseti, að þess vegna sé alveg óhjákvæmilegt að spyrja: Er það ekki alveg tryggt að hæstv. félmrh. verði hér þegar 2. og 3. umr. fer fram um þetta mál? Það þýðir ekkert að bjóða upp á, með leyfi að segja, hæstv. forseti, hæstv. umhvrh. í þessum efnum vegna þess að hann veit ekki nóg um þessi mál. Ég ætla ekki að segja það að hæstv. umhvrh. viti ekki neitt því það væri náttúrlega dónaskapur, hann veit örugglega talsvert, en hann veit ekki nóg til þess að taka þátt í þessum umræðum og þess vegna dugir það ekki að tefla honum fram eins og gert var í gær og í fyrradag þegar ráðherrar Alþfl. voru fjarverandi.

Ég fer sem sagt eindregið fram á það að þegar 2. og 3. umr. um þetta mál fer fram þá verði hæstv. félmrh. örugglega viðstaddur því það verður auðvitað að taka á þessu máli sem vandamáli þess fólks sem hér um ræðir fyrst og fremst, þ.e. skuldarana.

Staðreyndin er sú t.d. að í þessu byggðarlagi hér háttar þannig til að um helmingur af öllum vanskilum í húsbréfakerfinu er úr Reykjavík og það er alveg augljóst mál að hér er um gríðarlega ljótt vandamál að ræða mjög víða og þegar maður leggur saman Reykjavík og Reykjanes þá eru 79% umsækjenda vegna greiðsluerfiðleika í Reykjavík og Reykjaneskjördæmi.

Ég held þess vegna að það sé alveg óhjákvæmilegt að ræða þessi mál mjög rækilega við hæstv. félmrh. og þess vegna óska ég mjög eindregið eftir því að hann verði kallaður hér til við framhald þessarar umræðu.

Síðan vil ég minna á það, hæstv. forseti, að hér liggur þegar fyrir till. til þál. frá mér og hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni um greiðsluaðlögun og ég vænti þess að sú tillaga geti komið hið fyrsta á dagskrá þannig að það verði hægt að framkvæma það sem þar er gerð tillaga um. Þar er lagt til að ríkisstjórninni verði falið að koma á kerfi mismunandi lánstíma húsnæðislána, þ.e. sem kallað hefur verið í seinni tíð fljótandi lánstíma með því að endurfjármagna fasteignaveðlánin að einhverju leyti, t.d. með nýjum samningum við lífeyrissjóðina sem ég er alveg sannfærður um að eru tilbúnir til þess að hlaupa undir bagga að því er þetta mál varðar.

Ég vildi sem sagt koma þessum alvarlegu athugasemdum á framfæri, hæstv. forseti, varðandi húsnæðismálin almennt. Hér er þetta þannig að mörg þúsund manns, mörg þúsund heimila standa hrikalega illa vegna þess að fólk ræður ekki við að borga af þessum bréfum og það er skylda Alþingis að nálgast þetta mál út frá fólkinu en tæknilegar vangaveltur af ýmsu tagi eru fyrir utan þann vanda og umræður um eðli markaðarins til eða frá í þessu efni — ég ætla ekki að fara út í það þó ég gæti það út af fyrir sig vel enda hefur hæstv. fjmrh. lýst því yfir að markaðurinn eigi ekki sæti á Alþingi sem persóna þó að mér hafi stundum

fundist það vera svo í máli hæstv. fjmrh.

[12:46]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er fátt í ræðu hv. þm. sem ég vil gera athugasemdir við. Ég vil þó undirstrika það þannig að það komi skýrt fram að það voru ekki mín orð að skipta mönnum í eyðendur og greiðendur. Það var önnur tveggja fyrirspurna í þætti sem ég tók þátt í í gær en hins vegar lýsir það kannski vel þessu máli með pistlahöfund Ríkisútvarpsins að mér skilst að hann hafi gert það að mínum orðum. Það kann kannski að vera einhver skýring á því hvernig farið hefur fyrir honum en ég hlusta aldrei á þessa pistla þess ágæta manns.

Þetta er auðvitað aukaatriði málsins. Ég vil taka undir það sem hv. þm. sagði um það að tekjur fólks og kaupmáttur hefur breyst og við höfum kannski ekki brugðist nægilega skjótt við. Það hefur a.m.k. verið sjónarmið fjmrn. Þetta er ekki nýtt vandamál. Frá 1992 til 1994 hefur kaupmáttur að meðaltali skerðst hér á landi um 5%, þjóðartekjur hafa fallið um 5% og kaupmáttur skerst um 5%. Á árunum 1989 til 1991 féllu þjóðartekjur um 4% en kaupmátturinn var skertur um heil 12%. Þetta kerfi tók gildi með 6% nafnvöxtum árið 1990. Ég vek athygli á þessu vegna þess að þetta mál er ekkert nýtt. Þetta hefur ekkert komið upp núna í tíð þessarar ríkisstjórnar. Þetta er mál sem á sér rætur alveg frá upphafi kerfisins og það má ekki misskilja mín orð, að ég sé að gagnrýna hv. þm., ég er eingöngu að benda á að kaupmáttarskerðingin hefur gerst á löngum tíma og kannski hefur stjórn Húsnæðisstofnunar, því miður, ekki brugðist nægilega fljótt við eins og hún hefði átt að gera á undanförnum árum og ég veit að fyrrv. félmrh. getur staðfest það hér að það var stundum ekki nægilega skjótt brugðist við af hálfu stofnunarinnar.

[12:48]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Út af fyrir sig er það rétt sem hæstv. fjmrh. segir að kaupmáttur hefur verið að breytast á talsvert löngum tíma. Ég dreg það ekki í efa og þekki það reyndar. Hins vegar er það alveg ljóst að á þeim tíma sem núv. ríkisstjórn hefur setið þá hefur tvennt gerst til viðbótar sem breytir þessu dæmi, það er ekki hægt að neita því. Annars vegar eru hækkanir á sköttum einstaklinga, það er alveg ljóst. Það hefur verið fluttur til verulegur skattaþungi frá fyrirtækjum yfir á einstaklinga upp á 5.000 millj. kr. eða svo a.m.k. Þetta er auðvitað mjög veigamikið atriði en hitt er þó kannski enn þá þýðingarmeira, hæstv. ráðherra, og það er að vinnan hefur minnkað og yfirborganirnar hafa minnkað. Það er málið sem er að koma fyrst og fremst niður á því fólki sem fór í gegnum greiðslumat á sínum tíma. Nú kann það auðvitað vel að vera að það sé hægt að reikna út einhver meðaltöl sem sýni fram á það að tiltekinn hluti af fólki sleppi og guði sé lof er það þannig. En samt sem áður er það svo, hæstv. forseti, að stór fjöldi fólks, margir tugir prósentna lántakendanna hefur misst meira í tekjum en meðaltalið segir til um og það er þessi hópur sem okkur er skylt að horfa á líka hvað svo sem meðaltalið kann að segja. Og svo endurtek ég það að ég skil það vel að hæstv. fjmrh. skuli vera sár yfir því að honum hafi verið rugl að saman við Hannes Hólmstein Gissurarson, ég endurtek að ég skal reyna að forðast það framvegis.

[12:50]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er hárrétt hjá hv. þm., þetta eru meðaltalstölur sem ég fór með og það er líka rétt hjá honum að þetta kemur mjög þungt við þá einstaklinga sem t.d. hafa misst vinnu eða þar sem vinnuframlag hefur dregist saman. En það er hins vegar rangt hjá hv. þm. að segja að þetta hafi breyst í tíð núv. ríkisstjórnar vegna þess að skattar hafi færst yfir á almenning einfaldlega vegna þess að þær tölur sem ég er að fara með eru ráðstöfunartekjur. Það er búið að taka tillit til skattanna. Ég er að tala um kaupmátt ráðstöfunartekna sem eru kaupmáttur atvinnutekna að frádregnum sköttum. Það er búið að taka tillit til skattanna. Þannig að ég var nú ekki svo óheiðarlegur að taka ekki tillit til þess. Að sjálfsögðu er ég að tala um það fjármagn sem fólk hefur á milli handa eftir að búið er að greiða skatta, bæði beina og óbeina.

[12:51]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Við þekkjum það auðvitað að það er óumdeilt að það hefur verið fluttur verulegur skattaþungi yfir á einstaklingana og ég hygg að í mjög mörgum þeirra tilvika sem við erum að tala um í sambandi við vanskil á húsbréfum þá hafi það einmitt verið skattbyrðin sem í raun og veru reið baggamuninn. Í enn öðrum tilvikum var það minnkandi vinna og minni yfirborganir. Það er örugglega alveg rétt hjá hæstv. fjmrh. að þær tölur sem hann er að vitna til eru vafalaust rétt eftir hafðar og ég er ekkert að draga það í efa. Hitt stendur eftir að það eru mörg þúsund Íslendinga sem ráða ekkert við þessi húsbréf eins og er og það er ekki hægt að ræða um þetta frv. öðruvísi en að tala um kjör þeirra einstaklinga líka.

[Fundarhlé. — 12:52]

[13:30]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Það frv. sem hér er til umræðu er í tveimur meginþáttum. Annars vegar er um það að ræða að farið er fram á heimild til viðbótarútgjalda upp á 1.250 millj. kr. og hinn þátturinn snýr að húsbréfakerfinu.

Í þeirri umræðu sem hér hefur farið fram á þessum morgni hafa menn einkum beint sjónum að húsbréfakerfinu en það er ekkert síður ástæða til þess að skoða svolítið fyrri þáttinn, ekki síst í ljósi þeirra lýsinga sem við höfum mátt hlusta á hér á hinu bjarta ástandi íslenskra efnahagsmála og þeirri yndislegu efnahagsstjórn sem hér hefur ráðið ríkjum að undanförnu, þá er nú ástæða til þess að skoða svolítið þennan þátt.

Það sem hér er á ferð er, eins og ég nefndi, að það

er verið að biðja um 1.250 millj. kr. aukafjárveitingu vegna þess að útgjöld ríkissjóðs hafa farið langt fram úr þeim heimildum sem veittar voru í fjárlögum. Þetta er skýrt í fjárlagafrv. á bls. 249 þar sem segir, með leyfi forseta:

„Útgjöld ríkissjóðs eru áætluð 117,6 milljarðar króna í stað 113,8 milljarða í fjárlögum 1994. Frávik frá fjárlögum eiga sér ýmsar skýringar. Aukin útgjöld til fjárfestingar nema rúmlega 1,5 milljörðum kr., einkum vegna nýrra ákvarðana ríkisstjórnar. Áhrif kjarasamninga og ákvarðanir ríkisstjórnar um eingreiðslur til lífeyrisþega nema nálægt 900 millj. kr." — og nú bið ég hv. þm. að hlusta vel — „og ýmis sparnaðaráform í fjárlögum sem ekki gengu eftir sem skyldi, einkum í heilbrigðisþjónustu, auka útgjöldin um 1,2 milljarða kr."

Þetta er nú hin dýrlega efnahagsstjórnun. Það hefur verið farið tæpa 4 milljarða fram úr fjárlögum. Þar auðvitað koma á móti meiri tekjur en reiknað hafði verið með þannig að útkoman eru þessar 1.250 millj. En ég tel rétt, virðulegi forseti, að vekja athygli á þessu að hér er auðvitað um það að ræða að efnahagsstjórnin hefur farið úr böndunum eins og á fyrri árum og auðvitað vekur það sérstaka athygli að sparnaðaráformin í heilbrrn. hafa ekki náð fram að ganga. Það hefur ekki náðst það sem þar átti að gera. Samt sem áður á enn og aftur að fara sömu leiðina, það á enn að gera heilbrrn. að spara svona eitthvað út í loftið án þess að það séu raunhæf áform eða raunhæfar áætlanir að baki. Þetta er auðvitað talnaleikur sem menn eru í og það er verið að reyna að sýna betri útkomu en ástæða er til að halda að náist fram að ganga. Ég ætla að leyfa mér að fullyrða það að sá niðurskurður sem fyrirhugaður er í heilbrigðiskerfinu mun ekki ná fram að ganga nú frekar en á fyrri árum, jafnvel þó að menn séu að velta þar enn auknum byrðum yfir á sjúklinga eins og á að gera núna.

Á bls. 250 í fjárlagafrv. er gerð grein fyrir þessum auknu útgjöldum og þar eru atriði sem mig langar til að spyrja hæstv. fjmrh. út í. Það var samþykkt ... (**Fjmrh.:** Á hvaða blaðsíðu er þetta?) Á bls. 250, þar er tafla yfir þau útgjöld sem fóru fram úr áætlun, þ.e. þær ákvarðanir sem ríkisstjórnin hefur tekið og reyndar ákvarðanir sem Alþingi tók. Mig langar til þess að spyrja hæstv. fjmrh. út í ákvarðanir sem voru teknar hér í vor um aðstoð við Vestfirði upp á 300 millj. kr. Það hefur lítið verið minnst á það mál síðan þá og mig langar til að spyrja hæstv. fjmrh. hversu miklu af þessu fé hefur þegar verið ráðstafað og í hvað. Nú veit ég ekki hvort hann hefur þær upplýsingar hér undir höndum en það er auðvitað kominn tími til að fara að átta sig á því hvað orðið hefur um þessa aðstoð og hvort hún hefur á einhvern hátt skilað sér.

Auðvitað vekur það athygli á þessum miklu niðurskurðar- og sparnaðartímum að 250 millj. er varið til húsnæðis fyrir utanrrn. á þessu ári og ég vil spyrja um skýringar á þessu. Er þetta fyrirhugaður flutningur í húsnæði Byggðastofnunar eða eru þetta breytingarnar á sendiráðunum erlendis sem þarna eru á ferð? Það vakna auðvitað spurningar um það hvort ekki megi fresta svona framkvæmdum þegar verið er að reyna að ná niður útgjöldum ríkisins.

En það sem vekur þó mesta athygli eru þessi auknu útgjöld í heilbrigðiskerfinu. Þetta eru útgjöld sem meira og minna eru fyrir séð. Síðan eru sett upp áform um að reyna að skera niður og spara en þegar á reynir er það auðvitað ekki hægt vegna þess að þetta eru lögbundin útgjöld.

Ég ætla þá að víkja að seinni liðnum, þ.e. því sem snýr að húsbréfakerfinu. Eins og hér hefur komið fram þá er ástandið í húsbréfakerfinu nú með þeim hætti að það er vissulega ástæða til þess að fara að skoða það kerfi í heild og reyndar húsnæðiskerfið allt því það vekur athygli þegar maður fer í gegnum fjárlagafrv. og vekur spurningar í mínum huga hversu mikil umsvifin eru enn þá hjá Byggingarsjóði ríkisins. Ég held að við hljótum að spyrja okkur þeirrar spurningar hvort ekki sé kominn tími til þess að reyna að stokka Húsnæðisstofnun upp og reyna að draga þar úr þeim umsvifum sem þar eru. Bæði er það dýr rekstur og ég veit að Byggingarsjóður ríkisins er að taka lán til þess að standa undir afborgunum af eldri lánum og vöxtum en það hlýtur að vakna sú spurning hvort ekki er hægt að koma þessu betur fyrir og draga úr umsvifum þessarar stofnunar. (**Gripið fram í:** Sameina sjóðina.) Já, það var nú meiningin einmitt þegar verið var að fara í gegnum lögin um félagslega íbúðarkerfið og lánaflokkar voru fluttir á milli sjóða og lagðir niður og einfaldaðir að sjóðirnir yrðu sameinaðir en það hefur ekki verið gert.

En þegar við komum að húsbréfakerfinu og þeim vanskilum sem hafa mikið verið til umræðu í morgun þá vil ég segja það sem mína skoðun að ég held að það hafi ekki verið staðið nógu vel að greiðslumati í húsbréfakerfinu. Ég þekki þess dæmi að fólk hefur fengið greiðslumat sem er svo fjarri veruleikanum að maður undrast slíkt. Að vísu er verið að gefa fólki til kynna hvað það getur mest leyft sér en ég held að þarna hafi verið farið heldur óvarlega sem m.a. leiðir af sér að þegar þrengir að í þjóðfélaginu getur fólk ekki staðið undir þessum lánum. Auðvitað eru það aðstæðurnar í þjóðfélaginu sem valda mestu um þessi vanskil. En ég held að það sé ástæða til að skoða greiðslumatið og hvort ekki beri að herða það. En það leysir ekki vanda þeirra sem nú eiga í erfiðleikum. Þegar betur er skoðað þá eru það aðgerðir ríkisstjórnarinnar sem eiga stóran hlut að máli eins og hækkun skatta. Við höfum séð hér úttekt á skuldastöðu heimilanna sem ber það með sér hvernig byrðarnar hafa aukist á heimilunum á meðan þeim hefur verið létt af fyrirtækjunum. Ríkisstjórnin á þarna stóran hlut að máli.

Þegar húsbréfakerfið var sett á fót þá var það alveg ljóst að það væri aðeins ákveðinn hópur fólks sem réði við kjörin þar en það er nú svo skrýtið með Íslendinga að þeir eru ekki eins hrifnir af frjálshyggjunni og sumir aðrir og þau markaðslögmál sem áttu að gilda í húsbréfakerfinu hafa aldrei virkað og fólk hefur bara tekið lán og keypt íbúðir þótt allar aðstæður væru mjög óhagstæðar. Og á þessu hefur svo sem aldrei verið tek-

ið í húsbréfakerfinu. En það var vitað frá upphafi að það væri fyrst og fremst ákveðinn hópur sem réði við þessi kaup, aðrir yrðu að vera á leigumarkaði eða í félagslega íbúðarkerfinu. Og ég vil vekja athygli á því að um leið og vanskil eru að aukast í húsbréfakerfinu og þar af leiðandi hugsanlega fleiri og fleiri sem missa sínar íbúðir er á sama tíma verið að skera niður í félagslega húsnæðiskerfinu. Þar á nú að fækka nýbyggðum íbúðum úr 500 í 400. Það er því líka verið að þrengja að á þeim markaði. Á þessu ber fyrrv. félmrh. ábyrgð eins og reyndar ýmsu öðru sem sú ríkisstjórn sem nú situr hefur ákveðið.

Þetta kann að skapa mikla erfiðleika á húsnæðismarkaðnum og er umhugsunarefni hvernig tekst hér á nokkurra ára fresti að búa til einhverjar stíflur og erfiðleika í húsnæðiskerfinu sem verða illviðráðanlegir. Ég skal alveg viðurkenna það enn einu sinni að ég átti sæti í þeirri nefnd sem samdi lögin um húsbréfakerfið og mér er mjög annt um þetta kerfi. Ég held að það hafi haft í för með sér heilmiklar úrbætur en það hefur ekki virkað alveg eins og það átti að gera. Það þarf að skoða þarna vissa þætti. En ef menn eru að fara út í sveigjanlegan lánstíma eða lengja lánstímann allt upp í 40 ár þá er þetta orðið svolítið annað en það átti að vera. Menn verða auðvitað að horfa á ástandið eins og það er og þær afleiðingar sem þessir miklu greiðsluerfiðleikar geta haft, bæði á fasteignamarkað og reyndar efnahagslífið í heild. Þetta þarf því allt að skoða.

Hér hefur verið minnst á ríkisábyrgðina. Þegar þetta kerfi var í smíðum var það hugsunin að ríkisábyrgðin yrði til takmarkaðs tíma á meðan verið var að koma kerfinu á fót. Ég get tekið undir þau sjónarmið að það er ekkert eðlilegt að ríkissjóður sé í ábyrgð fyrir húsnæðismarkaðinn nánast eins og hann leggur sig. Þar á ábyrgð einstaklinganna að ráða ríkjum og bankakerfið á að koma þarna inn í líka. Ég hef alltaf verið þeirrar skoðunar að húsbréfakerfið eigi fyrst og fremst að vera í bankakerfinu en ekki í Húsnæðisstofnun. Ég held að það sé löngu orðið tímabært að skoða það. En það er búið að koma þessu kerfi fyrir innan stofnunarinnar. Þetta þarf allt að skoða í ljósi þeirrar stöðu sem upp er komin. Eins þá spurningu hvort það eigi að takmarka útgáfu á húsbréfum. Það var rætt um það í tengslum við afgreiðslu fjárlaga á síðasta ári að reyna að takmarka útgáfu húsbréfa en nú kemur í ljós að þörfin fyrir þau hefur orðið mun meiri en menn áætluðu og þess vegna er þessi aukna lántaka hér tilkomin. Það er ekki gott þegar áætlanir standast ekki betur en þetta að það er þörf á mun fleiri húsbréfum en reiknað var með jafnframt því sem vanskilin á þeim aukast jafnt og þétt. Hér hefur verið bent á tölur í því sambandi sem ég ætla ekki að fara yfir aftur.

Þannig er sem sagt ástandið. Annars vegar sjáum við efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar í hnotskurn þar sem alls ekki hefur tekist að halda utan um útgjöldin frekar en fyrri daginn. Sumt af því var fyrirséð og annað snertir ákvarðanir sem teknar hafa verið umfram fjárlög. Hins vegar er vandi húsbréfakerfisins sem við þurfum vissulega að ræða og skoða hér á hinu háa Alþingi. Ég vil taka undir að það nær náttúrlega ekki nokkurri átt að hæstv. félmrh. skuli ekki láta sjá sig hér dögum saman og vikum saman þegar við erum að ræða um fjárlög íslenska ríkisins. Vonandi kemur hann til landsins fljótlega þannig að hægt verði að ræða þessi mál við hann. Við erum svo heppin að hafa hér líka fyrrv. félmrh. sem þekkir þessi mál vel og ber auðvitað, eins og ég nefndi áðan, ábyrgð á því hvernig komið er.

[13:46]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Ég tel mjög ámælisvert að við séum fyrst núna þegar liðnar eru nær tvær vikur af þinginu að sjá það frv. til lánsfjáraukalaga sem hér er fjallað um og kveður á um að auka útgáfu á húsbréfum. Ekki síst þegar það var vitað í júnímánuði að II. flokkur húsbréfa yrði uppurinn í ágúst. Í júní, um svipað leyti og ég fór úr félmrn., kom eftirfarandi frá Húsnæðisstofnun:

„Miðað við áætlanir stofnunarinnar er gert ráð fyrir að II. flokkur 1994 endist til miðs ágústmánaðar en þær áætlanir eru þó háðar nokkurri óvissu um þróun mála næstu mánuði."

Við því var þannig varað fyrir nokkrum mánuðum síðan í hvað stefndi. Hæstv. fjmrh. og hæstv. félmrh. hafa haft þennan tíma til að fara yfir stöðuna og þeim hefði ekkert átt að vera að vanbúnaði að leggja fram þetta mál sem 1. mál þingsins. Ég segi að þetta sé ámælisvert vegna þess að á þeim hálfa mánuði sem liðinn er síðan þing kom saman hefur sennilega hátt í þriðjungur af þeim umsóknum sem nú bíða afgreiðslu komið en þær eru um 600 talsins sem bíða. Ég veit að hæstv. fjmrh. ætti að vita það manna best hvaða áhrif það hefur á markaðinn þegar svona stífla verður í húsbréfakerfinu.

Ég þykist vita ástæðuna fyrir því af hverju þetta hefur dregist svo lengi vegna þess að ég hef nokkra reynslu af starfi sem félmrh. og samskiptum við fjmrn. um húsbréfakerfið. Ég tók eftir því áðan að hæstv. fjmrh. sagði úr ræðustól og var þá að tala til hv. formanns efh.- og viðskn., Jóhannesar Geirs Sigurgeirssonar, að hann ætti í erfiðleikum með að skýra út markaðslögmálin varðandi vextina. (**Fjmrh.:** Fyrir framsóknarmönnum.) Fyrir framsóknarmönnum. Ég vil þá segja að ég hef átt í miklum erfiðleikum í gegnum árin með að skýra út fyrir hæstv. fjmrh. markaðslögmál húsbréfakerfisins. Það er nú einu sinni svo að þessi húsbréf eru gefin út í smáskömmtum á þriggja mánaða fresti, það hefur þó komið fyrir að það hefur verið gert með sex mánaða millibili. Það gerir fjmrn. til að nota tækifærið þegar komið er að því að gefa út nýjan húsbréfaflokk til að reyna að þrengja að kerfinu með öllum hætti. Í því stappi stendur alltaf milli fjmrn. og félmrn. í tvær til þrjár vikur áður en húsbréfin eru gefin út. Þrengja að þessu markaðskerfi sem á að byggja á lögmálinu um framboð og eftirspurn. Nú er svo komið að fyrir tilstuðlan fjmrn. er þetta að verða að miðstýrðu markaðskerfi. Ég vara við því ef svo á að halda áfram varðandi húsbréfakerfið að það eigi eilíflega að þrengja að því með einum eða öðrum hætti þannig að það byggir ekki á því sem lagt var upp með.

Ég vil segja að ég hygg að hæstv. félmrh. og hæstv. fjmrh. hafi verið að þrátta hér um ábyrgðargjaldið af húsbréfunum. Við skulum fara nokkuð yfir það mál. Í fyrsta lagi: Af hverju eru þessir erfiðleikar í húsbréfakerfinu? Af hverju eru þessi vanskil? Í fyrsta lagi vitum við að þegar vextir lækkuðu í nóvember var það raunar vitað að það mundi auka útgáfuna á húsbréfum. Fólk sem hafði haldið að sér höndum fór af stað. Líka fór þá fólk af stað sem var kannski í of dýru húsnæði og var að reyna að létta sér greiðslubyrðina og fór í minna húsnæði. Ég held að það sé einnig ljóst. Síðan er ljóst að vanskilin eru fyrst og fremst hjá því fólki sem fékk greiðsluerfiðleikalán á árunum 1990–1991. Þá voru afföllin mikil í húsbréfakerfinu, þá var gripið til þess ráðs að stofna hér greiðsluerfiðleikalánaflokk í gegnum húsbréfakerfið vegna þess að fólk var komið í vandræði sem hafði fengið lán í 86-kerfinu. Þannig að að stærstum hluta til eru vanskilin hjá fólki sem fékk greiðsluerfiðleikalánin.

Síðan hafa aðstæður breyst eins og hefur verið rakið úr þessum ræðustól. Atvinnuleysi, tekjufall hjá fólki, veikindi, það skýrir stærsta hluta þeirra umsækjenda sem sækja nú um greiðsluerfiðleikalán hjá Húsnæðisstofnun eða um 80% þeirra hafa orðið fyrir verulegu tekjufalli, veikindum eða atvinnumissi.

Síðan er vissulega það, og það skal ég manna fyrst verða til að viðurkenna, sem hér var nefnt að skerðing á vaxtabótum hefur vissulega átt sinn þátt í því að raska greiðsluáætlun hjá fólki. (**KÁ:** Hverjir hafa samþykkt þær?) Ég samþykkti þær, hv. þm., en kannski man fjmrh. best hver það var sem streðaði lengst gegn því að það yrði gert og margbenti á hvaða áhrif það hefði. Enda var ekki gengið eins langt í því efni og upphaflega stóð til.

Þetta eru nú þær ástæður. Hér hafa menn talað um 25% vanskil í húsbréfakerfinu og þá er miðað við 90 daga vanskil. Ég hygg það sé eðlilegra að miða við fjögurra mánaða vanskil vegna þess að þá fyrst sendir Húsnæðisstofnun málin til lögfræðinga þannig að fólk sem er skuldum hlaðið bíður kannski og borgar fyrst sína skuldir annars staðar áður en það fer að gera upp húsbréfalánin. Það er náttúrlega ljóst að ef Húsnæðisstofnun hefði sömu aðferðir og bankakerfið að senda málin til lögfræðinga eftir einn mánuð þá værum við ekki að tala um svona mikil vanskil. Þannig að þessi sveigjanleikinn í húsbréfakerfinu er ein ástæða til sem ég vil nefna. Þegar við skoðum fjögurra mánaða vanskil þá erum við að tala um að vanskilin séu ekki fjórðungur, eins og hér hefur verið nefnt, af húsbréfalánum heldur innan við 20% og það tel ég brýnt að hafa í huga. Vissulega er það of mikið en það á sér sínar skýringar og ég vara við því ef sú mynd er gefin að þetta sé allt saman húsbréfakerfinu að kenna vegna þess að ef það fengi að virka og ganga eins og það á að gera þá væri staðan önnur að mínu viti.

Mig langar aðeins að fara út í þetta ábyrgðargjald sem hér er verið að tala um. Það var farið út í að taka upp þetta ábyrgðargjald, að mig minnir, um síðustu áramót. Þá var tekið upp ábyrgðargjald sem var 0,25%. Á sama tíma höfðum við aðstæður til að lækka vexti af húsbréfunum niður í 4,75%. Að viðbættum þessum 0,25% var því ekki verið að auka vextina frá því sem var í húsbréfaflokknum áður. Þeir voru 5% með sama hætti þó hluti af þeim væri núna ábyrgðargjald. Núna erum við beinlínis að hækka vextina frá því sem þeir hafa verið upp í 5,1%. 0,25% ábyrgðargjald gefur 30 millj. á ársgrundvelli. Þau 0,1% sem hér er verið að tala um gefa kannski 10 millj. Það eru þær 10 millj. sem við erum að tala um sem hæstv. fjmrh. og hæstv. félmrh. eru vafalaust búnir að þrátta um í nokkrar vikur og hefur orðið til þess að töf hefur orðið á því að leggja málið fyrir þingið. Ég tek undir það með þeim sem hér hafa talað og sagt að það séu skrýtin viðbrögð hjá hæstv. ríkisstjórn við þessum vanskilum að hækka vextina.

Við höfum nú einu sinni borið okkur saman við Danmörk varðandi húsbréfakerfið sem er ekki ósvipað í Danmörku. Þeir eru jú með varasjóð og þeir eru með ábyrgðargjald. Þeir miða við lánshlutfallið, hvað þeir lána, og eru með 0,2% ef þeir lána 60% en fara upp í 0,4% ef lánshlutfallið er 80%. Það er þó nokkur munur á hvort verið er að lána 65% af verði íbúðar eða 80% miðað við áhættuna fyrir ríkissjóð. En við erum að sigla hér með 65% upp í nærfellt það sama og Danir eru með í ábyrgðargjald miðað við 80%. Þar hafa vanskilin líka verið út af því að lánastofnanir keppa um viðskiptavinina með því að yfirbjóða varðandi þetta lánshlutfall og þess vegna hefur þar orðið verðhrun á fasteignum sem við höfum sem betur fer ekki búið mikið við hér.

Það er eitt sem ég vil nefna af því að svo mikið liggur við að fá þessar 10 millj. til Húsnæðisstofnunar, að það tekur margar vikur að ná samkomulagi. Því er seinkað að gefa út nýjan húsbréfaflokk með afleiðingum sem ég óttast. Ég óttast það að þegar þessi stífla er komin með 600 umsóknum sem bíða að það geti haft veruleg áhrif á afföllin í húsbréfakerfinu, ég óttast það, allt fyrir þessar 10 millj. Ég tel að það hefði frekar átt að snúa sér að því að skoða það að bæta þau vaxtakjör sem húsbréfadeildin hefur á sínum innstæðum Seðlabankanum. Það er svo að það liggja sennilega 1–2 milljarðar í nokkra mánuði í Seðlabankanum frá húsbréfadeildinni þar sem fasteignabréfin koma fyrr inn heldur en það sem þarf að greiða út þannig að þetta eru 1–2 milljarðar sem liggja þarna. Það voru samþykkt lög hér fyrir nokkrum mánuðum síðan sem heimiluðu að hægt væri að ávaxta þessa peninga annars staðar en í Seðlabankanum. Lögin voru áður með þeim hætti að það var einungis hægt að ávaxta þá í Seðlabankanum. Og hver er ávöxtunin sem af þessu fé hefur verið sem hefur verið bundin með þessum hætti í Seðlabankanum? Á sl. ári var raunávöxtun af þessu fjármagni 1,2%. Það er í skamman tíma sem féð liggur þarna, einhverja mánuði, en ég minni þá á að lífeyrissjóðirnir fá 4–5% raunávöxtun á fjármagn sem þeir ávaxta til skamms tíma. (**Gripið fram í:** Hvaða ráðherra ber ábyrgð á þessu?) Ég er að segja að það er nýlega sem búið er að losa um það að hægt væri að ávaxta þetta með öðrum hætti heldur en í Seðlabankanum. Þetta var bundið í lög að þetta væri í Seðla-

bankanum og þetta er 47 millj. sem komu inn á síðasta ári með þessum hætti í ávöxtun af þessum peningum úr Seðlabankanum. Ef ávöxtun af þessum peningum væri eðlileg þá er ég viss um að við værum ekki að tala um 40–50 millj. heldur kannski 70–80 millj. sem er nokkru meira en sú fjárhæð sem við erum að tala um sem kemur vegna þessa ábyrgðargjalds.

Ég vil líka minna á að það hefur komið fram í fjölmiðlum hjá formanni húsnæðismálastjórnar að miðað við tölur síðasta gjalddaga benda þær til þess að vanskil sé heldur að minnka á nýjan leik sem betur fer. Er ástæða núna, hæstv. ráðherra, miðað við þær aðstæður sem eru í þjóðfélaginu, miðað við þær aðstæður sem eru á mörgum heimilum í landinu, þó að við séum ekki að tala um háa fjárhæð hér eins og hér hefur verið nefnt að fara út í þessa vaxtahækkun, þar sem Húsnæðisstofnun fær 10 millj. fyrir? Er það ástæða? Og hvaða áhrif mun þetta hafa? Hefur það verið skoðað? Ég man eftir því, hæstv. ráðherra, að það var allt kapp lagt á það af hálfu ríkisstjórnarinnar að sprengja ekki þennan 5% vaxtamúr sem var frá því í nóvember sl. Það mátti aldrei taka nein húsnæðisútboð ef boðið var hærra en 5%, 5,1%. Því var alltaf hafnað. En þegar kemur að lántakendunum, sem eiga að greiða, þá er allt í lagi með þennan vaxtamúr. Og ég vil spyrja hæstv. fjmrh.: Nú hefur komið fram að Húsnæðisstofnun hefur orðið að taka 7 milljarða að endurláni hjá fjmrn. og ég vil spyrja, á hvaða kjörum er það? Er einhver sérstök þóknun af þessu sem tekin er, á hvaða kjörum er það? Er það yfir 5%? Á hvaða kjörum eru þessir 7 milljarðar endurlánaðir til Húsnæðisstofnunar?

Svo má spyrja líka þegar við erum að ræða um það að það er alveg ljóst og liggur fyrir að við erum að tala um að þetta er að meginhluta til vegna greiðsluerfiðleikalánanna sem voru mjög erfið vegna þess að við vorum að fjármagna tvö kerfi samtímis og vegna þess að tekjur hjá fólki hafa minnkað, það hefur orðið að búa við atvinnuleysi. Þegar ríkisstjórnin leggur svona mikla áherslu á að hækka þetta úr 0,25 í 0,35, er hún að búast við þessu viðvarandi, þessari stöðu á heimilunum, að fólk geti ekki staðið á skilum með sín lán?

Hv. þm. Svavar Gestsson nefndi hér eina leið sem hæstv. félmrh. hefur líka gert sem er að lengja lánstímann í húsbréfakerfinu úr 25 í 40 eða 43 ár. Ég er ekki viss um að það sé sú leið sem muni skila sér til fólksins vegna þess að ef sú leið yrði farin þá spyr maður um markaðshæfni slíkra bréfa sem yrðu til 40 ára vegna þess að þetta verður að parast á móti, fasteignabréf og húsbréf. Og þá spyr ég, ef á að lengja lánstímann með þessum hætti, þýðir það ekki hærri ávöxtunarkröfu? Og hvert er þá virði slíkra bréfa? Hvaða áhrif hefur það á verð eigna ef t.d. þeir sem eru í nýbyggingu þurfa að selja slík bréf á markaðinn? Ég er ekki að hafna þessari leið en ég spyr um þessi áhrif. Er þetta eitthvað sem getur skilað sér til fólksins?

Það hefur verið farið hér út í skuldbreytingar og ég vil mótmæla því sem hv. þm. Svavar Gestsson sagði að það hefði ekkert verið gert í þessum efnum. Ríkisstjórnin beitti sér fyrir því í samráði við Húsnæðisstofnun og lánastofnanir að það yrði farið út í skuldbreytingar hjá fólki sem býr við atvinnuleysi og veikindi. Ég spyr hvort það þurfi ekki að víkka út þá heimild miðað við núverandi aðstæður. Og ég held líka að ein leiðin til þess að draga úr greiðsluerfiðleikum sé að skoða það sem margoft hefur verið talað um og m.a. ályktað um á landsfundi Sjálfstfl. að hækka lánshlutfall fyrir þá sem eru að kaupa sína fyrstu íbúð upp í 80 eða 90% af verði íbúðar. Það var það sem landsfundur Sjálfstfl. hefur ályktað um og ég held að það mundi skila sér vel ef hægt væri að skoða það vel að fara upp í eitthvað hærra í lánshlutfalli, a.m.k. fyrir þá sem eru að byggja og kaupa sína fyrstu íbúð.

Ég vil líka nefna varðandi greiðslumat af því að það hefur verið hér til umræðu. Ég held að það megi vissulega yfirfara þetta greiðslumat en þegar skoðað er meðalgreiðslumatið vegna fyrstu íbúðar kaupenda, sem fólk hefur fengið, þá hefur það ekki nýtt alveg það mat sem það hefur fengið. Meðalgreiðslumatið vegna fyrstu íbúðar er 5,9 millj. en það er 10% lægra sem fólk hefur nýtt sér eða um 5,3 að meðaltali heldur en leyft hefur verið þannig að það hefur ekki farið upp í fullt það sem það hefur þó haft heimild fyrir. Sama gildir um þá sem eru að kaupa sína aðra íbúð að meðalgreiðslumatið þar hefur verið 9,3 millj. en það sem fólk hefur nýtt sér er um 7,7 millj. eða 17% lægra en greiðslumatið. En ég er ekki þar með að segja að það séu ekki gallar á greiðslumatinu sem ástæða er til að skoða.

Svo í lokin, af því að minn ræðutími er að verða búinn, vil ég vara við því sem mér finnst ekki bara koma fram hjá hæstv. fjmrh. og sem ég hef verið í einlífum ágreining við fjmrh. út af sem er ríkisábyrgðin á húsbréfum. Ég heyrði ekki betur en framsóknarmenn t.d. séu að taka undir þetta og að hluta til heyrðist mér jafnvel Kvennalistinn vera að taka undir þetta. Hér liggur fyrir skýrsla þar sem hefur verið farið yfir þessi mál um kosti og galla að afnema ríkisábyrgð á húsbréfum sem í voru fulltrúar fjmrn., félmrn. og Húsnæðisstofnunar. Fulltrúar Húsnæðisstofnunar og félmrn. vara við því ef það á að fara að afnema hér ríkisábyrgð á húsbréfum. Og hér er sagt, með leyfi forseta:

„Án ríkisábyrgðar yrðu vextir hærri. Þeir yrðu mismunandi eftir landshlutum og jafnvel gæti sú þróun átt sér stað að láglaunafólk yrði krafið um hærri vexti en þeir sem hærri tekjur hafa. Þess vegna er ríkisábyrgð á húsbréfum hornsteinn jafnréttis í húsnæðismálum.“ Og það er einnig talað um að þetta gæti haft veruleg áhrif úti á landi þar sem væri hugsanlega hægt að fara inn í banka og krafist mismunandi veðhæfni á eigum þannig að ég vil vara menn við og biðja þá um að skoða þessi mál mjög ítarlega áður en menn tjá sig um það og gefa þar með hæstv. fjmrh. byr undir báða vængi um að hér sé kominn einhver meiri hluti fyrir því að afnema ríkisábyrgð á húsbréfum.

[14:07]

Pétur Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir ræddi um það að greiðsluerfiðleikar væru mestir hjá þeim sem hefðu fengið greiðsluerfiðleikalán á árunum 1990–1991. Þeir undrast það ekki sem þekktu til

hvernig þau voru tilkomin. Mikið af þessum greiðsluerfiðleikalánum, sem þá voru veitt, voru m.a. vegna þess að húsnæðislánakerfið brást, það var komið upp í 30–36 mánaða bið eftir lánum sem menn höfðu reiknað með miklu fyrr. Þetta var á hávaxtatíma sem menn þurftu að borga mjög erfið og stór greiðsluerfiðleikalán og ég þekki dæmi um aðila sem þurfti að fá greiðsluerfiðleikalán fyrir 3 millj. kr. skuld. Til þess varð hann að fá húsbréf upp á 4 millj., húsbréf með 6% vöxtum eftir þetta dæmi sem hann gekk í gegnum til þess að leiðrétta sína stöðu. Þessi maður stóð þar miklu verr en áður. Ég held líka að þessar aðgerðir þó e.t.v. hafi verið gerðar af góðum huga í upphafi hafi verið svo vanhugsaðar að greiðslumat þeirra sem greiðsluerfiðleikalánin fengu var alls ekki raunhæft eða þá ekki til staðar.

En reyndin varð sú að þeir sem fengu þessi erfiðu lán fengu húsbréf þar sem þeir fengu 88 kr. út úr hverjum 100 sem þeir viðurkenndu til skuldar, þeir stóðu eftir þannig að þeir áttu ekki möguleika til að standa undir sínum skuldum og þess vegna þarf engan að undra og síst fyrrv. félmrh. á því að núna séu þetta kannski erfiðustu dæmin hjá þeim sem eru í erfiðleikum með að borga þessi lán sem nú eru enn á 6% vöxtum eftir því sem ég best veit og mun erfiðara en önnur húsnæðislán sem í boði eru.

Ég vildi að þetta kæmi fram því að það eru afskaplega margir sem lentu í þessum erfiðleikum á þessum tíma.

[14:09]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er alveg sammála síðasta ræðumanni um það að stofnað var til greiðsluerfiðleikalána í húsbréfakerfinu vegna þess að það var orðinn langur biðtími í 86-kerfinu, tvö eða þrjú ár eins og hv. þm. nefndi, og fólk var að hengja sig hér í skammtímalánum. Þess vegna var farið út í það að opna fyrir greiðsluerfiðleikalán í húsbréfakerfinu og afföllin og vandræðin þar voru ekki síst því að kenna að við vorum að fjármagna samtímis um nokkuð langan tíma tvö kerfi, bæði 86-kerfið sem Framsfl. vildi ekki sleppa hendinni af sem tók langan tíma að fá samstöðu um að leggja af og síðan vorum við með húsbréfakerfið. Það segir sig sjálft að þegar við erum með tvö slík kerfi í gangi, annað eins og 86-kerfið, sem sogaði til sín mikið fjármagn beint úr ríkissjóði, og hins vegar húsbréfakerfið og síðan greiðsluerfiðleikalán að það olli þessum miklu afföllum sem voru mjög mikil og hafa leitt til vandræða hjá ýmsum íbúðareigendum og húsbyggjendum, það viðurkenni ég fúslega, en það á sér sínar skýringar.

[14:11]

Pétur Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. skýringarnar en þær staðfesta nákvæmlega það sem ég var að segja, einmitt þetta, að það var verið að fjármagna tvö kerfi án þess að hafa til þess burði, varð til þess að stór hluti þessa hóps hafi bundið vonir við það kerfi sem var í gangi sem búið var að auglýsa fyrir fólk að það gæti gengið að. Það beið eftir sínum húsnæðisstjórnarlánum. Það fékk þau ekki eins og eftir 12 mánuði eða 14 mánuði eins og búist hafði verið við. Ég þekki mýmörg dæmi um þetta og ég veit að þetta er rétt. Það fékk ekki þessi lán. Það varð að fara í bankakerfið og það varð að fá okurlán. Ég get líka nefnt dæmi um það í opinberum sjóði. Þeir hafa fengið lán upp á 1.500 þús., útgreiðslan varð 1.200 þús. og endurgreiðsla var tæpar 2 millj. Skoði menn þetta og ef þetta er ekki okurstarfsemi, reyndar lögvernduð, þá veit ég ekki hvað það er, en þetta er einmitt ástæðan. Það var verið að vinna úr tveimur kerfum án þess að hægt væri að sinna því og þeir sem þarna þurftu að fá lán fengu það ekki fyrr en of seint.

[14:12]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er athyglisvert að hv. þm. viðurkennir það að 86-kerfið hafi verið svo meingallað að íbúðakaupendur og húsbyggjendur hafa neyðst til þess að fara út á okurlánamarkaðinn til þess að geta haldið sínu húsnæði.

[14:12]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég mun hér síðar í umræðunni svara því sem til mín hefur verið beint en það eru örfá atriði sem ég vil ræða nú þegar í andsvari.

Í fyrsta lagi er ekki hægt að kenna ráðherrum um það að framlagning þessa frv. hefur dregist. Það þurfti að bíða eftir tillögum Húsnæðisstofnunar og hún afgreiddi málið endanlega sl. mánudag. Sl. mánudag kom endanlegt svar frá Húsnæðisstofnuninni. Þá var fundur í stjórninni sem endanlega kláraði málið og eftir það gat félmrh. gengið frá málinu.

Í öðru lagi vil ég segja það að þegar rætt er um það að fjmrh. hafi ætíð viljað þrengja að kerfinu og þetta sagði nú hv. þm. þegar hann var félmrh., um fyrrv. fjmrh. líka, þá er það auðvitað vegna þess að það er ríkisábyrgð á þessum fjármunum og það verður að fylgja lánsfjárlögum á hverjum tíma og laga kerfið að lögunum. Það er það sem ábyrgir ráðherrar þurfa að gera, ábyrgir félagsmálaráðherrar. Lykillinn hins vegar að því að hafa kerfið rykkjalaust er auðvitað að hverfa frá ríkisábyrgðinni og ríkið getur tekið þátt í slíkum húsbréfabanka og sett hann upp og ríkisábyrgðargjaldið sem nú er sett á getur þá gengið til þess að taka á útlánunum.

Þá kem ég að því að ríkisábyrgðargjaldið sem slíkt er til þess að mæta hugsanlegu útgjaldatapi, ekki bara vanskilum heldur hreinu tapi og nú er svo komið að endurskoðandi Húsnæðisstofnunar segir að á næsta ári geti tap húsbréfadeildarinnar, útlánatap hreint og beint orðið 0,25% og fer vaxandi. Þetta þarf hv. þm. að hafa í huga, ekki síst vegna þess að nú sýnist mér að hv. þm. ætli að koma hérna hvítþveginn með geislabaug eins og hann beri ekki ábyrgð á þessu kerfi sem hefur verið byggt upp á undanförnum árum.

[14:14]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ber vissulega ábyrgð á þessu kerfi svo lengi sem ég var í stól félmrh. enda fór mik-

ið af mínum tíma í það að berjast við fjmrn. um það að þeir eyðilegðu ekki þetta kerfi sem þó hefur sparað ríkissjóði mjög mikið fjármagn þegar var fallið frá 86-kerfinu. Og mér finnst það mjög sérkennilegt að kenna nú Húsnæðisstofnun um það að þetta frv. kom ekki hér fram fyrr vegna þess að Húsnæðisstofnun varaði við þessu seinni part júnímánaðar í hvað stefndi og ég spyr: Hvenær komu þá tillögurnar á borð húsnæðismálastjórnar? Varðandi ríkisábyrgðina þá er náttúrlega alveg ljóst að hér er um mjög dreifða ábyrgð að ræða og margir lántakendur og það er alveg ljóst að það mun hækka vextina verulega ef það á að fara að afnema ríkisábyrgðina. Hæstv. ráðherra nefndi það hér fyrr í þessum umræðum að það þyrfti að afnema hana og notaði það sem rök að það væri erfitt að vera að sýna þessar ábyrgðir vegna þess að þetta væri metið inni í lánskjörum sem okkur væri boðið erlendis. Ég vil minna á að OECD hefur gert athugasemdir við það hvernig húsbréfin eru færð sem lántökur og sagt að það væri ekki í samræmi við það sem gerist og gengur. Það væri ágætt að vita hvort þessu hafi verið breytt til samræmis við það sem OECD hefur lagt til vegna þess að þeir benda einmitt á að það er ekki um beinar lántökur að ræða.

[14:16]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil taka það fram að ástæðan fyrir því að fjmrn. hefur reynt að fá félmrh., fyrrv. og núv., til að breyta reglum er til að verja þetta kerfi. Við höfum haft upplýsingar undir höndum um það hvert það er að þróast og við viljum verja kerfið. Til þess að geta varið kerfið þurfa menn að bera ábyrgð á því en ekki einungis að sjá um það að útlánin séu þetta og þetta mikill eftir því sem markaðurinn biður um. Við berum ábyrgð á kerfinu vegna þess að það er ríkisábyrgð á þessum peningum. Ég vil segja það að 4. maí vorum við sammála um það að fyrir 15. júní skyldu koma fram tillögur frá stjórn Húsnæðisstofnunar. Þær komu í lok september og kláruðust í október eða fyrir u.þ.b. viku síðan.

Og loks: OECD getur gert athugasemdir við uppsetninguna. Það hefur enga þýðingu því að þau tvö fyrirtæki sem meta lánshæfni Íslendinga, Standard and Poor og Moody's, spyrja um skuldbindingar ríkissjóðs, hverjar sem þær eru á hverjum tíma.

[14:17]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það var afar athyglisvert að fylgjast með deilum hv. 12. þm. Reykv. við hæstv. fjmrh. því ef ég man rétt var það síðast í fyrravetur í deilum um húsnæðismál og stöðu félmrh. innan ríkisstjórnarinnar að páv. hæstv. félmrh., núv. 12. þm. Reykv., að það jaðraði við ástarjátningar í garð hæstv. fjmrh., hvað hann væri nú góður þessi fjmrh. í þessari ríkisstjórn og mun betri en sá sem við var að eiga áður.

En þetta var ekki aðalatriði mitt hingað upp heldur kannski hitt, virðulegur forseti, að ég hef eiginlega hugsað mér að fá að hafa mínar skoðanir og bera þær fram úr ræðustól Alþingis án þess að þurfa að sækja um sérstakt leyfi til hv. 12. þm. Reykv. eins og mér fannst liggja í hennar orðum þegar hún ræddi um þær umræður, sem ég vil segja málefnalegu umræður, sem fóru fram um ríkisábyrgð á húslánakerfinu. Ég er þeirrar skoðunar að við eigum að leita leiða til þess að vinna okkur út úr því en það kom líka skýrt fram í minni ræðu að það er ekkert sem við gerum einn, tveir og þrír. Það tekur nokkuð langan tíma en til lengri tíma litið er ég þeirrar skoðunar að við eigum engan annan kost. Það mun ekki ganga að stór hluti þeirra peninga sem eru í húsnæðisviðskiptum hér á landi séu á ábyrgð ríkisins. Meðan svo er nær húsbréfakerfið aldrei að festa sig þannig í sessi að það standi á eigin fótum.

[14:19]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þegar ég var að beina orðum mínum til hv. síðasta ræðumanns síðast og lýsa furðu minni á hans skoðunum varðandi ríkisábyrgðina þá vakti einungis fyrir mér að vekja athygli á því að það þyrfti að skoða mjög vel gallana vegna þess að þeir eru mjög miklir. Ég er alveg viss um að þegar hv. þingmenn skoða það, fara yfir það með ýmsum sem til þekkja muni renna á þá tvær grímur hvort það sé rétt að afnema ríkisábyrgðina. Ég er viss um það mun hækka vextina og auka þjónustugjöld bankastofnana. Ég er alveg sannfærð um það.

Varðandi það sem hv. þm. nefndi frá því í fyrra, einhverja ástarjátningu mína til hæstv. fjmrh. þá man ég ekki eftir því og hún hefur örugglega ekki verið í sambandi við húsbréfakerfið. Það er alveg ljóst.

[14:20]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þessi orðaskipti eru til í þingtíðindum og það væri þess virði að leita þeirra en ég sá að þessi síðustu orð komu mjög við hæstv. fjmrh. þannig að hér verða menn náttúrlega að sýna ákveðna nærgætni í samskiptum.

Varðandi ríkisábyrgðina þá er ég alveg tilbúinn hvenær sem er að fara í málefnalega umræðu hvað það snertir og vissulega eru á henni bæði gallar og kostir. En ég sé ekki ef við lítum til lengri tíma hvernig ríkisábyrgð á húsbréf á að geta vegið upp mismunandi markaðsverð fasteigna og ýmis áföll sem á þeim vettvangi kunna að verða. Það gerist ekkert öðruvísi en á þann hátt að þau áföll falli á ríkissjóð. Og hverjir koma þá til með að borga? Eru það ekki skattgreiðendur í landinu? Þetta mál er því ekkert svona einfalt.

Varðandi stórhækkuð þjónustugjöld í bankakerfinu þá kostar heilmikið að reka húsnæðisbatteríið og það eru engir peningar sem koma af himnum ofan sem bera uppi þann kostnað.

[14:22]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Þegar maður hugsar til liðinna ára í þessari virðulegu stofnun þá hygg ég að það megi segja að umræðan um húsnæðismál hafi verið býsna áberandi að ekki sé sagt eins og rauður þráður í um-

ræðum á Alþingi um margra áratuga skeið. Ég hugsa að sú umræða hafi kannski hafist fyrst að einhverju verulegu marki í kringum setningu laganna um Byggingarsjóð ríkisins og Húsnæðisstofnun í félagsmálaráðherratíð Hannibals Valdimarssonar fyrir nærri fjórum áratugum. Þar áður ræddu menn auðvitað mjög oft um félagslega íbúðabyggingakerfið og um það voru mjög skiptar skoðanir og miklar deilur.

Deilurnar núna á síðustu 10–15 árum hafa snúist um fjármögnun þessa kerfis. Það hefur í fyrsta lagi verið viðurkennt að það væri eðlilegt að ríki og sveitarfélög kæmu til skjalanna að því er varðaði uppbyggingu félagslegs íbúðarhúsnæðis og að vextir t.d. á lánum til félagslegs húsnæðis væru niðurgreiddir með tilteknum hætti, væru lægri en annars staðar auk þeirra vaxtabóta eða húsnæðisbóta sem teknar eru ákvarðanir um á hverjum tíma.

Í annan stað voru menn mjög lengi þeirrar skoðunar að það væri eðlilegt að ríkið kæmi einnig til stuðnings á hinum almenna húsnæðismarkaði, þ.e. gagnvart þeim sem eru með þokkalegar tekjur, þokkalega getu til tekjuöflunar, að þeir gætu fengið einhvern stuðning frá hinu almenna kerfi ríkisins í þessu efni.

Nú er staðan hins vegar þannig og hefur verið að þróast síðustu árin að þeir sem búa við, mér liggur við að segja venjuleg kjör, venjulega heilsu, venjulega tekjuöflunargetu, venjulega ómegð líka, eru meira og minna komnir út úr möguleikum til þess að eignast eigið húsnæði. Þannig að munurinn annars vegar á lífskjörum þeirra sem voru að eignast húsnæði fyrir 20–30 árum og hins vegar þeirra sem mundu þurfa að eignast húsnæði í dag er ofboðslegur. Ég hugsa að það sé í raun og veru útilokað að finna meiri mun á lífskjörum á milli tveggja kynslóða en einmitt þessara tveggja sem ég er að tala um í okkar efnahagslegu sögu.

Þar kemur mjög margt til. Eitt er það sem við fjmrh. ræddum hér áðan, þ.e. kaupmáttarskerðing sem hefur orðið til á löngu tímabili. Annað er samdráttur í atvinnulífinu sem hefur einkum orðið til núna á allra síðustu árum, atvinnuleysi er í raun og veru óþekkt fyrr en í tíð núv. ríkisstjórnar. En í þriðja lagi er ástæðan svo sú að það er verið að borga miklu, miklu hærri vexti en greiddir voru áður. Menn fengu fjármunina á tiltölulega vægu verði hér áður, jafnvel á neikvæðum vöxtum. Í seinni tíð hafa vextir ekki aðeins verið jákvæðir heldur hefur verið nánast um að ræða vexti sem hefðu verið kallaðir okurvextir meðan lögin um bann við okurstarfsemi voru til. Þá er ég bara að hugsa um dæmi sem þrífast í skjóli opinberra aðila eins og þau dæmi sem hv. þm. Pétur Bjarnason nefndi áðan og þrífast í skjóli opinberra aðila eftir tilteknum opinberum viðurkenndum kerfum. Og svo langt gekk ríkið og aðrir aðilar sem að þessu hafa komið í því að viðurkenna þetta okurkerfi, þessi ofboðslegu afföll, að menn fengu þau aldrei bætt. Afföllin hafa aldrei fengist bætt. Vextirnir hafa fengist bættir en afföllin aldrei nokkurn tímann. Niðurstaðan er sú að ungar fjölskyldur, þúsundum saman, hafa orðið leiksoppar þessa kerfis og þessara breytinga sem hafa gerst allt of hratt. Ég tel að kröfugerð og framganga Alþfl. í því á árunum eftir 1979 að knýja fram verðtryggingu fjárskuldbindinga hafi komið mjög harkalega niður á þessu fólki.

Hvað gerðu menn þá til þess að reyna að svara þessum vanda, þessari ofboðslegu vaxtatöku sem allt í einu varð til miðað við það sem áður var? Hvað gerðu menn? Það var samið um húsnæðiskerfið sem kallað hefur verið 86-kerfið. Það hefur gengið maður undir manns hönd að tala alltaf illa um þetta 86-kerfi. Lengi vel var það þannig að þeir framsóknarmenn reyndu aðeins að halda uppi vörnum fyrir 86-kerfið af því að Alexander Stefánsson var þá félmrh. Nú eru framsóknarmenn orðnir hálfaumingjalegir líka í sambandi við þetta 86-kerfi. Hvað var þetta 86-kerfi?

86-húsnæðiskerfið var niðurstaða kjarasamninga sem gerðir voru snemma á árinu 1986. Það var alveg ljóst þegar þeir samningar voru gerðir að það yrði mjög erfitt að fjármagna það kerfi. Það var alveg augljóst mál strax í upphafi. Hins vegar töldu aðilar, eins og þáv. ríkisstjórn Sjálfstfl. og Framsfl., lífsnauðsyn að knýja málið hér í gegn og ég man ekki betur en að allir flokkar á Alþingi, sem þá voru hér inni, hafi staðið að þessum kerfisbreytingum, jafnvel Kvennalistinn, sem er þó svo að segja syndlaus á öllum sviðum stjórnmálanna en ég er ansi hræddur um að hann hafi jafnvel flekkast eilítið af því að hafa komist í snertingu við þetta sæla 86-kerfi. En niðurstaðan verður sú að menn eiga ekki pening til þess að koma þessu kerfi á sem skyldi og hæstv. fyrrv. félmrh., 12. þm. Reykv., stendur svo í því um árabil að berjast við afleiðingar þessa kerfis peningalaus. Og þá er farið í húsbréfakerfið.

Ég held að þetta 86-kerfi hafi ekki verið eins slæmt og hefði heldur ekki þurft að vera eins dýrt og menn ímynduðu sér að það yrði. Ég var þeirrar skoðunar að miðað við það að menn væru kannski að fá þarna 80% lán þá væri allt í lagi að menn þyrftu að bíða eftir því í dálítinn tíma vegna þess að það er nú einu sinni þannig að það er ekki hægt að uppfylla óskir allra með peningum, sérstaklega þegar um peningaleysi er að ræða eins og venjulega hjá ríkissjóði. Ég er því þeirrar skoðunar að menn hafi gefist of snemma upp við að reyna að þróa 86-kerfið vegna þess að ég held að húsbréfakerfið muni reynast ríkissjóði ofboðslega dýrt þegar fram í sækir í hækkandi vaxtabótagreiðsluþörf, svo ég bregði fyrir mig löngu en ekki mjög fallegu orði.

Ég held því að þegar menn horfa á þetta þá eigum við ekki að vera að setja okkur í þær stellingar að 86-kerfið hafi verið afleitt og húsbréfakerfið frábært. Í rauninni eru hlutirnir ekkert þannig. Í rauninni er það svo að við þurfum að reyna að sameinast um að finna leið til að framkvæma þann pólitíska vilja okkar að við teljum íbúðarhúsnæði hluta af frumþörfum manna, sérstaklega af því að það er svo kalt á Íslandi. Þess vegna er ekki ástæða til þess að búa til sérstakar fantagildrur í fjármögnun, vöxtum og öðru slíku þegar menn þurfa að koma yfir sig húsnæði.

Ég vil síðan segja það, hæstv. forseti, að það getur út af fyrir sig verið rétt að sú aðferð um fljótandi lánstíma sem hæstv. núv. félmrh. hefur nefnt sé ekki besta

aðferðin, ég skal ekkert um það segja. En það getur þá verið að menn eigi að taka aftur upp þá aðferð sem var í húsnæðislögunum frá 1986, eins og þeim var breytt skömmu síðar með atkvæðum allra flokka á Alþingi á þeim tíma, og gerðu ráð fyrir því að greiðslubyrði miðaðist að einhverju leyti við tekjur þannig að þegar menn réðu ekki við að greiða af þessum lánum þá yrði mismunurinn fluttur aftur fyrir. Hér var um að ræða gífurlega þýðingarmikla tryggingu fyrir þá sem höfðu tekið lán í þessu kerfi. Þessu neyddumst við til að breyta fyrir nokkrum missirum en það er spurning hvort ekki er komið að því aftur að þetta verði að taka upp, eins og við reyndar lögðum til, ég og hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, á síðasta þingi þegar við fluttum sérstakt frv. um húsnæðismál þar sem við gerðum ráð fyrir því að það yrði sett þak á afborganir lána og mismunurinn sem ekki yrði greiddur yrði fluttur aftur fyrir lánið og það þannig lengt með tilteknum hætti. En það er svo rétt að fjármuna til þess þarf líka að afla. Það mætti hugsanlega gera það með samningum við lífeyrissjóðina eins og ég gat um í morgun þar sem rætt yrði við þá um endurfjármögnun á vanda þess fólks sem ræður ekki við að borga af lánunum eins og þau eru.

[14:32]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst ástæða til að rifja það upp af því að hv. síðasti ræðumaður talaði um 86-kerfið og að við hefðum kannski átt að hafa meiri biðlund gagnvart því kerfi þá vil ég minna hann á að það kom skýrsla frá Ríkisendurskoðun með úttekt á 86-kerfinu. Ég man ekki hvað marga tugi milljarða í ríkisframlögum Ríkisendurskoðun kvað upp úr í þessari skýrslu það mundi kosta ef við héldum áfram þessu kerfi. Þar vorum við með biðtíma upp á 3–4 ár. Ég er hrædd um að það hefði fljótt orðið gjaldþrota og var reyndar orðið þegar það var lagt af. Það voru óhugnanlegar tölur sem voru nefndar í þeirri skýrslu og menn vilja nú einu sinni taka mark á Ríkisendurskoðun.

Þegar hv. þm. talar hér um háa vexti, væntanlega þá í húsbréfakerfinu sem eru um 5% og kannski er hann líka að tala um félagslega íbúðakerfið, þá verður hv. þm. að muna það að hér á árum áður, mig minnir að það hafi verið þegar hv. þm. var félmrh., þá var lánshlutfallið ekki nema 17%. Það var að vísu á lágum vöxtum en það þýddi það að fólk þurfti að taka verulegan hluta af íbúðarverðinu í gegnum bankakerfið með mjög háum vöxtum. Ég man að það var reiknað út á sínum tíma að þegar meðaltalið af vaxtabyrðinni var skoðað miðað við það sem fólk þurfti að taka í bönkum og það sem lánað var frá hinu opinbera þá voru vextir töluvert háir. Mig minnir að á þeim tíma sem það var skoðað hafi meðalvaxtabyrði hjá fólki verið 6–7% af því að lánshlutfallið var það lágt í húsnæðiskerfinu. Nú er þó stór hluti af þessu í húsbréfakerfinu, eða 65%, og þar af er verulegur hluti endurgreiddur í gegnum vaxtabótakerfið og verulega stór hluti, ekki síst fyrir lágtekjuhópana.

[14:34]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Kosturinn við það kerfi sem var við lýði þegar ég fór með þennan málaflokk er auðvitað augljós. Hann er sá að þá lofuðu menn bara því sem þeir gátu staðið við og það held ég að sé mjög mikilvægt atriði fyrir ráðherra húsnæðismála hverjir svo sem þeir eru. Jafnvel þó að loforðið sé um lítið fé þá er það betra ef menn standa við það en ef menn lofa miklu fé og geta ekki staðið við það af einhverjum ástæðum.

Varðandi 86-kerfið þá er málið einfaldlega þannig að ég man alveg eftir þessari skýrslu Ríkisendurskoðunar en hún þýddi ekki dauðadóm yfir kerfinu. Af hverju spáði Ríkisendurskoðun gjaldþroti? Af því að í kerfinu eins og það var var um að ræða sjálfvirk innstæðulaus loforð. Og ég hygg að ef menn hefðu haft pólitískt þrek til að höggva á þetta sjálfvirka samhengi og taka öðruvísi á málum, ef menn hefðu þorað að raða umsóknum í forgangsröð eftir þörfum, eftir tekjum og eftir aðstæðum fólks þá hefði verið hægt að una við þetta kerfi. En eins og það var þar sem öllum var lofað gulli og grænum skógum þá var að sjálfsögðu ekki hægt að standa við kerfi af þessum toga. Það er alveg augljóst mál það þurfti ekki einu sinni Ríkisendurskoðun til að segja manni það.

[14:36]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Mig minnir að fyrir sjö árum síðan þegar ég tók við húsnæðismálunum sem félmrh. þá hafi ríkisframlagið inn í Byggingarsjóð ríkisins vegna 86-kerfisins verið á fjórða milljarð kr. Samt vorum við með biðlista upp á 2–3 ár. Það sjá náttúrlega allir í hendi sér að ef við hefðum haldið áfram með það kerfi þannig að það hefði verið eðlilegur biðtími hjá fólki þannig að unga fólkið hefði ekki þurft að bíða hér í 2–4 ár þá hefðum við þurft að margfalda þá upphæð. Ég er hrædd um að það hefði komið niður á einhverju öðru í velferðarkerfinu ef það hefði átt að skapa hér eðlilegan biðtíma í þessu kerfi. Og það var alveg rétt hjá hv. þm. að þarna var um sjálfvirk innstæðulaus loforð að ræða. Þess vegna varð að breyta þessu kerfi. Ég er alveg viss um að það mundu nú ekki margir vilja hverfa aftur til þess tíma þegar hið opinbera lánaði einu sinni aðeins 17% af íbúðarverðinu og fólk þurfti að taka meginhlutann af íbúðarverðinu að láni í bankakerfinu eða annars staðar á markaðnum.

[14:37]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég tel nú satt að segja að þetta fortíðarkarp þjóni engum tilgangi. Staðreyndin er hins vegar sú að vextir af lánum á árunum 1980–1983 voru miklu lægri en þeir eru núna. Menn voru að tala þá um rétt rúmlega raunvexti í hinu almenna bankakerfi. Og við skulum bara skoða tölurnar yfir það hversu mikið af íbúðum byggði hinn almenni maður í landinu á þessum tíma og berum það saman við það sem það er í dag. Þegar hið almenna íbúðarbyggingarkerfi er svo að segja hrunið vegna þess að hinn almenni launamað-

ur með venjulegar tekjur og hið venjulega puð ræður ekki við hlutina eins og þeir eru.

Hvert var svo vandinn fluttur úr 86-kerfinu, úr húsbréfakerfinu, úr þessum kerfum öllum? Hvert var hann fluttur? Var hann fluttur á ríkissjóð? Nei, hann var fluttur í formi affalla á bakið á því fólki sem tók húsbréfin upp á milljarða og aftur milljarða króna. Það er í raun og veru lending sem er okkur til skammar sem að því stóðum.

[14:38]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegur forseti. Það eru aðeins örfá atriði sem mig langar til að gera tilraun til að svara. Þau komu fram hér í umræðunum. Ég ætla að reyna að forðast að gera þetta að almennri umræðu um húsnæðismál sem þó er gagnlegt og ég held að þessi umræða hér í dag hafi verið mjög málefnaleg um þau mál og lýsir því að það er auðvitað vandi í þessu kerfi eins og öðrum og það er líka nauðsynlegt að hv. þm. ræði annað veifið þetta stóra mál. Hv. 15. þm. Reykv. spurðist fyrir um það hvar stæði stuðningur við atvinnufyrirtæki á Vestfjörðum. Að því er ég best veit þá hefur þegar verið auglýst eftir umsóknum. Þær hafa borist og það er verið að vinna að þeim umsóknum. Á næstu dögum og vikum verða gefin út lánsloforð og ég tel mig vita að hugmyndin sé að greiða til viðkomandi fyrirtækja eftir því sem þau fyrirtæki standast þær kröfur sem lög og reglur gera. Þetta starf er unnið undir forustu forsrn. og Byggðastofnunar en með þátttöku fjmrn.

Í öðru lagi ræddi hv. þm. um Húsnæðisstofnun og sagði að eðlilegt væri að stokka upp stofnunina og reyna að spara. Inn í þá umræðu barst með óbeinum hætti utan úr sal hugmynd um að sameina byggingarsjóðina. Ég skal ekki segja neitt um það hve mikið það getur sparað. Menn hafa leikið sér með tölur í því sambandi. En til að verja hv. ríkisstjórn fyrr og nú þá vil ég geta þess að á sínum tíma tók páv. félmrh. til hendi og gerði sparnaðarráðstafanir í Húsnæðisstofnuninni sem ég held að hafi gengið eftir. (**JóhS:** Er þetta ástarjátning?) Til að það komist nú alveg örugglega til skila í bækur þingsins, kallaði hv. þm., fyrrv. félmrh., hér fram í í fyrirspurnartón, hvort þetta væri ástarjátning og ef hv. þm. skilur það svo þá er honum það heimilt.

Nú síðan sagði hv. þm., 15. þm. Reykv., að niðurskurður hefði átt sér stað í félagslega húsnæðiskerfinu, Byggingarsjóði verkamanna. Ég ætla ekki að rifja upp ummæli sem eftir mér hafa verið höfð um fyrrv. félmrh. þegar minnst var á þetta ágæta kerfi og annað skylt, kaupleiguíbúðirnar, enda er ég ekkert viss um að það hafi verið rétt eftir mér haft og það gæti skoðast sem ástarjátning ef ég fer að rifja það upp. En ég vil geta þess að ástæðan fyrir því að útgjöld til Byggingarsjóðs verkamanna lækka nú er auðvitað sú að það er verið að færa fjármuni inn í húsaleigubótakerfið til notkunar fyrir það fólk sem hefur ekki efni eða kærir sig ekki um af einhverjum ástæðum að búa í eigin húsnæði. Þannig að þessir fjármunir og meiri fjármunir til vegna þess að sveitarfélögin leggja fram fjármuni á móti og fjármunir munu koma úr öðrum áttum munu auðvitað ganga til húsnæðismála í víðtækustu merkingu þess orðs. Þetta segi ég þó það kannski ættu að vera aðrir hv. þm. hér í salnum sem hefðu átt að taka upp hanskann fyrir þessa breytingu sem nú er gerð á fjárlögum íslenska ríkisins.

Hv. 12. þm. Reykv. ræddi hér margt sem ástæða hefði verið til að ræða en ég ætla aðeins að drepa á örfá atriði.

Í fyrsta lagi langar mig til að taka upp tillögu hennar eða ábendingu um það hvernig ríkisábyrgðargjaldið eða ábyrgðargjaldið fellur til í Danmörku. Ég get vel hugsað mér að það sé skynsamlegt að ábyrgðargjaldið sé mishátt eftir veðböndum í viðkomandi húseignum. Það sé ekki óeðlilegt varðandi ótryggari veð að eftir því sem hlutfall þeirra hækkar þá sé ábyrgðargjaldið hærra. Vandinn hins vegar við það er nákvæmlega sá sami sem hv. þm. benti á varðandi ríkisábyrgðina ef við hverfum frá henni þá má búast við að á frjálsum markaði muni hið sama geta gerst. Ég er ekki að segja að það gerist en það getur gerst að álagið verði mismunandi eftir áhættunni sem lánastofnanir taka. Þetta er alþekkt ekki bara hér á landi heldur víða annars staðar. Ég er ekki að leggja þetta til, ég er hins vegar að benda á að það kann að vera ástæða til að fara öðruvísi að.

Hv. þ.m. sagði síðan að það lægju í Seðlabankanum oft 1–2 milljarðar sem stafar af því að íbúðarkaupendur greiða til húsbréfadeildar af sínum fasteignaveðbréfum nokkrum mánuðum áður en útdráttur viðkomandi húsbréfa fer fram. Það skal tekið fram vegna orða hv. þm. sem gaf í skyn að hægt væri að ná þar inn peningum til að standa undir hugsanlegu tapi deildarinar að það er nauðsynlegt fyrir húsbréfadeildina að ávaxta þetta vörslufé á ekki lakari vöxtum en eru á húsbréfunum á þessu tímabili og til þessa hefur ávöxtunin verið mun lakari en sem því nemur. Þannig að það er ekki mikil fjárvon í því sem hv. þm. lýsti með þessum hætti. (**SvG:** Hver er ávöxtunin á þessu?) Ég man það nú ekki nákvæmlega. (**JóhS:** Það er 1,2% vextir.) Já, ætli það sé ekki eitthvað um það bil. En það er einhver munur sem myndast. Þetta er sem sagt ekki fundið fé. Það er misskilningur, þetta er ekki fundið fé. Það er ekki hægt að telja það allt fram sem slíkt.

Það kom fram spurning frá hv. þm. um það hver þóknunin væri sem ríkissjóður tæki vegna endurlána Húsnæðisstofnunar því okkur hefur ekki tekist að fá kaupendur að húsnæðisbréfum. Ég vil taka fram að Húsnæðisstofnun fær lán á sömu kjörum og ríkið, á 5%. Það eru sömu kjör og ríkið fær. (**JóhS:** Þóknun?) Ja, þetta eru bráðabirgðalán eins og sakir standa að stærstum hluta en þegar þeim er breytt í langtímalán þá er farið eftir eðlilegum reglum og ég bara get ekki lýst því hér og nú hvernig þær nákvæmlega eru milli þessara aðila. En ég bendi á að þetta er gert núna vegna þess að okkur þótti ekki ástæða til að játast undir að það þyrfti að vera annað vaxtastig á húsnæðisbréfum en spariskírteinum ríkissjóðs af því að ríkið ber 100% ábyrgð á húsnæðisbréfunum. Það væri vissulega áhugavert að ræða þetta mál frekar um það hvernig mark-

aðurinn hefur þróast og hvernig einstakir aðilar á verðbréfamarkaðnum, sveitarfélög, sem í raun eru með ríkisábyrgð samkvæmt íslenskum lögum, og lánastofnanir eins og Iðnlánasjóður, Stofnlánadeild landbúnaðarins, fyrirtæki eins og Landsvirkjun og fleiri hafa verið að koma inn á verðbréfamarkaðinn og hafa í raun og veru tekið ávöxtunarkröfu sem er önnur og meiri heldur en ríkið á verðbréfamarkaðnum. Mér finnst þetta vera umhugsunarvert fyrir ríkið sem ber 100% ábyrgð á þessum fyrirtækjum. Ég nefni þetta hér vegna þess að fyrirtækin, þessi stóru og sterku fyrirtæki, þar á meðal einkafyrirtæki á borð við Eimskipafélag Íslands og fleiri slík fyrirtæki hafa verið að fara út á verðbréfamarkaðinn sem er eðlilegt vegna þess að bankar bjóða ekki þessum fyrirtækjum vaxtakjör sem fást á verðbréfamarkaðnum. Eftir sitja í bankakerfinu, ja í þessum skilningi lakari viðskiptamenn. Síðan eru bankarnir að keppa um innlánin við ríkissjóð með því að bjóða jafnvel lífeyrissjóðum innlán á yfir 5%, 5,3% þekkist og fyrir vikið hefur ekki tekist að ná vöxtunum í bankakerfinu nægilega mikið niður sem auðvitað bitnar á skuldugum fyrirtækjum og skuldugum einstaklingum. Þetta er mál sem er fjallað nokkuð vel um í fjárlagafrv. í athugasemdunum og ég veit að hv. þm. hafa fullan skilning á og það var rætt nokkuð í gær í fjárlagaumræðunni.

Varðandi markaðshæfni 40 ára bréfa þá er það rétt að ugglaust er hugsanlegt að gefa slík bréf út en þá getum við búist við að ávöxtunarkjörin verði eitthvað önnur. Þetta er binding til lengri tíma og markaðurinn virkar þannig að eftir því sem maður bindur fé til lengri tíma er áhættan meiri og eigendur, tilvonandi eigendur, kaupendur slíkra bréfa þeir vilja þá að ávöxtunarkrafan sé önnur.

Það hefur verið rætt hér, og hv. þm. gerði það, að ástæða væri til að hugleiða rækilega hvort ekki mætti hækka hlutfall af fyrstu íbúð. Nú er það svo að ég tala hér sem fjmrh. en ekki sem félmrh. og það hefur ...(**JóhS:** Og varaformaður Sjálfstfl.) Já, og varaformaður Sjálfstfl. með meiru svo á það sé minnt af fyrrv. varformanni Alþfl., ég þakka fyrir þá ábendingu. Ég get tekið undir þetta. Mér finnst þetta æskilegt. Ég hef aldrei lagst gegn því að þetta verði skoðað. En þá þarf hugsanlega að gera einhverjar aðrar breytingar á kerfinu á móti og kemur þar upp um hjartað í fjmrh. að hann er ekki tilbúinn til að bæta sífellt við kerfið. Það er alltaf auðvelt að auka við kerfið en það þarf að passa sig á því að það fari ekki úr böndum því það getur endanlega drepið þetta kerfi ef það gerist. Ég væri því tilbúin til að skoða það ef hægt er að gera það innan þeirra fjárheimilda sem til eru á hverjum tíma. Af því að ég minnist á fjárheimildir þá enn á ný vil ég segja að ástæðan fyrir því að við erum í þessum vandræðum hér í dag, að það kemur svona bil í þetta kerfi, er auðvitað sú að það er skylda okkar að leita heimilda þingsins af því að hér er um að ræða ríkisábyrgð. Og það væri vissulega fengur í því og ég fer ekki ofan af því hvað sem fulltrúar félmrn. og Húsnæðisstofnunar segja því að ég veit að formaður stjórnar Húsnæðisstofnunar telur að það sé einasta hlutverk alþingismanna að útvega nýtt fé í þetta kerfi. Það hef ég heyrt hann segja og það er kannski eðlilegt. Mitt álit er það og ég skal segja það hér úr þessum ræðustól að ég álít að formaður stjórnar Húsnæðisstofnunar eigi að sjá til þess að lögum sé fylgt þar á meðal lánsfjárlögum og hann eigi að gera tillögur um það hvernig breyta eigi kerfinu innan þeirra marka. Það er hlutverk hins ábyrga stjórnanda í þessu kerfi. Hitt er svo annað mál að þetta þarf að vera í umræðu á milli tveggja ráðuneyta og Húsnæðisstofnunar á hverjum tíma. Og ég vil láta það koma skýrt fram að tilraunir eða uppástungur fjmrn. og þess sem hér stendur og ég býst við að sömu sögu megi segja um þá sem hafa nefnt að það eigi að hverfa frá ríkisábyrgðinni er að kerfið geti verið sjálfstætt. Ég get tekið undir að það er engin ástæða fyrir ríkið að hlaupa frá, þetta tekur tíma. Ríkið getur verið þátttakandi í húsbréfabanka, átt ákveðinn hlut í bankanum, fylgt honum eftir út í þjóðfélagið, út í efnahagskerfið og séð til þess til að byrja með að vextirnir stórhækki ekki fyrir vikið. Ég er sannfærður um að slíkt kerfi á fullan rétt á sér fyrir almenning í þessu landi. Eftir sem áður verðum við að viðurkenna það, og um það held ég að allir flokkar á Íslandi séu sammála, að það verður að halda úti félagslegu kerfi fyrir þá sem verst eru settir. Um það held ég að allir séu sammála jafnvel þótt menn hafi mismunandi hugmyndir um útfærslu á slíku kerfi.

Virðulegur forseti. Þetta voru nú nokkur orð kannski aðallega um húsnæðismál en minna um þetta frv. En frv. gaf auðvitað tilefni til slíkra umræðna. Ég vil þakka hv. þm. fyrir málefnalegar umræður hér í dag og enn á ný að leyfa mér að óska eftir því að hv. efh.- og viðskn. afgreiði málið eins fljótt og verða má.

[14:53]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir það síðasta sem fram kom hjá hæstv. fjmrh. að þetta mál verði afgreitt fljótt og vel. Ég sat fund efh.- og viðskn. sem áheyrnarfulltrúi og það er alveg ljóst að það er fullur vilji til þess að flýta þessu máli eins og kostur er enda skilja allir mikilvægi þess að það verði gefinn út húsbréfaflokkur sem fyrst og þó fyrr hefði verið.

Ég vil aðeins fara nokkrum orðum um það sem fram kom hjá hæstv. fjmrh. Fyrst varðandi innstæðuna í Seðlabankanum. Ég held, hæstv. fjmrh., að ætti að skoða hvort það væri ekki hægt að fá meira út úr þessari ávöxtun annaðhvort hjá Seðlabankanum eða annars staðar. Ég er alveg viss um að lánastofnanir væru tilbúnar að gefa betri ávöxtun á þá innstæðu og það fjármagn sem þar liggur um þó nokkurn tíma, 1–2 milljarðar, heldur en sú ávöxtun sem Seðlabankinn gefur. Þeir hafa hækkað sig. Þeir voru í 1,2% raunávöxtun 1993 og mér sýnist að þetta sé eitthvað yfir 2% núna fyrir 1994. En það er allt of lítið, vegna þess að *ég veit að t.d. lífeyrissjóðirnir fá meira en helmingi* hærri ávöxtun fyrir fjármagn sem þeir ávaxta í skammanan tíma. Það er full ástæða til þess að skoða það þegar við erum að ræða hér um að fá einhverjar 10 millj. út úr lántakendum með hækkuðum vöxtum við svo erf-

iðar aðstæður sem þeir búa nú við. Þannig að ég treysti því að hæstv. fjmrh. og þá fjmrn. og félmrh. skoði það hvort hér megi ekki gera bragarbót á, vegna þess að það er ljóst að hluti af dráttarvöxtum fer núna í það að mæta þessum vaxtamun sem kemur fram vegna mismunandi tíma sem greiðslur á fasteignabréfum eru og svo innlausnir á húsbréfum. Og ef það væri ekki svo þá mætti hugsanlega nota þennan hluta í það að tryggja betur stöðu varasjóðsins og ég bið um að þetta verði skoðað.

Mig langar aðeins, af því að ég hygg að það hafi gætt misskilnings hjá hæstv. fjmrh., alla vega hefur hann túlkað það sem ég sagði hér með öðrum hætti heldur en lá í mínum orðum. Þegar ég var að bera saman danska kerfið og það íslenska og talaði um ábyrgðargjald í því sambandi, þá er það þannig í Danmörku að það er 0,2% gjald og það tekur síðan mið af lánshlutfallinu, þ.e. að ef við hækkum lánshlutfallið í húsbréfakerfinu upp í 80% þá má auðvitað fara upp í 0,4%, en ekki miðað við mismunandi veðhæfni eigna og hann vill þá kannski — ja, ég veit ekki hvað hæstv. ráðherra (**Fjmrh.:** Það spilar inn í þetta.) já, það spilar inn í þetta. Ef hæstv. ráðherra er að tala um að fara í það að hækka lánshlutfallið í húsbréfakerfinu upp í 80% og mér heyrist að hæstv. ráðherra sé jákvæður fyrir því að skoða það að hækka lánshlutfallið upp í 80%, þá mætti vissulega koma til skoðunar að ábyrgðargjaldið yrði 0,3 eða 0,4. Það kæmi fyllilega til skoðunar. En ég segi aftur, hæstv. ráðherra, að það er óraunhæft að tala um það, eins og mér fannst síðar liggja í orðum hæstv. ráðherra, að það eigi að gera innan núverandi útgáfu húsbréfa, þ.e. það eigi ekki að auka hana. Vegna þess að við höfum látið reikna út að ef það á einungis að hækka lánshlutfallið í húsbréfakerfinu upp í 75% fyrir fyrstu íbúðarkaupendur þá erum við að tala um aukna útgáfu á húsbréfum upp á 1–1,5 milljarða. Þannig að liggi ekki fyrir yfirlýsing ráðherrans um það að hann sé opinn fyrir því að skoða það í leiðinni, þá er þetta ekkert marktækt sem ráðherrann er að tala um, að hann sé opinn fyrir því að skoða það að hækka lánshlutfallið í húsbréfakerfinu.

Varðandi lengingu lánstímans upp í 40 ár, þá hef ég ákveðnar efasemdir um það, sem ég hef lýst og mér heyrist að hæstv. fjmrh. taki undir. Það geta verið erfiðleikar með að selja slík bréf til svo langs tíma án þess að hækka verulega ávöxtunarkröfuna. En ég spyr hæstv. ráðherra: Er hann þá tilbúinn að skoða aðrar leiðir fyrir það fólk sem er í miklum greiðsluerfiðleikum nú? Er hann tilbúinn að skoða aðrar leiðir? Þá nefndi ég eina leið sem var að víkka út þær heimildir sem nú eru til staðar varðandi skuldbreytingu í húsnæðiskerfinu. Ég held að það sé mjög mikilvægt ef hægt væri að fara slíka leið og hvet til þess að það verði skoðað hvort það sé skynsamlegt að fara þessa leið varðandi lengingu lánstímans, þó ég hafi ákveðnar efasemdir um að það skili sér til fólks.

En ég treysti því að það verði ekki síðar en strax í byrjun næstu viku sem þetta frv. verði afgreitt hér sem lög frá Alþingi þannig að það sé hægt að fara að afgreiða hér húsbréf aftur. Nóg vandræði hafa nú skapast vegna þess að þetta hefur ekki verið lagt fram fyrr hér á hv. Alþingi.

[14:59]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta er örstutt. Ég vil aðeins segja út af innstæðunni í Seðlabankanum. Vextir þar hafa verið tiltölulega lágir, en ég efast um að við getum fundið ávöxtun á þessum fjármunum sem muni nægja til þess að þetta standist á við það sem þar þarf að gerast.

Í öðru lagi var það ekki misskilningur af minni hálfu, ég skildi hv. þm. alveg rétt þegar hann talaði um mismunandi ábyrgðargjald eftir lánshlutfalli. Það eina sem ég benti á var að það hefur þýðingu, veðhæfnin hefur auðvitað þýðingu, því að eftir því sem lánshlutfallið vex þá hefur það meiri þýðingu hvert er varanlegt verðgildi eignanna. Þar á meðal hefur þýðingu hvar á landinu eignirnar liggja. Það er þá sama hættan sem getur komið upp í slíku kerfi, eins og ef við hyrfum frá ríkisábyrgðinni, að það yrði að taka tillit til varanlegs markaðsverðs eignanna. Það var það eina sem ég var að benda á, en ég skildi held ég hv. þm. alveg nákvæmlega eins og hann lýsti, að það er hærra verð greitt fyrir það þegar lánshlutfallið hækkar, af því að áhættan er meiri.

[15:00]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst að ráðherrann verði að svara því hér, fyrst hann hefur nú gefið opnun á að það sé hugsanlega möguleiki að hækka lánshlutfallið í húsbréfakerfinu, þó ekki væri nema fyrir fyrstu íbúðarkaupendur: Mun hann þá standa gegn því að útgáfa á húsbréfum yrði aukin til þess að þetta sé mögulegt? Vegna þess að ef ekki verður farin sú leið, þá erum við að lækka lánshlutfallið kannski hjá öðrum niður í 40 eða 50%. Það er því mjög mikilvægt að vita hvort það liggi þá fyrir vilji ráðherrans til þess að auka útgáfuna þannig að hægt sé að hækka lánshlutfallið.

Ég vil líka geta þess af því að ég gleymdi því hér áðan, af því að ráðherrann talaði um ábyrgð formanns húsnæðismálastjórnar til þess að halda sér innan þess sem lánsfjárlög kveða á um. Gott og vel. Ef formaður húsnæðismálastjórnar og húsnæðismálastjórn færu nákvæmlega eftir því þá hafa þau ekki nema eina leið, þ.e. að koma hér á skömmtunarkerfi, koma hér aftur á biðraðakerfi þar sem fólk þarf að bíða vikum saman og það myndast þá þessar stíflur sem geta haft óæskileg áhrif á markaðinn. Þannig að mér finnst mjög einfalt, miðað við það hvernig staðið hefur verið að þessari útgáfu, að skella skuldinni á formann húsnæðismálastjórnar og húsnæðismálastjórn og segja að þau verði bara að halda sig innan þess sem lánsfjárlög segja til um, vegna þess að þau hafa enga aðra leið en þá að koma hér á skömmtunarkerfi eða einhverju biðraðakerfi.

[15:02]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Einungis fáein orð um hlutverk

stjórnar Húsnæðisstofnunar. Hv. þm. þekkir mjög vel úr sínu starfi að það hefur komið fyrir að boð hafa komið allt of seint til félmrn. frá Húsnæðisstofnun um það hvað er að gerast í þessu kerfi. Til þess að varðveita kerfið, til þess að styrkja og tryggja þetta kerfi í sessi á meðan það er ríkisábyrgð á því, þá hlýtur það að vera í verkahring stjórnar stofnunarinnar að sjá til þess að reglurnar, þar á meðal reglur um mat umsækjenda, séu með þeim hætti að það sé líklegt að ekki skapist hætta í kerfinu á vanskilum. Það er líka hlutverk stofnunarinnar að láta vita þegar hætta kemur upp í kerfinu um það að peningar séu ekki nægir og gera þá tillögur um það að úr verði bætt. Í júní sat þingið ekki, en í byrjun maí áleit félmrn. að vöntunin í kerfinu yrði um einn milljarður kr.

[15:04]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vildi aðeins vekja athygli á því í tilefni af ummælum hv. 12. þm. Reykv., að ég tel að í raun og veru séu heimildir þær sem eru í lögum til þess að veita greiðslufrest á húsnæðislánum ekki nægilega góðar. Þess vegna þurfi að breyta þeim heimildum vegna þess að heimildirnar eru núna þannig, samkvæmt 82. gr. laganna, að ef frestað er afborgun um tiltekinn tíma þá er frestunin dráttarvaxtareiknuð. Þannig að það gengur auðvitað ekki og dugir ekki og þess vegna höfum við flutt þessa hugmynd og hæstv. félmrh. reyndar gert grein fyrir annarri hugmynd um breytilegan lánstíma. Ég verð að segja alveg eins og er að mér finnst hv. 12. þm. Reykv. hafa tekið nokkuð neikvætt í hugmyndir hæstv. núv. félmrh. varðandi það að vera með lengri lánstíma. Mér er alveg ljóst að það getur verið að á því séu einhverjir örðugleikar í framkvæmdinni, en ég er nú ekki svo góðu vanur frá þessari ríkisstjórn að mér finnst ástæða til að taka því öllu vel sem heyrist af henni og er tilbúinn til þess að hlusta með jákvæðum hætti á hugmyndir hans um breytilegan og fljótandi lánstíma. Ég held að það væri skynsamlegt af stjórnarandstöðunni að hjálpa frekar hæstv. félmrh., eins og núv. stjórnarandstaða hefur reyndar oft hjálpað félmrh. á þessu kjörtímabili, eins og hv. 12. þm. Reykv. man örugglega eftir.

[15:06]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér fannst þetta nú óþarfa athugasemd af síðasta ræðumanni, vegna þess að ég skal vera fyrst manna til þess að standa með félmrh. í því að lengja hér lánstímann, ef það er raunhæft og ef það hækkar ekki ávöxtunarkröfuna hjá fólki. Ég meina, ef þetta skilar einhverju til fólks þá skal ég vera fyrst manna til að standa með félmrh. í þessu máli. Ég hef sett fram ákveðnar efasemdir um að þetta skili sér, en ég er auðvitað jákvæð fyrir því að skoða þetta, hvet til þess að það verði gert áfram af ríkisstjórninni og ráðuneytunum. En ef þetta skilar sér ekki til fólksins, þá er ekki víst að það borgi sig að fara af stað með það. Og þess vegna, hv. þm., beindi ég því til fjmrh. hvort hann sæi þá möguleika á annarri leið ef þessi gengi ekki, vegna þess að ég vildi hafa það uppi á borðinu, á meðan við værum á annað borð að ræða þetta mál í þingsölum, hvort það væri þá önnur leið sem hægt væri að fara ef þessi gengi ekki upp. Ég vil taka það mjög skýrt fram að ég er alls ekki á móti því að þetta verði skoðað, en ég vil líka hafa tryggingu fyrir því að þetta skili sér til fólksins. Ég vildi líka reyna að fá fram hjá hæstv. ráðherra hvort menn væru þá tilbúnir til þess að skoða aðrar leiðir til þess að létta greiðslubyrðina hjá fólki ef þessi gengi ekki eftir. Það vil ég hafa mjög skýrt.

[15:07]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. 12. þm. Reykv. fyrir þessi svör. Ég tel að þau séu alveg tvímælalaus, enda hefði annað komið á óvart í þessu efni. Þannig að ég reikna með því að það sé mjög víðtækur stuðningur í þinginu við það að skuldbreyta þessum fasteignaveðlánum með skipulegum hætti og fara í vinnu við að endurfjármagna þau. Ég tel að það sé mjög þarft og einnig það sem hún benti á, að ef hæstv. fjmrh. gæti vísað til annarra leiða þá væri ágætt að fá þær inn í þá umræðu sem nú er bersýnilega hafin um húsnæðismál hér á þessu þingi eins og stundum áður.

Ég vil einnig taka undir þær þakkir sem fram komu frá hæstv. fjmrh. fyrr í umræðunni við það að hér hefur farið fram málefnaleg umræða um húsnæðismál. Frv. er auðvitað tæknilegs eðlis. Það snertir fjmrn. fyrst og fremst, en hér hefur verið almenn umræða um húsnæðismál. En það er kannski vert að vekja athygli á því sem stendur upp úr í lok þessarar umræðu og það er að sú stífla sem hefur orðið í húsbréfakerfinu undanfarna mánuði getur haft í för með sér stórfellda aukningu affalla á næstu vikum og mánuðum og það er mjög alvarlegur hlutur.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Útbýting þingskjala:

Mengun af völdum erlendra skipa, 81. mál, fsp. PBald, þskj. 81.

Miðstöð fyrir nám í matvælagreinum, 84. mál, fsp. RG, þskj. 84.

Olíumengun á sjó, 82. mál, fsp. PBald, þskj. 82.

Sumarmissiri við Háskóla Íslands, 83. mál, fsp. PBald, þskj. 83.

Tekjustofnar til vegagerðar, 67. mál, fsp. RG, þskj. 67.

Atvinnuleysistryggingar, frh. 1. umr.

Frv. TIO og VS, 18. mál (bótaréttur í námi). — Þskj. 18.

[15:10]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Hv. 5. þm. Norðurl. e. flytur hér hið þarfasta mál um breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar. Þetta mál er efnislega mjög svipað og frv. sem ég flutti ásamt öðrum þingmönnum Alþb. fyr-

ir tveimur árum og man nú reyndar ekki eftir því að hv. þm. hafi þá séð ástæðu til að taka undir það. Ég tel engu að síður ástæðu til að taka undir þetta frv. hans og fagna því að það skuli vera komið fram og vek athygli á því að það er dálítið sérkennilegt að sömu þingmennirnir og flytja frv. til fjárlaga fyrir árið 1995, þar sem vantar þúsund milljónir, eru á sama tíma að flytja hér frv. til útgjaldaauka fyrir Atvinnuleysistryggingasjóð á næsta ári. Nú getur vel verið að hæstv. fjmrh. hafi skipt um skoðun frá því að hann lagði fram fjárlagafrv. og að hv. þm. hafi tekist að beygja hæstv. fjmrh. til þess að auka fjármuni Atvinnuleysistryggingasjóðs á næsta ári. Það er nauðsynlegt að hv. þm. geri grein fyrir því, vegna þess að það er auðvitað ekki hægt fyrir stjórnarþingmenn að leika tveim skjöldum, eins og mér finnst að menn hafi verið að gera í flutningi almennra umbótamála hér í dag, m.a. um breytingar á skattalögum, sem kosta svo og svo mikið af peningum, m.a. um breytingar á atvinnuleysistryggingasjóðslögum, sem kosta svo og svo mikið af peningum. Og áður en lengra er haldið með þetta mál þá held ég að sé nauðsynlegt að fá að vita: Er einhver raunverulegur pólitískur vilji á bak við þetta frv., þ.e. hans flokks, eða er hér einungis um að ræða frómar óskir þingmannsins sjálfs?

[15:12]

Flm. (Tómas Ingi Olrich):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. Svavari Gestssyni fyrir það að hann er efnislega samhljóða þessu frv. og styður það, eftir því sem mér heyrist á honum. Ég vil geta þess, fyrst hann kaus að tengja þetta mál öðrum málum sem ég hef mælt fyrir á þinginu í dag, sem lúta að breytingum á skattalögum, þar sem vissulega er verið að opna á fleiri frádráttarliði heldur en eru í skattalögum eins og þau eru nú, að í röksemdafærslu sem kemur fram í greinargerð með því máli er bent alveg sérstaklega á að það mál er ekki til þess líklegt að auka útgjöld ríkisins heldur leiða til betri skattskila. Það mun því þvert á móti bæta stöðu ríkissjóðs ef nokkuð er og ef hv. þm. vill taka á þessu máli eins og ég hef hugsað það, þá getum við tekið þessi mál öll í heild. Ég er sannfærður um það að þessi mál munu hvort fyrir sig, bæði 18. mál og einnig skattamálið sem varðar viðhaldsverkefni í byggingariðnaðinum og afslátt, bæta stöðu ríkissjóðs þegar til heildar er litið en ekki krenkja stöðu hans.

Að því er varðar ríkisstjórnina og fjárlögin þá er í 18. málinu, sem hér er verið að reifa og mælt var fyrir fyrr í dag, verið að fara inn á svipaðar slóðir og ríkisstjórnin sjálf hafði farið inn á. Í frv. til laga um vinnumiðlun sem var lagt fram og kynnt í þinginu í fyrra en ekki mælt fyrir, enda kom það seint fram, var einmitt gert ráð fyrir því að hægt væri að grípa til svipaðra ráðstafana og hér er talað um. Þó að það sé með nokkuð öðrum hætti gert er þetta mál svipaðs efnis og þar var gert ráð fyrir þannig að þetta er á svipuðum nótum eins og ríkisstjórnin hefur gert ráð fyrir að fara inn á.

Ég skal ekki segja hvað verður um þetta frv. til laga um vinnumiðlun með nýjum herrum í því ráðuneyti en ég legg hitt málið fram vegna þess að ég tel það nauðsynlegt og ég hef fulla ástæðu til þess að ætla að þetta framfaramál eins og önnur framfaramál sem ég hef lagt fram hér fái stuðning. Ég hef fengið samþykkt í þinginu mál sem varða skatta og treysti mér fullkomlega til að koma þessu máli fram líka.

[15:15]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. 5. þm. Norðurl. e. fyrir svörin. Það liggur hérna fyrir fjárlagafrv. og þar vantar 1.000 millj. kr. í Atvinnuleysistryggingasjóð. Þar er gert ráð fyrir því að skera niður atvinnuleysisbætur um 200 millj. á næsta ári miðað við óbreytt atvinnustig eða atvinnuleysisstig. Þar er engar upplýsingar að finna um það hvernig á að fjármagna aukinn atvinnuleysisbótarétt vörubílstjóra og trillusjómanna sem var pínt í gegn á síðasta þingi með yfirlýsingum fyrrv. hæstv. félmrh. sem endaði svo með því að það var gefin út reglugerð um það mál, ég held einhvern tíma í maí eða júní í fyrra. Hæstv. fjmrh. hélt því fram að þessi eina reglugerð kostaði 100 millj., minnir mig.

Ég segi alveg eins og er að auðvitað fagna ég því að það hefur ekki slokknað á stjórnarþingmönnum. Þeir eru vakandi fyrir sínu starfi og það er ánægjulegt að verða vitni að því. En óneitanlega finnst manni það dálítið athyglisvert að sömu dagana, það var í gær verið að tala um niðurskurðinn í Atvinnuleysistryggingasjóði, daginn eftir er frv. um að hækka peningana til sjóðsins. Það er dálítið sérkennilegt, með leyfi að segja, hæstv. forseti.

[15:16]

Flm. (Tómas Ingi Olrich) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er á hv. þm. Svavari Gestssyni að skilja að atvinnuleysi og þar af leiðandi þörfin fyrir atvinnuleysisbætur sé einhver stöðug tala. Að sjálfsögðu hlýtur hún að fylgja því hvernig ástandið í þjóðfélaginu verður og hvort það verður uppgangur í atvinnulífinu. Það er til allrar hamingju farið að rofa til í atvinnulífinu á Íslandi. (**IP:** Hvar?) Þegar talað er við fulltrúa iðnaðarins, hv. þm. Ingibjörg Pálmadóttir, þá er þar hægt að sýna fram á að á fyrstu átta mánuðum þessa árs hefur orðið veruleg magnaukning hjá íslenskum iðnaði. Sú magnaukning er sennilega um 20% og verðmætaaukningin sem hefur orðið á þessum átta mánuðum hjá iðnaðinum er rúmlega 30%. Þetta gildir ekki aðeins um iðnaðinn í heild og þar með talinn að sjálfsögðu þungaiðnaðinn, heldur er um raunverulega raunaukningu að ræða hjá iðnaðinum líka þegar dreginn er frá honum þungaiðnaðurinn. Þetta eru tölur sem eru jákvæðar og benda til þess að við séum á leið upp úr öldudalnum. Ef svo fer sem horfir að þarna sé um raunverulegar framfarir að ræða í atvinnulífinu þá mun það að sjálfsögðu leiða til þess að þörf fyrir atvinnuleysisbætur mun minnka. En það er mjög erfitt að spá í það nákvæmlega hvar það stendur.

Hins vegar getum við ekki gefið okkur að þarna sé um óbreytanlega stærð að ræða. Við verðum að gera ráð fyrir því að batnandi umhverfi í atvinnulífinu skili sér í minna atvinnuleysi.

[15:18]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta var nú ofboðlítið fyndið satt að segja hjá hv. þm. Í fjárlagafrv. er reiknað með tilteknum stærðum varðandi atvinnuleysið. Vonandi verður það minna, kannski verður það því miður meira telja ýmsir en látum það kannski liggja milli hluta í bili. Það er reiknað með tilteknum stærðum og það eru stærðir sem ríkisstjórnin reiknar með. Það eru ekki stærðir sem ég reikna með, það eru stærðir sem ríkisstjórnin og Þjóðhagsstofnun reiknar með. Miðað við þær stærðir þá vantar þarna talsverða upphæð. M.a. er gert ráð fyrir því að skera niður atvinnuleysisbætur á næsta ári um 200 millj. kr. Það er ekki vegna þess að menn séu fastir í einhverjum stærðum heldur er það bara þannig að menn verða að miða við eitthvað. Það er nú einfaldlega vandinn við að búa til fjárlagafrv. að menn verða að miða við eitthvað. Og niðurstaðan er sem sagt sú að menn reikna með að þarna vanti talsverða upphæð og það þurfi að skera niður bæturnar um 200 millj. kr. Auk þess er ekki gert ráð fyrir peningum til vörubílstjóra né heldur til trillusjómanna eins og sérstaklega var gert ráð fyrir með breytingu á reglugerð um atvinnuleysistryggingar á þessu ári. Svona er veruleikinn.

Og ég endurtek að það er athyglisvert. Ég segi ekki að það beri vott um hræsni, það sagði ég ekki. Ég segi ekki að það beri vott um tvískinnung, það sagði ég ekki. Ég sagðist virða það að þingmaðurinn hefði áhuga á málinu. En ég segi: Það er skrýtið að sami þingmaður flutti í gær frv. um að skera þetta niður, frv. til fjárlaga fyrir árið 1995. Það er sérkennilegt. En batnandi manni og mönnum er best að lifa, líka þeim sem eru í stjórnarflokkunum.

[15:20]

Flm. (Tómas Ingi Olrich) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins endurtaka það vegna þess að það hefur ekki komist til skila að auðvitað endurspeglar fjárlagafrv. væntingar um að það verði minni þörf á atvinnuleysisbótum á komandi ári heldur en verið hefur. (**SvG:** Þetta er útúrsnúningur.)

[15:20]

Sturla Böðvarsson:

Virðulegur forseti. Ég vil lýsa stuðningi við það frv. til laga um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar sem hér er til umræðu og sem hv. þm. Tómas Ingi Olrich og Valgerður Sverrisdóttir flytja. Ég tel að hér sé hreyft afar merkilegu og mikilvægu máli sem er að auðvelda einstaklingum sem eru atvinnulausir og á atvinnuleysisbótum að bæta stöðu sína með því að geta verið á bótum og leitað eftir námi. Ég held að það sé afar mikilvægt að skapa þann möguleika.

Það eru ýmsir sem velta því fyrir sér hvernig megi koma til móts við þá sem eru atvinnulausir og ég held að það sé þannig í okkar þjóðfélagi að við höfum lítt viljað horfast í augu við þennan möguleika, þá köldu staðreynd sem við stöndum frammi fyrir og eins og víða annars staðar í Evrópu, þ.e. auknu atvinnuleysi. Ég held þess vegna að þetta frumkvæði sem hv. þm. taka og vilja með því bæta stöðu þeirra sem eru atvinnulausir sé mjög þarft og ég held að það sé nauðsynlegt að skoða með hvaða hætti öðrum megi e.t.v. bæta stöðuna enn frekar.

Ég vil hins vegar segja vegna orða hv. 9. þm. Reykv. að mér finnst það svolítið undarleg afstaða að hann skuli gera ráð fyrir því að þetta frv. þurfi endilega að raska svo mjög þeim áætlunum sem uppi eru um útgjöld vegna atvinnuleysisbóta og skuli reyna að gera málflutning hv. 1. flm. frv. tortryggilegan vegna þess að hv. 9. þm. Reykv. telji að það vanti fjármuni í Atvinnuleysistryggingasjóðinn. Ég vil segja við hv. þm. að auðvitað verður að bregðast við því. Ef atvinnuleysi verður meira en áætlanir gera ráð fyrir þarf að bregðast við því og tryggja Atvinnuleysistryggingasjóði aukið fjármagn. Það liggur alveg í augum uppi. Ég veit það að hann hefur góðan skilning á því sem fyrrv. ráðherra að það verður að hlaupa undir bagga með Atvinnuleysistryggingasjóði þegar og ef á þarf að halda. En ég tel ósanngjarnt að tengja fjárlagafrv. við framlagningu þessa frv. með þeim hætti sem þingmaðurinn gerir og vil ekki hafa fleiri orð um það en lýsi sérstakri ánægju með frv. sem hér liggur fyrir og mun styðja það.

[15:24]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Þá er varaformaður fjárln. búinn að tjá sig um málið þannig að það er greinilega gullöld og gleðitíð fram undan hjá ríkissjóði að því er varðar Atvinnuleysistryggingasjóð og við sem erum áhugamenn um það að þessi sjóður standi vel og um endurbætur á honum fögnum sinnaskiptum Sjálfstfl. í þessu máli. Ég beitti mér fyrir því og flutti um það tillögu á árinu 1982 að ríkissjóður ábyrgðist skuldbindingar Atvinnuleysistryggingasjóðs. Sjálfstfl. var þá mjög tregur í þeim efnum og hefur oft verið síðan en ég heyri að sjálfstæðismenn eru að fallast á þau sjónarmið sem þar voru sett fram. Ég fagna því að sjálfsögðu og einnig því sem kom fram hér áðan að hv. þm. telja nauðsynlegt að beita sjóðnum einmitt til endurmenntunar og fullorðinsfræðslu og í tengslum við endurmenntunar- og fullorðinsfræðslukerfið.

Þá er því til að svara að sem betur fer eru hv. flm. ekki einir á ferðinni í þessu efni vegna þess að ég flutti í hittiðfyrra frv. til laga sem gerði einmitt ráð fyrir þeim möguleika að þessum sjóði væri beitt í tengslum við skólakerfið og í tengslum við Lánasjóð ísl. námsmanna. Ég held að það sé alveg nauðsynlegt ef menn meina eitthvað í alvöru með þessu máli eins og hv. fyrri flm. gerir örugglega, ég dreg það ekkert í efa, þá eigi menn að tengja þetta saman. Menn eigi að reyna að horfa á það í samfellu, annars vegar framhaldsnám sem stundað er t.d. í iðnskólum og menn fá lán út á og hins vegar þann veruleika að fólk er atvinnulaust. Nú er þetta dæmi þannig eins og menn þekkja að fólk sem er atvinnulaust á á hættu að missa atvinnuleysisbætur ef það fer í framhaldsnám eins og staðan er í dag.

Við höfum um árabil eftir að atvinnuleysið hélt innreið sína reynt að fá þessari ósvinnu breytt. Það hefur ekki tekist en ég fagna því mjög ef það er hægt að gera það og ég veit að hv. 5. þm. Norðurl. e. þekkir

það af mínum störfum að ég spyr ekki hver flytur heldur spyr ég hvert er málið og hef þar á meðal veitt málum hans brautargengi í þessari stofnun án þess að hann hafi nokkra ástæðu til að kvarta undan því.

Hitt er hins vegar nokkuð athyglisvert að bæði hann og hv. þm., ég tala nú ekki um varaformann fjárln., sem voru í gær að flytja frv. um að skera Atvinnuleysistryggingasjóð niður um mörg hundruð millj. kr. skuli núna allt í einu í dag hafa þennan mikla áhuga á því að bæta við verkefni hjá sjóðnum. Ég vænti þess fastlega að þess sjáist stað í tillögum við 2. umr. fjárlaga um meiri peninga Atvinnuleysistryggingasjóðs í þetta verkefni. Og flytji þeir ekki þá tillögu í sameiningu, þeir hv. fóstbræður sem talað hafa, mun ég flytja þá tillögu fyrir þá og þá reynir á það hvernig menn greiða atkvæði.

[15:27]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vegna ræðu hv. 9. þm. Reykv. vil ég vekja athygli á því vegna þess að hv. þm. er stöðugt að reyna að draga úr því að hér sé á ferðinni merkilegt mál með því að tengja það fjárlagafrv. að það á ekki að koma þingmönnum Alþb. á óvart að það sé vilji til þess hjá öðrum þingmönnum að standa fyrir úrbótum varðandi atvinnuleysisbætur og réttindi þeirra sem eru atvinnulausir. Það eru sem betur fer miklu fleiri en þeir sem vilja með einum eða öðrum hætti leggja þar hönd á. Mér fannst aðeins örla á því að hv. þm. væri að reyna að eigna sér þá hugmyndafræði sem frv. hv. þm. Tómasar Inga Olrich byggir á. Ég held að það sé misskilningur. Þarna er flutt hið merkasta mál sem ég styð og það er alveg burtséð frá því þó að hér hafi verið flutt fjárlagafrv. eins og lög gera ráð fyrir. Ég vil bara ítreka það og endurtaka að í frv. til fjárlaga er gert ráð fyrir fjármunum til Atvinnuleysistryggingasjóðs og ég vænti þess að eftir sem áður fái flm. góðan stuðning frá þingmönnum Alþb. við það frv. sem hér er til umfjöllunar.

[15:29]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta er satt að segja ekki mjög vandaður málflutningur hjá hv. varaformanni fjárln. Hann veit að ég var ekki að gera lítið úr málinu. Hann veit að ég hef beitt mér fyrir málum af þessu tagi og hann veit hvaða viðhorf ég hef í þessum efnum. Hann er að reyna að gera lítið úr mínum athugasemdum og mínum málflutningi með fjarska ómerkilegum hætti að mínu mati.

Veruleikinn er sá að vafalaust meinar hv. þm. Tómas Ingi Olrich allt gott í þessu efni og hv. síðasti ræðumaður líka. Um það er engin spurning. Ég ætla ekki að væna hv. þm. Sturlu Böðvarsson um það að hann sé svo illa innrættur að hann sé á móti góðum málum eins og hann var að reyna að gera að því er mig varðar. En þá er málflutningur alþingismanna kominn á lægra plan en sæmir okkur öllum hér inni ef við ætlum að setja hlutina þannig upp að við séum illa innrætt af því að við erum í öðrum stjórnmálaflokki heldur en einhverjum öðrum þóknast. Veruleikinn er sá að þingmaðurinn ber ábyrgð á frv. þar sem skorin eru niður fjárframlög til Atvinnuleysistryggingasjóðs um 1.000 millj. kr., segja sumir, og það á að lækka atvinnuleysisbætur á næsta ári með því að gera kaup atvinnulausra verra um 200 millj. Sömu menn og flytja það frv. koma nú með þetta frv. og ég segi: Það er sérkennilegt og ég segi líka: Batnandi mönnum er best að lifa.

[15:31]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér sýnist nú þingmaðurinn leggjast í heldur undarlega vörn. Ég verð að segja alveg eins og er, virðulegu þingmenn. Ég ætla ekki að dæma um vilja eða innræti einstakra þingmanna hér, það er fjarri mér. En ég vil bara vekja athygli á því að hv. 9. þm. Reykv. hefur verið ráðherra í ríkisstjórnum oftar en einu sinni og hefur vafalaust haft tækifæri til þess að beita enn frekar en við þingmenn sem erum tiltölulega nýir áhrifum sínum til úrbóta í þessum efnum. Ég bið hann að minnast þess og hvet hann til þess að standa að sjálfsögðu með okkur í þeim tillögum sem eru til úrbóta. Vonandi stendur hann við þau orð sem hann hefur haft hér uppi um stuðning við m.a. úrbætur hvað varðar Atvinnuleysistryggingasjóðinn. En ég held að hann hafi haft hér fullstór orð um það hversu mikið vanti af fjármunum í Atvinnuleysistryggingasjóðinn. En að sjálfsögðu vonum við öll að til þess þurfi ekki að koma að greiða meira af atvinnuleysisbótum en gert er ráð fyrir í fjárlagafrv. því sem hér liggur fyrir.

[15:32]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég verð að biðja þingheim að afsaka að þær tölur sem ég notaði eru frá ríkisstjórninni. Það eru ekki fullstór orð af minni hálfu. Þær 200 millj. sem vantar og þarf að skera niður eru frá ríkisstjórninni. Það er því ekki þannig að sá þingmaður sem hér stendur hafi fundið þær upp þó hann sé innrættur með þeim hætti sem hér hefur verið lýst. En þá liggur dæmið þannig fyrir að þessar 200 millj. er tala sem er komin frá ríkisstjórninni. (Gripið fram í.) En það er reyndar talað um það, hv. þm., að ef atvinnuleysi verður eins og spáð er á næsta ári þá geti vöntunin verið 1.000 millj. Um þá tölu er ágreiningur. En um töluna 200 millj. sem ég nefndi áðan er enginn ágreiningur. Hún er ekki fundin upp af mér eins og hv. þm. virðist halda. Það er ekki þannig og ég ráðlegg honum að lesa grg. fjárlagafrv.

[15:34]

Flm. (Tómas Ingi Olrich) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins að það komi fram að þó að ég fagni stuðningi hv. 9. þm. Reykv. við það frv. sem hér hefur verið lagt fram þá finnst mér óþarfi af hans hálfu að ýja að því, því það hefur hann vissulega gert, að hér sé um vissa tvöfeldni að ræða. Við leggjum fram góð mál sem kosti peninga en síðan séum við að skera niður Atvinnuleysistryggingasjóð í fjárlögum. Ég vil benda á það að þetta mál eins og skattalagafrv. sem mælt var fyrir hér í morgun er þannig að það miðar að því að fækka atvinnulausum og minnka útgjöld sjóðsins þegar til lengri tíma lætur. Þar af leiðandi er

ekki hægt að líta á málið á svona einfaldan hátt eins og hv. þm. gerir. Ég vil einnig endurtaka það hér að atvinnuleysisbótaþörfin tengist að sjálfsögðu atvinnuástandinu í landinu og þar eru augljósar vísbendingar að mati samtaka iðnaðarins, svo ég nefni ein samtök sem hafa látið þetta koma í ljós, um batahorfur.

[15:35]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég verð bara að hryggja hv. þm. Tómas Inga Olrich með því eins og hv. 1. þm. Vesturl. áðan að mínar heimildir er grg. fjárlagafrv. og ekkert annað. Vonandi sjá menn ekki möguleika sem eru að birtast í atvinnulífinu en ég efast um að það sé þannig. Ég óttast að spá fjárlagafrv. sé í það tæpasta ef eitthvað er.

Varðandi það hins vegar að þetta frv. muni hafa í för með sér minna atvinnuleysi til lengri tíma litið, þ.e. þá erum við að tala um nokkur ár fram í tímann, þá er mitt svar við þeirri spurningu tvímælalaust já. Það hefur alltaf verið mín skoðun að í raun og veru sé það þannig að peningar sem fara til t.d. lánamála námsmanna séu peningar sem skila arði inn í framtíðina og þess vegna eigi menn ekki að horfa svo þröngt á að skoða hlutina bara innan þess árs sem um er að ræða. Það er alveg augljóst mál t.d. að sá niðurskurður sem verið hefur í menntamálum á þessu kjörtímabili upp á 2,1 milljarð kr. mun koma niður á framtíðinni, bitna á framtíðinni, bitna á lífskjörum framtíðarinnar. Alveg á sama hátt er hugsanlegt að það frv. sem hv. þm. Tómas Ingi Olrich er hér að flytja muni kannski minnka peningaþörf Atvinnuleysistryggingasjóðs og ég fagna því að menn horfi ekki aðeins fram fyrir tærnar á sér heldur líka út fyrir þarnæstu áramót og líti aðeins til framtíðar en á því hefur verið skortur í þeirri fortíðarbundnu ríkisstjórn sem nú situr í landinu.

[15:37]

Flm. (Tómas Ingi Olrich) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það eru tvö atriði sem mig langar til að komi fram hér. Í fyrsta lagi finnst mér hv. þm. Svavar Gestsson og raunar stjórnarandstaðan ganga nokkuð langt í því að ríghalda í kreppuna sem við erum núna að vinna okkur út úr. Það getur ekki verið svona mikið kappsmál í stjórnmálabaráttunni að ríghalda sér með þessum hætti í kreppuna sem hefur verið að fara illa með atvinnulífið hér í mörg undanfarin ár en nú loksins er merki um að sé farið að rofa til.

Í öðru lagi vil ég taka það fram af því að ég mun ekki segja meira í þessari umræðu, að ég er afskaplega þakklátur fyrir að þær umræður sem hér hafa orðið um frv. hafa verið jákvæðar og menn hafa tekið vel í þessi mál. Að vísu finnst mér það nokkuð sérkennilegt að í hvert skipti sem hv. þm. Svavar Gestsson hælir þingmönnum þá lætur hann fylgja smáeitur sem mér finnst alveg óþarfi að láta fram í þessu máli.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Útbýting þingskjala:

Aðstaða nemenda við Fjölbrautaskólann í Breiðholti, 86. mál, fsp. GHall, þskj. 86.

Útflutningur á vikri, 85. mál, fsp. GHall, þskj. 85.

Skipun nefndar um vatnsútflutning, fyrri umr.

Þáltill. JHelg o.fl., 22. mál. — Þskj. 22.

[15:39]

Flm. (Jón Helgason):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. á þskj. 22 um skipun nefndar um vatnsútflutning.

Batnandi afkoma íslensku þjóðarinnar á þessari öld hefur byggst á vaxandi framleiðslu og verðmætamyndun. Grundvöllurinn hefur verið landbúnaður og sjávarútvegur. Þegar kom fram á síðari hluta aldarinnar var ljóst að aukningu í báðum þessum greinum var takmark sett. Með vaxandi tækni varð að takmarka sókn í fiskstofnana og ekki var viðunandi markaður fyrir aukna búvöruframleiðslu. Þessar staðreyndir hafa sjálfsagt átt mestan þátt í að koma af stað umræðu um nýtingu innlendra orkugjafa til aukins iðnaðar, sérstaklega stóriðju. Voru settar fram hugmyndir um miklar framkvæmdir á þessu sviði um leið og hafist var handa við fyrstu verksmiðjuna. Önnur verksmiðja var reist nokkrum árum seinna en síðan ekki söguna meira.

Þrátt fyrir það að miklum kröftum og fjármagni hafi í meira en áratug verið varið til að halda áfram á þeirri braut þá hefur það orðið árangurslaust. Það er því mikilvægt að leita annarra leiða til að nýta okkar auðlindir sem geta skapað skilyrði til að jafna og bæta lífskjörin í landinu.

Í tímaritinu AVS, Arkitektúr, verktækni, skipulag, var fyrr á þessu ári fjallað um hina miklu nytjavatnsauðlind okkar og möguleika á nýtingu hennar. Þar segir svo m.a., með leyfi hæstv. forseta:

„Gott, ómengað vatn er ekki lengur óþrjótandi auðlind. Sú mengun sem átt hefur sér stað í kjölfar iðnbyltingarinnar hefur spillt vatnsbirgðum jarðarinnar mjög víða þannig að sífellt færri eiga kost á nægu fersku drykkjarvatni sem ekki hefur þurft að hreinsa. Án vatns er ekkert líf og ef við eigum ekki kost á góðu vatni þá lifum við ekki góðu lífi. Enn þann dag í dag fær ekki nema þriðjungur jarðarbúa vatn úr þokkalegri vatnsveitu. Hinir þurfa að láta sér nægja vatn úr brunnum, ám, stöðuvötnum og þess háttar sem oft er meira eða minna mengað. Í dag er mikill hluti af neysluvatni Evrópubúa unninn úr menguðu vatni stórfljóta sem að vísu er hreinsað en sem aldrei er unnt að hreinsa til hlítar. Auðvitað verður slíkt vatn aldrei borið saman við ferskt íslenskt vatn sem rennur ómengað ofan af hálendi Íslands." — Og enn fremur:

„Því er fyrst og fremst litið til grunnvatnsins sem uppsprettu neysluvatns og raunar til flestrar annarrar vandaðri vatnsnýtingar. Þar er heldur ekki komið að tómum kofunum hér á landi. Metið hefur verið að a.m.k. 1.000 rúmmetrar á sekúndu spretti upp í lindum og lindarsvæðum. Af því koma um 400 rúmmetr-

ar á sekúndu upp í byggð á landinu. Gjöfulasta lindarvatnssvæðið er við Þingvallavatn en í það renna 80 rúmmetrar á sekúndu ef varlega er metið. Víðar eru mikil lindarvötn. Í Grímsnesi, Laugardal og Biskupstungum um 50 rúmmetrar á sekúndu, í Landsveit og á Rangárvöllum um eða yfir 20 rúmmetrar, undan hraunum í Meðallandi og Landbroti um 40 rúmmetrar, í Mývatnssveit um eða yfir 30 rúmmetrar, í Kelduhverfi og Öxarfirði um eða yfir 30 rúmmetrar, undan Hallmundarhrauni og Geitlandshrauni yfir 30 rúmmetrar á sekúndu.

Það er háð nýtingu vatnsins og unnu magni, hversu miklum verðmætum nytjavatnsauðlindin skilar. Vatnið í veitum og krönum landsmanna er virði nokkurra milljarða króna, eins og stendur, en verðmæti auðlindarinnar er margfalt meira. Allt lindarvatn í byggð, flutt út í dýrum neytendaumbúðum, skilaði tvö hundruð þúsund milljörðum íslenskra króna, eða fimmþúsundföldum þjóðartekjum okkar núna. Sjálfsagt á sú arðnýting langt í land. Til þess þyrfti hvert mannsbarn um víða veröld að drekka tvo lítra af íslensku drykkjavatni á degi hverjum.

Veljum annað viðmið: Tökum 10% af lindarvatni í byggð og seljum það á sama verði og kranavatn í Kaupmannahöfn. Því samsvarar að um 10 milljónir manna notuðu íslenskt vatn til heimilishalds. Það gæfi um 300 milljarða króna eða svipaða stærð og þjóðartekjur okkar eru."

Annað dæmi: „Einn rúmmetri á sekúndu, 1.000 sekúndulítrar teknir úr grunnvatni á höfuðborgarsvæðinu, t.d. í Heiðmörk eða við Straumsvík, og selt sem pakkað neysluvatn úr landi, t.d. á 20 cent lítrinn, gæfi svipaða niðurstöðu eða enn þá hærri. Allt eru þetta vergar tekjur, arðurinn er til muna minna.

Hvernig svo sem þetta er og hvenær sem við förum að nýta þessa auðlind í stórum stíl þá er eitt ljóst: Við getum ekki leyft okkur að spilla nytjavatnsauðlindinni að þarflausu. Við verðum að vernda grunnvatnsauðlindina hvar sem er á landinu og við verðum að ástunda skynsamlega nýtingu vinnslu og sölu á þessu vatni.

Hugsanlegur útflutningur á íslensku neysluvatni í miklum mæli er ekkert flýtiverk heldur krefst hann mikils og vandaðs undirbúnings, stefnumótunar og rannsókna, bæði hér á landi og erlendis. Margt bendir nú til þess að eitt af því skynsamlegasta sem við getum tekið okkur fyrir hendur sé að verja nauðsynlegu fé til þess að átta okkur á þeirri leið sem heppilegust er að fara til þess að gera okkur mat úr þessari auðlind."

Þetta eru nokkrar tilvitnanir í greinar úr þessu ágæta riti sem ég nefndi.

Á síðustu árum hafa nokkrir aðilar hafist handa um útflutning á vatni í neytendaumbúðum og hefur öllum reynst það þungur róður. Stafar það af því að það kostar gífurlegt fjármagn og vinnu að komast inn á erlenda markaði en fyrirtækin hafa ekki haft bolmagn til þess samhliða nauðsynlegri fjárfestingu. En fyrir á hinum mikla neysluvatnsmarkaði eru stór og fjársterk fyrirtæki sem drottna þar í krafti auglýsinga á þekktum vörumerkjum. Við minnumst þess að það er ekki langt síðan franskt fyrirtæki varð fyrir því óhappi að vatnið sem það seldi stóðst ekki lágmarkskröfur hvað þá heldur að það geti keppt við gæði íslenska vatnsins.

Með tilliti til þess hversu gífurlega auðlind við eigum, ef við berum gæfu til að varðveita hana, og hversu markaðurinn fyrir neysluvatn er stór og ört stækkandi þá er til mikils að vinna að ná þar traustri fótfestu. Því er mikilvægt að ríkisvaldið taki þetta mál föstum tökum, ekki síður en þegar verið var að vinna að undirbúningi stóriðjuverkefna. Þá var varið mörg hundruð milljónum eða jafnvel milljörðum króna, eftir því hvernig það er reiknað, þó að árangurinn yrði stundum aðeins skýjaborgir.

Að mati flm. er því ekki síður ástæða til að skipa nefnd til að vinna að þessu verkefni heldur en stóriðjuverkefnunum. Þá voru skipaðar fjölmennar nefndir sem sátu að störfum í mörg ár til að reisa verksmiðju til að vinna úr innfluttu hráefni sem þarf að flytja um hálfan hnöttinn. Hér er hins vegar um að ræða lítt takmarkaða íslenska auðlind til að framleiða hágæðavöru sem vaxandi eftirspurn er eftir. Við höfum séð skýrt frá því að í sumum löndum er vatnið að verða dýrmætara en olían og vafalaust á þróunin eftir að stefna meira í þá átt.

Ég hef því ásamt hv. þm. Stefáni Guðmundssyni og Jóhanni Einvarðssyni flutt eftirfarandi till. til þál. um skipun nefndar um vatnsútflutning:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd um vatnsútflutning. Í nefndinni eigi sæti fulltrúar allra þingflokka. Hlutverk hennar verði að móta framtíðarstefnu um nýtingu á þessari miklu náttúruauðlind. Enn fremur geri nefndin í samstarfi við Byggðastofnun áætlun um hvernig sú nýting megi verða til að efla byggð í þeim héruðum þar sem gnótt lindarvatns er fyrir hendi. Þá veiti nefndin í samvinnu við Útflutningsráð þeim aðilum, sem nú eru að hasla sér völl á þessu sviði, ráðgjöf og stuðning, sérstaklega við markvissa markaðssetningu.

Í grg. þáltill. kemur fram að hún var flutt á síðasta þingi. Það var gert eftir umfjöllun allshn. Alþingis á þáltill. um stefnumótandi byggðaáætlun 1994–1997 en þá var nær komið að þinglokum svo tillagan komst ekki á dagskrá. En 1. flm. taldi að Alþingi hefði ekki tekið þá byggðaáætlun nægilega föstum tökum því að tækifærin séu víða fyrir hendi ef slík verkefni fá nauðsynlegan stuðning. Og því er bent á að það getur verið mikilvægur þáttur í byggðaþróun að nýta neysluvatnslindirnar þar sem þær eru dreifðar víða um landið.

Í lok grg. þáltill. segir:

„Á sl. sumri komu hingað nokkrir bandarískir krabbameinslæknar til að kynnast hinu ómengaða umhverfi. Eftir heimkomuna héðan sagði einn þeirra, Jonelle Reynolds, m.a. eftirfarandi í bréfi:

„Ég vildi eiga kost á að fá íslenskt vatn, hvar sem ég ferðast. Það er besta vatnið sem ég hef drukkið og þið megið vera viss um að ég mun kynna og auglýsa ykkar ágæta vatn hvar sem ég get. Til viðbótar við þann markað sem þið hafið leitað á mundi ég leggja til að þið leituðu fyrir ykkur á öllum stærri hressingar-

hælum. Hver sá sem líkar framleiðsla ykkar verður góður sölumaður hvar sem hann býr og vekur áhuga hjá fólki sem hugsar um heilsu sína."

Það er vegna þessarar sannfæringar um að hér sé framúrskarandi hráefni sem við getum framleitt úr lífsnauðsynlega neysluvöru að þessi þáltill. er flutt og ég vænti þess að hún fái stuðning hv. alþm. annarra.

Að lokinni þessari umræðu legg ég til að þáltill. verði vísað til síðari umræðu og iðnn.

[15:53]

Pétur Bjarnason:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir þessa till. til þál. sem hérna er komin fram um skipun nefndar um vatnsútflutning og tek undir þau rök sem flm. hefur lagt hér fram því til stuðnings og vil bæta nokkrum við í viðbót.

Við höfum eins og kom fram verið að velta fyrir okkur byggðaáætlun, hvernig við getum komið til móts við bæði atvinnuleysi núna, flótta fólks úr byggðum landsins og fjöldamargt fleira sem er að raska ýmsu í okkar þjóðlífi. Ég held að hérna sé einn af mjög vænlegum kostum til þess að koma þar til móts. Hérna er um að ræða íslenska stóriðju sem í rauninni hentar betur í dreifbýli en í stórum borgum að starfrækja beint vegna þeirra hagsmuna sem þar eru og hérna er um að ræða hreina náttúruafurð sem þarf að taka helst fjarri stærstu byggðum til að öruggt sé að gæðin haldist. Ég tel því að þetta sé mjög góður kostur og við ættum að taka upp mun nánari könnun á þessu sem fyrst og styðja þá aðila sem hér hafa verið að vinna að þessum málum á undanförnum árum með misjöfnum árangri, sumum allgóðum. Annars staðar hefur miður gengið og e.t.v. vegna þess að stuðning hefur vantað á samræmdar aðgerðir.

Það eru nokkrar tölur hér í greinargerð um magn sem þarna gæti verið um að ræða í söluverði eða framleiðslu. Ég hef undir höndum tölur frá Bandaríkjunum, ekki þær nýjustu, en þær styðja þetta. Þar hefur á undanförnum ártug orðið gífurleg aukning á notkun sérpakkaðs vatns, bæði í fljótandi formi og í ísformi ekki síður. Sem dæmi um magnið má nefna að árið 1990, ég hef ekki nýrri tölur um vatnssöluna, var sala vatns í Bandaríkjunum 2.200 milljarðar dollara þannig að menn geti áttað sig aðeins á umfangi þessarar sölu. Þar af var innflutt vatn um 300 milljarðar dollara. Þá velta menn fyrir sér svona í fljótheitum hvað er það í krónum. Lauslega er þar um að ræða um 21 þús. milljarða íslenskra króna, innflutt vatnssala í Bandríkjunum. Nú er ekki raunhæft að ætla að við fáum nema brot af því og þó ekki væri nema brot af þessari tölu, þá gæti það verið gífurlega mikils virði fyrir þjóðarbúskap okkar Íslendinga. Þessi auðlind er fyrir hendi og það er spurning hvernig okkur tekst að nýta hana.

Neysla á átöppuðu vatni eins og það er nefnt í Bandaríkjunum hefur vaxið milli áranna 1985, þá nam neyslan að jafnaði 4½ galloni og óx upp í 8 gallon á einstakling 1990 sem aðeins á 5 ára bili næstum því tvöfaldast og þetta mun vafalaust aukast áfram af ýmsum ástæðum. Íssala í Bandaríkjunum er annað eins. Þarna er um að ræða vatnið en 1991 nam íssala í Bandaríkjunum 2.400 milljörðum dollara. Ég nefni þessa tölu hérna til þess að benda á hvílíkir hagsmunir geta verið hér í húfi og hversu þessi markaður er vænlegur til að líta á hann. Það eru engar horfur á að þarna verði um verðkollsteypur að ræða. Við eigum að geta boðið hérna upp á afskaplega góðar aðstæður og hreina og náttúrlega afurð sem á að vera auðvelt að markaðssetja ef rétt er staðið að undirbúningi, átöppun og því sem til þarf. Því held ég að þessi tillaga um nefndarskipun sé mjög tímabær og muni styrkja þá vöruþróun, aðferðir við vinnsluna og kannski sérstaklega markaðsmálin.

Auk Bandaríkjanna sem ég nefndi hérna, þá er Miðjarðarhafssvæðið mjög vænlegt. Þar er mikil vatnsnotkun. Mexíkó hefur verið nefnt, sem stór aðili sem kaupir vatn, Japan og þar að auki eiginlega allur hinn norræni eða vestræni heimur getum við sagt í vaxandi mæli, ekki vegna hita eða annars slíks sem eru ytri aðstæður heldur vegna þess að átappað vatn er notað sem heilsuafurð og trygging fyrir því að fá það besta fáanlegt í glasið sitt á borðinu. Þetta er því mikið notað sem heilsuvara og ekki síst í því liggur gildi þessarar vöru og ég held að einmitt í tengslum við aðra þáltill. sem hér er á dagskrá í dag, þá sé þetta eitt af því sem þarf að skoða í sambandi við íslensk landgæði og einmitt mjög vænlegt nú á dögum samdráttar í fiskveiðum og ýmsu öðru sem hrjáir okkur að við leitum þá inn á við, leitum á náðir landsins okkar og þeirra gæða sem þar er að finna, þróum þau og nýtum þau okkur til framfærslu. Það er okkar líklegasta von til þess að lifa af í þessu landi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Nýting landkosta, fyrri umr.

Þáltill. JHelg o.fl., 23. mál. — Þskj. 23.

[16:00]

Flm. (Jón Helgason):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um nýtingu landkosta. Á síðustu árum hefur farið fram mikil umræða um stöðu Íslands í samfélagi þjóða. Efst á baugi var sú umræða þegar rætt var um aðild að Evrópska efnahagssvæðinu og er nú aftur að verða mjög á dagskrá vegna tengslanna við Evrópusambandið ef Evrópska efnahagssvæðið hverfur á braut og einnig hefur verið rætt um nánara samband við Norður-Ameríku. Að mínu mati virðist nokkuð skorta á að þessi umræða og sú afstaða sem tekin er þar af ýmsum aðilum byggist alltaf á nægilega ítarlegum athugunum þar sem þess er gætt að hafa öll sjónarmið í huga. Þó að öllum sé ljóst að Íslendingar þurfa að hafa mikil og góð samskipti við aðrar þjóðir, þá skapar lega landsins því sérstöðu. Framtíð þjóðarinnar hlýtur að byggjast á því að hún geti nýtt einhverja þá kosti sem landið býður umfram það sem er að finna annars staðar til að vega á móti því sem erfiðara er. Það er því mikilvægt að athuga vel hverjir þessir kostir eru og hvort

eða hvernig breyttar aðstæður gefa tækifæri til að nýta þá. Niðurstaðan af slíkri athugun getur síðan haft úrslitaáhrif á það hvaða leiðir við eigum að fara til að tengjast öðrum þjóðum.

Það er alllangt síðan vakin var athygli á því að Ísland liggur á krossgötum milli fjarlægra heimshluta. Einhver frægasti Íslendingur á fyrri hluta þessarar aldar, Vestur-Íslendingurinn Vilhjálmur Stefánsson landkönnuður, vakti athygli á þessu. Og með gífurlegum framförum í þróun samgangna hafa allar fjarlægðir í tíma styst svo að auðvelt er að mætast á þessum vegamótum.

Á sl. sumri kom hingað í heimsókn á vegum bændasamtakanna einn af starfsmönnum Geimferðastofnunar Bandaríkjanna, NASA. Eftir stutta dvöl hér skrifaði hann þegar hann var kominn heim til sín m.a. eftirfarandi:

„Ísland hefur marga kosti. Stórkostlegt landslag, íbúa sem eru iðnir og tala fjölda erlendra tungumála, hreint loft, ómengað vatn, lífrænt ræktaða fæðu, gnótt af landi og hita- og rafmagnsgjafa sem ekki valda mengun og þar er lág glæpatíðni. Til viðbótar þessu gerir landfræðileg lega Íslands, jákvætt viðhorf almennings til heilbrigðra lífshátta og sú staðreynd að landið er tiltölulega hlutlaust það að verkum að Ísland eru hin fullkomnu vegamót fyrir Norður-Ameríku, Evrópu, Japan og hugsanlega jafnvel hluta af Norður-Asíu. Með hugtakinu vegamót er ekki aðeins vísað til landfræðilegrar legu, heldur einnig menningarlegra, tæknilegra og viðskiptalegra þátta."

Hér kemur það fram að það er ekki aðeins lega landsins sem stuðlar að því að Íslandi geti orðið eftirsóknarverður mótsstaður fólks frá fjarlægum löndum, heldur hafi þjóðin, m.a. vegna góðrar menntunar, möguleika til að verða tengiliður milli ólíkra heimshluta. Og í þessari stuttu umsögn er svo bent á ýmsa kosti landsins vegna hreinleika þess til að hér verði eftirsótt umhverfi til heimsókna gesta sem gera þar miklar kröfur. Jafnframt gefur það möguleika til að framleiða gæðamatvörur sem ört vaxandi eftirspurn er eftir í hinum menguðu löndum. Sem dæmi um viðhorf til þessara kosta má nefna ummæli annars bandarísks gests bændasamtakanna sem sagðist vilja senda sem allra flesta landa sína í afeitrun til dvalar hér í hreinu umhverfi, þ.e. að komast frá hinu mengaða umhverfi andrúmslofts, jarðvegs og matar í umhverfi hreinnar, íslenskrar náttúru þar sem fram væru bornar að mestu leyti hinar hreinu íslensku matvörur. Það er því ákaflega brýnt að sem allra fyrst verði gerð ítarleg úttekt á því hversu mikið er hægt að byggja á því sem fram kemur í framtíðarsýn þessara gesta og annarra sem sett hafa fram svipaðar skoðanir. Hvort við eigum hér slíkan fjársjóð og jafnframt hvað við þurfum að gera til að varðveita hann. Og verði síðan niðurstaðan í samræmi við hinar bjartsýnu vonir, hvernig eigum við þá að halda á málum. Getur sú niðurstaða lagt grundvöll að framtíð þar sem við getum í meira mæli staðið á eigin fótum en ýmsir telja? Er það jafnvel forsenda fyrir því að þessir kostir nýtist okkur a.m.k. í eins ríkum mæli og ella að við höldum sérstöðu okkar?

Þar sem við þurfum sífellt að taka ákvarðanir bæði á innlendum vettvangi og í erlendum samskiptum sem geta haft afdrifaríkar afleiðingar en verða ekki aftur teknar þá má það ekki dragast að þessi mál verði skoðuð frá öllum hliðum, vegin og metin. Því hef ég ásamt þingmönnunum Jóni Kristjánssyni, Stefáni Guðmundssyni, Pétri Bjarnasyni, Ingibjörgu Pálmadóttur, Valgerði Sverrisdóttur og Finni Ingólfssyni lagt fram eftirfarandi þáltill. á þskj. 23:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd, sem í eigi sæti fulltrúar allra þingflokka og aðilar vinnumarkaðarins, til að gera úttekt á þeim möguleikum sem lega landsins og aðrir landkostir í víðtækum skilningi gefa þar sem m.a. verði metin eftirfarandi atriði:

a. Tækifærin sem lega landsins á krossgötum fjarlægra heimshluta gefa til aukinna viðskipta og þjónustu.

b. Geta þjóðarinnar til að nýta þessi tækifæri gæti hún þess að halda stöðu til þess og lokast ekki inni innan múra svæðisbundinna hagsmunasamtaka.

c. Hvað strjálbýlt land gæti orðið gjöful undirstaða að öflugu atvinnulífi verði því haldið hreinu og ómenguðu og þeir kostir nýttir til framleiðslu gæðaafurða og þjónustu."

Með þessari þáltill. er ekki lagt til að nefndin efni til mikilla umsvifa til að afla gagna. En vonandi mun Alþingi þegar á yfirstandandi þingi taka ákvörðun um stuðning við einstök verkefni sem geta rennt traustari stoðum undir atvinnulíf okkar.

Hér á undan var ég að mæla fyrir tillögu um stuðning við vatnsútflutning og einnig má benda á umræðu sem hefur farið fram hér að undanförnu um framleiðslu lífrænna og heilnæmra matvæla eins og ég minntist á áður. Sú vinna sem þegar hefur farið fram á því sviði hefur leitt í ljós að þar bíða mörg verkefni sem brýnt er að fái stuðning. Fengist frekari niðurstaða við vinnu að slíkum verkefnum þá gæti það auðveldað störf þeirrar nefndar sem þessi þáltill. kveður á um að taki til starfa en með skipun hennar er þess vænst að breið samstaða geti skapast í þjóðfélaginu um þá niðurstöðu sem hún kemst að í starfi sínu.

Á síðustu árum hafa orðið svo gífurlegar breytingar á aðstæðum í heiminum á flestum sviðum að það hlýtur að vera nauðsynlegt að meta okkar stöðu í ljósi þess. Við verðum að gæta þess að láta ekki sefjast hugsunarlaust af málflutningi annarra eða festast í hjólförum fortíðar. Ég vænti þess að hv. alþm. verði sammála um að hér sé um mjög mikilvægt málefni að ræða þar sem brýnt er að sameinast um að komast að farsælli niðurstöðu.

Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði þáltill. vísað til síðari umræðu og allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 8., 11. og 12. mál.

Fundi slitið kl. 16:11.

9. FUNDUR

mánudaginn 17. okt.,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Lánsfjáraukalög 1994, stjfrv., 74. mál, þskj. 74. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 17. mál, þskj. 17. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Atvinnuleysistryggingar, frv., 18. mál, þskj. 18. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 19. mál, þskj. 19. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 20. mál, þskj. 20. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Skipun nefndar um vatnsútflutning, þáltill., 22. mál, þskj. 22. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
7. Nýting landkosta, þáltill., 23. mál, þskj. 23. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

Fjarvistarleyfi:

Björn Bjarnason, 3. þm. Reykv.,
Davíð Oddsson forsrh.,
Egill Jónsson, 3. þm. Austurl.,
Guðjón Guðmundsson, 5. þm. Vesturl.,
Guðmundur Árni Stefánsson félmrh.,
Guðrún J. Halldórsdóttir, 18. þm. Reykv.

Aðalmaður tekur sæti á ný:

Ragnar Arnalds, 3. þm. Norðurl. v.

Varamenn taka þingsæti.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Borist hefur eftirfarandi bréf, dags. 14. október 1994:

„Þar sem Matthías Bjarnason, 1. þm. Vestf., getur ekki af heilsufarsástæðum sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska eftir því að 1. varaþm. Sjálfstfl. í Vestfjarðakjördæmi, Guðjón A. Kristjánsson skipstjóri, Ísafirði, taki sæti á Alþingi í fjarveru hans.

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegi forseti.

Geir H. Haarde, formaður þingflokks Sjálfstfl."

Guðjón A. Kristjánsson hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðinn velkominn til starfa.

Þá er annað bréf til forseta Alþingis, dags. 14. október 1994:

„Þar sem ég vegna veikinda get ekki sótt þingfundi næstu vikur leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska þess að 1. varamaður Samtaka um kvennalista í Vestfjarðakjördæmi, Ágústa Gísladóttir útibússtjóri, Ísafirði, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegi forseti.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, 6. þm. Vestf."

Ágústa Gísladóttir hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðin velkomin til starfa.

Útbýting þingskjala:

Bann við atvinnurekstri einstaklings vegna afbrota, 87. mál, frv. FI o.fl., þskj. 87.

Málflytjendur, 89. mál, stjfrv., þskj. 89.

Samningsveð, 88. mál, stjfrv., þskj. 88.

Lagt fram á lestrarsal:

Erindi frá Framsóknarfélagi Kjósarsýslu.

Athugasemdir um störf þingsins.

Vantrauststillaga á ráðherra í ríkisstjórn Davíðs Oddssonar.

[15:07]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Á þskj. 77 höfum við Kristín Ástgeirsdóttir, Finnur Ingólfsson og ég fyrir hönd Samtaka um kvennalista, Framsfl. og Alþb. flutt tillögu um vantraust á ráðherra í ríkisstjórn Davíðs Oddssonar. Tillögunni var útbýtt í þingsalnum miðvikudaginn í síðustu viku. Mikilvægt er að umræða um slíka tillögu geti farið fram sem fyrst. Vantrauststillaga er þess eðlis að hún hlýtur að hafa forgang fram yfir önnur mál í þinginu. Þess vegna beini ég þeirri fyrirspurn til virðulegs forseta hvenær hann hyggst taka tillöguna til umræðu.

Á þingflokksfundi okkar fyrr í dag kom fram að nokkrir ráðherrar væru erlendis og yrðu erlendis á næstunni svo að algerlega væri óvíst hvenær hægt væri að taka tillöguna til meðferðar. Auðvitað er mjög sérkennilegt og þættu sjálfsagt þó nokkur tíðindi í þeim lýðræðisríkjum, sem við viljum helst bera okkur saman við, að ekki sé hægt að taka fyrir á þjóðþinginu tillögu um vantraust vegna þess að ráðherrar telji sig hafa einhverjum öðrum mikilvægari málum að sinna erlendis en standa á þjóðþinginu og verja gerðir sínar fyrst vantrauststillaga hefur verið flutt.

Virðulegi forseti. Ég óska þess vegna eftir því að það verði upplýst á forsetastól hvaða ákvarðanir forseti þingsins hefur tekið varðandi umræðu um þessa tillögu og hvenær hún getur farið fram svo að óvissu um málið verði eytt.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Það er rétt sem hv. 8. þm. Reykn. nefndi að venjan að sú að taka vantrauststillögur til umræðu svo fljótt sem verða má. Hins vegar hefur jafnan verið gert samkomulag um það milli þingflokka hvenær sú umræða fari fram. Eins og fram hefur komið eru ráðherrar fjarverandi og væntanlega verður hæstv. forsrh. kominn til þings síðdegis á miðvikudag. Eftir þann tíma er að vænta þess að hægt sé að koma sér saman um þetta mál.

[15:10]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Flokkum stjórnarandstöðunnar er ekkert að vanbúnaði að umræðan geti farið fram þegar á morgun. Hæstv. forsrh. kaus það í umræðu um störf ríkisstjórnarinnar að mana nánast fram vantraust á ríkisstjórn sína. Það er svo sérkennilegt að þegar vantraustið er komið fram má forsrh. ekki vera að því að ræða það.

Það er heldur ekki ásættanlegt að það þurfi að bíða heimkomu forsrh. til þess að ræða hvenær umræðan geti farið fram. Hæstv. forsrh. er væntanlega í símasambandi við starfandi forsrh. og forseta þingsins. Ekki hefur verið upplýst hvaða erindum hæstv. forsrh. sé að sinna á erlendri grundu og væri mikilvægt ef starfandi forsrh. gæti upplýst það hvaða erindi eru svo mikilvæg að hæstv. forsrh. lætur þingið bíða eftir sér eins og hæstv. forseti lýsti hér áðan.

Okkur er ekkert að vanbúnaði að ákveða nú þegar að umræðan geti farið fram og við teljum óeðlilegt að hún bíði eftir heimkomu forsrh. Að gefnu tilefni vil ég líka spyrja virðulegan forseta: Er þá tryggt að aðrir ráðherrar verði í landinu frá og með miðvikudagi í þannig að umræðan geti þó farið fram í þessari viku?

[15:12]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég tók eftir því í ræðu hv. þm. og að hann orðaði það svo að það þyrfti að vera hægt að taka fyrir tillögu um vantraust á ríkisstjórnina. Nú vil ég spyrja hv. að því hvort hér er á ferðinni vantraust á ríkisstjórnina eða vantraust á einstaka ráðherra í ríkisstjórninni. Ég spyr að sérstöku tilefni og það skiptir mjög miklu máli að fá um það skýrt svar frá hv. þm. hvort hér er á ferðinni vantraust á ríkisstjórnina eins og hann orðaði það sjálfur eða hvort það voru mismæli eða hvort hann hefur skipt um skoðun. (**ÓRG:** Vill starfandi forsrh. svara þeirri spurningu sem var beint til hans?)

[15:13]

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Mér virðist að hæstv. ríkisstjórn taki þessa vantrauststillögu ekki alvarlega en ég vil fullvissa hæstv. ríkisstjórn um það að að sjálfsögðu á að taka vantrauststillöguna alvarlega og hún er flutt á starfandi ríkisstjórn, ríkisstjórn Davíðs Oddssonar. Stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar hafa haldið því fram að undanförnu í umræðu að hægt sé að treysta ríkisstjórninni vel þótt menn vantreysti einstökum ráðherrum. Því hefur verið haldið fram að það geti vel komið fyrir að það verði samþykkt vantraust á einstaka ráðherra en ríkisstjórnin njóti fulls trausts eftir sem áður. Þessi umræða hefur að sjálfsögðu ruglað allt þetta mál og þess vegna er nauðsynlegt að flytja vantrauststillöguna með þessum hætti. Það er vegna þess hvernig ráðherrar í hæstv. ríkisstjórn hafa talað að tillagan er flutt á þennan hátt. Eða reiknar Sjálfstfl. með því að verði vantraust samþykkt á hæstv. fjmrh., Friðrik Sophusson, að hann mundi starfa í ríkisstjórn eins og ekkert hefði skorist? Eða reiknar Alþfl. með því að verði samþykkt vantraust á hæstv. utanrrh. af nokkrum þingmönnum Sjálfstfl. ásamt stjórnarandstöðunni að Alþfl. starfaði í ríkisstjórn eins og ekkert hefði í skorist? Þess vegna er tillagan flutt á þennan hátt og ég bið hæstv. ríkisstjórn að vera heima og taka málið alvarlega. Ég mótmæli því að ekki eigi að ræða um það hvenær umræður fari fram í þinginu fyrr en seinni hluta þessarar viku. Þær umræður eiga að sjálfsögðu að fara fram milli flokkanna nú þegar eða í síðasta lagi á morgun. Það er engin ástæða til að bíða heimkomu hæstv. forsrh. í þessu sambandi enda stjórnar hann ekki þinginu eftir því sem ég best veit.

[15:15]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég tek undir síðustu orð hv. þm. Halldórs Ásgrímssonar. Það er þingið sem ákveður það hvenær umræður eiga að fara fram, ekki forsrh. Hins vegar er afar athyglisvert að svo margir ráðherrar skuli vera erlendis og menn skuli ekki hraða för sinni heim þegar fyrir liggur vantraust á ríkisstjórnina því að þetta er vantraust á ríkisstjórnina. Tillagan heitir „Tillaga til þingsályktunar um vantraust á ráðherra í ríkisstjórn Davíðs Oddssonar" og síðan eru þeir allir taldir upp þannig að það er ríkisstjórnin í heild sem á í hlut. Hins vegar gefst færi á því að greiða atkvæði um einstaka ráðherra ef menn óska þess. Ég vek athygli á því og það er afar umhugsunarvert fyrir þingið að engar reglur skuli gilda um meðferð á vantrauststillögum. Engar reglur eru í þingsköpum um það hvenær slíkar tillögur skulu teknar fyrir eða hversu langur tími megi líða frá því að þær koma fram þar til þær komast til umræðu og auðvitað er afar óeðlilegt að sitjandi ríkisstjórn geti frestað því að slíkar tillögur séu teknar til umræðu. Því er það krafa okkar þingmanna Kvennalistans að við þingflokksformenn höldum fund nú þegar í dag og tökum ákvörðun um það hvenær umræðan skuli fara fram.

[15:17]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég ítreka þá spurningu til starfandi hæstv. forsrh. hvar hæstv. ráðherrar ríkisstjórnarinnar séu og hvort þeir verði tryggilega og örugglega allir heima síðari hluta vikunnar. (**Landbrh.:** Það sitja nú sumir í stólunum.) Já, það er nú að vísu þakkarvert að það er óvenjustór hluti af ríkisstjórninni viðstaddur í dag, sennilega bara met á þessum vetri. En það er nú svo að hæstv. starfandi forsrh. hlýtur að hafa yfirsýn yfir það hvar ráðherrarnir eru því að honum ber að tilkynna forsrh. á hverjum tíma hverjir fara með hin einstöku ráðuneyti ef aðrir eru hlaupnir úr landi. Það vek-

ur athygli að ekki hefur komið fram að hæstv. forsrh. sé að sinna neinum tilgreindum opinberum erindum erlendis. Ég leyfi mér þess vegna að spyrja hæstv. starfandi forsrh.: Er hæstv. forsrh. erlendis í einkaerindum eða í fríi og er þá ekki mögulegt að hann geti stytt dvöl sína? Einnig ítreka ég spurninguna til hæstv. forsrh. eða forseta sem hefur væntanlega kannað það mál með hliðsjón af nauðsyn þess að umræðan geti farið fram. Er þá tryggt að allir ráðherrar hæstv. ríkisstjórnar verði í landinu, til að mynda á fimmtudaginn þannig að umræðunni verði þá viðkomið við þær aðstæður sem eru auðvitað einar eðlilegar, þ.e. að öll ríkisstjórnin sé til staðar þegar vantraustsumræðan og síðan atkvæðagreiðsla um hana fer fram? Ég held að alveg nauðsynlegt sé að fá við þessu alveg skýr svör: Hvar verður ríkisstjórnin á fimmtudaginn kemur og getur umræðan farið fram í trausti þess að hún verði þá öll í landinu eða má reikna með því að áframhald verði á þeirri þróun að einstakir hæstv. ráðherrar stökkvi úr landi í mismunandi merkilegum erindagerðum og sinni ekki jafnbrýnu verkefni og að standa fyrir máli sínu í vantraustsumræðum?

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti mun að sjálfsögðu láta kanna hvernig háttað verður viðveru hæstv. ráðherra.

[15:19]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegur forseti. Forsrh. er staddur erlendis í einkaerindum og hefur leyfi frá þingstörfum eins og hefur komið fram í yfirliti þingforseta. Í öðru lagi vil ég að það komi skýrt fram að ekki hefur staðið á sjálfstæðismönnum og þingflokki sjálfstæðismanna að eiga viðræður við fulltrúa þingflokka annarra flokka um hvernig og hvenær umræða um vantraustillögu má fara fram.

[15:20]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Vantraust á forsrh. er í sjálfu sér vantraust á ríkisstjórnina. Ef vantraust á forsrh. væri samþykkt yrði ríkisstjórnin náttúrlega að fara frá. En þetta er jafnframt tillaga um vantraust á hvern ráðherra fyrir sig enda hafa þeir allir unnið til þess að fá slíka umræðu og eiga heimtingu á að vita hvort meiri hluti þingsins styður þá.

Auðvitað bera að taka þessa tillögu til umræðu við fyrstu hentugleika. Það hefur verið upplýst að forsrh. er í fríi og getur komið heim. Það er líka hættulegt fyrir hæstv. forsrh. að bíða í marga daga með að ræða vantraustið. Ég sé ekki betur en hæstv. ráðherrar hafi lag á því að bæta við a.m.k. einu hneyksli daglega þannig að alltaf safnast í súpuna.

[15:21]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir að gefa hér skýr svör hvað það snertir að ekki standi á Sjálfstfl. í þessu sambandi og hæstv. ráðherran upplýsti jafnframt að hæstv. forsrh. væri í fríi og gæti af þeim sökum væntanlega komið heim til vantraustsumræðunnar.

Það er auðvitað svo, hæstv. forseti, að það er afar óvenjulegt og sérkennilegt að ekki skuli vera keppikefli ríkisstjórnarinnar að drífa á umræðuna eins fljótt og við verður komið og að ríkisstjórnin skuli vilja hafa vantrauststillögu hangandi yfir sér dögum og jafnvel vikum saman. Ég hygg að það sé algjört einsdæmi í sögunni að ríkisstjórn sé svo illa á sig komin að hún vilji ekki hreinsa það frá þegar formleg vantrauststillaga er komin fram á hana.

Að lokum, hæstv. forseti, gat ég ekki skilið orð hæstv. fjmrh. öðruvísi en svo að það stæði á Alþfl. Hæstv. starfandi forsrh., hæstv. fjmrh., tók sérstaklega fram að ekki stæði á Sjálfstfl. að drífa umræðuna á og ræða við stjórnarandstöðuna um það. Það er ekki hægt að túlka það öðruvísi en svo að vandamálið sé einu sinni sem oftar Alþfl., að það standi á honum, hann sé ekki tilbúinn í þessa umræðu. Þess vegna er óhjákvæmilegt að snúa málinu til hæstv. utanrrh. og spyrja hæstv. utanrrh.: Stendur á Alþfl. í þessu sambandi? Verða ráðherrar Alþfl. út um dal og hól, lönd og álfur, nk. miðvikudag og fimmtudag? Eða getur hæstv. utanrrh., formaður Alþfl., séð til þess að ráðherralið flokksins haldi sig heima síðari hluta vikunnar og að vantraustsumræðan geti farið fram af þeim sökum?

[15:22]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegur forseti. Ekki hefur staðið á Alþfl. að mæta á fund þingflokksformanna til að ræða hvenær umræða um vantraust gæti farið fram. Slíkur fundur hefur ekki verið boðaður og ekkert verið óskað eftir að við settumst niður til að skoða dagsetningar um slíkt. Allar getsakir um að við séum til trafala í þessu máli eiga því ekki við nein rök að styðjast.

Hins vegar er það svo að tveir ráðherrar Alþfl. eru fjarstaddir. Þeir eru á þingi Sameinuðu þjóðanna þar sem þeir sem formenn sinna nefnda, ráðherranefnda á norrænum vettvangi, áttu að mæta og flytja þar ræður. Þeir koma heim um eða eftir miðja viku (Gripið fram í.) — ég hef ekki nákvæma tímasetningu á því hvenær þeir koma en ég mun að sjálfsögðu kanna það þegar fundur þingflokksformanna hefur verið haldinn og samráð um það hvenær umræður gætu farið fram.

Auðvitað eru allir ráðherrarnir með ýmis skyldustörf á sinni hendi sem þeir verða að sinna, einnig á erlendum vettvangi og það verður að sjálfsögðu skoðað hvernig þau skyldustörf koma inn í tímasetningu um umræðu um vantraust. Hingað til hefur ekkert staðið á því að við settumst niður til að skoða þessi mál, einfaldlega eins og þingflokksformenn vita þá hefur ekki verið boðaður fundur til þess að fjalla um hvenær umræða um vantrauststillögu skuli fara fram.

Tilkynning um dagskrá.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill geta þess að búast má við að leita verði afbrigða — og setja á tvo aukafundi, ef leyft verður —

og verður það þá gert þegar komið er það fjórða fundinum í dag.

Þetta vil forseti láta koma fram strax og biður hv. þm. að taka tillit til þess.

Lánsfjáraukalög 1994, frh. 1. umr.

Stjfrv., 74. mál (lántaka ríkissjóðs og húsbréfadeildar). — Þskj. 74.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:25]
Frv. vísað til 2. umr. með 52 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁgG, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, EH, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GAK, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HjálmJ, IBA, IP, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBald, PB, RA, REl, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP.
11 þm. (BBj, DO, EgJ, GuðjG, GÁS, GJH, HG, JE, KHG, StG, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 1. umr.

Frv. ÁRÁ og EKG, 17. mál (stofnfjárbréf). — Þskj. 17.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:26]
Frv. vísað til 2. umr. með 52 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁgG, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, EH, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GAK, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HjálmJ, HG, IBA, IP, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBald, PB, RA, REl, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP.
11 þm. (BBj, DO, EgJ, GuðjG, GÁS, GJH, JE, KHG, StG, SJS, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Atvinnuleysistryggingar, frh. 1. umr.

Frv. TIO og VS, 18. mál (bótaréttur í námi). — Þskj. 18.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:27]
Frv. vísað til 2. umr. með 52 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁgG, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, EH, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GAK, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HjálmJ, HG, IBA, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBald, PB, RA, REl, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP.
11 þm. (BBj, DO, EgJ, GuðjG, GÁS, GJH, IP, KHG, StG, SJS, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 1. umr.

Frv. TIO og StB, 19. mál (endurbætur og viðhald á eigin húsnæði). — Þskj. 19.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:27]
Frv. vísað til 2. umr. með 53 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁgG, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, EH, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GAK, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HjálmJ, HG, IBA, IP, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBald, PB, RA, REl, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP.
10 þm. (BBj, DO, EgJ, GuðjG, GÁS, GJH, KHG, StG, SJS, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 1. umr.

Frv. TIO o.fl., 20. mál (endurgreiðsla ofgreiddra gjalda). — Þskj. 20.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:28]
Frv. vísað til 2. umr. með 54 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁgG, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, EH, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GAK, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HjálmJ, HG, IBA, IP, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBald, PB, RA, REl, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP.
9 þm. (BBj, DO, EgJ, GuðjG, GÁS, GJH, KHG, StG, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Skipun nefndar um vatnsútflutning, frh. fyrri umr.

Þáltill. JHelg o.fl., 22. mál. — Þskj. 22.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:28]

Till. vísað til síðari umr. með 54 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁgG, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, EH, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GAK, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HjálmJ, HG, IBA, IP, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBald, PB, RA, REl, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP.

9 þm. (BBj, DO, EgJ, GuðjG, GÁS, GJH, KHG, StG, ÖS) fjarstaddir.

Till. vísað til iðnn. án atkvgr.

Nýting landkosta, frh. fyrri umr.

Þáltill. JHelg o.fl., 23. mál. — Þskj. 23.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:29]

Till. vísað til síðari umr. með 53 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁgG, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, EH, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GAK, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HjálmJ, HG, IBA, IP, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBald, PB, RA, REl, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP.

10 þm. (BBj, DO, EgJ, EKJ, GuðjG, GÁS, GJH, KHG, StG, ÖS) fjarstaddir.

Till. vísað til allshn. án atkvgr.

Fundi slitið kl. 15:30.

---

10. FUNDUR

mánudaginn 17. okt.,
að loknum 9. fundi.

Dagskrá (fyrirspurnir):

Til menntamálaráðherra:

1. Forgangsröð kennslu erlendra tungumála, fsp., 27. mál, þskj. 27.

2. Húsnæðisaðstaða Fjölbrautaskólans við Ármúla, fsp., 32. mál, þskj. 32.

Forgangsröð kennslu erlendra tungumála.

Fsp. HG, 27. mál. — Þskj. 27.

[15:30]

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Á þskj. 27 hef ég borið fram fyrirspurn til hæstv. menntmrh. um forgangsröð kennslu erlendra tungumála í grunnskólum. Fyrirspurnin er í tveim liðum. Sá fyrri er svohljóðandi:

Er menntamálaráðherra því meðmæltur að breytt verði forgangsröð erlendra tungumála sem kennd eru í grunnskólum?

Í öðru lagi: Er fyrirhugað að breyta fyrirkomulagi kennslu í erlendum tungumálum þannig að hún hefjist fyrr eða síðar en nú er gert ráð fyrir?

Þetta er fyrirspurnin. Varðandi núverandi tilhögun vil ég nefna, virðulegur forseti, að samkvæmt auglýsingu um fjölda kennslustunda í 1.–10. bekk grunnskóla frá þessu hausti er gert ráð fyrir að kennsla í dönsku hefjist í 6. bekk og kennsla ensku í 7. bekk og frá því til loka grunnskóla er gert ráð fyrir jafnmörgum kennslustundum í þessum tveimur erlendu tungumálum.

Við þingmenn, geri ég ráð fyrir, fengum allir á liðnu sumri skýrslu nefndar um mótun menntastefnu sem er tímasett í júní 1994. Þar er fjallað um kjarnagreinar í grunnskóla, m.a. að þar verði íslenska, stærðfræði og enska. Og um enskukennslu segir, með leyfi forseta: „Aukin alþjóðasamskipti gera kröfur um góða tungumálakunnáttu, ekki síst hjá smáþjóðum. Í því sambandi hefur enskan mikla sérstöðu. Á Norðurlöndum og í mörgum löndum Vestur-Evrópu er enska fyrsta erlenda tungumálið. Mörg börn hérlendis skilja nokkuð í ensku við upphaf skólagöngu. Áhugi barna á erlendum málum beinist því fyrst og fremst að enskunni og sjálfsagt er að virkja þennan áhuga í skólastarfi. Lagt er til að enskan verði ein af kjarnagreinum grunnskólans og að nemendur hefji enskunám þegar í 5. bekk, en kennsla í dönsku hefjist ekki fyrr en í 7. bekk. Við lok grunnskóla þurfa sem flestir nemendur að geta tekið þátt í samskiptum, lesið eða skilið almenna texta á ensku, og komið hugsun sinni í ritað mál."

Virðlegur forseti. Síðan er vikið að öðru skyldunámi og þar er sagt m.a.: „Einnig þarf að skipuleggja dönskukennslu að nýju þar sem lagt er til að dönskukennsla hefjist síðar en nú er og að danskan verði annað erlenda tungumálið."

Nánar er að dönskunni vikið síðar í álitinu þar sem segir, með leyfi forseta:

„Lagt er til að dönskukennsla hefjist í 7. bekk og er gert ráð fyrir að heildarstundafjöldi í greininni verði hinn sami og nú er. Með því að færa dönskunámið upp í efri bekki grunnskólans fást fleiri stundir í byrjendakennslu en grundvöllur árangursríkrar tungumálakennslu er stöðugt áreiti og regluleg ástundun í upphafi náms. Með þessu eru taldar meiri líkur á markvissu námi í dönsku. Endurskoða þarf skipulag dönskukennslu og tryggja að fagmenntaðir dönskukennarar beri ábyrgð á dönskukennslu í grunnskólum. Með auk-

inni hlutdeild fagmenntaðra dönskukennara í unglingadeildum skapast tækifæri til að bæta árangur dönskukennslunnar."

Virðulegur forseti. Það er vegna þessa álits og þess sem ég hef vitnað til sem ég tel nauðsynlegt að fá það fram nú hvort hæstv. menntmrh. styður þessa stefnu? Ég get ekki tekið undir hana en mun víkja nánar að því í öðru innleggi mínu hér við umræðuna.

[15:34]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Hv. þm. hefur beint til mín tveimur fyrirspurnum. Hin fyrri: Er menntamálaráðherra því meðmæltur að breytt verði forgangsröð erlendra tungumála sem kennd eru í grunnskólum?

Spurningin er almennt orðuð en ég kýs að skilja hana með vísun til umræðna í þjóðfélaginu um ensku- og dönskukennslu og þeirrar tillögu nefndar um mótun menntastefnu að enskan verði fyrsta erlenda tungumálið sem nemendur læra í grunnskólum.

Nefndin rökstyður tillögu sína á þá leið að aukin alþjóðasamskipti geri auknar kröfur um enskukunnáttu allra þjóðfélagsþegnanna, ekki síst vegna fámennis þjóðarinnar. Fleiri rök eru færð fyrir tillögunni, svo sem sú staðreynd að íslensk ungmenni eru opin gagnvart enskunámi vegna vegna áhrifa enskunnar í samfélaginu. Því sé eins gott að virkja áhuga þeira í skipulögðu enskunámi frekar en að þau læri enskuna skipulagslaust af umhverfinu eins og nú tíðkast. Loks bendir nefndin á að grunnskólakennarar, sem kenna erlend tungumál, hafa fæstir sérstaka fagmenntun í tungumálum. Til að kenna ungum börnum erlend tungumál þarf að beita sérstakri aðferðafræði þar sem mikil áhersla er lögð á talmál. Kennari sem hefur ekki fagmenntun í dönsku á að öðru jöfnu auðveldara með að tjá sig munnlega á ensku. Því er auðveldara um vik að veita grunnskólakennurum stuðning til að geta kennt ungum nemendum ensku en endurmennta þá til að kenna dönsku.

Í þessu sambandi er rétt að minna á að nefndin leggur áherslu á að dönskukennsla í grunnskólum verði efld. Helsti gallinn í dönskukennslunni í skólakerfinu í dag og e.t.v. meginástæða þess hve námsgreinin er víða óvinsæl í skólum er sú staðreynd að margir kennarar sem kenna byrjendum hafa ekki næga kunnáttu í dönsku til að geta kveikt áhuga nemenda á faginu. Þess vegna leggur nefndin til að markvisst verði unnið að því að efla dönskukennslu í grunnskólum, kennslan verði færð upp um eitt ár frá því sem nú er, þ.e. úr 6. bekk í 7. bekk þannig að nemendur fái meira kennslumagn á færri árum og að stefnt verði að því að eingöngu fagmenntaðir dönskukennarar sinni dönskukennslunni.

Hv. þm. biður um skoðun mína á þessum tillögum. Ég skal fúslega játa að tillagan um ensku sem fyrsta mál kom heldur illa við mig þegar ég heyrði hana fyrst. Ég hef lengi tekið virkan þátt í norrænu samstarfi og tel raunar góða kunnáttu í Norðurlandamáli mikilvæga hverjum landsmanni. Hins vegar verð ég að segja að mér finnst röksemdafærsla nefndarinnar fyrir því að hefja enskukennslu á undan dönskukennslu trúverðug enda er lögð áhersla á að efla megi enn frekar dönskunám grunnskólanemenda samfara þessari tilfærslu.

Eins sýnist mér að tillaga nefndarinnar sé í samræmi við skoðun almennings í landinu því að niðurstöður skoðanakönnunar sem birtust í sumar sýndu að yfirgnæfandi meiri hluti þjóðarinnar vildi að enkan tæki við af dönskunni sem fyrsta erlenda tungumálið í grunnskóla. Yfir 70% svarenda voru fylgjandi því en tæplega 30% andvígir. Ég tel mikilvægt að tillagan verði rædd hér á þinginu og minni á að þetta er ekki í fyrsta sinn sem spurningin um fyrsta erlenda tungumálið er rædd hér þessum vettvangi. Ég legg áherslu á mikilvægi dönskukennslu en það skiptir e.t.v. ekki meginmáli hvort danskan sé fyrsta eða annað erlenda tungumálið. Lykilatriði er að kennslan skili þeim árangri sem að er stefnt, nefnilega bættri dönskukunnáttu landsmanna. Ef það á að takast þarf að hlúa betur að dönskukennslu, m.a. með því að auka hlutfall fagmenntaðra dönskukennara.

Loks vil ég biðja menn að hafa tvennt í huga: Í fyrsta lagi það að þó lagt sé til að dönskukennsla hefjist ári síðar en nú er er lögð áhersla á að heildarkennslumagnið í dönsku minnki ekki. Í öðru lagi vil ég benda á að ákvæði um það á hvorri greininni skuli byrjað fyrr eru sett í aðalnámsskrá en ekki í grunnskólalög þannig að þessari tillögu sér ekki stað í grunnskólafrv. sem ég mun mæla fyrir nú vonandi á næstunni.

Síðari spurningin er hvort fyrirhugað sé að breyta fyrirkomulagi kennslu í erlendum tungumálum þannig að hún hefjist fyrr eða síðar en nú er gert ráð fyrir. Nefndin leggur til að kennsla í erlendu tungumáli hefjist ári fyrr en nú er. Á þessu stigi málsins hefur ekki verið tekin ákvörðun um að þetta verði gert enda er eftir að samþykkja grunnskólafrv. sem skólastefnu fyrir nýjan og vonandi betri grunnskóla. Ég geri ráð fyrir að áður en slík ákvörðun verði tekin eigi tillagan eftir að hljóta meiri umræðu, bæði á Alþingi, meðal skólafólks og úti í samfélaginu.

[15:39]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég held að aðalatriðið í þessu máli sé að hrapa ekki að neinu og vandinn sé sá að á bak við þá tillögu sem hér er verið að vitna til hafa ekki átt sér stað ítarlegar rannsóknir. Ég tel að nauðsynlegt sé að þær fari fram, m.a. á stöðu dönskunnar og að líka eigi að kanna hvort og þá hvernig væri hægt að bæta stöðu dönskukennslunnar frá því sem nú er. Áætlun um slíkt ætti að liggja fyrir áður en menn tækju ákvarðanir um það að breyta verulega frá því sem nú er. Ég tel að ákvörðun sem er rökstudd eins og nefndin gerir feli í sér undanhald og ég tel að ekki sé skynsamlegt fyrir skólastarf í landinu að yfirvöld menntamála gefist upp fyrir tíðaranda án þess að almennur vandaður og fræðilegur rökstuðningur liggur fyrir.

[15:40]

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Áður hefur verið rætt á hv. Alþingi um forgang tungumála í kennslu í grunnskóla og þá lýsti ég mig andvíga því að breyta þeirri forgangsröð að danskan sé þar fyrsta erlenda tungumálið sem kennt er og ég hef ekki skipt um skoðum hvað þar snertir.

Ég vil taka svo mikið upp í mig að segja að mér finnst það hluti af okkar menningu að byrja á því að læra norrænt tungumál og frá því megi ekki hverfa. Hitt er annað mál að það er áhyggjuefni hversu illa það gengur að kenna nemendum dönsku og ég er alveg sannfærð um það að hluti af skýringunni á því er sá að grunnskólakennarar sem sinna dönskukennslunni hafa ekki fagmenntun í dönsku. Ég tek undir að það þurfi að skoða það hvað veldur því að þetta ástand mála er ekki betra en raun ber vitni en ég ítreka það að ég tel að ekki eigi að breyta þessari forgangsröð.

[15:42]

Tómas Ingi Olrich:

Virðulegi forseti. Það mál sem hér er verið að ræða hefur komið áður á dagskrá eins og síðasti ræðumaður gat um. Ég tel engu að síður nauðsynlegt að það komi fram hér og nú að ég tel mjög sterk og veigamikil rök hníga að því að danska sé fyrsta erlenda tungumálið sem við kennum nemendum okkar. Rökin eru menningarlegs og sögulegs eðlis og veita dönskunni sem skandinavísku tungumáli sérstöðu í tungumálanámi. Ástæðuna fyrir því að við veljum til þess dönsku en ekki önnur skandinavísk tungumál er einnig hægt að rökstyðja með mjög einföldum og skýrum hætti. Að öðru leyti tek ég heils hugar undir álit nefndar um mótun menntastefnu að full ástæða er til þess að skoða hvernig megi bæta dönskukennslu í íslenskum skólum.

[15:43]

Sigríður A. Þórðardóttir:

Virðulegi forseti. Mig langar að leggja fáein orð í belg og ég vil þá leggja sérstaka áherslu á það að þessi tillaga nefndarinnar um að enska verði fyrsta mál tengist annarri tillögu sem er mjög veigamikil í skýrslu nefndarinnar og tillögum hennar bæði um grunnskólann og framhaldsskólann, þ.e. skilgreiningu kjarnagreina. Kjarnagreinar skuli vera íslenska, stærðfræði og enska og þær greinar gangi í gegnum grunnskólann og framhaldsskólann, þ.e. þær greinar sem ber að leggja sérstaka áherslu á að nemendur öðlist djúpa þekkingu í. Þetta vil ég sérstaklega taka fram.

Ekki er gert ráð fyrir því að dregið sé úr dönskukennslu. Danska verður áfram samkvæmt tillögunum skyldunámsgrein og jafnmiklum tíma verður varið til dönskunnar og verið hefur til þessa. Að síðustu vil ég leggja sérstaka áherslu á það að við viljum efla dönskukennsluna, gera hana markvissari og skilvirkari, t.d. með því að tryggja að fagmenntaðir kennarar í dönsku sinni dönskukennslu í grunnskólum.

[15:44]

Árni Johnsen:

Virðulegi forseti. Það er kannski ekki meginmálið hvort danska er mál eitt eða tvö miðað við ensku en þó er mér nær að fylgja því að danskan hafi þann forgang sem hún hefur haft um langan tíma með tilliti til menningar okkar Íslendinga. Þó er fyrst og fremst grundvallaratriði að styrkja dönskukennsluna, gera hana líflegri og skemmtilegri, hún hefur verið leiðinleg í áratugi á Íslandi og það er almannarómur og það er kannski það sem vegur þyngst í því að hún stendur ekki vel í okkar máli. Jafnvel Íslendingar leyfa sér að tala ensku við frændur okkar í Færeyjum þar sem við getum talað íslensku á annað borð svo að þetta sýnir nú kannski á hvaða stigi við erum þessum efnum. Það er kannski ekki undarlegt að það sé erfitt því að lenskan er sú í fjölmiðlum, í kvikmyndum, í tónlist, jafnvel hjá reyndustu fjölmiðlum Íslendinga að sinna þar enskri tungu umfram allt annað, fremur íslenskri meira að segja. Og það segir söguna.

Ég vil rétt í lokin, virðulegi forseti, stinga upp á því að menn leggi á það áherslu að leita ráða hjá dönskum, mestu markaðsmönnum í heimi, um það hvernig megi markaðssetja dönskukennslu á Íslandi.

[15:46]

Kristín Einarsdóttir:

Frú forseti. Við höfum lært dönsku sem fyrsta erlenda tungumál lengi á Íslandi og ég hef ekki enn þá séð nein rök sem mæla með því að breyta því. Þau rök sem fram koma bæði í þessari skýrslu og annars staðar eru ekki það veigamikil að ég telji ástæðu til þess að breyta forgangsröðinni. Það að fagkennarar kenni ekki dönsku í skólum eru ekki rök fyrir því að seinka því að taka upp kennslu í dönsku heldur frekar að fagkennarar kenni hana alls staðar í grunnskólunum. Auðvitað er ekki hægt að neita því að það sé eðlilegt en ekki að það verði til þess að dönskukennslu verði seinkað.

M.a. af menningarlegum ástæðum tel ég mjög mikilvægt að við tökum upp kennslu í dönsku á undan ensku. Unga fólkið lærir ensku m.a. af fjölmiðlum þar sem við erum með meiri hlutann í t.d. sjónvarpinu á ensku. Þess vegna tel ég það mjög sterk rök að frekar eigi að byrja á dönskunni á undan dönskunni.

[15:47]

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Ég kannast við þessa umræðu á Alþingi. Ég hef flutt um það tillögu í tví- eða þrígang að enska verði gerð að fyrsta tungumálinu en einhverra hluta vega hefur sú tillaga aldrei komist út úr hv. menntmn. Þess vegna fagna ég auðvitað þeirri niðurstöðu sem sú nefnd um menntastefnu hefur komist að. Hún hefur fallist á þá hugmynd mína að enskan ætti að vera fyrsta tungumálið.

Fólk talar um að það séu engin rök fyrir því að enskan eigi að vera fyrsta tungumálið. Það eru mjög sterk rök fyrir því. Rökin eru fyrst og fremst þau að í skólum landsins á auðvitað að kenna fyrst og fremst það sem kemur nemendunum að notum þegar þeir koma út úr skólanum. Það hlýtur að vera rauði þráðurinn í gegnum námið að kenna þar hagnýta hluti. Ég held að enginn deili um það að enskan hefur miklu meira notagildi en nokkurn tíma danskan þegar komið er út í hinn stóra heim. Rökin fyrir því eru náttúr-

lega mjög sterk. Ekki þarf annað en líta til viðskiptalífsins eða almenns notagildis eða fara hreinlega til Danmerkur þar sem við sjáum fjöldann allan af Íslendingum tala ensku við Dani. Rökin fyrir því að enskan sé fyrsta tungumál eru því mjög sterk.

[15:49]

Pétur Bjarnason:

Virðulegi forseti. Ég held að þetta undirstriki að staða dönskunnar og dönskukennslunnar þarfnast athugunar við. Fyrir um aldarfjórðungi var farið að kenna 10 ára börnum dönsku sem ekki hafði verið, fram að því hafði dönskukennsla hafist hjá 12 ára börnum. Nýjung í kennsluháttum var tekin upp og öllu bylt um, lagt í þetta mikið en þetta skilaði að því er virðist litlum eða engum árangri. Nú er staðan sú að grunnskólanemendur eru eftir fimm ára nám í dönsku almennt afar illa að sér. Ég held að fjármagn þurfi að leggja í það að kanna stöðu dönskukennslunnar. Skoðun mín er sú að danskan sé hluti af því sem við þurfum að kunna ef við ætlum að taka þátt í samstarfi norrænna þjóða. E.t.v. væri norskan vænlegri, en það er kannski erfiðara um vik að fara að skipta um það núna en norrænt tungumál er okkur alger nauðsyn.

Ég vil aðeins benda á eitt atriði sem mönnum hefur sést yfir. Það að þýða og miðla barnaefni á íslensku er kannski ekki alltaf einhlítt því að þetta hefur haldist í hendur við það að Andrés Önd var þýddur á íslensku. Úr því hefur dönskukennslu sýnilega og mjög verulega hrakað.

[15:50]

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Af þátttöku í umræðum um þessa fyrirspurn finnst mér ljóst að mjög verulegur er áhugi á málinu á hv. Alþingi. Ef marka má þau sjónarmið sem hér hafa komið fram er hvorki hægt að lesa úr því stuðning við sjónarmið nefndarinnar né heldur það sem ég þóttist heyra hjá hæstv. ráðherra að hann styddi niðurstöðu nefndarinnar. Mér finnst það alvörumál og umhugsunarefni sem kom fram hjá hæstv. ráðherra að þetta væri ekki atriði sem yrði kveðið á um í lögum. Út af fyrir sig er það sjálfsagt skynsamlegt en í staðinn yrði þetta sett í aðalnámsskrá, sem sagt á valdi ráðherra og það finnst mér ekki eðlilegt. Ég tel eðlilegt að Alþingi hafi álit á þessu máli og geti tjáð sig um það.

Ég gat þess í upphafi að ég væri fylgjandi því að halda núverandi stöðu mála en ég tek fram að ég tel mikla og brýna nauðsyn á því að efla dönskukennslu í grunnskólum. Ég held að þar séu verulegar brotalamir og ég skil út af fyrir sig þau sjónarmið sem hafa verið færð fram. Takist það ekki er kannski eðlilegt að menn fari að hugsa sinn gang en það held ég að sé samt verkefnið.

Ég bendi á það að Kennarasamband Íslands og Hið íslenska kennarafélag hafa sent umsögn til nefndarinnar. Ég fékk aðgang að henni um þetta efni og þar telja þau orðrétt, með leyfi forseta, að: „umræða um kjarnagreinar þurfi lengri tíma. Uppi eru skiptar skoðanir um gildi þeirra yfir höfuð og einnig um það hverjar þær skuli vera. Kennarafélögin eru andvíg þeim áformum um mótun nefndar um menntastefnu að hefja enskukennslu á undan dönskukennslu án undangengins samráðs við fagfélög kennara og víðtækrar umræðu í þjóðfélaginu. Verði Norðurlandamálunum ýtt til hliðar til þess að auka svigrúm ensku í íslenskum skólum er hætta á að vegið sé að rótum íslenskrar menningar."

Þetta er hluti af áliti kennarafélaganna um þetta efni. Nú er vafalaust ýmsu háð hvernig skoðanir eru í þessum efnum og hér kunna einnig að vera tilfinningaleg atriði. Ég tel mjög mikilvægt að við séum mæltir á Norðurlandamál og ég tel að það þurfi að auka valfrelsi, a.m.k. á efri stigum náms í þeim efnum, og mér hefur alltaf fundist danska vera fallegt mál, eitthvert fallegasta erlenda málið sem ég heyri.

[15:53]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Við deilum þeirri skoðun, ég og hv. fyrirspyrjandi, að danskan sé fallegt mál. Það þykir mér líka. Til þess að fyrirbyggja allan misskilning vil ég segja að ég hef ekki tekið neina endanlega afstöðu til þessarar tillögu. Ég reyndi að gera grein fyrir rökstuðningi nefndarmanna og sagði að ég gæti að ýmsu leyti fallist á þennan rökstuðning. Það er eðlilegt að ákvæðin um fyrsta erlenda tungumálið komi í aðalnámsskrá en verði ekki sett í lög. Ég sagði hins vegar áðan og get endurtekið það að mér finnst líka eðlilegt að þessi mál verði rædd hér sérstaklega og eftir þessa umræðu, ekki bara núna heldur þá umræðu sem hefur kviknað vegna tillögu menntastefnunefndarinnar, sé kannski rétt að taka um þetta pólitíska ákvörðun þó að hún verði ekki fest í lög.

Ég fagna þeirri umræðu sem hér hefur orðið og sérstaklega þeim áhuga sem sýnilega er á því að dönskukennslan verði efld. Það er aðalatriðið. Ég veit að það kunna að vera uppi aðrar raddir en þessar til þess að efla dönskukennsluna, m.a. að byrja bara fyrr. En það hefur áður verið reynt eins og hv. þm. Pétur Bjarnason nefndi og virtist ekki skila þeim árangri sem að var stefnt. Ég er sammála því að hrapa hér ekki að neinu en ræða þetta með yfirveguðum hætti og kanna sem best hvernig bæta megi stöðu dönskukennslunnar í landinu.

Húsnæðisaðstaða Fjölbrautaskólans við Ármúla.

Fsp. FI, 32. mál. — Þskj. 32.

[15:55]

Fyrirspyrjandi (Finnur Ingólfsson):

Virðulegi forseti. Ég hef lagt fram fsp. til hæstv. menntmrh. um húsnæðisaðstöðu Fjölbrautaskólans við Ármúla í Reykjavík á þskj. 32. Það er orðin 20 ára saga sem liggur að baki byggingu Fjölbrautaskólans við Ármúla. Upphaflega var gert ráð fyrir því að þarna yrði byggður gagnfræðaskóli sem verknámshús og þar yrðu fimm álmur. Bygging fór nokkuð rösklega af stað til að byrja með en þó hafa enn ekki verið byggðar nema þrjár álmur við húsið. Árið 1979 fékk skólinn

nýtt hlutverk sem fjölbrautaskóli og hefur síðan verið kallaður Fjölbrautaskólinn við Ármúla.

Skemmst er frá því að segja að starfsaðstaða bæði nemenda og kennara við skólann er algerlega óviðunandi. Skólann bráðvantar samkomusal, mötuneyti, félagsaðstöðu fyrir nemendur og vinnuaðstöðu fyrir kennara. Ástandið í skólanum er núna þannig að nemendur skólans eru að halda mikla listahátíð, stórmerkilegt framtak, eina stærstu listahátíð sem framhaldsskóli í landinu hefur haldið, en vandamálið er hins vegar það að ekkert húsnæði er til fyrir skólann til þess að halda þessa hátíð. Nemendur hafa því ekki um annan kost að velja en þann að taka á leigu húsnæði fyrir listahátíðina. Listahátíðin stendur í fimm sólarhringa og fyrir leiguna í þann tíma þarf að greiða 120 þús. kr.

Félagsaðstaða nemenda er slík að þar getur sáralítið félagslíf verið stundað til viðbótar því að í þessum framhaldsskólum eru oft starfandi hinir ýmsu klúbbar þar sem nemendum gefst kostur á að leggja stund á ýmiss konar hagnýtt nám, en engri klúbbastarfsemi er hægt að halda gangandi í þessum skóla vegna þess ástands sem ríkir í húsnæðismálum. Í raun má því segja að það sé neyðarástand í Fjölbrautaskólanum við Ármúla. Og því spyr ég hæstv. menntmrh.: Eru uppi áform hjá menntmrh. um að ljúka við byggingu Fjölbrautaskólans við Ármúla? Ef svo er, hvaða fjármunir eru ætlaðir til þess á árinu 1995 og hvenær er stefnt að að ljúka við byggingu skólans?

[15:58]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Það er vissulega rétt sem kemur fram í orðum hv. fyrirspyrjanda að aðstaða nemenda og kennara þessa skóla er óviðunandi. Fjölbrautaskólinn við Ármúla mun hafa liðlega 3.800 fermetra húsnæði auk leiguhúsnæðis sem er svo sem ekki til frambúðar. Nemendur eru hátt á áttunda hundrað þannig að það er ljóst að þröngt er setinn bekkurinn en það má þó segja að húsnæðið sem skólinn hefur til umráða er í allgóðu ástandi að flestu leyti.

Hugmyndir um að ljúka byggingu skólans hafa verið uppi um alllangt skeið og þær hugmyndir eiga sér raunar mjög langa sögu. T.d. var árið 1983, fyrir 11 árum, gerð er tillaga að nýrri álmu. Eftir það hafa orðið breytingar á lóðamörkum og lóð skólans hefur nokkuð verið skert. Stjórnendur skólans hafa oftar en einu sinni vakið máls á húsnæðisvandræðum skólans, bæði við menntmrn. og við Reykjavíkurborg, og málið oft rætt og athugað. Fjárveitingar til viðbyggingar munu hafa verið á fjárlögum 1990 og 1991, að vísu engar stórar upphæðir, 2 millj. og 5 millj. hvort árið, en þær fjárveitingar munu í báðum tilvikum hafa verið notaðar til viðhalds á skólamannvirkjum Ármúlaskólans.

Ég held að það sé ekki hægt að kenna alfarið áhugaleysi ráðuneytisins á þessum árum um að viðbygging hefur aldrei komist á rekspöl, heldur hinu að önnur verkefni hafa jafnan þótt brýnni í samstarfi ríkis og Reykjavíkurborgar við uppbyggingu framhaldsskólanna. Á næsta ári er gert ráð fyrir 5 millj. kr. til endurbóta og breytinga á húsnæði skólans með það fyrir augum að bæta nýtingu þess en engar ákvarðanir hafa verið teknar um raunverulega viðbyggingu hliðstæða þeirri sem hefur verið ætluð til þess að ljúka byggingu skólans.

[16:00]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Finni Ingólfssyni fyrir að hreyfa þessu máli. Húsnæðismál Fjölbrautaskólans við Ármúla hafa áður verið rædd aftur og aftur á þingi á undanförnum árum og ég hygg að vandinn sé aðallega sá að ekki hefur verið farið í það með skipulegum hætti að ná samstöðu milli ríkisins og sveitarfélagsins Reykjavíkur um uppbyggingu og endurbætur á framhaldsskólunum í Reykjavík almennt. Staðreyndin er sú að aðbúnaður að framhaldsskólum í Reykjavík er miklu verri en annars staðar. Þrengslin eru hrikaleg í öllum skólunum. Við kynntumst því sum fyrir nokkru í iðnskólunum í Reykjavík. Við getum nefnt í þessu sambandi t.d. Menntaskólann við Sund, Menntaskólann við Hamrahlíð, Menntaskólann í Reykjavík og Fjölbrautaskólann í Breiðholti, svo að ég hygg að þegar staðan er skoðuð í þessum skólum sé hún lakari en menn þekkja hér annars staðar. Ég vil þess vegna nota þetta tækifæri, hæstv. forseti, til að hvetja hæstv. menntmrh. til að beita sér fyrir því að gerð verði til nokkurra ára endurbóta- og uppbyggingaráætlun fyrir framhaldsskólana í Reykjavík.

[16:02]

Fyrirspyrjandi (Finnur Ingólfsson):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. menntmrh. fyrir svörin. Þau því leysa miður mjög lítið úr þeim erfiðleikum sem þarna blasa við, bæði hjá nemendum og kennurum. Ég tek undir það með hv. þm. Svavari Gestssyni að það er einmitt núna mikilvægt að menntamálayfirvöld, menntmrn. og borgaryfirvöld í Reykjavík, setjist niður til þess að gera uppbyggingar- og viðhaldsáætlanir einmitt fyrir þessa skóla. Það er auðvitað ekki bara Fjölbrautaskólinn í Ármúla sem býr við þröngan kost þó ég haldi að það sé nú kannski hvergi eins slæmt. En í heimsóknum mínum í þessa skóla á undanförnum árum hef ég orðið var við að það er mjög slæmt ástand víða.

Þegar ég segi að það væri mjög skynsamlegt fyrir menntmrn. og borgaryfirvöld í Reykjavík að setjast nú niður og reyna að ná samstöðu um slíka uppbyggingaráætlun þá segi ég það vegna þess að ég hef ástæðu til að ætla að það sé betra fyrir menntmrn. nú að eiga við borgaryfirvöld í Reykjavík um þessi efni en áður þar sem nú er nýr meiri hluti við stjórn Reykjavíkurborgar og annar meiri hluti, meiri hluti sem hefur aðrar áherslur heldur en sá meiri hluti sem var þar áður.

[16:04]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Það má vel vera að það verði eitthvað þægilegra að eiga við núverandi borgaryfirvöld. Ég treysti mér ekki til að spá um það á þessu stigi málsins (**Gripið fram í:** Láttu á það reyna.) en sjálfsagt að kanna það. Sannleikurinn er sá að það hefur kannski skort á skilning á þörfinni fyrir uppbyggingu framhaldsskólakerfisins hér í Reykjavík, ekki endilega

hjá borgaryfirvöldum í Reykjavík heldur kannski hér í þinginu, hversu brýn þörf er einmitt hér í Reykjavík á uppbyggingu framhaldsskólanna. Það hefur verið bent á það að mikill fjöldi nemenda kom einmitt til Reykjavíkur utan af landi og sumir hafa þóst eygja þá einföldu lausn að byggja bara meira upp af framhaldsskólum úti á landi þá muni þessi þörf hér minnka. Ég held að það séu ekki. Það eru fleiri og aðrar ástæður sem ráða þessari ásókn nemenda utan af landi hingað til Reykjavíkur.

Ég bendi á að næsta viðfangsefni í uppbyggingu framhaldsskóla hér í Reykjavík er Borgarholtsskólinn sem eru að hefjast framkvæmdir við. Það verður fyrst og fremst verknámsskóli. Það er dýr bygging þannig að ég er ekki mjög bjartsýnn á að það takist að fá verulega fjármuni til annarra viðfangsefna meðan sú framkvæmd er hvað fjárfrekust.

Það liggja þegar fyrir nokkrar áætlanir um þörf á uppbyggingu og endurbótum framhaldsskólanna yfirleitt í landinu. Ég hef nefnt það áður að ég tel fulla þörf á því að leggja slíka áætlun fyrir Alþingi. Það er ekki síður þörf á að leggja slíka áætlun fyrir Alþingi heldur en vegáætlun og hafnaáætlun svo að ég taki bara dæmi um áætlanir sem Alþingi samþykkir.

Útbýting þingskjals:

Íþróttakennaraskóli Íslands að Laugarvatni, 90. mál, fsp. GHall, þskj. 90.

Fundi slitið kl. 16:06.

---

11. FUNDUR

mánudaginn 17. okt.,
að loknum 10. fundi.

Dagskrá:

1. Fjáraukalög 1994, stjfrv., 66. mál, þskj. 66. — 1. umr.
2. Lánsfjárlög 1995, stjfrv., 3. mál, þskj. 3. — 1. umr.
3. Ríkisreikningur 1991, stjfrv., 64. mál, þskj. 64. — 1. umr.
4. Ríkisreikningur 1992, stjfrv., 65. mál, þskj. 65. — 1. umr.
5. Bókhald, stjfrv., 72. mál, þskj. 72. — 1. umr.
6. Ársreikningar, stjfrv., 73. mál, þskj. 73. — 1. umr.

Út af dagskrá voru tekin 1.–6. mál.

Fundi slitið kl. 16:07.

---

12. FUNDUR

mánudaginn 17. okt.,
að loknum 11. fundi.

Dagskrá:

1. Lánsfjáraukalög 1994, stjfrv., 74. mál, þskj. 74, nál. 92 og 91. — 2. umr. *Ef leyft verður.*
2. Fjáraukalög 1994, stjfrv., 66. mál, þskj. 66. — 1. umr.
3. Lánsfjárlög 1995, stjfrv., 3. mál, þskj. 3. — 1. umr.
4. Ríkisreikningur 1991, stjfrv., 64. mál, þskj. 64. — 1. umr.
5. Ríkisreikningur 1992, stjfrv., 65. mál, þskj. 65. — 1. umr.
6. Bókhald, stjfrv., 72. mál, þskj. 72. — 1. umr.
7. Ársreikningar, stjfrv., 73. mál, þskj. 73. — 1. umr.

Útbýting þingskjala:

Lánsfjáraukalög 1994, 74. mál, nál. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 91; nál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 92.

Lánsfjáraukalög 1994, 2. umr.

Stjfrv., 74. mál (lántaka ríkissjóðs og húsbréfadeildar). — Þskj. 74, nál. 91 og 92.

[16:17]

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁgG, ÁRÁ, ÁJ, EH, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GAK, GHall, GunnS, HjálmJ, IP, JE, JGS, JónK, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, PBald, RA, REl, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, SvG, TIO.

28 þm. (ÁMM, BBj, DO, EgJ, GE, GuðjG, GB, GÁS, GÁ, GJH, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, JóhS, JBH, JHelg, KHG, PP, PJ, PB, SighB, StG, SJS, VS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

[16:21]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti á þskj. 92 um frv. til lánsfjáraukalaga fyrir árið 1994 frá meiri hluta efh.- og viðskn.

Nefndin hefur fjallað um málið. Á fund hennar komu frá fjmrn. Magnús Pétursson ráðuneytisstjóri, Þórhallur Arason skrifstofustjóri og Jón Ragnar Blöndal deildarstjóri, Ingi Valur Jóhannsson, deildarstjóri í félmrn., Grétar J. Guðmundsson rekstrarstjóri og Sigurður Geirsson, forstöðumaður verðbréfadeildar hjá Húsnæðisstofnun, og frá Seðlabanka Íslands Eiríkur Guðnason bankastjóri.

Útgáfa húsbréfa hefur verið mun meiri á þessu ári en gert var ráð fyrir. Líklegustu ástæðurnar eru taldar hagstæðir vextir og lítil afföll af bréfunum. Nú er svo komið að það fjármagn sem áætlað var til útgáfu húsbréfa í lánsfjárlögum fyrir árið 1994 er uppurið og hafa viðskipti með fasteignir nánast stöðvast af þessum sökum.

Meiri hluta nefndarinnar er ljós nauðsyn þess að leyst verði úr þessum vanda sem fyrst. Þá gerir meiri hlutinn ekki athugasemdir við 1. gr. frv. um auknar lántökur ríkissjóðs. Meiri hlutinn mælir því með samþykkt frv.

Undir þetta nefndarálit rita Rannveig Guðmundsdóttir, Sólveig Pétursdóttir, Ingi Björn Albertsson, Hjálmar Jónsson og Árni R. Árnason.

[16:22]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir nefndaráliti minni hluta efh.- og viðskn. sem er á þskj. 91 og undir álitið rita auk mín hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir, Jóhannes Geir Sigurgeirsson og Finnur Ingólfsson.

Það er ljóst, hæstv. forseti, að á undanförnum vikum og mánuðum hefur skapast ófremdarástand þar sem heimildir til útgáfu nýrra húsbréfa eru upp gengnar og biðraðir hafa myndast og fjöldi fólks hefur lent í vandræðum af þeim sökum, eins og kunnugt er. Það er auðvitað ótækt að það kerfi sem í gangi er og á að fjármagna jafnóðum fasteignaviðskipti á notaða markaðnum og/eða fyrirgreiðslu til þeirra sem eru að byggja nýtt húsnæði verði skyndilega óstarfhæft sökum heimildarskorts af þessu tagi.

Við í minni hlutanum styðjum þess vegna að þegar í stað verði veitt lagaheimild til útgáfu nýs húsbréfaflokks og þess sér stað m.a. í því að afgreiðsla þessa frv. er með óvenjuhröðum hætti, en því var, eins og kunnugt er, fyrst vísað til efh.- og viðskn. með formlegum hætti núna í upphafi fundar, um stundarfjórðung yfir kl. 3 í dag. Það verður því ekki við stjórnarandstöðuna eða efh.- og viðskn. að sakast í því efni, að þingið hefur unnið þetta mál með forgangshraða og það er fyrst og fremst með vísan til þess sem ég áðan sagði, að það ríkir ófremdarástand að því leytinu til að heimildir til útgáfu nýrra húsbréfa eru þrotnar.

Það er hins vegar ljóst að það er við mikinn vanda að etja í húsnæðiskerfinu og þar er að hlaðast upp mikill vandi sem engan veginn sér fyrir endann á. Útgáfa þessa nýja húsbréfaflokks breytir þar litlu um. Þannig liggur fyrir í gögnum sem efh.- og viðskn. hefur fengið og hv. þingmönnum er sjálfsagt kunnugt um, að vanskil hafa stóraukist í húsbréfakerfinu upp á síðkastið og nemur það svo miklu að um fjórðungur húsbréfalána er nú í vanskilum og einstakir útlánaflokkar standa þar jafnvel enn upp úr. Þar má nefna að um 60% allra greiðsluerfiðleikalána frá tilteknu tímabili eru nú í vanskilum.

Í öðru lagi er skemmst frá því að segja að öll útboð á nýjum húsnæðisbréfum, tilraunir til að bjóða út á markaði húsnæðisbréf, undanfarna mánuði hafa reynst árangurslaus. Það er í raun og veru einfaldast að kalla það því nafni. Í einstaka útboðum hafa selst húsnæðisbréf fyrir fáeina tugi milljóna króna undir þeim vaxtaviðmiðunum sem ríkisstjórnin hefur sett sér, en upp á síðkastið hafa slíkar tilraunir verið með öllu árangurslausar, þ.e. engin ný húsnæðisbréf hafa selst á þeirri ávöxtunarkröfu sem markmið ríkisstjórnarinnar ganga út á og slíkum útboðum hefur nú verið hætt. Með öðrum orðum, Byggingarsjóður ríkisins hefur ekki náð að afla sér neins nýs fjár vegna húsbréfadeildar á eigin vegum með útboði húsnæðisbréfa, alls ekki. Það hefur því verið gripið til þess ráðs að ríkissjóður endurfjármagnar, nýtir í raun og veru í gegnum Lánasýslu ríkisins, lántökuheimildir byggingarsjóðanna og fjármagni er fleytt í gegnum ríkissjóð yfir í byggingarsjóðina. Þannig er kerfið rekið í dag og auðvitað víðs fjarri þeim áformum sem stóðu til þess, að byggingarsjóðirnir fjármögnuðu sig sjálfir eða leystu úr fjármagnsþörf sinni sjálfir með útboðum á markaði.

Í þriðja lagi eru vextir áberandi hækkandi í kerfinu þessa daga og nægir þar að nefna að ávöxtunarkrafa húsbréfa á eftirmarkaði rýkur upp þessa dagana og hefur á fáeinum dögum, samkvæmt gögnum sem efh.- og viðskn. fékk í morgun, hækkað úr því að vera undir 5%, sumar- eða vormánuðina, í 5,40 í byrjun októbermánaðar, í 5,50 nú fyrir helgina og í morgun fór ávöxtunarkrafan í 5,65% á Verðbréfaþinginu, samkvæmt kauptilboðum sem þar lágu fyrir. Það hefur því á skömmum tíma orðið stökk upp á við í ávöxtunarkröfu húsbréfanna á eftirmarkaði og segir auðvitað sína sögu og talar skýru máli um vaxtaþróunina þessa dagana. Vextir eru hækkandi, bæði á markaðnum en líka vegna einhliða ákvarðana ríkisstjórnarinnar, sem aftur er komin í sitt gamla far og hækkar nú vextina með eigin ákvörðunum, rétt eins og hún gerði í upphafi síns ferils. Við í minni hlutanum gagnrýnum þar sérstaklega þá fráleitu ákvörðun hæstv. félmrh. að hækka vexti á húsbréfalánum við þessar aðstæður, við þessar viðkvæmu aðstæður sem ríkja á markaðnum, en ljóst er auðvitað að ákvörðun hæstv. félmrh. um að hækka ábyrgðargjald á húsbréfum jafngildir samsvarandi hækkun vaxta í því kerfi.

Í fjórða lagi er rétt að nefna að samkvæmt upplýsingum sem efh.- og viðskn. fékk í morgun er Seðlabankinn kominn í þrot með kaup á ríkisskuldabréfum, pappírum og húsbréfum og hefur haldið að sér höndum upp á síðkastið hvað frekari kaup varðar. Allt þetta eru auðvitað stórkostleg hættumerki á þessum markaði og það væri meira en lítið óraunsæi að horfast ekki í augu við þær staðreyndir sem hér hafa verið raktar og segja auðvitað sína sögu um þetta ástand. Upplýst er að samanlögð nettóeign Seðlabankans á ríkispappírum, þ.e. húsbréfum, ríkisskuldabréfum og ríkisvíxlum, er nú liðlega 25 milljarðar kr. og hefur aukist stórlega á undangengnum mánuðum, þangað til Seðlabankinn treysti sér ekki til að kaupa meira, var kominn í þrot og hefur nú haldið að sér höndum um nokkurt skeið. Þessi eign Seðlabankans skiptist þannig í grófum dráttum að Seðlabankinn á liðlega 4 milljarða kr. í húsbréfum. Seðlabankinn á meira en helming eða um

helming af öllum útistandandi ríkisvíxlum sem eru upp á 11,8 milljarða eða tæpa 12 milljarða kr. og í spariskírteinum á Seðlabankinn um 8 milljarða, en af þeim hefur hann að sögn getað endurselt eitthvað til erlendra aðila, fyrst og fremst Norræna fjárfestingarbankans, NIB. Samanlagt gerir þetta, eins og áður sagði, um 25 milljarða sem Seðlabankinn á nettó í slíkum pappírum og eru þá frádregnar innstæður ríkissjóðs hjá Seðlabankanum. Þannig að hér er um nettóstöðu Seðlabankans gagnvart ríkissjóði að ræða. Það er auðvitað ljóst að þegar þessi stóra upphæð er sett í samhengi við aðrar slíkar á peningamarkaði, hvort sem er heldur peningamagn í umferð eða til að mynda rekstrarumfang ríkissjóðs eða niðurstöðutölu fjárlaga, þá er hér er um gífurlega háa fjárhæð að ræða, sem er nálægt því að vera fjórðungur af niðurstöðutölu fjárlaga, sem Seðlabankinn liggur nú með í þessum ríkisbréfum og að hluta til eru þar á ferðinni langtímapappírar sem ekki er auðvelt að afsetja á skömmum tíma.

Hæstv. forseti. Þetta vil ég láta koma fram í sambandi við þá stöðu, þann mikla vanda sem þarna er að hlaðast upp og talsmenn ríkisstjórnarinnar og hæstv. fjmrh. hefur í umræðum hér að undanförnu gert lítið úr, en er auðvitað afar mikið áhyggjuefni, svo ekki sé nú meira sagt. Þegar allt þetta er lagt saman, hin stórauknu vanskil, sú staðreynd að húsnæðisbyggingarsjóðirnir ná ekki að fjármagna sig á markaðnum með þeim hætti sem ráð var fyrir gert og síðan sú staðreynd að Seðlabankinn er kominn í þrot og getur ekki lengur haldið kerfinu gangandi með áframhaldandi kaupum á bréfum, þá hlýtur öllum að vera ljóst að fram undan eru óvissu- og erfiðleikatímar í þessu efni. Það leita auðvitað ýmsar spurningar á hugann varðandi það til hvaða úrræða sé unnt að grípa og hvort ekki hafi átt sér stað stórkostleg mistök í ákvarðanatöku á þessu sviði á undanförnum missirum. Má þar til að mynda nefna þá ákvörðun að rjúfa samningsbundin tengsl lífeyrissjóðanna við byggingarsjóðina um fjármögnun á byggingarsjóðunum, en það var eins og kunnugt er gert í tíð þessarar ríkisstjórnar.

Sömuleiðis virðist ljóst að sú ákvörðun sem menn hafa mjög hreykt sér af, að hverfa frá því fyrirkomulagi að ríkissjóði sé heimilt að yfirdraga á reikningi sínum í Seðlabankanum og hann skuli nú og hér eftir alfarið leysa fjárþörf sína með útboðum á markaði, er hluti af þeirri spennu eða þeim vanda sem þarna er að hlaðast upp.

Þá vekjum við í minni hlutanum athygli á því að í fyrri grein frv. er ríkisstjórnin að óska eftir heimild til viðbótarlántöku fyrir ríkissjóð vegna aukins hallarekstrar á þessu ári, þ.e. þess aukna hallarekstrar sem þegar liggur fyrir upp á 1.250 millj. kr. og er þar að sýna sig að forsendur fjárlaga yfirstandandi árs reyndust fúnar og ótraustar, eins og þegar var bent á af okkar hálfu sl. vetur. Hér er þó eingöngu um að ræða þá umframfjárþörf ríkissjóðs sem þegar er fyrir séð og liggur fyrir á yfirstandandi ári, en það fer auðvitað víðs fjarri að öll kurl séu þar komin til grafar og með öllu óljóst hversu mikill hallinn verður og hversu mikil viðbótarfjárþörf, lánsfjárþörf ríkissjóðs verður þegar upp verður staðið. En hér er farið fram á 1.250 millj. kr. í viðbót.

Hæstv. forseti. Er fjmrh. farinn úr landi eins og aðrir ráðherrar? Það væri fróðlegt að vita hvort fjmrh. hefur forðað sér úr landi eða er viðstaddur þessa umræðu. Þetta mun heyra undir hæstv. fjmrh. (Gripið fram í.) Er þetta hæstv. fjmrh.? Já. Það er a.m.k. skugginn af honum. Það er mikið ánægjuefni að hæstv. fjmrh. skuli mega hér við bindast og vera í salnum eða nálægt honum og þá er ástæða til að ræða það lítillega frekar, úr því að hæstv. fjmrh. er viðstaddur, að með þessu er auðvitað verið að viðurkenna að forsendur fjárlaga fyrir yfirstandandi ár standast ekki. Þarna vantar verulega upp á. Skýringar á þessu eru að sjálfsögðu ýmsar tíundaðar, þar á meðal þær að ýmis sparnaður sem átti að ráðast í samkvæmt forsendum fjárlaga hefur ekki náðst fram, áform þar um hafa gufað upp. Á það ekki síst við um heilbrrn. sem átti að spara stórar fjárhæðir, sumpart á afar ótraustum forsendum, þ.e. það var ekki vandlega útskýrt hvernig sá sparnaður átti að nást, enda hefur komið á daginn að lítið hefur orðið úr því. En það er í sjálfu sér ekki ástæða til að fjölyrða mikið um þennan þátt málsins á þessari stundu, en auðvitað augljóst mál að stjórnarandstaðan treystir sér ekki til að bera ábyrgð á þessari viðbótarfjárþörf ríkissjóðs frekar en á stefnu hæstv. ríkisstjórnar almennt í ríkisfjármálum og landsfjármálum ríkisins. Við vísum því alfarið ábyrgðinni á herðar hæstv. ríkisstjórn um þetta atriði, þennan þátt málsins og stjórnarandstaðan boðar í minnihlutaáliti sínu, sem hér er mælt fyrir, að hún muni sitja hjá við atkvæðagreiðslu um þessa grein, en styðja, eins og áður hefur komið fram, heimildina sem lýtur að útgáfu nýs húsbréfaflokks.

Um þetta, hæstv. forseti, er svo ekki þörf af minni hálfu að segja öllu meira. Við tökum ekki ábyrgð á því og vísum í raun allri ábyrgð á ríkisstjórnina á því hvernig þessi mál hafa þróast í tíð hæstv. ríkisstjórnar. Það er alveg ljóst að það eru mörg veikleikamerki í stöðunni eins og hún blasir við um þessar mundir, mjög alvarleg veikleikamerki. Hæstv. ríkisstjórn byggir stefnu sína um þessar mundir einkum og sér í lagi á einu undirstöðuatriði, grundvallaratriði, að sögn, sem gengur eins og — það má kannski ekki segja rauður þráður, kannski frekar blár þráður í gegnum fjárlagafrv., þ.e. vaxtalækkun. Hæstv. fjmrh. setur það í greinargerð síns frv., nokkrum sinnum á hverri blaðsíðu, að forsendur þessa og forsendur hins séu áframhaldandi lækkun vaxta. En nú blasa hér við gögn, m.a. þau sem ég hef vitnað til að efh.- og viðskn. hefði fengið á fund sinn í morgun, sem öll vísa í gagnstæða átt. Það er veruleg vaxtahækkun í gangi, a.m.k. á skammtímamarkaði og ber þar hæst það sem ég hef vitnað til í sambandi við ávöxtunarkröfu húsbréfa og ákvarðanir ríkisstjórnarinnar sjálfrar um vaxtahækkanir í einstökum tilvikum. Þessa hluti verður hæstv. ríkisstjórn auðvitað að svara fyrir og ekki ástæða til þess af okkar hálfu að fara að bera ábyrgð á því sem snýr að þessari framkvæmd efnahagsstefnunnar frekar heldur en að við höfum á undanförnum þingum stutt fjárlagafrum-

vörp eða lánsfjárlagafrumvörp þessarar ríkisstjórnar.

Um þetta held ég, hæstv. forseti, að ég hafi svo ekki fleiri orð á þessu stigi. Mál þessu tengd eiga að sjálfsögðu eftir að vera hér til umræðu og umfjöllunar með ýmsum hætti á næstu dögum þingsins þar sem hér liggja fyrir bæði lánsfjárlög fyrir árið 1995 og fjáraukalagafrumvörp, auk þess sem ríkisreikningar verða hér væntanlega til umræðu. Verður þá í einstökum atriðum farið nánar yfir þá þætti í ríkisfjármálunum hvað varðar peningamál, vaxtastig og annað sem nauðsynlegt er að ræða og úrskeiðis hefur farið hjá hæstv. ríkisstjórn.

[16:39]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Það er í sjálfu sér ekki þörf á að hafa langar umræður við 2. umr. um það frv. sem hér liggur fyrir. Ég tek undir það sem kom fram hjá frsm. 1. minni hluta, að það væri eiginlega ekki hægt að afgreiða þetta mál hraðar frá þinginu heldur en gert var. Það var afgreitt frá nefndinni, að ég held, á sömu 10 mínútunum og því var vísað til hennar hér í atkvæðagreiðslu, sem byggðist á því að við höfðum unnið að því bæði fyrir og eftir helgina.

Það er samdóma álit nefndarmanna að það beri að flýta fyrir þessari afgreiðslu á lánsheimild til þess að hægt sé að gefa út nýjan húsbréfaflokk. Það er hins vegar, í það minnsta í mínum huga, eilítið á reiki hvernig ríkisstjórnin ætlar síðan að spila þetta mál áfram og það eru strax hættumerki uppi. Við höfum heyrt viðvörunarorð frá fasteignasölum, sem hafa bent á að þessar heimildir verði uppurnar strax í byrjun desember. Það segir kannski mest um stjórnina á peningamálunum að það dugi náttúrlega alls ekki til þeir rúmlega 11 milljarðar sem ætlaðir voru í þetta, 11,8 ef ég man rétt, í lánsfjárlögum síðasta árs. Það dugi ekki heldur til þegar búið verður að hækka þetta upp í rúmlega 15 milljarða. Það mun ekki einu sinni hrökkva til fyrir eftirspurn eftir húsbréfum á þessu ári. Og ég lýsi eftir því við talsmenn núv. ríkisstjórnar og þá hæstv. fjmrh., sem leggur þetta mál fram, þó að að sjálfsögðu heyri húsnæðismálin undir félmrh. — ég býst ekki við því að hv. þm., fyrrv. félmrh., sem hér er í salnum, muni fara að svara fyrir ríkisstjórnina í þessu máli, en er henni þó líklega málið skyldast. En ég hlýt að lýsa eftir því hvernig hæstv. ríkisstjórn ætlar að stýra þessum málum áfram. Það er alveg ljóst að á síðasta ári gáfust menn upp við að láta markaðinn stýra húsbréfakerfinu. Það hafði einfaldlega sýnt sig að það gekk ekki upp, byrjunarörðugleikarnir voru það miklir. Menn tóku húsbréfalán þrátt fyrir óheyrileg afföll sem kemur fram í því að nú er fjöldi fjölskyldna í landinu er með drápsklyfjar á bakinu vegna þess að húsbréfin voru svo ódrjúg, afföllin fóru langt fram úr öllu velsæmi vil ég segja. Þegar ríkisstjórnin bjó til 5,00% regluna, þ.e. að fjármagn sem ríkið mundi sækja á hinn almenna markað mætti ekki fara yfir 0,00% ávöxtun eða vexti og húsbréfin voru sett niður í nánast sama vaxtastig með því sem ég vil kalla handafl, gaf náttúrlega auga leið að eftirspurnin mundi stóraukast. Ég hlýt að spyrja hæstv. fjmrh. hvort það sé stefna ríkisstjórnarinnar áfram að viðhalda þessu vaxtastigi. Auðvitað er það gott að geta haft lægri vexti og þá spyr ég hæstv. ríkisstjórn hvernig hún ætlar þá að svara þeirri eftirspurn eftir lánsfé í húsnæðiskerfi sem þessu fylgir óhjákvæmilega.

Á fundum nefndarinnar og sérstaklega með Eiríki Guðnasyni seðlabankastjóra í morgun hefur komið fram að Seðlabankinn er kominn í þrot. Af þeim 11,8 milljörðum sem hafa verið gefin út af húsnæðisbréfum á þessu ári hefur Seðlabankinn keypt 4 og situr uppi með það og engin hreyfing er á þeim pappírum. Mér sýnist því miður að alvarleg teikn séu á lofti í vaxtamálum og nú sé að koma fram að sá grundvöllur sem byggður er á haldi ekki öllu lengur. Ég vek athygli á að ekki er verið að tala um vexti á skammtímakröfum. Hér er verið að tala um vexti á langtímabréfum og ávöxtun þeirra. Í mínum huga er verulegt áhyggjuefni hvernig þessi mál þróast á næstunni.

Einnig er afar sérstætt að hlusta á talsmenn fjmrn. tala um það að nú hafi það allt í einu gerst að ríkið sitji ekki lengur eitt að þessum markaði, þ.e. að gefa hér út verðbréf á innlendan peningamarkað. Allt í einu hafi dúkkað þar upp nýir aðilar sem voru bæði sveitarfélög og fyrirtæki í landinu. Auðvitað var fyrirséð að þetta mundi gerast. Auðvitað gat það ekki gerst að ríkið segði með hótunum eins og gert var í fyrra: Við viljum ekki hafa hærri ávöxtun á þeim peningum sem við erum að kaupa en 5%. Eftir sem áður, og það hef ég margoft sagt hér úr þessum ræðustól, voru fyrirtækin með skammtímafjármögnun sína að borga 12–14% vexti. Að sjálfsögðu hafa betur þau fyrirtæki sem eru betur stödd og njóta góðs trausts úti á lánamarkaði, að sjálfsögðu hafa þau komið, fylgt í kjölfarið og þykjast hafa himin höndum tekið að geta tryggt sér skammtímafjármögnun á milli 6 og 7% vöxtum í staðinn fyrir þessa 12–14 sem þau voru að borga í bankakerfinu. Mér finnst þetta út af fyrir sig af hinu góða og þetta virðist hafa verið hið eina sem bankarnir skildu varðandi vaxtastefnu sína. Hinn flöturinn á þessum peningi er að þetta skilur þau fyrirtæki sem hafa ekki burði til þess að fara út á hinn almenna markað og selja þar bréf eftir í erfiðari stöðu en áður en ég ætla ekki út í að frekar hér.

Virðulegur forseti. Nefndin hefur m.a. kallað til sín fulltrúa frá húsnæðismálastjórn og ég verð að segja það sem skoðun mína að eftir þá fróðlegu yfirferð að það styrkti mig í þeirri trú að húsbréfakerfið sé ansi vanburðugt enn þá og menn hafa verið allt of fljótir að lýsa því yfir strax á fyrstu dögum þess að þarna væri komin hin eina og sanna patentlausn fyrir húsnæðiskerfi okkar og það var búið að ýta því fullsköpuðu úr vör. M.a. kom fram hjá fulltrúum húsnæðismálastjórnar að 15% af því greiðslumati, sem hefði farið fram, væri nánast algerlega út í hött. Þetta voru tölur sem þeir höfðu beint fyrir sér en þeir óttuðust að þær væru í raun miklu hærri og eftirlitið og framkvæmdin að þessu hefði ekki verið sem skyldi. Það er nokkuð seint, virðulegur forseti, að þetta sé að koma upp á yfirborðið fyrst núna, ekki síst vegna þess að því miður hefur maður séð að allt of margir lántakendur hafa tekið

greiðslumatið sem einhverja tryggingu fyrir því að þeir gætu nú staðið undir svo og svo mörgum milljónum að láni. Það virðist hafa mistekist í offorsinu við að kynna þetta dýrðarinnar kerfi sem átti öllu öðru að hafa tekið fram og var keyrt fram af offorsi til þess að reyna að sína fram á hina miklu galla 86-kerfisins. Það offors leiddi m.a. af sér að þessi kerfi voru keyrð samtímis sem íþyngdi húsnæðiskerfinu óhóflega meðan það átti sér stað. En við skulum vona að mönnum takist að sníða af þessu verstu agnúana á næstunni og ekki ætla ég að mæla með því að við tökum eina kollsteypuna enn í húsnæðismálum. Ég mæli frekar með því að menn reyni að sníða mestu vankantana af húsbréfakerfinu og koma því á þá fætur að það geti farið að lifa sjálfstæðu lífi eins og það var kynnt fyrir okkur þegar var verið að koma því á á sínum tíma.

Fyrir helgina var nokkur umræða um ríkisábyrgð eða ekki ríkisábyrgð á húsbréfum. Ég ætla ekki að fara út í hana frekar en ég held að mjög nauðsynlegt sé að fara í gegnum þá umræðu þannig að menn átti sig á því hvað menn eiga við þegar þeir tala um það að ríkisábyrgðin tryggi meiri jöfnuð, bæði milli tekjuhópa og landshluta. Ef ríkisábyrgðin á að gera það í sjálfu sér gerist það ekki á annan hátt en þann að ríkið sé þá tilbúið til þess að koma með peninga inn í kerfið sem nemur því sem lánað hefur verið umfram það sem markaðurinn stæði undir ef viðkomandi eignir yrðu seldar aftur. Ég sé ekki að það geti gerst á annan hátt. Þá verða menn að taka þá pólitísku afstöðu og þá ákvörðun að svo skuli það vera. Að öðrum kosti sé ég ekki á hvern hátt ríkisábyrgðin geti gagnast þessum hópum.

Mér barst í dag bréf sem formanni efh.- og viðskn. frá Grétari J. Guðmundssyni, rekstrarstjóra Húsnæðisstofnunar ríkisins, þar sem hann vill koma því á framfæri að ekki sé til neitt það nefndarálit sem hv. 12. þm. Reykv. vitnaði í í umræðunum fyrir helgina. Slíkt nefndarálit hefur ekki verið gefið út en sú nefndarvinna mun vera í gangi og væntanlega hefur hv. þm., sem fyrrv. félmrh., haft aðgang að þeim gögnum sem við almennir þingmenn höfðum ekki og sýnir kannski að oft er erfitt að standa á þeim landamærum sem hv. þm. stendur á núna. — Ef hv. þm. heyrði það ekki áðan var ég að vitna í bréf sem mér hefur borist frá Grétari J. Guðmundssyni varðandi það að það nefndarálit sem hv. þm. vitnaði í fyrir helgina væri ekki til því að nefndin hefði ekki lokið störfum. Þar væri þó ekki hægt að vitna í neitt nema mismunandi skoðanir einstakra nefndarmanna en í bréfinu kemur fram að nefndin er ekki sammála og ekki samstiga í málinu og það er í raun skoðun minni hlutans, sem hv. þm. var að túlka. Þetta eru gögn sem eru okkur almennum þingmönnum ekki tiltæk en hv. 12. þm. hefur væntanlega haft aðgang að þar sem það er svo ógnarstutt síðan hv. þm. bar sína ábyrgð á framkvæmdarvaldinu og þessari okkar blessaðri ríkisstjórn.

[16:54]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Afgreiðsla þessa máls, sem við erum að ræða, er nokkuð óvenjuleg og það er eitt aðalerindi mitt upp í þennan ræðustól að gera athugasemd við þennan málarekstur. Mér finnst það óeðlileg málsmeðferð að lánsfjáraukalög séu afgreidd áður en fjáraukalög hafa verið afgreidd, þ.e. við veitum fyrst heimild til að taka lán áður en búið er að samþykkja þau atriði sem búið er að taka lánin til að greiða. Mér finnst þetta ekki eðlileg málsmeðferð og ég vil koma því á framfæri hér.

Hitt er annað mál að við þingmenn höfum mikinn skilning á þeim vanda sem uppi er í húsbréfakerfin og mér hefði þótt eðlilegt að taka það mál út úr og veita því forgang en láta 1. gr. þessa frv. bíða þannig að fjáraukalögin hefðu verið afgreidd fyrst og síðan lánsfjáraukalög. En ákveðið var að gera þetta svona, að afgreiða þetta frv., fyrst og fremst vegna húsbréfakerfisins svo að menn fari ekki að skilja þetta í sundur, en ég ítreka það að mér finnst þetta ekki eðlilegt.

Menn hafa einkum rætt um 2. gr. þessa frv., þ.e. það sem snýr að húsbréfakerfinu. Það er ekki að undra því að nefndin eyddi allmiklum tíma í að fara yfir þau mál og þar kom margt mjög athyglisvert fram sem enn einu sinni segir okkur að við þurfum að skoða mjög vel það ástand sem ríkir nú í húsnæðismálum. Það er eins og menn hafi varpað öndinni léttara eftir að húsbréfakerfið tók til starfa og eftir að samið var um það að efla félagslega húsnæðiskerfið. Mjög athyglisverðar upplýsingar komu fram á fundi nefndarinnar í morgun um það að svo virtist sem það væri að draga úr umsóknum til byggingar félagslegra íbúða. Mér þykir það mjög merkileg tíðindi ef staðan í félagslega húsbréfakerfinu er orðin með þeim hætti úti á landi, þetta virðist sérstaklega gilda um landsbyggðina, að menn séu að nokkru leyti búnir að fullnægja eftirspurninni þar eða sem sagt, þar sé farið að draga úr eftirspurninni. En auðvitað getur margt annað spilað þar inn í eins og ástandið hjá fólki, þ.e. að það ráði ekki einu sinni við að kaupa félagslegar íbúðir.

Síðan er það millihópurinn sem lendir á milli þessara kerfa, félagslega húsnæðiskerfisins og húsbréfakerfisins og síðan hinir vaxandi erfiðleikar í húsbréfakerfinu sem m.a. koma fram í miklum vanskilum þar. Þetta þurfum við allt að skoða í samhengi og kanna til hvaða ráðstafana þarf að grípa. Það er líka athyglisvert að um leið og eftirspurnin eftir húsbréfum fer vaxandi aukast vanskilin. Maður hefði kannski haldið að þetta færi saman en það er ekki þar með sagt að það sé sami hópurinn sem á í hlut. Einhverjir telja sig ráða við það að taka húsbréfalán meðan aðrir eru í miklum greiðsluerfiðleikum.

Ekki er ástæða til þess að fara mjög mörgum orðum um þetta. Við ræddum húsbréfakerfið rækilega við 1. umr. og margt hefur skýrst í því máli en ég minni á 1. gr. þessa frv. sem menn hafa ekki veitt jafnmikla athygli í umræðunni. Þar er auðvitað um það að ræða að verið er að sækja um 1.250 millj. kr. aukaheimild vegna efnahagsstjórnunar ríkisstjórnarinnar og vegna þeirrar umframeyðslu sem átt hefur sér stað hjá ríkissjóði. Ég minni enn á það hversu illa grundaðar þær forsendur eru sem ríkisstjórnin byggir á og byggði á í áætlunum þessa árs. Þar er um að ræða áform sem aug-

ljóst mátti vera að mundu ekki ganga fram eins og sparnaður í heilbrigðiskerfinu sem er ekki hægt að ná fram með þessum hætti enda hafa menn gefist upp við það. En hér er líka um að ræða ýmsar ákvarðanir sem hafa verið teknar og ýmiss konar umframútgjöld sem við munum ræða betur þegar kemur að fjáraukalögunum.

Ekki er ástæða til þess að ræða þetta nánar að sinni. Við kvennalistakonur munum sitja hjá við 1. gr. frv., enda ber ríkisstjórnin ein ábyrgð á þeirri eyðslu sem þar er að finna umfram fjárlög en við teljum sjálfsagt að styðja þessa heimild til húsbréfakerfisins. Það er ljóst að þar er við ákveðinn vanda að stríða sem verður að leysa þó eins og ég sagði áðan þurfi að skoða þessi húsnæðismál öll í heild og við að átta okkur betur á því hvernig ástandið er í raun og veru.

[17:01]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Rannveig Guðmundsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ástæða þess að ég kem upp í andsvari er athugasemd hv. þm. Kristínar Ástgeirsdóttur um að óeðlilegt væri að afgreiða lánsfjáraukalög með 1. gr. inni miðað við að við höfum ekki enn þá samþykkt fjáraukalögin. Vissulega er þetta athugasemd sem getur alveg átt rétt á sér sem slík. Við ræddum þetta í efh.- og viðskn. að 1. gr. lánsfjáraukalaga er um það að hækka heimild fyrir ríkissjóð að vera með lántökur um 1.250 millj. kr. og það er vegna þess að gjöld umfram tekjur verða um 1.250 kr. meiri en áætlað var í fjárlögum. Þar sem við stjórnarliðar stöndum að þessum fjáraukalögum og það var örlítið rætt með hvaða hætti afgreiðsla efh.- og viðskn. gæti orðið ef við hefðum sleppt að afgreiða 1. gr. þá var það niðurstaða okkar að gera það með þessum hætti. Þetta er því ekki eitthvað sem var látið rekast, við skoðuðum þetta mál og stöndum að sjálfsögðu að þessari heimild til lánsfjárlaga um breytingu upp á 1.250 millj. enda munum við standa að þessari ákvörðun í fjáraukalögum. Ég vildi gjarnan láta þetta koma fram vegna athugasemdanna.

[17:02]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hér er ekki um að ræða spurninguna um það að hverju meiri hluti þingsins ætlar að standa eða hefur hugsað sér að standa að heldur hvað eru eðlileg vinnubrögð og þingleg vinnubrögð. Mér finnst það einfaldlega ekki eðlilegt að byrja á því að samþykkja að það verði tekin lán til einhvers og fara síðan á eftir að samþykkja það sem á að taka lánið fyrir, þau atriði sem kalla á lántöku. Mér finnst þetta ekki eðlileg meðferð en ég ætla að láta þetta yfir mig ganga og ekki síst til þess að 2. gr. um húsbréfakerfið nái í gegn og það jafnvel á þessum degi.

[17:03]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Rannveig Guðmundsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Eins og ég sagði áðan þá má alveg segja það að þetta sé réttmæt athugasemd sem slík. Við erum að afgreiða þetta frv. til lánsfjáraukalaga með óvenjulegum hraða. Við tókum það fyrir í efh.- og viðskn. á fimmtudagsmorgun á fundi áður en málið kom til umræðu í þinginu og við ræddum það á aukafundi í dag með hagsmuni þeirra sem bíða eftir að hægt sé að fara að afgreiða húsbréf í huga og það voru nokkrir örðugleikar að gera þetta á annan hátt og því var þetta niðurstaða okkar. Ég get alveg fallist á það og mundi sjálf gjarnan vilja standa þannig að málum að vera aldrei að afgreiða neitt í öfugri röð en það var niðurstaða okkar að gera þetta þrátt fyrir það prinsipp að þessu sinni.

[17:04]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég tel í sjálfu sér ekki sæta neinum tíðindum þótt hæstv. ríkisstjórn vilji afgreiða hlutina í öfugri röð. Það hefur reyndar yfirleitt verið þannig en það er hins vegar athyglisvert að hún skuli ekki vera tilbúin til þess að fallast á þessa litlu tæknilegu ábendingu sem fram komu hjá hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur sem er örugglega alveg rétt ábending í sjálfu sér en stjórnarliðið treystir sér ekki til að fallast á hana þó að öll rök mæli með því að á þessi sjónarmið sé fallist sem fram kom í ræðu hv. 15. þm. Reykv.

Ég tel sérstaka ástæðu til þess að þakka fyrir það að hæstv. fjmrh. skuli vera á landinu. Það er alveg sérstakt fagnaðarefni að hafa einn ráðherra og ber auðvitað að veita honum alveg sérstaka — já og hann stendur upp og hneigir sig — viðurkenningu fyrir það að hann skuli sýna Alþingi og þjóðinni svo mikinn sóma að vera viðstaddur þegar verið er að ræða þetta mál. Ég kann ekki við að bera frekara lof á hæstv. ráðherra fyrir þetta afrek hans en miðað við aðra ráðherra þá er hann alveg sérstakur afreksmaður og ber að halda því til haga. Sérstaklega er þetta athyglisvert í samanburði við ráðherra Alþfl. því þeir eru aldrei hérna en þeir ku vera fjórir ráðherrar Alþfl. Einu sinni voru þeir fimm, sá fimmti er hættur, sá sem var og situr nú hér sem óbreyttur þingmaður úti í sal en hinir fjórir koma aldrei hérna. Það er í sjálfu sér alveg ástæðulaust að sakna þeirra neitt sérstaklega, ég viðurkenni það, nema í þessu máli þar sem hefði verið full ástæða til þess að hafa hæstv. félmrh. því þetta eru nú einu sinni húsnæðismál sem við erum að tala um fyrst og fremst. Hér er í raun og veru verið að tala um það hvernig á að fjármagna húsnæðiskerfið. Hér er verið að tala um vanda húsnæðiskerfisins. Hér er verið að tala um það að húsbréfakerfið stendur þannig að þar er um að ræða stórkostleg vanskil. Hjá mörgum þúsundum skuldara er um að ræða vanskil og yfirvofandi nauðungaruppboð þannig að hér er auðvitað fyrst og fremst um húsnæðismál og vanda húsbyggjenda í landinu sem við erum að ræða. En hæstv. félmrh., þó ég hafi óskað eftir því við fyrri umræðuna að hann yrði í dag, sér ekki ástæðu til þess að gera ráðstafanir til þess að svara fyrir málið, annaðhvort sjálfur eða senda annan alþýðuflokksmann sem hefði með þetta mál að gera þó ég verði að segja alveg eins og er að ég sé ekki í hendi mér hver það væri úr þeim hópi sem gæti veitt nein brúkleg svör í þessum málum. (**JSG:** Það væri helst fyrrv. ráðherra.) Auðvitað ber að þakka það að hafa hér í salnum fyrrv. félmrh., a.m.k. einn ef ekki tvo, til þess að

ræða þessi mál þegar mikið liggur við en gallinn er bara sá að enginn þeirra ber ábyrgð á þeirri umræðu sem fer fram einmitt nú, það er í raun og veru vandinn í þessu máli. (**JGS:** Kannski á klúðrinu.)

Ég tel ástæðu til þess að harma þetta alveg sérstaklega í fullri alvöru, hæstv. forseti, vegna þess að hér er fyrst og fremst um að ræða húsnæðismál frekar en allt annað. Það er náttúrlega engin hemja að ráðherrar Alþfl. skuli ekki láta sjá sig í þessari umræðu. Sérstaklega kannski líka vegna þess að eftir að umræðan hófst og málinu var dreift í þinginu þá ákvað hæstv. félmrh. að hækka vextina með því að leggja á þetta ábyrgðargjald. Það er auðvitað ekkert annað en vaxtahækkun í raun og veru.

Það er líka alvarlegt að hæstv. félmrh. skuli vera fjarverandi vegna þess sem blasir við í húsnæðismálum á næstu mánuðum vegna þess að menn eru núna að tala um það að um leið og losnar um stífluna hér alveg á næstunni þá verði stórfelld afföll, afföll muni verulega aukast í þessu kerfi. Mjög verulega. Þannig að það er auðvitað fyrir neðan allar hellur að þingið skuli ræða þetta mál án þess að hæstv. félmrh. sé viðstaddur eða einhver til þess að svara fyrir hann.

Þetta vil ég gagnrýna hér, hæstv. forseti, við þær aðstæður sem nú eru uppi, það er verið að tala um aukin afföll á næstunni, það er verið að tala um hækkandi vexti, ekki lækkandi vexti heldur hækkandi vexti í landinu. Stolt ríkisstjórnarinnar, rauði þráðurinn í gegnum þessa bláu bók, vaxtalækkun, er gufað upp og menn eru að horfa framan í hækkandi vexti á næstu vikum og mánuðum. Þetta mun auðvitað aðallega bitna á því fólki sem núna stendur frammi fyrir stórkostlegum vanda, m.a. í húsbréfakerfinu, þar sem um það er að ræða að fólk ræður ekki við að standa í skilum, m.a. vegna þess hvernig ríkisstjórnin hefur hagað sinni pólitísku stefnu. Það er auðvitað satt að segja alveg kostulegt að horfa á þetta kerfi, hæstv. forseti, við núverandi aðstæður þar sem það kemur í ljós að Seðlabankinn liggur með ríkispappíra upp á 25.000 millj. kr. Hver er þessi frjálsi markaður, frjálsi, göfugi samkeppnismarkaður sem hæstv. fjmrh. er svo stoltur af þegar aðstaðan er þannig að aðalleikarinn á þessu sviði er ekki í raun og veru hinn einstaki verðbréfakaupandi úti í bæ? Nei, það er Seðlabankinn sem er þarna með 25.000 millj. sem hann liggur með í ríkispappírum. Og fátt sýnir í raun og veru betur fánýti þeirrar stefnu sem ríkisstjórnin hefur rekið en einmitt þessi tala vegna þess að hún kemur upp um það að stefnan í verðbréfamálum eins og hún hefur verið rekin af núv. ríkisstjórn stenst ekki. Það kerfi er algjörlega hrunið og sprungið í loft upp.

Ég tel þess vegna að það hefði verið ástæða til þess að ræða hér mikið frekar um þessa hluti, annars vegar upphleðsluna á þessum ríkispappírum í Seðlabankanum, hins vegar um yfirvofandi vaxtahækkanir og yfirvofandi stórhækkandi afföll. Þessa hluti hefði þurft að ræða miklu nánar. Hitt hefði auðvitað þurft að ræða líka, hæstv. forseti, hvað á að gera gagnvart vanskilunum. Hvað á að gera gagnvart því fólki sem nú er að missa íbúðirnar sínar á nauðungaruppboðum? Hvað á að gera gagnvart því fólki?

Á síðasta fundi hér við 1. umr. málsins þá ræddum við dálítið hvað ætti að gera í þeim efnum. Þá benti ég á það mál sem við tveir þingmenn Alþb. flytjum hér og gengur í raun og veru út á það að sett verði þak á greiðslubyrði þannig að það sem fer umfram tiltekið hlutfall af launum á hverjum tíma verði flutt aftur fyrir í lánasamningum, rétt eins og var samkvæmt þeim húsnæðislögum sem í gildi voru og var gerður samningur um á sínum tíma. Sett undir forustu, má segja, Alexanders Stefánssonar, þáv. félmrh., með stuðningi allra flokka. Þá voru þessi lög sett á sínum tíma og þóttu mjög mikill ávinningur. Það ber að taka það fram enn og aftur úr þessum ræðustól að Kvennalistinn átti meira að segja aðild að því máli sem hefur þó passað sig á því að vera ekki mikið að skipta sér af svona leiðindamálum í seinni tíð en hann stóð sig afar vel í því að styðja af kappi þessa greiðslujöfnun húsnæðislána á sínum tíma og á heiður skilið fyrir það og átti reyndar talsverðan hlut í því máli, ef ég man rétt, talsverðan hlut í því máli, hv. þáv. þm. Kristín Halldórsdóttir. En því hefur ekki verið svarað í þessari umræðu hvað á að gera gagnvart fólkinu sem er að missa íbúðirnar sínar út af vanskilum. Hvað á að gera? Auðvitað hefði hæstv. félmrh. átt að svara þeirri spurningu. Mér fannst hæstv. fjmrh. í raun og veru taka illa þeim hugmyndum sem ég var með og við alþýðubandalagsmenn í þeim efnum, fyrst og fremst með þeim rökum að pappírar til eins langs tíma og við vorum að tala um yrðu illa seljanlegir og afföllin af þeim yrðu mjög mikil. Út af fyrir sig getur vel verið að það sé rétt en það breytir hins vegar ekki því að það verður að koma til móts við þetta fólk. Það er í raun og veru einn alvarlegasti vandi íslenskra félags- og efnahagsmála í dag, það er ástandið hjá því fólki sem gekk í gegnum greiðslumat, fékk niðurstöðu sem menn töldu brúklega, niðurstöðu sem fólkið trúði að gæti gengið upp, gat svo ekki gengið upp af því að menn misstu yfirborganir, misstu vinnu og það var verulegur samdráttur í tekjum, auk þess sem einmitt þetta fólk lenti í þeim skattahækkunum sem núv. ríkisstjórn hefur beitt sér fyrir.

Af þeim ástæðum er það, hæstv. forseti, sem þetta svið hefði auðvitað átt að ræða í heild og ég tel ástæðu til að spyrja hæstv. fjmrh. hvað hann gerir ráð fyrir að vextirnir hækki mikið á næstunni. Ég veit að hæstv. fjmrh. er ekki markaðurinn því markaðurinn er ekki kosinn á þing, ráðherrann hefur sagt það. (**JGS:** En ígildi hans.) En hæstv. fjmrh. er þó langnæstur því allra manna hér að vera eiginlega hálfgerður markaður þannig séð (**JGS:** Markaðsígildi.), markaðsígildi. Hvað gerir hæstv. fjmrh. ráð fyrir að vextirnir hækki mikið á næstunni? Og hvað reikna menn í raun og veru með miklum afföllum á næstunni af húsbréfum eftir að losnar um þessa stíflu? Það væri mjög æskilegt að fá svör við því áður en þetta undarlega frv. verður afgreitt úr þessari virðulegu stofnun.

[17:18]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Rannveig Guðmundsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. 9. þm. Reykv. hafði um það mörg orð að ráðherrar Alþfl. væru ekki viðstaddir. Nú veit þingmaðurinn að það er mjög algengt þegar við fjöllum um lánsfjárlög og lánsfjáraukalög að fjmrh. er viðstaddur. Ég verð að viðurkenna að ég óskaði ekki eftir því að starfandi ráðherra mætti hérna en ég vil láta það koma fram að félmrh. er erlendis við skyldustörf og af því að hv. 9. þm. Reykv. hefur verið félmrh. sjálfur þá veit ég að hann skilur það mjög vel að stundum koma þær stundir að menn þyrftu helst að vera bæði heima og heiman.

Aðeins vil ég líka láta það koma fram vegna þess sem hann lét getið um afföllin, húsbréfaútgáfan fór úr 11,5 milljörðum í 15,2 milljarða án þess að afföll ykjust verulega eða neitt að ráði og það er vegna þess að Seðlabanki keypti húsbréf og er, eins og réttilega hefur komið fram hér, með bæði húsbréf og húsnæðisbréf í sinni vörslu. Það kom fram hjá fulltrúum Seðlabanka á fundi nefndarinnar í dag að húsbréf eru stærsti verðbréfaflokkur á markaði hér núna og þess vegna mjög eðlilegt að Seðlabankinn komi inn í kaupin og þá er vissulega hægt að reikna sem svo að ef Seðlabankinn er búinn að kaupa mikið og eftirspurn verður mikil eftir þessa afgreiðslu þá aukist afföllin enn. En þá vil ég láta þess getið að það kom líka fram á fundi í efh.- og viðskn. í dag að með breyttu mati sem hefur verið unnið að síðan húsnæðisnefnd óskaði eftir því fyrr í sumar þá er búist við að dragi ákveðið úr eftirspurn eftir húsbréfum. Þannig að það er ekki reiknað með að það verði þörf á jafnstórum húsbréfaflokki næsta ár.

Ég vil líka láta þess getið hér, virðulegi forseti, (Forseti hringir.) að þegar húsbréfin voru sett á þá var reiknað með að markaðurinn hefði mjög mikil áhrif á eftirspurn eftir þeim vegna eðlis þeirra ...

(**Forseti** (GunnS): Ég verð að grípa fram í fyrir hv. þm.)

Ég verð bara að koma aðeins inn á það síðar. (Forseti hringir.) virðulegi forseti.

[17:19]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. 4. þm. Reykn. fyrir það þegar hún lendir aftur og aftur í því hlutverki að þurfa að svara fyrir alla ráðherra Alþfl. og gerir það myndarlega en auðvitað teldum við að þeir ættu að sinna sínum embættisskyldum með því að mæta hér, þetta fólk.

Vandinn í sambandi við Seðlabankann í dag er bersýnilega sá að hann hefur ákveðið að hætta að kaupa þessa pappíra. Það er drepið í hverja smugu í Seðlabankanum með þessum pappírum núna, spariskírteinum ríkissjóðs og öðrum ríkispappírum þannig að Seðlabankinn getur ekki tekið við meiru. Ráðherrarnir hafa verið að sturta þessu yfir í Seðlabankapeningageymslurnar undanfarna mánuði. Sumir hafa nefnt hjólbörur í því sambandi sem hafa verið notaðar til þess að keyra þessa pappíra úr Arnarhvoli og yfir götuna, yfir í svarta húsið í Seðlabankanum og staðreyndin er auðvitað sú að Seðlabankinn getur í raun og veru engu bætt við. Þess vegna er það auðvitað alveg ljóst að það er yfirvofandi vaxtahækkun í landinu ef svo heldur fram sem horfir og þar af leiðandi og í tengslum við það afföll af húsbréfum, aukin afföll, miðað við það sem verið hefur þegar þessi nýi húsbréfaflokkur sem menn eru að tala um kemur á markað. Þannig í raun og veru hrynur grunnurinn undir því sem ríkisstjórnin hefur kallað sína efnahagsstefnu og ætlar núna að reyna að keyra út til kjósenda í landinu.

[17:20]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Rannveig Guðmundsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég fullyrði að félmrh., ráðherra Alþfl., mun mæta hér hvenær sem er og þegar þörf er á en það eru viðurkennd forföll þegar viðkomandi er erlendis. Ég árétta þetta.

Ég var í andsvari mínu áður að geta þess að eðli húsbréfanna sem markaðsbréfa er það að þegar mikil eftirspurn yrði haldi fólk örlítið að sér höndum og hinkri um stund við fjárfestingu og að verða sér út um húsbréf og þegar afföll minnkuðu væri aftur farið af stað. Þetta er eðli þessara bréfa.

Því miður erum við Íslendingar óvanir þessu og gættum ekki að fylgja þessu eðlilega lögmáli. Nú hefur bæði þessi markaður orðið stöðugri og eins hefur það komið fram varðandi húsnæðismál á fundi efh.- og viðskn. í dag að það er ekki neitt núna í pípunum sem bendir til að þær ófarir sem hv. 9. þm. spáir gangi eftir.

[17:20]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Örfá orð. Það er ljóst að nafnvextir húsbréfa hækka um 0,1%. Það mun þýða greiðslubyrði upp á 700 kr. á ári fyrir hverja milljón sem bréfin hljóða upp á. 3.500 kr. fyrir 5 millj. kr. bréf á ári í aukna greiðslubyrði. Ávöxtunarkrafa ræðst auðvitað af væntingum, rykkir eru slæmir fyrir þetta kerfi, greiðslumat mun draga úr eftirspurn eftir bréfunum að mati Húsnæðisstofnunar. Ég tel ekki ástæðu til að hafa verulegar áhyggjur af því að ávöxtunarkrafan fari mikið upp. Það sem sagt hefur verið á undanförnum dögum er að ekki sé óeðlilegt að vextir á skammtímapappírum, þó einkum í lengri enda skammtímapappíranna, geti hækkað vegna þess að þeir eru miklu lægri hér á landi en erlendis. Það á ekki að hafa þýðingu fyrir langtímamarkaðinn né heldur fyrir bankavexti því að almennt er talið að bankavextir gætu lækkað á næstunni ef eitthvað er.

Þessi umræða fór öll fram við 1. umr. þessa máls en þessu vildi ég koma fram hér þegar því er haldið fram að vaxtastefna ríkisstjórnarinnar sé brostin og til þess að leggja mat á hvaða breytingar gætu átt sér stað í þessu kerfi á næstunni.

[17:22]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi foreti. Það liggur fyrir og viðurkenna allir nema hæstv. fjmrh. að þær ákvarðanir sem teknar

hafa verið að undanförnu í þessum efnum af ríkisstjórninni og ákvarðanaleysi líka að því er þessi mál varðar munu hafa það í för með sér að fjármagnskostnaður á Íslandi mun á allra næstu vikum og mánuðum fara hækkandi. Í fyrsta lagi er það vegna þess að menn hafa ákveðið að leggja á þetta tryggingagjald. Í öðru lagi vegna þess að menn hafa haldið þannig á málunum í sambandi við húsbréf að þar hefur myndast stífla og þegar hún loksins brestur þá hefur það í för með sér að afföll verða meiri. Loks liggur það fyrir að þessi gífurlegu kaup Seðlabankans á ríkispappírum að undanförnu upp á 25 millj. kr. eru í raun og veru opinber íhlutun, handaflsaðferð við að halda niðri vöxtum.

Það er því alveg augljóst mál að ef Seðlabankinn getur ekki bætt neinum pinklum við sig á þessu sviði þá liggur það fyrir, ef svo fer fram sem horfir, að hér getur orðið vaxtahækkun. Ríkisstjórnin stendur þannig frammi fyrir því að það flagg sem hún ætlaði að fara með til kosninga um lækkandi vexti dugir henni ekki nokkurn skapaðan hlut.

[17:24]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til að munnhöggvast mikið við hv. þm. um vaxtamál. Þar gerist það stundum að markaðurinn kemur til með að eiga síðasta orðið.

Það hefur mjög margt verið að gerast á Verðbréfaþingi og á fjármagnsmarkaði að undanförnu sem vert er að íhuga gaumgæfilega. Þar á meðal hefur það gerst, sem ég held að hv. þm. viti um, að u.þ.b. 8 milljarðar munu flytjast út á þessu ári í peningum til fjárfestinga erlendis. Það er í sjálfu sér ekki við því að segja. Það hagar þannig til að ýmsir þurfa að festa fé erlendis af öryggisástæðum, t.d. vegna svokallaðra framvirkra samninga. Þessi fjármagnsflutningur mettast við ákveðið stig. En það gerist ekki nema vextir hér á landi séu svipaðir vöxtum í nágrannalöndunum. Til lengri tíma litið kemur það þeim vel sem vilja lága vexti ef íslenski markaðurinn tengist þeim erlenda. Það er því ekki hægt að kvíða neinu í því sambandi.

Mér finnst ástæða til að nefna það hér að þegar talað er um að almenningur verði illa úti vegna vaxtahækkana, eða fari vel út úr vaxtalækkunum, þá eru þar fyrst og fremst á ferðinni vaxtabreytingar í bankakerfinu þar sem fólk tekur almennt lán. Þær breytingar sem ættu að geta orðið í bankakerfinu eru til lækkunar eins og mjög glögglega kom fram í umræðu fyrir helgi þegar einn af þingmönnum Framsfl., hv. þm. Guðni Ágústsson, bankaráðsmaður Búnaðarbankans og helsti sérfræðingur Framsfl. í bankavöxtum, lýsti því yfir í umræðum að það mætti búast við lækkun vaxta í bankakerfinu. Þess vegna held ég og ég vil taka undir það sem hann sagði að ekki sé neinu að kvíða í framtíðinni fyrir þá sem eiga viðskipti við banka og þurfa á því að halda að vextir lækki í bankakerfinu.

[17:26]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er út af fyrir sig athyglisvert að hæstv. fjmrh. skuli hafa þessa ofurtrú á sinni eigin stefnu og honum er kannski vorkunn. Veruleikinn er hins vegar allt allt annar í þessu efni hvað svo sem hv. þm. Guðni Ágústsson kann að segja.

Það er alveg augljóst mál og það sér hvert barn að fjármagnskostnaður á Íslandi mun á allra næstu vikum og mánuðum fara hækkandi. Það verður dýrara að borga fyrir fjármagn á næstu vikum og mánuðum en verið hefur.

Hitt er svo líka nauðsynlegt að komi fram og taka undir með hæstv. fjmrh. að auðvitað er það markaðurinn sem svarar. Hér liggur fyrir till. til þál. um vantraust á ríkisstjórnina, flutt af stjórnarandstöðuflokkunum. Það er einn aðili sem hefur með mjög skýrum hætti samþykkt vantraust á ríkisstjórnina, það er markaðurinn. Það er augljóst að markaðurinn hefur svo að segja samhljóða samþykkt vantraust á ríkisstjórnina.

[17:27]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Það er ekki mikið sem þarf að bæta við þessa umræðu sem hér hefur farið fram eða þegar við fórum í gegnum 1. umr. um þessi mál. Það hefur komið mjög skýrt fram í báðum þessum umræðum af hverju hefur þurft að fara út í að gefa út stærri húsbréfaflokk en var áætlað í byrjun þessa árs. Það er alveg ljóst að vaxtalækkunin í nóvember sl. á þar verulegan þátt í. Líka finnst mér ástæða til að árétta vegna þeirra vanskila sem eru nú í húsbréfakerfinu að það kom mjög skýrt fram á fundi í efh.- og viðskn. hjá talsmönnum Húsnæðismálastofnunar að m.a. er skýringin sem gefin er á auknum vanskilum auðvitað erfiðleikar hjá fólki, tekjur fólks hafa lækkað. Kröfur frá Húsnæðisstofnun eru ekki sendar í lögfræðing fyrr en að fjórum mánuðum liðnum þannig að þar er meiri sveigjanleiki og fólk getur þá frekar greitt upp skuldir sínar t.d. við bankastofnanir. Þetta segir okkur líka, af því að margir tala fyrir því að taka ríkisábyrgð af húsbréfum og setja þau inn í bankakerfið, hvernig það yrði ef húsbréfin færu inn í bankakerfið og íbúðarkaupendur þyrftu að sæta því sem þar er að vanskil og annað fer í lögfræðing eftir stuttan tíma.

Ég ætla út af fyrir sig ekki að ræða hér ríkisábyrgðina. Hún var rædd um daginn og það bréf sem hv. formaður efh.- og viðskn. las upp staðfestir raunverulega að þeir fulltrúar sem voru í nefndinni sem kannaði kosti og galla þess að afnema ríkisábyrgð, þ.e. fulltrúar félmrn. og Húsnæðisstofnunar, eru þeirrar skoðunar að það sé ekki heppilegt og gæti m.a. leitt til mismunandi lánshlutfalls t.d. milli kjördæma.

Það er tvennt sem mér finnst ástæða til að fara nokkrum orðum um og það hefur reyndar 9. þm. Reykv. gert líka. Það eru bæði vextirnir og líka hvort ríkisstjórnin hafi einhver áform um að koma meira til móts við þá sem eru í miklum greiðsluerfiðleikum og vanskilum. Það kom fram í morgun á fundi efh.- og viðskn. hjá seðlabankastjóra Eiríki Guðnasyni þegar

hann var spurður út í þau áform sem m.a. hæstv. félmrh. hefur látið uppi um að lengja lánstímann úr 25 árum í 40 ár og var ekki annað að heyra á seðlabankastjóra en að hann tæki undir aðvaranir mínar um að svo gæti farið að slík bréf til 40 ára yrðu illseljanleg og ekki markaðshæf og mundu stuðla að meiri afföllum. Það er ljóst að greiðslubyrði mundi lækka ársfjórðungslega um 3.000 kr. ef farið yrði í lengingu á lánstímanum en ef þetta kemur svo allt fram í auknum afföllum þá er spurning um hvort rétt sé að fara af stað með það.

Þegar þetta liggur fyrir frá seðlabankastjóra þá er ástæða til að spyrja hæstv. fjmrh.: Ef menn meta það svo að ekki sé rétt að fara út í þessa lengingu á lánstíma af þeim sökum sem ég hef hér nefnt er þá eitthvað annað uppi á borðinu sem ríkisstjórnin hyggst grípa til til að létta undir með fólki sem er í miklum erfiðleikum vegna t.d. minnkandi atvinnutekna?

Það er heldur ekki boðlegt sem hæstv. ráðherra sagði við 1. umr. málsins að hann væri opinn fyrir því að skoða það að létta greiðslubyrði hjá fólki með því að hækka lánshlutfallið upp í 75 eða 80%. Vegna þess að í næstu setningu sagði hæstv. ráðherra að hann teldi að það yrði að gerast án þess að auka útgáfu á húsbréfum. Ég spyr þess vegna: Er eitthvað annað uppi á borðinu og mun ríkisstjórnin skoða það að finna leiðir til að koma til móts við þetta fólk? Ég hef t.d. nefnt að útvíkka þá heimild sem er fyrir hendi um skuldbreytingu.

Varðandi vextina þá hafa náttúrlega átt sér stað fróðlegar umræður um það mál hér og eins í fjölmiðlum. Það hafa verið mjög skiptar skoðanir um það hjá bankamönnum og mönnum í viðskiptalífinu varðandi skammtímavextina og hvort þeir þurfi að hækka eða eigi að lækka. Ég held að það sé nokkurt samhengi á milli þess þegar t.d. ávöxtunarkrafa af húsbréfum er núna að fara upp í 5,65% í morgun, sem menn hljóta að hafa verulegar áhyggjur af, og þess að fjárfestar fái miklu betri ávöxtun á skammtímamarkaði og séu þar af leiðandi að losa um húsbréf til að ávaxta sitt fjármagn á skammtímamarkaði. Ég spyr hvort hæstv. fjmrh. hafi ekki áhyggjur af því að það hafi veruleg áhrif á langtímapappíra eins og húsbréfin og spariskírteini ríkissjóðs þegar ávöxtun á skammtímamarkaði er með þeim hætti að það má leiða að því líkur að fjárfestar séu að losa um langtímabréfin til að fjárfesta í skammtímabréfum.

Mér finnst það nokkuð alvarlegt ef það getur verið að lífeyrissjóðirnir séu að þessu í einhverjum mæli og þar með að stuðla að auknum afföllum á húsbréfamarkaði. Það kom einmitt fram í morgun að það er töluvert um að þeir sem eiga fjármagn fari með það á erlendan fjármagnsmarkað vegna þess að um 6 milljarðar hafa farið á erlendan markað frá janúar þar til í septembermánuði.

Ég vil því spyrja hæstv. fjmrh. að þessu tvennu: Er eitthvað annað uppi á borðinu til að aðstoða fólk sem er í miklum greiðsluerfiðleikum að því frágengnu að niðurstaðan verði sú að 40 ára lánstími gangi ekki upp? Í annan stað þá spyr ég hæstv. ráðherra um samhengið á skammtímamarkaðnum varðandi vextina og varðandi langtímamarkaðinn sem eru húsbréf og spariskírteini ríkissjóðs og hvort hann óttist ekki að þarna sé samspil á milli, það sé verið að losa um fjármagn inn á skammtímamarkaðinn með þeim afleiðingum að afföllin af húsbréfunum hækki til að mynda.

Ég segi þetta vegna þess að það er alveg ljóst að ekki hefur verið mikið um framboð á húsbréfum að ræða, þ.e. nýjum bréfum. Það er alveg ljóst að það sem menn hafa nefnt skúffubréf, sem menn hafa átt í húsbréfum sem þeir hafa ávaxtað og geymt, virðist vera að losna um með einum eða öðrum hætti núna á markaðnum til þess að þeir sem eiga fjármagn í húsbréfum geti þá frekar ávaxtað það í skammtímabréfum. Ég hef áhyggjur af því að þetta geti haft áhrif til hækkunar á ávöxtun og á afföll af húsbréfum.

[17:36]

Finnur Ingólfsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alveg rétt sem fram kom hjá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur áðan að Seðlabankinn varaði við 40 ára bréfum þar sem búast mætti við að afföllin yrðu mjög mikil. Nú er það svo að hvernig sem menn líta á þetta fyrirkomulag þá virðist húsbréfakerfið því miður vera að hrynja. Það er ekki að gerast akkúrat í dag eða fyrir einhverjum vikum síðan. Það sem hefur verið að gerast í tíð þessarar ríkisstjórnar er að tekjur hafa verið að skerðast hjá almenningi vegna mikillar skattálagninar, vegna þjónustugjalda sem ríkisstjórnin hefur lagt á almenning, vegna minni atvinnu og þar fram eftir götunum.

Nú er það svo að hæstv. fyrrv. félmrh., hv. 12. þm. Reykv., Jóhanna Sigurðardóttir, sat í þessari ríkisstjórn. Og nú þegar við blasir að ávöxtunarkrafan fer stighækkandi á degi hverjum þá er fróðlegt vita, af því að hv. þm. er nýstigin upp úr ráðherrastólnum, hvernig hv. þm. hefði viljað bregðast við undir þessum kringumstæðum sem núna eru. Hvernig vildi hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir bregðast við, væri hún enn í ríkisstjórninni, þeim greiðsluerfiðleikum sem fólk á í við Húsnæðisstofnun ríkisins?

Það væri fróðlegt að fá svör við þessu ekki síst í ljósi þess að þingmenn Alþfl. fluttu þáltill. ekki alls fyrir löngu um greiðsluaðlögun sem ekki var tekin fyrir í þinginu að öðru leyti en því að stjórnarandstaðan kom því inn í þingmál hjá sér og fékk greitt um það atkvæði hér í þinginu sem var fellt af ríkisstjórnarflokkunum og þáv. hæstv. félmrh., núv. hv. þm., Jóhönnu Sigurðardóttur. Það væri þess vegna fróðlegt að fá að vita með hvaða hætti þingmaðurinn vill bregðast við þeim erfiðleikum sem nú eru hjá fólki undir þessum kringumstæðum.

[17:38]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég skal fúslega svara því. Varðandi það sem hv. þm. nefndi um greiðsluaðlögun þá var ríkisstjórnin að vinna að því máli meðan ég sat í stóli félmrh. Ég held að það sé mjög brýnt mál. Ég veit ekki annað og hef lesið það í fjölmiðlum að núv. hæstv. félmrh. sé að vinna að því máli áfram þannig að ég vænti þess að frv. um greiðsluaðlögun komi fram á

þessu þingi. Á það legg ég áherslu og mundi gera ef ég sæti nú í stóli félmrh.

Varðandi önnur atriði sem ég vil nefna hef ég margítrekað í umræðunni að ég tel nauðsynlegt að víkka út þá heimild til skuldbreytinga sem var fyrir ári síðan sett fram í samvinnu við lánastofnanir. Ég tel nauðsynlegt við þessar aðstæður að skoða það. Ég hef nefnt það líka en tel óraunhæfa tillögu sem fjmrh. nefnir en ég tel mjög brýnt að skoða það af fullri alvöru að það sé reynt að hækka lánshlutfallið hjá þeim sem kaupa sína fyrstu íbúð og þó ekki væri farið nema upp í 70%, þá teldi ég það breyta miklu. Það þýðir aukin útgáfa á húsbréfum. Það þýðir ekki að segja eins og fjmrh. að það sé hægt að gera það innan núverandi útgáfu á húsbréfum vegna þess að þá erum við bara lækka lánshlutfallið hjá öðrum. Það getur vel verið að það þurfi að bíða eitthvað með það en það hlýtur að vera næsta skref þegar svigrúm skapast að hækka lánshlutfallið í húsbréfakerfinu. Ég nefni þessi tvö mál, þ.e. greiðsluaðlögunin og víkka út þá heimild sem er núna til staðar til skuldbreytinga í samvinnu við lánastofnanir. Ég er alveg sannfærð um að það gæti breytt miklu.

Síðan vísa ég því á bug sem hv. þm. nefndi að húsbréfakerfið sem slíkt sé að hrynja. Það hafa verið greiðsluerfiðeikar í þjóðfélaginu þar sem við búum við atvinnuleysi, minni yfirvinnu hjá fólki og það sýnir sig að þeir erfiðleikar sem fram koma þarna eru fyrst og fremst út af því. Og að síðustu nefni ég það sem mér finnst að menn verði að skoða í þessu sambandi að Húsnæðisstofnun er með þennan sveigjanleika að hún fer ekki með vanskilin í lögfræðing fyrr en eftir 4 mánuði þannig að fólk hafði svigrúm til þess að greiða sínar skuldir annars staðar. Það er því ósanngjarnt að segja hér að húsbréfakerfið sé að hrynja af þeim vanskilum sem uppi eru þessa stundina.

[17:40]

Finnur Ingólfsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það væri fróðlegt að fá að vita hjá hv. þm. hvað felst í þessari greiðsluaðlögun sem verið var að semja frv. um í tíð þingmannsins í ráðherrastóli félmrh.

Í öðru lagi, þegar talað er um skuldbreytingar við það fólk sem er í vanskilum við Húsnæðisstofnun, þá er væntanlega verið að tala um að gefa út ný húsbréf. Og þá komum við að því að við erum að gefa út ný húsbréf þar sem verið er að selja á markað og afföllin af þeim verða þannig að menn eru að fá aftur afföll á vanskilin af þeim bréfum sem fólk er þó búið að vera að selja með afföllum. Er þetta nú heillavænleg leið fyrir það fólk sem er í bullandi greiðsluerfiðleikum vegna minni atvinnutekna? Og er það nú leið fyrir ungt fólk sem er að byggja í fyrsta skipti og hefur misst sumt hvert vinnuna, annað mjög stóran hluta sinna tekna, að tala um að hækka lánshlutfallið? Hækkað lánshlutfall þýðir auðvitað hærra lán sem þetta fólk lendir síðan í erfiðeikum við að greiða.

Vandamálið er kerfið sjálft og það lýsir sér best í því að markaðurinn ræður ekki við nema með skelfilegum afföllum bréf á húsnæðismarkaðnum sem eru til 40 ára.

[17:42]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Við ræddum töluvert um greiðsluaðlögun á síðasta þingi og ég man ekki betur, og gæti mig misminnt, að það hafi verið lögð fram drög að skýrslu um þetta á lokadögunum á síðasta þingi. Hér er um að ræða aðferð sem bjargar alls ekki öllum sem eru í greiðsluerfiðleikum heldur er fyrst og fremst um að ræða leið sem hjálpar þeim sem eru komnir svo langt út af skilgreindum aðstæðum að það fólk er að missa sína íbúð. Þetta mál var það mikið rætt að ég held að hv. þm. ætti að vita um hvað menn eru að tala.

Þegar við erum að tala um skuldbreytinguna þá erum við að tala um hana hjá fólki sem býr við verulega vanskil vegna þess að það er að missa vinnuna. Þá hefur verið farin sú leið að það hefur fengið að fresta greiðslum í 2–3 ár. Það sem hefur þá safnast upp hefur síðan bæst við höfuðstólinn og lengt lítillega lánstímann. Þetta hefur bjargað mörgum. Ég hef frétt það á ýmsum stöðum að þessi leið hafi bjargað mjög mörgum og það er þessi leið sem ég vil skoða hvort ekki sé hægt að útvíkka við þessar aðstæður.

Varðandi það að fara með lánin upp í 70% segir þingmaðurinn að fólk getur ekkert frekar borgað af því. Þá bið ég þingmanninn að horfa á það að við erum einungis með 65% eins og er fyrir þá sem eru að kaupa sína fyrstu íbúð. Þá þarf fólk, ef það á ekki sparnað á móti upp í íbúðaverðið, að fara inn í bankakerfið og fá þar lán sem upp á vantar með miklu hærri vöxtum en eru núna í húsbréfakerfinu. Þess vegna hlýtur greiðslubyrðin í heild að léttast hjá fólki sem er að kaupa sína fyrstu íbúð ef við höfum svigrúm til þess að hækka lánshlutfallið. Ég held einmitt að það sem við höfum farið út í sem er skammtímalán í bankakerfinu allt þar til húsbréfakerfið kom hafi einmitt sett hengingarólina á marga sem hafa síðan lent í vanskilum með sín íbúðarlán.

[17:44]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Í raun þarf ég ekki að svara fyrri fsp. frá hv. þm., hv. þm. hefur eiginlega svarað henni sjálfur því að núv. félmrh. hefur að því er ég best veit tekið upp þráðinn þar sem frá var horfið og það er til skoðunar nú hvort og hvernig hægt sé að taka á svokallaðri greiðsluaðlögun. Það er ekki einfalt mál og reyndar mjög flókið.

Í öðru lagi á ég von á því að hæstv. félmrh. skoði skuldbindingamálið við hliðina á hugmynd sinni um 40 ára bréf sem ég hugsa að séu annmarkar á að gefa út af markaðslegum ástæðum. Því miður get ég ekki svarað því frekar hér og nú enda er það til skoðunar í félmrn.

Varðandi sambandið á milli skammtíma- og langtímabréfa á fjármagnsmarkaðnum þá er það alþekkt í húsbréfakerfinu að bréfin eru til í skúffum sem svo eru kallaðar, svokölluð skúffubréf, og þau koma inn á markaðinn við tilteknar aðstæður og ég get ekkert frekar en annar dæmt um það hvenær þær aðstæður eru uppi. En hugsum okkur það að von sé á því að skamm-

tímapappírar sem ganga kaupum og sölum, t.d. sex mánaða til tveggja ára pappírar, ef það er von á einhverri smáhækkun er ekkert óeðlilegt að menn komi upp með skúffubréf á markaðinn og reyni að afla frekar skuldbindinga til skamms tíma upp á þá von að geta selt þau aftur innan tíðar ef vextir skyldu hækka á skammtímabréfum. Um þetta get ég ekkert sagt. Þetta eru spekúlsjónir sem eiga sér stað í öllum þjóðfélögum og það er aðeins eins og stundum hefur verið sagt hér áður í þessum umræðum, það er markaðurinn og kannski væntingarnar um það sem gerist á honum sem ráða því þegar fólk tekur upp á þessu. Það er hárrétt sem hér hefur verið sagt að útgáfa bréfanna er ekki komin og gefur ekki tilefni til þessa. Að allra síðustu vil ég geta þess að mér hefur sýnst að lífeyrissjóðirnir vera nokkuð daufir kaupendur þessara bréfa og nokkurra annarra um þessar mundir.

[17:47]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Er venjan að tölusetja það hvort menn eru að tala í fyrsta, annað eða þriðja sinn? Ég er nú frsm., hæstv. forseti, og hef þar af leiðandi rétt til að tala þrisvar í þessari umræðu og á þess vegna talsvert eftir, ef út í það er farið, af réttindum mínum, ef hæstv. forseta skyldi verða hugarhægra við að fá þær upplýsingar, þá er hann sem sagt ekki í neinni hættu með að veita mér of oft orðið enn sem komið er.

Á hinn bóginn hef ég svo sem ekki miklu við þetta að bæta öðru en því sem hér hefur fram komið undir umræðunni. Ég sé ástæðu til að fara um þá þætti sem hér hafa aðallega orðið umtalsefni nokkrum orðum. Í fyrsta lagi auðvitað það að frammistaða hæstv. fjmrh. hér, svo aumleg sem hún nú er í raun og veru, undirstrikar það að vaxtabólan eða blaðran eða hvað það nú heitir á hinu löggilta máli hæstv. ríkisstjórnar er sprungin. Það voru mikið til umræðu ýmsar blöðrur og bólur hjá ríkisstjórninni í sumar, það voru sumarbólur og sumarblöðrur eða ég man nú ekki hvað það var allt saman. Ráðherrarnir töluðu um það á víxl að þessi eða hin blaðran eða bólan væri sprungin o.s.frv. Og nú er alveg ljóst að ein blaðran eða bólan er sprungin í andlitið á hæstv. ríkisstjórn, það er vaxtabólan.

Hæstv. fjmrh. og starfandi forsrh. reynir ekkert að andmæla því hér. Þær aðstæður sem við höfum dregið hér upp á fjármagnsmarkaðnum og sú vaxtahækkun sem í gangi er og fram undan er, hæstv. fjmrh. velur þann kostinn að reyna í raun og veru ekkert að bera á móti því að kerfið sé sprungið, enda tala allar aðstæður sínu máli. Það er auðvitað alveg ljóst að eftir að markaðurinn hafði átt að ráða um nokkurt skeið hjá hæstv. ríkisstjórn og við sátum uppi með einhverja *hæstu vexti á Vesturlöndum, þá greip ríkisstjórnin í* samráði við Seðlabankann eða píndi Seðlabankann með sér í það að grípa til ákveðinna þvingunaraðgerða á markaðnum og vextirnir voru keyrðir niður með því að beita og neyta aflsmunar, handleiðslu eða beita handafli á markaðinn eða hvað maður á nú að kalla það. Og hvernig var þetta gert? Jú, þetta er ósköp einfalt. Staða Seðlabankans var einfaldlega nýtt til hins ýtrasta. Hún var notuð upp á tæpu einu ári til þess að halda niðri vöxtunum á markaðnum. Þetta gat gengið á meðan Seðlabankinn nýtti til fulls alla sína möguleika og keypti og keypti og hlóð þessum pappírum upp hjá sér þannig að þeir hljóta að vera í stöflum niðri í kjallara Seðlabankans. Þeir sem hafa komið inn í þá höll og skoðað kjallarann vita hvernig þar er umhorfs. Þar eru miklir salir stúkaðir af með járngrindum og svo er í einu og einu horni nokkrir kassar, nokkrir einmana og aumingjalegir pappakassar. Þar er til að mynda gullmyntforðinn gamli. Það er nú víst ekki óhætt að segja það, hæstv. forseti, eins og krækiber í helvíti, en það mundi þjóðin skilja. Það er smáhrúgald í einu horninu, það er gullforðinn. Og þetta er sennilega eins með pappírsbunkana núna. Þeir eru komnir í einhverja svona stafla, einhvers staðar úti í horni í kjallara Seðlabankans. Ríkispappírarnir sem hafa hrúgast þar upp af því að Seðlabankinn hefur verið píndur til þess, notaður til þess að kaupa þessa pappíra jafnóðum og ríkisstjórnin eða byggingarsjóðirnir hafa orðið að fá peninga og svo segja menn voðalega spenntir: Þetta er nú fínt. Ríkissjóður aflar allra sinna fjármuna á markaði og húsnæðiskerfið er fjármagnað á markaði og þetta er allt harla gott. En svo bara allt í einu gengur þetta ekki lengur af því að Seðlabankinn getur ekki meira. Hann er búinn að hlaða upp þessum pappírum þangað til hann á 25 milljarða nettó af þessum bréfum og getur ekki meira. (**Gripið fram í:** Fullan kjallarann.) Fullan kjallara, en þó er það nú því miður sennilega ekki það sem stoppar, plássleysið, heldur peningaleysið. Seðlabankinn ræður ekki við meira. Hann er búinn að ganga það nærri stöðu sinni að hann hefur orðið að halda algerlega að sér höndum síðustu mánuðina. Og þá er sem sagt blaðran sprungin, Seðlabankinn sprunginn á limminu, getur þetta ekki lengur og vaxtalækkunarbóla ríkisstjórnarinnar þar með.

Þetta er náttúrlega niðurstaðan af þessari umræðu, sú staða sem blasir við hér í upphafi þegar hæstv. fjmrh. er hér að baksa með þessi mál sín, fjárlagafrv., lánsfjárlögin, lánsfjáraukalög, ríkisreikningana og allt þetta gúmmelaði sem hann er með á dagskrá fram undan, þá liggur þetta fyrir. Þetta er auðvitað erfitt og það er von að hæstv. fjmrh. færi gleraugun fram á nefbroddinn og lesi bara Dagblaðið. Það er miklu skemmtilegra heldur en þessar staðreyndir um ríkisfjármálin.

Í öðru lagi, hæstv. forseti, er það svo að það er afar slæmt að hafa ekki hæstv. ráðherra Alþfl. í landinu þegar þarf að ræða þessi mál en þeir eru yfirleitt fjarstaddir allir með tölu eða flestallir og upplýst er að þeir séu (**RG:** Það eru tveir erlendis.) að það séu tveir *þeirra erlendis, er það ekki helmingurinn af ráðherr*um Alþfl. ef rétt er talið? Mér skilst að þeir séu ekki orðnir nema fjórir. Þeim hefur farið fækkandi og verður vonandi áframhald á þeirri þróun. Þannig er það að hæstv. félmrh. sem ætti að svara fyrir stöðuna í þessum húsnæðismálum er bara erlendis og það er lítið

gagn í hæstv. fyrrv. félmrh., hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir er farin úr salnum, en auðvitað má segja að staðan í þessum málum sé fullt eins á ábyrgð hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur því að hún er sama persónan í pólitík hvort sem hún er þingmaður í stjórnarandstöðu eða var ráðherra í ríkisstjórn. Hún fær ekkert nýtt vegabréf í íslenskum stjórnmálum, hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, þó að hún gangi úr ríkisstjórn. Hv. þm. situr uppi með þá stöðu að hafa verið félmrh. í sjö ár, þar af í þrjú og hálft ár í ríkisstjórn með hæstv. ráðherra Friðrik Sophussyni og sameiginlega bera þau auðvitað mesta ábyrgð á því hvernig farið hefur verið með fjármunamál byggingarsjóðanna. Ég verð að segja alveg eins og er, að ég er kannski svona kaldrifjaður en ég klökkna ekkert þó að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, fyrrv. félmrh., komi hér og haldi hjartnæmar ræður og spyrji hæstv. fjmrh. hvað eigi að gera. Hvað á að gera með þessi óskaplegu vanskil og þessa erfiðleika aumingja fólksins? Hvað hafa þau verið að gera saman í ríkisstjórn í þrjú og hálft ár, hæstv. fjmrh. Friðrik Sophusson og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, á þeim tíma sem þessi vanskil hafa verið að hlaðast upp?

Í gögnum efh.- og viðskn. er tafla sem sýnir það mánuð eftir mánuð eftir mánuð sl. þrjú ár hvernig vanskilin hafa verið að hrúgast upp og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir getur auðvitað ekki komið núna á haustmánuðum 1994 og látið eins og þetta komi henni allt á óvart og séu allt nýuppgötvaðir hlutir. Hv. þm. hefur þá ekki fylgst vel með því vanskilin hafa verið að lengjast jafnt og þétt undanfarin þrjú ár. Og það að segja að tillögur okkar alþýðubandalagsmanna til að mynda um ráðstafanir gagnvart greiðsluerfiðleikunum leysi ekki þessi mál eru engin svör, hvorki af hæstv. fyrrv. félmrh. hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur né hæstv. fjmrh. Menn verða þá a.m.k. að segja hvað ætla þeir að gera í staðinn. Og ef það er mat manna að útgáfa greiðsluerfiðleikalána sem færðu greiðslubyrðina aftur fyrir og lengdu þar með lánin sé ekki fær leið vegna þess að afföll mundu þá aukast o.s.frv., þá spyr ég ósköp einfaldlega: Hvað gera menn þá? Ég held að þá eigi menn að skoða til að mynda þann möguleika að greiðsluerfiðleikalánin verði annars konar lán, ekki húsbréf heldur föst lán til lengri tíma. Hvað með það? Nú er það svo að húsbréfaútgáfan er deild í Byggingarsjóði ríkisins. Með öðrum orðum, Byggingarsjóður ríkisins gefur út húsbréfin og þar eru starfræktir fastlánaflokkar og ég spyr hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og fyrrv. félmrh.: Hafa menn aldrei velt því fyrir sér að greiðsluerfiðleikalánin yrðu sérstök lán, ekki húsbréf heldur föst lán til lengri tíma því að það er auðvitað alveg rétt að það er takmarkað gagn í því fyrir þetta aumingja fólk, til að mynda þá sem hafa fengið greiðsluerfiðleikahúsbréf því að allt áttu húsbréfin að leysa í tíð hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur. Það átti hvers manns vanda að leysa með húsbréfum og það var hrúgað út húsbréfum handa greiðsluerfiðleikafólkinu. En hver er niðurstaðan? 60% af þeim lánum eru í vanskilum. Meira en helmingur hefur reynst þannig að dæmið gekk ekki upp hjá fólkinu, m.a. vegna þess að auðvitað ræður þetta fólk ekki við þau lánskjör sem þarna eru á ferðinni, ekki á sama tíma og kaupið er að lækka, atvinnutekjur að dragast saman. Þess vegna hefði ég talið að það mælti allt með því að greiðsluerfiðleikalánin væru skilgreind á einhverjum öðrum forsendum, til að mynda föst lán, viðbótarlán sem þessi greiðsluerfiðleikahópur gæti fengið til hliðar við húsbréfin og væri til að mynda á einhverjum öðrum kjörum og til lengri tíma. Í öllu falli komast menn ekki svo auðveldlega frá umræðunni að segja að annars vegar: Tillögur Alþb. ganga ekki í þessum efnum, og snúa sér að því að spyrja hæstv. fjmrh. hins vegar: Hvað á að gera? Eins og þegar liggur fyrir hefur hæstv. fjmrh. engin svör og sá hv. þm. sem borið hefur ábyrgð á þessu sem ráðherra í sjö ár getur ekki gert svo einfaldlega upp við sína fortíð í málunum að varpa því öllu saman yfir á herðar fjmrh. með einni spurningu: Hvað á að gera? Við verðum að horfast í augu við það, hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, að húsbréfakerfið eins og það hefur reynst hefur ekki gengið upp nema að litlu leyti gagnvart þeim markmiðum sem það átti að þjóna.

Hverjar voru meginröksemdirnar bak við húsbréfakerfið á hverjum tíma? Ein sú mikilvægasta sem tönnlast var á og hefur auðvitað alveg brugðist — hver er hún? Hún var innri fjármögnun húsbréfakerfisins sjálfs sem átti að felast í því að það fólk sem ætti afskrifað húsnæði mundi leggja til stóran hluta af fjármagninu með því að taka húsbréf upp í í fasteignaviðskiptum og eiga þau áfram. Þar með mundi felast í tilkomu húsbréfakerfisins heilmikil innri fjármögnun vegna þess að eignir þessa fólks, sem ætti mikið af skuldlausu húsnæði í landinu, mundu í raun færast yfir í húsbréf sem þetta fólk ætti. Ég spyr: Hvar er þessi innri fjármögnun? Hún er hvergi, hún hefur ekki komið fram í kerfinu vegna þess að það er auðvitað alveg augljóst mál að ef það hefur gerst að milljarðar eða milljarðatugir hefðu komið inn í þetta dæmi í formi innri fjármögnunar þá væri ástandið ekki eins og það er í dag.

Í öðru lagi er óhjákvæmilegt að fara yfir afföllin sem hafa orðið í sambandi við húsbréfin. Auðvitað er það svo að gagnvart þeirri hrikalegu staðreynd að afföll á húsbréfum fóru upp undir 25% þegar verst lét þá standa þeir aðilar auðvitað afar berskjaldaðir sem seldu okkur kerfið í byrjun með heitstrengingum um að aldrei yrðu afföll á húsbréfum. Það er nú ekki svo að ræðumaður muni ekki eftir því að það var svarið og sárt við lagt að aldrei yrðu afföll á húsbréfum af því að ríkisábyrgð væri á bak við þau og þetta væru þannig pappírar að engin ástæða væri til að óttast það. Skyldu ekki greiðsluerfiðleikar æðimargra, sem við höfum fengið upplýsingar um, stafa af því að þeir tóku kannski húsbréfalán upp á 4 milljónir en fengu aldrei nema 3 milljónir í hendurnar vegna þess að þeir fóru út á markaðinn með húsbréfin sín, seldu þau og afföllin að viðbættum kostnaði fóru þegar verst lét upp í 25%? Ég þekki svona dæmi. Bóndi norður í landi lagði fyrir mig pappíra sína upp á það að hann var að byggja sér hús, fór í þetta fína greiðslumat og honum var sagt að hann væri borgunarmaður fyrir 4 millj. Bóndinn var

harla glaður og ræddi við sína smiði. Hann sá að hann mundi ná að klára þetta dæmi með því að fá 4 millj. kr. húsbréfalán. Svo koma húsbréfin og bóndinn fer í bankann, nánar tiltekið Búnaðarbankann á viðkomandi stað, og ætlar að selja bréfin og fara heim með 4 millj. til þess að borga fyrir timbur, sement og annað því um líkt. Hvað gerist? Hann fær 3 millj., en hann skuldar 4 millj. Frá fyrsta degi er staða hans þannig og hvað gerist þá? Það vantar milljón sem hann hafði gert ráð fyrir að fá til að borga sement, timbur og annað því um líkt. Hvað haldið þið að verði um þá milljón? Hún gufar ekki upp. Byggingarkostnaður hússins lækkar ekki sem því nemur. Nei, auðvitað lendir bóndinn í því að hann fer og lætur menn skrifa upp á víxla og skuldabréf og nær einhvern veginn í þessa peninga og þeir þyngja greiðslubyrðina sem þessu nemur. Og skyldi nú ekki staða hans vera nokkru verri fyrir vikið? Gæti ekki verið að þeir miklu greiðsluerfiðleikar sem við erum að sjá stafi m.a. af þessu?

Þess vegna þýðir auðvitað ekki að reyna að koma sér hjá því að ræða hér orsök og afleiðingu. Ég er þeirrar skoðunar að það komist ekkert réttlæti og engin sanngirni inn í þetta húsbréfakerfi fyrr en farið verður yfir það hvernig hinir einstöku hópar sem fengu húsbréf á hverjum tíma fyrir sig komu út úr afföllunum og það verði að fara yfir það hvort ekki er hægt með einhverjum hætti að leiðrétta stöðu þessara hópa, til að mynda með því að þeir sem tóku húsbréfalán á einhverjum tilteknum tíma og afföllin voru þá sannanlega til að mynda 20%, það verði gert ráð fyrir því með einhverjum hætti í sambandi við endurfjármögnun á húsbréfalánum þeirra aðila eða í formi viðbótarlánveitinga til þeirra á föstum kjörum eða annað þar fram eftir götunum. Þetta er auðvitað hægt að gera. Sama á við um vaxtamismuninn sem núna er inni í kerfinu. Þeir sem tóku húsbréf fyrir ári eða einu og hálfu ári síðan gerðu það á 6% vöxtum en síðan hafa þeir verið lækkaðir í 5%. Í Danmörku er sá möguleiki hafður inni í kerfinu að það er hægt að endurfjármagna þessi lán, greiða þau upp og fá notið lægri vaxta ef þeir eru fyrir hendi, á Íslandi er það ekki. Mér er tjáð af þeim sem sækja nú um það að skipta um húsbréf vegna íbúðarkaupa, þeir eiga kannski íbúð og tóku til þess að kaupa hana húsbréfalán á 6% vöxtum, nú ætla þeir að fara í íbúðarskipti og spyrja: Getum við þá greitt upp það lán og fengið útgefið nýtt og hærra húsbréfalán til kaupa á nýrri íbúð? Svarið er nei. Þá verði menn að halda því sem nemur eldra láninu á hærri vöxtum en eigi þá kost á viðbótarláni á lægri vöxtunum. Þannig er í hverju tilvikinu á fætur öðru verið að innbyggja mismun í þetta kerfi gagnvart einstökum hópum vegna breyttra ákvarðana um vexti, vegna þess að afföllin voru mismunandi á hverjum tíma o.s.frv. Þetta er nú þetta fína kerfi og svona er staðan á því eins og hún er í dag.

Ég held að menn þurfi að taka sér tíma í það, það verður ekki gert nú, hæstv. forseti, vegna þess að það þarf að afgreiða þetta mál sem fyrst, en húsnæðisvandinn og vandi þeirra sem þarna eiga í hlut gufar ekki upp, hann hleypur ekki frá okkur, hann mun ekki hverfa hér út úr þingsölunum þó að þetta mál fari þaðan, vegna þess að hann er eiginlegur, efnislegur, brennandi vandi úti í þjóðfélaginu. Staðan í þessu kerfi er auðvitað þannig að það er óhugsandi annað en að þingið taki sér rækilega tíma í að skoða það og reyna að bæta þarna eitthvað úr. Ég er þeirrar skoðunar að þetta markaðsfjármagnaða húsnæðislánakerfi hjá okkur Íslendingum gangi ekki upp og ég er þeirrar skoðunar að það hafi verið algjör vitleysa að hverfa frá samningsbundinni fjármögnun lífeyrissjóðanna inn í þetta kerfi að einhverju leyti, a.m.k. að gera það á jafnskömmum tíma og jafnveikum forsendum og raun ber vitni. Hver er útkoman af því? Hver er niðurstaðan af því? Hún er sú að menn hafa alls ekki getað fjármagnað byggingarsjóðina á þessum markaði, ekki neitt. Menn hafa nánast ekki fengið neina peninga inn í Byggingarsjóð ríkisins allt þetta ár á markaðnum. Ríkissjóður sjálfur hefur orðið að leysa úr þeirri þörf með því að veita fé í gegnum Lánasýslu ríkisins yfir í byggingarsjóðina. Þannig er ástandið. Og ætla menn svo að koma hér og láta eins og ekkert sé, þetta sé allt í þessu fína lagi, þegar vextir eru á bullandi uppleið og fjármögnun kerfisins er í uppnámi, í raun og veru í algjöru uppnámi?

Það getur vel verið að úr því rætist eitthvað ef vaxtahækkun gengur hér yfir línuna þannig að eftir fáeina mánuði verði ávöxtunarkrafan komin upp í 6–7%, þá komist kaup í gang á nýjan leik, en þá verða menn líka að bíta í það súra epli að blaðran er algjörlega sprungin og auðvitað er hún það. Auðvitað liggja þessar aðstæður algjörlega fyrir, hvernig hæstv. ríkisstjórn hefur í raun og veru sprungið þarna á limminu.

Það leitar auðvitað á mann, hæstv. forseti, að lokum, hvort málin snúist ekki einfaldlega um óheppilega tímasetningu hjá hæstv. ríkisstjórn. Með öðrum orðum, að ríkisstjórnin hafi feilreiknað sig um eins og hálft ár þegar hún ákvað í aðdraganda kosninga að ná niður vöxtunum með þeim brögðum sem beitt var og halda þeim lágum fram yfir kosningar. Kannski var það m.a. þess vegna sem hæstv. forsrh. vildi fá haustkosningar. Hann vissi að blaðran var að springa. Hann sá og hafði þá um það upplýsingar að Seðlabankinn gat ekki meira, að spilaborgin mundi hrynja á næstu mánuðum. Eða þá að þeir feilreiknuðu sig um eins og hálft ár og lögðu of snemma af stað í vaxtalækkunarleiðangurinn og blekkinguna sem átti að standa fram yfir kosningar, það var lagt of snemma af stað. Því auðvitað er alveg ljóst að þetta er að rakna upp og öllum að verða ljóst hvaða sýndarmennska og blekkingar voru hér á ferðinni, að það hefur ekki náðst neinn eiginlegur eða efnislegur árangur í þessum efnum heldur var hann tilbúinn með því að nota upp alla möguleika og alla getu Seðlabankans til að kaupa niður vextina. Það gekk í um það bil eitt ár eða tæpt ár, en nú gengur það ekki lengur og þá verða menn að horfast í augu við þær staðreyndir eins og þær eru, þó að það sé að sjálfsögðu greinilega erfitt fyrir hæstv. fjmrh. og ýmsir fleiri eigi þar um sárt að binda sem tóku þátt í leiknum og þar á meðal hæstv. fyrrv. félmrh., sem hefur auðvitað komið fram í þessari umræðu í harla sérkennilegri stöðu, svo ekki sé meira sagt.

[18:08]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er auðvitað margt sem væri hægt að tína til til þess að svara hv. síðasta ræðumanni. Hann ræddi mikið um afföllin í húsbréfakerfinu. Þau voru vissulega mikil á sínum tíma þegar við komum á greiðsluerfiðleikalánaflokknum. En það er eins og hv. þm. loki alltaf eyrunum fyrir því hver er skýringin á því. Hverjir voru það sem voru að þvælast fyrir því aftur og aftur hér í þingsölunum að loka 86-kerfinu? Við vorum einfaldlega að fjármagna tvö kerfi, auk þess að koma á þessum greiðsluerfiðleikalánaflokki, sem var meginskýringin á þessum afföllum. Það er eins og hv. þm. gleymi því líka að í þeim kerfum sem við höfum búið við á undan þessu voru alltaf afföll. Þau voru að vísu ekki sýnileg. Kallar hv. þm. það ekki afföll þegar fólk þarf aftur og aftur að vera að greiða lántökugjöld og vanskilakostnað og lögfræðikostnað vegna síendurtekinna skammtímalána sem meira og minna fóru í lögfræðiinnheimtu hjá bönkunum? Auðvitað er það ekkert annað en afföll.

Það gleymist líka varðandi greiðsluerfiðleikalán og nýbyggingalán, ef um húsbréf er að ræða sem leitar út á markað, að þá kemur það inn í vaxtabótakerfið og er hluti af því sem má draga þar frá.

Varðandi innri fjármögnun þá er auðvitað innri fjármögnun í þessu kerfi. Ég veit ekki hvað hún er mikil þessa dagana, en síðast þegar ég skoðaði það þá var það yfir 50%. Það er auðvitað ekkert annað en innri fjármögnun þegar húsbréfin ganga á milli kaupenda og seljenda án þess að fara á markaðinn.

Varðandi það kerfi sem hv. þm. vill viðhalda þá má hann ekki gleyma því að það hefði kostað okkur fleiri tugi milljarða að halda uppi því kerfi og við vorum með skýrslu frá Ríkisendurskoðun sem sagði að það kerfi væri gjaldþrota. Það hefði fólk þurft að borga með hærri sköttum, alveg örugglega, ef við hefðum átt að viðhalda því kerfi. Málið er því ekki eins einfalt og þingmaðurinn vill láta það líta út fyrir að vera. (Forseti hringir.)

Ég hef hér tilgreint hvað það er sem ég mundi vilja beita mér fyrir varðandi það að koma til móts við þá sem eru í greiðsluerfiðleikum (Forseti hringir.) þannig að mínar tillögur í þessu efni liggja fyrir.

(**Forseti** (GunnS): Ég verð að biðja hv. þm. að ljúka máli sínu.)

[18:11]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég sagði ekki eitt orð um það að málin væru einföld. Það sagði ég ekki. Ég þekki sögu þessara húsnæðismála alveg ágætlega eins og hv. þm. Ég benti hins vegar á þá staðreynd að afföllin urðu eins og raun bar vitni. Um langt, langt árabil voru þau svona mikil og þess sér auðvitað víða stað og þar á meðal í erfiðleikum fólksins. Ég er ekki sammála hv. þm. um það að biðlistarnir, eins og þeir voru í hinu illræmda 86-kerfi, hafi verið sambærilegir við afföll eða áhrifin af þeim. Það gat verið einstaklingsbundið, en þeir sem kunnu fótum sínum forráð fjárfestu ekki fyrir fram heldur undirbjuggu sig fyrir þau kaup í takt við það hvenær þeir fengju lán. Þeir komu auðvitað miklu betur út úr því kerfi. Það er alveg augljóst mál. Afföllin lentu á öllum. Öllum. Það komst enginn undan þeim sem þurfti að fara í gegnum húsbréfakerfið á meðan þau voru við lýði í því kerfi.

Hv. þm. gat ekki verið óheppnari þegar talað var um að síðan kæmi viðbótarkostnaðurinn, það mætti telja hann fram í sambandi við vaxtabæturnar. En hvað var gert við vaxtabæturnar, hv. þm.? Það voru einmitt þær sem voru skertar á sama tíma af þeim hv. þm., páv. hæstv. félmrh., sem var búinn að sverja og sárt við leggja að það skyldi aldrei verða, því vaxtabæturnar væru ein fasta stærðin í málinu og kæmu inn í greiðslumatið og það er auðvitað rétt.

Um innri fjármögnunina má alltaf deila, en ég held að alveg ljóst sé að hún hefur ekki orðið sú sem ætlunin var og talað var um gagnvart viðskiptum á notaða fasteignamarkaðnum. Þar held ég hins vegar að húsbréfin hefðu átt rétt á sér og eigi rétt á sér, en meginmistökin, að mínu mati, liggja í því að byggja átti áfram á fastlánakerfi gagnvart nýbyggingum. Húsbréfakerfið hefði að mínu mati getað þróast sem eðlilegur hluti af húsnæðislánafyrirkomulaginu, ef það hefði verið bundið við notaða markaðinn, en menn áfram byggt á kerfi sem hentaði nýbyggingunum.

[18:13]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að hv. síðasti ræðumaður sé á mjög hálum ís þegar hann heldur því fram að afföllin í húsbréfakerfinu hafi verið fólki þyngri byrði heldur en ýmiss kostnaður sem það þurfti að greiða í gamla 86-kerfinu og í bankakerfinu. Lánshlutfallið var fyrir það fyrsta miklu lægra í því kerfi, þannig að fólkið þurfti að leita í meira mæli inn í bankana í skammtímalánin. Auk þess voru þau lán greidd í þremur hlutum á 18 mánuðum, þannig að fólk þurfti oft að vera að fleyta sér áfram með þessum skammtímalánum. Við vitum að það er miklu harðari innheimtan í bönkunum heldur en er í húsnæðiskerfinu. Við höfum farið yfir það. Og það væri náttúrlega fróðlegt að fá samanburð á því hve mikil þessi afföll hafa verið þegar lánshlutfallið var svo lágt eins og það var í gamla kerfinu. Þannig að hv. þm. er á mjög hálum ís þegar hann er að halda því fram að fólk hafi ekki orðið fyrir verulegum skakkaföllum í þessu kerfi sem hann prísar hér og ekki annað að heyra en hann vilji taka það upp aftur ef hann hefði aðstöðu til.

[18:14]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Við þurfum meiri tíma en gefst í andsvörum til að ræða þessi mál, en ég tel mig ekkert vera á hálli ís heldur en hæstv. fyrrv. félmrh., sem skautar hér um í þessari umræðu og reynir að skjóta sér algjörlega undan þeirri ábyrgð sem hv. þm. ber auðvitað á ástandinu í húsnæðiskerfinu. Það kalla ég að vera illa skædd á ísnum.

Ég er ekki að mæla með eða færa fram einhverja

kosti eða eitthvert ágæti 86-kerfisins og það er auðvitað alveg ljóst að eins og ástandið var í því þegar það var verst, þá voru auðvitað óþolandi biðlistar eftir því. En hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir má ekki gefa sér það að hver einn og einasti maður sem byggði eða keypti húsnæði á þeim tíma hafi ekki kunnað fótum sínum forráð, hann hafi rokið til og keypt dýrt húsnæði og fjármagnað það með einhverjum skammtímalánum í bönkum og í vanskilum og með lögfræðikostnaði o.s.frv., eins og hv. þm. gerði hér. Það var nefnilega ekki þannig. Við vitum vel að stór hluti af þeim biðlista var nánast eins og skráning á þann lista. Síðan biðu menn eftir því að röðin kæmi að þeim. Og þó að þeir fengju þá lægra lánshlutfall þá voru það hagstæðari lán, miklu hagstæðari lán (Gripið fram í.) því þau voru bæði á lægri vöxtum og til lengri tíma, hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir. Það er staðreynd sem hv. þm. hefur gengið illa að átta sig á, að sá hluti fjármögnunarinnar var, þegar hann kom, mikið hagstæðari heldur en húsbréfin. Mikið hagstæðari. Og ef menn áttu þá að einhverju leyti fyrir mismuninum þá gat það dæmi auðvitað komið mjög vel út. Við skulum fara í gegnum þessa umræðu, hv. þm. Og eitt er alveg örugglega staðreynd, að þegar verst lét og afföllin í húsbréfakerfinu með kostnaði voru komin upp í 25% — dettur hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur í hug að verja það ástand sem þá varð til? Þegar menn fóru og tóku 4 millj. að láni og fengu 3 í hendurnar til að borga sinn byggingarkostnað. Við erum með þúsundir fjölskyldna úti um allt land sem eru skrifaðar fyrir 4 eða 5 millj. en fengu aldrei nema ¾ af því. Er það kerfi sem menn geta mælt með?

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:19]

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, EH, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GAK, GHall, GunnS, HjálmJ, IBA, JóhS, LMR, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StB, TIO.

13 þm. (AÓB, ÁgG, GB, GHelg, HÁ, IP, JGS, JónK, KÁ, KE, REl, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

27 þm. (ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, FI, GuðjG, GÁS, GÁ, GJH, HBl, HG, JE, JBH, JHelg, KHG, MF, ÓRG, PP, PB, RA, SighB, SP, StG, VS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁgG, ÁRÁ, ÁJ, EH, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GAK, GB, GHall, GHelg, GunnS, HÁ, HjálmJ, IBA, IP, JóhS, JGS, JónK, KÁ, KE, LMR, ÓE, PJ, PBald, REl, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SJS, StB, SvG, TIO.

26 þm. (ÁMM, BBj, DO, EgJ, FI, GuðjG, GÁS, GÁ, GJH, HBl, HG, JE, JBH, JHelg, KHG, MF, ÓRG, PP, PB, RA, SighB, SP, StG, VS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

3. gr. samþ. með 24 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, EH, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GAK, GHall, GunnS, HjálmJ, IBA, JóhS, LMR, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StB, TIO.

13 þm. (AÓB, ÁgG, GB, GHelg, HÁ, IP, JGS, JónK, KÁ, KE, REl, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

26 þm. (ÁMM, BBj, DO, EgJ, FI, GuðjG, GÁS, GÁ, GJH, HBl, HG, JE, JBH, JHelg, KHG, MF, ÓRG, PP, PB, RA, SighB, SP, StG, VS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁgG, ÁRÁ, ÁJ, EH, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GAK, GB, GHall, GHelg, GunnS, HÁ, HjálmJ, IBA, IP, JGS, JónK, KÁ, KE, LMR, ÓE, PJ, PBald, REl, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SJS, StB, SvG, TIO.

27 þm. (ÁMM, BBj, DO, EgJ, FI, GuðjG, GÁS, GÁ, GJH, HBl, HG, JE, JóhS, JBH, JHelg, KHG, MF, ÓRG, PP, PB, RA, SighB, SP, StG, VS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Út af dagskrá voru tekin 2.–7. mál.

Fundi slitið kl. 18:21.

---

13. FUNDUR

mánudaginn 17. okt.,
að loknum 12. fundi.

Dagskrá:

1. Lánsfjáraukalög 1994, stjfrv., 74. mál, þskj. 74. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
2. Fjáraukalög 1994, stjfrv., 66. mál, þskj. 66. — 1. umr.
3. Lánsfjárlög 1995, stjfrv., 3. mál, þskj. 3. — 1. umr.
4. Ríkisreikningur 1991, stjfrv., 64. mál, þskj. 64. — 1. umr.
5. Ríkisreikningur 1992, stjfrv., 65. mál, þskj. 65. — 1. umr.
6. Bókhald, stjfrv., 72. mál, þskj. 72. — 1. umr.
7. Ársreikningar, stjfrv., 73. mál, þskj. 73. — 1. umr.

Lánsfjáraukalög 1994, 3. umr.

Stjfrv., 74. mál (lántaka ríkissjóðs og húsbréfadeildar). — Þskj. 74.

[18:21]

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁgG, ÁRÁ, ÁJ, EH, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GAK, GB, GHall, GHelg, GunnS, HÁ, HjálmJ, IBA, IP, JóhS, JGS, JónK, KÁ, KE, LMR, ÓE, PJ, PBald, REl, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SJS, StB, SvG, TIO.

26 þm. (ÁMM, BBj, DO, EgJ, FI, GuðjG, GÁS, GÁ, GJH, HBl, HG, JE, JBH, JHelg, KHG, MF, ÓRG, PP, PB, RA, SighB, SP, StG, VS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:23]

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, EH, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GAK, GHall, GunnS, HjálmJ, IBA, JóhS, LMR, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StB, TIO.

13 þm. (AÓB, ÁgG, GB, GHelg, HÁ, IP, JGS, JónK, KÁ, KE, REl, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

26 þm. (ÁMM, BBj, DO, EgJ, FI, GuðjG, GÁS, GÁ, GJH, HBl, HG, JE, JBH, JHelg, KHG, MF, ÓRG, PP, PB, RA, SighB, SP, StG, VS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 98).

Út af dagskrá voru tekin 2.–7. mál.

Fundi slitið kl. 18:24.

---

14. FUNDUR

þriðjudaginn 18. okt.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Lyfjalög, frv., 5. mál, þskj. 5. — Frh. 1. umr.
2. Afnám tvísköttunar af lífeyrisgreiðslum, þáltill., 25. mál, þskj. 25. — Fyrri umr.
3. Sjómannalög, frv., 21. mál, þskj. 21. — 1. umr.
4. Tollalög, frv., 24. mál, þskj. 24. — 1. umr.
5. Úttekt á tekju- og eignaskiptingu í þjóðfélaginu, þáltill., 31. mál, þskj. 31. — Fyrri umr.
6. Ráðherraábyrgð, þáltill., 34. mál, þskj. 34. — Fyrri umr.
7. Aðgerðir til að draga úr kynjamisrétti, þáltill., 38. mál, þskj. 38. — Fyrri umr.
8. Foreldrafræðsla, þáltill., 39. mál, þskj. 39. — Fyrri umr.
9. Varðveisla arfs húsmæðraskóla, þáltill., 40. mál, þskj. 40. — Fyrri umr.
10. Endurskoðun á launakerfi ríkisins, þáltill., 41. mál, þskj. 41. — Fyrri umr.
11. Þingsköp Alþingis, frv., 42. mál, þskj. 42. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Davíð Oddsson forsrh.,
Eggert Haukdal, 6. þm. Suðurl.,
Egill Jónsson, 3. þm. Austurl.,
Guðmundur Árni Stefánsson félmrh.,
Jón Baldvin Hannibalsson utanrrh.,
Kristinn H. Gunnarsson, 5. þm. Vestf.,
Ragnar Elbergsson, 3. þm. Vesturl.

Útbýting þingskjala:

Dreifing pósts og skeyta á landsbyggðinni, 94. mál, fsp. GÁ, þskj. 96.

Framkvæmd búvörusamningsins, 95. mál, beiðni RA o.fl. um skýrslu, þskj. 97.

Framkvæmdaáætlun til að ná fram jafnrétti kynjanna, 93. mál, fsp. JóhS, þskj. 95.

Kennsla í iðjuþjálfun, 91. mál, þáltill. KE o.fl., þskj. 93.

Staða Íslands gagnvart Montreal-bókun um ósoneyðandi efni, 92. mál, fsp. HG, þskj. 94.

Tilkynning um utandagskrárumræðu.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Þá er hér tilkynning um utandagskrárumræðu sem fer fram í dag kl. 3. Málshefjandi er hv. þm. Svavar Gestsson og beinir hann máli sínu til hæstv. menntmrh. Umræðan fer fram samkvæmt 53. gr. þingskapalaga og er gert ráð fyrir að hún vari í um eina klukkustund. Efni umræðunnar er málefni Ríkisútvarpsins í ljósi nýlegra atburða innan stofnunarinnar.

Lyfjalög, frh. 1. umr.

Frv. IP o.fl., 5. mál (lyfsala dýralækna). — Þskj. 5.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Afnám tvísköttunar af lífeyrisgreiðslum, fyrri umr.

Þáltill. GHall o.fl., 25. mál. — Þskj. 25. [13:37]

Flm. (Guðmundur Hallvarðsson):

Virðulegi forseti. Ég legg hér fyrir þingið till. til þál. um afnám tvísköttunar af lífeyrisgreiðslum, en meðflm. að þessari þáltill. eru Sólveig Pétursdóttir og Vilhjálmur Egilsson.

Þetta er í þriðja sinn sem ég legg þetta fyrir Al-

þingi, hæstv. forseti, og vonast nú til þess að þetta mál nái fram að ganga en einhverra hluta vegna hefur þetta mikilsverða mál sofnað í nefnd. Tillagan hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að leggja fyrir Alþingi frv. til laga um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sem leiði til afnáms tvísköttunar af lífeyrisgreiðslum og jafnræðis í skattalegri meðferð vaxtahluta lífeyrisins."

Í greinargerðinni kemur fram að þegar staðgreiðslu skatta var komið á var um leið tekin upp tvísköttun lífeyrisgreiðslna. Þær höfðu áður verið undanþegnar tekjuskatti. Eftir breytinguna var tekjuskattur lagður á þær tekjur sem launþegi greiddi sem iðgjald í lífeyrissjóð, þ.e. 4%, og síðan er lífeyririnn skattlagður á nýjan leik þegar hann er greiddur út. Eins kom upp skattaleg mismunun hvað varðar ávöxtun launþegahluta lífeyrisiðgjaldsins þar sem tekinn er tekjuskattur af lífeyrisgreiðslunum á sama tíma og ávöxtun annars sparifjár er skattfrjáls. Hér er um óviðunandi ástand að ræða. Tvísköttun tekna af þessu tagi er óþolandi og sömuleiðis mismunun í skattlagningu fjármagnstekna með þeim hætti sem hér er bent á.

Það skal áréttað að hér er eingöngu farið fram á breytta skattalega meðferð iðgjaldshluta launþega í lífeyrissjóði.

Og enn vil ég minna á það að á 113. löggjafarþingi var samþykkt tillaga frá Guðmundi H. Garðarssyni svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela fjmrh. að gera könnun á skattalegri meðferð lífeyrissparnaðar og undirbúa nauðsynlegar lagabreytingar til að slíkur sparnaður njóti ekki lakari kjara en annar sparnaður í landinu."

Eflaust kunna menn á því skil hvers vegna þessi ályktun hefur ekki náð fram að ganga og hvers vegna þurfi nú enn að vera að flytja þetta mál hér. Ég vænti þess að þeir sem hafa setið á stóli fjmrh. frá þessum tíma kunni á þessu einhver skil. En í greinargerð með þáltill. Guðmundar H. Garðarssonar er vakin athygli á margsköttun iðgjalda sjóðfélaga til lífeyrissjóðanna. Iðgjaldið er skattlagt sem tekjur þegar launþeginn vinnur til þeirra, í annað skiptið þegar lífeyrir er greiddur til sjóðfélaga og síðan má segja að þessar tekjur séu skattlagðar í þriðja sinn þegar þær valda skerðingu á tekjutryggingu frá Tryggingastofnun ríkisins.

Virðulegi forseti. Það má margt um þessa þáltill. segja og mikið um hana fjalla og ég hef heyrt það að jafnvel verkalýðshreyfingin hafi haft á orði að það væri kannski eðlilegt að taka þennan kaleik frá alþingismönnum vegna þess að það væri umhugsunarefni hvort þetta stæðist Mannréttindadómstólinn í Haag ef þetta mál yrði kært þangað vegna þess að tvísköttun stenst ekki, getur engin lög staðist og þá tvísköttun fer fram, þá er það svo í hæsta lagi óeðlilegt að það er vandséð hvar slík skattaleg meðferð fyrirfinnst annars staðar en hér á Íslandi.

Í annan stað ræða menn jafnvel um að það sé eðlilegt að í næstu kjarasamningum geri verkalýðshreyfingin með sér þannig samkomulag um iðgjaldagreiðslur í lífeyrissjóðina að það verði atvinnurekandinn sem borgi 10%, þ.e. 6% sem vinnuveitandi greiðir í dag að viðbættum 4% sem launþeginn sjálfur greiðir nú. Það er í sjálfu sér athyglisverð málamiðlun í þessu en ég tel hins vegar þar sem þetta snertir löggjafann þá sé eðlilegt að hann taki á þessu máli hér og ég veit að þingheimur vill leysa þetta mál svo óréttlátur sem skattur þessi er.

[13:42]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Þá er skattalækkunarleikrit Sjálfstfl. að byrja á nýjan leik enda prófkjör í vændum og alþingiskosningar. Sjálfstfl. flutti hér á síðasta kjörtímabili margvíslegar tillögur um skattalækkanir, efndi enga þeirra. Og nú gerist það hér þegar Sjálfstfl. er búinn að hafa fjmrn. í þrjú ár að þá kemur þingmaður Sjálfstfl. og flytur þáltill. um afnám tvísköttunar. (**GHall:** Ekki í fyrsta skiptið.) Hvers vegna skyldi þingmaðurinn flytja þáltill.? Jú, vegna þess að þá er alveg öruggt að það verður ekkert gert í málinu. Ef þingmanninum væri alvara þá mundi hann auðvitað flytja brtt. við skattalögin eða þau skattafrumvörp sem hér verða til umfjöllunar. Það gerir þingmaðurinn ekki. (**GHall:** Talar sá sem reynsluna hefur.) Talar sá sem reynsluna hefur. Ég hef aldrei farið með blekkingar gagnvart þjóðinni í skattalækkunarmálum, hv. þm., aldrei gert það. Ég sagði það fyrir síðustu kosningar að það væri ekki svigrúm til skattalækkana. En Sjálfstfl., þar með talinn þessi hv. þm., söng það í prófkjörsbaráttunni og kosningabaráttunni að það væri mikið svigrúm til skattalækkana, meinti ekki neitt af því. Sjálfstfl. meinar heldur ekki neitt með þessari tillögu, það er alveg ljóst. Hann er bara að byrja skattalækkunarleikritið aftur hérna í þingsalnum af fullkomnu alvöruleysi.

Ég vil spyrja hv. þm. hvers vegna hann flytur ekki frv. um málið svo að hægt sé að kalla fram vilja þingsins í málinu? Þetta er bara áskorun á fjmrh. að leggja fram frv. Fjmrh. hefur boðað í fjárlagafrv. hvaða skattafrumvörp hann ætlar að leggja fram, það liggur alveg ljóst fyrir. Þar með er þetta ekki talið með. Var sú áætlun ekki samþykkt í þingflokki Sjálfstfl.? Ég vil spyrja hv. þm. að því. Þar með hefur hv. þm. samþykkt það að fjmrh. leggur ekki fram frv. um þetta atriði sem hann er núna að skora á fjmrh. að gera. Auðvitað er hægt að nota aðstöðu sína hér í þinginu til þess að leika sér með þessum hætti, en það hefur ekki verið venja að þingmenn úr flokki fjmrh. væru að leika sér með þessum hætti sem hv. þm. gerir hér án þess að gera tilkall til þess að viðkomandi fjmrh. sé þá í þingsalnum svo að hægt sé að ræða við hann. En það var auðvitað áberandi að hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson og þeir tveir aðrir þingmenn Sjálfstfl. sem þetta flytja hafa greinilega engan áhuga á að ræða þetta við fjmrh. úr eigin flokki.

Ég vil spyrja hv. þm. í fyrsta lagi: Hvers vegna flytur hann ekki frv. um málið? Ég vil spyrja hann í öðru lagi: Hver var afstaða fjmrh., Friðriks Sophussonar, þegar þessi tillaga var rædd í þingflokki Sjálfstfl.? Í þriðja lagi vil ég spyrja: Styður þingflokkur Sjálfstfl. þessa tillögu, eða eru það bara þrír þingmenn Sjálfstfl. sem standa á bak við hana? Er hér einhver alvara á ferðinni þannig að hægt sé að taka málið þeim tökum

að raunverulegur vilji sé á bak við þennan tillöguflutning?

Það kemur fram í greinargerðinni að þessi tvísköttun á lífeyrisgreiðslur var innleidd af Sjálfstfl. Hv. þm. gleymdi að segja það alveg skýrt að hún hefði verið innleidd af Sjálfstfl. Sjálfstfl. ber þess vegna meginábyrgð á því að þessi tvísköttun af lífeyrisgreiðslum var sett í löggjöfina. Ég man ekki betur en að allir þingmenn Sjálfstfl. á Alþingi þá greiddu atkvæði með því að slík tvísköttun af lífeyrisgreiðslum væri tekin upp. Það er þess vegna framlag Sjálfstfl. til lögbókarinnar að lífeyrisgreiðslur séu tvískattaðar. Það getur svo vel verið að Sjálfstfl. hafi ætlast til þess að við hinir sem tókum við fjmrn. færum að afnema þessi verk Sjálfstfl. Það má vel vera. En er það ekki til einum og mikils ætlast, hv. þm., að fjmrh. annarra flokka fari að afnema það sem Sjálfstfl. hefur komið á með þessum hætti? Þessi tvísköttun er þess vegna framlag Sjálfstfl. til íslenskra skattamála. Sjálfstfl. hefur haft þrjú ár til að kalla þetta til baka. Ég veit ekki til þess að fjmrh. Sjálfstfl. hafi nokkru sinni orðað það. Nú gerist það á síðasta þingi fyrir kosningar, nokkrum vikum fyrir prófkjör, að þetta leikrit er hafið hér í þingsalnum að flytja um þetta þáltill. Marklaus flutningur sem mun auðvitað engin áhrif hafa á raunveruleikann sem þingmaðurinn er að tala um.

Ég vona að hv. þm. svari þeim spurningum sem ég bar hér fram, en ég tók til máls vegna þess að mér leiðist að sitja enn einu sinni undir því að Sjálfstfl. sé að plata almenning. Þessi þingmaður Reykv. sé að plata Reykvíkinga með því að búa til einhverjar væntingar um skattalækkanir sem er svo ekki fylgt eftir með neinum hætti. Fyrir síðustu alþingiskosningar var gefið út prófkjörsblað hjá Sjálfstfl. í Reykjavík. Þar voru frambjóðendur í prófkjörinu, m.a. þeir þrír sem hér sitja í þingsalnum, látnir svara þeirri spurningu frá ungu fólki í Sjálfstfl. hvort þeir ætluðu að afnema þá skatta sem sú ríkisstjórn sem ég var fjmrh. í hafði komið á. Allir þessir þingmenn sem hér sitja lýstu því yfir að þeir ætluðu að afnema þessa skatta. (**IBA:** Ég verð að leiðrétta einu sinni enn.) Ég sagði þrír hv. þm. hér í salnum. Það hefur ekki orðið vart við efndir á þessum loforðum. Forsrh. svaraði þessum spurningum með einföldu jái, hann ætlaði að afnema alla þessa skatta. Fjmrh. lýsti því yfir að hann ætlaði að afnema þá. Geir H. Haarde ...

(**Forseti** (VS)**:** Hæstv. ráðherrar.)

Hæstv. ráðherrar já, hæstv. ráðherrar. Hv. þm. Geir H. Haarde var eini frambjóðandinn í þessu prófkjöri sem hafði kjark til að segja mjög skýrt að það væri ekki grundvöllur fyrir því að lækka þessa skatta. Það hef ég alltaf virt við hv. þm. Geir H. Haarde. En sá þingmaður sem þessa tillögu flytur og sá þingmaður Reykv. sem flytur tillöguna með honum, tóku hins vegar þátt í þessum blekkingaleik í prófkjöri Sjálfstfl. fyrir fjórum árum síðan.

[13:49]

Finnur Ingólfsson:

Virðulegur forseti. Sú tillaga til þál. um afnám tvísköttunar á lífeyri hefur reyndar komið fram áður og fengið nokkra umræðu hér í þinginu, verið vísað til efh.- og viðskn. og ekki fengið þar afgreiðslu. Það er rétt hjá hv. 8. þm. Reykn. að Sjálfstfl. ber að vissu leyti nokkra ábyrgð á þeirri tvísköttun sem í núv. skattakerfi felst. Þegar persónuafslátturinn var ákveðinn á sínum tíma þá átti að taka tillit og var tekið tillit til þeirra þátta er sneru að þessari tvísköttun, þannig að persónuafslátturinn gerði ráð fyrir því að í gegnum hann yrði þessi tvísköttun í raun og veru afnumin. Nú hefur það hins vegar gerst og sérstaklega í tíð þessarar ríkisstjórnar að persónuafslátturinn hefur verið lækkaður, þannig að þau atriði er þarna voru tekin inn á sínum tíma eru ekki lengur til staðar. Því má segja að það sé fyllilega eðlilegt að flytja tillögur í þessa veru, eins og hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson og fleiri þingmenn Sjálfstfl. hafa hér gert. Hins vegar veltir maður auðvitað fyrir sér forminu og þar tek ég undir með hv. 8. þm. Reykn. Af hverju ekki að fara beint í það að flytja frv. til laga um breytingu á tekjuskatti og eignarskatti til að ná þessu fram og fá þannig vilja þingsins skýran til þessa ákvæðis?

Tillagan í sjálfu sér til þál., gerir lítið annað, þó hún yrði samþykkt, en að lýsa vilja þingsins til þessara hluta, síðan gæti það dregist langan tíma að eitthvert frv. yrði samþykkt eða kæmi kannski fram á þinginu frá hæstv. fjmrh. Þar fyrir utan eru það ekki mjög flóknar breytingar sem gera þarf á lögunum um tekjuskatt og eignarskatt til að ná þessu ákvæði fram, þau standa ein og sér alveg sjálfstæð í frv. og hefðu þar af leiðandi ekki nein önnur áhrif innan gildandi laga um tekjuskatt og eignarskatt.

Við þingmenn Framsfl. fluttum á síðasta þingi frv. til laga um séreignarréttindi lífeyris, um séreignarsjóðinn. Í því frv. var gert ráð fyrir að þessi tvísköttun væri afnumin með því að skattleggja ekki inngreiðsluna í lífeyrissjóð eða séreignasjóð, en gert ráð fyrir því, til þess að mæta tekjutapi sem af þessu yrði, til að styrkja stöðu lífeyrissjóðanna, þá þyrfti jafnvel að hækka lífeyrissjóðsframlagið úr 10 í 13%. Fyrir launamanninn skipti það ekki máli þar sem tvísköttunin væri afnumin, það kæmi í raun og veru eins út. Þannig að sá vilji sem kemur fram í þessari þáltill. er auðvitað yfirlýsing um skattalækkanir. En þá þyrftu sjálfstæðismenn, áður en þeir færu út í slíkan tillöguflutning, að rifja upp: Hverju lofuðu þeir þjóðinni og hvaða leið vildu þeir fara fyrir alþingiskosningarnar 1991? Jú, þeir ætluðu að lækka skattprósentu einstaklingsins í tekjuskatti úr 39,79% niður í 35%. Þeir ætluðu að hækka skattleysismörkin. Allt þetta hefur í raun og veru verið svikið. En það er virðingarvert, og ég virði það við hv. þm., að hann skuli með þessari þáltill. reyna að ná fram skattalækkunum og það er auðvitað hægt að taka undir það með hv. þm., en lagafrv. hefði verið eðlilegri leið.

Nú er það svo að á þskj. 47, sem er 47. mál þingsins, liggur fyrir frv. frá Kvennalistanum um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, sem gerir einmitt ráð fyrir nákvæmlega því sama og þessi þáltill. hv. þm. Sjálfstfl., þ.e. að afnema tvísköttunina með því að skattleggja ekki inn-

greiðsluna í lífeyrissjóð. Þannig að frv. liggur fyrir í þinginu og þá er auðvitað eðlilegast að það komi hér til atkvæða mjög fljótlega og þá verði úr því skorið hvort þingmeirihluti er fyrir þessu. Ég þykist vera viss um að þessi till. til þál. hafi verið rædd í þingflokki Sjálfstfl. og þar sé meiri hluti fyrir því að gera þessar breytingar. Nú er hins vegar sá galli á þessu frv. Kvennalistans að það er einvörðungu gert ráð fyrir því að þetta nái til inngreiðslna í lífeyrissjóði hjá launamönnum. Það er ekkert tillit tekið til sjálfstætt starfandi atvinnurekenda. Það get ég upplýst hér að við þingmenn Framsfl. höfum í hyggju að flytja frv. til laga um breytingu á lögum um tekju- og eignarskatt, nr. 75/1981, sem taki einmitt á þessum tveimur þáttum. Annars vegar inngreiðslum í lífeyrissjóði frá launamönnum og hins vegar inngreiðslum í séreignarsjóði lífeyrisréttinda eða í lífeyrissjóði frá sjálfstætt starfandi atvinnurekendum. Ég trúi vart öðru en að hv. þm. Sjálfstfl. geti stutt það, þar sem till. þeirra til þál. gerir ráð fyrir því, ef ég les hana rétt, að jafnræði ríki, og verði tekið tillit til þeirra hluta þegar lagafrv. verði samið, að jafnræði ríki milli þess hvort menn eru að greiða í séreignarsjóði eða í lífeyrissjóðina, þannig að það sé alveg klárt að þarna sé ekki verið að mismuna eftir því hvort menn eru sjálfstætt starfandi atvinnurekendur eða launamenn.

Ég get auðvitað ekki gert neitt annað en að fagna þessari þáltill., en það er miklu eðlilegra að sýna málið í alvörubúningi hér í þinginu, þannig að þingið geti tekið tillit og afstöðu til þeirra hluta sem hér er verið að boða.

[13:56]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það er mjög eðlilegt að það skuli vera á það bent af ræðumönnum að þessi málafylgja hér af hálfu Sjálfstfl. er mjög sérstæð. En það breytir ekki því að ég er ekki að finna að því að einstakir þingmenn séu að reyna að ýta við málinu, en sú aðferð sem beitt er er allkynleg í ljósi þeirrar viljayfirlýsingar Alþingis sem lá fyrir frá þinginu vorið 1991, á 113. löggjafarþingi, þegar samþykkt var þáltill. sem þáv. varaþm. Sjálfstfl., Guðmundur H. Garðarsson, hafði flutt og flutt oftar en einu sinni, að mig minnir, í þau fáu skipti sem honum var hleypt hér inn á Alþingi á þeim tíma. En eins og menn muna þá var þessi hv. þm. og varaþm. sjálfstæðismanna á þessu kjörtímabili ekki á hægra brjóstinu hjá því þingliði sem réði því hvort hann kæmist inn á Alþingi eða ekki og sáum við ýmis dæmi þess á þingum á síðasta kjörtímabili. En það er önnur saga.

Þetta var helsta málið sem hv. þm. hreyfði hér og því var vísað til félmn., að mig minnir. Svo vildi til að ég var formaður í þeirri þingnefnd á þessum tíma og ég tók náttúrlega fyrir öll þau mál sem nefndinni bárust og þarf ekki að hafa mörg orð um það, svo sjálfsagt sem það er. En ég hafði frumkvæði að því seint þann vetur sem þessi þáltill. lá fyrir nefndinni, að taka hana fyrir sérstaklega og fá hana afgreidda. Það kom ekki frá þingliði Sjálfstfl. eða fulltrúum hans að ýta á eftir þessu máli. Ég þóttist sjá, bæði af umsögnum og eðli máls, að þetta væri gott mál sem rétt væri að styðja, þá með þeim hætti sem gert var, með þeirri samþykkt Alþingis sem tíunduð er að tillögu félmn. þarna á þessu þingi og náði hér fram að ganga. Það var einmitt efni samþykktarinnar að fela fjmrh. að gera könnun á skattalegri meðferð lífeyrissparnaðar og undirbúa nauðsynlegar lagabreytingar til að slíkur sparnaður njóti ekki lakari kjara en annar sparnaður í landinu. Síðan hefur Sjálfstfl. farið með fjármálin og farið með lífeyrismálin í fjmrn., en það hefur engu um þokað, þrátt fyrir þessa viljayfirlýsingu Alþingis. Á síðasta þingi þessa kjörtímabils, fjórum árum síðar, kemur einn þingmaður Sjálfstfl., ásamt tveim öðrum, og flytur í rauninni efnislega sams konar þáltill. og Alþingi tók afstöðu til vorið 1991. Þetta eru afar sérkennileg vinnubrögð, svo að vægt sé til orða tekið. Það er líka athyglisvert að þeir þingmenn Sjálfstfl. sem standa að þessum málatilbúnaði hafa ekki staðið mjög traustum fótum í þingliðinu sem flokkurinn sendir á þing úr kjördæminu Reykjavík, ekki mjög traustum fótum, annar varaþingmaður og mig minnir að hv. 1. flm. þessa máls sé 16. þm. Reykv. sem á e.t.v. undir högg að sækja að fá endurnýjað umboð til þess að bjóða sig fram til þings með líkur á að fá þar sæti.

En ég vil taka undir þær ábendingar sem fram hafa komið um málið varðandi þessa tillögu auk þess sem fyrir liggur frv. sem varðar þetta mál, e.t.v. með annmörkum, þannig að það ætti að vera hægurinn hjá að láta reyna á stuðning þingmanna Sjálfstfl. bæði í þingnefnd sem fær þetta mál væntanlega til meðferðar og síðan í afgreiðslu varðandi það og þau frumvörp sem snerta málið. Það er ánægjulegt að þetta skuli komið fram það snemma á þinginu að það sé a.m.k. ekki hægt að bera því við að það sé ónógur tími til þess að taka efnislega á þessu máli.

[14:01]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Ég fagna því að fram er komið mál sem fjallar um það að afnema tvísköttun af lífeyrisgreiðslum. Þetta mál hefur oftsinnis komið til umræðu hér á Alþingi án þess að niðurstaða hafi fengist og þó að það sé vel hægt að taka undir það sem fram hefur komið hjá síðustu ræðumönnum að gagnrýna megi formið, þá er engu að síður mjög nauðsynlegt að ræða þetta mál og sjá hvort ekki sé hægt að ná samstöðu um það hér á hv. Alþingi að finna leiðir til að afnema þessa tvísköttun af lífeyrisgreiðslum. Ég held að þetta mál sé ekki eins einfalt og hv. þm. leggur það hér fram og má sjá af þeim málatilbúnaði sem fram kemur í þessari till. til þál. Það hafa verið nefndar þrjár leiðir í sambandi við það að afnema tvísköttun af lífeyrisgreiðslum. Í fyrsta lagi að iðgjaldahluti launþegans verði þá skattfrjáls með líkum hætti og iðgjaldahluti atvinnurekandans og síðan að allar lífeyrisgreiðslur úr lífeyrissjóðum verði þá skattfrjálsar, sem er hin hliðin á málinu, eða að vinnuveitandinn greiði þá iðgjaldahluta launþegans eða greiði iðgjaldið að fullu og þá iðgjaldahluta launþegans en eins og hv. þm. vita, þá dregst iðgjaldahluti atvinnurekandans frá tekjum hans.

Það hefur verið nefnt í þessu sambandi og mér heyrðist hv. frsm. koma inn á að það hefði verið nefnt að ef farin væri sú leið að vinnuveitandi greiddi iðgjaldið að fullu þá mundu laun lækka samsvarandi. Spurningin er sú: Er hv. þm. sammála því að slík leið yrði farin? Vegna þess að það kostar töluverða fjármuni að afnema þessa tvísköttun af lífeyrisgreiðslum. Ég hef einmitt látið skoða þessar leiðir og hvað þetta kostaði þá í tapi á skatttekjum hjá ríkissjóði og þar er um töluverðar fjárhæðir að ræða. Ég tel því eðlilegt að hv. þm. sem flytur þessa tillögu geri grein fyrir því hvað hann hafi hugsað sér í því efni.

Iðgjöld til lífeyrissjóða nema nú um 16 milljörðum ári og hlutur sjóðfélaga er nálægt 6,5 milljörðum kr. Samkvæmt því yrði brúttótap skatttekna um 2,7 milljarðar kr. og þegar reynt er að áætla hvert nettótekjutap gæti orðið, en allstór hópur er með tekjur undir skattleysismörkum, þá er það mat Þjóðhagsstofnunar sem hefur skoðað þetta mál að þar sé verið að tala um nærri 2 milljarða kr. Því er spurning mín til hv. þm. sem flytur þetta mál þessi: Hefur hann hugað að þessari hlið á málinu vegna þess að hér er um töluverðar fjárhæðir að ræða? Er hv. þm. tilbúinn t.d. til að beita sér fyrir því að hér verði tekinn upp fjármagnstekjuskattur til þess að vega á móti því tekjutapi sem verður hjá ríkissjóði ef sú leið verður farin að afnema tvísköttun af lífeyrisgreiðslum með þeim hætti sem hv. þm. leggur til í sinni tillögu?

Ég stend hér upp til að vekja athygli á þessari hlið á málinu, sem auðvitað þarf að skoða líka, um leið og ég lýsi yfir stuðningi við það að þetta verði skoðað í fullri alvöru af hv. Alþingi og þingnefndinni sem fær þetta til meðferðar, að það verði fundin leið til þess að afnema það ótréttlæti sem felst í tvísköttun af lífeyrisgreiðslum.

[14:05]

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Það er leitt hversu mikill vandræðagangur hefur verið í kringum þetta ágæta mál, þ.e. afnám tvísköttunar af lífeyrisgreiðslum og í rauninni alveg til skammar ef það gerist eina ferðina enn að ekki verði tekið á því hér í vetur.

Svo sem fram hefur komið fyrr í þessari umræðu höfum við kvennalistakonur nú í þriðja sinn flutt frv. til laga sem tekur á þessu máli, þ.e. afnámi tvísköttunar af lífeyrisgreiðslum eða lífeyrissjóðsgjöldum. Með samþykkt þess frv. yrði í rauninni tekið á þessu máli og það yrði tekið á því á því stigi, inngreiðslunum sem margir telja að sé heppilegra. Í greinargerð þess frv., sem verður að sjálfsögðu nánar rætt þegar mælt verður fyrir því koma fram röksemdir fyrir því sem ég tel að séu mjög ítarlegar og vel raktar. Hér erum við hins vegar að fjalla um þáltill. sem er því miður of opin til þess að hægt sé að treysta því að framkvæmd fylgi samþykkt hennar þó að vissulega sé það án efa ætlan flutningsmanna, og ég ef enga ástæðu til að efast um þeirra góða hug í þessu máli. Hins vegar er sérkennilegt eins og hér hefur verið bent á að þeir skuli ekki hafa náð þessu fram innan síns flokks þar sem hann fer nú með fjmrn.

Framsóknarmenn boða að þeir muni flytja þriðja málið um þetta sama efni í vetur og taka þá inn einnig aðrar gerðir lífeyrissjóða. Ég ætla ekki að fara að hleypa hér af stað mikilli umræðu um það hvað séreignarsjóðir annars vegar og svo hins vegar samábyrgðarsjóðir af ýmsu tagi eru ólík fyrirbæri, annað er í rauninni bara bankabók og það getur hver og einn safnað í sína bankabók. Hitt er miklu flóknara dæmi og það er í rauninni þar sem fyrst og fremst þarf að taka á málum. Miðað við bankabækur þá eru þær einmitt enn, og það er kannski til vansa, hluti af því sem ekki hefur verið tekið á að skattleggja því að fjármagnstekjur eru svo sem kunnugt er enn ekki komnar á lista yfir þær eigur fólks sem skattlagðar eru og það er enn ein hneisan á ferli þessarar ríkisstjórnar vegna þess að þar hefur beinlínis verið blekkingaleikur í gangi.

Ég óttast það að ef hér verða of mörg mál til umfjöllunar þá verði það til að drepa þessu máli á dreif og það væri mikill skaði ef svo yrði. Því vona ég að þrátt fyrir það að menn hafi einhverjar ólíkar áherslur í þessum málum þá verði tekið myndarlega á þessu máli. Fyrst ríkisstjórnin hefur ekki manndóm í sér til að gera það, þá verða aðrir bæði stuðningsmenn hennar og andstæðingar að taka á þessu máli og samanlagt virðist ekki skorta þingstyrk. Ef þetta mál sofnar eina ferðina enn hér í þingsölum, þá er ekki öðru um að kenna heldur en andstöðu nefndarformanna sem reka þá erindi ríkisstjórnarinnar. Ég get ekki skilið það öðruvísi. Ég treysti því að það verði tekið á þessu í vetur og sú tillaga sem hér er til umræðu er út af fyrir sig góðra gjalda verð, en ég mæli hins vegar með því að það verði farin traustari og öruggari leið. Við höfum fjölmörg dæmi um það hér að þingsályktunartillögur hafa ekki verið hátt skrifaðar en lagabreytingar er hins vegar erfiðara að hunsa þótt það séu því miður til nokkur dæmi um að það hafi verið gert.

Að þessu sögðu verð ég að höfða til þeirra sem telja að hér sé um óréttlæti að ræða að sameina krafta sína í því að grípa til almennilegra aðgerða og ég vil spyrja 1. flm. þessarar tillögu sem hér er til umræðu hvort hann gæti ekki sætt sig við það að tekið yrði á málinu með lagabreytingum en ekki bara þáltill. ef samstaða næðist milli allra þeirra sem hafa þessa skoðun hér á Alþingi að fara þá leið.

[14:10]

Gunnlaugur Stefánsson:

Virðulegi forseti. Þetta eru nú allsérstæðar umræður sem nú fara fram um skattamál. Ég bjóst við því að hv. þm. stjórnarandstöðuflokkanna mundu koma hér og lýsa afstöðu, annaðhvort persónulegri afstöðu eða afstöðu flokka sinna, til þess máls sem hér er til umræðu, en það hefur orðið bið á því. Þvert á móti hafa hv. þm. stjórnarandstöðunnar reynt að gera þennan tillöguflutning tortryggilegan á allan hátt án þess að láta í ljós hver þeirra eigin afstaða og eigin skoðun er til málsins. Það vill nefnilega svo til að allir stjórnmálaflokkar sem setið hafa í ríkisstjórn undanfarin ár bera ábyrgð á þeirri tvísköttun sem hér er til umræðu. Það er staðreynd. Allir stjórnmálaflokkar sem setið hafa í ríkisstjórn á undanförnum árum bera fulla ábyrgð. Það

er engin ástæða til að gera það tortryggilegt þó að einstakir hv. þm., þó þeir tilheyri stjórnarliðinu, leggi fram till. til þál. til þess að leggja áherslu á þetta baráttumál sitt. Það verður að segjast eins og er að þetta mál hefur oft verið til umræðu í stjórnarliðinu en ekki orðið niðurstaða að ganga til verka um afnám tvísköttunar af lífeyrisgreiðslunum, m.a. vegna þess að það hafa ekki verið aðstæður til þess í þjóðfélaginu. Við höfum verið að berjast við mjög erfiðar aðstæður og það hefur blasað við okkur kreppa og það hefur þurft á öllum tekjum ríkissjóðs að halda til þess að standa undir velferðarkerfinu og öðrum nauðsynlegum útgjöldum. Þetta er sú staðreynd sem við blasir. Þess vegna finnst mér það mjög einkennilegt að reyna að gera lítið úr þeim tillöguflutningi sem hér er til umræðu. Það liggur góður hugur að baki og það er kjarni málsins. Þess vegna vil ég þakka hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni, Sólveigu Pétursdóttur og Vilhjálmi Egilssyni fyrir þessa tillögu sem hér er fram lögð. Þau gera þó meira en margur annar. Þau halda málinu vakandi og vonandi kemur sá dagur að það skapist aðstæður til þess að standa að afnámi tvísköttunar af lífeyrisgreiðslum vegna þess að auðvitað mundum við öll vilja það ef aðstæður væru fyrir hendi.

Virðulegi forseti. Hér hefur ekki verið upplýst enn í umræðunum hvað þessi tillaga mundi kosta ríkissjóð mikið. Það eru ýmsar tölur sem þar hafa verið nefndar. Við mig hefur verið nefnd talan 200 millj. og svo hafa komið fram hér tölur er nema allt að 2 milljörðum. Það fer allt eftir því hvernig á þetta mál er litið, en það er nauðsynlegt að það verði mjög gaumgæfilega skoðað í þeirri nefnd sem fær málið til umfjöllunar og ég tel það þess virði að sá tillöguflutningur sem hér er til umræðu gefi tilefni til þess í hv. þingnefnd til að skoða þetta mál gaumgæfilega og kannski skapast aðstæður til þess að það megi stíga þetta skref.

[14:14]

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hygg að flestir þeir þingmenn sem hér eru staddir hafi ekki velkst í vafa um það hvort ég styddi afnám tvísköttunar af lífeyri eður ei, en mér er það bæði ljúft og skylt að upplýsa hv. síðasta ræðumann um það að ég styð afnám tvísköttunar. Það gerum við kvennalistakonur og höfum flutt þess vegna frv. í þá átt. Varðandi kostnaðinn, þá vil ég fá að koma því að að það eru ýmsar leiðir færar til þess að bæta upp það tekjutap sem þarna yrði og þær leiðir ber að sjálfsögðu að nýta. Það ber að nýta það að skattleggja háar tekjur og það ber að nýta það að skattleggja fjármagnstekjur. Flóknara er það nú ekki.

[14:15]

Gunnlaugur Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka þessa yfirlýsingu sem var mjög skorinorð um það — eða ég skil það svo — að það yrði forgangsmál hjá Kvennalistanum að standa að afnámi tvísköttunar af lífeyrisgreiðslum ef þær komast í þá aðstöðu að geta haft áhrif á það. Það virðist vera einfalt og auðvelt mál hjá Kvennalistanum að finna leiðir til þess að spara á móti eða auka aðra tekjuöflun ríkissjóðs er því nemur.

Ef þær tölur eru réttar sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir benti á áðan að hér sé um kostnað að ræða er næmi 2 milljörðum kr. þá held ég að það þyrfti að hækka hátekjuskattinn ansi mikið til þess að ná slíkum tekjum og færa þá markið alllangt niður og þá erum við kannski farin að nálgast skattleysismörkin sjálf. Ég veit það ekki. En það væri fróðlegt að vita hvað hv. þm. treystir sér til að fara langt niður með hinn svokallaða hátekjuskatt. Einnig væri afar fróðlegt að fá að heyra það frá hv. þm. hvernig hún ætlar að leggja á fjármagnstekjuskatt án þess að sá skattur lendi á sparnaði gamla fólksins í landinu.

[14:17]

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Við vitum það bæði, ég og hv. 5. þm. Austurl., að gamla fólkið hefur verið notað sem skálkaskjól fyrir þá fjármagnseigendur sem eru vel aflögufærir. Þessi mál hafa verið rædd að ég hélt innan Alþfl. og ég hélt jafnvel á tímabili að þeir meintu það eitthvað þingmenn Alþfl. að þeir vildu koma á slíkum skatti en mér heyrðist á síðasta ræðumanni, hv. 5. þm. Austurl., að það væru einhverjar vöfflur á þeim varðandi það. Það eru þekktar ákveðnar leiðir og ég þarf ekki að útskýra það neitt betur til þess að láta fjármagnstekjuskatt koma á þær fjármagnstekjur sem eru umfram þennan sparnað gamla fólksins og því er hægt að hætta að nota það fólk sem skálkaskjól.

Varðandi upphæðirnar þá hefur verið fleygt, eins og hér kom fyrr fram í umræðunum, tölum sem eru allt frá 200 millj. upp í 2 milljarða sem hér sé um að ræða. Þetta þarf einfaldlega að athuga og ef hv. þm. er að gera því skóna að ég sé hlynnt því að fara að leggja hátekjuskatt á tekjur sem þarf til nauðþurfta þá er það mikill misskilningur. Ég hef raunar alltaf persónulega verið því fylgjandi að hér væri stighækkandi skattur eins og er t.d. í Noregi en að einu leyti eru aðrar aðstæður í Noregi en hér á landi, þar eru tekjur fólks almennt miklu hærri.

[14:18]

Gunnlaugur Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Eins og hv. þm. veit þá er það ekki einfalt mál að leggja á fjármagnstekjuskatt. Það er viðkvæmt mál vegna þess að það má gæta sín á að sá skattur leggist ekki með miklum þunga á þá sem síst skyldi og þá á ég við sparifé gamla fólksins og lífeyrissjóðina og sparnaðinn sem gamla fólkið á í lífeyrissjóðunum. Þetta þurfum við að skoða mjög gaumgæfilega þegar við alhæfum almennt um að það sé ótæmandi tekjulind fyrir ríkissjóð er felst í fjármagnstekjuskatti. Þá þurfum við að skoða það vel að sá skattur hafi það ekki í för með sér að hann leggist á þá sem síst skyldi. Ég er hlynntur því að leggja skatt á fjármagnstekjur en ekki þá eigendur fjármagnstekna sem hafa verið að safna til elliáranna til þess að geta átt þokkalegt ævikvöld. Þess vegna þurfum við að huga vel að þessu máli og alhæfa sem minnst heldur skoða málið gaumgæfilega og ræða efnisatriði þess frekar en að gefa í skyn að hér sé um ótæmandi tekjulind að ræða fyrir ríkissjóð.

[14:20]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það kom fram í ræðu hv. 5. þm. Austurl. áðan að hann telur að það sé allt í lagi að standa að málflutningi eins og hér er gert varðandi þetta efni. Það liggur fyrir frá því fyrir fjórum árum síðan samþykkt Alþingis um málið. Síðan kemur hv. þm. hér upp, stjórnarliði, fulltrúi Alþfl., og segir: Þetta er bara ágætt og hrósar þeim þingmönnum Sjálfstfl. sem eru flutningsmenn þessa máls og standa með þessum endemum að málafylgjunni. Því auðvitað er það ekkert annað en sýndarmennska af hálfu Sjálfstfl. að koma með þetta mál inn í þingið með þessum hætti. En það liggur jafnframt fyrir eftir ræðu hv. 5. þm. Austurl. að hann hefur engan hug á því að koma þessu máli fram. Hann vill gjarnan sjá málið flutt, sjálfsagt þing eftir þing að fjórum árum liðnum og kemur hér upp og blessar með þeim hætti sem þingmaðurinn gerði.

[14:21]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Það er alveg ljóst að sú tillaga sem hér er verið að ræða er annars vegar sjálfsagt réttlætismál, hins vegar er hún líka stórfellt útgjaldamál. Ég veit ekki hvaðan þær tölur eru komnar sem menn hafa verið að fleygja sín á milli en í sjálfu sér er einfalt að giska á hvað þetta þýðir í tekjutap fyrir ríkissjóð og sveitarfélögin líka. Ég geri ráð fyrir því að launasumman í landinu sé í kringum 200 milljarðar kr. Miðað við það að þjóðartekjurnar séu í kringum 350 milljarðar þá hugsa ég að það sé ekki fjarri lagi. Ef við gerum ráð fyrir því að svo sé þá má reikna með því að 10% af þeirri tölu séu þá í kringum 20 milljarðar kr. Spurningin er þá hversu mikið af því fer í skatt. Ég giska á, án þess að ég kunni það auðvitað, að það sé mikið sem fer í skatt af því að hér er yfirleitt um að ræða fólk sem vinnur mikið og er þar af leiðandi með talsverðar tekjur þannig að ég reikna með því að skatthlutfall af þessari launasummu sé nokkuð hátt. En segjum að það sé bara 10%, ekki meira en 10%, það hugsa ég að sé kannski í lægsta lagi en segjum að það sé ekki nema 10% nettó sem eftir standi eftir persónuafslátt, barnabætur, vaxtabætur og allt þetta, þá sé hérna um að ræða skattatilfærslu hjá ríkissjóði upp á um 2.000 millj. kr. Þá held ég að við séum ekkert mjög langt frá þeirri tölu sem hv. 12. þm. Reykv. nefndi áðan. Ég geri líka ráð fyrir því að einmitt þessi tala hafi orðið til þess að langflestir hafi hrokkið frá þessu máli og ekki fengist til að taka á því eins og eðlilegt hefði verið og óhjákvæmilegt.

Það er náttúrlega dálítið alvarlegt umhugsunarefni fyrir Alþingi að það var samþykkt vorið 1991 ályktun Alþingis um þetta mál. Þar stendur:

„Alþingi ályktar að fela fjmrh. að gera könnun á skattalegri meðferð lífeyrissparnaðar og undirbúa nauðsynlegar lagabreytingar til að slíkur sparnaður njóti ekki lakari kjara en annar sparnaður í landinu."

Það er með öðrum orðum hlutverk fjmrh. að framkvæma þessa könnun og ég veit ekki til þess að hún hafi verið framkvæmd. Ég segi það alveg eins og er, hæstv. forseti, ég tel það eitt út af fyrir sig mjög alvarlegt mál ef hæstv. fjmrh. hefur látið undir höfuð leggjast að framkvæma þá könnun sem Alþingi fól honum fyrir þremur og hálfu ári síðan. Ekki síst vegna þess að það er auðvitað svo að einstakir forustumenn og talsmenn og frambjóðendur Sjálfstfl. fyrir síðustu kosningar lögðu á það áherslu að þessu yrði breytt. Þeir gáfu loforð um að þessu yrði breytt. En það er vandinn við Sjálfstfl. að ævinlega þegar hann er í stjórnarandstöðu þá er hann tilbúinn til að lofa öllum öllu hvað sem það kostar, mikið eða lítið, en þegar kemur að því að efna hlutina þá skiptir það hann engu máli. Veruleikinn sem blasir við er auðvitað sá að það hefur sennilega ekkert verið gert í þessu máli, ekki nokkur skapaður hlutur, nema þá að hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni hefur verið leyft að flytja af og til þessa þáltill. Og satt best að segja minnir það dálítið á kattarþvott, með leyfi forseta, að ætla sér að komast með svona ódýrum hætti fram hjá jafnstóru máli og hér um ræðir.

Hins vegar held ég, hæstv. forseti, að það eigi ekki að skjóta sér undan því að taka á þessu máli með því að segja: Þetta er svo dýrt. Og það á heldur ekki að skjóta sér fram hjá því að taka á þessu máli með því að segja eins og hv. 5. þm. Austurl.: Það þarf að fara svo langt niður með hátekjuskattinn til þess að standa undir þessu. Það á ekki að gera það. Það finnst mér líka vera útúrsnúningur í raun og veru. Staðreyndin er sú að þegar staðgreiðslukerfið var tekið upp var það með þeim hætti að menn töldu að þá ætti að afnema alla frádrætti hvaða nafni sem þeir nefndust. Menn voru orðnir þreyttir á frádráttafrumskóginum eins og það var kallað. Þess vegna töldu menn að það ætti að afnema alla þessa frádrætti að því er varðaði tekjuskatta einstaklinga. Hvað varðar tekjuskatta fyrirtækja þá er hins vegar um að ræða stórkostlegt frádráttamagn af ýmsu tagi þannig að í raun og veru er sú skattlagning eins og gatasigti. Að því er varðar einstaklingana er þetta tiltölulega lokað.

Ég hygg að menn hafi þá reynslu núna af staðgreiðslukerfinu í tekjuskatti, eins og að sumu leyti í virðisaukaskatti, að þetta gangi ekki. Það verði að veita undanþágu. Þessi reglustikupólitík, sem fylgt hefur verið varðandi staðgreiðsluna í fyrsta lagi og t.d. virðisaukaskattinn til skamms tíma í öðru lagi, þessi reglustikupólitík er óframkvæmanleg.

Á síðasta vetri tóku hv. alþm. loksins við sér og féllust á gamla tillögu Alþb. um það að lækka skatt á matvælum. Það kostaði alveg óskapleg umbrot hér í salnum, innantökur og kvalir hjá fjölda manns vegna þess að það væri verið að breyta og flækja skattkerfið rétt eins og skyldur okkar væru við skattkerfið, skattkerfið væri í raun og veru orðið kjósandi eða lögpersóna með tilfinningar sem við áttum alveg sérstaklega að passa upp á, en ekki þá sem kjósa okkur og eiga að ráða úrslitum hér varðandi málafylgju okkar.

Ég tel þess vegna að það að rífa niður skatt á matvælum hafi verið stórkostleg framför. Ég tel líka að menn eigi að hafna reglustikupólitíkinni að því er þessa hluti varðar og fara í það af fullri alvöru að afnema

þessa tvísköttun — af því að þetta er tvísköttun og ekkert annað. Menn eiga að afnema þessa tvísköttun og taka sig saman í andlitinu til þess að það verði gert. Reyndar er ég þeirrar skoðunar, hæstv. forseti, að það séu fleiri hlutir sem þurfi að endurskoða í staðgreiðslukerfinu, tekjuskattskerfinu, vegna þess að það er ranglátt eins og það er. Það eru ranglátir hlutir í þessu kerfi eins og það er og það eru þess vegna fleiri hlutir sem þarf þá að skoða.

Þess vegna tel ég að að öllu saman lögðu eigi menn að knýja á um það að menn gefi skýrar yfirlýsingar varðandi það fyrir þær kosningar sem í hönd fara: Hvað ætla menn að gera? Og helst þurfa menn að ganga frá þessum málum fyrir þær kosningar þannig að kjósendur þurfi ekki að eiga nein eftirkaup í þessum efnum því reynslan er sú að eftirkaupin eru slæm, þau skila litlum árangri, a.m.k. fyrir kjósendur Sjálfstfl.

[14:29]

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Aðeins örfá orð. Kannski aðallega vegna framgöngu hv. þm. Alþb. hér. Ég skil ekki alveg árásir þeirra á hv. þm. Guðmund Hallvarðsson fyrir að fylgja þessu máli eftir. Hér er þingmaðurinn að flytja þetta mál í þriðja sinn. Í hin fyrri tvö skiptin urðu engar umræður. Þá sáu hv. þm. Alþb. enga ástæðu til að blanda sér í umræðuna. Nú, af því að þetta er síðasta þing kjörtímabilsins þá koma hv. þm. og gera málið tortryggilegt fyrir það eitt að þetta er síðasta þing kjörtímabilsins. Þetta finnst mér ekki heiðarlegur málflutningur. Menn geta haft ýmsar skoðanir á málinu og hvernig það er fram sett en að koma hér núna á lokaþinginu með þennan málflutning, hafandi setið undir þessu máli tvö önnur þing, það finnst mér ekki heiðarlegur málflutningur og tel að menn ættu frekar að huga að einhverju öðru þarfara heldur en að eyða tíma þingsins í svona skak.

Eins og hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson sagði er auðvitað góður hugur hér að baki og hv. 16. þm. Reykv. er bara að fylgja sínu máli eftir og það tekur, eins og menn vita, oft mörg þing jafnvel að koma góðum málum í gegn. Það er auðvitað fáránlegt þegar menn skynja að það er þingmeirihluti fyrir málum, og þetta er ekkert einstakt dæmi í þeim efnum, að þá komast mál engu að síður ekki í gegnum þingið. Við þekkjum mörg dæmi um það þar sem kannski stór meiri hluti þingsins styður tiltekið mál, við getum nefnt t.d. þyrlumálið, en það tekur áraraðir að koma því í gegn. Þetta er auðvitað íhugunarefni.

Ég get viðurkennt það að ég hefði hugsanlega staðið öðruvísi að þessu en ég tek undir málflutning þingmannsins hvað varðar tvísköttunina og óréttlætið sem felst í henni. Persónulega hefði ég valið þá leið að koma með fyrirspurn varðandi þá ályktun sem var samþykkt hér 1991 og fylgja svo málinu eftir í framhaldi af því svari og þá hugsanlega með frv. eins og menn hafa bent á. Það hefði ég talið rétta leið. Hv. þm. velur þessa leið og það er hans mál hvernig hann vinnur að því. Ég vildi nú aðallega koma upp til að geta um þetta.

Mér finnst líka hálfbillegt að hlusta á málflutning Kvennalistans og þær lausnir sem sá flokkur boðar þegar hann talar um fjármagnstekjuskatt og hátekjuskattinn. Og mér finnst hálfbillegt að slá fram svona frösum eins og fjármagnstekjuskattur og koma ekki með nokkra einustu útlistun á því. Ég held að það hljóti að vera krafa okkar til Kvennalistans sem er að boða að þetta sé hægt með þessum hætti að gera þá nánari grein fyrir því hvernig hann hugsar sér að útfæra fjármagnstekjuskatt. Það er ekki nóg að segja: Við ætlum að vernda gamla fólkið. Það er miklu fleira fólk sem er að leggja til hliðar, sem er að spara í bönkunum og á litlar fjárhæðir t.d. Það er ekki bara gamla fólkið, það er unga fólkið, það er sjúka fólkið. Það eru bara þeir sem minna mega sín yfirleitt sem eru að reyna að aura saman einhverju inn á bankabók. Það dugar ekkert að koma með svona málflutning, einfaldan frasa og segja: Þarna er lausnin og hún er gersamlega óútfærð. Þetta er ekki málflutningur sem gengur. Þetta er ekki lausn á málinu. Ég óska þess vegna eftir því að hv. þm. Kvennalistans geri örlítið betur en þetta.

[14:33]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. síðasti ræðumaður var að finna að því að við alþýðubandalagsmenn værum að benda á hvernig þetta mál er vaxið og hvernig Alþingi hefur tekið á þessu máli á fyrri stigum. Ætli það hafi ekki verið ástæða til þess að gefa fjmrh. sem nú starfar færi á því að framfylgja ályktun Alþingis í þessu máli um könnun á málinu og að undirbúa lagabreytingar til að leggja fyrir þingið? Ætli menn hafi ekki átt von á því að ráðherrann stæði við það að framfylgja þessu máli? En það hefur bara ekki verið gert. Ályktun þingsins í málinu liggur fyrir og eiga menn að telja það sjálfsagt og eðlilegt að þingmenn úr flokki fjmrh. flytji sama málið og séu að biðja Alþingi að segja álit sitt á ný? Það má kannski segja að góð vísa sé aldrei of oft kveðin en auðvitað verða menn að beina sjónum að þeirri pólitísku fyrirstöðu sem er greinilega í málinu. Þetta er nú einu sinni ríkisstjórn sem styðst við meiri hluta á Alþingi og það er ekki bara Sjálfstfl. heldur líka Alþfl. sem stendur að stjórninni og ber fulla ábyrgð á þeirri stöðu sem þetta mál er í.

Ég held að það sé nauðsynlegt að fá það fram á þessu þingi og það fyrr en seinna hvað fjmrh. hefur gert eins og hv. þm. var að minna á og ég tel eðlilegt að bera fram beina fyrirspurn um það atriði til ráðherrans, m.a. vegna þess að ég átti hlut að því og frumkvæði að því að afgreiða þetta mál úr félmn. á 113. þingi.

[14:35]

Ingi Björn Albertsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson á heiður skilinn fyrir það að hafa beitt sér fyrir framgöngu þessa máls á sínum tíma. Ég get í sjálfu sér tekið undir flest það sem hv. þm. sagði rétt áðan og tel mig raunar hafa gert það í minni stuttu ræðu. Ég hafði áhyggjur af því hvaða meðferð og meðhöndlun þingsályktanir yfirleitt fá. Menn vita það að í stórum hluta

tilfella þýðir samþykkt á þingsályktunartillögu yfirleitt nánast dauða á málinu. Það er auðvitað áhyggjuefni fyrir þingið hvernig haldið er á ályktunum þingsins og vilja þingsins yfirleitt. Ég minnti t.d. á þyrlumálið þar sem vilji þingsins var skýr og ítrekaður og það gekk samt jafnbölvanlega og það gekk að fá það mál í gegn og tók sinn tíma.

Ég kom líka inn á það að ég hefði hugsanlega farið aðra leið og mér fannst þingmaðurinn taka undir þá leið sem ég benti á. Auðvitað hefði átt að fylgja þessu máli eftir með fyrirspurn og síðan í ljósi þess svars sem við þeirri fyrispurn hefði komið hefði mátt fylgja málinu eftir á annan hátt. Ég held að þegar andsvar þingmannsins er gert upp þá séum við merkilega sammála.

[14:37]

Flm. (Guðmundur Hallvarðsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka þær umræður sem þetta mál hefur fengið. Ég vil byrja á því þar sem menn voru nærri enda málsins og á málflutningi þeirra kvennalistakvenna að það væri eðlilegt að koma lífeyrissjóðum í bankabók. (**AÓB:** Nei, það er misskilningur.) Ég held að þær geri sér enga grein fyrir því að lífeyrissjóðirnir eru þannig uppbyggðir að örorka er orðin einn af stærstu hlutum útborgunar í lífeyrissjóðnum þannig að slík meðferð málsins er náttúrlega bara út í hött.

Það var annað athyglisvert sem formaður Alþb., hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, flutti mál um áðan. Hann var fjmrh. þegar þessi þáltill. var samþykkt á 113. þingi og menn eru að deila á fjmrh., að hann skyldi ekki hafa lagt upp með þessa þáltill. þegar hún var samþykkt á 113. þingi. Ég held að það megi kannski deila um það og eins og hv. 5. þm. Austurl., Gunnlaugur Stefánsson, kom réttilega inn á eiga allir þeir sem hafa setið í ríkisstjórn undanfarin ár hlut að máli. Það er mergur málsins. En að formaður Alþb. skuli vera með dylgjur um að þetta mál sé hér flutt vegna þess að það sé prófkjör meðal sjálfstæðismanna hér í Reykjavík er út í hött og ég vísa því alfarið til heimahúsanna. Ég held að maðurinn hafi eitthvað ruglast á ferðalaginu í þessari fínu amerísku drossíu Alþb. sem hann hefur ferðast um Vestfirðina nú nýlega. Vegna þess að málið er það, og um það held ég að allir þingmenn séu í hjarta sínu sammála, að það er réttlætismál að afnema tvísköttunina.

Það er annað líka sem menn komu inn á og ég held að sé mjög athyglisvert fyrir þá sem fylgjast með störfum þingsins, og kannski á þessari stundu horfandi á beina útsendingu sjónvarps, að heyra og sjá að hver þingmaðurinn á fætur öðrum hefur komið upp og sagt: Þáltill. er bara sýndarmennska á hinu háa Alþingi og skiptir ekki nokkru máli. Það er athyglisvert. Og margir sem hér hafa talað hafa setið á Alþingi í fleiri ár. Það hefði kannski verið gott fyrir almenning að fá að heyra það fyrr og fá frekari útskýringar á því hjá þingmönnum Alþb. Eru þeir þá með þeim þáltill., sem eru ekki svo fáar fluttar á hverju þingi, að draga alþjóð á asnaeyrunum? Er þetta þá hrein sýndarmennska og skrípaleikur eins og þeir hafa sagt sjálfir?

Nei, virðulegi forseti. Sú þáltill. sem ég flyt er af einurð og af þeirri ætlan að nefndarmenn, væntanlega í efh.- og viðskn. þar sem allir flokkar eiga fulltrúa, muni afgreiða þessa tillögu til þingsins. Ég lít ekki á þetta sem neina sýndarmennsku. En ef mér eldri og reyndari þingmenn á Alþingi gera það þá hafa ýmsir verið blekktir og meðal þeirra þeir þingmenn sem ekki hafa setið hér nema tæpt kjörtímabil.

Virðulegi forseti. Að svo mæltu legg ég til að þáltill. verði vísað til efh.- og viðskn. og það hlýtur að vera ætlan og sá skilningur að þáltill. þurfi ekki langa málsmeðferð í efh.- og viðskn. Hún hlýtur að liggja nokkuð ljós fyrir og þar verður væntanlega gengið út frá því um hvaða fjárhæðir við erum að tala vegna hugsanlegs tekjutaps ríkissjóðs ef tekjutap skyldi kalla.

Að lokum þetta. Hv. 9. þm. Reykv. Svavar Gestsson leiddi þá alþýðubandalagsmenn aftur inn á skynsamlega braut umræðna um þetta mál. Hann ræddi mjög um að það væru ýmsar tölulegar hliðar í málinu sem þyrfti að skoða og fleira sem hefði kannski afbakast þegar staðgreiðsla skatta var sett á og ég get heils hugar tekið undir það með honum.

[14:41]

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Varðandi ræðu hv. 16. þm. Reykv. þá þykir mér illt að hann svaraði ekki spurningu minni og sneri út úr orðum mínum. Tvennt vil ég að komi skýrt fram. Það var vegna orða hv. þm. Finns Ingólfssonar sem ég tók það fram að ég teldi enga sérstaka hættu á því þótt sérstaklega væri tekið á þeim lífeyrissjóðum sem eru samtryggingarsjóðir og samábyrgðarsjóðir en ekki á bankabókasjóðunum vegna þess að ég er sammála hv. þm. um að það eru fyrst og fremst þeir sjóðir sem okkur ber að gæta og það eru þeir sjóðir sem ég vil að sem flestir landsmanna eigi aðild að. Þar getum við verið sammála. Ég vil leiðrétta það hafi hv. þm. talið að ég væri sérstakur talsmaður þess að menn gættu sinna lífeyrisréttinda með því að safna inn á bankabækur. Slíkt tel ég bara að sé þeirra eigin ábyrgð og það verður hver og einn að fara með það eins og hann vill.

En ég vil gjarnan fá að vita það hvort hv. þm. treystir sér til að svara því, sem var mín meginspurning, hvort hann sé tilbúinn til þess að sameinast öðrum sem vilja afnema tvísköttun á lífeyrisgreiðslur með þeim hætti t.d., ef sú lending yrði ofan á, sem ég tel farsælasta, að það yrði tryggt með lagabreytingum og þá stæði hann að slíku.

Við getum verið sammála um það að í sumum tilvikum má leysa mál með þáltill. Þau eru opin og víð og þau þarf að vinna lengra. En í þessu tilviki er alveg hægt að fara þá leið að styðja lagabreytingar og hún er sú sem ætti að öðru jöfnu að vera öruggust.

[14:44]

Flm. (Guðmundur Hallvarðsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég skal svara þessu fljótlega og má kannski gagnspyrja því að það hefur ekki komið nein stuðningsyfirlýsing við þáltill. mína frá Kvennalistanum. Ég held að sú leið að láta þessa þáltill. fara

áfram muni leiða til fljótari afgreiðslu í gegnum þingsali. Það er mín skoðun. Ég mundi þess vegna fagna því mjög ef Kvennalistinn mundi styðja þessa þáltill. og vinna að framgangi hennar í efh.- og viðskn.

[14:45]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er athyglisvert að hv. 1. flm. þessarar tillögu svaraði engri af þeim spurningum sem ég beindi til hans. Það sýnir best hvað málflutningurinn er á veikum grunni. Ég ætla ekki að nota þá rúmu mínútu sem ég hef til að endurtaka spurningarnar. Þær eru ljósar. Þeim var ekki svarað, hv. þm. Í staðinn fór þingmaðurinn með skæting um að ég hefði ekki unnið að framgangi tillögu Guðmundar H. Garðarssonar á meðan ég var fjmrh. Sú tillaga var, ef ég man rétt, samþykkt á síðustu vikum síðasta þings síðasta kjörtímabils. Fáeinum vikum síðar lét ég af embætti. Það er því fjmrh. Friðrik Sophusson sem hefur átt að framkvæma þetta verk og væri meiri manndómur að því hjá hv. þm. að þora að segja það í ræðustólnum í staðinn fyrir að vera að ráðast á mig sem var ekki fjmrh. nema í fáeinar vikur eftir að sú tillaga var samþykkt.

Þingmaðurinn var spurður að því hver væri afstaða fjmrh. Friðriks Sophussonar og hver væri afstaða þingflokks Sjálfstfl. til tillögunnar og því var ekki svarað.

Þess vegna óska ég eftir því, virðulegur forseti, af því að ég á rétt á því að tala aftur, að þessari umræðu verði frestað að andsvörum loknum þar til hæstv. fjmrh. getur komið til umræðunnar svo mér gefist tækifæri til þess í seinni ræðu minni að beina sömu spurningum til hæstv. fjmrh. og 1. flm. svaraði ekki. Þannig að ég set fram þá formlegu ósk að þessari umræðu verði að loknum andsvörum frestað þar til hæstv. fjmrh. getur komið til umræðunnar.

[14:47]

Flm. (Guðmundur Hallvarðsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Síðasti ræðumaður beindi til mín spurningum í upphafi máls og ég bið hann afsökunar að ég gleymdi að svara þeim. Hins vegar er athyglisvert að hann biður um frestun á þessu máli vegna þess að hann vilji fá fjmrh. í salinn. Þó sagði hann fyrr, þegar þessi umræða hófst, að honum leiddist mjög að sitja undir slíku tali sem þáltill. hefur að geyma og nefndi þá til prófkjör og annað því um líkt. (**ÓRG:** Alvöruleysi hjá þingmanninum.) Hann talar um alvöruleysi. Hér kemur hann svo sjálfur í öllu sínu alvöruleysi og talar um það eftir að hann hafði sagt það áðan að honum leiddist að sitja undir því tali sem hér færi fram að hann vilji fá fjmrh. til að svara ákveðinni spurningu. Það er náttúrlega hans mál.

Hann spyr líka: Hvers vegna er þetta ekki frv.? Ég spyr hann á móti: Hvers vegna, hv. formaður Alþb., er þessi málflutningur þinn ekki kominn fyrr fram? Þetta er í þriðja skipti, hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, sem ég flyt þessa þáltill. Og það er einkennilegt að þið alþýðubandalagsmenn hafið ekki tekið neinn efnislegan þátt í umræðu um þessa þáltill. tvö sl. þing. En nú af því að það er að styttast í kosningar og af því að þið eruð að gera víðreist um landið með miklum glæsibrag, eða hitt þá heldur, þá er verið að kalla fram umræðu um þetta mál. Það er allt í lagi. Þingflokkurinn hefur veitt heimild til að leggja þessa þáltill. fram. Landsfundur Sjálfstfl. hefur samþykkt að afnema tvísköttunina af ellilífeyri.

Ég vona að þessi svör, hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, séu nægjanleg a.m.k. í bili.

[14:49]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég veit ekki til hverra hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson beindi orðum sínum þegar hann talaði um að menn litu svo á að ályktanir Alþingis væru sýndarmennska. Mér fannst hann beina því til þeirra sem tóku þátt í þessari umræðu og hafa fundið að því að núv. fjmrh. hefur ekki gert það við vitum neitt til þess að framfylgja samþykkt þingsins frá 18. mars 1991. Við erum ekki að finna að þessu vegna þess að við lítum svo til að ályktanir Alþingis eigi að vera sýndarmennska, síður en svo. Þvert á móti ætlumst við til að framkvæmdarvaldið standi við samþykktir þingsins og starfi í anda þeirra samþykkta eins og hér hefur komi fram af hálfu margra þeirra sem tekið hafa þátt í umræðunni. Það er verkefni sem menn þurfa að sinna á Alþingi að ýta á eftir því að þannig sé haldið á málum því að þess eru vissulega allt of mörg dæmi að samþykktir þingsins hafi farið í glatkistuna og lítið verið með þær gert.

Hér er stórt mál á ferðinni sem ég styð efnislega og hef rakið hvernig ég hef reynt að veita því stuðning. Það er alveg ljóst að fyrrv. ríkisstjórn, þó ekki sé ástæða til að vera að metast mikið um þá hluti hér, hafði ekki mikið færi á að fjalla um þetta mál sem gerð var samþykkt um á þinginu 18. mars 1991, ég held að það hafi verið kosið 23. apríl eða örfáum vikum síðar og síðan fóru fram stjórnarskipti.

[14:51]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að það sé ljóst af þessari umræðu að það er mjög víðtækur stuðningur við það á Alþingi að afnema tvísköttun af lífeyrisgreiðslum. Það sem vantar inn í þessa mynd er hvað kostar að gera þetta. Hér hafa verið nefndar tvær tölur. Það hefur verið nefnd talan 2.000 millj. og það haft eftir hæstv. fjmrh. að fjmrn. meti það að þetta kosti 200 millj. kr. Ég hef upplýsingar frá Þjóðhagsstofnun um að þetta kosti 2 milljarða kr. Ég tek þess vegna undir það sem fram kemur hjá hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni að það hefði verið mjög æskilegt að hafa fjmrh. viðstaddan þessa umræðu. Einnig í því ljósi að hér er um að ræða síðasta þing þessarar hæstv. ríkisstjórnar á þessu kjörtímabili og upplýst er hér að þetta sé ályktun Landsfundar Sjálfstfl. og þrír þingmenn Sjálfstfl. flytja þetta mál. Það er því alveg nauðsynlegt að fá fram hvort það sé stuðningur í stjórnarliðinu við þáltill. og hún þá flutt af hálfu ríkisstjórnarinnar í frumvarpsbúningi. Það er ein leið til í því til viðbótar að láta reyna á þetta mál, þ.e. að flytja brtt. við skattalagafrv. sem ríkisstjórnin á eftir að flytja á Alþingi. Ég tel alveg ótvírætt að á þetta mál þurfi að reyna.

En það skiptir öllu máli um hvað háar fjárhæðir við

erum að tala og hvort við getum sameinast um hvernig eigi að fjármagna þessar greiðslur.

Í lokin spyr ég um það hvort þingmaðurinn hafi ekki kannað það áður en hann flutti þáltill. hvað þetta kostaði og hvað hann viti um þá könnun sem var samþykkt á Alþingi 1991 að ætti að fara fram varðandi skattalega meðferð lífeyrissparnaðar. Hvort hann hafi ekki kynnt sér hvort slík könnun hafi farið fram og ef svo er hvort ekki væri hægt að fá henni dreift á hv. Alþingi. Það held ég að sé mjög mikilvægt.

Ég ítreka að breiður er stuðningur við þetta mál á Alþingi og við þurfum að sameinast um leið sem skilar því að við loksins mönnum okkur upp í að gera það að lögum að afnema tvísköttun af lífeyrisgreiðslum.

[14:54]

Flm. (Guðmundur Hallvarðsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Síðasti ræðumaður beindi til mín tveimur spurningum. Þeim er fljótsvarað. Í fyrsta lagi hefur það nokkuð verið á reiki hver kostnaður mundi af þessu hljótast. Hins vegar hefur komið fram að þá staðgreiðsla skatta var tekin upp var reiknað með því að inn í þeim skattafslætti sem þá var væri samsvarandi upphæð og hafði áður verið greidd varðandi skatta af 4%. En ég hugsa að í tímans rás hafi sú upphæð horfið úr þeirri upphæð sem ætluð var vegna skattafsláttarins.

Fyrirgefðu, ég missti af seinni spurningunni. Hver var hún? (**JóhS:** Hún var varðandi þessa könnun.) Varðandi þá könnun sem hér er vitnað til frá 1991 hef ég hvorki séð eða heyrt að henni hafi nokkurn tímann verið lokið hvað þá heldur að henni hafi verið hrint af stað af fyrrv. fjmrh.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill minna á að það er stuttur tími fram að utandagskrárumræðu kl. 3. Ef hv. þm. vill notfæra sér þennan tíma.

[14:55]

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég þarf afar stuttan tíma og skal því ekki tefja utandagskrárumræðu. Ég vil aðeins lýsa skoðun minni á þessu máli þar sem mér hafa komið dálítið á óvart þær umræður sem hér hafa farið fram. Ég held að það geti enginn verið ósammála því að það sé óréttlæti að menn greiði skatt af því sem þeir borga í lífeyrissjóð alla starfsævi sína, fari síðan að taka eftirlaun og verði þá að borga skatt af þeim líka. Ég held að í ótal umræðum hér í mörg ár hafi það komið berlega í ljós að auðvitað finnst öllum þetta óréttlátt. Ég vil því aðeins þakka hv. 16. þm. Reykv. fyrir að vekja enn og aftur athygli á þessu máli.

Hann hefði hins vegar að ósekju getað stytt okkur þá leið að spyrja eftir framkvæmd þeirrar þáltill. sem hv. þáv. þm. Guðmundur H. Garðarsson fékk samþykkta hér á hinu háa Alþingi. Að vísu var sú tillaga efnislega um aðeins annað. Ég tel því ekki að hv. 16. þm. Reykv. sé að endurtaka þann tillögutexta þó að efnið sé auðvitað skylt.

Það er ekki nema ein ástæða fyrir því að þetta hefur ekki komist í framkvæmd og hún er sú að það kostar peninga. Og þarna er náð tvöföldum skatti af vinnandi fólki í landinu. Það hefur verið háttur allra ríkisstjórna að vera afar tregar til að gefa eftir nokkra skattheimtu sem þeir hafa einu sinni komist í. Hitt er annað mál að við þessu verður eitthvað að gera og það verður að finna þessa tekjustofna annars staðar því það er ekkert annað en óréttlæti, hæstv. forseti, að níðast á því fólki sem loksins á að njóta þess sem það hefur lagt fyrir í lífeyrissjóð og verður þá enn og aftur að greiða af því skatta.

Ég vil aðeins ítreka þakkir mínar til hv. 16. þm. Reykv. og lýsa yfir að ég mun að sjálfsögu styðja þessa tillögu.

[14:58]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Aðeins örstutt. Hér var óskað eftir því að hæstv. fjmrh. yrði viðstaddur þessa umræðu. Ég tel eðlilegt að hann sé það og tek undir það með hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni. Enda kemur fram í fjárlagafrv. orðrétt, með leyfi forseta:

„...að endurskoða þurfi starfsreglur og starfsskilyrði lífeyrissjóða auk reglna um skattlagningu lífeyrissparnaðar.“ Það er því spurning hvað felst í því að endurskoða skattlagningu lífeyrissparnaðar og nauðsynlegt að fá inn í þessa umræðu hvað hér er átt við.

[14:59]

Björn Bjarnason:

Virðulegur forseti. Ég vil taka undir með hv. síðasta ræðumanni, hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, um það sem fram kemur í greinargerð með fjárlagafrv. Þar kemur fram sú staðreynd að nauðsynlegt sé að huga að endurskoðun á þeim reglum sem gilda um skattlagningu vegna lífeyrissjóðanna.

Það er rétt sem hér hefur komið fram hjá hv. þm. að annars vegar er þetta spurning um tvísköttun á þá sem greiða í lífeyrissjóði og fá fé úr lífeyrissjóðum en hin hliðin á málinu, sem einnig er mikilvæg, og nauðsynlegt að hafa í huga þegar um þetta er rætt, að vegna þessarar tvísköttunar er sparnaður í gegnum lífeyrissjóði óhagstæðari en annars konar sparnaður. Þessu verða menn að huga að einnig ef menn ætla að stuðla að því með þessum reglum að hvetja fólk til að ávaxta fé sitt með öðrum hætti en í lífeyrissjóðunum þá er hægt að nota þessa skattareglu til þess en ég held að það hafi ekki verið markmiðið. Ég held að þetta séu leifar af álagningu staðgreiðslu skatta sem þingið hefur margsinnis viljað að yrði lagað og samþykkti samhljóða 1991 og tillögur hafa komið fram um þetta hvað eftir annað og hæstv. heilbr.- og trmrh. hefur m.a. gefið til kynna að hann vildi skoða og menn hafa hver eftir annan lýst því yfir að þetta þurfi að athuga. Það þarf að taka á þessu, það er ekki hægt að hafa þetta í þeirri stöðu sem það er núna og vonandi mun hv. efh.- og viðskn. taka á málinu þegar hún fjallar um þessa tillögu þannig að þinginu verði þetta mál ekki frekar til skammar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Umræður utan dagskrár.
Málefni Ríkisútvarpsins.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Eins og áður hafði verið tilkynnt hefst nú utandagskrárumræða. Umræðan er um málefni Ríkisútvarpsins í ljósi nýlegra atburða innan stofnunarinnar. Málshefjandi er hv. 9. þm. Reykv., Svavar Gestsson, og menntmrh. verður til andsvara. Gert er ráð fyrir að umræðan geti staðið í allt að eina klukkustund og málshefjandi og hæstv. ráðherra hafa samtals 10 mínútur til umráða hvor í fyrri og síðari umferð, og aðrir hv. þm. geti talað í allt að fjórar mínútur í senn.

[15:02]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Þegar Illugi Jökulsson var látinn hætta sem pistlahöfundur Rásar 2 fyrir nokkrum dögum skall reiðialda á Ríkisútvarpinu að ekki sé meira sagt og kom þar margt til. Í fyrsta lagi það að Illugi Jökulsson er með eindæmum vinsæll, orðheppinn og óvæginn fjölmiðlamaður. Í öðru lagi vegna þess að Sjálfstfl. og framkvæmdastjóri hans, Kjartan Gunnarsson, hafði sérstaklega mótmælt pistli Illuga frá sl. vori. Er þetta lá fyrir taldi ég að það væri óhjákvæmilegt að fara fram á umræðu utan dagskrár um vanda Ríkisútvarpsins á kosningavetri, ekki síst vegna þess að fyrr á þessu kjörtímabili hefur Sjálfstfl. aftur og aftur lagt *Ríkisútvarpið í einelti. Ég tel að einmitt í utandag*skrárumræðum gefist þingmönnum kostur á að tjá sig um þau grundvallaratriði sem Ríkisútvarpið hlýtur að taka tillit til í starfsemi sinni og þess vegna tel ég að utandagskrárumræða sé í rauninni einkar heppilegur vettvangur í þessu efni.

Nú er það svo sýnist mér á öllu að yfirmenn Ríkisútvarpsins virðast telja að stofnunin sjálf og þeir líka séu í hers höndum eftir það sem á undan er gengið. Þess vegna verða viðbrögð þeirra hikandi, óviss og fálmkennd. Þannig vakti það athygli að sömu dagana og Illugi fékk pokann sinn og Hannes Hólmsteinn var látinn hætta að fluttur var í útvarpið á Rás 1 pistill sem var óvenjuharðsnúinn eftir þátttakanda í prófkjöri Sjálfstfl. á Vestfjörðum og nokkru áður hafði einn af þátttakendum í prófkjöri Sjálfstfl. í Reykjavík flutt þátt í sjónvarpið um Hitaveitu Reykjavíkur. Það var sem sagt ljóst strax við þessa umræðu að engar samræmdar heildarreglur gilda, yfirstjórn á stofnuninni er ekki nægilega skýr. Starfsmenn stofnunarinnar mótmæltu þeim vinnubrögðum sem þarna lágu fyrir og hvöttu til þess að um yrði að ræða samstöðu og samræmingu í ákvörðunum yfirmanna. Ég tel að um tvær leiðir sé að ræða við yfirstjórn stofnunar eins og Ríkisútvarpsins. Í fyrsta lagi hina gömlu aðferð sem notuð var hér áður meðan Ríkisútvarpið var eitt um hituna og engin samkeppni var til. Þá voru teknar um það ákvarðanir að höggva á alla pólitíska umræðu í stofnuninni sem endaði með því að hún varð í stuttu máli leiðinleg og dugði þess vegna ekki sem vettvangur þjóðarinnar eða sá vettvangur sem þjóðin kaus. Hins vegar er það svo og það liggur ljósara og ljósara fyrir í seinni tíð að alvörufjölmiðill þarf á því að halda að sýna alla breidd skoðanaflórunnar í sjálfum sér. Honum dugir ekki að vísa til þess að einstakir fjölmiðlamenn geti komið sjónarmiðum sínum á framfæri við annan miðil. Alvörufjölmiðill verður að vera opinn fyrir öllum helstu áherslum þjóðmálaumræðunnar á hverjum tíma. Þess vegna var gömlu leiðinni hafnað og hin leiðin er skynsamlegri. Það er leið nútímans og fjölbreytninnar þar sem alls konar pistlahöfundar eru ráðnir til starfa um lengri eða skemmri tíma. Þessi leið er reyndar sú eina færa um þessar mundir m.a. vegna samkeppninnar. Ég tel því að það eigi einmitt á kosningavetri að halda þannig á málum að pólitísk sjónarmið fái að koma fram, bæði frá þeim sem styðja tiltekin sjónarmið og frá þeim sem gagnrýna tiltekin sjónarmið.

Reiðialda skall yfir Ríkisútvarpið þegar Illugi hætti. Það komu ályktanir m.a. frá leikskólakennurum, frá blaðamönnum, frá rithöfundum. Og það var ekki bara vegna þess að hér væri um að ræða vinsælan útvarpsmann. Það var líka vegna þess að undir niðri óttaðist fólk að Ríkisútvarpið gæti farið halloka því það yrði á ný hneppt í fjötra skoðanaleysis því það yrði flóttaleiðin sem stjórnendur þess kysu til að komast undan stöðugu einelti Sjálfstfl. Slíkt væri vissulega hörmulegt, hæstv. forseti. Nú á og þarf Ríkisútvarpið að verða meira lifandi og opnara en nokkru sinni fyrr. Það þarf að skapa leiðir fyrir fjölbreyttar skoðanir og alls konar skoðanaskipti. Það þarf að verða þjóðarútvarp. Þannig rækir það skyldu sína. Það var því rangt að mínu mati sem hlustanda útvarpsins að víkja pistlahöfundunum frá á þeim forsendum að þeir hefðu farið yfir einhver strik. Það má líka spyrja sig þeirrar spurningar: Eiga starfsmenn stofnunarinnar að vera skoðanalausir hlutleysingjar svo lengi sem þeir rækja störf sín að öðru leyti? Auðvitað ekki. Það væri líka fáránlegt að hneppa starfsmennina í fjötra skoðanaleysis. Hitt er annað, hæstv. forseti, að þær reglur sem farið er eftir verða að vera skýrar og afdráttarlausar, einfaldar þannig að allir starfsmenn stofnunarinnar og pistlahöfundar viti um hvað þessar reglur fjalla og að þeir séu sáttir við þessar reglur í meginatriðum. Einmitt á kosningavetri þurfa þær að vera skýrar og einfaldar og sanngjarnar. Þær mega ekki verða á kostnað skoðanafrelsisins. Einkunnarorðin við þessar aðstæður eiga að vera að mínu mati frjálst útvarp, opið útvarp, fullvalda útvarp. Þannig á Ríkisútvarpið að vera.

Ég beini orðum mínum í dag ekki til hæstv. menntmrh. *til þess að biðja hann um að gera eitt eða neitt* við Ríkisútvarpið. Mér þætti vænt um að hann héldi sig sem lengst frá því. Ég hygg að það væri Ríkisútvarpinu fyrir bestu. Hins vegar spyr ég: Er hann sammála þeim almennu sjónarmiðum sem ég hef sett fram hér í dag?

[15:09]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Hv. þm. Svavar Gestsson boðaði í síðustu viku umræðu á hv. Alþingi um málefni Ríkisútvarpsins vegna þess eins og hann sagði þá „hvernig Sjálfstfl. legði Ríkisútvarpið í einelti". Því þyrfti að fara fram umræða um stöðu Ríkisútvarpsins andspænis Sjálfstfl. sérstaklega um þessar mundir eins og hv.

þm. orðaði það og hefur raunar endurtekið núna. Þingmaðurinn taldi óþolandi fyrir Ríkisútvarpið að stofnunin sé lögð í pólitískt einelti af stærsta stjórnmálaflokki landsins.

Væri þetta svo er vissulega ástæða til umræðu. Nú er hins vegar efnt til umræðu um málefni Ríkisútvarpsins í ljósi nýlegra atburða innan stofnunarinnar eins og tilkynnt var af forsetastóli. Með öðrum orðum uppsögn eins, og nú raunar þriggja, af pistlahöfundum Ríkisútvarpsins. Það hefur komið á daginn að einu pólitísku afskiptin sem verið hafa í þessu máli eru afskipti hv. þm. Svavars Gestssonar sem kann ekki við hvernig haldið er á starfsmannamálum Ríkisútvarpsins og krafðist þess vegna þessarar umræðu. Þessi sýnist mér vera hin einu pólitísku afskipti. Sjálfstfl. hefur þarna hvergi komið nærri, menntmrn. eða ég sem ráðherra ekki heldur. Þetta pólitíska einelti er því ekkert annað en hugarórar hv. þm.

Það er hlutverk yfirmanna Ríkisútvarpsins að taka ákvarðanir um ráðningar og uppsagnir starfsfólks á stofnuninni annarra en þeirra sem ráðherra skipar samkvæmt útvarpslögum. Uppsögn pistlahöfunda er þess vegna alfarið í höndum stjórnenda Ríkisútvarpsins, í þessu tilviki dagskrárstjóra Rásar 2. Hins vegar er alveg nýtt ef því er haldið fram að dagskrárstjórinn gangi erinda Sjálfstfl. og satt að segja dálítið sérkennileg kveðja til hans úr þessari átt. Dagskrárstjóri hefur ákveðnum skyldum að gegna gagnvart Ríkisútvarpinu og ber fulla ábyrgð á ákvörðunum sínum. Hann skal að sjálfsögðu gæta þess að útvarpslögum sé fylgt og reglum Ríkisútvarpsins. Ríkisútvarpið mótar starf sitt innan þess ramma sem löggjöfin setur og framkvæmdarvaldið raunar með reglugerð á grundvelli þeirra laga. Engar samræmdar heildarreglur eru í gildi, sagði hv. þm. Þetta er beinlínis rangt. Það eru reglur í gildi sem Ríkisútvarpð sjálft hefur sett sér auk lagaákvæðanna. Í 15. gr. útvarpslaga segir svo um skyldu Ríkisútvarpsins, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisútvarpið skal leggja rækt við íslenska tungu, sögu þjóðarinnar og menningararfleifð.

Ríkisútvarpið skal halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur og mannréttindi og frelsi til orðs og skoðana. Það skal gæta fyllstu óhlutdrægi í frásögn, túlkun og dagskrárgerð.

Ríkisútvarpið skal m.a. veita almenna fréttaþjónustu og vera vettvangur fyrir mismunandi skoðanir á þeim málum sem efst eru á baugi hverju sinni eða almenning varða."

Kjarni málsins í því tilviki sem hér um ræðir, þ.e. brottvikning pistlahöfundar, er að hann hafi að mati yfirmanna stofnunarinnar ekki virt lög eða reglur um óhlutdrægni. Það er auðvitað í eðli sínu álitamál hvenær menn fara yfir strikið eins og það er orðað þegar um er að ræða að gætt sé óhlutdrægni. Það mat verður hins vegar í þessu tilfelli að vera í höndum yfirmanna Ríkisútvarpsins og verður ekki fært hingað inn í sali Alþingis. Engum blandast hugur um að það er ekki óhlutdrægni ef mönnum eru gerðar upp skoðanir eða hugsanir né aðgerðir þeirra túlkaðar frá ákveðnu sjónarhorni hvert svo sem sjónarhornið er. Lögin kveða afdráttarlaust á um að gætt skuli fyllstu óhlutdrægni í frásögn, túlkun og dagskrárgerð. Því má ekki gleymast að í Ríkisútvarpinu er mönnum tæpast frjálst að túlka að eigin vild skoðanir og hugsanir annarra. Lögin kveða einfaldlega svo á. Það er allt annað en að vera vettvangur fyrir mismunandi skoðanir á þeim málum sem efst eru á baugi hverju sinni er almenning varða. Ég ítreka að það er ekki í verkahring menntmrh. að hafa áhrif á ákvarðanir sem þessar og ég met það mjög við hv. málshefjanda að biðja mig ekki um að gera slíkt. Það er ekki í verkahring stjórnmála að blanda sér inn í slíkt mál nema um sé að ræða lagabrot hjá yfirmönnum tiltekinnar stofnunar. Það verður ekki séð að um slíkt sé að ræða í þessu tilviki.

Þá verður það að teljast pólitísk afskiptasemi hjá hv. þm. Svavari Gestssyni að taka þetta mál hér upp á hv. Alþingi. Enda raunar gert með rangfærslum og hreinum ósannindum. Þetta er mál yfirmanna Ríkisútvarpsins en ekki Alþingis.

[15:15]

Pétur Bjarnason:

Virðulegi forseti. Þetta sérstæða mál er í raun kærkomið tækifæri til að ræða stöðu Ríkisútvarpsins einkum með tilliti til samkeppni fjölmiðla, þróunar þeirra og nauðsynjar þess að þeir séu tæki til tjáningar sem flestra sjónarmiða. Brottrekstur þeirra Illuga Jökulssonar og Hannesar Hólmsteins Gissurarsonar er aðför að mál- og tjáningarfrelsi þó að alls ekki sé hægt að leggja dæmi þeirra að jöfnu því brottrekstur Hannesar Hólmsteins er friðþæging á því að Illugi var rekinn, eins konar peðsfórn í stöðunni.

Hér er greinilega ekki gerður munur á persónulegri umfjöllun einstakra pistlahöfunda undir nafni annars vegar og hlutlausum fréttum og almennri umræðu hins vegar. Einkum þegar það er haft í huga að mennirnir voru sérstaklega ráðnir til að rækja þetta hlutverk í þessu tilviki, hvor frá sínum sjónarhól. Annað sem blasir við af þessum dæmum og þarfnast endurskoðunar er réttleysi það sem allir lausráðnir starfsmenn Ríkisútvarpsins búa við. Pólitíkin í þessu máli er þannig ekki síst starfsmannapólitík. Starfsmenn eru ráðnir sem verktakar en ekki launþegar og þar með njóta þeir ekki orlofs, lífeyris eða veikindaréttar og einkum er þetta mál varðar njóta þeir ekki uppsagnarfrests. Sá sem hér talar þekkir þetta lítillega af eigin raun. Síðasta vor varð ég fyrirvaralítið að hætta um skeið störfum við dagskrárgerð á Rás 1 án þess að mér væri nokkru sinni sýndar þær reglur sem um málið gilda. Starfið sem ég mátti ekki gegna varðaði kvöldvökuþætti á Rás 1 þar sem flutt er þjóðlegt efni sjaldnast yngra en hálfrar aldar gamalt, annálabrot og þjóðsögur. Eina hlutverk umsjónarmanns er að kynna þetta efni og hæfilegan skammt af íslenskri tónlist með. Ástæðan: Ég var 8. varamaður Framsfl. í bæjarstjórn Ísafjarðar. Mér er spurn: Er þetta ekki farið að ganga of langt? Þó einhver viðkvæmni komi upp við framboð til bæjarstjórnar í Reykjavík þarf það endilega að bitna á öllum landsmönnum jafnt í sveit og í þorpum? Á Ríkisútvarpið, útvarp allra landamanna að vera svo gerilsneytt, svo steingelt, að enginn nenni lengur að

hlusta eða horfa á það þegar kosningar nálgast heldur beini hlustun sinni eða áhorfi eins og það heitir víst núna til annarra stöðva?

Nú er ég ekki að mælast til að frambjóðendur tröllríði dagskrá stofnunarinnar í dægurþáttum og umfjöllun um líðandi stund. En það er líka hægt að ganga of langt í aðgæslunni. Það má líka minna á stjórnsýslulög sem kveða skýrt á um rétt starfsmanns til að tjá sig um brottvikningu, rétt hans til að kynna sér málsgögn og til að andmæla áður en ákvörðun er tekin. Í fersku minni margra er mál Magnúsar Jónssonar fyrir nokkrum árum, þá veðurfræðings, sem ekki fékk að segja landsmönnum frá veðurhorfum næsta sólarhring vegna pólitískrar ólyktar sem forráðamenn sjónvarpsins þóttust finna af honum og hæfði ekki skjánum. Það mál fór til umboðsmanns Alþingis sem gaf sjónvarpinu tiltal og óskaði eftir því að reglur þess væru endurskoðaðar. Þeim var víst að einhverju leyti breytt. Hvernig á Rás 2 að kalla sig dægurmálaútvarp ef það á að sleppa pólitík og raunhæfri umfjöllun um hana á kosningaárum? Verður þá ekki líka að fara að reka sófaliðið sem kemur í spaklega viðtalsþætti um helgar og oftar til að ræða dægurmál og stjórnmál og leyfir sér jafnvel að hafa skoðanir á hlutunum? Á kannski að fara að ritskoða það sem þar er sagt?

Þetta mál snýst ekki síst um starfsmannastefnu Ríkisútvarpsins og því hlýt ég að taka undir með stjórn Blaðamannafélags Íslands í ályktun sem gerð var á stjórnarfundi 14. þessa mánaðar en þar segir m.a., með leyfi hæstv. forseta: „Tími er til kominn að stjórnvöld stöðvi þessa öfugþróun og taki til í eigin garði hjá sjálfu Ríkisútvarpinu."

[15:20]

Viðskiptaráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Þetta er ekki í fyrsta og sjálfsagt ekki síðasta sem mannaráðningamál útvarpsins koma til umfjöllunar á Alþingi. Aldrei hefur verið gerð sú krafa til Ríkisútvarpsins að það væri hlutlaus fjölmiðill heldur að Ríkisútvarpið gætti óhlutdrægni. Að halda því fram að það sé hægt að taka ákvörðun um að útrýma stjórnmálaumræðu úr ríkisfjölmiðlunum einhverjum mánuðum fyrir kosningar er út í hött. Það eru fjölmörg dagskráratriði í útvarpi, t.d. eins og beint útvarp, dægurmálaútvarp o.fl., þar sem haft er beint samband við kjósendur og vitaskuld láta kjósendur í ljósi skoðun sína og það oft ótæpilega í slíkum umræðuþáttum. Ætla menn að fella þá niður það sem eftir er til kosninga? Og alla aðra þætti þar sem vera kynni að einhver einstaklingur mundi grípa til þess ráðs að láta í ljósi skoðun sína á mönnum og málefnum? Ég sé ekki hvernig á að framkvæma það og ég sé heldur ekki að það sé æskilegt að sú stefna yrði framkvæmd að stjórnmál yrðu gerð útlæg úr ríkisfjölmiðlunum þó að kosningar séu í nánd.

Þeir einstaklingar sem hér er aðallega talað um sem pistlahöfunda hafa rætt mjög tæpitungulaust um menn og málefni. Við alþýðuflokksmenn höfum ekki farið varhluta af þeirri umræðu. Hún hefur oft verið mjög persónuleg í okkar garð en það er hins vegar ekkert við því að segja. Menn hafa fullan rétt í þessu þjóðfélagi til að hafa sína skoðun, e.t.v. mættu menn stundum orða hana eilítið kurteislegar en þeir hafa gert en það verður að vera þeirra mál.

Mér finnst það skjóta harla skökku við að það sé notað sem ástæða fyrir uppsögn pistlahöfundar að hann hafi brotið af sér einhvern tímann í vor og það sé talið líklegt að hann muni gera það aftur. Hafi viðkomandi aðili brotið af sér að áliti stjórnenda útvarpsins þá átti auðvitað að segja honum upp starfi eða endurráða hann ekki vegna þess afbrots. En að láta nægja að gefa einhverja áminningu og segja svo manninum upp nokkrum vikum síðar vegna þess að stjórnendur telji líklegt að hann muni brjóta af sér í annað sinn — ef dómskerfi okkar Íslendinga mundi nú starfa þannig þá held ég að margar umræður yrðu hér á Alþingi okkar Íslendinga um þau málefni. Það er jafnfráleitt að láta sér detta það í hug að hafa þá starfsreglu að af því að Sigurður Sigurðarson sé grunaður um að hann muni e.t.v. brjóta af sér þá sé rétt að segja Jóni Jónssyni upp. Það er nú enn vitlausari regla ef hægt er að orða reglur í þessu sambandi. En ég ítreka að við búum í frjálsu þjóðfélagi þar sem hver og einn hefur rétt til að hafa skoðun. Íslenska Ríkisútvarpið getur ekki starfað eftir einhverjum öðrum leikreglum. Og það er gjörsamlega út í hött að halda að menn geti útrýmt stjórnmálaumræðu úr stærsta fjölmiðli þjóðarinnar þó svo kosningar til Alþingis eða sveitarstjórna séu í vændum.

[15:23]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er hlutverk Alþingis og dómstóla að standa vörð um mannréttindi og lýðræði í landinu. Það erum við, hér á hinu háa Alþingi, sem kjósum stjórn Ríkisútvarpsins og því er eðlilegt að við ræðum málefni þeirrar stofnunar, ekki síst ef okkur finnst að þar sé pottur brotinn. Það er okkar hlutverk að veita ríkisstofnunum aðhald, jafnframt því að setja þeim lög.

Málfrelsi er hluti af lýðræðinu. Og það hlýtur að vera hlutverk Ríkisútvarpsins að ýta undir skoðanaskipti og umræður um þau málefni sem ber hæst og þarfnast þess að vera rædd.

Við kvennalistakonur höfum markað þá stefnu að standa vörð um Ríkisútvarpið, efla það og bæta, ekki síst vegna þess menningarlega hlutverks sem það gegnir og einnig til að tryggja lýðræði. Við viljum tryggja að það séu ekki þeir sem eiga peninga og eiga fjölmiðla sem stjórna skoðanamyndun og allri umræðu.

En, virðulegi forseti, á undanförnum árum hefur verið slakað verulega á pólitískum afskiptum af Ríkisútvarpinu og er það auðvitað af hinu góða. Þá gerist það jafnframt að við höfum orðið vitni að vægast sagt sérkennilegum vinnubrögðum innan þeirrar stofnunar. Fyrst gerðist það eins og menn muna að útvarpsstjóri, sem virðist reka þá stefnu að reka menn, byrjaði á dagskrárstjóra sjónvarpsins en eins og við vitum þá var hann nokkrum dögum síðar gerður að yfirmanni þeirrar stofnunar, þ.e. ríkissjónvarpsins. Hann hefði að sjálfsögðu átt að fá tækifæri til að bæta ráð sitt. Síðan gerist það í síðustu viku að tveir pistlahöfundar á Rás 2

voru reknir fyrirvaralaust, annar vegna skoðana sinna, en hinn af því að sá fyrri var rekinn. Nú síðast bættist í hópinn pistlahöfundur og frambjóðandi vestur á fjörðum sem flutti sinn pistil daginn eftir að reglur höfðu verið stórlega hertar um hlut frambjóðenda í dagskrá Ríkisútvarpsins. Fregnir herma að hann hafi frétt af brottrekstrinum á kaffihúsi úti í bæ. Þetta er auðvitað orðinn farsi sem er Ríkisútvarpinu til skammar. Enda held ég að menn hljóti að fara að íhuga þessar reglur sem þar gilda um pólitískar umræður.

Málið snýst um það að menn sem hafa verið ráðnir til að hafa skoðanir og til að flytja sínar skoðanir þeir voru reknir vegna þess að þeir höfðu skoðanir. Hvað liggur þarna að baki, virðulegur forseti?

Illugi Jökulsson er sakaður um að hafa misnotað aðstöðu sína. En Hannes Hólmsteinn Gissurarson er ekki sakaður um nokkurn skapaðan hlut, bara að vera til og vera pistlahöfundur. Hvað liggur á bak við þennan brottrekstur? Hvaða starfsreglur hafa verið brotnar margoft og gróflega eins og framkvæmdastjóri Ríkisútvarpsins hefur komist að orði? Hefur Illugi Jökulsson gagnrýnt menn ómaklega án þess að þeir hafi getað borið hönd fyrir höfuð sér? Ekki hefur það komið fram í umræðunni. Hefur hann farið með róg og níð um menn og málefni? Ekki heldur. Í hverju felst þessi misnotkun? Felst hún fyrst og fremst í því að hann hefur ákveðnar skoðanir sem sumum líkar ekki að heyra? Er það mergurinn málsins?

Hvað um Hannes Hólmstein? Hvers á hann að gjalda? Ég hef lengi verið þeirrar skoðunar að Hannes Hólmsteinn Gissurarson ætti að fá að tala sem lengst og mest og sem víðast. Hann er einn af þeim, og þetta segi ég honum til hróss, sem skerpir umræðuna með sinni sterku frjálshyggju, en þar með tel ég hann í hópi helstu bandamanna okkar sem viljum setja samhjálp, samvinnu og samábyrgð í öndvegi.

Virðulegi forseti. Ég mótmæli harðlega þeim vinnubrögðum sem viðhöfð eru innan Ríkisútvarpsins, þar sem menn eru reknir fyrirvaralaust og án rökstuðnings. Þetta eru vinnubrögð sem eru Ríkisútvarpinu til skammar og ég vona að stjórnendur þess taki mið af þeirri umræðu sem fer fram á hinu háa Alþingi og úti í þjóðfélaginu og læri af henni og vandi sig betur í umgengni sinni við fólk og við skoðanir fólks.

[15:28]

Hjálmar Jónsson:

Virðulegi forseti. Fyrrv. menntmrh., hv. 9. þm. Reykv., Svavar Gestsson, krefst þess að fá að ráða því hverjir flytji pistla á Rás 2. (**Gripið fram í:** Nú, hann hefur aldrei sagt það.) Hann segir að það sé pólitískt einelti ef hann fái ekki að ráða þessu (Gripið fram í.) og stjórnarandstaðan tekur mjög í sama streng. Þannig byrjaði umræðan á fimmtudaginn var og þannig var hún kynnt í upphafi að það sé pólitískt einelti Sjálfstfl. sem valdi því að það þurfi að fá þessa umræðu hingað, þess vegna er hún hér í dag hv. þm.

Hér er staðreyndum snúið algerlega við. (**SvG:** Það heyrist mér.) Stjórnarandstaðan á þingi tekur í sama streng og Svavar Gestsson, hv. þm., og gerir sig um leið eins og hann seka um pólitískt ofríki á hæsta stigi. Þetta mál er algert innanhússmál Ríkisútvarpsins. Útvarpsráð telur það ekki í sínum verkahring að skipta sér af þessu og þá væntanlega ekki annarra, þó að hver og einn megi að sjálfsögðu hafa skoðun á þessu.

Sjálfstæðismenn telja hins vegar að fela eigi stjórnendum meira sjálfræði, treysta þeim og láta þá hæfilega í friði, þannig að þeir vaxi með ábyrgð sinni í stað þess að vera sviptir sjálfræði og myndugleika.

Samkvæmt upplýsingum stjórnenda á Ríkisútvarpinu er núna um að ræða varúðarráðstöfun eins og fram er komið. Illugi Jökulsson hafi ekki risið undir þeirri ábyrgð fyrir kosningar í vor að gæta hófsemdar, réttara sagt almennra mannasiða, og þar var útvarpsráð allt sammála, einnig sá minni hluti sem lét bóka eftir sér á dögunum eitthvað annað. Þeir verða hins vegar báðir þessir menn sem hér er um rætt, Illugi Jökulsson og Hannes Hólmsteinn Gissurarson, áfram í verkefnum hjá Ríkisútvarpinu. Þeir hafa ekki verið reknir, þeir hafa sinnt þar störfum og eru velkomnir með pistla sína aftur eftir einhvern tíma eftir því sem stjórnendur segja mér, enda ágætir útvarpsmenn, ég hef sannarlega hlustað á þá. Pistlahöfundar koma og fara og mér finnst persónulega að þessar tilfærslur hefðu mátt eiga sér þægilegri aðdraganda. T.d. hefði verið eðlilegt að tilkynna þeim í sumar að með vetrardagskránni yrðu aðrir með pistlana. Það hefðu verið mjög eðlileg vinnubrögð. En ef stjórnendurnir væru ekki að passa útvarpslögin svo rækilega finnst mér að pistlahöfundum mætti heldur fjölga en fækka. Það mætti koma upp einhvers konar afrás þar sem hver og einn gæti staðið á sínum haugi og gargað. Mín vegna mættu eins margir og kæmust að standa í vilpunum og ausa hver úr sínum koppi. Það gæti komið fyrir að menn fengju nóg einhvern tíma en ég vil fá miklu fremur málefnalega umræðu um Ríkisútvarp og þjóðmál. Þannig verður það meira lifandi og þjóðarútvarp eins og hv. þm. Pétur Bjarnason talaði um áðan. Fremur en þetta afkáralega upphlaup í þinginu vildi ég að rætt væri um varnir gegn öllu því ofbeldi sem berst að varnarlitlum börnum á Íslandi gegnum sjónvarp. Það væri virkilega eðlilegra og betra að taka það upp en það að fá að ráða því hverjir flytji pistla á Rás 2. Nú vil ég spyrja hv. þm. Svavar Gestsson: Ætlar hann og fylgismenn hans í þessu máli að belgjast út af réttlætiskennd í hvert skipti sem skipt er um pistlahöfunda á Rás 2 í Ríkisútvarpinu? Ætla þeir að krefjast umræðu utan dagskrár á Alþingi þegar stjórnendum á Ríkisútvarpinu finnst eðlilegt að færa til starfsmenn? Það er eins gott að þessir hv. þingmenn komist ekki til of mikilla áhrifa í þjóðfélaginu. Þá þyrfti kannski að sæta því að verða að segja í kirkjunum: Pistilinn skrifar postulinn Illugi.

[15:32]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Fulltrúi Sjálfstfl. í útvarpsráði, presturinn að norðan, guðsmaðurinn sem starfar eftir boðorðinu um fyrirgefningu syndanna talaði hér áðan. Ef þetta er hugarfarið í útvarpsráði og ef þetta er hugarfarið í kirkjunni á Sauðárkróki þá er kannski ekki von á góðu. Er það svona sem Sjálfstfl. talar um frjálsa

fjölmiðla, hugsar um frjálsa fjölmiðla? Ríkisútvarpið er fjölmiðill í frjálsu landi og þess vegna er rangt hjá hæstv. menntmrh. að þessi mál komi okkur ekki við á Alþingi vegna þess að lýðræðið og skoðanafrelsið og mannréttindin koma okkur við á Alþingi. Það er líka rangt hjá hæstv. menntmrh. að Sjálfstfl. hafi hvergi komið nærri málinu vegna þess að það var framkvæmdastjóri Sjálfstfl., Kjartan Gunnarsson, sem hóf þetta mál með því að skrifa formlegt bréf fyrir hönd Sjálfstfl. til þess að mótmæla Illuga Jökulssyni í vor. Fingraför Sjálfstfl. á þessu máli eru því miður alls staðar. Sjálfstfl. hefur skipað tvo síðustu útvarpsstjóra. Hann hefur skipað framkvæmdastjórana, hann er með formennskuna í útvarpsráði og hann á þann fulltrúa í útvarpsráði sem við fengum sýnishorn af hér áðan.

En því miður hefur það gerst að dagskrárstjóri útvarpsins hefur blandað mér í þetta mál með því að gefa þá einu skýringu á ákvörðun sinni að láta Hannes Hólmstein Gissurarson hætta að hann hafi ráðist á mig í pistlum sínum. Það er ekki nýtt að Hannes Hólmsteinn ráðist á mig. Við Hannes getum bráðum haldið upp á aldarfjórðungsafmæli þeirrar iðju og mér munda þá fyrst fara að líða illa ef hann hætti því. Þess vegna er það eðli lýðræðisins að Hannes Hólmsteinn Gissurarson geti ráðist á mig. Það er eðli frjáls fjölmiðils sem þjóðin á öll að hann hafi rétt í þeim fjölmiðli til þess að gagnrýna formann Alþb., fyrrv. fjmrh. og núv. þm. og segja honum skoðun sína og lesa líka inn í hugsanir hans og skoðanir þó að hæstv. menntmrh. hafi sagt áðan að í Ríkisútvarpinu mætti ekki lesa inn í hugsanir og skoðanir annarra. Það er grundvallaratriði frjálsrar fjölmiðlunar að Hannes Hólmsteinn Gissurarson fái að ráðast á mig. Ef það á að fara að stjórna Ríkisútvarpinu eftir þeim hætti að einstaklingar eigi ekki að hafa rétt til þess að ráðast á formenn stjórnmálaflokka eða gagnrýna þá og gera athugasemdir við störf þeirra er illa komið.

Einu sinni var sagt að þótt maður væri algerlega ósammála skoðunum einstaklings þá byggðist lýðræðið á því að verja rétt hans til þeirra skoðana til síðasta manns. Ég mun verja rétt Hannesar Hólmsteins ætíð og ávallt til þess að geta í öllum fjölmiðlum á Íslandi sinnt þeirri lýðræðislegu skyldu sinni að fylgja sannfæringunni og gagnrýna mig, skoðanir mínar og störf mín eftir því sem hann kýs.

[15:36]

Kristín Einarsdóttir:

Frú forseti. Ég verð að viðurkenna að eftir að hafa heyrt hv. þm. Hjálmar Jónsson útvarpsráðsmann tala áðan þá hef ég verulegar áhyggjur. Ég trúði varla mínum eigin eyrum að þetta gæti komið úr hans munni. Ég hef ekki þekkt hann að öðru en góðu fram að þessu en ég trúði því varla sem ég heyrði, að þetta væru viðhorf sem væru e.t.v. ríkjandi í útvarpsráði. Ég vona að þetta sé algert einsdæmi. (**Gripið fram í:** Hvaða viðhorf?) Ég býst við að það sé öllum kunnugt að Illugi Jökulsson pistlahöfundur hafi verið látinn taka pokann sinn núna vegna pólitískra pistla eins og það er kallað. Eins og fram hefur komið sagði hann í lok síðasta pistils að hann hefði fengið pokann sinn vegna þess að Sigurður G. Tómasson hafi sagt: Ég nenni ekki lengur að hlusta á kvartanir valdhafandi manna út af þeim. Þetta þykir mér mjög alvarlegt. Mér þykir mjög skrýtið ef hæstv. menntmrh. telur ekki fyllstu ástæðu til þess að við ræðum slíkt hér á Alþingi. Þetta er vissulega mál Alþingis. Þetta er mannréttindamál og þetta er mál sem snýst um skoðanafrelsi í landinu og þess vegna viljum við ræða það hér.

Það vakti líka athygli að öðrum pistlahöfundi var sagt að fara, Hannesi Hólmsteini Gissurarsyni, en engin ástæða virtist vera fyrir því. Það var engin ástæða önnur en að það ætti að taka alla pólitík út úr Ríkisútvarpinu. Mér þótti þetta með ólíkindum. Hvernig á umfjöllun í Ríkisútvarpinu að vera? Á ekkert að ræða um pólitík í Ríkisútvarpinu? Mér þykir það ekki skipta neinu máli þótt nú sé kosningavetur eða ekki. Eins og við vitum sem fylgjumst með Ríkisútvarpinu eru þeir sem mest koma þar fram ráðherrar ríkisstjórnarinnar. Á að hætta að leyfa þeim að koma fram? Ekki er langt síðan gerð var athugun á því hversu mikið væri talað við þingmenn í Ríkisútvarpinu og það kom í ljós að stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar tala þar 83% ef ég man rétt og aðrir 17%. Á þá að hætta að tala við alla þingmenn og alla ráðherra í útvarpi og sjónvarpi rétt fyrir kosningar eða hvað er það sem á að fara að gera? Mér þykir slæmt ef það erum eingöngu við sem sitjum á Alþingi sem megum tjá okkur opinberlega. Hvað með alla hina? Af hverju á að útiloka þá frá því að tjá sig í Ríkisútvarpinu? Er það það sem hv. þm. Hjálmar Jónsson vill? Það er þetta sem ég gagnrýni að það skuli vera gagnrýnt sérstaklega þegar aðrir en þingmenn og ráðherrar tjá sig í útvarpinu um pólitík — ekki um flokkapólitík, heldur um pólitík, um þjóðmál, það sem er að gerast í þjóðfélaginu. Hvernig í ósköpunum stendur á því að það eiga bara að vera þeir sem sitja hér og kannski einstakir útvaldir fá að tjá sig en ekki hinnir? Hvers vegna í ósköpunum?

Ég verð að segja, frú forseti, að ég tel fyllstu ástæðu til að við ræðum þessi mál hérna og ég hef verulegar áhyggjur af því ef þetta á að vera tónninn sem á að gefa í umræðunni, þ.e. að fólk megi ekki tjá sig um pólitík í íslenska Ríkisútvarpinu.

[15:40]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Mikil nátttröll stjórna Ríkisútvarpinu. Málfrelsi ríkir nú í Sovétríkjunum gömlu og allt er fullt af frjálsum stöðvum á Íslandi í dag. Að reka pistlahöfunda úr starfi, sem þjóðin vill hlusta á, er skortur á skilningi, á markaðslögmálum og gerbreyttum aðstæðum í þjóðfélaginu.

Illugi Jökulsson er um þessar mundir besti pistlahöfundur á Íslandi, jafnvel í Evrópu. Hann er það fyrir hárbeitta gagnrýni og góðan húmor fyrst og fremst. Nú munu aðrir ráða hann til starfa. Íhaldið stöðvar ekki lengur hið frjálsa orð á Íslandi. Spéhrædd ríkisstjórn og fótsárir ráðherrar eftir gönguna í Ódáðahrauni spillingarinnar og einkavinavæðingarinnar geta ekki þaggað niður í háði og gagnrýni þeirra sem þrá betra þjóðfélag á Íslandi. Þökk sé málfrelsinu, þökk sé frelsi fjölmiðlanna.

Mér er sagt að við blasi að Sigmund, hinn víðfrægi teiknari Morgunblaðsins, verði rekinn af Mogganum fram yfir kosningar þar sem í myndum hans sé hæstv. forsrh. ekki nógu fallegur og drullusokkurinn særi annan hæstv. ráðherra. Menn skilja áður en skellur í tönnum. Sjálfstfl. kennir Illuga um að R-listinn vann Reykjavík í vor. Útvarpsstjóri segir, með leyfi forseta, í Morgunblaðinu í dag:

„Annar pistlahöfundurinn var látinn hætta af því að hann hafði a.m.k. einu sinni farið langt út fyrir þau mörk hófsemdar og tillitssemi er að framan greinir. Líklegt þótti að honum kynni enn að verða hið sama á. Aðstæður í íslensku mannfélagi gerðu það að verkum að ástæðulaust er talið að eiga slíkt yfir höfði sér að sinni."

Það var mannfélagið sem barst til sögunnar. Hvaða hætta var á ferðum? Hver var það sem hótaði útvarpsstjóra? Var honum hótað brottrekstri, hæstv. menntmrh.? Sá grunur liggur á Sjálfstfl. að hann vilji losna við útvarpsstjórann frá störfum. Er hann undir hæl Sjálfstfl.? Á hann það á hættu að fara af sínum launum og verða brott rekinn ef hann hlýðir ekki Sjálfstfl.? Síðar viðurkennir útvarpsstjóri að hafa veitt Illuga viðvörun fyrir fjórum mánuðum, löngu eftir borgarstjórnarkosningar, ári fyrir alþingiskosningar næstu. Hvers lags eiginlega tillitssemi er þetta að verða? Ég held að þjóðin sjái að þetta gengur ekki upp. Þjóðin vill að Ríkisútvarpið leyfi Illuga að tala. Þjóðin vill frjálsa umræðu. Allir þurfa aðhald í gegnum gagnrýni. Það eru pólitísk fingraför, fyrst og fremst Davíðs Oddssonar, hæstv. forsrh., á þessu máli. Þetta minnir mjög á Hrafnsmálið og fleiri mál sem varða Ríkisútvarpið sem hafa komið upp á þessu kjörtímabili.

Hvað Hannes Hólmstein varðar tek ég undir að mér finnst ágætt að hann tali. Hann minnir á fáránlega frjálshyggjustefnu þessarar ríkisstjórnar, minnir á hversu vitlaus stefna hennar er. Ríkisútvarpið verður hins vegar að þekkja sinn vitjunartíma eigi hver maður áfram að greiða því skylduaðild eins og nú er ellegar sviptur mannréttindum. Þessu verður Ríkisútvarpið að átta sig á að hér er tekist á um það.

Hæstv. forseti. Við hafsbrún dynja fjaðrir nýrrar aldar. Við leggjum á það áherslu að hið talaða orð megi vera frjálst í framtíðinni og að útvarpið megi losna undan ofstjórn Sjálfstfl. sem allra fyrst.

[15:45]

Árni M. Mathiesen:

Hæstv. forseti. Hvað eftir annað eru ástæðulausar brottvikningar starfsmanna Ríkisútvarpsins vegna skoðana þeirra ástæða umræðna hér á Alþingi. Og ég spyr sjálfan mig að því: Hvernig stendur á þessu? Hv. þm. Svavar Gestsson segir: Einelti Sjálfstfl. Þetta er auðvitað skýring sem er bæði einföld og út í hött. En það þarf hins vegar fyrrv. hæstv. menntmrh. til þess að koma fram með svona skýringar og kannski eru það á einhvern hátt bendingar um það hvernig hann starfaði þegar hann var í ráðuneytinu.

En er ekki skýringarinnar að leita einhvers staðar innan Ríkisútvarpsins sjálfs? Er ekki einhver brestur í þeim grunni sem Ríkisútvarpið byggir á? Eða hvernig skyldi standa á því að Ríkisútvarpið sjálft og jafnvel allur almenningur, alla vega stór hluti hv. þingmanna, er svo upptekinn af því að tala alltaf um hlutleysi Ríkisútvarpsins? Er það kannski vegna þeirrar yfirgnæfandi stöðu sem ríkisfjölmiðlarnir hafa á hinum litla innlenda fjölmiðlamarkaði? Er kannski ástæðunnar að leita þar? Ættum við kannski að skoða það nánar? Væri staðan kannski önnur ef aðrir fjölmiðlar væru álíka sterkir og væru eitthvert mótvægi við Ríkisútvarpið? Eigum við kannski að endurskoða það hvort það sé nauðsynlegt að Ríkisútvarpið reki tvær útvarpsrásir og reki tvær fréttastofur? Það eru full rök fyrir því að ríkisútvarp sé rekið á menningarforsendum. En eru forsendur fyrir því að ríkið reki fjölmiðil sem er yfirgnæfandi á okkar litla, innlenda fjölmiðlamarkaði? Værum við ekki laus við þetta vandamál að fólk sé sífellt að velta sér upp úr hlutleysi Ríkisútvarpsins ef það væru fleiri sem væru á þessum markaði, það væru fleiri skoðanir sem kæmust að en ekki þessi yfirþyrmandi ríkisfjölmiðill sem við erum sífellt að ræða um?

[15:48]

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég mun ekki grípa til eins skáldlegra lýsinga og hv. 5. þm. Suðurl. í stuttri ræðu minni. Ég ætla að vera ósköp leiðinleg og lesa örstuttan kafla úr lögum sem heita Útvarpslög og þar segir, með leyfi hæstv. forseta, í 15. gr.:

„Ríkisútvarpið skal leggja rækt við íslenska tungu, sögu þjóðarinnar og menningararfleifð.

Ríkisútvarpið skal halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur og mannréttindi og frelsi til orðs og skoðana. Það skal gæta fyllstu óhlutdrægni í frásögn, túlkun og dagskrárgerð.

Ríkisútvarpið skal m.a. veita almenna fréttaþjónustu og vera vettvangur fyrir mismunandi skoðanir á þeim málum sem efst eru á baugi hverju sinni eða almenning varða."

Skýrara getur það nú ekki verið að auðvitað á Ríkisútvarpið að vera vettvangur hinna ýmsu skoðana og vera umræðuvettvangur um það sem er að gerast.

Ég held að það fari ekkert á milli mála að rekstur Ríkisútvarpsins er auðvitað á ábyrgð menntmrh., þ.e. endanlega á ábyrgð hins háa Alþingis sem hefur falið hæstv. menntmrh. að sjá svo til að eftir þessum lögum verði farið. Það er þess vegna gersamlega óskiljanlegt, að hæstv. ráðherra skuli segja hér: Þetta eru innanhúsmál Ríkisútvarpsins. Það eru þau ekki. Þetta eru mál hæstv. ráðherra og umfram allt þeirra sem fólu honum eftirlitið, hins háa Alþingis.

Vitaskuld verður að taka nú þegar til baka þessar fáránlegu uppsagnir, hvort sem um er að ræða einhvern okkar skemmtilegasta þáttahöfund, Illuga Jökulsson, eða eftirlæti mitt, Hannes Hólmstein Gissurarson. Hvorugan vil ég missa. Og ég held að það sé þýðingarlaust þegar öllu er á botninn hvolft að reikna út hverjir hafa pólitísk áhrif og hverjir ekki.

Einn ágætur frambjóðandi vestur á fjörðum flutti pistil daginn sem hann fór í prófkjör og fór nú hv. 2. þm. Vestf. létt með að losa sig við hann af listanum

þrátt fyrir pistilinn. Sjálfstfl. held ég að hafi ekki verið með puttana í þessu, enda taka þeir ævinlega rangar ákvarðanir í slíkum málum. T.d. var eftirlæti mínu, prófessor Hannesi Hólmsteini Gissurarsyni skipað að halda sig til hlés í síðustu borgarstjórnarkosningum með þeim skelfilegu afleiðingum að þær töpuðust fyrir flokkinn og vel má vera að Illugi Jökulsson hafi unnið kosningarnar fyrir R-listann, ekkert veit ég um það. Ég held að um þetta sé illt að spá og menn eigi að láta höfunda pistla í Ríkisútvarpinu í friði, láta þá einfaldlega á friði. Og ég skora á hæstv. ráðherra og tala við hið háa Alþingi í fullri alvöru og við þetta verður auðvitað ekki unað. Það er skylda okkar hér að skipa virðulegum útvarpsstjóra og örþreyttum dagskrárstjóranum af kvörtununum yfir höfundum sínum að taka þessar uppsagnir nú þegar til baka. Verði það ekki gert verður auðvitað að grípa til annarra ráða og ég vil skora á hæstv. forseta Alþingis að beita sér fyrir því að þessar uppsagnir verði dregnar til baka.

[15:52]

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Ég get ekki orða bundist þótt þessari umræðu hafi þegar verið vel komið í höndum þeirra kvennalistakvenna sem hafa tekið til máls. Þar sem ég er áreiðanlega ein af fáum ef ekki eini félagi Blaðamannafélags Íslands hér á Alþingi og hef stundað dagskrárgerð til margra ára, þá vil ég vekja athygli á því hver kjarni málsins er að mati stjórnar Blaðamannafélagsins. Ég tek undir það að þarna er um að ræða aðför að mál- og tjáningarfrelsi og það að ríkisfjölmiðill geri ekki greinarmun á hlutlausum fréttum og almennri umræðu annars vegar og persónulegri umfjöllun einstakra pistlahöfunda hins vegar. Þetta er nú einfaldlega kjarni málsins. Og svona fyrirbyggjandi brottrekstur á pistlahöfundum sem framkvæmdur er af dauðhræddum yfirmönnum sem eru undir einhverju ægivaldi sem ég kæri mig ekki um að skilgreina er auðvitað mál sem kemur okkur öllum við vegna þess að þetta er mál sem fjallar einmitt um mál- og tjáningarfrelsi.

Ég vek athygli á því að í Ríkisútvarpinu var horfið frá því árið 1971 að tala um og láta sig dreyma um að unnt væri að láta vera ríkjandi hlutleysi og í stað þess er tekið upp orðið „óhlutdrægni" sem þýðir að það var hætt að fara út í það moð að enginn mætti segja neitt nokkurn tíma og farið út á þá braut að hleypa fólki að með skoðanir sínar. Þetta tel ég mjög til bóta og ef eitthvað er, þá er ekki nóg að gert þar. Þeir tveir pistlahöfundar sem hér um ræðir hafa öðrum fremur sannað rétt og gildi þessara aðferða og ég tel að þarna hafi verið mjög vel að verki staðið og það sé því hneisa að þeir hafi verið látnir víkja.

Hér var einnig komið að öðru máli, réttindaleysi lausráðinna dagskrárgerðarmanna sem er efni í aðra umræðu, en ég mun ekki tefja tímann hér með henni að svo komnu máli. Þó get ég ekki stillt mig um að taka eitt dæmi þar sem hv. 2. þm. Vestf. tók ljómandi gott dæmi um það hvers konar furðulegar myndir þessi gæsla á óhlutdrægni getur tekið á sig. Við hv. 15. þm. Reykv., Kristín Ástgeirsdóttir vorum látnar víkja úr dagskrárgerð, greinilega var það nú fyrirbyggjandi brottrekstur, eftir að hafa flutt þátt um Charles Chaplin sem auðvitað eftir á að hyggja var alveg fádæma hættulegt þar sem við vorum báðar á framboðslistum. Ég sé að þetta var auðvitað alveg þaulhugsað og gert lýðræðinu til heilla miðað við þær forsendur sem þeir menn gefa sér sem vinna eftir þessu.

Ég vil líka taka það fram að ég tel að það sé brotið á rétti mínum sem útvarpshlustanda með þessum brottrekstri. Mér finnst að ég hafi ekki aðgang að þeirri lifandi og skemmtilegu stjórnmálaumræðu sem á að fara fram í Ríkisútvarpinu og sem hefur sem betur fer tekist býsna vel til í þeim miðli, þar til svona nornaveiðar dynja á. Ég tel að hér hafi fyrst og fremst orðið mistök og þessi mistök beri að leiðrétta og það nú þegar.

[15:56]

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Ég velti því mjög fyrir mér hvort það sé af tilviljun sem málefni Ríkisútvarpsins koma hér aftur og aftur til umfjöllunar á hv. Alþingi þegar Sjálfstfl. fer með málefni stofnunarinnar. Ég kemst að þeirri niðurstöðu að þetta sé ekki tilviljun og ástæðan sé sú þrátt fyrir orð hæstv. menntmrh. hér áðan að það fari óskaplega í taugarnar á sjálfstæðismönnum að geta ekki virkilega ráðskast með stofnunina. Orð hv. þm. Árna Mathiesens hér áðan sannfæra mig enn betur um þetta þegar hann talaði um yfirgnæfandi stöðu Ríkisútvarpsins. En sannleikurinn er sá að sjálfstæðismenn eru vanir mjög góðu þegar fjölmiðlaheimurinn er annars vegar og fyrir minn smekk alla vega hafa þeir þar allt of mikil ítök.

Hæstv. menntmrh. er andvígur því að reka hér Ríkisútvarp. Þetta hefur komið fram oftar en einu sinni og þetta kom m.a. fram á þingi ungra sjálfstæðismanna fyrir nokkrum árum, að hann vildi gera Ríkisútvarpið að almenningshlutafélagi. Það er hins vegar kapítuli út af fyrir sig hvað ungir sjálfstæðismenn fá ráðherra flokksins til þess að segja og lýsa yfir á þessum þingum sínum og mér hefur dottið í hug að það hafi eitthvað með það að gera að þeir munu tilnefna þingmann ársins alltaf einu sinni á ári.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að hafa mörg fleiri orð, enda er tími minn búinn. Ég er vinur Ríkisútvarpsins og ég vona að Ríkisútvarpið fái frið til starfa og þá veit ég að það mun gegna því hlutverki sínu vel að vera vettvangur fyrir mismunandi skoðanir.

[15:58]

Tómas Ingi Olrich:

Virðulegi forseti. Það er ljóst að með lagaákvæðum um Ríkisútvarpið eru skilgreind almenn mörk óhlutdrægni sem nær til dagskrárgerðar og fréttaflutnings. Hvar þau mörk liggja nákvæmlega er huglægt mat. Það er lögum samkvæmt hlutverk yfirmanna stofnunarinnar að meta hvenær farið er nærri þessum mörkum ellegar yfir þau. Hér verður ekki tekin nein afstaða til þess hvort rétt hafi verið eða rangt að afþakka þjónustu ákveðinna dagskrárgerðarmanna Ríkisútvarpsins en það er hins vegar nauðsynlegt að meta það hvort þar hafi verið gengið gegn ákvæðum stjórn-

arskrárinnar um tjáningar- og skoðanafrelsi eins og hér hefur verið haldið fram, ellegar brotið gegn ákvæðum útvarpslaga um að Ríkisútvarpið skuli vera vettvangur fyrir mismunandi skoðanir á þeim málum sem efst eru á baugi hverju sinni. Ef dagskrárgerðarmenn gerast ákveðnir talsmenn ákveðinna flokka, að ekki sé talað um það ef þeir fyrir kosningar hvetja hlustendur til að kjósa einn lista öðrum fremur, er það hlutverk yfirmanna þessarar dagskrárgerðarmanna að meta það hvort slík dagskrárgerð samrýmist skyldum Ríkisútvarpsins um óhlutdrægni í dagskrárgerð.

Stjórnmálaflokkar gerast stundum fyrirferðarmiklir í auglýsingaherferðum sínum fyrir kosningar. Yfirleitt hafa ljósvakamiðlar freistað þess að aðskilja hreinan kosningaáróður stjórnmálaflokka frá dagskrárgerðinni, jafnvel þótt þeir hafi opnað auglýsingatíma sína fyrir stjórnmálalegar auglýsingar, enda eru þær lögum samkvæmt aðgreindar frá dagskrárefni. Verður að telja það mjög skynsamlega ráðstöfun og satt að segja ekki útséð um það hver yrðu örlög Ríkisútvarpsins ef þess væri ekki gætt að aðgreina flokkspólitískan áróður og dagskrárgerð. Hvorki ákvæði stjórnarskrárinnar um skoðanafrelsi, né ákvæði útvarpslaga, veita stjórnmálasamtökum eða sjálfskipuðum fulltrúum þeirra rétt til að búa um sig í dagskrárgerð og þiggja laun fyrir kosningaáróður sinn. Ég held því að það megi segja, virðulegi forseti, að hér er flutt mál sem ekki á heima í þinginu og er sá vandræðagangur með eindæmum.

[16:01]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. fyrir þátttöku í þessari umræðu, en það hefur komið í ljós að hún var þörf og brýn miðað við stöðu mála alla.

Ég tel að það hafi komið hér fram ýmsar almennar niðurstöður sem ástæða er til að skoða fyrir utan ritskoðunartóninn og skætinginn sem kemur fram í einstaka þingmönnum Sjálfstfl. og ég ætla að láta sem vind um eyru þjóta í þessari lokaræðu minni.

Þá ætla ég benda á að í fyrsta lagi hefur það greinilega komið fram að hv. þm. telja yfirleitt að það sé nauðsynlegt og skynsamlegt að settar séu sanngjarnar, almennar og gagnsæjar reglur á grundvelli málfrelsis og tjáningarfrelsis almennt fyrir starfsmenn Ríkisútvarpsins, þannig að þeir megi sem best starfa eftir þeim í samræmi við lögin og í sátt við hlustendur. Í öðru lagi tel ég mjög mikilvægt að það kom hér fram hjá hv. 2. þm. Vestf., að það sé æskilegt að það verði farið yfir starfsmannastefnu Ríkisútvarpsins sérstaklega, m.a. með hliðsjón af þeim ábendingum sem fram koma í ályktun Blaðamannafélags Íslands.

Í þriðja lagi held ég að það sé alveg ljóst að sú aðgerð að láta pistlahöfunda hætta með þeim hætti sem gerðist nýtur ekki neins almenns stuðnings hér í þessari stofnun. Miklu frekar er það svo að þær ræður sem hér hafa verið fluttar má hvað sem öllu öðru líður, almennt séð að mínu mati, túlka sem ákall til yfirstjórnenda stofnunarinnar um að þeir endurskoði stöðu þessara mála, m.a. ráðningu og/eða uppsagnir þessara pistlahöfunda sem hér um ræðir. Ég vil líka láta það koma fram að ég held að það hljóti að vera mikilvægt að þessi umræða hefur þróast þannig að sá áburður um lögbrot, sem birst hefur og heyrst hefur, á hendur a.m.k. öðrum þessara pistlahöfunda, á engan hljómgrunn, engan stuðning. Þannig að í raun og veru er þeim áburði vísað mjög ákveðið á bug í þessari virðulegu stofnun, sem þó setur lögin í landinu og það tel ég að sé mikilvægt.

Ég ætla ekki að fara hér yfir þann tón sem fram kom hjá hv. þm. Hjálmari Jónssyni. Það var ótrúlega lítið um útúrsnúninga í þessum umræðum, miðað við það sem maður er vanur frá Sjálfstfl., t.d. útúrsnúning eins og þann að einu pólitísku afskiptin af þessum málum væru umræðurnar hér á Alþingi. Ég vil hins vegar mótmæla sérstaklega þeim orðum hæstv. menntmrh., að mönnum sé tæpast frjálst að túlka skoðanir annarra í Ríkisútvarpinu. Ég segi alveg eins og er, hæstv. forseti, ég tel það stórhættulegt fyrir þessa stofnun þjóðarinnar ef slík orð standa án þess að þeim sé mótmælt og þeim er hér með alvarlega mótmælt og það hefur reyndar komið fram áður í þessum umræðum.

Ég tel einnig að ræða hv. 5. þm. Norðurl. v., tónninn um árás, þar sem menn garga, ausa upp úr vilpum, hver úr sínum koppi. Ég segi alveg eins og er, að þó menn séu snjallir orðsins menn þarna fyrir norðan og hafi verið það marga ættliði, mann fram af manni, þá tel ég satt að segja að þetta sé ekki smekklegur málflutningur. Ég tek undir það með hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni, að það er dapurlegt til þess að vita ef málflutningur af þessu tagi þykir góð og gild vara í útvarpsráði.

Áður var það þannig að skáldin voru málsvarar málfrelsis og tjáningarfrelsis. Yfirstéttin reyndi allt sem hún gat, oft á tíðum, til að berja þessa menn til hlýðni. Við þekkjum úr sögunni dæmi um mörg skáld sem risu upp gegn þessum kúgunaröflum. Eitt af þeim skáldum var kallað Bólu-Hjálmar.

[16:05]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Það hefur verið sagt hér, ég held að það hafi verið hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir, að umræddir pistlahöfundar hafi verið reknir vegna skoðana sinna. Ég held að það sé ekki rétt. Þeir hafa ekki verið reknir vegna skoðana sinna. Ég greindi frá bæði lagaákvæðum og reglum Ríkisútvarpsins og því að yfirmenn Ríkisútvarpsins teldu að umræddir pistlahöfundar hefðu brotið gegn þessum reglum. Ég tel ekkert óeðlilegt við það að við ræðum hér málefni Ríkisútvarpsins, en ég tel ekki eðlilegt að við séum að ræða hér ákvarðanir yfirmanna Ríkisútvarpsins um einstaka starfsmenn og hvort þeim er vikið úr starfi.

Ég tók sérstaklega eftir í málflutningi hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur, þar sem hún sagði: Það verður að taka til baka þessar fáránlegu uppsagnir. Samkvæmt þessu þá henta núna afskipti ráðherra menntamála. Nú á ráðherra menntamála að taka fram fyrir hendurnar á yfirmönnum Ríkisútvarpsins og skipa þeim fyrir verkum, hverja þeir eiga að hafa í starfi og þá væntanlega hverja ekki. Hv. þm. skoraði á mig að grípa inn í og ef

ég ekki gerði það, þá yrði að taka til annarra ráða. Mér þykir þetta býsna merkilegur málflutningur.

Ég sagði í ræðu minni áðan að Ríkisútvarpið ætti að vera vettvangur fyrir mismunandi skoðanir á þeim málum sem efst eru á baugi hverju sinni og ég stend við það. Það eru því útúrsnúningar ef annað er lagt út af mínum orðum.

Hv. þm. Guðni Ágústsson spurði hvort útvarpsstjóra hefði verið hótað. Honum var ekki hótað, alla vega ekki af mér. En þetta er hinn venjulegi málflutningur. Það er látið að einhverju svonalöguðu liggja og síðan á ég væntanlega að sanna að ég hafi engu hótað. Hins vegar heyrðist mér á ræðu hv. þm. að hann vildi gjarnan losna við útvarpsstjórann, ekki var hann alla vega ánægður með hans athafnir. Ég skil hins vegar ágætlega, eftir að hafa heyrt ræðu hv. þm. Guðna Ágústssonar, að honum líkar vel við þá sem kveða fast að orði.

Hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir sagði að það færi í taugarnar á sjálfstæðismönnum að geta ekki ráðskast með stofnunina Ríkisútvarpið. Þetta er allt fullt af þversögnum hjá hv. ræðumönnum hér í dag. Hv. þm. Svavar Gestsson segir hins vegar að Sjálfstfl. sé alltaf að ráðskast með Ríkisútvarpið. Hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir segist vonast til að Ríkisútvarpið fái að vera í friði. (**VS:** Fyrir Sjálfstfl.) Fyrir Sjálfstfl, já. Hv. þm. Guðrún Helgadóttir krefst þess hins vegar að menntmrh., Sjálfstfl. væntanlega, grípi nú inn í og taki til baka þessar fáránlegu uppsagnir, eins og þingmaðurinn sagði. Ég er bara að draga hér fram þennan málflutning hv. stjórnarandstæðinga. Það rekur sig hvað á annars horn þar eins og gjarnan áður.

Ég sagði hér að mönnum væri tæpast frjálst að túlka að eigin vild skoðanir annarra. Hv. þm. Svavari Gestssyni þótti hlýða að hafa þetta ekki rétt eftir mér. (**SvG:** Að eigin vild.) Já, ég sagði að eigin vild. Ég sagði það. (**SvG:** Vilt þú ráða ...) Nei, ég var að greina hér frá hverjar væru reglur Ríkisútvarpsins, sem ætlast er til að starfsmenn þess fari eftir. Þegar það hentar Alþb. þá þarf ekki að fara eftir neinum reglum.

Ég sé á þessari umræðu að það er full þörf á frekari umræðu og vitrænni en þeirri sem hér hefur farið fram, um málefni Ríkisútvarpsins. Það gefst færi á því þegar við ræðum um frv. til breytinga á útvarpslögum, sem vonandi verður hér fljótlega.

Sjómannalög, 1. umr.

Frv. GHall og GuðjG, 21. mál (uppsagnarfrestur). — Þskj. 21.

[16:11]

Flm. (Guðmundur Hallvarðsson):

Virðulegi forseti. Ég hef lagt hér fram frv. til laga um breytingu á sjómannalögum, nr. 35/1985. Meðflutningsmaður minn að þessu frv. er Guðjón Guðmundsson. Í 1. gr. segir:

„Fyrri málsgrein 9. gr. laganna orðast svo:

Sé eigi á annan veg samið skal uppsagnarfrestur á skiprúmssamningi vera einn mánuður. Uppsagnarfrestur er gagnkvæmur.

2. gr.: Lög þessi öðlast þegar gildi."

Nú er það svo að sjómannastéttin er ein stétt hér á landi sem býr við það að eiga aðeins viku uppsagnarfrest samkvæmt sjómannalögum. Hins vegar hefur það verið svo að í kjarasamningum fyrir nokkrum árum síðan var gerður svohljóðandi samningur, að eftir tveggja ára starf hjá útgerð þá gætu sjómenn sótt um það sérstaklega að eiga fjórtán daga uppsagnarfrest og eftir fjögur ár gætu þeir sótt um að eiga 21 dags uppsagnarfrest og þá er upp talið hvað þeir hafa umfram það sem segir í sjómannalögunum.

Ég er hér að tala um háseta á fiskiskipum, en hásetar á kaupskipum hafa nú samkvæmt sjómannalögum eins mánaðar uppsagnarfrest og þó eru til dæmi um það að samið hafi verið um jafnlangan uppsagnarfrest eins og er hjá yfirmönnum skipanna, þ.e. þriggja mánaða uppsagnarfrest.

Hjá landverkafólki er uppsagnarfrestur nokkuð lengri, sem byggist þó á því að eftir tveggja mánaða starf er viðkomandi verkamaður kominn með sjö daga uppsagnarfrest, eftir tólf mánuði fjórar vikur, eftir þrjú ár tvo mánuði og eftir fimm ár þrjá mánuði. Þó er þetta með þeim hætti að hluti af þessum innvinnsluréttí kemur þannig að menn hafi þá þurft að vinna á sama vinnustað eða að hluta í sömu starfsgrein.

Í greinargerð með þessu frv. segir, m.a.:

Allítarleg ákvæði um réttarstöðu sjómanna voru í fyrstu almennu siglingalögunum frá 1913. Þó voru ákvæði um uppsagnarfrest á einn veg, þ.e. alfarið í höndum skipstjóra. Árið 1930 voru ákvæði um kjör skipshafnar og skipstjóra numin úr siglingalögum, þau endurskoðuð og sett í sérstök sjómannalög. Með þeim lögum var fyrst getið um tiltekinn uppsagnarfrest sjómanna og með lögum frá 1963 er uppsagnarfresti yfirmanna á öllum íslenskum skipum og háseta á kaupskipum verulega breytt, en á fiskiskipum er hann þó enn aðeins sjö dagar. Með breytingum, sem átt hafa sér stað á vinnumarkaði á réttarstöðu verkafólks og uppsagnarfresti, svo og þeirri breytingu sem orðin er með tilkomu aflaheimilda á fiskiskip, er það með öllu óviðunandi fyrir eina starfsstétt hér á landi, þ.e. háseta á fiskiskipum, að búa við sjö daga uppsagnarfrest eins og núverandi lög kveða á um.

Í ákvæðum siglingalaga, nr. 63 frá nóvember 1913, sagði svo í 30. gr.: „Skipstjóri ræður skipverja og segir þeim upp. Engan má hann ráða þann er hann veit að er ráðinn annars staðar."

Í sjómannalögum frá 19. maí 1930, er uppsagnarfrestur tiltekinn og þá mismunandi eftir því hvort um er að ræða stýrimann, vélstjóra eða aðra í áhöfn. 2. mgr. 13. gr. hljóðaði svo: „Uppsagnarfrestur á skiprúmssamningi stýrimanna og vélstjóra skal vera einn mánuður, ef ekki er öðruvísi samið, en sjö dagar á öðrum skiprúmssamningum, nema á íslenskum fiskiskipum einn dagur."

Þessi ákvæði sjómannalaga voru í gildi þar til ný sjómannalög voru sett, nr. 67 31. desember 1963. Þá var ákvæðum 2. mgr. 13. gr. um uppsagnarfrest breytt

verulega og voru þau þannig: „Ef ekki er öðruvísi samið, skal uppsagnarfrestur vera þrír mánuðir á skiprúmssamningum stýrimanna, vélstjóra, bryta og loftskeytamanna, en einn mánuður á öðrum skiprúmssamningum, nema á íslenskum fiskiskipum sjö dagar.“ Með þessari lagasetningu var uppsagnarákvæðum yfirmanna á kaupskipum breytt, þ.e. úr einum mánuði í þrjá mánuði, hjá öðrum skipverjum úr sjö dögum í einn mánuð. Á fiskiskipum urðu sömu breytingar hjá yfirmönnum, þ.e. úr einum mánuði í þrjá mánuði, en hjá öðrum skipverjum úr einum degi í sjö daga.

Við endurskoðun sjómannalaga, sem fram fór síðari hluta árs 1984 og fyrri hluta 1985, urðu nokkrar umræður um þann mismun á uppsagnarákvæðum íslenskra sjómanna sem fram kom í sjómannalögunum frá 1963, einkum þá um mismun skipverja (annarra en yfirmanna) á kaupskipum og fiskiskipum. Við þær aðstæður, er þá voru varðandi fiskveiðar, töldu samtök sjómanna ekki ástæðu til breytinga á uppsagnarákvæðum fiskimanna og var 1. mgr. 9. gr. sjómannalaga, nr. 35/1985, m.a. þess vegna ekki breytt. Eins og fram kemur hafa nú allar forsendur breyst hvað varðar starfsöryggi þeirra fiskimanna sem nú þurfa lögum samkvæmt að búa við sjö daga uppsagnarfrest og er því þetta frv. til breytingar á sjómannalögum lagt fram, enda löggjafans að taka á máli þessu, hvar sjómannalögin kveða á um þann minnsta rétt til uppsagnar sem fyrirfinnst í íslenskri launþegastétt.“

Virðulegi forseti. Ég legg þetta mál enn einu sinni fram í trausti þess að hv. samgn. taki það til afgreiðslu. Staðreyndin er sú að þetta mál hefur sofnað í nefnd sl. tvö ár og rök eða rökleysi hafa verið þau að LÍÚ leggi ekki blessun sína yfir þetta frv. þar sem þeir telja að um uppsagnarfrest eigi að semja í kjarasamningum. Þá má ætla að ef aðilar utan Alþingis hafi þau áhrif á lög með þessum hætti sem ég gat um þá fer það að vefjast eflaust fyrir löggjafanum hvenær hann eigi að setja lög og hvenær ekki. Það er alveg ljóst og alveg heiðskírt í mínum huga að löggjafinn hefur sett sjómannalögin og löggjafinn á að taka á breytingum þar hvort sem varðar sjómenn almennt eða kjör þeirra eins og kveðið er á um í sjómannalögum.

Ég vænti þess, virðulegi forseti, að samgn. afgreiði málið eins og löggjafanum ber að gera. Þegar rætt er um lög sem sett hafa verið á hinu háa Alþingi, þá er það eðlilegt að þau séu afgreidd en ekki að það séu hagsmunahópar úti í bæ sem hafi áhrif með þeim hætti sem ég gat um áðan.

Virðulegur forseti. Ég vísa þessu frv. til laga um breytingu á sjómannalögum til 2. umr. og hv. samgn.

[16:18]

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég hlýt að lýsa undrun minni úr því að hv. 16. þm. Reykv. ber fram breytingu á sjómannalögum að þá skuli hann sætta sig við að uppsagnarfrestur undirmanna á fiskiskipum verði einn mánuður á meðan uppsagnarfrestur yfirmanna eru þrír mánuðir. Ég hélt að slíkir samningar væru úreltir með öllu og vil spyrja hv. þm. hvort ekki hefði verið eðlilegra að hafa þennan uppsagnarfrest sambærilegan við uppsagnarfrest yfirmanna, eða a.m.k. að uppsagnarfrestur væri sambærilegur við uppsagnarfrest landverkafólks.

Í lögum nr. 19 frá 1979 kemur fram að verkafólki, sem unnið hefur eitt samfellt ár hjá aðilum sem fást við atvinnurekstur innan sömu starfsgreinar, ber eins mánaðar uppsagnarfrestur frá störfum. Hafi verkafólkið unnið í þrjú ár samfleytt ber því tveggja mánaða uppsagnarfrestur og eftir fimm ára samfellda ráðningu hjá sama atvinnurekanda ber verkafólki þriggja mánaða uppsagnarfrestur.

Þetta hélt ég að hefði verið full ástæða til þess að reyna að samræma, starfskjör sjómanna við það sem gerist hjá landverkafólki.

Í þessari lagabreytingu er ekkert minnst á erlenda ríkisborgara en með lögum nr. 58/1993, um breytingu á lögum um lífeyrissjóð sjómanna, lögum um tekjuskatt og eignarskatt og lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, með síðari breytingu, segir svo í 3. gr.:

„Íslenskur ríkisborgararéttur. Þó getur ráðherra heimilað að ríkisborgarar annarra ríkja Evrópska efnahagssvæðisins verði ráðnir til starfa með sömu kjörum og íslenskir ríkisborgarar. Einnig má víkja frá þessu ákvæði ef telja má sérstaklega eftirsóknarvert að fá erlenda ríkisborgara til að gegna starfi til bráðabirgða.“

Nú vitum við að því miður eru á íslenskum skipum fjölmargir erlendir ríkisborgarar sem eru á allt öðrum starfskjörum en íslenskir sjómenn og ég tel að það sé skylda þeirra sem í forsvari eru fyrir sjómannasamtökin að annast rétt þessara einstaklinga líka. En í núgildandi sjómannalögum er ósköp einfaldlega hægt að setja slíka menn í höfn skýringarlaust næst þegar skipið leggst að bryggju og þar með getur skipstjóri losað sig við þennan starfsmann.

Ég hef ekki og skal það játað farið nýlega í gegnum hinn endalausa bálk sem við höfum samþykkt vegna Evrópska efnahagssvæðisins og ég spyr hv. 16. þm. Reykv. hvort hann hefur lagt vinnu í að athuga hvort þessi breyting kynni að stangast á að einhverju leyti við einhver þau lög sem við kynnum að hafa samþykkt sem ekki hefur verið lífsins leið að fylgjast með í öllum atriðum. Ég held að við verðum að reyna að halda okkur við þau starfsréttindi, eða reyna a.m.k. að láta á það reyna til þrautar að við höldum því sem við þó höfum. Ég ítreka að mér þykir snautlegt að hér er ekkert ákvæði um hversu lengi menn hafa verið hjá sömu útgerðinni. Sjö daga uppsagnarfrestur er fyrir neðan allar hellur og vissulega er virðingarvert að vilja lengja hann í mánuð. Mér þykir mikill ókostur að ekki skuli skipta neinu máli hvort maðurinn hefur verið í nokkra mánuði eða kannski árum eða áratugum saman hjá sama fyrirtækinu, að ekki þurfi nema mánaðaruppsagnarfrest til að segja undirmanni upp störfum. Um leið og ég fagna hverri breytingu sem á að vera til að bæta starfskjör sjómanna þykir mér hér lítið í lagt og spyr hv. 16. þm. Reykv. hvort ekki sé nauðsynlegt að fara betur ofan í breytinguna og reyna að samræma hana öðrum lögum sem gilda um verkafólk.

[16:23]

Flm. (Guðmundur Hallvarðsson):

Virðulegi forseti. Síðasti ræðumaður, hv. þm. Guðrún Helgadóttir, kom inn á ýmsa hluti sem þarfnast eðlilega skýringar við. Í fyrsta lagi talar hún um að hún hafi haldið að slíkir samningar væru úreltir og vitnar þá til þessa lagafrv. sem er náttúrlega ekki samningur. Í annan stað talar hún um að ekkert sé getið um erlenda sjómenn. Nú er það svo að ekki er langt síðan ég lagði fyrirspurn fyrir samgrh. varðandi þetta atriði, þ.e. skip undir þægindafánum sem eru gerð út af íslenskum útgerðaraðilum og eru með hreina íslenska áhöfn. Hvaða lög gilda um þá aðila? Það eru einmitt þau lög sem þjóðfáni þess lands sem er í skut skipsins segir til um. Dæmi er um að nú eru fiskiskip gerð út sem eru frá Belís og þangað verða menn að leita réttar síns. Hins vegar er það alveg óskylt þessum sjómannalögum hvað þau áhrærir vegna þess að ef erlendur aðili er ráðinn á íslenskt skip gilda um hann íslensk sjómanna- og siglingalög. Sá aðili nyti í hvívetna og á að njóta sama réttar og lagaverndar og íslensk sjómannalög og siglingalög kveða á um, alveg eins og um Íslendinga sem eru á skipum undir erlendum fána gilda lög þess lands sem fáninn segir til um.

Kannski má segja að lítið sé í lagt að fara eingöngu fram á mánaðar uppsagnarfrest. Ég vil benda hv. þm. á það eins og hún kom hér inn á í sambandi við verkafólk að það er rétt að eftir þriggja ára starf er uppsagnarfrestur tveir mánuðir og eftir fimm ár þrír mánuðir en það ræðst af nokkuð flókinni reglu sem að hluta til byggist á því að viðkomandi aðili hafi unnið á sama vinnustað og þá líka að hluta til í sömu starfsgrein.

Það sem hér er verið að fara fram á er ákaflega skýrt. Sé eigi annað fram tekið um lengd ráðningarsamnings er viðkomandi aðili strax kominn með mánaðar uppsagnarfrest. Það eru þau ákvæði sem gilda varðandi farmenn en eins og ég gat um áðan hafa hásetar á kaupskipum mánaðar uppsagnarfrest en á fiskiskipum eingöngu eina viku. Ég er ekki að fara lengra en ég heyri menn tala um að það sé eðlilegur réttur. Það er nú svo að fyrr á árum kærðu fiskimenn sig ekki um það að hafa lengri uppsagnarfrest. En með þeim breytingum sem orðið hafa á núna í útgerðarrekstri og með þeim breyttu aðstæðum sem orðið hafa vegna kvótakerfisins telja menn eðlilegt að lengri uppsagnarfrestur sé viðhafður. Þá hafa menn einkum miðað sig við þann rétt sem farmenn hafa í dag.

Virðulegi forseti. Ég tel að þetta mál sé það sem sjómenn hafi haft hug á og samtök þeirra, að uppsagnarfresturinn sé mánuður. Hins vegar tel ég ekkert úr vegi að samgn. sem mun væntanlega fá frv. til umfjöllunar skoði önnur ákvæði sem þegar hafa skapast á vinnumarkaðnum í sambandi við lengd uppsagnarfrests og ég fagna því ef svo væri. Hitt er svo annað mál sem ég hef verulegar áhyggjur af, eins og ég kom hér inn á í upphafi máls míns, og varðar þá aðila sem virðast hafa áhrif á nefndastörf Alþingis þegar fjallað er um einstök lög sem Alþingi á að setja og auðvitað er rétt að aðlaga að nútímanum. Það virðist vera svo og virðist vera nokkuð landlægt hér á landi að löggjafinn setur lög sem fólkið er síðan að laga sig að í stað þess gagnstæða, að lögin séu þess eðlis að þau lagi sig að fólkinu. Ég tel að frv. sé í þá áttina að það sé lagað að fólkinu, lagað að þeim óskum sem fram hafa komið vegna þess að ár eftir ár hefur uppsagnarfresturinn verið ræddur í kjarasamningum og ekki náð fram að ganga nema með þeim breytingum eins og ég gat um áðan að eftir tvö ár hjá útgerð getur sjómaður sótt um það skriflega til útgerðar að uppsagnarfresturinn sé 14 dagar og eftir fjögur ár að hann sé 21 dagur. Því miður hefur þetta tekið allt of langan tíma og ég ítreka það sem ég sagði áðan að ég vænti þess að samgn. taki þetta mál til skoðunar. Kannski má vera í ræðustólnum með alls kyns yfirboð í sambandi við þetta mál og halda því fram að lítið sé í lagt en ég tel að hér sé nokkuð í lagt miðað við það sem á undan er gengið.

[16:29]

Guðrún Helgadóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Auðvitað styð ég að uppsagnarfresturinn lengist. Mér finnst hins vegar alltaf þegar talað er um vinnustað sjómanna að hann sé einn og hinn sami, þ.e. sjórinn sjálfur, og skiptir þá litlu á hvaða skel menn hristast þar. En það er önnur saga. En hv. þm. svaraði ekki spurningu minni hvers vegna alltaf skal gera þennan mikla mun á yfirmönnum og undirmönnum. Hvaða ástæða er til þess að yfirmanni sé nauðsynlegra að halda einhverjum launum ef af einhverjum ástæðum þarf að segja upp fólki og af hverju þurfa yfirmenn þrisvar sinnum meira heldur en hásetinn? Mig langar að biðja hv. þm. að útskýra það fyrir mér.

[16:30]

Flm. (Guðmundur Hallvarðsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur fyrir þessa spurningu. Ég bið hana afsökunar á því að ég skyldi ekki hafa svarað þessu áðan. Ég vil nú ekki gera þennan greinarmun á áhöfninni eins og hún tiltók hér, yfirmaður eða undirmaður. Í lögunum er almennt talað um yfirmenn, en hins vegar hef ég tamið mér það að kalla þá háseta, eða aðra starfsmenn en yfirmenn, en ekki að kalla þá undirmenn vegna þess að það tilheyrir fortíðinni.

En svarið er einfaldlega þetta eða eins og spurningin er: Hvers vegna er þessi munur á yfirmönnum og undirmönnum? Í gegnum árin hefur þetta verið með þessum hætti, svo að ég noti hennar orð, yfirmaður og undirmaður, þá hefur þessi munur verið um nokkuð langan tíma. Það er þó ekki langt síðan lögin frá 1980 um réttarstöðu sjómanna varðandi veikindi og slys voru komin til nefndar með þeim hætti að þar átti að mismuna hásetum varðandi greiðslu í veikinda- og slysatilfellum, en hins vegar var gengið frá því að sú regla var eins fyrir báða aðila. Ég kann ekki skýringu á þessu, en eins og ég sagði áðan, þá hefur þetta verið í hugum forsvarsmanna sjómannafélaganna að þeim þætti það af hinu góða að fá þennan uppsagnarfrest lengdan með þessum hætti. Og líka í annan stað, að þeir hafa líka talað um það og hásetar hafa sjálfir tal-

að um það á sjónum, að þeir vildu gjarnan eiga þennan möguleika á að losa sig úr starfi með ekki lengri aðlögunartíma en 30 dögum. Hins vegar er það rétt, eins og kom fram hjá Guðrúnu Helgadóttur, að það er ósköp eðlilegt að menn spyrji sig. Hver ætti munurinn að vera, hvers vegna ætti þessi munur að vera? Það væri kannski eðlilegt að þetta mál væri skoðað, en eins og ég sagði áðan: Þetta er aðlagað að þeim sem á þurfa að halda en ekki öfugt.

[16:32]

Guðrún Helgadóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að við hv. 16. þm. Reykv. séum aðeins að misskilja hvort annað. Það er auðvitað munur á því að vera sagt upp eða segja upp og hér er um að ræða fólk sem sagt er upp störfum. Ég geri ráð fyrir að ef maður segir upp störfum, þá eigi hann náttúrlega ekki rétt á launum þann tíma sem ákveðið er í lögum, en sé honum sagt upp, þá eigi hann rétt á því.

[16:33]

Flm. (Guðmundur Hallvarðsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta mál er þess eðlis að alltaf verður mjög erfitt með að fara og ef uppsagnarfrestur er á annað borð, þá er eins og segir í núgildandi sjómannalögum, að hann er gagnkvæmur. Þannig að það gildir alveg sama regla um þann sem segir upp störfum og þann sem lendir í því að verða sagt upp störfum. Það getur aldrei verið hægt að hafa uppsagnarfrestinn með öðrum hætti en hann sé gagnkvæmur og þá jafnlangur hvort sem viðkomandi aðila er sagt upp eða þegar hann segir upp sjálfur. Þannig að öðruvísi verður ekki hægt að hafa þessa reglu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Útbýting þingskjala:

Einkahlutafélög, 97. mál, stjfrv., þskj. 100.

Evrópsk fjárhagsleg hagsmunafélög, 98. mál, stjfrv., þskj. 101.

Hlutafélög, 96. mál, stjfrv., þskj. 99.

Samningsgerð, umboð og ógildir löggerningar, 99. mál, stjfrv., þskj. 102.

Tollalög, 1. umr.

Frv. GHall o.fl., 24. mál (tollfrjálsar verslanir í höfnum). — Þskj. 24.

[16:34]

Flm. (Guðmundur Hallvarðsson):

Virðulegi forseti. Ég flyt hér frv. til laga um breytingu á tollalögum ásamt hv. þm. Birni Bjarnasyni, Eyjólfi K. Jónssyni, Inga Birni Albertssyni, Sólveigu Pétursdóttur, Láru Margréti Ragnarsdóttur, Matthíasi Bjarnasyni, Einari K. Guðfinnssyni, Tómasi Inga Olrich og Agli Jónssyni.

Frv. gerir ráð fyrir að 1. mgr. 79. gr. laganna orðist svo:

„Fjármálaráðherra er heimilt að reka eða leyfa rekstur verslana með tollfrjálsar vörur, þar á meðal áfengi og tóbak, í flugstöðvum á Reykjavíkurflugvelli, Keflavíkurflugvelli, Akureyrarflugvelli, Sauðárkróksflugvelli og Egilsstaðaflugvelli í tengslum við farþegaflutning milli landa. Heimild þessi gildir einnig um sams konar rekstur í Reykjavíkurhöfn, Ísafjarðarhöfn, Akureyrarhöfn og Seyðisfjarðarhöfn. Birgðir slíkra verslana má geyma í tollfrjálsum birgðageymslum sem eingöngu eru ætlaðar til þeirra nota."

Í greinargerð með frv. segir:

„Í 1. mgr. 79. gr. tollalaga er að finna heimild til þess að reka eða leyfa rekstur verslana með tollfrjálsar vörur í stærstu flugstöðvum landsins. Brýnt er vegna mikillar fjölgunar erlendra ferða-, fiski- og farmanna sem hafa viðkomu með skipum í ýmsum höfnum hér á landi að víkka út heimildina svo að hún nái einnig til helstu hafna landsins. Á síðasta sumri fjölgaði mjög mikið þeim skemmtiferðaskipum sem sigldu til landsins. Flest þessara skipa hafa skamma viðdvöl í höfn og því er nauðsynlegt að bæði farþegar og áhafnir þeirra hafi möguleika á að versla í tollfrjálsri verslun sem býður upp á fjölbreytt vöruúrval og er í tengslum við hafnarbakka. Enn fremur hefur aukist gífurlega sá fjöldi erlendra fiskiskipa sem leita til hafnar vegna ýmiss konar þjónustu. Það er enginn vafi á að áhafnir þeirra munu nýta sér þann möguleika sem tollfrjáls verslun býður upp á. Þannig munu slíkar tollfrjálsar verslanir auka tekjumöguleika þjóðarinnar og skapa ný atvinnutækifæri þar sem selja mætti, jafnframt erlendum varningi, hvers konar íslenskar vörur sem þá yrðu undanþegnar virðisaukaskatti. Tollfrjálsar verslanir eru víða erlendis í tengslum við hafnir og er varningur, sem keyptur er þar, ekki borinn um borð af kaupanda heldur sér viðkomandi verslun um að flytja varninginn um borð í skipið. Sá háttur mundi einnig verða hafður á hérlendis og rekstrarleyfishafi gerður ábyrgur fyrir því að rétt sé að málum staðið í hvívetna."

Virðulegi forseti. Ég legg þetta mál hér fram í annað sinn á þessu kjörtímabili. Við lok síðasta þings kom þetta mál frá efh.- og viðskn., hvar menn voru sammála um að afgreiða það en ekki tókst þá betur til en svo að þá blandaðist inn í þetta frv. ákvæði þess efnis að Hornafjarðarhöfn yrði tollafgreiðsluhöfn og jafnframt kom þá fram viðbótartillaga um að svo yrði Þorlákshöfn einnig. En það mál er algerlega óskylt því frv. sem hér liggur fyrir, vegna þess að í frv. erum við að tala um tollfrjálsar hafnir, en í þeirri viðbót sem lögð var til við frv. þetta og fellur að vísu undir tollalögin, þá var verið að tala um það að eðlilegt væri að gera Hornafjörð og Þorlákshöfn að tollhöfnum, sem eru í þá veru að þar gætu skip við komu frá útlöndum fengið samskiptaleyfi sem kallað er og þar væru þá tollverðir staðsettir.

Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um það hve þetta frv. og þær breytingar sem hér eru lagðar til, ef samþykktar yrðu, gæti orðið mikil lyftistöng fyrir hafnir eins og Reykjavíkurhöfn og Seyðisfjarðarhöfn. Talið er að á síðasta ári hafi um 30 þús. manns, bæði farþegar og áhafnir erlendra skemmtiferðaskipa, komið

hér til landsins og má með sanni segja að þessir aðilar hefðu haft umtalsverð viðskipti og meiri heldur en raun ber vitni um, ef þeir hefðu átt kost á því að versla í tollfrjálsum verslunum í þeim höfnum sem hér er tilgetið. Það er allsérkennileg afgreiðsla á þessum málum hér og nú, því þeir erlendu aðilar sem hingað koma og versla hér ýmsan varning fá ekki virðisaukaskatt niðurfelldan nema þeir fari frá landinu í gegnum Keflavíkurflugvöll. Það hafa margar spurningar komið varðandi þetta mál frá erlendum ferðamönnum sem hafa komið með þessum skemmtiferðaskipum og má segja að eins og málum er nú háttað í flestum höfnum í nágrannalöndunum, þá þykir slík málsmeðferð eins og hér er lögð til varðandi tollfrjálsar verslanir í höfnum, sjálfsögð og eðlileg þar og hefur tíðkast um tugi ára.

Að svo mæltu, virðulegi forseti, legg ég til að þessu frv. verði vísað til efh.- og viðskn. og 2. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Úttekt á tekju- og eignaskiptingu í þjóðfélaginu, fyrri umr.

Þáltill. JóhS, 31. mál. — Þskj. 31.

[16:41]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég flyt hér till. til pál. um úttekt á tekju- og eignaskiptingu í þjóðfélaginu og samræmingu á launakjörum. Ég hygg að flestir geri sér ljóst að kjaramálin hér á landi eru komin í ógöngur. Má þar einkum benda á að launamunur hér á landi er orðinn gífurlegur og virðist gegnum árin hafa farið vaxandi, einnig hitt að lítið virðist þoka í að koma hér á launajafnrétti kynjanna þrátt fyrir ítrekaðar lagasetningar þar að lútandi, alþjóðasáttmála sem við höfum fullgilt og aðgerðir sem reynt hefur verið að grípa til til að sporna við launamisrétti kynjanna. Þessar ógöngur sem kjara- og launamálin eru komin í má fyrst og fremst rekja til þess að hér hefur óáreitt fengið að þróast tvöfalt launakerfi í landinu, annars vegar hið opinbera sýnilega launakerfi sem samið er um í kjarasamningum og hins vegar neðanjarðarkerfið í launakjörum sem byggir á einstaklingsbundnum samningum launþega við vinnuveitendur sína í formi yfirborgana og hvers kyns hlunnindagreiðslna sem fæstir virðast henda reiður á og sem sífellt eykur á launamisréttið, enda ganga slíkar greiðslur að stærstum hluta til þeirra betur settu og í miklu meira mæli til karla en kvenna.

Það er orðið óþolandi að enginn þekki í raun frumskóg launa- og kjaramála í þjóðfélaginu, sem gerir það að verkum að erfitt virðist að finna leiðir til að auka hlut láglaunafólks í tekjuskiptingunni eða uppræta launamisrétti kynjanna. Þetta tvöfalda launakerfi sem við höfum búið við, reyndar áratugum saman, býður því heim miklu misrétti í þjóðfélaginu og gerir auk þess erfitt um allan raunhæfan samanburð til að finna leiðir til að bæta kjör þeirra verst settu.

Þó viðmiðanir úr skattframtölum séu ýmsum annmörkum háð þá gefa þau þá mynd að launamunur þeirra hæst- og lægstlaunuðu geti verið allt að 20–25-faldur. Dreifing atvinnutekna hér á landi á árunum 1986–1990, sem Þjóðhagsstofnun hefur tekið saman, sýnir einnig að hlutur þeirra tekjuhæstu í þjóðfélaginu hefur vaxið, en hlutur meðal- og lágtekjufólks hefur minnkað. Tveir þættir skekkja þó nokkuð þá mynd sem Þjóðhagsstofnun hefur dregið upp af þessu, ef reynt er að meta ráðstöfunartekjur fólks. Í fyrsta lagi eru það áhrif jöfnunaraðgerða hins opinbera á ráðstöfunartekjur eftir skatt og hins vegar mikill skattaundandráttur í þjóðfélaginu, en gera má ráð fyrir að stærsti hluti undanskots í skatti liggi hjá tekjuhærri hluta þjóðarinnar.

Það alvarlega varðandi þetta tvöfalda launakerfi sem hér ríkir er að hið opinbera hefur í samkeppni við almenna vinnumarkaðinn verið knúið til að taka þátt í þessu tvöfalda launakerfi þar sem stöðuheiti, föst yfirvinna og bílahlunnindi eru m.a. notuð til að bæta upp lág laun sem samið er um í kjarasamningum. Í athugun sem ég beitti mér fyrir að gerð yrði til þess að skoða þetta mál kemur einmitt fram að að stærstum hluta renna þessar aukagreiðslur til karla, en um 90% greiðslnanna koma í hlut þeirra, en um 10% í hlut kvenna hjá hinu opinbera.

Í raun má segja að Ríkisendurskoðun hafi til að mynda bent á í hvaða ógöngur kjaramálin eru komin hjá hinu opinbera og má þar nefna skýrslu yfirskoðunarmanna ríkisreiknings fyrir árið 1992, en að henni var vikið t.d. í sunnudagsblaði Morgunblaðsins síðastliðinn sunnudag, en þar segir með leyfi forseta:

„Í skýrslu yfirskoðunarmanna ríkisreiknings fyrir árið 1992, sem kom út í október í fyrra, er vikið að launakerfi opinberra starfsmanna. Þar segir m.a.: „Á liðnum missirum og árum hefur komið æ betur í ljós að launakerfi ríkisins er að hruni komið. Innan þess þrífast m.a. alls konar aukagreiðslur og fríðindi, svo sem: óunnin yfirvinna, bifreiðahlunnindi, húsnæðisfríðindi, risna, greiðslur fyrir aukastörf, ferðakostnaðarhlunnindi, nefndalaun, stjórnarlaun. Einkum verða þessar aukagreiðslur fyrirferðarmiklar þegar ofar kemur í embættismannakerfi hins opinbera. Má segja að um sé að ræða tvöfalt launakerfi.““

Hér lýkur tilvitnun í þessa skýrslu yfirskoðunarmanna en í Morgunblaðinu segir, með leyfi forseta: „Eftir þessa ádrepu ítreka yfirskoðunarmenn fyrri áskoranir sínar um að fram fari heildarúttekt á hverskonar aukagreiðslum og fríðindum sem ýmsir ríkisstarfsmenn njóta.“

Því verður að ætla að það sé vilji fyrir því þegar þetta kemur fram hjá yfirskoðunarmönnum og Ríkisendurskoðun að launakerfi hins opinbera sé að hruni komið að þá sé fullur vilji fyrir því að taka á þessu máli sem verður að gerast með þeim hætti að allar launagreiðslur hjá hinu opinbera séu uppi á borðinu og sýnilegar.

Reyndar var það svo að Kjaradómur tók á þessu máli fyrir sennilega um tveimur árum síðan eins og menn muna en þar var stefnt að því að afnema hið tvö-

falda launakerfi sem hefur þróast undanfarin ár en þeim dómi var breytt hér með lögum frá Alþingi.

Það er einmitt eitt af meginmarkmiðum þessarar þáltill. að hið opinbera hafi frumkvæði að því að fá upp á borðið heildarlaunagreiðslur hjá hinu opinbera, þar með taldar aukagreiðslur í formi fastrar yfirvinnu og annarra greiðslna þannig að stokka megi launakerfið upp á nýtt. Ég tel nokkuð ljóst að meðan kjaramálin í þjóðfélaginu eru í slíkum ógöngum þá muni lítið þoka í að rétta hlut láglaunahópanna eða ná raunhæfum árangri til að uppræta launamisrétti kynjanna. Það má spyrja og kannski hefur enginn svör við því hve stór hluti launamanna er á hinum strípuðu töxtum sem aðilar vinnumarkaðarins deila árlega um við gerð kjarasamninga og hve stór hluti launamanna byggir kjör sín af stærstum hluta á einstaklingsbundnum samningum við vinnuveitendur og hve stór hluti kvenna er á hinum strípuðu hungurtöxtum sem aðilar vinnumarkaðarins semja um og hve stór hluti karla.

Þeirri till. til þál. sem hér er flutt er ætlað að leiða það m.a. í ljós verði hún samþykkt.

Það er lagt til að fela forsrh. að skipa nefnd sem hafi það verkefni að gera heildarúttekt á þróun tekju- og eignaskiptingar í þjóðfélaginu sl. tíu ár og jafnframt skal nefndin leggja mat á hvaða leiðir eru best færar til að jafna kjör í þjóðfélaginu og endurmeta störf láglaunahópanna.

Hér skal tekið fram að nefndinni er einungis ætlað að leggja mat á hvaða leiðir séu best færar en vitanlega er það síðan á hendi aðila vinnumarkaðarins að vinna úr því hvernig það yrði best gert. Einnig væri þá hægt að sjá ef slíkar launagreiðslur fengjust upp á borðið og heildarlaunakjör hvaða jöfnunaraðgerðum væri raunhæft að beita af hálfu stjórnvalda til að ná meiri jöfnuði í lífskjörum. En markmiðið er einmitt að auka hlut láglaunahópanna í tekjuskiptingunni og stuðla að jafnrétti kynjanna í launamálum.

Í þeirri þáltill. sem ég mæli hér fyrir er kveðið á um það í sjö liðum að hverju þessi úttekt skuli miða og vil ég lauslega hlaupa á því, virðulegi forseti. Það er að skoða í fyrsta lagi dreifingu atvinnutekna eftir atvinnugreinum og starfsgreinum eins og kostur er, kyni og tekjuhópum annars vegar og launatöxtum, yfirborgunum, hlunnindagreiðslum og öðrum greiðslum svo og eftir kyni og tekjuhópum.

Þá skal safna upplýsingum um þróun launaskriðs eftir því sem kostur er milli starfsgreina og á almennum vinnumarkaði og hjá hinu opinbera hins vegar. Ég geri mér vissulega ljóst að það er ekki hlaupið að því að fá slíkar upplýsingar og vel má vera að ekki sé hægt að nálgast þær að fullu og öllu í þeirri statistik sem við höfum yfir að ráða en hér er um svo brýnt úrlausnarefni að ræða að komi í ljós að ekki er hægt að svara því sem hér er um spurt sem þó er grundvallaratriði til að losa okkur út úr þeim ógöngum sem kjaramálin eru komin í þá verður einfaldlega að bæta þar úr þannig að hægt verði að nálgast slíkar upplýsingar.

Það er spurt líka um upplýsingar um launagreiðslur hjá hinu opinbera, skipt eftir kyni, dagvinnu, fastri yfirvinnu og annarri yfirvinnu, bílagreiðslum og öðrum hlunnindagreiðslum. Slíkar upplýsingar ætti að vera hægt að fá hjá ríkisvaldinu sem ég tel mjög mikilvægar til að leggja mat á hvaða leiðir er hægt að fara til að breyta tekjuskiptingunni í þjóðfélaginu.

Í fjórða lagi er spurt um samanburð á launum og öðrum kjörum sambærilegra láglaunahópa eða starfsstétta er starfa hjá hinu opinbera annars vegar og á almenna markaðinum hins vegar.

Til að meta lífskjör og afkomumöguleika er einnig spurt um neysluútgjöld einhleypra, einstæðra foreldra og vísitölufjölskyldunnar, skipt eftir tekjuhópum. Þar skal m.a. koma fram hlutfall matarútgjalda í heildarútgjöldum annars vegar og útgjöld vegna rafmagns og hita hins vegar, skipt eftir landshlutum. Þessi útgjöld eru víða mjög mikil og vega þungt í lífskjörum fjölskyldna úti á landsbyggðinni.

Í sjötta lagi er spurt um þróun á hlut launa í framleiðslukostnaði fyrirtækja skipt eftir atvinnugreinum. Upplýsingar sem ég hef frá 1988 benda til þess að hlutur launa í framleiðslukostnaði fyrirtækja hafi lækkað verulega eða um 7–8 milljarða króna. Það er eðlilegt að fá fram hvernig hlutur launa í framleiðslukostnaði fyrirtækja hefur þróast sl. 10 ár skipt eftir atvinnugreinum.

Sú staðreynd er einkar athyglisverð þegar verið er að ræða launamálin að fyrirtæki kvarta oft yfir því hvað launin og launakjörin séu þung í rekstri fyrirtækjanna en stjórnvöld hafa látið fara frá sér bækling þar sem það er talinn helsti ávinningur fyrir erlenda fjárfesta hvað launakostnaður hér á landi sé lítill samanborið við önnur lönd. Í bæklingi sem markaðsskrifstofa iðnrn. og Landsvirkjun hafa gefið út kemur fram að af 13 löndum sem þar eru tilgreind eru laun og launatengd gjöld lægst á Íslandi. En til samanburðar eru þar tekin Þýskaland, Sviþjóð, Noregur, Sviss, Belgía, Danmörk, Holland, Ítalía, Finnland, Frakkland, Japan, Bandaríkin og Bretland og í öllum þessum löndum eru bæði laun og launatengd gjöld hærri en á Íslandi en algengt er að þau gjöld séu 50–85% hærri í þessum löndum. Þess er einnig sérstaklega getið þó launakostnaður sé svo lítill á Íslandi samanborið við þessi lönd þá séu einnig fjarvistir frá vinnu hvergi færri ef undan er skilið Japan.

Mér finnst þetta einkar athyglisvert þegar verið er að ræða launin og kjör á Íslandi.

Í sjöunda og síðasta lagi þá gerir úttektin ráð fyrir að leiða í ljós þróun á eignum skipt eftir tekjuhópum og kyni annars vegar og fasteignum, ökutækjum, peningalegri eign og hreinni eign hins vegar.

Virðulegi forseti. Ég vil í lokin fara nokkrum orðum um launamisrétti kynjanna en mikilvægur þáttur þessarar tillögu eru aðgerðir sem stuðla betur að því að ná fram launajafnrétti kynjanna. Allar kannanir sem gerðar hafa verið á umliðnum árum benda til að lítið hafi þokað í að jafna hlut kynjanna í launamálum og síðustu kannanir kjararannsóknarnefndar eru sláandi en þær gefa til kynna að á umliðnum árum hafi dregið mjög í sundur með körlum og konum, ekki síst þeim sem vinna við skrifstofu- og verslunarstörf.

Einnig virðist svo vera að mjög aukin menntun

kvenna á umliðnum árum hafi ekki skilað sér nægilega til að jafna launakjörin því þó að borin séu saman hefðbundin kvennastörf og hefðbundin karlastörf sem krefjast sambærilegs námstíma þá virðist vera gífurlegur launamunur engu að síður.

Ég tel nokkuð ljóst að sú aðgerð sem farið var í á árinu 1988 að frumkvæði Jafnréttisráðs og félmrn. hafi skilað nokkrum árangri en þar er ég að vitna til jafnréttisáætlunar sem ríkisstofnanir og ráðuneyti settu sér. Ég vil einnig nefna að í framkvæmdaáætlun sem ráðuneytin settu sér til fjögurra ára var félmrn. falið að beita sér fyrir úttekt á nokkrum ríkisstofnunum þar sem sérstaklega yrðu athuguð kjör karla og kvenna, þ.e. laun eða aðrar greiðslur og fríðindi innan þeirra.

Ég veit að niðurstaða úr þessu verkefni mun birtast nú á allra næstu dögum þar sem fram eiga að koma heildarlaunagreiðslur þar sem sýnilega verða uppi á borðinu innan þessara stofnana heildarlaun, ekki bara beinar launagreiðslur heldur önnur launakjör líka og ég er sannfærð um að sú niðurstaða, sú úttekt sem verið er að gera á þessum fimm stofnunum mun verða mikilvægt innlegg inn í umræðu um hvaða aðgerðum hið opinbera getur beitt til að ná fram jafnrétti í launamálum kynjanna.

Ég vísa líka til þess að í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar átti að fara fram kerfisbundið mat á störfum ríkisstarfsmanna í því skyni að framfylgja 4. gr. jafnréttislaga sem kveður á um að greiða skuli konum og körlum jöfn laun fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf og taka átti tillit til reynslu og þekkingar sem starfsmenn hafa öðlast, t.d. við ólaunuð umönnunar-, uppeldis- og heimilisstörf, en öllum atvinnurekendum ber skylda til að framfylgja ákvæðum 4. gr. jafnréttislaganna. Með þessari ályktun var lagt fyrir stjórnvöld að þau framfylgdu þessu ákvæði.

Ég tel mjög mikilvægt að þetta ákvæði verði markvisst kynnt í framkvæmd sem gæti verið liður í því sem hér er kveðið á um í þessari till. til ál. sem tekur til fjölmargra annarra þátta.

Ég tel ekki ástæðu til þess að ræða þessi mál frekar. Ég tel að hér sé um mikilvæg atriði að ræða til þess að við getum grisjað þann frumskóg sem kjaramálin eru komin í. Þetta hefur oft og iðulega verið rætt hér á Alþingi og kannski hefur ekki nægjanlega mikill árangur náðst miðað við þá umræðu sem hefur orðið um það. Það vita allir um þetta tvöfalda launakerfi en það virðist erfitt að taka á því máli, en ég held að byrjunin hljóti að vera að hið opinbera hafi ákveðið frumkvæði varðandi það að gera úttekt á heildarlaunagreiðslum hjá hinu opinbera.

Ég tel að þetta sé forsenda fyrir því, eða a.m.k. veigamikil, að hægt sé að jafna hér tekjuskiptinguna í landinu og beita jöfnunaraðgerðum hjá hinu opinbera sem og að stuðla að raunhæfum aðgerðum til að bæta hlut láglaunahópanna og stuðla að launajafnrétti kynjanna.

[16:56]

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Það verður að segjast eins og er að það er kyndugt að hlýða á fyrrv. félmrh. í sjö sl. ár mæla fyrir máli eins og þessu. Maður hlýtur að spyrja sjálfan sig: Hvers vegna kom þetta ekki fyrr fram?

Við vitum öll að launakerfið í landinu er hrunið. Það er gjörsamlega handónýtt.

Í fyrrverandi málgagni hv. 12. þm. Reykv., Jóhönnu Sigurðardóttur, stendur í dag smáfrétt um það að ég hafi æst á móti mér alla verkalýðshreyfinguna á fundi í Alþb. nýverið. Það er alveg rétt. Ég er að hugsa um að segja það sama hér og ég sagði þar. Það er í allri umræðu um launamál slíkt safn orðaleppa sem hafa enga þýðingu að það verður ekki hlustað á það lengur. Menn tala um launajöfnuð. Hvað þýðir að tala um launajöfnuð í landi þar sem stórum hópum launþega er boðið upp á 50 þús. kr. í laun á mánuði? Það er ljóst og það þarf enga könnun á því að það er ekki tæknilega mögulegt að lifa af 50 þús. kr. Manneskjur sem eru með 50 þús. kr. á mánuði — og það eru starfsstéttir sem svo sannarlega hafa það — væru betur settar, ef þær t.d. ættu eitt eða tvö börn, með atvinnuleysisbætur. Þær kæmust betur af en af launavinnu. Þetta eru auðvitað löngu hætt að vera laun. Þetta er ölmusa sem dugar ekki til neins. Hér er farið fram á að gerð verði könnun á hvað kostar að vera til á Íslandi. Upplýsingar um neyslu og útgjöld einhleypra, einstæðra foreldra og vísitölufjölskyldunnar. Ég verð að segja alveg eins og er, ég held ég geti sest niður með hv. þm. og sagt henni hvað þetta kostar. Það þarf ekki að setja nokkra einustu nefnd í málið fyrir nú utan að við höfum í landinu fréttabréf sem kemur út á þriggja mánaða fresti sem heitir Fréttabréf kjararannsóknarnefndar. Um árabil hefur staðið skýrum stöfum í því góða fréttabréfi að þau laun sem talin eru nauðsynleg fjölskyldum af ýmsu tagi, fjölskyldum einstæðra foreldra eða barnafjölskyldum, fólks sem er í hjúskap, séu svona um það bil tvöfalt hærri upphæð en laun eru almennt í landinu. Og að verkalýðshreyfingin skuli ár eftir ár eftir ár undirrita slíka samninga er með hreinum ólíkindum.

Á umræddum alþýðubandalagsfundi barst einnig talið að Kjaradómi eins og hv. þm. kom inn á. Þegar gerð var þó í fyrsta skipti heiðvirð tilraun til að taka til í þeirri ruslakistu sem launamál opinberra starfsmanna eru, a.m.k. þegar komið er upp á toppinn — hvað gerðist þá? Verkalýðshreyfingin hljóp út á torg og hélt útifund og ég man ekki betur en hv. 12. þm. Reykv., þá hæstv. félmrh., segði hátt og skýrt já við því að setja lög á þennan kjaradóm.

Hræsnin þegar komið er að launamálum ríður nefnilega ekki við einteyming. Það er með ólíkindum hvað manni er boðið upp á. Svo rugla menn auðvitað öllu saman, hæstv. forseti. Þegar við erum á fundi í flokknum mínum eða hvar annars staðar að tala við verkalýðshreyfinguna um laun launþega erum við auðvitað að tala um það fólk sem þeirra samningar ná til. Og þegar menn komast í þrot og fara að tala um tuttugufaldan launamismun þá fara menn að tala um laun einhverra 50 bankastjóra, ef þeir eru svo margir. Það er bara allt annar hlutur. Það fólk er ekki á neinu sem kallast laun. Þetta er þóknun sem er ákveðin af einhverjum nefndum og eru auðvitað háar þóknanir en ég

held að þeir séu ekki nógu margir sem njóta slíkra launa að þeir geti haft einhver veruleg áhrif á laun þúsundanna í landinu. Þar með er ég ekki að bera í bætifláka fyrir þau laun en vissulega þurfa þeir menn sem fara með mikla fjármuni, svo sem eins og bankastjórar, að vera nokkurn veginn fjárhagslega tryggðir þannig að þeir þurfi ekki að vera að hafa áhyggjur af afkomu sinni.

En ég veit satt að segja ekki hvað á að gera við tillögu eins og þessa. Það er erfitt að vera á móti henni. En neyðin í landinu er orðin slík að við hv. þm. þorum orðið að tala í þingsölum um fátækt. Þegar ég kom á þing fyrir nokkrum árum þá minntust menn ekki beinlínis á fátækt. Í hæsta lagi voru það greiðsluerfiðleikar heimilanna. Nú blasir bara við okkur hvar og hvenær sem er ísköld fátækt fólks sem er að missa íbúðirnar sínar, fólks sem vinnur ekki fyrir sér, það er betur sett með atvinnuleysisbætur, fólks sem er að missa fjölskylduböndin út úr höndunum vegna þess að þetta eru ekkert nema erfiðleikar og neyð. Ég vona að mér verði ekki lagt það upp sem illgirni eða innlegg í komandi kosningabaráttu að á meðan allt þetta hefur gerst hefur hv. 12. þm. Reykv., sem nú er hinn nýi frelsari þjóðarinnar, verið félagsmálaráðherra. Hún hefur líka verið ráðherra jafnréttismála. Sjaldan hefur launamunur milli kynjanna verið eins ömurlegur og hann er í dag. Það fór eins og ég spáði hér fyrir mörgum árum að eftir því sem fleiri konur koma inn á vinnumarkaðinn því lægri verða launin. Sérsköttun hjóna er einhver mesta vitleysa sem framin hefur verið í þessum hv. sal. Auðvitað eiga einstaklingar að hafa laun sem einstaklingar. Það er hins vegar jafnsjálfsagt að tveir einstaklingar sem bera fjárhagslega ábyrgð hvor á öðrum eins og hjón gera borgi skatta af sameiginlegum sjóðum. Svo einfalt er það. Og það hefur ekkert með jafnrétti að gera að sérskatta hjón vegna þess að lögum samkvæmt hafa þau gagnkvæma framfærsluskyldu. En það er ekkert sem leyfir að einstaklingi sé misboðið í launum af því að hann sé í hjúskap. Það er allt annað mál.

Ég hef margsinnis bent á það að á meðan barnakennarar voru af karlkyni voru þeir vel launuð stétt í landinu. Eftir því sem konum fjölgaði í stéttinni hrundu launin. Og eins og ég einhvern tímann leyfði mér að segja í þingsal: til þess að vera heimavinnandi húsmóðir þyrfti maður að vera giftur a.m.k. þremur barnakennurum til þess að komast af. Á mínum ungdómsárum var einn alveg nóg.

Ég held að við verðum smátt og smátt og loksins að fara að reyna að horfast í augu við það í hvert óefni við erum að komast og tillaga um það að hér fari enn ein nefndin, Hagstofa Íslands og Þjóðhagsstofnun og fjmrn. og aðilar vinnumarkaðarins, eigi að fara að gera úttekt á tekju- og eignaskiptingu og kostnaði við að vera til á Íslandi er óþarfi. Þetta er allt saman vitað í ótal skýrslum. Þessi nefnd getur alveg sparað sér allt erfiði. Svo gætum við meira að segja, venjulegt fólk, bara ósköp vel sest niður með hv. 12. þm. Reykv. og sagt henni hvernig þetta er. Ég hélt að það stæði henni næst að vita það hafandi verið félmrh. hæstv. í sjö ár og ég legg til að við reynum að eiga hér — því miður eru allt of fáir staddir hér — einhverja vitræna umræðu um það ástand sem er orðið í launamálum og tekjuskiptingunni í landinu. (Forseti hringir.) Ég verð líklega að taka til máls aftur því ég hef miklu meira að segja, herra forseti.

[17:05]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Mér kemur ekki á óvart að hv. síðasta ræðumanni sé þungt niðri fyrir þegar hún ræðir launamálin í þjóðfélaginu vegna þess að það er full ástæða til. En ég held að það sé ekki alveg rétt sem hún heldur hér fram að það sé bara allt vitað sem stendur í þessari þáltill. og þurfi ekkert að kanna. Það er nú einu sinni svo með þetta tvöfalda launakerfi að það er ekkert vitað um hinn hlutann af því, þetta neðanjarðarlaunakerfi. Ég býst ekki við að hv. þm. Guðrún Helgadóttir viti það frekar en aðrir og það er bara mjög erfitt að fá upplýsingar um það. Þessir einstaklingsbundnu samningar sem eru bæði hjá hinu opinbera og á almenna markaðnum. Þegar menn eru að bera sig saman í kjarasamningum þá er alltaf verið að vitna til hinna strípuðu launataxta og það verður alltaf að vera ákveðið bil þar á milli hópa eftir starfsaldri og fleira og ef það á að bæta eitthvað hlut láglaunamannsins sem er á botninum þá koma aðrir á eftir. En það er ekkert vitað hvað þeir, sem eru betur staddir og hafa hærri laun, hafa í samningum undir borði við sína atvinnurekendur. Þetta er vandamálið sem blasir við varðandi kjaramálin í landinu. Ef okkur á að takast að rétta hlut launafólksins þá hygg ég að það verði aldrei gert nema við höfum meiri vitneskju um þetta neðanjarðarhagkerfi sem launamálin eru komin í. Enda er það svo og hefur verið í gegnum mörg, mörg undanfarin ár að kjaramálin hafa komið aftur og aftur inn á borð ríkisstjórnarinnar þar sem er verið að reyna að bæta hlut láglaunahópanna með alls konar jöfnunaraðgerðum til þess að launahækkanirnar fari ekki upp allan stigann. Ef við hefðum þetta allt fyrir okkur á borðinu og hefðum launakjörin sýnileg þó það væri ekki nema hjá hinu opinbera þá væri hálfur sigur unninn. Ég veit að þetta er ekkert auðvelt mál, ég geri mér það alveg fyllilega ljóst, en ég held að við hv. þm. Guðrún Helgadóttir hljótum að vera sammála um það að málin hlytu að vera auðveldari viðfangs ef við hefðum meiri vitneskju um launakjörin. Ég er alveg sammála hv. þm. enda kom það fram í minni framsöguræðu að launamálin eru komin í algjört óefni.

Þingmaðurinn bendir á að ég hafi verið félmrh. í sjö ár og ég hefði átt að geta leyst þetta mál eins og önnur. Ég virðist ekki mega stíga hér í ræðustól án þess að það sé sagt við mig að ég hefði átt að leysa þessi eða hin málin meðan ég var ráðherra. Það er nú svo að það er ekki allt hægt að gera þó maður hafi verið ráðherra í þessi ár en ýmislegu hef ég þó reynt að þoka þarna áfram og nefndi nokkur atriði í minni ræðu sem skipta máli bæði varðandi það að fá upp á borðið launakjör hjá hinu opinbera og eins aðferðir sem ættu frekar að stuðla að því að við náum einhverjum áfanga varðandi það að jafna launakjörin milli karla og kvenna. Ég

nefndi hér úttekt sem ég er sannfærð um að muni skila okkur áleiðis, það eru þessar fimm opinberu stofnanir sem er verið að gera úttekt hjá þar sem öll launakjör eiga að koma upp á borðið. Ef þar kemur í ljós verulegur launamismunur, bæði milli kynja og einstakra hópa, þá hlýtur krafan að vera sú að þetta verði gert yfir allt í opinbera launakerfinu. Ég er alveg sannfærð um það þannig að það gæti orðið okkur ákveðinn leiðarvísir hvernig við eigum að komast út úr þessum frumskógi sem kjaramálin eru komin í.

Ég nefndi einnig starfsmatið sem kveðið er á um í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar. Ég er alveg sannfærð um að það getur líka, hv. þm., skilað okkur áleiðis ef kerfisbundið yrði farið í slíkt starfsmat á störfum ríkisstarfsmanna. Ég hygg að við verðum í báðum þessum tilvikum sem ég nefndi að byrja hjá hinu opinbera til þess að geta síðan leitt þetta yfir á almenna vinnumarkaðinn.

Ég lýsti því yfir, sem hefur komið fram, að meira að segja Ríkisendurskoðun hefur lýst því yfir að launakerfið sé hrunið þannig að það viðurkenna það allir aðilar en það er eins og enginn geti tekið á þessu máli á raunhæfan hátt sem skilar okkur einhverjum árangri í að bæta kjör. Þessi tillaga sem hér er flutt er viðleitni til þess að reyna að varpa meira ljósi á þetta með þeim upplýsingum sem hér er beðið um. Það má vel vera að það komi í ljós um einstaka liði þarna að það sé t.d. ekki hægt að fá upplýsingar um þróun launaskriðs á almenna markaðinum. Ég býst við að launaskriðið sé eitt af því sem falið er mjög djúpt í þessu neðanjarðarhagkerfi. En ég hygg líka að ýmis þeirra gagna, sem við leitum í þegar við erum að ná fram slíkum upplýsingum, séu mjög ófullkomin eins og t.d. skattframtölin. Ég held að það sé mjög bagalegt, t.d. líka fyrir kjararannsóknarnefnd sem hv. þm. vitnaði í, að hafa ekki vinnutímann á bak við þetta á launaseðlum sem atvinnurekendur láta frá sér. Ég held að það sé mjög bagalegt þegar við erum að reyna að meta stöðuna í þessu efni að það sé svona ófullburða statistik í þessu efni.

Ég man það að ég var einhvern tímann með frv. um það efni sem ekki náði fram að ganga, það að opna fyrir meiri upplýsingar fyrir kjararannsóknarnefnd *þannig að við hefðum gleggri yfirsýn yfir þessi launamál* en það náði ekki fram að ganga. Þannig að ég tek ekki óstinnt upp það sem hv. þm. sagði áðan, ég býst við að við séum báðar sammála um að launamálin eru komin í mikil óefni og þetta er auðvitað orðin þjóðarskömm þessi launakjör upp á 50–60 þús. kr. sem ekki einu sinni einn einstaklingur getur lifað af, hvað þá einstætt foreldri eða fjölskyldur. Það hefur alltaf verið farið út í það, ekki bara í tíð þessarar ríkisstjórnar heldur síðustu ríkisstjórnar og þar áður og þar áður, að bæta upp launakjörin í gegnum ýmsar jöfnunaraðgerðir en menn hafa ekki treyst sér í beinar launahækkanir af því að þetta skríður upp eftir öllum launastiganum af því að menn þekkja ekki hinn handlegginn, hitt launakerfið, sem er þetta neðanjarðarlaunakerfi.

Þannig að ég vildi árétta það, virðulegi forseti, að gefnu tilefni vegna ræðu hv. þm. að hér er einungis verið að leita leiða til þess að opna fyrir þetta tvöfalda launakerfi og hafi þingmaðurinn einhverjar betri leiðir til þess þá vil ég auðvitað hlusta á það og breyta þessari tillögu í samræmi við það. Ég held að við hljótum að vera sammála um það, hv. þm. Guðrún Helgadóttir og ég, að það hljóti að vera lykillinn að þessu til þess að koma á einhverju jafnrétti í tekjuskiptingunni að reyna allt sem hægt er til þess að opna fyrir þetta tvöfalda launakerfi og hafa sýnilegar heildarlaunagreiðslur og heildarlaunakjör á vinnumarkaðnum.

[17:13]

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Það er ósköp eðlilegt að nokkrar vomur komi á hv. 12. þm. Reykv. þótt ég viti ósköp vel að henni gengur gott eitt til og við höfum svo sem oft í gegnum tíðina verið sammála um kjör hinna lægst launuðu í landinu. En samningar undir borð eru fyrir þá sem eru þó í skárri kantinum á launakerfinu. Ég veit ósköp vel um alls kyns skrifstofufólk sem er misjafnlega hátt sett í hinu opinbera kerfi sem hefur alls konar fríðindi og auðvitað karlmenn miklu frekar en kvenfólk vegna þess að konur hafa einfaldlega minni tíma til þess að inna af hendi eftirvinnu og annað slíkt. En hið raunverulega láglaunafólk sem hefur laun langt undir því sem hægt er að lifa af það hefur enga samninga undir neinum borðum. Það verður annaðhvort að fara í félagsmálastofnun og fá viðbót eða það verður að vinna tvöfaldan vinnutíma ef ekki þrefaldan til þess að það eigi kost á því að hafa í sig og á. Við sjáum auðvitað hver afleiðingin er, vanskil í húsnæðiskerfinu og vanskil alls staðar, í bönkum og hvareina.

Það er viðtekin kenning og mjög þekkt sem vinur okkar Keynes margskrifaði um að það er fátt dýrara og hættulegra á samdráttartímum en að draga úr framkvæmdum. Það býður auðvitað upp á hvers kyns spillingu af öllu tagi eins og við vitum ósköp vel að við búum við í þessu þjóðfélagi. Fólk reynir að svíkja undan skatti, það reynir að vinna svart. Það neytir allra bragða til að hafa í sig og á vegna þess að þjóðfélagið greiðir ekki laun fyrir vinnu þessa fólks. Þetta nær auðvitað ekki nokkurri átt og er vanvirða við alla þá sem í hlut eiga.

Þegar verið er að tala um launastiga í einhverri alvöru þá verð ég að segja alveg eins og er að það fer í taugarnar á mér að menn skuli kalla 50–60 þús. kr. mánaðartekjur laun. Þetta eru engin laun. Þetta er í besta falli styrkur. Og þetta fólk ætti auðvitað bara að hætta að vinna og taka frekar atvinnuleysisbætur, það munar svo sem ekki miklu á. Og eins og ég sagði áðan eigi fólk tvö, þrjú, fjögur börn þá er tvímælalaust skárra að vera á atvinnuleysisbótum. Hvers konar þjóðfélag er það orðið ef það borgar sig betur að vinna ekki? Það vill nú svo til að ég vann í 10 ár í stofnun sem hæstv. fyrrv. ráðherra, Haraldur Guðmundsson, er hugmyndasmiður að velferðarkerfinu, einn af mörgum, og þar er auðvitað grundvallarhugmyndin sú að bætur og velferðarkerfið megi aldrei verka vinnuletjandi. Það eigi alltaf að vera ögn betra að taka vinnulaun. Þetta er að breytast. Ég vil bara spyrja hæstv. for-

seta: Er enginn nema ég hér inni hræddur um að við séum á sömu leið inn í nýja öld og Danir eru núna þar sem 40% af þjóðinni er á opinberu framfæri? Það eru 40% Dana sem taka laun án þess að vinna. Mér finnst satt að segja skelfileg tilhugsun ef við erum að sigla inn í að búa við, þó það verði ekki meira en eins og núna, svona u.þ.b. 6,8% atvinnuleysi, mér finnst það skelfilegt. Ég held það hæfi Íslendingum illa. Ég held að síst verði Evrópska efnahagssvæðið til þess að bæta úr því. Það vill nú til að það er sennilega eins og við hv. 4. þm. Reykv. höfum löngum haldið fram í andarslitrunum, hygg ég, svolciðis að það kemur kannski ekki að sök.

En ég held að það sé kominn tími til að við setjumst niður og við bara horfumst ískalt í augu við hvað fólk þarf til að geta lifað og reynum að koma launakerfinu einhvers staðar nálægt því. Annaðhvort verður fólk að borga húsaleigu eða verður að kaupa sér íbúð. Hvað á manneskja að gera sem fær 50 þús. kr. á mánuði? Mér þykir hún góð ef hún getur borgað annaðhvort húsaleigu eða af einhverjum skuldabréfum. Hún hefur hvorki í sig né á, það er enginn afgangur. Og þetta er bara óraunhæft og býður upp á — ég veit ekki upp á hvað, að fólk neyti allra bragða til þess að verða sér úti um fé, jafnvel á óheiðarlegan hátt ef ekki vill betur, með því að telja ekki fram til skatts og hverra ráða sem fólk kann nú annars að grípa til.

Hér var um daginn talað um hátekjuskatt. Það er eitt af þessum orðum sem enginn hefur hugsað um hvað þýða. Ég leyfði mér að orða það svo í umræðu um fjárlög að mér væri ekki eins sárt um að hátekjuskattur væri lagður niður þó að mér væri vel ljóst að minn flokkur hefði ályktað um hátekjuskatt vegna þess að mér fyndist óljóst hvað menn teldu háar tekjur. Fyrst er að vita það, svo er hægt að leggja á hátekjuskatt. Sannleikurinn er bara sá að þær tölur sem við erum að tala um í lægstu launaflokkunum nálgast ekki að vera tekjur og öll mið- og millilaun í þessu landi eru heldur ekki til að lifa af. Barnakennarar eru með 70–80 þús. kr. í grunnlaun. Prófessorar við háskólann skreiðast kannski eftir áratuga störf upp í 110–120 þús. Þetta fólk er varla matvinnungar eða fært um að eignast húsnæði og það þýðir ekkert að vera að tala í þessum klisjum, þetta sé hátekjufólk, svo sé eitthvað sem heiti lágtekjufólk. Sem betur fer er fólk í svokölluðum lágtekjustörfum sem hefur miklu skárri laun en ýmist fólk í milliflokkum. Það fer allt eftir því hvað fólk getur átt kost á mikilli eftirvinnu, næturvinnu, helgidagavinnu og hvað þetta heitir allt saman þannig að lái mér hver sem vill þó að ég verði stundum svolítið þreytt á að hlusta á þessar klisjur. Það verður að hækka lægstu launin og eins og þarna kom fram á fundinum sem ég minntist á áðan, og lækka hæstu launin. Þetta segja menn. Og ég sagði: Allt í lagi félagar. Hvaða laun viljið þið lækka í venjulegum launaskala? Laun kennara? Laun fulltrúa hjá ríkinu? Menn höfðu ekki kjark til að segja já við því. Sannleikurinn er sá að auðvitað er ekki hægt að lækka nein laun og öll kjarabarátta hlýtur að byggjast á því að hverri hækkun sé fagnað og heldur sé nú reynt að tosa hina lægst launuðu upp til að vera einhvers staðar í námunda við þá sem vellaunaðir eru ef þeir eru einhverjir orðnir. En nú hefur komist í tísku að ráðast á þá sem hafa einhverja möguleika á sæmilegum launum og reyna að draga þá niður til hinna lægst launuðu. Þetta þótti ekki góð verkalýðsbarátta hér á árum áður er ég ansi hrædd um. Menn verða að hætta að tala í þessum klisjum og horfast í augu við veruleikann eins og hann er áður en hvert einasta heimili á Íslandi verður gjaldþrota nema fjölskyldnanna fjórtán sem virðast hafa það því betra sem hinir hafa það verra.

[17:21]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er auðvitað hægt að segja mjög margt þegar verið er að ræða launakjörin í landinu. Ég get tekið undir margt af því sem hv. þm. sagði, en hv. þm. sagði: Það þarf að setjast yfir það hvað fólk þarf til þess að geta lifað. En í sinni fyrri ræðu sagðist hún hafa alveg upplýsingar um það og það þyrfti ekkert að setjast yfir það. Ég held nefnilega að það þurfi einmitt að gera, að setjast yfir þetta hjá einstaka hópum, einstæðum foreldrum, einstaklingum og vísitölufjölskyldum. Við erum með neyslukönnun frá 1990 sem ég hygg að sé það nýjasta og það er verið að tala um meðalneyslu á heimili á ári. Og það gefur okkur ekki mynd af því hvað einstæðir foreldrar þurfa, heldur er þetta bara úrtak þar sem verið er að skoða meðalneyslu. Þar kemur fram að t.d. á höfuðborgarsvæðinu er þetta 2,5 millj. og þegar er komið í kaupstaðina, þá er þetta 2,2 og önnur sveitarfélög 1.985 þús. á ári þannig að þetta virðist vera mjög mismunandi eftir stöðum. Ef við erum að tala um að það kosti 2,5 millj. og ég sé ekki í þessari úttekt að það sé verið að tala um afborganir af lánum eða neitt slíkt. Við erum að tala hér um 50–60 þús. kr. laun, kannski innan við millj. á ári, þá sér maður það að fólkið lifir í stórum stíl undir hungurmörkum hér í þjóðfélaginu. Það er alveg rétt sem hv. þm. segir að það er náttúrlega orðið eitthvað að þegar lægstu launin eru orðin það sama og atvinnuleysisbæturnar þannig að kerfið virkar vinnuletjandi þannig að það er alveg full ástæða til þess að skoða þessi mál. Hv. þm. nefndi að það megi ekki hækka neitt launin en ef við hefðum þetta á borðinu, sem ég er að tala um, þá er alla vega hægt að frysta hæstu launin með góðu móti ef við hefðum til þess svigrúm til þess að hækka lægstu launin hér í friði. Og spurning er hvort ekki sé tímabært að verkalýðshreyfingin sjálf taki sér tak eins og hv. þm. nefndi og hvort þurfi ekki að skoða skipulag verkalýðshreyfingarinnar sjálfrar og koma hér á, eins og hefur verið nefnt í hennar röðum fyrir held ég áratugum síðan, að koma hér á starfsgreinasamböndum sem semja við launþega.

[17:24]

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Ég get nú ekki orða bundist þegar ég hlustaði hér á hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur og ræða m.a. um hagfræðikenningar, keynesisma o.s.frv. og hún sagði raunverulega að mér fannst allt sem segja þarf. Það er auðvitað alveg fáránlegt að ætla sér að skapa

örbirgð jafnvel með því að minnka peninga í eign fólksins, að það sé hægt nokkurn tíma að gera þjóðfélagið auðugt ef það má aldrei nota hendur sem fá ekki vinnu. Ég held að þetta sé uppistaðan í þessum kenningum sem hv. þm. kynnti sér rækilega fyrr á árum og ég líka. Ég held að allir Íslendingar a.m.k., svona lítil þjóð sem á að geta nokkurn veginn rakið leiðir peninganna og aflsins, auðmagn má kalla það ef mönnum sýnist, til þess að allt fólkið, ekki bara einn lítill partur af því sem er auðugur, allt of auðugur. Það er þetta sem við þurfum að geta gert miklu betur en við höfum gert a.m.k. að undanförnu. Þar hefur auðurinn aukist og fátæktin líka eins og liggur í augum uppi.

Ég ætlaði satt að segja ekki að tala núna en mér fannst að þarna væri rétt að árétta það sem þingmaðurinn sagði og líka fyrrv. ráðherra, að ég held að menn séu kannski meira sammála en þeir virðast vera. Og við skulum a.m.k. reyna að gera þessa örlitlu þjóð og örlitlu flokka að mannlegum flokkum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Útbýting þingskjals:

Tvísköttun af lífeyrisgreiðslum, 101. mál, fsp. HG og SvG, þskj. 104.

Ráðherraábyrgð, fyrri umr.

Þáltill. SvG, 34. mál. — Þskj. 34.

[17:27]

Flm. (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Á þskj. 34 flyt ég till. til ál. um endurskoðun laga um ráðherraábyrgð. Tillagan er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að kjósa fimm manna nefnd til að endurskoða lög nr. 4/1963, um ráðherraábyrgð."

Í greinargerðinni rek ég nokkuð aðdragandann að flutningi þessarar tillögu. Þar er bæði um að ræða umræður sem verið hafa hér í þessari virðulegu stofnun um ráðherraábyrgð, t.d. í tilefni af frv. hv. þm. Páls Péturssonar. Þá vík ég aðeins í greinargerðinni að því máli Guðmundar Árna Stefánssonar, hæstv. félmrh., sem var hér mjög á döfinni fyrir nokkru og vík aðeins að stöðu Ríkisendurskoðunar og bendi á í þessari greinargerð að í fyrsta lagi fylgja henni dönsku lögin um ráðherraábyrgð eins og þau eru en íslensku lögin voru í raun og veru samin á sama grunni með nokkrum breytingum sem voru gerðar á dönsku lögunum eftir að íslensku ráðherraábyrgðarlögin voru samþykkt.

Í öðru lagi birti ég hér athyglisvert skjal, fskj. II, þar sem greint er frá könnun á hlutverki rannsóknarnefndar löggjafarþinga í 12 aðildarríkjum Evrópubandalagsins og í þriðja lagi vísa ég til þess í greinargerð tillögunnar að við samningu hennar og greinargerðarinnar og við almenna skoðun málsins hef ég haft til hliðsjónar grein sem birtist í danska lögfræðitímaritinu sem heitir „Ábyrgð ráðherra — í ljósi Tamílamálsins" eftir dr. Jens Peter Christensen sem er lektor við Lagastofnun Háskólans í Árósum. Skrifstofa Alþingis hefur látið þýða þessa grein fyrir mig og er henni dreift hér á borð hv. þm. í tilefni af þessari umræðu.

Varðandi ráðherraábyrgð má segja að formlega séð birtist hún með tvennum hætti beinlínis í okkar löggjöf. Það er í fyrsta lagi hin pólitíska ábyrgð sem birtist þegar samþykkt er eða lögð fram tillaga um vantraust á ráðherra. Þá er alveg tvímælalaust gert ráð fyrir því að ef tillaga um vantraust á ráðherra er samþykkt verði viðkomandi ráðherra að biðjast lausnar, þá nýtur hann ekki lengur trausts þingsins og byggir ekki lengur sín störf á þingræðisreglunni.

Í öðru lagi er um að ræða ákvæðin um landsdóm þar sem gert er ráð fyrir því að þangað megi stefna ráðherra ef Alþingi samþykkir kæru á ráðherrann. Það er í raun og veru Alþingi sem verður að samþykkja kæruna. Með öðrum orðum, meiri hluti Alþingis verður að taka ákvörðun um kæru á viðkomandi ráðherra og það hefur aldrei gerst í sögunni að það hafi verið tekin ákvörðun um kæru á viðkomandi ráðherra.

Þetta eru í grófum dráttum þau meginatriði sem þarna eru til skoðunar en þó er rétt að íhuga líka í tengslum við umræðu um lögin um ráðherraábyrgð í fyrsta lagi rannsóknarnefndir samkvæmt stjórnarskránni sem stjórnarskráin gerir ráð fyrir og mjög oft hafa verið fluttar tillögur um en hafa í raun og veru ekki starfað þannig að þær hafi orðið virkur hluti af aðhaldi að ráðherrum hér í okkar stjórnkerfi.

Í öðru lagi er síðan um að ræða á síðari árum umboðsmann Alþingis sem er auðvitað vissulega mikilvægur þáttur í því að ráðherrum sé veitt skipulegt aðhald. Loks er um að ræða þá stöðu sem í seinni tíð hefur verið tekin upp með nýjum lögum um Ríkisendurskoðun að Ríkisendurskoðun getur veitt ráðherrum aðhald með tilteknum hætti með því að birta greinargerðir o.fl. sem menn þekkja.

Vandinn er hins vegar sá, hvað sem mönnum finnst að hvort sem um er að ræða rannsóknarnefndir, umboðsmanns Alþingis, Ríkisendurskoðun eða annað, er það þannig að alltaf þarf meiri hluta Alþingis til þess að taka afstöðu til þess hvort á að ákæra viðkomandi ráðherra eða með öðrum hætti stuðla að því að hann segi af sér. Þess vegna hafa menn velt því fyrir sér hvort einhverjar aðrar leiðir eru til í þessu efni. Í grannlöndum okkar öðrum en Danmörku, sem er ítarlega farið yfir í þessu skjali sem ég lét dreifa á borð þingmanna, hafa menn sums staðar eins og í Svíþjóð ákveðið að leggja ríkisréttinn eða landsdóminn niður og ákveðið að taka í staðinn upp það kerfi að ráðherra verði að sæta ábyrgð verka sinna fyrir Hæstarétti, þ.e. í hinu almenna dómstólakerfi eins og almennt gerist í því landi. Í annan stað hafa menn tekið upp það kerfi í Svíþjóð og í Danmörku að nokkru leyti og einnig í Noregi að þingnefndirnar eru virkari en þær eru hér sem eftirlitsaðilar með ráðherrunum. Svona eftirlitsnefndir hafa t.d. verið settar niður nýlega í Noregi þar sem ráðherrunum er gert að mæta og gera grein fyrir athöfnum sínum og ekki er langt síðan að sérstaklega var fjallað um skipun seðlabankastjóra í Noregi þar

sem fjmrh. þar í landi var kallaður fyrir og hann beðinn um að gera grein fyrir því af hverju hann skipaði tiltekinn mann seðlabankastjóra. Í Danmörku er síðan gert ráð fyrir því í þingsköpum þeirra að ráðherrar geti verið kallaðir fyrir þingnefndir til að gera grein fyrir málum á grundvelli skriflegra fyrirspurna sem lagðar eru fyrir þá.

Þess vegna má segja, hæstv. forseti, að við umfjöllun um þetta mál komi ýmislegt til greina. Eitt er það að breyta þessum málum í grundvallaratriðum þannig að landsdómurinn verði lagður niður og að kveðið verði á um það að ráðherrar verði sóttir til saka eins og aðrir fyrir Hæstarétti en þá þarf til meiri hluta Alþingis eins og í landsdómstilvikinu. Síðan er auðvitað til sú leið í öðru lagi að fækka í landsdómi. Hægt er að gera það án þess að breyta stjórnarskránni og væri hægt að hugsa sér að einfalda það ferli mjög mikið frá því sem gert er ráð fyrir í gildandi lögum um landsdóm. Það er aðferð sem fjallað er um ítarlega um í grein eftir Jens Peter Christiansen lektor við Háskólann í Árósum þar sem hann gerir grein fyrir möguleikum sem eru á því að fækka í danska ríkisréttinum eða landsdóminum til að gera hann einfaldari og málin ekki eins þung og svifasein. Loks er til sú aðferð að gera þingið miklu virkara og veita því möguleika til þess að hafa beint eftirlit með ráðherrunum. Allar þessar aðferðir byggjast á því að meiri hluti Alþingis geti varið ráðherrann og er vandséð ef ekki útilokað að finna aðra leið sem væri t.d. þannig að einhver minni hluti Alþingis gæti steypt ráðherra því þar með væri ekki lengur um þingræðisathöfn að ræða. Þess vegna liggur málið í sjálfu sér þannig að varla er hægt að finna neina leið sem þarna er brúkleg nema almennt aðhald og ég held að menn eigi að velta því mjög alvarlega fyrir sér að breyta lögum í þeim efnum.

Varðandi spurninguna um rétt minni hlutans vek ég athygli á fskj. II sem birtist með tillögu minni þar sem fram kemur að ef fram kemur ósk frá fjórðungi þingmanna í þýska þinginu verður að skipa rannsóknarnefnd. Meiri hlutinn getur svo samþykkt að leggja þá rannsóknarnefnd niður áður en hún kemst að niðurstöðum sínum. En aðalatriðið er að í þýsku stjórnarskránni, reyndar upphaflega stjórnarskrá Sambandslýðveldisins Þýskalands, er staðfestur réttur minni hluta til að hafa tiltekin áhrif og ég tel að það sé mjög mikilvægt atriði og að það eigi einnig að skoða við endurskoðun þessara mála hjá okkur ef tillaga mín um endurskoðun laganna um ráðherraábyrgð yrði samþykkt.

Nú geta menn auðvitað velt því fyrir sér, hæstv. forseti, hvort nokkur þörf er á lögum um ráðherraábyrgð, hvort ekki sé eðlilegra að það sé bara látið liggja á milli hluta þar sem þeir séu varðir margvíslega og þar fyrir utan verði farið með þá í gegnum það venjulega hegningarlaga- og réttarfarskerfi sem við búum við í þessu landi. Þá er því til að svara að mínu mati að ég held að margvísleg rök séu fyrir því að nauðsynlegt sé að hafa lög sem alveg tvímælalaust kveða á um það að hægt sé að kalla ráðherra fyrir með tilteknum hætti og kveðið sé á um það í sérstökum lögum um ráðherraábyrgð. Því miður, hæstv. forseti, á ég engan kost á því að fara mjög rækilega yfir skjalið sem ég hef látið dreifa á borð þingmanna í tilefni af umræðunni. En í skjalinu kemur skýrt fram hvaða rök eru fyrir því að lög þurfi að vera til um ráðherraábyrgð og ríkisréttur þurfi að vera til enda þótt hann sé mjög sjaldan notaður. Í fyrsta lagi segir hann á bls. 9 í þessu skjali:

„Það verður að vera til lagaleg ábyrgð og lagalegt ábyrgðarkerfi. Í réttarsamfélagi hlýtur það að vera sá grundvöllur sem byggt er á. Það er grunnhugmyndin í sérhverju lýðræði að dómstólarnir skuli takmarka völdin og þeir sem völdin hafa beri ábyrgð. Þetta hlýtur einnig að gilda um embættisfærslu ráðherra. Ábyrgðin gagnvart ríkisrétti hefur sjálfstætt gildi því að með henni er sýnt að hægt er að krefja ráðherra ábyrgðar fyrir dómi fyrir refsiverðar athafnir sínar rétt eins og aðra." Síðan segir hér: „Hér við bætist að eina leiðin til að krefja ráðherra, sem sagt hefur af sér, ábyrgðar fyrir gróf og vísvitandi brot á embættisskyldum sínum er að hann sé ábyrgur gagnvart ríkisrétti þar sem ekki er hægt að samþykkja vantraust á hann", eftir að hann hefur sagt af sér.

„Í þriðja lagi er ekki hægt að útiloka að sá möguleiki einn að vera krafður ábyrgðar fyrir ríkisrétti geti sett nokkrar hömlur á framferði manna. Í stjórnmálaumræðu getur það hvatt menn til góðra hluta að vísa til lagalegrar ábyrgðar sem og sá möguleiki að menn verði krafðir ábyrgðar fyrir ríkisrétti."

Í fjórða og síðasta lagi þarf einnig að taka tillit til þess sem ákærður er. Þetta sjónarmið setti Erik Ninn-Hansen skýrt fram 9. desember árið 1959 í umræðum um Kjærbøl-málið," Grænlandsmálaráðherra, „þegar hann sagði: „Það hlýtur að vera lagaleg grundvallarregla í sérhverju samfélagi að enginn er sekur fyrr en rétturinn hefur fellt sinn dóm. Þessi einfalda og skýra grundvallarregla hlýtur einnig að gilda um fyrrverandi ráðherra. Fyrrverandi ráðherra hlýtur að hafa sama rétt og aðrir að fá mál sitt rannsakað fyrir dómi.""

Þetta er tilvitnun í Erik Ninn-Hansen og má segja að það séu nokkuð sérkennileg örlög að oftast sé vitnað til hans af öllum dönskum stjórnmálamönnum þegar rætt er um ráðherraábyrgð.

Ég tel að þau rök sem hér eru flutt fyrir því að hafa sérstök lög um ráðherraábyrgð og að hafa landsdóm eða ríkisrétt þó að hann ætti kannski að vera einfaldari en ef sérstök ákvæði væru um það að mál ráðherra megi fara fyrir Hæstarétt. Ég tel að þessi rök sem hér hafa verið rakin lauslega séu fullgild og ég tek undir þau fyrir mitt leyti.

Niðurstaða þessa fræðimanns á bls. 12 í greinargerðinni er athyglisverð. Þar segir svo, með leyfi forseta:

„Þegar rætt er um gildi ráðherraábyrgðar er eðlilegt að hugleiða hvernig bæta má ríkisréttarkerfið.

Tillögur um úrbætur mega ekki verða til þess að athyglin beinist frá þeirri staðreynd að mikilvægustu forsendur pólitískrar og lagalegrar ábyrgðar eru að tryggt sé að fjallað sé opinskátt og fyrir opnum tjöldum um málefni er varða stjórnsýsluna og að þær einstöku eft-

irlitsstofnanir sem til eru, svo sem umboðsmaður þjóðþingsins, ríkisendurskoðun, sérstakir rannsóknardómstólar o.fl., gegni vel hlutverki sínu.

Þörfin á opinskárri umfjöllun og eftirliti verður meira knýjandi ef sú 20 ára hefð fyrir veikum minnihlutastjórnum víkur fyrir nýju tímabili meirihlutastjórna." — Þetta er athyglisvert að mínu mati. — „Meirihlutastjórn verður fyrir verulegum freistingum því að hún er ekki eins háð stjórnarandstöðunni og minnihlutastjórn er. Í ljósi Tamílamálsins geta menn leitt getum að því hvaða upplýsingar almenningur hefði fengið um einstök málsatriði ef ríkisstjórnin hefði haft meiri hluta á þingi til þess að koma í veg fyrir þá lagalegu rannsókn sem meiri hluti þjóðþingsins neyddi stjórnina að lokum til að setja í gang."

Ég held að hér sé komið að kjarna málsins. Vandi okkar er ekki síst sá að tryggja að komið verði fram ábyrgðum á hendur ráðherrum þrátt fyrir þá hefð sem við höfum hér á landi fyrir meirihlutastjórnum.

Ég legg svo til að tillögunni verði vísað til hv. allsh. og síðari umræðu.

[17:42]

Björn Bjarnason:

Herra forseti. Eins og fram kemur í greinargerð með tillögu hv. þm. Svavars Gestssonar á hún rætur að rekja til umræðna sem fóru fram á síðasta þingi vegna tillögu frá hv. þm. Páli Péturssyni um breytingar á lögunum um ráðherraábyrgð. Hann vildi að íslensku ráðherrábyrgðarlögin yrðu lagfærð og inn í þau kæmu ákvæði eins og eru í 2. mgr. 5. gr. dönsku laganna um ráðherraábyrgð þar sem segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Ákvæði 1. mgr. eiga við ef ráðherra veitir þinginu rangar eða villandi upplýsingar eða leynir mikilvægum upplýsingum við meðferð máls á þingi."

Í umræðum í fyrra var rætt að hugmyndir hv. þm. Páls Péturssonar gengju raunar miklu lengra en þetta ákvæði í dönsku lögunum þótt hann teldi sig vera að flytja breytingar á íslensku lögunum sem sköpuðu samræmi þar á milli. Síðan hefur komið fram í máli hv. flm. Svavars Gestssonar að hann hefur safnað saman upplýsingum og látið þýða hver háttur er hafður á í ýmsum þjóðþingum við það að veita ráðherrum aðhald, bæði pólitískt aðhald og einnig aðhald sem byggist á lögum um ábyrgð ráðherra. Hann hefur einnig eins og fram kom dreift ágætri grein, sem ég hafði tækifæri til að líta yfir núna á meðan hann flutti ræðu sína, um ábyrgð ráðherra í Danmörku í ljósi Tamílamálsins. Ekkert í þessu finnst mér þess eðlis að kalli á breytingar á íslensku lögunum um ráðherraábyrgð. Ef menn vilja setja um þetta ákvæði sem Páll Pétursson gerði að umtalsefni í fyrra hlýtur það að vera til athugunar en ég sé ekki að það hafi neitt komið fram sem kallar á það að við þurfum að fara að skoða þetta mál frá grunni. Það liggja fyrir allar reglur sem þarf að hafa í lögum og stjórnarskrá til þess að þingið geti með vísan til 39. gr. stjórnarskrár um rannsóknarnefndir og síðan með vísan til laganna um ráðherraábyrgð sem hér er í gildi þá höfum við allar þær heimildir sem þarf til þess að sinna þessum málum að mínu mati.

Hins vegar er munurinn hér á landi og í Danmörku einkum sá að hér á landi hafa menn gert miklu meira af því en í Danmörku að flytja tillögur um vantraust á ráðherra. Það kemur einmitt fram í þessari grein eftir hinn danska lögfræðing að í Danmörku hafi aldrei verið beitt vantrausti gegn einstökum ráðherrum, hvað þá heldur að mönnum hafi dottið það í hug í danska þinginu að grípa til þess úrræðis sem liggur nú fyrir hér í þinginu um það að flytja tillögu um vantraust á ráðherra og setja þá upp í stafliði til þess að menn geti farið í eins konar krossapróf við afgreiðslu málsins. Það hefði engum dottið það í hug í Danmörku og hvergi nokkurs staðar enda er sú tillaga algjörlega fráleit og leyfi ég mér að lýsa því yfir að ég tel álitamál hvort hún sé þingleg.

En það kemur fram í grein hins danska lögfræðings að í Danmörku hafa menn að sjálfsögðu fjallað um hina pólitísku ábyrgð og þar hafa ráðherrar sagt af sér án þess að mál hafi komið fyrir þingið sem vantraust og ráðherrar hafa tekið gagnrýni þannig að þeir hafi sagt af sér og það án tillits til þess hvort um meirihlutastjórnir eða minnihlutastjórnir hafi verið að ræða þótt það sé að sjálfsögðu sérstakt atriði í þessu máli eins og hér liggur fyrir.

Þegar við ræðum það eftirlitskerfi sem við getum haft hér þá vil ég minna á lögin um umboðsmann Alþingis og lögin um Ríkisendurskoðun. Nú vitum við það að vegna pólitískra deilna sem hér hafa verið hefur verið ákveðið af öðrum stjórnarflokkanna að skjóta málum, sem hafa verið til umræðu og varða störf ráðherra, til Ríkisendurskoðunar og það er réttilega vikið að því í greinargerð hv. þm. þar sem hann skrifar sérstakan kafla, Of oft kallað á Ríkisendurskoðun, heitir sá kafli. Ég tek undir með hv. þm. varðandi þetta.

Ég held einnig að það þurfi að endurskoða lögin um Ríkisendurskoðun að því leyti að menn eigi að hafa þar andmælarétt að einhverju leyti. Ef það á að fara að breyta Ríkisendurskoðun með þeim hætti að verið sé að vísa til hennar málum eins og gert hefur verið þá þarf að huga að því að menn geti haft þar einhvers konar andmælarétt á meðan mál eru til skoðunar því það liggur ekki endilega sjálfkrafa fyrir að Ríkisendurskoðun eigi að taka við öllum tilmælum sem til hennar koma um rannsóknir og athuganir. Það er spurning ef menn ætla að nota embætti Ríkisendurskoðunar með þessum hætti sem hv. þm. kallar „of oft kallað á Ríkisendurskoðun" hvort ekki eigi að setja í lögin um Ríkisendurskoðun einhverja reglu sem varðar rétt manna til þess að hafa þar uppi andmæli og koma að málstað sínum áður en endurskoðunin hefst. Ég á ekki við að það eigi að takmarka rétt Ríkisendurskoðunar til þess að ganga að eigin frumkvæði inn á skrifstofur manna og skoða það sem þar er að gerast eða fara ofan í gögn en ef menn ætla að leggja að jöfnu annars vegar Ríkisendurskoðun og hins vegar lög um umboðsmann Alþingis þar sem það er alveg skýrt sett fram eins og menn sjá þegar þeir skoða lögin um umboðsmann Alþingis hvaða reglur gilda og hvernig menn geta komið fram andmælum og eftir hvaða reglum skal farið hjá umboðsmanni þegar hann tekur á

þessum málum. Verður einnig að gera þá kröfu, finnst mér, til hæstv. ráðherra þegar mál koma fyrir í þinginu í skýrslum umboðsmanns eins og gert hefur verið að þeir taki mið af því og þeirri gagnrýni. Það er mjög rík skylda okkar þingmanna að fylgja því eftir.

Tamílamálið hefur verið til umræðu hér og ef við lesum þau gögn sem þar eru til skoðunar þá vitum við að það spratt allt út af ábendingum frá umboðsmanni danska þingsins. Hér á landi þurfum við kannski að koma á laggirnar strangara kerfi í meðferð þingsins varðandi álitamál sem koma fram í skýrslum umboðsmanns Alþingis og snerta störf ráðherra.

Það hafa verið sett núna stjórnsýslulög sem umboðsmaður hvatti til að yrðu sett. Þau eru skýr og auðvelda hvernig menn taka á þessum málum og veita honum nauðsynlegar starfsreglur. Mannréttindasáttmáli Evrópu hefur einnig verið settur í lög en umboðsmaður taldi nauðsynlegt að hann yrði lögfestur. Við höfum því komið á lagaforsendum og við höfum þau tæki sem þarf til þess að taka á þessum málum ef menn vilja. Ég held það skorti ekki tækin og ég held það skorti ekki fleiri lagaákvæði. Það skortir kannski eitthvað annað og ég held að tillögur eins og þær sem hér liggja fyrir um vantraust á einstaka ráðherra með þeim hætti sem það hefur verið lagt upp sé ekki það sem við þurfum ef við ætlum virkilega að fjalla um þessi mál í alvöru.

Ég tel að hv. flm., eins og hann hefur búið þetta mál fyrir okkur og með mjög vönduðum hætti, sýni með því að hann vilji að á þessu máli sé tekið málefnalega og í alvöru. Ég er reiðubúinn til að gera það í þeirri þingnefnd sem ég starfa, allshn., og mér finnst sjálfsagt að við ræðum þetta en við verðum líka að velta því fyrir okkur og út úr þeirri athugun hlýtur að koma hvaða lagaforsendur okkur skortir, hvaða ný tæki okkur skortir til þess að nota í þessu efni. En mér finnst að við getum ekki sem stjórnmálamenn og alþingismenn í þingræðislandi skotið okkur á bak við einhverjar slíkar reglur því að að lokum erum það við sem berum pólitíska ábyrgð á setu manna í ríkisstjórn.

[17:51]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er mjög athyglisvert mál til umræðu og ég held að þeirri þingnefnd sem fær þetta mál til umfjöllunar, sem væntanlega er allshn., beri að skoða þetta mál mjög vandlega og komast að niðurstöðu um það hvort hér skortir einhver tæki til þess að taka á málum ráðherra eða að lýsa því þá yfir ef þau tæki eru nægjanleg. Ég treysti mér ekki til þess að kveða upp úr um það. Svo mikið er víst að þau tæki sem eru til staðar hafa ákaflega lítið verið notuð og þess eru afar fá dæmi í íslenskri stjórnmálasögu að ráðherrar hafi verið dregnir til ábyrgðar fyrir gjörðir sínar. Eina málið sem ég man eftir eru málaferlin sem Magnús Guðmundsson ráðherra átti í á fjórða áratugnum og snertu, ef ég man rétt, ekki hans gjörðir sem ráðherra heldur var þar um önnur mál að ræða en hann sagði af sér embætti eftir að hann hafði fengið á sig dóm.

Ég held að umræður undanfarinna vikna og mánaða sýni það og sanni að við þurfum vissulega að skoða þessi mál mjög rækilega. Við erum að tala um tvenns konar viðmiðanir. Annars vegar ef um brot á lögum eða ásakanir um brot á lögum er að ræða og það er hægt að taka á þeim málum með þeim tækjum sem við höfum en það er verra þegar kemur að hinni siðferðilegu ábyrgð. Hvernig tökum við á henni? Svo ég vitni í það mál sem mest hefur verið til umræðu, þ.e. embættisfærslur hæstv. félmrh. Guðmundar Árna Stefánssonar, þá dreg ég það mjög í efa að Ríkisendurskoðun geti sýnt fram á það að hann hafi brotið reglur hvað þá brotið lög. En hans gjörðir eru vissulega á mörkum hins siðlega eða boðlega enda hefur hann sjálfur viðurkennt það að hann hafi sýnt dómgreindarskort í vissum tilvikum. Tæki eins og Ríkisendurskoðun nýtist einfaldlega ekki í slíkum málum. Þar kemur að Alþingi að kveða upp úr um það hvort ráðherrar eru þess trausts verðir að sitja á ráðherrastól hvort þeir hafa hegðað sér með þeim hætti að lýsa beri vantrausti á þá og þar hlýtur það að vera Alþingi sem fellur hinn siðferðilega dóm.

Eins og kemur fram í þessari athyglisverðu grein er það svo að í krafti meiri hlutans eru menn varðir fram í rauðan dauðann og menn vilja ekki gangast undir þessa ábyrgð. Menn koma sér hreinlega hjá því að gangast undir þessa ábyrgð. Ég vísa hér til þess sem hæstv. forsrh. sagði í umræðum á Alþingi í síðustu viku, held ég að það hafi verið, þar sem hann vísaði allri ábyrgð yfir á Alþfl. Af því að Alþfl. ákvað að halda hlífiskildi yfir sínum ráðherra þá segir forsrh.: Það er þeirra mál, án þess að fara á nokkurn hátt ofan í hvað þar er á ferð. Þetta þykir mér vera afar sérkennileg afstaða og er meginástæðan fyrir því að sú vantraustsstillaga sem liggur fyrir þinginu er eins og hún er. Við viljum gefa þingmönnum kost á því að lýsa yfir trausti eða vantrausti á einstökum ráðherrum ef þingmenn óska þess.

Ég vísa því algjörlega á bug að þessi tillaga sé ekki með þinglegum hætti. Ef svo hefði ekki verið þá hefði hún að sjálfsögðu ekki verið lögð fram. Það er forseta þingsins að kveða upp úr um það og stöðva mál sem ekki eru í anda þeirra þinghefða sem hér ríkja. Ég vísa því þess vegna algjörlega á bug að tillagan sé ekki með eðlilegum hætti.

Ég vil taka undir að það er margt fleira sem þarf að taka inn í umfjöllun hér. Ég er mjög hlynnt þeirri hugmynd sem hv. þm. Páll Pétursson setti fram í sínu frv. varðandi villandi upplýsingar gagnvart Alþingi eða þegar upplýsingum er hreinlega haldið leyndum eins og við höfum dæmi um. Nú er það spurningin: Er það gert vísvitandi eða veit ráðherrann ekki betur? Ég er hér m.a. að vísa til umræðunnar um Evrópska efnahagssvæðið.

Annað er það hvaða reglur eiga að gilda um gáleysislega meðferð á almannafé. Er ráðherrum heimilt að ganga þar um eins og þeim nánast sýnist? Það er spurning hvaða reglur eiga að gilda.

Að sjálfsögðu er það Alþingi sem ber hina endanlegu ábyrgð en mér finnst full ástæða til þess að kanna

hvort og þá hvernig við getum bætt okkar meðferð á þessu máli. En síðast en ekki síst er þetta eins og oft áður spurning um hugarfar og siðferði og að menn taki sig á í þeim efnum og beri ábyrgð gagnvart sínum umbjóðendum, fólkinu í landinu, og víki þeim ráðherrum frá eða lýsi vantrausti á þá ráðherra sem ekki eru þess trausts verðir að sitja í ríkisstjórn. Ég held að við höfum gengið allt of langt í því á undanförnum árum að láta ráðherra komast upp með alls konar aðgerðir, bæði stöðuveitingar og fjárútlát og fleira slíkt þar sem allt of langt hefur verið gengið vegna þess að menn eru að verja sitt fólk. Þó höfum við reyndar eitt dæmi sem fléttast hefur inn í þessa umræðu alla saman, um fyrrv. ráðherra Albert Guðmundsson sem sagði af sér á sínum tíma, m.a. vegna þess að hann hafði setið beggja vegna borðsins í svokölluðu Hafskipsmáli. Þar var það hans flokkur sem knúði hann til afsagnar með afar sérkennilegum afleiðingum.

Þetta eru vandmeðfarin mál, þau eru vissulega mjög vandmeðfarin en eins og ég segi er þetta síðast en ekki síst spurning um það siðgæði sem ríkir í stjórnmálum á hverjum tíma.

[17:59]

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vildi aðeins vegna þess sem hv. síðasti ræðumaður sagði um Magnús heitinn Guðmundsson rifja það upp að árið 1932 sakaði Jónas Jónsson, fyrrv. dómsmrh., Magnús um að aðstoða gjaldþrota heildsala við eignatilfærslu. Magnús var dæmdur af lögreglustjóra, Hermanni Jónassyni, í 15 daga fangelsi og sagði af sér embætti í rúmlega mánuð en tók aftur við eftir að Hæstiréttur sýknaði hann. Ég held að það sé nauðsynlegt að þetta komi fram vegna þeirra orða sem hv. þm. lét falla um þetta mál.

Einnig vil ég láta þess getið að hv. þm. minntist á málefni Alberts Guðmundssonar. Það snerist ekki um Hafskipsmálið. Það voru önnur tilvik sem þar voru en þau mál sem komu þar til álita. Það er mjög nauðsynlegt í þessu þegar menn fjalla um þetta, bæði sögulega og að öðrum kosti að gæta sín vel, sérstaklega þegar verið er að fjalla um málefni einstaklinga og kannski hæpið að taka þau sérstaklega fyrir. Þó get ég ekki látið hjá líða að geta þess þegar hv. þm. talaði um tillögu sem hann hefur flutt ásamt öðrum varðandi vantraust á einstakan ráðherra, þá er málinu þannig háttað m.a. að tveir þeirra eru í sérstakri skoðun hjá Ríkisendurskoðun sem er stofnun á vegum Alþingis. Hvernig ætla hv. þm. að standa að því að afgreiða slík mál ef Ríkisendurskoðun hefur ekki sagt sitt álit? Ég tel að þessi tillaga sé mjög tæplega þingleg ef ég má orða það svo. Ég ætla ekki að fara hér í ágreining við hv. forsætisnefnd um hennar ákvarðanir í þessu efni en ég sé ekki hvernig hv. þingmenn geta vænst þess að tekin sé afstaða til tillagna af þessu tagi þegar sérstök stofnun sem starfar á vegum Alþingis er að athuga þessi mál.

[18:01]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka þessa ábendingu varðandi Magnús Guðmundsson. Það er alveg rétt sem fram kom og ég var nú að vitna til þess máls vegna þess að hann sagði af sér. Það er mjög fátítt í íslenskri stjórnmálasögu. Hann mat það þannig, hann fékk á sig dóm og hann sagði af sér á meðan málinu var áfrýjað til Hæstaréttar en síðan tók hann aftur við embætti, það er hárrétt.

Ég ætla ekki að fara að rekja hér mál sem voru í kringum Albert Guðmundsson. Það er auðvitað alveg rétt að fleira en Hafskipsmálið og Útvegsbankinn kom þar inn í. En varðandi þessi síðustu orð hv. þm. Björns Bjarnasonar, þá hef ég alltaf litið þannig á að við hér á hinu háa Alþingi berum þá ábyrgð að veita ráðherrum aðhald og það er ekki Alþingi sem hefur vísað málinu til Ríkisendurskoðunar og ég lít ekki þannig á að þó að mál sé til skoðunar hjá Ríkisendurskoðun, þá megi þau ekki skoðast af Alþingi eða ræðast á Alþingi. Við ræddum þetta nokkuð þegar hér var verið að ræða um SR-mjöl á sínum tíma, þá var skýrsla þar í undirbúningi, en málið var jafnframt rætt hér á Alþingi og þá kom það sjónarmið fram að það væri ekki eðlilegt að ræða málið á meðan það væri til skoðunar hjá Ríkisendurskoðun. Það gæti hugsanlega haft áhrif bæði á skýrslu Ríkisendurskoðunar og málaferli sem þá voru í gangi. En mitt sjónarmið er það að ábyrgð Alþingis er af þeim toga að þar hlýtur umræða ávallt að fara fram. Við berum þvílíka ábyrgð hér í stjórnsýslunni og eigum að veita henni aðhald að umræða hlýtur ávallt að fara hér fram hvað sem er að gerast annars staðar í þjóðfélaginu.

[18:03]

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að við séum komin hér að kjarna málsins sem vikið er að í greinargerð með þessari þáltill. og í þeim skjölum sem hv. þm. Svavar Gestsson hefur lagt fram. Það er annars vegar að gera greinarmun á hinni pólitísku ábyrgð og hins vegar á hinni lagalegu ábyrgð. Við höfum hér stofnun eins og Ríkisendurskoðun og umboðsmann Alþingis. Við getum sett niður rannsóknarnefndir. Við höfum lög um ráðherraábyrgð. Þetta er allt fyrir hendi. Nú er m.a. að ósk viðkomandi ráðherra verið að kanna þeirra mál af Ríkisendurskoðun en samt á að krefjast þess af okkur þingmönnum að við tökum þeirra mál fyrir á pólitískum forsendum samtímis. Ég held að þarna komumst við að kjarna málsins í þessum málatilbúnaði öllum að við verðum að vera sjálfum okkur samkvæmt. Það er vikið að því í greinargerð hv. þm. Svavars Gestssonar að hér eru ýmis mál á döfinni en ekkert er mikilvægara fyrir hið háa Alþingi heldur en menn séu sjálfum sér samkvæmir og fylgi ákveðnum reglum þannig að traust þingsins verði ekki traðkað niður. Og ég held að það geti verið sú hætta í þessum málum vegna þess að málatilbúnaður sem við stöndum frammi fyrir, ekki vegna þessarar tillögu sem við erum að ræða hér, heldur annars málatilbúnaðar varðandi störf ráðherra að við séum að draga úr þessu trausti, að fólk geti efast um að það beri að líta til Alþingis og hafa traust þar í fyrirrúmi, þetta sé kannski of mikill leikaraskapur.

[18:05]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta er einmitt kjarni málsins. Það er annars vegar pólitísk ábyrgð og hins vegar lagaleg ábyrgð. Ríkisendurskoðun mun kveða upp úr um hina lagalegu ábyrgð og það hvort viðkomandi ráðherrar hafa staðið þar rétt að málum. En Ríkisendurskoðun mun ekki kveða upp úr um hina siðferðilegu ábyrgð. Þeir hafa auðvitað sagt það eins og rétt er að það er ekki þeirra verksvið. Þeirra verksvið er að kanna það hvort farið er eftir lögum og reglum. Hins vegar er það okkar hér á Alþingi að annast hina pólitísku ábyrgð og kveða upp úr um það hvort viðkomandi ráðherrar hafa farið yfir strikið í siðferðilegum efnum. Við verðum að axla þá ábyrgð að kveða upp úr um það. Það gerir enginn annar nema auðvitað þjóðin í kosningum.

[18:06]

Flm. (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka fyrir þessar ágætu umræður sem hér hafa farið fram um ráðherraábyrgð og út af fyrir sig tel ég að margt hafi komið fram sem er gagnlegt. Ég vil segja að mér finnst að þessi umræða sanni það kannski að það er ekki að öllu leyti skynsamlegt að skera niður ræðutíma eins mikið og gert er í gildandi þingsköpum af því að þetta er flókið mál og ég sé í sjálfu sér ekki að það mundi breyta mjög miklu þó að menn mundu auka við eins og gert er ráð fyrir í þingsköpunum, en hér er um að ræða flókið og viðamikið mál sem er allt í lagi að menn tali dálítið um.

Ég vil þakka hv. þm. fyrir það sem þeir hafa sagt og ég sé ekki að það sé í raun og veru neinn verulegur ágreiningur uppi um málin. Vandinn er sá hvenær á að taka á hlutunum og hvernig og það sem við þurfum auðvitað að reyna að kappkosta hér í okkar hóp er að skilgreina ábyrgðarferlið, hvert er að ábyrgðarferli sem Alþingi vill að sé viðhaft í þessum efnum þegar kemur að spurningunni um ábyrgð ráðherra.

Þá finnst mér að í fyrsta lagi sé rétt að rifja það upp að það er enginn ágreiningur um það að það er eðlilegur hlutur að hér skuli vera gert ráð fyrir í okkar stjórnskipun, það er bara afleiðing af þingræðisreglunni, að það er gert ráð fyrir vantrauststkerfi. Nú eru deilur um það aðallega um þessar mundir og hafa reyndar ekki komið upp áður hvort það er rétt að bera fram tillögu með þeim hætti sem núv. stjórnarandstaða hefur gert til vantrausts á hvern ráðherra fyrir sig. Ég sé í sjálfu sér ekki að það sé neitt í lögum eða reglum sem mælir á móti því. Það getur hins vegar verið pólitískt álitamál hvort það er rétt eða skynsamlegt að standa þannig að hlutum en ég sé í sjálfu sér ekki að það sé neitt sem hindrar það að flutt sé tillaga eins og sú sem hér liggur fyrir frá stjórnarandstöðunni, enda held ég að hvað sem öllu öðru líður, þá hljóti menn að komst að þeirri niðurstöðu að hér hafi verið um þinglega niðurstöðu að ræða að taka málið fyrir eins og forsætisnefnd ákvað.

Í öðru lagi gerum við ráð fyrir því hér, ef við förum aðeins yfir þetta, að í okkar lögum eru ákvæðin um landsdóm. Spurningin er þá sú hvort erum við tilbúnir til að breyta lögunum um landsdóm. Mitt svar er já. Fyrir mitt leyti er ég tilbúinn til þess. Ég er tilbúinn til þess að breyta þeim annaðhvort þannig að afnema þau og setja ákvæði inn í lögin um Hæstarétt þannig að ráðherrum sé þá stefnt beint þangað og það sé ekki gert ráð fyrir sérstökum landsdómi eða þá að landsdómur sé gerður einfaldari og ekki eins brotamikill eins og þar er um að ræða.

Mér gest betur að fyrri leiðinni, þ.e. almennu dómstólaleiðinni vegna þess að mér finnst að ráðherrar og alþingismenn eigi sem allra mest að sæta sömu reglum og allir aðrir og þess vegna finnst mér að landsdómsmálið sé að sumu leyti leifar frá fyrri tíð þegar mönnum var skipt í stéttir með tilteknum ströngum hætti eins og menn þekkja.

Í þriðja lagi höfum við svo rannsóknarnefnd samkvæmt stjórnarskránni og það er nauðsynlegt að hafa það ákvæði inni, en það er ekki mjög virkt og það er þá kannski aðeins spurning í sambandi við það. Er það hugsanlegt að við ræðum það mál aðeins nánar þannig t.d. að það verði hægt að koma við beinna eftirliti með embættisverkum ráðherra og þá ekki endilega þegar þeir eru að gera vitleysur eða valda umtali eða hneykslan heldur sé bara gert ráð fyrir því að ráðherra komi fyrir þingnefnd og hann geri grein fyrir sínum málum. Dæmi: Það er auðvitað mjög skrýtið í þessu kerfi okkar að fjmrh. t.d. mæti eiginlega aldrei fyrir fjárln. Það eru kannski einhver dæmi um það en þau eru alger undantekning. Það er mjög skrýtið að það skuli vera þannig að fagráðherrar mæta eiginlega aldrei fyrir fjárln., það er sérkennilegt. Og ég man eftir því einu sinni á mínum ráðherraferli í þremur ráðuneytum að ég hafi mætt á fund í fjárln. og aldrei í fagnefndum. Það er mjög sérkennilegt í raun og veru og til umhugsunar. Þess vegna held ég að við eigum aðeins að ræða það og það geti varla verið mikill ágreiningur um að það geti verið skynsamlegt að útvíkka aðeins þá hugsun sem er á bak við rannsóknarnefndina samkvæmt stjórnarskránni með því að setja inn í þingsköpin ákvæði um viðbótarverkefni nefnda, eftirlitsskyldu nefnda með embættisathöfnum ráðherra. Það hafa verið flutt frumvörp um þetta, a.m.k. tillögur. Ég man eftir að fyrrv. hv. þm. Vilmundur Gylfason flutti um þetta tillögur og ég held að menn ættu að skoða þetta mjög alvarlega.

Í þriðja lagi er það þannig að við höfum hér lög um umboðsmann Alþingis. Það verður að segja alveg eins og er og taka undir það með hv. þingmönnum sem hér hafa talað að það er okkur til vansa að við skulum ekki hafa komið á skýru ferli um meðferð þeirra ábendinga sem fram koma frá umboðsmanni. Ég er þó ekki að tala um að við þurfum að hlýða þeim ábendingum í öllum tilvikum, heldur finnst mér satt best að segja að Alþingi meðhöndli ábendingar umboðsmanns ekki með þeirri mér liggur við að segja virðingu fyrir því embætti sem við ættum í raun og veru að hafa. Þá er ég ekki að afsala mér sem þingmanni eða öðrum stjórnmálamönnum réttindum til þess að gagnrýna niðurstöður umboðsmanns. Mér finnst að það sé allt of mik-

ið um það þegar jafnvel þingmenn eru að tala um umboðsmann Alþingis að niðurstöður hans séu svo að segja eins og dómar. Menn mega ekki tala þannig og menn verða að vanda mál sitt þegar verið er að tala um hluti eins og niðurstöður umboðsmanns Alþingis. Þetta tel ég að við ættum sem sagt að skoða. Geta menn sameinast um einhverjar reglur sem tryggja betur framkvæmdina á því hvernig tekið er á málefnum umboðsmanns og ábendingum hans?

Í fjórða lagi ætla ég svo að nefna Ríkisendurskoðun og það er náttúrlega alveg voðalegt, hvernig menn eru að fara með Ríkisendurskoðun. Satt best að segja ræður Ríkisendurskoðun ekki almennilega við þessa hluti eins og þeir blasa við henni. Í lögum um Ríkisendurskoðun er ekki gert ráð fyrir því að hún verði að verða við öllum beiðnum ráðherra. Það er ekki þannig. Hins vegar verður Ríkisendurskoðun að geta fjallað um mál sem koma frá ráðherrum. Segjum að ráðherra dómsmála óski eftir því að það sé farið yfir bókhaldið eða annað í einhverju tilteknu sýslumannsembætti. Þá verður auðvitað Ríkisendurskoðun að geta brugðist við því. En að einstakir ráðherrar skuli geta gengið til Ríkisendurskoðunar og ýtt þar svo að segja á takka eins og þetta sé þvottavél, það er ekki eðlilegt kerfi. Og mér fannst það mjög sérkennilegt fyrir mitt leyti, þegar hæstv. utanrrh. bað um að Ríkisendurskoðun léti fara fram stjórnsýsluendurskoðun á utanrrn. Ég náði ekki alveg utan um það mál. Hitt var kannski dálítið öðruvísi sem laut að heilbr.- og trmrn. þó að það megi um það deila hvort þar var rétt að hlutum staðið. Og þá vil ég spyrja: Viljum við kannski breyta þessu? Viljum við kannski breyta hlutum þannig að forsætisnefnd ein hafi þarna tiltekið skilgreint hlutverk og þingnefndir? Þá er ekki nóg að það sé meiri hluti þingnefnda heldur mætti hugsa sér að einhver verulega aukinn minni hluti, þ.e. fjórir af níu t.d. gætu óskað eftir því að Ríkisendurskoðun færi yfir tiltekið mál.

Síðan finnst mér auðvitað koma til greina að setja inn í lögin um Ríkisendurskoðun ákvæði um andmælarétt sem hv. 3. þm. Reykv. benti hér á áðan sem mér fannst skynsamlegt. Og spurningin er þá sú hvort Alþingi getur undir forustu forsætisnefndar sameinast um að breyta og skýra aðeins betur lögin um Ríkisendurskoðun að þessu leytinu til og jafnframt fjallað aðeins um það hver á að vera staða yfirskoðunarmanna ríkisreikninga. Ákvæðin í stjórnarskránni um yfirskoðunarmenn ríkisreikninga eiga ekkert að vera þar. Eðlilegra væri að þau væru bara í almennum lögum en almenn ákvæði um þetta í stjórnarskránni. Spurningin er: Vilja menn leggja niður störf yfirskoðunarmanna ríkisreikninga og kjósa í staðinn sérstaka stjórn Ríkisendurskoðunar og það sé þá þingnefnd sem sér til þess að nefndir Alþingis fjalli um skýrslur Ríkisendurskoðunar?

Það verður að viðurkenna það eins og þetta er núna að þó að Ríkisendurskoðun sé að puðra í okkur skýrslum svo að segja alveg endalaust þá er alveg hræðilega lítið með þetta gert í þessari stofnun. Og spurningin er: Mætti hugsa sér að það yrði kosin sérstök yfirstjórn Ríkisendurskoðunar sem hefði það hlutverk að tryggja umfjöllun um málið í þingnefndum o.s.frv. eftir reglum sem mótaðar yrðu í þingsköpunum sjálfum?

Þessi atriði, hæstv. forseti, vildi ég nefna og ég vil fara fram á það við hv. allshn. sem fær málið til meðferðar að jafnvel þó hún fallist ekki á að lögin um ráðherraábyrgð verði tekin til endurskoðunar sem mér finnst full þörf á þá fjalli hún hugsanlega, og/eða forsætisnefnd í samvinnu við hana, um þá þætti sem ég hef nefnt varðandi ábyrgð ráðherra yfirleitt. Af því að það er alveg augljóst mál að það er óánægja í þjóðfélaginu með ástand þessara mála eins og er. Fólki finnst að ráðherrar komist upp með allt mögulegt. Fólki finnst að eftirlitskerfið með ráðherrum sé ekki nægilega gott. Ég er þá ekki að segja að menn á Alþingi eigi alltaf að hlaupa eftir því sem einhverri þjóðarsál finnst þá og þá en engu að síður þurfa lögin og framkvæmd þeirra að vera í sem bestri sátt við almenning í landinu og hin almennu viðhorf sem uppi eru á hverjum tíma.

Þess vegna verð ég að segja alveg eins og er að ég held að það væri ástæða til að setjast yfir það hvernig þessum reglum má breyta þannig að um þær verði betri sátt og þær verði virkari en þær eru núna. Það er skoðun langflestra að þær dugi ekki eins og þær eru. Og til upprifjunar ætla ég að segja þetta og spyrja: Getur orðið samkomulag um að breyta reglum þannig að ráðherrar verði kallaðir með virkari hætti fyrir nefndir Alþingis? Getur orðið samkomulag um að breyta lögum um Ríkisendurskoðun þannig að tryggt verði að farið verði skynsamlegar og betur með skýrslur þeirrar stofnunar en nú er gert? Getur orðið samkomulag um að breyta lögum og stjórnarskrárákvæðunum þar með um yfirskoðunarmenn ríkisreikninga? Mér finnst alveg hugsanlegt að taka þetta ákvæði út. Getur orðið samkomulag um að breyta reglum og lögum um umboðsmann Alþingis þannig að það verði tekið almennilega mark á þessum hlutum?

Ég held að það sé alla vega alveg ljóst að við eigum í okkar hópi að leita eftir lágmarkssamnefnara. Ég held að menn eigi ekki að berjast um á hæl og hnakka og heimta annaðhvort allt eða ekkert í þessu máli. Það er ekki skynsamlegt. Ég held að við eigum að leita að lágmarkssamnefnaranum og ég held að hann gæti verið sá að menn setjist yfir það verkefni að skilgreina almennt séð hvert ábyrgðarferli ráðherra á að vera gagnvart vantrausti, gagnvart dómstóli, gagnvart umboðsmanni Alþingis, gagnvart Ríkisendurskoðun og gagnvart þingnefndum. Yfir þetta verði farið og til þess er þessi tillaga flutt.

[18:19]

Björn Bjarnason:

Herra forseti. Ég vil taka undir með hv. síðasta ræðumanni að það er mjög óheppilegt í svona stóru máli að ræðutími sé jafnskammur og raun er á þannig að við þurfum að taka til máls oftar en ella ef við hefðum haft aðeins lengri tíma en þannig eru þingsköpin og ekki um það meira að segja.

Varðandi umboðsmann Alþingis er það þannig að allshn. þingsins fær nú til athugunar öll álitamál frá

umboðsmanni sem snerta meinbugi á lögum. Þeim er vísað af forsætisnefnd til allshn. þingsins sem fjallar um þau og hefur sent bréf til viðkomandi ráðuneyta og gert athuganir á þessum atriðum. Ég held að hvað þingið varðar fái þetta efnislega meðferð. Ritarar allshn. hafa sinnt þessum málum og gert nefndinni grein fyrir því í hverju álitaefnin eru fólgin og nefndin hefur síðan fjallað um það. M.a. mun hún gera það á fundi sínum á morgun út af erindum sem hafa borist. Ég held því að hér séu mál í þeim farvegi sem þau þurfa að vera. Við ræðum skýrslu umboðsmanns Alþingis árlega á þinginu og höfum tækifæri til að segja álit okkar á því sem þar hefur fram. Ég er sammála hv. síðasta ræðumanni að auðvitað á ekki að líta á það sem dóma heldur álit en getur orðið tilefni til ferkari aðgerða, samanber það sem gerðist í Danmörku þar sem Tamílamálið fór í þann farveg sem við vitum vegna álits frá umboðsmanni danska þingsins. Í Danmörku hafa þeir hins vegar sérstakt rannsóknardómarakerfi sem við höfum ekki og mál horfa ekki alveg eins við.

Ég vil vitna í þá grein sem hv. þm. dreifði til okkar eftir hinn danska lögfræðing, með leyfi hæstv. forseta. Þar segir:

„Þvert á móti má færa rök fyrir því að pólitísk ábyrgð ráðherra hafi aukist fremur sl. 10 ár en að dregið hafi úr henni. Myndun fastanefnda í þjóðþinginu í byrjun áttunda áratugarins og hið öfluga eftirlit með embættisfærslu ráðherra, sem þróað hefur verið í þessum nefndum, hefur ekki síst átt þátt í þessari aukningu. Hér við bætist mikilvægt eftirlit sem sjónvarp, útvarp og blöð beita með því að beina athyglinni að einstökum málum og mönnum, eftirlit og athygli sem a.m.k. hefur ekki dregið úr á síðustu árum. Þegar í nefndarálitinu um ráðherraábyrgð frá 1962 er bent á gildi þess að hafa þess konar eftirlit í huga ef ætlunin sé að meta hvernig pólitíska ábyrgðarkerfið virki í heild sinni."

Í þessari grein segir einmitt það sem snertir það sem hv. þm. var að ræða um. Getur það verið að þingnefndirnar sem slíkar geti gegnt veigameira hlutverki? Nú hef ég ekki setið á þingi nema á þessu kjörtímabili og veit því ekki hvernig þingið starfaði nákvæmlega áður af eigin reynslu þegar því var skipt í tvær deildir og nefndir störfuðu innan hvorrar deildar um sig. En ég fullyrði eftir setu í þremur þingnefndum á þessu kjörtímabili að þar hefur safnast fyrir mikil þekking og þar liggur núna fyrir meðal þeirra þingmanna sem þar hafa starfað mikil þekking á þeim málaflokkum sem teknir hafa verið til meðferðar. Ég held að sú skipan sem við höfum tekið upp með því að sameina þingið í eina málstofu og hafa nefndirnar, sem eru orðnar fastanefndir, muni leiða til þess sjálfkrafa sem hv. þm. var að velta fyrir sér. Hlutverk nefndanna til aðhalds á framkvæmdarvaldsins eykst.

En í greininni sem hann lagði fyrir okkur og vill að við leggjum til grundvallar þegar við ræðum þetta mál segir m.a. að auki, með leyfi hæstv. forseta:

„Vandamálið hvað varðar pólitíska ábyrgð virðist ekki vera hvort ábyrgðin hafi minnkað heldur frekar hvort eftirlit þjóðþingsins með ráðherrum og ríkisstjórn er orðið það umfangsmikið að það gefi ástæðu til efasemda um hver sé rétt verkaskipting milli þjóðþings og ríkisstjórnar með tilliti til grundvallarréttarpólitískra sjónarmiða. Stjórnskipulega eru engin takmörk fyrir því hve mikið þjóðþingið getur skipt sér af stjórnsýslunni."

Þarna segir þessi danski lögfræðingur að eins og oft vill verða þegar menn fara inn á nýjar brautir ganga þeir kannski lengra en góðu hófi gegnir í fyrstu og finna svo hið eðlilega jafnvægi. Það virðist mega lesa úr þessu að það sé kannski ekki komið í Danmörku að mati þessa lögfræðings. En ég held að hér sé þróunin svipuð og verið hefur í Danmörku, að fastanefndir þingsins muni láta meira að sér kveða varðandi eftirlit með framkvæmdarvaldinu og það sé þegar komið fram, t.d. í yfirferð fastanefndanna yfir fjárlagatillögur og annað slíkt, og þar gefist tækifæri til þess að veita framkvæmdarvaldinu það eftirlit og það aðhald sem okkur ber.

Varðandi það hvort setja eigi sérstaka stjórn yfir Ríkisendurskoðun sem taki að sér að meta mál held ég í fyrsta lagi að Ríkisendurskoðun þurfi að hafa frjálsar hendur, hún þarf að geta skipt sér af málum milliliðalaust og hlutast til um málefni því að hennar starf er eftirlitsstarf þar sem hún á að geta hlutast til um mál. En manni finnst, og ég tek undir það með hv. tillögumanni að Ríkisendurskoðun virki stundum eins og þvottavél. Það nægi að ýta á takkann til að hún fari í gang. Þar eins og annars staðar þurfa að vera „objektivar" reglur um málsmeðferðina, það þarf að taka á málum með einhverjum „objektivum" hætti, það þarf að gera grein fyrir því öðruvísi en í samtölum við fjölmiðla og það þarf að liggja fyrir eitthvert skjal um það hvers vegna Ríkisendurskoðun telur sér skylt að taka málið fyrir eða hvers vegna hún telur sér það ekki skylt. Hún á að hafa þetta mat. Ég held að það mat eigi ekki að vera í höndum þingnefndar, ég held að það eigi að ganga þannig frá málum innan Ríkisendurskoðunar að þar sé þekkingin fyrir hendi til þess að vega þetta og meta og menn eigi að hafa þar heimild til þess að leggja fram rökstudda niðurstöðu, bæði sem mælir með því að þeir taki mál að sér og einnig að þeir hafni máli og þeir geri það skriflega þannig að menn geti metið það en sé ekki hlaupið í fjölmiðla strax með slíkar yfirlýsingar.

Þetta finnst mér eftir að hafa fylgst með þessum uppákomum, ef ég má orða það svo varðandi þá virðulegu stofnun sem Ríkisendurskoðun er. Mér finnst hún kannski missa svolítið af sínum virðuleika ef ekki er gætt skipulegri starfsreglna varðandi upptöku mála innan þeirrar stofnunar.

Hin siðferðilega ábyrgð. Við erum hér að tala um það sem við köllum siðferðilega ábyrgð en er það ekki í raun og veru það sem menn kalla pólitíska ábyrgð. Það er hin pólitíska ábyrgð. Við erum ekki hér sem einhverjir siðgæðisverðir í þess orðs merkingu. Við erum hér sem stjórnmálamenn og við eigum að taka á málum frá pólitískum sjónarhóli og eigum að geta varið þau frá pólitískum sjónarhóli um leið og við krefjumst þess að farið sé eftir þeim lögum sem við erum

að setja og eigum að geta veitt aðhald til þess að það sé gert.

Ég held, herra forseti, að fámennið í salnum sýni því miður að áhugi þingmanna á þessu máli er kannski ekki eins mikill og efni standa til því að hér er verið að fjalla um þau mál sem eru hvað viðkvæmust í hinu pólitíska starfi okkar og nauðsynlegt að við stöndum þannig að því að við verðum ekki sökuð um það að gæta ekki laga og réttar á þessu sviði og þeirra reglna sem hæfilegar eru.

[18:28]

Flm. (Svavar Gestsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef í sjálfu sér ekki bein andmæli við það sem fram kom hjá hv. 3. þm. Reykv. en vildi þó segja það að ég held að til þess að þingnefndir verði virkari en þær eru þurfi að setja inn í þingsköpin beint ákvæði um að þær geti með tilteknum hætti kallað ráðherra fyrir vegna einstakra embættisathafna og pólitískra ákvarðana þeirra. Ég held að það mundi bæta samskipti þingsins og ráðherranna. Ég er reyndar alveg viss um að til að byrja með væri hætt við því að þingið gengi allt of langt í þessu efni eins og oft vill verða en ég held að svona ákvæði þyrfti að vera þarna inni til þess að þetta væri virkara en það er nú. Jafnvel mætti hugsa sér að stærsti hugsanlegi minni hluti nefndar, þ.e. fjórir af níu, gætu gert kröfu um að menn væru kallaðir fyrir. En ég er þá ekki að tala um einn nefndarmaður hafi þennan rétt. Það væri í raun og veru rangt.

Varðandi aftur spurninguna um Ríkisendurskoðun þá vil ég taka undir það, líka til að fyrirbyggja misskilning, að ég vil að Ríkisendurskoðun hafi frjálsar hendur. Það verður að vera alveg skýrt og það verður að vera alveg útilokað með öllu að nokkur, liggur mér vil að segja, aðili í þessari stofnun geti tekið fram fyrir hendurnar á ríkisendurskoðanda. Hann verður að geta tekið ákvörðun um að skoða það sem honum sýnist. Hins vegar verður jafnframt að setja einhverjar hlutlægar reglur um það hvernig mál berast að stofnuninni. Ég held að það sé ástand sem er óþolandi eins og það er og mér heyrist að við séum sammála um það, eins og yfirleitt margt fleira í þessari umræðu sem ég harma líka að margir skulu vera fjarri en ég er hins vegar þeim mun þakklátari þeim sem eru hér og þeirra hlut í þessari umræðu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 7.–11. mál.

Fundi slitið kl. 18:30.

---

15. FUNDUR

miðvikudaginn 19. okt.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.
2. Framkvæmd búvörusamningsins, beiðni um skýrslu, 95. mál, þskj. 97. *Hvort leyfð skuli.*
3. Lyfjalög, frv., 5. mál, þskj. 5. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Afnám tvísköttunar af lífeyrisgreiðslum, þáltill., 25. mál, þskj. 25. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
5. Sjómannalög, frv., 21. mál, þskj. 21. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Tollalög, frv., 24. mál, þskj. 24. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Úttekt á tekju- og eignaskiptingu í þjóðfélaginu, þáltill., 31. mál, þskj. 31. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
8. Ráðherraábyrgð, þáltill., 34. mál, þskj. 34. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
9. Fjáraukalög 1994, stjfrv., 66. mál, þskj. 66. — 1. umr.
10. Lánsfjárlög 1995, stjfrv., 3. mál, þskj. 3. — 1. umr.
11. Ríkisreikningur 1991, stjfrv., 64. mál, þskj. 64. — 1. umr.
12. Ríkisreikningur 1992, stjfrv., 65. mál, þskj. 65. — 1. umr.
13. Bókhald, stjfrv., 72. mál, þskj. 72. — 1. umr.
14. Ársreikningar, stjfrv., 73. mál, þskj. 73. — 1. umr.
15. Vegaframkvæmdir á Austurlandi, þáltill., 37. mál, þskj. 37. — Fyrri umr.
16. Aðgerðir til að draga úr kynjamisrétti, þáltill., 38. mál, þskj. 38. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Guðmundur Árni Stefánsson félmrh.,
Jón Baldvin Hannibalsson utanrrh.,
Ólafur G. Einarsson menntmrh.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 4. þm. Reykn.,
Svavar Gestsson, 9. þm. Reykv.

Útbýting þingskjals:

Ofbeldisverk barna og unglinga, 100. mál, beiðni VS o.fl. um skýrslu, þskj. 103.

Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.

Gjaldeyrisvarasjóður Íslendinga.

[13:35]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Ég beini orðum mínum til starfandi forsrh. og hæstv. fjmrh. Tilefnið er að hæstv. viðskrh. hóf í gær umræður um fjárstreymi úr landi og yfirvofandi vaxtahækkanir vegna þess fjárstreymis. Ég vil spyrja hæstv. fjmrh., starfandi forsrh., hvort hann geti staðfest að gjaldeyrisvarasjóður Íslendinga hafi minnkað um fjórðung það sem af er þessu ári. Gjaldeyrisvarasjóðurinn hafði verið tæpir 32 milljarðar í upphafi ársins, en hafi á þeim tíma sem liðinn er frá áramótum fallið um 8 milljarða. Það að gjaldeyrisvarasjóður þjóðarinnar minnki um fjórðung á svo skömmum tíma eru auðvitað alvarleg tíðindi og hlýtur að leiða til umhugsunar um það hvernig stjórnvöld bregðist við slíkri stöðu. Þegar það bætist svo við að yfirmaður Seðlabankans, hæstv. viðskrh., lýsir því yfir í ríkisfjölmiðlum í gær, að yfirvofandi sé áframhaldandi verulegt fjárstreymi úr landi vegna breytinga um áramót, þá er komin upp sú staða að gífurleg óvissa og jafnvel hættuástand getur skapast varðandi gjaldeyrisvarasjóð þjóðarinnar. Hæstv. viðskrh. benti einna helst á vaxtahækkun sem viðbrögð við þessu hruni gjaldeyrisvarasjóðsins og yfirvofandi fjárstreymis úr landi og ég vildi spyrja starfandi forsrh., ráðherra efnahagsmála og fjmrh., hvort hann geti staðfest þessar tölur um stöðu gjaldeyrisvarasjóðsins og hvert sé álit hans á yfirlýsingu hæstv. viðskrh. í gær.

[13:37]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég vil í fyrsta lagi segja frá því að það kann að vera rétt, þó að ég hafi ekki skoðað það nákvæmlega nýlega, að nokkur hluti af svokölluðum gjaldeyrisvarasjóði hafi streymt úr landi, eins og hv. þm. kýs að kalla það. En ég vil geta þess alveg sérstaklega þegar um þetta er rætt, að þetta fjármagn sem hefur farið úr landi hefur yfirleitt farið til fjárfestingar íslenskra aðila erlendis. Við höfum margoft rætt það hér á undanförnum dögum að það hefur m.a. verið gert í því sambandi að aðilar hafa verið að tryggja sig vegna framvirkra samninga. Þetta myndar að sjálfsögðu inneign Íslendinga erlendis og kemur fram t.d. í pósitívum viðskiptajöfnuði, enda eru það hinar góðu fréttir að í fyrsta skipti stefnir í það, þrjú ár í röð, að Íslendingar eru að greiða niður skuldir sínar erlendis. Það er þess vegna ekki nokkur hætta á ferðum og gengisstaða íslensku krónunnar er ákaflega góð. Menn verða, þegar þetta er rætt, að átta sig á því að það er til bóta ef við styrkjum okkar stöðu erlendis og eignumst eignir þar, því það ber auðvitað að draga það frá skuldum ef menn vilja finna út nettóskuldir Íslendinga erlendis.

Ég vara mjög eindregið við því að stjórnmálamenn, sem vilja kalla sig ábyrga, ræði um óvissu- og hættuástand í þessu tilviki vegna þess að það er ekkert sem gefur tilefni til slíks orðalags. Ég kannast ekki við það, það verður að spyrja hæstv. viðskrh. að því hvort hann telji að viðbrögðin eigi að vera vaxtahækkun. Það eina sem hefur komið fram, og hefur bæði verið staðfest af mér og eins af seðlabankastjórum, er að vextir af skammtímaskuldbindingum hér á landi, einkum og sér í lagi í lengri endann, eru óvenjulega lágir hér á landi og lægri en í nágrannalöndunum.

[13:40]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Hæstv. fjmrh. er örugglega eini fjármálaráðherra á Vesturlöndum sem telur það styrkleikamerki að fjármagn streymi frá landi hans. Það er nú almennt talið veikleikamerki um hagstjórn ef fjármagn leitar í stórum stíl frá einu landi til annarra landa. Sú staðreynd að gjaldeyrisvarasjóðurinn hafi hrunið um fjórðung á þessu ári, vegna þess að íslenskir fjárfestar hafi kosið að ráðstafa fé sínu erlendis, er auðvitað staðfesting á því að markaðurinn, hinn harði húsbóndi sem ráðherrarnir vitna oft til, hefur ekki trú á efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar. Þess vegna er gjaldeyrisvarasjóðurinn að minnka og þess vegna hafa um 6 milljarðar streymt úr landi það sem af er ársins vegna þeirrar ástæðu einnar saman. Þegar að bætist svo við að um áramótin verður opnað á algerlega frjálsan flutning fjármagns úr landi og viðskrh. telur í viðtali við útvarpið í gær að það muni leiða til vaxtahækkunar, þá er auðvitað alveg ljóst að hæstv. fjmrh. verður að huga betur að þeirri stöðu sem komin er upp.

[13:41]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Hæstv. forseti. Eitthvað misskilur nú fyrrv. fjmrh., hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, hlutverk fjmrh. og ráðherra yfirleitt, ef hann heldur að það sé miður að Íslendingar eða hvaða þjóð sem er greiði skuldir sínar erlendis. Það er auðvitað mjög til fyrirmyndar. Þetta mál snýst um það að við erum að bæta stöðu okkar erlendis. Hingað til lands hefur streymt í stórum stíl lánsfé. Það er verið að greiða það til baka og í vissum tilvikum er verið að setja tryggingar til að sú greiðsla geti verið í jafngildum gjaldmiðli. Ég vísa svona skottulækningum á bug, þegar menn tala eins og hv. þm. gerði. Það sem skiptir máli í þessu er að það var ráð fyrir því gert að um það bil 8 milljarðar færu úr landi á þessu ári til þessara nota. Síðan mettast það og það er ekki gert ráð fyrir því að um verulegt fjárstreymi verði úr landi eftir áramótin þrátt fyrir að við séum að opna markaðinn hér. (**ÓRG:** Annað segir nú hæstv. viðskrh.) Það eru um 8 milljarðar sem gert var ráð fyrir að færu úr landi á þessu ári og það er ekkert óeðlilegt við það og engin ástæða fyrir hv. þm. að koma hér og reyna að gera úlfalda úr mýflugu.

[13:42]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Það eru alveg ný tíðindi ef ríkisstjórnin hefur gert ráð fyrir því að gjaldeyrisvarasjóðurinn mundi minnka um fjórðung á árinu. Það hefur a.m.k. gleymst að upplýsa það hér í þingsölum, hvað þá heldur gagnvart þjóðinni. Og þó að þjóð borgi

skuldir sínar erlendis, og það er alveg rétt að það er gott og blessað, þá er það ekki styrkleikamerki að borga skuldir sínar með því að ganga á gjaldeyrisvarasjóðinn. Gjaldeyrisvarasjóðurinn er til þess að mæta skyndilegum áföllum. Hann á að vera traustur og hann á að byggja upp. Þjóð sem er að borga erlendar skuldir sínar með því að ganga á fjórðung af gjaldeyrisvarasjóðnum er ekki að styrkja stöðu sína. Hún er einfaldlega að ganga á forða sinn.

Það er svo athyglisvert að hæstv. fjmrh. hefur þrátt fyrir ítrekun mína ekki viljað tjá sig um yfirlýsingu viðskrh. í gær og það er þess vegna óhjákvæmilegt að þau mál komi hér til umræðu nánar í dag. Það vill svo vel til að fjáraukalög og lánsfjárlög eru hér á dagskrá. Við höfum óskað eftir því að hér verði tvöfaldur umræðutími um bæði þessi mál og þá gefst tækifæri til þess að ræða nánar við hæstv. viðskrh. og hæstv. fjmrh.

[13:44]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ef það skyldi hafa farið fram hjá öðrum en hv. þm. hvað hér hefur verið sagt, þá skal ég reyna að endurtaka það. Það sem skiptir máli er að það er afgangur af viðskiptajöfnuði Íslendinga gagnvart öðrum löndum. Og hvað þýðir það? Það þýðir að það er meira flutt úr landi en inn í landið. Það þýðir jafnframt, af því að það er ekki eingöngu verið að tala um vöruskiptajöfnuð, að Íslendingar eru að greiða niður skuldir annars staðar eða eignast innstæður, sem er ekkert nema eðlilegt að gerist, ekkert nema eðlilegt. Þegar við opnuðum þennan markað, þá vissu allir og áttu von á þessu. Það hefur ekkert gerst í ár sem menn áttu ekki von á að mundi gerast. Það sem er í raun styrkleiki okkar, það að við erum að borga niður skuldir, kemur hérna fram hjá hv. þm. eins og stórkostlegur veikleiki. Ég vara við umræðum af þessu tagi, því ef menn telja þetta vera ábyrga menn sem lýsa þessu yfir, þá gæti fólk trúað því að eitthvað sé að en það er síður en svo, að sjálfsögðu.

Skipan stjórna heilsugæslustöðva.

[13:45]

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég beini fyrirspurn til hæstv. heilbrrh. um skipan stjórna heilsugæslustöðva. Á sl. sumri áður en fyrrv. hæstv. heilbrrh. lét af embætti skipaði hann formenn nokkurra heilsugæslustöðva sérstaklega án þess að ganga formlega frá tilnefningum annarra stjórnarmanna sem eru tilnefndir af öðrum aðilum, starfsmönnum þessara stofnana og sveitarfélögum. Því beini ég þeirri fsp. til hæstv. núv. heilbrrh.: Hvenær verður gengið frá skipan í stjórnir þessara stofnana? Hefur það þegar verið gert eða hvenær verður það gert og telur hann þessa stjórnsýslu fyrirrennara síns eðlileg vinnubrögð?

[13:46]

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Samkvæmt lögum um stjórn heilbrigðismála sem samþykkt voru á síðasta kjörtímabili er ráð fyrir því gert að stjórnir heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa, sveitarfélagasjúkrahúsa, skuli skipaðar eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar. Þær eiga að vera skipaðar þannig að þrír fulltrúar eiga að vera tilnefndir af viðkomandi sveitarfélögum á starfssvæði stöðvarinnar, einn fulltrúi á að vera kosinn af starfsmönnum og einn fulltrúi og formaður er síðan skipaður af ráðherra og er hans fulltrúi og trúnaðarmaður í þessum stjórnum og raunar sá eini aðili sem hefur einhverja ábyrgð gagnvart þeim sem borgar allan reikninginn, sem er ríkið.

Þessar stjórnir komu til endurskipunar að loknum sveitarstjórnarkosningum. Ráðherra hefur nú þegar skipað stjórnir allra þeirra heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa sem tilnefningar hafa borist í frá sveitarstjórnum og starfsfólki. Það eru örfáar stjórnir sem eru enn óskipaðar en það er þá vegna þess að það skortir á tilnefningar.

Hitt er svo rétt að fráfarandi heilbrrh. hafði skipað nokkra formenn í sinni tíð. Sú skipun hefur að sjálfsögðu staðið og síðan hafa stjórnirnar að öðru leyti verið skipaðar jafnharðan og tilnefningar hafa borist.

Eins og ég segi eru örfáar skipanir eftir enn en allflestum er lokið enda nokkuð síðan sveitarstjórnarkosningar fóru fram.

[13:48]

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég tel að þær upplýsingar hafi komið fram í svari hæstv. heilbrrh. að hér sé ekki um eðlileg vinnubrögð að ræða vegna þess að það hefur verið venjan hingað til að heilbrrh. skipaði alla stjórnina með bréfi samkvæmt tilnefningum. Það er því mjög einkennilegt að skipa stjórnir þessara stofnana í áföngum. Hæstv. ráðherra svaraði reyndar ekki síðari hluta spurningar minnar hvort þetta væri eðlileg stjórnsýsla en ég tel að þær upplýsingar sem hér hafa verið bornar á borð svari því.

[13:49]

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Ég lagði engan dóm á þetta mál annað en að taka það skýrt fram að heilbrrh., hver sem hann er, getur á meðan hann starfar ráðstafað skipun þessara mála eins og hann best kýs. Það gerði fyrrv. heilbrrh. í nokkrum tilvikum en flestallar þessar stjórnir hafa verið skipaðar af mér eftir að sveitarstjórnarkosningar fóru fram.

Lækkun vaxta í bankakerfinu.

[13:49]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Í þeirri umræðu sem fram hefur farið m.a. um vaxtaþróun ríkispappíra upp á síðkastið hefur athygli manna öðru fremur beinst að þeim ótrúlega vaxtamun sem lengi hefur haldist á milli ríkispappíra annars vegar og hins vegar viðskipta í bankakerfinu. Það hefur oft komið fram að allt frá því að vextir fóru að lækka í lok síðasta árs hefur bankakerfið setið eftir. Vextir í bankakerfinu eru ótrúlega háir og óeðlilega háir á hvaða mælikvarða sem mælt er. Það

var t.d. þannig að um mitt árið í fyrra þegar verðbólgan hækkaði örlítið um skamma stund þá fylgdi bankakerfið eftir og vísaði til framtíðar og líklegrar verðþróunar. Nú er ekkert þannig að gerast. Erlendis þegar verið er að verðleggja vexti er það gert m.a. með skírskotun til líklegrar verðþróunar. Nú blasir hins vegar við að í fyrsta lagi er óeðlilegur munur á vaxtastigi ríkispappíra annars vegar og hins vegar í bankakerfinu og hitt að verðbólga er með því lægsta sem hér hefur þekkst og með því lægsta sem þekkist í löndunum í kringum okkur.

Þess vegna hlýtur maður að spyrja hæstv. viðskrh. í ljósi þessa að það blasir við að það er ríkjandi ákveðin fákeppni á bankamarkaðnum — bankarnir apa nánast eftir hver öðrum með ákvörðunum um vaxtastigið og vextir bankanna taka mjög lítið tillit til afkomu hvers banka fyrir sig — þess vegna hlýt ég að spyrja hæstv. viðskrh. í ljósi þessa að nú blasir við að útlánsvextir bankakerfisins eru mjög háir og hafa ekkert lækkað í líkingu við þá lækkun sem hefur orðið á ríkisvíxlum, svo dæmi sé tekið. Svo annað dæmi sé tekið þá blasir það við að víxilvextir í bankakerfinu eru um 12%. Með hvaða ráðum verður reynt að hvetja til enn frekari lækkunar vaxtastigsins í bönkunum í landinu?

[13:52]

Viðskiptaráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Ef ég hefði átt von á þessari fsp. hefði ég getað komið með samanburð á vöxtum í íslenska bankakerfinu og bankakerfi nálægra landa. Þar kemur það fram að þó að mönnum finnist vextir á skammtímaútlánum eins og víxillánum háir hér þá eru þeir síst hærri hér en í flestum nágrannalöndum í kringum okkur. Vextir á slíkum lánum, svona skammtímaviðskiptalánum, eru alls staðar mjög háir og ekkert hærri hér en í grannlöndunum.

Ég vil aðeins upplýsa í sambandi við vaxtamuninn sem hér var imprað á að á síðustu missirum hefur vaxtamunur bankanna lækkað um helming. Hann var fyrir örfáum mánuðum eða tveimur og hálfu missiri síðan, um 6% en er nú 3% þannig að bankarnir hafa verið að draga mjög úr sínum vaxtamun. Hvers vegna er hann þó svona hár? Ástæðan er að sjálfsögðu þau áföll sem bankarnir hafa orðið fyrir sem þeir verða að bera uppi af sínu aflafé og það má segja að menn hafi látið þá sem hafa getað greitt vexti borga fyrir þá sem ekki hafa getað staðið í skilum með þessum hætti. Það mætti orða það svo.

Ég mun eiga viðræður við Seðlabankann næsta föstudag út af stöðu bankakerfisins og möguleikum þess að draga enn úr vaxtakröfum í okkar þjóðfélagi. Ég vona að eftir þann fund sé hægt að fylgja enn frekar fram þeim áformum sem ríkisstjórnin hefur verið með um að lækka vexti á Íslandi og samræma vaxtagreiðslur því sem gerist og gengur í löndunum í kringum okkur. Ég vil aðeins taka fram að eins og nú standa sakir þá eru vextir á Íslandi samanborið við vaxtakjör í öllum nálægum löndum mjög lágir. Það eru sennilega ekki nema Þýskaland og Bandaríkin sem bjóða upp á lægri vexti en Íslendingar um þessar mundir.

[13:54]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Það er alveg rétt hjá hæstv. viðskrh. að vaxtamunur bankanna hefur í sjálfu sér lækkað. Það eru mjög gleðileg tíðindi og er auðvitað afleiðingin af því að bankarnir hafa verið að taka til í rekstri hjá sér og draga úr tilkostnaði í sínum eigin rekstri. Það er líka afleiðingin af því að nú er af kúfurinn vegna afskriftaútlána þannig að möguleikar bankanna til þess að minnka þennan vaxtamun eru til staðar. Það er alveg rétt hjá hæstv. viðskrh.

Það sem hins vegar eftir stendur er sú staðreynd að munurinn á bankavöxtum annars vegar og vöxtum á ríkispappírum hins vegar er óeðlilega mikill. Ef við berum saman þennan mun eins og hann var áður en vextir ríkispappíra tóku að lækka á síðasta ári miðað við það sem er í dag þá blasir þetta við og er ómótmælanlegt. Þessi munur er óeðlilega mikill eins og málin standa í dag. Það er alveg rétt að skammtímavextir sums staðar erlendis hafa farið hækkandi aftur en það breytir ekki því að til skamms tíma var þessi munur sannarlega fyrir hendi og þá hafði bankakerfið möguleika til þess að aðlaga sig en gerði það ekki.

Ég fagna því að hæstv. viðskrh. ætlar að taka upp viðræður við bankakerfið og vona að út úr því komi veruleg lækkun bankavaxta því til þess eru allar efnahagslegar forsendur.

[13:55]

Viðskiptaráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Menn verða að líta á báðar hliðar þessa máls. Það sem er vandamál í bankakerfinu er mismunur innlánsvaxta og útlánsvaxta sem er of mikill og menn eiga við þær aðstæður mjög erfitt með að lækka útlánsvexti nema með því að lækka innlánsvexti um svipaðar prósentutölur. Það er nú einu sinni orðið svo að margir innlánsreikningar eru með vexti nálægt núllinu þannig að þeir bjóða sparifjáreigendum nánast enga vexti. Vandamálið í þessu sambandi er vaxtamunurinn. Ég hef skýrt af hverju hann er svona hár. Ég tel að það sé hægt að draga úr vaxtamun og enn frekar nú þegar afkoma bankanna fer batnandi og ég tel að það eigi að gera.

[13:56]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Síðasta yfirlýsing hæstv. ráðherra er mjög mikilvæg. Hann sagði: Ég tel að það sé hægt að draga úr vaxtamun bankanna. Þetta er auðvitað aðalatriði þessa máls vegna þess að það leiðir af því að ef það er skoðun hæstv. viðskrh. að hægt sé að draga úr vaxtamun bankanna þá er það um leið skoðun hæstv. viðskrh. að hægt sé að lækka útlánsvextina í landinu. Útlánsvextir í landinu hafa verið of háir og útlánsvextirnir í landinu hafa valdið því að það hefur ekki tekist að efla þann hagvöxt sem okkur hefur verið nauðsynlegur til þess að bæta atvinnustigið og efnahagsástandið í landinu meira en orðið er. Þess vegna er það mjög mikilvægt sem hæstv. viðskrh. sagði áðan um það að hann teldi að hægt væri að draga úr vaxtamun því að af því leiðir að það er þá hans skoðun um leið að hægt sé að lækka bankavextina í landinu. Þetta

er mjög mikilvægt og ég óska eftir því við hæstv. viðskrh. að hann ítreki þetta og árétti að þetta sé hans sjónarmið vegna þess að það er þá væntanlega það veganesti sem hæstv. ráðherra fer með í viðræðurnar við bankana á föstudaginn kemur.

[13:57]

Viðskiptaráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Það er sjálfsagt að segja það að ég tel rétt að stefna að lækkun útlánsvaxta. En við skulum átta okkur á því að það er við fleiri erfiða aðila að glíma en bara banka og lánastofnanir. Öflugustu sparendur í landinu og þeir sem eiga mest fjármagn eru lífeyrissjóðirnir. Stjórn þeirra er í höndum aðila vinnumarkaðarins, sömu manna og sitja á biðstofu hæstv. forsrh. til að biðja um lækkun vaxta. Ætli nokkrir aðilar ráði jafnmiklu um að menn nái árangri til lækkunar vaxta og þeir sem stjórna voldugustu fjármálastofnunum landsins, lífeyrissjóðunum? Ég verð að segja það eftir þá reynslu sem ég hef af því haft að mér finnst ekki að þeir aðilar standi jafnöfluglega við bakið á ríkisstjórninni til vaxtalækkunar og ástæða væri til miðað við þau orð sem þessir sömu aðilar hafa haft í frammi við ríkisstjórnina á fundum með henni þar sem þeir hafa krafist þess mjög eindregið að ríkisstjórnin beitti sér fyrir vaxtalækkun í landinu.

Ofbeldisefni í myndmiðlum.

[13:58]

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Ég beini fsp. minni til hæstv. dómsmrh. Ofbeldi meðal barna og ungmenna hefur með hryggilegum hætti enn einu sinni komist til umræðu hér á landi og annars staðar. Meðal þess sem menn beina sjónum sínum að er ofbeldisfullt myndefni, bæði í sjónvarpi og kvikmyndahúsum, en ekki síður á myndböndum og í tölvuleikjum. Þó það sé síður en svo það eina sem ástæða er til að hafa áhyggjur af í þessu sambandi þá er mikilvægt að flestra mati að fylgja því fast eftir að börn og óharðnaðir unglingar hafi ekki aðgang að slíku efni. Við kvennalistakonur fengum samþykkta tillögu um könnun á ofbeldi í myndmiðlum árið 1991 og fyrirheit hæstv. menntmrh. á síðasta vetri um að þeirri ályktun verði fylgt eftir. En ég vil spyrja hæstv. dómsmrh. hvaða úrræði dómsmrh. og yfirvald dómsmála og löggæslu hafa til þess að hindra það að börn og ungmenni hafi aðgang að ofbeldisefni í kvikmyndahúsum, á myndböndum og í tölvuleikjum. Að einhverju leyti er hægt að vísa til laga og reglna um vernd barna og ungmenna og kvikmyndaeftirlit og e.t.v. fleiri staða þar sem lög taka á þessum málum. En mig langar að vita hvort hæstv. ráðherra telur ástæðu til að gera sérstakar ráðstafanir til að herða eftirlit með þessum málum, sé þeim ekki nógu vel framfylgt nú.

[14:00]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Eins og hv. þm. er kunnugt þá heyrir kvikmyndaeftirlit undir menntmrn. Hitt er annað mál að það efni sem hv. þm. vék hér að er mikið alvöruefni sem ástæða er fyrir stjórnvöld og Alþingi að fjalla um.

Ég, persónulega, er ekki í nokkrum vafa um að mikið ofbeldi í kvikmyndum og sjónvarpi hefur mjög neikvæð áhrif og er örugglega orsök þess að ýmis ungmenni rata inn á glapstigu í þessum efnum. Fyrir þá sök er ærin ástæða til að leiða hugann að því með hvaða hætti unnt er að stemma stigu við ofbeldi í kvikmyndum. Ég hef engin einföld svör við því á þessari stundu. Þar koma auðvitað til álita margir aðrir hagsmunir. En ég ítreka fyrir mitt leyti að þetta er viðfangsefni sem er mjög mikilvægt að gefa gaum.

[14:02]

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svör hans og undirtektir við þessu máli. Það sem mér þykir þó enn standa út af er hvort ástæða er til að hans mati að taka sérstaklega á þessu með þeim starfsmönnum sem heyra undir hans ráðuneyti, þ.e. þeim sem fást við löggæslu og þeim sem kveða upp dóma, þar sem hægt er að vísa til ákveðinna lagaákvæða sem beinlínis má beita til þess að herða þetta eftirlit. En það læðist að manni sá grunur að stundum þurfi ákveðna hvatningu til að þessum lögum sé framfylgt og það séu gerðar viðeigandi ráðstafanir til að löggregla og dómsmálayfirvöld geti framfylgt sínu hlutverki í þessum efnum.

[14:03]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Það verður að vera alveg skýrt að framkvæmd laga á sviði menntmrn. er á ábyrgð þess. Hins vegar er það í verkahring lögreglu og eftir atvikum dómstóla að taka á málum sem upp koma. Ég fullyrði að í öllum efnum hafa lögregluyfirvöld og dómstólar tekið á viðfangsefnum af þessu tagi sem til þeirra hafa borist í samræmi við lög og reglur þar að lútandi.

[14:03]

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Varðandi þá athugasemd að menntmrn. beri að fylgja eftir lögum um kvikmyndaeftirlit, þá kom fram í upphafsspurningu minni hér að það er verið að vinna að þeim málum innan ráðuneytisins og þar með að framfylgja tillögu okkar kvennalistakvenna. En ég held að það veiti ekki af því, sérstaklega þegar koma upp mál af því tagi sem er kveikjan að þessari fyrirspurn, að það sé sérstaklega hugað að því að gera, ef ég má orða það svo, „rassíu“ eða gera sérstakt átak til að vinna að þessum málum. Ég hygg að hæstv. dómsmrh. geti verið mér sammála í því að þessum lögum beri að framfylgja og hafi það verið gert með of linum hætti þá höfðum við til þeirra úrræða eða þeirra möguleika sem við höfum til að gera það með þeirri lagastoð sem við höfum.

Reglugerð um jöfnunargjöld á útfluttar landbúnaðarvörur.

[14:04]

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Ég beini máli mínu til hæstv. landbrh. Fyrirspurnin varðar reglugerðarsetningu í framhaldi af lagasetningu í desember sl., þegar samþykkt voru ný búvörulög. Í framhaldi af því var vonast til og hefur landbrh. heimild til að setja reglugerð sem snertir jöfnunargjöld vegna útflutnings á unnum landbúnaðarvörum. Matvælaiðnaðurinn á að fá landbúnaðarvörur á lægsta ESB-verði og þetta er algjör forsenda fyrir því að um útflutning geti orðið að ræða á landbúnaðarvörum, en enn sem komið er hefur hæstv. landbrh. ekki komið frá sér þessari reglugerð. Því spyr ég: Hvað dvelur orminn langa?

[14:06]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Það er rétt, þessi reglugerð hefur ekki verið gefin út. Það er unnið að því að semja hana og meta og nauðsynlegt að afla heimildar á fjárlögum næsta árs í því sambandi.

[14:06]

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Ég er ekki alveg ánægð með þessi svör, en þó gefa þau mér þá von að það sé í alvöru verið að vinna að málinu í ráðuneytinu. Ég hef þó óljósan grun um að það sé ósamstaða um það innan ríkisstjórnarinnar að þessi reglugerð verði gefin út og það sé þá sennilega hæstv. utanrrh. eða jafnvel hæstv. fjmrh., sem situr á málinu. Ég vil því að hæstv. landbrh. komi hér upp og staðfesti að það sé samstaða um það innan ríkisstjórnarinnar að þessi reglugerð muni líta dagsins ljós nú innan tíðar.

[14:07]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Ég ítreka það sem ég sagði áðan og það var mjög skýrt. Undirbúningur reglugerðarinnar er kominn á lokastig og hún fer senn að líta dagsins ljós.

[14:07]

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Þessi snubbóttu svör hæstv. landbrh. staðfesta að það er ósamstaða innan ríkisstjórnarinnar um þessa reglugerð.

Framkvæmd búvörusamningsins.

Beiðni RA o.fl. um skýrslu, 95. mál. — Þskj. 97.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:09]

Beiðni leyfð með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁgG, BBj, EgJ, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, HBl, HjálmJ, HG, IBA, IP, JE, JGS, JHelg, JónK, KÁ, KE, LMR, MF, ÓRG, PP, PBald, PB, RA, SalÞ, SigG, SighB, SJS, TIO, VS, ÞorstP.

23 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EKG, GAK, GHall, GÁS, HÁ, JóhS, JBH, KHG, ÓE, PJ, REl, RG, SAÞ, SP, StG, StB, SvG, ÖS) fjarstaddir.

Lyfjalög, frh. 1. umr.

Frv. IP o.fl., 5. mál (lyfsala dýralækna). — Þskj. 5.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:10]

Frv. vísað til 2. umr. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁgG, ÁJ, BBj, EgJ, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, HBl, HjálmJ, HG, IBA, IP, JE, JGS, JHelg, JónK, KÁ, KE, LMR, MF, ÓRG, PP, PBald, PB, RA, SalÞ, SigG, SighB, SJS, TIO, VS, ÞorstP.

22 þm. (ÁRÁ, ÁMM, DO, EH, EKG, GAK, GHall, GÁS, HÁ, JóhS, JBH, KHG, ÓE, PJ, REl, RG, SAÞ, SP, StG, StB, SvG, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Afnám tvísköttunar af lífeyrisgreiðslum, frh. fyrri umr.

Þáltill. GHall o.fl., 25. mál. — Þskj. 25.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:10]

Till. vísað til síðari umr. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁgG, ÁJ, BBj, EgJ, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, HjálmJ, HG, IBA, IP, JE, JGS, JHelg, JónK, KÁ, KE, LMR, MF, ÓRG, PP, PBald, PB, RA, REl, SalÞ, SigG, SighB, SJS, TIO, VS, ÞorstP.

21 þm. (ÁRÁ, ÁMM, DO, EH, EKG, GAK, GÁS, HÁ, HBl, JóhS, JBH, KHG, ÓE, PJ, RG, SAÞ, SP, StG, StB, SvG, ÖS) fjarstaddur.

Till. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Sjómannalög, frh. 1. umr.

Frv. GHall og GuðjG, 21. mál (uppsagnarfrestur). — Þskj. 21.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:11]

Frv. vísað til 2. umr. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁgG, ÁJ, BBj, EgJ, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, HBl, HjálmJ, HG, IBA, JE, JGS, JHelg, JónK, KÁ, KE, LMR, MF, ÓRG, PP, PBald, PB, RA, REl, SalÞ, SigG, SighB, SJS, TIO, VS, ÞorstP.

21 þm. (ÁRÁ, ÁMM, DO, EH, EKG, GAK, GÁS, HÁ, IP, JóhS, JBH, KHG, ÓE, PJ, RG, SAÞ, SP, StG, StB, SvG, ÖS) fjarstaddur.

Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Tollalög, frh. 1. umr.

Frv. GHall o.fl., 24. mál (tollfrjálsar verslanir í höfnum). — Þskj. 24.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:12]

Frv. vísað til 2. umr. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁgG, ÁJ, BBj, EgJ, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, HBl, HjálmJ, HG, IBA, IP, JE, JGS, JHelg, KÁ, KE, LMR, MF, ÓRG, PP, PBald, PB, RA, REl, SalÞ, SigG, SighB, SJS, TIO, VS, ÞorstP.

21 þm. (ÁRÁ, ÁMM, DO, EH, EKG, GAK, GÁS, HÁ, JóhS, JBH, JónK, KHG, ÓE, PJ, RG, SAÞ, SP, StG, StB, SvG, ÖS) fjarstaddur.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Úttekt á tekju- og eignaskiptingu í þjóðfélaginu, frh. fyrri umr.

Þáltill. JóhS, 31. mál. — Þskj. 31.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:12]

Till. vísað til síðari umr. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁgG, ÁJ, BBj, EgJ, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, HBl, HjálmJ, HG, IBA, IP, JE, JGS, JHelg, JónK, KÁ, KE, LMR, MF, ÓRG, PP, PBald, PB, RA, REl, SalÞ, SigG, SighB, SJS, StB, TIO, VS, ÞorstP.

19 þm. (ÁRÁ, ÁMM, DO, EH, EKG, GAK, GÁS, HÁ, JóhS, JBH, KHG, ÓE, PJ, RG, SAÞ, SP, StG, SvG, ÖS) fjarstaddir.

Till. vísað til félmn. án atkvgr.

Ráðherraábyrgð, frh. fyrri umr.

Þáltill. SvG, 34. mál. — Þskj. 34.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:13]

Till. vísað til síðari umr. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁgG, ÁJ, BBj, EgJ, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, HBl, HjálmJ, HG, IBA, IP, JE, JGS, JHelg, JónK, KÁ, KE, LMR, MF, ÓRG, PP, PBald, PB, RA, REl, SalÞ, SigG, SighB, SJS, StB, TIO, ÞorstP.

20 þm. (ÁRÁ, ÁMM, DO, EH, EKG, GAK, GÁS, HÁ, JóhS, JBH, KHG, ÓE, PJ, RG, SAÞ, SP, StG, SvG, VS, ÖS) fjarstaddir.

Till. vísað til allshn. án atkvgr.

Fjáraukalög 1994, 1. umr.

Stjfrv., 66. mál. — Þskj. 66.

[14:14]

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Borist hefur ósk frá þingflokki Alþb. um að ræðutími verði tvöfaldur, sbr. 3. mgr. 55. gr. þingskapa, bæði varðandi 9. og 10. dagskrármál. Verður orðið við því.

[14:14]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til fjáraukalaga ársins 1994. Það er að finna á þskj. 66 og er jafnframt 66. mál þingsins. Áður en ég vík að sjálfu frv. vil ég nefna að nokkur mál eru enn til sérstakrar skoðunar á milli ráðuneyta og þurfa e.t.v. að koma til kasta þingnefndarinnar síðar. Þar er einkum um að ræða rekstrarhalla nokkurra stofnana sem verið er að leggja mat á og gera tillögur um úrbætur. Þá vildi ég vekja sérstaka athygli á því að greiðsluheimildirnar sem sótt er um með frv. eru mun hærri en áætluð útgjöld ársins. Stafar það af flutningi fjárheimilda frá fyrra ári. Allar horfur eru á að ámóta miklar greiðsluheimildir standi eftir ónýttar í lok þessa árs og flytjist til næsta árs, nema að væntanlega dregur nokkuð úr yfirfærslu stofnkostnaðarheimilda. Þess vegna er vitaskuld gert ráð fyrir að afkoma ríkissjóðs verði í samræmi við endurskoðaða áætlun ársins, eins og ég mun reyndar gera betur grein fyrir hér á eftir, og að fluttar fjárheimildir frá fyrra ári komi þar ekki til viðbótar. Ég vek sérstaka athygli á þessu hér þar sem nokkuð hefur borið á því í umfjöllun fjölmiðla einkum og sér í lagi að ekki væri gerður nægilega skýr greinarmunur á greiðsluheimildum ríkissjóðs og áætlun um útkomu ársins. Í greinargerð frv. er farið yfir endurskoðaða áætlun um ríkisfjármálin og gefnar skýringar á einstökum atriðum mála. Við þessa 1. umr. mun ég því ekki fjalla um einstakar greinar frv. heldur gera grein fyrir innihaldi frv. í stórum dráttum.

Við afgreiðslu fjárlaga yfirstandandi árs var gert ráð fyrir að útgjöld ríkissjóðs umfram tekjur yrðu 9,6 milljarðar kr. Svigrúm til aðgerða á gjaldahlið var takmarkað. Þar var einkum um að kenna útgjöldum sem leiða af erfiðu árferði, eins og auknum atvinnuleysisbótum, í öðru lagi skuldbindingum stjórnvalda í tengslum við kjarasamninga, svo sem átak í vegafram-

kvæmdum, og í þriðja lagi áframhaldandi vexti í kerfisbundnum útgjöldum á borð við almannatryggingar og vaxtagjöld. Horfur voru á að fyrstu tveir þættirnir mundu jafnframt þrengja mjög að tekjuöflun ríkissjóðs. Þannig var áætlað að samdráttur í efnahagsstarfseminni mundi skerða tekjur ársins 1994 um tæplega 2 milljarða kr. Þá var talið að breytingar í skattamálum sem ákveðnar voru til að greiða fyrir gerð kjarasamninga yrðu til þess að lækka tekjur ríkissjóðs um 1,5 milljarða kr. En nú eru horfur á að rekstrarhalli ríkissjóðs verði 10,9 milljarðar kr. Ef þetta gengur eftir verður frávikið frá fjárlögum um 1,2 milljarðar kr. sem er mun minna en verið hefur um langt skeið.

Rekstrarafkoman í heild hefur ekki versnað þegar litið er á afkomu ríkissjóðs nema sem svarar 1% af tekjuáætlun fjárlaga en eigi að síður er um að ræða talsverðar breytingar bæði á gjöldum og tekjum. Þannig er nú talið að tekjur ársins 1994 verði um 106,8 milljarðar kr. eða um 2,6 milljörðum kr. hærri en í fjárlögum. Veldur þar mestu hagstæðari efnahagsframvinda en ætlað var í lok síðasta árs.

(**Forseti** (SalÞ): Forseti biður um að það sé hljóð í salnum.)

Í stað þess að landsframleiðslan dragist saman um 2% eins og spáð var í fjárlögum bendir endurskoðuð þjóðhagsspá nú til að hagvöxtur verði nálægt 2% á árinu eða tæplega 2%. Efnahagsbatinn kemur fram í aukinni veltu í flestum atvinnugreinum en einnig má merkja hann í betri afkomu fyrirtækja og auknum tekjum einstaklinga. Að samanlögðu er áætlað að þessir þættir skili ríkissjóði um 3,5 milljörðum kr. í auknum veltu- og tekjutengdum sköttum. Á móti kemur að tekjur af bifreiðainnflutningi og bensínsölu verða um 900 millj. kr. lægri en í áætlun fjárlaga.

Til þess að fá glögga mynd af helstu frávikum tekna og gjalda frá fjárlögum ársins 1994 er rétt að benda á yfirlit sem birt er á bls. 27 í greinargerð með frv.

Á gjaldahlið stefnir í nokkru meira frávik á fjárlögum en á tekjuhlið eða sem nemur um 3,9 milljörðum kr. og verða heildarútgjöld ársins þá um 117,6 milljarðar kr.

Nærri tveir þriðju hlutar aukinna útgjalda frá fjárlögum, eða um 2,4 milljarðar kr., eiga rætur að rekja til ákvarðana ríkisstjórnar og Alþingis, einkum um aukin framlög vegna fjárfestingar og í tengslum við kjarasamninga.

Í annan stað má rekja yfir 1 milljarð kr. af útgjaldaaukningunni til þess að ýmis áform um sparnað og aðhald hafa ekki gengið eftir, einkum og sér í lagi í heilbr.- og trmrn.

Afgangurinn skýrist að mestu annars vegar af því að gert er ráð fyrir að óhafnar viðhalds- og stofnkostnaðarheimildir frá 1993 sem nýttar verða í ár verði um 400 millj. kr. hærri en sams konar heimildir sem færast til næsta árs, og hins vegar af ýmsum ófyrirséðum smærri útgjaldatilefnum.

Ég sé ekki ástæðu til þess, virðulegi forseti, að fara mörgum orðum um tekjuhlið þessa frv. en vísa þar til greinargerðarinnar en þar er ítarlega fjallað um það hvernig efnahagsbatinn skilar ríkissjóði heldur meiri tekjum en gert hafði verið ráð fyrir í fjárlögum íslenska ríkisins fyrir yfirstandandi ár. Ef litið er hins vegar á útgjöldin, þá má rifja það upp að við afgreiðslu fjárlaga 1994 voru útgjöld ríkissjóðs áætluð um 113,8 milljarðar kr. samanborið við 112,9 milljarða kr. árið 1993.

(**Forseti** (SalÞ): Forseti biður um hljóð í hliðarsal.)

Nú er talið að útgjöldin verði 3,9 milljörðum kr. hærri en í fjárlögum eða um 117,6 milljarðar kr. Rekstrarkostnaður er nú talinn aukast um tæplega 700 millj. kr. og verður um 44 milljarðar kr. í árslok. Á föstu verðlagi hefur rekstrarkostnaður ríkisins þá lækkað um 1,4 milljarða kr. frá útkomu liðins árs og er það vissulega árangur sem ástæða er til þess að leggja áherslu á. Ég endurtek að eftir endurskoðaða útgjaldaáætlun í rekstrarkostnaði sýnist rekstrarkostnaðurinn lækka verulega milli ára. Þetta ber að hafa í huga, ekki síst vegna þess að um örlitla aukningu er síðan að ræða í fjárlögum eða í fjárlagafrv. vegna næsta árs.

Í hækkun rekstrargjalda vega þyngst um 450 millj. kr. útgjöld í tengslum við nýja og eldri kjarasamninga. Í annan stað er talið að útgjöld ríkissjóðs aukist um 300 millj. kr. vegna rekstrarhalla sjúkrahúsa. Önnur ný útgjaldatilefni eru af ýmsum toga eins og nánar er greint frá í athugasemdum við einstaka liði frv. Á móti lækka rekstrarútgjöld um rúmlega 200 millj. kr. þar sem ákveðið hefur verið að eftirstöðvar í Verðjöfnunarsjóði sjávarútvegsins renni til reksturs Hafrannsóknastofnunar.

Neyslu- og rekstrartilfærslur eru áætlaðar 45,6 milljarðar kr. í stað 44 milljarða kr. í fjárlögum og hækka þannig um 1,6 milljarða kr. Um þrír fjórðungar umframútgjaldanna eða 1,2 milljarðar kr. eru vegna lífeyris- og sjúkratrygginga. Þar af eru 300 millj. kr. vegna ákvörðunar ríkisstjórnarinnar um auknar eingreiðslur til lífeyrisþega og 800 millj. kr. vegna ýmissa sparnaðaráforma og aðhaldsaðgerða sem ekki hafa gengið eftir í sjúkratryggingum.

Viðhald og stofnkostnaður valda svipuðu fráviki á gjaldahlið og tilfærslur. Þessi útgjöld eru nú áætluð 16,5 milljarðar kr. en það er hækkun, ég endurtek, hækkun um 1,6 milljarða kr. frá fjárlögum. Því sem næst öll útgjaldaaukningin á rætur að rekja til sérstakra ákvarðana ríkisstjórnarinnar. Í fyrsta lagi eru útgjöld vegna kaupa á björgunarþyrlu 535 millj. kr. Í öðru lagi var gengið frá kaupum á húsnæði undir aðalskrifstofu utanrrn. fyrir 300 millj. kr. Þess skal getið að seljendur hússins eru opinberir aðilar, annars vegar Framkvæmdasjóður og hins vegar Byggðasjóður. Þá var ákveðið að bæta Vegagerðinni 350 millj. kr. viðbótarkostnað vegna vatnsaga í Vestfjarðagöngum og samþykkt lög um 300 millj. kr. framlag til að stuðla að samruna sjávarútvegsfyrirtækja á Vestfjörðum. Loks er talið að óhafnar viðhalds- og stofnkostnaðarheimildir frá 1993 sem nýttar verða í ár verði um 400 millj. kr. hærri en sams konar heimildir sem færast til næsta árs.

Ég tel ástæðu til að geta þess hér vegna gagnrýni sem fram hefur komið um samdrátt á fjárfestingarlið fjárlagafrumvarpsins, sem reyndar er ekki hér til umræðu, að þá er það tæplega 25% samdráttur frá áætl-

un yfirstandandi árs en þá ber að geta þess að sú áætlun sýnir talsvert miklu meiri fjárfestingar en gert var ráð fyrir í fjárlögum ársins þannig að þegar tekið hefur verið tillit til þessara liða sem ég hef nú lýst þá er samdrátturinn auðvitað miklu minni þegar við berum saman fjárlagafrv. og fjárlög yfirstandandi árs. Þetta nefni ég sérstaklega að gefnu tilefni.

Næst vil ég örstutt líta til lánahreyfinganna. Hrein lánsfjárþörf er nú áætluð 20.6 milljarðar kr. í ár og heildarlánsfjárþörfin 36,5 milljarðar kr. eða um 8,8 milljörðum kr. hærri en í fjárlögum. Sú aukning skýrist að sjálfsögðu að mestu af því að ríkissjóður hefur þurft að hafa milligöngu um 7 milljarða kr. lántökur fyrir Húsnæðisstofnun ríkisins þar sem innlend lánsfjáröflun stofnunarinnar hefur ekki gengið sem skyldi. Lakari rekstrarafkoma ríkissjóðs en áætlað var eykur lánsfjárþörfina um 1,2 milljarða kr. og að auki hækka lánveitingar til Þróunarsjóðs sjávarútvegsins um hálfan milljarð kr.

Talið er að unnt verði að afla lánsfjár að jöfnu á innlendum og erlendum lánamarkaði. Um síðustu áramót var innstæða ríkissjóðs hjá Seðlabanka um 4 milljarðar kr. Þess vegna er nokkurt svigrúm til að draga úr lánsfjárþörf ríkissjóðs með því að lækka sjóðstöðuna hjá Seðlabankanum.

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess nú við 1. umr. málsins að rekja einstakar greinar. Ég gat þess í upphafi að fjárln. mun að sjálfsögðu skoða þetta mál vandlega eins og venja er um sams konar frumvörp sem flutt eru á haustin. Það er einnig alkunna að endanlegt fjáraukalagafrv. kemur eftir áramót, venjulega í febrúar, og sami háttur verður á nú. Það hefur stundum borið á því í umræðum um fjáraukalög að menn hafa reynt að leggja saman greiðsluheimildartölur en niðurstaðan á undanförnum árum hefur verið sú að heimildirnar hafa ekki að fullu verið nýttar og afkoma ríkissjóðs þess vegna reynst talsvert betri en spádómar hafa verið uppi um, einkum og sér í lagi af hálfu stjórnarandstöðunnar þegar rætt hefur verið um fjáraukalög á undanförnum árum. Ástæðurnar eru af mörgum toga. Það til að mynda ruglar nokkuð dæmið að leyft hefur verið að færa bæði skuldbindingar og eignir milli ára og það má búast við því að bráðlega nái sú upphæð sem þannig færist á milli ára því hámarki sem við er að búast. Þetta auðvitað eykst fyrstu árin en síðan ættu þessar tölur að verða nokkuð stöðugar frá ári til árs.

Ég vil ítreka það, sem margoft hefur reyndar komið fram af minni hálfu og reyndar af hálfu annarra stjórnarþingmanna jafnt sem stjórnarandstöðuþingmanna, að smám saman hafa verið gerðar þær breytingar á framkvæmd fjárlaga að auðveldara hefur verið fyrir stjórnendur fyrirtækja og stofnana ríkisins að vinna eftir þeim með líkara hætti og gerist og gengur hjá stofnunum og fyrirtækjum í landinu. Það er úreltur hugsunarháttur að hugsa eingöngu á milli áramóta og keppast við að eyða greiðsluheimildum í desember ef eitthvað er eftir og/eða að halda að fyrirgefning syndanna verði um hver áramót. Við verðum að líta á ríkisreksturinn í lengri tíma og hafa það í huga að ef menn af einhverjum ástæðum fara yfir, fram úr greiðsluheimildum eitt árið, þá má búast við því að menn þurfi að herða mittisólina á næsta eða næstu árum og með sama hætti er það úrelt að taka greiðsluheimildir af fyrirtækjum og stofnunum ef sýnt er að þeir hafa haldið eftir heimildum með eðlilegum skýringum, t.d. vegna þess að dregist hefur að fjárfesta í þeim hlutum eða fjárfesta sem áætlað hafði verið á yfirstandandi fjárlagaári. Þetta hefur margoft verið rætt hér í umræðum á Alþingi og innan fjárln. og ég vil þakka fyrir þann mikla stuðning sem fram hefur komið af hálfu hv. alþm. við breyttar reglur um leið og ég viðurkenni það að sjálfsögðu að allar þessar nýju reglur þarf auðvitað að slípa og móta í tímans rás.

Sömuleiðis er með ýmsar aðrar reglur sem snerta samkipti Alþingis og framkvæmdarvaldsins eins og t.d. ýmsir ráðstöfunarliðir sem teknir voru upp í tíð fyrri ríkisstjórnar og ég held að hafi verið til mikillar fyrirmyndar og var auðvitað gert til þess að losna við marga smáa liði sem ellegar hefðu farið inn í fjáraukalagafrv. á haustin eins og tíðkaðist hér árum saman. Þess vegna er það þannig nú að í fjáraukalagafrv. er að finna yfirleitt stærri mál sem borin eru undir Alþingi, enda verðum við að ætlast til þess að ráðherrar geti nýtt ráðstöfunarfé sitt til þess að standa straum af kostnaði við óvænt útgjöld sem koma upp á árinu. Þetta segi ég hér vegna mikilla umræðna sem hafa orðið í þjóðfélaginu um þennan lið en jafnframt er ástæða til að taka fram að auðvitað þarf að vera sæmilega gott samkomulag um það hvernig slíkir fjármunir séu notaðir, að það sé fyrst og fremst innan þess verksviðs sem heyrir undir viðkomandi ráðuneyti og auðvitað hlýtur Ríkisendurskoðun að fylgjast með því og yfirskoðunarmenn reikninga að eðlilega sé farið með þetta fé eins og allt fjármagn sem er í greiðsluheimildum sem Alþingi samþykkir í fjárlögum. Þetta segi ég að því gefna tilefni að að undanförnu hafa átt sér stað nokkrar umræður um þessa þætti.

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess þó að ég hafi hér ærinn tíma til þess að flytja lengri framsöguræðu og vænti ég þess að þetta frv. geti að lokinni 1. umr. farið til hv. fjárln. og því verði vísað til 2. umr.

Útbýting þingskjala:

Forfallaþjónusta í sveitum, 105. mál, stjfrv., þskj. 108.

Jarðalög, 106. mál, stjfrv., þskj. 109.

Takmörkun á ráðstöfun síldar til bræðslu, 107. mál, stjfrv., þskj. 110.

Tilraunastöð í jarðrækt á Reykhólum, 104. mál, stjfrv., þskj. 107.

Útboð Vegagerðar ríkisins, 102. mál, fsp. GE, þskj. 105.

Vöruverð lífsnauðsynja og verðmunur á milli þéttbýlis og dreifbýlis, 103. mál, þáltill. GunnS og GE, þskj. 106.

[14:36]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Ég tel mikilvægt að hæstv. fjmrh. sé viðstaddur þessa umræðu. Jafnframt óskaði ég eftir því við hæstv. viðskrh. að hann yrði einnig viðstaddur umræðuna.

Þegar núv. hæstv. ríkisstjórn hefur á árinu verið að fjalla um efnahagsstefnu sína þá hefur það verið talinn kjarni hennar á þessu ári að ná niður og viðhalda vaxtalækkun. Ríkisstjórnin bjó til viðmiðunarmark 5% vexti sem fól í sér í senn prófstein og innri kjarna þess stöðugleika og árangurs í efnahagsmálum sem ríkisstjórnin taldi helsta kost verka sinna.

Það frv. sem hér er til umræðu staðfestir að ríkisstjórninni hefur mistekist að framfylgja þessari stefnu. Markaðurinn hefur afneitað því 5% vaxtamarki sem ríkisstjórnin setti. Sú umræða sem verið hefur síðustu daga um yfirvofandi vaxtahækkanir og yfirlýsing hæstv. viðskrh. í Ríkisútvarpinu í gær að fjárstreymi úr landi um næstu áramót muni leiða til enn frekari vaxtahækkana er auðvitað ásamt því frv. til fjáraukalaga sem hér er til umræðu staðfesting á því að vaxtastefna ríkisstjórnarinnar er ekki lengur raunhæf. Það kemur skýrt fram í greinargerð þessa frv. á bls. 28 og 32 að ríkissjóður hefur á þessu ári orðið að taka að sér að fjármagna Húsnæðisstofnun ríkisins um 7 milljarða kr. Það gleymist hins vegar í greinargerðinni að gera grein fyrir því hvers vegna ríkissjóður, sem ætlaði sér ekki í upphafi að taka að sér þetta hlutverk, hefur orðið að gera það. Jú, skýringin er sú að Húsnæðisstofnun ríkisins hefur haldið sér við 5% markið og neitað að selja nokkurt bréf sem ekki væri keypt á því vaxtastigi. Niðurstaðan hefur orðið sú að aftur og aftur og aftur hefur Húsnæðisstofnun mistekist að selja bréfin. Markaðurinn hefur ekki viljað kaupa bréf Húsnæðisstofnunar á því vaxtastigi sem tengt er hornsteininum í efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar, 5% vöxtum. Ríkissjóður hefur þess vegna orðið að gangast í ábyrgð fyrir hvorki meira né minna en 7 milljörðum kr. það sem af er þessu ári vegna þessa markaðsbrests 5%-bréfanna frá Húsnæðisstofnun. Þess vegna kemur það fram í þessu frv. að hrein lánsfjárþörf ríkisins er á árinu 1994 ekki rúmir 11 milljarðar eins og gert var ráð fyrir í fjárlögum fyrir þetta ár, heldur rúmir 20 milljarðar og heildarlánsþörf ríkissjóðs er á árinu 1994 ekki rúmir 27 milljarðar eins og gert er ráð fyrir í fjárlagafrv. heldur rúmir 36 milljarðar eins og fram kemur í þessu frv. til fjáraukalaga. Lántökur ríkissjóðs hafa vaxið úr 27 milljörðum í 36 milljarða.

Það hefði verið rétt fyrir hæstv. fjmrh. að ganga af meiri hógværð um þær yfirlýsingadyr sínar að undanförnu að á árinu 1995 verði mjög lítil lánsfjárþörf hjá ríkinu. Þegar fjmrh. mælti fyrir fjárlagafrv. fyrir nokkrum dögum þá var það eitt af höfuðatriðum í hans málflutningi eins og í frv. sjálfu að á árinu 1995 yrði mjög lítil lánsfjárþörf hjá ríkinu. Sama messa var sungin þegar fjárlagafrv. fyrir yfirstandandi ár var lagt fram. Niðurstaðan blasir við í þessu frv. Það eru þess vegna ekki bara yfirlýsingar fjmrh. um vexti á skammtímamarkaði sem gefnar voru sama daginn og hann mælti fyrir fjárlagafrv. Það eru ekki bara einstakar yfirlýsingar hæstv. viðskrh. í gærkvöldi sem ég mun koma að hér á eftir, heldur einnig það frv. til fjáraukalaga sem hér er lagt fram með formlegri tilkynningu til þingsins að ríkissjóður hefur orðið að greiða 7 milljarða af húsnæðisbréfum vegna þess að þau hafa ekki selst, heldur er það líka útgáfa ríkissjóðs á ECU-bréfunum sem felur í sér vantraustsyfirlýsingu á efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar. Ég mun hér á eftir knýja hæstv. viðskrh. og hæstv. fjmrh. til þess að skýra nánar þann grundvöll sem liggur á bak við útgáfu ECU-bréfanna vegna þess að eigi þau að standast markaðssamkeppni við þau bréf sem ríkissjóður er að bjóða að öðru leyti, þá þarf að vera á Íslandi 3,5% verðbólga. Útgáfa ECU-bréfanna felur þess vegna í sér spásögn fjmrn. um það að hér verði 3,5% verðbólga eða þá að fjmrn. er að tilkynna markaðnum að það sé ekki traust á íslensku krónunni vegna þess að ef hvorugt gerist, ef hvorki verður hér 3,5% verðbólga né breyting á gengi krónunnar, þá eru ECU-bréfin einfaldlega ekki söluhæf vara. Ríkissjóður hefur þess vegna með útgáfu verðbréfanna sjálfra tilkynnt markaðnum að annað tveggja skuli hann ekki treysta gengi krónunnar eða hann skuli ekki treysta verðbólguspánni nema þá bréfin séu bara gefin út í gamni til þess að enginn kaupi þau.

Það er þess vegna algerlega óhjákvæmilegt að bæði hæstv. fjmrh., sem er reyndar starfandi forsrh., og hæstv. viðskrh. skýri hér í umræðunni í dag hvað er eiginlega að gerast, hvert er samhengið í öllum þessum yfirlýsingum og öllum þessum ákvörðunum hæstv. ríkisstjórnar.

Mér hefur reyndar verið tjáð — og er nú leitt að hæstv. forsrh. skuli ekki vera kominn til þings þannig að hægt sé að spyrja hann beint, en ég ber þá þá spurningu fram nú þótt hann sé fjarverandi — mér hefur verið tjáð að hæstv. forsrh. hafi á vettvangi ríkisstjórnarinnar eða í samræðum við einstaka ráðherra gagnrýnt útgáfu ECU-bréfanna. Hæstv. forsrh. hafi verið mjög óánægður með útgáfu ECU-bréfanna og ég skil það vel vegna þess að útgáfan felur það í sér að stefnuræða forsrh. hér á þinginu hafi verið marklaus. Bæði yfirlýsingarnar um stöðugleika krónunnar og yfirlýsingarnar um verðbólguna. Það er þess vegna nauðsynlegt að fá það skýrt fram hér hvort hæstv. forsrh. er sáttur eða ósáttur við útgáfu fjmrn. á umræddum ECU-bréfum.

Áður en ég kem nánar að því vil ég spyrja hæstv. fjmrh. hvort hann hafi tekið ákvörðun um það að ríkissjóður muni ekki enn frekar hlaupa undir bagga með Húsnæðisstofnun. Eru þeir 7 milljarðar sem ríkissjóður hefur orðið að láta af hendi vegna Húsnæðisstofnunar af því að enginn vil kaupa bréf Húsnæðisstofnunar á 5% vöxtunum, er það hámarkið? Þá er ég ekki bara að tala um árið í ár heldur líka fram yfir áramót. Ef svar hæstv. fjmrh. er á þann veg að ríkissjóður ætli ekki að borga meira en þessa 7 milljarða er alveg ljóst að vaxtastigið á bréfum Húsnæðisstofnunar hlýtur að hækka því að stofnunin hefur ekki getað fjármagnað sig með því að selja bréf á 5%.

Líka er athyglisvert og ég vil spyrja um afstöðu fjmrh. og viðskrh. til þess að önnur sönnunin fyrir því að vaxtastefnan er hrunin er að Seðlabankinn hefur orðið að kaupa húsbréf sem nemur 4 milljörðum. Eiríkur Guðnason, bankastjóri Seðlabankans, sá eini af bankastjórunum þremur sem hefur faglega þekkingu á peningamarkaði, þó hinir hafi kannski ágæta þekkingu á málinu almennt séð, lýsir því skýrt yfir í viðtali við sjónvarpið í fyrradag að ríkissjóður hafi gripið inn í og keypt húsbréfin til að reyna að halda vaxtastefnu ríkisstjórnarinnar uppi. Líka er athyglisvert að Birgir Ísleifur Gunnarsson, bankastjóri Seðlabankans, segir í viðtali við Morgunblaðið í dag að ástæðan fyrir því að Seðlabankinn hafi keypt 4 milljarða af húsbréfum sem hann hafi ekki ætlað sér að kaupa sé sú að það hafi verið, svo vitnað sé orðrétt í seðlabankastjórann: „...ákveðinn tappi í þeirri vaxtaþróun sem hér hafi orðið.“ Eða með öðrum orðum af því að tappi varð í vaxtastefnu ríkisstjórnarinnar varð Seðlabankinn að kaupa húsbréf sem nemur 4 milljörðum. Orðalag seðlabankastjórans er yfirlýsing um að markaðurinn hafi heldur ekki hvað þessa prófraun snertir haft trú á vaxtastefnu ríkisstjórnarinnar. Markaðurinn keypti ekki bréf Húsnæðismálastofnunar sjálfrar á 5%. Markaðurinn var ekki tilbúinn að kaupa húsbréfin miðað við það markmið þannig að Seðlabankinn varð að kaupa fyrir upp undir 4 milljarða. En nú getur Seðlabankinn ekki meir einfaldlega vegna þess eins og fram hefur komið að þanþol Seðlabankans til að kaupa meira af bréfum til að halda uppi óraunhæfum grundvelli vaxtastefnu ríkisstjórnarinnar er þrotið. Hvað gerist þá? Jú, þá byrja vextirnir af húsbréfunum að hækka og þeir hækka svo ört að báðir bankastjórar Seðlabankans, Eiríkur Guðnason og Birgir Ísleifur Gunnarsson, hafa lýst því yfir síðustu daga að þeir geti ekki einu sinni skýrt það hvað vaxtahækkunin á húsbréfunum sé ör. Bæði í viðtali við sjónvarpið og í viðtali við Morgunblaðið kemur þessi afstaða seðlabankastjóranna fram. Með öðrum orðum hafa seðlabankastjórarnir gefist upp á að tjá sig um vaxtahækkanirnar sem eru að gerast hér á markaðnum.

Síðan kemur þriðja röksemdin fyrir því að vaxtastefna ríkisstjórnarinnar sé hrunin. Hún er í yfirlýsingu seðlabankastjórans Eiríks Guðnasonar í sjónvarpinu í fyrrakvöld. Þar er þessi faglegi bankastjóri Seðlabankans er spurður að því: Erum við þá að horfa fram á það að vextir fari hækkandi? Hvað segir seðlabankastjórinn? Lýsir hann yfir trausti á vaxtastefnu ríkisstjórnarinnar? Gefur hann svar sem dregur úr ótta manna við að vextir kunni að hækka? Nei, seðlabankastjóri Eiríkur Guðnason segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Ég veit ekkert hvað framtíðin ber í skauti sér.“

(Viðskrh.: Það er öfugt við hv. þm.) Já, ráðherra viðskiptamála sem spáði vaxtahækkun í ríkisfjölmiðlunum í gær, getur hlegið að því og gefið í skyn að ég viti eitthvað um framtíðina, ráðherrann sem sjálfur var að segja þjóðinni í gærkvöldi að fyrir höndum væri vaxtahækkun. Ráðherrann, sem sjálfur sagði þjóðinni í gærkvöldi að fyrir höndum væri útstreymi til útlanda, ætti að hætta að hlægja í þingsalnum sérstaklega í ljósi þess sem hæstv. fjmrh. sagði hér fyrr í dag að engir ábyrgir menn töluðu með þeim hætti. En seðlabankastjóri treystir sér ekki til að gefa út yfirlýsingu um að vextirnir verði stöðugir. Ekki einu sinni að þeir verði stöðugir hvað þá heldur að þeir lækki. Nei, hann treystir því ekki til að lýsa því skýrt yfir að þeir muni ekki hækka. Og ef Seðlabankinn hefur ekki svo mikla trú á vaxtastefnu ríkisstjórnarinnar að hann sé tilbúinn með yfirlýsingum að styðja hana er ekki mikið eftir orðið af henni. Þegar Seðlabankinn hefur heldur ekki það mikla trú á vaxtastefnu ríkisstjórnarinnar að hann treysti sér til að kaupa meira af húsbréfum er heldur ekki mikið eftir af henni. Þegar Seðlabankinn er kominn á það stig að hann treystir sér ekki yfir höfuð til að safna meira af ríkispappírum til sín enda kominn með 25 milljarða af ríkispappírum í geymslu í Seðlabankanum þá er heldur ekki orðið mikið eftir af vaxtastefnu ríkisstjórnarinnar.

Til viðbótar við þetta allt saman birtist hæstv. viðskrh. í viðtali við Ríkisútvarpið í gærkvöldi. Þar segir hæstv. viðskrh. orðrétt og ég ætla að lesa það fyrir hæstv. fjmrh. vegna þess að það var alveg greinilegt fyrr í dag að hæstv. fjmrh. hafði ekki heyrt þessa yfirlýsingu viðskrh. Orðrétt segir viðskrh. í viðtali við Ríkisútvarpið í gær þegar hann er spurður að því hvort fjárstreymi úr landi muni ýta undir vaxtahækkun, með leyfi forseta:

„Já, það er umtalsvert fjárstreymi úr landi. Það er vegna þess að nú, þrátt fyrir allt tal um háa vexti á Íslandi, þá er það orðið svo að það eru betri skilyrði [það eru betri skilyrði, segir viðskrh.] í nálægum löndum til að ávaxta fé heldur en hér.“

Það er bara tilkynning frá viðskrh. um að vextir á Íslandi séu orðnir of lágir til að ávaxta fé sitt. En hæstv. viðskrh. var ekki búinn með yfirýsingar sínar. Hann sagði til viðbótar:

„Það eru borgaðir hærri vextir og lausafjárstaða bankanna hefur verið góð, þ.e. þeir hafa sóst mjög eftir því að fá lánsfé. Fjárfesting hefur hins vegar ekki aukist í landinu þrátt fyrir vaxtalækkun. Þannig að bankarnir eru með talsvert mikið af innlánsfé sem þeir koma ekki út með eðlilegum hætti.“ Ég endurtek líka þessa setningu fyrir fjmrh., „sem þeir koma ekki út með eðlilegum hætti“. Er hægt fyrir viðskrh. nokkurs lands að gefa skýrari yfirlýsingu um þörf vaxtahækkunar en að segja að bankarnir komi ekki út peningunum með eðlilegum hætti. Hæstv. viðskrh. var ekki búinn heldur bætti hann um betur. Hann sagði orðrétt, með leyfi forseta:

„Þeir hafa verið að nota þetta fé til að kaupa skammtímaríkispappíra á Íslandi. Nú er ávöxtunarboðið á skammtímaríkispappírum í nágrannalöndunum eins og t.d. í Svíþjóð orðið það vænlegt að menn freistast til að fara með fé sitt út.“ Síðan segir hæstv. viðskrh. orðrétt „að allt bendi þess vegna til þess að um áramótin þegar opnað verður algerlega og engar hindranir verða milli íslenska peningamarkaðarins og hins erlenda að fjármagn leiti úr landi sem leitt geti til vaxtahækkunar.“

Virðulegi fjmrh., þegar viðskrh. eins lands, sem er yfirmaður Seðlabankans á Íslandi vegna sérkenna íslenskrar stjórnskipunar — sem tíðkast nú reyndar ekki víða — tilkynnir formlega að fyrir höndum sé verulegt fjárstreymi úr landi, skýrir það með því að ekki séu nógu góð vaxtakjör sem bjóðast á Íslandi, lýsir því skýrt yfir að fjárstreymið muni leiða til vaxtahækkunar, þá er auðvitað alveg ljóst að það er ekki bara markaðurinn í húsbréfunum, ekki bara salan á bréfum Húsnæðisstofnunar ríkisins, heldur einnig ummæli viðskrh. sjálfs sem sýna það greinilega að 5% vaxtamark ríkisstjórnarinnar er hrunið.

Ég vil þess vegna biðja hæstv. fjmrh. að tjá sig um þessi ummæli viðskrh. og biðja viðskrh. að útskýra þau nánar í þingsalnum. Vegna þess að eftir allt það sem hefur verið sagt á undanförnum dögum um vaxtamálin og ríkisfjármálin er auðvitað óhjákvæmilegt að hæstv. viðskrh. standi fyrir máli sínu á þinginu.

Svo bætist inn í þessa mynd að í ljós hefur komið að gjaldeyrisvarasjóðurinn hefur hrunið um fjórðung það sem af er ársins. Gjaldeyrisvarasjóður Íslendinga hefur hrunið um fjórðung. Í upphafi ársins var gjaldeyrisvarasjóðurinn um 31 milljarður. Hann hefur lækkað og gjaldeyrisforði landsmanna þar af leiðandi minnkað um 8 milljarða. Fjárstreymið úr landi, sem viðskrh. var að spá að mundi hefjast um næstu áramót, mun þess vegna óhjákvæmilega hafa það í för með sér ef ekkert verður að gert að gjaldeyrisforðinn haldi áfram að minnka. Ég vil þess vegna spyrja hæstv. viðskrh. og hæstv. fjmrh.: Ætla þeir ekkert að aðhafast ef horfur eru á því eins og viðskrh. hefur lýst yfir að fjárstreymi verði úr landi um áramót og gjaldeyrisvarasjóðurinn muni áframhaldandi minnka? Út af fyrir sig er rétt hjá hæstv. fjmrh. að það er gott að greiða niður erlendar skuldir. En það þætti ekki góður búskapur á heimilum að greiða niður skuldir heimilisins eingöngu með því að fara í þann helga heimilissjóð sem fjölskyldan hefði geymt sér vegna skyndilegra áfalla. Gjaldeyrisforði landsmanna, gjaldeyrisvarasjóðurinn, er til þess að mæta skyndilegum áföllum í búskap okkar Íslendinga sem hæglega geta orðið hjá þjóð sem býr við fiskveiðar, hugsanlegan aflabrest, eða skyndilegar verðsveiflur á erlendum mörkuðum. Það sýnir ekki traustleika efnahagsstefnunnar að láta það gerast að gjaldeyrisvarasjóðurinn minnki á þennan hátt.

Það er vont að virðulegur fjmrh. skuli vera í símanum en ég skil vel að hann þurfi að fara í símann undir þessari umræðu. Það er alveg greinilegt að hann hefur ekki hugsað sig það í gegnum þessi mál að hann þurfi að hlaupa til og leita til aðstoðarmanna sinna til að geta staðið fyrir svörum í þingsalnum. En ég hélt að eftir allt sem ráðherrann er búinn að segja að hann væri með þetta á hreinu. (**FrS:** Ég var að reyna að hringja í borgarstjórann í Reykjavík.) Hringja í borgarstjórann í Reykjavík? (**Gripið fram í:** Það þýðir nú ekki að leita í sjóðina þar, þeir eru ekki til staðar.) Fjmrh. lét birta þessa auglýsingu hér. „Nú getur þú fjárfest í ECU á Íslandi.“ Hér er mynd af myndarlegri belju sem ég kallaði svo hér í ræðustólnum og taldi vera erlenda en var svo upplýstur af forseta Búnaðarfélagsins að væri íslensk. Það er rétt að hafa það á hreinu. En auglýsingin er mjög merkileg og útgáfa ECU-bréfanna er mjög merkileg. Það sýnir satt að segja skortinn á umræðu um fjármál á Íslandi að þetta skuli ekki hafa orðið tilefni til verulegrar umræðu í fjölmiðlum og annars staðar að fjmrh. gefur út þessi bréf. Eins og ég vék að áðan eru kjörin á bréfunum þannig að eigi fjárfestar að kaupa þau en ekki fara inn á önnur bréf sem fjmrh. er að bjóða á um 5% þá verður annað tveggja að vera fyrir hendi: Annaðhvort að yfirvofandi sé breyting á gengi íslensku krónunnar, sem gerir bréfin hagstæð þegar fram í sækir, eða að fjmrn. er að spá 3,5% verðbólgu á Íslandi til að vega upp muninn sem er á þessum vaxtakjörum og þeim sem fjmrn. býður að öðru leyti. Nú spyr ég hæstv. fjmrh.: Hvers vegna ákvað ríkissjóður að gefa út ECU-bréfin? Hvers vegna ákvað ríkissjóður að gera það með þeim hætti að annað tveggja verður að vera, breyting og þá gengisfelling á íslensku krónunni, eða aukin verðbólga, til að þetta séu hagkvæmir pappírar í samanburði við aðra sem eru hér á markaði? Eða er það þannig að Lánasýsla ríkisins, helstu ráðgjafar fjmrh. í peningamálum, séu líka komnir í hóp seðlabankastjórans, líka komnir í hóp Húsnæðisstofnunar, líka komnir í hóp markaðarins, sem trúir heldur ekki lengur á 5%-vaxtastefnu ríkisstjórnarinnar? Þess vegna hafa þessir ráðgjafar fjmrh. í Lánasýslu ríkisins mælt með því að bréf af þessu tagi væru gefin út.

Ég endurtek spurningu mína: Var það með glöðu samþykki hæstv. forsrh. að bréfin voru gefin út eða er það rétt sem heyrst hefur að hæstv. forsrh. hafi lýst óánægju sinni með þessa útgáfu vegna þess að hann skildi sneiðina? Hann skildi það að með formlegri útgáfu bréfanna var fjmrn. að gera að engu yfirlýsingar hæstv. forsrh. um bata, stöðugleika og árangur.

Virðulegi forseti. Stærsta breytingartalan í því frv. sem hér er til umræðu eru þeir 7 milljarðar sem fjmrn. hefur orðið að greiða vegna þess að 5%-bréf Húsnæðisstofnunar hafa ekki selst.

Stærstu breytingarnar sem felast í þessu frv. eru þær sem birtast á lánsfjárþörf ríkisins. Allt það, sem hér kemur fram, yfirlýsingar ráðherranna sjálfra, útgáfa ECU-bréfanna og afstaða markaðarins ber allt að sama brunni. Það 5% vaxtaþak, sem ríkisstjórnin setti sér sem viðmið, er hrunið. Fram undan er þess vegna tími mikillar óvissu þar sem væntingarnar um vaxtahækkun munu einkenna aðgerðir markaðarins og ríkissjóður sjálfur með útgáfu ECU-bréfanna er mættur í dansinn. Viðskrh. sjálfur hefur með yfirlýsingum sínum í gærkvöldi tilkynnt íslenskum fjárfestum að betri vaxtakjör bjóðist erlendis, um áramót verði opnað og öllum gert frjálst að fjárfesta erlendis og þess vegna sé skynsamlegra fyrir íslenska fjárfesta að bíða og búa sig undir að njóta hinna góðu vaxtakjara sem eru erlendis. Auðvitað getur engin ábyrg ríkisstjórn horft upp á, hæstv. fjmrh. og hæstv. viðskrh., að gjaldeyrisforði landsmanna tæmist vegna þess að um áramótin munu svo margir vilja fjárfesta erlendis og nýta sér þessi góðu kjör. Þegar engin hindrun verður lengur á milli íslenska peningamarkaðarins og hins erlenda er traust

manna á íslenskri hagstjórn eina vörnin. Ef það traust er ekki fyrir hendi tæmist gjaldeyrisvarasjóðurinn. Þá streyma peningarnir úr landi og menn fjárfesta annars staðar. Orð ráðherra munu þess vegna ekkert duga í þeim efnum, það eru verkin sem munu tala. Mælingarnar á gjaldeyrisvarasjóðnum á næstu mánuðum verða þess vegna skýr ábending um það hvaða álit menn hafa á vaxtastefnu ríkisstjórnarinnar.

[15:05]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Örstutt, við getum vikið að þessu síðar samt. Ég fagna því að hv. þm. hefur áttað sig á því að beljan er íslensk en ekki útlensk. Ég hélt satt að segja á tímabili að hann gæti ekki sagt eitt einasta satt orð í sinni ræðu en nú hefur komið í ljós að hann getur meira að segja viðurkennt að honum hafi orðið á í messunni.

Varðandi ECU-bréfin lá fyrir eins og fram hefur komið áður í umræðum á þingi að búast mátti við að ávöxtunarkrafan væri 8,30–8,60. Þetta er svipað og er á LIBOR-markaði, svipað og í Danmörku og Portúgal og vaxtaniðurstaðan kom ekkert á óvart. Ástæðan fyrir því að bréfin eru gefin út er að auka fjölbreytni og freista þess að Íslendingar vilja kaupa þessi bréf ekkert síður en t.d. að tryggja sig fyrir framvirkum samningum erlendis.

Í öðru lagi vil ég taka það fram að þótt ríkissjóður taki 7 milljarða í stað Húsnæðisstofnunar hefur það ekki áhrif á markaðinn. Um nokkurt skeið hefur verið ljóst að stofnanir á ábyrgð ríkisins hafa boðið upp á vexti sem eru talsvert hærri en 5% og það er áhyggjuefni. Það hef ég rætt áður á hinu háa Alþingi.

Svo þegar hv. þm. kemur í ræðustól og talar um að vextirnir séu sprungnir og þess háttar er það auðvitað gert í þeim eina tilgangi að reyna að koma á skipulagsleysi í þessum efnum, reyna að blása það upp að allt sé að fara til fjandans. Má ég minna hv. þm. á það að þegar hann sat í ríkisstjórn á síðustu mánuðum var ávöxtunarkrafan á húsbréfum yfir 8%. Ágætur hv. þm. barði höfðinu við steininn, hélt áfram að skrá vextina eins og ekkert hefði í skorist. Nú hafa vextirnir stórkostlega lækkað frá þeim tíma. Þetta þolir hv. þm. ekki, hann getur ekki viðurkennt staðreyndir og kemur upp í ræðustól æ ofan í æ og heldur áfram að berja höfðinu við steininn.

[15:07]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Sé 0% verðbólga á Íslandi, sé spáð að hún verði 0–1% og ríkissjóður selur síðan bréf og virðist vera harla ánægður með söluna ef dæma má ummæli hæstv. fjmrh. — á 8,3% eða 8,6% vexti eru það 7–8% raunvextir, hæstv. fjmrh., ef spáð er stöðugu gengi og stöðugleika í verðbólgu. Þannig að hæstv. fjmrh. var að hæla sér af því fyrir einni mínútu að hafa selt ECU-bréfin á um 8% raunvöxtum og segir síðan að bréfin hafi verið gefin út til að skapa fjölbreytni. Já, það er alveg rétt, hæstv. fjmrh., það var gert til þess að skapa fjölbreytni. Það var gert til að skapa þá fjölbreytni að ríkissjóður gæti selt pappíra með 8% raunvöxtum af því að ríkissjóður sjálfur var búinn að gefast upp á því að selja þá um 5% af því að enginn keypti þau eins og Húsnæðisstofnun hafði réttilega reynt.

Svo kemur hæstv. fjmrh. og segir að vegna þess að menn eru að tala um staðreyndir, vegna þess að menn eru að tala um að gjaldeyrisvarasjóðurinn hafi minnkað um fjórðung, vegna þess að menn eru farnir að tala um það að ríkissjóður sjálfur sé farinn að selja verðbréf á 8% raunvöxtum, þá séu menn að blása eitthvað upp. Átti þögnin að leyna því hvað hér er að gerast? Var það virkilega þannig að fjmrh. byggist við því að það yrði ekki rætt um það þegar ríkissjóður væri farinn að selja verðbréf á 8% raunvöxtum? En ég vil hins vegar segja við hæstv. fjmrh. að það sem ég hef sagt um þessi mál er þó ekkert hjá því sem viðskrh. sagði í gærkvöldi. Ef einhver hefur blásið upp vantraust á vaxtastefnu ríkisstjórnarinnar þá er það sjálfur viðskrh. með yfirlýsingum sínum í gærkvöldi.

[15:09]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er hárrétt hjá hv. þm. að verðbólga mæld í framfærsluvísitölu hafi í 12 mánuði engin verið. En í fjárlagafrv. og þjóðhagsyfirliti og þjóðhagsspá kemur greinilega fram, og þetta er sýnt í fjárlagafrv., að spáð er að lánskjaravísitalan hækki um 2,5% á næsta ári. Það þykir mjög lágt. ECU-bréfin eru til fimm ára. Hefur hv. þm. nokkurn tímann heyrt talað um verðbólgu erlendis? Veit hann um það að verðbólga erlendis er meiri en hér? Veit hann að ECU-bréfin taka mið af meðalgengi annarra gjaldmiðla en íslenskra? Og veit hann það að spariskírteinin eru gefin út verðtryggð? Um hvað er hv. þm. að tala? Við ræddum þetta um daginn og meira að segja heyrði ég ekki betur en hv. þm. sem ég ræddi við þá skildu þetta. Nú kemur hv. 8. þm. Reykn. og upplýsir það að hann skilji ekki muninn á þessu. Þegar vextir á ECU-bréfum eru um 8,54 til 8,56 eru það svipaðir vextir og bjóðast á mörkuðunum í kringum okkur og koma engum á óvart enda er verðbólga þar en íslensku spariskírteinin eru gefin út verðtryggð. Ég vona að hv. þm. skilji þetta. Enda þótt verðbólga sé 0% hér mælt af framfærslu 12 mánuði aftur í tímann, þá er það svo að það er spáð að lánskjaravísitalan breytist um 2,5% og þykir mjög lágt. Því miður er óvissa fram undan vegna kjarasamninga, vegna kosninga. Ég hélt að hv. þm. mundi eftir árinu 1991 þegar það gerðist að viðskiptajöfnuðurinn var ekki í jafnvægi eins og nú, eins og í fyrra og eins og hann verður á næsta ári, heldur safnaði þjóðin upp 20 milljarða skuld. Þannig var skilið við hjá þeirri stjórn.

[15:11]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það verður að segja fjmrh. til hróss að þegar sannleikurinn er reiddur fram og blekkingarleikur ríkisstjórnarinnar tættur í sundur þá skiptir hann skapi og það er manndómur að því. Þessi ræða hæstv. fjmrh. var samfelld röksemdafærsla fyrir því að 5% vaxtaviðmiðun ríkisstjórnarinnar væri hrunin vegna

óvissunnar í kjaramálum, vegna óvissunnar í efnahagsmálum, vegna spár um hækkun lánskjaravísitölu og fleiri þátta sem hæstv. fjmrh. reiddi hér fram. Og vegna þess að markaðurinn er ekki tilbúinn að kaupa 5% verðtryggðu bréfin varð ríkissjóður að búa til þessa uppfinningu. Ef markaðurinn hefði verið tilbúinn að trúa orðum fjmrh. þá gat hann auðvitað haldið áfram að gefa út spariskírteinin með 5% vöxtunum. Hvers vegna gerði fjmrh. það ekki? Var það bara vegna þess, svo maður noti nú það orðalag sem annars staðar var notað um annað tilefni, að menn vildu hafa „varíasjónir í sexúallífið" vegna þess að eina röksemd fjmrh. sé að þetta væri til að auka fjölbreytnina? (Gripið fram í.) Ríkissjóður leikur sér ekki að því að auka fjölbreytni í ríkispappírum. Hann gerir það af illri nauðsyn vegna þess að gömlu pappírarnir seljast ekki. En það er hins vegar athyglisvert að þrátt fyrir það að hæstv. fjmrh. hafi komið upp hér tvisvar og farið mikinn þá hefur hann ekki svarað einu orði, hinu atriðinu sem ég spurði um. Það var spurningin um afstöðu hæstv. forsrh. til útgáfu ECU-bréfanna. Ég spurði að því hvort hæstv. forsrh. hefði verið sáttur við þessa útgáfu, hvort hann hefði lýst sérstakri ánægju með útgáfu þessara ECU-bréfa eða hvort það sé rétt sem heyrst hefur að hæstv. forsrh. hafi verið óánægður með þessa útgáfu. Það var auðvitað mjög athyglisvert að hæstv. fjmrh. forðaðist að nefna það einu orði. (**Fjmrh.:** Þetta er þingmaður sem segir sex.)

[15:13]

Guðmundur Bjarnason:

Hæstv. forseti. Það var dálítið fróðlegt að hlusta á þessa umræðu áðan um fjárhags- og efnahagsstefnu hæstv. ríkisstjórnar og vaxtastefnuna sem er nú greinilega að springa í höndunum á hæstv. ríkisstjórn þrátt fyrir viðleitni hennar til þess að reyna að halda vöxtum niðri, auðvitað góð viðleitni og nauðsynleg fyrir atvinnulífið og fyrir heimilin í landinu. En þá er það því miður að gerast að ríkisstjórnin ræður ekki við þetta. Það var kannski annað merkilegt líka að þrátt fyrir það að hér sætu undir þessari umræðu allri saman hæstv. viðskrh. þá heyrðum við ekki eitt einasta stakt orð frá honum, hann a.m.k. notaði sér ekki rétt sinn til andsvara við ræðu hv. 8. þm. Reykn. um málið en e.t.v. á hann eftir að gera það síðar í dag eða síðar í þessari umræðu. En umræðan um ECU-bréfin er eðlileg, það hlýtur að vera eðlilegt að við spyrjum út í það og fáum að heyra álit hæstv. ráðherra á því máli hvernig að því hafi verið staðið og hverjar þeir halda að verði afleiðingarnar. Hverjar verða afleiðingar t.d. í bankakerfinu? Hvað segir hæstv. viðskrh. bankamálanna um áhrifin af þessari skuldabréfaútgáfu og þeim vaxtakjörum sem þar voru í boði?

Mig langar til þess að nefna það þó ég hafi reyndar ekki ætlað að gera vaxtamálin að aðalefni minnar ræðu heldur fjalla svolítið meira um frv. sjálft sem hér er til umræðu og geri það á eftir, en mig langar samt í framhaldi af þessari vaxtaumræðu að benda á það að vextir í bankakerfinu, meðalvextir verðtryggðra bankalána eru núna um 8,5% samkvæmt upplýsingum sem ég hef fengið frá Seðlabankanum í dag og það er nánast sama prósentutala vaxta og var þegar hæstv. núv. ríkisstjórn tók við völdum, þá voru þessir meðalvextir rétt um 8,5%, reyndar aðeins undir og eru nánast á sömu prósentutölum í dag. En allan tímann þessi ár undanfarið — frá miðju ári 1991, allt árið 1992 og fram undir árslok 1993 — voru vextir þessir miklu, miklu hærri en hafa nú náð að vera í svipuðu fari eins og þeir voru í upphafi valdatíðar þessarar hæstv. ríkisstjórnar og nú er ekki nokkur vafi á því að áhrifin af þessari nýju bréfaútgáfu verða auðvitað þau að bankavextir munu hækka, þeir hljóta að hækka í kjölfar þessarar nýju bréfaútgáfu. Ég þykist nokkurn veginn viss um að þó við teldum nú að svigrúm væri fyrir vaxtalækkun í bankakerfinu og menn hafa talað um það hér í umræðum um ríkisfjármálin á undanförnum dögum þá er allt sem bendir til þess að það stefni í þveröfuga átt núna eftir þessa skuldabréfaútgáfu. Það má líka minna á að það seldist ekkert af ríkisskuldabréfunum, 5%-vaxtabréfum hæstv. fjmrh., þegar hann bauð ECU-bréfin, ekki eitt einasta tilboð kom ef ég man rétt. Ráðherra staðfestir það þá hér á eftir eða leiðréttir ef þetta er ekki rátt hjá mér. Ég held að það hafi ekki komið eitt einasta tilboð í ríkisskuldabréfin hans þegar hann bauð um leið ECU-bréfin. En tilboðin sem bárust komu öll í þessi nýju bréf með háu vöxtunum.

Nóg um það að sinni, hæstv. forseti. Ég ætla að snúa mér aðeins að því að ræða um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1994, sem hér er til umræðu, og auðvitað tengist þessi vaxtastefna og efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar því sem þar er að gerast, því sem þar er verið að boða og því sem þar kemur fram. Það er vissulega gott að fá þessi fjáraukalög svo tímanlega inn í þingið til umræðu á meðan þingið er að fjalla um frv. til fjárlaga fyrir næsta ár þannig að við sjáum þennan samanburð, sjáum hvað er á ferðinni, sjáum hvaða vanda við búum við í ríkisfjármálunum og hvað hæstv. ríkisstjórn hefur verið að gera á þessu ári sem nú er að líða. Hvernig henni hefur tekist að standa við þau fjárlög sem samþykkt voru hér fyrir ári síðan eða svo.

Það má auðvitað nefna að það eru nokkrir smærri liðir hér sem skipta ekki öllu máli en vekja þó til umhugsunar og við þurfum vissulega að hafa til skoðunar þegar við fjöllum um fjárlög fyrir næsta ár. Ég nefni t.d. uppgjörið við sveitarfélögin sem hér er sagt að sé loksins búið að gera endanlega upp með þessari fjárveitingu sem hér er lögð til. Ég nefni embætti sýslumanns á Keflavíkurflugvelli sem hér fær aukafjárveitingu. Það segir okkur að áætlun um hans fjárreiður í fjárlögunum var röng eins og reyndar var talið strax í fyrra og sýnir sig nú að stóðst ekki. Ég nefni vistheimilið á Sólheimum í Grímsnesi sem ég vona þó að sé að nást endanleg niðurstaða með. Hér er lögð til aukafjárveiting til þeirrar stofnunar. Það a.m.k. gefur okkur ástæðu til að fara yfir það í sambandi við fjárlagagerðina og vera viss um að nú séum við búin að ná endum í því erfiða máli. Ég nefni t.d. veiðistjóraembættið en þar er einnig lögð til viðbótarfjárveiting, átti að skera og var skorin verulega niður fjárveiting til þess embættis í fjárlögum yfirstandandi árs. Það sýnir sig hins vegar á þessu fjáraukalagafrv. að það gekk

ekki upp. Nú er aftur lagt til að það eigi að skera verulega niður fjárveitingar til þess embættis á fjárlögum næsta árs. Er líklegt að það standist? Ég nefni þessi litlu dæmi til viðvörunar um það hvað frv. var í fyrra og fjárlögin fyrir yfirstandandi ár voru á mörgum sviðum óraunhæf og á það var bent. Þar að auki má minna á að í þeirri tillögu, sem varðar veiðistjóra og getið er um í greinargerð fjárlagafrv. að kalli á lagabreytingu, er auðvitað verið að færa byrðar á sveitarfélögin, ekki stóra upphæð en það er einu sinni enn höggvið í þann sama knérunn að það er verið að færa skuldbindingar frá ríkinu sem það hefur lögum samkvæmt tekið að sér að annast yfir á sveitarfélögin án samráðs hygg ég. Ég á ekki von á því að þessi tilfærsla eða breyting sem hér er boðuð hafi verið borin undir sveitarfélögin. En ég sagði allt eru þetta smámál og aðeins nefnd til upprifjunar og tínd hér til til að minna okkur á að það þarf að skoða bæði stórt og smátt í því fjárlagafrv. sem við erum nú að fjalla um.

Í þessu fjáraukalagafrv. er hins vegar stóra málið hin stórauknu útgjöld ríkissjóðs. Útgjöld langt umfram fjárlög ársins. Þar er um að ræða 4 milljarða kr. Hæstv. ráðherra sagði það hér í framsöguræðu sinni áðan að ekki séu viðbótarútgjöld boðuð í þessum fjáraukalögum nema upp á 1,2 milljarða kr. og sé það minnsta sem um geti um langt árabil. Þetta kalla ég nú að halla nokkuð staðreyndum. Vissulega er það rétt, því betur skulum við segja, að tekjuhliðin hefur einnig hækkað. Hún hefur hækkað um sem nemur 2,5 milljörðum kr. eða áætlað að hún muni gera það á þessu ári og það lagar að sjálfsögðu þennan mikla halla sem nú er á útgjöldunum. Það er gott að tekjurnar aukist. Það eru ýmis utanaðkomandi áhrif sem hafa haft áhrif á það. Það hefur verið meiri afli, það hefur verið betri afkoma hjá sjávarútveginum, það hefur verið ívið betri afkoma hjá fyrirtækjunum í landinu en áætlað var og það er efnahagsbati erlendis sem hefur gert það að verkum að við höfum getað selt okkar afurðir. Þetta hefur þýtt það að velta í þjóðfélaginu og tekjur ríkissjóðs hafa verið nokkuð meiri en fjárlögin gerðu ráð fyrir. En það hefði auðvitað verið gott og nauðsynlegt að nota þessar auknu tekjur til að draga úr hallanum á ríkissjóði, til að reyna að lækka hallann sem var ærinn fyrir. En það verður ekki, þvert á móti hækkar hann um á annan milljarð króna af því að útgjöldin hafa farið öll úr böndunum sem nemur 4 milljörðum kr. Við skulum aðeins líta nánar á þessi útgjöld sem eru upp á 4 milljarða kr.

Það kemur okkur sumum ekki mjög á óvart að svo skuli hafa farið vegna þess að við höfum bent á það margsinnis, gerðum það ítarlega við fjárlagaumræðuna í fyrra, að fjárlögin væru í veigamiklum atriðum óraunhæf. Ýmsar stofnanir hafa þó staðið við fjárlögin og haldið sig vel innan þess ramma og það er vel. Það stafar auðvitað af því að það er meiri stöðugleiki í efnahagsmálum, það er sama og engin verðbólga og stofnanirnar hafa barist við að halda sig innan fjárlagarammans sem þeim er skammtaður þó svo við vitum það af fréttum nú nýlega, og ég kem kannski að því síðar, virðulegur forseti, ef ég hef tíma til, hvað er að gerast t.d. hér á sjúkrahúsunum í höfuðborginni Reykjavík, vegna þess að fjárlagaramminn er auðvitað allt of naumt skammtaður. En menn eru að berjast við að halda sig innan hans. Það er hins vegar eins og fyrri daginn ríkisstjórnin sjálf sem fellur á prófinu. Það eru aðgerðir ríkisstjórnarinnar sem valda því að fjárlagramminn springur. Sumt af þessu eru ákvarðanir sem þingið stóð saman að og allir voru meðvitaðir um að mundi kosta mikla fjármuni eins og t.d. kaup á nýrri björgunarþyrlu og er ekki mikið um það að segja, það er ákvörðun sem var tekin og var reyndar búin að vera lengi í fæðingu og var búið að taka langan tíma að taka og koma sér niður á. En ég nefni þetta sem dæmi. Annað má auðvitað nefna að það þarf að glíma við óvænt vandamál sem kom upp við gerð jarðganga á Vestfjörðum og þýðir ekkert annað en horfast í augu við svoleiðis staðreyndir. Á því verða menn að taka. En a.m.k. helmingurinn af þessum 4 milljarða kr. halla eru auðvitað hlutir sem ríkisstjórnin gat séð fyrir fram og var í mörgum tilfellum bent á.

Ég nefni svokallaðar eingreiðslur til almannatryggingakerfisins og atvinnuleysisbótaþeganna sem kostuðu 300 millj. kr. í aukin útgjöld. Ég nefni kjarasamningana sem taldir eru kosta 450 millj. kr. í aukaútgjöld. Ég nefni rekstrarhalla sjúkrahúsanna upp á meira en 300 millj. kr. og svo síðast en ekki síst sjúkratryggingarnar, sem voru nú dýrastar og fóru mest fram úr, upp á 800 millj. kr. af því þar var algjörlega óraunhæf áætlun og óraunhæfar hugmyndir sem lagt var upp með við fjárlagagerð í fyrra og því miður virðist nú eiga að reyna að leggja einu sinni enn út á þann ólgusjó í fjárlagafrv. fyrir næsta ár eins og greinargerðin ber með sér og tölurnar en það verður nú rætt síðar. Í viðbót við þetta er svo ýmislegt annað sem hér er tínt til í greinargerð fjárlagafrv. upp á 200–300 millj. kr. Hér tel ég því vera um 2 milljarða kr. eða helminginn af þessum viðbótarhalla að ræða, allt upphæðir eða tölur sem mátti sjá fyrir að meira eða minna leyti.

Ég ætla aðeins að fara nánar yfir það eða rökstyðja það mál mitt að telja að þetta hefði mátt sjá og þetta hafi verið fjárhæðir sem ríkisstjórnin var í raun að blekkja sjálfa sig með að áætla ekki fyrir eða gera ekki ráð fyrir við fjárlagagerðina sjálfa. Fyrst má nefna eingreiðslurnar upp á 300 millj. kr. Staðreyndin er sú að á árinu 1993 kostuðu þessar eingreiðslur 720 millj. kr. Það var upphæðin sem þessar eingreiðslur kostuðu á árinu 1993. Hins vegar var ekki áætlað í fjárlagafrv. og á fjárlögum þessa árs fyrir þessari upphæð nema 400 millj. kr. Ég segi að menn voru í raun að blekkja sjálfa sig með því að halda að þeir gætu lækkað tekjur og afkomu lífeyrisþega, ellilífeyrisþega, öryrkja og bótaþega almannatrygginga, um þessa upphæð. Ég tel að það hafi verið algerlega óraunhæft og mátt sjá það fyrir að þessar eingreiðslur, jafnvel þótt þær væru ekki samningsbundnar og gerðar í kjölfar samninga aðila vinnumarkaðarins þá máttu menn vita að til þeirra kæmi og þær væru óumflýjanleg útgjöld ríkissjóðs.

Varðandi kjarasamningana þá tel ég að það megi segja það sama með það. Auðvitað setja menn kannski ekki inn í fjárlög nákvæmlega þá tölu sem menn eiga

von á að samið verði um. Það er ekki sett inn á rekstrarkostnað Ríkisspítala einhver upphæð af því að það eigi eftir að semja við einhverjar stéttir sem þar vinna svo ég nefni dæmi, það gera menn ekki. En menn áætla fyrir því og það er reyndar gert í fjárlagafrv. næsta árs, sett inn á ákveðinn fjárlagalið undir fjmrn. til launa og verðlagsmála ákveðin upphæð sem menn gera ráð fyrir að þurfi óhjákvæmilega að greiða vegna komandi kjarasamninga. Hvort sem sú upphæð stenst svo eða ekki, það er annað mál og auðvitað getur ekki annað en reynslan leitt í ljós. En ég tel að það hafi verið blekking að gera ekki ráð fyrir að þessir lausu samningar, einkum við heilbrigðisstéttir, kostuðu fjármuni, það hefði verið hægt að áætla fyrir þeim á einhverjum hliðstæðum fjárlagalið eins og nú er áætlað að gera í fjárlagafrv. fyrir næsta ár. Hér er um að ræða 450 millj. kr. sem þessir nýju samningar eru taldir valda í auknum útgjöldum ríkisins.

Til þess að gæta nú alls réttlætis má nefna að nokkur upphæð af því, ef ég man rétt um 80 millj. kr., mun vera vegna deilumáls eða dóms sem kveðinn var upp vegna mála flugumferðarstjóra. Og varla var hægt að gera ráð fyrir að fyrir því væri áætlað, samt er auðvitað ljóst að hér voru dulin útgjöld sem skiptu hundruðum millj. kr.

Þá langar mig að fara aðeins yfir sjúkratryggingakaflann. Það er nú reyndar skrautleg lesning ef allt væri tínt til sem þar átti að gera samkvæmt fjárlagafrv. í fyrra eins og það lá fyrir og var reyndar mikil umræða um. (**GHelg:** Er ráðherrann ekki viðstaddur?) Ég sé reyndar að hæstv. ráðherra er hér í hliðarherbergi og ég þykist vita að hann sé að fylgjast ítarlega með þessari umræðu þannig að ég geri ekki sérstakar athugasemdir við það af því að ég sé að hann er hér í næsta nágrenni.

Ég ætla að leyfa mér að fara, aðeins til upprifjunar fyrir hv. þm. og hæstv. ráðherra, yfir það sem við ræddum ítarlega um hér í fyrra varðandi möguleikana á því að ná þeim sparnaði sem fjárlögin þá eða fjárlagafrv. þá gerði ráð fyrir varðandi sjúkratryggingarnar. Það geri ég sérstaklega vegna þess að mér sýnist að það eigi að leita sömu leiða aftur núna fyrir næsta ár, leiða sem ekki tókst að framkvæma á þessu ári. Leiða sem boðaðar voru í fjárlagafrv. en náðu ekki fram.

Þar var fyrst gert ráð fyrir því þegar frv. kom fram að spara í sjúkratryggingunum um 730 millj. kr. Það átti að gerast með nokkrum tilteknum aðferðum. Í fyrsta lagi átti að gefa út þessi margumræddu og frægu heilsukort og ég ætla nú ekki að eyða löngum tíma í það. Það var ákveðið fljótlega að falla frá þeim, það voru 400 millj. kr. sem þar töpuðust. Aðrir liðir sem átti að spara á voru t.d. í nýjum samningum við lækna um greiðslufyrirkomulag til þeirra upp á 30 millj. kr., það átti að endurskoða greiðslur fyrir röntgenmyndatökur og rannsóknir upp á 120 millj. kr., það átti að endurskoða lyfjafyrirkomulag, fyrirkomulag á lyfjaverðlagningu og spara 150 millj. kr. og síðan að bjóða út tannlækningar og spara 30 millj. Þetta var það sem var í viðbót við 400 millj. kr. heilsukortin. Nú þegar heilsukortin féllu út þá var auðvitað farið að leita mjög að sparnaði til að mæta þeim útgjöldum. Það var afar skemmtilegt hvernig það bar að hjá hv. fjárln., hugmyndir heilbrrn. og páv. hæstv. heilbrrh. um hvernig hann ætlaði að ná þessum sparnaði. Við fengum ítarlegt bréf, mig minnir að það hafi verið 2. des. eða svo, þar sem gert var ráð fyrir að ná fram þessum 400 millj. með öðrum aðferðum.

Það átti í fyrsta lagi að lækka kostnað vegna hjálpartækja um 100 millj. Það átti að lækka kostnað vegna utanferða, svokallaðan erlendan sjúkrakostnað, um 60 millj. Það átti í þriðja lagi aftur að lækka tannlæknakostnaðinn og nú ekki um 30 heldur 100 í viðbót, þ.e. 130. Það hafði uppgötvast þarna á þessum tveimur mánuðum að það væri hægt. Sjúkradagpeninga átti að lækka um 20 millj., sjúkraþjálfun átti að spara um 20 millj. og svo auðvitað af því að það var talið að það væri svo auðvelt að spara í lyfjum, þá átti að bæta svo sem eins og 100 millj. við þar, við þær 150 sem áður höfðu verið boðaðar. 100 millj. átti að taka í lyfjalækkun. Það átti reyndar næstum eingöngu að bitna á einhverju sem kölluð voru magasárslyf því að menn átu svo ótæpilega af þeim.

Það hafði reyndar gleymst að nokkru áður hafði verið boðað að spara enn frekar í sjúkratryggingum um 180 millj. kr. án þess að það hafi nokkurs staðar verið greint frá því hvernig það ætti að vera. Þegar farið var að spyrjast fyrir um það kom annað bréf fjórum dögum seinna, 6. des. Hitt var 2. des. eins og mig minnti. 6. des. kom nýtt bréf. Hvað skyldi nú eiga að spara, hvernig átti að ná þessum 180 millj.? Það átti enn að lækka hjálpartækin um 50 millj. Það átti að lækka erlenda sjúkrakostnaðinn um 15 millj. Það átti að draga úr sjúkradagpeningum og sjúkraþjálfun um 15 millj. og enn átti að spara 100 millj. í lyfjum. Og hvernig átti að gera það? Það átti að láta menn éta minna af magasárslyfjum. Í bréfinu þessu góða sem kom 6. des., fjórum dögum eftir fyrra bréfið.

Jæja. Það gerist síðan fyrir 3. umr. fjárlaga að þá muna menn nú allt í einu eftir því eða átta sig á því að það er fallið frá því að tekjutengja lífeyristryggingar. Þar átti að spara 200 millj., með því að tekjutengja lífeyristryggingarnar. Það hafði uppgötvast að það yrði nú ekki gert, það væri ekki framkvæmanlegt og þess vegna yrði með einhverjum ráðum að ná sparnaði upp á 200 millj. kr., sem átti að spara í lífeyristryggingunum, einhvers staðar annars staðar og því var dengt í viðbót á sjúkratryggingarnar, taka 200 millj. í viðbót af sjúkratryggingum. Enn kom bréf nú rétt fyrir jólin, 16. des. Og ég held að ég nenni nú ekki, virðulegur forseti, að telja það upp en það átti þá að spara það í samningum við lækna og á lyfjum og þessum sömu liðum aftur og aftur, enda sýnir það sig í þessu fjáraukalagafrv. sem við erum nú að fjalla um að ekkert af þessu hefur gengið eftir. Þetta tókst ekki. 400 millj. kr. heilsukortin, 200 millj. vegna lífeyristryggingganna, sem voru færðar yfir á sjúkratryggingar, og 180 millj. viðbótarsparnaðarins sem heilbrrh. var gert að spara, það náðist ekkert af því og nú er farið fram á 800 millj. kr. aukafjárveitingu til sjúkratrygginga.

Mér finnst þetta vera ágætt að hv. þm. aðeins rifji

þetta upp fyrir sér og hugleiði það um leið og við setjumst niður við að afgreiða frv. til fjárlaga fyrir næsta ár því að enn ætla menn að fara í sömu greinarnar. Ég er að vísu ekki með þá greinargerð fyrir framan mig núna en það kemur að því að við lítum nánar á það, bæði í fjárln. og vafalaust hér í umræðum í þinginu, hvernig það muni ganga að ná þeim sparnaði sem þar á að ná fram, bæði í lyfjum og sérstökum nýjum samningum við lækna svo að eitthvað sé tínt til af því sem þar er nefnt. Ég leyfi mér sem sagt að hafa miklar efasemdir um það, virðulegur forseti, að það náist fram en staðfestingin a.m.k. hvað varðar þetta ár sem nú er að líða liggur fyrir hér í þessu fjáraukalagafrv.

Síðan er hér farið fram á að rekstrarhalli sjúkrahúsa verði bættur sem nemur 320 millj. kr. Þar munar auðvitað mest um 100 millj. kr. til St. Jósefsspítala þar sem var svo hert að við fjárlagagerðina síðustu að það var algerlega útilokað að sú stofnun gæti gengið miðað við þær fjárveitingar öðruvísi en að lama starfsemina og reyndar lýstu forsvarsmenn þess sjúkrahúss þegar þeir gengu á fund fjárln. í fyrra því fjárlagafrv. einmitt á þann hátt að það væri hreinlega verið að ganga af spítalanum dauðum eða a.m.k. algerlega lama starfsemi hans. Nú hefur auðvitað verið reynt að halda þessari starfsemi gangandi og það sýnir sig að hér þarf að bæta 100 millj. kr. fjárveitingu við reksturinn og ég leyfi mér nú reyndar að efast um það, við höfum ekki ennþá rætt við fulltrúa þessarar stofnunar frekar en annarra stofnana, ég leyfi mér að efast um að það dugi til þess að endar nái saman í rekstri þeirrar stofnunar, ég er reyndar viss um að það tekst ekki. Og ég er alveg viss um það að 80 millj. kr. sem á að bæta Borgarspítalanum duga hvergi nærri. Og það höfum við auðvitað heyrt í fjölmiðlum seinustu daga að forsvarsmenn Borgarspítalans hafa verið að gera grein fyrir því hvernig komið er rekstri þeirrar ágætu stofnunar. Þar er ljóst og ég man eftir því og gerði grein fyrir því í fyrra í umræðunum að það væru um það bil 300 millj. sem fjárhagsvandi þeirrar stofnunar stefndi í og ég man ekki betur en ég heyrði forstjóra Borgarspítalans segja frá því í fréttum í gærkvöldi að vandi stofnunarinnar væri um 300 millj. kr. Hér á að bæta við 80 millj. sem er einkum vegna þess að það er verið að viðurkenna að þær sértekjur sem stofnuninni hafa verið áætlaðar muni ekki innheimtast. Og Ríkisspítalarnir fá hér síðan nokkra upphæð, 52 millj. sem ég er reyndar alveg viss um að duga hvergi nærri til þess að leysa þau vandamál sem þar er við að fást svo að það þarf enn að draga úr þjónustu á þessum mikilvægu sjúkrastofnunum.

Þetta finnst mér allt vera mál sem við höfum fulla ástæðu til, virðulegur forseti, að hafa miklar áhyggjur af. Við munum skoða þetta í fjárln. nú milli umræðna, við munum fara yfir þetta fyrir 2. umr. um fjáraukalagafrv. og ræða við fulltrúa Tryggingastofnunar og sjúkrahúsanna fyrir svo utan það að ýmsar aðrar stofnanir eiga auðvitað líka í miklum vanda. Ég ætla að leyfa mér að nefna t.d. Háskóla Íslands. Ég hef fengið í hendur í dag samþykkt háskólaráðs þar sem verið er að fjalla um stöðu þeirrar ágætu stofnunar og þar er gerð grein fyrir því að skólinn á mjög í erfiðleikum með að gegna sínu hlutverki. Fjárveitingar til hans hafa verið skornar niður alvarlega að undanförnu og þessi stofnun, sem ég hygg að hafi haft á sér gott álit og nemendur sem hafa komið frá Háskóla Íslands til framhaldsnáms erlendis í ýmsum greinum hafi þótt koma til náms þar vel undirbúnir — forsvarsmenn hinna ýmsu deilda hafa nú miklar áhyggjur af því að þeir geti ekki staðið við það sem þeim er ætlað og þeir geti ekki útskrifað nemendur með þeirri þekkingu sem til er ætlast og auðvitað krafist af stofnun eins og háskólanum.

Það er sannarlega áhyggjuefni. Ég ætla ekki að eyða tíma mínum, sem ég sé að hleypur nú mikið á, í það að lesa þessa ályktun en það væri þó þörf lesning og nauðsynlegt að gera stjórnvöldum grein fyrir því hvernig búið er að fara með háskólann.

Ég ætla svo aðeins, hæstv. forseti, að eyða örfáum orðum hér í lok ræðu minnar í það að fjalla um þessar yfirfærsluheimildir sem hér eru ráðgerðar í fjáraukalagafrv., heimildir til fjárveitinga frá liðnu ári sem gert er ráð fyrir að stofnanir fái að nýta sér. Ég hef áður lýst því að ég er efnislega sammála þeirri stefnu sem boðuð er, en ég held að við þurfum samt mjög að huga að okkur hvað varðar þennan þátt mála. Við þurfum mjög að gæta okkar í því að hafa yfirsýn, að yfirsýn tapist ekki um það hver er hin raunverulega rekstrarþörf stofnananna. Hvað er mikil ástæða til þess að flytja fjármuni á milli? Hvaða svigrúm eigum við að gefa stjórnendum stofnananna og hvernig á að fara með þær stofnkostnaðarfjárveitingar sem ekki nýtast á einu ári eða fjárveitingar til viðhaldsframkvæmda sem ekki nýtast á einu ári þegar við flytjum þær til þess næsta? Þetta þurfum við a.m.k. að hugleiða. Það kann að vera að það sé rétt sem kom fram hjá hæstv. fjmrh. áðan að þessar upphæðir hefðu náð einhverju jafnvægi. Við værum kannski að tala um einhverja 1–2 milljarða kr. sem gætu verið þær upphæðir sem við flytjum á milli ára og viðbúið er að það leiti einhvers jafnvægis en ef mikil frávik verða þá er a.m.k. nauðsynlegt að við áttum okkur vel á því.

Ég hefði svo viljað spyrja um þrjár eða fjórar upphæðir en það er auðvitað mál sem fjárln. getur aflað upplýsinga um aftur í sinni vinnu og kannski ekki ástæða til að krefja svara um það hér eða nú við þessa 1. umr. en ég vil þó nefna það sem er mér efst í huga og er á þessum lista sem fylgir í greinargerðinni. Þar er gert ráð fyrir því að flytja frá fyrra ári yfir á fjárlög þessa árs viðhalds- og stofnkostnaðarfjárveitingar almennra framhaldsskóla, nærri 300 millj. kr. Þetta er *æðistór tala, stafar sennilega af því að það sé hluti af* þeim milljarði sem ríkisstjórnin lofaði til atvinnuskapandi aðgerða á seinasta ári en ekki nýttist og er það þá auðvitað staðfesting á því sem við höfum haldið fram að það væri ekki unnið fyrir þær fjárveitingar eins og skyldi til þess að bæta atvinnuástandið. Þjóðminjasafnið fær hér yfirfærðar 64 millj. kr. og svo er hér það sem ég nefndi nú reyndar áðan af því að það er auk þessarar yfirfærslu gert ráð fyrir smáaukafjárveitingu, viðbótarfjárveitingu í uppgjöri við sveitarfélögin, að

það sé þá a.m.k. alveg ljóst og við höfum yfirlit yfir það að því máli sé þá endanlega lokið.

Síðan er hér æðistór upphæð, húsnæði og búnaður dómstóla, upp á 50 millj. kr., sem ekki hefur verið nýtt, og að lokum er hér æðihá upphæð, sem fjárln. hefur þegar beðið um skilgreiningu á eða lista yfir, en það eru fjárveitingar úr Framkvæmdasjóði fatlaðra upp á 80 millj. sem hér er óskað eftir yfirfærslu á en ekki skýrðar.

Ég endurtek það að ég krefst ekki neinna svara hér og nú um það hvað hér liggur að baki. Fjárln. mun afla sér þeirra í sinni vinnu þegar hún fjallar um frv. milli 1. og 2. umr. en þetta finnst mér vera ástæða til að nefna af því að við þurfum að hafa gott yfirlit, góða yfirsýn yfir þessar yfirfærslur þó að ég sé í aðalatriðum efnislega sammála um það markmið sem í því felst að hafa þessa heimild.

[15:43]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil vegna ræðu hv. 1. þm. Norðurl. e., Guðmundar Bjarnasonar, þakka honum fyrir þá athugasemd eða ábendingu sem kom fram hjá honum um beiðni um auknar fjárheimildir til Sólheima í Grímsnesi upp á tæpar 7 millj. kr. Þessi beiðni kom mjög mikið á óvart í ljósi þeirrar umræðu sem fór fram í fjárln. og hér í hliðarsölum þingsins fyrir afgreiðslu fjárlaga þessa árs og ég sakna þess satt að segja að sjá ekki hér hv. 12. þm. Reykv., Jóhönnu Sigurðardóttur, fyrrv. félmrh., sem barðist af öllu afli gegn því að Sólheimar í Grímsnesi fengju viðbótarfjárveitingu.

Meiri hluti fjárln. tók upp brtt. við fjárlagafrv. og hækkaði fjárveitingu til Sólheima í Grímsnesi í fullkominni andstöðu við hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og það hefði verið fróðlegt í þessari umræðu að fá hv. þm. til að gera grein fyrir afstöðu sinni núna þegar það liggur fyrir í þessu fjáraukalagafrv. að Ríkisendurskoðun hefur komist að þeirri niðurstöðu að félmrn. hafi haft rangt fyrir sér svo að nemi þessari upphæð, 7 millj., sem gerð er tillaga um að hækka framlag til Sólheima í Grímsnesi. Þetta er mjög merkilegt og rifjar upp þær athyglisverðu umræður sem fóru fram um Sólheima í Grímsnesi að undirlagi hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur sl. haust og sakna ég sárlega að hafa hana ekki, virðulegan þm., hér í þingsölum við þessa umræðu.

[15:45]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er skammur tími þar til þingflokksfundir hefjast og ég ætla aðeins að nefna hér nokkur atriði sem snerta þetta frv. en mun þá taka til máls síðar ef ástæða er til. En nú spyr ég virðulegan forseta: Hvar er hæstv. fjmrh. niðurkominn? Ég vil gjarnan sjá hann hér því að ég ætla að beina til hans spurningum sem vaknað hafa vegna þessa frv.

(**Forseti** (KE): Fjmrh. er í húsinu. Hann var hérna rétt áðan þannig að forseti býst við að hann sé skammt undan og mun gera ráðstafanir til þess að láta vita að hans sé óskað í salinn.)

Ég ætla samt að byrja á ræðu minni og segja það til að byrja með að þetta frv. speglar þá miklu fjármálasnilld sem þessi ríkisstjórn hefur sýnt. Hér er hinn mikli hallarekstur á ríkissjóði lifandi kominn og stefnir nú í 10,9 milljarða kr. sem er gífurlegur halli. Þetta er að vísu ekki miklu meira en gert hafði verið ráð fyrir en þetta er samt sem áður mjög mikill halli og skýrist af því að sparnaðaráform hafa ekki náð fram og einnig því að ýmsar ákvarðanir hafa verið teknar á þessu ári sem hafa í för með sér mjög aukin útgjöld. Ég ætla að fresta því núna að blanda mér í þá vaxtaumræðu sem hér átti sér stað en þess í stað ætla ég að nefna nokkur atriði sem koma fram í frv. og sem vekja stórar spurningar varðandi það hvernig haldið er á fjármálum ríkisins.

Það fyrsta sem vekur athygli er það mál sem var allnokkuð í fréttum og snertir 50 ára afmæli lýðveldisins þar sem í ljós kom að farið hefur verið tugi milljóna fram úr áætlunum. Ég hef undir höndum greinargerð sem dreift hefur verið í fjárln. varðandi þetta mál þar sem kemur í ljós að nánast hver einasti liður hefur verið vanáætlaður. Maður spyr sig að því hvernig staðið er að svona áætlanagerð þegar skeikar svo miklu, tugum milljóna. Hér er verið að biðja um nokkra tugi milljóna í aukafjárveitingu vegna þessa máls. Þetta er eins og ég segi nánast hver einasti liður, löggæsla, tónlistarflutningur, auglýsingar, björgunarsveitir, mannvirkjagerð á hátíðarsvæðinu, móttaka erlendra gesta o.s.frv. Ég held að menn hljóti að verða að taka betur á áætlanagerð, bæði í ráðuneytum og stofnunum ríkisins.

Þá vekur líka spurningar hjá mér í kaflanum um menntmrn. að þar er beðið um 50 millj. kr. aukafjárveitingu vegna fjölgunar nemenda í grunnskólum. Ég spyr: Hvernig í ósköpunum stendur á því að hægt er að vanáætla kostnað í grunnskólanum upp á heilar 50 millj. kr. Við vitum alveg nákvæmlega hvað nemendur eru margir, hvað hver árgangur er stór. Það getur skeikað einhverjum 10–20 nemendum sem flytja til landsins eða eitthvað slíkt en ég hreinlega skil ekki svona útreikninga. Hvernig stendur á því að menn hafa ekki nákvæmar tölur yfir það hvað nemendur eru margir? Svona er þetta ár eftir ár.

Það eru ýmsir liðir sem vekja athygli eins og 21 millj. kr. aukafjárveiting til lögreglustjóraembættisins í Reykjavík vegna þess að menn hafa gefist upp á að innheimta kostnað vegna gæslu erlendra þjóðhöfðingja. Ekki veit ég hvort þetta á rætur að rekja til heimsóknar þeirra Reagans og Gorbatsjovs, hvort það eru svo gömul mál eða hvað þarna er á ferðinni. (**Fjmrh.:** Sumt er svo gamalt.) Hæstv. fjmrh. kinkar kolli og kannski er bara raunsætt að viðurkenna að þetta næst ekki inn.

Síðasti ræðumaður fór allítarlega út í kaflann um heilbr.- og trmrn. þar sem kemur í ljós að hin miklu sparnaðaráform náðu ekki fram að ganga. Ég ætla ekki að endurtaka þá umræðu en snúa mér hins vegar að þeim lið sem mér þykir gegna mikilli furðu og það er 20 millj. kr. framlag til sjúkrahússins í Vestmannaeyjum. Hér kem ég að spurningum mínum til hæstv. fjmrh.

Þannig er mál með vexti að starfsmenn sjúkrahúss-

ins í Vestmannaeyjum fóru í mál við sjúkrahúsið vegna greiðslu á bakvöktum og dómur féll í héraðsdómi þeim í vil. Málinu var áfrýjað til Hæstaréttar sem felldi sinn dóm 25. nóv. 1993 og staðfesti þar dóm undirréttar. Málið var flutt fyrir hönd eins af starfsmönnum sjúkrahússins og litið þannig á að þarna væri um prófmál að ræða og að dómurinn þýddi leiðréttingu til annarra starfsmanna sem voru á þessum sömu kjarasamningum og tóku bakvaktir.

Nú vill svo til, virðulegi forseti, að það er næstum því heilt ár liðið síðan dómur féll í Hæstarétti og enn þá hafa þessir starfsmenn ekki fengið greitt, ekki einu sinni sá starfsmaður sem málið var höfðað fyrir. Hún hefur ekki fengið það greitt sem Hæstiréttur hefur kveðið upp úr að henni beri að fá. Hér er ekki um neinar smáupphæðir að ræða því þær hlaða á sig dráttarvöxtum mánuð eftir mánuð. Mér er sagt að starfsmenn á sjúkrahúsi Vestmannaeyja hafi reiknað út að viðkomandi starfsmaður fái u.þ.b. 4.000 kr. á degi hverjum núna í dráttarvexti. Ég spyr: Hvers konar vinnubrögð eru þetta? Ég veit að það hafa verið uppi deilur milli sjúkrahúss Vestmannaeyja og heilbr.- og trmrn. um það hver eigi að borga þetta, hvernig eigi að skipta þessu á milli. En hvers vegna í ósköpunum hefur fjmrn. ekki lagt út fyrir þessu til að spara þessa gífurlegu dráttarvexti?

Ég hef undir höndum ljósrit af innheimtubréfum sem voru send, þau eru reyndar frá upphafi þessa árs og hér skipta dráttarvextir hundruðum þúsunda, jafnvel milljónum.

Í fyrsta lagi finnst mér að með svona málsmeðferð sé verið að sýna því fólki sem leitar réttar síns fyrir dómstólum óvirðingu. Þvílíkt og annað eins að það líði heilt ár frá því að dómur fellur í Hæstarétti þar til fólk fær þetta greitt. Þetta er greiðsla fyrir vinnu.

Í öðru lagi finnst mér líka að með þessu sé verið að sýna Hæstarétti óvirðingu. Þetta er endanlegur dómur og framkvæmdarvaldið hlýtur að hlýða þeim dómi.

Í þriðja lagi er þetta mál mjög vont fyrir sjúkrahúsið í Vestmannaeyjum sem er náttúrlega fjársvelt eins og önnur sjúkrahús á landinu og má ekki við því að skuldir eins og þessar hlaði á sig dráttarvöxtum. Það er alveg ljóst að það verður að borga þetta. Þetta er samkvæmt dómi Hæstaréttar. Það er reyndar búið að senda mál allra þessara einstaklinga fyrir dóm og það er líka að hlaða á sig kostnaði. Þetta hefur í för með sér endalausan kostnað fyrir ríkissjóð. Ég spyr hæstv. fjmrh. — sem er hlaupinn í símann: Hvers konar meðferð er þetta á almannafé? Hvort sem við lítum á sjúkrahúsið í Vestmannaeyjum, bæjarsjóð Vestmannaeyja eða ríkissjóð þá er þarna um meðferð á almannafé að ræða. Þetta er auðvitað ótækt. Ég spyr mig: Eru mörg svona dæmi? Er mikið um svona málsmeðferð hjá ríkinu eða sveitarfélögum? Ríkið hefur tekið yfir reksturinn á sjúkrahúsi Vestmannaeyja en í þessum málum felst að annars vegar er um tímabil að ræða þegar sjúkrahúsið var rekið á ábyrgð bæjarsjóðs Vestmannaeyja hins vegar er það tímabil eftir að ríkið yfirtók reksturinn. Mergurinn málsins er sá að þessir starfsmenn sjúkrahúss Vestmannaeyja hafa ekki fengið þetta greitt þrátt fyrir að næstum því ár sé liðið frá því að dómur féll. Í öðru lagi hleður þetta á sig endalausum dráttarvöxtum.

Þetta er málsmeðferð sem er ríkissjóði til lítils sóma og ég hlýt að sjálfsögðu að fagna því að loksins er gert ráð fyrir því, í þessu frv., að þetta verði greitt. Ég veit ekki hvort þetta dugar en þetta er alla vega langt upp í þessar skuldir og þetta er orðið að 20 millj. kr.

[15:56]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er aðeins eitt atriði sem kom fram hjá hv. þm. sem ég vildi gjarnan nota tækifærið til þess að svara örlítið og það varðar sjúkrahús Vestmannaeyja. Það er rétt að hæstaréttardómur hefur fallið. Það ber að taka það fram að frá árunum fyrir 1990 var rekstur sjúkrahússins á ábyrgð bæjarfélagsins. Hæstaréttardómurinn er felldur aðeins á sjúkrahúsið sem slíkt. Ég veit ekki betur en það sé búið að borga frá 1990 eða frá þeim tíma sem ríkið tók yfir. (**KÁ:** Ekki eyri.) Þá er a.m.k. verið að ganga frá því þessa dagana og ríkið hefur ekki mótmælt því að þurfa að greiða þá upphæð sem komið hefur til álita eftir að ríkið tók sjúkrahúsið yfir og ber ábyrgð á rekstrinum en telur hins vegar að frá því að bærinn sá um reksturinn sé eðlilegt að bærinn beri ábyrgð á greiðslunum eða þá a.m.k. ásamt ríkinu. Viðræður hafa farið fram um það mál á milli aðila en niðurstaða ekki fengist. Ég veit ekki betur, og það er nú aðalatriði málsins af því að það kom fram í máli hv. þm. að engin greiðsla hefði borist, en þessa dagana sé verið að ganga frá slíkri greiðslu sem snertir tímabilið frá 1990. Ég hélt satt að segja að þessi upphæð í fjáraukalögunum væri einmitt greiðsluheimild til þess að greiða a.m.k. þann hluta skuldarinnar vegna dómsins sem Hæstiréttur felldi.

[15:58]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get fullyrt það eftir samtal við starfsmenn við sjúkrahúsið í Vestmannaeyjum að þeir hafa enn þá ekki fengið eyri greiddan af þessu enda ekki að furða að þeir spyrji hvers konar meðferð þetta sé á almannafé. Eftir því sem ég best veit hefur þetta allt verið í innheimtu og það var samið við ríkið um frest til 26. okt. Viðræður hafa átt sér stað. En orð hæstv. fjmrh. skýra fyrir mér hvers vegna hér er um 20 millj. kr. upphæð að ræða því það er jafnvel talið að öll skuldin sé töluvert hærri. Þetta er sennilega hlutur ríkissjóðs en það kann að vera að sá hlutur sem bæjarsjóður Vestmannaeyja ber sé ekki inni í þessu dæmi.

Það sem ég var fyrst og fremst að vekja athygli á er auðvitað að það skuli dragast svona lengi að gera upp skuld af þessu tagi og hún skuli látin hlaða á sig dráttarvöxtum í næstum því heilt ár.

Umræðu frestað.

Útbýting þingskjals:
Loftferðir, 108. mál, stjfrv., þskj. 111.

Út af dagskrá voru tekin 10.–16. mál.

Fundi slitið kl. 16:00.

---

16. FUNDUR

fimmtudaginn 20. okt.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Ofbeldisverk barna og unglinga, beiðni um skýrslu, 100. mál, þskj. 103. *Hvort leyfð skuli.*
2. Samningsveð, stjfrv., 88. mál, þskj. 88. — 1. umr.
3. Hlutafélög, stjfrv., 96. mál, þskj. 99. — 1. umr.
4. Einkahlutafélög, stjfrv., 97. mál, þskj. 100. — 1. umr.
5. Evrópsk fjárhagsleg hagsmunafélög, stjfrv., 98. mál, þskj. 101. — 1. umr.
6. Þingfararkaup alþingismanna, frv., 43. mál, þskj. 43. — 1. umr.
7. Lánskjör og ávöxtun sparifjár, frv., 44. mál, þskj. 44. — 1. umr.
8. Fjárframlög til stjórnmálaflokka, þáltill., 46. mál, þskj. 46. — Fyrri umr.
9. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 47. mál, þskj. 47. — 1. umr.
10. Staðsetning björgunarþyrlu, þáltill., 48. mál, þskj. 48. — Fyrri umr.
11. Atvinnuleysistryggingar, frv., 50. mál, þskj. 50. — 1. umr.
12. Aðgangur almennings að þingskjölum og umræðum á Alþingi, þáltill., 51. mál, þskj. 51. — Fyrri umr.
13. Héraðsskólinn að Núpi, þáltill., 52. mál, þskj. 52. — Fyrri umr.
14. Greiðsluaðlögun húsnæðislána, þáltill., 54. mál, þskj. 54. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:
Árni M. Mathiesen, 3. þm. Reykn.,
Einar K. Guðfinnsson, 3. þm. Vestf.,
Halldór Ásgrímsson, 1. þm. Austurl.,
Jón Baldvin Hannibalsson utanrrh.,
Kristinn H. Gunnarsson, 5. þm. Vestf.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 4. þm. Reykn.,
Svavar Gestsson, 9. þm. Reykv.,
Össur Skarphéðinsson umhvrh.

Útbýting þingskjala:
Markaðir tekjustofnar ríkisins, 113. mál, fsp. IBA, þskj. 116.
Niðurfelling virðisaukaskatts af barnafatnaði, 114. mál, fsp. IBA, þskj. 117.
Tekjutenging bóta í kerfi almannatrygginga, 112. mál, fsp. SigG, þskj. 115.
Tekjutenging bóta í skattkerfinu, 111. mál, fsp. SigG, þskj. 114.
Uppgjör bifreiðatjóna, 109. mál, fsp. SigG, þskj. 112.
Verslunarálagning matvæla, 110. mál, fsp. JHelg, þskj. 113.

Tilkynning um utandagskrárumræðu.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):
Forseti vill tilkynna að kl. 13.30 í dag fer fram utandagskrárumræða að beiðni hv. þm. Egils Jónssonar og verður landbrh. til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 50. gr. þingskapalaga og varir í hálfa klukkustund. Efni umræðunnar er fréttaflutningur ríkissjónvarpsins af verðmismun á landbúnaðarvörum hérlendis og erlendis.

[10:33]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(um fundarstjórn)*:
Virðulegur forseti. Ég hlýt út af fyrir sig að fagna því að hér sé boðuð utandagskrárumræða um fréttaflutning sjónvarpsins á samanburði á verðlagi búvara, en ég hlýt að spyrja, virðulegur forseti, er þetta ekki umræða sem eðli málsins samkvæmt hefði átt að beina til menntmrh. sem er sá ráðherra sem fer með málefni sjónvarpsins eða Ríkisútvarpsins og ég vil þess vegna spyrja virðulegan forseta undir þessum lið hvort það séu engar starfsreglur af hálfu forsetaembættisins varðandi það hvert beiðnum um svar við utandagskrárumræðu er beint, hvort hægt er að beina hvaða málefni sem er til hvaða ráðherra sem er. Ég hef að vísu eilítið á tilfinningunni að þarna sé meira um það að ræða að það sé klaufaskapur í því hvernig beiðnin er sett fram, en ég hlýt hins vegar að vekja athygli á þessu við forseta.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):
Vegna orða hv. þm. mun ástæðan vera sú að hæstv. landbrh. var nefndur að hv. þm. hefur óskað eftir nærveru hans. Í þingskapalögum eru hins vegar engin ákvæði um það hverjir ráðherrar skuli vera viðstaddir umræðu utan dagskrár og má vel vera að óþarfi hefði verið af forseta að geta þess að hv. þm. hefði óskað eftir viðveru hæstv. landbrh. en auðvitað getur hver þingmaður sem óskar eftir umræðu utan dagskrár sett fram óskir um að ákveðnir hæstv. ráðherrar séu viðstaddir. Annað svar hefur forseti ekki við þessu.

Samningsveð, 1. umr.

Stjfrv., 88. mál (heildarlög). — Þskj. 88.

[10:35]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um samningsveð sem lagt hefur verið fram á þskj. 88. Þetta frv. hefur verið lagt fram á tveimur þingum áður. Eins og kunnugt er eru núgildandi veðlög frá árinu 1887 og fela í sér mjög ófullnægjandi ákvæði um samningsveð. Á þeim tíma sem liðinn er frá setningu þeirra laga hafa verið sett ýmis lög varðandi samningsveð. Einkanlega á það við um veðsetningu í þágu lánastarfsemi ákveðinna atvinnugreina. Þróun réttarins á þessu sviði hefur því verið mjög brotakennd og ómarkviss, ólíkar reglur hafa gilt um veðsetningu eftir því hvaða atvinnugreinar hafa átt í hlut. Hér er að því stefnt að setja í fyrsta skipti heildarlöggjöf um samningsveð og taka á þeim helstu álitaefnum sem uppi eru í þeim efnum og gera löggjöfina samræmda þannig að sambærilegar reglur gildi um veðsetningar hver sem í hlut á og að hagsmunir þeirra sem lána út á veðsetningar séu tryggðir og jafnræði ríki í þeim efnum og hvers kyns mismunun eytt. Jafnframt er verið að rýmka heimildir til veðsetningar og þjónar það í verulegum mæli hagsmunum atvinnuveganna í landinu.

Frú forseti. Með því að þetta frv. hefur verið flutt á tveimur þingum á þessu kjörtímabili og ítarleg grein gerð fyrir því í framsöguræðum og enn fremur í athugasemdum með frv., þá vísa ég til þeirra skýringa og legg til að málinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Héraðsskólinn að Núpi, fyrri umr.

Þáltill. JVK og KHG, 52. mál. — Þskj. 52.

[10:40]

Ágústa Gísladóttir:

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um málefni héraðsskólans að Núpi en hún er á þskj. 52. Flm. eru Jóna Valgerður Kristjánsdóttir og Kristinn H. Gunnarsson. Tillagan hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela menntmrh. að skipa nefnd til að gera tillögur um framtíð Núpsskóla í Dýrafirði. Í nefndinni eigi sæti fulltrúar menntmrn. og heimamanna. Nefndin skili tillögum fyrir 1. mars 1995."

Virðulegi forseti. Rekstur héraðsskóla hefur verið á undanhaldi hin síðari ár. Sú staðreynd að flestir grunnskólar reyna nú að bjóða fram kennslu í efstu bekkjum grunnskólans í heimabyggð hefur valdið því að sífellt fækkar þeim nemendum sem sækja það nám í héraðsskólum. Vegna nemendafæðar var hætt við að reka Héraðsskólann að Núpi haustið 1992. Ekki hefur verið gerð tilraun til þess að taka þann rekstur upp að nýju. Staðurinn hefur skipað veglegan sess í skólastarfi í landinu og þar er mikill og góður húsakostur í eigu ríkisins sem stendur ónotaður. Það ætti að vera hagur ríkissjóðs að nýta hann sem best. Því er mikil nauðsyn á að Alþingi láti málið til sín taka og finni skólanum verkefni að nýju. Þar kemur ýmislegt til greina, svo sem skólastarf í nýjum búningi, skólabúðir í einhverju formi, námskeiðahald ýmiss konar eða leigja aðstöðu til ferðaþjónustu eða fyrirtækjarekstrar. Á sl. sumri var húsnæði skólans leigt til hótelrekstrar og virðist hafa gefist vel. Það skiptir miklu að nýta þessar eignir og halda þeim við. Það er allra hagur og getur einnig skapað ný atvinnutækifæri. Tillaga þessi var flutt á síðasta þingi en hlaut ekki afgreiðslu og er nú endurflutt óbreytt.

Á síðasta þingi var málinu vísað til hv. menntmn. Nefndin sendi tillöguna til umsagnar hjá ýmsum aðilum og ætla ég hér, með leyfi forseta, að vitna í nokkrar þær umsagnir sem nefndinni bárust. Þá er fyrst að telja umsögn Bandalags ísl. sérskólanema þar sem framkvæmdastjórnin lýsir stuðningi sínum við tillöguna og bendir á að húsnæði húsmæðraskólans á Varmalandi var nýlega falið Kennaraháskóla Íslands til afnota sem mun nota það húsnæði til þess að þjóna fjarskóla við skólann, nýrri deild við skólann.

Kvenfélagasamband Íslands telur æskilegt að skólaminjasafni verði fundinn staður, t.d. á gömlu virðulegu skólasetri eins og Núpsskóla. Ferðamálaráð Íslands fjallaði um málið og fékk jákvæða umsögn og benti á að hugsanlega gæti húsnæði skólans komið að gagni við vaxandi uppbyggingu ferðaþjónustu á Vestfjörðum. Menningar- og fræðslusamband alþýðu fjallaði einnig um málið allítarlega og telur rétt að tillagan verði samþykkt. Samband ísl. sveitarfélaga mælir með því að þáltill. verði samþykkt. Svo er einnig með ferðamálasamtök Vestfjarða og ferðamálasamtökin telja brýnt að umrædd nefnd verði skipuð sem fyrst. Kennarafélag Kennaraháskóla Íslands telur mikilvægt að svo þekktu skólasetri og verðmætum eigum ríkisins verði fundið verðugt viðfangsefni og lýsir því fylgi við tillöguna.

Að lokum er hér umsögn Kennarasambands Íslands sem tekur undir þessa tillögu, enda er mikilvægt að reisa þetta menntasetur til nýrrar virðingar og finna því ný verkefni og um leið nýta ágætan húsakost og aðstöðu sem þar er fyrir hendi.

Af framansögðu er ljóst að tillögunni hefur verið afar vel tekið af umsagnaraðilum og vænti ég þess að tillagan fái að þessu sinni fullnaðarafgreiðslu þingsins.

Ég vil að loknum þeim umræðum sem hér verða um málið leggja til að tillögunni verði vísað til síðari umr. og hv. menntmn.

[10:45]

Pétur Bjarnason:

Virðulegur forseti. Ég hafði raunar búist við að þetta mál yrði á dagskrá síðar í dag. Þetta er till. til þál. um málefni Héraðsskólans á Núpi. Á sínum tíma var skipuð nefnd til að gera tillögur um málefni Héraðsskólans í Reykjanesi. Sú nefnd lauk störfum og skilaði sínum tillögum til menntmrh. Síðan er alllangt og hefur ekkert verið gert með þessar tillögur. Það er ástæðan fyrir því að ég er ekki meðflm. á þessari þál-

till. að ég sé út af fyrir sig ekki tilgang með því að vera að skipa nefndir, skila tillögum og síðan er ekkert gert með málið. Eins og kemur fram í greinargerð þá hefur ekki verið stundað nám við Héraðsskólann á Núpi síðan 1992, og reyndar blandast inn í Héraðsskólinn í Reykjanesi en þar var lögð niður kennsla 1991. Þarna eru miklar byggingar og að mörgu leyti góðar og vandaðar sem liggja undir stórskemmdum vegna skorts á viðhaldi og notin fyrir þær eru afskaplega takmörkuð. Það er reyndar saga héraðsskólanna allra að það hafa orðið geysilega miklar breytingar á afstöðu fólks og breytingar á menntakerfi og það má kannski rekja þetta aftur til breytinga á grunnskólalögum 1974. Frá þeim tíma fer vegur héraðskólanna hnignandi sem kannski er eðlilegur hlutur vegna þess að nám í heimabyggð með stofnun heildstæðs grunnskóla verður staðreynd.

Það eru ekki not fyrir þessa héraðsskóla í núverandi mynd eins og málið stendur núna og á fyrirspurn sem Jóna Valgerður Kristjánsdóttir bar fram á síðasta þingi kemur fram að þrír héraðsskólar störfuðu á landinu í fyrravetur og svipað ástand mun vera núna. Þetta er mikill munur á eða var fyrir 20 árum eða svo þar sem samanlagður nemendafjöldi þessara skóla er rétt innan við 250. Þetta er mikill munur eða var fyrir 20 árum eða svo þegar nemendafjöldi í héraðsskólum skipti mörgum hundruðum og var í hverjum þeirra yfirleitt á annað hundrað nemendur og mikið og blómlegt starf í skólunum. Það sem hefur gerst síðan er að grunnskólanám hefur færst að verulegu leyti í heimabyggðir í smærri kauptún og þorp en áður var og starfsgrundvöllur héraðsskólanna er því allt annar og nánast horfinn.

En mér finnst vera aðalatriðið í þessu máli að þarna á ríkið miklar og dýrar húseignir sem það notar ekki og fæst kannski ekki svo auðveldlega til annarra nota fyrir utan að þær hafa verið notaðar til hótelreksturs sl. sumar að Núpi og lengur á Reykjanesi. Þetta er afskaplega góð starfsemi en dugar engan veginn til að hægt sé að halda þessum húseignum við. Eins og gat um áðan þá liggja þær undir skemmdum.

Eðlilegast væri þar sem svo virðist sem ríkið finni engan starfsgrundvöll fyrir þessar eignir sínar, finni enga starfsemi sem hentar að hafa þarna þá held ég að það væri heiðarlegast af ríkinu að afhenda þessar eignir þeim sem þarna búa.

Ísafjarðarkaupstaður á lönd undir Héraðsskólanum í Reykjanesi og hann á raunar forkaupsrétt að þeim byggingum og mannvirkjum sem þar standa. Eðlilegt væri kannski að ríkissjóður afhenti Ísafjarðarkaupstað Héraðsskólann í Reykjanesi til afnota og án kvaða til þess reksturs sem þeir fyndu grundvöll fyrir þar. Líkast til væri það héraðsnefnd Ísafjarðarsýslu sem væri réttur aðili til að taka við Héraðsskólanum á Núpi.

Vandamálið við þetta er hins vegar það að eins og ég gat um áðan þá skortir stórlega á viðhald á þessum húsum svo það er í rauninni ekki á nokkurs færi, hvorki Ísafjarðarkaupstaðar né héraðsnefndar, að taka við þessum byggingum eins og þær eru núna með þeim geysilegu þörfum sem fyrirsjáanlegar eru í eðlilegu viðhaldi til að koma þeim í það ástand sem vert er.

En ég held að þessi hugmynd sé allrar athygli verð og henni er hér með komið á framfæri við þá sem þar um ráða.

[10:50]

Ágústa Gísladóttir:

Virðulegi forseti. Hv. 2. þm. Vestf. taldi ekki ástæðu til að skipa nefnd um málefnið sakir þess að ekkert hafi verið gert með álit nefndar sem skipuð var um málefni Reykjanesskóla. Flm. þessarar tillögu telja nauðsynlegt að vinna þá undirbúningsvinnu sem nefndinni er ætlað til að hægt sé að ákveða með áframhaldandi rekstur þessara stofnana. Það er hins vegar nauðsynlegt að fylgja þessum málum eftir og sjá til þess að menntmrh. í þessu tilfelli fylgi málinu eftir á síðari stigum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tilkynning um dagskrá.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Hæstv. viðskrh. hefur óskað eftir að fá að tala fyrir þrem málum í einu. Það er í fyrsta lagi 3. mál, Hlutafélög, einnig 4. dagskrármál, Einkahlutafélög, stjfrv., 97. mál, þskj. 100, og í þriðja lagi 5. dagskrármál, Evrópsk fjárhagsleg hagsmunafélög, stjfrv., 98. mál, þskj. 101.

Samkvæmt 3. mgr. 63. gr. þingskapa getur forseti heimilað, ef ósk berst um það frá flm. og enginn þingmaður andmælir því, að talað sé fyrir fleiri en einu máli í einu ef um skyld efni er að ræða. Forseti hefur ákveðið verði því ekki mótmælt að svo skuli fara nú. — Ég spyr hvort hv. þm. hafi athugasemd við þessa afgreiðslu? Hv. 6. þm. Norðurl. e. vill gera athugasemd við fundarstjórn forseta.

[10:51]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegur forseti. Ég mun í sjálfu sér ekki setja mig upp á móti þessu þar sem ég býst við að hæstv. viðskrh. sé búinn að búa sig undir að mæla fyrir öllum málunum þremur í einu. Ég sé í sjálfu sér ekkert á móti því að mæla fyrir frv. um hlutafélög og einkahlutafélög í einu. En mér finnst hins vegar erfiðara að rökstyðja það að taka evrópsku hagsmunafélögin inn í þá sömu kippu. Ég held að það auðveldi ekki umræðuna.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti vill upplýsa að hæstv. ráðherra hafði verið tjáð að fullt samkomulag væri um þessa málsmeðferð og forseti vill nú spyrja hvort hv. 6. þm. Norðurl. e. vill halda andmælum sínum til streitu.

[10:53]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegur forseti. Ég sagði það strax í upphafsorðum mínum að ég vildi gera athugasemd við þetta án þess að ég færi fram á að þessu væri breytt. Ég mun

því ekki standa á því að þessu verði breytt. En ég verð að segja það, virðulegur forseti, að þeir sem gáfu það út að þetta mundi verða allt í lagi höfðu ekki fyrir því að ræða við forustu efh.- og viðskn. sem tekur við málinu og þarf að fjalla um það. Ég veit ekkert hvort það telst eðlilegt eða æskilegt að gera það en að mínu mati hefði það verið lágmark.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Samkvæmt orðum hv. 6. þm. Norðurl. e. sýnist forseta að hann muni ekki mótmæla þessari málsmeðferð og fer umræðan þá fram sem áður sagði.

Hlutafélög, 1. umr.

Stjfrv., 96. mál (aðlögun að ákvæðum EES-samnings). — Þskj. 99.

Einkahlutafélög, 1. umr.

Stjfrv., 97. mál. — Þskj. 100.

og

Evrópsk fjárhagsleg hagsmunafélög, 1. umr.

Stjfrv., 98. mál. — Þskj. 101.

[10:55]

Viðskiptaráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. forseta og hv. 6. þm. Norðurl. e. og raunar öðrum þingmönnum sem hér eru staddir fyrir að heimila þessa málsmeðferð sem er gerð á grundvelli 63. gr. þingskapa eins og forseti hefur tekið fram. Aðeins vil ég segja til frekari rökstuðnings þessari ákvörðun að þessi mál voru öll til umræðu á Alþingi því sem sat sl. vetur. Það varð þá að samkomulagi við hv. efh.- og viðskn. og þáv. formann hennar að ekki yrði gerð tilraun til að ná fram samþykkt frv. á því þingi heldur mundi nefndin fúslega fallast á þau tilmæli ráðherra að skoða frv. þessi á milli þinga, þ.e. í sumar, og undirbúa sig undir að takast á við afgreiðslu þeirra núna á haustþingi. Jafnframt skuldbatt ég mig til þess að taka tillit til þeirra ábendinga sem kynnu að koma frá hv. nefnd í sumar við meðferð málsins við endurflutning frv.

Mér er ljúft að geta þess að það var haldinn fundur í efh.- og viðskn. með starfsmönnum ráðuneytisins um þessi mál einmitt í sumar þannig að nefndin undirbjó sig undir þessa afgreiðslu. Nokkrum atriðum í frv. hefur verið breytt að tilmælum nefndarinnar frá því sem áður var í þeim. Það breytir því ekki að það kann að vera ágreiningur í hv. nefnd um meginstefnu í þeim frv. sem þarna koma fram og verður það auðvitað að hafa sinn gang eins og eðlilegt er. En ég vil ítreka að ég þakka hæstv. forseta og hv. þm. og ekki síst hv. 6. þm. Norðurl. e. fyrir að heimila að mælt verði fyrir þessum frv. í einu lagi.

Frv. þessi eru þáttur í aðlögun Íslands að ákvæðum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, nánar tiltekið ákvæðum hans um félagarétt, og þau eru öll endurflutt.

Á síðasta þingi gerði ég mjög ítarlega grein fyrir efni frv. í framsöguræðu minni um hlutafélagafrv. og einkahlutafélagafrv. sem hét þá eignahlutafélagafrv. Það gerði ég nánar tiltekið hinn 18. mars sl. en framsöguræðuna um evrópsku fjárhagslegu hagsmunafélögin flutti ég 8. apríl. Ég tel því ekki ástæðu til að fara mörgum orðum um frv. nú heldur vísa til framsöguræðanna frá því í fyrra og auk þess til almennra athugasemda með hlutafélaga- eða einkahlutafélagafrv. þar sem gerð er grein fyrir helstu breytingum sem fyrirhugaðar eru á hlutafélagalöggjöfinni og helsta mun í framtíðinni á hlutafélögum, eða stærri tegund hlutafélaga, og einkahlutafélögum, eða minni tegund hlutafélaga.

Rétt er þó að gera örfáar athugasemdir um frv. Fyrst vil ég taka fram að efh.- og viðskn. sendi öll þessi frv. til umsagnar á síðasta þingi. Þær hafa allar verið athugaðar, m.a. ítarleg sameiginleg umsögn frá Verslunarráði Íslands og Vinnuveitendasambandi Íslands ásamt umsögn frá Lögmannafélagi Íslands. Fulltrúi ráðuneytisins sótti fund nefndarinnar í sumar þar sem sérstaklega var fjallað um þessi frv. og athugasemdir sem borist höfðu og ræddi allflestar athugasemdanna við nefndina. Í ljósi þessa voru gerðar nokkrar breytingar, m.a. á nafni minni tegunda hlutafélaga sem heita nú einkahlutafélög en ekki eignahlutafélög eins og áður var gerð tillaga um. Þykir hið nýja nafn gefa betur til kynna að um lítil hlutafélög sé að ræða.

Gerð er grein fyrir öllum breytingum á hlutafélagafrv. og einkahlutafélagafrv. í upphafi almennra athugasemda í frv.

Helsta breytingin er sú að bætt hefur verið í frv. heimild til hluta án atkvæðisréttar. Breytingin var gerð vegna tilmæla frá Verslunarráði Íslands og Vinnuveitendasambandinu en viðskrn. hafði reyndar lagt þetta til í frv. fyrir nokkrum árum. Í athugasemd við 16. gr. hlutafélagafrv. segir m.a. að samkvæmt gildandi hlutafélagalögum sé nú löglegt að gefa út hluti með aðeins 10% atkvæðisrétti á við almenna hluti og hlutir án atkvæðisréttar séu mjög vinsælir víða í viðskiptalöndum okkar, t.d. í Frakklandi, á Ítalíu og í Þýskalandi, auk þess sem Norðmenn hyggist gefa kost á þessu og Danir gefi þegar færi á slíku í lögum um einkahlutafélög. Gefst félögum við þetta færi á að afla fjár án þess að slíkt hafi áhrif á atkvæðahlutföll milli gamalla og nýrra eigenda en einnig gefst almenningi kostur á að kaupa slíka hluti til ávöxtunar sem er oft aðalmarkmiðið með kaupum má hlutum fremur en að neyta atkvæðisréttar sem þeim gæti fylgt.

Er rétt að gefa færi á þessum möguleika erlendis til að örva atvinnulíf og viðskipti með hluti auk þess sem fyrirtæki þurfa þá síður að leita eftir innlendu eða erlendu lánsfé.

Það skal tekið fram að ýmsar þær athugasemdir sem gerðar hafa verið á umsögnunum á eftir að ræða nánar í efh.- og viðskn. og verður það að sjálfsögðu gert og nefndinni gefnar allar viðhlítandi skýringar.

Breytingarnar í frv. þremur byggjast á nokkrum gerðum sem eru hluti samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Rétt er að minna á að bókhaldstilskipanir félagaréttarins á svæðinu hafa verið til meðferðar í sérstakri nefnd fjmrn. sem samdi annars vegar frv. til laga um bókhald og hins vegar frv. til laga um ársreikninga og tengjast þau frv. áðurgreindum frumvörpum. Er reyndar gert ráð fyrir því að ákvæðin um hlutafélög og einkahlutafélög gangi í gildi á undan ákvæðunum um bókhald og ársreikninga.

Þótt flestar breytingar á hlutafélagalöggjöfinni eigi rætur að rekja til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eru þó einnig gerðar tillögur um nokkrar breytingar á grundvelli dönsku hlutafélagalöggjafarinnar og jafnframt nokkrar aðrar breytingar. Gerð er grein fyrir því í athugasemdum við frv. á hvaða grundvelli einstök ákvæði þeirra hvíla.

Aðlögungartími til að samræma félagalöggjöfina hér á landi ákvæðum EES-samningsins rennur út í árslok 1995. Nauðsynlegt er þó talið að afgreiða hlutafélagafrumvörpin í lok ársins 1994 til þess að hlutafélög sem eru hátt í 10.000 talsins hér á landi geti á sem auðveldastan hátt aðlagað sig hinum breyttu reglum, geti t.d. hækkað hlutafé og breytt samþykktum ef þau vilja vera áfram hlutafélög í framtíðinni en farið fram á umskráningu sem einkahlutafélög og breytt samþykktum sínum í tengslum við það ef þau svo vilja.

Varðandi einstakar breytingar á lögunum um hlutafélög má nefna að hlutafélög sem gert er ráð fyrir að verði stærri tegund hlutafélaga í framtíðinni, þurfa að vera með minnst 4 millj. kr. hlutafé í stað 400 þús. kr. nú. Þurfa því einhver þeirra félaga sem eru hlutafélög nú og vilja áfram verða hlutafélög að hækka sitt hlutafé. Í slíkum félögum getur einnig þurft að fjölga í stjórninni þar eð sett er það skilyrði í nýju ákvæðunum að þrír hið fæsta sitji í stjórn.

Að því er snertir einkahlutafélög má taka fram að um þau muni að ýmsu leyti gilda samsvarandi reglur og um hlutafélög í framtíðinni. Greinarfjöldi beggja laga verður svipaður, ljóst er þó að margt verður mun auðveldara viðfangs í einkahlutafélögum, t.d. þarf ekki að halda aðalfundi eða aðra hluthafafundi í einkahlutafélögum eins aðila og minnst einn maður getur setið þar í stjórn.

Lágmarksfjárhæð hlutafjár í einkahlutafélögum verður miklu lægri en í hlutafélögum eða 500 þús. kr. í stað 4 millj. kr. Þau hlutafélög sem vilja hljóta umskráningu sem einkahlutafélög í framtíðinni en hafa lægra hlutafé er 400 þús. kr. og þurfa ekki að hækka hlutaféð upp í 500 þús. Það lágmark gildir aðeins um félög sem skráð verða sem einkahlutafélög eftir gildistöku nýju laganna.

Mismunandi kröfur skilja einna skýrast á milli annars vegar hlutafélaga og hins vegar einkahlutafélaga. Þá er heldur ekki gert ráð fyrir hækkun hlutafjár á grundvelli almenns útboðs í einkahlutafélögum eins og í hlutafélögum. Stofnandi í einkahlutafélagi getur verið einn en lágmarkið er tveir í hlutafélögum. Hluthafi getur verið einn í einkahlutafélagi en minnst tveir í hlutafélagi.

Ég minni auk þess enn á ný á einfaldari ákvörðunartöku í einkahlutafélögum þar sem ekki þarf að halda aðalfund eða aðra hluthafafundi o.s.frv.

Um breytingar á hlutafélagalöggjöfinni vil ég enn á ný vísa til almennra athugasemda með frumvörpunum. Sem dæmi um breytingar á grundvelli EES-réttarins má nefna kröfuna um 4 millj. kr. lágmarkshlutafé í hlutafélögum, það er um tegund hlutafélaga í framtíðinni og um lágmarksfjölda stjórnarmanna. Af dæmum um aðrar breytingar en á grundvelli EES-réttar má t.d. nefna nýmæli um hluti án atkvæðisréttar, sérákvæði um afleiðingar ítrekaðra gjaldþrota er annað dæmi en það verður áfram rætt í þingnefndinni.

Virðulegi forseti. Ég hef gert í sem stystu máli grein fyrir nokkrum atriðum sem skipta máli varðandi frumvörpin þrjú. Ég vænti þess að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn. og að þau verði afgreidd fyrir áramót. Jafnframt er mér ljúft að láta nefndinni í té ýmsar upplýsingar sem e.t.v. hefur ekki unnist tími til að taka saman í grg. en sérstaklega vísa ég til yfirlits yfir þær breytingar sem gerðar hafa verið á frv. frá fyrstu gerð þeirra og þar til nú en yfirlit yfir þær breytingar er ég með í höndunum og er sjálfsagt að afhenda hv. nefndarformanni það yfirlit til þess að einfalda meðferð málsins.

[11:05]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Það er rétt sem kom fram hjá hæstv. viðskrh. að fyrir þessu máli var mælt á síðasta þingi og þær umræður er hægt að sjá í þingtíðindum og verða þingmenn sjálfsagt að leita þangað sér til fróðleiks því ef ég man rétt þá vorum við fjögur í þingsalnum einhvern tímann undir kvöld á fimmtudegi, tveir almennir þingmenn, hæstv. ráðherra og forseti, þegar mælt var fyrir málinu og urðu um það reyndar þrátt fyrir það hinar ágætustu umræður.

En það er rétt sem hérna kom fram að efh.- og viðskn. fjallaði um málið á einum fundi á síðasta sumri. Fór yfir umsagnir og gerði þó nokkrar athugasemdir sem að nokkru hafa verið teknar til greina þegar frv. eru lögð hér fram að nýju. Þar vil ég sérstaklega fagna því að það var tekið tillit til eindreginna óska nefndarmanna um að breyta nafni á minna félagaforminu sem hét eignarhlutafélög sem okkur fannst að væri alls ekki langt frá því að vera gegnsætt nafn. Það sem kom upp í huga flestra þegar rætt var um eignarhlutafélög var samsvörun við eignarhaldsfélög eða einhver slík stærri félög. Ég kann miklu betur við nafnið einkahlutafélag og tel að í nafninu sem slíku felist miklu frekar hvað átt er við heldur en var áður.

Ég sagði í umræðunni í fyrra að ég fagnaði þessari breytingu að það væru þessi tvö form, annars vegar það sem nú heitir í frv. einkahlutafélög og er sveigjanlegra form og liprara og ætti að geta orðið til þess að hluti þeirra sem í dag eru með atvinnurekstur í eigin nafni með ótakmarkaðri ábyrgð geti nýtt sér þetta form. Það tel ég miklu eðlilegra að menn standi fyrir sínum atvinnurekstri á þann hátt að ábyrgðin sé afmörkuð og takmörkuð og það sé öllum ljóst, bæði

þeim sem út í þetta fara og þeirra fjölskyldur og þeirra sem eiga viðskipti við viðkomandi félög hvaða áhættu er verið að taka og að hverju er hægt að ganga.

Það er svo aftur annað mál að því miður hefur það verið allt of ríkjandi í okkar viðskiptaumhverfi í okkar landi að sérstaklega fjármálastofnanir hafa ekki verið tilbúnar til þess að taka veð í eigum hlutafélaganna og því hlutafélagi sem þar er lagt fram og gengið mjög hart fram í því að fá því til viðbótar persónulegar ábyrgðir þeirra sem á bak við standa og reyndar fleiri aðila og með þessu í raun oft og tíðum eyðilagt rekstrarformið sem slíkt.

Ég tek undir það með hæstv. ráðherra að til þess að við sjáum þessa mynd í heild þá þarf einnig að afgreiða ný lög um ársreikninga og bókhald. Við verðum að leyfa samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði og þeim tilskipunum sem þar er farið eftir að njóta sannmælis. Það er mín skoðun að það að taka þær upp í íslensku viðskiptaumhverfi til viðbótar við fleiri breytingar sem hér eru gerðar geri allt okkar viðskiptaumhverfi mun gegnsærra og auðveldara fyrir þá sem eiga í viðskiptunum að átta sig á stöðu þeirra fyrirtækja sem verið er að versla við eða eiga viðskipti við á hverjum tíma. Það tel ég vera til mikilla bóta.

Ég vil reyndar segja til viðbótar þessu að að mínu mati, og ég vil tengja það því að nú um áramótin er verið að opna að fullu fyrir fjármagnshreyfingar til og frá landinu bæði hvað varðar langtímalán og skammtímahreyfingar, er nauðsynlegt þegar það gerist að ekki sé bara búið að ganga frá lögunum um hlutafélög og einkahlutafélög, um ársreikninga og bókhald, heldur er nauðsynlegt að mínu mati að á svipuðum tímapunkti verði einnig búið að ganga frá breytingum á lögum um erlenda fjárfestingu. Það segi ég m.a. vegna þess að við vitum og það hefur komið fram í umræðunni að eftir að opnað var meira fyrir fjármunaflutninga til og frá landinu hefur nokkuð fjármagn flust frá landinu. Það er talað um að það verði um 8 milljarðar á þessu ári. Á móti kemur að erlendir aðilar hafa keypt eitthvað af íslenskum verðbréfum erlendis þannig að það hafa flust einhverjir fjármunir inn í landið í staðinn.

Ég tel hins vegar að þegar við erum búin að opna fyrir þessar fjármagnshreyfingar þá verði einnig að liggja alveg ljóst fyrir hvaða reglur gilda um fjárfestingar erlendra aðila í atvinnulífinu í formi kaupa á hlutafé. Það er það form sem e.t.v. er hvað algengast. — Forseti, ég verð að segja alveg eins og er að það er eilítið hvimleitt og það truflar mig dálítið að hafa þennan fund í gangi til hliðar, ekki síst þar sem annar þátttakandinn er sá ráðherra sem með málið fer.

Virðulegur forseti. Ég þarf að rifja eilítið upp hvar ég var staddur í ræðu minni en það sem ég var að segja var að eitt algengasta formið í fjármagnsflutningum milli landa felst í kaupum á hlutafé í atvinnurekstri í viðkomandi landi. Til þess að heildarmynd verði komin á þetta þegar búið er að opna fyrir erlendu fjárfestinguna þá tel ég að til viðbótar við þessi frv. sem hér hafa verið til umræðu og í nefnd þá þurfi einnig að vera búið að ganga frá nýjum lögum um erlenda fjárfestingu.

Við verðum að taka ákvarðanir á næstu mánuðum um það grundvallaratriði sem þar hefur verið deilt um, það er fjárfestingin í sjávarútveginum. Ég sé ekki að við getum staðið á þeim lögum sem nú eru þar sem óbein fjárfesting er óheimil og við verðum að finna nýjar reglur sem í senn vernda okkar auðlindir, vernda yfirráð okkar, raunveruleg yfirráð okkar yfir okkar grundvallarauðlindum til sjávarins en um leið rýmki að einhverju leyti heimildir erlendra aðila til fjárfestingar í fiskvinnslu. Að mínu mati komumst við ekki undan þessu og ég tel að Alþingi verði að sýna þann manndóm að taka á þessu máli.

Virðulegur forseti. Þó að þetta sé kannski eilítið út fyrir þau frv. sem hér eru til umræðu þá hef ég rökstutt það að það tengist mjög. Ég sé ekki að það sé betra fyrir okkur að það fari eins og er að verða í dag að erlendir aðilar, sem vissulega hafa heimildir til annarra fjárfestinga hér á landi, kaupi bæði húsnæði og vélar og leigi svo innlendum aðilum oft — oft segi ég, maður veit dæmi um slíkt, — á ofurkjörum. Það sé mun betra að fjármagnið sé lagt fram eftir eðlilegum leiðum þannig að við getum eftir lögum um hlutafélag, um ársreikninga og bókhald haft fullt yfirlit yfir þessa fjárfestingu og hvernig hún stendur á hverjum tíma. Inn í slíkar breytingar þurfa hins vegar að vera ákveðnir þröskuldar sem gera það að verkum að við höldum óskoruðum yfirráðum okkar yfir auðlindinni.

Virðulegur forseti. Þetta vildi ég láta koma hérna fram vegna þess að ég er að reyna að horfa á þessi mál öllsömul í samhengi og að við reynum þegar þessar breytingar koma allar til framkvæmda að ganga þannig frá öllum þáttum málsins að fjármagnshreyfingarnar innan og milli fyrirtækjanna og milli landa verði sem gegnsæjastar og að við horfum ekki bara á ókosti þess að opna fyrir erlendu fjárfestinguna og missa þannig fjármagn úr landi heldur getum við gengið þannig frá hlutunum að við getum fengið nýtt fjármagn erlendis frá í okkar atvinnulíf því að vissulega þurfum við á því að halda.

Það var mjög athyglisvert að sjá umsagnir erlendra fjarfestingarbanka um fjárfestingu í Noregi nú á síðustu dögum sem einmitt gekk í þá átt að eini áhuginn sem erlendir aðilar sýndu á fjárfestingu þar var í greinum sem tengdust nýtingu náttúruauðlinda landsins. Ég tel afar líklegt og reynslan sýnir að það sama muni gilda um Ísland.

Virðulegi forseti. Ég hef lokið máli mínu en ég held að ég geti alveg fullyrt að það er fullur vilji hjá efh.- og viðskn. að ganga í að klára að vinna þessi mál þannig að hægt verði að ganga frá þeim fyrir áramót. Enda tel ég að þetta séu málefni þess eðlis að það eigi ekki að þurfa að vera um þau flokkspólitískur ágreiningur heldur muni menn fara ofan í þetta með hagsmunaaðilum og reyna að ganga þannig frá málinu að það verði okkar viðskiptalífi til mestra hagsbóta.

[11:18]

Viðskiptaráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Til þess að nýta sem best tímann

vildi ég gjarnan koma því á framfæri í stuttu andsvari að ég vildi í fyrsta lagi þakka hv. þm. fyrir það hvernig hann tekur á málunum og í öðru lagi lýsa ánægju minni yfir því sem hann sagði um að nauðsynlegt sé að endurskoða lög um erlenda fjárfestingu á Íslandi. Ég er honum mjög sammála um það að ekki er hægt að framkvæma þau lög eins og þau eru. Ég vil aðeins upplýsa í því sambandi að við sjútvrh. erum nú að ræða saman um slíkar breytingar því, eins og hv. þm. sagði sjálfur, þarna er vandrötuð leið í sambandi við okkar frumframleiðslu sem við verðum að fara og er að heimila frjálsari fjárfestingar erlendra aðila en nú er gert í þeim greinum, en þó þannig að ávallt sé tryggt að forræðið sé í íslenskum höndum. Ég er honum sammála um að þetta þurfi að gera og ég er í viðræðum við sjútvrh. um að leita nýrra leiða í þeim efnum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Þingfararkaup alþingismanna, 1. umr.

Frv. EH o.fl., 43. mál (réttur til biðlauna). — Þskj. 43.

[11:20]

Flm. (Eggert Haukdal):

Virðulegi forseti. Ég hef leyft mér að flytja frv. til laga um breytingu á lögum nr. 75/1980, um þingfararkaup alþingismanna. Ásamt mér eru flm. hv. þm. Matthías Bjarnason, Tómas Ingi Olrich og Guðjón Guðmundsson. 1. gr. frv. hljóðar svo:

„Aftan við 8. gr. laganna bætist: Réttur til biðlauna fellur niður ef fyrrverandi alþingismaður tekur við starfi í þjónustu ríkis, sveitarfélags eða fyrirtækis sem að meiri hluta er í eign ríkisins enda fylgja stöðunni jafnhá eða hærri laun en þingfararkaup. Ella greiðist launamismunurinn til loka tímabilsins.

2. gr. Lög þessi öðlast þegar gildi."

Í greinargerð segir: Frv. þetta var flutt á síðasta þingi og er nú endurflutt óbreytt.

Á undanförnum árum hefur komið í ljós að ósamræmi er í ákvæðum laga um biðlaun ráðherra og þingmanna. Frv. þetta er flutt til að taka af öll tvímæli um að biðlaunagreiðslur falli niður ef sá sem þeirra á að njóta tekur við öðru starfi sem er jafnt eða hærra launað en þingfararkaup þegar hann lætur af þingmennsku.

Í framhaldi af þessu vil ég vísa til örfárra orða minna þegar ég mælti fyrir þessu frv. á síðasta þingi, með leyfi forseta:

„Grundvallaratriði þessa frv. eru að biðlaun falli niður ef alþingismaður tekur við öðru opinberu starfi með jafnháum launum eða hærri, ella greiðist launamismunur.

Biðlaun eru laun milli embætta til þess ætluð að brúa tímabil atvinnuleysis að loknu starfi. Það stríðir því gegn anda laganna að greiða alþingismanni slík laun ef hann fær nýtt starf um leið og hann lætur af þingmennsku. Þetta mál hefur mikið fordæmisgildi og getur rutt brautina til frekari umbóta og á því er ekki vanþörf eftir þá umræðu sem hefur verið í þjóðfélaginu undanfarna daga."

Svo mælti ég í fyrra og má við bæta að ekki hefur þessi umræða minnkað.

Nóg er af dæmum í opinbera kerfinu að menn taki rétt sinn sjálfir, greiði sér laun í ýmsu formi sem ekki er bein lagafyrirmæli fyrir. Með þessum hætti gengur ríkisgeirinn á undan í kaupskrúfu. En þetta gildir, virðulegi forseti, bara fyrir hina betur settu, sjálftökufólkið. Ekki aldeilis fyrir hina lægri settu. Þegnar þjóðfélagsins sætta sig ekki við þessa mismunun og fjársóun. Virðing Alþingis og ríkisstjórnar, virðing lýðræðisins bíður hnekki við slíkt. Það þarf að taka á bílakaupum og fríðindum bankakerfisins, já og á öllu sjálftökuliði. Steypa þarf öllum launa- og kjaramálum ríkis og ríkisstofnana í nýtt form frá grunni. Þetta frv. gæti verið byrjunin.

Saga þessa máls í fyrra á hv. Alþingi var sú að enda þótt það nyti víðtæks stuðnings þá kom málið aldrei úr nefnd. Nefndin afgreiddi það ekki frá sér og svo er um fleiri mál. Er til mikils mælst við hv. nefnd sem þetta mál gengur til að hún taki á sig meiri rögg en í fyrra og málið komi hér inn til Alþingis og verði afgreitt með hraði?

Ég vil svo, virðulegi forseti, leyfa mér að leggja til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

[11:24]

Gísli S. Einarsson:

Frú forseti. Ég tel að hér sé á ferðinni hið mesta sanngirnismál. Reyndar tel ég að þetta ætti að miðast við hvert það starf sem þingmaður tekur til við, hvort sem það er hjá einkaaðila eða ríkisfyrirtæki. Það er örugglega einfalt að koma með sönnunarbyrði á því að þingmaður ráðist til annars starfs.

Það er rétt að velta fyrir sér réttindum fólks almennt þegar það missir starf. Flestir verða að sæta því að vera launalausir þar til færi gefst á öðru starfi. Ég og margir aðrir þekkjum mýmörg dæmi þar sem aðilar, bæði forstjórar og almennir starfsmenn, hafa gengið atvinnulausir mánuðum saman. Oft er um að ræða atvinnumissi sem er í kjölfar gjaldþrota.

Það er e.t.v. ástæða til þess að gera samanburð á viðbrögðum hv. Alþingis í mismunandi tilvikum þegar fólk hrekst frá störfum. Vegna hagræðingar hefur fólki verið sagt upp störfum svo tugum skiptir án þess að það hafi verið nokkur viðbrögð á Alþingi. En ef áberandi aðilar eru settir frá starfi þá fer allt upp til handa og fóta og hafin stór umræða um slíkt. Má í þessu sambandi minnast utandagskrárumræðu sl. mánudag. E.t.v. ætti hv. Alþingi að ræða almennt um launamál og kjör fólksins í landinu. E.t.v. ætti hv. Alþingi að velta því fyrir sér hvernig stendur á því að hér er fullt af fólki sem er með laun niður í 43 þús. kr. á mánuði. Auðvitað ætti að ræða það á þinginu. Auðvitað þyrfti að taka fram fyrir hendur á aðilum vinnumarkaðarins. Það þyrfti að klippa neðan af þeim launum sem Garðastrætisaðilinn segir að séu ekki til í landinu, á bilinu frá 43 upp í 55 þús. Auðvitað ættum við að ræða það um leið og við erum að velta því fyrir

okkur hvernig menn standa að biðlaunatöku.

Frú forseti. Þessi orð eru e.t.v. frávik frá þessu frv. sem hér er lagt fram. En ég mæli með því eins og hv. flm. að allshn., þar sem ég á sæti, drífi þetta mál af á þessu þingi og ég þakka hv. 6. þm. Suðurl. tillögugerðina og þá vinnu sem hann hefur lagt í það og þá elju að flytja þetta mál aftur án þess að fá umfjöllun um það í viðeigandi nefnd.

[11:28]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég vil bara taka undir efni þessa frv. Það er alveg sjálfsagt mál að ganga frá því tryggilega með lögum ef brögð eru að menn, mér liggur við að segja, leggist svo lágt að taka út full biðlaun, sem þeir eiga að vísu rétt á að gildandi lögum að talið hefur verið, þó þeir séu komnir í annað og jafnvel betur launað starf, jafnvel hjá hinu opinbera. Úr því að fordæmi eru orðin fyrir því að þetta hefur gerst þá er sjálfsagt ekki um annað að ræða en taka af skarið um þetta mál í lögum. Reyndar hygg ég að það hafi verið óslitin venja allt þangað til ónefndur flokksbróðir hv. flm. braut þessa venju fyrir nokkrum árum síðan. (**GE:** Við erum ekki í sama flokki.) Ég sé ekki betur en flm. séu allir úr einum flokki, ónefndum Sjálfstfl. Það mun hafa gerst sá dapurlegi atburður fyrir nokkrum árum síðan að ónefndur flokksbróðir þessara hv. þm., flm. frv., braut þá hefð sem verið hafði að ef menn gengju beint yfir í önnur jafn vel launuð eða betur launuð opinber störf þá þægju menn að sjálfsögðu ekki sín biðlaun, tækju þau ekki út. Mér er kunnugt um að þá veltu menn því fyrir sér hvort stætt væri á því að synja um greiðslu biðlauna þegar þannig stæði á en það mun hafa orðið niðurstaða lögfræðinga að á því væri ekki stætt ef viðkomandi einstaklingur krefðist þessa réttar síns að fá greidd biðlaun engu að síður þó hann væri kominn í annað jafnvel opinbert starf, þess vegna betur launað. Þessi varð sem sagt hin dapurlega niðurstaða, að þetta gerðist, jafnvel í fleiri en einu tilviki, nú er mér ekki alveg kunnugt um það. Ég veit, sem betur fer, að síðan eru önnur fordæmi fyrir hinu gagnstæða. Nægir þar að nefna að hv. fyrrv. þm. og hæstv. fyrrv. ráðherra, Steingrímur Hermannsson, lýsti því yfir opinberlega þegar hann lét af þingmennsku og gerðist bankastjóri hjá Seðlabankanum, að að sjálfsögðu mundi hann ekki þiggja biðlaun við þær aðstæður (**Gripið fram í:** Jón Sigurðsson.) og einhverjir fleiri munu hafa lýst hinu sama yfir á síðustu árum. En hin dapurlegu dæmin eru fyrir hendi og úr því svo er þá er ég sammála hv. flm. um að það er öllum fyrir bestu að taka þarna af skarið, vegna þess að það getur ekki verið ætlunin að biðlaunarétturinn sé fyrir hendi ef menn eru að ganga inn í önnur jafn vel eða betur launuð störf, sem geta talist sambærileg eða jafntrygg hvað atvinnuöryggi eða annað því um líkt snertir. Sjálfsagt má segja með fullum rökum að atvinnuöryggi manna aukist að miklum mun við það að gerast opinberir starfsmenn samkvæmt ráðningakjörum, réttindum og skyldum sem þar gilda, borið saman við að vera starfandi stjórnmálamenn.

Það er að vísu svo að það vakna vissar tæknilegar spurningar eða praktískar í sambandi við það hvernig á að afmarka takmörkun þessara réttinda. Hér er valin sú leið að biðlaunarétturinn skuli falla niður ef alþingismaður taki við starfi í þjónustu ríkis, sveitarfélags eða fyrirtækis, sem að meiri hluta er í eign ríkisins. Ég ætla ekkert að útiloka að þetta sé sú skilgreining sem er skárst í þessum efnum. Það vakna þó vissulega spurningar um hvort til að mynda eigi að ráða þarna úrslitum að hlutafélag — þetta velti á því hvort hlutafélag sé að meiri hluta, 51% eða meira, í eigu ríkis eða ekki. En auðvitað er þarna á ferðinni ákveðinn vandi, skilgreiningarvandi, sem mér er alveg ljós. Það hefur væntanlega verið mat flutningsmanna að það þyddi ekki að reyna að koma þessu við gagnvart ráðningarkjörum sem eru á almenna vinnumarkaðnum hjá einkafyrirtækjum, þó manni hefði auðvitað fundist það að mörgu leyti réttast. En það er einnig nauðsynlegt, held ég, að hafa vissa hliðsjón af skilgreiningu biðlaunaréttarins eins og hann er í öðrum lögum, til að mynda lögunum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Þar er lagt upp úr því að rétturinn sé til staðar ef ráðningarkjör, atvinnuöryggi og annað því um líkt er ekki algjörlega sambærilegt á nýja vinnustaðnum. Þessa deilu þekkja menn úr umræðu hér um einkavæðingu fyrirtækja og eru væntanlega dómsmál í gangi, ef ég man rétt, sem tengjast því hvort biðlaunaréttur sé til að mynda virkur eftir sem áður þó að eingöngu eigi sér stað formbreyting á opinberu fyrirtæki, það verði hlutafélag í stað venjulegs ríkisfyrirtækis áður. Auðvitað getur vel verið að nauðsynlegt sé að hafa hliðsjón af því sem þar verður ákvarðað með dómi í samhengi við annað.

Ég vil svo nota tækifærið, hæstv. forseti, úr því að þessi ágæta, merka löggjöf um þingfararkaup er komið hér á dagskrá á annað borð að segja þá skoðun mína, að það er eiginlega ekki vansalaust að ekki skuli hafa tekist að ná fram heildarendurskoðun á þeim lögum. Hún er afar brýn. Lögin eru í raun og veru algerlega úrelt eins og þau eru í dag. Þau taka mið af allt öðrum þjóðfélagsháttum og allt öðrum aðstæðum, allt öðruvísi starfsemi Alþingis, heldur en því sem tíðkast í dag. Þau eru sniðin að miklu skemmri starfstíma þingsins og fleiru slíku sem við þingmenn þekkjum og er mikill bagi að því að menn skuli ekki hafa mannað sig upp í það að fara í nauðsynlega og brýna endurskoðun á þessum lögum, sem og reyndar ýmsu öðru sem lýtur að starfskjörum og skilyrðum í þessari stofnun. Það er því kannski borin von að ætlast til þess að sá kjarkur sem hv. 1. flm. sýnir með því að opna þessi mál hér verði öðrum mönnum til eftirbreytni í því að menn haski sér í það að fara í þessa nauðsynlegu endurskoðun. En ég vil alla vega leyfa mér að minna á þetta og vekja á því athygli og vona að það komist þó einhvern tímann af stað einhver vinna í þeim efnum. Menn verða kannski feimnir við það á þessum vetri af ástæðum sem ég þarf ekki að nefna, en staðreyndin er náttúrlega sú að það dugar ekki endalaust að þessi stofnun, hið virðulega Alþingi Íslendinga, sé svo spéhrætt og óttist svo mjög allar umræður um sjálft sig og sín störf og starfsskilyrði og aðstæður, að menn slái

endalaust á frest öllum úrbótum eða nauðsynlegri þróun mála sem lúta að starfsskilyrðum, kjörum, réttindum, vinnuaðstæðum og öðru slíku sem hér á þinginu er.

Ég óttast ekkert ef sú umræða færi fram á heiðarlegum og hreinskiptum nótum og væri kynnt með eðlilegum hætti og bærist út í þjóðfélagið með eðlilegum hætti, að þá hefði almenningur í landinu ekki skilning á því að auðvitað hlýtur löggjöf, starfsskilyrði og starfsaðstæður hér í þessari stofnun að þurfa að þróast eins og annað í þjóðfélaginu. Ég veit t.d. ekki hvort þjóðinni er það almennt ljóst að hér á þessum stóra vinnustað, þar sem hátt á annað hundrað manns starfa a.m.k., eru t.d. vinnuaðstæður og aðbúnaður að starfsfólki og þingmönnum þannig að það getur auðvitað alls ekki talist sæmandi á vinnustað af þessu tagi, þar sem starfsdagur er oft geipilangur og nálgast að vera eins og hver annar vaktavinnustaður, að það skuli ekki vera til að mynda ein einasta sturta eða búningsaðstaða eða hvíldaraðstaða af nokkru tagi. En það er nú svo að á þeim 11 árum rúmum sem ég hef setið hér þá hefur þetta þjóðþrifamál stundum borið á góma, hvort það væri ekki hugsanlega unnt að koma upp einhverri aðstöðu af þessu tagi fyrir þingmenn, að þeir gætu skipt um föt eða brugðið sér í sturtu, svo ekki sé nú talað um starfsfólkið, sem hér er oft nánast sólarhringunum saman. En menn hafa jafnharðan runnið á rassinn með öll áform um að bæta úr slíku af ótta við að af því hlytist mikil fjölmiðlaumræða, mikill hvellur og það yrði lagt út á hinn versta veg, að þarna væri nú þessum fjöndum rétt lýst, nú ætluðu þeir að fara að mylja undir sjálfa sig með því að útbúa sér slíka aðstöðu.

Sem sagt, jafnoft og þetta hefur verið tekið upp hefur það verið lagt til hliðar. Svona er nú ástandið. Ég er nú farin að ímynda mér að það verði búið að malbika hraðbrautir á tunglinu áður en fyrsta sturtan lítur dagsins ljós á þessum nefnda vinnustað. Þannig er nú ástandið.

Ég leyfi mér að nota tækifærið og koma þessu hér að í leiðinni, þessu áhugamáli mínu, að menn hleypi nú í sig svolítilli hörku og kjarki og skoði það til að mynda hvort ekki væri tímabært að hefja aftur starf sem lyti að ýmsum þáttum af þessu tagi. Þá á ég við í báðar áttir, með sama hætti og hér er lagt til, að menn þurfa auðvitað að hafa þessar reglur hófsamar og koma í veg fyrir misnotkun af því tagi sem taka biðlauna af hálfu manna sem komnir eru í önnur og enn betri störf og allt það, en þá sé ekki hinni hliðinni gleymt sem lýtur að því að búa mönnum jafnframt almennileg starfsskilyrði og aðstæður hér. Það er mjög brýnt.

Ég hefði helst haldið að það væri ráðlegt að reyna að setja einhverja milliþinganefnd eða eitthvert apparat í þetta verkefni og síðan væri þetta lögfest þannig að það tæki svo gildi að undangengnum kosningum fyrir nýtt þing sem tæki til starfa, þannig að menn væru í þeim skilningi ekki að ákveða þetta sjálfum sér til handa heldur þeim sem yrðu hér starfandi í framtíðinni. Það var unnið mjög merkt starf að því að endurskoða og bæta hér starfsskilyrði þingmanna á ákveðnu tímabili og þess hefur séð stað í ýmsum greinum, m.a. undir forustu hæstv. fyrrv. forseta sameinaðs þings, þess sem nú stýrir fundi, og forvera þess forseta og eiga þeir þakkir skildar fyrir það. Þá urðu til að mynda ýmsar framfarir í starfsemi þingnefndanna og ýmsum aðbúnaðarmálum. En ýmislegt er samt ógunnið og nú held ég að það sé aftur orðið tímabært að fara yfir þau mál og sinna þeim og þar á meðal að endurskoða þessi lagaákvæði, sem er löngu tímabært.

Ég hef svo ekki um þetta fleiri orð, hæstv. forseti, en ítreka að ég er sammála efni þessa frv. og tel sjálfsagt mál að það fái hér afgreiðslu. Það hefur að vísu stundum viljað brenna við að hv. 1. flm. hefur þurft að flytja mál sín nokkuð oft til að fá þau afgreidd, jafnvel þótt hann hafi haft við þau víðtækan stuðning, samanber hið fræga frv. hans um lánskjör og ávöxtun sparifjár, sem hv. þm. hefur flutt hér af mikilli eljusemi árum saman og með mörgum þungavigtarmeðflutningsmönnum, en ekki náð afgreiðslu að síður. En ég vona að þetta litla mál fái nú að njóta þess heiðurs að verða afgreitt á þessu þingi.

[11:41]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. síðasti ræðumaður gerði hér áðan að umtalsefni, í tengslum við þetta frv. til laga um breytingu á lögum um þingfararkaup, aðstöðu þingmanna til starfa. Ég get að sjálfsögðu tekið undir margt af því sem hann sagði. Ég verð hins vegar að segja eins og er að það hefur m.a. ekki verið eitt af forgangsverkefnum frá mínum bæjardyrum séð að leggja áherslu á að bæta þessa aðstöðu, en það stafar ekki af því, eins og hv. þm. gaf í skyn, að hjá mér hafi búið um sig einhver lágkúrulegur ótti við almenningsálitið. Ég leyfi mér að fullyrða að það sé ekki svo með hv. þm. almennt, að þeir þori ekki að hreyfa málum af þessu tagi af einhverjum lágkúrlegum ótta við almenningsálitið. Það vill svo til, hv. þm., að það gildir um Alþingi eins og aðrar stofnanir í þessu þjóðfélagi, að við erum til þess að gera fámennt þjóðfélag sem verður að standa undir mjög fjölbreytilegri þjónustu, t.d. þjónustu í Háskóla Íslands. Við höfum orðið að standa þar að niðurskurði, sem okkur finnst að sjálfsögðu ekki þægilegt að þurfa að standa að. Það er búið mun verr að Háskóla Íslands en að flestum háskólum í okkar nágrannalöndum. En við búum líka mun verr að ýmsum öðrum þjónustustofnunum okkar en aðrar þjóðir geta leyft sér og við búum að sjálfsögðu að Alþingi Íslendinga með ófullkomnari hætti heldur en önnur þing búa að sínum þingmönnum og sínu starfsfólki. Þetta er hluti af því að vera lítið þjóðfélag, sem ber þó mikinn þunga af stofnunum sínum. Þannig að ég vil undirstrika að þó hv. þm. hafi rétt fyrir sér um að það mætti búa mun betur að þinginu, þingmönnunum og starfsmönnum þess, þá er þarna ekki að baki neinn lágkúrulegur ótti við almenningsálitið að mínu mati.

[11:43]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Lágkúrulegur ótti við almenningsálitið eru orð hv. þm. sjálfs, ég viðhafði þau ekki. (**TIO:** Þú gafst það í skyn.) Ekkert svoleiðis. Ég sagði að ég teldi að spéhræðsla þessarar stofnunar væri of

mikil og hún óttaðist að ef einhver mál af þessu tagi bæri á góma, yrðu fréttnæm, þá yrði af því fjölmiðlahvellur og menn bogni undan slíku. Ég er þar ekkert að tala um einhvern lágkúrulegan ótta einstakra þingmanna við almenningsálitið. Það er alger misskilningur, ég var að tala um stofnunina sem slíka, Alþingi. Við verðum nefnilega að átta okkur á því að jafnt og við erum sem þingmenn og einstaklingar pólitískar verur í sjálfu sér, þá er Alþingi Íslendinga líka stofnun eins og hver önnur í fyrirtækinu og lýtur ákveðnum lögmálum sem slík, hefur starfsemi með höndum, þarf aðstöðu og aðbúnað. Það eru jú stjórnendur stofnunarinnar og við þingmenn sem berum þar ábyrgð á.

Ég er að sjálfsögðu ekki að tala hér um neinn lúxus eða bruðl eða óhófssemi í kröfugerð fyrir hönd Alþingis, síður en svo, og það er rétt sem hv. þm. segir, að auðvitað þurfum við að skera mörgum öðrum aðilum í þjóðfélaginu allt of þröngan stakk. Vorkenni ég þó kannski öðrum meir heldur en ýmsum stofnunum, þá meina ég almenningi í landinu og þeim sem lakasta hafa stöðuna. Staða Alþingis er auðvitað sérstaklega viðkvæm í þessum efnum, þar sem hér liggur fjárveitingavaldið. Það er alveg augljóst mál að þetta hlutverk er mjög vandmeðfarið. Að vera annars vegar að skammta öðrum aðilum rekstrarfé og fjárveitingar en þurfa hins vegar að taka ákvarðanir um eigin aðstöðu og rekstur. Það er nú einu sinni sá kaleikur, það hlutskipti sem Alþingi hefur í lífinu og verður að axla þá ábyrgð. Ég er ekki meðmæltur því að menn fari einhverjar krókaleiðir, að búa til kjaradóm eða eitthvað því um líkt sem skuli ákveða hvað eigi að gera á Alþingi og hvort það megi kaupa stóla eða borð. Auðvitað verða menn að hafa kjark í sér og manndóm í sér og treysta sjálfum sér til þess að taka skynsamlegar og hófsamlegar ákvarðanir í þeim efnum.

Ég segi líka á hinn bóginn að Alþingi má ekki vanmeta sjálft sig eða lítillækka með því að búa svo illa að sér hvað starfsaðstæður snertir að í því felist í raun og veru lítilsvirðing við það starf sem hér fer fram. Ég held við verðum að þora að búa þinginu sæmilegar aðstæður og ég er viss um að við höfum stuðning þjóðarinnar til þess því hún vill búa sómasamlega að Alþingi, hófsamlega að sjálfsögðu en sómasamlega.

[11:46]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil biðja hv. þm. velvirðingar á því ef ég hef haft of sterk orð um þetta en hann endurtók þau ummæli sín að það væri spéhræðsla þingsins sem réði því að hér væri um að ræða að við þyrðum ekki að standa að eðlilegum úrbótum á aðstöðu þingsins. Ég held að þetta sé líka misskilningur, ég held að það sé ekki spéhræðsla sem þessu ræður, það sem mestu ræður um það að þingið hefur ekki treyst sér til þess að taka á þessum aðstæðum er að við búum almennt við samdrátt í þjóðfélaginu og þingið verður að taka afleiðingunum af því eins og aðrir. Ég vil ekki halda því fram hér og nú að þingið búi við aðstæður sem séu lítillækkun við þingið, það finnst mér of langt gengið. Ég get vel hugsað mér betri aðstæður og þegar betur árar í þjóðfélaginu get ég vel hugsað mér að taka þátt í því með hv. þm. að bæta aðstöðu þingsins en það er fyrst og fremst þessi aðstaða sem við búum við núna. Við búum við samdráttartíma og þingið verður að taka þátt í því að lifa við þær aðstæður eins og aðrir í þjóðfélaginu.

[11:47]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þá erum við einfaldlega ósammála. Það er í góðu lagi með það, það bara er þá þannig. Ég met aðstæðurnar öðruvísi en hv. þm. Á minni veru hér inni á tólfta ár þá tel ég mig út frá mínum forsendum og minni þekkingu geta borið um það og sagt það fullum fetum og meina það að þingið er of spéhrætt þegar kemur að sínum eigin málum. Menn hafa runnið á rassinn með ýmislegt sem hefði verið þarft og brýnt að gera af ótta við að umræðan um það yrði þinginu mótdræg úti í þjóðfélaginu. Ég bendi bara á húsnæðismál Alþingis hvernig þau hafa farið í gegnum tíðina. Og hv. þm., þessum málum hefur líka verið hreyft á uppgangstímum í þjóðfélaginu, ekki bara núna á erfiðleikaárum. Reyndar er kreppunni lokið, ekki satt? Hefur ekki hæstv. forsrh. margaflýst henni? Eitthvað þrisvar sinnum á blaðamannafundum. Þannig að það hlýtur þá að vera hægt að fara að huga að þessum málum á nýjan leik úr því að gullöld og gleðitíð eru í vændum. Og þó svo að þessi mál hafi líka verið til umfjöllunar á árum sem menn geta verið sammála um að hafi verið erfið þá hefur það ekki alltaf verið svo. Alþingi var til að mynda að huga að sínum húsnæðismálum hér á uppgangs- og þenslutímum í þjóðfélaginu þegar allir aðrir voru að byggja monthallir á monthallir ofan, hvort sem það var ofan í Tjörninni eða uppi á hitaveitutönkunum. En Alþingi hefur ekki komist fetið með sín húsnæðismál. Er hér með starfsemi sína dreifða í einum átta byggingum á svæðinu, jafnhagkvæmt og skynsamlegt og það nú er og heldur ekki einu sinni við þeim húskofum sem það á í nágrenninu eins og kunnugt er. Mér finnst það í raun og veru segja ýmislegt um það hversu kjarklitlir menn eru þegar kemur að því að búa sjálfum sér sæmileg skilyrði.

Ég tek það fram að þó að tilefni þessarar umræðu sé frv. til laga um breytingu á lögum um þingfararkaup þá er ég ekki að tala um launamál þingmanna. Ég er að tala um aðbúnað og starfsaðstæður og skilyrði í stofnuninni fyrst og fremst. En hitt er auðvitað þarft að ræða en þá endurtek ég að fyrst og fremst finnst mér að það þurfi að endurskoða þau lagaákvæði sem um þetta gilda og færa þau til samræmis við nútímann. Þau eru það ekki í dag.

[11:49]

Kristín Einarsdóttir:

Frú forseti. Ég kem í stólinn til að taka undir efni frv. en áður en ég vík að því langar mig til að blanda mér örlítið í þær umræður sem hér fara fram um allt annað mál, þ.e. húsnæði Alþingis og annað sem tengist þessu kannski óbeint. Ég held ég verði að taka undir orð hv. 4. þm. Norðurl. e., Steingríms J. Sigfússonar, að mér finnst oft gæta, ég veit ekki hvort ég á að kalla það spéhræðslu eða feimni við það að viður-

kenna að við búum ekki alltaf við allt of góð skilyrði, starfsaðstæður í þinginu. Það hefur batnað mjög á undanförnum árum en það er eins og ekki megi minnast á að bæta starfsaðstöðu hér. Við getum tekið tölvur sem dæmi eða hvað sem er, það er alltaf verið að spara. Hér síðast var talað um húsnæðismál Alþingis og ég man ekki betur en það hafi birst í blöðum fyrir nokkrum dögum viðtal við forseta Alþingis þar sem því var lýst að ekki hefði verið til fjármagn til að gera við húsnæði Alþingis við Kirkjustræti, þar sem þó hafa borist bréf frá íbúasamtökum og reyndar fjölmörgum öðrum um að það sé óviðunandi hvernig Alþingi umgengst eigur sínar og sérstaklega þá þessi gömlu hús sem eru Alþingi til skammar að mati mjög margra. En eins og fram hefur komið hjá forseta Alþingis er það vegna fjárskorts sem við höfum ekki getað gert neitt við þau og það skiptir engu máli hvort það eru uppgangstímar eða samdráttartímar, það virðist aldrei vera afgangspeningur til að hugsa t.d. um slík mál.

En ég ætla ekki að eyða allt of miklum tíma í að ræða þetta hér en vildi, eins og ég segi, taka undir efni þessa frv. Að mínu mati ætti í raun ekki að þurfa slíkt frv. en dæmin sanna að það virðist svo vera. Það hafa komið fram dæmi um það að menn hafi sótt um biðlaun eða notað þennan rétt sinn þó þeir fari í hálaunastörf á vegum ríkisins. Ég get tekið undir það að það ætti í raun að gilda um önnur störf líka en við ráðum kannski ákaflega illa við það að fara að meta það hvort fólk fer í störf á hinum almenna markaði. Ég vil samt benda á að þetta er eingöngu réttur til biðlauna. Þetta er þannig að þegar við hættum á Alþingi þurfum við að sækja um að fá þessi biðlaun sem þýðir að við þurfum að setjast niður og skrifa bréf og óska eftir því að fá þetta sem þýðir auðvitað það að þeir sem fara í hálaunastörf, hvort sem það er á vegum hins opinbera eða hjá einkaaðilum, ætti raunverulega siðferðilega að sjá sóma sinn í því að sækja ekki um þessi laun ef þeir eru með verulega há laun annars staðar. En það er kannski annar handleggur. Þar sem það virðist þurfa að setja einhver svona ákvæði í lög þá tel ég rétt að gera það og þess vegna vil ég gjarnan koma hér til að styðja frv. Merkilegt nokk þá man ég ekki í fljótu bragði eftir nokkrum dæmum um misnotkun á þessu nema úr einmitt flokki hv. þm. en það sýnir að þeir telja það ekki réttlætanlegt að fara svo að eins og menn hafa gert og það er auðvitað mjög gott að menn geti horft með þeim augum á sína eigin félaga.

[11:53]

Flm. (Eggert Haukdal):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka undirtektir. Út af ábendingu hv. 4. þm. Norðurl. e. að frv. þyrfti að vera víðtækara þá mætti beina því til nefndarinnar að hún skoðaði þann þátt málsins en ég vil þó leggja mikla áherslu á að það má þá ekki verða til þess að stöðva þetta tiltekna mál. Það þarf tafarlausa afgreiðslu að koma þessu út úr heiminum og þó að menn vilji vísa til milliþinganefndar ýmsum málum varðandi þingfararkaup alþm. sem að sjálfsögðu getur komið til greina þá verði þetta tiltekna mál ekki stöðvað. Ég legg áherslu á það.

En mér þótti hins vegar leitt að það skyldu verða nefnd í þessari umræðu nöfn ákveðinna manna og flokka. Það átti ekkert erindi inn í þessa umræðu. Umræðan undanfarna daga og vikur um margs konar sjálftöku ýmissa aðila einskorðast ekki við einn flokk, síður en svo. Þannig að á þessum hlutum þarf að taka en ekki með sérstöku tilliti til eins flokks. Það þarf að koma í veg fyrir sjálftöku í þjóðfélaginu hjá þeim sem hana stunda.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lánskjör og ávöxtun sparifjár, 1. umr.

Frv. EH o.fl., 44. mál. — Þskj. 44.

[11:55]

Flm. (Eggert Haukdal):

Virðulegi forseti. Hér liggur fyrir frv. um lánskjör og ávöxtun sparifjár sem ég hef leyft mér að flytja ásamt nokkrum hv. þm. og þeim hefur fjölgað ár frá ári. Ásamt mér eru nú flm. að frv. hv. þm. Matthías Bjarnason, Páll Pétursson, Kristín Ástgeirsdóttir, Kristinn H. Gunnarsson, Guðrún Helgadóttir, Jón Kristjánsson, Árni R. Árnason og Ingi Björn Albertsson.

1. gr. frv. hljóðar svo:

„Frá og með 1. janúar 1995 er óheimilt að verðtryggja fjárskuldbindingar, þar með talin inn- og útlán í bankakerfinu, skuldabréf, verðbréf o.fl., enda verði lánskjaravísitalan lögð niður.

2. gr. Við gildistöku þessara laga falla úr gildi ákvæði VII. kafla, 34.–47. gr., laga nr. 13/1979, um stjórn efnahagsmála o.fl., svo og önnur lagaákvæði er kunna að stríða gegn lögum þessum.

3. gr. Ráðherra setur reglugerð um framkvæmd laga þessara."

4. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1995."

Greinargerðin hljóðar svo:

„Frumvarp þetta er hér flutt í áttunda sinn. Síðast var það flutt á 117. löggjafarþingi.

Verðtrygging fjárskuldbindinga samkvæmt lánskjaravísitölu hefur þegar gengið sér til húðar, enda komið á daginn að atvinnuvegirnir bera hana ekki. Greiðslustöðvanir og gjaldþrot fyrirtækja, raunar einnig heimila, hafa farið hraðvaxandi. Áframhaldandi hrun og atvinnuleysi er fram undan ef ekki er gripið í taumana.

Fyrirheit, sem gefin voru með verðtryggingu fjárskuldbindinga, um samdrátt útlána, minni erlendar lántökur og aukinn sparnað, hafa öll brugðist eins og hagskýrslur bera með sér.

Lánskjaravísitalan er meiri verðbólguvaldur en aðrar vísitölur þar sem byggingarkostnaður er innifalinn, en hann er háður mestum sveiflum í hagkerfinu. Vinnulaun eru og reiknuð í vísitölunni en ein afleiðing þess er sú að sérhver kjarabót launþega er jafnharðan af þeim tekin með sjálfkrafa hækkun skulda af íbúðalánum. Kaupgjaldsvísitalan hefur þegar verið afnumin með lögum og því ekki siðferðilega stætt á því

að halda lánskjaravísitölunni."

Þetta frv. er flutt í áttunda sinn eins og hér hefur komið fram. Því hefur jafnan verið vísað til nefndar en nefndin oftast legið á því. Stundum hefur það verið afgreitt til *ríkisstjórnar en oftast legið án þess að nefndin skilaði því frá sér til þingsins.*

Nú er orðin óvanaleg staða í þessu máli þar sem stuðningur er við það orðinn víðtækur í þjóðfélaginu. Ég vænti þess nú að sagan frá í fyrra endurtaki sig ekki, að hv. nefnd skili því fljótlega aftur inn til þingsins.

En ég vildi aðeins fara yfir örstutta skýrslu frá Seðlabankanum sem barst þegar málið var til meðferðar í nefndinni í fyrra, menn hefðu í hv. nefnd raunar átt við lestur þeirrar skýrslu að sjá þá rangsleitni sem þar kemur fram og sem Seðlabankinn hefur jafnan stundað í þessu máli. En ég vil, með leyfi forseta, hafa yfir örstutt svar vegna þessarar tilteknu skýrslu.

„Í skýrslunni er fyrst vikið að annarri skýrslu, Vaxtamyndun á fjármagnsmarkaði, sem gefin var út af viðskiptaráðherra í október 1993. Sú skýrsla kvað verðtryggingu enn gegna mikilvægu hlutverki og taldi það sjónarmið túlka stefnu stjórnvalda. Þetta er ekki rétt, enda er viðskiptaráðherrann annar nú, og þess utan eru flutningsmenn frumvarpsins að þessu sinni bæði úr stjórnar- og stjórnarandstöðuflokkum. Viðurkennt er og í seðlabankaskýrslunni að draga beri úr notkun verðtryggingar við skuldbindingar til skamms tíma. Það er vissulega spor í rétta átt.

Hitt er alrangt að fjármagnsmarkaðurinn eigi sjálfur að þróa kjör sín og skilmála. Heilbrigður efnahagur og stöðugleiki verður aðeins tryggður með náinni samvinnu peningastjórnar og ríkisfjármála. Einnig er rangt að víðtækari verðtrygging hér en með öðrum þjóðum helgist af langvarandi verðbólguþróun og fullkomnara verðtryggingarkerfi. Önnur Evrópuríki hafa lengi búið og búa enn við verðbólgu og þau þeirra sem verðtryggðu fjárskuldbindingar um tíma (Finnland, Ísrael o.fl.) tryggðu kaupgjald samhliða. Það er ekki gert hér og af þeim sökum er okkar kerfi með öllu ótækt. Þar eiga við orðin „löglegt en siðlaust".

Sú fjarstæða kemur fram í seðlabankaskýrslunni að afnám verðtryggingar hérlendis muni leiða til fjárflótta. Hvert eiga menn að flýja með fé sitt þegar verðtrygging er hvergi við lýði nema í vanþróuðum ríkjum Suður-Ameríku? Staðreyndin er þvert á móti sú að sömu lánskjör verða að gilda hér og í viðskiptalöndum okkar ef fjármagnsstreymi á að haldast frjálst til frambúðar. Slagorð peningahyggjunnar um markaðslögmálin og jafnvægisvexti eru ekki svaraverð.

Þá er á bls. 2 í skýrslunni hneykslast á eftirfarandi setningu í 1. gr. frumvarpsins: „enda verði lánskjaravísitalan lögð niður". Verið sé að setja fram bann í aukasetningu! Langt er seilst í rökræðunni þegar málstaðurinn er veikur. Í 1. gr. frumvarpsins er verðtrygging fjárskuldbindinga gerð óheimil, svo sem sjá má hér að framan. Af því leiðir eðlilega að lánskjaravísitalan verði lögð niður. Enginn grundvöllur er lengur fyrir henni. Skýrsluhöfundar telja lánskjaravísitöluna verndaða af stjórnarskránni. Þeir virðast gleyma því að henni hefur verið breytt til stórtjóns fyrir launþega. Kaupgjaldsbreytingar voru færðar inn í vísitöluna og það er þá líka stjórnarskrárbrot. Einnig hækka húsnæðisskuldir við hverja kjarabót launþega og væri rétt að launþegarnir könnuðu skaðabótarétt sinn.

Skýrsluhöfundar virðast ekki skilja að aukin vaxtabyrði valdi atvinnuvegunum erfiðleikum. Vextir eru verð peninga sem fengnir eru að láni — allt verðið, raunvextir að viðbættum verðbótaþættinum. Taka verður mið af nafnvöxtunum sem að fullu leggjast við rekstrarkostnað fyrirtækja. Þeim kostnaði er ekki unnt að mæta með hækkun afurðaverðs þegar selt er á erlendum mörkuðum. Þá er gripið til gengislækkana. Þær ónýttu ávinning sem sjávarútvegurinn reyndi að tryggja sér með því að breyta innlendum lánum í erlend. Nafnvextir jukust um tugi prósentna á 9. áratugnum og náðu hámarki árið 1983 er þeir urðu 77%. Sama ár tvöfölduðust skuldir heimilanna og er lánskjaravísitalan *fullnægjandi skýring á því sem og á síðari hækkunum.*

Í seðlabankaskýrslu Jóns Sigurðssonar er sú fáránlega staðhæfing að notkun lánskjaravísitölu hafi dregið úr verðbólgu. Verðbólga jókst til muna með tilkomu hennar. Ólafslög komu ekki að fullu til framkvæmda fyrr en frá og með 1983. Þá tók verðbólgan *heljarstökk er vísitala framfærslukostnaðar,* árleg meðaltalshækkun, varð 84,28% og hélst hún há út allan 9. áratuginn. Skuldabyrðin olli greiðsluerfiðleikum bæði hjá fyrirtækjum og heimilum, svo og áður óþekktum fjártöpum banka. Allt þetta leiddi til hruns sem reynt var að leysa með þjóðarsátt 1990 að frumkvæði launþegasamtakanna.

Íslenskir bankar verða að kynnast starfsháttum erlendra banka í viðskiptalöndum okkar og temja sér þá eins og bent er stuttlega á í greinargerðinni hér að framan. Að öðrum kosti mun okkur ekki takast að viðhalda fjármagnsfrelsi og efnahagsjafnvægi.

Skattlagning fjármagnstekna er með öllu óframkvæmanleg ef hún á að ná til raunvaxta aðeins. Vinnan við það yrði dýrari en tekjunum næmi. Bankastjórar í Reykjavík hafa þegar gert grein fyrir þessu.

Í heild er umrædd seðlabankaskýrsla tilraun til réttlætingar á alvarlegum pólitískum mistökum sem verðtrygging fjárskuldbindinga var."

Að lokum vil ég undirstrika sem hefur komið áður fram í máli mínu að frv. hefur nú víðtækan stuðning hér og það frá flestum flokkum. Nýjustu fréttir frá verkalýðshreyfingunni eru þær að afnám lánskjaravísitölu verði tekið upp við þá kjarasamninga sem nú eru fram undan. Það er einnig athyglisvert hvernig þessi barátta fyrir afnámi lánskjaravísitölunnar hefur þó borið þann árangur að stöðugt fjölgar þeim sem sjá að svo má ekki lengur ganga.

Þá vil ég leggja áherslu á í þessari umræðu á baráttu forsrh. fyrir lægri vöxtum og stuðningi núv. viðskrh. í þeim efnum eftir að við losnuðum við fyrirrennara hans úr ráðherrastól. Og út af svo umræðunni undanfarna daga þar sem kröfur eru um vaxtahækkun, ég vil ljúka máli mínu með þeim orðum að það má nú með engum hætti missa taumhald á vöxtunum.

Ég legg svo til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

[12:06]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins koma á framfæri hér við hv. 1. flm. þessa frv. til laga um lánskjör og ávöxtun sparifjár, hv. þm. Eggert Haukdal, að ég get fallist á mjög margar af þeim röksemdum sem hann hefur komið fram með hér gegn vísitölutryggingu fjárskuldbindinga. Hann varpaði fram þeirri spurningu hér áðan í máli sínu hvort lánskjaravísitalan hefði í raun dregið úr verðbólgu og studdist þar við fullyrðingar fyrrv. hæstv. ráðherra í ríkisstjórn Davíðs Oddssonar, Jóns Sigurðssonar, þar að lútandi. Hv. þm. taldi fullvíst að verðtryggingin hefði ekki dregið úr verðbólgu. Ég get tekið undir þetta með hv. þm. Ég held að vísitölutryggingin hafi ekki dregið úr verðbólgunni. En ég verð hins vegar að segja að ég hef aldrei dregið í efa að verðtryggingin hafi sem slík verið á sínum tíma óhjákvæmileg vörn, varnaraðgerð fyrir sparifjáreigendur í landinu gegn óðaverðbólgu á meðan önnur tiltæk ráð brugðust. Menn muna vafalaust eftir því að það var lagt upp hér fyrir einum 15 árum í styrjöld gegn verðbólgunni, leiftursókn gegn verðbólgunni sem þáv. hv. stjórnarandstaða sneri upp í leiftursókn gegn lífskjörum og truflaði þar með þjóðina í mörg ár í þeirri viðleitni sinni að takast á við verðbólguna. Því var því vandamáli frestað og það var einmitt á þessum tíma þegar þessi frestur stóð að tekist yrði á við þetta vandamál sem verðtryggingin var tekin upp til varnar sparnaðinum í landinu sem var að hverfa.

[12:09]

Flm. (Eggert Haukdal) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Út af orðum hv. þm. vil ég undirstrika að ég minnti á rök seðlabankastjórans fyrrv. Í seðlabankaskýrslu Jóns Sigurðssonar er sú fáránlega staðhæfing að notkun lánskjaravísitölu hafi dregið úr verðbólgu. Það er þetta sem er meginmál. Þetta hefur ekki gerst.

Síðan það að hér hafi þurft að taka upp verðtryggingu til að passa sparifjáreigendur. Var þessi verðtrygging kaupandi því verði að setja hér allt í kaldakol í þessu þjóðfélagi, fyrirtæki og heimili? Ég held ekki. Fyrir þessu þarf að gera sér grein. Í þessu frv. er gert ráð fyrir því sem alltaf hefði átt að gerast gegnum tíðina. Það er að bankar og sparisjóðir sem voru með innlagt fé frá almenningi áttu að borga bónus á það fé sem var í langtímasparisjóðsbók. Þar brást bankakerfið og þjóðfélagið gagnvart sparifjáreigendum. Ríkið skuldar út af fyrir sig og bankar sparifjáreigendum í gegnum tíðina meðan þetta gekk vitlaust og brjálað fyrir að hafa ekki staðið rétt að hlutunum. En að hrósa og hampa þessari verðtryggingu að hún hafi leyst — jú, jú, hún færði gífurlegt fé á hendur sumra. En kostnaðurinn sem þjóðin hefur haft af þessari verðtryggingu er hrun atvinnuveganna og heimilanna, og hvernig má það vera að það sé hægt að verja þetta kerfi? Það var miðað við að verðtrygging væri bæði á fé og kaupi manna. Verðtryggingin var afnumin af kaupinu. Kaupið var raunar tekið inn í sjálfa vísitöluna. Þetta er eitt meginhneykslið.

[12:11]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil taka það fram hér að ég met það við hv. þm. að hann hefur alltaf verið mjög glöggur á hin neikvæðu áhrif sem vísitölutrygging verðskuldbindinga hafði í för með sér. Hann hefur alltaf verið mjög glöggur á þessi neikvæðu áhrif og þau hafa vissulega verið margvísleg. En hinu er ekki að neita að vísitölutryggingin hafði þó áhrif á sparnaðinn, óðaverðbólgan hafði haft mjög neikvæð áhrif á ráðdeild hér á Íslandi og sparnað. Og það er ekki hægt að bera á móti því að eftir að þessi ákvæði voru tekin upp með Ólafslögum, þá jókst sparnaðurinn sem var mjög mikilvægt skref í því að efla innlendan sparnað. Og ég vil einnig taka undir það að nú fyrst má segja að séu að skapast aðstæður til þess að koma til móts við baráttumál hv. þm. vegna þess að þjóðfélagið hefur þróast þannig í sínum efnahagsmálum að nú eru aðstæður til þess að afnema lánskjaravísitöluna og ég held þess vegna að aðstæður hafi skapast til að komast til móts við þetta baráttumál þingmannsins.

[12:13]

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég vildi segja hér nokkur orð til þess að lýsa stuðningi við það frv. sem hér liggur frammi enda er ég einn af meðflm. þess ásamt hv. 1. flm. sem hefur eins og hér hefur fram komið verið þrautseigur við að flytja þetta mál þing eftir þing en það hefur ekki fengið afgreiðslu hér á hv. Alþingi.

Ég held að það beri núna brýna nauðsyn til þess að þetta mál fái afgreiðslu í vetur eða lánskjaravísitalan verði afnumin. Þetta tæki hvort sem það hefur verið nauðsynlegt eður ei á sínum tíma, ég ætla ekki að afneita því að miðað við þær aðstæður sem voru í þjóðfélaginu árið 1978 eða 1979, þá gætu slíkar aðgerðir verið réttlætanlegar, en þetta fyrirkomulag er það ekki lengur. Þetta er stórháskalegt tæki og nú er svo komið þrátt fyrir allar fullyrðingar um stöðugleika og efnahagsbata í þjóðfélaginu að skuldir einstaklinga í landinu, skuldir heimilanna eru komnar á þriðja hundrað milljarða kr. og minnstu hreyfingar í verðlagi og minnstu hreyfingar á lánskjaravísitölu margfalda þessar skuldir.

Ég sá útreikninga yfir það á sínum tíma að eingreiðsla upp á 6 þús. kr., sem launamenn fengu á sl. ári, að venjulegur húsbyggjandi sem skuldaði um 4 millj. kr. hefði farið með mínus út úr viðskiptunum vegna hækkunar lánskjaravísitölunnar. Það getur auðvitað haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar miðað við þá skuldastöðu einstaklinga sem fyrir er í þjóðfélaginu að láta þessa myllu mala áfram. Ég lýsi því eindregnum stuðningi við frv. og hvet til þess að það fái afgreiðslu á þinginu.

Erlend fjárfesting og breyttar reglur í þeim efnum hafa verið til umræðu. Útlendingum er leyfilegt að fjárfesta hér um næstu áramót fyrir utan sjávarútveg. Ekki hafa margir erlendir fjárfestar komið hingað eða lýst

áhuga á að fjárfesta hér. En ég hef þó heyrt að þeir fáu sem komu vita varla hvað er átt við þegar talað er um þessa verðtryggingu og kjósa sér önnur form til fjárfestingar en þau að kaupa hér verðtryggð bréf. Sú röksemd er því t.d. ekki gild að þetta fyrirkomulag örvi erlenda fjárfestingu. En þó það sé kannski örlítið annað mál þá hafa einstakir stjórnarliðar imprað á stöðugleika og hv. 5. þm. Norðurl. e. talaði í nokkrum saknaðartón um að leiftursóknin hefði verið blásin af á sínum tíma. Það hefði verið mjög miður. Sem betur fer var hún blásin af því hún miðaði að því sama og er núna með efnahagsstefnu stjórnarinnar, þ.e. að auka misrétti í þjóðfélaginu. Hún var auðvitað leiftursókn gegn lífskjörum almennings eins og var réttilega sagt. En ég ætla ekki að fara að þræta um fortíðina í löngu máli en leiftursóknin dæmdi sig sjálf á sínum tíma. Hins vegar hefur mikið gengið á undanfarin fjögur ár í rekstri fyrirtækja, í rekstri heimilanna í landinu og það eru heimilin sem standa núna höllum fæti og þar er skelfilegt ástand. Það er rétt að vextir hafa lækkað núna frá því fyrir tveimur árum eða svo en þessi mikli árangur sem hæstv. ráðherrar og einstaka hv. þm. stjórnarliðsins berja sér á brjóst yfir er ekki meiri en það í vaxtamálum að vaxtastigið er svipað og það var í upphafi kjörtímabilsins. Þegar þeir tóku við og létu þeir verða sitt fyrsta verk að hækka vextina, halda lánskjaravísitölunni, þrátt fyrir hetjulega baráttu hv. 6. þm. Suðurl. í því efni en hún hefur ekki borið árangur þrátt fyrir stuðning ýmissa ágætra manna.

Ég kem eingöngu upp til að ítreka þennan stuðning og vona að þetta mál nái fram að ganga vegna þess að staða heimilanna í landinu er skelfileg um þessar mundir og ef þessi sjálfvirka mylla verður ekki tekin úr sambandi versnar hún á næstu árum með ófyrirsjáanlegum afleiðingum. T.d. hafa birst tölur um vanskil í húsbréfakerfinu sem eru gríðarleg. Þær tölur, sem fyrir liggja um skuldir heimilanna í landinu, sýna þessa mynd í hnotskurn þar sem þær sigla hratt í átt til 300 milljarða kr. með þessu áframhaldi. Það er uggvænleg þróun og þarna verður að spyrna við fótum því að æ fleiri missa tök á fjármálum sínum. Ef þetta mál næði fram að ganga er það þáttur í því að veita einhverja viðspyrnu.

[12:21]

Flm. (Eggert Haukdal):

Virðulegi forseti. Ég bað ekki hæstv. viðskrh. að vera við þessa umræðu og eins og sjá má mætti hann ekki. Hann var við í fyrra og tók þá betur í málið en fyrirrennari hans hafði gert sem var jafnan staður í þessum málum og enda þótt hann sé ekki viðstaddur vona ég að hann fái fréttir af umræðunni og taki við sér í þessu máli. Þar sem hv. 6. þm. Norðurl. e., Jóhannes Geir Sigurgeirsson, formaður efh.- og viðskn., er mættur er í salinn vil ég mega vænta þess að hann taki með meiri rögg á þessu máli heldur en var í tíð fyrirrennara hans, fráfarandi formanns í fyrra. Margir ágætir nefndarmenn í fyrra vildu láta málið ganga fram. Þar á meðal veit ég að hv. þm. var einnig en það gekk nú samt ekki en vonandi gengur það núna.

Hvernig stendur á því að Seðlabankinn beitir þeim rökum að lánskjaravísitalan sé vernduð af stjórnarskránni? Hvernig kemst hann upp með þetta? Þó er búið að breyta henni, breyta henni til stórtjóns fyrir launþega og kaupgjaldsbreytingar eru færðar inn í vísitöluna. Er þetta ekki líka stjórnarskrárbrot? Þyrfti ekki þessi blessaður Seðlabanki, sem er yfir öllu hér á landi, að skoða röksemdafærsluna hjá sér í þessum málum?

Ég þakka kærlega fyrir þessa umræðu. Ég vona að hlutir gangi nú þannig fram að hv. nefnd taki rösklega á málinu og afgreiði málið inn til þingsins og menn fái að taka afstöðu í málinu.

[12:23]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. þm. Eggert Haukdal beindi orðum sínum nokkuð til mín. Ég get engu lofað um afgreiðslu efh.- og viðskn. en ég get þó sagt að málið verður tekið til skoðunar og ég get sagt það sem mína skoðun að það er löngu kominn tími til að afnema lánskjaravísitöluna. Hv. þm. nefndi reyndar þá breytingu, sem var gerð á henni, þar sem þáttur launa var aukinn. Það var reyndar til hagsbóta fyrir launþega og fyrir vaxtaþróun á meðan laun fóru lækkandi. En þetta er hins vegar stórháskalegt þegar einhver bati kemur í þjóðfélag okkar sem getur orðið þess valdandi að hækkuð laun skrúfi lánskjaravísitöluna upp og hækki þar vexti á þeim fjárskuldbindingum sem eru verðtryggðar. Það er í raun algjör rökleysa því þá eru menn að segja að menn sjái eitthvert svigrúm til að hækka launagreiðslur, það geri það að verkum að menn geti á sama tíma borgað verulega hærra fyrir fjármagnið. Þetta held ég að sé alrangt. Við hljótum að einbeita okkur að því á næstunni að skila einhverju af batanum í þjóðfélaginu til launafólksins en ekki endilega til fjármagnseigendanna sem hafa fengið sitt.

Virðulegur forseti. Þar sem hv. þm. nefndi rök Seðlabankans þá kom það fram þegar einn af seðlabankastjórunum var á fundi með okkur í efh.- og viðskn. í síðustu viku að verðtryggð bréf væru erfið í sölu erlendis vegna þess að þar skildu menn ekki þetta fyrirkomulag, þessa verðtryggingu sem væri á peningum á Íslandi. Ég vona að Seðlabankinn sé þeirrar skoðunar að þetta þurfi að skoða. (**EH:** Það er ánægjulegt að Seðlabankinn er farinn að sjá ljós.)

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Útbýting þingskjals:

Fréttaflutningur af slysförum, 115. mál. þáltill. GunnS, þskj. 118.

Staðsetning björgunarþyrlu, fyrri umr.

Þáltill. JónK o.fl., 48. mál. — Þskj. 48.

[12:26]

Flm. (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég flyt á þskj. 48 till. til þál. um staðsetningu björgunarþyrlu. Hún er á þessa leið:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara

fram úttekt á hvaða staðsetning björgunarþyrlu þjónar best skipulagi björgunarmála hérlendis. Úttektin fari fram í samvinnu dómsmálaráðuneytisins, Landhelgisgæslunnar, Almannavarna, Slysavarnafélags Íslands og Landsbjargar. Niðurstöður liggi fyrir 1. mars 1995.

Tillaga þessi var að meginefni til flutt á síðasta ári og er endurflutt óbreytt að öðru leyti en því að dagsetningu hefur verið breytt.

Það er svo að frá því till. var flutt í fyrra hafa aðstæður breyst að því leyti til að nú hefur loks verið gengi frá samningum um kaup á fullkominni björgunarþyrlu fyrir Landhelgisgæsluna og hún mun koma til landsins og í not á miðju næsta ári.

Ekki hefur verið ákveðið enn hvað verður gert við þá þyrlu sem Gæslan á nú en ljóst er að hún verður í notkun í sex mánuði áfram vegna æfinga og þjálfunar á nýju þyrluna. En því er þessi tillöguflutningur tímabær nú og það ætti að gefast tóm til þess að ákveða hvaða staðsetning þessa þyrlukosts hentar best til þess að björgunarstarf í landinu verði öruggara og markvissara. Ég tek fram að áhöfn þyrlu Landhelgisgæslunnar hefur unnið þrekvirki í björgunarmálum. Eins og segir í greinargerð tillögunnar er þyrlukostur Landhelgisgæslunnar staðsettur í Reykjavík að öllu jöfnu og varnarliðið á Keflavíkurflugvelli hefur yfir fjórum þyrlum að ráða. Ætlunin er að auka enn frekar samstarf við björgunarsveit varnarliðsins um björgunarmál og ég hef upplýsingar um að viðræður Landhelgisgæslunnar og varnarliðsins um þessi mál standa yfir þannig að alvara er í þeim áformum að kanna það til hlítar hvort Íslendingar geta komið inn í þennan rekstur enn frekar. Segjum sem svo að þeir samningar takist og björgunarsveit varnarliðsins verði að einhverju leyti eða öllu á ábyrgð Landhelgisgæslunnar er þessi þyrlufloti allur kominn hér á eitt landshorn. Auðvitað má færa rök að því að viðbragðstími austur og norður fyrir land er lengri með þessum hætti og það þjónar ekki sama tilgangi að hafa allan þennan flota hér staðsettan þó að hingað til hafi auðvitað verið svo að þessi eina þyrla sem Landhelgisgæslan hefur haft yfir að ráða hafi verið staðsett hér vegna þess að aðalstöðvar Gæslunnar eru hér.

Auðvitað kostar breytt tilhögun á þessu sviði peninga, ég geri mér það fullljóst. En við erum háðir þessari starfsemi, sívaxandi útgerð og sívaxandi umsvifum á landi, m.a. uppi á hálendinu, þannig að við verðum nokkru til að kosta að hafa þessa björgunarstarfsemi sem fullkomnasta. Ég verð því miður að segja að það lítur ekkert vel út með rekstur Landhelgisgæslunnar á næsta ári. Það er gengið frá þeim málum í fjárlögum nú með mjög sérkennilegum hætti og get ég ekki annað en í tengslum við þetta mál, vegna þess að ég geri mér grein fyrir að þessi tillöguflutningur kostar peninga, rætt um hvernig ríkisvaldið og ríkisstjórnin ætlar að búa að þessari starfsemi á næsta ári. Það er ætlunin eins og ég sagði áðan að ný þyrla Gæslunnar komi í rekstur á næsta ári. Það er upplýst í athugasemdum við fjárlagafrv. að rekstur þessarar þyrlu, fullkominnar björgunarþyrlu, verði 10 millj. kr. á mánuði og Gæslunni er ætlað að skera niður á öðrum sviðum á móti þessum kostnaði. Þannig er nú búið að þessari lífsnauðsynlegu starfsemi í fjárlögunum og það verður auðvitað komið að því síðar, þegar fjárlagafrv. kemur til 2. umr. Landhelgisgæslan hefur 608 millj. til sinnar starfsemi. Það gefur því auga leið að ef gæslan á að bæta á sig 10 millj. kr. kostnaði á mánuði í rekstri nýrrar björgunarþyrlu verður að skera niður einhverja aðra starfsemi á móti, t.d. að hætta að gera út eitt skip eða svo. Ég held að sjómönnum þessa lands finnist ekki of í lagt í þeim efnum satt að segja, ekki síst þegar er nú gert ráð fyrir því að úthafsveiðar munu vaxa og uppsetning fjárlaga og horfurnar í efnahagsmálum eru byggðar á því.

Þó að þetta sé svolítill útúrdúr frá tillögunni, þá gat ég ekki að mér gert vegna þess að svo alvarlega horfir í þessum málum að minnast á þetta. Tillagan er í sjálfu sér einföld. Hún fjallar eingöngu um úttekt á því hvaða fyrirkomulag þjónar best björgunarmálum hérlendis, hvaða staðsetning á þyrlukostinum þjónar þeim best. Það er alveg ljóst í mínum huga að ef Landhelgisgæslan er með tvær þyrlur, hvað þá ef hún er með fimm eða sex eins og gæti orðið ef þau áform ganga eftir að taka yfir rekstur varnarliðsins á þessu sviði, þá þjónar sú staðsetning ekki björgunarmynstrinu eða björgunarmálum best að hafa þennan flota allan staðsettan á sama landshorninu, það er alveg ljóst. Það er langt flug t.d. austur fyrir land en ég geri mér það alveg ljóst að það þarf aðstöðu, það þarf að búa þannig að Gæslunni að hún geti skapað sér aðstöðu á þeim stað úti á landi sem valinn er til þess að hafa björgunarþyrlu þar staðsetta.

Þessi tillaga var flutt eins og ég áður sagði á fyrra þingi og fékk þá ekki afgreiðslu en ég vonast satt að segja til þess nú að hún fái afgreiðsu nú fyrir þinglok. Til þess gefst nægur tími. Ég þarf ekki að rekja í sjálfu sér í löngu máli þau rök sem eru fyrir því að breyta um í staðsetningu á þessum nauðsynlegu björgunartækjum. Það er nægilegt að skírskota til þess t.d. að stór floti skipa stundar loðnuveiðar hér fyrir norðan og austan land á viðsjárverðum tíma á veturnar og það er vaxandi umferð frá Evrópu t.d. til Austurlands með flutningaskipum og þær ferðir munu vaxa á næstu árum. Þetta tvennt t.d. er næg ástæða til þess að breyta hér um þannig að það þarf í sjálfu sér ekki ýkjamikinn rökstuðning í þessu efni. Ástæðurnar liggja svo í augum uppi. Það sem vantar er að ganga til verks, skoða þessi mál og taka ákvarðanir um staðsetningu og búa Landhelgisgæsluna þannig úr garði fjárhagslega að það sé hægt að standa myndarlega hér að málum.

(Forseti (KE): Forseti heyrði ekki að hv. þm. gerði tillögu um nefnd.

Ég legg til að málinu verði vísað til allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tekjuskattur og eignarskattur, 1. umr.

Frv. JVK o.fl., 47. mál (iðgjaldagreiðslur til lífeyrissjóða). — Þskj. 47.

[12:38]

Flm. (Guðrún J. Halldórsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum. Flm. eru allar þingkonur Kvennalistans, Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, Anna Ólafsdóttir Björnsson, Guðrún J. Halldórsdóttir, Kristín Ástgeirsdóttir og Kristín Einarsdóttir.

Frv. hljóðar svo:

„1. gr. Við A-lið 1. mgr. 30. gr. laganna bætist nýr töluliður er verði 1. tölul. og orðist svo:

1. Iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga til viðurkenndra lífeyrissjóða.

2. gr. Lög þessi öðlast þegar gildi."

Frumvarp þetta er nú flutt í þriðja sinn af þingkonum Kvennalistans.

Árið 1987 var tekin upp staðgreiðsla skatta. Frá þeirri lagabreytingu hafa landsmenn búið við tvísköttun á lífeyrissjóðsgjöld. Framlag launþega í lífeyrissjóð er skattlagt þegar hann myndar réttindi sín með inngreiðslum og lífeyrisgreiðslur til hans eru einnig skattlagðar þegar launastarfi lýkur.

Þetta fyrirkomulag hefur í för með sér mikið óréttlæti. Álagning tekjuskatts, bæði við myndun sjóðsins og úttekt úr honum, er óeðlileg. Fólk leggur fyrir í lífeyrissjóði til þess að búa í haginn fyrir elliárin. Einstaklingur getur hins vegar lagt fyrir sparifé eða keypt ríkisskuldabréf og myndað þannig eigin lífeyrissjóð eins og segir í auglýsingu frá ríkissjóði. Tekjuskattur er greiddur við myndun eigin sparnaðar en ekki þegar peningarnir eru teknir út. Að þessu leyti er ólík skattaleg meðferð á frjálsum sparnaði og skyldusparnaði í lífeyrissjóði. Í þessu frumvarpi er lagt til að tekjuskattur verði aðeins greiddur einu sinni af sömu tekjunum.

Ástæður þess að fremur er valið að hafa skattfrelsi við myndun sjóðsins en úttekt úr honum eru nokkrar:

a. Ekki munu allir þeir sem greiða í lífeyrissjóð fá greiðslur úr honum. Hluti þeirra sem greiða í lífeyrissjóði lifa það ekki að njóta lífeyrisgreiðslna, jafnvel ekki heldur erfingjar þeirra. Enn aðrir fá aðeins lítinn hluta.

b. Verða lífeyrissjóðirnir til eftir nokkra áratugi? Nokkur ótti er meðal fólks um það að eftir nokkra áratugi muni einhverjir lífeyrissjóðanna ekki hafa bolmagn til að standa undir skuldbindingum sínum. Allir vona að svo verði ekki, en fari svo munu aðeins þeir sem fá greiðslur úr sjóðunum greiða skatt af þeim. Hinir, sem mynduðu sjóðinn en fengu lítið eða ekkert, þyrftu a.m.k. ekki að greiða skatt af framlaginu ef þetta frumvarp verður samþykkt.

c. Betri nýting persónuafsláttar á efri árum vegna nokkru lægri tekna. Þorri fólks hefur lægri tekjur á eftirlaunum en það hafði í fullu starfi eða það mundi hafa í sams konar starfi nú. Það eru því meiri líkur til þess að nýting persónuafsláttar á lífeyrisgreiðslur verði betri hjá eftirlaunaþeganum en þegar launþegi er að afla tekna til að skapa framlag sitt í sjóðinn.

d. Hvetja þarf fólk til að mynda lífeyrissjóði. Langtímasparnaður og fyrirhyggja varðandi afkomu fólks eftir starfslok eru nauðsynleg ef hægt á að vera að lifa mannsæmandi lífi. Hvetja þarf til fyrirhyggju með skattfrelsi við myndun slíkra varasjóða. Það er full ástæða til að hvetja til að jafnvel enn stærri hluti verði lagður fyrir en nú er gert. Skattfrelsi er hluti af slíkri hvatningu. Það er ljóst að ríkissjóður mun ekki geta staðið undir mannsæmandi eftirlaunagreiðslum til fólks ef lífeyrissjóðirnir bregðast.

e. Skattfrelsi á lífeyrisgreiðslur við útborgun getur falið í sér mismunun. Einstaklingar fá greiðslur úr mismunandi sterkum lífeyrissjóðum og framlag vinnuveitenda er mishátt. Ef lög væru þannig að allar lífeyrissjóðsgreiðslur til eftirlaunaþega væru skattfrjálsar hefði það í för með sér mikla mismunun því að endurgreiðslur eru mjög mismunandi. Allar tilraunir til að hafa skattfrelsið innan skynsamlegra marka kalla á mjög flóknar reglur. Einfaldasta leiðin og sú réttlátasta er því að hafa skattfrelsi við myndun sjóðsins.

Mikil umræða hefur verið um þessi mál í þjóðfélaginu. Á 113. löggjafarþingi var samþykkt ályktun að frumkvæði Guðmundar H. Garðarssonar, svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að gera könnun á skattalegri meðferð lífeyrissparnaðar og undirbúa nauðsynlegar lagabreytingar til að slíkur sparnaður njóti ekki lakari kjara en annar sparnaður í landinu."

Nýlega var lögð fram tillaga til þingsályktunar um afnám tvísköttunar af lífeyrisgreiðslum. Flutningsmenn eru þrír þingmenn Sjálfstæðisflokksins.

Það er skoðun flutningsmanna þessa frumvarps að sú leið, sem hér er lögð til, sé einföld og sú réttlátasta sem kostur er á.

Virðulegi forseti. Eins og fram kemur í þessari greinargerð sem ég hef lesið þá hafa fleiri en kvennalistaþingkonur tekið eftir og haft áhyggjur af að þessi tvísköttun er í landinu. Þegar þetta frv. var fyrst lagt fram þá kom í ljós að verið var að íhuga og rannsaka í fjmrn. þáltill. sem Guðmundur H. Garðarsson hafði flutt og var samþykkt um skoðun á þessu máli. Þessi skoðun virðist enn þá vera í gangi í ráðuneytinu því að ekki hefur a.m.k. bólað á neinum endurbótum frá ríkisstjórninni. Ég vonast til að þetta lagafrv. nái fram að ganga. Þetta er réttlætismál sem varðar mjög stóran hluta Íslendinga og þann hluta Íslendinga sem búinn er á langri ævi að leggja mikið af mörkum til uppbyggingar samfélagsins og á sannarlega að njóta jafnréttis við aðra í skattlagningu sem og í öðru.

(Forseti (KE): Hv. þm. gerði ekki tillögu um vísun til nefndar en ég býst við að það sé efh.- og viðskn.)

Já, mér varð á í messunni hér í þessari merku pontu. Að lokinni umræðu fer ég þess á leit að frv. verði vísað til efh.- og viðskn. og því verði að sjálfsögðu vísað til 2. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Atvinnuleysistryggingar, 1. umr.

Frv. AÓB o.fl., 50. mál (bótaréttur við endurmenntun). — Þskj. 50.

[12:48]

Flm. (Anna Ólafsdóttir Björnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir 50. máli, frv. til laga um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar. Flutningskonur ásamt mér eru hv. þingkonur Guðrún J. Halldórsdóttir, Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, Kristín Ástgeirsdóttir og Kristín Einarsdóttir.

Lagt er til með þessu frv. að eftirfarandi breytingar verði á 18. gr. laganna:

a. 1. málsl. 1. mgr. orðast svo: Sá sem gengst undir starfsþjálfun, stundar endurmenntun eða sækir námskeið til þess að öðlast hæfni í starfi sínu eða til að stunda ný störf nýtur á meðan atvinnuleysisbóta ef atvinnuleysi hefði skapað honum rétt til slíkra bóta þegar starfsþjálfun, endurmenntun eða dvölin á námskeiðinu hófst, enda njóti hann ekki launa, námslána eða námsstyrkja.

b. 4. málsl. 1. mgr. orðast svo: Úthlutunarnefnd krefur bótaþega um sannanir um þátttöku hans á hverju missiri samkvæmt framansögðu.

c. 5. málsl. 1. mgr. fellur brott.

2. gr. Við 2. málsl. 5. mgr. 22. gr. laganna bætist: enda stundi hann ekki aðra endurmenntun, sbr. 18. gr.

Frv. þetta var flutt á 117. löggjafarþingi en kom ekki til umræðu. Það var lagt fram sama dag og annar hv. þm., hv. 5. þm. Norðurl. e., lagði fram frv. í svipaða veru en hvorugt þeirra komst á dagskrá vegna þess hve langt var liðið á vorið. Hv. þm. hefur nú endurflutt sitt frv. og ég held að ég geti sagt að það sé samkynja að því leyti til að tilgangurinn er sá sami en útfærslan nokkuð með öðrum hætti. Ég geri því ráð fyrir að þegar hv. félmn. tekur málið til umræðu, eins og ég mun biðja um að verði gert með þetta frv. og hefur verið gert þegar með frv. hv. 5. þm. Norðurl. e., þá muni vera tekið tillit til þess að þarna er um tvö efnislega svipuð frv. að ræða. Hins vegar hefur verið valin kannski ögn ítarlegri leið í því frv. sem ég mæli hér fyrir.

Fyrirkomulag atvinnuleysisbóta hefur verið mjög til umfjöllunar í kjölfar þess vaxandi atvinnuleysis sem við höfum mátt horfa upp á á undanförnum árum. Atvinnuleysi mælist nú um 3,5% og er mjög misjafnt raunar eftir landshlutum. Það merkir að hér á landi er um nokkur þúsund manns að ræða sem ganga atvinnulaus og þetta fólk býr við mjög misjafnar aðstæður.

Með breytingum á lögum um atvinnuleysistryggingar á sl. ári var stigið skref í átt til þess að auka svigrúm atvinnulausra til að afla sér frekari menntunar og starfsþjálfunar á meðan atvinnuleysi varir. Það tel ég að hafi verið mjög heilladrjúgt. Sá böggull fylgdi þó skammrifi að aðeins var heimilt að sækja námskeið, starfsþjálfun og aðra endurmenntun í átta vikur á hverju ári. Er það varla í takt við þann veruleika sem atvinnulausir búa nú við. Það hlýtur að vera öllum til hagsbóta, jafnt atvinnulausum sem samfélaginu í heild, ef atvinnuleysistíminn er nýttur til endurmenntunar, námskeiða eða starfsþjálfunar. Ekki verður séð hvaða rök eru fyrir því að takmarka þessa heimild við átta vikna námskeið ef önnur skilyrði fyrir töku atvinnuleysisbóta eru uppfyllt.

Í skýrslu hv. fyrrv. félmrh. um rannsókn á afleiðingum atvinnuleysis, sem lá fyrir 117. löggjafarþingi, kemur m.a. fram að atvinnuleysi er útbreiddast hjá þeim hópum sem minnsta menntun hafa og hjá yngra fólki fremur en hinu eldra. Því er eðlilegt að opna þeim möguleika á námi og starfsþjálfun eftir því sem kostur er. Einnig kemur fram í sömu skýrslu að um það bil 70% atvinnulausra hafa áhuga á starfsnámi og 4% þeirra eru í starfsnámi. Þarna ber býsna mikið á milli. Áhuginn er mestur í yngstu aldurshópunum og höfðu um 80% þeirra sem eru yngri en 40 ára áhuga á starfsnámi en aðeins um 30% hinna eldri. Af þessu má ráða að slíkt nám sé líklegt til að nýtast þeim atvinnulausa um langan tíma eftir að hann hefur lokið námi og fengið vinnu.

Ég er í hópi þeirra sem telja að við á Íslandi eigum ekki að sætta okkur við neitt sem kallað er eðlilegt atvinnuleysisstig. Við eigum ekki að sætta okkur við þá sýn sem ungt fólk í Evrópu hefur að allt of stór hluti þess muni þurfa að búa við atvinnuleysi í framtíðinni. Þannig er gengið út frá því að það fólk sem hér er lagt til að eigi kost á því að stunda nám meðan á atvinnuleysi stendur sé að búa sig undir vinnu í framtíðinni.

Í frv. þessu er gert ráð fyrir að unnt verði að stunda nám á grunnskólastigi, framhaldsskólastigi og annað nám sem úthlutunarnefnd metur í eitt missiri í senn á meðan atvinnuleysi varir. Atvinnulausir geta ekki á sama tíma þegið námslán eða námsstyrki og notið atvinnuleysisbóta samkvæmt frv. og gerir það ekki ráð fyrir að lánshæft nám sé stundað. Verulegur munur er á stöðu þeirra sem stunda nám á meðan á atvinnuleysi stendur og annarra námsmanna. Atvinnulausir geta ekki hafið nám fyrr en þeir eru komnir á atvinnuleysisbætur og þurfa að uppfylla öll sömu skilyrði og aðrir sem þiggja atvinnuleysisbætur. Þeir sem stunda nám meðan atvinnuleysi varir eru þar með að nýta tíma, sem er flestum mjög erfiður, til jákvæðrar uppbyggingar jafnframt því að styrkja stöðu sína á vinnumarkaði. Markmiðið er að auka tækifæri þeirra sem eru þegar atvinnulausir til að nýta tímann á sem uppbyggilegastan hátt sér og sínum til hagsbóta.

Þetta finnst mér mikilvægt að komi hér fram vegna þess að að ósekju held ég að atvinnulausir séu stundum vændir um það að nýta sér atvinnuleysið. Þetta finnst mér mjög furðulegur hugsunarháttur. Ég get ekki ímyndað mér að þeir séu margir ef nokkrir sem velja sér það að vera atvinnulausir og búa við þau kjör sem atvinnulausum eru búin hér á landi. Mér finnst þetta því nokkuð sérkennilegt. En til að taka af öll tvímæli er þessu þannig fyrir komið hér að ekki er hægt á nokkurn hátt að opna fyrir neina misnotkun á þessu kerfi og það tel ég fulla ástæðu til að taka hér með.

Frv. gerir ráð fyrir að endurskoðað verði á hverju missiri hvort hinn atvinnulausi uppfylli þau skilyrði bótaréttar að stunda nám eða starfsþjálfun. Ef atvinnu-

ástand batnar á meðan á námi stendur er með þessum hætti unnt að miða endurkomu hins atvinnulausa á vinnumarkaðinn við að ekki verði óeðlilegt rof á námi hans. Þannig gefist honum kostur á að ljúka sem svarar eins missiris námi áður en hann hefur á ný virka atvinnuleit. Beri atvinnuleit ekki árangur og atvinnuástand batnar ekki er hægt að bæta við öðru missiri og meta stöðuna á nýjan leik í lok þess.

Með frv. er aðeins stigið eitt skref af mörgum sem nauðsynleg eru í átt til virkari nýtingar atvinnuleysisbóta. Framkvæmd þessara breytinga hefur ekki verulegar breytingar í för með sér á núverandi löggjöf og ætti að vera tiltölulega auðvelt að koma þeim í kring. Þær ættu því að gagnast þeim sem þegar eru á atvinnuleysisskrá án þess að þeir þurfi að bíða eftir þeirri uppstokkun sem óhjákvæmilega þarf að gera á atvinnuleysisbótakerfinu. Í fyrrnefndri skýrslu fyrrv. félmrh. er hreyft nokkrum hugmyndum í þá veru og einnig sé ég sérstaka ástæðu til að vekja athygli hugmyndum Jóns Erlendssonar hjá Upplýsingaþjónustu Háskólans um „virkar" atvinnuleysisbætur.

Varðandi athugasemdir við einstakar greinar frv. þá vísa ég til greinargerðar og athugasemdar við frv. og treysti því að hv. félmn., sem ég legg til að fái þetta frv. til umfjöllunar að lokinni þessari umræðu, fjalli um þetta á ábyrgan hátt og reyni að hrinda því í framkvæmd á þann hátt sem hér er lagt til að gert verði.

Að þessu mæltu legg ég til að frv. verði vísað til 2. umr. og félmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 12:58]

Umræður utan dagskrár.

Fréttaflutningur ríkissjónvarpsins af verðmun á landbúnaðarvörum.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Eins og áður hafði verið tilkynnt hefst nú utandagskrárumræða. Málshefjandi er hv. 3. þm. Austurl., Egill Jónsson, og efni umræðunnar er fréttaflutningur ríkissjónvarpsins af verðmismun á landbúnaðarvörum hérlendis og erlendis. Umræðan fer fram skv. 1. mgr. 50. gr. þingskapalaga, þ.e. hálftíma umræða.

[13:31]

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Í fréttum ríkissjónvarpsins föstudaginn 14. þessa mánaðar var frá því greint að í Kastljósi þá um kvöldið yrði rætt um verðmun á landbúnaðarvörum hér á landi og í Bandaríkjunum. Í Kastljósþættinum eru svo vinnubrögðin skýrð með þessum orðum, með leyfi hæstv. forseta:

„Þess ber að geta að þetta var ekki hávísindaleg könnun en reynt var að finna mjög sambærilega vöru í báðum löndunum. Ekki var reynt að finna skýringar á þessum mikla verðmun heldur einungis skýra staðreyndir málsins. Það sem hér kemur kannski mest á óvart er það hversu gífurlegur munur er á landbúnaðarvörum í löndunum tveimur sem í báðum tilvikum eru unnar á heimamarkaði. Þessi könnun leiddi í ljós að bandaríska matarkarfan kostaði 1.424 kr. en sú íslenska 3.458 kr. Munur á verðlagi var því 150%. Vissulega hafa menn hrokkið við af minna tilefni."

Í Kastljósþættinum komu einnig fram samanburðartölur milli bandarískrar og íslenskrar fjölskyldu sem ætlað er að segja til um mánaðarlega matreikninga þessara fjölskyldna. Bandaríska fjölskyldan eyðir 32.640 kr. á mánuði. Sú íslenska 40–50 þús. Munurinn á þessum mánaðarreikningum verður því 40%. Að frádregnum hérlendum virðisaukaskatti verður þessi munur 24%. En hvernig má það annars gerast að milli innkaupakarfanna sé 150% verðmunur en á mánaðarreikningunum verði þessi munur 40%?

Augljóst er að hér eru á ferðinni afar ónákvæm vinnubrögð, e.t.v. mistök, sem eru með engum hætti sæmandi fjölmiðli sem vill gæta virðingar sinnar. Kannski er einhverja skýringu að finna í því að matarkarfan sé bandarísk og taki því ekki nægilega mið af íslenskum matarvenjum. Eins og kunnugt er neyta Íslendingar miklu meira af lambakjöti en kjúklingakjöti og þess vegna er fróðlegt að sjá hvað gerist ef matarkarfan er látin taka meira mið af íslenskum matarvenjum með því að skipta á kótilettum og kjúklingi. Eins og kunnugt er er lambakjöt miklu dýrara í Bandaríkjunum en hér á landi eins og raunar meðal flestra nálægra þjóða. Við þessa breytingu að 1 kg af kótilettum komi fyrir kjúklinginn færist verðmunurinn á milli matarkarfanna úr 150% niður í 13%. Að frádregnum virðisaukaskattinum íslenska yrðu körfurnar jafndýrar.

Í framhaldi af þessu kom viðskrh. í sjónvarpið og þar segir hann frá því að þessi verðmismunur komi honum ekki á óvart þar sem háskólinn hafi reiknað út að hagur íslenskra neytenda af því að ganga í ESB mundi verða 5–6 milljarðar kr. Af þessu tilefni spyr ég nú hæstv. landbrh.: Með því að landbrn. hefur í tengslum við GATT og OECD-samstarf haft útreikninga á verðlagi hérlendra landbúnaðarvara með tilliti til þess sem gerist meðal annarra þjóða, er niðurstaða í þessari vinnu landbrn. í samræmi við þá niðurstöðu sem komið hefur fram í framangreindri umfjöllun ríkissjónvarpsins og þeim staðhæfingum um verðlag á íslenskum landbúnaðarvörum sem af henni hefur leitt?

[13:37]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Varðandi síðari fyrirspurn hv. þm. vil ég taka það fram að sú skýrsla Hagfræðistofnunar háskólans sem hæstv. viðskrh. vitnaði til hefur verið til athugunar í sjömannanefnd, það er augljóst að hún er í sumum atriðum röng, í sumum atriðum ónákvæm en í sumum atriðum rétt og liggur nú fyrir að sjömannanefnd muni fá fulltrúa háskólans á fund til sín til þess að óska eftir því að þeir útskýri þær tölur og þær upplýsingar sem í skýrslunni eru.

Hinn 18. maí sl. var sjömannanefndinni falið að gera úttekt á því hver staða landbúnaðarins á Íslandi yrði innan Evrópusambandsins með hliðsjón af þeim

aðildarsamningum sem EFTA-ríkin gerðu í vetur. Kannað verði sérstaklega hvernig brugðist er við í málum dreifðra eða afskekktra byggða þar sem svipað háttar til og hér á landi. Sjömannanefndin er skipuð fulltrúum frá Vinnumálasambandi samvinnufélaga, frá Vinnuveitendasambandinu, Alþýðusambandinu, BSRB, Stéttarsambandi bænda og landbrn. Frá því í byrjun sumars hefur verið unnið að upplýsingaöflun og greiningu á landbúnaðarkafla aðildarsamninga nágrannalandanna og hefur verkið verið í höndum undirnefndar sjömannanefndar og starfsmanns hennar, Syrpa Haga, finnsks sérfræðings í þessum málum. Nú liggur fyrir verulegt magn upplýsinga sem munu nýtast til frekari vinnu við könnun á því hvaða áhrif möguleg innganga Íslands mundi hafa á einstakar greinar landbúnaðarframleiðslunnar. Menn þurfi að átta sig á því að hér er um að ræða mikinn frumskóg reglna og ákvæða sem erfitt er að komast til botns í, auk þess sem möguleikar til túlkunar á samningunum virðast í sumum tilvikum mjög miklir. Sem dæmi um það má nefna að Norðmenn höfðu fyrir skemmstu ekki komist endanlega til botns í því hversu mikils stuðnings bændur þar í landi gætu vænst ef innganga í ESB yrði samþykkt. En allt virðist þetta liggja ljóst fyrir í skýrslu Hagfræðistofnunar.

Eins og ég sagði þá er ekki hægt að byggja fullyrðingar á því sem þar stendur án frekari athugunar.

Þegar rætt er um samanburð á matvælakostnaði á milli landa varðar auðvitað miklu hvað borið er saman eins og kom fram í ræðu hv. þm. og ég er honum fullkomlega sammála að því leyti. Við höfum ekki upplýsingar í höndum í landbrn. um einstaka vöruflokka. Það er rétt sem hv. þm. sagði að verðsamanburður ríkissjónvarpsins sem var réttilega fram tekið í fréttum að væri ekki vísindalega unninn, inn í hann kom villa varðandi kjúklingana sem ekki er við að gera, ég er ekkert að áfellast fréttamenn fyrir það. Eftir sem áður er munur á kjúklingaverði hér og í Bandaríkjunum verulegur og of mikill. Það má ekki gleyma því að Bandaríkjamenn eru þar ódýrastir í veröldinni en við Íslendingar erum á hinn bóginn skammt komnir í sambandi við kynbætur og fóður á Íslandi er auðvitað dýrt enn þá. En það er verið að reyna að vinna gegn þessum mun.

Það er eftirtektarvert ef við á hinn bóginn tökum t.d. nautakjötið sem dæmi sem var inni í þessari körfu þá var samkvæmt upplýsingum OECD árið 1993 sama verð á nautakjöti til framleiðenda hér á landi, til bænda hér á landi, og í löndum Evrópubandalagsins sem er athyglisvert vegna þess að engir styrkir renna til íslenskra bænda sem hafa nautakjötsframleiðslu með höndum. En víða erlendis er greitt niður fóður, fjárfestingar, stundum er ákveðin fjárhæð greidd á haus skepnu, umhverfisstyrkir eru greiddir eða byggðastyrkir, enn fremur er mönnum greitt fyrir að rækta ekki vissa landskika. Hér á landi eru á hinn bóginn styrkirnir eingöngu beingreiðslur og liggur opið fyrir hvernig þeim er háttað.

Það er eftirtektarvert ef við tökum t.d. nautakjötið þá er verð í Bandaríkjunum um 73% af því sem er hér á landi samkvæmt upplýsingum OECD en auðvitað er munurinn miklu, miklu meiri í kjúklingunum.

Ég vil enn fremur minna á að við Íslendingar erum nú að gera tilraunir til þess að ná markaði fyrir íslenskt lambakjöt norður og það er jafnvel verið að gera tilraun til útflutnings á nautakjöti í Bandaríkjunum sem sýnir auðvitað að við höfum þann vissa möguleika fyrir bestu hlutana og besta kjötið af okkar framleiðslu. En neysluvenjur eru misjafnar og samanburður sem gerður er á einum eftirmiðdegi óljós og gefur auðvitað ekki heilsteypta mynd af viðfangsefninu.

[13:42]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Ég mun nota þær tvær mínútur sem ég hef hér fyrst og fremst til þess að leggja áherslu og benda á hversu allur verðsamanburður milli landa getur í raun verið hættulegur og ómarkviss. Ég ætla að leggja hér út af plaggi sem ég hef í höndunum og er frá Evrópusambandinu þar sem er brotið upp hvernig framfærslukostnaður í hinum ýmsu löndum Evrópusambandsins skiptist. Þar eru efst á blaði matvæli. Til samanburðar hef ég að 1. des. 1993 eyddi íslenska vísitölufjölskyldan 17,7% af sínum ráðstöfunartekjum til matvælakaupa. Það eru eftir þessum tölum sem ég hef frá Evrópubandalaginu einungis þrjú lönd sem verja svo marktækt sé lægra hlutfalli af sínum fjölskyldutekjum í matvælakaup. Það eru Holland, Danmörk og Bretland. Lönd eins og Belgía, Þýskaland, Frakkland og Ítalía liggja á nákvæmlega sama prósentubilinu og við eða frá 17–19%. Við erum, eins og ég sagði áðan, 17,7%.

Það er hins vegar viðurkennd staðreynd að matvælaverð hér í krónum talið í innkaupakörfu fjölskyldunnar er eitthvað hærra heldur en er í þessum löndum. Það segir mér eitt og það eitt að almennt er verðlag hér á landi hærra en gengur og gerist í Evrópusambandinu og það segir mér og af því leyfi ég mér að draga þá ályktun að það er mjög háskalegt að ætla sér að taka út fyrir sviga einn vöruflokk og mæla hann sérstaklega. Í þessu ljósi vil ég biðja menn að skoða þessar samanburðartölur allar.

[13:44]

Gunnlaugur Stefánsson:

Virðulegur forseti. Ég áttaði mig ekki að fullu á því hvað vakti fyrir málshefjanda í þessum umræðum og ræðu hans hér. Vakti það fyrir honum að matvælaverð á Íslandi væri ekki hátt í samanburði við matvælaverð í nágrannalöndunum? Ef mætti finna dæmi um hærra matvælaverð erlendis en hér á Íslandi þá mættu fjölmiðlarnir ekki skýra frá því? Var þetta inntakið og tilefni umræðunnar? Ég hélt að hv. þm. Agli Jónssyni væri fullkunnugt um það og betur kunnugt en mörgum öðrum að matvælaverð á Íslandi og sérstaklega á landsbyggðinni er allt of hátt. Það þarf ekki að fara til útlanda til þess að lifa við mikinn mun á vöruverði lífsnauðsynja. Það getum við fundið hér heima hjá okkur eftir því hvort við erum á höfuðborgarsvæðinu eða úti á landsbyggðinni.

Það er eitt stærsta hagsmunamál að reyna að lækka verð á matvælum. Sá fréttaflutningur sem hér hefur

verið gerður að umræðuefni þar sem okkur voru sýnd dæmi um hvað sambærilegar vörur kosta erlendis hlýtur að hvetja okkur til þess að standa betur að verki. Að koma hér og verja hátt matvælaverð á Íslandi finnst mér ekki samboðið hv. þm. Agli Jónssyni vegna þess að hann veit betur, að hér er um mikið vandamál að ræða og sérstaklega á landsbyggðinni.

[13:46]

Ragnar Arnalds:

Virðulegi forseti. Það er eðlilegt áhyggjuefni hvað vöruverð á Íslandi er hátt og auðvitað er höfuðnauðsyn að reyna að tryggja sem lægst matvöruverð í landinu. Eins og fram kom greinilega í þessari sjónvarpsfrétt þá var þetta ekki ýkja vísindaleg könnun eins og best sést á því að þarna var miðað við eitt stykki kjúkling sem ekki getur talist mjög vísindalegt hugtak því þeir geta verið misjafnlega þungir. En ég tel að þessi samanburður hefði kannski verið svolítið eðlilegri og spaklegri ef þarna hefði verið meira miðað við íslenskar matarvenjur, t.d. hefði fiskurinn verið tekinn inn í samanburðinn og lambakjöt eða annað það sem heyrir meira til daglegra neysluvenja hér á landi.

Mér fannst satt að segja merkilegast við þessa frétt hvað t.d. brauðið virtist vera miklu ódýrara þarna hjá þeim. Það virtist vera 64% dýrara hér á landi og mér fannst það líka uggvænlegt að sjá hvað innfluttu vörurnar voru miklu dýrari hér á landi, eplin 29% dýrari og sambærilegt kaffi virtist vera 19% dýrara hér á landi. Þetta fannst mér eiginlega það athyglisverðasta. Hitt að hvítt kjöt í Bandaríkjunum sé ódýrt vissum við fyrir löngu og vitum að það stafar af sérstökum ástæðum, það eru gífurlegar niðurgreiðslur á korni til innlendra framleiðenda þar og það er meginástæðan. Við vitum heldur auðvitað ekkert um það hvað innflutt kjöt mundi raunverulega kosta í verslunum hér á landi ef það væri flutt inn því þar kemur svo margt inn í myndina sem breytir dæminu. Ég held að við ættum umfram allt að reyna að varast það að kannanir af þessu tagi sem óneitanlega eru ekki sérlega vísindalegar séu notaðar til þess að fella dóma um íslenskan landbúnað.

[13:48]

Hjálmar Jónsson:

Virðulegi forseti. Þessa umræðu vil ég gjarnan þakka, hún er tímabær sannarlega. Undanfarið er því haldið að fólki og hefur verið haldið að fólki að hagkvæmt sé að leita inngöngu í Evrópusambandið, það muni lækka verð á neysluvöru hér innan lands. En hér margt fleira að athuga. Svo undarlegt sem það nú er þá kemur það þannig fram að bandarískir kjúklingar verði til þess að ályktun sé dregin af því að það sé heppilegt að ganga í Evrópusambandið. Hlutina þarf að skoða betur og það eru aðrar fréttir sem eru mér miklu hugleiknari. Það eru fréttir frá Finnlandi, áhyggjur Finna af þeirri byggðaröskun sem verður núna vegna inngöngunnar í ESB sem fram undan er hjá þeim og það eru sömu áhyggjur hjá Norðmönnum og Svíum, það eru áhyggjur af því að byggðaröskun verði mikil af þessum ástæðum. Bændasamtökin í Noregi eru afar andvíg þessari inngöngu. En hitt er annað mál að vissulega er verð á landbúnaðarvörum á Íslandi hátt og það þarf að lækka, en þó er óvíst að það lækki við þetta.

Ísland þyrfti að greiða um 5 milljarða til sameiginlegra fjárlaga Evrópusambandsins. Um það bil helmingur þess fjár er talið að fengist til baka í styrkjum til landbúnaðar og þó ekki víst samkvæmt orðum hæstv. landbrh. hér áðan. Ekki veit ég hvort fólk hefur gert sér grein fyrir því hvaðan þeir fjármunir eiga að koma. Það er reiknað með að einn tekjustofn til að ná þessum 5 milljörðum sé innflutningsgjöld af landbúnaðarvörum, takið eftir því, innflutningsgjöld af landbúnaðarvörum. Hvað segir það okkur um markað fyrir íslenskar búvörur? Hvað segir það um matvælaiðnaðinn á Íslandi? Munum við ekki sjá fram á sömu rústirnar og þeir hafa áhyggjur af í okkar nágrannalöndum fyrir landbúnaðinn, fyrir matvælaiðnaðinn og fyrir byggðina í löndunum?

[13:50]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Íslensk bændastétt er löngu hætt að kippa sér upp við einhliða áróður af því tagi sem birtist í sjónvarpinu á dögunum. Landbúnaðurinn hefur við þessum áróðri farið að eins og hermaðurinn ungi sem kvartaði undan því við móður sína að sverðið væri of stutt í stríðinu. Móðirin svaraði: Gakktu feti framar. Landbúnaðurinn lætur vondan áróður sem vind um eyrun þjóta í dag, en vinnur þeim mun betur sína heimavinnu. Bændur hafa verið að hagræða og lækka verð til neytenda. Þeir hafa í gegnum afurðastöðvar í mjólk og kjöti og frábært iðnaðarfólk sett okkar vörur í fremstu röð í heiminum. Markmiðið er heilbrigðir framleiðsluhættir, hollar afurðir. Heimurinn er nefnilega að rísa gegn vondum og óhollum afurðum. Því eiga nú íslenskir bændur sóknarfæri á sérmörkuðum þar sem neytandinn borgar hærra verð fyrir hreinar vörur.

Það er ljóst að bændur eru að hagræða og munu hagræða og neytendur sjá lægra verð en áður var. Þetta er fagnaðarefni og þessa vinnu verður að vinna. Hitt er svo önnur saga eins og hér hefur komið fram að það er hafin hrina fyrir því að berja Ísland inn í EB. Hagfræðistofnun háskólans gengur þar í broddi fylkingar. Alþfl., ungir sjálfstæðismenn, Neytendasamtökin og ríkissjónvarpið með Ingimar Ingimarsson staddan í fyrirheitna landinu með fréttaþætti.

Ríkisstjórnin fól Hagfræðistofnun háskólans að vinna skýrslu um hver áhrif inngöngu í EB væru. Það er furðuleg skýrsla. Þar kemur t.d. fram um niðurstöðu á eggjaverði. Þar segir að eggjaverð muni lækka um 40%. Það þýðir að neysla á Íslandi muni aukast um 3.385% eða færast úr 10 kg á mann yfir í 400 kg á ári. Hv. þm. Egill Jónsson yrði að spæna í sig 20 kg á dag.

(**Forseti** (SalÞ): Tíminn er búinn.)

Ég held að menn verði að átta sig á því, hæstv. forseti, að það er skaði að þjóðin skuli sitja uppi með háskólastofnun sem leyfir prófessorum að vinna með þessum hætti. Þvílík vísindi. Þvílíkt jarðsamband. Þvílíkir ofvitar sem þar starfa.

(**Forseti** (SalÞ): Tíminn er búinn, hv. þm.)

Þvílíkt átak, hæstv. forseti, fyrir aðra æðstu stofn-

un þessarar þjóðar.

(**Forseti** (SalÞ)**:** Tíminn er löngu búinn.)

Þess vegna stöndum við með íslenskum landbúnaði. Landbúnaðurinn og neytendur eiga samleið í dag og vinna saman að sameiginlegum markmiðum.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti biður nú hv. þingmenn að virða tímatakmörkin við utandagskrárumræðu sem nú fer fram.

[13:54]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Mér var ekki alveg ljóst frekar en reyndar fleiri hvert hv. málshefjandi var að fara í sínu máli hér, hvort gagnrýnin átti að beinast að sjónvarpinu fyrir fréttaflutninginn, viðskrh. fyrir ummælin eða einhverjum vondum mönnum sem hefðu framkvæmt einhverja lélega könnun. En síðan spratt upp hæstv. landbrh. og svaraði og þar með gef ég mér að málinu hafi verið beint til hans. Hafi það þar með verið tilefni málflutningsins hér að biðja menn að vanda sig í könnunum og samanburði á verði milli landa, þá get ég tekið undir það. Ég get mér þess til að það kunni að hafa verið ætlunin að leggja lið slíkri hugsun. Það er auðvitað alveg hárrétt mál að það hefur ekki mikið upp á sig að bera saman vöruverð milli landa nema þær samanburðarforsendur sem í hlut eiga séu vandlega skilgreindar, til að mynda þegar borið er saman matvælaverð í Bandaríkjunum og hér, að menn hafi þá í huga hvernig niðurgreiðslum og styrkjum til landbúnaðar í Bandaríkjunum er háttað, niðurgreiðslum á korni o.s.frv.

Einnig er vandasamt að velja tímann og aðstæðurnar þegar könnun er tekin. Við getum bara tekið það dæmi að ef menn færu nú að bera saman verð á kartöflum á Íslandi í dag og færu í Bónus og tækju útsöluverðið eins og þar mun vera þessa dagana, þá fengju menn sjálfsagt út eitthvert lægsta kartöluverð í heimu, færu svo með það út um lönd og álfur og segðu: Þetta er alveg stórmerkilegt. Svona eru kartöflurnar ódýrar á Íslandi. Þetta er dæmi um það hvað ber að varast. En það er auðvitað rétt að matvælaverð og vöruverð hér hefur verið mjög hátt og það er mikilvægt keppikefli að lækka það, enda er mönnum að takast það í verulegum mæli, sérstaklega hvað innlendu matvöruna snertir. Og þar inni í er auðvitað til að mynda aðgerð eins og sú að fella niður eða lækka virðisaukaskatt á matvælum. Þess vegna hljóta þeir, og þar með talið alþýðuflokksmenn, sem telja það mikið keppikefli að bæta hér lífskjörin í gegnum lægra matvælaverð að styðja lægra skattþrep á mat. Annað getur ekki verið. Þróunin vinnur sömuleiðis með okkur í þessum efnum. Matvælaverðið er væntanlega hækkandi erlendis vegna GATT-samninga og af fleiri ástæðum þannig að við getum í öllu falli fagnað því að það er að dragast saman í þessum efnum milli okkar og þeirra þjóða sem við miðum okkur helst við.

[13:56]

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Ég var farin að sakna þess átakanlega í þessari umræðu í dag að heyra ekkert nefndan matarskattinn vegna þess að vissulega á umræða um hátt vöruverð á nauðþurftum alltaf fullan rétt á sér og jafnvel þótt hún sé ekki hávísindalega saman sett eða fram komin. En hins vegar finnst mér að í þeirri umræðu verði menn að taka tillit til þess að þrátt fyrir lækkun matarskatts hér á landi er hann enn með því hæsta sem gerist í OECD-löndunum þar sem víðast hvar er skattprósentan núll eða í hæsta lagi upp í 6–7% á því sem við venjulega köllum nauðþurftir eða almenn matvæli til neyslu. Mér finnst ekki hægt að ljúka þessari umræðu hér án þess að taka þetta með í reikninginn. Ég tek undir það að vissulega er hægt að kafa ofan í þær tölur sem fram eru settar, skoða það hvað veldur t.d. þegar litið er á landbúnaðarafurðir, hvort við erum að tala annars vegar um niðurgreiðslur og hins vegar um ýmis gjöld sem lögð eru á landbúnað hér á landi eins og t.d. kjarnfóðurgjald sem kemur misþungt niður á bændum. Þegar umræða á annað borð er komin af stað þá er það líka kjörið tækifæri til þess að fylgja eftir og kafa betur ofan í það og það er bæði hlutverk stjórnmálamanna og fjölmiðla að sjá til þess að það sé gert. Ég get því ekki annað en fagnað því að það sé verið að ræða vöruverð hér og hvernig það er saman sett, bæði hér og í fjölmiðlum, og ég held að við ættum fyrst og fremst að gleðjast yfir því en ekki hafa einhverja þagnarhulu yfir þessu. Þetta er snar þátur í lífskjörum einkum þeirra sem lægst eru launaðir og getur jafnvel vegið alveg upp í þriðjung af því sem fólk þarf að ráðstafa launum sínum í þannig að hér er um stórmál að ræða.

[13:59]

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Ég hef nú ekki hugsað mér að taka hv. þm. Guðna Ágústsson mér til fyrirmyndar í eggjaáti, enda kom það greinilega fram að það á a.m.k. ekki vel við þegar menn ætla að fara að hefja hér umræður þar sem maðurinn stóð svo áþreifanlega á blístri hér eins og raun bar vitni um. En fyrir þá sem ekki skilja hvað um er að ræða eins og hv. 5. þm. Austurl. þá vildi ég mega benda á þær staðreyndir sem hafa komið fram í þessari umræðu og eru tilefni hennar.

Í fyrsta lagi er það framkoma ríkissjónvarpsins sem kom þrívegis fram í þessari umræðu með þá staðhæfingu að munur á matarverði á Íslandi og í Bandaríkjunum væri 150%.

Í öðru lagi voru það viðbrögð Alþfl. sem gerðu þessa niðurstöðu í máli viðskrh. að sinni niðurstöðu og sögðu að þarna væri fengin skýringin á þeirri hagkvæmni sem í því fælist að spara fyrir íslenska neytendum 5–6 milljarða með því að ganga inn í Evrópubandalagið.

Í þriðja lagi er það svo umræðan sem hér hefur farið fram, m.a. skýringar landbrh. sem byggjast á þeirri vinnu sem hefur farið fram í landbrn. og er faglegs eðlis. Það er auðvitað ekkert einkennilegt þótt hv. 5. þm. Austurl., alþýðuflokksmaðurinn Gunnlaugur Stefánsson, vilji ekki skilja tilefni að þessari umræðu þar sem hún m.a. upplýsir með svo greinilegum hætti hlut Alþfl. í umræðunni.

Ég fagna því að hafa átt þess kost að koma þessu málefni hér á framfæri. Ég þakka undirtektir þingmanna og lýsi yfir ánægju minni með þá niðurstöðu sem hér hefur fengist.

[14:01]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Ég vil segja það fyrst að ef markmið okkar Íslendinga væri að fá ódýrar matvörur inn til landsins en láta hitt ráðast hvað yrði um íslenskan landbúnað þá mætti nú kannski finna einhverjar aðrar leiðir til þess að ná ódýrum vörum inn í landið en ganga endilega í Evrópubandalagið. Ég held að samanburður t.d. við Bandaríkin sýni að Evrópubandalagið er ekki einhlítt í þeim efnum.

Það er eitt atriði sem ég held að sé mjög gagnlegt að athuga í þessu sambandi og það er nautahakkið. Samkvæmt könnun ríkissjónvarpsins kostar kílóið 246 kr. í Bandaríkjunum en 783 kr. á Íslandi. Ég fór upp í Hagkaup og fann að vísu nautahakk þar sem lá í kringum 660 kr. ef ég man rétt. Það er athyglisvert vegna þess að samkvæmt upplýsingum OECD var verð á nautakjöti til bænda í Bandaríkjunum 73% af verði á nautakjöti til bænda hér á landi. Meðan íslenski bóndinn fékk með öðrum orðum 100 kr. fékk sá bandaríski 73 kr. þannig að við erum þarna að tala um óverulegan mun. Þegar þetta hins vegar hefur margfaldast í gegnum vinnsluna og verslunina og skattar og álögur komnar á, þá er ríflega þrefaldur munur. Þá er verð í Bandaríkjunum 246 kr. en 783 kr. á Íslandi. Það er auðvitað augljóst að meginskýringin liggur ekki í verði til bænda heldur á vegferð vörunnar frá bóndanum til neytandans þannig að ef menn vilji leita skýringar og mér skilst að hæstv. viðskrh. kunni þær þá getur hann kannski spurt iðnrh. að því hvernig á því megi standa hversu kjötvinnslan og annað sem að því lýtur, hversu mikið það tekur til sín og svo viðskrh. að því hversu mikið eðlilegt sé að verslunin taki til sín. Sumt í þessu er auðvitað augljóst, annað flóknara og greinilegt að skýringin felst ekki öll í verðinu til bóndans.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti gat ekki greint að hv. þm. þyrfti að bera af sér sakir en ef hann telur svo vera mun forseti ekki neita því en biður hv. þm. að tilgreina í upphafi síns máls hverjar þær sakir eru sem hann þarf að bera af sér.

[14:04]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Fyrst og fremst gerðist það í þessari umræðu að hv. þm. Egill Jónsson misskildi mína ræðu hér áðan og sneri út úr henni og ég vildi leiðrétta það og sýna fram á hvað ég var að fara. Það sem ég var að fara í ræðu minni var þetta, hæstv. forseti: Ég var að sýna fram á það hvað þessir reikningar geta oft og tíðum verið vitlausir sem verið er að gera. Hagfræðistofnun háskólans, sem er fyrst og fremst stofnun til þess að búa til hærri laun fyrir kennara, tekur að sér verkefni fyrir ríkisstjórnina að segja til um hvort við skulum fara í EB eða ekki. Hún kemst að þeirri niðurstöðu í sínum útreikningum að innganga í EB þýði að eggjaverð á Íslandi muni lækka um 40%, hæstv. forseti, sem þýðir aftur á móti það, segir háskólinn, að neysluaukning muni verða 3.385%.

(**Forseti** (SalÞ): Þingmaðurinn er ekki að bera af sér sakir. Þetta er efnisleg umræða.)

Ég er að útskýra málið af því að hv. þm. sneri út úr minni umræðu sem þýðir það að hér yrðu borðuð 400 kg af eggjum á mannsbarn í stað 10 kg. Svo fór ég rangt með þegar ég bar það á hv. þm. Egil Jónsson að hann þyrfti að spæna í sig 20 kg á dag. Þar átti ég við 20 egg sem er töluverður munur. En þetta sýnir fyrst og fremst það, hæstv. forseti, að bæði ríkisstjórnin og Alþingi verður að huga að því þegar hún biður um álit utan úr bæ að þar sé ekki hægt að panta skýrslur og það sé markvisst unnið en ekki með þessum hætti. (**EgJ:** Ég verð að fá að bera af mér sakir.)

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti biður hv. alþingismenn að misnota ekki þennan rétt sinn í þingsköpum að fá að bera af sér sakir. Forseti hefur ekki getað greint að þingmenn þyrftu að bera hér af sér sakir. Það er mikill greinarmunur á því að fara í málefnalega umræðu og skiptast á skoðunum eða bera af sér sakir. (**EgJ:** Ég verð mjög fljótur.) Ætlar hv. þm. að bera af sér sakir? (**EgJ:** Já.) Og ætlar hann að skýra frá því í upphafi síns máls hvaða sakir það eru? (**EgJ:** Já, já.) Þá getur forseti ekki neitað hv. þm. uð orðið.

[14:06]

Egill Jónsson:

Það eru auðvitað miklar sakir sem á menn eru bornar með þeim hætti að það sé reikniskekkja frá 20 kg niður í 20 egg sem á að fara að matreiða. Það er alveg ómögulegt annað en að vekja athygli á reiknisnilli hv. þm. Guðna Ágústssonar og ég hygg reyndar að aðrar tölur sem hann tilgreindi í sinni ræðu hafi verið mjög í samræmi við þetta. (**GÁ:** Lestu skýrslu háskólans.) Þannig að það er mjög mikilvægt fyrir þennan hv. þm. að taka sig nú til áður en hann kemur næst í ræðupontu og láta einhverja reiknisfæra menn fara yfir hans tölur svo hann verði sér ekki oftar til skammar að þessu leyti.

(**Forseti** (SalÞ): Hv. þm. er ekki að bera af sér sakir og forseti er ósáttur við að menn noti þennan þátt í þingsköpum með þessum hætti og vonar að það komi ekki fyrir aftur.)

Fjárframlög til stjórnmálaflokka, fyrri umr.

Þáltill. JVK o.fl., 46. mál. — Þskj. 46.

[14:08]

Flm. (Kristín Einarsdóttir):

Frú forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um fjárframlög til stjórnmálaflokka á þskj. 46. Eins og kemur fram á því þskj. þá er 1. flm. Jóna Valgerður Kristjánsdóttir. Allar þingkonur Kvennalistans flytja þetta mál en þar sem 1. flm. hefur veikindaleyfi þá mæli ég fyrir þessari tillögu.

Tillagan hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa níu manna nefnd til að undirbúa löggjöf um fjárframlög til stjórnmálaflokka og stjórnmálasamtaka. Jafnframt verði nefndinni falið að leggja mat á það hvort nauðsyn beri til að setja lög um starfsemi stjórnmálaflokka að öðru leyti.

Nefndina skipi fulltrúar þeirra stjórnmálaflokka sem sæti eiga á Alþingi, fulltrúi félagsvísindadeildar Háskóla Íslands, fulltrúi Rannsóknastofnunar í siðfræði og fulltrúi Lögfræðingafélags Íslands auk fulltrúa frá fjármálaráðuneyti sem jafnframt sé formaður nefndarinnar."

Tillaga þessi var lögð fram og rædd á 117. löggjafarþingi en var ekki formlega afgreidd.

Nokkur umræða hefur öðru hverju verið hér á landi um það hvort setja eigi lög um stjórnmálaflokka en langt er síðan um það hefur verið flutt þingmál, fyrir utan þetta mál sem flutt var eins og ég sagði óbreytt í fyrra. Eftir því sem næst verður komist var það síðast gert af hv. þm. Benedikt Gröndal sem lagði fram frumvarp til laga um stjórnmálaflokka veturinn 1975–76.

Í greinargerð með því frumvarpi segir m.a., með leyfi forseta:

„Undanfarin ár hefur komið fram hörð gagnrýni á það valdakerfi sem íslenska þjóðin býr við. Hafa stjórnmálaflokkar orðið mjög fyrir barðinu á þeirri gagnrýni en þeir hafa verið kenndir við misrétti, misbeitingu valds, samtryggingu hagsmuna, annarlega fjáröflun og lélega frammistöðu í því meginhlutverki að stjórna landinu. Oft hefur það viðkvæði heyrst að setja þurfi lög um stjórnmálaflokka og hafa margir forystumenn flokkanna sjálfir tekið undir það."

Þetta er skrifað árið 1975 og það er eins og maður hafi heyrt þetta nokkrum sinnum síðan.

Þetta frv., sem var lagt fram árið 1975, var ekki samþykkt heldur var ákveðið að skipa milliþinganefnd til að semja frv. um réttindi og skyldur stjórnmálaflokka. Nefndin samdi frv. á sínum tíma en það var aldrei lagt fyrir Alþingi.

Síðustu missirin hefur komið fram hörð gagnrýni á það valdakerfi sem íslenska þjóðin býr við. Stjórnmálaflokkarnir eru þar ekki undanskildir og hefur gagnrýnin ekki síst beinst að því að um þá gilda ekki nein skýr lög eða reglur, hvorki varðandi fjárreiður né annað, og má m.a. minnast á áskorun átta háskólakennara frá 15. september 1993 í kjölfar mikillar umræðu um fjárreiður. Í þskj. 46 er þetta birt sem fylgiskjal. Þar sem stjórnmálaflokkar og samtök eru tæki almennings til að hafa áhrif á stjórnkerfið er nauðsynlegt að eyða allri tortryggni um óeðlileg fjárhagsleg hagsmunatengsl flokkanna við fjársterk fyrirtæki eða hagsmunasamtök.

Á 117. löggjafarþingi voru lagðar til breytingar á frv. til laga um tekjuskatt og eignarskatt. Þetta var rétt fyrir jólin í fyrra, í desember 1993. Þá samþykkti meiri hluti Alþingis að framlög fyrirtækja til stjórnmálaflokka væru frádráttarbær frá skatti.

Við kvennalistakonur greiddum atkvæði gegn þeirri brtt. einn þingflokka. Við töldum eðlilegt að fyrst yrðu mótaðar reglur um starfsemi stjórnmálaflokka og þar með fjárstuðning við stjórnmálaflokkana áður en það yrðu samþykkt slík ákvæði um að fjárframlög til stjórnmálaflokka yrðu frádráttarbær frá skatti. Það eru t.d. engin ákvæði um það samfara þessari breytingu að það sé gert opinbert hvaða fyrirtæki eða einstaklingar leggi fram verulegar fjárhæðir í kosningasjóði. Ég er þá ekki að tala um félagsgjöld og annað heldur er ég að tala um fjárframlög þar sem fyrirtæki fá frádrátt frá skatti.

Í kjölfar mikillar umræðu um einmitt þetta ákvæði var ákveðið á Alþingi, það var reyndar forsrh. sem gaf það fyrirheit, að sett yrði á stofn nefnd sem mundi fara ofan í þessi mál. Með bréfi dags. 21. febr. 1994 var þingflokki Kvennalistans sent bréf sem mig langar til að fá að lesa að hluta til upp, með leyfi forseta, en þar segir:

„Við 3. umr. á Alþingi um frv. til laga um breytingar í skattamálum hinn 20. des. 1993 var gefið fyrirheit um að sett yrði á fót nefnd með aðild allra stjórnmálaflokka og samtaka sem sæti eiga á Alþingi og kjósa að taka þátt í slíku starfi til að fjalla um og undirbúa frv. til laga um fjárhagslegan stuðning við stjórnmálaflokka og þá þætti sem slíkum stuðningi tengist."

Það barst síðan bréf til okkar, eins og ég sagði áðan, þar sem við erum beðnar um að tilnefna í þessa nefnd sem við og gerðum þann 28. mars 1994. Síðan hefur ekkert gerst. Við höfum gengið eftir því við forsrn. hverju það sætir að nefndin er ekki kölluð saman og hefur verið þar frekar fátt um svör. Og í dag, 20. okt., er ekki enn búið að kalla þessa nefnd saman. Þetta þykir okkur mjög einkennilegt þar sem það virtist vera mikill vilji fyrir því á sínum tíma þegar þessu var breytt að þarna yrði tekið á málum.

Ég minni á það að í yfirlýsingu sem þingflokkur Alþfl. birti og var m.a. birt í Morgunblaðinu 1. okt. sl. sem var samþykkt þingflokksins frá deginum áður þá kemur m.a. fram — ég er þá fyrst að tala um þessa siðbótartillögu Alþfl. sem þeir lögðu fram eftir þingflokksfundi eftir miklar umræður í haust. Í einum lið þeirrar tillögu eða yfirlýsingar segir m.a., með leyfi forseta:

„Þingflokkurinn hefur samþykkt að skipa starfshóp er hafi það verkefni að undirbúa á vegum þingflokksins frv. til laga um starfsemi stjórnmálaflokka sem þingflokkurinn mun beita sér fyrir að nái fram að ganga á Alþingi."

Þetta er einn af þeim liðum sem þarna eru og auðvitað ekkert nýtt að þingflokkar hafi komið fram með tillögur þessa efnis. Eins og ég hef hér rakið áður þá var það árið 1975 sem kom fram frv. og síðan var samið frv. í framhaldi af því en ekkert hefur gerst. Ég veit ekki hvort t.d. þingflokkur Alþfl. eða aðrir þingflokkar hafi ekki viljað tilnefna í þessa nefnd af því að forsrh. segir í bréfi sínu að það sé ekkert því til fyrirstöðu að einhver neiti að taka þátt, það er enginn skyldugur að taka þátt í slíkri nefnd. Ég hef ekki skýringuna á þessu og hefði verið fróðlegt að heyra skýringar hæstv. forsrh. á þessum seinagangi en þar sem

hann er ekki hér þá er ekki svo gott að koma þeirri spurningu á framfæri við hann. Það vekur óneitanlega athygli að það skuli ekki vera byrjað á þessum málum.

Virðulegur forseti. Ég hlýt í ljósi þess hversu margir hafa lýst stuðningi sínum við það að eitthvað sé gert í þessum málum, og þar á meðal nú síðast annar stjórnarflokkanna, að vænta þess að tillaga sem þessi nái fram að ganga á þessu þingi því það er greinilegt að það þarf að ýta á að eitthvað sé gert í þessu máli. Úr því að forsrn. getur ekki komið á stofn þessari nefnd þá hljótum við á Alþingi að ýta á það mál með þáltill. ef næst samstaða um orðalag hennar.

Ég tek það fram að í upphafi þessarar tillögu segir að Alþingi álykti að fela ríkisstjórninni að skipa níu manna nefnd og síðan er tekið fram hverjir eigi að vera í nefndinni eins og ég sagði í upphafi. Ég tel alveg eins koma til greina ef það er til samkomulags að Alþingi sjálft kjósi í þessa nefnd og það sé ekki ríkisstjórninni sem verði falið að gera það ef það virðist vera svo að ríkisstjórninni sé ekki treystandi til að taka á málinu.

En ég vona, virðulegur forseti, að þessi tillaga fái jákvæðar undirtektir og skjóta afgreiðslu í þinginu því ég held að það sé nauðsynlegt að taka á þessum málum fyrir næstu kosningar og fyrir næstu kosningabaráttu hefði verið nauðsynlegt að hafa lög og reglur um starfsemi stjórnmálaflokka og þeirra fjárreiður.

Að lokinni þessari umræðu legg ég til að tillögunni verði vísað til síðari umr. og allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Aðgangur almennings að þingskjölum og umræðum á Alþingi, fyrri umr.

Þáltill. AÓB o.fl., 51. mál. — Þskj. 51.

[14:20]

Flm. (Anna Ólafsdóttir Björnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um aðgang almennings að þingskjölum og umræðum á Alþingi. Flm. auk mín eru hv. þm. Jóhannes Geir Sigurgeirsson, Lára Margrét Ragnarsdóttir, Sigbjörn Gunnarsson og Svavar Gestsson.

Tillögutextinn hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að stefnt skuli að því að þingskjöl og umræður á Alþingi verði opin almenningi í tölvutæku formi. Sömuleiðis tölvutexti laga og lagasafns, reglugerða, EES-samnings, alþjóðasamninga og skjala sem varða almenning. Aðgangur að þessum upplýsingum verði ekki gjaldfærður."

Tillaga þessi var flutt á 117. löggjafarþingi en kom ekki til umræðu þá vegna annríkis á vordögum.

Kveikjan að þessari tillögu er auðvitað nokkuð augljós. Sífellt verða meiri framfarir í tölvuvæðingu og full ástæða er til þess að nýta þær framfarir til þess að draga úr pappírsaustri sem er umhverfismál og þar að auki oft og tíðum mjög óþarfur. Með þessari tillögu er ekki verið að tala um að hætt verði að gefa út Alþingistíðindi, þingskjöl eða umræður heldur benda á að margar stofnanir og jafnvel einstaklingar gætu mjög vel nýtt sér að vera frekar áskrifendur að þessum gögnum í tölvutæku formi og nýta þá tækni sem er til þess að færa á milli heldur en að hlaða upp í hillur hjá sér heftum sem e.t.v. eru aldrei lesin og aldrei ástæða eða þörf á að lesa.

Alþingi Íslendinga og störf þau, sem þar eru unnin, eru snar þáttur í þjóðlífinu. Það finnum við sem hér störfum að oft þarf að miðla upplýsingum þaðan. Stór hluti þjóðarinnar hefur möguleika á að fylgjast með þingfundum í beinni útsendingu á sjónvarpsrás, að vísu er sú útsending nú skert, og þingskjöl og umræður á Alþingi eru prentuð og gefin út og þannig aðgengileg hverjum sem skoða vill. Áskrifendur að Alþingistíðindum eru u.þ.b. 800. Oftast eru áheyrendur á þingpöllum og á stundum eru þeir þéttsetnir. Umfjöllun um störf Alþingis er mikil í fjölmiðlum en eðli þeirra samkvæmt verður slík umfjöllun alltaf háð vali blaða- og fréttamanna.

Samkvæmt ákvæðum 57. gr. stjórnarskrárinnar og 69. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, skulu þingfundir haldnir í heyranda hljóði nema annað sé sérstaklega ákveðið. Ekki hefur reynt á heimild til að loka þingfundum sl. 49 ár, eða frá 1945. Því er óhætt að fullyrða að stefnan sé sú að allur almenningur eigi sem greiðasta leið að þeim umræðum sem þar fara fram og þeim þingskjölum sem fyrir þinginu liggja hverju sinni. Í 88. gr. þingskapalaga eru ákvæði um prentun og útgáfu þingskjala og umræðna, svo og atkvæðagreiðslna í Alþingistíðindum, og er þeim framfylgt á þann hátt að allir þingfundir eru skráðir nema þeim hafi verið lokað samkvæmt fyrrnefndum ákvæðum en á það hefur sem fyrr segir ekki reynt í hartnær 50 ár.

Tölvutækni fleygir sífellt fram. Mikil uppbygging hefur orðið á tölvukerfi Alþingis á undanförnum árum. Frá árinu 1989 hafa flest þingskjöl á Alþingi verið tiltæk í tölvutæku formi jafnóðum og þau eru lögð fram og umræður að jafnaði innan fárra daga. Tilgangur þessarar tillögu er sá að mörkuð verði sú stefna í uppbyggingu tölvukerfis Alþingis að unnt verði að gefa almenningi kost á að tengjast gagnagrunninum. Er það eðlilegt framhald af þeirri stefnu sem fylgt hefur verið að almenningur eigi greiða leið að upplýsingum um þinghald, þingskjölum og umræðum. Aðgangur að þingskjölum með hjálp tölvu og mótalds getur aukið möguleika fólks á að fá nánari upplýsingar um mál sem liggja fyrir þinginu, t.d. þegar fjölmiðlar fjalla um einstök þingmál í stuttu máli. Flestir þingmenn og starfsfólk Alþingis kannast líklegast við óskir fólks um frekari upplýsingar um þingmál sem fjallað hefur verið um í fjölmiðlum eða manna á meðal. Því má ætla að allnokkur hópur einstaklinga, stofnana, félaga og fyrirtækja hefði áhuga á að geta flett upp í þingskjölum og umræðum um einstök þingmál með tölvutengingu við gagnagrunn Alþingis, þ.e. ræðupart og skjalapart.

Enn fremur yrði opnaður aðgangur að lagasafni, alþjóðasamningum og reglugerðum sem nú er einungis hægt að nálgast á prenti. Notkun á þessum gögnum yrði að því leyti til gagnlegri fyrir neytandann að hann gæti nýtt sér ýmsa uppflettimöguleika tölvutækninnar. Þannig opnaðist leið til að afla margvíslegra gagna um einstaka málaflokka á einfaldan og fljótlegan hátt.

Það er ljóst að ýmsir einkaaðilar hafa hug á því að fylla inn í það skarð sem nú er fyrir hendi og bjóða hluta af þessari þjónustu og þá væntanlega fyrir borgun. Við flm. þessarar þáltill. teljum eðlilegra að það sé skýlaus réttur þeirra sem búa í samfélaginu að hafa aðgang að þessu án þess að þurfa að horfa í annan kostnað en að koma sér upp búnaði, og það er raunar ærinn kostnaður, og síðan það afnotagjald sem notkunin óhjákvæmilega hefur í för með sér, þ.e. símalína og afnotin af henni. Það er í rauninni hluti sem heyrir kannski frekar til lýðræðiskröfu en nokkru öðru að fólk eigi greiðan aðgang að upplýsingum sem varða alla í samfélaginu.

Um þessar mundir er verið að vinna að því að veita alþingismönnum tölvuaðgang að þeim upplýsingum sem hér um ræðir. Samkvæmt upplýsingum frá skrifstofu Alþingis er unnt að vinna það verk á þann hátt að aðgangur að gögnunum sé opnaður fyrir almenning jafnframt því sem hann nýtist þingmönnum. Þannig þarf ekki að efna til aukakostnaðar vegna opnunar gagnasafnsins fyrir notendur utan Alþingis.

Þess má geta að almenningur á Íslandi á nú þegar kost á að fá aðgang að þingskjölum og umræðum á Bandaríkjaþingi með hjálp tölvu og mótalds og dæmi eru um að menn nýti sér það.

Raunar var það kveikjan að flutningi þessarar tillögu að til mín kom maður sem sagði að sér þætti afskaplega skrýtið að hafa greiðari aðgang að umræðum og þingskjölum á Bandaríkjaþingi heldur en á Íslandi. Mér þótti það svo umhugsunarvert að þannig varð með góðra manna hjálp þessi tillaga til. Ég þakka jafnframt þann stuðning og þær undirtektir sem ég fékk, bæði við vinnslu og eins þegar ég aflaði mér meðflm. en þeir komu úr öllum flokkum svo sem ljóst má vera. Að þessu leyti held ég að þetta sé slíkt umhugsunarefni að við verðum í rauninni að nýta það lag sem nú er.

Jafnframt má, eins og ég gat í upphafi máls míns, ætla að tölvutenging geti dregið að einhverju leyti úr óþarfa pappírsnotkun þar sem einhverjir munu án efa kjósa tölvutengingu í stað áskriftar að Alþingistíðindum. Einnig má búast við því að það dragi eitthvað úr eftirspurn eftir þingskjölum og ljósritun umræðna. Þannig sparast bæði vinna og pappír. Ég get ekki stillt mig um að vísa til útreiknings sem varðar aðra opinbera stofnun. Það er SKÝRR sem hélt ráðstefnu þann 10. maí sl. um skjalaflæði og skjalastjórn en þar kom fram að 15% launakostnaður hjá þeirri stofnun er vegna skjalaleitar starfsmanna. Engin hliðstæð mæling er til vegna skjalaleitar starfsmanna Alþingis, en ég held að það sé alveg full ástæða til að taka þessar tölur alvarlega og jafnvel að reyna að áætla um hvað er að ræða á Alþingi. Sparnaður SKÝRR við ljósritun og skjalaleit borgar upp það kerfi sem þar er verið að taka upp á einu ári. Sparnaðurinn er áætlaður um 3 millj. kr. á ári en þar er einmitt verið að reyna að nýta sér tölvutækni til þess að draga úr óþarfa skjalaaustri og skjalanotkun.

Ætla má að af þessu fyrirkomulagi geti með tímanum orðið verulegur vinnusparnaður hjá Alþingi og Stjórnarráði. Pappírslaus viðskipti eru að ryðja sér mjög til rúms en ekki skiptir minna máli að upplýsingamiðlun stjórnvalda sé sem hagkvæmust. Flutningsmenn leggja til að aðgangur að upplýsingunum verði ekki gjaldfærður eins og ég gat um áðan. Það er ekki síst vegna þess að nokkur kostnaður er af þessu fyrir notandann en sparnaður hins vegar fyrir þann sem veitir upplýsingarnar alveg tvímælalaust eins og þær tölur sem ég rakti hér gefa til kynna.

Það er skoðun flutningsmanna að Alþingi eigi að gefa gott fordæmi í þessum málum og gögn þess verði opnuð almenningi sem fyrst, þ.e. á vordögum 1995. Það er ekki óraunhæf áætlun og því legg ég áherslu á að fljótt og vel verði tekið á þessu máli í þeirri nefnd sem ég mun leggja til að taki málið til umfjöllunar.

Ég vil einnig geta um það vegna þess að alls staðar úti í þjóðfélaginu er verið að fjalla um sömu eða hliðstæð mál að samtenging bókasafna, sem fjallað var um á annarri ráðstefnu þann 6.–9. sept. í haust, getur veitt aðgang að 25 millj. bóka. Meðal þess sem kom fram á þeirri ráðstefnu og tengist raunar örlítið þeirri tillögu sem hér er til umfjöllunar er að með þeim tölvukerfum og margmiðlunarkerfum sem núna eru smátt og smátt að komast í notkun er hægt að skoða öll opinber gögn tengd ævi Franklin Roosevelts Bandaríkjaforseta, skoða ræður sem hann hefur skrifað og meira að segja eins og hann skrifaði þær með eigin hendi. Það er hægt að hlusta á hann flytja þær. Við erum ekki svo rausnarleg í þessari tillögu að við viljum að það sé hægt að veita slíkan aðgang, að það sé hvenær sem er hægt að kveikja á gömlum umræðum hér en hver veit hvað framtíðin ber í skauti sér og hver veit hver áhuginn verður á því. Við höfum alla vega hér og nú möguleika á þessu. Ég held að þetta sé fyrst og fremst dæmi um hvað hægt er að gera. Það er hægt að fletta samkvæmt þessum aðferðum í gegnum skjalasafn frá forsetatíð Roosevelts og skoða hvað hann var að gera frá degi til dags. Ég veit ekki hversu langt Íslendingar munu kjósa að ganga í þessum málum og ég held að ekki sé hægt að réttlæta það að farið verði út í að nýta tæknina tækninnar vegna vegna þess að það sé svo gaman að gleyma sér í þeim möguleikum sem tæknin býður upp á. En ég held að það verði á hverjum tíma að hugsa fyrir því hvaða tækni er nothæf og hvernig verður hægt að nýta þá tækni á sem ódýrastan og bestan hátt. Möguleikarnir eru óþrjótandi og tæknilega séð er ekkert því til fyrirstöðu að ganga mjög langt í þessu. Því held ég að það skref sem lagt er til að verði stigið með samþykkt þessarar tillögu, sem ég vona að verði á þessu þingi, sé a.m.k. byrjunarskref sem ég tel mjög mikilvægt og í anda þess sem við viljum um opna umræðu á Alþingi og aðgang almennings að gögnum.

Að lokinni þessari umræðu legg ég til að þessari

tillögu verði vísað til síðari umr. og hv. allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Útbýting þingskjala:

Greiðsla sveitarfélaga til Atvinnuleysistryggingasjóðs 1994, 117. mál, fsp. IP, þskj. 120.

Listskreytingasjóður ríkisins, 118. mál, fsp. EKG, þskj. 121.

Reglur LÍN um nám foreldra fatlaðra barna, 116. mál, fsp. AÓB, þskj. 119.

Út af dagskrá voru tekin 1. og 14. mál.

Fundi slitið kl. 14:34.

Efnisskrá.

Aðgangur almennings að þingskjölum og umræðum á Alþingi (51. mál) 673.
Afnám tvísköttunar af lífeyrisgreiðslum (25. mál) 516, 600.
Athugasemdir um störf þingsins:
Vantrauststillaga á ráðherra í ríkisstjórn Davíðs Oddssonar 466.
Atvinnuleysistryggingar (18. mál, bótaréttur í námi) 471.
Atvinnuleysistryggingar (50. mál, bótaréttur við endurmenntun) 659.
Einkahlutafélög (97. mál) 633.
Evrópsk fjárhagsleg hagsmunafélög (98. mál) 633.
Fjáraukalög 1994 (66. mál) 602.
Fjárframlög til stjórnmálaflokka (46. mál) 670.
Forgangsröð kennslu erlendra tungumála (27. mál) 474.
Framkvæmd búvörusamningsins (95. mál) 599.
Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa 591:
Gjaldeyrisvarasjóður Íslendinga 591.
Lækkun vaxta í bankakerfinu 594.
Ofbeldisefni í myndmiðlum 597.
Reglugerð um jöfnunargjöld á útfluttar landbúnaðarvörur 599.
Skipan stjórna heilsugæslustöðva 593.
Héraðsskólinn að Núpi (52. mál) 629.
Hlutafélög (96. mál, aðlögun að ákvæðum EES-samnings) 633.
Húsnæðisaðstaða Fjölbrautaskólans við Ármúla (32. mál) 480.
Lánsfjáraukalög 1994 (74. mál, lántaka ríkissjóðs og húsbréfadeildar) 471, 484, 514.
Lánskjör og ávöxtun sparifjár (44. mál) 648.
Lyfjalög (5. mál, lyfsala dýralækna) 516, 600.
Nýting landkosta (23. mál) 473.
Ráðherraábyrgð (34. mál) 573, 601.
Samningsveð (88. mál, heildarlög) 629.
Sjómannalög (21. mál, uppsagnarfrestur) 553, 600.
Skipun nefndar um vatnsútflutning (22. mál) 473.
Staðsetning björgunarþyrlu (48. mál) 654.
Tekjuskattur og eignarskattur (17. mál, stofnfjárbréf) 471.
Tekjuskattur og eignarskattur (19. mál, endurbætur og viðhald á eigin húsnæði) 472.
Tekjuskattur og eignarskattur (20. mál, endurgreiðsla ofgreiddra gjalda) 472.
Tekjuskattur og eignarskattur (47. mál, iðgjaldagreiðslur til lífeyrissjóða) 657.
Tilkynning um dagskrá 470, 632.
Tilkynning um utandagskrárumræðu 516, 628.
Tollalög (24. mál, tollfrjálsar verslanir í höfnum) 559, 601.
Um fundarstjórn — sjá:
Tilkynning um dagskrá 632.
Tilkynning um utandagskrárumræðu 628.
Umræður utan dagskrár:
Fréttaflutningur ríkissjónvarpsins af verðmun á landbúnaðarvörum 661.
Málefni Ríkisútvarpsins 537.
Úttekt á tekju- og eignaskiptingu í þjóðfélaginu (31. mál) 561, 601.
Varamenn taka þingsæti 465.
Þingfarakaup alþingismanna (43. mál, réttur til biðlauna) 639.

17. FUNDUR

mánudaginn 24. okt.,
kl. 8.30 síðdegis.

Dagskrá:

Vantraust á ráðherra í ríkisstjórn Davíðs Oddssonar, þáltill., 77. mál, þskj. 77. — Ein umr. (útvarpsumr.).

Fjarvistarleyfi:

Hjörleifur Guttormsson, 4. þm. Austurl.,
Ingi Björn Albertsson, 5. þm. Reykv.,
Kristín Einarsdóttir, 10. þm. Reykv.

Aðalmaður tekur sæti á ný:

Jóhann Ársælsson, 3. þm. Vesturl.

Útbýting þingskjala:

Atvinnu- og búseturéttur launafólks innan EES, 125. mál, stjfrv., þskj. 130.

Framhaldsskólar, 127. mál, stjfrv., þskj. 132.

Framkvæmdir í samgöngumálum í kjölfar sameiningar sveitarfélaga, 121. mál, fsp. PBj, þskj. 126.

Frísvæði á Suðurnesjum, 119. mál, fsp. PBald, þskj. 124.

Glasafrjóvgun, 129. mál, fsp. GHall, þskj. 134.

Grunnskóli, 126. mál, stjfrv., þskj. 131.

Hópuppsagnir, 124. mál, stjfrv., þskj. 129.

Jöfnunaraðstoð í skipasmíðaiðnaði, 35. mál, svar iðnrh., þskj. 123.

Kennsla faggreina í netagerð, 122. mál, fsp. PBj, þskj. 127.

Lyfjalög, 130. mál, stjfrv., þskj. 135.

Málefni sumarhúsaeigenda, 120. mál, fsp. PBald, þskj. 125.

Náttúruvernd, 123. mál, stjfrv., þskj. 128.

Skattsvik, 75. mál, svar fjmrh., þskj. 122.

Veiting ríkisborgararéttar, 128. mál, stjfrv., þskj. 133.

Vantraust á ráðherra í ríkisstjórn Davíðs Oddssonar, ein umr. (útvarpsumr.).

Þáltill. KÁ o.fl., 77. mál. — Þskj. 77.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Umræðan fer þannig fram að hver þingflokkur fær 15 mínútur til umráða og Jóhanna Sigurðardóttir, 12. þm. Reykv., utan flokka, sjö og hálfa mínútu. Röð flokkanna verður þessi: Samtök um kvennalista, Sjálfstfl., Framsfl., Alþfl. og Alþb. Ræðumenn verða fyrir Samtök um kvennalista Kristín Ástgeirsdóttir, 15. þm. Reykv., og Anna Ólafsdóttir Björnsson, 9. þm. Reykn.; fyrir Sjálfstfl. Davíð Oddsson forsrh., af hálfu Framsfl. tala Halldór Ásgrímsson, 1. þm. Austurl., og Finnur Ingólfsson, 11. þm. Reykv. Ræðumaður Alþfl. verður Jón Baldvin Hannibalsson utanrrh. og fyrir Alþb. tala Ragnar Arnalds, 3. þm. Norðurl. v., og Svavar Gestsson, 9. þm. Reykv.

[20:33]

Flm. (Kristín Ástgeirsdóttir):

Virðulegi forseti. Góðir áheyrendur. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um vantraust á ráðherra í ríkisstjórn Davíðs Oddssonar. Hér er farin sú óvenjulega leið að kalla ráðherrana hvern og einn til ábyrgðar á þeirri stefnu sem ríkisstjórnin hefur framfylgt þau þrjú og hálft ár sem hún hefur starfað og á þeim starfsháttum sem tíðkaðir hafa verið á ríkisstjórnarheimilinu. Ráðherrarnir eru hér með líka kallaðir til ábyrgðar á því að sitja sem fastast á ráðherrastólunum þegar ljóst má vera að ríkisstjórnin er óstarfhæf vegna sundurlyndis, óróa og átaka sem einkennt hafa samskipti ráðherra frá því að deilur hófust um landbúnaðarmál fyrir tæpum tveimur árum, að ekki sé minnst á þá harmsögu Alþfl. sem við höfum orðið vitni að undanfarna mánuði og lamað hafa ríkisstjórnina. Enn fremur eru ráðherrarnir, allir sem einn, kallaðir til ábyrgðar fyrir að hafa slegið skjaldborg um ráðherra sem augljóslega hefur farið út fyrir velsæmismörk í embættisfærslu sinni og dregur á eftir sér slóða fjármálaóstjórnar sem vart á sér líka í íslenskri stjórnmálasögu. Þar með hefur ríkisstjórnin skorast undan því verki að bæta siðferði íslenskra stjórnmála. Hún lokar báðum augum og kastar öllum syndum bak við sig.

Ég lýsi hér með yfir vantrausti á ríkisstjórn Davíðs Oddssonar og tel löngu tímabært að Alþingi ákveði í atkvæðagreiðslu að segja henni upp vistinni og sýni þar með í verki að það er Alþingi sem endanlega ber hina pólitísku ábyrgð á stjórnkerfinu og stjórnarháttum öllum.

Vorið 1991 mynduðu Sjálfstfl. og Alþfl. ríkisstjórn sem ætlað var það hlutverk „að rjúfa kyrrstöðu og auka verðmætasköpun í atvinnulífinu sem skili sér í bættum lífskjörum“, eins og sagði í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar sem samþykkt var 31. apríl 1991. Jafnframt sagði þar að „ríkisstjórnin vildi tryggja stöðugleika í efnahagslífinu og sáttargjörð um sanngjörn kjör, m.a. með aðgerðum í skatta- og félagsmálum“. Fljótlega varð ljóst að þessi nýja ríkisstjórn boðaði váleg tíðindi í íslenskum stjórnmálum. Gatslitinn frjálshyggjufáni þeirra Reagans, Bush og Thatcher var dreginn að húni og tilkynnt að nú skyldi hafinn niðurskurður ríkisútgjalda, velferðarkerfið yrði stokkað upp og þeir látnir greiða þjónustugjöld sem nýttu sér þjónustuna. Nemendur ættu að borga skólagjöld, kjörum á námslánum yrði breytt til íþyngingar og einkavæðing ríkisfyrirtækja átti að færa ríkissjóði björg í bú. Hallarekstri ríkissjóðs skyldi komið upp í núllið á tveimur árum.

Hver er árangurinn þegar horft er yfir þriggja og hálfs árs störf ráðherranna? Þar er skemmst frá að segja að markmið ríkisstjórnarinnar eru flest hver runnin út í sandinn, en þjóðin situr eftir í sárum. Hallarekstur á ríkissjóði hefur aldrei verið meiri og nemur hátt í 30 milljörðum kr. það sem af er ráðherratíð Friðriks Sophussonar. Sköttum hefur verið velt af fyrirtækjum yfir á herðar almennings svo nemur milljörðum kr. Skattar á einstaklinga voru hækkaðir, persónuafsláttur lækkaður, barnabætur skornar niður og vaxtabætur skertar. Atvinnuleysi hefur haldið innreið sína og þjakar þúsundir einstaklinga. Skuldir heimilanna eru ógnvekjandi og vanskil í húsnæðiskerfinu valda þungum áhyggjum. Þúsundir fjölskyldna eiga ekki fyrir nauðþurftum og verða að leita á náðir félagsmálastofnana. Áttunda hver fjölskylda í Reykjavík þarfnast aðstoðar og útgjöld Félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar hafa aukist um 100 millj. kr. það sem af er árinu umfram áætlanir. Tíunda hvern dag greiðir Reykjavíkurborg útför einstaklinga sem eiga ekki fyrir jarðarförinni sinni. Fátækt er orðin staðreynd í íslensku samfélagi og það eru konur og börn sem einkum eru fórnarlömb hennar. Efnahagsbatinn sem ríkisstjórnin boðar og hinn rómaði stöðugleiki hafa hvorki náð inn fyrir dyr heimilanna né sveitarfélaganna, þar er kreppan enn við völd. Í stað þess að stuðla að sáttargjörð um sanngjörn kjör, eins og ríkisstjórnin boðaði, hefur misskipting lífsins gæða vaxið, launabilið eykst og það jafnrétti í launamálum sem konur hafa barist fyrir um áratuga skeið er víðs fjarri. Þjónusta við almenning hefur versnað án þess að ríkið hafi náð neinum varanlegum árangri í sparnaði og niðurskurði. Skólakerfið er sársvelt og heyrast nú áhyggjuraddir frá nemendum og kennurum á háskólastigi sem óttast gengisfall íslenskrar menntunar. Sparnaðaráform í heilbrigðiskerfinu hafa flestöll mistekist og nú þarf að biðja um 800 millj. kr. aukafjárveitingu á árinu 1994 vegna þeirra mistaka. Einkavæðingin skilaði litlu sem engu og hefur að mestu verið hætt við hana, sem betur fer.

Virðulegi forseti. Í ríkisstjórnartíð Davíðs Oddssonar höfum við séð furðuleg og sorgleg dæmi um það hvernig menn umgangast það vald sem þeim hefur verið falið. Stöðuveitingar hafa verið með eindæmum, en þar hafa ráðherrar Alþfl. verið fremstir í flokki í því að raða flokksmönnum sínum á ríkisjötuna. Hrafnsmálið er annað dæmi um valdníðslu sem furðu sætir og verður lengi í minnum haft. Virðingin fyrir löggjafarvaldinu er afar takmörkuð, lög eru keyrð í gegn og þeim breytt án þess að nokkur úttekt hafi farið fram á áhrifum breytinganna. Við höfum jafnvel upplifað það hér að ráðherrar komi nánast daglega með nýjar tillögur til sparnaðar eftir að sýnt hafi verið fram á að þær fyrri voru óframkvæmanlegar.

Fyrir nokkrum dögum dró ég fram dæmi hér í þingsölum um vanvirðu við dómstóla landsins og þann rétt almennings að ná fram réttlæti fyrir dómstólum. Þar átti í hlut fjmrn., sem lét kröfur hlaða á sig dráttarvöxtum mánuðum saman þrátt fyrir dóm Hæstaréttar. Er nema von að við spyrjum á hvaða leið við erum? Er nema von að við lýsum yfir vantrausti á ráðherra sem þannig starfa?

Virðulegi forseti. Ég gæti haldið áfram lengi enn að tíunda dæmi um stefnu, stjórnarhætti og vinnubrögð ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar. Ég gæti rifjað hér upp þær endalausu deilur sem ráðherrar hafa átt í sín á milli, einkum um landbúnaðarmál og Evrópusambandið, deilur sem vekja upp spurningar um færni þeirra til að gæta hagsmuna landsins út á við. En það er annað sem mér liggur þyngra á hjarta.

Það þarf engum að blandast hugur um það að sá dropi sem fyllti mælinn og varð til þess að stjórnarandstaðan ákvað að bera fram vantraust á alla ráðherrana í ríkisstjórninni var sú ákvörðun hæstv. forsrh. að láta Alþfl. einan um að bera ábyrgð á embættisfærslum hæstv. félmrh., Guðmundar Árna Stefánssonar, og að forsrh. og allt hans ráðherralið ákvað að sitja þegjandi undir þeim kattarþvotti og mjóróma siðbótarboðskap sem formaður Alþfl. hafði upp á að bjóða. Ríkisendurskoðun var falið að skoða gerðir félmrh. og utanrrh. og ég efast ekki um að þeir fá vottorð um að hafa hvorki brotið lög né reglur. Málið snýst nefnilega ekki um það. Málið snýst um það hvernig menn fara með það vald sem þeim er falið og hvort þeir halda sig innan velsæmismarka. Ég ætla ekki að fella dóm yfir hæstv. félmrh., en ég leyni ekki þeirri skoðun minni að honum hafi orðið stórlega á og nefni þar sem dæmi að hann skuli hafa horft upp á það að aðstoðarmaður hans í fullu starfi sinni jafnframt tólf launuðum stjórnum, nefndum og ráðum. Það getur ekki nokkur maður sinnt slíkum störfum af neinu viti, enda er þetta auðvitað ekkert annað en spilling af versta tagi.

Þá verður ekki hjá því komist að víkja að þeim fregnum sem borist hafa af fjármálum Hafnarfjarðarbæjar og eiga rætur að rekja til þess tíma er hæstv. félmrh. var bæjarstjóri þar. Þar hafa komið í ljós fjármálaóreiða og vinnubrögð sem eru með þeim hætti að menn eru orðlausir. Fjármunum bæjarins var ausið út, án eftirlits, í milljónatali, bókhald í molum og framkvæmdastjórinn hafði heimild til að ganga í sjóði bæjarins eftir óskilgreindum þörfum. Bæjaryfirvöld þess tíma bera auðvitað ábyrgð á því hvernig fór og þar þýðir ekki að vísa á embættismenn eins og ráðherrann gerði í Morgunblaðinu í gær. Ef embættismenn Hafnarfjarðarbæjar hafa skrifað upp á reikninga og úttektir svo nemur milljónum, án þess að hafa borið það undir yfirmann sinn, hljóta þeir að verða reknir þegar í stað fyrir embættisafglöp. En þó svo væri eru það hinir kjörnu fulltrúar sem endanlega bera ábyrgð og í hópi þeirra er hæstv. félmrh., sveitarstjórinn fyrrv., ráðherra sveitarstjórnarmála í landinu. Í hvaða lýðræðisríki sem er mundi ráðherra sem flæktur er í mál af þessu tagi, sekur eða saklaus, segja af sér þegar í stað. Það er ekki við hæfi að hæstv. félmrh., Guðmundur Árni Stefánsson, sitji áfram í embætti með allar þær ávirðingar á bakinu sem á hann hafa verið bornar. Ég skora á hann að sýna þann manndóm að segja af sér strax og verða þannig til að gera íslensk stjórnmál ábyrgari og lýðræðislegri.

Við sem sitjum á hinu háa Alþingi berum pólitíska og siðferðilega ábyrgð og við eigum að sýna að við séum fólk til að axla hana. Það er ekki stórmannlegt, hvorki af Guðmundi Árna Stefánssyni, öðrum ráðherrum ríkisstjórnarinnar né þingmönnum stjórnarflokkanna, að skýla sér á bak við frávísunartillögu hér í kvöld á þeim forsendum að málsmeðferð stjórnarandstöðunnar brjóti þinghefðir. Málið er miklu alvarlegra en svo og það kemur úr hörðustu átt þegar núverandi stjórnarflokkar bera fyrir sig þingræði og hefðir eftir allt það sem á undan er gengið á kjörtímabilinu.

Virðulegi forseti. Í kvöld að lokinni þessari umræðu gefst okkur kostur á að sýna þjóðinni að við viljum taka á þeirri spillingu sem því miður þrífst innan stjórnkerfisins. Við höfum tækifæri til að snúa við blaðinu, lýsa vantrausti á ráðherrana, alla sem einn, losa okkur við ríkisstjórn Davíðs Oddssonar og hefja þar með sókn til nýrra tíma sem vonandi færir okkur jöfnuð, réttlæti, kvenfrelsi og aukið lýðræði í samfélagi friðar og jafnvægis manns og náttúru. — Góðar stundir.

[20:44]

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Góðir áheyrendur. Sá kvittur gengur hér um húsið, vonandi rangur, að stjórnarflokkarnir treysti sér ekki í atkvæðagreiðslu um vantrauststillögu þá sem hér er til umfjöllunar af ótta við að einhverjir stjórnarþingmenn muni nota tækifærið til þess að ítreka vantraust sitt á einstökum ráðherrum ríkisstjórnarinnar. Það liggur í loftinu að ríkisstjórnin muni flytja frávísunartillögu við vantraustið í kvöld. Það hlýtur að merkja, ef satt er, að þeir óttist að einhverjir ráðherrar ríkisstjórnarinnar njóti ekki trausts meiri hluta þingheims. Það er því grundvallaratriði að fá úr því skorið hér í kvöld hvort allir ráðherrar ríkisstjórnarinnar hafa fullt umboð til starfa, ekki síst er það brýnt í ljósi nýjustu fregna. Engin keðja er sterkari en veikasti hlekkur hennar. Ríkisstjórnin er slík keðja, ráðherrarnir hlekkirnir. Í kvöld var ætlunin að kanna styrk hennar. Komi menn í veg fyrir að hann verði kannaður þá hlýtur það að merkja að ástandi keðjunnar sé alvarlega áfátt. Kannski hafa hlekkirnir ryðgað í takt við það að sumir ráðherrar eru farnir að ryðga í siðferðinu. Kannski hefur keðjan einfaldlega slitnað í takt við það tengslaleysi sem er á milli oddvita ríkisstjórnarinnar í stærstu sem smæstu málum. Það væri e.t.v. í lagi ef við værum að tala um eitthvert brotajárn á öskuhaugunum. En það er þessi ríkisstjórn ekki orðin á haugum gleymskunnar, ekki enn a.m.k. Við erum að tala um það hvort við getum treyst þeirri keðju sem á að halda þjóðarskútunni við akkeri á meðan óveður atvinnuleysis og versnandi lífskjara næðir um hana. Ef við gerum það ekki getur hana rekið í strand og þá þýðir ekkert að segja að menn hafi haldið að keðjan héldi.

Ryðgað siðferði ráðherra hefur birst okkur í ótal myndum. Við heyrum daglega ný dæmi af vafasömum embættisverkum þeirra, augljósum eða lítt duldum, nýjum eða gömlum. Flokksbræðrum er skipað á jöturnar svo tugum skiptir. Ekki hefur verið auglýst staða í utanrrn. síðan 1991, þ.e. fyrsta ár þessarar ríkisstjórnar, utan ein sérfræðingsstaða. En á sama tíma hefur hæstv. utanrrh., Jón Baldvin Hannibalsson, raðað alþýðuflokksmönnum í helstu störf þar, stundum við lítinn fögnuð ýmissa þingmanna samstarfsflokksins.

Ég efast um að utanrrh. njóti trausts þingmeirihluta eftir embættisfærslur liðins sumars. Væri ekki rétt að fá að láta reyna á það?

Ryðgað siðferði hefur einnig birst í því að stöðuveitingar hafa byggst á geðþótta einstakra ráðherra. Eru þar hæstv. menntmrh., Ólafur G. Einarsson, og núv. félmrh., Guðmundur Árni Stefánsson, kræfastir. Í einu tilviki a.m.k. var það aðeins spurning um klukkustundir hvort embættisfærsla stæðist stjórnsýslulög. Á sama tíma og erlendir ráðherrar víkja þegar minnsti vafi leikur á hæfni þeirra í starfi þá sitja íslenskir starfsbræður þeirra sem fastast.

Starfshæfni ríkisstjórnarinnar hefur á rökstuddan hátt verið dregin í efa. Hæstv. forsrh. lét orð falla sem ekki var hægt að skilja á annan hátt en að hann treysti ekki hæstv. utanrrh. fyrir utanríkismálunum. Það er skynsamlegt út af fyrir sig. Hann dró í land í orði en ég spyr: Treystir hann í raun hæstv. ráðherra eitthvað frekar í Evrópumálunum nú heldur en fyrr í haust?

Karp og klögumál ganga á víxl milli ráðherra í stórum málum sem smáum, m.a. í mikilvægum vaxtamálum.

Loks hlýt ég að nema staðar við hæfni þessarar ríkisstjórnar til að stjórna landinu. Hún er engin enda erum við ekki hér að ræða hvort verið sé að sigla þjóðarskútunni á fengsæl mið heldur hvort unnt verði að koma í veg fyrir að hún strandi er akkerisfestarnar bresta. Ríkisstjórnin skilur við þjóðina í óvissu atvinnuleysis, geigvænlegra skulda heimilanna og stóraukinna álagna á lágtekjufólk í formi skatta og annarra gjalda, jafnvel fyrir lífsnauðsynlega læknishjálp og lyf. Við getum ekki sætt okkur við nema eina niðurstöðu hér í kvöld og hún er sú að ríkisstjórnin fari frá.

Ráði heilbrigð skynsemi og umhyggja fyrir þjóðinni atkvæðum manna hér í kvöld þá kvíði ég ekki niðurstöðunni, þá mun stjórnin falla. Muni ríkisstjórnin hins vegar halda í sér lífi þrátt fyrir það að fá vantrauststillögunni vísað frá er það enn ein sönnun þess að hún er vanhæf og margir brestir eru í þeim einingum sem halda henni saman. Væri ríkisstjórnin flugvél og ráðherrarnir vélarpartar fengi hún ekki skoðun vegna skemmdra vélarhluta. Þá yrði henni ekki hleypt á loft. Eigum við að halda áfram í vetur vegna þess að ríkisstjórnin neitar að fara í skoðun? Ég segi nei. — Góða nótt.

Útbýting þingskjals:

Vantraust á ráðherra í ríkisstjórn Davíðs Oddssonar, 77. mál, rökst. dagskrá frá forsrh., þskj. 136.

[20:49]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti. Málatilbúnaður sá sem hér er hafður í frammi af hv. stjórnarandstöðu er einstakur í þingsögunni og reyndar fordæmislaus í þeim þingum sem

við þekkjum best til og lúta sömu lögmálum og Alþingi Íslendinga.

Tæpum mánuði eftir að Kvennalistinn boðar vantrauststillögu er tillagan loksins flutt af stjórnarandstöðunni allri, nokkrum dögum eftir að stjórnarandstaðan hafði óskað eftir vantraustsumræðu án vantrauststillögu. Eftir þennan langa meðgöngutíma, undirbúning og aðdraganda tekst svo illa til að tillöguflutningurinn er allur í skötulíki og ekki í neinu samræmi við venjuhelgaðar formreglur þingsins og reyndar stórkostlega á skjön við allt sem þekkist í þeim efnum.

Hér á landi eru tveir kostir fyrir hendi telji menn sig knúna til að flytja vantrauststillögu á þinginu. Annars vegar að flytja vantraust á ríkisstjórnina í heild ellegar vantraust á einstaka ráðherra. Með vantrausti á ríkisstjórnina í heild er leitast við að ganga úr skugga um hvort viðkomandi ríkisstjórn hafi starfhæfan meiri hluta að baki sér og um leið að koma til skila pólitískum sjónarmiðum stjórnarandstöðunnar. Mjög varlega og sparlega er farið í flutning á vantrauststillögum á þinginu eins og kunnugt er.

Tillaga um vantraust á einstaka ráðherra er allt annað mál og sýnu alvarlegra. Samkvæmt ótvíræðri þingvenju, bæði hér á landi og annars staðar þar sem menn byggja á sams konar stjórnskipun og hér er gert, er slíkt vantraust ekki flutt nema flm. telji að viðkomandi ráðherra hafi gerst sekur um stórkostlega og óverjandi framgöngu, annaðhvort viljandi eða af gáleysi í embættisfærslu sinni. Svo miklir annmarkar séu á tiltekinni embættisfærslu hans að hann teljist af þeim sökum óhæfur til að gegna ráðherrastarfi. Vantrauststillaga á einstakan ráðherra verður því aldrei flutt af pólitískri léttúð eða leikaraskap einum eins og virðist mega lesa úr skýringum flm. sjálfra á þeim tillöguflutningi sem þeir standa fyrir hér.

Í vantrauststillögu á einstakan ráðherra felst þungur persónulegur áfellisdómur um viðkomandi ráðherra og er því um að ræða slíkt alvörumál að fátítt er að stjórnarandstaða standi fyrir slíku. Þannig hefur vantrauststillaga á einstakan ráðherra aldrei verið flutt í Danmörku sem býr við sömu þinghefðir og við búum við og aðeins einu sinni hér á landi á lýðveldistímanum. Þá var flutt vantrauststillaga á ráðherra en þó eingöngu á starfssviði ráðherrans sem hinar umdeildu embættisathafnir féllu undir.

Eins og ég hef hér gert grein fyrir þá er reginmunur á tillögum vantrausts á tiltekinn ráðherra vegna málsmeðferðar hans í tilteknu ráðuneyti og á tillögu um vantraust á ríkisstjórnina. Af þessu leiðir að það er fráleitt að flytja í einu lagi vantraust á ríkisstjórn og vantraust á einstaka ráðherra. En það er ekki nóg með að slíkt sé gert heldur stendur stjórnarandstaðan fyrir tillögum um vantraust á ríkisstjórnina, að hennar eigin sögn, og tillögum um vantraust á níu einstaka ráðherra vegna starfa þeirra í öllum ráðuneytum ríkisstjórnarinnar nema einu, ráðuneyti Hagstofu Íslands. Með því er gefið til kynna að hver einasti ráðherra sé persónulega vanhæfur til að gegna starfi í öllum þeim ráðuneytum sem tilnefnd eru og þar með gefið í skyn að þeir hafi gerst sekir um svívirðilega háttsemi eða embættisafglöp sem brjóti gegn lögum eða skráðum eða óskráðum siðferðisreglum í öllum þessum ráðuneytum.

Ef nokkurt vit væri í þessum tillöguflutningi eða nokkur minnsti grundvöllur væri fyrir honum hlytu menn að halda að nú væri komið upp hneyksli aldarinnar, jafnvel allra alda, í stjórnmálalífi landsins og reyndar þess heimshluta sem við byggjum. Þess væri að vænta að nú biðu menn í óttablendnum spenningi eftir því að þau miklu voðaverk sem leiddu til slíks málatilbúnaðar eins og hér hefur verið hafður í frammi yrðu afhjúpuð en slíkt hefur ekki gerst. Öðru nær. Tillöguflutningurinn hefur breyst í algjört viðundur. 1. flm. tillögunnar segir opinberlega að stjórnarandstaðan sé ekki í raun að flytja vantrauststillögu heldur að búa til einhvers konar vinsældakosningu í þinginu og gefur meira að segja í skyn að hugsanlegt sé að stjórnarandstaðan muni ekki greiða atkvæði með sinni eigin vantrauststillögu í tilfelli einstakra ráðherra. Ég hlýt að vekja athygli áheyrenda á öllu þessu furðuverki. Með öðrum orðum, í einhverju alvarlegasta atriði sem snertir starfshætti hvers þings þá er því atriði breytt í vinsældakosningu að sögn flm. sjálfs sem bætir því við að jafnvel sé ekki ljóst að flm. sjálfir styðji í öllum atriðum þá tillögu sem þeir flytja.

Í raun tók ekki betra við þegar 2. flm. tillögunnar, nýkjörinn þingflokksformaður Framsfl., tók að reyna að skýra þennan ótrúlega málatilbúnað. Hann var að vonum spurður af fjölmiðlafólki hvað einstakir ráðherrar hefðu til saka unnið að nú væri gripið til þess einstaka ráðs að flytja vantraust á þá, ekki einn heldur hvern þeirra fyrir sig, að reyndar hagstofuráðherranum af einhverjum ástæðum undanskildum. Svar þingflokksformannsins nýja var í fullu samræmi við þennan ömurlega málatilbúnað. Svarið var efnislega þetta: Með því að þessir ráðherrar sitja í ríkisstjórn sem stjórnarandstaðan er ósátt við hafa þeir unnið til þess að flutt sé vantrauststillaga á þá hvern fyrir sig. Þetta eru mikil eindæmi.

Ég tel að þessi tillöguflutningur og málatilbúnaðurinn sé einn samfelldur áfellisdómur um þá sem að honum standa og þeim öllum til stórfelldrar minnkunar. Ef slíkur málatilbúnaður verður liðinn þá hafi virðing og traust Alþingis beðið mikinn hnekki.

Hæstv. forseti. Það er hreint ótrúlegt hve stjórnarandstöðunni hafa verið mislagðar hendur í vinnubrögðum sínum í þinginu. Dæmi þess eru orðin mörg og æðiáberandi. Ríkisstjórnin og þingmeirihlutinn hafa á undanförnum árum þurft að takast á við mikla efnahagsörðugleika og nú vita allir sem vilja að mikill árangur hefur orðið af starfi hennar. En hver hefur afstaða stjórnarandstöðunnar verið til allra þeirra aðgerða sem ríkisstjórnin hefur gripið til? Hafa þeir lagt eitthvað jákvætt til mála? Nefna mætti til sögunnar þrjá áfanga á þessari leið. Í tvígang var gripið til umfangsmikilla efnahagsaðgerða og í þriðja áfanga var gerð sérstök atlaga að hávöxtunum sem um langt árabil hafa ætlað að sliga þjóðina. Í bæði skiptin sem gripið var til þessara efnahagsráðstafana sem svo miklum árangri

hafa skilað lagðist stjórnarandstaðan þver gegn öllum þessum ráðagerðum. Hún hafði reyndar uppi spádóma, sem fróðlegt væri að lesa yfir þingheimi, um hvað gerast mundi ef efnahagsaðgerðir ríkisstjórnarinnar gengju fram. Hér átti allt um koll að keyra. Vinnufriði væri stofnað í stórkostlega hættu, fram undan væri óðaverðbólga, víxlgangur verðlags og kauplags sem aldrei fyrr, atvinnuleysið yrði stórkostlegt og ekkert yrði við neitt ráðið. Kröfur voru uppi frá forustumönnum stjórnarandstöðunnar um að nú þegar yrði sett á laggirnar þjóðstjórn eins og gert er þegar neyðar- eða styrjaldarástand blasir við. Jafnvel gæti sú þjóðstjórn haft sér það markmið að sitja í full tvö kjörtímabil til þess að ráða niðurlögum vandans. Aðgerðir ríkisstjórnarinnar voru gerðar tortryggilegar og reynt var að efna til óánægju og vantrúar á þeim. Einn stjórnarandstöðuflokkurinn, Framsfl., lagðist t.d. alfarið gegn því að skattur á matarkaup almennings yrði lækkaður.

Allt fór á hinn betri veg, allar spár stjórnarandstöðunnar urðu hrakspár og hégilja. Árangurinn hefur skilað sér hvar sem litið er. Raungengið er hagstæðara íslenskum útflutningsatvinnuvegi en um langan, langan tíma áður. Atvinnulífið er að taka við sér, vaxtarbroddarnir finna að jarðvegurinn hefur verið undirbúinn og framtíðin gefur mikla möguleika. Verðbólgan er með því minnsta sem þekkist í Evrópu. Við greiðum niður erlendar skuldir okkar þrjú ár í röð, eitt af fáum ríkjum vesturheims sem nær slíkum árangri um þessar mundir. Tekist hefur að koma í veg fyrir að fjárlagahalli færi út yfir öll mörk og stöndum við þar betur en aðrar þjóðir í nágrenni okkar.

Stjórnarandstaðan hefur vissulega fundið að því að fjárlagahalli væri of mikill en samt hefur hún hamast gegn öllum sparnaðarhugmyndum okkar.

Við heyrðum í 1. flm. þessarar tillögu rétt áðan sem fann öllum sparnaðartillögum allt til foráttu. Þessari ríkisstjórn hefur tekist þrátt fyrir andstöðu stjórnarandstöðunnar að hefta aukningu ríkisútgjalda og skatttekjur ríkisins hafa ekki verið auknar. Atvinnuleysi hefur nú farið lækkandi sem betur fer á undanförnum mánuðum og ljóst er að tekist hefur að koma í veg fyrir að atvinnuleysisvofan æddi hér um landið með svipuðum hætti og hún hefur því miður gert í Evrópulöndunum öllum eða flestum.

Ríkisstjórnin hefur séð til þess að horfið hefur verið af þeirri Færeyjaleið sem síðasta ríkisstjórn stefndi þjóðinni á og hefur sýnt sig að vera leið til efnahagslegs hruns og glötunar. Þegar ríkisstjórnin greip til aðgerða í framhaldi af umbreytingum á efnahagsmarkaðnum til að stuðla að vaxtalækkun voru einnig hafðar uppi hrakspár. Hin mikla vaxtalækkun væri haldlaus, aðeins væri tjaldað til fárra vikna. Við sáum það á dögunum að formaður Alþb. sem þó vill væntanlega teljast til ábyrgra stjórnmálamanna gerði sitt til þess að reyna að gera vaxtapólitíkina tortryggilega og skapa vaxtaóróleika á mörkuðum. Enginn vafi er á því að vaxtagrundvöllurinn er traustur. Allar efnahagsforsendur leiða til þess að ekki þarf að spá um að breytingar verða á vöxtum til hækkunar almennt séð á næstu missirum. Þvert á móti sjáum við fram á að vextir í bankakerfi eiga að geta farið lækkandi. Vaxtamunur, sem hefur þurft að vera hár á meðan bankarnir hafa verið að komast í gegnum óreiðu fyrri ára, mun fara minnkandi sem er ómetanlegt bæði fyrir almenning og fyrirtæki.

Fullyrt var hér í þinginu þegar snarlækkun varð á vöxtum að lækkunin væri ekki raunveruleg. Nú er senn liðið ár frá því að þessi mikli árangur náðist og engin merki um það enn að þar verði breyting á. Í öllum framangreindum efnum voru stjórnarandstöðunni mislagðar hendur svo vægt sé til orða tekið. Hún brást þeim skyldum sem hún hafði við kjósendur sína og landsmenn því stjórnarandstaða á auðvitað að sýna ábyrgðartilfinningu en ekki léttúð og ábyrgðarleysi.

Hæstv. forseti. Nú nýverið var tilkynnt um það að veitt hefðu verið friðarverðlaun Nóbels vegna friðarþróunarinnar í Mið-Austurlöndum. Ég býst ekki við því að margir séu búnir að gleyma því hve stjórnarandstaðan varð sér hrikalega til skammar þegar utanríkisráðherra Ísraels kom hér í opinbera heimsókn. Stjórnarandstaðan sýndi utanríkisráðherra, nú friðarverðlaunahafa Nóbels, fádæma ókureisti og þurftu íslensk yfirvöld í viðræðum við ráðherrann að reyna að gefa skýringar á því hvernig í ósköpunum stæði á þessari framgöngu stjórnarandstöðunnar. Það var ekki létt verk né ánægjulegt.

Ég veit að þetta er atburður sem stjórnarandstaðan vill gleyma. En vandinn er sá að með framgöngu sinni varð stjórnarandstaðan ekki eingöngu sjálfri sér til minnkunar heldur varpaði hún einnig skugga á Ísland og Íslendinga. Stjórnarandstaða í öllum löndum veit að hún verður að sýna ábygðartilfinningu. Það eru gerðar kröfur til hennar ekki síður en til annarra. Þegar litið er yfir allan þennan ólánsferil stjórnarandstöðunnar, sem ég hef aðeins nefnt fáein dæmi um, hinn dæmalausa tillöguflutning hér í kvöld, meðferð þeirra í efnahagsmálum, ég tala ekki um framgöngu þeirra í utanríkismálum og það atriði sem ég nefndi sérstaklega, þá þarf ykkur ekki, áhorfendur góðir, að koma á óvart að mér þykir lítið til koma hins sérkennilega tillöguflutnings stjórnarandstöðunnar um vantraust á einstaka ráðherra. Þess vegna flyt ég, hæstv. forseti, eftirfarandi tillögu um rökstudda dagskrá:

„Tillaga til rökstuddrar dagskrár í málinu: Till. til þál. um vantraust á ríkisstjórn Davíðs Oddssonar.

Frá forsrh.

Þar sem fram komin tillaga brýtur í bága við starfshætti Alþingis og rótgróna þingvenju samþykkir Alþingi að vísa málinu frá og tekur fyrir næsta mál á dagskrá."

[21:04]

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Góðir áheyrendur. Það var verið að dreifa hér í þinginu tillögu um rökstudda dagskrá út af vantrauststillögu sem stjórnarandstaðan flutti með þinglegum hætti og var tekið á móti í þinginu sem hverju öðru skjali. Þetta skjal hefur greinilega komið illa við hæstv. ríkisstjórn því nú vill hún vísa því frá og koma í veg fyrir lýðræðisleg vinnubrögð á Alþingi undir þeim formerkjum að tillagan sé óvenjuleg. Það er

alveg rétt þetta er óvenjuleg tillaga. En þetta er líka óvenjuleg ríkisstjórn sem við höfum hér í húsinu í dag.

Hvenær hefur það gerst áður að einstakir stjórnarþingmenn, stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar, lýsa því yfir út og suður að það geti verið að þeir treysti ekki einstökum ráðherrum í ríkisstjórninni? Hefur það komið fyrir áður að hæstv. forsrh. lýsi í reynd vantrausti á utanrrh. í ríkisstjórninni og taki það síðan til baka? Hefur það komið fyrir áður að einstakir ráðherrar hafi talið sig knúna til þess að senda embættisverk sín til sérstakrar skoðunar Ríkisendurskoðunar? Nei, það hefur aldrei komið fyrir áður, það hefur aldrei setið jafnóvenjuleg ríkisstjórn í landinu og slík ríkisstjórn kallar á óvenjulegar tillögur.

Hæstv. forsrh. manaði stjórnarandstöðuna hér fyrr í haust að koma með vantrauststillögu og taldi að hún þyrði ekki að koma með vantraust. Þetta væri svo aumingjaleg stjórnarandstaða að hún þyrði ekki að gera slíkt. Hann hélt að vísu áfram sambærilegum málflutningi og gerir lítið úr stjórnarandstöðunni eins og hann er vanur en það var komið annað hljóð í hæstv. forsrh. núna. Núna hafði verið flutt vitlaus tillaga, röng tillaga, sem hann vill láta vísa frá með ólýðræðislegum hætti.

Hæstv. forsrh. sagði það í umræðum um daginn að þessi ríkisstjórn hefði náð þeim mesta og besta árangri sem nokkur ríkisstjórn hefur náð síðan lýðveldið var stofnað, ef ég man rétt, trúlega á þessari öld. En hvernig í ósköpunum stendur þá á því, fyrst þetta er allt saman svona gott, að hæstv. ríkisstjórn lýsir því ekki yfir að hún ætli sér að starfa áfram að loknum kosningum? Ef ríkisstjórn er á svona góðri leið og hefur svona góða ráðherra innan borðs, sem allt geta, gera allt rétt, allt best og mest sem aðrir hafa gert, getur það verið að stjórnarflokkarnir ætli sér ekki að starfa áfram að loknum kosningum? Það væri fróðlegt að heyra í hæstv. utanrrh. hér á eftir hvort það sé ekki nánast öruggt að svo verði. Því ef það á að vera eitthvert samræmi í málflutningnum þá hlýtur svo að vera en ef svo er ekki þá er ríkisstjórnin náttúrlega búin að viðurkenna að hún er sundurlynd og þar er mikið rifist innan dyra og hún er ósamstæð á allan hátt.

Þeir segja að þeir hafi gert allt rétt. En hvernig er ástandið í okkar samfélagi? Er ekkert að í þjóðfélagi þar sem 6–7 þús. manns eru atvinnulausir? Gæti ekki verið að það væri eitthvað að í slíku samfélagi? Er ekki eitthvað að í samfélagi þar sem fjárfestingin er komin niður í 15% af þjóðartekjum og ljóst að með sama áframhaldi mun atvinnuleysi vaxa? Ríkisstjórnin segir að þetta sé nokkuð gott því aðilar vinnumarkaðarins hafi spáð 15–20% atvinnuleysi. Það er rétt en ég minni á að ríkisstjórnin var þvinguð til aðgerða af aðilum vinnumarkaðarins, m.a. að beita handafli til að lækka vextina. Og ef ríkisstjórnin hefði þá ekki skipt um stefnu þá hefði atvinnuleysið orðið mun meira.

Gæti ekki verið að það væri eitthvað að í þjóðfélagi þar sem skattsvik eru yfir 11 milljarðar kr.? Hvað hefur ríkisstjórnin gert í því? Hún hefur verið að flækja skattalögin. Hún hefur verið að gera þau óframkvæmanlegri en nokkru sinni fyrr. Svo leyfir hæstv. forsrh. sér að koma hér upp og segja að Framsfl. hafi viljað leggja sérstakar byrðar á láglaunafólk, þegar vitað er að það mátti ná mun meiri árangri í jöfnun tekna og kjara með öðrum hætti. En hæstv. forsrh. minntist ekki á það að Sjálfstfl. hefur verið að stórhækka skatta á þessu kjörtímabili.

Gæti ekki verið að það væri eitthvað að í því þjóðfélagi þar sem vanskil í hinu fræga húsbréfakerfi eru komin upp í 15 milljarða? Ætli það sé ekki þess vegna sem hæstv. fyrrv. félmrh. hljóp frá borði? Hæstv. fyrrv. félmrh. bar að sjálfsögðu ábyrgð á þessum ósköpum og vildi ekki sitja lengur í ríkisstjórn þar sem vanskil í húsbréfakerfinu voru komin upp í 15 milljarða. Hvað eiga allar þær fjölskyldur að gera sem þannig standa? Ætli ástæðan sé ekki fyrst og fremst sú hvað tekjur hafa dregist saman.

Er ekki eitthvað að í þjóðfélagi þar sem hagvöxtur er helmingi minni en gengur og gerist hér í kringum okkur og ríkisstjórnin segir að sé nokkuð gott? Ætli það geti ekki verið að það sé eitthvað að í samfélagi þar sem gjaldþrot hafa aldrei verið fleiri en nú og bankar og sjóðir hafa tapað 10 milljörðum á hverju einasta ári meðan þessi ríkisstjórn hefur setið að völdum?

Ég skil það vel að hæstv. núv. ríkisstjórn vilji breiða yfir þetta allt saman. Reyna að blekkja, koma umræðunni yfir á aðrar brautir og vísa lýðræðislegum, réttmætum tillögum frá hér á Alþingi. Það sýnir hvað ríkisstjórnin er veik, það sýnir hvað hún er sundurleit og það sýnir að hér er ekki sterk ríkisstjórn heldur veik sem deilir innbyrðis og vill ekki taka ábyrgð á sínum ráðherrum.

Það er verið að sýna á fjölum Þjóðleikhússins um þessar mundir ágætt leikrit sem heitir Sannar sögur af sálarlífi systra. Ein persónan segir í lokin: „Við höfum þó alltaf blekkinguna, það bjargar okkur, venjulegu fólki.“ Gæti verið að ríkisstjórnin ætli að treysta á þetta. Ætli að treysta á það að breiða yfir og vera með blekkingar, segja að þetta sé allt saman í lagi, segja að þeir vinni vel saman og ráðherrarnir séu allir sem einn. Þessi tillaga hér sýnir annað og þess vegna á að samþykkja vantraust á þessa ríkisstjórn og ráðherra hennar.

[21:12]

Finnur Ingólfsson:

Virðulegur forseti. Góðir tilheyrendur. Ræða og tillöguflutningur hæstv. forsrh. hér áðan markar tímamót í sögu þings og þjóðar. Það að forsrh. skuli leyfa sér að flytja frávísunartillögu á vantraust á eigin ríkisstjórn og um leið vantraust á eigin verk lýsir auðvitað óskaplegum valdhroka og skorti á siðferðiskennd. En það er meira en það því þessi tillöguflutningur er brot á þingræðinu. Eftir stendur ríkisstjórn sem ekki er vitað hvort hefur þingmeirihluta eða ekki. Og forsrh. hæstv. mun það sem eftir lifir þessa kjörtímabils sitja í þeirri stöðu að það er ekki ljóst hvort hans ríkisstjórn hér á hv. Alþingi hafi meiri hluta eða ekki.

Nokkrir hv. þm. stjórnarandstöðunnar hafa lýst því yfir í fjölmiðlum að þeir vantreysti einstökum ráðherrum og geti ekki forsvarað þeirra verk. En þeir þing-

menn sem þessu hafa lýst og ætla nú hér í atkvæðagreiðslu á eftir að greiða atkvæði með því að vísa þessari tillögu stjórnarandstöðunnar frá, þeir þingmenn Sjálfstfl. sem það gera eru að leggja blessun sína yfir verk ráðherra Alþfl. Og þeir þingmenn Alþfl. sem það munu gera eru að leggja blessun sína yfir verk ráðherra Sjálfstfl.

Gífuryrði hæstv. forsrh. hér áðan um tillögu stjórnarandstöðunnar dæma sig sjálf. En það að halda því fram að hún brjóti í bága við hefðir þingsins er alvörudómur og mikill áfellisdómur yfir virðulegum forseta Alþingis, forseta Alþingis sem kemur úr sama stjórnmálaflokki og hæstv. forsrh., Davíð Oddsson. Að halda því fram að slík tillaga hafi verið tekin hér til umræðu sem brjóti í bága við starfshætti og þinghefðir Alþingis er þungur áfellisdómur. En það er gleðilegt til þess að vita að hæstv. forsrh. hafi orðið áhyggjur af virðingu Alþingis. Sá maður sem fyrir fáum missirum síðan líkti þessari virðulegu stofnun við gagnfræðaskóla.

Hæstv. forsrh. segir að þessi tillaga stjórnarandstöðunnar sé leikaraskapur en það er ekki, hæstv. forsrh., leikaraskapur þegar ráðherrar í þinni ríkisstjórn, hæstv. forsrh., bera hver annan mjög þungum sökum, ásaka hver annan um lögbrot. Þá er það ekki leikaraskapur þó hér sé flutt till. til þál. um vantraust á slíka menn. Það er hins vegar leikaraskapur, hæstv. forsrh., að skora á stjórnarandstöðuna á Alþingi að koma fram með vantraust á ríkisstjórn. Síðan þegar vantraustið kemur fram bregst hæstv. forsrh. við, reiður og fúll, og segir að þetta sé allt saman óþinglegt.

Forsrh. sagði það áðan að 2. flm., sá sem hér stendur, hefði talið það meginástæðu fyrir því að flytja mætti vantraust á alla ráðherra í ríkisstjórninni að þeir sætu í ríkisstjórn og það óvinsælli ríkisstjórn.

Hæstv. forsrh. gerði lítið úr þessu. Það er hins vegar svo að einn okkar besti stjórnlagaprófessor, Ólafur heitinn Jóhannesson, segir í bók sinni „Stjórnskipun Íslands", með leyfi forseta: „Ráðherrar geta glatað trausti Alþingis þó þeir hafi ekki framið nein lögbrot. Þeir bera auðvitað siðferðilega ábyrgð á verkum sínum eins og aðrir menn og njóta trausts og virðingar eftir því og þeir bera pólitíska ábyrgð athafna sinna og athafnaleysis gagnvart Alþingi." — Það er athafnaleysið, hæstv. forsrh., sem hér er um að ræða. Það að sitja í ríkisstjórn sem hefur skapað hér það atvinnuleysi að þúsundir manna ganga atvinnulausir. Að sitja í ríkisstjórn og ætla að skera niður um 850 millj. kr. á næsta ári ellilífeyri og örorkulífeyri en afnema á sama tíma hátekjuskatt. Að hafa lagt milljarða króna skattálögur á ellilífeyrisþega, á öryrkja og þá sem minnst mega sín í þjóðfélaginu en skunda á sama tíma til Þingvalla og halda þar veislur fyrir Donovan og Hrafn. Slík framkoma og slík vinnubrögð á að fordæma og það er á þeim forsendum sem hér er flutt vantraust á ríkisstjórnina.

Það er athafnaleysið sem fyrrv. forsrh. þjóðarinnar, Ólafur heitinn Jóhannesson, gerir að megininntaki í sínu riti. Hæstv. forsrh., sem segir oft í umræðu að hann sé lögfræðingur, að hann sé nú lögfræðingur og hæstv. forsrh. gerir sig breiðan fyrir framan þjóðina því hann einn viti og hann einn hafi á réttu að standa. En hæstv. forsrh. væri nær að hafa lesið stjórnskipunarrétt Ólafs heitins Jóhannessonar áður en slíku er haldið fram.

Það er alvarlegt ástand í þjóðfélagi þar sem 60% aukning hefur orðið á þeim hópi sem þarf að leita fjárhagslegrar aðstoðar félagsmálastofnunar og það er fjöldi fólks í þessu þjóðfélagi sem þarf á þeirri aðstoð að halda. Það eru fjölmargar fjölskyldur sem ekki eiga fyrir brýnustum nauðþurftum. Þetta fólk spyr í dag: Hvar eru skattalækkanirnar sem Sjálfstfl. með forsrh., Davíð Oddsson, í broddi fylkingar lofaði þjóðinni fyrir síðustu alþingiskosningar? Hvar eru 80.000 kr. skattleysismörkin sem Alþfl. lofaði þjóðinni, sem Alþfl. lofaði þessu fólki fyrir síðustu kosningar? En þetta fólk horfir nú upp á einkavinavæðinguna þar sem fjármunum er rótað út úr ráðuneytunum til einkavinanna, þar sem ríkisfyrirtækin eru gefin flokksgæðingunum. Ríkisstjórn sem hagar sér með þessum hætti á vantraust skilið og á að fara frá. — Góðar stundir.

[21:20]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Hafi það hvarflað að einhverjum sem heyrði málflutning þingmanna Kvennalistans áðan að hér væri settur fundur í bæjarstjórn Hafnarfjarðar þá er það misskilningur. Við erum á Alþingi Íslendinga. Forustumenn stjórnarandstöðunnar eru að burðast við að ná samstöðu um flutning vantrauststillögu á ríkisstjórn Íslands en ekki á fyrrverandi bæjarstjórnarmeirihluta í Hafnarfirði. Satt að segja verð ég að segja það alveg eins og er að málflutningur kvennalistaþingmannanna er ekki öfundsverður.

Hvers vegna geta hv. stjórnarandstæðingar ekki komið sér að efninu? Vilja þeir flytja vantraust á núv. ríkisstjórn fyrir þær sparnaðaraðgerðir í ríkisrekstri sem stjórnarandstaðan hefur hvort eð er í þrjú ár farið hamförum gegn, en hafa þó skilað atvinnulífinu og almenningi afkomubata — sem lýsir sér m.a. í hverju? Að framfærslukostnaður heimila hefur í fyrsta sinn í lýðveldissögunni ekki hækkað um eina einustu krónu í 12 mánuði. Að erlend skuldasöfnun sem stefndi í hættumörk hefur verið stöðvuð. Að viðskiptajöfnuður þjóðarbúsins við útlönd hefur verið hagstæður þrjú ár í röð upp á 23 milljarða kr. Að skuldir fyrirtækja fara minnkandi. Að afkoma fyrirtækja fer batnandi sem þýðir að við erum að reyna að bægja burt hættu á vaxandi atvinnuleysi og skapa innstæður fyrir bættum kaupmætti. Að hagvöxtur er að glæðast. Og sem betur fer að nýjustu tölur staðfesta að atvinnuleysið er í rénum, 3,2% samkvæmt nýjustu tölum í septembermánuði.

Varla treysta þeir sér til þess að bera vantraust á okkur fyrir það að hafa lækkað lánsfjárþörf ríkissjóðs, þar með talið húsbréfakerfið, úr 45 milljörðum sem það stóð í 1991 í fjármálaráðherratíð hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar, og gerði þá meira en að gleypa allan uppsafnaðan sparnað þjóðarinnar og er kominn niður í 14,5 milljarða þótt nýsparnaður sé um 35 milljarðar. Eða fyrir að lækka ríkisútgjöld að raungildi um

9 milljarða, eða 7%, frá árinu 1991. Eða vilja þeir bera fram vantraust á okkur fyrir að hafa staðið að sparnaðaraðgerðum í heilbrigðismálum sem munu, ef forsendur fjárlagafrv. standast, lækka útgjöld í þeim málaflokki um 10%? Eða ætla þeir að halda því fram enn að þar með hafi kostnaðinum verið velt yfir á almenning í formi þjónustugjalda þegar það er staðfest af Þjóðhagsstofnun að samanlögð útgjöld einstaklinga og hins opinbera til heilbrigðismála hafa lækkað á árunum 1991 til 1993 um 8.000 kr. á hvert mannsbarn í landinu. Já. En er það ekki staðreynd að atvinnuleysi hefur verið verulegt í tíð þessarar ríkisstjórnar eins og hv. þm. Framsfl. nefndu? Jú, vissulega. En verður því haldið fram með nokkurri sanngirni af þeim hv. þm. eða öðrum að ríkisstjórnin hafi ekki gripið til fyrirbyggjandi ráðstafana og hafi ekki náð árangri? Nefnum nokkur dæmi: Samkeppnisstaða útflutnings og samkeppnisgreina hefur ekki verið jafngóð í áratugi á grundvelli stöðugs verðlags. Sköttum og gjöldum var létt af fyrirtækjum. Já, beinlínis til þess að koma í veg fyrir fjöldauppsagnir og til þess að gera hrakspárnar um 15% til 20% atvinnuleysi að hrakspám. Minni lánsfjárþörf hins opinbera og sparnaður í ríkisútgjöldum hefur leitt til vaxtalækkunar sem skilar skuldugum fyrirtækjum og heimilum í landinu 8 milljarða auknu ráðstöfunarfé á ári. EES-samningurinn hefur verið sjávarútveginum og þar með landsbyggðinni lyftistöng til nýrrar markaðssóknar í Evrópu og aukið bæði vinnu og vinnsluvirði í útflutningi. M.a. þess vegna er hagvöxtur að glæðast, m.a. þess vegna sjáum við nú verulega veltuaukningu í almennum iðnaði og í matvælaiðnaði í landinu.

Á árinu 1991 gerði Þjóðhagsstofnun mat á áhrifum aðildar Íslands að EES-samningnum. Meginniðurstaðan varð sú að aðildin hefði hagstæð áhrif á þjóðarbúskapinn. Áhrifin voru talin samsvara 0,6–1,4% bata í landsframleiðslu sem jafngildir á núverandi verðlagi 2,5–6 milljörðum kr. á ári. Þessi áhrif voru talin koma fram á nokkurra ára bili. Þjóðhagsstofnun metur það nú svo að ekkert hafi enn komið fram sem bendir til að athugun hennar frá árinu 1991 gefi ranga mynd af efnahagslegum áhrifum EES-samningsins þegar við lítum fram á veg.

En hver var hlutur stjórnarandstöðunnar varðandi þennan mikilvægasta viðskiptasamning þjóðarinnar? Fyrst fór hún hamförum árum saman gegn þessum samningi. Nú er þessi sami samningur hennar helsta haldreipi í samningum og samskiptum við Evrópusambandið. Ég hugsa að þetta sé ekki til álitsauka fyrir stjórnarandstöðuna en ég þakka traustið sem í þessu birtist til utanrrh.

Já, en þá segja þeir: Er ekki eitthvað hæft í því hjá stjórnarandstöðunni að stefna stjórnarinnar sé, eins og þeir hafa tönnlast á í þrjú ár, landsbyggðarfjandsamleg? Getur nokkur maður haldið því fram að lág verðbólga, traust gengi, bætt samkeppnisstaða sjávarútvegs, lækkun vaxta, afnám og lækkun tolla og bættur markaðsaðgangur fyrir unnar sjávarafurðir, þ.e. atvinnustefna ríkisstjórnarinnar, hafi ekki komið sjávarútveginum og landsbyggðinni til góða jafnt sem öðrum? Vita menn ekki af því að skuldastaða í fyrirtækjum í sjávarútvegi hefur batnað? Þróunarsjóðurinn er þegar farinn að láta til sín taka við fjárhagslega endurskipulagningu og úreldingu í greininni sem mun auka arðsemi og bæta afkomu þeirra fyrirtækja sem hafa staðið af sér áföllin. Smuguveiðar hafa fært mörgum sjávarbyggðum björg í bú. Hlutur krókaveiðimanna hefur verið lagfærður myndarlega og heldur uppi atvinnu í mörgum byggðarlögum. Stærsta átak í samgöngumálum landsbyggðarinnar hefur orðið á þessu kjörtímabili. Sameining sveitarfélaga og stækkun atvinnusvæða hefur styrkt undirstöður atvinnulífsins víða.

Já, en hvað með hátekjuskattinn, er spurt. Já, hvað með hann? Honum var jú komið á í tíð þessarar ríkisstjórnar en t.d. ekki í tíð svokallaðrar vinstri stjórnar á fyrra kjörtímabili. (Gripið fram í.) Jú, en það tókst ekki, hvorki að koma fram hátekjuskatti né fjármagnstekjuskatti. Og þá spyr ég menn: Fjmrh. sem þá var situr hérna fyrir framan mig og verður að viðurkenna það að þrjú ár dugðu honum ekki til að koma á hvorki hátekjuskatti né fjármagnstekjuskatti. (**ÓRG:** Það var af því að Alþfl. neitaði því í öll skiptin.) Virðulegi forseti. Hvers vegna eru hugmyndir sem eru birtar í stefnuyfirlýsingu þessarar ríkisstjórnar um fjármagnstekjuskatt ekki komnar fram eða tillögur ekki komnar fram?

Það er best að svara því alveg ærlega. Annars vegar er það að menn hafa óttast vaxtahækkunaráhrif skattsins. En það hefur verið meginmarkmið þessarar ríkisstjórnar að skapa forsendur fyrir lækkun vaxta sem reynst hefur besta kjarabót skuldugra heimila og fyrirtækja. Hins vegar hafa menn óttast að skatturinn gæti haft neikvæð áhrif á sparnaðarvilja og sparifjármyndun en aukinn sparnaður er undirstaða þeirrar auknu fjárfestingar sem hv. þm., formaður Framsfl., var að lýsa eftir réttilega til að skapa ný störf og eyða atvinnuleysinu. Ég minni á að hæstv. fyrrv. félmrh. kvað upp úr um það á sínum tíma, þá verandi í þessari ríkisstjórn, að ekki kæmi til álita að samþykkja tillögur verkalýðshreyfingarinnar um 10% nafnvaxtaskatt ef ekki væri um að ræða frítekjumark til þess að hlífa almennum sparnaði. Umfjöllun um þetta mál er alls ekki lokið í ríkisstjórn og þingi er ekki lokið og það er ekki búið að samþykkja vantraust á þessa ríkisstjórn. Menn eru sammála um það við ríkisstjórnarborðið að við skiljumst ekki við þetta mál með þessum hætti heldur freistum þess að láta á það reyna að það verði leitt til lykta á þessu þingi.

En þá segja þeir: En hefur ekki ríkisstjórnin vegið að velferðinni eins og t.d. hv. 12. þm. Reykv. endurtekur í sífellu um þá ríkisstjórn sem hún átti sjálf sæti í sl. sjö ár? Ég spyr: Ætlar hv. þm. að halda því fram að hún hafi setið sjö ár í fjórum ríkisstjórnum og haft það helst fyrir stafni að vega að velferðarkerfinu? Við sem með henni unnum í ríkisstjórn vitum betur. Við vitum að hv. þm. lét margt gott af sér leiða. Hitt er jafnsatt og rétt að hv. þm. kom því ekki í verk ein og sér og óstudd, til þess þurfti hún stuðning félaga sinna í þingflokki Alþfl. og þingmanna samstarfsflokksins og

stundum frumkvæði okkar hinna að tillögusmíð og samningum til þess að greiða fyrir framgangi mála. Eða ætlar hv. þm. að halda því fram að sameiginleg verk okkar í fjórum ríkisstjórnum, ekki síst þau sem voru í verkahring félmrh., hafi ekki orðið til þess að treysta stöðu þeirra sem njóta þjónustu velferðarkerfisins? Skipta 3.826 nýjar félagslegar íbúðir á árabilinu 1987 til 1994 engu máli? Er húsbréfakerfið ekki framför í samanburði við gamla biðraðakerfið sem komið var fjárhagslega í þrot þótt það hafi vissulega aukið skuldir heimilanna? Skipta húsaleigubætur handa láglaunafólki allt í einu engu máli? Skiptir þreföldun fjárframlaga til málefna fatlaðra á árabilinu 1987 til 1995 allt í einu engu máli?

Virðulegi forseti. Nú beini ég máli mínu til þeirra sem kenna sig við jafnaðarstefnu á Íslandi. Halda menn að rétta leiðin til þess að auka veg og áhrif jafnaðarstefnu á Íslandi sé að freista þess að kljúfa hreyfingu íslenskra jafnaðarmanna sífellt í smærra og smærra?

Tveir hv. þingmenn á Alþingi Íslendinga, hv. 8. þm. Reykn. og hinn nýi liðsmaður stjórnarandstöðunnar, hv. 12. þm. Reykv., hafa alveg sérstaklega tamið sér að upphefja sjálf sig á kostnað annarra, þ.e. að kalla sjálf sig hina einu sönnu jafnaðarmenn. Aðrir eru þar óheilir. Sérstaklega virðist þeim umhugað um að afflytja og ófrægja verk Alþfl. á undanförnum árum. Alþfl. er gjarnan uppnefndur frjálshyggjuflokkur með hægri slagsíðu eða annað þaðan af verra. Sjálf telja þau sig hins vegar andlega skyld jafnaðarmönnum á Norðurlöndum sem eru jafnvel þeirrar náðar aðnjótandi að teljast sannir jafnaðarmenn.

Nú vill svo til að sænski jafnaðarmannaflokkurinn er mjög í hávegum hafður og var mikið fagnaðarefni þegar hann vann mikinn kosningasigur fyrir fáeinum vikum og tók við völdum á ný í Svíþjóð. Í ljósi þessa er athyglisvert að heyra hvað leiðtogi sænskra jafnaðarmanna og hinn nýi forsætisráðherra Svía, Ingvar Carlsson, hefur að segja í viðtali við flokksmálgagn sitt um stefnu ríkisstjórnar sinnar. Hann segir á þessa leið:

Við vorum kosin til þess að útrýma atvinnuleysi og tryggja velferð. Hvernig útrýmum við atvinnuleysi? spyr sænski krataforinginn. Með því að lækka skatta á fyrirtæki og hvetja þau til nýfjárfestinga með skattaívilnunum. Það mun skapa ný störf og auknar tekjur til að standa undir velferðinni. Dugar þetta til að standa undir velferðinni að öðru óbreyttu? Nei. Við þurfum að ganga í Evrópusambandið til þess að skapa okkur ný sóknarfæri, segir sá ágæti mikli janaðarmannaleiðtogi og sanni jafnaðarmaður. En til þess að geta nýtt þessi færi verðum við að vera samkeppnisfærir. Til þess þurfum við að lækka tilkostnaðinn, lækka skattana og lækka launategnd gjöld af atvinnulífinu. Aðeins þannig getum við til langs tíma tryggt næga verðmætasköpun til þess að standa undir velferðinni. Við getum ekki slegið endalaust lán til að standa undir velferðinni, við verðum að vinna fyrir velferðinni, segir leiðtogi sænskra jafnaðarmanna. Nú er von að menn spyrji: Er þetta ekki bara gömul ræða eftir Jón Baldvin? Nei, þetta er alveg splunkuný ræða eftir Ingvar Carlsson, hinn sanna jafnaðarmann og formann sænskra jafnaðarmanna. Þessi ræða gæti líka verið tekin út úr stefnuyfirlýsingu núv. ríkisstjórnar sem farið er að kenna við hægri slagsíðu og frjálshyggju. Þannig tala menn sem hafa lært þá lexíu að til þess að standa undir verðmætasköpuninni þurfum við að hafa öflugt markaðskerfi vegna þess að aðeins með því að standa þannig að verðmætasköpuninni geta menn borgað þá reikninga sem við þurfum að gera fyrir velferð og samhjálp, svo að ég vitni í annan sannan jafnaðarmann, leiðtoga norska jafnaðarmanna, Gro Harlem Brundtland. Ef þetta, virðulegi forseti, þykir góð latína fyrir jafnaðarmenn í Svíþjóð, hvers vegna þá ekki á Íslandi?

Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson er þekktur fyrir að skipta litum eftir umhverfinu. Hann getur sagt eitt í Svíþjóð og annað á Íslandi en hingað til höfum við íslenskir jafnaðarmenn þekkt hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur að öðru. Það hefur aldrei kunnað góðri lukku að stýra þegar einstakir forustumenn hafa ofmetnast af eigin ágæti og metið það meira en trúnaðinn við sjálft fjöreggið sem er samstaða hreyfingar jafnaðarmanna. Það getum við lært af sárri reynslu úr eigin sögu. Sundrung jafnaðarmanna, skammvinn skyndikynni óánægðra forustumanna á uppboðsmarkaði stundarvinsælda hafa ævinlega endað í brotlendingu og orðið víti til varnaðar. Miklu fleira sameinar okkur en sundrar ef sanngirni og umburðarlyndi gagnvart samstarfsfólkinu nær að ráða ferðinni. Og það er lexía sem við getum lært af sænskum jafnaðarmönnum. — Takk fyrir.

[21:34]

Ragnar Arnalds:

Virðulegi forseti. Góðir hlustendur. Hæstv. ráðherrum líður ekki vel, við heyrðum það áðan. Þeim líður ekki vel vegna þess að þeir óttast að atkvæðagreiðsla um vantraust á hvern þeirra fyrir sig muni afhjúpa það sem flesta grunar, að ríkisstjórnin er óstarfhæf vegna innbyrðis átaka. Henni hefur gersamlega mistekist að ná ýmsum helstu markmiðum sínum. Hún stefndi í upphafi að því að tryggja hallalausan ríkisbúskap og viðunandi atvinnuástand en hvort tveggja hefur mistekist hrapallega. Það er þjóðarnauðsyn að gengið verði til kosninga þegar í desember og ný ríkisstjórn taki við um hæstu áramót. Þess vegna er vantraust flutt á hæstv. forsrh. Vantraust á hann er vantraust á ríkisstjórnina alla.

Undir venjulegum kringumstæðum hefði sú atkvæðagreiðsla nægt en svo er ekki að þessu sinni. Ákveðnir ráðherrar hafa legið undir þungu ámæli fyrir afglöp í störfum sínum, ekki aðeins frá stjórnarandstöðu heldur og frá stjórnarsinnum. Því er lýðræðisleg nauðsyn að staða þeirra gagnvart þinginu sé könnuð sérstaklega í atkvæðagreiðslu og því verður ekki trúað að ríkisstjórnin þori ekki að láta atkvæðagreiðsluna fara fram í kvöld.

Embættisferill hæstv. félmrh. hefur mjög verið til umræðu í fjölmiðlum. Hann hefur ekki verið sakaður um lögbrot en störf hans bera vott um dómgreindarleysi. Umræður um hugsanlega afsögn hans risu svo hátt í flokk hans sjálfs að formaður flokksins, hæstv.

utanrrh., varð að vanrækja þá starfsskyldu sína að ávarpa allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna til þess að geta helgað sig þessu vandræðamáli. Raunar hefur formaðurinn sjálfur legið undir þungu ámæli þótt með öðrum hætti sé. Sem ráðherra starfar hann í umboði Alþingis og ríkisstjórnar en hann hefur þó hvað eftir annað gengið þvert á ályktanir Alþingis í ummælum sínum á erlendum vettvangi.

Hinn 7. maí 1993 fól Alþingi honum að undirbúa gerð tvíhliða samnings við Evrópusambandið með hliðsjón af hugsanlegri inngöngu Noregs, Svíþjóðar og Finnlands í sambandið. Þessu verkefni hefur ráðherrann í engu sinnt. Þvert á móti hefur hann aftur og aftur lýst því yfir við forustumenn sambandsins að von gæti verið á umsókn frá Íslendingum um fulla aðild. Vissulega má til sanns vegar færa að allir séu frjálsir orða sinna. En það gildir þó ekki um ráðherra sem talar fyrir hönd þjóðar sinnar á erlendri grund. Villandi yfirlýsingar, sem gefa ranga mynd af vilja Alþingis og ríkisstjórnar, geta skaðað hagsmuni þjóðarinnar og gerðu það vafalaust í þessu tilviki. Að sjálfsögðu er lítið mark tekið á óskum Alþingis og ríkisstjórnar um nýjan tvíhliða samning Íslands við Evrópusambandið meðan utanrrh. flytur allt annan boðskap í einkaviðræðum við forustumenn sambandsins. Einleikur ráðherra þvert á vilja Alþingis og ríkisstjórnar er meira en næg ástæða til að honum sé vikið frá störfum.

Hæstv. forsrh. lét sér þó lengi vel nægja að svara ráðherranum með niðrandi orðavali um „einkaskoðanir utanrrh." og nefndi yfirlýsingagleði hans sumarbólu. Hann virtist gera sér vonir um að bólusótt ráðherrans hjaðnaði bráðlega. En því var ekki að heilsa. Hæstv. utanrrh. hóf að gylla fyrir þjóðinni í krafti hálfrar stöðu sinnar hvað Norðmenn hefðu gert hagstæðan sjávarútvegssamning við Evrópusambandið. Þessu mótmæltu hagsmunaaðilar í sjávarútvegi sem kynntu sér samninginn, þar á meðal hæstv. sjútvrh., enda blasir við að Norðmenn eiga á hættu að missa yfirráð sín yfir fiskimiðum sínum að nokkrum árum liðnum þegar aðlögunartímanum lýkur. Loksins kom að því að hæstv. forsrh. glataði þolinmæði sinni og lýsti því yfir 25. sept. sl. að slíkum mönnum væri, svo að notuð séu hans óbreyttu orð, ekki treystandi fyrir því að semja um okkar fiskveiðimál ef þeir héldu að þessi samningur væri góður.

Við stjórnarandstæðingar tökum sterklega undir með hæstv. forsrh. að slíkum mönnum er ekki treystandi og nú fær hann tækifæri til að standa við orð sín.

Bæði í Noregi og Svíþjóð hefur meiri hluti fólks *verið andvígur aðild að Evrópusambandinu.* Nú er hins vegar reynt að knýja fram jákvæð úrslit í Svíþjóð með þeim rökum að Finnar hafi þegar samþykkt. Síðan verður reynt að fá Norðmenn til að skipta um skoðun því að Svíar hafi samþykkt. En í öllum löndunum þremur gildir að í norðurhéruðum þeirra er yfirgnæfandi meiri hluti á móti. Aðstæður á Íslandi eru einmitt miklu skyldari þessum héruðum. Munurinn er hins vegar sá að þar kunna þéttbýl héruð í suðri að draga norðurhéruðin með sér gegn vilja þeirra en við Íslendingar höfum sjálfstæði til að segja nei.

Upplausn Evrópsks efnahagssvæðis, sem nú blasir við og veldur margháttuðum flækjum, er sönnunin fyrir því að EES-samningurinn var mistök. Við áttum frekar eftir að leita eftir tvíhliða samningi við Evrópusambandið. Fjöldamargt í EES-samningnum á að vísu heima í tvíhliða samningi. Það höfum við alltaf sagt. En munurinn á tvíhliða samningi og EES-samningnum felst m.a. í því sem við gagnrýndum hvað mest við gerð hans, þ.e. í yfirþjóðlegum stofnunum, skerðingu dómsvalds og árekstri við stjórnarskrá.

Ferill ríkisstjórnarinnar er senn á enda. Hennar verður helst minnst í sögunni fyrir að í tíð hennar magnaðist upp stórfellt atvinnuleysi, margfalt á við það sem verið hafði í áratugi á undan. Þegar hæstv. ráðherrar tala um atvinnuleysið er eins og þeir séu að ræða um óvænt norðanáhlaup sem senn gangi yfir og þeir beri enga ábyrgð á. En er það svo? Atvinnuleysi er alvarlegur þjóðfélagssjúkdómur sem breiðir úr sér eins og drep í þjóðarlíkamanum ef ekki er snúist til varnar. Efnahagslífið lendir í vítahring, minnkandi tekjur fólksins leiða til gjaldþrots fyrirtækja, enn meiri samdráttar, aukins atvinnuleysis, enn meiri neyðar. Enginn heldur því fram að atvinnuleysi sé viljaverk hæstv. ríkisstjórnar. En sök hennar felst í afskiptaleysi, forustuleysi. Hún hefur enga stefnu haft í atvinnumálum aðra en þá að láta reka á reiðanum. Hún byrjaði feril sinn á því að hækka vextina verulega og hélt þeim háum fyrstu tvö árin. Þegar hún loksins skildi að þeim varð að ná aftur niður var skaðinn skeður.

Ríkisstjórnin hefur engar áætlanir gert til að snúa vörn í sókn og ekkert frumkvæði haft til að styðja við *nýjungar í atvinnulífinu. Allt átti að koma af sjálfu sér.* Skýringin er sú að hún treysti á kreddukenningar frjálshyggjunnar og trúði því að lögmál peninganna leysti allan vanda. Nú að þremur árum liðnum sjáum við afleiðingar þessarar stefnu ef stefnu skyldi kalla. Atvinnuleysið hefur magnast ár frá ári með ógnvænlegum hraða. Það var rúmt 1% þegar stjórnin tók við og er nú um 5%. Vonir hafa staðið til að botninum væri náð og betri tíð væri í vændum en fyrirætlun stjórnvalda samkvæmt fjárlagafrv. næsta árs, um 25% niðurskurð verklegra framkvæmda, gerir þá von að engu. Atvinnuleysið hefur skapað mikla neyð. Á sama tíma hafa kjör launafólks rýrnað mjög verulega. Játa verður hreinskilningslega að atvinnuleysið hefur lamað baráttu verkalýðshreyfingarinnar fyrir bættum kjörum. Fjölskyldufólk sem vinnur myrkranna á milli nær ekki endum saman hvað sem það reynir. Skuldir heimilanna *hafa vaxið hröðum skrefum seinustu þrjú árin* og vanskil hjá húsbyggjendum hafa aukist gríðarlega.

Upplýst er að um 10 þúsund hjón og einstaklingar skuldi 3 milljónir eða meira umfram eignir sínar. Gjaldþrot hjá venjulegu fjölskyldufólki, sem hefur ekki stundað áhætturekstur af neinu tagi, er daglegur viðburður. Að sjálfsögðu ber sérhverri ríkisstjórn að stuðla að því með skattastefnu sinni að draga úr neyðinni eftir því sem nokkur kostur er en því hefur ríkisstjórnin ekki sinnt. Þvert á móti hefur hún stráð salti í sárin. Tekjuskattar hafa stórhækkað og mest eru viðbrögðin

fyrir fólkið með lægstu tekjurnar þar sem skattleysismörkin hafa lækkað mjög verulega. Síðan bæta þeir gráu ofan á svart og storka láglaunafólkinu með því að afnema þann litla hátekjuskatt sem kominn var á. Jafnframt er tekjuskattur fyrirtækja lækkaður um hálfan milljarð. Og enn ætla stjórnarherrarnir að koma sér hjá því að leggja skatt á tekjurnar af 160 milljarða skuldabréfaeign. Vegna orða formanns Alþfl. rétt áðan verður að minna á þá ömurlegu staðreynd að Alþfl. hefur nú í tveimur ríkisstjórnum heykst að leggja á hátekjuskatt og fjármagnstekjuskatt.

Virðulegi forseti. Góðir hlustendur. Ég er þess fullviss að mikil meiri hluti fólks, þar á meðal tugþúsundir manna sem kusu Sjálfstfl. og Alþfl. í seinustu kosningum, áttar sig á því að þannig verður ekki áfram haldið. Réttlætiskennd almennings er herfilega misboðið. Við verðum að rífa okkur út úr vítahringnum með nýrri stjórnarstefnu og allt öðrum áherslum í efnahags- og skattamálum en nú er fylgt. Það ástand sem hér hefur skapast, einstætt atvinnuleysi og sívaxandi neyð, er meira en næg ástæða fyrir sérhvern ráðherra þessarar stjórnar til að segja af sér. Einn þeirra hefur þegar gert það og aðrir hafa enn meiri ástæðu til þess. Þess vegna er þessi tillaga flutt. — Ég þakka áheyrnina. Góða nótt.

[21:45]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Góðir tilheyrendur. Fátæktin er fastagestur á þúsundum heimila um þessar mundir. Samt töluðu ráðherrarnir af þvílíkum hroka og þvílíkri sjálfumgleði hér áðan og þvílíkri lítilsvirðingu fyrir þessum fjölskyldum að aldrei hefur heyrst annað eins. Aldrei heyrst annað eins. Nauðungaruppboð hafa aldrei verið fleiri en núna. Atvinnuleysi aldrei verið meira. Spilling í stjórnarfari aldrei hrikalegri en nú þar sem fréttir berast mánaðarlega a.m.k. um spillingu í embættisfærslu og í meðferð fjármuna. Þessi ríkisstjórn hefði auðvitað fyrir löngu átt að vera búin að segja af sér. Það viðurkenndi Davíð Oddsson í raun og veru sl. sumar er hann hugðist efna til kosninga í haust á þessu ári.

Það eru hinar almennu stjórnmálaforsendur sem ráða úrslitum, fyrir utan allt annað sem hefur verið nefnt hér í kvöld. Það er það hvernig þessi ríkisstjórn hefur með stefnu sinni fært framtíðina í fjötra, framtíð íslensku þjóðarinnar í fjötra. Í fyrsta lagi með því að skuldir ríkissjóðs hafa vaxið um 40 milljarða kr. í hennar tíð og verða í lok þessa kjörtímabils, ef svo heldur fram sem horfir, 160–170 milljarðar kr. Þrátt fyrir allan bægslaganginn, svokallaðan niðurskurð á sumum sviðum, hefur komið í ljós að það er aukning á kostnaði ríkisins, t.d. að því er varðar kaup á lyfjum. En hið alvarlegasta er þó kannski það að þessi ríkisstjórn hefur skorið niður framlög til menntamála um 2,1 milljarð frá árinu 1991 til ársins 1995. Það er hætt við að þessi hrikalegi niðurskurður komi niður á lífskjörum á Íslandi á komandi árum af því að menntamál eru undirstaða efnahagsmála í landinu sem jafnvel forstjóri Vinnuveitendasambandsins er farinn að skilja. Þessi veruleiki blasir við.

Háskóli Íslands er nú kominn á það stig að það er talið vafasamt að erlendir háskólar geti tekið við okkar stúdentum. Ríkisstjórn sem þannig fórnar framtíðinni og eykur skuldir ríkissjóðs og sker niður skólakerfið á að víkja þannig að unnt verði að kjósa um ný fjárlög og nýja framtíð strax í haust eins og Davíð Oddsson vildi reyndar gera fyrir nokkrum mánuðum.

(**Forseti** (SalÞ): Hæstv. forsrh.)

Hæstv. forsrh. vildi gera fyrir nokkrum mánuðum. — Þessa athugasemd forseta kann ég ekki að meta en mun ræða það við annað tækifæri. — Ráðherrarnir þora ekki að horfast í augu við veruleikann af því að einstakir þingmenn eru með klígjuna í hálsinum af tilhugsuninni einni um að styðja ýmsa ráðherra. Allir þekkja viðhorf hv. þm. Egils og Eggerts. Allir vita að forsrh. hæstv. sjálfur vantreystir hæstv. utanrrh. Ríkisstjórnin hæstv. er öll maðketin að innan af vantrausti hvers ráðherra á öðrum.

Sú frávísunartillaga sem hér hefur verið flutt af hæstv. forsrh. er fráleit. Hún er í fyrsta lagi, hæstv. forseti, alvarlegt vantraust á forseta Alþingis, till. um vantraust á forseta Alþingis, sem hafði metið vantrauststillöguna gilda. Þessi tillaga er tillaga um vantraust á forsn., sem hafði engar athugasemdir gert við vantrauststillöguna.

Ég tel, hæstv. forseti, að sú ákvörðun ríkisstjórnarinnar að vísa þessari tillögu frá sé til marks um þá hrikalega veiku stöðu sem núv. ríkisstjórn stendur frammi fyrir. Það er ekkert sem sameinar þessa ríkisstjórn nema eitt. Það er óttinn, það er óttinn, og svo þessi tillaga sem hér liggur fyrir, þessi litla tillaga. En það verður lítið skjól í henni á þeim kosningavetri sem fram undan er, þessu fíkjublaði sem hæstv. forsrh. fleygði inn á borð þingmanna núna áðan.

[21:50]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Góðir áheyrendur. Við þessa umræðu vil ég láta í ljós þá skoðun mína að öll rök mæla með því að ríkisstjórnin fari frá og boðað verði sem fyrst til kosninga.

Séu hagsmunir þjóðarheildarinnar, atvinnulífsins og heimilanna hafðir að leiðarljósi þá er þetta rökrétt niðurstaða. Rökin eru margvísleg. Ríkisstjórnin hefur lagt fram sitt síðasta fjárlagafrv. á þessu kjörtímabili. Þar kemur fram að efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar ekki aðeins fyrir árið 1995 heldur efnahagsstefna fram til ársins 1998 fengju þessir flokkar áframhaldandi umboð að loknum næstu kosningum. Um þessa efnahagsstefnu verður aldrei friður í þjóðfélaginu því hún bíður heim áframhaldandi misrétti og hefur m.a. verkalýðshreyfingin hafnað þeirri stefnu sem birtist í fjárlagafrv. Þessi efnahagsstefna misbýður þjóðinni því í henni felst engin réttsýni. Það telst hvorki stjórnlist né réttsýni að viðhalda stöðugleika í efnahagslífinu með því að halda hálfri þjóðinni undir hungurmörkum í launakjörum, þrengja sífellt að velferðarkerfinu, viðhalda auðsöfnun á fárra manna hendur og misrétti í tekjuskiptingunni.

Ég skorast ekki undan ábyrgð á gjörðum þessarar ríkisstjórnar á meðan ég var ráðherra. En mörg stóð-

um við í þeirri trú að fyrsta verk ríkisstjórnarinnar þegar betur áraði yrði að skila batanum til að bæta stöðu láglaunaheimilanna. Það er öðru nær og ekkert sannar betur að afsögn mín sem ráðherra í sumar var réttmæt. Áfram er haldið þó uppsveifla og bati séu boðuð í efnahagslífinu að skerða þjónustu, kjör, bótagreiðslur og aðbúnað aldraða, fatlaðra og atvinnulausra og annarra sem höllum fæti standa.

Skattastefna ríkisstjórnarinnar sem endurspeglar skattaparadís fyrirtækja og fjármagnseigenda skal áfram standa þrátt fyrir efnahagsbatann en skattaklyfjarnar áfram lagðar af fullum þunga á þá sem síst skyldi. Skattaparadís fyrirtækjanna og láglaunasvæðið Ísland er síðan kynnt erlendum fjárfestum eins og Singapore norðursins því vinnuaflskostnaðurinn sé svo lítill hér á landi samanborið við önnur lönd.

Í vaxandi samkeppni við aðrar þjóðir er fjárfesting í menntun lykilatriði en batinn er ekki nýttur til þeirrar nýsköpunar í atvinnulífinu sem fjárfesting í menntun felur í sér. Þvert á móti er enn þrengt að menntakerfinu, aðgang námsmanna á að takmarka að háskólanum enda svo komið að háskólaráð spyr hvort það sé stefna stjórnvalda að gera Háskóla Íslands að annars flokks háskóla og flytja æðri menntun Íslendinga úr landi.

Svo er líka þrengt að heilbrigðiskerfinu og sjúkrahúsunum að því er m.a. lýst yfir af Borgarspítalanum að verði ekki breyting á stefnu stjórnvalda þá blasi við stórfelldur niðurskurður á þjónustu. Stefnt sé í fjöldauppsagnir og að óbreyttu sé búið að lama hlutverk spítalans sem helsta slysa- og bráðasjúkrahús landsins.

Á sama tíma og þessi stefna stjórnvalda í heilbrigðis- og menntamálum og aðbúnaður þeirra verst settu birtist okkur í fjárlögum eru þeir sem peningana eiga í þjóðfélaginu áfram undir verndarvæng stjórnvalda. Það er bannorð á stjórnarheimilinu að skattleggja 160 milljarða peningalegar eignir hátekjufólksins sem margt er með 40–50 millj. í skattfrjálsum peningalegum eignum. Á sama tíma skulu þúsundir fjölskyldna í landinu sem lifa á sultarlaunum áfram bera byrðarnar, heimilin sem eru með skuldir langt umfram eignir og hafa enga möguleika til að draga taprekstur heimilanna frá skattgreiðslum sínum eða fá skuldir sínar afskrifaðar eins og fyrirtækin. Enda er svo komið að einstaklingar sem tóku á sig 5–6 milljarða af sköttum fyrirtækja juku skuldir sínar í bankakerfinu á sl. 12 mánuðum um 4 milljarða kr. á sama tíma og fyrirtækin minnka skuldir sínar við bankakerfið um 9 milljarða kr.

Það eru þjóðarhagsmunir í húfi að ríkisstjórn sem hefur ekkert annað markmið en að sitja í stólunum út kjörtímabilið og knýja í gegn óraunhæf fjárlög sem að auki þrengja að heimilunum og auka á misskiptinguna í þjóðfélaginu fari frá sem fyrst. Við þetta bætist að í stefnir að atvinnuleysi muni aukast verulega umfram það sem ríkisstjórnin áætlar á næsta ári, m.a. vegna 25% samdráttar í fjárfestingum hjá hinu opinbera, óraunhæfra áforma um fjárfestingar einkaaðila og áfram er byggt á átaksverkefnum ríkis- og sveitarfélaga og veiðum í Smugunni en um báða þessa þætti ríkir algjör óvissa.

Vaxtastefna ríkisstjórnarinnar er auk þess að fara úr böndum, sem m.a. lýsir sér í misvísandi afstöðu einstakra ráðherra um hvort vextir séu að hækka eða lækka. Síaukinn flótti er með fjármagn úr landi, m.a. stærstu fjárfestarnir, lífeyrissjóðirnir, sem auk þess höfðu í lok annars ársfjórðungs þessa árs fjárfest nær sjö milljarða á óbundnum reikningum í bankakerfinu með 5% vöxtum auk verðtryggingar í stað ríkispappíra. Það sýnir einnig að vaxtastefna ríkisstjórnarinnar er hrunin og að öngþveiti getur skapast hér á peninga- og vaxtamarkaðnum á næstunni.

Góðir Íslendingar. Þegar slíkar blikur eru á lofti og kjarasamningar fram undan þarf þjóðin fyrst og fremst á að halda sterkri og samhentri ríkisstjórn sem eyðir þeirri óvissu sem hvarvetna ríkir í efnahags- og atvinnulífinu. Þjóðin þarf ríkisstjórn sem setur ábyrgð og bætt siðferði í atvinnu, viðskiptalífi og stjórnmálum í öndvegi. Ríkisstjórn sem hefur sem forgangsverkefni jöfnuð í lífskjörum fólksins. Ríkisstjórn sem breytir skipan skattamála láglaunafólki í hag. Ríkisstjórn sem mótar markvissa fjölskyldustefnu og leggur nýjar áherslur í velferðarmálum. Ríkisstjórn sem hefur traust aðila vinnumarkaðarins í erfiðum kjarasamningum sem fram undan eru. Þá traustu leiðsögn sem þjóðin þarf á að halda er þessi ríkisstjórn ófær um að veita vegna innbyrðis sundurlyndis og stefnuleysis við stjórn landsmálanna.

Hér er ekki flutt af stjórnarandstöðunni hefðbundið vantraust á ríkisstjórnina í heild sem ég hefði stutt á þeirri forsendu sem ég hef lýst. Eins og stjórnarandstaðan hefur kosið að leggja upp með þennan málatilbúnað finnst mér hann heldur hæpinn og mun því sitja hjá við afgreiðslu á þeirri tillögu sem hér er til umræðu. Ég tel engu að síður að tillagan eigi að fá lýðræðislega afgreiðslu á Alþingi og mun því greiða atkvæði gegn frávísunartillögu hæstv. forsrh.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:59]

Till. til rökst. dagskrár á þskj. 136 samþ. með 34:26 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, HjálmJ, ÞorstP, ÖS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GunnS, HBl, JBH, LMR, GAK, ÓE, PJ, PBald, SalÞ.

nei: RA, StG, SJS, SvG, VS, AÓB, FI, GB, GÁ, GJH, GHelg, HÁ, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, ÁgG, KHG, KÁ, MF, ÓRG, PBj, PP.

3 þm. (HG, IBA, KE) fjarstaddir.

8 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[21:59]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég held að það sé lítill vafi á því að hæstv. forsrh. Davíð Oddsson komist á spjöld þingsögunnar sem fyrsti forsætisráðherra Íslands sem ekki þorir að láta vantraustillögu um eigin ríkisstjórn ganga til atkvæða. Venjan er sú í þingbundnum ríkisstjórnum að forsætisráðherrum er það keppikefli að fá vantraustsstillögur teknar fyrir sem fyrst og felldar og sýna

með því að þeir hafi þingræðislegan meiri hluta á bak við sig. Hæstv. forsrh. Davíð Oddsson er ábyggilega eini vestræni forsætisráðherrann sem stýrir þingbundinni ríkisstjórn sem grípur til þess óvenjulega úrræðis að afstýra atkvæðagreiðslu um vantrauststillögu á eigin stjórn með frávísunartillögu. Fátt og eiginlega ekkert undirstrikar betur veika stöðu þessarar stundurtættu ríkisstjórnar sem öll þjóðin veit auðvitað að þarf að fara frá hið fyrsta, en ætlar nú að reyna að bjarga sér á þingtæknilegum brellum af þessu tagi. Þetta er auðvitað hneyksli og óþingræðislegt, hæstv. forseti. Ég segi nei.

[22:01]

Eggert Haukdal:

Virðulegi forseti. Við þessa atkvæðagreiðslu vil ég undirstrika eftirfarandi: Þegar skrípaleikur Alþfl. stóð sem hæst á síðsumri varpaði ég fram þeirri tillögu að Sjálfstfl. einn fengi hlutleysi stjórnarandstöðu fram að kosningum og við létum kratana róa. Að þessu ráði var því miður ekki horfið, enda mikil siðvæðing boðuð.

Þá vil ég láta það koma fram að hefði verið borin hér upp tillaga um vantraust á utanrrh. hefði ég samþykkt hana. Þar hefði ég tekið hæstv. utanrrh. einn út úr. Í þessu sambandi er rétt að leggja áherslu á að á sjö ára valdaferli hans hafa flestir flokkar komið við sögu og bera á honum ábyrgð, þar á meðal heilög Jóhanna.

Þá ber að harma í dag hversu margir íslenskir stjórnmálamenn hafa látið utanrrh. teyma sig upp í hraðlestina til Brussel. Fagna ber hins vegar einarðri afstöðu forsrh. til Evrópumála.

Virðulegi forseti. Varðandi þá tillögu sem hér er borin upp er það að segja að formaður Sjálfstfl. leiðir þessa ríkisstjórn. Ég hef traust á hæstv. forsrh. Þess vegna segi ég já.

[22:03]

Guðjón Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Ríkisstjórn Davíðs Oddssonar hefur náð mjög góðum árangri á mörgum sviðum. Stjórnin tók við erfiðu búi. Fyrrv. ríkisstjórn hafði safnað gríðarlegum erlendum skuldum í góðærinu, útgjöld ríkisins hækkuðu stjórnlaust og allt stefndi í þjóðargjaldþrot á örfáum árum. Ríkisstjórnin hefur náð að snúa þessu við þrátt fyrir mikla erfiðleika vegna þorskbrests, lækkandi afurðaverðs og kreppu sem hrjáð hefur okkar heimshluta. Verðbólgan er í lágmarki, vextir hafa lækkað, atvinnulífið er að taka við sér og útgjöld ríkisins hafa verið lækkuð svo milljörðum nemur. Stjórnarandstaðan hefur brugðist við með lýðskrumi og ábyrgðarleysi, lagst gegn flestum sparnaðaraðgerðum ríkisstjórnarinnar og þvert á móti flutt hér á Alþingi mýgrút af tillögum um aukin ríkisútgjöld á þessu kjörtímabili. Vantraust á ráðherra ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar er út í hött. Ef einhver er vantrausts verður hér á Alþingi þá er það stjórnarandstaðan sem hefur sýnt fullkomið ábyrgðarleysi við úrlausn erfiðustu mála. Ég segi já.

[22:04]

Guðmundur Bjarnason:

Virðulegur forseti. Ljóst er á þessari tillögu hæstv. forsrh. að hann treystir ekki á stuðning einstakra þingmanna stjórnarliðsins við ráðherra í ríkisstjórn sinni. Hann þorir ekki að láta fara fram atkvæðagreiðslu um stuðning við einstaka ráðherra. Hann þorir ekki að láta á það reyna hvort ríkisstjórnin og einstakir ráðherrar hennar njóti stuðnings. Og hann, hæstv. forsrh., skýtur sér á bak við þann lélega rökstuðning að ekki hafi áður komið fram vantrauststillaga með þeim hætti sem hér er til umræðu. Þetta er fyrirsláttur. Ástæðan er ótti við að ríkisstjórnin og einstakir ráðherrar hennar njóti ekki lengur stuðnings stjórnarþingmanna. Og það er að vonum því að hæstv. utanrrh. notaði að mestu ræðutíma sinn hér áðan til að undirstrika þann ágreining sem ríkir í viðhorfum til Evrópusambandsins milli hans og hæstv. forsrh.

Virðulegi forseti. Það er þessi tillaga hæstv. forsrh. sem er óþingleg. Ég segi því nei.

[22:05]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Athafnaleysi og ýmsar athafnir hæstv. ráðherra knýja mig til að styðja vantraust á ríkisstjórn og ráðherra. Lögbrot og siðlausar mannaráðningar þar sem ráðherrar hafa verið staðnir að því að hygla gæðingum og einkavinum sínum. Ráðherrar sem kæra sjálfa sig fyrir Ríkisendurskoðun og kóróna svo umræðu og gagnrýni með því að segjast skulu sjálfir setjast niður til þess að semja siðbót fyrir íslenska stjórnmálamenn, þeir fara á sömu stundu úr ráðherrafötum yfir í föt grínleikarans. Þeim ber að víkja. Misréttið er þó stærsta ástæðan fyrir vantraustinu, hæstv. forseti. Fjárlagafrv. boðar nú skattalækkun á hátekjueignamenn upp á 1,1 milljarð meðan bætur til öryrkja og atvinnulausra skulu skertar upp á 850 millj. Vont er ranglæti ríkisstjórnarinnar, verra er þó réttlæti hennar. Ég segi nei.

[22:08]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Með þessari tillögu er ríkisstjórnin að koma í veg fyrir að gengið verði til atkvæða um vantraust á ráðherra ríkisstjórnarinnar. Hæstv. forsrh. gat þess í ræðu sinni að tillaga stjórnarandstöðunnar yrði þingræðinu til skaða. Sú tillaga sem hér er borin upp til atkvæða stríðir gegn lýðræðislegum hefðum. Ríkisstjórnin vill ekki gefa einstökum þingmönnum stjórnarliðsins kost á að standa við orð sín. Hún treystir því ekki að hún hafi stjórn á sínu liði. Hún virðir ekki leikreglur lýðræðisins. Það er áfall fyrir þingræðið og lýðræðið í landinu að ríkisstjórnin skuli ætla að beita meiri hluta sínum með þeim hætti sem hér er að verða til að koma í veg fyrir að vantrauststillaga stjórnarandstöðunnar verði borin upp. Ég spyr enn: Á hvaða leið eru íslensk stjórnmál? Ég mótmæli þessum yfirgangi. Ég segi nei.

[22:09]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Tillaga stjórnarandstöðunnar um vantraust á ráðherra í ríkisstjórn Davíðs Oddssonar kom fram fyrir tæpum hálfum mánuði síðan. Í samræmi við venjur þingsins hefur forseti Alþingis ekki gert athugasemd við þessa tillögu. Starfsmenn Alþing-

is hafa líka talið hana vera í samræmi við þingvenjur. Engu að síður gerist það hér í kvöld að forsrh. Davíð Oddsson flytur tillögu um það að tillagan um vantraustið brjóti gegn starfsháttum Alþingis. Það verður fróðlegt að vita hvort forseti Alþingis ætlar að greiða hér á eftir atkvæði með vantrausti á hennar eigin dómgreind. Hitt er svo alvarlegra, hæstv. forsrh., að með þessum tillöguflutningi hæstv. forsrh. er verið að skapa það fordæmi að Alþingi fái hugsanlega aldrei að greiða atkvæði um vantraust á ríkisstjórn eða einstaka ráðherra heldur verði því ávallt vísað frá. Skref hæstv. forsrh. hér í kvöld er þess vegna atlaga að þingræðinu og lýðræðinu. Og ríkisstjórn Davíðs Oddssonar mun sitja áfram án þess að það komi í ljóst hvort hún hafi stuðning á Alþingi. Ég segi nei við einstæðri atlögu hæstv. forsrh. að þingræðisvenjum hér á Alþingi.

[22:11]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Það hefur lækkað risið á hæstv. forsrh. Fyrir þrem vikum síðan stóð hann hér í þessum ræðustól og belgdi sig út og manaði stjórnarandstöðuna til að flytja vantraust á ríkisstjórn sína. Hann fékk að vísu ekki að ráða tillögutextanum og nú grípur hann til þess ráðs í örvæntingu sinni, til þess óyndisúrræðis að reyna að koma í veg fyrir að vantrauststillagan verði samþykkt og grípur til þeirra einstæðu bolabragða að flytja frávísunartillögu. Hæstv. ráðherrar hafa hver um sig og allir sem einn orðið uppvísir að dugleysi, spillingu og mislukkuðum stjórnarháttum, óhyggilegum ávörðunum. Hver einasti þingmaður sem hefur greitt eða mun greiða þessari einstæðu frávísunartillögu atkvæði sitt er þar með að taka persónulega ábyrgð á þessari ríkisstjórn og hverjum ráðherra fyrir sig. Ég ætla ekki að gera það. Ég segi nei.

Fundi slitið kl. 22:14.

---

18. FUNDUR

þriðjudaginn 25. okt.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Ofbeldisverk barna og unglinga, beiðni um skýrslu, 100. mál, þskj. 103. *Hvort leyfð skuli.*
2. Samningsveð, stjfrv., 88. mál, þskj. 88. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Hlutafélög, stjfrv., 96. mál, þskj. 99. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Einkahlutafélög, stjfrv., 97. mál, þskj. 100. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Evrópsk fjárhagsleg hagsmunafélög, stjfrv., 98. mál, þskj. 101. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Þingfararkaup alþingismanna, frv., 43. mál, þskj. 43. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Lánskjör og ávöxtun sparifjár, frv., 44. mál, þskj. 44. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
8. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 47. mál, þskj. 47. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
9. Staðsetning björgunarþyrlu, þáltill., 48. mál, þskj. 48. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
10. Héraðsskólinn að Núpi, þáltill., 52. mál, þskj. 52. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
11. Fjárframlög til stjórnmálaflokka, þáltill., 46. mál, þskj. 46. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
12. Aðgangur almennings að þingskjölum og umræðum á Alþingi, þáltill., 51. mál, þskj. 51. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
13. Atvinnuleysistryggingar, frv., 50. mál, þskj. 50. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
14. Fjáraukalög 1994, stjfrv., 66. mál, þskj. 66. — Frh. 1. umr.
15. Lánsfjárlög 1995, stjfrv., 3. mál, þskj. 3. — 1. umr.
16. Ríkisreikningur 1991, stjfrv., 64. mál, þskj. 64. — 1. umr.
17. Ríkisreikningur 1992, stjfrv., 65. mál, þskj. 65. — 1. umr.
18. Bókhald, stjfrv., 72. mál, þskj. 72. — 1. umr.
19. Ársreikningar, stjfrv., 73. mál, þskj. 73. — 1. umr.
20. Takmörkun á ráðstöfun síldar til bræðslu, stjfrv., 107. mál, þskj. 110. — 1. umr.
21. Tilraunastöð í jarðrækt á Reykhólum, stjfrv., 104. mál, þskj. 107. — 1. umr.
22. Forfallaþjónusta í sveitum, stjfrv., 105. mál, þskj. 108. — 1. umr.
23. Jarðalög, stjfrv., 106. mál, þskj. 109. — 1. umr.
24. Loftferðir, stjfrv., 108. mál, þskj. 111. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Guðmundur Hallvarðsson, 16. þm. Reykv.,
Guðni Ágústsson, 5. þm. Suðurl.,
Ingi Björn Albertsson, 5. þm. Reykv.,
Kristín Einarsdóttir, 10. þm. Reykv.,
Margrét Frímannsdóttir, 4. þm. Suðurl.,
Ragnar Arnalds, 3. þm. Norðurl. v.,
Sigbjörn Gunnarsson, 7. þm. Norðurl. e.,
Steingrímur J. Sigfússon, 4. þm. Norðurl. e.

Útbýting þingskjala:

Áhrif EES samningsins á forsendur fjárlaga, 133. mál, fsp. GHelg, þskj. 139.

Áætlun um að draga úr áfengisneyslu, 131. mál, þáltill. JHelg o.fl., þskj. 137.

Merking næringargildis matvæla, 135. mál, fsp. GHelg, þskj. 141.

Merking og kynning matvæla, 134. mál, fsp. GHelg, þskj. 140.

Úttekt á kjörum fólks er stundar nám fjarri heimabyggð, 132. mál, þáltill. GunnS o.fl., þskj. 138.

Lagt fram á lestrarsal:
Erindi frá Íþróttasambandi Íslands.

Tilkynning um utandagskrárumræðu.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):
Áður en gengið er til dagskrár vill forseti tilkynna um utandagskrárumræðu sem mun fara fram hér að lokinni atkvæðagreiðslu. Málshefjandi er Valgerður Sverrisdóttir, hv. 3. þm. Norðurl. e., og er hæstv. menntmrh. til andsvara. Umræðan fer fram skv. 1. mgr. 50. gr. þingskapa, þ.e. hálftíma umræða, og fjallar um málefni Háskóla Íslands: Hefur þjóðin efni á annars flokks háskóla?

Ofbeldisverk barna og unglinga.

Beiðni VS o.fl. um skýrslu, 100. mál. — Þskj. 103.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:36]
Beiðni leyfð með 38 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁgG, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GAK, GB, GÁS, GHelg, GunnS, HÁ, HjálmJ, HG, IP, JóhS, JGS, JónK, KHG, KÁ, ÓE, ÓRG, PP, PBald, PBj, RG, SalÞ, StG, SvG, TIO, VS.
25 þm. (ÁJ, EgJ, FrS, GHall, GÁ, GJH, HBl, IBA, JÁ, JE, JBH, JHelg, KE, LMR, MF, PJ, RA, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Samningsveð, frh. 1. umr.

Stjfrv., 88. mál (heildarlög). — Þskj. 88.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:37]
Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁgG, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GAK, GB, GÁS, GHelg, GunnS, HÁ, HjálmJ, HG, IP, JóhS, JGS, JónK, KHG, KÁ, ÓE, ÓRG, PP, PBald, PBj, RG, SalÞ, SAÞ, StG, SvG, TIO, VS.
24 þm. (ÁJ, EgJ, FrS, GHall, GÁ, GJH, HBl, IBA, JÁ, JE, JBH, JHelg, KE, LMR, MF, PJ, RA, SigG, SighB, SP, SJS, StB, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Hlutafélög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 96. mál (aðlögun að ákvæðum EES-samnings). — Þskj. 99.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:37]
Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁgG, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GAK, GB, GÁS, GHelg, GunnS, HÁ, HjálmJ, HG, IP, JóhS, JGS, JónK, KHG, KÁ, ÓE, ÓRG, PP, PBald, PBj, RG, SalÞ, SAÞ, StG, SvG, TIO, VS.
24 þm. (ÁJ, EgJ, FrS, GHall, GÁ, GJH, HBl, IBA, JÁ, JE, JBH, JHelg, KE, LMR, MF, PJ, RA, SigG, SighB, SP, SJS, StB, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Einkahlutafélög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 97. mál. — Þskj. 100.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:38]
Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁgG, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GAK, GB, GÁS, GHelg, GunnS, HÁ, HjálmJ, HG, IP, JóhS, JGS, JónK, KÁ, ÓE, ÓRG, PP, PBald, PBj, RG, SalÞ, SAÞ, StG, SvG, TIO, VS.
25 þm. (ÁJ, EgJ, FrS, GHall, GÁ, GJH, HBl, IBA, JÁ, JE, JBH, JHelg, KHG, KE, LMR, MF, PJ, RA, SigG, SighB, SP, SJS, StB, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Evrópsk fjárhagsleg hagsmunafélög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 98. mál. — Þskj. 101.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:38]
Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁgG, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GAK, GB, GÁS, GHelg, GunnS, HÁ, HjálmJ, HG, IP, JóhS, JGS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, ÓE, ÓRG, PP, PBald, PBj, RG, SalÞ, SAÞ, StG, SvG, TIO, VS.
23 þm. (ÁJ, EgJ, FrS, GHall, GÁ, GJH, HBl, IBA, JÁ, JE, JBH, KE, LMR, MF, PJ, RA, SigG, SighB, SP, SJS, StB, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Þingfararkaup alþingismanna, frh. 1. umr.

Frv. EH o.fl., 43. mál (réttur til biðlauna). — Þskj. 43.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:39]
Frv. vísað til 2. umr. með 41 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁgG, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GAK, GB, GÁS, GHelg, GunnS, HÁ, HjálmJ, HG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, ÓE, ÓRG, PP, PBald, PBj, RG, SalÞ, SAÞ, StG, SvG, TIO, VS.
22 þm. (ÁJ, EgJ, FrS, GHall, GÁ, GJH, HBl, IBA, JE, JBH, KE, LMR, MF, PJ, RA, SigG, SighB, SP, SJS, StB, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Lánskjör og ávöxtun sparifjár, frh. 1. umr.

Frv. EH o.fl., 44. mál. — Þskj. 44.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:40]
Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁgG, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GAK, GB, GÁS, GHelg, GunnS, HÁ, HjálmJ, HG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, ÓE, ÓRG, PP, PBald, RG, SalÞ, SAÞ, StG, SvG, TIO, VS.
23 þm. (ÁJ, EgJ, FrS, GHall, GÁ, GJH, HBl, IBA, JE, JBH, KE, LMR, MF, PJ, PBj, RA, SigG, SighB, SP, SJS, StB, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 1. umr.

Frv. JVK o.fl., 47. mál (iðgjaldagreiðslur til lífeyrissjóða). — Þskj. 47.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:40]
Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁgG, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, FI, GHH, GE, GuðjG, GAK, GB, GÁS, GHelg, GunnS, HÁ, HjálmJ, HG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, ÓE, ÓRG, PP, PBald, PBj, RG, SalÞ, SAÞ, StG, SvG, TIO, VS.
23 þm. (ÁJ, EgJ, EKJ, FrS, GHall, GÁ, GJH, HBl, IBA, JE, JBH, KE, LMR, MF, PJ, RA, SigG, SighB, SP, SJS, StB, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Staðsetning björgunarþyrlu, frh. fyrri umr.

Þáltill. JónK o.fl., 48. mál. — Þskj. 48.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:41]
Till. vísað til síðari umr. með 42 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁgG, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GAK, GB, GÁS, GHelg, GunnS, HÁ, HjálmJ, HG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, LMR, ÓE, ÓRG, PP, PBald, PBj, RG, SalÞ, SAÞ, StG, SvG, TIO, VS.
21 þm. (ÁJ, EgJ, FrS, GHall, GÁ, GJH, HBl, IBA, JE, JBH, KE, MF, PJ, RA, SigG, SighB, SP, SJS, StB, ÞorstP, ÖS) fjarstaddur.

Till. vísað til allshn. án atkvgr.

Héraðsskólinn að Núpi, frh. fyrri umr.

Þáltill. JVK og KHG, 52. mál. — Þskj. 52.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:41]
Till. vísað til síðari umr. með 41 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁgG, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GAK, GB, GÁS, GHelg, GunnS, HÁ, HjálmJ, HG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, KHG, KÁ, LMR, ÓE, ÓRG, PP, PBald, PBj, RG, SalÞ, SAÞ, StG, SvG, TIO, VS.
22 þm. (ÁJ, EgJ, FrS, GHall, GÁ, GJH, HBl, IBA, JE, JBH, JónK, KE, MF, PJ, RA, SigG, SighB, SP, SJS, StB, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Till. vísað til menntmn. án atkvgr.

Fjárframlög til stjórnmálaflokka, frh. fyrri umr.

Þáltill. JVK o.fl., 46. mál. — Þskj. 46.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:42]
Till. vísað til síðari umr. með 40 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁgG, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GAK, GB, GÁS, GHelg, GunnS, HÁ, HjálmJ, HG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, LMR, ÓE, ÓRG, PP, PBald, PBj, RG, SalÞ, StG, SvG, VS.
23 þm. (ÁJ, EgJ, FrS, GHall, GÁ, GJH, HBl, IBA, JE, JBH, KE, MF, PJ, RA, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, TIO, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Till. vísað til allshn. án atkvgr.

Aðgangur almennings að þingskjölum og umræðum á Alþingi, frh. fyrri umr.

Þáltill. AÓB o.fl., 51. mál. — Þskj. 51.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:43]

Till. vísað til síðari umr. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁgG, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GAK, GB, GÁS, GHelg, GunnS, HÁ, HjálmJ, HG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, LMR, ÓE, ÓRG, PP, PBald, PBj, RG, SalÞ, SAÞ, StG, SvG, TIO, VS.

21 þm. (ÁJ, EgJ, FrS, GHall, GÁ, GJH, HBl, IBA, JE, JBH, KE, MF, PJ, RA, SigG, SighB, SP, SJS, StB, ÞorstP, ÖS) fjarstaddur.

Till. vísað til allshn. án atkvgr.

Atvinnuleysistryggingar, frh. 1. umr.

Frv. AÓB o.fl., 50. mál (bótaréttur við endurmenntun). — Þskj. 50.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:43]

Frv. vísað til 2. umr. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁgG, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GAK, GB, GÁS, GHelg, GunnS, HÁ, HjálmJ, HG, IP, JóhS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, LMR, ÓE, ÓRG, PP, PBald, PBj, SalÞ, SAÞ, StG, SvG, TIO, VS, ÖS.

22 þm. (EgJ, FrS, GHall, GÁ, GJH, HBl, IBA, JÁ, JE, JGS, JBH, KE, MF, PJ, RA, RG, SigG, SighB, SP, SJS, StB, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Umræður utan dagskrár.

Málefni Háskóla Íslands.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Eins og áður hefur verið tilkynnt hefst nú utandagskrárumræða um málefni Háskóla Íslands: Hefur þjóðin efni á annars flokks háskóla? heitir sú umræða og fer hún fram skv. 1. mgr. 50. gr. þingskapa, þ.e. hálftíma umræða.

[13:44]

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Ég kveð mér hljóðs utan dagskrár um málefni Háskóla Íslands vegna þess að við verðum á hv. Alþingi að fá svör frá hæstv. ráðherra menntamála um hver sé stefna ríkisstjórnarinnar í málefnum Háskóla Íslands, æðstu stofnunar vísinda og mennta. Það er þeim mun meiri ástæða til að spyrja þessara spurninga nú þegar hæstv. forsrh. talar í hvert skipti sem hann stígur í pontu hér á hv. Alþingi eða nær athygli þjóðarinnar á annan hátt um stórkostlegan bata í efnahagslífinu og þann mesta og besta árangur sem ein ríkisstjórn hafi náð, þ.e. ríkisstjórn hans sjálfs.

Það þarf engan að undra að háskólarektor gerði að umræðuefni er hann mætti á fund menntmn. að hann sæi einungis svarta þoku í dölum menntmrn., kalskemmdir á Háskóla Íslands þrátt fyrir blóm í haga og betra veður í forsrn. En segjum svo að hæstv. ríkisstjórn trúi því sjálf að ástand þjóðarbúsins sé gott en ætli samt að svelta Háskóla Íslands, þá er málið enn alvarlegra. Þá er hægt að tala um stefnu, stefnu sem gengur út á það að menntun sé lítils virði, það felist ekki fjárfesting í menntun þegnanna, menntun sé bara kostnaður fyrir ríkissjóð.

Ég tel að þjóðfélagið búi við erfiðar efnahagslegar aðstæður. Hér ríki því miður stöðnun sem hér er að verulegu leyti búin til af núv. hæstv. ríkisstjórn. Þrátt fyrir að hér ríki stöðnun, þá má ekki gera Háskóla Íslands illa starfhæfan og bjóða upp á þá hættu að prófgráður frá skólanum verði ekki teknar gildar. Hvað gera aðrar þjóðir á krepputímum og í auknu atvinnuleysi? Þær auka framlög til háskóla. Þar er það viðurkennd staðreynd að menntun sé eitt besta svarið við atvinnuleysi og aukinni samkeppni þjóðanna.

Við brautskráningu stúdenta frá Háskóla Íslands sl. laugardag sagði háskólarektor að íslenska menntakerfið væri a.m.k. áratug á eftir nágrannalöndum í þróun og sagði að um 6 milljarða kr. vantaði í þennan málaflokk ef jafna ætti muninn við Norðmenn og Dani. Og viti menn: Hv. formaður menntmn., Sigríður Anna Þórðardóttir er alveg sammála og segir, með leyfi forseta: „Menntamálin verða að eiga forgang og ég bendi sérstaklega á að það er beint samband á milli efnahagslegs árangurs og menntunar þjóða þannig að það er alveg hægt að fullyrða það að menntamál eru efnahagsmál.“ Menntamál eru efnahagsmál. Skyldi þetta vera ný uppgötvun hjá hv. þm.? Það hefur allt þetta kjörtímabil verið þeim þingmönnum ljóst sem sitja í hv. menntmn. og eru þingmenn stjórnarandstöðunnar að það sé samband á milli efnahagslegs árangurs og menntunar þjóðarinnar. Það hefur hins vegar verið fljótgert við afgreiðslu fjárlaga öll þessi ár af hv. þm. og öðrum fulltrúum Sjálfstfl. og Alþfl. í nefndinni að skrifa undir menntamálakafla fjárlaganna án athugasemda, niðurskurðinn ár eftir ár. Og hæstv. menntmrh. talar um leiðréttingar. Það er uppáhaldsorð hæstv. menntmrh.

Háskólamenn boðuðu til fundar í Háskólabíói sl. miðvikudag. Þar kom m.a. fram að á síðustu 7 árum hefur virkum nemendum við Háskóla Íslands fjölgað um 50%. Á sama tíma hefur 1,5% raunlækkun orðið á framlagi til Háskóla Íslands. Og fyrir fjórum árum, þ.e. á fjárlögum ársins 1992, var niðurskurður skólans sem svarar því að öll kennsla í lögfræði, hagfræði og viðskiptafræði hafi verið lögð niður. Síðan hefur orðið raunlækkun á framlögum til háskólans. En kemur þetta þjóðinni eitthvað við? Hæstv. forseti, það kemur þjóðinni við ef próf frá íslenskum háskólum verða ekki tek-

in gild hjá öðrum þjóðum.

Eins og fram hefur komið fékk University College í Dublin alvarlega áminningu frá framhaldsdeildum breskra háskóla sem kenna sálfræði vegna þess að 30–40 nemendur voru um hvern kennara í grunnnámi í sálfræði. Í Háskóla Íslands eru 80,6 sálfræðinemar á hvern kennara. Háskólaráð hefur aldrei kveðið jafnfast að orði um stöðu skólans eins og í ályktun sem samþykkt var sl. miðvikudag. Háskólaráð lagði áherslu á tvær spurningar til hæstv. menntmrh. á fundinum í Háskólabíói. Þær voru þessar:

1. Er það í reynd stefna stjórnvalda að gera Háskóla Íslands að annars flokks háskóla?

2. Er það stefna stjórnvalda að flytja æðri menntun Íslendinga úr landi?

Ég tel nauðsynlegt að hæstv. menntmrh. svari þessum spurningum hér á hv. Alþingi. Hér er um að ræða framtíð æðstu stofnunar á sviði vísinda og mennta í landinu. Framtíð hennar er jafnframt framtíð þjóðarinnar.

[13:50]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir spyr hvort þjóðin hafi efni á annars flokks háskóla. Svarið við spurningunni er auðvitað afdráttarlaust nei. Það er sannfæring mín að Háskóli Íslands sé góður háskóli. Ekkert bendir til annars. Nemendur sem útskrifast frá Háskóla Íslands sækja framhaldsnám til bestu háskóla erlendis og standa sig þar með prýði. Framlag kennara við skólann til rannsókna er ómetanlegt fyrir íslenskt þjóðfélag, atvinnulíf og menningu.

Fáum er það trúlega eins ljóst og mér sem ráðherra þessa málaflokks hvert mikilvægi Háskóla Íslands og raunar alls háskólastigsins er þessu þjóðfélagi. Það gefur hins vegar auga leið að efnahagsástandið í þjóðfélagi okkar og raunar í ríkjunum í kringum okkur hefur sett ákveðin takmörk. Aðhaldsaðgerðir hafa gert það að verkum að stofnunum hefur verið gert að grípa til erfiðra sparnaðaraðgerða og forgangsraða verkefnum vegna takmarkaðs fjármagns. Þannig hefur Háskóli Íslands, eins og aðrar stofnanir, þurft að forgangsraða verkefnum sínum. Mér er það fullljóst að háskólinn hefur mætt fjárhagsvandanum með ábyrgri fjármálastjórn eins og nýlega hefur verið bent á í samþykkt háskólaráðs.

Þegar litið er á fjárframlag til háskólans á næsta ári er það að segja að það er hið sama og í ár þegar tekið hefur verið tillit til flutnings Háskólabókasafns í Þjóðarbókhlöðu, eða tæplega 1,5 milljarðar. Hins vegar fer nemendum við háskólann fjölgandi. Þess ber þó að geta að fjölgunin er nær eingöngu í tveimur deildum háskólans, heimspekideild og félagsvísindadeild. Það má segja að samdráttar vegna minni fjárframlaga til háskólans á nemanda gæti fyrst og fremst í þessum tveimur deildum.

Þess ber einnig að geta að nokkur aukning hefur orðið á fjárframlagi til háskólastigsins í heild á undanförnum árum. Háskóli hefur verið settur á laggirnar á Akureyri og hefur hlutfallslega verið veitt meira fé til hans og annarra skóla á háskólastigi en Háskóla Íslands. Hvað Háskólann á Akureyri varðar er þar um að ræða nýjan skóla sem verið hefur í örri þróun og við Kennaraháskólann hafa á undanförnum árum verið teknar upp ýmsar nýjungar.

Ég vil geta þess hér að fjárframlög hafa verið aukin til ýmissa málaflokka sem snerta starf háskólans beint eða óbeint. Tekið hefur verið myndarlega á málefnum Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns. Á yfirstandandi ári er samanlagt framlag til bókasafnanna tveggja um 43,5 millj. kr. hærra en hinna tveggja safnanna en það þarf þó vissulega að hækka meira.

Ég hef einnig beitt mér fyrir því innan ríkisstjórnarinnar og fengið til þess góðan stuðning að efla rannsókna- og þróunarstarf í landinu, bæði innan háskóla og utan. Í því sambandi minni ég á að sl. vor lagði ég fyrir Alþingi frv. til laga um Rannsóknarráð Íslands, frv. sem varð að lögum. Nokkrar breytingar hafa átt sér stað með nýjum lögum um Rannsóknarráðið. Helstu breytingar á fjárveitingum eru að á árunum 1994 og 1995 er gert ráð fyrir að tæknisjóður fái 85 millj. af sérstöku átaki á sviði rannsókna- og þróunarstarfsemi þannig að heildarfjárveiting er komin í 200 millj. kr. og hinn gamli rannsóknasjóður þannig tvöfaldast. Þetta er í samræmi við þá stefnu sem ég hef beitt mér fyrir sem ráðherra menntamála að efla rannsóknir í landinu.

Þá hef ég ekki síður reynt að beita mér fyrir því að efla rannsóknastarf sem snýr að stúdentum. Nýsköpunarsjóður námsmanna hefur verið festur í sessi og hann hefur verið starfræktur í tvö ár. Þá hefur einnig að frumkvæði mínu verið stofnaður sérstakur sjóður, rannsóknanámssjóður, til styrktar rannsóknatengdu framhaldsnámi við Háskóla Íslands. Fjármagn til þess er til viðbótar því fjármagni sem þegar er varið til annars rannsóknastarfs í landinu. Á fjárlögum 1994 fékk sjóðurinn rúmar 25 millj. kr. og í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir sömu upphæð.

Það er vissulega vont að geta ekki veitt meira fjármagn til skólakerfisins til þess að auka námsframboð fyrir ungt fólk. En þó er það verri kostur að steypa komandi kynslóðum í botnlausar skuldir. Því tel ég að breyta eigi forgangsröðun þannig að varið verði hlutfallslega meira fé af fjárlögum ríkisins til skólamála, þar á meðal til Háskóla Íslands, en nú er gert. Um slíkt þarf þó að nást pólitískt samkomulag, bæði innan ríkisstjórnar og á Alþingi. Það er ábyrgðarlaust hjal að tala um aukningu til skólamála, feli það í sér að sú aukning verði skrifuð á reikning komandi kynslóða. Auknu fjármagni verður því aðeins náð að fjármagn sé tekið af öðrum kostnaðarliðum ríkisins. Innan menntmrn. liggja því miður engar milljónir á lausu. Fjármagn verður ekki tekið af grunnskóla og fært til Háskóla Íslands. Fjármagn verður ekki tekið af framhaldsskóla og fært til Háskóla Íslands. Þá fæ ég heldur ekki séð að Háskólinn á Akureyri, Kennaraháskólinn og Tækniskólinn, svo dæmi séu nefnd, séu aflögufærir. Þetta þýðir augljóslega breytta forgangsröðun frá því sem nú er. Að slíkum breytingum á forgangsröðun viðfangsefna fjárlaga vil ég gjarnan stuðla.

Fyrri lokaspurningu hv. fyrirspyrjanda hef ég þeg-

ar svarað og síðari spurningunni er auðsvarað og felst raunar í því sem ég hef þegar sagt. Það er ekki stefnan að flytja æðri menntun héðan úr landi. Þvert á móti hefur verið unnið að því að efla nám til meistaragráðu og doktorsprófs.

[13:55]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. 3. þm. Norðurl. e. fyrir að taka þessi mál fyrir utan dagskrár og segja það að hið alvarlega í þessu máli er kannski sú staðreynd að menntmrh. skilur ekki vandamálið. Ég er alveg viss um að hann er allur af vilja gerður innan marka þess skilnings sem honum er gefinn á málinu. Hinn alvarlegi veruleiki er sá að hann áttar sig ekki á því að Háskóli Íslands er að verða annars flokks háskóli. Hann áttar sig ekki á því að við erum að flytja æðri menntun úr landinu og þar með erum við að breyta stöðu Íslands sem sjálfstæðrar þjóðar því að sjálfstæð þjóð á háskóla með myndarlegar rannsóknir og sambærilega menntun við það sem gerist með háskólum annarra þjóða.

Á þessu kjörtímabili hefur það verið að gerast að það hafa verið skorin niður framlög til menntamála um 2 milljarða kr. frá árinu 1991. Framlög til grunnskóla um 300 millj. kr. Framlög til Lánasjóðs ísl. námsmanna um verulegar upphæðir og framlög til háskóla og rannsókna um 200 millj. kr. Á árinu 1995 er gert ráð fyrir því að framlög til rannsókna á vegum menntmrn. verði 255,3 millj. kr. Það er í rauninni mjög lág tala og hættulega lág fyrir framtíðarstöðu þjóðarinnar. Vandinn er kannski ekki síst sá að afleiðingin af þessari menntafjandsamlegu stefnu mun ekki birtast þjóðinni fyrr en eftir nokkur ár, þá hugsanlega í lakari lífskjörum, verra efnahagslífi, lakara atvinnustigi en við höfum núna. Þess vegna er vont menntakerfi og það að skera niður fjármagn til þess ákvörðun um að auka skuldirnar í framtíðinni. Þá hluti þarf núv. hæstv. menntmrh. að reyna að skilja.

[13:57]

Petrína Baldursdóttir:

Virðulegi forseti. Ég fagna því að málefni háskólans skuli vera hér til umræðu í dag. Ég gef mér það að hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir, sem biður um þessa utandagskrárumræðu, geri það með því hugarfari að beina kastljósinu að málefnum háskólans og menntunarmálum almennt. Ég vil taka undir með þeim aðilum sem segja: Menntamál á að setja í öndvegi. Þar á ég við menntun þjóðfélagsþegna á öllum skólastigum. Það er staðreynd að allt of þröngt hefur verið búið að skólakerfi landsmanna undanfarna áratugi, ekki bara í tíð þessarar ríkisstjórnar heldur almennt á undanförnum árum. Fjárveitingar á virkan nemanda t.d. í Háskóla Íslands hafa lækkað um 30% síðustu 7 ár. Fjárveitingar hófu að lækka árið 1989. Ég tel tímabært ekki aðeins háskólans vegna heldur þjóðarinnar vegna að hér fari menn, sama úr hvaða stjórnmálaflokki þeir koma, að ræða á vitrænum nótum um menntamál.

Ég get gagnrýnt þau vinnubrögð að skera niður jafnvel tilviljunarkennt frá ári til árs í menntakerfinu án allrar framtíðarsýnar. Og það er mergur málsins að það vantar alla langtímahugsun hér í þessu þjóðfélagi og á því hefur menntakerfið allt fengið að kenna.

Ég vildi óska að við hefðum nú á þeim þrengingartímum, sem þjóðin öll hefur þurft að ganga í gegnum og þurft að taka á sig auknar byrðar, haft í varasjóði þá milljarða sem þessi þjóð og stjórnmálamenn hennar hafa á undanförnum áratugum dælt út um fyrirtæki úr opinberum sjóðum jafnvel þótt um vonlausan rekstur hafi verið að ræða, í fiskeldi, loðdýrarækt og margt fleira. Þar hafa pólitískir hagsmunir verið látnir ráða en ekki þjóðarhagsmunir. Í nafni byggðastefnu hefur fyrirtækjum á vonarvöl verið lánað áfram. (Forseti hringir.) Í nafni atvinnusköpunar hefur fé verið ausið í fyrirtæki með engan rekstrargrundvöll. Frá tímabilinu 1985–1993 hafa um 40 milljarðar tapast í gjaldþroti fyrirtækja. Þess vegna tek ég undir með þeim sem segja: Menntamál í öndvegi, það er löngu tímabært.

[14:00]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er útbreidd skoðun að góð menntun og öflugt menntakerfi sé einhver besta trygging sem til er fyrir góðu mannlífi, framförum, atvinnusköpun og úrlausn þeirra vandamála sem við stöndum frammi fyrir í veröldinni. Hér á landi er fagurlega talað um menntun á hátíðarstundum en þegar betur er að gáð hafa Íslendingar um árabil varið allt of litlu fé til rannsókna- og vísindastarsemi auk þess sem skólakerfið hefur verið sársvelt um árabil enda eru kjör háskólamanna eftir því.

Frá Háskóla Íslands berast nú sterkar áhyggjuraddir vegna þeirra sjö mögru ára sem háskólinn hefur nú gengið í gegnum. Kennsla hefur verið skorin niður, hópar stækkaðir, valnámskeið eru af skornum skammti og allt annað er skorið við nögl. Allmargir nemendur verða að leita til útlanda til að ljúka námi sínu vegna skorts á námskeiðum. Svar ríkisstjórnarinnar er, eins og sjá má í fjárlagafrv. ársins 1995: Takmarkið aðgang, fækkið nemendum.

Það er verið að gera Háskóla Íslands að annars flokks háskóla en við það verður ekki unað. Hæstv. menntmrh. sagði á fundi námsmanna í Háskóla Íslands í síðustu viku að allir hafi orðið að taka á sig skerðingu í þeim samdrætti sem þjóðin hefur gengið í gegnum. Þetta er ekki rétt. Það var hægt að forgangsraða en það var ekki gert. Þess í stað var skorið og skorið en nú er komið annað hljóð í menntmrh. og því ber að fagna.

Það er löngu tímabært að menntun fái þann sess sem henni ber og nú á Alþingi að taka sig á með því að hækka fjárveitingar til Háskóla Íslands, og ég veit um peninga, hæstv. menntmrh.: Hvernig væri að halda í hátekjuskattinn og láta þær 300 millj. sem hann gefur renna til Háskóla Íslands? Oft var þörf en nú er nauðsyn.

[14:02]

Tómas Ingi Olrich:

Virðulegi forseti. Hér er efnt til umræðu um málefni Háskóla Íslands með stuttum fyrirvara og raunar ekki gert ráð fyrir því að hér verði mikil og efnisleg

umfjöllun um það með þeim hætti sem er á þessum umræðum.

Það hefur staðið nokkuð lengi hér víðtæk barátta við að stöðva sjálfvirkan og sívaxandi útgjaldaauka ríkissjóðs og sívaxandi skuldasöfnun sem staðið hefur af þessum sökum. Ég býst við að fátt sé eins mikið hagsmunamál og þetta mál fyrir unga Íslendinga sem koma til með að þurfa að greiða þessa skuld þegar hún fellur í gjalddaga. Við hvert skref sem stigið hefur verið í þessum efnum hefur stjórnarandstaðan talað um að ríkisstjórnin væri að vinna óhæfuverk. Ríkisstjórnin á að hafa verið að leggja menntakerfið í rúst í þrjú ár. Ríkisstjórnin á að hafa lagt heilbrigðiskerfið í rúst og velferðarkerfið. Auðvitað veit hv. málshefjandi að ekkert af þessu er rétt. Nú er verið að tala um að það eigi að fara að gera Háskóla Íslands, æðstu menntastofnun þjóðarinnar, að annars flokks háskóla. Menn ganga jafnvel svo langt hér að segja að Háskóli Íslands sé að verða annars flokks háskóli. (**JGS:** Hverjir segja það?) Ég trúi því ekki. (**SvG:** Hverjir sögðu það?) Hv. þm. Svavar Gestsson fullyrti það hér áðan og háskólamennirnir segja þetta sjálfir. (Gripið fram í.) Ég held að það sé mergurinn málsins að Háskóli Íslands er ekki að verða annars flokks háskólastofnun en það er hins vegar mjög alvarlegur hlutur ef menn trúa því að hann sé að verða það.

Hér er verið að tala um að erlendur samanburður sé mjög óhagstæður okkur. Við verðum að fara mjög varlega í slíkan samanburð. Við megum aldrei gleyma því að Íslendingar í heild, 250 þús., eru álíka fjölmennir og lítið bæjarfélag og ég vil gjarnan taka sem dæmi það bæjarfélag sem stendur á bak við háskólann í Montpellier, en við þann háskóla hefur Háskóli Íslands tengst sérstaklega. Þar eru rúmlega 200 þús. manns sem standa undir því bæjarfélagi. (Forseti hringir.) Við Íslendingar stöndum hins vegar undir alls konar þjónustu, fjölbreytilegri þjónustu, m.a. Alþingi Íslendinga, og við getum ekki miðað við þennan erlenda samanburð í tíma og ótíma. Það er óréttlátt gagnvart því þjóðfélagi sem hér er rekið.

[14:04]

Pétur Bjarnason:

Virðulegi forseti. Háskóli Íslands er að lenda í kreppu. Það hefur komið fram í umræðum um fjárlagafrv. ríkisstjórnarinnar á Alþingi, það hefur komið fram í fjölmiðlum og á fundi í Háskólabíói í síðustu viku og þar var tekið undir það af sjálfum menntmrh. Háskólinn er raunar ekki einn í þessari umræðu, skólakerfið í heild er til skoðunar og þar verður að auka framlag á næstu árum. En Háskóli Íslands er tiltölulega ung stofnun og hefur verið stolt okkar Íslendinga. Þar hefur farið fram ótrúlega fjölbreytt kennsla og rannsóknastarf þrátt fyrir smæð skólans og gífurlegar kröfur sem til hans hafa verið gerðar um fjölbreytt starf og skyldu hans sem þjóðarskóla til að taka við hverjum þeim sem sækir um og hefur til þess tilskilinn undirbúning.

Um 5.500 nemendur stunda nú nám við Háskóla Íslands og þar vinna um 500 starfsmenn að viðbættum stundakennurum. Skólagjöld nemenda við Háskóla Íslands eru nú þegar um 100 millj. á ári og þar verður ekki lengra gengið ef jafnrétti til náms er haft að leiðarljósi. Árangur í Háskóla Íslands er gjarnan borinn saman við önnur lönd þrátt fyrir minni mannafla hér. Hlutfall kennara og aðstoðarmanna er hér einn aðstoðarmaður á hverja tíu kennara en algengt hlutfall erlendis er einn aðstoðarmaður á hvern kennara.

Háskólinn fær það orð úr ráðuneyti menntamála að þar sé góð stjórn á fjármálum, þar sé forgangsröðun í lagi.

Framlög til háskólans verða óbreytt að krónutölu fjórða árið í röð samkvæmt fjárlagafrv. en á sama tíma fjölgar nemendum þar stöðugt eins og fram hefur komið og það er ekki endalaust hægt að hagræða.

Hér hefur verið nefndur Háskólinn á Akureyri og ber að þakka það starf sem þar hefur verið unnið. Þar er vel unnið en það er ekki þar með sagt að þó að vel hafi tekist til með Háskólann á Akureyri þá eigi eða þurfi að svelta Háskóla Íslands og hefur aldrei staðið til.

Ég ætla svo sem ekki að tjá mig hér um framtíðarsýn hv. 11. þm. Reykn. þó vert væri, (Forseti hringir.) en hversu vel sem við viljum búa að háskólanum og hversu vel sem við viljum búa að menntun og rannsóknastarfi þá getur það ekki komið að öllu leyti í veg fyrir það að við styðjum við þróun og rannsóknir í atvinnuvegum þjóðarinnar.

[14:07]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Þjóðin hefur ekki efni á annars flokks háskóla, eins og hér er spurt, og ekkert er þjóð eins dýrt og lélegt menntakerfi. Ég þekki heldur engan þann stjórnmálamann sem vill að í menntamálum okkar sé slegið slöku við. Umræðan sem hér er sett fram snýst um fjármagn, að Háskóli Íslands sé fjársveltur. Háskóli Íslands er æðri menntastofnun, menntastofnun sem óheftur aðgangur er að. Bara það hefur á síðustu árum haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar fyrir háskólann. Og þar, innan veggja háskólans, hefur því sjónarmiði verið hreyft að takmarka aðgang að skólanum. Minn flokkur er ekki tilbúinn að takmarka aðgang að Háskóla Íslands.

Um alla Evrópu er því sjónarmiði að vaxa fylgi að allt ungt fólk eigi þess kost að vera í námi, í starfi, í starfsþjálfun. Allir eigi rétt á að vera virkir þátttakendur í sínu samfélagi. Það er sjálfsagt markmið okkar. Þess vegna er framhaldsmenntunin afar þýðingarmikill þáttur í lífi ungs fólks. Það má ekki leysa vanda einnar menntastofnunar með því að loka þar dyrum. Vísa ég þar til umræðunnar um að hefta aðgang að skólanum.

Uppbygging öflugs verk- og tæknináms er mikilvæg í því samspili sem þarf að vera í menntakerfi okkar. Það vegur jafnframt þungt öflug námsráðgjöf, einnig í framhaldsskólanum og einnig í efri bekkjum grunnskóla.

Þjóð sem hefur efni á að eyða milljörðum í milliliðakerfi landbúnaðarbáknsins óháð því hversu þjóðhagslega hagkvæmt er að viðhafa slíkar greiðslur, viðhalda slíku kerfi, sú þjóð hlýtur að hafa efni á að vera

með gott menntakerfi og góðan háskóla. Stjórnmál snúast nefnilega um forgangsröðun og skiptingu takmarkaðra fjármuna. (Forseti hringir.) hvernig við verjum því sem við öflum. Okkur ber að horfast í augu við alhliða endurskoðun á forgangsröðun okkar, að hún er tímabær og það mál snýr ekki aðeins að ríkisstjórn, virðulegi forseti, það mál snýr að hv. Alþingi.

[14:10]

Björn Bjarnason:

Virðulegi forseti. Spurningin „hefur þjóðin efni á annars flokks háskóla?" er þess eðlis að svarið við henni hlýtur að vera nei. Háskóli Íslands var stofnaður til þess að hér gæfist menntun sem væri sambærileg við það sem gerist í nágrannaríkjum og á Íslandi væri stunduð vísinda- og menntastarfsemi sem stæðist kröfur í samanburði við alþjóðlegar menntastofnanir. Það er gleðilegt til þess að vita að Háskóli Íslands stenst slíkar kröfur og það er rangt að halda því fram eins og hér hefur verið gert að Háskóli Íslands sé annars flokks stofnun. Nýleg könnun á verkfræðideild háskólans bendir t.d. til þess að hún stenst fyllilega alþjóðlegan samanburð.

Ég vil láta þess getið, virðulegi forseti, að ég hef tekið þátt í störfum nefndar sem vinnur að því að þróa málefni háskólans og mun skila tillögum nú á næstunni. Og það mun koma í ljós að það er ekki einungis fjárhagslega hliðin sem þarf að taka afstöðu til þegar um þessi mál er rætt heldur einnig innra starf í háskólanum og yfirstjórn háskólans og hvernig staðið er að vísinda- og rannsóknastarfsemi og kennslustarfsemi á vegum skólans þótt fjármunirnir skipti að sjálfsögðu mjög miklu máli. Þessi nefnd hefur starfað að tillögu menntmrh. þannig að það er með öllu rangt að halda því fram að á vegum þessarar ríkisstjórnar hafi ekki verið unnið skipulega að málefnum háskólans og stöðu hans gætt sem menntastofnunar sem stenst samanburð á alþjóðlegum vettvangi.

Einnig hefur frá því verið skýrt í hv. menntmn. að á vegum háskólans er unnið að því að þróa staðla sem unnt sé að nota við skipulag og kennslu í háskólanum og samkvæmt því þarf á næsta ári 75 millj. kr. í viðbótarfjárveitingu til þess að halda í horfinu. Þessi vandi er ekki stærri en svo sem hér hefur verið lýst að mati háskólans sjálfs. Ég tel að á vegum þessarar ríkisstjórnar hafi verið stuðlað að því að háskólinn stæðist þær kröfur og hér á landi verði ekki annars flokks háskóli.

[14:12]

Sigríður A. Þórðardóttir:

Virðulegi forseti. Það er enginn vafi í mínum huga að menntamál eiga að sitja í fyrirrúmi í íslensku þjóðfélagi. Ég er sammála rektor háskólans í því að menntakerfi okkar er á eftir í ýmsum greinum miðað við það sem gerist með öðrum þjóðum. Nægir þar að nefna sem dæmi að skólatími er hér styttri en í nágrannalöndum, bæði daglegur og árlegur, og hvað starfsmenntun varðar erum við langt að baki öðrum þjóðum.

Nú hafa verið lögð fram á þinginu ný frumvörp til laga um grunn- og framhaldsskóla þar sem höfuðáhersla er lögð á gæði skólastarfs, auknar kröfur um skilvirkni og árangur skólastarfs og tengsl milli skólastiga. Það er ljóst að þær breytingar sem þar eru lagðar til kosta fjármuni og þess er þá að vænta að stjórnarandstaðan greiði fyrir afgreiðslu þeirra og sýni þar vilja í verki. Háskóla Íslands hefur verið gert að spara og hagræða og þar hafa menn náð góðum árangri. Það er mjög athyglisvert og sýnir að aðhaldsaðgerðir geta orðið til góðs.

Ég legg ekki mat á þá tölu sem rektor háskólans nefndi um að það vantaði 6 milljarða í íslenskt menntakerfi. Þar miðaði hann við aðrar þjóðir en slíkur samanburður er ætíð erfiður þegar um fjármál er að ræða vegna þess að aðstæður eru mjög ólíkar.

Ég endurtek það sem ég hef áður sagt: Það er beint samband á milli árangurs í efnahagsmálum og menntunarmálum þjóða og það má því fullyrða að menntamál eru efnahagsmál.

[14:14]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Það er býsna ömurlegt hlutskipti sem hæstv. menntmrh. hefur fengið. Hann er búinn að vera ráðum fjögur ár í menntmrn. og hver er svo slóðin hans? Þetta er ráðherrann sem afnam jafnrétti til náms með meðferð sinni á Lánasjóði ísl. námsmanna. Jafnrétti til náms er grundvallaratriði í mínum huga. Háskóli Íslands hefur verið skertur, það hafa reyndar fleiri skólar verið skertir, hann hefur verið skertur um þriðjung.

Ég fór á baráttufund í háskólanum í síðustu viku til þess að hlusta á hæstv. menntmrh. hæla háskólarektor fyrir hvað hann væri duglegur að spara og háskólarektor hældi menntmrh. fyrir hvað hann væri ósköp vænn út í háskólann. Formaður stúdentaráðs vildi ekki ganga í skjallbandalagið.

Fjármagn liggur ekki á lausu, segir hæstv. menntmrh. Hann stendur að því að afleggja hátekjuskattinn, hann stendur gegn því að taka upp skatt á fjármagnið og svo er hann bara nokkuð ánægður og segir þetta allt vera í nokkuð góðu lagi. Loðvík XIV. sagði líka: Það lafir meðan ég lifi. Sennilega gerir hæstv menntmrh. ekki ráð fyrir því að vera menntmrh. nema til vorsins, enda held ég að háskólinn þoli það nú illa eða menntakerfið í landinu.

Mér fannst hv. þm. Tómas Ingi Olrich ekki sýna mikinn stórhug og ég hafði nú vænst þess að hann sýndi meiri stórhug í viðhorfi sínu til menntamála þegar hann fór að tala um það að við ættum ekki að gera neinar stórar kröfur, við værum bara lítil þjóð, 250 þús. Vonandi hefur hann ekki þetta viðhorf til Háskólans á Akureyri og telur að hann þurfi ekki að vera sérstaklega öflugur eða vel að honum búið þar sem þar sé bara 15 þúsund manna byggðarlag.

[14:16]

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka þær umræður sem hér hafa farið fram sem hafa verið málefnalegar. Ég hlýt hins vegar að lýsa nokkurri óánægju með málflutning hæstv. menntmrh. þar sem hann meira að segja tók ekki það mikið upp í sig að telja að hann treysti sér til

að leiðrétta eitthvað tölur þær sem birtar eru í fjárlagafrv. og varða Háskóla Íslands.

Hæstv. menntmrh. talaði um það að aukning fjármagns til skólamála bitni á næstu kynslóð eða komandi kynslóðum. Mér finnst miklu nær að snúa málinu við og segja: Það að auka ekki framlög til skólamála bitnar á komandi kynslóðum.

Hæstv. menntmrh. talaði um forgangsröðun. En það er nú einu sinni svo að þegar maður fer yfir feril þeirrar hæstv. ríkisstjórnar sem nú situr þá hefur flatur niðurskurður verið hennar ær og kýr. Nú þegar kjörtímabilið er á enda er auðvelt að koma hér og tala um að það eigi að forgangsraða. Þessu hefði hæstv. menntmrh. átt að átta sig á strax við upphaf kjörtímabilsins og þá stæðum við kannski betur í dag ef það er rétt og ég vil trúa því í lengstu lög að hann vilji menntamálum í landinu vel. En ræða hans gaf til kynna að það sem ég hef áður haldið fram um hæstv. ríkisstjórn, að hún sé lokuð inni í litlum kassa, á við full rök að styðjast þar sem ekki var að heyra að hún þekki aðstæður sem ríkja í Háskóla Íslands.

Hv. 5. þm. Norðurl. e. talaði þannig að það var eins og hann reiknaði með því að það væri sérstaklega ósk þeirrar sem hér stendur að það geti ekki farið fram alvöruumræða um Háskóla Íslands heldur væri knappur tími og það er rétt. En það er nú einu sinni svo hér á hv. Alþingi að þessi hálftíma umræða er þannig samkvæmt þingsköpum að við getum fengið hana án fyrirvara. Mér þótti brýnna að fá fram umræðu strax í dag þó svo að ekki hafi náðst mikil umræða um málið. Við höfum alla vega heyrt það að hæstv. menntmrh. ætlar ekkert að leiðrétta framlög til HÍ á fjárlagafrv. og það er þá gott að vita það.

[14:18]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Það var svo sem kunnuglegur tónn í ræðu hv. þm. Svavars Gestssonar. Hann hóf mál sitt með því að segja að menntmrh. skildi ekki málið, ég áttaði mig ekki á að Háskóli Íslands er að verða annars flokks háskóli. Þetta voru orð hv. þm. Þetta tal er hættulegt. Ég tek undir það sem hér hefur verið sagt, bæði af hv. þm. Tómasi Inga Olrich og Birni Bjarnasyni, að þeir sem tala svona eru þeir sem eru að lækka gengið á Háskóla Íslands og það er varhugavert og þeim til skammar sem svona tala. Hv. þm. Svavar Gestsson ætti að hlusta betur á ræðu rektors eða lesa hana yfir. Rektor var nefnilega ekki bara að gagnrýna núverandi ríkisstjórn fyrir naumar fjárveitingar til Háskóla Íslands. Hann tók dæmið af síðustu sjö árum og í tæp þrjú ár af þeim árum sat hv. þm. Svavar Gestsson í menntmrn. og maður skyldi halda að hann hefði haft þar einhver áhrif á fjárveitingar til Háskóla Íslands.

Hv. þm. Páll Pétursson talaði líka í sínum gamalkunna tóni og það var ekkert minna en það að ég átti að jafa afnumið jafnrétti til náms með hinum nýju lögum um Lánasjóð ísl. námsmanna. Minna mátti það nú ekki vera. Svona málflutningur er náttúrlega ekki svara verður og er þingmanninum auðvitað til skammar en hæfir honum kannski ágætlega. Hann er í samræmi við hans venjulega talsmáta.

Hann sneri út úr orðum hv. þm. Tómasar Inga Olrich. Hv. þm. Tómas Ingi var að tala um að við yrðum að gera meira úr okkar peningum en aðrar þjóðir og það er alveg ástæðulaust að vera að snúa út úr með þeim hætti sem hv. þm. gerði.

Ræða háskólarektors hefur verið gerð hér að umtalsefni. Vissulega benti rektor á að það væri nauðsyn að efla framlög til háskólans. En hann tiltók líka ýmis atriði í sinni ræðu, dæmi um það sem vel hefði verið gert á þessu kjörtímabili. Því heldur stjórnarandstaðan auðvitað ekki á lofti og raunar enginn fréttamaður heldur. Það eru engar fréttir. Í raun er ekki ágreiningur um það að efla þurfi háskólann, líka með auknum fjárframlögum. Ágreiningurinn er hins vegar um það hvort svo ári nú að slíkt sé mögulegt þrátt fyrir það að bjartara sé fram undan eða e.t.v. öllu heldur, af hvaða öðrum liðum fjárlaga eigi að taka fjármagnið. Það þurfa stjórnarandstæðingar að benda á og reyndar fengum við eina ábendingu frá hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur, það er að hækka skattana, ekki að spara í ríkisútgjöldum.

Fjáraukalög 1994, frh. 1. umr.

Stjfrv., 66. mál. — Þskj. 66.

[14:22]

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Það hefur nú þegar farið fram nokkur umræða um þetta mál sem hér liggur fyrir, frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1994, en það er nú svo með þetta frv. að þetta er eitt meginfrv. sem fyrir liggur til fjáraukalaga.

Ég heyri að hæstv. ráðherrar eru áfram um að ég noti tíma minn. Ég get glatt þá með því að það er ekki alveg víst að ég noti hann alveg allan en við sjáum til.

Ég vil í fyrstu ítreka það sem reyndar hefur komið fram við umræðuna áður að orðanotkun í þessu frv. hér á bls. 26 er dálítið sérkennilegt. Þar stendur, með leyfi forseta:

„Miðað við útkomu fyrstu átta mánuði ársins og endurskoðaða áætlun um framvinduna til áramóta eru nú horfur á að rekstrarhalli ríkissjóðs verði 10,9 milljarðar kr. Ef þetta gengur eftir verður frávikið frá fjárlögum um 1,2 milljarðar kr. sem er mun minna en verið hefur um langt skeið."

Ég vil gera þá athugasemd við þetta orðalag að hér er ekki nema hálfur sannleikurinn sagður. Frávikið frá fjárlögum hvað útgjaldahliðina snertir er að sjálfsögðu miklu hærra en þetta. Það er 6,4 milljarðar kr. vegna þess að það hefur verið tekjuauki á árinu eins og hér hefur komið fram og útgjaldaaukinn hefur gleypt hann og einum milljarði betur. Það er rétt að ítreka þetta nú því að það vill vera svo síðustu daga og vikur að hæstv. ráðherrar keppast um það hver í kapp við annan að lýsa árangri sínum, kreppan sé fyrir bí og þeir höfðu náð mestum árangri af öllum ríkisstjórnum í Evrópu. Það væri gott ef satt væri en myndin er því

miður ekki alveg svona einföld, það er langt frá því.

Það má auðvitað um það deila hvort rétt er að setja fjárlög upp með þeim hætti sem gert er. Fjárlög voru sett upp með þeim hætti að ekki var gert ráð fyrir útgjöldum vegna kjarasamninga við fjárlagagerðina. Auðvitað kemur það svo fram í fjáraukalögum og það skyldum við hafa í huga nú þegar við erum að fjalla um fjárlög fyrir árið 1995 og þegar er verið að ræða um hvað verði miklu minni halli á fjárlögum fyrir 1995, að það er auðvitað ljóst að útgjöld vegna þessa þáttar eru stórlega vanmetin, það er mín skoðun. Það koma fram í þessu fjáraukalagafrv. viðbótarútgjöld vegna kjarasamninganna.

Eitt af því sem hæstv. fjmrh. og hæstv. forsrh. og aðrir þeir sem um efnahagsmál hafa fjallað hafa tínt til sér og þeirra stjórnarfari til ágætis er að vextir hafi lækkað. *Það sýnir í raun ekki nema toppinn af ísjakanum.* Það blasir við að lánsfjárþörf ríkissjóðs hefur aukist og það kemur fram hér í þessu fjáraukalagafrv. að samkvæmt áætlun 1994 er gert ráð fyrir að lántökur verði 20 milljarðar kr. og hækki um 8,7 milljarða. Þar kemur inn lakari rekstrarafkoma upp á 1 milljarð kr. og hitt að ríkissjóður hefur orðið að hafa milligöngu um lántöku Húsnæðisstofnunar ríkisins upp á um 7 milljarða kr. Það kom einmitt fram í viðtali félmn. við Húsnæðisstofnun í morgun að Húsnæðisstofnun ætlaði að selja húsnæðisbréf á næsta ári fyrir 9 milljarða kr. en á þessu ári hefur hún aðeins selt á almennum markaði fyrir 2,7 milljarða kr. Markaðurinn tekur hreinlega ekki við þessum bréfum. Það er alveg ljóst að þetta frjálsa markaðshagkerfi sem ætlunin er að koma á í þessum efnum virkar ekki. Markaðurinn hefur ekki trú á að efnahagsstefnan standist. Þetta er nú svo einfalt mál, vaxtamálin byggjast á því að Seðlabankinn kaupir langtímabréf af ríkissjóði, hefur þegar keypt langtímabréf fyrir hærri upphæðir en eignfjárstaða hans er, en hlutverk Seðlabankans er það að veita ríkissjóði skammtímafyrirgreiðslu í tilfellum sem þessum. Þetta eru þau hættumerki sem við blasa varðandi vextina, sú staðreynd að lánsfjárþörf ríkissjóðs eykst.

Um einstök málefni sem tekin eru fyrir í fjáraukalagafrv. ætla ég ekki að hafa langt mál um útgjöld til heilbrigðismála sem hafa farið mjög fram úr áætlun. Hv. 1. þm. Norðurl. e. gerði ljósa og glögga grein fyrir því máli þegar hann talaði í upphafi umræðunnar. Hann rakti þær blekkingar sem voru bornar fyrir okkur fjárlaganefndarmenn við vinnslu fjárlaganna varðandi þau mál þegar það kom bréf eftir bréf til okkar þar sem *voru áform um að spara ætíð sömu hlutina.* Þetta hefur auðvitað ekki gengið eftir og þess vegna er beðið um miklar viðbótarfjárveitingar fyrir heilbrrn. Annað væri fróðlegt að vita en það liggur ekki fyrir og ég ætlast ekki til að hæstv. fjmrh. komi með svör við því nú en það er verkefni fyrir okkur fjárlaganefndarmenn að ganga eftir því hverju þessar æfingar með spítalana í Reykjavík hafa skilað. Það liggur fyrir stórfelld fjárvöntun til að bæta upp rekstrarhalla sjúkrahúsa, ekki síst í Reykjavík, og annars staðar. Það liggur fyrir að þær upphæðir sem hér eru tilgreindar og eru upp á 320 millj. nægja hvergi nærri til að ná jöfnuði í þessum efnum. Ég ætlast ekki til að fá tæmandi svör við þessu nú en þetta er verkefni fyrir fjárlaganefnd að kafa til botns í áður en fjárlög ársins 1995 verða afgreidd. Það er auðvitað allsendis óviðunandi að eitt ráðuneyti biðji um á annan milljarð í viðbótarfjárveitingar eingöngu vegna þess að áform sem voru gerð í upphafi árs og ákveðin á fjárlögum ganga ekki eftir. Undirbúningur þeirra hefur verið þannig að það stendur ekki steinn yfir steini í lok ársins. Ég skil náttúrlega viðbótarfjárveitingar sem eru vegna ákvarðana sem teknar hafa verið á árinu, það er nokkuð um slíkt hér og það er í sjálfu sér nokkuð annars eðlis.

Hitt er svo staðreynd að það eru beiðnir um viðbótarfjármagn í þessu fjáraukalagafrv. sem sýnir hvað okkur eru nú mislagðar hendur við áætlanagerð um útgjöld og þar á ég við hina margumræddu lýðveldishátíð. *Hér er beiðni um viðbótarfjármagn vegna hennar í ýmsum greinum.* Það kemur í ljós í greinargerð sem okkur fjárlaganefndarmönnum hefur borist að næstum hver einasti þáttur í þessu hátíðarhaldi hefur verið vanáætlaður. Auðvitað er sú framkvæmd okkur ekki mjög til sóma og það ber að læra af þessu og vanda betur til áætlanagerðar, hvort sem um er að ræða hátíðarhöld eða annað. (**Fjmrh.:** Hvaða áætlanir voru gerðar?) Ég heyri að hæstv. fjmrh. hvíslar hér úr sæti sínu „Hvaða áætlanir voru gerðar"? Það má vel vera að það hafi engar áætlanir verið gerðar. En ekki batnar nú málið við það. Hins vegar komu þó inn á fjárlög upphæðir sem ætlaðar voru í þessu skyni. Þær hafa kannski byggst á einhverri *tilfinningu en ekki áætlanagerð.*

Á bls. 27 í fjáraukalagafrv. er yfirlit yfir helstu frávik tekna og gjalda frá fjárlögum 1994. Þar er á gjaldahlið í fyrsta lagi ákvarðanir ríkisstjórnar og Alþingis upp á 2.390 millj. kr. Þetta eru ákvarðanir sem teknar hafa verið á árinu og ég sagði áðan að það er kannski nokkuð annars eðlis en það sem ákveðið er í fjárlögum að spara og gengur ekki eftir. Það er í fyrsta lagi ákvörðun um kaup á þyrlu sem er loks komið í höfn og ætla ég ekki að lasta það, það er gott mál. Vonandi verður það til farsældar. Framkvæmdir við Vestfjarðagöng sem voru ófyrirséðir hlutir sem varð að mæta, þeim ætla ég ekki að mæla gegn heldur. Síðan í þriðja lagi aðstoð við atvinnulíf á Vestfjörðum sem var samþykkt á Alþingi áður en Alþingi lauk störfum í vor. Ég var einn af þeim sem greiddu atkvæði með þeirri aðstoð. Þannig að ekki geri ég athugasemd við þær 300 millj. sem þar eru veittar. Hitt er svo annað mál af því að þessa aðstoð á að veita gegnum Byggðastofnun *þá leiðir þetta hugann að því hver staða* Byggðastofnunar er. Henni eru ætluð ýmis hlutverk, m.a. hlutverk í því að aðstoða byggðarlög í atvinnumálum vegna sameiningar sveitarfélaga. Ríkisstjórnin gaf út yfirlýsingu um það fyrir um ári síðan að Byggðastofnun ætti að taka það hlutverk að sér. Ég hef reyndar flutt fyrirspurn um það með hverjum hætti henni sé ætlað að taka að sér þetta hlutverk. Þessi fyrirspurn er flutt vegna þess að sveitarstjórnarmenn úr þessum sameinuðu sveitarfélögum, sem hafa komið til fjárlaganefndar í viðtöl, hafa spurt: Hvernig ætlar Byggðastofnun og ríkisstjórnin að standa við þessi fyr-

irheit eða eru þessi fyrirheit bara út í bláinn? Ég veit ekki hvort hæstv. fjmrh. hefur svar við þessum spurningum en Byggðastofun heyrir nú sem slík ekki undir hans ráðuneyti. Hins vegar finnst mér það ekki vansalaust í umræðum um þessi mál að það sé bara hæstv. fjmrh. sem er viðstaddur. Ekki það að mér líði illa í návist hans þó hann sé einn hér en hæstv. fjmrh. hefur lagt áherslu á það að fjárútlát einstakra ráðuneyta séu á ábyrgð fagráðuneytanna, lagt höfuðáherslu á það. Það sé stefnubreyting að hver ráðherra beri ábyrgð á sínum útgjöldum. Þessi breyting hefur ekki náð til viðveru við umræðu um fjárlagafrv. og fjáraukalagafrv. Mér finnst það lágmark, ef þessi stefnubreyting er gengin í gegn og ef hún er raunveruleg að þá séu ráðherrar viðstaddir til að svara fyrir sína málaflokka. Það er t.d. ekki að öllu leyti sanngjarnt, ef svo er háttað í raun, að vera að spyrja fjmrh. um ráðstöfun einstakra fjárlagaliða ef fagráðherrarnir bera í raun alla ábyrgð í því efni.

Á eftir aðstoð við atvinnulíf á Vestfjörðum kemur liðurinn húsnæðiskaup fyrir utanrrn. upp á nákvæmlega sömu upphæð og ríkisstjórnin ætlar að aðstoða atvinnulíf á Vestfjörðum með í þeim erfiðleikum sem þar eru. Þessi kaup á húsnæði byggjast á sjöttugreinarheimild í fjárlögum um heimild til að kaupa húsnæði undir starfsemi Stjórnarráðsins og selja eignir. Við fjárlaganefndarmenn höfum fengið upplýsingar um það að þessi húsakaup eru í ákveðnum farvegi, í nefnd sem í eiga sæti fulltrúar forsrn., fjmrh. og húsameistara ríkisins. En hitt er annað mál hvort það er eðlilegt og það er spurning sem við fjárlaganefndarmenn verðum að spyrja okkur. Ég stórefa að það sé eðlilegt að gefa svo galopnar heimildir upp á hundruð milljóna kr. þar sem það blasir við núna að aðeins ein húsakaup eru upp á 300 millj. kr. Þótt þetta sé vissulega tilfærsla eins og fram hefur komið milli A- og B-hluta ríkisfjármálanna þá er vafasamt að það eigi að veita svona galopnar heimildir og spurning hvort það ætti ekki að finna einhvern annan farveg fyrir þessi húsnæðiskaup og þau kæmu hér inn á borð fjárln. með beinni hætti en verið hefur með því að veita heimildir í 6. gr. Hér er um verulega fjármuni að ræða og það skiptir áreiðanlega milljörðum sem hefur farið út úr ríkissjóði í þessu skyni á síðustu árum, bæði endurbætur og kaup á húsnæði fyrir stjórnarráðið. Nú er ég ekki að lasta það út af fyrir sig að ráðuneyti séu í eignarhúsnæði eða að ríkið eigi það húsnæði sem ráðuneytin eru í, ég held að það sé eðlilegt að ráðuneytin þurfi ekki að vera í leiguhúsnæði út um allan bæ. En það er nauðsyn að mínum dómi að fjárveitingavaldið komi með beinni hætti að þessum málum en verið hefur.

Hér eru talin ýmis fleiri útgjöld sem hefur verið komið inn á áður varðandi sjúkratryggingar og rekstrarhalla sjúkrahúsa, síðan kemur hér að 4. lið sem er flutningur fjárfestingarframlaga milli ára. Við fulltrúar Framsfl. í fjárln. höfum talið eðlilegt að þessar heimildir séu fluttar á milli ára í einhverjum mæli. Hins vegar teljum við að það þurfi að hafa gát á í þessum efnum. Þessar upphæðir vaxa mjög ár frá ári og þessi flutningur á fjárheimildum ruglar eilítið upp-setningu á þessu fjáraukalagafrv. Þannig að það er ástæða til þess að endurskoða þessa skipan eða hafa auga á því að hér sé um eðlilega framkvæmd að ræða.

Þessi flutningur milli ára var hugsaður þannig að forsvarsmenn stofnana sem standa í fjárfestingum eða rekstri þurfi ekki að keppast við það að eyða sínum peningum fyrir áramót til þess að eftirstöðvarnar falli ekki niður eftir áramót, en ef það er orðið um mjög háar upphæðir að ræða, svo að skiptir milljörðum kr., þá er ástæða til þess að skoða þetta mál betur.

Það eru ýmis mál sem varða fjáraukalög sem tengjast auðvitað fjárlagafrv. sem við erum að fjalla um um þessar mundir. Eitt af því sem var gert ráð fyrir í fjárlögum, en hefur ekki gengið eftir, voru áætlaðar lagabreytingar um innheimtu gjalda, svo sem búvélagjalds. Það var auðvitað varað við þessu, að þetta næði ekki fram að ganga, þegar fjárlögin voru til umræðu og sú hefur orðið raunin á.

Varðandi Landhelgisgæslu Íslands þá er hér gert ráð fyrir viðbótarframlagi til þyrlukaupa, sem er vel. En á næsta ári er áætlað þegar þyrlan kemur til landsins um mitt ár, að þá eigi Landhelgisgæslan að skera niður annan rekstur sinn um 10 millj. á mánuði til að reka þyrluna. Það er auðvitað ekki með neinum hætti gert ráð fyrir því í fjárlögum eða gerð grein fyrir því hvernig Landhelgisgæslan á að fara að þessu og það mál þarf sérstakrar athugunar við. — Hér er ekki lengur neinn hæstv. ráðherra viðstaddur. Ég reikna með að hæstv. fjmrh. hafi verið kvaddur í símann. Hæstv. umhvrh. var hér í upphafi í frammíköllum en er nú horfinn af vettvangi. Þó að það sé ekki stórmál sem undir hann heyrir, þá er hér farið fram á 5 millj. kr. hækkun fjárveitingar til endurgreiðslu til sveitarfélaga vegna kostnaðar við refa- og minkaveiðar vegna þess að þessi útgjöld hafa verið vanmetin. Á næsta ári eru þessi útgjöld skorin niður frá því sem var á fjárlögum síðast. Það væri nú fróðlegt ef hæstv. umhvrh. vildi svara því og ég veit ekki hvort hann er í húsinu, virðulegi forseti.

(**Forseti** (SalÞ): Hann er í húsinu og verður látinn vita.)

Hvort það væri hægt að koma til hans skilaboðum eða senda honum fax. Fyrst svo vel vill til að hann er í húsinu, er það þá svo, virðulegur forseti, að fleiri ráðherrar séu í húsinu og sjái ekki ástæðu til að sitja hér inni?

(**Forseti** (SalÞ): Hæstv. umhvrh. er nú ekki í húsinu. Forseti vill láta hv. þm. vita af því.)

Ég vil þá spyrja virðulegan forseta hvort það séu einhverjir fleiri hæstv. ráðherrar í húsinu heldur en fjmrh.?

(**Forseti** (SalÞ): Samkvæmt töflu forseta er það, já.)

Er hæstv. utanrrh. í húsinu?

(**Forseti** (SalÞ): Hæstv. utanrrh. er ekki í húsinu.)

Ég ætla ekki á þessu stigi, því við höfum tækifæri til þess seinna, að eltast við fleiri virðulega ráðherra. En vegna þess að það eru fleiri á mælendaskrá en ég þá ætla ég ekki að tefja störf þingsins með því að hafa hér þagnarstund þangað til kallað er í hæstv. ráðherra. En ég lýsi því yfir að það er fullkomlega óeðlilegt,

eins og ég sagði áðan, og kemur í veg fyrir eðlileg skoðanaskipti og upplýsingaöflun varðandi þetta frv., að þeir ráðherrar sem eiga að bera ábyrgð á sínum málaflokkum samkvæmt skýrum yfirlýsingum frá hæstv. fjmrh. séu ekki viðstaddir þessa umræðu. Ef það hefði verið eins og það var, að hæstv. fjmrh. svaraði fyrir allt fjárlagafrv., þá hefði ég ekki gert þær kröfur. En eins og ég segi, ég ætla ekki að hafa hér þögn, ég vil að starfsemi þingsins haldi áfram. Og ég held vegna þeirra sem eiga eftir að tala við þessa umræðu ætti að gera ráðstafanir til þess að ná í hæstv. ráðherra og hafa þá hér við, en aðrir ræðumenn gera þá kröfur um það.

En áður en ég lýk máli mínu vildi ég undirstrika að þetta fjáraukalagafrv. sýnir að efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar, að árangurinn er ekki eins glæsilegur og hæstv. ráðherrar, hæstv. forsrh., hæstv. fjmrh. og fleiri ráðherrar vilja vera láta. Í gærkvöldi lýstu forustumenn ríkisstjórnarinnar glæstum árangri í efnahagsmálum, þeim besta í Evrópu, ef ég man rétt, eða þótt víðar verði leitað, bæði hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh. Þeir máluðu þetta sterkum litum, en þær jákvæðu hagtölur sem við blasa nú eru ekki nema önnur hliðin á málinu og það er reynt að draga fjöður yfir hina, sem er misrétti í þjóðfélaginu og versnandi lífskjör þeirra sem lægra eru launaðir. Og ekkert síður hitt, að grundvallaratriði eins og vaxtastefnan byggir á sandi. Þar sést ekki nema toppurinn af ísjakanum.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð öllu fleiri nú. Ég hef tækifæri til þess að vinna í þessu frv. í fjárln., enda er þetta frv. aðeins til þess að staðfesta þann veruleika sem við blasir í ríkisfjármálunum. Miklu máli skiptir að það fjárlagafrv. sem er til umræðu núna sýni einhverja rétta mynd af veruleikanum, frávik milli fjárlagafrumvarpa og fjáraukalagafrumvarpa hafa verið mikil. Þau eru mikil nú í ár þrátt fyrir fullyrðingar um annað og þau eru einnig mikil á síðasta ári. En mestu máli skiptir að afgreiða hér frá þinginu um áramótin raunhæft fjárlagafrv.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Vegna athugasemda hv. 2. þm. Austurl. vill forseti geta þess að forseti mun gera ráðstafanir til þess að gera hæstv. ráðherrum viðvart.

[14:57]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vegna þess að óskað hefur verið eftir lengri umræðu í þessu máli má búast við því að hún taki nokkurn tíma og þess vegna til bóta að svara nokkrum atriðum eins fljótt og kostur er. Það eru einkum tvö atriði sem ég vil gera að umtalsefni. Annað snertir það sem kemur fram í fjáraukalagafrv. og eru fjáraukalagaóskir vegna kjarasamninga á yfirstandandi ári, en það notaði hv. þm. sem tilefni til þess að segja að frv. til fjárlaga á næsta ári væri óraunhæft. Af því tilefni vil ég eingöngu segja að í fjárlagafrv. næsta árs er að sjálfsögðu gert ráð fyrir að kjarasamningar geti breyst í takt við efnahagsbatann og enn fremur er gert ráð fyrir því að samsvarandi hækkanir geti orðið á bótum almannatryggingakerfisins. Þetta vil ég að komi hér fram. Að öðru leyti gerum við ráð fyrir eins og eðlilegt er í batnandi tíð, að kjarasamningar verði á milli aðila vinnumarkaðarins og ég held að það sé ekki óraunsætt.

Hitt atriðið snertir húsnæðiskaup utanrrn. Aðeins til þess að það fari ekkert á milli mála og er ég ekki að segja að hv. þm. hafi reynt að brengla þá mynd nema síður væri, þá var húsnæðið eign tveggja sjóða sem eru í eigu ríkissjóðs. Það má auðvitað ætíð spyrja sig að því hvort verðið sé nákvæmlega rétt, en til þess að það fari alls ekki á milli mála þá var húsnæðið í eigu annars vegar Byggðasjóðs og hins vegar Framkvæmdasjóðs og það eru auðvitað þessir opinberu sjóðir sem fengu greitt í húsakaupunum.

[14:59]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel nú kannski ekki ástæðu til þess að hafa langa umræðu um útlit varðandi kjarasamninga á næsta ári og til þess gefst náttúrlega ekki tækifæri í andsvörum. Ég er þeirrar skoðunar að kröfur launafólks séu með þeim hætti nú að það sé bjartsýni að ætla að þær verði rúmaðar innan þess ramma sem fjárlagafrv. gefur. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um það en varðandi húsakaup utanrrn. er alveg rétt að húsnæðið á Rauðarárstígnum var í eigu tveggja sjóða. Það var í eigu Framkvæmdasjóðs og starfsemi hans var lögð undir Lánasýslu ríkisins. Hins vegar var sá háttur ekki hafður á að Lánasýsla ríkisins flytti í húsnæði Framkvæmdasjóðs sem stóð autt, heldur flutti Framkvæmdasjóður þar inn, niður á Hverfisgötu, og leigir þar samkvæmt upplýsingum síðan í vor á 600 kr. fermetrann á meðan Ríkiskaup leigir á 325 kr. inni í Borgartúni 7. Ég held að t.d. þetta dæmi sýni að allar þessar vendingar með húsnæði ráðuneyta þurfi að koma inn á borð fjárveitingavaldsins og ræðast þar.

Í öðru lagi má geta þess að auðvitað þarf Byggðastofnun að nota þessar 300 millj. kr. til að kaupa og koma sér fyrir á öðrum stað.

[15:02]

Ólafur Ragnar Grímsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Þegar langar umræður urðu um fjárlagafrv. fyrir skömmu var haldinn sameiginlegur fundur fulltrúa þingflokka og forseta þingsins. Það var niðurstaða á fundinum að forsetar tóku að sér að ræða við hæstv. ríkisstjórn um það vandamál að ráðherrar væru ekki viðstaddir umræður um fjárlög, fjáraukalög eða lánsfjárlög eða önnur þau meiri háttar frv. þar sem ábyrgð þeirra á einstökum málaflokkum er mikilvægur þáttur í umræðunni. Ég vænti þess, virðulegi forseti, að forsetar hafi nú þegar tekið þetta upp við ríkisstjórnina því það var alveg ljóst að þetta var mikið vandamál þegar fjárlögin voru til umræðu. Nú sjáum við aftur í dag þegar fjáraukalagafrv. kemur til umræðu að nákvæmlega sama vandamálið er fyrir hendi. Hæstv. fjmrh. situr hér einn en enginn kostur gefst á að ræða t.d. við hæstv. heilbrrh., hæstv. viðskrh. eða hæstv. félmrh. svo nokkrir séu nefndir. Þetta er sérstaklega bagalegt vegna þess að þegar umræðan fór fyrr fram um fjáraukalagafrv. beindi ég ýmsum spurn-

ingum til viðskrh. Nú er hann ekki hér og ætlar þá væntanlega ekki að svara þeim. Ég vona satt að segja að þetta verði ekki svona áfram í vetur því þetta er illlíðandi. Þar sem ríkisstjórnin er farin að flytja sérstakar tillögur um virðingu Alþingis er auðvitað mikilvægt að ríkisstjórnin átti sig á því að virðing Alþingis felst m.a. í því að ráðherrar, sem bera ábyrgð gagnvart Alþingi, séu viðstaddir þegar á að ræða mál.

Mér er t.d. nokkur vandi á höndum í þessari umræðu, virðulegur forseti, því ég beindi spurningum til hæstv. viðskrh. Ég beindi reyndar líka spurningum til hæstv. starfandi forsrh. Ég veit ekki hvort hann hefur komið þeim spurningum áleiðis til hæstv. forsrh. Ég get í sjálfu sér endurtekið þær spurningar í umræðum um lánsfjárlagafrv. fyrir 1995 á eftir en ég vildi inna hæstv. forseta eftir því hvort þær viðræður, sem forsetar tóku að sér við ríkisstjórnina um viðveru ráðherranna í umræðum á Alþingi, hafi farið fram og hverjar niðurstöður þeirra eru.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti hefur rætt þetta mál og látið í ljósi þá ósk, sem hér hefur verið gerð að umtalsefni, við ríkisstjórnina og lagt á það áherslu.

[15:04]

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Hér er til umræðu frv. til fjáraukalaga upp á nær 6 milljarða kr. Undir þeirri umræðu hafa sárafáir þingmenn setið og nýlega hafa birst í salnum tveir hv. fjárlaganefndarmenn, annars var hér enginn nema við tvö, hv. þm. Jón Kristjánsson og ég.

Hér er galauður salur eins og venjulega enda þingstörfin orðin á þann veg að menn eru alls staðar annars staðar en þar sem þeir eiga að vera, hér við vinnu sína. Menn þykjast hafa afsökun fyrir því að vera í prófkjörum út og suður en ég verð að segja að þeir eiga ekki marga stuðningsmenn sem geta unnið að endurkjöri þeirra ef þeir þurfa að vera að atast í því sjálfir. En hér er svo komið, hæstv. forseti, bæði með skipulagi þingsins sem hefur verið tekið upp, og af ýmsum öðrum ástæðum að þeir þykja ágætastir þingmenn sem aldrei sjást hér í sal og eru þess vegna aldrei við vinnu sína. Ef einhver óskaði gæti ég tekið dæmi um þingmann, sem ég hef ekki séð síðan þing hófst, og sit ég hér alla daga. Eins er um hæstv. ríkisstjórnina. Hér þýðir ekkert að eiga orðastað við hana, hún er hér aldrei heldur. Sem dæmi um það má nefna að eitt ráðuneyti biður um á annan milljarð kr. á fjáraukalögum. Sá hæstv. ráðherra, sem er hæstv. heilbrrh., telur ekki ástæðu til að sitja undir umræðunni. Þessi vinnubrögð eru auðvitað ósæmandi fyrir hið háa Alþingi og satt að segja áhyggjuefni hvernig mál eru að þróast hér.

Þingmenn eiga samkvæmt þingskapalögum „að sækja alla þingfundi" eins og segir þar. Síðan skipuleggja menn blygðunarlaust alls kyns ferðalög í vinnutíma út og suður til einskis gagns fyrir nokkurn mann.

Þennan inngang hlýt ég að flytja í upphafi máls míns þar sem það ætti að vera mælikvarði á hvernig til hefur tekist um stjórn ríkisins hvernig fjármál ríkisins líta út í árslok. Nú vitum við að þetta eru ekki síðustu fjáraukalög fyrir árið 1994, uppgjörsfjáraukalög munu að sjálfsögðu koma síðar að vanda. En svo bar við á fyrra ári að þegar búið var að samþykkja fjáraukalög, þau næstsíðustu, kom í ljós að þau höfðu verið ofmetin um að mig minnir 3 milljarða. Ég segi því bara, guð má vita hvað er að marka þetta frv. til fjáraukalaga. Grunur minn er þó að það eigi nokkurn rétt á sér, því miður, og mun ég nú víkja aðeins að því, hæstv. forseti.

Afkoma ríkissjóðs fyrir árið 1994 liggur auðvitað ekki fyrir. En helstu áhrif tekna og gjalda frá fjárlögum 1994 eru á tekjuhlið 2.619.000 kr. en á gjaldahlið 3.858.000. Nú er þegar vitað að þessi upphæð er hærri. Það sem fyrir liggur er að rekstrarhalli sjúkrahúsa sem er á gjaldahliðinni upp á 320 millj. kr. verður miklu meiri vegna þess að ljóst er að Borgarspítalann vantar samt 200 millj. í viðbót, Landspítalann trúlega um 100 millj. en með bestu manna vonum má vænta að Landakoti dugi það sem hér er á fjáraukalögum.

Það sem hins vegar blasir við er að allar tilraunir til sparnaðar í heilbrigðiskerfinu hafa hrapallega mistekist. Segir það nokkuð að sjúkratryggingar Tryggingastofnunar ríkisins vantar 800 millj. kr. til að dæmið gangi upp og það þrátt fyrir að hlutdeild t.d. einstaklinga í lyfjakostnaði hefur hækkað frá 20% árið 1990 og upp í 32% á yfirstandandi ári. Þá geta menn séð hversu langt frá raunveruleikanum allar áætlanir hafa verið. Brambolt það, sem átt hefur sér stað í sjúkrahúskerfinu í Reykjavík, hefur leitt meiri vandræði af sér en flest annað. Sem dæmi má nefna um misskildar aðgerðir að læknisfræðileg myndgreining hefur verið flutt af sjúkrahúsunum til einkafyrirtækja út í bæ. *Tryggingastofnun ríkisins hefur greitt 150 millj. til eins* fyrirtækis sem annast þessa þjónustu. 150 millj. kr. sem færðar hafa verið frá sjúkrahúsþjónustunni til sérfræðinga sem reka einkafyrirtæki út í bæ, svokallaða læknisfræðilega myndgreiningu. Þar borgar sjúklingurinn þó 900 kr. fyrir hverja myndatöku af 27.000 kr. sem hver myndataka kostar. Þó tækjakostur sé væntanlega nokkuð dýr geri ég ráð fyrir að um ansi ábatasama vinnu sé að ræða. En vandséð verður hver kosturinn er að færa þetta út af sjúkrahúsunum fremur en gera þeim kleift að sinna þjónustunni eins fljótt og þessi *fyrirtæki geta gert.*

Þá felldi hæstv. heilbrrh. niður svokallaða bifreiðastjóratryggingu sem hefur verið í almannatryggingakerfinu um árabil. Þar komu 200 millj. kr. Bílaeigendur borguðu þá tryggingu sjálfir þó hún væri greidd af Tryggingastofnun ríkisins. Með því að fella þetta niður af einhverri vanþekkingu á kerfinu þá komu auðvitað þær 200 millj. kr., sem greiddar höfðu verið í gegnum þessa tryggingu, beint inn í sjúkratryggingarnar. Það er ein skýringin á þessari miklu hækkun.

En auðvitað er ekki aðeins um peninga að ræða þegar talað er um heilbrigðiskerfið. Það er líka mikið alvörumál að tannlæknaþjónusta 6–15 ára barna, sem fyrir nokkrum árum var ókeypis, er nú þannig að foreldrar þurfa að greiða 25% og öllum tannlæknum ber saman um að þar með hafi þjónustan stórversnað. Fólk er svo hart keyrt peningalega að það hlífir sér við 25%.

Í yfirliti í inngangi við lagafrv. er talað um að tekjur ríkissjóðs hafi orið meiri en vænta mátti en aukin gjöld koma þar á móti. Talað er um að tekju- og eignarskattar einstaklinga verði sem næst áætlun en fyrirtækin skili nokkru meira. En síðasti liðurinn í upptalningu á auknum tekjum ríkisins vekur athygli af því að þar er talið að tekjur af þeim gjaldstofnum, sem falla hér undir, muni verða í samræmi við áætlun á þessu ári. En þar segir, með leyfi hæstv. forseta: „Þar skiptir hins vegar í tvö horn. Vaxtatekjur hafa orðið talsvert meiri en reiknað var með en á hinn bóginn verða bókfærðar tekjur af sölu eigna lægri en gert var ráð fyrir í áætlun fjárlaga." Öll vitum við að lítið hefur gerst í sölu eigna hins opinbera en þessi vaxtahækkun vekur athygli sem ég get ekki betur séð en að sé um 10% frá fjárlögum. Eftir því sem mér hefur skilist er um að ræða vexti af lánum sem ríkisstjórnin hefur endurlánað t.d. fyrirtækjum eins og Lánasjóði ísl. námsmanna og fleiri og tekjur af þeim greiðslum eru síðan færðar sem vextir. Hér mun þó um að ræða vexti sem þegar hafa verið greiddir en vísast er að citthvað sé um slíkar vaxtatekjur sem aldrei koma til greiðslu vegna erfiðleika fyrirtækjanna.

Ég vildi biðja hæstv. fjmrh. að útskýra samt betur fyrir mér í hverju þessi mikla vaxtateknahækkun — er hæstv. ráðherra horfinn? (**Fjmrh.:** Ég er að hlusta.) Nú, hann mun hlusta með því eyranu, sem síminn liggur ekki á, og er það vel. En ég óska eftir að fá skýringu á því í hverju þessi 10% frávik frá fjárlögum í vaxtatekjum ríkissjóðs eru fólgin.

Eins og ég segi er erfitt að fara yfir einstaka málaflokka þar sem enginn er til svars. Kannski er ekki gustuk að ergja hæstv. forsrh. með sorglegri útkomu hinnar umdeildu lýðveldishátíðar sl. sumar. Þar virðast áætlanir hafa verið á þann veg að ekki er eftir hafandi og hlýtur það að vera hálfneyðarlegt fyrir þá sem aldrei komust en urðu að eyða þessum merka degi á þjóðveginum til Þingvalla við illan kost. Ég geri ráð fyrir að það fólk sjái dálítið eftir 52 millj. sem vantar í það ævintýri. En það má segja að það séu kannski smámunir miðað við ýmislegt annað sem hér er að finna.

Ég held að það sé alvörumál og þurfi mikla óskammfeilni til að geta haft það á bakinu sem hefur verið lagt á almenning í landinu með niðurskurði í heilbrigðiskerfinu. Það er satt að segja að verða slíkt alvörumál að frá því verður að snúa áður en illa fer og heilsufar landsmanna verður á þann veg sem það var fyrir mörgum árum og allt það sem gert hefur verið síðan verður að engu gert á örfáum árum. En ég ætla mér ekki þá dul að reyna að fá hæstv. heilbrrh. hingað til spjalls enda e.t.v. ekki við núverandi ráðherra að tala, það væri vísast betra að tala við hinn fyrrverandi, núverandi hæstv. félmrh., og ég á ekki von á að ég gengi þar í mikinn vísdóm í ríkisfjármálum.

Ég vil leyfa mér að spyrja um lið sem minnst er á í inngangi greinargerðar á bls. 28 þar sem ég átta mig ekki alveg á hvernig hlutirnir koma heim og saman. Þar er talað um að ákveðið hafi verið að eftirstöðvar í Verðjöfnunarsjóði sjávarútvegsins renni til ríkissjóðs og komi til lækkunar á rekstrarútgjöldum en á bls. 36, undir liðnum Hafrannsóknastofnun segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Með setningu laga um Þróunarsjóð sjávarútvegsins á vorþingi var lögum um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins jafnframt breytt á þann veg að aðrar eignir sjóðsins en innstæður einstakra framleiðenda skyldu renna til reksturs Hafrannsóknastofnunar. Lagt er til að sértekjur stofnunarinnar hækki af þeirri ástæðu um 215 millj. kr."

Ég vildi því spyrja hæstv. fjmrh., hvort eftirstöðvar í Verðjöfnunarsjóði sjávarútvegsins eru svipuð upphæð og þessar 215 millj. sem Hafrannsóknastofnun er gert að lækka tilkostnað sinn.

Það vekur athygli að hæstv. menntmrh. þarf ekki mikið á fjáraukalögum enda ekki á bætandi umræðu um ástandið í þeim málum. Áðan fór fram umræða utan dagskrár um Háskóla Íslands. Það væri ástæða til að halda margar umræður utan dagskrár um allt skólakerfi landsins, það stefnuleysi, sem þar ríkir, og virðist fara aflaga sem ekki er einungis hægt að álasa hæstv. ríkisstjórn og hv. Alþingi fyrir. Ég held að fyrsta skilyrðið til þess að menn viti hvað þeir eru að gera varðandi menntakerfið í landinu sé að gera sér grein fyrir hvað er grunnskóli, hvað er almennur framhaldsskóli, hvað er verkmenntun og hvað er háskóli.

Á síðustu tímum hafa menn tekið upp orðið háskóli um alla skapaða hluti. Í vitund a.m.k. þeirra sem einhvern tíma gengu í menntaskóla og í háskóla var háskóli akademía, æðst menntastofnana, þar sem grunnmenntun og grunnrannsóknir fóru fram. Akademía er ekki verkmenntaskóli af neinu tagi. Áður en menn ana áfram og stofna háskóla í hverju kjördæmi vildi ég biðja menn um að setjast niður og ákveða hvort það hefur breyst að akademía þýði í hugum menntaðs fólks háskóli eða hvort maður getur á endanum farið í háskóla til að læra á bíl eða sjóða mat. Ég ber ekki litla virðingu fyrir þeim verkum en það hefur ærið lítið með grunnnám, grunnmenntun og grunnrannsóknir að gera og á þessu er mikill munur. Háskólar eiga ekki endilega að vera mjög sérhæfðir. Öll menntun er gagnleg hverju nafni sem hún nefnist. Og háskóli á að vera undirstaða undir frekari rannsóknum. Háskóli á ekki að vera verkþjálfunarskóli afmarkaðra verkefna. Þeir veita þá menntun og afla þeirrar vitneskju sem er flutt áfram inn í verk þeirra sem við taka. Þetta ætti ekki að þurfa að segja hér á hinu háa Alþingi. Þar á móti, og ég vil taka það skýrt fram, hef ég síður en svo á móti því að háskólinn eigi alls kyns útibú af öllu tagi víðs vegar um land, en í öllum bænum ekki tala um slíkar einstakar deildir sem háskóla. Það eru háskóladeildir, það eru háskólaútibú. Það yrði ekki til neins nema gera litla Ísland hlægilegt í augum umheimsins ef við stæðum einn góðan veðurdag uppi og segðum að við ættum 40 háskóla í landinu. Því mundi enginn maður trúa.

E.t.v. er orsökin fyrir þessu, ég vil segja nafnasnobbi, sú að menn snobba fyrir ákveðinni menntun og það er rangt. Öll menntun hvort sem hún er til hugar eða handa er jafnþýðingarmikil og menn þurfa ekki að skreyta sig með nöfnum sem þeir ekki rísa undir til

þess að afla verkum sínum virðingu. Ég held að fyrr yrði tekið eftir því ef sorphreinsunardeildirnar í Reykjavík legðu niður störf í viku en þó ef einhver hálærður kennari skrópaði í vinnunni í viku. Öll störf í einu þjóðfélagi eru keðja, sem verður ekki slitin, og ástæðulaust er að bera meiri virðingu fyrir einu starfi en öðru. En það er jafnheimskulegt að skilja ekki inntak hvers verks fyrir sig. Meðan fólk sem virðist ekki hafa hugsað þetta til enda er sí og æ að bjástra í menntakerfinu, breyta grundvallarkerfi, sem á tímabili leit út fyrir að ætla að verða sæmilegt, þá er ekki von á góðu. Það er alvörumál að bylta þjóðfélagi á hvaða sviði sem er nema það sé mjög vel undirbúið og grundað áður en menn hlaupa í vitleysu sem enginn sér fyrir endann á. Víst er sorglegt að þurfa að hugsa sér það að við séum að undirbúa börnin okkar í grunnskólunum verr en aðrar þjóðir í kringum okkur. Ég vil minna þá á sem á ekkert trúa nema peninga í lífinu að við erum aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu og sá tími kann að koma að það verði bannað að vera svona grunnhygginn, það verði bannað að reka svona skólakerfi. Við erum búin að undirgangast að vinna eftir ákveðnum leiðum í ákveðnu efnahagskerfi. Við komumst ekkert upp með að haga okkur eins og okkur sýnist eftir það, ég veit ekki hvort ég á að segja sem betur fer eða því miður. Ég efast æ meira um hvor kosturinn væri eðlilegri.

Það er greinilegt að ræða mín hefur áhrif á hæstv. ríkisstjórn því að nú er hún öll horfin og kannski ekki ástæða til að sakna hennar sérstaklega. Vera má að einhver hugsandi manneskja úti í þjóðfélaginu hlýði á mál mitt og hugsi kannski hvort eitthvert smávit kynni að vera í því, ég vona það. (Gripið fram í.) Ég vil biðja hv. 1. þm. Vesturl., varaformann minn í hv. fjárln. að bíða með frammíköll og taka þá til máls í fyrsta skiptið í þessari umræðu og mun ég hlýða á mál hans með athygli að sjálfsögðu eins og ævinlega.

Það er sérkennilegt að hæstv. ráðherrar og ríkisstjórn, sem sí og æ eru að tala um að efla rannsóknir og menntun í landinu á öllum sviðum, efla fullvinnslu fisks og annast höfin í kringum okkur með virðingu fyrir því sem í þeim er, þá má ganga á hvern einasta lið í fjárlagafrv. því sem nú liggur fyrir og raunar fjáraukalögunum einnig og finna að allir þessir liðir eru skornir niður. Það þarf sérkennilegan hugsunarhátt til að sjá hvernig þetta getur komið heim og saman. Svo koma menn og segja á hátíðarstundum að allt sé þetta á uppleið þar sem hjólin séu farin að snúast, atvinnulífið sé að fara í gang, útflutningurinn eykst, iðnaðurinn blómstrar og svei mér þá ef ekki landbúnaðurinn líka, fólk er farið að finna fyrir kjarabata. Ég hef ekki enn þá hitt nokkra manneskju sem hefur tekið undir það, og allt eftir þessu. Sannleikurinn er sá að þetta er langt frá öllum raunveruleika og alveg greinilegt að þessi hæstv. ríkisstjórn virðist aldrei nokkurn tíma hitta nokkurn mann fyrir utan félaga sína í þeirri sömu hæstv. ríkisstjórn.

Hæstv. forseti. Ég skal ekki þreyta þær fáu sálir sem hér sitja og hlýða á mál mitt. Ég vil hins vegar vekja athygli á ýmsu sem ég tel að hafi ekki verið athugað. Í hv. fjárln. bar ég fram fyrirspurn hvað eftir annað og með erfiðismunum tókst mér að fá mjög svo sérkennileg svör en fyrirspurnin var á þá leið hvaða áhrif samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið hefði haft á forsendur fjárlaga, annars vegar á tekjuhlið og hins vegar á gjaldahlið. Ég hef gefist upp við að sætta mig við þau svör sem ég hef fengið innan nefndarinnar og hef borið þessa spurningu fram á hinu háa Alþingi. Það má vera meira en kyndugt ef þau áhrif eru engin. Þá hlýtur maður að spyrja: Til hvers vorum við að fara inn í samvinnu sem þegar hefur kostað okkur 800 millj. í pappírsvinnu en erfitt að sjá að ágóðinn hafi verið nokkur? Ég sé að þetta kemur ekki hv. 4. þm. Reykv., Eyjólfi Konráð Jónssyni, á óvart, hann hefur sennilega vitað þetta fyrir. En fróðlegt væri að vita hvort þetta er framtíðarástand þannig að ekki þurfi að vera sýnilegt að þessi áhrif verði nokkur.

Annað er það sem væri fróðlegt að vita og ég hef einnig spurt um og ég vil aðeins vekja athygli á þessum fyrirspurnum. Þær eru að vísu til hæstv. umhvrh., sem er langt síðan ég hef séð, og það er varðandi mál sem ég efast um að margir hafi gert sér grein fyrir en innan Evrópska efnahagssvæðisins gilda ákveðnar reglur um merkingu, auglýsingu og kynningu matvæla og innihald eða næringargildi. T.d. í Bandaríkjunum eru allt aðrir staðlar um slíkt. Ég fæ ekki betur séð en að í reglugerðum nr. 586 og 588, sem við höfum samþykkt hér á hinu háa Alþingi, tilskipun frá Brussel, þá beri öllum innflytjendum sem flytja vörur frá löndum utan svæðisins að uppfylla þessa reglu. Það væri fróðlegt að ræða það einhvern daginn við hæstv. fjmrh. hvaða áhrif þetta hafi nú á samkeppnisaðstöðu og vöruverð eða hvort við erum að útiloka alla aðra en löndin innan svæðisins frá því að selja vörur á svæðinu. Allt held ég að þetta sé vanhugsað og ástæða til að vekja athygli á.

Ég mun ekki gera þessi fjáraukalög frekar að umtalsefni, hæstv. forseti. Eftir eigum við að fá síðustu fjáraukalög eða ég vona að það þurfi ekki að verða nema eitt frv. En mér sýnist að fjárlagafrv. fyrir árið 1995 beri öll sömu merki um það sama ráðleysi á öllum sviðum ríkisfjármála sem útkoma ársins 1994 ber með sér. Af þessu ber að hafa áhyggjur og miður að ekki skyldi takast að gefa þessu ráðlausa fólki leyfi hér í gærkvöldi. En það er gaman að segja þjóðinni frá því að lokum, hæstv. forseti, að erlend sendiráð munu hafa spurt hvernig í ósköpunum það mætti vera að hv. þm. væri bannað að greiða atkvæði um vantraust á ríkisstjórnina, slíkt tilvik höfðu þeir aldrei áður heyrt, hæstv. forseti.

[15:32]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það eru aðeins örfá atriði. Í fyrsta lagi þá er mjög eðlileg skýring á því þótt fram komi að greiðsluheimildir í fjáraukalögum séu það rúmar að þær séu ekki allar nýttar á yfirstandandi ári. Það er ekkert athugavert við það að stofnanir fái greiðsluheimildir í fárlögum eða fjáraukalögunum en nýti ekki allar heimildir. Það er síðan leiðrétt í síðustu

fjáraukalögunum sem koma eftir jólin eins og hv. þm. veit og þess vegna er varhugavert að draga þá ályktun af fjáraukalagafrv. sem sumir hafa gert hér á árum áður að leggja heimildirnar saman og segja síðan: Þetta er hallinn. Hann kemur ekki í ljós fyrr en endanlega er gert upp.

Í öðru lagi eru vaxtatekjurnar meiri í ár en gert var ráð fyrir vegna þess að innheimta opinberra gjalda hefur gengið betur og að hluta til eru það dráttarvextir. Þó er munurinn ekki meiri en svo að við erum með vaxtatekjur liðlega það sem var í fyrra. En við höfum gert ráð fyrir að þær yrðu heldur minni í ár vegna þess að vextir hafa lækkað.

Í þriðja lagi var spurst fyrir um það sem kemur fram á bls. 28 og 36. Það er rétt til getið hjá hv. þm. að 215 millj. eftirstöðvar í Verðjöfnunarsjóði sjávarútvegsins renna til Hafrannsóknastofnunar og koma nánast í staðinn fyrir það gjald sem stofnunin hafði áður en gengur nú til Þróunarsjóðs sjávarútvegsins eins og kom fram í lögum sem Alþingi samþykkti á síðasta þingi. Ég vona að þessar athugasemdir mínar, sem ég nota hér tækifærið í andsvari að koma til skila, skýri a.m.k. eða komi sem svör við fyrirspurnum hv. þm.

[15:34]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Ég vil biðja hæstv. forseta að gera hæstv. forsrh. viðvart. Hann átti von á því að ég endurtæki hér fyrirspurn mína til hans frá því að þessi umræða fór fyrr fram en þá var hæstv. forsrh. erlendis.

Á meðan við bíðum eftir hæstv. forsrh. þá vil ég ítreka fyrirspurn mína til hæstv. fjmrh. um áform fjmrn. varðandi fjármögnun Húsnæðisstofnunar ríkisins. Húsnæðisstofnun ríkisins hefur ekki um margra mánaða skeið getað selt þau bréf á 5% vöxtum sem hún hefur verið að bjóða á almennum markaði. Niðurstaðan hefur orðið sú eins og fram kemur í þessu frv. að ríkissjóður hefur þurft að hlaupa undir bagga sem nemur 7 milljörðum kr. Nú er mikilvægt að fá yfirlýsingu hæstv. fjmrh. um það hvort hér með sé lokið þessari aðstoð ríkissjóðs við Húsnæðisstofnun þannig að markaðurinn, svo vitnað sé í hæstv. fjmrh., fái nú loksins að verðleggja þessi bréf Húsnæðisstofnunar ríkisins. En það er auðvitað mjög merkilegt að hæstv. fjmrh. hefur haldið uppi þeirri stefnu að koma í veg fyrir að markaðurinn fái að verðleggja bréf Húsnæðisstofnunar ríkisins.

Fyrst hæstv. félmrh. er nú loksins kominn hér í salinn þá er rétt að spyrja hann einnig hvort tryggt sé að Húsnæðisstofnun ríkisins muni ekki óska eftir frekari aðstoð frá ríkissjóði til að fjármagna bréf sem ekki seljast á markaði á þeim kjörum sem Húsnæðisstofnun býður.

Sú staðreynd að markaðurinn hefur ekki viljað kaupa bréf Húsnæðisstofnunar á 5% vöxtum er auðvitað yfirlýsing markaðarins um það að hann trúir ekki á vaxtamark ríkisstjórnarinnar um 5%.

Ég vil líka spyrja hæstv. félmrh. að því fyrst hann er mættur hvort nú sé lokið kaupum Seðlabankans á húsbréfum. Það hefur komið fram að Seðlabankinn hefur á þessu ári keypt húsbréf fyrir 4 milljarða kr. Það hefur jafnframt komið fram að seðlabankastjórar telja óeðlilegt að Seðlabankinn annist svo mikil kaup húsbréfa. Þess vegna hafa þeir boðað að það kunni að vera í vændum að Seðlabankinn fari út á markaðinn með þessi húsbréf og reyni að selja þau. Þar með hljóta vextirnir á húsbréfunum að hækka enn frekar. Þess vegna er nauðsynlegt að hæstv. félmrh. og hæstv. fjmrh. lýsi hér yfir afstöðu sinni um áform ríkisins og Seðlabankans í fyrsta lagi gagnvart húsbréfunum og í öðru lagi þeim útboðum á lántökum sem Húsnæðisstofnun ríkisins hefur staðið fyrir. Ef á að vera hægt að meta horfurnar í vaxtamálum hér á næstunni þá er auðvitað mikilvægt að þessar tvær forsendur liggi fyrir. Ég vil þess vegna ítreka ósk mína um það að hæstv. fjmrh. og hæstv. félmrh. gefi hér yfirlýsingu um hvað ríkissjóður hyggst fyrir varðandi lántökur Húsnæðisstofnunar og hver eru áform ríkisins varðandi húsbréfakaup Seðlabankans.

Nú er það svo, virðulegur forseti, að ég er kominn að því í ræðu minni að beina orðum mínum til hæstv. forsrh. Ég hef ítrekað í dag gert hæstv. forsrh. viðvart að ég þurfi að ræða við hann í nokkrar mínútur, þær verða ekki mjög margar. En ég tel enga ástæðu til að vera að rekja hér einhver efni sem ég ætlaði mér ekki að flytja í ræðu minni þó að hæstv. forsrh. sé ekki mættur.

(**Forseti** (GunnS): Forseti hefur gert ráðstafanir til þess að gera hæstv. forsrh. viðvart um beiðni hv. 8. þm. Reykn. Þeirri beiðni hefur verið komið á framfæri. Ef hv. 8. þm. Reykn. óskar eftir að bíða eftir að hæstv. forsrh. komi þá er það honum velkomið.)

Það er rétt að ég taki boði forseta að bíða en það fer nú eftir því hvað langt er í komu forsrh. hvort ég bíð í ræðustólnum eða utan hans. En þetta er auðvitað ekki viðunandi, hæstv. forseti, að þingstörfin tefjist hvað eftir annað vegna fjarveru ráðherranna og vil ég nú aftur ítreka það að fjarvera hæstv. viðskrh. við þessa umræðu og væntanlega lánsfjárlagafrv. hér á eftir er fullkomlega óviðunandi.

Ég vil nú þakka hæstv. forsrh. fyrir að koma til umræðunnar. Tilefni þess að ég bið hæstv. forsrh. að taka þátt í umræðunni er sú ákvörðun fjmrn. fyrir skömmu síðan að hefja útgáfu ECU-bréfa. En fjmrn. ákvað að setja á markaðinn spariskírteini tengd erlendri mynt og með alþjóðlegri vaxtaviðmiðun. Þessi ákvörðun fjmrn. fól það í sér að fjmrn. vék frá þeirri stefnu að bjóða aðeins spariskírteini ríkissjóðs á þeim vaxtakjörum sem fólu í sér yfirlýst vaxtamarkmið ríkisstjórnarinnar. Ég vil fyrst spyrja hæstv. forsrh. hvort hann hafi verið samþykkur því að horfið væri frá því að gefa út spariskírteini með hefðbundnum hætti og farið að gefa út þessi ECU-bréf í staðinn. Hvort leitað hafi verið eftir samþykki ríkisstjórnarinnar við þessari útgáfu eða hvort þessi ákvörðun fjmrh. var tekin af honum einum.

Ég spyr vegna þess, virðulegi forsrh., að 5% vaxtamarkið á langtímaverðbréfum ríkissjóðs hefur verið eins konar hornsteinn í þeirri kjölfestu sem hæstv. forsrh. hefur boðað. Nú hefur það verið upplýst af banka-

stjóra Seðlabankans að síðan ECU-bréfin komu á markað hafa engin tilboð komið í venjuleg ríkisbréf, svo vitnað sé orðrétt í bankastjóra Seðlabankans. Ástæðan er einfaldlega sú að vextirnir á ECU-bréfunum eru 8,5%. Miðað við núll prósent verðbólgu eru 8,5% raunvextir á þessum bréfum. Nú geta menn auðvitað velt því fyrir sér að ólíklegt sé að verðbólga verði hér áfram núll prósent og menn geta líka velt því fyrir sér að óvissa ríki um það hvernig þróun erlendra gjaldmiðla kunni að verða á næstu missirum eða á gildistíma ECU-bréfanna. Það breytir því ekki að fjmrn. hefur með útgáfu þessara bréfa tekið sér það fyrir hendur að rugla markaðinn í stað þess að halda sér fast við 5% vaxtamarkið á venjulegum íslenskum spariskírteinum ríkissjóðs er einlit nauðsyn verðbréfakaupenda á spekúlasjón varðandi stöðugleikann í verðbólgunni og gengisþróuninni og knýja þannig fram hærri vaxtakjör miðað við núverandi ástand og líklegt ástand í næstu framtíð í íslenskum efnahagsmálum. Ég vil spyrja hæstv. forsrh.: Ef hann er samþykkur því að fara að rugla markaðinn með þessum hætti sem hér er gert með þessari útgáfu hver eru rökin fyrir því að gera það? Hver eru rökin fyrir því að hefja óvissutímabil með þessum hætti?

Það er alveg ljóst á ummælum bankastjóra Seðlabankans að útgáfa ECU-bréfanna nýtur ekki mikils stuðnings í Seðlabankanum. Það er kannski hægt að orða það kurteislega á þann veg að Seðlabankinn hafi efasemdir um að útgáfa ECU-bréfanna hafi verið skynsamleg sem tæki til að halda vaxtastiginu við það mark sem ríkisstjórnin hefur sett sér. Seðlabankinn hefur lagt mikið á sig til að halda þessu vaxtaviðmiði gildu. Seðlabankinn hefur t.d. keypt 4 milljarða af húsbréfum. Seðlabankinn hefur keypt tvo þriðju af þeim ríkisvíxlum sem hafa verið hér á markaði og Seðlabankinn hefur keypt pappíra ríkissjóðs fyrir utan húsbréfin fyrir 9 milljarða það sem af er þessu ári. Þannig að Seðlabankinn hefur keypt u.þ.b. 13–14 milljarða á þessu ári til að viðhalda þessu vaxtamarkmiði. Það er þess vegna misskilningur, virðulegur forsrh. að markaðurinn hafi trúað á 5% markið. Markaðurinn hefur ekki viljað kaupa bréf Húsnæðisstofnunar ríkisins sem hún hefur boðið út hvað eftir annað á 5% vöxtum. Ríkissjóður hefur þess vegna greitt 7 milljarða til Húsnæðisstofnunar af því að markaðurinn vildi ekki kaupa bréfin á þessum kjörum. Seðlabankinn hefur keypt húsbréf. Seðlabankinn hefur keypt tvo þriðju ríkisvíxlanna þannig að það er auðvitað alveg ljóst að áhrifaríkasti aðilinn á markaðnum hefur verið Seðlabankinn í kaupum á þeim bréfum sem ríkissjóður hefur boðið. Það væri nú æskilegt að þetta samráð fjmrh. við forsrh. hefði farið fram áður en ECU-bréfin voru gefin út en ekki í salnum undir ræðu minni.

Þá gerist það þegar allt þetta blasir við, efasemdir um 5% markið vegna vonleysis í útgáfu Húsnæðisstofnunar á verðbréfum vegna kaupa Seðlabankans á ríkisvíxlum, vegna kaupa Seðlabankans á húsbréfum og vegna kaupa Seðlabankans á öðrum pappírum ríkissjóðs, að fjmrn. sjálft gengur fram og býður ECU-bréfin með þeim hætti að í þeim felast 8,5% raunvextir miðað við núverandi ástand í íslenskum efnahagsmálum. Eigi að vera sambærileg kjör á ECU-bréfunum og þeim öðrum hefðbundnu spariskírteinum sem ég hélt að ríkisstjórnin ætlaði að halda sér við þá þarf að verða hér 3,5% verðbólga þannig að fjmrn. er í raun og veru að gefa til kynna út frá arðseminni að menn skuli búast við aukinni verðbólgu hér á landi eða gengisþróun sem sé óhagstæð. Ég tel í raun og veru, virðulegi forsrh., að útgáfa þessara ECU-bréfa sé ein alvarlegasta atlagan að 5% vaxtamarkmiði ríkisstjórnarinnar og það sé mjög merkilegt að fjmrn. með óljósum röksemdum um tilbreytingar á markaðnum sem voru satt að segja einu röksemdirnar sem fjmrh. færði hér fram fyrir útgáfu þessara bréfa þegar ég spurði hann um það í fjarveru hæstv. forsrh., tilbreyting á markaðnum. Jú, jú, hún getur átt rétt á sér. En hver er orsök þeirrar tilbreytingar? Orsökin virðist vera sú að fjmrn. virtist ekki geta selt bréf á 5% raunvöxtum og fór þess vegna að selja bréf sem við núverandi ástand miða við 8,5% raunvexti.

Virðulegi forseti. Um þessi mál og fleiri má margt segja sem við höfum kannski tækifæri til þess að ræða hér undir frv. til lánsfjárlaga síðar í dag, um þróun vaxtastefnunnar almennt séð, en ég vildi við þessa umræðu vegna þess sem fram kom í síðustu viku beina þessum spurningum til þeirra þriggja ráðherra sem hér eru staddir og tel mjög brýnt að fá skýr svör við þeim vegna þess að skýr svör við þessum spurningum eru nauðsynlegur þáttur til þess að þeir sem á annað borð vilja gerast kaupendur á þessum markaði geti haft ákveðnar staðreyndir í huga um stefnu stjórnvalda þegar þeir taka sínar ákvarðanir á næstunni.

Að lokum þetta. Hæstv. forsrh. gerir sér auðvitað grein fyrir því að Seðlabankinn hefur lýst því yfir í viðtölum við seðlabankastjóra á undanförnum dögum að nú geti Seðlabankinn ekki meira. Seðlabankinn sé búinn að hlaupa svo rækilega undir bagga með kaupum á húsbréfum, ríkisvíxlum og spariskírteinum að þanþol Seðlabankans sé á enda. Þá tekur markaðurinn við og það er inn í þá stöðu sem ríkissjóður býður ECU-bréfin og það er inn í þá stöðu sem hæstv. viðskrh. í síðustu viku lýsti því yfir að fjárstreymi yrði úr landi um áramótin og vextir mundu fara að hækka. Hefði Seðlabankinn getu til þess að halda áfram að hlaupa undir bagga þá væri þessi útgáfa ECU-bréfanna e.t.v. ekki eins truflandi eins og hún er en þegar þanþol Seðlabankans er brostið er alveg ljóst að markaðssetning ECU-bréfanna hlýtur að virka sem atlaga að þeim hornsteini efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar að halda sér við 5% raunvexti og þar með gefa til kynna að í reynd á markaðnum sjálfum trúir fjmrn. ekki heldur á 5% vaxtamarkmiðið. Það er auðvitað mjög merkilegt að fjmrh. sjálfur trúir ekki á 5% vaxtamarkmiðið.

[15:50]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti. Vegna þessarar umræðu sem hér á sér stað vil ég segja örfá orð. Ég vil fyrst taka fram að ég veit ekki annað en allir þeir sem um fjármál véla í landinu, bæði Seðlabanki, Þjóðhagsstofnun, forráða-

menn verðbréfafyrirtækja og aðrir slíkir hafi ekki látið í ljós trú sína á öðru en því að það vaxtabil sem nú er á langtímabréfum sé raunhæft og raunsætt. Það eru engar efnahagslegar forsendur uppi um þessar mundir sem gefa til kynna að þau markmið sem menn settu sér kunni að vera að raskast. Menn hafa hins vegar vitnað til hækkunar á skammtímavöxtum og þau áhrif sem fjárfestingarmöguleikar á skammtímabréfum hafa á slík kjör og það má segja að það beri nýrra við að áhyggjan í þeim efnum sé sú að vextir á Íslandi séu lægri en annars staðar gerist, þess vegna kunni vaxtakjör á erlendum mörkuðum að ýta vaxtakjörum á skammtímamarkaði örlítið upp. Þetta er ný umræða. Umræðan hefur jafnan verið sú hér að vextir hafi verið miklu hærri hér á landi en annars staðar gerist. Það sýnir einmitt árangurinn í vaxtamálum hér að umræðan um þennan þátt vaxtamálanna skuli fara í þennan farveg og við getum öll verið þakklát fyrir það.

Varðandi hitt sem rætt hefur verið um bæði hér í þessum sal og opinberlega á undanförnum dögum eða vikum um þátt Seðlabankans, þá er ég þeirrar skoðunar að Seðlabankinn hafi á undanförnum árum, tveim, þremur, fjórum árum tekið mun virkari þátt í því að hafa áhrif í takt við efnahagslegar forsendur á vaxtastigið og Seðlabankinn hafi í þeim efnum starfað mjög vel og í samræmi við þau markmið sem bankanum eru sett að þessu leyti til.

Það hefur verið haft á orði að nokkuð hafi gengið á gjaldeyrisforða bankans á síðustu mánuðum og hagtölur sýna það. En þá er þess að geta að þar eru menn að tala um gjaldeyrisstöðu sem hefur verið með eindæmum góð og því fer fjarri að gjaldeyrisstaðan nálgist nokkur hættumörk eða nálgist þau meðaltöl sem menn bjuggu við hér á árum áður, því fer fjarri að það nálgist. Í annan stað er mjög mikilvægt að skoða þessa hluti, þessi atriði í réttu samhengi. Er gjaldeyrisstaðan að skekkjast vegna þess að viðskiptajöfnuðurinn sé óhagstæður? Er að ganga á gjaldeyrisforðann vegna þess að umframeyðsla þjóðarbúsins umfram tekjur sé gríðarleg? Ekkert af þessu er að gerast. Hins vegar hafa ýmsir aðilar í kerfinu og þjóðfélaginu notfært sér rýmri skilyrði til að byggja sér upp sinn eigin gjaldeyrisvarasjóð, bæði fjárfestingaraðilar og bankar og breyting á gjaldeyrisvarasjóði Seðlabankans sem stafar af atriðum eins og þessum er allt, allt annars eðlis en gjaldeyriseyðsla sem stafaði af því að þjóðin væri á einhverju eyðslufylleríi. Ekkert slíkt er að gerast. Þvert á móti eru fyrirtæki, bankar, stundum með framvirkum samningum, stundum með hreinum fjárfestingum að notfæra sér þá möguleika sem opnast hafa og mynda sinn eigin gjaldeyrisvarasjóð erlendis sem kemur út af fyrir sig þjóðinni allri til góða.

Það var haft á orði hér að hæstv. fyrrv. fjmrh. hafi verið þeirrar skoðunar eins og ýmsir aðrir að ef það gerðist að íslenskir fjárfestar næðu að fjárfesta erlendis með sæmilega öruggum hætti við kjör sem væru hagfelldari en lánakjör íslenska ríkisins, þá væri sá ballans, það jafnvægi ekki óhagfellt íslenska þjóðarbúinu, það væri nettóhagnaður af slíku. Og í einhverjum mæli hefur slíkt verið að gerast að fjárfestar hafa verið að leita sem betur fer varfærnislega á erlenda markaði og mynda sér sína eigin varasjóði, dreifa ábyrgð eins og kallað er á sínum fjárfestingum í þágu sinna umbjóðenda erlendis. Þetta hefur haft viss áhrif á gjaldeyrisvarasjóðinn sem er þó í mjög góðu horfi.

Varðandi 5% markið að öðru leyti og það sem hefur verið nefnt sérstaklega um húsnæðisbréfin og viðhorf markaðarins hvað þau snertir þá hefur markaðurinn þar verið ærið þröngur. Þeir aðilar sem kannski helst hafa að fornu og nýju borið skyldu gagnvart húsnæðisbréfunum hafa bitið það í sig að þessi bréf skyldu vera 1–2% hærri en skuldabréf ríkisins. Ríkisvaldið hefur ekki haft nein efni til þess, en þessir aðilar, lífeyrissjóðir til að mynda sem ættu nú að hafa ríkar skyldur hvað fjármögnun Húsnæðisstofnunar snertir, hafa bitið þetta í sig. Og þess vegna hefur ríkisvaldið kosið að fjármagna þetta með öðrum hætti, enda engin nauðsyn sérstaklega í mínum huga að húsnæðisbréf séu gefin út ef þetta viðhorf er uppi.

Ég get út af fyrir sig tekið undir með hv. þm. að það voru svona ákveðnar efasemdir í mínum huga um útgáfu á bréfum með ECU-kjörunum. En ég féllst fyrir mitt leyti á þær röksemdir sem fram voru settar í því sambandi.

Þegar menn skoða þessar tölur er áríðandi að hafa í huga þegar tölurnar eru bornar saman að það eru nokkur grundvallaratriði sem eru frábrugðin í vaxtakjörunum. Annars vegar er um að ræða bréf þar sem menn hafa allt sitt á þurru, bréf ríkissjóðsins, ríkisskuldabréfin, verðtryggð bréf með föstum ákveðnum vöxtum til langs tíma sem þeir ganga að. Hins vegar bréf þar sem gætir margvíslegrar óvissu. Óvissu sem varðar verðbólgu og óvissu sem varðar gengi. Ef við tökum þessi fimm ára bréf, ECU-bréfin, með þá ávöxtun sem ríkissjóður féllst á við útboðinu á þeim og tökum spá Þjóðhagsstofnunar og fjmrn. til næsta árs þá má segja að miðað við 5% markið sé 0,5% munur eða svo sem mætir allri áhættu og óvissu, óvissu um það að verðbólgan kynni að verða eitthvað meiri en spáð er og óvissu um gengisþróun. Þegar sérfræðingar báru saman, og það var birt í helstu fjölmiðlum, þróun ávöxtunarkjara 1–2 ár aftur í tímann, á íslenskum bréfum verðtryggðum með tilteknum kjörum og ECU-bréfum, kom í ljós að áhættuþátturinn var töluvert mikill. Það er mjög áríðandi að þessir þættir séu hafðir í huga. En ég geri ekkert lítið úr því sem hv. þm. sagði að það er viss hætta á því að slík útgáfa kunni að rugla eitthvað myndina. En menn hafa talið þýðingarmikið að láta það ekki aftra því að fjölbreytni á mörkuðunum sé aukin enda hafa verið töluverðar væntingar og töluverðar kröfur um að það verði gert. Ég get ekki séð að þetta útboð hafi í neinu miðað við þær forsendur, sem ég hef nú rakið, spillt vaxtastefnu ríkisstjórnarinnar eða þeirri vaxtastefnu sem hæstv. fjmrh. hefur fylgt. Ég fæ ekki séð að það hafi gerst

Meginefnið og meginatriðið er þetta, þeir þættir sem að Seðlabankanum snúa eru að mínu viti í góðu horfi. Seðlabankinn hefur tekið virkan þátt í þessum þáttum efnahagslífsins með mikilvægum árangri og það ber að meta. Starfsemi bankans hefur ekki verið stefnt í neina

hættu. Þróun gjaldeyrisvarasjóðsins gefur ekki tilefni til neins ótta með hliðsjón af þeim atriðum sem ég nefndi sérstaklega. Á hinn bóginn verður auðvitað að gera þá kröfu til Seðlabankans og þeirra sem koma fram í umboði hans, í nafni hans, að þeir gæti varúðar í ummælum sínum. Þess hefur bankinn jafnan reynt að gæta. En það hefur aðeins borið á því upp á síðkastið að þeirrar varúðar hefur ekki verið gætt. Það er talað um það erlendis að til séu atriði sem menn nefna „economical mouth disease", einhvers konar efnahagslegt munnangur í lauslegri þýðingu, sem getur haft mjög alvarlegar afleiðingar. Ég ætla ekki að nefna nein sérstök nöfn en ég þykist þó muna eftir því að sá hv. þm. sem áðan talaði nafngreindi einu sinni mann og taldi að talið í viðkomandi væri eitt mesta efnahagsvandamál þjóðarinnar. Ég ætla ekkert að rifja upp hvar það var en þetta flýgur svona í hugann. (**Gripið fram í:** Dylgjur.) Ég veit nú ekki hvort hv. þm. fór með dylgjur á þeim tíma, ég skal ekkert tala um það en þetta var svo. (Gripið fram í.) Hvað sagði hv. þm.? (Forseti hringir.) Ef hv. þm. kýs frekar þá skal ég reyna að rifja þetta upp og taka þá leiðréttingum. Ég hygg að setningin hafi verið sú. (**Gripið fram í:** Þetta er alveg rétt.) Þetta er alveg rétt, segir hv. þm., þetta stenst, þá geng ég ekki lengra með málið.

En menn verða sem sagt að fara varlega, einkum þeir sem ábyrgðarstörfum gegna, því að óvarleg ummæli og ekki nægilega vel ígrunduð geta haft efnahagslega þýðingu. Þetta er ekki bundið við Ísland eitt, þetta er alþekkt um víða veröld. Reyndar stundum taka markaðir nú slíkum ummælum eða jafnvel athugunum manna allt of hátíðlega og bregðast við þannig að með ólíkindum er. Frægt var nú þegar Volcker, fyrrum seðlabankastjóri Bandaríkjanna, fékk hálsbólgu og þá lækkuðu bréf á mörkuðum. Þá eru menn auðvitað komnir út í öfgar. En það er verra þegar ógætileg ummæli fara út um hálsinn á viðkomandi, þá er líklegra að það hafi hættuleg áhrif.

En ég tel að við séum ekki komnir í neinar ógöngur og þetta útboð gefi ekki til kynna að álykta að vaxtastefnunni sé stefnt í voða. En ég er ekki að gera lítið úr þeim sjónarmiðum hv. þm. sem hann nefndi að að öllum þessum hlutum verði að fara með gát.

[16:03]

Guðrún Helgadóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það sem af er þessu ári hefur gjaldeyrisforði Seðlabankans lækkað um 8 milljarða eða 25%. Með tilliti til þess sem nú gerist um áramótin þá vil ég spyrja hæstv. forsrh.: Hvenær hyggur hann að hætta sé á ferðum? Hvaða viðmiðun hefur hann? Hversu mikið má nota gjaldeyrisforða Seðlabankans til að halda jafnvægi í efnahagslífinu án þess að hætta sé raunverulega fyrir höndum?

[16:04]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í þeim áætlunum sem menn höfðu gert bjuggust menn við að gjaldeyrisvarasjóðurinn kynni að lækka um allmarga milljarða á þessu ári þannig að það kemur ekki á óvart. Hin venjulega viðmiðun hefur verið sú að gjaldeyrisvarasjóðurinn dygði fyrir tilteknum vöruinnflutningi tiltekinn mánuð, þ.e. vöruflutningi þjóðarinnar í tvo til þrjá mánuði. (Gripið fram í.) Við erum verulega fyrir ofan þau mörk. Verulega fyrir ofan þau mörk.

[16:05]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er nú leitt að ég hef lokið mínum venjulega ræðutíma því að það væri vissulega tilefni til að ræða hér ýmislegt í framhaldi af ræðu hæstv. forsrh. en kannski gefst tækifæri til þess í umræðum um lánsfjárlög fyrir árið 1995.

Ég vil þakka hæstv. forsrh. fyrir að hafa staðfest það hér að hann hafði, forsrh. hæstv., ráðherra efnahagsmála, efasemdir um útgáfu ECU-bréfanna. Það er auðvitað mjög mikilvægt að það er staðfest hér á Alþingi að slík sjónarmið voru uppi og er það vel vegna þess að ég tel að þau sjónarmið hafi nú verið réttari heldur en sjónarmið hæstv. fjmrh. Hæstv. forsrh. sagði síðan í framhaldinu að þótt hann hefði haft þessar efasemdir þá sæi hann ekki að útgáfa ECU-bréfanna hefðu spillt markaðnum fram að þessu. Það er nú eftir því hvernig á það er litið, hæstv. forsrh., vegna þess að Seðlabankinn hefur upplýst að eftir að ECU-bréfin voru gefin út hafa hin hefðbundnu langtímabréf ríkissjóðs ekki selst. Þannig hefur útgáfa ríkissjóðs á ECU-bréfunum nánast kippt fótunum, a.m.k. um stund, jafnvel langvarandi, undan hinum hefðbundna langtíma verðbréfamarkaði ríkisins þar sem 5% vaxtamarkið er skýrt og afdráttarlaust.

Varðandi hins vegar þá yfirlýsingu að það skipti ríkissjóð litlu máli hvort Húsnæðisstofnun selur sín bréf eða ekki á 5% vöxtum þá má vera að menn geti haft þá skoðun en það er alveg ljóst að þegar svona öflugur aðili eins og Húsnæðisstofnun er að bjóða bréf hvað eftir annað á 5% vöxtum og enginn vill kaupa þá hefur það áhrif á að draga úr tiltrú markaðarins á því 5% marki og því tel ég að bæði hin sífellda tilraun Húsnæðisstofnunar hér í allt sumar til að selja bréfin og útgáfa ECU-bréfanna hjá ríkissjóði hafi hvort tveggja grafið undan þessu markmiði.

[16:07]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Nú er staðan sú hjá ríkissjóði að hann þarf ekki að vera fyrirferðarmikill á lánsfjármörkuðum það sem eftir lifir þessa árs og mun ekki hafa áhrif á þau kjör hvað það varðar. Það sem ég nefndi um húsnæðisbréfin er þetta: Þar hafa forráðamenn lífeyrissjóða bitið sig fast í það að þar skyldu verða önnur kjör en á verðbréfum ríkisins. Við höfum ekki gert neinn mun þar á. Út af fyrir sig má segja að það sé rétt hjá hv. þm. að óþarft hefði verið að Húsnæðisstofnun byði jafnört út bréf á meðan þetta viðhorf var uppi. Ég tel koma fyllilega til álita eins og ég hef sagt að þessi fjármögnunarþáttur færist alfarið yfir til ríkisvaldsins og húsnæðisbréfin sem sérstakur lánaflokkur hverfi. Ég mundi ekkert sjá eftir þeim sérstaklega. Hins vegar var viðhorfið þannig hér áður að það væri ákveðið samhengi milli fjármögnunaraðilans og fjármögnunar á þeim sérstöku verkefnum sem Hús-

næðisstofnun tekur til. En ef það er ekki sjónarmið fjárfestanna þá er það samhengi ekki lengur mikils virði og geta menn þá hugsað sér að ganga þar í aðrar áttir.

[16:09]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Sé það rétt hjá hæstv. forsrh. að ríkissjóður hafi enga þörf á því að vera fyrirferðarmikill á verðbréfamarkaðnum þá skil ég ekki, hæstv. forsrh., hvers vegna ríkissjóður birtir hér dag eftir dag í síðustu viku heilsíðuauglýsingar í víðlesnustu dagblöðum landsins til að kynna útgáfu ECU-bréfanna og hvetja menn til að kaupa þessi bréf. Það var satt að segja enginn á markaðnum að gera sig gildandi hér í síðustu viku nema ríkissjóður. Með þessum líka flenniauglýsingum og varð það tilefni til umræðna hér í þinginu í fjarveru hæstv. forsrh., og ekki víst að hann hafi frétt af því, hvort beljan væri íslensk eða erlend sem á þessum myndum er þar til formaður Búnaðarfélagsins upplýsti að hún væri íslensk. Þannig að ég er eiginlega alveg hættur að skilja samhengið í fjármálastefnunni og vaxtapólitíkinni og verðbréfastefnunni hjá ríkissjóði ef hæstv. forsrh. er þeirrar skoðunar að ríkissjóður þurfi ekki að vera fyrirferðarmikill en hæstv. fjmrh. ryðst fram með þessum líka gassagangi og leggur dag eftir dag heilar síður í dagblöðum landsins undir kynningu á þessum bréfum sem síðan hæstv. forsrh., að ég tel með réttu, hefur nú upplýst að hann hafi haft alvarlegar athugasemdir um að væru gefin út.

[16:10]

Félagsmálaráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson):

Virðulegi forseti. Ég vil leggja nokkur orð í belg vegna þeirrar umræðu sem hér hefur átt sér stað um fjármögnun húsnæðiskerfisins. Raunar hefur hæstv. forsrh. farið yfir nokkur þau atriði sem ég hugðist drepa á. En almennt vil ég segja að það er auðvitað engin tilviljun að nokkrar kröfur eru gerðar til lífeyrissjóðanna, sem eru langstærstu eigendur fjármagns í þessu litla landi okkar, þegar kemur að húsnæðislánakerfinu. Þar eru ástæðurnar sögulegs eðlis. Þarna á milli hefur verið samspil, lengst af með beinum samningum Húsnæðisstofnunar og lífeyrissjóðanna samkvæmt ákveðnum skilmálum sem þar giltu um. Um það var hins vegar tekin ákvörðun fyrir ekki margt löngu að þessi fjármögnun færi alfarið um markað en beinir samningar um kjör og fyrirkomulag tilheyrðu liðinni tíð.

Nú er það svo, þrátt fyrir allt, um ágæti þessa verðbréfamarkaðar og peningamarkaðar hér á landi að hann er ákaflega fábreyttur. Hann er ákaflega einfaldur í eðli sínu. Stórkaupendur að fjármagni með þessum hætti eru ekki allt of margir. Nú hins vegar bregður svo við, eins og hæstv. forsrh. gat hér réttilega um, að einhverra hluta vegna hafa lífeyrissjóðirnir fylgt þeirri stefnu að stórum hluta til á þessu ári að kaupa ekki pappíra frá Húsnæðisstofnun ríkisins á sama verði og hefðbundna ríkispappíra. Ég hef átt viðræður við forsvarsmenn lífeyrissjóðanna um þetta og einnig Seðlabanka Íslands um hugsanlegar ástæður þessa. Þær eru mér ekkert allt of ljósar. Ýmsum tæknilegum útfærslum bréfanna hefur verið borið við sem hluta af skýringunum. Forsvarsmenn Húsnæðisstofnunar ríkisins hafa reynt að koma til móts við ábendingar og tilmæli forsvarsmanna lífeyrissjóðanna um breytingar á lánstíma og fyrirkomulagi bréfanna o.s.frv. Þrátt fyrir það hefur það ekki reynst nóg og þessi kaup hafa ekki gengið fram eins og vonir stóðu til miðað við það 5% mark sem ríkissjóður hefur bundið sig við. Þess vegna hefur um tíma þessi nauðsynlega lína milli lífeyrissjóðanna annars vegar, þess fjölmenna hóps sem þar stendur að baki, og húsnæðiskerfisins hins vegar rofnað. Og þess vegna hefur verið gripið til þess ráðs að ríkissjóður hefur fjármagnað húsnæðislánakerfið. Á því er fyrst og síðast stigsmunur en ekki eðlismunur. Ég leyni því hins vegar ekkert að það eru mér vonbrigði að forsvarsmenn lífeyrissjóðanna hér á landi skuli ekki reyna að ganga talsvert langt fram í því að ná um það sátt og samkomulagi að fjármagna húsnæðislánakerfið. Nú er það þannig að lífeyrissjóðunum hér á landi hefur tekist að ávaxta sitt pund býsna vel á síðustu missirum. Raunar er að verða gjörbreyting á stöðu þeirra margra vegna þeirra hagstæðu skilyrða sem þeir hafa búið við og það er vel. En spurningin er hins vegar í þessu sambandi hvort forsvarsmenn lífeyrissjóðanna verði ekki að líta til fleiri þátta, þ.e. þeirra þátta að koma til liðs við ríkisvaldið og aðra þá aðila, verkalýðshreyfinguna ekki síst, sem er auðvitað náskyld þessum sömu lífeyrissjóðum og eigendur þeirra, að halda niðri vöxtum í landinu til hagsbóta fyrir launafólk. Þess vegna taldi ég og trúði því lengst af að lífeyrissjóðirnir kæmu inn í þessa fjármögnun með þeim hætti sem upp var lagt með. En það hefur því miður ekki orðið enn. Ég bind hins vegar vonir við að það gerist.

Ég er nú raunar það gamaldags að ég hef ámálgað hvort það sé hugsanlegt að einhverju leyti að fjármögnun húsnæðislánakerfisins fari að hluta til eftir hinum gömlu formum samkomulags á þeim lágu vöxtum sem ríkisstjórnin ætlar að standa fast við. Nú er það cingöngu á umræðustigi og engar ákvarðanir þar að lútandi. Heppilegast væri auðvitað að þessi mál gætu gengið fram eins og upp var lagt með. En þetta er mikilvægt mál af minni hálfu, að þarna slitni ekki tengsl þó ekki væri nema vegna þeirra sögulegu tengsla og þess sjálfsagða sambands sem lífeyrissjóðirnir eiga að hafa við fjármögnun húsnæðislánakerfisins hér á landi. Það er kannski meginhyggjuefnið, ekki hitt með hvaða hætti þessir fjármunir finna sér leið inn í húsnæðislánakerfið eins og forsrh. gerði hér mjög vel grein fyrir áðan.

Varðandi hlutverk Seðlabankans í húsnæðislánakerfinu þá gildir það um hlutverk hans, um það kerfi eins og efnahagsstjórnun almennt og hæstv. forsrh. drap á, að Seðlabankinn hefur kannski í auknum mæli og á að vera í auknum mæli þetta sveiflujafnandi tæki til þess að viðhalda þeim stöðugleika, þeirri lágu verðbólgu og þeim lágu vöxtum sem við búum við og ætlum að viðhalda.

[16:17]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka fyrir það að hæstv. félmrh. skuli vera viðstaddur þessa umræðu. Hans hefur verið saknað í umræðum um húsnæðismál núna að undanförnu. Ég vil í framhaldi af ræðu hans hér áðan sérstaklega láta það koma fram að ég fagna þeim sinnaskiptum sem mér fannst koma fram í ræðu hans, þ.e. að hann virðist hafa áhuga á því að taka á ný upp viðræður við lífeyrissjóðina og samninga við lífeyrissjóðina um fjármögnun húsnæðislánakerfisins. Ég held að það hafi verið mjög örlagarík mistök þegar menn ákváðu, í framhaldi af því að 86-kerfið var lagt niður, að hætta þessum sérstöku samningum við lífeyrissjóðina sem stóðu í raun og veru undir húsnæðiskerfinu hér að verulegu leyti ásamt framlögum úr ríkissjóði um margra ára skeið. Ég tel að það sé fagnaðarefni og það sé skynsamlegt að halda þannig á málum að viðræður við lífeyrissjóðina fari af stað til þess að tryggja aðild þeirra að fjármögnun þessa kerfis. Það er náttúrlega alveg ljóst að húsnæðislánakerfið er komið í þrot og það er líka ljóst að húsbréfakerfið er orðið svo erfitt fyrir þá einstaklinga sem hafa fengið þar lán að þeir ráða ekki neitt við neitt. Við höfum rætt það hér að undanförnu að vanskilin í húsbréfakerfinu eru gífurlega mikil og við tveir þingmenn Alþb. flytjum um það sérstaka tillögu að farið verði í viðræður við lífeyrissjóðina um fjármögnun á fasteignaveðlánum þeim sem standa undir húsbréfakerfinu. Ég held að það sé mjög nauðsynlegt að hæstv. félmrh. kveði alveg skýrt á um sinn vilja í þessu efni. Er það svo að hann vilji fara í viðræður við lífeyrissjóðina til að tryggja betur fjármögnun húsnæðislánakerfisins?

[16:19]

Félagsmálaráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Eins og ég gat um þá taldi ég það koma til greina og ég hef ámálgað það í viðræðum við lífeyrissjóðina hvort þeir séu reiðubúnir til að ræða slíkan möguleika. Lengra er það mál nú ekki komið. Ég undirstrika enn og aftur það sem ég sagði áðan að ég tel að siðferðilegar skyldur lífeyrissjóðanna við húsnæðiskerfið í landinu séu ákaflega sterkar og eigi að vera það og þess vegna séu það út frá því sjónarhorni vonbrigði að þessi viðskipti Húsnæðisstofnunar og lífeyrissjóðanna skuli ekki hafa verið meiri en raun ber vitni á þessu ári. Það er áhyggjuefni í því sambandi.

Varðandi hins vegar hinn þátt málsins sem auðvitað þarf ítarlegrar umræðu við og það eru vandamál húsnæðiskerfisins og þeirra sem eiga að standa skil á afborgunum þess og orða hv. þm. varðandi tillögur hans og annarra þingmanna hér í þinginu, þá vil ég láta þess getið líka að í mínu ráðuneyti er verið að vinna frv. til greiðsluaðlögunar sem tekur á þessum þáttum og raunar mörgum fleirum sem lýtur að greiðsluskuldbindingum heimilanna í landinu.

[16:21]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég fagna þeirri yfirlýsingu hæstv. félmrh. að það sé verið að vinna að frv. í félmrn. um almenna greiðsluaðlögun. Ég skildi hæstv. ráðherra þannig að það væri ekki einasta um að ræða greiðsluaðlögun vegna húsnæðislána, heldur líka vegna annarra skulda sem fólk er með á bakinu. Ég bendi á að við alþýðubandalagsmenn fluttum um þetta sérstaka tillögu hér á Alþingi á þessu kjörtímabili sem var reyndar felld af m.a. þingmönnum Alþfl. þegar það mál var tekið til umræðu í tengslum við endurskoðun húsnæðislaganna hér á síðasta eða næstsíðasta þingi.

Hitt er líka fagnaðarefni að hæstv. ráðherra ætlar að fara í viðræður við lífeyrissjóðina. Ég skil hans orð þannig og ég mun að sjálfsögðu sem þingmaður fylgja því eftir að svo verði. Ég tel að lífeyrissjóðunum sé skylt að taka þátt í þessu máli. En það var þannig að þegar 86-kerfið var lagt niður þá kom upp óvissa í þessum málum sem nauðsynlegt er að taka á og ég mun standa að því eins og ég get hér að stuðla að því að það verði á nýjan leik farið í almennilegar viðræður við lífeyrissjóðina um þessi mál.

[16:22]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vaxtastefna ríkisstjórnarinnar fær nú hvert höggið á fætur öðru. Hæstv. forsrh. var hér fyrir skömmu að lýsa yfir efasemdum sínum með útgáfu ECU-bréfanna og nú kemur hæstv. félmrh. og lýsir því yfir að hann ætli að fara að beita sér fyrir því að afnema markaðsviðskipti við lífeyrissjóðina um útboðspappíra Húsnæðisstofnunar. Hann hafi ekki lengur trú á markaðnum sem tæki í þeim efnum og talar nú um siðferðilegar skyldur og félagslegt samkomulag. Það má vel vera að það eigi að reyna slíkt eins og hér kom fram í andsvörum áðan. En hin hliðin á þeim peningi, hæstv. félmrh., er að yfirgefa markaðsstöðu 5% vaxtaviðmiðunar ríkisstjórnarinnar. Með ákvörðun um að leita eftir félagslegu samstarfi við lífeyrissjóðina um kaupin á bréfunum er með öðrum orðum verið að segja: Það er ekki lengur hægt að treysta á markaðinn til að fjármagna húsnæðiskerfið með 5% vöxtum. Skýrar er ekki hægt að lýsa yfir dauðadómi á 5% vaxtastefnu ríkisstjórnarinnar.

Lífeyrissjóðirnir eru umfangsmesti aðilinn á íslenskum fjármagnsmarkaði. Húsnæðiskerfið er fjárfrekasta framkvæmdasvið í landinu og með því að lýsa því yfir að það sé ekki hægt að treysta á hrein markaðsviðskipti og 5% vaxtamiðið í þessum þætti þá er verið að aflífa þessa 5% vaxtastefnu ríkisstjórnarinnar og það er mikilvægt að hæstv. félmrh. gefur hér slíka yfirlýsingu sem svar við fyrirspurn minni.

Ég vil svo inna hann líka eftir því vegna þess að hann svaraði því ekki hvort hann sé þeirrar skoðunar að Seðlabankinn eigi að ekki að kaupa húsbréf frekar á þessu ári en orðið er. Ég tel mjög mikilvægt að hæstv. félmrh. svari einnig þeirri spurningu.

[16:25]

Félagsmálaráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hér er um hreina útúrsnúninga að ræða hjá hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni. Hann er gjörsamlega að snúa þeim hlutum á hvolf sem ég sagði hér áðan. Í fyrsta lagi nefndi ég að það væri nauðsyn-

legt og það væri fyrsti valkostur að þessir fjármunir fengjust á markaði. Það hefur ekki gengið fram. Ég sagði það sem annan valkost að ef það gengi ekki þá vildi ég gaumgæfa það og skoða það hvort lífeyrissjóðirnir væru til viðræðu um að hluta til að fjármagna húsnæðislánakerfið með beinum hætti.

Hv. þm. gerði hér lítið úr hinu félagslega sambandi og talaði um það í niðrandi tóni. Öðruvísi mér áður brá. Og það er eftirtektarverð yfirlýsing frá formanni Alþb. þegar hann gerir lítið úr og hlær að því að félagslegt samband sé á milli lífeyrissjóðanna, verðalýðshreyfingarinnar annars vegar og húsnæðislánakerfisins hins vegar þegar ekki síst er til þess stofnað og stór þáttur þess að byggja ódýrt húsnæði fyrir fólk sem stendur höllum fæti. Það er yfirlýsing sem er eftir takandi.

Auðvitað er ekki verið að hnika í mínum vangaveltum hér um fjármögnun húsnæðislánakerfisins eitt andartak frá 5% markinu. Það er mikilvægt mark og fyrir sömu skjólstæðinga og ég nefndi hér áðan, verkafólk í landinu, verkalýðsfélögin. Ég vil trúa því að það séu líka hagsmunir lífeyrissjóðanna í þessu landi að halda þessu vaxtastigi niðri þótt á hinn bóginn sé þeim skylt að ávaxta sitt pund eins og nokkur kostur er. En það er mikivæg yfirlýsing og eftirtektarverð hjá formanni Alþb. að hann gerir lítið úr hinum félagslegu tengslum húsnæðislánakerfisins annars vegar og lífeyrissjóðanna hins vegar, þvert á yfirlýsingu hv. þm. Svavars Gestssonar. Ætli skilin milli þeirra félaga verði nokkuð skýrari heldur en þetta?

[16:27]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það sýnir best hvar hæstv. félmrh. er staddur í þessu máli að hann skuli ætla að breyta umræðunni hér sem hefur verið vönduð og málefnaleg í pólitískan skæting af þessu tagi. Ég var ekkert að tala hér niðrandi um félagslegt kerfi, hvað þá heldur að ég hafi hlegið eins og hæstv. félmrh. var að segja hér. Ekkert slíkt var í þessari umræðu, hæstv. félmrh. Það sem var hins vegar í umræðunni er að félmrh. í ríkisstjórn Íslands — og væntanlega gerir Guðmundur Árni Stefánsson, hv. þm., sér grein fyrir því hvað það er að vera ráðherra í ríkisstjórn Íslands. Það er dálítið annað en að vera bæjarstjóri í Hafnarfirði og halda listahátíð. Það að vera félmrh. í ríkisstjórn Íslands er að orðin hafa gildi. Hér var hæstv. félmrh. að lýsa því yfir að hann hefði ekki lengur trú á því að markaðssala á bréfum Húsnæðisstofnunar dygði. Hann var að lýsa því yfir. Hann getur talað um hana sem fyrsta kost, jú, jú, allt í lagi. En hann sagði: Það dugir ekki. Þess vegna ætlar hann í viðræður við lífeyrissjóðina um félagslegar skyldur, ekki um markaðsviðmið, um félagslegar skyldur, um meira að segja siðferðilegar skyldur af því að 5% vaxtakrafan dugir ekki á markaðnum. Það er alveg skýr yfirlýsing hæstv. félmrh. um það að stærsti kaupandinn á hinum íslenska peningamarkaði og mikilvægasta fjárþörfin getur ekki virkað með 5% vaxtamiðið. Það þarf í raun og veru ekkert að segja það skýrar, hæstv. félmrh. Þetta er uppgjafaryfirlýsing hæstv. félmrh. sem ber ábyrgð á húsbréfakerfinu gagnvart 5% vaxtamiðinu. Og það hljóta auðvitað allir, lífeyrissjóðirnir og aðrir, að taka það þannig. Svo getur hæstv. ráðherra vafið það inn í alls konar pólitískar fléttur ef hann vill. En orðin eru skýr.

En það var líka athyglisvert að þrátt fyrir það að ég í annað sinn bæði ráðherrann að svara því (Forseti hringir.) hvort Seðlabankinn ætti að kaupa meira af húsbréfum, þá svarar hann því ekki. Þar með hefur félmrh. hér í dag skapað nýja og gífurlega óvissu um vaxtastig húsbréfanna.

(**Forseti** (GunnS): Ég verð að biðja hv. þm. að ljúka máli sínu.)

Ég er að ljúka máli mínu, virðulegi forseti, en það er auðvitað erfitt þegar ráðherrar koma hér upp í andsvari og svara ekki lykilspurningum eins og um kaup Seðlabankans.

(**Forseti** (GunnS): Ég verð að minna hv. þm. á það að hann hefur tvær mínútur til umráða og þær eru löngu liðnar. Ég bið hann um að ljúka máli sínu núna.)

Já, ég mun gera það og þetta munum við ræða hér síðar í dag, virðulegi forseti.

Útbýting þingskjals:

Rannsóknarráð Íslands, 136. mál, frv. TIO o.fl., þskj. 142.

[16:30]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Ég hafði ekki ætlað að taka hér til máls í dag fyrr en kæmi að umræðunum um lánsfjárlögin. Hins vegar hefur þessi umræða nú um fjáraukalögin mjög hneigst í þá átt að menn ræða hér um vaxtamál og peningastefnu á breiðum grunni og það voru reyndar orð hæstv. forsrh. áðan í makalausri ræðu sem hann flutti sem gerðu það að verkum að ég kem hér upp. Ég hlýt að spyrja, virðulegur forseti, hvort hæstv. forsrh. hefur ætlað sér að hlaupa í burtu eftir að hafa varpað fram þeim fullyrðingum og þeim — ja, nú verð ég að klípa fyrir og hafa ekki þau orð um málflutning hans sem voru komin á varir mínar hér áðan. En ég mundi kannski nota tækifærið og beina hér spurningu til hæstv. fjmrh. — hæstv. fjmrh. situr hér ekki heldur. Það er flótti í ríkisstjórninni þannig að, virðulegur forseti, ég kýs þá að doka hér við meðan ráðherrar efnahags- og fjármála ...

(**Forseti** (GunnS): Nú mun forseti gera ráðstafanir til þess að hæstv. ráðherrum er hv. þm. hefur nefnt verði gerð boð um það að hv. þm. óski eftir að þeir verði viðstaddir umræðuna.)

Virðulegur forseti. Þá eru hæstv. ráðherrar mættir. Ég sagði áðan að ástæðan til þess að ég kýs að ræða um stöðu á peningamarkaði og vaxtamál undir þessari umræðu um fjáraukalög væri sú að umræðan hefur mjög sveigst í þá átt í dag og ekki síst eftir að ég hlustaði á ræðu hæstv. forsrh. Hæstv. forsrh. ræddi um það í umræðu í þinginu í gærkvöldi að þar væri til umfjöllunar tillaga sem ekki ætti sér hliðstæðu í íslenskri þingsögu og byggði sinn málflutning á því. Ég hygg hins vegar, virðulegur forseti, að ummæli af munni forsrh. um stjórn Seðlabanka Íslands í þá veru sem hæstv. forsrh. viðhafði hér úr ræðustól á hinu háa Al-

þingi áðan eigi sér enga hliðstæðu og ég væri alveg tilbúinn til þess að fara í gegnum þingsöguna til að skoða það. (**Forsrh.:** Hvaða ummæli voru það?) Og ég vil biðja hæstv. forsrh. af því að hann spurði hvaða ummæli það væru, þá held ég að það hafi ekki farið fram hjá neinum sem fylgdist með umræðunni og heyrði þær dylgjur sem hæstv. forsrh. hafði uppi. Ef hæstv. forsrh. telur að ég sé í einhverjum vafa við hvern hann átti, þá vil ég einfaldlega biðja hæstv. forsrh. að svara því og segja það úr þessum ræðustól við hvaða aðila úr peningakerfinu hæstv. forsrh. átti með dylgjum sínum hér áðan. Og hæstv. forsrh. má gjarnan svara því beint úr sæti sínu.

Það fór ekkert á milli mála og það misskildi það enginn hér inni hvað hæstv. forsrh. var að fara og ég vil biðja ráðherrann að skoða ummæli sín þegar hann les þau aftur og fær þau hér á blaði frá ræðuritun þannig að hann átti sig eilítið á því hvaða ummæli hæstv. ráðherra hafði um æðstu menn peningastjórnunar hér á landi. Ég endurtek aftur, virðulegur forseti, að ég hygg og leyfi mér að fullyrða að það muni vera einsdæmi í þingsögunni að forsrh. hafi farið með slíkar dylgjur gagnvart seðlabankastjóra.

Hæstv. utanrrh. hafði stór orð um þáv. seðlabankastjóra meðan sá maður var enn einungis formaður Alþfl. og ekki orðinn ráðherra. Þrátt fyrir allt og þann stráksskap sem hæstv. utanrrh. á til að sýna hér úr þessum ræðustól, þá datt honum aldrei í hug að fara með slík ummæli í garð stjórnar Seðlabankans eftir að hann var orðinn ráðherra. (**Forsrh.:** Hvaða ummæli á þingmaðurinn við? Þingmaðurinn verður að nefna það sem hann á við.) Ég hygg að hæstv. forsrh. viti upp á hár við hvað ég á. (**Forsrh.:** Ég óska eftir að þingmaðurinn nefni það.) Virðulegur forseti. Nú er svo komið að hæstv. forsrh. líður það illa hér undir umræðunni að hann grípur stöðugt fram í (**Forsrh.:** Mér líður fjarskalega vel.) og ég benti hæstv. forsrh. á áðan að hann skuli lesa það sem kom út úr hans koki eins og voru hans orðrétt ummæli áðan. (**Forsrh.:** Ég nefndi ekki kok.) Það væri svo óheppilegt að ummælin hefðu ekki kafnað í hálsbólgu heldur hefðu komið út úr koki viðkomandi seðlabankastjóra þannig að ég held að hæstv. forsrh. ætti að lesa þessi ummæli sín og átta sig á því hvað hann sagði.

Hæstv. ráðherra talaði um lausmælgi þeirra sem færu með yfirstjórn peningamála. E.t.v. hefur hæstv. ráðherra ekkert átt við seðlabankastjórnina eins og mátti skilja á hans ummælum. E.t.v. hefur hæstv. ráðherra átt við ummæli hæstv. fjmrh. sem hér í síðustu viku meðan hæstv. forsrh. var erlendis hafði margoft uppi ummæli um það að vextir hlytu að hækka. En af því að hæstv. forsrh. hefur þessa tröllatrú á peningastefnu núv. ríkisstjórnar og virðist hins vegar hafa mismikla trú á seðlabankastjórum, þá ætla ég að leyfa mér að fara hér nokkrum orðum um ágætan fund sem efh.- og viðskn. átti með Eiríki Guðnasyni seðlabankastjóra. Ég fór ekki með þau ummæli hér í umræðunni um lánsfjáraukalögin um daginn, en ég sé mig knúinn til að gera það hér af því að hæstv. forsrh. kaus að færa umræðuna yfir á þetta stig og ég hygg að hæstv. ráðherra muni þrátt fyrir allt gera nokkuð með ummæli seðlabankastjóra, Eiríks Guðnasonar. Þar komu fram í fyrsta skipti kannski opinberlega og voru opinberaðar þær upplýsingar sem nú eru alþjóð kunnugar um á hvern hátt Seðlabankinn hefur þurft að grípa inn peningamál á sl. ári, m.a. það að Seðlabankinn væri búinn að kaupa 4 milljarða í húsbréfum sem þeir losnðu ekki við með nokkru einasta móti og hefta þannig verulega getu sína til þess að vinna á skammtímamarkmiði eins og seðlabönkum er fyrst og fremst ætlað. Hin almenna vaxtastefna var til umræðu á þessum fundi og þar sagði Eiríkur Guðnason m.a., með leyfi forseta, því að ég skrifaði það orðrétt niður:

„Það hefði verið betra jafnvægi á markaðnum ef menn hefðu ekki haldið sig alfarið við 5,00% vexti á ríkisbréfum." Og seðlabankastjóri sagði til viðbótar að Seðlabankinn ætti mjög erfitt með að styðja við 5,00% markmiðið lengur.

Hvað var seðlabankastjórinn að segja? Seðlabankastjórinn var að segja að það væru ekki lengur markaðsforsendur fyrir þessari stefnu, og ég vil nú biðja hæstv. forsrh. að hlusta þó í það minnsta á orð Eiríks Guðnasonar. (**Forsrh.:** Ég þarf enga milligöngumenn til þess.) Hæstv. forsrh. sagðist ekki þurfa neinn milligöngumann til þess en þá hefur hæstv. forsrh. ekki verið heiðarlegur í málflutningi sínum hér áðan þegar hann fullyrti að það væri enginn bilbugur á 5,00% vaxtastefnu ríkisstjórnarinnar eða þá hæstv. forsrh. er að segja að hann geri ekkert með orð Eiríks Guðnasonar seðlabankastjóra.

Virðulegur forseti. Í stefnuræðu forsrh. fyrir nokkrum vikum var dregin upp mikil glansmynd af stöðu efnahagsmála hér á landi. Það væri bati fram undan, ríkið yrði að fara að draga úr sínum fjárfestingum til þess að rýma fyrir fjárfestingum á hinum almenna markaði í atvinnulífinu og yfirleitt biði manna ekki annað en gull og grænir skógar. Það hefur slegið mjög á þessa glansmynd á síðustu vikum. Það hefur komið fram í fyrsta lagi að vaxtastefna ríkisstjórnarinnar er á brauðfótum. Í öðru lagi hefur hver aðilinn á fætur öðrum, forstjóri Þjóðhagsstofnunar, forsvarsmenn atvinnulífsins og nú síðast framkvæmdastjóri verktakasambandsins lýst því yfir að því miður væru engin teikn á lofti um aukna fjárfestingu í atvinnulífinu enda sýna tölur það að fjárfesting í atvinnulífinu hér á landi er komin niður í 15% af þjóðarframleiðslu sem alls staðar annars staðar væri túlkað sem hættumörk.

Í þriðja lagi sem bein afleiðing af þessu að með stefnu sinni hefur ríkisstjórnin dregið svo kjark úr atvinnulífinu að fjárfesting er að komast niður í núll, þá er hagvöxtur hér á landi helmingi minni en í þeim löndum sem við erum að bera okkur saman við og það er ekkert sem bendir til þess að það sé að breytast, í það minnsta ekki ef núverandi stjórnarherrar fá að sitja áfram.

Varðandi þá glansmynd sem hæstv. forsrh. dró hér upp áðan af vaxtastefnu ríkisstjórnarinnar, þá vil ég nefna 10 punkta sem benda til hins gagnstæða.

1. Á samdráttartímum í atvinnulífinu þar sem fjár-

festingin stefnir í núll þannig að þaðan eru engin þenslumerki þá hefur Seðlabankinn þurft að nota nánast tvöfalt sitt eigið fé til þess að kaupa ríkispappíra. Eigið fé er 14 milljarðar. Seðlabankinn hefur þurft að kaupa ríkispappíra fyrir 25 milljarða.

2. Allt of hátt hlutfall af þeim kaupum er í formi *langtímapappíra*. Þar er um að ræða 4 milljarða í húsbréfunum sem ekki rótast og 8 milljarða í ríkisskuldabréfum.

3. Eftir að Seðlabankinn hætti að kaupa húsbréf á miðju þessu ári hefur ávöxtunarkrafa á þeim hækkað upp í 5,7% og hún fer hækkandi.

4. Þar vitna ég m.a. til orða Eiríks Guðnasonar seðlabankastjóra, allt bendir til þess að ríkisskuldabréfin muni fylgja í kjölfarið, þar með að 5,00% markið sé fallið.

5. Með útgáfu ECU-bréfa er ríkissjóður að bjóða langtímabréf á miklu hærri vöxtum en 5% markið enda hefur það komið í ljós að ríkisskuldabréf hafa ekki rótast eftir að það útboð hófst.

6. Ekkert liggur fyrir um það á hvern hátt húsnæðismálastjórn á að *selja þau skuldabréf sem þeim er ætlað* að gera á næsta ári. Þar er um að ræða útboð upp á 7–9 milljarða. Hins vegar liggur ljóst fyrir að á þessu ári hafa húsnæðisbréfin ekki rótast og hafa verið fjármögnuð að fullu í gegnum ríkissjóð.

7. Seðlabankinn hefur alls ekki þá lausafjárstöðu sem hann þarf að hafa um næstu áramót þegar opnast að fullu fyrir hreyfingar á skammtímafjármagni við útlönd en á þeim tíma væri Seðlabankanum mjög nauðsynlegt að eiga laust fé til þess að geta glímt við þann þátt.

8. Gengisstaða Seðlabankans er komin niður að hættumörkum. Þannig vill til þrátt fyrir orð hæstv. forsrh. áðan að nú stendur þannig á að Seðlabankinn á ekki gjaldeyrisforða nema sem svarar þriggja mánaða innflutningi. Það eru einmitt þau hættumörk sem hæstv. forsrh. nefndi hér áðan.

9. Seðlabankinn hefur á árinu keypt ¼ af öllum ríkisvíxlum sem hafa verið boðnir til sölu. Með öðrum orðum, lánsfjárþörf ríkissjóðs — og það að ekki hefur verið hægt að selja húsnæðisbréfin — hefur að ¼ verið fjármögnuð með því að flytja fjármuni til yfir Sölvhólsgötuna, úr Seðlabanka í fjmrn.

10. Ríkið situr ekki lengur eitt að útgáfu skuldabréfa á markaðinum. Sveitarfélög og fyrirtæki eru komin upp á það bragð og sækja sér þangað fjármagn núna með ávöxtun á bilinu 6–7%. Vissulega hefur þetta áhrif á það hvað ríkið getur boðið sína pappíra á.

Virðulegur forseti. Þetta er öll glansmyndin. Lítum á þessa punkta og skoðum hver er undirrót þess að núv. ríkisstjórn hefur ekki tekist að koma á markaðskerfi með ávöxtun peninga. Undirrótin er sú að allt of mikið hefur verið í gangi af pappírum frá ríkinu. Síðan var athyglisvert að heyra hæstv. félmrh. lýsa því yfir áðan að hann væri að komast á þá skoðun að nú dygðu ekki markaðslausnir lengur til þess að fjármagna húsnæðiskerfið og hann væri að velta því fyrir sér og skoða það í fullri alvöru að fara út í, eins og hann sagði, gömlu leiðina og semja við lífeyrissjóðina um fjármögnun húsnæðiskerfisins. (**Gripið fram í:** Á siðferðilegum grundvelli.) Já, það er reyndar rétt, hann sagði að þetta yrði að gerast á siðferðilegum grundvelli. Ég spyr hæstv. fjmrh.: Er það svo að ríkisstjórnin sé í alvöru að hugleiða að hverfa frá markaðslausnum hvað þetta snertir og sé í startholunum að fara að semja beint við lífeyrissjóðina um fjármögnun húsnæðiskerfisins að nokkru leyti, þ.e. öðru leyti en húsbréfin? Ég beini spurningunni einnig til hæstv. forsrh.

Það er nefnilega svo að yfirlýsingar þessarar ríkisstjórnar ganga út og suður. Ég vil einnig inna hæstv. fjmrh. eftir því hvernig við almennir þingmenn áttum að skilja orð hæstv. utanrrh. og formanns Alþfl. í umræðunni í gær þegar hann lýsti því yfir að það væri til umræðu í ríkisstjórninni á hvern hátt yrði tekinn upp skattur á fjármagn og það yrði gert á þessu þingi. (**Gripið fram í:** Sagði hann það?) Hæstv. utanrrh. sagði þetta í umræðum í gær. Ég skrifaði þetta niður eftir honum því mér þótti þetta nokkuð athyglisverð ummæli. Ég hlýt einnig að spyrja hæstv. fjmrh. að því hvaða vinna er í gangi á vegum ríkisstjórnarinnar varðandi *þessi atriði. Ég er alveg sammála þessu sjónarmiði*. Ég held að ekki sé eftir neinu að bíða að taka upp skatt á fjármagn í landinu og fjármagnseigendur geti alltaf borið það fyrir sig að það kynni að hafa óheppileg áhrif á fjármagnsmarkaðinn og sá tími komi seint að aðilar á þeim bæ hafi þau rök ekki haldbær.

Virðulegur forseti. Heilmikil umræða hefur farið fram um peningamarkaðinn á síðasta hálfum mánuði. Þar hefur komið margt athyglisvert fram og kannski það athyglisverðast að ég hygg að nú sé nánast öllum ljóst að sú vaxtastefna sem núv. ríkisstjórn hefur framfylgt stendur á miklum brauðfótum.

Ýmsir tekið þátt í þessari umræðu og í Morgunblaðinu um næstsíðustu helgi var afar athyglisverð umfjöllun í Reykjavíkurbréfi. Þar var m.a. vitnað í ítrekuð ummæli hæstv. fjmrh. bæði í sjónvarpi og blöðum um það að vextir á skammtímamarkaði hlytu að hækka. E.t.v. hefur það verið svo að það hefur verið hæstv. fjmrh. sem voru ætluð varnaðarorð hæstv. forsrh. hér áðan þó ég hyggi, ef við skoðum ræðuna, að þau skeyti hafi verið send í allt aðra átt. En í það minnsta hittu þau hæstv. fjmrh. fyrir og líklegast var hæstv. forsrh. ekki á landinu meðan hæstv. fjmrh. var yfirlýsingaglaðastur varðandi vaxtastefnuna og varðandi hækkaða vexti. En talsmenn atvinnulífsins tóku einnig þátt í umræðunni og í Reykjavíkurbréfinu er nokkuð vitnað í ágæta grein eftir Þórð Magnússon, framkvæmdastjóra fjármálasviðs Eimskipafélags Íslands. Sú niðurstaða, sem hann kemst þar að, er athyglisverð. Hann segir, með leyfi forseta:

„Ég tel ekki að vextir á ríkisvíxlum þurfi að hækka á næstunni. Þessir vextir eru nú 4,95% og eru bankarnir helstu kaupendur að víxlunum. Bankarnir fá auk þess greidda 0,1% þóknun og miðað við að víxlarnir séu til þriggja mánaða og séu ekki endurseldir svarar þetta til um 5,37% ávöxtunar á ári. Þetta jafngildir 4,5% raunávöxtun miðað við verðbólgu síðustu mánaða. Í Bandaríkjunum eru vextir á þriggja mánaða ríkisvíxlum hins vegar nú um 5% en verðbólgan þar er

um 3%. Raunvextir í Bandaríkjunum á þriggja mánaða víxlum gætu verið rétt um 2% en eru nú 4,5% hér á landi. Sambærilegir vextir í Þýskalandi eru nú um 2%."

Framkvæmdastjóri fjármálasviðs Eimskipafélagsins, Þórður Magnússon, dregur af þessu þá skiljanlegu og rökrænu niðurstöðu að engin tilefni séu til þess að hækka vexti á skammtímamarkaði hér á landi.

Höfundur Reykjavíkurbréfs Morgunblaðsins, sem leiðir þarna fram bæði rök fjmrh. og ýmissa bankamanna sem voru að reyna að hækka vextina með ummælum sínum og rök fulltrúa atvinnulífsins sem sáu ekki nein rök til hækkunar, dregur þá ályktun að í rökræðunum hafi fulltrúar atvinnulífsins haft sigur. Ekki steinn yfir steini í ummælum nokkurra forsvarsmanna verðbréfamarkaðarins og hæstv. fjmrh. um það að vextir á skammtímamarkaði hljóti að hækka.

Ég hygg að umræðan öll eigi að vera og verði vonandi hæstv. fjmrh. nokkur lexía og ráðherrann hefur reyndar ekki verið uppi með neinar stórar yfirlýsingar síðustu daga um það að vextir kunni að hækka. Ég hygg að það sé að renna upp fyrir hæstv. fjmrh. eins og ég færði rök að áðan að 5,00% vaxtastefna ríkisstjórnarinnar standist ekki lengur. Það er svo komið í dag að það seljast nánast engir pappírar á því verði. Skýrari skilaboð eru ekki til ef hæstv. ríkisstjórn telur sig vera að vinna eftir markaðsleiðum. Það hlýtur að vera áhyggjuefni hvað Seðlabankinn er búinn að festa mikið af peningum í langtímapappírum því eins og ég nefndi áðan þá er það ekki hans hlutverk að gera það. Hann getur fyrst og fremst beitt sér með því að kaupa skammtímapappíra sem hann getur þá losað með til þess að gera skömmum fyrirvara. Það er full ástæða til þess að taka undir áhyggjur þeirra sem hafa áhyggjur af því hvað muni gerast þegar hér opnast að fullu fyrir skammtímafjármagn um næstu áramót og lausafjárstaða Seðlabankans er ekki sterkari en hún er í dag.

Það er full ástæða til þess að taka einnig alvarlega varnaðarorð um það að gjaldeyrisforði Seðlabankans má ekki vera lægri. Ég tek mark á þeim rökum, bæði hæstv. fjmrh. og hæstv. forsrh., að nokkuð af þeim gjaldeyri sem hafi flust til útlanda hafi stofnað þar sjóði sem séu jafngildir því að eiga gjaldeyri í landinu. En eftir stendur að þetta hefur skert mjög getu Seðlabankans til þess að beita sínum gjaldeyrisvarasjóði núna um áramótin þegar kemur að fullri opnun á skammtímamarkaði. Þá grípur Seðlabankinn ekki til peningagjaldeyris sem fyrirtæki og aðrir eru búnir að festa erlendis þó svo að sá gjörningur geti verið góðra gjalda verður.

Sömuleiðis er það áhyggjuefni að Seðlabankinn sé með 4 milljarða í húsbréfum sem samkvæmt viðtali við Eirík Guðnason í efh.- og viðskn. hreyfist ekki neitt. Þýðir ekki að bjóða þá pappíra erlendis einfaldlega vegna þess að seðlabankamenn segja að á fjármagnsmörkuðum erlendis þá annaðhvort skilji menn ekki eða vilji ekki eiga við pappíra sem séu að einhverju leyti í formi happdrættis, þ.e. útdráttarins, og sömuleiðis kom fram í máli seðlabankastjóra að það væri orðið erfitt að koma, þó það væri hægt að einhverju marki, ríkistryggðum skuldabréfum í sölu erlendis á þeim forsendum að á þeim bæjum skildu menn ekki verðtryggða pappíra. Því miður bendir ekkert til þess að Seðlabankinn geti með skömmum fyrirvara losað sig við þá langtímapappíra sem hann er með í höndunum núna.

Virðulegi forseti. Ég vil að lokum ítreka þær spurningar sem ég bar hér fram til hæstv. fjmrh. annars vegar varðandi það hvort það fari nú fram vinna innan ríkisstjórnarinnar um það að fara að semja upp á nýtt við lífeyrissjóðina um fjármögnun húsnæðiskerfisins, en hæstv. félmrh. meira en gaf það í skyn. Hann taldi það sína skoðun að það þyrfti að fara að skoða það. Og í öðru lagi hvaða vinna fer nú fram innan ríkisstjórnarinnar sem á að líta dagsins ljós á þessu þingi varðandi það að taka upp skatt á fjármagn, samanber ummæli hæstv. utanrrh. hér í umræðunum í gærkvöldi?

[17:01]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Fyrst um beina samninga við Húsnæðisstofnun ríkisins. Það hefur ekki verið nefnt innan ríkisstjórnarinnar hvort fara eigi þá leið og eins og sakir standa og a.m.k. meðan ekki eru færð fram betri rök þá sé ég ekki tilefni til þess. Ég sé satt að segja ekki mun á því hvort Húsnæðisstofnunin selur bréfin sjálf eða hvort ríkissjóður aflar fjár til stofnunarinnar eins og gert hefur verið. Við höfum lifað nokkurt breytingaskeið á verðbréfamarkaðinum og hljótum að finna hentugustu lausnir á þessu máli á næstunni.

Varðandi síðari fyrirspurn um fjármagnstekjuskattinn þá hefur á vegum ríkisstjórnarinnar verið unnið mjög kröftuglega að undirbúningi þess máls. Það eru til mjög ítarlegar upplýsingar og stjórnarflokkarnir hafa ákveðið að ræða það mál sín á milli nú alveg á næstunni.

[17:03]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hlýt að fagna því ef stjórnarflokkarnir ætla að fara að ræða saman um skattlagningu á fjármagn en því miður miðað við yfirlýsingar hæstv. fjmrh. í tengslum við framlagningu fjárlaga þá sé ég ekki miklar líkur á að úr því verði meira en umræður.

Hitt, virðulegi forseti, var athyglisvert að heyra að hæstv. fjmrh. sér engin rök til þess að fara út í það að semja við lífeyrissjóðina upp á nýtt varðandi fjármögnun húsnæðiskerfisins og er nú komið hér eitt tilfelli til viðbótar, þar sem Alþfl. talar í suður en Sjálfstfl. í norður, meira að segja hér í sömu umræðunni. Hæstv. fjmrh. sagði að hann sæi ekki mun á því og því að ríkissjóður fjármagnaði Húsnæðisstofnun áfram á sama hátt og hann gerir á þessu ári. Ég hlýt því að spyrja hæstv. fjmrh.: Er ríkisstjórnin búin að gefast upp á að koma þessum pappírum út á hinn almenna markað? Þýðir þessi yfirlýsing það að ríkisstjórninni sé ljóst að Húsnæðisstofnun losni ekki við þessa pappíra á 5% vöxtum? Hlýtur það ekki að vera svo, hæstv. fjmrh., að þegar ávöxtunarkrafa húsbréfa er

komin upp í 5,7%, þá verða húsnæðisbréfin ekki seld með 5% ávöxtunarbréfum?

[17:04]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Varðandi lán Húsnæðisstofnunar, þá skal það tekið fram að það er afar eðlilegt að ríkisstjórnin hugleiði það vandlega hvernig fara skuli með lánamál stofnunarinnar. Það koma ýmsar leiðir til greina. Mér finnst alveg sjálfsagt að ríkisstjórnin íhugi það hvort ekki sé eðlilegt að ríkissjóður afli fjár til stofnunarinnar áfram og það er jafnsjálfsagt að ríkisstjórnin taki ekki hvaða boði sem er í nafni stofnunarinnar með sama hætti og fyrir ári síðan var ákveðið að taka ekki hvaða boði sem er á innlenda markaðnum heldur fara þá á erlendan markað. Markaður eins og ég veit að hv. þm. gerir sér ljóst er þannig að það er einn sem kaupir og annar sem selur og það er ekki skylda að kaupa og það er ekki skylda að selja. Ef kaupendur eru fleiri en einn þá hlýtur seljandinn að reyna að leita að þeim þar sem hagstæðast er. Það er skylda okkar og þannig höfum við hagað okkur í ríkisfjármálunum að undanförnu þótt ég geri mér grein fyrir að það sé nokkur nýlunda fyrir hv. þm. að heyra slík viðhorf.

[17:06]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að fara að elta ólar við útúrsnúning hæstv. fjmrh. í lok síns svars. Það liggur hins vegar ljóst fyrir að einu pappírarnir sem ríkið er að selja núna, sem kaupendurnir líta við, eru ECU-bréfin. Hæstv. fjmrh. hristir höfuðið, en hvað *seldist mikið af spariskírteinum ríkissjóðs í síðasta útboði?* (Gripið fram í.) Nei, hann man það ekki. Hæstv. ráðherra man það ekki segir, hann. (**Fjmrh.**: Ég sagði það ekki.) En ég hygg að þá hafi ekkert selst nema ECU-bréfin og svar hæstv. fjmrh. hér áðan var frá upphafi til enda ein staðfesting á því að ríkisstjórnin er að falla frá og getur ekki lengur staðið við 5,00% vaxtamarkið. Við höfum fyrir okkur reynsluna á markaðnum núna. Við höfum fyrir okkur orð seðlabankastjórnar sem segir að það sé afar erfitt fyrir Seðlabankann að styðja lengur við það mark. Þurfum við frekari vitnanna við? Og það er ekkert mikið þó að hæstv. fjmrh. grípi til útúrsnúninga þegar hann er orðinn rökþrota.

Það er nú einu sinni svo, hæstv. fjmrh., (**Fjmrh.**: Hvaða málflutningur er þetta?) Þetta er ósköp eðlilegur málflutningur miðað við lokaorð hæstv. fjmrh. (**Fjmrh.**: Hvaða útúrsnúningar eru þetta?) Þeir útúrsnúningar, hæstv. fjmrh., að þegar ráðherrann er kominn í rökþrot, að láta þá sem svo að hann einn skilji eðli markaðsins. (**Fjmrh.**: Hvaða útúrsnúningar eru þetta?)

[17:08]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Umræðan heldur áfram út í sal, ég ætla nú að komast inn í hana. Ég tók þátt í umræðunni sl. miðvikudag og hafði þá afar stuttan tíma. Ég ætla aðeins að bæta við það sem ég þá sagði og beina orðum mínum til hæstv. fjmrh. ef hann fer að hlusta.

Það voru ýmis atriði sem ég var að spyrja um í frv. og eitt af því sem ég spurði um en fékk ekki svör við var varðandi grunnskólana, hvernig bæri að skilja þessa 50 millj. kr. aukafjárveitingu sem hér er farið fram á. Það skýrðist á fundi menntmn. í morgun og ég vil koma því hér á framfæri að þessar 50 millj. eiga rætur að rekja til þess að menntmrn. var gert að spara 100 millj. kr. á grunnskólum landsins á þessu ári en það hefur ekki tekist. Það hefur ekki tekist að spara nema tæplega 50 millj. og þarna er nú komið enn eitt atriði sem sýnir þessa yndislegu efnahagsstjórn sem við höfum hér. Það er verið að gera ráðuneytum að vinna hið ómögulega. Þau eiga að spara á sviðum þar sem er ekki nokkur lífsins leið að spara og þetta er skýrt í þessu frv. með fjölgun nemenda. Það er nú einu sinni þannig í skólakerfinu að nemendur verða að fá lögbundna þjónustu og það þýðir ekkert að segja ráðuneytum að spara þegar það er einfaldlega ekki hægt. Þetta tengist þeim sparnaðaráformum sem heilbr.- og trmrn. var falið að ná fram og lýsir sér í því að það er beðið um 800 millj. kr., sparnaður sem var ómögulegt að ná fram. Og þannig er þessi efnahagsstjórn og þessi sparnaðaráform sem hér hafa verið lögð fram ár eftir ár. Þau eru óraunhæf. Ég ætla ekki að fara hér enn einu sinni út í þá ræðu sem ég flyt hvað eftir annað um heilbrigðismál og þær röngu áherslur sem eru í þeim. Ég vil gefa þeim betra tækifæri og reyna að koma þeim hugmyndum í tillöguform.

En aðalerindi mitt hingað upp í ræðustólinn var að spyrja hæstv fjmrh. frekar út í þau mál sem ég reifaði á miðvikudaginn, þ.e. sjúkrahúsið í Vestmannaeyjum og þær 20 millj. sem hér er gert ráð fyrir að ríkið reiði *fram til þess að greiða starfsmönnum*. Mig langar einfaldlega til þess að biðja hæstv. fjmrh. að upplýsa okkur um það hvað gerst hefur í málinu síðan þá. Ég las í Morgunblaðinu að það væri meiningin að borga fólki þetta eftir síðustu helgi, þ.e. í gær eða jafnvel í dag og mig langar að biðja hann að skýra fyrir okkur hvernig málið stendur.

Nú er talið að þessar kröfur starfsfólksins séu upp á allt að 40 millj. þegar allt er talið og enn er óljóst hvernig þetta mál fer og hvernig þessum upphæðum verður eða hvort þeim verður skipt milli sjúkrahússins í Vestmannaeyjum og ríkisins, þ.e. hvort bæjarsjóður taki á sig einhvern hluta af þessu eður ei. Bæjarstjórnin í Vestmannaeyjum telur að þetta sé alfarið mál ríkisins en mér skilst að fjmrn. sé ekki sátt við þá afgreiðslu.

Ég ætla ekki að endurtaka það sem ég sagði hér fyrr um það hvernig fjmrn. hefur staðið að þessum málum. Ég tel það lítt til fyrirmyndar og vona að það séu ekki mörg dæmi um slíkt. En þetta var sem sagt mín meginspurning til ráðherrans.

[17:13]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Því miður hef ég ekki hugmynd um það hvar málið stendur. Það er nú svo að ég get ekki nákvæmlega sagt fyrir um það á hverjum tíma hvað er greitt úr ríkissjóði þó að menn haldi það

kannski. Eins og kom fram í mínu máli hér um daginn þá hefur málið verið til skoðunar og það er ætlun okkar að greiða þetta samkvæmt dómnum miðað við það sem við teljum að ríkissjóður eigi að greiða og er að okkar áliti án deilu, þ.e. þegar ríkið bar ábyrgð á sjúkrahúsinu. Það er ríkislögmaður sem fer með þetta mál af hálfu ríkisins og hann verður auðvitað að gefa okkur ráð í þeim efnum og ég vissi ekki betur þá og veit ekki betur nú en þar sé verið að ganga frá þessu máli eins og ríkið telur að það sé rétt. Og það er verið að gera það í þessu fjáraukalagafrv. sem hér er til 1. umr. að afla heimildar og þegar 1. umr. lýkur, ef henni lýkur einhvern tíma, þá fer þetta mál til nefndar og í nefndinni geta hv. þm. sem þar sitja auðvitað kallað til sín þá embættismenn ríkisins sem þeir vilja til þess að fá upplýsingar um slík atriði sem hér eru gerð að umtalsefni.

Ég verð að segja að það er mjög erfitt fyrir ráðherra að þurfa að svara kannski fyrir smæstu atriði um það hvernig borgað er úr ríkissjóði vegna þess að það er verið að gefa almennt yfirlit við 1. umr. en í nefndinni getum við að sjálfsögðu farið ofan í hvert atriði fyrir sig. Þegar ég segi smæstu atriði, þá á ég ekki við þau sem endilega eru smæst í hugum fólks heldur þau sem ekki er kannski ætlast til að við ræðum hér við 1. umr. málsins því að það er þannig að við getum að sjálfsögðu ekki vitað alveg nákvæmlega hvar mál standa á hverjum tíma. Þessari spurningu var svarað í fyrri hluta 1. umr. þessa máls og nú hef ég reynt að svara henni aftur, en ég bið hv. þm. um það í nefndinni leita fyllstu upplýsinga um málið af því að það er rétti vettvangurinn.

[17:15]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil upplýsa hæstv. fjmrh. um það að ég á ekki sæti í fjárln. og hef þar af leiðandi ekki beinan aðgang að þeim embættismönnum sem þar munu væntanlega mæta og gera grein fyrir þessum málum. Ég tel að hér sé um vægast sagt fráleitt mál að ræða og ég vakti athygli á því í síðustu viku hvers konar vinnubrögð hafa verið höfð í frammi af hálfu fjmrn. þar sem kröfur eru látnar hlaða á sig dráttarvöxtum svo nemur milljónum. Ég tel þetta vera ámælisverða meðferð á almannafé og mér finnst ekki til of mikils mælst að fjmrh. setji sig inn í mál. Mér finnst þetta mál vera dæmi um það að hæstv. fjmrh. ætti kannski að reyna að fylgjast svolítið betur með því sem gerist í hans ráðuneyti.

[17:16]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að hv. þm. ætti að spara aðeins stóru orðin hér. Ég vil vekja athygli á því að hæstaréttardómurinn gekk út á það að dæma sjúkrahúsið í Vestmannaeyjum. Það er alls ekkert ljóst hver hefur bakábyrgðina á þessu sjúkrahúsi. Menn vita að á sínum tíma þegar samningar voru gerðir þá var sjúkrahúsið rekið á vegum bæjarins. Það kemur margoft fyrir þegar um dóma er að ræða að það er ekki ljóst hver ber bakábyrgðina. Þess vegna hefur þetta mál tafist og það hefur tafist vegna þess að þeir sem gerst þekkja þessi mál, eins og ríkislögmaður og aðrir slíkir, hafa fjallað ítarlega um það hverjir eiga endanlega að greiða þessa peninga. Ég sagði það hér í umræðunni um daginn að að sjálfsögðu muni ríkið borga þann hluta upphæðarinnar sem snýr örugglega að ríkinu, en það er ekki ljóst hvort ríkið á að borga þetta allt saman. Það getur vel verið að Vestmannaeyjabær sé ábyrgur fyrir hluta af þessu. Á meðan málið er í þessari stöðu er ekki hægt að svara þessum fyrirspurnum öðruvísi og það veit hv. þm. Og ég skora á hv. þm. að koma ekki hér í ræðustól aftur og aftur og láta í það skína að mér beri að vita nákvæmlega hverjir beri ábyrgð á þessum hluta. Við erum að vinna í málinu og það hefur tafist vegna þess að ábyrgðin er ekki skýr og ég vona að hv. þm. skilji þetta. Ef hv. þm. á ekki aðild að þessari nefnd sem hann átti í fyrra, þá veit ég að hv. þm. (Gripið fram í.) eða hittiðfyrra, mér er alveg sama, eða hvort hann hefur aldrei átt það — þá veit ég að hv. þm. situr í flokki sem á aðild að nefndinni og það er ekkert auðveldara en að fá upplýsingar þar.

Því miður get ég ekki í stuttu andsvari sagt meira en ég hef sagt hér og það sem ég er að finna að við hv. þm. er að ætlast til þess að við getum hér í stuttum andsvörum leyst úr flóknu deilumáli. Um það snýst málið. Þetta snýst ekkert um það að fara illa með opinbert fé, það er fjarri því.

[17:18]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er algerlega ósammála hæstv. fjmrh. af því að málið snýst einmitt um það og ég ætla ekki að fara að rekja þetta hér eins og ég gerði fyrir nokkrum dögum. En það féll hæstaréttardómur fyrir tæplega ári síðan og kröfurnar sem lögmenn þessa starfsfólks sjúkrahússins í Vestmannaeyjum hafa verið að gera eru tvenns konar. Dómurinn felur í sér tvenns konar kröfur, þ.e. annars vegar á það tímabil þegar sjúkrahúsið var rekið af bæjarsjóði Vestmannaeyja eða á ábyrgð bæjarsjóðs Vestmannaeyja og hins vegar eftir að ríkið tók við og kröfurnar eru tvenns konar. Nú er ég kannski að gera miklar kröfur til hæstv. fjmrh., að hann viti um þetta mál, en ég var að vekja athygli á þessu einmitt vegna þess hvernig verið er að fara með almannafé. Þetta voru kröfur á ríkið. Það féll hæstaréttardómur og síðan hefur þetta mál verið að hjakka í einhverjum farvegi og það fólk sem fór í málaferli og leitaði réttar síns fékk ekki greitt. Nú er vonandi að rætast úr málinu og mig langaði einfaldlega að frétta af því hvort það væri búið að borga út þessa peninga. Mig langaði að fá það upplýst hér, en ég þarf greinilega að leita annað en til hæstv. fjmrh. til að fá svör við því.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lánsfjárlög 1995, 1. umr.

Stjfrv., 3. mál. — Þskj. 3.

[17:20]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til lánsfjárlaga, sem er 3. mál þessa þings og lagt fram í upphafi þingsins á 2. fundi.

Lánsfjárlög eru nú sem fyrr mótuð af niðurstöðum fjárlagafrv. og þeirri efnahagsstefnu stjórnvalda sem það byggist á. Í upphafi máls míns vil ég vekja athygli á nokkrum almennum atriðum sem varða stöðu fjármagnsmarkaðarins, einkum með tilliti til umsvifa ríkissjóðs. Því næst mun ég fjalla um einstök efnisatriði þessa frv.

Eins og margoft hefur komið fram eru heldur bjartari horfur í ríkisfjármálum á árunum 1994 og 1995 og það má búast við því að ríkissjóður geti af þeim sökum dregið heldur úr lántökum sínum. Á árinu 1994 stefnir í að nýjar lántökur ríkissjóðs og aðila sem njóta ríkisábyrgðar verði um 22,1 milljarður kr. og samsvarandi fjárhæð fyrir 1995 er áætluð um 14,4 milljarðar kr. Lægri lánsfjárþörf ætti að hafa áhrif á vexti til lækkunar ef markaðurinn starfar óheftur og lántökur annarra aðila, þ.e. sveitarfélaga, heimila og atvinnufyrirtækja, aukast ekki.

Hér að undanförnu hafa orðið miklar umræður um markmið í vaxtamálum og við vitum að ávöxtun húsbréfa hefur um nokkurt skeið verið yfir settu viðmiði og útboðum á húsnæðisbréfum Húsnæðisstofnunar hefur verið frestað fyrst um sinn. Það má því segja að einungis spariskírteini ríkissjóðs seljist nú miðað við 5% ávöxtun. Áhugi fjárfesta beinist einkum að skammtímaverðbréfum ríkissjóðs og verðbréfum til lengri tíma sem gefin eru út af öðrum aðilum, svo sem lánasjóðum og ríkisfyrirtækjum. Þá er líflegur markaður fyrir skuldabréfaútgáfu sveitarfélaga og einkafyrirtækja. Skuldabréf þessara aðila bera hærri vexti en spariskírteini ríkissjóðs. Það sem af er þessu ári lætur nærri að bæjar- og sveitarfélög hafi boðið verðbréf fyrir um 2,5 milljarða kr., opinberir sjóðir og ríkisfyrirtæki svipaða upphæð, sem og atvinnufyrirtæki í einkaeign. Alls eru þetta því um 6,5–7 milljarðar kr. og raunhæft er að ætla að verðbréfaútgáfa þessara aðila verði 10–12 milljarðar kr. á árinu. Þá má nefna að verðbréfasjóðir hafi vaxið hröðum skrefum á árinu, eða um 60%. Útgefin hlutdeildarskírteini þeirra hafa vaxið úr 9 milljörðum kr. í ársbyrjun 1993 í um það bil 19 milljarða kr. á miðju ári 1994.

Í umræðum um fjáraukalagafrv., sem var hér fyrr í dag og reyndar einnig í síðustu viku, hefur verið fjallað nokkuð um ECU-bréf sem boðin hafa verið til sölu og ég vil láta það koma hér skýrt fram að það hefur verið gert af tveimur ástæðum fyrst og fremst. Annars vegar þeirri að auka fjölbreytni á íslenska verðbréfamarkaðnum sem hefur verið að þróast og byggjast upp að undanförnu og hins vegar til þess að hamla gegn því að þeir sem af einhverjum ástæðum kjósa að tryggja sig gagnvart erlendum gjaldeyri eigi kost á því að kaupa slík bréf hér á landi. Ég til taka það fram að þeir vextir sem hafa fengist á þessum bréfum eru mjög samsvarandi því sem ríkissjóður fær ef um væri að ræða lán í samsvarandi mynteiningu erlendis. Þannig að ef ríkissjóður hefði ætlað að taka þessa fjármuni að láni á erlendum markaði hefðu fengist mjög svipuð kjör og fást hér á landi og það er auðvitað það sem skiptir máli þegar menn eru að vega og meta hvort vaxtakjörin séu hagstæð eða óhagstæð ríkissjóði.

Þá vil ég, virðulegi forseti, benda á að afkoma banka og annarra fjármálastofnana hefur batnað hröðum skrefum á árinu og kemur þar margt til. Rekstrarhagræðing hefur orðið, þjónustugjöld hafa verið sett á og afskriftaþörf hefur minnkað vegna batnandi afkomu atvinnufyrirtækja og eins vegna hins að smám saman hafa bankarnir getað greitt niður gömul útlánatöp sem urðu á mörgum umliðnum árum. Þrátt fyrir þetta hefur vaxtamunur almennra víxillána, lánastofnana annars vegar og skammtímaríkisverðbréfa hins vegar, fremur aukist heldur en hitt og kemur þetta m.a. fram á mynd á bls. 6 í athugasemdum með því frv. sem hér er til umræðu.

Mig langar, virðulegi forseti, til þess að vekja næst athygli á ríkisábyrgðum, en gildi ríkisábyrgðar fyrir lánskjör og stöðu opinberra fjármálastofnana í samkeppni við þær sem eru á einkamarkaði er stöðugt að koma betur í ljós. Að undanförnu hafa opinberir fjárfestingarlánasjóðir og ríkisfyrirtæki leitað milliliðalaust eftir fjármagni á innlendum markaði og verið þannig í samkeppni við ríkissjóð um sparifé. Fjárfestingarlánasjóðir og opinber fyrirtæki hafa boðið ávöxtun sem er frá 0,3–0,6% hærri en ríkissjóður hefur miðað við. Þetta hefur að sjálfsögðu vakið spurningar um gildi ríkisábyrgðarinnar og hvernig með hana skuli fara. Mér sýnist rökrétt að stefna að því að nema ríkisábyrgðina af sjóðum og samkeppnisfyrirtækjum með því að þeim verði breytt í hlutafélög. Að öðrum kosti kemur til álita að ábyrgðin verði takmörkuð í lánsfjárlögum hverju sinni og innheimt ábyrgðargjald líkt og um erlend lán sé að ræða. Þessu til stuðnings má benda á að brátt verður lítill eða enginn greinarmunur gerður á lántökum á innlendum og erlendum markaði.

Samkvæmt áætlun Seðlabanka Íslands hefur lánsfjáreftirspurn aukist um 2,7% eða 19,7 milljarða kr. á fyrri hluta ársins 1994, í stað 7,6% eða 51,3 milljarða á sama tíma í fyrra. Og ég vek athygli á því hve miklu meira jafnvægi er á markaðnum núna en áður var. Á það ber hins vegar að líta að sjálfsögðu að gengisfelling krónunnar í lok júní 1993 hafði talsverð áhrif á reiknaða lánsfjáreftirspurn á fyrri hluta þess árs, en sé leiðrétt fyrir áhrifum hennar þá má segja að eftirspurnin hafi verið 4–5% eða hér um bil helmingi meiri á fyrri hluta ársins 1993.

Á bls. 9 í athugasemdum með frv. er tafla um lánsfjáreftirspurn innlendra aðila, þar sem töflunni er skipt í ríkið, sveitarfélög, fyrirtæki og heimili. Það er einkum tvennt sem vekur athygli í þessari töflu. Í fyrsta lagi er þar aukning á lántökum heimilanna, en lántökur þeirra jukust um 6% á fyrri helmingi ársins. Svo virðist sem lækkun vaxta á lánsfjármarkaði sl. haust hafi örvað eftirspurn heimila eftir lánsfé og kemur það

glöggt fram m.a. í eftirspurn eftir húsbréfalánum. Ef litið er á heildarskuldir heimilanna lætur nærri að hver fjögurra manna fjölskylda hafi skuldað um 4,3 millj. í lok júnímánaðar 1994. Til samanburðar var þessi fjárhæð um 3 millj. kr. í árslok 1990 ef maður miðar við sama verðlag.

Þá vekur athygli samdráttur í lántökum fyrirtækja, en hann nemur um 0,4% á fyrri hluta ársins og það gefur hugmynd um að fyrirtækin standi betur en áður og séu fremur að greiða niður skuldir sínar en að safna þeim.

Við afgreiðslu fjárlaga 1994 var talið að nýr peningalegur sparnaður yrði um 28 milljarðar kr. á árinu en hagstæðari efnahagshorfur valda því að frjáls sparnaður gæti orðið talsvert hærri. Samkvæmt endurskoðaðri áætlun Seðlabanka Íslands er talið að peningalegur sparnaður muni aukast um tæplega 35 milljarða kr. á þessu ári. Þetta er auðvitað umtalsverð breyting.

Áætlað er að heildarsparnaður verði um 36,5 milljarðar kr. á árinu 1995 eða 8,2% af landsframleiðslu. Reiknað er með að kerfisbundinn sparnaður verði um 23,2 milljarðar kr. en hinn frjálsi um 13,4 milljarðar kr. Rétt er að leggja áherslu á að skekkjumörk við þessar áætlanir eru veruleg og því ber að skoða niðurstöðurnar með miklum fyrirvara. Þetta þekkja þeir sem fást við þessi mál, að skekkjumörk geta orðið mjög veruleg á milli ára í áætlunum Seðlabankans um sparnað á komandi tímum eins og dæmin hafa sannað, sérstaklega fyrr á árum.

Nokkur samdráttur hefur orðið í erlendum lántökum það sem af er árinu. Erlend skammtímalán hafa dregist saman um röska 4 milljarða kr. en erlend langtímalán aukist aðeins um 1,9 milljarða kr. Á sama tíma hafa kaup innlendra aðila á erlendum verðbréfum orsakað útstreymi fjármagns sem nemur um 5,5 milljörðum kr. og talið er að sú upphæð verði heldur meiri á árinu, eins og margoft hefur komið fram í umræðum hér á hinu háa Alþingi og gefnar hafa verið skýringar á því.

Heildarlántökur hins opinbera á árinu 1995 eru áætlaðar 54,2 milljarðar kr. og afborganir 39,8 milljarðar kr. Hrein lánsfjárþörf er þannig áætluð 14,4 milljarðar kr. eða 7,7 milljörðum kr. lægri fjárhæð en á þessu ári. Áætlað er að hrein lánsfjárþörf opinberra aðila nemi 10,5 milljörðum kr. á næsta ári samanborið við 16,4 milljarða kr. árið 1994. Minni lánsfjárþörf ríkissjóðs skýrir lækkunina að nær öllu leyti.

Hrein lánsfjárþörf viðskiptalegra aðila, en í þeim hópi eru ríkisfyrirtæki, húsbréfadeild og fjárfestingarlánasjóðir atvinnuveganna, er talin vera 3,9 milljarðar kr. á næsta ári samanborið við 5,7 milljarða kr. í ár. Lækkunin milli ára stafar annars vegar af minni umsvifum húsbréfadeildar og hins vegar aukinni uppgreiðslu lána ríkisfyrirtækja. Hvað varðar fyrri þáttinn ber að benda á að gerðar hafa verið breytingar á greiðslumati umsækjenda um húsbréf og hvað hitt snertir þá hafa fyrirtæki, jafnt ríkisfyrirtæki sem önnur, verið að greiða niður skuldir sínar að undanförnu.

Virðulegi forseti. Þetta frv. er í sjálfu sér ekki langt eða flókið. Það er sett upp með hefðbundnum hætti og skiptist í lántökur ríkissjóðs, ríkisábyrgðir, ýmis ákvæði um lánsfjármál og loks gildistökuákvæði. Ég sé ekki ástæðu til þess hér í nefndu framsöguræðu að fjalla ítarlega eða nokkuð um einstaka þætti í einstökum greinum, en mun að sjálfsögðu reyna að svara almennum spurningum sem vita að þeim atriðum sem hér eru nefnd í þessum 13 eða 14 greinum frv.

Ég vil þó benda á 5. gr., þar sem eru tvö atriði, þetta er um ríkisábyrgðir, þar sem annars vegar er um að ræða ábyrgð vegna láns sem Íþróttasamband Íslands hyggst taka til þess að taka þátt í stækkun Laugardalshallar, enda er gert ráð fyrir því að Íþróttasambandið eignist hluta í Laugardalshöllinni sem standi fyrir þessari eign sem þar myndast. Í öðru lagi er um að ræða endurnýjun á flugvél Flugmálastjórnar, en gert er ráð fyrir að sú flugvél borgi sig upp á tilteknum tíma og liggur áætlun fyrir um það af hálfu samgrn.

Þá vil ég benda á 11. gr. en í henni er gert ráð fyrir því að Ábyrgðardeild fiskeldislána falli úr gildi 1. janúar 1995, en jafnframt er gert ráð fyrir að fjmrh., fyrir hönd ríkissjóðs, sé heimilt að breyta útistandandi ábyrgðarheimildum í lán, sbr. 5. gr. laga nr. 43/1990, um Lánasýslu ríkisins. Hugmyndin er að breyta ábyrgðunum sem nú eru vegna lána, að mig minnir þriggja fyrirtækja, beint í lán ríkissjóðs en fella niður þá fyrirgreiðslu sem hingað til hefur verið á vegum Ábyrgðarsjóðs fiskeldislána, en það voru samtök fiskeldisaðila sem lögðu til að horfið væri frá þessari starfsemi og óskir landssambandsins hafa legið fyrir. Samkvæmt bráðabirgðauppgjöri frá 5. júlí, þegar skýrsla lá fyrir um þetta mál, námu útistandandi ábyrgðarheimildir um 60 millj. kr. og eins og ég sagði áður eru aðilarnir þrír.

Virðulegi forseti. Ég hef nú rakið það helsta sem fram kemur í þessu frv., en mun að sjálfsögðu skýra það eftir því sem ég get frekar hér við 1. umr. málsins, en leyfi mér að fara fram á að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

[17:36]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Frv. sem við erum hér að fjalla um er ásamt fjárlagafrv. annað meginfrv. ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum fyrir árið 1995. Það er þess vegna, virðulegi forseti, enn á ný nauðsynlegt að vekja athygli á að hvorki hæstv. forsrh., viðskrh. né félmrh. eru mættir til umræðunnar. Ef hæstv. forsrh. og hæstv. félmrh. eru í húsinu er nauðsynlegt að fá þá til umræðunnar. Ég vil hins vegar sérstaklega mótmæla því að hæstv. viðskrh. sé að skipuleggja fund úti á landi á þeim degi sem hann hlaut að vita að frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1995 kæmi til umræðu. Það er fullkomlega óþolandi, virðulegi forseti, að sá ráðherra sem ber ábyrgð á Seðlabanka Íslands, bankamálum og viðskiptamálum, skipuleggi störf sín með þeim hætti að leika sér úti á landi þegar hann á að vera hér til að ræða þetta annað mesta efnahagsfrumvarp ríkisstjórnarinnar. Og í raun og veru, virðulegi forseti, væru fullar ástæður til þess fyrir stjórnarandstöðuna að neita núna framhaldi umræðunnar og bíða þar til hæstv. viðskrh. kemur til umræðunnar. Hann er aðaltalsmaður

Alþfl. í þessum málaflokki. Hann ber stjórnarfarslega ábyrgð á Seðlabanka Íslands og viðskiptabönkunum. Mér er satt að segja skapi næst, virðulegi forseti, að gera þá kröfu hér og nú, enn einu sinni, að umræðum á Alþingi sé hagað þannig að hægt sé að ræða við þá aðila sem bera ábyrgð samkvæmt lögunum um Stjórnarráð Íslands á þeim málum sem er verið að ræða um.

Hvernig stendur á því að forsetar þingsins og forustumenn þingflokka stjórnarliðsins sjá ekki til þess að hæstv. viðskrh. sé staddur hér? Hann er ekki erlendis. Hann hefur auglýst fund, áróðursfund á Höfn í Hornafirði í kvöld og gerir það meira að segja án þess að hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson sé í kjördæminu. (**JGS:** Og hann hrökk við núna mjög illilega.) Ég heyrði ekki betur fyrr í dag en það væri verið að auglýsa í kvöld fund hæstv. iðn.- og viðskrh. á Höfn í Hornafirði. Það má vera að mér hafi misheyrst. (**Gripið fram í:** Á Egilsstöðum annaðkvöld.) Og á Egilsstöðum annaðkvöld.

Ég vil spyrja hæstv. forseta áður en maður heldur áfram: Er það virkilega þannig að okkur sé ætlað að ræða málefni viðskiptabankanna, Seðlabankans, lánsfjárlögin og þessa þætti sem hér eru til umræðu og vaxtastefnuna, án þess að sá ráðherra Alþfl. sem ber stjórnarfarslega ábyrgð á málum sé viðstaddur, þegar hann hefur enga aðra afsökun heldur en að halda áróðursfund á Höfn í Hornafirði?

Ég vil spyrja forseta: Er það virkilega ætlun forsetaembættisins að það eigi að halda áfram með þessa umræðu?

(**Forseti** (GunnS)**:** Hv. 8. þm. Reykn. hefur beint spurningum til forseta. Forseti vill upplýsa hv. þm. um að þessi umræða fer fram samkvæmt dagskrá sem liggur fyrir og að þeirri dagskrá hefur verið eðlilega staðið. Hér er til staðar hæstv. fjmrh., sem ber ábyrgð á þeim málaflokki sem hér er til umræðu og hefur mælt fyrir málunum, og hér hefur einnig verið til staðar og ég sé að er í húsinu hæstv. forsrh. Einnig sé ég að hér er til staðar hæstv. félmrh. Ég verð að taka fram að forseti getur ekki haft stjórn á ferðum hæstv. ráðherra.)

Virðulegi forseti. Það er greinilegt að forsetaembættið ætlar að láta þessa umræðu fara hér fram. Þá minni ég enn á ný og í annað sinn á það hér í dag, að þegar haldinn var fundur fulltrúa þingflokka og forseta um umræðuna um fjárlagafrv. var það niðurstaðan að forsetar tóku að sér að tryggja það að þeir ráðherrar sem málin snerta, sérstaklega þessi tvö höfuðmál, þau eru nú ekki mörg, þau eru tvö hæstv. forseti á hverju þingi, sem snerta efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar, væru viðstaddir umræðuna, þannig að það gerðist ekki líka í umræðunum um lánsfjárlagafrv. fyrir 1995, eins og um fjárlagafrv. fyrir 1995, að þeir ráðherrar sem þurfti að tala við voru öðru að sinna. Þau eru aðeins tvö frumvörpin sem ríkisstjórnin leggur fyrir þingið árlega um meginlínur í efnahagsmálum fyrir næsta ár. Það eru kannski tveir til þrír dagar á öllu þinginu sem fara í umræður um það. Satt að segja veit maður ekki hvað við hér eigum að gera til þess að knýja á um það að Alþingi Íslendinga geti gegnt skyldu sinni, að ræða við þá ráðherra sem bera ábyrgð á málunum. Þó að hæstv. fjmrh. beri fram frv. þá vita allir að það er ekkert eitt frv. sem snertir eins mikið þátt Seðlabankans og vaxtastefnunnar í efnahagsmálum og ríkisstjórnin leggur fyrir hvert þing reglulega, eins og þetta frv.

Og að Alþfl. skuli ekki sjá til þess að viðskrh. sé mættur hér er auðvitað fullkomlega óafsakanlegt, því það fer auðvitað enginn heilvita maður að ræða við hæstv. félmrh., Guðmund Árna Stefánsson, um meginþætti þessa máls. Það ber að víta Alþfl. og forustu hans hér í þinginu fyrir að haga sér með þessum hætti. Það væri satt að segja e.t.v. skynsamlegast fyrir okkur hér að lýsa yfir algjörri vanvirðu á umræðuna í heild sinni og taka ekki þátt í henni, láta ekki bjóða okkur þetta til lengdar, því það var búið að vara hæstv. ríkisstjórn við og það var orðið drengskaparsamkomulag um að þetta yrði ekki svona áfram. Við höfum engan áhuga á því að standa hér í einhverjum málfundaræfingum, en við viljum fá að ræða efnislega við þá ráðherra sem bera ábyrgð samkvæmt lögunum um Stjórnarráð Íslands á ákveðnum þáttum. En með áróðursfundum úti um land, á sama degi og þeir eiga að standa hér, eru þeir gagngert að koma í veg fyrir að slík skylda Alþingis geti verið uppfyllt.

Virðulegi forseti. Kannski er það þannig að maður verði enn á ný að leggja upp í það að ræða þessi mál við þessar aðstæður. En ég vil þá benda hæstv. forseta á það að við höfum tvöfaldan ræðutíma og það er rétt að hann stilli klukkuna í samræmi við það.

Hæstv. forsrh. lýsti því yfir í vor að vextir mundu fara lækkandi. Í hönd færi tími þar sem efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar mundi tryggja vaxtalækkun. Þegar hæstv. forsrh. var varaður við fyrr á þessu ári, að slíkt mundi ekki gerast, þá taldi hann þær viðvaranir vera að tilefnislausu. Nú er það engu að síður staðreynd, hæstv. forsrh., að vextir almennra víxillána banka og sparisjóða eru um þessar mundir hærri en þeir voru þegar hæstv. ráðherra gaf þessar yfirlýsingar. Og vextir á ýmsum pappírum sem bera ríkisábyrgð, eins og húsbréfum, hafa farið hækkandi. Hæstv. forsrh. gaf engu að síður í gær í umræðu um vantraust á ríkisstjórnina yfirlýsingu sem var svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Enginn vafi er á því að vaxtagrundvöllurinn er traustur. Allar efnahagsforsendur leiða til þess að ekki þarf að spá um að breytingar verði á vöxtum til hækkunar almennt séð á næstu missirum."

Þegar núv. ríkisstjórn tók við þá var það hennar fyrsta verk að hækka vextina. Það var hennar fyrsta verk. Það verk hefur oft komið til umræðu hér á Alþingi. Rök hæstv. ríkisstjórnar, hæstv. fjmrh. og hæstv. forsrh. voru þau að slíkur munur hefði verið á vöxtunum á markaði og vöxtum á ríkispappírum að það hefði orðið að hækka vextina á ríkispappírunum til að laga þá að vöxtunum á markaðnum. Í ljósi þessara ummæla, röksemdafærslunnar sem hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh. fluttu hér hvað eftir annað og hafa gert á undanförnum árum fyrir nauðsyn vaxtahækkunar í maí 1991, er afar fróðlegt að skoða októberhefti Hagtala mánaðarins 1994, sem gefið er út af Seðla-

banka Íslands. Í þessu tímariti Seðlabankans, grundvallartímariti hér í efnahagsmálum, eru birt tvö línurit. Þau eru satt að segja afar fróðleg, hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh. Það er línuritið fyrir langtímavexti 1991–1994 og línurit yfir skammtímavexti 1991–1994. Og til þess að tryggja það nú að hæstv. ráðherrar geti skilið hvað er að gerast í íslenska peningakerfinu og samhengi þess við það sem þeir sögðu sjálfir 1991 hef ég látið stækka línuritin upp og ég er hér með aukaeintök handa ráðherrunum sem er sjálfsagt að afhenda þeim þannig að þeir geti fylgst með þessu um leið og farið er yfir þennan fróðleik Seðlabankans.

Hér fyrst á þessu línuriti eru upphafsmánuðir ársins 1991. Stjörnumerkta línan eru verðtryggðu bankalánin, það eru verðtryggðu bankalánin á markaðnum. Þykka línan eru húsbréfin á verðbréfaþinginu og granna dökka línan eru spariskírteinin á verðbréfaþinginu. Það kemur í ljós að þangað til ríkisstjórn Davíðs Oddssonar tók við í maíbyrjun 1991, var nokkur samsvörun á milli allra þessara vaxtalína. Síðan hækkar ríkisstjórnin í maímánuði vextina og hvað gerist í kjölfarið? Í kjölfarið hækka bankarnir verðtryggðu lánin þannig að það verður stórt stökk upp frá þeirri samfylgd sem var þar á milli. Og allan valdatíma ríkisstjórnarinnar hafa vextir verðtryggðra bankalána haldist í þessum hæðum, sem eru langt yfir þessum mörkum og það sem meira er: Ef tekinn er septembermánuður sl., hæstv. forsrh., þá er orðið hér risavaxið bil *milli vaxtanna á markaðnum* sem bankakerfið býður og þeirra vaxta sem eru á ríkispappírunum, satt að segja svo mikið bil að það hefur aldrei á öllum þessum árum verið stærra. Þannig að út frá röksemdafærslu hæstv. fjmrh. og hæstv. forsrh. 1991 ætti þá ríkisstjórnin, ef þeirra rök þá voru rétt, að stórhækka vextina nú þegar, vegna þess að þetta mikla bil er orðið á markaðnum sjálfum. Annaðhvort hlýtur þess vegna að vera rangt, röksemdafærsla ráðherranna fyrir vaxtahækkuninni í maí 1991 eða vaxtastigið á ríkispappírunum nú. Og ég vil spyrja hæstv. ráðherra: Hvor röksemdafærslan er röng?

En við skulum skoða skammtímavextina sem hæstv. forsrh. gerði að umtalsefni hér fyrr í dag. Ég er líka hérna með alveg sérstök eintök handa ráðherrunum varðandi skammtímavextina svo að þeir þurfi ekki að vera að rýna á þetta hjá mér sitjandi fyrir aftan ræðustólinn, hæstv. fjmrh. (**Fjmrh.:** Nei, ég er með þetta.) Þar er líka mjög fróðlegt að skoða hvað gerist þegar ríkisstjórnin tekur við. Granna dökka línan eru ríkisvíxlarnir, gráa línan er endurhverf ríkisvíxlakaup Seðlabankans og stjörnulínan eru almenn víxillán banka og sparisjóða. Og hvað gerist þegar ríkisstjórnin *hækkar vextina á ríkisvíxlunum*? Jú, *hún hækkar þá* svo skarpt að það verður nánast alveg samfella á milli vaxtanna á ríkisvíxlunum, almennum víxillánum banka og sparisjóðanna og endurkaup ríkisvíxlakaup Seðlabankans, þó að almennt sé nú talið eðlilegt að það sé eitthvert bil þar á milli. Þannig að það er auðvitað ljóst á þessu línuriti að vaxtahækkun ríkisstjórnarinnar á ríkisvíxlunum var óþarflega há, þó að ég hafi ávallt viðurkennt að það var viss þörf á því vorið 1991 að hækka vextina á ríkisvíxlunum, því hef ég aldrei neitað. En það var hins vegar vaxtahækkun á spariskírteinunum sem ég taldi ranga og það er auðvitað nauðsynlegt að greina þar á milli.

En hver er staðan nú í september, hæstv. ráðherrar? Þá er komið í ljós að það er orðið meira bil á milli almennra víxillána banka og sparisjóða og ríkisvíxlanna núna heldur en var við stjórnarskiptin 1991. Þannig að bæði þegar litið er á skammtímavextina og langtímavextina, þá er orðið meira bil á milli markaðarins og vaxtastigsins sem ríkið er að leita eftir eða bjóða eða ákveða, nú heldur en þá. Og það eru auðvitað mjög merkileg tíðindi að munurinn á markaðsvöxtunum og ríkispappíravöxtunum sé orðinn meiri nú heldur en hann var í apríl 1991. En það var höfuðröksemd ríkisstjórnarinnar fyrir vaxtahækkuninni þá að það yrði að laga vextina hjá ríkinu að markaðsvöxtunum.

Ég vil þess vegna spyrja, hæstv. ráðherra, hvað segja þeir um þetta bil? Þeir geta að vísu haldið því fram, eins og þeir hafa gert stundum áður, að vextir bankakerfisins þurfi að komast niður. En þessi tvö línurit sýna hins vegar mjög rækilega að árangurinn af þeirri viðleitni er í öfuga átt, bilið á langtímavöxtunum hefur farið að vaxa frá því sem það var í fyrra og hefur aldrei verið meira á tímabilinu en það er nú og sama gildir um skammtímavextina. Þess vegna vil ég spyrja hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh.: Hvað er það í *peninga- og lánsfjárstefnu ríkisins* fyrir árið 1991 sem mun leiða til þess að sú mynd breytist sem ég hef hér verið að lýsa og sem Seðlabankinn birtir í sinni útgáfu? Hvaða efnahagslegu rök eru fyrir því að þessar línur verði ekki með þessum hætti? Það er ljóst að taki ráðherrarnir enn þá mark á þeim rökum, sem þeir beittu sjálfir í maímánuði 1991 og hafa endurtekið síðan, allt fram til síðustu vikna, fyrir vaxtahækkuninni þá, sem er að þeirra dómi gild, þá er alveg ljóst að fyrir höndum er vaxtahækkun hjá hæstv. ríkisstjórn. Nema hæstv. ríkisstjórn ætli sér að fara að halda vöxtunum niðri með handafli. Það hefði nú verið talinn einhver mesti glæpur að dómi hæstv. fjmrh. og hæstv. forsrh. í peningamálum, þ.e. að halda vöxtunum niðri með handafli. Hér höfum við skýra lýsingu á markaðsþróun vaxtanna og þróun vaxtanna á bæði langtíma- og skammtímapappírum ríkisins.

Hæstv. forsrh. viðurkenndi það síðan hér fyrr í dag að hann hefur haft efasemdir um útgáfu ECU-bréfanna, en hæstv. fjmrh. kom hins vegar hér áðan og færði tvíþætt rök fyrir útgáfu ECU-bréfanna. Annars vegar voru þessi sérkennilegu fjölbreytnirök sem hann flutti hér í síðustu viku og segja út af fyrir sig ekki neitt því að það er ekki markmið í sjálfu sér að auka fjölbreytni á ríkispappírum. Það sem er markmiðið er að halda vöxtunum niðri, fá þá til að lækka og tryggja fjáröflun ríkisins. Það þarf ekki, hæstv. fjmrh., að grípa til fjölbreyttari tækja á þeim markaði ef hin eldri tæki duga og eru í samræmi við markaðinn. Það er eingöngu vegna þess að markaðurinn er ekki lengur reiðubúinn að taka við þeim pappírum sem ríkissjóður hefur verið að bjóða sem þörf er á að auka fjölbreytni af

hálfu ríkisins. Það er því ljóst að þessi fjölbreytniröksemdafærsla felur í sér viðurkenningu á því að markaðurinn tók ekki lengur hina hefðbundnu pappíra ríkissjóðs gilda á 5%-grundvellinum.

Hin röksemdin sem hæstv. fjmrh. kom hér með var að þeir sem vildu sækja sér erlenda gjaldmiðilstryggingu ættu að eiga kost á því að kaupa verðbréf af hálfu íslenska ríkisins þar sem vaxtastigið væri háð sömu þáttum eins og um erlend lán væri að ræða. Hæstv. forsrh., 23 milljarðar, ein töfratalan úr stefnuræðunni, minnkun erlendra skulda. Svo kemur fjmrh. hér í dag og segir: Það varð að gefa kaupendum á markaði kost á því að kaupa verðbréf frá ríkissjóði sem eru ígildi erlendra lána. Með öðrum orðum viðurkennir fjmrh. það hér í dag að ECU-bréfin eru eins konar bakdyralántaka erlendis fyrir ríkissjóð vegna þess að bréfin lúta sömu lögmálum og erlend lán og það varð að bjóða markaðnum upp á það. Maður hefur nú vitað til þess að hæstv. utanrrh. og hæstv. forsrh. töluðu ekki mikið saman, en mér liggur nú við að spyrja: Er það eins með hæstv. fjmrh. og hæstv forsrh., að þeir séu líka hættir að tala saman? Hægri höndin viti ekki hvað sú vinstri gerir í lykilþáttum eins og þessum innan ríkisstjórnarinnar? Það vekur auðvitað líka upp þá spurningu: Hvar á þá að flokka ECU-bréfin í tölfræðilegum upplýsingum Þjóðhagsstofnunar? Þau lúta sömu lögmálum og erlend lán. Ef erlendu gjaldmiðlarnir breytast sem eru í ECU-safninu þá breytast bréfin. Ef gengi íslensku krónunnar fellur þá breytast bréfin. Þannig að þessi sérkennilega fjáröflun ríkissjóðs lýtur sömu lögmálum og erlend lántaka.

Það sem er þess vegna verið að viðurkenna í dag af hæstv. fjmrh. var að fjmrn. taldi nauðsynlegt til að styrkja fjáröflun ríkisins að bjóða kaupendum ígildi erlendrar lántöku.

Ég vil nú segja við hæstv. forsrh. að mig undrar æ meir að hæstv. forsrh. skyldi samþykkja útgáfu þessara bréfa því það er alveg ljóst að ekkert eitt atriði hefur eins skotið fótum undan allri röksemdafærslu hæstv. forsrh. um árangur ríkisstjórnarinnar og um þau markmið sem hann hefur sett á oddinn eins og þessi bréfaútgáfa fjmrn.

Í þriðja lagi, virðulegi forseti, vil ég víkja hér enn á ný að húsbréfunum. Hæstv. félmrh., þrátt fyrir að vera tvívegis spurður að því hér í dag hvort félmrn. og þar með ríkisstjórnin reiknaði með því að Seðlabankinn keypti meira af húsbréfum, neitaði að svara þeirri spurningu. Þess vegna hlýtur maður að spyrja hina ráðherrana tvo sem hér eru mættir, hæstv. fjmrh. og hæstv. forsrh.: Er reiknað með því að Seðlabankinn haldi áfram kaupum sínum á húsbréfum eða ekki? Ef Seðlabankinn er hættur kaupum á húsbréfum þá er alveg ljóst að vaxtaspírallinn á húsbréfunum getur haldið áfram upp á við og það veit í sjálfu sér enginn hvar hann kemur til með að stöðvast.

Ég vil í fjórða lagi spyrja hæstv. fjmrh. að því þegar hann segir í greinargerð frv. að viðtökur markaðarins á ríkispappírunum hafi verið góðar. Seðlabankinn er varla hluti af þessum markaði. Það hefur verið upplýst að Seðlabankinn á núna ⅔ af öllum ríkisvíxlunum. Bankakerfið og aðrir aðilar eiga ekki nema ⅓ af ríkisvíxlunum. Það væri reyndar fróðlegt að fá að vita hvað ríkisbankarnir tveir, Búnaðarbankinn og Landsbankinn, eiga af ríkisvíxlunum svo að maður fái heildartölu yfir eign peningastofnana ríkisins á ríkisvíxlunum þannig að til viðbótar við þessa ⅔ sem Seðlabankinn er með þá komi líka upplýsingar um ríkisvíxlaeign Landsbankans og Búnaðarbankans. En jafnvel þótt þeir ættu ekki neitt, sem er auðvitað ekki raunin því þeir eiga töluvert af ríkisvíxlum, þá getur fjmrh. ekki verið ánægður með viðtökur markaðarins þegar það er Seðlabankinn sem hefur keypt ⅔ af ríkisvíxlunum. Það er auðvitað sönnun um veikleika markaðarins, um vantraustið á vaxtastigi þessara pappíra að Seðlabankinn skuli þurfa að koma svona mikið inn í. Ég fer kannski að skilja að hæstv. forsrh. sé óánægður með yfirlýsingar seðlabankastjóra vegna þess að það var einn af seðlabankastjórunum sem upplýsti það í síðustu viku að Seðlabankinn ætti ⅔ af ríkisvíxlunum. Síðan blasir við sú staðreynd að Seðlabankinn hefur keypt ríkisbréf fyrir 9 milljarða á þessu ári eingöngu og húsbréf fyrir 4 milljarða þannig að það er fyrir 13 milljarða á þessum rúmum 9 mánuðum sem liðnir eru af árinu sem Seðlabankinn hefur orðið að kaupa ríkisbréf. Það er bara ekki hægt, hæstv. fjmrh., að segja svo í grg. þessa frv. að viðtökur markaðarins séu góðar. Það er þvert á móti alvarlegur markaðsbrestur í sölu ríkispappíra sem við blasir og það er sá markaðsbrestur sem stefnir þessu vaxtamarkmiði ríkisstjórnarinnar í hættu og það sem meira er kann að renna stoðum undir það að vextir kunni frekar að hækka.

Síðan segir líka í greinargerð frv., með leyfi hæstv. forseta, sem rökstuðningur fyrir lægri lánsfjárþörf:

„Lægri lánsfjárþörf ætti að hafa áhrif á vexti til lækkunar ef markaðurinn starfar óheftur og lántökur annarra aðila, þ.e. sveitarfélaga, heimila og atvinnufyrirtækja, aukast ekki."

Ég vil spyrja hæstv. forsrh. sem ráðherra efnahagsmála: Er það eitt af efnahagslegum markmiðum ríkisstjórnarinnar að lántökur atvinnufyrirtækja aukist ekki? Er það hluti af efnahagsmarkmiðum ríkisstjórnarinnar að fyrirtækin eigi eingöngu að fjárfesta fyrir eigið fé? Við vitum að eiginfjárstaða flestra íslenskra fyrirtækja er mjög veik. Það er hins vegar alveg ljóst að ef það á að komast einhver kraftur í efnahagslífið á Íslandi þá verða atvinnufyrirtækin að koma meira fram sem fjárfestar. Hæstv. forsrh. hefur verið að vinna að því að auka fjárfestingu í vegamálum, samgöngumálum og fjármagna það með ákveðnum hætti. En hér er verið að lýsa því yfir sem einni af forsendum þessa frv. sem hér er til umræðu að atvinnufyrirtækin eigi ekki að taka lán vegna fjárfestinga. Þar með er verið að segja það vegna veikrar eiginfjárstöðu íslenskra fyrirtækja að ríkisstjórnin reiknar ekki með því að fyrirtækin fari í gang á næsta ári. Ríkisstjórnin reiknar ekki með því að fyrirtækin fari í gang á næsta ári. Hvar er þá batinn? Hvar eru þá þessi blóm í haganum sem talað hefur verið um? Hvar er þá þetta sólskin sem fram undan er í íslensku efnahagslífi? Er það þá ríkið sem á að leggja til batann? Eru það þá bara fjárfestingar í vegamálum fjár-

magnaðar af ríkinu sem eiga að leggja til batann? Er það virkilega þannig að þessi markaðssinnaða ríkisstjórn ætlar að leggja grundvöllinn að hagvexti á Íslandi með auknum ríkisumsvifum á sama tíma og umsvif fyrirtækjanna eiga að dragast saman? Það er það sem verið er að segja í þessari greinargerð, hæstv. forsrh. Og enn á ný fer ég að efast um samskiptahættina milli forsrn. og fjmrn. því með þessu orðalagi og röksemdafærslu og markmiðssetningu í frv. til lánsfjárlaga er fjmrn. að lýsa því yfir að á árinu 1995 muni atvinnulífið á Íslandi ekki bera uppi aukinn hagvöxt. Það eru auðvitað vond tíðindi. Það eru vond tíðindi.

Virðulegi forseti. Í greinargerðinni er því einnig lýst yfir að ríkissjóður hafi tekið erlend lán til þess að jafna áhrifin á lánamarkaðnum. Það er merkileg yfirlýsing. Hún merkir það að ríkisstjórninni var ekki kleift að viðhalda vaxtamarkmiðinu um 5% í skamman tíma nema með auknum erlendum lántökum. Fjmrn. er að segja hér í greinargerð frv. að auknar erlendar lántökur voru forsenda vaxtastigsins frá því að breytingin varð á sínum tíma til lækkunar. Og svo er forsrh. að gera það að meginuppistöðu í stefnuræðu sinni að þjóðin geti glaðst yfir minnkandi erlendum lántökum þegar fjmrn. er að segja að ein af meginforsendum lágra vaxta séu auknar erlendar lántökur.

Nei, satt að segja er það þannig að þetta frv. sem hér er til umræðu og þær yfirlýsingar sem hér eru í greinargerðinni af hálfu fjmrn. eru slík stórskotahríð á þær yfirlýsingar í efnahagsmálum sem hæstv. forsrh. hefur verið að gera að uppistöðu í málflutningi sínum á undanförnum vikum að það mætti halda að hæstv. fjmrh. væri búinn að hefja — svo ég slái nú á létta strengi — prófkjörsbaráttuna í Sjálfstfl. upp í æðra veldi og hafi notað þetta frv. til lánsfjárlaga til þess að ómerkja hæstv. forsrh. í nánast öllu því sem hann hefur haldið fram í efnahagsmálum það sem af er þessu þingi.

Í fimmta lagi, virðulegi forseti, vil ég vekja athygli hæstv. forsrh. á töflu á bls. 9 í greinargerðinni vegna þess að í þeirri töflu kemur fram að lánsfjáreftirspurn ríkisins hefur aukist á fyrstu sex mánuðum ársins 1993 um 16% og á fyrstu sex mánuðum ársins 1994 um 4%. En lánsfjáreftirspurn atvinnulífsins hefur á tímabilinu 1993 aðeins aukist um 7,7%. Það er helmingi minni breyting en hjá ríkinu. Ríkið hefur aukið lánsfjáreftirspurn sína tvöfalt á við atvinnulífið í fyrra. Það er mínus í lánsfjáreftirspurn atvinnulífsins það sem af er þessu ári, á fyrstu sex mánuðunum, um 0,4% í mínus á sama tíma og ríkið hefur aukið lánsfjáreftirspurn sína um plús 4%. Þannig að enn á ný er þessi ríkisstjórn að skipulegga lánsfjármarkaðinn með þeim hætti að það er ríkið sem sækir á. Það er ríkið sem er að auka umsvif sín. Það er ríkið sem er að sækja inn í peningastofnanirnar og markaðinn en atvinnulífið að draga sig til hlés. Var það markmiðið með efnahagsstefnu ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar að á lokamissirum valdaferils þeirrar stjórnar á kjörtímabilinu keyrði hið opinbera langt fram úr atvinnulífinu í umsvifum bæði hvað snertir fjárfestingu og umsvif á lánsfjármarkaði? Enda er því lýst yfir í greinargerð þessa frv., virðulegi forsrh., að fjárfestingar á vegum fyrirtækja séu á Íslandi 7,5% af landsframleiðslu samanborið við 10% í nágrannalöndunum. Eða með öðrum orðum líka á þessum vettvangi í fjárfestingunni sjálfri er atvinnulífið á Íslandi að dragast saman, samanborið við ríkið en í nágrannalöndunum er atvinnulífið að sækja á.

Það hefði nú eitthvað verið sagt af talsmönnum og hugmyndafræðingum Sjálfstfl. ef slíkri efnahagsstefnu hefði verið lýst hér fyrir nokkrum árum síðan. En þetta er greiningin sem birtist í greinargerð þessa síðasta frv. til lánsfjárlaga sem ríkisstjórn Davíðs Oddssonar leggur fram. Þetta er síðasta lánsfjárlagafrv. sem ríkisstjórn Davíðs Oddssonar leggur fram. Á fáeinum blaðsíðum í þessu frv. eru allar helstu röksemdir forsrh. fyrir árangri ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum skotnar í kaf.

Virðulegi forseti. Því miður er það þannig að það er ekkert í þessu frv. til lánsfjárlaga sem bendir til þess að einhver jákvæð umskipti séu að verða í íslensku efnahagslífi. Þvert á móti er þetta frv. þannig að atvinnulífið mun í byrjun næsta kjörtímabils búa við enn erfiðari stöðu gagnvart ríkinu heldur en ætlast var til í upphafi þessa ferils. Og það er líka alveg ljóst eins og ég rakti með þeim línuritum sem ég hef hér endurbirt úr Hagtölum mánaðarins frá Seðlabankanum að þeir sem fara með ákvörðunarvald um markaðspappíra ríkisins standa nú frammi fyrir meira bili á milli þeirra vaxta og markaðsvaxtanna en menn sáu þegar ríkisstjórnin tók við og engir hafa haft jafnstór orð um það bil sem núv. hæstv. fjmrh. og núv. hæstv. forsrh.

Inn í þessa umræðu, hæstv. forsrh., bætist svo yfirlýsing félmrh. fyrr í dag að hæstv. félmrh. sé búinn að gefast upp á því að afla lánsfjár til húsnæðiskerfisins eftir leiðum markaðarins. Hæstv. félmrh. sagði fyrr í dag að hann væri nú svo gamaldags, svo að notað sé hans eigin orð, hann væri svo gamaldags að hann ætlaði að leita eftir félagslegu samkomulagi um það, það voru líka hans óbreyttu orð, félagslegu samkomulagi til þess að knýja á um, og ég vitna nú í þriðja sinn í hans óbreyttu orð, um siðferðilega skyldu lífeyrissjóðanna til þess að kaupa verðbréf til húsnæðisframkvæmda af ríkinu. Lífeyrissjóðirnir og Húsnæðisstofnunin eru einhverjir umfangsmestu gerendur á þessum markaði. Og ofan á allt annað gerist það svo hér í dag að félmrh. kemur og lýsir því skýrt yfir að á næstunni muni hann leita annarra leiða en markaðsleiða til þess að fjármagna húsnæðiskerfið á Íslandi.

[18:17]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. sá fá batamerki í íslensku efnahagslífi þótt þau séu nú fjölmörg og flestir sem sæmilega til þekkja og sæmilega fylgjast með séu farnir að sjá þau merki sem ótvíræð eru. Hann virtist ekki átta sig á því að það er gríðarlega mikilvægt og reyndar hvarvetna um veröld verið fyrstu stóru merkin um bætta stöðu atvinnulífsins þegar atvinnulífið tekur að greiða niður skuldir sínar og það hefur einmitt verið að gerast á undanförnum mánuðum að atvinnulífið hefur verið að greiða niður skuldir sínar, til að mynda í bankakerfinu. Þær tölur liggja fyrir. Það kom fram í

ræðu hæstv. sjútvrh. á aðalfundi fiskvinnslustöðva að sjávarútvegurinn hefði verið að greiða niður skuldir sínar um marga milljarða kr. Þetta eru mikil batamerki. Þetta er fyrsta skrefið, fyrstu stóru skrefin og stóru merkin í batanum. Þau hafa hvarvetna reynst með þeim hætti.

Varðandi það atriði sem hv. þm. nefndi, húsbréfin og kaup Seðlabanka í þeim efnum, þá er það mitt mat að Seðlabankinn gefur ekki yfirlýsingar um það að hann sé hættur að kaupa bréf af þessari gerð eða hinni. Það ákveður hann frá einum degi til annars og kemur inn í markaðinn þegar honum hentar. Þær tölur sem nefndar eru um vexti af húsbréfum eru miðuð við afar lítil viðskipti og nú þegar nýr flokkur húsbréfa kemur á markaðinn eftir skamma stund þá eru öll teikn á lofti um það að vextir á húsbréfum fari lækkandi en ekki hækkandi.

Enn eitt atriði sem ég varð undrandi á að heyra fyrrv. hæstv. fjmrh. rugla með. Hann ruglar saman grundvallaratriðum eins og þeim að íslenska þjóðarbúið sé að greiða niður skuldir sínar vegna þess að það aflar meira en það eyðir og hinu með hvaða hætti ríkissjóður kýs frá einum tíma til annars að fjármagna hallarekstur sinn. Hann ruglar þessum tveimur algerlega óskyldu atriðum saman sem er alveg furðulegt að heyra úr munni hæstv. fyrrv. fjmrh., það verð ég að segja, hér á hv. Alþingi.

[18:20]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það hefur engu verið ruglað saman, hæstv. forsrh. Það hefur ekkert staðið á því að ég og aðrir viðurkenndu það að sem betur fer hefur aukin veiði í Smugunni, aukning erlendra ferðamanna og ýmislegt annað leitt til þess að viðskiptajöfnuðurinn hefur verið jákvæður og þar með minnka erlendar skuldir þjóðarbúsins. En við höfum hins vegar saknað þess, hæstv. forsrh., að á sama tíma og hæstv. forsrh. hefur lýst þessum tíðindum hefur hann algerlega gleymt að geta þess að það fyrirtæki sem hann er aðalforstjóri fyrir, hið opinbera, íslenska ríkið hefur verið að auka erlendar skuldir sínar. Það væri auðvitað farsæl hagstjórn ef ríkið væri í takt við þjóðarbúið og það væri bæði þjóðarbúið sem væri að minnka erlendar skuldir sínar og ríkið sem væri að minnka erlendar skuldir sínar. Það sem við höfum verið að gagnrýna hér er það að á sama tíma og frumkvæðisaðili í atvinnulífinu hafi stuðlað að því að erlendar skuldir minnki þá skuli ríkið vera að auka þær og vega þannig upp að einhverjum hluta þann jákvæða árangur sem atvinnulífið hefur náð. Við höfum auðvitað tekið eftir því og fleiri tekið eftir því að hæstv. forsrh. hefur aldrei verið fáanlegur til þess að ræða þessa aukningu á erlendum skuldum ríkisins.

Síðan er rétt að hæstv. forsrh. átti sig á því að tveir bankastjórar Seðlabankans og í þeim hópi er ekki sá sem hann gerði að umtalsefni hér fyrr í dag, hafa lýst því yfir núna nýlega að kaup Seðlabankans á húsbréfunum hafi verið tímabundin og það er þess vegna ekki þannig að Seðlabankin hafi gefið út yfirlýsingu um það að hann muni stunda þessi kaup áfram, þvert á móti. Og það er tilefni þeirrar fyrirspurnar sem ég bar hér fram í dag og hef ekki enn þá fengið svar við.

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):

Vegna þess að tveir aðrir hv. þingmenn hafa óskað eftir því að veita andsvar þá mun ræðutími seinni umferðar verða ein mínúta.

[18:22]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ítreka það að Seðlabankinn á ekki og þarf ekki að gefa út neinar yfirlýsingar um að hvenær hann kaupir einstök bréf á markaðnum. Hann á að geta gert það þegar honum hentar frá einum degi til annars og hafa jákvæð áhrif á markaðinn með þeim hætti. Það er hin skynsamlega regla.

Hv. þm. varði stórum hluta af máli sínu til að rugla hér saman eins og ég sagði þessum þáttum, því að hagstæður viðskiptajöfnuður og það að við skulum nú afla meiru en við eyðum leiða til þess að við erum að borga niður okkar skuldir og hinu á hvern hátt hæstv. fjmrh. vill brúa fjárlagahallann í reikningum ríkisins. Þarna er um tvo gerólíka hluti að ræða. En hitt er rétt að það var enn þá alvarlegra á sínum tíma, m.a. í tíð hv. þm. sem hæstv. ráðherra þegar viðskiptahallinn var gríðarlegur, þegar þjóðarbúið sem heild var að auka skuldir sínar og á þeim tíma skyldi ríkissjóður líka vera að auka skuldir sínar erlendis. Það var mjög alvarlegt.

[18:24]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson hefur um árarаðir reynt að útskýra það í Sjálfstfl. að það er mikill munur á því hvort ríkissjóður fjármagni halla sinn innan lands eða hvort hann gerir það með erlendum lánum. Ég ráðlegg nú hæstv. forsrh. að kynna sér þessi rit og ræður hv. þm. Eyjólfs Konráðs Jónssonar vegna þess að það er alveg rétt hjá þingmanninum að það er grundvallarmunur á því hvort ríkissjóður fjármagnar halla sinn innan lands eða með erlendum lánum. Það er ein af veilunum í hagstjórn núv. ríkisstjórnar að ríkissjóður hefur í auknum mæli farið að fjármagna halla sinn með erlendum lánum.

Varðandi það atriði sem hæstv. forsrh. vék að hér fyrr að atvinnulífið væri að greiða niður skuldir sínar og þess vegna væru fyrirtækin ekki umsvifamikil á lánsfjármarkaði þá er það vissulega ánægjulegt. En þá á ríkið ekki að nota tilefnið til þess að auka umsvif sín umfram það sem fyrirtækin eru að gera. Það er einmitt þetta hlutfall á milli ríkisins og atvinnufyrirtækjanna á lánamarkaðnum sem ég var að gagnrýna hér áðan.

[18:25]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. [illegible] er sérfræðingur í því að afflytja það sem hann les [illegible]a heyrir. Á 4. bls. í þessu frv segir: „Lægri lánsfjárþörf ætti að hafa áhrif á vexti til lækkunar ef markaður starfar óheftur og lántökur annarra aðila, þ.e. sveitarfélaga, heimila og atvinnufyrirtækja, aukast ekki."

Þetta er engin stefna. Það er staðreynd um það að það er heildareftirspurnin sem auðvitað ræður og framboð sem ræður vaxtastiginu á hverjum tíma. Þetta veit hv. þm. og annað er útúrsnúningur.

Í öðru lagi kom hv. þm. með mynd sem hann hafði stækkað út úr Hagtölum mánaðarins, mynd sem sannar bara eitt: Að vextirnir í dag og á undanförnu ári eru mun lægri en vextirnir voru þegar hv. þm. var fjmrh. Í fyrsta lagi þetta og í öðru lagi sannar það það sem kemur fram á bls. 6 í frv. sem hér er til umræðu að það er pláss fyrir vaxtalækkun í bankakerfinu. Þetta er það eina sem kemur fram á þessum myndum hér og hv. þm. getur sýnt þetta sem skólabókardæmi um það að munurinn á stefnu þessarar ríkisstjórnar og stefnu ríkisstjórnarinnar sem hann var í er sá að okkur hefur tekist að lækka vextina sem honum tókst ekki. Og af hverju var það? Það var vegna þess að í lok tímabilsins voru vextirnir ákveðnir af ríkisstjórn Ólafs Ragnars Grímssonar þegar hann var fjmrh. með þeim hætti að það var stórfelld innlausn á spariskírteinum og hann seldi ekki eitt einasta skírteini. Þess vegna varð að byrja á því að hækka vextina, bæði skammtímavextina og langtímavextina því að auðvitað gat ekki við svo búið staðið. Og heldur hv. þm. að það sé ekki munur á því þegar við erum annars vegar með viðskiptaafgang við erlendar þjóðir að geta þá sótt án þangað heldur en þegar viðskiptahallinn var 20 milljarðar kr. eins og hann var þegar hv. þm. endaði sinn feril sem fjmrh.? Ef hann hugsar þetta mál þá sér hann hvers konar reginmunur er á þessum tveimur stöðum annars vegar stöðunni nú og hins vegar þegar hann lauk sínum valdaferli.

[18:27]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það væri nú nær að hæstv. fjmrh. svaraði einhverju af þeim fyrirspurnum sem til hans var beint heldur en að flytja ræður af þessu tagi. Ástæðan fyrir því að ég vek athygli á því sem stendur hér bls. 4 er ekki að þetta er lýsing á staðreyndum. Þetta er lýsing á forsendunni fyrir 14,4 milljarða kr. lánsfjárþörf á næsta ári. Þetta er lýsingin á forsendunum. Forsendan fyrir þessari lágu lánsfjárþörf sem forsrh. og fjmrh. eru búnir að hæla sér af bæði hér í stefnuræðu og fjárlagaræðu er að atvinnufyrirtækin haldi svona að sér höndum, atvinnulífið dragist saman, engin sókn verði hjá fyrirtækjarekstrinum á Íslandi á næsta ári. Það er forsendan fyrir þessari 14,4 millj. kr. tölu þannig að hæstv. fjmrh. ætti nú að reyna að skilja hvað í hans eigin texta stendur og samhengið í því sem hann og aðrir eru að gera. Og ætla sér svo að halda því fram hér að það sé enginn munur á erlendri lántöku og innlendri lántöku, hvers konar rugl er þetta eiginlega? Haldið þið að það sé ekki munur á því hvort lánin eru háð breytingum á erlendum gjaldmiðli og hvort fjármagnið fer út úr íslenska hagkerfinu þegar borgað er af lánunum eða hvort það fer inn í íslenska hagkerfið og leiði þar til uppsprettu athafna og framfara þegar borgað er vegna þess að lántakan er innan lands? Að sjálfsögðu. Enda er það enn eitt veikleikamerkið á hagstjórninni núna að það þarf að leita í svona ríkum mæli út á erlenda markaði. Ég held að fjmrh. ætti að kynna sér það í fjmrn. hjá Lánasýslunni hver var innlausnin og hver var salan á spariskírteinunum á fyrstu mánuðum ársins 1991 þar til ég fór úr fjmrn. Ég man ekki betur og væri rétt að hæstv. fjmrh. kannaði það að innlausnin hafi verið minni en salan, innlausnin hafi verið minni en salan. En við skulum bara kíkja á þær staðreyndir, hæstv. fjmrh., þegar ráðherrann kemur með þær hingað eftir kvöldmat. Og þá skulum við bara skoða dæmið þegar hæstv. fjmrh. hefur lagt á borðið tölurnar um innlausn og sölu verðbréfa ríkissjóðs, spariskírteinanna á fyrstu mánuðum ársins 1991.

[18:29]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er sjálfsagt að hressa upp á minni hv. þm. síðar í þessari umræðu því að þetta er morgunljóst að það streymdu peningar úr ríkissjóði og það seldust ekki bréf sem á boðstólum voru. Hitt er svo annað mál, að hv. þm. verður að gera mun á því sem stendur hér í textanum sem staðreynd máls eins og það að vextir lækka þegar lánsfjáreftirspurnin er minni. Það er það sem hér stendur. Það stendur ekkert annað. Og ef ríkið getur dregið úr lánsfjáreftirspurninni þá ættu vextir að öðru jöfnu að lækka. Það sem hins vegar er verið að segja og er kannski undirskilið er það að ef aðrir taka lán í staðinn á þessum sama markaði þá getur vel verið að vextirnir lækki ekki eins og það sjáum við í nágrannalöndunum þar sem þenslan fer af stað, þar hækka vextir, í Bretlandi, Svíþjóð og í fleiri löndum. Þetta veit auðvitað hv. þm. Hv. þm. er að koma hér aftur og aftur í ræðustól til þess að gera hlutina tortryggilega og afflytja þann texta sem liggur fyrir. Það er hann einasti tilgangur hér.

[18:31]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta fer að verða stórkostlegt hjá hæstv. fjmrh. Nú kemur hann og segir það hér að forsendan fyrir því að lánsfjárþörf ríkisins sé svona lítil sé að allir aðrir séu ekkert á markaðinum, eða með öðrum orðum ráðherrann getur haldið sér við þetta og þar með lága vexti ef sveitarfélögin, heimilin og atvinnufyrirtækin auka ekkert umsvif sín. Aðilarnir sem hafa verið að minnka þau. Þar með var hæstv. fjmrh. að segja það að ef það verður sams konar aukning hjá sveitarfélögunum á markaðinum, aukning eins og hefur verið á þessu ári og fyrirtækjunum þá standist hið lága vaxtastig ekki vegna þess að þá þurfi heildarmagnið sem verið er að sækja að stækka.

Nei, hæstv. fjmrh., svörin hér staðfesta auðvitað þennan veika grunn enn á ný. Varðandi þetta línurit hér og við skulum bara ræða það síðar í umræðunni þá er kjarninn í málinu bilið á milli markaðarins og ríkispappíranna. Það er kjarni málsins. Að markaðurinn hefur búið til annan veruleika en þann sem fjmrn. er að halda uppi með aðstoð Birgis Ísleifs Gunnarssonar, Steingríms Hermannssonar og annarra starfsmanna Seðlabankans.

[18:32]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mitt andsvar er af öðrum toga. Þingmaðurinn fór nokkuð mikinn hér í upphafi ræðu sinnar með gagnrýni á forsetadæmið og gagnrýni á Alþfl., forustu hans, og fyrir að standa ekki við gefin fyrirheit. Það er vissulega rétt að ég lýsti því yfir að ég mundi gera mitt til þess að ráðherrar Alþfl. væru viðstaddir umræður um efnahagsmál. Við ræddum það hér á fundi, hv. þm., í umræðunni um fjárlög. Vissulega er mikil ástæða til þess. En ég vil að það komi fram hér vegna þessara hörðu ummæla að það er ekki gengið frá því fyrir fram og það veit þingmaðurinn við þingflokksformenn hvaða mál fara á dagskrá eða hver verði viðstaddur. Það er staðreynd. Hins vegar hefur félmrh. verið viðstaddur umræðuna í dag og ég er næsta viss um að hefði það ekki verið þá hefði verið talið mikilvægast að hann mætti hér.

Hins vegar vil ég líka geta þess að í upphafi hverrar viku er sett fram vikudagskrá í þinginu. Staðreyndin er sú að hún breytist mjög oft vegna þess að þetta þing okkar er þannig að það er ekki hægt að vera með áætlanagerð. Við vitum aldrei hvenær umræðu lýkur, ekki einu sinni þó það sé kvöldfundur, hvort við ljúkum málinu sem er á dagskrá og það er það sem er öðruvísi hjá okkur en í öðrum þjóðþingum. Ég ætla ekkert að afsaka að það sé ekki hægt að afstýra ferð ráðherra þannig að þeir geti verið við umræðu en ég vil bara benda á að það er erfitt að gera áætlanir fram í tímann. Næsta þriðjudag verður e.t.v. fyrirhugað að setja mikilvæg mál á dagskrá og við vitum ekkert hvort þessari umræðu verði lokið og vegna þess sem hefur verið fyrirhugað í þessari viku að jafnvel yrði að vera framhald á umræðu um efnahagsmál næsta þriðjudag. Þannig er þetta hjá okkur.

[18:34]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. fyrir að taka undir þá meginhugsun sem fram kom í athugasemdum mínum og ég þykist þess fullviss að hv. þm. er mér sammála um það að þetta gengur ekki svona áfram. Við vitum það öll að það eru tvö frv. sem eru mikilvægust í efnahagsmálum á hverju þingi. Það er fjárlagafrv. og það er það frv. sem við erum að ræða hér. Við getum auðvitað haft við önnur tækifæri umræður um efnahagsmál en ég hélt satt að segja að það væri viðleitni okkar allra að umræðurnar færu fyrst og fremst fram í tengslum við þau meginfrv. sem snerta efnahagsmálin. Væntanlega hafa ráðherrarnir kynnt sér það hvenær þessi frumvörp kæmu til umræðu eins og við hin í þinginu. Það vill svo til að hæstv. viðskrh. er ábyrgur fyrir Seðlabankanum, hann er líka ábyrgur fyrir reglugerð sem opnar á fjármagnsstreymi milli Íslands og umheimsins um áramótin. Ég hef ekki vikið að þeim þætti hér þó að það sé gert í grg. þessa frv. einfaldlega vegna þess að hæstv. viðskrh. er fjarstaddur. Ég hef heldur ekki vikið að ummælum hæstv. viðskrh. í síðustu viku um afleiðingar þessarar opnunar um næstu áramót vegna þess að hann er fjarstaddur. Þannig hefur fjarvera hæstv. viðskrh. afgerandi áhrif á þessa umræðu og það er ekki hægt að vísa því á bug með því að segja að einhvern tímann seinna sé hægt að tala um það og menn kunni einhvern tímann seinna að biðja um einhverja aðra ráðherra.

Hæstv. félmrh. þurfti hins vegar að mínum dómi að vera hér sérstaklega vegna umræðunnar um fjáraukalögin sem við vorum að ræða fyrr í dag vegna þess að þar er fjallað um þá 7 milljarða sem ríkissjóður þurfti að bæta við vegna þess að Húsnæðisstofnun ríkisins gat ekki selt sína pappíra. En í þessu frv. sem hér er til umræðu er það fyrst og fremst hæstv. viðskrh. af ráðherrum Alþfl. sem við vildum tala við.

[18:37]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Já, ég tek undir það og hef gert það áður, þessa meginhugsun að fagráðherrar séu viðstaddir fjárlagaumræðu, lánsfjárlög og annað það þar sem efnahagsumræðan er tekin og ég vek líka athygli á því að þessa daga á þessum fáu vikum höfum við verið að taka umræðu um fjárlög, lánsfjárlög, fjáraukalög, lánsfjáraukalög og það hefur verið tekin efnahagsumræða undir öllum þessum þáttum, nokkuð frítt og frjálst hefur mér sýnst. Þess vegna vek ég athygli á því að síðast þegar við tókum slíka efnahagsumræðu þá var einmitt kallað eftir þeim ráðherra sem hér situr án þess þó að hann tengist málinu hafi verið mikið kallað eftir viðbrögðum hans í dag.

Það sem ég vek athygli á er að þrátt fyrir þessi meginviðhorf þá er það þannig að bæði ráðherrar sem og þingið þurfa að gera áætlun fram í tímann og þess vegna var ég að vekja athygli á því að við getum ekki einu sinni í dag gengið út frá því sem vísu að það sem fyrirhugað er að setja á dagskrá næsta þriðjudag geti orðið þá.

[18:38]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það vissu það allir að það mundi verða töluverð umræða um lánsfjárlagafrv. Það var á dagskrá í dag. Hæstv. viðskrh. gat tekið mið af því. Ég átti líka að vera á fundi í kvöld, hv. þm., í okkar kjördæmi. Ég hef aflýst veru minni á þeim fundi vegna þeirrar umræðu sem hér fer fram vegna þess að ég hef talið mikilvægara að sinna þingskyldu minni og taka þátt í þessum umræðum heldur en að fara á fund sem ég var boðaður til. Ég tel að hæstv. viðskrh. hefði í morgun alveg eins getað frestað sínum fundi á Höfn í Hornafirði. Það bar enga brýna nauðsyn til að halda hann í kvöld, enga brýna nauðsyn.

Ég held að það sé mjög mikilvægt að ráðherrarnir og stjórn þingsins og forusta þingflokka ríkisstjórnarflokkanna geri sér grein fyrir því að það fer að koma að því að þolinmæði okkar gagnvart þessari fjarveru ráðherranna bresti.

[18:39]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Nú hefur umræða um efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar staðið linnlaust nánast í allan dag og mundu kannski einhverjir álykta að allt sé fram komið en svo er þó ekki.

Eitt af því sem hæstv. fjmrh. hefur sagt þegar hann

hefur verið að lýsa því yfir að vextir á skammtímamarkaði mundu hækka er það að það væri forsenda og grunnur fyrir því að vextir í bankakerfinu lækkuðu. Síðast lýsti hæstv. fjmrh. þessu yfir í andsvari áðan. En hver er reyndin? Sama dag og hæstv. fjmrh. mælir fyrir frv. til lánsfjárlaga sem á að endurspegla peningastefnu ríkisstjórnarinnar þá hækkar Landsbankinn, annar ríkisbankanna, vexti á hæstu áhættuflokkum um 50 punkta eða hálft prósentustig. Þetta eru vextirnir á þá sem verst eru settir og eiga enga möguleika á að fjármagna sig annars staðar. Þetta eru skuldugustu einstaklingarnir og verst stöddu fyrirtækin.

Þarna er peningastefna núv. hæstv. ríkisstjórnar í hnotskurn. Það er verið að hækka vextina um hálft prósentustig á þá sem ekki komast undan hávaxtastefnu bankanna sem starfa í skjóli ríkisstjórnarinnar. Þetta er eitt atriðið enn í þann sarp sem í það minnsta hefur sannfært mig um það að sú peningastefna sem núv. ríkisstjórn framfylgir er við það að hrynja.

Síðan ræðir hæstv. forsrh. um efnahagslegt munnangur. Ég veit ekki hvernig hæstv. forsrh. ætlar að setja þessa vaxtahækkun Landsbankans í það samhengi. Það er helst að skilja á hæstv. forsrh. að Seðlabankinn eigi að halda leyndum grunnupplýsingum varðandi stöðu efnahagsmála. Að Seðlabankinn eigi helst ekkert að vera að fleipra með það hvað hann sé búinn að kaupa af til að mynda húsbréfum og um að það hafi verið tímabundin aðgerð. Þetta eru vægast sagt furðuleg ummæli hjá hæstv. forsrh. á sama tíma og við erum á Alþingi í hverju frv. á fætur öðru að reyna að gera leikreglur fjármálamarkaðarins ljósari og allt kerfið gegnsærra. Á sama tíma talar hæstv. forsrh. um munnangur, efnahagslegt munnangur, þegar seðlabankastjórar svara spurningum um stöðu þess hvað Seðlabankinn er búinn að kaupa mikið af ríkispappírum.

Stundum á maður erfitt með að átta sig á því á hvaða tíma maður er. Þetta hefði e.t.v. getað passað inn í umræðuna fyrir 10–15 árum að það væri ætlast til þess að Seðlabankinn lægi á slíkum grundvallarupplýsingum og að seðlabankastjórar séu snupraðir af hæstv. forsrh. úr ræðustól á Alþingi fyrir það að skýra frá staðreyndum um stöðu mála, skýra frá því að Seðlabankinn hafi þurft og eigi núna ríkispappíra upp á 25 milljarða til þess að viðhalda vaxtastefnu ríkisstjórnarinnar. Það hefur verið dregið rækilega fram í þessari umræðu í dag að þetta er á sama tíma og það er samdráttur á lánsfjárþörf í atvinnulífinu og engar líkur á aukinni fjárfestingu þar. Það er hins vegar mikið áhyggjuefni og kemur reyndar fram í grg. með frv. til lánsfjárlaga að enn vaxa skuldir heimilanna og ekki munu skuldsett heimili eiga betra með að standa í skilum eftir að vextir á hæstu lánaflokkum hjá ríkisbönkunum hafa verið hækkaðir um hálft prósentustig. Væri gaman að heyra álit hæstv. félmrh. á þessu atriði, hvernig hæstv. félmrh. álítur að þau 20% þeirra sem hafa tekið húsbréf og eru með þau í fjögurra mánaða vanskilum eða lengri hvort þeir munu eiga betra með að standa þar í skilum eftir að ríkisbankarnir, í það minnsta annar þeirra, en í flestum tilfellum skuldar þetta fólk á fleiri stöðum einnig, hafa hækkað þá vexti sem svo sannarlega voru drápsvextir fyrir. Ég vil krefja hæstv. félmrh. svara varðandi þetta atriði. Telur hæstv. ráðherra að þetta geri það að verkum að hann muni eiga betra með að glíma við vanskilin í húsbréfakerfinu?

Það er því miður að koma betur og betur í ljós að núv. hæstv. ríkisstjórn hefur í raun aldrei á sínum ferli náð raunverulegum tökum á vaxtamálunum og það er vægast sagt hlálegt að hlusta á hæstv. fjmrh. lýsa hér yfir hvað eftir annað að vextir í dag séu lægri heldur en þeir voru þegar fyrrv. ríkisstjórn fór frá. Hæstv. ráðherra gleymir að ræða þar um ákveðinn millikafla, þegar staðan var sú um tæplega tveggja ára skeið að vextir á skammtímamarkaði, vextir hjá þeim fyrirtækjum sem þurftu að fjármagna sig í bankakerfinu með sitt skammtímafjármagn með allt of hátt hlutfall af sínum efnahag í skammtímafjármagni, vextir hjá einstaklingunum sem stóðu í húsbyggingum voru mánuð eftir mánuð, missiri eftir missiri kringum 20%. Síðan kom hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, fyrrv. félmrh., og var stórhissa á því að stór hluti þeirra sem hafði tekið húsbréf væri í vanskilum. Þarf einhver að vera hissa á því þegar þannig er staðið að peningamálum að skuldsett fyrirtæki og skuldsett heimili voru missiri eftir missiri að borga 20% vexti? Ég segi 20% vexti því að fyrir þessa aðila sem fengu vísitöluhækkanir í engu upp bornar í sínu kaupi eða með sinni framleiðslu, þá voru nafnvextirnir hinir raunverulegu raunvextir.

Virðulegur forseti. Það þarf kannski engum að koma á óvart þegar staðreyndir þessara mála eru raktar fyrir hæstv. ráðherrum, að þeir séu eilítið hvumpnir. Ég verð að segja það fyrr mína parta að það er eilítið þreytandi að hlusta á hæstv. fjmrh. hvað eftir annað lýsa því yfir í ræðum sínum um peningamál, um markaðsmál að hann einn viti, hann einn hafi skilninginn, hann einn viti hvernig þessi eðalmarkaður þróast. Ég get sagt það fyrir mitt leyti að það er mín skoðun að við hljótum hér eins og annars staðar að feta þá leið að vextir þróist á markaði. En það er hins vegar og hefur margsinnis verið bent á að þetta er langtímamarkmið og þetta er einstigi sem við erum nokkuð lengi að feta. Hæstv. ráðherrum finnst það kannski allt í lagi eins og hæstv. félmrh. gerði hér í blaðaviðtali í síðustu viku að koma síðan eftir að vextir voru búnir að vera í 20% í tvö ár fyrir þá sem verst áttu með að borga þessa háu vexti, skuldsett heimili og verst settu fyrirtækin, þá skuli hæstv. viðskrh. koma í blaðaviðtal og segja: Ja þetta var nú bara svona. Þetta var nú búið að vera árum saman fákeppnismarkaður þar sem þeir sem áttu fjármagnið skömmtuðu sér í raun vextina. En við bara sáum þetta ekki fyrr en fyrir tæpu ári síðan, segja svo þessir háu herrar í dag. Þetta er lítil huggun fyrir þá sem eru að missa húsnæðið ofan af sér í nauðungaruppboðum, eru að verða persónulega gjaldþrota. Þetta er engin huggun fyrir þá sem á síðustu árum hafa verið að leggja sparifé sitt í atvinnurekstur í þeirri góðu trú að það væri stefna stjórnvalda, stefna ríkisstjórnar Sjálfstfl. að styðja við bakið á þeim sem hefðu kjark til þess að leggja peninga í eigin atvinnu-

rekstur. Staðreyndin er hins vegar sú að í langsamlega flestum tilfellum hefur það fjármagn brunnið upp. Þeir aðilar sitja eftir brenndir, hafa ekki kjark til þess að fara út í slíka starfsemi aftur. Og oft og tíðum að nokkru leyti brennimerktir sem vanskilamenn. Það er nefnilega svo að í hinum harða heimi viðskiptanna er það ekki þannig að menn geti fengið einhvers staðar opnaða ótakmarkaða heimild til úttektar til þess að láta enda ná saman. Það er engin listahátíð í gangi hjá þeim sem hafa annaðhvort verið að reyna að koma þaki yfir höfuðið eða byggja upp eigin atvinnurekstur. Þeir hafa orðið að horfast í augu við hinn kalda raunveruleika peningamarkaðarins sem hefur verið sá lengst af á tímabili þessarar ríkisstjórnar að menn hafa verið að borga 20% raunvexti af skammtímafjármagni. Það er einnig staðreynd að þau fyrirtæki sem ekki hafa komist út á hinn almenna markað hafa ekki haft burði til þess að selja þar verðbréf til þess að fjármagna sig, þau eru í dag að borga 12–14% vexti af sínu skammtímafjármagni. Þessa vexti var verið að hækka í dag um hálft prósentustig. Þetta er sú framtíðarsýn sem þeir Íslendingar hafa sem vildu takast á við framtíðina á þann hátt að taka þátt í atvinnustarfsemi og koma á fót eigin atvinnurekstri. Ef þeir hafa ekki silfurskeið í munni og eiga beinan aðgang að sjóðum, fjölskyldusjóðum eða öðrum sjóðum, ef þeir eiga eitthvað að ráði undir bankakerfinu, undir lánamarkaðinum, þá eiga þeir enga möguleika og það er ekki hægt með nokkru móti að ýta undir eða ráðleggja þeim aðilum sem eru að velta slíku fyrir sér að fara út í slíka starfsemi. Meðan þetta er sú peningastefna sem er við lýði þá verður engin nýsköpun. Þá rætist það sem aðilar vinnumarkaðarins eru að spá í dag, þá rætist það að fjárfestingin fer langt undir hættumörk sem hefur þær beinu afleiðingar að atvinnuleysi mun ekki minnka heldur aukast og sömuleiðis það að við höfum enga möguleika á að koma okkur upp úr þeirri hagvaxtarlægð sem við erum í í dag. Á þessu virðist ríkisstjórnin nánast ekki hafa nokkurn skilning. Það endurspeglast m.a. í fjárlagafrv. sem nú er verið að leggja fram. Þar er útgjöldum háttað án nokkurs tillits til þess hvernig þau kynnu til lengri tíma litið að virka jákvætt á efnahagslífið og skila sér eilítið margföld til baka. Það er afar fróðlegt að lesa bréf sem okkur alþingismönnum hefur nú borist frá kvikmyndagerðarmönnum og Félagi kvikmyndaleikstjóra þar sem þeir benda á að með því að skera niður framlög til Kvikmyndasjóðs er ríkisstjórnin í raun að henda því útsæði sem þar er til staðar. Þetta er atvinnustefna, þetta er peningastefna þeirrar ríkisstjórnar sem nú situr.

Virðulegur forseti. Umræður þróuðust þannig í dag að ég flutti þá ræðu sem ég ætlaði að flytja hér um lánsfjárlagafrv. undir umræðum um fjáraukalög en þar höfðu umræður mjög sveigst inn á svið vaxtastefnunnar. Ég mun því ekki hafa þessa ræðu öllu lengri hér núna. En ég beini þeirri spurningu einnig til hæstv. fjmrh. sem ég beindi til félmrh. áðan. Hvaða áhrif telja hæstv. ráðherrar að það muni hafa að bankakerfið er núna að hækka vexti á hæstu lánaflokkum um hálft prósentustig, hækka vextina á þeim sem komast ekki undan? Þetta er sama fólkið sem er í vanskilum með húsbréfin sín. Hvaða áhrif telja þessir hæstv. ráðherrar að þetta hafi á þá viðleitni að reyna að koma húsbréfunum í skil? Og hvernig skýrir hæstv. fjmrh. þessi viðbrögð bankakerfisins við ummælum ráðherrans þess efnis að nú sé forsenda fyrir því að lækka vexti í bankakerfinu?

Virðulegi forseti. Ég hef lokið máli mínu en ég vænti svara frá þeim hæstv. ráðherrum sem ég hef beint spurningum til.

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):

Áður en ég gef hæstv. félmrh. orðið til andsvara vil ég geta þess að að loknum andsvörum hefur forseti ákveðið að gefa hér matarhlé frá 7 eða rúmlega 7 til kl. 8.30.

[18:57]

Félagsmálaráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það þarf auðvitað ekki að fara í grafgötur með það að allar breytingar til hækkunar á vaxtastigi bankanna minnka ekki heldur þvert á móti auka þann vanda sem heimilin í landinu eiga í því að það er auðvitað staðreynd sem enginn um deilir að íslensk heimili eru allt of skuldsett og hafa raunar verið það um alllangan aldur en þróunin hefur því miður verið í öfuga átt. Á því kunna að vera skýringar sem raunar er um getið hér í frv. til lánsfjárlaga og birtist í aukinni eftirspurn eftir húsbréfum. Menn leiða getum að því án þess að geta fullyrt nokkuð um það að fólk leiti í einhverjum mæli til húsbréfanna með 5% vexti eða þar um til þess aftur að greiða niður lán annars staðar. Það er ekki óeðlilegt ályktun sem þar kemur fram. En ég tek undir með hv. þm. að það er auðvitað áhyggjuefni að bankarnir skuli fara í þessa átt en ekki til lækkunar vaxta þegar allt efnahagsumhverfið kallar raunar á það. Svo sannarlega þurfa heimilin á því að halda.

[18:59]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. félmrh. segir að allt umhverfið kalli á lækkun vaxta en þá hækki bankarnir vextina. Það skyldi nú ekki vera að það sé svo að hæstv. ráðherrar í þessari ríkisstjórn átti sig ekki á því í hvaða umhverfi þeir lifa og þeir átti sig ekki á því hvaða aðstæður þeir hafa skapað á peningamarkaðnum. Það væri kannski ástæða til þess að hæstv. fjmrh. þó að hann sé ekki í andsvari við mig hér, endurskoði eilítið þá aðstöðu sína að hann einn viti og hafi vit á íslenskum peningamarkaði. Það var athyglisvert og auðvitað gat hæstv. fjmrh. ekki svarað öðruvísi en þannig að með vaxtahækkuninni í dag er enn verið að þrengja að þeim sem verst eru settir peningalega og það er enn verið að rýra stöðu þeirra sem eru í vanskilum með húsbréfin sín að standa í skilum. Þetta er allt saman gert í skjóli þeirrar peningastefnu sem núv. hæstv. ríkisstjórn rekur.

[19:00]

Félagsmálaráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að orðlengja þetta en vil þó rifja upp orð hv. þm. sjálfs hér áðan þar sem hann ræddi um hátt vaxtastig á árinu 1991 sem sannarlega var mörgum mjög erfitt. Það er kannski ekki síst í því ljósi eftirtektarvert og ástæða til að staldra við það að nú erum við að ræða um vaxtastig sem er um fjórum sinnum lægra. Bara það eitt auðvitað er ástæða til að staldra við þannig að þó vissulega séu erfiðleikar til staðar nú eftir sem áður, þá erum við engu að síður að horfa á allt, allt annað vaxtaumhverfi nú heldur en fyrir nokkrum missirum og það er rétt að staldra við það.

[19:01]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það liggur við að ég hafi ekki trúað mínum eigin eyrum þegar ég hlustaði á þetta andsvar hjá hæstv. félmrh. Hann var að tala um vextina 1991. Vextirnir voru reyndar háir 1991, síðari hluta ársins eftir að núv. hæstv. ríkisstjórn hafði hækkað þá og þeir héldust í þeim hæðum, ekki bara árið 1991 heldur út árið 1992 og fram í nóvember 1993 og það eru þær drápsklyfjar þeirra vaxta núverandi ríkisstjórnar sem heimilin í landinu eru að kljást við í dag og endurspeglast í stöðugri hækkun skulda heimilanna.

[Fundarhlé. — 19:02]

[20:30]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér stendur nú yfir það sem við getum kallað annan hluta umræðunnar um ríkisfjármálin. Hér hefur farið fram 1. umr. um fjárlögin sem nú eru til meðferðar hjá fjárln. þingsins. Hér liggur lánsfjárlagafrv. fyrir og er rétt hafin umræða um það, en við eigum enn þá eftir að sjá það sem við getum kallað þriðja og fjórða hluta ríkisfjármálanna, þ.e. það sem snertir tekjuhliðina, og svo loksins það frv. sem gengið hefur undir nafninu „ráðstafanir í ríkisfjármálum" eða „bandormurinn" sem heldur hefur ekki litið dagsins ljós, enda erum við orðin vön því á þessu kjörtímabili að það frv. komi ekki fyrr en rétt undir jólin. En það má ljóst vera að fram undan eru bæði breytingar á skattalögunum og einnig ýmsar ráðstafanir sem hafa verið boðaðar og eru boðaðar í fjárlagafrv. og má nefna sem dæmi nýjan skatt á sjúklinga, gjöld á sjúklinga. Það er fyrirhugað að framlengja lagabreytingar sem gerðar voru á grunnskólalögunum og ollu miklum deilum á sínum tíma og varða fjölda nemenda í bekkjum. Og ekki kæmi mér á óvart þó að inn í bandorminn kæmi lagagrein sem snertir Háskóla Íslands þar sem honum verði veitt heimild til að takmarka nemendafjölda þó að háskólinn hafi reyndar alls ekki beðið um það þannig að það á margt eftir að koma fram sem skýrir myndina af ríkisfjármálunum.

Sannleikurinn er sá að það er hvorki hægt að átta sig á fjárlögunum né lánsfjárlögunum fyrr en allt þetta er komið fram og myndin tekur á sig einhverja heild. Og þar kem ég einmitt að því máli sem hér er til umræðu í dag. Umræðan það sem af er hefur snúist að miklu leyti um vaxtamál og það er ekki að furða því að það er ýmislegt sem bendir til þess að það sé vaxandi þrýstingur á lánamarkaðnum, þrýstingur í þá veru að hækka vexti. Síðast núna í kvöld var viðtal á Stöð 2 við einn af fjármálasérfræðingum þjóðarinnar, Gunnar Helga Hálfdánarson, þar sem hann sagði að það væri greinilegt að það væru væntingar um vaxtahækkanir á markaðnum. Það er spenna sem m.a. kom fram í því í dag að Landsbankinn hækkaði vexti um hálft prósent. Og einmitt þessi spenna vekur þá spurningu hvernig vaxtaþróunin muni verða. Steingrímur Hermannsson, bankastjóri Seðlabankans, sem hér hefur nokkuð komið við umræðuna í dag, hefur lýst því yfir að það sé nokkur hætta á vaxtahækkun. Hann hefur líka lýst áhyggjum sínum yfir því að skuldastaða heimilanna sé orðin með þeim hætti að það geti valdið bankakreppu líkt og gerðist á Norðurlöndunum. Þetta kallar hæstv. forsrh. „efnahagslegt munnangur" eins og hann sagði hér í dag og vill meina að menn séu að tala ógætilega. Það er auðvitað staðreynd að það er hægt að hafa áhrif á markaðinn með ýmiss konar spádómum og með ógætilegum orðum en ég hygg þó að Steingrímur Hermannsson, fyrrv. forsrh. og núv. seðlabankastjóri, viti um hvað hann er að tala.

Því er ein meginspurningin sem við stöndum frammi fyrir í þessum lánsfjárlögum sú, hvort ríkisstjórninni tekst að halda vöxtum í skefjum, hvort hún þarf að beita til þess tiltækum ráðum, þ.e. einhvers konar handafli eða hvernig markaðurinn muni haga sér. Þar er ekki annað hægt en benda á það sem kemur fram í fjárlögunum að sú breyting sem verður á fjármagnsmarkaði hér um áramót þegar frelsið í fjármagnsflutningi mun aukast — það er auðvitað ástæða til að ætla að það geti orðið til þess að auka þennan þrýsting enn þá meira á vaxtahækkanir í bankakerfinu og á lánsfjármarkaði. Þannig að allt er þetta nú heldur óljóst en í sjálfu sér mjög skiljanlegt að ríkisstjórnin og ráðherrarnir skuli hamra mjög á því að þeirra stefna muni standast og auðvitað er það skylda þeirra að reyna að halda vöxtunum í böndum.

En það sem ekki síður mun ráða því hvort þau lánsfjárlög sem hér liggja fyrir standast eru þær forsendur sem ríkisstjórnin hefur gefið sér fyrir ríkisfjármálunum og fyrir útkomu ríkissjóðs. Við röktum það hér í umræðum um fjárlög að við stjórnarandstæðingar teljum að forsendurnar séu að mörgu leyti mjög veikar. Ég held að við verðum að skoða þessar forsendur til að átta okkur á þessum lánsfjárlögum, skoða það hversu vel þær standast og reyna að átta okkur á því hvort útgjaldahlið fjárlaganna stenst annars vegar og tekjuhliðin hins vegar.

Reynsla undanfarinna ára gefur ekki til kynna að það muni takast að halda fjárlagahallanum í skefjum. Ár eftir ár hafa fjárlögin verið afgreidd með halla og síðan fáum við hér til afgreiðslu aukafjárlög sem sýna það að hallinn er orðinn enn þá meiri. Það verður þó að segjast eins og er og viðurkenna það að hallinn jókst ekki eins mikið á þessu ári og við áttum von á í ljósi þess sem gerðist á árinu 1993 þegar hallinn fór

upp úr öllum veðrum. Þess vegna gætum við vænst þess að hallinn aukist eitthvað, en vonandi ekki mjög mikið. En það er svo margt sem getur haft áhrif á hallann og því meiri halli, því meiri lánsfjárþörf hjá ríkinu.

Við erum nýbúin að afgreiða hér aukalánsfjárlög þar sem verið var að mæta auknum halla og þurfti að fá rúmlega milljarð kr. að láni vegna þess hve útgjöldin fóru mikið fram úr áætlun. Því er spáð að útgjöldin fari tæplega 4 milljarða fram úr áætlun á þessu ári en þar á móti komu líka auknar tekjur þannig að aukafjárlögin eða það sem þurfti að fá til viðbótar er rúmlega milljarður kr. Eins og ég nefndi er engin ástæða til að halda það að ríkisstjórninni takist að halda betur um fjármál næsta árs. Vonandi tekur ný ríkisstjórn við. Það verða kosningar snemma árs og ný ríkisstjórn tekur við þannig að það er ómögulegt að segja svo sem hvaða áhrif það hefur, en vonandi tekst að halda fjármálunum í böndum. En það sem auðvitað gefur manni litlar vonir um það eru öll þessi sparnaðaráform sem sett eru í lög ár eftir ár og við stöndum sífellt frammi fyrir að takast ekki. Þar eru sparnaðaráformin í heilbrigðiskerfinu nærtækust, þar sem nú er m.a. verið að biðja um 800 millj. kr. til viðbótar vegna þess að ekki tókst að spara eins og áætlað var í heilbrigðismálum. Og hvers vegna skyldu menn núna ná einhverjum slíkum sparnaði eða sértekjum eða aukatekjum sem ekki hefur tekist á fyrri árum?

Aðeins til þess að fara yfir það hvað getur haft áhrif á lánsfjárþörf ríkisins og raskað stöðunni í ríkisfjármálum, þá er stóra spurningin sú hvernig tekjuöflun þjóðarinnar verður háttað og hvernig veiðar munu þróast hér við landið. Það verður að segjast eins og er að þróunin er mikið áhyggjuefni. Það er ekkert sem bendir til þess að það verði ekki enn eitt árið að skera niður veiðiheimildir hér við landið. Ég vil nefna það í því sambandi að í síðustu viku hitti ég útgerðarmenn úti í Vestmannaeyjum og mér kom það á óvart hvað þeir voru gríðarlega áhyggjufullir, áhyggjufullir yfir því hvað lítið veiðist innan landhelginnar sem segir okkur það að úthafsveiðarnar, hvort sem við erum að tala um veiðarnar í Smugunni eða Flæmska hattinum, hafa bjargað gríðarlega miklu þótt umdeildar séu. Og þá kemur sú spurning: Munu þær halda áfram? Hvaða áhrif hefur það á efnahagslífið ef veiðar í íslenskri landhelgi dragast enn saman og úthafsveiðarnar minnka eða jafnvel bregðast? Þar með eru þessar forsendur að miklu leyti úr sögunni. En við skulum vona það besta og vona að okkur takist að semja við Norðmenn og að úthafsveiðar verði með þeim hætti að ekki verði gengið á fiskstofnana þar en við erum auðvitað sjálf illa sek í því hvernig við höfum umgengist okkar auðlindir í kringum landið.

Annað atriði sem getur raskað öllum þessum forsendum er komandi kjarasamningar. Það er margítrekað í fjárlagafrv. að kjarasamningar verði að vera hófsamir og það segir t.d. á bls. 239 í fjárlagafrv. þar sem verið er að tala um markmið fjárlaganna og markmið ríkisstjórnarinnar, með leyfi forseta:

„Það er því afar mikilvægt að niðurstaða komandi kjarasamninga samrýmist því jafnvægi sem náðst hefur í efnahagsmálum að undanförnu."

Kjarasamningarnir koma víða við sögu í fjárlagafrv., vonir um að þeir verði hófsamlegir, en ég veit ekki hvaða ástæðu menn hafa svo sem til þess að halda að kjarasamningar verði það og það verði ekki samið um einhverjar verulegar kjarabætur. Ég fæ ekki betur séð en það sé allverulegur þrýstingur á vinnumarkaðinum og mín tilfinning er sú eftir að hafa talað við fólk, ekki bara á Reykjavíkursvæðinu heldur líka úti á landi, að heimilin séu einfaldlega að þrotum komin. Fólk er búið að tæma alla sína sjóði og nú er krafan sú að launin verði hækkuð þannig að það er auðvitað spurningin hvort sú forsenda sem menn gefa sér í ríkisfjármálunum að kjarasamningar verði hófsamir standist.

Ef kjarasamningar takast og laun hækka eitthvað og ef efnahagsbatinn, sem ríkisstjórnin boðar, skilar sér þá vaknar spurningin hvaða áhrif það hefur á einkaneyslu og þar af leiðandi aukinn innflutning til landsins og hvernig það hefur áhrif á viðskiptajöfnuðinn. Allt hefur þetta áhrif á skuldastöðu landsins og erlendar lántökur.

Þá er það þessi stóra spurning um skuldir heimilanna sem gerð er grein fyrir í lánsfjárlagafrv. Það er gríðarlegt áhyggjuefni hve skuldir heimilanna hafa aukist mikið á undanförnum árum. Við ræddum í vor skýrslu um skuldir heimilanna og ég minnist þess að mér þótti afar athyglisverð sú staðreynd hve skuldirnar vega þungt á láglaunaheimilum. Þær vega afar þungt á láglaunaheimilum og þegar fólk hefur lítil laun og er skuldugt þá leiðir það auðvitað til vanskila sem aftur færir okkur að vanskilunum í húsbréfakerfinu sem eins og við vitum hafa aukist alveg gríðarlega og valda miklum áhyggjum þar sem u.þ.b. fjórða hvert skuldabréf er í fjögurra mánaða vanskilum.

Ég minni aftur á það sem ég var að vitna í Steingrím Hermannsson bankastjóra Seðlabankans þar sem hann var að velta því fyrir sér hvort þessi gríðarlega skuldastaða heimilanna geti leitt til bankakreppu líkt og gerðist á Norðurlöndunum. Nú þekki ég ekki þá þróun sem þar átti sér stað nægilega til þess að meta það en þessar gríðarlegu skuldir vekja ugg og eins og hér segir í grg. með frv. til lánsfjárlaga, með leyfi forseta:

„Ef litið er á heildarskuldir heimilanna lætur nærri að hver fjögurra manna fjölskylda hafi skuldað um 4,3 millj. kr. í lok júní 1994. Til samanburðar var þessi fjárhæð um 3 millj. kr. í árslok 1990 á sama verðlagi."

Þetta er auðvitað mikil aukning á skuldunum og hefur áhrif á lánsfjármarkaðinn þegar mikil eftirspurn er eftir lánum til einkaneyslu eða til húsnæðiskaupa. Þessi þróun hefur áhrif á það hvort lánsfjárfrumvarpið stenst.

Þróunin í húsbréfakerfinu mun líka hafa mikil áhrif og það vaknar sú spurning hvort sú áætlun sem gert er ráð fyrir í frv. upp á að húsbréfakerfið láni andvirði 13 milljarða kr. stenst. Þetta ár fór nokkuð fram úr áætlunum, um 2 milljarða kr., og ef efnahagsástandið er virkilega að batna og vonandi þar með hagur heimilanna þá er spurning hvaða áhrif það hefur í húsbréfa-

kerfinu. Verður þá ekki aukin eftirspurn eftir húsbréfum?

Svo ég nefni nokkra þætti sem hafa áhrif á efnahagslífið er það t.d. verð á útflutningsvörum, hvernig það mun þróast. Mun það hækka eða lækka? Útgjöldin í heilbrigðiskerfinu hafa náttúrlega alveg gríðarleg áhrif á stöðu ríkissjóðs og þar með hallann. Atvinnuleysið — tekst að halda því í böndum, verður það um 4,8% á ársgrundvelli eins og Þjóðhagsstofnun spáir eða verður það meira eða minna? Allt þetta hefur mikil áhrif.

Staða fyrirtækjanna í landinu hefur líka sín áhrif og hún er auðvitað gríðarlega mismunandi. Þó að skattekjur ríkissjóðs bendi til þess að fjöldi fyrirtækja hafi bætt sinn hag þá er það staðreynd að fyrirtækin hafa verið að taka til hjá sér og þau hafa verið að sameinast, þau hafa verið að reyna að bæta stöðu sína en þar kemur á móti að fjárfesting er sáralítil. Fjárfesting til vaxtar og til nýjunga, til atvinnusköpunar er sáralítil. Einnig í sumum hlutum landsins, ég nefni Vestfirði sérstaklega sem dæmi, þar vitum við að staða margra fyrirtækja er afar slæm og verði meiri samdráttur í afla þá hefur það mikil áhrif á tekjur fyrirtækjanna, hugsanlega gjaldþrot, hugsanlega tap á fjármunum o.s.frv.

Þá má nefna erlendar skuldir. Það kemur fram í fjárlagafrv. og í lánsfjárlögunum að það er heldur verið að greiða niður skuldirnar en þær eru samt sem áður verulega miklar og menn hafa bent á það hér, m.a. formaður Alþfl., hve erlendar skuldir þjóðarinnar séu miklar og greiðslubyrðin þung. Það þarf ekki mikið að gerast í efnahagslífinu til þess að við þurfum að leita í auknum mæli eftir erlendum lánum og þar með auknum skuldum.

Síðast en ekki síst þá hefur tekjuöflun ríkisins, hin almenna tekjuöflun, skattar og gjöld af ýmsu tagi mikil áhrif á útkomuna úr öllu dæminu. Þannig að það eru mörg atriði sem eru óljós í þessu dæmi öllu saman og það þarf ekki mikið út af að bregða til þess að þessi áætlun hrynji og lánsfjáreftirspurnin aukist verulega af hálfu ríkisins.

Ég ætla þá að víkja að sjálfu frv. Þar er fyrst að nefna að sú heildarupphæð sem þetta frv. er upp á er töluvert lægri en á árinu 1994 sem sýnir að lánsfjárþörfin hefur minnkað. Á árinu 1994 voru lánsfjárlögin upp á 27 milljarða 750 millj. kr. Síðan kemur þar til viðbótar það sem við vorum að samþykkja eða er til meðferðar í þinginu en áætlun næsta árs, 1995, gerir ráð fyrir lántöku upp á 21 milljarð 250 millj. kr. Þetta er auðvitað töluverð minnkun.

Ef litið er á einstaka liði þá kemur röðin fyrst að Lánasjóði ísl. námsmanna og þar er þessi sérkennilega pólitík á ferð hjá ríkinu að fyrst er skorið niður ríkisframlagið til sjóðsins um 50 millj. kr. en síðan er sjóðnum vísað út á lánamarkaðinn þar sem honum er ætlað að taka að láni 4 milljarða og 30 millj. kr. á árinu 1995. Er það um 390 millj. kr. hærri fjárhæð en á yfirstandandi ári segir í frv., með leyfi forseta. Þannig að það er verið að vísa sjóðnum í æ ríkara mæli út á lánamarkaðinn sem þýðir það að stærra og stærra hlutfall af því fé sem fer í gegnum hann fer til afborgana af lánum og fer í það að borga vexti. Ég hef oft gagnrýnt þessa pólitík ríkisins og tel þetta ekki skynsamlegt.

Það er að finna eins konar hótun í fjárlagafrv. að standist ekki þessar áætlanir þá þurfi hugsanlega að breyta útlánareglum sjóðsins og þeim lánskjörum sem hann býður upp á. Ég skil það þannig að þetta sé hótun um hækkun vaxta og reyndar guð má vita hvað sem kann ekki góðri lukku að stýra því eins og lánasjóðurinn er núna þá verður greiðslubyrðin af hans lánum veruleg og á eftir að hafa miklar afleiðingar á komandi árum.

Hér er Þróunarsjóður sjávarútvegsins kominn á blað í fyrsta sinn og það er gert ráð fyrir lántökum til hans upp á 2 milljarða 280 millj. kr. Við vitum að sjálfsögðu ekkert um það hvernig þessi sjóður mun þróast. Stofnun hans var gagnrýnd mjög harðlega hér á þingi í fyrra en mér dettur í hug að menn ættu að kynna sér þróunarsjóðinn sem þeir settu á fót í Færeyjum. Hann var settur á fót í nákvæmlega sama skyni og þessi til þess að úrelda fiskiskip og frystihús en mál þróuðust þannig að mönnum tókst alveg snilldarlega að gera út á þennan sjóð og ná út úr honum gífurlegum peningum en flotinn bara stækkaði og stækkaði og ástandið í Færeyjum er nú eins og raun ber vitni. Þar átti þróunarsjóðurinn nokkurn hlut að máli. Það er afar fróðlegt að lesa um það hvernig sá sjóður varð til og hvernig hann var notaður og um það hefur Eðvarð T. Jónsson skrifað greinar í sjómannablaðið Ægi.

Þá er hér næst Flugstöð Leifs Eiríkssonar og vegna hennar þarf að taka lán upp á 1.980 millj. kr. Ég spyr mig að því, hæstv. fjmrh., hvernig í ósköpunum þetta dæmi á að ganga upp. Ég fæ ekki betur séð en hér sé í uppsiglingu mikið vandamál fyrir ríkissjóð því að á bls. 358 í fjárlögunum segir um flugstöðina, með leyfi forseta:

„Rekstrarstaða flugstöðvarinnar hefur versnað mjög frá fjárlögum 1994. Tekjur eru áætlaðar 384 millj. kr. en gjöld 507 millj. kr. og halli mun því nema 123 millj. kr. borið saman við 58 millj. kr. á fjárlögum 1994. Mestu ræður þar um að vaxtagreiðslur eru taldar munu nema 229 millj. kr. og hækka um 48 millj. kr. milli ára.“ Ég spyr: Hvernig í ósköpunum á þetta dæmi að ganga upp? Það segir reyndar hér að utanrrn. ætli að skoða þetta dæmi allt, en á næstu árum munu falla í gjalddaga nokkur stór lán, segir hér í fjárlagafrv. Samtals nema afborganir 1.965 millj. kr. en á móti er gert ráð fyrir nýjum lántökum að fjárhæð 1.980 millj. kr. Hér er sem sagt verið að taka lán til þess að borga eldri lán og ég spyr: Hvernig í ósköpunum á flugstöðin að standa undir þessu? Ég minnist þess að kvennalistakonur gagnrýndu á sínum tíma stærð flugstöðvarinnar og það gríðarlega fjármagn sem hún tók til sín og ég er ansi hrædd um það að Flugstöð Leifs Eiríkssonar eigi eftir að verða baggi á ríkissjóði um ókomin ár.

Þá vil ég aðeins nefna Landsvirkjun. Ég var mikið að velta því fyrir mér í fyrra hvernig staða Landsvirkjunar væri. Þá var samþykkt í lánsfjárlögum lánsfjárheimild upp á 5,9 milljarða kr. Núna er beðið um lánsfjárheimild upp á 3 milljarða. Það sem sagt er þarna

veruleg lækkun milli ára, en jafnframt er áætlað að taka 1.400 millj. kr. út úr rekstri Landsvirkjunar til greiðslu afborgana á næsta ári og mér þætti fróðlegt að vita hvaðan úr rekstrinum á að taka þetta eða hvernig á að taka 1.400 millj. út úr rekstrinum. Ef ég man rétt þá námu skuldir Landsvirkjunar um 55 milljörðum kr. í fyrra, það voru þær tölur sem komu út úr ársfundi Landsvirkjunar. Og maður spyr sig auðvitað: Hvað þýðir þetta? Nú hefur ekkert gerst í orkusölumálum um árabil og við vitum að það er mikil umframorka hér í kerfinu. Hvernig á þessi stofnun að standa undir þessu? Ég vil beina þeirri spurningu til fjmrh., þetta ætti kannski frekar heima hjá hæstv. iðnrh. sem er á fundi austur á Hornafirði, ef við vitum rétt, en mér þætti fróðlegt að vita hvort menn hafi skoðað það í alvöru hvernig Landsvirkjun getur staðið undir öllum þessum lánum og afborgunum á næstu árum. Það gefur auga leið að það er ekki endalaust hægt að taka ný lán til að borga eldri lán. Einhvern veginn verða menn að borga þetta niður. Og hvernig lítur þetta dæmi út ef menn horfa til næstu ára?

Aðeins um húsbréfadeildina hjá Byggingarsjóði ríkisins. Eins og ég nefndi áðan er gert ráð fyrir 13 milljörðum kr. í húsbréfakerfið. Það segir hér að það eigi að setja nýjar reglur um greiðslumat og það eigi að hækka ábyrgðargjaldið en spurningin er hvort þetta dugar til. Við höfum rætt húsbréfakerfið mikið á undanförnum vikum og ég get tekið undir það að ég held að það sé full þörf á því að endurskoða greiðslumatið. Ég þekki sjálf dæmi um það að fólk hafi fengið greiðslumat sem nær ekki nokkurri átt. Það er greinilega verið að taka á þessum málum en samt sem áður vaknar sú spurning hvort þessar tölur standast.

Enn einu sinni ætla ég að nefna hérna Byggingarsjóð ríkisins. Ég held að það sé löngu tímabært að menn stokki upp þessa sjóði hjá Húsnæðisstofnun ríkisins. Byggingarsjóður ríkisins hefur afar litlu hlutverki að gegna. Hann er auðvitað með mikil útistandandi lán eða útistandandi kröfur, en hlutverk hans sem slíks er orðið afar lítið og ég held að það hefði fyrir löngu átt að vera búið að sameina Byggingarsjóð ríkisins og Byggingarsjóð verkamanna og það er auðvitað spurningin hvort ekki væri hægt að spara verulega með því að stokka þetta kerfi upp í Húsnæðisstofnuninni.

Aðeins um Byggingarsjóð verkamanna. Honum er ætluð 6,3 milljarða kr. lántaka. Þetta er töluvert lægri upphæð heldur en í fyrra, enda á að fækka íbúðum um 100 og þá vaknar sú spurning hvort verkalýðshreyfingin muni sætta sig við þessa fækkun. Verður þetta kannski eitt af því sem samið verður um í komandi kjarasamningum? Þar af leiðandi er það spurning hvort þetta stenst. Ég vil skjóta því hér inn að mér er sagt að félagslega íbúðakerfið hafi átt alveg ótrúlega stóran þátt í því á undanförnum árum að halda byggingariðnaðinum gangandi því að félagslegar byggingar hafa verið býsna stór þáttur í nýbyggingum á undanförnum árum þegar samdráttur hefur verið í bæði byggingu atvinnuhúsnæðis og byggingu einbýlishúsa. Og þegar menn eru að gagnrýna félagslegar íbúðir þá mættu þeir gjarnan hafa það í huga að þrátt fyrir allt hefur ríkið verið að halda uppi vinnu með því fjármagni sem farið hefur í félagslega húsnæðiskerfið og þar af leiðandi er það mjög mikilvægt. En vissulega er ástæða til þess að skoða það núna hvernig því fjármagni er varið. Ég nefni það hér að það kom fram á fundi í efh.- og viðskn. fyrir nokkru að svo virðist sem eftirspurnin eftir félagslegu húsnæði sé að minnka úti á landsbyggðinni, en við vitum það að hér í Reykjavík er alveg gríðarleg þörf fyrir félagslegt húsnæði, ekki síst fyrir þann hóp sem lendir milli stafs og hurðar í þessu kerfi öllu saman.

Aðeins um Byggðastofnun. Þar er nú ekki mikil breyting frá því sem verið hefur, en henni er ætlað að taka lán upp á einn milljarð kr. En það sem mig hefði langað að vita — nú er forsrh. fjarri góðu gamni og ég ætla ekki að fara að kalla á hann, ég er orðin heldur leið á þessu að vera alltaf að reyna að fá ráðherra hér til umræðna, þeir láta aldrei sjá sig — en það væri fróðlegt að vita hvar hugmyndir um nýtt hlutverk Byggðastofnunar eða endurskoðun á hlutverki Byggðastofnunar eru staddar. Það er verið að selja hús Byggðastofnunar við Rauðarárstíginn. Þar á utanrrn. að taka við en hvað á að verða um Byggðastofnun? Er ætlunin að flytja Byggðastofnun til Akureyrar eins og tillögur hafa komið fram um eða hvað hugsa menn sér? Ég minnist þess að í fyrra spurði ég hæstv. forsrh. um framtíð Byggðastofnunar og hann sagði þá að það væri verið að skoða hlutverk hennar en mér vitanlega hefur ekkert komið út úr því. Ég ætti náttúrlega að beina til hans formlegri fyrirspurn.

Ég er alveg að ljúka máli mínu, virðulegi forseti. Ég á bara eftir að nefna hérna Ferðamálasjóðinn. Honum er heimiluð lántaka upp á 150 millj. kr. og ef ég man rétt þá er það nákvæmlega sama upphæðin og á þessu ári, en þarna er þessi yndislega stjórnviska á ferðinni að lögbundin framlög til Ferðamálasjóðs eru skorin niður ár eftir ár en honum vísað út á lánamarkaðinn þrátt fyrir það að hlutverk Ferðamálasjóðs og þörfin fyrir aðgerðir og átak í ferðamálum sé kannski aldrei jafnbrýn og nú þegar möguleikar í ferðaþjónustu eru vaxandi.

Ég hef svo sem enga skoðun á því að Íþróttasamband Íslands ætlar að taka 40 millj. kr. lán og fá til þess ábyrgð ríkissjóðs til að stækka Íþróttahöllina í Laugardal. Við vitum að þetta var mikið vandræðamál, hvernig standa ætti að heimsmeistarakeppninni, en ég veit ekki til þess að íþróttahreyfingin sé mjög rík og ekki veit ég hvernig hún ætlar að standa að þessari fjármögnun og að því að borga þessi lán, en það er auðvitað hennar mál og við verðum að vona að henni takist það. Og það er reyndar annað mál hvernig búið er að íþróttastarfi hér í landinu.

En að lokum, virðulegi forseti, þá er niðurstaða mín sú að það sé engin ástæða til þess að halda að þetta frv. til lánsfjárlaga standist betur en þau sem við höfum séð á þessu kjörtímabili. Forsendurnar sem allur ríkisfjármálapakkinn byggist á eru býsna veikar. Það getur brugðið til beggja vona. Það getur orðið efnahagsbati eins og ýmis teikn eru um, en það getur líka

orðið þróun til hins verra. Framtíðin mun skera úr um það, en þar mun stefna ríkisstjórnarinnar á næsta ári og ný ríkisstjórn hafa veruleg áhrif. En allt eru þetta framtíðarspurningar og við munum sjá þegar þar að kemur hver niðurstaðan verður.

[21:08]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég kem hér í ræðustól út af húsbréfaumfjöllun hv. þm. Það hefur verið gefið til kynna að vanskil húsbréfanna séu jafnvel 15 milljarðar. Það kom fram á fundi okkar í Húsnæðisstofnun í dag að stokkurinn er 57 milljarðar kr., vanskilin eins og þeir reiknuðu 700 millj. Það eru 17 þús. einstaklingar með lán og í vanskilum um það bil 3 þúsund manns. Mér finnst mikilvægt að þessar upplýsingar komi fram.

Það var einnig nefnt hérna áðan hvort það að fækka íbúðum í Byggingarsjóði verkamanna væri eitthvað sem verkalýðshreyfingin sætti sig við. Það var úthlutað sl. vor um 505 íbúðum og það er búið að gera samninga um 126 íbúðir. Meðaltalið sl. sex ár hefur verið 490 íbúðir á ári. Mér finnst mjög mikilvægt að þetta komi fram vegna þess að það hefur orðið hreyfing á þessum markaði. Umsóknir eru u.þ.b. helmingi færri það sem af er ársins heldur en hefur verið á ári undanfarin ár og það má búast við að það losni um þegar ákveðinn stokkun félagslegs húsnæðis er orðin í sveitarfélagi, þá má búast við að það verði hreyfing því það er ekki þannig hjá okkur að fólk fari í félagslega íbúð og ákveði að vera í henni alla ævi. Fólk er tímabundið í þessum íbúðum. Það gæti verið skýring.

Ég vil líka nefna varðandi húsbréfin og vanskil þeirra að áður en húsbréfin komu til þurfti fólk við húsnæðisöflun að taka lán á mörgum stöðum. Það var lögð mikil áhersla á að samræma lán í eitt stórt lán. Það sýndi sig líka við umræður okkar í dag að það er reynsla þeirra sem fjalla um þessi mál að fólk hefur freistast til að fara í nýjar fjárfestingar af því að húsnæðisfjárfestingin var gerð auðveld.

[21:11]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. fyrir þær upplýsingar sem hún kemur hér með. Ég vil minna hana á að ég er ekki að gagnrýna húsbréfakerfið, enda var ég á sínum tíma fulltrúi Kvennalistans í þeirri nefnd sem samdi lögin um húsbréfakerfið og ég viðurkenni fúslega að mér er mjög annt um það kerfi og ég hef þess vegna líka miklar áhyggjur af því þegar það berast einhver váleg tíðindi. En þessi tíðindi um vanskil í húsbréfakerfinu segja okkur auðvitað miklu meira um efnahagsástandið og þá aðstöðu sem fólk býr við heldur en um kerfið sjálft. Málið er auðvitað það að tekjur fólks hafa dregist mikið saman þannig að menn geta ekki lengur staðið undir sínum skuldbindingum og það er auðvitað hið alvarlega í málinu. Atvinnuástandið, tekjusamdrátturinn, niðurskurður á yfirvinnu og þar fram eftir götunum. Varðandi félagslega kerfið, þá er mér líka mjög annt um það. Ég fagna því í sjálfu sér ef búið er að byggja það mikið félagslegt húsnæði víða um land að eftirspurninni sé nokkurn veginn fullnægt. Það getur að vísu skapað svolítil vandræði fyrir sveitarfélögin og kannski er hluti af skýringunni sá að fólk er að flytja sig til og það flytur utan af landi til suðvesturhornsins. En ég held að þá sé einmitt kominn tími til að við beinum svolítið betur sjónum að ástandinu hér, nákvæmlega hér á höfuðborgarsvæðinu, þar sem ég veit að er veruleg þörf og mikil eftirspurn eftir félagslegu húsnæði sem ekki hefur verið hægt að fullnægja hingað til. Þannig að það er kannski einfaldlega kominn tími til að skoða það rækilega hvernig myndin lítur út núna.

[21:13]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég óskaði að koma hér upp út af athugasemd þingmannsins einmitt vegna þess að í máli annarra hafa fram komið misvísandi athugasemdir varðandi vanskilin í húsbréfakerfinu og ég vildi nota þetta tækifæri til að leiðrétta þær.

Það sem ég var líka að koma inn á í fyrri athugasemd minni var einmitt það að við breytum möguleikum fólks þegar sett er saman á einn stað lánamöguleikinn til húsnæðisöflunar. Áður var lán sem fékkst hjá Húsnæðisstofnun lágt og það þurfti að afla fjármagns í bönkum til viðbótar en þegar búið er að samræma þetta lán í eitt gott allt að 70% lán þá hefur það líka sýnt sig að vanskil halda áfram. Auðvitað er tekjusamdráttur hjá fólki og við Íslendingar gerum gjarnan út á toppinn. En við eigum kannski dálítið erfitt með að sjá hver hin rétta mynd er vegna þess að freistingin er sú að þegar búið er að koma sínum málum í skikk með þeirri góðu fyrirgreiðslu sem sett er á laggir þá er e.t.v. boginn spenntur umfram greiðslugetu af því að þegar þú ferð og kaupir kannski bílinn sem þig langar í til viðbótar þá var ekkert spurt um greiðslumat þar. Reynsla Húsnæðisstofnunar er sú að það er gert greiðslumat yfir þær skuldir sem fyrirhugaðar eru vegna húsnæðisöflunar. Ef freistingin er sú að fara í mjög mikla viðbót, sköffun á öðru, svo við notum slæmt orð, þá er ekki óskað eftir greiðslumati á því. Það er mjög stór hluti vanskila vegna viðbótarfjárfestinga eftir að greiðslumat er gert og svo það að Húsnæðisstofnun er liprari lánastofnun en aðrar og fer ekki að láta í sér heyra fyrr en, eins og fram hefur komið, á fjórða mánuði. Þannig að þetta eru líka skýringar þess hvers vegna vanskil í húsbréfakerfinu verða svo augljós þegar svona stendur á.

[21:15]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að ég geti tekið undir hvert orð sem hv. þm. sagði. Mig langar að bæta því við að það sem hún var að lýsa er sá dæmigerði íslenski hugsunarháttur að þetta reddast einhvern veginn og fólk spennir bogann til hins ýtrasta. Hér hefur efnahagsástand verið með þeim hætti að það hefur borgað sig að eyða. Hugsunarhátturinn hefur ekki breyst í samræmi við það breytta efnahagsumhverfi sem við lifum í núna. Það vekur þá spurningu hvort við þurfum ekki að fræða fólk miklu betur en við gerum um efnahagsmál, um rekstur heimila hreinlega og öflun húsnæðis og svo framvegis, hvort sem við byrjum í skólakerfinu eða annars staðar.

[21:17]

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Eins og fram hefur komið í umræðum fyrr í dag um frv. til lánsfjárlaga þá er hér um að ræða aðra meginstoðina í efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar og sýnir frv. áætlun um hina raunverulegu stöðu.

Forustumenn ríkisstjórnarinnar með hæstv. forsrh. í broddi fylkingar hafa lagt á það kapp að draga upp glansmynd af stöðu efnahags landsmanna og stöðu fjármála. Það er grunur minn að það helgist frekar af þeim atburðum sem fram undan eru á komandi vetri, alþingiskosningum, en raunsönnu mati á stöðunni eins og hún er. Þessi mynd hefur verið dregin upp í stefnuræðunni, hún hefur verið dregin upp í umræðu um stöðu ríkisstjórnarinnar, hún hefur verið dregin upp í umræðum um vantraust á ríkisstjórnina, sem fór fram í gær, hún hefur verið dregin upp í fjárlagaumræðunni og það er reynt að draga hana upp líka í umræðunni um lánsfjárlög. Það er lögð áhersla á hagstæðan viðskiptajöfnuð, lága vexti og markaðslausnir í peningamálum, lága verðbólgu og betri afkomu fyrirtækjanna. Það er lagt ofurkapp á að viðhalda þessari mynd.

En ég held að þessar umræður í dag og þeir atburðir sem gerst hafa í dag hafi leitt í ljós að þessar fullyrðingar allar standa á brauðfótum þó vissulega séu einstaka þættir í efnahagsþróuninni jákvæðir. Það má þó geta þess og ekki gleyma því að lág verðbólga stafar m.a. af því að það er samdráttur í þjóðfélaginu og fjárfesting hefur verið í algeru lágmarki eins og ég kem að síðar.

Hins vegar er það alveg dæmalaust að þegar einhverjir aðilar í þjóðfélaginu, hvort sem þeir eru innan þings eða utan, dirfast að segja eitthvað sem brýtur í bága við þessa glansmynd og ef staðan eins og hún er í rauninni er dregin fram í dagsljósið þá tryllist hæstv. forsrh. Hann trylltist í dag í umræðum vegna þess að uppi í Seðlabanka hefur verið talað á einhvern annan hátt en passar fyrir hæstv. ráðherra í Alþingi. Það er náttúrlega alveg yfirgengilegt að forsrh., sem er nýbúinn að bera fram frávísunartillögu um vantraust á hann sjálfan og ríkisstjórn hans og fá hana samþykkta á Alþingi og berja sína menn til hlýðni við þá tillögu, tryllist ef utan þings er talað öðruvísi en honum passar. Ég vona að þessi orð mín komist til skila til hæstv. forsrh. því ég er satt að segja steinuppgefinn á því eins og aðrir hv. þm. að reyna að draga ráðherra til að vera við umræður um efnahagsstefnuna í þinginu.

Í þessari dæmalausu ræðu sem hæstv. forsrh. hélt í dag og talaði um efnahagslegt munnangur segir hann, með leyfi forseta: „Á hinn bóginn verður auðvitað að gera þær kröfur til Seðlabankans og þeirra sem koma fram í umboði hans, nafni hans, að þeir gæti varúðar í ummælum sínum."

Enn fremur segir hann, með leyfi forseta: „Frægt var nú þegar Volcker," — þetta er með fyrirvara — „fyrrum seðlabankastjóri Bandaríkjanna, fékk hálsbólgu og þá lækkuðu bréf á mörkuðum. Þá eru menn auðvitað komnir út í öfgar. Það er verra þegar ógætileg ummæli fara út um hálsinn á viðkomandi. Þá er líklegra að það hafi hættuleg áhrif."

Þetta er nú ekki af málfundi í skóla heldur er þetta úr ræðu hæstv. forsrh. í dag. Allt vegna þess að honum líkar ekki ummæli sem höfð eru uppi í Seðlabanka og passa ekki við þá mynd sem hann er að reyna að draga upp af efnahagslífi þjóðarinnar. En nóg um það.

Það hefur verið mikið rætt undanfarið um stöðu einstaklinganna í þjóðfélaginu og ég held að það sé nauðsynlegt í þessari lánsfjárlagaumræðu að beina kastljósinu að þeim. Vextirnir sem þessir einstaklingar þurfa að borga voru að hækka í dag. Það hefur verið rætt nokkuð um stöðu mála í húsbréfakerfinu í þessu sambandi. Hv. 4. þm. Reykn. kom inn á þau mál áðan í andsvari um vanskilin í húsbréfakerfinu. Hið rétta í þeim málum er að höfuðstóllinn í húsbréfakerfinu eða höfuðstóll útlána er 57 milljarðar kr. Vanskil nema um ¼ af höfuðstólnum og það sem gjaldfallið er eru 700 millj. kr. og það er æðimikil upphæð, það sem gjaldfallið er í afborgunum og vöxtum. Og þessi upphæð er gjaldfallin þrátt fyrir það að þessi lán séu til langs tíma og greiðslubyrðin af þeim eigi að vera léttbærari þess vegna og vextirnir lægri heldur en á almennum markaði. Það komu einnig í ljós í heimsókn félmn. til Húsnæðisstofnunar í morgun þær upplýsingar að síðan greiðsluerfiðleikalán voru leyfð hafa 1.200 manns sótt um slík lán í gegnum stofnunina og langar biðraðir eru í Húsnæðisstofnun um að fara yfir þær beiðnir „vegna þess að þessar umsóknir eru flóknar og mikið verk að afgreiða þær", svo ég noti orð starfsmanna stofnunarinnar.

Ég hef ekki á reiðum höndum upplýsingar um vanskil einstaklinga í bankakerfinu en það er alveg ljóst að þau eru veruleg og bankakerfið á í verulegum vanda vegna aukinna vanskila.

Það kom einnig fram í dag í viðræðum við Húsnæðisstofnun um húsbréfakerfið að ávöxtunarkrafan hefur farið síhækkandi, hefur hækkað á degi hverjum núna undanfarið þannig að allt bendir þetta í sömu átt, því miður. Þessi glansmynd af efnahagsmálunum sé því miður ekki eins mikil glansmynd og hæstv. ráðherrar vilja vera láta. Sannleikurinn er auðvitað sá að Seðlabankinn hefur teygt sig fram á ystu nöf við að halda vöxtum niðri og hefur keypt bréf af ríkissjóði, húsnæðisbréfin, upp á 7 milljarða kr. á þessu ári. Reiknað er með að Húsnæðisstofnun þurfi að selja húsnæðisbréf upp á 9 milljarða kr. á næsta ári og er alls óvíst og ekki búið að gera neinar tillögur um það í stofnuninni hvernig verður farið að því að bjóða þessi bréf út með árangri á almennum markaði.

Það hefur sýnt sig hér í umræðum í dag að það eru að koma efasemdir í einstaka ráðherra um að þessi grundvallarþáttur efnahagsstefnunnar, markaðslausnirnar, standist. Hæstv. félmrh. talaði um það í umræðum í dag og var haft eftir honum í kvöldfréttum í kvöld að hann hygðist taka upp viðræður við lífeyrissjóðina um fjármögnun á gamla mátann því að hann væri þó þetta gamaldags enn þá, svo að ég noti ummæli sem höfð voru eftir honum í fréttum. Ég hygg að hæstv. félmrh. sé farinn úr húsinu en það væri fróðlegt að heyra álit hæstv. fjmrh. á þessu eða hvort hann

heldur að þetta beri árangur. (**Gripið fram í:** Það var gert í dag, þingmaðurinn var bara ekki við.) Já, þá mun ég fletta upp í ræðu þingmannsins því að ég þurfti að bregða mér hér af vettvangi í dag og mun þá ekki tefja tímann með fleiri fyrirspurnum um það efni. Ég hef aðgang að því.

Það eru fleiri hættumerki varðandi efnahagsmálin og fjármálin sem við verðum að taka tillit til þegar þessi mál eru rædd í heild sinni. Það er alls óvíst hvað gerist um áramótin þegar fjármagnsflutningar úr landi verða endanlega opnir. Það bendir ekkert til þess enn þá að það verði kúvending í erlendum fjárfestingum hér á landi þannig að það náist einhver jöfnuður í þessu efni. Það er alveg rétt að það hefur komið fram hér í umræðum að það hefur verið reiknað með því að 8 milljarðar muni flytjast úr landi núna fyrsta árið sem þessir fjármagnsflutningar eru opnir. En jöfnuður kemst því aðeins á að áhugi erlendra fjárfesta á fjárfestingum hér á landi vakni en því miður bendir ekkert til þess á þessari stundu að svo verði þó að vonandi rætist þar úr því að ég tel eðlilegt að það sé reynt að laða erlendar fjárfestingar að í öðru en þá sjávarúvegi en það hefur verið nokkurn veginn pólitísk samstaða um að takmarka fjárfestingar útlendinga í þeirri atvinnugrein.

Eins og ég sagði er fjárfesting fyrirtækja hér á landi lág. Það kemur fram að hún er 7,5% af landsframleiðslu hér miðað við 10% í nágrannalöndunum. Það verður hins vegar ekki betur séð á þessu lánsfjárlagafrv., eins og fram hefur komið, en að ekki sé reiknað með því að fyrirtæki taki lán í auknum mæli á næsta ári. Hins vegar er reiknað með því og það kemur fram í forsendum fjárlagafrv. að ætlunin er að einkaaðilar taki í auknum mæli við fjárfestingum á næsta ári þannig að þeim er ætlað hvort tveggja í senn að greiða niður skuldir og fjárfesta. Reiknað er með að það verði alger kúvending á næsta ári í þessu efni ef það á að takast að halda atvinnustiginu svipuðu og það er núna.

Ég held að það séu æðimargir lausir endar í þessari efnahagsstefnu og hún sé því miður ekki eins rakin og hér hefur verið sett fram í umræðu þráfaldlega af hæstv. ráðherrum. Það hefur verið lagt ofurkapp á að viðhalda því að kreppan sé liðin hjá. Vonandi er hún liðin hjá. Ég er ekki að óska eftir áframhaldandi kreppu, síður en svo. (Gripið fram í.) En ég held samt, hæstv. ráðherrar, og hæstv. fjmrh., þó hann ókyrrist nú nokkuð í sæti sínu, að það verði að draga upp rétta mynd og raunsæja af því ástandi sem er í efnahagsmálum landsmanna. Það er ekki við hæfi að fyllast fúkyrðum eins og hæstv. forsrh. þó að einhverjir aðilar í þjóðfélaginu tali öðruvísi en honum passar þessa stundina. Ég er ekki að ásaka hæstv. fjmrh. fyrir slíkt. Hans málflutningur hefur verið málefnalegur í þessu máli og öðrum, en ég held eigi að síður að það sé mikil nauðsyn á því að draga upp rétta mynd og raunsæja af efnahagsástandinu. Því meiri líkur eru til þess að ráðin verði bót á þeim vandamálum sem við er að glíma.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Næstur á mælendaskrá er hv. 9. þm. Reykv. Hann er ekki í húsinu en forseta er tjáð að hann sé á leiðinni þannig að forseti biður viðstadda hv. þm. að hafa biðlund í nokkrar mínútur á meðan beðið er eftir þingmanninum.

[21:37]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég kemst nú ekki hjá því að vekja athygli á því að ráðherrar þurfa dag eftir dag að hlýða á það frá hv. þm. að þeir séu ekki komnir og þeir séu ekki viðstaddir o.s.frv. en nú bregður svo við að einn ákveðinn hv. þm. er ekki mættur til leiks og tefur þingstörfin með fjarveru sinni. Ég held að það sé ágætt að það a.m.k. komist til skila bókarinnar vegna, virðulegi forseti.

[21:38]

Jón Kristjánsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Það er alveg rétt að hæstv. ráðherrar hafa fengið tiltal hér um að þeir mæti ekki við umræður. Hæstv. fjmrh. hefur mætt, hefur setið hér vel og ég tek það fram. En það er munurinn á hæstv. ráðherrum og þeim hv. þm. sem hér um ræðir að hann er þó á leiðinni en ráðherrarnir hafa ekki látið sjá sig og við erum uppgefnir á að kalla í þá. En ég vona að hæstv. fjmrh. hafi biðlund vegna þess að þingmaðurinn hefur þó svarað kalli.

[21:39]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. hefur eitthvað misskilið þetta. Ég var að tala um að það er kallað á ráðherra til að hlýða á ræður annarra. En hv. þm. hefur beðið um orðið og er ekki mættur og mér skilst því miður vegna þess að það eru fleiri mál á dagskránni sem ég vildi gjarnan fá rædd hér að þá sé ekki hægt að taka þau fyrir og nú verðum við að sitja og bíða eftir virðulegum þingmanni. Það er dálítið öðruvísi heldur en þegar beðið er um hæstv. ráðherra.

[21:40]

Jón Kristjánsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég vildi mælast til þess að hæstv. fjmrh. léti af tilraunum sínum til þess að reyna að stjórna þinginu. Hann verður kannski kandídat til þingforseta eftir kosningar en ekki verður kosið fyrr en 8. apríl svo það er nógur tími til stefnu.

Erindi mitt í stólinn var reyndar að segja að ég hef ekkert á móti því að talað verði fyrir einhverju öðru máli á meðan beðið er eftir hv. 9. þm. Reykv. og haldið svo áfram þegar hann kemur. Fyrir mína parta hef ég ekki á móti því.

Umræðu frestað.

Ríkisreikningur 1991, 1. umr.

Stjfrv., 64. mál. — Þskj. 64.

[21:41]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um samþykkt á ríkisreikningi fyrir árið 1991. Ég hef a.m.k. tvívegis flutt framsöguræðu fyrir þetta mál áður og vísa til þeirra og legg til að að lokinni 1. umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. fjárln.

[21:42]

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa langt mál um þennan ríkisreikning enda er þetta liðinn tími. Þó vil ég geta þess varðandi þetta mál að að undanförnu hafa verið nokkur skoðanaskipti og deilur um uppsetningu ríkisreiknings milli fjmrn. og Ríkisendurskoðunar. Þau mál hafa verið til meðferðar og aðferðir við uppgjör ríkisreiknings í svokallaðri ríkisreikninganefnd. Ég vil nota tækifærið til þess að inna hæstv. fjmrh. eftir því hvað líði störfum nefndarinnar.

Við í fjárln. höfum flutt á undanförnum árum frv. til laga um greiðslur úr ríkissjóði og það er til meðferðar í nefndinni hvort það beri að flytja það mál nú. Þau sjónarmið hafa komið fram í nefndinni að það beri að sjá þetta nefndarálit áður en það verður flutt ef það er væntanlegt. Nú vil ég inna eftir því hvort það er væntanlegt á næstu stundu.

[21:44]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er eðlilegt að spurt sé um niðurstöður af starfi nefndar sem starfar að ríkisreikningum og breytingum á ríkisreikningi, svokallaðri ríkisreikninganefnd. Ég get sagt frá því að síðustu fregnir herma að verið sé að lesa próförk nefndarálitsins og hef ég það eftir formönnum nefndarinnar þannig að ég á von á því að álitið geti legið fyrir á næstu dögum og ég tel eðlilegt að ég komi þeim skilaboðum til skila til formanns nefndarinnar að nefndin eða fulltrúar hennar geri hv. fjárln. grein fyrir starfinu og niðurstöðunum um leið og þær eru tilbúnar.

[21:45]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég lýsi ánægju minni með það ef þetta starf er komið á lokastig því að ég hef verið þeirrar skoðunar að ekki sé vansalaust að það séu skiptar skoðanir í þessu efni og þarna verði að ná niðurstöðu. Ég vil því leggja mitt af mörkum til þess að svo verði og hef reynt að tala í þá veru í fjárln. að niðurstaða komist í þetta mikilvæga mál. Það vildi ég láta koma fram við umræðuna.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lánsfjárlög 1995, frh. 1. umr.

Stjfrv., 3. mál. — Þskj. 3.

[21:47]

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Allmiklar umræður hafa farið fram um lánsfjárlög og eðlilega verið fjallað um efnahagsmálin og vaxtamál. Áður en ég vík að því vildi ég minnast á eitt atriði sérstaklega í þessu frv. og vekja athygli hæstv. fjmrh. á því en það eru lánsfjárheimildir til sjóðanna. Sérstaklega þá Stofnlánadeildar landbúnaðarins en í athugasemdum við frv. segir svo um það atriði, með leyfi hæstv. forseta:

„Stofnlánadeild landbúnaðarins. Miðað er við að Stofnlánadeild landbúnaðarins verði heimiluð lántaka að fjárhæð allt að 700 m.kr. á árinu 1994 og er það sama fjárhæð og á þessu ári. Til upplýsinga skal þess getið að Stofnlánadeild landbúnaðarins áætlar að taka 175 millj. kr. að láni frá Lífeyrissjóði bænda og er sú lántaka að öllu leyti án ábyrgðar ríkissjóðs eins og fyrri lántökur sem þessar." Síðan segir áfram, með leyfi forseta:

„Byggðastofnun. Lagt er til að Byggðastofnun verði heimiluð lántaka að fjárhæð allt að 1.000 millj. kr. á árinu 1994. Lántökur Byggðastofnunar eru áætlaðar 600 millj. kr. á þessu ári. Miðað er við að útlánageta stofnunarinnar sé óbreytt milli ára en afborganir og vextir af teknum lánum aukast verulega milli ára."

Hér vænti ég að sé prentvilla í báðum þessum umsögnum þannig að hér sé átt við árið 1995 sem sé verið að gefa skýringar á hvað sé áætlað að lánsfjárheimildir eigi að vera miklar enda er það í samræmi við frv.

En það sem ég vildi sérstaklega vekja athygli á er að um Stofnlánadeild landbúnaðarins gildir það sama og um Byggðastofnun að á þessu ári eru afborganir af teknum lánum miklu hærri en það sem kemur inn af veittum lánum vegna þess að á síðustu árum hafa lántökurnar verið til skamms tíma. Búist er við að afborganir af lánum Stofnlánadeildar á þessu ári verði töluvert á annan milljarð króna og því má búast við að þar verði erfitt að ná endum saman og það sama muni gilda á næsta ári. Ég vildi því beina því til hv. efh.- og viðskn. að taka þetta atriði sérstaklega til skoðunar og tel að það hljóti að vera nauðsynlegt til þess að hafa hærri upphæð til að jafna mismuninn á fengnum lánum og veittum lánum hjá Stofnlánadeild landbúnaðarins.

Ég vil bera fram spurningar til hæstv. fjmrh. um vaxtamálin. Ég ræddi það fyrir skömmu síðan við 1. umr. fjárlaga en sama dag og sú umræða fór fram fór fram fyrsta útboð á svokölluðum ECU-bréfum. Ég spurði þá hæstv. fjmrh. að því hvaða áhrif væri gert ráð fyrir að útgáfa þessara bréfa mundi hafa og fékk þau svör frá hæstv. ráðherra að engar áætlanir lægju fyrir um það. Hins vegar væri talið mikils virði að auka fjölbreytni á markaðnum. Nú langar mig að spyrja hæstv. fjmrh. að því hver reynslan hafi orðið þessa fáu daga sem liðnir eru síðan.

Ég sagðist óttast þá að þessi nýju bréf með 8% skráðum vöxtum leiddu til vaxtahækkunar á önnur bréf með lægri nafnvöxtum, að útgáfa þeirra leiddi til vaxtahækkunar á markaðnum og þá með meiri afföllum af bréfum sem skráð væru með lægri vöxtum. Þess vegna vildi ég spyrja hæstv. ráðherra að því hver hafi orðið reynslan af sölu þessara bréfa það sem liðið er síðan. Hafa önnur ríkisskuldabréf selst í miklum mæli síðan sala þessi byrjaði og seldust þessi ECU-bréf á nafnverði, 8%? Var það þá nægjanlegt og ef svo var ekki, var þá nauðsyn til þess að selja þau eða þurfti að selja þau með einhverjum afföllum?

Síðan má spyrja hvort hæstv. fjmrh. tengi ekki saman þá daglegu hækkun sem núna er á ávöxtunarkröfu af húsbréfum og þar með hækkandi afföllum við sölu þeirra sem samkvæmt upplýsingum hjá Húsnæðisstofnun hækkuðu síðast í morgun. Þar sem hæstv. ráðherra hafa haldið því fram að öll skilyrði væru til þess að vextir færu lækkandi, hæstv. ráðherrar hafa lýst því yfir frá því að umræður hófust núna á Alþingi um vaxtamálin, þá verður að ætla að það hljóti eitthvað sérstakt að hafa gerst sem hafi breytt því að spár þeirra rættust ekki og er þá líklegt að það sé útgáfa þessara nýju bréfa sem ég varaði við við 1. umr. fjárlaga?

Hæstv. forsrh. hefur rætt mjög um það hvað vaxtalækkun sé nú mikil en ef litið er á vexti af verðtryggðum bankalánum eins og þau voru í septembermánuði sl. þá eru þau næstum nákvæmlega eins og þau voru þegar núv. hæstv. ríkisstjórn tók við í apríllok árið 1991, þ.e. um rúmlega 8%. En nú hafa þau hækkað og síðast í dag þannig að þau munu vera komin eitthvað töluvert upp fyrir það sem þau voru þegar ríkisstjórnin tók við, þ.e. verðtryggð bankalán, meðallán fyrir hinn almenna lántakanda. En á tímabilinu frá maí 1991 og fram í október 1993 voru þau um það bil 1,5–2% hærri og það er sú vaxtahækkun sem t.d. einstaklingar hafa þurft að greiða meira fyrir þessi lán. Við sjáum að lán einstaklinga voru á miðju þessu ári komin upp í 250 milljarða að mig minnir, þá er 1,5–2% hærri vextir af þeirri upphæð ekki lítil baggi á einstaklingana. Því miður virðist sem þær vonir og væntingar sem ráðherrar hafa gefið að undanförnu í vaxtamálum séu ekki í samræmi við þann raunveruleika sem við búum við þessa stundina.

Ég skal ekki fara miklu fleiri orðum um þetta en vildi vekja sérstaka athygli á tvennu. Í fyrsta lagi á heimild til lánveitinga til handa Stofnlánadeild landbúnaðarins á næsta ári og svo í öðru lagi hvernig hæstv. fjmrh. metur reynsluna af útgáfu ECU-bréfanna þennan stutta tíma sem þau hafa verið og hvaða áhrif hann telur að útgáfan hafi haft á vaxtamálin og hvort þar sé að einhverju leyti að leita skýringanna á vaxtahækkunum síðustu daga, bæði á húsbréfum og svo nú úr bankakerfinu, hvort þar sé ekki samband á milli eða hverra annarra skýringa hann sé þá hugsanlega að leita ef svo er ekki.

[22:01]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Um Stofnlánadeild landbúnaðarins vék hv. þm. fyrst og fremst máli sínu til hv. nefndar og ég býst við að hún taki málið fyrir og ræði það. Ég veit ekki betur en allar áætlanir sem koma fram í frv. séu komnar frá viðkomandi lánastofnunum en auðvitað mun hv. nefnd leita eftir viðtölum við viðkomandi lánastofnun eða öfugt eftir því sem verða má.

Um vaxtamálin vil ég segja þetta: Í sjálfu sér er ekki hægt að meta hvaða áhrif ECU-bréfin hafa haft. Í Vísbendingu frá 6. okt., sem gefin var út löngu áður en þetta útboð átti sér stað, spáði sá sem skrifar greinar í blaðið að líklegt mætti telja að fjárfestar gerðu kröfu um 8.30–8.60 og ef ég man rétt varð niðurstaðan um 8.54 eða þar um bil. Segja má að ríkissjóður hafi fengið lán á innlenda markaðnum miðað við þessa viðmiðun með sömu kjörum og ríkissjóður hefði fengið hefði hann sóst eftir slíkum lánum erlendis. Við verðum að hafa það í huga að bréfin eru sett á markaðinn m.a. til að koma til móts við þarfir sem hafa byggst upp vegna þess að ýmsir vilja eiga eignir sem eru með þessari viðmiðun og það þótti sjálfsagt að koma til móts við þá, ekki síst vegna þess að búast má við því og það hefur orðið reyndin að nokkurt fjármagn hafi farið úr landi eins og margoft hefur verið rætt hér. Ekkert er hægt að sjá eða a.m.k. get ég ekki séð að samband sé á milli þessarar útgáfu og vaxtaþróunarinnar að öðru leyti. Það eru afar lítil viðskipti með húsbréf. Þessi rykkur sem kom í húsbréfaviðskiptin er auðvitað af hinu slæma en ég sé ekki að neitt samband sé þar á milli og allra síst er samband á milli bankaútlánanna og þessa útboðs.

[22:03]

Jón Helgason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég beindi máli mínu til efh.- og viðskn. vegna þess að ég væntí þess að frv. fari þangað. Vissulega vildi ég líka vekja athygli hæstv. fjmrh. á þessu atriði með lánaþörfina. En ég fékk takmörkuð svör við spurningum mínum. Ég spurði hvernig önnur verðbréf ríkisins hefðu selst frá því að ECU-bréfin fóru á markaðinn og ég fékk engin svör við því. Kannski svarar hæstv. ráðherra því. Eina svarið var að húsbréfin hefðu lítið hreyfst en hins vegar vildi hæstv. ráðherra halda því fram að ekki væri hægt að sjá neitt samband þarna á milli en ég held að íslenski fjármagnsmarkaðurinn sé ekki svo stór að þegar kemur á markaðinn og eru seld bréf, mig minnir að ég hafi heyrt að það væri fyrir um 300 millj. sem hafi selst af þessum bréfum fyrsta daginn, hlýtur það náttúrlega að hafa einhver áhrif á markaðinn í kring. En ég var að spyrja hæstv. ráðherra í hvaða átt þau eru, hvort það væru áhrifin á húsbréfin. Hann vildi halda því fram að svo gæti ekki verið en mér finnst að það sé dálítið svipað og þegar ég spurði hvernig fjmrn. hefði áætlað áhrif ECU-bréfanna, að lítil þekking virtist vera þarna eða væri lítið reynt að gera sér grein fyrir framtíðinni með þeim athöfnum sem ráðist væri í. Því sé þetta allt heldur handahófskennt.

[22:06]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vísa því algerlega á bug að

þetta sé handahófskennt því að hv. þm. veit eins og við öll sem höfum verið að ræða þessi mál að ekki er hægt að segja nákvæmlega fyrir um hvernig markaðurinn tekur nýjum bréfum. Ríkið getur hins vegar ákveðið hvort það tekur tilboðum sem koma á markaðnum og það var ákveðið að taka tilboðum á þeim kjörum sem buðust og þau eru talin vera ásættanleg. Ég sé ekki að nein áhrif séu af þessu útboði á aðra pappíra ríkissjóðs enda eru þetta ólíkir pappírar, án verðtryggingar og til langs tíma. Ekkert útboð hefur átt sér stað frá þessu útboði nema á skammtímapappírum, þ.e. þriggja mánaða víxlum og þar hækkuðu vextir um um það bil 10 punkta ef ég man rétt, fóru eitthvað yfir 5% markið, þ.e. óverðtryggðir vextir til þriggja mánaða. Það var ekkert óeðlilegt sem kom fram í því útboði.

Það sem auðvitað skiptir máli er að ríkissjóður þarf ekki á nýjum peningum að halda fram að jólum. Á síðari hluta ársins aflar ríkissjóður meiri tekna en á fyrri hluta ársins. Þess vegna er staða ríkissjóðs mjög góð. Hins vegar þarf sífellt að endurnýja þann stokk sem stendur úti og er að stórum hluta til í skammtímabréfum eins og allir vita.

[22:07]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ástæðan til þess að ég kvaddi mér hljóðs var ekki síst sú að á fundi menntmn. í morgun komu fram nokkrar fróðlegar upplýsingar um Lánasjóð ísl. námsmanna sem ég tel ástæðu til að víkja aðeins að. En í þessu frv. er gert ráð fyrir því að endurlána Lánasjóði ísl. námsmanna allt að 4.030 millj. kr. á árinu 1995 og er það um 390 millj. kr. hærri fjárhæð en á yfirstandandi ári. Þetta er nokkuð athyglisvert, m.a. með hliðsjón af því að hér var ákveðið af núv. hæstv. ríkisstjórn að skera verulega niður hjá lánasjóðnum, m.a. í því skyni að minnka lántökuþörf Lánasjóðs ísl. námsmanna. Þegar staða Lánasjóðs ísl. námsmanna er skoðuð kemur mjög margt fróðlegt í ljós, m.a. það að skuldir sjóðsins fara stöðugt hækkandi. Muna menn eftir fundunum sem voru haldnir í þessari virðulegu stofnun 1991 og 1992 um Lánasjóð ísl. námsmanna sem gengu út á það að skera stórkostlega niður réttindi námsmanna til lána? Þeir gengu m.a. út á það að námsmenn geta nú ekki lengur fengið lán jafnharðan og þeir eru í náminu heldur þurfa þeir að ljúka hverjum áfanga áður en þeir fá lán og þurfa að lifa á lánum frá bönkum á gríðarlega háum vöxtum og borga þungan vaxtamun af námslánum þannig að raunvextir af námslánum eru miklu hærri en þær tölur segja til um sem eru á lánapappírunum sem þessir námsmenn eru að taka. Fyrst og fremst hefur sú breyting sem orðið hefur á Lánasjóði ísl. námsmanna orðið til þess að draga úr því að fólk stundi nám og tefja fyrir fólki vegna þess að fólk reynir eins og það mögulega getur að vinna með námi. En svo hefur sú breyting sem gerð hefur verið á lögunum um Lánasjóð ísl. námsmanna líka haft það í för með sér að bankarnir hafa fitnað. Þeir hafa fengið þúsundir nýrra viðskiptamanna sem höfðu aldrei áður látið sér detta í hug að sækja um lán úr bankakerfinu. En núna neyðast námsmenn til þess vegna þess að lánin eru ekki greidd út fyrr en eftir á auk þess sem ekki hefur tekist enn þá, svo furðulegt sem það nú er, að stilla saman annars vegar kröfu um námsframvindu í Háskóla Íslands og hins vegar þær kröfur sem Lánasjóður ísl. námsmanna gerir þannig að þar er auðvitað um að ræða stórfellda vanda sem námsmenn horfa á. Niðurstaðan verður tap fyrir þjóðarbúið, fólk er miklu lengur í námi en það þyrfti að vera af þessum einföldu ástæðum.

Fyrir utan aðrar hremmingar, sem lánasjóðurinn þarf að búa við í tíð núv. hæstv. ríkisstjórnar, er honum ætlað að greiða gríðarlega hátt ríkisábyrgðargjald. Það er ekkert nýtt, það hefur verið þannig um margra ára skeið, ég hygg að það hafi einnig verið þannig í minni tíð í menntmrn. án þess að ég minnist þess nákvæmlega. Ég hygg að það hafi verið svo að menn hafi gert ráð fyrir því í fjárhag Lánasjóðs ísl. námsmanna um langt árabil að ríkisábyrgðargjald yrði greitt. Út af fyrir sig skil ég þau sjónarmið sem uppi eru í fjmrn. í þeim efnum að samræmi þurfi að vera milli Lánasjóðs ísl. námsmanna og annarra sjóða. Ég geri ráð fyrir að það séu þau rök sem hæstv. fjmrh. hafi í málinu. En samkvæmt upplýsingum sem við fengum í hv. menntmn. í morgun var niðurstaðan sú að Lánasjóður ísl. námsmanna væri að borga um 100 millj. kr. á ári í ríkisábyrgðargjald. Mér finnst það gríðarlega mikið. Ég segi alveg eins og er að mér finnst ástæða til að inna hæstv. fjmrh. eftir því hvort ekki er hugsanlegt að breyta þessu gjaldi ellegar að fella það niður. Ég heyrði á talsmönnum menntmrn. að þeir höfðu rætt þetta við fjmrn. og þeir vissu náttúrlega ekki hver niðurstaðan yrði úr því enda er það pólitísk ákvörðun. En ég held að nauðsynlegt sé að fá úr því skorið hvort hæstv. fjmrh. er tilbúinn að fella ríkisábyrgðargjaldið niður í staðinn fyrir að hafa lántökur lánasjóðsins sem hafa verið miklar, bæði nú og áður, að féþúfu.

Á fundi hv. menntmn. í morgun kom fram að Hagfræðistofnun Háskóla Íslands hefur í samráði við Ríkisendurskoðun metið það svo að raunkostnaður ríkissjóðs vegna námsaðstoðar, þ.e. niðurgreiðsla vaxta, afföll af útlánum o.s.frv., nemi 54% af veittum námslánum hjá lánasjóðnum. Þá er miðað við útlán á grundvelli laganna eins og þau eru nú um sjóðinn, gildandi úthlutunarreglur og 6% raunvexti á ári.

Nú hefur menntmrh. hins vegar sett á laggirnar starfshóp til þess að meta stöðuna. Í honum eru fulltrúar menntmrn., fjmrn., Ríkisendurskoðunar og Lánasjóðs ísl. námsmanna. Hópnum er falið, eins og stendur í greinargerð fjárlagafrv.: „Með aðstoð Hagfræðistofnunar Háskólans að meta að nýju þetta kostnaðarhlutfall ríkissjóðs að fenginni reynslu af framkvæmd laga og reglna um sjóðinn."

Ég vil af þessu tilefni spyrja hæstv. fjmrh., auk þess að spyrja hann sérstaklega um ríkisábyrgðargjaldið, um þennan starfshóp, hvenær hann muni skila áliti og hvort unnt verði fyrir afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1995 að taka tillit til þess álits sem kann að koma frá starfshópnum. Hér er um gríðarlega stórar upphæðir að ræða sem nauðsynlegt er að fara aðeins yfir í þessari virðulegu stofnun strax við 1. umr. frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1995.

Í öðru lagi, hæstv. forseti, vildi ég víkja aðeins að öðru atriði sem hefur komið við sögu í umræðunni í kvöld og þó kannski ekki síst í umræðum fjölmiðla. Frá því var skýrt að seðlabankastjóri hefði á fundi með opinberum starfsmönnum í dag fjallað um þann mikla vanda sem heimilin standa frammi fyrir varðandi greiðsluerfiðleika og talað beinlínis um það að svo gæti farið að ef illa færi yrði hrun hjá bankakerfinu vegna greiðsluerfiðleika hjá almenningi í landinu. Ég tel að hér hafi verið sögð mjög mikil tíðindi og auðvitað byggir seðlabankastjórinn þetta á þeim staðreyndum sem liggja fyrir um gríðarlega skuldasöfnun heimilanna annars vegar og hins vegar að það blasir við að sá efnahagslegi bati sem ríkisstjórnin er helst að hæla sér af virðist einkum vera hjá fyrirtækjum í landinu sem hafa að einhverju leyti verið að borga niður skuldir sínar.

Það segir sína sögu um það hvernig ríkisstjórn Davíðs Oddssonar, hæstv. forsrh., er fjarri raunveruleikanum og fjarri umhverfi sínu að henni komi á óvart að lántökur heimilanna skyldu aukast á síðasta ári.

Í grg. með lánsfjárlagafrv. á bls. 9, segir svo, með leyfi forseta:

„Í fyrsta lagi er það aukning í lántökum heimilanna, en lántökur þeirra jukust um 6% á fyrri helmingi ársins 1994. Þessi mikla aukning kemur nokkuð á óvart þar sem búist hafði verið við því að draga kynni úr henni eftir mikla aukningu á undanförnum árum."

Hér er með öðrum orðum afhjúpað í umsögn ríkisstjórnarinnar um sjálfa sig að hún fylgist ekkert með því sem er að gerast í landinu. Hún er gapandi hlessa yfir því að heimilin í landinu skuli vera að bjarga sér á hundasundi með skuldirnar sínar og þess vegna hækki lántökur heimilanna á Íslandi á árinu 1994.

Í greinargerð lánsfjárlagafrv. segir einnig, með leyfi forseta:

„Ef litið er á heildarskuldir heimilanna lætur nærri að hver fjögurra manna fjölskylda hafi skuldað 4,3 millj. kr. í lok júní 1994." — 4,3 millj. kr. Það er örugglega ekki of mikið að gera ráð fyrir því að þessi fjölskylda hafi orðið að borga af þessum 4,3 millj. kr. eins og 400 þús. kr. á ári. Þá sjá allir hvaða tekjur menn þurfa að hafa þegar staðan er orðin þannig að það þarf að borga 35.000 kr. á mánuði eða svo í vexti í allra minnsta lagi hjá meðalfjölskyldunni og þá er ekki tekið tillit til þess að hér er eingöngu um meðalfjölskylduna að ræða en staðreyndin er auðvitað sú að fjöldinn allur af fjölskyldum er langt fyrir ofan með gríðarlega mikla og þunga greiðslubyrði. Í ljósi þess er það náttúrlega ekkert að undra þó að fjölskyldurnar í landinu séu að sligast undan skuldum, aðallega húsbréfakerfins. Það tel ég að sé óraunsæjasti hlutinn í lánsfjárlagafrv. að ekki er gert ráð fyrir þessum miklu skuldum heimilanna. Hér er gert ráð fyrir því að Byggingarsjóður ríkisins og Byggingarsjóður verkamanna fái í grófum dráttum svipaða afgreiðslu og verið hefði að óbreyttu í meginatriðum. Reyndar er gert ráð fyrir því að því er varðar húsbréfin að heldur minni útgáfa verði á þeim á næsta ári en í ár. En ekki er gert ráð fyrir neinum sérstökum ráðstöfunum til að mæta þeim vanda sem blasir við heimilunum um þessar mundir með vaxandi skuldum þeirra.

Ég vil segja það við hæstv. fjmrh. að ég er sannfærður um það að hvaða ríkisstjórn sem tekur við á næsta ári mun þurfa að endurskoða þetta því þetta stenst ekki. Það stenst ekki að gera ekki ráð fyrir því að komið verði til móts við þetta fólk sem býr við þessi vaxandi greiðsluvandræði.

En auðvitað getur það vel verið að hæstv. fjmrh. og hæstv. ríkisstjórn, hver sem hún verður, hristi fólkið af sér. Það er hugsanlegur hlutur. Menn hafa ekki hrokkið svo mikið undan því að fólk hafi verið að missa hér íbúðir í stórum stíl, í hundraða tali, á nauðungaruppboðum. En ætli það komi ekki annað hljóð í strokkinn ef það gerist sem seðlabankastjóri var að tala um í dag ef bankakerfið fer að láta undan? Ef hið stóra og mikla valdakerfi í þjóðfélaginu fer að kikna í hnjáliðunum undan þessum erfiðleikum heimilanna, ætli menn fari þá ekki að finna til uppi í Arnarhváli? Ég held að menn verði að gera sér grein fyrir því að þau orð sem seðlabankastjóri lét falla í dag um greiðsluerfiðleika heimilanna eru alvarleg áminning og undirstrika að lánsfjárlagafrv. eins og það lítur út núna stenst ekki. Það mun ekki duga á árinu 1995. Það verður í besta falli pappírsgagn ef svo heldur fram sem horfir.

Ég vil svo spyrja hæstv. fjmrh. í þriðja lagi: Hvað hyggst hann gera, hvernig sér hann það fyrir sér að komið verði til móts við greiðsluerfiðleika almennings á næsta ári. Það er spurt að gefnu tilefni, hæstv. ráðherra, vegna þess að í dag upplýsti hæstv. félmrh. að hann hefði í undirbúningi lagafrv. í ráðuneyti sínu um greiðsluaðlögunarkerfi. Greiðsluaðlögunarkerfi verður ekki búið til úr engu. Greiðsluaðlögunarkerfi kostar peninga og ég spyr hæstv. fjmrh. að því hvort hann sé sammála þessu frv. um greiðsluaðlögun og hvernig hann hugsar sér að fjármagna það. Eða eru þetta aðeins ómagaorð frá hæstv. félmrh.? Ég trúi því ekki. Ég trúi því að um sé að ræða mál sem ríkisstjórnin í heild sé að undirbúa og ég spyr hæstv. fjmrh.: Hvernig hefur hann hugsað sér að fjármagna þetta greiðsluaðlögunarkerfi?

Þessu næst vil ég, virðulegi forseti, víkja aðeins að Iðnlánasjóði en gert er ráð fyrir því í frv. að Iðnlánasjóði verði heimiluð lántaka að fjárhæð allt að 2.600 millj. kr. á árinu 1995 og er það sama fjárhæð og á yfirstandandi ári. Umsvif þessa sjóðs hafa aukist verulega á undanförnum árum og lántökur sjóðsins námu samtals um 1,7 milljörðum kr. á árinu 1992. Hér er því um gríðarlega mikla aukningu að ræða.

Nú er það svo að hér sat um skeið hæstv. iðnrh., Jón Sigurðsson, sem hafði þá hugmynd að steypa Iðnlánasjóði og jafnvel fleiri sjóðum inn í sérstakan tiltekinn banka sem hann hafði tekið ákvörðun um að því er er virtist án þess að mjög margir styddu hann í því að stofna. Flutt var frv. um það — ég hygg að það hafi örugglega verið sýnt á Alþingi, a.m.k. sáum við það í iðnn. (**ÖRG:** Hann fékk það ekki í gegnum ríkisstjórnina.) Það hafa þá verið drög sem við sáum í iðnn. Ég vil spyrja hæstv. fjmrh. að gefnu tilefni: Hvað er að frétta af þessu frv. og þessum frumvarpsdrögum? Er

ríkisstjórnin fallin frá því að gera þá endurskipulagningu á sjóðum iðnaðarins sem þarna var gert ráð fyrir? Eða er það kannski skoðun ríkisstjórnarinnar að iðnaðurinn eigi ekki þessa peninga? Er það kannski skoðun ríkisstjórnarinnar að það eigi að taka þessa peninga af iðnaðinum og það eigi kannski bara að leggja þessa peninga, ef þessir sjóðir verða einhvern tímann endurskipulagðir, inn í Landsbankann sem er að hækka vextina um þessar mundir?

Ég held að það sé alveg óhjákvæmilegt núna við frv. til síðustu lánsfjárlaga ríkisstjórnarinnar að innt verði eftir því hvað hefur orðið um þessi áform um að búa til hinn stóra banka úr sjóðum iðnaðarins, ríkisbanka, sem hæstv. fyrrv. iðnrh. hugðist stofna. Er það ætlunin að iðnaðurinn eigi þessa peninga? Er það skoðun fjmrh. að iðnaðurinn eigi þessa peninga eða telur hæstv. fjmrh. koma til greina að þessir peningar verði settir t.d. inn í Landsbankann eða aðra slíka banka án þess að iðnaðurinn hafi þar neitt um að segja? Auðvitað er mjög nauðsynlegt í þessu sambandi að átta sig á því að hæstv. núv. fjmrh. er einnig hæstv. fyrrv. iðnrh. og þess vegna nauðsynlegt og mikilvægt að hann tjái skoðanir sínar í þessu efni. Það er æskilegt að fá á hreint hver er skoðun núv. ríkisstjórnar. Er hún sú að iðnaðurinn eigi þessa peninga eða er skoðunin sú að það megi gera hvað sem er við þessa peninga án þess að spyrja iðnaðinn eða ræða við hann að einu eða neinu leyti?

Loks ætla ég í sambandi við lánsfjárlagafrv. að minnast á eitt mál sem er komið aðeins inn á í 5. gr. frv. og er farið mjög hratt yfir sögu í ræðum um það mál, m.a. hjá hæstv. fjmrh. Menn semja ekki útblásna texta um það mál. En það er það ákvæði þar sem gert er ráð fyrir því að veita Íþróttasambandi Íslands ábyrgð fyrir allt að 40 millj. kr. láni til þátttöku í stækkun Laugardalshallar gegn veði í eignarhluta Íþróttasambands Íslands í Laugardalshöllinni. Það er mikil reisn yfir þessum mönnum. Gegn veði í Laugardalshöllinni, hún verður þá boðin upp ef ÍSÍ kemst í vanskil við ríkissjóð. Það verður fróðlegt að sjá hvort það verður þá „kátt í höllinni" akkúrat á meðan uppboðið stendur yfir. (**Gripið fram í:** Á landsfundi Sjálfstfl.) Já, það væri sniðugt að hafa hann einmitt þá stundina sem nauðungaruppboðið færi fram og bjóða höllina upp með innihaldi, þá keypti nú enginn, það er alveg á hreinu.

Síðan segir: „Hér er um að ræða samvinnuverkefni Íþróttasambands Íslands og Reykjavíkurborgar vegna fyrirhugaðrar heimsmeistarakeppni í handbolta." Ja, mikil er nú reisn Sjálfstfl. orðin á þessari vegferð með íþróttahúsið í Laugardal. Fyrst er byrjað á því árið 1988 að gera út gjörvalla forustu Sjálfstfl., Matthías Á. Mathiesen, þáv. ráðherra, Birgi Ísleif Gunnarsson, þáv. ráðherra, Davíð Oddsson, þáv. borgarstjóra. Litprentaðir bæklingar eru gefnir út með myndum af þessum mönnum og reyndar líka forseta Íslands og gífurleg áhersla er lögð á að Ísland fái að halda heimsmeistarakeppnina í handbolta árið 1995. Það er beitt öllum hugsanlegum ráðum í þeim efnum. Það gengur svo langt að ráðherrarnir eru gerðir út af örkinni og látnir beita fyrir sig utanríkisþjónustunni til þess að þetta mikla keppikefli Íslands árið 1995 verði að veruleika. (Gripið fram í.) Þá var reyndar verið að tala um 1993. Þannig að menn ætluðu að gera þetta bara einn, tveir og þrír.

Sjálfstfl., með alla þessa valdapostula, það komst enginn annar að málinu, lofaði þessu fyrir hönd íslensku þjóðarinnar að hér yrði reist nægilega stórt íþróttahús til þess að rúma þessa keppni. Síðan gerist það örfáum dögum eftir að þessi loforð eru gefin og litbæklingunum er sáldrað út um allan heim, þeir eru eins og skæðadrífa úr loftinu svo að segja um allan hnöttinn frá íhaldinu, þá tapa þeir völdum. Og drengskaparmennirnir sameinast um steypa Sjálfstfl. í beinni útsendingu eins og menn hafa margoft talað um. Niðurstaðan verður sú að önnur ríkisstjórn tekur við. Hvað gerir hún? Hún fer í að reyna að efna þessi fyrirheit. Það er unnið að málinu mjög myndarlega af þáv. ríkisstjórn. Hún snýr sér þá m.a. til borgarstjórans í Reykjavík, Davíðs Oddssonar, og spyr: Ætlar þú að standa við fyrirheit þín? Hvað sagði Davíð Oddsson þá? Hann sagði nei, ég ætla ekki að gera það. Hann ætlaði ekki að standa við þau fyrirheit sem hann hafði ekki bara gefið Íslendingum og íslenskum íþróttamönnum, heldur líka öllum íþróttaheiminum, Alþjóðahandknattleikssambandinu á sínum tíma. Það voru góð ráð dýr. Hvað er þá gert? Við hvern er samið? Samið er við Kópavogsbæ um að byggja upp aðstöðu fyrir þessa leika í tæka tíð, á tiltekinn hátt í niðurnjörvuðum fjármagnssamningi við þessa aðila þar sem ríkið lofaði á þágildandi verðlagi 300 millj. kr. Það er alveg ljóst að við þetta var víðtækur stuðningur. Ekki aðeins í þeim flokkum sem nú eru í stjórnarandstöðu en þá voru í ríkisstjórn, þ.e. Alþb. og Framsfl., heldur líka í Alþfl. og gríðarleg ánægja var með þessa ákvörðun í allri íþróttahreyfingunni. Af hverju lagði þáv. ríkisstjórn svona mikla áherslu á þetta? M.a. af því að menn vildu standa við fyrirheit sem gefin höfðu verið á alþjóðavettvangi fyrir hönd Íslands. Menn vildu ekki gera Ísland að ómerkingi í hinni alþjóðlegu íþróttahreyfingu í heiminum. Síðan gerist það vorið 1990 að nýr meiri hluti kemur í Kópavogi og 1991 kemur nýr meiri hluti á Alþingi. Þá hljóp Alþfl. með íhaldinu þó að búið væri að vinna nýjan meiri hluta fyrir þáv. stjórn vildu þeir frekar fara með íhaldinu af því þeir ætluðu að byggja álver og laga ríkisfjármálin og guð veit hvað þeir ætluðu að gera og er allt það sem þeir ætluðu að gera í tómri vitleysu, en látum það nú vera. (**Gripið fram í:** Og fiskveiðistefnan.) Og fiskveiðistefnan, það gengur flott með hana. Alþfl. hljóp frá þessu og vorið 1991 er mynduð ný ríkisstjórn. Hvað gerir hún? Hún svíkur þetta fyrirheit. Hún leggur saman við íhaldið í Kópavogi og Reykjavík um að svíkja þessi fyrirheit. Þarna kemur kannski betur fram en nokkurn tímann ella hvað forusta Sjálfstfl. er lítilla sanda og lítilla sæva. Hún [illegible]ldi ekki horfa á málið af neinni reisn með hliðsjón af alþjóðlegum skuldbindingum Íslands. Hún þoldi ekki að aðrir stjórnmálaflokkar höfðu komið nálægt málinu. Þess vegna var því hafnað. (**Gripið fram í:** En R-listinn?) Þess vegna var því hafnað. Þess vegna var það þannig að Sjálfstfl.

ákvað að svíkja fyrirheitin og tók forustu Handknattleikssambands Íslands inn á teppið, svínbeygði hana til að undirrita grátandi yfirlýsingu um að hún mundi aldrei biðja um peninga í þetta hús. Forusta Handknattleikssambandsins var með allt á uppboði, m.a. persónulegar eigur sínar í stórkostlegri hættu þannig að menn áttu engra kosta völ og gáfust upp frammi fyrir þessum skriðdreka ríkisvaldsins. Niðurstaðan varð sú að um árabil leit þannig út að ekkert hús yrði byggt og ekkert gert til þess að taka á móti þessari handknattleikskeppni. Þá átta menn sig á því að það gengur nú kannski ekki alveg upp. Þá eru nokkrir hliðarmenn hjá íhaldinu fengnir til að fara bænarferðir niður til Alþjóðahandknattleikssambandsins til að biðja um að húsið fái að vera aðeins minna. Það er legið í þessum Austurríkismanni, sem er forseti Alþjóðahandknattleikssambandsins, langtímum saman og það endar með því að menn fallast á að húsið verði aðeins minna. Rætt er um að það tekið verði á þessu máli sérstaklega í tengslum við Laugardalshöllina í Reykjavík en það er ekkert gert. Ekkert gert fyrr en nokkrum dögum eftir sveitarstjórnarkosningar. Þegar íhaldið var búið að tapa meiri hlutanum í Reykjavík réðust þeir að hinum nýja meiri hluta með kjafti og klóm fyrir það að hann skyldi ekki vera búinn að byggja fyrir löngu hús fyrir heimsmeistarakeppnina. Saga þessa húss er svo ótrúleg og að hugsa sér að Sjálfstfl. skuli belgja sig upp sem einhver flokkur íþróttahreyfingarinnar þó fjmrh. sé í Val. Þvílíkt og annað eins, þvílík hræsni. Staðreyndin er sú að þessir menn hafa aldrei lyft litla fingri á þann hátt að þeir séu að stuðla að vexti, viðgangi og styrkingu íþróttahreyfingarinnar. (**Gripið fram í:** Svo á að leggja íþróttasjóð niður.) Svo á að loka íþróttasjóði, þessari hungurlús sem eftir er. Hér er um svo yfirgengileg vinnubrögð að ræða af hálfu Sjálfstfl., hvernig hann hefur komið fram við íþróttahreyfinguna. Það er náttúrlega ótrúlegt til þess að vita að þetta skuli vera flokksbundnir menn í Sjálfstfl. sem eru í forustu í íþróttahreyfingunni. Ellert Schram, Júlíus Hafstein og hvað þeir nú heita allir saman, og Waage hét hann hér forðum o.fl., sem hafa kennt sig við Sjálfstfl. fyrst og fremst. Auðvitað er þetta alveg ótrúleg saga. Auðvitað sýnir það bara ræfildóm m.a. okkar hér að menn skuli ekki hafa gegnumlýst þessa framkomu Sjálfstfl. við íþróttahreyfinguna betur. Hvernig menn kúguðu HSÍ til að falla frá óskum um byggingu þessa húss á sínum tíma.

Hæstv. forseti. Viti menn, kemur ekki hæstv. fjmrh. á veturnóttum 1994, bara nokkrum mánuðum áður en það á að halda þessa keppni, með frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1995. Þá er nú eins og ég sagði áðan, ekki mikil reisnin yfir málflutningnum hjá honum, ekki er verið að belgja sig mikið út með málið, en það er sagt frá því að það eigi að veita Íþróttasambandi Íslands ábyrgð fyrir allt að 40 millj. kr. til þátttöku í stækkun Laugardalshallar gegn veði í eignarhluta ÍSÍ í Laugardalshöllinni. Það er því yfirvofandi krafa um uppboð á höllinni ef ÍSÍ ekki stendur við það sem um er talað. Auðvitað á bara ríkið að leggja fram þessa fjármuni við þær aðstæður sem nú eru. Auðvitað á að gera það. Auðvitað er þetta smán að láta sér detta í hug að leggja þessa peninga fram með þeim hætti sem hér er verið að gera. Það er niðurlæging fyrir Alþingi og ríkisstjórnina, hverjir svo sem sitja í henni, eftir þau miklu loforð í fögrum litbæklingum sem var dreift um heim allan árið 1988. (**Gripið fram í:** R-listinn á að taka þetta upp sjálfur.) R-listinn og meiri hlutinn í Reykjavík hafa að sjálfsögðu reynt eins og kostur er að taka myndarlega á þessu máli. (**Fjmrh.:** Því miður ekki.) Hæstv. fjmrh. (**StB:** Algerlega brugðist.) (**Fjmrh.:** Hann hefur algerlega brugðist.) Hæstv. fjmrh. heldur því fram ... (**ÓRG:** Er Sjálfstfl. farinn að tala um þetta mál núna?) Bara í frammíköllum. Hæstv. fjmrh. og varaformaður fjárln. halda því fram að meiri hlutinn í Reykjavík sé að bregðast í þessu máli. Eru með öðrum orðum að storka meiri hlutanum í Reykjavík eftir það samkomulag sem þeir telja að að einhverju leyti liggi fyrir í málinu í staðinn fyrir að vera menn til að viðurkenna að förin öll frá 1988 af hálfu íhaldsins er sneypuför og þeir mega blygðast sín gagnvart íþróttahreyfingunni í landinu þegar upp er staðið.

Greinilegt er að þeir vilja spjalla smástund um handboltahöllina og mér þykir vænt um að ég skuli hafa tekið smátíma til að fara yfir þetta því þeir eru allt í einu að fá málið. Hæstv. fjmrh., sem neitaði vikum saman að segja orð við fjölmiðla um málið, kallar fram í, bara fyrir þingtíðindin þannig að það sé á hreinu: Meiri hlutinn í Reykjavík er að bregðast. Það sagði fjmrh. og varaformaður fjárln. sagði það líka. Meiri hlutinn í Reykjavík er að bregðast. Best er að þetta verði hermt upp á þá báða, hæstv. og hv., þegar þar að kemur með myndarlegum hætti, engin hætta er á öðru. Segja má að út af fyrir sig sé það árangur á kvöldfundinum að þeir skuli hafa fengist til að tísta út úr sér þessu þó ekki væri meira sem þeir vilja auðvitað helst að falli í gleymskunnar dá en við munum rifja upp rækilega strax við fyrsta tækifæri, a.m.k. áður en þeir fara og bjóða upp höllina. Með veði í Laugardalshöllinni, landsfundarstað Sjálfstfl., ja hérna. Það verður fjör, það verður fjör í höllinni þegar þeir bjóða hana upp ofan af landsfundinum.

Virðulegi forseti. Ég ætlaði loks að víkja að einu atriði sem kom fram í dag hjá hæstv. félmrh. og lýtur sérstaklega að málefnum húsnæðiskerfisins og lífeyrissjóða. Hann rifjaði þar upp gamla daga, fyrri tíð, og taldi að það væri nauðsynlegt að taka upp viðræður við lífeyrissjóðina um nýja aðferð við fjármögnun húsnæðiskerfisins. Og ég dreif mig hér upp í andsvari og fagnaði þessari yfirlýsingu hæstv. félmrh. Hv. 8. þm. Reykn. gerði það reyndar líka en benti hins vegar á, sem raunar liggur í augum uppi, að með þessu móti væri verið að fara talsvert aðra leið en ríkisstjórnin hefur kosið að fara að því er varðar fjármögnun þessa kerfis þar sem menn hafa ætlað að treysta á hreinar markaðslausnir.

Ég vil spyrja hæstv. fjmrh.: Er hann sammála hæstv. félmrh.? Vill hann fara í sérstaka samninga við lífeyrissjóðina um fjármögnun húsnæðislánakerfisins? (**Fjmrh.:** Þessu var svarað í dag þegar þingmaðurinn var ekki við.) Þingmaðurinn sat hér fram undir kvöldmat.

(**Fjmrh.:** Hann hefur þá ekki hlustað.) Þá óska ég eftir að hæstv. fjmrh. svari þessu aftur, þá er það væntanlega fljótlegt.

(**Forseti** (GunnS)**:** Ég vil biðja hæstv. ráðherra að nýta ræðustól og það kemur senn að honum.)

Hæstv. fjmrh. er orðinn svo illa haldinn af þessu með handboltahúsið að hann getur ekki þagað augnablik. (**Fjmrh.:** Ég sagði að ...) Ég vil fara mjög nákvæmlega yfir það. Hyggst hæstv. fjmrh. fara í þennan leiðangur gagnvart lífeyrissjóðunum? Ég tel að það væri mjög mikið fagnaðarefni ef hæstv. ráðherra vildi segja eitthvað um það mál og það gæti skýrt stöðu málsins. Ég vil spyrja hann um yfirlýsingar félmrh. varðandi lífeyrissjóðina. Ég spyr hann í öðru lagi um ríkisábyrgðargjaldið, sérstaklega fyrir Lánasjóð ísl. námsmanna. Ég spyr hann einnig um það hvort hann geri ráð fyrir því að þetta lánsfjárlagafrv. dugi með hliðsjón m.a. af yfirlýsingum seðlabankastjóra um vanda heimilanna sem geti núna hrunið ofan í hausinn á bönkunum þá og þegar. Ég spyr hann um Iðnlánasjóð sérstaklega, hvort hann er tilbúinn til þess að gefa yfirlýsingar varðandi það hvort iðnaðurinn á þessa peninga eða ekki. Og í síðasta lagi ætla ég að spyrja hann að því: Er hann tilbúinn til þess að breyta þessum 40 millj. til Laugardalshallarviðbyggingarinnar í beint framlag? Þetta eru hógværar spurningar sem ég vona að hæstv. fjmrh. sjái sér fært að svara.

[22:43]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Staða ríkisstjórnarinnar í þessari umræðu er í raun orðin þannig að ríkisstjórnin hefur gefist upp á að standa fyrir máli sínu og verja stefnu sína um vaxtalækkanir. Það er satt að segja ótrúlegt að hugsa til þess hér í kvöld að það séu ekki nema þrjár vikur síðan ríkisstjórnin lagði fram fjárlagafrv. þar sem vaxtalækkanir eru hornsteinn frv. Það er enn ótrúlegra að hugsa til þess að það eru ekki nema nokkrir dagar síðan hæstv. viðskrh. lýsti því yfir galvaskur í fjölmiðlum, sama daginn og hann guggnaði á að taka til máls hér á Alþingi þrátt fyrir ítrekaðar spurningar, að hann mundi næsta dag halda fund með Seðlabankanum til að tryggja vaxtalækkanir bankakerfisins. Síðan gerist það í kvöld þegar hæstv. viðskrh. leggur ekki í það að vera viðstaddur þessa umræðu að það næst í hann í bílasíma milli Hafnar í Hornafirði og Egilsstaða og hann er spurður um nýjustu tíðindi um vaxtahækkanir Landsbankans, það fyrsta sem gerist eftir fundinn fræga fyrir helgi, þá segir hæstv. viðskrh. í bílasímanum: Ég get ekkert gert. Þetta er bara bankakerfið og við getum ekkert gert, sagði hæstv. viðskrh., gafst þar með upp einhvers staðar á heiðunum milli Hafnar í Hornafirði og Egilsstaða í bílasímanum. Það er kannski við hæfi að uppgjafaryfirlýsingin berist þjóðinni með þeim hætti. Og nú skil ég vel hvers vegna hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson vildi ekki vera með viðskrh. í þessari ferð. Ég get ekkert gert, sagði hæstv. viðskrh. Sighvatur Björgvinsson. Bankarnir eru byrjaðir að hækka vextina og hæstv. forsrh. farinn. — Hann er farinn.

Hæstv. forsrh. var spurður margra spurninga í dag. Hann hefur ekki svarað þeim. (**SvG:** Munnangur.) En hæstv. forsrh. kom hér í stólinn og réðst á ónafngreindan seðlabankastjóra fyrir munnangur. Mér heyrðist hæstv. forsrh. segja að það væri þýðing á orðunum economic mouth piece. (**Fjmrh.:** Mouth hvað?) Mouth piece mun hann hafa sagt. (**Fjmrh.:** Mouth disease.) Mouth disease. Hæstv. fjmrh. segir að hann hafi sagt mouth disease og ég fer nú að skilja hvers vegna viðræður hæstv. forsrh. á erlendri grundu ganga stundum dálítið illa ef hann ber mouth disease fram sem mouth piece. (**Fjmrh.:** En það er hv. þm. sem segir mouth piece.)

(**Forseti** (GunnS)**:** Ég verð að biðja hv. þingmenn um að hafa kyrrð í salnum.)

Virðulegi forseti. Þetta er alveg mér að meinalausu. Mér finnst allt í lagi þó að þeir hæstv. fjmrh. og hv. varaformaður fjárln. reyni nú að hlæja hér vandræðalega í lokin á þessari umræðu því að það er ekkert annað fyrir þá að gera. Það vill hins vegar svo til að það hafa fleiri seðlabankastjórar en sá sem hér var á þingi nýlega tjáði sig um þessi mál að undanförnu. Það hefur t.d. komið fram í sjónvarpi að seðlabankastjóri Eiríkur Guðnason treystir sér ekki til að segja neitt um það hvort vextir færu hækkandi eða lækkandi í viðtali 17. okt. Og það kom líka fram í viðtali við Morgunblaðið í síðustu viku að Birgir Ísl. Gunnarsson, formaður bankastjórnarinnar, lýsir því yfir að Seðlabankinn hafi keypt húsbréfin vegna þess að þau hafi verið tappi í vaxtaþróuninni, — tappi í vaxtaþróuninni voru orðrétt ummæli seðlabankastjóra Birgis Ísl. Gunnarssonar. Þess vegna er það nú þannig að seðlabankastjóri Steingrímur Hermannsson stendur nú ekkert einn í þeim yfirlýsingum sem gefnar hafa verið að undanförnu. Kannski er það þannig að gjörvallur Seðlabankinn sé orðinn þannig staddur í þessari umræðu að hæstv. forsrh. vilji helst óska sér þess að það verði farið eins með Seðlabankann eins og pistlahöfundana á Rás 2, verði sagt upp vegna þess að forsrh. þoli einfaldlega ekki að heyra ummæli Seðlabankans.

Síðan gerist það í kvöld að fréttir berast af því að Steingrímur Hermannsson seðlabankastjóri lýsir því yfir að hinn mikli vöxtur skulda heimilanna geti leitt til kreppu í bankakerfinu. Nú hefði maður haldið að hæstv. forsrh. sem kaus að hefja hér í dag árás á seðlabankastjórann, ráðast á hann hér í þingsalnum þar sem hann veit að hann á ekki lengur sæti, mundi kjósa að mæta til fundar í kvöld til þess að standa fyrir máli sínu og geta rætt það við okkur, sérstaklega í ljósi þess sem fjölmiðlar sögðu í kvöld um ræðu seðlabankastjórans á þingi BSRB. Það gerist hins vegar ekki. Ábyrgur forsrh., af því að hæstv. forsrh. talaði nú mjög í dag um ábyrga menn, ábyrgur forsrh. ræðst ekki á bankastjóra Seðlabankans nema vera tilbúinn að standa fyrir máli sínu. Alvöruforsætisráðherra í alvörulandi hefur ekki þannig árás á seðlabankastjórann sem hæstv. forsrh. gerði hér í dag nema vera tilbúinn að standa fyrir máli sínu. Nema hæstv. forsrh. vilji einfaldlega ekki láta taka mark á orðum sínum og er þá sjálfur orðinn sekur um hið sama og hann var að gagnrýna seðlabankastjórann fyrir.

Satt að segja er það þannig, virðulegi forseti, að það er nánast spurning um góðmennsku gagnvart ríkisstjórninni að hætta þessari umræðu fljótlega. Það er ekkert orðið eftir af stefnunni. Það er ekkert orðið eftir af 5% markinu. Það er ekkert orðið eftir af því að draga úr umsvifum ríkisins. Það er ekkert orðið eftir af því að stöðva erlendar lántökur hins opinbera. Það er ekkert orðið eftir af því að styrkja framkvæmdagleði atvinnulífsins. Það er ekkert orðið eftir af því að stöðva ofvöxt ríkisins umfram vöxt atvinnulífsins. Það sem blasir við er ríkisstjórn sem er að festast í hjólfari vaxandi skuldasöfnunar, stöðvunar á vaxtalækkunum og framúrkeyrslu hins opinbera í samanburði við atvinnulífið í landinu. Verkefni nýrrar ríkisstjórnar verður þess vegna fyrst og fremst það að veita atvinnulífinu í landinu þann forgang fram yfir ríkisvaldið sem þessari ríkisstjórn hefur mistekist að veita.

Það eru dálítið merkileg tíðindi að Sjálfstfl. skuli skilja þannig við efnahagsmálin og ríkisfjármálin að við sem tökum við að loknum næstu kosningum þurfum að gera það að kjarna hinnar nýju stefnu að endurreisa atvinnulífið með þeim hætti að efnahagsstefna næstu ára feli það í sér að haldið verður aftur af ríkinu en atvinnulífinu gefin ný sóknarfæri, hætt að safna skuldum hjá hinu opinbera, hætt að sækja inn á lánsfjármarkaðinn umfram atvinnulífið og skapa það svigrúm fyrir fyrirtækin og reksturinn í landinu sem er forsenda fyrir bættum lífskjörum. Hver hefði trúað því þegar þessi ríkisstjórn tók við með Jón Sigurðsson sem viðskrh., Davíð Oddsson sem forsrh. og Friðrik frjálshyggjumann Sophusson sem fjmrh., að þessir þrír menn mundu í samvinnu við aðra ráðherra hefja ríkisvaldið til meiri vegs og umsvifa í íslensku efnahagslífi en nokkru sinni fyrr á kostnað atvinnulífsins? En það verður með gleði sem við alþýðubandalagsmenn munum ganga í það verk að veita atvinnulífinu á Íslandi þann sess sem því ber og víkja til hliðar þeirri ríkisdrottnunarstefnu sem Sjálfstfl. hefur fylgt hér í reynd síðan hann tók við 1991, ríkisdrottnunarstefnu á lánsfjármarkaði, ríkisdrottnunarstefnu í skuldasöfnun, ríkisdrottnunarstefnu í fjárfestingu.

[22:55]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Mig langar að minnast á örfá atriði í lok umræðunnar. Fyrst vil ég ræða um örfá atriði sem komu fram hjá hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur. Hv. þm. sagði að vandamál væri í uppsiglingu vegna Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar. Mér fannst það satt að segja hóflega til orða tekið því öllum hefur verið ljóst á undanförnum árum að til þess hlyti að koma að greiða þyrfti lán sem tekin voru vegna byggingar stöðvarinnar.

Ef málið er skoðað af fullu raunsæi verður auðvitað að lengja í lánum stöðvarinnar og ég fæ ekki séð að málið verði endanlega leyst nema að litið verði til lendingargjaldanna og flugstöðin talin til þeirra framkvæmda sem teknar eru inn á flugmálaáætlun á hverjum tíma. Þetta getur þó ekki gerst nema á einhverjum áratugum. Frá mínum sjónarhóli, sem er persónuleg skoðun, teldi ég eðlilegt að færa flugstöðina undir samgrn. til þess að svo geti orðið og gengið eðlilega fyrir sig.

Varðandi Landsvirkjun skal tekið fram að ég kann eigi aðrar skýringar á því sem er í frv. en þær að Landsvirkjun hefur sjálf samið áætlanir sem koma fram í frv.

Hv. þm. Svavar Gestsson, sem flutti ræðu fyrr í kvöld, varpaði til mín nokkrum fyrirspurnum og mun ég leitast við að svara þeim.

Fyrst vil ég byrja á að segja frá því að ég svaraði í dag þeirri fyrirspurn hvað ég segði um orð hæstv. félmrh. um fyrirkomulag útboða eða sölu á húsnæðisbréfum og sé ég ekki ástæðu til þess að endurtaka það svar. Það má lesa í þingtíðindum enda gefst nægur tími til þess síðar að ræða um þau mál.

Hv. þm. ræddi nokkuð um það sem hefur verið til umræðu að undanförnu og þó einkum og sér í lagi orð eins af seðlabankastjórunum sem í dag flutti ræðu á þingi BSRB og tók sér í munn, ef fréttir reynast réttar, að svo gæti farið að bankakerfið stæði frammi fyrir sams konar erfiðleikum og á Norðurlöndum. Af því tilefni vil ég eingöngu segja að ekkert bendir til þess hér á landi að svo gerist. Bankarnir hafa þvert á móti á undanförnum árum verið sjálfir að takast á við töpuð útlán og orðið nokkuð vel ágengt. Ég tek fram að sem betur fer hagar málum þannig hér á landi að veðsetning einkahúsnæðis í bankakerfinu og húsnæðiskerfinu reyndar líka er með þeim hætti að lítil hætta er á töpuðum útlánum. Í því sambandi má kannski rifja upp að gert er ráð fyrir því að töpuð útlán í húsbréfakerfinu verði á næsta ári 0,25%. Skuldir heimilanna hafa aukist og það er rétt sem kemur fram í lánsfjárlagafrv. að á það er bent að hver fjögurra manna fjölskylda skuldar nú um 4,3 millj. kr. en ástæða er til þess að benda á að í textanum segir jafnframt orðrétt og hv. þm. las það ekki, en best er að halda því til haga:

„Svo virðist sem lækkun vaxta á lánsfjármarkaði á sl. hausti hafi örvað eftirspurn heimila eftir lánsfé og kemur það glöggt fram m.a. í eftirspurn eftir húsbréfalánum."

Þetta kemur glögglega fram og má gera ráð fyrir því að útgáfa húsbréfa verði talsvert meiri á þessu ári, jafnvel 4 milljörðum meiri en á sl. ári en útgáfa þessa árs var hafin fyrir áramót eða í desember sl.

Ég vek hins vegar athygli á því að seðlabankastjórinn, sem ræddi um bankakerfið í dag, og ég vil helst ekki hafa mikið eftir honum því ég var ekki viðstaddur og heyrði ekki þessar fréttir, er sami bankastjórinn og hefur haldið því fram að hægt sé að lækka vexti í bankakerfinu. Ég er honum sammála um það.

Í framhaldi af þessu ræddi hv. þm. Svavar Gestsson, um greiðsluaðlögunarkerfi. Ég get aðeins sagt það á þessari stundu að í félmrn. er verið að vinna að málinu. Engar endanlegar niðurstöður liggja fyrir sem lagðar hafa verið fyrir ríkisstjórnina. Málið var á sínum tíma til skoðunar þegar gjaldþrotalögin voru samin og í þeim eru reyndar nokkur ákvæði sem koma að gagni en eru lítið notuð. Þetta mál þarf að sjálfsögðu að kanna en gæta þess þá að jafnræðisreglan sé virt.

Hv. þm. beindi til mín fyrirspurnum varðandi Lánasjóð ísl. námsmanna. Af því tilefni tek ég fram að gert er ráð fyrir því að Lánasjóður ísl. námsmanna fái aukið fjármagn, meira fjármagn eða minna eftir atvikum, eftir þeim fjölda sem sækir um lánin þannig að talan í fjárlagafrv. miðast við þær áætlanir sem fyrir liggja.

Ég vek einnig athygli á því að það verður aukning útlána um að mig minnir 240 millj. á næsta ári samkvæmt fjárlaga- og lánsfjárlagafrumvörpum.

Hv. þm. rifjaði upp það sem stendur í fjárlagafrv. um Lánasjóð ísl. námsmanna og það er rétt að nú fer fram samstarf fjmrn., menntmrn., Ríkisendurskoðunar og Lánasjóðs ísl. námsmanna og leitað hefur verið aðstoðar Hagfræðistofnunar. Nokkurn tíma tekur að fá niðurstöðu í málinu en ég hygg að hún geti legið fyrir áður en fjárlög og lánsfjárlög verða samþykkt á hinu háa Alþingi fyrir jól.

Varðandi þá spurningu sem sneri að ríkisábyrgðargjaldinu er það ekki nýtt. Ríkisábyrgðargjaldið hefur verið til staðar og ég hygg að það sé rétt hjá hv. þm. að það sé u.þ.b. 100 millj. sem fari í þetta gjald. Umsvif sjóðsins eru mjög mikil eins og kemur reyndar fram í fjárlagafrv. þar sem útstreymi á næsta ári verður 6,6 milljarðar kr.

Í athugasemdum með fjárlagafrv. er sagt að unnið sé að lækkun lántökukostnaðar sjóðsins. Í því sambandi vil ég að fram komi að þar á meðal eru viðræður á milli ráðuneytanna með aðild lánasjóðsins um það hvernig haga skuli þessu tiltekna gjaldi og hvort lækka megi lántökukostnaðinn. Engar endanlegar niðurstöður eru heldur í málinu en málið er til umræðu á milli ráðuneytanna.

Hv. þm. ræddi síðan um Iðnlánasjóð og spurðist fyrir um stöðu hans með tilliti til draga að frv. sem lágu fyrir á sínum tíma. Ég vil taka fram að lánsfjárlagafrv. snýst aðeins um lánsheimildir Iðnlánasjóðs en ekki um stöðu Iðnlánasjóðs í sjálfu sér. Hv. þm. spurði mig hins vegar um það hvað ríkisstjórnin hygðist gera í þessum efnum og er skemmst frá því að segja að þetta mál hefur ekki verið til umfjöllunar um nokkurn tíma á vettvangi ríkisstjórnarinnar.

Vegna fyrirspurnar hv. þm. um það hver eigi sjóðinn eða peningana í sjóðnum hefur það margoft verið rannsakað og eru til um það ritgerðir en ég held að enginn vafi sé á því að ríkið á peningana og ríkið á reyndar fleiri sjóði formlega sem kallaðir eru fjárfestingarlánasjóðir atvinnulífsins. Hitt kann að vera rétt að siðferðilega megi segja að eignin sé þeirra sem hafa lagt sjóðnum til fé, annaðhvort í formi vaxta eða með lögbundnum framlögum.

Á sínum tíma átti ég sæti í nefnd sem rannsakaði þetta mál og niðurstaða okkar varð, eftir að hafa kynnt okkur sjónarmið nokkurra lögmanna, að enginn vafi væri á eignarheimildum hvað þennan sjóð varðaði. Þó er það umdeilt. Ég tek það fram. En það breytir því ekki að ýmsir fulltrúar iðnaðarins hafa talið að þeir ættu a.m.k. siðferðilegan rétt til sjóðsins eða hluta sjóðsins. Það var einmitt rætt um það á sínum tíma þegar Jón Sigurðsson var iðnrh. Þessu þarf að skipa með lögum og er ógerningur að gera það án þess að fram komi frv. Eins og ég sagði áðan þá hefur það mál ekki verið rætt nýlega á milli stjórnarflokkanna og verður hv. þm. að leita svara hjá hæstv. iðnrh. um málið og gefst áreiðanlega tækifæri til þess síðar enda er hv. þm. að því er ég best veit formaður í hv. iðnn. þingsins. (Gripið fram í.) Vonandi verður hæstv. ráðherra ekki mjög lengi úti að aka og kemst vonandi í hús og í annan síma og jafnvel nær hv. þm. til þess að ræða þessi mál.

Vík ég þá máli mínu að þeim þætti ræðu hv. þm. sem fjallaði um byggingu íþróttahúss vegna heimsmeistarakeppninnar í handbolta. Af því tilefni vil ég segja nokkur orð.

Í fyrsta lagi var í upphafi ætlunin að halda hér heimsmeistaramót árið 1993. Það var ekki samþykkt og Svíar fengu það mót. Í undirbúningi þess móts lögðu menn nokkuð á sig til kynningar á Íslandi og þeim möguleikum sem hér var upp á að bjóða.

Árið 1991 um haustið komu forráðamenn Handknattleikssambandsins til mín og jafnframt forráðamenn Kópavogskaupstaðar að þeirra frumkvæði og ræddu við mig um þessi mál. Kom þá í ljós að forustumenn Handknattleikssambandsins töldu sig geta a.m.k. reynt að ná til sín mótinu árið 1995 án þess að byggt væri nýtt hús. Sömuleiðis tjáðu mér fulltrúar Kópavogskaupstaðar að þeir teldu að upphaflegar áætlanir um byggingu fjölnota húss í Kópavogi væri langt frá því að geta staðist og nefndu til sögunnar upphæðir sem voru margfaldar miðað við það sem menn höfðu áður álitið.

Það var sameiginleg niðurstaða ríkisvaldsins og þessara tveggja aðila að ganga frá málum með þeim hætti að Handknattleikssambandið fékk ákveðna fjármuni, að mig minnir 20 millj. vegna útlagðs kostnaðar vegna undirbúnings mótsins og þar sem í samningi við Kópavogskaupstað stóð að ríkið mundi borga hluta af undirbúningskostnaðinum ef ekkert yrði af mótinu þótti eðlilegt að semja við Kópavogskaupstað að mig minnir um 10 millj. kr. Þessi mál komu hér fyrir á þinginu enda þurfti atbeina Alþingis til skömmu fyrir jól 1991.

Ég tek það fram að það voru engin fyrirheit að því er ég best veit frá Reykjavíkurborg á þeim tíma um að byggt yrði hús á vegum Reykjavíkurborgar þá. Ég vil taka það mjög skýrt fram vegna ræðu hv. þm. sem gaf það í skyn að þáverandi ríkisstjórn, ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar, hefði lagt gífurlega mikið á sig til að koma þessum málum í kring að engir fjármunir voru á fjárlögum vegna þessa máls. Allt sem gert hafði verið var í formi samnings og loforða en engir fjármunir höfðu verið lagðir til hliðar þannig að það er dálítið ýkt svo ekki sé meira sagt að menn hafi lagt mjög mikið á sig til þessa verkefnis.

Þetta vil ég að komi hér skýrt fram vegna þess að svo var að skilja á hv. þm. að hann og þeir sem sátu í þeirri ríkisstjórn, þar á meðal hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson sem þá var fjmrh. og skrifaði undir samninginn, hefðu lagt gífurlega mikið á sig til þess að koma þessu móti fyrir hér á landi. Það sem þeir lögðu á sig var að skrifa undir samning sem nýir valdhafar í

Kópavogi töldu algjörlega óásættanlegan enda var skrifað undir samninginn örskömmu fyrir kosningar og sumir segja, það eru ekki mín orð, að það hafi verið kosningaherbragð til þess að hafa áhrif á úrslitin í Kópavogi. Sel ég það ekki dýrara en ég keypti.

Þá kem ég að þætti Reykjavíkurborgar hinum nýrri. Það er ljóst að Handknattleikssambandið fékk leyfi til að halda keppnina hér á landi upp á núverandi húsakynni. Það liggur fyrir og er skjalfest og hefur aldrei verið neitað. Hins vegar munu frambjóðendur í Reykjavík fyrir síðustu borgarstjórnarkosningar af báðum listum hafa gefið a.m.k. vísbendingar í þá átt að þeir væru tilbúnir til þess að fara í framkvæmdir sem gætu komið að gagni vegna heimsmeistarakeppninnar. Það var þess vegna sem Handknattleikssambandið fór til Reykjavíkurborgar eftir kosningar og spurðist fyrir um það hvort hugsanlegt væri að byggja hús. Leitað var til Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen. Niðurstaða hennar var mjög skýr. Það væri enginn tími til að byggja varanlegt hús en hins vegar væri vel hugsanlegt að byggja bráðabirgðahúsnæði.

Til að gera langa sögu stutta þá ákvað borgarstjórinn í Reykjavík, sjálfsagt fyrir tilstuðlan meiri hlutans að stinga upp á því að það væri ekki hægt að byggja bráðabirgðahúsnæði heldur yrðu menn að horfa til lengri tíma og ekki kæmi til greina að Reykjavíkurborg byggði húsið nema að hálfu því aðrir yrðu að koma að málinu. Nú skal það tekið fram mjög skýrt og greinilega að Reykjavíkurborg á og rekur Laugardalshöllina og það er auðvitað ekki lengur á verksviði ríkisins að byggja eða taka þátt í byggingu íþróttahúsa með viðkomandi sveitarstjórnum. Það er liðin tíð. Á sínum tíma var Laugardalshöllin byggð af Reykjavíkurborg og íþróttahreyfingunni þannig að það er ekkert nýtt að íþróttahreyfingin komi að byggingu Laugardalshallarinnar, það er þvert á móti sú regla sem viðhöfð var á sínum tíma.

Það var útilokað, og það verða hv. þm. að virða, fyrir ríkisvaldið eftir að hafa gert samning við Kópavogskaupstað um það að ekki yrði byggt vegna keppninnar 1995 þá var ekki hægt að fara í næsta sveitarfélag og bjóða fram aðstoð við það. Það eru ekki vinnubrögð sem ég tel vera sæmandi. Það var horfið frá byggingu á íþróttahúsi og auðvitað getur ríkisvaldið ekki sagt við eitt sveitarfélag við ætlum ekki að taka þátt í byggingunni þar og það sé niðurstaðan og fara svo í næsta sveitarfélag og segja við skulum byggja hér þegar fyrir liggur að ekki þarf að byggja neitt hús. Það held ég að sé mönnum ekki til sóma að standa með slíkum hætti að þessum málum.

Þegar síðan forustumenn íþróttahreyfingarinnar leituðu hófanna um þetta mál hjá mér á sínum tíma sagði ég að það væri útilokað að ríkið gæti komið að byggingu hússins en það væri hugsanlegt að veita ríkisábyrgð ef nægileg trygging fengist frá íþróttahreyfingunni. Frá samningum hefur verið gengið og ég held að allir séu sæmilega sáttir.

Það þarf auðvitað ekkert að bjóða upp húsið. Ég hygg að í framtíðinni sé auðvelt fyrir ríkisvaldið að gera samninga við Reykjavíkurborg um makaskipti þar sem ég efast ekki um að Reykjavíkurborg, ef þessi hluti húsnæðisins lendir hjá ríkinu, þá geti ríki og Reykjavíkurborg gert makaskipti því það er sífellt verið að færa eignir á milli ríkis og Reykjavíkurborgar og gæti þá ríkið afhent Reykjavíkurborg þennan húshluta og fengið aðrar í staðinn. Um það vil ég ekkert fullyrða á þessari stundu enda liggur málið ekki þannig fyrir nú.

Þetta segi ég einfaldlega til þess að skýra það út að það er ekkert nauðsynlegt að bjóða upp húsið þótt ábyrgðin falli. Það er síður en svo. (**Gripið fram í:** Það voru góð tíðindi.)

Hv. þm. sem er vel kunnugur innviðum Reykjavíkurborgar nú um stundir gerir síðan að tillögu sinni að þessari ábyrgð verði breytt í framlag. Auðvitað getur hv. þm. flutt slíka tillögu og a.m.k. viðrað það við þingmenn hvort ástæða sé til þess. En ég hef nú rakið aðdraganda málsins og ég tel að ríkisvaldið hafi staðið að þessu máli með fyllilega eðlilegum hætti. Það er hárrétt hjá hv. þm. að ég hef ekki mikið verið að æsa mig í blöðum vegna þessa máls einfaldlega vegna þess að ég hef talið að ríkisvaldið hafi fyllilega staðið við sitt. Það var ekki að mínu frumkvæði sem gerður var samningur við HSÍ. Það var ekki að mínu frumkvæði að gerður var samningur við Kópavog. Ég kom að þessum málum með þeim hætti að full samstaða varð um niðurstöðuna og ég tel að það hafi verið stórkostlegt lán, satt best að segja, að horfið var frá húsbyggingunni í Kópavogi. Ég tel það vera stórkostlegt lán því það hús var ólán frá upphafi eins og ég held að flestir séu nú sammála um, jafnvel þó að menn hafi haft aðra skoðun á sínum tíma.

Ég er hins vegar þeirrar skoðunar sem kjósandi í Reykjavík að borgarstjórnin í Reykjavík geti tekið þetta mál upp sem slíkt og byggt hús því það er auðvitað Reykjavíkurborg sem á að reka sín íþróttahús og eiga í Reykjavík. En það væri ekki gott ef ríkið hefði komið inn með verulega fjármuni til byggingar þessa húss því þá hefði myndast sams konar krafa hjá öðrum sveitarfélögum í landinu. Reykjavík er ekkert sérstakt sveitarfélag fram yfir önnur og er eðlilegt að slík krafa komi upp frá öðrum sveitarfélögum.

Ég vona, virðulegi forseti, að ég hafi skýrt hér helstu atriði sem komu fram í fyrirspurnum og óskum hv. þm. um að fá skýringar á vissum atriðum í lánsfjárlagafrv. og vonast til þess að með þessum hætti megi innan tíðar ljúka þessari umræðu og málið geti farið til hv. nefndar.

[23:21]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var ein setning í ræðu hæstv. fjmrh. sem kom nokkuð á óvart og sætir nokkrum tíðindum. Þessi setning felur í sér tilefni til áframhaldandi umfjöllunar um þá afstöðu sem fram kom hjá hæstv. fjmrh. Ég vildi því vekja athygli á þessari setningu vegna þess að ég reikna ella með að önnur atriði sem meira voru um rædd í ræðunni og kunna að verða rædd á eftir kunni að drekkja þessari setningu en hún er nú þannig að mínum dómi að það er nauðsynlegt að hún verði tilefni til frekari umræðna.

Hæstv. fjmrh. lýsti þeirri skoðun sinni, sem að vísu væri persónuleg skoðun sín, tók það fram, að flugstöðin á Keflavíkurflugvelli ætti að heyra undir samgrn. Rökin voru m.a. þau að ráðherra lét í það skína að það væri líklegast eina færa leiðin til þess að greiða úr hinni miklu fjárhagsflækju sem skuldir flugstöðvarinnar eru.

Mér finnst þetta vera mjög athyglisvert sjónarmið. Mér finnst það vera jákvætt innlegg í umræðu um flugstöðina sem satt að segja er búin að spjóla í sama hjólfarinu árum saman án nokkurrar niðurstöðu og vil því spyrja hæstv. fjmrh. hvort hann sé ekki reiðubúinn til samvinnu við ýmsa í þinginu. Mér finnst óþarfi að slíkt mál sé málefni stjórnar eða stjórnarandstöðu eða flokka, hvort hann sé reiðubúinn á næstunni eða í vetur til viðræðna við menn í þinginu um að kanna grundvöll að því að hér myndist þingmeirihluti um þá breytingu að færa flugstöðina undir samgrn. og þannig skapa henni aðgang að samgöngufjármagni í landinu.

[23:24]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég lýsti minni persónulegu skoðun áðan. Nei, ég get ekki efnt til samstarfs við ýmsa aðila í þinginu einfaldlega vegna þess að ég sit í ríkisstjórn og ég hef að sjálfsögðu samstarf við þá ráðherra sem þar eru og þann þingmeirihluta sem hér situr og mynda ekki öðruvísi samstarf. Ég vil hins vegar benda á það að málefni flugstöðvarinnar verður örugglega til umræðu næstu árin og áratugina og þá gefst tækifæri til þess að ræða þetta mál, þetta vandamál sem hleypur ekkert frá okkur á næstu árum.

[23:24]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er einu sinni þannig með breytingu á verkaskiptingu í Stjórnarráðinu að það er kannski skynsamlegast að gera hana undir lok kjörtímabils. Þá er ekki búið að mynda ríkisstjórn, þá er ekki nýkominn til valda ráðherra sem vill halda öllu sínu. Mér finnst hins vegar margt mæla með því að slík breyting sé gerð undir lok kjörtímabilsins. Þá veit enginn hver kann að fara með viðkomandi ráðuneyti að loknum kosningum og þess vegna ekki verið að taka ákvörðun um að skerða hlut flokks eða einstaklings sem með ráðherraembættið fer. Þess vegna bið ég hæstv. fjmrh. að hugleiða hvort ekki sé skynsamlegt að reyna að stuðla að því að slík breyting verði gerð hér áður en þingi lýkur fyrir kosningar.

Ég held nefnilega að það sé töluverður sannleikur í því hjá hæstv. fjmrh. að það fæst engin viðunandi lausn á fjárhagsvanda flugstöðvarinnar nema opna leiðir til þess að hún verði hluti af heildarsamgöngumálum landsins, geti orðið þátttakandi í því fjármagni sem varið er til samgöngumála með einum eða öðrum hætti, hvort sem það er flugmála eða annarra mála. (**JGS:** Vill þingmaðurinn taka hana inn á vegáætlun eins og ferjurnar?) Ég er ekki að segja það, hv. þm. Jóhannes Geir, og er nú eftir þeim framsóknarmönnum þegar þeir loksins mæta í salnum að fara að blanda sér með einhverjum skætingi í alvarlegar umræður af þessu tagi (**JGS:** Þetta er ekki skætingur.) frekar en að koma málefnalega inn í þá umræðu með okkur hinum um hvernig eigi að leysa þennan hnút. Ég ætla ekkert að biðja fjmrh. um frekara svar nú en bið hann bara að hugleiða það ásamt félögum sínum hvort ekki er skynsamlegast að gera þessa breytingu í lok kjörtímabilsins.

[23:27]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir þau svör sem hann veitti við spurningum mínum sem voru ágæt svo langt sem þau náðu. Ég ætla að fara lítillega yfir þau.

Þá kannski fyrst og fremst það að hæstv. ráðherra talaði þannig að það væri ekki ástæða til að gera ráð fyrir sérstökum erfiðleikum lánsfjárlaganna á næsta ári vegna fólks í greiðsluerfiðleikum. Hann taldi að það væri engin ástæða til að óttast það bankahrun sem ella gæti orðið ef vanskil almmenings fara að hrannast upp í bönkunum. En auðvitað er það almenningur sem stendur undir þessum bönkum öllum þegar upp er staðið. Hann gerði alveg ótrúlega lítið úr því sem fram kom m.a. í ræðu seðlabankastjóra í dag og hefur komið fram í ummælum seðlabankastjóra, fleiri en eins, að undanförnu að húsbréfin hefðu myndað tiltekinn tappa í vaxtakerfinu að undanförnu og þarna væri um verulega alvarlegt vandamál að ræða. Ég held satt að segja að það sé ekki skynsamlegt fyrir ríkisstjórnina að afgreiða þessa hluti eins og vanskilin séu munnangur. Ég held að það sé mjög hæpið að slá því föstu að vanskilin séu munnangur. Og ég held að það sé líka mjög mikill misskilningur að slá því föstu að nauðungaruppboðin séu munnangur. Ég er alveg viss um að þegar kemur að því að þessir hlutir fara að hrynja ofan í hausinn á bönkunum þá munu menn nota aðrar sjúkdómslýsingar en að um sé að ræða munnangur.

Auðvitað má segja að ummæli hæstv. forsrh. í dag um einn af bankastjórum Seðlabankans hafi verið alveg með ólíkindum satt best að segja. M.a. með hliðsjón af því að ég veit ekki betur en að um það hafi verið pólitískt samkomulag í núv. ríkisstjórn að þannig yrði að málum staðið að þessi maður yrði seðlabankastjóri.

Ég tel satt að segja að stráksleg og gáskaleg ummæli hans um það að ekki sé varasamt og í lagi sem seðlabankastjórar hafi í hálsinum en hins vegar sé verra ef það komi úr hálsinum. Satt best að segja þá tel ég að þessi ummæli séu alveg ótrúleg. Og ég óttast að það verði ekki hægt að afgreiða vanskilaöldu almennings í bankakerfinu jafnléttúðlega og hæstv. forsrh. gerði hér í dag þegar hann var að reyna að afgreiða seðlabankastjóra. Ég óttast að hlutirnir séu miklu alvarlegri en svo að menn geti leyft sér að tala um greiðsluvanda almennings í landinu sem munnangur einstakra seðlabankastjóra. Mér liggur við að segja því miður. Það væri auðvitað gott ef hægt væri að afgreiða greiðsluvanda almennings með þessum stráksleg hætti. En það er ekki svo. Hér er um að ræða greiðsluvanda á þúsundum og aftur þúsundum heim-

ila í landinu. Þessi skætingsafgreiðsla á seðlabankastjóranum var því hvorki smekkleg né viðeigandi og auk þess beinlínis hættuleg því hún lýsir kæruleysi (**JGS:** Hún lýsti forsrh. best.) gagnvart því verkefni fyrst og fremst sem ríkisstjórnin á að vinna á hverjum tíma.

Í öðru lagi vil ég svo þakka hæstv. fjmrh. fyrir þær upplýsingar sem fram komu hér varðandi greiðsluaðlögunarkerfi. Það kom mér mög mikið á óvart. Hæstv. félmrh. sagði í dag að unnið væri að samningu frv. um greiðsluaðlögunarkerfi. En hæstv. fjmrh. sagði núna áðan: Engar endanlegar niðurstöður liggja fyrir sem lagðar hafa verið fyrir ríkisstjórnina, með leyfi forseta, hygg ég að hæstv. fjmrh. hafi orðað þetta þannig. Ég vil þá endurtaka og ítreka spurninguna til hæstv. fjmrh.: Er fjmrn. aðili að starfshópi eða einhverjum vettvangi þar sem unnið er að því að semja frv. til laga um greiðsluaðlögun?

Það er alveg nauðsynlegt að það komi fram einmitt í lánsfjárlagaumræðunni vegna þess að ef lánsfjárlagaumræðan á að fara fram með eðlilegum hætti þá þurfa menn að átta sig á því að forsenda breytinga á greiðsluaðlögun er ný fjáröflun. Það verður því að fást botn í þessi greiðsluaðlögunarmál fyrir áramót, fyrir afgreiðslu fjárlaga og fyrir afgreiðslu lánsfjárlaga. Það er algjörlega óhjákvæmilegt.

Spurningin er auðvitað, hæstv. forseti: Getur það verið að um þetta mál sé e.t.v. ágreiningur í ríkisstjórninni því hæstv. fjmrh. upplýsti að þessi mál hefðu komið til umræðu í tengslum við breytingu á lögum um gjaldþrot á sínum tíma? Hæstv. ráðherra tók þannig til orða að það yrði nauðsynlegt við lög um greiðsluaðlögun að tryggja jafnræði aðilanna. Það er rétt. Það bendir til þess að hæstv. fjmrh. hafi a.m.k. hugleitt þessi mál. Ég held að það sé þess vegna mjög áríðandi að fá það alveg á hreint núna: Hvar stendur þetta mál? Eru menn í sameiningu í félmrn. og fjmrn. að semja frv. um greiðsluaðlögun?

Mér er kunnugt um það, hæstv. forseti, að á skrifstofum verkalýðsfélaganna í Reykjavík binda menn miklar vonir við þá vinnu sem hefur verið unnin af því að svona afdráttarlausar yfirlýsingar hafa verið gefnar úr félmrn. Mér er kunnugt um að afstaða manna til margvíslegra þátta kjaramála mun að talsverðu leyti ráðast af því hvort hér verður afgreitt með einhverjum hætti frv. um greiðsluaðlögun í vetur. Vegna þess að annars blasir við gjaldþrota hrina, alda eða bylgja á næsta ári sem getur komið í hausinn á bankakerfinu eins og seðlabankastjóri benti á í dag. Þess vegna er alveg óhjákvæmilegt að halda mönnum stíft við efnið í þessum efnum. Er einhver hópur að vinna í þessu verki eða er þetta bara hugarfóstur félmrh. og einskis annars? Það er nauðsynlegt að fá um það upplýsingar, hæstv. forseti, frá hæstv. fjmrh. í kvöld.

Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir þær upplýsingar sem fram komu frá honum varðandi Lánasjóð ísl. námsmanna um að niðurstaða kæmi fljótlega úr þeirri nefnd sem getið er um í greinargerð fjárlagafrv. Ég tel einnig mikilvægt að þær upplýsingar hafa komið fram frá hæstv. fjmrh. að það eru uppi hugmyndir um að lækka ríkisábyrgðargjaldið frá því sem það er, þ.e. alla vega að lækka lántökukostnað Lánasjóðs ísl. námsmanna þá með breytingum á þeim gjöldum sem sjóðurinn er að borga vegna lántöku.

Ég vil einnig þakka hæstv. fjmrh. fyrir það sem hann sagði varðandi Iðnlánasjóð. Ég skildi hann svo að engin áform væru uppi um að taka hann inn í ríkisbankakerfið. Menn væru fallnir frá þeim hugmyndum sem fyrrv. viðskrh. og iðnrh. var með varðandi þennan sjóð en samt sem áður væru menn ekki með hugmyndir um að slá honum inn í ríkisbankakerfið. Ég tel að það sé út af fyrir sig gott.

Hæstv. forseti. Í ræðu sinni vék hæstv. fjmrh. aðeins að handboltahúsinu og það er alveg óhjákvæmilegt að fara yfir það mál. Í frv. til lánsfjárlaga stendur að ríkissjóður muni eiga veð í eignarhluta ÍSÍ í húsinu. Ef það kæmi nú í þetta nauðungaruppboð, sem við vorum að tala um fyrr í kvöld, þá yrði partur af húsinu tekinn og lokað, það yrði ekki allt húsið, ekki allur landsfundur Sjálfstfl. sem yrði seldur á fæti á nauðungaruppboði ef til kæmi heldur bara sá partur íhaldsins sem væri í viðbyggingunni. En síðan kom það fram í ræðu hæstv. fjmrh. að hann ætlar ekkert endilega að rukka þetta lán. Hann ræddi um að sennilega yrðu höfð einhver makaskipti og gaf þannig berlega í skyn að í rauninni ætlaði hann, ef hann réði einhverju, (**JGS:** Og Ellert Schram.) og Ellert Schram, eða hæstv. fjmrh. ætlaði að fara heldur mildum höndum um Ellert Schram. (**JGS:** Hann tekur hann upp í skuldina.) Það er mjög mikilvægt að yfirvaldið skuli vera svona milt í þessu máli að sennilega sé þetta meiri og minni markleysa sem stendur í þessum texta, að eftir sem áður geri fjmrh. ráð fyrir að þetta verði aldrei rukkað vegna þess að menn hafi einhver makaskipti einhvern tímann síðar á öldinni eða á fyrri hluta næstu aldar, skulum við segja. Að öðru leyti verði menn ekki að fara svo smásmugulega í saumana á þessum lánapappírum sem ÍSÍ verður neytt til að skrifa upp á. Ég held að það sé út af fyrir sig ágætt að slík yfirlýsing frá hæstv. fjmrh. liggi fyrir að ekki verði farið að sauma mjög að íþróttahreyfingunni út af þessum lántökum.

Hins vegar verð ég að segja alveg eins og er að þegar hæstv. fjmrh. grípur til þess ráðs að kenna Kópavogsbæ um það að ekki mátti setja peninga í Laugardalshöllina við þær aðstæður sem nú eru uppi þá finnst mér skörin vera farin að færast upp í bekkinn. Getur það verið að núv. meiri hluti í Kópavogi hafi beitt sér gegn því að ríkið legði fram fjármuni í þessu skyni í Reykjavík? Getur það verið? Getur það verið að menn séu þar þannig staddir að þeir hafi beitt sér gegn því að ríkið stæði þannig að hlutum í Reykjavík að það yrðu lagðir fram fjármunir í þetta íþróttahús? Það er satt að segja alveg ótrúleg yfirlýsing sem hæstv. fjmrh. gefur að meiri hlutinn sem nú er í Kópavogi hafi beitt sér með þessum hætti sérstaklega gegn Reykjavík. Það er afskaplega afhjúpandi ef hlutirnir eru þannig hérna yfir lækinn að meiri hlutinn í Kópavogi hafi beitt sér með þessum hætti. Það held ég að geti varla verið og alveg ótrúlegt ef fjmrh. reynir að bera það fyrir sig við þær aðstæður sem nú eru uppi.

Auðvitað er það þannig, hæstv. forseti, að Sjálfstfl. bar frá upphafi vega alla ábyrgð þessa íþróttahússmáls. Það var ekkert annað en pólitísk meinbægni sem réði því að HSÍ-menn voru kúgaðir til að skrifa undir þessar yfirlýsingar grátandi á sinni tíð og takandi við tugmilljónum króna til að hafa sig hæga með frekari kröfur út af þessu íþróttahúsi. Það var bara pólitísk meinbægni og ekkert annað. Auðvitað er það fáránlegt sem fram kom hjá hæstv. fjmrh. að það að samningarnir voru gerðir einhvern tímann fyrir kosningarnar 1991 geri það sjálfkrafa að verkum að þetta séu vondir samningar. Hefur ekki hæstv. fjmrh. verið að efna samninga sem gerðir hafa verið á þessum tíma og fyrri fjmrh. af fyrri ríkisstjórnum? Ég bendi t.d. á þá fjármögnunarsamninga sem fyrri fjmrh. gerðu vegna framkvæmda t.d. í Stykkishólmi eða á Selfossi, svo dæmi séu tekin, og menn hikuðu ekki við að gera. Ætla menn svo að koma alveg vatnsheilagir og segja: Þetta voru vondir samningar af því að þeir voru gerðir rétt fyrir kosningar? Rétt eins og Sjálfstfl. hafi aldrei heyrt talað um fjármögnunarsamninga sem gerðir hafi verið. Þarf þó ekki að fara lengra en út í Landsbanka hér til að spyrja t.d. bankastjóra sem þar situr um nokkra samninga sem gerði voru á hans tíð um ýmis skólahús og íþróttahús á ótrúlegustu stöðum í landinu.

Staðreyndin er sú að Sjálfstfl. hefur ekki af miklu að má í þessu efni, ekki af miklu að má. Það munaði engu að Sjálfstfl. tækist að halda þannig á þessu íþróttahúsmáli að það væri Íslandi til skammar á alþjóðavettvangi. Halda þannig á þessu máli að í raun og veru mundi Ísland aldrei bíða þess bætur í alþjóðlegum samskiptum í íþróttahreyfingunni og það var á síðustu stundu sem tókst að bjarga því fyrir horn, m.a. af meiri hlutanum í Reykjavík, hinum nýja meiri hluta, að það er hægt að horfa fram til þess að þetta íþróttamót verði haldið. Þannig er staðan í dag. Þess vegna verður að segja alveg eins og er að það er ótrúleg bíræfni, liggur mér við að segja, að aðalforustumenn Sjálfstfl. í fjármálum, hv. varaformaður fjárln. og hæstv. fjmrh. að þeir skuli núna loksins, 24. eða 25. okt. 1994 þora að segja örfá orð um þetta mál í frammíkalli. Miklar hetjur eru þeir, hæstv. forseti.

Ég hef síðan borið fram eina fyrirspurn í viðbót varðandi greiðsluaðlögunarkerfið, hvort unnið er að því á vegum ráðuneytanna sameiginlega, en að öðru leyti ætla ég ekki að lengja þessa umræðu af minni hálfu.

[23:42]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er mjög undarlegur málflutningur sem hv. 9. þm. Reykv. hefur haft hér uppi vegna byggingar íþróttahúsa. Það er nú þannig að með breytingum á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga var sú ákvörðun tekin að það væri á verksviði sveitarfélaga að byggja íþróttahús. Þess vegna kemur það mjög mikið á óvart að hv. þm. skuli nú krefjast þess nánast að ríkisvaldið gangi fram fyrir skjöldu gagnvart einstökum sveitarfélögum og ætlist til þess að e.t.v. vegna þess að R-listinn er með meiri hluta í Reykv. þá skuli ríkisvaldið koma til skjalanna og leggja til sérstaka fjármuni til eins sveitarfélags á Íslandi.

Það rifjar náttúrlega upp afstöðu hv. þm. til þess að þegar það kom til að það þyrfti nú að ganga frá uppgjöri vegna nokkurra íþróttahúsa m.a. sem gerðir voru samningar um við sveitarfélög og ég þekki nú vel, þingmaðurinn var ekki mjög áhugasamur um það þegar hann var ráðherra að ganga frá eða standa við samninga sem gerðir voru þannig að þetta er mér mjög mikið umhugsunarefni þegar hv. þm. gengur núna fram fyrir skjöldu og vill gera alveg sérstaklega vel við eitt sveitarfélag í landinu vegna handboltahallar. Þetta vakti athygli mína í ræðu þingmannsins og ég mátti til með að hafa orð á því hér í andsvari.

[23:44]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þá liggur það fyrir að það hafi verið Kópavogur og Stykkishólmur sem komu í veg fyrir að ríkið þyrði að standa við þau fyrirheit sem gefin voru af Sjálfstfl. um handboltahús árið 1988.

[23:45]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Dómsmrn. og fjmrn. eiga aðild að starfshópi vegna greiðsluaðlögunar. Niðurstaða þess starfs ræður því hvort flutt verður frv. um málið.

[23:45]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir þessar greinargóðu upplýsingar og vil jafnframt inna hann eftir því hvenær er að vænta að þessi starfshópur skili áliti.

Ég endurtek það sem ég sagði hér áðan að það er mjög mikilvægt að niðurstöður þessa starfshóps varðandi greiðsluaðlögun og ný lög um greiðsluaðlögun liggi fyrir hið fyrsta þannig að það verði hægt að taka tillit til þeirrar niðurstöðu við afgreiðslu lánsfjárlaganna.

Ég óttast það, hæstv. forseti, að það sé rétt sem kom fram hjá seðlabankastjóranum í dag að greiðsluerfiðleikar heimilanna séu svo miklir, svo hrikalegir og alvarlegir hér á landi, að það geti blasað við bankahrun ef ekki verður að gert. Ég óttast að staðan sé mjög alvarleg hjá heimilunum og ég óttast að ákvæði lánsfjárlaga um fjármögnun, t.d. Húsnæðisstofnunar, dugi ekki vegna þess að það sé svo mikill vandi á heimilunum í landinu. Þess vegna held ég að það sé líka nauðsynlegt að taka það inn í þessa umræðu að lífeyrissjóðirnir verði knúðir til viðbótarfjármögnunar á þessu kerfi eins og við töluðum reyndar um hér fyrr í dag að frumkvæði hæstv. félmrh. Þannig að þessi mál hanga að mínu mati öll saman og því er nauðsynlegt að spyrja hæstv. fjmrh. að lokum hvort hann getur upplýst um það hvenær þess er að vænta að þessi starfshópur skili áliti og kannski hvenær hann varð til ef hæstv. ráðherra man eftir því.

[23:47]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ef ég man rétt varð starfshópur-

inn til í síðasta mánuði. Því miður get ég ekki svarað því hvenær hann muni skila áliti.

[23:47]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég satt að segja tel það ótrúleg tíðindi ef þess starfshópur hefur ekki orðið til fyrr en í síðasta mánuði miðað við það sem sagt hefur verið um þessi mál. En ég læt þar við sitja á þessari stundu málsins. (**Fjmrh.:** Innan félamrn. hefur verið unnið að málinu mun lengur.) Það kann að vera en það er mjög merkilegt að þessi hópur skuli fyrst hafa orðið til fyrir einum mánuði.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ríkisreikningur 1992, 1. umr.

Stjfrv., 65. mál. — Þskj. 65.

[23:48]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Hér er á ferðinni endurflutt frv. sem lagt var fram á síðasta þingi. Frv. þetta hlaut þá ekki afgreiðslu og er nú endurflutt óbreytt og vitna ég til fyrri ræðu minnar og óska þess að að lokinni fyrstu umræðu verði það sent til 2. umr. og hv. fjárln.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Bókhald, 1. umr.

Stjfrv., 72. mál (heildarlög). — Þskj. 72.

og

Ársreikningar, 1. umr.

Stjfrv., 73. mál. — Þskj. 73.

[23:49]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegur forseti. Ég mæli hér fyrir frumvörpum til laga, annars vegar um ársreikninga og hins vegar um bókhald. Síðara frv. er á þskj. 72 og það fyrra á þskj. 73.

Þessi frv. voru lögð fram á síðasta þingi og hafa verið til óformlegrar skoðunar í nefnd, a.m.k. á einum fundi nefndarinnar. Ég vil þakka fyrir það, virðulegi forseti, að fá að flytja framsöguræðu og koma þessum frumvörpum til nefndar því ég held að það sé brýnt að lögfesta lög annars vegar um ársreikning og hins vegar um bókhald.

Frv. það sem hér liggur fyrir var lagt fram á Alþingi eins og ég sagði áðan, á síðasta þingi til kynningar, var ekki tekið til umræðu. Það er nú endurflutt með óverulegum breytingum. Frv. um bókhald, eins og frv. til laga um ársreikninga, var samið af nefnd sem fjmrh. skipaði með bréfi dags. 23. des. 1992 um að endurskoða lög um bókhald en núgildandi lög eru frá árinu 1968.

Löngu er orðið tímabært að taka þau til gagngerrar endurskoðunar þar eð miklar breytingar hafa orðið á viðskiptaháttum frá árinu 1968 og ör þróun orðið við færslu bókhalds og færslu bókhaldsgagna frá því að lögin voru samþykkt. Núgildandi lög byggjast á því að bókhald sé handfært en með breytingunum frá 1978 var heimilað að færa lausblaðabókhald með vélum. Þróun viðskipta á undanförnum árum er æ meira í þá átt að þau fari um tölvur og jafnvel án þess að pappírar eða skjöl í almennum skilningi liggi til grundvallar. Enn fremur hafa orðið umtalsverðar breytingar á framsetningu ársreikninga enda er svo komið að ýmis almenn ákvæði sem þá voru útfærð í sérlögum, til að mynda hlutafélagalögum, nr. 32/1978, með síðari breytingum, og lögum um samvinnufélög, nr. 22/1991. Þótt telja verði að þessi þróun hafi gert það löngu tímabært að endurskoða lögin knýr það þó mest á um endurskoðun þeirra að samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið, EES, gerir beinlínis ráð fyrir að íslensk löggjöf um ársreikninga og bókhald verði breytt.

Sú leið var valin að flytja sérstakt frv. um ársreikninga stærri fyrirtækja en sá háttur hefur almennt verið hafður á í erlendri löggjöf.

Frv. um bókhald skiptist í fjóra kafla. Í I. kafla er kveðið á um hverjir skuli vera bókhaldsskyldir, svo og hverjir skuli bera ábyrgð á því að ákvæðum laganna sé fylgt. Einnig eru ákvæði um færslu tvíhliða bókhalds sem aðalreglu og undanþágu frá því fyrir minni háttar starfsemi. Eðlilegt er að í lögunum um bókhald sé kveðið á um almenna skyldu til að halda bókhald og færa eða skrá í bókhaldsbækur allar upplýsingar um viðskipti og aðrar fjárreiður sem eðli máls samkvæmt ber að gera eigendum, félagsaðilum, lánardrottnum og/eða hinu opinbera grein fyrir í einu eða öðru formi. Í sérlögum er einnig að finna ýmis ákvæði um bókhald sem ætlað er að skýra nánar einstakar aðstæður tiltekinna aðila. Þannig er t.d. sérstaklega kveðið á um bókhald ríkisins í sérstökum lögum og í skattalögum er einnig að finna ýmis ákvæði er lúta að bókhaldi.

Í II. kafla er kveðið á um færslu bókhalds, bókhaldsbækur, bókhaldsgögn og fylgiskjöl og geymslu þeirra hvort sem handfært er eða fært á tölvu eða á annan hátt. Fram kemur almenn umsögn um bókhaldið, tilgang þess og markmið. Gerðar eru skilgreindar kröfur til þeirra sem halda tvíhliða bókhald um skipulag og uppbyggingu þess svo og um notkun á tölvum og tengingar og skjalasendingar á milli þeirra. Samkvæmt frv. er notkun tölva og annarra hliðstæðra tækja jafnrétthá handfærðu bókhaldi. Í 6. gr. gildandi laga, eins og henni var breytt með lögum nr. 47/1978, er veitt heimild til að nota laus kort og blöð eða önnur hjálpargögn í stað innbundinna og löggiltra bóka með því skilyrði að gögn þessi séu hluti af skipulegu og öruggu kerfi. Notkun tölva við færslu bókhalds var að hefjast á þessum árum en er nú hin almenna regla.

Frv. felur ekki í sér breytingar á meginreglum bókhalds heldur er því ætlað að taka mið af þeirri þróun og möguleikum sem opnast hafa með tölvunotkun og

settar eru fram kröfur til tölva og hugbúnaðar.

Lagt er til að bókhaldsfærslur sem byggjast á skjalasendingum milli tölva verði jafnrétthár öðrum færslum enda uppfylli þær allar kröfur um öryggi og áreiðanleika sem gerðar eru til pappírsskjala. Gert er ráð fyrir að ráðherra setji með reglugerð nánari ákvæði um pappírslaus viðskipti og geymslu gagna í rafrænu formi.

Í reglugerð verður væntanlega kveðið nánar á um frágang bóka og prentaðra lista sem koma í stað innbundinna bóka í handfærðu bókhaldi, sbr. reglugerð nr. 417/1982, um bókhald.

Í III. kafla eru ákvæði um ársreikninginn og skýringar með honum, svo og um skoðunarmenn ársreikninga og hlutverk þeirra.

Samhliða frv. er lagt fram frv. til laga um ársreikninga sem ég mun víkja hér betur að á eftir. Það er samið með hliðsjón af tilskipunum Evrópusambandsins. Þau félög, sjóðir og stofnanir, svo og bókhaldsskyldir einstaklingar sem ekki falla undir ákvæði væntanlegra ársreikningalaga, skulu gera ársreikninga sína í samræmi við ákvæði þessa frv. en þeim er þó heimilt að fara eftir væntanlegum ársreikningalögum sem ég ræði hér frekar á eftir.

Bókhaldsskyldir aðilar skulu semja ársreikning fyrir hvert reikningsár og undirrita hann. Lagt er til að lengdur verði frestur til að fullgera og undirrita ársreikninga úr fimm mánuðum í sex eftir lok reikningsárs. Með hliðsjón af ákvæðum skattalaga um skilafrest á skattframtölum er þó ljóst að ársreikningar skattskyldra aðila þurfa að vera tilbúnir fyrr.

Í 32.–35. gr. er að finna ákvæði sem ekki hafa hingað til verið í bókhaldslögum þótt sambærileg ákvæði sé að finna í öðrum lögum svo sem hlutafélagalögum. Þau fjalla um kosningu eða ráðningu skoðunarmanna ársreikninga ef þeir eru á annað borð kosnir eða ráðnir samkvæmt samþykktum félaga en það er ekki gert að lagaskyldu. Hlutverk þeirra er skilgreint í 34. gr. Yfirleitt má segja að starfssvið skoðunarmanna, eða endurskoðenda eins og þeir eru oft nefndir í samþykktum félaga, sé ekki skilgreint þar. Með skoðunarmanni er átt við þann sem ekki hefur hlotið löggildingu til endurskoðunarstarfa. Það er kannski breyting sem hefur verið að eiga sér stað hjá endurskoðendum og þeim sem fjalla um bókhald hingað til.

Í IV. kafla eru ákvæði um heimild ráðherra til þess að setja reglugerð og fleira.

Vík ég þá að hinu frv. sem er frv. til laga um ársreikninga. Frv. var samið af sömu nefndinni og ég gat um áðan. Umtalsverðar breytingar hafa orðið á framsetningu ársreikninga enda er svo komið að ýmis almenn ákvæði um þá eru útfærð í sérlögum, t.d. í hlutafélagalögum, nr. 32/1978, með síðari breytingum, og lögum um samvinnufélög frá 1991.

Þótt telja verði að þessi þróun hafi gert það löngu tímabært að endurskoða lögin knýr það þó mest á um endurskoðun þeirra að samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið gerir beinlínis ráð fyrir að íslenskri löggjöf um bókhald og ársreikninga verði breytt. Þannig er í 77. gr. samningsins um EES kveðið á um samræmingu ákveðinna atriða í löggjöf er varða félagarétt og eru þessi atriði talin upp í XXII. viðauka. Í honum er að finna níu tilskipanir en þar af fjalla fjórar um bókhald, ársreikninga og skyld atriði. Fjórða tilskipun fjallar um ársreikninga félaga af tiltekinni tegund svo sem hlutafélaga og tiltekinna sameignarfélaga og samlagsfélaga í eigu hlutafélaga. Sjöunda tilskipun um samstæðureikninga, sú áttunda um löggildingu endurskoðenda og sú ellefta um ársreikninga útibúa.

Ég vona að ég lesi þetta nægilega hægt þannig að hv. þingmenn nái rækilega efni þess sem hér er sagt.

Að athuguðu máli taldi nefndin heppilegast að semja tvö lagafrv. og fylgja þar með fordæmi Dana. Annars vegar er samið frv. til laga um bókhald sem hefur að geyma ákvæði um bókhaldsskyldu, bókfærslu, bókhaldsskjöl og geymslu þessara gagna, auk almennra ákvæða um ársreikninga og endurskoðun þeirra, og hins vegar frv. til laga um ársreikninga sem hefur að geyma ákvæði um ársreikninga tiltekinna lögaðila, svo sem hlutafélaga og annarra félaga með takmarkaðri ábyrgð, samvinnufélaga, samlaga og tiltekinna sameignarfélaga og samlagsfélaga. Um sameignarfélög og samlagsfélög, sem falla utan gildissviðs væntanlegra ársreikningslaga, munu þá gilda ákvæði laga um bókhald að því er gerð ársreikninga varðar. Jafnframt hvílir á þeim félögum, sem gera skulu ársreikninga eins og lagt er til í frv. þessu, kvöð um endurskoðun og áritun löggiltra endurskoðenda á ársreikninga eða áritun skoðunarmanna á ársreikninga minni félaga, svo og opinbera birtingu ársreikninga hjá viðkomandi félagaskrá.

Samkvæmt fjórðu tilskipun skal í hverju ríki vera stofnun sem taka skal við ársreikningum félaga og hafa með höndum eftirlit með því að ákvæði laganna um gerð og birtingu ársreikninga séu virt. Hér á landi er starfrækt hlutafélagaskrá samkvæmt hlutafélagalögum og samvinnufélagaskrá samkvæmt samvinnufélagalögum. Hlutverk þeirra hefur einkum verið að safna saman og geyma upplýsingar um stofnun félaga og starfsemi þeirra, svo og að taka við ársreikningum stærri félaga og geyma þá. Sambærilegar stofnanir, sem taka til landsins alls, eru ekki til vegna annarra félagaforma. Önnur félög skulu tilkynna um stofnun og starfsemi sína til firmaskrár. Þeim félögum er að gildandi lögum óskylt að leggja fram ársreikninga sína en samkvæmt þessu frv., sem m.a. byggist á ákvæðum fjórðu tilskipunar, verða þau skyld til að leggja ársreikningana fram. Að áliti nefndarinnar er heppilegra að allt eftirlit með ársreikningum verði á hendi sömu stofnunar, m.a. til að samræmis verði gætt.

Þá leggur nefndin til að þau ákvæði í lögum um hlutafélög og lögum um samvinnufélög, er fjalla um ársreikninga og endurskoðun þeirra, verði felld niður og eingöngu verði um þetta fjallað í lögum um ársreikninga nema um sé að ræða sérstök eða sértæk ákvæði sem eingöngu varða einstök félagaform.

Með tilliti til þessa þarf að gera nokkrar breytingar á frv. um hlutafélög sem fram hefur verið lagt af viðskrh.

Með fjórðu tilskipun eru aðildarríki EES hvött til að

samræma lög um uppsetningu og efni ársreikninga. Bent er á nauðsyn samræmingar vegna þess að þessi félög starfa oft í fleiri en einu ríki. Enn fremur er talin þörf á að gera lágmarkskröfur til félaga sem eiga í samkeppni og ákveða í hve miklum mæli upplýsingar um fjármál þeirra skulu aðgengilegar almenningi.

Tilskipunin gerir ráð fyrir að aðferðir við mat á eignum og skuldum verði samræmdar milli aðildarlandanna til að tryggja að í ársreikningum komi fram sambærilegar og jafngildar upplýsingar. Samkvæmt frv. skulu ársreikningar endurskoðaðir af löggiltum endurskoðendum en lágmarkskröfur um menntun og hæfi þeirra eru gerðar í áttundu tilskipun. Lög nr. 67/1976, um löggilta endurskoðendur, eru í samræmi við kröfur þessarar tilskipunar. Einungis má létta þessari endurskoðunarskyldu af litlum félögum.

Í frv. eru ekki gerðar tillögur um breytingar á viðurlagaákvæðum við bókhaldsbrotum en til umræðu er að samræma refsingar við efnahagsbrot. Stefnt er að því að kynna hv. efh.- og viðskn. tillögur þessu varðandi og verður það þá óháð því að breyting verði gerð á frv. áður en það kemur til frekari umfjöllunar Alþingis.

Þetta vil ég sérstaklega segja hér vegna þess að ég tel að það þurfi að skoða viðurlagakaflana í frv. og reyndar öðrum skyldum, þar á meðal í skattalögum, til þess að ná fram heildrænni stefnu um viðurlög við svokölluðum hvítflibbabrotum.

Frv. þetta skiptist í tíu kafla og verður hér stiklað á helstu atriðum þess ef tími gefst til.

Í I. kafla er að finna almenn ákvæði, svo sem um gildissvið og skilgreiningar. Í samræmi við fjórðu tilskipun nær frumvarpið til allra hlutafélaga og annarra félaga með takmarkaða ábyrgð en enn fremur til gagnkvæmra vátryggingafélaga og ábyrgðarfélaga, samvinnufélaga og -sambanda, en það er umfram ákvæði tilskipunarinnar. Talið er eðlilegt að láta síðastnefndu félagaformin fylgja sömu reglum um gerð og birtingu ársreikninga og hlutafélög enda núgildandi lög um þau um margt eðlislík. Stærðarmörk þeirra félaga sem ber að fara að ákvæði laganna eru skýrð í 2. gr. frv. Tvenns konar stærðarmörk er um að ræða, bæði um gerð og birtingu ársreikninga, skýringar með þeim og skýrslu stjórnar. Lagt er til að öll félög, sem falla undir 1. gr. skuli semja ársreikninga á samræmdan hátt án styttingar. Er það í samræmi við viðteknar venjur hér á landi en í núgildandi lögum er ekki kveðið á um mismunandi skyldu félaga til að semja ársreikninga. Í tilskipuninni er að finna margs konar undanþágur og frávik sem ekki þykir ástæða til að lögfesta hér. Þannig er ekki lagt til að félögum verði heimilað að semja ársreikninga sína með mismunandi hætti eftir stærð. Telja verður eðlilegt að samræmdar reglur gildi ávallt um gerð ársreikninga með þeirri einu undantekningu sem lýtur að birtingu samandreginnar útgáfu í vissum tilvikum.

Lagt er til að lítil félög, þ.e. þau sem hafa velt innan við 412 millj. kr. megi semja samandreginn rekstrarreikning og leggja fram einfaldara reikningsyfirlit og styttan efnahagsreikning. Önnur fyrirtæki yfir fyrrnefndum stærðarmörkum skulu birta ítarlegra yfirlit um rekstur og efnahag.

Í stað þess að telja upp í frv. þá liði, sem fram skulu koma í efnahagsreikningi og rekstrarreikningi, er lagt til að fjmrh. gefi út reglugerð um uppsetninguna. Í fjórðu tilskipun er tilgreint hvernig efnahagsreikningar og rekstrarreikningar skuli settir fram og er vakin athygli á að uppröðun liða er þar mjög frábrugðin því sem tíðkast hefur hér á landi. Þar eð ætla má að áhersluatriði í þessum efnum kunni að vera breytingum undirorpin er ekki lagt til að lögfesta uppsetningu þessa heldur talið eðlilegt að mæla fyrir um hana í reglugerð. Með þeim hætti er unnt að bregðast fljótt við breytingum og þróun sem verður á reikningsskilum. Við setningu reglugerðar er eðlilegt að hafa samráð við reikningsskilaráð sem starfar samkvæmt lögum.

Ákvæði II. kafla fjallar um einstaka liði efnahagsreiknings og rekstrarreiknings.

Í þessum kafla er að finna skilgreiningar á ýmsum atriðum sem eiga að tryggja að tilteknir liðir efnahagsreiknings og rekstrarreiknings séu sambærilegir. Óefnisleg réttindi, svo sem fiskveiðikvóta og rannsóknar- og þróunarkostnað, skal aðeins færa til eignar ef þeirra er aflað gegn greiðslu. Tekjur skal færa þegar til þeirra er unnið og krafa hefur myndast á viðskiptaaðila, án tillits til þess hvort þær hafi verið innheimtar eða ekki. Með hliðstæðum hætti ber að færa gjöld þegar til þeirra er stofnað. Heimilað er í samræmi við fjórðu tilskipun að færa til gjalda og skulda fjárhæðir sem ætlað er að mæta útgjöldum vegna skýrt skilgreindra skuldbindinga sem eru sennilega eða örugglega áfallnar á reikningsskiladegi en óvissar að því er fjárhæð varðar eða hvenær þær falla til greiðslu, svo sem lífeyris- og eftirlaunaskuldbindingar og skattskuldbindingar.

Í III. kafla er fjallað um matsreglur einstakra liða ársreiknings. Eru ekki gerðar verulegar efnisbreytingar frá gildandi ákvæðum um ársreikninga í lögum um hlutafélög eða samvinnufélög en um ýmis atriði er þó kveðið skýrar á en áður.

Rétt þykir að nefna sérstaklega að í 25. gr. eru ákvæði um hvernig taka megi tillit til áhrifa almennra verðlagsbreytinga á rekstur og efnahag. Þar er heimilað að leiðrétta liði ársreiknings, þar með talið eigið fé, vegna áhrifa verðbólgu og skuli þá slíkar leiðréttingar bæði taka til rekstrarreiknings og efnahagsreiknings. Samkvæmt fjórðu tilskipun er það meginreglan að reikningsskil skuli grundvallast á að skrá eignir við upphaflegu kostnaðarverði, sbr. 32. gr. hennar. Þó er gefinn kostur á að leiðrétta reikningsskil fyrir áhrifum verðbólgu, án þess að það sé skýrt nákvæmlega.

Í frv. er lagt til að heimilt verði að taka tillit til áhrifa verðbólgu í samræmi við viðteknar reikningsskilavenjur hér á landi.

Nái frv. þetta fram að ganga er nauðsynlegt að tilkynna framkvæmdastjórn ESB að íslensk stjórnvöld hyggist nýta sér fyrrgreinda heimild um verðbólgureikningsskil.

Í IV. kafla er fjallað um skýringar sem fylgja skulu

ársreikningi og teljast hluti hans.

Í þeim skal veita frekari upplýsingar um einstaka liði ársreikningsins og önnur þau atriði sem nauðsynleg eru við mat á fjárhagsstöðu viðkomandi aðila.

Ákvæði V. kafla fjalla um skýrslu stjórnar. Í henni skal upplýsa um atriði sem mikilvæg teljast við mat á fjárhagslegri stöðu félags og afkomu þess á reikningsárinu. Um er að ræða hliðstæð ákvæði og í núgildandi lögum um hlutafélög og samvinnufélög.

Í VI. kafla er fjallað um samstæðureikningsskil og er þar byggt á sjöundu tilskipuninni. Ákvæði þessa kafla eru mun ítarlegri en nú er að finna í lögum um hlutafélög og samvinnufélög.

Í inngangi að sjöundu tilskipuninni eru aðildarríkin hvött til að samræma lög um uppsetningu og efni samstæðureikninga til að unnt sé að veita samræmdar fjárhagslegar upplýsingar um félagasamstæður. Með samræmingu er ætlunin að tryggja að upplýsingar, sem félög birta, séu sambærilegar og jafngildar.

Markmiðið með samræmingu samstæðureikninga er að vernda hagsmuni sem tengjast hlutafélögum og öðrum þeim félögum sem falla undir þetta frv. Það felur í sér þá meginreglu að semja skuli samstæðureikninga þegar félag fer með meirihlutavald í öðru félagi.

Virðulegi forseti. Ég fer bráðum að ljúka máli mínu þó ég eigi alllangan tíma eftir.

Í VII. kafla er fjallað um endurskoðun ársreikninga. Ákvæðin eru hliðstæð og í núgildandi lögum um hlutafélög og samvinnufélög en þó nokkru ítarlegri.

Í 57. gr. kemur fram að kjósa skuli á aðalfundi eða almennum félagsfundi einn eða fleiri löggilta endurskoðendur eða skoðunarmenn og varamenn þeirra. Í frv. er gerður skýr greinarmunur á löggiltum endurskoðanda og skoðunarmanni eins og ég hef áður vikið að í ræðu minni.

Í VIII. kafla er fjallað um birtingu ársreikninga þeirra félaga sem falla undir frv. þetta.

Samkvæmt lögum um hlutafélög ber þeim að senda hlutafélagaskrá ársreikninga sína ef engar hömlur eru lagðar á viðskipti með hlutabréf þeirra. Einnig ber samvinnufélögum með B-deild stofnsjóðs að senda samvinnufélagaskrá ársreikninga sína. Í þessu frv. er lagt til að öll félög, sem það tekur til, þar með talin erlend útibú hér á landi, skuli senda félagaskrá ársreikninga sína eigi síðar en mánuði eftir samþykkt þeirra og eigi síðar en átta mánuðum eftir lok reikningsárs.

Lagt er til að félagaskrá geri úrtakskannanir og athuganir á ársreikningum og samstæðureikningum til að sannreyna að innsend gögn séu í samræmi við ákvæði laga og að félagaskrá geti í því sambandi krafist nauðsynlegra upplýsinga hjá hverju félagi.

Í IX. kafla er fjallað um reikningsskilaráð. Ákvæðin eru tekin óbreytt upp úr gildandi lögum um bókhald.

Í X. kafla er fjallað um ýmis ákvæði, þar á meðal um heimild ráðherra til að setja reglugerð um margvísleg framkvæmdaratriði. Meðal annars er lagt til að uppsetning efnahagsreiknings og rekstrarreiknings verði ákveðin með reglugerð. Uppsetning þessara reikninga er fastákveðin í ákvæðum fjórðu tilskipunar en talið er heppilegra að hafa slíka uppsetningu í reglugerð en í lögum.

Lagt er til að lögin öðlist gildi 1. jan. 1995 ef mögulegt er og taki þannig til allra ársreikninga og samstæðureikninga fyrir hvert það reikningsár sem hefst eftir þann tíma. Með þessu ákvæði er komið í veg fyrir að lögin verði afturvirk.

Gert er ráð fyrir að ákvæði laga um hlutafélög og samvinnufélög sem fjalla almennt um ársreikninga og endurskoðun verði felld úr gildi og ákvæði frv. þessa taki við. Með þessum hætti verður löggjöf um þessi efni einfaldari og skýrari og síður hætta á misræmi.

Ég vil nota þetta tækifæri, virðulegi forseti, til að þakka nefndarmönnum sem áttu sæti í nefndinni sem útbjó þessi frumvörp kærlega fyrir þeirra þátt í þessu mikla starfi sem er sérhæft starf manna sem hafa unnið að þessum málum og eru með fremstu mönnum í sinni röð. Nöfn þeirra koma fram í athugasemdum við lagafrv.

Að svo mæltu vil ég ítreka þakkir mínar til virðulegs forseta fyrir að fá að mæla fyrir þessu frv. í kvöld. Ég vonast til þess að fjmrn. megi eiga gott samstarf við hv. efh.- og viðskn. um þetta mál sem er í eðli sínu ekki pólitískt en er bráðnauðsynlegt að rætt verði og komist í umræðuna og verði að lögum á yfirstandandi þingi þannig að reikningsskil, bókhald og ársreikningar íslenskra fyrirtækja verði færð með sama hætti og tíðkast í öðrum Evrópuríkjum.

Að svo mæltu legg ég til að frv. þessu verði vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 20.–24. mál.

Fundi slitið kl. 00:11.

---

19. FUNDUR

miðvikudaginn 26. okt.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Fjáraukalög 1994, stjfrv., 66. mál, þskj. 66. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Lánsfjárlög 1995, stjfrv., 3. mál, þskj. 3. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Ríkisreikningur 1991, stjfrv., 64. mál, þskj. 64. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Ríkisreikningur 1992, stjfrv., 65. mál, þskj. 65. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.
5. Bókhald, stjfrv., 72. mál, þskj. 72. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

6. Ársreikningar, stjfrv., 73. mál, þskj. 73. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

7. Takmörkun á ráðstöfun síldar til bræðslu, stjfrv., 107. mál, þskj. 110. — 1. umr.

8. Tilraunastöð í jarðrækt á Reykhólum, stjfrv., 104. mál, þskj. 107. — 1. umr.

9. Forfallaþjónusta í sveitum, stjfrv., 105. mál, þskj. 108. — 1. umr.

10. Jarðalög, stjfrv., 106. mál, þskj. 109. — 1. umr.

11. Loftferðir, stjfrv., 108. mál, þskj. 111. — 1. umr.

12. Málflytjendur, stjfrv., 89. mál, þskj. 89. — 1. umr.

13. Vegaframkvæmdir á Austurlandi, þáltill., 37. mál, þskj. 37. — Fyrri umr.

14. Aðgerðir til að draga úr kynjamisrétti, þáltill., 38. mál, þskj. 38. — Fyrri umr.

15. Foreldrafræðsla, þáltill., 39. mál, þskj. 39. — Fyrri umr.

16. Varðveisla arfs húsmæðraskóla, þáltill., 40. mál, þskj. 40. — Fyrri umr.

17. Endurskoðun á launakerfi ríkisins, þáltill., 41. mál, þskj. 41. — Fyrri umr.

18. Þingsköp Alþingis, frv., 42. mál, þskj. 42. — 1. umr.

19. Greiðsluaðlögun húsnæðislána, þáltill., 54. mál, þskj. 54. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Guðmundur Bjarnason, 1. þm. Norðurl. e.,
Ingi Björn Albertsson, 5. þm. Reykv.,
Jóhannes Geir Sigurgeirsson, 6. þm. Norðurl. e.,
Ragnar Arnalds, 3. þm. Norðurl. v.,
Steingrímur J. Sigfússon, 4. þm. Norðurl. e.,
Valgerður Sverrisdóttir, 3. þm. Norðurl. e.

Aðalmaður tekur sæti á ný:

Vilhjálmur Egilsson, 5. þm. Norðurl. v.

Útbýting þingskjala:

Eingreiðslur til atvinnulausra, 79. mál, svar félmrh. þskj. 143.

Framkvæmd jafnréttisáætlunar, 144. mál, fsp. AÓB, þskj. 151.

Förgun framköllunarvökva, 143. mál, fsp. PBj, þskj. 150.

Tengsl ferðaþjónustu við íslenska sögu, 140. mál, fsp. KÁ, þskj. 147.

Varnir gegn umhverfisslysum á sjó, 142. mál, fsp. KÁ, þskj. 149.

Athugasemdir um störf þingsins.

Samkomulag þingflokksformanna um mál á dagskrá.

[13:33]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Í gær áttu þingflokksformenn með sér fund þar sem rætt var um dagskrá þessarar viku og þá var gert samkomulag um það að í gær yrði lokið umræðum um fjáraukalög og lánsfjárlög og síðan var lögð mikil áhersla á að það kæmist á dagskrá mál sem hér er nr. 7 í dag og ber heitið Takmörkun á ráðstöfun síldar til bræðslu. Það var ekki gert ráð fyrir því að önnur mál yrðu afgreidd á fundinum. Hér var kvöldfundur í gærkvöldi og ég varð að fara af fundi rétt fyrir kl. 10.30 og taldi þá að umræðu um lánsfjárlög væri rétt að ljúka sem varð raunin, en hér sé ég að það hafa verið tekin fyrir dagskrármálin Ríkisreikningur 1991, Ríkisreikningur 1992, Bókhald og Ársreikningar. Fjögur mál voru tekin á dagskrá eftir að umræðum um lánsfjárlög lauk. Ég vil gera athugasemd við þetta. Ég tel að þegar þingflokksformenn gera samkomulag um það hvaða mál skuli tekin fyrir, þá eigi það samkomulag að standa. Við gefum upplýsingar til okkar þingmanna um það hvað verði á dagskrá og fólk hagar sínum tíma í samræmi við það. Við vitum að það ríkir hér ákveðin verkaskipting milli þingmanna þó að þeir hafi auðvitað skyldu til þess að mæta, en ég veit ekki til hvers við erum að gera samkomulag um það hvað skuli rætt ef svo eru tekin mál á dagskrá sem enginn á von á. Og ég veit um þingmenn sem höfðu ekki hugmynd um að þessi mál yrðu tekin hér á dagskrá. Þetta er algjörlega óviðunandi.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Vegna þessara orða hv. 15. þm. Reykv. vill forseti geta þess að þessari dagskrá mun hafa verið haldið áfram í fullu samráði við þá hv. þm. og þá hv. þingflokksformenn sem hér voru í húsinu, auk þess sem þessi mál voru á dagskrá þannig að forseti telur ekki að hér hafi verið brotið á nokkurn hátt í bága við dagskrá fundarins.

[13:36]

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég var einn af þeim sem voru hér staddir í gærkvöldi og tók hér þátt í umræðum og var reyndar sá eini sem var staddur hér úr stjórn okkar þingflokks. Ég játa það að ég gerði ekki athugasemd við það að þessi mál væru tekin á dagskrá. Mér var ekki kunnugt um í smáatriðum hvað hefði verið samið um á fundum með formönnum þingflokka í gær. Mér var kunnugt um að það ætti að taka fyrir mál varðandi síldarafla, en ég gerði ekki athugasemdir við það að ríkisreikningurinn væri tekinn á dagskrá, ég vil láta það koma fram. En mér var að öðru leyti ekki kunnugt um hvað í smáatriðum hefði verið samið um varðandi dagskrá í gærkvöldi.

[13:37]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég vil taka undir með hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur. Þingflokksformaður minn, Finnur Ingólfsson, skýrði mér frá þessu samkomulagi sem var um að taka þessi tvö mál og þar að auki síldarmálið og annað ekki. Hann sagði mér jafnframt að ef ekki tækist að klára þessi mál fyrir kvöldmat þá yrði kvöldfundur en ég fór heim í þeirri góðu trú að hin yrðu ekki tekin. Það er afar slæmt ef sú verklagsregla kemst

á að samkomulag sem þingflokksformenn gera sín í milli um dagskrá heldur ekki.

[13:38]

Geir H. Haarde:

Virðulegi forseti. Ég vil gjarnan láta það koma hér fram, sem reyndar er fram komið, að um það var talað á fundi þingflokksformanna með forseta að ljúka í gær þremur málum, þ.e. fjáraukalögum, lánsfjárlögum og síldarbræðslufrv. og það er rétt að talað var um að halda kvöldfund ef þeim málum yrði ekki lokið. Ég var reyndar ekki hér í gærkvöldi en þá voru tekin til afgreiðslu fjögur önnur mál sem eru væntanlega þess eðlis að þau hafa verið talin vera umræðulítil og hafa sjálfsagt verið það þannig að það hefur verið talið smámál í sjálfu sér að koma þeim áleiðis. En kannski hefur hér verið um einhver mistök að ræða sem ég skal ekki svara fyrir en oft er það nú þannig að þegar svigrúm skapast þá er umræðulitlum málum, eða málum sem vænta má að séu umræðulaus, potað áfram á dagskrá eins og allir þingmenn þekkja. En það hefur áreiðanlega ekki staðið til af hálfu fjmrh. né neins annars að ganga neitt á svig við samkomulag eða svipta menn möguleikanum á því að tjá sig um þessi mál. Mér finnst því leitt ef hér hefur komið upp misskilningur. Það er rétt sem menn hafa verið að segja að það var búið að tala um að afgreiða þessi þrjú mál þannig að ég held að þetta hljóti að vera skýringin á því að svo fór sem fór hér í gærkvöldi.

[13:40]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég var hér í gærkvöldi og gerði ekki athugasemdir við að þessi mál kæmu á dagskrá. Það var reyndar ekki samráð við mig um það en það var talað við þá sem hér voru, hvort það væri heimilt að taka þessi mál fyrir og þau voru tilbúin til þess. Ég skildi fund þingflokksformanna þannig að það yrði ekki kvöldfundur nema þessum þrem málum yrði ekki lokið. Ég skildi fundinn ekki þannig að það yrðu alls ekki tekin fyrir fleiri mál á dagskrá ef sátt yrði um það þannig að ég hef þá bara skilið það rangt. Samkomulag okkar var um það að ekki yrði kvöldfundur á þriðjudagskvöld nema ekki hefði tekist að ljúka þessum málum sem fyrirhuguð voru og ég skildi þetta ekki þannig að það mætti ekki taka fleiri mál af dagskránni til umræðu ef sátt yrði um það af þeim sem hér væru.

Frú forseti. Ég gerði ekki athugasemdir við að þessi mál væru tekin á dagskrá. Það var heldur ekki haft samráð við mig sem slíka um það. Ég var hér í húsinu.

[13:41]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Þessar umræður koma mér satt að segja talsvert á óvart vegna þess að mér var ekki kunnugt um að neitt samkomulag hefði verið gert á milli formanna þingflokka og þaðan af síður auðvitað hvers efnis það samkomulag var. Ég kom hingað í trausti þess að það ætti að ljúka þeim málum sem voru á dagskrá og þannig stóð á að það var beðið eftir einum ræðumanni í lánsfjárlagaumræðunni og þá var skotið inn Ríkisreikningi 1991 og síðan eftir að umræðu lauk um lánsfjárlög var bætt við Ríkisreikningi 1992, Bókhaldi og Ársreikningum. Tvö fyrstnefndu málin hafa verið lögð fram áður og meira að segja gengið svo langt að það hafa legið fyrir nefndarálit fyrr þannig að þau mál geta komið aftur upp á þinginu. Þetta eru gömul mál. Að hinum tveimur málunum er þegar farið að vinna í nefndinni. Það eru mál sem ég held að sé enginn ágreiningur um. Ég hafði samband við formann efh.- og viðskn. og hv. formann Alþb. og niðurstaðan varð sú að það voru engar athugasemdir gerðar. Ég hélt hins vegar áfram í trausti þess að ekkert samkomulag hefði verið gert og ég sé ekki betur en það sé fyllilega eðlilega staðið hér að þingstörfum og það er a.m.k. lágmark að viðkomandi ráðherra sé tilkynnt það ef samkomulag er um að taka ekki mál fyrir sem er á dagskrá og ráðherrann kemur til þess að mæla fyrir og ljúka. Það finnst mér vera alveg lágmark. Ég tek það jafnframt fram að varaformaður fjárln. var hér í allt gærkvöldi og fylgdist með þessum umræðum til viðbótar þeim sem ég hef þegar nefnt í minni ræðu. Þetta vil ég að komi fram. Hér er ekki verið að reyna að þvinga mál fram með neinum hætti. Þvert á móti ríkti um þetta gott samkomulag í gærkvöldi hjá þeim sem ekki vissu betur en að það væri í lagi að fara með málin í gegnum þingið í gærkvöldi, á eðlilegum tíma að sjálfsögðu.

[13:43]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég verð að taka undir það sem fram kom hér hjá hv. 15. þm. Reykv. að það er auðvitað mjög sérkennilegt að taka hér fyrir fleiri, fleiri þingmál, stjórnarfrumvörp, án þess að ræða við einn þingflokkinn um málið sem hafði staðið í þeirri trú að tekin hefði verið ákvörðun um að taka málin ekki fyrir á fundinum í gærkvöld. Og auðvitað er það líka alveg lágmark að hæstv. fjmrh. fái að vita um málin þegar gengið er frá þeim á milli formanna þingflokkanna og forseta Alþingis. Ég verð að segja að það er mjög sérkennilegt ef hæstv. forseta Alþingis tekst hvorugt, að koma niðurstöðum funda á framfæri við hæstv. fjmrh. né heldur það að koma breytingum á framfæri við heilu þingflokkana. Ég held að það sé nauðsynlegt að formenn þingflokkanna tali rækilega við hæstv. forseta þannig að misskilningur af því tagi sem hér er uppi komi ekki upp með þeim hætti sem hér hefur verið lýst því að það er bersýnilegt að hér eru verulega alvarlegar brotalamir í vinnubrögðum forseta Alþingis. Það er ljóst.

Í öðru lagi er það þannig, hæstv. forseti, að eitt af þeim málum sem var tekið hér í gegn í gærkvöld mjög hratt er ágreiningsmál. Það er alveg ljóst að hv. þm. Pálmi Jónsson hefur þing eftir þing haft margt að athuga við ríkisreikninginn fyrir árið 1991 og frv. til staðfestingar á honum. Það hef ég haft líka. Ég leit svo á að þegar hafin var umræða um það mál hér í gærkvöldi, þá hlyti það að hafa gerst með samkomulagi við alla aðila, m.a. þann þingmann sem hefur beitt sér sérstaklega í umræðum um þetta mál þing eftir þing og er hv. þm. Pálmi Jónsson. Ég tel því að málið hafi þann svip, þó það hafi kannski ekki verið ætlunin, að

menn hafi vísvitandi viljað fara fram hjá þeim ágreiningi sem er við þennan hv. þm. og það vil ég líka gagnrýna. Ég skora á hæstv. forsætisnefnd að ræða það rækilega við forseta Alþingis að betur verði framvegis haldið á málum en virðist hafa verið gert í gærkvöldi.

[13:45]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég tek skýrt fram að ég var ekki að saka hæstv. fjmrh. um að vera að þvinga hér máli í gegn. Ég er fyrst og fremst að vekja athygli á því að þingflokksformenn gerðu samkomulag og síðan er ekki staðið við það og við verðum að fá skýringar á því hvers vegna það gerist. Ég á sæti í hv. efh.- og viðskn. og hér eru nú þessi smámál sem var verið að ræða í gærkvöldi um bókhald og ársreikninga. Þetta eru engin smámál og það er eðlilegt að þau fái vandaða umfjöllun í þinginu og þau séu rædd á eðlilegan hátt en ekki keyrð í gegn eftir miðnætti á þriðjudagskvöldi. Þetta eru ekki eðlileg vinnubrögð og það þarf að taka á því ef upplýsingar berast ekki til þingmanna og ráðherra um það samkomulag sem gert hefur verið um störf þingsins. Ég ítreka því að ég mótmæli þessum vinnubrögðum og hér verður að verða bót á.

[13:46]

Pálmi Jónsson:

Virðulegi forseti. Ég vil láta það koma fram að fundur í gærkvöld og þau mál sem tekin voru fyrir á þeim fundi komu mér á óvart. Ég hafði samband við forseta þingsins meðan fundur stóð síðdegis í gær og forseti tjáði mér afdráttarlaust að lokið yrði umræðu um frv. til fjáraukalaga og frv. til lánsfjárlaga og lengur yrði ekki haldið áfram og ég vissi ekki að til stæði að halda kvöldfund og því síður að t.d. ríkisreikningur fyrir árið 1991 yrði tekinn fyrir. Það eru auðvitað mikil mistök í fyrsta lagi að fjmrh. sé ekki kynnt slík ákvörðun, en það eru enn þá meiri mistök að það skuli brugðið frá þeim ákvörðunum sem teknar hafa verið og þingmönnum tilkynntar. Ég get því tekið undir þær athugasemdir sem hér hafa komið fram og hef talið að það þurfi að koma meira og betra lagi á þær tilkynningar sem berast til þingmanna um slíka meðferð mála hér í þinginu.

Það er svo aftur annað mál sem hæstv. fjmrh. sagði að hér er um gömul mál að ræða. Það er vitað að hér er um að ræða ágreiningsmál sem ég hefði kosið að taka til máls um við 1. umr. svo sem eins og ég hef gert áður þegar þau mál hafa komið fyrir hér á hv. Alþingi.

[13:48]

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég skal vera stuttorður. Ég vil bara að það komi fram af því að mér láðist að geta þess áðan að auðvitað á maður að bera það traust til forseta þingsins eftir að fundur hefur verið haldinn að það sé farið eftir þeirri samþykkt sem þar er gerð og við þurfum ekki að vera að skiptast á skoðunum á göngum hér um hvað það fjallar. Hæstv. forseti þingsins hlýtur að framfylgja því sem samþykkt er á þeim fundum og ég vona að það verði svo eftirleiðis.

[13:49]

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Formenn þingflokka voru kallaðir til fundar við forseta Alþingis í hádeginu í gær til þess að ræða störf þingsins þann dag. Forseti þingsins hafði hugmyndir uppi um að halda hér kvöldfund. Því var mótmælt af formönnum þingflokka stjórnarandstöðunnar af þeirri ástæðu að það væri of skammur fyrirvari og þar sem það væri líka annað kvöldið í röð sem fundur yrði haldinn. Þá óskaði forseti þingsins sérstaklega eftir því hvort ekki væri hægt að ná samkomulagi um að ljúka umræðu um þrjú mál, lánsfjáraukalög, lánsfjárlög og það mál sem mest lá á að koma í gegnum 1. umr. þingsins, 7. málið á dagskrá í dag, sem er takmörkun á ráðstöfun síldar til bræðslu sem er stjfrv. Ég gerði allflestum þingmönnum Framsfl. sem ég náði til þar sem ekki var um þingflokksfund að ræða grein fyrir því um hvað hefði verið samið. Þegar ég kom hins vegar hér í morgun og sá að ekki hafði verið tekið til umræðu takmörkun á ráðstöfun síldar til bræðslu, þá áttaði ég mig reyndar ekki á hvað hefði gerst í störfum þingsins, hvort þá hefði einhver breyting orðið á. En ríkisreikningur hafði verið tekinn til umfjöllunar sem ekki var minnst á af forseta þingsins að ætti að koma til umræðu þennan dag þannig að við það samkomulag sem var gert milli allra þingflokksformanna og forseta þingsins hefur augljóslega ekki verið staðið. Nú er enginn að ásaka fjmrh. í þeim efnum. Það er auðvitað forseta þingsins að koma þessum skilaboðum og sjá um að hægt sé að standa við það samkomulag sem gert var. Ég vil mótmæla þessum vinnubrögðum og maður spyr sjálfan sig: Til hvers þá að vera að gera slíkt samkomulag ef ekkert er farið eftir því?

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Hv. 8. þm. Reykn. og hv. 9. þm. Reykn. hafa óskað eftir að ræða störf þingsins. Strangt tekið er tíminn búinn en forseti hyggst nú leyfa þessum tveim hv. þingmönnum að tala í trausti þess að þeir ljúki máli sínu á sem allra skemmstum tíma og hefur nú einn bæst í hópinn. Hv. 8. þm. Reykn. tekur til máls og forseti treystir því nú að hann stytti mál sitt.

[13:51]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Það vandamál sem hér er lýst á sér að mínum dómi rætur í þeirri siðvenju sem mér finnst fara vaxandi að það er mikill hreyfanleiki á því hver situr í forsetastól og það virðist sem forseti Alþingis, hv. þm. Salome Þorkelsdóttir sem ber meginábyrgð á skilaboðum og því samkomulagi sem gert er, beri þau ekki áfram. Það var gert samkomulag fyrr á þessum þingi við einn af forsetunum, það barst ekki áfram til hinna forsetanna og þannig er hægt að nefna fjölmörg dæmi. Það er alveg greinilegt að milli forsetanna verður að koma á nýrri siðvenju í samskiptaháttum og það er líka mjög vont fyrir okkur að þurfa sífellt að vera að semja við nýjan og nýjan einstakling á forsetastóli.

Ég vil hins vegar láta það koma hér fram að ég átti

samræður við forseta Salome Þorkelsdóttur í gær, reyndar að hennar frumkvæði, þar sem hún tilkynnti mér það að það væru þrjú mál sem ætti að taka fyrir. Það væru lánsfjárlögin, fjáraukalögin og síldarfrv. sem hér hefur komið til umræðu, meira ætti ekki að taka fyrir. Síðan vil ég staðfesta það hins vegar að hæstv. fjmrh., svo að öllu sé til haga haldið sem rétt er, hæstv. fjmrh. kom að máli við mig hér einhvern tíma á tólfta tímanum í gærkvöldi þegar umræðunni var að ljúka um lánsfjárlögin og spurði hvort ég hefði nokkrar athugasemdir við það að gera að hann tæki ríkisreikningsfrumvörpin tvö og eitt annað mál. Og hvort sem það var nú svona vegna samúðar minnar með fjmrh. sem er með langan lista af málum og vill gjarnan koma þeim til nefndar, þá sagði ég það að ég gerði ekki athugasemdir við það. Ég var ekki að gera það fyrir hönd flokksins sem slíks en ég vil að hið rétta komi fram í málinu að ...(**SvG:** Hann tók það þannig.) Það má vera að hann hafi tekið það þannig, því svarar hann þá sjálfur. En ég vil ekki að það sé nein leynd yfir því að við ræddum þetta ég og fjmrh. með þessum hætti. En hitt breytir því ekki að forseti Alþingis var fyrr um daginn búinn að tilkynna mér formlega niðurstöðu forsetanna um annað.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Hv. 9. þm. Reykn. ræðir störf þingsins og treysti ég henni nú til að vera stuttorðri, en síðan mun forseti leyfa hv. 5. þm. Austurl. að koma í ræðustól þar sem hann sat í forsetastól í gærkvöldi.

[13:54]

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Erindi mitt hingað í stólinn er einfaldlega að biðja hæstv. forseta um að svara því og halda því til haga gagnvart öðrum fulltrúum í forsætisnefnd hvort það muni í framtíðinni verða staðið við það samkomulag sem gert er þannig að ekki komi upp slík staða aftur. Það vildi svo til að ég var hér á vaktinni út af einu því máli sem samkomulag var um að taka fyrir í gær en það var frv. til laga um takmörkun á ráðstöfun síldar til bræðslu. Það mál var síðan ekki tekið fyrir en önnur mál, sem ekki var samkomulag um að yrðu tekin fyrir, voru tekin í staðinn. Ef staðan hefði verið nákvæmlega öfug að það mál sem ég ætlaði hér að fylgjast með hefði verið tekið fyrir þrátt fyrir að samkomulag væri um annað, þá hefði ég verið mjög óánægð með að geta ekki treyst því að vita hvenær það mál væri tekið fyrir og það þó um þetta mál sé býsna gott samkomulag og þetta sé kannski ekki stórt mál. Þetta finnst mér alveg grundvallaratriði að það sé staðið við samkomulag, þá er ekkert því til fyrirstöðu af hálfu okkar kvennalistakvenna að vera hér við þau mál sem við þurfum miðað við það samkomulag sem gert var því að okkar þingflokksformaður kom mjög tryggilega skilaboðum á framfæri.

[13:56]

Gunnlaugur Stefánsson:

Virðulegur forseti. Það er rétt, ég sat á forsetastóli í gærkvöldi og líka nokkra stund um eftirmiðdaginn. Ég leit ekki svo á að það væri samkomulag um það að ræða ekki einhver tiltekin mál, heldur væri samkomulag um það að ljúka þremur málum. Það tókst að ljúka tveimur af þessum þremur málum. Það tókst ekki að ljúka né taka til umræðu síldarfrv., þ.e. takmörkun á ráðstöfun síldar til bræðslu og mér tjáð þegar ég kom á forsetastól hér í gærkvöldi að nú hefði tekist nýtt samkomulag eða réttara sagt tekist samkomulag um að ræða það ekki. Hvort það hafi verið gert á þingflokksformannafundi veit ég ekki. En hitt vil ég segja að hér gengu störfin mjög vel á þinginu í gær og var góður árangur af þessu starfi og starfsdagurinn var langur. Við vorum hér fram yfir miðnætti og ég vil þakka þeim hv. þm. sem tóku þátt í umræðum og voru hér viðstaddir umræðuna sem því miður voru mjög fáir. En mér finnst það ansi skrýtið að það skuli taka hálftíma af starfstíma þingsins að ræða það að þegar verður góður árangur af störfum þingsins þá jaðri það við þinglegt slys. Það finnst mér ekki gott.

Fjáraukalög 1994, frh. 1. umr.

Stjfrv., 66. mál. — Þskj. 66.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:59]

Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁgG, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, IP, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBald, PBj, RG, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

19 þm. (EKG, FI, GB, GJH, HÁ, HBl, HG, IBA, JE, JGS, LMR, MF, RA, SalÞ, SighB, StG, SJS, SvG, VS) fjarstaddir.

Frv. vísað til fjárln. án atkvgr.

Lánsfjárlög 1995, frh. 1. umr.

Stjfrv., 3. mál. — Þskj. 3.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:59]

Frv. vísað til 2. umr. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁgG, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, HG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBald, PBj, RG, SigG, SAÞ, SP, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

14 þm. (GB, HÁ, HBl, IBA, JE, JGS, LMR, MF, RA, SalÞ, SighB, StG, SJS, VS) fjarstaddir.

Frv. vísað til fjárln. án atkvgr.

Ríkisreikningur 1991, frh. 1. umr.

Stjfrv., 64. mál. — Þskj. 64.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:00]
Frv. vísað til 2. umr. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁgG, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, HG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, ÓRG, PJ, PBald, PBj, RG, SigG, SAÞ, SP, StB, SvG, TIO, VE, ÖS.
18 þm. (EKJ, GB, HÁ, HBl, IBA, JE, JGS, LMR, MF, ÓE, PP, RA, SalÞ, SighB, StG, SJS, VS, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. vísað til fjárln. án atkvgr.

Ríkisreikningur 1992, frh. 1. umr.

Stjfrv., 65. mál. — Þskj. 65.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:01]
Frv. vísað til 2. umr. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁgG, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, HG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBald, PBj, RG, SigG, SAÞ, SP, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
15 þm. (EKJ, GB, HÁ, HBl, IBA, JE, JGS, LMR, MF, RA, SalÞ, SighB, StG, SJS, VS) fjarstaddir.

Frv. vísað til fjárln. án atkvgr.

Bókhald, frh. 1. umr.

Stjfrv., 72. mál (heildarlög). — Þskj. 72.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:02]
Frv. vísað til 2. umr. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁgG, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, HBl, HG, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, KHG, KÁ, KE, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBald, PBj, RG, SigG, SAÞ, SP, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
15 þm. (GB, HÁ, IBA, IP, JE, JGS, JónK, LMR, MF, RA, SalÞ, SighB, StG, SJS, VS) fjarstaddir.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Ársreikningar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 73. mál. — Þskj. 73.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:02]
Frv. vísað til 2. umr. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁgG, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, HBl, HG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBald, PBj, RG, SigG, SAÞ, SP, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
13 þm. (GB, HÁ, IBA, JE, JGS, LMR, MF, RA, SalÞ, SighB, StG, SJS, VS) fjarstaddir.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Takmörkun á ráðstöfun síldar til bræðslu, 1. umr.

Stjfrv., 107. mál. — Þskj. 110.

[14:03]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Ég mæli fyrir frv. um takmörkun á ráðstöfun síldar til bræðslu. Frv. gerir ráð fyrir því að ráðherra verði heimilt með reglugerð að takmarka ráðstöfun á síld til bræðslu í þeim tilgangi að tryggja nægjanlegt hráefni til vinnslu síldar til manneldis ef telja verður það nauðsynlegt. Heimildin felur í sér að slíkar takmarkanir er unnt að ákveða með þeim hætti að allri síld skuli landað til manneldisvinnslu eftir ákveðið tímamark og enn fremur á þann veg að ákveðnu hlutfalli af afla hvers báts verði eftir ákveðið tímamark ráðstafað til manneldisvinnslu. Áður en ákvörðun er tekin um þetta efni skal leita umsagnar sérstakrar samráðsnefndar samtaka fiskvinnslustöðva og Landssambands ísl. útvegsmanna.

Í 2. gr. er tekið fram að við mat á því hvort takmörkun á ráðstöfun síldar til bræðslu sé nauðsynleg skuli annars vegar líta til þeirra aflaheimilda sem fyrir hendi eru þegar ákvörðun er tekin og hins vegar gerðra samninga um sölu á frystum eða söltuðum síldarafurðum sem hér um ræðir. Það hefur verið áhyggjuefni á undanförnum árum í hversu ríkum mæli síld hefur farið til bræðslu. Fyrir liggur að mat Þjóðhagsstofnunar á því að vinnsluvirði síldar til manneldisvinnslu er mun meira en þegar hún er brædd. Rík atvinnusjónarmið koma líka til og mikill áhugi samtaka launafólks um að tryggja að síld fari í ríkari mæli til manneldisvinnslu. Sjútvrn. hefur fyrir sitt leyti unnið að því á undanförnum árum að freista þess með samstarfi útgerðaraðila og vinnsluaðila að snúa þróununni við. Á síðustu vertíð náðist markverður árangur í því efni með því að það hlutfall síldar sem fer til mjölvinnslu lækkaði úr rúmum 70% niður í rúm 60%. Eigi að síður er það svo að ekki er tryggt að unnt reynist að tryggja verkunaraðilum þá síld sem samningar eru gerðir um.

Vandinn sem við stöndum frammi fyrir er vitaskuld af ýmsum toga. Meginvandinn er fyrst og fremst fólginn í því að verðmismunur hefur verið óverulegur af ýmsum ástæðum. Stærsti markaður fyrir saltaða síld sem við áttum kost á í Rússlandi lokaðist. Evrópubandalagið hefur algerlega bannað um langan tíma að setja síld í bræðslu og það hefur valdið offramboði á saltsíld á Evrópumarkaði og verðhruni og síðan koma til líffræðilegar aðstæður. Síldin hefur staðið mjög djúpt og hinir hefðbundnu síldarbátar hafa átt erfitt með að veiða síld til manneldisvinnslu og stór loðnuskip hafa því í ríkari mæli tekið til sín síldarkvótana og ráðstafað síldinni. Heppilegast er að þessi mál geti þróast í frjálsum samningum milli útvegsmanna og verkenda en aðstæður eru með þeim hætti að talið er eðlilegt að veita heimildir til takmörkunar af því tagi sem hér er gert ráð fyrir.

Á sl. hausti skipaði ég nefnd til þess að endurskoða lög um síldarútvegsnefnd og gera sérstakar tillögur um það með hvaða hætti mætti stuðla að því að síld kæmi í vaxandi mæli til manneldisvinnslu. Nefndin skilaði áfangaskýrslu um síðari hluta verkefnisins þar sem áhersla er lögð á að komið verði á fót formlegri samráðsnefnd af því tagi sem ráðuneytið hefur stuðlað að á undanförnum vertíðum til þess að greiða fyrir miðlun upplýsinga. Jafnframt eru ábendingar um atriði er lúta að markaðsmálum, tæknilegum búnaði skipa, einkum að því er varðar kælibúnað og vakumdælur. Síðan er lagt til að ráðherra fái þá heimild til takmörkunar á ráðstöfun síldar til bræðslu sem frv. þetta gerir ráð fyrir og að veiting slíkra heimilda verði að höfðu samráði við þá samráðsnefnd útgerðar og vinnslu sem ráð er fyrir gert að starfi formlega.

Ég vænti þess að þetta mál fái góða og skjóta afgreiðslu á hinu háa Alþingi. Ég þykist vita að hv. þm. geri sér grein fyrir því að málið er þess eðlis að heimildirnar þurfa að liggja fyrir í tæka tíð þannig að þær komi að notun á þeirri vertíð sem nú þegar er hafin. Ég legg til, frú forseti, að frv. verði að umræðu lokinni vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

[14:10]

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Á verkefnaskrá ríkisstjórnarinnar eru aðeins ætluð tvö mál er varða sjávarútveginn, þetta mál sem er til umræðu um takmörkun á ráðstöfun síldar til bræðslu og hitt málið varðandi hvalveiðar. Að líkindum verður því minni umræða um sjávarútvegsmál á þessu þingi en því síðasta svo það er eðlilegt að margir vilji taka til máls. Á fiskiþingi sagði hæstv. sjútvrh. að búið væri að eyða allri óvissu varðandi þau mál er sjávarútveginn varðar, stefnuna til framtíðar og þar með er hann að sjálfsögðu að segja að búið sé að staðfesta þá kvótastefnu sem áður var lögfest.

Þetta frv. um takmörkun síldar til bræðslu er rammi um reglugerð sem síðar verður sett eftir því sem kaupin gerast á eyrinni og er mjög eðlilegt að það sé í því formi sem það er því erfitt að henda reiður á hvernig þau kaup gerast. Í greinargerð með frv. segir reyndar allt sem segja þarf um það hvernig stendur á því að svo lítið hlutfall fer til fullvinnslu og manneldis sem raun ber vitni en á síldarvertíð 1985/1986 fer aðeins 2% í mjölvinnslu og lýsisvinnslu, en aftur á móti á síðustu vertíð fer 63% í mjöl og lýsi. Þessu vilja að sjálfsögðu allir breyta en það er ekki einfalt mál. Hæstv. sjútvrh. kom áðan inn á ástæður fyrir því. Í fyrsta lagi hefur síldin verið á dýpri slóð en áður og því hafa loðnuskipin farið í ríkara mæli að veiða síldina og þau eru að mörgu leyti illa búin til þessara veiða, vantar kælibúnað í skipin, tanka og ýmislegt annað er til þarf til að koma með góða síld til vinnslu. Loðnuflotinn er því ekki nægilega vel búinn til að stunda þessa síldveiði. Fyrst og fremst eru vandræði vegna þess að markaður fyrir fullunna síld er lítill. Mikið framboð er á þessari vöru og verðið ekki nægilega hátt. Kostnaðurinn t.d. við söltun á síld er mikill og þegar um mjög litla er samninga að ræða hugsa menn sig tvisvar um áður en þeir fara í kostnaðarsama framleiðslu á vörunni. Því hefur það gerst sem er alvarlegt mál og þess vegna er frv. lagt fram að við höfum ekki staðið við gerða samninga um sölu á síld. Það er mjög alvarlegt mál fyrir okkur Íslendinga sem erum bæði að berjast fyrir atvinnuleysi og ýmis önnur vandamál að við verðum auðvitað að standa við þá samninga sem gerðir hafa verið.

Ég vil gjarnan koma öðru á framfæri. Þegar samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið var gerður á sínum tíma náðust ekki viðunandi samningar varðandi tollfríðindi á síld. T.d. á Þýskalandsmarkaði, þar sem verið er að selja marineraða síld, þá greiðum 14–18% toll af síldinni sem er auðvitað allt of hátt hlutfall. Og ef fer sem horfir að þjóðir í Skandinavíu ganga almennt inn í Evrópusambandið þá stöndum við auðvitað frammi fyrir því að enn þá erfiðara verður fyrir okkur að selja síldina. Þar af leiðandi langar mig til að spyrja hæstv. sjútvrh. að því sérstaklega vegna þess að hann gat um það á fiskiþingi hvað sé að gerast í þessum málum varðandi samninga um tolla á síld í Evrópu vegna þess að hæstv. sjútvrh. gat þess sérstaklega á fiskiþingi, ég hjó eftir því, að það væru góðar fréttir frá Brussel og málin væru í góðum farvegi. En síðan eru ekkert nákvæmari fréttir af því og ég veit að fleiri en ég hafa áhuga á að heyra nákvæmlega hvað þar er að gerast. Það hefur mikið að segja varðandi sölu á þessari afurð hvernig við stöndum varðandi tollana.

En lykillinn að sölu á síldarafurðum hefur auðvitað verið Sovétríkin eða Rússland. Þegar sá markaður lokaðist okkur um leið og sovéska ríkið hætti að vera með ríkisábyrgð á þessum kaupum treystu einstaklingar sér ekki til að selja til þeirra nú sem eru tilbúnir að kaupa af okkur vegna þess að ábyrgðirnar eru ekki nægar. Þá langar mig líka til að spyrja hæstv. sjútvrh. að því hvort ríkisstjórnin sé að huga að því að auka möguleika Íslendinga til að selja til Rússlands t.d. með því að ábyrgjast söluna.

Svo langar mig til að spyrja hæstv. sjútvrh. hvort hann sé sammála ummælum hæstv. forsrh. í umræðum utan dagskrár 10. okt. þegar síldina bar á góma. Mér fannst koma fram í ummælum hæstv. forsrh. að hann hefði ekki mikla trú á því að þessi atvinnugrein

gæti skapað okkur það sem ég hef trú á að hún geti skapað okkur. Mér þætti fróðlegt að heyra hvort hæstv. sjútvrh. er sammála ummælum hæstv. forsrh. en þau voru svo, með leyfi forseta:

„Það er mikið talað um síldina og þetta er orðið stórmál í heilmörgum fréttatímum. Ef allt færi á versta veg með síldina, þá eru það hagsmunir upp á 34 millj. kr. En það eru engar líkur á að allt fari á hinn versta veg með síldina. Þvert á móti standa allar líkur til þess að það mál sem verði leyst en við fáum ekki úr því skorið endanlega fyrr en í formlegum viðræðum sem hefjast ekki fyrr en eftir þjóðaratkvæðagreiðslurnar í Skandinavíulöndunum."

Mér finnst þegar hann talar um 34 millj., að ekki skipti meira máli en að þetta séu eitthvað 34 millj. af eða á, sé hann ekki að hugsa um þau miklu margfeldisáhrif sem atvinna af síldarverkun til manneldis getur haft. Mig langar að vita hvort hæstv. sjútvrh. hefur bundið sig við þessa tölu.

Gamlir síldarspekúlantar eru að láta sig dreyma um það að norsk-íslenski síldarstofninn sé að ganga hingað aftur á heimaslóðir. Stofninn hefur ekki sést síðan 1967. Vorgotssíld úr norsk-íslenska síldarstofninum byggði upp þetta velferðarkerfi sem við búum við í dag og það breytti mjög miklu ef það væri raunin að síldarstofninn væri að ganga austur. Hann hefur fundist í svokallaðri síldarsmugu á gráa svæðinu milli Íslands og Noregs. En það er líka fagnaðarefni að sú síld úr íslenska sumargotsstofninum, sem hefur verið að veiðast, er feit og góð til vinnslu.

Í fskj. með frv. er áfangaskýrsla frá nefnd sem hæstv. sjútvrh. skipaði og Halldór Ásgrímsson veitti forustu. Í skýrslunni eru gerðar tillögur um aukna nýtingu síldar til manneldis, nýta betur þá möguleika sem felast í atvinnu- og gjaldeyrissköpun varðandi síld.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta mál. Ég er sammála því sem kom fram í máli hæstv. sjútvrh. Þetta mál hlýtur að hafa hraða framgöngu í gegnum þingið. Þetta er mál sem menn geta verið sammála um þannig að ég býst við því að það stoppi hvergi í kerfinu.

[14:20]

Gunnlaugur Stefánsson:

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. sjútvrh. þá forustu sem hann hefur tekið í því að leggja fram þetta frv. sem ég held að sé mjög mikilvægt. Þetta er atvinnuskapandi frv. og ég vona að þegar hæstv. ráðherra hefur fengið þá heimild er væntanleg lög munu veita honum til þess að grípa inn í vinnsluaðferðir muni það geta leitt til góðs í sambandi við að stærri hluti af síldinni, sem berst í land, fari til vinnslu í landi en ekki bræðslu.

Ég minni einnig á að sl. vor samþykkti hið háa Alþingi þáltill. er laut að þessu máli og sú þáltill. kvað einnig á um það að endurskoða bæri lög um síldarútvegsnefnd og útflutning saltaðrar síldar í þeim tilgangi að efla markaðsöflun fyrir síldarafurðir. Það kemur fram í greinargerð með frv. að nefndin hafi skipt starfinu í tvo þætti og muni taka síðari hluta ályktunarinnar til athugunar nú fljótlega.

Það er alveg ljóst að síldarvinnslan skiptir afar miklu máli fyrir atvinnulífið á landsbyggðinni. Ég þekki það mjög vel úr mínu kjördæmi að síldarvinnsla sem stendur víða sem hæst núna um þessar mundir og kemur sem mjög kærkomin búbót við atvinnulífið og setur undir það traustari skorður og skiptir mjög miklu máli fyrir afkomu heimilanna líka. Þess vegna var það mjög mikið áhyggjuefni hvernig síldarvinnslumálin voru að þróast þegar alltaf stærri og stærri hluti af síldinni fór til bræðslu en minni hlutinn í vinnslu í landi. Nú grípur hv. Alþingi inn í og veitir hæstv. ráðherra heimild til þess að hafa áhrif á þróunina og er það vel.

Það er rétt sem hér hefur einnig komið fram að það er áhyggjuefni að á síðustu vertíð tókst ekki að vinna upp í samninga um síld þrátt fyrir að í upphafi vertíðar hefðu menn áhyggjur af að erfiðlega gengi að selja síldina og að markaðarnir væru svo veikir að ekki tækist að semja um þá síld sem söltuð yrði. En þegar upp var staðið höfðum við samninga en ekki nægjanlega síld upp í þá samninga. Ef við hefðum haft lög eins og frv. gerir ráð fyrir er nokkuð víst að hæstv. ráðherra hefði getað gripið fyrr inn í framvinduna og tryggt að nægjanlegt magn af síld hefði borist til söltunar svo að tekist hefði að uppfylla þá samninga sem gerðir höfðu verið. Þess vegna er mjög brýnt að afgreiðslu þessa máls verði hraðað eins og kostur er í þinginu. Tíminn líður og það er komið fram á miðja haustvertíð og þess vegna er mjög brýnt að þingið hafi hraðar hendur. Ég á sæti í hv. sjútvn. og mun leggja mitt af mörkum til þess að þetta verk megi vinna fljótt og vel svo að hinu háa Alþingi megi takast að afgreiða þetta frv. eins fljótt og mögulegt er.

[14:25]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég fagna því að þingmál af þessu tagi skuli vera komið fram þó að ég verði að viðurkenna að mér finnist ekki vera mikið í því sem hægt er að átta sig á hvernig hæstv. ráðherra ætlar að taka á málinu. Þarna er eingöngu um að ræða lagaheimildir til handa hæstv. ráðherra að gefa út reglugerðir en engar vísbendingar um það með hvaða hætti þeim verði beitt. Það eru heldur ekki neinar vísbendingar, og það kom heldur ekki fram í ræðu hæstv. ráðherra, hvaða aðrar ráðstafanir væri verið að skoða til þess að gera það sem hv. Alþingi samþykkti með þál. á sl. vori til þess að koma betri skipan og ná betri nýtingu á þessari auðlind sem liggur í því að nýta síldarstofnana.

Sú nefnd, sem hæstv. ráðherra skipaði ekki fyrr en í september, hefur að sjálfsögðu skilað af sér á eðlilegum tíma. Ég tel að kannski hafi verið full ástæða til þess að skipa þessa nefnd fyrr þannig að hún gæti skilað fyrr af sér og hæstv. ráðherra og ráðuneytið hefðu þá kannski verið tilbúnir með meira en bara tillöguna um að ráðherrann megi gefa út reglugerð. En þetta var afrakstur af umræðum og meðferð þessara mála í þinginu á sl. vetri. Það komu fram tvær þáltill. Önnur var um nýtingu síldarstofna sem ég flutti ásamt tveimur öðrum hv. þm. og auk þess þáltill. um endurskoðun á lögunum um síldarútvegsnefnd sem hv. 5. þm. Austurl. hafði forustu um að flytja.

Mér hefði þótt það við hæfi að þess hefði verið einhvers getið í þessu plaggi, sem hér er lagt fram, hver forsaga málsins var en það er önnur saga og skiptir kannski ekki máli í þessu sambandi. En mig langar til þess að spyrja hæstv. ráðherra hvað hann hyggist gera í þeim öðrum málum sem rædd voru og komu fram bæði í þáltill. og í áfangaskýrslu nefndarinnar, þ.e. um sölumálin og viðskiptin við þau lönd sem við höfum verið að selja síld til á undanförnum árum. Þar hefur verið að skapast meiri óvissa en hefur verið undanfarið. Ef Svíþjóð og Finnland gerast aðilar að ESB þarf auðvitað að semja um þessi mál upp á nýtt. Ekki tókst að semja um eðlilegan aðgang að mörkuðum í Evrópu í samningum um hið Evrópska efnahagssvæði. Nú eru þessir viðskiptaaðilar okkar hugsanlega á leiðinni inn í það samband og við hljótum að gera kröfu um það að menn einhendi sér í að reyna að fá samninga um þessi viðskipti við Rússa.

Ég vil minna á það að hv. 3. þm. Reykv. lagði til í umræðum um þá þáltill., sem við bárum hér fram í fyrravetur, að komið yrði á einhvers konar starfi í Eystrasaltslöndunum til þess að reyna að auka sölu á síld þangað. Mig langar til þess að spyrja hæstv. ráðherra, hvað er að gerast í þessum hlutum. Er hann að vinna eitthvað eða láta vinna eitthvað í þessum málum eða hver á að hafa það á hendi? Ég tel að alls ekki sé verið að gera nema lítinn hluta af því sem hér var rætt um og þingið var greinilega sammála um að þyrfti að gera. Mig langar til að spyrja hæstv. ráðherra t.d. hvað verður gert núna þegar fullvinnsluskip óska eftir því að fá að vinna síld úti á sjó. Mun það verða leyft? Hverju ætlar hæstv. ráðherra að svara mönnum sem kannski hugsanlega vilja hafa viðskipti við Rússa á miðunum? Verður það leyft að þeir fái að kaupa síld beint á miðunum? Hefur eitthvað gerst í því máli sem við vitum að hefur verið rætt við Rússa áður? Allt þetta hefði verið fróðlegt að hæstv. ráðherra færi betur yfir.

Mig langar að biðja hæstv. ráðherra að útskýra hvernig hann ætlar að standa að þessum takmörkunum. Ég hef þá skoðun að það eigi ekki að standa að þeim með þeim hætti sem mér sýnist að sé verið að setja fram með þessari tilurð málsins. Ég tel nefnilega að það eigi að gefa veiðar til manneldis frjálsar og síðan eigi að draga frá kvótum sem notaðir eru í bræðslu það sem nýtt er til manneldis. Því mætti svo sem koma á á einu ári með því að skerða kvótana til bræðslu dálítið verulega í upphafi vertíðar, gefa veiðarnar frjálsar til manneldisvinnslu og taka síðan tillit til þess hvernig dæmið hefði komið út þegar liði á vertíðina. Menn gætu þá í framhaldinu haft það þannig að sá kvóti sem væri notaður til manneldis yrði dreginn frá heildarkvóta næsta árs þannig að ævinlega væri hægt að veiða það magn sem menn ætluðust til að væri tekið úr sjónum en þó væri þessi manneldiskvóti frjáls. Ég hef enga trú á því að menn þurfi að óttast að það verði farið fram úr heildarkvótanum þó megi nýta það til manneldis sem hægt er að koma í vinnslu.

Ég hefði talið miklu eðlilegra að standa með einhverjum slíkum hætti að málinu. Ég tel nefnilega að það sé fleira en bara það að síldin hafi dýpkað á sér sem hafi orðið til þess að kvótarnir hafi farið af bátunum yfir á loðnuskipin. Ef ég man rétt þá var ekki nema u.þ.b. 17% af kvótanum fyrir tveimur, þremur árum á loðnuskipunum. Allt hitt var á bátaflotanum. En á síðustu vertíð skilst mér að loðnuflotinn hafi veitt að meginhluta til alla síldina. Þetta var bókstaflega allt framselt til loðnuskipanna.

Það er kannski ástæða til að gera athugasemd við það sem hæstv. ráðherra sagði að hann teldi að best væri að þetta gerðist með frjálsum viðskiptum milli aðila. Það er kannski ekki ástæða til þess að gera sér miklar vonir um að það gerist á meðan málin standa þannig að sjómennirnir t.d. fá ekki nema 10 aurum eða svo hærra verð fyrir þá síld sem fer til vinnslu og þurfa auk þess að leggja á sig miklu meiri vinnu við þá síld við að setja hana í kör og koma henni þannig fyrir að hún geymist á siglingu en þá síld sem veidd er í bræðslu. Það eru augljósir hagsmunir síldarsjómanna á loðnuskipunum að fá að taka þessa síldarveiði á sem skemmstum tíma í sem fæstum förmum til þess að geta nýtt tímann í það að veiða loðnu eða vera á öðrum veiðum.

Það þarf að stjórna þessum málum og það verða menn að horfast í augu við. Ég býst við að mega af því ráða að þó skuli vera komið fram þetta frv. að menn séu núna búnir að viðurkenna það þó kannski hafi mátt skilja það öðruvísi fyrir ári síðan a.m.k. Ef ég man rétt sagði hæstv. ráðherra þá að best væri að koma þessum málum þannig fyrir að hagsmunaaðilarnir sjálfir réðu þeim málum að mestu. En því miður er það þannig að skammtímahagsmunir ráða ævinlega meiru en við vildum að þeir gerðu og þess vegna hafa málin farið í þennan farveg.

Mig langar til þess að biðja ráðherra að láta það koma fram í máli sínu hvort hann ætlar að nota aðferðir sem síldarútvegsnefnd hafði t.d. nefnt sem möguleika, þ.e. takmarka framsalið á aflahlutdeildinni frá bátum til loðnuskipa, og einnig hvort það sé í bígerð að gera kröfur um sérútbúnað til kælingar á aflanum í þeim skipum sem ætla að veiða síld til manneldis.

Ég tek undir það og er sannfærður um að þetta mál mun fá skjótan framgang í sjútvn. Þótt ég sjái ekki fyrir mér að þetta séu endilega bestu aðferðirnar til þess að taka á þessum málum þá eru þetta þó aðferðir sem ég geri ráð fyrir að hægt sé að nota og hafa sama tilgang og ég tel að hafi verið ætlun Alþingis með sinni þál. í fyrra. Ég fagna þess vegna þessu máli og mun vinna að því að það gangi sem hraðast fyrir sig að afgreiða það úr sjútvn.

[14:36]

Gísli S. Einarsson:

Frú forseti. Ég vil gera grein fyrir minni skoðun að í þeirri kröppu stöðu sem vinnsla síldar til manneldis er þá er ekki óeðlilegt að þetta lagafrv. komi fram. Ég vil aðeins geta um nokkur atriði. Inn í þessa umræðu hljóta að blandast markaðsmálin sem eru í mjög alvarlegri stöðu eftir hrun Rússamarkaðar. Ef vel tekst til gætu hugsanlega selst þangað nokkur þús. tunnur og

ekki nema 40 þús. tunnur til Svíþjóðar. Það er kannski allur markaðurinn sem við höfum ásamt einhverjum smáslatta til Finnlands.

Ég held að það sé líka ástæða til að nefna það að afkastageta stöðva sem geta unnið síld til manneldis af aðlægum miðum er allt of lítil miðað við þann tíma sem síld hefur veiðst á undanfarin haust. Ég held að líka sé rétt að geta um það að aðilar sem geta unnið síld við Faxaflóa, allt frá Grindavík, eru nánast að segja úr leik vegna fjarlægðar frá miðum. Síldin sem hefur veiðst fyrir austan hefur reynst illa hæf til vinnslu þegar svo löng sigling er af miðum sem raun ber vitni. Það er einhvern veginn orðið þannig að síldin þolir ekki lengri siglingu. Jafnvel þó að hún sé ísuð þolir hún ekki meira en 15–16 tíma hver sem ástæðan er, hvort þetta hefur verið svona — það held ég ekki, en þetta hefur einhvern veginn breyst.

Ég held að ástæða sé til að geta um hlut sjómannanna úr síldveiðunum. Mismunur á kílóverði hvort síld fer til bræðslu eða til vinnslu er aðeins hálf króna á kíló. Ég tel að vanti alvarlega hvata til að sjómenn sjái sér hag af vinnslu síldar til manneldis þegar um slíkar veiðar er að ræða sem nú er að aðallega loðnuskipin stunda veiðar. Ég hygg að ekki séu nema 3–4 af þeim sem geta talist hefðbundnir síldarbátar á miðunum, hitt eru loðnuskip. En ég fullyrði að vilja sjómanna skortir ekki til að veiða síldina til manneldis en þeir vilja auðvitað ná sínum kvóta á sem skemmstum tíma. En auðvitað, svo ég nefni það einu sinni enn, verðum við að leggja áherslu á markaðssókn.

Virðisauki við vinnslu síldar til manneldis er ótvíræður. Atvinnusköpun við flökun og niðurlagningu síldar er að sjálfsögðu það sem við erum að vonast eftir. Það er kannski gaman að geta þess að sem fyrrv. síldveiðisjómaður man ég ósköp vel alla þá rómantík sem var í kringum síldveiðar á árunum frá 1959 og fram undir 1970 meðan ég þekkti til. Þá fóru síldveiðar fram á bátum í stærðarflokknum frá 45 og upp í 220 tonn. Sá tími er ugglaust liðinn en ég vona að síldin fari að hegða sér eins og hún gerði. Hún verði að vori og hausti í Faxaflóa og við Austfirði og út af Norður- og Austurlandinu að sumri. Ég er alveg klár á því að ef veiðitíminn lengist og veiðisvæðið stækkar þá koma möguleikar til aukinnar vinnslu en grundvöllurinn undir því er fyrst og síðast aukin markaðssókn. Þá treystist grunnur sjávarfangs sem undirstaða lífsskilyrða Íslendinga.

Mig langar til þess að bera fram eina spurningu til hæstv. sjútvrh.: Metur sjútvrh. það á þann veg að möguleiki sé á ígildisviðskiptum á milli Rússa og Íslendinga með síld frá okkur og þorski frá þeim? Ef ígildisviðskipti með síld og þorsk á milli Rússa og Íslendinga tækjust þá gæti hugsanlega verið svolítið önnur staða varðandi markaðsmálin.

Frú forseti. Að lokum þetta: Ég treysti hæstv. sjútvrh. til að fara með það vald sem honum er falið á hendur með lagasetningu þessa frv. og ég hvet eindregið til þess að því verði hraðað svo sem verða má í gegnum þingið og hægt verði að nýta þessi lög á þessu hausti.

Útbýting þingskjala:

Embættisfærsla umhverfisráðherra, 138. mál, þáltill. HG o.fl., þskj. 145.

Stofnun Vilhjálms Stefánssonar á Akureyri, 139. mál, þáltill. HG o.fl., þskj. 146.

[14:42]

Ágústa Gísladóttir:

Virðulegi forseti. Ég tel að þetta frv. sem hæstv. sjútvrh. hefur lagt fram í dag sé nauðsynlegt og þarft mál því það er höfuðnauðsyn okkur Íslendingum að nýta sem best okkar takmörkuðu auðlindir og það má alls ekki koma fyrir aftur að okkur takist ekki að uppfylla gerða samninga varðandi saltaða síld.

Ég vil taka það fram strax að ég tek undir orð hv. þm. Ingibjargar Pálmadóttur og fleiri sem hafa talað á undan mér um ýmislegt eins og tollana. Ég hef miklar áhyggjur af mörkuðum okkar í Svíþjóð og Finnlandi og í Evrópubandalaginu. Því að þó að mikið af okkar verkuðu síld sé í formi saltsíldar þá er stór markaður í Evrópu á annars konar verkaðri síld, eins og reyktri síld, og ýmsum síldarafurðum. Því voru það mörgum mjög mikil vonbrigði þegar farið var að skoða EES-samninginn og í ljós komu þessir háu tollar á síldarafurðir. Það stendur í vegi fyrir að hægt sé að nýta stærri hluta af síldinni. Þetta gæti sem sagt verið einn vaxtarbroddurinn í sjávarútveginum sem er synd að geta ekki nýtt sér.

Í grg. er gefin skýring á af hverju svo mikill hluti síldarinnar fer til bræðslu. Þar stendur m.a., með leyfi forseta:

„Í öðru lagi hafa loðnuveiðar á haustvertíð gengið illa á undanförnum árum og því hefur loðnuflotanum, sem er að stórum hluta í eigu loðnuverksmiðjanna, í vaxandi mæli verið beint til síldveiða."

Í þessu sambandi langar mig að fá svör hjá hæstv. sjútvrh. hvort þessi tengsl eða þessi eignaraðild hafi aukist eða það séu meiri tengsl eftir að Síldarverksmiðjur ríkisins voru einkavæddar.

Ég hef líka örlitlar áhyggjur af því að ef svona reglugerð verður sett að það sé bannað, nema að setja til manneldis og við höfum kannski takmarkaða möguleika á að setja síld á markað, að það verði að passa upp á að það verði ekki óeðlileg verðmyndun, að vinnslustöðvar geti sammælst um að halda hráefnisverðinu í lágmarki.

Að öðru leyti lýsi ég mig fylgjandi þessu frv., eins og ég sagði áðan, og vona að það hljóti góða afgreiðslu hérna í þinginu.

[14:46]

Guðjón A. Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Hæstv. sjútvrh. hefur mælt fyrir frv. um takmörkun á löndun síldar til bræðslu. Það er nú svo að þrátt fyrir að við höfum haft lítinn markað fyrir síld, þá hefur okkur stundum ekki tekist að veiða upp í þá markaði. Þess vegna er nauðsynlegt að reyna að auka nýtingu á síld til manneldisvinnslu. Hins vegar er verðmunur á síld til bræðslu og á síld til manneldis mjög lítill og mér finnst eðlilegt að menn velti því fyrir sér hvort við núverandi aðstæður þyrfti ekki einhvers konar hvata til að menn lönduðu síld til

manneldisvinnslu og það er spurning hvort ekki þarf að velta því upp að það þurfi einhvers konar uppbót fyrir það magn síldar sem landað er til manneldis, uppbót í kvóta eða eitthvað slíkt.

Það er líka eitt sem ég vil benda á í 1. gr. þessa frv. Þar segir: „Sjútvrh. er heimilt með reglugerð að takmarka ráðstöfun síldar við bræðslu ef telja verður slíkt nauðsynlegt til að tryggja hráefni til vinnslu síldar til manneldis." Síðan kemur í 2. mgr. um tímamörk. Ég hefði talið eðlilegt að menn skoðuðu það vel hvort ekki væri ástæða til þess að strax í upphafi síldarvertíðar lægi fyrir í reglugerð, því að ég held að það sé ekki rétt að binda slík ákvæði í lögum og tek undir það sjónarmið frv. að þessu sé stjórnað með reglugerð, en það lægi fyrir í upphafi að ákveðnu hlutfalli síldarkvóta skipa skyldi ráðstafað til manneldis því að það er þá mun auðveldara að afnema slíkt ákvæði þegar sést að það næst að vinna upp í þá markaði sem fyrir hendi eru eða muni nást meðan á síldarvertíð stendur því ekki liggja þeir ljósir fyrir oft í upphafi síldarvertíðar og það væri þá hægt að aflétta því. Vegna þess að það er nú einu sinni svo, eins og kemur reyndar fram í athugasemdum við lagafrv. hjá sjútvrh., að það eru orðin mikil tengsl á milli útgerða loðnuskipanna, sem eru okkar afkastamestu skip við nótaveiðar hvort sem það er á síld eða loðnu, og þeirra verksmiðja sem hafa atvinnu af því að bræða síld eða loðnu. Þess vegna getur það gerst á mjög stuttum tíma að einmitt loðnuskipin nái að veiða upp mjög mikið magn af síld á fáum sólarhringum og ef þá á að fara að grípa inn í þá sé jafnvel komin upp sú staða að það sé búið að veiða of mikið af síldinni til bræðslu, fyrir utan það að í upphafi síldarvertíðar liggur oftast nær ekki fyrir nákvæmlega hvað hægt verður að selja af síld til manneldis. Þar af leiðandi held ég að það væri eðlilegt að hafa þetta varúðarsjónarmið, að fyrir fram væri gefin út reglugerð um að það væri markmiðið að ákveðið hlutfall síldar færi til manneldisvinnslu. Því mætti svo aflétta þegar sæist fram á það að manneldisvinnslumarkmiðin næðust, en ekki öfugt eins og mér finnst hálfpartinn liggja í þessu frv. Vegna þess að það verður illa aftur snúið þegar búið er að veiða á stuttum tíma kannski 30–40 þúsund tonn af síld, þó svo að síðan náist markaðir fyrir meiri síldarafla á erlendum mörkuðum heldur en menn sáu fyrir.

Ég vil svo hvetja sérstaklega til þess að það verði sett í það virkileg vinna og mikið starf að reyna að tryggja okkur að nýju markaði í þeim löndum Austur-Evrópu sem við áttum mest síldarviðskipti við hér á árum áður og ég held að það sé afar nauðsynlegt að menn reyni að ná þar einhverri fótfestu að nýju. Ég geri mér alveg grein fyrir því að það er ekki einfalt mál miðað við þær aðstæður sem ríkja þar, en það er líka til þess að líta að það er talsvert mikið framboð af síld frá öðrum löndum og mun ábyggilega fara vaxandi og aðrir gætu haft það frumkvæði fram yfir okkur og náð þar einhvers konar fótfestu sem við ættum síðan mjög erfitt með að komast inn í og ná þar að nýju markaðshlutdeild.

Ég vil svo benda á það að ég tel að í 2. gr. frv. þar sem talað er um samráðsmenn, þá væri eðlilegt að skipstjórnarmenn ættu þar aðild að vegna þess að það eru nú einu sinni þeir sem veiða síldina og þurfa að taka ákvörðun um það, oft á mjög stuttum tíma, hvernig henni verði ráðstafað. Þó að nefndin sem slík geti ekki gripið inn í þá næturveiði sem átti sér stað, þá tel ég óeðlilegt annað en að bæði samtök fiskvinnslustöðva, útvegsmenn og samtök skipstjórnarmanna eigi aðild að slíkri samráðsnefnd og ég vildi beina þeim tilmælum til sjútvrh. að hann leggi því máli lið.

Ég hefði líka viljað beina þeim spurningum til sjútvrh. hvað hann sjái fyrir varðandi markaði í Finnlandi og þá tolla sem við erum með við Evrópubandalagið eftir að Finnar hafa samþykkt aðild að Evrópusambandinu og fá upplýsingar um það hvaða möguleika hann telur á því að við fáum lagfæringar á þeim samningi.

[14:52]

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Ég held að það hafi komið fram hér í umræðunni að jafnvel þótt um samkomulagsmál sé að ræða að mestu leyti eða mál sem flestir taka vel í, þá er 1. umr. hvers frv. mjög mikilvæg til að koma sjónarmiðum á framfæri og skapa ákveðna umræðu og ekki síst fyrir þá sem ekki eru í þeirri nefnd sem fær málið til umfjöllunar. Ég hef möguleika á að starfa að því máli innan þeirrar nefndar og mun því fyrst og fremst einbeita mér að því.

Það voru ákveðin atriði sem ég tel ástæðu til að vekja athygli á sérstaklega, sem ekki hafa komið hér fram og gerði raunar að umtalsefni þegar gripið var, þó seint væri og of seint, í taumana varðandi þann stóra hluta síldarinnar sem fór til bræðslu í lok síðustu síldarvertíðar og þegar í skyndingu var flutt frv. og hleypt hér á hraðferð í gegnum þingið. Þótt það næði ekki tilætluðum árangri þá fannst mér engu að síður ástæða til þess þá og finnst enn að gera það að umtalsefni hversu mikilvægt það er ef mögulegt er að fá meiri yfirsýn yfir þann markað sem stendur til boða og þá möguleika sem við munum hafa á sölu síldar til manneldis eins fljótt eins og auðið er. Vegna þess að það er ekki bara að við þurfum að hafa möguleika á því að uppfylla þá sölusamninga sem gerðir eru heldur skiptir líka miklu máli að það sé þegar í stað farið að vinna síld. Það er ekki sama á hvaða markað verið er að vinna síldina og að það sé verið að vinna hana á þann hátt sem heppilegt er fyrir hvern markað fyrir sig.

Ég minnist þess fyrir nokkrum árum þegar beðið var eftir því í mínu kjördæmi í Grindavík að fá staðfestingu á því hvaða markaðir það yrðu sem unnið yrði fyrir og þetta var mikið vandamál. Það vantaði ekkert upp á það að bæði sjómenn og fiskvinnsla væru reiðubúin til að taka síld til manneldis, en það sem vantaði var yfirsýn yfir það á hvaða markað væri verið að vinna og fyrir vikið varð skipulagið ekki sem skyldi. Ég held að ef mönnum er alvara með það sem ég heyri, að hér eru ákveðin viðhorf uppi um að það þurfi að fara að kanna markaðsmál betur og jafnvel að styðja við, eins og hv. 4. þm. Vesturl. benti á og sjálfsagt einhverjir fleiri, að það þyrfti e.t.v. að styðja við þá upp-

byggingu sem gæti orðið aftur á síldarsölu til Rússlands, þá held ég að það væri gott jafnframt að huga að þessu, að við mynduðum einhver þau tengsl að við gætum kortlagt manneldismarkaðinn fyrr heldur en nú er.

Ég vil taka undir það sérstaklega og taka það sérstaklega fyrir að það er í rauninni tómt mál að tala um að hafa möguleika á því að beina hluta af þeirri síld sem veidd er í vinnslu til manneldis nema það sé reynt að koma á einhverjum stöðugleika og jafnframt reynt að greiða úr þeim vandamálum sem við stöndum nú frammi fyrir. Vegna þess að í fyrsta lagi tókst ekki vel til um samninga um síld í EES-samningunum og í öðru lagi vegna þess að það er a.m.k. ljóst að Finnland er á leiðinni inn í Evrópusambandið og mun þar hverfa inn fyrir þá verndartollmúra sem þar eru og þar erum við í verri stöðu heldur en fyrr.

Það eru fleiri áhyggjuefni heldur en hér hafa komið fram. Hv. 2. þm. Vesturl. gerði raunar að umtalsefni líka ummæli hæstv. forsrh. nýverið þar sem hann lét að því liggja að þessi síldarmál væru ekkert stórmál jafnvel þó þau færu á versta veg og þetta væru einhverjir smáhagsmunir. Þeir eru það alls ekki og þessi hugsunarháttur og þetta hugarfar er þannig að mér finnst það mjög neikvætt innlegg í þessa umræðu.

Varðandi það að fara hvatningaleiðina frekar en reglugerðarleiðina, eins og hv. síðasti ræðumaður gerði að umtalsefni, að sjómenn sem kæmu með síld í land til manneldis, þá skil ég ekki alveg hvað hann hefur í huga, en vildi þá gjarnan fá frekari hugmyndir hans. Hann nefndi kvóta og fleira, en ég er ekki alveg með á nótunum. Ég held í rauninni að við verðum að hafa möguleika á því að beina ákveðnum hluta síldarinnar til manneldisvinnslu og þá jafnvel að reyna fyrst og fremst að hugsa um að það komi sem jafnast niður á mönnum frekar en að fara að vera með einhverjar uppbætur. En auðvitað er sjálfsagt að skoða allt slíkt innan nefndarinnar svo framarlega sem það verður ekki til að tefja þetta mál.

Hins vegar vil ég taka undir hans orð um það að það er gott strax í upphafi vertíðar að taka frá ákveðinn hluta síldarinnar til manneldis og fara þá frekar þá leiðina heldur en hina. Ég sé ákveðin rök fyrir því og svona í fljótu bragði held ég að ég geti tekið undir þau viðhorf. Við megum ekki standa aftur frammi fyrir þeim slysum að geta ekki nært okkar litlu markaði, sem við þó höfum, tryggilega.

Það var aðeins eitt, út af ummælum hv. 2. þm. Vesturl., sem ég ætlaði að tiltaka í viðbót, en það er varðandi hversu mikið við munum ræða hér sjávarútvegsmál í vetur. Ég fékk upphringingu í morgun utan af landi frá manni sem spurði mig mjög hneykslaður hvort við ætluðum virkilega ekki að taka eitthvað á því hversu miklum fisk væri hent í sjóinn. Nú mun fiskiþing hafa fjallað um þessi mál líka og þetta er mál sem brennur mjög á fólki. Með þrengri kvóta þá er sífellt meiru hent og hann hafði haft samband m.a. við Fiskistofu sem kannaðist mætavel um málið. Það er spurning hvort Fiskistofu ber ekki að segja það opinskátt sem allir eru að tala um hver í sínu horni að það sé mikið vandamál sem verði að taka á fordómalaust og reiðilaust hversu miklum fiski er hent í sjóinn. Ég vil koma þessu á framfæri vegna ummæla hv. þm. um það að e.t.v. munum við lítið ræða sjávarútvegsmál. Á meðan við höfum þetta mál óleyst og að hluta til innbyggt sem skekkju í kerfið þá held ég að við verðum að taka á þessu. Ég veit að hér eru í salnum ýmsir aðilar sem hafa fullan hug á því og hafa sýnt það í verki og ég vil spyrja hæstv. sjútvrh. hvað líði störfum nefndar sem átti að fjalla um meðafla. Ég man ekki betur en það hafi verið hluti af því samkomulagi sem tókst í vor. — Ég vona að hæstv. sjútvrh. sé ekki á tali og heyri spurningu mína. Heyrir hæstv. ráðherra spurningu mína? Ég held ég endurtaki hana, ég sé ekki mjög miklar undirtektir. Ég er að spyrja hæstv. ráðherra hvað líði störfum nefndar sem átti að fjalla um meðafla og það vandamál sem skapast vegna þess að ekki er heimilt að koma með meðafla að landi. Ég vænti þess að hann svari spurningunni hér í þessari umræðu vegna þess, að gefnu tilefni, að við erum að tala um það að fara eins vel um auðlindina og hægt er og að fá sem mest verðmæti og ganga sem best um sjóinn. Þetta er hluti af því.

[15:02]

Ingibjörg Pálmadóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vegna ummæla hv. þm. Önnu Ólafsdóttur Björnsson um það að ég hefði ekki mikið rætt á þinginu um sjávarútvegsmál þá vil ég kannski skýra betur hvað ég var að ræða. Ég var að tala um það að hæstv. sjútvrh. mun ekki leggja fram nema tvö frv. á þessu þingi en auðvitað geta allir þingmenn rætt eins mikið og lengi og þeim sýnist um þetta höfuðhagsmunamál landsmanna.

Ef þingmaðurinn er með frv. eða ábendingar varðandi slík mál sem hún nefndi hér áðan þá er ég viss um að hún fær góðan hljómgrunn hér á Alþingi Íslendinga með þau.

[15:03]

Guðjón Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Ég fagna þessu frv. og þakka hæstv. sjútvrh. að bregðast svo skjótt við í framhaldi af áfangaskýrslu nefndar um síldarmál sem kom fram fyrir rúmum mánuði. Ég tel óhjákvæmilegt að stjórna nýtingu síldaraflans með markvissum hætti. Það kemur skýrt fram í athugasemdum með frv. hvernig nýting síldaraflans hefur breyst og hve gríðarlega hratt hún hefur breyst frá því að 2% aflans fóru til bræðslu á vertíðinni 1986–1986 í það að sjö árum seinna var farið að bræða 72% aflans og á síðustu vertíð 63%.

Ástæðurnar eru náttúrlega margar eins og hér er bent á. Það er breytt hegðun síldarinnar og framboð saltsíldar hefur aukist frá öðrum Evrópulöndum en fyrst og fremst held ég að ástæðan sé hrun markaða í fyrrum Sovétríkjum og ekki síður aukin sókn loðnuflotans í síldveiðarnar. Loðnuflotinn hefur farið af miklum krafti í síldveiðarnar síðustu haust vegna þess að loðnuveiðar hafa legið niðri mánuðum saman yfir haustmánuðina. Þessi floti hefur tekið þetta af miklum krafti, tekið kvótann í fáum túrum og nánast rótað síldinni upp til bræðslu.

Þessi breyting á nýtingu aflans er auðvitað afleit og óviðunandi. Verðmæti aflans minnkar og störfum fækkar stórlega þegar aflinn er bræddur en ekki saltaður og frystur. Það má auðvitað ekki endurtaka sig sem skeði á síðustu vertíð að ekki væri hægt að standa við gerða samninga þegar veitt er margfalt það magn sem þarf til að standa við samningana. Það er hætt við að það leiði til þess að erfiðara verði um sölu á saltaðri síld í framtíðinni.

Ég vil taka undir þá áherslu sem nefnd um síldarmál leggur á markaðssókn þar sem lögð er áhersla á að gera sem verðmætasta útflutningsvöru úr þeirri síld sem veidd er. Þar er bent á að neyslan sé langmest á þeim landsvæðum sem áður tilheyrðu fyrrverandi Sovétríkjum og aðalhindrunin á miklu magni til þessara landa sé sú að innflutnings- og dreifingaraðilar þar treysti sér ekki til að kaupa síldina nema gegn meiri greiðslufresti sem ekki hefur verið unnt að veita. Nefndin hvetur til þess að það verði í samvinnu við íslensk stjórnvöld fundnar viðunandi leiðir til að auka á ný síldarsölu til Rússlands og annarra fyrrverandi landa Sovétríkjanna. Ég held að á það þurfi að leggja mjög mikla áherslu að eftir þessari ábendingu nefndarinnar verði farið.

Í 2. gr. frv. er ráðherra gert að leita umsagnar samráðsnefndar samtaka fiskvinnslustöðva og Landssambands útvegsmanna um ráðstöfun síldaraflans áður en reglugerðin er sett og mér finnst það sjálfsagt ákvæði en ég tek undir það með hv. 1. þm. Vestf. að mér finnst það íhugunarefni hvort skipstjórnarmenn eigi ekki líka að koma að þessari nefnd. Mér finnst sjálfsagt að menn hugleiði það.

Ég vil svo ítreka ánægju mína með það að þetta frv. skuli vera komið fram. Ég tel að hér sé mjög þarft mál á ferðinni sem vonandi fær hraða afgreiðslu í nefnd og verður að lögum sem fyrst.

[15:07]

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Það hefur komið fram að það er góð samstaða um þetta mál og ég styð það. Það er nauðsynlegt miðað við núverandi aðstæður að leggja það fram og auðvitað eru það atvinnusjónarmiðin sem verða til þess að það er gert því þau eru langmikilvægust í þessu efni. Það þarf ekki að hafa mörg orð um það hve gríðarleg atvinna er við söltun og aðra vinnslu síldar og flökun. Þannig að það skiptir miklu máli að missa ekki af þeirri lest og afkastageta flotans er það mikil eins og kom fram hér áðan hjá hv. 1. þm. Vestf. að hann getur veitt kvótann af síldinni á skömmum tíma.

Hitt er svo annað mál og það vildi ég ítreka hér að það er ekki nóg að veiða síldina og vinna hana, það þarf að selja hana og því miður er það svo að það eru blikur á lofti í sölu síldar á öllum vígstöðvum. Það er erindi mitt í þessa umræðu að undirstrika það og hvetja hæstv. sjútvrh. til að beita þeim meðölum sem hann getur til þess að aðstoða í þeirri markaðsöflun því það er mjög áríðandi að hafa gát á öllum leiðum í því efni. Það er nú svo að síldarfrysting t.d. hefur verið verulega á undanförnum árum og gefið ágætan hagnað í aðra hönd oft en sú síldarfrysting til Japans verður ekki nema svipur hjá sjón á þessari vertíð vegna framboðs annars staðar frá. Það þarf ekki að fjölyrða um Rússlandsmarkaðinn, það þorir tæpast nokkur að taka þá áhættu að salta á þann markað vegna óvissu um greiðslur. Og síðast en ekki síst keppast menn við það núna sem eru í þessari vinnslu að koma flakaðri síld út fyrir áramót vegna óvissu um tollana til Svíþjóðar og Finnlands. Það er mjög alvarlegt mál, eins og komið hefur fram hér, að það hefur ekki verið mikið úr því gert m.a. af hæstv. forsrh. hér á Alþingi. Það er, miðað við markaðsstöðu síldarinnar núna, mjög alvarlegt ef tollarnir hækka á þessum markaði sem hefur verið reyndar aðalhaldreipið undanfarin ár í þeim erfiðleikum sem hafa gengið yfir. Ég vil þess vegna undirstrika það að það má einskis láta ófreistað í þeim efnum að fá samning um þessa tolla. En ég er því miður hræddur um að undirbúningur þessa máls sé ekki sem skyldi. Ég sé ekki aðra leið en taka það mál upp, ef Svíþjóð og Finnland fara í Evrópusambandið, í þeim tvíhliða samningum sem teknir verða upp við það bandalag og Alþingi hefur markað stefnu um að taka upp. En það þarf ekki að fara í grafgötur með það, það vita allir sem hér eru staddir og vita allir hv. þm. að ríkisstjórnin er bara ekkert einhuga í þessu máli. Er verið að undirbúa okkar upplegg í þessum samningum? Er verið að undirbúa okkar tillögugerð í sambandi við t.d. tolla á síld? Ég efast ekki um viljann í því en það vita allir hér að hæstv. utanrrh. er ekkert að undirbúa neina tvíhliða samninga við Evrópusambandið. Hann er að undirbúa inngöngu í sambandið. Allar hans umræður hafa hnigið að því. Ég vil því undirstrika það og spyrja hæstv. sjútvrh. að því með hverjum hætti sé verið að kanna þessi mál. Mér er það fullljóst að samningar hefjast auðvitað ekki fyrr en ljóst er hverjir ganga inn. En eigi að síður er það nauðsynlegt að ríkisstjórnin vinni í þessu máli og sé tilbúin með okkar tillögur og tilbúin með upplegg um það hverju við ætlum að ná fram í þeim samningum.

Þetta var nú erindi mitt í þessa umræðu, að undirstrika það hvaða vinna fer fram á vettvangi ríkisstjórnarinnar, á vettvangi sjútvrn. í því að undirbúa hugsanlega samninga við EB um tollamál og annað. Það nægir eingöngu að ég ætla ekki að fara að taka upp almenna umræðu um tvíhliða samning við Evrópubandalagið hér undir þessum lið. Mér dettur það ekki í hug, mér nægir að heyra um það hvaða undirbúningur fer fram á þessu afmarkaða sviði.

[15:13]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Ég vil byrja á því að þakka þeim hv. þm. sem hér hafa talað fyrir stuðning við efni frv. og fyrirheit um að greiða fyrir framgangi þess því eins og fram hefur komið þá er síldarvertíðin þegar hafin og á miklu veltur að þær heimildir sem hér er verið að fjalla um verði lögfestar sem fyrst þannig að þær geti haft áhrif í þá veru sem að er stefnt.

Vegna þeirra fyrirspurna sem hér hafa komið fram vil ég fyrst víkja að því sem fram kom hjá hv. 2. þm. Vesturl. en hann spurðist fyrir um hver væri staða

samninga við Evrópusambandið vegna tolla á síld. Reyndar koma sama spurning fram hjá flestum öðrum þeim hv. þm. sem hér hafa talað. En eins og kunnugt er þá breytast aðstæður nokkuð í þessu efni við væntanlega inngöngu annarra Norðurlanda í Evrópusambandið um næstu áramót. Í Svíþjóð og Finnlandi eru mjög mikilvægir markaðir fyrir saltsíld og þegar þessar þjóðir ganga í Evrópusambandið leggjast tollar á þessa síld, en hún hefur fram til þessa verið háð fríverslunarákvæðum EFTA-samningsins. Um þetta atriði vil ég segja þetta: Það hefur verið unnið í þessu máli af hálfu okkar embættismanna í Brussel. Aðstæður eru nokkuð misjafnar vegna þess að markaðirnir eru ólíkir í Svíþjóð og Finnlandi. Til Finnlands höfum við fyrst og fremst selt heilsaltaða og hausskorna síld. Í þeirri athugun sem fram hefur farið af hálfu okkar embættismanna í samtölum við embættismenn Evrópusambandsins hefur m.a. komið til skoðunar hvort unnt væri innan núgildandi samninga að skilgreina edikverkaða síld á þann veg að hún félli undir samningana. Ef það tekst þá má búast við því og fari svo að sú síld sem við höfum verið að selja til Svíþjóðar falli undir þá samninga sem við höfum gert við Evrópusambandið þá leysist það mál. Hitt kann að vera öllu snúnara varðandi heilsaltaða og hausskorna síld eins og við höfum selt hana til Finnlands. En í ljósi þessa þá tel ég að það séu nokkuð góðar vonir um að það takist að koma málum fyrir á þann veg að markaðsaðgangur okkar versni ekki, a.m.k. ekki til muna þrátt fyrir inngöngu þessara ríkja í Evrópusambandið.

Þegar ríki ganga í Evrópusambandið þá eru þau svipt fullveldi til þess að gera viðskiptasamninga við öllur ríki og þess vegna falla fríverslunarsamningarnir sem EFTA-þjóðirnar gerðu sín á milli úr gildi.

Á hinn bóginn eigum við auðvitað siðferðilega kröfu á hendur Evrópusambandinu, að markaðsaðstaða okkar versni ekki þó þessi ríki gangi í Evrópusambandið. Það er höfuðmarkmið Evrópusambandsins að koma á frjálsum viðskiptum og það væri því beinlínis í mótsögn við tilgang sambandsins ef aðild nýrra ríkja veikti markaðsstöðu okkar sem höfum gert bæði fríverslunarsamninga og síðan samninginn um Evrópska efnahagssvæðið við Evrópusambandið. Þó við eigum ekki lagalegar kröfur á sjálfkrafa breytingum í þessu efni eru siðferðilegar kröfur okkar mjög skýrar og ég bind vonir við að þau samtöl sem þegar hafa átt sér stað muni skila árangri í þessu efni. En eins og fram kom hjá hv. 2. þm. Austurl. þá er Evrópusambandið ekki tilbúið til formlegra viðræðna um breytta stöðu Íslands fyrr en að afloknum þjóðaratkvæðagreiðslum í þeim ríkjum sem nú eru að sækja um aðild og hljóta allir að gera sér grein fyrir því að það er eðlileg afstaða af hálfu Evrópusambandsins, fyrr verður ekki ljóst með hvaða hætti eðlilegt er að bregðast við.

Hv. 2. þm. Vesturl. spurði síðan einnig um það hvort til stæði að gera ráðstafanir til þess að ábyrgjast útflutning með einhverjum hætti. Ég hygg að þar eigi hv. þm. einkum við þá söluerfiðleika sem við mætum á Rússlandsmarkaðnum. Það er svo að að minni tilögu samþykkti ríkisstjórnin fyrir skömmu að nýta þær heimildir sem eru fyrir hendi varðandi útflutningstryggingar og það sem er óráðstafað af þeim samkvæmt gildandi lögum og nú er unnið að útfærslu á tillögum þar að lútandi. En ég vænti þess að þessi ákvörðun muni geta greitt fyrir því að við getum viðhaldið markaði okkar í Rússlandi. Ég held að það sé ótvírætt að þar er stór markaður og þegar betra jafnvægi er komið á innanlandsmál í Rússlandi þá er mikilvægt fyrir okkur að hafa haldið fótfestu okkar á þeim markaði.

Hv. 3. þm. Vesturl. spurði um það hver væri staða annarra þeirra atriða sem fram koma í nál. Ég hef hér að því er varðar markaðsmálin getið þess að það er þegar verið að vinna að því að fá lausn á tollamálum okkar gagnvart Evrópusambandinu vegna inngöngu Svíþjóðar og Finnlands í Evrópusambandið. Ég hef þegar greint frá því að það hefur verið ákveðið að nota þær heimildir til útflutningstrygginga sem fyrir hendi eru til þess að greiða fyrir áframhaldandi sölu á Rússlandsmarkaðinn og tryggja stöðu okkar á þeim markaði. Að því er varðar þessi tvö höfuðatriði í markaðskaflanum hafa þegar verið teknar ákvarðanir í þeim efnum og unnið að því í samræmi við álitið. Varðandi samráðsnefndina þá hefur henni þegar verið komið á fót og ég hef átt, varðandi annan lið tillagnanna um tæknibúnað skipanna, viðræður við formann Fiskveiðasjóðs um það með hvaða hætti sjóðurinn gæti aðstoðað við þessar nauðsynlegu breytingar á skipunum. Ég minni á í því sambandi að fyrir forgöngu sjútvrn. voru gerðar breytingar á útlánareglum Fiskveiðasjóðs þannig að nokkuð rýmri lánskjör eru til þeirra sem setja skip til meiri háttar viðhalds og viðgerða innan lands og verkefni af þessu tagi eiga að geta fallið undir þá skilgreiningu. Síðan er þetta frv., sem var fyrsti liður tillagnanna, nú lagt hér fram á þinginu.

Hv. þm. spurði hvernig unnið væri að sölu til Rússlands. Þar hefur síldarútvegsnefnd vitaskuld haft forustu og unnið mjög gott starf að því að reyna að ná þar fótfestu á nýjan leik og ég vænti þess að ákvörðun um að hagnýta ónýttar heimildir til útflutningstryggina hjálpi til í því efni.

Hv. þm. spurði svo um það hvað liði hugmyndum um sölu á síld yfir borðstokk til Rússlands. Sú spurning kom einnig fram hjá hv. 4. þm. Vesturl. Um það er þetta að segja að í september á síðasta ári, í viðræðum við sjávarútvegsráðherra Rússlands, setti ég fram það sjónarmið að við gætum verið til viðtals um það að selja síld og loðnu yfir borðstokk ef það gæti verið þáttur í samningum um veiðiheimildir okkur til handa á þorski í Barentshafinu. Við þessu fengust ekki viðbrögð þá og þvert á móti var frekari umræðum hafnað meðan við stunduðum veiðar í Smugunni. En af okkar hálfu þá hefur þetta verið ítrekað og skilaboð þar að lútandi flutt til sjávarútvegsráðsins í Rússlandi. Ég vænti þess að sá tími komi að menn geti tekið upp viðræður á þessum grundvelli, þó að stjórnvöld í Rússlandi hafi hafnað því fram til þessa.

Hv. 3. þm. Vesturl. spurði síðan um það hvernig tekið yrði í umsóknir um vinnslu á síld úti á sjó. Að

tillögum Hafrannsóknastofnunar hefur verið ákveðið að veita takmörkuðum fjölda skipa leyfi til vinnslu úti á sjó í tilraunaskyni. Hv. þm. spurði svo hvernig stæði til að nota þær heimildir sem í frv. felast. Það kemur skýrt fram í 1. gr. frv. með hvaða hætti heimildirnar verða notaðar, en að öðru leyti verður að gera það í samráði við aðila og í ljósi aðstæðna á hverjum tíma og því er sett hér fram tillaga að rammalöggjöf, að útilokað er að segja fyrir um það í einu og öllu hvernig heimildirnar verða nýttar. Það getur verið breytilegt frá einum tíma til annars.

Ég held að ég fari ekki mörgum orðum um þær vangaveltur sem hér hafa komið fram í umræðunni, hvers vegna síld hefur í vaxandi mæli farið til mjölvinnslu. Meginástæðan er auðvitað fólgin í því að markaðurinn hefur gefið allt of lágt verð fyrir síld sem unnin hefur verið til manneldis. Við væntum þess á hinn bóginn að ef tekst að ná fótfestu á Rússlandsmarkaðnum þá aukist þessi markaður og styrkist á nýjan leik. Ég hef líka trú á því að það verði hægt að auka markað fyrir frysta síld og starfsemi sölusamtakanna á undanförnum árum hefur sýnt að við getum í vaxandi mæli vænst þess að selja frysta síld.

Varðandi spurningu hv. 9. þm. Reykn. um störf þeirrar nefndar sem skipuð var til þess að meta umgengni um auðlindir og gera tillögur til úrbóta, vil ég aðeins segja það að ég óskaði eftir því með bréfi í síðasta mánuði að nefndin hraðaði störfum sínum og ég á von á því að innan mjög skamms tíma liggi tillögur nefndarinnar fyrir.

Ég vil svo ítreka þakklæti mitt til þeirra hv. þingmanna sem hér hafa talað fyrir jákvæðar undirtektir við frv.

[15:28]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst jákvætt út af fyrir sig að hæstv. sjútvrh. upplýsir að embættismenn hans í Brussel séu að athuga tolla á síld. Hins vegar fannst mér athyglisvert það sem fram kom í hans máli hvað hann var vongóður um þessi mál, að sanngirnissjónarmið mundu ráða um að viðskiptakjör okkar versnuðu ekki eftir inngöngu Svíþjóðar og Finnlands, ef af verður. Ég hef ekki verið svona bjartsýnn og hef aldrei ímyndað mér annað en að þessi mál yrði að afgreiða eða reyna að fá fram í tengslum við einhverja heildarsamninga um samskipti okkar við Evrópubandalagið. Ég vil því spyrja: Er von til þess að við getum gengið frá þessu máli sérstaklega? Er von til þess að það sé möguleiki án þess að það sé hluti af heildarsamkomulagi?

[15:29]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Sem svar við þessari spurningu er það að segja að það er ekki útilokað að hluti af þessum vanda gæti leyst sérstaklega með nánari skilgreiningu á gildandi samningum. En varðandi þau ummæli mín að við ættum hér sanngirniskröfu á hendur Evrópusambandinu vil ég aðeins segja það að í þeim samningum fólst hvorki bjartsýni né svartsýni heldur raunsæ lýsing á þeirri aðstöðu sem við erum í. Við eigum ekki lagalega kröfu á því að njóta áfram sömu tollkjara eða tollfrelsis varðandi sölu á síld til þessara tveggja landa sem stefna að inngöngu í Evrópusambandið. En við eigum siðferðilega kröfu á því og hljótum að byggja málflutning okkar á þeim sjónarmiðum og ég geri mér vitaskuld vonir um í ljósi þess sem ég hef sagt og þeirra athugana sem fram hafa farið að viðunandi lausn geti fengist.

[15:31]

Ingibjörg Pálmadóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég spurði hæstv. sjútvrh. þriggja spurninga og hann svaraði tveim af þeim. Ég þakka honum fyrir þau svör. Í fyrsta lagi spurði ég hann varðandi útflutning á síld til Rússlands, um tryggingu, og hann taldi að útflutningstrygging yrði samþykkt í ríkisstjórninni og það eru góðar fréttir. Síðan spurði ég hann um tollalækkun hjá Evrópusambandinu af því að hann talaði um það á fiskiþingi að það væri í bígerð og góðar fréttir frá Brussel en ég heyri að engar fréttir eru góðar fréttir í hans huga því það var ekkert beint svar við þeirri spurningu. Í þriðja lagi spurði ég hann að því hvort hann væri sammála hæstv. forsrh. þar sem hann sagði að síldveiði og vinnsla væri verðlagt á 34 millj., það var ekki til fleiri fiska metið í hans huga. Ég vildi spyrja hann að því hvort hann mæti ekki síldarvinnslu á hærri upphæð en 34 millj.

[15:32]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Tímans vegna lét ég hjá líða að víkja að þessum útúrsnúningum hv. 2. þm. Vesturl. Það er að sönnu rétt að þær tollgreiðslur sem þarna eru í húfi eru um 34 millj. kr. og ég geri ráð fyrir því að við getum verið um það sammála að frá þjóðhagslegu sjónarmiði er það ekki stór upphæð en það er óumdeilt og ég hef ekki heyrt nokkurn mann lýsa ágreiningi um það að síldveiðar og vinnsla á síld er þjóðarbúskap okkar mjög mikilvæg. Skiptir sköpum í atvinnumálum í fjölmörgum sjávarplássum í landinu þannig að þó að tollgreiðslur að óbreyttu vegna útflutnings síldar til þessara tveggja landa séu ekki hærri upphæð en þessi þá eru auðvitað mikilvægir hagsmunir í húfi. Menn geta ekki ruglað því saman hvort verið er að bera þær tölur saman við heildarþjóðhagsreikninga eða þær þjóðhagslegu stærðir sem bundnar eru við síldveiðarnar og síldarvinnsluna. Um það held ég að þurfi ekki að vera mikill ágreiningur milli hvorki okkar né annarra og ég hef satt best að segja ekki hitt nokkurn mann lýsa því yfir að síldveiðar og vinnsla á síld hafi ekki mikla þjóðhagslega þýðingu og atvinnuþýðingu fyrir fjölda sjávarplássa í landinu.

[15:34]

Ingibjörg Pálmadóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta voru ekki útúrsnúningar af minni hálfu, ég vildi bara fá það skýrt fram hvort hann teldi það ekki mikilvægt að semja um þessa tolla á okkar mikilvægustu mörkuðum vegna þess að markaðshlutdeild okkar er lág varðandi síld. En í svari hans kom það fram að hann er ekki sammála hæstv. fors-

rh. í þessu máli og það vildi ég fá fram. Ég tel það mikilvægt og ég þakka honum fyrir það.

[15:34]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. ráðherra sagði að það væri unnið að þessum tollamálum í Brussel og það væru góðar vonir um að það tækist að færa það til betri vegar. Þetta reyndist mjög erfitt í EES-samningunum og því miður tókst ekki að tryggja eðlilegan aðgang að þessum mörkuðum þar. Ég ætla að vona að það reynist betur í þetta skiptið. Ég tek undir þá skilgreiningu sem hæstv. ráðherra var hér með að vitanlega eigum við sjálfsagða kröfu á því að okkar aðstæður versni ekki við inngöngu annarra ríkja í Evrópubandalagið. Mér finnst það vera eðlileg framsetning á okkar stöðu í málinu.

Ég spurði um sölu yfir borðstokk með viðskipti við Rússa í huga. Ég tel að það eigi að skoða það vandlega að nota alla möguleika til að auka viðskiptin við Rússa. Það getur haft óbein áhrif eða bein á viðskiptin síðan með síldina við þá en ég tek það sérstaklega fram að þarna þurfum við að fara mjög varlega og það verður að fylgjast mjög gaumgæfilega með hvernig hætti þess viðskipti fara fram. Ég tel reyndar að það þurfi sérstaka aðila til að fylgjast með viðskiptum sem fara fram úti á sjó því það hefur illa reynst hjá sumum öðrum þjóðum að versla með þessum hætti og sérstaklega við Rússa, af því höfum við fréttir.

Mér þykir aftur vont og ég er ekki sammála hæstv. ráðherra í framsetningu hans á því hvernig eigi að stjórna þessu. Ég ítreka það að ég tel að það sé eðlilegast að stjórna þessu þannig að frjáls aðgangur að veiðum til manneldis verður leyfður og hann komi síðan niður á næsta ári á veiðum til bræðslu.

[15:37]

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Ég hef engar athugasemdir í sjálfu sér við þetta frv. Hér er verið að taka upp á nýjan leik heimild til þess að geta takmarkað ráðstöfun síldar til bræðslu. Ég tel það eðlilegt, ekki síst til þess að sinna okkar mörkuðum og markaðsmálum. Ég tók hins vegar eftir því í máli hæstv. sjútvrh. að hann skýrði frá því sem hafði farið fram hjá mér að það stæði til að heimila frystiskipum síldveiðar og vinnslu á síld úti á sjó.

Nú er það nú svo að það má alltaf deila um verkaskiptingu í flotanum. En að mínu mati hafa frystiskipin mikla möguleika umfram önnur skip í íslenska fiskiskipaflotanum. Þau geta sótt í úthafskarfann og þau geta farið í ýmis verkefni sem önnur skip geta ekki farið í. Ekki síst utan landhelginnar. Mér finnst það mjög umhugsunarvert ef það á að verða stefnan að hleypa frystiskipunum í síldveiðarnar. Í fyrsta lagi mun það skapa árekstra á miðunum. Hér áður fyrr höfðu loðnuskipin ekki heimild til síldveiða og það er alveg ljóst að með tilkomu loðnuskipanna hafa skapast vissir árekstrar á miðunum því þau eru með miklu stærri og meiri veiðarfæri. Ég vil hins vegar taka það fram að það var ekkert annað að gera vegna þess að minni bátarnir hafa ekki þá möguleika sem loðnuskipin hafa. En ef síðan á að bætast við að frystiskipin koma á miðin með sín veiðarfæri er alveg ljóst að það mun skapa árekstra milli bátaflotans og þessara skipa. Þau munu nota annars konar veiðarfæri, væntanlega flottroll og splundra torfunum, þannig að ég er mjög hugsi yfir því inn á hvaða braut er verið að fara. Þess vegna vil ég spyrjast fyrir um það hvaða markaðsrök mæla með því að nú skuli frystiskipin fara í síldveiðarnar. Ég veit vel að þau sækja á um þessa hluti. Auðvitað sækja menn á um alla hluti. Það hefur líka verið sótt á um það að frystiskip geti komið inn í humarveiðarnar og fryst humarinn úti á sjó. Það hefur sem betur fer verið staðið gegn því, ekki síst vegna atvinnusjónarmiða í landi því réttur skipanna má ekki verða svo mikill að þau leggi vinnsluna í landi gjörsamlega í rúst. Ég geri mér ekki grein fyrir því á þessari stundu hvaða áhrif þetta mun geta haft á síldarvinnslu í landi. Það eru takmarkaðir markaðir fyrir frysta síld og ég hef miklar efasemdir um það að frystiskipin skapi einhverja nýja markaði í sambandi við síldveiðarnar. Ég vil því biðja um upplýsingar um það hvernig á þessu stendur, hvaða rök eru fyrir því og hvort það sé almenn stefna að heimila frystiskipunum að stunda þessar veiðar og hvort það eigi í framhaldinu að leyfa þeim að fara inn í loðnuveiðarnar. Ef þau fá að fara inn í síldveiðarnar þá skil ég ekki að það sé hægt að standa gegn því að þau fari inn í loðnuveiðarnar því þar er um miklu stærri stofn að ræða og meiri veiðar. Þess vegna vildi ég gjarnan fá frekari útskýringar á þessu frá hæstv. sjútvrh.

[15:41]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Það er rétt sem fram kom hjá hv. 1. þm. Austurl. að loðnuskipin hafa tekið í vaxandi mæli þann síldarkvóta sem er til ráðstöfunar. Ég held að það sé kórrétt mat hjá hv. þm. að þessi breyting var óhjákvæmileg vegna þess að við hefðum aldrei náð síldarkvótanum með öðrum hætti. Síldin hefur staðið dýpra en áður og minni bátarnir hefðu aldrei náð henni þannig að það var óhjákvæmilegt að opna fyrir það að loðnuskipin gætu komið inn í þessar veiðar.

Varðandi svo spurninguna um það hvort heimila eigi veiðar á síld með trolli þá var tekin sú ákvörðun í fyrra að leyfa það í takmörkuðum fjölda tilvika að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunar. Ég tel að það sé nauðsynlegt að við gerum tilraunir með það hvernig gengur með að ná síld með trolli og ekki síst ef við horfum lengra fram í tímann til þess að við getum farið að nýta norsk-íslensku síldina þá hlýtur það að koma til álita og vera e.t.v. forsenda fyrir hagnýtingu hennar a.m.k. að einhverju leyti að við getum notað togaraflotann í slíkum veiðum. Þess vegna var ákveðið að gera þessa tilraun. Leyfin eru bundin við mjög fá skip. Hún fór af stað í fyrra og er áfram fyrir hendi á þessari vertíð.

Það er rétt sem hv. þm. segir að það hefur verið staðið fast gegn því að leyfa frystingu á humri úti á sjó af atvinnusjónarmiðum en ég minni samt á að eigi að síður tók hv. þm. ákvarðanir um það meðan hann gegndi embætti sjútvrh. að leyfa tilraunaveiðar til fryst-

ingar úti á sjó á humri. Ég tel ekki á nokkurn hátt óeðlilegt að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunar að gera með svipuðum hætti tilraunir til veiða á síld í troll og tel að það sé mjög mikilvægt að við gerum þær tilraunir og fáum af því reynslu. Það er alveg ljóst að frysting á síld getur farið vaxandi þó að markaðirnir stækki ekki í stórum stökkum þá er það alveg vafalaust að við getum aukið sölu á frystri síld.

Ég tek svo alveg undir það með hv. þm. að hér þurfum við eins og í ýmsum öðrum efnum að gæta mjög að hagsmunum landvinnslunnar enda hafa þær tilraunir sem hér hafa verið gerðar verið takmarkaðar og engar ákvarðanir teknar um að víkka þær út eða gera þær að almennum heimildum. Ég vil líka ítreka það af minni hálfu að á þessum tilraunum er reginmunur og á kröfum sem fram hafa komið um vinnslu loðnu um borð í frystiskipum vegna þess að í þeim tilvikum værum við að henda langsamlega stærstum hluta af veiðinni í sjóinn. Það væri ekki í samræmi við þær nýtingarkröfur sem við hljótum að gera þannig að þarna á er verulegur munur.

[15:45]

Halldór Ásgrímsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það má vera að hæstv. sjútvrh. hafi eitthvað misskilið mig. Ég var ekki að mótmæla því að heimila síldveiðar í flottroll. Ég tel að það sé veiðarfæri sem verði að reyna og ekki síst í ljósi þess að flottrollsveiðar á síld eru að verða algengasta veiðiaðferðin í löndunum í kringum okkur. Ég var fyrst og fremst að vara við því að fara að hleypa frystiskipunum almennt inn í síldveiðarnar og það yrði farið að frysta síld um borð í þeim. Ég tel að það þurfi að liggja mjög gild rök fyrir ef á að fara út í það almennt. Síðan má í sjálfu sér alltaf gera tilraunir með einstaka hluti. Það er rétt hjá hæstv. sjútvrh., ég leyfði það á sínum tíma að eitt skip frysti humar úti á sjó. Það var þá prófað og ég tel að sú tilraun hafi leitt í ljós að það mæli engin rök með því að leyfa það almennt. Þess vegna var því hætt. Það má svo sem um það deila hvort það hafi ekki jafnvel legið fyrir strax þannig að það hafi ekki þurft að veita það leyfi. Ég ætla ekki að kveða upp neinn dóm um það en a.m.k. var sú stefna tekin í framhaldi af því að leyfa það ekki. Ég sé að við það hefur verið haldið og ég tel að það sé rétt. En auðvitað vitum við að það mun verða sótt á um þessa hluti því hver og einn lítur á þessi mál út frá sínum eigin hagsmunum en það er að sjálfsögðu hlutverk stjórnvalda í þessu sem öðru að líta á málin frá heildarhagsmunum og það tel ég að sé gert að því er varðar humarinn og ég vænti þess að það verði líka gert að því er varðar síldina. Ég heyri það á hæstv. sjútvrh. að hann vill fara varlega í því að þessi stóru skip fari inn í síldveiðarnar og þá heyrist mér að við séum ekki jafnósammála og hæstv. ráðherra lét í ljós í svari sínu.

[15:48]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil ítreka það að þau leyfi sem hér hafa verið veitt eru takmörkuð, þau eru gerð í tilraunaskyni og á grundvelli ráðgjafar frá Hafrannsóknastofnun og það hafa engar ákvarðanir verið teknar um að veita almennar heimildir í þessu skyni. Ég taldi rétt og eðlilegt að tilraunin yrði gerð með takmörkuðum fjölda leyfa.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tilraunastöð í jarðrækt á Reykhólum, 1. umr.

Stjfrv., 104. mál. — Þskj. 107.

[15:49]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Í októbermánuði árið 1944 voru samþykkt á Alþingi lög um tilraunastöð í jarðrækt á Reykhólum í Austur-Barðastrandarsýslu. Samkvæmt lögunum skyldi reisa og reka tilraunastöð í jarðrækt á þessum stað samkvæmt lögum nr. 64/1940, um rannsóknir og tilraunir í þágu landbúnaðarins. Með lögunum fékk tilraunastöðin endurgjalds- og kvaðalaust til eignar og umráða 165 ha úr austanverðri landareign Reykhólajarðar og fylgdu landinu hitaréttindi og að auki þrjár eyjar að eigin vali úr landareigninni til að fullnægja þörf vegna sérstakra rannsókna.

Tilraunaráð jarðræktar tók við landinu og hóf uppbyggingu tilraunastöðvarinnar af myndarskap og dugnaði með ræktun og byggingum. Íbúðarhús var byggt á árunum 1947–1949 fyrir tilraunastjóra og annað starfsfólk. Fjárhús og hlaða voru byggð 1956 og 1957. Árið 1958 var byggt hús sem hýsti aðstöðu vegna innivinnu við jarðræktartilraunir, skrifstofu og einnig var þar lítil íbúð. Ekkert tún var á landinu, en túnræktun hófst strax vegna tilrauna og þess bústofns sem varð þá fljótt á tilraunabúinu. Árið 1990 var tún um 30 ha að stærð.

Jarðræktartilraunir hófust strax og tök voru á. Fyrstu árin voru þær að mestu heima á Reykhólum, en upp úr 1950 voru hafnar dreifartilraunir í Reykhólasveit og voru þær á allnokkrum bæjum og stóðu fram um 1960. Á árunum frá 1960 til 1966 var fremur lítið framkvæmt af dreifðum tilraunum, en eftir það fóru þær vaxandi og 1972 hófust umfangsmiklar tilraunir frá Tilraunastöðinni á Reykhólum á Vestfjörðum sunnan af Barðaströnd og norður á Snæfjallaströnd og stóðu þær fram yfir 1980. Um þetta leyti var fyrst hægt að hefja dreifartilraunir um Vestfirði, áður var það ekki hægt vegna samgönguörðugleika. Tilraunir þessar gengu fyrst og fremst út á að kanna steinefnaþörf K-P-Ca-S. Árið 1984 hófust svo tilraunir í nyrðri hluta Strandasýslu og stóðu þær meðan tilraunastöðin var starfrækt. Um alllangt árabil voru gerðar grænfóðurstilraunir í Fóðuriðjunni í Ólafsdal. Viðfangsefni á sviði jarðræktar var fyrst og fremst áburðarþörf N-P-K-Ca-S o.fl., notkun og meðhöndlun búfjáráburðar, tegunda- og stofnaprófanir túngrasa. Í grænfóðurtilraunum voru prófaðir stofnar af ýmsum tegundum og afbrigði af þeim ásamt áburðarþörf. Búrekstur fyrstu árin var blandaður búskapur og var svo fram um 1960, en eftir fjárskipti 1960 í Reykjaneshólfi var búskapur ein-

göngu sauðfjárbúskapur og hófust þá strax rannsóknir og tilraunir með sauðfé og var aðalverkefni tilrauna í sauðfjárrækt ullarræktun og stóðu þær þar til starfsemi var hætt á Reykhólum 1990, en á árunum 1988–1990 voru flutt 135 lömb af Reykhólastofni að Hesti í Borgarfirði. Verkefni á sviði ullarræktar var að rækta stofn með mikla og góða alhvíta ull, lausa við gular og hvítar illhærur.

Síðustu árin sem tilraunastöðin var starfrækt dró stórlega úr öllum tilraunum á sviði jarðræktar, þannig að umsvif á því sviði voru ekki nema einn fjórði af því sem mest var á árunum 1970–1980. Orsök þess voru minnkandi fjárveitingar ár frá ári. Árið 1990 var rekstri tilraunastöðvarinnar hætt og hefur Reykhólahreppur nú keypt land og aðrar eignir tilraunastöðvarinnar.

Það frv. sem hér liggur fyrir um að leggja niður lög um tilraunastöð í jarðrækt á Reykhólum er því lagahreinsun og í fskj. með frv. fylgir umsögn fjmrn. Þar kemur fram að frv. feli ekki í sér kostnaðarauka fyrir ríkissjóð.

Hæstv. forseti. Ég legg til að þessu máli verði vísað til 2. umr. og landbn. Það er efnislega einfalt í sniðum eins og ég sagði, hér er um lagahreinsun að ræða.

[15:53]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Eins og fram komi í máli hæstv. landbrh. þá er hér lagahreinsun á ferð. En mig langaði samt að fá fram ákveðnar upplýsingar ef ráðherrann hefur þær handbærar. Ég gef mér að það að þessi rannsóknastöð hafi lokið starfi sínu eða hætt starfi 1990 sé í tengslum við þann mikla samdrátt sem orðið hefur í íslenskum landbúnaði. En mig langaði samt til þess að fá að vita það hvort þar með hafi rannsóknum sem þar voru stundaðar verið lokið eða hvort aðrir hafa tekið við þeim verkefnum sem þarna voru stunduð.

Í öðru lagi langar mig að fá að vita hvað Reykhólahreppur greiddi fyrir þessar eignir og hvort þær greiðslur hafi runnið beint í ríkissjóð eða hvort þarna hafi verið eitthvað annað í spilinu. Nú veit ég ekki hvort hæstv. landbrh. geti upplýst okkur um það hvað Reykhólahreppur gerir við þessar eignir, það er náttúrlega eins og hér kemur fram að það eru fjós og hlaða og íbúðarhús. Við í landbn. vorum nú í heimsókn í sumar á þessum slóðum og það er einmitt frekar skortur á íbúðarhúsnæði en hitt þannig að ég reikna með að hreppurinn geti nýtt húsnæðið. En það væri fróðlegt að fá nánar að vita um það hvað af þessum eignum hefur orðið.

Það var fróðlegt að heyra hljóðið í bændum á þessu svæði þó það komi þessu máli svo sem ekki við en það var afar athyglisvert að það er mikið af ungum bændum í Reykhólasveit, ungir og bjartsýnir bændur, og það var svolítið annað hljóð í þeim en þeim bændum sem við hittum á öðrum svæðum í Vestur-Húnavatnssýslu og í Strandasýslu og Dalasýslu þar sem meðalaldur bænda er miklu hærri. Þannig að sem betur fer þá eru menn þarna í landbúnaðinum að gera ýmislegt. Þeir eru að prófa sig áfram í ýmsum hliðargreinum.

Að lokum, virðulegi forseti, vegna þess að hér er minnst á Fóðuriðjuna í Ólafsdal þá væri fróðlegt að fá það einnig fram hjá hæstv. landbrh. hvernig málum er háttað á þeirri gömlu bújörð og þeim gamla bændaskóla sem þar var. Ég veit að húsið er nýtt en hefur landbrn. eitthvað með þá jörð að segja? Ég veit það einfaldlega ekki og þætti vænt um að fá að vita það hvernig málum er þar háttað.

[15:57]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ætlaði nú að vísu að svara í lokin en um fyrirspurnir hv. þm. hef ég ekki mikið að segja. Ég veit ekki betur en þær tilraunir sem hafa verið gerðar og sú ræktun sem grundvöllur var lagður að á Reykhólabúinu að þeim tilraunum sé haldið áfram að Hesti, ekki veit ég betur. Jarðræktartilraunir halda auðvitað áfram á öðrum stöðum þó hætt sé á Reykhólum. Þessi tilraunastöð var lögð niður, eins og hér kemur fram, á árinu 1990.

Um Fóðuriðjuna í Ólafdal hef ég í rauninni ekki mikið að segja. Ég hygg að hér sé ekki verið að tala um gamla bændaskólann heldur grænfóðurverksmiðjuna þar. Það hafa verið gerðar tilraunir þar til þess að halda áfram ræktun þar og gerð tilraun til útflutnings á grasköglum til Grænlands sem hefur gengið svona misjafnlega en þau viðskipti hafa þó haldið áfram og orðið til þess að frekari viðskipti hafa tekist og tilraunir hafa m.a. verið gerðar til útflutnings á lambakjöti til Grænlands og áburði sömuleiðis. Um verð á eignum tilraunastöðvarinnar er mér ekki kunnugt en skal setja mig inn í það. Mér er ekki kunnugt um það hvað hreppurinn gerir við þessar eignir.

[15:59]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil bara taka það fram að það sem fyrir mér vakir með þessum spurningum er einfaldlega að fá fram upplýsingar um það hvernig farið hefur verið með þessar eignir ríkisins, hvað um þær hefur orðið og hvað hefur fengist fyrir þær og hvernig þær eru nýttar. Ég á sæti í hv. landbn. og þar getum við að sjálfsögðu skoðað þessi mál. En í sjálfu sér er frv. einfalt og fljót afgreitt en það er samt ástæða til að kanna leiðinni hvernig þessum eignum hefur verið varið.

[16:00]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Alþingi hefur veitt samþykki sitt fyrir því að þessar eignir séu seldar og ég geri ráð fyrir því að Reykhólahreppur fari vel með sínar eignir og hafi haft ástæðu til að kaupa þær og nýti þær eins og skynsamlegt er.

Umræðu frestað.

Útbýting þingskjals:
Vegasamband milli Austurlands og Norðurlands, 137. mál, þáltill. HG og SJS, þskj. 144.

Út af dagskrá voru tekin 9.–19. mál.

Fundi slitið kl. 16:01.

---

20. FUNDUR

fimmtudaginn 27. okt.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:
1. Takmörkun á ráðstöfun síldar til bræðslu, stjfrv., 107. mál, þskj. 110. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Skýrsla utanríkisráðherra um utanríkismál.

Fjarvistarleyfi:
Eggert Haukdal, 6. þm. Suðurl.,
Gísli S. Einarsson, 4. þm. Vesturl.,
Guðjón Guðmundsson, 5. þm. Vesturl.,
Gunnlaugur Stefánsson, 5. þm. Austurl.,
Halldór Ásgrímsson, 1. þm. Austurl.,
Hjörleifur Guttormsson, 4. þm. Austurl.,
Ingi Björn Albertsson, 5. þm. Reykv.,
Ingibjörg Pálmadóttir, 2. þm. Vesturl.,
Jóhann Ársælsson, 3. þm. Vesturl.,
Jóhanna Sigurðardóttir, 12. þm. Reykv.,
Jóhannes Geir Sigurgeirsson, 6. þm. Norðurl. e.,
Ólafur G. Einarsson menntmrh.,
Ragnar Arnalds, 3. þm. Norðurl. v.,
Steingrímur J. Sigfússon, 4. þm. Norðurl. e.,
Sturla Böðvarsson, 1. þm. Vesturl.

Útbýting þingskjala:
Fæðingarorlof, 147. mál, þáltill. JóhS, þskj. 155.
Heildarútlán og vanskil við Húsnæðisstofnun ríkisins, 33. mál, svar félmrh., þskj. 152.
Kynning á íslenskri menningu, 145. mál, frv. SvG og GHelg, þskj. 153.
Samskipti LÍN og stúdenta í Þýskalandi, 146. mál, fsp. SigG, þskj. 154.
Sérverkefni, 141. mál, fsp. KÁ, þskj. 148.

Tilkynning um utandagskrárumræðu.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):
Gert er ráð fyrir að fram fari utandagskrárumræða í dag klukkan hálffjögur. Málshefjandi er hv. 8. þm. Reykn., Ólafur Ragnar Grímsson, og hæstv. forsrh. verður til andsvara. Umræðan fer fram skv. 1. mgr. 50. gr. þingskapalaga, þ.e. hálftíma umræða. Efni umræðunnar er staða félmrh. og ummæli hans um samskipti ráðuneytisins við Hafnarfjarðarbæ.

Skýrsla utanríkisráðherra um utanríkismál.

[10:36]
Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):
Virðulegi forseti. Í þessari ræðu mun ég fjalla um það helsta sem takast þarf á við í náinni framtíð í utanríkis- og milliríkjasamskiptum, einkum lífsbjörg okkar í hafinu, stöðuna í öryggis- og varnarmálum og loks samrunaferlið í Evrópu.

Ekki verður farið yfir öll atriði utanríkismála en þær umræður sem nú eru að hefjast gefa að sjálfsögðu tækifæri til skoðanaskipta um fleiri mál en þau sem ég get vikið að í tiltölulega stuttri ræðu.

Einhver stærsti áfanginn í giftudrjúgri sókn íslensku þjóðarinnar til bættra lífskjara er án nokkurs vafa hafréttarsamningur Sameinuðu þjóðanna frá árinu 1982. Ísland var í fararbroddi þeirrar umræðu meðal þeirra ríkja er unnu nær tíu ára þrotlaust starf við undirbúning hans. Því fer vel á því að hann öðlast gildi á því ári þegar við fögnum 50 ára afmæli lýðveldisins.

Íslendingar hafa frá upphafi átt aðild að svokölluðum hópi „kjarnaríkja" á úthafsveiðiráðstefnu Sameinuðu þjóðanna. Nú þykir næsta víst að takast muni að ná samkomulagi um bindandi alþjóðasamning um úthafsveiðar þótt endanlegt samþykki allra ríkja liggi ekki fyrir. Sú niðurstaða mun verða okkur Íslendingum mikilvæg, bæði varðandi stjórnun fiskveiða utan efnahagslögsögunnar og einnig hvað varðar aðgang okkar að fjarlægum miðum.

Deilur okkar við Norðmenn um veiðar íslenskra skipa í Smugunni og á verndarsvæðinu við Svalbarða hafa verið í brennidepli íslensks þjóðlífs að undanförnu. Ég hef frá upphafi lagt höfuðáherslu á að við leysum þessi ágreiningsmál með samningum. Ekki þarf að koma á óvart að íslenskir sjómenn og útgerðarmenn leiti í framtíðinni í vaxandi mæli á fjarlægari mið til að draga björg í bú. Íslendingar telja sig í fullum rétti til að veiða á alþjóðlegu hafsvæði, einnig því sem kallað er Smugan. Við getum heldur ekki fallist á réttargrundvöll hins norska fiskverndarsvæðis við Svalbarða. Í 2. gr. Svalbarðasamningsins frá 1920 er kveðið skýrt og ótvírætt á um það að allir þegnar frá aðildarríkjunum og skip þeirra skuli njóta sama réttar til veiða á eyjunum og í landhelgi þeirra. Með því að lýsa einhliða yfir fiskverndarsvæði Noregs og 200 sjómílna svæði út frá Svalbarða hefur Noregur tekið sér vald, bæði til að setja þar fiskverndarreglur og úthluta veiðikvótum að eigin geðþótta, án samráðs við samningsaðila. Þrátt fyrir mikilvægi fiskveiða fyrir okkur Íslendinga erum við nú eina fiskveiðiþjóð Evrópu sem Norðmenn vilja útiloka frá veiðum á Barentshafi. Við teljum ótvírætt að alþjóðlegur dómstóll kæmist að

þeirri niðurstöðu að jafnræðisregla 2. gr. Svalbarðasamningsins eigi að gilda á öllu þessu svæði.

Íslendingar og Norðmenn eiga margvíslegra sameiginlegra hagsmuna að gæta á sviði sjávarútvegs og fiskveiða. Þar er ekki bara um að ræða þorsk í Barentshafi heldur líka loðnu, síld, karfa, svo og rækju sem Norðmenn sækja nú í og er sameiginlegur stofn okkar og Grænlendinga. Bæði Ísland og Noregur vilja koma í veg fyrir ofveiði á úthafinu utan 200 sjómílna. Bæði löndin hafa tekið virkan þátt í fundum úthafsveiðiráðstefnu Sameinuðu þjóðanna. Báðum þjóðum ætti að vera það mikið kappsmál að farsæl lausn fáist á ráðstefnunni.

Starfshópur sem skipaður er fulltrúum frá forsrn., utanrrn. og sjútvrn. hefur á undanförnum vikum unnið að málinu. Verkefni starfshópsins eru m.a. að undirbúa málflutning Íslendinga á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, einkum á úthafsveiðiráðstefnunni; að undirbúa samninga við Norðmenn og Rússa um veiðar í Barentshafi og hugsanlega málshöfðun Íslendinga fyrir Alþjóðadómstólnum í Haag. Starfshópnum er ætlað að vera ríkisstjórninni til ráðgjafar um stefnumörkun og málflutning í hafréttarmálum og hafa samráð við og veita sérfræðiráðgjöf úthafsveiðinefnd þingmanna og hagsmunaaðila.

Að mínu mati er brýnt að finna sanngjarna lausn á þessari deilu hið fyrsta. Vegna samninga Norðmanna og Rússa um veiðar á þessum hafsvæðum hlýtur lausnin að lokum að felast í þríhliða samningum Íslands, Noregs og Rússlands. Engin niðurstaða mun hins vegar fást nema íslensk skip fá sanngjarnari og varanlegri veiðiheimildir í Barentshafi og að við ákvörðun þeirra veiðiheimilda sé tekið tillit til ástands fiskstofna.

Það er miður að úfar skuli hafa risið með fornum frænd- og vinaþjóðum. Því fyrr sem við leiðum þetta mál til lykta með skynsamlegum samningum, þeim mun betra.

Við Íslendingar höfum getið okkur góðan orðstír á alþjóðavettvangi fyrir að hafa ábyrga afstöðu til lífríkis hafsins og verndar þess. Við höfum viljað koma í veg fyrir ofveiði og fært þungbærar fórnir sjálfir í þeim tilgangi með ströngu fiskveiðistjórnunar- og eftirlitskerfi. Við höfum lagt mikla áherslu á nauðsyn þess að koma í veg fyrir mengun hafsins. Út á þessa inneign m.a. höfum við náð árangri á alþjóðlegum vettvangi í því að fá aðrar þjóðir til að taka tillit til okkar sjónarmiða, þar á meðal í hafréttarmálum á sínum tíma.

Virðulegi forseti. Grundvallarstefna okkar Íslendinga í hvalveiðimálum er skýr og skilmerkileg. Við eigum rétt á því að nýta þessa auðlind svo sem aðrar með sjálfbærum hætti. Við vitum að grisjun stofna er bæði góð búmennska og rétt umhverfisstefna. Á þessu getum við staðið og þurfum ekkert að skammast okkar fyrir það á alþjóðavettvangi. Raunar þurfum við að efla kynningu á okkar málstað sem byggir á skynsamlegri nýtingarstefnu. Í þessu máli snýst spurningin ekki um markmið heldur aðferðir til að ná þeim markmiðum.

Almennt má ljóst vera að smáþjóðum er styrkur að því, raunar nauðsyn, að starfa á vettvangi viðurkenndra alþjóðasamtaka. Í þessu tiltekna máli hefur okkur og raunar fleirum þótt sá alþjóðlegi vettvangur sem viðurkenndur er lítt traustvekjandi. Um árabil hunsaði Alþjóðahvalveiðiráðið niðurstöður eigin vísindanefndar varðandi stofnstærðir og veiðiþol.

Á síðasta ársþingi Alþjóðahvalveiðiráðsins í maí á þessu ári varð hins vegar sú breyting að samþykkt var stefnumarkandi ályktun um réttmæti niðurstöðu vísindanefndarinnar og að leggja beri vísindalegt mat til grundvallar þegar ákvarðanir eru teknar. Þótt hér sé ekki um bindandi samþykkt að ræða sem leiði óhjákvæmilega til afnáms hvalveiðibannsins er þetta tvímælalaust skref í rétta átt. Sú spurning hlýtur að vakna hvort ekki sé rétt að við vinnum með samstarfsfúsum þjóðum að frekari framgangi málsins á þessum vettvangi sem þó hefur fengist viðurkenndur á alþjóðavettvangi. Við höfum fengið skýrar ábendingar, jafnt frá þeim sem eru okkur sammála í þessu máli sem og hinum, að ekki sé um annan vettvang að ræða. Ef við grípum til einhliða aðgerða er hætt við að þetta mál öðlist eigin skriðþunga sem við og þeir sem vilja okkur vel fáum ekki við ráðið.

Í þessu máli þurfum við Íslendingar að beita bæði lagni og sýna langlundargeð. Við verðum að hafa vit á að sveigja frá skerjum og það sjálfsöryggi að geta umborið tímabundið ofríki fáfræðinnar, fullviss þess að á endanum muni vísindaleg rök og heilbrigð skynsemi reynast fordómum yfirsterkari.

Ég tel rétt að við göngum á ný í Alþjóðahvalveiðiráðið en með þeim fyrirvara að við samþykkjum ekki hvalveiðibannið frá 1982. Þetta yrði fyrsta raunhæfa skrefið að því marki að hefja hvalveiðar að nýju innan viðurkenndra vébanda. Um þetta þurfum við að ná breiðri samstöðu hér heima og hafa náið samráð og samvinnu við þá sem málið varðar á erlendum vettvangi.

Þetta ár hefur fyrir margra hluta sakir verið eitt það markverðasta í seinni tíma sögu Atlantshafsbandalagsins. Framkvæmd ákvarðana leiðtogafundarins í janúar ásamt ötulu starfi Norður-Atlantshafssamvinnuráðsins sýna að aðlögun bandalagsins að breyttum aðstæðum hefur tekist farsællega.

„Samstarf í þágu friðar" hefur lagt grundvöll að nánari samvinnu og gagnkvæmu trausti í öryggismálum Evrópu á viðkvæmu breytingaskeiði. 23 ríki taka nú þátt í þessu samstarfi, þar á meðal hin fyrrum hlutlausu ríki Svíþjóð og Finnland.

Við fögnum þeim árangri sem þegar hefur náðst í samskiptum Atlantshafsbandalagsríkja við Rússland. Varanlegur stöðugleiki og öryggi í Evrópu hlýtur að vera tálsýn ef ekki er tekið tillit til þessa stærsta ríkis álfunnar.

Alvarleg umræða um stækkun Atlantshafsbandalagsins er þegar hafin. Ekki er í raun lengur spurt um hvort heldur hvenær og þá hvaða ríki komi til álita. Sum samstarfsríkjanna eru betur undir það búin en önnur að takast á við þær skuldbindingar sem fylgja aðild. Jafnframt er ljóst að við einhvers konar neitunarvald Rússlands gegn aðild einstakra ríkja verður ekki unað enda verður því ekki haldið fram nema með hald-

bærum rökum að aðild nýrra lýðræðisríkja í Mið- og Austur-Evrópu að sameiginlegu öryggiskerfi Evrópuríkja ógni á nokkurn hátt öryggi Rússlands.

Skoða verður stækkun Atlantshafsbandalagsins með hliðsjón af þeirri öru og flóknu þróun sem á sér stað meðal Evrópusamtaka í dag. Í umræðunni um áhrif stækkunar Evrópusambandsins vill öryggispólitíski þátturinn því miður oft gleymast. Ný aðildarríki sambandsins vilja flest ef ekki öll ganga til liðs við Vestur-Evrópusambandið þar sem sameiginleg varnar- og öryggismálastefna ESB verður mótuð þegar fram líða stundir eins og Maastricht-samningurinn kveður á um. Þetta mun hafa grundvallaráhrif á Atlantshafsbandalagið þar sem Vestur-Evrópusambandinu er ætlað það hlutverk að verða Evrópustoðin í bandalaginu. Janúarfundur leiðtoga Atlantshafsbandalagsins lýsti yfir eindregnum stuðningi við þetta hlutverk Vestur-Evrópusambandsins.

Aukaaðild Íslands að Vestur-Evrópusambandinu gefur okkur vissan aðgang að þessum vettvangi þar sem við getum fylgst með mikilvægri umræðu sem augljóslega varðar öryggishagsmuni okkar.

Á vettvangi Evrópuráðsins beinist athyglin að miklu leyti að vandamálum sem varða styrkingu lýðræðislegra stjórnarhátta og varðveislu friðar í Austur-Evrópu. Mikilvægustu verkefnin á vettvangi Evrópuráðsins eru nú að ákveða hvort Rússlandi verði veitt aðild að ráðinu og að vinna að kerfisbundinni aðstoð við lýðræðisþróun í Austur-Evrópu þar á meðal í samstarfi við RÖSE. Nú nýverið hefur á vettvangi Evrópuráðsins verið gengið frá samningi um réttindi þjóðernisminnihluta sem ætlunin er að verði undirritaður á ráðherrafundi Evrópuráðsins 10. nóv. nk. Samningurinn er fyrsti alþjóðasamningurinn sem gerður hefur verið sérstaklega um réttindi þjóðernisminnihluta.

Ekki þarf að orðlengja hve mikilvægt tvíhliða varnarsamstarf okkar við Bandaríkjamenn hefur verið. Ásamt aðildinni að Atlantshafsbandalaginu hefur það verið undirstaða öryggis- og varnarstefnu okkar. Sú grundvallarstaða hefur ekki breyst. Það var því vissulega ánægjulegt að í upphafi þessa árs náðist samkomulag við Bandaríkjamenn um aðlögun varnarskuldbindinga að nýjum aðstæðum. Samkomulagið hefur að markmiði að tryggja Íslandi áfram virkar loftvarnir með minni viðbúnaði. Í bókun þeirri, sem við Perry, varnarmálaráðherra Bandaríkjanna, undirrituðum 4. janúar sl., eru fyrri skuldbindingar beggja aðila á grundvelli tvíhliða varnarsamningsins frá 1951 áréttaðar. Auk þess er kveðið á um nauðsyn náins samráðs, bæði tvíhliða og innan Atlantshafsbandalagsins eftir því sem þörf verður á frekari aðlögun bandalagsins að nýjum aðstæðum á sviði öryggismála.

Í ferð minni til Bandaríkjanna um síðustu mánaðamót áréttaði ég þá afstöðu íslenskra stjórnvalda að ekki verði dregið frekar úr þeirri varnargetu sem nú er í landinu því hún sé í lágmarki.

Virðulegi forseti. Við stofnun EFTA voru uppi þau sjónarmið að innan samtakanna mætti marka aðrar leiðir en þær sem mótaðar voru innan Evrópubandalagsins (EB). Við brotthvarf Bretlands úr EFTA varð ljóst að þungamiðja viðskiptasamstarfs í Evrópu hlyti að vera innan EB. EFTA varð í raun samstarfsvettvangur ríkja sem lögðust á eitt um að tryggja hagsmuni sína gagnvart Evrópubandalaginu, m.a. með fríverslunarsamningum við bandalagið. Þetta samstarf náði hápunkti með EES-samningunum sem jafnframt reyndist vera svanasöngur samtakanna. Samstarfið var orðið svo náið að fimm aðildarríki EFTA ákváðu að sækja um aðild að ESB og fjögur þeirra náðu samningum. Samningsniðurstöður hafa þegar verið staðfestar og samþykktar í þjóðaratkvæðagreiðslum í Austurríki og Finnlandi. Þótt ekki hafi enn verið greidd atkvæði í Noregi og Svíþjóð er ljóst að eftir næstu áramót verður EFTA naumast svipur hjá sjón.

Ef aðildarsamningar Noregs og Svíþjóðar verða samþykktir í þjóðaratkvæðagreiðslu verður framvegis ekki hægt að reiða sig á samráð og samstarf við önnur EFTA-ríki í samskiptum við Evrópusambandið. Þá verður Ísland í framtíðinni trúlega eitt á báti.

EFTA hefur sem stofnun skilað góðu dagsverki. En það er mat samstarfsþjóða okkar í þessum samtökum að þetta samstarfsform dugi ekki lengur. Til að tryggja viðvarandi árangur þurfi frekari fjölþjóðlegar skuldbindingar og nánara samstarf milli þjóða Evrópu.

Framkvæmd EES-samningsins hefur í stórum dráttum tekist vel þá níu mánuði sem samningurinn hefur verið í gildi. EES-samningurinn hefur ótvírætt sannað gildi sitt, enda eru áður háværar gagnrýnisraddir orðnar hjáróma. Við Íslendingar höfum þegar haft áþreifanlegan hagnað af EES-samningnum. Þjóðhagsstofnun metur það svo að skilaverð útflutnings til Evrópusambandsins verði ár 500–1.000 millj. kr. hærra en það hefði orðið ef EES-samningsins hefði ekki notið við. Aðalatriðið fyrir íslenskt atvinnulíf er að með EES-samningnum er Ísland orðið óaðskiljanlegur hluti hins alþjóðlega evrópska viðskiptaumhverfis. EES-samningurinn mun halda gildi sínu þrátt fyrir fyrirhugaðar breytingar á EFTA og Evrópusambandinu. Vilji samningsaðila til þess hefur verið margítrekaður við fulltrúa Íslands eftir að aðildarsamningar umsóknarríkja voru í höfn. EES-ráðið staðfesti þann vilja sinn á fundi sínum í maí sl.

Engu að síður er nauðsynlegt að finna hagkvæmt fyrirkomulag til að tryggja trausta framkvæmd samningsins varðandi eftirlit og lausn deilumála. Efnislegar breytingar á samningnum sjálfum ættu þó að vera óþarfar. Ísland hefur ítrekað óskað eftir að hefja þessar fyrirhuguðu viðræður við framkvæmdastjórn Evrópusambandsins. Viðbrögð Evrópusambandsins hafa hins vegar verið á þá leið að rétt væri að bíða niðurstöðu þjóðaratkvæðagreiðslunnar nú seinast í Noregi í lok nóvember og hefja að því loknu samningaviðræður um framkvæmdaatriði samningsins í framtíðinni.

Ekki verður horft fram hjá því að innganga EFTA-ríkjanna fjögurra í Evrópusambandið mun gerbreyta stöðu Íslands bæði á norrænum og evrópskum vettvangi. Segja má að brýnustu viðskiptahagsmunir Íslands séu tryggðir með EES-samningnum. En það verður á brattann að sækja þegar við stöndum ein eftir EFTA-megin. Ljóst má vera að samskiptin við Evr-

ópusambandið verða eftir sem áður langmikilvægustu viðfangsefni okkar í utanríkisviðskiptamálum hver svo sem endanleg stefna okkar verður hvað aðild að ESB varðar. Af því leiðir að finna verður lausn fyrir nánustu framtíð sem tryggi að íslensk stjórnsýsla verði efld til þess að geta upp á eigin spýtur greint, fylgst með og haft áhrif á, svo sem þess verður frekast kostur, gæslu íslenskra hagsmuna innan Evrópusambandsins nú þegar ekki verður lengur til að dreifa þeirri hagræðingu og þeim vinnusparnaði sem stofnanir EFTA og EES tryggðu íslenskum stjórnvöldum og við höfum ekki lengur stoð af stjórnkerfum EFTA-ríkjanna sem verða komin í Evrópusambandið.

Þær aðstæður, sem nú blasa við í Evrópu í kjölfar mestu breytinga sem átt hafa sér stað í álfunni frá lokum seinni heimsstyrjaldar, kalla óhjákvæmilega á endurmat utanríkisstefnu Evrópuríkja og hefur Ísland þar enga sérstöðu. Fyrr á þessu ári fól ríkisstjórnin stofnunum Háskóla Íslands að gera úttekt á því „hvaða þýðingu það hefur fyrir Ísland að standa utan Evrópusambandsins með hliðsjón af væntanlegri aðild annarra EFTA-ríkja" og „að gerast aðilar að Evrópusambandinu". Niðurstöður þessarar úttektar liggja nú fyrir að mestu leyti.

Í þeim kemur fram að almenn þróun alþjóðamála leiði óhjákvæmilega til þess að ríki heims verða í vaxandi mæli hvert öðru háðara. Á mörgum veigamiklum sviðum hafa ákvarðanir eins ríkis áhrif á önnur ríki, skuldbindandi alþjóðasamstarf eins og því er háttað innan Evrópusambandsins mun breyta valdsviði innlendra stjórnarstofnana. Það þrengir bæði og eykur valdsvið þeirra. Þá má lesa úr niðurstöðum skýrslnanna að standi Ísland eitt Norðurlanda utan Evrópusambandsins muni róðurinn þyngjast til muna og erfiðara verði en áður fyrir Ísland að gæta hagsmuna sinna. Við munum í sífellt minna mæli hafa aðstöðu til að hafa áhrif þar sem mikilsverðar ákvarðanir verða teknar sem varða íslenska hagsmuni, ekki aðeins varðandi viðskiptahagsmuni heldur einnig á öryggis- og varnarmál. Ef við stöndum utan sambandsins munum við vera fjarri vettvangi þegar mikilvægar ákvarðanir eru teknar varðandi grundvallarhagsmuni sem okkur geta varðað, ekki síst í sjávarútvegsmálum.

Í fyrrgreindum skýrslum eru tíundaðir margvíslegir kostir aðildar. Hins vegar verður ekki litið fram hjá þeirri staðreynd að óbreytt stefna Evrópusambandsins í fiskveiðimálum er hindrun sem ekki liggur enn ljóst fyrir hvernig leyst verður. Þjóðir sem byggja afkomu sína á auðlindum sjávar verða að fá öðruvísi samning en hinar sem engar slíkar auðlindir eiga. Þetta gildir einnig um norðlæga legu landsins.

Almenn niðurstaða í skýrslunum er sú að hag Íslands sé í framtíðinni betur borgið með en án aðildar að Evrópusambandinu. Breyttar forsendur í Evrópumálum kalli á endurmat á stöðu landsins.

Engan óraði fyrir þeim gífurlegu breytingum sem í vændum voru snemma árs 1989 þegar hafist var handa við að skipuleggja samstarf EFTA-ríkjanna og Evrópusambandsins í framtíðinni með samningnum um EES. Á tímum kalda stríðsins stóð hlutleysisstefna Svía og niðurnjörvuð utanríkisstefna Finna í skugga sovéska heimsveldisins aðild þessara ríkja fyrir þrifum. En nú eru breyttir tímar. Finnska þjóðin hefur með afgerandi hætti gefið til kynna hvar hún vilji skipa sér sess meðal þjóða. Flest bendir til að niðurstaðan í þjóðaratkvæðagreiðslu í Svíþjóð verði á sömu lund þótt meiri efasemda gæti varðandi Noreg. Umræða um framtíð Íslands í nýju evrópsku samhengi er því orðin tímabær. Þær spurningar sem við stöndum frammi fyrir í náinni framtíð eru ekki léttvægar. Getur Ísland eitt norrænna ríkja og e.t.v. eitt ríkja í Vestur- og Mið-Evrópu staðið til langframa utan við bandalag Evrópuríkja? Er það æskileg staða fyrir Íslendinga? Við skulum ekki gera lítið úr þeirri hættu á vaxandi einangrun sem kann að bíða okkar kjósum við að standa utan dyra.

Þessi nýja staða samræmist illa þeirri ímynd sem við höfum reynt að byggja upp undanfarna hálfa öld. Oft er því haldið fram að umsókn nú sé ótímabær. Evrópusambandið sé einfaldlega ekki tilbúið til að taka við fleiri aðildarríkjum fyrr en um eða jafnvel eftir næstu aldamót. Um þetta eru mjög skiptar skoðanir. Mitt mat er að biðin muni ekki skila okkur hagstæðari samningum en við ættum hugsanlega kost á í kjölfar aðildarsamninga við aðrar Norðurlanda- og EFTA-þjóðir.

Virðulegi forseti. Norræn samvinna hefur verið og er einn af hornsteinum íslenskrar utanríkisstefnu. Þetta samstarf við frændþjóðir okkar hefur verið okkur Íslendingum afar gagnlegt. Það er vilji okkar allra að hlúa að norrænu samstarfi í framtíðinni og styrkja það. Enginn vafi leikur á því að þessar þjóðir standa okkur næst að uppruna, menningu og þjóðfélagsgerð. Heimsókn hinna norrænu þjóðhöfðingja í sumar færði okkur enn einu sinni heim sanninn um þessi nánu tengsl.

Hins vegar er ljóst að forsendur eru að breytast, einnig hvað varðar Norðurlandasamvinnuna. Hún mun í vaxandi mæli taka mið af evrópskum forsendum. Ef Svíar og Norðmenn fylgja í fótspor Finna mun kjarni Norðurlandasamstarfsins framvegis fara fram innan Evrópusambandsins.

Samvinna hinna norrænu Evrópusambandsríkja eins og hún mundi snúa að okkur yrði að öllum líkindum þannig að einhverju þeirra yrði falið að upplýsa Íslendinga um það hvað til stæði að ræða innan Evrópusambandshópsins eða hvað ákveðið hefði verið á þeim vettvangi. Þetta yrði raunin á þeim fjölmörgu sviðum þar sem við höfum átt kost á þessu samstarfi á jafnréttisgrundvelli hingað til. Þetta þýðir ekki að forustumenn frændþjóða okkar vilji okkur ekki vel og muni ekki leggja sig fram um að miðla okkur því sem þeir geta. En við getum ekki búist við að verða annað en þiggjendur.

Virðulegi forseti. Ársins 1994 verður minnst sem sögulegs árs fyrir hið fjölþjóðlega viðskiptakerfi. Þann 15. apríl lauk eftir sjö ára vinnu umfangsmestu viðræðum um aukið frelsi í heimsviðskiptum sem átt hafa sér stað til þessa, hinum svokölluðu Úrúgvæ-viðræðum GATT. Þær fjölluðu ekki einungis um að opna markaði, lækka tolla og styrkja reglur GATT heldur voru einnig gerðir samningar um ný viðskiptasvið sem

höfðu ekki áður fallið undir hið almenna samkomulag um tolla og viðskipti. Þetta eru viðskipti með þjónustu og vernd hugverkaréttinda. Síðast en ekki síst fela niðurstöður viðræðnanna í sér stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunar sem mun mynda stofnanaramma utan um nýju samningana og endurbæta kerfið til lausnar deilumála.

Stefnt er að því að Alþjóðaviðskiptastofnunin taki til starfa um næstu áramót til að hafa umsjón með hinu nýja fjölþjóðlega viðskiptakerfi. Miðað við slakt efnahagsgengi í heiminum á undanförnum árum verður ekki komist að annarri niðurstöðu en að full þörf sé á þeim endurbættu reglum og stofnunum sem niðurstöður Úrúgvæ-viðræðnanna bera með sér. Ekki er síður þörf fyrir þann efnahagslega ávinning sem í samningnum felst. Almennt er talið að farsælar lyktir Úrúgvæ-viðræðnanna geti orðið það hreyfiafl sem til þarf að leiða heimsbyggðina úr þeirri efnahagslægð sem hún er nú stödd í. Skrifstofa GATT hefur áætlað að vegna aukinna viðskipta og minni samkeppnishindrana gætu heimstekjur árið 2005 numið rúmlega 500 milljörðum Bandaríkjadala umfram það sem verið hefði án þessarar niðurstöðu.

Á meðan ríki hafa ekki fullgilt samninginn um Alþjóðaviðskiptastofnunina hefur samningsniðurstöðunum verið líkt við óinnleysta ávísun. Till. til þál. um fullgildingu samningsins um stofnun viðskiptastofnunarinnar, sem nýlega var samþykkt í ríkisstjórn, verður bráðlega lögð fyrir Alþingi.

Þegar þessi orð eru töluð hafa 27 ríki þegar fullgilt samninginn um Alþjóðaviðskiptastofnunina. Þróun mála hjá helstu viðskiptarisum heims, Bandaríkjunum, Evrópusambandinu og Japan, gefur ekki ástæðu til að ætla annað en að þar verði samningurinn fullgiltur fyrir sett tímamörk. Allt bendir því til að hin nýja stofnun muni taka til starfa um næstu áramót þó svo að einhver ríki hafi ekki gengið frá fullgildingu af sinni hálfu. Munu þau ríki þá í raun standa fyrir utan hið nýja viðskiptakerfi með tilheyrandi réttaróvissu. Ísland, sem svo mjög er háð greiðum og öruggum milliríkjaviðskiptum, getur illa búið við slík skilyrði. Mikilvægt er að tryggja okkur hlutdeild í hinu nýja viðskiptakerfi í upphafi. Með þeim hætti er hagsmunum okkar best borgið. Tafir geta aðeins orðið til að rýra þann áþreifanlega ávinning sem í samningsniðurstöðunum felst.

Við höfum bæði beinan og óbeinan ávinning af niðurstöðum Úrúgvæ-viðræðnanna. Beinn ávinningur er ekki síst lægri tollar og afnám viðskiptahindrana fyrir sjávarafurðir og aðrar útflutningsvörur okkar. Óbeinn ávinningur mun sýna sig í auknu öryggi í viðskiptum og tekjuauka sem mun leiða til betra efnahags- og viðskiptaumhverfis fyrir Ísland sem önnur lönd.

Alþjóðaviðskiptastofnunin tryggir að staðið verði við þær skuldbindingar sem ríki tóku á sig í samningaviðræðunum og myndar jafnframt grundvöll fyrir frekari viðræður um aukið frjálsræði í heimsviðskiptum í framtíðinni.

Virðulegi forseti. Ástand mála í Júgóslavíu hefur verið mikið viðfangsefni Evrópuþjóða á undanförnum missirum og árum. Ég mun ekki víkja að því í ræðu minni en einungis vekja athygli hv. þm. á því að Ísland hefur samið um þátttöku í friðargæsluaðgerðum. Í Bosníu-Hersegovínu hafa starfað tveir íslenskir læknar og hjúkrunarfræðingur. Þetta er gert í samvinnu við Norðurlandaþjóðirnar og Norðmenn sérstaklega og stefnt er að því að áframhald verði á slíkri þátttöku Íslendinga.

Margt hefur gerst sem mikilvægt væri að ræða á sviði afvopnunarmála en því miður leyfir tími minn hér ekki að ég geri það og vísa ég þá til texta ræðu minnar sem hefur verið dreift til þingmanna.

Efling mannréttinda og virðing fyrir lýðræðislegum hefðum stuðlar að jafnvægi og friði í heiminum. Við höfum á undanförnum árum lagt aukna áherslu á þennan þátt. Þátttaka okkar í alþjóðlegu kosningaeftirliti hefur farið vaxandi. Ísland sendi fulltrúa til kosningaeftirlits vegna kosninga í Eritreu, Rússlandi, Suður-Afríku og nú nýlega til Mósambík. Sú reynsla sem fengist hefur á þessu sviði lofar góðu.

Nauðsynlegt er að Ísland uppfylli alþjóðlegar lágmarksskuldbindingar á sviði mannréttinda. Í þeim tilgangi mun utanrrn. innan tíðar gefa út upplýsingarit um Evrópuráðið. Einnig er unnið að gerð bókar um alþjóðleg mannréttindi. Á næstunni verður kynnt íslensk þýðing á Genfarsamningunum ásamt viðaukum þeirra um réttindi manna í ófriði en þetta rit hefur verið unnið í nánu samstarfi við Rauða kross Íslands.

Ég hef með tillöguflutningi í ríkisstjórn haft frumkvæði að því að að íslensk stjórnvöld mörkuðu sér heildarstefnu í málefnum flóttamanna. Nýlega samþykkti ríkisstjórnin tillögur sem unnar voru í samvinnu fulltrúa utanrrn. og dómsmrn. sem fela í sér heildarstefnumörkun og skipulag á málefnum flóttamanna. Stofnað hefur verið sérstakt flóttamannaráð undir formennsku félmrn. Þar munu einnig sitja fulltrúar utanrrn., menntmrn. og heilbrrn. Flóttamannaráð mun starfa í nánu samstarfi við Rauða kross Íslands sem mun áfram gegna lykilhlutverki við aðlögun flóttamanna. Einnig var ákveðið að lögin um eftirlit með útlendingum, nr. 45 frá 12. maí 1965, yrðu tekin til endurskoðunar.

Virðulegi forseti. Skipuð hefur verið sérstök undirbúningsnefnd til þess að halda upp á 50 ára afmæli hinna Sameinuðu þjóða á næsta ári. Liður í afmælisdagskrá Sameinuðu þjóðanna er fjórða alþjóðlega ráðstefna Sameinuðu þjóðanna um málefni kvenna sem haldin verður í Beijing í Kína 4.–15. september á næsta ári. Mikilvægt er að standa vel að undirbúningi ráðstefnunnar hérlendis. Í því augnamiði hefur verið ráðinn sérstakur framkvæmdastjóri ráðstefnunnar sem verður nefnd þeirri sem annast undirbúninginn til aðstoðar. Bætt staða kvenna í heiminum er undirstaða framþróunar, sérstaklega í þriðja heiminum þar sem ólæsi, fátækt og menntunarskortur kvenna er víða þrándur í götu bættra lífskjara.

Nýverið fór fram mannfjöldaráðstefna Sameinuðu þjóðanna í Kaíró og fram undan er félagsmálaráðstefna Sameinuðu þjóðanna í Kaupmannahöfn. Málefni þessara þriggja ráðstefna tengjast óneitanlega og

bæta má við umhverfisráðstefnunni í Ríó og mannréttindaráðstefnunni í Vínarborg. Niðurstaða allra þessara heimsráðstefna gæti verið á sama veg, þ.e. að stuðla að því að bæta stöðu kvenna og auka þátttöku þeirra í þróun og uppbyggingu hins félagslega umhverfis þeirra.

Virðulegi forseti. Á undanförnum árum hef ég lagt áherslu á að halda rekstrarkostnaði utanríkisþjónustunnar í skefjum þrátt fyrir ört vaxandi verkefni. Framlög til utanríkismála eru tæplega 1,3% af ríkisútgjöldum. Í fjárlagafrv. kemur fram að fjárveitingar til ráðuneytisins sjálfs hafa lækkað um 27,8% milli áranna 1991 og 1994, eða um 126 millj. kr.

Smáríki þurfa að kosta tiltölulega meiru til reksturs utanríkisþjónustu en aðrar þjóðir. Í samanburði við aðrar smáþjóðir er rekstrarkostnaður utanríkisþjónustu Íslands með því lægsta sem þekkist. Til samanburðar má nefna að útgjöld vegna utanríkisþjónustu Dana nema um 2,5% af heildarútgjöldum fjárlaga þar í landi og Lúxemborgar 4,5% af heildarniðurstöðum fjárlaga þar í landi.

Frá áramótum verður opnuð ný sendiskrifstofa í Beijing. Ég er þess fullviss að þessi ákvörðun er nauðsynleg til þess að efla viðskiptatengsl okkar í þessum heimshluta sem og pólitísk samskipti í Asíu.

Þá mun starfsmaður verða í fullu starfi í Strassborg til þess að sinna betur samskiptum okkar við Evrópuráðið og styðja við bakið á þeim sem mest hafa samskipti við þessi samtök. Þeirra á meðal eru fjölmargir þingmenn sem unnið hafa mikilvægt starf á þeim vettvangi. Þessi tilhögun mun ekki hækka rekstrarkostnað þegar á heildina er litið vegna samsvarandi fækkunar í París.

Ég hef vakið athygli á þremur þáttum sem nauðsynlegt er að taka á í kjölfar inngöngu annarra Norðurlandaþjóða í Erópusambandið. Nauðsynlegt er að fylgjast betur með því sem er að gerast í Evrópusambandinu og rækta samskiptin við sambandið á mörgum sviðum. Efla verður samskipti við einstök Evrópusambandslönd vegna þess að þar eru þær ákvarðanir mótaðar sem eru framkvæmdar í aðalstöðvunum í Brussel. Loks er þörf á því að leita fleiri bandamanna til þess að ná árangri í hagsmunabaráttu okkar Íslendinga á ýmsum sviðum og nefni ég þar ekki síst til sögunnar hafréttar- og hvalveiðimál.

Hin breytta staða í okkar alþjóðlegra umhverfi kallar á stöðugt endurmat á hlutverki utanríkisþjónustunnar.

Virðulegi forseti. Ég hef á þeim nauma tíma sem mér er til þess skammtaður gert grein fyrir nokkrum meginverkefnum sem við okkur Íslendingum blasa á sviði utanríkismála næstu missiri. Það grundvallarsjónarmið sem ég tel þörf á að hafa að leiðarljósi í þessum umræðum er að þátttöku Íslendinga sé hvarvetna þörf á þeim vettvangi þar sem fjallað er um hagsmunamál þjóðarinnar. Sú afstaða er í fullu samræmi við þær hefðir sem hin farsæla utanríkisstefna lýðveldisins hefur mótað og fest í sessi á lýðveldistímanum.

[11:07]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. utanrrh. fyrir skýrslu þessa. Það er mikil framför að fá tækifæri til að ræða hér utanríkismál tvisvar á hverjum vetri. Hins vegar vefst það dálítið fyrir mér og ég tel að það verði að líta á þessa skýrslu sem skýrslu ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar en ekki einhverja prívatræðu frá hæstv. utanrrh. Þó hvarflar það að manni við lestur skýrslunnar að hæstv. forsrh. mundi kannski ekki skrifa alveg upp á allt sem þar stendur en ég held að við komumst ekki hjá því að líta á það sem stefnu ríkisstjórnarinnar sem þarna birtist.

Ég byrja á að gera athugasemd við það hugarfar sem lýsir sér á bls. 1, með leyfi forseta. Þar segir:

„Sú grundvallarregla blasir við af reynslu sögunnar að raunverulegt sjálfstæði felst í þátttöku á þeim vettvangi þar sem um málin er fjallað og þar sem ákvarðanir eru teknar."

Ég held að þetta sé hættulegt hugarfar. Það er hættulegt að umgangast fullveldið með því hugarfari að því sé best borgið með því að fórna því.

Ég fagna því að það er breytt hljóð í ríkisstjórninni varðandi Smuguveiðarnar. Við munum það hvernig ríkisstjórnin dró lappirnar upphaflega en hún hefur greinilega lært að meta störf þeirra sem beittu sér fyrir Smuguveiðunum og hafa dregið björg í bú þarna norðan að. Það hefur orðið til þess að laga efnahagsástandið á Íslandi til verulegra muna. Nú er ríkisstjórnin farin að þakka sér þessa bót á efnahagsástandinu sem er fyrst og fremst að þakka þeim mönnum sem stóðu fyrir og fóru í Smuguna. Ríkisstjórnin er meira að segja farin að huga að rétti okkar við Svalbarða sem ég held að við þurfum að sameinast um að verja.

Við verðum auðvitað að leita samninga við Norðmenn. Norðmenn hafa ekki verið til viðtals en ég geri ráð fyrir því að norska ríkisstjórnin verði til viðtals undir áramótin eftir að þjóðaratkvæðagreiðslan er búin. Það hefur hist svo óheppilega á að ríkisstjórn Gro Harlem Brundtland hefur talið sig þurfa að halda uppi mjög harkalegri stefnu í þessu máli til að reyna að öðlast fylgi við sinn málflutning í byggðum Norður-Noregs. En þegar Norðmenn eru búnir að fella aðildarumsóknina í þjóðaratkvæðagreiðslu þá kann að vera, og ég tel eiginlega víst, að ríkisstjórn Noregs verði tilbúin til viðræðna. Við erum strandríki og höfum verið og eigum að vera áfram forusturíki í hafréttarmálum. Auðvitað þarf að semja við Norðmenn og Rússa og við eigum að taka virkan þátt í alþjóðasamstarfi um verndun og nýtingu hafsins en ég vil nota þetta tækifæri til þess að vara við mjög lítilþægum samningum þegar til samninga kemur við Norðmenn og Rússa. Við Íslendingar þurfum að standa á rétti okkar og afla okkur þess mesta réttar sem mögulegt er.

Ég hvet jafnframt til pólitískrar samstöðu um þetta mál og ég hygg að ég mæli fyrir munn stjórnarandstöðunnar allrar að við lærðum það í landhelgisdeilum fyrr á árum að samstaðan skilar okkur lengst. Ég tel að utanrmn. þurfi að koma í ríkari mæli að þessu máli og ég tel að samvinna milli allra stjórnmálaflokka á Al-

þingi sé nauðsynleg í málinu til þess að þjóðareining geti orðið um það.

Ég tel að það komi til greina að setja lög um veiðar íslenskra skipa utan lögsögunnar. Varðandi útflögguðu skipin, sem eru ákveðið vandamál í þessu sambandi, þá átta ég mig ekki fyllilega á því hvað það er sem hindrar að skip í eigu Íslendinga séu sett undir íslenskan fána. Hér var breytt lögum í fyrravor í því skyni að koma þessum skipum undir íslenskan fána. Ég var mikill hvatamaður að því en mér finnst það ákaflega óskynsamlegt hjá útgerðum þessara skipa að vinda ekki bráðan bug að því að koma þeim undir íslenskan fána. Einhver þeirra hafa notað þetta tækifæri en ekki nærri öll, því miður.

Varðandi hvalamálið þá er það ákaflega vandasamt og ég held að við verðum að viðurkenna það að NAMMCO dugir okkur ekki sem baráttutæki í þeirri viðureign. Ég held að við komumst ekki hjá því að hugleiða a.m.k. inngöngu í Alþjóðahvalveiðiráðið með skýrum fyrirvörum. Hluti utanrmn. átti í fyrravor mjög athyglisverðar og fróðlegar viðræður í Washington við ráðamenn þar og sérfræðinga. Eftir þau samtöl finnst mér að það þurfi að huga að því með markvissari hætti hvort við verðum ekki að taka það skref að ganga í Alþjóðahvalveiðiráðið aftur.

Varðandi mengun hafsins þá stöndum við frammi fyrir verulegri hættu af mengun frá kjarnorkuendurvinnslustöðvunum í Sellafield og Dounreay. Íslenska þingmannanefndin hjá EFTA og sameiginleg nefnd Evrópska efnahagssvæðisins og ESB hefur tekið þetta mál upp með fulltingi Norðmanna. Við höfum ekki fengið nein svör við þeim fyrirspurnum sem við höfum lagt fram og ég hef á tilfinningunni að lítið verði á okkur hlustað.

Ég sá á sínum tíma ekki tilganginn í því að Ísland gerðist aukaaðili að hernaðararmi ESB, þ.e. Vestur-Evrópusambandinu. Nú virðist þessi aukaaðild ekki duga lengur, samanber það sem hæstv. utanrrh. segir á síðu 7, með leyfi forseta:

„Aukaaðild að Vestur-Evrópusambandinu verður þá ekki nóg til þess að við getum tryggt hagsmuni okkar á þessu sviði."

Meginefni þessarar skýrslu eru samskipti við Evrópu. Við háðum hér allsnarpar deilur um EES-samninginn og ég vil nota þetta tækifæri til að lýsa því yfir að skoðun mín á því máli hefur ekki breyst. Ég tel að EES-samningurinn hafi verið of dýru verði keyptur. Hann var markvisst skref inn í Evrópusambandið. Í honum fólst hættulegt fullveldisafsal og þar fyrir utan var hann að mínu mati stjórnarskrárbrot. En það breytir ekki því að við getum ekki skrúfað klukkuna til baka. Við verðum að lifa við orðinn hlut og aðlaga okkur að þeim aðstæðum sem búið er að koma okkur í og það er ekki aðgengilegt að fara að segja þessum samningi upp. Við verðum að reyna að fá honum breytt og til hagsbóta fyrir okkur, endurheimta eftir því sem við getum það fullveldi sem við afsöluðum okkur og reyna að gera hann að tvíhliða samningi við Evrópusambandið. Það er mikill misskilningur sem kemur iðulega fram í máli hæstv. utanrrh. þar sem hann telur að við sem vorum á móti samningnum um Evrópskt efnahagssvæði séum orðnir strangir fylgjendur hans. Það kannast ég ekki við, a.m.k. ekki í Framsfl.

Það sést ekki á þessari ræðu hæstv. utanrrh. að hann muni eftir stefnumörkun Alþingis frá 5. maí 1993 þar sem ríkisstjórninni var einróma og skýlaust falið af Alþingi að hefja undirbúning að tvíhliða samningsgerð við Evrópusambandið.

Raunar er framganga hæstv. utanrrh. í þessum Evrópumálum með þeim hætti að ég skil afar vel ummæli hæstv. forsrh. sem margsinnis hefur verið vitnað til á Alþingi, þ.e. vantraust það sem hæstv. forsrh. hefur lýst á hæstv. utanrrh.: Þeim mönnum er ekki treystandi til að fara með samningsumboð fyrir Ísland í viðkvæmum milliríkjasamningum sem láta það eftir sér að telja sjávarútvegssamning Noregs góðan fyrir Noreg.

Ríkisstjórnin hefur því miður brugðist skyldu sinni að undirbúa áramótin, þ.e. þegar fækkar í EFTA. Það er allt í óvissu með tolla á síld og humri. Það má reyndar líka bæta því við að okkur er afar nauðsynlegt að fá niðurfellingu eða lækkun tolla á útflutningi hrossa sem er orðinn veigamikill þáttur í útflutningi okkar. Það hefur alveg gleymst. Hæstv. utanrrh. man ekkert eftir því að Íslendingar flytji út hross og því máli hefur ekkert verið sinnt af hálfu stjórnvalda.

Ég sagði áðan að mér fyndist meginefni þessarar skýrslu vera Evrópusambandsaðildin og því spyr ég aftur: Er það stefna ríkisstjórnarinnar sem felst í þessari skýrslu? Hefur hæstv. forsrh. breytt um stefnu? Hefur hæstv. forsrh. samþykkt þann málflutning sem kemur fram varðandi Evrópusamvinnuna?

Ég þarf ekki að taka það fram, og ég vona að öllum sé það ljóst, að Framsfl. er eindregið andvígur aðild Íslands að Evrópusambandinu. Ég tel að það væri ógæfa fyrir íslenska þjóð og tilræði við framtíð þjóðarinnar. Jafnvel þó að hæstv. ríkisstjórn sé ekki orðin upp á marga fiska þá vil ég miklu heldur láta hana stjórna Íslandi en að láta stjórna því frá Brussel. Ég tel að það sé lærdómsríkt fyrir okkur þegar við hugleiðum framtíðina að líta til örlaga Nýfundnalands. Þar hættu menn að ráða sínum málum sjálfir, gerðust aðilar að stórveldi eða stórríki og nú er svo komið að þeir eru orðnir þurfamenn í eigin landi. Það var ekki hægt að reka þetta um árabil nema sem verstöð eins og gert var á tímabili því fiskimiðin voru eyðilögð. Sömu eða svipuð örlög gætu beðið Íslendinga.

Nú berjast Norðmenn um hvort þeir eigi að gerast aðilar að Evrópusambandinu. Norska ríkisstjórnin svífst einskis, bókstaflega einskis til að reyna að þröngva Norðmönnum inn í Evrópusambandið og leitar þar víða fanga. M.a. er leitt fram sannleiksvitni frá Íslandi, hæstv. utanrrh., í þá kosningabaráttu. Þrátt fyrir allar þessar aðfarir í Noregi hef ég trú á því að meiri hluti norsku þjóðarinnar komi til með að segja nei. Norðmenn eru dálítið vanir svona átökum því 1972 háðu þeir grimma þjóðaratkvæðagreiðslu þar sem þeir felldu aðild að Evrópubandalaginu. Í kosningabaráttunni 1972 héldu fylgismenn aðildar því fram að í Noregi yrði allt í kaldakoli innan örfárra ára ef Noregur gerðist ekki aðili að Evrópubandalaginu eða Efnahagsbandalaginu

eins og það hét þá. Reynslan hefur reyndar orðið önnur og Norðmönnum hefur vegnað bara býsna vel undanfarna tvo áratugi.

Á Íslandi er komin í gang mikil áróðursherferð fyrir inngöngu Íslands í Evrópusambandið. Ég skildi það aldrei þegar hæstv. ríkisstjórn fór að panta skýrslur úr háskólanum af einhverjum ástæðum, einhverja úttekt frá deildum háskólans um hver yrðu áhrif aðildar Íslands að Evrópusambandinu. Auðvitað hafði hæstv. ríkisstjórn svarið fyrir sér þá þegar. Söngurinn úr háskólanum frá einstökum talsmönnum Evrópusambandsaðildar þar hefur hljómað um árabil og þeir hafa skipað sér í fararbrodd áköfustu áróðursmanna meðal Íslendinga fyrir aðild að Evrópusambandinu. Þeir hafa verið að senda frá sér skýrslur undanfarið. Það stendur að vísu enn í Lagastofnun Háskólans að fullyrða það að fullveldinu sé best borgið með því að ganga í Evrópusambandið og ég á ekki von á því að hún eigi eftir að koma fram með þeim hætti sem hæstv. utanrrh. vildi helst að hún væri. Þessar skýrslur hafa komið hver um aðra þvera. Fréttamenn hafa gripið þær og túlkað með sínum hætti, reyndar oftúlkað sumar þeirra, t.d. skýrslu Félagsvísindastofnunar. En sumar hafa verið með þeim hætti að þær hafa verið notaðar í þessu áróðursstríði og það hefur verið hægt að nota þær í þessu áróðursstríði ef þær eru lesnar með því hugarfari að trúa því sem þar stendur.

Í sérflokki er skýrsla Hagfræðistofnunar. Því er haldið þar fram að verðlag innlendra búvara muni lækka um 5,5 milljarða króna við inngöngu í ESB. Á móti fái bændur 4–7 milljarða í styrki frá ESB og ríkinu. Nú er það svo að framlög frá ESB eru yfirleitt háð mótframlagi, þ.e. 50% mótframlagi frá viðkomandi ríkissjóði. Allar fullyrðingar um upphæð styrkja verður að meta út frá getu og þó sérstaklega vilja íslenskra stjórnvalda til að veita slík mótframlög.

Samkvæmt skýrslunni á matarreikningur þjóðarinnar að lækka um 35–40%. Þá er tekið fram að greiðsla ríkisins til sameiginlegra sjóða ESB nemi 5 milljörðum. Tekna á móti þessum útgjöldum á m.a. að afla með innflutningsgjöldum, m.a. af innfluttum landbúnaðarvörum sem hljóta þá að hækka samsvarandi og skattahækkun yrði væntanlega að koma til til að taka á móti hinum hlutanum. Það gefur auga leið að ávinningur neytenda hlýtur að rýrna sem því nemur.

Það er engin tilraun gerð í þessari skýrslu til að meta áhrif af inngöngu í ESB á atvinnustigið og aukinn kostnað af atvinnuleysisbótum. Skýrslan er þýdd að mestu og staðfærð klaufalega samkvæmt upplýsingum frá Noregi eða úr áróðursplöggum norsku ríkisstjórnarinnar. Það er engin tilraun gerð til þess að leggja eitthvert sjálfstætt mat á þetta mál og langlíklegast að fyrir okkur færi eins og Finnum, þ.e. þar stendur landbúnaðurinn frammi fyrir því að 30–50% af finnskum landbúnaði leggist af.

Einn af höfundunum eða kannski aðalforsvarsmaðurinn fyrir þessum gerningi, þessari afar óvönduðu skýrslu, kemur svo í sjónvarpið 14. okt. og segir þar orðrétt, með leyfi forseta, það er Þórólfur Matthíasson:

„Við gætum einfaldlega lækkað tollana sjálf og heimilað innflutning á þessum varningi og þá mundu neytendur fá þetta allt saman ókeypis, liggur mér við að segja."

Er þetta nú ekki nokkuð mikið sagt? Er þetta nú ekki nokkuð mikið tekið upp í sig í þessu sambandi?Það er ekki mikið mark takandi á svona vinnuaðferðum. Niðurstaðan er gefin fyrir fram og síðan er reynt að búa til einhver rök sem gætu leitt til þeirrar niðurstöðu sem þegar var búið að ákveða að sett yrði í gang.

Það er talað um einangrun Íslands á alþjóðavettvangi ef við stöndum utan við Evrópusambandið. Ég held að menn geri allt of mikið úr því að við höfum einhver áhrif að marki innan þeirra stofnana sem þar tilheyra. Við hefðum að sjálfsögðu leyfi til að segja já, en hvað er það kaupandi dýru verði? Mér fannst hæstv. sjútvrh. komast vel að orði þegar hann sagði nýlega að atkvæðisrétt í stofnunum Evrópusambandsins mætti ekki kaupa fyrir yfirráð yfir auðlindunum. Ég er honum hjartanlega sammála í því efni.

Það hefur mikil áróðursvél verið sett í gang hér á landi fyrir inngöngu í Evrópusambandið. Fáeinir menn í háskólanum stjórna henni og svo er nú gengið okkar úti í Brussel og síðast en ekki síst hefur fréttamannagengið gengið í málið. Fréttastofa sjónvarpsins er náttúrlega alveg í sérflokki í þessu efni. Stöð 2 og Bylgjan taka undir og fréttastofa Ríkisútvarpsins reyndar líka. Fréttastofa sjónvarpsins hefur harðasta og snjallasta baráttumann fyrir inngöngu Íslands í ESB, með fullri virðingu fyrir hæstv. utanrrh., staðsettan úti í Brussel. Það an dælir hann áróðursfréttum. Hver kannast ekki við klisju eins og þessa: „Haft er eftir háttsettum embættismanni í Brussel" o.s.frv. o.s.frv.?

Það er reyndar umhugsunarefni hver stefna Ríkisútvarpsins er í pólitík. Tveir pistlahöfundar, Illugi Jökulsson og Hannes Hólmsteinn Gissurarson, eru reknir fyrir ósögð orð, fyrir það sem þeir komi kannski til með að segja þannig að í hápólitískasta máli, sem hefur borið að höndum í 50 ára sögu lýðveldisins, er fréttaflutningurinn með þessum hætti.

Ég hef í höndum úttekt á fréttaflutningi ljósvakamiðlanna í júlímánuði um Evrópumálefni. Það eru samtals 103 fréttir sem fjalla um Evrópumálefni í ljósvakamiðlunum í júlímánuði. 100 af þeim voru hvetjandi til inngöngu í Evrópusambandið, einungis þrjár voru letjandi. Ég hef ekki látið athuga þetta í ágúst eða september en mun gera það og reyndar október þegar hann er liðinn en ég hygg að niðurstaðan sé eitthvað svipuð.

Það að reka menn fyrir ósögð orð minnir mig á söguna sem gerðist fyrir mörgum árum þegar maður nokkur var tekinn og ákærður um brugg. Hann hafði í fórum sínum tæki að því er sýslumaður taldi sem gætu nýst við brugg en enginn landinn fannst. Maðurinn þrætti og neitaði og sagðist ekkert brugga, en sýslumaður sagði að hann hefði tækin til þess og vildi sakfella hann. Maðurinn spurði: Ætlarðu þá ekki að kæra mig fyrir nauðgun? Hvers vegna það? spurði sýslumaður. Ja, ég hef líka tæki til þess. Það er orðið svip-

að, ástandið hjá Ríkisútvarpinu.

Það er reyndar ekki furða þó að skoðanakannanir sýni að almenningur sé orðinn dálítið ruglaður í ríminu þegar dælt er yfir hann fréttaflutningi með þessum hætti. En stefna Framsfl. í málinu er skýr. Við viljum ekki ganga í Evrópusambandið. EFTA er enn þá með lífsmarki og ég held að við eigum ekki að standa fyrir þeirri útför að sinni. Það er undarlegt þegar hæstv. utanrrh. talar um norræna samvinnu nú á dögum. Mér verður hugsað 4–5 ár aftur í tímann. Þá hafði hann ekki sama álit á norrænni samvinnu eins og kemur fram núna í þessari skýrslu, en batnandi manni er best að lifa.

Það er ekki tími hér til að fjölyrða um GATT-samningana. Hagsmunir landbúnaðarins voru þar algerlega fyrir borð bornir. Ríkisstjórnin getur að vísu haft vald á málinu en ríkisstjórnin getur jafnframt ef hún vill galopnað fyrir innflutningi búvara og það er rétt að menn hafi það í huga þegar þeir ganga að kjörborði.

Það væri freistandi að ræða málefni utanríkisþjónustunnar og meðferð hæstv. utanrrh. á þeim málaflokki og á utanríkisþjónustunni en það væri efni í sérstaka umræðu, starfsmannastefna hæstv. utanrrh. og embættaveitingar hans. Nú hef ég í sjálfu sér ekkert á móti alþýðuflokksmönnum, ekki heldur fyrrv. alþýðubandalagsmönnum sem skyndilega eru orðnir alþýðuflokksmenn. En Alþfl. er nú þrátt fyrir það ekki stór flokkur og það er ekki einboðið að hæfustu menn þjóðarinnar til að gegna störfum í utanríkisþjónustunni séu allir fylgismenn Alþfl. og þess vegna skaðar það utanríkisþjónustuna til frambúðar að binda nýráðningar um árabil eingöngu eða svo til eingöngu við stuðningsmenn Alþfl. En hitt er svo annað mál að þeir eru sjálfsagt viljugir að reka erindi hæstv. utanrrh., bæði erlendis og þó sérstaklega hérlendis þar sem sumir þeirra hafa beitt sér ansi snarplega.

Frú forseti. Ég ætla að láta þetta duga í bili.

[11:34]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Utanrrn. er það ráðuneyti þar sem umhyggjan fyrir forminu á að vera í hávegum höfð. Þess vegna ber nú að harma það enn á ný, hæstv. utanrrh., að flutningur þessarar skýrslu annað árið í röð er með þeim hætti að umræðan er sett í vanda. Hæstv. utanrrh. tók upp þá nýbreytni í fyrra að flytja skýrslu sína munnlega í stað þess að dreifa ítarlegri, prentaðri skýrslu sem þingskjali nokkru fyrir umræðuna. Það vandamál var hér í fyrra að ræðan varð allnokkru lengri í hinni fjölrituðu útgáfu sem við fengum á okkar borð en sú ræða sem flutt var. Hin fjölritaða ræða er hins vegar ekki til í þingtíðindum og þess vegna ekki til sem grundvöllur umfjöllunar á Alþingi og við sem um mál hæstv. utanrrh. eigum að fjalla vorum sett í þann vanda, áttum við að tala um þann hluta ræðunnar sem lá fjölritaður á borðum en var ekki til í þingtíðindum eða eingöngu það sem sagt var í ræðustólnum? Samkvæmt hefð og formum þingsins ber okkur að fjalla nær eingöngu um það sem sagt var í ræðustólnum.

Það var lögð á það rík áhersla í utanrmn. að nú gætti hæstv. utanrrh. og ráðuneytið þess að samræmi, algert samræmi væri milli þess texta sem dreift væri til þingmanna og þess texta sem ráðherra flytti. Það dugir ekki fyrir ráðherrann að vísa í ræðu sína sem, eins og hann sagði hér áðan, hefði verið dreift til þingmanna því að hún er ekki til sem þingskjal, hæstv. ráðherra. Hún mun hvergi birtast með þingtíðindum og er eingöngu til sem fjölritað plagg á borðum þingmanna. Satt að segja er það furðulegt að hæstv. utanrrh. og ráðuneyti skuli ekki geta leyst svona einfalt verkefni eins og að fella texta að 30 mínútna flutningi vegna þess að hæstv. forsrh. hefur tekist þetta ár eftir ár og fyrirrennurum hans. Forsrn. hefur getað gert þetta með stefnuræðu forsrh. aftur og aftur, en enn á ný setur hæstv. utanrrh. okkur í þann vanda, eigum við að fjalla um það sem við fengum í hendur en ekki var flutt eða það sem eingöngu var flutt?

Auðvitað er það þannig að sumt af því sem hæstv. ráðherra sleppti var til bóta að hann sleppti. Þess vegna kannski pínulítill stráksskapur að vera að vitna í þann texta sem við fengum í hendur vegna þess að ráðherrann kaus að sleppa því. Það á t.d. við setningar í kaflanum um afvopnunarmál sem er satt að segja þannig að það er mjög vandræðalegt fyrir utanrrn. og hæstv. ráðherra að hafa sent það hér til þingmanna og sýnir satt að segja slíka vanþekkingu í ráðuneytinu og slíka brotalöm í meðferð svo alvarlegs máls eins og skýrslu utanrrh. að það sætir mikilli undrun. Það segir hér neðst á bls. 14 í kaflanum um afvopnunarmál í hinni fjölrituðu útgáfu sem við fengum í hendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Væntanlega hefjast samningaviðræður um allsherjarbann við tilraunum með kjarnavopn á þessum vetri."

Þessar viðræður, hæstv. utanrrh., hófust í janúarmánuði sl. Þær hafa staðið nú í um það bil 10 mánuði og hefur satt að segja miðað nokkuð vel þannig að fyrir liggur samningstexti sem vinnuplagg í Genf sem ríkin eru nú að vinna eftir og framhald þessara viðræðna verður nú í nóvembermánuði og í desembermánuði. Þetta eru viðamestu viðræðurnar sem fara fram á alþjóðavettvangi um afvopnunarmál. Það voru talin stór tíðindi á alþjóðlegum vettvangi þegar þessar viðræður hófust í janúarmánuði vegna þess að síðan 1980 hafði ekki tekist að koma slíkum viðræðum í gang. Þetta var eitt af veigamestu atriðunum sem nýr forseti í Bandaríkjunum, Clinton forseti, beitti sér fyrir til breytinga á stefnu Bandaríkjanna í afvopnunarmálum. En engu að síður er utanrrn. á Íslandi svo illa upplýst að það setur í skýrslu sem ráðherranum er ætlað að flytja hér orðrétt í ræðustól og dreift er til okkar þingmanna að þessar viðræður hefjist væntanlega á þessum vetri. Þetta er satt að segja með þeim hætti að mann undrar. Hvað er eiginlega að gerast í utanrrn. og hvert er þekkingarstig hæstv. ráðherra? Hann hefur væntanlega lesið yfir eintakið af ræðunni sem hann lét senda þingmönnum. Vissi hæstv. ráðherra ekki betur en svo að hann stoppaði ekki við þessa setningu og lét taka hana út? Var hæstv. ráðherra ekki einu sinni kunnugt um það að þessar viðræður eru búnar að

standa síðan í janúarmánuði? Eða er það virkilega þannig að hugarheimur og þekkingarheimur ráðherrans og ráðuneytisins einskorðaðst bara við þetta eilífa hringsól ráðherrans um Evrópusambandið og EFTA? Ég vil spyrja hæstv. ráðherra þó að hann hafi ekki flutt þennan texta hér: Hver er skýringin á því að utanrrn. sendi svona vitleysu í svona mikilvægu atriði? Væri þetta eitthvert smámál, þá gæti ég skilið það. En þetta eru einu viðræðurnar í afvopnunarmálum sem fara fram um þessar mundir. Þetta er helsta viðfangsefni „Conference on Disarmament" í Genf og eru talin ein mestu tíðindi ársins 1994 á sviði afvopnunarmála og fela í sér veigamestu breytinguna sem Clinton Bandaríkjaforseti flutti með sér inn í Hvíta húsið. Auðvitað er gott að ráðherrann sleppti þessu hér í flutningi, þ.e. kaflanum eiginlega öllum. En það vekur auðvitað upp spurningar um það hvernig afvopnunarmálum sé sinnt í ráðuneytinu og vegna þess að Ísland er nú aðildarríki að Atlantshafsbandalaginu og hefur varnarsamning við Bandaríkin þá er það mjög alvarleg brotalöm í ráðuneytinu og hjá ráðherranum sjálfum, í þekkingarheimi hans, að slík hrópleg vanþekking á atburðum á sviði afvopnunarmála skuli afhjúpast svona berlega eins og gerðist í þessari ræðu ráðherrans.

Virðulegi forseti. Hæstv. ráðherra kaus að ræða hér skýrslur háskólans um aðild Íslands að Evrópusambandinu. Ég er satt að segja undrandi á því að ráðherrann skuli kjósa að taka þær til umfjöllunar með þessum hætti. Hvers vegna er ég undrandi á því? Vegna þess, hæstv. ráðherra, að utanrrn. hefur kosið að gera þessar skýrslur enn sem komið er að leyniplöggum. Þær hafa ekki verið birtar. Við nefndarmenn í utanrmn. höfum fengið þessar skýrslur sem trúnaðarmál. Þær eru rækilega merktar trúnaðarmál sem er að vísu kafli út af fyrir sig. En hvernig leyfir ráðherrann sér að fara að gera að forsendu ályktana sinna hér í ræðu og veigamiklu umfjöllunaratriði skýrslur sem hann hefur knúið þingmenn til að þegja um, sem hans ráðuneyti hefur knúið þingmenn til að þegja um, því að okkur hafa verið afhentar þessar skýrslur sem trúnaðarmál? Og við sem sitjum í utanrmn. höfum ávallt virt þá trúnaðarkvöð sem lögð er á plögg sem við fáum afhent í nefndinni, hvort sem okkur líkar það betur eða verr. Þess vegna m.a. hef hvorki ég né ýmsir aðrir fjallað um þessar skýrslur. Ég fékk t.d. fyrirspurn frá dagblaði í síðustu viku um álit mitt á einni af þessum skýrslum. Ég baðst undan að svara þeirri fyrirspurn vegna þess að mér höfðu verið afhentar þessar skýrslur sem trúnaðarmál og fyrr en þeirri trúnaðarkvöð hefði verið aflétt teldi ég mig ekki bæran til þess að fjalla um það á opinberum vettvangi.

Þetta er enn eitt dæmið um vinnubrögðin af hálfu ráðuneytisins og ráðherrans sjálfs þar sem fyrst og fremst er hugsað um áróður, fyrst og fremst er hugsað eins og málflutningsmeistari sem er í krossferð en ekki eins og faglegur utanrrh. sem á að virða þær leikreglur í samskiptum við utanrmn. og þjóðþingið sem eðlilegt er að virða. Ég vil þess vegna spyrja hæstv. ráðherra: Af hverju er trúnaðarkvöð á þessum skýrslum? Af hverju er það? Hver er skýringin á því að okkur í utanrmn. er bannað að fjalla um þessar skýrslur opinbera, vegna þess að þær eru enn þá merktar trúnaðarmál gagnvart okkur? Því tel ég í raun og veru ekki hægt fyrir þingið að fara að fjalla um þessar skýrslur hér þó að ráðherrann geri þær að mikilli uppistöðu í sínu máli vegna þess að hann og hans ráðuneyti hafa búið til þessar leikreglur sem eru móðgun við lýðræðislega umfjöllun og þetta sýnir einfaldlega að ráðherrann veit að þessar skýrslur eru veikar sem stuðningsgagn við hans málstað. Því ráðherra sem hefði talið skýrslurnar sterkar hefði auðvitað látið birta þær, hann hefði dreift þeim til þingheims, en ekki lagt þær fram sem leyndarmál í utanrmn.

Hvers vegna segi ég að þessar skýrslur séu veikar? Þær eru veikar vegna þess, hæstv. ráðherra, að mjög skortir á um það að fagleg vinnubrögð séu viðhöfð við gerð þessara skýrslna. Sem fyrrverandi prófessor við Háskóla Íslands, sem stofnandi félagsvísindadeildar og kennari þar um áraraðir, sem prófdómari og leiðbeinandi á fyrri stigum í námi ýmissa þeirra manna sem unnu þessa skýrslu, þá treysti ég mér fullkomlega til þess að hafa á þeim faglegt álit.

Í félagsvísindum víða um heim er gerður skýr greinarmunur á því sem eru vísindalegar greinargerðir, á ensku yfirleitt nefnt scientific papers, og þess sem eru skoðanamyndandi álitsgerðir, á ensku er það nefnt position papers. Það er auðvitað algengt að ýmsar stofnanir víða um heim og stundum einnig fræðimenn við háskóla taki að sér það verkefni að semja stefnulegar álitsgerðir eða position papers. En það er viðurkennd vinnuregla alls staðar þar sem háskólar taka sig alvarlega og þar sem siðmenntuð umræða fer fram að rugla slíku ekki saman við fræðileg verk.

Ég vil vekja athygli hæstv. ráðherra á því að í nýlegu fréttabréfi Háskóla Íslands kemur fram mjög alvarleg gagnrýni frá fyrrverandi ritstjóra fréttabréfs Háskóla Íslands á vinnubrögð háskólans við þessa skýrslugerð. Svo alvarlegt er málið talið innan háskólans að meðal fremsta efnis í nýlegu fréttabréfi er slík gagnrýni. Þar er því mótmælt að skýrslurnar séu unnar og gefnar út í nafni háskólans eða stofnana sem þar starfa. Þar er bent á að þeir einstaklingar sem verkið vinna eigi að gera það undir eigin nafni. Þess vegna er það þannig, virðulegi ráðherra, að það er ekki hægt að hefja hér umræðu á Alþingi með tilvísun til þessara skýrsla. Áður en það gerist verður að opna skýrslurnar, létta af þeim leyndarkvöðinni og leyfa þannig að í farveg geti fallið sú fræðilega gagnrýni og faglega gagnrýni sem satt að segja er allt of auðvelt og allt of létt verk að setja fram á þessa skýrslu. Ég er reyndar þeirrar skoðunar, sem fyrrverandi prófessor við Háskóla Íslands, sem starfsmaður við skóla sem nokkuð er annt um heiður félagsvísindadeildar Háskóla Íslands, að það væri best að þessar skýrslur gleymdust. Það væri best. Það væri ekki gott fyrir orðstír þeirra fræðimanna sem þar vinna eða stofnunarinnar að þessar skýrslur lifi sem vitnisburður ruglandans á milli álitsgerða og fræðilegra verka.

Í þriðja lagi, virðulegi forseti, vil ég víkja að því sama og hv. þm. Páll Pétursson gerði hér, að þessi

ræða utanrrh. er satt að segja afar sérkennileg í ljósi þeirra yfirlýsinga hæstv. forsrh., að þótt Jón Baldvin Hannibalsson, formaður Alþfl., hafi ákveðnar skoðanir á aðild Íslands að Evrópusambandinu þá hafi Jón Baldvin Hannibalsson, formaður Alþfl., ekki látið þær skoðanir hafa áhrif á það sem hann segir sem utanrrh. Íslands. Ég hef satt að segja kosið að treysta þessum orðum forsrh. því að það nær auðvitað ekki nokkurri átt að maður sem fer með embætti utanrrh. Íslands sé að beita því embætti þvert á ríkjandi stefnu Alþingis eða ríkjandi stefnu eigin ríkisstjórnar. Það er hins vegar alveg ljóst að þessi ræða utanrrh. er yfirfull af persónulegu mati Jóns Baldvins Hannibalssonar, formanns Alþfl., á stefnu Íslands gagnvart Evrópusambandinu. Setning eftir setningu í þessari ræðu byggist á þeirri sérstöku skoðun sem hann hefur, skoðun sem er minnihlutaskoðun hér á Alþingi samkvæmt ályktunum Alþingis og er líka minnihlutaskoðun innan ríkisstjórnar. Þess vegna væri full ástæða, ef maður tæki utanrrh. alvarlega, að kalla forsrh. hér til og ræða þetta mál við hann. En það er alvarlegt umhugsunarefni fyrir hæstv. utanrrh., um stöðu hans í íslenskum stjórnmálum, að við hirðum ekki einu sinni um það að kalla á forsrh. til þess að ræða þennan þátt. Svo fjarstæðukennt og út í hött er það erindi sem ráðherrann leyfir sér að fara með hér í embættisnafni utanrrh. Íslands að það dettur dautt um sjálft sig. Það er bara enn einn áróðurstextinn sem Jón Baldvin Hannibalsson er að flytja, enn ein staðfestingin á því að honum er ekki treystandi til að fara með þessi mál, vegna þess að hann kann ekki hið einfalda að gera greinarmun á sínum eigin skoðunum og því sem honum ber að fara með sem utanrrh. Íslands. Og af því að hin pólitíska léttavigt í utanrrh. er orðin slík þá er forsrh. ekkert kallaður hérna til. Þess vegna er það þannig að ýmsir þjóðkunnir andstæðingar utanrrh. í afstöðunni til Evrópusambandsins hirða ekki einu sinni um að vera í þessari umræðu vegna þess að það tekur því ekkert að vera að deila við Jón Baldvin Hannibalsson, formann Alþfl., um þessi mál þó hann misnoti embættistitil sinn sem utanrrh. (**Umhvrh.:** Þeir gætu verið rökþrota.) Nei, hæstv. umhvrh. það er einfaldlega ekki vegna þess að þeir séu rökþrota. En það væri kannski dálítið fróðlegt, fyrst umhvrh. er hérna, að fá að vita það fyrir okkur sem höfum þekkt hann nokkuð lengi: Er hann sammála þessum einkaskoðunum utanrrh. sem koma fram í þessari ræðu? Ég hef nefnilega tekið eftir því að hæstv. umhvrh. hefur hingað til forðast að lýsa yfir skýrum stuðningi við stefnu Jóns Baldvins Hannibalssonar, formanns Alþfl., í þessum málum. (**Umhvrh.:** Ég styð hann í öllum málum, góðum og vondum.) Hann styður hann í öllum málum, góðum og vondum, segir hæstv. umhvrh. Já, það er veigamikill árangur, en þá vantar okkur að vita hvort ESB-yfirlýsingar utanrrh. falla undir vondu málin. Nú kinkar hæstv. umhvrh. kolli þannig að þar með er þetta auðvitað orðið skýrara en það var fyrir nokkrum mínútum síðan, að ógleymdu því að ráðherrann roðnar nú alveg upp í hársrætur og er rétt að það geymist í þingtíðindum. En þar með er alveg orðið ljóst að sú athygli sem ég hef veitt, að hæstv. umhvrh. hefur ekki verið í þessum kór með hæstv. utanrrh., á sér ákveðnar ástæður.

Auðvitað væri hægt ef maður vildi eyða löngu máli í að fjalla um þessar barnalegu fullyrðingar hæstv. utanrrh. um þiggjendur, um einangrun og annað í þeim dúr. Það einfaldlega tekur því ekki. Þær eru ekki í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar, þær eru ekki í samræmi við stefnu Alþingis og flokkast eingöngu undir persónulegar skoðanir Jóns Baldvins Hannibalssonar.

Í fjórða lagi, virðulegi forseti, vil ég gera að umræðuefni vinnubrögð utanrrn. varðandi þær fjölþjóðaráðstefnur sem Sameinuðu þjóðirnar gangast fyrir. Það var nokkuð um það rætt á sínum tíma að undirbúningur undir þátttöku Íslands í mannréttindaráðstefnunni í Vínarborg hefði ekki verið eins og æskilegt var. Það vakti líka athygli að undirbúningur utanrrn. undir þátttöku Íslands í mannfjöldaráðstefnunni sem haldin var í Kaíró í septembermánuði var líka á þann veg að með engum hætti var hvatt til umræðu hér innan lands eða með sama hætti og mörg önnur ríki tryggt að þátttaka Íslands væri byggð á víðtækri umræðu hér heima. Það vita allir sem til þekkja að veigamikill þáttur í þessum alþjóðlegu ráðstefnum Sameinuðu þjóðanna er að hvetja til umfjöllunar um viðkomandi efni í aðildarríkjum Sameinuðu þjóðanna. Mörg ríki sem taka sig alvarlega á sviði utanríkismála verja jafnvel einu til tveimur árum í víðtæka almenna umfjöllun á opinberum vettvangi og meðal félagssamtaka og í fjölmiðlum um þessi umfjöllunarefni. Setja snemma af stað undirbúningsnefndir með víðtækri þátttöku almannasamtaka, stjórnmálaflokka, fjölmiðlamanna og fræðimanna til þess að tryggja að ráðstefnan nýtist sem grundvöllur umræðu um þennan mikilvæga málaflokk.

Það hefur auðvitað verið athyglisvert að þrátt fyrir að utanrrn. hafi lagt í það gífurlega vinnu og sent frá sér mikið pappírsflóð og búið til margvíslega umræðuhópa um EES-samninginn, sem senn heyrir nú sögunni til hvað praktískt gagn snertir, þá hafi utanrrn. gersamlega vanrækt að sinna skyldum sínum hvað þennan þátt snertir. Og þessi einangrun og nú nota ég það orð, hæstv. utanrrh., þessi einangrun utanrrn. frá atburðarás á alþjóðlegum vettvangi er auðvitað orðið alvarlegt mál. Einangrun sem m.a. endurspeglast í því að ráðherrann lætur standa setninguna um það að væntanlega hefjist viðræður um allsherjarbann við tilraunum með kjarnavopn á þessum vetri.

Nú kemur það hins vegar fram í þessari ræðu að það hafi verið settur á laggirnar undirbúningshópur undir ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um málefni kvenna sem halda á í Kína á næsta ári og það sé búið að ráða framkvæmdastjóra. Það er ekki upplýst hver er framkvæmdastjórinn, en ætli þetta sé ekki enn eitt starfið sem einhver úr Alþfl. hefur fengið. (**Gripið fram í**: Nei.) Það er ekki? Batnandi mönnum er best að lifa. Það er þó hægt að finna eina jákvæða ákvörðun í ráðuneytinu þannig að umræðan um Alþfl. og kröfuna um siðbót í þessum efnum er þó aðeins farin að bera árangur. (Gripið fram í.) Já, það er gott. En ég vil hins vegar vekja athygli ráðherrans á því að það var

leitað til stjórnmálaflokkanna fyrir ári síðan um að tilnefna fulltrúa í þessa undirbúningsvinnu og til skamms tíma höfðu þeir fulltrúar ekki verið boðaðir á fund til þess að fjalla um þessi mál.

Eins er með afmæli Sameinuðu þjóðanna. Það hefur orðið tilefni í ýmsum aðildarlöndum Sameinuðu þjóðanna að efna til fjölþætts samstarfs stjórnmálaflokka, hagsmunaaðila, fjölmiðla og annarra um kynningu og umfjöllun um Sameinuðu þjóðirnar. Nú kemur það fram hér að það hefur verið skipuð sérstök undirbúningsnefnd. Það væri mjög fróðlegt að fá upplýst hverjir sitja í henni eða hvaða hugsun liggur að baki henni, því það er a.m.k. ljóst af því sem ég veit að það hefur ekki verið leitað eftir jafnvíðtækri þátttöku í henni eins og víðast hvar er gert. Kom þó yfirmaður þessa undirbúnings hjá Sameinuðu þjóðunum í sérstaka heimsókn til Íslands fyrir nokkrum mánuðum síðan til þess að kynna fyrirætlanir og óskir Sameinuðu þjóðanna í þessu efni.

Þetta á líka við um ráðstefnuna um félagsleg málefni sem verður í Kaupmannahöfn á næsta ári. Það er málaflokkur sem mjög mikilvægt er að sinna, sem mikill fjöldi ríkja heims leggur mikla áherslu á og sem snertir þátt sem hefur sérstaklega verið okkur Íslendingum til vansa, þ.e. framlag okkar til efnahagslegra framfara í hinum svokölluðu ríkjum suðursins, þar sem við höfum skorið okkur úr hvað ótrúlega lágt hlutfall af okkar þjóðartekjum hefur verið að ræða.

Það er auðvitað meira en tími til kominn, hæstv. utanrrh., að Íslandi fari að tileinka sér vinnubrögð siðmenntaðra og þróaðra ríkja varðandi þessa alþjóðlegu fundi sem Sameinuðu þjóðirnar beita sér fyrir og fela í sér veigamikla stefnumótun á ýmsum grundvallarsviðum framtíðar mannkyns, hvort sem það er fólksfjöldi, mannréttindi, staða kvenna, félagsleg staða fólks í veröldinni eða umhverfismálin.

Virðulegi forseti. Ég hef hér vikið að nokkrum þáttum sem snúa að því sem birtist í þessari skýrslu. Ég vil að lokum víkja aðeins að nýlegum samningi Rússa og Norðmanna um fiskveiðar í Barentshafi. Ef ég man rétt er ekkert fjallað um það mál í þessari ræðu, þennan samning. Engu að síður blasir það við að utanrrh. mótaði þá stefnu fyrir nokkru síðan að Íslendingar ættu ekki að þrýsta fast á um slíkan samning núna við Rússa heldur ætti að duga almenn umfjöllun um málið og þá kannski með einhverri tilvísun til óska Rússa í þeim viðræðum. Því miður frestaði utanrrh. Rússlands heimsókn utanrrh. Íslands til Rússlands, sem átti að fara fram fyrir nokkrum vikum síðan, en óneitanlega kemur það nokkuð á óvart í ljósi þess sem okkur hefur verið tjáð á vettvangi utanrmn. að búið sé að gera formlegan samning Rússa og Norðmanna á þessu sviði. Við höfum ýmsir vikið að því hér um nokkurra mánaða skeið að þessi þríhyrningur, Norðmenn, Rússar, Íslendingar, í málinu sé vandmeðfarinn og viðkvæmur. Það hefur verið sagt að það kynni að vera áhugi Rússa að leita bandalags við Íslendinga í þessum málum og þá styrkja stöðu beggja í samskiptum við Norðmenn. Nú virðist það blasa við að meðferð ríkisstjórnarinnar og hæstv. utanrrh. á þessum málum hefur orðið til þess að Íslendingar hafa glatað mjög möguleikum á að framfylgja þeirri stefnu. Við höfum látið það gerast að Norðmönnum tekst að gera slíkan samning við Rússa löngu á undan okkur. Því miður eru allar horfur á því að það muni vera margir mánuðir, ef ekki einhver ár, í það að Íslendingum takist að þróa þessi mál með þeim hætti að við getum gengið til þessa leiks í jafnvægi við möguleika Norðmanna og Rússa, því hin ríkin tvö eru þegar búin að binda sig saman með formlegum samningi. Það hlýtur auðvitað að verða sérstakt umhugsunarefni fyrir íslenska ríkisstjórn og okkur öll í samskiptum okkar við Norðmenn og reyndar líka Rússa í þessum efnum, að slíkur samningur skuli nú hafa verið gerður. Mér fannst sérkennilegt að utanrrh. íslenska lýðveldisins skyldi ekki víkja einu orði að þeim samningi í þeirri ræðu sem hann flutti hér áðan.

[12:04]

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Eftir glannalegar yfirlýsingar hæstv. utanrrh. um utanríkismál landsins sl. sumar þá er ræða hæstv. ráðherra hófstilltari heldur en ég átti von á. Sömuleiðis er drepið á fleiri utanríkismál en Evrópumálin ein og það er ánægjuefni. Hins vegar breytir það ekki því að hæstv. ráðherra skuldar þingi og þjóð skýr svör um einstök atriði sem varða hvort tveggja. Að því mun ég koma nánar síðar í ræðu minni. Reyndar varð niðurstaða sú að hæstv. ráðherra sleppti miklu af því sem varðaði önnur mál en Evrópumálin er hann loks flutti ræðu sína. En af þessu má ráða og ætti kannski ekki að koma öllum á óvart að ég hef enga trú á því stjórnarsamstarfi sem nú er við lýði. Ég býst ekki við því að utanrrh. detti í hug að túlka stefnu ríkisstjórnarinnar en hann leiðréttir mig þá ef hann hefur eitthvað annað fram að færa og hefur fengið samstarfsflokkinn til að skrifa upp á þá stefnu sem hér er birt.

Ég vil byrja á því að geta þess sem ég tel skipta meginmáli í utanríkisumræðu líðandi stundar. Þar er fyrst að telja þá grundvallarhagsmuni sem við Íslendingar verðum að gæta en það er vernd lífríkisins í kringum okkur. Það er bæði skylda okkar í samfélagi þjóðanna og lífshagsmunamál okkar, eyju í hafinu, sem umkringd er einu auðlindinni sem enn sem komið er framfleytir okkur að einhverju gagni, fiskinum.

Ný heimssýn aldarhvarfa kallar á nýjar hugmyndir í alþjóðlegu samstarfi. Þar eru umhverfismál ofarlega á baugi svo og friðarmál í þeim nýja skilningi sem ég vona að sé smátt og smátt að verða vaxandi. Þetta kallar á þekkingu og víðsýni í alþjóðlegum samskiptum. Við verðum að skilgreina alþjóðlega samvinnu með þetta í huga. Með hvaða þjóðum eða jafnvel þjóðarbrotum eigum við samleið í verndun og skynsamlegri nýtingu auðlinda okkar? Með hvaða hugmyndafræði eigum við að taka afstöðu þegar við skipum okkur á bekk með þjóðum heims? Hvernig sjáum við framtíð þjóðríkisins? Ætlum við að beita okkur fyrir auknum samruna og fámennisstjórn eða viljum við sjá aukna valddreifingu og sjálfsákvörðunarrétt einstakra svæða og samvinnu slíkra sjálfstæðra eininga á lýðræðis-

grunni? Og hvernig má það vera að Ísland, eitt Norðurlanda, — og nú bið ég hæstv. utanrrh. að gefa gaum þeirri ræðu sem haldin er hér þar sem ég treysti því að hann sé hér til að hlusta jafnframt því sem hann er til að tala — styður ekki afnám viðskiptabanns á Kúbu á sama tíma og við erum að setja á laggirnar sendiráð og marghátttuð tengsl við Kína? Þar hefur mannréttindamálum verið ábótavant sem samt sem áður hefur verið talið að betra væri að hafa samskipti heldur en ekki.

Ég bið um að hæstv. ráðherra svari þessu í ræðu sinni eða andsvörum á eftir.

Fáar þjóðir í Vestur-Evrópu lifa í eins raunverulegum tengslum við náttúruöflin og við Íslendingar þrátt fyrir að tæknin hafi flutt okkur inn í verndað umhverfi hlýrra húsa og upplýsts skammdegis. Varla er til sú fjölskylda hér á landi sem á ekki einhvern nákominn til sjós um lengri eða skemmri tíma. Flestir hafa unnið frumvinnslustörf til sjávar og sveita og því ætti vernd náttúrunnar ekki síður að vera okkur nátengd en nýting hennar. Við eigum hiklaust heima í hópi þjóða þeirra sem afla sér mestrar þekkingar á náttúrunni og bera mesta ábyrgð á að misbjóða henni ekki. Þetta er verðugt hlutverk í síminnkandi heimi þar sem ákvörðun hvers og eins verður fyrr eða síðar veruleiki annars. Það er ekkert einkamál okkar hvernig við göngum um fiskimiðin nær og fjær en það er jafnframt lífsspursmál fyrir okkur að við gerum það með sem heppilegustum hætti. Við eigum allt okkar undir því að fá aðrar þjóðir til að ganga vel um sameiginlegar auðlindir mannkyns og megum einskis láta ófreistað að rækja það hlutverk okkar. Þetta merkir það að stefna okkar í úthafsveiðimálum er mjög mikill prófsteinn á það hvernig okkur muni takast til í framtíðinni að rækja þetta hlutverk okkar.

Ég tek undir það viðhorf sem fram kemur í ræðu hæstv. utanrrh. að við eigum að einbeita okkur að því að komast að farsælli niðurstöðu á úthafsveiðiráðstefnu Sameinuðu þjóðanna. Sömuleiðis er það hagur allra að sem fyrst verði samið á ábyrgan hátt um veiðar á deilusvæðum, svo sem Smugu, Svalbarðasvæði og á öðrum þeim smugum sem vissulega leynast víða og oft á þeim svæðum þar sem viðkvæmir stofnar úr okkar eigin landhelgi halda sig. Sömuleiðis ber okkur að stuðla að ábyrgri umgengni um úthöf heimsins þar sem stórfelld rányrkja og náttúruspjöll fara nú fram án þess að alþjóðlegt eftirlit fái rönd við reist. Fylgi hugur máli í alvöru hjá hæstv. utanrrh. að hann vilji veg í umræðum á úthafsveiðiráðstefnu Sameinuðu þjóðanna sem mestan, þá hygg ég að hann hafi átt að skipa sérfræðingsmálum sínum á annan veg en hann hefur gert.

Að öðrum ólöstuðum er Guðmundur Eiríksson allra Íslendinga hæfastur í úthafsveiðimálum og er nú svo komið að hæstv. utanrrh. hefur hrakið hann úr þjónustu ráðuneytisins. Þar með hafa Íslendingar að margra mati dæmt sig úr leik á ráðstefnum Sameinuðu þjóðanna eða alla vega úr hópi forustusveitarinnar og þetta tel ég mikinn skaða.

Enn fremur hef ég efasemdir um þá ákvörðun hæstv. ráðherra að láta starfshóp þriggja ráðuneyta annast undirbúning málflutnings Íslendinga á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og er það sagt með fullri virðingu fyrir viðkomandi einstaklingum. Það er fullljóst að á sama tíma er ekki einasta verið að hafna starfskröftum Guðmundar sem ég gat hér áðan, heldur einnig að sneiða hjá því a.m.k. að einhverju leyti að virkja þann hóp sem vinnur að miklum krafti og dugnaði að hliðstæðum verkum en þar á ég við þá nefnd sem hæstv. ráðherra raunar getur nú um í máli sínu, þar sem hæstv. sjútvrh. tilnefndi fulltrúa þingflokka í og hagsmunaaðila og fjallar sérstaklega um úthafsveiðimálefni undir forustu hv. þm. Geirs H. Haarde. Þessar staðreyndir tel ég í mótsögn við þau fögru orð sem ráðherra hefur um ábyrga afstöðu, gildi alþjóðlegrar samvinnu og samninga og virðingu fyrir lífríki sjávar. Ef ekki eru nýttar þær bestu leiðir í málunum sem við ráðum yfir þá hlýtur eitthvað að skorta á það að hugur fylgi máli.

Annað ríkasta hagsmunamál okkar varðandi lífríki sjávar samhliða skynsamlegri nýtingu er mengun hafsins og hættan sem okkur kann að stafa af alvarlegum mengunarslysum. Við kvennalistakonur höfum ávallt verið fylgjandi því að Norðurhöf verði lýst kjarnorkuvopnalaust svæði og vísum þar til lífshagsmuna okkar sem þjóðar þar sem við eigum allra þjóða mest undir því að hér verði ekki kjarnorkuslys. Við höfum vissulega stigið nokkur skref í þá átt að mótmæla kjarnorkuendurvinnslustöðvunum í Sellafield og Dounreay. M.a. vil ég minna á þáltill. þá sem gerð var hér og afgreidd með hraði á sl. þingi og mótmælum einstakra ráðherra við bresk stjórnvöld. Þingmenn hafa tekið þetta mál upp á fleiri en einum vettvangi, m.a. þingmannasamstarfs EFTA og ESB en þar hefur málið ekki fengist tekið fyrir enn sem komið er svo sem hv. 1. þm. Norðurl. v. fór hér nokkrum orðum um og í raun má segja að allt hafi komið fyrir ekki. Í þessu máli eru það ekki landamæri sem ráða hagsmunum heldur það hvort smáríki eða hagsmunir einstakra byggða hafa einhvern hljómgrunn. Það er því ekki aðeins á vettvangi þjóðríkja sem nauðsynlegt er að ná samstöðu um þessi málefni, heldur einnig með þrýstingi þjóða og þjóðarbrota sem eiga sameiginlega mikilla hagsmuna að gæta. Niðurstaðan til þessa er sú að þrátt fyrir raunverulega vá, alvarlega sjúkdóma og mengun í gennd við endurvinnslustöðina auk þeirrar ógnar sem hún er okkar fiskimiðum, þá hefur verið blásið á mótmæli þessa litla jaðarhóps. Hér þarf að koma til öflugt samstarf allra sem berjast gegn þessari ógn sem kjarnorkan er fyrir lífríkið, vistkerfið og heilsu manna. Hreyfing ýmissa aðila berst nú fyrir því að notkun kjarnorku verði lýst sem velferðar- og heilsufarsógn fyrir allt mannkynið og henni af þeim sökum útrýmt. Ég tel að við Íslendingar eigum heima í þeim hópi sem krefst þessa og ég vil inna hæstv. utanrrh. eftir afstöðu hans í þessu máli.

Nú mun liggja fyrir, ekki í fyrsta sinn, allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna tillaga þessa efnis og það er brýnt að hún komist til atkvæða — en hún hefur verið sveft fram til þessa á þinginu — og að Ísland styðji hana. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvernig ríkisstjórn Íslands hyggist láta greiða atkvæði um þessi mál og

hvort beitt verði þrýstingi til þess að þessi tillaga komi til atkvæða því að ég get ekki séð annað en að hún sé í fullum takti við þá stefnu sem mörkuð hefur verið hér, a.m.k. í orði og a.m.k. hvað varðar kjarnorkuendurvinnslustöðvar og þar af leiðandi er ekki nema eðlileg ályktun að Ísland hljóti að styðja tillögu af þessu tagi.

Ég vil vekja athygli á því að baráttumál í umhverfismálum hafa verið áberandi í málflutningi ýmissa kvennahreyfinga og það er ekki vansalaust hve mikið tómlæti ýmsir valdhafar, einhverra hluta vegna eru þeir nú flestir karlkyns, hafa sýnt þessum málum. Ég ætla ekki að fara hér út í þá umræðu hvort það er bara hefðbundin karlapólitík að einblína um of á einhvern ímyndaðan hagvöxt sem felst í því að eyða eða spilla sameiginlegum auðlindum okkar, en slíkri hagvaxtarstefnu hafna ég.

Hæstv. ráðherra víkur nokkrum orðum að Atlantshafsbandalaginu og varnarsamstarfi við Bandaríkin í ræðu sinni. Ég sakna þess í ræðu hans að hann víkur hvorki að því hvort hann telur það eðlilega þróun að samdráttur verði í herstöðinni á Miðnesheiði eður ei. Ég tek það fram ef einhver skyldi velkjast í vafa um það að ég tel þann samdrátt að sjálfsögðu eðlilegan og hefði viljað sjá það gerast mun fyrr. Raunar er ég þá í þeirri aðstöðu að eiga samleið með því sem ég hef heyrt að sé skoðun þorra bandarískra ráðamanna, en ég vil jafnframt benda á það að á herðum íslenskra stjórnvalda hvílir sú skylda að styðja við uppbyggingu atvinnulífs á Suðurnesjum samhliða þessum samdrætti. Ég sakna þess enn fremur að hæstv. ráðherra vék ekki orði að þeim kröfum sem við hljótum óhjákvæmilega að gera varðandi viðskilnað hersins við brottför. Það hefur tafið nokkuð lokanir herstöðva í Bandaríkjunum sjálfum samkvæmt fréttum, lokunum sem gripið hefur verið til af sparnaðarorsökum að herinn hefur ekki treyst sér í þann mikla tilkostnað sem er við að hreinsa eftir slíkar herstöðvar. Ég tel að við Íslendingar höfum hvorki vegna reynslu okkar né annarra ástæðu til að halda að ekki sé nauðsynlegt að fara í kostnaðarsama hreinsun eftir herstöðvar hér á landi og ég tel íslensk stjórnvöld eiga skyldur við landsmenn í þeim efnum.

Ég set sem fyrr spurningarmerki við að svokölluðum varnarhagsmunum Íslendinga verði best þjónað með aðild að hernaðarbandalagi og það er NATO enn þrátt fyrir þörf fyrir að skilgreina sjálft sig í heimi eftirstríðsára kalda stríðsins. Enn meiri verða efasemdir mínar í ljósi þeirrar staðreyndar að við eigum ekki sameiginlega hagsmuni með herveldi sem ekki vill upplýsa um ferðir kjarnorkuknúinna skipa og kafbáta eða slíkra farkosta með kjarnorkuvopn innan borðs. Ég tel ekki að hagsmunum okkar sé þjónað á neinn hátt með því og ég sé ekki hvernig þetta samstarf verður réttlætt, t.d. með því að dustað sé rykið af Rússagrýlunni enn eina ferðina. Ég geri ekki lítið úr því að rússnesk skip og kafbátar með kjarnorku af hvers konar tagi er jafnhættulegt og ef um annarra þjóða skip er að ræða. En ég sé ekki hvernig þeirri hættu verður bægt frá með enn meiri umferð slíkra farkosta um landhelgi okkar. Ég tel að við eigum að einbeita okkur að friðar- og öryggissamstarfi í víðara samhengi þar sem ekki er byggt á reynsluheimi góðu karlanna annars vegar og vondu karlanna hins vegar. Slíkur vettvangur getur t.d. orðið ef vel tekst til Ráðstefnan um öryggi og samvinnu í Evrópu, RÖSE, svo og öflugri og markvissari sameinaðar þjóðir sem fagna hálfrar aldar afmæli á næsta ári.

Við kvennalistakonur höfnuðum á hinn bóginn frá upphafi aukaaðild Íslands að Vestur-Evrópusambandinu. Ég hlýt að lýsa áhyggjum mínum á þeim ummælum hæstv. utanrrh. í skrifuðum texta ræðunnar sem ég held að hann hafi ekki rakið hér um aukaaðild að Vestur-Evrópusambandinu, að það verði ekki nóg fyrir okkar öryggishagsmuni í framtíðinni með stækkun Evrópusambandsins. Ég tel þetta alvarlega yfirlýsingu og kannski líkara því sem ég átti von á frá hæstv. ráðherra þar sem hann er oft og tíðum mjög öfgafullur að mínu mati í sínum málflutningi.

Þau friðarmál sem valda stærstum áhyggjum nú um stundir eru svæðisbundin átök víða um heim og staldra ég þá enn og aftur við fyrrum Júgóslavíu. Þar er ekki friðvænlegt nú með haustinu frekar en í fyrrahaust þrátt fyrir trú manna á að loftárásir NATO í nafni Sameinuðu þjóðanna muni leysa allan vanda. — Ég vil biðja hæstv. forseta um að hafa hemil á því fólki sem hér er að skemmta sér í salnum, ég held að það verði að finna sér annan skemmtistað. Ég er að ræða málefni sem ég held að sé of alvarlegt til þess að við séum hér að blanda því saman við fliss einstakra þingmanna eða ráðherra.

Ég held varðandi málefni fyrrum Júgóslavíu að það sé fyrst og fremst stórefld friðargæsla á svæðunum sem sé það sem til þarf og þar komum við að vandamáli því að við sjáum þarna hversu vandasamt eftirlitið er í landi þar sem menn standa enn gráir fyrir járnum andspænis hver öðrum í landslagi sem sögulega séð er hjarta skæruhernaðar í Evrópu og fram undan er flókið ferli samningaviðræðna í skugga þessarar staðreyndar. Það er enginn vafi á því í mínum huga að með nægum mannafla væri unnt að halda átökum í skefjum meðan verið væri að koma mönnum að raunverulegum samningum. En vandinn er sá að þetta kostar peninga. Það er miklu ódýrara að varpa bara sprengjum á allt saman og vona bara að sem flestir óbreyttir borgarar falli í valinn. Öllum er það þó ljóst að ef til alvarlegs lofthernaðar kæmi á þessu svæði þá mundi fara í gang hildarleikur sem við sjáum ekki fyrir endann á.

Það er hins vegar ljóst að viðskiptaþvinganir þær sem Serbar hafa verið beittir hafa virkað að einhverju leyti öfugt við það sem margir héldu lengst af að yrði. Mílosevic, leiðtogi Serba, hefur snúið baki við Bosníu-Serbum og nú stendur friði á Balkanskaga hugsanlega meiri ógn af sumum stjórnarandstæðingum Serbíu en Mílosevic og þá er ég að tala um þá stjórnarandstæðinga sem spila á strengi þjóðernisofstækis í mun meira mæli en hann hefur gert og er þó ekki á bætandi. Ég held að það sé flestum að verða að ljóst að við vandann á Balkanskaga og víða þar sem staðbund-

in átök eiga sér stað er engin einföld lausn. Það er ekki bara hægt að koma með mikið magn vopna og ætla sér að bjarga öllu með einhverri alheimslöggu, hvaðan sem hún kemur. En aðalvandi ríkja fyrrum Júgóslavíu er þrátt fyrir að ýmsar sögulegar skýringar séu til á þeim fyrst og fremst hvers vegna ógnin magnaðist svo mjög upp á þessu svæði og þá á þeim tíma að kynslóðir þær sem nú eru í blóma lífsins hafa búið í sátt og samlyndi og blandast það mikið að það er ekki hægt að draga þarna auðveldar markalínur. Vissulega hafa átt sér stað ákveðnir landvinningar einstakra hópa, mest á kostnað múslima en jafnvel þótt einum væri fært mest og öðrum minna þá væri eftir svo magnaður vandi að ég held að enginn þurfi að undrast hversu seint gengur að skipta skipunum. Ég veit ekki hvort ég á að þora að láta koma í ljós þá ósk að unnt verði að koma einhverju samkomulagi á þarna sem fæli í sér virðingu og samstarf fremur en vopnuð landamæri og skiptingu. Ég held að á þessu stigi sé ekki hægt að spá neinu um framtíð þessa svæðis en það mun ekki gerast nema með vandaðri og öflugri friðargæslu að það verði hægt að fá botn í þessi mál.

Á komandi afmælisári Sameinuðu þjóðanna verður eflaust velt upp þeirri spurningu hvað hafi áunnist og hverju þurfi að breyta. Þar verðum við að taka þátt vegna þess að Sameinuðu þjóðirnar eru vissulega ekki gallalausar en hins vegar gegna þær ákveðnu hlutverki sem engin önnur stofnun mun geta tekið við í neinu fljótu bragði. Við skulum ekki gleyma því að pólarnir norður og suður eru að verða sífellt sýnilegri og helst er að vænta árangurs í þeim málum ef litið er til starfs Sameinuðu þjóðanna. Það er engin ástæða til þess að gleyma því að á vettvangi Sameinðu þjóðanna hefur verið ráðist í þrekvirki á borð við umhverfisráðstefnuna í Ríó og mannfjöldaráðstefnuna í Kaíró sem báðar urðu að mörgu leyti mun árangursríkari en ýmsir höfðu fyrir fram þorað að vænta. Og það er á vettvangi Sameinuðu þjóðanna sem úthafsveiðiráðstefnan stendur nú og sjálfur hafréttarsáttmálinn var gerður á þeirra vegum og smátt og smátt verður vægi hans meira núna þegar fullgilding liggur fyrir. Vonandi mun kvennaráðstefnan á næsta ári í Beijing verða árangursrík sem og aðrar mikilvægar ráðstefnur Sameinuðu þjóðanna á afmælisárinu.

Það breytir ekki þeirri staðreynd að Sameinuðu þjóðirnar hafa orðið fyrir verðskuldaðri gagnrýni og það er ekki ástæða til að víkjast undan þeirri umræðu. Ég held þess vegna að það verði að taka þá ákvörðun í hópi sem allra flestra ríkja að Sameinuðu þjóðirnar verði settar á á næsta aldarhelming og að það verði leyst úr þeim vandamálum sem þar eru innan búðar og eru m.a. skrifræði sem ekki hefur sem skyldi tekist að hafa taumhald á.

Hugtakið fjórði heimurinn heyrist því miður allt of sjaldan í pólitískri umræðu en er að verða sífellt raunverulegra hugtak. Fjórði heimurinn er skilgreindur fyrst og fremst sem þjóðernisminnihlutar heimsins og frumbyggjar ýmissa landa, íbúar ýmissa jaðarsvæða sem mynda minni hluta í eigin landi og þótt þeir teljist ekki þjóðernisminnihluti og loks smáríki. Mikið skortir á að hagsmuna þessara hópa sé gætt hjá ýmsum fjölþjóðlegum stofnunum.

Ríkisstjórnir smáþjóða hafa að vísu eigin rödd hjá Sameinuðu þjóðunum og sjónarmið frumbyggja og þjóðernisminnihluta hafa heyrst þar á ráðstefnum endrum og sinnum sem og víðar og það er vissulega nokkurs virði. Fleiri alþjóðastofnanir, svo sem Evrópuráðið, hafa líka látið þessi mál til sín taka en betur má ef duga skal vegna þess að annars stöndum við frammi fyrir ógn sem ég held að við völdum ekki og við verðum að taka þessi mál alvarlega.

Það er athyglisvert að virða fyrir sér horfurnar í Evrópusambandinu út frá þessu sjónarmiði. Flest bendir til þess að kröfur stóru þjóðanna innan Evrópusambandsins muni verða ofan á í umræðunni á ríkjaráðstefnunni miklu sem hefst árið 1996 og lýkur guð má vita hvenær. Vissulega eru ýmsar hugmyndir um allt annars konar Evrópusamband til, hugmyndir um meiri valddreifingu og aukið lýðræði. Sumir hafa reynt að halda því fram að fyrsta skrefið hafi verið stigið í átt að þessu marki með Edinborgarfundinum sem haldinn var í framhaldi af því að Danir felldu Maastricht í fyrra þjóðaratkvæði sínu og Frökkum rétt tókst með naumindum að knýja fram sína samþykkt. Sú bragarbót sem þar var gerð var þó aðeins yfirklór eins og Dönum er sífellt að verða ljósara. Einsleitni og Evrópusamruni í takt við hugmyndir stóru þjóðanna felst fyrst og fremst í því að smáu þjóðunum er boðið upp á að líkjast þeim stærri sem hafa margfalt sterkari stöðu rétt eins og konum hefur jafnan verið boðið upp á það jafnrétti að vinna á forsendum karla og án þess að koma sínu verklagi og sjónarmiðum almennilega á framfæri.

Við ræðum nú utanríkismál undir mjög sérkennilegum kringumstæðum. Allt nýliðið sumar og haust hefur hæstv. utanrrh. flengst um lönd í mjög sérkennilegri baráttu við vindmyllur meintrar einangrunar. Honum hefur sem betur fer ekki tekist að gera Davíð Oddsson að sínum Sancho Panza þó hann fýsi það eflaust. En kannski á hann sinn Sancho Panza í Sjálfstfl. í líki einhverra annarra. Þessi lukkuriddaraferð hefur ekki verið landi og þjóð til mikils sóma enda afneitaði hæstv. forsrh. utanrríkisstefnu hæstv. utanrrh. um stund a.m.k. og væri fróðlegt að vita hver staðan í því máli er hér og nú. En hæstv. forsrh. er ekki hér nú eins og vakin hefur verið athygli á og það er miður. Hins vegar er hér formaður hv. utanrmn. og ég treysti því að hann geti svarað þessum spurningum í staðinn hvort hér sé um að ræða samstiga stefnu ríkisstjórnarinnar sem birtist í ræðu hæstv. utanrrh. því þar ómar nú töluvert af ræðuhöldum hæstv. utanrrh. frá liðnu sumri.

Evrópumálin verða mál málanna í komandi kosningabaráttu hvort sem okkur líkar það betur eða verr. Kjósendur eiga skýlaust heimtingu á því að vita hver afstaða allra flokka er til aðildar að Evrópusambandinu og það þýðir ekkert að skýla sér á bak við það að málið sé ekki á dagskrá. Það er vissulega rétt að ekkert hefur breyst sem kemur þessari umræðu frekar á dagskrá nú en áður. Það var t.d. alltaf vitað að Finnarnir væru á leiðinni inn í Evrópusambandið þótt lokatölur þar yrðu ekki sá mikli sigur sem margir Evrópu-

sambandssinnar þar óskuðu sér. Því skýtur það mjög skökku við að heyra hæstv. utanrrh. lýsa því sem einhverjum stórtíðindum eða miklum áfanga að Finnar skyldu samþykkja aðild, það eru ekki einu sinni fréttir.

Við sem sóttum kvennaráðstefnuna Nordisk Forum í Finnlandi nú í sumar fundum mjög fyrir því hve afstaða Finna gagnvart Evrópusambandinu var mörkuð vonleysi. Ekki ríkti mikil gleði í máli þeirra sem mæltu fyrir aðild á stórum fundi þingkvenna frá öllum Norðurlöndum. Nei, rökin voru skýr. Við neyðumst til, við eigum ekki annarra kosta völ. Í Finnlandi ríkir mikil örvænting í kjölfar hruns viðskiptalands Finna, Sovétríkjanna, og allt, allt er í þeirra augum skárra en óbreytt ástand. Danska fræðikonan Drude Dalerup hafði þetta að segja við finnsku konurnar:

„Við Danir ætluðum að eyða atvinnuleysinu með því að ganga inn í Evrópusambandið fyrir 20 árum. En hvað gerðist? Okkur hefur í mesta lagi miðað aftur á bak."

Nú er brýnt að fara að hefja efnislega, málefnalega umræðu og taka upp rökin í þessu máli eitt eftir annað og þá þarf m.a. að tína til það sem átakanlega vantar í skýrslu háskólans, sem enn er leyniplagg, en ég held að flestum sé ljóst að séu takmarkaðar og vísa ég þá til fjölmiðlaumræðu. Hæstv. utanrrh. segir í ræðu sinni að ekki sé ljóst hvernig leysa megi það vandamál sem fiskveiðistefna Evrópusambandsins er. Ég hefði talið ábyrgara að hæstv. ráðherra hefði rætt hvort það vandamál sé leysanlegt. Sífellt meiri upplýsingar eru að koma upp á borðið um galla samkomulagsins sem Norðmenn gerðu um sjávarútvegsmál og hæstv. utanrrh. lofaði og prísaði. Hæstv. sjútvrh. hefur á hinn bóginn mjög afdráttarlaust lýst göllum þessa samkomulags. Svo ég taki bara nýjustu umfjöllun þá var sagt í Morgunblaðinu í gær, með leyfi hæstv. forseta: „Gangi Norðmenn í Evrópusambandið munu þeir ekki síður verða fyrir barðinu á svokölluðu „kvótahoppi" en Bretar, en þá er átt við að útlendingar kaupi sig inn í norsk útgerðarfyrirtæki og eignist þannig skip með kvóta. Kemur þetta fram í grein eftir Ola Flåten, prófessor í auðlindahagfræði, en hann bendir m.a. á Factortame-dóminn frá 1991 máli sínu til sönnunar. Síðan hann var kveðinn upp hefur breskum skipum í eigu útlendinga fjölgað mikið og eru nú líklega komin yfir 120."

Þetta er aðeins eitt af fjöldamörgu sem hér ber að taka til athugunar og um galla sjávarútvegsstefnu Evrópusambandsins er varla deilt hér á landi. Ég sakna þess hins vegar hve lítið er rætt um velferðarmál og almenn heillamál, svo sem lýðræðismál, í þessu sambandi. Velferð verslunarinnar virðist meira metin en velferð fólks. Við kvennalistakonur höfum reynt að sýna fram á hver áhrif aðildar eru á kjör kvenna og rifja upp ýmislegt sem varðar konur í sumum tilvikum meira en karlmenn. Félagsleg réttindi innan margra ef ekki flestra Evrópusambandslandanna eru bundin við fullvinnandi fólk og fólk í hlutastörfum nýtur lítilla sem engra félagslegra réttinda. Í þessum hópi eru fyrst og fremst konur eða 30% á móti 4% karla. Vegna ákvæða um að ekki megi leggja óeðlilegar viðskiptahindranir á verslun þá verður nú að víkja frá kröfum sem gerðar eru t.d. vegna innihaldslýsingar á matvælum og varða m.a. atriði eins og skaðleg litarefni. Þetta er neytendamál. Á sömu forsendum má ekki leggja hindranir á sölu klámrita t.d. og mér þætti gaman að vita hvernig því yrði farið með ofbeldisefni í blöðum og myndmiðlum, hvort frjálsi markaðurinn muni ekki krefjast frelsis í dreifingu þar. Þetta er að gefnu tilefni tekið hér til.

Kerfi Evrópusambandsins er þannig að hinn almenni borgari hefur ekki möguleika á að kalla neinn til ábyrgðar á þeim ákvörðunum sem teknar eru þar. Ráðherraráðið tekur allar sínar ákvarðanir fyrir luktum dyrum og utan þeirra fær enginn að vita hvaða skoðun hver hafði. Þetta þýðir að lýðræði er þverbrotið og það er jafnvel enn alvarlegra fyrir konur en karla því þær eiga undir högg að sækja varðandi völd.

Atvinnuleysi ungs fólks er alvarlegt vandamál innan Evrópusambandsins og atvinnuleysi kvenna er mun meira en atvinnuleysi karla. Er það þessi veröld sem hæstv. utanrrh. vill? Meðal kvenna er 12% atvinnuleysi innan Evrópusambandsins, rúmlega reyndar, og rúm 9% hjá körlum, en 20% hjá ungu fólki. Svo getur hæstv. utanrrh. vogað sér að koma hér og spyrja hvort við verðum ekki að rjúfa einangrunina með því að fara inn í þetta sæluríki. Ég held að hann verði að skoða sína afstöðu betur áður en hann leiðir okkur lengra á þessa óheillabraut.

Virðulegur forseti. Ég sé að tími minn er búinn núna og mun því ekki syndga frekar upp á náðina. Ég á eftir að taka fyrir a.m.k. tvö efnisatriði sem ég hafði hugsað mér að koma inn á og mun vonandi hafa tækifæri til þess að drepa örlítið á þau í seinni ræðutíma hér eftir því hvernig umræðan þróast.

Forseti (Pálmi Jónsson):

Forseti vill greina frá því að áætlað er að taka stutt matarhlé skömmu eftir kl. 1 eða þegar næsti ræðumaður hefur lokið máli sínu.

[12:34]

Björn Bjarnason:

Herra forseti. Við ræðum hér um utanríkismál á miklum breytingatímum eins og best sannast á því að í gær var gengið frá samningum á milli Jórdaníu og Ísraels, friðarsamningum, á þessu mikla átakasvæði og horfur eru á því að e.t.v. takist Ísraelum að gera friðarsamninga við öll sín nágrannaríki fyrir utan PLO, þannig að á þessum átakapunkti í veröldinni skapist nýtt ástand eins og svo víða annars staðar.

Ég vil í upphafi máls míns, herra forseti, fá tækifæri til þess að greina frá ferð sem utanrmn. Alþingis fór til Washington hinn 12. og 13. maí sl. þar sem hún átti fundi með þingmönnum og embættismönnum og ræddi við þá um einkum fjögur atriði:

1. Að kanna hvort taka mætti upp regluleg tvíhliða samskipti milli Alþingis og Bandaríkjaþings.

2. Að ræða samskipti landanna á sviði varnar- og öryggismála á grundvelli varnarsamningsins frá 1951 og með hliðsjón af bókun sem ríkisstjórnir landanna

urðu sammála um 4. jan. 1994.

3. Að ræða viðskiptatengsl landanna og kanna þá sérstaklega hvort gera mætti tvíhliða fríverslunarsamning milli landanna um leið og rætt yrði um afstöðu Bandaríkjastjórnar til þróunar NAFTA-samningsins.

4. Að ræða hvalveiðar og útskýra sjónarmið Íslendinga *í þeim efnum og fá fram hvort afstaða* Bandaríkjamanna til málsins hefði breyst.

Á vegum utanrmn. hefur verið samin ítarleg skýrsla um þetta mál sem liggur fyrir á vettvangi nefndarinnar og málið hefur verið rætt við hæstv. sjútvrh. og hæstv. utanrrh., en þó hefur nefndin í hyggju að vinna betur úr þeim málum sem á döfinni voru í ferð hennar til Washington. Þetta var fyrsta ferð sem farin hefur verið af þessu tagi af hálfu Alþingis til Washington til viðræðna við embættismenn og þingmenn, sérstaklega þingmenn. Við hittum í Bandaríkjaþingi bæði forustumenn utanríkismálanefndar fulltrúadeildar Bandaríkjaþings og einnig áhrifamikla öldungardeildarþingmenn þar sem okkur gafst tækifæri til þess að greina frá sjónarmiðum Íslendinga. Sama má segja um viðræður okkar við embættismenn í utanríkisráðuneytinu, varnarmálaráðuneytinu og síðast en ekki síst í Hvíta húsinu sjálfu, þar sem við ræddum um tvíhliða málefni og alþjóðamál. Ég leyfi mér að fullyrða að þessi ferð hafi verið hin gagnlegasta og það sé nauðsynlegt að huga að því í framtíðinni bæði að rækta tvíhliða samskipti okkar við Bandaríkin með þessum hætti og einnig við aðra aðila sem við eigum náið samstarf við og þar kann Evrópusambandið sérstaklega að koma upp í hugann með hliðsjón af hinum miklu tengslum sem við höfum við það og þá stöðu sem við höfum gagnvart því eins og málum er nú háttað.

Ég vildi aðeins láta þessa getið hér, herra forseti, í upphafi máls míns þannig að þetta lægi fyrir í þingtíðindum. Þetta er fyrsta umræðan um utanríkismál sem fram fer eftir að við fórum í þessa ferð og mér þótti rétt að geta um þessa höfuðdrætti málsins hér í þessum umræðum. Einnig vil ég láta þess getið að nú á dögunum, hinn 17. okt., sótti ég sem formaður utanrmn. fund sem boðað var til af þingi Vestur-Evrópusambandsins og haldinn var í París, þar sem rætt var um málefni þess og mun ég víkja að því nánar síðar í máli mínu. En það færist í vöxt að formenn utanríkismálanefnda þjóðþinganna eru kallaðir saman til funda um brýn viðfangsefni í utanríkismálum og öryggismálum, enda er það eðlilegt því að þáttur þingmanna í mótun utanríkisstefnunnar er að verða virkari, bæði hér á landi og annars staðar og það er nauðsynlegt að *á þingunum séu menn mjög virkir í* þessu alþjóðastarfi. Ég held að við innan utanrmn. Alþingis höfum verið í nokkuð góðum takti við þessa þróun og starf nefndarinnar hefur tekið mið af því á undanförnum missirum.

Varðandi ræðu hæstv. utanrrh. þá langar mig að fara yfir hana og segja álit mitt á ýmsu sem þar kemur fram. Almennt séð er ekki annað unnt að segja um þessa ræðu en að hún tekur á þeim málefnum sem við okkur blasa og brýnust eru í starfi okkar út á við og íslenska ríkisins við hagsmunagæslu íslensku þjóðarinnar. Ég tek undir það sem segir á bls. 3 í skýrslunni, að það sé nauðsynlegt að ná sem fyrst skynsamlegum samningum við Norðmenn um lausn deilunnar í Barentshafi, ef það má orða það svo, eða lausn ágreiningsmála þjóðanna um veiðirétt í Barentshafi og einnig varðandi önnur mál sem snerta sameiginlega hagsmuni *á höfunum og þar vísa ég sérstaklega til síldveiða og* karfaveiða. Ég held að það sé mjög brýnt að binda sem fyrst enda á þetta ástand sem nú ríkir og taka þar mið af þeirri þróun sem verið hefur á undanförnum tveimur árum þegar við Íslendingar höfum sýnt og sannað að unnt er að veiða þorsk í Smugunni sem Norðmenn sjálfir og alþjóðlegir sérfræðingar töldu ógerlegt nema veiðiþjóðin hefði jafnframt aðgang að lögsögum annaðhvort Rússlands eða Noregs. Íslenskir sjómenn hafa sýnt það á undanförnum tveimur árum að það er unnt að stunda arðbærar veiðar í Smugunni án þess að eiga aðgang að lögsögu Rússlands eða Noregs. Af þessu verða menn að taka mið þegar við okkur er samið um þessi mál, sem vonandi verður sem fyrst og vonandi kemur sem fyrst niðurstaða í þessu máli. Ég tek undir það sem fram kom um þetta, sérstaklega í stefnuræðu hæstv. forsrh. og ég tel að þar hafi komið fram stefnumörkun sem kunni að verða mönnum gott leiðarljós við lausn þessa viðkvæma máls og hvet til þess að til viðræðna verði áfram gengið við Norðmenn á grundvelli sem okkur hefur verið kynntur og er núna á embættismannastigi, þannig að menn geti kannað betur afstöðu hvers annars og þetta mál sé til lykta leitt.

Varðandi hvalveiðar vil ég láta þess getið að í ferð okkar utanríkismálanefndarmanna til Washington var lögð rík áhersla á það af hálfu Bandaríkjastjórnar að kynna okkur afstöðu hennar til hvalveiðiþjóða. Þar höfum við fordæmi einmitt frá nágrannaþjóð okkar Norðmönnum. Þeir hafa stundað hrefnuveiðar núna í tvö sumur án þess að Bandaríkjamenn hafi gripið til þess að beita þá refsiaðgerðum, eins og má segja að sé lögbundið nema sérstakar aðstæður leysi forseta Bandaríkjanna undan því að grípa til refsiaðgerða gagnvart þjóðum sem veiða hvali og unnt er að líta á að sé gert í trássi við samþykktir Alþjóðahvalveiðiráðsins. Norðmenn hafa aðra stöðu en við að því leyti að þeir eru í Alþjóðahvalveiðiráðinu en gerðu fyrirvara 1983 þegar hvalveiðibannið var samþykkt á vettvangi ráðsins sem við gerðum ekki. Eins og menn muna var það samþykkt með eins atkvæðis mun hér á hinu háa Alþingi að Ísland mótmælti ekki hvalveiðibanni Alþjóðahvalveiðiráðsins. Þetta hefur verið okkur má segja nokkur fjötur um fót þegar rætt er um stöðu okkar á alþjóðavettvangi og í þjóðréttarlegu tilliti og ég tel mjög brýnt að þessari stöðu sé breytt og sé ekki annan veg til þess heldur en að við sækjum að nýju um aðild að Alþjóðahvalveiðiráðinu og gerumst aðilar með fyrirvara. Að við öðlumst gagnvart þeim þjóðum sem gera athugasemdir við hvalveiðar sömu stöðu og Norðmenn hafa nú og þá fáum við einnig þá stöðu gagnvart Bandaríkjunum sem hafa, eins og við vitum, ekki gripið til refsiaðgerða gagnvart Norðmönnum.

Ég vil hvetja ríkisstjórnina til þess að leggja sem fyrst fram tillögu um þetta efni hér á Alþingi. Það ligg-

ur fyrir í ræðu hæstv. utanrrh. að hann telur rétt að við göngum á ný í Alþjóðahvalveiðiráðið með þeim fyrirvara að við áskiljum okkur rétt til veiða á ákveðnum hvalategundum. Þetta held ég að sé stefna sem við alþingismenn hljótum að velta rækilega fyrir okkur og ég get lýst því yfir fyrir mitt leyti að ég er henni eindregið fylgjandi. Hins vegar tel ég mjög mikilvægt jafnframt að af hálfu utanrrn. hefjist nú þegar vinna sem miðar að því að tryggja með öllum tiltækum ráðum að það verði ekki reynt að bregða fæti fyrir okkur ef við tökum þessa stefnu og sækjum um aðild að Alþjóðahvalveiðiráðinu með þessum hætti. Ég tel sjálfur að á því séu engir lögfræðilegir annmarkar, en betra er að undirbúa það mál vel þannig að það valdi ekki deilum eða lögfræðilegum þrætum.

Varðandi Atlantshafsbandalagið þá er ég sammála því sem kemur fram í ræðu hæstv. ráðherra eða skýrslu hans, að það á ekki að lúta neitunarvaldi Rússlands innan Atlantshafsbandalagsins þegar teknar eru ákvarðanir um stækkun bandalagsins. Á hinn bóginn er þetta mjög viðamikið og stórt mál að taka ákvörðun um að stækka Atlantshafsbandalagið því í því fælist að bandalagsríkin skuldbyndu sig til þess að verja árás á hin nýju ríki eins og þau sem eru nú í bandalaginu og líta á árás á eitt þeirra sem árás á þau öll. Þannig að það yrði að endurskoða allar áætlanir og öll áform bandalagsins um varnarmál og það er talið mjög hæpið að á þessari stundu sé meiri hluti fyrir slíkum ákvörðunum í þeim 16 þjóðþingum sem yrðu að taka ákvarðanir um þetta efni. Því Atlantshafssáttmálanum yrði ekki breytt og Atlantshafsbandalagið yrði ekki stækkað nema það yrði borið undir þjóðþing allra aðildarríkjanna og það er mat manna nú að stuðningur við slíkt sé ekki fyrir hendi, sérstaklega í þeim ríkjum sem leggja mest af mörkum til varnarmálanna og á ég þá sérstaklega við Bandaríkin og Bretland. Innan Atlantshafsbandalagsins eru skiptar skoðanir um þetta, m.a. hafa þær komið fram milli varnarmálaráðherra Þýskalands annars vegar og Bandaríkjanna hins vegar, en þetta mál er á döfinni og þetta kann að vera viðfangsefni sem við munum standa frammi fyrir sem íslenskir þingmenn fyrr en síðar ef þróunin er í þá átt eins og allt bendir til. Af hálfu Rússa er hins vegar litið þannig á að Atlantshafsbandalagið sé óvinveitt stofnun. Að mínu mati eru þeir enn í hugarfjörtrum kalda stríðsins þegar þeir líta á Atlantshafsbandalagið sem stofnun óvinveitta sér. Þeir líta á bandalagið öðrum augum heldur en t.d. Evrópusambandið og segja sem svo að þeir geti vel sætt sig við að ríki gerist aðilar að Evrópusambandinu en ekki að Atlantshafsbandalaginu. Sjálfir hafa Rússar lagt fram hugmyndir sem miða að því að Ráðstefnan um öryggi og samvinnu í Evrópu verði eins konar yfirstofnun í öryggismálum Evrópu og taki að verulegu leyti við af Atlantshafsbandalaginu, en þessar hugmyndir Rússa eiga ekki upp á pallborðið meðal annarra þjóða. Þarna er því um málefni að ræða sem verður einnig á dagskrá og við þurfum að velta fyrir okkur sem aðilar að Atlantshafsbandalaginu og aðilar að Ráðstefnunni um öryggi og samvinnu í Evrópu og ýmsum öðrum evrópskum samtökum. Kem ég þá að því atriði sem nefnt er hér á bls. 7 í skýrslu ráðherrans þar sem segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Það hlýtur að vera okkur umhugsunarefni að þessi þróun getur haft varhugaverð áhrif á öryggishagsmuni Íslands. Svo getur farið að stækkun ESB í norður og austur muni á endanum leiða til vaxandi einangrunar Íslands á sviði varnar- og öryggismála. Aukaaðild að Vestur-Evrópusambandinu verður þá ekki nóg til þess að við getum tryggt hagsmuni okkar á þessu sviði."

Ég er ekki sammála þessari skoðun. Ég er ekki sammála þeirri skoðun að á meðan Ísland hefur tvíhliða varnarsamning við Bandaríkin og er aðili að Atlantshafsbandalaginu að þá muni stækkun Evrópusambandsins í norður og austur stuðla að einangrun Íslands. Raunar vek ég athygli á því að notkun orðsins einangrun í þessu sambandi og öðru samhengi sem varðar tengsl okkar við Evrópuþjóðirnar er ákaflega hættulegt og er þannig orð sem menn eiga að varast mjög að nota, sérstaklega þeir sem starfa að stefnumótun í utanríkismálum. Það er ekki á stefnu Íslands að fylgja einangrunarstefnu í utanríkismálum. Það er á stefnu Íslands að vera virkur þátttakandi í alþjóðlegu samstarfi og það erum við, en við gerum það auðvitað á íslenskum forsendum og með hagsmuni okkar í huga og við getum ekki fórnað meiri hagsmunum fyrir minni í því tilliti. Það er mjög hættulegt af hálfu stefnumótandi aðila á Íslandi að tönnlast í sífellu á því að við núverandi aðstæður séum við í einhverri sérstakri einangrunarhættu. Slíkt er frekar hugarfar hér heima heldur en raunveruleiki þegar menn velta fyrir sér stöðu þjóðarinnar í alþjóðlegu samstarfi og ber að varast að leggja of mikið út af því orði í umræðunum og það einfaldar umræðurnar einnig um of að mínu mati.

Ég tel að aukaaðild að Vestur-Evrópusambandinu geti dugað okkur til þátttöku í umræðum um öryggis- og varnarmál í Evrópu og að Vestur-Evrópusambandið muni skilgreina hlutverk sitt með þeim hætti sem það sjálft ákveður. Það starfar samkvæmt sérstökum stofnsáttmála sem er upphaflega frá 1948 og var endurnýjaður 1954 og það er á valdi Vestur-Evrópusambandsins sjálfs að ákveða sína framtíð, það er ekki á valdi Evrópusambandsins. Það eru ríki innan Evrópusambandsins sem eiga minni aðild að Vestur-Evrópusambandinu en við, sem erum þó ekki innan Evrópusambandsins, og nefni ég þar Dani og Íra og það eru ríki að ganga í Evrópusambandið þessa mánuðina eins og Austurríki, Finnland og hugsanlega Svíþjóð, hlutlaus ríki sem hafa ekki í hyggju að ganga inn í Vestur-Evrópusambandið eða ganga inn í þetta öryggissamstarf í Evrópu eins og það liggur nú fyrir. Auk þess mun á ríkjaráðstefnunni sem hefst á vegum Evrópusambandsins 1996 verða tekin afstaða til þess hvernig eigi að þróa samstarf ríkjanna í öryggis- og varnarmálum. Ég tel að þessi klausa úr ræðu hæstv. ráðherra sem ég las standist ekki þá gagnrýni sem menn þurfa að hafa þegar rædd eru þessi mikilvægu mál og það sé ekkert sem bendi til þess að við séum að einangrast í þessum málum og að öryggishagsmunum Íslands sé vel borgið og sérstaklega með tilliti til þess að við höfum

tvíhliða varnarsamning við Bandaríkin. Það liggur ljóst fyrir að það er ekki ætlunin að rjúfa það samstarf, hvorki af okkar hálfu né af hálfu Bandaríkjanna. Ef til þess kæmi hins vegar að það samstarf rofnaði þá kynnu mál að líta öðruvísi út með íslenska öryggishagsmuni í huga, en á meðan það er í því fari sem nú er þá finnst mér þessi niðurstaða í ræðunni næsta fráleit. Einnig í ljósi þess að af hálfu Vestur-Evrópusambandsins er nú lögð meiri áhersla en áður á það að Evrópuþjóðirnar þurfi að gæta hagsmuna sinna á höfunum. Þar hefur François Léotard, varnarmálaráðherra Frakka, sérstaklega gengið fram fyrir skjöldu og sagt að Vestur-Evrópuríkin þurfi að huga að öryggisgæslu á höfunum og hagsmunum sínum á höfunum og það gera þau ekki eins og við vitum án þess að Ísland komi inn í þá mynd. Þannig að mér finnst ekkert benda til þess að í þessu tilliti sé Ísland að einangrast, en hins vegar þurfum við að sjálfsögðu að gæta okkar hagsmuna.

Ég tek undir það að þungamiðjan í skýrslu hæstv. ráðherra snertir Evrópusambandið og tengsl okkar við það. Ég hef þegar lýst skoðun minni til öryggismálaþáttarins. Ég vil láta þá skoðun mína í ljós að fullyrðingar manna í Noregi, sem róa nú lífróður fyrir því að koma landi sínu inn í Evrópusambandið, sem ekkert er athugavert við, um að Evrópska efnahagssvæðið og samningar um það muni renna sitt skeið um áramótin eru ekki á rökum reistar. Ég held að það liggi alveg ljóst fyrir, af hálfu okkar Íslendinga, nógu traustar yfirlýsingar um það að við vitum að við getum haldið samskiptum okkar við Evrópusambandið lifandi og gangandi á grundvelli samningsins um Evrópska efnahagssvæðið og við getum lagað stofnanir þess svæðis að breyttum aðstæðum. Um það þurfum við ekki að deila. Það liggur alveg ljóst fyrir og ríkisstjórnin hefur fullt umboð Alþingis til að ganga frá slíkum samningum og minni ég þar á ályktun okkar frá 5. maí 1993.

Varðandi skýrslur Háskóla Íslands þá finnst mér ótímabært að tjá mig um þær. Þær liggja ekki fyrir. Það eru nokkrar komnar fram. Það liggur ekki fyrir í heild hver er afstaða þeirra aðila sem háskólinn hefur falið að taka á þessu máli. Og þótt menn telji kosti og galla og segi að kostirnir séu fleiri en gallarnir, þá getur einn galli verið svo stórvægilegur að hann setur skugga yfir alla kostina sem menn kalla svo og eitt atriði getur verið svo mikilvægt frá sjónarmiði Íslendinga að allt annað víki til hliðar. Mér finnst að við eigum ekki að flagga þessum skýrslum eða ræða um þær fyrr en málið liggur fyrir í heild og fyrr en þær eru þá opinber gögn sem menn geta velt fyrir sér og gagnrýnt án þess að tala um þær í hálfkveðnum vísum. Við þurfum að skoða málið í heild og það liggur ekki fyrir enn þá af háskólans hálfu. Á vettvangi utanrmn. verða þessi mál tekin til athugunar. Það er ákvörðun nefndarinnar að gera það þegar skýrslurnar liggja fyrir og við munum fjalla um málið og kynna okkur einstaka þætti þess og vonandi ræða við skýrsluhöfunda, ef þeir gefa sig fram, en eins og komið hefur fram hér eru skýrslurnar að verulegu leyti nafnlausar.

Það hafa verið nokkrar umræður um samning Norðmanna í sjávarútvegsmálum og það hefur verið látið í það skína að sá samningur sé mikill fyrirmyndarsamningur. Ég tek ekki undir það og ég vek athygli á því að erlendir aðilar, aðrir en norskir aðilar, sem hafa lagt mat sitt á þennan samning Norðmanna um sjávarútvegsmál segja, og bendi ég þar á grein í blaðinu Fishing News sem birtist 9. sept. sl., þar sem því er haldið blákalt fram af höfundi að Norðmenn hafi náð betri sjávarútvegssamningi við Evrópusambandið eða Evrópubandalagið árið 1972 heldur en þeir hafa nú í höndunum. Árið 1972 felldu Norðmenn aðildina að Evrópusambandinu eða Efnahagsbandalagi Evrópu, eins og það hét víst þá, á þeirri forsendu að þessi sjávarútvegssamningur væri ekki nógu góður. Þetta er hlutlægt mat sérfræðinga, annarra heldur en Norðmanna, á þessu og þetta er ekki íslenskt mat. Þetta er mat breskra sérfræðinga sem segja þetta og telja að þarna hafi Norðmenn samið um verri kjör heldur en þeir gerðu 1972, enda eru Norðmenn núna, eins og við vitum, betur staddir að öðru leyti því olíuvinnsla og iðnaður skipta meira máli nú hjá þeim heldur en sjávarútvegur. Þannig að mér finnst fráleitt að vera að bera það á borð fyrir okkur hér að vegna þessa sjávarútvegssamnings eigum við sérstaklega að huga að aðild að Evrópusambandinu. Við yrðum að semja, ef til þess kæmi, á allt öðrum forsendum.

Hér er sagt í skýrslunni og ræðunni að árið 1989, það er árið sem er nefnt, hafi orðið gerbreytingar í heiminum og það sé ein sú forsenda fyrir því að Finnar og Austurríkismenn og þessar þjóðir ákváðu að sækja um aðild að Evrópusambandinu. Ég dreg í efa að þetta sé rétt. Austurríkismenn að vísu en ekki Finnar, Svíar og Norðmenn. Í mars 1989 var haldinn fundur í Ósló og þar var ákveðið að tillögu Jacques Delors, vegna ræðu sem hann flutti í janúar 1989, að ganga til samninga um Evrópska efnahagssvæðið. Þannig að það er rangt ártal hér þegar sagt er og miðað við 1989. Það var ekki fyrr en á árinu 1992 sem þessar þrjár þjóðir tóku ákvarðanir um það að tengjast Evrópusambandinu og sækja um aðild að Evrópusambandinu. Þá voru heitar umræður hér á Alþingi Íslendinga um þetta mál og þá var því haldið fram og liggur fyrir í þingtíðindum og þarf ég ekki að endurtaka það fyrir hv. þingmönnum. Af hálfu íslenskra stjórnvalda var sagt: Aðild að Evrópska efnahagssvæðinu kemur í veg fyrir að við þurfum að sækja um aðild að Evrópusambandinu. Með því að staðfesta þann samning sem við vorum að fjalla um á árinu 1992 vorum við að tryggja okkar hagsmuni gagnvart Evrópusambandinu þannig að það væri ástæðulaust fyrir okkur að sækja um aðild að Evrópusambandinu.

Þetta held ég að sé mjög mikilvægt að við höfum í huga þegar við lítum á þessar umræður og ég er þeirrar skoðunar að ef við hefð[illegible] lagt hvort tveggja undir á sama tíma á árinu 199[illegible], aðild að Evrópusambandinu og aðild að Evrópska efnahagssvæðinu, þá hefði hvort tveggja verið fellt. Það hefði ekki náðst meiri hluti á Alþingi fyrir aðild að Evrópska efnahagssvæðinu ef undir hefði legið á sama tíma spurningin um það

að við gerðumst aðilar að Evrópusambandinu. Og ég tel að það sé ekki við hæfi, ef ég má kveða svo fast að orði, að láta nú eins og þetta hafi legið fyrir árið 1989. Það lá ekki fyrir árið 1989 og það lá ekki einu sinni fyrir árið 1992 að þetta væri nauðsynlegt fyrir okkur. Þess vegna finnst mér — og vegna þess að í ræðunni er einnig talað um hættu á vaxandi einangrun og notað það orð, að ég tel að við verðum að nálgast þetta mál með öðrum hætti. Ég tek undir það sem hér segir í ræðunni: „Umræða um framtíð Íslands í nýju evrópsku samhengi er því orðin tímabær." Þetta er rétt. Það er tímabært að ræða þetta en við verðum að ræða það á þeim forsendum sem fyrir liggja til að við séum sjálfum okkur samkvæmir og við gerum það ekki nema við lítum á það sem lagt var fyrir hér á þingi og hvernig við höfum starfað hér á þinginu, hvaða sameiginlegri niðurstöðu við komumst að í maí 1993. Þetta tel ég að sé nauðsynlegt að hafa í huga þannig að við séum sjálfum okkur samkvæmir í þessu mikilvæga máli, þessu brýnasta utanríkismáli okkar nú um stundir og til þess að umræður um það hér verði innan lands á þeim forsendum að sem víðtækust sátt skapist um málsmeðferðina en ekki verðið staðið að henni með það í huga að stofna til deilna.

Herra forseti. Tíminn er naumur. Ég vil aðeins varðandi GATT láta þess getið að ég hef haft mínar hugmyndir varðandi formið á því máli í þinginu, hvort það dugi fyrir okkur. Ég er sammála aðildinni að GATT og tel sjálfsagt að við stefnum að því að ganga frá því máli nú fyrir áramótin á Alþingi en ég hef varpað þeirri spurningu fram oftar en einu sinni: Er nægilegt fyrir okkur að ganga frá aðildinni með því að veita heimild í þáltill. til fullgildingar eða kann að vera skynsamlegra að staðfesta einhvern hluta GATT-samningsins með lögum þannig að ekkert fari á milli mála að hann hafi lagagildi hér eða þau atriði hans sem lúta sérstaklega að samkeppni og öðru slíku?

Ég vil varðandi hálfrar aldar afmæli Sameinuðu þjóðanna láta þess getið að mér finnst að við bíðum svara um hverjir eigi aðild að þeirri nefnd sem hefur verið sett á laggirnar í því efni til að undirbúa þátttöku okkar í því afmæli. Mér finnst annað ógerlegt en að Félag Sameinuðu þjóðanna eigi þar aðild og sé virkur aðili í þessu. Þessi félög eru starfandi um heim allan og gegna ákveðnu hlutverki við að rækta tengsl við almenning í þjóðlöndunum. Mér fyndist freklega fram hjá þessu félagi gengið hér ef það væri ekki virkur þátttakandi í undirbúningnum og við ættum að nota þetta afmæli til þess að stuðla að virkni þess í umræðum hér um málefni Sameinuðu þjóðanna.

Að lokum, herra forseti, kaflinn um utanríkisþjónustuna. Í sumar urðu nokkrar deilur vegna ráðstöfunar á embættum í utanríkisþjónustunni og hreyfði ég þar athugasemdum. Þær lutu ekki að því að ég væri að gagnrýna ákveðna einstaklinga heldur var ég að gagnrýna formið. Ég taldi óviðunandi að í Bretlandi væri ekki starfandi fastskipaður sendiherra og það væri hægt að leysa úr vandkvæðum sem þar kynnu að skapast með öðrum hætti en raun ber vitni um. Ég hef einnig gagnrýnt að sá sem var síðan valinn til að gegna til bráðabirgða störfum sem forstöðumaður hefði ekki full „diplómatísk" réttindi. Utanrrn. gerði þar bragarbót og skipaði viðkomandi aðila embættismann í ráðuneytinu og leysti úr þeim vanda sem skapaðist og ég hef ekki formlegar athugasemdir við málið eins og frá því hefur verið gengið.

Umræður um þetta mál leiddu athygli mína að því að lögin um utanríkisþjónustuna frá 1971 eru að mínu mati ekki í takt við tímann. Ég tel mjög brýnt og vildi skora á hæstv. utanrrh. að hann beitti sér fyrir endurskoðun á þessum lögum. Eins og menn sjá þegar lögin eru lesin þá er ekki gert ráð fyrir þeim breytingum sem orðið hafa á ráðuneytinu í þeim. Ég mundi bjóða þar fram krafta mína og ég held að ég tali fyrir hönd utanrmn. að hún mundi vilja leggja lið endurskoðun á lögunum um utanríkisþjónustu þannig að þau væru í samræmi við þann veruleika sem nú er á þessu sviði.

Herra forseti. Ég er að ljúka máli mínu. Ég get þó ekki stillt mig um það í lok ræðu minnar að vekja athygli á málflutningi framsóknarmanna um Evrópska efnahagssvæðið. Mér finnst furðulegt að hlýða hvað eftir annað á þessi ólíku sjónarmið þeirra til þessa máls. Nýkjörinn formaður flokksins flutti í lok ágúst eða byrjun september ræðu á þingi ungra framsóknarmanna þar sem hann lýsti yfir að ef flokkurinn hefði verið í ríkisstjórn þegar samningurinn var borinn undir atkvæði hefði hann samþykkt hann. Síðan kemur upp fyrrv. þingflokksformaður flokksins, hv þm. Páll Pétursson, og lýsir yfir að Framsfl. muni að vísu ekki beita sér fyrir því að samningnum verði sagt upp en segir um leið að hann sé stjórnarskrárbrot og hættulegt fullveldisafsal. Það virðist svo að mat framsóknarmanna á gildi stjórnarskrárinnar og ákvæðum hennar fari eftir því hvar þeir sitja í valdastólum. Þessi afstaða er með eindæmum og henni mun ekki verða gleymt þótt víðtækar sættir hafi nú tekist um að samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið eigi að vera forsenda fyrir framtíðarsamskiptum okkar við Evrópusambandið þar til við tökum aðrar ákvarðanir ef hagsmunir okkar leyfa að þær séu teknar. — 13:05]

[13:41]

Halldór Ásgrímsson:

Herra forseti. Ég vil biðjast velvirðingar á því að ég hef því miður ekki getað hlýtt á þær umræður sem hér hafa farið fram vegna þess að ég var í kjördæmi mínu en ég fékk ræðu utanrrh. áður en umræðan hófst og ég þakka honum fyrir hana. Ég tel hana ítarlega og þó ég sé ekki sammála öllu sem þar kemur fram þá er ég sammála því sem segir í upphafinu að endalok gerska ævintýrisins hafi opnað flóðgátt breytinga. Ég sé það á öllu að hæstv. utanrrh. er alveg horfinn frá því að styðja slíka hugmyndafræði sem hann gerði á sínum yngstu árum en það kemur fyrir bestu menn. Hins vegar er ég ekki alveg sammála því að mér finnst hæstv. utanrrh. gera heldur lítið úr fortíðinni. Hann talar um afturhvarf til fortíðarinnar, hinn grasigróna moldarvegg til að leika okkur þar að stráum. Ég tel að þetta sé óþarft skot á þá sem á undan okkur gengu sem börðust fyrir sjálfstæði þjóðarinnar og gerðu Ísland að

því sem það er í dag. Þótt hæstv. utanrrh. sjái framtíðina í nokkuð öðru ljósi en margir aðrir þá finnst mér óþarfi að vitna til fortíðarinnar með þessum hætti.

En svo ég snúi mér fyrst að þeim málum sem eru rædd í upphafi skýrslunnar, þ.e. sjávarútvegsmálum, þá tel ég mjög mikilvægt, eins og hér kemur fram, að ná friðsamlegri lausn á þeim deilumálum sem þar eru uppi og þá sérstaklega við Norðmenn. Ég vil hins vegar benda á það að við megum ekki líta fram hjá okkar hagsmunum til lengri framtíðar. Okkar stóru hagsmunir til lengri framtíðar eru sem strandríki. Við höfum mikilla hagsmuna að gæta á Reykjaneshrygg. Við höfum mikilla hagsmuna að gæta að því er varðar síldina. Þótt hagsmunir okkar í Barentshafi séu vissulega mjög miklir þá er það svo að það skiptir okkur afar miklu máli að fá nágranna okkar til að viðurkenna rétt okkar á Reykjaneshrygg. Ég tel mikilvægt, eins og ríkisstjórnin hefur reyndar lýst yfir, að reynt verði að ná samkomulagi við Grænlendinga um stjórnun þess svæðis því að Rússar og Norðmenn geta ekki talað tungum tveim í þessu máli. Þeir geta ekki notað eina reglu í Barentshafi og allt aðra reglu á Reykjaneshrygg. Að sjálfsögðu á það sama við um okkur enda hafi þá þeir viðurkennt okkar rétt. Þeir geta ekki ætlast til þess að við viðurkennum þeirra rétt í Barentshafi, sem sagt á Svalbarðasvæðinu og í Smugunni, miðað við það að þeir hafa á engan hátt viðurkennt okkar rétt út af íslenskri lögsögu.

Ég vil líka taka undir það sem kemur fram síðar að við þurfum að hugsa um nýtingu hvalastofna og selastofna í þessu samhengi sem er okkur mikilvægir. Ég tel afar óheppilegt eins og kemur fram í skýrslu utanrrh. þar sem hann segir að hann telji að við eigum að ganga á ný í Alþjóðahvalveiðiráðið með þeim fyrirvara að við samþykkjum ekki hvalveiðibannið frá 1982. Ég vil alls ekki útiloka það að við göngum á ný í hvalveiðiráðið. En ég tel óheppilegt að ríkisstjórnin skuli ekki tala einu máli svo stóru og viðkvæmu atriði. Það hefur komið fram að það er ágreiningur um málið í ríkisstjórninni og ríkisstjórn sem hefur ágreining í stórum og mikilvægum málum getur ekki reiknað með að hún sé tekin alvarlega, hvort sem það er í þessu máli eða Evrópumálunum.

Ég geri mér alveg fullkomna grein fyrir því að það geta verið skiptar skoðanir milli flokka í málum sem þessum. En hér er um svo stórt mál að ræða að við verðum að ná sem mestri samstöðu því að það eina sem getur komið okkur áfram í þessu máli er mikil samstaða hér inn á við. Ég er þeirrar skoðunar að ef við göngum á ný í Alþjóðahvalveiðiráðið þá eigi líka að taka ákvörðun um það að taka hrefnu í vísindaskyni í framhaldi af því. Við höfum fullan rétt til þess innan Alþjóðahvalveiðiráðsins. Það var ætlunin að taka sýnishorn af hrefnunni og það er nauðsynlegt. Ef við göngum í Alþjóðahvalveiðiráðið þá verðum við að tilkynna um leið að við ætlum okkur það að taka hrefnu í vísindaskyni. Ég tel að mikil vísindaleg rök mæli með því og því eigi að gera það. Það er engin leið að rannsaka hvalastofnana nema einhverjar veiðar fari fram.

Hitt er svo annað mál að þær yfirlýsingar sem hafa komið frá Alþjóðahvalveiðiráðinu í sambandi við veiðar á nýjan leik eru ekki góðar fyrir okkur Íslendinga. Mér finnst vera of mikið gert úr því hér. Það er slík varkárni í þeim reglum sem menn hafa hugsað sér að taka upp í sambandi við veiðar í framtíðinni að ég sé ekki að veiðar í atvinnuskyni verði nokkrar svo heitið geti samkvæmt þeim reglum. Það er því ekki nóg að koma með jákvæðar yfirlýsingar um að taka tillit til vísindalegra rannsókna ef varkárnin er svo mikil að engar veiðar fari fram. Ef slíkri varkárni væri beitt gagnvart fiskstofnum hér á landi þá værum við Íslendingar trúlega ekki að veiða nokkurn skapaðan hlut úr einum einasta fiskstofni. Þessi tvískinnungur er því miður uppi hjá Alþjóðahvalveiðiráðinu í þessu máli.

Ég er þeirrar skoðunar að við eigum að reyna að stórauka samvinnuna hér í norðri við Norðmenn, Rússa, Kanadamenn, Bandaríkjamenn, Grænlendinga og Færeyinga. Ég tel heppilegt að nota Rovaniemi-ferilinn í því sambandi. Það er þegar hafin veruleg samvinna á grundvelli hans milli umhverfisráðherra þessara landa og ég tel nauðsynlegt að hefja sambærilega samvinnu milli sjávarútvegsráðherra landanna og hugsanlega annarra ráðherra. Okkur vantar pólitíska umræðu um þessi mál. Það hefur því miður mistekist að nokkru leyti að koma upp slíkum vettvangi. Alþjóðahvalveiðiráðið er alls ekki nægilegur vettvangur til þess og því tel ég nauðsynlegt að auka pólitíska umræðu um, ekki eingöngu nýtingu hvalanna og selanna heldur jafnframt fiskstofnanna í norðurhöfum. Við höfum svo mikilla sameiginlegra hagsmuna að gæta með okkar nágrannaþjóðum að það er mjög nauðsynlegt.

Ég vil jafnframt nota tækifærið til þess að ræða lítillega um það sem kemur fram í skýrslunni um Evrópusambandið. Það er ljóst að hæstv. utanrrh. leggur mikla áherslu á það í ræðu sinni að rétt sé að sækja um aðild. Þó að það komi ekki fram með beinum orðum þá kemur það fram á svo ákveðinn hátt þó að það sé óbeint í mörgum tilvikum eins og þegar hann segir sem svo, með leyfi forseta: „Mitt mat er að biðin mun ekki skila okkur hagstæðari samningum en við ættum hugsanlega kost á í kjölfar aðildar samninga við aðrar Norðurlandaþjóðir.“ Og hann vísar líka til hættu á einangrun. Hann segir líka að því hafi oft verið haldið fram að umsókn nú sé ótímabær. Með þessu er hæstv. utanrrh. að segja það að það sé tímabært að sækja um. Ég hef litið svo á að ræða sem þessi væri haldin fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands en ekki fyrir hönd Alþfl. Það hefur verið lögð áhersla á það að flokkarnir hefðu mismunandi skoðanir í þessu máli, en hæstv. utanrrh. túlkaði skoðun ríkisstjórnarinnar einarðlega að öllu leyti en ég get ekki séð að þessi ræða samrýmist þessari opinberu túlkun og því lýsi ég yfir undrun á henni og vil enn vísa til þess sem ég sagði áður að það hlýtur að veikja stöðu okkar Íslendinga í máli sem þessu að ríkisstjórnin skuli ekki tala eitt skiljanlegt mál í þessu mikilvæga máli.

Ég tel að það vanti stefnu frá hæstv. ríkisstjórn með hvaða hætti við eigum að sækja á um það að hafa áhrif innan Evrópusambandsins. Ég geri mér vel grein fyr-

ir því að það er ekki auðleyst mál og ég geri mér vel grein fyrir því að auðvitað verða áhrif okkar mun minni utan sambandsins en innan. En hitt er svo annað mál að með því að ganga inn í sambandið fórnum við slíkum hagsmunum á sjávarútvegssviðinu að það er ekki ásættanlegt og það hefur enginn sýnt fram á það með neinum haldbærum rökum að það séu líkur á því að í samningum við Evrópusambandið fáist nokkur ásættanleg lausn fyrir Íslendinga í því stóra máli. Með því að sækja um án þess að gera sér grein fyrir því hvernig málið hugsanlega endar, það tel ég vera mjög óskynsamlegt og við í Framsfl. erum andvígir því en viljum byggja þá samninga sem nú eru fram undan á samningnum um Evrópskt efnahagssvæði. Það var vissulega ágreiningur um þann samning. M.a. var ágreiningur um þann samning vegna þess að það voru ýmsir sem héldu því fram að hann yrði notaður sem stökkpallur inn í Evrópusambandið. Það voru margir í mínum flokki sem alls ekki vildu styðja þann samning, m.a. af þeim ástæðum. Og ég sé ekki betur en hæstv. utanrrh. túlki málið nú með þeim hætti að hér eigi að vera fyrst og fremst um stökkpall að ræða inn í Evrópusambandið og það leiðir þá líkum að því að þeir sem héldu því fram hefðu haft rétt fyrir sér. Við vorum hins vegar ýmsir sem héldum því fram að með inngöngunni í Evrópska efnahagssvæðið væri verið að skapa möguleika fyrir Íslendinga til að standa utan Evrópusambandsins. Því hélt ég fram á sínum tíma og því finnst mér það slæmt hversu sterklega það er gefið til kynna hér að við eigum að sækja um aðild en að sjálfsögðu verður það ekki gert nema meiri hluti sé fyrir því á Alþingi og ég veit ekki til þess að svo sé.

Ég er þeirrar skoðunar að við eigum að láta það sterklega í ljós við Evrópusambandið að við viljum fá aðild að ráðum og nefndum eftir því sem nokkur kostur er til þess að hafa þar eins mikil áhrif og við getum. Ég geri mér grein fyrir því að því kann að verða hafnað, en það er þá Evrópusambandsins að benda á það hvernig þeir séu tilbúnir að standa við þau ákvæði samningsins að það fari fram umræður milli Íslendinga og Evrópusambandsins um atriði samningsins. Ég tel líka nauðsynlegt að menn útskýri það hvað það er sem við viljum fá breytt í samningnum, ekki endilega með breytingu á samningnum sjálfum heldur hugsanlega breytingum á bókun 6 eða viðbótarsamningum og þar eru það einkum ýmsar fisktegundir sem enn þá bera tolla eins og humar, síld og margt á sviði landbúnaðarvara eins og hestar, kjöt og margt fleira. Þetta eru samningsmarkmið sem þarf að skilgreina sem fyrst því að það er ekki mikill tími til stefnu. Eftir því sem ég best veit hafa aðilar hjá Evrópusambandinu gert ráð fyrir því að þessum samningum gæti hugsanlega lokið í desember eða janúar og ég tel því mikilvægt að viðræður eigi sér stað ekki eingöngu innan ríkisstjórnarinnar heldur jafnframt við stjórnarandstöðu í sambandi við undirbúning þess máls.

Ég vil að lokum benda á það að mér finnst hæstv. utanrrh. gera sér heldur litlar væntingar um norræna samvinnu í sambandi við inngöngu hinna þjóðanna í Evrópusambandið. Hann segir þar í lok kaflans um norræna samvinnu, með leyfi forseta: „En við getum ekki búist við að verða annað en þiggjendur.“

Ég tel að það sé alrangt að ganga út frá því að við verðum fyrst og fremst þiggjendur í því samstarfi. Ég bendi á það að Ísland fer með forustu í norrænu samstarfi í ár og getur með þeirri forustu haft veruleg áhrif. Ísland mun hafa forustu í norrænu samstarfi fimmta hvert ár eins og venja hefur verið og við eigum að leggja áherslu á það að styrkja okkar þátt innan norrænnar samvinnu m.a. með því að koma upp sameiginlegri skrifstofu Norðurlandaráðs og norrænu ráðherranefndarinnar í Brussel. Ég tel að það sé mjög mikilvægt fyrir okkar hagsmuni að Norðurlöndin í heild komi fram þar með þeim hætti og það sé unnið að samnorrænum málum í samvinnu við Norðurlandaráð og norrænu ráðherranefndina. Ég vildi gjarnan heyra álit hæstv. utanrrh. á þessari skoðun ef hann getur látið hana í ljós síðar við þessa umræðu.

Hæstv. forseti. Tímans vegna get ég ekki tjáð mig hér um fleiri mál þó ástæða væri til, en vænti þess að geta gert það síðar.

[13:57]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. síðasti ræðumaður var ekki við umræðuna hér áðan þannig að það fór fram hjá honum því miður þegar hv. þm. Páll Pétursson gaf hér þá yfirlýsingu að í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið hefði verið fólgið hættulegt afsal á fullveldi og stjórnarskrárbrot. Ég hefði viljað inna hv. þm. Halldór Ásgrímsson og formann Framsfl. eftir því hvort hann sé sammála þessari skoðun og þá jafnframt hvort hann sé sammála þeirri túlkun hv. þm. Páls Péturssonar að þrátt fyrir stjórnarskrárbrot og hættulegt fullveldisafsal sé engin ástæða til þess að segja samningnum upp.

[13:58]

Halldór Ásgrímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er nú alveg vitað mál að í umræðum um þetta mál kom fram að ég hafði efasemdir um það hvort hér væri verið að ganga á skjön við stjórnarskrá eða ekki. Ég sagði þar skýrt þá. Ég hélt því ekki fram að það væri stjórnarskrárbrot. Hv. þm. Páll Pétursson taldi að það væri alveg ljóst að það þyrfti að breyta stjórnarskránni og þetta liggur alveg ljóst fyrir. Ég og hv. þm. Páll Pétursson erum alveg sammála um það að við teljum ekki ástæðu til að segja upp samningnum um Evrópskt efnahagssvæði. Ég veit ekki betur en að hv. þm. hafi tjáð sig um það hér. Hins vegar teljum við að það þurfi ýmsar breytingar að gera á honum og ég vænti þess að um það sé full samstaða hér.

Það voru ekki algerlega sömu skoðanir uppi um þetta mál í flokki hv. þm. sem hér var að spyrja. Það er alveg ljóst að þó vorum ekki alveg samstiga í þessu máli en ég vil taka það skýrt fram að við erum þar í dag og það er skoðanafrelsi í Framsfl. og hefur alltaf verið og mun alltaf verða svo.

[13:59]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Ég vil, hæstv. forseti, spyrja hv. þm. Halldór Ás-

grímsson að því hvort skoðanafrelsið sem ríkir innan Framsfl. gangi svo langt að þar geti menn sæst á það að lifa við stjórnarskrárbrot.

[14:00]

Halldór Ásgrímsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Við getum trúlega ekki sæst á það að lifa við stjórnarskrárbrot. En við getum sæst á það að vera ekki alveg sammála um það hvort um stjórnarskrárbrot er að ræða eða ekki. Ég átta mig ekki alveg á því hvert hv. þm. er að fara. Við erum vanir því í Framsfl. ef við lendum í erfiðum málum að við leysum þau þrátt fyrir það að við séum ekki alltaf sammála. Við höfum gert það þegar við höfum verið í ríkisstjórn á hverjum tíma, þá höfum við leyst þau erfiðu verkefni sem við höfum tekist á við og við munum halda áfram að gera það. En til þess að komast að niðurstöðu er að sjálfsögðu nauðsynlegt að hafa umræður um mál. Þær eru og verða innan Framsfl. og ég vænti að slíkar umræður verði jafnframt í öðrum flokkum og menn skammist sín ekkert fyrir það í Sjálfstfl. að vera einstaka sinnum ósammála um eitthvað. Það er alveg nýtt fyrir mér.

[14:01]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Skýrsla utanrrh. er afar yfirgripsmikil. Það er víða komið við og þó það væri áhugavert að koma inn á marga þætti ætla ég að einskorða mig við fá efnisatriði.

Það er enginn vafi á því að við stigum heilladrjúgt spor með aðild okkar að EES. Eins og hér kemur fram er það mat Þjóðhagsstofnunar að skilaverð á útflutningi til Evrópusambandsins umfram það sem ella hefði orðið nemi umtalsverðum upphæðum, jafnvel hátt í milljarð. En við stöndum nú frammi fyrir því á hvern hátt við munum fylgjast með, hafa áhrif á og taka sjálfstæða afstöðu til mála sem eru til umræðu innan Evrópusambandsins.

Í síðustu viku stóð sú nefnd er ég veiti formennsku í Norðurlandaráði, menningarmálanefndin, fyrir ráðstefnu í Brussel um upplýsingaskyldu stjórnvalda eða það sem frændur okkar nefna „offentlighets prinsippe". Þarna voru fróðir fyrirlesarar og fulltrúar þjóðþinga sem og blaðamannasambanda á Norðurlöndum. Og sú spurning var sívakandi í umræðunni á hvern hátt væri hægt að tryggja upplýsingaflæði á ýmsum stigum ákvarðanaferlisins til að tryggja sem best lýðræðislega ákvarðanatöku aðildarríkjanna og þátttöku þjóðþinganna.

Ég hef lengi verið sannfærð um að Norðurlandasamstarfið er í lykilhlutverki hvað varðar okkar Evrópusamvinnu og trúi því að ef við eigum eftir að verða aðilar að Evrópusambandinu verði Norðurlandasamstarfið kjarninn innan þess samstarfs. Á hinn bóginn að ef við verðum eitt Norðurlanda utan Evrópusambandsins þá muni Norðurlandasamstarfið verða okkar lífæð, okkar tenging inn í ákvarðanatöku á vettvangi sambandsins ef við fáum ekki aðild að nefndum en staða okkar verður þá eðlilega öll önnur en nú er. Við sem störfum á norrænum vettvangi finnum auðvitað hvernig allt starfið verður fyrir áhrifum af fyrirhugaðri aðild hinna Norðurlandanna og spurningin sem svífur yfir er hvernig Norðurlönd eiga að búa sig undir það sem fram undan er, hvort sem þau verða öll aðildarríki eða ekki. Það eru allir meðvitaðir um að það er ekki og verður ekki um óbreytt ástand að ræða. En það er líka óþægilegt að reyna að útskýra fyrir norrænum samstarfsaðilum hve umræðunni um kosti og galla Evrópusambandsaðildar er í raun haldið í miklum skefjum hér og hún einkennist af staðhæfingum um að okkur dugir EES. Við eigum auðvitað að sækja eða við eigum alls ekki að sækja um án þess að frekari rökstuðningur fylgi með.

Á flokksþingi Alþfl. í sumar var leitast við að kasta ljósi á þessi mál og það var mat okkar að opin umræða um kosti og galla hugsanlegrar aðildar yrði að fara fram í þjóðfélaginu. Þrátt fyrir ályktun um að láta á það reyna hvort unnt væri að tryggja brýnustu þjóðarhagsmuni okkar við samningaborðið var niðurstaðan sú að aðildarumsókn væri ekki tímabær og ástæður þess tilgreindar. Hins vegar yrði haldið aukaflokksþing um þetta stóra mál síðar. Þar var fyrsta og brýnasta verkefnið talið að leita formlegrar staðfestingar Evrópusambandsins á því að Evrópusamningurinn héldi gildi sínu í formi tvíhliða samnings milli Íslands og ESB, að í engu yrði hvikað frá réttindum og skuldbindingum sem samningurinn fæli í sér. En flokksþingið lagði áherslu á að tímann fram að áramótum bæri að nýta til hins ýtrasta til þess að rannsaka og ræða kosti og galla hugsanlegrar Evrópusambandsaðildar og til þess að leita eftir sem breiðastri samstöðu með hagsmunasamtökum, milli stjórnmálaflokka og meðal þjóðarinnar allrar um skilgreiningu samningsmarkmiða og vörslu brýnustu þjóðarhagsmuna. Að forustumönnum stjórnmálahreyfinga og hagsmunasamtaka bæri að nýta tímann eins og unnt væri til þess að kynna þjóðinni á hlutlægan og fordómalausan hátt hverra kosta er völ til þess að tryggja langtímahagsmuni þjóðarinnar á öru breytingaskeiði. Slíkri efnislegri umræðu hefur verið óhemju erfitt að hleypa af stokkunum.

Í umræðunni um utanríkismál í dag hafa menn mest haldið sig við hina hefðbundnu umræðu um utanríkisstefnu okkar, en mig langar að víkja að öðrum atriðum í ræðu utanrrh. sem vert er að gefa gaum, málefnum sem við ræðum of sjaldan á Alþingi en eiga sannanlega erindi og það eru mannréttindamálin. Ég tek undir þau orð að efling mannréttinda og virðing fyrir lýðræðislegum hefðum stuðlar að jafnvægi og friði í heiminum. Aukin umræða og upplýsingar um mannréttindamál hin síðari ár hefur beint sjónum manna að þeirri staðreynd hve það að bæta stöðu kvenna er mikið undirstöðuatriði í þeirri viðleitni vestrænna þjóða að stuðla að framþróun í þriðja heiminum.

Mannréttindaráðstefnan í Vín hefur lýst réttinn til þróunar sem grundvallarmannréttindi og þróunaraðstoð og þróunarsamvinna er í dag í æ ríkari mæli skoðuð í því ljósi. Það hefur ekki verið mikið fjallað um það hér hjá okkur hvað felist í yfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna um afnám ofbeldis gegn konum, hvað felist í alþjóðasamningnum um afnám alls misréttis gegn

konum eða alþjóðasamningnum um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi né heldur hvort þessir samningar hafi skilað tilætluðum árangri í réttindabaráttu kvenna. Hefði ég kosið að við hefðum tækifæri til þess að þegar utanrrh. fjallar um þessi viðamiklu mál, sem m.a. alþjóðasamningar eru, hefði hann tækifæri til að koma enn frekar inn á þessa þætti. Það er mjög þýðingarmikið að við tökum virkari þátt í alþjóðlegu samstarfi. Vísa ég þar t.d. til aðildar að kvennanefnd Sameinuðu þjóðanna sem hin Norðurlöndin hafa átt aðild að, að íslenskar konur tækju þátt á alþjóðlegum vettvangi. Og ég fagna því að utanrrh. hefur sett á laggir sérstaka nefnd til að undirbúa kvennaráðstefnuna í Peking á næsta ári og ég veit að konur t.d. í okkar flokki munu í vaxandi mæli taka þátt og beita sér í umræðu á þessum vettvangi.

Á síðasta ári var haldin mannréttindaráðstefna Sameinuðu þjóðanna í Vín og er litið svo á að niðurstöður þeirrar ráðstefnu hafi verið mikilsverður áfangi í réttindabaráttu kvenna. Í kjölfar þeirrar ráðstefnu var skrifstofa Sameinuðu þjóðanna um réttindi kvenna flutt í aðalstöðvar stofnunarinnar í New York. Sú aðgerð ber í sér pólitískan boðskap og er ljóst að aukin áhersla verði lögð á þennan þátt í alþjóðlegu starfi á næstunni. Ég hef heyrt að á alþjóðlegum vettvangi sé að þróast nýtt lýðræðislegt hugtak, svokallað tvenndarlýðræði. Í því felst að ekki sé um lýðræði að ræða nema bæði kynin starfi á réttlætisgrundvelli við að stjórna landinu. Nýverið var mynduð ný ríkisstjórn í Svíþjóð skipuð að jöfnu konum og körlum en við það tækifæri sagði Ingvar Carlsson forsætisráðherra Svíþjóðar: „Vandamálið var að finna nógu marga hæfa karlmenn í ríkisstjórnina“ og það þarf engan að undra að eftir þeim orðum var tekið á alþjóðavettvangi.

Það er vaxandi skilningur á mikilvægi þess í alþjóðlegu starfi að réttindabarátta kvenna færist inn á vettvang pólitískrar ákvarðanatöku. Því er hafnað að hóphyggja kvenna sé árangursrík leið til að efla réttarstöðu kvenna. Hún hefur ekki skilað nægilegum árangri. Aukin áhersla er á að tekið sé tillit til sjónarmiða kvenna á öllum sviðum við pólitíska ákvarðanatöku, hvort heldur fjallað er um mannréttindi, þróunarmál, félagsmál, umhverfismál eða önnur samfélagsleg málefni. Að konur takist á við viðfangsefnin á jafnréttisgrundvelli.

Í gagnrýni á hóphyggju felst ekki gagnrýni á að konur standi saman, svo sem í stéttabaráttu og innan þeirrar samvinnu þar sem þau vilja ná árangri á sameiginlegum vettvangi karla og kvenna.

Virðulegi forseti. Alþingi hefur ákveðið að taka til endurskoðunar VII. kafla stjórnarskrárinnar sem við okkar í milli nefnum oft mannréttindakaflann og gefst þá tækifæri til að ræða þennan mikilvæga þátt frá nærtækari sjónarhorni. En mig langar að víkja að öðru mikilvægu máli á vettvangi mannréttindamála en það eru málefni flóttamanna sem drepið er á í ræðunni. Ísland er aðili að flóttamannasamningnum frá 1951 og viðbótarsamningnum frá 1967 og þó Ísland hafi ekki lögleitt samninginn þá er okkur skylt að virða hann samkvæmt alþjóðareglum.

Samkvæmt samningnum telst sá flóttamaður sem dvelst utan síns heimalands eða er ríkisfangslaus og hefur ástæðu til að ætla að hann yrði ofsóttur vegna kynþáttar, trúarbragða, þjóðernis, aðildar í sérstökum félagsmálaflokkum eða vegna pólitískra skoðana og getur ekki af þeim sökum notfært sér vernd þess lands þar sem hann er ríkisborgari eða hafði reglulegt aðsetur þegar um ríkisfangslaust fólk er að ræða. Það er engin heildstæð löggjöf um flóttamenn í íslenskum lögum. Aðeins ein grein í lögum um eftirlit með útlendingum. Mörg berum við kinnroða fyrir hve fáum flóttamönnum við höfum tekið á móti í tímans rás. Á árunum 1956–1993 hafa komið hingað 207 svokallaðir kvótaflóttamenn í sex hópum. Manna á milli eru ýmsar orsakir nefndar. Það er talað um legu landsins, tungumálið, veðurfar o.s.frv. Það er líka ástæða til að nefna að meginreglan um fyrsta griðland hefur gert það að verkum að Ísland hefur getað endursent umsækjendur til þess lands. Mér finnst því mjög mikilvægt að utanrrh. hafi flutt tillögur í ríkisstjórn sem miða að því að íslensk stjórnvöld marki sér heildarstefnu í málefnum flóttamanna og að stofnað hefur verið sérstakt flóttamannaráð. Því ber að fagna að Ísland verði virkara í móttöku flóttamanna og skipi sér þar á bekk í hinu norræna samstarfi. Ísland hefur nefnilega ekki skuldbundið sig til að taka á móti flóttamönnum samkvæmt árlegum kvóta þótt Ísland sé að öðru leyti aðili að samieginlegri norrænni flóttamannastefnu.

Virðulegi forseti. Veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelginnar hafa reynst veigamiklar fyrir sjávarútveginn og í afkomu okkar. Þátttaka mín í nefnd um úthafsveiðar hefur sannfært mig um hve þýðingarmikið það er að leysa ágreiningsmálin við frændþjóðina með samningum og á jafnréttisgrundvelli ef hægt er að komast svo að orði því að við höfum svo oft setið við samningaborð um aðra stofna og önnur svæði sem þeir hafa sótt í.

Að lokum vil ég nefna, virðulegi forseti, hve farsæl samvinna okkar Íslendinga hefur verið við aðrar þjóðir í varnarmálum. Ég vil láta í ljós þá von að svo verði einnig áfram við breyttar aðstæður í Evrópu.

[14:14]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur fyrir það hve mikla áherslu hún lagði hér á málefni kvenna í heiminum og það veitir nú ekki af. Ég fagna því sérstaklega að ég fæ ekki betur séð en að konur bæði í Sjálfstfl. og Alþfl. séu loksins að vakna til vitundar um það ástand sem ríkir í þeirra flokkum og hve konur eiga þar erfitt uppdráttar. Það gildir nú ekki síst um alþýðuflokkskonur sem hafa séð hve gríðarlegum árangri konur í jafnaðarmannaflokkum á Norðurlöndunum hafa náð svo að það hlýtur að vera þeim hvatning til sóknar. Hv. þm. nefndi hér í ræðu sinni hóphyggju kvenna og það væri ekki leið í baráttunni og mig langar til að biðja hana að skýra hvað hún á við með þessu. Ég skil þetta ekki.

[14:15]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Við þurfum ekki í Alþfl. að vakna

upp til neinnar vitundar. Sjálf hef ég verið í stjórnmálum frá 1978 og talið að ég ásamt þeim konum sem ég hef starfað með höfum haft og skipað mikinn sess og verið mikill þáttur í allri pólitískri umræðu og stefnumörkun í mínum flokki. Þar verður hins vegar ekki heldur staðar numið og þótt við höfum orðið fyrir áfalli nú, þá má e.t.v. segja að það sem lært verður af því er að maður skuli aldrei leggja of mikinn þátt í að hlúa að einhverjum einum heldur ævinlega vera á varðbergi fyrir því að sem allra flestir standi saman og vinni saman að málum.

Varðandi spurninguna um hóphyggjuna. Þetta er ekki eitthvað sem ég hef kafað mjög mikið niður í en menn eru að verða meðvitaðir um að konur hafa mjög oft myndað hópa á útjaðri t.d. alþjóðamála og ekki verið að starfa í þeirri miðju atburðarása sem nauðsynlegt er. Á vissan hátt býst ég líka við að þessi nýja hugsun lúti að því að það sé ekki málum okkar til framdráttar að starfa einar og sér t.d. eins og Kvennalistinn, miklu fremur í blönduðum hópum.

[14:16]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hygg að hugtakið hóphyggja í þessu samhengi eigi miklu frekar við þá tilhneigingu að setja allar konur undir sama hatt eða telja allar konur eins eins og löngum hefur verið gert í umræðunni í gegnum aldirnar og lesa má út úr ýmsum bókmenntaritum og fræðiritum hins vestræna heims. En með því er að *mínum dómi ekki átt við það að konur myndi* hreyfingar og konur standi saman til þess að bæta stöðu sína. En það er mjög mikilvægt í allri umræðu að gæta þess að konur eru einstaklingar og þær eru mismunandi og það á einmitt að leyfa þúsund blómum að blómstra. Þær geta samt sem áður myndað fagran blómagarð. En ég tel ekki að í þessu felist gagnrýni á Kvennalistann, ég ætla ekki að taka það þannig heldur tel ég að Kvennalistinn hafi löngu sannað gildi sitt og ef eitthvað er, þá er meiri þörf fyrir öflugri baráttu kvenna en nokkru sinni fyrr. Við konur hér á Alþingi ættum auðvitað frekar að taka höndum saman og styðja hver aðra og standa saman í baráttunni við að bæta stöðu kvenna í þjóðfélaginu þvert á alla flokka.

[14:18]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tek undir síðustu orð þingmannsins en því er ekki að neita að okkur greinir á í þeim efnum hvernig við vinnum best að framgangi mála sem við konur viljum hafa áhrif á. Ég er alveg föst í þeirri trú minni að þar náum við bestum árangri í blönduðum hópum karla og kvenna. Þannig er þjóðfélagið allt. Við erum hluti af ákveðinni heild og þess vegna dró ég einnig fram þennan ríka þátt sem farinn er að verða á Norðurlöndunum og samsetningu ríkisstjórnar Ingvars Carlssonar en við skulum ekki gleyma því að konurnar sem við störfum með á norrænum vettvangi eru búnar að fara í gegnum ákveðið ferli sem við erum inni í núna og hafa náð umtalsverðum árangri og þess vegna er mjög mikilvægt líka að læra af þeirra baráttuaðferðum og flytja þær hingað heim.

[14:19]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu ræða utanrrh. um utanríkismál á Alþingi og ég ætla hér að reyna að koma inn á nokkur atriði þessarar ræðu á þeim skamma tíma sem ég hef til umráða.

Það er þá fyrst þess að geta að við höfum horft upp á miklar breytingar á heimsmálum á undanförnum árum og sú þróun heldur áfram. Ef ég horfi svona yfir heiminn og velti því fyrir mér hvað helst er að gerast þar, þá auðvitað blasir við hin tvískipta Evrópa. Annars vegar er Vestur-Evrópa með Evrópusambandið í broddi fylkingar þar sem stefnir í stækkun þess bandalags og enginn veit svo sem hvernig það á eftir að þróast á næstu árum. Hins vegar er svo Austur-Evrópa með öll þau gífurlegu vandamál sem þar blasa við, en það má reyndar segja þegar við notum hugtakið Austur-Evrópa að það er auðvitað tvískipt líka. Ríki eins og Pólland og Tékkland eru heldur að rétta úr kútnum meðan ástandið er mjög alvarlegt austar í álfunni í löndum eins og t.d. Úkraínu, þar sem *þúsundir ef ekki* milljónir manna lifa orðið á matargjöfum frá m.a. Rauða krossinum. Þar er afar alvarlegt ástand. Og ég er sannfærð um það að á næstu árum á orka Evrópusambandsins og þeirra Vestur-Evrópuríkja sem kunna að standa utan þess að miklu leyti eftir að fara í aðstoð við Austur-Evrópu. Það er óhjákvæmilegt að veita þeim bæði aðstoð í mannréttindamálum og þróun síns *stjórnkerfis í átt til lýðræðislegri stjórnarhátta* og það þarf að reyna að stilla þar til friðar og þeir þurfa að fá bæði efnahags- og þróunaraðstoð. Þannig að ég er alveg sannfærð um það að þessi nafli alheimsins, sem sumum finnst vera í Evrópusambandinu, á eftir að snúa sér fyrst og fremst að Austur-Evrópu á næstu árum.

Ef við lítum aðeins á Bandaríkin þá er þar uppgangur í efnahagslífinu og það hefur sýnt sig að hinni *nýju* stjórn Clintons Bandaríkjaforseta hefur tekist að hleypa þar fjöri í efnahagslífið. Þeim hefur tekist að skapa, ef ég man rétt, 1.400 þús. ný störf á þeim 21 mánuði sem stjórnin hefur þar starfað. En það gengur á ýmsu í utanríkismálunum, þar sem annars er vegar að finna leifar hins gamla tíma, eins og kom fram í atkvæðagreiðslunni hjá Sameinuðu þjóðunum í gær um Kúbumálið og þennan tvískinnung sem gætir í utanríkisstefnu Bandaríkjanna og felst m.a í því að þeir eru mjög að leita eftir auknum samskiptum við Kína þrátt fyrir ítrekuð mannréttindabrot Kínverja og skort þeirra á lýðræði. En síðan halda Bandaríkin Kúbu í heljargreipum á grundvelli þess að þar ríki hvorki lýðræði né að mannréttindi séu virt.

Það var mjög merkilegt að fylgjast með umfjöllun fjölmiðla í Bandaríkjunum um Haítí-málið og sýnir kannski í hnotskurn þann vanda sem Bandaríkjaforseti er í því. Því það var eiginlega alveg sama hvað hann gerði, hann var stöðugt skammaður af fjölmiðlum og það var aldeilis ekki verið að meta það að honum tókst með sínum aðgerðum að koma í veg fyrir mikið blóðbað og enn verri innanlandsátök á Haítí en orðið hefði ef þar hefði orðið innrás. En hann var skammaður hvað sem hann gerði og það er svona tákn um þá miklu and-

stöðu sem hann hefur mætt og hans stefna.

Hins vegar hefur stefna Bandaríkjanna gagnvart Sameinuðu þjóðunum breyst allverulega, sem m.a. kom fram á mannréttindaráðstefnunni í Kaíró, þar sem Bandaríkin beittu sér verulega sem talsmaður umbóta og mannréttinda og þess sjónarmiðs sem hér hefur verið tíundað, að besta leiðin bæði til þess að draga úr mannfjölgun og til þess að bæta ástandið í heiminum sé auðvitað að styðja við bak kvenna, að mennta konur, að kenna þeim á sitt samfélag, að kenna þeim hvernig hægt er að bæta heilsuna, hvernig hægt er að verja börnin fyrir sjúkdómum og jafnframt að bæta stöðu þeirra almennt þannig að þær komi í veg fyrir barneignir. En þar er við ramman reip að draga og þar koma trúarbrögðin ekki síst inn í myndina og ég get nefnt það hér, sem ég hef gert áður, að mér finnst kaþólska kirkjan sýna ábyrgðarleysi í sinni afstöðu til mannfjölgunar í heiminum. Mér dettur þá í hug það sem einn af fulltrúum Bandaríkjastjórnar á ráðstefnunni í Kaíró eiginlega hreytti út úr sér þegar hún spurði: Hvað er Vatíkanið eiginlega að gera hér? Og það er í rauninni furðulegt hvað þessi stofnun, sem alls ekki er ríki, hefur mikil áhrif og mikið vald á alþjóðlegum vettvangi. Því þetta er stofnun, alþjóðastofnun, en ekki ríki. Ef ég man rétt, þá eru eitthvað á milli 600 og 700 íbúar í Vatíkaninu.

Í Mið-Austurlöndum hefur sem betur fer átt sér stað friðsamleg þróun, þó að enn þá sjái alls ekki fyrir endann á þeim deilum sem þar hafa verið. Og mér þykir nú norska Nóbelsverðlaunanefndin hafa verið nokkuð fljót á sér að veita þeim friðarverðlaun, Jassir Arafat og Rabin, forsætisráðherra Ísraels, meðan allt er þar logandi í óeirðum og allsherjarverkfall sem þar var í gær. Málið er alls ekki í höfn og þetta minnir mig nú á það þegar þeir fengu friðarverðlaun, Le Duc Tho og Henry Kissinger, tveimur árum áður en styrjöldinni í Víetnam lauk. Ég tel að það sé verið að gera heldur lítið úr þessum verðlaunum með því að verðlauna þessa menn sem hafa að baki sér gríðarleg mannréttindabrot og áratuga átök og hryðjuverk. Þannig að mér finnst þetta nú ekki til mikillar fyrirmyndar.

Ef sjónum er beint að Asíu þá vekur mesta athygli þróunin í Kína og sá mikli efnahagsuppgangur sem þar er og enginn veit hvaða áhrif mun hafa á efnahagslíf í heiminum á næstu árum. En það kann auðvitað að bregða til beggja átta, annars vegar það að Kína dragi til sín mikið fjármagn og fjárfestingar stórfyrirtækja geti haft áhrif á allan heiminn, en hins vegar hafa menn líka bent á það að Kínverjar eru svo gríðarlega fjölmennir og ef þeirra lífskjör batna til mikilla muna þá getur það valdið gífurlegri mengun í heiminum. Þegar þeir bætast við sem stórneytendur á borð við okkur Vesturlandabúa, þessi óhemjulegi fjöldi fólks, þá spyrja menn, hvernig í ósköpunum á náttúran að afbera það?

Í Afríku er þróunin í Suður-Afríku kannski það sem ber hæst og í raun og veru hefur verið stórkostlegt að fylgjast með því sem þar hefur gerst þó að enn séu þar nokkur átök og þar ber auðvitað hæst nafn Nelsons Mandela.

Allar þessar breytingar og þessi þróun sem hefur átt sér stað vekur spurningar hér: Hvað þýðir þetta fyrir okkur? Hvaða áhrif hefur þróun heimsmála á okkur? Ég held einmitt að við stöndum frammi fyrir því að þurfa að skoða stöðu okkar upp á nýtt og að skilgreina hvað við viljum gera, hverju viljum við sinna í utanríkismálum og utanríkisþjónustu. Ég hef áður lýst þeirri skoðun minni að við Íslendingar eigum að marka okkur bás sem talsmenn mannréttinda, friðar, lýðræðis og ég vildi að ég gæti bætt við jafnréttis. En hvað varðar það síðasttalda þá eigum við svo langt í land hér að ég held að við getum ekki státað af miklu í þeim efnum þó að margir haldi að ástandið hér sé miklu skárra en það er í jafnréttismálum karla og kvenna.

Hvað varðar alþjóðasamstarf, sem fer sífellt vaxandi, þá held ég að við þurfum virkilega að skoða það hvað við ráðum við og hve miklu við viljum kosta til. Það tengist m.a. umræðum um fækkun þingmanna og fleira slíkt. Ég fæ ekki betur séð en við hér á Alþingi eigum fullt í fangi með að sinna því alþjóðasamstarfi sem við erum í, en í ljósi þessara breytinga þurfum við auðvitað að fara í gegnum þetta allt. Ég treysti mér ekki til að svara því hér og nú hvort við eigum að hætta í einhverjum samtökum eða breyta áherslum. Þó get ég nefnt það að ég held að við eigum að beina sjónum miklu meira að Sameinuðu þjóðunum en við höfum gert til þessa.

Við þurfum líka að skoða og skilgreina öryggishagsmuni okkar. Þeir felast ekki í því lengur að óttast það að við verðum fyrir árásum úr einhverri átt, heldur eru meginöryggishagsmunir Íslendinga þeir hvernig umhverfisvernd er háttað og hversu öryggi í umhverfismálum er mikið. Þar liggja undir allir lífshagsmunir okkar, að okkur takist að stuðla að verndun lífríkisins í hafinu og verndun sjávarins.

Tími minn styttist óðum, virðulegi forseti, en mig langar aðeins að reyna að nefna hér örfá mál og það kemur þá að sviði mannréttindamála. Nú langar mig til þess að hrósa hæstv. utanrrh. aðeins og bregður þá nýrra við. Í fyrra vöktum við kvennalistakonur athygli á málum Austur-Tímor, sem er eyja við strendur Indónesíu, sem varð fyrir innrás árið 1975. Það gerðist þegar Gunnar Pálsson flutti ræðu fyrir hönd Íslands nú nýverið á allsherjarþinginu að hann tók dæmi af Austur-Tímor. Ég get upplýst það hér að það var eftir þessu tekið meðal þeirra sem er annt um hagsmuni Austur-Tímors og hafa verið að reyna að vekja athygli á málum þar og ég vil þakka fyrir þetta. Ég tel þetta mjög mikils virði og þetta tengist því að Íslendingar tali máli mannréttinda og ekki síst lítilla þjóða sem eiga í vök að verjast og ég get alveg sagt að þetta er mjög mikils metið af þeim sem þarna eiga í hlut.

Það var aðeins minnst hér áður á Kúbumálið, atkvæðagreiðsluna á allsherjarþinginu í gær og ég vil biðja hæstv. utanrrh. að skýra fyrir okkur þá afstöðu Íslands að sitja hjá. Mér finnst felast mótsögn í þessu. Ég skil ekki hvers vegna Ísland stillir sér ekki upp við hlið Norðurlandanna. Hæstv. utanrrh. hefur vitnað mikið í stefnu Ingvars Carlssonar hér á undanförnum dög-

um og ég spyr nú hvort hann treysti ekki Ingvari Carlssyni í utanríkismálum fyrst hann treystir honum svona vel í efnahagsmálum og að maður tali nú ekki um í jafnréttismálum. (**Gripið fram í:** Í Evrópumálum.) Já, og jafnvel í Evrópumálum, einmitt, þar er kratasamstaðan lifandi komin, alþjóðahyggja jafnaðarmanna. En kjarni málsins er sá að það eru auðvitað framin mannréttindabrot í fjölda ríkja í heiminum og mér finnst vera mótsögn í því að halda uppi viðskiptabanni á Kúbu meðan við erum að opna skrifstofu í Kína þar sem því miður eiga sér stað mikil mannréttindabrot.

Aðeins um kvennaráðstefnuna í Peking. Þar skortir auðvitað mjög á það að umræður eigi sér stað í okkar þjóðfélagi um þá ráðstefnu og hvernig að henni verði staðið, hvaða stefnu Íslendingar vilji halda þar uppi. Þessi ráðstefna verður í tvennu lagi eins og fyrri ráðstefnur. Það er annars vegar opinber ráðstefna og hins vegar ráðstefna þar sem félagasamtök af ýmsu tagi koma saman. Þegar ég var í Bandaríkjunum í september þá átti ég þess kost að sitja eina af undirbúningsráðstefnum Bandaríkjastjórnar. Bandaríkjastjórn heldur, ef ég man rétt, fjórar eða fimm slíkar undirbúningsráðstefnur þar sem kvennasamtök og þeir sem hafa áhuga hafa verið kallaðir til til þess einmitt að búa til forgangsröð Bandaríkjanna. Hvað er það sem Bandaríkin vilja leggja áherslu á? Ég held að við þurfum að standa þannig að málum hér að það verði hér mikil og góð umræða um það hvað við viljum gera á þessari ráðstefnu. Þarna gefst tækifæri til þess að taka bæði upp mannréttindamál, þar á meðal ástandið í Tíbet, sem við þurfum líka að vekja athygli á og svo auðvitað það hvernig við getum bætt stöðu kvenna í heiminum og hér á Íslandi.

[14:35]

Tómas Ingi Olrich:

Virðulegi forseti. Ræða sú sem hæstv. utanrrh. flutti hér í upphafi fundarins var athyglisverð fyrir margra hluta sakir og er full ástæða til þess að þakka honum fyrir það. Margt af því sem þar kemur fram er ég mjög sáttur við. Ég mun hins vegar fjalla fyrst og fremst um þau atriði sem ég tel til tíðinda og hygg að ekki séu sterkar forsendur fluttar fyrir í ræðu utanrrh. en það markar fyrst og fremst afstöðu Íslendinga til þróunarinnar í Evrópu og sambandsins við ESB. Staða mála nú er sú að við höfum lokið undir forustu hæstv. utanrrh. samningunum um Evrópskt efnahagssvæði með dyggum stuðningi Sjálfstfl. Vinna þarf að gerð tvíhliða samnings við Evrópusambandið sem þó hefst naumast fyrr en eftir að ljóst er hvernig atkvæðagreiðslum í Svíþjóð og Noregi reiðir af. Því starfi sem hófst þegar samningaferli um EES hófst 1989 er ekki lokið enn. Stefna ríkisstjórnarinnar er óbreytt. Ég tek það fram að stefna ríkisstjórnarinnar er óbreytt í þessu máli og fyrir liggur ályktun Alþingis um næstu skref í málinu sem er að gera tvíhliða samning við Evrópusambandið á grundvelli EES-samningsins. Það er þess vegna mjög athyglisvert að hæstv. utanrrh. skuli telja það skynsamlegt nú að stefnunni verði breytt, en að því er vikið í ræðu hæstv. ráðherra, og að sótt verði um aðild að Evrópusambandinu. Þetta mál styður ráðherrann aðallega hugleiðingum um áhrif og áhrifaleysi Íslands á þróun mála innan Evrópusambandsins. En hann styður mál sitt einnig hugleiðingum um möguleika á því að sérstaða Íslands í sjávarútvegsmálum verði e.t.v. viðurkennd í samningaviðræðum.

Aðildarumsókn að Evrópusambandinu snertir hins vegar íslensk stjórnmál og alþjóðastjórnmál með mun víðtækari hætti en fram kemur í ræðu hæstv. ráðherra. Ég verð að segja eins og er að mér finnst að mjög margir þættir sem er fjallað um í þessari ræðu komi inn á þróun stjórnmála hér og alþjóðlega þróun stjórnmála með mjög yfirborðskenndum hætti, svo yfirborðskenndum að það hlýtur að veikja tiltrú manna á þennan málflutning.

Aðildarumsókn að Evrópusambandinu snertir að sjálfsögðu mun fleira en sjávarútvegsmál og viðskiptamál. Það snertir öryggis- og efnahagsþróun Evrópu, það snertir stjórnmálalegt sjálfstæði Íslendinga og stöðu þeirra gagnvart ríkjum sem standa utan Evrópusambandsins. Ríkisstjórnin hefur falið stofnunum Háskóla Íslands að gera úttekt á því hvaða þýðingu það hefði fyrir Ísland að standa utan Evrópusambandsins eða gerast aðili. Á þessar skýrslur er minnst í ræðu hæstv. utanrrh. en eins og hefur komið fram í umræðunni þá hafa þessar skýrslur ekki verið gerðar að opinberum plöggum enn og þótt þær séu athyglisvert framlag til umræðunnar um stöðu Íslands þá hljóta þær sem slíkar að verða tilefni sérstakrar umfjöllunar á Alþingi. Ég ætla hins vegar að segja það hér og nú þó að þessar skýrslur séu ekki sjálfar til umfjöllunar að svo miklu leyti sem ég hef haft tækifæri til þess að kynna mér efni þeirra þá bera þær mikinn keim af því sem ætti að kalla pólitíska ráðgjöf. Í skýrslunum ber talsvert á klisjukenndum fullyrðingum og þar er að finna athyglisverðar eyður sem gera það að verkum að ekki er hægt að líta á skýrslurnar sem óhlutdræga umfjöllun.

Hrun Sovétríkjanna og leppríkja þeirra er sá meginatburður sem Evrópumálin hafa snúist um sl. fimm ár. Hafi hrun Berlínarmúrsins opnað nýja möguleika og nýjar hættur þá er ljóst að við erum enn þá stödd í dyragættinni. Sú fullyrðing að við séum enn stödd í dyragættinni á við um Evrópuþjóðirnar í heild, bæði Mið- og Austur-Evrópuríkin, það á við um ESB-ríkin, þau ríki sem nú knýja dyra hjá Evrópusambandinu og eins hin sem standa utan. Á það er réttilega bent í skýrslu utanrrh. á bls. 11 að samningaferlið um EES-samninginn hafi hafist um þær mundir sem Sovétríkin voru að liðast í sundur. Þetta er að vísu efnisatriði málsins en þó mun veigaminna efnisatriði en hitt að þróunarferlið sem leiddi til Maastricht-samkomulagsins var í undirbúningi og mjög langt komið þegar hinar skyndilegu breytingar urðu austan járntjaldsins. Maastricht-samkomulagið er að allri gerð afsprengi kalda stríðsins en ekki svar við nýrri stöðu í Evrópu. Maastricht-samkomulagið er sköpunarverk manna sem höfðu mótað skoðanir sínar á eðli og hlutverki sameinaðrar Evrópu í ljósi þeirrar einföldu staðreyndar að risavaxin heimsveldi deildu með sér úrslitaáhrifum á stjórnmál heimsins. Maastricht-draumsýnin er hug-

ljómun um evrópskt ofurveldi samkeppnishæft við Sovétríkin og Bandaríkin og efnahagsstórveldið Japan. Maastricht var og er draumur um efnahagslega og hernaðarlega sjálfstæða Vestur-Evrópu sem fórnar hagsmunum þjóðríkja sinna til að efla heildina í alþjóðlegri samkeppni um völd og áhrif.

Það er ljóst að samrunaferli Evrópusambandsins, þessi hátimbraða bygging, var ekki smíðuð af mikilli sannfæringu heldur með hálfum hug eins og þjóðaratkvæðagreiðsla í Danmörku og Frakklandi sýndu. Enn þá augljósari er þó sú staðreynd að meðal stofnana Evrópu, og með stofnun á ég þá við víðtæka merkingu þess hugtaks, sem nú eru að reyna að aðlaga sig að nýjum aðstæðum í Evrópu er Evrópusambandið sjálft, Evrópusambandið á grundvelli Maastricht-samkomulagsins, einna skemmst á veg komið og situr fastast á þröskuldi nýrra tíma.

Mér finnst rétt að árétta þennan skilning minn á þróun Evrópumálanna, samrunaþróuninni í Vestur-Evrópu sem kristallaðist í hálfvolgu samþykki Maastricht-samkomulagsins er ekki að mínu mati svar við nýjum og breyttum aðstæðum í Evrópu eftir hrun Sovétríkjanna og endalok kalda stríðsins. Samrunaþróunin er miklu frekar lokaþáttur í þróunarferli sem er beint afsprengi kalda stríðsins eins og svo margar fjölþjóðlegar stofnanir sem setja svip sinn á Evrópu í dag. Þar nefni ég sérstaklega RÖSE og NATO.

Ég hef miklar efasemdir um það að Evrópusambandið í því fari sem það er nú reynist fært um að takast á við þau vandamál sem við Evrópuríkjunum blasa eftir hrun sósíalismans. Fyrir dyrum stendur ekki aðeins að Mið- og Austur-Evrópa lagi sig að Evrópusambandinu. Það er óhjákvæmilegt að Evrópusambandið lagi sig að nýjum raunveruleika og það verður ekki gert með áframhaldandi samrunaferli.

Það sakar ekki að rifja það upp, því að það hefur fullkomlega vantað í alla umfjöllun hæstv. utanrrh. um þróunina í Evrópu, að Evrópusambandið hefur gengið gegnum tvö þróunarskeið sem eru í grundvallaratriðum ólík enda réðu ráðum aðrir menn með ólíka lífssýn á málefnum Evrópu á sjötta og sjöunda áratugnum en síðar varð. Það er að ýmsu leyti gagnlegt að rifja þetta upp nú þegar hæstv. utanrrh. kýs að hvetja Íslendinga til aðildarumsóknar Íslands að ESB.

Því er nú oft haldið fram að eftir hrun Sovétríkjanna hafi öryggismál fjarlægst hernaðarsviðið og nái nú í meiri mæli yfir viðskipti en áður. Þessi fullyrðing er að ýmsu leyti villandi. Eftir síðari heimsstyrjöldina var unnið að öryggismálum í Vestur-Evrópu eftir tveimur leiðum. Annars vegar beindist öryggissamstarfið að hernaðarógnun Sovétríkjanna og mótaðist á vegum NATO. Hinn þáttur öryggismálanna snerti innri mál Vestur-Evrópu og þá staðreynd að tvisvar á sömu öld höfðu Evrópuríkin háð stríð sem rekja mátti til átaka um auðlindir og áhrifasvæði þar sem kveikjuþráðurinn var ofinn úr landamæraþrætum og þjóðernisdeilum. Efnahagssamstarf Evrópuríkjanna, Kol- og stálbandalagið og síðan Efnahagsbandalag Evrópu, var tilraun til þess að beita efnahagssamstarfi til að tryggja frið, draga úr vægi landamæra, efla samskipti og viðskipti til að uppræta orsakir aldagamalla blóðsúthellinga í Evrópu. Efnahagssamstarfið var verkfæri en ekki hugsjón. Efnahagssamstarfið var ekki tilgangur heldur verkfæri. Tilgangurinn var að tryggja frið í Evrópu. Þeir sem stóðu fyrir þessari tilraun kunnu full og góð skil á sögu Evrópu. Þeir spunnu þessar hugsjónir sínar um frið í Vestur-Evrópu á djúpri þekkingu á þjóðmenningu Evrópuríkja og sögu Evrópuríkjanna. Þeir ætluðu ekki að búa til Bandaríki Evrópu. Þeir áttu ekki þá draumsýn, þessir menn. Fyrir suma þeirra hefði slík draumsýn sennilega verið til jafns við fullkominn misskilning, jafnvel martröð. Auðvitað snerti þessi tilraun til að skapa öryggi í Evrópu með efnahagssamvinnunni ekki Austur-Evrópu, ekki vegna þess að Austur-Evrópa ætti ekki við sömu vandamál að etja og Vestur-Evrópa. Landamæradeilur og þjóðernisátök hafa alla tíð verið heftbundin vandamál Mið- og Austur-Evrópu. En þeirra vandamála gætti ekki undir járnhæl sósíalismans sem hélt öllum sögulegum vandamálum í sífrera lögregluríkisins sem nú er hrunið. Verkfærið, efnahagssamvinnan innan Evrópuríkjanna, hefur tekist vel. Verkfærið hefur verið nothæft. Þó að auðvitað hafi verið ýmis vandamál innan Evrópusambandsins á Írlandi og á Spáni, svo að nokkur dæmi séu tekin, þá hefur þetta verkfæri verið nothæft. Efnahagsbandalagið á sínum tíma var verkfæri sem nýttist til þess að auka öryggi og frið í Evrópu. Bandalagið sem nú heitir Evrópusambandið varð grundvöllur aukins öryggis og renndi traustum stoðum undir friðsamlega sambúð Evrópuríkjanna.

Á áttunda áratugnum varð hins vegar djúpstæð breyting á samstarfi Evrópuríkjanna og þá komum við að seinni þættinum í þróun Evrópusambandsins sem hófst á áttunda áratugnum. Olíukreppan setti efnahagssamvinnu bandalagsríkjanna í hættu. Verndarsjónarmiðum óx þá fiskur um hrygg og veik staða Evrópuríkjanna í orkumálum opinberaðist og kastaði skugga á pólitískt sjálfstæði margra bandalagsríkja Efnahagsbandalags Evrópu, sem þá hét svo. Það voru komnir nýir menn sem héldu um stjórnvölinn á þessum tíma. Gegn þessum doða, sem lagðist yfir efnahagssamvinnu Evrópuríkjanna á þessum tíma, risu menn í krafti nýrrar hugsjónar. Evrópubandalagið breytti um eðli á þessum tíma. Leiðtogar Evrópuríkjanna sannfærðu sjálfa sig um það að Evrópubyggingin yrði að efla samrunaþróun sína ellegar liðaðist hún í sundur. Sterkar raddir heyrðust um hina svokölluðu sögulega nauðsyn á því að Evrópubandalagið staðnaði ekki heldur héldi áfram á þróunarbraut sinni, næði nýjum áföngum í samruna, rynni í raun saman í eina heild.

Þessi hugmyndafræði var brynjuð í bak og fyrir af klisjum sem maður heyrir svo í dag raunar í ræðum hæstv. ráðherra og reyndar líka í skýrslum Háskóla Íslands. Þessi hugmyndafræði bar einkennilegan keim af örlagahyggju sem kom sterkt fram í blaðaskrifum í Evrópu þegar Maastricht-samkomulagið var til umfjöllunar. Þar fjölluðu menn í hverri greininni á fætur annarri í Belgíu, í Frakklandi og í Þýskalandi um sögulega nauðsyn þess að bandalagið styrkti sig, að samrunaþróunin yrði alltaf að styrkjast því að ellegar

hryndi allt. Allt öryggiskerfi Evrópu átti að hrynja ef þetta gengi ekki eftir. Þessi örlagahyggja er mjög sérkennileg og ekki hægt annað en vekja athygli á því að margir talsmenn þessarar örlagahyggju og pólitísks samruna Evrópuríkjanna voru sósíalistar eða sósíaldemókratar sem fundu þarna farveg fyrir alþjóðahyggju sína.

Ég á fáar sekúndur eftir af máli mínu. Ég taldi nauðsynlegt að koma fram með þá ábendingu að ég tel að að svo miklu leyti sem hæstv. utanrrh. hefur opinberað þingheimi hugmyndir sínar um að við eigum að sækja um aðild að Evrópubandalaginu þá sé rökstuðningurinn að baki því yfirborðskenndur og veikur og ekki skynsamlegt fyrir okkur að taka á þessu máli með þeim hætti sem hann hefur gert. Við þurfum miklu breiðari umfjöllun um þetta. Við þurfum að gera okkur grein fyrir því að málið snýst um stöðu okkar sem sjálfstæðs þjóðfélags í heiminum, um aðstöðu okkar til að hafa áhrif innan Evrópusambandsins en einnig utan þess. Ég vil því leggja áherslu á að við umræðu um þetta mál eigum við að sækja rök í söguna, við eigum að sækja rök í efnahagsþróun Evrópu frá því eftir stríðið og við eigum að forðast að líta á þessi mál frá sjónarmiði örlagahyggjunnar sem mjög einkennir alla þá sem tala máli inngöngu okkar í Evrópusambandið.

Útbýting þingskjala:

Fjárveiting til vegagerðar í Reykjavík, 151. mál, fsp. GHelg, þskj. 159.

Lán til náms í iðnhönnun, 149. mál, fsp. SvG, þskj. 157.

Skuldastaða heimilanna, 150. mál, fsp. JóhS, þskj. 158.

Veðurathugunarstöð á Þverfjalli, 148. mál, fsp. PBj, þskj. 156.

[14:51]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi þakka hæstv. utanrrh. fyrir skýrslu hans í þessari umræðu og vissulega væri tilefni til þess að ræða málin vítt og breitt, en ég hafði hugsað mér að einskorða mitt mál eingöngu við umfjöllunina og spurninguna um það hvort ástæða sé til fyrir ríkisstjórn Íslands að endurskoða afstöðu sína til inngöngu Íslands í Alþjóðahvalveiðiráðið.

Í skýrslu hæstv. ráðherra er komist að þeirri niðurstöðu að skynsamlegt sé fyrir okkur við þessar aðstæður vegna tiltekinna breytinga sem orðið hefðu í áherslum Alþjóðahvalveiðiráðsins að endurskoða afstöðu okkar og æskja að nýju inngöngu í Alþjóðahvalveiðiráðið með þeim fyrirvara að við samþykkjum ekki hvalveiðibannið frá árinu 1982. Hér verð ég að játa að ég er algerlega ósammála hæstv. ráðherra. Ég er algerlega ósammála mati hæstv. ráðherra á því að þetta geti verið skynsamlegt sem liður í því að við hefjum að nýju hvalveiðar. Ég tel raunar að umræða af þessu tagi, stöðugar umræður um það að við ættum að fara núna vegna einhverra mjög óljósra breytinga sem orðið hefðu á starfsháttum Alþjóðahvalveiðiráðsins, að sækja um inngöngu, verði til þess fyrst og fremst að drepa málinu á dreif og tefja fyrir því sem er aðalatriði þessa máls, þ.e. að við hefjum hvalveiðar að nýju.

Þegar við á sínum tíma tókum ákvörðun um það að segja okkur úr Alþjóðahvalhveiðiráðinu þá var það gert að mjög gefnu tilefni. Við höfðum komist að þeirri niðurstöðu eftir áralanga reynslu að það var hvorki tauti né rauli komið við Alþjóðahvalveiðiráðið, það var ekkert hægt að ræða þar mál efnislega á neinum rökrænum eða vísindalegum grundvelli vegna þess að talsmenn Alþjóðahvalveiðiráðsins og ráðandi öfl innan Alþjóðahvalveiðiráðsins höfnuðu því einfaldlega að taka þannig á málum þannig að það skipti engu máli fyrir okkur Íslendinga í starfi okkar innan Alþjóðahvalveiðiráðsins, hvort við legðum fram skynsamlegar hugmyndir, vel rökstuddar hugmyndir. Á þær var einfaldlega ekki hlustað vegna þess að menn voru haldnir þar þeirri trú að það mætti ekki hefja hvalveiðar að nýju. Þetta byggðist ekki á neinum vísindalegum grunni, þetta byggðist einfaldlega á tilfinningalegum grunni, ákaflega illa rökstuddum og þess vegna komumst við aldrei lönd né strönd með þetta mál innan Alþjóðahvalveiðiráðsins. Þetta mál var orðið fullreynt þegar við ákváðum það síðan að ganga úr Alþjóðahvalveiðiráðinu og ég tel að það hafi verið skynsamlegt og gott hjá okkur Íslendingum að gera það og það skapaði okkur nýja viðspyrnu, nýja möguleika til þess að geta hafið hvalveiðar að nýju.

Sannleikurinn er sá að þrátt fyrir að einhverjar litlar áherslubreytingar eigi sér stað innan Alþjóðahvalveiðiráðsins þá eru engar grundvallarbreytingar að gerast á starfssviði ráðsins. Ég vek athygli á því t.d. að forseti Sjómannasambands Íslands, sem var annar tveggja Íslendinga sem sátu síðasta ársfund Alþjóðahvalveiðiráðsins, segir það einfaldlega, að engar breytingar sem áður skipti hafi átt sér þar stað og hann segir í Tímanum 27. maí sl., með leyfi forseta:

„Þetta er sama bla bla bla og verið hefur og ef eitthvað er, þá er þetta verra en það hefur verið undanfarin ár."

Ég held því að þegar grannt er skoðað þá sé það ákaflega mikil óskhyggja svo að ekki sé meira sagt ef við ímyndum okkur að eitthvað sé það komið á daginn í dag sem bendi til þess að það séu að verða þær grundvallarbreytingar á starfsháttum Alþjóðahvalveiðiráðsins að það réttlæti það að við förum að hyggja að inngöngu nú að nýju.

Ég vil líka vekja athygli á því að í mjög greinargóðri skýrslu til sjútvrh. frá nefnd sem skipuð var fulltrúum allra þingflokkanna sem áttu að gera tillögur um stefnu Íslendinga í hvalamálum þá er vitnað til erindis sem framkvæmdastjóri Alþjóðahvalveiðiráðsins, dr. Ray Gambell, flutti á fundi Evrópuráðsins í Strassborg í júlí 1993. Þar segir svo í frásögn skýrslunnar, með leyfi hæstv. forseta:

„Í máli hans kom m.a. fram að meiri hluti ráðsins" þ.e. Alþjóðahvalveiðiráðsins „virtist þeirrar skoðunar að hvalir væru ekki auðlind sem mætti nýta með veiðum. Taldi framkvæmdastjórinn að þetta gilti óháð því hvort menn teldu hvalastofna þola takmarkaðar veiðar, hvort unnt reyndist að halda skilvirku eftirliti með veiðunum eða hvort skráning upplýsinga væri tryggð."

Þetta sýnist mér allt saman benda til þess að það sé til einskis fyrir okkur Íslendinga að ganga inn í Alþjóðahvalveiðiráðið að nýju undir þessum formerkjum. Ég hef alltaf sagt það að út af fyrir sig ef aðstæður breytast og við teljum það skynsamlegt og við getum náð þarna árangri og hægt sé að eiga þarna einhverjar rökrænar viðræður við aðila innan Alþjóðahvalveiðiráðsins þá er auðvitað athugandi fyrir okkur að ganga þarna inn að nýju. En það er ekkert slíkt því miður sem hefur gerst sem gerir það að verkum að við getum leyft okkur þann hringlanda sem í því mundi felast að fara að rjúka inn í Alþjóðahvalveiðiráðið núna. Ég bendi líka á að það er niðurstaða þessarar nefndar sem allir þingflokkarnir áttu sæti í, það er sameiginleg niðurstaða nefndarinnar að það sé ekki skynsamlegt fyrir okkur að æskja inngöngu í Alþjóðahvalveiðiráðið að nýju. Þess vegna segi ég það að báðar þær nefndir sem íslensk stjórnvöld hafa skipað á undanförnum árum og fjölluðu um þetta mál, endurspegluðu pólitíska litrófið, ræddu við fulltrúa nánast allra hagsmunaaðila og komust báðar að sömu niðurstöðunni. Þess vegna finnst mér það ákaflega sérkennilegt þegar bæði hæstv. ráðherra og raunar formaður utanrmn. Alþingis, hv. 3. þm. Reykv., hafa verið að tala í þá veru að það sé eðlilegt fyrir okkur núna við þessar aðstæður að fara að huga að inngöngu í Alþjóðahvalveiðiráðið að nýju.

Svo er það líka þessi hugmynd sem hér er verið að viðra í skýrslu hæstv. ráðherra sem gengur út á það að við eigum að fara inn í Alþjóðahvalveiðiráðið með einhverjum fyrirvara, að við samþykkjum ekki hvalveiðibann frá 1982, ég er alls ekki farinn að sjá hvernig þetta mundi nú virka. Ef við færum inn í þetta Alþjóðahvalveiðiráð, hvernig yrði í fyrsta lagi tekið á því að þjóð færi inn í ráðið með einhverjum fyrirvörum. Einhvern veginn hef ég ímyndað mér það að menn færu annaðhvort inn í slíka alþjóðlega stofnun fyrirvaralaust eða ekki og það væri líka fróðlegt að vita í ljósi þess hver geta orðið líkleg viðbrögð þeirra sem andmælt hafa hingað til hugmyndum um hvalveiðar, ef Íslendingar hygðust sækja um inngöngu í Alþjóðahvalveiðiráðið að nýju undir formerkjum einhverra fyrirvara af þessu taginu.

Það er líka þannig að það er mjög vandséð hvaða erindi við gætum átt í hvalveiðiráðið að nýju án þess að það lægju fyrir tryggingar um það að það væri ætlunin að heimila veiðar á hvölum í atvinnuskyni. Ég sé ekki með nokkru móti hver geti orðið hugsanlegur ávinningur okkar í ljósi þess sem ég hef verið að segja hér áðan um starfshætti Alþjóðahvalveiðiráðsins, ég sé ekki þann ávinning sem við gætum haft af því að fara þarna inn gersamlega án nokkurra trygginga um það að veiðar í atvinnuskyni yrðu heimilaðar að nýju. Það liggur fyrir að það varð niðurstaða á þessum ársfundi sem sumir ætla nú að hafi markað einhver tímamót, það var samt niðurstaða þessa ársfundar núna í vor að aflétta ekki hvalveiðibanninu. Þess í stað var verið að setja fram fyrirætlanir um sérstakt griðland fyrir hvali í suðurhöfum. Mér finnst því stefnan að sumu leyti einmitt vera í gagnstæða átt við það sem menn hafa látið hér í veðri vaka.

Að mínu mati mundi innganga okkar í Alþjóðahvalveiðiráðið núna án þeirra breytinga sem nauðsynlegar væru í þeim dúr sem ég var að lýsa hér áðan, án þess að það lægju fyrir einhverjar tryggingar um það að við gætum hafið veiðar að nýju, þá mundi innganga inn í Alþjóðahvalveiðiráðið við þessar aðstæður núna fyrst og fremst gera tvennt. Þær mundu undirstrika tiltekna uppgjöf okkar gagnvart þessari baráttu okkar fyrir því að fá að nýta hvalastofnana og hins vegar yrði þetta örugglega túlkað sem tiltekinn áfangasigur friðunarsinna í baráttunni við okkur.

Aðalatriðið er þó það að ég held að þessar vangaveltur um að við förum að ganga inn í Alþjóðahvalveiðiráðið núna séu fyrst og fremst því miður til þess fallnar að drepa á dreif því sem ég tel vera aðalatriði þessa máls, þ.e. að við förum að komast að niðurstöðu um og taka ákvörðun um að hefja hvalveiðar að nýju. Það eru öll vísindaleg rök sem mæla með því. Það eru öll rök að sjálfsögðu sem mæla með því að við hefjum hvalveiðar a.m.k. í takmörkuðum mæli eins og lagt er til í skýrslu nefndarinnar, sem gerir tillögur um stefnu Íslendinga í hvalamálum og ég vitnaði til, það er a.m.k. eðlilegt að við hefjum veiðarnar á þeim grundvelli, á grundvelli þessara tillagna skýrslunnar.

Í þessari skýrslu er líka rökstutt með mjög gildum rökum að það sé hægt að hefja þessar hvalveiðar á grundvelli hafréttarsáttmálans innan vébanda NAMMCO, Norður-Atlantshafssjávarspendýraráðsins, og þær efasemdir og þær vangaveltur og þær spurningar sem ég og fleiri settum fram á sínum tíma í skýrslu nefndarinnar sem lá til grundvallar þegar Ísland sagði sig úr Alþjóðahvalveiðiráðinu, þær spurningar sem þá voru settar fram um lögmæti þess að hefja hvalveiðar innan vébanda NAMMCO, þeim spurningum er svarað mjög afdráttarlaust í þessari síðari skýrslu og það rökstutt með ljósum hætti að það sé unnt á grundvelli hafréttarsáttmálans að hefja þessar veiðar innan vébanda NAMMCO. Ég tel þess vegna langeðlilegast að íslensk stjórnvöld haldi áfram þessu starfi í samræmi við þann anda sem fram kemur í þessari skýrslu og menn séu ekki að drepa þessu þýðingarmikla máli á dreif eða tefja það á einhvern hátt með því að vera að ræða um það að við förum aftur inn í þá úreltu stofnun sem Alþjóðahvalveiðiráðið því miður er.

[15:02]

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að málflutningur eins og sá sem við hlýddum á nú sé vísasti vegurinn til þess að tefja fyrir því að við getum hafið hvalveiðar að nýju. Ef Alþjóðahvalveiðiráðið er kölluð úrelt stofnun, þá er NAMMCO gersamlega gagnslaus stofnun því að þannig er mál með vexti að við þurfum að tryggja okkar þjóðréttarlegu stöðu í þessu máli til þess að við getum hafið hvalveiðar. Og NAMMCO mun ekki duga okkur og dugar okkur ekki þannig að þeir menn sem leggjast gegn því að við förum inn í Alþjóðahvalveiðiráðið með fyrirvara sem við ákveðum sjálfir, hvalveiðiráðið ákveður hann ekki fyrir okkur og ekki að-

ildarríki þess heldur við sjálf, þá tryggjum við það að við getum hafið hvalveiðar fyrr en ella. Og það er alrangt að halda því fram að við sem erum talsmenn þess að við förum þessa leið séum að drepa þessu máli á dreif. Þvert á móti hefur því verið drepið á dreif með þessu tali um NAMMCO og að NAMMCO geti hugsanlega orðið þessi alþjóðastofnun sem krafist er samkvæmt hafréttarsáttmálanum. Ég bið því hv. þm. að kynna sér málið betur, átta sig á stöðunni og því að ganga í Alþjóðahvalveiðiráðið. Með þessum skilmálum felst engin viðurkenning á Alþjóðahvalveiðiráðinu. Það felst viðurkenning hins vegar á því sjónarmiði að við þurfum að tryggja okkar þjóðréttarlegu stöðu og það gerum við ekki með aðild að NAMMCO.

[15:04]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst eins og það komi fram sá misskilningur í máli hv. 3. þm. Reykv. að með því að ganga inn í Alþjóðahvalveiðiráðið að nýju þá séum við að opna einhverjar leiðir til þess að geta hafið hvalveiðar aftur. Mér finnst ekkert — ekkert í sögu þessarar stofnunar benda til þess að við getum átt von á því að við náum þessum árangri. Það væri vissulega ánægjulegt ef við gætum sagt sem svo að með því að vinna að máli okkar með vísindalegum rökum og málefnalegum rökum, gætum við hugsanlega náð árangri á þessu sviði. En sannleikurinn er bara sá að innan Alþjóðahvalveiðiráðsins hefur aldrei verið hlustað á rök þjóða eins og okkar sem vilja hefja skynsamlegar hvalveiðar á grundvelli vísindalegra rannsókna.

Ég er algerlega ósammála því sem hv. þm. sagði hér um stöðu NAMMCO og ég vitna sérstaklega til efnisatriða í skýrslu þeirri sem ég margoft vék að hér í máli mínu áðan, þar sem það er þvert á móti rökstutt að NAMMCO geti haft þessa þjóðréttarlegu stöðu. Ég vitna, með leyfi hæstv. forseta, orðrétt í þessa skýrslu:

„Hér á landi hafa verið uppi vangaveltur um það hvort NAMMCO geti talist viðeigandi alþjóðastofnun sem samstarfsgrundvöllur um hvalamálefni svo sem krafist er í þessari grein [þ.e. 65. gr. hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna].

Í þjóðarétti er alþjóðastofnun skilgreind sem stofnun sem með samningi er komið á fót á milli tveggja eða fleiri ríkja. Í hafréttarsamningnum er orðið alþjóðastofnun notað hvort sem um er að ræða undirsvæði, svæðis- eða heimsstofnanir. Notkun þessa orðs er samsvarandi í texta framkvæmdaáætlunar umhverfisráðstefnu Sameinuðu þjóðanna frá síðasta ári. Að uppbyggingu á NAMMCO sér fyrirmynd í Norður-Atlantshafslaxverndunarstofnuninni (NASCO) sem er svæðisbundin alþjóðastofnun. Lögfræðilega virðist því útilokað annað en að NAMMCO sé alþjóðastofnun í skilningi þjóðaréttar og ólíklegt að um málið verði deilt á þessum grunni á alþjóðlegum vettvangi."

[15:06]

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í fyrsta lagi: NAMMCO geta menn skilgreint með þessum hætti, en NAMMCO þarf að njóta viðurkenningar annarra til þess að verða talin alþjóðastofnun. Í öðru lagi, sem er enn þá mikilvægara, NAMMCO þarf að taka ákvörðun um það að fjalla um hrefnur og þá hvali sem við höfum áhuga á að veiða. Svo er ekki. Í þriðja lagi vil ég láta þess getið, ef það hefur farið fram hjá hv. þm., að aðildarríki Alþjóðahvalveiðiráðsins stunda hvalveiðar eins og Norðmenn og það gerir enginn athugasemd við það og það er viðurkennt að þeir stunda hvalveiðar og gera það án þess að það skaði stöðu þeirra innan Alþjóðahvalveiðiráðsins. Við höfum sama rétt og Norðmenn, við höfum sömu vísindalegu forsendurnar til að hefja hvalveiðar. Það sem okkur vantar er hin þjóðréttarlega staða og við öðlumst hana ekki nema við förum inn í Alþjóðahvalveiðiráðið með þeim fyrirvörum að við ætlum að hefja veiðar á ákveðnum tegundum hvala í samræmi við vísindaleg rök.

[15:07]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er ljóst að við hv. 3. þm. Reykv. munum ekki verða sammála um þetta mál. En ég held að það sé ómaksins vert að rifja það upp aftur, sem hv. þm. er raunar auðvitað fullkomlega ljóst, að staða okkar og staða Norðmanna innan Alþjóðahvalveiðiráðsins var auðvitað í grundvallaratriðum ólík vegna þess að við á sínum tíma kusum að mótmæla ekki hvalveiðibanni Alþjóðahvalveiðiráðsins. Þess vegna var okkar staða öll miklu veikari og erfðari. Ég er alveg sammála hv. þm. um það að hefðum við haft sömu stöðu og Norðmenn þá værum við ekkert að deila um þessi atriði hér og þá hefði sjálfsagt aldrei komið til úrsagnar okkar úr Alþjóðahvalveiðiráðinu. Ég er hins vegar alveg sannfærður um það að það virðist vera orðið fullreynt að við náum árangri innan Alþjóðahvalveiðiráðsins meðan ráðið starfar með þeim hætti sem það virðist enn þá gera. Þess vegna sé ég ekki að það geti verið rök fyrir okkur að fara að rjúka inn í Alþjóðahvalveiðiráðið, þó með einhverjum fyrirvörum sé, nema það liggi fyrir miklu betur en það gerir í dag með hvaða hætti við getum náð þessum árangri, sem hv. þm. og við hv. þm. erum alveg sammála um, að það þurfi að hefja hér hvalveiðar.

Ég svaraði því rækilega í fyrra andsvari mínu hver þjóðréttarleg staða NAMMCO er og ég hvika ekkert frá því. Ég held að það sé augljóst mál að við eigum auðvitað miklu meiri samleið með þeim þjóðum sem þar starfa heldur en með þessu kraðaki þjóða sem starfar innan Alþjóðahvalveiðiráðsins og starfa þar á mjög hæpnum forsendum margar hverjar. Þess vegna tel ég að það sé miklu vænlegri og líklegri leið að við getum náð okkar markmiðum innan NAMMCO á þeim þjóðréttarlegu forsendum sem ég rakt hér áðan heldur en í þessum hæpnu samtökum, Alþjóðahvalveiðiráðinu, sem eru komin langt frá uppruna sínum og eru komin það fyrir löngu síðan.

[15:09]

Guðrún J. Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er athyglisvert að í ræðu sinni minntist hæstv. utanrrh. lítið á norræna samvinnu í öðru samhengi heldur en í sambandi við ESB. Þó er norræn samvinna einn af undirstöðuþáttum í utanrík-

ismálum okkar Íslendinga. Við höfum notið norrænnar samvinnu lengi og hún er svo margvísleg að vel hefði mátt gera henni nánari skil. En einhvern veginn er ESB alltaf nálægt í hugsun hæstv. utanrrh. og þess vegna mun þetta hafa farið svo.

En einmitt nú þegar sumar þessar þjóðir, Norðurlandaþjóðirnar, eru að leita inn í Evrópusambandið þá finna þær hjá sér þörf til að treysta samningana sín á milli. Treysta fyrri gerða samninga og gera jafnvel nýja til þess að reyna að halda við þeirri félagslegu þjónustu og þeim tryggingum sem við eigum við að búa, betri heldur en flestar aðrar þjóðir í heimi. Glöggt dæmi um þetta eru t.d. þær viðræður sem nú eru í gangi og samningar um almannatryggingar og hæstv. utanrrh. þekkir ábyggilega harla vel.

Á hinn bóginn er það svo að missættið við nágranna okkar í fiskveiðimálum er mál sem ber mjög á góma hjá utanrrh. og er að vonum. Það er að sjálfsögðu óviðunandi ástand að við skulum stunda veiðar á hættuslóðum langt norður í höfum í illdeilum við nágrannaþjóðir okkar. Hagsmuna þjóða hér á norðurhveli er best gætt með samvinnu og samstöðu um að forðast rányrkju og ofveiði. Ég veit ekki til að það sé í gangi nein samvinna um það að finna út hversu mikið má yfirleitt veiða í Smugunni og ég tala nú ekki um á öðrum svæðum þar sem við erum á veiðum þarna norður frá. En það er auðvitað undirstöðumál að vita hversu mikið má veiða þarna. Að vísu er það svo að fiskimenn sem eru að koma norðan úr Smugu núna segja mér að þar sé að vísu lítill fiskur, en hann sé vænn og stór og gamall og þar af leiðandi erum við ekki að ganga á yngstu árgangana. En veiðarnar hafa ekki verið svo góðar að undanförnu heldur.

Þessi rányrkja okkar og ofveiði og það að við þurfum að varast að stunda slíkt á ekki bara við um þorskinn þarna norður frá heldur ýmsa aðra fiskstofna, svo sem síldina og fleira sem hefur verið rakið í dag og ég ætla ekki að gera að umræðuefni. En við eigum sameiginlegan aðgang að þessum stofnum, við eigum sameiginlegra hagsmuna að gæta um allt norðurhveli og við verðum að standa saman að því að nýta þetta á eðlilegan og réttlátan hátt. Mér finnst að hæstv. ríkisstjórn ætti að leggja höfuðáherslu á að leysa misklíð og mismunandi meiningar við nágrannaþjóðirnar áður en við förum að viðra okkur meira upp við ESB.

Um inngöngu Norðurlandanna í ESB er það að segja að efnahagslegar forsendur eru svo ólíkar að þar er ekki saman að jafna á nokkurn hátt. Finnar með 19% atvinnuleysi vilja nú hörfa úr skugga Rússlands í skjól Evrópusambandsins. Eins og við vitum þá byggðu Finnar hér áður utanríkisviðskipti sín mjög á viðskiptum við Rússa, sem nú hafa hrunið og það er því eðlilegt að þeir leiti að einhverjum öðrum til að styðja sig við í viðskiptum sínum og verði þá fyrst hugsað til einhvers annars stórs máttarveldis eins og Evrópubandalagsins. En reynsla annarra þjóða segir okkur ekki það að þeir muni minnka svo mjög atvinnuleysisprósentur sínar, hún muni ekki lækka svo mjög, það hafa aðrar þjóðir Evrópu ekki geta borið um og við getum alveg eins átt von á því að 19% þeirra í Finnlandi haldist, þeir verði að leysa þann vanda sjálfir heima fyrir, en geti ekki treyst því að lausnin komi að vestan.

Svíar eru iðnaðarþjóð og stórfyrirtæki þar í landi hóta að flytja starfsemi sína til Evrópu ef Svíar gangi ekki inn fyrir múra bandalagsins. Þetta er náttulega hrein hótun og ógnun og hinir auðugu jöfrar eru þar með að leggja sitt á vogarskálina svo að þeir geti auðgast í samskiptum við Evrópu og eru ekki að hugsa um ýmsa aðra þætti í þjóðlífi Svía heldur bara það að fá krónur í kassann.

Norðmenn eru, a.m.k. enn þá, tilfinningalega háðir og tengdir fiskveiðunum. Þeir eru raunar svo auðugir með allar olíulindirnar sínar að þeir eru kannski ekki eins fjárhagslega háðir ESB og Svíar. En iðnaðarforstjórar í Noregi hafa nýlega lýst því yfir að Norðmenn mundu missa 100 þús. störf fari þeir ekki inn í ESB. Þetta er tala sem er afskaplega undarleg. Það virðist vera að þeir ímyndi sér það að þeir missi af svo miklu og kannski er það rétt. En við hér á Íslandi höfum gamlar minningar um það þegar við fórum í EFTA. Þá hugsuðu iðnaðarmenn og hinn íslenski iðnaður sér gott til glóðarinnar. En það muna það sjálfsagt margir að þá lagðist iðnaður, a.m.k. ein iðngrein, algerlega í rúst, þ.e. húsgagnaiðnaður Íslendinga. Og ég er ekki viss um nema Norðmenn hafi gleymt þegar þeir fundu út þessi 100 þúsund störf sem þeir héldu að þeir mundu glata ef þeir kæmust ekki inn í ESB, að þeir munu líka, gangi þeir inn í ESB, þurfa að standa frammi fyrir fjölmörgum fyrirtækjum sem fara á hausinn í Noregi.

Íslendingar eru svo háðir fiskveiðum að þeir geta ekki léð máls á inngöngu í ESB. Landbúnaður okkar er líka vanbúinn því að ganga inn í ESB og við getum vel ímyndað okkur hversu mörg störf við mundum missa á öðrum sviðum. Það er því hrein glansmynd sem er dregin stanslaust upp um það að möguleikar okkar verði svo geysilega miklir bara við það að komast inn fyrir þessa múra. Ég vara eindregið við því að þessi einhliða málflutningur sem stundaður er af ríkisfjölmiðlum og hv. þm. Páll Pétursson gerði að umtalsefni hér í dag, verði látinn viðgangast. Það eru furðulegar upplýsingar sem hann gaf, að í ljósvakafjölmiðlum Íslendinga skuli hafa verið rætt um Ísland og ESB hundrað og þrisvar sinnum í júlímánuði. Þar af var bara þrisvar sinnun rætt um neikvæðar hliðar þess en hundrað sinnum um þær jákvæðu. Þetta mundi nú einhver kalla mismunun og reka einhvern út af því.

Mig langar líka til segja nokkur orð um flóttamannamálin. Því ber að fagna að hæstv. ríkisstjórn er að reyna að sinna málefnum flóttamanna. Flóttamenn eru tvenns konar a.m.k., þ.e. pólitískir flóttamenn sem hafa annan status heldur en venjulegir flóttamenn. Pólitískir flóttamenn njóta nánast mjög mikillar fyrirgreiðslu og fullra réttinda í því landi sem þeir koma til, en aðrir flóttamenn sem koma til landsins hafa miklu erfiðari stöðu. Ég vona að þessi nefnd sem hæstv. utanrrh. nefndi muni fjalla um málefni beggja þessara aðila.

Pólitísku flóttamennirnir sem koma til Íslands eru

örfáir því að þeim er því miður mörgum snúið til baka á landamærunum, þ.e. ekki landamærunum heldur á þeim mærum sem við eigum hér við að búa, á flugvellinum eða í höfninni. Hinir almennu flóttamenn eru þeir sem við aftur á móti fáum þó nokkuð mikið af og við eigum eftir að fá miklu, miklu fleiri inn í landið ef spár Rauða krossins standast. Það þarf að móta miklu, miklu skýrari reglur um móttöku þeirra og þá þjónustu sem þeir eiga að fá og dómsmrn., félmrn. og utanrrn. og raunar kannski flest ráðuneytin þurfa að leggjast á eitt með því að gera reglur skýrar. Ég vil taka það fram að menntmrn. hefur lagt þó nokkuð af mörkum nú þegar við að búa nokkuð í haginn og aðstoða við menntun þeirra sem komið hafa hingað inn sem flóttamenn en það þarf miklu meira, ef það á að duga.

Staða og ekki síst þekking flóttamanna og annarra þeirra sem hingað hrökklast á stöðu sinni er svo takmörkuð að ég held að það væri rétt fyrir hæstv. ríkisstjórn að íhuga hvort ekki væri ástæða til að stofna hér embætti umboðsmanns flóttamanna og innflyjenda sem mundi starfa í samvinnu við Rauða krossinn og yfirvöld landsins. Það eru afskaplega mörg dæmi þess að fólk hafi staðið hér án þess í rauninni að vita hvert það ætti að snúa sér í eymd sinni og vandræðum, þá hefur auðvitað Rauði krossinn verið það haldreipi sem best hefur dugað, en við höfum ekki gert nóg af því að kynna réttindi sín og eiginlega að leita það uppi vegna þess að þeir felast oft, þessir flóttamenn hér, ekki fyrir það að þeir ætli að fela sig heldur hverfa þeir bara innan um fjöldann og af því að þeir eru flóttamenn og óöruggir um stöðu sína, þá eru þeir ekkert að sýna sig, þá eru þeir frekar í vari heldur en við vitum af þeim. Og þá er líka svo ofsalega auðvelt fyrir þá sem ekki eru of vel gerðir að níðast á þeim, því miður. Þetta er fyrir neðan virðinu Íslendinga og allt of lítið sem gert er í því að rétta hlut þessa fólks og leita það uppi.

Það eru margir aðrir þættir í þessari skýrslu hæstv. utanrrh. sem ég mundi kannski eiga að nefna. Því hafa aðrir gert rækilega skil og ég ætla ekki að hafa orð mín fleiri að svo komnu máli.

Umræðu frestað.

Umræður utan dagskrár.

Staða félagsmálaráðherra.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Nú hefst umræða utan dagskrár samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapalaga. Það er hv. 8. þm. Reykn., Ólafur Ragnar Grímsson, sem beðið hefur um umræðuna en efni hennar er staða félmrh. og ummæli hans um samskipti ráðuneytisins við Hafnarfjarðarbæ. Eins og hv. þingmönnum er kunnugt stendur umræðan í 30 mínútur og tekur þá til máls hv. 8. þm. Reykn.

[15:29]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Ég hef kvatt mér hér hljóðs til þess að spyrja hæstv. forsrh. um stöðu félmrh. innan ríkisstjórnarinnar með sérstöku tilliti til ummæla hæstv. félmrh. í fyrrakvöld í garð bæjaryfirvalda í Hafnarfirði þar sem fram kom skýr hótun af hálfu hæstv. félmrh. að meðferð Hafnarfjarðarbæjar á málefnum listahátíðar kynni að hafa alvarlegar afleiðingar fyrir samskipti félmrn. við Hafnarfjarðarbæ hvað snertir reynslusveitarfélag, grunnskóla, húsaleigubætur og annað.

Í haust hefur þjóðin fylgst með því hvernig hvert málið á fætur öðru sem tengst hefur ráðherraferli hv. þm. Guðmundar Árna Stefánssonar hefur vakið undrun þjóðarinnar og svo fór að lokum að flokkur ráðherrans tók þá ákvörðun að vísa embættisgerðum hans sem heilbrrh. til sérstakrar rannsóknar hjá Ríkisendurskoðun. Það er mat margra að mörg þau mál sem snertu embættisferil Guðmundar Árna Stefánssonar sem hæstv. heilbrrh. hefðu ein og sér dugað til þess að ráðherrann áttaði sig á því að hann hefði ekki lengur þá tiltrú og það traust sem þyrfti til þess að geta gengt störfum sínum. Ráðherrann tók hins vegar upp annað embætti og gerðist félmrh. Vandinn er hins vegar sá að á þeim skamma tíma sem Guðmundur Árni Stefánsson hefur setið í embætti félmrh. hefur hann hagað orðum sínum og gerðum á þann veg að engan veginn er við hæfi sem yfirmaður sveitarstjórnarmála í landinu. Það er mikilvægt að árétta það hér að félmrh. er í senn æðsta yfirvald og áfrýjunaraðili varðandi málefni sveitarfélaganna í landinu. Það var þess vegna ekki við hæfi að hæstv. félmrh. mætti á blaðamannafund fyrir nokkrum vikum síðan þar sem fjallað var um fjármál Hafnarfjarðar, tók þar afstöðu í því máli, lét falla ummæli um löggilta endurskoðendur sem á engan hátt eru við hæfi frá félmrh., yfirmanni sveitarstjórnarmála.

Málefni listahátíðar í Hafnarfirði bætast svo enn við þennan þátt mála þar sem bæjaryfirvöld í Hafnarfirði standa nú frammi fyrir þeim vanda hvort þau eiga að áfrýja málinu til félmrn. og óska eftir sérstakri athugun þess eða taka það alvarlega skref að vísa málinu til Rannsóknarlögreglu ríkisins. Það kann að vera að yfirvöld í Hafnarfirði neyðist til þess að vísa málinu til Rannsóknarlögreglu ríkisins vegna þess að í félmrn. situr einn helsti málsaðili málsins, Guðmundur Árni Stefánsson.

Í fyrrakvöld bættist svo enn nýr kafli í þessa sögu, sá kafli sem að mínum dómi er svo alvarlegur að hann er tilefni þess að ég hef ákveðið að óska eftir svörum frá hæstv. forsrh. Í viðtalsþætti í Ríkissjónvarpinu á fimmtudagskvöld sagði Guðmundur Árni Stefánsson, hæstv. félmrh., við bæjarstjórann í Hafnarfirði:

„... en hins vegar vildi ég nú gjarnan eiga við þig orðastað um þau mál því að ég hef orðið satt að segja dálitlar áhyggjur af því í mínum heimabæ, og tala þá fyrir sjálfan mig, að menn eru þar sennilega að því er virðist að vera að festast í fari. Og ég vil nú vara þig við sem reynslumikill í þínu starfi að þú farir nú að horfa fram fyrir þig því að við þurfum að ræða ýmis

mál, og þá tala ég sem félmrh., um reynslusveitarfélögin, um tilflutning grunnskólans, um húsaleigubætur og nú fer að koma 1. nóvember þegar Hafnfirðingar þurfa að taka um það ákvörðun hvort leigjendur í Hafnarfirði ef það eigi að fá sínar bætur."

Vissulega mætti málfarið á þessum ummælum hæstv. ráðherra vera betra. En hitt er þó alveg ljóst að í þessum viðræðum kýs hæstv. félmrh. að beita þeirri hótun til bæjarstjórans í Hafnarfirði að hann varar hann við að ef mál haldi áfram að þróast með þessum hætti sem tengst hefur umræðunni um listahátíð í Hafnarfirði sem er tilefni viðtalsins þá kunni það að hafa alvarleg áhrif á samskipti félmrn. við Hafnarfjarðarbæ varðandi ákvarðanir um sess Hafnarfjarðar sem reynslusveitarfélags, um málefni grunnskólans, um húsaleigubætur og annað.

Það er alveg ljóst að þegar hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson fer að hóta embættisvaldi sínu sem félmrh., æðsta yfirvald sveitarstjórnarmála í landinu, yfirvald og áfrýjunaraðili í þeim málaflokki þá hefur bæst alveg nýr kafli í þessa sögu. Þá er þetta ekki lengur orðin spurning um mat á siðferði eða spillingu heldur orðin grundvallarspurning um meðferð opinbers valds. Ég vil því spyrja hæstv. forsrh.:

1. Hvert er álit hæstv. forsrh. á þeirri hótun sem felst í ummælum hæstv. félmrh. í garð Hafnarfjarðar sem fram kom í fyrrgreindri tilvitnun?

2. Telur hæstv. forsrh. að í ljósi þessara ummæla, sem eru ný viðbót við því miður sorglega sögu, geti hæstv. félmrh. Guðmundur Árni Stefánsson lengur gengt embætti sem æðsta yfirvald sveitarstjórnarmála á Íslandi?

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Áður en hæstv. forsrh. tekur til máls vill forseti upplýsa svo að enginn misskilningur sé á ferðinni að málshefjandi og viðkomandi ráðherra hafa fimm mínútur í fyrra skiptið og tvær mínútur í hið síðara, en hv. þingmenn og aðrir hæstv. ráðherrar tvær mínútur.

[15:36]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti. Málshefjandi gerði mér aðvart snemma í morgun um þessa utandagskrárumræðu og var svo vinsamlegur að senda mér þann texta sem hann gerði hér sérstakar athugasemdir við því að ég hafði ekki séð þennan sérstaka sjónvarpsþátt sem hann gerði að umræðuefni. Ég get tekið undir það að þessi ummæli eins og þau birtast þarna eru óheppileg og það má misskilja þau. En ég hef hins vegar rætt við hæstv. félmrh. og hann hefur fullvissað mig um það að ekki hafi vakað fyrir honum að neinu leyti að hafa í hótunum við bæjarstjórann, sem var með honum í þættinum en hann var að beina því til bæjarstjórans að sínu mati að nú skyldu menn horfa fram á veginn og horfa til þeirra fjölmörgu mála og viðfangsefna sem við var að glíma í framtíðinni fremur en horfa til fortíðar.

Vegna hins atriðisins sem hv. málshefjandi nefndi, ef til þess kæmi að bæjarstjórn Hafnarfjarðar mundi óska eftir því að félmrn. gerði athugun á einstökum þáttum í rekstri Hafnarfjarðarbæjar, þá geri ég ráð fyrir því að hæstv. félmrh. mundi víkja sæti hvað það atriði varðar og óska eftir því við forsrh. að annar maður, annar ráðherra yrði skipaður sem félmrh. til að taka við þeim þætti sérstaklega. Stjórnskipunarlög sem nú gilda gera ráð fyrir þeirri málsmeðferð.

Varðandi málið að öðru leyti vil ég segja að það er áríðandi að þegar menn ræða viðkvæm mál eins og þessi, þá greini menn á milli ábyrgðar hæstv. félmrh. sem bæjarstjóra fyrrverandi og sem ráðherra, blandi þeim málum ekki saman. Ég vek athygli á því að sú varð niðurstaða þingflokks Alþfl. að beina því til Ríkisendurskoðunar sem heyrir undir forsætisnefnd að gerð verði sérstök athugun á embættisfærslu ráðherrans. Ríkisendurskoðun féllst á að taka að sér verkefnið og ég tel ekki efni til að fjalla um málið að öðru leyti meðan þeirri endurskoðun er ekki lokið.

[15:38]

Félagsmálaráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson):

Virðulegi forseti. Vegna þeirrar utandagskrárumræðu sem hér á sér stað vegna sjónvarpsumræðu í fyrrakvöld milli mín og bæjarstjórans í Hafnarfirði núv. þá vil ég taka af öll tvímæli í þeim efnum. Í þessum þætti sat ég sem fyrrv. bæjarstjóri í Hafnarfirði og ræddi tiltekin mál við núv. bæjarstjóra. Þau ætla ég ekki að gera hér að umtalsefni á hinu háa Alþingi. Hins vegar er látið að því liggja hér að skilja megi ákveðin ummæli mín í þessum þætti á þann veg að ég sem félmrh. hafi verið með viðvaranir í garð bæjarstjórans í Hafnarfirði eða dulbúnar hótanir eins og gefið hefur verið í skyn. Það var alls ekki. Það vil ég undirstrika rækilega. Vel má vera að einhverjir skilji orð mín á þann veg þegar textinn er lesinn en ég held að þeim sem horfðu á umræddan sjónvarpsþátt hafi ekki til hugar komið að þannig væri í pottinn búið. Enda var það svo ekki. Ekkert slíkt bjó að baki af minni hálfu.

Sem Hafnfirðingur og fyrrv. bæjarstjóri og raunar fyrrum samstarfsmaður núv. bæjarstjóra í Hafnarfirði í meiri hluta á árunum 1986–1990, þá vildi ég eingöngu koma þeirri ábendingu á framfæri við hann að í viðamiklu og umsvifamiklu starfi bæjarstjóra væri mikilvægt að horfa fram á við. Að gefnu tilefni í viðtalinu hins vegar bar á góma staða mín sem félmrh. og sem slíkur vildi ég undirstrika að þau mikilvægu samskiptamál ríkis og sveitarfélaga sem í farvatni eru og þyrfti að ræða. Til að taka af öll tvímæli þessarar umræðu vil ég undirstrika mjög ákveðið að ég er mikill áhugamaður um það að gott samstarf geti tekist við sveitarfélögin og ekki síst Hafnarfjörð um þann viðamikla verkefnatilflutning sem í undirbúningi er m.a. á vettvangi reynslusveitarfélaga, flutningi grunnskólans, húsaleigubætur o.fl. Mér er vissulega ljóst að vegna álitamála sem uppi eru vegna átaksverkefna sveitarfélaga og framhaldi á fjármögnun þeirra þarf að setja niður deilur. Ég hitti forsvarsmenn Sambands sveitarfélaga eftir helgi vegna þeirra mála.

Með öðrum orðum, virðulegi forseti, ég vil gott samstarf við bæjaryfirvöld í Hafnarfirði og forsvars-

menn annarra sveitarfélaga um þessi mikilvægu verkefni og trúi því að svo megi verða. Hafi einhver skilið orð mín í umræddum sjónvarpsþætti öðruvísi þá vona ég að með þessum orðum hafi sá misskiningur verið leiðréttur.

[15:41]

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Hæstv. félmrh. er yfirmaður sveitarstjórnarmála í landinu. Hans hlutverk er m.a. eftirlitshlutverk með stjórnsýslu þeirra og fjárhag. Sem slíkum hafa honum orðið á svo alvarleg mistök að það krefst svara frá ábyrgðarmanni hans í ríkisstjórn, hæstv. forsrh., hvernig við skuli brugðist. Í fyrsta lagi eru viðbrögðin í því fólgin að ráðherra mætti á blaðamannafundi um úttekt á rekstri Hafnarfjarðarbæjar og bar löggilta endurskoðendur þeim sökum að frá þeim hefði verið pöntuð niðurstaða. Tilvitnuð ummæli við þessa umræðu sýna að málið er komið á svo alvarlegt stig að það er útilokað að hæstv. ráðherra geti haft forustu í viðræðum við sveitarfélögin um þau mörgu og stóru mál sem varða samskipti þessara aðila. Hins vegar eru þau mál öll á ábyrgð hæstv. forsrh. nú þar sem hann hefur tekið fulla ábyrgð á öllum ráðherrum ríkisstjórnarinnar.

Hvað þarf eiginlega að gerast í þessari hæstv. ríkisstjórn til að það þyki kominn tími til að segja af sér? Ef málefni einstakra ráðherra eru komin bæði til Ríkisendurskoðunar og hugsanlegt að þau fari til Rannsóknarlögreglu ríkisins og það er kominn sérstakur félagsmálaráðherra fyrir Hafnarfjörð, er þá ekki nóg komið? Er þá ekki ráðlegt að fara að hugsa ráð sitt, hæstv. forsrh.?

[15:42]

Ágústa Gísladóttir:

Virðulegi forseti. Sveitarstjórnarmenn í Hafnarfirði eru í miklum vanda. Þeir standa frammi fyrir því að vafi leikur á því hvort embættisfærslur og fjárreiður varðandi listahátíð í Hafnarfirði árið 1993 séu í fullu samræmi við lög og reglur. Nú er það svo að sveitarstjórnarmenn leita gjarnan til ráðuneytis síns þegar erfið mál koma upp og fá ráðuneytið til að kveða upp úrskurð eða fá ráðleggingar. Nú ber svo við að í ráðuneyti sveitarstjórna situr í stóli ráðherra fyrrv. bæjarstjóri Hafnarfjarðar, sami maðurinn sem bar ábyrgð fjárreiðum bæjarins þegar umrædd listahátíð fór fram. Þetta er auðvitað staða sem ekki gengur upp. Það hlýtur að vera umhugsunarefni hvort sveitarstjórn Hafnarfjarðar geti yfirleitt leitað til þessa ráðuneytis jafnvel þó að félmrh. mundi víkja tímabundið. Það er á ábyrgð hæstv. forsrh. að stýra málum í ríkisstjórninni og ég vil því spyrja hann, þar sem þetta mál og önnur mál tengd hæstv. félmrh. hanga yfir ríkisstjórninni og ráðherrum hennar eins og fallöxi, hvort það sé ekki löngu tímabært að taka á þessum vanda.

[15:44]

Árni M. Mathiesen:

Hæstv. forseti. Það má hafa mörg orð um embættisfærslur hæstv. félmrh. bæði í tíð hans sem bæjarstjóra í Hafnarfirði og eins í tíð hans sem hæstv. félmrh. Ég ætla hins vegar að sleppa því í þetta skipti. En þeim ummælum sem ráðherrann lét falla í umræddum sjónvarpsþætti er afar erfitt að losa sig undan að nefna hér í dag. Hann er að ræða þar mjög viðkvæm mál sem snerta hann sjálfan, hans fyrri störf og snerta bæjarfélag í kjördæmi hans. Það verður að gera þær kröfur að menn gæti sín í því sem þeir segja og þeir þurfi ekki að koma upp á Alþingi til þess að gera sérstaklega grein fyrir því og útskýra það á eftir. Þetta á reyndar bara ekki við um opinber ummæli því að það er unnt að koma hótunum sem þessum á framfæri á annan hátt en í sjónvarpsþætti. Ég vildi leggja ríka áherslu á það við félmrh. að hann gæti hófst í því sem hann segir í þessum málum. Hann verður auðvitað að geta varið sig en hann verður líka að gæta að því að hann er yfirvald þessa málaflokks og þeir hlutir sem hann segir geta verið túlkaðir sem hótanir. Það má alls ekki gerast því að það grefur undan tiltrú manna á ráðuneyti hæstv. ráðherra og á stjórnkerfinu í heild sinni. Ég legg sérstaklega áherslu á þetta við ráðherrann og vil biðja hann um að hafa þetta efst í huga í hvert einasta skipti sem þessi mál ber á góma.

[15:46]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það er að vonum að upp eru tekin málefni hæstv. félmrh. og þau ummæli sem hann hefur látið falla sem ráðherra, bæði síðustu daga og áður. Hann hefur iðulega að mínu mati í þeim ummælum gert sig alvarlega sekan um dómgreindarbrest, m.a. með því að blanda saman afskiptum sínum af sveitarstjórnarmálum í Hafnarfirði og stöðu sinni sem félmrh. Hann hefur svo að ég nefni tvennt annars vegar vegið ómaklega og algerlega að ófyrirsynju að löggiltum endurskoðendum með ásökunum í þeirra garð um að þeir lúti pólitískri forskrift. Slík ummæli eru þess eðlis að af hálfu yfirmanns sveitarstjórnarmála eru þau eitt og sér tilefni til þess að ráðherrann íhugi alvarlega að segja af sér án þess að verða hjálpað til þess.

Í öðru lagi hefur hann blandað saman afskiptum sínum sem bæjarstjóri og yfirmaður sveitarstjórnarmála með því að mæta á blaðamannafund til að verja gerðir fráfarandi meiri hluta Hafnarfjarðarbæjar og látið þar falla ummæli sem mér finnst að ekki eigi heima í þeirri stöðu sem hann gegnir nú.

Í þriðja lagi vil ég nefna til að almennt finnst mér viðhorf ráðherrans til valdsins og umgengni hans við það vera með þeim hætti að ekki samrýmist stöðu hans sem ráðherra og það er því miður af hans hálfu og reyndar fleiri ráðherra hér í þessum sal þannig farið með valdið að menn misbeita því alvarlega í þágu persónulegra hagsmuna eða sjónarmiða en ekki í þágu almannahcilla eins og þeim ber að gera. Mitt sjónarmið er í þessu tilviki, hæstv. félmrh., að honum ber að segja af sér og það fyrr en seinna.

[15:49]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Hæstv. forsrh. kaus að breiða regnhlíf yfir alla ráðherra sína á dögunum þó það hafi legið fyrir að vafi léki á um að sumir þeirra nytu meirihlutafylgis á Alþingi. Þar með neyddi hann þingmenn

stjórnarliðsins til að taka ábyrgð á ráðherranum. Með þessum hætti braut hæstv. forsrh. gegn þingræðisreglunni. Ólafur heitinn Jóhannesson segir í bókinni Lög og réttur, með leyfi forseta:

„Samkvæmt þingræðisreglunni verða því ekki aðrir skipaðir ráðherrar en þeir sem meiri hluti þings vill styðja eða a.m.k. þola í embætti."

Það lá fyrir á mánudaginn var að hér eru ráðherrar sem bæði þing og þjóð þola illa í embætti og finnst að þeir hafi fyrirgert rétti sínum til að fara með ráðherravald. Ég efast ekki um að það er góður drengur sem nú er fjötraður heljarböndum en það stafar af eigin dómgreindarleysi og þessum starfsháttum Alþfl. að hygla flokksgæðingum sínum. Veislan í Hafnarfirði er að snúast upp í harmleik sem gerir hæstv. félmrh., Guðmundi Árna Stefánssyni, erfitt að sitja og vonlaust að fara með málefni sveitarfélaganna í ríkisstjórninni. Það er hneyksli hér á Alþingi að hæstv. forsrh. skuli telja það lausn að hann víki aðeins frá gagnvart Hafnarfirði.

Ég vil spyrja hæstv. forsrh.: Hvað ætlar hann að gera þegar skýrsla Ríkisendurskoðunar kemur? Ég tel víst að Ríkisendurskoðun muni ekki skrifa upp á embættisfærslu hæstv. félmrh. í nokkrum vafasömum atriðum. Svo gerist það nú hér, hæstv. forseti, að þingmenn stjórnarliðsins brjótast undan regnhlífinni og taka að tala gegn ráðherra sem þeir bera ábyrgð á þannig að leikurinn er á ný kominn í gang. Ríkisstjórnin nýtur ekki trausts meiri hluta Alþingis.

[15:51]

Kristín Einarsdóttir:

Frú forseti. Það verður að segjast eins og er að staða hæstv. félmrh. versnar eftir því sem dagarnir líða. Það er ekki tækifæri til þess nú að rifja upp störf ráðherrans frá því að hann tók sæti í ríkisstjórn Davíðs Oddssonar en ég held að það séu flestir því sammála að ferill ráðherrans sé með þeim hætti að það sé löngu kominn tími til þess að hann segi af sér.

Hér kom félmrh. og sagði að hann hefði ekki meint það sem hann sagði. Ég er með hér fyrir framan mig afrit af því sem hann sagði í þessum sjónvarpsþætti sem ég reyndar sá ekki sjálf. Mér er ómögulegt að lesa þennan texta öðruvísi en að sjá að í honum felist hótun, hótun til bæjaryfirvalda í Hafnarfirði. Því miður er það svo, hæstv. félmrh., að það er ekki hægt að lesa neitt annað út úr þessum texta. Ég frétti af þessum ummælum félmrh. frá fólk sem sagði mér að hann hefði hótað í þessum umræddu þætti. Það voru að vísu Reykvíkingar sem sögðu það en það var fólk sem horfði á þáttinn sem taldi að þarna hefði komið fram hótun. Það hafði ekki lesið þetta, það hlustaði. Það þarf ekki bara okkur til þess að sjá að í þessu felst hótun og það er mjög alvarlegt þegar ráðherra sveitarstjórnarmála hótar bæjaryfirvöldum í Hafnarfirði því að þau skulu gjalda þess þegar þau fara að lyfta upp lokum á öskutunnunum um leið og þau ganga þar fram hjá. Fnykurinn stendur upp úr. Þetta gengur ekki lengur.

[15:53]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Þessi stutta umræða hefur leitt eitt í ljós. Það er það að hæstv. forsrh. tekur ábyrgð á hæstv. félmrh. Það er mergurinn málsins og þá vitum við það.

Hæstv. félmrh. kom hér í ræðustól með málsvörn sína og þrátt fyrir það sem hann sagði í umræddum sjónvarpsþætti þar sem hann tók það sérstaklega fram að hann talaði sem félmrh., það bæri ekki að skilja sem hótun. Og hann vildi meina að þeir sem horfðu á gætu ekki hafa skilið það sem hótun.

Nú er hæstv. félmrh. einstaklega fallegur maður og saklaus á svipinn. Það er náttúrlega ótrúlegt að svoleiðis menn séu með grófar hótanir og það kann að vera að einhverjir hafi ekki skilið hótunina. Ég gat ekki tekið þetta öðruvísi en sem hótun þegar ég horfði á. Hann hefur hins vegar formlega tekið hótun sína aftur og fyrir það vil ég þakka honum sérstaklega. Það er það góða við hæstv. félmrh. að iðulega þegar hann má vera að þá tekur hann aftur það sem hann hefur verið að segja eða gera. Hann gæti bara haft á dyrunum hjá sér á kontór sínum í ráðuneytinu: Það er ekkert að marka mig, eða eitthvað svoleiðis.

En það er fleira í þessum þætti sem mig langar til þess að inna eftir. Síðar í þættinum spyr hann að því hvort menn séu ekki með höfuð um öxl. Mig langar til að vita hvernig þeir menn eru sem eru með höfuð um öxl.

[15:55]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi þakka hæstv. forsrh. fyrir þau svör sem hann flutti hér. Það er auðvitað mikilvægt að hæstv. forsrh. segi það alveg skýrt að hann telji ummæli hæstv. félmrh. mjög óheppileg og hann hafi talið nauðsynlegt að ræða þau alveg sérstaklega við hæstv. félmrh. Það er líka mikilvægt að hæstv. forsrh. skuli lýsa því yfir að ef Hafnarfjarðarbær snýr sér til félmrn. með kæru vegna listahátíðar í Hafnarfirði, þá muni hæstv. forsrh. skipa nýjan mann sem félmrh. meðan um kæruna er fjallað í ráðuneytinu. Vandinn er hins vegar sá, hæstv. forsrh., að það eru mörg önnur málefni Hafnarfjarðar sem fjallað er um í félmrn. Það er umsókn Hafnarfjarðar um að vera reynslusveitarfélag, það eru húsaleigubætur, það eru málefni grunnskólans og margt annað. Það er varla hægt að ætlast til þess að ráðherra sem er orðinn hluti af kæru bæjarins til ráðuneytisins og hefur verið settur af um sinn vegna þess máls, geti með eðlilegum hætti haldið áfram að fjalla um önnur málefni Hafnarfjarðar í ráðuneytinu né að yfirvöld í Hafnarfirði geti treyst honum til þess.

Orðin hafa verið sögð. Hæstv. félmrh. notaði orðalagið „ég vara við". Það bætist við framgöngu hans á blaðamannafundi þar sem hann mætti þar sem var verið að fjalla um málefni Hafnarfjarðar. Það bætist við yfirlýsingu hans sem félmrh. að löggiltir endurskoðendur hafi framkvæmt pólitískt pantað verk. Þegar allt þetta bætist við þá rannsókn Ríkisendurskoðunar sem er eingöngu bundin við feril þingmannsins Guðmundar Árna Stefánssonar sem heilbrrh., þá er orðið ljóst,

virðulegi forseti, og mér þykir dapurlegt að þurfa að segja það, að þetta mál er komið á þá endastöð að annaðhvort — og ég er að ljúka máli mínu, virðulegi forseti, verður hæstv. félmrh. á næstu dögum að sjá sóma sinn í því að biðjast sjálfur lausnar eða hæstv. forsrh. verður að taka þá ákvörðun fyrir hann. Ég tel rétt að gefa þeim tveimur nokkra daga til þess að velta því máli fyrir sér. En gerist hvorugt þá vil ég lýsa því yfir hér að ég mun beita mér fyrir umræðum milli þingmanna um flutning sérstakrar vantrauststillögu á hæstv. félmrh.

[15:58]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti. Ég vil segja í upphafi að ég tel að ég hafi svarað efnislega í upphafi þessarar umræðu því sem til mín var beint um það sem hv. málshefjandi vildi ræða hér. Mig langar hins vegar að nefna sérstaklega það sem hv. 5. þm. Suðurl., Guðni Ágústsson, nefndi um frávísunartillögu á vantrauststillöguna vegna þess að það hefur verið rætt sérstaklega og talað um það að þar væri um sérstakan atburð í þingsögu Íslands og reyndar þingsögu Norðurlandanna að ræða og mér skilst að sá hv. þm. sem nú situr í forsetastóli hafi meira að segja sagt það við einhverja útlendinga að þetta væru forkastanleg vinnubrögð. Þetta er mikið þekkingarleysi sem þarna er á ferðinni. Vantrauststillögur hafa verið fluttar hér við lauslega talningu 27 sinnum frá því að ríkisstjórn varð fjölskipað stjórnvald. Þar af hefur vantrauststillögu verið vísað frá með rökstuddri dagskrá sex sinnum og þetta virðist hv. þm. ekki vita, ekki einu sinni fyrrv. hæstv. forsetar og eru að tala um það við útlendinga með einhverjum furðulegum hætti. Það er áríðandi að menn átti sig á þessu, ekki síst þegar tillagan var eins og hún var úr garði gerð. Þarna var því um mjög svo þinglega meðferð að ræða svo ekki sé nú minna sagt, enda sex fordæmi fyrir því og þó voru þau fordæmi ekki nýtt þegar tillaga var jafnilla úr garði gerð eins og þarna var um að ræða.

Ég vek hins vegar athygli á því að þegar ríkisstjórn stendur tæpt eins og var í ríkisstjórninni 1980–1983 eða meðan huldumenn áttu að gæta fjöreggs ríkisstjórnar þá var ekki hægt að bera fram þess háttar tillögu því það þarf nefnilega einu atkvæði meira til að vísa tillögu frá heldur en fella vantraust sem hægt er að fella með jöfnum atkvæðum.

Skýrsla utanríkisráðherra um utanríkismál, frh. umr.

[16:00]

Lára Margrét Ragnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Þróun í samskiptum ríkja nú á síðustu árum hefur beinst í æ ríkara mæli að nánu samstarfi af ýmsum toga, allt frá breiðum viðskiptabandalögum til samstarfs um ákveðin og sértæk hagsmunamál ríkjahópa. Við höfum fylgst með því hvernig ríkjabandalög hafa myndast allt í kringum okkur, Evrópusambandið, Fríverslunarsamtök Norður-Ameríku eða NAFTA, viðskiptasamstarf Suðaustur-Asíuþjóða og smærri svæðisbundin samtök, svo sem Norður-Atlantshafsráðið, Eystrasaltsráðið og Barentsráðið. Einnig má benda á enn smærri hópa ríkja, svo sem samvinnu ríkja er liggja að Karpatafjöllum en þau hafa tekið upp verkefni sem eru sameiginleg íbúum á því svæði og enn fremur samstarf landa í Mið- og Austur-Evrópu sem vinna að uppbyggingu sameiginlegs átaks í vegakerfi.

Þátttaka Íslands í alþjóðasamstarfi hefur fram að þessu verið landi og þjóð til góðs og nauðsynlegt er að við þróum áfram stefnu okkar í alþjóðasamskiptum, stefnu sem er víðsýn og tekur mið af síbreytilegri heimsmynd. Í dag brennur á okkur sú spurning, hvernig við eigum að hátta samskiptum okkar við Evrópu með EES-samninginn upp á vasann á sama tíma og flestar EFTA-þjóðir hugsa sér til hreyfings inn í Evrópusambandið.

Mjög skiptar skoðanir hafa verið um framtíðarsamband okkar við ESB og ýmis hörð orð hafa fallið milli manna. Það er mikilvægt að við reynum að ræða þessi mál af víðsýni og fordómaleysi og halda umræðunni á röklegum nótum. Það er áríðandi að við komum í veg fyrir það að stjórnmálaumræða um framtíðarsamskipti við ESB skipti þjóðinni í tvo hatramma, ósveigjanlega hópa líkt og gerðist í umræðunni um aðild að Atlantshafsbandalaginu á sínum tíma.

Á undanförnum árum hefur skapast meiri samstaða með þjóðinni um helstu stoðir íslenskrar utanríkisstefnu og því er enn brýnna að við höldum Evrópuumræðunni málefnalegri. Það er að mínu mati einnig óþarfi að leggja slíka ofuráherslu á Evrópusamstarfið, að sú umræða yfirgnæfi alla stefnumótum um samskipti við aðrar þjóðir almennt. Við verðum að horfa á heildarhagsmuni okkar til framtíðar og reyna að spá fyrir um hverjar verði megintilhneigingar í alþjóðasamstarfi á komandi áratugum og hvernig við getum tryggt okkar hagsmuni í samræmi við það. Hér ber fyrst að nefna bandamenn okkar í vestri og þau vinsamlegu og víðtæku samskipti sem við höfum átt við þá. Þrátt fyrir dvínandi vægi Bandaríkjamarkaðar á síðustu árum er sá markaður enn mjög mikilvægur fyrir útflutning okkar og tímabært er orðið að við endurskoðun viðskiptasamband okkar við Bandaríkin með það í huga að tengjast hinu nýja Fríverslunarsambandi Norður-Ameríku á einn eða annan hátt.

Eitt af mörgum álitaatriðum er hvort Ísland geti nýtt sér landfræðilega legu sína og góð tengsl sín bæði til austurs og vesturs með því að gerast einhvers konar milliliður í viðskiptum milli Bandaríkjamarkaðar og Evrópumarkaðar. Sem dæmi um það gerði EES-samningurinn Ísland að mun álitlegri fjárfestingarkosti fyrir Bandaríkjamenn. Í komandi umræðu um hugsanlega aðild Íslands að Evrópusambandinu er nauðsynlegt að hafa þetta í huga og gæta þess vel að Ísland fyrirgeri ekki sínu sérstaka sambandi við Norður-Ameríku. En Íslendingar mega ekki heldur einskorða umræðu um alþjóðamál við viðskiptasamninga. Við með okkar löngu lýðræðishefð eigum að taka virkan þátt í alþjóðlegu samstarfi um lýðræði og mannréttindi. Þar getur Ísland

átt mun meira vægi en smæð þjóðarinnar segir til um og Evrópuráðið er einn slíkur vettvangur. Mikilvægi Evrópuráðsins hefur aukist til muna eftir fall kommúnismans í Austur-Evrópu og upplausn Sovétríkjanna.

Hvað varðar aðild Rússlands að Evrópuráðinu hefur skilgreining á því hvaða lönd tilheyri álfunni verið í brennidepli innan ráðsins. Ekki eru allir sammála um hvort öll svæði Rússlands uppfylli þau skilyrði sem endanlega ákvarða hvað gerir einstök ríki að Evrópuríkjum í menningarlegu, efnahagslegu og lýðræðislegu tilliti. Ríki Austur-Evrópu sækja hins vegar mjög fast á viðurkenningu og inntöku í Evrópuráðið og er grundvöllur viðurkenningarinnar að viðunandi lýðræðishættir séu til staðar í viðkomandi ríki. Orsök þessa áhuga er ekki eingöngu efnahagsleg rök, þó þau vegi afar þungt, heldur ekki síður af öryggislegum toga.

Það er að nokkru leyti sambærilegt við þau rök sem fram var haldið í umræðu í Finnlandi fyrir þjóðaratkvæðagreiðsluna þar um Evrópusambandsaðild. En ljóst er að eitt af fyrstu skrefunum í formlegu, pólitísku samstarfi Austur-Evrópu við Vestur-Evrópuríkin er veiting aðildar að Evrópuráðinu sem þar með verði lykillinn að lýðræði hins vestræna heims. Eitt mikilvægasta hlutverk Evrópuráðsins verður því að leiðbeina og upplýsa Austur-Evrópuþjóðirnar um framkvæmd lýðræðisins og eðli og jafnframt að hafa eftirlit með þróun innan þessara ríkja. Enn fremur hefur farið fram innan Evrópuráðsins mikil umræða um framkvæmd lýðræðisins í Vestur-Evrópu. Menn hafa einkum áhyggjur af æ veikari tengslum þinganna við umbjóðendur sína, borgana. Jafnframt hefur umræða um áhrif fjölmiðla á gang stjórnmálanna verið í brennidepli. Evrópuráðið hefur á undanförnum árum gengist fyrir tveimur milliþingaráðstefnum um þessi mál og fleiri eru fyrirhugaðar á næstunni.

Í dag er í vaxandi mæli litið svo á að lýðræði sé undirstaða raunverulegs öryggis í heiminum. Efling lýðræðisins er því í dag hluti af hinu víðtækara öryggishugtaki. Umræða um framkvæmd lýðræðis og eftirlit með því verður að fara fram á öllum stigum alþjóðasamvinnu jafnt í smærri sem stærri samstarfsheildum. Slík markviss vinna er vænlegust til árangurs. Ég tel að við Íslendingar getum gegnt mikilvægu hlutverki í þessu sambandi. Við erum herlaus þjóð með langa lýðræðislega hefð að baki og njótum þess vegna virðingar á alþjóðlegum vettvangi. Með því að leggja áherslu á þátttöku í starfi jafnt svæðisbundinna samtaka svo sem Norðurlandaráðs, Barentsráðs og Eystrasaltsráðs, sem og þátttöku í stærri regnhlífasamtökum, svo sem í Evrópuráði og í starfi Sameinuðu þjóðanna getum við gegnt mjög mikilvægu hlutverki í eflingu öryggis í heiminum í dag.

Hæstv. forseti. Á næstu árum þurfa Íslendingar að taka margar og veigamiklar ákvarðanir um samband og samstarf sitt við aðrar þjóðir í framtíðinni. Það verður ekki létt verk en það er óhjákvæmilegt og spennandi. Ég vil því ítreka hversu nauðsynlegt það er að stefnumótunarumræðan muni ekki byggjast á flokkadrætti heldur málefnalegum og fordómalausum skoðanaskiptum jafnt hér á Alþingi sem meðal almennings.

[16:07]

Tómas Ingi Olrich:

Virðulegi forseti. Ég mun koma að nokkrum atriðum sem mér vannst ekki tími til að ræða um í máli mínu áðan en ég mun einnig snúa máli mínu að ákveðnum þætti EES-umræðunnar og umfjöllunarinnar sem kom hér fram hjá hv. 1. þm. Norðurl. v. Ég hefði þar af leiðandi viljað biðja hæstv. forseta að athuga hvort hv. 1. þm. Norðurl. v. er í húsinu, en ég óska eftir því að hann hlýði á mál mitt að því er þetta varðar.

(**Forseti** (GHelg): Ég hygg að það sé það sé nokkuð öruggt að hv. 1. þm. Norðurl. v., var það ekki sá þingmaður sem um var að ræða, sé í húsinu og ég skal biðja um að hann verði sóttur.)

Hv. þm. Páll Pétursson er sá sem ég hefði viljað að hlýddi á athugasemdir mínar um umfjöllun um EES-málið.

Virðulegi forseti. Eins og ég kom að áðan þá tel ég að Evrópusambandið í þeim farvegi sem það er nú sé á marga lund illa til þess fallið að glíma við þau miklu vandamál sem upp hafa komið eftir að Sovétríkin hrundu og augljóst var í hvílíkri upplausn mörg Mið-Evrópu- og Austur-Evrópuríkin eru. Það hefur komið í ljós m.a. á þeim vettvangi sem ég hef verið svo hólpinn að kynnast, en það er RÖSE-vettvangurinn, að mjög lítil áhersla er lögð þar á efnahagssamstarf Evrópuríkjanna, einkum og sér í lagi annars vegar ESB-ríkjanna og hins vegar Austur-Evrópu. Að vísu kemur það margsinnis í ljós að Evrópusambandið vill gjarnan veita efnahagsaðstoð og tæknilega aðstoð en sambandið hefur hins vegar kosið að loka á bein viðskipti við Austur-Evrópuríkin og beita þessi ríki þvingunum. ESB hefur þar af leiðandi ekki sótt í sinn gamla hugmyndabanka um efnahagssamvinnu sjálfstæðra ríkja þegar sambandið hefur freistað þess að móta stefnu sína gagnvart Austur- og Mið-Evrópu. Það má kannski með vissum hætti segja að Evrópusambandið sé nú frumkvöðull í því verki að reisa nýjan múr milli sín og Austur-Evrópu með viðskiptastefnu sinni gagnvart Austur-Evrópuríkjunum. Evrópusambandið hefur kosið að verja sig gegn innflutningi frá þessum löndum með innflutningshöftum. Eins og málin standa nú þá hrakar efnahag ákveðinna ríkja, stórra ríkja, sem áður voru voldug ríki í þessum heimshluta, m.a. vegna afstöðu Evrópusambandsins. En upplausn efnahagsmála í þessum heimshluta er jafnframt langmesta ógn við öryggi og frið í Evrópu nú um þessar mundir, langmesta ógnin, og innan RÖSE er ekki fjallað um þennan vanda í samræmi við alvöru hans en það verð ég að viðurkenna og er ljúft að viðurkenna það að hæstv utanrrh. hefur sjálfur í ræðu lagt mikla áherslu á þennan þátt málsins, þ.e. efnahagsþáttinn, sem mér hefur hins vegar fundist að Evrópusambandið vanrækti.

Það er mjög erfitt að sjá fyrir sér varanlegan samstarfsgrundvöll Evrópuríkjanna í heild, allra Evrópuríkjanna á grundvellinum sem Evrópusambandið starfar nú á. Ég tel því óhjákvæmilegt að sambandið þróist í átt til meiri opnunar og að mínu mati hentar sú djúpa hugsun frumkvöðla Evrópubandalagsins að efnahags-

samstarf sjálfstæðra þjóðríkja tryggi best öryggi og frið í Evrópu. Þessi djúpa hugsun hentar vel þessu fjölbreytilega og frjósama samfélagi sem þrífst í Evrópu. Ef sá tími kemur að Evrópusambandið breytir áherslum sínum, fórnar þessari hugsjón að bræða saman Evrópuríkin, bandalagsríkin, þá hygg ég að sú staða kunni að koma upp að við getum rætt hér í fullri hreinskilni og einlægni um möguleika okkar á að gerast aðilar að þessu sambandi.

Ég vil nú víkja hér máli mínu að því sem kom fram í máli hv. 1. þm. Norðurl. v., Páls Pétursssonar, þegar hann lýsti því í hverju helstu meinbugir á EES-samningnum hafi verið fólgnir. Hann sagði að í þessum samningi hefði falist hættulegt fullveldisafsal og stjórnarskrárbrot. Ég vil minna á það hér og nú að í umfjölluninni um þennan samning, og ekki síst þegar hann var kominn á lokastig, féllu mjög þung orð í garð okkar stjórnarþingmannanna, stuðningsmanna ríkisstjórnarinnar, fyrir að standa að þessum samningi. Við vorum sakaðir um það, m.a. af hv. þm. Páli Péturssyni, að standa að stjórnarskrárbroti. Slík ásökun þótti mér mjög alvarleg og ég tók hana mjög nærri mér. Ég hafði, eins og hv. þm. Páll Pétursson gerði sjálfur, undirritað drengskaparheit um að halda í heiðri stjórnarskrá íslenska lýðveldisins.

Í þessum umræðum var því að sjálfsögðu haldið fram að við þingmenn stjórnarflokkanna sem stóðum að samkomulaginu um Evrópska efnahagssvæðið hefðum ekki haft í heiðri stjórnarskrá landsins og brotið drengskaparheit okkar. Slíkar ásakanir eru ekki léttvægar. Slíkar ásakanir er ekki hægt að setja fram af neinni léttúð og hygg ég að engum þingmanni hér á hinu háa Alþingi dytti í hug að koma fram með ásakanir af þessu tagi af léttúð.

Í þessari umræðu var hvað eftir annað óskað svara við því hvort þeir þingmenn sem töldu að í EES-samningnum væri fólgið stjórnarskrárbrot mundu í samræmi við málflutning sinn gangast fyrir því ef þeir kæmust í valdaaðstöðu aftur að segja samningnum upp sem var hin eina eðlilega og rökrétta afstaða sem þeir gátu tekið. Þeir skirrtust við að svara því. En nú er svarið komið því að það kom fram hjá hv. þm. Páli Péturssyni að hann mundi ekki leggja til að samningnum yrði sagt upp. Þessi yfirlýsing kemur mér á óvart vegna þess að sá hv. þm. sem hefur lýst því yfir hér að þingið hafi gengið fyrir samningnum, samþykkt stjórnarskrárbrot þar með, heldur því jafnframt fram að þingið hafi brotið drengskaparheit sitt og mér er ekki ljóst hvernig slíkur hv. þm. ætlar að halda áfram störfum á Alþingi án þess að lagfæra þessi mál. Sjálfur var ég aldrei þeirrar skoðunar að EES-samningurinn hefði brotið stjórnarskrána. Ég hafði því góða samvisku þegar ég greiddi honum atkvæði. En mér sárnuðu þessi ummæli vegna þess að ég hef hingað til gert mikið með það sem menn hafa sagt hér úr þessum ræðustól og litið svo á að það væru alvöruorð sem hér væru látin falla, ekki síst um stjórnarskrá landsins og drengskaparheit þingmanna. Ég verð því að segja eins og er að mér kom þessi yfirlýsing á óvart og ég hefði satt best að segja gjarnan viljað fá svar við því hvernig hv. þm. Páll Pétursson ætlar sér að fá það til að koma heim og saman að hann telji EES-samninginn vera stjórnarskrárbrot en telji sér ekki jafnframt skylt að berjast fyrir því að samningnum verði sagt upp.

[16:17]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Ég sé ástæðu til að víkja að nokkrum málum sem ýmist hefur verið beint til mín í fyrirspurnarformi eða ástæða er til að víkja að.

Í fyrsta lagi var spurt um undirbúning ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um stöðu og réttindi kvenna á næsta ári og þá sérstaklega um tilnefningar í undirbúningsnefnd. Formaður undirbúningsnefndar er Sigríður L. Baldursdóttir eðlisfræðingur, fulltrúi utanrrn. Síðan er fulltrúi félmrn. Ólína Þorvarðardóttir, fulltrúi dómsmrn. Ingunn Guðmundsdóttir, fulltrúi Kvenréttindafélags Íslands Inga Jóna Þórðardóttir, fulltrúi Kvenfélagasambandsins Drífa Hjartardóttir, fulltrúi Vinnuveitendasambandsins Hrafnhildur Stefánsdóttir. Beðið er eftir tilnefningum um fulltrúa Alþýðusambandsins og skrifstofu Jafnréttisráðs.

Veruleg undirbúningsvinna hefur þegar farið fram á vegum utanrrn. Kvennaráðstefnan verður haldin í september á næsta ári og verður að segja eins og er að hún er undirbúin með alllöngum fyrirvara, miklu fyrr en sambærilegar ráðstefnur áður sem út af fyrir sig er fagnaðarefni.

Þá var spurt um nefndaskipan vegna undirbúnings hálfrar aldar afmælis Sameinuðu þjóðanna. Í þeirri nefnd sitja Jóhanna Eyjólfsdóttir formaður, sem er formaður Íslandsdeildar Amnesty Interational, Steinunn Sigurðardóttir rithöfundur, Ingvi S. Ingvarsson sendiherra, Þórir Ibsen frá umhvrn., Jakobína Sigurðardóttir, fulltrúi Rauða kross Íslands. Auk þess hefur verið tilnefndur fulltrúi menntmrn., mér er ekki kunnugt um nafn hans, og af hálfu utanrrn. Grétar Már Sigurðsson sendiráðunautur.

Sú tillaga kom fram í umræðunum að þarna ætti að vera í undirbúningsnefndinni fulltrúi frá Félagi hinna Sameinuðu þjóða. Ég tel það út af fyrir sig sjálfsagt og mun beita mér fyrir því að svo verði gert en sennilega hefur það á sínum tíma ekki verið ákveðið vegna þess að starfsemi þess félags hefur verið með daufara móti, m.a. ekki verið haldnir aðalfundir á undanförnum árum.

Hv. 8. þm. Reykn. spurðist fyrir um samning milli Rússlands og Noregs sem undirritaður hefði verið 24. okt. og mátti af orðum hans ráða að hann teldi að þessi samningur skipti miklu máli að því er varðaði fyrirhugaðar viðræður eða samningaumleitanir milli Íslendinga og Rússa um veiðar á Barentshafi. Ef þetta er rétt skilið að hann sé að vísa til þess samnings sem undirritaður var 24. okt. milli Rússa og Norðmanna, þá fjallar sá samningur um endurnýjun á menningarsamstarfssamningi ríkjanna frá árinu 1991. Hann fjallar um menningu, menntun og rannsóknir. Hið eina nýja í samningnum er áhersla á flutning menningarverðmæta milli landa í samvinnu íbúa á norðursvæðum, en einkum þó frumbyggja og stendur sem slíkur ekki í sam-

hengi við þau mál sem hér voru á dagskrá, þ.e. úthafsveiðimálefni eða veiðar í Smugu og Barentshafi. Hafði hv. þm. verið að vísa í fréttir af samkomulagi milli Norðmanna og Rússa um úthafsveiðimálefni þá er frá því að segja að 24. okt. birtust fréttir um það í norskum blöðum að norski og rússneski utanrríkisráðherrarnir hefðu hist og samræmt þar sjónarmið sín að því er varðar úthafsveiðimálefni en það fæst ekki staðfest hjá norskum stjórnvöldum að þar hefði verið um sérstakan samning að ræða.

Hv. þm. Anna Ólafsdóttir Björnsson spurðist sérstaklega fyrir um það hvernig á því stæði að Ísland hefði greitt atkvæði eins og það hafði reyndar gert á allsherjarþinginu hinu seinasta og þar áður að því er varðar tillöguflutning um að aflétta viðskiptabanni á Kúbu. Tillagan hefur verið flutt áður. Ísland hefur verið í hópi þeirra ríkja sem hafa setið hjá. Það voru 48 ríki sem sátu hjá núna og afstaða Íslands er sem sagt óbreytt frá því sem var áður. Það sem breyttist varðandi önnur Norðurlönd er það að þau sitja núna sem áheyrnarfulltrúar á samræmingarfundum hjá Evrópusambandshópnum og það var Evrópusambandið sem breytti afstöðu sinni og önnur Norðurlönd sem nú eru að undirbúa inngöngu sína í Evrópusambandið fylgdu þeim að málum sem er svona forsmekkur að því að þau munu taka slíka afstöðu ef þau verða framvegis inni í Evrópusambandshópnum. Afstaða Íslands var hins vegar óbreytt og á sömu forsendum og áður, þ.e. þetta er ekki vettvangur til þess að kveða upp úr með neinum bindandi hætti um viðskiptaleg málefni. Þetta er pólitísk tillaga og samþykkt hennar hefði út af fyrir sig engu breytt um það að fá þessum viðskiptaþvingunum aflétt. Það bæri að taka upp á öðrum vettvangi. Stuðningur við þetta hefði hins vegar tvímælalaust verið túlkaður sem stuðningur við kúbönsk stjórnvöld og þá af þeirra hálfu en ein helstu rök Norðurlanda fyrir afstöðu sinni meðan þau voru samstiga meðan hin fylgdu Evrópusambandinu að málum voru að ekki væri unnt að gera því að það yrði túlkað á þann veg að þar með væru þau að leggja blessun sína yfir margupplýst og ítrekuð mannréttindabrot á Kúbu.

Hv. þm. spurði einnig um tillögu sem fram kom á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, ályktunartillögu þess efnis að kjarnavopn sem geta ógnað lífi og heilsu manna verði lýst ólögleg og óskað umsagnar Alþjóðadómstólsins í Haag um að hótun um notkun kjarnavopna sé ólögleg. Ég kann ekki að gefa skýr svör við þessu. Tillagan kom fram á seinasta allsherjarþingi og var rædd í fyrstu nefndinni en það náðist ekki samstaða um hana og hún var dregin til baka. Mér er tjáð að engar líkur séu á að um þessa tillögu verði samstaða. Hún er flutt undir forustu Zimbabwe en allar líkur eru á að hún njóti ekki stuðnings. Hvort hún verður dregin til baka aftur get ég ekki svarað. (**AÓB:** Afstaða Íslands?) Á afstöðu Íslands hefur einfaldlega ekki reynt. Tillagan var dregin til baka seinast og það hefur ekki verið mótuð afstaða til þess og verður ekki gert héðan úr þessum ræðustól.

Í máli hv. þm. Björns Bjarnasonar kom fram að hann teldi álitamál hvort fremur ætti að stefna að því að lögfesta, þ.e. flytja tillögu um staðfestingu á niðurstöðum Úrúgvæ-lotu GATT-viðræðna í formi lagafrv. eða sem þáltill. Það er tæknilegt atriði og formsatriði að mínu mati. Niðurstaðan í ríkisstjórn varð sú að flytja þetta í formi þáltill. og höfum við fylgt þar fordæmi t.d. annarra Norðurlandaþjóða.

Að því er varðar spurninguna um það hvort tímabært sé að endurskoða lög um utanríkisþjónustuna þá er hægt að færa rök fyrir því að það gæti verið þarft verk þó að út af fyrir sig hamli það ekkert starfsemi utanríkisþjónustunnar.

Virðulegi forseti. Þá vil ég víkja að efnisatriðum nokkrum sem komu fram í hinum almennu umræðum og ástæða er til þess að taka afstöðu til eða vekja athygli á. Í fyrsta lagi að því er varðar það sem sagt hefur verið um skýrslur rannsóknastofnana Sameinuðu þjóðanna þá vék hv. 8. þm. Reykn. að því verki á heldur niðrandi hátt. (**PP:** Sameinuðu þjóðanna?) Afsakið, skýrslur rannsóknastofnana háskólans, ég var með í huga það sem ég var að svara hér áðan af vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson vék að því með þeim hætti að vísa til þess að hann hefði langa reynslu sem prófessor við Háskóla Íslands en leyfði sér þó að fullyrða að fyrrv. starfsfélagar hans í háskólanum hefðu í þessum verkum sínum sýnt mikinn skort á faglegri kunnáttu og kynnu jafnvel ekki að gera greinarmun á undirstöðuhugtökum sem væri munurinn á vísindalegu skjali og hins vegar því sem hann kallaði á ensku policy paper. Það hvarflar nú að mér að það væri ástæða til að spyrja, fyrst hv. þm. talar svona um fyrrv. starfsfélaga sína, hvort hann hafi svipað álit á núv. starfsfélögum sínum en það kom ekki beinlínis fram í ræðu hans. Það er ekki nýtt að hv. þm. telji starfsmenn utanríkisþjónustunnar óhæfa sem hann gerði einnig núna sem var fastur liður eins og venjulega og þá sérstaklega að því er varðaði það sem stendur í þeirri ræðu ráðherra sem dreift var og fjallar um afvopnunarmál. Í þeim texta segir svo:

„Væntanlega hefjast samningaviðræður um allsherjarbann við tilraunum með kjarnavopn á þessum vetri."

Á þessu býsnaðist hv. þm. mjög og taldi þetta sýna rétt einu sinni eins og venjulega vanhæfni starfsmanna utanríkisþjónustunnar, kunnáttuleysi, þekkingarleysi o.s.frv. þannig að þeir voru náttúrlega á bekk með kennurum háskólans. Um þetta er ósköp fátt að segja annað en þetta: Þótt viðræður hafi hafist fyrr á þessu ári þá er það svo að raunverulegar samningaviðræður, sem hér er verið að tala um, samningaviðræður um allsherjarbann, eru enn ekki komnar á skrið. Undirbúningurinn var hafinn í upphafi árs. Út úr þeim tilraunum það sem kallað er „ad hoc"-vinnuhópur og komu frumdrög að samningi sem því miður engin samstaða hefur reynst um að ræða frekar að svo komnu máli og það er haft eftir formanni vinnuhópsins að hann telji ekki grundvöll til að hefja raunverulegar samningaviðræður á grundvelli þessa plaggs. Það er mat manna að ekki verði reynt að efna til alvarlegra samningaviðræðna um þennan mikilvæga samning, því miður, fyrr en hugsanlega eftir áramót. Hvort þessi upphafstilraun til að hefja samninga um allsherjartil-

raunabann telst vera upphaf formlegra samningaviðræðna um málið eða eitthvað annað er út af fyrir sig aukaatriði. Það sem máli skiptir er þó að það takist að hefja raunverulega samninga en því miður hefur það ekki tekist. Það var því ekkert tilefni til þess að býsnast yfir fáfræði, vankunnáttu eða öðru slíku. Það má segja að þarna hafi menn reynt að nota orðalag til útúrsnúninga.

Hv. þm. Björn Bjarnason vék nokkuð að þeim kafla ræðunnar sem dreift var þar sem fjallað er um breytingar á umhverfi í öryggismálum en þar sagði á þessa leið:

„Svo getur farið að stækkun ESB í norður og austur muni á endanum leiða til vaxandi einangrunar Íslands á sviði varnar- og öryggismála. Aukaaðild að Vestur-Evrópusambandinu verður þá ekki nóg til þess að við getum tryggt hagsmuni okkar á þessu sviði."

Nú leyfi ég mér að efast um, hafandi heyrt ræðu hv. þm., að þessi orð gefi tilefni til mikils ágreinings. „Svo getur farið að" segir hér. Með öðrum orðum, það er verið að vísa til þess að þróunin geti orðið ef hún fer í ákveðinn farveg á þann veg að það geti verið varhugavert. Ég er alveg sammála hv. þm. þegar hann sagði að svo lengi sem varnarsamstarf Íslands og Bandaríkjanna er í óbreyttu horfi á grundvelli varnarsamnings og með hliðsjón af þeirri endurskoðun sem fram hefur farið á þeim samningi sem og meðan ekki hafa orðið meiri breytingar en orðnar eru á samstarfi innan Atlantshafsbandalagsins þá þurfum við ekkert að vera uggandi um varnar- eða öryggismál Íslendinga. Hér er verið að vísa til þess hins vegar að þær geta tekið ófyrirsjáanlegum breytingum á ókomnum árum, sérstaklega með hliðsjón af eftirfarandi:

Við verðum varir við þá þróun að innan Atlantshafsbandalagsins eru vinnubrögð í stórum dráttum að breytast á þann veg að Vestur-Evrópusambandið er smám saman að taka á sig mynd og að fulltrúar Evrópusambandsríkjanna eru í vaxandi mæli að koma þar fram sem sérstakur hópur þannig að samstarfið er að breytast smám saman í form tvíhliða samstarfs; annars vegar Evrópusambandsríkjanna og hins vegar Bandaríkjanna og Kanada. Þess vegna kann að vera ákveðin hætta á því að staða þeirra landa breytist sem ekki hafa aðild að báðum hópum. Sér í lagi þegar fram líða stundir ef sú þróun verður að Vestur-Evrópusambandið taki á sig öflugari mynd og verði umsvifa- og áhrifameira. Auðvitað er þetta síðan spurning um nærveru Bandaríkjamanna í Evrópu og þegar er farið að tala um að talan sem kom út úr endurskoðuninni, 100 þúsund bandarískir hermenn, verði hugsanlega endurskoðuð, menn eru farnir að ræða um 50 þúsund manns o.s.frv. þannig að þetta eru dæmi um það sem hér var verið að víkja að. En ég tók eftir því að hv. þm. sagði að ef slíkar breytingar verða þá geti verið um annað mál að ræða. (Forseti hringir.)

Virðulegi forseti. Er ræðutíma lokið?

(**Forseti** (GHelg)**:** Já, svo mun vera.)

Þá verð ég því miður einfaldlega að segja í örstuttu máli að þar sem það hefði verið ástæða til að víkja hér nokkuð að öðrum málum sem fram komu eins og afstöðu til inngöngu í Alþjóðahvalveiðiráðið sem og víkja að umræðu um mannréttindahugtakið á alþjóðavettvangi en ég verð því einfaldlega að láta það bíða betri tíma.

[16:33]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það var athyglisvert að hæstv. utanrrh. svaraði í engu fyrirspurn minni um leyndarkvöðina á skýrslum háskólans um aðildina að Evrópusambandinu. Hann svaraði í engu spurningunni um hvenær þessari leyndarkvöð yrði létt af og hvers vegna hún hefði verið lögð á þessar skýrslur. Í stað þess kaus ráðherrann að fara hér með frekar ómerkileg ummæli varðandi skoðun mína og samstarfsmanna fyrrverandi á þeim aukna sið í háskólanum að gefa út álitsgerðir fyrir stjórnvöld. Það er ekki nýtt fyrir fyrrum samstarfsmenn mína í háskólanum að heyra þær skoðanir mínar. Ég flutti þær sérstaklega í kveðjuræðu þegar félagsvísindadeild hélt mér kveðjuhóf þegar ég lét af embætti prófessors og lýsti þeirri skoðun minni að það hefði kannski mátt segja það hér fyrr á árum þegar deildin var að taka til starfa að fræðimennirnir hefðu verið í pólitík, að þeir hefðu jafnan passað sig á því að hafa ekki pólitík í fræðunum. Nú sýndist mér hins vegar komið ærið mikið af pólitík í fræðin. Það er því ekkert nýtt fyrir samstarfsmenn mína fyrrverandi í háskólanum að þeir þekki gagnrýnar viðvaranir mínar á því að hættulegt geti verið fyrir háskólann að halda of mikið inn á þessa braut og gera það ávallt í nafni háskólans. Og ég vek athygli ráðherrans á því sem hann kaus að ræða ekki heldur hér að í nýjasta Fréttabréfi háskólans er sett fram mjög harðorð gagnrýni á þessi vinnubrögð og þessar skýrslur af hálfu fyrrum ritstjóra Fréttabréfs Háskóla Íslands.

En ég ítreka fyrri spurningar mínar til hæstv. ráðherra: Hvers vegna var leyndarkvöð sett á þessar skýrslur og hvers vegna hefur þeirri leyndarkvöð ekki verið létt af?

[16:36]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það er ástæða til þess að taka það fram að það var ríkisstjórn Íslands sem með formlegri samþykkt fór þess á leit við fimm stofnanir háskólans að þær gerðu úttekt, samanburð á stöðu Íslands, annars vegar með EFTA-samning í höndunum og hins vegar við aðild, svo að það er ríkisstjórn Íslands sem biður um þetta verk. Í því felst að ríkisstjórn Íslands hefur og hlýtur að hafa samkvæmt því einhverja trú og eitthvert traust á þeim mönnum sem sinna rannsóknum við Háskóla Íslands og heldur þótt mér nú aumt yfirklórið þegar verið var að reyna að draga til braka hrakyrðin sem fram komu hjá hv. þm. áður í garð þeirra starfsmanna.

Um leyndarkvöðina er það að segja að hún er engin af minni hálfu. Skýrslunum var dreift til ríkisstjórnar eftir því sem þær bárust og því næst til formanns utanrmn. og til utanrmn. og þær hafa borist núna allar nema ein eftir því sem ég er upplýstur um og reyndar var ein í drögum þegar ég vissi seinast til. Í fram-

haldi af því hefur verið flutt við ríkisstjórnarborðið tillaga um það að ríkisstjórnin tæki næsta skref sem var að skipa nefnd með fulltrúum atvinnulífs og vinnumarkaðar til þess að vinna áfram að málinu. Því er ekki lokið. Það er einfaldasta mál í heimi sem snýr að leyndarkvöð sem varðar fyrst og fremst þá venju að málin eru rædd innan utanrmn. og höfundar skýrslnanna kvaddir þar til umræðu, þá er það utanrmn. að létta af þessari leyndarkvöð.

[16:37]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þær gerast nú sérkennilegar kenningarnar hjá hæstv. utanrrh. Utanrrn. afhendir utanrmn. þessar skýrslur stimplaðar trúnaðarmál af hálfu utanrrn. Er það virkilega þannig að utanrmn. geti sjálf ákveðið að létta trúnaðarkvöð af skjölum sem utanrrn. merkir sem trúnaðarmál? Ef það er vinnureglan sem ráðherrann er að lýsa hér þá hljótum við auðvitað að taka slíkt til umfjöllunar í nefndinni í hvert sinn sem utanrrn. leggur fram plögg merkt trúnaðarmál. En hingað til hefur utanrmn. í áraraðir fylgt þeirri reglu að merki utanrrn. einhver skjöl sem trúnaðarmál þá afléttir nefndir ekki þeirri kvöð heldur gerir ráðuneytið það sjálft. Það er ánægjulegt að hæstv. ráðherra segir það nú að nefndin ráði því hvort þessar skýrslur eru birtar eru ekki en það er auðvitað athyglisvert að ráðherrann hefur ekki afhent öðrum þingmönnum þessar skýrslur. Hann hefur ekki talið ástæðu til að leggja þær fram í þinginu þannig að við sem sitjum í utanrmn., þessir 9 þingmenn ef ég man rétt, erum þeir einu sem höfum þessar skýrslur með höndum. (**PP:** Og varamenn.) Já, og varamenn, þó var það nú ekki ljóst þegar skýrslan var afhent hvort varamenn áttu að geta fengið þær þannig að þeir urðu að ganga sérstaklega eftir því. En engu að síður telur utanrrh. sér fært að fara að draga ályktanir af skýrslum sem hann hefur ekki séð ástæðu til að leggja fyrir þingið. Það sýnir einfaldlega að utanrrh. hefur veika stöðu í þessu máli og reyndar svo veika stöðu almennt eftir þessar umræður að ég mundi í sporum utanrrh. hugsa mig alvarlega um þegar hann er kominn heim í kvöld hvort hann eigi að halda áfram á þessari braut vegna þess að það sem athyglisvert er við þessa umræðu er að ráðherrann hefur engan stuðning fengið hér í þingsalnum fyrir það meginmál sem hann flutti í dag.

[16:40]

Páll Pétursson:

Herra forseti. Varðandi leyndardóminn sem verið hefur á skýrslum háskólans og hér var gerður að umræðuefni nú rétt í þessu þá er ég einn af þeim sem hafa notið þeirrar náðar að fá að berja augum þessar skýrslur og lesa þær. En ég vek athygli á því þó að við utanríkismálanefndarmenn fáum þessar skýrslur afhentar sem trúnaðarmál þá hafa með einhverjum hætti, áður en við komumst yfir þær eða fengum þær í hendur, fréttamenn ýmsir, m.a. á fréttastofu Ríkisútvarpsins, fréttastofu sjónvarps, fréttastofu Bylgjunnar og Stöðvar 2, svo og Morgunblaðsins ef ég man rétt fengið skýrslurnar í hendur, vitnað í þær og dregið af þeim ályktanir sem reyndar voru of grófar að mínu mati þannig að þetta er eitthvað skrýtið með trúnaðarmálin.

Mér finnst, herra forseti, að hér hafi farið fram fróðlegar umræður. Það er alveg ljóst að hér var flutt ræða sem er einkaflipp alþingismannsins og hæstv. ráðherra, Jóns Baldvins Hannibalssonar, ekki ræða um utanríkismál flutt af utanrrh. fyrir hönd ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar. Til að sanna mál mitt vitna ég til þess sem hv. þm. Sjálfstfl. hafa sagt í umræðunum. Ég nefni sérstaklega hv. 3. þm. Reykv. Jafnframt því hv. 5. þm. Norðurl. e. Hv. 3. þm. Reykv. benti á ósamræmi í ræðunni varðandi söguskoðunina um þróun Evrópsks efnahagssvæðis og benti á röng ártöl í því sambandi. Hann hafði rétt fyrir sér í því efni og réttara en hæstv. utanrrh. Ég hafði reyndar veitt þessu atriði athygli líka en þótti ekki taka því að gera það að umtalsefni því að ég er orðin svo vanur að hlusta á hæstv. utanrrh. fara með staðlausa stafi, því miður. Honum hefur orðið það á í þessum ræðustól þegar hann hefur verið að berjast fyrir hugðarefnum sínum að innlima Ísland í stórríki Evrópu að grípa til grófari ósanninda en þetta.

Ég tel að í ræðum hv. 3. þm. Reykv. og 5. þm. Norðurl. e., Björns Bjarnasonar og Tómasar Inga Olrichs, hafi komið fram mjög harðsnúin og málefnaleg gagnrýni á málflutning hæstv. utanrrh. Hún lýsir því svo að ekki verður um villst að ekki er hægt að vera í vafa um að þessi ræða er ekki flutt fyrir hönd ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar. Ég verð að játa það að ég er sammála mörgu í þeirri gagnrýni sem hv. þm. Björn Bjarnason og hv. þm. Tómas Ingi Olrich settu fram. Ég fagna því sérstaklega að talsmenn og foringjar Sjálfstfl. skuli taka svo hraustlega undir málflutning og stefnu okkar framsóknarmanna í afstöðunni til inngöngu Íslands í Evrópubandalagið.

Ég hef hins vegar áhyggjur af ýmsum minni spámönnum Sjálfstfl. Þá á ég ekki einasta við hv. 5. þm. Norðurl. e., Vilhjálm Egilsson, sem er mikill baráttumaður og hefur lengi verið fyrir inngöngu Íslands í Evrópubandalagið. Þeir eru farnir að taka undir með honum hæstv. fjmrh., hæstv. menntmrh. og nú seinast hv. þm. Árni R. Árnason og Sigríður Anna Þórðardóttir.

Það er þetta með eðli Evrópusambandsins sem hér hefur verið lítillega gert að umtalsefni. Verslunarráð Íslands, líklega er það Alþjóðaverslunarráðið sem það kallaði sig í því tilfelli, hefur haldið uppi miklum áróðri fyrir inngöngu Íslands í Evrópusambandið. M.a. fékk það til áróðursfunda fyrrverandi utanríkisráðherra Dana, Uffe Ellemann-Jensen. Ég sat mjög fróðlegan fund á Hótel Sögu þar sem Uffe Ellemann-Jensen flutti ræðu og sat fyrir svörum. Hann sagði eitt sem mér fannst minnisvert á þessum fundi. Hann sagði að Danir hefðu aldrei skilið eðli Evrópusambandsins. Þeir hefðu haldið að það snerist um svínakjöt. En Uffe Ellemann-Jensen fullyrti það að Evrópusambandið snerist ekki um svínakjöt. Það snerist um friðinn í Evrópu, þ.e. yfirráðin í Evrópu. Með öðrum orðum, Pax Romanum hét þetta til forna og ég held að hann hafi haft rétt fyrir sér.

Ég minntist hér í dag á þann hamslausa áróður sem rekinn hefur verið undanfarið í fjölmiðlum fyrir inngöngu Íslands í Evrópubandalagið og gerði að sérstöku umtalsefni þátt Ríkisútvarpsins í þessari áróðursherferð. Og ég vil ítreka það að mér finnst þversögn í því að reka tvo ágæta og tiltölulega meinlausa pistlahöfunda sem flytja pistla öðru hvoru á Rás 2 á sama tíma og Ríkisútvarpið hefur áróðursmeistara og frægan baráttumann, stórgáfaðan fréttamann, á launum úti í Brussel til þess að reka hamslausan áróður um hápólitískasta málefni sem verið hefur til umræðu á Íslandi á lýðveldistímanum, þ.e. áróður fyrir inngöngu Íslands í Evrópusambandið.

Skýrslur Háskóla Íslands hafa verið ræddar hér nokkuð að vonum. Málefni háskólans voru rædd utan dagskrár fyrir örfáum dögum og menn veltu fyrir sér þeirri spurningu hvort Háskóli Íslands væri að verða annars flokks háskóli. Ég held að Háskóli Íslands verði ekki annars flokks háskóli jafnvel þó að hann sé skertur að fjármunum, fjárveitingar til hans skornar miskunnarlaust niður, meðan nemendur þar leggja kapp á nám sitt og ná góðum námsárangri þrátt fyrir niðurskurðinn. En ég held að skýrslur eins og fáeinir starfsmenn Háskóla Íslands hafa skrifað fyrir peninga og eru úr garði gerðar eins og þær skýrslur sem við utanríkismálanefndarmenn höfum fengið í hendur sem trúnaðarmál séu til þess fallnar þegar þær verða á almannavitorði að gera Háskóla Íslands að annars flokks háskóla og ég hef miklu meiri áhyggjur af því. Þessum herrum sem skrifuðu þessar skýrslur og fengu stimpil háskólans á þær hefði verið miklu nær að fá þessi hugverk sín útgefin af Verslunarráði Íslands t.d. Ég er viss um að hv. 5. þm. Norðurl. v., Vilhjálmur Egilsson, hefði fúslega stimplað þær og gefið þær út í nafni Verslunarráðsins.

Menn hafa gert hér að umtalsefni ágreining milli okkar hv. 1. þm. Austurl., Halldórs Ásgrímssonar, formanns Framsfl. Það er ekkert leyndarmál að við vorum ósammála um samninginn um Evrópska efnahagssvæðið og við höfum reyndar margoft orðið ósammála þau 20 ár sem við höfum starfað saman í þingflokki framsóknarmanna. En við erum sammála, og það vil ég ítreka sérstaklega, eins og hv. 1. þm. Austurl. gerði reyndar fyrr í dag, að við erum sammála um að Ísland eigi ekki að sækja um inngöngu í Evrópusambandið. Við getum ekki þó við viljum héðan af við núverandi aðstæður sagt upp samningnum um Evrópskt efnahagssvæði. Það er vegna þess að þjóðfélagið hefur á þessum mánuðum sem samningurinn hefur verið í gildi aðlagað sig að aðstæðunum hvað sem fullveldi og stjórnarskrá líður. Ég er reyndar tilbúinn að rökstyðja þá skoðun mína að samningurinn samrýmist ekki íslensku stjórnarskránni og vitna einungis til 2. gr. og 61. gr. stjórnarskrárinnar. Ég er ekki einn um þá skoðun eða við sem lögðumst gegn þessum samningi. Ég vitna til prófessors Björns Þ. Guðmundssonar, til dr. Guðmundar Alfreðssonar og margra fleiri löglærðra manna og lögspekinga sem hafa tjáð sig á svipaðan hátt. En fjórmenningar utanrrh., þ.e. fjórir júristar sem hæstv. utanrrh. fékk til þess að komast að annarri niðurstöðu, komust að annarri niðurstöðu. Þeir töldu að hér væri um vel afmarkað fullveldisafsal að ræða, vel afmarkað minnir mig að þeir segðu.

Ég var mjög undrandi þegar ég sá álitsgerð fjórmenninganna því að ég hafði borið mikla virðingu fyrir þeirra lögspeki fram að þeim tíma og geri að vissu leyti enn og þykir vænt um þessa menn og ber virðingu fyrir þeim þó að þeim yrði þetta á. Mest varð ég undrandi á fyrrverandi forseta Hæstaréttar, Þór Vilhjálmssyni. Við getum að vísu ekki átt orðastað við hann hér og nú því að hann fékk afskaplega fínt starf úti í Genf eftir að hann hafði lokið þessari álitsgerð. Meiri hluti Alþingis tók afstöðu til þess að hér væri ekki um stjórnarskrárbrot að ræða og reiddi sig vafalaust á þessa fjórmenninga. Við í stjórnarandstöðunni fluttum frv. til breytingar á stjórnskipunarlögum á því þingi þar sem við lögðum til að 21. gr. stjórnarskrárinnar yrði breytt. Flm. voru Steingrímur Hermannsson, Ólafur Ragnar Grímsson, Kristín Einarsdóttir, Páll Pétursson, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir og Ragnar Arnalds. Þessi tillaga náði ekki fram að ganga. Menn vildu hafa stjórnarskrána eins og hún er en líta fram hjá því sem stangaðist á við hana.

Herra forseti. Ég hef lokið máli mínu.

Forseti (Pálmi Jónsson):

Þrír hv. þm. hafa óskað eftir því að veita andsvar og verður eigi hjá því komist að skerða ræðutíma þannig að andsvör og hugsanleg svör séu aðeins ein mínúta í senn.

[16:53]

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil frábiðja mér að vera talinn einhver stuðningsmaður stefnu Framsfl. í Evrópumálum. Í fyrsta lagi átta ég mig ekki á því hver sú stefna er þannig að ég get ekki stutt eitthvað sem ég veit ekki hvað er, og ég geri það alls ekki og hef ekki gert. Eins og ég segi veit ég ekki hvaða stefnu sá flokkur hefur.

Einnig finnst mér mjög óviðeigandi þegar hv. síðasti ræðumaður ræðst hvað eftir annað á fréttamenn fyrir það hvernig þeir vinna sín störf. Ég veit ekki hvernig hv. ræðumaður getur haldið því fram að Ingimar Ingimarsson fréttamaður stundi hömlulausan áróður í sínum störfum fyrir Ríkisútvarpið. Mér finnst að svona árásir á fréttamenn séu þess eðlis að tilefni sé til þess að taka það til sérstakrar athugunar og það dugi ekki að flytja einhverjar tölur um að það hafi í einu mánuði verið fluttar 103 fréttir og þar af hafi 100 verið hreinn áróður o.s.frv. Og málflutningur af þessu tagi sé þess eðlis að það þurfi að athuga það betur en undir þessum umræðum um skýrslu utanrrh. Ég áskil mér þess vegna rétt til þess að gera það.

[16:54]

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég var alls ekki að bjóða hv. 3. þm. Reykv. í Framsfl. Það er mikill misskilningur. Stefna Framsfl. í þessu máli er sú að Ísland eigi ekki að sækja um aðild að Evrópubandalaginu. Það er alveg klár stefna. Ég skil ekki hv. þm. Björn Bjarnason betur en að hann hafi tekið undir þá sömu stefnu. Hann talaði

ekki svona þegar við vorum að ganga frá EES-málinu. Þá tók hann ekkert af um það að Ísland ætti ekki að ganga í Evrópubandalagið. Þess vegna tel ég að hv. þm. sé að nálgast okkar stefnu.

Varðandi fréttaflutning frá Brussel sé ég ekki ástæðu til að nefna hlutina einhverjum dulnefnum. Ég tel að sá fréttaflutningur sé markviss og skipulagður.

[16:55]

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. sagði áður í ræðu sinni að um hömlulausan áróður væri að ræða í störfum þessa fréttamanns. Mér finnast þessar ásakanir þess eðlis að það þurfi að skoða þær betur og hann þurfi að færa betri rök fyrir sínu máli.

Varðandi stefnu Framsfl. þá hafa menn í dag heyrt hv. þm. og hv. 1. þm. Austurl. flytja ræður sínar og þar kemur fram að um ágreining er að ræða. Þeir viðurkenna það. Það kom greinilega fram í ræðu hv. 1. þm. Austurl. að hans áherslur eru allt aðrar en hv. 1. þm. Norðurl. v. Um það mál standa þau orð að það er ógjörningur að átta sig á stefnu Framsfl. í þessum málum.

Varðandi aftur á móti stefnu míns flokks þá er það alveg skýrt og hefur verið skýrt að Sjálfstfl. útilokar ekki aðild Íslands að Evrópusambandinu en hins vegar liggja mál ekki fyrir þannig nú að það sé nokkurt efni sem við þurfum að taka ákvarðanir um.

[16:56]

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er tilbúinn við annað tækifæri að ræða betur og fara betur ofan í fréttaflutninginn frá Brussel. Það er enginn ágreiningur á milli okkar hv. 1. þm. Austurl. um afstöðuna til Evrópusambandsins. Við erum báðir sammála um það að innganga Íslands komi ekki til greina. Það var ágreiningur um afstöðuna til Evrópsks efnahagssvæðis. Það er liðin tíð, sú deila er að baki. Ég tapaði henni og ég sé ekki ástæðu til að erfa það við hv. 1. þm. Austurl. en undirstrika að innan Framsfl. er ekki ágreiningur um það að við munum ekki fallast á að Ísland sæki um aðild að Evrópubandalaginu.

[16:57]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er satt að segja dapurlegt til þess að vita að tveir hv. þm. á Alþingi Íslendinga skuli gera það að meginatriði síns máls að kalla annars vegar forsvarsmenn og kennara við Háskóla Íslands fúskara en hinn kallar fréttamenn við Ríkisútvarp, sjónvarp launaða áróðursmenn. Af því að hann vék að skýrslum háskólans, sem ríkisstjórnin bað um, og taldi sig vera einn í hópi hinna fáu útvöldu sem töldu sig hafa fengið að njóta vegna þess að þær væru á trúnaðarstigi er rétt að taka skýrt fram: Það er venja þegar ríkisstjórn er verkbeiðandi að slíkum skýrslum að þær eru ræddar við ríkisstjórnarborð. Þær eru jafnframt sendar utanrmn., þær eru á því málasviði, og það er eðlilegt að þær fáist fyrst ræddar þar. Þegar hins vegar er farið að halda því fram að þetta sé tómt fúsk (Gripið fram í.) tel ég sjálfsagt mál og reyndar nauðsynlegt til að verja æru höfunda þessara skýrslna að létta þeim trúnaði af eins fljótt og verða má.

[16:59]

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef nú þegar komið inn á mál fréttaflutningsins frá Brussel og hef ekki við það að bæta í þessum stuttu andsvörum.

Varðandi skýrslu háskólans þá fagna ég því ef af þeim verður létt trúnaði þannig að menn sjái það með eigin augum hvað í þeim stendur og hvers lags eiginlega endemis málatilbúnaður þar er sums staðar á ferðinni.

[16:59]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það liggur ljóst fyrir að hv. þm. Páll Pétursson lítur svo á að með samningnum um Evrópska efnahagssvæðið hafi stjórnarskráin verið brotin og hann ætlar að lifa við það. Hann ætlar ekki að hreyfa andmælum við því og ekki berjast fyrir því að því máli verði breytt. Hann sagði að við gætum ekkert gert í málinu nú. Við gætum ekki sagt upp samningnum við EES því að þjóðfélagið hefði aðlagað sig að aðstæðum hvað sem stjórnarskránni liði. Hv. þm., þjóðfélagið er ekki kosið á þing, ekki heldur Björn Þ. Guðmundsson prófessor. Það er hv. þm. sjálfur sem er kosinn á þing og undirritar drengskaparheit sitt og verður þá að sætta sig við það að þrátt fyrir að hann hafi undirritað þetta heit þá ætlar hann að lifa við það að stjórnarskráin hafi verið brotin að hans mati. Auðvitað mun þjóðin fella þann dóm hverjir eiga að stýra landinu í framtíðinni. Það getur vel verið að þingmaðurinn komist í meirihlutaðstöðu ásamt þeim sem litu svo á að stjórnarskráin hefði verið brotin. En hann hefur lýst því yfir að hann ætli ekki hreyfa því máli.

[17:00]

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ásamt fimm þingmönnum öðrum reyndi á 116. löggjafarþingi að fá stjórnarskránni breytt þannig að af væru tekin öll tvímæli um að samningurinn passaði innan ramma stjórnarskrárinnar. Þetta er á þskj. 30 á því þingi og menn geta fundið það í skjalavörslunni.

Alþingi hafnaði því að fallast á málflutning okkar og keyrði málið áfram undir sínum formerkjum. Þjóðfélagið hefur búið við þennan samning. Efnahagslegar forsendur eru orðnar aðrar núna en áður en við gengum inn í Evrópskt efnahagssvæði. Það er greinilega ekki meiri hluti á Alþingi fyrir að segja þessum samningi upp og ég er ekki að berja hausnum við steininn.

[17:02]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil taka undir þau orð hv. þm. Björns Bjarnasonar áðan þegar hann veitti andsvar við orðum hv. þm. Páls Pétursonar að það er fáránlegt að tengja nafn Sjálfstfl. við þann hégóma sem stefna Framsfl. í utanríkismálum er og einkum og sér í lagi í málefnum ESB.

Að því er varðar þessa yfirlýsingu hv. þm. Páls Péturssonar þá er stjórnarskráin grundvallarlög og það getur ekki verið að sá maður sem telur að þessi grundvallarlög hafi verið brotin geti sætt sig við það að samningur sem við búum við sé brot á stjórnarskránni. Hann hlýtur að nota fyrsta tækifærið sem gefst til þess til þess að leiðrétta þetta brot á grundvallarlögum íslenska lýðveldisins.

[17:03]

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að mér verði ekki legið á hálsi fyrir það að hafa dregið af mér við að koma skoðun minni á framfæri við meðferð EES-málsins og skoðun mín á því hefur ítrekað komið fram á Alþingi.

Það getur vel verið að einhvern tíma í framtíðinni eigum við eftir að leggja til að samningnum um Evrópskt efnahagssvæði verði sagt upp. Ég hef engin áform um það sem stendur. Það getur líka vel verið að ég standi einhvern tíma að stjórnarskrárbreytingu sem taki af tvímæli um að það samrýmist stjórnarskránni sem gert var í því efni. (**TIO:** Það er fljótlegra fyrir þingmanninn að biðjast afsökunar.) Fyrir hvað á þingmaðurinn að biðjast afsökunar? (**TIO:** Fyrir áburð á hendur stjórnarliðum að hafa brotið stjórnarskrána.) Það mun ég ekki gera og stend á minni sannfæringu.

[17:04]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að blanda mér í þessar deilur þingmanna Sjálfstfl. og þingmanna Framsfl. um stefnuna í Evrópumálum þótt það væri kannski nokkurt tilefni til þess að ræða það. En ég vil þó segja eitt og vona að það verði ekki misskilið. Mér fannst það nokkuð sérkennileg yfirlýsing þegar formaður Framsfl. Halldór Ásgrímsson lýsti því yfir fyrir nokkrum vikum að hann teldi að aðild Íslands að Evrópusambandinu ætti ekki að vera á dagskrá fyrr en um næstu aldamót. Næstu aldamót eru í lok næsta kjörtímabils, þess kjörtímabils sem hefst á næsta ári. Og fyrst þessi mál eru almennt til umræðu þá vil ég segja það að ég hnaut dálítið um þessa yfirlýsingu og finnst hún eiginlega gefa tilefni til þess að óska frekari skýringa á þessum ummælum. En að öðru leyti ætla ég ekki að blanda mér í þessar deilur.

Varðandi skýrslur Háskóla Íslands þá ætla ég einfaldlega að lesa fyrir utanrrh. — sem er nú horfinn úr salnum og er það vont, situr í hliðarherbergi — álit úr Fréttabréfi Háskóla Íslands sem kom út í síðutu viku sem ritstjóri fréttabréfsins til margra ára setti fram að gefnu tilefni. Tilefnið eru þessar skýrslur sem hér hafa verið ræddar orðrétt:

„Fræðimenn hafa ekki leyfi til þess að halda fram eigin skoðun í nafni háskólans eða háskólastofnana. Stofnanir hafa ekki skoðanir heldur hafa menn skoðanir og þær eru yfirleitt umdeildar og umdeilanlegar, ekki síst þegar um stórpólitísk mál er að ræða eins og aðild Íslands að ESB. Hagfræðistofnun getur eðli málsins samkvæmt aðeins rannsakað einhver tæknileg atriði vegna hugsanlegrar aðildar en aldrei komist að þeirri heildarniðurstöðu sem kynnt var í fjölmiðlum að efnahagslega yrðu Íslendingar betur staddir í bandalaginu en utan þess."

Síðan önnur tilvitnun:

„Sem háskólakennari óska ég ekki eftir að vera bendlaður við slíkar niðurstöður og vil því krefjast þess að skýrslur þær um ESB og önnur efni sem þessar stofnanir háskólans senda frá sér séu ekki nefndar skýrslur háskólans heldur niðurstöður tiltekinna, nafngreindra einstaklinga sem tóku þær saman undir hatti hinna tilteknu stofnana."

Þessi skoðun fyrrum ritstjóra Fréttabréfs háskólans í Fréttabréfi háskólans segir allt sem segja þarf um stöðu þessara skýrslna.

Varðandi ummæli hæstv. utanrrh. og skýringar á þessari setningu í hinni fjölrituðu ræðu um að væntanlega hefjist samningaviðræður um allsherjarbann við tilraunum með kjarnorkuvopn á þessum vetri vil ég eingöngu segja þetta. Samningaviðræðurnar hófust í janúarmánuði sl. Það voru skipaðir tveir formlegir vinnuhópar. Annar þeirra fjallar um eftirlit, hinn um lagalegan texta samningsins. Það er sendiherra Þýskalands sem veitir vinnuhópnum um eftirlit forstöðu en sendiherra Póllands sem veitir hópnum um texta samningsins forstöðu. Síðan var skipuð sérstök yfirsamninganefnd undir forustu sendiherra Mexíkós sem fjallað hefur um málin almennt. Sem betur fer hefur orðið það góður árangur í vinnuhópnum um eftirlit að nú liggja fyrir nokkuð vel mótaðar tillögur um fjórþætt eftirlit sem sendinefnd Bandaríkjanna hefur aðallega lagt fram. Hún lagði upphaflega fram tillögur um sexþætt eftirlit en það var síðan skorið niður í fjórþætt eftirlit.

Það er þess vegna samdóma álit fjölmargra sem að þessum viðræðum koma að þær hafi satt að segja á þessum níu mánuðum skilað meiri árangri en hægt var að búast við. Í raun og veru telja kunnáttumenn að allar þjóðir nema kannski Kínverjar hafi fram að þessu tekið fullan þátt í þessum viðræðum á efnislegum grundvelli, m.a. Frakkar, sem ekki var ljóst í upphafi ferilsins.

Það eru sérstaklega sérfræðingar sem breska ríkisstjórnin hefur látið í té sem hafa orðið til þess að mikill árangur hefur náðst í athugunum og samkomulagsdrögum varðandi skipulag eftirlitsins. Þess vegna er engan veginn hægt að halda því fram hér, hæstv. utanrrh., að þessar viðræður hafi fram að þessu verið með þeim hætti að ekki sé hægt að segja að þær séu hafnar. Þótt formaður viðræðunefndarinnar, sendiherra Mexíkós, hafi skilað frá sér hornklofatexta sem fyrst og fremst byggist á því að draga saman í eitt skjal allt það sem sendiherrar og ráðherrar annarra ríkja hafa sagt formlega á viðræðufundum þá breytir það ekki stöðu málsins. Mér fannst satt að segja þessi texti sem ráðherrann las upp í ræðustólnum vera merki þess að hann sjálfur a.m.k. hefði ekki haft fyrir því að kynna sér rækilega hvernig þessar viðræður eru á vegi staddar.

Það sem er hins vegar merkilegt við þessar umræður er að hv. þm. Björn Bjarnason og hv. þm. Tómas Ingi Olrich hafa sett fram mjög greinargóða gagnrýni

á nokkur grundvallarhugtök og lykilsjónarmið sem fram koma í umfjöllun hæstv. utanrrh. um samskipti Íslands við Evrópusambandið. Ég vil lýsa þeirri skoðun minni að ég er alveg sammála þeirri afstöðu sem hv. þm. Björn Bjarnason lýsti varðandi þann texta utanrrh. sem fjallar um öryggismál annars vegar og einangrun hins vegar. Hvaða skoðanir sem menn kunna að hafa á varnarsamningnum við Bandaríkin og á Atlantshafsbandalaginu er auðvitað ekki hægt að halda því fram að meðan Ísland er aðili að Atlantshafsbandalaginu og er með varnarsamning við Bandaríkin séu öryggismál Íslands einhverri sérstakri hættu. Satt að segja er stórfurðulegt að utanrrh. í þessari ríkisstjórn skuli halda fram sjónarmiðum af því tagi að nú þurfi að grípa til aðildarumsóknar að Evrópusambandinu vegna þess að varnarsamningurinn við Bandaríkin og aðildin að Atlantshafsbandalaginu dugi ekki.

Ég er líka alveg sammála því sem hv. þm. Björn Bjarnasonar sagði um notkun einangrunarhugtaksins í umræðunni. Hún stenst hvorki rökfræðilega né stjórnmálalega og um það þarf í sjálfu sér ekki að hafa fleiri orð vegna þess að greining hv. þm. var mjög skýr. Það var auðvitað mjög athyglisvert að hæstv. utanrrh. gerði enga tilraun til þess að svara þeirri gagnrýni.

Mér fannst líka mjög fróðlegt að hlýða á greiningu hv. þm. Tómasar Inga Olrich á Maastricht-samkomulagingu og tengslum þess við hugsunarhátt kalda stríðsins og þá örlagahyggju sem því miður hefur um of sett svip sinn á umræðu í Evrópu, ekki bara á þessari öld heldur einnig á hinni síðustu. Því miður eru margvísleg fræði í andlegri þróun Evrópubúa á síðustu öld og þessari sem hafa gefið slíkri örlagahyggju veigamikinn sess. Hægt er að segja að kommúnisminn eins og hann var settur fram af Karli Marx og Friedrich Engels og túlkaður af Vladimír Lenín væri auðvitað fórnarlamb sams konar örlagahyggju. Það var það sem á ensku er kallað „the historical determinism" sem var í hugmyndalega grundvallarskekkja í öllum þeim fræðum. Kannski er skýringin á því hvers vegna hæstv. utanrrh. er enn haldinn svona ríkri tilhneigingu til þess að gefa sig á vald slíkri andlegri örlagahyggju og sögulegri örlagahyggju að hann hlaut sína fyrstu andlegu skólun í leshringum marxismans fyrr á þessari öld. Ýmsir halda því fram að þeir sem hljóta sína andlegu skólum á ungum aldri í slíkum leshringum beri þess aldrei bætur þó að þeir kunni að klæða örlagahyggjuna í annan búning. Það á hæstv. utanrrh. reyndar sammerkt með ýmsum þeim mönnum sem hafa mótað örlagahyggjuna í málflutningnum fyrir Evrópusambandið og Maastricht-samkomulagið þó að þeir tilheyri nú öðrum flokkum.

Ég fagna því sérstaklega að í umræðunni hafa komið fram sjónarmið af því tagi sem ég hef vitnað til vegna þess að ég tel að þau hafi gefið umræðunni sérstakt gildi og renni mjög sterkum stoðum rökfræðilega og efnislega undir þá afstöðu sem yfirgnæfandi meiri hluti þingsins hefur í þessum málum. Að því leyti hefur umræðan verið mjög gagnleg og fyrir það ber kannski fyrst og fremst að þakka þingmönnum Sjálfstfl. en ekki hæstv. utanrrh.

[17:15]

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Mjög fróðlegt var að fá það staðfest sem ég lýsti sem skoðun minni á utanríkismálaráðu hæstv utanrrh. að um einkaskoðanir hans væri að ræða en ekki niðurstöðu ríkisstjórnarinnar sjálfrar. Það hefur verið staðfest svo að ekki verður um villst og það ber að þakka. Hins vegar langar mig aðeins að spyrja hv. 3. þm. Reykv. hvort ekki sé rétt skilið hjá mér að þótt hann hafi nefnt aldamótin sem hugsanlega tímasetningu að fara að velta fyrir sér hvort Íslendingar eigi að sækja um aðild að Evrópusambandinu, hvort afstaðan til fiskveiðimálanna muni eitthvað breytast í huga hans eða hvort þess sé ekki að vænta að það séu sömu skilyrði sem þar verða sett til grundvallar. Ég bendi á að það er ekki fyrr en árið 2002 sem einhverra breytinga á fiskveiðistefnu Evrópusambandsins er að vænta ef af verður.

Eins og ég gat um í fyrri ræðu minni í dag er ýmislegt sem ég hefði gjarnan viljað nefna en hafði ekki tíma til þrátt fyrir að hafa ríflegri tíma en ýmsir aðrir sem hafa flutt mál sitt. Sem betur fer hafa aðrar kvennalistakonur komið að flestum þeim málum fyrir utan eitt. Mig langar því að beina spurningu til hæstv. ráðherra varðandi afstöðu Íslendinga til þess viðskiptasamnings sem gerður var við Tyrkland þar sem nú, ef eitthvað er, er brýnni ástæður til þess að velta fyrir sér samskiptum við Tyrkland en var þegar samningurinn var gerður og var mjög gagnrýndur þá af hálfu okkar kvennalistakvenna. Það hefur gerst núna á árinu að þingmenn hafa verið sviptir þinghelgi og það berast sífellt fleiri fréttir af meðferð Tyrkja á Kúrdum þar sem þeim er bannað að tala sitt eigin mál. Kennsla er ekki leyfð á kúrdísku í Kúrdahéruðum Tyrklands. Ég ætla ekki að lengja umræðuna með því að ræða þetta frekar. Ég tel að fleiri tilefni muni gefast til þess en mig langar að spyrja hæstv. ráðherra í ljósi þessara staðreynda hvort ekki komi til greina að taka þessa umræðu aftur upp og endurmeta viðhorf Íslendinga til viðskiptasamskipta við Tyrkland.

[17:18]

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég nefndi engar tímasetningar varðandi afstöðu mína til Evrópusambandsins þannig að tíminn er ekki aðalatriði þar heldur efni málsins og þeir hagsmunir sem þarf að gæta. Einnig vek ég athygli á því að Evrópusambandið mun breytast á næstu árum. Við vitum ekki hvers konar samtök það verður þegar ríkjaráðstefnunni er lokið og eins og hv. þm. Tómas Ingi Olrich benti á þá eru líka kraftar innan þess sem vilja að Evrópusambandið þróist í aðra átt en stefnan var tekin í Maastricht. Á ríkjaráðstefnunni kunna að koma fram sjónarmið sem breyta sambandinu á þann veg að það verði allt annars konar ríkjahópur sem starfar eftir allt öðrum reglum en við stöndum frammi fyrir núna. Ég nefni því engan tíma varðandi afstöðu mína til þessra mála heldur mun ég skoða efni málsins.

[17:19]

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get út af fyrir sig fagnað því að það var ekki rétt sem kom fram fyrr í umræðunum að tímasetning hafi verið inni í ummælum hv. 3. þm. Reykv. Ég er því fegin að málefni muni þá eftir sem áður ráða afstöðu hans því að ég tel að hún sé miðað við núverandi aðstæður mjög skynsamleg.

Ég tek undir það og geri ráð fyrir að hv. þm hafi heyrt það að ég gerði það sama að umræðuefni í ræðu minni og hv. þm. Tómas Ingi Olrich að breytinga gæti verið að vænta eftir ríkjaráðstefnuna 1996. Ég lýsti þar að vísu skoðun minni að ég tel meiri hættu á að stóru ríkin hafi betur en að sjálfsögðu er fólk út um alla Evrópu að ræða þá óþolandi stöðu sem er innan hins miðstýrða og ólýðræðislega bákns sem Evrópusambandið er eins og það lítur út núna. Það er ekki nema sjálfsagt að reynt sé að vinna innan og utan Evrópusambandsins að því að þar verði lýðræðislegri straumar sem ráði ferðinni.

[17:20]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. vék að mannréttindabrotum og viðskiptasamningum. Það er tilefni til þess að það komi fram að íslensk stjórnvöld eru andvíg mannréttindabrotum hvar sem þau birtast í hvaða landi sem er. Við höfum hins vegar ekki verið þeirrar skoðunar að rétt viðbrögð við slíkum mannréttindabrotum eða öðrum pólitískum ágreiningsmálum væru viðskiptaþvinganir eða viðskiptanbönn. Íslensk stjórnvöld hafa andmælt mannréttindabrotum í Tyrklandi. Seinast var það gert á fundi utanrrh. Norðurlanda, sameiginlega fyrir hönd Norðurlandanna.

Að því er varðar tillögu á vettvangi Sameinuðu þjóðanna á allsherjarþingi um það hvort menn lýsi sig með eða móti eða skori á bandarísk stjórnvöld um að aflétta viðskiptabanni á Kúbu þá greindi ég frá rökum okkar hér áðan. Við höfum setið hjá með þeim rökum að þetta þjónaði engum tilgangi, þ.e. það breytir engu um það hvort þetta viðskiptabann er eða hvort því verður aflétt en það verður notað sem pólitísk stuðningsyfirlýsing við mannréttindabrot á Kúbu. Þess vegna breyttum við ekki afstöðu okkar. Norðurlöndin breyttu fyrst afstöðu sinni þegar þau voru komin inn í EB-hópinn vegna viðskiptahagsmuna Evrópusambandsins.

[17:22]

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég fæ ekki séð hvers vegna ekki er hægt að túlka það sem stuðning við mannréttindabrot í Tyrklandi ef við höldum áfram að hafa þau samskipti sem við höfum. Ég lýsi mig ósammála hæstv. utanrrh. að því leyti til að ekki sé ástæða til þess að kanna tengsl ríkja á milli, þar á meðal viðskiptatengsl ef sérstakt tilefni gefst til. Það er svo sem ekkert athugavert við það að fólk hafi misjafnar skoðanir á þeim málum en ég vil alla vega að mín afstaða komi þar í ljós.

Út af dagskrá var tekið 1. mál.

Fundi slitið kl. 17:23.

Efnisskrá.

Aðgangur almennings að þingskjölum og umræðum á Alþingi (51. mál) 713.
Athugasemdir um störf þingsins:
Samkomulag þingflokksformanna um mál á dagskrá 831.
Atvinnuleysistryggingar (50. mál, bótaréttur við endurmenntun) 713.
Ársreikningar (73. mál) 823, 840.
Bókhald (72. mál, heildarlög) 823, 839.
Einkahlutafélög (97. mál) 710.
Evrópsk fjárhagsleg hagsmunafélög (98. mál) 710.
Fjáraukalög 1994 (66. mál) 724, 838.
Fjárframlög til stjórnmálaflokka (46. mál) 712.
Héraðsskólinn að Núpi (52. mál) 712.
Hlutafélög (96. mál, aðlögun að ákvæðum EES-samnings) 710.
Lánsfjárlög 1995 (3. mál) 761, 798, 838.
Lánskjör og ávöxtun sparifjár (44. mál) 711.
Ofbeldisverk barna og unglinga (100. mál) 709.
Ríkisreikningur 1991 (64. mál) 797, 839.
Ríkisreikningur 1992 (65. mál) 823, 839.
Samningsveð (88. mál, heildarlög) 709.
Skýrsla utanríkisráðherra um utanríkismál 866, 937.
Staðsetning björgunarþyrlu (48. mál) 712.
Takmörkun á ráðstöfun síldar til bræðslu (107. mál) 840.
Tekjuskattur og eignarskattur (47. mál, iðgjaldagreiðslur til lífeyrissjóða) 711.
Tilkynning um utandagskrárumræðu 709, 865.
Tilraunastöð í jarðrækt á Reykhólum (104. mál) 862.
Um fundarstjórn — sjá:
Fjáraukalög 1994 730.
Lánsfjárlög 1995 796.
Umræður utan dagskrár:
Málefni Háskóla Íslands 713.
Staða félagsmálaráðherra 929.
Vantraust á ráðherra í ríkisstjórn Davíðs Oddssonar (útvarpsumr.) 681.
Þingfararkaup alþingismanna (43. mál, réttur til biðlauna) 711.

Mælendaskrá.

Forseti Salome Þorkelsdóttir 681, 709, 713, 729, 731, 796, 865.
2. varaforseti Gunnlaugur Stefánsson 774, 782.
3. varaforseti Guðrún Helgadóttir 832, 836, 837, 929, 931.
6. varaforseti Pálmi Jónsson 896, 950.
Forsrh. Davíð Oddsson 686, 740, 743, 744, 772, 774, 931, 937.
Félmrh. Guðmundur Árni Stefánsson 745, 747, 748, 782, 783, 932.
Fjmrh. Friðrik Sophusson 729, 736, 756, 757, 758, 759, 761, 774, 776, 796, 797, 799, 800, 811, 817, 822, 823, 833.
Landbrh. Halldór Blöndal 862, 864.
Menntmrh. Ólafur G. Einarsson 715, 723.
Sjútvrh. Þorsteinn Pálsson 840, 854, 857, 858, 860, 861.
Utanrrh. Jón Baldvin Hannibalsson 694, 866, 942, 946, 951, 957.
Anna Ólafsdóttir Björnsson 685, 837, 850, 888, 956, 957, 958.
Ágústa Gísladóttir 848, 933.
Árni M. Mathiesen 933.
Björn Bjarnason 721, 896, 924, 925, 950, 951, 956.
Eggert Haukdal 705.
Einar K. Guðfinnsson 921, 925, 926.
Finnur Ingólfsson 692, 836.
Geir H. Haarde 833.
Gísli S. Einarsson 846.
Guðjón Guðmundsson 705, 852.
Guðjón A. Kristjánsson 848.
Guðmundur Bjarnason 705.
Guðni Ágústsson 706, 934.
Guðrún J. Halldórsdóttir 926.
Guðrún Helgadóttir 731, 743.
Gunnlaugur Stefánsson 837, 843.
Halldór Ásgrímsson 690, 859, 861, 904, 908, 909.
Ingibjörg Pálmadóttir 841, 852, 858.
Jóhann Ársælsson 844, 859.
Jóhanna Sigurðardóttir 702.
Jóhannes Geir Sigurgeirsson 750, 756, 757, 778, 782, 783.
Jón Helgason 798, 800.
Jón Kristjánsson 724, 730, 793, 796, 797, 832, 835, 853, 857, 933.
Kristinn H. Gunnarsson 934.
Kristín Ástgeirsdóttir 682, 706, 718, 757, 759, 760, 783, 791, 792, 831, 835, 863, 864, 912, 913, 914.
Kristín Einarsdóttir 935.
Lára Margrét Ragnarsdóttir 937.
Ólafur Ragnar Grímsson 706, 730, 737, 744, 745, 748, 749, 764, 773, 774, 775, 776, 777, 778, 809, 816, 817, 836, 881, 930, 936, 946, 947, 953.
Páll Pétursson 707, 722, 832, 876, 936, 947, 950, 951, 952, 953.
Pálmi Jónsson 835.
Petrína Baldursdóttir 717.
Pétur Bjarnason 719.
Ragnar Arnalds 698.
Rannveig Guðmundsdóttir 720, 777, 778, 791, 792, 833, 909, 912, 913.
Sigríður A. Þórðardóttir 721.
Steingrímur J. Sigfússon 704.
Sturla Böðvarsson 821.
Svavar Gestsson 701, 717, 747, 801, 818, 822, 823, 834.
Tómas Ingi Olrich 718, 908, 917, 940, 952.
Valgerður Sverrisdóttir 713, 722.

21. FUNDUR

mánudaginn 31. okt.,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Takmörkun á ráðstöfun síldar til bræðslu, stjfrv., 107. mál, þskj. 110. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

2. Kosning fimm manna og jafnmargra varamanna í bankaráð Seðlabanka Íslands til fjögurra ára, frá 1. nóvember 1994 til 31. október 1998, að viðhafðri hlutbundinni kosningu, skv. 30. gr. laga nr. 36 5. maí 1986, um Seðlabanka Íslands.

Fjarvistarleyfi:

Davíð Oddsson forsrh.,
Guðrún J. Halldórsdóttir, 18. þm. Reykv.,
Hjörleifur Guttormsson, 4. þm. Austurl.,
Ólafur Ragnar Grímsson, 8. þm. Reykn.

Útbýting þingskjala:

Álitsgerðir Háskóla Íslands um ESB-aðild, 29. mál, svar menntmrh., þskj. 160.

Samningur á grundvelli orkusáttmála Evrópu, 30. mál, svar iðnrh., þskj. 163.

Skipting á vegafé milli kjördæma, 58. mál, svar samgrh., þskj. 162.

Sumarmissiri við Háskóla Íslands, 152. mál, þáltill. JóhS o.fl., þskj. 164.

Tekjuskattur og eignarskattur, 153. mál, frv. JóhS, þskj. 166.

Tekjuskattur og eignarskattur, 154. mál, frv. JóhS, þskj. 167.

Tekjustofnar til vegagerðar, 67. mál, svar samgrh. þskj. 165.

Lagt fram á lestrarsal:

Erindi frá sendiráði Norður-Kóreu í Stokkhólmi.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Borist hefur eftirfarandi bréf, dagsett 27. okt. 1994:

„Þar sem ég vegna sérstakra anna get ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska þess að 1. varaþm. Framsfl. í Norðurl. v., Elín R. Líndal hreppsstjóri, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegi forseti.

Stefán Guðmundsson, 4. þm. Norðurl. v."

Tilkynning um utandagskrárumræðu.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Utandagskrárumræða mun fara fram að lokinni atkvæðagreiðslu. Málshefjandi er hv. 5. þm. Suðurl., Guðni Ágústsson. Hæstv. landbrh. verður til andsvara. Umræðan fer fram skv. 1. mgr. 50. gr. þingskapa og efni umræðunnar er staða garðyrkju- og kartöflubænda.

Takmörkun á ráðstöfun síldar til bræðslu, frh. 1. umr.

Stjfrv., 107. mál. — Þskj. 110.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:05]

Frv. vísað til 2. umr. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁJ, ÁMM, BBj, EH, EKG, EL, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JónK, KHG, KÁ, LMR, MF, ÓE, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SP, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÖS.

21 þm. (AÓB, ÁgG, ÁRÁ, DO, EgJ, FI, GJH, HÁ, HBl, HG, JGS, JBH, JHelg, KE, ÓRG, PBj, SigG, SighB, SAÞ, SJS, ÞorstP) fjarstaddur.

Frv. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Umræður utan dagskrár.

Staða garðyrkju- og kartöflubænda.

[15:05]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Á tímum mikilla breytinga er eitt ár langur tími. Framtíðarmöguleikar heilla atvinnugreina geta glatast á skemmri tíma ef samkeppni erlendis frá er opnuð án þess að leikreglur starfsstétta séu samræmdar í samkeppnislöndum. Íslensk garðyrkja og íslenskur landbúnaður stendur nú á þessum þröskuldi. GATT í gildi eftir átta mánuði og leikreglur enn ekki ljósar. Hagsmunir íslenskra garðyrkjubænda hafðir að engu í EES-samningum þar sem ríkisstjórninni varð það á að fórna drottningunni í stöðunni meðan aðrar EFTA-þjóðir færðu peðsfórn.

Hæstv. landbrh., biðin er löng eftir svörum þegar atvinna manna er í húfi. Samband garðyrkjubænda hefur ítrekað átt fundi með alþingismönnum og ráðherrum og fyrir tæpu ári lögðu þeir fram lista um brýnar aðgerðir til að ná fram bættri samkeppnisstöðu til að geta staðist innflutningi snúning. Tíminn flýgur og fátt eitt hefur verið gert til að bæta samkeppnisstöðu garðyrkjubænda. Hér er þó um að ræða 500 ársstörf í beinni framleiðslu og varan, hvort hún kemur úr gróðurhúsunum eða moldinni, er á heimsmælikvarða, framleidd án eiturefna.

Það er fullyrt að garðyrkja innan Evrópusambandsins njóti styrkja, allt að 25% á framleiðsluverðmæti.

Hér eru engir styrkir og útflutningsuppbætur af lagðar þannig að hér verða bændur að keppa við kollega sína og standa höllum fæti. Hingað er fríverslun og um ríkisstyrktar vörur að ræða erlendis frá en okkar útflutningur sætir því að fá á sig 40% toll. Hefur ríkisstjórnin í hyggju að taka upp á ný útflutningsbætur í einhverju formi?

Stéttarsambandsfundur var einhuga um að koma yrði til móts við garðyrkjuna með lækkun sjóðagjalda. Fyrir því eru pólitísk rök vegna EES og GATT. Hefur hæstv. landbrh. í hyggju að ná fram breytingu og lægri sjóðagjöldum?

Hér rennur rafmagn ónotað til sjávar. Síðustu ár hefur verið hagvöxtur í gróðurhúsum. Bændur hafa lýst stöðvar sínar og lengt þar með framleiðslutímann. Jafnframt hafa verið byggðar öflugar geymslu og geymslutækni hefur lengt sölutímann. Frekari lækkun raforku mundi gjörbreyta stöðunni. Nú kaupa bændur raforku á 2,80 til 3 kr. á kílóvattstund og búa við rofáhættu, ekki síst í kuldatíð fyrir norðan í kjördæmi hæstv. ráðherra. Þá hleypur verðið kannski upp um einar 10 kr. á kílóvattstund. Telur hæstv. landbrh. líklegt að hægt sé að ná lægri samningum við Rarik og Landsvirkjun, t.d. 1,50 kr. á kílóvattstund eins og garðyrkjan hefur bent á?

Samband garðyrkjubænda hefur margkrafist þess að lögum um innflutning á grænmeti, garðávöxtum og blómum verði framfylgt svo hollusta og heilbrigði vörunnar sé tryggð. Eitt mikilvægasta eftirlitsatriði í EES-samningunum er krafan um að upprunavottorð fylgi sendingum. Hér hefur það því miður reynst haldlítið í ýmsum vöruflokkum vegna pökkunarákvæðis sem heimila undanþágur ef sendingar eru smáar sem þær eru í flestum tilfellum vegna þess að þjóðin er ekki fjölmenn. Hefur þetta verið skoðað? Garðyrkjubændur hafa ítrekað farið fram á breytingu á innflutningstímabilum samkvæmt EES. Hefur hæstv. ráðherra gert tillögur til úrbóta?

Ríkisstjórn og meiri hluti Alþingis ákváðu á síðasta þingi að hætta að greiða mótframlag í lífeyrissjóð bænda gagnvart garðyrkjunni. Hér er um beina kjaraskerðingu að ræða og gróflega mismunun á milli búgreina.

Nú vill svo til að ríkisstjórnin hefur ákveðið að hér miðist GATT-aðlögun við eitt ár eða árið 1988. Þetta er afbrigðilegt ár. Þá var ljósvæðing varla hafin og innflutningur í toppi á öllum sviðum. Hver tók ákvörðun um að miða bara við eitt ár en ekki þrjú ár eins og heimilt er? Allar tölur tengdar innflutningi 1988 eru svo að auki afbrigðilegar eins og ég býst við að ráðherra þekki. Garðyrkja má ekki á ný lenda milli þils og veggjar þegar GATT tekur gildi. Svo er skuldastaðan önnur hlið og áhyggjuefni og mikil töp í gjaldþrotum.

Hæstv. forseti. Kartaflan er í manneldisfræðum ein mikilvægasta neysluvaran. Nú ríkir kaos í búgreininni. Kartöflubændur hafa verið að tapa tökum í tíu ár og eru komnir út í horn og margir stefna í gjaldþrot. Best sést hvernig komið er þegar verslunin er farin að selja kílóið á 5 og 10 kr. þegar fyrir liggur að framleiðslukostnaður er 45–50 kr. á kíló. Í flestum löndum snúa samkeppnislög um að verja hagsmuni neytenda og smáframleiðenda fyrir ofurefli verslunar. Hér er þetta öfugt. Hér eiga kartöflubændur ekki lengur aðgang að afurðalánum. Menn með sveltandi fjölskyldur sem ekkert eiga víst troðast á markaðinum og verða fórnarlömb.

Kartöflubændur fóru mjög illa út úr búvörulögum og framleiðslutakmörkunum í hefðbundnum búgreinum. Reglugerð um opinbert mat og dreifingu hefur ekki verið sett. Norðmenn, Bretar og flestar þjóðir skilja að atvinnugreinar verða að búa við frelsi innan skipulags. Þar er uppskera mæld á haustin og umframframleiðsla sett í skepnufóður eða spíraframleiðslu. (Forseti hringir.) Þar búa framleiðendur við hlutfallslegar afsetningarreglur og fá því afurðarlán. Þar gengur neytandinn að vörunni flokkaðri eftir stærð, útliti og þurrefnisinnihaldi. Neytandinn á nefnilega ekki alltaf tryggt að kartafla sé kartafla, þær eru misjafnar að gæðum.

Hæstv. forseti. Ég er að ljúka máli mínu. (Forseti hringir.) Hvatinn til að bændur standi saman og búi við öryggi er afurðastöð. Glundroði er slæmur kostur fyrir neytendur og kartöfluræktina. Við Íslendingar höfum ekki efni á að tapa atvinnu úr landinu. Hér ríkir misskipting milli bænda og gjaldþrot greinarinnar kemur á fólkið í landinu í verri vöru og hærri vöxtum. (Forseti hringir.)

Kartöflubændur með áratuga reynslu sem voru eignamenn fyrir nokkrum árum eru nú að tapa eignum sínum og búa við mikla óvissu. Ég vil því hér í lokin spyrja hæstv. ráðherra að því hvort hann hyggist gagnvart þessari grein, sem er í svo mikilli neyð stödd, beita sér (Forseti hringir.) fyrir að ná samstöðu og að hún megi búa við atvinnuöryggi í framtíðinni.

[15:13]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Það er rétt sem fram kom í ræðu hv. fyrirspyrjanda að staða garðyrkjubænda hefur verið erfið og er erfið ef maður lítur á stéttina sem heild en það er á hinn bóginn ekki nýtilkomið og er gamall slóði sem þessi atvinnugrein hefur dregið á eftir sér.

Ef við víkjum að því sem hv. þm. nefndi fyrst þá er það lækkun sjóðagjalda. Í dag greiða garðyrkjubændur 1,525% í svokölluð búnaðarmálasjóðsgjöld. Sundurliðun að ráðstöfun gjaldanna er sú að til Búnaðarfélagsins rennur 0,075%, Stéttarsambands bænda 0,25%, búnaðarsambanda 0,5%, búgreinafélaga 0,5%, Stofnlánadeildar landbúnaðarins 0,2%. Þannig að í grófum dráttum renna sjóðagjöldin til félagskerfis og leiðbeiningarþjónustu bænda og það er þá auðvitað undir þeim komið hvort þeir treysti sér til að lækka þessi gjöld.

Samkvæmt lögum um Búnaðarmálasjóð er skylt að innheimta a.m.k. 0,075% til búgreinafélaga en þau geta óskað eftir að það hlutfall sé hækkað. Hér fá þau 0,5% eins og ég sagði.

Samband garðyrkjubænda er eitt þeirra félaga sem hefur óskað eftir slíkri hækkun. Illframkvæmanlegt er að haga innheimtu sjóðagjalda eftir innflutningstímabilum en óheimilt er að leggja gjöld á innflutt græn-

meti. (**JGS:** Getur ráðherra ekki talað hærra?) Ég hélt það væru hljóðnemar í þinghúsinu.

Auðvitað kemur til álita, eins og ég sagði áðan, að frekar heldur en að fara eftir innflutningstímabilum að lækka sjóðagjöldin en bændur munu þá sjálfir hafa frumkvæði að því og það er heimilt að vissu marki samkvæmt lögunum. Eins og ég sagði þá renna þessi sjóðagjöld til félagskerfis og leiðbeiningarþjónustu bænda. Af þessum 1,525% renna 1,325% til félagskerfis og leiðbeiningarþjónustu en 0,2% búnaðarmálasjóðsgjaldanna renna til stofnlánadeildarinnar auk 2% jöfnunar- og neytendagjalds. Ef metin er staða garðyrkjunnar innan stofnlánadeildarinnar þá hefur það verið metið svo að til garðyrkjunnar hafi runnið meira fé en hún hefur lagt inn í stofnlánadeild.

Spurt var um afnám tolla á rekstrar- og fjárfestingarvörum til garðyrkju. Það mál var tekið upp við fjmrn. og ég veit ekki betur en það hafi gengið fram.

Spurt var um endurgreiðslu söluskatts og tolla á gamalli fjárfestingu í garðyrkju frá þeim tíma sem söluskattskerfið var við lýði en virðisaukaskattur ekki tekinn upp. Þetta mál var tekið fyrir hjá fjmrn. og erindinu svarað með bréfi 4. janúar sl. þar sem fram kemur að ekki séu forsendur fyrir slíkum endurgreiðslum að mati ráðuneytisins þar sem uppsöfnunaráhrif söluskatts séu nú orðin óveruleg og ekki fordæmi fyrir slíku.

Þá er spurt um lækkun raforkuverðs. Þær viðræður hafa lengi verið í gangi við orkufyrirtæki og m.a. beitti fyrrv. iðnrh., Jón Sigurðsson, sér sérstaklega í þessu máli, en það hefur ekki náðst árangur í því. Það er sterk andstaða hjá orkufyrirtækjunum gegn almennri lækkun til garðyrkjunnar umfram það sem nú er orðið. Þess í stað hafa orkufyrirtækin boðist til að lækka verðið vegna sérstakra rannsóknaverkefna í garðyrkju, en forsvarsmenn garðyrkjunnar hafa ekki talið að slíkt svaraði tilgangi. Þetta tilboð stendur enn og er hægt að taka það mál upp að nýju.

Spurt var um heilbrigðiseftirlit með innflutningi. Eftirlitið hefur verið aukið. Nú er í gangi sérstakt átak til að útrýma meindýrum úr gróðurhúsum hér á landi sem víst þykir að borist hafi til landsins með innflutningi. Samtímis verða allar sendingar á blóma- og pottaplöntum skoðaðar í tolli. Átakið er samstarfsverkefni landbrn., RALA og bænda og verður fylgt eftir næstu ár.

Varðandi uppruna þeirra vara sem fluttar eru inn samkvæmt cohesion-lista er það að segja að áritun á vörureikninga sem fylgja innfluttu grænmeti og blómum telst jafngildi sérstaks upprunavottorðs. Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hafa ekki verið þau tilvik að uppruni varanna hafi reynst annar en gert er ráð fyrir í hinum tvíhliða samningi við Evrópubandalagið um cohesion-listana. Um endurskoðun opinna tímabila er það að segja að þau mál hafa verið í athugun í sumar. Utanrrn. hefur verið sent erindi um það mál og lögð áhersla á að það mál verði tekið upp.

Ég biðst afsökunar á því að hafa ekki haft tóm til að svara öllum þessum sundurgreindu fyrirspurnum.

[15:19]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. Guðna Ágústssyni fyrir að vekja máls á stöðu garðyrkjunnar hér á Alþingi því þar blasa við okkur verulega stór og mikil vandamál. Hann fór hér yfir spurningar sem hann beindi til ráðherra og ráðherra á e.t.v. eftir að koma og svara þeim öllum á eftir, en þetta eru spurningar sem við fengum sendar frá Samtökum garðyrkjubænda fyrir stuttu síðan. Þar rekja þeir ástæðurnar fyrir því hvernig komið er og þar má bæta ýmsu við eins og t.d. því að það hefur orðið mikið tap vegna krafna á blóma- og matvöruverslanir sem farið hafa á hausinn og ekki getað greitt sitt til garðyrkjubænda og hefur það bitnað illa á þeim. Tilboð ríkisstjórnarinnar, GATT-tilboðið, sem hv. þm. Guðni Ágústsson nefndi áðan og þegar garðyrkjubændur fóru í það að rafvæða hjá sér þá voru verulega háir vextir og á þeim lenti mikill fjármagnskostnaður. Allt þetta, ásamt því sem Guðni taldi upp áðan, hefur síðan orðið til þess að mat eigna hefur verið lækkað um 30% á síðasta ári og þar með veðhæfni þeirra að sama skapi.

Mér finnst það hins vegar mjög slæmt að eftir því sem mér skilst þá var það stofnlánadeildin sem gaf þar fordæmi. Stofnlánadeildin gaf það fordæmi að lækka mat eigna um 30%. Þetta þýðir um 300 millj. kr. tap fyrir garðyrkjubændur á einu ári og þarna er auðvitað um hreina eignaupptöku að ræða. Fjölskyldur sem við vitum um og hafa til okkar leitað og eru á leið undir hamarinn geta því eiginlega hvorki hætt né haldið áfram og það er það alvarlegasta í þessu máli. Það er vandamálið sem við stöndum frammi fyrir. Við vitum að einhverjar garðyrkjustöðvar verður að leggja af, það er ljóst af þeim pappírum og þeim gögnum sem við höfum fengið, en við þurfum að hjálpa þessu fólki til þess að komast standandi í gegnum þetta og halda sjálfsvirðingunni og síðan að gera rekstrarskilyrði garðyrkjunnar, fyrir þá sem eftir eru, þannig að við sé unað.

[15:21]

Viðskiptaráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Aðeins örfáar upplýsingar um orkumál sem þessum umræðum tengjast. Eins og kunnugt er þá hófu Rafmagnsveitur ríkisins 1. jan. 1993 að selja orku á nýjum taxta. Taxtinn er sniðinn fyrir þá notendur sem hægt er að víkja orkunni af markaði um stundarsakir þegar mesta álagið er í innkaupum Rafmagnsveitnanna. Notandanum er í sjálfsvald sett hvort rofið er eða greitt hærra verð tímabundið.

Salan til lýsingar á gróðurhúsum var meginástæða þess að taxtinn var tekinn upp og nú kaupa sex garðyrkjubændur á orkuveitusvæði Rafmagnsveitnanna orku samkvæmt honum, auk garðyrkjubænda á orkuveitusvæði Rafveitu Hveragerðis, sem eiga kost á svipuðum kjörum vegna samninga Rafmagnsveitna ríkisins við þá veitu. Auðvitað er sá galli á að hér um rofinn taxta að ræða og á sama tíma og álagstíminn er mestur hjá Rafmagnsveitunum er álagstíminn einnig mestur eða lýsingarþörfin mest hjá garðyrkjubændum.

Þá hefur einnig Landsvirkjun frá og með sama tíma

veitt afslátt á svokallaðri umframorku, að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Skilyrðin eru m.a. þau að um mikla umframorkukaupendur sé að ræða. Landsvirkjun hefur gefið þá undanþágu á þessari túlkun að hún lítur á garðyrkjubændur sem heild, sem einn kaupanda, og heimilar því afslátt af orkusölu til þeirra sem heildar. Það er síðan þeirra sjálfra að skipta á milli sín afslættinum. Þetta hefur Landsvirkjun ekki samþykkt gagnvart neinni annarri atvinnugrein, við skulum nefna t.d. málmiðnað, að líta á málmiðnaðinn sem eina grein og þá sem einn orkukaupanda. Þannig að þarna hefur verið reynt að koma til móts við garðyrkjubændur eins og framast er unnt.

Ég vil einnig staðfesta það sem kom fram hjá hæstv. landbrh. að rannsóknarverkefni í lýsingu á tómötum og papriku í gróðurhúsum er í undirbúningi undir forustu garðyrkjubænda, en með stuðningi Rafmagnsveitu ríkisins og Landsvirkjunar. Hins vegar er ljóst, virðulegi forseti, að það verður alltaf erfitt ef það á að tryggja garðyrkjubændum á Íslandi orku á verði sem nægir til að keppa við orku sólarljóssins á suðlægari slóðum.

[15:24]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Þegar EES-samningurinn var til meðferðar hér í þinginu lá ljóst fyrir að hann mundi hafa nokkur áhrif á kjör garðyrkjubænda vegna þess innflutnings sem leyfður er yfir vetrarmánuðina. Garðyrkjubændur sem komu á fund landbn. meðan samningurinn var til meðferðar gerðu heldur lítið úr þessum áhrifum, en nú eru þeir að vakna upp við vondan draum og gera kröfu til þess að samkeppnisstaða þeirra verði bætt. Það hefur verið eitt meginmarkmið aðgerða ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum á undanförnum árum að búa fyrirtækin í landinu undir vaxandi samkeppni, m.a. vegna EES-samningsins, og að bæta samkeppnisstöðu þeirra, einkum með því að létta af þeim sköttum. Hið sama hlýtur að gilda um innlenda landbúnaðarframleiðslu. Hún á að sitja við sama borð og innflutt matvara, þótt erfitt sé að mæta þeim miklu niðurgreiðslum og styrkjum sem tíðkast hjá Evrópusambandinu. Garðyrkjubændur hafa bent á leiðir til úrbóta og þær þarf að skoða vandlega jafnframt því að leita annarra leiða ef þeirra tillögur duga ekki til.

Það hefur legið lengi fyrir að garðyrkjubændur yrðu fyrir búsifjum í kjölfar EES-samningsins og því hljótum við að spyrja: Hvaða aðgerðir hafa verið undirbúnar eða eru fyrirhugaðar til að mæta vaxandi erfiðleikum bænda? Svo mikið er víst að ekki hefur verið gripið til þeirra aðgerða sem duga hingað til. Það er engin lausn fyrir íslenska þjóðarbúið að fórna landbúnaðinum á altari Evrópusambandsins eins og Finnar hyggjast gera við inngönguna í ESB eða ætla að lifa á þrautpíndri jörð Evrópu. Það kemur að því að menn verða að snúa blaðinu við í evrópskum landbúnaði vegna þeirrar miklu mengunar sem hann veldur vegna verksmiðjubúskaparins sem smátt og smátt er að ryðja hefðbundnum fjölskyldubúskap úr vegi og vegna þeirrar slæmu meðferðar á skepnum sem fjöldaframleiðslan hefur í för með sér. Evrópusambandið getur ekki endalaust haldið verði á matvælum niðri og skert alla samkeppni í landbúnaði. Þegar þar að kemur verður betra að byggja á eigin framleiðslu, en hún þarf að vera skynsamleg og byggjast á búskap sem stendur undir sér.

Virðulegi forseti. Það er verk að vinna í endurskipulagningu íslensks landbúnaðar, þar með talið í garðyrkju- og kartöflurækt. Vinnan þarf að beinast að því að efla innlenda framleiðslu, gera hana hagkvæmari og hæfari til að standast óhjákvæmilega samkeppni. Það er ekki seinna vænna að bregðast við áhrifum EES-samningsins og væntanlegs GATT-samnings á íslenskan landbúnað, en eins og mál líta nú út, virðulegi forseti, verður það verkefni nýrrar ríkisstjórnar því sem betur fer er að koma að skuldadögum.

[15:26]

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. Guðna Ágústssyni fyrir að taka þetta mikilvæga mál hér upp á dagskrá. Þó málefni landbúnaðarins séu oft á dagskrá Alþingis þá eru málefni garðyrkjubænda það sjaldan.

Fyrir ári síðan kölluðu garðyrkjubændur þingmenn Vesturlands og Suðurlands á sinn fund og bentu þeim á níu punkta sem þyrfti að bæta úr til að þeir gætu haldið áfram að reka sinn búskap. Það eru 350 heilsársstörf í garðyrkju á Íslandi, 200 sumarstörf og ef margfeldisáhrifin eru tekin með þá erum við að tala um á annað þúsund störf. Þannig að þetta er mjög mikilvæg atvinnugrein.

Það er sem sagt tæpt ár síðan garðyrkjubændur komu á okkar fund og hæstv. landbrh. fékk þessar ábendingar frá okkur þingmönnunum og hann fór hér yfir það núna hvað hefði gerst á þessu ári. Hvað hefur gerst? Að svo miklu leyti sem ég gat numið rödd hæstv. landbrh. er það afskaplega lítið og fer ég yfir það eftir því sem tíminn gefur tilefni til.

Lækkun sjóðagjalda. Þar hefur ekkert gerst. Afnám tolla á rekstrar- og fjárfestingarvörum til garðyrkju. Jú, þar hefur nokkuð gerst, en þar er líka til að svara að fjárfestingar í garðyrkju eru nánast engar um þessar mundir. Endurgreiðsla söluskatts og tolla. Þar hefur ekkert gerst. Lækkun raforkuverðs. Málið er til umfjöllunar og hefur afskaplega lengi verið til umfjöllunar og verður trúlega mjög lengi áfram. Það sem hæstv. iðnrh. sagði áðan var ekki neitt sérstaklega jákvætt fyrir garðyrkjubændur. Eftirlit með innflutningi. Jú, það hefur nokkuð gerst í því. Það er meira eftirlit með innfluttum matvælum en verið hefur. Samt sem áður kemur manni það afskaplega óvart að einn innfluttur tómatur getur staðið óskemmdur á borðinu hjá manni í allt að tvær vikur. Það hlýtur að vera mikið í rotvarnarefni í slíkum matvælum. Þannig að eitthvað skortir á. (Forseti hringir.)

Virðulegi forseti. Ég er að ljúka máli mínu. Og það sýnir best hvað tíminn er skammur og hvað sjaldan er rætt um þessi málefni hér, að ég er ekki hálfnuð að fara yfir þá punkta sem nauðsynlegt væri að fara yfir.

[15:29]

Eggert Haukdal:

Virðulegi forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hv. þm. Guðna Ágústssyni fyrir að hefja þessa umræðu. Erfiðleikar þeirrar greinar sem hér er til umræðu hafa lengi staðið. Þegar búvörulögum var breytt 1985 og gamla Grænmetið lagt niður átti að búa til reglugerð til að vinna eftir fyrir þessar greinar. Hún kom aldrei. Þarna hefði þurft að ná samkomulagi ríkisvalds og greinanna áður en frelsið fór á fulla ferð. Stjórnvöld skulda þessum greinum fyrirgreiðslu. Þær voru skildar eftir árið 1985. Stjórnvöld verða að koma til móts við framleiðendur. Það verður að finna lagaramma sem allir verða sáttir við. Það þarf að tryggja lágmarksverð þar sem séð er fyrir að framleiðslukostnaður sé greiddur. Það þurfa líka að vera reglur hvernig taka þarf á í offramleiðsluárum. Gera þarf sér grein fyrir því að neytandinn græðir ekki nema til skamms tíma ef framleiðendur eru settir á hausinn og greinarnar leggjast af. Það er stundum hægt að fá ódýran innflutning. En hvernig verður staðan þegar hætt er að framleiða í landinu ef þessar greinar hrynja? Ef þær fá ekki þann stuðning í dag sem þeim ríður á þá verður ekki ódýr innflutningur sem blasir við.

Í þessu sambandi er vert að vekja athygli á því að það má heita tíska í umræðum nú á dögum að hafna svonefndri miðstýringu en boða lögmál framboðs og eftirspurnar. Sannleikurinn er hins vegar sá að þetta tvennt er háð hvort öðru. Markaðsfrelsið snýst upp í andhverfu sína nema jafnvægisbúskapur sé tryggður með samræmdum ráðstöfunum. Án miðstýringar breytast markaðslögmálin í lögmál frumskógarins. Þetta sjáum við því miður í því skipulagsleysi sem þessar greinar búa við sem hér eru til umræðu.

Ofan á þau vandræði sem hér hafa verið rakin og hafa komið fram í umræðunni hafa komið til athafnir varðandi innflutningsmál, varðandi samninga okkar við erlend ríki, varðandi EES. Þar hefur hæstv. utanrrh. haldið um taumana.

Ég vil leyfa mér að vitna til greinar er ég birti í Morgunblaðinu í gær þessu til stuðnings:

„Í samningunum um Evrópska efnahagssvæðið var landbúnaðinum fórnað. Fyrst var byrjað á garðyrkjunni. Samið var um árstíðabundinn tollfrjálsan innflutning á mikilvægustu afurðum íslenskra garðyrkjubænda með þeim afleiðingum að ekki verður unnt að auka innlenda framleiðslu með því að lengja framleiðslutímann með lýsingu og einnig skerðast afkomumöguleikar garðyrkjubænda verulega frá því sem áður var. (Forseti hringir.) Þetta var gert af því að sagt var til að laða fram betri samningsvilja Suður-Evrópubúa, einkum Spánar um fisk, og því ekki lítið lagt á garðyrkjubændur landsins að bera (Forseti hringir.) upp þjóðarhagsmuni á þennan hátt." — Ég er alveg að ljúka máli mínu, herra forseti. „Í reynd rættist gamall draumur ráðherrans um að sjá íslenskan landbúnað standa varnarlausan gagnvart innflutningi á niðurgreiddri erlendri landbúnaðarafurð."

Alþingi og ríkisstjórn þarf vissulega að hafa hraðann á að taka á þeim vanda sem hér er ræddur.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill biðja hv. þingmenn að reyna að virða þau tímatakmörk sem gilda um þessa umræðu.

[15:33]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Því miður er sá tími sem menn hafa til umræðu um þessi vandamál allt of stuttur eins og svör ráðherra báru með sér. Hann hafði ekki tíma til að fara yfir nema helminginn af þeim atriðum sem hann var spurður um. Það eru núna að koma í ljós afleiðingarnar af EES-samningnum og menn hafa svo sem heyrt fréttir undanfarna daga. Það sem var til umræðu í þinginu t.d. um Áburðarverksmiðjuna er mönnum að verða ljóst núna. Hún mun ekki verða rekin lengur en kannski fram á næsta ár. Þar eru að tapast mörg störf. Garðyrkjunni var fórnað fyrir klaufaskap. Menn hafa orðið að viðurkenna að það er stuðningur við garðyrkju í EB-löndunum upp á a.m.k. 25% sem ekki var gert ráð fyrir í samningum hér. Þannig hefur ríkisstjórnin gjörsamlega brugðist í því að verja íslenskan atvinnuveg vegna þeirra samninga sem hafa verið gerðir.

Mér þótti dálítið undarlegt að hv. fyrirspyrjandi skyldi ekki koma að því vegna þess að ég geri ráð fyrir því að hann viti það manna best að eignir garðyrkjubænda hafa snarlega rýrnað í framhaldi af þessum aðgerðum. Það hafa orðið a.m.k. 30%, eða 300 millj. kr., rýrnun á eigum garðyrkjubænda á þessu tímabili sem þýðir að þeir eiga miklu minni möguleika á því að bjarga sér áfram og fá lánsfé til sinnar starfsemi en áður.

Ég segi bara að lokum, vegna þess að tíminn er búinn, að það er greinilegt að sofið hefur verið á verðinum. Það hefur ekki verið gert neitt sem heitir í því að koma til móts við þarfir garðyrkjubændanna. Menn hafa gefist upp í málinu og ætla hreinlega að horfa með hendur í skauti á þennan atvinnuveg leggjast í rúst. Það blasir ekkert annað við í þessari grein en eymd og volæði. (Forseti hringir.) Meira að segja garðyrkjustöðvar sem skulda ekki krónu eru reknar með halla um þessar mundir.

[15:35]

Gísli S. Einarsson:

Frú forseti. Ég þakka þessa sjálfsögðu umræðu um málefni garðyrkjubænda en ég minnist þess þó ekki að málshefjandi hafi haft sérstakt frumkvæði í landbn. að þeirra málefnum en e.t.v. fylgir það núverandi forustuhlutverki hv. þm. að stíga á stokk með utandagskrárumræðu.

Vanda kartöfluræktar má að hluta rekja til búvörusamningsins. Margir bændur búa á jörðum sem ekki hafa framleiðslurétt. Í vaxandi samkeppni hallar stöðugt á þá sem ekki hafa samningstryggðar tekjur, eins og t.d. kúabændur sem margir eru orðnir stórtækir í kartöfluræktinni.

Það er athyglisvert að nú í haust hafa fyrirtæki framleiðenda, Ágæti hf. og Sölufélag garðyrkjumanna, leitt slaginn í undirboðum á kostnað innleggjenda. Þeir sem hafa mótað stefnuna í landbúnaði verða að svara

því hvort ætlunin sé að horfa fram hjá því óþolandi óréttlæti sem hefur viðgengist gagnvart bændum sem ekki njóta ríkisforsjár. Var það kannski liður í hagræðingu í landbúnaði að velja úr til ásetnings og láta hina falla bótalaust?

Helstu vandamál sem neytendur standa frammi fyrir eru þau hversu hróplega stór munur er á verði til fólks á landsbyggð og í Reykjavík. T.d. má nefna það þegar tómatar kostuðu 70 kr. í Reykjavík þá kostuðu þeir 300 kr. á Vesturlandi og e.t.v. enn meira á Austurlandi.

Hvað með kartöflurnar? 4 kr. í Reykjavík en 40 kr. á Vesturlandi. Það er þetta sem verður að laga annars fara neytendur í stræk.

Á sama tíma og krafist er verndar fyrir garðyrkjubændur þá er rétt að geta um hvernig menn haga sér í tengslum við annan innflutning. Það er verið að byggja risaþekju á Hvanneyri. Svona er að því staðið. Límtré í hundruðum metra er allt innflutt frá Danmörku, ekki keypt frá Flúðum, ekki íslenskt. Nei, takk. Gluggar með gleri í tugum talið. Allt flutt inn frá Danmörku. Ekki íslenskt. Nei, takk. Er þetta sá verslunarmáti sem menn vilja og það á Hvanneyri, (Forseti hringir.) höfuðbóli íslensks landbúnaðar?

Það er ekki nóg að standa með „íslenskt, já, takk" í barminum þó til bóta sé. Það væri gaman að vita hversu margir hér geta sagt: Mitt merki er íslenskt og það skapar atvinnu. Já, takk.

[15:37]

Sturla Böðvarsson:

Virðulegi forseti. Þrátt fyrir góð áform þá er alveg ljóst að vandi garðyrkjubænda verður ekki leystur í þessari utandagskrárumræðu að þessu sinni frekar en oft áður en vissulega hefur komið fram góður vilji til þess hjá mörgum hv. þm. Garðyrkjubændur hafa gert mjög glögga grein fyrir sínum vandamálum. Þeir hafa m.a. á fundum með þingmönnum Vesturlands farið yfir helstu mál og við höfum komið þeim rækilega á framfæri við ríkisstjórnina. Ég vænti þess og ekki síst í framhaldi af svörum hæstv. ráðherra að á málefnum garðyrkjubænda verði tekið. Þeir hafa á mjög málefnalegan hátt rakið stöðu greinarinnar og ég tel það í þágu íslenskra neytenda að íslensk garðrykja verði styrkt í landinu.

Auðvitað eru þar mörg ljón á vegi en það verður að gera allt sem hægt er innan okkar heimilda og innan okkar möguleika til þess að styrkja þessa grein svo hún megi standa í landinu.

[15:39]

Árni Johnsen:

Virðulegi forseti. Hér er rætt brýnt mál og mikilvægt og ástæða til að hvetja til að menn fjalli um það í þeim anda að hnýta saman böndin og ræða það frekar ópólitískt en pólitískt. Það er engin ástæða til að kenna einni ríkisstjórn fremur en annarri um stöðu garðyrkjubænda. Þar eiga margir hlut að máli og er rétt að taka á vandanum eins og hann blasir við í dag.

Það er alveg ljóst að það er mikil skuldsetning í garðyrkjuiðnaði og samdráttur hefur verið sem þarf að bregðast við. Mikil fjárfesting liggur að baki garðyrkjunnar og öll rök til þess að hún eigi að geta spjarað sig við eðlilegar aðstæður í þjóðfélaginu, við eðlilegan grunn sem verður að skapa.

Ástæðurnar fyrir vanda garðyrkjubænda eru af mörgum toga. Þess vegna þarf að skilgreina ítarlega hvar sá vandi kemur inn. Það er ekki hægt í svo knappri umræðu sem hér er. En það er brýn þörf að það verði gert og von mín að í framhaldi af þeim upplýsingum sem komu fram hjá hæstv. iðnrh. og hæstv. landbrh. verði áfram unnið. Það er sýnt að nokkuð hefur þokast þó hægt fari. Fundur með þingmönnum Suðurlands og Vesturlands var haldinn 24. febr. sl. þar sem var fjallað ítarlega um þessi mál. Menn þekkja vandann en það þarf að fylgja þessu eftir og gera hreinlega hernaðaráætlun til þess að fylgja því fram.

Það má nefna hér dæmi: Það kom fram hjá málshefjanda vandamálið að sendingar, lágar að upphæð, til landsins fari fram hjá tolli. Það er sýnt að fluttar hafi verið inn nellikkur frá Venesúela þó það eigi ekki að vera hægt. Það hefur verið gert vegna þess að viðmiðunin til þess að sending fari í toll er hálf millj. kr. Nú hefur landbrh. upplýst að þessu verði fylgt fastar eftir (Forseti hringir.) svo nokkuð fikra menn sig.

Virðulegi forseti. Ég vil rétt í lokin benda á samdráttinn. Kartöflubændum hefur fækkað úr 400 í 200 og garðyrkjubændum hefur fækkað jafnt og þétt. Við þessu þarf að bregðast með samstilltu átaki en ekki sundrungu.

[15:41]

Pálmi Jónsson:

Virðulegi forseti. Staða ýmissa garðyrkjubænda er erfið sem og ýmissa annarra bænda í öðrum búgreinum. Þessir erfiðleikar hafa verið ræddir í stjórn Stofnlánadeildar landbúnaðarins en þar eigum við hv. málshefjandi, Guðni Ágústson, báðir sæti. Ég tel að þær umræður og viðræður okkar við landbrn. séu ekki komnar á það stig enn, þó það verði e.t.v. alveg á næstu dögum, að tímabært sé að skýra frá tilteknum niðurstöðum. Meðal þess sem þar kemur til álita eru vissulega sjóðagjöld. Menn verða þó að gera sér grein fyrir því að ef sjóðagjöld eru lækkuð að svo miklu leyti sem þau renna til Stofnlánadeildar landbúnaðarins þá þýðir það hækkun vaxta.

Ég vil enn fremur geta þess, sem fram kom hjá hv. 4. þm. Suðurl., að síðan ég kom í forustu í stjórn stofnlánadeildar minnist ég þess ekki að þar hafi verið tekið nein ákvörðun um það að skerða lánshæfni framkvæmda í garðyrkju. Ég mun hins vegar taka það til athugunar og skoða það í þeirri ágætu stjórn.

Ég held að eðlilegt sé að við hv. fyrirspyrjandi fjöllum um þetta á þeim vettvangi nánar en við höfum gert og ég treysti því að við verðum þar ágætlega sammála.

Hér hefur verið greint frá því sem gert hefur verið í sambandi við raforkuverð. Raforkuverð hefur farið lækkandi að raungildi í heilan áratug. En um leið og það er lækkað til tiltekinna atvinnugreina þá verða einhverjir aðrir að taka á sig þá skerðingu sem er í tekjum fyrir orkusölufyrirtækin því ekki dugar það að keyra þau í þrot. (Forseti hringir.) Það sem gefið er

eftir í fjármagni þarf því að koma einhvers staðar annars staðar frá. Í því liggur m.a. sá vandi sem við er að fást.

[15:44]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Það var út af fyrir sig spennandi fyrir hæstv. landbrh. að lesa það svar sem hann var með í höndunum þó hann gerði það ekki skörulega. Ég hélt reyndar lengi vel að hann hefði fengið vitlaust blað í hendur því hann var ekki að svara því sem spurt var um. Það alvarlega við þetta er það að garðyrkjubændur geta ekki frekar en aðrar greinar landbúnaðarins vænst neinnar málsvarnar úr landbrn. Hagsmunir landbúnaðarins voru bornir fyrir borð bæði í EES-samningum og GATT-samningum og af því eru menn nú að súpa seyðið.

Barátta ráðherrans við meindýr í gróðurhúsum er út af fyrir sig góðra gjalda verð en hún dugir ekki til þess að bjarga atvinnugreininni.

Ég hef mikla samúð með kartöflubændum. Ég hef ekkert síður samúð með ríkissjóði. Það er dýrt fyrir hann að láta Bónus selja kartöflur á 5 eða 8 krónur, eða hvað það nú er, vegna þess að ríkissjóður verður þá að blæða virðisaukaskatti í þetta púkk. En garðyrkjubændur geta reyndar að hluta til sjálfum sér um kennt vegna þess að þeir hafa ekki staðið saman um sín mál. Þeir hafa látið einstaka verslunaraðila pína sig til þess að klóra augun hver úr öðrum þannig að það er svo sem ekkert von á góðu. En það sem upp úr stendur er það að eins og annars staðar hefur landbrh. vanrækt að standa á verði fyrir stéttina.

[15:46]

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Ég hlýt að fagna auknum áhuga hér á Alþingi fyrir málefnum landbúnaðarins sem birtist greinilega í þessari umræðu. Ég vildi út af því sem hér hefur komið fram, sérstaklega í sambandi við það sem hv. málshefjandi sagði um búvörulögin, að kartöflubændur hefðu farið sérstaklega illa út úr þeim, taka fram að það var engin sérstök breyting gerð á búvörulögunum 1985. Það hafði áður gengið úrskurður um það að Grænmetisverslun landbúnaðarins hefði ekki einkaleyfi á sölu garðávaxta í landinu eða kartaflna í landinu, þess sem menn eru að sakna í þessari umræðu. En ég undirstrika að þessi ákvörðun lá fyrir áður en lögunum var breytt. Og fyrir þá sem sakna þess að sú skipan skuli ekki vera enn í gildi vil ég ráðleggja það alveg sérstaklega að hafa samband við Sölufélag garðyrkjumanna og Ágæti um það hvað skráð verð sé hjá þessum tveimur fyrirtækjum sem íslenskir bændur ráða að öllu leyti. Þar liggur fyrir hver þessi verðskráning er og hverjir það eru sem ráða því verði sem nú er í gildi. Og ég undirstrika og tek undir þau orð sem komu fram áðan hjá hv. þm. Páli Pétursyni um þessi efni.

Það er að sjálfsögðu ekki nýmæli, eins og hér hefur líka komið fram, að afkoma í garðyrkju sé erfið og menn hafa reyndar talað um það áður fyrr. Landbn. hefur farið yfir þau mál með garðyrkjubændum og það skulu vera mín síðustu orð hér, að það skal ekki standa á því að sú umræða fari fram á þessum vetri eins og hún hefur áður gert.

[15:48]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Það er leiðinlegt, en samt nauðsynlegt, að þurfa að leiðrétta augljósar rangfærslur sem fram hafa komið í þessari umræðu og fyrst þetta: Það er fullyrt að EES-samningurinn fjalli um landbúnaðarmál og eigi eitthvað skylt við vanda kartöflubænda. Það er alger misskilningur. EES-samningurinn fjallar ekki um landbúnaðarmál. (**GÁ:** Hver fullyrti það?)

Að því er varðar tvíhliða samning sem gerður var af hálfu Íslands við Evrópusambandið um innflutning á ávöxtum, blómum og grænmeti er tvennt að segja: Meginþorri þeirra afurða er alls ekki framleiddur hér á landi. Undantekningin snertir fjórar tegundir grænmetis yfir hávetur og fimm tegundir afskorinna blóma. Þetta fyrirkomulag var gert í fullu samráði við hagsmunaaðila. Það er auðvitað algjör fjarstæða að nokkur maður hér á Alþingi Íslendinga eigi sér þann draum að íslenskur landbúnaður standi andspænis innfluttum landbúnaðarafurðum á niðurgreiddu verði tollfrjáls. Þvert á móti hefur verið lögð á það meginhersla að hafa heimildir í íslenskri löggjöf til verðjöfnunargjalda. Það er alger misskilningur að hagsmunum íslensks landbúnaðar hafi verið fórnað í EES-samningnum, hvað þá heldur að honum hafi verið fórnað fyrir fisk. Það er algjör heilaspuni að í EES-samningnum hafi verið ætlunin að heimila frjálsan innflutning á fjórðungi allra mjólkurafurða, eins og hv. þm. Eggert Haukdal hefur verið að blaðra um. Hér mun hann sennilega eiga við samninginn sem gerður var, tvíhliða samninginn við ESB frá 1972 að frumkvæði Matthíasar Bjarnasonar, en sem var hins vegar varinn að fullu með verðjöfnunargjöldum.

Hv. þingmenn, bæði Guðni Ágústsson og fleiri, hafa verið að halda því fram að Norðmenn og Svíar hafi haldið betur á málum gagnvart landbúnaði í EES-samningunum, sem alls ekki fjalla um landbúnað. Þeir ættu að kynna sér málið. Báðar þessar þjóðir gengu miklu lengra í tvíhliða samningum í fríverslunarátt með landbúnaðarafurðir. Norðmenn t.d. sömdu um innflutning á 2.360 tonnum af ostum á algjörum lágmarkstollum. Þeir afléttu öllum magntakmörkunum og öllum tollum á 26 tegundum blóma og sömdu um tollkvóta upp á 20 millj. norskra króna fyrir þrjá aðra flokka blóma. Svíar sömdu um tollfrjálsan innflutning á 4.000 tonnum af fersku nautakjöti og þannig mætti lengi telja. Og bæði þessi ríki samþykktu að taka yfir heilbrigðislöggjöf Evrópusambandsins varðandi dýr og geta því ekki haldið uppi innflutningsbanni á heilbrigðisforsendum. Þetta ætti að svara hv. þm.

[15:51]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka þessa umræðu. Ég saknaði þess að vísu að hæstv. landbrh. skyldi vera í 1. gír í umræðunni og spóla talsvert. Ég ætla ekki að gera þetta mál að flokkspólitísku máli. Þetta er mikið mál sem hér er til umræðu í dag. Ég vænti þess að þó þetta hafi hent hæstv. ráðherra, þá reyni hann að vinna að

úrbótum. Hann kom ekkert inn á kartöflumálið í sinni ræðu, sem er ekki síður stórt mál heldur en gróðurhúsamálið. Þannig að ég vænti þess að það komi þá frekar fram hjá hæstv. ráðherra í seinni ræðu.

En þetta snýst um atvinnu, þetta snýst um mannréttindi og síðan er það svo að sá listi sem ég fór hér yfir, sem garðyrkjumenn skrifuðu fyrir ári síðan, að það hefur lítið verið gert sem snýr að aðalatriðum málsins, sem snýr að framtíðinni, snýr að GATT o.s.frv., snýr að innflutningnum og eftirlitinu. Þannig að ég vil nú bara vona það að hæstv. ráðherra fari vel yfir þessi mál.

Það sem hv. 4. þm. Suðurl. kom hér inn á hvað stofnlánadeildina varðar, þá hefur hún engu breytt í þessari stöðu. Hún gerir það eitt sem hún taldi skyldu sína. Það var að stöðva nýbyggingar í gróðurhúsum til þess að reyna að verja þá við þessar óvissuaðstæður sem eftir standa og hafa búið í þessari grein, að hleypa ekki meiri stækkun áfram við þessar aðstæður. Það var ákvörðun deildarinnar.

Hér kemur hæstv. utanrrh. enn og segir að ekkert hafi gerst í EES-samningnum. Við vitum það og það vita garðyrkjubændur að óvænt var farið í tvíhliða samninga og það hefur verið farið grannt yfir það að Norðmenn og fleiri gerðu öðruvísi samning, þeir vörðu sína garðyrkju. En hér fengum við inn á okkur innflutning á þeim tegundum sem bændur lifa á og ekki miðað við þær aðstæður sem eru breyttar út af lýsingu og geymslutækni.

Hæstv. forseti. Ég ætla að lokum að gefa hæstv. landbrh. eintak af nefndarstarfi sem ég vann með hv. þm. Eggert Haukdal og Árna Gunnarssyni, fyrrv. alþm., um það hvernig hér mætti verja kartöfluræktina og koma henni undir skynsamlegt skipulag, bæði til hagsbóta fyrir bændurnar og neytendurnar. Ég vona að hæstv. ráðherra yfirfari þessi mál og taki ákvarðanir í framhaldi af þessari umræðu sem bæði snúa að kartöfluræktinni og ekki síður að gróðurhúsum.

[15:54]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Eins og fram hefur komið hjá ýmsum þingmönnum þá hefði auðvitað verið skynsamlegra að leggja sumar þessara spurninga fyrir með þinglegum hætti þannig að tóm gæfist til þess að svara þeim í staðinn fyrir að hrúga inn tíu spurningum, eins og hér er gert, vitandi vits um að ógerningur er að koma að þeim öllum.

Varðandi Lífeyrissjóð bænda er það að segja að stjórn lífeyrissjóðsins hefur samið drög að frv. sem við höfum í landbn. beðið um viðræður við fjmrn. um, en það mál hefur verið rætt við það en ekki náðst niðurstaða fram að þessu.

Um tollígildi vegna GATT-tilboðs er það að segja að það var tekinn sá kostur að miða við tollskrána 1988 þar sem hún var samræmd og ekki gerlegt með sama hætti að nota eldri tollskrár. Þetta var garðyrkjubændum kunnugt og nú er í athugun hvort innflutningstölur séu eðlilegar eða afbrigðilegar og hvort unnt sé að koma við leiðréttingu ef nauðsyn krefur. Í sambandi við skuldbreytingar er litlu við það að bæta sem hv. þm. Pálmi Jónsson sagði áðan, en þar sem sú fyrirspurn laut að fjárhagsstöðu garðyrkjubænda og vegna ummæla hv. þm. Páls Péturssonar áðan, þá er rétt að taka það fram að þegar þessi ríkisstjórn var mynduð var búið að ganga frá cohesion-lista við Evrópubandalagið. Sá kostur var tekinn af síðustu ríkisstjórn að eiga enga fulltrúa, að landbrn. ætti enga fulltrúa þar sem málefni garðyrkjubænda voru rædd og er náttúrlega algerlega út í hött þegar þessi hv. þm. kemur hér upp hvað eftir annað til þess að reyna að láta skuggann af þeim umræðum falla á þá ríkisstjórn sem nú situr.

Í sambandi við kartöfluræktina get ég sagt það eitt, að auðvitað er það svo að þegar framleiðsla er mikil þá lækkar verðið. Nú keyrir úr hófi fram. Það er rétt að íslenskar kartöflur kostuðu fyrir norðan, í KEA-Nettó, 4 kr. kg. Það er eftirtektarvert að eins og nú standa sakir er við því að búast að kartöflubændur fái um 15 kr. fyrir hvert kg. Þetta eru að vísu óstaðfestar tölur en við kunnum ekki að fara nær því. En innkaupsverð á innfluttum kartöflum á sl. sumri var í kringum 40 kr. og við sjáum auðvitað á þessum tölum hvað er að gerast. Við sjáum að samkeppnin þarna hefur leitt þetta allt út í vitleysu og það er auðvitað óþolandi fyrir einstaka framleiðendur í þessari grein að keppa á markaði sem snýst með þessum hætti.

[15:57]

Guðni Ágústsson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég get ekki setið á mér að gera smáathugasemd við þessa umræðu. Ég ræddi það við hæstv. forseta áður en þessi umræða fór fram að það væri ljóst að hér væri um stórmál að ræða sem bæði málshefjandi og ekki síður landbrh. þyrftu mikinn tíma til þess að koma upplýsingum á framfæri. Ég fór fram á klukkustund í þessa umræðu við hæstv. forseta. Því var hafnað. En nú þegar þessari umræðu lýkur þá hefur hún staðið í um klukkustund eða fast að klukkustund, alla vega í einar 45–50 mínútur. Þannig að ég harma það að hæstv. forseti og stjórn þingsins skuli ekki gera sér grein fyrir því að þegar svona stór mál eru til umræðu þá er mikilvægt að lengja tímann. Þó að þetta sé eitt málefni þá eru þetta tveir stórir flokkar, gróðurhúsin og kartöfluræktin, sem áttu í hlut og það er enginn vafi að það hefði verið heppilegra að verða við þeirri beiðni sem ég lagði fram um að hér færi fram klukkutíma umræða. Alla vega finnst mér svona eftir á að það hefði ekki síst verið ráðherrann sem hefði þurft lengri tíma.

Ég vil svo bara að lokum vona það að þessi umræða verði til þess að að þessum málum verði unnið. Ráðherra er til að taka ákvarðanir og á að gera það, ekki til þess að lesa upp embættismannaskýrslur. Þess vegna óska ég hæstv. landbrh. velfarnaðar í því á næstu dögum að taka ákvarðanir sem gefa þessum greinum framtíðarvon.

Út af dagskrá var tekið 2. mál.

Fundi slitið kl. 15:59.

22. FUNDUR

mánudaginn 31. okt.,
að loknum 21. fundi.

Dagskrá (fyrirspurnir):

Til forsætisráðherra:

1. Skráning nafna í þjóðskrá, fsp., 78. mál, þskj. 78.

Til sjávarútvegsráðherra:

2. Hvalveiðar, fsp., 36. mál, þskj. 36.

Til dómsmálaráðherra:

3. Framkvæmd jafnréttisáætlunar, fsp., 144. mál, þskj. 151.

Til umhverfisráðherra:

4. Mengun af völdum erlendra skipa, fsp., 81. mál, þskj. 81.

Til samgönguráðherra:

5. Olíumengun á sjó, fsp., 82. mál, þskj. 82.

6. Dreifing pósts og skeyta á landsbyggðinni, fsp., 94. mál, þskj. 96.

Til menntamálaráðherra:

7. Sumarmissiri við Háskóla Íslands, fsp., 83. mál, þskj. 83.

8. Miðstöð fyrir nám í matvælagreinum, fsp., 84. mál, þskj. 84.

9. Aðstaða nemenda við Fjölbrautaskólann í Breiðholti, fsp., 86. mál, þskj. 86.

10. Kennsla faggreina í netagerð, fsp., 122. mál, þskj. 127.

Til iðnaðarráðherra:

11. Útflutningur á vikri, fsp., 85. mál, þskj. 85.

Til viðskiptaráðherra:

12. Verslunarálagning matvæla, fsp., 110. mál, þskj. 113.

Til heilbrigðisráðherra:

13. Glasafrjóvgun, fsp., 129. mál, þskj. 134.

Til fjármálaráðherra:

14. Niðurfelling virðisaukaskatts af barnafatnaði, fsp., 114. mál, þskj. 117.

Til félagsmálaráðherra:

15. Greiðsla sveitarfélaga til Atvinnuleysistryggingasjóðs 1994, fsp., 117. mál, þskj. 120.

16. Málefni sumarhúsaeigenda, fsp., 120. mál, þskj. 125.

Til utanríkisráðherra:

17. Frísvæði á Suðurnesjum, fsp., 119. mál, þskj. 124.

Hvalveiðar.

Fsp. EKG, 36. mál. — Þskj. 36.

[16:00]

Fyrirspyrjandi (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Árið 1982 tók Alþjóðahvalveiðiráðið ákvörðun um tímabundna stöðvun hvalveiða. Íslendingar voru að sönnu á móti ákvörðun Alþjóðahvalveiðiráðsins, en því miður báru menn ekki gæfu til þess á Alþingi á þeim tíma að mótmæla þeirri ákvörðun og því fór sem fór. Norðmenn gerðu hins vegar á sínum tíma alvarlega athugasemd og mótmæltu hvalveiðibanninu og hafa þess vegna allt aðra aðstöðu en við varðandi þessi mál. Það hefur verið vakin athygli á að þeir hafa starfað innan Alþjóðahvalveiðiráðsins en halda engu að síður áfram hvalveiðum.

Ég tel rétt í þessu sambandi að vekja á því athygli að hvalveiðar Norðmanna á undanförnum árum hafa farið fram í trássi við vilja Alþjóðahvalveiðiráðsins og þrátt fyrir stöðugar samþykktir Alþjóðahvalveiðiráðsins gegn þessum veiðum sem þeir hafa margoft ályktað um.

Allt frá því að þessi ákvörðun um tímabundna stöðvun hvalveiða var tekin á árinu 1982 hafa farið fram hér innan lands stöðugar umræður um þessi mál og mjög margir orðið til þess að hvetja til þess að hefja hér hvalveiðar að nýju. Það er enginn vafi á því að meðal íslensku þjóðarinnar er mjög mikill vilji til þess að hvalveiðar hefjist aftur, enda er hér mjög mikið í húfi.

Ég hlýt að vekja enn og aftur athygli á því gífurlega tapi sem þeir sem stunduðu hvalveiðar og unnu við úrvinnslu í hvalaafurðum hafa orðið fyrir vegna þessarar ákvörðunar. Það liggur fyrir að á árunum 1975 og fram yfir 1980 þá nam útflutningsverðmæti hvalveiðanna u.þ.b. einum milljarði kr. árlega. Á þessum tíma unnu fjölmargir við þessi störf, þetta voru verðmæt störf fyrir íslenska þjóðarbúið og mjög mikilvæg, sérstaklega mikilvæg fyrir einstakar byggðir landsins. Það er alveg ljóst að þeir sem stunduðu þessar veiðar og urðu fyrir því að lífsgrundvellinum var kippt undan þeim með því að hvalveiðarnar voru stöðvaðar, hafa ekki fengið sinn skaða bættan og hafa hlotið mjög skarðan hlut vegna þessa máls.

Ég vil vekja athygli á því að nefnd sem skipuð var fulltrúum allra stjórnmálaflokka komst að þeirri niðurstöðu í skýrslu sem dagsett er 2. maí 1994 að hefja beri hvalveiðar með takmörkuðum hætti sem fyrst. Í áliti nefndarinnar segir, með leyfi forseta: „Eðlilegt er að Íslendingar hefji á ný hvalveiðar í atvinnuskyni, þó þannig að farið sé að öllu með gát. Gætt sé heildarhagsmuna Íslands með tilliti til stöðu landsins á alþjóðavettvangi, markaða fyrir hvalaafurðir og áhrifa hvalveiða á aðra útflutningsmarkaði landsmanna."

Enn fremur segir:

„Ástand sumra hvalastofna við Ísland er með þeim hætti að ekkert mælir vistfræðilega gegn hóflegri nýtingu þeirra. Nefndin telur þó skynsamlegt að leyfa aðeins í fyrstu takmarkaðar veiðar á hrefnu og miða í upphafi við sölu afurðanna innan lands jafnframt því sem möguleikar á sölu hrefnuafurða erlendis séu kannaðir."

Ég spyr því hæstv. sjútvrh.:

Hyggst ríkisstjórnin leggja til að hvalveiðar verði hafnar að nýju á grundvelli skýrslu hvalveiðinefndar sem sjávarútvegsráðherra skipaði haustið 1993 og skilaði áliti snemma á þessu ári?

[16:04]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Eins og fram kom hjá hv. 3. þm. Vestf. þá skipaði ég sérstaka nefnd á grundvelli samþykktar ríkisstjórnarinnar með fulltrúum allra flokka hér á Alþingi til að gera tillögur um stefnu Íslendinga í hvalveiðimálum og hvort hvalveiðar skyldu hafnar að nýju og þá með hvaða hætti.

Eins og fram kom í máli hv. fyrirspyrjanda komst nefndin að þeirri niðurstöðu í skýrslu sem hún skilaði 2. maí sl. að rétt væri að hefja á ný hvalveiðar í atvinnuskyni. Tillaga nefndarinnar er sú að í fyrstu verði þær takmarkaðar við veiðar á hrefnu. Jafnframt er lagt til að afurðirnar verði einvörðungu til sölu á innlendum markaði, a.m.k. til að byrja með.

Í samræmi við niðurstöður þessarar skýrslu hef ég lagt drög að þáltill. fyrir ríkisstjórnina sem felur í sér að hrefnuveiðar verði hafnar að nýju með þeim hætti sem nefndin leggur hér til og að eðlilegar viðræður verði hafnar við aðrar þjóðir til þess að kynna þann málstað og leita sem víðtækastra sátta um ákvarðanir okkar í þessum efnum.

Þessi drög að þáltill. eru til umfjöllunar í ríkisstjórninni og ég vænti þess að hún muni taka ákvarðanir þar um mjög skjótt.

[16:06]

Guðjón Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Ég vil fagna þeim upplýsingum sem fram komu í máli hæstv. sjútvrh. og tel að Alþingi eigi að taka afstöðu til hvalveiða á þessu þingi. Það hefur ekki gerst síðan í febrúar 1983 þegar samþykkt var illu heilli með eins atkvæðis mun að mótmæla ekki hvalveiðibanni Alþjóðahvalveiðiráðsins. Ég hef á tveimur síðustu þingum, ásamt hv. þm. Matthíasi Bjarnasyni, flutt þáltill. um að hefja hvalveiðar á grundvelli rannsókna Hafrannsóknastofnunar á stærðum og veiðiþoli hvalastofna. Það bárust sextán umsagnir um þessa tillögu til sjútvn. Alþingis og þær voru mjög jákvæðar, jafnt frá sjómönnum, útvegsmönnum og sölusamtökum, auk þess sem ASÍ samþykkti ályktun þar sem hvatt var til hvalveiða. Víðtæk skoðanakönnun DV leiddi einnig í ljós yfirburðastuðning við hvalveiðar. Það er því ljóst að það er almennur vilji þjóðarinnar að hvalveiðar verði hafnar að nýju og að við nýtum þessa auðlind á skynsamlegan hátt.

Ég vil að lokum leggja áherslu á það að markmið okkar hlýtur að vera að nýta alla þá hvalastofna sem þola veiðar samkvæmt vísindalegum athugunum, bæði með tilliti til verðmæta og atvinnusköpunar og ekki síður til að koma í veg fyrir röskun á lífríki hafsins.

[16:07]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Ég vil fagna þeirri yfirlýsingu sem hæstv. sjútvrh., Þorsteinn Pálsson, lét frá sér fara áðan, að það stæði til að koma hér með þáltill. um að hefja hrefnuveiðar. Það er út af fyrir sig áfangi í málinu en engan veginn nægjanlegt að mínu mati. Ég tel að það sé búið að sýna fram á það með vísindalegum rannsóknum að hvalastofninn hafi veruleg áhrif á lífríki hafsins hér við land og við eigum að fara ekki bara í hrefnuveiðarnar heldur almennt í hvalveiðarnar á þeim vísindalegu rökum sem við höfum um það mál.

Ég vil líka vekja athygli á því að það er afar nauðsynlegt fyrir þá menn sem hangið hafa á horriminni og átt hagsmuna að gæta í fjölda ára, hangið á horriminni eftir að hvalveiðarnar voru teknar frá þeim, að þeir fái sem allra fyrst að vita af því hvort leyfðar verði veiðar t.d. á hrefnu á næsta vori þannig að menn geti tekið það með inn í þá atvinnumöguleika sem þeir eiga fram undan. Nóg er nú samt að gert varðandi afkomu þessara manna á undanförnum árum og hvernig hefur verið farið með þeirra afkomu.

[16:09]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég vil lýsa yfir ánægju með það að það skuli standa til að samþykkja eða leggja fram þáltill. um að hefja hér hrefnuveiðar. En ég lýsi jafnframt yfir áhyggjum mínum með það að það muni eins fara í vetur eins og undanfarna vetur að það verði ekkert af aðgerðum, því það hafa áður verið lagðar fram ályktanir og þær hafa ekki endað með samþykktum.

Ég held að það sé full ástæða til að hafa áhyggjur af þessu, bæði vegna þess að málið er ekki komið fram enn þá og vegna þess með hvaða hætti það hefur verið rætt hér á göngum þingsins og annars staðar þegar það hefur verið til umræðu. Ég tel að það sé mjög mikilvægt til þess að við vinnum einhvern áfangasigur í þessum hvalveiðimálum okkar að hefja hrefnuveiðarnar. Ég tel ekki skynsamlegt að fara að veiða alla hvalastofna núna, einfaldlega vegna þess að ef það ætti að standa til finnst mér líklegra að það verði ekkert af aðgerðum á þessum vetri.

[16:10]

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Framganga Íslendinga í þessu máli er raunasaga sem óþarft er að endursegja hér. Það er ljóst að hefðu Íslendingar hegðað sér eins og þeim bar samkvæmt hafréttarsáttmála og öðrum alþjóðlegum samþykktum væru þeir löngu farnir að veiða hrefnu, það er alveg ljóst. Hins vegar hefur nú borið svo við að núv. ríkisstjórn hefur tekið á þessum málum af mun meiri skynsemi en áður var gert, ekki síst hæstv. sjútvrh. og hv. 3. þm. Reykv., Björn Bjarnason. Það kemur mér þess vegna mjög á óvart að hæstv. ráðherra tilkynnir nú að menn ætli að hefja hvalveiðar án þess að þess væri getið að það ætti að vera í samvinnu við viðurkennda alþjóðastofnun eins og hafréttarsáttmálinn segir til um. Ég hélt að sá tími væri liðinn þegar óvandaðir menn voru látnir hafa milljónir króna til að styðja þennan vonda málstað og nú væru menn að taka á þessu máli af skynsemi.

Ég vil því spyrja hæstv. sjútvrh.: Ætlar hann ekki að standa við þau orð, bæði sín eigin og hæstv. utanrrh., að Íslendingar gangi aftur í Alþjóðahvalveiðiráðið, sem við hefðum auðvitað aldrei átt að ganga úr, áður en hvalveiðar verði hafnar? Því að sé svo held ég að Íslendingar séu að koma sér inn í nýja erfiðleika og óþarfa.

[16:12]

Pétur Bjarnason:

Virðulegi forseti. Ég vil fagna sérstaklega þeim upplýsingum sem hér hafa komið fram um að vilji sé fyrir því að hefja hrefnuveiðar og hvet til þess að það verði gert heldur fyrr en síðar.

Við stöndum frammi fyrir minnkandi afla og afkoma þeirra sem sjóinn stunda er erfið um þessar mundir og þess vegna er kannski þýðingarmeira núna en nokkru sinni fyrr að við nýtum þá möguleika sem við eigum, nýtum þær auðlindir sem eru hér í kringum landið. Ég vonast til að þessi þáltill. komist sem fyrst á dagskrá og verði afgreidd þannig að þessar veiðar geti hafist hið allra fyrsta.

[16:13]

Árni M. Mathiesen:

Hæstv. forseti. Ég vil fagna þeim upplýsingum sem koma fram hjá hæstv. sjútvrh. um þáltill. sem lögð muni verða fram á þinginu um að hefja hrefnuveiðar. En ég vil undirstrika að það verður að líta á þetta sem fyrsta skref í átt til þess að við förum að nýta þessa auðlind okkar eins og við sjálf teljum vera best, enda erum við þau sem erum næst þessari auðlind og vitum gerst hvernig ástandi hennar er háttað.

Ég vil einnig fagna þessari umræðu og þeim jákvæða tón sem komið hefur fram hjá hv. þm., nema hjá hv. 14. þm. Reykv. Ummæli hennar eru að hluta til óskiljanleg þangað til maður kemur hér í ræðustólinn og getur horft upp á áhorfendapallana.

[16:14]

Fyrirspyrjandi (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir þakkir til hæstv. sjútvrh. fyrir þær upplýsingar sem hann veitti um það að hann hefði kynnt í ríkisstjórninni drög að þáltill. sem feli í sér að hrefnuveiðar verði hafnar að nýju. Þetta er mjög í samræmi við tillögur þeirrar nefndar sem Matthías Bjarnason veitti forustu og skipuð var fulltrúum allra stjórnmálaflokka sem eiga fulltrúa hér á Alþingi. Ég vil vekja athygli á því að þessi hugmynd virðist þess vegna njóta mjög mikils pólitísks stuðnings eins og hefur raunar komið mjög ríkulega fram í þessum umræðum hér í dag og umræðum sem áður hafa farið fram um svipað mál hér á hinu háa Alþingi.

Ég er alveg sammála þeirri málsmeðferð sem hæstv. ráðherra er að leggja hér til og tel raunar að hún sé mjög skynsamleg, að taka þetta mál í nokkrum áföngum. Ég tek hins vegar undir þau sjónarmið sem hafa verið sett fram um það að það er eðlilegt í framhaldinu að við nýtum þá hvalastofna sem á annað borð þola nýtingu samkvæmt vísindalegu mati. En eðlilegt er samt sem áður að taka þetta mál í áföngum, eins og hér er verið að leggja til.

Ég tek enn fremur undir það sem fram kom í máli hv. 1. þm. Vestf. um að við þurfum auðvitað að hraða þessari ákvörðun. Það er alveg óþolandi fyrir það fólk sem hefur byggt afkomu sína að einhverju eða öllu leyti á nýtingu hvalastofna að þurfa að búa áfram við þá óvissu sem það hefur búið við og þessa tekjuskerðingu og kjaraskerðingu sem hefur búið við. Þessu óvissuástandi þarf að ljúka svo að þetta fólk geti farið að undirbúa næstu vertíð á komandi vori.

Það virðist vera ákaflega víðtækur stuðningur í þjóðfélaginu við það sjónarmið að nýta sjávarspendýrin og þess vegna er okkur ekkert að vanbúnaði þegar þáltill. frá ríkisstjórninni lítur dagsins ljós. Við þurfum að taka þá afstöðu til hennar og gerum það fyrr en síðar. Það er búið að undirbúa málið ákaflega vel með þessu nefndarstarfi fulltrúa allra stjórnmálaflokkanna og þess vegna tel ég að okkur eigi ekkert að vera að vanbúnaði að afgreiða málið hratt en þó með vandvirkum hætti.

[16:16]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Vegna ummæla hv. 14. þm. Reykv. vil ég taka þetta fram: Ísland hefur í öllum atriðum við meðferð þessa máls staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt hafréttarsáttmálanum. Það var óhjákvæmilegt fyrir okkur að segja okkur úr Alþjóðahvalveiðiráðinu vegna þess að meiri hluti þess hafði með samþykktum sínum brotið gegn stofnsáttmála hvalveiðiráðsins.

Ef við ætluðum okkur að taka upp hvalveiðar á ný var þetta óhjákvæmilegt. Ég minni á að Norðmenn sem hófu hvalveiðar innan hvalveiðiráðsins á nýjan leik höfðu mótmælt samþykkt um algjört hvalveiðibann og voru því óbundnir af þeirri samþykkt. Samtök okkar Norðmanna, Grænlendinga og Færeyinga fullnægja að lögum, alþjóðarétti, því samráði sem kveðið er á um í hafréttarsáttmálanum. Hitt er annað mál að hér kemur auðvitað til álita fleira en þjóðarétturinn einn. Bandaríkin hafa mikið vald. Þau virða ekki þjóðréttarlegar skuldbindingar í þessu efni, hvorki gagnvart hvalveiðisáttmálanum né GATT-sáttmálanum og við verðum þess vegna að fara af mikilli varkárni og ræða við bandarísk stjórnvöld.

Ég lýsti því yfir þegar við sögðum okkur úr hvalveiðiráðinu að það gæti vel komið til álita að ganga inn í það á nýjan leik ef forsendur breyttust en þær hafa ekki breyst enn sem komið er og ég tel að það veiki samningsstöðu okkar um það að breyta þessum forsendum ef við lýsum því fyrir fram að við ætlum okkur að fara þangað inn án þess að hafa fengið þau skilyrði fram og viðurkennd sem við þurfum að setja fyrir því. Þess vegna vara ég við málflutningi af því tagi.

Framkvæmd jafnréttisáætlunar.

Fsp. AÓB, 144. mál. — Þskj. 151.

[16:19]

Fyrirspyrjandi (Anna Ólafsdóttir Björnsson):

Virðulegi forseti. Frá því að ég skilaði þessari fsp. inn til Alþingis, sem er mjög stutt síðan raunar, hefur rannsóknarlögreglukona við Rannsóknarlögreglu ríkisins verið færð til í starfi og verið gert að rýma skrifstofu sína. Svo vill til að þessi kona hefur ásamt fleiri gert athugasemd við að starfskröftum mjög hæfrar

konu var nýlega hafnað við stöðuveitingu hjá rannsóknarlögreglunni en karl ráðinn í staðinn sem mér er ekki kunnugt um að hafi meira til brunns að bera.

Ég sé ekki betur en að þetta sé í andstöðu við það markmið jafnréttisáætlunar þeirrar til fjögurra ára sem samþykkt var fyrir hálfu öðru ári og á að vera unnið eftir nú. Getur það verið að þessi áætlun sé marklaust plagg sem enginn telur sig bundinn af?

Ég tek það fram að texti áætlunarinnar var unninn á þann hátt að ráðherrar höfðu öll tækifæri til að skoða og aðlaga textann að því sem þeir töldu raunhæft áður en skjalið var fært í endanlegan búning. Mér finnst það líka áhyggjuefni ef sú kona sem hefur haft sig mest í frammi við að reyna að auka hlut kvenna við rannsóknarlögreglu ríkisins sætir því að vera færð til í starfi og býr nú við verri starfsaðstæður einmitt á þeim tíma sem hún gerir athugasemd við stöðu kvenna innan RLR. Og hvað skyldi sú kona hafa til brunns að bera sem rannsóknarlögreglan taldi sig ekki þurfa á að halda? Jú, það er sérþekking á sviði meðferðar á kynferðisafbrotum gagnvart börnum. Hún hefur góðan vitnisburð úr Lögregluskólanum, eins árs hjúkrunarfræðinám og hefur farið í fleira en eina kynnisferð til Bandaríkjanna þar sem hún hefur sérstaklega kynnt sér brot gegn börnum. Þarf rannsóknarlögreglan virkilega ekki á því að halda að nýta sér krafta þessarar konu?

Nú er umræðan um meðferð kynferðisafbrotamála, ekki síst afbrot gagnvart börnum, mjög hávær og því miður er það að gefnu tilefni. Samfélagið virðist vanbúið til þess að taka á þessum málum af ábyrgð. Dómar eru furðulega vægir og allt að 80–90% mála er vísað frá í meðförum RLR eða ríkissaksóknara eða enda með sýknu eða skilorði.

Á meðan flestir virðast sammála um að bæta þurfi meðferð þessara mála skýtur skökku við að nýta ekki starfskrafta konu sem hefur sérhæft sig í þessum málum og vannýta krafta annarrar mjög reynsluríkrar. En fyrirspurn mín til hæstv. dómsmrh. lýtur að því sem kemur hans ráðuneyti einna beinast við í þessu sambandi, þ.e. framkvæmd jafnréttisáætlunar. Áður en ég ber fsp. fram vil ég taka það fram að af 100 rannsóknarlögreglumönnum sem eru starfandi á Íslandi munu aðeins tveir vera konur. Með leyfi hæstv. forseta vil ég bera fram þessa fsp.:

„Á hvern hátt hefur dómsmálaráðuneytið framfylgt þeim markmiðum í „framkvæmdaáætlun til að ná fram jafnrétti kynjanna“ sem samþykkt var á Alþingi í maí 1993, að „markvisst verði unnið að því að ráða fleiri konur í störf rannsóknarlögreglumanna hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins““?

[16:22]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Vegna þeirrar fsp. sem hér hefur verið borin fram hef ég óskað eftir upplýsingum frá Rannsóknarlögreglu ríkisins. Í bréfi rannsóknarlögreglustjóra kemur fram að á því tímabili sem hér er spurt um hefur enginn rannsóknarlögreglumaður verið skipaður í stöðu. Fram kemur að það skýrist annars vegar af því að enginn rannsóknarlögreglumaður sem skipaður hefur verið í stöðu hefur hætt störfum á síðustu árum nema vegna reglna um aldurshámark og hins vegar af því að fjölgun stöðuheimilda rannsóknarlögreglumanna hefur nánast engin verið. Um hefur verið að ræða tímabundna ráðningu vegna leyfa frá störfum en engar skipanir í stöðu rannsóknarlögreglumanna hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins hafa átt sér stað á því tímabili sem um er spurt.

Varðandi þróun þessara mála hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins kemur fram í svari rannsóknarlögreglustjóra að í júní 1988 voru tvær konur starfandi við embættið og önnur þeirra rannsóknarlögreglumaður. Þetta tekur til alls starfsfólks fyrir utan starfsfólk í mötuneyti og við ræstingar. Ári síðar voru tvær konur og önnur þeirra rannsóknarlögreglumaður. Í júní 1990 voru fimm konur og tvær í stöðum rannsóknarlögreglumanna. Í júní 1991 voru fimm konur og tvær í stöðum rannsóknarlögreglumanna. Í maí 1992 unnu sex konur við embættið og tvær í stöðum rannsóknarlögreglumanna. Og ári síðar sex konur og tvær í stöðum rannsóknarlögreglumanna og í maí á þessu ári voru sjö konur og tvær í stöðum rannsóknarlögreglumanna og ein í stöðu löglærðs fulltrúa og þar með rannsóknari, sbr. lög nr. 19/1991.

[16:24]

Árni M. Mathiesen:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að hefja máls á þessu máli á Alþingi. Það er hins vegar ekki auðvelt að ræða málefni einstakra starfsmanna í fyrirspurnatíma í örstuttum ræðum en það er ljóst af fréttum í fjölmiðlum að hlutfallsleg staða kvenna innan lögreglunnar er ekki góð. Ein af skýringunum sem gefin hefur verið í fjölmiðlum af hálfu lögreglumanna er sú að lögreglukonum hefur ekki verið gefinn kostur á því að starfa í hlutastarfi. Ég hef fregnað það að í nágrannalöndum okkar á Norðurlöndum séu í gildi reglur um það að lögreglukonum, sem eiga börn yngri en 12 ára, sé gert kleift að starfa í hlutastarfi og að það hafi leitt til þess að konum hafi fjölgað innan lögreglunnar.

Ég vildi beina því til hæstv. dómsmrh. að hann kannaði það hvort ekki væri mögulegt að hafa einhverjar svipaðar ráðstafanir hér á landi.

[16:26]

Fyrirspyrjandi (Anna Ólafsdóttir Björnsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svör hans og hv. 3. þm. Reykn. undirtektir og tillögur sem hann kom með til þess að bæta úr þessu því það sér það náttúrlega hver maður á svörum þeim sem hæstv. ráðherra fékk frá embættinu að hér er satt að segja um lítinn árangur að ræða þrátt fyrir háleit markmið.

Það sem mér þykir fyrst og fremst felast í svari hæstv. ráðherra er það að á fínlega hátt er vikist undan þeirri spurningu sem þarna er vegna þess að það er ljóst að mannaráðningar eiga sér stað eftir sem áður þrátt fyrir að ekki losni um stöður sem skipað er í. Það eru ekki notuð þau tækifæri sem bjóðast, því eitt af því sem gerir konur sem ráðnar væru þarna tímabundið vegna afleysinga hæfari í starfi væri það að hafa möguleika á að spreyta sig og afla sér ákveðinnar starfsreynslu. Það er líka ákveðið markmið í þessari jafn-

réttisáætlun að það er ekki bara verið að ráða konur til þess að ráða konur heldur vegna þess líka að þær hafa ákveðið fram að færa. Það kemur fram í allri umfjöllun um hvers vegna verið er að sækjast eftir starfskröftum kvenna og jafnvel að bjóða upp á t.d. hlutastörf eins og hv. síðasti ræðumaður nefndi. Ég tók sérstaklega til þess að þarna hefur t.d. ein kona lagt á sig töluverða þekkingaröflun í ákveðnu mjög viðkvæmu máli og ég tel einfaldlega að rannsóknarlögreglan hafi ekki efni á því að hafna slíkum starfskröftum. Mig langar til þess að spyrja hæstv. ráðherra hvort hann deilir þeim skoðunum ekki með mér að það þurfi a.m.k. að líta til þessara röksemda einnig.

[16:28]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Vegna þeirrar hugmyndar sem hv. 3. þm. Reykn. varpaði hér fram þá er hún um margt athyglisverð. Samtök lögreglukvenna hafa núna nýlega beint erindi þar að lútandi til ráðuneytisins sem ég vænti að við getum skoðað nánar. Það getur kallað á skipulagsbreytingar og hugsanlega auknar fjárveitingar en það er atriði sem ég tel mjög eðlilegt að skoða.

Varðandi síðari spurningu hv. fyrirspyrjanda um það hvort ég sé tilbúinn til þess í ræðustóli á Alþingi að meta ákveðna umsækjendur um starf hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins þá treysti ég mér ekki til þess að gera það. Þó ég hafi fengið upplýsingar í þeim efnum þá vil ég aðeins minna á að það er auðvitað á ábyrgð viðkomandi yfirmanns að ráða menn til starfa og í þessu tilviki tímabundið. Ég tel að það sé ekki tilefni til þess hér að fara í mat á þeim aðilum sem þar komu til álita og tel að hv. þm. þyrfti líka að afla sér frekari gagna um aðra þá sem þarna komu til álita áður en dómar eru kveðnir upp í því efni.

Dreifing pósts og skeyta á landsbyggðinni.

Fsp. GÁ, 94. mál. — Þskj. 96.

[16:34]

Fyrirspyrjandi (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég hef lagt fram fyrirspurn til hæstv. samgrh. um dreifingu pósts og skeyta á landsbyggðinni og spyr:

1. Hvaða reglur gilda hjá Pósti og síma um póstdreifingu á landsbyggðinni?

2. Hvaða reglur gilda hjá Pósti og síma um skeytasendingar á landsbyggðinni?

3. Hver er mismunur á dreifingu pósts og skeyta í þéttbýli og dreifbýli?

Grunnurinn að þessari fsp. er sá að þetta ríka þjónustufyrirtæki landsmanna mismunar mjög þegnum þjóðfélagsins í þjónustu sinni. Nú er það að sumu leyti af eðlilegum ástæðum en ég tel þó að við þær breyttu samgöngur sem orðnar eru í landinu þurfi að taka mörg atriði til endurskoðunar.

Ég er sannfærður um að t.d. þurfi að ná því fram með póstdreifinguna að hægt verði sem víðast að keyra póstinn fimm daga í viku. Ég hygg að Póstur og sími mundi á móti fá auknar tekjur og ekki skaðast af þessari breytingu. Í Eyjafirðinum t.d. eða í byggðinni þar er þetta gert í samráði við sveitarfélögin. Ég held að mörg þéttbýlli svæði á landsbyggðinni þurfi að reyna að ná samkomulagi við Póst og síma um að þetta verði gert með þeim hætti.

Eins er með skeytasendingar. Þar býr landsbyggðin við mismunun. Þó er það svo að skeytum er dreift daglega frá ýmsum stöðum eins og Reykjavík, Akureyri, Ísafirði, Siglufirði, Vestmannaeyjum og Höfn en á öðrum stöðum koma ekki út skeyti til vina og kunningja á laugardögum eða sunnudögum. Mér finnst þess vegna brýnt að hæstv. samgrh. íhugi það í samráði við Póst og síma að ná þarna fram breytingu.

Það eru aðalatriðin í þessari fsp. að mér finnst að fólkið sem í sveitunum býr eða dreifbýlinu gerir á öllum sviðum orðið sambærilegar kröfur og fólkið í þéttbýlinu. Og jafnsterk stofnun og Póstur og sími er hlýtur að verða að laga sig að breyttum tíma og ná þeim árangri að sem flestir landsmenn sitji við sama borð.

[16:37]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Spurt er um hvaða reglur gildi hjá Pósti og síma um póstdreifingu á landsbyggðinni. Póstur og sími svarar svo:

Pósti er víðast hvar á landsbyggðinni dreift af landpóstum þrisvar í viku. Á fáeinum stöðum er pósti dreift oftar eða allt að fimm sinnum í viku. Þó er pósti á örfáum stöðum sem búa við lakastar samgöngur dreift tvisvar í viku.

Spurt er: Hvaða reglur gilda hjá Pósti og síma um skeytaútsendingar á landsbyggðinni? Því svarar Póstur og sími svo:

Símskeyti eru á landsbyggðinni send út með landpóstum. Áður er þó efni þeirra kynnt viðtakendum símleiðis eftir því sem unnt er.

Í þriðja lagi er spurt: Hver er mismunur á dreifingu pósts og skeyta í þéttbýli og dreifbýli? Svar:

Mismunur á dreifingu pósts og skeyta í þéttbýli og dreifbýli er sem hér segir: Í þéttbýli er almennum bréfapóstsendingum og tilkynningum um bókfærðar sendingar, böggla, ábyrgðarbréf, póstávísanir o.s.frv. dreift af bréfberum að jafnaði fimm sinnum í viku alla virka daga nema laugardaga. Símskeytum er ýmist dreift af bréfberum eða af sérstökum sendimönnum. Í dreifbýli er símskeytum og öllum pósti, jafnt almennum bréfapóstsendingum sem bókfærðum sendingum, dreift af landpóstum tvisvar til fimm sinnum í viku eins og fyrr segir. Þá eru símskeyti borin út um helgar á þeim stöðum þar sem símaafgreiðslur eru opnar, en það er í Reykjavík, fyrir höfuðborgarsvæðið, á Ísafirði, Siglufirði, Akureyri, Höfn í Hornafirði og Vestmannaeyjum. Á öðrum stöðum er símaafgreiðsla aðeins opin um helgar á fermingardögum og stundum raunar ef sérstakt tilefni gefst til.

Um framkvæmd framangreindrar þjónustu gilda ákvæði reglugerðar um póstþjónustu, nr. 161 30. mars 1990, kafli 4.5. og 39. gr. reglna um ritsíma- og talsímaafgreiðslu frá 1. okt. 1963. Um nánara skipulag og

fjölda útburðardaga fer eftir ákvörðum Póst- og símamálastofnunar hverju sinni.

Sú reglugerð sem hér er vitnað til um útburð og afhendingu símskeyta er í 20 töluliðum með smáu letri. Eins eru hér upplýsingar um telexþjónustu sem sjálfsagt er að gefa hv. þm. til glöggvunar á þessu efni.

Annars vil ég segja það um Póst og síma almennt að ég tel nauðsynlegt að aðgreina Póst og síma fjárhagslega og tel raunar að það verði að breyta stofnuninni í samræmi við það sem er að gerast í löndunum í kringum okkur og óhjákvæmilegt er með hliðsjón af þeirri alþjóðlegu samkeppni sem upp er komin á þessum vettvangi, breyttri tækni í sambandi við fjarskipti og þar fram eftir götum.

[16:41]

Guðmundur Hallvarðsson:

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda fyrir hans fyrirspurn sem hann leggur fyrir samgrh. vegna þess að það er ekki eingöngu vont fyrir hina dreifðu byggð að fá jafndræmar skeytasendingar eða póst og hér hefur komið fram. Það er líka mjög vont fyrir okkur þéttbýlinga þegar við erum að senda ágætum kunningjum okkar og vinum í hinni dreifðu byggð skeyti og ætlum að gera það á laugardegi þá er það ekki hægt fyrr en á næsta mánudegi. Við mörg hver hér á þéttbýlissvæðinu áttum okkur þess vegna kannski ekki á því hvernig þessi regla Pósts og síma vítt og breitt um landið kemur sér oftar en ekki mjög illa. Það er svo kannski að menn eiga að hafa fyrirhyggju og hugsa um þessa hluti í vikunni áður, heillaskeyti eða annað því um líkt, en margir atburðir koma skyndilega upp á og er þá mjög af hinu verra að ekki skuli vera hægt að ná til Pósts og síma í hinni dreifðu byggð til þess að koma kveðjum, árnaðaróskum eða öðru þvílíku til viðtakanda.

[16:42]

Fyrirspyrjandi (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra upplýsingarnar og vænti þess að hann íhugi þessi mál. Viðhorf hans kom ekki glöggt fram í ræðu hans hér áðan.

Ég þakka hv. 16. þm. Reykv., Guðmundi Hallvarðssyni, fyrir hans inngrip í þessa umræðu. Hann kom að mjög mikilvægum kafla og benti réttilega á það að þetta snýr að báðum aðilum. Og það sem meira er að það er enginn vafi á því að þetta gallaða kerfi gerir það að verkum að Póstur og sími missir umfangsmiklar tekjur því að það dregur úr slíkum sendingum smátt og smátt. Þær komast ekki til skila á réttum tíma.

Eins má spyrja hæstv. samgrh. hvernig sé með kostnað af skeytum sem ekki komast á stundinni, eins og gerist í nokkrum byggðarlögum sem ég nefndi. Borgar fólkið sama verð fyrir þau sem berast svo löngu síðar?

Ég vil hvetja hæstv. ráðherra til þess að skoða þetta. Ég skildi að vísu ekki síðustu atriðin í ræðu hans. Mér fannst eins og hæstv. ráðherra sæi ástæðu til þess að draga þær frjálshyggjuhugmyndir inn í umræðuna að Póst og síma bæri að selja og einkavinaværðingin væri kannski fram undan á þessu sviði. Ég vona að það verði ekki. Ég held að í landi okkar verði Póstur og sími að vera rekinn nokkurn veginn með þeim hætti sem verið hefur, en mér finnst að þetta ríka fyrirtæki og vel stadda verði að huga verulega að því að fólkið á landsbyggðinni búi við sömu þjónustu að miklu leyti og í þéttbýlinu og að pósturinn komi fimm daga vikunnar. Við sjáum þetta bara, fólkið í þéttbýlinu biður um dagblöðin á mínútunni dag hvern. Þarna er mikil mismunun.

Hæstv. forseti. Ég þakka þessa umræðu.

[16:45]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Það er óhjákvæmilegt að það komi fram að Póstur og sími hefur verið að bæta þjónustu sína um allt land og það hefur tekist að lækka verð bæði af samgöngum og eins síma þannig að allt annað er en áður. En auðvitað eru takmörk fyrir því miðað við það sem það kostar að senda póst út um land hversu góða þjónustu er hægt að veita. Póstþjónustan er rekin með tapi nú þegar og það liggur fyrir að mjög mikil samkeppni er að vakna og er þegar orðin á mestu þéttbýlisstöðunum sambandi við bréfaútburð og ýmsan annað útburð sem auðvitað dregur úr tekjum póstsins á þeim svæðum sem ódýrast er að veita þjónustuna. En það er reynt að gera hvort tveggja í senn, að hafa þjónustu viðunandi og stilla verðlagi í hóf.

Útflutningur á vikri.

Fsp. GHall, 85. mál. — Þskj. 85.

[16:46]

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Hallvarðsson):

Hæstv. forseti. Ég hef lagt hér fram fsp. til iðnrh. um útflutning á vikri. Málið er það að landsmenn hafa orðið varir við að það hefur komið nokkur fjörkippur í útflutning á þessu ágæta jarðefni og sýnist þá mönnum sitt hvað um hvernig á er haldið, einkum þegar litið er til þess að mikill útflutningur fer um Þorlákshöfn og enn fremur um höfnina í Ólafsvík. Það er kannski rétt að geta þess að það er með tvennum hætti sem útflutningur á vikri fer fram, annars vegar í Þorlákshöfn þar sem hann er þveginn og flokkaður en hins vegar á Snæfellsnesinu eða í Ólafsvík er ekki um það að ræða.

Í annan stað er svo líka fyrirtæki í Reykjavík sem hefur um nokkurn tíma unnið að því að þurrka vikur sem yrði síðan notaður annaðhvort í blómarækt eða sem húsdýrasandur. Það fyrirtæki hefur átt í vök að verjast og fsp. mín er fyrst og fremst vegna þess að mér finnst það í hæsta máta óeðlilegt að útflutningi þessum skuli ekki vera meiri gaumur gefinn af stjórnvöldum. Einkum með það í huga að við leggjum okkur meira fram um að vinna enn frekar úr þessu efni og með þá fyrst og fremst atvinnumálin í huga.

Fyrirspurnin er svohljóðandi:

„1. Hve mikið var flutt út af vikri í tonnum talið á árunum 1992–93 og það sem af er þessu ári?

2. Var um einhvern útflutning að ræða á unnum vikri á fyrrnefndu tímabili, t.d. þurrkuðum, flokkuð-

um, til byggingariðnaðar eða til annarra nota?

3. Hvernig eru markaðshorfur varðandi þennan útflutning?

4. Hefur verið unnið að markaðssetningu erlendis á vikri í öðru formi en sem hráefni?

5. Til hvaða landa er vikur fluttur út?"

[16:49]

Iðnaðarráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. fyrirspurnir hans. Ég skal reyna að svara þeim í sem skemmstu máli.

Árið 1992 voru flutt út tæplega 35.600 tonn af vikri og voru 94% þess útflutnings byggingarvikur. Um 2.100 tonn af vikri voru flutt út til annarra nota, t.d. sem gróðurhúsavikur og kattasandur. Ári síðar, 1993, voru flutt út um 38.600 tonn af vikri og 95% þess útflutnings eða 34.600 tonn voru byggingarvikur. Tæplega 2.000 tonn af vikri voru flutt út til annarra nota.

Á þessu ári hefur hins vegar útflutningur á vikri margfaldast. Útflutningur fyrstu sjö mánuðina var orðinn meira en tvöfaldur ársútflutningur árin á undan eða rúmlega 85.000 tonn og er ljóst að útflutningurinn stefnir í að vera talsvert á annað hundrað þús. tonn á árinu. Verð á vikri er nú um 2.200 kr. tonnið sem er lækkun frá því í fyrra en þá fengust um 2.470 kr. á tonnið en árið 1992 var verðið um 2.100 kr. tonnið eða öllu lægra en er á þessu ári.

Vinnsla á vikri í námu felst fyrst og fremst í uppmokstri og þar sem búast má við nokkrum breytileika í námunum vill vinnsluaðili gjarnan moka frá þeim kornastærðum sem síður henta honum til nota. Þetta leiðir til lakari heildarnýtingar á námunni en ella og er þetta verklag mjög umdeilanlegt. Einnig getur verið um lágmarksflokkun vikursins á útskipunarstað en önnur vinnsla byggingarvikurs er ekki umtalsverð. Um 5–6% vikursins hafa verið unnin frekar, þ.e. hann hefur verið þurrkaður og pakkaður til sérnota. Það er fyrst og fremst fyrirtækið Vikur hf. sem leggur áherslu á þessa vinnslu þó fleiri hafi reynt hana. Vikur hf. hefur á leigu fiskimjölsverksmiðju Kletts í Reykjavík þar sem eru þurrkofnar og búnaður til hörpunar, sigtunar og pökkunar á vikri. Fyrirtækið framleiðir kattasand og gróðurhúsavikur og hyggst einnig framleiða fínvikur sem duft til iðnaðar.

Mikil hefð er fyrir notkun léttsteypu í byggingariðnaði í Evrópu og miklir markaðir eru þar fyrir margs konar byggingarvörur og húshluta úr frauðsteini. Talið er að námur í Evrópu gangi senn til þurrðar og hlýtur það óhjákvæmilega að leiða til þess að eftirspurnin aukist og verð hækki. Raunar hefur þessi þróun þegar hafist því eftirspurn eftir vikri hefur vaxið og hefur útflutningur frá Íslandi stóraukist eins og áður segir. Að líkum stefnir árlegur útflutningur í byggingarvikri í að verða um 300 þús. rúmmetrar á komandi árum. Samhliða aukinni eftirspurn í Evrópu mun verðið hækka.

Á undanförnum árum hefur fullvinnsla vikurafurða verið skoðuð nokkuð bæði af innlendum aðilum og erlendum. Í því sambandi er nærtækt að minna á áhuga bresks fyrirtækis sem nú heitir Melwille sem í samvinnu við innlenda aðila skoðaði hagkvæmni þess að reisa þilplötuverksmiðju hér á landi. Hugmyndir þessar hafa verið lagðar til hliðar í bili, m.a. vegna þess samdráttar sem varð í byggingariðnaði í Evrópu á seinni hluta níunda áratugarins og staðið hefur til skamms tíma. Sérstaða þeirra platna sem ráðgert var að framleiða byggir á léttleika vikursins og sérstaklega miklu einangrunargildi hans.

Rannsóknir á léttsteypu hafa talsvert verið stundaðar hjá Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins en þær miða að því að nýta eiginleika vikurs til nýsköpunar í byggingariðnaði. Í nýgerðum þjónustusamningi sem ég hef gert við Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins setur stofnunin sér það markmið að hafa fyrir 1. júlí 1996 þróað léttsteypu með rúmþyngd 1.300 kg á rúmmetra og styrk sem er 30 MPA eða meiri. Þróunarverkefni þetta er mikilvægur þáttur í að geta byggt upp fullvinnsluiðnað sem byggir á einstökum eiginleikum vikursins.

Þá hefur notkun vikurs til ýmissa iðnaðarviðfangsefna einnig verið skoðuð. Þar virðast ýmsir möguleikar vera fyrir hendi, t.d. í sambandi við framleiðslu umhverfisvæns þvottaefnis.

Það er því ljóst að í kjölfar frekari rannsókna og vöruþróunar má búa sig undir að unnt verði að byggja upp mjög álitlegan fullvinnsluiðnað hér á landi fyrir vikurafurðir, bæði til nota innan lands og til útflutnings.

Útflutningur á vikri síðustu fimm ár hefur dreifst þannig: Bretland 37%, Noregur 25%, Danmörk 17%, Þýskaland 12%, Svíþjóð 4%, Holland 4% og annað 1%.

Í fyrra dreifðist útflutningur vikurs þannig að Noregur var með 29%, en Þýskaland 21%, Holland 19%, Bretland 14%, Danmörk 10% og önnur lönd 7%.

Nýting innlendra jarðefna hefur verið til umfjöllunar innan ráðuneytisins að undanförnu. Við áætlum að 30 millj. rúmmetra séu til á landinu af nýtanlegum vikri. Ef miðað er við að útflutningur verði að meðaltali 300 þús. rúmmetrar munu vikurnámur okkar Íslendinga ganga til þurrðar eftir 50–100 ár. Þetta ber að vega og meta í ljósi þess að vikurbirgðir landsmanna eru uppsöfnuð eign allt frá lokum ísaldar sem talið er að hafi lokið fyrir 10.000 árum.

Í ljósi þess er nú í ráðuneytinu verið að vinna að mati á vikurnámum okkar þar sem hugað verður að útbreiðslueiginleikum, magni og hentugustu notum. Vinna þessi er forvinna að stefnumótun ráðuneytisins um nýtingu vikurs sem er hluti af stefnumótun um nýtingu innlendra jarðefna en það er ljóst að sú takmarkaða nýting vikurs sem nú á sér stað með námuvinnslu er ekki ásættanleg.

[16:54]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins koma því á framfæri að ég er með tölur um þennan vikurútflutning frá því gær. Þá var búið að flytja út héðan rúmlega 178 þús. tonn, þar af 75.215 tonn frá Jarðefnaiðnaði og Vikurvörur hafa flutt út 102.944 tonn og bæta því við það sem hæstv. ráðherra sagði í annars mjög góðu svari sínu, að Jarðefnaiðnaður sem starfað hefur í 14 ár

hefur lagt heilmikla peninga í rannsóknarstarfsemi og m.a. í samstarfsverkefni við Garðyrkjuskóla ríkisins um notkun vikurs til gróðursetningar.

[16:55]

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Hallvarðsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka Margréti Frímannsdóttur fyrir þær upplýsingar sem hún kom hér inn á og jafnframt þakka ég ráðherra fyrir hans greinargóðu svör. Mér þótti vænt um að heyra það að hann telur eins og aðrir að vikurnám eins og nú er ástundað sé óásættanlegt. Með tilliti til þess að þessar birgðir endast ekki um aldur og ævi og með tilliti til þess að nú er vöntun á þessu efni víða í Evrópu er sjálfsagt og eðlilegt að við leggjum enn meira fé í rannsóknir. Þær standa að vísu yfir en það er umhugsunarefni hvort ekki sé hægt að hraða þeim. Jafnframt hlýtur það að vera umhugsunarefni, hæstv. iðnrh., hvort ekki sé eðlilegt að leggja í sérstakan áhættusjóð þar sem hægt sé að styrkja beint eða óbeint þá aðila sem hafa unnið mjög gott og skilmerkilegt starf varðandi útflutning á vikri og eru búnir að eyða miklu fé og sumir hverjir jafnvel lagt allt þar undir. Það er því full ástæða til þess, hæstv. iðnrh., að hér verði búinn til áhættusjóður með það í huga að styðja við þennan iðnað og að vissu leyti aðrar útflutningsgreinar sem við þurfum að skoða enn betur til að koma í veg fyrir að við séum að flytja óunnið hráefni frá landinu sem að öðrum kosti gæti skapað hundruðum manna atvinnu.

[16:57]

Iðnaðarráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. þessa ábendingu. Við skulum læra það af reynslu liðinna ára að forsendan fyrir því að ný atvinnustarfsemi takist er að rétt og vel sé til hennar stofnað, að sá undirbúningur sem fram þarf að fara áður en ný atvinnustarfsemi verður tekin upp sé vandaður, ekki síst rannsóknarstarfið og það þróunarstarf sem þarf að fara fram fyrst svo við byrjum nú á réttum enda á viðfangsefninu en ekki eins og okkur Íslendingum hættir oft til að ætla að verða ríkir á einni nóttu og þá helst með aðstoð fjárframlaga úr opinberum sjóðum. Þess vegna tek ég undir með hv. þm. að þær rannsóknir sem gera þarf og markaðskannanir þurfa að fara á undan athöfnum. Eins og ég sagði þá hef ég gert samning við Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins um að ljúka rannsókn á léttsteypu þar sem vikur er eitt af hráefnunum fyrir 1. júlí 1996. Þá ættu að liggja fyrir niðurstöður úr þýðingarmestu rannsóknunum sem þurfa að fara fram áður en framleiðsla á léttsteypuefnum úr vikri getur hafist.

Sjálfsagt er hægt að skoða ýmsar fleiri framkvæmdir sem til gagns gætu orðið en það er náttúrlega ekki gott að flytja út vikur með þeim aðferðum sem við erum með í dag þar sem nýtingin á efninu er ekki nema um 50% og öðrum hlutum þessa verðmæta efnis er mokað til hliðar. Það er starfsemi sem vissulega er orðinn grundvöllur fyrir í dag eins og útflutningstölur sýna en það er örugglega ekki hentugasta nýtingin á þessu efni.

Verslunarálagning matvæla.

Fsp. JHelg, 110. mál. — Þskj. 113.

[16:59]

Fyrirspyrjandi (Jón Helgason):

Hæstv. forseti. Í morgun var verið að setja af stað austur á Selfossi átakið „Íslenskt, já takk" þar sem margir aðilar í þjóðfélaginu taka höndum saman til þess að leggja áherslu á gildi þess að Íslendingar velji íslenskar framleiðsluvörur. Stór hluti af þeirri innlendu framleiðslu eru matvæli. Að undanförnu hefur verið rætt um verðmismun á innlendum og innfluttum matvælum og settar fram fullyrðingar um að mikill sparnaður yrði af því að hætta innlendri framleiðslu. Sú umræða hefur á ýmsan hátt verið lítt trúverðug, t.d. virðist hollusta matvælanna ekkert hafa verið tekin með í reikninginn þó þeir sem þekkingu hafa á því sviði telji það mjög stórt atriði að sjálfsögðu. Benda má á að sérfræðingar fullyrða að draga megi mikið úr tíðni ýmissa alvarlegra sjúkdóma, svo sem krabbameins og hjartasjúkdóma, með réttri neyslu matvæla sem framleidd eru í ómenguðu umhverfi eins og hér á landi er. En þó ekkert sé hugsað um gæði vörunnar í þessum samanburði er ýmislegt fleira sem hefur áhrif. Stór hluti af verði neytandans er heildsölu- og smásölukostnaður. Hefur það vakið athygli að stundum hefur verið talið hægt að selja eitt kg af innfluttri vöru á litlu hærra verði en aðeins sölukostnaður er á þeirri innlendu. Einnig má benda á að þegar verslanir selja innlend blóm og grænmeti bera framleiðendur ábyrgð á sölunni þannig að þeim er skilað því sem ekki selst, en verslanir bera aftur á móti fulla ábyrgð á innfluttu vörunni. Þetta kom m.a. fram í máli hæstv. landbrh. austur á Selfossi í dag.

Þegar hefja á átak til sölu innlendrar framleiðslu skiptir miklu máli að staða þeirrar framleiðslu sé á engan hátt lakari. Því hef ég borið fram fsp. til hæstv. viðskrh. á þskj. 113 sem hljóðar svo:

„Er mismunur á meðaltalsálagningu í heildsölu og smásölu á milli innlendrar og innfluttrar matvöru?"

[17:02]

Viðskiptaráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands, Samkeppnisstofnun og Þjóðhagsstofnun, hefur engin athugun verið gerð á meðaltalsverslunarálagningu í heildsölu og smásölu milli innlendrar og innfluttrar matvöru. Í þeim athugunum sem hins vegar hafa verið gerðar í einstökum greinum á undanförnum árum hafa ekki komið fram vísbendingar um að stefna verslunarinnar sé að mismuna í álagningu milli innlendrar og erlendrar vöru. Dæmi eru um háa og lága álagningu bæði á erlendar og innfluttar matvörur.

Eins og kunnugt er ríkir mjög mikil samkeppni á matvörumarkaðnum. Þrátt fyrr stöðugt verðlag eru miklar hreyfingar á verði einstakra vörutegunda. Þess eru dæmi að í ýmsum tilvikum er smásöluverð lægra heldur en verð frá heildsala eða framleiðanda. Þetta sýnir að vara sem var með hárri álagningu í gær kann að vera seld með lágri eða engri álagningu í dag. Þetta

gerir allan samanburð erfiðan. Til viðbótar er ástæða til að benda á að það eru í mörgum tilvikum fleiri sölustig vegna innfluttrar vöru en innlendrar. Þannig fer innflutta varan yfirleitt í gegnum heildsölu áður en hún fer til smásöluverslunar þar sem aftur á móti innlendir framleiðendur selja framleiðslu sína gjarnan beint til smásala. Þetta torveldar enn frekar raunhæfan samanburð á verslunarálagningu innfluttrar vöru annars vegar og innlendrar vöru hins vegar.

Það er áratugur liðinn síðan verslunarálagning í heildsölu og smásölu var gefin frjáls á matvörur og þess vegna verður að afla þeirra upplýsinga sem fyrirspurnin beinist að sérstaklega. Þrátt fyrir þá annmarka sem ég lýsi þá hef ég ákveðið að óska eftir því við Samkeppnisstofnun að hún kanni, eftir því sem kostur er, hvort unnt sé að leita svara við þeirri fyrirspurn sem hér er til umfjöllunar, en það verður að sjálfsögðu ekki gert nema með talsvert mikilli vinnu því þessar upplýsingar liggja ekki fyrir eins og var hér á árum áður þegar fylgst var með verðlagningu vegna verðlagsákvæða á flestum vörum. Hins vegar bendi ég á, virðulegi forseti, að með afnámi verðlagsákvæða hefur samkeppni stóraukist í matvöruverslun og verðlag vegna áhrifa samkeppninnar er nú lægst þar sem samkeppnin er mest.

[17:05]

Fyrirspyrjandi (Jón Helgason):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hæstv. viðskrh. svar hans og sérstaklega þó það að hann skuli vilja bæta úr því að engar upplýsingar liggi fyrir um þetta og leggja áherslu á að þeirra verði aflað. Það má benda á í sambandi við heildsölustig að það fer nú vaxandi að smásöluverslanir flytji vörur sínar beint frá útlöndum. Það á að sjálfsögðu bæði við um stórmarkaðina sem hér eru, en einnig er það í vaxandi mæli hjá smærri verslunum, sem þá að einhverju leyti taka sig saman um það og fá gámana beint erlendis frá.

En sérstaklega vildi ég ítreka það sem ég sagði hér áðan að það er fleira en bein álagning sem skiptir máli, það eru einnig önnur kjör. Að sjálfsögðu eru það greiðslukjör og svo einnig ábyrgð. Og ef það er svo, eins og hæstv. landbrh. sagði um blóm og grænmeti og ég hef reyndar heyrt áður, að það eru innlendu framleiðendurnir sem verða að bera ábyrgð á því sem ekki selst en hins vegar verslanirnar á því innflutta, þá er augljóst að með álagningu á innlendu framleiðsluna er líka verið að greiða áhættuna af innflutningnum. Þannig að það er ekki aðeins prósentutalan sem þarna skiptir máli heldur kjörin að öðru leyti. Ég vænti þess að í þeirri athugun sem hæstv. ráðherra hefur lofað að beita sér fyrir verði þetta atriði einnig tekið til skoðunar.

[17:06]

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Ég vil rétt benda á vegna þeirrar könnunar sem hæstv. ráðherra hyggst beita sér fyrir, að þá er afskaplega einfalt að gera slíka könnun vegna þess að samkeppnisráð eða Samkeppnisstofnun hefur fulla heimild til að kalla eftir verðútreikningum frá innflytjendum. Þannig að það ætti að vera mjög einfalt mál að fara í það. Varðandi þá ábyrgð sem innlendir framleiðendur bera á móti ábyrgð innflytjenda þá mega menn ekki gleyma því að heildsalar bera mjög mikla ábyrgð, þeir sem flytja inn þannig. Þeir bera þá ábyrgð að koma sínum vörum inn í verslanirnar og verslanirnar, þegar þær versla við heildsala, kaupa yfirleitt í mjög litlu magni vegna þess að þá þurfa þær ekki að taka áhættuna. Þannig að ábyrgðin hvílir náttúrlega á innflutningsaðilanum. Þannig að það má með sanni segja að þar sé jöfn ábyrgð á við framleiðandann innan lands.

Glasafrjóvgun.

Fsp. GHall, 129. mál. — Þskj. 134.

[17:08]

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Hallvarðsson):

Virðulegur forseti. Ég er hér með fyrirspurn til heilbr.- og trmrh. um glasafrjóvgun. Það er svo að þetta mál hefur verið mjög í umræðunni um nokkuð langan tíma og í sjálfu sér allrar athygli vert það framtak sem hefur gerst með flutningi á þessari framkvæmd af erlendri grund til Landspítalans.

Ég hef lagt hér fram svohljóðandi spurningar:

1. Hvað líður stækkun glasafrjóvgunardeildar kvennadeildar Landspítalans sem ráðherra tilkynnti um sl. vor?
2. Hve langir eru biðlistar fyrir glasafrjóvgun?
3. Hvað tekur langan tíma fyrir þá sem síðastir eru í röðinni nú að komast að?
4. Hvernig hefur meðferð þeirra sem á deildina hafa komið tekist?
5. Er verið að vinna að því að taka upp frystingu fósturvísa og að öðrum tækninýjungum, svo sem smásjárfrjóvgunum?

[17:12]

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Þegar mál þetta var á dagskrá fyrr á þessu ári þá stóðu vonir til þess að hægt væri að nýta húsnæði Fæðingarheimilis Reykjavíkur sem Landspítalinn hefur með höndum í dag undir glasafrjóvgunardeild. Við nánari athugun kom það hins vegar í ljós að það húsnæði hentaði alls ekki fyrir starfsemina, m.a. vegna þess að ásigkomulag hússins varðandi öryggisbúnað er mjög slæmt og þar er ekki hægt að bæta úr þó að menn gjarnan vildu. Í framhaldi þess hefur verið kannað hvort unnt væri að færa göngudeild fæðingardeildar yfir í Fæðingarheimilið og rýmka þannig fyrir glasafrjóvgunardeildinni í húsnæði Landspítalans. Þeirri athugun er ekki lokið en talið er líklegt að þær breytingar sem þar þurfi að gera kosti ekki undir 30 millj. kr. Slíkt fjármagn er ekki tiltækt á fjárveitingum þessa árs.

Í öðu lagi er spurt: Hve langir eru biðlistar fyrir glasafrjóvgun?

Biðlistarnir eru nú u.þ.b. tvö ár. Afkastageta glasafrjóvgunardeildar kvennadeildar Landspítalans er um 25 pör á mánuði en deildin er rekin samfellt í tíu mán-

uði á ári. Það er eins með þessa þjónustu og aðra þjónustu í heilbrigðiskerfinu að um leið og hún var boðin þá skapaðist eftirspurn miklu meiri en áður hafði verið á meðan fólk þurfti að sækja þessa þjónustu út fyrir landsteinana og því áttum við satt að segja líka von á að mundi gerast.

Þriðja spurning: Hvað tekur langan tíma fyrir þá sem síðastir eru í röðinni nú að komast að?

Svarið við þeirri spurningu er að þau pör sem nú er verið að skrá á biðlista glasafrjóvgunardeildar geta vænst þess að meðferð geti hafist í ársbyrjun 1997.

Fjórða spurning: Hvernig hefur meðferð þeirra sem á deildina hafa komið tekist?

Á þeim tíma sem deildin hefur starfað eða frá árslokum 1991 hafa liðlega 200 börn fæðst. Glasafrjóvgunarmeðferð skiptist í nokkra þætti, þ.e. í lyfjameðferð, eggheimtu, frjóvgun og fósturfærslu. Eggheimta er ekki möguleg hjá öllum þeim konum sem fara í lyfjameðferð og sömuleiðis er fósturfærsla ekki möguleg hjá öllum þeim konum sem fara í eggheimtu. Mismundandi aðferðir eru til að meta árangur glasafrjóvgunarmeðferðar. Ein aðferðin er sú að miða við árangur allra meðferðartilrauna, þ.e. miða við allar þær konur sem hefja lyfjameðferð. Hjá glasafrjóvgunardeildinni hafa u.þ.b. 30% meðferðartilrauna leitt til barns eða barna. Það þýðir að u.þ.b. þriðja hver kona sem byrjar glasafrjóvgunarmeðferð eignast barn. Önnur aðferð er að gefa upp líkur á þungun á hverja fósturfærslu, þ.e. þá er miðað við þær konur sem komast það langt í meðferðinni að um sé að ræða fósturfærslu. En hjá glasafrjóvgunardeildinni eru þessar líkur á bilinu 45–50%, þ.e. að u.þ.b. helmingur þeirra kvenna sem fara í fósturfærsluaðgerð verða þungaðar.

Fimmta spurning: Er verið að vinna að því að taka upp frystingu fósturvísa og öðrum tækninýjungum, svo sem smásjárfrjóvgunum?

Svarið við því er að ýmsar tækninýjungar vegna glasafrjóvgunarmeðferðar eru ekki mögulegar í óbreyttu húsnæði deildarinnar. Einkum er það smásjárfrjóvgun sem kallar á aukið húsnæði. Tækninýjungar eins og frysting fósturvísa og smásjárfrjóvgun kalla einnig á mjög dýran tæknibúnað. Þannig mun tæknibúnaður vegna frystingar kosta um það bil 2 millj. og tæknibúnaður vegna smásjárfrjóvgunar um það bil 5 millj. og verða menn að bæta þeim kostnaðartölum ofan á 30–40 millj. kr. kostnað við breytingu á húsnæði. Ráðuneytinu er kunnugt um að eftirlitsnefnd Ríkisspítala með glasafrjóvgunardeild kvennadeildar mun á næstunni fara þess á leit að starfsreglum deildarinnar verði breytt þannig að frysting fósturvísa verði heimil, en svo hefur ekki verið til þessa.

Í þessu sambandi er rétt að upplýsa að á vegum dómsmrn. er starfandi nefnd sem er að semja frv. til laga um tæknifrjóvgun. Fulltrúi heilbr.- og trmrn. á sæti í þeirri nefnd. Starf hennar er nú á lokastigi og þess að vænta að tillögur nefndarinnar geti legið fyrir í lok nóvembermánaðar, en í tillögum nefndarinnar verði tekið á atriðum eins og frystingu fósturvísa, en það þarf að gera breytingu á íslenskum lögum til þess að það sé alveg ótvírætt að þessar tækniframfarir í glasafrjóvgunarmeðferð séu heimilar. Fyrst verður að koma til atbeini Alþingis áður en menn í glasafrjóvgunardeild Landspítalans telja sér fært að hefja þær, jafnvel þó að fjármunir væru tiltækir til að gera þær breytingar sem gera þarf.

[17:17]

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Hallvarðsson):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. heilbr.- og trmrh. fyrir hans svör. Það er athyglisvert að heyra það hve langur tími er nú fyrir þá sem hafa sett sig á lista í þá röð að komast að. Það er líka athyglisvert að huga að því að í sambandi við frystingu fósturvísa mun aðgerðin sjálf sem slík taka miklu skemmri tíma þannig að það mun í sjálfu sér stytta þá löngu bið sem fyrir þetta fólk er að vissu leyti afar óþægileg og mjög eðlilegt að svo sé. Því vænti ég þess að Alþingi taki fljótt á og breyti þeim lögum sem ráðherra minntist hér á áðan.

Það er eitt líka sem er umhugsunarefni og það er varðandi húsnæðið, að það skuli þurfa svo mjög að kosta til þess eins og ráðherra kom hér inn á en ég veit að á því máli verður tekið.

Það væri líka áhugavert að spyrjast fyrir um kostnað hjóna vegna þessa máls í ljósi þess að þegar kona fer í fóstureyðingu, þá er það sjálfsagt og eðlilegt að það sé samfélagið sem borgi það hversu á stundum það er þó umdeilanleg aðgerð. En hins vegar þegar fólk fer í aðgerð sem glasafrjóvgun hefur í för með sér, þá er ætlast til að um miklar greiðslur sé að ræða af hálfu þeirra aðila sem þurfa á að halda.

Ég endurtek þakkir mínar til ráðherra og vona að þær lagabreytingar sem þarf komi fljótlega til afgreiðslu Alþingis svo að hægt sé að vinna að því að stytta þennan langa biðlista.

[17:19]

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Mig langar að skjóta inn einni spurningu í þetta áhugaverða mál til ráðherra áður en hann svarar. Mig langar að vita hvort það sé um einhvers konar forgangsröðun að ræða við glasafrjóvganir, þ.e. þá kannski helst aldursmörk eða einhverjar félagslegar aðstæður og eins þá hvað varðar einhleypar konur.

[17:20]

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Aðeins fyrst til upplýsingar að þó að frysting fósturvísa kæmi til sögunnar, þá mundi hún ekki stytta fyrstu meðferð sem kona þarf að ganga í gegnum vegna glasafrjóvgunar, en stytta mjög verulega framhaldsmeðferðir ef fyrsta meðferð ekki skilar árangri.

Í öðru lagi eru gerðar mjög miklar kröfur um öryggi, þá á ég við sóttvarnir og önnur slík öryggisatriði í húsnæði þar sem glasafrjóvgun á sér stað. Það kom hreinlega í ljós þegar farið var að skoða Fæðingarheimilið, að húsið er það gamalt að það er ekki hægt jafnvel þó menn vildu að ganga þannig frá því húsnæði að það gæti hentað fyrir glasafrjóvgun. Þess vegna verða menn að leysa það innan vébanda Landspítalans og það er mjög dýr framkvæmd.

Í þriðja lagi hefur það auðvitað gerst eins og ég sagði að mundi gerast og menn vissu fyrir fram að um leið og það opnast möguleiki á því að fá þessa þjónustu hér á Íslandi, þá eykst mjög mikið eftirspurnin eftir henni vegna þess að hún kostar ekki þrátt fyrir allt nema brot af því sem það kostaði hjón að fara til útlanda að fá þessa meðferð þar. Ætli heildarkostnaðurinn á sambærilegri meðferð í útlöndum sé ekki um eða yfir ein millj. kr. ef allt er tiltekið, þ.e. bæði kostnaður sem greiddur er beint af viðkomandi einstaklingum og vinnutap. Hér er kostnaður ekki nema brot af þessu þó að hann sé nokkur. Auðvitað má deila um það hvort eðlilegt sé að sum læknisþjónusta sé veitt ókeypis en fyrir aðra þurfi menn að greiða.

Það eru reglur til um hvernig glasafrjóvgunardeildin starfar og hvernig raðað er upp þeim beiðnum sem til hennar berast. Ég staðfesti þær á sínum tíma árið 1991 en ég verð að viðurkenna það að ég man ekki þær reglur í einstökum atriðum nú, en mun gera ráðstafanir til þess að senda hv. þm. Inga Birni Albertssyni þessar reglur þannig að það komi fram við hvaða aðferðir menn styðjast þegar menn raða inn á þennan lista.

Sumarmissiri við Háskóla Íslands.

Fsp. PBald, 83. mál. — Þskj. 83.

[17:22]

Fyrirspyrjandi (Pétrína Baldursdóttir):

Virðulegi forseti. Ég hef lagt fram fyrirspurn til menntmrh. til þess að heyra hans viðbrögð gagnvart þeirri hugmynd sem upp hefur komið hjá stúdentaráði Háskóla Íslands um sumarmissiri við háskólann.

Háskólaráð samþykkti á fundi sínum í ágúst sl. hugmynd um sumarmissiri. Það er þó háð því að stúdentum takist að afla fjár, um það bil 30 millj. til þess að sumarmissiri geti orðið að veruleika. Að mati stúentaráðs getur sumarmissiri komið sér vel nú á tímum atvinnuleysis þar sem erfitt hefur verið fyrir nema að fá vinnu yfir sumartímann.

Hugmynd að sumarháskóla er ekki ný af nálinni og venjulega starfa t.d. háskólar erlendis yfir sumartímann. Sumarnám nýtist í mörgum tilfellum. Það nýtist atvinnulausum stúdentum, stúdentar geta unnið sér inn einingar til að eiga inni yfir veturinn og mundi t.d. nýtast barnafólki sérlega vel. Sumarmissiri getur stytt námstíma, flýtt fyrir útskrift. Einnig má hugsa sér sumarmissiri sem vettvang fyrir nýja kennsluhætti og það styddi þróun til sjálfstæðra vinnubragða stúdenta. Samþykkt háskólaráðs um sumarmissiri var gerð eftir að háskólinn skilaði fjárveitingabeiðni sinni til menntmrn. Það var því ekkert að finna um það að sumarmissiri væri í forgangsröð verkefna hjá háskólanum.

Nýsköpunarsjóður námsmanna er dæmi um samvinnu stúdenta og Alþingis en sá sjóður veitir árlega á annað hundrað stúdentum vinnu við námstengd verkefni. Allir þeir aðilar sem tjáð hafa sig opinberlega um þá hugmynd að koma á fót sumarmissiri við háskólann hafa verið mjög jákvæðir.

Nýlega voru hér í þinginu utandagskrárumræður um málefni Háskóla Íslands. Þar sagði ráðherra að vissulega væri þetta allt saman spurning um forgangsröðun verkefna. Ráðherra hefur því miður þurft að beita niðurskurðarhnífnum í sínu ráðuneyti sem bitnað hefur m.a. á háskólanum sem og öllum skólastigum. Það var að heyra á flestum þeim þingmönnum sem tjáðu sig í umræðunni að nú væri tími til að setja menntamál í öndvegi. Það yrði að vera þjóðarsátt um það mál. Ég vil því spyrja ráðherra eins og kemur fram á þskj. 83:

Hvaða skoðun hefur ráðherra á þeirri hugmynd að koma hér upp sumarmissiri við háskólann og telur hann einhverja möguleika á að tryggja 30 millj. kr. fjármagn í það verkefni?

[17:25]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Hugmyndin að sumarmissiri við Háskóla Íslands var sett frá af stúdentaráði háskólans fyrr á þessu ári og þetta námsframboð er einkum hugsað fyrir stúdenta sem eru án atvinnu og vilja nýta tíma sinn til náms.

Á fundi háskólaráðs Háskóla Íslands þann 4. ágúst sl. lögðu fulltrúar stúdenta fram tillögu um sumarnámskeið og gerði háskólaráð svofellda bókun:

Formaður stúdentaráðs mælti enn fremur fyrir tillögu stúdenta um sumarnámskeið sem rekin verði til reynslu næsta sumar. Tillagan var lesin upp og rædd í ráðinu. Samþykkt var að Háskóli Íslands stefni að því að haldin verði sumarnámskeið við skólann næsta sumar í samræmi við framlagðar tillögur stúdenta. Kennslumálanefnd var falið að vinna að nánari útfærslu á námskeiðunum.

Þann 10. ágúst sl. leitaði ráðuneytið eftir upplýsingum frá rektor háskólans um fjárhagslegar forsendur fyrir ákvörðuninni og hvort um forgangsröðun þessa verkefnis væri að ræða af hálfu háskólaráðs með tilliti til fjárlagagerðar. Í svari rektors þann 17. ágúst sl. kemur fram að í þessari samþykkt felst engin breyting á forgangsröðun háskólaráðs á beiðnum um fjárveitingar í næstu fjárlögum. Enn fremur segir í svarinu að tilraunakennsla á sumarnámskeiðum yrði jákvæð nýbreytni sem drægi úr offramboði vinnuafls stúdenta að sumarlagi og gæti komið mörgum þeirra vel sem styttíng heildarnámstíma. Tekið er fram að sumarnámskeið geti þó ekki átt forgang umfram þá kennslu sem er í boði á venjulegum kennslumissirum og að fjárhagslegar forsendur fyrir stefnuákvörðun háskólaráðs hafi verið þær að háskólinn gæti af núverandi fjárveitingu borið kostnað af húsnæði, ræstingu, skráningu og allri almennri umsýslu við tilraunina en nýtt fé yrði að koma til að greiða launakostnað vegna kennslu á sumarnámskeiðunum. Það fé yrðu stúdentar að tryggja, en það yrði ekki endilega sótt í fjárlagaramma menntmrn. heldur jafnvel í sérstakar fjárveitingar ríkis vegna atvinnuátaks eða til sveitarfélaga.

Rektor tekur að lokum fram að umræða um þetta mál sé á algjöru frumstigi innan háskólans og að kennslumálanefnd háskólaráðs hafi verið falið að vinna að útfærslu þessarar tilraunar, ræða við deildir og

leggja áætlun um umfang og kostnað fyrir ráðið.

Hv. þm. spyr hvaða skoðun ég hafi á þeirri hugmynd stúdentaráðs Háskóla Íslands að bjóða stúdentum upp á nám á sumarmissiri. Ég vil árétta að hér er ekki verið að ræða um heilt kennslumissiri. Þannig er villandi að tala um sumarmissiri, enda felst tillaga stúdenta ekki í því eins og fram kom hér að framan í þess orðs venjulegu merkingu, heldur sumarnámskeið í tilraunaskyni.

Mér finnst frumkvæði stúdenta mjög athyglisvert og líklegt að sú verði þróun hér á landi sem erlendis að sumarmissiri verði tekin upp á háskólastigi. Ég er sem sagt hlynntur hugmyndinni. En innan ramma háskólans samkvæmt fjárlagafrv. fyrir árið 1995 eru sérstakar fjárveitingar ekki mögulegar nema háskólinn breyti forgangsröð sinni.

[17:28]

Tómas Ingi Olrich:

Virðulegi forseti. Í sambandi við þá fsp. sem hér er flutt tel ég rétt að benda á að hún snertir að nokkru leyti sjálfstæði Háskóla Íslands. Nánast allir þeir sem rætt hafa málefni Háskóla Íslands á þessu þingi síðan ég settist hér hafa verið sammála um að það skipti miklu máli að háskólinn nyti sem mest sjálfstæðis. Í því felst að sjálfsögðu að hann tekur fulla ábyrgð á þeirri forgangsröðun á verkefnum sem hann ákveður og það eru ekki aðrir sem ákveða þessa forgangsröðun. Það er ekki ákveðið hér á Alþingi nema menn vilji þá hlutast til um málefni háskólans.

Það mál sem hér um ræðir er mjög athyglisvert og ég hefði gjarnan viljað sjá það meðal áhersluatriða háskólans en bendi þó jafnframt á að það væri skynsamlegra að beina því í þann farveg að þarna væri um að ræða almenn sumarnámskeið en ekki eingöngu námskeið sem beindust að atvinnulausum. Eflaust koma slík námskeið í fyllingu tímans en það er þá skilyrði, finnst mér, að það verði meðal forgangsverkefna Háskóla Íslands sem er sjálfstæð stofnun.

[17:30]

Fyrirspyrjandi (Petrína Baldursdóttir):

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir svör hans. Ég veit það, eins og ég kom inn á í ræðu minni hér áðan, að þetta hefur ekki verið eitt af forgangsröðunarmálum háskólamanna og reyndar kom háskólarektor inn á fund hjá menntmn. Alþingis um daginn þar sem hann sagði að þetta væri mjög athyglisverð hugmynd en þetta væri ekki í forgangsröð hjá háskólanum. Þetta snertir að vissu leyti líka sjálfstæði háskólans um það að hann forgangsraði þeim hugmyndum sem hann hefur um hvað á að vera í forgangsröð eða ekki. En ég vil ítreka það að ég tel að þetta sé mjög athyglisverð hugmynd hjá stúdentaráði Háskóla Íslands og þetta sé hugmynd og stefnumótun sem háskólaráð og þeir sem eru með fjárveitingavaldið ættu að móta í sameiningu. Það er náttúrlega ekkert skrýtið að háskólarektor segi að þetta sé ekki í forgangsröðun þegar hann stendur frammi fyrir því, eins og þeir segja háskólamenn, að það vanti u.þ.b. 300 millj. kr. til þess að hægt sé að bjóða upp á það nám og þær aðstæður sem henta námsmönnum í Háskóla Íslands.

Miðstöð fyrir nám í matvælagreinum.

Fsp. RG, 84. mál. — Þskj. 84.

[17:31]

Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég ber fram þá fyrirspurn til menntmrh. hvort einhver breyting hafi orðið á þeirri stefnu ráðuneytisins frá árinu 1983 að í Menntaskólanum í Kópavogi skuli verða miðstöð náms í matvælagreinum á framhaldsskólastigi og einnig hvernig fyrirhugað er að þróa og tengja kennslu í ferðaþjónustu við þetta nám og auka námsframboð fyrir þær mikilvægu greinar sem matvæla- og ferðaþjónusta eru.

Ég spyr um afstöðuna til þessa að gefnu tilefni þar sem bæði landbúnaðar- og samgönguráðherra, Halldór Blöndal, og Tómas Ingi Olrich alþingismaður hafa hreyft þeirri hugmynd að umræddar námsbrautir væru best komnar á Akureyri og sett fram það sjónarmið að Eyjafjörður verði miðstöð matvælaiðju, þ.e. framleiðslu og fræðslu.

Í samningi um skólahald á framhaldsskólastigi í Kópavogi sem gerður var á milli Kópavogsbæjar annars vegar og menntmrn. og fjmrn. hins vegar í maí 1983 er gert ráð fyrir að Menntaskólinn í Kópavogi verði byggður upp og skipulagður fyrir hótelgreinar og jafnframt að hann verði verknámsskóli í matvælagreinum.

Þótt 11 ár séu frá gerð þessa samnings þá hefur alltaf verið gert ráð fyrir fullnustu hans enda er nú að verða fokhelt 5.000 m^2 húsnæði undir starfsemina í Kópavogi.

Menntaskólinn í Kópavogi er jafnframt móðurskóli í ferðamálaþjónustu með þremur línum á ferðabraut ásamt öldungadeild og leiðsögumannanámi. Það er því mjög mikilvægt að fá úr því skorið hvort stefna varðandi skólann sé óbreytt.

[17:33]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Fyrri spurningu hv. þm. svara ég svo að engin breyting hefur orðið á stefnu ráðuneytisins í þessu efni. Áætlanir og byggingarframkvæmdir við Menntaskólann í Kópavogi hafa byggst á áliti nefndar sem starfaði á tímabilinu 1982–1984 og gerði tillögur um að námi í matvælagreinum yrði komið á fót við skólann. Ákveðið hefur verið að það nám sem nú fer fram í Hótel- og veitingaskóla Íslands flytjist í nýtt húsnæði við Menntaskólann í Kópavogi. Á sama stað fari einnig fram nám í ýmsum matvælagreinum sem nú eru aðallega kenndar við Iðnskólann í Reykjavík. Einnig verða kannaðir möguleikar á því að auka og bæta námsframboð í matvælagreinum frá því sem nú er.

Þá spyr hv. þm. hvernig fyrirhugað sé að þróa og tengja kennslu í ferðaþjónustu við þetta nám og auka námsframboð fyrir þær mikilvægu greinar sem matvæla- og ferðaþjónusta eru. Svar mitt er svohljóðandi: Í undirbúningi hafa verið áætlanir um það hvernig staðið skuli að flutningi þeirrar kennslu sem áður er nefnd í Menntaskólann í Kópavogi og hvernig skipulagi verði þar best háttað. Innan fárra daga mun verða

gengið frá skipun starfshóps til þess að vinna að þessu verkefni. Þar eð þær tillögur sem fyrir liggja um starfsemi skólans eru orðnar u.þ.b. 10 ára mun hópurinn endurskoða þær eða einstaka þætti þeirra eftir því sem þörf krefur. Jafnframt mun hópurinn fjalla um hvernig eðlilegast sé að tengja þessar greinar ferðaþjónustugreinum sem nú eru kenndar í Menntaskólanum í Kópavogi.

Vegna orða hv. fyrirspyrjanda um tillögur sem hæstv. landbrh. og hv. þm. Tómas Ingi Olrich hafa hreyft um matvælaiðnað á Eyjafjarðarsvæðinu þá eru þær óviðkomandi því sem ráðgert er varðandi Menntaskólann í Kópavogi. Þar er um að ræða að kanna hvort ástæða sé til að Háskólinn á Akureyri kanni með hvaða hætti megi mæta þörf matvælaiðnaðarins á Eyjafjarðarsvæðinu fyrir menntað vinnuafl og bæta þar rannsóknarumhverfið. Það mál er í sérstakri athugun milli menntmrn. og Háskólans á Akureyri en hefur sem sagt ekki áhrif á það sem ætlað hefur verið sem hlutverk Menntaskólans í Kópavogi.

[17:36]

Tómas Ingi Olrich:

Virðulegi forseti. Vegna þessarar fyrirspurnar tel ég rétt að taka það fram af því að vikið var að samþykkt ríkisstjórnarinnar um matvælaiðnaðinn í Eyjafirði að öllum er kunnugt um það að atvinnuleysi hefur verið mikið á Eyjafjarðarsvæðinu og það er leitað ýmissa leiða til þess að styrkja grundvöll atvinnustarfseminnar þar. Ef þær upplýsingar liggja ekki fyrir þá er mér ljúft að veita þær upplýsingar hér að langstærsta iðngreinin á Eyjafjarðarsvæðinu er matvælaiðnaður. Við þá atvinnugrein starfa sennilega um 2.000 manns og matvælaiðnaðurinn á Eyjafjarðarsvæðinu veltir væntanlega um 14 milljörðum á ári. Samþykktin sem ríkisstjórnin gerði um þetta mál snertir það að kanna hvaða þörf þetta atvinnulíf hefur fyrir bætt rannsóknarumhverfi og að laga verkmenntunina á svæðinu að þörfum atvinnulífsins.

Ég reikna fastlega með því að hv. fyrirspyrjandi og ég séum sammála um það að það er eðlilegt að verkmenntunin á Eyjafjarðarsvæðinu sé í samræmi við þarfir atvinnulífsins þar.

[17:37]

Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir svör ráðherra og ábendingu þingmannsins. Ég er afar ánægð með að ekki verður hvikað frá þeirri stefnu sem mótuð var á sínum tíma og lít svo á að svar ráðherrans um að það sem verða mun í Eyjafirði sé óháð því sem ráðgert er í Kópavogi og ég lít þá svo á að það þýði vonandi að það sem ráðgert hefur verið fram að þessu standi þar sem það hefur verið litið svo á að MK verði eins konar sérhæfður skóli á matvælasviði hér á höfuðborgarsvæðinu.

Kennslan sem fyrirhugað er að byrja með núna er nám sem fram fer í Hótel- og veitingaskólanum, þ.e. kokkanám og framreiðsla, auk þess bakaraiðn, kjötiðn og meistaranám matvælagreina. En ég vil vekja athygli á því hve mikil framsýni var í þeim áætlunum sem settar voru fram í nefndaráliti um skólann á sínum tíma fyrir 10 árum, árið 1984. Þá var áætlað að það yrði námsframboð, þ.e. tveggja anna grunnnám, verknámsskóli, framhaldsnám að sveinsprófi, undirstöðunám fyrir löggiltar iðngreinar, valnám fyrir þá sem ætla í stúdentspróf og hygðust leggja stund á líffræði eða matvælagreinar í háskóla og nám fyrir þá sem vilja starfa í matvælaiðnaði og kjósa stutt nám, auk framhaldsmenntunar fyrir stjórnendur í þessum greinum sem og starfsfólk í gestamóttöku og á ferðaskrifstofum.

Ég er þeirrar skoðunar að ef við hefðum búið við þetta fjölþætta námsframboð á liðnum árum þá mundum við eflaust hafa mætt fyrr og betur breyttum atvinnuháttum og getað hafið til vegs og virðingar og skapað aukið vægi matvælaframleiðslu almennt. Ég lít svo á að einmitt þetta sé liður í því að breyta áherslum frá hinu hefðbundna framhaldsnámi svo sem eins og bóknámsháskólanámi sem ég og ráðherrann erum sammála um að sé mikilvægt að sveigja inn á brautir, bæði tækninám og frekari iðjugreina og iðnnáms.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Forseti hefur ástæðu til að minna hv. þm. á að þingmenn eru háttvirtir og ráðherrar eru hæstvirtir þegar þeir eru nefndir í pontu á Alþingi. Það hefur borið mikið á því í dag að þetta hafi gleymst hjá hv. þm.

Aðstaða nemenda við Fjölbrautaskólann í Breiðholti.

Fsp. GHall, 86. mál. — Þskj. 86.

[17:40]

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Hallvarðsson):

Hæstv. forseti. Í Fjölbrautaskólanum í Breiðholti eru nú liðlega 1.500 nemendur í dagskóla og 800 í kvöldskóla eða alls 2.300 manns. Þess utan eru 120 kennarar. Samkvæmt viðmiðunarreglum er gert ráð fyrir að 10–12 m^2 séu á nemanda. Skólinn er um 10.000 m^2 og hefur því hver nemandi um liðlega 6 m^2 til umráða ef svo mætti segja. Upphaflega var gert ráð fyrir því að smiðjur fyrir skólann væru þrjár, hver um 1.000 m^2. Enn hefur ekki nema ein risið. Lausleg áætlun um byggingu nýrrar smiðju er um 60–80 millj. kr. Þá er rétt að geta íþróttahúss fjölbrautaskólans. Þegar það var í byggingu voru engar aðrar framkvæmdir heimilaðar en nú eru deildar meiningar um það hver eigi þetta ágæta íþróttahús, ríkið eða Reykjavíkurborg, og hefur í nokkur skipti komið upp sá skilningur að það sé ríkið sem eigi þetta hús og í annan stað er það Reykjavíkurborg þannig að eitthvað er hér á ferðinni mál sem þarf að taka betur á.

Ég hef lagt fsp. til menntmrh. um aðstöðu nemenda við Fjölbrautaskólann í Breiðholti sem hljóðar svo:

(**Forseti** (VS): Hæstv. menntmrh.)

hæstv. menntmrh., og hún hljóðar svo:

„1. Hver eru áform ráðherra varðandi það óviðunandi ástand sem nú ríkir við Fjölbrautaskólann í Breiðholti þar sem nú eru um 1.500 nemendur í dagskóla

sem eingöngu er ætlaður 1.000–1.200 nemendum?

2. Er ætlunin að bæta aðbúnað nemenda á sviði matvælaiðnaðar?

3. Hvað líður áformum um frekari byggingarframkvæmdir, t.d. þeim sem gert var ráð fyrir til að hýsa járniðnaðar- og trésmíðabraut?"

[17:43]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Það er spurt í fsp.: Hver eru áform ráðherra varðandi það óviðunandi ástand, eins og segir í fsp., sem nú ríkir við Fjölbrautaskólann í Breiðholti þar sem nú eru um 1.500 nemendur í dagskóla sem eingöngu er ætlaður 1.000–1.200 nemendum?

Það mun hafa áhrif á fjölda nemenda við Fjölbrautaskólann í Breiðholti og til fækkunar þeim að í undirbúningi er bygging nýs framhaldsskóla í Borgarholti í Reykjavík og verður fyrsti áfangi þess verks boðinn út fljótlega. Skólanum er ætlað að taka við þeirri fjölgun nemenda í framhaldsnámi sem má vænta á allra næstu árum auk einhvers hluta nemenda úr öðrum skólum sem nú eru yfirfullir eins og fyrirspyrjandi bendir réttilega á hvað varðar Fjölbrautaskólann í Breiðholti.

Gert er ráð fyrir að þessi nýi skóli muni taka við allt að 1.000 nemendum.

Í öðru lagi er spurt hvort ætlunin sé að bæta aðbúnað nemenda á sviði matvælaiðnaðar.

Eins og ég greindi frá í svari við fyrirspurn rétt áðan þá er um þessar mundir verið að byggja við Menntaskólann í Kópavogi og í þeirri byggingu er gert ráð fyrir að starfsemi Hótel- og veitingaskólans verði til húsa auk náms í matvælagreinum sem nú eru aðallega kenndar við Iðnskólann í Reykjavík. Það nám á sviði matvælagreina sem nú fer fram við Fjölbrautaskólann í Breiðholti verður einnig tekið til sérstakrar athugunar í þessu sambandi. Einnig er í athugun að koma á fjölbreyttara námi í matvælagreinum heldur en nú er völ á í landinu.

Verulegur hlutur byggingarinnar í Kópavogi verður tilbúinn til notkunar haustið 1996.

Í þriðja lagi er spurt um hvað líði áformum um frekari byggingarframkvæmdir, t.d. þeim sem gert var ráð fyrir til að hýsa járniðnaðar- og trésmíðabraut.

Það eru ekki á áætlun nú aðrar byggingarframkvæmdir við framhaldsskóla í borginni en áðurnefnd bygging í Borgarholti. Í væntanlegum skóla þar er ráðgert að boðið verði upp á bæði bóknám og verknám. Það er ekki endanlega ákveðið hvaða greinar iðnnáms verða þar í boði, en þó liggur fyrir að þar mun fara fram kennsla í bílgreinum og málmiðngreinum. Í þessu sambandi verður athugað hvort í framtíðinni verður þörf á að starfrækja iðnnám í þessum greinum a.m.k. við Fjölbrautaskólann í Breiðholti.

Í ráðuneytinu er nú verið að leggja drög að tillögum um verkaskiptingu milli skóla á höfuðborgarsvæðinu. Þegar þær tillögur liggja fyrir verður ljóst hver þörfin verður fyrir viðbyggingar við þá skóla sem nú eru starfandi á svæðinu sem og þörfin fyrir byggingu nýrra skóla annarra.

[17:46]

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Hallvarðsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir hans svör, en ég verð nú að segja það að ég vona að ég hafi ekki misskilið menntmrh. Mér fannst liggja í hans svörum orð þess efnis að annars vegar ætti að flytja matvælaiðnað Fjölbrautaskólans í Breiðholti í Kópavog og jafnvel að minnka eða færa einhverjar greinar járniðnaðar eða trésmíða frá Breiðholti og í Grafarvoginn. Ég tel að ef svo er sem mér heyrist að það séu áform um að flytja þessar greinar úr einu fjölmennasta hverfi borgarinnar í aðrar áttir, ef svo mætti segja, þá er hér um verulega röskun á högum þeirra íbúa Breiðholts sem hafa flust til þessa hverfis m.a. með það í huga að geta átt greiðan aðgang að FB þó ekki sé nema vegna fjarlægðar. Ég tel að þetta sé ekki eðlileg og rétt stefna. Vissulega má deila um það hvernig eigi að halda á þessum málum en ég veit það að Fjölbrautaskólinn í Breiðholti hefur skipað sér góðan sess meðal nemenda. Hann hefur gott orð á sér og ég veit það að almennt eru nemendur í þessum skóla ánægðir með þær greinar sem boðið er þar upp á, en hins vegar eins og ég kom hér inn á í upphafi máls míns, þá eru nokkrar greinar sem þurfa betri aðstöðu heldur en raun ber vitni. En mér þykir það hins vegar tíðindi ef það stendur til að flytja þessar greinar á þá tvo staði í Kópavog og í Grafarvog þannig að umsvif Fjölbrautaskólans í Breiðholti verða minnkuð með þeim hætti.

[17:48]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Þetta eiga í sjálfu sér ekki að vera nein sérstök ný tíðindi, a.m.k. eru þau það ekki hjá þessum skólum sem í hlut eiga. Það hefur verið unnið á undanförnum árum að endurskipulagningu iðnnámsins hér á höfuðborgarsvæðinu og raunar víðar í framhaldsskólum landsins í því skyni að koma við ákveðinni hagræðingu. Það er auðvitað auðveldast að koma henni við einmitt hér á höfuðborgarsvæðinu þar sem flestir eru skólarnir og að því er unnið einmitt í þeim greinum sem eru hvað dýrastar. Það gengur ekki á svæði eins og hér að bjóða fram í hverjum skóla nám í dýrustu námsbrautunum. Og það er einmitt það sem verið er að gera öðrum þræði með stofnun Borgarholtsskólans að hann taki við nokkrum námsbrautum sem boðnar eru fram sérstaklega við Fjölbrautaskólann í Breiðholti og raunar líka við Iðnskólann í Reykjavík. Þetta er allt gert í góðu samstarfi, ég vona að ég sé ekki að segja meira en ég get staðið við, í góðu samstarfi við forstöðumenn þessara skóla. Og á því ríkir skilningur að þarna þurfi að hagræða.

Ég bendi á að það er auðvitað mjög fjölmennt hverfi að rísa austast í borginni, í Borgarholtinu, þannig að þar verður full þörf fyrir skóla. Og raunar er það sérstakt við þann skóla að hann er byggður í samstarfi ríkisins og tveggja sveitarfélaga, Reykjavíkurborgar og Mosfellsbæjar, sem er einnig aðili að skólanum.

Ég vil svo taka undir það að það er ekki á nokkurn hátt verið að sneiða að Fjölbrautaskólanum í Breið-

holti þótt skipan námsins sé tekin til endurskoðunar og ég veit að sá skóli hefur á sér gott orð og hefur skipað sér góðan sess.

Kennsla faggreina í netagerð.

Fsp. PBj, 122. mál. — Þskj. 127.

[17:51]

Fyrirspyrjandi (Pétur Bjarnason):

Virðulegi forseti. Netagerð er stunduð víðs vegar um land og er nauðsynlegur þáttur í sjávarútvegi okkar. Samhliða fer þar fram í netagerðum kennsla nema í greininni en þar sem nemendur eru tiltölulega fáir og dreifðir um allt land voru nokkrir erfiðleikar á því framan af að halda uppi bóklegu námi sem er sérhæft í skólum víða um landið. Því varð samstaða meðal netagerðarmanna um að sameinast um einn skóla til að sinna þessum þætti. Fjölbrautaskóli Suðurnesja varð fyrir valinu og honum var falið það verkefni af ráðuneyti með bréfi haustið 1988 og síðar árið 1992 var ákveðið að nám þetta færi þar fram á fjögurra anna fresti eða annað hvert ár. Þar eru til kennslugögn, þar hefur orðið til nokkurt safn af bókum, myndböndum, forritum og ýmsu öðru sem til þessarar kennslu er notað. Í bréfi ráðuneytis frá 26. mars 1992 segir m.a., með leyfi hæstv. forseta:

„Og getur ráðuneytið því fallist á að faggreinakennsla í netagerð verði aðeins rekin í Fjölbrautaskóla Suðurnesja á fjögurra anna fresti eða annað hvert ár."

Samráðsaðilar, þ.e. netagerðarmenn, voru sammála um það að sameinast um þessa kennslu á þessum stað og þótt netagerðarnemar kæmu víðs vegar af landinu, þá var ekki reynt að flytja þetta annað. Síðan gerðist það að nú í haust var tekin upp þessi kennsla í Framhaldsskóla Vestmannaeyja fyrirvaralítið að því er virðist þrátt fyrir það að í bréfi hafi verið tekið skýrt fram að þessi faggreinakennsla verði aðeins rekin í Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Af þessu hafa menn sem þetta mál varðar verulegar áhyggjur, einkum með tilliti til þess hvort það geti haft áhrif á þetta nám þar sem það hefur verið rekið eða muni breyta einhverju um það. Af þessum ástæðum hef ég leyft mér að leggja hér fyrirspurn til hæstv. menntmrh. sem svo hljóðar, með leyfi hæstv. forseta:

1. Hefur menntmrn. breytt um stefnu varðandi kennslu í faggreinum netagerðar fyrir samningsbundna iðnnema sem ákveðið var í desember 1988, í samráði við hagsmunaaðila, að aðeins yrði í Fjölbrautaskóla Suðurnesja og það staðfest með bréfi í mars 1994?

2. Á hvaða forsendum var heimilað að þessi kennsla færi fram í Framhaldsskóla Vestmannaeyja nú í haust?

3. Var haft samráð við hagsmunaaðila um þessa ákvörðun?

4. Mun þessi heimild hafa áhrif á kennslu þessara greina við Fjölbrautaskóla Suðurnesja á næstu vorönn?

[17:54]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Ég þarf að hafa hér nokkur inngangsorð að svari mínu. Sumar greinar sem kenndar eru á framhaldsskólastigi eru það fámennar að þær verða ekki kenndar nema á einum stað á landinu. Ræður þar bæði að erfitt er að fá hæfa kennara og sérhæfða aðstöðu er ekki skynsamlegt að byggja upp á fleiri stöðum en nauðsynlegt er. Í sumum tilvikum er aðsóknin það lítil að ekki er hægt að halda uppi kennslu reglubundið heldur aðeins öðru hverju eða þegar nægilega margir nemendur óska eftir kennslu í viðkomandi grein. Í enn öðrum tilvikum er aðsóknin það lítil að ekki er mögulegt að halda uppi kennslu í viðkomandi grein hér á landi.

Þegar taka þarf ákvörðun um kennslu í fámennri grein þarf að ganga úr skugga um að hæfir kennarar séu til staðar og aðstaða hvað varðar húsnæði og búnað sé fullnægjandi. Enda þótt ákvörðun hafi verið tekin um að kenna tiltekna grein á aðeins einum stað á landinu kemur það fyrir að á vissum stöðum koma fram hópar sem óska kennslu í greininni. Aðstæður þessara nemenda eru oft þannig að þeir eiga ekki heimangengt og mundu í mörgum tilvikum ekki fara í námið nema því aðeins að þeir geti stundað það í heimabyggð. Þetta á t.d. við um menn sem hafa fyrir fjölskyldu að sjá. Ef það margir eru í slíkum hóp að forsvaranlegt sé af þeim sökum að halda uppi kennslu í greininni og ef enn fremur kennarar og fullnægjandi aðstaða er fyrir hendi kemur til greina að heimila kennslu á viðkomandi stað. Slíkar heimildir eru fátíðar og þýða ekki að horfið hafi verið frá þegar markaðri stefnu, samanber netagerð við Fjölbrautaskóla Suðurnesja.

Með hliðsjón af því sem ég hef hér sagt má svara fyrstu spurningu hv. þm., hvort menntmrn. hafi breytt um stefnu varðandi kennslu í faggreinum netagerðar o.s.frv., þannig að það er ekki um stefnubreytingu að ræða í þessu efni af hálfu menntmrn.

Í öðru lagi var spurt: Á hvaða forsendum var heimilað að þessi kennsla færi fram í Framhaldsskóla Vestmannaeyja nú í haust? Og svarið er að þær forsendur sem ég nefndi í inngangsorðum mínum voru allar fyrir hendi.

Í þriðja lagi var svo spurt hvort haft hefði verið samráð við hagsmunaaðila um þessa ákvörðun. Svarið er að þar sem hér var ekki um að ræða breytingu á stefnu ráðuneytisins hvað varðar kennslu í faggreinum netagerðar var ekki haft samráð við hagsmunaaðila.

Að lokum er svo spurt hvort þessi heimild hafi áhrif á kennslu þessara greina við Fjölbrautaskóla Suðurnesja á næstu vorönn. Svarið er að þar sem heimildin er takmörkuð við einn hóp nemenda og felur ekki í sér breytingu á stefnu ráðuneytisins í því efni sem hér um ræðir, mun ákvörðunin ekki hafa áhrif á kennslu þessarar greina við Fjölbrautaskóla Suðurnesja í framtíðinni.

[17:58]

Fyrirspyrjandi (Pétur Bjarnason):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. þessi svör en finnst þau svolítið sérkennileg þar sem ráðuneytið hefur sjálft með bréfi tekið þá ákvörðun að faggreinakennsla væri aðeins á einum stað og það í Fjölbrautaskóla Suðurnesja og tekur síðan aðra ákvörðun án þess að hafa samráð við þá sem um þetta sömdu á sínum tíma. Rökin finnst mér tæpast nægilega sannfærandi og vil spyrja í framhaldi: Þýðir þetta það að ef netagerðarnemahópur kemur fram á Seyðisfirði eða á Ísafirði eða á Akureyri þá megi búast við að boðið verði upp á kennslu ef aðstæður eru eins og hann lýsti hér, hæfir kennarar eru og annað sem til þarf? Mér finnst svolítið sérkennilegt þegar svona er staðið að málum að það er búið að semja um kennslu þessara nema sem eru fáir og þarna finnst mér vera viðleitni til þess að drepa þessum kröftum sem standa að þessu á dreif.

[17:59]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Ég veit ekki af hverju hv. fyrirspyrjanda þóttu þetta sérkennileg svör. Ég gerði skilmerkilega grein fyrir því hvers vegna þessi kennsla hefði verið leyfð í Vestmannaeyjum núna. Það voru öll skilyrði fyrir hendi, það var ekki verið að breyta þeirri grundvallarstefnu að þessi kennsla færi fram við Fjölbrautaskóla Suðurnesja.

Hv. þm. spyr hvort það megi þá búast við frekari leyfum. Ég get svarað því svo að ef slík skilyrði eru fyrir hendi og það hafi ekki áhrif á þessa framtíðarstefnu varðandi Fjölbrautaskóla Suðurnesja, þá þykir mér ekkert útilokað að veita slík leyfi. Þetta skiptir auðvitað miklu máli fyrir þá aðila sem ella þyrftu að fara að heiman og í þessu tilviki þá væntanlega suður á Suðurnes til þess að stunda þetta nám. Ég segi enn og aftur: Ef það hefur ekki bein áhrif á þessa stefnumörkun varðandi Fjölbrautarskóla Suðurnesja og það greiðir götu þeirra sem vilja fara í námið og eiga heima á tilteknum stöðum þá finnst mér að það eigi að leyfa það.

Niðurfelling virðisaukaskatts af barnafatnaði.

Fsp. IBA, 114. mál. — Þskj. 117.

[18:01]

Fyrirspyrjandi (Ingi Björn Albertsson):

Hæstv. forseti. Nú á þeim tímum sem skuldir heimilanna aukast nánast dag frá degi og eru komnar yfir 100% af tekjum, á þeim tíma sem fátækt hefur tekið sér bólfestu í íslensku þjóðfélagi, á þeim tíma sem skattar eru orðnir veruleg byrði á stórum fjölda fólks, ekki síst hjá barnafólki og almennu launafólki, þá freistast menn til að leita leiða til að létta byrðar og auka kaupmátt hjá þessum hópi fólks. Það er m.a. þess vegna sem ég hef leyft mér að bera fram fsp. á þskj. 117 til fjmrh. um niðurfellingu virðisaukaskatts af barnafatnaði.

Fyrirspurnirnar, sem eru tvær, hljóða svo:

„1. Telur ráðherra koma til greina að fella niður virðisaukaskatt af barnafatnaði?

2. Hvert yrði tekjutap ríkissjóðs ef slíkt yrði gert?"

Ég vil aðeins geta þess að það er þekkt víða erlendis að hafa engan virðisaukaskatt á barnafatnað. Menn þekkja það að héðan fer fólk í stríðum straumum í verslunarferðir til Bretlands og þar er verulega stór hluti af innkaupakörfunni einmitt barnafatnaður. Á sama tíma er barist hatrammlega fyrir því að færa verslunina inn í landið og mundi ég því telja slíka hugmynd ef nokkur kostur er, ef hún er hreinlega ekki of dýr, góðra gjalda verða. Þess vegna hef ég leyft mér að bera þessa fyrirspurn fram.

[18:03]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Almennt er álitið að eitt skatthlutfall án undanþága sé æskilegt til að koma í veg fyrir hugsanleg undanskot undan skatti. Jafnframt hefur verið bent á að undanþágur í virðisaukaskattskerfinu séu ekki virkustu tekjujöfnunaraðferðir sem hægt sé að grípa til. Þetta sem ég hér hef sagt eru hin almennu skattalegu sjónarmið sem flestir eru sammála um. Hitt er svo annað mál að stundum þarf að taka tillit til annarra viðhorfa en þeirra sem henta skattkerfinu einu út af fyrir sig. Það gerðist t.d. um sl. áramót í tengslum við kjarasamninga þegar svokallaður matarskattur var lækkaður.

Ég vil láta koma fram hér að framkvæmd á þeirri breytingu tókst mjög vel eins og mælingar sýna.

Fordæmi þess að barnafatnaður sé undanþeginn virðisaukaskatti er aðeins að finna í Bretlandi af Evrópulöndum. Þó virðisaukaskattur sé ekki að fullu samræmdur í Evrópulöndunum hafa þessar þjóðir sett sér sameiginleg markmið um ákveðna lágmarkssamræmingu virðisaukaskattskerfanna. Felst það m.a. í því að afmarka það svið vöru og þjónustu sem lægri skattar eru lagðir á en almennt gerist. Barnafatnaður er ekki meðal þeirra vörutegunda sem tilheyra því vörusviði.

Eins og ég hef áður sagt er það óumdeilt að fjölgun skattþrepa getur flækt skattaframkvæmd og eykur að öðru jöfnu að áliti skattasérfræðinga líkur á undanskotum frá skatti. Með því að láta undanþágur ná til barnafatnaðar yrði tveggja þrepa skatti komið á fyrir fjölmargar verslanir sem ekki búa við slíkt í dag. Áhrif slíkrar breytingar yrðu nokkur, bæði hvað varðar kostnað við framkvæmd, þörf á auknu eftirliti og vegna hugsanlegra undanskota frá skatti.

Í þessu sambandi er einnig rétt að benda á að mjög erfitt er að skilgreina og afmarka hvað sé barnafatnaður. Reyndar kemur það fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar þar sem þessu breska dæmi er lýst. Ég ætla ekki að lýsa því sérstaklega nema tækifæri gefist til. En á því eru framkvæmdarlegir örðugleikar eins og flestir hljóta að sjá því í sumum tilvikum er erfitt að skilgreina nákvæmlega hvað sé barnafatnaður og vísa ég þar til erfiðleikanna sem komið hafa upp í Bretlandi.

Hvað lækkun virðisaukaskatts af barnafatnað varðar eiga röksemdir um skilvirkari leiðir sérstaklega vel

við þar en í skattkerfi okkar eru þegar til millifærsluleiðir sem beinast einkum að þeim hópi fjölskyldna þar sem börn eru. Með því að nota barnabætur og barnabótaauka eins og er hér á landi geta stjórnvöld stýrt ívilnunum og náð meiri tekjudreifingaráhrifum með minni tilkostnaði en með lækkun virðisaukaskatts.

Lækkun virðisaukaskatts á einstakar vörutegundir eins og barnafatnað er dýr og flókin í framkvæmd, eftirlit er torvelt og skattsvik gætu orðið nokkur. Ég vil taka það fram að það er talið mun flóknara að eiga við barnafötin en t.d. matvælin vegna þess að barnaföt eru í mörgum tilvikum seld í sömu verslun og annar fatnaður til að mynda.

Það er mjög erfitt að svara síðari spurningunni því að verslun með barnafatnað er ekki sérgreind í þeim skýrslum eða upplýsingakerfum sem tiltæk eru og það mundi kosta verulega fjármuni og tíma að svara henni nákvæmlega. En miðað við neyslukönnun má áætla að fata- og skókaup á hvert barn innan 10 ára aldurs sé 30–40 þús. kr. á ári. Fjöldi þessara barna sem er þá innan við 10 ára aldur gæti verið 40 þús. Skatttekjur gætu þá verið 6–8 þús. kr. á barn. Ef maður margfaldar það með 40 þús. kr. kemur út tala á bilinu 250–300 eða 300–350 millj. kr. Þetta er tala sem ég gef upp með mjög miklum fyrirvörum því í raun og veru eru engar sérgreindar upplýsingar til. Vonast ég til að þetta a.m.k. gefi einhverjar hugmyndir um tilkostnaðinn. Mín meginniðurstaða er sú að ekki sé heppilegt að lækka eða falla frá virðisaukaskatti á barnafatnaði.

[18:09]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Mér fannt afar athyglisvert að hlusta á svar hæstv. fjmrh. við þessari fsp. ekki síst þar sem hann tíundaði þar nánast öll þau rök sem við framsóknarmenn beittum í umræðunni í fyrravetur þegar rætt var um það hvort taka ætti upp tvö þrep á virðisaukaskatti á matvæli. Hæstv. ráðherra sagði að það væru til betri leiðir til tekjujöfnunar. Hæstv. ráðherra lagði verulega áherslu á að með því að gera kerfið flóknara væri verið að auka hættu á skattsvikum og hæstv. ráðherra sagði, ég gat ekki skilið hann öðruvísi en svo, að flókið og óskilvirkt skattkerfi byði hættunum heim.

Ég vil vekja athygli á þessu, hæstv. forseti, ekki síst með tilliti til þeirra ummæla sem hæstv. ráðherra hefur haft í þingsölum í vetur um tillögur okkar framsóknarmanna í fyrra og þann tilgang sem þær áttu að þjóna.

[18:10]

Fyrirspyrjandi (Ingi Björn Albertsson):

Hæstv. forseti. Ég tel mig hafa deilt nóg við hv. þm. Jóhannes Geir um virðisaukaskatt og þau tvö þrep sem nú eru í gildi og þegar hinn svokallaði matarskattur var tekinn af og ætla ekki að eyða þessum stutta tíma frekar í það.

Mér þykja athyglisverðar þær tölur sem hæstv. fjmrh. nefndi áðan, þó hann hafi haft allan fyrirvara á þeim og ég skil það mjög vel. En jafnvel þó maður tvöfaldaði þá tölu sem hann nefndi þá kæmi það mér enn á óvart að ekki skuli vera hærri upphæðir þarna undir en virðist vera. Ég get tekið undir þau skattalegu rök sem fjmrh. fór með áðan en ég tek ekki undir það að þetta sé illframkvæmanlegt. Ég hef ekki heyrt að Bretar eigi í einhverjum stórum vandræðum með þetta. Skilgreiningin á milli barnafatnaðar og fatnaðar fyrir fullorðið fólk er nokkuð skýr. Ég held að aðalatriðið í þessu máli sé hvort menn hafi viljann til að fara þessa leið eða ekki. Ég held að þetta sé akkúrat það fólk sem við þurfum að líta til með hvernig við getum létt því byrðarnar. Við stigum mjög stórt skref á síðasta þingi í andstöðu Framsfl., sem hefur boðað að hann ætli aftur að hækka matarverð í landinu, þegar við felldum niður matarskattinn. Einmitt í þeirri umræðu sagði ég að þetta væri fyrsta skrefið í frekari baráttu fyrir því að lækka virðisaukaskatt á helstu nauðsynjar heimilanna.

Ég tel þetta vera leið sem ætti að skoða mjög vel sérstaklega í ljósi þeirra upphæða sem fjmrh. kom með um 300–350 millj. kr. Það finnst mér ákaflega lág tala og svo notað sé nú tískuorð þegar menn eru að leita sér að peningum þá má t.d. líta á þennan fræga hátekjuskatt sem nú er verið að tala um að leggja af.

[18:12]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég vona að hv. þm. Jóhannes Geir Sigurgeirsson hafi hlustað á mína framsöguræðu þar sem ég sagði mjög skýrt og skorinort að það gætu verið rök til þess að fara ekki að hinum skattalegu sjónarmiðum. Það er alveg augljóst að það voru mjög mikil rök til þess þegar matarskattinum var breytt enda var það hluti af kjarasamningi. Ég vil taka það skýrt fram að sú aðgerð tókst mjög vel að allra áliti sem hafa skoðað það mál. Ég vil að það komi hér mjög rækilega fram.

Vandinn varðandi barnafatnaðinn er meiri en í matvælunum jafnvel þótt þar hafi verið vandi þegar reynt var að greina sælgæti frá t.d. matvöru. Þeir sem fletta upp í skýrslu Ríkisendurskoðunar, fylgiskjali II á bls. 8 sjá að þar eru lýst vissum vandræðum sem eru í Bretlandi. Þar kemur fram að undanþegnar skattinum í Bretlandi eru vörur sem gerðar eru sem fatnaður eða skófatnaður fyrir smábörn og ónothæfar eru fyrir fullorðna. Þá þarf að sjálfsögðu að skilgreina þau hugtök sem notuð eru nánar. Þannig er m.a. kveðið á um að til fatnaðar teljist hattar og önnur höfuðföt. Nú var tilgangur undanþágunnar sá að létta framfærslu þeirra sem minna hafa handa á milli þess vegna hefur þótt rétt að takmarka ívilnun til þeirra sem hafa efni á því að vefja börn sín dýrindis loðfeldum. Því var ákveðið að til fatnaðar sem er undanþeginn telst ekki fatnaður sem gerður er að öllu leyti eða að hluta úr loðskinnum. Frá því síðan var gerð undantekning að loðskinn megi þó vera í höfuðfötum, hönskum, hnöppum, beltum og spennum, svo og ef loðskinnin eru minna en fimmtungur flatarmáls flíkur að utanverðu eða að kostnaðurinn við loðskinnið í flíkinni sé minni en helmingur af heildarkostnaði hennar. Næsta vandamál var svo að ákveða hvað væri loðskinn og hvað ekki. Niðurstaðan varð sú að loðskinn sé einhvers konar

skinn, loðið eða með hárum eða ull. Þegar hér var komið sögu kom hins vegar í ljós að í augum skattyfirvalda eru loðskinn misverðug þess að njóta undanþágu og því var ákveðið að sem loðskinn í skilningi virðisaukaskattslaganna skyldi ekki vera kanínuskinn, sauðagærur eða lambsgærur eða yfirleitt sútuð eða ósunnin skinn af kvikfénaði, þar á meðal bufflum, hestum og geitfénaði. Enn vandast þó málið því ekki eru allar geitur jafnar fyrir augum skattyfirvalda. Þannig var ákveðið ...

(**Forseti** (VS)**:** Tíminn er búinn, hæstv. ráðherra.)

...að þótt geitaskinn teldust almennt ekki loðskinn skyldi skinn af jemenískum og mongólskum geitum teljast til loðskinna.

Þetta, virðulegi forseti, vildi ég láta koma fram til að sýna hvaða erfiðleikar geta verið á framkvæmdinni.

Greiðsla sveitarfélaga til Atvinnuleysistryggingasjóðs 1994.

Fsp. IP, 117. mál. — Þskj. 120.

[18:16]

Fyrirspyrjandi (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Fyrirspurn mín er á þskj. 120 til félmrh. um greiðslu sveitarfélaga til Atvinnuleysistryggingasjóðs árið 1994. Fyrirspurnin er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Hversu há upphæð hefur runnið til sveitarfélaga til svokallaðra átaksverkefna af þeim 600 millj. kr. sem sveitarfélögin lögðu til Atvinnuleysistryggingasjóðs á þessu ári?"

Samskipti ríkis og sveitarfélaga hafa verið með ýmsum hætti gegnum tíðina og er út af fyrir sig ekkert nýtt sem tekist er á um þar nema hvað með verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og nýjum tekjustofnalögum sem tóku gildi 1. jan. 1990 voru gerð skýr skil á milli ríkis og sveitarfélaga eftir nákvæmt kostnaðarmat. Sveitarfélögin hætta þá að greiða í Atvinnuleysistryggingasjóð en tóku í staðinn við ýmsum öðrum verkefnum. Síðan þá hefur ýmislegt breyst sem hefur leitt af sér hækkun útgjalda, bæði hjá ríki og sveitarfélögum. Raunverulega hefur það gerst að tekjur ríkisins hafa lækkað, tekjur sveitarfélaganna hafa lækkað og tekjur heimilanna hafa lækkað. Sveitarfélögin eru í æ ríkari mæli að taka yfir atvinnurekstur og mörg sveitarfélög hafa aðeins átt um tvennt að velja, þ.e. að hafa bullandi atvinnuleysi eða koma sterkt inn í atvinnurekstur. Þann 10. okt. árið 1992 gerðu sveitarfélögin og ríkið með sér svofellt samkomulag, með leyfi forseta:

„Hinn 10. okt. 1992 var undirritað samkomulag ríkisstjórnarinnar og Samband ísl. sveitarfélaga um aðgerðir til að draga úr atvinnuleysi á árinu 1993. Samkomulagið var svohljóðandi:

Samband ísl. sveitarfélaga mælir með því við sveitarfélögin að þau leggi fram á árinu 1993 fjárframlag, 500 millj. kr., í Atvinnuleysistryggingasjóð. Framlagið verði miðað við íbúafjölda sveitarfélaga."

Sveitarfélög stóðu við sinn hluta og lögðu 500 millj. kr. í Atvinnuleysistryggingasjóð en hvað fengu sveitarfélögin í staðinn til átaksverkefna? Okkur var sagt það um áramótin síðustu að það væru um 300 millj. og öllum fannst það lág tala, en rauntalan er 175 millj., hæstv. félmrh., 175 millj. fóru til átaksverkefna, ekki vegna þess að atvinnuástandið væri svo gott heldur vegna þess að reglur sjóðsins eru þannig að þær eru afskaplega óaðgengilegar. Því er það spurningin nú þegar aftur á að fara að leggja þennan skatt á árið 1995 samkvæmt fjárlagafrv. — en því var lofað að það yrði ekki gert — en á þessu ári leggja sveitarfélögin og eru búin að leggja á 600 millj. núna 1. nóv.: Hvað hefur komið í átaksverkefni á þessu ári af þessum 600 millj.?

[18:19]

Félagsmálaráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson):

Virðulegi forseti. Vegna fyrirspurna hv. þm. Ingibjargar Pálmadóttur vil ég upplýsa eftirfarandi:

Samkvæmt upplýsingum Atvinnuleysistryggingasjóðs er nú þegar búið að samþykkja styrki vegna átaksverkefna til sveitarfélaga, einstaklinga og þriðja aðila að samtals fjárhæð kr. 566 millj. 117 þús. og 400 kr. Þegar hafa verið greiddir styrkir samtals að fjárhæð kr. 177 millj. Samkvæmt upplýsingum sama aðila eru ástæður þess að ekki er búið að greiða hærri upphæð þær að mörg sveitarfélög senda ekki reikninga fyrr en verkefnum er lokið. Einnig er nú verið að reikna út og greiða reikninga sem borist hafa undanfarið. Í reglum um þessi átaksverkefni segir m.a. í 11. gr., með leyfi forseta:

„Eftir að verkefni hefst sem stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs hefur samþykkt og félmrh. staðfest skal Atvinnuleysistryggingasjóður greiða styrkfjárhæð með föstum mánaðarlegum greiðslum eftir á þann tíma sem verkefnið stendur yfir. Heimilt er að helmingur styrks, miðað við áætlaðan fjölda fólks af atvinnuleysisskrá við hver verkefni, verði greiddur þegar upphaflegur listi yfir ráðningar liggur fyrir og verkefnið er hafið. Uppgjörið fari síðan fram við lok hvers verkefnis á grundvelli lista yfir nöfn og starfstíma þeirra sem ráðnir voru af atvinnuleysisskrá meðan á verkefninu stóð."

Ég get ekki frekar en aðrir spáð fyrir um það hver hin endanlega niðurstöðutala verður, með öðrum orðum hvaða raungreiðslur gangi úr Atvinnuleysistryggingasjóði á yfirstandandi ári til þessara átaksverkefna. Þó má ætla af reynslu, og það er ekki nákvæm tala, að það geti orðið á bilinu 300–400 millj. kr.

Varðandi þau álitamál sem uppi hafa verið og forsvarsmenn sveitarfélaga hafa haldið uppi um forsendur fjárlaga komandi árs þá er rétt að undirstrika að í forsendum í fjárlaganna er áætlað að leita eftir samkomulagi við sveitarfélög um áframhald þessa samstarfsverkefnis, þ.e. til þessara átaksverkefna og atvinnuskapandi aðgerða.

Í forsendum fjárlagafrv. er einnig á það minnst að til greina komi samstarf við sveitarfélögin um annars konar fyrirkomulag til að draga úr atvinnuleysi en verið hefur, þ.e. með eða án þátttöku Atvinnuleysistrygg-

ingasjóðs. Til upplýsinga áttum við fjmrh. fund með forsvarsmönnum sveitarfélaga í morgun einmitt um þessi mál og hvernig þessir aðilar gætu best komið að þessum mikilvægu málum, nefnilega að halda úti átaksverkefnum. Enda þótt menn geti haft á því ýmsar skoðanir hvort vel hafi til tekist eða illa þá breytir það ekki því að þær þúsundir atvinnulausra sem hafa komið inn þessi átaksverkefni til skemmri eða lengri tíma hafa fengið, þó um skamman tíma sé, ákveðna úrlausn sinna mála því að hér er ekki eingöngu um að ræða fjárhagslegt mál heldur að minni hyggju ekki síður félagslegt mál. Ég fyrir mína parta legg því á það ríka áherslu að með einum eða öðrum hætti verði hægt að halda úti þessum átaksverkefnum á komandi ári en þau falli ekki niður. Ég skildi þennan fund þannig í morgun — auðvitað er uppi álitamál enn þá varðandi hver eigi að borga brúsann og hvernig — að það væri samdóma álit þeirra ráðherra sem ég gat um áðan og forsvarsmanna sveitarfélaga að það væri einnar messu virði og rúmlega það að funda frekar um þau mál og hvernig þeim mætti fyrir koma svo best væri á kosið.

[18:24]

Fyrirspyrjandi (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. svörin. Það kom í ljós að af þeim 600 millj. sem sveitarfélögin hafa þegar greitt er búið að greiða 176 millj. til þessara átaksverkefna. Hann telur að það séu um 567 millj. sem búið er að tryggja og það kemur mér svolítið á óvart vegna þess að átaksverkefnin voru ekki mörg í sumar og þau eru ekki mörg í gangi einmitt á þessu augnabliki. Mér finnst því mjög skrýtið að geta ekki fengið þessar rauntölur. Við reyndum á sama tíma í fyrra að fá rauntölur. Okkur var sagt afskaplega rangt til eins og kom fram í fyrri ræðu minni. Þá var okkur sagt að það væru 300 millj. farnar í þessi verkefni þegar kemur svo í ljós að það fóru aldrei nema 173 millj. En ég vona að þetta séu samt réttar upplýsingar þó að ég hljóti að rengja þær.

Það er alveg rétt hjá hæstv. ráðherra að það er mikilvægt að sveitarfélögin haldi uppi atvinnu. En þurfa peningarnir að fara þessa hringferð? Ég treysti sveitarfélögunum í landinu til að sjá um þetta sjálf. Þetta er ekkert annað en skattur á sveitarfélögin. Það kemur náttúrlga greinilega í ljós þegar maður skoðar árið 1993 og ég ætla að nefna eitt dæmi.

Á Akranesi er mikið viðvarandi atvinnuleysi. Þar borgar sveitarsjóður 12 millj. í þennan sjóð. Hvað fær hann til baka? 3 millj. á þessu ár. Það kemur mér því satt að segja á óvart ef þessar 567 millj. fara aftur til þessar verkefna en ég segi bara: guð láti gott á vita ef svo er.

[18:25]

Félagsmálaráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson):

Virðulegi forseti. Það er rétt að árétta það að þær upplýsingar sem ég gat um áðan eru beint frá Atvinnuleysistryggingasjóði. Það liggur fyrir að þegar hafa verið samþykkt verkefni sem gætu numið þessum 566 millj. kr. Hitt er alveg hárrétt eins og ég raunar gerði að umtalsefni með tilvísan í reglur um þessi mál að uppgjör fer ekki fram venju samkvæmt fyrr en verkefnunum er lokið eða þau komin á seinni stig þannig að misvísunin skýrist af því.

Á hinn bóginn er ekki þar með sagt að öllum þessum verkefnum, sem þegar hafa verið samþykkt upp á 566 millj. kr., ljúki á yfirstandandi ári né heldur getur maður fullyrt um það að Atvinnuleysistryggingasjóður komi ekki til með að samþykkja enn ný verkefni þær vikur sem eftir lifa af þessu ári. Ég minni á að í forsendum fjárlaga skuldbatt ríkisstjórnin sig fyrir hönd Atvinnuleysistryggingasjóðs til að leggja fram enn aðrar 600 millj. á móti sveitarfélögunum þannig að enn er út af fyrir sig langt í land með að þær 1.200 millj. sem strangt til tekið gátu runnið til þessara átaksverkefna séu uppurnar og þær gera það svo sannarlega ekki á þessu ári.

En ég vil hins vegar segja það að lokum að ég held að það sé ekki nógsamlega undirstrikað að við búum enn við viðvarandi atvinnuleysi og allt of hátt atvinnuleysisstig. Ég held að brýn nauðsyn sé á því að sérstökum aðgerðum á borð við þessi átaksverkefni verði fram haldið á komandi ári. Ég trúi því og tel raunar að það verði að gera með samstarfi ríkisins annars vegar og sveitarfélaga hins vegar og ég trúi því að við náum landi í þeim efnum. Ég skal þó ekkert um fullyrða í hverju það samkomulag verður fólgið upp á krónur eða aura en meginmarkmiðið er það að þessi allt of stóri hópur atvinnulausra fái þessi tilboð.

Málefni sumarhúsaeigenda.

Fsp. PBald, 120. mál. — Þskj. 125.

[18:28]

Fyrirspyrjandi (Petrína Baldursdóttir):

Virðulegi forseti. Hér hef ég lagt fram á þskj. 125 fsp. til félmrh. um málefni sumarhúsaeigenda.

Sumarhúsaeigendur frá mjög misjafna þjónustu frá þeim sveitarfélögum þar sem þau eru staðsett. Engar skilgreiningar eru til um hvaða þjónustu sveitarfélögum er skylt að veita þeim sumarhúsaeigendum er þau taka gjöld af. Í þeim sveitarfélögum þar sem finna má flesta sumarbústaði er álagður fasteignaskattur á sumarhúsaeigendur stór hluti heildarálagðra fasteignaskatta. Sumarhúsaeigendur telja sig enga aðstöðu hafa til þess að þrýsta á sveitarfélög um einhverja þá þjónustu sem þeir telja þörf á. Þeir hafa t.d. ekki fengið áheyrnarfulltrúa á hreppsnefndarfundum til að fylgjast með hvað gert er við þá peninga sem þeir greiða til sveitarfélagsins.

Samkvæmt núgildandi lögum er sveitarfélögum ekki skylt að veita sumarhúsaeigendum nánar tilgreinda þjónustu nema að því er varðar brunavarnir.

Það er alveg ljóst að þessi mál eru í miklum ólestri víðs vegar þar sem sumarhúsaeigendur eiga í hlut. Það er ekkert jafnræði fólgið í því að greiða ákveðið gjald til sveitarfélaga en vita ekki á hverju maður á rétt í staðinn. Ég tel vægast sagt mjög ómarkvisst að þess-

um málum staðið. Fyrrv. félmrh. skipaði starfshóp um þessi mál í apríl 1993. Starfshópurinn skilaði skýrslu sinni til ráðherra í lok maí 1994. Þá hafði hópurinn verið að störfum í um það bil 13 mánuði án þess að skila neinum niðurstöðum um hvað þeir teldu skylt að sveitarfélög veittu í staðinn fyrir að innheimta fasteignaskatt af sumarhúsaeigendum. Ég tel að það sé um mikið réttlætismál að ræða fyrir eigendur sumarhúsa að niðurstaða fáist í þessi mál. Þess vegna vil ég spyrja hæstv. félmrh. eftirfarandi spurninga á þskj. 125:

„1. Hvernig hyggst ráðherra skilgreina hvaða þjónustu sveitarfélögum er skylt að sinna með því að innheimta fasteignagjöld af sumarhúsaeigendum?

2. Finnst ráðherra koma til greina að sveitarfélög „eyrnamerki" þann hluta fasteignaskatts sem greiddur er af sumarhúsaeigendum og að sá sjóður yrði notaður í þágu þeirra sérstaklega?"

[18:30]

Félagsmálaráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson):

Virðulegi forseti. Samkvæmt lögum um tekjustofna sveitarfélaga eru fasteignaskattar einn af tekjustofnum sveitarfélaga og eru þeir lagðir á fasteignir án sérstakra kvaða um veitta þjónustu af hálfu sveitarfélaga til handa fasteignaeigendum. Sumarhús eru ekki undanþegin álagningu fasteignaskatta.

Samkvæmt núgildandi lögum er sveitarfélögum ekki skylt að veita sumarhúsaeigendum nánar tilgreinda þjónustu nema að því er varðar brunavarnir. Hins vegar er í hinum ýmsu lögum að finna heimildir til handa sveitarfélögum til að sjá um ýmiss konar þjónustu, t.d. rekstur vatnsveitu, lagningu holræsis og sorphirðu. Innan starfshóps sem félmrh. skipaði til að yfirfara málefni sumarhúsaeigenda var töluvert rætt um hvaða þjónustu sveitarfélögum ber að veita sumarhúsaeigendum í stað þeirra fasteignaskatta sem lagðir eru á þá. Fram komu hugmyndir um að setja í reglugerð ákvæði um hvaða þjónustu sveitarfélögum er skylt að veita sumarhúsaeigendum og að sveitarfélög „eyrnamerki" þann hluta fasteignaskatts sem greiddur er af sumarhúsum og hann sé notaður í þágu þeirra sérstaklega.

Ljóst er að í sumum sveitarfélögum er fasteignaskattur sem sumarhúsaeigendur greiða stór hluti af þeim tekjum sem þau hafa í heild af fasteignasköttum. Því kom fram sú hugmynd innan starfshópsins að sett verði ákvæði í lög um tekjustofna sveitarfélaga þess efnis að ef sveitarfélög leggja fasteignatengd þjónustugjöld á sumarhúsaeigendur þá verði sveitarfélögunum heimilt að lækka álagðan fasteignaskatt sumarhúsaeigendanna sem því nemur. Með þessu móti verður sumarhúsaeigendum frekar ljóst hvaða þjónustu þeir fá frá viðkomandi sveitarfélagi í stað þeirra gjalda sem innt eru af hendi.

Fulltrúi sumarhúsaeigenda í starfshópnum lagði hins vegar mikla áherslu á að í slíku lagaákvæði yrði kveðið á um skyldu sveitarfélaga en ekki heimild svo að þessu markmiði yrði náð. Ekki náðist samstaða innan starfshópsins um niðurstöðu í þessu máli en lagt var til af hálfu hans að þessi atriði varðandi lækkun fasteignaskatta yrðu skoðuð ítarlega næst þegar lög um tekjustofna sveitarfélaga verða tekin til endurskoðunar því breytingar á reglum laga um tekjustofna sveitarfélaga krefjast mun ítarlegri skoðunar en unnt var að láta fara fram í áðurgreindum starfshóp.

Starfshópurinn lagði hins vegar til að tveimur atriðum er varða sumarhúsaeigendur yrði beint til umhvrh. Annars vegar nánar tilgreindar breytingar á skipulags- og byggingarreglugerðum varðandi gögn sem liggja eiga fyrir þegar sótt er um byggingarleyfi fyrir sumarbústað. Hins vegar að á hans vegum yrði könnuð hugsanleg skylda sveitarfélaga til að veita sumarhúsaeigendum sorphirðuþjónustu í stað heimildar samkvæmt núgildandi lögum. Á meðan á vinnu fyrrgreinds starfshóps stóð kom í ljós að stór hluti vanda sumarhúsaeigenda virðist vera falinn í því að ekki hefur ætíð verið farið eftir þeim samningum sem þeir hafa gert við landeigendur. Oft á tíðum hefur einnig í slíkum samningum verið kveðið á um þjónustu sem ætlast var til að viðkomandi sveitarfélag veitti en það sveitarfélag kom hins vegar hvergi nálægt umræddri samningsgerð.

Fjöldi sumarhúsa hefur aukist mjög á undanförnum árum. Hefur það haldist í hendur við flutning fólks úr dreifbýli í þéttbýli svo og aukinn frítíma fólks. Þessi þróun hefur verið svo ör að þess hefur e.t.v. ekki verið gætt nægjanlega að tryggja eðlilega skipan þessara mála með viðeigandi breytingum á lögum og reglugerðum. Ég held að það sé einkanlega tvennt sem á skortir. Í fyrsta lagi að tryggja sumarhúsaeigendum tiltekna þjónustu fyrir þær greiðslur sem þeir inna af hendi til sveitarfélaganna. Í öðru lagi að koma betra lagi á skipulags- og byggingarmál varðandi sumarhús og að tryggja með einhverjum hætti nauðsynlega samvinnu sumarhúsaeigenda á samliggjandi svæðum.

Ég er tilbúinn að leita lausna á þessum atriðum sem auðvitað verður að gerast í samvinnu við sveitarfélögin. Nú stendur yfir endurskoðun á ákveðnum þáttum laga um tekjustofna sveitarfélaga. Ég hef óskað eftir að þessi mál verði tekin til sérstakrar athugunar við þá endurskoðun svo að ákveðnar vonir megi binda við að við sjáum þessi mál fara í rétta átt fram á þann veg sem ég hef hér áður gert grein fyrir.

[18:35]

Fyrirspyrjandi (Petrína Baldursdóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. félmrh. fyrir svör hans og fyrir að það er mjög jákvæður tónn hjá honum um það að leysa þessi mál. Ég held að það sé alveg ljóst, eftir því hvernig þessi mál hafa þróast, að það verður að taka á þessum málum og það verður að koma inn í það að sveitarfélögum sé skylt að skilgreina þá þjónustu sem þau eiga að veita í staðinn fyrir að taka gjöld af sumarhúsaeigendum. Það er held ég alveg númer eitt svo að sumarhúsaeigendur viti að hverju þeir gangi og þessum málum sé komið í gott lag.

[18:36]

Félagsmálaráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson):

Virðulegi forseti. Það er svo sem ekki miklu við þetta að bæta að öðru en því að eins og ég gat um þá

sýnist mér sú leið hugsanlega heppilegri að þjónustutengja þessa gjaldtöku í auknum mæli þannig að sumarhúsaeigendum sé það ljóst strax í upphafi fyrir hvað þeir greiða og hvaða þjónustu þeir fá á móti. En á sama hátt verður auðvitað að gæta þess að hinn almenni fasteignaskattur sem nú er lögum samkvæmt ekki tengdur ákveðinni veittri þjónustu verður lækkaður á sama hátt. Ég held að það sé vilji fyrir þessu, hann er a.m.k. fyrir hendi hjá félmrn. og ég hygg að hann sé einnig fyrir hendi af hálfu forsvarsmanna sveitarfélaga því allténT er ljóst og það má skilja á niðurstöðum þessa starfshóps að þarna þarf að taka til hendi og eins og ég gat um í fyrra svari mínu þá mun ég sjá svo um að það verði gert.

Frísvæði á Suðurnesjum.

Fsp. PBald, 119. mál. — Þskj. 124.

[18:38]

Fyrirspyrjandi (Petrína Baldursdóttir):

Virðulegur forseti. Ég hef lagt fram fsp. til hæstv. utanrrh. um málefni frísvæðis á Suðurnesjum.

Á síðustu áratugum hefur verið mikið rætt og ritað um þá kosti að koma á fót fríiðnaðarsvæði á Suðurnesjum eða á Keflavíkurflugvelli. Markmiðið væri að laða að erlenda fjárfestingu og mundi það að sjálfsögðu auka flugumferð um Keflavíkurvöll. Fyrirtæki á frísvæði geta nánast verið staðsett hvar sem er en talið er að það yrði mjög mikill kostur að hafa slíkt svæði í nágrenni flugvallarins í Keflavík. Frísvæði var sett upp við Shannonflugvöll á Írlandi fyrir 35 árum. Hafa nú 100 þús. manns atvinnu af þeirri starfsemi sem þar fer fram. Það er alveg augljóst að frísvæði yrði mikil upplyfting fyrir atvinnulíf landsmanna, sérstaklega atvinnulíf á Suðurnesjum þar sem atvinnuleysi hefur verið töluvert mikið á sl. árum.

Það sem vekur athygli með frísvæðisumræðu er það að hún hefur staðið yfir í áratugi. Nokkrar nefndir hafa á þessum tíma starfað og kannað kosti og galla frísvæðis. A.m.k. tvisvar ef ekki oftar hafa sendinefndir farið utan til að kynna sér frísvæði, t.d. nú fyrir nokkrum vikum til Írlands. Flestir sem að þessu máli koma tala um fleiri kosti fyrir íslenskt atvinnulíf en galla að setja á fót frísvæði en samt gerist ekki neitt í málinu. Það hefur akkúrat ekkert orðið úr framkvæmdum í þá átt að koma á fót þessu fríiðnaðarsvæði. Í sannleika sagt er þessi umræða farin að hljóma eins og klisja. Menn tala og tala en minna er um framkvæmdir. Ef þetta er einhver hugmynd sem ekki er hægt að framkvæma verða menn að hafa kjark til að segja það, annars er tími til kominn að láta hendur standa fram úr ermum og hefjast aðgerða.

Ég hef beint, eins og áður sagði, fsp. til hæstv. utanrrh. sem hljóðar svo:

„1. Hefur undirbúningsnefnd um stofnun frísvæðis á Suðurnesjum lokið störfum?

2. Hvenær er þess að vænta að Alþingi fái tillögur nefndarinnar til umfjöllunar?

3. Hyggst ráðherra leggja fram lagafrumvarp á þessu þingi um stofnun frísvæðis á Suðurnesjum?“

[18:41]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Undir lok árs 1992 skipaði ég að höfðu samráði við fjmrh. eftirtalda einstaklinga í nefnd til að undirbúa stofnun frísvæðis á Suðurnesjum: Þröst Ólafsson, aðstoðarmann utanrrh., Indriða H. Þorlákssson, fulltrúa fjmrh., Brynjólf Helgason, aðstoðarbankastjóra Landsbankans, Jón H. Jónsson, framkvæmdastjóri Keflavíkurverktaka.

Undirbúningsnefndin hefur ekki lokið störfum. Hins vegar sendi nefndin ríkisstjórninni áfangaskýrslu í marsmánuði 1993 þar sem gerðar voru tillögur um með hvaða hætti málinu yrði fram haldið. Tillögur nefndarinnar voru í fimm meginþáttum og voru samþykktar af ríkisstjórn og nefndinni því næst falið að halda áfram vinnu sinni til loka. Megintillaga nefndarinnar var sú að ríkisstjórnin samþykkti að stofna frísvæði á Suðurnesjum og hafa forgöngu um stofnun hlutafélags sem hefði það verkefni að annast rekstur frísvæðisins. Í öðru lagi voru ákveðnar tillögur um skattaívilnanir. Þær voru þessar helstar:

1. Afskriftir af fjárfestingu verði tvöfalt hærri en að óbreyttum lögum.

2. Sérstakur skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði verði felldur niður. Þessi skattstofn hefur síðan færst til sveitarfélaga.

3. Undanþága verði á greiðslu stimpilgjalda á kaupum, sölu og veðsetningu fasteigna á svæðinu.

4. Fasteignir verði undanþegnar fasteignaskatti og tryggingagjöldum.

Jafnframt var bent á nauðsyn þess að sveitarfélög á Suðurnesjum verði formlegir þátttakendur í framhaldsvinnu og ákvörðunum. Nefndinni verði falið að hefja könnunarviðræður við erlenda aðila um þátttöku á svæðinu og fái til verkefnisins fjárhæð á bilinu 5–10 millj. kr. fjárveitingu úr ríkissjóði til þess að ljúka verkefninu.

Það er eðlilegt að spurt sé hvers vegna þetta verk taki svo langan tíma en skýringar á því eru þessar helstar:

1. Almennur efnahagslegur samdráttur í heiminum hefur dregið úr áhuga fjárfesta um tíma til þess að íhuga nýjar frísvæðisfjárfestingar. Jafnframt hefur áhuga þeirra verið beint annað, sérstaklega til Austurlanda fjær, einkum Kína. Með bjartari efnahagshorfum báðum megin Atlantshafs mun áhugi á frísvæði hér væntanlega lifna við aftur.

2. Við nánari skoðun og viðræður við erlenda aðila samkvæmt hinni upphaflegu samþykkt hefur komið ljós að þær tillögur í skattamálum sem gerðar voru í áfanganefndarálitinu til ríkisstjórnarinnar á árinu 1993 eru ekki lengur taldar fullnægjandi. Nefndin hefur því þurft að taka þá umræðu upp á ný. Þau mál eru erfið og tímafrek. Það þarf að finna niðurstöðu þar sem annars vegar er boðið upp á nægilega miklar ívilnanir til þess að erlend fyrirtæki sjái sér hag í því að koma til Íslands, sérstaklega til þess að nýta sér þann markaðs-

aðgang sem fæst frá Íslandi að Evrópusambandsmarkaðinum, í stað þess að leita eitthvert annað. Hins vegar verða þessar skattaívilnunarreglur að vera þannig að íslenskt atvinnulíf sætti sig við þær og þær fáist samþykktar af báðum aðilum, þ.e. eftirlitsstofnun EFTA vegna EES-samningsins og framkvæmdastjórn EB vegna samningsskuldbindinga við þá aðila.

Þriðja ástæðan er sú að samstarfið við sveitarfélögin á Suðurnesjum þurfti tíma til að þróast. Nú skal það tekið fram að samstarfið hefur verið með ágætum að mati nefndarmanna og sameiginlega er unnið að því að fullgera tillögur til ríkisstjórnarinnar. Nefndin hefur ekki legið á liði sínu, hún hefur fundað vikulega að undanförnu.

Að því er varðar spurningu tvö þá er að því stefnt að nefndin ljúki verki sínu fyrir áramót og leggi tillögu fyrir ríkisstjórn sem síðan ákveður framhaldið.

Svarið við þriðju spurningu er það að verði niðurstaða ríkisstjórnar sú að hún fallist á endanlegar niðurstöður nefndarinnar þá er að því stefnt að lagafrumvarp verður lagt fram á þessu þingi.

[18:45]

Fyrirspyrjandi (Petrína Baldursdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir hans svör. Eins og kom fram í hans máli þá hóf nefndin, sem hefur fjallað um þessi mikilvægu mál, störf árið 1992 og hefur fundað vikulega. Það verður að segjast eins og er að það er komið langt á árið 1994 og enn hafa niðurstöður ekki legið fyrir. Þetta virðist taka óhemjutíma og vera óhemjumikið mál að komast að einhverri niðurstöðu um hvort eitthvert vit sé í því að stofna fríiðnaðarsvæði eða ekki. Vissulega gera flestir sér grein fyrir því að það geta verið eðlilegar skýringar á þessu eins og það efnahagsumhverfi sem hefur verið í heiminum undanfarið. Við gerum okkur líka grein fyrir því að það eru bjartari tímar fram undan. En ég ætla að vona það að hæstv. utanrrh. reynist sannspár um það að ríkisstjórnin fái tillögur nefndarinnar núna fyrir áramót og upp frá því liggi það alveg skýrt fyrir hvort gagn sé að því að fara út í stofnun frísvæðis á Suðurnesjum vegna þess að það verður að segjast alveg eins og er að t.d. á Suðurnesjum er geysilega mikill áhugi fyrir þessum málum og menn eru náttúrlega orðnir dálítið þreyttir á þessari umræðu, fríiðnaðarsvæði eða ekki. Sú umræða er búin að standa núna í a.m.k. þrjá áratugi þannig að það er kominn tími til að eitthvað fari að gerast í þessum málum.

[18:47]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins stuttlega taka undir með hv. þm. um að það verður að lúka þessu máli og má segja að það sé réttmæt gagnrýni að undirbúningstíminn er orðinn helst til langur.

Þetta mál snýst í kjarna sínum um það að reyna að laða erlenda fjárfesta til þess að hætta fé sínu í starfsemi hér á landi. Nefndin hefur unnið út frá þeim forsendum að til þess þurfi að setja fastmótaðar reglur um skattaívilnanir en jafnframt að markaðssetja Keflavíkurflugvöll og ryðja úr vegi öðrum viðskiptahindrunum. Þannig verður að tryggja reglubundnar, öruggar og ódýrar samgöngur til og frá landinu en þess er að geta að Ísland býr við þá aðstöðu að einokunarþátturinn varðandi samgöngur, flutninga, hvort heldur er á sjó eða lofti, er eitt af því sem hefur verið rækilega skoðað.

Það er athyglisvert að erlend fjárfesting á Íslandi er því sem næst engin og hefur verið mjög óveruleg á undanförnum árum. Vonir okkar um það að auka fjölbreytni í atvinnulífi, ég tala nú ekki um að laða til landsins fyrirtæki sem byggi á hátækniiðnaði hafa þess vegna ekki hingað til ræst. Það má nefna að fulllokið var að gera samninga að því er varðar nýtingu á orkuauðlindum okkar en öllum er kunnugt um hvers vegna þeir samningar komust ekki í framkvæmd, þ.e. sú algjöra lægð sem verið hefur í efnahagslífi heimsins hefur einfaldlega þýtt að í stóriðjuframkvæmdum um allan okkar heimshluta hefur slíkum framkvæmdum verið slegið á frest. Meginástæðan fyrir því að þetta mál hefur ekki komist lengra er því fyrst og fremst þessar kringumstæður í kringum okkur en jafnframt er það tæknilega flókið mál að ganga þannig frá skattaívilnunum að íslenskt atvinnulíf sætti sig við þá tímabundnu mismunun sem í því felst. En ég undirstrika að þessu máli verði fylgt eftir af fyllstu alvöru vegna þess að vissulega eru við það bundnar nokkrar vonir en þó því aðeins í reynd að efnahagsástandið í kringum okkur fari batnandi.

Út af dagskrá voru tekin 1., 4. og 5. mál.

Fundi slitið kl. 18:50.

---

23. FUNDUR

þriðjudaginn 1. nóv.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Grunnskóli, stjfrv., 126. mál, þskj. 131. — 1. umr.

2. Framhaldsskólar, stjfrv., 127. mál, þskj. 132. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Guðmundur Árni Stefánsson félmrh.,
Guðrún J. Halldórsdóttir, 18. þm. Reykv.,
Halldór Blöndal samgrh.,
Hjörleifur Guttormsson, 4. þm. Austurl.,
Kristinn H. Gunnarsson, 5. þm. Vestf.

Útbýting þingskjala:

Dreifikerfi Ríkisútvarpsins, 160. mál, fsp. KHG, þskj. 173.

Hlutdeild áfengis og tóbaks í grunni framfærsluvísitölu, 155. mál, fsp. ÁgG, þskj. 168.

Húsaleigubætur, 157. mál, fsp. KHG, þskj. 170.

Innflutningur garðávaxta, 163. mál, fsp. GE, þskj. 176.

Kostnaður við dagskrárgerð í Ríkisútvarpinu, 162. mál, fsp. KHG, þskj. 175.

Niðurfelling afnotagjalda af útvarpi, 161. mál, fsp. KHG, þskj. 174.

Rekstur svæðisstöðva Ríkisútvarpsins, 159. mál, fsp. KHG, þskj. 172.

Skattfrelsi leigutekna af íbúðarhúsnæði, 158. mál, fsp. KHG, þskj. 171.

Varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, 156. mál, fsp. KHG, þskj. 169.

Þróunarsjóður sjávarútvegsins, 164. mál, fsp. PBald, þskj. 177.

Tilkynning um dagskrá.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti vill upplýsa þegar í upphafi fundar að einungis verður fyrir tekið fyrra dagskrármál dagsins, þ.e. Grunnskóli, stjfrv., 126. mál, þskj. 131, 1. umr.

Tvö bréf hafa borist forseta, annað frá þingflokki Samtaka um kvennalista og hitt frá þingflokki framsóknarmanna, þar sem farið er fram á að ræðutími verði að þessu sinni tvöfaldaður. Samkvæmt 3. málsl. 55. gr. laga um þingsköp er heimilt að verða við því og verður svo gert þannig að ræðutími í þessari umræðu verður tvöfaldur.

Grunnskóli, 1. umr.

Stjfrv., 126. mál (heildarlög). — Þskj. 131. [13:34]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Ætlun mín var á þessum þingfundi að mæla fyrir frumvörpum til laga um grunn- og framhaldsskóla en eins og kom fram hjá hæstv. forseta er samkomulag um það að umfjöllun um framhaldsskólafrv. frestist og þá til næstu viku.

Ég mæli því nú einungis fyrir frv. til laga um grunnskóla. En það sem ég segi hér í upphafi á að nokkru við bæði um frv. til grunn- og framhaldsskólalaga. Frumvörpin eru að stofni til samin af nefnd sem ég skipaði þann 11. mars 1992 til að vinna að heildarendurskoðun á skólalöggjöfinni og móta menntastefnu. Nefndin vann að þessu verkefni í rúm tvö ár og einkenndust störf hennar af miklum metnaði. Nefndin tók í starfi sínu mið af rannsóknum sem til eru um þessi skólastig, viðhorfum til skólastarfs innan lands og utan, svo og reynslu kennara, skólastjórnenda, aðila atvinnulífs og almennings af skólastarfi og árangri þess.

Í janúar 1993 birti nefndin áfangaskýrslu þar sem settar voru fram helstu hugmyndir um breyttar áherslur í skólastarfi. Áfangaskýrslan hlaut góðar viðtökur og líflega umræðu í þjóðfélaginu. Hún var send fjölda aðila til umsagnar og vann nefndin úr þeim viðbrögðum á vor- og sumarmánuðum síðasta árs.

Mjög var vandað til umsagna um skýrsluna og komu þær nefndinni að miklu gagni. Á grundvelli áfangaskýrslu og umsagna gekk nefndin frá tillögum sínum og vann að gerð lagafrv. Vinna við frv. til laga um framhaldsskóla stóð allt sl. haust og skilaði nefndin mér drögum að frv. í febrúar á þessu ári. Ég kynnti drögin þegar fyrir hagsmunaaðilum og bað um umsagnir og viðbrögð svo ganga mætti frá frv. til framlagningar á Alþingi sl. vor og var svo gert.

Vinna við grunnskólafrv. og lokaskýrslu nefndarinnar stóð fram á vor og voru skýrslan og frv. kynnt opinberlega í júlímánuði. Grunnskólafrv. var síðan sent hagsmunaaðilum til umsagnar. Í septembermánuði var farið yfir umsagnir þeirra í ráðuneytinu og unnin endanleg gerð grunnskólafrv. Á sama tíma voru einnig gerðar breytingar á framhaldsskólafrv. í framhaldi af umræðum í þjóðfélaginu frá því að frv. var kynnt á Alþingi í vor.

Þann 4. okt. sl. voru frv. lögð fyrir ríkisstjórnina sem samþykkti að þau yrðu lögð fram á Alþingi sem stjfrv.

Meginmarkmið beggja frv. er að bæta skólastarf í grunn- og framhaldsskólum. Stefnt er að því að styrkja menntunar- og uppeldishlutverk skólanna, efla faglegt skólastarf og bæta þannig árangur náms og kennslu. Frv. byggja á heildstæðri skólastefnu sem endurspeglast í tilteknum grundvallarstefnumiðum fyrir skólastarf á báðum skólastigum.

Helstu stefnumið frumvarpanna eru þessi:

1. Aukin valddreifing í skólakerfinu. Lagt er til að grunnskólinn verði alfarið á höndum sveitarfélaga og sjálfstæði skóla einkum á framhaldsskólastigi verði aukið verulega. Stjórnun skólanna verður styrkt á þann hátt að skólanefndir verði virkari en nú er en skólastjórar grunnskóla og skólameistarar framhaldsskóla hafi ótvírætt forustuhlutverk í faglegri stjórnun og daglegum rekstri.

2. Fræðsluyfirvöld skilgreini skýr markmið um nám og kennslu og fylgist með því að skólastarfið og árangur þess sé í samræmi við yfirlýst markmið. Samræmd námsmarkmið skulu skilgreind í aðalnámsskrá sem gefin verði út fyrir grunn- og framhaldsskóla en innan skólanna skulu þau útfærð nánar í svokallaðri skólanámsskrá. Með þessu er almenningi og skólamönnum gerð skýr grein fyrir því að hverju skuli stefnt í skólum.

Jafnhliða skýrri markmiðssetningu er lögð áhersla á reglubundið eftirlit með árangri skólastarfsins af hálfu fræðsluyfirvalda, m.a. með því að fjölga samræmdum prófum í skólakerfinu. Tilgangur slíkrar samræmingar er að reyna að tryggja lágmarksgæði í skólastarfi hvar sem er á landinu og jafnrétti nemenda til skólastarfs af sambærilegum gæðum óháð því hvar þeir sækja skóla.

3. Teknir verði upp starfshættir sem stuðli að aukinni fagmennsku í skólastarfi. Skólastjóri og skóla-

meistari gegni faglegu forustuhlutverki í starfi grunn- og framhaldsskóla. Lagt er til að allir grunn- og framhaldsskólar gefi út sérstaka skólanámsskrá. Skólanámsskrá er unnin af kennurum og fagfólki og er opinber yfirlýsing skólans um áherslur í skólastarfi, starfshætti skólans og sérstöðu, m.a. með tilliti til námsframboðs.

Einnig er lagt til að allir skólar taki upp viðurkenndar aðferðir til að meta sitt innra starf. Sem dæmi má nefna gagnkvæma aðstoð kennara á vettvangi, skipulagt umbótastarf og mat á stjórnunarháttum og samskiptum starfsfólks innan skólans og við aðila utan hans. Lagt er til að lög kveði á um faglegt forustuhlutverk skólastjórnenda en ákvæði frumvarpanna um skólanámsskrárgerð og sjálfsmat skóla kalla á mikla samvinnu kennara og annars fagfólks undir forustu skólastjóra eða skólameistara. Slíkir starfshættir stuðla að aukinni fagmennsku og vinna gegn þeirri einangrun sem oft einkennir kennarastarfið.

4. Stigið er skref í þá átt að opna skólana gagnvart samfélaginu. Almennir þjóðfélagsþegnar fá með formlegum hætti möguleika á áhrifum á skólastarfið. Í grunnskólum eru það foreldrar barna í viðkomandi skóla, í framhaldsskólum eru það fulltrúar úr atvinnulífi í viðkomandi byggðarlagi. Auk þess sitja í skólanefndum beggja skólastiga fulltrúar þess samfélags sem skólinn á að þjóna.

Annar þáttur í opnun skólanna gagnvart samfélaginu er sú áhersla sem lögð er á upplýsingamiðlun til almennings um skólastarf og árangur þess. Gert er ráð fyrir að menntmrn. safni saman og gefi út upplýsingar um framkvæmd skólastarfs og að skilgreind verði upplýsingaskylda sveitarfélaga og skóla.

5. Mat á skólakerfinu og einstökum þáttum þess verði eflt á næstu árum til að afla áreiðanlegra upplýsinga um þætti eins og stjórnunarhætti í skólum, námsárangur og námsferil nemenda, kennsluhætti og áhrif þeirra á námsárangur, samskipti í skólum og tengsl heimila og skóla.

Mikilvægt er að menntmrn. haldi uppi reglubundnu eftirliti með skólastarfi og standi reglulega fyrir heildarmati á skólakerfinu. Án eftirlits er hætt við að ákvarðanir stjórnvalda um menntamál byggist fremur á tilgátum en þekkingu en megintilgangur mats á skólum er að fá heildarmynd af skólastarfinu eins og það er á hverjum tíma og vinna að umbótum á því. Beina þarf sjónum að ýmsum þáttum í innra starfi skólanna svo sem stjórnun, framkvæmdaáætlun, þróunarstarfi, endurmenntun kennara og skólastjórnenda, námsárangri nemenda og tengslum við foreldra svo eitthvað sé nefnt. Niðurstöður mats á skólum eru mikilvægt hjálpartæki fyrir stjórnvöld við mótun menntastefnu og sem viðmiðun fyrir skóla og aðra framkvæmdaaðila.

6. Starfstími grunn- og framhaldsskóla verði betur nýttur og kennsludögum fjölgað. Gert er ráð fyrir að starfstími skólanna verði áfram níu mánuðir eins og nú er en sú breyting er gerð að starfstími skólanna er skilgreindur út frá rétti nemenda til náms og starfa í skólum. Í báðum frv. er tilgreindur lágmarksfjöldi kennsludaga. Með þessu er stefnt að því að nýta betur til kennslu hið níu mánaða skólaár.

7. Kjarasamningar við kennara verði endurskoðaðir frá grunni. Bæði frv. gera ráð fyrir breyttum starfsháttum í skólum, starfsháttum sem kalla á endurskoðun vinnutímaskilgreininga í kjarasamningum kennara. Ber þar helst að nefna þá áherslu sem lögð er á aukið samstarf kennara í tengslum við gerð skólanámsskrár og innra mat á starfi skólanna. Einnig munu breyttar skilgreiningar á starfstíma grunn- og framhaldsskóla kalla á endurskoðun kjarasamninga kennara í grunn- og framhaldsskólum.

Ég sný mér þá sérstaklega að frv. til laga um grunnskóla. Meginmarkmiðið með hinu nýja frv. er að sami aðili beri faglega og fjárhagslega ábyrgð á þessum mikilvæga málaflokki auk þess sem flutningur til sveitarfélaga er liður í aukinni valddreifingu í skólakerfinu en flutningur alls reksturs grunnskólans til sveitarfélaga er stærsta skrefið í þá átt. Nú greiða sveitarfélög allan kostnað við rekstur og framkvæmd grunnskólans að undanskildum launum kennara, rekstri sérskóla, sérkennslu, námsgögnum og rekstri fræðsluskrifstofa. Með frv. er lagt til að sveitarfélög taki við öllum þessum verkefnum að undanskilinni útgáfu námsbóka sem sveitarfélögin greiði þó fyrir.

Ýmsir hafa látið í ljós áhyggjur af því að sveitarfélög hafi ekki bolmagn til að takast á við þetta verkefni en ég er sannfærður um að séu sveitarfélögum tryggðir tekjustofnar og þau hafi samstarf sín á milli um ýmiss konar þjónustu við skólana munu þau reka grunnskólann með miklum sóma.

Menntmrh. fer áfram með yfirstjórn grunnskólans og fylgist með því að fylgt sé þeirri stefnumörkun um nám og kennslu sem lög kveða á um.

Heyrst hafa raddir um að eðlilegt sé að sveitarfélög hafi óskorað vald til að skipuleggja skólahald þegar allur rekstur grunnskólans flyst til þeirra. Þessu er ég ekki sammála. Ein af forsendum þess að unnt sé að tryggja að allir nemendur hljóti sambærilega grunnmenntun er sameiginleg rammalöggjöf um skólahald, aðalnámsskrá þar sem kveðið er á um hvað skuli kennt, námsgögn sem uppfylla kröfur aðalnámsskrár, samræmd próf sem m.a. eiga að kanna árangur skólastarfsins og virkt eftirlit og mat á skólastarfi.

Ég tel því eðlilegt að þessi verkefni verði áfram hjá ríkinu til að tryggja jafnrétti til náms og ákveðið samræmi í grunnmenntun þjóðarinnar.

Ný verkaskipting kallar eðlilega á ýmsar aðrar breytingar frá gildandi lögum og því hafa verið felldir út kaflar úr gildandi lögum sem fjalla um stjórnun grunnskóla, rekstur fræðsluskrifstofa og fjármál. Verkefni fræðsluskrifstofa eins og daglegt eftirlit með skólahaldi og ýmis sérfræðiþjónusta verða framvegis á vegum sveitarfélaga.

Jafnframt hafa verið gerðar breytingar á nokkrum öðrum greinum laganna og er þar fyrst og fremst um að ræða umbætur eins og aukningu vikulegs kennslumagns samfara einsetningu grunnskólans, heimildarákvæði um lengda viðveru nemenda, ákvæði um að allir skólar geri skólanámsskrá, aukin áhrif foreldra á skólastarf, aukin áhrif skólanefnda á innra starf skóla,

kennsla nýbúabarna, aukin áhersla á námsmat og mat á skólastarfi.

Í ákvæði til bráðabirgða er lagt til að samfara einsetningu grunnskóla komi ákvæði 27. gr. frv. um lágmarks vikulegan kennslutíma nemenda til framkvæmda á árabilinu 1995–1999. Ég hef þegar skilað sex stundum af þeim tólf sem skornar voru niður haustið 1992 og í frv. til fjárlaga er gert ráð fyrir að hinum sex stundunum verði skilað haustið 1995. Að auki er lagt til í frv. að 37 vikustundir bætist við grunnskólann fram til skólaársins 1999–2000.

Víða um land eru skólar nú þegar einsetnir og í sveitarstjórnarkosningum sl. vor kom í ljós að fjölmörg sveitarfélög hafa lýst yfir vilja og metnaði til að einsetja skóla sem fyrst.

Samkvæmt gildandi lögum skulu allir skólar vera orðnir einsetnir árið 2001 og hafa sveitarstjórnir frest til þess tíma þó svo að lagt sé til að ríkið hafi staðið við sinn hlut tveimur árum fyrr eða skólaárið 1999–2000.

Þegar þessu takmarki er náð má fullyrða að eitt mesta framfaraspor í sögu íslenskra grunnskóla hafi verið stigið. Í einsetnum skóla hefja öll börn vinnudag sinn á sama tíma að morgni þegar þau ættu að vera óþreytt og móttækilegust fyrir námi. Vinnudagur nemenda er samfelldur. Einsetning skóla mun stuðla að auknu jafnvægi í lífi grunnskólabarna og fjölskyldna þeirra. Í raun er því um að ræða sjálfsagt mannréttindamál auk þess sem einsetning stuðlar að auknu jafnrétti til náms.

Í 27. gr. frv. er sú nýjung að þar er heimildarákvæði um að sveitarstjórnir geti boðið nemendum sínum lengda viðveru utan daglegs kennslutíma. Er þar verið að lögfesta framkvæmd sem nokkur sveitarfélög hafa þegar komið á að eigin frumkvæði. Athyglisverðar tilraunir hafa verið gerðar víða um land til að lengja viðveru barna í skólum utan daglegs kennslutíma. Þar hafa sveitarfélög bæði sýnt frumkvæði og útsjónarsemi við að bæta þjónustu við fjölskyldufólk. Þegar 4. og 27. gr. frv. koma að fullu til framkvæmda innan fárra ára hafa Íslendingar loks náð því takmarki sem þá hefur lengi dreymt um en það er að börn um land allt eigi aðgang að einsetnum skóla þar sem vinnudagur þeirra er samfelldur og að lokinni kennslu eigi þau kost á þroskavænlegu starfi hvort heldur um er að ræða aðstoð við heimanám, leik, hvíld eða tómstundastarf.

Í 12. gr. frv. er kveðið á um hlutverk skólanefndar grunnskóla. Skólanefndir fá aukið hlutverk miðað við gildandi lög og þá fyrst og fremst hvað varðar innra starf skólanna í samræmi við þá hugsun að flutningur valds frá menntmrn. fari til kjörinna fulltrúa. Skólanefnd er áfram ætlað að bera ábyrgð á því að öll skólaskyld börn í skólahverfinu njóti lögbundinnar fræðslu og fullnægjandi húsnæði og annar aðbúnaður sé fyrir hendi. En henni er nú einnig gert að fylgjast með innra starfi skólans, gefa umsögn um skólanámsskrá og veita sveitarstjórn og menntmrn. upplýsingar um framkvæmd skólahalds.

Með flutningi grunnskólans til sveitarfélaga flyst rekstur og ábyrgð á skólum til sveitarstjórna og því munu verkefni og verksvið skólanefnda að öðru leyti ráðast af þeim verkefnum sem sveitarstjórnir kunna að fela þeim.

Nýjung í frv. eru aukin áhrif foreldra á skólastarfið sem fram koma í 15. og 16. gr. frv. Í gildandi lögum er heimildarákvæði um stofnun foreldrafélaga eða foreldra- og kennarafélaga við skóla. Hér er stigið skrefi lengra og er það gert í fullu samráði við samtök foreldra skólabarna. Annars vegar er kveðið á um að stofnað skuli foreldraráð við hvern skóla, foreldraráð sem skipað skal þremur foreldrum og hins vegar er heimildarákvæði um foreldrafélög við skóla. Samtök foreldra skólabarna lögðu áherslu á að hvorki foreldrafélög né foreldraráð væru skipuð kennurum og er sú ábending tekin til greina við gerð frv.

Með foreldraráði, sem er skipað þremur fulltrúum foreldra, eins og áður sagði, er verið að mynda formlegan vettvang til að koma sjónarmiðum foreldra um innihald og áherslur í starfi skólans og skipulegs skólahalds á framfæri við stjórn skólans. Eitt af hlutverkum foreldraráðs er að gefa skólanámsskrá skólans umsögn og fylgjast með framkvæmd hennar. Foreldraráð skal jafnframt fylgjast með áætlunum skólanefndar um skólahald og má þá nefna þætti eins og áform um skólabyggingar, búnað skóla og skólaakstur.

Ákvæði í 30. gr. frv. um að kjarnagreinar verði skilgreindar í aðalnámsskrá er nýjung. Kjarnagreinar eru þær námsgreinar sem öðrum skyldunámsgreinum fremur eru taldar hafa þýðingu fyrir framhaldsnám, atvinnu og menntun.

Í skýrslu nefndar um mótun menntastefnu er lagt til að kjarnagreinar verði íslenska, stærðfræði og enska. Í frv. er eingöngu kveðið á um að kjarnagreinar skuli tilgreindar í aðalnámsskrá en ekki tilgreint hvaða greinar skuli vera kjarnagreinar.

Í 32. gr. frv. er ákvæði um að verja megi allt að þriðjungi námstíma nemenda í 9. og 10. bekk í valgreinar. Samkvæmt gildandi lögum skiptast námsgreinar grunnskólans í skyldunámsgreinar og valgreinar. Þar er að finna heimildarákvæði um að skólar megi verja allt að helmingi námstíma nemenda í 8.–10. bekk í ýmsar valgreinar. Skólahaldsskýrslur sýna að heimild laganna til að bjóða valgreinar í 8. bekk hefur sáralítið verið nýtt. Það er fyrst og fremst í 10. bekk sem nemendur leggja stund á aðrar námsgreinar en þær sem tilgreindar eru í aðalnámsskrá og viðmiðunarstundaskrá.

Í viðmiðunarstundaskrá er kennslustundum skipt niður á námsgreinar og hefur tilhneigingin verið sú að gefa íslensku og stærðfræði mest vægi. Í fyrirliggjandi frv. er því í raun verið að lögfesta þá þróun sem orðið hefur í kennslu á undanförnum árum.

Enn ein nýjung í frv. er ákvæði 31. gr. um að hver skóli skuli gefa út skólanámsskrá. Þar er um að ræða rökstudda áætlun um skólastarfið sem unnin er af starfsfólki skólans undir faglegri forustu skólastjóra. Skólanefnd og foreldraráð eru umsagnaraðilar um skólanámsskrá þótt ekki sé gert ráð fyrir að þessir aðilar eigi að staðfesta skólanámsskrána formlega.

Það er ekki löng hefð fyrir gerð skólanámsskrár hér

á landi. Í gildandi lögum er hennar ekki getið. Hins vegar eru að finna í aðalnámsskrá grunnskóla frá 1989 tilmæli til skóla um að þeir geri slíka vinnuáætlun. Vitað er að margir skólar hafa hafist handa við gerð skólanámsskrár. Starfsmenn skóla hafa í dag mikið frelsi til að skipuleggja og sveigja skólastarfið að þörfum og sérkennum skólanna. Skólanámsskrá er nánari útfærsla á aðalnámsskrá þar sem tekið er mið af sérkennum og sérstöðu hvers skóla. Við gerð slíkrar vinnuáætlunar skapast þýðingarmikill vettvangur fyrir starfsfólk skóla til að vinna sameiginlega að skipulagi og stefnumörkun.

Í 33. gr. frv. er kveðið á um að kennsla í skyldunámi skuli vera nemendum að kostnaðarlausu, þar með talin námsgögn. Meginbreytingin sem frumvarpsgreinin felur í sér er sú að sveitarfélögum er gert skylt að leggja til og kosta námsgögn í skyldunámi. Hlutverk ríkisins verður að reka sérstaka stofnun sem á að tryggja að ætíð séu fyrir hendi námsbækur og námsgögn sem standast kröfur gildandi laga og aðalnámsskrár. Ríkið rekur þegar slíka stofnun, Námsgagnastofnun, sem starfar samkvæmt lögum nr. 23/1990. Gert er ráð fyrir að með samþykkt frv. falli þau lög úr gildi en unnið verður að undirbúningi nýs frv. um Námsgagnastofnun í samræmi við hina nýju stefnumótun.

Ákvæði 36. gr. um að nemendur sem hafa annað móðurmál en íslensku eigi rétt á sérstakri kennslu í íslensku sem öðru tungumáli eru nýmæli. Sama gildir um heimild til að veita þessum nemendum undanþágu frá því að þreyta samræmd lokapróf í íslensku og leggja fyrir þá sérstakt lokapróf í sömu grein.

Ég hef í ráðherratíð minni beitt mér fyrir eflingu íslenskukennslu fyrir nýbúa. Vorið 1992 skipaði ég starfshóp um íslenskukennslu fyrir innflytjendur. Í kjölfar niðurstaðna starfshópsins hófst heildarskipulagning á þjónustu við nýbúabörn í skólum landsins og veitti ríkisstjórnin aukafjárveitingu til skipulags- og tilraunastarfs. Síðan hafa fjárveitingar til nýbúakennslu aukist, bæði til kennslu í grunnskólum, framhaldsskólum og fyrir fullorðna nýbúa. Gert er ráð fyrir að við næstu endurskoðun aðalnámsskrár grunnskóla verði sérstök ákvæði um íslenskukennslu fyrir nýbúa og aðra þjónustu sem skólum verður ætlað að veita nýbúabörnum.

Í 46. gr. frv. er kveðið skýrar á um samræmd próf í grunnskóla en gildandi lög gera. Gert er ráð fyrir að bætt verði við prófum í kjarnagreinum í 4. og 7. bekk. Þau eru hugsuð til þess að gefa skólum, kennurum, nemendum og foreldrum upplýsingar um árangur náms og kennslu í ákveðnum þáttum námsgreina. Í ljósi niðurstaðna á skólinn að bregðast við, m.a. að veita nemendum sem ekki hafa náð tiltekinni lágmarksþekkingu og færni sérstakan stuðning. Þá er brýnt að kennurum sé tryggður aðgangur að stöðluðum kunnáttuprófum sem hafa þann tilgang að greina stöðu og vandamál einstakra nemenda en slík próf má t.d. nota í upphafi skólaárs til þess að undirbúa einstaklingsmiðaðar kennsluáætlanir eða á öðrum tímum til að greina stöðu og framfarir nemenda.

Loks er í þessari grein gert ráð fyrir að hægt verði að leggja fyrir í skólum samræmd könnunarpróf sem hafa þann tilgang að veita skólafólki og fræðsluyfirvöldum upplýsingar um árangur náms og kennslu í einstökum námsgreinum eða námsþáttum.

Þá eru það nýmæli sem birtast í 49. og 51. greinum frv. Annars vegar er um að ræða ákvæði um að skólar taki upp sjálfsmatsaðferðir til að meta árangur skólastarfsins og hins vegar að menntmrh. er gerður ábyrgur fyrir því að fram fari utanaðkomandi mat á skólum og skólastarfi. Þessi ákvæði eru í samræmi við megináherslur hinnar nýju menntastefnu um að efla markvisst mat á skólastarfi. Lagt er til að matið verði bæði í höndum fagfólksins sjálfs í formi gæðastjórnunar í skólum, svo og af hálfu fræðsluyfirvalda sem standa fyrir utanaðkomandi mati á ýmsum þáttum skólastarfsins.

Á síðustu árum hafa hagnýtar og fræðilegar rannsóknir stóraukið þekkingu manna á skólastarfi og þeim þáttum sem hafa áhrif á árangur þess. Það sem mestu ræður um árangur skólastarfsins þegar tekið hefur verið tillit til einstaklingsmunar eru stjórnunarhættir, fagmennska kennara, stefnumörkun og heildarskipulag skólastarfsins, svo og sá andi sem ríkir í skólanum. Í skólum þar sem fagleg forusta er lítil og kennarar eru faglega einangraðir er námsárangur og annar uppeldislegur árangur lakari en í skólum með heildstæða gæðastjórnun. Í góðum skólum er menntastefna skipulögð í einstökum atriðum í skólanámsskrá og kennslan í samræmi við skilgreind markmið. Kennarar hafa langa reynslu af því að meta á óformlegan hátt kennsluaðferðir, kennsluefni og ýmsa aðra þætti sem tengjast skólastarfi. Á síðustu árum hefur hins vegar færst í vöxt að kennarar styðjist við formlegar aðferðir í mati sínu og dragi saman niðurstöður matsins í skýrslum og greinargerðum. Talið er mikilvægt að efla enn frekar þátt sjálfsmats í skólum og þarf í því sambandi að bjóða kennurum viðbótarmenntun á þessu sviði.

Frv. um grunnskóla var sent fjölmörgum hagsmunaaðilum til umsagnar í ágústmánuði sl. og barst fjöldi vandaðra umsagna. Það sem mest var gagnrýnt í frv. voru áform um að lengja skólaárið úr níu mánuðum í tíu. Það var vilji langflestra umsagnaraðila að hafa skólaár grunnskóla áfram níu mánuði en nýta þá mánuði betur en gert hefur verið. Þá kom sú krafa skýrt fram að nauðsynlegt væri að lengja skóladag yngstu nemenda, að einsetja þyrfti skóla og gefa nemendum kost á lengri viðveru. Þá var óskað sterklega eftir því að hlutverk ráðuneytisins yrði skilgreint nánar hvað varðar eftirlit með skólahaldi, sbr. 9. gr. frv., að nánari reglur yrðu settar um framkvæmd 37. gr. um stuðning við nemendur með sérþarfir og að kveðið yrði nánar á um lágmarkssérfræðiþjónustu við skólana, sbr. 42. gr. frv.

Ég hef brugðist jákvætt við þessum athugasemdum. Fallið hefur verið frá lengingu skólaársins í tíu mánuði, en stefnt er að betri nýtingu skólaársins. Ákvæði um vikulegan kennslustundafjölda hefur verið breytt í samræmi við óskir um lengri kennslutíma og í 27. gr. er nú í fyrsta sinn skilgreindur í lagafrv. skóladagur í

einsetnum grunnskóla. Þar er einnig heimildarákvæði um lengda viðveru utan dagslegs kennslutíma. Reynt er að skýra frekar eftirlitsskyldu menntmrn. og upplýsingaskyldu sveitarfélaga, sbr. 9. og 10. gr., en ekki var fallist á að setja inn ákvæði um viðurlög ef sveitarfélög stæðu sig ekki í rekstri grunnskóla. Gert er ráð fyrir að með söfnun og birtingu upplýsinga um skólahald sé aðhald ráðuneytis gagnvart sveitarfélögum nægilegt.

Í nokkrum umsagnanna komu í ljós áhyggjur vegna 37. gr. frv. sem fjallar um sérstakan stuðning við nemendur. Þessir umsagnaraðilar óttuðust að með frv. væri á einhvern hátt verið að skerða réttindi þessara barna til náms frá því sem nú er. Það er af og frá. Bæði frv. og lokaskýrsla nefndar um mótun menntastefnu margítrekar þá jafnréttisstefnu að öll börn og unglingar eigi rétt á námi við hæfi og jafnframt að hið opinbera skólakerfi eigi að veita öllum börnum og unglingum kost á námi í heimabyggð sé þess nokkur kostur. Sem viðbrögð við fram kominni gagnrýni voru þó gerðar vissar orðalagsbreytingar á frumvarpsgreininni og bætt við ákvæði um að menntmrh. setji reglugerð um rétt nemenda til sérstaks stuðnings, svo og um þjónustu við þessa nemendur.

Í 42. gr. frv. er bætt reglugerðarákvæði um lágmarkssérfræðiþjónustu sveitarfélaga við grunnskóla, en fjölmargir umsagnaraðilar óttuðust að frv. tryggði ekki nægilega vel rétt skóla til þessarar þjónustu. Fleiri breytingar má nefna. Horfið var frá því að breyta kennarafundum í starfsmannafundi og eru ákvæði um kennarafundi óbreytt frá gildandi lögum. Tekið er út ákvæði gildandi laga um að fulltrúi foreldra eigi rétt til setu á kennarafundum og var það gert að ósk samtaka kennara. Að auki má nefna að komið er til móts við fjölmargar tillögur um orðalagsbreytingar. Ekki var unnt að taka tillit til allra þeirra athugasemda sem gerðar voru, annaðhvort vegna breyttra forsendna, þ.e. flutnings grunnskólans til sveitarfélaga, eða vegna þess að þær samræmdust ekki þeirri stefnu sem mótuð er í frv.

Eins og fram kemur í 23. gr. frv. þarf eftir flutning grunnskólans að fara eftir ákvæðum í samþykkt um stjórn sveitarfélaga við ráðningar starfsliðs grunnskóla. Því var ekki unnt að verða við athugasemdum þar að lútandi. Einnig komu fram mótmæli við samræmd próf í 4. og 7. bekk, sbr. 46. gr. Í ljósi aukinna krafna um vel menntaða þjóðfélagsþegna, um upplýsingaskyldu fræðsluyfirvalda um skólahald og námsárangur, síaukinnar þarfar á sérkennslu á undanförnum árum og slaks námsgengis of margra nemenda í framhaldsskólum tel ég afar brýnt að þegar í grunnskóla verði reynt að bregðast við og styðja þá nemendur sem eiga við erfiðleika að etja í námi.

Í rannsókn sem gefin var út á vegum Evrópusambandsins fyrr á þessu ári og fjallar um brottfall nemenda úr skólum er sérstaklega rætt um gildi þess að nota samræmt námsmat til að veita nemendum endurgjöf í náminu og vera kennurum til leiðbeiningar um áherslur í kennslunni. Með því móti fá kennarar mun víðtækari og hlutlægari viðmiðun um stöðu einstakra nemenda en þegar einkunnagjöfin miðast aðeins við námsstöðu eins tiltekins hóps nemenda.

Einnig vil ég minna á að í umræðunni hér á landi eru æ fleiri orðnir fylgjandi því að leggja fyrir samræmd próf víðar á skólaferlinum en nú er. Þannig sýndi könnun, sem gerð var á meðal félagsmanna í Kennarafélagi Reykjavíkur og birt var sl. vor, að 86,9% þeirra voru fylgjandi samræmdum prófum í 10. bekk, 69,3% vildu fá samræmd próf í 7. bekk og 46,2% vildu þau í 4. bekk. Tilgangur prófanna í 4. og 7. bekk er að kanna stöðu nemenda í námi þannig að unnt verði að bregðast við vandamálum sem allra fyrst. Því hef ég ekki fallist á að hverfa frá þessu ákvæði.

Mjög margir umsagnaraðilar vildu að í frv. yrði sett ákvæði um hámarksfjölda nemenda í bekkjardeildum. Í frv. eru ekki sérstök ákvæði eða viðmiðanir um fjármál grunnskóla þar sem gert er ráð fyrir að sveitarfélög kosti allan rekstur hans. Fjöldi kennara óttast niðurfellingu ákvæðis um hámarksfjölda í námshópum og telur að slíkt kunni að fela í sér að sveitarfélögum sé í sjálfsvald sett hversu stórar bekkjardeildir grunnskólans verði. Í þessu sambandi má benda á að samkvæmt könnun sem gerð var á högum grunnskólakennara árið 1985 töldu kennarar það mikilvægasta baráttumál kennarasamtakanna að undanskilinni baráttu fyrir hækkun grunnlauna að ná fram fækkun nemenda í bekkjardeildum. Áhersla kennara á að fækka í bekkjardeildum tengist án efa þeirri staðreynd að agavandamál hafa aukist í grunnskólum á undanförnum árum auk þess sem kennsla í getublönduðum námshópum gerir miklar kröfur um fjölbreytni og sveigjanleika í kennsluháttum. Krafan um fækkun í bekkjardeildum er því vel skiljanleg frá sjónarhóli kennara sem standa í eldlínunni dag hvern. Ákvæði gildandi grunnskólalaga um þrepaskiptingu á hámarksfjölda í bekkjum felur í sér nokkurn vanda í útfærslu þar sem hámarksákvæðið er 18 nemendur fyrir fyrsta árið, 22 fyrir annað og þriðja skólaárið og 28 eftir það. Er ljóst að víða í skólum skapast nauðsyn á að sameina bekki eða skipta nemendum eins bekkjar niður á aðrar bekkjardeildir árgangsins eftir að þeir hafa verið saman í 1–3 ár. Er ljóst að víða í skólum skapast nauðsyn á að sameina bekki eða skipta nemendum eins bekkjar niður á aðrar bekkjardeildir árgangsins eftir að þeir hafa verið saman í 1–3 ár. Hætta er við að slíkt feli í sér röskun á skólagöngu þessara barna. Hjá nágrannaþjóðum okkar er ekki um að ræða slíka þrepaskiptingu á hámarksviðmiðum nemendafjölda þar sem hún er fyrir hendi. Í Svíþjóð eru engin viðmið um fjölda nemenda í bekk í lögum eða reglugerðum en í Danmörku eru hámarksviðmiðin 28 nemendur við upphaf skólaárs og á öllum aldursstigum grunnskólans og sveitarstjórn getur í undantekningartilvikum heimilað að nemendur verði 30 í bekk.

Í Noregi eru tvenns konar hámörk fyrir grunnskólann, 28 nemendur á neðra stigi grunnskólans og 30 nemendur á unglingastigi. Ég vil taka fram að ég hef skilning á kröfu kennara um fámennari bekkjardeildir, ekki síst þegar haft er í huga að það rót sem er á lífi fjölmargra íslenskra grunnskólabarna og hvernig það endurspeglast í eirðarleysi þeirra og vanlíðan. Ég tek undir að tryggja þurfi með einhverjum hætti að allir

nemendur í námshópum, hvort heldur er bekkjardeildum eins árgangs eða í samkennsluhópum, fái notið kennslu við hæfi. Í raun er verið að ræða kröfuna um nægilega hátt hlutfall kennara í skólum miðað við tiltekinn fjölda nemenda. Hvort það gerist með deilingu ákveðins fjölda nemenda á hvern kennara í bekkjardeildum eða á annan hátt, t.d. með aukinni samvinnu kennara og sveigjanleika í hópaskiptingu, er ákvörðun sem æskilegt væri að leggja í hendur fagfólks viðkomandi skóla. Ég vil í þessu sambandi benda á það að fjöldi bekkjardeilda getur haft áhrif á það hversu fljótt tekst að einsetja grunnskólana. Vera kann að hægt sé að ná sambærilegum áhrifum, þ.e. að auka tengsl kennara og nemenda og bæta aga með því að fjölga kennurum og rýmka möguleika á því að fleiri en einn kennari kenni einum námshóp. Hugsanlegt er einnig að setja inn ákvæði um hámarksfjölda nemenda á hvern kennara.

Ég vil hvetja hv. alþm. til að velta upp fleiri hliðum þessa vandasama máls. Ekki er víst að ákvæði um hámarksfjölda nemenda í bekk skili okkur þeim árangri sem að er stefnt. Þó vil ég taka fram að ég mun ekki leggjast gegn því að slíkt ákvæði verði sett inn í frv. ef sú skoðun verður ofan á í umræðunni á Alþingi.

Undirbúningsvinna af hálfu menntmrn. fyrir fyrirhugaðan flutning á rekstri grunnskóla hefur tekið til fleiri þátta en gerðar frv. til laga um grunnskóla. Ég skipaði tvo starfshópa til að fjalla um málefni er tengjast flutningnum og liggja fyrir skýrslur þeirra. Önnur skýrslan fjallar um hvernig farið skuli með óunnin starfstengd réttindi kennara við flutninginn, svo og um tilhögun kjarasamninga. Hin skýrslan fjallar um mat á kostnaði við tilfærslu grunnskólans til sveitarfélaga og hvernig sveitarfélögum verði tryggðar auknar tekjur til að standa undir rekstri þess hluta grunnskólans sem enn er í höndum ríkisins. Enn er eftir nokkur vinna á báðum þessum sviðum og brýnt að henni verði fram haldið nú þegar frv. er komið til formlegrar umræðu á Alþingi og línur taka að skýrast um það hvernig lagalegur rammi um hinn nýja grunnskóla muni líta út.

Innan menntmrn. hefur verið unnið að undirbúningi frv. til laga sem tryggir áunnin réttindi fastráðinna kennara við flutninginn og vænti ég þess að geta lagt það fram innan tíðar og mælt fyrir því.

Einnig hef ég með samþykki ríkisstjórnarinnar ákveðið að skipa sérstakan starfshóp til að undirbúa flutning grunnskólans til sveitarfélaga, að hafa yfirsýn yfir og samræma þau verkefni sem fyrir liggja í tengslum við flutninginn. Í starfshópnum verða fulltrúar tilnefndir af samtökum kennara, Sambandi ísl. sveitarfélaga, félmrn., fjmrn. og menntmrn. Ég stefni að því að þessi hópur hefji störf hið fyrsta.

Hæstv. forseti. Mikil vinna liggur að baki því frv. sem ég hef verið að mæla fyrir. Þar á ég að sjálfsögðu fyrst og fremst við starf 18 manna nefndarinnar en einnig er rétt að taka fram að fjölmörg áhersluatriði í hinni nýju skólastefnu eru sameiginleg markmið þeirra sem að skólamálum vinna. Það er því engin ástæða til að fara í pólitíska flokkadrætti þar um. Framþróun í skólamálum er stöðug og hver lagagerð er barn síns tíma. Þetta nýja frv. er liður í þróun grunnskólans á grundvelli þeirrar stefnumörkunar sem gerð var með grunnskólalögunum 1974. Lögin sem samþykkt voru í tíð fyrrv. menntmrh., hv. þm. Svavars Gestssonar, voru áframhaldandi þróun á þeirri braut að búa svo að grunnskólanum að hann gæti veitt öllum nemendum á aldrinum 6 til 16 ára þjónustu við hæfi.

Hvað varðar skólastefnu þessa frv. þá staðfestir það fyrri stefnumörkun og er frekari þróun hennar. Vissulega eru þar lagðar nýjar áherslur, einkum hvað varðar aukna áherslu á eftirlit og mat á skólastarfi. Sú áhersla er í samræmi við þróun skólamála í nágrannalöndum og einnig þáttur í því að stefnt er að yfirfærslu grunnskólans til sveitarfélaga.

Hæstv. forseti. Ég læt í ljós þá von að um þetta mikilvæga mál takist sem allra mest sátt hér í þinginu og meðal þeirra mörgu sem við skólalöggjöfina eiga að búa. Segja má að þar sé um að ræða nær hverja fjölskyldu í landinu. Enginn einn málaflokkur snertir jafnmarga og skólamál.

Ég treysti sveitarfélögunum að taka við þeirri ábyrgð sem fylgir því að verða vinnuveitendur og viðsemjendur skólastjórnenda og kennara. Allur rekstur grunnskólans er þegar kominn til sveitarfélaganna að undanskildum þessum þætti, þ.e. kennurum og stjórnendum. Sveitarfélögin hafa sýnt að þau hafa þann metnað sem þarf til að sinna þessum málaflokki á verðugan hátt.

Ég nefni í þessu samhengi að við sveitarstjórnarkosningar á sl. vori má segja að allir flokkar og öll framboð hafi sett skólamál í öndvegi í kosningabaráttunni. Ég efast um að svo hafi verið áður. Það hefur lengi verið vilji Samtaka sveitarfélaga að fá grunnskólann alveg yfir til sveitarfélaganna. Nú gefst tækifæri að ljúka þeirri yfirfærslu.

Það er von mín að gott samstarf takist við Samband ísl. sveitarfélaga um þetta mikilvæga mál.

Þá legg ég ekki síður áherslu á samstarfið við samtök kennara og skólastjóra. Mér eru vel kunnar efasemdarraddir í hópi þeirra um yfirfærsluna. Í sjálfu sér er það ekki óeðlilegt að efasemdarraddir heyrist meðan óvissa ríkir og útfærsla á ýmsum atriðum er ekki fullákveðin.

Að þeim málum öllum verður nú unnið, vonandi í góðri samvinnu milli allra þeirra sem hlut eiga að máli. Þar bind ég vonir við starfshópinn sem ég nefndi að skipaður yrði og fær það veigamikla hlutverk að samræma það undirbúningsstarf sem þarf að vinna.

Hæstv. forseti. Ég lýk nú máli mínu og legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

[14:20]

Pétur Bjarnason:

Virðulegi forseti. Flestir eru þeirrar skoðunar að núgildandi lög um grunnskóla séu góð að mjög mörgu leyti. Að meginstofni eru þau frá árinu 1974. Þá var lögð geysilega mikil vinna í kynningu á þessum lögum, þau voru vandlega undirbúin og þau hafa reynst okkur, eins og ég sagði áðan, góð lög. Síðan þá hafa

þau tekið nokkrum breytingum, oftast í þá veru að aðlaga þau ýmsum breytingum sem orðið hafa í þjóðlífi okkar og þróun sem orðið hefur í skólum og skólastarfinu, síðast var þeim breytt árið 1991.

Þrátt fyrir þetta hefur ekki enn tekist að koma ákvæðum þessara laga að fullu í framkvæmd. Mest vegna niðurskurðar æ ofan í æ á undanförnum árum eins og reyndar kom fram í máli ráðherrans og hann segist vera að bæta úr eftir mætti þó að sumum finnist það ganga hálfbrösuglega.

Verðugt verkefni núna væri kannski að byrja á því að uppfylla kröfur núgildandi laga og hefði verið æskilegt að kjörtímabilið hefði verið betur nýtt til þess í stað þess niðurskurðar sem beitt hefur verið í grunnskólanum.

Meginhlutverk frv. er að aðlaga þessi lög breytingum þeim sem eiga að verða við flutning grunnskólans til sveitarfélaga. Í meginatriðum get ég tekið undir þá stefnu að flytja skólann en þá með þeim formerkjum sem nauðsynleg eru, að það er verið að flytja skólann sem stofnun, það er verið að flytja skólakerfið í heild en ekki bara verið að flytja launaþáttinn til sveitarfélaganna. Þau taka við ábyrgð á grunnskólanum og það verður að hafa í huga og skiptir verulegu máli.

Það er mikil undirbúningsvinna fram undan þó að einhverju sé lokið og það virðist tilgangslítið að samþykkja þetta frv. ef þessi undirbúningsvinna hefur ekki komist lengra en nú virðist horfa í. Eða það má spyrja hvort þingmenn treysti sér til að samþykkja þetta frv. ef t.d. samningar hafa ekki tekist við kennara og þau mál eru í fullkominni óvissu eða þá aðra starfsmenn skólakerfisins og það má nefna mjög marga aðra óvissuþætti sem óleystir eru.

Hæstv. menntmrh. hefur sýnt mikinn áhuga á því að þessi flutningur geti átt sér stað og það hefur verið áhugamál hans alllengi. Þess vegna hlýtur maður að spyrja: Hvers vegna þá að taka næstum hverja einustu grein laganna, breyta henni með einum eða öðrum hætti í stað þess að einbeita sér að því markmiði sem kannski var upphaflega sett, þ.e. að aðlaga þessi lög breyttum aðstæðum? Þetta vekur furðu margra og ég held að það sjái það hver í hendi sér að þetta verður ekki til þess að greiða fyrir framgangi þessara laga heldur þvert á móti verður til þess að tefja það að megintilgangur þeirra náist fram.

Hæstv. ráðherra sagði hér áðan að hann óskaði eftir því að sátt yrði um þetta frv., um þetta mál, og það næði fram að ganga. Víst væri það æskilegt þar sem líklegt er að hann telji þetta gott frv. en ég vil aðeins rifja upp hvernig upphaf þessa máls verður og það er ekki til þess að kalla á sátt um framhaldið. Skipan átján manna nefndarinnar, sem var einhliða skipuð af ráðherra, það má segja af flokksbræðrum eða jábræðrum hans í skoðunum, er ekki til þess fallin að menn geti búið við sátt um þær niðurstöður sem þar fást. Nefndin er skipuð með þröngum pólitískum sjónarmiðum í stað þess að reyna að kalla eftir bæði sjónarmiðum annarra stjórnmálaflokka sem munu þurfa að fjalla um þetta mál á þingi og í þjóðlífi, auk þess sem ég dreg í efa að nægilegt samráð hafi verið haft eða nægilega margir af starfandi mönnum í skólakerfinu og úr kennslustofunni hafi verið í þessari 18 manna nefnd.

En þetta upphaf er ekki til þess fallið að sátt náist. Þó vona ég að mörg atriði þessa frv. nái fram að ganga og sátt náist um það því að í þessari skýrslu, sem liggur frammi með frv., þ.e. skýrslu nefndar um mótun menntastefnu, eru ýmis atriði sem vel er hægt að taka undir og sama er að segja um frv. Það er eitt og annað þar sem kemur til móts við það sem er að gerast í skólunum og hefur verið að þróast á undanförnum árum.

Ég hef reynt að skoða í þessu frv. þau atriði sem ég tel skipta mestu máli. Eins og ég gat um áðan eru býsna margar greinar frv. teknar upp og þeim meira eða minna breytt. Að sumu leyti er þar um að ræða ósamræmi sem ég mun koma betur að á eftir og að öðru leyti er um að ræða þætti sem ég tel að ekki séu til bóta.

Þegar ég ber saman þá þætti sem jákvæðir eru og til bóta horfa og hina sem eru neikvæðir finnst mér nú að þeir sem eru lakari séu fleiri en þeir sem jákvæðir eru, eða a.m.k. þurfi að vinna þá betur. Ef til vill er í sumum tilvikum hægt að laga greinar frv. með því að skilgreina betur og skýra og sömuleiðis er sums staðar þar sem stangast á ákvæði hvert við annað.

En eins og kom fram hjá hæstv. ráðherra hefur verið tekið tillit til nokkurra þátta og breytt frá frumvarpsdrögunum sem send voru út og var allt heldur til bóta en það var svo sem ekki gífurlega margt sem þar var. Það má tala um kennarafundi í stað starfsmannafunda sem ég tel mjög til bóta. Það er að vísu ekki rétt hjá hæstv. ráðherra að þar hafi engu verið breytt því breytingin er að áður sátu þar kennarar og fastráðnir kennarar, ef ég man rétt, en í frv. stendur að kennarafundi skuli sækja kennarar og aðrir sérfræðingar skóla.

Hugtakið sértækir námsörðugleikar og fleiri breytingar er komið inn í 37. gr. ásamt aukinni áherslu á heimaskóla fyrir nemendur og eins fagna ég því að þar er ákveðið að setja reglugerð til þess að skýra þar þætti betur sem nauðsynlegt er að sé gert frá því sem lagagreinin kveður á um.

Í þessu frv. er fallið frá 10 mánaða skóla sem ég held að sé til bóta, a.m.k. á þessu stigi málsins. Ég skal ekkert taka af um það að 10 mánaða skóli komi einhvern tímann til greina hér hjá okkur en að svo stöddu tel ég alls ekki að það sé tímabært og fagna því að frá því er horfið að sinni og tek undir það, eins og kennarar hafa reyndar gert, að ná má fram mun betri nýtingu skólaársins innan 9 mánaða skóla.

Þá tek ég undir þau ákvæði í þessu lagafrv. sem fjallar um aukningu kennslumagns. Þarna er um að ræða góða og metnaðarfulla áætlun sem er öll af hinu góða ef peningar fylgja með þessu til sveitarfélaganna og það er nauðsynlegt að það sé skýrt tekið á því með tekjustofnum sem þau fá í þessu sambandi. En það verður að segjast eins og er að reynsla síðustu ára í rekstri ríkisins til þessa þáttar er ekki mjög góð til þess að maður trúi því að þetta muni nást fram.

Það er ágætt að fá inn lögbundin ákvæði, fá þau inn í lög um könnunarpróf og greinandi kunnáttupróf sem

ég held að sé mjög af hinu góða í skólastarfinu og mjög æskilegt að fá inn. Aftur á móti þar sem kveðið er á um samræmd próf og talað um að þau séu þrjú á skólatímanum í 4., 7. og 10. bekk, þá finnst mér það í meira lagi og leggst fyrir mitt leyti gegn þessum samræmdu prófum sem taka á upp í 4. bekk og það gera reyndar mjög margir samkvæmt könnun sem nýlega var gerð og meiri hluti leggst gegn þessu. Aftur á móti má hugsa sér 7. bekkjar próf, sem er í rauninni hliðstætt við gamla barnaprófið, að þar komi upp könnun af þessu tagi sem kannski væri þó ekki með nákvæmlega sama móti eins og samræmd próf sem nú eru í 10. bekk. En það er að mínu mati hlutur sem er rétt að skoða. En ég vara samt við því að oftúlka samræmd próf, gildi þeirra, einkunnir sem þau gefa og að nota þær of mikið til samanburðar. Ég held að það sé margt sem skekkir þá mynd og það sé ekki rétt að nota þetta í of þröngum skilningi og á það hafa reyndar þeir sem þessu stýra í Rannsóknastofnun uppeldismála lagt mjög mikla áherslu, að þessi próf séu ekki notuð til að bera saman einstaka skóla, að ég tala nú ekki um einstaka nemendur. Það er mjög margt sem kemur til greina og þarf að hafa í huga við þau atriði.

En hér kemur inn nýtt hugtak sem er skólanámsskrárgerð. Það ber að fagna því líka. Skólanámsskrárgerð er sagt nýtt hugtak. Það er nýtt í lögunum en ekki nýtt í skólastarfinu því að það er búið að vera allmörg undanfarin ár í vinnslu. Það má nefna nám sem kallað var starfsleikninám sem hefur stuðlað mjög að þróun í þessu auk þess sem á vegum fræðslustjóraembætta og ráðuneytis hefur verið aðstoðað við gerð skólanámsskrárgerða á undanförnum árum. En þetta er komið inn í lög. Þetta starf á að auka og það er vel. En maður veltir strax fyrir sér: Hvernig verður með þá vinnu sem fylgir auknu samstarfi kennara, eins og hæstv. ráðherra kom inn á áðan, sem fylgir aukinni vinnu við skólanámsskrárgerð, sem fylgir aukningu kennsludaga? Einhvers staðar hefur verið nefnt að áætlað sé að aukning kennsludaga kosti 4% hækkun launa. Ég hef fyrir satt að samtök kennara telja þetta stórlega vanmetið og eru þeirrar skoðunar að 12% væru miklu nær lagi en 4%. Þá er á það að líta að hver 10% í hækkun launa kennara nemur eftir því sem ég best veit nálægt 450 millj. kr. Þarna er því um að ræða allmiklar upphæðir sem menn velta fyrir sér hvort hafi verið teknar að fullu inn við mat á kostnaði.

Það er komið inn ákvæði þarna um að sérstök stofnun annist námsgögn hjá ríkinu. Ég fagna því að Námsgagnastofnun, ef hér er átt við hana, skuli vera áfram en vil eindregið mælast til þess að ekki sé verið að sniðganga þessa stofnun sem hefur reynst okkur vel og í stað orðanna: „sérstök stofnun" verði hreinlega sagt Námsgagnastofnun. Það er sú stofnun sem nú starfar og á að mínu viti að starfa áfram. Hún hefur skilað góðu verki og það ber að styðja það áfram á vegum ríkisins en endilega að kalla hlutina sínu rétta nafni og ekki fara fram hjá þeim með þessum hætti.

Það er talað um aukin áhrif foreldra og það er vel. Annað sem ég tel til bóta og eru kannski ekki allir sammála um er að ákvæði um grunnskólaráð fellur út. Ég var alla tíð á móti þessu ákvæði um grunnskólaráð sem ég tel að hafi verið allt of stórt, umsvifamikið og þungt í vöfum. Ég fagna því þess vegna að það fer út. Ég held að það hafi ekki verið mjög gott stjórntæki. Hins vegar set ég spurningarmerki við það af hverju samstarfsnefnd ríkis og sveitarfélaga, sem var í eldri lögunum, er ekki inni núna. Hafi einhvern tíma verið virkilega ástæða til að þessi samstarfsnefnd væri starfandi er það einmitt eftir þennan flutning. Þess vegna legg ég áherslu á að samstarfsnefnd ríkis og sveitarfélaga af einhverju tagi verði komið inn í þetta frv. Það er hægt að hugsa sér ýmsar leiðir til þess, en það er nauðsynlegt að þarna sé fullt samráð. Ég sé ekkert sem mælir á móti því að þessi samstarfsnefnd komi með svipuðum hætti inn í frv.

Á undanförnum vikum hafa verið ásakanir um það að grunnskólinn standi sig ekki, hann uppfylli ekki kröfurnar og þar sé slaklega unnið. Margir hafa mótmælt þessum fullyrðingum sem ósönnum og varasömum. Það kann vel að vera að þarna sé tekið nokkuð mikið upp í sig. Samt held ég að nauðsynlegt sé að taka þessar yfirlýsingar alvarlega og skoða mjög vandlega hvort þær eiga við einhver rök að styðjast og þá hver, hvort það geti verið að grunnskólinn hafi vegna fjársveltis ekki getað staðið undir þeim kröfum sem til hans eru gerðar og hvort rétt sé að hann sé hlægilega ódýr eins og einhver hefur haldið fram. Ég tel fulla ástæðu til að þessi atriði séu skoðuð mjög ítarlega.

Í frv. eru takmarkanir á fjölda í námshópum felldar út. Könnun hefur sýnt að um 80% landsmanna eru andvíg þessu. Hæstv. ráðherra sagði að hann væri andvígur þessu. Hann lýsti því yfir að hann mundi ekki leggjast gegn breytingu á þessu. Ég er að velta fyrir mér þar sem þetta er búið að vera svo lengi í umræðunni og skoðanir bæði kennara og almennings hafa komið mjög skýrt fram af hverju þetta er enn þá í frv. Ég fagna yfirlýsingu ráðherra og hvet til þess að þetta verði lagfært hið bráðasta og vonast til að það verði gert. Þegar frumvörp um grunnskóla eru til umræðu á Alþingi er oftar rætt um peninga, hvernig eigi að skipta þeim, oft og tíðum um starfskjör, launakjör starfsmanna, en við megum ekki gleyma því að grunnskólinn er fyrir nemendur fyrst og síðast. Þetta ákvæði tel ég vera nauðsynlegt að setja til varnar þeim nemendum sem grunnskólann stunda. Eins og margir vita er litið svo á að þetta ákvæði í núgildandi lögum sé frekar sett inn sem viðmiðun í fjármagni en til varnar nemendum, en reynslan hefur þó sýnt að hvort tveggja er í gildi.

Ég gat áðan um könnunarpróf. Það var talað um samræmd próf og það hefur verið talað um úttekt á skólastarfinu. Þetta er gott og blessað en kostar geysilega mikla peninga og ég spyr enn og aftur: Getur verið að ekki hafi verið nægilega áætlað í fjármálakaflanum fyrir því að vinna úr þessum könnunarprófum, til að undirbúa þau og búa til, til að vinna úr samræmdum prófum og ekki síst til að stuðla að þeirri úttekt sem á að fara fram á skólastarfinu? En það þýðir að yfir 40 grunnskólar á hverju einasta ári verða í úttekt ráðuneytis.

Það hefur verið talað um það að hérna sé um að ræða mikla dreifstýringu á skólakerfinu. Þessi dreifstýring birtist ekki í störfum ráðuneytis og á þessu stigi verður kannski ekki hjá því komist að ræða aðeins um hlutverk fræðsluskrifstofu og þær breytingar sem urðu á stjórn grunnskólans við það að fræðsluskrifstofur komu til árið 1974. Það var talið mikið heillaspor og voru flestir sammála um það að með því móti væri verið að færa vald og áhrif út um landið. Það væri verið að dreifa áhrifum ráðuneytisins og störfum út í öll umdæmi landsins. Við þessa breytingu verður ákveðinn þáttur stjórnunar skólans í sveitarfélögunum og þá út um landið. Hins vegar mun þáttur ráðuneytis aftur færast hingað suður til höfuðstöðvanna. Ég sé ekkert í þessum frumvörpum og hef ekki heyrt nein áform um að störf ráðuneytis muni minnka við þessar breytingar eins og sumir hafa talið heldur sýnist mér að það séu býsna mörg verkefni sem ráðuneytið mun taka að sér í sambandi við t.d. við matið á skólastarfinu, sem ég var að nefna, eftirlitið, sem reyndar þyrfti að skilgreina miklu betur í þessum lögum. Hvernig á þetta eftirlit á að fara fram? Hvernig á að sinna því? Verða eftirlitsmenn á vegum ráðuneytisins? Verða þeir staðsettir í Reykjavík? Verða skrifstofur ráðuneytisins einhvers staðar úti um landið? Ekkert kemur fram um það í þessu frv.

Það eru ýmis svona atriði sem ég held að sé nauðsynlegt að fá betur skýrð og komu ekki fram í framsögu hæstv. ráðherra áðan. Hér er ráðuneytinu falið geysilega mikið starf sem ég tel afturför ef allt á að færast suður til Reykjavíkur aftur miðað við það sem gerðist fyrir 20 árum með stofnun fræðsluskrifstofa og þeirri dreifingu á valdi og umsvifum ráðuneytis sem þá fór fram.

Það er óhjákvæmilegt að ræða um þennan flutning þó að hann komi óbeint fram í frv. Eins og ég gat um áðan og kemur fram í umsögn þá er frv. fyrst og fremst samið vegna þessarar tilfærslu. Menn velta fyrir sér hvernig þeirri stoðþjónustu verði háttað sem byggð hefur verið upp í kringum fræðsluskrifstofur og verið hefur að þróast á undanförnum 20 árum og er orðinn mjög veigamikill og mjög nauðsynlegur þáttur í skólastarfinu. Hvernig verður þessu háttað? Það koma engin svör frá ráðuneyti, segja menn. Við getum ekki farið að segja sveitarfélögunum hvernig þau eiga að sinna þeim verkefnum sem þeim eru falin. Er það nú svo? Er hægt að ætlast til þess að ráðuneytið afhendi jafnmikilvæga, viðkvæma og nauðsynlega þjónustu og stoðþjónustu frá fræðsluskrifstofunum yfir til sveitarfélaganna án þess að hafa hugmynd um hvort eða hvernig henni verður framfylgt þar? Er ekki nauðsynlegt að fyrir þessa yfirtöku geri ráðuneytið þá kröfu til sveitarfélaga eða samtaka sveitarfélaga að einhver rammi liggi fyrir um hvernig fyrirkomulag verður á þessu? Það gengur ekki að láta reka á reiðanum fram undir það að verið er að biðja menn um að samþykkja frv. til laga um þessa breytingu án þess að jafnstórt atriði og þarna um ræðir sé með nokkru móti komið inn í umræðuna eða menn viti nokkuð hvað um það verður. Það er í rauninni ekki hægt að una við þetta.

Það er rætt um að hugsanlega muni sveitarfélög sameinast um þessa þjónustu. En það veit enginn hvort þau gera það eða hvort einhver sveitarfélög í hverju umdæmi muni taka sig út úr og ákveða að hafa þessa þjónustu á eigin vegum og hin minni, eins og tekið er fram í lögunum, verða þá að sjá um þetta með aðkeyptri þjónustu eða öðrum þætti. Þá er kannski rétt að menn átti sig á því að það hefur verið mjög einkennileg þróun í launamálum á undanförnum árum sem lýsir sér í því að aðkeypt þjónusta er ekki lengur keypt með því að fá launaðan starfsmann sem vinnur. Nei, aðkeypt þjónusta er í vaxandi mæli verktakastarfsemi. Og þar gilda allt önnur lögmál. Í mörgum greinum verktakastarfsemi eru engir taxtar til heldur ræður framboð og eftirspurn. Lítil sveitarfélög sem þurfa að kaupa sér sérfræðiþjónustu með verktakatöxtum verða að reiða fram geysilega stórar fjárhæðir. Ég fullyrði það að margir starfsmenn sem fara á stúfana sem verktakar taka í verktakalaun á einni viku álíka tekjur og þeir hafa haft fyrir mánuðinn miðað við þau launakjör sem ríkið ákveður þeim við sín störf og fyrir þessu er hægt að leggja fram mörg dæmi. Ég tel að þessi þróun sé afskaplega slæm og hún geti verið innlegg í þetta mál vegna aðstöðuminni sveitarfélaga ef ekki verður sköpuð samstaða um að gera þetta.

Þetta mál hefur allt saman dregist úr hömlu að vinna. Undirbúningur þessa frv. hefur tekið tvö og hálft ár. Átján manna nefndin hefur verið tvö og hálft ár að koma fram með þessa skýrslu og þetta frv. Nú er allt að verða komið í eindaga. Það var gerð samþykkt hjá Sambandi ísl. sveitarfélaga fyrir tveimur mánuðum á landsþingi þeirra á Akureyri þar sem þeir höfðu skýra fyrirvara á þeirri afstöðu sinni að taka að fullu við rekstri grunnskóla. Þeir segja, með leyfi hæstv. forseta:

„Í fyrsta lagi að fullt samkomulag náist milli ríkis og sveitarfélaga varðandi flutning verkefna og tekjustofna til sveitarfélaganna til að standa undir öllum þeim aukna kostnaði er yfirtökunni fylgir þannig að grunnskólanám allra barna í landinu verði tryggt.

Í öðru lagi að vanda sveitarfélaga sem yfirtaka hlutfallslega háan grunnskólakostnað miðað við tekjur verði mætt með jöfnunaraðgerð.

Í þriðja lagi að fullt samkomulag náist milli ríkis, sveitarfélaga og stéttarfélaga kennara um kjara- og réttindamál kennara, þar með talin meðferð lífeyrisréttinda. Niðurstaða þarf að nást í þessum málum fyrir áramót svo yfirtaka sveitarfélaga geti átt sér stað á næsta ári."

Hvar standa svo þessi mál núna 1. nóv. 1994?

Hæstv. ráðherra lýsti því yfir í lok ræðu sinnar að starfshópur sem á að vinna að þessum málum og hefði líklega átt að vera búið að skipa fyrir löngu hefur ekki verið skipaður enn þá. Spyrja má af hverju? Af hverju hefur hann ekki verið skipaður fyrr þar sem öllum er ljóst að þessi mál eru að falla á tíma? Hvernig standa mál varðandi yfirlýsingar Sambands ísl. sveitarfélaga um tímamörk núna 1. nóv. 1994 þegar tveir mánuðir eru þangað til uppfylla þarf þessi skilyrði?

Það er ekkert komið í höfn með lífeyrismál kenn-

ara þrátt fyrir skýrslur þar sem gerðar hafa verið tillögur um þau. Það er alls ekki ljóst að sveitarfélög séu tilbúin að taka við æviráðningarsamningum kennara. Margir forsvarsmenn sveitarfélaga hafa lýst því yfir að það komi ekki til greina. Hvar standa menn þá? Ef það gerist ekki þá vitum við að ríkisstarfsmenn, kennararnir, eiga rétt á biðlaunum í 6–12 mánuði ef þeir fá ekki sömu kjör annars staðar. Ég hef grun um að ef allir starfandi skipaðir kennarar með full réttindi í þessum efnum þyrftu að fara á biðlaun þá væri það eitthvað á þriðja milljarð, líklega hálfur þriðji milljarður sem þyrfti að bæta þar við.

Einn hópur hefur ekki verið nefndur í þessari umræðu. Það er starfsfólk á fræðsluskrifstofum. Þetta eru ekki starfsmenn skólanna heldur ríkisins. Þetta eru starfsmenn stofnana sem á að leggja niður 1. ágúst 1995. Það hefur ekki verið rætt við þetta fólk eða samtök þeirra. Það hefur ekkert verið gert. Þau hafa ekki hugmynd um hver staða þeirra er. Þau vita ekkert annað en það að þau heyra hvarvetna í þjóðfélaginu, bæði frá yfirboðurum sínum í ráðuneytinu, héðan af þingi og annars staðar að áformin eru að leggja störf þeirra niður eftir tæpt ár og þau hafa ekki hugmynd um hvað um þau verður. Það er ekkert ákvæði í þessum lögum og það er ekkert ákvæði né neinar klásúlur í þeim samningum sem hafa verið í athugunum. Ég hlýt því að spyrja hæstv. ráðherra: Hefur ekkert verið hugsað til þessa fólks og hver þeirra réttur er? Á ekkert að ræða við það? Á þetta fólk bara að taka örlögum sínum og þeim dómi sem það mun hljóta? Mér finnst að það hefði þurft að ræða við þetta fólk og þó fyrr hefði verið.

Hér er búið að ræða um helstu almennu atriði sem snerta þetta frv. Nauðsynlegt væri að fara dálítið ítarlega yfir flestar greinar frv. Hérna verður þó tæpast tími til að gera það svo viðhlítandi sé en þó eru ýmis atriði sem ég hlýt að renna yfir og ræða hvert fyrir sig, t.d. 1. gr. frv. Þar stendur: „Sveitarfélögum er skylt að halda skóla“ o.s.frv., var áður „ríki og sveitarfélögum“. Auðvitað er það grundvallaratriði að áður en hægt er að samþykkja lög með þessu upphafi þá verða þau atriði sem ég hef drepið á að vera orðin nokkuð klár þannig að menn viti hvar þeir standa. Þá þarf að vera komið fjármagn, það þurfa að vera komnir samningar og í það stoðkerfi sem fræðsluskrifstofur og skólarnir hafa haft verða að vera komin einhver hrein skil hvernig verður. Maður veltir fyrir sér ákvæði um einsetningu skóla sem er svo sem ekki nýtt, en geta sveitarfélögin uppfyllt þetta ákvæði innan tímamarka? Hafa þau fjármagn til þess? Ég leyfi mér nú að efast um að það muni lánast. Það á kannski fyrst og fremst við um stærstu sveitarfélögin. Mörg hinna minni hafa fyrir löngu uppfyllt þetta ákvæði.

Það var eitt sem ég rakst á í frv. þegar ég fór að fara yfir það: — „Í grunnskóla skulu nemendur eiga kost á málsverði á skólatíma.“ Þetta er ágætis ákvæði en í skýringum stendur að þetta leggi þó ekki þær skyldur á herðar sveitarfélaga að útbúa aðstöðu fyrir málsverði. Það skýtur svolítið skökku við og svo virðist sem þessi málsgrein geti falið það í sér að nemendur komi með brauðsneiðina sína og mjólkurfernuna og þá sé búið að uppfylla þetta ákvæði. Þetta finnst mér einföldun og væri gott að fá betri skýringar á þessu. Í greinargerðinni er sem sagt rætt um að það eigi ekki að gera þessar kröfur til sveitarstjórna.

Það er eitt sem mér finnst koma mjög víða fram í þessu lagafrv. sem ég tel að verði að gjalda mikinn varhug við. Það er hið mjög þunga vægi sem skólanefndir fá í stjórnum grunnskóla. Það er mjög víða sem skólanefndir taka við hlutverki fræðsluskrifstofu eða fræðslustjóra sem í núgildandi lögum er úrskurðaraðili, hann og hans starfsfólk, sérfræðinga til að taka við málum og leysa þau. Núna hefur í mjög mörgum tilvikum skólanefnd verið falið þetta sérfræðihlutverk. Ég tel nauðsynlegt að það sé skoðað alveg sérstaklega hvort skólanefndir, jafnvel þótt fúsar séu og viljugar til að takast þetta ábyrgðarstarf á hendur, séu alltaf til þess hæfar. Ég leyfi mér að efast um það þar sem hér er um að ræða fagmennsku í skólum sem hæstv. ráðherrann gat um áðan að væri nauðsynlegt að auka. Hann tók það sérstaklega fram að fagmennsku yrði að auka í skólum, hjá kennurum, við ákvarðanatöku og hvarvetna. Þarna er atriði sem ég held að þurfi nauðsynlega að taka inn í nákvæmlega það sem rætt var um áðan. Ég efast um að þarna séu fagleg sjónarmið í fyrirrúmi.

Þetta frv. felur í sér aukin völd til skólastjóra. Það kann að vera að mörgu leyti mjög æskilegt að það sé, eins og oft hefur verið rætt um, einn skipstjóri á skútunni. Hins vegar finnst mér vera gengið fulllangt þar sem í núgildandi lögum er skólastjóra þó gert að hafa samráð við ýmsa aðila en það er fellt út í frv. Ég held að það mundi nú ekki fela í sér neina hættu þó skólastjórar hefðu samráð við ýmsa aðila innan skólans. Þeir hefðu eftir sem áður valdið í sínum höndum en aðrir væru búnir að koma sínum sjónarmiðum á framfæri sem ég held að væri mjög til bóta.

Síðar er sagt að kennararáð sé skólastjóra til ráðuneytis. En maður veltir fyrir sér til hvers það ráðuneyti sé ef hann þarf ekki að hafa samráð við ráðið og hvort þessi grein sé svo sem til nokkurs.

Ég hef getið um það áður að ég tel að ekki sé tekið nægilega á hvernig hlutverk ráðuneytis hvað snertir eftirlit og að fylgjast með starfi skólanna eigi að fara fram og þyrfti það að vera mun betur skilgreint. Ég heyrði það í ræðu hæstv. ráðherra að samtök foreldra hafa lagst gegn því að foreldra- og kennarafélög væru starfandi. Það kom mér nokkuð á óvart því eftir því sem ég hef heyrt hefur það form alla vega mjög víða gefist afskaplega vel. Mér þykir miður að sá möguleiki skuli ekki vera opinn áfram að foreldra- og kennarafélög séu starfandi en ég efast svo sem ekkert um að þessi tilmæli hafa vafalaust komið fram. (**Menntmrh.:** Það er misskilningur að ég hafi sagt það.) Þá hef ég heyrt rangt, ég taldi mig hafa heyrt það.

En mig langar til að spyrja hæstv. ráðherra um annað atriði varðandi fræðsluskrifstofur sem hefur ekki komið fram heldur. Hvað með eignir fræðsluskrifstofa? Geta sveitarfélög eða samtök þeirra tekið við þeim á sama hátt og öðru húsnæði grunnskólans eða á

sama háttt og þau eiga að taka við skólabúðum og ýmsu öðru? Það hefur ekkert komið fram um það. Þarna er þó um að ræða átta fræðsluskrifstofur sem umtalsverðar eignir tilheyra.

Ég verð að hlaupa nokkuð yfir þar sem tíminn er orðinn nokkuð knappur. Mér finnst 28. gr., sem er afskaplega stutt, nokkuð óskýr. 28. gr. fjallar um jólaleyfi og páskaleyfi nemenda. Það eru engin ákvæði önnur um leyfi nemenda. Engin um að sett verði reglugerð eða skóladagatal varðandi þetta. Það er ekkert talað um hverjir eru aðrir frídagar. Nú þekkjum við að víða á heimavistarskólum hefur verið kennt á helgidögum þjóðkirkjunnar og ýmsum venjulegum frídögum, svo sem 1. maí, 1. des., sumardagurinn fyrsti hefur verið notaður til kennslu, og fjöldamargir aðrir dagar þar sem langt hefur verið að aka börnum heim. Er að vænta breytinga í þessu? Ég hefði viljað heyra aðeins um það.

Mig langar til að spyrja um viðmiðanir varðandi kennararáð. Í 14. gr. er kveðið á um kennslumagn í stöðugildum til að setja megi á fót kennararáð við skóla. Aftur á móti er í 23. gr. talað um að tólf starfsmenn komi inn í stað tíu kennara áður til að komi, ef ég man rétt, aðstoðarskólastjóri — er það ekki svo? (**Gripið fram í:** Jú.) Jú. Þarna finnst mér vera misræmi og spyr: Af hverju er ekki notuð sama viðmiðun til að koma þessum tveimur þáttum á?

Mér finnst mjög skrýtið að sérkennarar eru hvergi nefndir í frv. og sálfræðingar tæpast. Einkum og sér í lagi er það merkilegt með sérkennara þar sem fjöldamargir kennarar hafa verið að mennta sig á mörgum undanförnum árum til þess að hljóta starfsheitið sérkennari. Síðan kemur hér frv. að nýjum lögum þar sem þetta eftirsótta starfsheiti er ekki lengur til og ekkert notað. Ég spyr um ástæður fyrir þessu.

Virðulegi forseti. Ég hef fjallað um ýmsa þætti þessa frv. og ég vænti þess að það muni taka ýmsum breytingum í meðförum þingsins. Væntanlega verða þær breytingar flestar eða helst allar til bóta.

Meginatriði sem ég vil ítreka aftur er að ég tel eftirlitsskyldu ríkisins ekki skilgreinda nægilega vel eins og ég hef komið að áður. Mér finnst samstarfsvettvangur ríkisins og sveitarfélaganna vera of óljós og legg áherslu á að ríkið geri þá kröfu til sveitarfélaga að þau séu búin að gera grein fyrir hvernig þau ætli að sinna ýmsum þáttum skólastarfsins áður en af yfirfærslunni verður. Ég vek aftur athygli á því að starfsemi ráðuneytis verður miðstýrð eins og var fyrir 20 árum fyrir setningu laganna 1974 og það tel ég afturför. Mér finnst þetta frv. að sumu leyti stefna að vaxandi námsaðgreiningu og tel að það þurfi að gæta sín vel í þeim efnum. Ég leggst gegn því að samræmd próf verði tekin upp í 4. bekk. Aftur á móti fagna ég könnunarprófum, ég fagna greinandi prófum sem komið er á og tel það kannski æskilegasta stjórntækið sem við höfum í skólakerfinu.

Ég vara enn við því að skólanefnd fái of mikið faglegt hlutverk eins og sagt hefur verið. Hún á nú að sinna meira innra starfi skólanna. Ef hún á að gera það verður líka að gera kröfur til að hún sé skipuð fólki sem hæft er til að gera það og hefur þekkingu til að fara með það. Stoðkerfi sem byggt hefur verið upp í kringum skólana, m.a. með starfi fræðsluskrifstofa, er í uppnámi og ekki með nokkru móti tryggt hvernig það verður í framkvæmd og það tel ég óviðunandi. Engin ákvæði eru um fjölda nemenda í námshópum en ég treysti að því verði breytt í samræmi við fyrri yfirlýsingar hæstv. ráðherra. Það er ljóst að fjármagn er vanáætlað til þess að framkvæma þessi lög ef frv. verður samþykkt, einkum það sem snýr að kjaramálum kennara og endurmenntun eins og ráðherrann hefur reyndar lagt áherslu á að þurfi að bæta og ég fagna því.

Ég minni á nauðsyn þess að dönskukennsla verði ekki afgangsstærð í skólunum. Þetta kemur að vísu ekki fram í frv. heldur í nefnd um mótun menntastefnu þar sem rætt er um að danskan verði ekki kjarnagrein en ég minni á nauðsyn þess að við störfum á norrænum grundvelli og við þurfum á norrænu tungumáli að halda í grunnskólum okkar.

Að lokum ítreka ég að ég hef ekki lagst gegn færslu grunnskólans til sveitarfélaga að uppfylltum vissum skilyrðum en ég tel alveg nauðsynlegt að þau skilyrði séu uppfyllt áður en af þessari yfirfærslu verður. Hins vegar virðist auðsætt að svo langur vegur er að því marki að ekki verður unnt að ljúka þeirri vinnu í tæka tíð. Því legg ég eindregið til að tilfærslu grunnskólans verði frestað á meðan sú vinna fer fram sem nauðsynleg er áður en af henni getur orðið.

[15:01]

Sigríður A. Þórðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mig langar til þess að gera nemendafjölda í bekk að umtalsefni í kjölfar ræðu hv. þm. Péturs Bjarnasonar. Ég vek athygli á því að í gildandi lögum eru ákvæði um nemendafjölda í bekk inni í fjármálakaflanum þannig að það er fyrst og fremst um fjármálalega viðmiðun að ræða. Ég vek líka athygli á því að í greinargerð með frv. til laga, sem hér er til umræðu, segir á bls. 15, þar sem er fjallað um grunnskólann á ábyrgð sveitarfélaga, að gert sé ráð fyrir því að sveitarfélög setji sér svipaðar viðmiðunarreglur og nú eru notaðar þar. Þegar kennslukostnaður einstakra skóla er reiknaður er verið að fjalla um nemendafjölda í bekk.

Ég tel að ekki sé til bóta að njörva niður í lög viðmiðun um bekkjarstærðir. Það getur virkað hamlandi á skólastarfið og það er langeðlilegast að hver sveitarstjórn ákvarði tímamark til skólanna út frá áætlun skólastjóra og þeim faglegu áherslum sem þar koma fram og þar með talið er þá bekkjarstærð. Engin ástæða er til þess að binda þetta í lög. Það á að fara eftir þörfum og áherslum hvers skóla á hverjum tíma.

Ég hjó sérstaklega eftir því áðan að hv. þm. Pétur Bjarnason nefndi dönsku. Hann varar við því að hún verði gerð að einhverri afgangsstærð. Hvergi kemur fram í umfjöllun nefndarinnar að danska eigi að vera afgangsstærð. Hins vegar er lagt til í skýrslu nefndar um mótun menntastefnu að enska verði fyrsta erlenda tungumál en jafnframt er lögð áhersla á nauðsyn þess að við nemum áfram dönsku. Áhersla er lögð á að sami tímafjöldi í dönsku verði kenndur hér eftir sem

hingað til og sérstök áhersla er lögð á fagmennsku og fagmenntun kennara í dönsku.

[15:03]

Pétur Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Sigríði Önnu Þórðardóttur fyrir að vekja athygli á þessu. Mér finnst það staðfesta það sem ég sagði áðan. Ég gat um að þetta væri í fjármálakaflanum. Ég gat líka um að það hefði komið til góða til verndar nemendum. Þrátt fyrir að þetta væri í fjármálakaflanum þá var þetta í lögunum og það hefur orðið að fara eftir þessu svo að það fór ekki á milli mála.

Hvað snertir hámark nemenda í bekk þá finnst mér ráðuneytið hafa þá ábyrgð að það eigi að tryggja að sá réttur nemenda, sem ráðuneytið ber ábyrgð á, verði virtur. Ég óttast einmitt það sem hv. þm. var að nefna, þ.e. að sveitarfélög setji reglur og hvert einstakt sveitarfélag eigi að hafa það á sínu valdi. Það er einmitt það sem ég er að tala um að verði að forðast og verði að koma í veg fyrir því að með því móti verður börnum mismunað. Ég held að það verði að fyrirbyggja og það á að vera á ábyrgð ráðuneytisins að fyrirbyggja, ekki einstakra sveitarfélaga.

Hvað snertir dönskuna sem afgangsstærð þá tel ég að verið sé að skáka henni út í horn með því að í skýrslu nefndar um mótun menntastefnu er hún ekki lengur skilgreind sem kjarnagrein. Ég segi lengur því svo hefur verið litið á með uppröðun samræmdra prófa að það séu fjórar greinar sem hvað mest vægi hafa og er ákveðið að prófa á samræmdum prófum. Það kalla ég því að gera hana að afgangsstærð. En ég fagna því að þarna eru áfram kröfur um að kenna dönsku og gera áfram kröfur til kennslunnar því að ég tel að nauðsynlegt að dönskukennslan sé skoðuð alveg sérstaklega og reynt að finna rætur þess árangurs sem hefur verið í kunnáttu unglinga í dönsku og það hið allra fyrsta.

[15:05]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi láta það koma fram að ég tel að það mál sem er hér á dagskrá beri fyrst og fremst að nálgast sem menntamál frekar en eitthvert tæknilegt yfirfærslumál til sveitarfélaganna og að málið beri að skoða sem slíkt út frá hagsmunum þeirra sem eru inni í skólanum. Hitt sé þáttur sem eigi að koma í annan stað í öðru lagi. En ég vil jafnframt segja að ég er sammála því sem fram kom í ágætri ræðu hjá hv. 2. þm. Vestf. að í rauninni er málið svo illa undirbúið og vanbúið að allir sjá að skynsamlegast sé að hinkra með það. Það er alveg sama hvort menn eru þeirrar skoðunar að þennan grunnskóla okkar eigi að færa til sveitarfélaganna eða ekki. Allir hljóta að viðurkenna að málið er vanbúið. Það er of seint fram komið til þess að það sé hægt á þessu stutta þingi að afgreiða það með þeim hætti sem við verðum að krefjast af þessari virðulegu stofnun. Flest í málinu er í uppnámi má segja ef frv. yrði afgreitt eins og það er. Það er stoðþjónustan, sérkennslan, sálfræðiþjónustan, það er staða skólanna í dreifbýlinu í öðru lagi, sérstaklega í hinu dreifðasta dreifbýli, ef svo mætti að orði kveða. Það er staða grunnskólans gagnvart sveitarfélögunum og í sveitarfélögunum í landinu eins og sést á nýlegri umsögn Sambands ísl. sveitarfélaga sem ég hef undir höndum og mun kynna hér á eftir og það er ekki síst óvissan um stöðu kennara og réttindi þeirra sem hefur ekki þokast núna um margra missira skeið þó að hugur manna virðist hafa staðið til annars. Því er langskynsamlegast að fresta málinu á þessu þingi og fara betur yfir það vegna þess að það eru svo margir endar lausir og málið er svo óljóst. Og það liggur heldur ekkert á. Það eru engin efnisleg rök fyrir því að það liggi nein ósköp á í þessu sambandi. Það er í raun og veru bara eitt sem skiptir máli í þessu sambandi og það er að menn vandi sig og geri hlutina vel. Grunnskólalög eru grundvallarlög, kveða á um réttindi barna á tilteknum aldri til menntunar og það á að líta á grunnskólalög þannig fyrst og fremst að mínu mati.

Hæstv. menntmrh. lagði á það áherslu að hann vildi standa þannig að málum að sem allra best sátt tækist um málið hér í þessari virðulegu stofnun og ég vil taka undir það með hæstv. ráðherra og er út af fyrir sig tilbúinn til að leggja mitt af mörkum til þess að svo megi verða. Ég verð hins vegar að viðurkenna það og get ekki neitað mér um að láta það koma hér fram að ég tel að ráðuneytið og hæstv. ráðherra hafi ekki haldið þannig á máli að það geti stuðlað að sátt um þetta mál. Skipun þessarar 18 manna nefndar þar sem um er að ræða einstaklinga sem eru valdir af ráðherranum einhliða án þess að tala við nokkurn aðila, án þess að tala við kennarasamtök, án þess að tala við foreldrasamtök, án þess að tala við samtök fræðslustjóra, án þess að tala við fulltrúa stjórnarandstöðunnar á Alþingi. Ráðherrann lætur nægja í grófum dráttum að tala við sjálfan sig og sína allra nánustu í þessu máli og skipar nefnd undir forustu eins af þingmönnum Sjálfstfl. Það er auðvitað alveg ótrúlegt, með fullri virðingu fyrir þessum einstaklingum, það er alveg ótrúlegt að það skuli vera staðið að þessum málum með þessum hætti svona seint á 20. öld. Hefðum við verið að tala um þessi vinnubrögð hér undir konungi snemma á þessari öld sem nú er senn öll, þá hefðu hlutirnir kannski horft öðruvísi við. En þegar við erum að fjalla um mál á grundvelli og með hliðsjón af nútímalegum stjórnunarháttum, þá er þetta alveg með ólíkindum og ég get ekki sagt að þessi vinnubrögð stuðli að sátt um málið. Og síðan framkoman gagnvart segjum Kennarasamtökunum í þessu máli aftur og aftur þar sem hefur verið skýrt frá því í menntmn. hvað eftir annað á þessu kjörtímabili að ráðuneytið hefur ekki svarað einföldum erindum, hvað eftir annað varðandi jafnvel einföldustu framkvæmdamál. Og að koma svo hér í lok kjörtímabilsins þegar klukkuna vantar kortér í kosningar eða svo, það á að fara að kjósa eftir örfáa mánuði, koma þá og biðja um sátt eftir að vera búinn að slá á fingurna á öllum, m.a. kennurum og samtökum þeirra, allt kjörtímabilið þar til nú, skera og skera linnulaust, stefnulaust út og suður og koma svo og segja núna, 1. nóv. 1994: Sátt, sátt, sátt — það verkar ekki vel, það er ekki trúverðugt, hæstv. forseti.

Ég held þess vegna að það sé eðlilegast að hinkra með þetta mál og að það fái meðferð. Það mætti t.d. hugsa sér að það yrði sett í þetta milliþinganefnd eins og t.d. var gert með lögin árið 1974 vegna þess að hér er um engu minni breytingu að ræða en þá sem gerð var 1974. Þá má jafnvel líkja þeirri breytingu sem hér er verið að gera tillögu um við lögin 1946, fræðslulögin nýju sem svo voru kölluð í nærri 30 ár. Þá voru kallaðar til milliþinganefndir. Þá var farið með málið út í þjóðfélagið allt.

Þegar lögin voru undirbúin 1974 mættu þau verulegri andstöðu Sjálfstfl. hér á Alþingi. En þá var þannig að málum staðið að það var ekki nóg með að það væri kallað í fulltrúa kennarasamtaka, fulltrúa sveitarfélaga o.s.frv. heldur var auglýst í dagblöðunum eftir athugasemdum frá almenningi og það komu fjöldamargar slíkar athugasemdir sem höfðu áhrif á lokagerð frv. Það er fróðlegt að bera saman annars vegar þessi lokuðu, þröngu flokkspólitísku vinnubrögð Sjálfstfl. núna og hins vegar þessi opnu vinnubrögð sem tíðkuð voru fyrir rúmum 20 árum undir forustu Birgis Thorlaciusar sem leiddi þá nefnd sem þá undirbjó grunnskólafrv. til framlagningar á Alþingi.

Það er líka dálítið sérkennilegt í þessu sambandi, hæstv. forseti, að það er eins og allt sé gert af hálfu ráðuneytisins til þess að slíta þau tengsl sem hafa verið við vinnuna í ráðuneytinu fyrr á árum, ekki aðeins þann tíma sem ég starfaði þar, heldur líka á árunum í kringum 1974. Það er í raun og veru í fyrsta sinn í dag að hæstv. menntmrh. nefnir að það sé til saga í þessum málum en að hann sé ekki að finna upp hjólið með þeim málum sem hann leggur hér fyrir þessa virðulegu stofnun.

Ég held að þess vegna sé nauðsynlegt að menn tali sig ósköp einfaldlega niður á það að hér verði þessum málum frestað og þau verði skoðuð mikið betur. Það getur vel verið að menn komist að þeirri niðurstöðu að flytja þetta til sveitarfélaganna og þá verður það þannig, en þá þarf að undirbúa það mál miklu betur. Sem dæmi um það hvernig að hlutunum er staðið er svo það, hæstv. forseti, að þau gögn, sem við þingmenn erum með hér á borðunum, sumir okkar, fengum við í hendur í gær. Þykkar skýrslur um fjármálatilfærslu vegna flutnings á grunnskólanum til sveitarfélaga fékk ég í hendur í gær. Skýrslu starfshóps á vegum menntmrh. um starfstengd réttindi kennara vegna flutnings grunnskóla til sveitarfélaganna, ég fékk þessa skýrslu í hendur í gær. Og staðreyndin er sú að hún var skrifuð eða henni var lokið í apríl. Hún er búin að vera leyniplagg í menntmrn. síðan. Þetta greiðir auðvitað ekki fyrir sátt og eðlilegum vinnubrögðum um hlutina þegar menn eru að fela gögn í málinu eins og menntmrn. hefur gert í sambandi við þetta skjal.

Ég vil síðan, hæstv. forseti, víkja aðeins að ýmsum þáttum í þessu máli. Það má segja að frv. sjálft flokkist í þrjá meginþætti. Í fyrsta lagi flutninginn á grunnskólanum til sveitarfélaganna. Í öðru lagi eru gerðar tillögur um nokkrar aðrar kerfisbreytingar og í þriðja lagi er um að ræða það sem ég kalla leiðréttingar eða aðlögun á grunnskólanum að þeirri reynslu sem er að ganga yfir á hverjum tíma. Ég tel hins vegar að afleiðingarnar af þessum breytingum hitti verst fyrir fjögur svið sem ég ætla hér aðeins að ræða. Ég ætla þá í fyrsta lagi að tala um sérkennslubörnin og sérskólana.

Ef við skoðum þetta frv. og ímyndum okkur að grunnskólinn væri kominn yfir til sveitarfélaganna, þá má auðvitað halda því fram að börn við venjulegar aðstæður og með tiltölulega venjulega námsgetu mundu finna mjög lítið fyrir breytingunni í hinum almenna hversdagsleika grunnskólans. Hins vegar er alveg ljóst að mínu mati að stoðkennsla við þau börn sem á henni þurfa að halda er í uppnámi. Sérkennslan er í uppnámi. Ég skil satt að segja ekki og hef engin rök fyrir því af hverju sérkennslu- og sérkennarahugtakinu er í raun vikið til hliðar í þessum umræðum. Það er mjög athyglisvert hvernig á þeim málum er haldið. Ég tel alveg augljóst mál að þessi þáttur skólastarfsins, sem er ekki svo lítill, sérkennslan í grunnskólanum, sé í talsverðri hættu. Við erum núna með starfandi í grunnskólanum á milli 300–400 sérkennara ýmist í fullu starfi eða í hlutastarfi. Þeir eru að kenna geysilega stórum fjölda barna. T.d. í Reykjavík háttar þannig til að mörg þúsund börn, líklega á milli fimm og sex þúsund, koma með einhverjum hætti við sögu sérkennslunnar. Þetta eru þeir einstaklingar sem veikastir eru og þurfa mest á því að halda að fá stuðning í grunnskólanum til þess að geta staðið í lappirnar þegar kemur út í frekara nám eða út í atvinnulífið því vonandi fær þetta fólk vinnu.

Í raun og veru er ekki nægilega tryggilega gengið frá þessu máli í frv. Og ég bið hv. menntmn. og meiri hluta hennar og hæstv. menntmrh. um að horfast í augu við þennan veruleika með því að setja sig t.d. í spor foreldra sem eiga börn við þessar aðstæður núna og velta því fyrir sér: Hvernig verður þjónustunni við þau háttað? Segjum að viðkomandi búi t.d. í hinu dreifðasta dreifbýli, eins og ég kallaði það áðan. Þá hygg ég að menn muni komast að þeirri niðurstöðu að þetta gengur ekki. Þetta er ekki öruggt. Og ég hygg að allir geti verið sammála um að við eigum ekki að ganga frá þessum hlutum varðandi sérkennsluna öðruvísi en að málin séu 100% örugg gagnvart þeim börnum sem hér er um að ræða.

Það er algjör óvissa líka, virðulegur forseti, um sérskólana sjálfa. Í þessari bók, sem er falleg á litinn og er gefin út í september 1994, er farið yfir þessar stofnanir, þessa sérskóla sem á að flytja á milli. Langflestir þessir skólar eru í Reykjavík. Ég spyr: Verður það þannig að fjármagnið verði flutt með þessum skólum? Verður það þá þannig að sérskólar verði varla nokkurs staðar reknir nema í fræðsluumdæmi Reykjavíkur eins og þetta lítur út? Hvað verður um starfsmenn sérskólanna? Hvað verður um sérskólana? Og hvað verður um þau börn í sérskólunum sem eiga heima annars staðar, sem eiga lögheimili utan Reykjavíkur t.d. í þessu tilviki? Það kemur fram í þessari bók hvað á að gera í sambandi við þau. Það á að rukka um námsvistargjöld fyrir þau. Námsvistargjaldakerfið, sem menn hafa verið að gagnrýna og hefur verið mjög erfitt t.d. í sambandi við Iðnskólann í Reykjavík og margir hér

þekkja, virðist eiga að taka upp í sérskólakerfinu. Það gengur ekki, hæstv. forseti. Það gengur alls ekki. Því það er nóg á aðstandendur þessara barna lagt þó því sé ekki bætt við að það komi reglulegar rukkanir í heimasveit þeirra af því að þau eru í sérskólum á þéttbýlissvæðinu.

Sem dæmi um hvað þetta er óskaplega lítið hugsað, með leyfi forseta, þá er t.d. gert ráð fyrir því að kennsla barna þeirra kvenna sem eru í Kvennaathvarfinu flytjist til sveitarfélagsins sem þýðir þá væntanlega að það verður að rukka um námsvistargjöld fyrir börn kvenna sem eru í Kvennaathvarfinu í þeim sveitarfélögum þar sem þessar konur eiga heima. Ég segi: Er ekki nóg á þær lagt í litlum byggðarlögum þó ekki komi rukkun í þokkabót á eftir frá Reykjavíkurborg af því að hún verði að innheimta fyrir þessum kostnaði? Þetta gengur ekki, þetta gengur ekki, hæstv. forseti. Meðferðin og afgreiðslan hér á sérskólunum er algjörlega fráleit frá almennu jafnréttis- og uppeldissjónarmiði.

Í frv. er talað um blöndun í bekki sem viðmiðun í grunnskólanum. Ég tel að það sé ekki hægt að tala um blöndun í bekki ef það er ekki tryggt að sú besta sérfræðiþekking sem kostur er á á hverjum tíma komist sæmilega að börnum sem þurfa á sérkennslu að halda. En í frv. og greinargerð þess er hvergi gert ráð fyrir sérfræðingum í sérkennslu nema í sérskólunum sjálfum.

Að öllu þessu samanlögðu, hæstv. forseti, þá tel ég að bara þennan þátt með sérskólana, sérkennsluna, verði að skoða miklu, miklu betur.

Ég ætla svo ekki, virðulegur forseti, að ræða hér um ákvæðin í 42. gr. frv. í einstökum atriðum. Eins og um það að þar er námsráðgjöf lögð að jöfnu við sálfræðiþjónustu. Satt að segja er ég alveg undrandi á því að menntmrn. skuli láta svona lagað frá sér fara. Vegna þess að námsráðgjöf hlýtur að vera burðarás í þróun skóla framtíðarinnar. Því námsráðgjöf hlýtur að vera almennt úrræði handa svo að segja öllum þeim sem eru í grunnskóla og ljúka grunnskóla. Námsráðgjöf er ekki sérverkefni, hliðarverkefni, aukaverkefni af neinu tagi. Um leið og greinin um námsráðgjöf í núgildandi grunnskólalögum er felld niður, ég sé eftir henni, þá bæta menn gráu ofan á svart með því að leggja námsráðgjöf að jöfnu við stoðþjónustu eins og gert er í 42. gr.

Svo er það náttúrlega líka mjög athyglisvert að þegar kemur að þessu máli sem við vitum að mun kosta eitthvað, útfærslan á sérkennslunni ef hún yrði flutt svona yfir, þá kemur niðurstaða fjmrn.: Hver er hún? Hún er sú að því er þetta varðar að það muni ekki kosta neitt. Það muni ekki kosta neitt að taka upp þessar breytingar sem hér er gert ráð fyrir.

Ég tel sem sagt að þetta sé það langalvarlegasta í frv., þ.e. það sem lýtur að sérkennslunni. Það er að sumu leyti afleiðing af tilflutningnum og reyndar að mestu leyti eins og það lítur út.

Í annan stað, hæstv. forseti, vil ég vekja athygli á þeim ákvæðum frv. sem fjalla um réttindi barna og stærð bekkjardeilda. Það er alveg rétt eins og kom fram hjá hv. 11. þm. Reykn. að þessi ákvæði um stærð bekkja ... (**SAÞ:** Tíunda.) Tíunda. Ég bið þingmanninn að afsaka — stendur í miðju prófkjöri og fær svona svívirðingar yfir sig. Ég skal aldrei gera þetta aftur, hv. þm. (**SAÞ:** Þetta er samkvæmt reglunum.) Já, samkvæmt reglunum. Það er nefnilega það — halda sig við reglurnar, það er rétt.

Í þessum fjármálakafla eru ákvæði um hámarksstærðir hópa. Það er auðvitað rétt. Ég er þeirrar skoðunar að ákvæði um hámarksstærðir hópa eigi að vera inni áfram með einhverjum hætti. Þá er ég ekki aðeins að tjá mín sjónarmið og t.d. hv. 2. þm. Vestf. heldur líka Samtaka sveitarfélaga. Samtök sveitarfélaga telja að það þurfi að koma til móts við þá gagnrýni sem uppi er varðandi niðurfellingu á þessu ákvæði í frv. eins og það lítur út.

Að öðru leyti get ég stytt mál mitt varðandi þetta sérstaka atriði og segi: Ég tel að staða barna í dreifbýlinu, þ.e. í fámennustu skólahéruðunum, sé í mikilli hættu eins og þetta mál lítur út. Ég get út af fyrir sig til að skýra mál mitt bætt því við að ég sé ekki betur en að hlutirnir séu þannig að fámennustu hrepparnir geti átt undir högg að sækja hjá þéttbýlisstöðunum þegar kemur að því að skipuleggja skólastarf og kennslu. Við þekkjum það sem höfum pínulítið komið að þessum málum að það er oft mjög erfitt að skipuleggja samstarf dreifbýlishrepps og þéttbýlis um skólamál. Ég hygg að þeir sem þekkja vel til t.d. á Vesturlandi eða í Norðurlandi vestra geti staðfest þetta þar sem iðulega er um allmikil vandamál að ræða í samskiptum dreifbýlissveitarfélags annars vegar og þéttbýlissveitarfélags hins vegar um skólahald. Staðreyndin er sú að þessi sveitarfélög og þessi mál eru algerlega í lausu lofti samkvæmt þessu frv. Það eru engin ákvæði um hvernig þau eigi að starfa saman. Í 11. gr. frv. segir að þau eigi að starfa saman en það eru engin ákvæði um hvernig það eigi að gerast. Ég spyr hæstv. menntmrh.: Hvernig sér hann fyrir sér framkvæmdina á 11. gr. varðandi samstarf þessara sveitarfélaga ef snurða hleypur á þráðinn, ekki aðeins um almennt starf grunnskólans heldur kannski alveg sérstaklega um stuðningsþættina sem ég kom að áðan?

Í þriðja lagi, hæstv. forseti, tel ég að þetta mál sé í uppnámi vegna þess, eins og ég sagði áðan, hvernig haldið er á réttindamálum kennara. Staðreyndin er sú að það er alveg með ólíkindum að menn skuli ekki hafa unnið snarpar í því máli en verið hefur. Í grein sem Eiríkur Jónsson, formaður Kennarasambands Íslands, skrifaði í Kennarablaðið í september sl. fjallar hann um lögbundin réttindi kennara. Hann segir m.a., með leyfi forseta:

„Nú eru liðnir fimm mánuðir síðan tillögur nefndar um meðferð réttindamála kennara og kjarasamninga þeirra við hugsanlegan flutning á rekstri grunnskóla til sveitarfélaga voru lagðar fram."

Síðan fer hann yfir þrjú atriði, sem eru flókin, varðandi réttindaflutning, flutning kennara frá því að vera starfsmenn ríkis yfir í það að vera starfsmenn sveitarfélaga. Hann segir hér, með leyfi forseta, í fyrsta lagi:

„Fái kennarar að vera áfram í Lífeyrissjóði starfs-

manna ríkisins (LSR), sem er eina leiðin til að varðveita réttindin, eru samt mörg vandamál sem þarf að leysa. Eitt er það að einungis rúmlega 50 sveitarfélög af yfir 170 sveitarfélögum í landinu eiga aðild að sjóðnum og hann hefur um nokkurt skeið lokað á að fleiri launagreiðendur fái aðild."

Ég vil af þessu tilefni spyrja hæstv. menntmrh.: Er fjmrn. tilbúið til að taka fleiri launagreiðendur inn í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins? Er fjmrn. tilbúið til að taka sveitarfélög inn sem aðila að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins? Það væri satt að segja alveg stórkostleg breyting frá því sem verið hefur þar sem fjmrn. hefur, mér liggur við að segja af eðlilegum ástæðum, reynt að takmarka aðgang að sjóðnum eins og mögulegt er. En hefur fjmrn. allt í einu opnað fyrir það að sveitarfélög geti orðið aðilar að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins eins og hér er bersýnilega verið að tala um?

Síðan segir, með leyfi forseta:

„Eitt af því sem starfsmenn ríkisins ávinna sér með veru í LSR er sá réttur að eftirlaun þeirra fylgja launabreytingum sem verða hjá eftirmönnum. Þetta þýðir að kennari sem á t.d. 70% lífeyrisrétt og er í launaflokki 144-8 þegar hann fer á eftirlaun fær greidd eftirlaun samkvæmt þeim flokki, þ.e. þremur launaflokkum ofar en kennari á byrjunarlaunum. Launabreytingar sem sveitarfélögin kunna að semja um við okkur í framtíðinni hafa áhrif á eftirlaunarétt allra kennara sem nú greiða iðgjöld til LSR og líka þeirra sem þegar eru komnir á eftirlaun. Það má varpa fram þeirri spurningu hvort það standist lög að ríkið framselji samningsréttinn og þar með ákvörðun eftirlauna til sveitarfélaganna og feli þeim þar með að semja um eftirlaun starfsmanna sem aldrei voru ráðnir til starfa hjá þeim."

Ég vil nota tækifærið og spyrja hæstv. menntmrh.: Telur hann að þetta standist, að sveitarfélögin semji fyrir fólk sem aldrei hefur verið í vinnu hjá sveitarfélögunum? Telur hann það standast? Hvernig sér hann þetta mál fyrir sér? Ég efast um að þetta standist meira að segja stjórnarskrá landsins að óskyldur hagsmunaaðili ráðskist með hagsmunamál fólks með þeim hætti sem hér er verið að benda á.

Síðan má auðvitað í þriðja lagi benda á ráðningarkjörin, þar sem kennarar hafa verið fastráðnir og verið skipaðir starfsmenn ríkisins. Verða þeir skipaðir starfsmenn viðkomandi sveitarfélags? Er það þannig? Er það hugsanlegt að sveitarfélögin samþykki að þessir starfsmenn verði skipaðir starfsmenn sveitarfélaganna? Svarið er örugglega nei, ég er viss um að sveitarfélögin muni a.m.k. flest hafna því. En hvað verður þá með þetta fólk? Ég spyr hæstv. ráðherra: Hvernig sér hann þetta fyrir sér, þetta kjaraatriði, grundvallarkjaraatriði kennara sem kennarar hafa í raun og veru selt á undanförnum árum aftur og aftur með því að taka við lægri launum heldur en ella hefði verið?

Í fjórða lagi, hvað með biðlaunaréttinn? Hvernig fer með biðlaunaréttinn? Það má kannski spyrja eins og hv. 2. þm. Vestf. hér áðan: Hvernig fer um þau mál hjá þessu fólki sem t.d. leggur niður störf á fræðsluskrifstofunni? Fær það biðlaun? Á það biðlaunarétt eða hvað? Hvað hafa menn hugsað sér í þeim efnum? Það er alveg nauðsynlegt að fá um það skýr svör við þessa umræðu.

Ég held að það sé nauðsynlegt að átta sig á því að um biðlaunaréttinn hafa verið miklar deilur í þessari stofnun, það hefur verið mikill vandi og ákvörðun biðlaunaréttar varðandi kennara hefur auðvitað áhrif á biðlaunarétt varðandi aðra opinbera starfsmenn. Við höfum verið með einkavæðingarfrumvörp hér hvert á fætur öðru á þessu kjörtímabili þar sem ríkisstjórnin hefur í raun og veru ekki getað svarað því hvernig á að fara með biðlaun þessa fólks. Hvað á að gera við biðlaun kennaranna? Og menn verða að bíta í það súra epli að kennarar eru fólk sem þarf að taka tillit til og það er ekki hægt að umgangast þá bara eins og eitthvert viðfangsefni á pappír, heldur hafa þeir starfað hjá ríkinu um árabil eða áratuga skeið, verið að kenna börnunum okkar og er þá ekki eðlilegt að stjórnvöld sýni þeim a.m.k. þá lágmarksmannasiði að tala við þá um það hvernig þeim hlutum á að koma fyrir sem snúa að eftirlaunarétti kennara þegar svona miklar breytingar eru að ganga yfir eins og þær sem hér eru á ferðinni?

Í fimmta lagi, hæstv. forseti, vildi ég nefna aðeins sveitarfélögin sjálf. Nú skyldi maður ætla að sveitarfélögin væru alveg vitlaus í að fá grunnskólann, að þau biðu bara málþola utan við dyrnar eftir því að fá grunnskólann, að Vilhjálmur Vilhjálmsson lægi bara hér við að fá lögin samþykkt, að fá grunnskólann. En það er nú eitthvað annað, hæstv. forseti. Ekki einu sinni Vilhjálmur er mættur. Og frá Sambandi ísl. sveitarfélaga hafa borist ýmsir pappírar og ég fæ ekki séð að Samband sveitarfélaga sé mjög hrifið af þessum málum eins og þau standa. Auðvitað vilja sveitarfélögin hafa þessi mál eins og sjálfsagt flestöll önnur, enda komi peningar. En þegar eftir er að ganga frá öllu öðru þá vilja sveitarfélögin auðvitað ekkert fá málið.

Stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga fór yfir frv. til laga um grunnskóla á fundi sínum 30. sept. sl., þau drög sem þá lágu fyrir. Í þeirri umsögn kemur mjög margt fróðlegt fram. Þar kemur t.d. fram að kostnaður sem gert er ráð fyrir í þessari greinargerð Fjárlaga- og hagsýslustofnunar sé vanmetinn og það er nú satt að segja bara einn brandari aldarinnar að Fjárlaga- og hagsýslustofnun skuli vanmeta kostnað við nokkurn skapaðan hlut. Hún ofmetur yfirleitt alltaf kostnað, sérstaklega við skólann því að hún hefur yfirleitt alltaf verið heldur á móti skóla ef hún hefur átt möguleika til þess og bætt alltaf verulega í. Ef það hefur þurft að samþykkja einhverjar breytingar á skólanum, þá hefur Fjárlaga- og hagsýslustofnun alltaf sagt að það kostaði aðeins meira en það kostaði. Nú allt í einu segir Fjárlaga- og hagsýslustofnun að það kosti minna og það er til þess að gera þetta fallegt í augum sveitarfélaganna og láta sveitarfélögin halda að það sé allt í lagi að taka við þessu. Ég held að það sé alveg óhjákvæmilegt að taka undir það sem kemur hérna fram í umsögn Sambands ísl. sveitarfélaga. Við verðum auðvitað að fá hér á borðið kostnaðarmat Sambands ísl. sveitarfélaga og ég spyr hæstv. menntmrh.: Liggur fyr-

ir kostnaðarmat Sambands ísl. sveitarfélaga? Samkvæmt þessu skjali, sem ég fékk í morgun frá þeim samtökum, var það kostnaðarmat allt annað en það sem kemur frá Fjárlaga- og hagsýslustofnun sem er núna allt í einu farin að vanmeta kostnað við skóla. Ég held því að það sé alveg óhjákvæmilegt að við fáum betri upplýsingar um það mál en þegar liggja fyrir.

Það er einnig mjög athyglisvert í sambandi við umsögn Sambands ísl. sveitarfélaga, sem ég hef satt að segja ekki alltaf verið ánægður með í skólamálum, það hef ég ekki verið alltaf. Mér hefur ekki fundist það alltaf mikil speki sem þaðan hefur komið, það verð ég að játa. En hérna kemur þá það sem liggur eiginlega alveg í augum uppi og hv. 2. þm. Vestf. var að tala um hér áðan, reyndur fræðslustjóri auk þess að vera framsóknarmaður sem fer nú stundum saman, greinilega, að Samband sveitarfélaga vill fá samráðs- og úrskurðarnefnd. Auðvitað verður að setja upp samráðsnefnd um rekstur skólans. Jafnvel þó að skólinn verði fluttur yfir að því er varðar laun kennara, þá verður að vera einhver aðili sem er samráðsvettvangur ríkisins og sveitarfélaganna eftir sem áður því að eftir sem áður er það þannig, hvað sem þessum reglustikumönnum í þjóðfélaginu líður, að skólinn verður samvinnuverkefni ríkis og sveitarfélaganna. Ríkið — gerir hvað? Það gefur út reglur um byggingar, það gefur út aðalnámsskrá grunnskóla. Það semur væntanlega við kennarana, a.m.k. framan af og tekur ákvarðanir um mikilvæg atriði í kjörum þeirra þannig að auðvitað verður þetta sameiginlegt verkefni og þess vegna er það skynsamlegt sem Samband ísl. sveitarfélaga bendir á hér áðan í þessu skjali að reyna að koma á einhverri samvinnunefnd ef af þessum tilflutningi verður sem verður nú sennilega ekki alveg í bráð, en einhvern tíma seinna á þessari öld því að við þurfum að taka okkur sæmilegan tíma í að undirbúa þessa hluti.

Ég vil einnig vekja hér sérstaka athygli, hæstv. forseti, á einu atriði, sem Samband ísl. sveitarfélaga hefur miklar áhyggjur af og það eru námsgögnin. Það er mjög skrýtið mál. Í námsgagnakaflanum í þessu frv. segir: Sveitarfélögin eiga að kaupa námsgögn, borga fyrir námsgögn. Það þýðir það að kostnaðinum er létt af ríkinu. Ríkið er í raun og veru að leggja niður Námsgagnastofnun sem stofnun ríkisins, enda stendur það í lok þessa frv. að það eigi að fella úr gildi lög um Námsgagnastofnun með afgreiðslu þessa frv. þó ekki séu komin sérstök lög um Námsgagnastofnun. Auðvitað er verið að leggja hana niður. Í þessum skjölum stendur einhvers staðar, ef ég man rétt, skjölum frá ráðuneytinu, að ef þetta verður svona, þá fái skólinn ekki ákveðinn kvóta af bókum eftir ákveðnum kvótareglum svo sem verið hefur. Þetta mál hefur ekkert verið rætt við sveitarfélögin. Sveitarfélögin þekkja ekki þetta mál. Og í þessari greinargerð Sambands ísl. sveitarfélaga sem ég er hér með undir höndum segir svo um 33. gr., með leyfi forseta:

„Í greininni segir að sveitarfélögum sé skylt að leggja til og kosta kennslu og námsgögn nemendum að kostnaðarlausu. Gert er ráð fyrir að ríkið starfræki sérstaka stofnun er tryggi með eigin útgáfu eða útvegun frá öðrum að ætíð sé völ á námsbókum. Verðlagning stofnunarinnar skal ákveðin árlega af sérstakri nefnd."

Ekki kemur fram í greininni hvort skólar fái námsgögn án endurgjalds samkvæmt kvóta eins og nú er sem eðlilegast væri, segir Samband ísl. sveitarfélaga, eða hvort sveitarfélög þurfa eftir breytinguna að greiða fyrir öll námsgögn. Sem sagt, stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga veit þetta ekki. Þetta atriði hefur ekki verið rætt við hana sem er bersýnilega þannig að það er ætlun ráðuneytisins, að sveitarfélögin borgi fyrir öll námsgögn eins og þetta lítur hér út. En Samband ísl. sveitarfélaga hefur bersýnilega ekki fengið um það nægilega skýrar upplýsingar sem er auðvitað enn ein staðfestingin á því að frv. er illa undirbúið.

Samband ísl. sveitarfélaga gerir athugasemdir við einar 20 greinar í frv. satt að segja samkvæmt þessu bréfi sem ég fékk frá þeim í morgun frá fundi sambandsins þann 30. sept. 1994 þannig að nú skulum við leggja þetta saman, hæstv. forseti. Í fyrsta lagi það að sérkennslan er í uppnámi og sérskólarnir. Í öðru lagi að skólastarf í dreifbýli er í uppnámi. Í þriðja lagi það að réttindi kennara eru óafgreidd og kjaramál og í fjórða lagi það að málin eru óuppgerð við sveitarfélögin. Þegar allt þetta liggur fyrir, þá er auðvitað eins eðlilegt og tvisvar tveir eru fjórir, hæstv. forseti, að menn ákveði að fresta því að afgreiða þetta mál. Það eru engar forsendur til þess eins og sakir standa. Hér er svo mikið eftir, hér er svo margt óljóst enn þá að það er ekki nokkur minnsti vegur að ljúka þessu frv. eins og það liggur fyrir á yfirstandandi þingi.

Ég sé það, hæstv. forseti, að tími minn er senn á enda. Ég hafði skrifað hér niður hjá mér til viðbótar við það sem komið er allmargar spurningar, satt best að segja 41, sem ég hafði hugsað mér að bera fram við hæstv. menntmrh. Ég geri það væntanlega síðar í umræðunum ellegar þá í hv. menntmn. en hér eru spurningar sem snerta t.d. mjög stór, fagleg atriði. Dæmi: Það mál sem kom hér fram hjá hv. 2. þm. Vestf. varðandi það að í frv. er aftur og aftur gert ráð fyrir því að láta pólitískar skólanefndir vera að vasast í faglegum málefnum, innra starfi skóla. Það gengur ekki. Ég er andvígur því burt séð frá öllum öðrum þáttum þessa máls. Þetta kemur fyrir aftur og aftur. Ég hafði líka, hæstv. forseti, hugsað mér að ræða aðeins við hæstv. ráðherra, sem ég verð væntanlega að gera síðar, að það er bersýnilega að sumu leyti um aukna faglega miðstýringu að ræða í frv. Af hverju? Af því að fræðsluskrifstofurnar eru felldar út. Þær hafa haft tilteknu, faglegu mikilvægu hlutverki að gegna. Nú eru þær felldar út og öll úrskurðarmál, bæði stór og hin smæstu líka, jafnvel varðandi einstaka nemendur og hegðun þeirra eru inni á borðinu hjá hæstv. ráðherra. Þetta er auðvitað algerlega fráleitt og ég tel að ef menn ætla eitthvað að vinna með þetta frv. á þessu þingi, þá eigi auðvitað a.m.k. að breyta þessu. Í þriðja lagi varðandi einstök atriði, hæstv. forseti: Af hverju er verið að fella niður skólaráðin úr gildandi lögum? Það eru engin rök tínd til fyrir því, ekki nokkur rök. Skólaráðin hafa þann kost að þau eru samvinnuvettvangur foreldra og kennara, foreldra og starfsmanna skólans. Þau hafa ekki

verið sett af stað, því miður. En af hverju eru þau í raun og veru felld niður? Það eru engin rök flutt fyrir því.

Ótrúlegir hlutir eru í þessu skjali í fjórða lagi, eins og t.d. að það er gert ráð fyrir því að sveitarstjórn semji um áfanga, fagstjórn o.fl. og, eins og hv. þm. Pétur Bjarnason nefndi áðan, líka um leiðsögn nýliða. Á sem sagt Kennaraháskóli Íslands að fara að semja um leiðsögn nýliða við einstakar sveitarstjórnir? Það er gert ráð fyrir því í þessu frv. eins og það er.

Síðan er hér gert ráð fyrir verulegum breytingum á kjarnagreinum, sem ég er ósammála, en hef ekki tíma til að rökstyðja. Síðan er þetta óskaplega prófafargan sem á að fara að innleiða hér í skólunum, sem er bæði dýrt og ómarkvisst og ekkert liggur fyrir um að skili betri árangri fyrir skólana í landinu frekar en annars staðar.

Hæstv. forseti. Í þeim löndum þar sem grunnskólinn hefur verið fluttur til sveitarfélaganna, eins og í Finnlandi og í Danmörku, er reynslan því miður slæm. Hún er slæm. Það liggur fyrir, því miður. Þess vegna held ég a.m.k. að menn þurfi að sameinast um að vanda sig og að vanda sig tekur tíma, hæstv. forseti.

[15:46]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu eitt stærsta mál þessa vetrar og ég get tekið undir það að þetta mál þarf að fá mjög rækilega umfjöllun hér í þinginu og við þurfum að taka góðan tíma til þess að fara ofan í alla þætti málsins. Staðreyndin er sú, herra forseti, að hver einasta þjóð þarf að skoða menntakerfi sitt með reglulegu millibili og vega það og meta hvort skólakerfið þjónar þeim tilgangi sem því er ætlað, hvort það sinni þeim einstaklingum sem þangað koma og hvort þörfum samfélagsins fyrir menntun er sinnt. Og þær spurningar sem við hljótum alltaf að spyrja aftur og aftur eru þessar: Hvað á að kenna, hvers konar menntun þarf þjóðin og hvernig verður kennslu best fyrir komið?

Mér hefur fundist í þeirri umræðu sem hér hefur átt sér stað um skólamál á undanförnum árum og ekki síst eftir að nefnd sú sem hæstv. menntmrh. setti á laggir, eftir að sú umræða hófst, þá hafi menn alls ekki svarað þeirri spurningu: Hvaða menntun þarf þjóðfélagið? Ég held að að mörgu leyti séum við mjög föst í gömlum hugmyndum um það hvers konar menntun við þurfum. Að sumu leyti er gott að skólakerfið sé svolítið íhaldssamt og haldi í menningararfinn og sinni ýmsum grundvallarþáttum samfélagsins, en við megum líka passa okkur á því að vera ekki of íhaldssöm og að sú staða komi upp að skólakerfið sé ekki í takt við breytingar þjóðfélagsins. Ég held einmitt að það sé sá vandi sem við erum lent í hér. Við höfum verið að ganga í gegnum gríðarlegar þjóðfélagsbreytingar á undanförnum áratugum. Við stöndum frammi fyrir því að fjölskyldan er börnum hvorki það skjól sem hún áður var né veitir börnum þann stuðning sem þau áður fengu og fjölskyldan er því miður ekki lengur sá þekkingarbrunnur sem hún áður var. Nú er ég auðvitað að alhæfa og þetta er gríðarlega misjafnt, en þau vandamál sem við stöndum frammi fyrir í skólakerfinu eiga ekki síst rætur að rekja til hinna miklu þjóðfélagsbreytinga og við höfum ekki brugðist við þeim eins og við hefðum átt að gera. Það tekur oft langan tíma að átta sig á breytingum og ekki síst því hvernig það verður gert. Við þurfum á hverjum tíma að svara þeirri spurningu: Hvert er hlutverk skólans? Hvað nær fræðsluhlutverkið langt og að hve miklu leyti á skólinn að taka að sér uppeldishlutverkið? Og hvernig getur hann sinnt því hlutverki, hvernig er hann í stakk búinn til þess að sinna því hlutverki? Það er einu sinni staðreynd að það hefur slaknað á skyldum foreldra. Því miður eru margir foreldrar sem ekki sinna sínu uppeldishlutverki sem skyldi og það hefur ekki verið brugðist við því, en það þarf að gera.

Mér þóttu afar merkilegar þær upplýsingar sem komu fram á fundi menntmn. í síðustu viku þar sem upplýst var að sérkennsla taki til sín á milli 15–20% af þeim kostnaði sem fer í grunnskólann og einnig það að þörfin fyrir sérkennslu er sívaxandi í framhaldsskólunum. Og þó að þarna sé um að ræða nemendur sem eiga við fötlun að stríða eða lestrarerfiðleika þá er það staðreynd að hluti þeirra sem koma illa undirbúnir inn í skólana hefur ekki fengið aðhald og það hefur ekki verið skilað til þeirra arfi kynslóðanna eða þeirri þekkingu sem hingað til hefur gengið frá kynslóð til kynslóðar. Þarna er brotalöm og það er sífellt meiri þörf á því að skólakerfið taki á þessu jafnframt því sem reynt er að styðja foreldra betur í uppeldishlutverkinu.

Sú stóra spurning sem vaknar í tengslum við þetta frv. og þá miklu breytingu sem hér er verið að leggja til er auðvitað sú hvernig skólar, sérstaklega á landsbyggðinni, verða í stakk búnir til þess að axla þá ábyrgð sem verið er að leggja þeim á herðar. Ríkið hefur sinnt bæði eftirlitshlutverki og þjónustuhlutverki við skóla úti á landsbyggðinni og hefur verið það jöfnunartæki sem hefur gert litlum skólum úti á landsbyggðinni kleift að starfa og það hlýtur að verða ein meginspurningin hvernig skólarnir úti á landi verða færir um að sinna sínu hlutverki.

Þetta frv. felur í sér margar og miklar breytingar og ég get tekið undir margt af því sem fram kemur í frv., en það er líka mjög mörgum spurningum ósvarað og ekki síst í málum sem snúa að kennurum og öðru starfsfólki skólakerfisins, starfsfólki fræðsluumdæmanna, og ekki síður sú mikla og stóra spurning: Hvar á að afla fjár til skólakerfisins? Því að það kemur fram í umsögn fjmrn., og reyndar einnig í umsögn Sambands ísl. sveitarfélaga sem hér var vitnað til áðan, að það er erfitt að meta þann kostnað sem þessar breytingar hafa í för með sér og fjmrn. telur í sínu áliti að e.t.v. verði hann mun meiri en gert hefur verið ráð fyrir og við hljótum auðvitað að spyrja: Hvar á að taka þá peninga? Í ljósi þess hvernig búið hefur verið að skólakerfinu hér á undanförnum árum þá er ástæða til þess að hafa áhyggjur af því hvort skólarnir muni fá það fjármagn sem þeir þarfnast og þá detta mér í hug þau ummæli Þórarins V. Þórarinssonar, sem hann viðhafði á fundi um daginn, að íslenska grunnskólakerfið væri hlægilega ódýrt eða að varið væri til þess hlægilega

litlum peningum. Ég get svo sannarlega tekið undir það því eins og við vitum þá er það grunnmenntunin sem skiptir ekki síst máli þegar við horfum á skólakerfið.

Fyrst í þessari umræðu langar mig að velta fyrir mér aðeins hugtökunum skólaskylda og fræðsluskylda. Þegar almennri skólaskyldu var komið á árið 1907, skólaskyldu 10–14 ára barna, þá fólst mikil framsýni í því, enda mætti það mikilli andstöðu. Fólki fannst á þeim tíma að það væri hlutverk heimilanna að fræða börnin og þar væri hægt að sinna því sem þyrfti að sinna. Síðan er mikið vatn runnið til sjávar og hjá ýmsum þjóðum er alls ekki skólaskylda heldur eingöngu fræðsluskylda, sem leiðir af sér að það er hægt að haga menntun með ýmsum hætti. Það er t.d. mikil hreyfing í Bandaríkjunum sem felst í því að foreldrar vilja sjálfir fá að fræða börn sín heima og síðan er ákveðið eftirlitskerfi sem fylgist með því hvort þeirri fræðslu hefur verið sinnt á réttan hátt. Skýringin á þessu er bæði trúarlegs eðlis, en líka það að fólki stendur ógn af ástandinu í skólum í Bandaríkjunum og getur hreinlega ekki hugsað sér að senda börnin sín þangað inn. Fræðsluskylda getur líka leitt til þess að það séu mismunandi skólar og það sé auðveldara að gera tilraunir í skólastarfsemi og fara mismunandi leiðir í kennslu. Í sjálfu sér er ekkert í kerfum sem byggjast á skólaskyldu sem hindrar það að tilraunir séu gerðar og að menn prófi sig áfram á ýmsan hátt og ég held að ég geti fullyrt að sú skólaskylda sem hefur verið í gildi á flestum Norðurlandanna hefur verið eitthvert sterkasta jöfnunartæki þessara samfélaga. Og það að ríkt hefur skólaskylda á flestum Norðurlandanna hefur gert það að verkum að öllum börnum hefur verið boðið upp á sömu menntun, í sömu skólum og án þess að þar hafi verið greint á milli barna eftir því hvaðan þau koma eða hvaða stéttum þau tilheyra, þó að reyndar hafi alltaf verið til einkaskólar á öllum Norðurlöndunum.

Það er mín skoðun að það sé mjög mikilvægt að varðveita þetta jöfnunarhlutverk skólakerfisins jafnframt því að við gerum skólakerfið þannig úr garði að það leiði bæði sveigjanleika og tilraunir. Og ég get enn einu sinni lýst þeirri skoðun minni að ég vil hafa rétt til þess að stofna kvennaskóla ef ég hef þá trú að kvennaskólar geti orðið til þess að bæta stöðu kvenna og efla þær í því að taka virkari þátt í þjóðfélaginu. Ég hef ekki tíma til að segja frá því hér, en ég var að skoða og heimsækja kvennaskóla í Bandaríkjunum núna í september og það er mikill uppgangur í kvennaskólum í Bandaríkjunum á háskólastigi, þar sem tilgangurinn er fyrst og fremst sá að efla konur til dáða.

En sú stóra spurning sem við erum að velta fyrir okkur hér er sú: Hvar á skólinn heima? Á hann heima hjá ríkinu eða á hann betur heima hjá sveitarfélögunum? Hér á landi hafa flestir skólar lengstum verið ríkisskólar, þannig að sú breyting sem hér er lögð til er auðvitað grundvallarbreyting á íslensku skólakerfi. Hér er um grundvallarbreytingu að ræða. Þar af leiðandi þarf að velta því fyrir sér hvað þessar breytingar þýða og hvernig því verður fyrir komið.

Það er nokkuð ljóst að það eru ekki aðrir en ríkið og sveitarfélögin sem ráða við almennt skólahald hér í landinu. Þó að skólaflóran sé býsna lífleg og mörg blóm í henni þá er alveg ljóst að það eru ekki aðrir aðilar sem ráða við það að mennta þjóðina en ríki og sveitarfélögin, en sveitarfélögin standa mjög misjafnlega að vígi. Og ég vil minna á það hér að það var ein forsendan fyrir flutningi grunnskólans til sveitarfélaganna að það ætti sér stað veruleg sameining sveitarfélaganna, að þar yrðu stærri einingar sem gætu rekið skólann. Þetta kom fram í skýrslu nefndarinnar sem undirbjó sameiningu sveitarfélaga, að þar voru einmitt ein meginrökin fyrir sameiningu sveitarfélaga þau að þau tækju við rekstri grunnskólanna. Eins og við vitum þá mistókust þau áform að miklu leyti þannig að hér eru enn þá mjög lítil sveitarfélög sem munu eiga í erfiðleikum með reksturinn.

Maður hlýtur að spyrja sig, hvernig verður þessi skipting milli ríkisins annars vegar og sveitarstjórnanna hins vegar og er þarna í raun og veru um einhverja bót að ræða? Ég var að reyna að tína það saman hvert yrði hlutverk sveitarstjórnanna eða sveitarfélaganna og mér sýnist að í fyrsta lagi verði það hlutverk þeirra að byggja skólana og að móta þar með það ytra umhverfi sem börnin munu verða í. Sveitarfélögin eiga að kosta allt skólahaldið. Hér með eru skólarnir algerlega á þeirra vegum, fyrir utan það fjármagn sem hugsanlega kann að koma úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, ef sú leið verður farin að reyna að aðstoða lítil sveitarfélög með styrkjum. Ráðning starfsfólks, bæði skólastjóra, kennara og annarra, verður í höndum sveitarfélagsins og skólanefndanna. Sveitarfélagið á að sjá um það að kjósa skólanefndir og þau þurfa að kaupa allt námsefni til skólanna og svo að semja við kennara og annað starfsfólk. Og þar kem ég einmitt að því atriði sem auðvitað skiptir alveg gríðarlegu máli í öllum þessum breytingum og það er hvernig staðið verði að samningum við kennara. Eiga kennarar að semja við sitt sveitarfélag þar sem þeir eru starfsmenn eða verður það sameiginleg nefnd á vegum sveitarfélaganna sem sér um samninga líkt og gert hefur verið gagnvart öðrum hópum sem vinna hjá sveitarfélögunum? Þetta er stórt atriði frá sjónarhóli kennara, en það er spurning hvort sveitarstjórnirnar þurfa ekki að hafa svolítið svigrúm til þess að geta tryggt sér kennara. Stefnan hjá ríkinu hefur verið sú að afnema öll, ég vil ekki kalla það forréttindi, en það að kennarar fái aukagreiðslur eða hlunnindi fyrir það að koma, búa og kenna á ákveðnum stöðum sem kannski þykja ekki mjög eftirsóknarverðir.

Hlutverk ríkisins eftir þessar breytingar verður í fyrsta lagi það að móta skólastefnuna, setja lagarammann utan um skólastarfið í landinu og móta skólastefnuna. Ríkið á áfram að sjá skólum fyrir námsgögnum, þó að það sé svolítið óljóst hvernig það verður gert. Ríkið ákveður aðalnámsskrána. Ríkið sér um að semja samræmd próf og ríkið á að hafa eftirlit með skólastarfinu og leggja mat á það sem þar fer fram með ýmsum aðferðum, þó að það sé líka eitt af því sem er mjög óljóst í frv., hvernig eftirlitið og matið á að fara fram.

Ég vil varpa fram þeirri spurningu, fyrst menn eru

að gera svona miklu breytingu á skólastarfinu og flytja það yfir til sveitarfélaganna, er þá sveitarfélögunum ekki allt of þröngur stakkur skorinn? Ættu sveitarfélögin ekki að hafa meiri áhrif á mótun skólastefnunnar en hér er gert ráð fyrir? Ríkið ætlar meira að segja að hafa hönd í bagga með þeim valgreinum sem á að bjóða upp á. Og hver er kostur þess að færa skólana yfir til sveitarfélaganna ef þau hafa svona lítil áhrif á innra starf og á skólastefnuna sjálfa? Ég veit að vísu að þetta hefur t.d. verið mjög umdeilt í Svíþjóð, þar sem sveitarfélögin hafa nokkur áhrif á mótun skólastefnunnar. Þar hefur komið upp mikill mismunur, bæði á milli skólahverfa og á milli svæða. Þetta er ákaflega umdeilt og þetta er bara ein af þeim spurningum sem þarf að hugsa sig í gegnum. Er bara verið að velta kostnaðinum yfir á sveitarfélögin til þess að létta af ríkinu eða er tilgangurinn sá í rauninni að dreifa valdi og sjá til þess að fleiri komi að mótun skólastefnunnar heldur en nú er? Er það einhver kostur í sjálfu sér að mótun allrar skólastefnu fari fram í menntmrn. og hvernig ætlar menntmrn. að standa að mótun þeirrar skólastefnu? Þannig að það eru mjög miklar grundvallarspurningar sem hér þarf að spyrja.

Varðandi þennan flutning til sveitarfélaganna þá, eins og ég hef kannski verið að ýja að hérna, kallar það á breytta hugsun. Þetta er ekki bara tilfærsla á kostnaði, þetta er kerfisbreyting. Þetta er mikil breyting á skólakerfinu og menn verða að hugsa það algerlega upp á nýtt hvað í því felst og spyrja sig í rauninni þeirrar spurningar: Hvert á vald sveitarfélaganna að vera?

Ég gæti haldið hér lengi áfram að velta fyrir mér þessum grundvallarspurningum, en ég ætla að snúa mér að nokkrum atriðum frv. sjálfs og verð að snúa mér seinna að hinum stóru línum í þessu máli. En fyrsta spurningin sem vaknar hjá mér er varðandi 2. gr. þessa frv. þar sem kveðið er á um það að starfshættir skólans skuli mótast af umburðarlyndi, kristilegu siðgæði og lýðræðislegu samstarfi. Við þurfum að spyrja okkur þess í alvöru hvort það eigi að taka það fram í lagatexta að íslenska skólakerfið eigi að byggjast á kristilegu siðgæði. Við stöndum einfaldlega frammi fyrir því þó að kristin kirkja, lútersk kirkja, sé hér ríkiskirkja samkvæmt stjórnarskrá, að þá eru að verða hér miklar breytingar og hingað hefur flust fólk frá ýmsum þjóðlöndum og við eigum auðvitað að virða trúfrelsi og skoðanafrelsi fólks og mér finnst í raun og veru óþarfi að hafa þetta inn í lagatexta.

Það ber að fagna því að með lögum skuli vera kveðið á um einsetinn skóla og máltíðir í skólum og lengingu skólatíma og fleira sem hér er kveðið á um og er löngu tímabært og ætti að hafa komist á fyrir lifandi löngu. En ég spyr mig: Hvernig á þetta að gerast og hvernig á að afla fjármagns til þessara breytinga? Það er búið að leggja mat á það hjá Reykjavíkurborg hvað þetta þýðir og þetta þýðir einfaldlega að í Reykjavík þarf að byggja fjölda nýrra skóla. Og eins og Sjálfstfl. skildi við Reykjavíkurborg þá eru ekki miklar líkur á því að það takist að byggja hér upp marga grunnskóla á næstu árum, þó að reyndar hafi þegar verið ákveðið að hefja byggingu tveggja. En þarna kemur einmitt fram þessi mikla breyting, hún felur í sér m.a. að það þarf marga nýja skóla.

Varðandi Reykjavík þá vaknar spurning varðandi þessi ákvæði hér um skólahverfi. Er skynsamlegt að Reykjavík, með sinn fjölda af grunnskólum, sé eitt skólahverfi eða væri ekki nær að skipta borginni upp í fleiri hverfi? En þá vaknar spurningin: Hvar á yfirsýnin að vera? Hvar verður þá yfirsýnin yfir skólana í Reykjavík sem borgarstjórnin verður að hafa? En þarna verður um allviðamikið starf að ræða sem skólanefnd Reykjavíkur mun hafa á sínum snærum og þar kem ég einmitt að skólanefndunum.

Ég er mjög hlynnt því að draga foreldra og aðra sem áhuga hafa á skólastarfi inn í starfið og ég hef kynnt mér það lítillega í Danmörku þar sem foreldrar eiga sæti í skólanefndum og hafa þar full áhrif, að samkvæmt því sem ég hef heyrt, þá er það talið hafa haft mjög góð áhrif á skólakerfið í Danmörku. Foreldrar sinni skólunum miklu betur, þeir fylgist betur með, þeir séu mun reiðubúnari til þess að ganga til liðs við skólana og að taka þátt í tómstundastarfi og ýmsu því sem þeir geta liðsinnt með. Og ég vil gera athugasemd við það að foreldrar skuli ekki eiga beina og fulla aðild að skólanefndunum. Það er farin sú leið hér að kennarar og foreldrar eru áheyrnaraðilar með málfrelsi og tillögurétt, en mér hefði ekki þótt neitt að því að foreldrar hefðu átt þarna fulla aðild. Og ég spyr mig að því: Er einhver meiri ástæða til þess að VSÍ og ASÍ eigi aðild að t.d. húsnæðisnefndum sveitarfélaganna, þeir eru þar svokallaðir hagsmunaaðilar, heldur en það að foreldrar eigi beinan aðgang að skólanefndum og hafi þar áhrif. Ég held að það væri ástæða til þess að skoða þetta mál svolítið nánar en hér er gert. Það er mikil ástæða til þess hér á landi að gera foreldra miklu ábyrgari gagnvart skólastarfi en þeir eru nú og ég held að kennarar og þeir sem eru gagnrýnir á það að fólk komi nálægt stjórn skóla sem ekki hefur faglega menntun á því sviði, að fólk eigi að vera opið fyrir þessum breytingum og að treysta því að sveitarstjórnir, sem eru okkar kjörnu fulltrúar, vandi valið á fólki til skólanefnda. Auðvitað eru skiptar skoðanir í skólamálum og það er af hinu góða að það eigi sér stað umræða um skólamál. Þetta er mál sem snertir alla þegna samfélagsins og er ekkert einkamál kennarastéttarinnar eða skólastjórnenda. Þetta er mál sem þarfnast mikillar umræðu og mikillar umhyggju og einmitt tengist því að við þurfum að fá mjög góða og mikla umræðu um það frv. sem hér er til umræðu.

Ég ætla aðeins að koma inn á það atriði sem snertir ráðningu kennara og sem hefur nokkuð komið hér til umræðu. Kennarar velta því m.a. fyrir sér hvort þarna sé staðið eðlilega að málum, hvort skólastjórar eigi ekki að hafa meira um ráðningu kennara að segja en gert er ráð fyrir í þessu frv. og ég held einmitt að það sé mikil ástæða til þess að athuga það nánar. Einmitt í því sambandi vil ég ítreka spurningu sem kom fram áðan hjá síðasta hv. ræðumanni um það hvernig verður háttað þjálfun kennaranema. Hvaða hugsun er hér að baki varðandi þjálfun kennaranema? Er sem sagt mein-

ingin að Kennaraháskólinn geri samninga við alla grunnskóla í landinu eða hvernig verður tryggt að kennaranemar fái nauðsynlega þjálfun. Eins eru spurningar sem varða endurmenntun kennara og símenntun. Þær vakna auðvitað við þessar breytingar. Hvernig verður henni háttað? Eiga sveitarfélögin að gera samning við ríkið um endurmenntun eða við Kennaraháskólann eða hvernig á að koma þeim málum fyrir? Ég sá það nú fyrir mér að ef staðið hefði verið við þá áætlun að lengja skólaárið í 10 mánuði þá hefði allt endurmenntunarkerfi kennara verið rúst og það hefði haft í för með sér enn þá meiri breytingar og hefði þá þurft að koma því fyrir með einhverjum öðrum hætti. En það var sem betur fer hætt við þá breytingu, enda mun mikilvægara að byrja á því að einsetja skólana, lengja kennsludaginn og auka kennsluna á þessum 9 mánuðum sem við höfum nú til umráða heldur en að lengja sjálft skólaárið.

Gert er ráð fyrir því í frv. að það starfi sjóður sem ætlað er að standa undir endurmenntun kennara og skólastjóra, 1% af dagvinnulaunum kennara, en það er svona líkt fyrirkomulag og nú er. En við þennan tilflutning þarf að skoða það hvernig þessum málum verður fyrir komið og hvernig það verður tryggt að kennarar eigi aðgang að endurmenntun þegar það fer ekki lengur í gegnum ríkið.

Aðeins varðandi 29. gr., þar sem vikið er að aðalnámsskrá skólanna. Þarna kemur auðvitað spurningin um það, hver á að semja þessa námsskrá, hvernig verður að því staðið, hverjir koma að því verki? Og varðandi markmið kennslunnar þá segir hér, með leyfi forseta:

„Markmið náms og kennslu og starfshættir grunnskóla skulu vera þannig að komið sé í veg fyrir mismunun vegna uppruna, kyns, búsetu, stéttar, trúarbragða eða fötlunar."

Ég held að ég fari rétt með það að þetta sé nokkurn veginn óbreytt frá gildandi lögum, en auðvitað vaknar sú spurning hvað menn eiga við með mismunun og hvort þetta þýði t.d. að það megi ekki kenna stelpum sérstaklega og strákum sérstaklega. Hvernig skilja menn reglur eins og þessa? Nú vitum við það að það eru nýlegar rannsóknir á því að sumt af því námsefni sem hér er notað í skólum, bæði í grunnskólum og framhaldsskólum, er mjög mótað af gömlum kynjahlutverkum og er alls ekki til þess fallið að ýta undir stelpur sérstaklega og að búa þær betur undir líf í lýðræðisþjóðfélagi eins og tilgangurinn er með skólakerfinu, skilgreint markmið. Þarna er því enn ein spurningin sem vaknar: Hvernig verður staðið að því að fylgja þessum markmiðum eftir? Hvernig verður staðið að námsefnisgerð? Og hvað meina menn með þessari mismunun? Telst það vera mismunun t.d. að kyngreina bekki sem er verið að gera tilraunir með víða og hefur gefist vel, t.d. í Danmörku, um sinn?

Það er eitt atriði sem ég vildi gjarnan fá skýringu á og það er varðandi 35. gr. frv. þar sem gefin er heimild til þess að veita nemendum frí frá námi að loknum 9. bekk í allt að eitt ár vegna þátttöku í atvinnulífi og lýkur nemandinn þá grunnskólanámi síðar. Ég veit ekki hvort það er réttur skilningur að þetta sé úrræði til þess að kippa í liðinn einhverjum vandræðum eða hver er eiginlega hugsunin í þessu? Ég hefði talið það eðlilegra að nemendur lykju skólanum en kannski er þetta einmitt eitthvert úrræði. Það stendur ekki að það eigi að senda nemendur í sveitina en þetta er sú gamla trú að það sé hið mesta og besta læknisráð að senda fólk í vinnu, en það er náttúrlega spurningin ef þetta á að vera einhvers konar úrræði til þess að leysa vanda nemenda, er þá einhver aðstoð í þessu falin?

Hér væri ástæða til þess að hafa langt mál um sérkennsluna og hvernig henni verður háttað. Ég kom aðeins inn á það fyrr hversu gríðarlega aukin þörf er fyrir sérkennslu og ég vil einmitt ítreka þá spurningu sem hér hefur áður komið fram hvernig sveitarfélögin eiga að geta haldið uppi sérskólum. Maður sér það fyrir sér að Reykjavíkurborg og hugsanlega sveitarfélög hér á höfuðborgarsvæðinu hafi til þess bolmagn en það er vandséð að önnur sveitarfélög geti það. Þarna er í raun verið að hugsa kerfið eins og það er, færa það eins og það er yfir til sveitarfélaganna. En spurningin er hvort þetta gengur upp. Það er auðvitað algjörlega óviðunandi að þjónusta verði á nokkurn hátt skert við nemendur sem þurfa á sérþjónustu að halda. Og hvort sem þar er um að ræða fatlaða nemendur eða nemendur sem eiga í erfiðleikum af öðrum ástæðum þá kemur það einfaldlega bæði niður á þeim sjálfum og samfélaginu ef ekki er tekið á þeirra málum strax. Það er bara verið að búa til nýjan vanda með því.

Aðeins hér um prófafarganið eins og það er kallað og námsmat og fleira og stærð í bekkjum þá er ég þeirrar skoðunar að það sé full þörf á því að skoða stöðu nemenda oftar en gert er núna. Það má spyrja sig hvort það að hafa samræmd próf eða könnunarpróf í 4., 7. og 10. bekk sé of mikið en ég held að það sé einmitt einn stærsti gallinn á okkar grunnskólakerfi að nemendur fljóta í gegn án þess að það sé tekið á þeirra vandamálum. Vandanum er ýtt upp í framhaldsskólann sem hefur orðið að bregðast við þessum straumi nemenda sem ekki ræður við það sem þar er verið að gera og þarna er bara verið að ýta vandanum á undan sér. Ég held að með því að skoða stöðu nemenda oftar þá fái skólinn fleiri úrræði eða þá á hann þess kost að taka á vanda nemenda og við verðum bara að horfast í augu við þessar breytingar og þann slælega undirbúning sem því miður allt of mörg börn koma með inn í skólann. Það verður bara að horfast í augu við þetta.

Varðandi fjölda í bekk þá finnst mér í umræðunni að menn séu að ganga mjög mikið út frá óbreyttu kerfi, út frá því bekkjakerfi sem hefur tíðkast og ég skil að sjálfsögðu þau sjónarmið kennara að við hefðbundna kennslu mega hópar ekki vera allt of stórir. En það eru til ýmis kerfi og m.a. í Bretlandi hafa menn einmitt verið að bregðast við sérþörfum nemenda með því að mynda stjóra hópa, taka svo út litla hópa í ýmsar greinar í stuðningskennslu, í sérkennslu, en þau eru kannski í bekknum sínum tiltölulega fáar stundir. Það verður að hugsa þetta út frá því að skólarnir geti þróað sín kerfi en auðvitað þarf að sjá til þess að það sé

ekki verið að troða allt of mörgum nemendum inn í stofur eins og hér hefur verið gert í allt of ríkum mæli og leggja óhæfilega vinnu á kennara. Það er auðvitað staðreynd að í íslensku skólakerfi hefur aldrei verið brugðist við þeim breytingum sem fólust í því þegar hætt var að raða í bekki eftir námsgetu. Bekkirnir voru einfaldlega allt of stórir og það er ein skýringin á þeim vanda sem við er að stríða að það er verið að gera kennurum að kenna allt of mörgum börnum. Ég þekki ekki nógu vel hvernig það hefur gefist að blanda fötluðum nemendum inn í skólakerfið sem að mörgu leyti er gott fyrir þau en ég spyr þeirrar spurningar hvort skólakerfið hafi verið undir það búið. Það er nefnilega allt of mikið um það hér að teknar eru ákvarðanir um breytingar án þess að hugsa þær í gegn, án þess að undirbúa þær. Ég get ekki stillt mig um að nefna hér enn einu sinni þá breytingu sem samþykkt var í tíð fyrrv. hæstv. menntmrh. Svavars Gestssonar þegar framhaldsskólinn var opnaður öllum nemendum án þess að skólakerfið væri á nokkurn hátt undir það búið að taka við því. (**SvG:** Þingmaðurinn veit bara ekkert hvað hann er að tala um.) Þingmaðurinn sem hér stendur var kennari í framhaldsskóla þegar þessi breyting átti sér stað

(**Forseti** (GunnS)**:** Háttvirtur.)

... háttvirtur, og skólakerfið er einmitt enn þá að glíma við þann vanda sem þá skapaðist. Þetta var óundirbúið, hv. þm. Svavar Gestsson.

Virðulegi forseti. Sannleikurinn er sá að þetta frv. er svo viðamikið að það er varla nokkur leið að ná utan um það á þessum 40 mínútum sem ég hef til ráðstöfunar. Það sem ég hef verið að segja eru ýmsar vangaveltur og spurningar sem vaknað hafa upp í sambandi við frv. Ég get ítrekað það að mér finnst margt vera gott í frv. en það er líka mjög mörgum spurningum ósvarað. Ég get tekið undir það sem kemur fram í þeim gögnum sem Kennarasambandið og Hið íslenska kennarafélag hafa sent frá sér þar sem lögð er áhersla á að gengið verði frá fjármálum og samningum og lífeyrismálum kennara áður en þessi flutningur á sér stað. Það er reyndar það sem kemur fram í ályktun Sambands ísl. sveitarfélaga frá þessu ári þar sem það er gert að skilyrðum að samkomulag hafi náðst um alla þá þætti sem þarf að ganga frá milli ríkis og sveitarfélaga áður en þessi flutningur á sér stað og það er auðvitað mjög skiljanlegt að sveitarfélögin skuli setja þessi skilyrði því að samskipti þeirra við núv. ríkisstjórn hafa ekki verið með þeim hætti að þau beri sérstakt traust til ríkisstjórnarinnar. En þarna er auðvitað um framtíðarhagsmuni barna, foreldra, kennara og reyndar þjóðfélagsins alls að ræða, og ég vil gera það hér að mínum lokaorðum að við þurfum að gefa okkur mjög góðan tíma í þetta mál. Það þarf að fá rækilega umfjöllun úti í þjóðfélaginu með þeim breytingum sem nú hafa verið gerðar á frv. Og málið er nú það, virðulegi forseti, að það þarf að nást breið samstaða um það hvernig skólakerfið á að vera og það gengur auðvitað ekki að menntamálaráðherra eftir menntamálaráðherra setji á laggir nýjar og nýjar nefndir sem koma með viðamiklar tillögur sem lenda svo allar í ruslafötunni af því að ýmist er ekki reynt að ná breiðri samstöðu eða vegna þess að tillögurnar koma svo seint fram að það gefst ekki tími til að afgreiða þær fyrir kosningar og nýr menntmrh. byrjar á verkinu upp á nýtt. Svona er auðvitað ekki hægt að standa að málum. Ég gagnrýni það harðlega hvernig hæstv. menntmrh. stóð að skipun nefndarinnar sem samdi þetta frv. Ég held að það hefði verið miklu affarasælla að kennarar og fulltrúar stjórnmálaflokkanna hefðu átt þar aðild með fagfólkinu. Ég viðurkenni það að það er mikið af góðu fagfólki í nefndinni en til þess að ná breiðri samstöðu þá er auðvitað nauðsynlegt að standa þannig að verki að sem flestir hafi tækifæri til þess að segja álit sitt þannig að öll sú vinna sem liggur í þessu frv. endi ekki á ruslahaugum sögunnar.

[16:27]

Svavar Gestsson *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það er rétt að þegar ákvörðun um opnun framhaldsskólans var tekin á sínum tíma þá vantaði þrennt mjög mikilvægt í skólana. Í fyrsta lagi námsframboð við hæfi þeirra nemenda sem þá áttu að koma inn í skólana. Í öðru lagi vantaði námsgögn. Í þriðja lagi vantaði húsnæði. Það er því rétt hjá hv. þm. að það vantaði allt. Alþingi tók engu að síður þessa ákvörðun samhljóða að tillögu þáv. menntmrh. Birgis Ísleifs Gunnarssonar og því miður á ég ekki heiðurinn af því, eins og hefur margoft verið reynt að hengja á mig, þá á ég ekki heiðurinn af því að hafa tekið þessa ákvörðun sem ráðherra. Hins vegar stóð ég að því ásamt öðrum þingmönnum samhljóða í efri deild og í neðri deild Alþingis að ákveða þetta á sínum tíma. Ég fullyrði að enginn þingmaður utan þess sem hér stendur hreyfði efasemdum í ræðustól varðandi þetta ákvæði um að skólarnir væru nægilega vel búnir. Það segir kannski dálítið um málið og það hvað þingið var í raun og veru vanbúið til þess að taka þessa ákvörðun en því miður á ég ekki þann heiður sem hv. þm. gerði tilraun til að hengja á mig hér áðan. Ég þakka samt.

[16:29]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég held að hv. þm. ætti að þakka fyrir það að hafa ekki þennan heiður á sínum herðum því þetta er auðvitað enginn heiður að standa þannig að verki eins og gert var í þinginu. Þegar hann var að telja upp það sem á vantaði þá gleymdi hann að nefna menntun kennara því það var auðvitað eitt sem við blasti að kennarar í framhaldsskólum voru á engan hátt undir það búnir að taka við þessum nemendum. Þessi vinnubrögð sýna tengslaleysið milli þess sem gerist hér innan þings og þess sem gerist í skólakerfinu. Ef ég man rétt þá var það nokkuð snögglega sem þessi ákvörðun var tekin, alla vega fylgdumst við illa með þessu í skólakerfinu, svo mikið er víst, og það var reynt að andmæla þessari breytingu en hún hefur haft mjög miklar afleiðingar. Ég vara við því að það sé staðið þannig að málum að það séu teknar stórar og viðamiklar ákvarðanir án þess að undirbúa þær og án þess að menn geri sér grein fyrir því hvaða afleiðingar þær hafa.

[16:30]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég átti satt að segja ekki sæti í menntmn. þegar þetta gerðist á sínum tíma. Ég var áheyrnarfulltrúi í menntmn. efri deildar. Fulltrúi stjórnarandstöðuflokkanna þáverandi einna röskastur í menntmn. var Guðrún Agnarsdóttir. Ég man ekki eftir því að við yrðum fyrir mjög mikilli gagnrýni af hálfu Kennarasamtakanna eða HÍK varðandi þetta atriði sérstaklega þannig að ég held að það sé langeinfaldast að enginn kenni neinum um í þessu máli en viðurkenni þann veruleika sem ég rakti hér áðan að viðbættu því sem hv. þm. nefndi. Það er veruleiki sem við stöndum frammi fyrir. Staðreyndin er hins vegar sú að við breytum þessu ekki með því að snúa aftur við til sama lands, heldur verðum við að setja okkur að bæta úr þeim ágöllum framhaldsskólans sem hv. þm. minntist á og ég einnig og það ræðum við væntanlega nk. þriðjudag.

[16:31]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get tekið undir það að við skulum horfa fram á veginn og horfast í augu við það ástand sem við okkur blasir, en það sem ég er fyrst og fremst að leggja áherslu á hér og vil endurtaka enn einu sinni er auðvitað það að við reynum að átta okkur á því hvað við erum að gera og hvaða afleiðingar það hefur. Og það er alveg furðulegt á þeim tíma þegar þessi ákvörðun var tekin ef fólk hefur ekki áttað sig á því hvað í henni fólst. En þetta eru dæmigerð íslensk vinnubrögð að ana áfram án þess að spyrja um nokkurn skapaðan hlut og ætla bara að redda hlutunum seinna meir, en ákvarðanir eins og þessar, ekki síst um jafnalvarlegt mál og skólakerfið þurfa að vera vel ígrundaðar. Og það er einmitt tækifæri til þess nú að vanda mjög vel meðferð þessa máls og reyna að átta okkur á því hvaða breytingar þetta eru, hvað þær kosta, hvaða afleiðingar þær hafa og hvort þær eru til bóta eður ei.

Útbýting þingskjals:

Atvinnuréttindi útlendinga, 165. mál, stjfrv., þskj. 179.

[16:32]

Petrína Baldursdóttir:

Virðulegi forseti. Hæstv. menntmrh. hefur mælt fyrir frv. til laga um grunnskóla. Með endurskoðun laga um grunn- og framhaldsskóla er leitast við að móta heildstæða stefnu í skólakerfinu og ég verð að segja það hér og hrósa hæstv. menntmrh. að mér finnst hann hafa leitað mjög mikið eftir því að taka tillit til þeirra umsagna sem hafa komið um þetta mál til þess að ná sem víðtækastri sátt milli aðila sem láta sig þessi mál varða í þjóðfélaginu.

Á síðasta þingi voru samþykkt lög um leikskóla. Leitast var við að móta heildstæða stefnu með því að móta stefnu um skólagöngu skólabarnsins frá leikskólaaldri og fram til framhaldsskólaára og lít ég á framlagningu frumvarpa um grunn- og framhaldsskóla sem eðlilegt framhald af setningu nýrra leikskólalaga.

Uppeldishlutverk grunnskóla og leikskóla er í mörgu líkt. Barn breytist ekki skyndilega úr leikskólabarni í grunnskólabarn. Barnið er heildstæð persóna sem þroskast ört á þessu aldursskeiði. Mikilvægt er því að eðlileg tengsl skapist milli leikskólans og grunnskólans. Skörp skil milli þessara skólastiga eru í miklu ósamræmi við þróunar- og vaxtarferil barnsins.

Í 10. gr. nýsamþykktra laga um leikskóla, nr. 78/1994, er kveðið á um að skólaskrifstofur skuli stuðla að eðlilegum tengslum grunnskóla og leikskóla. Mér finnst vanta skýrari ákvæði inn í grunnskólafrv. þar sem kveðið er á um samstarf leikskóla og grunnskóla. Það kemur að vísu fram í 42. gr. samstarf um ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu en það er eiginlega það eina sem ég sé í þessu frv. um samstarf leikskóla og grunnskóla.

Í 35. gr. er t.d. sagt: „Skólaskylda barns hefst við upphaf skólaárs á því almanaksári sem barnið verður sex ára. Foreldrar eða forráðamenn barns geta sótt um eða samþykkt að það hefji skólagöngu fyrr eða síðar en segir í lögum þessum um skólaskyldu sex ára barna. Skólastjóri getur veitt slíka heimild að fenginni umsögn um sérfræðiþjónustu."

Það kom á síðari stigum inn þetta orð „að fenginni umsögn sérfræðiþjónustu". Ég hefði viljað kveða skýrar á um að hér kæmi inn í „að fengnum ummælum leikskólastjóra." Það er að mínu mati mjög mikilvægt frá hagsmunum barnsins að skólastjóri þurfi að hafa samráð við leikskólastjóra ef barnið hefur gengið í leikskóla og ég fullyrði það að 90–95% barna í þessu þjóðfélagi ganga eða hafa hafið leikskólagöngu.

Meginmarkmið frv. er flutningur alls rekstur grunnskólans frá ríki til sveitarfélaga og það er náttúrlega flestallt komið til sveitarfélaga varðandi rekstur grunnskóla, allir þættir nema laun kennara. Ég er sammála því viðhorfi sem kemur fram frá þeim aðilum sem talað hafa fyrir því að grunnskólinn verði alfarið í höndum sveitarfélagsins. Það er augljóst að hagræði er að því að rekstur grunnskóla verði fullkomlega í höndum eins aðila. Til að gera skóla að skilvirkum, sjálfstæðum stofnunum sem bjóða nemendum upp á námsefni og kennslu við hæfi færum við ábyrgð og vald til að taka ákvarðanir eins nálægt vettvangi og frekast er unnt. Þetta finnst mér vera stórt, göfugt og mikið markmið að skólum og fólkinu sem um þessi mál á að fjalla sé gefið tækifæri til þess, að þessi mál séu færð eins nálægt og hægt er.

Í því frv. sem hér er til umræðu er leitast við að færa vald nærri vettvangi og auka valdreifingu og það er mjög gott markmið. Slík valddreifing ætti í raun og veru að einfalda stjórnun. Í frv. er leitast við að innleiða nýja stjórnunarhætti með t.d. gæðastjórnun og það kemur fram hérna í 49. gr. frv. Þar stendur: „Sérhver grunnskóli innleiði aðferðir til að meta skólastarfið, þar á meðal kennslu- og stjórnunarhætti, samskipti innan skólans og tengsl við aðila utan skólans." Þetta er að mínu mati mjög stórt og gott skref. Það er m.a. gert með því að auka mat á skólastarfi og opinbert eftirlit. Það eru margir sammála því að opna þarf grunnskólann enn frekar fyrir samfélaginu. Það þarf að

eyða tortryggni á milli heimila og skóla. Það er allt of algengt að foreldrar láti í ljós það álit sitt að þeir viti naumast hvað barnið sé að gera í skólanum. Það er ekki hægt að kenna neinum um af hverju svona viðhorf ríkja í samfélaginu til skólans. Það eru kannski leifar af þeirri hugsun sem ríkti einu sinni í viðhorfi til skóla. Foreldrum fannst þeir ekki hafa leyfi til að skipta sér af því hvað þar færi fram. Kennarar voru settir á stall, það voru nefnilega þeir sem höfðu þekkinguna. Með opnari umræðu í þjóðfélaginu um skólamál og meiri kröfur til skólans hafa foreldrar verið að átta sig á því að þeir gætu haft áhrif á skólastarfið.

Í því frv. sem hér um ræðir er aukin áhersla á mat á skólastarfi og eftirlit með framkvæmdum skólahalds og það kemur m.a. fram í 9. gr. um eftirlitsskyldu menntmrn., ábyrgð, söfnun og dreifingu upplýsinga um skólahald. Það kemur fram í 10. gr. um upplýsingaskyldu sveitarfélaga gagnvart menntmrn. Það kemur fram í 12. gr. Skólanefnd fylgist með framkvæmd náms og kennslu í umboði sveitarstjórna. Það kemur fram í 15. gr., 16. gr., 31., 42., 46., 48., 49. og 51.

Í 12. gr. kemur fram aukið vægi skólanefnda við stjórnun skólans. Það er vissulega í rökréttu samhengi við þá ákvörðun að færa rekstur grunnskólans alfarið yfir til sveitarfélaga. Skólanefnd er falið að fara með þau mál er varða grunnskóla sem sveitarstjórn felur henni. Því leggst sú ábyrgð á hendur sveitarfélaga eða þeirra stjórnmálaflokka sem velja fulltrúa sína í skólanefndir að vanda vel til verka með val sinna fulltrúa og ég get alveg tekið undir að það getur orkað tvímælis þó að tilgangurinn sé mjög góður og þetta sé markmið sem ég get mjög fallist á, þá skil ég voðalega vel t.d. áhyggjur þeirra manna sem velta fyrir sér auknu vægi þessara skólanefnda. Mér finnst það mjög mikið atriði af því að þetta eru pólitískar nefndir sem eru fulltrúar flokka, þá sé það alveg ljóst að það er sett mjög mikil ábyrgð á fulltrúa stjórnmálaflokka, að stjórnmálaflokkar velji og vandi vel val sitt á þeim fulltrúum sem þeir vilja setja inn í þessar skólanefndir og þeir geri sér grein fyrir þessu aukna vægi.

Fulltrúar kennara, skólastjóra og foreldra eiga rétt til setu á skólanefndarfundum með málfrelsi og tillögurétt. Ég get alveg tekið undir það sem hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir sagði. Ég hefði viljað sjá kannski gengið aðeins lengra í þá átt að þessir aðilar fengju atkvæðisrétt í þessum skólanefndum. Í skólanefndum gefst t.d. foreldrum aukinn möguleiki á því að fylgjast með innra starfi skólans og koma skoðunum sínum formlega á framfæri við stjórnendur skóla.

Í 16. gr. er einnig kveðið á um að við hvern grunnskóla skuli starfa foreldraráð. Foreldrum gefst með því tækifæri til að hafa áhrif á allar áætlanir skólans. Þessi þróun skólamála er að mínu mati mjög jákvæð og verði vel haldið utan um þetta atriði getur það verið stórkostlegt tækifæri fyrir foreldra og grunnskólann til að hefja opinskáa umræðu um skólamál og koma í veg fyrir það að tortryggni skapist á milli þessara aðila, þ.e. heimila og skóla.

Í 3. gr. er kveðið á um einsetinn skóla og það er vissulega gott markmið, markmið sem er nauðsynlegt fyrir íslenskt þjóðfélag að verði framfylgt. Í gildandi lögum er kveðið á um að allir skólar skuli vera einsetnir. Því miður hefur frá gildistöku þeirra laga lítið orðið um einsetningu skóla nema kannski á nokkrum stöðum í dreifbýlinu. Krafan í þjóðfélaginu verður alltaf háværari og háværari um að ríki og sveitarfélög framfylgi þessum markmiðum. Íslenskt þjóðfélag hefur breyst það mikið undanfarin ár eða áratugi að miklu máli er farið að skipta foreldra og börn að þessum markmiðum sé náð, þ.e. einsetinn skóli og samfelldur skóladagur. Og það er mjög athygli vert að þegar menn ræða um einsetinn skóla, samfelldan skóladag og heilsdagsskóla, þá vill svolítið brenna við að menn rugli saman þessum hugtökum. Menn halda að einsetinn skóli þýði samfelldur skóladagur. Menn halda að heilsdags skóli sé sama og einsetinn skóli en þetta þarf ekkert alltaf að fara saman. Það er mjög mikilvægt að menn sem tala um þessi mál hafi þekkingu á því og viti um hvað verið er að tala þegar við erum að tala um samfelldan skóladag í einsetnum skóla.

Hér á árum áður þegar lítill hluti kvenna var úti á vinnumarkaðnum skipti þetta litlu máli þar sem börn voru hluta af deginum í skóla en gátu síðan gengið að því með öryggi og vissu að annað foreldri sitt væri heima. Þegar á milli 80–90% kvenna eru farnar að taka þátt í atvinnulífinu lítur dæmið allt öðruvísi út. Það er nauðsynlegt bæði fyrir börnin og foreldra að börn á grunnskólaaldri eigi öruggan samastað á daginn. Þetta markmið verður að nást og það á allra næstu árum. Það er tekið fram í frv. að þessu markmiði um einsetinn skóla eigi að vera búið að ná árið 2001. Ég vona svo sannarlega að það gerist og það yrði þá mikil framför í þessu þjóðfélagi.

Ég vona að með tilfærslu grunnskólans til sveitarfélaga muni það gerast að sveitarfélög leggi allan sinn metnað í að framfylgja þessu göfuga markmiði um einsetninguna. Mörg sveitarfélög hafa á síðari árum sýnt metnað í þá átt að hefja byggingu skólahúsnæðis svo einsetja megi skólana. Það var mjög athyglivert sl. vor þegar voru sveitarstjórnarkosningar hve mikla áherslu frambjóðendur allra flokka lögðu á að framfylgja því markmiði að einsetja skóla, t.d. með loforðum um byggingu skólahúsnæðis og samfelldum skóladegi. Það er hins vegar umhugsunarvert af hverju skólamál hafa verið svo lítið forgangsmál í þjóðfélaginu almennt hjá stjórnmálamönnum með einstaka undantekningu þó.

Umræða um skólamál í víðasta skilningi þess orðs hefur rokið upp rétt fyrir kosningar þegar á að fara að kjósa til Alþingis eða til sveitarstjórna. Síðan hefur oftar en ekki orðið minna um efndir í umbótaátt í þessum málaflokkum. Mesta auðlindin á Íslandi er fólgin í fólkinu sjálfu. Það hlýtur að vera hluti mannréttinda að einstaklingur geti þroskast og notið menntunar á eigin forsendum og auðvitað þarf skólakerfið og þeir sem stjórna forgangsröðun verkefna að taka mið af því. Góður skóli með hæfu starfsfólki og breytt hlutverk skólans kallar á breytta forgangsröðun á fjárveitingum í samfélaginu og það er alveg tími til þess kominn að menn fari virkilega að sýna það í verki að þeir láti sig þessi mál varða. Ég hef eins og örugglega flestir aðr-

ir orðið vör við það að það hefur verið núna á sl. ári mjög mikil umræða um skólamál í þjóðfélaginu og það er alls staðar hægt að merkja aukna kröfu frá fólki að það verði virkilega farið að taka á þessum málum og menn meini það sem þeir segja þegar þeir eru að setja svona lög.

Aðgangur að öllum skólastigum á að vera öllum þegnum opinn án tillits til búsetu, fötlunar eða efnahags. Þær nýjungar sem m.a. eru í frv. um kjarnagreinar og koma m.a. fram í skýrslu nefndar um mótun menntastefnu og skilgreiningum á þeim eru af hinu góða að mínu mati, það er leitast við að setja mælistiku á það að grunnskólanemendur öðlist ákveðna grundvallarþekkingu á þeim fögum og öðlist færni í þeim á ákveðnum aldursstigum. Það er mjög gott að setja ákveðna mælistiku á þá kunnáttu og færni sem nemendur eiga að hafa á valdi sínu á ákveðnum aldursstigum. Það ætti að vera til þess að auka kröfur bæði til kennara og nemenda. Það hefur komið fram í umræðum í þjóðfélaginu að menn óttuðust að ákvæði um þjónustu við nemendur með sérþarfir væru mjög óljósar í þessu frv. en það kemur m.a. fram 37. gr. Þar er kveðið skýrt á um það að þeir nemendur sem þurfa á aðstoð að halda vegna sértækra námsörðugleika eiga rétt á stuðningi í námi. Það er mjög mikilvægt atriði að meginstefnan skuli vera sú að kennsla fari fram í heimaskóla, t.d. fyrir fatlaða nemendur, og þar sé þeim boðið upp á úrræði við þeirra hæfi. En það er náttúrlega með þetta eins og allt annað, það er ekki nóg að setja svona göfug markmið á prent. Það verður að standa við þessi orð og það verður náttúrlega að segjast eins og er að þeim göfugu markmiðum, sem sett voru í grunnskólalögunum árið 1974 um að allir nemendur ættu þann rétt, hefur ekki verið framfylgt, að skapa skólum skilyrði til þess að uppfylla þessi ákvæði, t.d. varðandi sérkennslu. Það hefur töluvert mikið vantað á það. Skólar hafa mjög oft verið í þeirri aðstöðu að þeir hafa ekki getað sinnt þessari lögboðnu kennslu t.d. fyrir fatlaða nemendur.

Það er alveg ljóst að með einsetningu grunnskóla og auknum kröfum þjóðfélagsins til grunnskólans verður að fara fram endurskoðun á kjörum kennara. Þá þarf breyttar skilgreiningar á starfi grunnskólakennarans og það er mín persónulga skoðun að kjör kennara séu blettur á þessu þjóðfélagi. Kennarar hafa hvað eftir annað reynt að fá fram kjarabætur en þeim hefur lítið orðið ágengt í þeim málum og maður spyr sig oft hvort menn átti sig á því hvað þeir í raun og veru eru að gera með þessu. Það er mín skoðun að mjög mikil orka kennara hafi farið í það undanfarinn áratug að berjast fyrir bættum launakjörum sínum og það hafi kannski oft og tíðum bitnað á umræðum um innra starf skólans. Og menn verða bara að horfa á það að launakjör kennara eru orðin þannig að þetta er í mörgum tilfellum bara orðið hlutastarf. Mér finnst það mjög mikið áhyggjuefni hversu fáir karlkyns kennarar eru og launakjörin ýta ekki undir það að kennarar fari í það að kenna, t.d. karlkennarar sem eru kannski að vinna fyrir heimili. Kennslan verður ekkert annað en aukastarf hjá þeim. Það væri gaman að vita og ég er alveg viss um það að stór hluti af karlkyns kennurum er með aukavinnu, aukastarf sem þeir sinna meðfram kennslunni. Þetta hlýtur náttúrlega að bitna á gæðum kennslunnar, það gefur alveg auga leið.

Við getum fjallað um þessi lög og önnur lög varðandi þessi málefni en ef menn ætla endalaust að stinga höfðinu í sandinn með að það þurfi ekki að leiðrétta kjör kennara þá held ég að okkur miði ekki nógu vel áfram með þessi göfugu markmið. Við verðum bara að horfast í augu við það, til að fá góðan skóla verðum við að hafa hæfa kennara og það á líka að gera auknar kröfur til kennara. En það verður líka að fylgja samræming í auknum kröfum og einhverjum leiðréttingum á þeim launakjörum sem þeir hafa. Vissulega veit ég það að umræða um þetta grunnskólafrv. er ekki umræða um kjaramál kennara. En óneitanlega tengjast kjaramál kennara inn í umræðu um grunnskólamál, það gefur auga leið að það er samhengi þarna á milli.

Það er von mín að með flutningi grunnskóla til sveitarfélaga gefist kennurum tækifæri til að fá leiðréttingu á kjörum sínum. Það er vissulega tími til kominn að það gerist.

Það væri óskandi að umræðan nú um málefni grunnskóla og framhaldsskóla yki skilning almennt í þjóðfélaginu á því hvað þetta eru mikilvæg mál og það sé mikilvægt að það sé vel staðið að þessum málum í þjóðfélaginu og sem víðtækust sátt náist um þau. Heilsdags skólastefna á öllum skólastigum ásamt skilningi stjórnvalda á þessum mikilvæga málaflokki er stór hlutur. Það er tími til kominn að menntamál séu sett í öndvegi í þjóðfélaginu.

[16:54]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég leyfi mér í fyrsta lagi að taka undir það sem hv. þm. sagði síðast varðandi spurninguna um forgangsröðun í þjóðfélaginu. Vandinn hefur verið sá að menn hafa ekki verið tilbúnir til að taka neinn einstakan málaflokk út úr og raða honum framar en aðrir málaflokkar eru. Vandinn hefur verið sá að menn hafa litið á t.d. menntamál eins og hverja aðra mér liggur við að segja félagslega þjónustu og ekki fengist til að horfa á menntamál sem hluta af hinum almennu framfaramálum í þjóðfélaginu og undirstöðu lífskjara í landinu eins og öðrum til lengri tíma. Og ef við skoðum t.d. það sem aðrar þjóðir eru að gera, segjum t.d. Austur-Asíuþjóðir sem nú eru að sýna hagvöxt upp á 5–10% á ári, hvað er að gerast þar? Veruleikinn þar er þannig að þar eru menntamál alls staðar í forgangsröð með virkri samvinnu skóla og atvinnulífs. Þess vegna er það alveg rétt sem hv. þm. segir að hér er um að ræða algert forgangsatriði og ef þessi umræða gæti orðið til þess að menn næðu samstöðu um að raða skólanum í alvöru framar, og segðu það fullum fetum núna í aðdraganda kosninganna, væri stórkostlegur sigur unninn fyrir uppeldisstarf í landinu.

Ég kvaddi mér hljóðs í andsvari, hæstv. forseti vegna þess að ég tel að ákvæði 37. gr. eins og þau eru um sérkennsluna séu ekki nægilega skýr og ég bendi á lokamálsgrein greinargerðarinnar þar sem segir svo, með leyfi forseta:

„Kveðið er á um að menntmrh. setji reglugerð með nánari ákvæðum um framkvæmd þessarar greinar, svo sem um rétt nemenda til sérstaks stuðnings og í kennslu og þjónustu við þessa nemendur."

Mér finnst í raun og veru að það gagni ekki að ákvæði af þessu tagi séu hugsanleg reglugerðarákvæði. Ég tel að það þurfi að stafa þau mjög skýrt og skilmerkilega í lögunum sjálfum.

[16:56]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Eins og fram kemur í frv. því sem hér er til umræðu um grunnskóla er meginmarkmið þess flutningur alls reksturs grunnskólans frá ríki til sveitarfélaga. Það er ljóst að um það mál eru nokkuð skiptar skoðanir og því er það mjög mikilvægt ef samstaða á að nást um þetta frv. hér á hv. Alþingi að ýmsir grundvallarþættir liggi ljósar fyrir en fram kemur í þessu frv. Ég tel að það sé mjög brýnt að það sé mörkuð heildstæð stefna í málefnum grunn- og framhaldsskóla og markmiðin séu skýr. Það skiptir vissulega máli að skipulag kennslunnar og innra starf skólans sé með þeim hætti að sjálfstæði skólanna sé sem mest og að fagleg sjónarmið ríki á öllum sviðum og ekki síst að allir geti notið jafnréttis til náms óháð búsetu og aðstöðu og að sérfræðiþjónusta við skóla sé tryggð fyrir þá sem við námsörðugleika eða fötlun búa.

Veigamikill þáttur í starfi skólans eru einnig tengsl og samráð milli heimila og skóla og að áhrif foreldra á allt skólastarfið séu markviss og aukin eins og kostur er sem ég fagna að stefnt er að með þessu frv. Nú þegar fyrir dyrum stendur að flytja grunnskólann alfarið yfir til sveitarfélaga er brýnt að þannig sé staðið að málum að ekki sé dregið úr gæðum skólastarfsins og að tryggt sé að hvergi sé hætta á að slakað verði á markmiðunum um jafnrétti allra til náms og að fjárhagslegar undirstöður séu tryggðar varðandi markmið sem þessi löggjöf á að fela í sér. En ástæða er til að hafa áhyggjur varðandi alla þessa þætti. Ljóst er að þar sem ekki hefur náðst stærri áfangi í stækkun sveitarfélaganna þá muni þau vera mjög misjafnlega í stakk búin til að taka alfarið yfir rekstur grunnskólans og því nokkur hætta á að gæði kennslunnar og markmiðin um jafnrétti til náms séu í hættu ef löggjöfin er ekki afdráttarlaus í því efni og fjárhagslegur grundvöllur traustur. Í frv. er sett það markmið allir grunnskólar skuli vera einsetnir og það markmið náist árið 2001 og í samræmi við þá stefnu er kennslustundafjöldi nemenda aukinn.

Lauslegir útreikningar sem gerðir voru á sl. ári af Sambandi ísl. sveitarfélaga sýndu að til að ná markmiðum um einsetinn skóla yrði kennslustofum að fjölga um 500–600 á landinu öllu, mest þó í Reykjavík og Reykjanesi eða í kringum 400 og er það í samræmi við framkvæmdaáætlun menntmrn. frá 1991 þar sem samsvarandi tölur koma fram. Heildarkostnaður við þessa fjölgun á kennslustofum var þá áætlaður tæplega 5 milljarðar kr. og til að ná markmiðunum um samfelldan skóladag þyrfti að lengja skólatíma barna 6–12 ára um 55 kennslustundir á viku. Kostnaður við hverja viðbótarkennslustund í hverjum árgangi var áætlaður um 12 millj. kr. Samkvæmt þessum útreikningum, sem ég hygg að séu samhljóða bæði hjá Sambandi sveitarfélaga og hjá menntmrn., er áætlað að viðbótarkennsla vegna samfellds skóladags sé um 600 og þarna er um tæpa 6 milljarða að ræða vegna þessa og vegna húsnæðisins. Nú vil ég spyrja hæstv. menntmrh.: Hversu víðtæk á kostnaðarþátttaka ríkisins að vera til þess að ná markmiðum sem sett eru í þessu frv.? Í því sambandi vil ég minna á að í tillögum nefndar um mótun menntastefnu frá janúar 1993 kemur eftirfarandi fram varðandi fjármálin, en þar segir, með leyfi forseta:

„Meta verður verkefnið í heild sem sveitarfélög tækju við með tilliti til þeirra krafna sem þeim eru lagðar á herðar og fælust í lagasetningu ríkisins um skólastigið." Þetta er undir kaflanum um fjármál. Þetta hef ég ævinlega skilið þannig að sú löggjöf sem væri í gildi þegar tilflutningurinn ætti sér stað frá ríki yfir til sveitarfélaga, að kostnaðarhlutdeild ríkisins yrði miðuð við það að ákvæðin kæmust að fullu til framkvæmda. Og jafnvel þó að þetta yrði gert í áföngum með einsetinn skóla, þá mundi kostnaðarþátttaka ríkisins taka mið af því og koma þannig í áföngum. Ég hygg að hér sé um mjög mikilvæga spurningu að ræða sem ég óska eftir að hæstv. ráðherra svari vegna þess að þá má skilja það svo að ekki sé samræmi í þessu áliti nefndar um mótun menntastefnu.

Í skýrslu menntmrn. um tilfærslu grunnskóla til sveitarfélaga um mat á kostnaði frá því í september 1994 kemur fram varðandi tekjustofna: „Starfshópurinn er sammála um að við yfirfærslu grunnskólans til sveitarfélaga skuli tekjustofnaflutningur miðast við gildandi grunnskólalög." Hvað er átt við hér með „gildandi grunnskólalög"? Eru það grunnskólalög sem gilda í dag eða er það þetta frv. sem við erum að fjalla um? Mér þykir mjög mikilvægt að það liggi fyrir að enginn misskilningur sé í þessu efni vegna þess að í umsögn t.d. Sambands ísl. sveitarfélaga finnst mér mjög skýrt að þeir ætla að miðað sé við það frv. sem við erum að fjalla um og að ríkið taki þá þátt í kostnaði við einsetningu skólans eins og ég hef alltaf staðið í meiningu um að gert yrði.

Í áliti Sambands ísl. sveitarfélaga kemur fram, með leyfi forseta, í athugasemdum við einstakar greinar að frv. feli í sér að grunnskólinn skuli vera einsetinn. Í ákvæðum til bráðabirgða er gert ráð fyrir að því markmiði verði náð árið 2000. Bráðabirgðaákvæði þarf að orða skýrar og gera ítarlega kostnaðaráætlun um hvernig að því verði unnið jafnframt því sem sveitarfélögunum verði tryggðar tekjur til að standa undir þeim kostnaði sem því er samfara.

Það er því alveg ljóst að þetta er skilningur Sambands ísl. sveitarfélaga þannig að það er mjög mikilvægt hvort við erum hér að ræða um yfirtöku yfir til sveitarfélaganna sem er upp á 5–6 milljarða eða hvort við erum að ræða hér yfirtöku upp á 12 milljarða ef einsetinn skóli er hérna inni þannig að ég bið um skýr svör, hæstv. ráðherra, við þessu. Reyndar væri ágætt að fá líka fram afstöðu formanns nefndarinnar til þessa máls sem hér er í salnum, hv. þm. Sigríðar Önnu Þórð-

ardóttur, vegna þess að hún skrifar undir þetta álit um fjármálin sem ekki verður skilið á annan hátt en þann að það eigi að miða við kostnaðinn eins og hann liggur fyrir þegar þetta frv. hefur orðið að lögum.

Það er ekki að sjá t.d. í áliti fjmrn. að þeir geri ráð fyrir þessari hugsun eins og ég hef hér lýst því að af áliti fjmrn. sem fylgir frv. sýnist svo ekki vera, en þeir áætla kostnaðinn í heild 680–910 millj. en leggja að vísu áherslu á að kostnaðaráhrif frv. geti orðið mun meiri en þessar tölur segja til um. Að auki er alls óljóst eins og reyndar hefur komið fram hér í þessari umræðu hvaða kostnað sveitarfélögin munu hafa vegna áunninna lífeyrisréttinda við yfirtökum á launagreiðslum til kennara og skólastjóra og í heild hvað yfirtaka á öllum launagreiðslum til kennara og skólastjóra kostar. Í því sambandi má spyrja hvort mið sé tekið af auknum kennslustundafjölda og hvort miða eigi við yfirborganir og hlunnindi sem víða tíðkast nú til grunnskólakennara en í áætlunum um kostnað sveitarfélaga vegna ýmissa þátta eins og húsnæðishlunninda, flutningastyrkja, staðaruppbótar og fleira var áætlað að sá kostnaður væri milli 200 og 300 millj. á árinu 1992.

En það verður að segja eins og er að mjög erfitt er að fjalla um ákvæði þessa frv. nema samhliða liggi fyrir frv. um hvernig breyta eigi tekjustofnum sveitarfélaga og hvernig Jöfnunarsjóður sveitarfélaga kemur inn í fjármögnunina. Ég spyr hæstv. menntmrh. að því: Hvað liggur fyrir um þetta efni? Er samstaða um það milli ríkis og sveitarfélaga hvað stór hlutur fer til jöfnunar inn í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga? Áætlað var á sínum tíma að það væri ekki minna en 20% af fjárhæðinni sem þyrfti að renna til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga við flutning þessa verkefnis yfir til sveitarfélaganna og ef hugmyndin er að þetta komi úr staðgreiðslunni, þ.e. að hækka útsvarið geri ég þá ráð fyrir til að mæta útgjöldum sveitarfélaga, er þá tryggt að samsvarandi lækkun verði á tekjuskatti á móti? Ég spyr enn fremur: Hvenær verður lagt fram frv. um þetta efni og hvenær verður útfærslan um viðmiðanir og rétt til framlaga úr Jöfnunarsjóði klár þannig að hv. Alþingi fái þennan mikilvæga þátt málsins til meðferðar? Það er mjög erfitt fyrir okkur að vera að fjalla bara um aðra hliðina á þessu máli sem eru réttindi sem við erum að gefa fólki og breyta grunnskólalögum og tryggja betri skóla með þessum ákvæðum ef við höfum ekki hina hliðina sem er undirstaðan undir þetta allt sem er fjármögnunin. Þess vegna er mjög erfitt, hæstv. menntmrh., að Alþingi fjalli bara um aðra hlið þessa máls.

Ég spyr hvort það sé satt sem ég hef heyrt að það standi til að hér verði aðeins lagt fyrir Alþingi fjármögnun til bráðabirgða til næsta árs en að öðru leyti verði málið skilið eftir raunverulega varðandi frambúðarfjármögnun. Ef svo er, þá tel ég að málið sé skilið eftir í algjöru uppnámi. Ég bið því hæstv. ráðherra að tjá sig ítarlegar um fjármögnun á frv. við þessa umræðu málsins.

Það er alveg ljóst að einn af mikilvægustu þáttum frv. er að yfirfærslan gerist líka í góðu samkomulagi við kennarastéttina, en kjör þeirrar stéttar eru orðin verulegt áhyggjuefni, ekki síst þegar við setjum okkur háleit markmið um gæði og kröfur til skólastarfsins og kennarastéttarinnar.

Ég vil draga fram annan þátt þessa máls nú þegar stefnt er að því að skólinn verði einsetinn. Sums staðar hefur þessum mikilvæga áfanga verið náð að skólinn er einsetinn, en maður spyr sig: Hefur það tekist sem skyldi? Hvert er mat hæstv. menntmrh. á þeim árangri sem náðst hefur? Hefur skipulagið verið með þeim hætti að einsetinn skóli, þar sem því markmiði hefur verið náð, hafi skilað tilætluðum árangri? Þó við höfum húsnæði fyrir hendi til að tryggja einsetinn skóla, þá er það ekki nóg. Við erum ekki komin með einsetinn skóla þó við höfum nægjanlegt húsnæði. Það þarf líka að fylgja að innihald skólastarfsins samræmist þeim markmiðum sem við viljum ná. Þar þarf vinnutími kennara og skipulag á þeirra starfi að fara saman við einsetinn skóla og þar skilst mér að misbrestur hafi orðið á. Því spyr ég hæstv. menntmrh. um þennan þátt málsins. Og hvernig metur hann árangurinn hingað til þar sem það hefur náðst fram að skólar eru einsetnir? Ef markvisst og skipulega á að fara að vinna að því að hafa skóla einsetna þá er mikilvægt að skipulag við einsetninguna og vinnutími kennara og þá kjarasamninga við þá taki mið af þeirra tillögum. Annars sýnist mér hún ekki ná þeim árangri sem að er stefnt. Þetta verður allt saman að mínu mati að haldast í hendur.

Ég vil líka víkja að öðrum þætti í þessu frv. en þar er gert ráð fyrir að sveitarfélögin kosti námsgögn í skyldunámi og að Námsgagnastofnun skuli framvegis ekki úthluta námsgagnakvóta til skólanna heldur selja sveitarfélögunum námsgögnin. Og í áliti fjmrn. sem er fskj. með frv. kemur fram að ekki sé gert ráð fyrir að breyting verði á því fjármagni sem fer til námsgagnakaupa í heild sinni. Nú er það almennt álit bæði kennara og foreldra að mjög brýnt sé að bæta öll námsgögn og ætla má að ýmis ákvæði þessa frv. um samræmd próf og fleira geri það enn brýnna. Ég tel ástæðu til að hafa áhyggjur af því hvert stefnir í námsgagnagerðinni, bæði vegna þess að frv. gerir ráð fyrir að ekki verði breyting á því fjármagni sem fer í námsgagnagerð í heild sinni en það hefur sætt töluverðum niðurskurði og einnig hvort við þessa breytingu gæti fjölbreytileiki námsgagna orðið mismunandi frá einu sveitarfélagi til annars þegar sveitarfélögin eiga sjálf að sjá um að kosta námsgögn til skyldunáms. Það hlýtur að vera afar brýnt og nánast lykilatriði að nemendur í skyldunámi sitji við sama borð hvað þennan mikilvæga þátt varðar og að til þess sé tekið tillit við flutning grunnskólans yfir til sveitarfélaga og þá tekjustofna samfara því til sveitarfélaganna.

Ég vil líka spyrja um einn þátt sem ég tel brýnt að fram komi og það snertir upplýsingaskyldu menntmrn. gagnvart nemendum og foreldrum þeirra. Um réttindi og skyldur nemenda og foreldra þeirra gagnvart skólanum og öfugt. Ég hef heyrt að það hafi verið mikil brotalöm á og ráðuneytið hafi ekki staðið sig sem skyldi varðandi upplýsingaskyldu sína, bæði til nemenda og foreldra.

Það hlýtur líka að kalla á ýmsar spurningar að í frv. eru felld út ákvæði um hámarksfjölda nemenda í bekkjardeildum. Það er sjálfsagt gert í nafni þess að verið sé að auka sjálfsforræði sveitarfélaga og að ábyrgðin sé alfarið í þeirra höndum, en það gefur vissulega tilefni til að ætla að tilhneiging geti orðið kannski víða að fjölga í bekkjardeildum frá því sem lög nú kveða á um. Slík þróun er mjög varhugaverð og gefur tilefni til þess að hafa áhyggjur af því hvernig þau mál munu þróast og þá hvort gæði kennslunnar verði mismunandi eftir skólum og sveitarfélögum. Um þetta atriði spyr ég sérstaklega og álit ráðherrans á því. Ég tel að hér sé um svo mikilvægt atriði að ræða sem raunar getur oft ráðið úrslitum um námsárangur barna, og raunar um áhuga nemenda almennt á skólastarfinu. Þetta ákvæði þarf að fá mjög ítarlega umfjöllun hér á hv. Alþingi og ekki síst í þeirri nefnd sem fær málið til meðferðar. Í blönduðum bekkjum er raunar mjög brýnt að fækka í bekkjum fremur en fjölga sem bæði kemur í veg fyrir vaxandi agavandamál og þá að hægt sé að hafa meiri fjölbreytni í kennslunni. En ég óttast að við stefnum í þveröfuga átt ef ekki verður sett þak á þann fjölda nemenda sem má vera í hverri bekkjardeild eða byggt sé á einhvers konar hámarksstundafjölda kennara á hvern nemanda.

Það má vel vera að við náum því markmiði að skólar verði einsetnir með því að fjölga bara í bekkjardeildum en það er langt frá því að við náum tilskildum markmiðum með einsetnum skóla með þeim vafasama hætti. Því er afar brýnt að festa ríki varðandi þetta mikilvæga ákvæði skólamálanna. Ef við meinum eitthvað með jafnrétti til náms og að hagur barnanna verði í fyrirrúmi og tryggður hvar sem þau búa, þá er hér um mjög mikilvægan þátt málsins að ræða sem liggja verður ljós fyrir.

Ég vil því næst víkja að öðrum mikilvægum þætti sem einmitt lýtur að jafnrétti til náms og hér hefur verið ræddur og ekki síst gagnrýndur af hv. 9. þm. Reykv., Svavari Gestssyni, og ég get tekið mjög undir það, en ég tel mjög varhugaverðan þann boðskap sem liggur fyrir í þessu frv. varðandi sérkennsluúrræði, t.d. fyrir fatlaða og þá sem eiga við námsörðugleika að etja. Ég tel að einn mikilvægasti þátturinn sem snýr að fötluðum sé jafnrétti þeirra til náms á við aðra og að við höfum skóla fyrir alla eins og talað er um en ekki bara skóla fyrir suma eins og oft er sagt. Og til þess að svo megi verða verðum við að hafa trygg örugg og markviss sérkennsluúrræði og að skipulag hins almenna skóla og fjármögnun hans verði að taka mið af þörfum þessara barna. Ég tek undir það með hv. þm. Svavari Gestssyni að það er bara allt of losaralega um hnútana búið í þessu frv. sem við fjöllum um. Og jafnvel þó að á þessu máli sé tekið í 37. gr. þá er alveg ljóst að þunginn af þessu er settur yfir í reglugerð, yfir á menntmrh. Menntmrh. á að setja ákvæði til að tryggja þessi úrræði og ég tel óviðunandi að Alþingi afgreiði málið frá sér með þeim hætti.

Ég held að það sé alveg óhætt að segja að mikið vanti upp á að við höfum núna tilskilin úrræði í sérkennslunni og sérkennslukvótinn sem skólarnir hafa fengið verður oft margfalt undir því sem skólarnir áætla. Ég vil líka minna á að í núgildandi lögum um grunnskóla er í raun stefnumarkandi ákvæði, hæstv. ráðherra, um að hverfa frá sérskólum fyrir fatlaða og efla og styrkja sérkennsluúrræði í almennum skólum þannig að við höfum almenna grunnskóla fyrir alla en ekki bara fyrir suma. En í núgildandi lögum, ákvæði til bráðabirgða, segir, með leyfi forseta:

„Til viðbótar því sem kveðið er á um í 78. og 79. gr. skulu þeir grunnskólar sem ríkið rekur fyrir fötluð börn, þ.e. sérskólar, vera reknir á vegum þess þar til grunnskólar geta veitt fötluðum nemendum sambærilega eða betri þjónustu."

Núgildandi lög setja sem sagt fram skýra stefnumörkun um að hverfa frá sérskólum og koma á samskipan allra nemenda enda í samræmi við ákvæði og markmið laga um málefni fatlaðra sem kveða á um að tryggja jafnrétti fatlaðra á við aðra í þjóðfélaginu og meginreglan skuli vera þjónusta og kennsla fyrir fatlaða með sama hætti og fyrir aðra nemendur. En í þessu frv. er undirstrikað að mínu mati að sérskólar séu hluti grunnskólakerfisins sem mér finnst vera fráhvarf frá þeirri stefnu sem mörkuð hefur verið og ákvæðin í frv. raunar fremur hvetjandi til að koma á og viðhalda sérskólum fyrir fatlaða. Þetta tel ég alveg afleita stefnu og tel að í öllum meginatriðum hafi blöndun fatlaðra og ófatlaðra nemenda í almennum skólum tekist vel ef undan er skilið að öflugri sérkennsluúrræði hefðu þurft að vera fyrir hendi. Samskipan fatlaðra og ófatlaðra nemenda er eðlileg og réttmæt ekki síst þar sem slík skipan mála eru þroskandi bæði fyrir fatlaða og ófatlaða nemendur og vinnur gegn vanþekkingu á fötlun sem er mjög mikilvægt.

Máli mínu til stuðnings vil ég benda á 38. gr. frv. Þar er raunar ýtt undir sérskólana þar sem rætt er um að hugsanlega eitt sveitarfélag eða fleiri standi að rekstri sérskóla og deili rekstrarkostnaði eftir nánari reglum.

Það eru fleiri en ég sem hafa þá skoðun að verið sé að hverfa frá samskipan og hvetja fremur til sérskólaúrræða. Ég veit t.d. að hagsmunasamtök fatlaðra hafa áhyggjur af því hvernig þetta er sett fram í frv.

Ég tel að í núgildandi lögum um grunnskóla og reglugerð um sérkennslu sé réttur barna til sérkennslu mun betur tryggður en í þessum lögum, m.a. er kveðið á um rétt barna til sérstaks fjármagns sem notað er þeim til góða með sérkennslu sem mér sýnist að fellt sé niður. Kveðið er nú á um í frv. að réttur fatlaðra eða þeirra sem búa við námsörðugleika skuli fara fram í heimaskólum nemenda eins og frekast er kostur. — Og það er nú það, hvað það þýðir.

Ég óttast að með þessu frv. verði sérkennsla í grunnskólum ekki styrkt heldur sé veruleg hætta á að gengið verði í aðra átt. Það er talað um að 20% barna í grunnskólum þurfi á sérkennslu af ýmsum toga að halda og í Reykjavík einni er talað um að 2.400 nemendur þurfi á sérkennslu að halda.

Ég tel að það megi alveg skoða það að rétt sé að setja í frv. ákveðinn fjárhagslegan ramma um umfang sérkennslu og að skyldur sveitarfélaganna í því efni

séu skýrar og klárar og ótvíræðar og ekki sé hægt að ganga fram hjá þeim eða vísa þessu með einum eða öðrum hætti á reglugerð hjá ráðherra. Alþingi verður að vita hvað er verið að samþykkja í svona brýnum málum sem eru sérkennsluúrræði fyrir fötluð börn.

Ég legg því enn og aftur, virðulegi forseti, þunga áherslu á að þetta atriði frv. fái rækilega umfjöllun í nefnd og treysti því að frá þessum málum verði ekki gengið á Alþingi nema að tryggt sé að við séum að auka og efla sérkennsluúrræði í grunnskólum en ekki að hverfa til fortíðar í því efni. Það væri bakslag í baráttu fatlaðra ef svo væri.

Ég vil aðeins nefna það ákvæði frv. þar sem lagt er til að aukin áhersla verði lögð á samræmt námsmat í grunnskólum og kveðið á um samræmd próf í kjarnagreinum sem lögð skulu fyrir samtímis og að við lok grunnskóla skuli leggja fyrir samræmd lokapróf í a.m.k. fjórum námsgreinum. Rökin fyrir þessu eru að fá með samræmdum mælingum upplýsingar um stöðu einstakra nemenda í námi og framfarir á námsferlinum auk þess sem samræmdar mælingar veiti skólafólki og fræðsluyfirvöldum mikilvægar upplýsingar um árangur skólastarfsins. Þessi samræmdu próf eiga að gefa kennurum og skólastjórum vísbendingu um að hve miklu leyti nemendur hafa náð grundvallarfærni sem frekara nám byggir á og vera þannig leiðbeinandi um áherslur í kennslunni. Allt þetta á síðan að vera til að bregðast við og veita þeim nemendum sem ekki hafa náð lágmarksþekkingu og færni sérstakan stuðning.

Ég skal ekkert draga úr að ákveðnir kostir geta fylgt þessu fyrirkomulagi, ekki síst könnunarprófunum, en líka veigamiklir gallar. Spurningin er hvort hér sé ekki um of einhæfan mælikvarða að ræða á getu nemenda. Það verður ekkert fram hjá því litið að með þessu er í raun verið að flokka og stimpla nemendur og ljóst einnig að slík samræmd próf segja ekki alla söguna ef þau eiga að veita leiðsögn um árangur og getu nemandans því lítið segja þau um sjálfstæði eða frumkvæði eða ábyrgð nemandans sjálfs sem skilar sér kannski ekki í samræmdum prófum.

Það má líka minna á að samræmdu prófin eru dýr og hafa tekið mikið af tíma og fjármagni Rannsóknarstofnunar uppeldismála.

Það er einnig ljóst að markmiðið með könnunarprófunum er að veita hlutlægar upplýsingar um námsframvindu þannig að hægt sé að grípa inn í námsferilinn með markvissum aðgerðum. Hjá þeim sem ekki ná tilskildum árangri verða sérkennsluúrræðin líka að vera til staðar sem og öflug sérfræðiþjónusta. En um bæði þessi mál finnst mér ríkja mikil óvissa samkvæmt frv. og þau vera í mikilli óvissu því ef hægt á að vera að grípa til sértækra úrræða og grípa inn í námsframvindu í kjölfar könnunarprófa eða samræmdra prófa þá verða þau úrræði náttúrlega að vera fyrir hendi og að hægt sé að grípa til þeirra.

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins, áður en ég lýk máli mínu víkja aftur að fjármögnun frv. vegna þess að það er einn mikilvægur þáttur sem ég hefði gjarnan viljað fá svör við. Hann snertir stöðu fræðsluskrifstofanna, eins og hér hefur verið komið nokkuð inn á, og stöðu starfsfólks fræðsluskrifstofanna og hvers megi vænta í því efni. Í áliti frá menntmrn. í september 1994 er nokkuð fjallað um þennan þátt varðandi fræðsluskrifstofurnar. Þar er sagt að starfshópurinn telur eðlilegt að sveitarfélögin í umdæmi fræðsluskrifstofu komi sér saman um framtíðarfyrirkomulag og meðferð verkefna þeirra. Hópurinn bendir þó á að heppilegt geti verið að sveitarfélögin komi sér saman um að reka núverandi fræðsluskrifstofur með líkum hætti og nú er eða lítið breyttum fyrst um sinn eftir yfirtöku sveitarfélaganna á öllum grunnskólakostnaði. — Liggur eitthvað frekar fyrir um þetta, spyr ég hæstv. ráðherra.

Eins hef ég áhuga á að spyrja um viðhaldskostnað á skólamannvirkjum í grunnskóla. Mér hefur skilist að víða væru viðhaldsmál í nokkrum ólestri varðandi grunnskólabyggingar. Hvað er fyrirhugað varðandi yfirtökuna í því efni? Ég stoppaði við það að í áliti Sambands sveitarfélaga er aðeins farið inn á þennan þátt og nefnt, með leyfi forseta:

„Með yfirtöku sveitarfélaga á sérskólum þarf að athuga vandlega og taka tillit til þeirra kostnaðaráhrifa sem slík yfirtaka hefur í för með sér. Í því sambandi má nefna rekstur, viðhald og ástand húseigna við yfirtöku og skipulag rekstrar sem er tímafrekt viðfangsefni."

Ég spyr hæstv. ráðherra: Liggur fyrir einhver úttekt á viðhaldskostnaði á skólamannvirkjum? Hvað er þetta eða getur orðið mikill kostnaðarþáttur? Liggur einhver úttekt fyrir á þessu efni?

Ég held að það sé mjög brýnt að þetta liggi fyrir þannig að síðar meir verði þetta ekki deiluefni milli ríkis og sveitarfélaga.

Virðulegi forseti. Ég get farið að ljúka máli mínu en vil segja í lokin að það er mjög mikilvægt þegar við erum að fjalla um grunnskólalögin og skipulag og kennslu grunnskólabarna og raunar grundvallaratriði að horfa á hvern þátt þessara mála, hvert ákvæði frv., út frá sjónarhóli barnsins eða nemandans. Þegar grunnurinn er lagður að skólagöngu barnanna skiptir öllu máli að vel sé til vandað og að öll kennsla og úrræði skólans miði að því að tryggja rétt og velferð barnsins og að byggja upp frumkvæði og námsgleði nemendanna og að skólinn taki mið af þörfum barnanna. Þar hefur verið mikil brotalöm, bæði varðandi aðbúnað og kjör kennara og réttindi barna og foreldra þeirra, ekki síst þegar við búum í þjóðfélagi sem gerir kröfur til þess að báðir foreldrar séu iðulega á vinnumarkaðinum.

Mörg markmið og ákvæði þessa frv. vísa vissulega fram á veginn en þau eru því marki brennd að í ýmsum ákvæðum er vísað í reglugerðir sem ekki liggja fyrir og fjármögnun sem allt stendur og fellur með liggur ekki fyrir og er í raun á brauðfótum eins og ég hef rakið, a.m.k. ríkir um hana mjög mikil óvissa. Hér er í raun verið að gefa fyrirheit eins og um einsetinn skóla sem enginn veit hvernig á að standa að því að fjármögnunin er mjög óljós í því efni.

Sama óvissan ríkir um hver niðurstaðan verður í réttindamálum og kjörum kennara sem mikið veltur á. Ég óttast þess vegna að þó mikil vinna hafi verið lögð

í þetta mál sem við fjöllum um og hæstv. menntmrh. hafi þar góðan vilja þá er stakkurinn svo þröngt sniðinn, óvissan svo mikil um fjármögnun og hvernig fámennustu sveitarfélögin muni taka á þessu máli og hvert við erum að stefna í sérkennslumálum barna að málið er í raun vanbúið fyrir Alþingi að taka á.

Ég hvet hæstv. menntrmh. um leið og ég ítreka þær fyrirspurnir sem ég hef lagt fyrir hann að leggja sem fyrst fyrir Alþingi hvernig standa eigi að þeim atriðum sem óvissa ríkir enn um eins og fjármögnun og réttindamál kennara. Að öðrum kosti tel ég nokkuð ljóst að engum sé greiði gerður með því að afgreiða málið svo hrátt sem það er frá hv. Alþingi.

[17:28]

Sigríður A. Þórðardóttir:

Virðulegi forseti. Hverju þjóðfélagi er nauðsyn að mennta þegna sína vel enda er góð menntun í senn uppspretta framfara og breytinga og hornsteinn þjóðlegrar menningar. Mikilvægt er að treysta menntun og skólastarf þannig að saman fari áhersla á þekkingu og frumkvæði til nýsköpunar og virðing fyrir hefðbundinni menningu þjóðarinnar. Menntun og skólastarf í landinu þarf einnig að standast samanburð við það sem best þekkist á erlendri grund á tímum vaxandi alþjóðlegra samskipta.

Farsælt skólastarf er flókið samspil margra þátta. Undirstaða þess er góð skólalöggjöf og öflug kennaramenntun.

Við mótun menntastefnu ber að taka mið af reynslu af skólastarfi og niðurstöðum skólarannsókna um mikilvægi ýmissa þátta skólastarfs.

Mikilvægt er að skólastarf sé í sífelldri endurskoðun og skólastefna hvers tíma sé grundvölluð á þekkingu og reynslu.

Stór hluti opinberra útgjalda rennur til menntakerfisins enda fer þeim verkefnum sífellt fjölgandi sem því er ætlað að sinna og kröfur þjóðfélagsins um skilvirkni og árangur í skólakerfinu eru líka sífellt að aukast. Menntun er ekki lengur forréttindi fárra heldur er góð menntun fyrir alla undirstaða nútímasamfélags. Í vestrænum samfélögum er algengt að um fimmtungur þjóðar starfi við skólakerfið annaðhvort sem nemendur eða kennarar. Hér á Íslandi lætur nærri að þetta hlutfall sé um fjórðungur þjóðarinnar.

Íslenskt þjóðfélag hefur breyst mjög ört á síðustu áratugum úr fábrotnu bændasamfélagi í flókið nútímasamfélag sem gerir sífellt meiri kröfur um fjölbreytta menntun og hæfni þegnanna. Skólar þurfa að koma til móts við þarfir ólíkra nemenda, bæði hvað áhuga og námsgetu varðar og á fjölbreyttari hátt en áður. Þessar breyttu forsendur hafa gjörbreytt þeim kröfum sem gerðar eru til skólastarfs.

Á seinni árum hefur verið töluvert rætt um valddreifingu og ábyrgðarskyldu í opinberri þjónustu. Talið er að opinber þjónusta verði skilvirkari þegar þeir sem hennar njóta eru í nánum tengslum við þá sem ábyrgðina bera. Í menntamálum þýðir slík valddreifing að verkefni eru færð frá ráðuneyti til sveitarstjórna, skóla, rannsóknarstofnana og atvinnulífs. Nauðsynlegt er að stórefla mat á skólastarfi og opinbert eftirlit til að unnt sé að færa verkefni úr ráðuneytinu nær starfsvettvangi. Einungis þannig verður unnt að tryggja að lögboðinni fræðsluskyldu sé framfylgt og allir nemendur sitji við sama borð og fái kennslu við hæfi. Skólastefna þarf að fela í sér heildarsýn þannig að ákvarðanir um framkvæmdir og þróunarverkefni taki mið af yfirlýstum áherslum stjórnvalda í skólamálum.

Tillögur nefndar um mótun menntastefnu byggja á reynslu af skólastarfi hér á landi og taka mið af þróun skólamála í nágrannalöndum. Í ýmsum atriðum eru lagðar til veigamiklar áherslubreytingar frá núverandi fyrirkomulagi. Í öðrum staðfestir nefndin þróun í skólamálaumræðu undanfarinna ára. Meginmarkmið skólastarfsins er að grunn- og framhaldsskólar búi öllum nemendum ákjósanleg skilyrði til náms og þroska, en samtímis er brýnt að bæta árangur skólastarfsins. Það ber að stefna að aukinni valddreifingu í skólakerfinu, bæði á grunn- og framhaldsskólastigi. Ákvörðunartaka verði færð sem næst vettvangi og ábyrgðarskylda sveitarfélaga og skóla aukin. Samtímis er lögð áhersla á námsskrá með skýrum markmiðum og samræmt mat á námsárangri nemenda á vissum stigum námsferilsins svo að fræðsluyfirvöld, skólafólk og almenningur fái stöðugt vitneskju um það hvort framkvæmd skólastarfsins sé í samræmi við gildandi skólastefnu. Loks er lögð áhersla á reglubundið eftirlit með skólastarfi, einkum sjálfsmat stofnana og gæðastjórnun og aukna upplýsingamiðlun til almennings um árangur skólastarfs.

Meginbreytingar samkvæmt grunnskólafrv. eru að meginefni tvíþættar. Annars vegar er tilfærsla grunnskólans til sveitarfélaga og skipulagsbreytingar sem af henni leiða sem lúta þá m.a. að stjórnun, stoðþjónustu grunnskólans, starfsmannahaldi og mörgu fleira. Hins vegar eru umbætur í skólastarfi þar sem höfuðáhersla er lögð á að efla skólastarfið og ná betri árangri í námi og kennslu. Helstar þeirra eru að það er hert á einsetningu skólanna, skólatíminn er lengdur á þann veg að kennsludögum er fjölgað úr 144–155 í 172 og daglegur skólatími er lengdur. Samræmt námsmat er aukið, hver skóli skal gefa út skólanámsskrá og taka upp aðferðir til að meta sitt innra starf, skilgreindar verða kjarnagreinar í aðalnámsskrá grunnskólans og áhrif foreldra eru aukin með tilkomu foreldraráða við hvern skóla.

Ég vík nú nánar að tilfærslu grunnskólans til sveitarfélaga. Sveitarfélög eru annar hluti hinnar tvískiptu opinberu stjórnsýslu. Tilvist þeirra tryggir valddreifingu í samfélaginu og eru þau því einn af hornsteinum lýðræðisins. Mikilvægt er að sveitarfélögin hafi völd og ábyrgð annars er hætta á að þau verði ekki annað en afgreiðslustofnanir fyrir ríkisvaldið. Sökum nálægðar hafa þau mun betri þekkingu á framkvæmdaþörfum og viðhorfum íbúa og eru því í betri aðstöðu til að annast þau verkefni sem mikilvægust þykja á hverjum stað.

Samrekstur ríkis og sveitarfélaga er óæskilegur. Annars vegar verður ákvörðunartaka og allt sem viðkemur framkvæmd og stjórnun þunglamaleg og seinvirk. Hins vegar er líka hætt við að fjármálavald og

fjármagnsnýting verði léleg þegar fjármálavald og framkvæmdarvald skiptist á tvær hendur. Krafan um aukið forræði sveitarfélaga lýtur að því að fela þeim fleiri verkefni og auka þannig valddreifingu í íslenskri stjórnsýslu.

Með nýjum lögum um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga sem tóku gildi í janúar 1990 urðu ýmsar breytingar á rekstrarþáttum hjá ríki og sveitarfélögum. Sveitarfélögunum voru falin aukin verkefni á sviði skólamála, þ.e. allur rekstrarkostnaður grunnskóla fyrir utan kennaralaun, bygging skólahúsnæðis og rekstur og uppbygging tónlistarskólanna. Við setningu þessara laga létu ýmsir í ljós það álit sitt að sveitarstjórnum væri illa treystandi fyrir þessum málum. Þeim væri annara um að verja fjármunum í aðrar framkvæmdir en til skólamála. Sumir töldu jafnvel að grunnskólinn ætti alfarið að vera á hendi ríkisvaldsins til þess að tryggja sem best jafnan rétt barna til náms hvar á landi sem þau búa.

Sú reynsla sem þegar er fengin af nýju verkaskiptingunni á sviði skólamála er góð. Sveitarfélögin hafa fyllilega staðið við sitt og raunar gott betur og má benda á það að mörg sveitarfélög bæta kjör kennara með ódýru húsnæði eða húsaleigustyrkjum og veita þeim launauppbót með beinum launagreiðslum. Sveitarfélögin leggja því þegar meira af mörkum til grunnskólahalds en þeim er ætlað í lögum. Þessi staðreynd ásamt því að grunnskólinn er staðbundið verkefni hvetur til þess að taka af skarið og fela sveitarfélögunum þetta verkefni að fullu.

Ég vil einnig geta þess að flutningur tónlistarskólans til sveitarfélaganna hefur tekist vel. Ég var á fundi á dögunum þar sem einn af tónlistarskólastjórum þessa lands greindi frá því að hann hefði verið á móti þessari breytingu á sínum tíma og barist gegn henni, en hann sagði: Guði sé lof að það var ekki hlustað á okkur því að ég er miklu ánægðari með þetta fyrirkomulag sem nú er.

Full ábyrgð sveitarfélaga á grunnskólanum krefst þess að þeim verði sett markmið varðandi inntak skólastarfsins. Von er til þess að með aukinni ábyrgð sveitarfélaga á starfi skólanna aukist aðhald af hálfu foreldra þar eð tengsl foreldra og stjórnenda yrðu beinni Mikið vinnuálag í íslensku samfélagi gerir þann stutta skóladag sem nú viðgengst óviðunandi. Daglegur skólatími hér á landi er skemmri en í nágrannalöndunum hvort sem litið er til Norðurlandanna, Norður-Evrópulanda eða Bandaríkjanna. Árlegur skólatími er styttri og hver þekkir ekki óvissuna um stundaskrá barna sinna á hverju hausti og hvernig megi takast að samrýma hana vinnutíma foreldra og svo mætti lengi telja. Fjölmörg börn á grunnskólaaldri eru ein eða í umsjá eldri systkina mikinn hluta dagsins. Mikilvægt er að stutt sé við fjölskyldufólk í þessari erfiðu stöðu og því ber að leggja áherslu á að yngri börn njóti lengri kennslutíma daglega og að kostur gefist á lengri viðveru í skólum fyrir nemendur ásamt lengingu árlegs skólatíma.

Á vegum sveitarfélaga eru í samvinnu við ýmsa aðila margs konar tilboð á sviði félags- og tómstundamála fyrir börn og unglinga. Þau mætti oft fella að skólastarfi grunnskólans og þar með nýta betur fjármagn, húsnæði og búnað sem til þessa er varið. Samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga ber þeim að veita íbúum sem eiga við félagslega erfiðleika að etja margháttaða þjónustu. Í mörgum sveitarfélögum eru félagsmálastofnanir þar sem starfar fagfólk, svo sem félagsráðgjafar og sálfræðingar. Verkefni eins og sálfræðiþjónusta skóla er á sama sviði og þjónusta félagsmálastofnana. Ef ábyrgð ofangreindra þátta heyrir undir sömu aðila skapast betri möguleikar til samhæfingar á þjónustu sveitarfélagsins. Raunar má ætla að ýmsar úrbætur á sviði skólamála, svo sem einsetning skóla, skólamáltíðir og lenging skóladags yngri barna nái fyrr fram að ganga í höndum sveitarfélaga en ríkis þar sem sumum þessum markmiðum er þegar náð í ýmsum skólum að frumkvæði sveitarstjórna. Enginn þekkir betur þörfina á slíkri þjónustu en það fólk sem sinnir málefnum hvers sveitarfélags og það er líka metnaðarfyllst að sama skapi um að veita sem besta hugsanlega þjónustu og kostur er á hverjum tíma.

Við tilfærslu grunnskóla til sveitarfélaga verður að tryggja þeim tekjur til að standa undir kostnaði og jafna kostnað milli þeirra. Í því skyni þarf að endurskoða lög um tekjustofna þeirra. Árlegur kostnaður ríkisins við grunnskóla er yfir 5 milljarðar kr. Útgjöld ríkisins í dag geta þó ekki orðið nema til viðmiðunar. Meta verður verkefnið í heild með tilliti til þeirra krafna sem felast í nýrri lagasetningu um skólastigið.

Ég vona að þetta svari spurningu hv. 12. þm. Reykv. en það hefur aldrei verið neinn efi í mínum huga um að það verður að meta verkefnið með tilliti til nýrrar lagasetningar. (**JóhS:** Til nýrrar lagasetningar.) Já, til nýrrar lagasetningar, ég endurtek það.

Einn viðkvæmasti þáttur tilfærslunnar eru atriði er varða kjararéttindi kennara sem ekki verða lengur ríkisstarfsmenn heldur starfsmenn sveitarfélaga og semja við þau um launakjör. Á vegum menntmrn. hafa starfað tveir starfshópar. Annar til að meta kostnað af tilfærslu grunnskólans til sveitarfélaga og hvernig sveitarfélögunum verði tryggðar auknar tekjur til reksturs þess hluta grunnskólans sem enn er á höndum ríkisins. Hinum starfshópnum var falið að gera tillögur um hvernig fara skuli með áunnin starfstengd réttindi kennara hjá ríkinu, þar á meðal lífeyrisréttindi, þegar rekstur grunnskóla fer alfarið til sveitarfélaga. Þeim hópi var einnig ætlað að móta tillögur um tilhögun kjarasamninga við tilfærsluna.

Eins og fram kom hjá hæstv. menntmrh. hafa báðir hóparnir skilað skýrslum sem koma að góðu gagni í þeirri vinnu sem ónunin er til að tryggja að tilfærslan gangi eðlilega og áfallalaust fyrir sig. Það kom fram í máli hv. þm. Kristínar Ástgeirsdóttur áðan að svokölluð sveitarfélaganefnd hefði lagt áherslu á að sameining sveitarfélaga væri forsenda fyrir flutningi grunnskólans til sveitarfélaganna. Ég vil að það komi fram hér af minni hálfu að nefnd um mótun menntastefnu gerði ráð fyrir því að hægt væri að flytja þetta verkefni til sveitarfélaganna án þess að um stórkostlega sameiningu væri að ræða á undan. Hins vegar ber

að geta þess að sameining auðveldar að sjálfsögðu að færa verkefnið yfir.

Hún lýsti líka áhyggjum af að lítil sveitarfélög mundu eiga í erfiðleikum með að taka við verkefninu. Ég held að of mikið hafi verið gert úr vanda litlu sveitarfélaganna. Mörg þeirra eru búin að byggja mjög vel upp. Þau eru tilbúin til þess að taka við skólanum, þau eru með skólann sinn einsetinn og mjög góða aðstöðu. Ég hef kannski meiri áhyggjur af stærri sveitarfélögunum sem er alveg ljóst að þurfa að fara í stórkostlegar byggingarframkvæmdir. Hvað varðar minni sveitarfélögin þá tel ég að það eigi að vera hægt að koma til móts við þau í gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og tryggja þannig að þau ráði við þetta verkefni.

Samkvæmt frv. fer menntmrh. með yfirstjórn grunnskóla og fylgist með því að fylgt sé þeirri stefnumörkun um nám og kennslu sem lög kveða á um. Menntmrh. ber ábyrgð á að sett sé aðalnámsskrá fyrir grunnskóla og reglugerðir um skólahald á grundvelli gildandi laga. Hann ber einnig ábyrgð á eftirliti með skólastarfi, öflun og úrvinnslu upplýsinga um starf í grunnskólum, svo og upplýsingamiðlun til foreldra og almennings um skólastarf og árangur þess. Menntmrh. leggur skólum til samræmd próf og ber ábyrgð á að fram fari mat á skólum og skólastarfi. Hann er einnig úrskurðaraðili í einstökum atriðum að því er varðar skólahald.

Ég fjalla þá nánar um ýmsa aðra þætti frv. Það er lögð áhersla á samstarf heimila og skóla og í 16. gr. frv. er kveðið á um að við hvern skóla skuli starfa foreldraráð sem skipað er þremur fulltrúum foreldra barna í skólanum. Á þann hátt opnast foreldrum nýir möguleikar til að fylgjast með og hafa áhrif á skólastarfið. Verksvið foreldraráðs verður að veita umsögn um skólanámsskrá og aðrar starfsáætlanir skólans og fylgjast með að þeim sé framfylgt.

Mér fannst það mjög athyglisvert sem kom fram í máli tveggja þingmanna hér á undan, hv. þm. Kristínar Ástgeirsdóttur og hv. þm. Petrínu Baldursdóttur að þeim þótti báðum að það væri fýsilegur kostur að foreldrar ættu beina aðild að skólanefnd. Ég vil að það komi fram af minni hálfu að ég er sömu skoðunar og er tilbúin til að skoða þetta mjög gaumgæfilega í menntmn. Það er rétt að geta þess að það var einn af kostunum sem nefnd um mótun menntastefnu skoðaði í sinni vinnu. En niðurstaðan af þeirri skoðun okkar var reyndar ekki sú að setja þetta inn í frv.

Gott samstarf við heimilin er forsenda þess að skólar geti sinnt hlutverki sínu sem skyldi. Dyggur stuðningur við börnin af hálfu aðstandenda skiptir sköpum fyrir skólann í fræðslustarfi hans. Þegar heimili og skóli leggjast á eitt og mynda trausta umgjörð um menntun hvers einstaklings má búast við betri líðan, auknu öryggi og bættum námsárangri nemenda.

Hert er á einsetningu skóla með samfelldum skóladegi um allt land til þess að öll börn geti hafið nám að morgni. Slíkt felur í sér að allir grunnskólanemendur geti verið við nám á sama tíma og að vinnudagur þeirra sé skipulagður í samfellu frá því kl. 8 eða 9 að morgni og fram yfir hádegi.

Með samfelldum vinnudegi og reglubundnum starfstíma nemenda í einsetnum skóla skapast meira samhengi í skólastarfi, og festa eykst í lífi grunnskólabarna og fjölskyldna þeirra. Í 27. grein frumvarpsins er heimildarákvæði um að sveitarstjórnir geti boðið nemendum lengda viðveru utan daglegs skólatíma. Þar er verið að lögfesta framkvæmd sem nokkur sveitarfélög hafa komið á að eigin frumkvæði. Brýnt er að slík þjónusta verði þróuð í náinni samvinnu við foreldra.

Samkvæmt frumvarpinu er árlegur skólatími grunn- og framhaldsskóla lengdur og áhersla er lögð á að starfstími skóla verði betur nýttur í skólastarf með nemendum. Samkvæmt núverandi fyrirkomulagi fá grunnskólanemar í níu mánaða skólum á bilinu 144–155 kennsludaga árlega. Frumvarpið gerir ráð fyrir að kennsludagar verði 172 sem er mikil breyting.

Í 30. gr. frumvarpsins sem fjallar um aðalnámsskrá er ákvæði um að þar séu skilgreindar kjarnagreinar. Kjarnagreinar eru þær námsgreinar sem öðrum skyldunámsgreinum fremur eru taldar hafa afgerandi þýðingu fyrir framhaldsnám, atvinnu og almenna menntun. Í skýrslu nefndar um mótun menntastefnu er lagt til að kjarnagreinar verði íslenska, stærðfræði og enska.

Við höfum þegar hér í þinginu fjallað nokkuð um stöðu dönskunnar og ég vil af þessu tilefni endurtaka og ítreka að gert er ráð fyrir því að danskan verði áfram skyldunámsgrein og tímafjöldi sem varið er til dönsku sé sá sami í grunnskólanum hér eftir sem hingað til. Þar að auki hefur verið lögð sérstök áhersla á það að menntaðir fagkennarar í dönsku sinni dönskukennslu í grunnskólanum.

Í 31. gr. frumvarpsins er kveðið á um að hver skóli skuli gefa út skólanámsskrá. Hún er rökstudd áætlun um skólastarfið og unnin af starfsfólki skólans undir faglegri forustu skólastjóra. Skólanámsskrá skal borin undir foreldraráð og hljóta samþykki skólanefndar. Önnur nýjung sem einnig lýtur að því að styrkja fagmennsku í skólastarfi og efla innra starf skóla er í 49. gr. þar sem kveðið er á um að sérhver grunnskóli taki upp aðferðir til að meta skólastarfið, þar á meðal kennslu og stjórnunarhætti, samskipti innan skólans og tengsl við aðila utan skólans.

Samræmdum prófum í grunnskóla verður fjölgað sbr. 46. gr. og prófað oftar en nú er til að kanna hvort nemandinn hafi náð þeim markmiðum sem tilgreind eru í aðalnámsskrá grunnskóla fyrir tiltekið aldursstig. Með prófum oftar á námsferli nemenda verður hægt að grípa fyrr inn með viðeigandi stuðningsaðgerðum ef nauðsyn ber til. Í 4. bekk grunnskóla verður prófað í grunnþáttum í íslensku og stærðfræði og í 7. bekk verður prófað í tilteknum þáttum íslensku, stærðfræði og ensku.

Við lok grunnskóla verða lögð fyrir a.m.k. fjögur samræmd próf. Niðurstöður samræmdra lokaprófa úr grunnskóla gegna veigamiklu hlutverki við inntöku nemenda í framhaldsskóla og því þurfa prófin að standast alþjóðlegar kröfur um réttmæti og áreiðanleika. Mikilvægt er að á hverju ári verði prófað samræmt í íslensku og stærðfræði, en hugsanlegt er að ár hvert verði dregið um námsgreinarnar dönsku, ensku,

náttúrufræði, samfélagsfræði, verk- og listgreinar til samræmds prófs, stuttu fyrir áætlaðan próftíma. Brýnt er að þróaðar verði aðferðir til að prófa með samræmdum hætti í verklegum greinum og listgreinum.

Ég hef nú rakið helstu áhersluatriði grunnskólafrumvarpsins.

Það hefur vakið athygli að í frumvarpinu er hvergi minnst á sérkennslu. Ég geri þetta að sérstöku umfjöllunarefni vegna þess að ýmsir hafa í fjölmiðlum gert þetta atriði tortryggilegt.

Hugtakið sérkennsla virðist hafa frekar óljósa merkingu og tengist skilgreiningu á sérþörf. Það er fyrst og fremst notað á grunnskólastigi en í leikskólum og framhaldsskólum er stuðningur/stuðningskennsla notað. Sérkennsla gefur beinlínis til kynna að nemandinn sé örðuvísi og þurfi jafnvel að stunda nám sitt í einrúmi, eigi ekki heima með öðrum. Að vera tekinn út úr tíma í einhverjum mæli í sérkennslu megnið af sinni skólagöngu gefur nemandanum sjálfum og félögum hans þau skilaboð að eitthvað mikið sé að og hlýtur að hafa neikvæð áhrif á sjálfsmynd nemandans og félagslega stöðu hans innan bekkjarins. Þetta hlýtur óhjákvæmilega að gerast jafnvel þótt sérkennsluumhverfið sé jákvætt. Spyrja má hvort þörf sé hugtaksins „sérkennsla" í skóla sem hefur það að markmiði að mæta þörfum hvers og eins. Skóla sem ber ábyrgð á því að tryggja sérhverjum nemanda árangur í því viðfangi sem námsskrá setur. Í því tilliti eru allir kennarar sérkennarar og sérhver nemandi sérkennslunemandi. Markmið eða tilgangur kennslunnar eru þau sömu hvort sem um er að ræða fatlaða eða ófatlaða, seinfæra eða duglega nemendur. Kennslan snýst um framkvæmd námsskrár. Nemendur eru eins misjafnir og þeir eru margir og þótt meginkennsluaðferðirnar séu þær sömu fyrir alla nemendur verður að skipuleggja námið með mismunandi hætti fyrir hvern og einn. Sumir þurfa meiri tíma til að rannsaka eða afla sér nýrrar kunnáttu, aðrir læra betur með að lesa fyrst og fylgjast síðan með öðrum og enn aðrir þurfa alltaf að fá sérstaka áminningu eða aðstoð til að byrja á verkefni en geta lokið því einir.

Ég vil taka það skýrt fram að í allri sinni vinnu gekk nefndin út frá þeirri grundvallarstefnu sem ákvörðuð hefur verið í málefnum fatlaðra þ.e. blöndun og þar með þeirri meginstefnu að fatlaðir nemendur stundi nám í heimaskóla við hlið ófatlaðra nemenda.

Ég vil leiðrétta það sem ég taldi mig heyra í máli hv. 12. þm. Reykv. hér áðan þar sem staðhæft var að það ætti að vera meginstefna að kennsla færi fram í heimaskóla eftir því sem kostur er. Það segir í frv. orðrétt í 37. gr.: „Meginstefnan skal vera sú að kennslan fari fram í heimaskóla."

Meginbreyting varðandi málefni grunnskólans er tilflutningur þessa verkefnis í heild yfir til sveitarfélaganna. Sú breyting leiðir það af sér að það er ekki lengur fræðslustjóri í umboði menntamálaráðuneytis sem útdeilir fé til sérkennslu og ákvarðar einstökum skólum kvóta heldur verður það í höndum skólayfirvalda á hverjum stað í samræmi við þarfir skólans á hverjum tíma. Sérkennslukvóti er að minni hyggju fyrst og fremst fjármálaleg viðmiðun eins og hann hefur verið notaður. Sú leið sem frumvarpið gerir ráð fyrir er að allur kostnaður við grunnskólahald, þar með talin sérkennsla, verði metinn með tilliti til nýrrar lagasetningar og sveitarfélögunum tryggðar nauðsynlegar tekjur til að standa undir því.

Með flutningi verkefnisins til sveitarfélaga getur ríkisvaldið ekki frekar ákvarðað hversu miklu fé skuli varið til ákveðinna þátta skólastarfsins í hverjum skóla, svo sem kennslu barna með sérþarfir, fremur en annarrar kennslu. Meginmarkmið frumvarpsins er, í anda blöndunar, að skapa öllum nemendum sama rétt án þess að merkja ákveðinn hóp nemenda. Með tilliti til þess ákvarðar hver sveitarstjórn tímamagn til skólanna út frá áætlun skólastjóra og þeim faglegu áherslum sem þar koma fram.

Í núgildandi lögum er réttur nemenda með sérþarfir til kennslu hjá sérmenntuðum kennurum afskaplega bágborinn enda eru mjög dæmi um að almennir kennarar annist kennslu þeirra og það jafnvel í sérskólunum. Ef skólastjórar meta það eftirsóknarvert að ráða sérkennara til að annast kennslu einstakra nemenda eða námshópa með tilliti til aðstæðna þeirra, munu þeir gera það. Þess má einnig vænta að með auknum faglegum kröfum til skólanna sem frumvarpið gerir muni skólar leggja meiri áherslu á að fá sem best menntað fólk til starfa.

Í frumvarpinu er eðlilega hvergi talað um sérkennsluráðgjöf heldur um kennslufræðilega ráðgjöf. Slík ráðgjöf nær til alls nemendahópsins eðli málsins samkvæmt.

Áherslan er og hefur verið að skólar þrói starfshætti sína í þá veru að þeir séu betur í stakk búnir til að mæta þörfum hvers og eins og geti betur fengist við kennslu allra barna í sínu umhverfi. Mikið hefur áunnist á því sviði á undanförnum árum og því er tímabært að löggjöfin taki mið af því.

Fyrirkomulagið verður þá ekki þannig að skammtað sé til hvers skóla af embættismönnum ríkisins heldur bera skólayfirvöld á hverjum stað fulla ábyrgð á þessum þætti skólastarfsins eins og öðrum og ákvarða honum fjárframlög. Heildartímamagn til hvers skóla er þá ákvarðað á grundvelli þess námsskipulags sem hver og einn skóli vill viðhafa og sveitarstjórn hefur samþykkt.

Þetta tel ég að sé til bóta og gæti flýtt fyrir því að koma málefnum fatlaðra innan grunnskólans í betra og viðunandi horf.

Hvað varðar sérskólana og þær fullyrðingar að verið sé að leggja sérstaka áherslu á uppyggingu þeirra þá er það alrangt. Það er hins vegar augljós og eðlileg breyting að rekstur þeirra verði á ábyrgð sveitarfélaganna eins og annað grunnskólahald. Það er ljóst að þeir þjóna fyrst og fremst höfuðborgarsvæðinu.

Ég vil að það komi hér fram að við treystum okkur ekki til þess að svo stöddu að leggja til að þeir verði lagðir niður en það má vel hugsa sér að svo verði í framtíðinni og ég vek athygli á ákvæði 38. gr. þar sem segir:

„Teljist síðar ekki þörf fyrir áframhaldandi rekstur

einhverra þessara stofnana eða þeirra allra tekur ríkissjóður aftur við umráðum fasteigna þeirra og ráðstafar þeim til annarra nota."

Það er kannski hægt að sjá af þessu hvað menn voru að hugsa þegar þeir settu niður þetta ákvæði að það mundi í framtíðinni ekki verða þörf fyrir þessa skóla.

Einnig vek ég athygli á umfjöllun um málefni fatlaðra í skýrslu nefndar um mótun menntastefnu á bls. 22, 84–85, 98–102 þar sem lögð er áhersla á að fatlaðir nemendur stundi nám í heimaskóla við hlið ófatlaðra og að mótaðar verði tillögur um tilhögun sérkennslu í grunn- og framhaldsskólum. Þetta starf er þegar hafið í ráðuneytinu.

Ég legg enn og aftur áherslu á að frumvarpinu er ætlað að tryggja rétt allra nemenda til náms. Sú skylda er lögð á skólann að mæta hverjum og einum nemanda eftir eðli hans og þörfum. Það leggur faglegar skyldur á herðar skólastjóra og kennara að skipa skólastarfi með tilliti til alls nemendahópsins.

Hv. þm. Petrína Baldursdóttir fjallaði áðan um tengsl og samstarf leikskóla og grunnskóla og nefndi, ef ég man rétt, lögin um leikskóla frá 1994 þar sem segir að ráðgjafar- og sálfræðiþjónusta fyrir leikskóla geti verið rekin sameiginlega með ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu skóla. Ég vek líka athygli á því að í 12. gr. grunnskólafrv. er ákvæði sem lýtur að samstarfi leikskóla og grunnskóla.

Virðulegi forseti. Í þjóðfélagi nútímans skiptir góð menntun höfuðmáli og sýnt er að mikilvægi hennar mun aukast í framtíðinni. Fyrirsjáanlegt er að kröfur almennings, atvinnulífs og stjórnvalda um gæði skólastarfs fara vaxandi og aukin þekking á eðli náms og kennslu mun hafa mikil áhrif á kennarastarfið. Æ fleiri þjóðir eru að vakna til vitundar um mikilvægi þess að til kennslustarfa veljist karlar og konur úr röðum hæfustu einstaklinga þjóðfélagsins. Af þessum sökum er brýnt að menntastefna taki til þess hvernig þjóðfélagið geti best tryggt stöðugt framboð vel menntaðra kennara og hvernig stuðla megi að því að vel hæfir kennarar sinni kennslu.

Tillögur nefndar um mótun menntastefnu miða að því að efla og styrkja skólastarf á Íslandi. Hér er m.a. um að ræða áætlanir um lengingu skólaárs, einsetinn skóla, aukna þátttöku kennara í heildarskipulagningu skólastarfs, t.d. við gerð skólanámsskrár. Aðeins með samstilltu átaki kennara, fræðsluyfirvalda og foreldra verður hægt að tryggja þessum breytingum farsæla höfn. Það er alveg ljóst að menntastefna nær ekki fram að ganga nema fyrir tilstuðlan kennara. Starfsánægja kennara og áhugi þeirra á menntun uppvaxandi kynslóðar skiptir höfuðmáli við framkvæmd öflugs og árangursríks skólastarfs.

Frá því að áfangaskýrsla nefndar um mótun menntastefnu kom út í janúar 1993 hafa orðið óvenju líflegar umræður um menntamál hér á landi. Það er mikið ánægjuefni og það var sannarlega kominn tími til þess að sá málaflokkur yrði fyrirferðarmeiri í þjóðmálaumræðunni. Eftirtektarvert var hve skólamál skipuðu veigamikinn sess í sveitarstjórnarkosningunum sl. vor.

Skólamál og menntun snerta hverja einustu fjölskyldu í landinu og góð menntun skiptir ekki einasta sköpum fyrir heill einstaklingsins heldur ekki síður velferð þjóðar. Þekking og menntun eru undirstaða framfara og það er skylda okkar að krefjast þess besta í þeim efnum íslenskri þjóð til handa. Það hefur kreppt nokkuð að okkur Íslendingum á síðustu árum. Öll þekkjum við ástæðurnar fyrir því og það er óþarft að tíunda þær hér. Menntamál eru að mínum skilningi eitt stærsta efnahagsmál þjóðarinnar og undirstaða framfara og sóknar í atvinnulífinu. Þau eiga að sitja í fyrirrúmi og kosta verður til því sem þarf til að við getum í framtíðinni státað af og borið okkur saman við það besta í þeim efnum sem þekkist í veröldinni.

Virðulegur forseti. Ég fer að ljúka máli mínu. Frv. til laga um grunnskóla sem hér er til umræðu er samið af nefnd sem sú er hér talar stýrði. Ég set fram þær óskir í upphafi þessarar umfjöllunar hér á þinginu að við eigum líflegar, uppbyggjandi og málefnalegar umræður um þetta mikilvæga mál sem hér er á dagskrá og það er raunar sýnt af undirtektum hér í dag að þetta er mál sem brennur á okkur öllum og ég vil þakka fyrir hversu þessar umræður hafa verið áhugaverðar.

[18:05]

Pétur Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er afskaplega gott að heyra það að hv. þm. hefur mikinn áhuga á dönsku og leggur mikla áherslu á dönskukennsluna. Ég vil fagna því og að danskan á ekki að vera afgangsstærð. En þá má spyrja: Hvernig stendur þá á því að verið er að þoka henni aftur fyrir enskuna? Af hverju fær hún ekki að vera á sínum stað ef áherslan er svona mikil á henni, sem ég fagna. Mig langar til þess að vita um það.

Hv. þm. sagði: Meginmarkmiðið er blöndun. En það er annað sem stendur í grg. með frv., þar stendur: Meginmarkmið með frv. er að færa grunnskólann frá ríki til sveitarfélaga. Ég vildi fá að vita hvort er þá meginmarkmiðið.

En það sem ég vildi helst gera að umræðuefni hérna og kom kannski upp til að gera athugasemdir við, er túlkun hv. þm. Sigríðar Önnu Þórðardóttur á hugtakinu „sérkennsla", sem mér finnst frekar dapurleg. Hún telur orðið „sérkennsla" fela í sér stimplun eða merkingu á þeim nemanda sem nýtur þess. Ég hef eiginlega ekki heyrt þetta fyrr og mér finnst svo ótrúlegt að heyra þessa skoðun og get ekki með nokkru móti tekið undir hana. Hvernig stendur þá á því að það má nota orðið „sérdeild"? Af hverju má nota orðið „sérskóli" eða „sérfræðingur" ef út í það er farið? Ég næ þessu ekki alveg og get ómögulega fellt mig við það annað sem hv. þm. sagði um sérkennsluna og þar sem talið er að nemandi stimplist af því að njóta þessarar nauðsynlegu aðstoðar sem skólinn býður upp á og að hann þurfi að stunda nám sitt í einrúmi. Það er alls ekki falið í hugtakinu „sérkennsla" að nemandinn þurfi að stunda sitt nám einhvers staðar á afviknum stað og í felum. Ég hef aldrei nokkurn tímann heyrt þetta fyrr og get ómögulega tekið undir þetta sjónarmið.

[18:07]

Sigríður A. Þórðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hvað varðar dönskuna þá tengist sú tillaga nefndarinnar að gera ensku að fyrsta erlenda máli skilgreiningu okkar á kjarnagreinum. Sú skilgreining gengur í gegnum bæði grunnskólann og framhaldsskólann. Við höfum þá gert ráð fyrir því að enskan yrði fyrsta erlenda tungumálið vegna þess að hún gengur alveg í gegn frá því að kennsla er hafin í henni og upp í gegnum framhaldsskólann. Það er fyrst og fremst þessi skilgreining á kjarnagreinum sem ræður því að tillaga kemur um að enska verði fyrsta tungumál.

Hvað varðar meginmarkmið 37. gr., sem ég var að nefna áðan, þá er meginmarkmið hennar blöndun. Ég var að tala sérstaklega um 37. gr. þegar ég nefndi það. Að öðru leyti hirði ég ekki um að svara þeim útúrsnúningi sem mér fannst koma fram í máli þingmannsins.

[18:09]

Pétur Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég biðst afsökunar hafi ég misskilið þetta, en tek skýringuna til greina hvað snertir greinina í staðinn fyrir frv. Ég þóttist heyra nefnt að markmið frv. væri þetta.

En þetta dregur verulega úr þeirri ánægju sem ég hafði af dönskukennslunni og stöðu hennar, því mér finnst hv. þm. hafa tekið það algjörlega til baka að þessi forgangur dönskunnar er sem sé ekki fyrir hendi heldur þýði skilgreining á kjarnagreinum það enn og aftur, eins og ég hef reyndar tekið fram fyrr, að dönskuan eigi að víkja og mér finnst það miður. En þrátt fyrir að henni verði sinnt, ég vona að við það verði staðið og hef trú á því, en það þarf líka að gera betur en staðan er núna, hún er slæm, við vitum það. En mér finnst þessi stefna vera fólgin í því að setja dönskuna heldur aftar en hún er og þoka henni aftur fyrir enskuna þar sem hún er ekki skilgreind sem kjarnagrein eins og enskan er.

[18:10]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er aðeins um sérkennsluna. Í 54. gr. grunnskólalaga segir svo, með leyfi forseta:

„Börn og unglingar sem að dómi kennara og annarra sérfræðinga skóla og fræðsluskrifstofu þurfa sérkennslu vegna erfiðleika í námi, tilfinningalegra eða félagslegra örðugleika og/eða fötlunar eiga rétt á kennslu við sitt hæfi sbr. 2. gr. Kennslan getur verið einstaklingsbundin eða farið fram í hópi, innan eða utan almennra bekkjardeilda, í sérstökum deildum eða í sérskóla."

Fyrstu tvær málsgreinar 54. gr. grunnskólalaganna. Og ég fullyrði: það er ekkert í frv. sem kemur í staðinn fyrir þessar greinar, en það er bent á tvennt í málsmeðferðinni sem vísar í þessa átt. Það er annars vegar 37. gr. og þó sérstaklega síðasta málsgrein greinargerðarinnar með greininni, sem er nú dálítið tæpt. Í öðru lagi hugmyndirnar um að jöfnunarsjóður fái aukið framlag til þess að kosta sérstök jöfnunarverkefni sem sveitarfélögin telja óhjákvæmilegt að grípa til. Þetta kemur fram í þessari skýrslu hér, sem var gefin út í síðasta mánuði. Að öðru leyti hef ég ekkert séð um þetta mál. Það síðarnefnda sem ég nefndi varðandi jöfnunarsjóðinn finnst mér alveg fáránlegt. Ef það er svo að félmrh. eigi að verða menntmrh. í hjáverkum, það tel ég algjörlega út í hött, með því að setja reglugerð um sérkennslu af einu eða öðru tagi.

En aðalatriðið er að ákvæði 1. og 2. mgr. 54. gr. grunnskólalaganna eru felld niður. Þar með er réttur barnanna tekinn út. Það er aðalatriðið.

[18:12]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér fannst mjög mikilvægt það sem kom fram í máli hv. 10. þm. Reykn., sem er formaður þeirrar nefndar sem hafði veg og vanda af þessu frv., að hún lítur svo á varðandi kostnaðinn að það eigi að meta verkefnin með tilliti til nýrrar lagasetningar og nýrra krafna samkvæmt þeim lögum. Ég vil því spyrja hv. þm. hvort í þessari afstöðu hennar felist þá ekki það sem kom fram í mínu máli áðan, að ríkið eigi að taka þátt í kostnaði við einsetningu skóla. Þannig að við erum ekki að ræða hér um verkefnaflutning upp á fimm eða sex milljarða heldur tólf eða þrettán. Ég vil fá þetta alveg skýrt.

Síðan varðandi það sem hv. þm. nefndi um sérkennsluna og sérkennsluúrræðin, þá fannst mér koma fram í hennar máli staðfesting á því sem ég og fleiri hafa haldið hér fram, að þetta er allt saman galopið og mér finnst vera lítil trygging eða haldreipi í þessum ákvæðum frv., að sérkennsluúrræðin verði ekki síðri heldur en þau hafa verið hingað til.

Varðandi það sem ég sagði, að það kæmi fram í frv. að kennslan eigi að fara fram í heimaskólum nemandans eins og frekast er kostur. Þingmaðurinn áleit að það væri rangt, að það stæði ekki. Það stendur í skýringum um 37. gr. og það er litið á skýringar í þessari grein þegar verið er að athuga lagagreinarnar og skýringu með henni, þar stendur: „...að kennsla fari fram í heimaskóla nemandans eins og frekast er kostur."

[18:14]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Það verður ekki sagt að sérstakur áhugi hafi komið fram í ræðum sumra hv. þingmanna á framgangi þessa frv. Sérstaklega nefni ég þar hv. þm. Svavar Gestsson og hv. þm. Pétur Bjarnason, sem jafnframt er fræðslustjóri og hlýtur sem slíkur að gera kröfu til að á hann sé hlustað alveg sérstaklega. Ég gerði það og verð að lýsa vonbrigðum mínum með málflutning hans, þótt ég geri mér alveg grein fyrir að hann talar hér sem þingmaður Framsfl., en væntanlega ekki sem fræðslustjóri. (Gripið fram í.)

Hv. þm. rifjaði upp upphaf málsins og það gerði raunar hv. þm. Svavar Gestsson líka, að rifja upp skipan átján manna nefndarinnar. Ég verð að segja að mér þykir það sérkennileg kveðja til þess fólks sem skipaði átján manna nefndina að hún hafi verið skipuð einhverjum sérstökum jábræðrum mínum, eins og hv. þm. Pétur Bjarnason orðaði það. Ég kannast ekki við það. Þarna var fyrst og fremst verið að skipa fagfólk til

starfa til að endurskoða skólalöggjöfina. Ég er satt að segja dálítið hissa á því að menn skuli ekki skynja hversu mikils virði það er að geta skipað fagfólk til starfa í svo veigamiklum málum sem þessum. Það er ráðherrann sem ber ábyrgðina á því að skipa nefndirnar og mér finnst hann ekkert of góður til að velja þær þá sjálfur, en ekki að vera að skýla sér á bak við tilnefningar einhverra annarra.

Hv. þm. Pétur Bjarnason velti því fyrir sér hvers vegna væri verið að taka hverja grein grunnskólalaga til endurskoðunar, að mér skildist á honum, bara vegna þess að það ætti að flytja það sem eftir er af grunnskólanum til sveitarfélaganna. Skildi ég spurninguna rétt? (**PBj:** Ef það var fyrst og fremst megintilgangurinn að ná því fram.) Það er einn megintilgangurinn að ná því fram, já. Og það segir sig sjálft að kennarar verða ekki fluttir yfir til sveitarfélaga sem starfsmenn þeirra, með öllu því sem þar breytist, bara með því að ákveða það með einfaldri samþykkt í þinginu. Það segir sig sjálft og það veit auðvitað fræðslustjórinn, hv. þm. Pétur Bjarnason, að það þarf að gjörbreyta fjölmörgum greinum gildandi grunnskólalaga til þess að þetta geti orðið. Ég hélt að það ætti nú ekki að þurfa að fara með þetta stafróf fyrir nokkurn mann.

Hv. þm. sagðist gera ágreining um kostnaðarmatið. Það hafa fleiri hv. þm. raunar komið að þeim málum og ég ætla að koma að því síðar þegar ég svara hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur frekar. Raunar hefur hv. þm. Sigríður Anna Þórðardóttir svarað því að nokkru leyti. Hv. þm. Pétur Bjarnason nefndi hvort ekki væri nauðsyn á sérstakri samstarfsnefnd ríkisins og sveitarfélaganna. Það má vel vera og ég ætla ekki að útiloka það, að það kunni að vera skynsamlegt að koma þarna á sérstakri samstarfsnefnd. Ég veit það þó ekki. Það verður ekki séð að það séu svo sem nein sérstök afmörkuð verkefni samkvæmt frv. og komi slíkt upp þá held ég að það sé auðvelt að bregðast við því með sérstakri nefndarskipan, en ég ætla ekkert að útiloka þetta og tel rétt að það verði skoðað sérstaklega í hv. menntmn. Nokkrir hafa líka nefnt af hverju fellt er brott ákvæðið um hámarksfjölda í bekkjardeildum. Ég tók það sérstaklega fyrir í framsöguræðu minni hvers vegna það væri gert, en ég vil bæta því við að álit, ég man ekki hvort ég nefndi það í framsöguræðu minni, að álit Sambands ísl. sveitarfélaga barst ekki ráðuneytinu fyrr en eftir að ég hafði lagt frv. fyrir ríkisstjórnina og Samband ísl. sveitarfélaga var meðal þeirra aðila sem vildu koma þessu ákvæði inn. Ég hef þegar sagt frá mínum skoðunum um það. Ég tel sjálfsagt að það verði skoðað betur.

Hv. þm. Pétur Bjarnason kom inn á hlutverk fræðsluskrifstofanna og nefndi að það hefði verið, ef ég hef skilið hann rétt, ákveðin valddreifing í því fólgin þegar embættismenn ráðuneytisins voru fluttir út á land, ef svo má segja, með stofnun fræðsluskrifstofanna. Það má sjálfsagt segja að það sé rétt, að það hafi verið fólgin í því valddreifing, þó minnist ég þess þegar grunnskólalögin voru upphaflega sett, ég veit vel að þau hafa breyst síðan, m.a. um hlutverk fræðsluskrifstofanna það hefur breyst, en á þeim tíma endaði þetta nú allt upp í ráðuneyti. Það er hins vegar rangt hjá hv. þm. að með því að fella niður fræðsluskrifstofurnar sé verið að færa þau viðfangsefni sem þar eru í dag yfir til ráðuneytisins. Það er ekki. (**PBj:** Það sagði ég ekki.) Það sagði þingmaðurinn ekki. Þá bið ég afsökunar, ég hef þá misskilið hann. En ég vil aðeins undirstrika að það er verið að færa þau viðfangsefni yfir til sveitarfélaganna og í því er fólgin ákveðin valddreifing.

Hv. þm. kvartaði yfir því að málið hefði dregist úr hömlu. Ég veit ekki hvað hv. þm. á við. Ég held að það megi benda á mörg dæmi þess að svo viðamikil endurskoðun sem hér hefur átt sér stað á skólalöggjöfinni hefur tekið lengri tíma heldur en hér hefur orðið. Þetta hefur tekið tvö og hálft ár og í þessu er fólgin óhemjumikil vinna. Ég veit hins vegar vel að það er naumur tími til stefnu miðað við að við verðum með styttra þing heldur en venjulega og þetta er síðasta þing kjörtímabilsins, en ég bið menn hins vegar að hafa það í huga að það hefur verið vandað til undirbúningsins og þetta mál hefur farið til umsagnar fjölda aðila. Það hefur verið tekið tilliti til margra ábendinga, margra gagnlegra ábendinga, og þess vegna á ekki að þurfa að fara jafnmikill tími og ella væri í umsagnir ef málið hefði ekki áður verið sent til umsagnar.

Hv. þm. nefndi fyrirvara Sambands ísl. sveitarfélaga. Ég vil segja að mér finnst þessir fyrirvarar í sjálfu sér allir eðlilegir nema tímaákvæðið, að þetta þurfi allt að vera leyst fyrir áramót. Ég er ekki það bjartsýnn að ég vilji ætla að þetta frv. verði samþykkt fyrir áramót, en ég er að gera mér vonir um að það verði samþykkt áður en þingi lýkur í vetur. Og miðað við að það verði ekki samþykkt fyrir áramót þá er ekki hægt að verða við þeim fyrirvara Sambands ísl. sveitarfélaga að búið verði að ganga frá samningum við kennara. Af sjálfu leiðir að það getur ekki orðið fyrr en ljóst er hver verða örlög frv. Á sama hátt verður heldur ekki ljóst hvaða fjármuni á að yfirfæra til sveitarfélaganna fyrr en við sjáum hver verða örlög frv. Ég vænti að það skilji þetta allir.

Þingmaðurinn spurði hvers vegna starfshópurinn sem ég nefndi hafi ekki verið skipaður fyrr. Það var einfaldlega vegna þess að það var ekki hægt að skipa starfshópinn fyrr en frv. hafði verið lagt fram. Það hlýtur líka öllum að vera ljóst. Það gat ég ekki gert fyrr en búið var að ganga endanlega frá frv. í þeirri mynd sem það yrði lagt fyrir þingið.

Það er talað um að lífeyrismál kennara séu óljós. Ég nefndi það í framsöguræðu minni að ég mundi leggja bráðlega fram frv. sem kvæði á um réttindamál kennara. Það hefur alltaf legið ljóst fyrir að slíkt fylgifrv. yrði að leggja fram. Ég hefði gjarnan viljað geta gert það um leið og þetta frv. var lagt fram, en til þess vannst ekki tími og ég vildi ekki vera að tefja málið með því að bíða eftir því. En það er jafnljóst að þetta frv. verður heldur ekki samþykkt eða afgreitt fyrr en þau atriði eru ljós. Ég hef ævinlega sagt að það getur ekki orðið af þessum flutningi grunnskólans, það sem eftir er af honum, til sveitarfélaga nema þessi atriði séu ljós. Ég geri mér alveg eins grein fyrir því að þetta verður heldur ekkert nema í sæmilegri sátt við sveit-

arfélögin. Ég hef aldrei talað öðruvísi. En ég lít hins vegar ekki svo á að þetta sé eitthvert óleysanlegt viðfangsefni, aldeilis ekki. Og ég skil ekki af hverju menn eru að tala hér um að þarna kunni að velta á einhverjum biðlaunarétti upp á 3 milljarða kr. Hverjum dettur í hug að Alþingi mundi samþykkja yfirfærslu grunnskólans til sveitarfélaganna ef ríkið ætti í vændum kröfu um 3 milljarða í biðlaun? Hverjum dettur þetta í hug? Ekki mér. Og ég trúi ekki að nokkur hv. þm. mundi rétta upp hönd með samþykki slíks frv. ef hann reiknaði með því að kröfur um biðlaunarétt allra kennara landsins mundu vakna. Auðvitað sér löggjafinn við þessu, náttúrlega, og nær samkomulagi við kennarasamtökin um þessi grundvallaratriði.

Spurt hefur verið hvort sveitarfélögin gætu uppfyllt ákvæði um einsetningu skóla. Þetta er ekkert nýtt ákvæði, það er það ekki. Eini munurinn á ákvæðum frv. um einsetningu skóla frá gildandi lögum er að vísu allmikill, vegna þess að í 3. gr. frv. segir: „Hver grunnskóli skal vera einsetinn." En í 3. gr. gildandi laga segir: „Stefnt skal að því að hver grunnskóli sé einsetinn." Þetta er auðvitað miklu fortakslausara ákvæði, en skyldan var engu að síður lögð á sveitarfélögin með samþykkt frv. 1991. Þá var skyldan lögð á sveitarfélögin. Þannig að það er alveg út í bláinn að tala um það að ríkið eigi núna að sjá sveitarfélögunum fyrir auknum tekjum til að standa við þessa skuldbindingu. Það er búið að leggja þetta á sveitarfélögin það var gert 1991. (**SvG:** Með verkaskiptingu ...) Já, líka, það er rétt, en það var hnykkt á því með þessum lögum 1991.

Það hefur verið minnst á ákvæðið um málsverði á skólatíma. Það er alveg óbreytt frá gildandi lögum ákvæðið í frv., það er nákvæmlega eins. Þannig að það á ekki að vekja neinar sérstakar spurningar. (**SvG:** Greinargerðin er öðruvísi.)

Það hafa verið látnar í ljós efasemdir um að skólanefndir væru hæfar til að taka á ákveðnum málum, ef ég hef skilið það rétt. Ég veit ekki af hverju þessar efasemdir koma. Mér skilst að það sé vegna þess að þær séu pólitískt kjörnar. Ég get nú varla skilið að þær dæmist vanhæfar þess vegna til þess að taka á málum og ef um mál er að ræða sem þarfnast einhverra sérfræðilegra ráðlegginga þá er beinlínis tekið fram að þær leiti sér sérfræðilegrar aðstoðar.

Ég greip fram í fyrir hv. þm. Pétri Bjarnasyni þegar hann var að tala um foreldrafélögin. Ég skynja að ég hef misskilið það sem hann var að segja. Það sem þarna er um að ræða er að foreldrafélögin starfi ekki með kennurum, þar verði eingöngu foreldrar.

Ég ætla ekki að ræða hér sérstaklega um sérkennsluna og sérkennarana, það hefur hv. þm. Sigríður Anna Þórðardóttir gert alveg nægjanlega.

Hv. þm. Pétur Bjarnason talaði hér bæði um afturför og aukna miðstýringu. Mér finnst að hann þurfi að gera aðeins betri grein fyrir þeim fullyrðingum sínum. Hann talaði um að í frv fælist námsaðgreining, vaxandi námsaðgreining held ég að þm. hafi sagt. Hvar er þetta að finna? Ég sé það ekki í frv., ég sé það ekki og mig langar þess vegna til þess að biðja um frekari skýringar hvað þm. á þarna sérstaklega við.

En ég skildi svo í lokin hv. þm. Pétur Bjarnason þannig að hann leggst ekki gegn færslu grunnskólans til sveitarfélaganna að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Og eru þessi grundvallarskilyrði einhver fleiri heldur en það að sátt náist við sveitarfélögin um flutning á tekjustofnum og að sátt náist við Kennarasamtökin um réttindamál kennaranna? Ég bæti við að það þurfa að takast nýir kjarasamningar við kennara, það hef ég ævinlega sagt og ég hef talið að það verði að gerast um leið og örlög frv. eru orðin ljós. Fyrr er ekki hægt að ganga endanlega frá samningum við kennara og ég tel eðlilegt að það sé gert af ríkisins hálfu áður en yfirfærslan á sér stað vegna þess að það er önnur forsenda fyrir því að við vitum hvert fjármagnið á að vera sem við flytjum yfir til sveitarfélaganna. Þannig er það.

Ég kem þá að nokkrum atriðum í ræðu hv. þm. Svavars Gestssonar. Hann taldi málið svo vanbúið að skynsamlegast væri að bíða. Það er nú gamla sagan, þessar venjulegu úrtöluraddir, það liggur ekket á, best að bíða. Ég hlýt að taka það þannig fyrst ekki er meiri áhugi á að koma þessu máli áfram en þarna sýnir sig að mönnum sýnist þetta vera allt bara í besta lagi, við búum við ágætis löggjöf, góða skóla og það þurfi ekkert að vera að hafa fyrir þessu að breyta hér lögum. Ég hef svo sem heyrt þetta áður. (**VS:** Ef ekki koma til skerðingar.) Já, það sé bara það sem er að, að það vanti meiri peninga. En ég er algerlega ósammála þessari skoðun. Í grundvallaratriðum er ég þessari skoðun ósammála. Það er ekki eingöngu það að það vanti peninga. Ég get verið sammála því að það þurfi að veita meira fjármagn til skólamála yfirleitt og ég er ekki að segja það fyrsta skipti. En það er fleira sem þarf að koma til og það er akkúrat það sem við erum að kynna hér með þessu frv. En mér finnst sem sagt of mikið bera á því að þeir sem vilja skjóta þessu öllu á frest tali eins og allt sé í himnalagi, það liggi ekkert á.

Hv. þm. Svavar Gestsson gerði skýrslurnar tvær sem tvær nefndir sem ég skipaði hafa skilað af sér, önnur raunar í vor, hin í september, að umtalsefni og nefndi þær leyniskýrslur. Ég sé ekkert athugavert við það þótt þeim hafi ekki verið dreift fyrr en frv. var lagt fyrir Alþingi. Þetta eru engar leyniskýrslur, alls ekki. En ég gat ekki séð að þær ættu neitt erindi til manna fyrr en frv. lægi fyrir. (**RA:** Þeim hefur enn ekki verið dreift hér.) Þær eru engin leyniplögg og sjálfsagt að koma þeim til þingmanna sem þess óska.

Hv. þm. Svavar Gestsson gerði sérskólana að umtalsefni og til þess að fyrirbyggja allan misskilning þá verður auðvitað það fjármagn sem fer í rekstur sérskólanna í dag, auðvitað verður það fært yfir til sveitarfélaganna ef þau taka við öllum rekstri sérskólanna, þá fylgir vitanlega fjármagnið líka. Það liggur í augum uppi. Hv. þm.talaði um námsvistargjöld að þau yrðu innheimt. Já, er nokkuð óeðlilegt við að að sveitarfélögin sem fá auknar tekjur til þess að standa undir þessum rekstri og þau sem ekki reka skólana sjálf en senda nemendur þangað, borgi fyrir þá nemendur? Sérskólar ef þeir verða reknir áfram einhverjir, ég ætla

ekkert að vera að spá sérstaklega í það hverjir þeir kunna að verða eða hvort þeir verða yfirleittn nokkrir, þeir verða hins vegar ekki reknir í hverju skólahverfi, það ætti öllum að vera ljóst. Og ef eitthvert sérstakt sveitarfélag, við skulum segja Reykjavík, rekur sérskóla, þann eina kannski í landinu en það koma nemendur frá öðrum sveitarfélögum, þá er það auðvitað eðlilegt að þau sveitarfélög greiði námsvistargjöld fyrir sína nemendur, að sjálfsögðu. Ég er hins vegar alveg tilbúinn að taka þátt í athugun á því hvort allir sérskólar eigi að fara til sveitarfélaganna. Ég er alveg tilbúinn að skoða það mál betur. Ég nefni þar t.d. Heyrnleysingjaskólann svo að ég taki bara það dæmi. Ég er alveg tilbúinn að taka þátt í frekari umræðu um það. Þetta er tillaga nefndarinnar og ég sá ekki ástæðu til þess að breyta því í frv. Það stendur hins vegar ekki til, ef einhver hefur haldið það, að innheimta einhver sérstök námsvistargjöld hjá foreldrum þessara barna. Það hefur engum lifandi manni dottið í hug.

Það er talað um að það séu engin ákvæði um hvernig sveitarfélög eigi að starfa saman. Væri það ekki fullmikil smáatriðastjórnun ef við færum að setja það í grunnskólafrv. eða grunnskólalöggjöf hvernig sveitarfelög eigi að starfa saman, þegar við erum að flytja þetta viðfangsefni alfarið til sveitarfélaganna. Ég segi að það sé óþarfa afskiptasemi af sveitarfélögunum.

Ég vil svo aðeins bara ítreka það að í þessari umræðu um sveitarfélögin, þau hafa margítrekað lýst því yfir, samtök þeirra hafa margítrekað lýst því yfir að þau vilji fá allan grunnskólann til sín, að sjálfsögðu með þeim fyrirvara að þau fái yfirfært það fjármagn sem það kostar, viðbótina sem félli á þau núna.

Hv. þm. Svavar Gestsson spurði hvort kostnaðarmat Sambands ísl. sveitarfélaga lægi fyrir eða vildi reyndar fá það bara á borðið og spurði hvort það lægi fyrir. Ég man nú ekki eftir því að hv. þm. Svavar Gestsson, þáv. hæstv. menntmrh., hafi beðið eitthvað sérstaklega um kostnaðarmat Sambands ísl. sveitarfélaga þegar hann var að koma þessum lögum í gegnum þingið vorið 1991, ég minnist þess nú ekki. Og það var þó nokkuð gagnrýnt þá, m.a. af fulltrúum míns flokks sem tóku þátt í þeirri umræðu. (**SvG:** Og þeim sem stendur í ræðustólnum núna.) Já, akkúrat. Það var nefnilega gert. En á það var ekki hlustað. (**SvG:** Af hverju gagnrýnir hann þá ekki sjálfan sig núna?) Ég þarf þess ekki, ég á eftir að koma að því nefnilega hvernig ég met það fjármagn sem á að yfirfærast til sveitarfélaganna ef þetta frv. verður samþykkt. Ég kem að því þegar ég svara hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur.

Hv. þm. Svavari Gestssyni þótti það skrýtið mál að sveitarfélögin ætluðu að kaupa námsgögnin. Hvað er óeðlilegt við það? Tillagan gengur út á það að áfram verði ríkisstofnun sem tryggir það að námsgögn verði fyrir hendi. Það er engin breyting á því að þau verða áfram afhent nemendum að kostnaðarlausu. En sá kostnaður sem ríkið hefur af þessu í dag að afhenda námsgögnin yfirfærist líka til sveitarfélaganna. (**SvG:** Það vita sveitarfélögin ekki.) Nei, ekki það. Hver hefur haldið þessu leyndu fyrir þeim? Ég spyr. Ekki ég og ekki nefndarmenn. Þetta eru engin tíðindi, þetta eru alls engin tíðindi. Ég veit ekki í hvaða villu menn vaða hér. Það hefur enginn talað um annað en að sá kostnaður sem ríkið greiðir enn þá í grunnskólanum í dag yfirfærist til sveitarfélaganna. Þau fá tekjustofna til þess að standa undir þeim kostnaði, þar á meðal þessu atriði. Námsgagnastofnun fær um það bil 235 millj. á þessu ári úr ríkissjóði. Hluti þess kostnaðar fer auðvitað í rekstur stofnunarinnar. Meginhlutinn fer í þá þjónustu sem stofnunin veitir skólunum með því að afhenda námsgögnin. Eini munurinn er sá að sveitarfélögin kaupa þessi námsgögn, fá til þess peningana. Þetta getur ekki verið mjög flókið, ég held að menn hljóti að skilja þetta. (**Gripið fram í:** Hvernig er verðið ákveðið?) Hvernig er verðið ákveðið? Það er kannski það skelfilega í augum þeirra Námsgagnastofnunarmanna að þeir þurfa kannski að una samkeppni. (**SvG:** Já, já.) Já, það er einmitt það. Það þykir mönnum kannski ekki góður kostur. (**SvG:** Eru það vondir menn, þessir Námsgagnastofnunarmenn?) Nei, nei, nei.

(**Forseti** (GunnS): Ég verð að biðja hv. þingmenn að gefa hv. ræðumanni næði til þess að halda ræðu sína.)

Ég þakka forseta fyrir að hugsa svona um mig. Annars hef ég ekkert á móti því að taka þátt í svona spjalli, en það má bara ekki samkvæmt þingsköpum. Það gæti flýtt fyrir umræðunni kannski.

Ég sé að ég er að verða búinn með tímann og ég á eftir að svara mörgum spurningum. Nú þarf ég að fara hratt yfir sögu. Hv. þm. Svavar Gestsson talaði um samræmdu prófin og talaði um þetta óskaplega prófafargan eins og hann nefndi það. Það þykir mér vont að heyra þegar samræmd próf eru nefnd sem eitthvert prófafargan. En í ljósi þess hversu fráhvarfið eða brottfall nemenda í framhaldsskóla er miklum mun meira heldur en þekkist nokkurs staðar annars staðar, þaðan sem við höfum upplýsingar, þá hljótum við að spyrja hvað það er sem veldur þessu. Og ein leiðin til þess að meta skólastarf er einmitt prófin. Og prófin eiga að ná til allra nemenda, það er réttur nemenda, og þess vegna er í hæsta máta óeðlilegt að tala um þetta sem eitthvert fargan. Það kann ég ekki að meta.

Ég ætla að nota síðustu mínútuna til þess að svara nokkrum af spurningum hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur. Hún var að velta fyrir sér hvort það væru — ég veit ekki hvort ég tók rétt eftir, hvort það ætti að yfirfæra 6 milljarða til sveitarfélaganna eða jafnvel 12. Var það rétt? (**JóhS:** ... frv. er það 12.) Já. Svo að ég hafi alveg skýr svör við þessu, það sem þarf að yfirfæra til sveitarfélaganna er sá kostnaðarauki sem felst í því að flytja þann kostnað sem ríkið greiðir í dag yfir til sveitarfélaganna, það eru kennaralaunin og þá samkvæmt nýjum lögum, samkvæmt nýjum samningum við kennarana. Samkvæmt kostnaðarmatinu sem liggur fyrir frá fjmrn., þá er þetta í mesta lagi rétt innan við milljarður króna sem þarna er um að ræða en engir sex og ég tek það enn og aftur fram, það er ekki verið að leggja þá skyldu á sveitarfélögin núna að einsetja skólana. Allur byggingarkostnaur skólanna er

kominn yfir á sveitarfélögin og fór þangað með verkaskiptalögunum.

Því miður hef ég ekki lengri tíma núna, en ég kem að því þá í seinni ræðu að svara þeim spurningum sem ég á eftir að svara.

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):

Fjórir hv. þingmenn hafa óskað eftir því að veita andsvar við ræðu hæstv. menntmrh. og fyrstur til þess að veita andsvar er hv. 9. þm. Reykv. Sá háttur verður hafður á að það verða tvær mínútur í fyrri umferð og ein mínúta í þeirri seinni.

[18:45]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég skil það út af fyrir sig vel að hæstv. menntmrh. skuli hafa verið snefsinn hér í ræðu sinni áðan og skammast yfir því að ég og hv. þm. Pétur Bjarnason værum ekki hlaupandi til að afgreiða málið bara einn, tveir, þrír helst án umræðu í þinginu. Fyrr má nú vera heimtufrekjan gagnvart okkur stjórnarandstæðingum. En það hefur auðvitað komið fram hér að þetta frv. er vanbúið. Það hefur ekki verið gengið frá málum sem varða réttindi kennara, launamál þeirra, biðlaun, lífeyrissjóði. Það hefur ekki verið gengið frá málum sem varða sveitarfélögin og fleira og fleira mætti nefna og sérkennslumálin eru í uppnámi eins og hefur verið flett rækilega ofan af hér.

En ég ætla aðeins í andsvarstímanum að vekja athygli á þessu: Samkvæmt frv. er gert ráð fyrir því að lengja skólatímann um sex stundir á viku á næsta ári, um 10 stundir 1996, um 10 stundir 1998 og 7 stundir 1999. Og ég spyr: Á að auka hlut sveitarfélaganna í staðgreiðslu tekjuskatts í áföngum? Er meiningin að breyta tekjuskattslögum þannig að breytingin eigi sér stað þrepum fram til ársins 1999 eða hvernig ætla menn sér að útfæra þetta tæknilega?

[18:46]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Að sjálfsögðu verður þetta gert í áföngum. Það gæti ekki gengið að fara að yfirfæra til sveitarfélaganna á einu bretti kostnaðinn við grunnskólann ef þau ættu ekki að koma því til framkvæmda fyrr en um aldamótin.

[18:47]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Ég skil það svo, hæstv. forseti, að það sé sem sagt ætlunin að setja hér fjóra stalla í lögin um tekjustofna sveitarfélaga og um staðgreiðslu tekjuskatts þannig að það sé alveg skýrt og ég þakka fyrir þau svör, en þau hafa ekki fengist áður. Þetta hefur ekki legið fyrir áður. Og það hefur heldur ekki legið fyrir sem ég ætla að spyrja hæstv. ráðherra um að síðustu á þessum sekúndum sem ég á eftir, það er þetta: Hvaða ákvæði frv. koma í staðinn fyrir 54. gr. laga um grunnskóla sem kveða á um rétt barna til sérkennslu? Hvaða ákvæði eru það nákvæmlega? (**Menntmrh.:** Ég svara þessu seinna.)

[18:47]

Ragnar Arnalds *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það hefur vakið nokkra athygli að hæstv. menntmrh. hefur tregðast við að viðurkenna að það eru engar líkur á því að tilflutningurinn til sveitarfélaganna geti átt sér stað 1. ágúst 1995. Aftur á móti viðurkenndi hann það hér áðan að þetta gæti ekki gengið upp og ég spyr, hvort hann hafi í raun og veru ekki gert það með því að segja það hér að auðvitað yrði þetta frv. ekki afgreitt fyrr en í þinglok. Hann viðurkenndi jafnframt að eftir að þetta frv. hefði verið samþykkt þá þyrfti að gera kjarasamninga við kennara — og við vitum að það gerist ekki á einum eða tveimur dögum, það tekur einhvern tíma, væntanlega fer í það marsmánuður, kannski aprílmánuður — og þar á eftir á síðan að semja við sveitarfélögin á grundvelli þeirra kjarasamninga sem gerðir hafa verið og á grundvelli þessara laga um nýja tekjustofna þannig að það verður aldrei gert fyrr en í vor. Þá er eftir enn eitt atriði sem er að setja ný lög um tekjustofna sveitarfélaga vegna þessa tilflutnings, en þing á ekki að koma saman fyrr en 1. okt. Ég vil leyfa mér að spyrja: Hvernig á þetta dæmi þá að ganga upp fyrir 1. ágúst? Eða á kannski að halda sérstakt aukaþing næsta sumar til að ganga frá þessu máli? Ég fæ þetta ekki til að ganga upp og mér finnst að ráðherrann hafi í raun og veru viðurkennt það hér áðan að þetta gæti ekki gengið upp á næsta ári og það hlyti þar af leiðandi að bíða eitt ár í viðbót.

[18:50]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sé nú ekki fyrir mér þörf á að halda sérstakt aukaþing út af þessu. Ef þetta frv. verður á annað borð samþykkt á þessu þingi, þá verður það gert fyrir febrúarlok vegna þess að það er ekki gert ráð fyrir að þingið standi lengur. Þá eru eftir nokkrir mánuðir til þess að ganga frá samningum við kennara því að yfirfærslan á ekki að eiga sér stað fyrr en 1. ágúst. Ég sé ekki hvers vegna sá tími ætti ekki að duga.

Varðandi hitt atriðið um að það ætti eftir að setja ný lög um tekjustofna sveitarfélaga, þá liggur alveg ljóst fyrir að þau verða ekki sett fyrir þennan tíma. En það þarf ekki að þýða það að málið sé óleysanlegt. Sjá menn virkilega engar bráðabirgðalausnir í þessu sem dygðu fyrir árið 1995? (Gripið fram í.) Af hverju ekki? Ég nefni bara eitt atriði sem við getum haft til hliðsjónar. Það er þegar ákveðið var að fella aðstöðugjaldið niður hjá sveitarfélögunum. Þau fengu greidda þá upphæð sem ætlað var að þau mundu innheimta í aðstöðugjaldi það árið sem þessi breyting átti sér stað og á meðan löggjöfinni hafði ekki verið breytt um staðgreiðsluna. Ég sé það fyrir mér að auðvitað megi leysa þetta svona. Sjálfsagt eru einhverjar fleiri leiðir til en ég sé hins vegar ekki fyrir mér að lögunum um tekjustofna sveitarfélaga sem mundu þá kveða á um aukna hlutdeild þeirra í tekjuskattinum, í staðgreiðslunni, yrði breytt á þessu tímabili. Til þess vinnst ekki tími, það er ljóst. En það breytir ekki þeirri skoðun minni að það sé hægt að leysa þetta ef vilji er fyrir hendi.

[18:52]

Ragnar Arnalds *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. ráðherra endurtekur það hér hvað eftir annað að einhvern veginn megi leysa þetta, einhvern veginn verði nú hægt að leysa þetta. En hann viðurkennir samt um leið að tekjustofnum sveitarfélaga verður ekki breytt fyrir 1. ágúst nk. og að sveitarfélögin fá ekki nýjar tekjur til að standa undir þessu nýja verkefni fyrir 1. ágúst, þ.e. ekki á árinu 1995. Og hefur hann ekki þar með viðurkennt endanlega að þetta getur ekki komið til framkvæmda á næsta ári? Ég get ekki ímyndað mér annað en hann hljóti að átta sig á því eins og allir aðrir að auðvitað ber að taka þetta dæmi inn í fjárlög ársins 1995 ef þetta á að gilda á því ári og eins verða sveitarfélögin að taka þetta inn í sínar fjárhagsáætlanir á árinu 1995 ef þetta á að gilda fyrir þau. Þannig að það vantar algjörlega botninn í þetta dæmi hjá hæstv. ráðherra.

[18:53]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Ósköp gengur mönnum illa að skilja þetta, herra forseti. Í fjárlögum fyrir árið 1995 verður sá kostnaður sem fylgir því að greiða kennaralaun og stjórnunarkostnað skóla, auðvitað verður hann inni í fjárlögum. Það sem kann að breytast er að með nýjum lögum verði einhver meiri kostnaður fyrir haustmissirið 1995. Og halda menn virkilega að þetta sé eitthvað óleysanlegt dæmi? Sá kostnaður sem ríkið hefði greitt beint til kennaranna fer þá í gegnum sveitarfélögin. Þessir peningar verða fyrir hendi vitanlega. Ef það er einhver aukinn kostnaður sem fylgir nýjum lögum, þá hefur annað eins gerst og að það yrði leyst með fjáraukalögum, ef svo er. Ég ætla ekkert að segja um það hér og nú hver aukinn kostnaður félli til á haustmissirinu 1995. Ég trúi ekki að hann verði mikill vegna þess að þetta gerist í þrepum. (**RA:** Með bráðabirgðalögum?) Nei. Með fjáraukalögum, sagði ég, ekki bráðabirgðalögum.

[18:54]

Pétur Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég sé mig knúinn til að taka fram að gefnu tilefni að ég er kvaddur til starfa hér sem þingmaður með réttindum og skyldum sem því tilheyra og ég geri þá kröfu til þingmanna og hæstv. menntmrh. sömuleiðis að njóta þess réttar. En jafnframt tel ég að ég geti talið mér til tekna þó að ég nýti þá þekkingu sem ég hef úr fyrri störfum eða öðrum störfum mínum til þess að vinna að málum hér á þingi og mun að sjálfsögðu gera það.

En ráðherra spurði um námsaðgreiningu, hvað átt væri við. Hérna er nú skammur tími til að skýra það nákvæmlega, en ég bendi á fylgirit með þessu frv. sem verður að líta svo á að skýrsla nefndar um mótun menntastefnu sé. Þar er þetta tekið nokkuð ítarlega á bls. 43 og bls. 44 og þar má lesa um það undir kaflaheitinu „Þróaðar verði mismunandi leiðir til námsaðgreiningar". Þannig að það má fá nokkuð glögga skýringu á þessu. Nú er ég ekki að segja að námsaðgreining komi ekki til greina sem leið en það verður að fara mjög gætilega í þeim efnum.

Önnur athugasemd sem ég vildi gera að umtalsefni hér er bjartsýni ráðherrans að verði þetta frv. að lögum í febrúarlok, þá sé allmikill tími til stefnu, margir mánuðir. Þá verð ég að spyrja: Upp á hvað er þá verið að ráða kennara í marsmánuði? Ég átta mig ekki alveg á því upp á hvaða starfskjör á að bjóða þeim kennurum sem auglýst er eftir til starfa í marsmánuði og ráðnir eru til starfa við skóla hjá ríki eða sveitarfélögum, hvort á að gilda? Ég held að þetta þurfi að liggja fyrir í febrúarlok og samningar við kennara ekki síður.

[18:56]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er nú einfalt að svara síðari spurningunni. Auðvitað eru kennarar ekkert ráðnir samkvæmt öðrum lögum en gilda á hverjum tíma sem þeir eru ráðnir. Skárra væri það nú ef ætti að fara að ráða kennara eftir einhverjum frumvörpum sem væru til meðferðar í þinginu. Þetta hélt ég að lægi nú alveg ljóst fyrir.

Ég veit allt um það, eins og einn ágætur þingmaður sagði gjarnan sem einu sinni var á þingi, að hv. þm. Pétur Bjarnason er kvaddur til starfa hér sem þingmaður en ekki sem hreppstjóri og ég talaði líka við hann sem slíkan, meira að segja sem þingmann Framsfl.

[18:57]

Kristín Einarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Þær umræður sem hér hafa farið fram af hálfu hæstv. menntmrh. sýna að þetta mál er í enn meira uppnámi heldur en ég hélt, þegar ekki er raunverulega ætlunin eða vilji hjá hæstv. menntmrh. til að koma til móts við sveitarfélögin og ganga frá þessum málum fyrir áramót eins og þau gera kröfu til. Það er auðvitað hægt að hafa alls konar fyrirvara í samningum við sveitarfélögin þó að frv. sé ekki endilega samþykkt, það er sá fyrirvari að það liggi fyrir hvernig á að gera þetta upp þó að það sé ekki hægt að ganga endanlega frá því fyrr en frv. hefur verið samþykkt hér á Alþingi. Það þykir mér nokkuð ljóst og ég held að sveitarfélögin viti alveg hvað þau eru að tala um í ályktun sinni frá landsþinginu sem haldið var á Akureyri í ágúst.

En ég kem hérna fyrst og fremst til að gera athugasemd við það sem kom fram hjá hæstv. ráðherra varðandi 33. gr. frv. Hann segir að það sé náttúrlega svo augljóst að sveitarfélögin eigi að kosta námsgögn og það hljóti öllum að vera ljóst og nánast taldi að það væri eins og hver önnur firra að láta sér detta annað í hug. Ég vil benda hæstv. ráðherra á að menntmrn. gaf út skýrslu sem reyndar var talað um að væri leyniskýrsla en ég vil taka fram að þingflokkur Kvennalistans fékk afhenta þessa skýrslu í gær þannig að þó hún hafi kannski ekki borist öllum þá erum við með þessa skýrslu, þetta er skýrsla um tilfærslu grunnskóla til sveitarfélaga, mat á kostnaði. Og á bls. 13, um Námsgagnastofnun, segir:

„Gert er ráð fyrir að námsgagnagerð verði áfram hjá

ríkinu og ríkið leggi grunnskólanemendum námsgögn með svipuðum hætti og verið hefur." Það eru því ekki bara við hér og Samband ísl. sveitarfélaga sem ekki erum algerlega með á nótunum.

[19:00]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil nú ekki láta snúa út úr fyrir mér. Ég hef aldrei látið það í ljós að það sé ekki vilji hjá mér að ganga frá samningum við sveitarfélögin. Ég hef bara ekki reiknað með að hægt væri að gera það fyrr en þetta frv. væri orðið að lögum. Ég get vel hugsað mér og reikna að sjálfsögðu með því að það verði teknar upp viðræður við sveitarfélögin. Ég hef sagt að um leið og frv. væri komið fram þá yrðu þær viðræður að sjálfsögðu hafnar. En ég sé einhvern veginn ekki fyrir mér að hægt sé að ganga frá samningunum á meðan frv. er enn til meðferðar. Ef sveitarfélögin vilja það með alls konar efum, ef þetta og hitt nær fram að ganga, þá skal ég aldeilis ekki þvælast fyrir því. (**RA:** Og ekki á meðan kjarasamningar eru ógerðir.) Nei, ég hélt að það væri svo augljóst mál að við gætum ekki lokið slíkri samningagerð. Ég sagði áðan að við vitum ekki hver hin fjármálalega yfirfærsla verður frá ríkinu til sveitarfélaganna fyrr en við vitum hvaða laun á að borga kennurum. Ég hef sagt og get ítrekað það enn og aftur að þess vegna verður samningagerðin núna í fyrsta sinn að eiga sér stað af ríkinu. Svo verður það auðvitað ekki meir, eftir það er nýr viðsemjandi sem eru sveitarfélögin.

Það sem segir í skýrslunni um Námsgagnastofnun er skoðun þeirrar nefndar, sem hefur tekið saman allan kostnað sem ríkið hefur í dag af grunnskólanum, og þar er ekkert annað en það.

[19:02]

Kristín Einarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þykir mjög merkilegt ef nefnd á vegum menntmrn., sem leggur til kostnaðarmat á yfirfærslu grunnskólans til sveitarfélaganna, hafi sérskoðun sem er ekki í samræmi við þá skoðun sem menntmrn. annars hefur í málinu. Það þykir mér mjög sérstakt. Þá er ég að tala um Námsgagnastofnun. Ég tók það sérstaklega út vegna þess að ráðherrann virtist vera svo gáttaður á þeim spurningum sem þingmenn báru fram.

Ég lít svo á að ég þurfi ekki að lesa fyrir ráðherrann upp úr ályktun Sambands ísl. sveitarfélaga. Þó vil ég lesa eina setningu þar sem segir, með leyfi forseta:

„Niðurstaða þarf að hafa náðst í þessum málum fyrir áramót svo yfirtaka sveitarfélaga geti átt sér stað á næsta ári."

Þetta mat þeirra, annars telja þeir að þurfi að fresta málinu og málið snýst kannski fyrst og fremst um það.

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):

Áður en forseti gerir hlé á fundinum vill hann tilkynna að samkomulag er um að ljúka umræðum um málið á kvöldfundi.

[19:04]

Valgerður Sverrisdóttir *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Það er út af orðum forseta að samkomulag sé um að ljúka umræðu um grunnskólann. Ég stóð í þeirri meiningu að samkomulag væri um að halda kvöldfund en ekki hefði falist í því að ljúka umræðunni. Ég vildi að þetta kæmi hér fram þannig að hæstv. forseti geti þá leiðrétt það ef þetta er ekki rétt með farið.

[19:04]

Svavar Gestsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég verð að segja að mér þykir vænt um að heyra það sem hv. þm. og hæstv. forseti, Valgerður Sverrisdóttir, sagði hér áðan. Ég kannast ekki við að slíkt samkomulag hafi verið gert. Auðvitað getur vel verið að einhverjir hafi gert það án þess að ég viti það. En það er ánægjulegt að það liggi fyrir að menn hafi ekki bundið sig í báða skó í þessu stóra máli vegna þess að bersýnilega er mjög mikið órætt.

[19:05]

Jóhann Ársælsson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég var á fundinum hjá forseta þegar rætt var um að halda kvöldfund. Samkomulag varð um að það yrði kvöldfundur. Það var sérstaklega tekið fram að um væri að ræða kvöldfund en ekki næturfund. Það var settur fyrirvari bæði frá mér og fleirum um að það þyrfti náttúrlega að skoðast sérstaklega ef það stefndi í að fundurinn stæði lengur en fram undir miðnætti eða svo.

[19:06]

Finnur Ingólfsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Eins og kom fram hjá hv. þm. Jóhanni Ársælssyni var það rætt milli formanna þingflokka á fundi með forseta að halda kvöldfund í kvöld. Einnig var talað um að ef tækist að ljúka umræðu á þeim kvöldfundi væri það afskaplega gott. En eins og hv. þm. sagði er það alveg skýrt að það kom fram af hálfu formanna þingflokkanna sem þarna voru að við töluðum um kvöldfund í kvöld en ekki næturfund. Nú hef ég ekki hugmynd um hvernig staðan er á þessari ágætu mælendaskrá hjá hæstv. forseta. Það kann vel að vera að við getum lokið umræðunni áður en við göngum inn í nóttina, það verður að koma í ljós þegar þar að kemur. Af því að hæstv. menntmrh. var á þeim fundi sem formaður, ígildi formanns sjálfstæðismanna, ítreka ég að þetta kom mjög skýrt fram. Auðvitað er málið mikilvægt og mér finnst ekki ástæða til að velta því fyrir sér á þessari stundu hvort okkur takist jafnvel ljúka umræðunni fyrir miðnætti. Það væri ágætt en fyrirvari af okkar hálfu var kvöldfundur en ekki næturfundur.

[19:08]

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):

Forseti vill taka fram í tilefni af ummælum hv. þm. að hann skildi það svo á forsætisnefndarfundi sem haldinn var á nánudag að það ætti að reyna að ljúka umræðu um þetta mál á fundinum. Vel kann að vera að skilningur manna á þeim fundi hafi verið annar og að annað hafi komið fram á fundi þingflokksformanna en

mér hefur ekki verið tilkynnt annað en það að ætlunin hafi verið sú að ljúka umræðunum í kvöld og ekkert mælir gegn því að það verði ekki hægt. Nokkrir hv. þm. eru á mælendaskrá en kvöldið er líka langt.

[19:08]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég var á fundinum, ég var beðinn að mæta þar. Ég vissi ekki annað en ég væri beðinn að mæta þar sem menntmrh. því til umfjöllunar var sú umræða sem hefur farið fram í dag en raunar mætti ég þar líka sem fulltrúi þingflokks sjálfstæðismanna.

Ég vil staðfesta að það sem við ræddum var að það gæti orðið kvöldfundur, reynt yrði að ljúka umræðunni en ekki var ákveðið að ljúka henni. Hæstv. forseti hefur þá ekki fengið nákvæmar upplýsingar. Auðvitað læt ég svo í ljós von um að okkur takist að ljúka henni.

[19:09]

Valgerður Sverrisdóttir *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Aðeins til að staðfesta að hæstv. forseti fór áðan með rétt mál að á fundi forsn. á mánudaginn var rætt að umræðu um grunnskóla yrði lokið. En það var forsn. sem hafði þær skoðanir en nú kem ég hér upp sem 3. þm. Norðurl. e. og hef þær fregnir frá formanni þingflokks míns að þar hafi verið tekin önnur ákvörðun sem er samkomulag um og það hlýtur að vera hún sem gildir þó svo að forsn. hafi haft aðrar óskir á sínum fundi.

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):

Þá virðast allar upplýsingar liggja fyrir í málinu og ég óska þess að hv. þm. muni njóta þess hlés sem nú verður gefið og einnig njóta umræðnanna í kvöld og þær megi verða að gagni.

[Fundarhlé. — 19:10]

[20:31]

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Þá er stóra stundin runnin upp og hæstv. menntmrh. hefur mælt fyrir nýju frv. um grunnskóla sem nokkuð lengi hefur verið í burðarliðnum og frv. til laga um framhaldsskóla er á næstu grösum. Hæstv. menntmrh. sagði í lok síns máls að það væri óþarfi að fara í pólitíska flokkadrætti í þessari umræðu en ég get sagt það, hæstv. menntmrh., að mér finnst að pólitíkin geti stundum verið dálítið skrýtin þegar maður hefur það í huga að það virðist vera orðin regla að starfstími hæstv. menntmrh. fari í að undirbúa breytingar sem þeir koma svo fram með um það leyti sem kjörtímabili lýkur og líður að kosningum. Svo kemur nýr ráðherra og byrjar á byrjunarreit af því að fyrrv. hæstv. ráðherra sem var úr öðrum stjórnmálaflokki hlýtur að hafa gert tóma vitleysu. Svona vinnubrögð eru þjóðfélagi okkar dýrkeypt. Þetta er dæmi um óstöðugleika sem kemur að einhverju leyti til af því að hér sitja meirihlutastjórnir sem ekki hafa samráð við minni hlutann og a.m.k. hefur það ekki verið gert varðandi þetta frv. sem hér er komið til umræðu.

Það má hins vegar segja um grunnskólalögin frá 1991 eins og margoft hefur komið fram og var það frv. lagt fram af fyrrv. hæstv. menntmrh., Svavari Gestssyni, að þau lög voru samþykkt af öllum stjórnmálaflokkum sem þá áttu sæti á Alþingi. Þess vegna er það dálítið sérkennilegt að þau skyldu aldrei fá að koma til framkvæmda heldur strax vera skert ákvæði í þeim lögum sem meiri hlutinn, stjórnarflokkarnir á Alþingi, hafa staðið að.

Hæstv. forseti. Ég get ekki séð það og ég lét það koma hér fram áðan að það hafi fyrst og fremst vantað ný lög fyrir grunnskólann sem slíkan og hans innra starf og ég endurtek að það vantaði fyrst og fremst meiri peninga. Mér fannst vera ósamræmi í málflutningi hæstv. menntmrh. hér áðan þegar hann svaraði hv. þm. Pétri Bjarnasyni. Þá lét hann að því liggja að það frv. sem hér væri til umræðu væri fyrst og fremst tengt flutningnum til sveitarfélaganna. En síðan þegar ég kallaði fram í að það vantaði fyrst og fremst peninga til þess að við hefðum góð og gegn grunnskólalög þá sagði hæstv. menntmrh. að það vantaði allt, allt annað og það hefði þurft að breyta lögunum verulega frá 1991, eftir því sem ég skildi hann, til þess að við ættum góð grunnskólalög til þess að byggja okkar grunnskólastarf á. (**Menntmrh.**: Til að færa hann til sveitarfélaganna.) Já, ég geri mér vel grein fyrir því, hæstv. menntmrh., það þurfti ný lög til þess að færa skólann til sveitarfélaganna, það er ekki spurning. En hins vegar er spurningin: Þurfti ný grunnskólalög til þess að hér geti farið fram gott skólastarf í grunnskólum landsins? Svar mitt við því er nei.

Allt þetta kjörtímabil hefur grunnskólinn verið sveltur fjárhagslega og það hefur verið skorið niður u.þ.b. 100 millj. á ári með sérstökum lögum á hv. Alþingi og þá hefur ekki borið mikið á metnaði fyrir hönd barna í landinu þegar þau frv. hafa verið afgreidd. Það verð ég að segja. En nú er lag, núna eru lagðar fram tillögur um breytingar á grunnskólalögum sem kveða á um kostnaðarauka í grunnskólakerfinu upp á 13–17% sem þýðir hátt í einn milljarð króna. Þessar kostnaðartölur koma fram í greinargerð fjmrn. með frv.

Það hafa verið aðrar tölur á kreiki í umræðunni og ég hefði gjarnan viljað heyra hvort það er ekki rétt, hæstv. forseti, að með samþykkt þessa frv. þá er Alþingi að setja lög sem ganga út á það að sveitarfélögin þurfa að leggja í stórkostlegan kostnað, t.d. sem tengist einsetnum skóla. Þetta hefur verið gagnrýnt æðioft af hálfu sveitarfélaganna að Alþingi setji lög um að þau eigi að gera eitt og annað. Það er einmitt það sem verið er að tala um í þessu tilfelli.

Í stuttu máli sagt þá er það ástand þjóðmála sem er búið að vera það bágborið á síðustu árum að mati hæstv. menntmrh. að það hefur þurft að berjast við að spara þessar 100 millj. á ári hverju og núna á að auki að hagræða um 1% sem enginn skilur hvar á að taka því svo nærri er búið að ganga grunnskólanum.

Nú er sem sagt allt hægt og við skulum vona það og ég segi það fyrir mig og minn flokk að við erum að sjálfsögðu hlynnt því að aukið fjármagn verði veitt til grunnskólans og fjölgað verði kennslustundum en að

hluta til gengur það frv. sem hér er til umræðu út á það.

Það hefur farið hér fram heilmikil umræða um frv. þar sem umræður hafa staðið í marga klukkutíma og ég skal reyna, hæstv. forseti, að fara ekki mikið út í endurtekningar á því sem þegar er komið fram. En það er ljóst að frv. gengur fyrst og fremst út á það að færa kostnað við grunnskólann alfarið yfir til sveitarfélaganna. Það kemur fram í frv. að það er aðaltilgangurinn.

Við framsóknarmenn erum ekki á móti því að það verði gert en við viljum hins vegar vanda til þeirrar vinnu og við vitum að það er mikill undirbúningur sem þarf til þess að þetta geti farið sómasamlega fram og eftir þeim upplýsingum sem við höfum þá er sú undirbúningsvinna skammt á veg komin. Ég er því mjög efins, þó ég taki ekki meira upp í mig en það, að þetta geti gerst 1. ágúst 1995.

Ég heyrði það á máli hæstv. ráðherra áðan að það er verið að tala um einhverja bráðabirgðasamninga við sveitarfélögin til þess að hægt verði að standa við þessa dagsetningu og það er í sjálfu sér ekki fyrst og fremst mál Alþingis að velta því fyrir sér hvernig tekst með þennan samning við sveitarfélögin en hins vegar hlýtur það að vera stórt atriði fyrir Alþingi, þegar það stendur frammi fyrir því að samþykkja eða hafna því frv. sem hér er til umræðu, hvort þessi samningur næst. Ég skal viðurkenna það að ég hafði séð málið þannig fyrir mér að frv. yrði ekki samþykkt frá Alþingi fyrr en það lægi fyrir hvort samningar næst við sveitarfélögin og við kennarafélögin um launakjör. En ég heyri það á máli hæstv. ráðherra að hann vill hafa þetta á hinn veginn en þá er a.m.k. ekki hægt að samþykkja frv. eins og það lítur út á þessari stundu. Það hljóta þá að þurfa að vera einhverjir fyrirvarar eða bráðabirgðaákvæði.

Það hefur verið ályktað af hálfu ýmissa aðila varðandi þennan tilflutning og ég ætla fyrst að vitna í samþykkt frá Samtökum fámennra skóla sem hafa efasemdir og það er kannski ekki að ástæðulausu. En, með leyfi forseta, þau samtök hafa ályktað á þennan hátt:

„Samtök fámennra skóla vara eindregið við hugmyndum um flutning grunnskóla til sveitarfélaga. Samtökin telja að ekki hafi verið sýnt fram á að þjónusta grunnskólans við nemendur muni batna, þvert á móti bendir ýmislegt til hins gagnstæða. Í dag standa sveitarfélög mjög misvel að þeim þáttum í rekstri grunnskóla sem þau hafa með höndum enda eru þau misjafnlega í stakk búin til þess. Engin ástæða er til að ætla að hugsanleg sameining sveitarfélaga muni breyta því. Engar tillögur hafa verið lagðar fram um það hvernig staðið verði að rekstri þjónustustofnana grunnskólans á borð við fræðsluskrifstofur og Námsgagnastofnun eftir tilflutninginn.

Samtök fámennra skóla telja hættulegt að nota grunnskólann sem tilraunaverkefni eða áróðursatriði í umræðunni um sameiningu sveitarfélaga."

Þessi ályktun er reyndar ekki alveg ný eins og heyrist og var gerð áður en farið var í það mikla átak að reyna að sameina sveitarfélög sem ekki voru teknir stórir áfangar í.

Hér hefur verið komið inn á ályktanir sem hafa verið gerðar af hálfu Sambands ísl. sveitarfélaga og síðasta landsþingið sem haldið var á Akureyri í haust ályktar í þessum efnum á þann hátt sem mér finnst mjög skiljanlegt og ég tek alveg eindregið undir þá ályktun og get í sjálfu sér gert hana að minni. Ég ætla ekki að eyða tíma í að lesa hana þar sem hún hefur verið lesin áður í dag en það er úrslitaatriði hjá Sambandi ísl. sveitarfélaga að niðurstaða þurfi að hafa náðst í þessum málum fyrir áramót svo yfirtaka sveitarfélaga geti átt sér stað á næsta ári. Það er ekki langt til áramóta og því endurtek ég það sem ég sagði áðan að mér sýnist ekki miklar líkur á því að af þessu geti orðið 1. ágúst en þó að það verði eitthvað seinna þá held ég að það geti í sjálfu sér ekki skipt öllu máli. Ég er sannfærð um það að hjá öðrum þjóðum mundi breyting sem þessi vera tekin í áföngum og látin ná yfir eitthvert árabil. Ég veit ekki hvenær við Íslendingar ætlum að fara að temja okkur einhver slík vinnubrögð. Ég held það væri kominn tími til.

Kennarafélögin hafa ályktað um tilflutninginn og þau ályktuðu fyrst á fulltrúaþingi kennara fyrr á þessu ári. Síðan var sú ályktun endurnýjuð nú síðar og hljóðar upp á eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Kennarafélögin ítreka ályktun 7. fulltrúaþings Kennarasambands Íslands, haldið í apríl 1994, vegna fyrirhugaðs flutnings þar sem þess var krafist að a.m.k. einu ári áður en til hans komi verði ríki og sveitarfélög búin að tryggja í fyrsta lagi fjárveitingar til sveitarfélaga þannig að þau geti staðið undir kostnaði að skólastarfi grunnskóla í samræmi við núgildandi grunnskólalög án þeirra ákvæða um skerðingu sem nú er í gildi auk þess að tryggja fjármagn til frekari þróunar grunnskólans.

Í öðru lagi: Að ekki dragi úr stoðkerfi skólanna svo sem starfsemi fræðsluskrifstofa, ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu, starfsemi Námsgagnastofnunar og tilboðum um endurmenntun fyrir kennara.

Í þriðja lagi: Öruggan rekstrargundvöll sérskólanna með tilliti til þess að nemendur geti notið allrar nauðsynlegrar þjónustu óháð búsetu.

Í fjórða lagi: Öll samningsbundin og lögbundin réttindi kennarastéttarinnar og að einn viðsemjandi fari með samningsumboð fyrir öll sveitarfélögin sameiginlega.

Ekkert af þessu hefur verið tryggt og því telja kennarafélögin fráleitt að tímasetningin, 1. ágúst 1995, fáist staðist."

Svo mörg voru þau orð. Hvað segir hæstv. menntmrh. um þetta? Er hann enn þeirrar skoðunar að tilflutningurinn geti átt sér stað 1. ágúst?

Í skýrslu 18 manna nefndar um mótun menntastefnu segir m.a., með leyfi forseta:

„Í umræðunni um sameiningu sveitarfélaga hefur m.a. verið lögð áhersla á að með eflingu sveitarstjórnarstigsins verði opinber stjórnsýsla skilvirkari. Taka má undir það sjónarmið að sameining sveitarfélaga auðveldi og einfaldi að mörgu leyti flutning á rekstri

grunnskóla til sveitarfélaga en sameining þarf þó ekki að vera forsenda flutningsins. Ekkert bendir til annars en að sveitarfélögin samkvæmt núverandi skipan ráði vel við verkefni sé þeim tryggðir tekjustofnar og hafi samstarf sín á milli um ýmiss konar þjónustu við skólana."

Í könnun sem Kennarasamband Íslands lét gera og náði til 1.200 aðila á aldrinum 15–69 ára og voru alls staðar að af landinu kom í ljós að meiri hlutinn telur sitt sveitarfélag geta tekið við rekstri grunnskólans. En hins vegar telur meiri hluti þeirra sem svöruðu að grunnskólinn eigi að vera í höndum ríkisins.

Í tilvitnuninni sem ég vitnaði til segir að ef sveitarfélögin hafi samstarf sín á milli um þjónustu við skólana þá ráði þau við þetta verkefni. Eins og margoft hefur komið fram hér í umræðunni í dag þá finnst hv. þingmönnum að það vanti nokkuð mikið á að þessir hlutir séu tryggir. Því það er þetta stóra „ef" sem þarna er til staðar. Og það væri forvitnilegt ef hæstv. menntmrh. gæti upplýst hvar þessi undirbúningur stendur hjá sveitarfélögunum. Mér er kunnugt um það í mínu kjördæmi að þar er hafin undirbúningsvinna að því að sveitarfélögin taki við þessari starfsemi en síðan veit ég um önnur kjördæmi þar sem ekkert er farið að vinna í þessum málum. Það er dæmi um hvað það ríkir mikil óvissa um öll þessi mál og vantrú á að þetta geti átt sér stað á næsta ári.

Hæstv. forseti. Mig langar aðeins að vitna til 42. gr. í frv. en þar kemur fram að það er meiningin að sveitarfélögin láti í té upplýsingar um þetta efni. Ég spyr: Er það meiningin að sveitarfélögin láti í té upplýsingar með reglulegu millibili eða bara einu sinni þegar niðurstaða hefur náðst um samstarf við önnur sveitarfélög? Það kemur fram þarna, svo ég vitni beint í 42. gr., með leyfi forseta: „Hverju sveitarfélagi er skylt að gera menntamálaráðuneyti grein fyrir skipulagi sérfræðiþjónustu við skóla. Menntamálaráðherra setur reglugerð þar sem m.a. er kveðið á um lágmarksþjónustu á þessu sviði."

Í þessari grein eins og ýmsum öðrum greinum er kveðið á um eftirlit af hálfu ráðuneytisins. Ég er ekki að setja út á það því auðvitað er það ljóst að menntmrn. hefur yfirumsjón með grunnskólanum eftir sem áður og þarf að hafa eftirlit og það er mjög mikilvægt að það eigi sér stað. En það er ástæða til að spyrja um það líka varðandi aðalnámsskrá: Mun ráðuneytið hafa eftirlit með því að sveitarfélögin uppfylli skyldur sínar hvað varðar aðalnámsskrár grunnskóla? Hvernig tekur menntmrn. á málum þegar það liggur fyrir að sveitarfélög reynast ekki uppfylla þau skilyrði sem þeim ber? Mér er kunnugt um að í Noregi hafa orðið árekstrar hvað þetta varðar og sveitarstjórnir halda því fram að þar sem sveitarfélögin séu sjálfstætt stjórnsýslustig þá sé það ekki alveg augljóst að ríkisvaldið geti sett þeim stólinn fyrir dyrnar ef þeim sýnist svo að fækka kennslustundum eða haga skólastarfi á annan hátt þannig að menntmrn. geri athugasemdir við. Það væri forvitnilegt að vita hvert ferlið yrði ef slíkt mál kæmi upp.

Skólanefndir hafa verið hér til umræðu og það er ekki því að neita að þær fá gríðarlega mikilvægt hlutverk. Ég get ekki betur séð en að formaður skólanefndar verði að verulegu leyti í starfi miðað við það mikla verkefni sem hann þarf að taka að sér. Þar kemur einn kostnaðarliður sem ég velti fyrir mér hvort tekið er tillit til. Skólanefnd tekur t.d. til meðferðar mál ef nemanda er vísað úr skóla. Það eru fleiri mjög viðkvæm mál sem skólanefndir þurfa að taka að sér. Ég er ekkert að vantreysta skólanefndum sem slíkum í því tilfelli að taka að sér erfið og viðkvæm mál en það þarf þá a.m.k. að vera ljóst með þagnarskyldu og fleira. Í minni sveitarfélögum geta þessi mál orðið mjög erfið. Það hefur bara sýnt sig t.d. með barnaverndarnefndir að lítil sveitarfélög hafa beðist undan því að þurfa að skipa barnaverndarnefndir á sveitarstjórnar-„basis". Reyndar hefur þeim lögum verið breytt þannig að þær eru ekki lengur skipaðar þannig eða það er heimild til að gera það á annan hátt. Þannig að þetta er atriði sem mér finnst við þurfa að skoða í hv. menntmn.

Ég vil taka undir með þeim sem hér hafa nefnt að foreldrar eigi að eiga að hafa atkvæðisrétt á skólanefndarfundum. Mér finnst það a.m.k. koma mjög til greina. Annað vil ég spyrja um í sambandi við skólanefndarfundi. Það er ætlast til að fulltrúar kennara og skólastjóra sitji þá. Hefur verið hugsað fyrir þeim kostnaði? Ég býst ekki við að það sé ætlast til að þeir sitji þá fundi launalaust. Svona koma upp ótal spurningar þegar þetta frv. er skoðað og tengjast margar þær spurningar kostnaðarliðum.

Foreldraráð á að fá veruleg verkefni og ég fagna því. Það hefur reyndar ekki völd en það á að fylgjast með t.d. hvort áætlanir sem varða skólahaldið nái fram að ganga. Ég held að þetta sé í takt við það sem er að gerast víða annars staðar í heiminum. Það fer vel á því. En aukið samstarf heimila og skóla hefur verið eitt af mínum áhugamálum og ég tel að það hafi því miður eins og hefur nú komið hér fram, t.d. hjá hv. 11. þm. Reykn., oft og tíðum verið nokkurt skilningsleysi þarna á milli sem er öllu skólastarfi mjög í óhag.

Mig langar til að spyrja hæstv. menntmrh., það varðar 25. gr., þar er talað um, með leyfi forseta: „Sveitarstjórnir skulu greiða upphæð er svarar til 1% af dagvinnulaunum kennara og skólastjóra í sveitarfélaginu í sérstakan sjóð er Samband íslenskra sveitarfélaga annast rekstur á og varðveitir. Sjóði þessum er ætlað að styrkja kennara og skólastjóra við grunnskóla til allt að eins árs viðbótarnáms og endurmenntunar."

Er ekki lengur verið að tala um námsleyfi á fullum launum? Þetta er annað orðalag en áður var og þess vegna spyr ég nú þessarar spurningar.

Hæstv. menntmrh. hefur fallið frá því ákvæði sem kom fram í skýrslu nefndarinnar um að gera skólann að tíu mánaða skóla og það held ég að hafi verið alveg rétt ákvörðun vegna þess að það hentar bara ekkert fyrir okkar þjóðfélag. Við megum alveg hafa einhverja sérstöðu hér þó við séum nú að auka okkar alþjóðlega samstarf og þetta held ég að sé eitt af því sem við eigum bara að halda í sem lengst að hafa hér langt sumarleyfi í skólum enda hefði það kostað það á fram-

haldsskólastiginu sem verður hér til umræðu eftir viku að þurft hefði að breyta lögum um Lánasjóð ísl. námsmanna til þess að framhaldsskólanemar hefðu haft aðgang að honum því ekki geta þeir lifað á loftinu.

Það hefur verið mikið hagsmunamál allra fjölskyldna í landinu leyfi ég mér að segja að kennsludagur verði samfelldur og skólar geti verið einsetnir, sérstaklega á það við hér um suðvesturhornið. Reyndar eru þessi mál miklu betur stödd á landsbyggðinni og þar er víða eingöngu um einsetna skóla að ræða.

Síðan er ákvæði um að kennsludagur hefjist að morgni og það tengist finnst mér mikið kjaramálum kennara. Ég hef lengi verið þeirrar skoðunar að á meðan kennarar hafa þannig kjarasamninga að að hluta til eru laun þeirra fyrir heimavinnu en ekki þannig að þeir byrji vinnudaginn að morgni eins og aðrir þjóðfélagsþegnar þá sé þeirra barátta fyrir betri kjörum miklu erfiðari. Því fagna ég þessu ákvæði og tel að það geti orðið kennurum að gagni í kjarabaráttu þeirra sem nú er fram undan. Hæstv. menntmrh. hefur látið þau orð falla að hann telji að nú sé lag fyrir kennara að ná bættum kjörum. Þó það sé kannski svolítið neyðarlegt að það sé einmitt núna þegar hann er að kasta þessum málum frá sér og ríkinu að þá telji hann að það sé hægt að bæta kjör kennara þá langar mig til að spyrja hann að því beint hversu mikið hann telji að kjör kennara eigi að batna eða hvað hann telji sanngjarnt. Það er nú kannski ekki sniðugt í þeirri kjarabaráttu sem er fram undan og umræðu að segja það nákvæmlega. En hann getur alla vega staðfest hvort hann hafi ekki látið þau orð falla opinberlega að kennarar eigi að fá bætt kjör.

Það hefur verið talað hér um kjarnagreinar. Ýmsum þykir það ekki rétt og þar á meðal þeirri sem hér stendur að færa dönskuna aftur fyrir ensku í skólanum þannig að grunnskólanemar byrji á að læra ensku sem erlent tungumál og síðan dönsku. Hv. þm. Sigríður Anna Þórðardóttir sagði hér áðan að danskan ætti samt sem áður ekki að verða nein afgangsstærð og ég fagna því. En mig vantar enn skýringu á því af hverju danskan mátti ekki vera kjarnagrein líka. Það er kannski fyrir einhverja vanþekkingu hjá mér á þessu kerfi en að enskan eigi að vera kjarnagrein en ekki danskan, enskan sé tekin fram fyrir þannig að börn byrji að læra ensku, gerir það að verkum í mínum huga að danskan verður enn lægra sett en hún er í dag. Eins og ég hef látið koma hér fram þá finnst mér það vera hluti af okkar menningu að við byrjum á að læra norrænt tungumál. Og mér finnst það nánast ekki vera til þess að læra tungumál heldur til að geta haft samskipti við nágrannaþjóðir okkar sem er okkur svo óskaplega mikilvægt.

Eitt af því sem ekki er lengur gert ráð fyrir að verði í lögum er ákvæði um hámarksfjölda í bekk. Hæstv. menntmrh. kom inn á þetta hér í sinni ræðu og var ekki frá því að það ætti að setja inn í lögin ákvæði um hámark í bekk og m.a. nefndi hann að hugsanlega væri rétt að frekar að viðmiðunin væri hámark á kennara.

Ég skal viðurkenna það að ég hef ekki hugsað þetta út frá því en ég veit það eins og ég hef margoft látið koma fram á hv. Alþingi að eins og ástandið er í grunnskólum í Reykjavík núna þá er það engu líkt því það er hrúgað inn í þessar litlu kennslustofur 28 nemendum og fleiri og þrengslin eru svo mikil að börnin fá ekki að standa á fætur eftir að þau eru sest. Það er eins og þeim sé púslað niður í bekkinn og mega síðan ekki standa á fætur fyrr en það koma frímínútur. Þetta kemur kannski í og með til af því að nemendur eru ekki með þessar litlu skólatöskur sem voru í gamla daga því ég hef heyrt það á hv. Alþingi að þingmenn hafa haldið því fram að þetta hafi verið hægt í gamla daga og því skyldi þetta ekki vera hægt enn í dag. En það er ekkert saman að jafna því það eru líka komin tæki inn í skólastofurnar eins og tölvur og fleira þannig að það er ekkert tekið tillit til þessa þegar verið er að setja lög um það að nemendur í bekk megi vera allt upp í 30. Þetta er eitt af því alvarlegasta sem grunnskólinn stendur frammi fyrir í dag, það er þessi fjöldi í bekkjum. Þess vegna finnst mér að það eigi að skoða það mjög alvarlega í hv. nefnd hvort ekki sé ástæða til að hafa þarna inni hámarksákvæði.

IX. kafli frv. fjallar bæði um námsmat og mat á skólastarfi.

Ég vil í fyrsta lagi segja það varðandi samræmd próf sem hér er lögð meiri áhersla á heldur en verið hefur að samræmd próf í 10. bekk eru alveg sjálfsagður hlutur, finnst mér. Eins vil ég segja um 7. bekk. Mér finnst koma mjög vel til greina að þar fari fram einhver samræmd próf en mér finnst full langt gengið að fara með þau niður í 4. bekk. Þar finnst mér að ætti miklu frekar að fara fram einhvers konar samræmd könnunarpróf heldur en að vera með samræmd próf. Hv. þm. Sigríður Anna Þórðardóttir nefndi það hér áðan að hugsanlega mætti draga út einhver próf í 7. bekk — að í 7. bekk mætti draga úr námsgreinar. Var það ekki? Nei, það var ekki rétt skilið. En alla vega kom það fram í hennar máli áðan að það væri kannski ástæða til þess að ákveða það ekki fyrir fram í hvaða greinum yrðu samræmd próf heldur mætti með stuttum fyrirvara ákveða það. Það er hugmynd sem ég hef ekki heyrt áður en mér finnst mjög athyglisverð vegna þess, eins og kennarasamtökin hafa bent á, þá mótar það um of skólastarfið allan veturinn að hafa það yfir höfði sér að samræmd próf fari fram í ákveðnum greinum en ekki öðrum. Þannig að mér líst vel á þá hugmynd að það séu dregin út einhver ákveðin fög þegar prófin nálgast.

En eins og ég sagði áðan, 4. bekkjar samræmd próf líst mér ekki á. (**SAÞ:** Ég var að tala um 10. bekk.)

Á 116. löggjafarþingi lagði ég fram ásamt fleiri þingmönnum þáltill. um mat á skólastarfi. Sú tillaga náði ekki fram að ganga en hún fékk umræðu á hv. Alþingi og nokkuð góðar undirtektir þingmanna. Hún gekk mikið út á það að það færi fram sjálfsmat í skólunum og á þeim tíma fannst mér áhugi innan menntmrn. meira snúa að því að skólarnir yrðu metnir, þeir yrðu nánast teknir út og gefnar einkunnir samkvæmt einhverju köldu mati. Þessa hugmynd leist mér ekki vel á og mér finnst að eins og frv. lítur út núna þá sé verið að tala fyrst og fremst um sjálfsmat og ég lýsi

stuðningi við þá hugmynd og sýnist að mat á skólastarfi eins og það lítur út í frv. sé mjög vel viðunandi og ég tel að slíkt mat eigi að fara fram í skólunum.

Minn tími mun víst vera brátt á þrotum, hann er svo ótrúlega fljótur að líða þegar maður er kominn í ræðustól á Alþingi.

Það var eitt sem hæstv. menntmrh. nefndi í sínu máli og það var að agavandamál hafa aukist. Mig langar að spyrja hæstv. ráðherra að því hvort hann hafi einhverjar skýrslur undir höndum sem segja þetta. Þetta kom fram eins og fullyrðing og ég býst við að hæstv. ráðherra beri ekki á borð fullyrðingu sem þessa nema hafa eitthvað undir höndum um að svo sé.

Auðvitað hefur þjóðfélag okkar gjörbreyst á tiltölulega fáum árum og samfélagið hefur ekki komið til móts við þessar breytingar og þessar nýju þarfir fjölskyldunnar. Það hafa verið mótuð samtök foreldra sem eru virk og ég vil lýsa mikilli ánægju með það. Þessi samtök heita Heimili og skóli og eru nokkurs konar grasrótarsamtök og þau hafa látið mjög að sér kveða hvað varðar rétt barna og rétt fjölskyldna sem er náttúrlega nátengt.

Skólastarfið í landinu þarf á því að halda að fá aukinn styrk og liðsinni frá foreldrum og því er það mjög mikilvægt að þessi foreldrasamtök geti starfað og látið í sér heyra þó að ég efist ekkert um það að ýmsum finnist að það hafi ekki verið tekið nægilega mikið tillit til þeirra óska því það hefur verið lögð mikil áhersla á aukið fjármagn til grunnskólans en fram að þessu hefur ekki verið orðið við þeim óskum af hálfu hæstv. ríkisstjórnar.

Hæstv. forseti. Að síðustu vil ég segja það að ég tel að það frv. sem hér er til umræðu sé að hluta til og að mörgu leyti gott frv. Það er tekið af skarið um einsetinn skóla og fjölgun kennslustunda sem er eitt af mínum baráttumálum og að sjálfsögðu mun ég styðja þau ákvæði. En eins og ég hef látið koma fram þá tel ég að þau ákvæði sem snúa að flutningi grunnskólans alfarið til sveitarfélaga muni varla ná fram að ganga miðað við þá dagsetningu sem er til umræðu í frv., þ.e. 1. ágúst 1995, en ég mun að sjálfsögðu vinna málefnalega að frv. í hv. menntmn. og þar hljótum við að fá allar þær upplýsingar sem við óskum eftir og tengjast því stóra máli. Það sem mér finnst að hljóti að verða hvað erfiðast í þeim efnum er hvernig staðið verður að samningum við kennara og þeim réttindum sem kennurum hefur áskotnast.

[21:11]

Kristín Einarsdóttir:

Herra forseti. Við höfum varið nokkrum tíma á þessum fundi til þess að ræða frv. til laga um grunnskóla og er það vel. Þetta er mál sem varðar okkur öll og þjóðfélagið í heild meira en flest annað þannig að það er ekki skrýtið þó að hér þurfi menn að tala mikið um þetta frv.

Ég vil hins vegar segja það sem reyndar aðrir hafa sagt að við búum við nokkur góð grunnskólalög í dag að mínu mati en aðalgallinn í tengslum við þau lög er að þeim hefur ekki verið framfylgt.

Hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir talaði um og kallaði reyndar fram í fyrir ráðherranum að ekki væri nógu mikið fjármagn til grunnskólans og mátti skilja á ráðherranum að hann teldi þetta vera dálítið einkennilega fullyrðingu af hálfu þingmannsins en ég skildi ekki af hverju hann gat ekki tekið undir þetta því það hljóta allir að vera sammála um að það er fyrst og fremst fé sem vantar. Það er allt of lítið fé sem fer til grunnskólans, reyndar til skólakerfisins í heild, en hér erum við að ræða grunnskólann.

Ef við berum okkur saman við önnur lönd þá er það nokkuð augljóst en við þurfum þess ekki, við getum bara horft til okkar og það er held ég að mati flestallra, ef ekki allra, allt of litlu fé varið til grunnskólans. Hann hefur ekki verið framarlega í forgangsröðinni en sem betur fer finnst mér að þetta sé örlítið að breytast, a.m.k. eru fleiri sem láta sig skólana varða og þá grunnskólann sérstaklega og það eru fleiri sem eru tilbúnir til þess að setja skólann framar í forgangsröðina, sem betur fer. Ég held við höfum flest orðið vitni að því fyrir sveitarstjórnarkosningarnar í vor. Það var mikið talað um skólamál og ég vonast til þess að það verði líka gert fyrir næstu kosningar. En aðalvandamálið er að það hefur ekki verið nægilegt fjármagn sett í grunnskólann. Og þá er ég ekki að saka eingöngu hæstv. núv. ríkisstjórn því þetta hefur verið lenska lengi því miður. En það hefur keyrt um þverbak núna síðustu árin.

Hæstv. ráðherra sagði í ræðu sinni að það væri langt frá því að þessi 18 manna nefnd væri einhverjir jámenn ráðherrans sem einhver hafði orðað. Ég ætla ekki að fullyrða neitt um það hvort þeir séu já-menn ráðherrans en þegar horft er yfir hópinn þá sér maður ekki að þetta sé mjög fjölbreyttur hópur að því er varðar a.m.k. pólitískan bakgrunn ef út í það er farið. En ég sé auðvitað ef ég horfi yfir þennan hóp að þá eru þar viðskiptafræðingar, borgarfulltrúar, kennarar og lögfræðingar o.s.frv. Það stendur ekkert um það í hvaða flokki þessir ágætu menn eru en því hefur verið haldið fram að þarna hafi fáir komið að, a.m.k. færri heldur en hefðu gjarnan viljað. En eitt er víst þarna hefur ráðherrann ekki leitast við að ná neinni pólitískri samstöðu til þess að auka líkurnar á því að það næðist samstaða um þetta mál á Alþingi. Það þykir mér miður. Með því er ég ekki að segja að ég telji þetta frv. vera endilega svo slæmt og niðurstaðan sé að öllu leyti vond en hins vegar er allt of margt sem ég er óhress með í þessu frv. Því miður.

Hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir talaði hér fyrr í dag og gerði hún grein fyrir nokkrum atriðum sem voru gagnrýni verð og ætla ég svo sem ekki að fara að endurtaka það sem hún sagði. Það eru nokkur atriði sem ég vildi hnykkja örlítið betur á.

Eins og fram kemur í þessu frv. og í máli ráðherra þá er megintilgangurinn með þessu frv. að flytja grunnskólann til sveitarfélaga og það er nánast aðalatriðið.

Hér hefur margoft verið talað um að það þurfi að liggja fyrir hvernig fjármálum verði háttað, þ.e. hvernig samskipti ríkis og sveitarfélaga verða í tengslum við yfirtöku sveitarfélaganna og ég endurtek það að sveitarfélögin leggja áherslu á að það þurfi að ganga frá

þessum málum fyrir áramót.

Í skýrslu sem ég er með undir höndum sem okkur var afhent af hálfu menntmrn. í gær um tilfærslu grunnskóla til sveitarfélaga og mat á kostnaði koma fram ýmsar tillögur. Þar á meðal er á bls. 20 talað um ákveðnar tillögur varðandi tekjustofnana. Það er t.d. talað um að það verði, svo ég lesi orðrétt, með leyfi forseta: „Við brottfall tímabundinna skerðingarákvæða grunnskólalaga hækkar kostnaður sveitarfélaga vegna grunnskólans um u.þ.b. 400 millj. kr. eða úr 4,9 milljörðum kr. samkvæmt fjárlögum 1994 í allt að 5,3 milljarða." — Þarna koma þeir með alveg ákveðnar tölur. Síðan segir: „Til að mæta þeim kostnaði sem sveitarfélög yfirtaka er lagt til að hlutur sveitarfélaganna í staðgreiðslu hækki." Síðan er haldið áfram með þetta.

Síðar taka þeir fram að semja þarf sérstaklega um hugsanlega aukinn kostnað sem ný grunnskólalög kunna að hafa í för með sér. Það sama á við um nýja reglugerðarsetningu sem, t.d. vegna 35. gr. og 61. gr. gildandi laga, hefur í för með sér aukinn kostnað við skólastarfið. Þannig að þarna er komið með alveg ákveðnar tillögur og maður veltir fyrir sér hvort ekki er farið að vinna á grundvelli þessara tillagna hér og þá hvort sveitarfélögin sætti sig við þetta form sem hér er gert ráð fyrir. Ég skil ekki af hverju það þarf að bíða þangað til á næsta ári. Af hverju er ekki hægt samhliða hugsanlegri samþykkt nýrra grunnskólalaga að samþykkja breytingar á tekjustofnalögunum? Það höfum við margoft gert í þinginu þegar verið er með slík lög, þá eru tekin mörg lög kannski hvert á eftir öðru í þeirri röð sem nauðsynlegt er að gera.

Ég verð hins vegar að viðurkenna það að mér þykir mjög sérkennilegt og átta mig ekki alveg á hvað þessi starfshópur meinar með því að jöfnunarsjóðurinn eigi að taka þátt í því að jafna aðstæður sveitarfélaganna og það sé gert eftir tillögum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Þetta hlýtur að skipta mjög miklu máli fyrir sveitarfélögin, sérstaklega minni sveitarfélög, og þar sem skólar eru mjög litlir þá getur verið að það séu þættir sem t.d. menntmrn. leggur áherslu á að þurfi að taka tillit til og veita hugsanlega þeim skólum aukinn styrk sem ekki er beinlínis hægt að ætlast til að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga eða stjórn hans og félmrn. hafi sama skilning á. Ég held að þarna þurfi í raun menntmrn. að koma til og skil ekki hvernig þetta á að geta gengið upp með þeim hætti sem gert er ráð fyrir í frv. og þyrfti í raun að vera samflot á milli félmrn. og menntmrn. Mér lýst ekki beint á það fyrirkomulag, mér finnst að þarna hljóti að þurfa að skoða miklu betur.

Eftir að hafa hlustað á umræður og heyrt svör ráðherra við ýmsum spurningum sem hér hafa komið fram þá tel ég nokkuð ljóst að það þurfi lengri tíma til þess að slíkur tilflutningur geti átt sér stað. Ég á mjög erfitt með að sætta mig við að það sem lagt er til grundvallar við kostnaðarmat sé núverandi ástand mála. Ég tel að það sé mjög mikilvægt að við leggjum til grundvallar þau lög sem við erum að samþykkja og það kostnaðarmat verði lagt til grundvallar til þess að sveitarfélögin geti í raun tekið betur á málum en ríkið hefur gert hingað til. Ég er mjög óánægð með grunnskólann eins og hann er núna og það fyrst og fremst vegna þess að fjármagnið er of lítið til hans. Það er ekkert gagn að því að flytja grunnskólann til sveitarfélaganna ef þau eiga ekki að geta tekið neitt betur á heldur en ríkið hefur gert hingað til og ég bendi hæstv. ráðherra á að sveitarfélögin standa sum hver mjög illa. Það eru auðvitað sum sveitarfélög sem standa mjög vel og ég vil benda á það að á umræddum landsfundi Sambands ísl. sveitarfélaga sem haldinn var á Akureyri í ágúst og september sl. sagði sveitarstjórinn á Seltjarnarnesi að það væri ekkert því til fyrirstöðu að það sveitarfélag tæki yfir grunnskólann þó það fengi ekkert fé. Þannig vilja sum sveitarfélög gjarnan taka við þessu þó þau fái ekkert fé í staðinn en þetta gildir auðvitað einungis um örfá sveitarfélög. Það getur vel verið að það séu nokkur en þau eru raunverulega mjög fá, því miður. Það þarf að skoða þetta mjög vel til þess að við fáum ekki það ástand að aðstaða barna til náms verði mjög misjöfn eftir skólum. Það er eitt af því sem ég held að enginn vilji.

Ég verð að viðurkenna það, virðulegi forseti, að ég hef vissar efasemdir almennt um að rétt sé að flytja grunnskóla til sveitarfélaga, þ.e. hugmyndafræðilega. Ég hef vissar efasemdir um að það sé rétt að flytja starfsemi eins og grunnskólann þar sem við erum að reyna að tryggja það að allir þegnar þjóðfélagsins, öll börnin, fái sams konar aðstöðu til náms. Ég tel að þetta eigi að vera hlutverk ríkisins miklu frekar af því að þetta er þjónusta sem ekki getur verið mismunandi. Það er eitt af því sem er lögð mikil áhersla á í þessu frv. að það eigi að vera eftirlit með sveitarfélögunum og það eigi að gæta þess að nemendum sé ekki mismunað, t.d. með samræmingu, það er verið að tala um próf, það er verið að tala um að það sé eftirlit frá ráðuneytisins hálfu. Ekki endilega að allir séu nákvæmlega eins en það verður það ef við höfum samræmd próf eins og talað er um alveg frá 4. bekk þá hljótum við að hafa mjög svipaða kennslu alls staðar. Þess vegna getur þetta orðið til þess að við neyðum alla til þess að vera nákvæmlega eins sem út af fyrir sig getur verið nauðsynlegt en þó tel ég að skólar eigi að hafa nokkurt frelsi um það hvers konar menntun þeir veita nemendum en þó finnst mér að grunnskólinn eigi að vera nokkuð staðlaður og það sé frekar þegar komið er í framhaldsskóla sem rétt sé að hafa meiri sveigjanleika. Það er einmitt enn ein af ástæðunum fyrir því að ég set spurningarmerki við flutninginn að þegar um er að ræða að eitthvert stjórnsýslustig, eins og í þessu tilfelli sveitarfélögin, ber fjárhagslega ábyrgð á grunnskólanum en enga faglega ábyrgð. Ég er ekki sammála ráðherranum í því, eins og hann sagði í upphafi ræðu sinnar, að þarna fari saman fagleg og fjárhagsleg ábyrgð vegna þess að mér finnst að í þessu frv. felist það að fagleg ábyrgð sé fyrst og fremst hjá menntmrn. og ég tel að það eigi að vera þannig. Ég er sammála því. En ég sé ekki að það sé mikil valddreifing í því fólgin að leyfa sveitarfélögunum að bera kostnað af starfi grunnskólanna en ekkert annað. Ég tel vera tvískinnung í þessu tvennu og sætti mig illa við að það

skuli vera svo og þess vegna hef ég þessar efasemdir um að það eigi yfirleitt að vera að flytja grunnskólann yfir til sveitarfélaganna. Ég verð bara að viðurkenna það þó það virðist vera að það séu hér a.m.k. á Alþingi flestir því sammála að flytja grunnskólann yfir til sveitarfélaganna þá hef ég ekki séð þau rök enn sem sannfæra mig algjörlega um það. Ég vil taka það fram að ég hef ekki sett mig gegn því í sjálfu sér og ég tek það líka fram og vil ítreka það að það er ekki vegna þess að ég telji að ríkisvaldið hafi staðið sig svo vel varðandi grunnskólann að ég treysti því eitthvað betur að því er varðar að setja fé í grunnskólann en nú er ég bara að tala um þetta hreint hugmyndafræðilega hvert á að vera hlutverk ríkisvaldsins varðandi þegnana.

Hér hefur nokkuð verið rætt um einsetinn skóla, lengingu skólatíma, skólamáltíðir og fleira sem er mjög jákvætt og er auðvitað í gildandi lögum eins og margoft hefur komið fram en það hefur ekki verið framkvæmt eins og ég sagði áðan, það sýnir bara betur en nokkuð annað hversu forgangsröðun hefur verið röng í þjóðfélaginu. Það er auðvitað nauðsynlegt að breyta þessu. Auðvitað vonar maður alltaf að ef einhver breyting verður, eins og t.d. það að grunnskólinn fari til sveitarfélaganna, geti það hugsanlega orðið til þess að forgangsröðin breytist en ég er ekki endilega búin að sjá að það gerist. Því miður.

Í 11. gr. frv. er talað um skólahverfi. Þar er m.a. talað um það að skólahverfi er sú eining sem stendur að einum grunnskóla eða fleiri þannig að með þessu móti geta skólahverfi verið mjög stór eins og t.d. í Reykjavík.

Ég átta mig ekki alveg á því og vil spyrja ráðherrann að því hvers vegna ekki er gert ráð fyrir því í þessari grein að sveitarstjórn geti skipt einu sveitarfélagi upp í mörg skólahverfi. Ég var að reyna að lesa þessa grein með það í huga og átta mig ekki á af hverju eingöngu er gert ráð fyrir að skólahverfin geti stækkað, þ.e. að hvert skólahverfi geti innihaldið fleiri en einn grunnskóla en af hverju er ekki gert ráð fyrir heimild til þess að skipta þeim niður. Ég hefði talið mjög eðlilegt að sú heimild væri og sveitarfélögum væri raunverulega í sjálfsvald sett hversu stór einingin ætti að vera. Ég er ekki síst að hugsa um Reykjavík en þetta getur auðvitað gilt um önnur sveitarfélög líka þar sem um marga skóla er að ræða. Ég veit að það eru fleiri skólar í sveitarfélagi annars staðar á höfuðborgarsvæðinu, bæði í Kópavogi, Hafnarfirði, Keflavík t.d. líka og á fleiri stöðum, Akureyri og víðar. Þannig að það gæti verið að sveitarstjórn kysi að skipta sveitarfélaginu upp í fleiri skólahverfi.

Ég bendi á að bæði í 12. og 13. gr. og sjálfsagt fleiri greinum er miðað við að skólanefnd gegni veigamiklu hlutverki, m.a. á hún að sjá um að öll skólaskyld börn njóti lögboðinnar fræðslu o.s.frv. Þá eiga t.d. fulltrúar kennara og skólastjóra að sitja á skólanefndarfundum og þá sé ég ekki fyrir mér hvernig það getur gerst nema þá að það sé eins og t.d. í Reykjavík að þá væri kannski einn eða tveir fulltrúar en skólarnir eru geysilega margir. Ég tel að öll rök mæli með því að þarna verði sett inn heimild til þess að skipta upp skólahverfum á sama hátt og það má sameina fleiri en eitt sveitarfélag, þ.e. skólahverfi í fleiri en einu sveitarfélagi.

Ég á ósköp erfitt með að sjá það að frv. leiði til meiri fagmennsku. Ég sé ekki betur en gert sé ráð fyrir því að skólastjóri þurfi ekki að koma að ráðningu kennara. Það er að vísu ekki tekið beint á því hér en ég tel að það sé mjög mikilvægt að skólastjóri hafi þar eitthvað um að segja og það séu ekki eingöngu sveitarstjórnir sem ráði kennara því þá getur það leitt til þess að það verði meiri pólitík og minni fagmennska í spilinu þó það þurfi auðvitað ekki endilega að vera.

Það kemur fram í frv. en það er greinilega ekki ljóst öllum sem hafa komið nálægt þessu máli að meiningin hafi verið að sveitarfélögunum væri ætlað að kosta námsgögn þar sem þessi rauða skýrsla gerir ráð fyrir því að Námsgagnastofnun útvegi nemendum í grunnskóla áfram námsgögn eins og verið hefur. Ég ætla ekki að fara nánar í það en þetta er það sem kemur fram í þessari skýrslu.

Í frv. er bæði gert ráð fyrir innra og ytra eftirliti og er ekki nema gott eitt um það að segja. Ég átta mig ekki alveg á hvernig þetta á að fara fram, sérstaklega í minni skólum. Ég var að velta fyrir mér t.d. varðandi innra eftirlit sem ég tel, eins og ég segi, af hinu góða, hvort það sé reiknað inn í þessar kostnaðartölur. Þetta hlýtur að skipta máli, sérstaklega fyrir minni skóla þar sem fáir kennarar eru ef þeir eiga að fara að nota hluta af sínum tíma til að hafa eftirlit hver með öðrum ef við getum orðað það svo, hvort þetta taki ekki tíma af kennurum miðað við það að þetta frv. gerir ráð fyrir fjölgun kennsludaga. Ég átta mig ekki á hvernig þetta er hugsað og ég gat ekki séð það í þessum kostnaðarskýrslum hvort þetta er tekið með en það getur vel verið að það sé gert.

Síðan velti ég því fyrir mér hvaða tæki menntmrn. gæti haft ef sveitarstjórn stendur ekki við lög, getur það ekki eða gerir það ekki. Menntmrn. gæti staðið frammi fyrir því að sveitarfélag gæti ekki framfylgt grunnskólalögum vegna þess að það vantaði fjármagn, faglega, að ekki væri áhugi á því, það væri ekki hægt að fá kennara eða það gæti komið upp sú staða að það væri ekki hægt. Hvaða úrræði hefur menntmrn. til þess raunverulega að tryggja það að nemendur fái þá kennslu sem þeim ber samkvæmt lögum?

Það er ekki langt síðan það var pistill í útvarpinu frá Finnlandi þar sem talað var um að í sumum skólum í Finnlandi væri ástandið orðið þannig að það væru engir kennarar og börnin sætu ein í skólanum í langan tíma. Þetta er auðvitað eitthvað sem við viljum alls ekki sjá hérna og þess vegna velti ég fyrir mér hvaða úrræða menntmrh. sér fyrir sér að menntmrn. gæti gripið til til þess að taka á slíku.

Hér hefur verið rætt aðeins um dönsku- og enskukennslu þó það komi ekki beint fram í þessu frv. heldur er það þessi skýrsla sem hér hefur verið vitnað til. Ég hef ekki enn þá heyrt þau rök sem mæla með því að það verði fyrr byrjað að kenna ensku heldur en dönsku, þ.e. dönskunni verði ýtt aftur fyrir. Ég heyrði

það úr umræðum fyrr á þinginu að ein af rökum hæstv. menntmrh. væru að það væri ekki nógu góð kennsla í dönsku. Það væru ekki fagkennarar í dönsku í grunnskóla. Mér gafst ekki tækifæri til að tala nema einu sinni þá þannig að ég kom því ekki beinlínis að að mér finnst mjög merkilegt að heyra það að kennarar í dönsku séu eitthvað verri en kennarar í ensku. Ég hélt að dönskukennslan væri orðin mjög góð á Íslandi og það væru síst verri kennarar sem kenndu dönsku í grunnskólum heldur en ensku. Ég skora á hæstv. menntmrh. að fara ekki að hrapa að því að breyta þessari röð á því hvaða erlent tungumál er fyrst kennt í grunnskólanum.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð mikið fleiri en ég tel að þetta mál sé þannig úr garði gert að það séu svo margir lausir endar að það sé borin von, a.m.k. miðað við svör ráðherrans að frv. geti orðið að lögum á þessu þingi. Það er greinilegt að undirbúningsvinnan er miklu styttra á veg komin heldur en mig grunaði. Ég hélt satt best að segja að hér handan við hornið væri frv. sem tæki bæði á réttindamálum kennara og það væri verið að vinna að undirbúningi að taka á tekjustofnunum en það er greinilegt að ráðherrann og hans fólk, hans hjálparmenn, eiga mjög margt eftir og það virðist vera langt í land að þetta frv. verði að lögum.

[21:37]

Elín R. Líndal:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu frv. sem snertir okkur flest sem í þessu þjóðfélagi búum og því mikilvægt að vel takist til.

Hæstv. ráðherra ræddi m.a. í inngangsorðum sínum um jafnrétti til náms. Í því liggur þungamiðja þessa máls og það hlýtur að vera sjálfsögð og skýr krafa að þannig verði unnið, að það fari ekki eftir búsetu eða því hvernig við erum af guði gerð hvaða framboð á námsefni og kennslumagni hver og einn á völ á.

Ég vil koma hér inn á örfá atriði hv. menntmn. til íhugunar. Hagsmunir eru að hluta til ólíkir í dreifbýli og þéttbýli þótt markmiðið sé það sama að veita nemandanum sem besta uppfræðslu og er það skoðun mín að ekki hafi alls kostar verið tekið tillit til þess í gegnum tíðina við lagasetningu. Nauðsynlegt er að krafan um einsetinn skóla og samfelldan skóladag komi til framkvæmda sem fyrst.

Ég ætla að fara hér nokkrum orðum um þá hlið sem snýr að dreifbýlisskólunum og að þeim sem þurfa að njóta kennslu þar.

Það sem efst er í huga þeirra sem nota dreifbýlisskólana núna er náttúrlega það sem fram kemur við þennan flutning sem stendur til, það er þessi aukni starfstími grunnskóla. Inn í þetta kemur náttúrlega aksturinn, samkennslan og annað. Ég ætla að ræða hér um þann kafla sem snýr að starfstíma grunnskóla og þá fyrst um fjölgun kennslustunda. Þar kemur fram að í 1.–4. bekk eiga að vera 1.200 mínútur eða um 30 kennslustundir og er það af hinu góða á þeim stöðum þar sem við á. Ég sé aftur á móti fyrir í þessum skólum sem heimanakstur er að þessir krakkar þurfa að vera alla daga allan daginn plús þann langa tími sem þeir þurfa að sitja í skólabílum á daginn. Mér finnst þetta alveg óviðunandi að það sé ekki hægt að taka tillit til þessa hóps og óska ég eftir að það verði skoðað með þann þátt í þessum starfstíma. Þetta er allt of langur tími fyrir þessa ungu nemendur og fyrir utan það kemur auðvitað aukakostnaður við gæslu. En í mínum huga vegur það nú ekki þyngst, hitt finnst mér vera hreinlega mannréttindamál fyrir þessi ungu börn að þurfa ekki að hafa þennan langa vinnudag sem ég tel að verði með akstri plús það að vera jafnlengi og þeir sem eru í 10. bekk í skólanum af því að það er nú svo að það er það mikill kostnaður við akstur að það er ekki hægt að sundurgreina það og fara aukaferð með yngri nemendur í þessum stóru skólahverfum. Því miður held ég að það verði aldrei svo að það verði gert. Ég ætla að biðja um að sá hluti verði tekinn til athugunar.

Það er búið að fara mörgum orðum um að hafa hámarksfjölda í bekkjum og tek ég undir það sem fram hefur komið í þeim málum og ágætt að hafa til viðmiðunar það sem er í núgildandi lögum. En það sem mér finnst vera að í núgildandi lögum sem flokkast undir fjármálin er samkennsluþátturinn. Það er alveg óviðunandi að það er ekki tekið nægilegt tillit til samkennsluþáttarins. Það kemur t.d. í því sem er núna að í 2. og 3. bekk séu nemendur í einstökum bekkjardeildum ekki fleiri en 22 en það má samkenna líka 22 nemendum ef aldursflokkarnir eru tveir þannig að það er sami fjöldi sem er á bak við 22 ef það eru nemendur í 2. til 3. bekk og svo aftur í samkennslunni. Svona eru dæmi þar um. Ég ætla að biðja nefndarmenn að taka það til athugunar að það eru til skólar úti um land sem fara ákaflega illa út úr þessum samkennsluþætti. Aftur á móti tek ég heils hugar undir það að hámarksfjöldi í bekkjum sé tilgreindur í þessum væntanlegu lögum, en að samkennsluþátturinn gleymist ekki. Eins kemur það fram í núgildandi lögum eru það einungis í 9. og 10. bekk sem er utan þess sem megi samkenna þar í en ég vildi sjá að það væri 8., 9. og 10. bekkur sem þar heyrðu undir.

Það er eitt mál hér enn sem er í kaflanum Starfstími grunnskóla í núgildandi lögum sem ekki hefur verið komið inn á í dag og mér finnst mikil eftirsjá að að kemur ekki fram í þessum frumvarpsdrögum. Það er nú svo að með hliðsjón af atvinnuháttum þá tel ég mikilvægt að haft verði áfram í grunnskólalögunum svigrúm fyrir sumarskóla. Það gæti reynt verulega á eftir þá breytingu sem kemur í kennsludagafjölda. Vil ég rökstyðja mál mitt þannig að ég sé það fyrir og það hefur verið umræða í þeirri skólanefnd sem ég er formaður í, nemendur í þeim skóla eru 126. Það er ekki mjög langt síðan var farið að hafa 9 mánaða skóla alls staðar úti um land. Það eru fá ár síðan við byrjuðum á því og eftir það hefur verið umræða um það hvort það væri rétt að taka einhverja maídaga og færa þá fram í júní. Ég reikna með því að það verði aukinn þungi á þeirri umræðu og þeirri kröfu að svo megi verða þegar kennsludagafjöldinn er orðinn þessi og starfsdögum fækkar þannig að svigrúmið minnkar til að setja þá kannski aftur fyrir þannig að það lengist fram á vorið sem börnin þurfa að vera. Mér fyndist það mikið sanngirnismál að í kafla um starfstíma grunnskólans yrði

höfð inni heimild fyrir sumarskóla.

Ég tel það verðugt og sjálfsagt verkefni fyrir sveitarfélög að taka alfarið við grunnskólanum. En það verður ekki verðugt verkefni nema til þess verði tryggðir tekjustofnar til framkvæmda og jöfnunar. Ég held að ég hafi komið hér fram þeim aðaláherslumálum sem mér fannst nú ekki vera sérstaklega minnst á í dag og vil reyna að koma að þeirri hlið sem snýr að dreifbýlisskólunum af því að ég kom inn á það áður að mér finnst ekki hafa verið tekið nægilegt tillit til þess við lagasetningar að það eru misjafnar aðstæður þótt markmiði sé eitt og það sama.

[21:47]

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Þetta hefur um margt verið fróðleg umræða sem hér hefur farið fram í dag og er það vel þar sem um jafnstórt mál og grunnskólann er að ræða og framtíðarstefnumótun í honum.

Ég ætla að mestu leyti að takmarka mig við sameiginlegt áhugamál okkar hæstv. menntmrh. sem er aukin verkmenntakennsla. En því miður hefur mér fundist nokkuð skorta á að því væri sinnt nema þá helst í orði að ætla sér eitthvað um úrbætur. Miðað við yfirlýsingar hæstv. ráðherra — og vona ég að hann heyri orð mín. Er ekki víst, hæstv. forseti, að ráðherra sé hér að hlusta eða er hann vant við látinn?

(**Forseti** (KE)**:** Hann er að hlusta.)

Hann er að hlusta, já það er gott því það er ekki sama að vera á svæðinu og vera að hlusta. Mig langar til að spyrja hæstv. ráðherra hvernig hann sjái því stað innan þessa grunnskólafrv., ef að lögum verður, að það sé hægt að bæta við verkmenntakennslu miðað við þær aðstæður sem skólar búa hér við. Mér er ljóst að það er nokkurt svigrúm með lengingu skólatíma en það er ekki nóg að hafa svigrúm í tíma ef ekki er sérstaklega ætlað fjármagn til að fylgja því eftir. Ég get ekki séð á þeim gögnum sem fylgja þessu frv. að það sé neinn sérstakur heimanmundur sem mun fylgja þessum áherslum ef það er rétt skilið hjá mér að hæstv. ráðherra hafi það enn á sinni forgangsstefnuskrá að það verði stutt við bakið á slíkri kennslu. Það er ljóst að list- og verkmenntakennsla er miklum mun dýrari vegna þess að í flestum tilvikum þarf að hafa færri í hóp. Það er líka aukinn kostnaður vegna tækjabúnaðar og ýmislegt fleira sem þar þarf að koma til. Þannig að ef þau sjónarmið sem ég veit að hæstv. ráðherra hefur mjög talað fyrir eiga að birtast í þessu frv. þá hlýt ég að lýsa eftir því. Vissulega kemur þarna fram í b-lið 30. gr. þessa frv. að listir og verkmenntir eigi að vera í aðalnámsskrá og þar skuli setja ákvæði um inntöku og skipulag náms. Þetta er eitt af níu sviðum sem þar eru sérstaklega tilgreind. Ef þetta á ekki bara að vera stafur á bók þá hlýtur að þurfa að koma meira til og ég leitaði í frv. að þessum áherslum og verð að viðurkenna að ég finn þær ekki. Það má vel vera að sá hugur fylgi og mér er það ljóst að það er svigrúm ákveðið til þess en ekki nema peningar fylgi.

Það er einnig mjög nauðsynlegt í ljósi þessa að skoða saman grunnskóla- og framhaldsskólafrv. Þótt það sé ekki til umræðu hér í dag þá verður væntanlega mælt fyrir því í næstu viku, mér skilst að það sé á áætlun. Ef þar fer sem horfir að þar sé verið að reyna að móta stefnu sem eflir verkmennt hér á landi þá verður að leggja grunninn strax á fyrstu skólastigum, leikskólastigi og grunnskólastigi. Til þess að það sé hægt á grunnskólastigi þá mun þurfa að breyta kennsluháttum verulega. Þar þarf líka á verulegri sérfræðiráðgjöf að halda sem sveitarfélög verða að geta sótt sér og þeir skólar sem á þeirra vegum starfa. Það held ég að sé alla vega eftir því sem ég kemst næst nokkuð sem þarf miklu betri og meiri útfærslu. Þetta er ekki eitthvað sem gerist af sjálfu sér með góðum vilja, við búum því miður við þá stöðu að hér er þessum greinum virkilega ýtt úr í horn allt of víða vegna aðstöðuleysis og peningaleysis. Ef það á með þessu grunnskólafrv. að fara að gera þarna bragarbót þá vil ég fá að vita hvernig það er hugsað.

Það er ekki sjálfgefið að sveitarfélög muni leggja þessar áherslur. Þó að það sé vissulega mikið af skynsömu fólki sem velst í skólanefndir og starfar í sveitarstjórnum og ekki nema gott eitt um það að segja þá held ég engu að síður að það sé ofætlað að halda að á einni nóttu breytist sú hefð sem við búum við sem er fyrst og fremst bóknámshefð. Það mun þurfa meira til en góðar áætlanir góðs fólks til að það gerist eitthvað í því. Þarna þarf fagmennsku og skólapólitík og um þessa skólapólitík þarf að sameinast ef menn á annað borð eru reiðubúnir til að stíga þetta skref og gera þessum greinum hærra undir höfði.

Ég get ekki séð að þeir tekjustofnar sem hugsað er að fylgi grunnskólanum yfir til sveitarfélaganna og ég tek undir gagnrýni þá sem fram hefur komið hér í dag að þar er allt of margt óljóst. En ég get ekki séð að þarna sé sérstaklega verið að taka tillit til þessara atriða og hæstv. ráðherra leiðréttir mig þá ef mér hefur eitthvað yfirsést þar. Þessu atriði held ég að þurfi að gefa mjög góðan gaum í umfjöllun málsins innan hæstv. menntmn. Ég vona að hæstv. menntmrh. sé mér sammála um að það verði að fylgja þessu máli eftir og jafnvel hafa ákveðið frumkvæði til að hér sé ljóst að hugur fylgi máli.

Þetta er það atriði sem ég hef kannski helst saknað í þeirri umræðu sem ég hef heyrt hér í dag án þess að það hafi alveg verið vanrækt því hér er um mjög viðamikið mál að ræða. Ég get út af fyrir sig tekið undir ekki bara þá gagnrýni á ýmislegt óljóst varðandi fjármögnun þessara mála og vanáætlun vegna kostnaðar heldur líka undir þær athugasemdir sem fram hafa komið um að ekki skuli vera ákvæði um fjölda nemenda í bekkjum.

Hæstv. menntmrh. sagði í ræðu sinni fyrr í dag að hann mundi ekki gera ágreining ef þessum ákvæðum eða þessari grein yrði breytt í meðförum nefndarinnar eða svo skildi ég hann. Hann hefði sem sagt ekki á móti því að það ákvæði yrði sett inn ef hv. menntmn. teldi það vera heppilegt. Mér finnst þetta kannski ekki alveg nógu ígrundað vegna þess að ég held að þetta hefði þurft að fylgja með frá upphafi. Séu önnur rök og vangaveltur fyrir hendi eins og fram hefur komið í ýmsum ábendingum um aðra möguleika í skólastarfi þá

hefði í raun og veru þurft að fylgja þessu eftir. Þarna kemur aftur að því sem ég vil kalla skólapólitík. Ég held einfaldlega að ef við erum að tala um jafnrétti til náms þá sé engin ástæða til og ekkert vantraust á sveitarstjórnir þó að maður geri ekki ráð fyrir því að frumkvæði komi upp hér og þar um land. Ég held að það sé einfaldlega ekki hægt að ætlast til þess. Ef þarna er um ákveðnar áherslur að ræða sem menn vilja breyta og hafa meiri sveigjanleika og svigrúm þá verður það líka að koma fram með einum eða öðrum hætti ef við erum þá að tala um að það sé enn sú hugmynd að tryggja jafnrétti til náms þrátt fyrir þessa tilfærslu. Það hefur komið hér margoft fram að það er enginn að hverfa frá því, alla vega ekki í orði.

Það eru einstök stök atriði sem ég held að sé full ástæða til að hlaupa hér í gegnum þó þau séu ekki endilega skyld og ég er ekki með neina yfirlitsræðu um málið. Hér hafa aðrar kvennalistakonur talað á undan og tekið það að sér en ég hef fyrst og fremst erindi hingað vegna þess að ég á ekki sæti í menntmn. hv. og vil ég gjarnan koma að stökum ábendingum.

Þá vil ég í fyrsta lagi geta þess sem gott er. Ég fagna því að í 36. gr. og e.t.v. víðar er verið að ræða sérstaklega um rétt nýbúa. Eins og fyrr hefur komið fram hér á Alþingi þá höfum við hæstv. ráðherra átt tal um þau málefni oftar en einu sinni. Ég verð að segja að þar hef ég verið ánægð með áherslur og árangur. Það er sjálfsagt að geta þess sem gott er líka. Hins vegar hlýt ég að spyrja hæstv. ráðherra hvernig hann sér þessi mál fyrir sér í framtíðinni og hvort það sé ástæða til að það sé sérstaklega hugað að því hvernig eigi að haga varðandi tilfærslu. Hvernig í rauninni við náum utan um þá framkvæmd sem er á því að tryggja nýbúabörnum kennslu. Eins og segir í 36. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Nemendur sem hafa annað móðurmál en íslensku eiga rétt á sérstakri kennslu í íslensku sem öðru tungumáli.

Heimilt er að veita þessum nemendum undanþágu frá því að þreyta samræmt lokapróf í íslensku og leggja fyrir þá sérstakt lokapróf í íslensku.

Menntamálaráðherra setur nánari reglur um kennslu þessara nemenda."

Í greinagerð frjmrn. kemur ekki fram að það eigi að fylgja þessum pósti sérstakt fjármagn. Í athugasemdum um 36. gr. kemur fram að árið 1993 fékkst sérstök fjárveiting til kennslu erlendra nemenda. Nú á haustdögum 1994 eru 350 nemendur a.m.k. sem flokkast undir þennan hóp.

Ég get ekki séð að það sé sérstaklega verið að velta fyrir sér hvort eitthvað muni breytast í þessum málum með þessu frv. og ég hef satt að segja svolitlar efasemdir og svolitlar áhyggjur af þessu máli svo framarlega sem það er ekki einhvers staðar annars staðar búið að taka á því þar sem þarna er hreinlega um mjög viðkvæmt og nýsprottið blóm að ræða í íslenskri náms- og kennsluflóru og það má ekki höggva í þetta. Áður var því svo komið fyrir að þarna var tekinn peningur af sérkennslukvóta, ef ég man rétt, áður en sérstök fjárveiting fékkst í þetta. Nú vitum við að það hefur ýmsu ægt saman undir slíkum sérmerktum peningum en eins og fram hefur komið margoft í dag þá eru að verða mjög miklar breytingar á þeim verkefnum sem áður hafa flokkast undir sérkennslu og ég spyr um þennan tiltekna lið í þeim veltum sem þar eru að verða.

Annað mál sem mig langar að taka hér fram er að taka undir þær ábendingar sem fram hafa komið um það að stóru sveitarfélögin eins og t.d. Reykjavík eru eitt skólahverfi samkvæmt þessu. Ég þykist skynja að það sé ákveðinn vilji til valddreifingar sem fylgir þessu frv. og þess vegna get ég ekki skilið hvers vegna sveitarfélögum er ekki gefin heimild til að skipta sínu sveitarfélagi hverju fyrir sig upp í skólahverfi ef það kýs svo.

Á fundi sem ég var á í gær kom fram að það er nokkuð kaldhæðnislegt að nú fyrst þegar þessi málaflokkur er að fara yfir til sveitarfélaga skuli farið að taka á því að setja lágmarksmörk sem þýða lengdan vikulegan kennslutíma. Núna þegar sveitarfélögin eiga að fara að taka við þá á loksins að vera hægt að framkvæma þetta. Því miður verð ég að taka undir það að er dálítið kaldhæðnislegt og á þá ekki bara við þann tíma sem núv. ríkisstjórn hefur setið heldur einnig fyrri ríkisstjórnir. Því miður hefur þetta gengið hægt og illa.

Önnur athugasemd sem ég vil taka undir eru áhyggjur ýmissa um að það sé ekki áætlað ákveðið fjármagn sem þarf til hvers nemanda í námsgögn og það er atriði sem ég held að þurfi að líta á ef ég hef skilið það rétt. Varðandi 41. gr. núgildandi laga þá kemur þar fram að eftir 55 ára aldur kemur ákveðinn afsláttur á kennsluskyldu og ég held að það sé bæði vegna kennara og nemenda skynsamlegt að hafa þann möguleika inni en hann mun ekki vera í hinu nýja frv.

Það er smávægileg ábending sem ég vil taka undir líka og það er að eðlilegra sé að það sé skóli frekar en sveitarfélög sem ákveði hvenær heppilegt er að afhenda nemendum bækur til eignar. Ég skil svo sem hugsunina í þessu fyrirkomulagi að sveitarfélög ákveði þetta vegna þess að þarna er um ákveðinn kostnað að ræða og maður veit ekki hvort tekjustofnar duga og framlög úr jöfnunarsjóði til þess að gera það sem gera þarf en engu að síður er það ákveðið mat skóla sem ég held að þurfi að vera hjá honum hvaða námsgögn það eru eða bækur sem nemendur eiga að hafa.

Það hefur svo sem nokkuð oft komið fram og ég tek undir þá ábendingu að nú er verið að rótast eitthvað með listskreytingasjóð og ég get ekki séð þó endurskoðun sé í gangi að þá sé hægt að fara að fella út fjárveitingar sem eiga að fara til listskreytinga fyrr en það er komið með aðra lausn í staðinn. Þarna er einfaldlega verið að gefa færi á því að tryggja ekki þann eðlilega þátt sem ég held að eigi að vera í öllum opinberum byggingum að það sé áætlað ákveðið til listskreytinga. Við hæstv. ráðherra getum verið sammála um að það má alltaf skoða hvort það sé alltaf besta fyrirkomulag fyrir hendi einmitt hér og nú en ég vil halda þessu til haga vegna þess að það er svo oft sem það gerist að það gleymist að athuga svona mál ef fyrst eru felld út ákveðin ákvæði með það í huga að endurskoða síðar.

Það eru ekki mjög mörg atriði í viðbót sem ég hefði viljað koma að enda er tími minn á þrotum, þannig að hann er alveg greinilega hárnákvæmt mældur.

(**Forseti** (GunnS): Ég bið hv. þm. velvirðingar en hann hefur enn allmargar mínútur til ráðstöfunar eða helmingi lengri tíma.)

Virðulegi forseti. Já, mér fannst ég hafa talað dálítið hratt fyrstu 20 mínúturnar þegar ég var allt í einu búin með 21 á svona u.þ.b. einni en ætlaði ekki að fara að gera neina alvarlega athugasemd vegna þess að mér var ekki ljóst hvort það gilti fyrir alla þessi aukni tími eða hvort það var bara fyrir talsmann flokka eins og einstaka sinnum gerist. En mér þykir gott að hæstv. forseti upplýsir þetta. Engu að síður sé ég það að hann hefur mælt þetta nákvæmlega eftir því sem hann hefur ætlað að sá ræðumaður sem hér stendur muni þurfa og fer þar nú nokkuð nærri.

Ég vil að lokum taka undir að það skýtur svolítið skökku við að í 29. gr. þessa frv. skuli vera sérstaklega tekið fram að markmið náms og kennslu og starfshættir grunnskóla skuli vera þannig að komið sé í veg fyrir mismunun vegna uppruna, kyns, búsetu, stéttar, trúarbragða eða fötlunar. En aftur á móti í markmiðsgreininni, 2. gr., er enn inni þetta orðalag að starfshættir skóla eigi að mótast af kristilegu siðgæði. Nú hef ég ekkert á móti kristilegu siðgæði og raunar þvert á móti þá er ég hlynnt því en ég get ekki séð hvernig þeir sem tilheyra t.d. öðrum trúarhópum eða engum trúarhópum eiga að finna sig í þessu orðalagi. Ég vil minna á að það er ekki hægt að segja annaðhvort að þetta séu bara innihaldslaus orð, þá á að sleppa þeim, eða hins vegar að hafa þau inni og halda sig við 29. gr.

Ég geri þessa athugasemd þó að aðrir hafi gert það hér á undan vegna þess að mér finnst þetta grundvallaratriði. Mér er kunnugt um það líka að það er ýmislegt fleira í starfi skóla sem stangast á við þessi ákvæði sem eru sett í 29. gr. og til að mynda eru nemendur í því skólahverfi sem ég þekki best til sem eru teknir úr skóla í desember vegna þess að allur jólaundirbúningurinn stangast á við trú þessara nemenda og foreldrarnir kjósa að taka þá úr skóla á meðan á þessu stendur. Ég er ekki að hafa á móti því að jólaundirbúningur sé í gangi en ég vil bara koma þessari ábendingu á framfæri hér að það verði þá reynt að hugsa þetta sem hátíðarundirbúning og að taka tillit og bera virðingu fyrir því að það eru ekki allir sem hafa fæðst til eða valið sér þau trúarbrögð sem eru algengust hér á landinu og að það verður a.m.k. reynt með einum eða öðrum hætti að hafa þessa 29. gr. í heiðri og að sneiða hjá árekstrum af því tagi sem ég get hér um. Mér er það fullljóst að það er erfitt að hrinda þessu í framkvæmd og það er ekki verið að tala um að svipta börnin jólagleðinni heldur bara að muna að það geta verið önnur sjónarmið og það er áreiðanlega hægt með góðum vilja að taka á því þannig að enginn skaðist.

[22:11]

Páll Pétursson:

Herra forseti. Hér er verið að ræða um ákaflega mikilvægan málaflokk sem varðar framtíð þjóðarinnar og það er ekki nema eðlilegt að það taki nokkra stund að ræða þetta frv. við 1. umr. Raunar hafa nú þegar orðið í þjóðfélaginu allmiklar umræður um þær hugmyndir sem hér eru settar fram í þessu frv. Mér hefur fundist nokkuð á það skorta að menn nálguðust þetta viðfangsefni með réttu hugarfari. Ég tel að það eigi að nálgast þetta viðfangsefni fyrst og fremst með nemendur í huga og hagsmuni nemenda. Það hafa aðrir hagsmunir verið leiðandi í umræðunni til þessa. Hagsmunir ríkisins eru náttúrlega hvatinn að öllum þessum tilflutningi. Auðvitað vill ríkið losna við amstur af grunnskólanum alfarið og sveitarfélögin eru fús að taka við grunnskólanum að því er manni virðist. Hagsmunir kennara hafa mjög mótað þessa umræðu en nemendurnar hafa því miður að verulegu leyti gleymst. Það er ákaflega mikilvægt að hafa góðan grunnskóla, ekki bara grunnskóla sem ríkið sleppur við fyrirhöfn af og ekki bara grunnskóla sem er ódýr fyrir sveitarfélögin eða sem gefur kennurum góð starfskjör og há laun. Það er meginmálið að við höfum jafnrétti til náms og getum boðið upp á gott nám í grunnskóla.

Nú er það svo að sveitarfélögin sem hér eru að taka yfir grunnskólann eða ætlast er til að taki yfir grunnskólann eru mjög misjafnlega í stakk búin til að takast þetta verkefni á hendur. Þessi aðstöðumunur gerir það að verkum að maður stingur dálítið við fótum og spyr sjálfan sig hvort þetta fjarlægi okkur jafnréttinu til náms. Það eru ákaflega mismunandi viðhorf og mismunandi vilji sveitarstjórnarmanna og skólanefndarmanna og misjöfn geta. Ég óttast það persónulega að bilið milli góðra skóla og lakra skóla breikki eftir að sveitarfélögin hafa tekið alfarið við þeim.

Þetta frv. var undirbúið af nefnd sem hæstv. menntmrh. skipaði. Þetta var stór nefnd, í henni voru 18 menn. Einn þeirra var krati, hinir held ég að hafi verið sjálfstæðismenn, a.m.k. þeir sem ég veit um pólitískar skoðanir hjá þannig að hæstv. menntmrh. lagði sig ekki fram um að mynda neina pólitíska samstöðu um þetta mál þegar hann ýtti því úr höfn. Nú tel ég t.d. að fjölmargir framsóknarmenn séu prýðilega hæfir til að koma að þessu verkefni. Ég nefni til hv. 2. þm. Vestf., fræðslustjóra á Ísafirði, sem mér hefði fundist vel hæfur til að taka þátt í þessu nefndarstarfi. Svo gæti ég talið marga fleiri flokksbræður mína sem ég hefði vel treyst til að koma að þessu verki. En hæstv. menntmrh. kaus ekki að leita í okkar raðir til að fá aðstoð við samningu frv. Þetta frv. liggur hér fyrir og er að mörgu leyti metnaðarfullt frv. Það hefur ýmsa kosti. Það er reyndar auðvelt að setja sveitarfélögunum háleit markmið og kröfuhörð, fyrir ríkisvald sem er að losa sig við grunnskólann. Nú höfum við búið við allgóð grunnskólalög sem ágæt pólitísk eining var um á sínum tíma og ríkið hefur ekki treyst sér til að framkvæma þessi lög. Nú allt í einu þegar ríkisvaldið er að losa sig við grunnskólann að fullu þá er hægt að krefjast þess að staðið verði við þessi háleitu markmið. Menntmrn. ætlar að vísu að hafa eftirlit með grunnskólanum í framtíðinni en menntmrn. treysti sér samt ekki til að framkvæma lögin meðan grunnskólinn var í höndum ríkisins.

Ég tel að það eigi ekki að afgreiða þetta mál í neinu

flaustri og það séu allt of margir lausir endar til að reikna með því að þetta frv. afgreiðist að fullu á þessu þingi. Ríkið vill losna, jú við vitum það. Sveitarfélögin vilja taka við, það er á hreinu, en fjármálin eru ekki á hreinu. Það mun koma í ljós að sveitarfélögunum verður það kostnaðarsamara að uppfylla þau markmið sem sett eru hér í frv. heldur en gert hefur verið ráð fyrir. Ég nefni einsetninguna, ég nefni skólamáltíðir og fleira og fleira sem fyrirskipað er hér í frv. og hefur að einhverju leyti verið tekið inn í þá kostnaðarútreikninga sem unnir hafa verið en mín spá er sú að allt verði þetta dýrara fyrir sveitarfélögin heldur en gert hefur verið ráð fyrir í dag. Hæstv. menntmrh. hefur meira að segja gefið kennurum undir fótinn með það að nú eigi þeir stöðu til sérstakra kauphækkana þegar þeir hafi fengið sveitarfélögin sem viðsemjendur. Ég veit ekki hvað sú kauphækkun kann að verða mikil en vafalaust leita kennarar eftir henni.

Mér finnst að undirbúningi málsins sé að mörgu leyti ábótavant og ekki hafi verið unnið nægilega vel að málinu í sumar. Lífeyrisréttindi kennara t.d., svo ég nefni eitt atriði, eru nær óleysanleg. Þetta er ákaflega viðkvæmt mál og mér hefur ekki verið sagt frá þeirri lausn sem væri innan seilingar. Ég sé ekki betur en fræðsluskrifstofurnar séu alveg í vindinum, sérskólarnir eru í vindinum, skólabúðirnar á Reykjum í Hrútafirði eru óafgreiddar, þær eru í vindinum. Það er reyndar þakklætisvert hjá hæstv. menntmrh. að taka út tíunda mánuðinn eins og hann gerði frá áliti menntastefnunefndar. Hann hefur tekið eftir því sem sagt hefur verið við hann og skilið þau andmæli sem sú hugmynd hlaut. Ég tel að það sé hægt að nýta þessa níu mánuði betur en gert hefur verið. Og mér finnst alveg óþolandi fyrirkomulag sem tíðkast hefur með starfsdaga kennara, endalausa kennarafundi og börnin send heim eða látin ganga sjálfala, það er fyrirkomulag sem þarf að breyta. Enn fremur er skynsamlegt að stíla upp á endurmenntun og réttindanám leiðbeinenda meira á sumrin en gert hefur verið því allt truflar það skólastarf sárlega þegar svo ber undir. Ég held að kennararnir geti notað ágústmánuð í starfsdaga og kennarafundi ef þeir vilja og þurfa á að halda og látið krakkana í friði þessa þrjá sumarmánuði sem eru síst of langir.

Ég er fylgjandi samræmdum prófum vegna þess að ég tel að þau séu öryggisventill og ákveðin svipa á skólann. Ég sé ekki ástæðu til þeirrar leyndar sem á að vera á prófum samkvæmt þessu frv. Ég held að við eigum ekki að líða fúsk og það sé alveg eins gott að það komi í ljós við og við hvar nemendur eru á vegi staddir. Það komi í ljós við og við hvernig skólinn hefur sinnt sínu hlutverki. Ég held að það sé til bóta í þessu frv. frá núgildandi skipulagi að hlutur foreldra er aukinn og áhrif þeirra og ég fagna því. Ég tel að það sé skynsamlegt í þessu frv. að meta þátttöku í atvinnulífi nokkurs. Það er hluti menntunar að kynnast atvinnulífinu og það sem dýrmætast lærist í skólanum er að nemendur læri að vinna. Það geta þeir náttúrlega gert víðar en í skóla og fengið með því fjölbreyttari menntun.

Að vísu hefur þetta starfsnám bjargast af sjálfu sér fram á síðustu ár. Íslenskir skólanemendur hafa tíðkað að taka til hendinni að sumrinu og flestir hafa fram undir þetta stundað einhverja vinnu að sumrinu, sem ég held að sem mjög mikilvægt, en allt verður þetta önugra þegar vinnumarkaðurinn þrengist.

Nokkrir hv. ræðumenn hér í dag hafa verið að hneykslast á að í frv. sé minnst á kristilegt siðgæði. Ég er nú ekki svo viðkvæmur að ég geri það. Mér finnst það allt í lagi að í þessu frv. sé minnst á kristilegt siðgæði. Það er ekkert verið að hnýta í múslima eða aðra trúflokka þó minnst sé á kristilegt siðgæði. Ég held að þau meginviðhorf sem fyrir mér eru kristilegt siðgæði eigi alveg rétt á sér í íslensku þjóðfélagi, þ.e. að menn eigi ekki að ljúga, ekki stela, ekki myrða, ekki drýgja hór eða girnast eigur náunga síns, í stuttu máli. Móse setti þetta fram á skilmerkilegan hátt á sínum tíma og ég held að það sé allt í lagi að við höfum þau grundvallarviðhorf í heiðri og í því felist ekki að endilega sé verið að krefjast þess að nemendur játi evangelíska lúterska trú. Ég vonast eftir að herra forseti sé mér sammála um þetta atriði.

Ég tel sem sagt að það sé ýmislegt jákvætt í þessu frv. en ég tel jafnframt að hv. menntmn. þurfi að vanda mjög meðferð þessa máls og það sé ekki sæmandi að afgreiða jafnmikilvægt mál í neinu flaustri. Það verður að ganga frá fjármálahlið frv., þ.e. samskiptunum á milli ríkis og sveitarfélaga, það verður að ganga frá kjarasamningunum og það verður að ganga frá lífeyrisréttindunum áður en hægt er að flytja grunnskólann yfir til sveitarfélaganna. Mér sýnist að það sé alveg fyrirsjáanlegt að það verði að breyta gildistökuákvæðinu í 57. gr. Það er alveg áreiðanlega forhlaupin tíð að ætlast til að þessi yfirfærsla taki gildi 1. ágúst á næsta ári. Það er hugsanlegt ef vel er unnið á næsta ári að þá takist að klára þetta mál og óhætt væri að fastsetja t.d. 1. jan. 1996 en e.t.v. ætti beinlínis að fresta því um óákveðinn tíma. Hins vegar er skynsamlegt að lögleiða ákveðinn hluta frv. og kannski mestallt frv. þannig að menn viti að hverju þeir ganga og afgreiða frv. með einhverjum hætti með sveigjanlegri gildistökugrein, þannig að gildistaka ákvarðaðist af Alþingi þegar allir endar hafa verið hnýttir og yfirfærslan færi þá fram.

Hæstv. menntmrh. hvatti til samstöðu um þetta mál. Ég geri það líka og tel að það sé hægt að ná samstöðu en hún hlýtur að byggjast á því að menn gefi sér nægan tíma og hluti af því væri að fresta gildistökunni þannig að hægt sé að ganga sómasamlega frá þessu máli.

Herra forseti, ég læt máli mínu lokið.

[22:27]

Ragnar Arnalds:

Virðulegi forseti. Í þessu frv. til laga um grunnskóla eru að minni hyggju þrjú meginatriði. Í fyrsta lagi eru þar ákvæði um einsetinn skóla og lengdan skóladag. Í öðru lagi eru þar ákvæði um níu mánaða starfstíma nemenda og í þriðja lagi eru þar ákvæði um flutning alls rekstrarkostnaðar grunnskólanna til sveitarfélaganna.

Um fyrsta atriðið er það að segja að það er í raun og veru endurtekning á því sem ákveðið var með lögum vorið 1991 að grunnskólinn yrði einsetinn og skóladagurinn lengdur þannig að hægt væri að koma á samfelldum skóladegi. Að því var stefnt í lögunum frá 1991 að um yrði að ræða lengda viðveru utan daglegs kennslutíma og vikulegur kennslustundafjöldi væri aukinn. Af þessu hefur hins vegar ekki orðið og þessum ákvæðum var slegið á frest á sínum tíma. Aftur á móti eru það nýmæli sem felast í þessu frv. þegar lagt er til að hér sé komið á níu mánaða raunverulegum starfstíma nemenda með kennsludagana að lágmarki 172. Ég tel að þarna sé um jákvæð nýmæli að ræða sem okkur beri eindregið að styðja.

Þegar hugað er að því hver kostnaður sé við þessa breytingu þá er það áætlað samkvæmt frv. að kostnaðaraukningin sé á hverju árum 678–909 millj. kr. Nú er það svo að á starfstíma núv. ríkisstjórnar hefur ekki verið um mikla aukningu framlaga að ræða til skólamála. Þvert á móti hafa útgjöld mjög verið skorin niður með vísan til þröngrar stöðu ríkissjóðs. Samanlagður niðurskurður á framlögum ríkisins til menntamála árin 1991–1994 mun nema liðlega 1.600 millj. kr.

Eins og ég hef þegar rakið voru samþykkt ný grunnskólalög vorið 1991. Þá var stefnt að samfelldum skóladegi nemenda og einsetnum skóla eins og reyndar eru ákvæði um í þessu frv. og mikil samstaða um að koma því fram. Þetta eru atriði sem foreldrar hafa lengi lagt mikla áherslu á. Viðvera nemenda er nú mjög breytileg, börnin eru að koma heim úr skólanum á ýmsum tíma og það skapar foreldrunum margvíslega erfiðleika. Oft eiga foreldrar kost á máltíð í vinnu sinni en þeir neyðast til þess að fara heim og gefa börnum sínum að borða.

Í frv. eins og það var lagt fram á árinu 1991 var gert ráð fyrir því að jafna kennslutíma barnanna en eins og það var afgreitt frá Alþingi var ekki um algjöra jöfnun að ræða en verulega aukningu á kennslutíma yngri barnanna. Þar var gert ráð fyrir skólamáltíðum sem kæmu til framkvæmda á næstu þremur árum ásamt einsetnum skóla sem kæmi til framkvæmda á 10 árum. Þetta hefði gjörbreytt aðstöðu foreldra, að sjálfsögðu fyrst og fremst í þéttbýli því það má segja að í sveitum sé aðstaðan nokkur önnur. Þar er gjarnan um skólaakstur að ræða og þar af leiðandi ekki alveg sama þörfin eins og er í þéttbýlinu.

En það fór svo að þessum áformum var stungið undir stól. Því til viðbótar, eins og ég hef þegar rakið, hefur verið þrengt mjög verulega að skólastarfinu sem nemur um 1.600 millj. kr. á liðnum þremur árum. Það hlýtur því að vera spurt: Er þetta raunveruleg stefnumótun eða einungis kosningaáróður sem hér er fluttur í frumvarpsformi? Er það trúverðugt eftir að hæstv. menntmrh. Sjálfstfl. og hæstv. fjmrh. Sjálfstfl. hafa staðið að því að skera mjög verulega niður á undanförnum þremur árum að þeir séu núna að snúa svona geysilega við blaðinu að þeir ætli raunverulega að bæta upp undir einum milljarði við á hverju ári þegar þetta frv. kemur til framkvæmda? Eða hvaða upphæð er Alþingi reiðubúið að bæta við skólakostnað í landinu á komandi árum? Í raun og veru er það samviskuspurning til allra stjórnmálamanna og allra flokka sem þeir ættu fyrst að svara. Hvað er raunhæft í þessum efnum og hvað ætla menn sér raunverulega þegar kosningar eru afstaðnar?

Ég tel að ef hæstv. menntmrh. væri að setja þetta frv. fram í fullri alvöru og ætlaði sér að koma því til framkvæmda á næsta ári þá hefði hann gert ráðstafanir til þess að í fjárlagafrv. fyrir árið 1995 væru upphæðir sem að því stefndu að frv. gæti komið til framkvæmda sem lög haustið 1995. Það er að vísu miklu minni upphæð sem til þess þyrfti en þarf svo aftur á árinu 1996 en það hefði þó verið fyrsta skrefið. En eins og hæstv. menntmrh. veit sjálfur þá er ekki um það að ræða. Það er ekki ein einasta króna í núverandi fjárlagafrv. ætluð í þessu skyni og hæstv. menntmrh. var meira að segja að upplýsa okkur um það áðan að hann hefði ekki hug á því að setja í fjárlagafrv. eina einustu krónu til viðbótar í þessu skyni. Ef þetta er rangt skilið þá vildi ég gjarnan að hæstv. menntmrh. leiðrétti mig en þannig skildi ég hann áðan. Hann var hins vegar að tala um að það væri alltaf möguleiki á því að setja fjáraukalög og bæta við síðar á árinu. En væri ekki hreinlegra að gera ráð fyrir þessu í því fjárlagafrv. sem á að fara að afgreiða í þinginu? Það er mín skoðun.

Annað meginefni þessa frv. er svo flutningur grunnskólans til sveitarfélaganna, þ.e. alls rekstrarkostnaðar grunnskólans. Þar er um að ræða að frv. sem hér liggur fyrir er fyrst og fremst partur af miklu stærra máli. Það sem hér stendur er ekki eitt og sér nægilegt til þess að af þessu geti orðið heldur þarf margt fleira að koma til. Eins og kom fram í orðaskiptum okkar ráðherra fyrr í dag þá þarf til þess kjarasamninga við kennara, það þarf samning við sveitarfélögin og loks löggjöf um tekjutilfærslu.

Ég tel að í þessum efnum megi ekki flaustra neinu af og harma það að hæstv. menntmrh. hefur ekki lokið þeim undirbúningi sem þarf til þess að þetta geti orðið að veruleika. Málið er í dag hálfkarað og mörgum spurningum ósvarað. Við eigum eftir að sjá frv. um starfstengd réttindi kennara. Það er ekki komið í þingið og veit enginn hvernig það lítur út. Ég fékk hins vegar í hendur í dag skýrslu frá nefnd sem fjallaði um starfstengd réttindi kennara. Mér finnst að vísu furðulegt, eins og fleiri þingmönnum, að þessi skýrsla skyldi liggja í skúffu hæstv. ráðherra mjög lengi án þess að þingmenn fengju að sjá hana. Auðvitað væri það ekki annað en eðlileg vinnubrögð í þinginu að við hv. þm. gætum átt þess kost að lesa efni skýrslunnar og kynna okkur hana áður en þessi umræða fer fram. Ég átti þess ekki kost nema seinasta klukkutímann áður en umræðan hófst og hefði talið miklu eðlilegra að þessar skýrslur sem fyrir lágu hefðu verið birtar sem fylgiskjöl með þessu frv. Það hefði verið hægur leikur að gera það og eina sem var viðunandi fyrir þingið.

En hvað sem um það er að segja því það heyrir liðinni tíð þá er ljóst af þessum skýrslum að það er mikil vinna óunnin og margt óljóst, erfitt að meta hvort vandamálin hafa raunverulega verið leyst hvað varðar

starfstengd réttindi kennara eða ekki. Ég sé t.d. ekki alveg í hendi mér hvernig hæstv. ráðherra ætlar að leysa þann vanda að stór hluti kennara er æviráðinn. Þarna er verið að skipta um vinnuveitanda og alls ekki ljóst hvernig á því máli verði haldið, ekki einu sinni af þeirri skýrslu sem fyrir liggur.

Eins er það með lífeyrisréttindin sem eru bersýnilega stórkostlegt vandamál. Í þessari skýrslu er mælt með því að stofnuð verði sérdeild innan Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og kennarar eigi áframhaldandi aðgang að þeim lífeyrissjóði. Hins vegar er alveg ljóst að það er sama hvernig í það mál er farið að það skapast mikil vandamál sem er alls ekki auðvelt að sjá hvernig leyst verði. Menn hafa nefnt biðlaunarétt kennara og ég heyrði að hæstv. ráðherra gerði lítið úr því vandamáli og fannst það nokkuð háar upphæðir sem þar höfðu verið nefndar. Satt best að segja spurði ég um þetta mál á sl. vetri og fékk svör frá hæstv. ráðherra en þar treystu menn sér samt ekki til að reikna út um hvaða upphæð væri þarna að ræða. Ég bað um að fá að vita hvaða upphæð væri að ræða en hæstv. ráðherra og starfsmenn hans treystu sér ekki til að svara mér. (**Menntmrh.:** Reiknaði ekki þingmaðurinn það sjálfur?) Nei, hann gerði tilraun til að giska á það, hann gat ekkert annað gert. Ég gerði tilraun til að giska á það og það var auðvitað ekkert annað en hrein ágiskun. En ef maður miðar við það t.d. að þetta eigi ekki við um nema annan hvern kennara og ef maður miðar við að af þeim sem þetta á við gæti helmingurinn verið með sex mánaða biðlaunarétt og hinn helmingurinn tólf mánaða biðlaunarétt þá fær maður út 1 milljarð eða svo. En þetta er hrein ágiskun sem ekkert mark er takandi á.

Það er alveg sama hvort við erum að tala um 1 milljarð eða 2 milljarða eða 3 milljarða, eins og einhver var að nefna í dag og er sennilega allt of há tala, þetta eru gríðarlegar upphæðir. Og þó er það ekki heildarupphæðin sem skiptir öllu máli að minni hyggju heldur hitt að það er geysilegur vandi fyrir litla rekstraraðila að standa undir ef einstaklingar, einn eða fleiri, þurfa að nýta sér slíkan biðlaunarétt. Það getur orðið þungt í skauti fyrir smávaxna rekstraraðila og þar á ég við þau sveitarfélög sem í hlut eiga. Nú getur vel verið að menn ætli að leysa þetta á einhverjum sameiginlegum grunni og þá er það vel en þarna eru vandamál sem engin grein hefur verið gerð fyrir eða reynt að útskýra hvernig verði leyst.

Eins og ég hef rakið er margt óljóst í þessu máli. Þar á meðal það að nýir kjarasamningar liggja ekki fyrir. Það er alveg ljóst að þegar að kjarasamningunum kemur þá eru það ekki aðeins öll þessi atriði sem ég hef verið að nefna og tína til sem þarf að leysa úr á þann hátt að kennarar geti við unað. Það bætast við námsleyfin, endurmenntunarrétturinn og síðan bara þetta einfalda stóra spursmál: Treysta sveitarfélögin sér til þess að vera einn samningsaðili að samningum við kennarastéttina og verða þau það í reynd eða kemur upp einhver ágreiningur milli þeirra? Kannski milli stórra sveitarfélaga og smárra eða milli sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og svo aftur sveitarfélaganna úti á landi? Hver tryggir það að þarna verði um að ræða einn samningsaðila? Það er mér ekki ljóst. Ég efast um að það verði nokkurn tíma hægt að tryggja það í raun og veru þó sveitarfélögin hafi kannski í svipinn fullan hug á því.

Eins og hér hefur komið fram hjá mér þá er greinilegt að mikil vinna er óunnin. Mér fannst einkar fróðlegt að heyra hæstv. ráðherra segja það í dag að hann ætti ekki von á því að þetta frv. yrði afgreitt fyrr en undir þinglok sem eru seinni partinn í febrúar. Ég vil ítreka það að þar með staðfesti hann það sem haldið hefur verið fram að það er útilokað með öllu að þessu máli verði komið í heila höfn fyrir 1. ágúst. Það er ljóst. Það er hins vegar möguleiki á að það verði komið eitthvað áleiðis, eins og hann lýsti, á þann hátt að frv. verði samþykkt, síðan verði farið í kjarasamningagerð sem standi eitthvað fram á vorið og gerðir samningar við sveitarfélögin með vorinu, kannski af nýjum ráðherra, en ríkið mun ekki gera ráð fyrir þessari upphæð í fjárlögum. Þar af leiðandi er engin vissa fyrir því að það verði gert á árinu enda sennilega skipt um ríkisstjórn eftir að samningar við sveitarfélögin hafa verið gerðir. Sveitarfélögin munu heldur ekki gera ráð fyrir þessum kostnaði og þar af leiðandi allt í óvissu með að þau treysti sér til að taka þetta verkefni að sér fyrir 1. ágúst. Reyndar liggur það hreinlega fyrir sem skilyrði af þeirra hálfu að samningar hafi verið gerðir fyrir áramót og sjá þá allir hversu langt við erum frá því að endar geti náð saman á því ári sem fer í hönd.

Ég vil hins vegar taka fram að þó ég sé að draga þarna fram að hæstv. ráðherra sé að tala þarna um óraunhæfa hluti, þá er það ekki vegna þess að ég óski endilega eftir því að þessir hlutir gangi ekki upp. Ég tel að það sé á margan hátt jákvætt að flytja rekstur grunnskólanna til sveitarfélaganna. Það hefur sína kosti. Það hefur t.d. einfaldlega þann kost að þá er ákvörðunarvaldið miklu nær fólkinu í landinu og það eru miklu meiri möguleikar á því að foreldrarnir geti haft þau áhrif á skólastarfið sem þeir þurfa raunverulega að hafa. Ég er einn af þeim sem telja það löngu úrelt að menntmrh., hvort sem hann ber nafnið Ólafur Einarsson eða eitthvað allt annað, sé að skipa kennara í hundruða og jafnvel þúsunda tali á hverju ári. Ég tel að slíkt ætti fyrir löngu að hafa heyrt liðinni tíð til, enda minnist ég þess með lítilli ánægju þegar ég sjálfur stóð í því á hverju hausti að skrifa undir skipunar- og setningarbréf kennara. Þau þurfti nú reyndar að skrifa í þríriti á þeirri tíð vegna þess að það var engin tölva til þá og það tók mig oft margar vikur að koma öllum þessum undirskriftum á pappírana á sínum tíma. Auðvitað er þetta algerlega úrelt kerfi, að miðstýra þannig setningu kennara um land allt og miklu betra að færa þetta heim í héruð, miklu betra. En sá aðili sem tekur við þarf að vera fær til þess og það er stóra spurningin hvort þeir aðilar sem ætlað er að taka við rekstri grunnskólanna séu örugglega til þess hæfir.

Nú má enginn skilja það svo að ég sé að vantreysta forustumönnum sveitarfélaganna, sem yfirleitt eru miklir öndvegismenn og valdir af fólkinu og ábyrgð-

arfullir á allan hátt. En ég er þeirrar skoðunar að 50–200 manna sveitarfélög séu allt of smá eining til að taka við svo ábyrgðarmiklu hlutverki, allt of smá eining. Við vitum að meiri hluti sveitarfélaganna sem eru að fá þetta í hendur, mikill meiri hluti þeirra, er af stærðargráðunni 50–200 íbúar. Það er alveg ljóst að þetta á eftir að valda mörgum þeirra talsverðum vandkvæðum og vandmálum að taka við þessu, vegna þess að þarna er um svo mikinn og dýran og stóran rekstur að ræða að einingarnar sem við þessu taka eru einfaldlega of smáar.

Ég verð auðvitað að viðurkenna að sameining sveitarfélag tókst nú ekki sérlega vel á sl. ári og sveitarfélög hringinn í kringum landið neituðu að sameinast öðrum. Þannig að við sitjum uppi með allar þessar smáu einingar og það er ekki sök hæstv. menntmrh. að svo er og heldur ekki sök hæstv. félmrh., hvorki fyrrv. eða núv. hæstv. félmrh. En við verðum hins vegar að viðurkenna að svona eru hlutirnir, þetta eru svona veikburða og smáar einingar. Spurningin er, finnst mér, hvort við séum örugglega á réttri braut að vera að afhenda þessi völd og þessa ábyrgð í hendur þessum smáu sveitarfélögum. Ég dreg það í efa. Ég hefði talið koma til greina að afhenda þessi völd samtökum sveitarfélaga á stærri svæðum. Ég hefði t.d. talið að hvert fræðsluumdæmi eins og það er í dag, þ.e. í hverju kjördæmi fyrir sig, hefði getað verið ágæt eining til þess að standa að rekstri skólanna og á margan hátt hefði mér fundist mikið ákjósanlegra að slíkur aðili hefði fengið það fjármagn sem til þarf til að reka skólana og skipuleggja það í gegnum fræðsluskrifstofu viðkomandi umdæmis með þeirri þekkingu sem þar hefur hlaðist upp og auðvitað í samstarfi við sveitarfélögin í viðkomandi fræðsluumdæmi.

Önnur leið væri sú að fela þetta héraðsnefndunum, sem eru í dag ágætur vettvangur fyrir samstarf sveitarfélaga á ákveðnum svæðum. Ég þekki það t.d. í mínu kjördæmi þar sem eru þrjár héraðsnefndir og auk þess einn kaupstaður sem er utan héraðsnefnda, þ.e. héraðsnefnd Skagfirðinga, héraðsnefnd Austur-Húnvetninga og héraðsnefnd Vestur-Húnvetninga og síðan Siglufjörður. Allt væru þetta góðar einingar, mjög góðar einingar, til að standa undir rekstri skóla og skipuleggja skóla á viðkomandi svæðum. Ég vek á því athygli í þessu samhengi að hvað framhaldsskólann varðar þá er það nú þannig að það eru samtök sveitarfélaga sem standa að þeim rekstri. Það eru ekki sveitarfélögin hvert fyrir sig heldur eru það í mörgum tilvikum í öllu falli og sérstaklega er það úti um land, samtök sveitarfélaga. Ég nefni enn dæmi úr mínu kjördæmi, að þar eru það héraðsnefndir og svo aftur Siglufjarðarkaupstaður sem standa að rekstrinum á Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra á Sauðárkróki og það hefur gefist ákaflega vel. Ég segi, og nú er ég kannski ekki að tala bara um menntamálin, grunnskólann, ég er að tala um skipulagið í heild, stjórnkerfið. Ég held að það hefði verið góður uppeldis- og þróunarvettvangur fyrir sveitarfélögin í landinu ef t.d. héraðsnefndirnar hefðu fengið þetta verkefni því þá hefðu þær laðað sveitarfélögin til samstarfs og það hefði síðan orðið góður grundvöllur að stækkun sveitarfélaganna eða sameiningu þeirra á síðara stigi.

Samstarf af þessu tagi, t.d. um rekstur framhaldsskólans, um rekstur grunnskólans og þá kannski seinna meir um samstarf á fleiri sviðum, þetta er það sem við þurfum til að þróun í sveitarstjórnarmálum geti orðið með eðlilegum hætti. Sveitarstjórnarmennirnir þurfa að læra að vinna saman og ég held að þeir viðurkenni það sjálfir að þá vantar töluvert á hvað það varðar að þeir hafi þróað með sér samstarf og samvinnu. Þarna væri einmitt kjörið verkefni til þess. Nú segja menn kannski að sveitarstjórnarmenn í landinu geti bara ákveðið þetta sjálfir og gert þetta sjálfir og það þurfi ekkert að huga neitt að því þegar verið er að setja grunnskólalög hver við þessu taki, þeir verði bara að hafa þetta eins og þeir vilji sjálfir. Ég er ekki þessarar skoðunar. Ég stend frammi fyrir þeirri staðreynd að ríkisvaldið gerði tilraun til þess fyrir einu ári síðan að sameina sveitarfélög og það mistókst hrapallega og það hvílir á okkur skylda að hugleiða hvernig við getum bætt þar úr á komandi árum og þá tel ég að rekstur grunnskólans hefði einmitt verið ágætt viðfangsefni til að laða sveitarfélögin í landinu til samvinnu.

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta mál. Ég ítreka það sem ég hef þegar sagt, að það er gífurleg vinna óunnin í sambandi við þetta mál í heild sinni. Ég er lítið spenntur fyrir því að þessi vinna verði unnin í tímahraki og síst af öllu held ég að það sé góður tími til að vinna hana svona í miðri kosningabaráttunni. Ég held að hvorki hæstv. menntmrh. né öðrum ráðherrum muni gefast mikið tóm til þess að standa í þeim flóknu samningaviðræðum sem þeir þurfa að standa í svona rétt á milli þess sem þeir sækja kosningafundi. Þar af leiðandi sýnist mér að það sé nokkuð sjálfgefið að þetta mál vinnst ekki á komandi vetri og það er betra að gefa sér þá gott tóm til að finna á því góða lausn.

Ég les það í 57. gr. frv., lokamálsgrein, að til þess að mismuna þessu máli fram með einum eða öðrum hætti þá sé hægt að grípa til þess ráðs eins og segir hér, með leyfi forseta:

„Menntamálaráðherra ákveður í reglugerð hvaða ákvæði laga þessara koma til framkvæmda fyrir 1. ágúst 1995."

Þetta þykir mér nú dálítið furðuleg lagagrein. Ég trúi því varla að sveitarfélögin í landinu og samtök þeirra séu mjög hrifin af þessari grein. Að menntmrh. geti bara ákveðið það hvað af þessum kostnaði lendi á sveitarfélögunum og hvað ekki og það skipti í raun og veru engu máli hvaða ákvarðanir hafi verið teknar um það í Alþingi því að menntmrh. virðist geta ákveðið það með reglugerð hvað komi til framkvæmda og hvernig. Ég held að þessi furðulega grein hljóti að vera tilkomin einmitt vegna þess tímahraks sem málið allt er í, að það er greinilega ætlunin að gefa hæstv. menntmrh. nokkurs konar einræðisvald til að kippa þessu í liðinn á lokadögum sínum, rétt fyrir kosningar, ef hann verður þá búinn að semja við sveitarfélögin. En ég trúi því ekki að sveitarfélögin muni una því að fá yfir sig slíkt ákvæði vegna þess öryggisleysis sem því fylgir og

vil því vara við því. Ég tel að úr því sem komið er þá væri það hyggilegast að hæstv. ríkisstjórn beitti sér fyrir því að það yrði skipuð milliþinganefnd til þess að undirbúa þetta mál í heild sinni og að við kæmum þá að þessu máli næsta haust á þann hátt að það væri hægt að leggja allan pakkann fyrir Alþingi og afgreiða hann þá allan á einu bretti í október á næsta ári þannig að það sé þá hægt að gera ráð fyrir þessu í fjárlögum ársins 1996. Því að ætla að afgreiða þetta svona í einhverjum slitrum á næstu mánuðum, utan starfstíma Alþingis, á meðan kosningabaráttan stendur sem hæst, það tel ég ekki boðleg vinnubrögð.

[22:59]

Ágústa Gísladóttir:

Virðulegi forseti. Frv. það sem hér er til umræðu felur í sér miklar breytingar á skólastarfi í landinu. Það eru vissulega mörg atriði í þessu frumvarpi sem eru jákvæð og vonandi verður framfylgt og fjármagn til þess tryggt. Ber þar hæst ákvæði um aukningu kennslumagns, þ.e. fjölgun kennslustunda á viku og fjölgun virkra kennsludaga og einsetningu skóla. Enn fremur fagna ég þeirri nýbreytni að innleiða gæðastjórnun í skólakerfið. Hins vegar ætla ég ekki að leyna því að ég óttast að við flutning grunnskólans og þar með taldið sérskóla eins og Öskuhlíðarskóla, Hvammshlíðarskóla og Heyrnleysingjaskólann, frá ríki til sveitarfélaganna, þá verði ekki nægilega tryggt jafnrétti til náms. Ég vil spyrja hæstv. menntmrh., hvort það verði tryggt að landsbyggðarnemendur fái pláss í þessum sérskólum?

Áður en lengra er haldið ætla ég að minnast á eitt atriði sem ekki er í frv. Í gildandi grunnskólalögum stendur í 41. gr., með leyfi forseta:

„Þegar kennari nær 55 ára aldri minnkar kennsluskylda hans um ⅙ og er hann nær 60 ára aldri minnkar kennsluskylda hans enn um ⅙ af fullri kennsluskyldu. Til þess að öðlast þennan rétt þarf 10 ára kennsluferil."

Ég reikna með því að þetta ákvæði sé tekið út vegna þess að hér sé um kjaraatriði að ræða, en benda má á að ákvæði um rétt til endurmenntunar eru enn þá inni í frv. Hins vegar leiðir þetta huga minn að mismunandi stöðu einstakra sveitarfélaga til samninga við kennara. Mér þætti vænt um að hæstv. menntmrh. skýrði þetta nánar. Því var hvíslað að mér líka að það gæti verið að þetta ákvæði þjónaði líka þeim tilgangi að vernda börnin, þ.e. að þreyttir kennarar væru ekki ofnýttir.

Þrjár hv. þingkonur Kvennalistans hafa í dag fjallað allítarlega um þetta frv. og ætla ég ekki að fara að endurtaka þau atriði sem þær hafa tekið þar fram. En það eru nokkur atriði sem ég vil fjalla sérstaklega um.

Fyrst er að telja ákvæði um kennslu barna með sérstaka námsörðugleika. Ég vil vekja athygli á því, eins og fleiri, að orðið „sérkennsla" kemur hvergi fyrir í nýju lögunum. Rökin munu vera þau að orðið „sérkennsla" feli í sér mótsögn við lög um málefni fatlaðra og stefnu stjórnvalda. Þá má spyrja: Ef orðið er í andstöðu eru þá ekki verkin líka í andstöðu við stefnu stjórnvalda? Ég tel að þetta veiki stöðu sérkennslubarna í skólakerfinu. Það eru ekki nema u.þ.b. 20 ár síðan sérkennslubörnum var tryggður lagalegur réttur til náms og ákveðnum aðilum skylt að sjá um hagsmunagæsluna, svo sem sérkennslufulltrúum á fræðsluskrifstofum og sérkennurum í skólum. Þeir sem eru hlynntir þessari nýju stefnu benda á heiltæka skólastefnu, en hún felur í sér að allir nemendur eigi rétt á skólagöngu og allir eiga að vera í bekk hvernig svo sem þeir eru í stakk búnir. Þeir segja að þeim verði tryggt fjármagn í heild þannig að engin mismunun eigi að eiga sér stað.

Eins og staðan er í gömlu grunnskólalögunum þá er litið á þennan hóp nemenda sem forréttindahóp. Það verður að tryggja þessum nemendum rétt til skólagöngu með sérþjónustu og með lagaákvæðum, annars verður um afturhvarf að ræða og þau ekki sett í forgangsröð. Skýr ákvæði og reglur og lagasetning verða að vera til til að tryggja þessum börnum rétt til náms. Og eins og ég sagði áðan, með því að taka orðið „sérkennsla" út úr nýju grunnskólalögunum þá tel ég að það veiki stöðu þessara barna og það eru börnin og réttur þeirra sem við verðum að tryggja.

Annað atriði sem ég vildi koma inn á eru fræðsluskrifstofur. Fræðsluskrifstofur gegna í dag veigamiklu hlutverki sem tengiliður milli skóla og ráðuneytis. Í núgildandi lögum stendur, með leyfi forseta, í 16. gr.:

„Verkefni fræðsluskrifstofu eru einkum þessi: Áætlanagerð og eftirlit með námi og kennslu, sálfræðiþjónusta, kennsluráðgjöf, skólaþróun og nýbreytnistarf, endurmenntun og símenntun kennara í samráði við skóla sem veita kennaramenntun."

Nú á að leggja þessa starfsemi niður og í staðinn á að koma sérfræðiþjónusta sveitarfélaga. En eins og kemur fram í grunnskólafrumvarpinu, sem er í gildi, hafa fræðsluskrifstofurnar ekki bara veitt sérfræðiþjónustu heldur líka gætt réttar nemanda hvað varðar sérkennslu og veitt aðhald í skólum. Ef aðhaldið er flutt til misvitra skólanefnda og til menntmrn. þá er hætt við að einhver börn týnist. Hvað á svo að verða um kennslugagnasafnið, myndbandaútlánin og alla þá ráðgjöf sem fræðsluskrifstofur hafa veitt kennurum og foreldrum, jafnt í stórum sem litlum skólum, jafnt í borgum og bæjum sem í afskekktustu byggðarlögunum?

Í 33. gr. frv. er fjallað um kennslugögn, kennslu- og námsgögn. Þar er sveitarfélögum frjálst að skipta við Námsgagnastofnun eða einhverja aðra bókaútgefendur. Hver á að hafa eftirlit með því að námsgögn í hverju og einu sveitarfélagi uppfylli skilyrði gildandi laga og aðalnámsskrár? Eru það skólanefndirnar eða skólastjórinn? Ætlar ríkisvaldið að tryggja það að ætíð séu til heppileg sérkennslugögn? Kennslugögn fyrir sérkennslubörn eru mjög dýr því þau eru svo fá og hvert barn þarf nánast sérefni.

Aukin völd skólanefnda eru mér talsvert áhyggjuefni ef ekki er tryggt að í skólanefnd sitji einhverjir aðilar, einhverjir fulltrúar með fagþekkingu og hafi þar atkvæðisrétt. Hins vegar gæti verið erfitt að manna skólanefndir með fagfólki sem ekki eru beinir hagsmunaaðilar og á þetta sérstaklega við um smærri sveitarfélög.

Sveitarstjórnarmenn eru af mörgu sauðahúsi og ég hef töluverðar áhyggjur af því að misvitrir fulltrúar þeirra í skólanefndum fari að hlutast til um of um verksvið kennaranna, eins og markmið og leiðir. Kennarar eiga að hafa þá fagþekkingu sem þarf til að þeim sé treystandi til þess að hafa frelsi til að ákveða eigin leiðir. Þeir eiga einnig að hafa frelsi til að velja bækur sjálfir, ekki að þurfa e.t.v. að kaupa bara bækur sem frændi formanns skólanefndarinnar gefur út.

Virðulegi forseti. Ég vil að lokum leggja áherslu á að í lögum um grunnskóla er fjallað um starfsumhverfi og rétt barnanna okkar til náms. Við verðum að tryggja öllum börnum jafnrétti til náms, ekki bara þeim sem vel gengur og búa í stærstu sveitarfélögunum.

Umræðu frestað.

Út af dagskrá var tekið 2. mál.

Fundi slitið kl. 23:08.

---

24. FUNDUR

miðvikudaginn 2. nóv.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.
2. Veiting ríkisborgararéttar, stjfrv., 128. mál, þskj. 133. — 1. umr.
3. Málflytjendur, stjfrv., 89. mál, þskj. 89. — 1. umr.
4. Vegaframkvæmdir á Austurlandi, þáltill., 37. mál, þskj. 37. — Fyrri umr.
5. Aðgerðir til að draga úr kynjamisrétti, þáltill., 38. mál, þskj. 38. — Fyrri umr.
6. Foreldrafræðsla, þáltill., 39. mál, þskj. 39. — Fyrri umr.
7. Varðveisla arfs húsmæðraskóla, þáltill., 40. mál, þskj. 40. — Fyrri umr.
8. Endurskoðun á launakerfi ríkisins, þáltill., 41. mál, þskj. 41. — Fyrri umr.
9. Þingsköp Alþingis, frv., 42. mál, þskj. 42. — 1. umr.
10. Greiðsluaðlögun húsnæðislána, þáltill., 54. mál, þskj. 54. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Eggert Haukdal, 6. þm. Suðurl.,
Guðmundur Árni Stefánsson félmrh.,
Guðrún J. Halldórsdóttir, 18. þm. Reykv.,
Ingi Björn Albertsson, 5. þm. Reykv.,
Ólafur G. Einarsson menntmrh.,
Pálmi Jónsson, 2. þm. Norðurl. v.

Útbýting þingskjals:

Útboð Vegagerðar ríkisins, 102. mál, svar samgrh., þskj. 178.

Tilkynning um utandagskrárumræðu.

Forseti (Kristín Einarsdóttir):

Forseti vill tilkynna að hér síðar á fundinum eða nánar tiltekið kl. hálffjögur fer fram utandagskrárumræða um samstarfsörðugleika innan lögreglunnar í Kópavogi. Um verður að ræða hálftíma umræðu. Umræðan fer fram að beiðni hv. 9. þm. Reykn.

Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.

Forseti (Kristín Einarsdóttir):

Forseti vill taka fram að hæstv. forsrh., hæstv. utanrrh. og hæstv. sjútvrh., sem búið var að tilkynna að yrðu hér viðstaddir á fundinum, geta ekki verið viðstaddir vegna óviðráðanlegra atvika.

Málefni dýralækna á Vestfjörðum og afgreiðsla dýralyfja.

[13:34]

Pétur Bjarnason:

Virðulegi forseti. Það sem mig langar til þess að vekja athygli á og bera fram fyrirspurn um er málefni dýralækna, einkum og sér í lagi á Vestfjörðum þar sem eru þrjú dýralæknishéruð og ekkert þeirra er skipað dýralækni, auk þess sem lyfsölulögin frá því í maí 1994 valda því að mjög erfitt er að fá með fljótum hætti afgreidd lyf fyrir dýr. Ég vil spyrja hæstv. landbrh. hvort fyrirhugað sé í þeim efnum að fá afleysingamann til þess að fara um svæðið til að sinna brýnni þjónustu, en eftir því sem ég best veit er þeirri þjónustu nú þannig háttað að dýralæknar fást til ákveðinna verka sem gefa af sér verulegar tekjur og reyndar eru lögbundin eins og t.d. eftirlit í sláturtíð, hundahreinsun og sprautun í stað baða sem nú er tekin upp fyrir sauðfé. En þetta er í rauninni algerlega óviðunandi ástand að heilt hérað skuli vera svona eða reyndar þrjú héruð, heill landshluti skuli vera svona afskiptur með dýralæknisþjónustu og því spyr ég hæstv. landbrh.:

1. Hyggst hann beita sér fyrir því að dýralyf verði afgreidd með skjótari hætti en nú er?
2. Eru fyrirhugaðar einhverjar úrbætur í málefnum þessum fyrir hönd Vestfjarða?

[13:36]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Ég er nú ekki viðbúinn að svara því hvernig gangi að fá dýralækna vestur. Það hefur verið samkomulag um það að dýralæknir í Dölum hafi þjónað fyrir Barðastrandarsýslu. Ég hef ekki fengið nýjar spurnir af því hvernig gengur á Ísafirði.

Um lyfjamál bænda er það að segja að samkomulag hefur tekist milli landbrn., viðskrn. og heilbrrn. um breytingu á lögunum og þær tillögur verða lagðar fyrir Alþingi og ættu þá að vera í góðu horfi. En það er sjálfsagt að greiða fyrir því að hv. þm. geti fengið gleggri upplýsingar hjá yfirdýralækni um það hvaða horfur séu á að ráða dýralækna í héruðin fyrir vestan.

[13:37]

Pétur Bjarnason:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. landbrh. fyrir þessar upplýsingar sem svo sem draga ekki langt. Það sem ég er fyrst og fremst að gera er að vekja athygli á þessu máli, vekja athygli hans á þessu og ég heyrði ekki svar við spurningunni hvort hæstv. ráðherra vill beita sér fyrir því að bændur fái með skjótari hætti afgreidd dýralyf eða hvort það verður að bíða eftir þessum breytingum á löggjöfinni. En ástandið sem ríkir í þessum dýralæknamálum fyrir vestan er óviðunandi og ég vænti þess að ráðherra beiti sér fyrir því að úr því verði bætt hið fyrsta.

[13:38]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Ég áttaði mig ekki á seinni ræðu hv. þm. Það verður lögð fram brtt. við lyfsölulögin vegna þess að það er nauðsynlegt til þess að hafa betri og liprari framkvæmd á þessum málum. (Gripið fram í.) Frv. eða brtt. við frv. sem fyrir liggur, ég skal ekki um það segja. Það liggur fyrir frv. hér í þinginu um þessi efni, eins og hv. þm. er kunnugt. Fullur vilji stendur sem sagt til þess að færa þessi mál í viðunandi horf, það liggur ljóst fyrir og er ástæðulaust að draga aðrar ályktanir af mínum orðum.

Sjúkraliðar og greiðsla launa í vinnudeilum.

[13:39]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil beina fyrirspurn til hæstv. fjmrh. Nú um mánaðamótin voru þeir sjúkraliðar sem vinna hjá ríkinu og eru á fyrir fram greiddum launum hýrudregnir þannig að þeir fengu borgaða 8 vinnudaga laun fyrir nóvembermánuð vegna þess að þeir hafa boðað verkfall sem hefst á miðnætti 10. nóvember. Jafnvel sjúkraliðar í fæðingar- og veikindaleyfi fengu ekki greidd full laun.

Í úrskurði fyrrv. fjmrh., Ólafs Ragnars Grímssonar, frá árinu 1989 þegar verkfall BHMR stóð yfir segir að greiða beri þeim full laun sem eru á undanþágum í fæðingarorlofi eða sjúkraleyfi. Í nýlegu bréfi eða bréfi sem sent var í gær frá fjmrn. segir, með leyfi forseta:

„Vegna verkfallsins verða fyrir fram greidd mánaðarlaun sjúkraliða fyrir nóvembermánuð aðeins greidd fyrir 8 vinnudaga."

Af þessu tilefni vil ég beina eftirfarandi spurningum til hæstv. fjmrh.:

1. Hefur ráðuneyti hans þar með fallið frá þeirri túlkun á greiðslu launa í vinnudeilum sem sett var fram árið 1989?

2. Telur hæstv. fjmrh. það vænlega leið í kjarasamningum að svipta fólk umsömdum launum þegar samningar standa yfir og enn er óljóst hvort verkfall hefst?

3. Væri ekki nær að gera launin upp eftir á í stað þess að kasta stríðshanskanum að sjúkraliðum með þessum hætti?

[13:41]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég taldi og tel að það hafi verið komið fram við sjúkraliða eins og venja er þegar boðað hefur verið verkfall hjá einstökum starfshópum. Þannig er að opinberir starfsmenn eru yfirleitt á fyrir fram greiddum launum sem er öðruvísi heldur en á hinum almenna vinnumarkaði og sú venja hefur skapast, og byggir að ég best veit á úrskurði í upphafi, að þegar boðað hefur verið verkfall í mánuði, þá séu einungis fyrir fram greidd þau laun fyrir þá daga sem telja fram að verkfallinu. Ég get því miður ekki svarað fyrirspurninni hvað snertir þá einstöku starfsmenn sem eru í leyfum eða orlofi eða þannig stendur á um að ekki eru í vinnu bókstaflega þá stundina, en ég get aflað upplýsinga um það.

Hitt er svo annað mál að það er alltaf erfitt þegar boðað hefur verið til verkfalls. Ég vil láta það koma mjög skýrt fram, og það hef ég kynnt mér, að það hefur ekkert staðið á samninganefnd ríkisins varðandi viðræður á milli ríkisins og Sjúkraliðafélagsins um samninga. Það er ljóst að samningar hafa ekki tekist, en það er ekki hægt að kenna því um að samninganefnd ríkisins hafi af hálfu ríkisvaldsins látið undir höfuð leggjast að taka þátt í eðlilegum fundum til þess að freista þess að ná samkomulagi. Þetta finnst mér mjög mikilvægt að komi hér fram.

Varðandi hitt svo hvort þetta sé efnilegt til að ná samningum að borga ekki fyrir fram greidd laun, þá snýst málið ekki um það. Málið snýst um hitt að þannig hagar til hjá opinberum starfsmönnum að þeim eru greidd laun fyrir fram og það veldur þessum erfiðleikum sem menn hafa vitað um um nokkurra ára bil og koma fram í því að ekki er hægt og ekki er talið eðlilegt að greiða nema fram að þeim verkfallsdegi sem boðaður hefur verið.

[13:43]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég held að þarna sé um stefnu að ræða sem fjmrn. þarf að endurskoða. Það er alveg ljóst að þegar svona er staðið að málum þá hleypir það illu blóði í það fólk sem stendur í kjarasamningum. Eftir því sem ég best veit hafa sjúkraliðar leitað eftir samningum við ríkisvaldið svo mánuðum skiptir án þess að fá svör eða án þess að fá viðbrögð. Þeir hafa verið

lengi án kjarasamninga. En mergurinn málsins er þessi að það er mjög óeðlilegt að refsa fólki fyrir fram með þessum hætti áður en verkfall hefst. Það er auðvelt mál að gera þetta upp eftir á og ég skora á hæstv. fjmrh. að breyta þessari vinnureglu. Mér finnst þetta vera enn eitt dæmið um hin slæmu samskipti sem eiga sér stað milli ríkisvaldsins og starfsmanna þess. Við höfum fengið allt of mörg dæmi um það hér á undanförnum árum að verkföll hafa staðið svo vikum skiptir án þess að lausn hafi fundist. Sjúkraliðar eru mjög mikilvæg stétt og það mun skapast afar erfitt ástand á sjúkrahúsunum ef þessi deila leysist ekki og ég skora á hæstv. fjmrh. að ganga nú í það að ná samningum við sjúkraliða.

[13:44]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég vísa svona málflutningi á bug. Hér er verið að gefa það í skyn að samninganefnd ríkisins hafi ekki mætt sjúkraliðaforustunni á fundum til að ræða þessi mál. Þetta er alrangt. Það hefur aldrei staðið á ríkisvaldinu að standa í viðræðum við sjúkraliða. Það þýðir hins vegar ekki að samningar hafi ekki tekist. Ég hef sérstaklega spurst fyrir um það hvort það hafi nokkurn tíma komið fyrir og svo er ekki. Það kann að vera að hægagangurinn skýrist kannski frekar af því að sjúkraliðar vildu bíða eftir að samningar tækjust hjá öðrum aðilum til þess að geta tekið mið af slíkum samningum. Ég held að hv. þm. ætti aðeins að gá að því.

Í öðru lagi neita ég því að hlusta á eða taka mark á réttara sagt að það sé verið að refsa fólki fyrir fram þegar ljóst er að þarna er um fyrir fram greidd laun að ræða. Er það t.d. eðlilegt þegar verkfall er boðað eins og var hér á sínum tíma, það þekkja nú aðrir betur en ég, kannski 2. eða 3. dag mánaðar, að borga fyrir fram laun í heilan mánuð? Það er ekki verið að refsa neinum fyrir fram með því. Ég bendi á að viðsemjendur sjúkraliða eru fleiri, þar á meðal Reykjavíkurborg.

[13:46]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Þetta er vinnuregla hjá ríkinu sem ætti ekki að tíðkast. Það er ljóst að fólk var hýrudregið á alla línuna og það var ekki kannað hverjir væru í veikindaleyfi og hverjir væru í fæðingarorlofi. Það lá svo mikið á að draga af launum þessara starfsmanna. Mergurinn málsins er sá að þessir viðskiptahættir ríkisvaldsins og starfsmanna þess geta ekki haldið svona áfram. Eins og ég nefndi hér áður höfum við allt of mörg dæmi um það hvernig samskipti ríkisins við starfsmenn sína fara alltaf í hnút og við horfum upp á árleg verkföll sem valda ómældu tjóni og venjulegt launafólk er afar illa undir það búið að vera hýrudregið með þessum hætti. Ég held að það þurfi að skoða þessa vinnureglu, hæstv. fjmrh.

[13:47]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég er með bréf frá fjmrn. undir höndum sem er dagsett 26. október og er skrifað til sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva utan Reykjavíkur. Þar segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Þeir sjúkraliðar sem eru í launuðu barnsburðar- eða námsleyfi á meðan á verkfalli stendur skulu halda föstum launum. Sama gildir um biðlaun og lausnalaun" o.s.frv. (**KÁ:** En svarið?) Svarar þetta spurningunni? Ef þetta svarar spurningunni getum við látið þetta detta niður en ég vara eindregið við því að verið sé að búa til vandamál sem ekki er til staðar og ég staðhæfi að farið sé nákvæmlega eins að af ríkisins hálfu með þetta verkfall eins og önnur verkföll sem hafa orðið hjá opinberum starfsmönnum. Ég vil enn fremur láta það koma fram að ríkið hefur sama háttinn á og t.d. bæjarfélög, þar á meðal Reykjavíkurborg, sem hafa sjúkraliða í sinni vinnu. Ég held að það sé ekkert öðruvísi farið að hjá ríkinu en hjá þeim aðilum. Ég vona að það sem ég hef lesið hér upp úr bréfi sem ég var að skoða núna, en hef ekki séð áður, skýri a.m.k. afstöðu ríkisins til þessara mála.

Setning laga og reglugerða um lífræna búvöru.

[13:48]

Elín R. Líndal:

Virðulegi forseti. Ég er með fsp. til landbrh. Ég vil spyrja hann eftir því hvað líði setningu laga og reglugerða um staðla og lágmarkskröfur fyrir framleiðslu, úrvinnslu og viðskipti með lífræna búvöru. Í þeim gífurlega samdrætti í framleiðslu, sem orðinn er hjá bændum, er áhugi hjá hluta þeirra að reyna þessa leið en meðan ekki er búið að marka hana er ekki hægt að leggja upp í þá ferð. Síst er það hlutverk stjórnvalda að láta standa upp á sig í þessum efnum. Það er ekki tími hér til að fara yfir stöðu mála en ástandið er háalvarlegt og brýn nauðsyn er að taka á þeim bráða vanda sem fyrir liggur í sveitum svo ekki komi til hrun byggða. En það sem hér um ræðir eru langtímalausnir sem ekki koma til góða fyrr en eftir ótiltekinn árafjölda og því nauðsynlegt að það komist sem fyrst á hreint hvernig þeir bændur, sem ætla að taka þátt í þeirri vaxandi hlutdeild á heimsmarkaði, sem lífrænt ræktuð matvæli hafa, þurfi að breyta búskaparháttum sínum því að þær breytingar taka tíma.

[13:49]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Unnið er að þessu máli af fullum krafti. Ég veit ekki betur en menn séu að reyna að ljúka því eins fljótt og kostur er að nauðsynlegir staðlar komi upp varðandi lífræna framleiðslu og það er gert í fyllsta samráði við þá aðila sem hafa sýnt málinu áhuga og hafa huga á því. Auðvitað veltur allt á því að vel sé að undirbúningnum staðið. Við erum að tala um nýtt mál og þeir menn sem að því verki koma hafa kynnt sér öll sjónarmið og lagt sig fram um að hraða niðurstöðum.

[13:50]

Elín R. Líndal:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin og ég er ánægð með að það skuli vera unnið að málinu. Ég ítreka mikilvægi þess að lög og reglur komi

fram sem fyrst. Innanlandsmarkaðurinn er og verður mikilvægasti markaðurinn og þarf að sinna honum af kostgæfni. En bestu sóknarfærin kunna að liggja í útflutningi takist þar vel til.

Endurnýjun starfsleyfis Kísiliðjunnar í Mývatnssveit.

[13:51]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég beini orðum mínum til hæstv. umhvrh. Sú saga hefur verið á kreiki og hefur fengið byr undir báða vængi að undanförnu að í umhvrn. sé til einhvers konar leynisamkomulag þess efnis að þegar núgildandi starfsleyfi Kísiliðjunnar í Mývatnssveit renni út verði það ekki endurnýjað og að þegar núgildandi starfsleyfi var gefið út hafi legið fyrir loforð umhvrh. þess efnis að sett yrði í lög að námaleyfið yrði ekki framlengt frá þeim tíma sem þá var ákveðið. Nú vil ég gefa hæstv. umhvrh. tækifæri til þess að kveða þennan draug niður í eitt skipti fyrir öll ef svo er að fyrir þessu sé enginn fótur.

[13:52]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson):

Virðulegi forseti. Það er ekki svo að það sé neitt leynisamkomulag sem um er að ræða eða geymt er í skúffum í umhvrh. Ef hv. þm. Jóhannes Geir Sigurgeirsson hefði fylgst með því sem vatt fram á vorþinginu 1993 hefði hann getað heyrt það í fréttum að opinbert samkomulag var gert fyrir opnum tjöldum milli þáv. iðnrh. og þáv. umhvrh. um að binda vinnsluleyfið við árið 2010 og jafnframt yrði lagt fram stjfrv. því til staðfestu. Það frv. var síðan lagt fram í ríkisstjórninni af forvera mínum, Eiði Guðnasyni, og á ríkisstjórnarfundi 6. apríl 1993 var því frestað. Á ríkisstjórnarfundi 20. apríl sama ár var það falið hæstv. núv. landbrh. og þáv. umhvrh. að ganga frá málinu. Ekki náðist sátt um það milli þeirra tveggja þannig að það var einungis lagt fram til kynningar. Vegna þess að ég taldi að þarna hefði verið opið samkomulag við Náttúruverndarráð, m.a. með því að gera þetta mál með þessum hætti, þá hef ég tvisvar reynt að fá frv. samþykkt í ríkisstjórninni. Það hefur ekki tekist. Það hefur strandað á mönnum innan ríkisstjórnarinnar. Ég hef eigi að síður lagt það fram til kynningar bæði síðustu árin þannig að ég vísa því algerlega á bug að það sé eitthvert leynisamkomulag sem hér um ræðir. Það sem um er að ræða er einfaldlega samkomulag sem þáv. umhvrh. tók að sér að beita sér fyrir innan ríkisstjórnarinnar með þessum árangri.

[13:54]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Þetta er á við annað í vinnubrögðum hæstv. ríkisstjórnar að ráðherrar geri samkomulag við aðila í raun utan stjórnkerfisins, því að Náttúruverndarráð á sér enga stoð í okkar stjórnskipulagi, geri samkomulag við slíka aðila í svo afdrifamiklu máli þar sem undir eru hagsmunir og búseta heils byggðarlags. Að það eigi að gerast núna á árinu 1994 að ákveðið verði að framlengja ekki frá 2010. Þetta verð ég að segja að eru afar sérstök vinnubrögð og ég hlýt að vonast til þess að til þessa komi ekki og ég spyr hæstv. ráðherra hvort hann geri sér grein fyrir því hvaða afleiðingar það gæti haft ef þetta yrði lögfest á árinu.

[13:55]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Jóhannes Geir er stundum aftarlega á merinni en í þessu dæmi hefur hann gersamlega dottið aftan af henni vegna þess að hann þarf ekki að undrast það hér að eitthvert leynisamkomulag hafi verið gert. Þetta samkomulag var kynnt með fréttatilkynningu sem var send til allra fjölmiðla. Það var líka kynnt fyrir norðan þannig að ég vísa því algerlega á bug að hægt sé að kalla þetta eitthvert leynisamkomulag. Ekkert er óeðlilegt við það að minni hyggju að í svo viðkvæmu deilumáli sem þarna var uppi geri ráðherrann samkomulag um að beita sér fyrir málinu. Fyrrv. umhvrh. gerði það og mér er fullkomlega kunnugt um það vegna þess að ég var þá í iðnn. Alþingis og þar var þetta líka kynnt á sameiginlegum fundi iðnn. og umhvn. Ég hef eftir fremstu getu reynt að beita mér fyrir að þetta samkomulag verði haldið. Ég tel þetta alls ekki vond vinnubrögð eða ekki til eftirbreytni og segi það einungis að hv. þm. Jóhannes Geir ætti að fylgjast betur með fréttum til þess að koma ekki hérna þremur árum á eftir og spyrja um hvað hafi gerst fyrr á öldinni.

Forseti (Kristín Einarsdóttir):

Forseti vill minna hæstv. umhvrh. á ákvæði 54. gr. þingskapa um að kenna skuli þingmann við kjördæmi hans eða nefna hann fullu nafni.

[13:57]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Þó að ég sé ekki mikill hestamaður þá hygg ég að ég þurfi ekki að láta hæstv. umhvrh. kenna mér eitt né neitt varðandi það atriði. En ég ítreka spurningu mína til hæstv. umhvrh. sem hann veigraði sér við að svara og fór út í það eins og honum er lagið að fara þá frekar út í einhvers konar skæting. Hann svaraði því ekki hvort hann gerði sér grein fyrir því hvaða afleiðingar það gæti haft fyrir rekstur Kísiliðjunnar og það byggðarlag sem styðst við hana ef það væri lögfest á árinu 1994 að námaleyfi skyldi ekki framlengt. Ég vil biðja hæstv. ráðherra að svara þessari spurningu og íhuga það hvað þetta gæti í rauninni þýtt.

[13:58]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson):

Virðulegi forseti. Ef hv. þm. Jóhannes Geir Sigurgeirsson hefur eitthvað aðfinnsluvert við reiðlag mitt þá veit ég að honum stendur það nær sem bónda og eiganda fjölda góðra hrossa að gera sitt til þess að bæta það. Ég geri mér fullkomlega grein fyrir því að um er að ræða mikilvægt atvinnuspursmál fyrir Mývatnssveit. Ég hef kynnt mér þetta sjálfur. Ég fór þarna um í sumar m.a. til þess að kanna tilfinningar manna í þessu máli og geri mér það alveg ljóst að ef til þess kæmi og ef til þess kemur að verksmiðjan verði lögð

niður, sem gerist örugglega einhvern tíma í framtíðinni vegna þess að þarna er um að ræða auðlind sem er þverranleg og er takmörkuð, þá þarf auðvitað að skjóta stoðum undir atvinnulíf í byggðarlaginu. Það er alveg ljóst. Hins vegar vil ég rifja það upp fyrir hv. þm. Jóhannesi Geir Sigurgeirssyni hestamanni að það er nú svo að líftími verksmiðjunnar er liðinn miðað við það sem upphaflega var ætlað. Það veit ég að hv. þm. er kunnugt um þannig að ég er viss um að hann og aðrir góðir þingmenn úr þessu kjördæmi og öðru munu beita sér fyrir því að á einhvern hátt verði skotið traustum stoðum undir atvinnulífið í byggðarlaginu einmitt vegna þess hversu fyrirsjáanlegt þetta er.

Flutningur ríkisstofnana út á land.

[13:59]

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Í upphafi valdaferils síns skipaði hæstv. forsrh. nefnd til þess að gera tillögur um flutning stofnana út á land. Þar á meðal voru tillögur um það m.a. að flytja aðalstöðvar Rafveitu ríkisins til Egilsstaða eða Austurlands um Fljótsdalshérað ásamt fleiri tillögum. Meðan nefndin var að störfum þá setti þáv. hæstv. iðnrh. það mál í annan farveg og voru hafnar viðræður fyrir hans tilstilli við bæjarstjórn Akureyrar um stofnun fyrirtækis, hlutafélags um rekstur Rafmagnsveitna ríkisins. Nú spyr ég hæstv. iðnrh.: Hvar er þetta mál nú á vegi statt? Er ætlunin að vinna eitthvað í þessum stofnanaflutningi og finnst hæstv. iðnrh. eðlilega að þessum málum staðið?

[14:01]

Iðnaðarráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Ég held að það sé orðið vandlifað fyrir ráðherra sem vill beita sér fyrir flutningi ríkisstofnana út á landsbyggðina ef hann á að sæta því eins og hæstv. umhvrh. að það komi tillaga frá landsbyggðarþingmönnum um að af því tilefni skuli sett rannsóknarnefnd honum til höfuðs í þinginu. Það virðist því ekki vera að mikill áhugi sé á því hjá landsbyggðarþingmönnum að menn vinni að þessu farsæla máli. Ég get alveg tekið undir það með hv. þm. að það sé rétt og eðlilegt að skoða flutning stofnana út á landsbyggðina. Ég get líka staðfest að fyrrv. iðnrh. tók upp viðræður við Akureyrarkaupstað um hugsanlegt samstarf og samvinnu um eitt sameiginlegt orkufyrirtæki með Rafmagnsveitum ríkisins. Það mál hefur verið til umfjöllunar en ekkert sérstakt nýtt gerst í því. Það er verið að skoða ýmsar leiðir í sambandi við starfsemi Rariks sem ég ætla ekki að fara nánar út í á þessum fundi því að ég sé ekki líkur á því að það geríst mikið í þeim málum á næstu mánuðum.

[14:02]

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég átti svo sem von á því að það yrði farið að reyna að snúa út úr þessu máli og vitna til tillögugerðar um flutning embættis veiðimálastjóra sem var allt annað mál og kemur þessu máli ekkert við, kemur stofnanaflutningi ekkert við heldur þeim aðferðum sem við það var beitt. Ég frábið mér að því sé blandað inn í þessa umræðu vegna þess að hér er verið að ræða um áform um flutning stofnana sem voru kynnt af virðulegri nefnd sem hæstv. forsrh. skipaði. Það hefur komið berlega í ljós að það er ekki gerður nokkur skapaður hlutur til að fylgja þessu máli eftir. Það er þá eins gott að það vitnist og sé ekki verið að vekja væntingar af þessu tagi. Þetta eru forkastanleg vinnubrögð.

[14:03]

Iðnaðarráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Ekki batnar það þegar hv. þm. upplýsti að tillagan um rannsóknarnefnd á hæstv. umhvrh. væri vegna ráðagerða hans um að flytja embætti veiðimálastjóra út á landsbyggðina. Svo er nefnilega ekki. Það er veiðistjóri sem hann hyggst flytja þannig að þarna kastar nú tólfunum. Það er ekki aðeins að flutt sé tillaga um rannsóknarnefnd á ráðherra fyrir það að leyfa sér að flytja stofnun út á landsbyggðina heldur bætist nú við að mönnum er ekki ljóst hvaða stofnun það er. Væri þá ástæða til að leiðrétta tillöguflutning manna í því máli ef svona stendur.

Eins og ég segi hefur verið rætt við forsvarsmenn Rafmagnsveitna ríkisins og við forsvarsmenn á Austurlandi um tilflutning Rafmagnsveitnanna þannig að það er ekki rétt að ekkert hafi gerst í því máli, en vegna þeirra mörgu kosta sem menn hafa verið að skoða í þeim efnum þá get ég fúslega upplýst að þess er ekki að vænta að það gerist eitthvað í því máli á næstunni.

[14:04]

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Nú var hæstv. iðnrh. aldeilis heppinn að ég skyldi mismæla mig og segja veiðimálastjóri í staðinn fyrir veiðistjóri, enda var það uppistaðan í síðara svari hans um flutning aðalstöðva Rafmagnsveitna ríkisins á Austurland. Þessi umræða er náttúrlega skólabókardæmi um útúrsnúninga af hendi hæstv. ráðherra sem kom til af því að hann er alveg rökþrota í málinu. Það er alveg ljóst að ríkisstjórnin hefur verið að setja af stað verk af einhverjum ástæðum sem hún ætlaði sér aldrei að fylgja eftir.

Vegaframkvæmdir á Austurlandi, fyrri umr.

Þáltill. EgJ, 37. mál. — Þskj. 37.

[14:06]

Flm. (Egill Jónsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir tillögu sem ég flyt á þskj. 37 og orðast þannig, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að hlutast til um að gerð verði áætlun um byggingu og endurbætur vega í Austurlandskjördæmi sem miðist við að koma á samfelldu vegakerfi með bundnu slitlagi eftir öllu kjördæminu, auk vega til allra þéttbýlisstaða. Áætlunin miðist við að þessum verkefnum verði lokið um næstu aldamót."

Ástæðan fyrir flutningi þessarar tillögu er m.a. sú að um þessar mundir eru að nást miklir áfangar í þeim

fyrirheitum að hringvegurinn verði lagður bundnu slitlagi og við hann tengdir allir helstu þéttbýlisstaðir landsins. Í þessu sambandi rifjast það hér upp að þessi árangur hefur náðst í vegaframkvæmdum allt norður til Húsavíkur þegar farið er vestan og norðan lands. Hinum megin frá hefur þessi árangur náð því að komast austur á Breiðamerkursand og reyndar eru á þeirri vegáætlun sem enn er í gildi fjárveitingar til þess að ljúka við brú á Fjallsá. Það hillir þannig undir það að vel uppbyggður vegur með samfelldu bundnu slitlagi nái allt frá Höfn í Hornafirði til Húsavíkur þegar farið er um landið vestanvert.

Öðru gegnir þegar horft er til þeirra vega sem þar eru á milli um austanvert landið. Það hefur verið ofarlega í umræðunni um vegaframkvæmdir á næstunni að tengja saman Austur- og Norðurland með vegi um Möðrudalsöræfi. Má segja að mjög mikilvægar ákvarðanir hafi verið teknar í þeim efnum með því að hafin er uppbygging vegarins yfir Mývatnsöræfi og byggð hefur verið brú yfir Jökulsá á Dal auk þess sem hafinn er reglulegur snjómokstur á þessum vegakafla. Það hefur reyndar þegar komið í ljós að þessum ákvörðunum hefur verið vel tekið af fólki sem hefur lagt leið sína um þennan veg frá Austurlandi til Norðurlands. T.d. var í fyrravetur mikil umferð um þennan veg eftir að honum var haldið opnum með reglubundnum snjómokstri.

Ég er að sjálfsögðu mikill stuðningsmaður þessara vegaframkvæmda. Ég var mikill stuðningsmaður þeirra ákvarðana sem voru teknar fyrir tveimur árum um fjárveitingar til sérstakra verkefna í vegagerð og eru nú sem óðast að koma í ljós.

Þegar betur er hugað að málum þá ætti hitt að vera hverjum manni ljóst að mikil verkefni eru óunnin og sérstaklega er það í sumum kjördæmum. Mér sýnist að í þeim efnum sé kannski hlutur Austurlandskjördæmis einna lengst úti. Samkvæmt því sem Vegagerð ríkisins hefur gefið upp er áætlað að kostnaður við vegalagningu frá Biskupshálsi austur að Jökulsá á Dal kosti tæpan milljarð kr. og það liggur fyrir að óunnar framkvæmdir á hringveginum frá Fjallsá og austur í Reyðarfjörð kosti álíka upphæð. Það eitt að klára hringveginn með ströndum með þessum hætti kostar þannig um það bil 2 milljarða kr. Til viðbótar eru svo að sjálfsögðu ýmsir aðrir vegir óuppbyggðir í kjördæminu sem falla undir þau markmið vegáætlunar að tengjast hringveginum. Það hefur ekki verið lokið enn þá við tengingu við Seyðisfjörð, ekki við Borgarfjörð og ekki heldur við Vopnafjörð og Bakkafjörð. Þegar þessum árangri verður náð og tengingu frá Vopnafirði um Vopnafjarðarheiði að hringveginum þá hefur þessi tala tvöfaldast.

Samkvæmt því sem fyrir liggur þá skortir í vegaframkvæmdir í Austurlandskjördæmi um það bil 4 milljarða kr. Þetta eru að sjálfsögðu háar tölur og hluti af þeim framkvæmdum eru ekki innan þeirra markmiða sem ég er hér sérstaklega að mæla fyrir um.

Ég hef þess vegna, eftir að hafa farið yfir þessi mál, leitast við að vekja athygli á því með þessari tillögu hvernig mál standa í Austurlandskjördæmi að þessu leyti. Árlegar fjárveitingar hafa verið um 300 millj. kr. og með svipuðum hætti mundu framkvæmdir ná eitthvað fram á næstu öld sem auðvitað er óviðunandi miðað við það hvernig vegaframkvæmdir hafa þróast á síðustu árum. Umferð hefur aukist gífurlega mikið eins og væntanlega öllum hv. þm. er kunnugt um. Á þessari leið eru vegakaflar sem kosta mikið fjármagn en eru aftur á móti kannski ekki með ýkja langt vegakerfi. Þar nefni ég t.d skriðurnar sem eru í rauninni allt saman Ó-vegir eins og þær hafa verið skilgreindar. Þegar menn sjá fyrir um endalok vel uppborins vegar, að miklum hluta til hringvegarins, þá hljóta menn að þurfa að setjast niður yfir það að sjá fyrir um endalok þessara áforma og hvenær þau nást.

Nú um þessar mundir eru tveir áratugir liðnir frá því að Austurland var tengt við vegakerfið um Skeiðarársand. Það var, ef ég veit rétt, árið 1974 og hafa menn gjarnan vitnað til þess um þessar mundir hvaða breytingar hafa fylgt í kjölfar þeirrar ákvörðunar. Með sama hætti hljóta menn nú að leggja áherslu á að ljúka hringveginum með bundnu slitlagi og rjúfa einangrunina milli Austur- og Norðurlands með vel uppbornum vegi um Möðrudalsöræfi.

Ég hef þá skýrt þessa tillögu og lýk hér máli mínu.

(**Forseti** (KE)**:** Ég býst við að hv. þm. vilji leggja til að tillögunni verði vísað til samgn.)

Ég legg til að tillögunni verði að lokinni þessari umræðu vísað til síðari umr. og hv. samgn.

[14:17]

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég ætla aðeins að segja örfá orð við þessa umræðu um þá tillögu sem hér um ræðir. Hún fer að sjálfsögðu til samgn. og verður þar skoðuð. Efnislega er ég hjartanlega sammála tillögunni um að leggja slitlag á vegi á Austurlandi eftir öllu kjördæminu og til allra þéttbýlisstaða. Það er auðvitað það sem við hv. þm. Austurlands erum að stefna að. Eigi að síður er ég í svolitlum vafa um að hv. flm. hafi farið rétta leið að þessu.

Það er alveg rétt sem hann segir að mjög stór verkefni eru eftir í almennri vegagerð á Austurlandi og ekki síst vegna þess að framkvæmdir á hringveginum hafa verið í öðrum kjördæmum mestan part og það eru stór verkefni eftir á hringveginum á Austurlandi. Ég held að það sé verkefni Alþingis og það ríði á að fá breiða samstöðu um það að gera átak á næstu árum í því að klára bundin slitlög á vegum. Satt að segja eru þeir kaflar vega sem eru án bundinna slitlaga orðnir stórhættulegir og því hættulegri eftir því sem gerð bundinna slitlaga miðar fram. Átaks er því þörf. Ég ætla ekkert að gera lítið úr því að það hefur verið átak í gangi í vegagerð á liðnum árum og þessum málum hefur miðað fram. Það er alveg rétt. Austurland situr eftir að því leyti að stórir kaflar, m.a. á hringveginum, eru án bundins slitlags. Þetta á auðvitað að vera verkefni við endurskoðun vegáætlunar í vetur. Það á að fara fram heildarendurskoðun vegáætlunar í vetur og mikil þörf á að þá verði litið á þetta mál sérstaklega. Það er nauðsynlegt að skapa um það breiða samstöðu í Alþingi. Ég get ekki séð að það sé mál samgrh. eins

að fjalla um þessi mál. Við höfum kappkostað það og m.a. þingmenn Austurlands að vinna saman að framgangi vegamála í kjördæminu og ég vona að sú samstaða takist áfram og það verði góð samstaða um þau markmið sem þar er þörf á.

Ég hef áhyggjur af því að samkvæmt því sem sýnt er í fjárlögum nú verður ekki haldið áfram átaksverkefninu í vegamálum. Það er verið að hætta við það og það kemur okkur á Austurlandi í koll eins og annars staðar og ekki síst okkur af því að þar eru mikil verkefni eftir eins og rækilega er sýnt fram á í tillögugerð hv. 3. þm. Austurl. Eins og er hef ég mestar áhyggjur af því að minna fé er til framkvæmda á næstu árum en verið hefur síðustu árin. Það er því vafamál á þessu stigi hve okkur miðar fram til aldamóta.

Ef þessi tillaga um vegaframkvæmdir á Austurlandi þokar okkur fram þá er ekkert nema gott um það að segja. En ég hefði samt viljað að hv. flm. hefði reynt að ná víðari samstöðu um þessi mál innan þingsins en þessi tillögugerð sýnir. En tillagan fjallar um gott mál. Hún fjallar um það að þoka áfram vegagerð á Austurlandi og bendir á það sem þar er eftir sem eru mikil verkefni í almennri vegagerð og mikil nauðsyn að þeim þoki áfram á næstu árum vegna þess að þeir kaflar t.d. á hringveginum sem eftir eru eru beinlínis stórhættulegir þegar vegakerfið hefur batnað svo sem raun ber vitni.

Ég vildi undirstrika það að um vegamál almennt og um vegamál á Austurlandi verður að nást góð samstaða í hv. Alþingi. Ég vona að sú vinna sem verður við þessa tillögu í hv. samgn. þegar hún kemur þangað auki þá samstöðu þannig að það verði litið á málefni Austurlands með sérstökum skilningi þegar kemur til þess að afgreiða endurskoðun vegáætlunar í vetur. Ég vil áfram vinna í góðu samkomulagi og góðu samstarfi við þingmenn Austurlands í því efni.

[14:24]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Annaðhvort er þessi tillaga sýndarmennskutillaga, og í besta falli er hún það líklega, eða, sem er verra en ég held að maður verði að draga þá ályktun að það sé reyndin, hún er yfirlýsing um það að hv. þm. Egill Jónsson, sem á sæti í samgn. þingsins, hafi orðið undir í átökum um það hvað eigi að gera í vegamálum. Það stendur yfir endurskoðun á þessum málum og í vetur á að leggja fyrir þingið endurskoðaða vegáætlun. Ég trúi því ekki að hv. stjórnarliðar hafi ekki rætt í alvöru hvaða verkefni það eru sem ættu að breytast í þeirri vegáætlun og þess vegna hef ég miklar áhyggjur af því að hér skuli vera komið fram þingmál af þessu tagi.

Ég vék mér að hæstv. ráðherra frammi áðan. Hann var að ganga út úr dyrum og ég spurði hvort hann ætlaði ekki að vera við þessa umræðu og gefa til kynna sína afstöðu til þessara mála. Hann hélt nú ekki. Hann hefði öðru þarfara að sinna. Mér finnst það ekki benda til að hægt sé að vonast til að þetta sé bara sýndarmennskutillaga. (**Gripið fram í:** Ha.) Ég held sem sagt að hv. tillöguflytjandi og hans sjónarmið hafi orðið undir og þess vegna sé full ástæða til þess fyrir samgn. þingsins að reyna að fara vel yfir þessi mál til þess að bjarga þeim verkefnum sem hér er verið að tala um.

Nú ætla ég ekki að lýsa því yfir að mér finnist nákvæmlega þeir hlutir sem hér eru settir fram um verkefnaval þeir einu réttu. En ég er a.m.k. á þeirri skoðun að það þurfi að taka sérstaklega á málefnum Austurlands í endurskoðun vegáætlunarinnar og þess vegna hef ég áhyggjur af því að málið skuli bera að með þessum hætti. Í þessari tillögu eru góð áform sem eiga heima í vegáætluninni og þarf að fara yfir og vinna að þar. En það er ekki líklegt að það eigi að taka á þeim miðað við þennan aðdraganda. Og líka það að ríkisstjórnin hefur fallið algerlega frá hugmyndum um átak í vegamálum. Þær 450 millj. sem áttu að koma fyrir árið 1995 eru ekki í fjárlagafrv. og það er niðurskurður á mörkuðum tekjustofnum í fjárlagafrv. upp á 275 millj. Það er því um 800 millj. kr. minna fjármagn til vegamála á næsta ári en var á því síðasta og sjálfsagt hægt að tína upp fleiri tölur í því sambandi. Eins og þetta lítur út í fjárlagafrv. þá sýnist mér þetta vera svona í fljótu bragði. Þetta átak í vegamálum sem menn voru að tala um er greinilega liðin tíð og hugmyndir hæstv. forsrh. um einhvers konar viðbætur í þessu efni eru ekki heldur á blöðum og líklega líka liðin tíð.

Ég tel að það þurfi að fara mjög vandlega yfir þær hugmyndir sem menn eru að leggja fram og auðvitað á að endurskoða svona hluti í einu lagi. Almennt um þennan tillöguflutning vil ég segja það að mér finnst þetta fráleitt. Ég tel að það eigi ekki að koma þáltill. um átök í einstökum landshlutum. Það á að takast á við þetta heildstætt í endurskoðun á vegáætlunni þannig að menn beri saman allar þær framkvæmdir sem fyrirhugaðar eru og raði þeim að nýju upp í tímaröð eftir því mikilvægi sem menn telja að hafi breyst á hverjum tíma. Þannig á auðvitað að vinna að þessu. Kannski hefur hv. þm. Egill Jónsson lagt fram þetta frv. meðan hann stóð í kosningabaráttu fyrir austan til þess að vekja athygli á sínum störfum í þinginu. Ég vona að það sé einmitt þannig og það sé ekki hin ástæðan sem ég var að telja fram. Eitt er þó alla vega víst að hæstv. ráðherra var ekkert hrifinn af þessari tillögu.

[14:28]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í sambandi við þau ummæli hv. 3. þm. Vesturl. áðan um afstöðu samgrh. til þessa máls þá vil ég aðeins geta þess að mér finnst sjálfsagt að hann verði inntur eftir viðhorfi sínu til málsins. En það getur naumast talist eðlilegt að hv. þm. sé að vitna í einhver samtöl úti á gangi og beri síðan afstöðu ráðherrans hingað í salinn. Það eru ekki vinnubrögð sem almennt tíðkast og getur ekki talist eðlilegt að standa þannig að málum.

[14:29]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta er greinilega mjög viðkvæmt mál, já. Ég tel reyndar að ekkert sé athugavert við það þó að menn hafi eftir einhver samtöl sem þeir hafa átt við hæstv. ráðherra. Ég vildi gera það til öryggis þeg-

ar ég sá að hann gekk til dyra að athuga hvort hann ætlaði ekki að vera við þessa umræðu til þess að það þyrfti ekki að fara að ónáða hæstv. forseta með því að biðja um að hann yrði kallaður í hús. Ég bið þess vegna ekki um það vegna þess að ég veit að það er ekki um það að ræða að hægt sé að fá hann til baka. Þess vegna spurði ég hann um þetta og ég sé ekkert athugavert við það og ber það hér þess vegna fram. Ég hefði getað farið hina leiðina að biðja forseta að hafa upp á ráðherranum og fá síðan þau svör að hann gæti ekki hér komið og tafið tíma þingsins á því sem ég fyrir vissi. En ég taldi enga ástæðu til þess.

[14:30]

Gunnlaugur Stefánsson:

Virðulegur forseti. Að sögn hv. flm. þessarar þáltill. er tilgangurinn með henni að vekja athygli á því hvernig mál standa í sambandi við vegagerð á Austurlandi. Ég trúi því að að baki liggi góður hugur hjá hv. flm. og með þessum tillöguflutningi vilji hann í raun eins og hann segir orðrétt sjálfur vekja athygli á stöðu þessara mála. Um það má vissulega deila hvort þetta hafi verið rétt og skynsamleg aðferð að bera þetta mál upp með þeim hætti sem hv. flm. gerir hér. Um það hefur verið deilt nú þegar hér úr ræðustól og ætla ég ekki á þessu stigi að leggja mat á það.

Þessi till. til þál. liggur hér fyrir og fjallar um það að gerð verði áætlun um byggingu og endurbætur vega í Austurlandskjördæmi. Það er alveg hárrétt að það þarf að leggja áherslu á vegamálin á komandi árum, sérstaklega hvað varðar Austurlandskjördæmi, en á það vil ég leggja sérstaka áherslu að það hefur verið staðið vel að verki í vegamálum á Austurlandi og annars staðar á landinu sl. þrjú ár. Og það hefur verið gert undir forustu núv. ríkisstjórnar.

Það væri afar fróðlegt ef hv. þm. stjórnarandstöðunnar, t.d. hv. 3. þm. Vesturl., mundu taka sér það verkefni fyrir hendur að bera saman framlög til vegagerðar á yfirstandandi kjörtímabili eða á því síðasta. Það hafa farið fram sérstök átaksverkefni sem hafa skilað stórum og miklum vegabótum. Því ber vissulega að fagna. Spurningin er síðan sú hvernig við stöndum að frekari uppbyggingu í samgöngumálum þegar við horfum til framtíðar. Hv. þm. Egill Jónsson flytur till. til þál. þar sem hann leggur til að það verði gerð sérstök áætlun um Austurlandi. Ég hef nú litið svo á að allir hv. þm. Austurlandskjördæmis væru að vinna að því, hafi verið að vinna að því á yfirstandandi kjörtímabili og muni takast á við það verkefni í sambandi við endurskoðun vegáætlunar sem nú stendur yfir og verður lögð fyrir hv. Alþingi ekki seinna en eftir áramót. Hv. þm. Egill Jónsson hefur tekið virkan þátt í þessum störfum og í þessari áætlanagerð allt fram að þessu og trúi ég svo að verði áfram.

En stóra spurningin er alltaf þessi: Hve miklu fjármagni treysta hv. alþm. sér til þess að verja til samgöngumála? Þessi hæstv. ríkisstjórn hefur metið það svo að leggja meiri fjármuni til vegagerðar en t.d. fyrrv. ríkisstjórn. Það liggur ljóst fyrir. (**JÁ:** Þetta er bara rugl, hv. þm.) Þannig hefur þessi hæstv. ríkisstjórn gert betur í þeim efnum en margar fyrri, enda tala verkin út um allt land.

En í sambandi við þá setningu er hv. þm. Egill Jónsson sagði, að hlutur Austurlands væri lengst úti, hann sagði það orðrétt, hann sagði að hlutur Austurlands væri lengst úti, þá er þetta merkileg yfirlýsing og kannski athyglisverð uppgötvun, en á þetta hef ég nokkrum sinnum bent að það þurfi að fara fram sérstakt átak í Austurlandi vegna þess að aðstæður þar eru á margan hátt mjög ólíkar því er gerist annars staðar á landinu. Þess vegna fagna ég yfirlýsingu hv. 3. þm. Vesturl. Jóhanns Ársælssonar þess efnis að þetta þurfi að skoða sérstaklega og trúi ég því að hann muni beita sér fyrir því innan síns flokks og hér á hinu háa Alþingi ásamt okkur hv. þm. Austurl. að þetta megi ná fram að ganga.

Virðulegur forseti. Það reynir á það hvort hv. þm. eru tilbúnir til þess að standa saman að frekari uppbyggingu í samgöngumálum nú á næstu árum og þar verða hv. þm. að velja í millum hvernig verja á fjármunum. Þessi hæstv. ríkisstjórn hefur sýnt það í verkum sínum á yfirstandandi kjörtímabili. Nú er komið að því að spyrja til framtíðar og vonandi fá samgöngumálin áfram þann verðuga sess sem þeim ber.

[14:36]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. 5. þm. Austurl. var hér nokkuð brattur vegna frammistöðu ríkisstjórnarinnar í vegamálum og ég tók það reyndar fram í minni ræðu áðan að hér hefðu verið í gangi átaksverkefni. Hins vegar vantaði alveg í ræðu hv. þm. að það hefur ítrekað komið fram hjá ráðherrum ríkisstjórnarinnar, m.a. hæstv. fjmrh., að þessar framkvæmdir hafi verið fyrir lánsfé og það þurfi að endurgreiða þetta fé á næstu árum og það er áreiðanlega verkefni næstu vegáætlunar að taka afstöðu til þess hvenær þær endurgreiðslur hefjast. Mér er ekki kunnugt um það hvenær það verður og veit ekki til að það sé ákveðið en það er nauðsynlegt a.m.k. þegar hv. þm. er í þeim ham að lofa sína ríkisstjórn, sem ég ætla í sjálfu sér ekkert að lasta, að þeir taki það þá fram að þetta er fé sem eftir er að greiða en ekki óafturkræft framlag.

[14:38]

Gunnlaugur Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það hefur nú verið svo um nokkurra ára skeið, átta eða níu ára skeið, að ríkissjóður hefur verið rekinn með miklum halla. Það er ekki nýtt í tíð hæstv. núv. ríkisstjórnar að ríkissjóður hafi verið rekinn með halla þó að sá halli sé e.t.v. minni en tölur vitna um frá fyrri hæstv. ríkisstjórn t.d. Ekki trúi ég því að hv. þm. Jón Kristjánsson ætli að halda því hér fram að ýmsar þær framkvæmdir, sem þáv. hæstv. ríkisstjórn stóð að, séu enn ógreiddar og ætlist til þess að framtíðin sjái um að borga þær framkvæmdir niður en ekki hann sem stuðningsmaður þáv. hæstv. ríkisstjórnar. Því miður er það svo að okkur hefur ekki tekist að halda fjárlögum innan þeirra marka sem við helst vildum af því að við teljum að það séu brýn verkefni sem þurfi að ná fram að ganga. Það er nú svo með framkvæmdir í vegamálum að þær hafa hingað til verið taldar allarðbærar og arðsamar, ekki einvörðungu gagn-

legar heldur mjög arðsamar þannig að þær gætu gefið af sér á ýmsum sviðum t.d. í öflugra atvinnulífi og til að styrkja búsetuna þannig að þeir peningar sem til baka koma megi standa undir þessum auknu framkvæmdum sem núv. hæstv. ríkisstjórn hefur staðið að.

[14:40]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hygg að hv. 5. þm. Austurl. hafi ekki alveg verið með á því hvað ég var að fara. Það er í sjálfu sér rétt hjá honum að ríkissjóður hefur framkvæmt ýmis mál fyrir lánsfé og halli á ríkissjóði hefur verið viðvarandi nú um nokkurt skeið. Það þarf að jafna hann með lánsfé innan lands eða erlendis. Þetta vitum við mætavel. En hitt er svo staðreynd og það er það sem ég vil láta koma fram varðandi þessa umræðu hér að átaksverkefnin í vegagerð eiga samkvæmt yfirlýsingum m.a. hæstv. fjmrh. að endurgreiðast með tekjum Vegasjóðs á næstu árum þannig að þær endurgreiðslur hljóta að hafa hrein áhrif á vegagerð næstu ára nema þá þessar tekjur verði auknar sem ég vona að við tökum á áfram í vegagerð og látum hér ekki staðar numið í miðju kafi. Það eru ekki góð tíðindi fyrir okkur Austfirðinga og ég hygg nú að m.a. hv. 3. þm. Austurl. hafi verið að vekja athygli á þessu með tillögugerðinni þó að ég sé ekki sáttur við hvernig hún er fram sett.

[14:42]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég verð að segja það alveg eins og er að mér finnst þetta harla sérkennilegur tillöguflutningur sem hér er á ferðinni. Nú er það auðvitað ekki svo að samgöngubætur jafnt á Austurlandi sem og annars staðar séu ekki brýnar og þarfar og um það er yfirleitt held ég ríkjandi mjög góð samstaða í landinu að samgöngubæturnar eru eitt af því allra brýnasta og mikilvægasta sem við þurfum að ráðast í. En það er mjög sérkennilegt að sjá hér stjórnarþingmann og reyndan þingmann, hv. 3. þm. Austurl., koma og flytja tillögu af þessu tagi sem er auðvitað út í hött, algerlega út í hött, þegar að því er gáð hvernig lög mæla fyrir um framkvæmdir á þessu sviði. Hefur hv. þm. Egill Jónsson virkilega afrekað það að sitja hér á Alþingi í yfir 10 ár, 15 ár eða hvað það nú er án þess að hafa nokkurn tíma lesið vegalögin? Þekkir hv. þm. ekki til þess hvernig lög mæla fyrir um framkvæmdir í vegamálum og skipulag þeirra mála? Það verður ekki ráðið af orðalagi þessarar ályktunartillögu sem virðist ganga út á það að gerð verði sérstök ályktun og áætlun um vegaframkvæmdir í Austurlandskjördæmi alveg utan við og óháð öllu öðru og það sé unnið með allt öðrum hætti heldur en annars er gert, sem sagt, samgrh. eigi einn að gera svona ályktun, setja henni tímamörk o.s.frv.

Hvernig er þetta, hæstv. forseti, þegar betur er að gáð? Þá er þetta þannig að meira að segja í nýsamþykktum vegalögum sem tóku við af eldri lögum eru nákvæmlega sömu ákvæðin og gilt hafa um þetta um árabil, mæla með mjög skýrum hætti fyrir um það að samgrh. skal að fengnum tillögum vegamálastjóra leggja fyrir Alþingi till. til þál. um vegamál og í þeirri tillögu skal gerð grein fyrir fjáröflun fyrir fyrirhuguðum framkvæmdum og útgjöldum sundurliðuðum eftir helstu framkvæmdaflokkum. Svo segir enn fremur: „Við meðferð tillögunnar fyrir Alþingi skal ákveða skiptingu útgjalda til einstakra framkvæmdaliða og skal tillagan afgreidd í endanlegu formi sem þál. um vegáætlun fyrir fjögurra ára tímabil.“ Og það er meira að segja sagt í þessari núverandi 18. gr. vegalaga, að ef fé til vegagerðar skyldi nú verða ráðstafað inn í þann málaflokk með öðrum hætti, t.d. á grundvelli landshlutaáætlana eða eitthvað svoleiðis, þá skal það samt fara inn í vegáætlun og Alþingi skipta því með slíkum hætti.

Sama orðalag er í 28. gr. um langtímaáætlun í vegamálum, alveg sama orðalag. Hlutverk ráðherra og Alþingis er skilgreint með sama hætti. Þegar þetta er skoðað, þá er það auðvitað þannig að hafi leikið vafi á því að ónefnd vantrauststillaga hér um daginn væri þingleg, hæstv. forseti, þá má reisa enn meira spursmál yfir höfuð um það hvort þetta sé yfir höfuð þingtækur pappír því að hann gengur algerlega á skjön við skýr fyrirmæli gildandi laga um framkvæmdir á þessu sviði, algerlega á skjön við það. Og auðvitað er þetta í raun og veru hin argasta sýndarmennska, að flytja tillögu af þessu tagi. Það verður að kalla það bara þeim nöfnum sem því hæfir. Ef hv. þm. Egill Jónsson vill vekja athygli á bágu ástandi vega á Austurlandi, vill leggja því lið að meira fé komi til framkvæmda á því sviði og þar, þá eru til aðrar og eðlilegri leiðir til þess en þetta. Þá á hv. þm. í fyrsta lagi að mótmæla niðurskurði á vegafé, þá á hv. þm. í öðru lagi t.d. að tala þegar hér er til umræðu fjárlagafrv. og segja: Þetta gengur ekki að það sé svona naumt skammtað til vegamála því það þarf að gera meira á Austurlandi. Og þá á hv. þm. í þriðja lagi að tala þegar vegáætlun kemur, en síðast en ekki síst ætti hv. þm. sem stjórnarliði að berjast þá fyrir því að fjárveitingar væru auknar í þessum efnum. Eða dettur hv. þm. Agli Jónssyni það í hug að þingmenn annarra kjördæma mundu una því að Austurland fengi einhverja sérstaka meðhöndlun af þessu tagi, alveg sér-„behandling“? Og á hvaða grundvelli ætti það að vera? Er ástand vegamála á Austurlandi verra en t.d. á Vestfjörðum? Ég leyfi mér að fullyrða að svo sé ekki og með því er ég þó ekki að gera lítið úr mikilvægi þess að unnið sé að samgöngubótum á Austurlandi eins og annars staðar. En það er bara víðar um mikilvæg verkefni að ræða og reyndar út um allt land og það gildir ákveðin skiptingarregla til þess að reyna að vega og meta þörfina eins og hún er með hliðsjón af lengd vegakerfis, umferðarþunga og öðrum slíkum þáttum. Þetta eiga reyndir alþingismenn að þekkja. Og þekki þeir til þeirra hluta en flytji samt svona tillögur, þá er það sýndarmennska, væntanlega ætluð til heimabrúks, en ég hef enga trú á því að hv. þm. slái miklar keilur á því gagnvart vel upplýstum kjósendum á Austurlandi, að fara svona billegar leiðir í málflutningi og tillöguflutningi. Það er harla nöturlegt, hæstv. forseti, að standa frammi fyrir svona pappír.

Staðreyndin er sú að þegar síðasta langtímaáætlun var til meðhöndlunar hér á Alþingi þá var það mat Vegagerðarinnar að það væri a.m.k. 25 ára verkefni að koma meginvegakerfi landsins í þokkalegt horf og þá er að sjálfsögðu átt við landið allt en ekki bara Austurland. Okkur væri, held ég, nær að ræða það og sameinast um það hvernig við getum staðið þannig að vegamálum að þessu verkefni í heild sinni þoki áfram. Það bíða gríðarlegar framkvæmdir í öllum landshlutum, og líka hér á höfuðborgarsvæðinu, sem óumflýjanlegt er að ráðast í. Því er tillöguflutningur af þessu tagi náttúrlega eins og út úr kú. Af hverju koma ekki hér upp einhverjir hv. þm. Reykvíkinga t.d. og láta í sér heyra með sínar áherslur eða Vestfirðinga? Ef menn vildu gera grín að þessum tillöguflutningi væri náttúrlega langeinfaldast að flytja hérna sjö samhljóða tillögur, eina um hvert kjördæmi. Þær ættu nákvæmlega jafnmikinn rétt á sér eins og þessi tillaga um Austurland, að Alþingi álykti að fela samgrh. að hlutast til um að gerð verði áætlun um byggingu og endurbætur vega í Suðurlandskjördæmi, í Vestfjarðakjördæmi, á höfuðborgarsvæðinu o.s.frv. En það mundi bara undirstrika fáránleika þess að nálgast þetta viðfangsefni með þessum hætti.

Það sem er hins vegar aðaláhyggjuefnið er hinn mikli niðurskurður á framkvæmdafé til vegamála sem nú er í gangi. Það er verið að skera niður nýframkvæmdir samkvæmt fjárlagafrv. um á annan milljarð kr. Ætli það séu ekki um 1.122 millj. ef lagðir eru saman nýframkvæmdaliðurinn, fjallvegir o.s.frv. Og varðandi það mont sem hér var í frammi haft áðan af hv. þm. 5. þm. Austurl. um að þessi ríkisstjórn hefði staðið sig vel í vegamálum. Ja, við skulum fara yfir það og það gefst betri tími til þess við tækifæri. Staðreyndin er sú að ef lagt er saman það sem á þessu kjörtímabili kemur til vegaframkvæmda fyrir eigið aflafé Vegagerðarinnar þá er það lítið en ekki mikið borið saman við fyrri ár. Framkvæmdaátakið upp á 2.450 millj. kr. er lánsfé. Um það er held ég ekki deilt, því miður. Og þar með þýðir að það kemur að skuldadögunum og það dregur úr framkvæmdagetu Vegagerðarinnar, sem því nemur, á næstu árum þegar það lán verður borgað niður. Þar með er ég ekki að segja að það hafi ekki getað verið réttlætanlegt að taka slíkt lán, en menn eiga að tala um hlutina eins og þeir eru. Lán er eitt, framlag er annað. Þannig að það væri nær að ræða slíka hluti hér og kanna þá hvort til er í landinu pólitísk samstaða um að stórauka framlög til vegamála, en ekki flytja sýndarmennskupappír af þessu tagi, sem er auðvitað til skammar fyrir reynda þingmenn.

[14:50]

Gunnlaugur Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. 4. þm. Norðurl. e., Steingrímur J. Sigfússon, hélt því hér fram að Austurlandið ætti ekki að fá, orðrétt, „sérstaka meðhöndlun". Verkefnin væru svo mörg, stór og brýn í öllum kjördæmum, m.a. hér á höfuðborgarsvæðinu, að það væri engin þörf á því að Austurland fengi sérstaka meðhöndlun. Þessi afstaða hv. þm. er í blóra við afstöðu hv. 3. þm. Vesturl., sem hélt hinu gagnstæða fram um að það væri kominn tími til, eða þannig skildi ég orð hans, að efla hlut Austurlands vegna sérstakra aðstæðna sem þar væri við að etja. Þarna eru skiptar skoðanir í sama stjórnmálaflokki og það veldur mér vonbrigðum að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon skuli koma hér og sérstaklega snupra flokksbróður sinn, hv. þm. Jóhann Ársælsson, með þessum hætti. Ég hefði trúað því að hv. þm. Jóhann Ársælsson hefði verið búinn að kanna stöðu þessara mála í sínum þingflokki, en svo er ekki. Um þetta virðist vera ágreiningur. En ég skora á hv. þm. Steingrím J. Sigfússon að skoða málið aðeins í víðara samhengi og sjá að það hefur einmitt verið sameinast um sérstaka meðhöndlun í einstökum kjördæmum, t.d. á Vestfjörðum í sambandi við jarðgangagerð og m.a. í hans kjördæmi í sambandi við jarðgöng til Ólafsfjarðar.

[14:52]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta er nú þvílík þvæla í hv. ræðumanni að það er varla svaravert. Það kom enginn ágreiningur fram milli okkar þingmanna Alþb. sem um þetta töluðu. Við þvert á móti gagnrýndum báðir þessa tillögu og bentum á veilurnar í því að standa svona að málum. Og af því að hv. þm. nefndi hér jarðgöng og sérverkefni í vegamálum þá eru þau einmitt ágætt dæmi um það hvernig á að leysa slík mál. Þetta er dæmi um hið gagnstæða. Þetta er dæmi um það hvernig á ekki að gera þetta. Það sem ég var að segja er það að Austurlandskjördæmi á að lúta sömu reglum um framkvæmdir í vegamálum og önnur kjördæmi landsins. Allt annað er tóm della. Ef menn komast að þeirri niðurstöðu að vegakerfið á Austurlandi hafi dregist svo mikið aftur úr að það þurfi meira fé í það, hvernig á þá að taka á því? Það á að taka á því innan vegáætlunar og innan ramma vegalaga að sjálfsögðu. Þá setjast menn niður í samgöngunefnd þingsins og segja: Er ástandið þannig að það er verið að hækka hlut Austurlands, skiptaprósentuna til Austurlands? Eru rök fyrir því, eru þar meiri verkefni eftir ónunnin en annars staðar? Og þá gera menn það þar eins og gert var með jarðgöng á Norðurl. e. og Vestfjörðum. Það var einmitt leyst í tengslum við afgreiðslu vegáætlunar 1989, þegar svonefnd sérverkefni voru skilgreind, búinn til sérstakur flokkur sem laut öðrum skiptareglum heldur en vegaframkvæmdir almennt. Þá var nákvæmlega unnið að því þannig að það var tekið á því í tengslum við afgreiðslu vegáætlunar og það var hluti af þeirri heild sem heita vegaframkvæmdir á Íslandi. Þessi hólfunarhugsunarháttur er auðvitað út í hött. Eða vilja menn fara til baka til þess tíma að þingmenn einstakra kjördæma standi gráir fyrir járnum og sláist hér um krónurnar á hverju ári? Ég vona að guð forði mönnum frá því og menn reyni að standa saman um þá skynsemi sem er fólgin í langtímaáætlunum í framkvæmdum af þessu tagi og samstöðu þingmanna um allt land varðandi það hvernig að svona framkvæmdamálum er staðið. Það væri afturhvarf til miklu óheilbrigðari hátta í þessum málum ef hugsunarháttur af þessu tagi yrði hér ríkjandi.

[14:54]

Gunnlaugur Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég fagna því að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon er um þessar mundir að skipta um skoðun frá því að hann hélt ræðu sína hér fyrir stuttu síðan. Hann sagði orðrétt, að Austurland þyrfti ekki sérstaka meðhöndlun og rakti síðan að það væru brýn verkefni í öllum kjördæmum og m.a. hér í Reykjavík. Nú í seinni ræðu sinni undir andsvari þá er hann að færast nær skoðun hv. þm. Jóhanns Ársælssonar og hv. þm. Egils Jónssonar og skoðunar minnar um að það væri sérstök ástæða til að efla hlut Austurlands af því að aðstæður væru þar um þessar mundir mjög sérstakar. Um þetta var verið að fjalla.

[14:56]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er náttúrlega afar erfitt að eiga orðastað við þingmenn sem eiga ekkert erindi annað í þennan ræðustól heldur en útúrsnúningana eina, eins og hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson, 5. þm. Austurl. Og það er náttúrlega langt fyrir neðan virðingu þingmannsins að vera að reyna frammi fyrir öllum að snúa svona út úr orðum manna, eins og hann hefur gert hér ítrekað. Að ég hafi staðið hér og skipt um skoðun í vegamálum á einu augnabliki undir áhrifum af hinni göfugu og merku ræðu sem þingmaðurinn flutti hér áðan, það er misskilningur. Ég hef talsvert hugsað um vegamál og glímt við þau og það þarf meira til en hv. þm. Gunnlaug Stefánsson, merkur sem hann er, til þess að róta til grundvallarsannfæringum mínum í þessum málum. Ég er alveg sannfærður um það, eftir að hafa skoðað þennan málaflokk mikið og fylgst með honum um 10, 12, 15 ára skeið, að eitt af bestu skrefum sem menn hafa tekið í þessum efnum var upptekt framkvæmdaáætlananna. Það er það skipulag sem vegalögin ganga út frá og mæla skýrt fyrir um það að hlut kjördæmanna skuli skipt á tilteknum grundvelli samkvæmt vegáætlun og um það snýst þetta mál. Hv. þm. hefur haft alger hausaskipti á málinu. Hann tekur hér tillögu um það að Austurland sé bara eitt í heiminum og framkvæmdir þar eigi að lúta allt öðrum lögmálum og notar hana með þessum hætti í sínum málflutningi. Þetta er misskilningur. Og ég hef heldur aldrei sagt að ég væri orðinn þeirrar skoðunar að vegamál á Austurlandi væru í svo slæmu horfi að þau þyrftu endilega meira en þau hafa fengið af hlutfalli undanfarin ár. Ég er ekki búinn að sannfærast um það. Ég er líka sæmilega kunnugur vegakerfinu t.d. á Vestfjörðum. Þar er gríðarlega langt malarvegakerfi óuppbyggt. Ég þekki ágætlega vegakerfið á Norðurlandi. Þar eru gífurleg verkefni í báðum kjördæmum, sérstaklega þó á Norðurlandi eystra. Svo ég nefni nú bara eitt verkefni, norðausturleiðina frá Húsavík og austur á Vopnafjörð, sem hv. þm. ætti að muna eftir því hún nær að hluta til inn í hans kjördæmi. Þannig að ég er ekki búinn að sjá það að búið sé að sýna fram á, þegar við munum svo eftir framkvæmdaþörfinni hér á höfuðborgarsvæðinu, að það hafi skapast forsendur til að breyta mikið skiptaprósentunni sem við lýði hefur verið undanfarin ár, enda er hún ekki tilviljun. Hún er vandlega grundvölluð með tilliti til umferðarþunga, lengdar vegakerfis og fleiri slíkum þáttum.

[14:58]

Flm. (Egill Jónsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka þá umræðu sem hér hefur farið fram. Hún undirstrikar náttúrlega gagnsemi þess tillöguflutnings sem hér er til umræðu.

Ég hlýt sérstaklega að fagna ræðu hv. 2. þm. Austurl., sem í rauninni tók undir þessa tillögu og reyndar undrar mig það nú ekki. En það sem ég átti afskaplega erfitt með að skilja í hans ræðu voru efasemdirnar um það hvort hér væri farin rétt leið í tillöguflutningi. Ég þarf reyndar ekki sérstaklega að leita eftir fordæmum í störfum þingbræðra minna af Austurlandi, en þannig vill til að þeir hafa verið býsna duglegir að flytja tillögur um vegamál á Austurlandi. Framsóknarmenn fluttu t.d. tillögu hér ár eftir ár um jarðgöng á Austurlandi, svo að hv. þm. getur af þeirri ástæðu hætt að hrista höfuðið.

Hv. 4. þm. Austurl., Hjörleifur Guttormsson, hefur flutt líklega á hverju einasta ári tillögu um vegagerð á Austurlandi. Ég held að sá tillöguflutningur hafi meira að segja skilað árangri. Hann hefur t.d. haldið uppi stöðugri umræðu um vegasambandið á Breiðamerkursandi og hann flytur núna í annað skipti tillögu um vegasamband allt árið milli Austurlands og Norðurlands. Þannig að þeir stjórnmálaflokkar sem eiga þingmenn á Austurlandi, þá fyrir utan hv. 5. þm. Austurl., hafa allir notað sams konar vinnubrögð í þessum efnum. En þó að þau fordæmi hefðu ekki verið fyrir hendi þá hefði ég náttúrlega ekki þurft að spyrja leyfis um það hvaða leiðir ég veldi til þess að koma mínum málum áfram í mínu kjördæmi. Ég hef reyndar hagað mínum störfum þannig hér í þinginu að ég hef ekki sett það fyrir mig að styðja góð mál, ég tala nú ekki um ef þau hafa snert Austurland, þó að þau hafi verið flutt af einhverjum öðrum þingmanni eða jafnvel þótt það væri úr öðrum stjórnmálaflokki. Svo ég fæ það eiginlega ekki skilið hjá hv. þm. hvernig hér er verið að rjúfa samstöðu þegar verið er að vinna með nákvæmlega sama hætti og þingmenn Framsfl. hafa gert áður og er það fjarri því að ég sé að vanþakka það á nokkurn einasta hátt.

Það er hárrétt sem kom fram í ræðu hv. 2. þm. Austurl. og hv. 5. þm. Austurl. líka, að þegar litið er til hringvegarins sem slíks, og hann er nú skilgreindur eins og menn vita, þá er langstærsti hlutinn af því vegakerfi sem er óuppbyggt í Austurlandskjördæmi. Það sem er sérstaklega áhyggjuefni eða m.a. áhyggjuefni er að við höfum verið að leitast við að teygja bundna slitlagið. Það hefur verið lagt undir þeim vegakafla sérstaklega sem eru ódýrastir í uppbyggingu til þess að ná sem mestri vegalengd, en út af standa, eins og hv. 2. þm. Austurl. undirstrikaði alveg sérstaklega, vegakaflar sem eru bara ekki boðlegir fyrir umferðina í landinu.

Hv. 3. þm. Vesturl. sagði að kostirnir eða ástæðurnar fyrir þessum tillöguflutningi væru trúlega cinkum tvær. Annars vegar sýndarmennska, hins vegar að ég hefði orðið undir í sambandi við vegagerðarmál.

Nú getur hann náttúrlega alið þessar skoðanir með sér og læt ég það gersamlega hreint óátalið. En það verður náttúrlega að segjast eins og er að þegar til þessara mála er litið þá stendur sérstaklega út af nyrsti hlutinn af Austurlandskjördæmi. Og það er mér alveg meinalaust þó að menn noti það orð að ég sérstaklega, ég held að það ætti þá við okkur þingmennina alla, hafi að þessu leyti orðið undir sem sést á því hvað þessum hluta landsins hefur lítið skilað áfram í vegaframkvæmdum. Og ástæðan fyrir því er auðvitað sú að menn hafa horft sérstaklega til suðurleiðarinnar, tengingarnna meðfram fjörðum og svo með ströndum fram. Nú eru hins vegar komnar áherslur og búið að sanna ágæti samtengingar Norður- og Austurlands sem kostar að sjálfsögðu mikið fé. Vegaframkvæmdir sem er áætlað að hefjist á næstu öld, ég held árið 2002, eru núna komnar á fulla ferð, sem betur fer. Og þá er vissulega ástæða til þess að vekja athygli á því og leitast við að finna leiðir til að þessu verkefni geti skilað áfram í heild sinni.

Eins og ég sagði áðan þá eru samkvæmt áætlunum Vegagerðarinnar óuppbyggðir vegir frá Reyðarfjarðarbotni og suður á Hornafjörð eða suður á Breiðamerkursand, í kringum einn milljarður kr. og það er sama upphæð eða svipuð og þarf til þess að tengja veginn að norðan og standa þá mörg verkefni eftir. Þannig að það hefur verið tekin um það ákvörðun að byggja upp veginn norðan að sem, eins og ég sagði áðan, var ekki á langtímaáætlun fyrr en eftir aldamót. Þetta er að sjálfsögðu nauðsynlegur og góður kostur, en hann getur ekki gengið yfir önnur áform í kjördæminu. Og það er augljóst mál að þessi vegaframkvæmd hefur ekki talið inn í skiptiregluna, sem fylgt hefur verið eftir, með þeim hætti sem eðlilegt hefði verið, enda hafa þær reglur tiltölulega lítið breyst.

Það er út af þessari óskaplegu vandlætingu hjá Alþb. út af þessu máli. Það þykir mesta ósvinna að það skuli vera sérstaklega talað um Austurland í þessum efnum, það sé verið að rjúfa samstöðu og hvaðeina. Ég man nú ekki betur og veit það reyndar vel, að um ýmsar framkvæmdir hafa verið gerðar sérstakar þingsályktanir. Ég minni á Vestfjarðagöngin í þeim efnum. Ég átti þá sæti í fjárveitinganefnd og er kunnugur því máli. Ég minni á skuldauppgjör við Reykjavíkurborg í þessum efnum. Ég minni á Hvalfjarðargöng í þessum efnum, sem menn eru nú að tala um útboð á, jafnvel núna á vordögum. Þannig að sú mikla vandlæting sem kemur fram hjá þessum hv. þm., það verður ekki séð annað heldur en hún stafi af minnimáttarkennd fyrir þessum tillöguflutningi. Það er augljóst mál að það standa auðvitað mikil verkefni út af í Norðurl. e. og hver er hér að leggjast gegn þeim? Hvað er það í tillögunni sem segir um að það eigi að draga sérstaklega fjármagn annars staðar að yfir í þetta verkefni? Það segir hvergi.

Hins vegar er kannski hægt að skýra viðbrögð hv. þm. Steingríms Sigfússonar að því leyti að í tillögu hans og hv. 4. þm. Austurl. koma á vissan hátt fram aðrar áherslur og ég hef ekkert við það að athuga. Það koma upp áherslur um það að leitast verði við að gera úttekt á því hvort vegurinn eigi að liggja til norðurs um jarðgöng yfir í Vopnafjörð og þaðan svo áfram eða hvort það á að fylgja þeim ákvörðunum sem liggja nú fyrir. Ég hef nákvæmlega ekkert við þetta að athuga og það er mér að meinalausu þó að þessir hv. þm. flytji tillögu sem felur í sér aðrar áherslur heldur en þá sem ég er hér sérstaklega með, þ.e. könnun á vegarstæði og samanburð en ekki vegaframkvæmdir. En auðvitað er þetta tillaga sem snertir vegamál með alveg sama hætti og sú tillaga sem ég flyt, þó að hún sé ekki sama efnis, till. til þál. um vegasamband allt árið milli Austur- og Norðurlands og till. til þál. um vegaframkvæmdir á Austurlandi, eins og mín tillaga heitir. Þannig að allt þetta vængjabusl hjá þessum tveimur hv. þm. Alþb. er út í hött.

Hér hefur það komið fram í þessu sambandi og þau skilaboð hafa verið flutt úr þessum stóli eða þær ályktanir dregnar, að þessi tillöguflutningur væri ekki þóknanlegur sérstaklega hæstv. samgrh. Það kemur mér reyndar á óvart því að tillöguna afhenti ég honum til yfirlestrar áður en — vill hv. 3. þm. Vesturl. taka eftir mínum orðum — áður en ég flutti hana og hann gerði að sjálfsögðu engar athugasemdir við þann tillöguflutning. Hæstv. ráðherra hefur, eins og við vitum, verið mikill frumkvöðull að vegagerðinni um Möðrudalsöræfi og það reyndar rifjast nú upp, af því að ég mundi ekki eftir því í augnablikinu að ég hafði flutt svo margar tillögur, að um þá vegaframkvæmd fluttum við tillögur fyrir mörgum árum, ég og hæstv. núv. samgrh. En það er svo annað mál. Það er nú reyndar einn hæstv. ráðherra hér sem ég meina þetta ekki sérstaklega til, en ég hef ekki orðið var við það að það væri yfirleitt mikil ánægja hjá ráðherrum þegar þingmenn væru að flytja tillögur sem snertu þeirra málaflokka. Það kom reyndar (Forseti hringir.) greinilega fram í máli hv. þm. Steingríms Sigfússonar, að það er stutt síðan hann var ráðherra, því að honum fannst það mesta ósvinna að hér skyldi ég leyfa mér að flytja tillögu sem snerti sérstaklega...

(**Forseti** (GunnS): Ég verð að biðja hv. þm. um að ljúka máli sínu nú þegar.)

...já, ég skal verða við ósk virðulegs forseta að því leyti — tillögu, sem snerti sérstaklega Austurlandskjördæmi, því eins og ég sagði áðan, þá er stutt síðan hann var ráðherra og þeir vilja nú gjarnan ráða því sem talað er um á Alþingi.

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):

Þrír hv. þm. hafa óskað eftir því að veita andsvar við ræðu hv. 3. þm. Austurl. og verður sá háttur hafður á að það verða tvær mínútur í fyrri umferð og ein mínúta í þeirri seinni.

[15:14]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var aðeins örstutt, að hv. 3. þm. Austurl. undraðist að ég var að setja út á aðferðina við að koma þessum málum fram og sagði m.a. að við framsóknarmenn hefðum verið duglegir við að flytja tillögur um vegamál á Austurlandi. Það er alveg rétt. Ég hef verið flm. að einstökum tillögum um vegamál

til að vekja athygli á ýmsum framkvæmdum sem ógerðar hafa verið þó að ég hafi alls ekki verið kannski nógu duglegur við það vegna þess að ég hef unnið að þeim málum á vettvangi vegáætlunar hverju sinni þegar fjallað hefur verið um hana.

En þessi tillögugerð er sérkennileg að því leyti að hér er samgrh. falið að gera sérstaka vegáætlun fyrir Austurland til næstu fjögurra ára í almennri vegagerð. Það hefði verið betra að mínu mati, ef hv. þm. vill vekja athygli á þessu sem ég er ekki að lasta, síður en svo, að því hefði verið beint til þingsins sem eðlilega fjallar um þessi mál. Það var það sem ég var að setja út á ef það hefur ekki komið nægilega skýrt fram í minni ræðu.

[15:16]

Flm. (Egill Jónsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er þakklátur hv. 2. þm. Austurl. fyrir að hafa skýrt sína afstöðu nákvæmar. Hann hefur nú lýst yfir að hann hafi áður flutt tillögur þessa efnis á Alþingi. Ef ég veit rétt þá hafa þær verið með sama hætti, að samgrh. hefur verið falið að hafa forræði málsins. Ég ætla ekki að fara að snúa út úr orðum hv. þm. en auðvitað veit hann að slík áætlunargerð og áætlunargerð af hvaða toga sem hún er er unnin af samgrh. í þessu tilviki. Þingið vinnur ekki slíkar tillögur sjálfstætt. Það er svo annað mál að þær koma til umfjöllunar í þinginu. Ég vek athygli á að texti að tillögu sem fjallar líka um vegamál og hv. 4. þm. Austurl. er fyrri flm. að er alveg eins að þessu leyti að það er samgrh. sem er falið að vinna verkið.

[15:18]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins láta það koma fram í þessari umræðu að það er alveg rétt að Vegagerð ríkisins í umboði samgrh. gerir tillögur í vegamálum og þær tillögur eru lagðar fyrir þingmenn kjördæmanna. En það hefur verið okkar hlutverk að fara yfir þær tillögur og leggja endanlega blessun okkar yfir þær og breyta til ef okkur hefur sýnst svo og þeirri samstöðu vil ég halda áfram.

[15:19]

Flm. (Egill Jónsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þeim misskilningi sem kom fram í ræðu hv. 2. þm. Austurl. í upphafi þessarar umræðu hefur væntanlega verið eytt. Hann hefur nú lýst því yfir að auðvitað hafi samgrh. forræði málsins og Vegagerðin vinnur það í hans umboði. Það er svo allt annað mál að það er náttúrlega hverjum degi ljósara þó að það sé ekki sérstaklega tekið fram, að um slíkan tillöguflutning er fjallað miklu víðar en bara í samgrn., m.a. af þingmönnum í viðkomandi kjördæmi, þessu tilviki Austurlandskjördæmi. Ég sé því ekki betur en þessari umvöndun hv. 2. þm. Austurl. hafi hann eytt sjálfur.

[15:20]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. 3. þm. Austurl. sagði að við hefðum einhvers konar minnimáttarkennd gagnvart þessum tillöguflutningi. Það þarf engan að undra því að það á bókstaflega að gera áætlun um það að klára alla vegi á Austurlandi með einu sérstöku átaki. Ég verð að segja það alveg eins og er að ég undrast dálítið þá umræðu sem hér hefur farið fram vegna þess að það getur ekki verið að hv. þm. setji samasemmerki á milli annarra tillagna sem hann hefur verið að nefna og hafa verið fluttar af stjórnarandstæðingum á ýmsum tímum og tillögu sem hann flytur sem stjórnarþingmaður og sitjandi í samgn. þingsins, verandi leiðtogi og leiðarljós hæstv. ráðherra í málinu og segjandi mönnum það að hæstv. ráðherra sé búinn að skrifa upp á tillöguna. (**EgJ:** Ég sagði það ekki.) Hv. þm. sagðist hafa afhent ráðherra tillöguna til yfirlestrar og ekki fengið neinar athugasemdir. Ég verð að segja alveg eins og er að ég verð enn þá meira undrandi og sé enn þá meir og meir eftir því að hafa ekki krafist þess að þessari tillögu yrði frestað þannig að ráðherra gæti gert grein fyrir afstöðu sinni til málsins. Það er nánast furðulegt ef hæstv. samgrh. er tilbúinn að samþykkja að slík tillaga sem þessi verði samþykkt í þinginu, tillaga sem er í andstöðu við þann málatilbúnað sem er ætlast til að sé viðhafður með lögum.

Ég sé að tími minn er búinn þannig að ég get ekki komið að öðrum atriðum, en ég vek athygli á því alveg sérstaklega að það er full ástæða til að spyrja hæstv. ráðherra út úr í þessu máli.

[15:22]

Flm. (Egill Jónsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta var þörf ferð hjá hv. 3. þm. Vesturl. upp í ræðustól. Það sem ég sagði var að ég hefði afhent hæstv. samgrh. þessa tillögu til yfirlestrar. Ég túlkaði ekki hans skoðanir gagnvart tillögunni.

Það sem var líka athyglisvert og kom fram í ræðu hv. þm. var það að hann væri undrandi á mínum tillöguflutningi vegna þess að ég væri stjórnarþingmaður. Nú verður náttúrlega hver og einn að meta stöðu sína í þeim efnum en skyldur mínar gagnvart kjördæminu mínu og skoðanir breytast ekki hvort sem ég er í stjórn eða stjórnarandstöðu, svo að þetta sé nú alveg ljóst.

Í þriðja lagi vildi ég segja og það er kannski aðalatriði málsins að hv. þm. talar um að ég leggi til að Austurland verði sérstaklega tekið út úr. Í tillögugreininni sjálfri er ekki farið neitt út fyrir þau meginmarkmið sem voru í upphaflegri ákvörðun Alþingis um að leggja bundið slitlag á hringveginn og tengja þéttbýlisstaði við bundna slitlagið. Það er sú árétting sem ég er með gagnvart Austurlandskjördæmi og hún er nákvæmlega með sama hætti og grundvallarmarkmið í þessum efnum hafa verið.

[15:24]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil að það komi mjög skýrt fram að ég er ekki að fordæma þau verkefni sem þarna er verið að tala um. Ég tel að greinilega hafi komið fram að vegna þess að hv. þm. finnst lítið hafa gengið að koma málum fram gagnvart sínum yfirboðurum í ríkisstjórn er hann að setja hér fram sínar skoðanir til þess að a.m.k. sé ljóst að hann vilji að lengra verði gengið í því að leggja vegi á Austurlandi en ofan á verður. Því miður held ég að svona líti þetta út. Ég tel að hann

hafi valið ranga aðferð til þess. Ég tel fulla ástæðu til að fara yfir þessi mál og skoða þau. Það er ekkert sem segir að ekki megi breyta framkvæmdaröð á Austurlandi og skoða þau mál upp á nýtt. Ég er tilbúinn að standa að því í samgn. að vinna að þeim málum. En því miður, hv. þm. hefur greinilega komið upp með það í þessari umræðu að hann hefur ekki haft þau áhrif sem hann telur æskilegust á hæstv. ráðherra.

[15:25]

Flm. (Egill Jónsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. 3. þm. Vesturl. fyrir þessa umræðu. Í fyrri ræðu sinni komst hann að þeirri niðurstöðu að það hlytu að vera tvær ástæður fyrir því að ég flytti þessa tillögu. Önnur sú að þetta væri sýndarmennska, hin sú að ég hefði orðið undir í einhverjum átökum. Nú hefur hann nefnt þriðju ástæðuna og um hana er ég honum alveg sammála, að þetta væri sú leið sem ég hefði valið til þess að ná árangri í vegagerð á Austurlandi. Þetta er hárrétt og ég er þakklátur fyrir það að hv. þm. skuli hafa komið hér upp og upplýst málið að þessu leyti.

[15:26]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er bersýnilegt að hv. þm. Egill Jónsson skilur ekki málið og hefur aldrei lesið vegalögin. Það er ekki hægt að túlka texta tillögugreinarinnar öðruvísi en þannig að þar sé verið að tala um sérstaka áætlun um almennar vegaframkvæmdir á Austurlandi, algerlega sérstaka og sjálfstæða áætlun sem standi bara fyrir Austurland. Tillagan segir, með leyfi forseta: „...að gerð verði áætlun um byggingu og endurbætur vega í Austurlandskjördæmi sem miðist við að koma á samfelldu vegakerfi með bundnu slitlagi eftir öllu kjördæminu, auk vega til allra þéttbýlisstaða."

Hvað skyldi þetta nú þýða á mannamáli og á Austurlandi? Þetta er væntanlega uppbyggður vegur með bundnu slitlagi frá Bakkafirði í norðri og eigum við að segja til Hofs í Öræfum í suðri eða hvaða þéttbýli vill hv. þm. miða við? Frá Hallormsstað á Héraði og niður á Borgarfjörð eystri í norðri eða hvaða þéttbýlisstaði vill hv. þm. miða við? Með öðrum orðum, nánast allt vegakerfi Austurlands.

Það er það sem hér er verið að segja, að um slíkar almennar vegaframkvæmdir í heilu landshlutunum á að fjalla samkvæmt vegalögum í vegáætlun og skipta fé til vegaframkvæmda í landinu á grundvelli þeirra laga og þeirra vinnubragða sem vegalög mæla fyrir um. Það er þetta sem maður var að reyna að fá hv. þm. til að átta sig á. Þó að þingmenn flytji tillögur um athugun á vegastæði eða könnun á einstakri framkvæmd eins og Gilsfjörð eða jarðgöng eða eitthvað því um líkt er allt annar hlutur. Það kemur inn á undirbúnings- eða ákvörðunartökustig málsins. Hér er verið að tala um sjálfstæða framkvæmdaáætlun fyrir almennar vegaframkvæmdir í heilu kjördæmi og það er auðvitað rugl, hv. þm. Slíkt á að leysa í vegáætlun. Það eru alveg skýr lagafyrirmæli sem mæla fyrir um það.

[15:28]

Flm. (Egill Jónsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er auðséð og auðheyrt að það hefur komið hv. þm. Steingrími Sigfússyni nokkuð á óvart að ég skyldi draga tillöguflutning hans og hv. 4. þm. Austurl. inn í þessa umræðu og reyndar fleiri tillögur sem Alþb. hefur flutt um þessi efni.

Ég skal alveg gangast við því, skárra væri það, að þessi tillaga fjallar ekki nema um Austurlandskjördæmi. Það er alveg deginum ljósara og það er engu að leyna með þá hluti. Hún fjallar um Austurlandskjördæmi alveg með sama hætti og tillaga sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon er flm. að ásamt hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni fjallar um Austurland og Norðurand eystra. Það fer ekkert á milli mála hvar þessir vegir eru og hvernig þessi texti er. Báðar þessar tillögur heyra til hinni almennu vegaumræðu og vegáætlun þannig að að þessu leyti er ekki um neitt óskylda hluti að ræða.

[15:30]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það væri auðvitað að mörgu leyti einfaldast að yppa öxlum yfir svona tillöguflutningi og láta sér í léttu rúmi liggja þó að svona plagg komi hér inn, fari til nefndar og sofni þar því að auðvitað verður aldrei annað með þetta gert, það vita menn, og er ekki til þess stofnað væntanlega í öðrum tilgangi en þeim að vekja athygli á málinu og það er svo sem gert í ýmsum tilvikum. En mér finnst bara ekki hægt annað en menn ræði hlutina eins og þeir liggja fyrir jafnvel þó svona tillöguflutningur sé á ferð sem hægt væri í sjálfu sér að leiða hjá sér. Það er svo barnalegt þegar menn ætla að flagga svona veifum algerlega á skjön við staðreyndir málsins, hinn lagalega grundvöll málsins og hefðir og venjur í framkvæmd fyrir utan að það er svo vitlaust vegna þess að auðvitað mundi svona tillöguflutningur ef hann næði fram að ganga ekki hafa nein áhrif önnur en þau að splundra allri samstöðu um þessi mál. Það kæmu sjö tillögur daginn eftir að þessi yrði afgreidd, ein fyrir hvert kjördæmi, auðvitað. Þingmenn annarra kjördæma mundu ekki láta standa upp á sig með það að flytja jafngáfulegar og göfugar tillögur um sín kjördæmi eins og þessi er.

[15:31]

Flm. (Egill Jónsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég kann því náttúrlega vel að hv. þm. Steingrímur Sigfússon geri aðrar kröfur til mín en sjálfs sín. En af því að hann var nú að tala einmitt um það að þetta væri gott plagg til þess að veifa eins og hann orðaði það, þá vildi það nú svo til að ég var samtímis hv. 4. þm. Austurl. á ferðalagi norður í Vopnafirði og þar var einmitt þetta plagg skilið eftir þannig að maður sér það náttúrlega þar með hver er ástæðan fyrir þeim tillöguflutningi. En það breytir ekki því og kannski er það vegna þess hvernig þessi tillöguflutningur fer í skapið á hv. þm. Steingrími Sigfússyni sem má nú vart vatni halda hér í ræðustólnum að hann hefur sjálfur verið samgrh. og vanrækti þá Norðausturland eins og menn hafa nú orðið vitni að í þessari umræðu og það er ekki furða þó að honum mislíki þegar það er dregið hér fram.

Umræðu frestað. [15:33]

Umræður utan dagskrár.

Samstarfsörðugleikar innan lögreglunnar í Kópavogi.

Forseti (Kristín Einarsdóttir):

Eins og forseti tilkynnti í upphafi fundar, þá fer nú fram utandagskrárumræða. Umræðan er um samstarfsörðugleika innan lögreglunnar í Kópavogi og fer fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapalaga, þ.e. hálftíma umræða, og hefur málshefjandi og viðkomandi ráðherra fimm mínútur í fyrri umferð og tvær mínútur í þeirri seinni en aðrir hv. þm. og hæstv. ráðherrar tvær mínútur í hvorri umferð. Verður dómsmrh. til svara en málshefjandi er hv. 9. þm. Reykn. og tekur hann nú til máls.

[15:34]

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Starfsmannamál einstakra embætta eru vandmeðfarin og koma sem betur fer ekki oft til kasta æðra stjórnsýslustigs. Þess eru þó allmörg dæmi að mál komi með einum eða öðrum hætti til ráðuneytis ef neðra stjórnsýslustig reynist ófært um lausn þess.

Þær fregnir berast nú úr Kópavogi að eitt slíkt mál virðist vera þar á ferð hjá lögreglunni. Í stuttu máli hefur þar verið við vanda að etja við embættið vegna alvarlegra deilna. Vendipunktur varð í málinu þegar annar málsaðila, aðstoðaryfirlögregluþjónn embættisins, sneri til starfa í sl. viku eftir meira en árs hlé en fyrir það hlé höfðu verið deilur við embættið. Aðstoðarlögregluþjónninn hafði verið fjarverandi um allangt skeið, fyrst í afleysingum á Siglufirði og síðan 10 mánuði í launuðu frí án þess að vera boðaður til starfa. Á þeim tíma var hann á fullum launum en hvorki gekk né rak að taka á því hvort hann yrði á ný settur í sitt fyrra starf eða eitthvert annað. Hann var loks eftir 10 mánuði settur í sitt fyrra starf en það er samdóma álit allra sem að málinu koma að sú ráðstöfun hefur engan vanda leyst. Svo virðist sem fullreynt sé að sýslumaður ætli ekki að taka á þessu máli þannig að það er í raun neyðarúrræði að leita svara hjá hæstv. dómsmrh. Mál af þessu tagi eru alltaf mjög viðkvæm og því þurfa að vera gildar ástæður til að taka þau upp á Alþingi með þeim hætti sem hér er gert. Ég tel hins vegar að þær gildu ástæður séu til staðar hér. Mér finnst ekki hægt að sætta sig við það að starf lögreglu í stóru sveitarfélagi sé hálfpartinn lamað vegna þess að ekki er höggvið á þann hnút sem málið er komið í.

Löggæsla er erfitt starf og andlegt álag á menn í slíkum störfum mikið þótt ekki komi til viðbótarálag vegna vandamála á vinnustað. Einskis má láta ófreistað að bæta ástandið svo fljótt sem auðið er. Því miður hefur þetta mál vakið upp umræðu í fjölmiðlum og utan þeirra sem getur ekki skaðað neinn nema lögregluna í Kópavogi, þá einstaklinga sem þar vinna hvoru megin sem þeir standa og það er á endanum fyrst og fremst skaði samfélagsins og borgaranna.

Ég vonast til að þessi umræða verði málefnaleg og laus við öfgar. Mín spurning til hæstv. ráðherra er: Hyggst dómsmrh. beita sér fyrir lausn málsins með því að grípa til aðgerða sem muni leysa vandann? Þess eru mörg dæmi að mönnum séu t.d. fundin önnur störf ef upp koma vandamál í starfi og deilur um verklag á vinnustað. Í þessu tilviki gæti það reynst hið eina rétta eins og málum er komið. Sá aðstoðaryfirlögregluþjónn sem deilt er um hér er ósáttur við sinn hlut við embættið, m.a. skert starfssvið. Margir samstarfsmenn hans eru mjög ósáttir við endurkomu hans og ég er ekki í vafa um það að starfskraftur hans og annarra mundu nýtast betur ef aðstæður væru aðrar og betri.

Eitt af því sem dregið hefur verið inn í þetta mál er að viðkomandi aðstoðaryfirlögregluþjónn eignaðist byssu. Ekki verður annað séð en það sé með ólögmætum hætti og þeirrar spurnngar hefur verið spurt hvort slíkt sé ekki uppsagnarsök. Fram til þessa hefur það ekki verið metið svo, a.m.k. ekki samkvæmt framgangi þessa máls. En vitanlega er það yfirvaldsins og þá e.t.v. dómsmrh. að skera úr um það og ég tel raunar að það sé tímabært að taka upp umræðu um byssueign lögreglumanna almennt og þær reglur sem unnið er eftir og fara ofan í saumana á því hvaða reglur gilda um vopnaeign og vopnaburð lögreglumanna sérstaklega. Það hefur verið fullyrt í mín eigu að vopnaeign lögreglumanna sé umtalsverð og ég verð að játa að það kom mér á óvart. Ég hef verulegar efasemdir um það og raunar um byssueign almennt. En það er stærra mál en svo að ég geti tekið það upp hér í þessari umræðu og ég tel ekki að nota eigi það mál sem hluta af þeirri deilu sem þarna er á ferð.

Eins og fram hefur komið, þá hefur farið fram úttekt á störfum lögreglunnar í Kópavogi vegna þeirra samstarfsörðugleika sem hér eru til umræðu. Hins vegar hefur ekki þótt ástæða til að birta þá skýrslu. Einnig hafa vaknað spurningar um það hvort það rýri gildi skýrslunnar að höfundur hennar, án efa hinn mætasti maður, starfaði í fjölmörg ár með öðrum málsaðila hjá RLR. Ég spyr hæstv. dómsmrh. hvort hann telji skýrsluna í ljósi þessa fullnægjandi gagn í málinu.

Annars vegar hafa starfsmenn lögreglunnar í Kópavogi verið ósáttir við gerð hennar. Hins vegar er rétt að vekja athygli á því að aðstoðaryfirlögregluþjónn í Kópavogi hefur leitað til umboðsmanns Alþingis með athugasemdir varðandi tilurð skýrslunnar, ástæður, málsmeðferð og leyndina sem yfir henni hvílir.

Ég held að ef það er ástæða til að fara ofan í saumana á starfsemi lögreglunnar í Kópavogi beri að gera það á sjálfstæðan hátt. Það kann vel að vera niðurstaða þessa máls að ástæða sé til slíkrar úttektar. Það er ljóst að aðstoðaryfirlögregluþjónninn hefur haft ýmsar athugasemdir við verklag þar og vitanlega ber alltaf að skoða slíkar ábendingar. En úr því sem komið er held ég að það sé ekki farsælt að tengja það þessu máli eða a.m.k. ekki eingöngu. Það mál þarf að taka fyrir sjálfstætt þannig að allir séu fullsáttir við þau vinnubrögð sem þar eru viðhöfð.

Virðulegi forseti. Það er ljóst að þessi mál eru í ákveðinni sjálfheldu og ekki hefur verið tekið á þeim enn þannig að friður ríki. Ég tel að almenningur og starfsmenn allir eigi rétt á því að fundin verði fullnægjandi lausn í málinu sem allir sætta sig við.

[15:40]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Vegna ummæla hv. fyrirspyrjanda vil ég taka fram að ærin ástæða er til þess að greina á milli þeirra almennu samskiptaörðugleika sem um langan tíma hafa verið fyrir hendi í lögreglunni í Kópavogi og þeirra tilefna sem leiddu til þess að aðstoðaryfirlögregluþjóni var veitt formleg áminning. Að mati dómsmrn. voru þau tilefni þess eðlis að rétt viðurlög voru talin að veita áminningu.

Varðandi þá samstarfserfiðleika sem hér hafa verið gerðir að umtalsefni er það að segja að svo virðist sem þeir hafi verið fyrir hendi í þessu lögregluembætti alveg frá árinu 1988 þó að þeir hafi keyrt úr hófi fram nú síðustu daga. Ugglaust eru margþættar ástæður fyrir því að þessir erfiðleikar hafa komið upp. Þar koma til mismunandi sjónarmið um embættisrekstur og framkoma. Mitt álit er það að þar sé enginn einn sekur og hér eigi það við eins og oft þegar deilur af þessu tagi rísa upp að fleiri en einn beri þar ábyrgð.

Varðandi ábyrgð á stjórn lögreglunnar í Kópavogi, þá er það svo að yfirlögregluþjónn ber ábyrgð á daglegum rekstri og hefur það verksvið með höndum að tryggja að löggæslustarfsemi fari daglega fram í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru. Lögreglustjórinn eða sýslumaðurinn í Kópavogi ber ábyrgð á störfum lögreglunnar og ber ábyrgð gagnvart ráðuneytinu í þeim efnum.

Að undanförnu hefur ráðuneytið átt viðræður við sýslumann um það með hvaða hætti væri unnt að bregðast við þessum alvarlegu aðstæðum sem þarna eru uppi þannig að unnt verði að koma á eðlilegu starfi í lögreglunni í Kópavogi. Enn er ekki komin endanleg niðurstaða í þeim efnum, en ég vænti þess að hún verði á næstu dögum. Þeir sem þarna eiga hagsmuna að gæta eru auðvitað fyrst og fremst íbúar þess byggðarlags sem eiga í hlut. Þeir eiga kröfu á því að löggæslan fari fram með eðlilegum hætti og að því verður unnið af hálfu dómsmrn. í samstarfi við þá sem ábyrgð bera á störfum lögreglunnar, sýslumanninn.

Varðandi þá skýrslu sem hér hefur verið gerð að umtalsefni og dómsmrn. lét gera vil ég taka fram að það er fullkomlega eðlilegt að ráðuneytið, þegar mál af þessu tagi koma upp, láti kanna hvernig málum víkur við, en það er ástæða til þess að taka fram að engin ákvörðun hefur verið tekin á grundvelli þessarar skýrslu, a.m.k. ekki enn sem komið er.

Ég vil aðeins ítreka það að ráðuneytið hefur átt samtöl við sýslumanninn sem er lögreglustjóri í þessu lögsagnarumdæmi um leiðir til þess að koma eðlilegu skipulagi og eðlilegum vinnuanda á í þessu lögregluliði og ég vona að þær viðræður leiði til þess að þær aðgerðir verði gerðar innan skamms sem komi málum í eðlilegt horf.

[15:44]

Petrína Baldursdóttir:

Virðulegi forseti. Það má með sanni segja að ekkert sé Alþingi óviðkomandi. Það er nánast daglegur viðburður að utandagskrárumræður séu haldnar um hin ýmsu mál. Ég verð að lýsa undrun minni á því að hv. þm. Anna Ólafsdóttir Björnsson skuli hér hefja utandagskrárumræður um innri málefni lögreglunnar í Kópavogi. Það hlýtur að gefa auga leið að svona mál er mjög erfitt að tjá sig um, hvað þá að fella dóm yfir öðrum hvorum deiluaðila sem í hlut á. Þetta eru fyrst og fremst innanflokksátök innan lögreglunnar í Kópavogi og það hljóta að vera tvær hliðar á svona viðkvæmu máli.

Sú skýrsla sem menn hafa vitnað hér í sem á að vera einhvers konar úttekt á störfum lögreglunnar í Kópavogi hlýtur að vera matsatriði dómsmrn. og lögreglu, hvernig með þá skýrslu skuli farið. Ég verð að segja alveg eins og er að ég skil ekki málshefjanda að ætla sér að taka þessi mál til umræðu í hálftíma utandagskrárumræðu. Ég treysti því a.m.k. að ráðuneytið og yfirstjórn lögreglunnar séu fullfær um að taka á þessu máli og leysa þann hnút sem kominn er á milli manna í samskiptum. Það verður ekki leyst í sölum Alþingis.

[15:45]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er afar viðkvæmt að fjalla um starfsmannamál eða mannleg samskipti á vinnustað á opinberum vettvangi. Oft vantar upplýsingar til að umfjöllun geti verið hlutlaus og hin opinskáa umræða hefur oftar en ekki yfir sér æsingabrag. Ég hef þess vegna efasemdir um að fjalla um þessi mál í sölum Alþingis en skil málshefjanda svo að hún vilji knýja á um lausn málsins.

Það er alveg ljóst að umræðan eins og hún hefur birst mönnum að undanförnu hefur verið erfið. Þetta hefur verið neikvæð umræða og neikvæð umræða er ekki bara slæm fyrir löggæsluna í mínum heimabæ heldur fyrir löggæsluna í heild sinni. Það er vissulega slæmt að úr því að einstaklingur er í leyfi frá störfum svo lengi sem raun ber vitni í þessu tilfelli þá hafi ekki tekist að leysa farsællega samstarfsvandamál eða deilur sem virðast hafa verið fyrir hendi áður en hann hóf störf að nýju. Það er líka ljóst að það er sjaldnast bara annars aðila ef tveir deila eins og fram hefur komið hér.

En það er líka gagnrýni vert að meðan ráðuneytið hefur ekki gefið upplýsingar um skýrslu eða athugun sem unnin hefur verið um þetta mál skuli fjölmiðlar gefa til kynna að í skýrslunni komi fram atriði sem séu til vansæmdar fyrir löggæsluna í Kópavogi. Það er sérstaklega fyrir starfshóp sem getur við þær aðstæður engan veginn varið sig og veit ekki um ávirðingar sem gefnar eru í skyn. Ég tek undir það að það verður að leysa þetta deilumál. Meðan það hangir óvisst háir það starfseminni og gerir löggæsluna ótrúverðuga. Ég er ánægð með að heyra að ráðuneytið hefur brugðist við og að næstu daga sé lausn í sjónmáli.

[15:48]

Árni R. Árnason:

Virðulegi forseti. Ég hlýt að viðurkenna það hér að mér er oft til efs hvaða réttmæti er í þeim efnum sem við tökum til undir umræðum utan dagskrár og velti því stundum fyrir mér hvort við skiljum virkilega og örugglega hvað sé aðskilnaður hinna þriggja greina

valdsins í dómsvald, framkvæmdarvald og löggjafarvald. Eða á hver greinin að vera sífellt að skipta sér af efnistökum og málstökum hinna og eigum við þingmenn að vera að hafa afskipti ekki aðeins af framkvæmd ráðuneyta heldur stofnana neðar í stjórnkerfinu? Eigum við þá kannski að fara að skipta okkur af dómstólum?

Ég er þess viss að ef við höldum langt á þessa braut þá fer að gæta vaxandi vantrausts og efa um réttmæti athafna okkar og annarra í stjórnkerfinu.

En fyrst þetta mál, virðulegi forseti, er tekið hér til umræðu þá hlýt ég að segja að það skiptir miklu máli að löggæsla í hverjum bæ fái að starfa þannig að þar ríki sæmilegur vinnuandi, menn beri sæmilega trú og traust hver til annars og geti leyst sín verkefni þannig af hendi að bæjarbúar beri traust til löggæslunnar og þess eftirlits sem hún þarf að sinna og séu sannfærðir um að það sé unnið af heilindum. Ég er ekki viss um að sá andi ríki á lögreglustöðinni á Kópavogi og ég er raunar sannfærður um að þar starfa allmargir mætir lögreglumenn sem álíta að ofar í stjórnkerfinu, sem á að sinna þeirra málum, sé fjallað um hugsanlegar ávirðingar. Því þeir vita það eitt að fyrir nokkrum árum voru þeir hver og einn kallaðir til yfirheyrslu. Þeir fengu ekki svör við spurningum um hvort þeir væru þar mættir sem sakborningar eða vitni. Þeim hefur verið gefið í skyn að tekin hafi verið saman skýrsla á þessum forsendum og þar séu hugsanlegar ávirðingar á einhverja þeirra. Þeir hafa ekki fengið að sjá þessa skýrslu.

Virðulegi forseti. Mér finnst skipta máli það sem ráðherra benti á áðan að enn er leitað lausnar í máli þessu. Mér finnst skipta máli að íbúar í Kópavogi geti vel við unað.

[15:50]

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Í fréttum síðustu daga hefur verið sagt frá erfiðleikum hjá lögreglunni í Kópavogi. Það er ljóst að slíkt mál verður ekki leyst á Alþingi og þjónar því ekki tilgangi að ræða um það efnislega. En úr því að málið er komið til umræðu er það eina sem mér virðist vera hægt að gera að hvetja hæstv. dómsmrh. að beita sér fyrir að leysa þennan vanda sem fyrst.

Það er ljóst að það andrúmsloft sem ríkir á þessum vinnustað er óviðunandi. Slíkt andrúmsloft er ekki aðeins óviðunandi innan lögreglu í Kópavogi heldur væri það á hvaða vinnustað sem er. Þetta ástand eins og því er lýst skaðar ekki aðeins löggæslu í Kópavogi heldur á landinu öllu. Það er að sjálfsögðu ekki auðvelt að leysa mál sem eru komin í slíkan hnút eins og þetta en þeim mun mikilvægara að það sé gert. Því vil ég taka undir óskir til hæstv. dómsmrh. um að beita sér fyrir því að það dragist ekki miklu lengur að viðunandi lausn fáist á þessu máli.

[15:51]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Ástæðan til þess að ég kem í pontu eru ummæli sem hafa fallið hjá þingmönnum varðandi það hvað eðlilegt er að taka til umræðu á hinu háa Alþingi. Það er nú einu sinni hlutverk Alþingis að veita framkvæmdarvaldinu aðhald. Alþingi á að fylgjast með framkvæmd laga og með því hvernig framkvæmdarvaldið fer með sitt vald. Það mál sem hér er til umræðu er einfaldlega komið á það stig að það er eðlilegt að spyrja hæstv. ráðherra hvað sé verið að gera til lausnar þessari alvarlegu deilu.

Ég get tekið undir það sem hér hefur komið fram að þessir samstarfsörðugleikar sem eru til staðar hjá lögreglunni í Kópavogi eru þannig að þeir eru farnir að skaða löggæslu. Þeir valda áhyggjum hjá bæjaryfirvöldum og hjá öllum almenningi og þess vegna er ekkert óeðlilegt við það að við hér á Alþingi beinum þeim spurningum til hæstv. dómsmrh. sem hafa komið fram og hvetjum hann jafnframt til þess að leita lausna á þessu viðkvæma máli. Það dettur engum í hug að fella dóm yfir einum né neinum. Það er yfirleitt ekki einn sekur þegar tveir deila og það virðist vera margt sem spilar inn í þetta mál, en ég vil bara taka undir það sem hér hefur komið fram að hvetja hæstv. dómsmrh. til þess að finna lausn sem allra fyrst þannig að löggæslumál í Kópavogi komist á eðlilegt stig og að íbúar þar og starfsmenn séu ekki áhyggjufullir eða telji sig vart geta unnið áfram að löggæslumálum vegna þess ástands sem þarna ríkir.

[15:53]

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Það er ekkert launungarmál að ég var mjög í vafa um hvort það væri ástæða til að taka þetta mál fyrir, a.m.k. með þessum hætti en það var mitt mat og ég stend við það að það er staðreynd að þegar ófremdarástand ríkir á einum stað og mögulegt er að þrýsta á um að tekið verði á því máli þá ber að gera það og undan þeirri ábyrgð er ekki hægt að víkjast.

Það er einnig ljóst að nægur hefur verið tíminn til þess að reyna að taka á því og ekkert hefur gerst. Ég tek ekki undir það sem fram hefur komið í máli einhverra hv. þm. að þetta sé innanhússmál eða eigi ekki heima á Alþingi. Í fyrsta lagi er það ekki innanhússmál þar sem um er að ræða lögreglu í bæjarfélagi. Þetta er stofnun sem varðar alla borgara með einum eða öðrum hætti og öllum er annt um. Ég sem þingmaður þess kjördæmis sem hér á í hlut get einfaldlega ekki vikist undan því að taka á þessu máli ef ég tel að það muni verða til bóta. Ég held að umræðan hér í dag sýni að það er mikill vilji bæði hjá ráðuneyti og öðrum að gera það og gera það þannig að í þetta fáist viðunandi niðurstaða.

Ég vil einnig fagna því að í þessari umræðu í dag hafa menn sparað gífuryrðin og það er svo sannarlega vel en því miður er umræða á Alþingi ekki alltaf því marki brennd.

Ég vil taka það fram varðandi þá skýrslu sem hér var um rætt að það kom fram í máli hæstv. ráðherra að engin ákvörðun hefur verið tekin á hennar grunni, a.m.k. enn. Ég held að mörgu leyti að þar sé spurningu svarað um það hvers konar gagn þar sé um að ræða. Að öðru leyti vil ég ekki ræða það frekar.

Ég vil að lokum segja að það er rétt skilið hjá hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur að ég tók þetta mál

hér upp til að reyna að knýja á um lausn. Ég vona að það muni duga og svo virðist sem það muni duga.

Veiting ríkisborgararéttar, 1. umr.

Stjfrv., 128. mál (fyrra stjfrv.). — Þskj. 133.

[15:56]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar. Þar er lagt til að 32 tilteknum einstaklingum verði veittur íslenskur ríkisborgararéttur. Þeir fullnægja þeim skilyrðum sem hv. allshn. hefur sett um þau efni.

Eins og venja stendur til er þetta fyrra frv. af tveimur sem lagt verður fram á þessu þingi. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

[15:57]

Sólveig Pétursdóttir:

Virðulegi forseti. Frv. þetta til laga um veitingu ríkisborgararéttar mun koma til umfjöllunar allshn. og ætla ég því ekki að fjalla um það sérstaklega hér. Hins vegar þykir mér rétt að nefna að í allshn. hefur nú um nokkurt skeið verið rætt um breytingu á reglum þeim sem nefndin hefur haft til viðmiðunar við veitingu ríkisborgararéttar. Hafa m.a. tveir fundir verið haldnir um málið á þessu löggjafarþingi og á öðrum þeirra sem haldinn var í morgun fékk nefndin til fundar við sig Jón Thors, skrifstofustjóra í dóms- og kirkjumrn., þar sem hann lýsti athugasemdum sínum.

Mörg álitamál hafa komið upp og eru í umræðu í nefndinni. M.a. hefur verið rætt um lengd búsetu, þ.e. árafjöldann sem settur er sem skilyrði fyrir veitingu ríkisborgararéttar samkvæmt núgildandi reglum. Einnig hefur verið rætt um þýðingu íslenskukunnáttu í þessu sambandi. Loks má nefna að hafa verður í huga ákvæði milliríkjasamninga sem Ísland hefur gerst aðili að þegar rædd eru skilyrði um veitingu ríkisborgararéttar.

Um norræna samvinnu á því sviði þarf ekki að fjölyrða, en athyglisvert ákvæði er í 9. gr. b-lið í lögum nr. 100/1952, um íslenskan ríkisborgararétt. Þar er heimild til að ákveða með samningi við Danmörku, Finnland, Noreg og Svíþjóð að lögheimili til ákveðins tíma í einu samningsríki geti jafnast á við lögheimili í öðru samningsríki að ákveðnum skilyrðum fullnægðum. Hins vegar hefur aldrei verið gerður samningur á grundvelli þessa ákvæðis.

Virðulegi forseti. Endurskoðun allshn. á reglum um veitingu ríkisborgararéttar hefur staðið um nokkra hríð eins og ég sagði áðan. Ég held að ég megi þó fullyrða að vilji nefndarmanna standi til þess að ljúka umfjölluninni á þessu löggjafarþingi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Málflytjendur, 1. umr.

Stjfrv., 89. mál (fjárvarsla, starfsábyrgðartrygging). — Þskj. 89.

[15:59]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um málflytjendur með síðari breytingum. Frv. er endurflutt frá síðasta þingi. Það er flutt óbreytt eins og tillögur sérstakrar nefndar stóðu til um sem annaðist samningu frv.

Við meðferð málsins í þingnefnd á síðasta þingi komu fram nokkrar athugasemdir. Eigi að síður þótti rétt að flytja málið í því formi sem nefnd lagði til að það yrði en ég lagði til að hv. nefnd mundi skoða efnisákvæði frv. í ljósi þeirra athugasemda sem fram komu um málið á síðasta þingi.

Hér er fyrst og fremst um það að ræða að koma skjótt fram þeim lagaákvæðum sem miða að því að tryggja hagsmuni viðskiptamanna lögmanna, annars vegar með starfsábyrgðartryggingum og með því að sérgreina vörslufé á sérstökum reikningum. Ég vísa um þessi atriði til athugasemda með frv. og fyrri greinargerðar sem flutt var með málinu á síðasta þingi.

Ég ítreka að fyrir dyrum stendur að endurskoða lög um málfytjendur í heild sinni. Í ráði er að endurskipa nefnd til endurskoðunar á þessum lögum. Tveir af þremur nefndarmönnum sem unnu að þessum tillögum hafa horfið til starfa á öðrum vettvangi og því er nauðsynlegt að endurskipa nefndina til að ljúka heildarendurskoðun á lögum um málflytjendur og taka þar á ýmsum álitaefnum sem uppi hafa verið, m.a. því sem kallað hefur verið skylduaðild að því félagi. Ég vænti þess að þetta endurskoðunarstarf hefjist mjög skjótt eða um leið og nefndin hefur verið endurskipuð.

Ég legg svo til, frú forseti, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

[16:02]

Björn Bjarnason:

Hæstv. forseti. Það er rétt sem kom fram hjá hæstv. dómsmrh. að þetta mál var rætt í þingnefnd á síðasta þingi enda er það endurflutt. Ég vil aðeins láta koma fram að ég tel mjög brýnt að áður en þetta mál fær afgreiðslu á þingi liggi fyrir að unnið sé að endurskoðun laganna um málflytjendur í heild og sérstaklega því sem hæstv. dómsmrh. nefndi varðandi skylduaðild lögmanna að Lögmannafélaginu. Ég fagna því sem fram kom í ræðu hæstv. ráðherra að ætlunin er að endurskipa menn í nefnd til þess að sinna þessu verkefni. Ég mun ganga eftir því í störfum allshn. að nefndin fylgist með því sem þar er að gerast og tel að það muni greiða fyrir því að þetta frv. nái fram að ganga.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 5.–10. mál.

Fundi slitið kl. 16:03.

25. FUNDUR

fimmtudaginn 3. nóv.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Veiting ríkisborgararéttar, stjfrv., 128. mál, þskj. 133. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Málflytjendur, stjfrv., 89. mál, þskj. 89. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Tilraunastöð í jarðrækt á Reykhólum, stjfrv., 104. mál, þskj. 107. — Frh. 1. umr.
4. Forfallaþjónusta í sveitum, stjfrv., 105. mál, þskj. 108. — 1. umr.
5. Jarðalög, stjfrv., 106. mál, þskj. 109. — 1. umr.
6. Loftferðir, stjfrv., 108. mál, þskj. 111. — 1. umr.
7. Samningsgerð, umboð og ógildir löggerningar, stjfrv., 99. mál, þskj. 102. — 1. umr.
8. Lyfjalög, stjfrv., 130. mál, þskj. 135. — 1. umr.
9. Hópuppsagnir, stjfrv., 124. mál, þskj. 129. — 1. umr.
10. Atvinnu- og búseturéttur launafólks innan EES, stjfrv., 125. mál, þskj. 130. — 1. umr.
11. Atvinnuréttindi útlendinga, stjfrv., 165. mál, þskj. 179. — 1. umr.
12. Náttúruvernd, stjfrv., 123. mál, þskj. 128. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Davíð Oddsson forsrh.,
Eggert Haukdal, 6. þm. Suðurl.,
Jóhann Ársælsson, 3. þm. Vesturl.,
Ólafur G. Einarsson menntamrh.

Útbýting þingskjala:

Ferðakostnaður ráðherra, 169. mál, fsp. KHG, þskj. 183.

Kostnaður við sameiningu sveitarfélaga, 167. mál, fsp. KHG, þskj. 181.

Laun forstöðumanna ríkisstofnana, 168. mál, fsp. KHG, þskj. 182.

Ólympískir hnefaleikar, 166. mál, þáltill. KHG og IBA, þskj. 180.

Tekjur og gjöld vatnsveitna 1993, 170. mál, fsp. KHG, þskj. 184.

Tilkynning um utandagskrárumræðu.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Áður en gengið er til dagskrár vill forseti tilkynna um utandagskrárumræðu sem fer fram í dag kl. hálf tvö. Málshefjandi er hv. 2. þm. Austurl., Jón Kristjánsson, og beinir hann máli sínu til hæstv. félmrh. Umræðan fer fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa, þ.e. hálftíma umræða. Efni umræðunnar er áhrif meðlagsgreiðslna á fjárhag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Tilraunastöð í jarðrækt á Reykhólum, frh. 1. umr.

Stjfrv., 104. mál. — Þskj. 107.

[10:35]

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Hæstv. landbrh. mælti hér fyrr fyrir frv. til laga um að leggja niður tilraunastöð í jarðrækt á Reykhólum og lét svo ummælt að hér væri um lagahreinsun að ræða. Það má sjálfsagt til sanns vegar færa að tilraunastarfsemin þarna er fallin niður, en hins vegar finnst mér vert að vekja athygli á því að þrátt fyrir það þó svo hafi farið þarna þá megi það ekki þýða að dregið sé úr tilraunastarfsemi.

Við vitum að það eru nú að gerast miklar breytingar í landbúnaðinum. Breytingar kalla að sjálfsögðu á nýja þekkingu og einn liður í því að afla þekkingar er að gera tilraunir. Þess vegna vildi ég leggja áherslu á það að við slíkar aðstæður er tilraunastarfsemi í landbúnaði ákaflega mikilvæg og það verður að gæta þess að ekki dragi úr henni heldur að laga hana eftir aðstæðum og beina henni inn á þær brautir sem mikilvægastar eru. Þar sem hér er rætt um Reykhóla þá er t.d. ástæða til að benda á að nýting á sjávargróðri er talin einn af þeim möguleikum sem gæti verið vænlegur hér á landi.

Fyrir forgöngu Búnaðarfélags Íslands hefur verið aflað markaða fyrir söl í Kanada og þau eru flutt út þangað fyrir allviðunandi verð en kostnaðurinn við þá framleiðslu er algjörlega innlendur, þ.e. það er fyrst og fremst vinnan við að afla þeirra og ganga frá. Það er mat t.d. næringarfræðinga að sjávargróður sé mjög mikilvægt næringarefni og geti komið í veg fyrir eða dregið úr tíðni ýmissa sjúkdóma. Líka má benda á að þangmjöl eins og framleitt er á Reykhólum er talið að einhverju leyti geta komið í staðinn fyrir annan áburð, þ.e. tilbúinn áburð, og því mikilvægt að vita að hve miklu leyti það gæti orðið þar sem nú standa vonir til að framleiðsla lífrænna afurða gæti orðið mikilvægur þáttur í íslenskri landbúnaðarframleiðslu.

Þar sem þetta var tilraunastöð í jarðrækt, þannig stofnuð í upphafi á Reykhólum, þá væri það náttúrlega ákaflega nærtækt að tilraunir með þangið sem framleitt er á Reykhólum og nýtingu þess sem áburðargjafa færu þarna fram. Kannski er staðsetningin ekki úrslitaatriði en það er mjög mikilvægt atriði samt sem áður að slíkar tilraunir fari fram. Ég vil því spyrja hæstv. landbrh. að því hvort það standi nú yfir tilraunir með nýtingu á þangmjöli og öðrum efnum í staðinn fyrir tilbúinn áburð þannig að framleiðsla og uppskera geti orðið lífræn.

Það er auðvitað ákaflega mikilvægt þegar nú standa vonir til að það verði settir staðlar um það hvaða kröfur eigi að gera til lífrænnar framleiðslu að þá sé hægt

að leiðbeina bændum með það hvernig þeir eigi að framleiða þær vörur. Það verður því aðeins gert að tilraunir hafi farið fram um það og Rannsóknastofnun landbúnaðarins sé í stakk búin til að svara þeirri spurningu þegar bændur koma til hennar, hvernig eigum við nú að standa að þessari framleiðslu.

Ég vildi í tilefni þessara umræðna leggja áherslu á þetta mikilvæga atriði. Þetta er hreinlega grundvallaratriði fyrir þróun þessara mála hér á næstu árum. Það má ekki eingöngu hugsa um að leggja niður heldur líka byggja upp. Um leið og þetta frv. nær fram að ganga þá verði því reynt að aðlaga þessa starfsemi að kröfum og þörfum líðandi stundar og framtíðarinnar og beina rannsóknum inn á þær brautir sem mikilvægar eru.

[10:42]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér er ljúft að svara þessari fsp. Þegar ég var á ferð í Kína fyrir ári þá varð það að samkomulagi að hingað til lands kæmu tveir kínverskir sérfræðingar til að verða okkur til leiðbeiningar um það hvernig við Íslendingar gætum nýtt okkur sjávargróður og ýmislegt það sem til fellur í hafinu. Þeir dvöldust hér í sumar við Háskólann á Akureyri og eins á Reykhólum. Ég á von á því að einhver skýrsla eða greinargerð komi frá þeim áður en langt um líður án þess að ég sé viðbúinn að svara því hér og nú. Um hitt atriðið vil ég líka segja að ég er sammála hv. þm. um að Rannsóknastofnun landbúnaðarins taki upp rannsóknir í sambandi við lífræna ræktun. Ég hef af þeim ástæðum falið Ólafi Dýrmundssyni að leggja fram tillögur um það hvernig nýta megi tilraunabúið á Sámsstöðum í því skyni og eftir atvikum í samvinnu við tilraunastöðina á Tumastöðum og á von á því að greinargerð um það efni frá Ólafi Dýrmundssyni geti legið fyrir áður en langt um líður. Jafnframt er haft í huga að tilraunastöðin á Sámsstöðum muni nýtast sem tilraunastöð fyrir jarðávexti.

[10:44]

Jón Helgason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. landbrh. fyrir upplýsingar hans og vonandi kemur þekkingin frá Kína sem fyrst. En ég held að það sé nú engu að síður mikilvægt að reyna að afla sem mestrar þekkingar hér á Íslandi á þessu þó ráðgjöfin komi þaðan. Einnig er gott að það er hugað að því að koma af stað tilraunum með lífræna ræktun annars staðar en vissulega er það slæmt að það skuli ekki hafa verið hafinn undirbúningur að því fyrr en nú þar sem það eru orðin nokkur ár síðan umræðan um þetta hófst. Að sjálfsögðu kemur þekking úr tilraunum ekki til nota í einu vetfangi, þær taka alltaf nokkurn tíma eins og við þekkjum. Því er það mjög slæmt ef skortur á slíkri þekkingu verður til þess að tefja framþróun á þessu sviði hér á landi. En ég vil samt sem áður leggja áherslu á að þeim undirbúningi sem nú er hafinn verði hraðað eins og nokkur kostur er til að þekkingin liggi fyrir sem fyrst.

[10:46]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Ég þakka góðar undirtektir hv. þm. við það starf sem nú er unnið til að reyna að efla rannsóknastarf á sviði lífrænnar ræktunar. Ég tek undir með honum að það hefði verið ástæða til að hefja tilraunir í þessa veru fyrir mörgum árum, ég veit nú ekki hvort ég á að segja áratugum, en ég minni líka á að Búnaðarfélag Íslands á fulltrúa í stjórn Rannsóknastofnunar landbúnaðarins svo að bændasamtökin hafa auðvitað komið að þessu máli. Sannleikurinn er auðvitað sá að við Íslendingar höfum almennt ekki verið nógu vakandi á þessu sviði. Nú er þetta mál hins vegar orðið mjög brýnt fyrir okkur og það er af þeim sökum sem ég tók ákvörðun um að fela Ólafi Dýrmundssyni að leggja drög að því hvernig skynsamlega yrði staðið að rannsóknum og ég hygg að Sámsstaðir séu mjög vel fallnir til þess að miðstöðin sé þar.

[10:46]

Jón Helgason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir með hæstv. ráðherra að ég vonast til þess að Sámsstaðir geti hentað vel í þessu skyni þar sem þeir er á því svæði þar sem lífræn ræktun er komin lengst fyrir frumkvæði bænda.

Ég hef rætt þetta atriði við Rannsóknastofnun landbúnaðarins í nokkur ár en svarið sem ég hef fengið þar er fyrst og fremst það að fjárveitingum til stofnunarinnar hefur verið ákaflega þröngur stakkur skorinn og þeir hafa ekki talið sér fært að leggja nema að takmörkuðu leyti inn á nýjar brautir en vonandi verður það ekki heldur til þess að hindra að þær ábendingar og áhersla sem ráðherra hefur getið um beri einhvern árangur.

[10:47]

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Það þykir sjálfsagt ekki mikill gjörningur á hinu háa Alþingi að samþykkja það frv. sem hér liggur fyrir um að leggja með formlegum hætti af tilraunastöðina á Reykhólum því eins og hefur komið fram í þessari umræðu þá var það raunar gert að því er ég hygg árið 1990 við afgreiðslu fjárlaga þá og um það urðu þá allmiklar deilur því á það var náttúrlega bent að lögin giltu áfram. Hér var tekin hins vegar ákvörðun um það að veita ekki lengur fjármagn til Reykhóla né heldur Skriðuklausturs í Fljótsdal. Þannig voru lagðar af tvær tilraunastöðvar sem sérstaklega þjónuðu þeim byggðum þar sem landbúnaður á hvað helst í vök að verjast og var það að sjálfsögðu ekki stórmannlegur gjörningur.

Hér hafa menn talað um Sámsstaði í þessum efnum og auk þess hefur umræðan nokkuð snúist um lífræna ræktun. En ég vildi gjarnan spyrja: Hvað um bændurna í þessum landshlutum? Tilraunastöðin á Reykhólum, reyndar líka á Skriðuklaustri um tíma, sinnti mikið dreifðum tilraunum þar sem sérstaklega var leitað eftir því hvaða grasastofnar og þá sérstaklega hvaða áburðartegundir ættu við hinar ýmsu breytilegu aðstæður. Ég held að sú viðleitni sem höfð var uppi um þessi efni hafi nú horfið með þessum tveimur tilraunastöðvum. A.m.k. er mér ekki kunnugt um að

sá rekstur sé að neinu marki í gangi. Það er auðvitað áhyggjuefni þó að menn geti náttúrlega baðað sig í nýjum hugmyndum um lífræna ræktun og rannsóknir í þeim efnum þá er hitt jafnbagalegt þegar hlaupið er frá rannsóknaverkefnum eins og þeim að vita hvað er best við hæfi á bújörðum hjá bændunum sjálfum.

Yfirleitt vildi ég segja það að ég hef miklar áhyggjur af því hvernig menn horfa til ræktunarmála almennt séð. Það er ekki vansalaust hvað þau mál eru m.a. við fjárlagagerð látin standa út af og ég verð að segja það alveg eins og er að ég tek ekki mikið mark á yfirlýsingum um lífræna ræktun meðan ekki er sinnt þeim lífsnauðsynlega búskaparhætti að halda ræktuninni í landinu við með eðlilegum hætti.

Auðvitað á ég eftir að fjalla um þetta mál í landbn. og eins og ég sagði áðan þá er hér í rauninni ekki um annað að ræða heldur en staðfestingu en mér fannst sjálfsagður hlutur að koma þessum viðhorfum að.

Það hefur líka aðeins borist í tal rannsóknir með framleiðslu á verksmiðjunni á Reykhólum, þörungavinnslunni þar. Það er vissulega ástæða til að staldra við í þeim efnum líka. Það skyldi þó aldrei vera að útlendingar hafi orðið áhuga á að kaupa þá verksmiðju eða eignast meiri hluta í henni. (**GÁ:** Væri það ekki gott?) Það þótti mikið göfuglyndi af Norðmönnum þegar þeir komu með peninga inn í þennan verksmiðjurekstur og einhvers staðar hefur það heyrst að þeir vildu jafnvel eignast meiri hluta í þessari verksmiðju. Ef ég man rétt þá er það Norsk-Hydo sem hér á hlut að máli, mikill og voldugur auðhringur eins og menn vita bæði í áburði og í olíuvinnslu, á miklar eignir víða um Evrópu og það fyrirtæki munar að sjálfsögðu ekki mikið um að kaupa þessa verksmiðju vestur á Reykhólum. En ef það er svo að lífræn framleiðsla er að hljóta meiri sess í vöruframleiðslu þá verður náttúrlega þessi verksmiðja og framleiðsla hennar miklu verðmætari en nú er. Ég hef það fyrir satt að ýmsar sambærilegar verksmiðjur sé farið að skorta hráefni þannig að ég held að það sé mikil ástæða til þess að huga að þessum málum. Við höfum séð það fyrir okkur hvað gerðist norður í Fljótum þegar Norðmenn komu og keyptu framleiðsluna þar, fiskeldið, og mér sýnist að þeir séu að sælast eftir því að kaupa upp Áburðarverksmiðjuna þannig að það er vissulega mikil ástæða til þess að huga að þessum málum.

[10:55]

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil sérstaklega gera athugasemdir við orðalag hv. þm. þegar hann ræddi um að Norðmenn hefðu komið og keypt laxeldisstöð í Fljótum. Það er ansi mikið tekið upp í sig að segja að Norðmenn hafi keypt þetta fyrirtæki. Þetta fyrirtæki var afhent Norðmönnum og hvernig að því var staðið er öllum þeim til skammar sem að því komu, þ.e. þeim er afhentur fiskurinn. Í fyrsta lagi heilbrigður fiskur sem væntanlega eða hugsanlega hefur fyrir mistök verið álitinn sjúkur. Þeim er afhendur hann á spottprís og síðan þegar þeir hafa fengið fiskinn þá hafa þeir öll tök á Íslendingum og geta fengið stöðina á silfurfati.

[10:56]

Egill Jónsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vænti þess að hv. 1. þm. Norðurl. v. hafi ekki skilið mig svo að ég hafi verið að forsvara þessi viðskipti. Það var ég ekki að gera. Ég var einmitt að vara við því að við héldum áfram á þessari braut og ég er honum sammála að öllu leyti að því er mál hans varðaði hér áðan.

[10:55]

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég var alls ekki að halda því fram að hv. þm. væri að forsvara þessi viðskipti, ég var hins vegar að vekja athygli á því að hann notaði orðið „keypt" sem mér finnst vera mikið upp í sig tekið um viðskipti eins og þarna fóru fram og hlutur Búnaðarbankans í málinu er náttúrlega sérstakt rannsóknarefni.

[10:57]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég vil lýsa mig samþykkan þessu litla frv. Ég held að það sé ósköp einfaldlega niðurstaða af staðreyndum sem blasa við og hafa gert um nokkurt árabil og í raun og veru fullkomlega skiljanlegur og eðlilegur hluti af þróun sem er að gerast í okkar landi að breytingar á starfsemi ríkisins af þessu tagi eigi sér stað. Ekkert er óumbreytanlegt og við hljótum að þurfa að horfast í augu við breyttar aðstæður. Ég hefði í sjálfu sér ekki þurft að taka þetta fram svo sjálfsagt sem ég tel það nema vegna nokkuð sérkennilegra orða hv. þm. Egils Jónssonar sem hafði um það m.a. þau orð að það hefði ekki verið stórmannlegur gjörningur að hætta fjárveitingum til rekstrar tilraunastöðva á Reykhólum og Skriðuklaustri á árinu 1990. Ég held að það hafi einmitt verið stórmannlegra að viðurkenna það sem orðin var þá staðreynd að það var ekki pólitískur vilji til þess að leggja það fé í rannsóknastarfsemi á vegum landbúnaðarins að unnt væri að halda úti öllum þeim stöðvum sem verið hafði þegar mest var umleikis á 7. og fram á 8. áratuginn á þessu sviði.

Ég held að það hafi verið miklu stórmannlegra heldur en að láta þessa starfsemi svelta í hel, ef svo má að orði komast, en það var sú braut sem hún var á.

Það kemur mjög skýrt fram í þessu stjfrv. sem ég þykist vita að hv. þm. styðji að niðurstaðan sem varð í fjárveitingum á árinu 1990 var ósköp einfaldlega endapunkturinn á þróun sem þá hafði verið í gangi um nokkurt árabil. Það segir í síðustu málsgrein greinargerðar með frv., með leyfi forseta:

„Síðustu árin sem tilraunastöðin var starfrækt dró stórlega úr öllum tilraunum á sviði jarðræktar þannig að umsvif á því sviði voru ekki nema einn fjórði af því sem mest var á árunum 1970–1980. Orsök þess voru minnkandi fjárveitingar ár frá ári."

Þetta er mergurinn málsins. Staðreyndin er auðvitað sú að fjárveitingarnar til þessarar starfsemi höfðu dregist þannig saman á undanförnum árum að rétt nægði til rekstrarins eins. Þannig var nú komið á þessum litlu tilraunastöðvum. Þegar svo var komið að í raun og veru voru ekki lagðir fjármunir til neins ann-

ars en að standa undir beinhörðum rekstrarkostnaði stöðvanna og þær höfðu ekkert fé aflögu til að sinna rannsóknarstarfi, þá voru brostnar a.m.k. forsendurnar fyrir því að kalla þetta tilraunastöðvar eða rannsóknastöðvar.

Í öðru lagi er rétt að nefna að innan landbúnaðarins var vaxandi umræða og gagnrýni á það að ríkið héldi úti umtalsverðum framleiðslurétti með rekstri allmargra sauðfjárbúa og reyndar einnig mjólkurbúa og það var uppi allmikil krafa á að dregið yrði úr umfangi þessarar framleiðslustarfsemi ríkisins og það var gert í tengslum við breytingarnar sem þá voru að eiga sér stað í landbúnaðinum. Hluti þessa framleiðsluréttar var færður saman á þau bú sem eftir voru, en að hluta til féll hann niður.

Í þriðja lagi held ég að það sé óhjákvæmilegt að nefna, hæstv. forseti, að það eru einfaldlega uppi breyttir tímar hvað varðar starfsaðstæður og vinnuumhverfi vísindamanna. Með mikilli virðingu fyrir þeim mönnum sem unnu þrekvirki á þessum stöðvum á árum áður, þá held ég að það sé alveg ljóst að breyttir tímar hefðu gert það að verkum að það hefði orðið erfitt að fá menn sem hefðu sameinað alla kosti þess að vera bústjórar, verkamenn, en jafnframt vísindamenn sem gætu sinnt grunnrannsóknum sem skiluðu afrakstri við aðstæður eins og þær að vera starfandi aleinir á rannsókna- eða tilraunastöð. Alla þessa þætti og marga fleiri mætti hér til nefna. Þannig að ég sem landbrh. á þessum tíma taldi alveg ljóst að það væru ekki fyrir hendi pólitískar forsendur til að efla þessa starfsemi þannig að hún gæti staðist og þjónað sínum tilgangi og þá var auðvitað miklu hreinlegra og miklu stórmannlegra að horfast í augu við orðinn hlut. Vel að merkja er það náttúrlega Alþingi sjálft, Alþingi Íslendinga, sem vel meðvitað um þessar fjárveitingar tók þessar ákvarðanir, það er ljóst. Eins og hv. þm. reyndar nefndi, og virðist hafa áttað sig á, þá er það auðvitað sú ákvörðun að leggja ekki fé til starfseminnar sem jafngildir því að hún sé aflögð. Það liggur í hlutarins eðli. Ég vil taka fram að það var reynt að standa þannig að þessum breytingum að viðkomandi starfsmenn og aðilar sem hlut áttu, sveitarfélög, kæmust sem best frá þessu. Auðvitað er þetta sársaukafullt og enginn hefur gaman af að standa fyrir breytingum af þessu tagi. En ef enginn hefði nú kjark til að horfast í augu við staðreyndirnar og breytta tíma þá yrði nú víst lítil framþróun hér í okkar landi.

Hefur ekki sú krafa staðið á landbúnaðinn, ekki síst undanfarin ár, að hann drægi úr sinni yfirbyggingu, nýtti betur það fé sem lagt er til rannsókna og leiðbeiningarstarfsemi, sem og auðvitað rekstrarfélagskerfis landbúnaðarins? Sem betur fer er ýmislegt að gerast í þeim efnum og talsverð þróun hefur verið í gangi þarna undanfarin ár. En mér fannst satt best að segja þessi sérkennilegu ummæli hv. 3. þm. Austurl. vitna um einhvern annan aldarhátt heldur en þann sem ég tel að menn þurfi að hafa að leiðarljósi gagnvart breytingum af þessu tagi.

Mér fannst hv. þm. sakna sérstaklega þess þjónustuhlutverks sem tilraunastöðvarnar, einmenningsstöðvarnar, hefðu sinnt gagnvart bændum á viðkomandi svæðum. Þar held ég að sé misskilningur á ferðinni. Það hlutverk á leiðbeiningarþjónustan og ráðunautaþjónustan að annast en ekki tilraunastöðvar. Þær þurfa, ef þær eiga að standa undir nafni sem slíkar, fyrst og fremst að sinna sínum tilraunum. Svo er það verkefni út af fyrir sig að koma niðurstöðum tilraunanna út til bænda. En við hljótum nú að reikna með að tilraunir séu reknar á landsgrundvelli. Það séu ekki framkvæmdar sérstakar rannsóknir og sérstakar tilraunir bara fyrir Vestfirði og aðrar fyrir Austfirði. Auðvitað hlýtur skipulagið í þessum málum að vera þannig að afrakstur tilrauna og niðurstöður sem þannig fást nýtist bændum sem hér eiga í hlut eða þá öðrum stéttum, eftir atvikum, um allt land.

Að síðustu er óhjákvæmilegt að nefna það, úr því þessar fjárveitingar voru teknar hér upp af hv. 3. þm. Austurl. Hv. þm. hefur stutt talsvert af ríkisstjórnum á undanförnum árum. Hann mun t.d. hafa verið stuðningsmaður ríkisstjórna samfellt frá árinu 1983 til og með september 1988. (**Gripið fram í:** Hvaða þingmaður er það?) Það er hv. 3. þm. Austurl., sem hafði um það þau orð hér að það hefði ekki verið stórmannlega gert að fella niður fjárveitingar til reksturs tilraunastöðvar á Reykhólum 1990. Þá ætla ég að biðja hv. þm. og aðra að rifja það upp hvernig staðan var í þessum málaflokki um áramótin 1988–1989, rétt eftir stjórnarskipti sem þá urðu. Hvaða verkefni beið þá nýorðins landbrh.? M.a. það að gera upp gífurlegan skuldahala sem myndast hafði vegna ónógra fjárveitinga til jarðræktarframlaga á undanförnum árum, sem að raungildi á núvirði mundi væntanlega vera einhvers staðar af stærðargráðunni 500–700 millj. kr. Það var aðkoman. Og af því ýmsir hafa hér á seinni árum talað mikið um fortíðarvanda þá hefði ég út af fyrir sig, ef ég hefði talið það þjóna einhverjum tilgangi, getað haldið býsna miklar ræður um þennan fortíðarvanda, sem var satt best að segja ekki þægilegur viðfangs, eins og aðkoman var almennt í ríkisfjármálum haustið 1988 þegar ríkisstjórn undir forustu Sjálfstfl. hafði gefist upp. Sem betur fer gerði hún það þá en hefur ekki vit á því núna.

En þetta var þannig að þarna stóð skuldahali sem ríkið skuldaði bændum vegna skuldbindinga sem því bar að uppfylla samkvæmt jarðræktarlögum, sem menn höfðu ekki verið menn til að aftengja heldur látið myndast skuld ár eftir ár. Og þegar svo var komið að skuldahalinn var farinn að mælast í mörg hundruð milljónum króna þá var auðvitað ekkert annað að gera en að taka þar í taumana og það var gert. Það sem var gert var að annars vegar var lögunum breytt þannig að það mynduðust ekki lengur þessar sjálfvirku kröfur á ríkissjóð, sem fyrra fyrirkomulag fól í sér, en það var jafnframt gengið í það að gera upp við bændur með því að semja um uppgjör á þessum skuldum á þriggja eða fjögurra ára tímabili með skuldabréfum sem bændur fengu og gátu selt. Þetta þýddi það t.d. að það var ósköp lítið hægt að slá um sig með styrkjum og stuðningi við út af fyrir sig þörf verkefni á sviði jarðræktar á þessu tímabili. Það er nefnilega gallinn við veislu-

höld af þessu tagi, hv. þm. Egill Jónsson, sem eru fjármögnuð með lánum, að það kemur að skuldadögunum. Ég held að sé það eitthvað sem er ekki stórmannlegt í þessum efnum þá er það að hafa ekki manndóm í sér, hafa ekki hrygg til þess að horfast í augu við aðstæður af þessu tagi. Þegar pólitískar forsendur eru brostnar fyrir fjárveitingum til tiltekinna verkefna þá á ekki að stinga höfðinu í sandinn og safna skuldum af því að menn hafa ekki kjark til að gera þær breytingar sem í kjölfarið verður að gera.

Þetta ættum við öll að hugleiða og ekki síst hv. 3. þm. Austurl., því mér er ekki kunnugt um annað en að hv. þm. hafi verið stuðningsmaður þeirra ríkisstjórna sem söfnuðu þessum skuldum, til að mynda á jarðræktarliðnum, og stuðningsmaður ríkisstjórna sem höfðu skorið niður ár frá ári fjárveitingar til rannsóknastarfseminnar þannig að svo var komið sem raun bar vitni. Það er í raun aðeins fjárveiting eins árs sem skrifa má á reikning þess sem hér stendur eða þeirrar ríkisstjórnar, sem líður áður en sú ákvörðun er tekin hér á Alþingi að leggja alveg niður rekstur þessara tilraunastöðva. Þannig að stærstur hluti þess aðdraganda sem hér er fjallað um í greinargerð frv. er auðvitað í tíð þeirrar ríkisstjórnar sem hv. þm. studdi. Þannig að mér finnst að málflutningur af þessu tagi risti ekki djúpt, hæstv. forseti, hvorki í sögulegu tilliti né öðru.

Ég held sem sagt og kem þá aftur að því sem ég tók fram í upphafi, að aðstæðurnar séu ósköp einfaldlega þannig að við verðum að horfast í augu við þær og það sé skynsamlegri kostur að reka rannsóknastarfsemina á færri og öflugri stöðvum, efla frekar þess í stað ráðunautaþjónustuna og leiðbeiningaþjónustuna við bændur út í héruðunum. Auðvitað er það mikill missir og sjónarsviptir að því fyrir landsfjórðung eins og Vestfirði eða þess vegna Austurland að missa út rannsóknastöð af þessu tagi. En ég býst við að Austfirðingar teljist sæmilega sáttir við þau skipti sem urðu einmitt á þessu ári, 1990, því í stað þess að segja mætti að tilraunastöð á Skriðuklaustri væri lögð niður þá fluttist þangað starfsemi höfuðstöðvar Skógræktar ríkisins og stórátak í skógrækt fór af stað á því svæði. Þannig að nú meta menn það svo að á Fljótsdalshérði séu það að verða hátt í 100 ársverk sem skógrækt skilar inn í það hérað. Hlutirnir þurfa því ekki endilega að ganga þannig að allt sé það aftur á bak og vissulega má skoða hvaða möguleikar eru þá til að efla aðra starfsemi sem grundvöllur er fyrir á Vestfjörðum. En ég fullyrði að það væri að berjast með vonlausum hætti við breyttar aðstæður og þróun mála að ætla að ríghalda í form af því tagi sem þarna var á sinni tíð. Skilaði góðu verki á meðan það var og hét og á meðan þeir hlutir gengu fyrir sig, en ég held að það hafi verið orðið augljóst mál að svo var ekki lengur. Þó ekkert annað kæmi til en ósköp einfaldlega þær staðreyndir sem liggja í hinu pólitíska baklandi, þ.e. það var ekki hér á Alþingi vilji til þess að vera að leggja fjárveitingar til starfsemi af þessu tagi eða á þessum stöðum sem dugði nema rétt fyrir blárekstrinum og varla það. Því í aðdraganda fjárlagagerðar á þessum árum var iðulega lagt til af fjmrh. að þessi starfsemi yrði slegin af og hún hafi í reynd verið varin í nokkur skipti af þeim sem að fyrir stóðu.

Þannig er nú það, hæstv. forseti, og úr því að þessi umræða var upphafin hér á annað borð þá taldi ég mér skylt að láta þetta sjónarmið koma fram. Ég styð sem sagt efni þessa frv. Það er ósköp einfaldlega raunsæi sem í því felst að gera þá hreingerningu eða snyrtingu í lagasafninu sem í raun og veru er hér fyrst og fremst á ferðinni, að fella úr gildi þessi lög. Það er alsiða, eins og menn þekkja, að lagaframkvæmd fellur niður af ýmsum ástæðum. Ýmist vegna þess að ekki eru lagðar til fjárveitingar eða vegna þess að það myndast sú réttarvenja eða hefð að lög eru ekki framkvæmd. Hæstv. núv. landbrh. minnti t.d. á það fyrir nokkrum árum síðan að í lagasafninu væru enn ákvæði um legorð presta, sem ekki hefði verið farið mikið eftir hina síðari áratugi, en það gerði svo sem engum til þó það stæði þar. Þetta er einfaldlega dæmi um lagaframkvæmd eða hefð þar sem lög voru ekki framkvæmd. Sama má segja að hafi átt við um þessi lög núna í fjögur ár, en ég held að það sé snyrtilegra að standa svona að málum, að fella þau einfaldlega úr gildi þegar ljóst er að þau eru ekki framkvæmd og ekki stendur til að framkvæma þau. Ef hv. þm. Egill Jónsson hefur önnur sjónarmið þá verður hann náttúrlega að berjast fyrir þeim, en ég held að það mundi þá ekki vefjast fyrir mönnum að finna starfsemi á Reykhólum viðunandi lagagrundvöll, ef vilji yrði til þess á nýjan leik að leggja til fjárveitingar sem dygðu þar fyrir einhverjum rekstri eða einhverri starfsemi.

[11:14]

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Hv. síðasti ræðumaður hafði mikið við það orð að athuga sem ég lét mér hér um munn fara, að það hefði ekki verið stórmannlegur gjörningur að leggja af þessa starfsemi á Vestfjörðum og Austfjörðum. Hann tók það að sjálfsögðu til sín. Hann er býsna viðkvæmur fyrir sínum embættisferli og það skil ég vel. En ég meinti þetta nú ekkert sérstaklega til hans, enda hefði ég þá nafngreint hann í þeim efnum.

Það eru hins vegar nokkur orð sem ég vildi láta falla hér út af ræðu hans. Það er þá í fyrsta lagi að fjárveitingar til rannsókna hafa frekar verið að aukast heldur en að minnka eða voru á þessum árum, en þeim hefur hins vegar verið beint í aðra farvegi. Í þessu sambandi er líka rétt að geta þess að það hefur farið æðigóður skerfur frá Framleiðnisjóði landbúnaðarins yfir í þessi verkefni, sem er reyndar meira en hæpinn gjörningur. Þannig að hér þarf ekki sérstaklega að vera að tala um það að þetta hafi leitt til sparnaðar. Málið er hins vegar það að það eru aðrar stofnanir sem fá þetta fjármagn og eins og menn vita gekk andvirðið af sölunni á Reykhólum til þess að byggja upp á Hesti. En Hestur hefur þar að auki fengið mikið fjármagn úr Framleiðnisjóði landbúnaðarins og tel ég þennan gjörning meira en vafasaman.

Þá hafði hv. ræðumaður orð á því að ég hefði verið að tala um þjónustu og talaði um leiðbeiningastarfsemi í þeim efnum. Það vill nú svo til að ég hef verið ráðunautur. Ég hef líka starfað að tilraunaverkefn-

um. Ég var að tala um dreifðar tilraunir og menn verða nú að skilja einfalda hluti eins og þá að tilraunir eru bundnar við þá staði sem þær eru gerðar á. Tilraun hér uppi á Keldnaholti eða á Sámsstöðum þarf ekki endilega að gilda annars staðar svo að ég nefni dæmi þar um. Og það er af þeirri ástæðu sem ég var sérstaklega að gagnrýna það að með því að láta þessar tilraunastöðvar falla niður hefur þessum rannsóknaverkum meðal bændanna sjálfra verið skotið fyrir horn. Og það er mikill misskilningur sem kom fram hér í ræðu hv. þm. að vegna þess að það hefði þrengt að í landbúnaðinum, þá væru minni ástæður til þess að stunda tilraunastarfsemi. Staðreyndin er sú að við erum í miklu meiri þörf fyrir slíka starfsemi núna en við vorum fyrir 10 árum síðan (**GÁ:** Hver sagði þetta ...) einfaldlega vegna þess að áburðarþörfin og jarðvegurinn breytist með tímanum og ég held að það sé afar þýðingarmikið t.d. að stórefla áburðartilraunir, sérstaklega t.d. með tilliti til notkunar á áburðarkalki, þannig að það er engin furða þó að við séum ekki sammála, ég og hv. 4. þm. Norðurl. e. um þessi efni. Það er því engin furða þó að við horfum með ólíkum hætti á þessa hluti. Það er í rauninni mjög eðlilegt.

Ég held að ég hafi þá farið yfir þetta sem var efnislega einhvers virði í ræðu hv. þm. En það er hins vegar kannski vert að ég geti þess svona í lokin sem hann talaði mikið um að ég hefði stutt ríkisstjórnir þessar eða hinar og enn þá kemur fram grundvallarmunur á skoðunum mínum og þessa hv. þm. að þó að mál gangi ekki fram með þeim hætti sem ég helst kysi þegar ég styð ríkisstjórn þá er það ekki þar með sagt að málið sé gott bara af því að ég styð ríkisstjórnina. Málið er hvorki betra né verra eftir því hvaða ríkisstjórn situr við völd. Og það er hárrétt sem þingmaðurinn sagði að það er búin að vera uppi sterk viðleitni frá því fyrir 1980 af fjárveitingavaldinu að leggja niður þessar tvær tilraunastöðvar og það tók sem sagt einn áratug. En það haggar því ekkert að bændur í þessum byggðarlögum hefðu verið betur settir ef þessari starfsemi hefði verið haldið við. Sú staðreynd er óhagganleg og það skiptir í þeim efnum ekki neinu máli hverjir það eru sem stjórna landinu. Sú niðurstaða liggur fyrir þrátt fyrir það.

Þá held ég að ég hafi nú farið yfir þetta sem efnislega kom fram í ræðu þingmannsins og læt því máli mínu lokið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Forfallaþjónusta í sveitum, 1. umr.

Stjfrv., 105. mál. — Þskj. 108.

[11:21]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Hinn 10. maí sl. skipaði ég nefnd til að endurskoða lög nr. 35/1992, um forfallaþjónustu í sveitum. Í nefndinni áttu sæti Sveinbjörn Eyjólfsson, deildarstjóri í landbrn., sem var formaður nefndarinnar, Bjarni Guðráðsson bóndi, fulltrúi Búnaðarsambands Íslands og Hörður Harðarson bóndi, fulltrúi Stéttarsambands bænda.

Nefndin hélt fjóra formlega fundi og á milli funda var haft samband við samtök og aðila er málinu tengjast. Öllum búgreinafélögum og búnaðarsamböndum var skrifað vegna þessa máls og óskað eftir afstöðu þeirra til viðfangsefnisins ásamt því sem leitað var til Ágústs Gíslasonar, formanns stjórnar forfallaþjónustunnar, Gísla Karlssonar, framkvæmdastjóra Framleiðsluráðs landbúnaðarins og Gunnars Hólmsteinssonar, skrifstofustjóra í Búnaðarfélaginu, en hann hefur með reikningshald að gera. Nefndin lauk störfum í júlímánuði og var sammála um greinargerð og tillögur til mín og er greinargerðin svohljóðandi með leyfi hæstv. forseta:

„Forfallaþjónustu í sveitum í núverandi mynd má rekja til ársins 1979, en þá var samhliða almennum kjarasamningum gerður samningur við bændur um að ríkið greiddi fyrir forfallaþjónustu í sveitum. Á þeim 15 árum sem liðin eru hefur fjármögnun forfallaþjónustunnar breyst í áföngum og nú er hún alfarið kostuð af bændum og greiðsla innheimt með öðrum sjóðagjöldum. Samkvæmt lögum nr. 41/1990, um búnaðarmálasjóð, skal greiða 0,2% gjald af vöru og leigusölu í A-flokki og 0,4% gjald af vöru- og leigusölu í B-flokki til forfallaþjónustunnar. Samkvæmt sömu lögum er búgreinafélögum heimilt að segja sig frá þessari þjónustu og í 8. gr. laga nr. 35/1992, um forfallaþjónustu í sveitum, er sú heimild ítrekuð en þó með því skilyrði að hver og einn bóndi verður að fylgja úrsögn búgreinafélagsins eftir skriflega. Nú er staðan sú að öll búgreinafélög önnur en sauðfjárbænda og loðdýraræktenda hafa sagt sig frá þessari þjónustu.

Í svörum sem nefndin fékk frá hagsmunaaðilum komu fram mismunandi áherslur varðandi gildi þessarar þjónustu. Búgreinafélögin áréttuðu þá skoðun sína að vilja standa utan við þessa þjónustu. Undantekningar frá því eru samtök loðdýraræktenda sem ekki svöruðu og Landssamband sauðfjárbænda sem enn eru aðilar að forfallaþjónustunni. Þó kom fram í bréfi sauðfjárbænda að stjórnin stefndi að því að leggja fyrir aðalfund í sumar tillögu um að segja sauðfjárbændur frá forfallaþjónustunni. Áberandi var í svörum búgreinafélaganna að þau telja hagsmunum sínum betur borgið með því að kaupa tryggingar eða bændur sjái sjálfir um sín mál á annan hátt.

Búnaðarsamböndin sem svöruðu nefndinni voru flest á því að halda beri þessari starfsemi áfram í sem líkastri þeirri mynd sem nú er. Undanteking frá því er Búnaðarsamband Suðurlands, en aðalfundur þess samands hefur ályktað um að leggja beri forfallaþjónustuna niður.

Í svörum annarra búnaðarsambanda kemur fram að breyta þurfi reglum um úthlutun til lítilla búa, ekki sé eðlilegt að innheimta af framleiðslu sem gefi engan rétt. Einnig er mjög áberandi í svörum búnaðarsambanda að forsenda þess að halda þessu starfi áfram sé sú að öllum sé gert að greiða til þjónustunnar. Greiðsluviðmiðun megi breyta t.d. að greiðslan sé miðuð við launalið í búvöruverði en loka verði fyrir þann

möguleika að heilu búgreinarnar segi sig frá þjónustunni. Jafnframt kom fram sú skoðun að ríkið greiddi hluta kostnaðar við þessa starfsemi.

Stjórn forfallaþjónustunnar og reglum um úthlutun var breytt í kjölfar laganna frá 1992 og í reglugerð nr. 506/1992 eru settir þeir rammar sem úthlutun miðast við. Þær breytingar sem þar voru gerðar voru ekki síst við það miðaðar að ná endum saman og hefur það nú tekist. Nú eru eignir heldur meiri en skuldir eins og sjá má af bráðabirgðayfirliti sem hér segir" stendur þar. „Ítreka skal þó að í svörum búnaðarsambanda gætti nokkurrar óánægju með þessar reglur.

Að virtum þeim gögnum sem nefndinni hefur borist telur hún forsendu lögbundinnar þátttöku í forfallaþjónustu í sveitum þá að öllum bændum verði gert skylt að taka þátt í starfseminni. Þá tillögu treystir nefndin sér ekki til að leggja fram og metur ekki ástæðu til að hafa sérstök lög um starfsemi sem hægt er að segja sig frá. Nefndin telur hins vegar fulla þörf fyrir áframhaldandi starf forfalla- og afleysingaþjónustu í sveitum og beinir því til samtaka bænda að taka þetta mál upp á sínum vettvangi og stofna sem fyrst til samstarfs um þessa þjónustu þar sem aðild yrði frjáls. Það verður að gera áður en lögin verða felld úr gildi. Gangi það ekki er eðlilegt að bændasamtökin leiti annarra leiða til að tryggja áframhaldandi forfallaþjónustu í sveitum."

Ég hef nú lesið, hæstv. forseti, greinargerð nefndarinnar og tillagan sem hún sendi mér, er svohljóðandi:

„Nefndin leggur til að lög nr. 35/1992, um forfallaþjónustu í sveitum, verði felld úr gildi."

Þetta er undirritað 13. júlí sl. Ég hef í rauninni litlu við þetta að bæta. Mér finnst fráleitt sjálfum að Alþingi setji sérstök lög um forfallaþjónustu úr því að það eru bændur sjálfir sem standa undir kostnaðinum. Þá finnst mér eðlilegt að bændur sjálfir setji sínar reglur um það hvernig þeir vilja standa að henni. Ég hygg líka að það hljóti að vera mismunandi eftir héruðum og aðstæðum á hverjum stað hvernig menn kjósa að standa að forfallaþjónustu fyrir sig. Það getur komið mönnum betur sérstaklega eftir að tekjur hafa dregist saman, t.d. hjá sauðfjárbændum að þeir annast slíkt hver fyrir annan fremur en að þeir séu skattlagðir til heildarinnar í þessu skyni og hafa svo sjálfir ekki ráð eða tök á því að nýta sér þá þjónustu. Ég er með öðrum orðum, hæstv. forseti, sammála þessari niðurstöðu og legg hér frv. fram og vonast til þess að Alþingi sjái sér fært að afgreiða það á þessum vetri.

Ég legg til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. landbn.

[11:29]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Mér er nú eftirsjá að forfallaþjónustunni og ég tel að það sé skaði að svona sé komið. Forfallaþjónustan var á sínum tíma talsvert framfaraspor og eins og hæstv. ráðherra rakti í framsögu sinni, þá var þetta liður í kjarasamningum 1979. En svo raunalega hefur nú farið að ríkisvaldið hefur ekki staðið við sinn hluta og ríkisvaldið gekk þvert á fyrirmæli laganna og það er raunverulega óhjákvæmilegt að horfast í augu við þá staðreynd að það er búið að eyðileggja forfallaþjónustukerfið. Auðvitað hefði verið meiri stórhugur í því að endurreisa það heldur en afnema. Ég vil spyrja vegna þeirra orða sem nefnd landbrh. lét falla í nefndaráliti sínu og hæstv. landbrh. hefur nýlokið við að lesa: Hefur eitthvað verið gert til þess að endurreisa þessa forfallaþjónustu? Það var reyndar skilyrði af hendi nefndarinnar að gert yrði áður en lögin yrðu afnumin. Mér sýnist að hæstv. landbrh. sé e.t.v. að hlaupa fram úr þeirri nefnd sem hann skipaði.

Bændur hafa gefist upp á því að halda forfallaþjónustunni úti og stór hluti bænda hefur sagt sig frá og stéttarsamband og búnaðarþing hafa óskað eftir endurskoðun. Nefnd landbrh. leggur til að lögin verði afnumin og það er sjálfsagt þægilegast fyrir ríkisvaldið að afnema þau.

Ég veit ekki hvort það þýðir nokkuð að vera að berjast fyrir framhaldi á forfallaþjónustunni en ég vildi láta það koma fram við 1. umr. málsins að ég tel það spor aftur á bak sem hér er verið að stíga. Æskilegra hefði verið ef menn hefðu haldið sig við upphaflegt markmið þessara laga, ríkisvaldið uppfyllt sinn hluta, eins og gert var ráð fyrir við setningu laganna, sem hluta af kjaramálapakka og bændur hefðu staðið saman um að halda úti að sínum hluta þessari mikilvægu þjónustu.

[11:32]

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Eins og þetta mál ber nú að þá er það vissulega ekkert sérstaklega auðvelt til umfjöllunar. Hér er látið liggja að því að stór hluti bænda sé andvígur þessari starfsemi og fyrst og fremst lagt til grundvallar sjónarmið búgreinafélaganna í þessum efnum. Mér er til efs að það sé svo afskaplega stór hópur sem hefur sagt sig frá forfallaþjónustunni enn þá þótt stjórnir og fundir þessara samtaka hafi gert um það ályktanir.

Ég tek undir það sem kom fram hjá hv. 1. þm. Norðurl. v. að mér finnst að í þessu felist undanhald. Það var gert um það sérstakt samkomulag milli ríkisvaldsins og bændasamtakanna að stofna til þessarar þjónustu og þar var lagt til grundvallar að það yrðu 60 ársverk sem skipt yrði á milli bænda landsins til þjónustu í þessum efnum. Það náðist reyndar að þetta fjármagn kom allt saman á fjárlögum og allt saman til skila. Síðan var sú breyting gerð, eins og menn vænta anlega muna, að hluti af stofnlánadeildargjaldinu var fært yfir til forfallaþjónustunnar þannig að hún hafði fjármagn eftir sem áður þótt það kæmi annars staðar frá.

Ég hefði gjarnan viljað spyrjast fyrir um það hér hvað hæstv. landbrh. hugsar sér með framhaldið. Ég get ekki séð annað en það sé algjörlega út í hött að tala um það að bændur stofni til forfallaþjónustu á einhverjum hugsjónagrundvelli. Um það verða að sjálfsögðu að gilda reglur og gilda lög til þess að vinna eftir og menn verða að sjálfsögðu að taka á sig einhverjar sameiginlegar skyldur. Það er útilokað að hugsa sér að það gæti gengið að stofna til samtaka þannig að

þessi gjöld yrðu bara innheimt með gíróseðli og svo útdeilt af einhverri stjórn eða stjórnum, eins og mér skildist helst á hæstv. landbrh. að hann ætlaðist til, sem víðast um landið.

Í þessu felst ekki stefna í málinu. Þar af leiðandi verður það að koma skýrar fram áður en afgreiðslu þessa máls lýkur hvort ríkisvaldið ætli með einhverjum hætti að ganga til móts við þessar þarfir. Það kemur fram í umsögnum að menn vilja ekki hverfa frá þessu. Ég er vel kunnugur því í sambandi við umræðu á búnaðarþingi að menn vilja ekki hverfa frá þessari þjónustu. Menn geta vel hugsað sér að taka upp breytta skipan og að fjármagnið komi með öðrum hætti til þessarar starfsemi. Mér sýnist þess vegna að það verði að svara því við afgreiðslu málsins hvort eitthvað á að koma á móti eða hvort ríkisvaldið ætlar að ljúka sínum afskiptum af þessum málum með þeim hætti sem hér er lagt til fyrir fullt og allt. Það er grundvallaratriði að það liggi fyrir.

Ég hef lokið máli mínu, virðulegi forseti.

[11:38]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil leggja áherslu á að það var samþykkt á aðalfundi Stéttarsambands bænda að skora á Alþingi og ríkisstjórn að frv. þess efnis að leggja forfallaþjónustuna niður yrði afgreitt á þessu ári fyrir áramót. Það er sá vilji sem þau samtök hafa látið í ljósi og ég er sammála því að okkur beri að verða við því. Mér er ekki kunnugt um og það veit hv. 3. þm. Austurl. betur en ég hvort bændasamtökin hafa hafið vinnu að því að koma öðru skipulagi á í kjölfarið. Það er gengið út frá því að það skipulag verði á ábyrgð bændasamtakanna sjálfra enda er ljóst að það þarf að huga að því hvernig afleysingamálum bænda verði háttað í framtíðinni.

Hér er sem sagt lagt til að þessi lög verði numin úr gildi vegna þess að komið er í ljós að mikill ágreiningur er um þau og engin samstaða innan bændastéttarinnar og vegna þess að samkvæmt greinargerðinni hefur fjöldi búgreinafélaga, öll nema félag sauðfjárbænda, mér er ekki kunnugt um hvort þeir hafa sagt sig frá forfallaþjónustunni síðar, sagt sig frá henni. Það segir að engin samstaða er um núgildandi fyrirkomulag og þess vegna tel ég einsýnt að verða við áskorun Stéttarsambands bænda.

[11:40]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Ég skal ekki lengja þessa umræðu mjög en ég tel að landbn. verði að skoða þetta mál gaumgæfilega því í máli hæstv. landbrh. kemur fram að hann hefur ekki hugmynd um hvort t.d. landssamtök sauðfjárbænda hafa sagt sig frá málinu.

Það er rétt sem hefur komið fram í þessari umræðu að bændur hafa ekki borið gæfu til að standa saman í þessu máli. Það er hárrétt. En hæstv. landbrh. og löggjafarsamkoman hafa heldur ekki komið sér saman um nógu skýra lagasetningu og þá einhverjar leiðir til þess að aðilar geti staðið saman. Ég er sannfærður um að við þessar aðstæður þegar sveitafólkið er að tapa félagslegum réttindum sem menn þurfa mjög misjafnlega á að halda því vissulega eru það slys og veikindi sem valda þeirri neyð að menn þurfa að leita til slíkrar þjónustu. Ég er sannfærður um að þetta skapar einyrkjum í sveitum mjög mikla óvissu. Þess vegna hefði ég talið að þegar það liggur fyrir að í nýjum bændasamtökum eru menn að reyna að sameinast í eitt afl og koma þá saman úr öllum áttum í einn félagslegan farveg til þess að verja stétt sína og stöðu í þjóðfélaginu þá væri það þess virði að skoða hvort hægt sé að ná einhverjum nýjum tökum í þessu efni. Ég vil því velta því upp við þessa umræðu.

En ég get tekið undir það að eins og málið er statt í dag þá skil ég þessa beiðni bændasamtakanna. Það er kannski svo með bændasamtökin að þeim finnst að málsvarann vanti. Þeim finnst að leiðtogann vanti í svo mörg málefni sem þeir eru að berjast fyrir að þeir verða að taka þá ákvörðun að fara þessa leið. Það er hægt að nefna ótal mörg rök um það. Við ræddum t.d. afkomu kartöfluræktarinnar og garðyrkjunnar á dögunum. Þeir finna ekki leiðtogann eða að verið sé að hjálpa þeim að finna lausnir á sínum málum. Bændasamtökin og búgreinasamtökin eru margbúin að biðja um að þetta mál verði skoðað á nýjan leik en það er dráttur á hlutunum. Allar stéttir á Íslandi eiga sér einhver félagsleg réttindi sem ríkisvaldið hefur fært þeim en í þessu máli blasir við að ríkisvaldið er búið að fella burtu það sem það lagði í þennan pakka í upphafi. Bændurnir eru að biðja um að ekki sé verið að taka af þeim gjald þegar þeir geta ekki einu sinni framkvæmt lögin eins og þau standa.

Hæstv. forseti. Ég er þeirrar skoðunar að þar sem íslenskir bændur eru að stórum hluta einyrkjar og það hendir þá eins og aðra menn að veikjast og slasast þá þurfi landbn. að fara yfir þetta mál og gaumgæfa hvort hægt sé að ná á því nýjum tökum.

[11:45]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það eru þrjú atriði sem ég vil drepa á. Í fyrsta lagi kom fram hjá mér áður og hefur komið fram hjá bændum, líka bændum á Suðurlandi, að þeir telja eðlilegt að úr því að þeir standa sjálfir undir kostnaðinum við forfallaþjónustuna þá sé það á valdi bænda sjálfra að skipuleggja hana og leggja á ráðin um hvernig að henni skuli staðið, hvort tryggingar skuli boðnar út ef menn slasast eða veikjast o.s.frv. Ég held að það sé auðskilið að bændur að þessu leyti vilja hafa sama rétt til þess sjálfstæðis og aðrar stéttir. Hitt er annað mál ef samstaða væri um það að ríkið stæði undir forfallaþjónustunni. Þá væri eðlilegt að setja um það lög og framfylgja þeim. En málið liggur ekki þannig fyrir. Málið liggur þannig fyrir að það eru bændur sjálfir sem standa undir kostnaðinum.

Í sambandi við þuluna um það hver hafi brugðist garðyrkjubændum í sambandi við cohesion-listann svokallaða og hið Evrópska efnahagssvæði þá skal ég endurtaka það enn einu sinni, ef hv. þingmenn Framsfl. gætu numið, að síðasta ríkisstjórn ákvað að fulltrúar frá landbrn. yrðu ekki viðstaddir þegar fjallað var um mál-

efni landbúnaðarins við undirbúning samningsins um hið Evrópska efnahagssvæði. Garðyrkjubændur komu ekki að þeim málum á meðan síðasta ríkisstjórn var við völd. Það tókst á hinn bóginn að koma fram nokkrum leiðréttingum við samninginn eins og hann lá fyrir um stjórnarskiptin og má raunar segja að landbúnaðarráðherra Þýskalands, Kiechle, hafi verið okkur mjög hjálplegur í þeim efnum. En ástæðan fyrir því að staða okkar er ekki betri en raun ber vitni, ef menn telja að hún sé ekki nógu góð, er að okkur tókst ekki að ná lengra en við náðum þó eins og málið lá fyrir og eins og samkomulagið var við síðustu stjórnarskipti.

[11:47]

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Vegna þessara ummæla hæstv. landbrh. þá sagði ég: Ég tel eðlilegt eins og málin eru komin að menn skoði aðrar leiðir í þessum efnum, en ég var að minna á það að það eru breytingar innan bændasamtakanna og að þetta mál fór í óefni þegar ríkisvaldið ákvað að svíkja sinn félagsmálapakka. Þess vegna hefði ég talið að menn ættu að skoða það vegna stöðu einyrkjanna hvort þeir þurfa á hjálp að halda til að koma á slíku kerfi með einhverjum peningum. Ég sagði að allar stéttir fengju einhverja félagslega aðstoð, hvort sem það eru verkamenn, iðnaðarmenn eða verslunarmenn þannig að ég læt það nægja.

Hvað síðan ræðu hæstv. ráðherra varðar um samninga núv. ríkisstjórnar út af EES þá er það ljóst, hæstv. ráðherra, að sumarið 1991 hafði hæstv. utanrrh. fengið í fyrsta sinn fullt frelsi til þess að semja einn og sjálfur í nafni íslensku ríkisstjórnarinnar um ákveðna hluti gagnvart EES og það gerði hæstv. utanrrh. Að vísu sagði hann garðyrkjumönnum að hann yrði að gera það með þessum hætti, leitaði umsagnar þeirra um dagsetningar o.s.frv. Eins og ég hef margrakið úr þessum stól þá samdi hæstv. utanrrh. um framleiðsluafurðir sem íslenskir garðyrkjubændur lifa á meðan nálægar þjóðir, svo sem Norðmenn, sömdu um ýmsar afurðir til að greiða fyrir samningunum sem ekki eru framleiddar eða að mjög takmörkuðu leyti í Noregi. Þannig stóð þessi hæstv. ríkisstjórn, sem hæstv. landbrh. styður, öfugt að þessum málum og gleymdi mikilvægum hagsmunum.

[11:50]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég get að vísu skilið hvernig á því stendur að þingmenn Framsfl. vilja ekki fara rétt með þau mál hvernig staðið var að málefnum landbúnaðarins við undirbúning samninganna um Evrópska efnahagssvæðið af síðustu ríkisstjórn. Eftir áramótin 1991 lá sú ákvörðun ríkisstjórnarinnar fyrir að ekki yrði mætt á fundum þar sem málefni landbúnaðarins voru til umræðu. Var með þessu verið að reyna að leggja þrýsting á að við næðum betri stöðu í samningunum um sjávarútveginn. Eftir að þessi ríkisstjórn var mynduð var það tekið fram á fyrsta fundi þar sem fjallað var um þessi mál að ég fyrir hönd landbrn. sagði að ég sætti mig ekki við annað en að ný vinnubrögð yrðu tekin upp að þessu leyti og landbrn. fylgdist síðan með.

Það liggur líka alveg ljóst fyrir að þegar mér var kunnugt um það að síðasta ríkisstjórn hafði ekki haft samband við garðyrkjubændur um dagsetningar og tímabil í sambandi við cohesion-listann þá beitti ég mér fyrir því og sá um það að upplýsingar frá þeim bærust til utanrrn. til þess að reyna að koma fram leiðréttingum og liðka um þær reglur sem áður hafði verið gengið frá. Ég held að hv. þm. ætti að minnast þess að búist hafði verið við að samningarnir um hið Evrópska efnahagssvæði gengju í gildi þá á miðju sumri. Það var því búið í höfðdráttum að ganga frá allri pappírsvinnu og samningagerð. Ég skal ekki um það segja hvort sannfæringarkrafturinn í máli framsóknarmanna sé svo ríkur að einhverjir leggi trúnað á ummæli þeirra um þessi mál að lokum. En hv. þm. veit að ég fer með rétt mál og væri maður að meiri ef hann viðurkenndi það.

[11:52]

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Staðan var sú í EES-samningunum að það var áður en hæstv. utanrrh. vildi gera allt fyrir íslenskan landbúnað nema koma fram nakinn og þess vegna fór kannski sem fór. Tímarnir hafa batnað hvað það varðar síðan samkvæmt frægum auglýsingum. En það er enginn vafi. EES átti aldrei að snúast um landbúnaðarmál. Að Íslendingar skyldu einir og sjálfir ekki fylgja þeim leiðum sem nágrannarnir fóru heldur færa fórnaraðgerð hingað heim var ekki vitað í fyrri ríkisstjórn. Það kann vel að vera að hæstv. utanrrh. hafi sjálfur og einn verið með þessa samninga en hann hafði ekki frelsi til þess fyrr en sumarið 1991 eftir að þessi ríkisstjórn var tekin við.

Hitt er svo annað mál að það þýðir ekki að deila um fortíðina. Hér hefur verið farið rækilega yfir það af þeim sem nú talar við hæstv. landbrh. að það strandar stórlega á vinnubrögðum varðandi ýmis atriði sem snúa að cohesion-listanum og EES, ráðherrann þurfi að móta framtíð, hann þurfi að taka á ýmsum spurningum sem garðyrkjumenn hafa lagt fyrir hann. Það er líf og dauði heillar stéttar sem blasir við ef ráðherrann markar ekki skýra stefnu og tekur afstöðu. Ég get farið út í þessi atriði ef menn vilja en ég hef ekki tíma til þess. Ég gerði það í glöggri ræðu á dögunum og hvet ráðherra til þess að setjast yfir þá vinnu.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Forseti vill áminna hv. þingmenn og hæstv. ráðherra á að á hv. Alþingi eru þingmenn háttvirtir og ráðherrar hæstvirtir.

[11:54]

Egill Jónsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Við eigum eftir að verða samferða í því, ég og hv. þm. Guðni Ágústsson, að fjalla um þetta mál í nefnd og þar af leiðandi er óþarfi út af fyrir sig að taka sérstaklega upp mikla umræðu okkar á milli hér og nú. En mér er ómögulegt annað en að gera athugasemd við þau ummæli þingmannsins að lögin um forfallaþjónustuna séu óframkvæmanleg eins og þau eru. Það er einmitt kostur við lögin eins og þau eru að þau eru framkvæmanleg. Ég hef haft samband

og veit vel um skoðanir þeirra manna sem stjórna þessari þjónustu núna og hafa gert það af miklu raunsæi. Eins og reyndar hefur komið fram þá tóku þeir við þessari starfsemi í mikilli skuld. Nú er kominn jöfnuður þar á og raunar betur. Og ég endurtek það sem ég hef sagt áður að aðalbreytingarnar sem voru gerðar voru þær að einhver tiltekin stjórn getur ekki lengur afsalað þessum réttindum fyrir hönd einstakra bænda. Því var breytt við endurskoðunina enda var talið að slíkt samrýmdist ekki eignarréttinum í landinu. Það er sá gjörningur að menn þurfi að fylgja eignarréttinum sem hefur sérstaklega komið á þessum óróa meðal þeirra sem eru í andstöðu við þessa starfsemi.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Forseta fannst alveg á mörkunum að hv. þm. hafi verið í andsvari við hv. 5. þm. Suðurl.

[11:57]

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það eru þá nýjar upplýsingar ef þau eru framkvæmanleg en gott og vel. Ég get vel skilið t.d. og Landssamband kúabænda. Það á sjálfsagt auðveldara með að leita nýrra leiða í þessu eins og kom fram hjá hæstv. ráðherra í gegnum tryggingafélög og fleiri.

Það sem ég var að velta upp í minni ræðu er að það er ljóst að ýmsir aðilar í landbúnaðinum verða út undan í þessu máli, það er enginn vafi. Hvort einhverjar aðrar leiðir væru líklegri til þess að veita fólki það öryggi sem það þarf á að halda um allt land og Alþingi næði saman um það voru þær vangaveltur sem ég var með í minni ræðu.

Ég tek undir það með hv. þm. að við hljótum auðvitað að eiga málefnalega fundi með forustumönnum búgreinasamtakanna og landbúnaðarins um þetta mál og fallast á þeirra sjónarmið og heyra þeirra rök. En auðvitað er það skylda alþingismanna að reyna að koma því svo fyrir að einstaklingar sem eru að verja auðlindir og rækta þetta land búi ekki við þá óvissu félagslega að þeir verði að láta eignir sínar og lífsstarf af hendi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tilkynning um dagskrá.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Það hefur komið fram um það ósk frá hv. 4. þm. Austurl. að 5. dagskrármál komi ekki á dagskrá núna milli kl. 12 og 1, heldur verði 6. og 7. dagskrármál tekin á undan. Hæstv. landb.- og samgrh. fellst á það þannig að forseti ætlar að hafa þann hátt á að taka nú fyrir 6. dagskrármál.

Loftferðir, 1. umr.

Stjfrv., 108. mál (heildarlög). — Þskj. 111.

[12:00]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Frv. þetta um endurskoðun á loftferðalögum var samið að minni ósk og fól ég Pétri Einarssyni, lögfræðingi og fyrrverandi flugmálastjóra, að vinna að endurskoðun laga um loftferðir, nr. 32/1929 og nr. 34/1964, laga um skrásetningu réttinda í loftförum, nr. 21/1966, og laga um stjórn flugmála, nr. 119/1950. Jafnframt var honum falið að endurskoða lög um gildistöku alþjóðasamnings um samræmingu nokkurra reglna varðandi loftflutninga milli landa nr. 41/1949 (Varsjársáttmálinn). Árangur þess starfs er að miklu leyti fólginn í lagafrumvarpi þessu.

Réttarheimildir flugréttarins eru einkum sóttar í fjölþjóðlega sáttmála; tvíhliða samninga; landsrétt; samninga milli ríkja og flugfélaga; samninga milli flugfélaga og grundvallarreglna í alþjóðarétti.

Frumheimild flugréttarins er að finna í „Samþykkt um alþjóðaflugmál frá 1944" (ICAO Convention) en hún var undirrituð af Íslands hönd 7. desember 1944. Samþykktin var fullgilt af Íslandi 21. mars 1947 og gekk í gildi hvað Ísland varðaði 20. apríl 1947 sbr. auglýsingu nr. 45/1947.

Alþjóðaflugmálastofnunin hefur samþykkt og gefið út 18 viðbæta, sem margir hafa verið þýddir á íslensku og allir hafa lagagildi hér á landi annaðhvort með orðréttri þýðingu eða efni þeirra er fólgið í lögum eða reglum um flugmál, enda er það skylda aðildarríkja ICAO að gera staðla að lögum í sínu heimalandi eða láta ella skrá sérstöðu í bókum ICAO.

Eins og fyrr segir eru fjölþjóðlegir samningar höfuðréttarheimildir flugréttarins. Þeir munu nú vera um 50 talsins og er Ísland aðili að um 13 fjölþjóðlegum samningum er varða flugmál, en þeir eru:

Alþjóðasamningur um samræmingu nokkura reglna varðandi loftflutninga milli landa (Varsjársáttmálinn), gerður 1929, síðari breytingar 1955 o.fl.

Samþykkt um alþjóðaflugmál (Chicago-sáttmálinn) gerður 1944 ásamt breytingum sem að framan segir.

Alþjóðasamningur um viðkomuréttindi loftfara (IAST) frá 1944.

Alþjóðasamningur um viðskiptaréttindi óreglubundinnar flugþjónustu í Evrópu frá 1956.

Alþjóðasamningur um aðild Íslands að sameiginlegri greiðslu kostnaðar á tiltekinni flugþjónustu á Íslandi (Alþjóðaflugþjónustan) frá 1956.

Samningur um alþjóðaviðurkenningu réttinda í loftförum (Genfarsáttmáli) frá 1948.

Evrópusamningur um vernd dýra í millilandaflutningum frá 1969.

Alþjóðasamningur um varnir gegn mengun sjávar vegna losunar úrgangsefna frá skipum og flugvélum (Óslóarsamningur) frá 1972.

Alþjóðasamningur um varnir gegn mengun hafsins vegna losunar úrgangsefna og annarra efna í það (Lundúnasamningur) frá 1972.

Evrópusamningur um flutning líka, gerður 1973.

Alþjóðasamningur varðandi lögbrot og aðra verknaði í loftförum (Tókíó-samningur) frá 1970.

Alþjóðasamningur um að koma í veg fyrir ólöglega töku loftfara (Haag-samningur) frá 1973.

Alþjóðasamningur um að koma í veg fyrir aðgerðir gegn öryggi flugsamgangna (Montreal-samningur) frá 1973.

Þá er rétt að geta GATS (General Agreement on Trade in Services) er undirritaður var í Marrakesh 15. apríl 1994 en í honum er fjallað um viðskiptafrelsi m.a. í alþjóðaflugi.

Tvíhliða loftferðasamningar eru mikilvæg réttarheimild og eru taldir um 1.200 gildandi samningar í heiminum. Ástæða þessa mikla fjölda samninga er að samkvæmt alþjóðasamningi um viðkomuréttindi loftfara (International Air Services Transit Agreement) frá 1944 og Chicago-sáttmálanum frá sama ári eru eingöngu tryggð réttindi loftfara aðildarþjóðanna til að fljúga um lofthelgi aðildarlandanna og lenda á tollflughöfnum þeirra án viðskipta. Ef þjóð hyggur á áætlunarflug milli landa þarf að gera um það sérstakan samning.

Ísland hefur ekki verið atkvæðamikið við gerð loftferðasamninga og eru aðeins samningar við 11 ríki í gildi (Bandaríki Norður-Ameríku, Danmörk, Holland, Noreg, Lúxemborg, Tæland, Sambandslýðveldið Þýskaland, Finnland, Svíþjóð, Spán og Stóra Bretland. Þess ber hins vegar að gæta að við inngöngu Íslands í Evrópska efnahagssvæðið öðlast landið sjálfkrafa loftferðréttindi til allra aðildarríkja svæðisins, en þau eru nú 17.

Ríki Austur-Evrópu sækja á um inngöngu í svæðið og ef það verður má búast við fjölgun um allt að 15 ríki. Af framangreindu leiðir að ekki er nauðsynlegt að Íslendingar afli sér frekari flugréttarheimilda innan Efnahagssvæðis Evrópu eða Bandaríkja Norður-Ameríku. Aðrar heimsálfur og lönd þeirra eru hins vegar nær óplægður akur því enginn samningur er í gildi nema við Tæland.

Ísland hefur enn fremur gert tvíhliða samninga um skatta- og tollamál vegna flugvéla og eru 8 slíkir í gildi við Þýskaland, Benelux-löndin, Bandaríki Norður-Ameríku, Belgíu, Sviss, Frakkland og Lúxemborg.

Með lögum frá 13. janúar nr. 2/1993, um Evrópska Efnahagssvæðið (EES), gerðist Ísland aðili að samþykktum EES. Frá þeim tíma gilda einnig reglur þess um flug, hvað Ísland varðar, en aðeins I. og II. pakki urðu bindandi fyrir Ísland frá þeim tíma.

Með þingsályktun 11. maí 1994 var ríkisstjórninni heimilað að fullgilda fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á bókun 47 og tilteknum viðaukum við samning frá 2. maí 1992 um Evrópska efnahagssvæðið, sem samþykkt var í Brussel 21. mars 1994. Svokallaður III. pakki er hluti af þeim breytingum. III. pakkinn varð því bindandi fyrir landið í maí 1994 með fyrrgreindri ályktun Alþingis. Þann 30. júní 1994 voru gerðirnar birtar í Stjórnartíðindum og öðluðust gildi innan lands.

Fyrrgreindar gerðir ESB fjalla fyrst og fremst um efnahagslegt umhverfi flugfélaga og sem slíkar hafa þær ekki haft áhrif á íslenska löggjöf því gerðirnar hafa rúmast innan þeirra, nema gerðir sem áhrif hafa á rétt útlendinga til að eiga íslensk flugfélög, að skrá flugfélög hér á landi og rétt manna til að hefja flugrekstur í atvinnuskyni.

Alls hefur Evrópusambandið gefið út 53 gerðir um flugmál. Þar af eru 33 um viðskiptafrelsi, tæknireglur eru 9 talsins, 4 eru um samskipti við aðrar þjóðir og 7 eru af ýmsum toga. Íslendingar eru aðilar að 18 gerðum um flug, og auk þess skal taka mið af 7 gerðum.

Fyrstu lögin á Íslandi um loftferðir voru nr. 32 frá 14. júní 1929 og hétu lög um loftferðir. Þeim var síðar breytt með lögum nr. 49 frá 17. maí 1947. Þá voru sett lög um flugvelli nr. 24 frá 12. febrúar 1945 og því næst lög um stjórn flugmála, nr. 119 frá 28. desember 1950, sem breytt var með lögum nr. 26 frá 24. marz 1954. Núgildandi lög um loftferðir eru nr. 34 frá 21. maí 1964. Um þau segir í greinargerð: „Svo sem áður var greint, ber nauðsyn til þess, að ríkin samræmi, svo sem kostur er, innanlandslög sín hinum alþjóðlega loftferðarétti. Á Norðurlöndum hafa starfað nefndir að þessu verkefni allt frá árinu 1948. Hafa hinar norrænu nefndir unnið saman og gert uppköst að loftferðalögum, sem í flestum aðalefnum eru samhljóða og eru reist á alþjóða sjónarmiðum. Hafa nú verið lög sett á grundvelli samstarfsins í Svíþjóð og í Danmörku. Frumvarp til slíkra laga hefur verið til meðferðar í Noregi. Frumvarp það, sem hér er lagt fram, er lagað eftir hinum norrænu lögum og alþjóðareglum."

Frumvarpið, sem lagt var fram á Alþingi árið 1962, var því staðfærð þýðing á hinu umsvifamikla starfi sem unnið hafði verið á Norðurlöndum um nær 20 ára skeið. Norrænu lögin voru grundvölluð á þýskum og frönskum rétti en svo mikil samræming var í álfunni hvað flugrétt varðaði. Íslensku loftferðalögin hafa þjónað sínu hlutverki ágætlega þau 30 ár sem þau hafa verið í gildi og er efnisskipun þeirra tvímælalaust greinargóð og eðlileg. Hins vegar hafa þau ekki tekið nauðsynlegum breytingum í tímans rás. Því er nauðsyn á þessu frumvarpi til loftferðalaga, að tækniþróun flugsins hefur orðið miklu hraðari en nokkurn óraði fyrir og að hin unga fræðigrein, flugrétturinn, hefur öðlast mikinn þroska á þeim árum sem liðið hafa frá upphafi hans árið 1919.

Hér á eftir verður gerð stuttleg grein fyrir helstu breytingum frá núgildandi lögum sem í lagafrumvarpi þessu felast og verður fylgt kaflaskiptingu núgildandi laga, enda er þeirri kaflaskiptingu haldið í lagafrumvarpi þessu.

Upphafsákvæði. Í þeim kafla hefur kerfisbundið verið raðað nýjum greinum er lýsa markmiði laganna, gildissviði, stjórnun, yfirráðasvæði Íslands, skilgreiningu á hugtakinu loftfar, umferðarheimildum og hömlum. Kafla þessum hefur verið mikið breytt frá núgildandi lögum.

Þjóðernisskrá. Kaflinn hefur allur verið endurskipulagður og ákvæði um skrásetningu verið færð í það horf sem þjónar því sem tíðkast hefur hérlendis og erlendis. Skilyrði fyrir skrásetningu loftfars hafa verið

aðlöguð gildandi lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri og réttarreglum þeim sem fylgja þátttöku okkar í Evrópska efnahagssvæðinu. Þá hefur verið lögð sú skylda á herðar íslenskum flugrekstraraðila sem notar loftfar í atvinnuskyni, að hann skrásetji umráð sín þegar hann fær loftfarið til rekstrar. Samkvæmt frumvarpinu eru margvíslegar skyldur bæði opinbers réttar eðlis og einkaréttar eðlis tengdar skráðum umráðanda, til að forðast óvissu sem hefur skapast samkvæmt núgildandi lögum þar sem ekki er greint milli notanda, umráðanda eða eiganda. Nánari grein er gerð fyrir áhrifum þessara breytinga í athugasemdum við þær lagagreinar sem við á

Lofthæfi. Í kaflann hefur verið sett nútíma skilgreining á lofthæfi, skilyrði um mengunarvarnir og heimild til framsals til erlendra aðila á reglubundnu eftirliti. Að öðru leyti hefur verið leitast við að gera efni kaflans skýrara.

Flugverjar. Heiti kaflans hefur verið breytt og settar inn nútíma skilgreiningar, ábyrgð flugstjórans er gerð afmarkaðri og skýrari, ákvæði um bráðabirgðasviptingu skírteinis eru gerð afdráttarlaus, skylda lögð á flugverja að hafa skírteini sín meðferðis í flugi, skylda lögð á lækna að tilkynna flugmálastjórninni er þeir verða varir við heilsubilun hjá flugverja er áhrif getur haft á hæfni hans til að stjórna loftfari.

Flugvellir. Kaflanum hefur verið breytt til samræmis við reynslu flugmálayfirvalda og orðalag verið aðlagað nútímanotkun.

Umferð í lofti og stjórn hennar. Heiti kaflans hefur verið breytt og ákvæði verið sett inn um flugumferðarþjónustu og flugumferðarstjóra en þau hugtök eru varla nefnd í núgildandi lögum.

Flugrekstrarleyfi. Miklar breytingar hafa verið gerðar á þessum kafla til samræmis við reglur Evrópska efnahagssvæðisins.

Loftflutningar. Kaflinn er mikið breyttur og löggjöfin samræmd rétti annarra Norðurlanda og nálægra landa. Kaflinn byggir á Varsjársáttmálanum frá 1929, en honum hefur verið breytt nokkrum sinnum án þess að Ísland hafi gerst þátttakandi í þeim breytingum. Bótamarki hefur verið breytt og það stórhækkað til samræmis við önnur Norðurlönd og ábyrgð flytjanda enn fremur verið skýrð í samræmi við þróun sem orðið hefur á Norðurlöndum og á Varsjársáttmálanum. Viðmiðun bótafjárhæðar hefur verið breytt frá gullfæti í SDR.

Skaðabætur. Kaflinn er breyttur einkum hvað snertir ábyrgðaraðila og skyldu til að taka og viðhalda vátryggingu, og þannig aðlagaður því sem tíðkast á nágrannalöndum.

Flugslys. Kaflinn er mikið breyttur m.a. á þann veg að rannsókn flugslysa, eða frávika í starfrækslu tækja eða búnaðar er varða flug, er alfarið færð til Flugslysanefndar og rannsakar Flugmálastjórn ekki framar mál af embættisskyldu samkvæmt frumvarpi þessu. Ekki er framar gert ráð fyrir því að rannsóknarskýrslur nefndarinnar verði sendar saksóknara ríkisins og dómsmálaráðherra né að þær verði notaðar sem sjálfstætt sönnunargagn í dómsmáli.

Ýmis ákvæði. Kaflinn er breyttur m.a. með nýjum ákvæðum um nefnd er starfi að samningu og viðhaldi flugverndaráætlunar sem hefur þann tilgang að skipuleggja öryggisráðstafanir til varnar hermdar- eða skemmdarverkum gagnvart loftferðum.

Refsiákvæði. Kaflinn er mikið breyttur og refsiákvæðum stórfækkað þ.e. úr þrjátíu og einni lagagrein í eina grein.

Í núgildandi lögum eru lagagreinar 190 talsins en í frumvarpi þessu eru þær 145. Af því má sjá að efni loftferðalaganna hefur verið mikið endurnýjað. Efnið hefur enn fremur verið dregið saman með það að markmiði að gera það samtímalegt, glöggt og skiljanlegt almenningi.

Rétt er að vekja sérstaka athygli á þeim kafla laganna sem fjallar um tryggingar vegna loftfara en m.a. eru gerðar tillögur um miklar hækkanir á tryggingabótum og er það í samræmi við réttarfar annarra vestrænna landa. Helstu breytingar sem lagðar eru til eru þessar: Samkvæmt núgildandi lögum er einungis skylt að tryggja loftfar gegn tjóni á mönnum eða munum utan loftfarsins sem hlýst af notkun þess. Hámarksbætur fyrir tjón á mönnum vegna slyss eða dauða eru ákveðnar með reglugerð nr. 116/1965 alls 42 þús. gamalla króna. Samkvæmt upplýsingum Seðlabanka Íslands samsvaraði það 96.600 nýkrónum vorið 1993. Með frv. þessu er hins vegar lagt til að skylt sé að tryggja loftfar vegna tjóns á mönnum og hlutum utan loftfarsins sem stafar af flugi þess. Tjóns á mönnum og hlutum innan loftfarsins eða á leið inn eða út úr því, sbr. m.a. IX. kafla frv. og ákvæði Varsjársamningsins. Tjóns á mönnum og hlutum innan marka viðurkennds flugvallar.

Í öðru lagi er skylt að tryggja farþegavarning sem hver einstakur farþegi má hafa í sínum vörslum og innritaðan farangur og varning samkvæmt sérstakri samanburðartöflu á gildandi hámarksbótafjárhæðum í íslenskum krónum á Íslandi annars vegar og á öðrum Norðurlöndum hins vegar.

Rétt er að geta þess að íslensk flugfélög hafa tekið svokallaðar frjálsar tryggingar sem kveða á um miklu hærri bótafjárhæðir en núgildandi löggjöf áskilur. Það þarf hins vegar ekki að leiða af sér sömu réttarvernd fyrir farþegana og lögð er til í frv. þessu.

Í frv. þessu hefur réttarstaða farþegans verið styrkt mjög verulega sem leiðir af réttarbótum á Varsjársáttmálanum með Gvatemala-sáttmálaaukanum frá 1971 og Montreal-sáttmálaaukum I–IV frá 1975. Af þeirri réttarbót leiðir að farþegi á nær tvímælalausan rétt til hámarksskaðabóta vegna dauða eða líkamstjóns, en svo er ekki samkvæmt núgildandi lögum.

Af fyrrgreindu má sjá að bótafjárhæðir núgildandi laga eru allt of lágar sem ýmsir þolendur flugslysa á Íslandi hafa haft bitra reynslu af. Engin skylda er í núgildandi lögum að tryggja flugmann eða aðra í áhöfn um borð í loftfari. Í frv. þessu er það gert að skyldu.

Í þriðja lagi: Í núgildandi lögum eru engin ákvæði um réttarstöðu farþegans þegar flytjandi er annar en sá sem undirritar flutningssamning, t.d. þegar ferðaskrifstofa gefur út farmiða er hljóðar á flugfélag eða flug-

félag gefur út farmiða með mörgum flugfélögum. Við það skapast mikil réttaróvissa komi til bótakrafna af hálfu farþega eða sendanda.

Í frv. þessu er lagt til að tekin verði upp ákvæði Guadalajara-sáttmálans frá 1961 sem fjallar um það efni og er það í samræmi við það sem önnur Norðurlönd hafa gert. Hann hefur að geyma ákvæði er tryggja stöðu farþegans eða sendandans og eyða réttaróvissu.

Ákvæði þau um tryggingamál í frv. sem hér hefur verið lýst gera það að verkum að æskilegt væri að hraða setningu þessara laga. Ég hygg þó að þetta frv. sé mjög yfirgripsmikið og flókið og það verður að reyna á það hvort hv. samgn. treystir sér til að mæla með samþykki þess á þessu þingi eða það dregst til næsta þings, því hér er um nýja heildarlöggjöf að ræða og ekkert við því að segja að Alþingi taki sinn tíma til athugunar málsins.

Hæstv. forseti. Ég legg til að málinu verði vísað til 2. umr. og samgn.

[12:17]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að fagna því að þetta frv. er hér fram komið og þessu mikla starfi, endurskoðun loftferðalaga og reyndar að hluta til fleiri lagaákvæða, er hér lokið eða lagt fyrir þingið endurskoðaður heildarlagabálkur á þessu sviði. Það er tvímælalaust tímabært og þarft að fá samræmda og heildstæða löggjöf á nýjan leik fyrir þennan málaflokk. Það hefur margt verið að breytast og er reyndar breytingum undirorpið þessi árin, m.a. vegna breytinga í flugmálum sem eru að eiga sér stað t.d. í Evrópu og í Norður-Ameríku, en þar hafa ýmsar reglur um flugstarfsemina verið að taka miklum breytingum. Það er nú einu sinni svo, eins og hér kemur fram og hæstv. ráðherra minnti á, að flugið er mjög alþjóðlegt í eðli sínu. Það sýnst að miklu leyti um samgöngur milli landa og minnstur hluti þess í flestum löndum innanlandsumferð, sem ríkin hafa þá í sínu valdi að stýra að öllu leyti.

Þessar breytingar snúa að vísu að meira leyti að rekstrarþáttum flugsins heldur en kannski flugöryggisþáttunum og þeim reglum sem þar gilda, en þær hafa engu að síður áhrif. Það er auðvitað alkunna að þessir tveir þættir tvinnast saman með ýmsu móti og það geta verið ástæður til að herða öryggiskröfur í flugi og auka eftirlit við aðstæður sem lúta að lögmálum rekstrarlegs eðlis, það er jú dýrt að halda úti fullnægjandi flugöryggi. Það hefur áhrif á afkomu flugfélaga þær kröfur sem gerðar eru til öryggis og léleg afkoma og veik eiginfjárstaða flugfélaga hefur því miður tilhneigingu til að færast með vissum hætti yfir í öryggismálin eða hafa áhrif á því sviði. Þetta eru auðvitað staðreyndir sem gera það að verkum að það er ekki hægt annað en að fjalla samtímis um þetta umhverfi í heild sinni, þ.e. starfsgrundvöll flugfélaganna, rekstrarumhverfið, flugöryggisþættina, neytendaverndina og ábyrgð tryggingar o.s.frv.

Það er að nokkru leyti gert í þessu frv. og þó sérstaklega er fjallað ítarlega um þetta í grg. og fylgiskjölum með þeim hætti að það verður að ljúka á það lofsorði, það er til fyrirmyndar að málinu eru gerð mjög ítarleg skil í grg. og rakið bæði í sögulegu tilliti og á fleiri vegu. (Gripið fram í.)

Þannig að það fyrsta sem ég vil leggja áherslu á er, eins og hv. frammíkallandi tók eftir, að ég er í raun og veru að hrósa þessu verki sem hér er framlagt. Ég held að það sé ástæða til. Þar með er ég ekki að segja að þingið og nefnd þess þurfi ekki að fara rækilega yfir þetta mál, þetta er tæknilegs eðlis að miklu leyti og hlýtur að krefast nokkurs tíma ef fara á vandlega yfir það.

Í öðru lagi vakna auðvitað vissar spurningar þegar lagabálkar af þessu tagi upp á um 150 greinar, ef ég hef tekið rétt eftir, 145 eru þær víst, koma fyrir, að hve miklu leyti það sé nauðsynlegt eða óhjákvæmilegt að hafa allan þann texta í lagaákvæðum. Það mætti vissulega spyrja sig að því hvort þessi ítarlegu lagaákvæði mætti að einhverju leyti leysa af hólmi með reglugerð. Sumt af því sem er tæknilegs eðlis, það er alltaf spurning hvað er skynsamlegt að ganga langt í þeim efnum og færa það inn í lagatextann. Það getur verið öllum fyrir bestu að draga svona hófsamlega markalínu milli þess sem bundið er í lögum og hins sem útfært er í reglugerð hverju sinni. Það auðveldar auðvitað breytingar og þróun mála að t.d. tæknileg atriði eða hlutir sem eru líklegir til að taka breytingum séu í reglugerðarhliðinni og þar með þurfi ekki lagabreytingar til í öllum tilvikum þó einhver þróun sé að eiga sér stað. En það er reyndar nokkur hefð fyrir því að á sviði samgöngumála séu lagabálkarnir viðamiklir og minni hefð fyrir rammalöggjöf, ef svo má að orði komast. Það mætti nefna siglingalög og sjómannalög og fleira í því sambandi og svo hér ákvæði loftferðalaga.

Það sem mig langaði í þriðja lagi til að nefna og kannski hefði verið fróðlegt að heyra aðeins meira um frá hæstv. ráðherra, er staða Íslands gagnvart svokölluðum flugpökkum Evrópusambandsins, pökkum I, II og III og þá á ég sérstaklega við hvernig framkvæmd þeirra á gildistöku verði háttað hér. Nú mun það vera svo, ef ég fer rétt með, ég tek það fram að ég hef ekki haft aðstöðu til að rifja þetta nógu vel upp eða fara rækilega yfir þetta alveg nýlega, en ef mig misminnir ekki þá er það svo að við erum sjálfkrafa aðilar að pökkum I og II vegna aðildar okkar að EES-samningnum og síðan mun pakki III hafa verið tekinn að einhverju leyti a.m.k. inn í gildistöku á sl. sumri eða vori.

Nú er mér samt ekki ljóst hvenær þær breytingar sem samningurinn felur í sér og eru að taka gildi eða í undirbúningi í hinum Evrópulöndunum koma til framkvæmda hér, til að mynda hvenær frelsi opnast fyrir samkeppni í innanlandsflugi. Ég þykist vita að praktíst séu það hlutir sem ýmsir hafa áhuga á. Þarna er væntanlega um einhvern aðlögunartíma að ræða. Ég veit ekki hvort hæstv. ráðherra hefur aðstöðu til að svara fyrir um þetta svona í þessari umferð, en ég mundi gjarnan vilja að hann gerði hvað hann gæti í þeim efnum. Eins er það að við erum væntanlega ekki búnir að fullgilda nema lítið brot af þeim gerðum um flugmál sem Evrópusambandið dælir út. Þetta er sjálf-

sagt þannig að það er bara allt eða ekkert, annaðhvort erum við aðilar að þessum pökkum og þessum reglum eða ekki og þar með þýðir það væntanlega að við þurfum að gefa út þessar gerðir og fara eftir þeim. Gerðir Evrópusambandsins um flugmál skipta fleiri tugum, en lítið af þeim er komið í gildi hér eða við erum aðilar að átján stykkjum eða svo, ef ég man rétt úr grg. frv.

Þetta held ég að væri fróðlegt að fá hér upplýst, hver er staða Íslands í þessum málum nú, hvernig verður aðlögun okkar að þessum flugpökkum háttað, hvenær ganga að fullu og endanlega í gildi hér reglur um samkeppni, sem gengur þá auðvitað í báðar áttir, og mun það vera svo að einhverjar flugleiðir hér innan lands gætu fallið undir innanlandsflugákvæði Evrópupakkans? Ef ég man rétt þá er í einhverjum tilvikum miðað við 100.000 farþega á ári á flugleið og það mundi væntanlega þýða að flugleið til að mynda milli Akureyrar og Reykjavíkur gæti fallið þar undir.

Í fjórða lagi vil ég inna hæstv. ráðherra eftir stöðu málanna varðandi gerð loftferðasamninga. Hæstv. ráðherra nefndi að við hefðum ekki verið afkastamiklir í þeim efnum að gera loftferðasamninga, enda hafi kannski ekki verið nein knýjandi þörf á því þar sem flug okkar hefur fyrst og fremst verið til okkar næstu nágrannalanda og við höfum náð ágætum samskiptum við Bandaríki Norður-Ameríku annars vegar og síðan nokkur Norðurlandanna og nokkur lönd í Evrópu hins vegar sem hafa dugað varðandi það áætlunarflug og reglubundna flug sem við höfum starfrækt héðan og þurft í raun á slíkum samningum að halda um. En það segir nú ekki að ekki gæti verið ástæða til að vinna betur að á þessu sviði og ég hef reyndar verið áhugamaður um það að þessum málum væri betur sinnt. Ég vil nefna í þessu sambandi að það var í undirbúningi á sínum tíma, á árunum 1988 og 1989, að gera loftferðasamning við Sovétríkin sálugu, sem þá hétu og voru. Af því varð því miður ekki. Það gætti nokkurrar tregðu á ónefndum stöðum í íslenska stjórnkerfinu gagnvart þeirri vinnu, illu heilli, því ég held að ég megi segja að í sjónmáli hafi verið á árinu 1989, ef ég man rétt, möguleikinn á því að ná allhagstæðum loftferðasamningi við Sovétríkin sem hefði falið í sér m.a. réttindi til yfirflugs yfir sovéskt land, hugsanlega án millilendinga sem hefði getað reynst íslenskum flugrekendum verðmætt. Á þeim tíma voru Finnar nánast einir þjóða með slík réttindi sem þeir gátu nýtt sér og auðveldaði þeim áætlunarflug til Asíulanda og það er lítill vafi á því að þetta hefði getað verið áhugavert fyrir Íslendinga einnig ef þarna hefðu nást samningar. Rússland hefði væntanlega erft þessar skuldbindingar Sovétríkjanna sálugu á alþjóðavettvangi eins og aðrar og þar með hefði samningur sem gerður hefði verið við Sovétríkin haldið gildi sínu.

Nú er það svo að íslenskir aðilar, Flugleiðir, hafa sýnt því vissan áhuga að halda a.m.k. opnum möguleika á því að hefja flugsamgöngur til Suðaustur-Asíu, til Japans, eða inn á það svæði og er reyndar viss undirbúningur þegar í gangi með starfsemi þar í landi. Þetta er líka spennandi frá sjónarhóli íslenskrar ferðaþjónustu, en nokkur sókn er hafin inn á þennan markað á þessu svæði.

Því vildi ég gjarnan spyrja hæstv. ráðherra hvort við þessum málum hafi verið hreyft á nýjan leik, gerð loftferðasamnings við Rússland og hvetja til þess að það verði þá gert og tekinn upp þráðurinn þar sem frá var horfið á árunum 1988–1990, hvenær nákvæmlega sem það nú var þyrfti ég að rifja upp. Ég sé dálítið eftir því að þessu máli skyldi ekki vera komið í höfn á þeim tíma og tel að það hafi verið mistök og í raun og veru engin rök staðið fyrir því að gera ekki þann samning þá eða a.m.k. láta á það reyna hvort hann fengist gerður.

Í þessu frv. er, í samræmi við það sem er í gildandi lögum, ákveðinn kafli um vinnuumhverfi áhafna. Hann er væntanlega lítt breyttur hér eða ég geri ráð fyrir því, að öðru leyti en því að ég tek þó eftir því að fella á niður svokallaða samráðsnefnd sem ákvæði voru sett um líklega árið 1989. Það voru færð fyrir því rök að hún hafi ekki starfað svo vitað sé. Það hljóta nú að vera einhverjir möguleikar á að ganga úr skugga um það. Það kemur mér reyndar á óvart ef það er svo að þessi nefnd hafi aldrei komið saman eða starfað. Ef svo er þá bendir það til þess auðvitað að þetta fyrirkomulag sé ekki heppilegt og væntanlega væri þá ráð að leita að einhverju öðru.

Ég leyfi mér að spyrja hvort það sé örugglega engin þörf fyrir það að eiga vettvang af þessu tagi, hvort ekki hefði verið e.t.v. eðlilegri breytingar að koma á því skipulagi sem dygði í þessum efnum. Ég er nefnilega alls ekki viss um nema það geti verið gott að eiga samskiptavettvang milli þessara aðila, milli atvinnurekenda í fluginu, starfsfólksins eða samtaka þess og flugmálayfirvalda. Flugreksturinn eða vinna við flugstarfsemina er mjög sérhæfð og vinna t.d. í flugfélögum er í afar sérstöku umhverfi. Þetta er viðurkennt. Það eru m.a. rökin fyrir því að um þau mál er fjallað með sérstökum hætti í loftferðalögum en ekki látið nægja að styðjast við hin venjubundnu ákvæði vinnumarkaðarins í þessum efnum. Ef ég man rétt þá hafa það verið helstu rökin fyrir því að ýmsir þættir, sem annars væri eðlilegt að féllu undir almenna löggjöf, eru meðhöndlaðir með sérstökum hætti og um þá fjallað t.d. í loftferðalögum. Það er ósköp einfaldlega vegna þessarar miklu sérstöðu og það hversu sérhæfð starfsemin er og þar með talið auðvitað vinnuumhverfi áhafna. Það hefur verið einhver óróleiki á þessum vinnumarkaði nú að undanförnu og það minnir okkur á að þetta er afar viðkvæm starfsemi gagnvart öllu sem lýtur að vinnufriði og verkföll kannski óvíða erfiðari ef svo má að orði komast fyrir alla aðila en þegar flugsamgöngurnar, jafnmikilvægar og þær eru, eiga í hlut. Þess vegna leyfi ég mér að inna eftir því hvort þetta hafi verið eitthvað athugað eða rætt t.d. við starfsfólk eða samtök starfsmanna í fluginu og ég teldi óskynsamlegt að gera þessa breytingu þótt hún kunni að sýnast næsta sjálfsögð í ljósi þess ef rétt er að nefndin hafi ekkert starfað án þess að það sé þá gert í fullu samráði við samtök starfsmanna í fluginu. Vonandi getur hv. nefnd gengið úr skugga um að það sé þá a.m.k.

ekki ágreiningur um þetta. Eins væri ástæða til að spyrja hvort fullt samkomulag væri milli samgrn. og félmrn. um þessa verkaskiptingu sem þarna er og snýr að vinnuumhverfinu.

Í frv. eru svo ítarleg ákvæði um tryggingar og bótaákvæði og annað því um líkt en á hinn bóginn er kannski ekki fjallað með neinum beinum hætti um flugfarþegana sem neytendur því auðvitað eru flugfarþegarnir neytendur þjónustu í þessu tilviki rétt eins og aðrir neytendur. Ég vil leyfa mér að spyrja að því hvort það kom ekki til greina og hvort það hafi ekki verið skoðað að inn í þessi lög kæmu einhver ákvæði almenns eðlis sem tækju til stöðu flugfarþega og viðskiptavina flugsins sem neytenda. Það getur vel verið að það sé séð fyrir því annars staðar og sjálfsagt gilda ýmis ákvæði t.d. samkeppnislaga að breyttu breytanda eftir því sem við getur átt. En þetta er nú samt umhugsunarefni m.a. með vísan til þess hvað algengt er að mæla sérstaklega fyrir um hlutina í loftferðalögum en láta ekki nægja að styðjast við almenn ákvæði sem taka þá yfir alla atvinnustarfsemi eða allar greinar.

Það síðasta sem ég vildi nefna í þessu sambandi, hæstv. forseti, er flugeftirlitsnefnd. Nú man ég ekki alveg á hvaða grundvelli hún er á laggir sett. Mér er nær að halda að það sé fyrst og fremst reglugerðarákvæði sem fjalli um hennar starfsemi en vonandi á það sér nú lagastoð. Þá er náttúrlega spurningin: Hefðu lagaákvæði um flugeftirlitsnefnd átt að koma inn í loftferðalög eða eru þau fyrir hendi annars staðar eða er talið að fullnægjandi umbúnaður sé um þá þætti starfseminnar eins og málin standa í dag? Ég spyr nú meira til upprifjunar og fróðleiks vegna þess að ég held að það væri a.m.k. ástæða til að hafa í huga að ganga frá öllum lausum endum sem kynnu að vera óhnýttir í skipulagi og framkvæmd þessara mála í tengslum við þessa víðtæku heildarendurskoðun.

Ég tek svo undir það með samgrh. hæstv. að það væri ánægjulegt ef tími ynnist til að afgreiða þennan mikla lagabálk á þessu skamma þingi en auðvitað verður það að ráðast af framgangi málsins. Hitt er auðvitað meira atriði eða meir um vert þrátt fyrir allt að vinnan sé vönduð heldur en nákvæmlega hvort það nær afgreiðslu hér á þessu þingi eða hinu næsta.

Útbýting þingskjala:

Laun bæjarstjóra, 171. mál, fsp. KHG, þskj. 185.

Lýðveldissjóður, 173. mál, frv. GHH o.fl., þskj. 187.

[12:36]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Ég þakka góðar undirtektir hv. þm. Eins og honum er kunnugt ef ég byrja á því að víkja að loftferðasamningum þá eru þau mál í höndum utanrrh. en ekki á forræði samgrh. (**SJS:** Því miður.) En ég hef haft áhuga á því að gerður yrði loftferðasamningur við fleiri ríki og hef m.a. rætt það mál óformlega við aðstoðarsamgönguráðherra Kína. Ég hef einnig tekið það mál upp við samgönguráðherra Kanada, hvort forsendur séu fyrir því að beint flug verði tekið upp milli Kanada og Íslands en fram að þessu þá hefur ríkisstjórn Kanada ekki fallist á það fyrirkomulag. Við Íslendingar höfðum þá í huga að taka upp beint flug til Halifax og síðan kannski áfram til New York eða hvernig það yrði skipulagt af Flugleiðum til þess að draga úr kostnaði við heimsóknir Vestur-Íslendinga til Íslands og okkar Íslendinga til Kanada, þessar þjóðir eru mjög skyldar. Mér er raunar sagt að í Kanada séu fleiri einstaklingar af íslenskum uppruna en hér á landi þó það séu fleiri menn alíslenskir á Íslandi en í Kanada.

Enginn vafi er á að slíkt beint flug mundi hafa margvíslega þýðingu, bæði mundi það stuðla almennt að ferðaþjónustu og samvinnu landanna á því sviði og einnig auðvitað greiða fyrir því að Vestur-Íslendingar gætu komið hingað heim. Mikill krókur er að sjálfsögðu að fara alla leið til New York ef menn eiga leið til Kanada. En eins og fram kom raunar í fréttum í morgun þá eru ný sjónarmið að koma upp á borðið hjá Bandaríkjamönnum. Þeir hafa sýnt áhuga á því að veita flugfélögum frá smáþjóðum í Evrópu ný réttindi fram yfir það sem verið hefur og hafa Flugleiðir verið nefndar í því sambandi og kemur fram að við því megi búast að eitthvað gerist mjög fljótlega. Slík heimild mundi þá opna möguleika t.d. fyrir Flugleiðir til að taka upp flug um Kanada til Bandaríkjanna eða um Bandaríkin til Suður-Ameríku eða eitthvað því líkt. Það væri auðvitað í okkar þágu því við Íslendingar lítum svo á að það sé okkar hagur ef okkur tekst að opna landamæri í samgöngum vegna sérstöðu okkar þá höfum við verið mjög miklir og sterkir talsmenn aukins frjálsræðis í samgöngum.

Um þriðja pakkann er það að segja að varðandi Evrópuflug eða flug innan hins Evrópska efnahagssvæðis mun hann taka gildi nú hinn 1. júlí, ég held ég fari rétt með það, og 1. júlí 1997 varðandi innanlandsflugið á þeim flugleiðum eins og hv. þm. sagði þar sem farþegar eru fleiri en 100 þúsund. Um aðrar breytingar sem eru að gerast kann ég ekki að nefna annað en að á vegum hins sameiginlega loftferðaeftirlits Evrópu eru að verða breytingar og hafa orðið og halda áfram þar sem m.a. er tekið á ákvæðum sem varða flugöryggi, hversu háttað skuli ef ég man rétt, hversu mikið eigið fé skuli vera í flugfélögum fremur en að það sé í þriðja pakkanum. Enn fremur hvort flugmenn skuli vera einn eða tveir og ýmis slík öryggisatriði.

Ég get tekið undir með hv. þm. að það er auðvitað alltaf álitamál hversu ítarleg lög skuli vera. Ég er sammála honum um að á sviði samgöngumála hefur skapast sú venja að lög séu ítarlegri en á ýmsum öðrum sviðum og auðvitað er hægt að hugsa sér að stytta lögin og treysta meira á reglugerðarákvæði. En þá er líka á það að benda að einmitt á sviði flugmála hafa alþjóðasamþykktir meira gildi en á flestum öðrum sviðum og ég hygg að það sé m.a. skýringin á því hversu lítið er komið að neytendum. Raunar er líka fjallað þau mál í lögum um alferðir og í lögum um samkeppnismál almennt.

Ég hef lítið að segja um þessa samráðsnefnd. Ég get tekið undir að það er auðvitað hollt ef þeir aðilar sem koma að flugi, opinberir aðilar, flugrekendur og flug-

liðar, hafa sameiginlegan vettvang þar sem þeir skiptast á skoðunum. Það er á hinn bóginn tilgangslaust að hafa slík ákvæði í lögum ef ekkert er með þau gert. En auðvitað er hægt að koma slíkri samráðsnefnd á fót án þess að um það séu bein lagafyrirmæli. Þannig að ég held að ef vilji manna stendur til þess að slíkt samráð sé uppi þá þurfi ekki sérstök lagafyrirmæli um þau efni.

Loks verð ég eiginlega að víkja því til hv. þm. hvaða grundvöllur sé undir flugeftirlitsnefndinni. Er það ekki rétt munað hjá mér að hv. þm. setti þá nefnd á laggirnar á meðan hann var ráðherra? Það má vera að það sé misminni mitt en ég get því miður ekki útskýrt hvenær flugeftirlitsnefnd var sett á laggirnar, á hvaða grundvelli hún er reist, ég hef ekki kynnt mér það sérstaklega.

[12:44]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. fyrir svörin og ég fagna því að hæstv. ráðherra þrýsti á utanrrn. um gerð loftferðasamninga. Það gengur jú einu sinni þannig til þó málið sé á forræði utanrrn. þá hlýtur tæknivinnan eðli málsins samkvæmt að hvíla á aðilum sem tilheyra fluggeiranum. Ég hef nú grun um að ósköp lítið mundi gerast í þessum málum ef ekki væri fyrir þýsting úr þeirri áttinni. Samgrn. verður auðvitað að veita vissa forustu í þeim efnum í samskiptum við utanrrn.

Ég er sammála hæstv. ráðherra um að það væri fagnaðarefni ef við næðum samningum við Kanada. Það er eiginlega eftirsjá að því að ekki skuli vera beinar flugsamgöngur frá Íslandi til Kanada og reyndar merkilegt ef út í það er farið að þetta stóra land sem liggur svona nærri okkur, þar sem allir Vestur-Íslendingarnir búa o.s.frv., að þar skuli ekki hafa byggst upp í gegnum tíðina öflugri samgöngur. Ég spurði líka sérstaklega um Rússland. Ég held að ef maður lítur á landakortið þá er það augljóst mál að flugsamgöngur austur um til vaxandi viðskiptavelda í Asíu hljóta að fara þar yfir eða það er eðlilegast ef fyrir hendi væru réttindi til að stunda þannig flug. Og ég held að það væri ekki síður ástæða til þess að þrýsta á um gerð loftferðasamnings við Rússa. Ég vísa að öðru leyti til þess sem ég áður sagði um að það var skaði að mínu mati að slíkur samningur skyldi ekki líta dagsins ljós þegar hann hafði verið í undirbúningi og drög lágu fyrir á árunum 1988–1990.

Það eru sömuleiðis ánægjuleg tíðindi sem eru að koma af því að það sé vilji fyrir hendi til þess í Bandaríkjum Norður-Ameríku að auka réttindi evrópskra flugfélaga og heimila þeim fimmtu réttindi til starfa eða flugs innan Bandaríkjanna, þ.e. til áframhaldandi viðkomustaða, og rýmka þá um leið eða fjölga þeim áfangastöðum sem Íslendingar hafa réttindi til að fljúga á í dag.

Að síðustu um flugeftirlitsnefndina, ég spurði einmitt vegna þess að ég velti því fyrir mér hvort ekki væri ástæða til að huga að því að búa henni stað eða þeirri starfsemi sem ég held að sé bráðnauðsynleg með einhverjum hætti í loftferðalögunum. Ég hygg að því verði ekki á móti mælt að það var og er þörf fyrir það að einhver slíkur aðili geti sinnt eftirliti þegar um er að ræða sérleyfi og bindingar af því tagi og jafnvel þó að um samkeppni sé að ræða, þá eru öryggiskröfur og annað því um líkt í flugi þannig úr garði gerðar að þær setja starfseminni þannig takmörk að það er án vafa að mínu mati ástæða til að þar sé fyrir hendi einhver málskotsréttur til eftirlitsaðila sem geti kannað hvort þjónusta sé með fullnægjandi hætti, hvort aðilar misbeiti þeirri stöðu, sérleyfisaðstöðu eða einokunarstöðu sem þeir eru í o.s.frv. Flugeftirlitsnefndin var á sínum tíma sett á laggirnar einmitt í slíku skyni í tengslum við stefnumörkun og breytingar sem þá voru að eiga sér stað í flugheiminum þannig að ég beini því þá til hv. samgn. að í meðferð málsins þó að hér séu kannski ekki margir hv. nefndarmenn úr samgn., þá vona ég að það komist til skila að við meðferð málsins verði hugað að því m.a. hvort ekki sé rétt að búa flugeftirlitsnefndinni sess hér í lögunum með sama hætti og flugslysanefnd er gert og reyndar fleiri nefndum sem starfa á afmörkuðum sviðum innan flugsins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samningsgerð, umboð og ógildir löggerningar, 1. umr.

Stjfrv., 99. mál (EES-reglur). — Þskj. 102.

[12:50]

Viðskiptaráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Frv. þetta tengist EES-samningnum, nánar tiltekið svokölluðum viðbótarpakka. Það byggist á tilskipun ráðsins nr. 93, nr. 13 frá 5. apríl 1993, um ósanngjarna skilmála í neytendasamningum, en sú tilskipun miðar að því að koma í veg fyrir röskun á samkeppni á Evrópska efnahagssvæðinu og tryggja jafnframt vernd handa neytendum. Skal taka ákvæði tilskipunarinnar upp í landsrétti EES-ríkjanna í síðasta lagi 31. des. 1994. Samráð hefur verið haft við hin Norðurlöndin um undirbúning að breytingu á íslenskri löggjöf. Er einkum höfð hliðsjón af áformum Dana og Norðmanna í þessum efnum en norræn samningalög byggjast á sama stofni. Frá þeirri meginreglu íslensks fjármunaréttar að samningsfrelsi skuli ríkja og samninga skuli efna er veigamikil undantekning sem treystir réttarstöðu neytenda og felur í sér að víkja má til hliðar eða breyta ósanngjörnum samningsskilmálum. Aðalákvæði þar að lútandi eru 36. gr. samningalaganna eins og henni hefur verið breytt með lögum nr. 11/1986.

Ákvæði 36. gr. samningalaganna fullnægja að mestu leyti kröfum tilskipunarinnar sem ég nefndi en með henni er stefnt að því að samræma löggjöf EES-ríkjanna um vissa, ósanngjarna samningsskilmála í neytendasamningum, fyrst og fremst staðlaða samninga, m.a. staðlaða samningsskilmála. Gera þarf vissar breytingar á íslensku samningalögunum og er stefnt að því með frv. að gera smábreytingu á 36. gr. og bæta auk

þess við fjórum nýjum greinum, 36. gr. staflið a–d. Mundu viðbótarákvæðin gilda um vissa samninga að því er snertir sanngirnismat, ósanngirni sem skilgreind er með sérstökum hætti, túlkun, réttaráhrif og vernd handa neytendum gegn vissum ákvæðum um erlend lög sem gilda skulu um viðkomandi samninga. Markmið með samvinnu norrænna embættismanna vegna upptöku ákvæða tilskipunarinnar í landsrétt var að tryggja sem best samræmi áfram milli samningalaga Norðurlandanna að vernd handa neytendum yrði ekki skert frá því sem er.

Svo sem fram kemur í 2. gr. frv. taka ákvæði þessi ekki til allra samninga heldur til samninga, m.a. samningsskilmála sem ekki hefur verið samið um sérstaklega, enda séu samningarnir liður í starfsemi atvinnurekenda en í meginatriðum ekki liður í starfsemi hins aðilans, neytandans. Ákvæðin eiga þannig fyrst og fremst við staðlaða samninga eða staðlaða samningsskilmála eins og ég hef greint frá. Ákvæðin gilda ekki um samninga milli atvinnurekenda og ekki t.d. á sviði sifjaréttar, m.a. um samninga er tengjast hjónaskilnaði. Þetta eru nokkur dæmi um takmarkanir á gildissviði hinna nýju ákvæða.

Ekki telst að það hafi verið samið sérstaklega um samningsskilmála ef hann hefur verið saminn fyrir fram og neytandi því ekki haft tækifæri til að hafa áhrif á efni skilmálans, einkum þegar um er að ræða fastorðaða staðalsamninga. Á atvinnurekanda, en það hugtak er notað eins og í danska og norska frv. viðsemjenda neytandans, hvílir sönnunarbyrðin fyrir því að samið hafi verið sérstaklega um samning og hann falli því ekki undir nýju ákvæðin um staðalsamninga o.fl. Ákvæðin hér að lútandi eru í 2. gr. frv.

Í 3. gr. frv. segir m.a. að vafa um merkingu samnings skuli túlka neytandanum í hag. Þarf að lögfesta slíkar túlkunarreglur til að uppfylla skilyrði tilskipunarinnar.

Í 4. gr. frv. felst að 36. gr. samningalaganna gildir óbreytt um samninga, m.a. samningsskilmála sem samið hefur verið sérstaklega um með þeirri undantekningu sem felst í 5. gr. frv. um lagavalsregluna. Eru ákvæði 36. gr. samningalaganna almennt víðtækari með tilliti til neytendaverndar en ákvæði tilskipunarinnar.

Um stöðluðu samningana og stöðluðu skilmálana gildir 36. gr. einnig en þó með vissum breytingum. Er með öðrum orðum sagt í 2. mgr. 4. gr. frv. að ekki skuli taka tillit til atvika sem koma til eftir samningsgerð neytanda í óhag. Snertir þetta ákvæði sanngirnismat en ósanngirnisreglan í 3. mgr. 4. gr. frv. setur það skilyrði að skilmáli eða skilmálar verði að stríða gegn góðum viðskiptaháttum og raska til muna réttindum og skyldum samningsaðila neytanda í óhag. Ef svo er þá er unnt að víkja til hliðar eða breyta samningum eða einstökum skilmálum þeirra. Samningurinn skal þá að kröfu neytenda gilda að öðru leyti án breytinga verði hann efndur óbreyttur. Breytingar þessar í 4. gr. frv. fela samkvæmt þessu í sér mismunandi reglur um mat á atvikum eftir samningagerð sbr. 2. mgr. ósanngirnismatinu almennt sbr. 3. mgr. og réttaráhrifum varðandi gildi annarra samningsskilmála, með öðrum orðum mismunandi reglur eftir því hvort samningur fellur beint undir 36. gr. samningalaganna eða hin nýju ákvæði sem ná fyrst og fremst til staðlaðra samninga eða samningsskilmála.

Í viðauka við tilskipunina sem birtur er sem fskj. I er skrá yfir ýmsa samningsskilmála sem teljast ósanngjarnir og tengist skráin aðalreglu tilskipunarinnar, með öðrum orðum ósanngirnisreglu þeirri sem tekin er upp í 3. mgr. 4. gr. frv. Skráin er til leiðbeiningar og er ekki tæmandi yfir þá skilmála sem teljast ósanngjarnir. Skráin er í tveimur hlutum. Í fyrri hluta eru 17 dæmi um skilmála sem geta verið ósanngjarnir en í síðari hluta hennar eru takmarkanir á gildissviði dæma í fyrri hlutanum, einkum að því er snertir fjármálaþjónustu. Þar eð dæmin eru að ýmsu leyti óskýr og mjög almennt orðuð þótti norrænum sérfræðingum varhugavert að lögfesta skrána sem slíka.

Í 5. gr. frv. eru ákvæði sem ætlað er að tryggja að neytandinn verði ekki sviptur þeirri vernd sem tilskipunin veitir við það að lög lands utan EES-svæðisins séu valin sem gildandi lög fyrir samninginn eða tengi samningurinn náið landsvæði aðildarríkja að EES-samningnum.

Eins og ég hef gert grein fyrir er gert ráð fyrir að nýju lagaákvæðin taki til samninga sem ekki hefur verið samið um sérstaklega, með öðrum orðum fyrst og fremst til staðlaðra samninga eða samningsskilmála, hvort sem þeir eru gerðir fyrir eða eftir gildistöku laganna. Gerð er undantekning frá þessu að því er varðar túlkunarreglu 3. gr. frv. þess efnis að vafa um merkingu einstakra samninga eða samningsskilmála skuli túlka neytandanum í hag. Gildir hún ekki um samninga sem gerðir eru fyrir gildistöku laganna. Þykir eðlilegt að fara þessa leið þar eð túlkunarregla þessi er nýmæli í samningalögum.

Í fskj. II er að finna ýmsan fróðleik um 36. gr. samningalaganna og í fskj. III ýmsa dóma sem snerta ósanngjarna samningsskilmála, einkum 36. gr. samningalaganna.

Virðulegi forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og til hv. efh.- og viðskn. og það er mín von og ósk að það takist að afgreiða frv. þetta á haustþingi til að uppfylla sett tímaörk.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 12:57]

Umræður utan dagskrár.

Áhrif meðlagsgreiðslna á Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Eins og áður hafði verið tilkynnt hefst nú utandagskrárumræða. Málshefjandi er hv. 2. þm. Austurl., Jón Kristjánsson. Það er hæstv. félmrh. sem verður til andsvara. Efni umræðunnar er áhrif meðlagsgreiðslna á fjárhag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Umræðan fer fram

samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa, þ.e. hálftíma umræða.

[13:33]

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég kveð mér hljóðs utan dagskrár vegna áhrifa innheimtu barnsmeðlaga á fjárhagsstöðu Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Innheimtustofnun sveitarfélaga hefur það hlutverk að innheimta hjá meðlagsskyldum foreldrum meðlög sem Tryggingastofnun ríkisins hefur greitt forráðamönnum barna þeirra. Í lögum um stofnunina segir að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga greiði Innheimtustofnuninni það sem á vantar að tekjur hennar nægi til endurgreiðslu til Tryggingastofnunar.

Innheimtuhlutfall af greiddum barnsmeðlögum hefur farið sílækkandi undanfarin ár og það stafar m.a. af versnandi hag meðlagsgreiðenda og einnig af því að meðlagsgreiðslur voru hækkaðar um 36% í ársbyrjun 1993. Þá þegar var ljóst að þetta mundi hafa uggvænleg áhrif á fjárhag jöfnunarsjóðsins og voru fyrirheit sem gengu eftir um að leysa þetta mál með aukafjárveitingu á árinu 1993. Sú aukafjárveiting nam 240 millj. kr. en samkomulag var um það að setja þak á þessar greiðslur í jöfnunarsjóðnum um 300 millj. kr.

Þann 10. desember á sl. ári var svo undirrituð yfirlýsing í framhaldi af viðræðum fjmrh. og félmrh. við fulltrúa Sambands ísl. sveitarfélaga um fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga á árinu 1994. Í 5. tölul. þeirrar yfirlýsingar sem er dagsett 10. des. er kveðið svo á að nefnd á vegum félmrh. og Sambands ísl. sveitarfélaga verði falið að taka fjárhagsmálefni meðlagsgreiðenda og meðlagsmóttakenda til gagngerðrar endurskoðunar og nefndin komi með tillögu til úrbóta fyrir mitt næsta ár.

Þessi nefnd hefur nú skilað áliti og skilaði áliti þann 19. okt. sl. Hún leggur til, í ítarlegu áliti, sem tillögu númer eitt að ríkissjóður greiði á árinu 1994 aukafjárveitingu til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að sjóðurinn geti sinnt hlutverki sínu og aukafjárveitingin nemi sömu upphæð og fjárvöntun Innheimtustofnunar sveitarfélaga umfram 300 millj. kr.

Samkvæmt áætlun verða vanskil í Innheimtustofnuninni um 530 millj. kr. í ár. Það vantar því 230 millj. kr. umfram 300 millj. kr. þakið og ef ekkert verður að gert þá mun þetta verða að ganga á þjónustuframlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga sem átti að greiða út í þessum mánuði. Þetta mun bitna á 44% sveitarfélaga í landinu, aðallega sveitarfélögum sem eru undir 3.000 íbúum, að þeim fámennustu undanskildum sem fá ekki þessi þjónustuframlög. Þessi framlög nema um 270 millj. kr. og þessi sveitarfélög hafa reiknað með þessum framlögum í fjárhagsáætlunum sínum. Það má taka dæmi af 1.000 manna sveitarfélagi þar sem þessi þjónustuframlög munu nema 6 millj. kr. Það má taka dæmi af öðru fámennara sveitarfélagi, áþreifanlegt dæmi, sem er um 300 manna sveitarfélag þar sem þessi framlög nema 2 millj. kr. Þetta sveitarfélag hefur um 40 millj. kr. tekjur. Hér er því um mjög alvarlegt mál að ræða ef ekkert verður að gert og ég spyr hæstv. félmrh. til hvaða aðgerða verður gripið í þessu máli. Er það ætlunin að þessar greiðslur falli með fullum þunga á jöfnunarsjóðinn umfram 300 millj.? Það var á dagskrá hjá fjárln. í morgun að afgreiða fjáraukalög fyrir 1994. Það hefur engin slík beiðni borist til fjárln. Þó þessari afgreiðslu væri frestað þá liggur þessi beiðni ekki fyrir. Það er ekki útlit á öðru en þessar 220–230 millj. kr. lendi á þeim þjónustuframlögum sem jöfnunarsjóðurinn á að greiða þeim sveitarfélögum sem hafa þyngst þjónustustig og eru með íbúatölu frá u.þ.b. 300 íbúum og upp í 3.000 íbúa.

Ég ætla ekki að eyða tímanum í að ræða meðlagsgreiðslurnar að öðru leyti. Það liggur fyrir um þau mál ítarleg skýrsla frá þeirri nefnd sem ég gat um áður. En ég vil spyrja hæstv. félmrh. Til hvaða hann ráðstafana hann hyggist grípa í þessum efnum?

[13:38]

Félagsmálaráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson):

Virðulegi forseti. Ég deili áhyggjum með hv. málshefjanda um stöðu þessa máls hvað lýtur að skuldbindingum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Eins og hann gat um í sinni ræðu þá er málið þó fjölþættara en svo og lýtur einnig að Innheimtustofnun sveitarfélaga sem slíkri og stöðu hennar. Í þriðja lagi og ekki síst möguleikum á stöðu meðlagsgreiðenda og síðan í fjórða lagi meðlagsþiggjenda. Þessi mál eru eðli sínu samkvæmt öll samofin.

Ég hygg hins vegar, virðulegi forseti, til þess að freista þess að svara spurningu hv. þm., að skynsamlegast sé að ég lesi bréf sem fór frá félmrn. í morgun til sveitarstjórna um þau mál sem hér er um að ræða og, með leyfi forseta, hljóðar þannig:

„Ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga gerði 22. október sl. tillögur til félmrh. um úthlutun þjónustuframlaga 1994. Tillögurnar voru með fyrirvara um að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga hefði til umráða nægilegt fjármagn til að greiða framlögin að fullu eins og gert var ráð fyrir í rekstraráætlun sjóðsins 1994. Undanfarið hefur verið ljóst að kröfur Innheimtustofnunar sveitarfélaga á hendur sjóðnum vegna óinnheimtra barnsmeðlaga mundu verða verulega hærri heldur en áætlun sjóðsins gerir ráð fyrir. Leitað hefur verið leiða til að tryggja viðbótarfjármagn til Innheimtustofnunar sveitarfélaga þannig að ekki kæmi til þess að skerða þyrfti þjónustuframlögin. Félmrn. hefur átt í viðræðum við fjmrn. um málið og er vonast eftir niðurstöðu fljótlega.

Forsvarsmenn Sambands ísl. sveitarfélaga hafa og komið að þeim viðræðum. Dragist hins vegar lausn málsins á langinn verður sveitarfélögunum fljótlega greiddur sá hluti framlaganna sem fjárhagur sjóðsins leyfir, ca. 40%, en frekari greiðslur ráðast af því hvort og hvenær tekst að útvega nauðsynlegt viðbótarfjárframlag.

Í febrúar sl. skipaði félmrh. nefnd til að taka málefni meðlagsgreiðenda og meðlagsmóttakenda til gagngerðrar endurskoðunar og koma með tillögur til úrbóta sem miða varanlega að því að fjárvöntun Innheimtustofnunar sveitarfélaga verði undir 300 millj. kr. svo Jöfnunarsjóður sveitarfélaga geti sinnt hlutverki sínu.

Nefndin skilaði tillögum og greinargerð til ráðherra 19. október sl. Tillögur þessar munu ekki draga úr fjárvöntun Innheimtustofnunar sveitarfélaga á yfirstandandi ári, en vonir standa til að þær geti gert það þegar til lengri tíma er litið."

Með öðrum orðum, staðan er þannig að félmrn. á í viðræðum við fjmrn. um, ásamt og með aðild Sambands sveitarfélaga og forsvarsmönnum þess. Þær viðræður lúta raunar að fleiri þáttum eins og kunnugt er af fréttum af ýmsum samskiptamálum ríkis og sveitarfélaga svo sem framhaldi átaksverkefna og fleiru. En ég bind við það vonir að farsæl lausn fáist í því til þess að jöfnunarsjóðurinn geti veitt það fjármagn til sveitarfélaga sem ráð var fyrir gert í áætlun sjóðsins í ársbyrjun. Hér er um að ræða þjónustuframlag að upphæð 267 millj. kr., en eins og getur um í áður tilvitnuðu bréfi er fjárhagur sjóðsins þannig núna að hann getur af eigin fé greitt nú sem svarar 40% af þessu komi ekki til viðbótarfjárframlags.

Hin hlið málsins, í örfáum orðum, virðulegi forseti, sem ég gat um í upphafi og lýtur að möguleikum meðlagsgreiðenda til að standa skil á sínum lögbundnu greiðslum og koma fram í tillögum áðurgreindrar nefndar, snýr að nauðsynlegum lagabreytingum sem flestar hverjar lúta að því að auka heimildir stjórnar Innheimtustofnunar sveitarfélaga til samninga. Möguleikar eru á því að setja þak á upphæð meðlags, þ.e. fjölda barna. Sem dæmi að einstaklingur, sem ber að greiða með þremur eða fleiri börnum, hafi hugsanlega til þess möguleika að greiða aðeins með tveimur, geyma þriðja meðlagið og fjórða. Einnig samkvæmt tillögum þessarar nefndar að leggja af vanskilavexti. Kröfur Innheimtustofnunar fái sömu réttarstöðu og skattkröfur hins opinbera og svo mætti áfram telja.

En varðandi það mál sem hér er um spurt og lýtur að yfirstandandi ári þá eru með öðrum orðum viðræður í gangi og ég vænti þess og trúi að farsæl lausn fáist á þeim.

[13:43]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Málavextir eru skýrir í þessu og komu ágætlega fram í máli hv. málshefjanda, Jóns Kristjánssonar, og ég vil þakka honum fyrir að taka þetta mál hér upp því ekki er vanþörf á, sérstaklega í ljósi þeirrar ræðu sem hæstv. félmrh. hélt áðan. En það var greinilegt að það er ekki jafnskýrt hvort ríkisvaldið ætli að efna þau fyrirheit sem það gaf og hefur gefið, bæði í reynd og óformlega í þessu máli, að sveitarfélögin, litlu fámennu sveitarfélögin á landsbyggðinni verði ekki látin gjalda fyrir ákvörðun hæstv. heilbrrh. og ríkisstjórnar hans þegar breytt var greiðslum til meðlags fyrir tæpum tveimur árum. Það getur ekki verið að málefni ríkisins, eins og þetta málefni er, verði látin bitna á sveitarfélögum. Það er ekki hlutverk jöfnunarsjóðsins að vera stuðpúði fyrir mismun á innheimtu og útgreiðslu meðlags og við eigum og ríkisstjórnin á að beita sér fyrir breytingu á lögum í þá veru að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga verði tekinn út úr þessu verki. Þetta er ekki hlutverk hans, þetta hefur ekkert að gera með málefni sveitarfélaga og verkefni þeirra, þetta er málefni ríkisins. Menn eiga auðvitað ekki að vera að blanda sveitarfélögunum í þetta mál sem er eingöngu málefni ríkisins. En það eru menn að gera, virðist mér, hæstv. forseti, vegna þess að hæstv. ríkisstjórn ætlar sér að láta sveitarfélögin taka þátt í að borga þennan kostnað. Það er algjörlega óásættanlegt, virðulegi forseti, að ríkisstjórnin sé að velta vandræðum sínum yfir á sveitarfélögin sem í þessu máli er algjörlega óskyldur aðili.

[13:45]

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Sá vandi sem hér er til umræðu er í raun og veru heimatilbúinn vandi ríkisstjórnarinnar og með þeim aðgerðum sem gripið var til til að spara ríkissjóði stórkostlega fjármuni eða áætlaða fjármuni upp á 300 millj. kr. þá voru sköpuð önnur vandamál. Þær afleiðingar sem hér eru að koma í ljós af illa undirbúnum aðgerðum ríkisstjórnarinnar, reyndar vanhugsuðum og röngum ákvörðunum, eru smærri sveitarfélögin í landinu núna að súpa seyðið af. Það var nú hins vegar svo að ríkisstjórnin var vöruð við að grípa til þeirra aðgerða sem hún greip til um áramótin 1992/1993. Það var ekki bara stjórnarandstaðan heldur flestar þær stofnanir sem komu á fund heilbr.- og trn. sem vöruðu við þeim aðgerðum að hækka meðlagið og lækka mæðra- og feðralaun.

Þessar aðgerðir fólu það í sér að meðlagið var hækkað um 36% á þá sem greiða meðlagið. En skyldi þessi hækkun hafa skilað sér til þeirra sem sjá um framfærslu barnanna? Nei, síður en svo, vegna þess að það var skert við framfærendur barnanna á einu ári á bilinu 12.000–36.000 kr. Síðan gerist það, sem allir sáu fyrir, að vanskil við Innheimtustofnun mundu stórkostlega aukast og þau verða, eins og hv. málshefjandi léði máls á hér áðan, 530 millj. kr. á þessu ári, eða rúmum 300 millj. kr. umfram það sem þau höfðu áður verið. Sparnaðaráform hæstv. heilbrrh. á þeim tíma með aðgerðinni voru 300 millj. Eftir stendur enginn sparnaður en 5 milljarða króna vanskil þeirra sem eiga að greiða meðlögin við Innheimtustofnun sveitarfélaga.

[13:48]

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Hér hefur verið bent á þá tekjuskerðingu sem nú vofir yfir fámennari sveitarfélögum í landinu. Þetta áfall er þeim mun alvarlegra vegna þess hvernig staða þeirra er í dag.

Við mig var að tala oddviti eins þessara sveitarfélaga og hann sagði að það sem af væri þessu ári hefði orðið 3 millj. kr. samdráttur á tekjum sveitarfélagsins vegna þess ástands sem nú er í þjóðfélaginu og það væri ljóst að þetta sveitarfélag yrði að skera alveg upp sína starfsemi til þess að reyna að bregðast við þessum vanda. Þetta vildi ég að kæmi hér fram til þess að leggja áherslu á hversu alvarlegt það er að þarna skuli hafa verið svo um hnúta búið að það eru fámennari sveitarfélögin, sem helst standa höllum fæti, sem eiga að taka á sig þessa auknu byrði.

[13:49]

Kristín Einarsdóttir:

Frú forseti. Það er auðvitað mjög alvarlegt mál þegar meðlagsgreiðendur greiða ekki skuldir sínar og síðan bitnar það á sveitarfélögunum í landinu. Ég á ákaflega erfitt með að sjá afhverju það á að vera hlutverk Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga að greiða meðlög. Þessu þarf að breyta, þetta getur ekki verið rétt.

Ég vil hins vegar leiðrétta það sem hérna kom fram að stjórnarandstaðan hefði varað sérstaklega við að hækka meðlagsgreiðslur því að Kvennalistinn studdi það á sínum tíma að meðlagsgreiðslur hækkuðu. Við töldum langt frá því reyndar að það væri of há upphæð sem greidd væri með hverju barni og töldum að meðlagsgreiðendur, sem í flestum tilvikum eru karlar, væru ekkert of góðir til þess að greiða þessa litlu upphæð til uppeldis barna sinna þar sem allir vita að það er miklu dýrara að framfæra börn en sem nemur tvöfaldri þessari upphæð. Þess vegna studdum við að meðlagsgreiðslurnar hækkuðu. Við vildum hins vegar að það skilaði sér til barnanna en það gerði það ekki. Við studdum hins vegar ekki að það væri skorið niður á þeim lið eins og ríkisstjórnin stóð að. (**Gripið fram í:** Þið berið nú ykkar ábyrgð á þessu máli.) Þess vegna ætla ég ekki að draga úr því hver okkar ábyrgð er, þ.e. mér finnst eðlilegt að meðlagsgreiðendur greiði hærra til barnanna en ekki að það bitni síðan á Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Því er ég algerlega ósammála.

Þeir sem komu á fund nefndarinnar á sínum tíma fyrir hönd forsjárlausra foreldra, sem allt voru karlar, lögðu mikla áherslu á það hversu annt þeim væri um börnin sín og vildu gjarnan gera þeim allt hið besta og þess vegna kemur mjög á óvart að þeir skuli ekki greiða meðlagið. Þeir hljóta að bera ábyrgð ekki síður en konur á þeim börnum sem þeir hafa komið í heiminn.

[13:52]

Sturla Böðvarsson:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu erfitt vandamál út af fyrir sig sem er fyrst og fremst vandi meðlagsgreiðenda þó að umræðan sé hafin á þeim nótum að þetta er að verða og gæti orðið vandamál sveitarfélaganna. Það hefur komið í ljós að Innheimtustofnun sveitarfélaga hefur átt í miklum erfiðleikum með að ná inn meðlögum og nú blasir við eins og hér hefur komið fram að það gæti gerst að það þyrfti að skerða þjónustuframlögin úr jöfnunarsjóðnum. Ég tel mjög óheppilegt ef til þess þyrfti að koma og treysti því að hæstv. félmrh. nái að finna lausn á þessu máli í viðræðum sínum m.a. við Samband ísl. sveitarfélaga. En ég tel alveg ljóst að það þurfi að skera upp, það þurfi að gera hér breytingar. Það er alveg ljóst að það þarf meiri fjármuni. Þá líta menn á ríkissjóð og ætlast til þess að hann hlaupi undir bagga en þetta er ekki svo einfalt mál. Þetta er margra ára uppsafnaður vandi og ég bið menn að líta á hann í því ljósi. Þetta hefur ekki verið að gerast í ár eða á síðasta ári. Þetta er margra ára uppsafnaður vandi sem ég tel að þurfi að taka á. Og ég er þeirrar skoðunar að það eigi að endurskoða lög sem lúta að Innheimtustofnun sveitarfélaga og meðlagsgreiðslum og e.t.v. að tengja það þeim viðræðum sem þurfa að eiga sér stað við sveitarfélögin og lúta að Atvinnuleysistryggingasjóði. Ég tel að verkefni sveitarfélaga ættu öll að vera í einum pakka en það liggur ekki ljóst fyrir núna hvernig það megi verða.

Ég fagna því að hæstv. félmrh. skuli vera að vinna að þessu máli með þeim hætti sem hann gerði grein fyrir.

[13:54]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það er rétt að árétta vegna þeirrar makalausu ræðu sem varaformaður fjárln. var að halda áðan að það var yfirlýst að sveitarfélögin ættu ekki að verða fyrir skakkaföllum vegna þessarar ákvörðunar ríkisstjórnarinnar. Það þýðir auðvitað að fjmrh. og fjárln. eiga að hafa forgöngu um að efna þessi fyrirheit. Það var gert fyrir árið 1993 með því að hæstv. fjmrh. lagði fram brtt. við afgreiðslu fjárlaga til þess að tryggja greiðslu úr ríkissjóði í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga sem nam þeirri fjárhæð sem var yfir 300 millj. kr. Þannig á þetta auðvitað að vera á þessu ári. Það þarf ekkert annað í þessa umræðu en að fjmrh. eða oddviti Sjálfstfl. í fjárln. komi hér upp og lýsi því yfir að sami háttur verði hafður á fyrir þetta ár og þá er málið leyst. Vandinn er hins vegar sá að þessir ágætu menn vilja ekki lýsa því yfir vegna þess að þeir vilja þvinga sveitarfélögin inn í samningaviðræður um óskyld málefni til að ná af þeim peningum í málefnum óskyldum þessu, þ.e. greiðslu sveitarfélaga í Atvinnuleysistryggingasjóð. Varaformaður fjárln. og mér heyrist líka hæstv. félmrh. eru að blanda þessu máli jöfnunarsjóðsins saman við greiðslur sveitarfélaga í Atvinnuleysistryggingasjóð sem ríkisstjórnin hefur pínt þau til þess að gera með lögum gegn þeirra vilja og hefur lýst því yfir að hún muni ekki framlengja en ætlar sér greinilega að ganga á bak þeirra orða og er það ekki í fyrsta skipti sem þessi hæstv. ríkisstjórn gengur á bak orða sinna gagnvart sveitarfélögunum.

[13:56]

Sturla Böðvarsson:

Virðulegi forseti. Ég undrast ræðu hv. 5. þm. Vestf. En ég vil bara ítreka það sem ég sagði í minni ræðu áðan að fyrst og fremst erum við að fjalla um vanda meðlagsgreiðenda. Hann birtist síðan í vanskilum hjá Innheimtustofnun sveitarfélaga og við þurfum eins og ég gat um að finna lausn á þessu máli. Ég tel að þetta sé í eðlilegum farvegi þar sem hæstv. félmrh. á í viðræðum við sveitarfélögin um hvernig best verði að þessu máli staðið. Yfirlýsingar á þessu stigi, hvort sem þær eru frá fjmrh. eða fjárlaganefndarmönnum eru ekki tímabærar.

[13:57]

Ragnar Arnalds:

Virðulegi forseti. Vissulega má til sanns vegar færa að hér er um að ræða vanda meðlagsgreiðenda, vanda sem í mörgum tilvikum er svo stór að þeir ráða ekki við hann. Það er bersýnilegt að þegar slíkt gerist að þessar greiðslur innheimtast ekki heldur bara hækkar einfaldlega skuldin þá er eitthvað að. Þá er greinilegt

að of margir meðlagsgreiðendur ráða ekki við þessar stóru upphæðir og það verður að finna leiðir til þess að minnka þeirra vanda án þess auðvitað að það bitni á framfærendum barnanna.

En ég vil leggja áherslu á að þetta er um leið vandi sveitarfélaganna og vandi sveitarfélaganna er mjög óvenjulegur að þessu leyti að hér er um að ræða fé sem ekki innheimtist í öllum sveitarfélögum landsins. Þetta er uppsafnaður vandi í öllum sveitarfélögum landsins. En kjarni málsins er sá að þessi vandi, sem er uppsafnaður í öllum sveitarfélögum landsins, er að bitna núna á tiltölulega litlum hluta þessara sveitarfélaga, þ.e. sveitarfélögunum sem eru af stærðargráðunni milli 300 og 3.000. Það eru þessi sveitarfélög sem eru að fá á sig allan vandann. Það fer því ekki milli mála að hér þarf að grípa til róttækra aðgerða og breyta þessu kerfi sem í gildi er þannig að það séu ekki bara örfá sveitarfélög — þau eru að vísu nokkuð mörg en tiltölulega veik og illa stæð sveitarfélög sem fái allt hlassið yfir sig.

[13:59]

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. fyrir hans svör. Þau voru skýr að því leyti að það hefur verið sent bréf til sveitarfélaganna um að jöfnunarsjóðurinn geti ekki tryggt nema 40% af þjónustuframlögunum nema viðbótargreiðslur fáist í fjáraukalögum. Það hefur jafnframt komið fram að þetta mál er sett í pakka með öðrum samskiptamálum ríkis og sveitarfélaga. Það er mjög miður og ég vil hvetja hæstv. félmrh. til þess í viðræðum við aðra ráðherra að hafa þetta mál sérgreint. Það gengur einfaldlega ekki eins og kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni, hv. 3. þm. Norðurl. Það gengur einfaldlega ekki að fámenn sveitarfélög, sem telja 23% íbúa landsins, séu látin taka á sig þennan vanda. Ég hef tölur um það t.d. að nokkur sveitarfélög í Norðurlandi vestra, kjördæmi hv. þm., eiga að taka á sig 32 millj. af þessum vanda.

Það gengur einfaldlega ekki að fara svona að og það er þessi aðferð sem ég gagnrýni en það er miklu lengra mál að tala um vanda meðlagsgreiðenda sem ríkisstjórnin jók á sínum tíma með því að hækka meðlögin. Vanskilin jukust gríðarlega við það en hæstv. heilbr.- og trmrh. segir á þeim tíma, í árslok 1992, með leyfi forseta:

„Það verður ekkert beðið eftir því að einhverjar viðvörunarbjöllur hringi heldur verður sest yfir málið strax í upphafi nýs árs" — árið 1993. — „Komi í ljós að þróunin ætli að verða önnur mun ríkisstjórnin í samráði við sveitarfélögin og stjórn Innheimtustofnunar grípa til þeirra ráða sem grípa þarf til til að tryggja að greiðslubyrði jöfnunarsjóðsins samtals fari ekki yfir 300 millj."

Hér er skýrt talað af hæstv. heilbr.- og trmrh. sem er sá sami og nú er. En hér er skýrt talað og loforð gefin sem hafa ekki verið efnd.

[14:02]

Félagsmálaráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson):

Virðulegi forseti. Til að taka af öll tvímæli og leiðrétta misskilning sem hér hefur verið endurtekin þá er í yfirlýsingu formanns Sambands sveitarfélaga og framkvæmdastjóra annars vegar og fjmrh. hins vegar ásamt með páv. félmrh. getið um það að sú nefnd sem skilaði áliti ekki fyrir margt löngu gerði það og í framhaldi af því yrði gengið frá samkomulagi milli ríkisstjórnar og Sambands ísl. sveitarfélaga um aðgerðir sem tryggja að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga geti sinnt hlutverki sínu. Það er nákvæmlega þetta sem er verið að gera þessa dagana. Það er verið að ræða við forsvarsmenn sveitarfélaganna um það hvernig jöfnunarsjóður geti sinnt þessu hlutverki sínu. Það er því í fullu samræmi við þá yfirlýsingu sem aðilar urðu ásáttir um fyrir ári síðan.

Til viðbótar því vil ég árétta að endurskoðun laga um Innheimtustofnun sveitarfélaga er í undirbúningi í mínu ráðuneyti og sérstaklega vegna þeirrar niðurstöðu sem sú nefnd, sem ég gerði hér að umtalsefni og var að mestu skipuð fulltrúum sveitarfélaga, kom fram með. Þar eru ýmsar ábendingar sem að gagni mættu koma sem gerðu meðlagsgreiðendum auðveldara en ella að standa skil á sínum greiðslum. En ég vil þó undirstrika til að fyrirbyggja allan misskilning í þessu sambandi að hvorki þær hugmyndir né nokkrar aðrar hugmyndir lúta ekki að því að lækka á einn eða annan hátt greiðslur til framfærenda, þ.e. meðlagsþiggjenda. Það er ekki uppi á borðum neitt í þá veru.

Virðulegi forseti. Hér eru þessi mál í þeim farvegi sem við mátti búast og ég gat um í bréfi sem sent var til sveitarfélaga í morgun frá félmrn. Málin eru í farvegi og ég árétta það og vonast til þess að við náum það farsælli niðurstöðu í viðræðum við sveitarfélög með aðild fjmrn.

Útbýting þingskjala:

Framleiðsla og sala á búvörum, 175. mál, stjfrv., þskj. 192.

Sameining Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda, 174. mál, stjfrv., þskj. 191.

Útsendingar sjónvarps og útvarps til fiskimiða, 172. mál, þáltill. GuðjG o.fl., þskj. 186.

Jarðalög, 1. umr.

Stjfrv., 106. mál (EES-reglur o.fl.). — Þskj. 109.

[14:05]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Í umræðum um aðild Íslands að hinu Evrópska efnahagssvæði hafa ýmsir orðið til að lýsa áhyggjum sínum af því að sá samningur sem þar liggur til grundvallar leiði til þess að erlendir aðilar fái aukin tækifæri til að kaupa fasteignir hér á landi. Áhyggjur af þessu tagi hafa m.a. heyrst úr þessum ræðustól. Af hálfu ríkisstjórnarinnar hefur jafnan verið bent á að þrátt fyrir þær skyldur sem Ísland tekur á sig með samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði sé unnt með innlendri löggjöf að hafa stjórn á slíkum

fjárfestingum og tryggja hagsmuni þjóðarinnar. Hins vegar kann menn að greina á um hversu langt ber að ganga í þessu efni, jafnt í átt til frjálsræðis sem takmarkana. Á grundvelli þess frv. sem hér er lagt fram er það hlutverk Alþingis að segja til um hvort og þá hvar beri að draga mörk í þessu efni hvað varðar þær fasteignir og þau fasteignaréttindi sem jarðalögin taka til. Sú umræða sem ég vísaði til hér í upphafi hefur ekki síst einkennst af óvissu og ókunnugleika á því hvernig haga mætti lagareglum af þessu tagi með tilkomu samningsins um hið Evrópska efnahagssvæði.

Haustið 1991 óskaði ég eftir því við Tryggva Gunnarsson hæstaréttarlögmann að hann kannaði hvaða áhrif fyrirhugaður samningur um Evrópska efnahagssvæðið hefði á löggjöf um eignarhald og nýtingu jarða og annars lands og landsréttinda sem jarðalög, nr. 65/1976, og önnur lög sem ráðuneytið annast framkvæmd á taka til. Að lokinni frumathugun þeirra mála og í tilefni af hliðstæðri athugun í dóms- og kirkjumálaráðuneyti vegna laga um eignarrétt og afnot af fasteignum, nr. 19/1966, varð það niðurstaða mín og dóms- og kirkjumálaráðherra að láta sameiginlega taka saman álitsgerð um áhrif samningsins um Evrópska efnahagssvæðið á íslenska löggjöf um eignarhald á fasteignum og fasteignaréttindum. Til verksins voru fengnir Ólafur W. Stefánsson, skrifstofustjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneyti, Stefán Már Stefánsson prófessor og Tryggvi Gunnarsson hæstaréttarlögmaður. Álitsgerð þeirra lá fyrir í júní 1992 og var dreift til alþingismanna en kaflar úr niðurstöðum álitsgerðarinnar varðandi jarða- og ábúðarlög fylgir frv. sem fskj. I. Álitsgerð þessi og þær athugasemdir sem fylgja frv. ættu að auðvelda þingmönnum að taka afstöðu til þess hvaða breytingar þeir kjósa að gera á þessari löggjöf í tilefni af samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði.

Þó að þetta frv. hafi verið flutt sem eitt af svonefndum fylgifrumvörpum samningsins um hið Evrópska efnahagssvæði, þá er tækifærið notað til að leggja fram breytingar á nokkrum ákvæðum jarðalaga í ljósi fenginnar reynslu. Verður nánar gerð grein fyrir þeim ákvæðum hér síðar.

Eins og lýst er í álitsgerð þeirri sem ég vísaði til hér fyrr er hvað varðar fjárfestingarreglurnar á EES-svæðinu verið að taka upp hliðstæðar réttarreglur og gilda innan Evrópusambandsins. Þessi breytta staða girðir hins vegar ekki fyrir að Íslendingar geti í innlendri löggjöf sett ýmis efnisleg skilyrði fyrir því að innlendir og erlendir aðilar eignist fasteignir hér á landi, enda séu slík skilyrði í eðlilegum tengslum við nýtingu eignarinnar. Tilkoma samningsins um hið Evrópska efnahagssvæði leiðir til þess að sá hópur einstaklinga og fyrirtækja sem á þess kost að fjárfesta hér á landi í fasteignum stækkar til muna og í vissum tilvikum ber að veita erlendum aðilum sama rétt og Íslendingum. Þessi breytta staða er því tilefni til að hugað sé að endurskoðun íslenskra laga um þessi mál.

Það heyrist gjarnan haft á orði að okkur Íslendingum sé annt um að land okkar og landsins gæði séu í eigu og á forræði Íslendinga sjálfra. Reyndar er það svo að í stjórnarskránni er sérstaklega tekið fram að ákveða skuli með lögum hvaða heimild útlendingar hafi til að eiga fasteignaréttindi hér á landi. Hér má líka minna á að aukin ásókn erlendra aðila til að kaupa hér fossa og vatnsföll í byrjun aldarinnar varð tilefni til þess að sett voru í lög skorður við slíku og síðar kom til löggjöf varðandi laxveiði. Barátta okkar fyrir landhelginni er á sinn hátt af sama meiði. Það þarf því fáa að undra þó andmæli séu höfð uppi þegar Íslendingar undirgangast skuldbindingar um að veita erlendum aðilum sama rétt og Íslendingum til kaupa á fasteignum þegar ákveðin skilyrði eru uppfyllt.

Á móti kemur hins vegar að þetta er ekki einhliða réttur því við Íslendingar fáum með sama hætti rétt til að fjárfesta sem launþegar og í þágu atvinnurekstrar í þeim löndum sem aðild eiga að samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði. Með vaxandi samstarfi þjóða og tengslum milli landa ætti líka að draga úr þeirri tortryggni sem eignarhald útlendinga á fasteignum hefur valdið víða um lönd. Það er síðan á færi stjórnvalda í hverju landi að tryggja með innlendri löggjöf að nýting fasteignanna og meðferð þeirra sé með þeim hætti að innlendir hagsmunir séu tryggðir. Þar koma t.d. til ákvæði skipulagslaga, náttúruverndarlaga og jarðalaga sem einmitt eru viðfangsefni hér.

Í samræmi við áðurgreindan áskilnað stjórnarskrárinnar hafa verið í gildi sérstök lög um heimildir útlendinga til að eignast og fá afnot af fasteignum hér á landi. Núgildandi lög um það efni eru lög um eignarrétt og afnot fasteigna, nr. 19/1966, en viðamiklar breytingar voru gerðar á þeim með lögum nr. 23/1991 og réttur útlendinga til að eignast fasteignir hér á landi vegna atvinnurekstrar rýmkaður. Þessum lögum var enn breytt vegna samningsins um Evrópska efnahagssvæðið með lögum nr. 133/1933. Þar er að finna almennar reglur um heimildir útlendinga til að eignast fasteignir hér á landi, hvort sem jarðalögin taka til þeirra eða ekki.

Jarðalögin hafa að geyma ýmsar heimildir sem veita stjórnvöldum, einkum sveitarstjórnum og jarðanefndum, færi á að hafa áhrif og aðilaskipti á nýtingu þeirra fasteigna sem lögin taka til en gildissvið þeirra er samkvæmt 3. gr. laganna markað svo að þau taka til alls lands utan þéttbýlissvæða sem skipulögð eru fyrir fasta búsetu manna sem ekki stunda landbúnað. Í jarðalögunum eru líka ákvæði um forkaupsrétt sveitarfélaga.

Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið sem slíkur kallar ekki á breytingar á ákvæðum jarðalaganna og hið sama gildir um ábúðarlögin. Okkur er heimilt að viðhalda reglum sem áskilja að stjórnvöld þurfi að samþykkja aðilaskipti að eignum sem jarðalögin taka til og hið sama gildir um forkaupsrétt opinberra aðila. Við verðum hins vegar að framkvæma þessar reglur með þeim hætti að hið sama gangi yfir Íslendinga og lögaðila á hinu Evrópska efnahagssvæði. Jarðalögin voru vissulega umdeild á þeim tíma þegar þau voru sett og ýmsir töldu að með þeim væri verið að setja óeðlilegar hömlur á viðskipti manna með jarðir og jarðnæði. Við megum hins vegar ekki gleyma því að löggjöf hliðstæð íslensku jarðalögunum er fyrir hendi í flestum nágrannalöndum okkar. Löggjafarvald

í þessum löndum hefur með sama hætti og Alþingi talið rétt og nauðsynlegt að hafa strangar reglur um meðferð og nýtingu landbúnaðarlands og veita stjórnvöldum í ýmsum tilvikum færi á að hafa áhrif á aðilaskipti á því. Það sýnir sig líka þegar menn hafa uppi áhyggjur af hugsanlegri ásókn erlendra aðila í að eignast fasteignir hér á landi að ákvæði jarðalaga fela að óbreyttum lögum í sér ákveðna vernd. Spurningin er síðan hvort menn telja hana nægjanlega.

Við samningu á því frv. sem hér liggur fyrir um breytingu á jarðalögum var af hálfu landbrn. og ríkisstjórnar lögð á það áhersla að draga fram þá möguleika og leiðir sem hægt er að fara innan þess ramma sem samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið setur til að tryggja rétt íslenskra stjórnvalda til að hafa áhrif á eignarhald og nýtingu þeirra fasteigna sem jarðalögin taka til. Þær raddir höfðu heyrst að samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið útilokaði setningu slíkra reglna en í umræðum um þessi mál þegar frv. var fyrst lagt fram lýstu ýmsir áhyggjum sínum yfir því að með því væru mönnum settar of þröngar skorður. Það hefur alltaf legið fyrir að þær reglur sem við settum í þessu efni þyrftu að ganga jafnt yfir Íslendinga sem erlenda aðila er byggja rétt sinn á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Ég legg hins vegar áherslu á að Alþingi taki afstöðu til þess í hvaða mæli sé þörf á að setja reglur af þessu tagi þannig að ekki sé um of gengið á íslenska hagsmuni. Ég tel nauðsynlegt að við förum gætilega í þessum efnum og setjum reglurnar fremur strangari en rýmri í upphafi og eins og ég sagði áðan þá er frv. þannig úr garði gert að það á að marka þann ramma sem heimilt er að fylla upp í í þessu efnum.

Þetta frv. hefur verið lagt fram á tveimur þingum. Það hefur verið sent til umsagnar og svör gefist og ég tel nauðsynlegt að landbn. taki þær umsagnir til efnislegrar meðferðar. Ég tel óhjákvæmilegt að löggjöf um þessi efni verði afgreidd nú á því þingi sem nú situr þannig að fyrir liggi hvaða mörk eða hvaða girðingarstæði eins og stundum er sagt við viljum velja, hversu þétt girt verði svo að notað sé orðalag sem mönnum hefur orðið tamt að nota í umræðum um þessi mál.

Eins og ég gat um áður eru tillögur samkvæmt þessu frv. tvíþættar. Annars vegar er lagt til að jarðalögunum verði breytt í tilefni af samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði og hins vegar eru lagðar til breytingar á einstökum ákvæðum í ljósi fenginnar reynslu við framkvæmd laganna. Þau ákvæði frv. sem lúta beint að breytingum vegna samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eru í 3., 5., 8. og 14. gr. frv. Samkvæmt núgildandi lögum er í 6. gr. þeirra mælt fyrir um að sveitarstjórn og jarðanefnd þurfi að samþykkja fyrirhuguð aðilaskipti að réttindum yfir fasteignum sem lögin taka til. Tekið er fram að ef sveitarstjórn og jarðanefnd telja ráðstöfun fasteigna andstæða hagsmunum sveitarfélags sé þeim rétt að synja um áformaða ráðstöfun eignarinnar.

Í 1. gr. jarðalaganna segir að tilgangur þeirra sé að tryggja að nýting lands utan skipulagðra þéttbýlissvæða sé eðlileg og hagkvæm frá þjóðhagslegu sjónarmiði og að eignarráð á landi og búsetu á jörðum sé í samræmi við hagsmuni sveitarfélaga og þeirra sem landbúnað stunda.

Í 3. gr. frv. er lagt til að sveitarstjórn og jarðanefnd fái hemild til að binda samþykki sitt samkvæmt 6. gr. laganna, þ.e. við sölu eða önnur aðilaskipti, því skilyrði að sá sem öðlast réttindi yfir fasteign hafi í allt að fimm árum fasta búsetu á eigninni eða innan eðlilegrar fjarlægðar frá henni til að nýta hana. Lagt er til að með sama hætti verði heimilt að binda samþykki skilyrðum um að eignin verði nýtt til landbúnaðar eða annarrar atvinnustarfsemi í samræmi við þau áform sem lýst er í beiðni um samþykki. Síðan er lagt til að sett verði regla um viðbrögð ef aðili fullnægir ekki þessum skilyrðum.

Ég legg áherslu á að þetta er fyrst og fremst heimildarákvæði fyrir sveitarstjórnir og jarðanefndir og því óvíst í hvaða mæli reglunni verði beitt. Ég lít á þetta sem öryggisákvæði til að tryggja að markmiði jarðalaganna verði náð.

Það þótti ekki fært að binda þetta skilyrði í öllum tilvikum við búsetu á fasteigninni og því er bætt við heimildinni um búsetu innan eðlilegrar fjarlægðar en eins og tekið er fram í athugasemd með greininni verður við mat á því hvað sé eðlileg fjarlægð í merkingu greinarinnar fyrst og fremst að líta til þess hvort sá sem öðlast réttindi yfir eigninni geti annast búrekstur inn eða þá atvinnustarfsemi sem hann ætlar að vera með á eigninni frá heimili sínu.

Í 5. gr. frv. er sett tillaga um reglu, sem felur í sér verulega breytingu frá núgildandi heimildum til að eignast fasteignir sem nýta á til landbúnaðar. Á síðustu árum hafa komið fram hugmyndir um að gera það að skilyrði fyrir kaupum á jörðum að kaupandinn hefði hlotið ákveðna menntun á sviði landbúnaðarfræða líkt og gert er t.d. í Danmörku. Þessar tillögur hafa ekki náð fram að ganga. Með tilkomu samningsins um hið Evrópska efnahagssvæði stöndum við frammi fyrir því að erlendir aðilar sem njóta réttar samkvæmt samningnum fái heimild til að stofna til atvinnurekstrar hér á landi og öðlast réttindi yfir nauðsynlegum fasteignum vegna þeirrar starfsemi. Þessi regla gildir m.a. um þá erlendu aðila sem vilja koma hingað til lands og reka hér hefðbundinn landbúnað eða nýta að öðru leyti jarðir og hlunnindi þeirra til atvinnustarfsemi, svo sem útleigu og veiði- og ferðamannaþjónustu.

Ég hygg að við sjáum ekki fram á að erlendir aðilar muni í stórum stíl sækja í að reka hefðbundinn landbúnað hér á landi á næstu árum og fjárfesta í kaupum á jörðum af þeim sökum. Ég sé heldur ekki hvaða hætta væri því samfara að danskur eða þýskur bóndi flytti sig um set og færi að reka kúabúskap hér á Íslandi sem raunar eru dæmi um.

Við athugun á þessum málum staðnæmast menn hins vegar við þau tilvik þar sem jarðir og einstök lönd eru nýtt til annarrar atvinnustarfsemi en hefðbundins landbúnaðar. Dæmi um slíkt væri kaup á jörð til að leigja út lax- og silungsveiði eða fuglaveiðirétt, kaup á landi þar sem náttúra er sérstæð til að reka þar ferðamannaþjónustu. Slík starfsemi fellur almennt undir at-

vinnustarfsemi og þeir sem njóta réttar hins almenna efnahagssvæðis eiga því að geta komið upp slíkri starfsemi hér á landi enda uppfylli þeir sambærileg skilyrði og sett eru varðandi Íslendinga. Þess var áður getið að samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið útilokar ekki að sett séu almenn málefnisleg skilyrði sem menn þurfa að uppfylla til að kaupa fasteignir enda séu slík skilyrði í eðlilegum tengslum við nýtingu eignarinnar.

Samkvæmt gildandi lögum eru ekki gerðar neinar sérstakar kröfur varðandi menntun eða starfsþjálfun þeirra sem öðlast réttindi yfir fasteignum til að reka þar landbúnað og er raunar að ýmsu leyti óljóst hvaða starfsemi fellur undir hugtakið landbúnað á hverjum tíma.

Niðurstaðan varð því sú að setja fram tillögu um ákvæði þar sem annars vegar væri farin sú leið að túlka hugtakið landbúnaður í þessari merkingu rúmt og láta það m.a. ná til nýtingar og/eða útleigu á veiði og öðrum hlunnindum sem fylgja landi, svo og húsum sem ætluð eru til dvalar um takmarkaðan tíma án lóðarréttinda.

Hins vegar er lagt til að í þeim tilvikum sem fá þarf samþykki til að öðlast réttindi yfir fasteign samkvæmt 6. gr. jarðalaganna og ætlunin er að nýta hana til landbúnaðar þurfi viðkomandi að hafa starfað við landbúnað í fjögur ár og þar af tvö ár hér á landi. Fyrirmynd þessarar reglu er reyndar sótt í danskar reglur um hliðstæð efni en þar er starfsreynsla af þessu tagi látin koma í stað tiltekinnar lágmarksmenntunar í landbúnaðarfræðum.

Rétt er að benda sérstaklega á að þessari reglu er ætlað að taka til þeirra tilvika þegar nýta á eignina til atvinnurekstrar á sviði landbúnaðar. Sé það eingöngu ætlun þess sem kaupir jörð eða fasteign sem jarðalögin taka til að fjárfesta í eigninni eða nota hana til eigin dvalar og tómstunda á reglan ekki við. Íslendingar munu því áfram geta fest kaup á jörðum í því augnamiði en heimildir erlendra aðila í því efni ráðast hins vegar af ákvæðum laga um eignarrétt og afnotarétt fasteigna eins og áður sagði.

Samningurinn um hið Evrópska efnahagssvæði veitir útlendingum sem búsettir eru erlendis ekki rétt til að kaupa hér eignir til að fjárfesta í þeim eða til sumardvalar.

Ég vek líka athygli á því að þessi regla á aðeins við í þeim tilvikum þegar fá þarf samþykki skv. 6. gr. og því á hún m.a. ekki við í fyrsta lagi ef eigandi ráðstafar fasteignaréttindum til maka síns, barna sinna, barnabarna, kjörbarna, fósturbarna, systkina eða foreldra. Í öðru lagi ef aðilaskipti verða á eignarréttindum fyrir lögerfðir eða ráðstöfun slíkra réttinda til annars hjóna við búskipti.

Þessi nýja regla, verði hún tekin upp, mun því ekki hafa áhrif þegar um hefðbundin ættliðaskipti er að ræða á jörðunum.

Í annan stað er gert ráð fyrir að ráðherra geti veitt undanþágur frá þessu ákvæði að fenginni umsögn sveitarstjórnar og jarðanefndar.

Það er líka ljóst að gildissvið þessarar reglu mun mjög mótast af þeim ákvæðum sem sett verða í reglugerð um hvaða starfsemi telst til landbúnaðar í merkingu ákvæðisins, til hvaða fasteigna ákvæðið tekur og hvaða aðili eða aðilar þurfa að uppfylla skilyrði ákvæðisins þegar félög og aðrir lögaðilar eða einstaklingar fleiri saman öðlast réttindi yfir fasteign.

Tilvikin sem þarna er verið að fást við eru margbreytilegri en svo að hægt sé að leysa úr þeim öllum í lagatextanum og þessar reglur verða líka að einhverju leyti leyti að mótast af þeirri þörf sem uppi er á hverjum tíma.

Þær raddir hafa heyrst að með þessu ákvæði muni verð á jörðum falla og þær verða lítt seljanlegar. Ég minni á að sjónarmið af þessu tagi heyrðust einnig þegar jarðalögin voru sett árið 1976 en ég fæ ekki séð að þau hafi haft áhrif í þessa átt.

Eins og ég nefndi hér fyrr er líka ljóst að þessi regla mun ekki hafa áhrif í öllum tilvikum þegar jarðir skipta um eigendur. Ég tel líka að of snemmt sé að spá fyrir um hvaða áhrif þessi regla muni hafa meðan ekki er búið að útfæra nánar skilgreiningar á hugtakinu landbúnaður og öðru sem ákveða skal í reglugerð. Ég játa það fúslega að það er ekki góð aðferð við lagasetningu að hafa þennan hátt á en ég hef áður skýrt ástæður þess að sú leið er farin hér.

Áður en ég segi skilið við þetta ákvæði vil ég ítreka að ákvæði 5. gr. frv. er sett fram sem tillaga um leið í þessu efni. Hafi menn hins vegar aðrar tillögur er sjálfsagt að þær verði teknar til skoðunar í þingnefnd.

Þau ákvæði frv. sem að öðru leyti eru sett fram í tilefni af samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði eru ákvæði 8. og 14. gr. um heimild sveitarstjórnar til að framselja forkaupsrétt sinn til Jarðasjóðs ríkisins. Við athugun á þessum málum var sérstaklega hugað að því hvort setja ætti í lög almenn ákvæði um forkaupsrétt ríkisins að öllum eignum sem falla undir jarðalögin. Slíkt hefði hins vegar haft í för með sér mikla skriffinnsku og því varð niðurstaðan að leggja til þá leið sem frv. gerir ráð fyrir um heimild sveitarstjórnar til framsals á forkaupsréttinum.

Almennt er það verkefni sveitarstjórnar að taka afstöðu til þess hvort aðstæður séu með þeim hætti að það sé í þágu hagsmuna sveitarfélagsins að neyta forkaupsréttar að eign. Hugsanlega kann verð eignar að vera sveitarfélagi ofviða, en líklegt er að það væri einkum í þeim tilvikum þegar um sérstæðar eignir er að ræða vegna hlunninda, sérstæðs náttúrufars eða staðsetningar. Í slíkum tilvikum gæti sveitarstjórn framselt rétt sinn til Jarðasjóðs ríkisins og það væri þá háð mati landbrh. og fjárhagsstöðu sjóðsins hvort ríkið notar forkaupsrétt sinn t.d. vegna þess að talið sé mikilvægt vegna samfélagslegra sjónarmiða að ríkið eignist tiltekna fasteign eða réttindi eða eignarhald ríkisins sé að öðru leyti talið í þágu hagsmuna viðkomandi sveitarfélags. Hvaða áhrif þessi ákvæði hafa er ekki síst háð því hvaða fjárveitingar Jarðasjóður ríkisins fær og það er verkefni Alþingis að taka ákvarðanir þar um.

Aðrar breytingar sem lagt er til að gerðar verði á jarðalögunum með þessu frv. lúta fyrst og fremst að

því að skýra og taka af öll tvímæli um framkvæmd einstakra ákvæða.

Ég tel rétt á þessu stigi að vekja sérstaka athygli á tveimur atriðum. Við gildistöku jarðalaganna 1976 var sett sú regla að ekki mætti taka land sem þá var nýtt til landbúnaðar til annarra nota nema heimild væri til slíks í lögum eða með leyfi ráðherra. Ekki var í lögunum tekið sérstaklega fram hvaða þýðingu það hefði að öðru leyti ef slíkt leyfi væri veitt. Með breytingu á jarðalögunum 1984 var sett sú regla að hefði sumarbústaðalóð verið tekin úr landbúnaðarnotum þyrfti framvegis ekki að afla samþykkis við aðilaskiptum skv. 6. gr. laganna. Formlega stóð forkaupsréttur sveitarfélags og í vissum tilvikum ábúanda áfram. Þetta hefur skapað óvissu með framkvæmd laganna. Við ákvörðun um að taka land úr landbúnaðarnotum hafa stjórnvöld átt þess kost að leggja mat á hvort slíkt sé í samræmi við þá hagsmuni sem jarðalögunum er ætlað að vernda. Verði það niðurstaða stjórnvalda að veita slíkt leyfi sýnist ekki ástæða til að leita þurfi eftir leyfi sveitarstjórnar og jarðanefndar við síðari aðilaskipti að eigninni eða forkaupsréttur sveitarfélags og ábúanda verði virkur við slíka sölu. Er því lagt til að breytingar verði gerðar á jarðalögunum í samræmi við þetta. Telji sveitarstjórn þörf á forkaupsrétti vegna skipulagsástæðna hefur hún heimildir í skipulagslögum til að setja sérstakar samþykktir um slíkt.

Eins og áður sagði miðaðist bannið við töku lands úr landbúnaðarnotum við það land sem nýtt var til landbúnaðar við gildistöku jarðalaganna árið 1976. Af hálfu stjórnvalda hefur jafnan verið litið svo á að þessi regla tæki til þess lands sem nýtt hafði verið til landbúnaðar og unnt var að nota til slíkrar starfsemi árið 1976. Þar með tæki þetta ákvæði m.a. til eyðijarða.

Í ljósi hæstaréttardóms frá árinu 1991 er talið rétt að taka af öll tvímæli í þessu efni og því er lagt til að bætt verði við ákvæði 12. gr. laganna, sbr. 6. gr. frv. Að öðru leyti tel ég ekki ástæðu til að fjalla um það frv. sem hér liggur fyrir og vísa til athugasemda sem fram koma í grg. með frv.

Ég vil að lokum taka fram að það er eins um þetta frv., ef að lögum verður, og jarðalögin sem nú eru í gildi að um þýðingu þeirra og gildi í framkvæmd fer auðvitað eftir því hversu fast menn fylgja þeim fram og hvaða afstöðu stjórnvöld og sveitarfélög hafa í þeim efnum.

Ég legg til, hæstv. forseti, að málinu verði vísað til 2. umr. og landbn. og legg eins og áður áherslu á að þetta frv. verði afgreitt á þessu þingi. Það er þingmönnum kunnugt, hefur áður komið tvívegis fram og er þrautreynt í þjóðfélaginu.

[14:30]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Það frv. sem hér er til umræðu tekur á einum af mörgum viðkvæmum þáttum EES-samningsins og við höfum á undanförnum missirum rætt nokkuð ítarlega um málið. Þegar EES-samningurinn var á sínum tíma til umfjöllunar á Alþingi þá var það von ýmissa að takast mætti að setja upp girðingarfrumvarp sem væri fullnægjandi til þess að koma í veg fyrir að útlendingar keyptu hér upp jarðir, náttúruperlur, hlunninda- og veiðijarðir. Þetta er nauðsynlegt vegna þess að nú hafa 380 millj. manna öðlast sama rétt til Íslands og þau 260 þús. sem hér búa.

Ég var aldrei trúaður á það að takast mundi að setja upp einhverjar girðingar sem dygðu. Ég sá það í hendi mér að það væri mjög torvelt því girðingarstæðið, ef svo mætti orða, er ómögulegt. Þetta frv., sem hér liggur fyrir og hæstv. ráðherra var að mæla fyrir, held ég í þriðja sinn, það er a.m.k. búið að þríflytja þetta mál, (**Landbrh.:** Mæla fyrir í fyrsta sinn.) þetta frv. var til meðferðar á síðasta þingi og væntanlega hefur hæstv. ráðherra mælt fyrir því þá a.m.k. Þetta mál fór til nefndar í fyrra og var stjfrv., 200. mál á þskj. 222. Ég er með framsöguræðu, frú forseti, flutta af hæstv. landbrh., Halldóri Blöndal, og ég sé ekki betur en þetta sé sama frv. og flutt var í fyrra. (Gripið fram í.) Að vissu leyti svipaði ræðu hans mjög til ræðunnar sem hann flutti í fyrra. Ég fylgdist þó ekki alveg nákvæmlega með til þess að vita hvort hann las ræðuna stafrétta.

En þetta frv. er búið að vera til meðferðar á tveim þingum áður þó hæstv. landbrh. sé búinn að gleyma því og það segir út af fyrir sig sína sögu. Alþingi hefur ekkert verið ánægt með þetta frv. og hv. landbn. hefur greinilega séð á því annmarka í fyrra og þess vegna hefur það ekki verið afgreitt.

Ég sé að í frv. sem nú er flutt hefur ekki verið tekið hið minnsta tillit til þeirra umsagna sem hv. landbn. bárust í fyrra. Það er kannski varla von úr því að ráðherra var búinn að gleyma því að hann hefði flutt þetta áður.

En það er svo með þær girðingar sem er verið að reyna að setja upp að þær eru gagnslitlar. Sú trygging sem þær veita gagnvart því að útlendingar geti eignast hér verðmætar lendur eru ónógar. En það er annað verra. Það er ákveðinn vítahringur sem er verið að skapa vegna þess að ókostirnir, þessar girðingar, koma verulega niður á Íslendingum og hamla að vissu leyti viðskiptum með jarðir og eru eða geta verið í vissum tilfellum hrein eignaupptaka. Útlendingar hafa hins vegar úrræði til að komast yfir girðingarnar.

Það er fyrst til að taka að land er tekið úr landbúnaðarnotum sem getur svo sem verið eðlilegt og þá þegar er opnuð veruleg gátt ef land hefur verið tekið úr landbúnaðarnotum. Sveitarstjórn á forkaupsrétt að landbúnaðarlandi en það er ekkert víst að sveitarstjórn sé þannig innstillt eða hafi fjárhagslegt bolmagn til þess að leysa til sín dýrar jarðir. Ég efast um það að í mörgum tilfellum hafi sveitarstjórnir vald á málinu. Ef sveitarstjórn vill getur hún framselt þennan rétt sinn en ekki nema hún kæri sig um og það er ekkert víst að allar sveitarstjórnir kæri sig um það og það getur vel verið að einhver sveitarstjórn telji það bara heppilegt að fá ríka útlendinga til þess að dvelja eða eiga land í þeirri von að þeir dvelji í sveitarfélaginu hlut úr árinu og vegna þess að ákvörðunar sveitarstjórnar til þess að framselja forkaupsréttinn til Jarðasjóðs er þörf þá er þarna veruleg veila. Það gerist sem sagt ekki af sjálfu sér ef sveitarstjórn sinnir ekki málinu að Jarðasjóður gangi í það. En það er náttúrlega að fara úr öskunni í

eldinn að vísa á Jarðasjóð. Jarðasjóður er alls ómegnugur. Hann gæti kannski keypt hálfa jörð á ári eða eitthvað svoleiðis eða leyst til sín. Eins og hefur verið búið að Jarðasjóði, sem er reyndar í landbrn. öðrum þræði kallaður jarðarfarasjóður, því að hann er eiginlega dáinn, þá er ekki mikils að vænta frá honum þannig að þar á ofan er engin trygging í þessu atriði.

Síðan þarf náttúrlega, og það er kannski meginatriðið, þarf vilja hæstv. landbrh. á hverjum tíma til þess að Jarðasjóður beiti sér í málinu. Á framsöguræðu hæstv. ráðherra var það að skilja að hann sæi nú enga sérstaka annmarka á því að útlendingar keyptu hér jarðir. Ég veit að það er hægt að finna hér dæmi um það að ágætir danskir menn hafi keypt hér jarðir og rekið búskap af miklum myndarskap og því ber að fagna. En menn geta ekki gefið sér það að þó að danskir menn eða franskir eða þýskir kaupi hér jarðir þá verði þeir jafngóðir bændur eins og hægt er að finna dæmi um í samtíðinni.

Í þeim umsögnum sem hv. landbn. bárust í fyrra og ég minntist á koma fram atriði sem mig langar til að leggja inn í þessa umræðu. Ég ætla fyrst að minnast á umsögn frá Sambandi ísl. sveitarfélaga og ég vil taka það fram, frú forseti, ég er ekki að gera þau orð að mínum að öllu leyti. Hér segir, með leyfi forseta:

„Eignarhald á jörðum er í fjölda tilvika í höndum einstaklinga eða félagssamtaka sem ekki hafa þar fasta búsetu eða búa í nálægð jarðarinnar. Með samþykkt 3. gr. frv. væri slíkt eignarhald sett í algera óvissu og gæti leitt til ófyrirsjáanlegs ágreinings. Jafnframt má ætla að skilyrði 3. gr. geti leitt til þess að jarðeignir lækki stórlega í verði eða verði óseljanlegar. Verði ákvæði greinarinnar beitt til hins ýtrasta getur falist í því bein eignaupptaka."

Síðar segir í umsögninni:

„Í 5. gr. er gert óheimilt að samþykkja eignarrétt yfir fasteign sem nýta á til landbúnaðar nema viðkomandi hafi starfað við landbúnað í fjögur ár. Ákvæðið útilokar þá sem vilja hefja landbúnaðarstörf og ekki hafa starfað við þau áður og gæti torveldað sölu." Síðast í umsögninni segir: „Það er hreint ótrúlegt að fram skuli koma á Alþingi stjfrv. með ákvæðum sem gera ráð fyrir jafnmikilli mismunun þegnanna og hér er lagt til."

Þetta var úr umsögn Sambands ísl. sveitarfélaga um málið, þ.e. glefsur úr umsögninni, en hún er nokkuð ítarleg.

Búnaðarþing fjallaði um málið 1993. Þar leggur búnaðarþing til breytingar á frv. og ég ætla að nefna eina þessara breytinga því að ég tel að hún sé mikilvæg, en þeir leggja til að 8. gr. laganna orðist svo, með leyfi forseta:

„Nú neitar sveitarstjórn og/eða jarðanefnd að samþykkja áformaða sölu, sbr. 6. og 11. gr., og ráðherra staðfestir þá ákvörðun. Þá á eigandi eða umráðamaður eignarinnar rétt á að ríkissjóður kaupi þá eign sem hann vill láta af hendi hafni sveitarsjóður forkaupsrétti. Náist ekki samkomulag um verð skal kaupverð eignarinnar ákveðið samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnáms, nr. 11 frá 1973."

Ég tel, frú forseti, að ef þetta ákvæði væri inni í frv. og fjárveitingarvaldið eða löggjafinn stæði sig í stykkinu þá væri þetta mjög til bóta og ég vil beina því til hv. landbn. að hún athugi það vandlega hvort henni þætti ekki tiltækilegt að taka þetta ákvæði inn í frv.

Frú forseti. Ég ætla að fara að ljúka máli mínu. Þetta frv. ber sjálfsagt vott um góðan vilja þeirra sem að því standa til þess setja upp girðingu. Því miður eru girðingarnar mjög ófullkomnar og að sumu leyti varasamar. Jarðir eru gerðar eða geta verið gerðar verðlitlar án þess að fyrir það sé girt að þær lendi í ómildum höndum útlendinga. Hér getur verið um hreina eignaupptöku að ræða, en eins og ég hef margoft sagt á umliðnum missirum í umræðum um Evrópskt efnahagssvæði og málefni því tengd þá er hér um að ræða einn af þeim þáttum þar sem við verðum að bera ekki lítinn fórnarkostnað af því að gerast aðilar að Evrópsku efnahagssvæði. Ég hygg að það væri til bóta að samþykkja þetta frv., setja upp þessar lélegu og ófullkomnu girðingar, enda takist hv. landbn. að lagfæra þetta mál að því leyti sem búnaðarþing lagði til.

[14:45]

Tómas Ingi Olrich:

Virðulegi forseti. Þegar samið var um Evrópska efnahagssvæðið og meðan á því samningaferli stóð var ljóst að nokkur ákvæði samningsins mundu vera mjög viðkvæm í meðförum og það mál sem hér er til umfjöllunar í dag snertir einmitt eitt af þessum málum. Það er ljóst að svo viðamiklir samningar sem samningarnir um Evrópska efnahagssvæðið eru snerta mjög við stöðu okkar sem sjálfstæðrar þjóðar og segja má að yfirráð okkar yfir auðlindum landsins sé eitt af þeim atriðum sem verði að tryggja í samningum af þessu tagi. Í samningaferlinu tókst að tryggja yfirráð Íslendinga yfir auðlindum sjávarins, en fyrirvari var hins vegar ekki gerður eða ekki tókst að halda inni fyrirvara um kaup á landi. Í samningaferlinu var upplýst að áður en núverandi ríkisstjórn tók við völdum hefði verið settur inn fyrirvari um þetta atriði en hann var tekinn út á samningaferlinu.

Það er rétt að geta þess að meðal þeirra gagna sem hægt er að nota við umfjöllun um þetta mál eru m.a. álitsgerð sem samin er að beiðni dóms- og kirkjumálaráðherra og landbrh. sem getið var um hér í framsöguerindi hæstv. landbrh. Ég vil einnig taka það fram að meðal gagna í þessu máli er sérstök álitsgerð sem hv. þm. Steingrímur Sigfússon og fyrrv. hæstv. landbrh. gerði um þetta mál og sendi þingmönnum sem er allítarleg greinargerð og gagnleg og vil ég þakka honum fyrir það að hafa sent okkur þingmönnum þetta. Það varpar ljósi á afstöðu hans til málsins en hann hefur áhyggjur af þessu máli eins og raunar sá sem hér stendur. Í þessari álitsgerð hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar segir m.a., með leyfi virðulegs forseta:

„Ég held að þegar menn skoða þetta betur komist þeir að raun um að það hafi orðið mikið slys í þessum samningum að ekki var haldið inni varanlegum fyrirvara eða undanþágum hvað þetta snertir. Það var eina trausta leiðin í þessum efnum."

Ég vil taka undir þetta álit hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar. Ég er þeirrar skoðunar að það hafi verið slys þegar varanlegum fyrirvara var ekki haldið inni í þessu samningaferli. Ég ætla ekki að fara nánar út í það hér og nú hver á að vera ábyrgur fyrr því slysi, við getum tekið upp umræður um það ef menn vilja, en ég geri mér hins vegar grein fyrir því að menn mátu það svo að það væri erfitt að halda þessum fyrirvara inni. Mér finnst hins vegar að það hafi ekki verið látið á það reyna til fulls og vil því að þessu leyti taka undir þessa skoðun hv. þm.

Það er mjög erfitt að sætta sig við það í raun og veru að landið sem er ein af höfuðauðlindum þjóðarinnar geti gengið kaupum og sölum milli ríkisborgara þjóðarinnar og ríkiborgara annarra þjóða hömlulaust og það er í raun og veru ekki hægt að sætta sig við það að erlendir aðilar fái sama rétt til kaupa á landi hér á Íslandi eins og íslenskir ríkisborgarar.

Sá samningur sem nú hefur verið gerður um Evrópska efnahagssvæðið gengur út frá því að þessi réttur sé ekki jafn að öllu leyti og má því segja að samningurinn leiði það í ljós að réttur erlendra ríkisborgara til fasteignakaupa hér á Íslandi og þar á meðal kaupa á jarðnæði er ekki sá sami og réttur okkar Íslendinga, þeirra sem hafa íslenskt ríkisfang. Hins vegar er þessi réttur jafn að því er varðar sjálfa meginþætti samningsins, þ.e. fjórfrelsið svokallaða. Í þessu samningaferli á að veita mönnum jafnan rétt. Þá er um að ræða jafnan rétt launþega til að velja sér starf, þar á meðal í landbúnaði, jafnan rétt til fjárfestingar og jafnan rétt til að stofna fyrirtæki og þjónustustarfsemi.

Það sem mestu máli skiptir í sambandi við þetta er kannski ekki fyrst og fremst rétturinn til atvinnustarfsemi. Það má segja sem svo að það sé ekkert hættulegt við það að íbúar Evrópubandalagsins og EES-svæðisins geti stundað atvinnu hér eins og íslenskir þegnar og hafi þá búsetu hér á landi og afli sér þeirra fasteigna sem nauðsynlegar eru í sambandi við sinn atvinnurekstur. Það sem skiptir hins vegar meginmáli í þessu sambandi er hvort til verður með samningunum um Evrópska efnahagssvæðið sjálfstæður fjárfestingarréttur þeirra aðila sem búa á þessu svæði, án tillits til þeirra réttinda sem samningurinn sjálfur kveður á um, þ.e. sjálfstæður fjárfestingarréttur án tillits til stofnsetningarréttarins og launþegaréttarins. Um þetta atriði er fjallað í álitsgerð sérfræðinganna þriggja um samninginn um Evrópska efnahagssvæðið og fasteignir á Íslandi. Þar koma fram álitamálin og þetta er eitt meðal þeirra mikilvægustu sem þar eru tekin til umfjöllunar.

Í þessari álitsgerð segir svo í kaflanum þar sem fjallað er um frjálsa fjármagnsflutninga, með leyfi hæstv. foreta:

„Álitamál er hvort líta beri svo á að frelsi til fjármagnsflutninga veiti sjálfstæða heimild til fjárfestinga einkum með hliðsjón af rétti manna til að fjárfesta í fasteignum, þar á meðal sumarbústöðum, án tillits til þess hvort það á sér stað í tengslum við hina þrjá frelsisþættina."

Í skýrslunni er fjallað allítarlega um þetta mál og niðurstaðan er tíunduð í sama kafla, með leyfi hæstv. forseta:

„Af framangreindu sést sennilega að íbúar eins aðildarríkis sem dveljast í öðru aðildarríkinu geta ekki fjárfest í fasteignum í síðarnefnda ríkinu á grundvelli EB-reglna um frjálsa fjármagnsflutninga eingöngu. Slík heimild verður að styðjast við hina þrjá frelsisþættina, þ.e. launþegaréttinn, þjónusturéttinn og stofnsetningarréttinn."

Í þeim kafla þessarar skýrslu sem heitir Helstu niðurstöður um fjárfestingarreglur EB segir, með leyfi forseta:

„EB-réttur veitir EB-fyrirtækjum að jafnaði ekki beinan og ótakmarkaðan rétt til að fjárfesta í öðru EB-ríki, þar á meðal til að festa kaup á fasteignum eða fasteignaréttindum. Sá réttur er hins vegar afleiðing frelsisþáttanna fjögurra, þ.e. réttar launþega, stofnsetningarréttar, réttar til frjálsrar þjónustustarfsemi og réttar til frjálsra fjármagnsflutninga. Ákvæði 7. gr. Rómarsáttmálans sem felur í sér bann við allri mismunun á grundvelli þjóðernis skiptir og máli í þessu sambandi. Í sjálfu sér geta aðildarríkin haft í lögum sínum ýmis ákvæði sem setja skorður við því að fasteignaréttinda sé aflað. Þessar skorður verða hins vegar að gilda jafnt fyrir aðila sem teljast til viðkomandi ríkis og þá aðila sem hyggjast, t.d. á grundvelli stofnsetningarréttar, afla sér fasteigna og þær mega ekki fela í sér óbeina mismunun."

Að því er varðar atvinnurekstrinn í heild þá er ljóst að samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið felur í sér heimild til íbúa EES-landa að fjárfesta í atvinnutækjum og þar á meðal fasteignum til atvinnurekstrar. Hins vegar ber að árétta þann skilning að þessi réttur tekur einungis til fasteigna sem eru í notkun í atvinnustarfsemi eða til eigin nota.

Í kaflanum sem fjallar um atvinnurekstrinn í skýrslu þremenninganna segir, með leyfi forseta:

„Loks er ekki heldur glöggt samkvæmt lögunum hverjir teljast eiga fyrrgreindan rétt." — Þarna er verið að vitna í fasteignalög. — „Samkvæmt orðum ákvæðisins er rétturinn bundinn við þann sem hefur rétt til þess að stunda atvinnurekstur hér á landi. Ljóst er að fleiri geta átt rétt til þess að stunda atvinnurekstur hér á landi en þeir sem stunda hann í raun og veru. Engu að síður verður að telja líklegt að rétturinn sé eingöngu bundinn við þá sem stunda atvinnurekstur hér á landi í raun og veru."

Þetta atriði kemur til álita þegar menn velta því fyrir sér í hvaða stöðu þeir íslensku ríkisborgarar eru sem eiga jarðnæði eða afla sér jarðnæðis sem ekki er keypt til notkunar í atvinnustarfsemi. Leiðir þessi samningur til þess að slíkir aðilar verði að afsala sér slíkum eignum? Eða verður með þessum samningi komið í veg fyrir að íslenskir ríkisborgarar geti fest kaup á jarðnæði sem þeir eiga án þess að nota það í atvinnustarfsemi?

Ég lít svo á að svo sé ekki og styðst þar við niðurstöður greinargerðar þremenninganna um samninginn um Evrópska efnahagssvæðið og fasteignir á Íslandi. Íslenskur ríkisborgari sem á fasteign, jörð, sem hann

ekki nýtir í atvinnustarfsemi hefur fulla heimild til að eiga slíka jörð og halda henni og eignarheimildum hans verður ekki breytt með þessum samningi.

Á hinn bóginn ef svo fer að erlendur ríkisborgari, sem í krafti EES-samningsins festir kaup á jörð hér á landi og notar hana í atvinnustarfsemi, hættir að nýta þessa jörð í atvinnustarfsemi ellegar þá að jörðin fellur undir ættingja hans sem nýta hana ekki, þá munu þeir ekki hafa heimild til að eiga slíka jörð. Þetta tel ég mikilvægt atriði. Þetta tel ég að nefndinni sem fær málið til umfjöllunar beri að skoða rækilega til að ganga úr skugga um að svo sé.

Það frv. til laga um breytingu á jarðalögum sem hér er til umfjöllunar er tilraun til að setja enn fastari skorður um viðskipti með fasteignir, einkum og sér í lagi jarðir, en gilda í lögum nú. Þar er einkum og sér í lagi um að ræða 3. gr. frv. þar sem sveitarstjórnum og jarðanefndum er heimilað að binda samþykki sitt við fasteignaviðskiptin sem lögin ná yfir því skilyrði að sá sem öðlast réttindi yfir fasteigninni hafi í allt að fimm ár haft fasta búsetu á jörðinni eða í eðlilegri fjarlægð frá henni til að nýta hana. Með sama hætti er heimilt að binda samþykki skilyrðum um að jörðin verði nýtt til landbúnaðar eða annarrar atvinnustarfsemi í samræmi við þau áform sem lýst er í beiðni um samþykki.

Að sjálfsögðu mundu ákvæði af þessu tagi þrengja allmikið svigrúm Íslendinga til að nýta jarðnæði. Þó tel ég ástæðu til að undirstrika að þeir hafa þó enn fulla heimild til þess að nýta jarðnæði með þeim hætti sem fellur utan samningssviðsins. Þá á ég fyrst og fremst við að eiga jarðir til þess hafa ánægju af því án þess að nota þær í atvinnuskyni, stunda þar tómstundaiðju sína eins og skógrækt og annað því um líkt, eða hestamennsku. Ég tel að það beri að taka þessa grein til rækilegrar athugunar og skoða hana. Hún er að nokkru leyti mjög íþyngjandi fyrir íslenska þegna en ég lýsi því hér með yfir að ég er reiðubúinn til að samþykkja grein af þessu tagi þó mér finnist að hæstv. landbn. Alþingis hafi fulla heimild til að skoða þetta opið og koma með tillögur um breytingar á þessu atriði.

Það sama er að segja um 5. gr. frv. En þar er atriði sem er á þá leið að ef það er ætlun þess sem þarf að fá samþykki til að öðlast réttindi yfir fasteign að nýta hana til landbúnaðar skal samþykki ekki veitt nema viðkomandi hafi starfað við landbúnað í fjögur ár og þar af tvö ár hér á landi. Þetta eru líka nokkuð íþyngjandi ákvæði og ber að geta þess að ráðherra getur veitt undanþágu frá ákvæðinu að fenginni umsögn sveitarstjórnar og jarðanefndar.

Þess ber að geta að ráðherra hefur heimild samkvæmt þessari grein að ákveða í reglugerð hvaða starfsemi telst til landbúnaðar skv. 1. mgr. Í sjálfu sér felst ekki þarna heimild ráðherrans til að ákveða hvað skuli teljast landbúnaður og hvað ekki. Það er ákveðið með öðrum lögum en hér er verið að fjalla um. Hér er einungis verið að tala um að ráðherra geti ákveðið í reglugerð hvaða starfsemi telst til landbúnaðar samkvæmt þeim skilyrðum sem fram koma í 1. mgr. 5. gr.

Ég vil taka það fram að mér finnst skipta miklu máli hver niðurstaðan verður í umfjölluninni um þetta frv. Ég harma að við Íslendingar skulum ekki hafa borið gæfu til að halda inni almennum fyrirvara um þetta mál. Vegna þessa er málið komið í þrengri farveg en það hefði e.t.v. þurft að vera. Það frv. sem hér er lagt fram er til bóta þó það sé nokkuð íþyngjandi. Ég vænti þess að hæstv. landbn. Alþingis fjalli ítarlega um þetta og skoði á þessu allar hliðar og leggi síðan fyrir þingið raunhæfar tillögur til að styrkja stöðu Íslendinga í sambandi við þetta mikilvæga mál þar sem miklu skiptir að við festum nokkuð rétt Íslendinga til þess að hafa vald yfir jarðakaupamálum sínum.

[15:03]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er næsta átakanlegt að virða fyrir sér þann málatilbúnað sem hér liggur fyrir í formi stjfrv. af hálfu hæstv. landbrh. Ekki er síður átakanlegt að heyra málflutning eins og þann sem kom áðan frá hv. 5. þm. Norðurl. e., manni sem gaf um það yfirlýsingar fyrir síðustu alþingiskosningar, í aðdraganda þess að hann kom inn á Alþingi, að hann mundi ekki standa að samþykkt samningsins um Evrópskt efnahagssvæði ef hann veitti þann rétt sem samningurinn veitir. Þetta rifjaði ég upp í umræðu um málið fyrir nokkru síðan þegar samningurinn hafði enn ekki verið samþykktur. Margt í máli hv. þm. ber vott um að eftirköstin séu þung og erfið hjá þingmanninum. Hann er hér að reyna að leita huggunar í þessu sérkennilega frv. hæstv. landbrh. þar sem í rauninni er með feluleik verið að ganga fram hjá grundvallaratriðum EES-réttarins sem kveðið er á náttúrlega með skýrum hætti í 4. gr. samningsins sjálfs þar sem mismunun eftir þjóðerni er ekki heimil og það gildir um alla þætti fjórfrelsisins. Hér eru menn að leika sér að því, og það gerði hv. þm., að reyna að leika sér að því að reyna að finna einhver tengsl á milli þessara fjórfrelsisþátta og skilyrða þau og það voru mjög sérkennilegar æfingar. Ég tel að þessi málatilbúnaður standist ekki samkvæmt reglum EES-réttarins. Ég tel að þarna sé í rauninni búið að opna fyrir kaup hér á landi með öllu því sem hér fylgir, þar á meðal á íslenskum auðlindum sem fylgja landareign að við því verði til frambúðar engar raunhæfar skorður reistar að veita þar Íslendingum einhvern forgangsrétt til þess að taka þátt í samkeppni um kaup á landi og halda slíkum eignaryfirráðum.

[15:07]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson lýsti hér hlutverki mínu sem átakanlegu og hélt því fram að ég hefði lýst því yfir að ég mundi aldrei sætta mig við að það frelsi sem veitt er í samningnum yrði veitt. Þetta er ekki rétt vitnað í mín orð. Það sem ég sagði, hv. þm., í þessu sambandi var það að ég teldi ekki hægt að sætta sig við það og ég mundi ekki sætta mig við það að erlendir aðilar fengju jafnan rétt á við íslenska til að kaupa jarðnæði á Íslandi. Hluti af minni ræðu hér gekk út á það að sýna fram á það að útlendingar hafa ekki þennan rétt. Hafi hv. þm. ekki skilið þetta þá þykir mér það leitt og er mér ljúft að endur-

taka það og árétta það við síðari tækifæri í þessari umræðu.

Ég vil hins vegar taka það fram að ef eitthvað, hv. þm., er átakanlegt í þessu máli þá er það það að hinn almenni fyrirvari var tekinn út í tíð ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar sem var studd af hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni. Það var átakanlegt og þar urðu slysin. En ríkisstjórnin hélt áfram að sitja og þingmennirnir héldu áfram að styðja þá ríkisstjórn þó að þessi fyrirvari hefði verið tekinn út. (**SJS:** Þetta skaltu ræða við utanrrh.) Hv. þm. sem kallar hér framan úr sal, fyrrv. landbrh., hefur væntanlega lagt sig í líma við að fylgjast með gangi mála hjá utanrrh. en það gerði hann því miður ekki. (Gripið fram í.) Hann fylgdist ekki með þessum viðræðum og þess vegna var hann ekki í stöðu til að krefjast þess að þessum fyrirvara væri haldið inni. Hann fylgdist ekki með umræðunum.

[15:08]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hér er náttúrlega um miklu stærra mál en svo að ræða að menn geti verið að skjóta sér á bak við æfingar eins og hér komu fram af hálfu hv. 5. þm. Norðurl. e., að ætla að fara að bera það fram að það sé til málsvarnar fyrir því að samþykkja þennan samning sem hv. þm. gerði að á fyrri stigum hafi sá sem með málið fór í ríkisstjórn fallið frá fyrirvara. Það lá fyrir þegar sú ríkisstjórn sem nú situr tók til starfa og tók upp þráðinn, Sjálfstfl. með Alþfl., í sambandi við þetta mál. Þessi staða sem hér blasir við var ljós fyrir alþingiskosningar 1991 þegar hv. þm. gaf þær yfirlýsingar sem hann þekkir best og liggja fyrir á prenti en ég hef ekki hér fyrir framan mig textann.

Það er þessi ábyrgð allra þeirra sem samþykktu samninginn og beittu sér ekki gegn honum sem blasir hér við varðandi stöðuna fyrir íslenska þjóð að hafa vald á sínu landi framvegis. Það eru ekki bara samningsákvæðin sem þýðir að líta á heldur blasir við réttarþróunin sem byggist á dómum svokallaðs Evrópudómstóls, dómstólsins í Lúxemborg, sem gengur allt í þá áttina að styrkja fjórfrelsið og ganga gegn viðleitni af því tagi sem reynt er að setja fram í þessum frumvarpstexta hér.

[15:09]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var full ástæða til þess að minna á það að í tíð ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar hefðu orðið á mistök í þessum efnum. Það er full ástæða til að minna á það því þá gekk mönnum úr greipum tækifæri til að tryggja þessa hluti betur en það tækifæri var ekki nýtt. Það er full ástæða til þess að minna á þetta.

Ég hef hins vegar getið þess og get endurtekið það hér að samkvæmt þessum samningi er réttur erlendra aðila og íslenskra aðila ekki sá sami. Þessi réttur er bundinn við sjálf atriði samningsins, efnisatriði samningsins og þau ná ekki um allt þjóðfélagið. Þau ná um ákveðin samningsbundin réttindi og út fyrir þau samningsbundnu nær þetta ekki.

Að því er varðar framhald málsins þá er ljóst að EES-samningurinn er þjóðréttarsamningur og það þarf að koma til samþykki Íslendinga fyrir breytingum sem á því verða.

[15:10]

Eyjólfur Konráð Jónsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er hér með í höndunum bók sem er talsvert merkileg en hefur þó ekki verið veitt jafnmikil athygli eins og vera skyldi en það er bókin Evrópa, Evrópustefnunefnd, Ísland, Evrópa.

Þetta vorum við að vinna við fyrir æðimörgum árum og ég var svo hamingjusamur að vera formaður þeirrar nefndar sem að þessu vann, Kjartan Jóhannsson var hins vegar áður þar formaður en hann vék til annarra starfa eins og menn vita sem hér eru. Þessi inngangsorð skrifa ég fyrir hönd nefndarinnar 1990.

Það er ánægjulegt að menn skuli nú taka upp þráðinn. Þetta er ekki nein smáræðis bók sem hér er unnin. Þarna er þetta meira og minna sem við erum að ræða um og við þurfum að herða á því. Ég get tekið undir allt sem þeir hafa sagt hér inni, þar á meðal Hjörleifur Guttormsson sem var með okkur í því að semja þessa bók, að það er í huga Íslendinga, ég held nú að hvað sem öllu öðru líði og okkur sem erum kannski ekki neitt miklir ættjarðarvinir þótt þeir telji sig vera það alla vega og vilja ekki fórna neinu af gæðum landsins, þá getum við nú kannski náð saman hvað sem öðru líður eins og ég sagði.

Það er hins vegar alveg rétt að það er hluti Íslendinga og hefur verið sem er með óðagot út í það að afsala íslenskum landsréttindum, svo ég tala nú ekki um menningarlegum sjónarmiðum. Þess vegna verðum við alltaf að vera á varðbergi. Það verða áreiðanlega á næstu missirum og kannski árum mikil átök hér einmitt vegna þess að það eru öfl, þó þau fari ekki hátt núna, sem eru alltaf að skjóta upp í einhverjum mæli, dulin gjarnan, taka til baka og segja ég sagði þetta ekki svona og svona, við skulum bíða eitt ár eða tvö eða eitthvað slíkt því við höfum þetta allt á okkar höndum, þetta segja þeir sem ætla sér að koma okkur í Evrópubandalagið.

[15:14]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Ég sakna þess við umræðuna nú að hæstv. utanrrh. skuli ekki vera viðstaddur umræðuna. Maðurinn sem fyrir hönd þjóðarinnar ber svo mikla ábyrgð á því sem gerst hefur og ber svo mikla ábyrgð á því máli sem hér er verið að ræða í dag. Maðurinn sem sagði að EES væri nauðsyn til þess að aldrei kæmi til þess að Íslendingar þyrftu að ganga í Evrópubandalagið. Maðurinn sem nú hefur umturnast í afstöðu sinni og berst fyrir því að Ísland gangi í Evrópusambandið. Maðurinn sem hefur gengið svo langt að hæstv. forsrh. hefur vakið athygli á því að hann sé eini Íslendingurinn sem sé sáttur og telji sjávarútvegssamning Noregs góðan.

Hæstv. forseti. Ég sakna þess að sá hæstv. ráðherra skuli ekki vera hér staddur við umræðuna. (**SJS:** Þú verður að heimta hann, koma með hann.) Ég held að það sé afar mikilvægt. Hins vegar er það athyglisvert við þessa umræðu í hvern farveg þetta mál er komið.

(**Forseti** (GHelg): Skildi ég hv. þm. á þann veg að hann óskaði eftir að hæstv. utanrrh. yrði viðstaddur umræðuna?)

Ég held að það hljóti að vera nauðsynlegt, hæstv. forseti.

(**Forseti** (GHelg): Ég mun þá reyna að freista þess að athuga hvort það sé unnt.)

Ég mun ekki fresta máli mínu, ég get þá rætt við hæstv. utanrrh. síðar hér í dag, en ég held að það sé mjög mikilvægt að hæstv. utanrrh. sé við umræðuna.

Ef við horfum aðeins nokkur ár aftur í tímann þegar þessi ganga var að byrja, þegar fyrri ríkisstjórn var að ganga til samninganna um Evrópskt efnahagssvæði, þá minnist ég þess að það sem gerði mig og fleiri sátta við þessa samninga á ákveðnu tímabili var ræða sem fyrrv. forsrh., Steingrímur Hermannsson, hélt í Ósló 1989 sem hefur verið kölluð fyrirvararæðan þar sem Íslendingar lögðu fram ákveðna fyrirvara til þess að geta gengið inn í þessa samninga. Á þeim grundvelli studdu hér ýmsir það mál. Síðar gerðist það að þessum fyrirvörum var hverjum á fætur öðrum af hálfu hæstv. utanrrh. varpað fyrir borð í skjóli stjórnarskipta í lok kjörtímabils o.s.frv. Sjálfstfl. barðist heill fyrir því 1989 að hér yrði farið í tvíhliða samninga um mál Íslendinga. Sjálfstfl. umturnaðist í þessu máli. Hann skipti um skoðun þegar hann var kominn í stjórnaraðstöðu og hann gerði það sem verst var í þessu máli að hann gaf hæstv. utanrrh. í maí 1991 fullt frelsi einum og sjálfum til að semja um málefni Íslendinga. Það er kannski versti hluturinn í þessu máli hvernig Sjálfstfl., forustuflokkur nýrrar ríkisstjórnar, umturnaðist í málinu.

Vissulega er það stór vandi sem hér blasir við og við erum að ræða í dag til þess að mæta hinu Evrópska efnahagssvæði, girðingarlög, breyting á jarðalögum o.s.frv. Ég er þeirrar skoðunar að það væri rétt eða vil spyrja að því hvort það geti ekki verið grundvöllur til þess áður en við göngum inn í svo flókna lagasetningu og heftum svo viðtæka girðingarstarfsemi sem hlýtur að brjóta, ekki síst á eignarrétti Íslendinga, verðfella í stórum stíl eignir íslenskra bænda og skapa mismunun í þessu hér hjá okkur. Ég er því þeirrar skoðunar og vil spyrja hvort ekki sé rétt í þessu máli að leita eftir tvíhliða samningi um málið. Eigum við kost á því sem Danir náðu fram við Evrópubandalagið að hafa undanþágu um eitthvað af okkar málum sem snertir jarðir eða sumarbústaðalönd eða náttúruperlur? Mig minnir að Álandseyingar hafi einnig náð einhverju slíku ákvæði inn í sína samninga.

Eins er það þegar við í lok kjörtímabilsins erum ekki lengra komnir í þessari vinnu er það spurningin hvort við getum fengið frest á því ákvæði sem snýr að þessu máli til að vinna okkar heimavinnu. Eins og hér hefur komið fram voru það átta aðilar sem svöruðu beiðni um umsögn frá hv. landbn. í fyrra. Mér finnst það sýna hvað málið er flókið. Tólf aðilar treystu sér ekki til að svara því. Ég er í engum vafa um að sá stutti tími sem er eftir af þessu þingi, kosningaþingi, nægir ekki til að vinna þetta mál. Svo flókið er málið og svo slæmt er það frv. í mínum huga sem hæstv. landbrh. hefur lagt fram. Það eru ýmis atriði sem mér sýnist að muni stöðva þá þróun sem við höfum búið við, ég vil segja, í nokkra áratugi.

Ég vil koma inn á nokkur þessara atriða. Ég sé t.d. að í 3. gr. frv. þar sem verið er að ræða um fasteignir er settur einn þröskuldur t.d. þar sem rætt er um „fjarlægð eðlilegrar búsetu til að nýta þessa eign". Ég vil spyrja hæstv. landbrh.: Hvað á hann við? Getur þetta ekki verið atriði sem muni mjög þrengja þá þróun sem hér hefur verið og kannski ýmsa aðra þróun sem við höfum séð fyrir okkur og ég hef ekkert við að athuga? Við höfum séð að ýmsir menn, kannski búsettir hér, hafa eignast jarðir sem þeir eru að sinna í allmikilli fjarlægð frá heimili sínu. Ég minnist þess að útgerðarmaður í Grindavík, Dagbjartur Einarsson, keypti Svefneyjar á sl. vetri og er þar að gera góða hluti. Kynni það að vera að þetta ákvæði yrði til þess að hann mætti ekki eiga þessa eign og hún yrði tekin af honum og færð öðrum? Er hann of langt frá eigninni?

Síðan er í þessu ákvæði sem segir að ef þetta gerist þá er þinglýst inn á eignina ákvæðum um að innan einhvers ákveðins tíma þriggja, fjögurra eða fimm ára verði það að hafa átt sér stað að maðurinn flytji. Ég get nefnt ótalmörg fleiri dæmi. Ég hef orðið þess var í mínu kjördæmi að jafnvel fólk sem býr erlendis en er íslenskir ríkisborgarar, jafnvel ekki íslenskir ríkisborgarar en Íslendingar, hafa fundið til þess hvöt og hafa ráðist í að eignast eignir í mínu kjördæmi. Þeir eiga löng sumarfrí, þetta er stóreignafólk, og það er að gera góða hluti á þessum stöðum. Mér sýnist að það sé klárt mál að þessir aðilar mundu ekki mega fjárfesta eins og þeir gera og þar með hverfur það út úr dæminu að menn geti átt við þá peningaleg viðskipti. Þetta eru flugmenn, listamenn og fleiri og fleiri sem hafa löng sumarfrí og geta þá nýtt hlunnindi við svona aðstæður og vilja hafa frelsi til að kaupa slíkar eignir.

Ég óttast þessa 3. gr. frv. Svo er auðvitað um fleiri greinar í þessu frv. Staðreyndin er nefnilega sú að jarðalögin eins og þau standa hafa verið talsverður þröskuldur í viðskiptum. Og jarðalögin eins og þau standa hafa því miður orðið til þess að menn hafa misnotað aðstöðu sína. Sveitarstjórnir hafa í gegnum jarðalögin reynt að ráða því hverjir eignuðust fasteignir og gert upp á milli fólks, jafnvel brotið ákvæði stjórnarskrárinnar um eignarréttinn. Það er alvarlegur hlutur. Ég held nefnilega að jarðalögin hafi verið sett á sínum tíma til þess að tryggja byggð og stöðva það sem menn kölluðu þá brask. En ég hef tekið eftir því t.d. hvað Suðurland varðar að sá hagvöxtur sem þar hefur ríkt síðustu árin tengist ekkert síður því að menn hafa þar verið að mæta þeirri nýju þróun að stór hluti t.d. höfuðborgarbúa vill dvelja þar sumarlangt, eiga þar sumarbústaði. Sumir hverjir hafa ráðist í það stórvirki að eignast eyðijarðir, byggja þær upp og skapa þar atvinnu í öðru formi en landbúnaði. En allt hefur þetta pappírsfarg og spurningar um leyfi orðið til að þrengja frelsi fólks til að standa í þessu. Ég tel þess vegna að við verðum að gæta okkar í lagasetningunni að hún verði ekki slíkur fjötur að hún stöðvi svona mikilvæga

þróun þar sem fólk í þéttbýlinu og í sveitunum er einmitt að ná saman í gegnum þessa breytingu.

Ég hef líka velt því fyrir mér í sambandi við útlendingana: Eru þeir að koma í stórum stíl til að kaupa jarðir? Ég talaði við þann mann í morgun á fasteignasölu sem hefur selt flestar jarðir á Íslandi síðustu árin. Hann sagði að engin slík fyrirspurn hefði borist. Það hefði að vísu gerst í kringum landsmót hestamanna að þá kom upp bóla, nokkrir ríkir Þjóðverjar spurðu eftir jörðum til að hefja hér hrossarækt en það var bóla og ekkert varð úr viðskiptum. Það liggur fyrir eins og er að útlendingar eru ekki í miklum jarðakaupum hér eða hugleiðingum eins og stendur. Þess vegna er spurning hvort við getum ekki náð annarri niðurstöðu án þess að færa allt í fjötra í viðskiptum Íslendinga sjálfra. Það held ég að sé meginmálið.

Mér hefur dottið það í hug hvort það væri möguleiki og væri réttara hjá okkur að huga t.d. að því við lagasetningu að taka út úr sérstakar náttúrperlur sem svo eru nefndar. Laxveiðijarðir, jarðir sem eiga virkjunarmöguleika, jarðhitasvæði, einstaka staði sem eru slíkar náttúrperlur að þær verða að vera í höndum Íslendinga, setja um slíkar jarðir almenn ákvæði um að þar ríki alveg sérstakur forkaupsréttur sveitarfélagsins eða ríkisins. Við höfum stundum rætt um það að kannski vildu auðmenn kaupa upp heila dali og byggðir, dali með laxveiðiám o.s.frv. Mér dettur í hug Vatnsdalurinn, sem er afar fögur sveit, þegar ég sé hv. þm. Pál Pétursson. Það verða kannski einhver svona mjög verðmæt svæði þar sem mikil hlunnindi eru. Við þekkjum okkar land og ég vil alla vega að landbn. fari verulega vel yfir það atriði hvort eitthvað slíkt kæmi fremur til greina ef hin atriðin sem ég minntist á í upphafi, að fá frest eða fara í tvíhliða viðræður, koma ekki til greina.

Svona stór mál, hæstv. forseti, þurfa að fá langan tíma og það þarf að gaumgæfa þau mjög vel til að menn fari ekki rangt að í lagasetningu. Ég styð það að mestu náttúrperlur verði í eigu Íslendinga og þeir ráði sínum auðlindum til lands og sjávar. En ég óttast ekkert verulega á þessari stundu að á því sé að verða nein veruleg breyting. Hér hafa útlendingar átt jarðir. Ég minnist þess að danskur maður átti Haukadal og fór vel með hann, klæddi hann skógi og skilaði honum svo íslenska ríkinu að gjöf. Þannig góðir hlutir hafa gerst. En meginatriðið í mínum huga er að mér finnst að í þessu frv. séu óásættanleg atriði sem munu valda því að um mikla frelsissviptingu í viðskiptum verði að ræða. Menn eru að búa til ramma fjötra. Nógar eru nú bréfaskriftirnar fyrir. Það verður því mjög til þess að draga úr því að þéttbýlisbúar og ýmsir Íslendingar sem vilja eignast land og vera frjálsir í sínu landi hafi til þess möguleika. Þess vegna finnst mér að við megum ekki sætta okkur alfarið við þetta frv. eins og það liggur fyrir og þurfum að ná einhverri annarri niðurstöðu en hér er sett á blað.

Það vil ég hafa mín lokaorð. Ég held að landbn. verði að beita sér verulega í þessari vinnu í vetur til þess að reyna að girða fyrir að hér hendi slys í lagasetningu og til að finna framtíðarlausn á þessu máli. Ég ítreka þau orð mín að ég tel að þetta frv. muni því miður skerða frelsi og fella í verði eignir bænda og stöðva ákveðna þróun innan lands sem ég hef ekkert við að athuga og hefur haft góð áhrif, alla vega í mínu kjördæmi. Ég hygg að sú þróun sé að breiðast út um allt land og hana megum við ekki stöðva. Það er því mikilvægt, hæstv. forseti, að þingið vinni þetta mál vel.

Útbýting þingskjals:

Leigumálar og söluverð lóða og landa Reykjavíkurkaupstaðar, 177. mál, stjfrv., þskj. 194.

[15:33]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Þetta er að verða gamall kunningi, því miður liggur mér við að segja, þetta frv. eða tilraunir til að setja inn í jarðalögin íslensku einhver ákvæði sem tengjast mjög svo umræddu og umdeildu frelsi útlendinga til að kaupa hér upp fasteignir og jarðnæði þar með talið og er fylgifiskur samningagerðarinnar við Evrópusambandið um Evrópskt efnahagssvæði.

Satt best að segja er það svo að þegar frá líður og maður veltir því fyrir sér þá eiginlega undrar mig alltaf meira og meira þessi umræða um girðingar. En e.t.v. er ástæðulaust annað en að taka því eins og það er. Það hefur greinilega tekið alllangan tíma að átta sig á því og kyngja þeirri umhugsunarverðu og ískyggilegu staðreynd, má kannski segja, að með samningnum um Evrópskt efnahagssvæði, svo ekki sé talað um ef við rötuðum alla leið inn í Evrópusambandið, er verið að afnema ríkisborgararéttinn í reynd gagnvart öllu samningssviðinu. Það er verið að afnema ríkisborgararéttinn í þeim skilningi að eftir tilkomu samningsins er óheimilt bæði að lögum og í framkvæmd að mismuna mönnum á grundvelli ríkisfangs. Ef menn hefðu frá upphafi nálgast umræðuna um þessa girðingagerð í íslenskri löggjöf á þessum forsendum þá held ég að það hefði einfaldað umræðuna. Þá hefðu menn ósköp einfaldlega staðið frammi fyrir því strax í byrjun og vitað að um slíkt væri ekki að ræða. Öll leit manna að girðingum af einum eða öðrum toga yrði fyrir fram dæmd vonlaus, væri árangurslaus vegna þess að fram hjá þessari jafnræðisreglu ríkisborgaranna á öllu samningssvæðinu mundu menn ekki komast.

Þetta er niðurstaða annarra þjóða, bæði að lögum og í reynd, þ.e. menn hafa nú orðið yfirleitt viðurkennt að það þýðir ekki að ganga gegn þessum ákvæðum Rómarsáttmálans sem tryggja mönnum þetta frelsi á samningssvæðinu. Menn hafa í reynd orðið að sætta sig við það að hafi þeir haft uppi tilburði til að ganga gegn þeim þá hafa þeir tilburðir verið dæmdir ólöglegir. Þetta er niðurstaðan. Þetta er reynsla Íra, Grikkja, Dana og fleiri þjóða sem lent hafa í sambærilegum átökum við Brusselvaldið og dómstólinn í Lúxemborg.

Í raun er það þess vegna vonum seinna að menn taki málið hér upp til þeirrar umræðu sem því ber að vera á og vel að merkja hefur verið í dag því nú virðist þessi staðreynd öllum orðin ljós. Við erum ekki að ræða um hluti sem geta mismunað íslenskum ríkisborgurum og erlendum. Við erum eingöngu að ræða

um það hvort við ætlum að setja einhverjar þær takmarkanir í löggjöfina varðandi möguleika einstaklinga almennt til þess að kaupa jarðir eða stunda atvinnustarfsemi sem verða okkur eitthvert hald gagnvart því að útlendingar auki ekki umsvif sín umfram það sem við viljum. Enda viðurkennum við þá um leið og vitum að þær takmarkanir gilda jafnt gagnvart Íslendingum. Það er alveg stórkostleg framför í umræðunni, hæstv. forseti, að hún sé komin á þetta spor.

En það var ekki í byrjun og hér stóð mikil umræða um það hvort við gætum sett einhverjar girðingar sem gagn væri að og það var jafnvel uppi um tíma fáfengileg umræða um ásakanir á báða bóga um að menn hefðu vanrækt það að setja slíkar girðingar í lög áður en samningurinn tók gildi. Nú er það augljóst öllum sem til þekkja að samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði spyr ekki um aldur laga þegar hann ryður þeim úr vegi. Við höfum staðið í því þingmenn undanfarin missiri að breyta íslenskri löggjöf á fjölmörgum sviðum, ýmist ákvæðum frá því fyrir tiltölulega fáum árum en einnig áratuga — og jafnvel aldagömlum ákvæðum sem hafa brotið í bága við hinn nýja rétt. Það var auðvitað sömuleiðis mjög fáfengileg umræða. Það er ósköp einfaldlega þannig að annað hvort samrýmast íslensk lög ákvæðum samningsins burt séð frá því hvenær þau voru sett eða þau gera það ekki. Ef þau gera það ekki þá erum við samningsbundin til að breyta þeim.

Þetta tvennt held ég að sé nauðsynlegt að undirstrika í byrjun umræðunnar, hæstv. forseti. Þegar við göngum út frá þessari jafnræðisreglu þá eru málin orðin tiltölulega einföld og það er á grundvelli þeirrar niðurstöðu minnar í þessari greinargerð sem ég tók saman í kjölfar mikillar umræðu um málið fyrir um tveimur árum síðan að ég komst að þeirri niðurstöðu sem var mér ekkert ný, ég hafði allan tímann haft þá skoðun, að það hefði verið mikið slys að við Íslendingar náðum ekki inn í samninginn, að svo miklu leyti sem menn verða að búa við hann um skeið, varanlegum fyrirvara varðandi réttindi útlendinga til fjárfestingar í fasteignum og jörðum þar með talið. Það var meiri háttar slys og það er merkilegt að menn skyldu klúðra því þegar til að mynda Danir hafa þó þrátt fyrir allt vaðið í gegnum alla samningagerð sína við Evrópubandalagið með sumarbústaðaákvæðið sitt fræga, og þar með talið í gegnum Maastricht-breytingarnar. Nú er svo merkilega komið að þau hinna Norðurlandanna sem hugsanlega ganga í Evrópusambandið á næsta ári gera það án þeirra undanþága sem Danir hafa vegna þess að þeir hafa staðið í lappirnar í þessari samningagerð og m.a. tekist að verja talsvert stöðu sína gagnvart stórum og sterkum nágrönnum sem þeir hafa óttast að mundu ásælast jarðnæði í Danmörku.

Deila um hvort það að þessi fyrirvari félli út eins og fjölmargir aðrir fyrirvarar sé á ábyrgð fyrri eða núverandi ríkisstjórnar er náttúrlega fáfengileg. Staðreynd málsins er einfaldlega sú, það liggur ljóst fyrir, að fyrri ríkisstjórn hélt til streitu kröfunni um þessar undanþágur. Hæstv. utanrrh., sem þá var og er enn, því miður, Jón Baldvin Hannibalsson, fékk aldrei heimild til þess í fyrri ríkisstjórn að falla frá þeim fyrirvörum sem Íslendingar höfðu haldið inni í samningunum. Þá heimild fékk hann hins vegar á sérstökum aukafundi ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar 5. maí 1991. Það liggur fyrir opinberlega að þá var afgreitt samningsumboð til handa utanrrh. og í því fólst að falla frá öllum fyrirvörum nema þessum eina sem snýr að sjávarútvegi í stað þess að fá inn hið almenna öryggisákvæði í 127. gr. samningsins eða hvað það nú er.

Þetta er rétt að rifja upp af því að enn eru uppi svolitlir tilburðir til að barna söguna eitthvað í þessum efnum eins og til að mynda hjá hv. þm. Tómasi Inga Olrich áðan.

Þá þarf vonandi ekki að eyða lengri tíma í það.

Aðeins til að ræða síðan það sem sett er á blað í frv. þessu. Er í því eitthvert það hald, skiptir það einhverju því máli að við viljum standa í því að setja takmarkanir af þessu tagi í lög sem augljóslega koma talsvert við möguleika okkar Íslendinga sjálfra til nýtingar á landi eða afnot til að mynda þéttbýlisbúa af jarðnæði? Ég sé ekki að það þjóni miklum tilgangi nema það a.m.k. uppfylli þau markmið sem við erum að tala um, að verja okkur að einhverju leyti fyrir hugsanlegri ásókn útlendinga á þessu sviði. Ég óttast að því miður reynist þetta næsta haldlítið. Ég segi ekki haldlaust en næsta haldlítið. Þar vil ég nefna sérstaklega að ákvæðið í fyrsta lagi um búsetu manna á jörðunum eftir að þeir hafa keypt þær næstu fimm ár eða svo er að sjálfsögðu eftirákvöð. Það er þannig að þú getur ekki stoppað af einn einasta kaupsamning á grundvelli þessa ákvæðis því hver sem er getur haldið því fram að hann ætli að flytja á jörðina og búa þar. Það getur enginn stoppað neitt af á grundvelli þess að þú hafir einhvern grunaðan um að ætla ekki að efna ákvæði af þessu tagi. Það er ekki hægt. Það er ekki boðleg málsástæða. Í fyrsta lagi heldur það því ekki. Enginn aðili, sveitarstjórn eða ríkisstjórn, mun geta beitt því. Því Herr Wolfgang eða Monsieur Le — eitthvað sem koma frá Þýskalandi og Frakklandi geta einfaldlega sagt ég ætla að flytja á jörðina. Ég hef uppi áform um það að flytja á jörðina í lok ágúst með minni ráðskonu og ráðsmanni. (Gripið fram í.) Því skyldu þau ekki gera það? Kannski kemur einhver vesæll Fransmaður sem er ráðsmaður hjá Herr Wolfgang og Herr Wolfgang flytur sitt heimilisfang. Hver ætlar að fylgjast með því hve oft hann sefur á staðnum? Allt svo, þetta er svona. Þetta ákvæði mun reynast ákaflega erfitt að eiga við.

Auðvitað mun það líka eiga við gagnvart Íslendingum. Menn munu þá leika það að færa sína búsetu að nafninu til, koma sér upp einhverri starfsemi á viðkomandi stað og það verður ákaflega erfitt að fylgjast með því.

Í öðru lagi með ákvæði 5. gr., sem er sú grein sem ég hafði bundið langmestar vonir við að tækist að útfæra þannig að í því væri nokkurt hald, þ.e. að það sé hægt að setja menntunarkröfur eða starfsreynslukröfur sem séu raunhæfar, þ.e. að þær séu ekki úr lausu lofti gripnar, þær séu í einhverjum eðlilegum efnislegum tengslum við atvinnuveginn. Auðvitað er hægt að halda því fram mjög auðveldlega að ekki sé heppilegt

að menn fari að starfa í þessari grein og taka upp búskap nema þeir hafi annaðhvort einhverja menntun eða starfsreynslu á viðkomandi sviði. Þá er það ákvæði sett inn að þetta skuli ekki samþykkt nema viðkomandi hafi starfað í landbúnaði í fjögur ár og þar af tvö ár hér á landi. En þá kemur að því að ég hef því miður stórfelldar efasemdir um að þetta muni standast. Þetta ákvæði frv. tel ég að sé veikast af þeim sem þarna eru á ferðinni. Fyrst og fremst vegna þess að það muni verða að því spurt hvaða menntun eða starfsreynsla í landbúnaði annars staðar er sambærileg við þetta. Ef hingað kemur þýskur búfræðingur sem hefur óumdeilanlega mikla menntun í landbúnaði og hann hefur jafnframt starfað við landbúnað kannski bæði í Danmörku og Þýskalandi, á blönduðum búum og guð má vita hvað og segir: Ég fullyrði að mín menntun og mín starfsreynsla er fullnægjandi gagnvart þessu. Hún er sambærileg. — Hvað ætla menn þá að gera — ekki Danir heldur Íslendingar? Hvað gera Íslendingar þá? Þá mundi væntanlega koma til þess: Er okkur stætt á því að binda þetta við starfsreynslu í landbúnaði á Íslandi eða væri okkur stætt á því að binda þetta við menntun í Bændaskólanum á Hvanneyri? Hvað með Bændaskólann í Ási eða einhvers staðar annars staðar?

Það er til svar við þessu, það er ósköp einfaldlega bæði dómar og praxís sem hefur myndast sem eru á þann veg að menn hafa neyðst til þess að viðurkenna jafngilda menntun frá öðrum löndum samningssvæðisins eða jafngilda starfsreynslu. Ef menn trúa þessu ekki þá ættu þeir að taka dönsku reglugerðina sem hér var vitnað í af hæstv. ráðherra, það vill svo til að ég hef undir höndum eintak af henni, að vísu frá árinu 1989 en ég veit ekki til þess að hún hafi breyst síðan. Þar er það einfaldlega þannig að fyrst eru talin upp þau skilyrði og þær kröfur sem hægt er að gera til manna um menntun, um starfsþjálfun í dönskum landbúnaði o.s.frv., en síðan segir að ríkisborgarar í landi sem tilheyra Evrópusambandssvæðinu skulu annaðhvort hafa gengið í gegnum sambærilega landbúnaðarmenntun sem, eins og þar segir, — „der kan sidestilles med ...“ einni af kröfunum sem taldar eru upp eða uppfylla kröfur um starfsþjálfun í landbúnaði. Með öðrum orðum er reglugerðin undanþæg að því leyti til að hafi menn sambærilega menntun eða starfsþjálfun einhvers staðar í löndum Evrópusambandssvæðisins þá er ekki hægt annað en að taka það gilt.

Þetta held ég því miður að yrði niðurstaðan í framkvæmd 5. gr. Við því er þá í sjálfu sér ekki mikið að segja. Það væri þá einfaldlega þannig sem það verkar.

Og þá að lokum um forkaupsréttinn. Þar fannst mér að vísu þess gæta að menn væru enn á pínulitlum villislóðum því út á hvað gengur umræðan um að forkaupsréttinum megi beita í þessu sambandi? Mér virðist að hún gangi út á það að ríki eða sveitarfélög gætu keppt við útlendinga um kaup á jörðum en ekki í öðrum tilvikum en það er ekki svo. Það gengur ekki. Það er einfaldlega þannig að ef menn vilja beita forkaupsréttinum til að afstýra því að jarðir lendi í eigu einstaklinga þá verða menn að gera það í öllum tilvikum án mismununar. Það er alveg ljóst vegna þess að jafnræðisregla 4. gr. EES-samningsins og sambærileg ákvæði Rómarsamningsins gilda ekki bara að lögum heldur líka í framkvæmd, þ.e. öll framkvæmd stjórnsýslunnar verður líka að standast jafnræðisregluna. Það er alveg augljóst mál að ef útlendingar sem byðu hér í jörð yrðu fyrir því að ríkið neytti forkaupsréttar en gætu hins vegar sýnt fram á að í sambærilegum tilvikum þegar Íslendingar áttu í hlut hafi þeim forkaupsrétti ekki verið beitt mundu geta kært þá stjórnsýsluframkvæmd á grundvelli jafnræðisreglunnar og það þyrfti ekkert að efast um úrslitin.

Þetta er alveg skýrt. Þess vegna er það misskilningur að forkaupsréttarákvæðum sé hægt að beita þannig að í því felist sérstaklega vörn gagnvart ásælni útlendinga. Ef menn vilja taka um það pólitíska ákvörðun að kaupa allar jarðir sem losna til þess að afstýra því að þær fari yfir höfuð í einstaklingseigu og það geri ríki eða sveitarfélög eftir atvikum þá er það aðferð út af fyrir sig. Með því eru menn ósköp einfaldlega að segja: Við ætlum að taka allt það land í opinbera eigu sem skiptir um hendur í þessum tilvikum. Það held ég að mundi nú standa í mönnum.

Síðan er eitt enn í þessu sem ég held að sé nauðsynlegt að minna á og það er réttarþróunin í þessum málum. Hún er nefnilega á fullri ferð og út á hvað gengur hún? Hún gengur öll út á það að uppræta og afnema hindranir einmitt af þessu tagi sem menn hafa verið að laumast til að leggja í götu Evrópusamrunans. Það eru í gildi sérstakar tilskipanir og áætlanir innan Evrópusambandsins, sem eru orðnar um leið hluti af réttinum á Evrópska efnahagssvæðinu, sem hafa það markmið að uppræta þessar hindranir. Ég vil þá nefna sérstaklega almennu áætlunina um afnám hafta á staðfesturétti og þar er sagt að ráð Efnahagsbandalags Evrópu hafi komið sér saman um eftirfarandi aðgerðir svo og svo og almenna áætlun um afnám hafta á staðfesturétti innan svæðisins. Þetta höfum við auðvitað tekið í arf ásamt öðru dóti í þessu mikla lagasafni sem hér hefur verið tekið upp. Síðan er nákvæmlega farið yfir það hvaða hindranir, af hvaða tagi, beri serstaklega að uppræta á næstu árum og þar á eftir. Þar er til að mynda sagt: „Verða eftirtalin höft afnumin í samræmi við tímaáætlunina sem mælt er fyrir um í 4. bálki.“ Og d-liður er: „Setja skilyrði um tiltekin búsetu- eða þjálfunartímabil í gistilandinu fyrir því að einstaklingur hefji eða stundi sjálfstæða starfsemi.“ Það er akkúrat tilgreint að höft af því tagi, sem byggjast á, eru fólgin í skilyrðum um búsetu eða þjálfunartímabil í gistilandinu, skuli uppræta og það er eftir þessu sem Evrópudómstóllinn dæmir. Þannig að hann er með fyrirmæli um að vera ekki hlutlaus í þessum málum. Evrópudómstóllinn er afar sérstakt fyrirbæri að þessu leyti til að hann dæmir á grundvelli tiltekinnar stefnu um þróun sem honum ber að reyna að þvinga fram með dómum sínum. Hann er ekki hlutlaus, hann er ekki passívur úrskurðaraðili á grundvelli kyrrstæðrar löggjafar. Ó nei, það er ekki aldeilis það. Hann er með fyrirmæli um að dæma í þágu Evrópusamrunans, enda er það niðurstaðan að hann dæmdi

Írum í óhag, hann dæmdi Dönum í óhag og hann dæmdi Grikkjum í óhag í sambærilegum málum og þessu hér sem við erum að ræða um. Þannig að ég er ekki, því miður, í neinum vafa um það að ef t.d. misbeiting forkaupsréttarákvæðanna kæmi til kasta dómstólsins þá mundi hann dæma þeim í hag sem teldu að ákvæðunum hefði verið misbeitt. Þetta er nú gallinn, því miður, hæstv. forseti.

Að lokum ítreka ég að það var og er sannfæring mín að það eina sem hefði dugað okkur Íslendingum í þessum efnum var varanlegur fyrirvari gagnvart fjárfestingum eða kaupum á fasteignum á landi. Og ég sé ekki ástæðuna fyrir því að mismuna þannig auðlindunum í landinu að verja þennan fyrirvara gagnvart sjávarútveginum, sem að sjálfsögðu var gott og nauðsynlegt, en gera það ekki t.d. gagnvart þeirri miklu auðlind sem landið er og sem í mínum huga er e.t.v. nátengdara fullveldi og sjálfstæði nokkurrar þjóðar en flestir aðrir hlutir, fyrir utan söguna og tunguna, þ.e. að ráða sjálf því landi sem þjóðin býr á. Þess vegna er þetta auðvitað stórmál sem hér er á ferðinni og besta leiðin til að komast út úr þessum ógöngum væri auðvitað að endursemja um þessi mál við Evrópusambandið í tvíhliða samningi, þar sem við næðum á nýjan leik fullu forræði á þessum þáttum málsins.

[15:54]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hefði viljað inna hv. þm. Steingrím J. Sigfússon eftir skilningi hans á þeim atriðum sem ég kom inn á í ræðu minni áðan, en það er það að innan réttarsviðs EES-samningsins er jafnrétti milli ríkisborgara EES-landanna. Ég fellst á það með honum og það hefur aldrei verið neitt vafamál, að innan réttarsviðsins er þetta jafnrétti fullkomið að frádregnum fjárfestingarréttinum sem er ekki fullkominn, heldur markast hann af hinum þremur réttarsviðunum. Utan réttarsviðsins gildir hins vegar íslenskur ríkisborgararéttur umfram rétt EES-íbúa og þá er kannski spursmálið í ljósi þessa lagafrv. sem hér hefur verið lagt fram, hvort það á ekki að leggja sig fram um að tryggja að þessi EES-réttur þrengi ekki þennan rétt sem við höfum umfram aðra. Ég tel að það sé mjög mikilsvert að reyna að standa vörð um það að þessi lagasetning sem hér er verið að tala um í dag þrengi ekki ónauðsynlega þennan rétt sem við höfum utan samningsins.

[15:55]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er sammála hv. þm. um að það er þess virði að skoða hvaða möguleikar liggja í því að greina á milli annars vegar þess réttar sem menn öðlast á grundvelli staðfesturéttarákvæðanna og frelsis til atvinnustarfsemi og fyrir sjálfstætt starfandi einstaklinga o.s.frv. og upp að vissu marki á grundvelli frelsis fjármagnsflutninga og fjárfestinga, þ.e. þegar um væri að ræða kaup í einkaafnotaskyni, hreinu einkaafnotaskyni sem ekki væri atvinnustarfsemi og ekki væri fjárfesting sem væri hugsuð til arðsköpunar sem slíkrar.

Það er hins vegar spurning hvort þau lagaákvæði ættu þá að vera í jarðalögum, sem eru náttúrlega svona ákveðin atvinnuvegalöggjöf öðrum þræði, þ.e. af því að það eru landbúnaðarnotin sem eru gegnumgangandi í jarðalögum. Ég er alveg sammála því að þarna væri svið sem væri þess virði að athuga. Ég skal viðurkenna að mínar athuganir á þessu máli hafa fyrst og fremst beinst að staðfesturéttinum eins og hann liggur í atvinnuskyni, þ.e. á þeim grundvelli. Ég er reyndar viss um að það er það praktíska vandamál sem er líklegast að við rækjumst á á næstu árum. Þó ætla ég ekkert að útiloka að kaup á landi til sumardvalar eða einhverra slíkra hluta í algeru einkaafnotaskyni verði líka á ferðinni.

Ég vil ekki fara of langt út á það svið réttarins af því að ég hef ekki skoðað það mjög vandlega, enda má segja að það sem að okkur snýr núna er auðvitað samningssviðið og við viljum út af fyrir sig hvenær sem er gert allt sem við getum sem liggur utan samningssviðsins. Það hleypur í sjálfu sér ekki frá okkur. Það sem þarf að afmarka núna er hvað getum við gert ef eitthvað innan ramma samningssviðsins gagnvart því frelsi sem samningurinn tryggir ríkisborgurum Evrópska efnahagssvæðisins hér og fellur undir samningssviðið. En ég er alveg sammála um það, hvort sem það á að koma inn í fasteignalögin, jarðalög eða einhvers staðar annars staðar, að þá er ástæða til að skoða, er hægt að setja til hliðar skorður gagnvart því t.d. þegar land hefur farið úr afnotum til atvinnustarfsemi, er erfðagóss eða annað því um líkt, er þá hægt að takmarka möguleika útlendinganna með öðrum hætti en er hægt gagnvart atvinnustarfseminni?

[15:58]

Kristín Einarsdóttir:

Frú forseti. Við ræðum hér frv. til breytinga á jarðalögum sem er einn af fylgifiskum EES-samningsins, eins og fram kom í máli hæstv. ráðherra þegar hann mælti fyrir þessu frv., en ég held reyndar að hann hafi haldið sambærilega ræðu hér áður. Þó að hann hafi haldið að þetta væri í fyrsta skipti sem hér væri mælt fyrir þessu máli þá held ég að það sé ekki alveg rétt, en það breytir engu í raun. En það sem ég vildi segja um þetta frv. er í fyrsta lagi að það er ákaflega gallað. Mér þykir mjög slæmt að þurfa að standa að því að samþykkja frv. sem þetta sem í raun takmarkar mjög rétt Íslendinga til þess að kaupa jarðir. Þetta er hins vegar e.t.v. nauðsynlegt í ljósi þess að það getur raunverulega leitt til þess að auka rétt okkar í heildina, ef við lítum á okkur Íslendinga sem heild. Það er auðvitað mikið neyðarbrauð að þurfa að setja lög sem þessi til að reyna að koma í veg fyrir að erlendir aðilar geti náð tangarhaldi á auðlindum okkar á landi, þ.e. ég tel að það sé ekki eingöngu um að ræða aðgang að laxveiðiám og jarðhita í jörðu og fleiru slíku, heldur tel ég skipta mjög miklu máli landið sjálft og afnot af því, sem ég tel mjög mikilvæga auðlind. Að því leyti til get ég tekið undir það sem hér hefur komið fram hjá öðrum, að þarna er í raun veruleg hætta á því að verið sé að setja lög sem skerða svo réttindi Íslendinga til að kaupa jarðir að það muni verðfella jarðir hér á landi og

máttu nú bændur ekki við því því að víða er verð á jörðum mjög lágt og menn eiga í raun mjög erfitt með að selja jarðir sínar þó svo þeir vilji láta þær fyrir lítið.

Hér hafa menn lýst því hvernig borgarbúar hafa gerst sveitamenn, ef maður getur orðað það svo, með því að kaupa jarðir, vera þar með e.t.v. lítinn rekstur. Vilja búa í sveit þó að þeir stundi jafnvel vinnu í þéttbýliskjörnum sem eru nálægt eða jafnvel nokkuð frá, en vilja gjarnan stunda eilítinn búrekstur með. Geta hugsanlega verið með hænur eða eitthvað þess háttar. Þannig að þarna getur verið að við séum að skerða rétt okkar borgarbúa til þess að geta haft aðgang að atvinnurekstri úti í sveit jafnframt.

Auðvitað mátti öllum vera ljóst þegar samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði var samþykktur hér á Alþingi, að það þyrfti að setja eitthvað slíkt í lög eins og þetta vegna þess að í samningnum var ekki neinn fyrirvari um að það mætti mismuna, að því er varðaði landakaup, eftir þjóðerni. Þess vegna átti öllum að vera það ljóst. Hér hafa menn verið að karpa um það hvort þetta hafi verið gert í tíð fyrrv. ríkisstjórnar eða þessarar ríkisstjórnar. Mér finnst það engu máli skipta. Það sem skiptir máli er að þegar samningur um Evrópskt efnahagssvæði var samþykktur þá var enginn fyrirvari í samningnum að því er varðaði landakaup. Það er það sem auðvitað skiptir máli fyrir okkur. Þess vegna finnst mér nánast hlægilegt þegar menn eru að láta það vera eitt aðalatriðið hvaða ríkisstjórn hafi verið við völd þegar þetta var gert. Það er staðreynd að við höfum verið með sama utanrrh., hæstv. núv. utanrrh., sem hefur farið með samningsumboð fyrir Íslendinga allan þennan tíma. Það er einnig staðreynd að sá utanrrh. vildi aldrei hafa neina einustu fyrirvara inni í samningnum. Hann vildi hafa hann fyrirvaralausan.

Það er heldur ekkert leyndarmál og hann hefur ekkert legið á því, þessi sami hæstv. utanrrh., að hann vill fara beina leið inn í Evrópusambandið og það er þangað sem hann stefndi og hann stefndi þangað með þessum samningi um Evrópskt efnahagssvæði og aðild Íslands að honum. Menn sáu auðvitað að það þýddi ekkert annað en að halda því fram að þetta væri einhver endastöð og það ætti ekkert að fara lengra. Það yrði að halda því fram hér á Alþingi til þess að margir hverjir greiddu þessum samningi atkvæði sitt. Það var markmið hæstv. utanrrh. og e.t.v. fleiri að plata þingmenn til fylgis við samninginn með því að halda fram ýmiss konar bábilju.

Mig langar í því sambandi að vitna til þess að þegar verið var að kynna þennan samning á Stöð 2 þann 30. okt. 1991, þegar samningagerð var lokið að því er varðaði þessi atriði, þá kom hæstv. utanrrh. í viðtalsþátt á Stöð 2 sem m.a. ég tók þátt í og þá hélt hann því fram að það væri ekki nokkur einasti vandi að setja girðingarreglur sem gerðu það að verkum að það væri hægt að veita Íslendingum þar forgang. Þá nefndi hann sem dæmi að í Grikklandi væri þetta með þessum hætti. Þar hefðu Grikkir sett almenn lög sem útilokuðu kaup á öllum grísku eyjunum. Þar hefðu verið settar kröfur um búsetu og nýtingu og svo fullyrti hæstv. utanrrh. í þessum þætti og það hefði staðist fyrir dómstólum. Síðan nefndi hann Írland til sögunnar og sagði að þar væri það sama, Írar hefðu sett girðingarlög. Svo tók hann þriðja dæmið og það var Danmörk og sumarbústaðurinn. Síðan þegar ég hélt því fram í þessum þætti að þetta stæðist auðvitað ekki og þetta væri ekki rétt sem ráðherrann væri þarna að segja þá sagði hann: Jú, ég er með þetta allt saman í töskunni. Ég er með alla þessa dóma í töskunni og þetta er alveg rétt. Það þurfti ekki nema eitt símtal daginn eftir til utanrrn. til þess að vita að auðvitað stóðst þetta ekki nokkurn skapaðan hlut. Það var allt saman ósatt sem hæstv. utanrrh. hafði sagt og er það ekki í fyrsta skipti sem hann er ber að því að segja þjóðinni og þar með töldum þingmönnum ósatt í þessu máli.

Allt var reynt til þess að blekkja til að koma þessum samningi í gegn og haldið fram ýmiss konar bábilju, eins og t.d. að það væri ekki nokkurt mál að setja girðingar hingað og þangað. Það var eingöngu lögð áhersla á það að Íslendingar mundu verða ríkir og feitir af þessum samningi og 7 milljarðar ættu að streyma inn í ríkiskassann á ári hverju, ef skilja mátti ráðherrann rétt. Það hefur nú reyndar staðið eitthvað á þeim milljörðum.

Í umræddum sjónvarpsþætti hélt ráðherrann því enn fram að þetta væri ekki nokkurt einasta mál, girðingar hingað og þangað. Þetta hefðu aðrar þjóðir gert og þess vegna væri ekkert því til fyrirstöðu að Íslendingar gerðu það líka. En auðvitað kemur í ljós að þetta var allt tóm vitleysa og þess vegna þurfum við að setja í lög ákveði eins og fram koma í þessu frv., þar sem meira að segja er vafamál hvort það muni standast fyrir dómi. Dómstóll Evrópusambandsins í Lúxemborg hefur verið ákaflega tregur til að viðurkenna að hægt sé að setja í lög einhver ákvæði sem mismuna þegnunum. Haldið er fram núna að slíka mismunun megi setja í lög, og sérstaklega það sem kemur fram í 5. gr., þar sem miðað er við að þeir sem geti keypt land þurfi að hafa starfað í landbúnaði í fjögur ár og þar af tvö ár hér á landi — það eru margir sem telja að þetta sé þess konar mismunun sem mundi ekki standast fyrir dómi. Ekkert skal ég fullyrða um það. Auðvitað vona ég að það standist að við getum sett einhverjar girðingar sem þessar í íslensk lög, þó að mér þyki þetta ákaflega slæmar girðingar.

Við verðum að gera okkur grein fyrir því að samkvæmt samningnum um Evrópskt efnahagssvæði skuldbindum við okkur líka til þess að hlíta niðurstöðum dómstóls Evrópusambandsins, þ.e. að það sem þeir höfðu dæmt yrði lagt til grundvallar dómum hér á landi að því er varðaði samninginn. Það þýðir auðvitað að þó svo að hann sé ekki dómstóll hér á landi þá er það svo að það sem hann hefur dæmt hefur í raun fordæmisgildi hér á landi fyrir íslenska dómstóla og það er þess vegna sem við erum háð honum þó svo við séum ekki beinlínis undir hann seld. Við verðum líka að gera okkur grein fyrir því að eftir Maastricht-samkomulagið hefur verið enn meiri tilhneiging í Evrópu til þess að afnema allt sem heitir mismunun eftir þjóðerni. Að vísu fengu Danir það ákvæði inn núna við

samþykkt Maastricht-sáttmálans að þeir fengju að hafa þau ákvæði áfram inni í dönskum lögum að það mætti mismuna að því er varðaði sumarbústaðalönd á Jótland, en það var talið að það væri eingöngu vegna þess að þetta ákvæði var inni áður og það mundi ekki fást samþykki í Danmörku fyrir Maastricht-samkomulaginu ef þetta ákvæði væri ekki inni. Það var hreint og klárt verið að múta Dönum til að samþykkja Maastricht-samkomulagið. Hins vegar hefur því verið lýst margoft yfir að slíkt ákvæði væri ekki hægt að fá fyrir aðra og t.d. hafa Norðmenn ekki fengið slíkt ákvæði inn fyrir sig vegna þess að það þótti ekki hægt að setja nein slík ákvæði inn í samning þeirra ríkja sem nú ganga inn í Evrópusambandið vegna fordæmisins. Í framtíðinni getur vel verið, ef við höldum áfram að vera aðilar að Evrópsku efnahagssvæði án breytinga, að það muni reynast erfitt fyrir okkur, að hafa slík ákvæði eins og verið er að tala um hér í íslenskum lögum.

Ég verð hins vegar að viðurkenna að það getur vel verið að við neyðumst til þess hér á Alþingi að setja lög eins og hér er gert ráð fyrir að gera með þeim göllum sem því fylgja. Ég vil hins vegar benda á að það er hægt að tryggja enn þá frekar rétt Íslendinga í þessu sambandi ef sett væru hér lög um þjóðareign Íslendinga á auðlindum eins og t.d. auðlindum í jörð, bæði heitt og kalt vatn og það væri hægt að lýsa þjóðareign á t.d. fallvötnum, svo ég nefni nú ekki það sem ég tel að yrði seint samþykkt hér á landi, að laxveiðiár eða allar ár væru líka þjóðareign. Slíkt er t.d. í bandarískum lögum, þannig að það væri svo sem ekkert fráleitt að það yrði gert hér á landi. Ég býst ekki við því að það yrði í náinni framtíð sátt um það hér á landi, en ég bendi á það sem möguleika til þess að tryggja það að auðlindir landsins verði áfram undir yfirráðum Íslendinga eins og hingað til hefur verið, sem betur fer. Því það er grundvallaratriði í allri efnahagsstjórn og varðar sjálfstæði Íslendinga að við höfum yfirráðarétt yfir auðlindum til lands og sjávar.

Ég óttast það, því miður. Með samningi um Evrópskt efnahagssvæði þá tókum við eitt skref og ég vona að við sameinumst um það að taka ekki næsta skrefið, þ.e. alla leið inn í Evrópusambandið. Það liggur hins vegar fyrir núna að við gætum reynt að laga samninginn um Evrópskt efnahagssvæði með þeim hætti að við þurfum ekki að undirgangast þann stofnanaþátt sem þar er og við gætum lagað hann þannig að íslenskum hagsmunum sé betur borgið heldur en nú er, þ.e. að óbreyttum samningi, þannig að við getum breytt þessum samningi í tvíhliða samning og sniðið af honum þá agnúa sem eru stærstir og komið því þannig fyrir að við sameinumst um það hér á landi, hér á Alþingi þá fyrst og fremst, að taka þær tilskipanir og þau lög sem okkur eru send frá Evrópusambandinu og hafna því sem við teljum ekki gott fyrir Íslendinga og gætum þá tekið það upp sem við teljum vera okkur til farsældar. Þá tel ég að við gætum náð góðu samkomulagi og góðri samvinnu við löndin sem eru í Evrópusambandinu. Með því eigum við að geta haft gott samstarf við ekki bara Evrópuþjóðir sem eru í Evrópusambandinu heldur allar Evrópuþjóðir og raunar allar þjóðir heims.

[16:14]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Herra forseti. Bólar nokkuð á hæstv. utanrrh. og formanni Alþfl.? Fyrr í þessari umræðu var beðið um hann og ég hefði gjarnan viljað leggja fyrir hann spurningu í þessu samhengi. Kannski treystir hæstv. landbrh. sér til að svara spurningunni, en þó hygg ég að hæstv. utanrrh. sé nú kannski manna fróðastur í þessum Evrópumálum, þó ég reyndar treysti honum ekki fullkomlega.

(**Forseti** (StB): Forseti mun láta grennslast fyrir um það hvar hæstv. utanrrh. er. Hann er ekki í húsinu þessa stundina. Forseti væntir þess að hæstv. landbrh. geti veitt svör, en mun kanna hvar hæstv. utanrrh. er.)

Ég þakka forseta fyrir. Það var fyrir allnokkru beðið um hæstv. utanrrh. en hann hefur ekki látið sjá sig.

Virðulegi forseti. Eins og þær umræður sem hér hafa farið fram í dag bera með sér þá er hér býsna stórt og flókið mál og umdeilt á ferðinni. Þetta mál kom til hv. landbn. í fyrra og það var sent til umsagnar, en af ýmsum ástæðum fór nefndin aldrei ofan í málið. Það var aldrei byrjuð alvarleg meðferð eða alvarleg umræða um þetta mál í nefndinni, bæði vegna tímaskorts og vegna þess að við áttuðum okkur á því að hér var um mjög flókið mál að ræða.

Það sem ég hef verið að velta fyrir mér og hefði gjarnan viljað bera undir hæstv. utanrrh. er einfaldlega hvort það er nauðsyn á þessari löggjöf, eða löggjöf af þessu tagi, í ljósi þess sem kann að vera fram undan. Þá á ég við að ef svo fer að Norðurlöndin ganga inn í Evrópusambandið, sem allt er nú reyndar óvíst um, og samningnum um Evrópskt efnahagssvæði verði breytt í tvíhliða samning. Menn hafa rætt um það að við yrðum þá að nokkru eða miklu leyti að losa okkur við stofnanaþátt samningsins og þá er spurningin: Er þörf fyrir löggjöf af þessu tagi? Hvað verður í raun mikið eftir af samningnum um Evrópskt efnahagssvæði? Verður það fjórfrelsið eins og það leggur sig eða verður það fyrst og fremst viðskiptaþátturinn?

Nú er þetta hluti af fjórfrelsinu, kostur þessa samnings, því er ekki að neita, en ég hreinlega átta mig ekki á því hvað nauðsynlegt er að gera í ljósi þessara breytinga sem eru fram undan. Ég held í raun og veru að við hér á hinu háa Alþingi þurfum að átta okkur dálítið betur á þessu áður en við höldum áfram að samþykkja hér hvern lagabálkinn á fætur öðrum um hin ýmsu mál sem snerta samninginn. Ég vil nefna það að t.d. er á dagskrá hér í dag lagafrv. um hópuppsagnir, atvinnu- og búseturétt launafólks innan EES og atvinnuréttindi útlendinga. Ef ég man rétt þá eru þessi frv. um hópuppsagnir og atvinnu- og búseturétt að koma hérna í þriðja sinn, þ.e. það er verið í þriðja sinn að samþykkja frumvörp þessa efnis vegna þess að þetta eru nýjar og nýjar tilskipanir. Hér er alveg lifandi komið það sem verður fram undan á næstu árum ef EES-samningurinn verður óbreyttur í gildi og við þurfum að lögtaka hér þær tilskipanir Evrópusambandsins sem snerta samninginn. Þá eru hér sömu málin að

koma upp aftur og aftur og þetta er svona eins konar færiband.

Mér finnst að við þurfum að glöggva okkur svolítið á þessu. Það er auðvitað of snemmt núna, við þurfum að sjá hvað kemur út úr þjóðaratkvæðagreiðslunum í Noregi og Svíþjóð til þess að átta okkur á því í hvaða stöðu við verðum eftir þær, en við þurfum virkilega að reyna að átta okkur á því hvað fylgir og hvað hugsanlega dettur út þegar samningurinn verður endurskoðaður og væntanlega gerður að tvíhliða samningi eins og Alþingi hefur samþykkt að stefna að.

Sú umræða sem hér hefur farið fram í dag og er auðvitað meginmál þessa frv., er þessi spurning um girðingar eða ekki girðingar og hvort þau ákvæði sem hér eru séu fullnægjandi eða hvort þau ganga of langt.

Ég verð að segja það, herra forseti, og hef nefnt það áður að mér finnst vera ákveðin mótsögn í þessum málum öllum saman, að fara út í þessa miklu samningsgerð um Evrópskt efnahagssvæði til þess að innleiða hér frelsi í viðskiptum og samþykkja frelsi á fjölmörgum sviðum en ætla síðan á eftir að loka fyrir frelsi. Við ætlum okkur að njóta frelsis í öðrum löndum en síðan á að reyna að loka á frelsi í ýmsum efnum þar sem útlendingar eiga í hlut. Nú er ég ekki að leggjast gegn því að settar séu einhvers konar girðingar en það er ákveðin mótsögn í þessu: Að opna fyrst allt upp á gátt og ætla svo að reyna að setja upp einhverjar hindranir. En þetta eru afleiðingarnar af þessum samningi.

Það hefur verið fróðlegt að fylgjast með baráttunni í Svíþjóð og Noregi sem harðnar nú dag frá degi. Manni finnst að maður kannist við margt í málflutningi sem þar er hafður í frammi, ekki síst forustumanna í Noregi, flokksbræðra og -systra hæstv. utanrrh. sem fullyrða og fullyrða og lofa öllu fögru. Það minnir mjög á það hvernig hæstv. utanrrh. talaði í umræðunni um EES þar sem hann sá ekkert nema hið skæra ljós. En í þessu frv. er einmitt komið að erfiðu máli og stórum spurningum um það hversu langt á að ganga.

Það hefur verið vikið nokkuð að t.d. reynslu Dana og Grikkja og annarra þjóða. Það er staðreynd að bæði Danir og Spánverjar ráku sig býsna illilega á þegar þeir áttuðu sig á því hversu galopin lönd þeirra voru fyrir landakaupum. Báðar þjóðirnar hafa reynt að koma upp einhvers konar girðingum eða einhvers konar hömlum á landakaup en það hefur gengið misjafnlega. T.d. vöknuðu menn á Spáni upp við vondan draum þegar ríkir útlendingar voru búnir að kaupa meira og minna upp svæðin meðfram ströndum Spánar og stórum svæðum var hreinlega lokað. Þau voru orðin einkasvæði sem aðrir fengu ekki að koma inn á. Þarna var of langt gengið í því að opna og auðvitað ekki tilgangurinn að útlendingar kaupi upp heilu landsvæðin og loki þeim síðan fyrir hina ríku eða þá sem eiga og vilja njóta.

Danir lentu í vandræðum með sumarbústaðasvæði. Það hefur gengið nokkuð illa að verjast þessu. Þetta er einfaldlega hluti af Evrópusambandinu og því frelsi sem verið er að innleiða í Evrópusambandinu og m.a. var aukið með Maastricht-samkomulaginu.

Ég ætla aðeins að víkja að nokkrum atriðum þessa frv. Ég ætla að taka það fram að ég hef ekki mótað ákveðna afstöðu til frv. í heild. Mér finnst vera hér atriði sem við í hv. landbn. þurfum að athuga mjög rækilega og þá ekki síst 3., 5. og 6. gr. frv. Ég vil í því sambandi, herra forseti, rifja það upp að okkur bárust nokkrar umsagnir í fyrra og vissulega þyrfti að leita til fleiri. Í greinargerðinni er reyndar vitnað til þeirrar vinnu sem Tryggvi Gunnarsson lögmaður og fleiri unnu á sínum tíma og er grundvöllurinn að því frv. sem er til umræðu en ýmsir aðilar sendu okkur umsagnir í fyrra sem við vorum reyndar ekki búin að vinna úr. Þar koma fram athugasemdir frá Búnaðarfélaginu m.a. sem sendi okkur ályktanir búnaðarþings og þær athugasemdir þarf að kanna af mikilli alvöru. En þær umsagnir sem mér finnast athyglisverðastar eru frá Sambandi ísl. sveitarfélaga þar sem það sjónarmið kemur fram að það sé verið að ganga of langt og það sé verið að leggja stein í götu þróunar og stein í götu sveitarfélaganna.

Ég gleymdi að nefna 4. gr. Það þarf líka að skoða ákvæði 4. gr. um sumarbústaðina. En þau atriði sem hér valda einkum hugarangri og vangaveltum er í fyrsta lagi spurningin um 3. gr. þar sem er að finna skilyrði um fasta búsetu í fimm ár. Í fyrsta lagi hvort þetta sé nægjanlegt skilyrði gagnvart útlendingum og í öðru lagi hvort þar með sé verið að gera Íslendingum afar erfitt fyrir. Menn verða að átta sig á því hvaða áhrif þetta hefur. — Ég skal endurtaka spurningu mína til hæstv. utanrrh. Það hafa fleiri viljað beina spurningum til hæstv. utanrrh. í dag en hann er náttúrlega upptekinn af sínum störfum og átti kannski ekki von á því að vera kallaður til í landbúnaðarumræðu, en hann er mikill vinur landbúnaðarins eins og við vitum og auglýsir hann við öll tækifæri. Ég ætla aðeins að ljúka því sem ég var að segja um einstakra greinar frv. og koma síðan aftur að því máli sem ég var að reifa hér.

Það er í fyrsta lagi þetta skilyrði um búsetu í fimm ár. Síðan er gerð athugasemd við þá takmörkun sem er að finna í frv. varðandi byggingu sumarbústaða á landi sem ekki hefur verið leyst úr landbúnaðarafnotum, eins og segir í frv. Síðan er þetta skilyrði í 5. gr. um að hafa starfað við landbúnað. Þetta var leiðin sem Danir fóru og hefur reyndar verið nokkuð umdeild.

Síðan vil ég nefna það að í umsögn Alþýðusambands Íslands er einmitt vikið að því sem fram kom í máli síðasta ræðumanns varðandi það að besta girðingin sé sú að lýsa náttúruauðlindir landsins þjóðareign eins og reyndar Alþfl. hefur margoft lagt til á undanförnum árum. (**Utanrrh.:** Ekki bújarðir.) Ekki bújarðir nei, en auðlindir. Þar tek ég undir með Alþfl. Það ætti að vera búið að gera það fyrir lifandis löngu. En ég veit ekki hvort hv. formaður landbn. er mér sammála í því.

Það sem ég var að velta fyrir mér, hæstv. utanrrh., og nú ætla ég mjög að stytta mál mitt, er sú spurning sem vaknar vegna máls eins og þessa. Við erum með, reyndar í þriðja sinn, frv. til breytinga á jarðalögum og við vitum að fram undan kunna að vera miklar breyt-

ingar á Evrópusambandinu og þar af leiðandi á EES, ekki á samningnum sjálfum heldur gildissvæði hans, þ.e. á EFTA-hliðinni. Ég var að velta fyrir mér ef samningnum um Evrópskt efnahagssvæði verður breytt í tvíhliða samning og það verður dregið úr stofnanaþættinum og hann verður fyrst og fremst viðskiptasamningur, við þurfum auðvitað að breyta stofnanaþætti samningsins í takt við það sem við ráðum við, hvort lagasetning eins og þessi hér, og ýmislegt fleira sem hefur verið í farvatninu og flokkast undir girðingar, eins og lögin sem við erum heldur ekki búin að afgreiða um orkuauðlindir og fallvötn og fleira slíkt, sé nauðsynleg. Skilur, hæstv. utanrrh., spurninguna? Það sem ég er hreinlega að velta fyrir mér er: Þurfum við ekki að setjast niður núna og átta okkur á því hvaða breytingar verða hugsanlega eða hreinlega bíða og sjá hvað verður ákveðið áður en við förum að afgreiða mikla lagabálka um málefni eins og þetta, breytingu á jarðalögum, eða lögin um yfirráð yfir orkuauðlindum og annað slíkt? Er það nauðsynlegt? Eru lagabreytingar á þessu sviði nauðsynlegar ef við breytum samningnum í tvíhliða samning þar sem fyrst og fremst verður lögð áhersla á viðskipti? Þetta er spurningin, hvort fjórfrelsið verði í gildi á sama hátt og áður eða verður þar hugsanlega breyting á?

Ég er að velta þessu fyrir mér. Ég átta mig ekki á því og mér finnst að áður en við förum að leggja mikla vinnu í frv. eins og þetta þurfum við að átta okkur á því hver staðan sé, hvað sé það sem er fram undan í þessu. Hvað er það sem breytist?

[16:32]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. er fyrst og fremst að velta því fyrir sér hvort lagasetning af því tagi sem hér er til umræðu verði nauðsynleg eða ekki nauðsynleg við það að EES-samningurinn breytist að formi til úr fjölþjóðasamningi í tvíhliða samning milli Íslands annars vegar og Evrópusambandsins hins vegar. Mitt svar er þetta: Verði Ísland eitt eftir EFTA-megin sem aðili að EES-samningnum en fyrrum bandalagsþjóðir okkar verða aðilar að honum áfram ESB-megin þá breytir það engu um inntak samningsins. Afstaða íslenskra stjórnvalda er þessi: Við viljum forðast það að fara út í nýjar samningaviðræður sem myndu leiða til nýrrar samningsniðurstöðu sem mundu kalla á staðfestingarferli í 16 þjóðþingum með þeirri áhættu sem því er samfara. Kjarni málsins er þá þessi: Okkar stefna er að EES-samningurinn haldi sér að því er varðar efni, inntak, réttindi og skuldbindingar þótt hann að formi til breyttist. Það hefur því engin áhrif á það að ef þessi fyrirhugaða löggjöf, girðingarlöggjöfin svokallaða, er á annað borð talin nauðsynleg af pólitískum ástæðum þá er hún eftir sem áður nauðsynleg þrátt fyrir þessa formbreytingu sem kynni að verða í upphafi næsta árs.

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti vill biðja hv. þm. að sýna biðlund á meðan kannað er með þann þingmann, sem skráður er næstur hér á mælendaskrá.

Það eru ekki fleiri á mælendaskrá í 5. dagskrármáli og er því umræðu lokið en atkvæðagreiðslu frestað.

[16:38]

Guðrún Helgadóttir *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Hér hafa orðið smámistök hygg ég. Það hafði verið fallist á að hv. 4. þm. Austurl. fengi frestun á umræðu í þessu máli þar sem hann þurfti að fara utan með vél nú kl. 5 en verður hér á mánudaginn og ég ræddi þetta við þingforseta, frú Salome Þorkelsdóttur. Hún hafði ekki á móti því að svo yrði gert og ég hélt að ég hefði komið þessum skilaboðum til skila og vil biðja forseta að endurskoða þessa ákvörðun sína.

[16:39]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Það var komið að máli við mig fyrir hádegi og ég var beðinn um það að jarðalögin kæmu ekki dagskrá fyrr en eftir hádegi að beiðni hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar. Við því varð ég mjög ljúfmannlega og síðan gerist það eftir hádegi að málið er tekið á dagskrá og ýmsir hv. þm. taka til máls. Það er gömul venja fyrir því hér í þingi ef þingmaður óskar eftir því að fá að flýta ræðu sinni þar sem hann sé á förum úr bænum, ég tala nú ekki um ef hann er á förum til annarra landa, að aðrir þingmenn greiði fyrir slíku. Hv. þm. Guðrún Helgadóttir, 14. þm. Reykv., skýrði mér frá því í dag að óskað væri eftir því að þessari umræðu væri frestað þar sem hv. þm. væri á förum til útlanda. Ég benti hv. þm. á að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson væri hér í þingsalnum. Hann var hér í þingsalnum drykklanga stund síðar. Varaformaður Alþb., hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, kom síðan í ræðustól og á þeim tíma var hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hér í þingsalnum. Það gefur auðvitað alveg auga leið að þingmenn taka tillit til sérstakra þarfa hver annars. Menn skipuleggja þingstörf fram í tímann og þingmenn og ráðherrar eiga rétt á því að reynt sé að standa við dagskrár. Ég skýrði hæstv. forseta, Salome Þorkelsdóttur, frá því að ég gæti ekki á þetta fallist af þeim ástæðum sem ég hef fært rök fyrir og ég hygg að séu alltíð í þingsögunni. Ef þingmenn leggja áherslu á að fá að koma sjónarmiðum sínum á framfæri vegna þess að þeir eru á förum úr bænum, þá er óskað eftir því við forseta að greitt sé fyrir því og við þá þingmenn sem á undan eru. Ég þekki ekkert dæmi þess úr þingsögunni að þingmenn hafi ekki orðið við því. En á hinn bóginn eru mjög mörg dæmi fyrir því að þingmenn sem þurfa að fara af þingfundi geta ekki vænst þess að dagskrá þingsins sé tvívegis breytt hinn sama dag af þessum sökum.

Ég vil líka benda á að í morgun mælti ég fyrir máli í upphafi fundar kl. 10.30 og það hefði verið alveg auðsótt mál af minni hálfu þá þegar að jarðalögin yrðu þá tekin til umræðu þannig að það voru engin efni, eins og nú standa sakir, til annars en að ljúka umræðunni, enda skýrði ég hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur frá að ég gæti ekki fallist á það að umræðunni yrði frestað og hélt að það mál væri afgreitt milli okkar.

[16:42]

Ólafur Ragnar Grímsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég vakti athygli á því hér fyrir nokkrum dögum síðan að enn og aftur hér á þessu þingi eru að koma upp vandræðaleg tilvik vegna þess að þingmaður hefur samskipti við einn af forsetunum og telur sig hafa gengið frá málum. Það berst hins vegar ekki rétta boðleið til þess sem í forsetastól situr og mál klúðrast af þeim sökum. Þetta er auðvitað ekki hægt. Þetta er eitt af mörgum tilvikum sem hafa komið upp hér í haust og ávallt hefur verið heitið að það samkomulag sem gert er við sitjandi forseta hverju sinni gildi. Þess vegna finnst mér nú einsýnt að tekið sé tillit til óska hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar því það er auðvitað ekki hægt að búa við það að þingmenn þurfi að elta sífelld skipti í forsetastól.

Til þess að fyrirbyggja misskilning og svo að rétt sé rétt þá vil ég taka það fram að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson er ekki að fara til útlanda en hann var hins vegar að fara úr bænum af ástæðum sem ég hélt kannski að hæstv. landbrh. mundi virða vegna hans þekktu ættrækni sem er mikil og stór og góð dyggð, þá hélt ég nú kannski að hæstv. landbrh. mundi sýna því vissa tillitssemi. Ég vil nú aðeins rifja það bara upp að engum þingmanni varð eins oft að ósk sinni þegar ég gegndi ráðherraembætti og óskað var eftir frestun á umræðum eins og hv. þm. Halldóri Blöndal. Það var ávallt orðið við óskum hans um að fresta umræðum þó að mál væru mjög brýnni þá og komin nær lokastigi heldur en það mál sem hér er til umræðu. Það mun ekkert tefja fyrir þessu máli þó að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson fái að tala í því. Formaður landbn. og landbn. mun að sjálfsögðu halda áfram störfum sínum við þetta mál og ég bið nú hæstv. landbrh. að vera ekki að setja sig gegn þessu. En jafnvel þó að hæstv. landbrh. gerði það, þá tel ég að forseta beri skylda til þess að verða við ósk þessa þingmanns því það eru ekki ráðherrar sem stjórna því hér hvenær umræðu lýkur.

[16:44]

Guðrún Helgadóttir *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að leiðrétta hv. 8. þm. Reykn. sem talaði hér af miklu þekkingarleysi um forsetaskipti. Sá virðulegur forseti sem hér situr fékk ekki einungis munnleg skilaboð um þetta heldur skrifleg einnig þannig að þessum hæstv. forseta var fullljóst að þessi ósk hafði komið fram og ég hafði orðið við henni í forsetastól. Ég vil hins vegar taka undir með hv. 8. þm. Reykn. að það er ekki í valdi ráðherra að stjórna hér umræðum. Það er í valdi þingforseta. Ég hafði fallist á þessa ósk og það hlýtur að standa. Og ég harma að sá forseti sem situr hér á forsetastól nú skuli hafa virt að vettugi bæði munnlega og skriflega skýrslu mína um að svo skuli málum háttað.

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti vill taka fram að gefnu tilefni og þykir það leitt að honum var ekki ljóst að fallist hefði verið á þessa ósk. Ef svo hefur verið mun það að sjálfsögðu verða virt. En forseti kynnti sér aðstæður vegna þess að ósk barst til forseta eftir að hann tók við í forsetastóli og þessi skilaboð komu frá þeim forseta sem hafði setið áður, en mér var það ekki ljóst að það hefði þá þegar verið fallist á þessa beiðni þannig að þarna hefur þá verið misskilningur sem forseti mun að sjálfsögðu skoða og meta stöðu í ljósi þess. En forseta var ekki ljóst að á þessa ósk hefði verið fallist.

[16:46]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem hv. þm. Guðrún Helgadóttir kemur undarlega fram í forsetastóli þegar hún á sæti þar. Staðreynd málsins er sú að fyrir því er löng þingvenja þegar þingmenn þurfa að hverfa frá að reynt er að greiða fyrir því að þeir fái að taka til máls á undan öðrum þingmönnum. Ég þekki ekkert dæmi þess að ekki hafi við því verið orðið.

Ég varð mjög ljúfmannlega við því í morgun að umræðu um þetta mál yrði frestað samkvæmt beiðni hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar. Sá hv. þm. hafði ekki samband við mig síðar í dag um það að umræðunni yrði frestað á nýjan leik síðari hluta dagsins og væri fróðlegt að fá upplýsingar um það hvenær hv. þm. bað um það að ekki mætti ljúka umræðunni í dag. Og væri kannski líka forvitnilegt að fá að vita hvernig á því muni og megi standa að umræðan fékk yfir höfuð að halda áfram eftir að hv. þm. þurfti að hverfa frá úr því að ekki mátti hefja umræðuna árdegis. Ég varð við beiðni hv. þm. í morgun um að þessari umræðu yrði frestað fram eftir degi. Það hefði verið í lófa lagið bæði fyrir hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur í forsetastól og eins hv. þm. Hjörleif Guttormsson og eins hefði ég reynt að greiða fyrir því að aðrir þingmenn gæfu hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni tóm til þess að tala fyrr. Hér gekk fram hjá stólnum hv. 5. þm. Norðurl. e. og ég veit að hann hafði ekki séð neitt athugavert við það. Það er auðvitað alveg út í hött að umræður um frumvörp þingmanna fari fram á mánudögum. Það er verið að tala um að reyna að koma stjfrv. til nefndar. Það er eðlilegt að bæði forsetar greiði fyrir því, það er líka eðlilegt að ráðherrar greiði fyrir því og það er líka eðlilegt að þingmen greiði fyrir því. En það er ekki eðlilegt að sama málinu sé frestað að morgni á árdegisfundi að beiðni þingmanns og síðan sé hann síðastur á mælendaskrá seinni hluta dagsins og það sé svo gefin sem ástæða fyrir því að aftur eigi að fresta málinu. Þess vegna væri fróðlegt að fá upplýsingar um það hjá hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur, hvenær henni var um það kunnugt í forsetastóli að ekki stæði til að ljúka umræðunni. Svo mikið er að vísu víst að ekki sá hv. þm. í forsetastóli ástæðu til að spyrja mig um þessi mál. Ég frétti af þessu þegar ég kom og spurði hverjir væru á mælendaskrá og þá sagði hv. þm. í forsetastóli við mig að frestun af þessu tagi gerðist í samkomulagi við ráðherra og um það samkomulag er ekki að ræða og hv. þm. Hjörleifur Guttormsson kom ekki að máli við mig um þessi mál.

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Eins og fram hefur komið, þá liggur fyrir að for-

seti hafði fallist á frestun og verður orðið við þeirri ósk. Því miður hafði sá forseti sem hér stendur ekki upplýsingar um þá ákvörðun.

[16:50]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég hygg ég sé nú að tala um úrskurð forseta. Ég ætla ekki að gera athugasemdir við úrskurð forseta en ég vil mælast til þess við forseta þingsins eftirleiðis ef málum er frestað að morgni að beiðni þingmanns að sá hinn sami þingmaður hafi þá tíma til þess eftir hádegi að vera við í þingsalnum og þá sé ekki beðið um það sömuleiðis að fresta málinu fyrir hans sök síðari hluta dagsins.

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti vill taka það fram svo að ekki fari á milli mála að umræðu um 5. dagskrármál, jarðalög, er frestað.

Umræðu frestað.

Hópuppsagnir, 1. umr.

Stjfrv., 124. mál (uppsögn ráðningarsamninga einstakra starfsmanna). — Þskj. 129.

[16:51]

Félagsmálaráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á lögum um hópuppsagnir, nr. 95/1992. Frv. þetta er flutt í framhaldi af ákvörðun sameiginlegu nefndarinnar um Evrópska efnahagssvæðið 21. mars sl., um breytingu á bókun 47 og tilteknum viðaukum við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Að öðru leyti vísa ég til umræðna sem fram fóru hér á vorþingi þann 7. apríl og er að finna í Alþingistíðindum.

Í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið eru tilvísanir í ESB-gerðir sem snerta EES og Evrópusambandið gaf út fyrir 1. ágúst 1991. Í því skyni að tryggja einsleitni samningsins og réttaröryggi fyrir einstaklinga og atvinnurekendur er nauðsynlegt að breyta samningnum með hliðsjón af gerðum útgefnum af Evrópusambandinu eftir 31. júlí 1991. Með tilliti til þessa ákvað sameiginlega EES-nefndin m.a. að tilskipun ráðsins nr. 92/56/EBE frá 24. júní 1992 um breytingu á tilskipun 75/129/EBE um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um hópuppsagnir bætist við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Ákvæði tilskipunar 75/129/EBE hafa öðlast gildi á Íslandi með lögum nr. 95/1992, um hópuppsagnir. Frv. þetta er flutt til að gera nauðsynlegar breytingar á lögunum sem leiðir af því að tilskipun Evrópusambandsins 92/56/EBE verði hluti af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

Frv. er samið í samráði við nefnd sem félmrh. skipaði 23. ágúst 1993 til að fjalla um framkvæmd reglna á sviði félagsmála sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu. Hlutverk samráðsnefndarinnar felst einnig í að vera ráðgefandi við mótun á afstöðu íslenskra stjórnvalda til tillagna að nýjum reglum á sviði félagsmála sem kunna að taka gildi á efnahagssvæðinu. Í nefndinni eru fulltrúar frá eftirtöldum aðilum: félmrn., fjmrn., utanrrn., Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og Vinnuveitendasambandi Íslands.

Samkvæmt 2. gr. tilskipunar 92/56/EBE er hægt að hrinda í framkvæmd ákvæðum hennar með tvennum hætti: Með samningum aðila vinnumarkaðarins eða með setningu laga. Samráðsnefnd félmrn. er sammála um að í því tilviki sem hér um ræðir sé eðlilegast að gefa ákvæðum tilskipunarinnar lagagildi með því að breyta lögum nr. 95/1992.

Helsta breytingin frá núgildandi lögum kemur fram í 1. gr. Þar er tekið fram að uppsögn ráðningarsamninga einstakra starfsmanna skuli teljast með hópuppsögnum að því tilskildu að um minnst fimm uppsagnir sé að ræða. Aðrar breytingar felast í því að ákvæði um upplýsingaskyldu og samráð eru gerð ítarlegri eins og gerð er grein fyrir í athugasemdum við einstakar greinar frv.

Önnur meginbreyting sem felst í tilskipuninni en snertir í minna mæli íslenskar aðstæður er ákvæði 3. gr. Það miðar að því að koma í veg fyrir að atvinnurekendur geti notað höfuðstöðvar eða dótturfyrirtæki erlendis sem afsökun fyrir því að geta ekki uppfyllt upplýsingaskyldu innan tímamarka sem mælt er fyrir um í tilskipuninni.

Ég mun víkja nokkrum orðum að einstökum greinum frv. Samkvæmt 1. gr. frv. er lagt til að við 1. gr. gildandi laga bætist ný málsgrein þar sem kveðið er á um að uppsögn ráðningarsamninga fimm einstaklinga á 30 daga tímabili skuli teljast með hópuppsögnum. Hér er átt við uppsagnir sem tengjast einstökum starfsmönnum og uppfylla framangreind skilyrði. Markmiðið með breytingunni er að bæta réttarstöðu starfsmanna með því að taka skýrt fram að sé ráðningarsamningum fimm starfsmanna eða fleiri sagt upp á ákveðnu tímabili skuli beita ákvæðum laga um upplýsingaskyldu og samráð.

Helsta breytingin frá gildandi lögum kemur fram í 2. mgr. 2. gr. frv. Samkvæmt henni er hliðstætt ákvæði í gildandi lögum gert ákveðnara. Tekið er fram að beita skuli félagslegum aðgerðum til að draga úr afleiðingum hópuppsagna sem hafa m.a. að markmiði að auðvelda tilfærslur eða endurhæfingu starfsmanna sem hefur verið sagt upp.

Í 4. mgr. er aukið við upplýsingaskyldu atvinnurekenda. Til viðbótar upplýsingum sem atvinnurekandi skal veita samkvæmt 3. gr. gildandi laga skal hann enn fremur upplýsa um viðmiðanir sem hann notar við val á starfsmönnum sem hann hyggst segja upp og um það hvernig greiðslur til starfsmanna eru reiknaðar ef um slíkar greiðslur er að ræða.

Ákvæði 3. gr. frv. snertir fyrst og fremst fjölþjóða fyrirtæki. Markmiðið er að tryggja að fylgt sé ákvæðum um fresti til að stofna til samráðs og til að tilkynna hlutaðeigandi stjórnvöldum um væntanlegar uppsagnir. Í ákvæðinu felst að atvinnurekandi getur

ekki borið fyrir sig að ákvörðun um að hópuppsögn hafi verið tekin í höfuðstöðvum fyrirtækisins erlendis eða af erlendu dótturfyrirtæki og þar af leiðandi hafi honum ekki verið kleift að uppfylla kröfur um tímafresti.

4. gr. frv. fjallar um gildistíma. Lagt er til að lögin taki gildi á sama tíma og ákvörðun sameiginlegu nefndarinnar um Evrópska efnahagssvæðið um breytingu á bókun 47 og tilteknum viðaukum við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Gert er ráð fyrir að Alþingi muni með þingsályktun afgreiða þessar gerðir áður en þing lýkur störfum í vor. Gildistaka verður auglýst í C-deild Stjórnartíðinda. Þess er vænst að gildistökudagur verði 1. júlí 1995.

Virðulegi forseti. Ég hef lokið við að gera grein fyrir helstu atriðum frv. um breyting á lögum um hópuppsagnir. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. félmn.

[16:57]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mig langar til að beina spurningu til hæstv. félmrh. Nú gerðist það hér fyrir skömmu að það átti sér stað hópuppsögn hjá Leikfélagi Reykjavíkur og það væri fróðlegt að fá upplýsingar um það, ef ráðherrann getur séð það í hendi sér, hvort þessi lög mundu ná til slíkra uppsagna. Hvernig yrði réttur þeirra tryggður í þessu samhengi eða hvert nær þessi réttur? Ég verð að viðurkenna að ég hef ekki kynnt mér þetta mál. Þetta heyrir ekki undir þær nefndir sem ég á sæti í en þetta er svona nýjasta dæmið sem ég man eftir um hópuppsagnir. Hópuppsagnir eru reyndar mjög sjaldgæfar hér nema í frystihúsum, alla vega eftir því sem ég best veit, þar sem þeim hefur stundum verið beitt þegar hráefni skortir. En getur ráðherrann svarað þessu varðandi þetta tiltekna dæmi?

[16:58]

Félagsmálaráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get nú raunar ekki svarað fyrir fullt og fast um þetta tiltekna dæmi, þekki ekki nægjanlega vel til málavaxta í því sambandi. En í fljótu bragði gæti maður dregið þá ályktun að ákvæði þessara laga hefðu átt að gilda þar varðandi tilkynningaskyldu og upplýsingamiðlun og aðra þá þætti sem lúta að réttarstöðu starfsmanna. Að öðru leyti get ég ekki sökum vanþekkingar minnar á því máli sem hér er um spurt fullyrt neitt í þessa veru en í fljótu bragði skyldi maður ætla það, já.

[16:59]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil bara taka það fram að ég er ekki á nokkurn hátt að gefa það í skyn að það hafi verið staðið eitthvað óeðlilega að uppsögnum þarna, heldur er ég eingöngu að velta fyrir mér þessu frv. sem hér er til umræðu. Ef ég man rétt, þá er þetta viðbót, viðbætur við gildandi lög um hópuppsagnir, en það sem maður hlýtur þá að velta fyrir sér er það, hvers virði eru þessi lög í raun og veru ef þau hafa ekkert komið inn í þetta mál sem er svona nýafstaðið?

[16:59]

Páll Pétursson:

Herra forseti. Aðeins örfá orð. Mér fyndist að frumvörp af þessu tagi þyrftu að auðkennast sérstaklega. Þetta frv. er flutt eins og hvert annað stjfrv. og maður gæti haldið að þetta væri vilji ráðherranna í ríkisstjórn Íslands og stjórnarflokkanna sem þarna kæmi fram. Svo er nú ekki því að ég hygg að hæstv. ríkisstjórn hafi ekki neinn sérsakan áhuga á því að efni þessa frv. væri lögfest ef hún hefði óbundnar hendur. En þar sem við höfum nú yfirtekið Evrópuréttinn með þeim hætti sem gert hefur verið með samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og látið frelsi Alþingis til þess að setja lög eftir sínu höfði þá er kannski ekkert annað að gera en að samþykkja þetta frv. Ég held hins vegar að það væri viðkunnanlegra að þetta væri merkt með einhverjum sérstökum hætti. Ég er ekki með beina tillögu þar um en eins og þetta lítur út þá gæti maður haldið að þetta væri það sem ríkisstjórnin vildi. Þetta er mál sem ríkisstjórnin telur sig knúna til að flytja og það mætti gjarnan standa á þessu að þetta kæmi frá Brussel strax í fyrirsögn. Það að vísu tekur sig ágætlega út í textanum að þetta er nauðungarvinna sem hér er verið að vinna.

Við höfum tekið við tilskipunum frá Brussel og kyngt þeim umræðulítið og talið að ekki væri um annað að gera. Það er reyndar ein tilskipun sem við Íslendingar höfum fært fætur við og ekki lögleitt enn þá. Það er vinnutímatilskipunin. Það er að vísu svolítið sérkennilegt að það er sú eina af þessum tilskipunum sem við höfum ekki lögfest. Nú tel ég persónulega að vinnutímatilskipun Evrópusambandsins sé arfavitlaus og ég styð ríkisvaldið í því að þvælast fyrir því að lögfesta hana. En það er dálítið sérkennilegt að það er sú eina sem stjórnvöld hafa áhuga á að sýna manndóm og draga lappirnar í að lögfesta.

Við eigum von á fleiru í framtíðinni af málum um félagsleg réttindi þar sem þau eru yfirleitt lakari í Evrópusambandinu en á Norðurlöndum, þá verðum við að slaka á okkar löggjöf í mörgum greinum. Sama gildir um umhverfismál. Ég teldi að það væri til umhugsunar fyrir hæstv. ráðherra og þá kannski sérstaklega hæstv. félmrh. sem ég vona að sitji til vorsins. Ég vona náttúrlega að ríkisstjórnin fari frá sem allra fyrst, en ef hún hangir á annað borð, vænti ég þess að hæstv. félmrh. verði í þeim hópi, og ég tel að það sé til umhugsunar fyrir hann og hans ráðuneyti hvort er alveg þörf á að gleypa allt sem frá Brussel kemur og hvort væri ekki ráð að draga lappirnar eins og þeir hafa gert með vinnutímatilskipununum.

[17:03]

Kristín Einarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 1. þm. Norðurl. v. minntist hér á atriði sem í raun kemur ekki þessu frv. beint við en það er vinnutímatilskipun Evrópusambandsins sem Íslendingar hafa ekki viljað taka upp. Mér þótti það mjög sérkennilegt af hverju hv. þm. var svo mikið á móti því og þess vegna langar mig til að spyrja hv. þm. hvað það er í þeirri tilskipun sérstaklega sem honum er svona illa við.

[17:04]

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Herra forseti. Í stuttu máli, þessi tilskipun passar bara alls ekkert inn í íslenskar aðstæður og aðlagast ekki að íslensku hugarfari. Auðvitað verðum við að vinna þegar verkefnin eru fyrir hendi og hvíla okkur svo á milli en ekki fara að láta skammta vinnutímann svo sem gert er þar.

[17:04]

Kristín Einarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er einmitt þetta atriði sem ég hef tekið eftir í vinnutilskipun Evrópusambandsins, þ.e. það er talað um 48 stunda vinnuviku en það er ekki í hverri viku, það er meðaltal yfir langan tíma. Það er talað um fjóra mánuði og ég held að einmitt væri heppilegt fyrir okkur að taka upp slíka tilskipun vegna þess að við vinnum mjög mikið yfir t.d. ákveðinn tíma, viljum vinna jafnvel sólarhringana yfir ákveðna daga, ákveðnar vikur, en síðan viljum við hvíla okkur þess á milli. Þess vegna finnst mér ástæða til þess að við tökum akkúrat þessa tilskipun upp, þ.e. efni hennar, frekar heldur en ýmislegt annað sem verið er að gaufa við að taka inn í íslensk lög sem hefur ekkert með íslenskan veruleika að gera. Við eigum kannski eftir að ræða þetta einhvern tíma seinna, kannski ekki undir umræðum um þetta frv. sem hér er til umræðu. En ég held að hv. þm. ætti að lesa þessa tilskipun betur. Ég held að ASÍ hafi sérstaklega beitt sér fyrir að þetta yrði tekið upp, vegna þess að þetta væri eitt af því sem hægt væri að nota gegn því fáránlega launakerfi sem hér ríkir, þ.e. að meiri hluti launa fólks sé fyrir yfirvinnu og oft og tíðum er það fyrir óunna yfirvinnu hjá sumum, þeim sem eru hæst launaðir. Þannig væri kannski tækifæri ef við tækjum upp slík ákvæði í íslensk lög að breyta til hins betra. Ég er því algerlega ósammála hv. þm. í því að við eigum ekki að taka upp 48 stunda vinnuviku.

[17:07]

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ekki átti ég á því von að hv. þm. Kristín Einarsdóttir lægi mér á hálsi fyrir það að ég væri ekki nógu gráðugur að taka við tilskipunum frá Brussel og mér finnst skjóta nokkuð skökku við þegar þessi hv. þm. er orðinn sérstakur talsmaður þess að fara að taka upp vitleysuna frá Brussel. En ég held að það gildi það sama um fjöldamargar af þessum tilskipunum, sumar eru meinlausar, sumar eru gagnslausar og sumar eru algerlega óþarfar og tóm vitleysa að vera að eyða tímanum í að lögfesta og okkur mundi aldrei detta í hug að lögfesta ef við værum ekki til þess neydd.

Það vill svo til að ég hef lesið þessa tilskipun og kynnt mér efni hennar dálítið, en ég tel að það geti sem hægast staðið þannig á að menn þurfi að vinna, og fjöldamargir í þjóðfélaginu þurfi að vinna, meira en 48 stundir til jafnaðar á viku. Í þeim starfsgreinum sem ég þekki best til þá er altítt að menn vinni meira en 48 stundir á viku árið út.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lyfjalög, 1. umr.

Stjfrv., 130. mál (staðfesting bráðabirgðalaga). — Þskj. 135.

[17:08]

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lyfjalögum, nr. 93/1994, til staðfestingar á bráðabirgðalögum sem samþykkt voru 28. júní 1994 og tóku gildi 1. júlí sl.

Lyfjalög, nr. 93/1994, tóku gildi 1. júlí sl. eins og sagt var. Alþingi ákvað þó að fresta gildistöku ákvæða hinna nýju lyfjalaga er varðar nýjar úthlutunarreglur lyfsöluleyfa og nýjar verðlagsreglur til 1. nóv. 1995. Við lögfræðilega úrvinnslu frv. í nefnd rétt fyrir þinglok láðist hins vegar að framlengja samsvarandi ákvæðum eldri laga þangað til nýjar reglur taka gildi. Voru því sett bráðabirgðalög 28. júní um breytingu á lyfjalögum um að ákvæði eldri laga um lyfsöluleyfi og verðlagningu lyfja gildi áfram til 1. nóv. 1995, enda mun það ótvírætt hafa verið vilji löggjafans þó það hafi láðst að setja það fram í lagatexta.

Ég hef hér gert grein fyrir frv. þessu, virðulegi forseti, og leyfi mér að leggja til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

[17:10]

Páll Pétursson:

Herra forseti. Ég hef út af fyrir sig ekkert á móti því að þessi bráðabirgðalög verði lögfest og hæstv. fyrrv. heilbrrh. hafði samband við mig áður en hann setti þessi lög og ég vil að það komi fram. Ég taldi að við framsóknarmenn mundum ekki standa gegn því að þessi bráðabirgðalög yrðu sett. Svo er mál með vexti að ríkisstjórnin fékk hér samþykkt á síðasta þingi lyfjalög sem voru óskaplegt afskræmi, það var að vísu reynt að bæta úr með því að fresta hluta laganna. Þessi lög voru óskaplega mislukkuð að mörgu leyti og hefðu þau betur verið undirbúin með öðrum hætti og þess vegna þurfti að setja þessi bráðabirgðalög.

En efni þess að ég stend hér upp er að vekja athygli á því að það þarf að gera fleira við lyfjalögin heldur en að samþykkja þessi bráðabirgðalög. Það þarf líka að samþykkja frv. til breytingar á lyfjalögum sem hv. 2. þm. Vesturl., Ingibjörg Pálmadóttir, lagði hér fram fyrst á þinginu og liggur fyrir hv. heilbr.- og trn. Ég tel að það sé mjög brýnt að lögfesta það frv. og það má ekki dragast nema örfáa daga. Það var á þeim ágalli varðandi verslun með dýralyf sem er algerlega óþolandi og ég vil brýna hv. heilbr.- og trn., sem fær þetta mál til meðferðar, að hún láti það frv. fylgja þessu og afgreiði það hið fyrsta.

[17:12]

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Það er, eins og kom fram hjá hv. 1. þm. Norðurl. v., ekki ástæða til þess að standa í vegi fyrir því að þessi bráðabirgðalög geti fengið skjóta afgreiðslu þingsins, enda eru þau tilkomin vegna þess klúðurs sem hér var í lagasetningu í lok síðasta þings. Meðan þessi lög voru í frumvarpsbúningi hér í þing-

inu þá var þetta mikið átakamál. Mál sem engin sátt var um milli stjórnar og stjórnarandstöðu og heldur ekki sátt innan stjórnarliðsins um þær hugmyndir sem í raun og veru eru í þeim lögum sem núna eru að hluta til í gildi. Hins vegar tókst samkomulag um það á lokaspretti þingstarfanna í vor að setja þessi lög og samkomulag tókst um það milli stjórnar og stjórnarandstöðu að fresta ákveðnum þáttum laganna, þ.e. fresta gildistöku ákveðinna þátta, verðlagningunni, sölunni og dreifingunni, sem auðvitað eru langstærstu og fyrirferðarmestu þættir laganna eins og þau liggja fyrir nú, þ.e. fresta gildistöku þessara þátta til 1. nóv. 1995. Ástæðan var sú að menn vildu fá úr því skorið og láta á það reyna hvaða afleiðingar þau ákvæði sem inn í lyfjalögin komu og snerta samninginn um hið Evrópska efnahagssvæði, sérstaklega þó þann þátt sem snýr að auglýsingum og samhliða innflutningi, hvaða áhrif þessir þættir hefðu á lyfjakostnað einstaklinganna, hvaða áhrif þessir þættir hefðu á lyfjakostnað ríkisins og hvaða áhrif þessir þættir hefðu á lyfjanotkun í landinu og þá auðvitað um leið á heildarútgjöld heilbrrn. eða Tryggingastofnunarinnar til lyfjamálanna.

Ég á sæti í þeirri nefnd sem skipuð var til að fylgjast með þessum þáttum, þ.e. áhrifunum af EES-ákvæðunum eins og samið var um, og hefur nefndin fengið bréf frá heilbr.- og trmrn. þar sem það er boðað að hæstv. heilbr.- og trmrh. ætli að víkja frá því samkomulagi sem gert var milli stjórnar og stjórnarandstöðu og fá flýtt gildistökuákvæðum verðlagningarinnar og líka þeim þætti laganna um sölu og dreifingu og þau taki gildi 1. jan. 1995.

Í fyrsta lagi má segja um þetta að það er náttúrlega brot á því samkomulagi sem gert var milli stjórnar og stjórnarandstöðu. Ég hef látið það koma fram í nefndarstarfinu að við erum ekki tilbúnir til þess að standa að því að flýta gildistökuákvæðunum og ég hygg að það sé svo með fleiri stjórnarandstöðuflokka sem sæti eiga í nefndinni. Það hefur reyndar komið fram hjá einum stjórnarþingmanni, sem sæti á í nefndinni fyrir hönd Sjálfstfl., hv. þm. Láru Margréti Ragnarsdóttur, og það kom hér fram við umræðu um frv. til fjárlaga, að þingmaðurinn væri ekki tilbúinn til að standa að slíkri flýtingu á gildistökuákvæðum.

Því spyr ég hæstv. heilbr.- og trmrh.: Er um þetta samkomulag milli stjórnarflokkanna og í ríkisstjórninni, að þessum kafla laganna verði hrint í framkvæmd frá 1. jan. 1995? Fyrir utan það er alveg ljóst að það er ekki farið að reyna á þau ákvæði laganna er snúa að samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði, þ.e. auglýsingarnar og heldur ekki samhliða innflutninginn, þannig að reynslan sem átti að fást með nefndarstarfinu um það hvaða áhrif yrðu af þessum tveimur þáttum mun ekki koma í ljós, einangruð og ein út af fyrir sig, ef gildistökuákvæðinu verður flýtt. Þannig að þá er reyndar enginn tilgangur með nefndarstarfinu.

Hv. 1. þm. Norðurl. v., Páll Pétursson, minntist hér á annað mál sem má fullyrða að sé einnig að nokkru leyti klúður í lagasetningunni og það vill nú því miður oft verða þannig þegar svo skammur tími er til þess að ljúka málum. Þrátt fyrir að þetta mál hafi á sínum tíma fengið mjög rækilega umfjöllun í hv. heilbr.- og trn. þá var það hins vegar þannig að það var verið að reyna að ljúka þessum hlutum hér alveg á síðustu stundu í þinginu og mönnum hefur yfirsést ýmislegt í sambandi við það að málið væri nógu vel undirbúið þegar það kom hér til lokaafgreiðslu.

En sá þáttur sem nú hefur nokkuð reynt á er sá þáttur frv. sem snýr að dýralæknum og sölu dýralyfja. Við þingmenn Framsfl. fluttum hér frv. til breytinga á gildandi lögum er snýr að þeim þætti, þ.e. dýralæknunum. Það er nú til umfjöllunar í hv. heilbr.- og trn. Þar eru einnig fleiri atriði til umfjöllunar er snúa að þeim þætti. Það sem þó er alvarlegast í því er að mér sýnist í raun að það sé ágreiningur um grundvallaratriði, þ.e. milli ráðuneytisins og þeirra sem þurfa síðan að búa við frv. eða lögin, þ.e. milli dýralækna annars vegar og svo bænda hins vegar. Dýralæknar vilja hafa lyfsöluna og vilja geta ráðið því á hvaða verði lyf eru seld og þeir munu ráða því. Um leið og gildistökuákvæði verðlagningarinnar koma til framkvæmda munu dýralæknar í raun og veru ráða verðlagi dýralyfja, þ.e. helmings lyfsölunnar sem eru lausasölulyfin. Sé það hins vegar vilji ráðuneytisins að dýralæknar hafi ekki fjárhagslegan ávinning af því að vera með lyfsölu þá er mjög mikilvægt að það komi skýrt fram, en ekki verði farið til þess við afgreiðslu þessa máls eða með sérstökum tillöguflutningi af hálfu nefndarinnar að búa þannig um hnútana að menn skilji alls ekki hvaða leið menn eru að fara. Það sé ekki ein túlkun á því þegar dýralæknar túlka lögin og svo önnur þegar ráðuneytið túlkar lögin. Ég legg þess vegna áherslu á að ef afgreiða á þann þátt málsins um leið og bráðabirgðalögin þá verði alveg skýrt hvort dýralæknar eigi að hafa lyfsölu með höndum eða ekki en ekki að þeir geti hugsanlega gert það frá sinni starfsstöð sem gæti nánast verið bíll dýralæknisins eða apótekið sem viðkomandi dýralæknir mundi þá setja upp í því byggðarlagi þar sem hann væri starfandi.

Mér finnst hins vegar koma til greina og ætla að færa fyrir því örlítil rök að láta annað gilda um sölu dýralækna á lyfjum en sölu heimilislækna á lyfjum. Lyfjavelta dýralækna er í kringum 150 millj. kr. á ári. Helmingurinn af þeim lyfjum sem dýralæknar selja verða þegar gildistökuákvæði laganna koma til svokölluð lausasölulyf, þ.e. dýralæknarnir geta þá ráðið verðinu sjálfir þar sem það verður ekki háð neinum ákvæðum hvernig verð á lausasölulyfjum er ákveðið líkt og með önnur lyf. Mér finnst þess vegna koma til greina að það verði ákveðið að dýralæknir geti haft þessa sölu með höndum en öll dýralyf verði sett undir ákvæði lyfjaverðsnefndar. Ég tel að ekki sé verið að brjóta nein prinsipp með frv. þó svo að þessi leið yrði farin og ekki hægt að túlka það að menn vilji láta annað gilda um dýrin en mannfólkið. Ég tel það vera útúrsnúning vegna þess að gert er ráð fyrir því í gildandi lögum að þegar lyfsalan verður tekin af heimilislæknunum á einstökum heilsugæslustöðum sé hægt að grípa þar inn til að veita þjónustu með því að stjórnir heilsugæslustöðvanna geti rekið apótekin. Það er því varnagli í gildandi lögum um að hægt sé að veita þjón-

ustuna eftir sem áður. Ef þetta er hins vegar skilið eftir opið varðandi dýralyfin þá stendur það eftir að dýralæknarnir geta hugsanlega farið að ákveða verðið á dýralyfjunum sem þeir mega þó alls ekki selja samkvæmt anda laganna. Í sjálfu sér er þetta því ef menn skilja málið eftir með þessum hætti eins vitlaust og nokkur kostur er að hafa það. Ég spyr hæstv. heilbr.- og trmrh.: Finnst hæstv. ráðherra það koma til greina að þetta verði gert þannig að skilja að annars vegar dýralyfin og svo hin venjulegu lyf?

[17:24]

Kristín Einarsdóttir:

Herra forseti. Það þarf út af fyrir sig ekki að hafa mörg orð um efni þessa frv. þar sem það er nokkuð einfalt og eðlilegt að það þurfi að setja slík ákvæði í lög. Það sem ég vil gera athugasemd við er að það hafi þurft að setja bráðabirgðalög um breytingar á lyfjalögum. Ég vil minna á það að kvennalistakonur hafa viljað fella úr gildi heimild til að setja bráðabirgðalög. Ég tel að þarna sé farið ákaflega frjálslega með bráðabirgðalagaheimildina. Þó að vissulega megi segja að nauðsynlegt hafi verið að breyta lögum þá tel ég alls ekki afsakanlegt að setja bráðabirgðalög um ákvæði sem þetta.

Það er heldur ekki nógu gott og raunar verður að segjast mjög slæmt að svo mikill flumbrugangur sé við lagasetningu og svo lítill tími gefinn á þingi að það skuli falla út ákvæði sem þetta þegar verið er að setja lög eins og gerðist á síðasta þingi. Hv. 11. þm. Reykv. hefur lýst þeim ágreiningi sem varð hér og sem er kannski orsökin fyrir því að þetta varð niðurstaðan á síðasta þingi, þ.e. að það var verið að fella út úr frv. ákveðin ákvæði og þar með hefur þetta fallið til hliðar. Þetta er óafsakanlegt en hefði verið í lófa lagið að kalla saman þingið þótt það sé mjög kostnaðarsamt og erfitt að gera það á sumartíma. Ef svo brýna nauðsyn bar til að setja lög þá hefði þingið átt að koma saman og taka þeim afleiðingum að svona illa hafi verið að málum staðið. Ég tel að það verði þingið að taka á sig ef ekki er hægt að gera þetta betur. Ég verð fyrst og fremst að kenna því um að fram á síðustu stundu var ósveigjanleiki af hálfu stuðningsmanna stjórnarinnar við að sætta sig við það að ekki næðust fram þau ákvæði laganna á síðasta þingi sem þeir vildu ná fram. Ég tel það vera vinnubrögð sem ekki er hægt að líða að þrýsta fyrst einhverju hér í gegn með ýmsum göllum og laga svo bara með bráðabirgðalögum á eftir. Það er fyrst og fremst það, virðulegi forseti, sem ég geri athugasemd við varðandi þetta frv.

Varðandi það sem hefur verið rætt um dýralækna þá tel ég að það verði að taka til athugunar innan nefndarinnar. Ég lét mér jafnvel detta í hug að það væri möguleiki að taka það frv. sem hefur verið gert að umtalsefni og afgreiða það samhliða þessu. Ég veit ekki hvort það er möguleiki en ég læt mér detta í hug að nefndin gæti gert það. Ég á að vísu ekki sæti í þeirri hv. nefnd sem fær þetta til meðferðar þannig að ég get ekki komið að þessu máli í nefnd en ég veit að hér er alla vega einn nefndarmaður og kem ég þessu á framfæri. Það er svo mikill galli við núgildandi ástand að það er nánast ekki hægt að búa við það öllu lengur. Ég vil einnig beina því til hæstv. ráðherra hvort hann sjái einhverja meinbugi á því að það verði gert. En í fljótu bragði get ég ekki séð að það ætti að vera neitt því til fyrirstöðu.

[17:28]

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Menn geta að sjálfsögðu haft þá skoðun að bráðabirgðalagavald eigi ekki að vera til, þ.e. að ráðherrar eigi ekki að geta sett bráðabirgðalög. Ég hef verið þeirrar skoðunar sjálfur. En við verðum auðvitað að búa við þann lagaramma sem Alþingi hefur sett og sá lagarammi gerir ráð fyrir því að bráðabirgðalagavaldið sé til og það sé notað við tiltekin skilyrði. Við getum því ekki rætt þetta mál eins og ákvörðun hafi verið tekin um að bráðabirgðalög skuli ekki sett. Þvert á móti hefur ákvörðun verið tekin af meiri hluta þingsins um að bráðabirgðalög skuli sett. Alþingi hefur tekið ákvörðun um þetta.

Þá er spurning hvað hefði gerst ef hæstv. heilbrrh. hefði ekki notað þetta bráðabirgðalagavald. Þá hefði það einfaldlega gerst að það hefði skapast algert kaos vegna þess að þá voru allar reglur um verðlagningu lyfja felldar úr gildi og lyfjaverð í landinu hefði þá verið frjálst án nokkurra ákvæða um verðlagningu. Það hefði líka gerst að öll ákvæði laga um rekstur og stofnun lyfjabúða hefðu fallið úr gildi þannig að hverjum sem er hefði verið heimilt að opna lyfjabúð þar til Alþingi hefði komið saman og getað breytt því. Þá hefði að sjálfsögðu ekki verið hægt að svipta þá einstaklinga sem hefðu verið búnir að opna slíkar verslanir peningum sínum. Ég bið því hv. þm. að hugleiða hvernig ástandið hefði orðið ef hæstv. fyrrv. ráðherra hefði ekki gripið til þess úrræðis að beita bráðabirgðalagavaldinu í samráði við þingflokka. Ef einhvern tíma er ástæða til að beita bráðabirgðalagavaldi sem er til þá er það í slíkum tilfellum eins og þessum.

Ég ítreka það, virðulegi forseti, að það er fyllilega réttmætt að ræða hvort það sé eðlilegt að bráðabirgðalagavald eigi heima í okkar löggjöf, en við getum að sjálfsögðu ekki stungið höfðinu í sandinn og látið eins og það vald sé ekki til og þingið ætlist ekki til þess að það sé notað. Með lagasetningu um að bráðabirgðalagavaldið skuli vera til er þingið að ætlast til að það verði notað og þá fyrst og fremst við aðstæður eins og þær sem ég hef verið að lýsa.

Þá hefur verið spurt um ákvæði gildandi laga um dýralækna. Ég tel afskaplega óæskilegt að læknir, hvort sem það er dýralæknir eða annar, hafi fjárhagslega hagsmuni af lyfsölu jafnframt sínu læknisstarfi, þ.e. að hann bæði sjái um að gefa út lyfjaávísanir og afgreiði þær svo sjálfur á eigin vegum og sé þannig bæði með lyfsölu og ávísun á lyf. Það er ekki æskilegt fyrirkomulag hvort sem um er að ræða dýralækna eða almenna lækna. Á móti kemur svo það sem hefur verið bent á að nauðsynlegt sé að dýralæknar eins og almennir læknar gera geti haft með sér nauðsynlegustu lyf í tösku sinni til þess að gefa við vitjun og þá þannig að hægt sé að nota þau lyf við nauðsynlegustu aðgerðir. Þó þannig að meginlyfjasalan fari fram eins

og lyfjasala vegna mannlegra sjúkdóma, þ.e. hjá lyfsala, þannig að engin hætta sé á því að menn séu að blanda saman hagsmunum læknis og hagsmunum lyfsala í einum og sama manninum.

Hæstv. fyrrv. heilbrrh. taldi sig hafa gengið frá því í lögum að þessa þjónustu væri hægt að veita. Auðvitað er það hagsmunamál fyrir dýralækna að hafa sem allra mest af lyfsölunni sjálfir með höndum því að það er fjárhagslegt hagræði fyrir þá. Af einhverjum ástæðum hafa þeir ákveðið að túlka lögin miklu þrengra en heilbrrn. og Alþingi ætluðust til þannig að þeir telja sig ekki hafa heimild til að veita þá þjónustu sem menn gerðu ráð fyrir að þeir gætu veitt á grundvelli laganna.

Þá þarf að sjálfsögðu að taka af öll tvímæli um þetta. Um það hafa verið viðræður á milli heilbrrn. og landbrn. Það hefur náðst niðurstaða sem báðir aðilar eru sáttir við, bæði yfirdýralæknir og heilbrrn., og byggist á því að dýralæknar geti sinnt sjúklingum sínum með eðlilegum hætti og bændur þurfi ekki að verða fyrir óeðlilegum eða óæskilegum töfum á lyfjaafgreiðslu að þurfa að hafa meira fyrir því en eðlilegt mætti teljast án þess þó að fjárhagslegum hagsmunum lyfsölunnar verði um of blandað saman við dýralæknisstarfið.

Ég hef rætt þessi mál við hv. formann heilbr.- og trn. og mér er ljóst að hann er mikill áhugamaður um það að þessi mál verði afgreidd sem allra fyrst og mun sjálfsagt gera sitt til þess að hægt verði að afgreiða þau mál um leið og þetta bráðabirgðalagafrv. er tekið til afgreiðslu en það verður að afgreiða um miðja næstu viku til þess að bráðabirgðalagasetningin standist. Ég ítreka að það er komið fullt samkomulag á milli dýralæknisembættisins og landbrn. og heilbrrn. um hvað gera skuli til þess að tryggja þá þætti sem ég hef þegar minnst á. En það er auðvitað heilbr.- og trn. og Alþingi sem hafa síðasta orðið um málið.

Í þriðja lagi var spurt um hvort það væri fyrirætlun ríkisstjórnarinnar að leita eftir samþykki Alþingis við að flýta gildistöku verðlagsákvæða lyfsölulaganna og annarra ákvæða þeirra sem frestað hafði verið á Alþingi sl. vetur. Því er til að svara að um það er samkomulag í ríkisstjórninni, að leggja slíkt til við Alþingi og það verður gert á næstu dögum og um það er full samstaða í ríkisstjórninni milli stjórnarflokkanna. En það er auðvitað með það eins og önnur lagafrumvörp sem fyrir Alþingi eru lögð að það er að sjálfsögðu þingið sem ræður, hvort þingið samþykkir þá tillögu eða breytir henni eða samþykkir hana ekki. Verði hún ekki samþykkt þá segir það sig sjálft að ákveðnar forsendur undir lækkun lyfjaútgjalda í fjárlögum munu ekki standast þannig að Alþingi þarf þá að búa sig undir að gera ráð fyrir meiri fjárveitingum vegna lyfjamála og lyfjakaupa hjá Tryggingastofnun ríkisins. En það verður þá að fara saman afgreiðsla annars vegar á tillögu ríkisstjórnarinnar um að flýta gildistökunni og afgreiðsla á fjárlögum að þessu leytinu til.

[17:36]

Kristín Einarsdóttir:

Herra forseti. Þetta verður bara örstutt. Það er í tilefni af ræðu hæstv. ráðherra. Ég get verið algerlega sammála honum varðandi dýralækna. Það sem ég er aðallega að tala um er að það þurfi að taka á því máli og ég er ekki að segja að það sé endilega einhver ein lausn heldur að það sé með þeim hætti eins og virðist vera að bæði Alþingi og væntanlega ráðuneytið hafi túlkað, þ.e. að dýralæknir geti verið með lyf og selt þau að ákveðnu marki. Það er aðalatriðið að taka á málinu og mér heyrist það eiga að gera og það er vel. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um það.

En varðandi bráðabirgðalagavaldið sem ég og hæstv. ráðherra virðumst vera sammála um að ætti e.t.v. að afnema. Ég skildi hann svo að hann væri sammála mér í því að það þyrfti að afnema þá heimild. Ég geri mér hins vegar fulla grein fyrir því að bæði er þetta í lögum og ekki bara það heldur hefur þetta verið notað ótæpilega af ríkisstjórnum undanfarinna ára, ekki bara í eins saklausu máli eins og hér er. Ég tók fram að það var nauðsynlegt að setja ákvæði eins og þetta í lög og ég hélt að ég hefði sagt það mjög skýrt þegar ég talaði hér áðan og það þarf ekkert að vera að skýra það út fyrir mér hvað hefði gerst. Það stendur meira að segja hérna í sjálfri greininni þannig að það þarf ekki að tíunda það sérstaklega. Ég sagði það einnig að þegar Alþingi gerir mistök eins og þessi þá finnist mér eðlilegt að Alþingi komi saman og leiðrétti, það var það sem ég sagði. Þannig að ég var ekki að mæla með því að þetta væri í neinu uppnámi, eins og mér fannst hæstv. ráðherra ýja að eða raunverulega segja að ég hefði sagt. Ég sagði það aldrei. Ég tel að þegar Alþingi gerir mistök eins og þessi þá eigi Alþingi að koma saman og leiðrétta þau mistök og það eigi ekki að setja bráðabirgðalög með þeim hætti sem hér er gert og reyndar ekki bara þetta heldur oft og reyndar allt of oft og oft með slæmum afleiðingum. Þetta hafði ekki nema bara gott í för með sér í sjálfu sér. Þannig að ég er ekki efnislega á móti þessu frv. heldur eingöngu aðferðinni. Ég kem hér ekki síst til að leggja áherslu á það að ég tel að það eigi að afnema þessi ákvæði og að Alþingi eigi að koma saman ef nauðsyn er á lagasetningu. Ég bendi á að t.d. í Danmörku, þar sem slíkt ákvæði er, held ég, enn inni í stjórnarskránni, þá er bráðabirgðalagaákvæði aldrei notað. Meira að segja þegar mistök eins og þessi verða þá kemur þingið saman til þess að laga og breyta og það er kannski fyrst og fremst það sem ég er að leggja áherslu á, alls ekki það að ég hafi talið að í sjálfu sér hafi verið óþarfi að setja lög eins og hér var gert í sumar.

[17:40]

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Ég tek undir það með hæstv. heilbr.- og trmrh. að það var alveg nauðsynlegt, því miður, að setja þessi bráðabirgðalög því að það er hárrétt, eins og hæstv. ráðherra lýsti hér áðan, að hér hefði orðið algert neyðarástand, bæði varðandi verðlagninguna og eins varðandi dreifingu lyfja, þ.e. menn hefðu getað sett hér upp lyfjaverslanir og þá hefði auðvitað ábyrgð ríkisvaldsins verið mikil í þeim efnum hefðu menn komið til þess síðar meir að loka þeim.

Ég tek einnig undir það með hæstv. ráðherra að það

er erfitt og mjög óæskilegt að sameina í einum og sama manninum bæði lyfsalann og svo þann sem er læknirinn sem er að ávísa á eigin apótek. Það er hins vegar alveg ljóst að a.m.k. sá lagatexti sem nú liggur fyrir í hv. heilbr.- og trn. tekur ekki af nein tvímæli í því hvort dýralæknar hafi leyfi til að selja eða afhenda lyf og hvort það séu bráðnauðsynleg lyf eða hvort þeir geti rekið sín apótek áfram eins og til er í nokkrum tilfellum. Og ég vara við því að menn fari nú í að hnoða saman einhverjum lagatexta sem menn telja sig vera sammála um, en eru í raun og veru alls ekki sammála um og ætla að nota þannig að menn geti túlkað á mismunandi vegu. Mér finnst nefnilega vera komið nóg af þessu klúðri í tengslum og í kringum þessi lög um lyfjamál þó við höldum ekki áfram á þeirri braut.

Ég hef það á tilfinningunni bæði eftir að hafa hlustað á formann Dýralæknafélagsins, yfirdýralækni og einnig fulltrúa heilbr.- og trmrn. á fundum í hv. heilbr.- og trn. að menn vilji dálítið túlka þetta eins og þeim láti best hverju sinni og verði það niðurstaðan þá er verr farið af stað en heima setið. Þess vegna spurði ég hæstv. ráðherra hvort mikil hætta væri á, þegar ekki eru meiri fjárhagslegir hagsmunir í húfi en svo að um 150 millj. kr. er að ræða og helmingurinn af því væru lausasölulyf, hvort ekki mætti hugsanlega setja þetta undir lyfjaverðsnefnd, sem hefði þá möguleika á því að fylgjast mjög náið með tekjuþróun dýralækna sem ekki eru mjög margir. Því ef sá texti, eins og hann nú er kynntur í hv. heilbr.- og trn., gengur fram, þá er alveg ljóst að dýralæknar ætla sér áfram að geta selt dýralyf og þeir ætla sér líka, eftir að frjálsræði hefur verið gefið á lausasölulyfin, að ákveða verðið á þeim sjálfir. Þannig að þeir geta þá látið þá sem þurfa að kaupa bera kostnaðinn og um leið Tryggingastofnun ríkisins. Það er þetta sem ég vil vara við og menn þurfa mjög að gæta að þegar frá þessu verður gengið. En ég held að það sé nauðsynlegt að menn gangi frá því í næstu viku að fá þessi bráðabirgðalög samþykkt hér í þinginu í þeim tilgangi fyrst og fremst að tryggja lagagrundvöllinn fyrir þeim.

[17:44]

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er að flestu leyti sammála hv. þm. Ég vek athygli á því að þessi vandamál hafa ekki skapast varðandi lyfjagjafir heilsugæslulækna, en auðvitað er alltaf hægt að búa til vandamál ef menn endilega vilja það. Það getur vel verið að menn hafi áhuga á því að búa til vandamál í þessu sambandi, en ég skil ekki hvers vegna dýralæknar ættu frekar að hafa áhuga á því að búa til vandamál en heimilislæknar, en það er kannski önnur saga.

Það væri líka vel hægt að hugsa sér að tvímælin yrðu tekin af í nefndaráliti hv. nefndar, við það er stuðst í lagatúlkun, eða í framsögu nefndarformanns eða frsm. nefndarinnar með þeim tillögum sem hún kann að gera. Það er einnig leið sem hægt er að hugsa sér. En eins og ég segi, ég tek undir með hv. þm. um það að þarna þarf að taka af tvímæli og það er út af fyrir sig ekkert meginatriði hvort þau lagaákvæði eru afgreidd um miðja næstu viku eða einhvern tíma eilítið síðar. Meginatriði málsins er að tekin séu af tvímælin, lagatextinn sé þannig orðaður, og það getur vel verið að nefndin þurfi að gefa sér meiri tíma til að skoða hvernig það yrði gert.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Útbýting þingskjals:

Vegalög, 178. mál, frv. SvG, þskj. 196.

Út af dagskrá voru tekin 1., 2. og 10.–12. mál.

Fundi slitið kl. 17:47.

26. FUNDUR

mánudaginn 7. nóv.,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Rannsókn kjörbréfs.
2. Veiting ríkisborgararéttar, stjfrv., 128. mál, þskj. 133. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Málflytjendur, stjfrv., 89. mál, þskj. 89. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Tilraunastöð í jarðrækt á Reykhólum, stjfrv., 104. mál, þskj. 107. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Forfallaþjónusta í sveitum, stjfrv., 105. mál, þskj. 108. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Loftferðir, stjfrv., 108. mál, þskj. 111. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Samningsgerð, umboð og ógildir löggerningar, stjfrv., 99. mál, þskj. 102. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
8. Lyfjalög, stjfrv., 130. mál, þskj. 135. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
9. Hópuppsagnir, stjfrv., 124. mál, þskj. 129. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

Fjarvistarleyfi:

Ólafur G. Einarsson menntmrh.

Útbýting þingskjala:

Arðgreiðslur vatnsveitu, 181. mál, fsp. KHG, þskj. 203.

Álagning vatnsgjalds og aukavatnsgjalds, 180. mál, fsp. KHG, þskj. 202.

Bráðabirgðasamkomulag eftir að EFTA-ríki hafa gerst aðilar að Evrópusambandinu, 182. mál, stjfrv., þskj. 204.

Breytingar á embættum héraðslækna, 60. mál, svar heilbrrh., þskj. 189.

Eingreiðslur til lífeyrisþega, 80. mál, svar heilbrrh., þskj. 197.

Ferðakostnaður sjúklinga, 176. mál, fsp. HG, þskj. 193.

Fiskvinnsluskólinn, 184. mál, fsp. SvG, þskj. 206.

Færslur aflaheimilda á fiskveiðiárinu 1993–94, 57. mál, svar sjútvrh., þskj. 161.

Staða Íslands gagnvart Montreal-bókun um ósoneyðandi efni, 92. mál, svar umhvrh., þskj. 195.

Styrkur vegna markaðsátaks í EES-löndunum, 185. mál, fsp. FI, þskj. 207.

Tekjuskattur einstaklinga, 71. mál, svar fjmrh., þskj. 199.

Tekjutenging bóta í kerfi almannatrygginga, 112. mál, svar heilbrrh., þskj. 188.

Tekjutenging bóta í skattkerfinu, 111. mál, svar fjmrh., þskj. 198.

Uppgjör bifreiðatjóna, 109. mál, svar heilbrrh., þskj. 190.

Vatnsgjald, 179. mál, fsp. KHG, þskj. 201.

Lagt fram á lestrarsal:

Erindi frá fulltrúafundi Búnaðarsambands Snæfellinga.

Varamenn taka þingsæti.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Borist hefur svohljóðandi bréf, dags. 4. nóv. 1994:

„Þar sem ég er á förum til útlanda til setu á þingi Sameinuðu þjóðanna og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska þess að 1. varaþingmaður Sjálfstfl. í Reykjaneskjördæmi, María E. Ingvadóttir viðskiptafræðingur, Seltjarnarnesi, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni. Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegi forseti.

Árni R. Árnason, 5. þm. Reykn."

María E. Ingvadóttir hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðin velkomin til starfa.

Þá hefur borist annað bréf, dags. 4. nóv. 1994:

„Þar sem ég er á förum til setu á þingi Sameinuðu þjóðanna og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér með vísan til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska þess að 1. varaþingmaður Sjálfstfl. í Vesturlandi, Elínbjörg Magnúsdóttir fiskvinnslukona, Akranesi, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni. Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegur forseti.

Guðjón Guðmundsson, 5. þm. Vesturl."

Elínbjörg Magnúsdóttir hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðin velkomin til starfa.

Tilkynning um utandagskrárumræðu.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Áður en gengið er til dagskrár vill forseti tilkynna um utandagskrárumræðu sem hefst að lokinni atkvæðagreiðslu á fundinum. Málshefjandi er hv. 4. þm. Norðurl. e., Steingrímur J. Sigfússon.

Efni umræðunnar er sala ríkisvíxla og fjármögnun ríkissjóðs. Hæstv. fjmrh. verður til andsvara. Þetta verður hálftíma umræða.

Rannsókn kjörbréfs.

[15:04]

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Borist hefur eftirfarandi bréf, dags. 4. nóv. 1994:

„Þar sem ég er á förum til útlanda til setu á þingi Sameinuðu þjóðanna og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska þess að þar sem 1. varaþingmaður Framsfl. í Vesturl., Sigurður Þórólfsson, getur ekki vegna sérstakra anna tekið sæti á Alþingi taki 2. varaþingmaður, Ragnar Þorgeirsson iðnrekstrarfræðingur, Rifi, sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegur forseti.

Ingibjörg Pálmadóttir, 2. þm. Vesturl."

Þá hefur einnig borist eftirfarandi bréf, dags. 2. nóv. 1994:

„Vegna sérstakra anna sé ég mér ekki fært að taka sæti Ingibjargar Pálmadóttur, 2. þm. Vesturl., næstu tvær vikur sem 1. varaþingmaður Framsfl. í Vesturlandskjördæmi.

Virðingarfyllst, Sigurður Þórólfsson."

Landskjörstjórn hefur komið saman og gefið út kjörbréf handa Ragnari Þorgeirssyni. Forseti fór fram á við kjörbréfanefnd að hún héldi fund til að rannsaka það kjörbréf.

[15:06]

Frsm. kjörbréfanefndar (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Kjörbréfanefnd hefur fengið til athugunar kjörbréf Ragnars Þorgeirssonar, sem er 2. varaþingmaður Framsfl. í Vesturl. Kjörbréf þetta er gefið út 2. nóv. 1994 og undirritað af öllum landskjörstjórnarmönnum.

Fyrir lá bréf frá 1. varaþingmanni Framsfl. í Vesturl., Sigurði Þórólfssyni, þess efnis að hann gæti ekki tekið sæti á þingi sökum anna.

Kjörbréfanefnd hefur að lokinni rannsókn sinni komist að þeirri niðurstöðu að kjörbréf þetta sé fullgilt og mælir með að þingið staðfesti þá niðurstöðu.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Kjörbréf Ragnars Þorgeirssonar samþ. án atkvgr.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Ragnar Þorgeirsson hefur ekki áður tekið sæti á Alþingi og ber skv. 2. gr. þingskapa að undirrita drengskaparheit að stjórnarskránni.

Ragnar Þorgeirsson, 2. þm. Vesturl., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Ragnar Þorgeirsson hefur undirritað drengskaparheit að stjórnarskránni og er boðinn velkominn til starfa á Alþingi.

Veiting ríkisborgararéttar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 128. mál (fyrra stjfrv.). — Þskj. 133.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:09]

Frv. vísað til 2. umr. með 53 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁgG, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EL, EM, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GAK, GB, GHall, GÁS, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, HÁ, HG, IBA, JE, JóhS, JGS, JBH, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, MI, PP, PJ, PBald, PBj, RÞ, RG, SalÞ, SighB, SAÞ, SP, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

10 þm. (EH, HBl, JÁ, JHelg, MF, ÓE, ÓRG, RA, SigG, SJS) fjarstaddir.

Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Málflytjendur, frh. 1. umr.

Stjfrv., 89. mál (fjárvarsla, starfsábyrgðartrygging). — Þskj. 89.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:10]

Frv. vísað til 2. umr. með 55 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁgG, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EL, EM, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GAK, GB, GHall, GÁS, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, JE, JóhS, JGS, JBH, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, MI, PP, PJ, PBald, PBj, RA, RÞ, RG, SalÞ, SighB, SAÞ, SP, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

8 þm. (EH, JÁ, JHelg, MF, ÓE, ÓRG, SigG, SJS) fjarstaddir.

Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Tilraunastöð í jarðrækt á Reykhólum, frh. 1. umr.

Stjfrv., 104. mál. — Þskj. 107.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:10]

Frv. vísað til 2. umr. með 55 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁgG, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EL, EM, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GAK, GB, GHall, GÁS, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, HÁ, HG, IBA, JE, JóhS, JGS, JBH, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, MI, PP, PJ, PBald, PBj, RA, RÞ, RG, SalÞ, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

8 þm. (EH, HBl, JÁ, JHelg, MF, ÓE, ÓRG, SigG) fjarstaddir.

Frv. vísað til landbn. án atkvgr.

Forfallaþjónusta í sveitum, frh. 1. umr.

Stjfrv., 105. mál. — Þskj. 108.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:11]
Frv. vísað til 2. umr. með 55 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁgG, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EL, EM, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GAK, GB, GHall, GÁS, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, HÁ, HG, IBA, JE, JóhS, JGS, JBH, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, MI, PP, PJ, PBald, PBj, RA, RÞ, RG, SalÞ, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
8 þm. (EH, HBl, JÁ, JHelg, MF, ÓE, ÓRG, SigG) fjarstaddir.

Frv. vísað til landbn. án atkvgr.

Loftferðir, frh. 1. umr.

Stjfrv., 108. mál (heildarlög). — Þskj. 111.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:12]
Frv. vísað til 2. umr. með 53 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁgG, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EL, EM, EKJ, FI, FrS, GHH, GAK, GB, GHall, GÁS, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, HÁ, HG, IBA, JE, JóhS, JGS, JBH, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, MI, PP, PJ, PBald, PBj, RA, RÞ, RG, SalÞ, SighB, SAÞ, SP, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
10 þm. (EH, GE, HBl, JÁ, JHelg, MF, ÓE, ÓRG, SigG, SJS) fjarstaddir.

Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Samningsgerð, umboð og ógildir löggerningar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 99. mál (EES-reglur). — Þskj. 102.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:12]
Frv. vísað til 2. umr. með 54 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁgG, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EL, EM, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GAK, GB, GHall, GÁS, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, HÁ, HG, IBA, JE, JóhS, JGS, JBH, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, MI, PP, PJ, PBald, RA, RÞ, RG, SalÞ, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
9 þm. (EH, HBl, JÁ, JHelg, MF, ÓE, ÓRG, PBj, SigG) fjarstaddir.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Lyfjalög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 130. mál (staðfesting bráðabirgðalaga). — Þskj. 135.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:13]
Frv. vísað til 2. umr. með 54 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁgG, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EL, EM, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GAK, GB, GHall, GÁS, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, HÁ, HG, IBA, JE, JóhS, JGS, JBH, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, MI, PP, PJ, PBald, PBj, RA, RÞ, RG, SalÞ, SighB, SAÞ, SP, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
9 þm. (EH, HBl, JÁ, JHelg, MF, ÓE, ÓRG, SigG, SJS) fjarstaddir.

Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Hópuppsagnir, frh. 1. umr.

Stjfrv., 124. mál (uppsögn ráðningarsamninga einstakra starfsmanna). — Þskj. 129.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:13]
Frv. vísað til 2. umr. með 55 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁgG, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EL, EM, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GAK, GB, GHall, GÁS, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, HÁ, HG, IBA, JE, JóhS, JGS, JBH, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, MI, PP, PJ, PBald, PBj, RA, RÞ, RG, SalÞ, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
8 þm. (EH, HBl, JÁ, JHelg, MF, ÓE, ÓRG, SigG) fjarstaddir.

Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Umræður utan dagskrár.

Sala ríkisvíxla og fjármögnun ríkissjóðs.

[15:14]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Að undanförnu hefur komið fram í fréttum, m.a. í Ríkissjónvarpinu í gærkvöldi að ríkissjóður hafi á síðustu dögum orðið að taka í talsverðum mæli erlend lán sökum þess að ríkispappírar hafa ekki selst á móti þeirri innlausn spariskírteina ríkissjóðs sem fallið hefur til á síðustu dögum. M.a. kom fram í frétt ríkissjónvarpsins þar sem var viðtal við ráðuneytisstjóra fjmrn., Magnús Pétursson, að í sl. viku einni saman komu til innlausnar ríkisverðbréf upp á 3,5 milljarða kr. og til að standa straum af kostnaði vegna þeirrar innlausnar voru boðnir út ríkisvíxlar fyrir sambærilega upphæð eða 3,6 milljarða til 12 mánaða en sala þeirra víxla var mjög dræm. Pappírar seldust fyrir aðeins tæplega 1,5 milljarða þannig að ríkissjóð

vantaði um 2 milljarða kr. til að geta fjármagnað þessa innlausn. Samkvæmt þeim reglum sem nú gilda átti hann ekki í annað hús að venda en erlenda lántöku til að leita fjármagns á móti og sló erlend lán eða nýtti sér yfirdrætti sína eða dráttarlínur í erlendum bönkum.

Ég tel að enn ein vísbending sé á ferðinni um það sem er að gerast í peningamálum og vaxtamálum. Sú staða er komin upp að nú eru það ekki lengur aðeins húsbréfin sem ekki seljast á þeirri ávöxtunarkröfu sem ríkisstjórnin hefur einsett sér að halda. Eins og kunnugt er hafa nánast engin húsbréf selst fyrir utan það sem Seðlabankinn hefur keypt af miskunnsemi sinni á undanförnum mánuðum. En nú er svo komið að ríkisvíxlarnir seljast ekki heldur á þeim ávöxtunarkjörum sem ætlunin hefur verið að halda. Þó hafa vaxtakjör eða nafnávöxtun ríkisvíxla verið á uppleið undanfarna mánuði og líklega í raun og veru á uppleið alveg frá því í apríl til júní sl. þannig að þrátt fyrir hækkandi vexti seljast ekki lengur ríkisvíxlarnir.

Ég hygg að hæstv. fjmrh. hafi fyrir ekki löngu borið sig vel og talið að nú væri staða ríkissjóðs slík að hann mundi ekki þurfa að taka frekari lán og allt væri í harla góðu lagi. En ég leyfi mér að efast um að svo sé, því miður, vegna þessara upplýsinga og ég hlýt að spyrja hæstv. fjmrh. í fyrsta lagi: Hvað segja þessi tíðindi um stöðu ríkissjóðs á þessum markaði?

Í öðru lagi: Hvað segja þau um stöðuna á peningamarkaði og um vaxtaþróunina?

Verður hæstv. fjmrh. ekki að horfast í augu við það að sú ávöxtunarkrafa sem ríkið hefur verið að reyna að verja gengur ekki upp? Ríkissjóður nær ekki lengur að uppfylla fjárþörf sína miðað við þessi viðmið. Það að flýja í erlenda lántöku getur ekki verið þróun sem við horfum til til frambúðar.

Einnig væri fróðlegt að heyra frá hæstv. fjmrh. hve mikil innlausn ríkisverðbréfa er fram undan á næstu vikum því að augljóslega munar mikið um hverja vikuna sem er svona dýr þó ég geri ekki ráð fyrir því að í hverri viku falli til innlausnar spariskírteini í þessu magni en eitthvað er væntanlega fram undan úr eldri flokkum ríkisverðbréfa á næstu vikum og fróðlegt væri að vita hvað það er mikið.

Hæstv. forseti. Ég vil að lokum minna á að í nýframkominni skýrslu Seðlabankans er greinilega verið að vara við þessari stöðu. Þar verður varla annað lesið milli línanna en að Seðlabankinn sé að boða óhjákvæmilega vaxtahækkun. Í kaflanum um vaxtamál segir m.a. að þetta leiði til þess sem áður er rakið að Seðlabankinn geti hvenær sem er þurft að beita stjórntækjum peningamála, þar með töldum vöxtum sem hann ræður eða hefur áhrif á, til þess að mæta misvægi á peninga- og/eða gjaldeyrismarkaði. Með öðrum orðum, til þess að tryggja gjaldeyrisvaraforðann og til þess að verja gengið geti Seðlabankinn á næstunni þurft að grípa til vaxtahækkana. Í því ljósi að Seðlabankinn lýsir efnahagsþróuninni að undanförnu þannig að hún hafi einkennst af rýrnun gjaldeyrisstöðu og mikilli aukningu krafna Seðlabankans á ríkisstjórn verður varla annað lesið þarna út úr samhenginu en að Seðlabankinn sé að boða vaxtahækkun.

Um þetta vil ég spyrja hæstv. fjmrh. Ég tel að nauðsynlegt sé að fá fram upplýsingar um þetta.

[15:20]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Mín er ánægjan að fá að upplýsa um nokkur atriði þessara mála sem hér er gerð fyrirspurn um. Langfyrst vil ég segja um væntanlega innlausn að nú hagar þannig til hjá ríkissjóði að desembermánuður er einhver tekjuhæsti mánuður ríkissjóðs eins og flestir vita. Að því leyti styrkist staða ríkissjóðs af tekjum sínum á síðasta hluta ársins.

Í fyrsta lagi vil ég segja að það er misskilningur að ég hafi sagt að ekki þyrfti að koma til frekari lántaka ríkissjóðs á þessu ári. Hins vegar hef ég sagt fyrr í umræðum á hinu háa Alþingi að ríkissjóður þurfi ekki að afla nýs fjár. Það þýðir að ekki er aukning á lántökunni en allan tímann hefur legið fyrir að ríkissjóður þyrfti að fjármagna vegna innlausnar eins og komið hefur fram í fréttum og nú síðast í gær.

Þetta er einungis gert til þess að svara til innlausnar á bréfum eins og nú hefur gerst.

Í öðru lagi vil ég láta koma fram að erlendar lántökur hafa ávallt verið í myndinni og er eðlilegt að svo sé. Langt er síðan ríkissjóður dró á erlend lán með þeim hætti sem hann gerir nú og ekkert óeðlilegt er við þessar lántökur jafnvel þó þær séu 1–2 milljörðum meiri en við sjálfir hefðum vonað í upphafi árs, einfaldlega vegna þess að verðbréfamarkaðurinn hefur verið að breytast og Íslendingar hafa greitt mikið niður skuldir erlendis og ýmsir aðilar, þar á meðal sjóðir, sveitarfélög og fyrirtæki hafa komið með auknum þunga inn á erlenda markaði. Ég vil nefna dæmi: Hafnarfjörður seldi bréf með 6,5% vöxtum, 1.300 millj. Reykjavíkurborg hefur selt bréf og ýmsir fleiri aðilar og er talið að 7–8 milljarðar hafi selst af slíkum bréfum á síðustu mánuðum vegna þess að vextir hér á landi hafa verið lægri en víðast hvar í útlöndum fyrir þá sem hafa verið að leita eftir lánum.

Þá vil ég láta koma fram að ekkert óeðlilegt er í vaxtaþróun að undanförnu. Komið hefur fram í umræðum að búast hefði mátt við því, sem nú hefur gerst, að vextir á óverðtryggðum bréfum mundu hækka lítils háttar og sú hækkun hefur þegar komið fram.

Líka er ljóst að lausafjárstaða bankanna versnar venjulega á síðustu mánuðum ársins en á sama tíma batnar staða ríkissjóðs. Í þessu sambandi er vert að benda á að lausafjárstaða bankanna er rúmum 4 millj. lakari eftir septembermánuð en var áður en á sama tíma minnkar útistandandi krafa á ríkissjóð í ríkisvíxlum úr 21,5 milljörðum í 16,2 milljarða kr.

Það er rétt sem kom fram hjá hv. þm. að samspil er á milli gengis og vaxta og það verður enn þá fastara og meira eftir að íslenski markaðurinn opnast fullkomlega gagnvart erlendum mörkuðum. Af þessu tilefni tek ég fram að gengi íslensku krónunnar er ákaflega sterkt um þessar mundir og nefni ég í því sambandi gengisvísitöluna, þ.e. það hefur styrkt gengið með því að gengisvísitalan hefur lækkað og gengið þess vegna styrkst að undanförnu. Mismunurinn frá miðju, misgengis, var t.d. 25. okt. 1,57 en er 1,13 í dag. Þetta þýðir að gengi

íslensku krónunnar er sterkara nú en áður.

Þá vil ég nefna til viðbótar að peningamagn hefur ekki aukist umfram það sem búist var við. Viðskiptajöfnuður er með afgangi í ár og því er spáð einnig á næsta ári og sýnir það hve sterk staða íslenska gjaldmiðilsins er.

Varðandi útstreymi fjármagns úr landi sem stundum er rætt um í þessu sambandi er hægt að benda á að útstreymið hefur verið nokkuð. Það skýrist í fyrsta lagi af því að greitt hefur verið niður af erlendum endurlánum, um 10,5 milljarðar, kaup í verðbréfum eru 6 milljarðar, þar af eru 3 milljarðar sem telja má til íslenskrar útgáfu. Loks fara um 4 milljarðar til framvirkra samninga.

Virðulegur forseti. Að öllu samanlögðu er ekkert sem hefur komið fram að undanförnu sem bendir til þess að óeðlilegir hlutir séu að gerast, hvorki varðandi lánsfjáröflun ríkissjóðs, vaxtaþróun né gengi íslensku krónunnar sem aldrei hefur verið sterkari en nú á undanförnum mánuðum.

[15:25]

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Ég held að það sé alveg ljóst að hæstv. núv. ríkisstjórn hefur skapað verulega óvissu á peningamarkaðinum. Skuld ríkissjóðs við Seðlabankann er komin í 24 milljarða. Hún hefur aukist á árinu 1994 um 15 milljarða. Hreinar skuldir hins opinbera hafa aukist um helming á þessu kjörtímabili. Skuldirnar voru rúmir 15 milljarðar 1991 en eru áætlaðar 1995 rúmir 30 milljarða.

Ég held að það sé alveg ljóst að samkvæmt upplýsingum Seðlabankans sem koma fram á bls. 24 í nýju riti um þessi mál.

Það er ljóst að útgáfa ECU-bréfanna hefur skapað verulega óvissu á peningamarkaðinum. Þar eru vextir 8,6% og þá er reiknað með yfir 3% verðbólgu. M.a. af þessum sökum seljast ekki ríkisvíxlar og ríkispappírar í þeim mæli sem áður gerðist.

Ég spyr því hæstv. fjmrh.: Hvað hyggst ríkisstjórnin fyrir til að eyða þessari óvissu?

Á bls. 27 í skýrslu Seðlabankans kemur fram að búast megi við því með litlum fyrirvara að það þurfi að breyta vöxtum. Ég tek skýrt fram að ég er algjörlega andvígur vaxtahækkun og styð ríkisstjórnina í því að reyna að gera það sem hún getur til þess að lækka vexti þannig að fjárfestingar komist af stað á nýjan leik. En ég sé ekki að hæstv. fjmrh. hafi eytt þeirri óvissu sem nú er á peningamarkaðinum með því sem hann sagði áðan.

Ég óttast að vextir kunni að hækka nema það komi alveg skýrt fram hjá ríkisstjórninni að hún ætlar að gera allt sem í hennar valdi stendur til að koma í veg fyrir þetta og nú séu í gangi viðræður við bankakerfið og Seðlabankann um þessi mál sem leysa þá óvissu sem nú er ríkjandi.

[15:28]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Kannski væri ekkert óeðlilegt við það og ekkert við því að segja á þenslutímum að ríkissjóður þyrfti að grípa til þess að taka erlend lán til þess að mæta innlausn ríkisvíxla og ekki væri það framboð af fjármagni innan lands að því væri hægt að mæta á þeim vettvangi. En þegar það gerist hins vegar, eins og staðan er í dag, þar sem fjárfesting í atvinnulífinu er komin undir hættumörk, þar sem það liggur fyrir að einstaklingar halda að sér höndum eftir föngum og reyna að verjast því að auka enn við skuldsetningu heimilanna, að við þessar aðstæður sé svo komið að Seðlabankinn sé búinn að nota sem nemur tvöföldu eigin fé sínu til þess að kaupa ríkispappíra til þess að reyna að viðhalda vaxtastefnu ríkisstjórnarinnar, þá er eitthvað að. Það sem er að er að peningamarkaðurinn er yfirfljótandi af ríkispappírum, skuldabréfum, ríkisvíxlum og nú ECU-bréfunum, húsbréfunum, sem öll eru með ríkisábyrgð, og síðan hefur ríkissjóður þurft að fjármagna í gegnum sig aðra fjárþörf Húsnæðisstofnunar. Þrátt fyrir það sem ég nefndi áðan, að á öllum öðrum sviðum er samdráttur í eftirspurn eftir lánsfé, að við þessar aðstæður þurfi ríkissjóður að leita til útlanda til þess að geta greitt upp ríkisvíxla, þá er eitthvað mikið að. Og ég held að hæstv. fjmrh. verði að koma með betri og frambærilegri skýringar en hann hefur gert áður.

[15:30]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hæstv. forseta fyrir að leyfa þessa umræðu og einnig hæstv. fjmrh. fyrir svörin. Ég varaði við því í umræðum hér á þingi fyrir nokkru síðan að það væru ískyggileg hættumerki á ferðinni varðandi stöðu peningamála og vaxtastigið, að spilaborgin eða móverkið væri í raun og veru að hruni komið, fyrst og fremst í gegnum það að nú gæti Seðlabankinn ekki meir, nú væri hann kominn á endastöð í sínum kaupum á bréfum og stæði ekki lengur undir því að halda þessu á floti. Þessar upplýsingar komu mjög skýrt fram í heimsókn bankastjóra til efh.- og viðskn.

Það er algerlega óþolandi og ískyggilegt ef vextirnir fara upp á við á nýjan leik og almenn vaxtahækkunarskriða gengur yfir þjóðfélagið. Í því sambandi eru þær breytingar sem fram undan eru um næstu áramót mikið áhyggjuefni, þ.e. þá verður endanlegt frelsi til fjármagnsflutninga úr landi virkt. Auðvitað hefðu málin þurft að standa miklu betur þegar að þeim breytingum kæmi. Annað eykur hættuna á því að þá skapist enn meira upplausnarástand og það er auðvitað alveg sýnilegt að það er yfirvofandi stórhætta á vaxtahækkun með þeim ískyggilegu afleiðingum sem það mundi hafa og hugsa ég þá ekki síst um skuldsett íslensk heimili sem því miður hafa enn verið að auka við skuldir sínar á þessu ári eins og kunnugt er.

Ég skil það vel, hæstv. forseti, að hæstv. fjmrh. reyni að bera sig vel, það er út af fyrir sig ekki mikið annað fyrir hann að gera í þeirri stöðu sem slíkir eru jafnan en að reyna að bera sig mannalega. En ég held að hæstv. fjmrh. hljóti að vera ljóst að staðan er afar veik og það er mikil þörf á öflugum viðnámsaðgerðum ef ekki á illa að fara og vaxtahækkunarskriða að ganga yfir. Ég hvet því hæstv. fjmrh. til þess að leggja fram áætlun um öflugar viðnámsaðgerðir til þess að missa ekki vextina upp.

[15:33]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. ræðumönnum fyrir hlýjan hug þeirra í garð ríkissjóðs og þakka þeim fyrir skilning á stefnu ríkisstjórnarinnar við að halda vöxtum niðri.

Í fyrsta lagi vil ég endurtaka það sem fram hefur komið og enginn hefur mótmælt í þessari umræðu að sjálfsögðu og það er að gengi íslensku krónunnar er ákaflega sterkt um þessar mundir og hefur heldur styrkst undanfarnar vikur.

Í öðru lagi held ég að það sé mjög mikilvægt að það komi fram þegar litið er til þjóðarinnar í heild að íslenska þjóðin er að greiða niður erlendar skuldir sínar jafnvel þótt ríkissjóður sem slíkur þurfi um tímabundin skeið að taka erlend lán, þá hefur það gerst á móti og það er það sem er mikilvægt í þessu, að innlendir aðilar sem ella hefðu tekið lán erlendis taka nú lán á innlendum verðbréfamarkaði og hafa að undanförnu tekið lán að upphæð 7–8 milljarða kr. Þetta eru aðilar eins og opinberir sjóðir, opinber fyrirtæki ýmiss konar og fyrirtæki, sem starfa hér á landi, eru sterk og vilja ekki borga þá vexti sem er boðið upp á í lánastofnunum. Þetta vil ég að komi sérstaklega fram.

Í þriðja lagi vil ég benda á að lánamál ríkisins hafa þróast mjög eðlilega og ástæðan fyrir því er óskaplega einföld. Hún er sú að ríkisfjármálin í ár eru með svipuðum hætti og gert var ráð fyrir í fjárlögum og lánsfjárlögum yfirstandandi árs. Að öllu samanlögðu kemur í ljós að það er engin ástæða til þess að óttast að vaxtaþróun hér á landi eða þróun lánamála ríkisins sé með þeim hætti að menn þurfi að hafa áhyggjur af því. Aldeilis þvert á móti hafa hlutirnir gengið þannig til eins og gert var ráð fyrir í upphafi jafnvel þótt það skakki einum eða tveimur milljörðum sem ég hef þegar gefið hér eðlilegar skýringar á.

Loks, virðulegi forseti, hefur áður verið rætt um það að við getum auðvitað búist við einhverjum sveiflum í vöxtum, ekki síst á skammtímamarkaði, m.a. vegna þess að íslenski lánsfjármarkaðurinn er ekki lengur og verður ekki lengur jafneinangraður og hann var á sínum tíma. Til lengri tíma litið mun það fyrst og fremst hjálpa okkur Íslendingum vegna þess að þetta hefur tilhneigingu til að halda vöxtunum niðri en ekki uppi eins og flestir vita.

[15:35]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Mér þótti miður að heyra þessa yfirlýsingu hæstv. forseta um að það hefði nú verið æskilegast að hægt hefði verið að meina mér um það. Það sem ég vil benda hæstv. fjmrh. á er það að hann hefur í tvígang, bæði í sinni fyrri og seinni ræðu, bent á það að aðrir aðilar en ríkið hefðu verið að koma að fullum ... Virðulegi forseti. Nú vil þannig til að ég er að beina máli mínu til hæstv. ráðherra. (**Fjmrh.:** Það er tilgangslaust af því að hann má ekki tala. Þess vegna spyr ég hvort megi veita andsvar.) (**Gripið fram í:** Farið þið bara í kaffi saman.)

Virðulegur forseti. Hæstv. fjmrh. hefur í tvígang, bæði í upphafsorðum sínum og í seinna svari, bent á það að aðrir aðilar en ríkið hafi komið af fullum þunga inn á innlendan skuldabréfamarkað. Það er alveg rétt, þeir hafa keypt þar á milli 7 og 8 milljarða. En þessir aðilar hafa fyrst og fremst verið að leysa af aðra innlenda lántöku með þessum skuldabréfakaupum. Þannig er það nánast alfarið hvað atvinnulífið snertir. Þetta eru leiðir sem það hefur haft til að komast undan afar háum vöxtum í bankakerfinu og ég hygg að það gildi það sama um sveitarfélögin þannig að þegar þetta hefur gerst hefur losnað um fjármagn á móti á hinum innlenda peningamarkaði. Mér finnst því langsótt sú skýring fjmrh. sem þarna er sett fram og þetta breytir ekkert stærðunum í peningamagninu í umferð þannig að eftir stendur að spennan sem er á markaðinum er fyrst og fremst vegna mikils framboðs af ríkispappírum.

Fundi slitið kl. 15:38.

---

27. FUNDUR

mánudaginn 7. nóv.,
að loknum 26. fundi.

Dagskrá (fyrirspurnir):

Til forsætisráðherra:

1. Fjárveiting til vegagerðar í Reykjavík, fsp., 151. mál, þskj. 159.
2. Skráning nafna í þjóðskrá, fsp., 78. mál, þskj. 78.

Til umhverfisráðherra:

3. Mengun af völdum erlendra skipa, fsp., 81. mál, þskj. 81.
4. Förgun framköllunarvökva, fsp., 143. mál, þskj. 150.

Til samgönguráðherra:

5. Olíumengun á sjó, fsp., 82. mál, þskj. 82.
6. Framkvæmdir í samgöngumálum í kjölfar sameiningar sveitarfélaga, fsp., 121. mál, þskj. 126.

Til landbúnaðarráðherra:

7. Innflutningur garðávaxta, fsp., 163. mál, þskj. 176.

Til menntamálaráðherra:

8. Reglur LÍN um nám foreldra fatlaðra barna, fsp., 116. mál, þskj. 119.
9. Lán til náms í iðnhönnun, fsp., 149. mál, þskj. 157.

Til fjármálaráðherra:

10. Áhrif EES-samningsins á forsendur fjárlaga, fsp., 133. mál, þskj. 139.
11. Skattfrelsi leigutekna af íbúðarhúsnæði, fsp., 158. mál, þskj. 171.

Til félagsmálaráðherra:

12. Skuldastaða heimilanna, fsp., 150. mál, þskj. 158.
13. Húsaleigubætur, fsp., 157. mál, þskj. 170.

Fjárveiting til vegagerðar í Reykjavík.

Fsp. GHelg. 151. mál. — Þskj. 159.

[15:38]

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir):

Hæstv. forseti. Hinn 20. sept. sl. kynnti hæstv. forsrh. tillögur um umfangsmikið átak í vegaframkvæmdum um land allt næstu þrjú árin. Af 7 milljörðum kr. skyldi 4 varið til stórátaks í vegagerð í Reykjavík en 3 milljörðum utan höfuðborgarsvæðisins. Breikkun Ártúnsbrekku og brúnna yfir Elliðaár úr fjórum akgreinum í sex yrði langstærsta framkvæmdin en hæstv. forsrh. kynnti einnig stórátak í vegamálum á Reykjanesi og víðar. Hugmyndin var að fjármagna framkvæmdirnar sem vera skyldu átak til aukinnar atvinnu með láni úr lífeyrissjóðum til 10 ára sem endurgreitt yrði með hækkun bensíngjalds eftir tvö ár. Veruleg vinna liggur þegar í undirbúningi að hönnun þessara miklu framkvæmda og eins og gefur að skilja fengu þessar hugmyndir góðan hljómgrunn hjá forustumönnum verkalýðshreyfingarinnar. Orðrétt sagði hæstv. forsrh. í viðtali við Stöð 2 20. sept. sl., með leyfi hæstv. forseta:

„Viðtökurnar hafa verið góðar. Aðilar vinnumarkaðarins, verkalýðshreyfingin sérstaklega, hefur mjög barist fyrir því að þetta yrði gert. Menn sjá þetta fyrir sér sem mikilvægan þátt í að tryggja atvinnuuppbyggingu í þessu landi, að vegagerðin sé í lagi. Þetta eru kannski bestu framkvæmdirnar sem við getum farið í, því þær leiða til sparnaðar en kalla ekki á útgjöld eins og sumar aðrar framkvæmdir sem menn fara í. Við eigum eftir að finna leið til útfærslunnar en við verðum að hafa tiltölulega hraðar hendur þannig að hægt verði að byrja á ákveðnum útboðum nú þegar eða mjög fljótlega. Þannig á ég von á því að menn taki þessum hugmyndum vel."

Þegar kom í ljós að framkvæmdastjóri Vinnuveitendasambandsins taldi hugmyndirnar „töluvert glannalegar" eins og hann sagði. Þær kölluðu á verðbólgu og hækkun vaxta en forseti ASÍ taldi lífeyrissjóðina geta lánað þetta fé en hafði efasemdir um endurgreiðsluna. Hann benti á að hækkun bensíngjalds mundi hækka framfærsluvísitölu og þar með kalla á launahækkanir.

Orð hæstv. forsrh. virtust harla léttvæg gegn áliti framkvæmdastjóra Vinnuveitendasambandsins þegar frv. til fjárlaga leit dagsins ljós skömmu eftir yfirlýsingar hans. Í frv. er gert ráð fyrir 6 milljörðum og 175 millj. kr. í vegaframkvæmdir samanborið við 6 milljarða 970,2 millj. í fjárlögum 1994. Þessi lækkun milli ára skýrist af brottfalli hins sérstaka framkvæmdaátaks vegna atvinnumála, en til þess voru veittar 900 millj. í fjárlögum 1994. Framlag til vegamála árið 1995 er 275 millj. kr. lægri fjárhæð en markaðir tekjustofnar eru taldir gefa. Sl. ár var skerðingin 370 millj. kr.

Hjá Vegagerð ríkisins er staðfest að engar ákvarðanir hafi verið teknar um þessar framkvæmdir sem hæstv. forsrh. lofaði og því hef ég leyft mér að bera fram fsp. sem liggur frammi á þskj. 159 og beint er til hans og ég ætla ekki að lesa hana, hæstv. forseti, þar sem tími minn er búinn, en vænti svars hæstv. ráðherra.

[15:42]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti. Hv. 14. þm. Reykv. hefur borið hér fram fyrirspurn sem hún hefur gert grein fyrir og lýst aðdraganda þessa máls sem er auðvitað réttur í öllum meginatriðum að því undanskildu að ég var ekki út af fyrir sig að lofa einu eða neinu á þessu augnabliki. Ég var að vitna til yfirlýsingar sem gefin var 19. maí sl. í tengslum við endurmat á stöðu kjaramála í landinu og þar kom fram að nauðsynlegt væri að um aðgerð af þessu tagi næðist víðtæk sátt, ekki síst aðila á vinnumarkaði. Það urðu mér því vonbrigði að sú hugmynd sem ég setti fram fékk töluverða andspyrnu þegar hún var kynnt.

Nú hefur hins vegar tekist sátt í málinu milli allra þessara aðila. Ég átti fund í morgun með forseta Alþýðusambandsins og embættismönnum hans og framkvæmdastjóra Vinnuveitendasambandsins og sérfræðingum hans þar sem var farið yfir málið á nýjan leik. Málið hefur breyst að því leyti til að menn eru að tala um að taka áfanga sem ekki nær til tíu ára heldur til fimm ára og þá eru menn að tala um fjárhæð á fimm ára tímabili sem mundi kannski framkvæmast á þremur og hálfu ári eða svo þar sem væru 3,5 milljarðar kr. Þessir 3,5 milljarðar kr., sem væri sérstök fjárveiting til vegagerðar, mundu skiptast því sem næst í hlutfalli við íbúafjölda viðkomandi kjördæma. Það mundi þýða að í hlut höfuðborgarsvæðisins þar sem að mínu mati er nú þörfin brýnust, kæmu um 60% sem mundu vera 400 millj. miðað við heilt ár til þess svæðis. Til viðbótar mundi verða á öðrum vegum til þjóðvega væntanlega nálægt 300 millj. kr. þannig að það væri um að ræða þá 700 millj. rúmar sem kæmu til þessara framkvæmda. Ég gerði borgarstjóranum í Reykjavík í símtali grein fyrir þessum atriðum í morgun og ég vænti þess að borgarstjórinn hafi gert bæjarstjórum á bæjarstjórafundi í dag grein fyrir þessum hugmyndum.

Það sem leiddi til sáttar í málinu milli þessara aðila þannig að þeir hafa báðir lýst yfir fullum stuðningi við þessa aðgerð nú er það að ekki er tekið jafnstórt skref og ég hafði rætt um sem uppfyllir þau sjónarmið Vinnuveitendasambandsins að menn eigi ekki að ganga „glannalega" fram í málinu. Á hinn bóginn hvað snertir þau sjónarmið sem hv. þm. réttilega vitnaði í af hálfu forseta Alþýðusambandsins og hans samtaka þá er gert ráð fyrir því að tekjuauki af þessu tilefni nái aðeins til helmings útgjaldanna þannig að framfærsluvísitala hækki minna en ella en annað verði sett sem sérstakt framlag árlega frá ríkissjóði.

Ef þessi verður niðurstaðan, sem sátt er um milli mín og þessara aðila og ég vona að fái framgang í þinginu mundi, við lauslega áætlun, gjaldtakan vegna þessara framkvæmda þýða 0,13% hækkun framfærsluvísitölu og 0,04% hækkun lánskjaravísitölu sem þessir aðilar, aðilar á vinnumarkaðinum, telja innan þeirra marka sem ásættanleg séu og lýsa þess vegna yfir fullum stuðningi við þessa aðgerð.

Ég vil þó taka fram að það er ljóst að þarfirnar á höfuðborgarsvæðinu eru mun meiri heldur en þessar, en engu að síður er ljóst að þessi fjárhæð mun gjör-

breyta stöðunni hér og jafnframt mun það sem kemur í hlut annarra verkefna um landið hafa þýðingarmikil áhrif á ýmsar framkvæmdir þar. Með þessu er gert ráð fyrir því að þessu fjármagni verði skipt með öðrum hætti en tíðkast við gerð vegáætlunar þannig að hér verði þessi fjárhæð nær samhengi við bensíneyðsluna á viðkomandi svæðum. Það er að vísu ekki fundið út með því að setja bensíngjald eyrnamarkað við sölu heldur miðað við íbúafjölda á viðkomandi svæðum. Ég vænti þess að þetta muni hafa mikla þýðingu fyrir höfuðborgarsvæðið, fyrir höfuðborgina sérstaklega og reyndar svæðin hér í heild, og tel mig þá hafa, hæstv. forseti, svarað fyrirspurn hv. þm. vonandi fyllilega.

[15:47]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er mjög stórt mál á ferðinni. Ég veit ekki hvort þingmenn átta sig allir á því að það er búið að bíða og bíða eftir ákvörðun frá framkvæmdarvaldinu, forsrh., sem á sínum tíma gaf ákveðin fyrirheit. Það er búið tala og tala og tala en það er ekkert gert.

Ef ég skildi hæstv. forsrh. rétt þá er þetta enn þá á hugmyndastigi, það hefur engin ákvörðun verið tekin um það að fara út í þessar framkvæmdir. Hins vegar er Vegagerðin búin að bjóða út fyrsta áfanga að byggingu mislægra gatnamóta á gatnamótum Vesturlandsvegar og Höfðabakka og verktakar bíða og verktakar eru mjög uggandi og borgaryfirvöld eru mjög uggandi vegna atvinnuástandsins sem fram undan er í Reykjavík. Þannig að það er mjög mikilvægt að það verði ekki beðið lengur eftir ákvörðun um að hefja þessar framkvæmdir. Eins og fram kom hjá hæstv. forsrh. þá hefur Reykjavík og höfuðborgarsvæðið borið mjög skarðan hlut frá borði þegar vegafé á í hlut, þannig að það er mjög brýnt að við fáum ákvörðun um að hefja þessar framkvæmdir og það sem fyrst.

[15:48]

Svavar Gestsson:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. 14. þm. Reykv. fyrir að taka þetta mál upp. Satt að segja er það til skammar hvernig haldið hefur verið á þessu máli. Það hefur verið í lausu lofti mjög lengi. Það er búið að bjóða út framkvæmdir og verktakar hafa beðið langtímum saman eftir að fá niðurstöðu mála og borgaryfirvöld sömuleiðis og ég heyri ekki betur en staðan sé enn þá þannig, eins og hv. síðasti ræðumaður sagði, að það hafi í raun og veru ekki verið teknar ákvarðanir í þessu efni heldur svífi hlutirnir enn þá í lausu lofti. Ég tel þess vegna ástæðu til þess að hvetja hæstv. forsrh. til að knýja fram afdráttarlausa og endanlega niðurstöðu í þessu máli allra næstu daga vegna þess að í raun og veru má engan tíma missa með tilliti til þess framkvæmdatíma sem við höfum hér í landinu. Þessi fyrirspurn staðfestir auðvitað, hæstv. forseti, það sem áður hefur verið sagt í þessum ræðustól, en ekki mjög oft, að það er nauðsynlegt að fara sérstaklega yfir samgöngumál þéttbýlissvæðisins mikið betur í þessari stofnun en gert hefur verið nokkurn tíma áður.

[15:49]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Það ber að þakka það að þessi fyrirspurn komið fram og það skýrir kannski málið fyrir mönnum að nú skuli vera nýlega búið að halda fund um þessi mál þar sem menn stefna að nýrri niðurstöðu og að það skuli ekki enn hafa verið rætt t.d. á vettvangi samgn. þingsins. Það liggur fyrir að það eigi að endurskoða vegáætlun í vetur. Það hefur ekki verið rætt um þetta mál í samhengi við það. Auðvitað er þetta staðfesting á því að þessi hæstv. ríkisstjórn ætlar að halda áfram þeirri vitleysu að taka lán til vegagerðar án þess að það sé tekið inn á áætlanir með hvaða hætti eigi að greiða það til baka. Hæstv. ráðherra kom því ekki til skila, a.m.k. ekki í umræðunni áðan, hvernig ætti að greiða þetta til baka eða hvort það ætti að safna þessum skuldum sem skuldum á Vegasjóð fyrir næstu ár. Ég held að það kunni ekki góðri lukku að stýra hvernig með þessi mál er farið. Ég held að menn verði að gera kröfur til þess að það verði staðið eðlilegar að þessum málum heldur en hæstv. ríkisstjórn er búin að gera á þessu kjörtímabili og ætlar að bæta enn við með þeim hætti sem hér liggur fyrir.

[15:51]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Ég vil í þessu sambandi lýsa því að ég geri mér fulla grein fyrir því í sjálfu sér að það eru ýmsar framkvæmdir í vegamálum á höfuðborgarsvæðinu sem eru brýnar, en svo er reyndar um allt land. Þannig að það er ekkert einsdæmi að menn sjái fram á brýnar framkvæmdir í vegamálum.

Ég vil hins vegar í þessari umræðu vekja athygli á því að Alþingi hefur borið gæfu til þess að líta á vegamálin sem mál sem ætti að leysa út frá sameiginlegum hagsmunum landsmanna allra. Ekki fara með þau í það kjördæmahorf sem hér er verið að gera. Ég ítreka það að góð vegagerð um allt land, sem tengir saman byggðirnar og landshlutana, er ekki síst mikið hagsmunamál fyrir Reykjavík sem höfuðborg viðskipta og verslunar, ég tala nú ekki um fyrir ferðaþjónustuna sem Reykjavík nýtur ekki hvað síst góðs af. Þannig að ég vara við því að setja málið í þetta samhengi.

[15:52]

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Það eru framkvæmdir í vegamálum í Reykjavík sem um er rætt hér. Þær hafa samkvæmt útreikningum Vegagerðar og ég hygg borgaryfirvalda líka, staðfest að það er um 30% arðsemi af flestum þeim framkvæmdum sem ráðast á í í höfuðborginni. Þannig að auðvitað eru þetta, þó menn leggi það ekki nema bara á þá vogarskál, brýnustu framkvæmdir í vegamálum, ég tek undir það með hæstv. forsrh. Það skiptir því mjög miklu máli að menn raði þeim hér upp í rétta forgangsröð þegar menn eru að ganga frá vegáætlun.

Ef ég hef tekið rétt eftir hjá hæstv. forsrh. þá er gert ráð fyrir því að 1.100 millj. samkvæmt þessum útreikningum fari til þessara framkvæmda á höfuðborgarsvæðinu, en þá spyr ég í framhaldi af því: Hversu

háa upphæð er búið að skuldbinda í fyrir fram greiddum upphæðum af þessari upphæð, þ.e. í lánum og öðru slíku sem þarf að borga af út af lántöku við vegaframkvæmdir í Reykjavík á undanförnum árum?

Ég sá á fundi sem ég átti með Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu að það eru 1,5 milljarðar kr. sem gert er ráð fyrir að þurfi í vegaframkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu þannig að umferð geti gengið með eðlilegum hætti á næstu árum.

[15:54]

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Ég vil bara taka undir það sem fram hefur komið hér í umræðunum, að hér er um mál að ræða sem varðar ekki einasta framkvæmdirnar sem slíkar heldur einnig atvinnumál og mikilsvert atvinnumál. Það er ljóst að það eru miklar sveiflur í þeirri atvinnugrein sem hér er um að ræða og það þarf að taka mið af því að það er mjög kostnaðarsamt að vera með mikið atvinnuleysi.

Það er líka búið að reikna það út og það kom fram á fundi þingmanna Reykjavíkur og Reykjanesskjördæmis með sveitarstjórnarmönnum fyrir stuttu síðan að hér er um mjög arðbærar framkvæmdir að ræða í mörgum tilvikum og mér finnst ekki að hæstv. forsrh. geti vikist undan því að standa við þau stóru orð sem hann viðhafði hér fyrr í haust þar sem hann gaf fyrirheit um töluvert mikið meira heldur en núna virðist vera rétt á umræðustigi. Það hlýtur að vera krafa okkar sem tökum þátt í þessari umræðu og höfum heyrt í hæstv. ráðherra að hann standi við stóru orðin.

[15:55]

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir með þeim sem sagt hafa að þetta mál hljóti að sjálfsögðu að koma til Alþingis og verða rætt á grundvelli vegalaga og ég ætla því ekki að fjölyrða um það. Hitt vekur furðu mína að hæstv. samgrh. skuli ekki vera viðstaddur þessa umræðu þar sem hér er verið að ræða stórt átak í vegamálum sem að sjálfsögðu allir hljóta að fagna að gert verði. Eðlilega hefur hv. fyrirspyrjandi borið fsp. sína fram til forsrh. þar sem það var hann sem tilkynnti um aðgerðir í vegamálum, en það er dálítið sérstakt að hæstv. samgrh. skuli ekki telja ástæðu til að vera viðstaddur þessa umræðu því væntanlega hefur málið ekki algjörlega verið tekið úr hans höndum.

[15:56]

Kristín Einarsdóttir:

Frú forseti. Ég vil vekja athygli á því að þær framkvæmdir sem hér er vakin athygli á, þ.e. vegaframkvæmdir á mótum Höfðabakka og Vesturlandsvegar, eru á vegáætlun. Það var búið að gefa fyrirheit um að þessar framkvæmdir ættu að eiga sér stað, það gerði hæstv. forsrh. strax í vor. Menn tóku það þannig og Vegagerðin tekur það þannig og það er búið að bjóða verkið út. Mér finnst því ákaflega einkennilegt þegar hér koma menn síðan upp, eins og hv. 6. þm. Norðurl. e., og skammar okkur Reykvíkinga fyrir það að vera að tala um okkar kjördæmi. Ég held að þetta sé nærri því í fyrsta skipti sem Reykvíkingar tala um vegaframkvæmdir hér á Reykjavíkursvæðinu, en ég veit ekki hversu oft er verið að ræða um önnur kjördæmi og vegaframkvæmdir þar. Það er því hlægilegt að láta sér detta í hug að við megum ekki opna munninn hér, þingmenn Reykjavíkur, um eitthvað sem gerist í okkar eigin kjördæmi. Það er búið að tala nógu lengi og nú þarf að fara að framkvæma.

[15:58]

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svör hans og öðrum hv. þm. fyrir þátttöku í þessum umræðum. En vegna orða hv. 6. þm. Norðurl. e. vil ég segja þetta: Brýn þörf landsbyggðarinnar fyrir bættum samgöngum hefur haft forgang um langt skeið og þingmenn Reykv. hafa viðurkennt nauðsynlegan forgang hinna dreifðu byggða. En nú er svo komið að höfuðborgarsvæðið getur ekki lengur búið við það ástand í vegamálum sem við blasir. Sannleikurinn er sá að yfirmönnum vegamála í Reykjavík er löngu ljóst að í óefni stefnir í umferðarmálum í höfuðborginni verði ekki til einhverra ráða gripið. Til stendur að byggja íbúðahverfi við Korpúlfsstaði og fyrir ofan Vesturlandsveg og þá eykst umferðarþungi í austurhluta borgarinnar verulega. Því er spáð af þeim sem best þekkja til að árið 2008 verði hreint neyðarástand á þeim götum sem árið 1991 var meiri umferð á en sem nemur 70% af flutningsgetu gatnanna. Nú þegar búa menn við umferðaröngþveiti í umferðaræðum, t.d. frá Grafarvogsbyggðinni, versni færi hið minnsta og það gildir um fleiri svæði í höfuðborginni.

Það er nú svo að í borgarstjóratíð núv. hæstv. forsrh. var ekki mikið lagt upp úr því að hafa samband við þingmenn Reykv. og kannski gætum við viðurkennt að við höfðum of lítið samband okkar á milli og ýmsar framkvæmdir látnar ganga fyrir í höfuðborginni framar vegamálum, svo sem ráðhússbygging og perlubygging og hvað þetta hét nú allt saman og hefði verið nær að líta á gatnakerfi borgarinnar.

En ég býst við að tími minn sé þrotinn. Í bréfi frá Vegagerðinni, undirritað af Jóni Rögnvaldssyni aðstoðarvegamálastjóra, sem dagsett er í dag, segir svo:

„Vegna fyrirspurnar þinnar um viðbótarfé til vegagerðar skal upplýst að Vegagerðinni er ekki kunnugt um hvort það mál hafi fengið endanlega ákvörðun."

Nú tilkynnir hæstv. forsrh. að skyndifundur hafi verið haldinn og ég vænti þess að fyrirspurn mín hafi komið hreyfingu á málið. En mér gefst því miður ekki tími, frú forseti, til þess að rekja það frekar hversu mikil þörf er á umbótum hér í Reykjavík og okkur þykir náttúrlega það sem nú virðist vera í boði harla lítið miðað við það sem auglýst var í september sl.

[16:00]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti. Mér finnst merkilegt að þingmenn skuli tala um það sem harla lítið sérstakar aukafjárveitingar upp á 3,5 milljarða og mér finnst reyndar sumt í umræðunni hér afskaplega kostulegt. Sjálfsagt hef ég ekki talað nægilega skýrt. Ákvörðun hvað þetta varðar er tekin af framkvæmdarvaldsins hálfu. Um

þessa tillögu er sátt og framkvæmdarvaldið mun gera þessa tillögu. Ég kunni hins vegar ekki við og fannst það ekki viðeigandi og alls ekki í þessum sal, að segja að þessi ákvörðun væri endanlega ákveðin því hún verður ekki endanlega ákveðin nema hér.

En af minni hálfu og ríkisstjórnarinnar þá er það ákvörðun og um þessa ákvörðun er sátt. Þannig að ef þessari ákvörðun verður ekki spillt hér í þinginu þá verður þessi ákvörðun tekin. En ég kunni ekki við að segja að þetta væri endanleg ákvörðun og segja það hér framan í þingheim. En að svo miklu leyti sem ég einn eða ríkisstjórnin getur tekið síka ákvörðun þá hefur slík ákvörðun verið tekin. Og ef þetta fær stuðning hér í þinginu þá eru engin vandamál. (Gripið fram í.) Samgrh. er á kafi í málinu og algerlega sáttur við það. Hann skrifaði reyndar merkilega grein í Morgunblaðið á dögunum sem mátti túlka sem stuðning við málið og allir aðrir góðir menn hljóta að styðja þetta mál því málið er þannig vaxið.

Skráning nafna í þjóðskrá.

Fsp. HjálmJ, 78. mál. — Þskj. 78.

[16:02]

Pálmi Jónsson:

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir fsp. á þskj. 78 til hæstv. forsrh. um skráningu nafna í þjóðskrá. Fyrirspurnin er, eins og hæstv. forseti gat um, flutt af varaþingmanni Sjálfstfl., Hjálmari Jónssyni.

Í gögnum sem ég hef undir höndum kemur fram að umboðsmaður Alþingis hefur ritað Hagstofu Íslands að eigin frumkvæði og óskað eftir upplýsingum um hvort dæmi séu þess að einstaklingar séu ekki skráðir fullu nafni í þjóðskrá. Ef svo er þá leitar hann skýringa á ástæðum þess.

Í bréfi frá Hagstofu Íslands kemur fram að nokkur brögð eru að þessu og til þess liggja einkum tvær ástæður.

Í fyrsta lagi að rými á gataspjöldum hafi verið takmarkað við 23 stafi og í öðru lagi að menn hafi ekki alltaf gefið upp fullt nafn sitt þegar þeir tilkynna sig í þjóðskrá og að talsverð brögð hafi verið að því við stofnun þjóðskrárinnar að þeir væru ekki skráðir fullu nafni.

Í niðurstöðum Hagstofunnar í þessu bréfi segir m.a. svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Nokkur brögð eru að því að einstaklingar séu ekki skráðir fullu nafni í þjóðskrá, hve mikil veit Hagstofan ekki og álítur það í raun ekki sérstaklega áhugavert."

Í þessum orðum kemur fram að Hagstofan telur þetta ekki merkilegt mál. En fyrir því er þessi fyrirspurn flutt og hún hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

1. Er það ekki andstætt lögum um jafnan rétt manna að takmarkað og ófullkomið tölvukerfi hjá þjóðskrá Hagstofu Íslands ráði því hvernig nöfn manna eru rituð í opinberum skrám og gögnum, svo og hvernig menn skulu tjá nafn sitt?

2. Hyggst ráðherra beita sér fyrir breytingu á tölvukerfi Hagstofunnar í þá veru að landsmönnum verði ekki mismunað með þessum hætti?

3. Hvað kostar að gera slíka breytingu?

[16:04]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti. Fyrsta spurning þingmanns var: Er það ekki andstætt lögum um jafnan rétt manna að takmarkað og ófullkomið tölvukerfi hjá þjóðskrá Hagstofu Íslands ráði því hvernig nöfn manna eru rituð í opinberum skrám og gögnum, svo og hvernig menn skulu tjá nafn sitt?

Í nóv. 1993 óskaði umboðsmaður Alþingis upplýsinga frá Hagstofu Íslands um skráningu þjóðskrár á mannanöfnum. Hagstofan svaraði þessu erindi með ítarlegu bréfi í lok sama árs. Með bréfi 20. sept. sl. sendi umboðsmaður síðan Hagstofunni álit sitt á þessu máli. Í áliti umboðsmanns segir orðrétt:

„Í lögum nr. 37/1991 er ekki að finna sérstaka heimild fyrir Hagstofuna til þess að ákveða hvernig nafn manns skuli skráð í þjóðskrá. Verður því að leggja til grundvallar að almennt ber að skrá fullt nafn manns í þjóðskrá nema því hafi verið löglega breytt samkvæmt 21. gr. laga nr. 37/1991. Komist fullt nafn manns ekki fyrir í þjóðskrá er spurning hvernig með skuli fara. Ekki er vikið að þessu álitaefni í lögum nr. 37/1991. Miðað við það tölvukerfi sem Hagstofan notar fyrir þjóðskrá um þessar mundir er ekki unnt að skrá slík nöfn að fullu. Verður því að skammstafa þau svo hægt sé að færa nafn hlutaðeigandi manns í þjóðskrá og fullnægja lagaskyldu um skráningu. Skv. 1. mgr. 20. gr. laganna er fullt nafn manns eiginnafn hans eða eiginnöfn að viðbættu kenninafni. Skv. 1. mgr. 1. gr. laganna er heimilt að gefa barni þrjú eiginnöfn. Eru því stundum engin tök á því að skrá í þjóðskrá fullt nafn þeirra manna sem bera mjög löng nöfn eða mörg eiginnöfn, jafnvel þótt þeir óski sérstaklega eftir því að rita fullt nafn sitt með þeim hætti almennt í lögskiptum, sbr. 2. og 3. mgr. 20. gr. laga nr. 37/1991, um mannanöfn.

Ofangreind aðstaða getur hæglega leitt til mismunar. Þar sem nafnréttur er mikilsverður réttur persónuréttar tel ég nauðsyn bera til að tekið verði til athugunar hvort unnt sé að koma í veg fyrir þennan aðstöðumun við framkvæmd löggjafar um mannanöfn.

Fram kom í viðræðum sem ég átti við hagstofustjóra og skrifstofustjóra Hagstofunnar 19. apríl 1994 að til stæði að semja nýtt tölvukerfi fyrir þjóðskrá á næstu árum og yrði þá tekið til sérstakrar athugunar hvort stækka ætti stafarýmið svo hægt væri að skrá lengri nöfn í þjóðskrá. Verði ekki talið fært að skrá lengri nöfn í tölvukerfi það sem notað verður fyrir þjóðskrá tel ég nauðsynlegt að settar verði skýrar reglur um það með hvaða hætti skuli brugðist við þegar fullt nafn verður ekki skráð í þjóðskrá."

Niðurstaða umboðsmanns er orðrétt þessi:

„Samkvæmt framansögðu er það niðurstaða mín að nokkur aðstöðumunur sé við framkvæmd löggjafar um mannanöfn þar sem full nöfn þeirra einstaklinga sem

heita mjög löngum nöfnum eða mörgum eiginnöfnum verða ekki skráð í þjóðskrá. Ég tel nauðsyn bera til að tekið verði til athugunar hvort fært sé að breyta þessu. Verði slíkum breytingum ekki komið við tel ég nauðsynlegt að settar verði skýrar reglur um það með hvaða hætti skuli brugðist við þegar fullt nafn verður ekki skráð í þjóðskrá."

Mér sýnist þetta álit umboðsmannsins svara fyrsta lið fsp. að fullu.

Önnur spurningin hljóðar svo: Hyggst ráðherra beita sér fyrir breytingu á tölvukerfi Hagstofunnar í þá veru að landsmönnum verði ekki mismunað með þessum hætti?

Í áliti umboðsmanns Alþingis kemur fram að nokkur aðstöðumunur sé við framkvæmd löggjafar um mannanöfn. Í þessu felst brot á jafnræðisreglu stjórnarfarsréttar. Við þessu má bregðast með tvennum hætti. Með því að lögfesta reglur um styttingu langra nafna í þjóðskrá og öðrum opinberum gögnum eða með því að breyta tölvukerfi þjóðskrár og annarra opinberra skráa svo unnt sé að skrá löng nöfn. Ég tel óheppilegt að lögbinda reglur sem mismuna fólki og mun því beita mér fyrir því að þjóðskrá og öðrum opinberum skrám verði breytt. Með þessu yrði jafnræðisregla stjórnsýslulaga í heiðri höfð og farið til fulls eftir ábendingu umboðsmanns Alþingis. Reyndar hefur um nokkurt skeið verið unnið að undirbúningi endurnýjunar tölvukerfis þjóðskrár. Þetta verk er mjög umfangsmikið og tímafrekt og óvisst hvenær því lýkur. Endurnýjun þessi á að ná til alls tölvukerfis þjóðskrár, þar með talið til rýmis fyrir nöfn. Að fengnu áliti umboðsmanns Alþingis, sem áður var vitnað til, mun Hagstofan stefna að því að stafarými fyrir nöfn verði án takmarkana, en það var ekki raunhæfur kostur er núverandi tölvukerfi var tekið upp.

Á það má benda að mál þetta er flóknara en kann að virðast við fyrstu sýn. Tölvukerfi þjóðskrár er ekki ein tölvuskrá heldur safn skráa þar sem hver tengist annarri. Stækkun á stafarýminu hefur áhrif á allt kerfið og öll þau forrit sem þar er beitt en alls eru þau yfir 300 að tölu. Í annan stað eru fjölmargir notendur, bæði opinberar stofnanir og einkafyrirtæki eru tengd þjóðskrá eða hafa lagað kerfi sín eftir henni. Breyting á rými fyrir nöfn í þjóðskrá hefur áhrif á alla notendur og kallar á breytingu fjölmargra flókinna tölvukerfa í landinu, ella væri hætta á að við færslu nafna úr þjóðskrá í önnur tölvukerfi yrði klippt af nöfnum. Þá má benda á að á sínum tíma var rými fyrir nöfn í þjóðskrá m.a. ákveðið með hliðsjón af stærð glugga í svokölluðum gluggaumslögum sem sniðin eru samkvæmt alþjóðlegum staðli. Þessi staðall hefur ekki breyst og lengist nöfn er hætt við að hluti langra nafna hverfi séu notuð gluggaumslög. Í þessu sambandi má og benda á rými á eyðublöðum og þessu líku, en slíkt rými er oft takmarkað og sama gildir um límmiða. Aukið stafarými nafna í þjóðskrá tryggir því ekki að unnt verði að rita eða lesa nöfn fullum fetum hvar sem er og hvenær sem er.

Það sem hér hefur verið sagt breytir því ekki að nauðsynlegt er að mönnum sé gefinn kostur á að nöfn þeirra séu rituð fullum fetum í þjóðskrá. Hins vegar er sýnt að þótt breyting þjóðskrár sé möguleg og tæknilega gerleg ein sér er óvíst að hún leysi allan vanda þeirra sem bera mjög löng nöfn og vilja nota þau óstytt.

Þriðja spurning: Hvað kostar að gera slíka breytingu?

Ekki er ljóst hvað það kostar Hagstofuna að stækka rými fyrir nöfn í þjóðskrá. Ein sér yrði slík breyting afar dýr eða sem skiptir a.m.k. einum til tveimur tugum milljóna kr. Sem hluti heildarendurbóta á tölvukerfi þjóðskrár yrði hins vegar ekki um sérstakan viðbótarstofnkostnað að ræða. Ég tel því nauðsynlegt að hafist verði handa við heildarendurbætur tölvukerfisins án tafar fremur en að rokið verði til að stækka nafnarýmið eitt sér.

Eins og áður sagði hefði þessi breyting áhrif á öll tölvukerfi sem tengjast eða eru löguð eftir þjóðskrá að þessu leyti. Breyting þeirra kostar vafalaust mikið fé en þó að líkindum mismikið hjá einstökum aðilum eftir aldri kerfanna, aðlögunarmöguleikum og endurnýjunarþörf í hverju tilviki. Í þessu sambandi skiptir miklu að þær breytingar sem gera þarf í tölvukerfi þjóðskrár komi fram í einu lagi og með góðum fyrirvara þannig að stofnunum og fyrirtækjum gefist rúmur tími til að bregðast við þeim og tengja þær viðhaldi og endurnýjun eigin kerfa.

[16:10]

Pálmi Jónsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svör hans. Í þeim kemur fram að viðurkennt er að hér sé nokkuð gengið á svig við þá jafnræðisreglu sem nauðsynlegt er að hafa í heiðri. Hæstv. ráðherra lýsti því yfir að hann mundi beita sér fyrir því að leitað verði úrbóta á þessu vandamáli.

Ég tel að hæstv. ráðherra hafi þar með tekið jákvætt undir þær athugasemdir sem hér hafa verið gerðar og hyggist beita sér fyrir því að úr verði bætt. Ég tel því að fyrirspurninni hafi verið að fullu svarað og ég þakka hæstv. ráðherra fyrir.

Mengun af völdum erlendra skipa.

Fsp. PBald, 81. mál. — Þskj. 81.

[16:11]

Fyrirspyrjandi (Petrína Baldursdóttir):

Virðulegi forseti. Tilefni fsp. minnar til umhvrh. er mengun sú sem átti sér stað á Faxaflóa og á ströndinni á Seltjarnarnesi og Kjalarnesi í september sl. þegar flutningaskipið Carvik frá Kýpur tók niðri fyrir utan Hafnarfjörð. Talið er að nokkur tonn af olíu hafi farið í sjóinn. Hreinsa varð fjöruna í Bakkavík á Seltjarnarnesi. U.þ.b. 200 olíublautum fuglum var bjargað úr fjörunni. Margir telja að það hafi aðeins verið bort af þeim fugli sem lenti í menguninni.

Mengunarslys kallar óhjákvæmilega á aðgerðir til verndar umhverfi. Af þeim aðgerðum hlýst kostnaður sem einka- eða opinberir aðilar þurfa að standa straum

af a.m.k. fyrst um sinn. Það væri forvitnilegt að heyra hjá ráðherra hvort hann telji koma til greina að koma á fót sjóði svo bæta megi tjónþolum útlagðan kostnað sem hlýst af nauðsynlegum hreinsunaraðgerðum og öðrum aðgerðum til varnar umhverfisspjöllum.

Það virðist vera mjög mikið á reiki hver á að bera útlagðan kostnað við hreinsun vegna tjóns af völdum svona umhverfisslysa. Dæmi um það er kostnaður sem sveitarfélög á Austurlandi sitja uppi með vegna strands danska flutningaskipsins Erik Boye á Breiðdalsvík 1992. Mál til innheimtu bóta vegna þess máls er nú rekið fyrir dönskum dómstólum. Það er mun erfiðara að eiga við málarekstur af þessu tagi þegar í hlut eiga erlendir aðilar. Mjög erfitt getur reynst fyrir einstaklinga hér á landi að þurfa að eiga það á hættu, komi til mengunarslyss, að þurfa síðar að eiga í langvinnum málaferlum jafnvel við fjölþjóðleg stórfyrirtæki til að fá skaða sinn bættan. Því er haldið fram að ef til væri sjóður sem staðið gæti straum af kostnaði við nauðsynlegar aðgerðir til verndar umhverfinu í tilvikum sem þessum gerði það allar aðgerðir og stjórnun þeirra auðveldari. Ég beini því til hæstv. umhvrh. fsp. á þskj. 81, sem hljóðar svo:

1. Hvert er hlutfall mengunaróhappa sl. 20 ár hjá skipum undir stjórn erlendra skipstjórnarmanna á sjó umhverfis Ísland?

2. Telur ráðherra þörf á því að setja sérstakar reglur um för erlendra skipa hér við land til að draga úr líkum á mengunaróhöppum?

[16:14]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson):

Virðulegur forseti. Hv. þm. Petrína Baldursdóttir hefur beint til mín tveimur spurningum. Að því er varðar fyrri spurninguna þá er það svo að frá árinu 1975 hafa orðið hér við land alls tólf mengunaróhöpp sem má rekja beinlínis til skipaferða við landið. Í þessum mengunaróhöppum hefur orðið nokkur olíumengun eða önnur sýnileg mengun, t.d. veruleg lýsismengun í einu tilviki. Þessir atburðir áttu sér stað með þeim hætti að skipin hafa ýmist sokkið, strandað eða rekist á og það síðar leitt af sér mengun. Þau atvik eða óhöpp sem tengjast skipum undir stjórn íslenskra skipstjórnarmanna eru á þessu tímabili fjögur, en þau sem tengjast skipum undir stjórn erlendra skipstjórnarmanna eru átta eða tæp 67% af heildinni. Þannig að það er engum blöðum um það að fletta að hlutfall óhappa sem tengjast skipum sem eru undir stjórn erlendra skipstjórnarmanna er miklu hærra heldur en það sem tengist skipum sem eru undir stjórn innlendra skipstjórnarmanna. Það má líka nefna að á sama tímabili hafa strandað eða farist hér við land alls sex önnur erlend skip þar sem tókst að koma í veg fyrir eða varð ekki vart sýnilegrar mengunar. Það má líka nefna það að á sama tímabili fórust eða strönduðu hér við land 98 íslensk skip. Stærsti hlutinn voru lítil fiskiskip þar sem varð ekki heldur nein mengun. Það er með öðrum orðum alveg ljóst að mun hærra hlutfall mengunaróhappa má rekja til skipa sem eru undir stjórn erlendra manna en innlendra.

Að því er varðar seinni spurninguna sem lýtur að því hvort ráðherra telji þörf á því að setja sérstakar reglur um för erlendra skipa hér við land til þess að draga úr líkum á slíkum mengunaróhöppum þá er það svo að í nýlegum lögum um leiðsögn skipa er gert ráð fyrir því að leiðsögumaður verði um borð í öllum skipum með erlendum skipstjórnarmönnum ef skipið flytur meira magn hættulegra efna en tiltekið er í reglugerð. Ég segi það, virðulegi forseti, að ég tel brýnt að þessi reglugerðarheimild verði nýtt og hugað að því vegna hættu á olíumengun frá eldsneytisbirgðum skipanna að ganga jafnvel lengra í þessa átt.

Hv. þm. varpar einnig til mín óskum um að ég svari því hvort ég telji nauðsynlegt að koma á fót sjóði til þess að kosta hreinsun eða úrbætur þegar mengunaróhöpp verða. Því er til að svara, virðulegi forseti, að ég er þeirrar skoðunar að það sé nauðsynlegt. Má raunar benda á það að í frv. um meginreglur umhverfisréttar sem ég lagði fram til kynningar sem stjórnarfrumvarp á síðasta löggjafarþingi var gert ráð fyrir því að slíkur sjóður yrði settur á stofn. Ég hef í hyggju að endurflytja þetta frv. og þar eru áfram ákvæði um sérstakan mengunarbótasjóð þar sem gert er ráð fyrir því að hann muni standa straum af greiðslu og kostnaði við hreinsun og aðrar framkvæmdir sem nauðsynlegar eru til að draga úr afleiðingum slíkra óhappa en þó einungis þegar fullreynt er að ekki er hægt að fá aðra aðila til þess að greiða viðkomandi kostnað.

Ég minni á það, eins og hv. þm. Petrína Baldursdóttir gat um í sinni framsögu fyrir fyrirspurninni, að það eru þegar dæmi sem undirstrika nauðsyn á slíkum sjóði. Það er skemmst að minnast strands danska skipsins Eriks Boye í innsiglingunni að Breiðdalsvík 1992. Þá skapaðist mengunarhætta sem leiddi til þess að sveitarfélagið varð að grípa til aðgerða sem kostuðu talsvert háar fjárhæðir sem því hefur ekki enn tekist að innheimta hjá þeim erlendu aðilum sem ábyrgir voru.

[16:18]

Fyrirspyrjandi (Petrína Baldursdóttir):

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. umhvrh. fyrir svör hans. Það vekur óneitanlega athygli mína hversu hátt hlutfall af mengunaróhöppum hefur orðið af völdum skipa undir stjórn erlendra skipstjórnarmanna á sjó umhverfis Ísland eða eins og hann gat um hafa af tólf mengunaróhöppum átta skip verið undir stjórn erlendra skipstjóra. Það hlýtur að leiða hugann að því að það verði að skerpa þessar reglur. Hæstv. umhvrh. gat um ný lög um leiðsögn skipa og ég mundi gjarnan vilja heyra frá honum síðan hvenær þessi lög eru og hvenær þau tóku gildi og hvort eitthvað er farið að reyna á þau.

Ég tek alveg undir með hæstv. umhvrh. um nauðsyn þess að einhvers konar mengunarbótasjóður verði stofnsettur til að standa straum af kostnaði vegna hreinsunar. Ég get líka tekið undir með hæstv. umhvrh. að nauðsynlegt sé ef ekki næst til þeirra sem hafa valdið tjóninu, ef ekki næst að fá greiðslu frá þeim, að til staðar sé einhvers konar mengunarbótasjóður sem tjónþolar gætu fengið greiðslu úr.

[16:19]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Petrína Baldursdóttir innir mig eftir því hvenær lögin um leiðsögu skipa hafi verið samþykkt. Mig minnir að það hafi verið 1992. Mér er hins vegar ekki kunnugt um það að reglugerðarheimildin sem ég gat um í svari mínu áðan hafi enn þá verið nýtt en ég tel að full þörf sé á því.

Það er hárrétt hjá hv. þm. að það er nauðsynlegt að gera allt sem hægt er til þess að draga úr líkum á mengunarslysum sem tengjast skipaumferð hér við land. Það vekur óneitanlega athygli að u.þ.b. ⅓ hluta þeirra óhappa sem hafa orðið sl. 20 ár vegna skipaferða megi rekja til skipa sem eru undir stjórn erlendra skipstjórnarmanna. Þetta eru að vísu ekki mjög mörg tilvik en hér eiga að jafnaði í hlut skip sem bera oft hundruð tonna af eldsneytisolíu um borð, jafnvel þunga svartolíu, og það þarf oft ekki mikið magn að leka í sjó til þess að það valdi verulegum umhverfisáhrifum. Hv. þm. leggur fram sína fyrirspurn í tilefni af því óhappi sem tengist skipinu Carvik fyrir nokkrum vikum. Í því tilviki er það athyglisvert að það voru ekki nema 2 eða 3 tonn sem láku út í hafið en eigi að síður hafði það ansi slæm áhrif á umhverfið.

Við megum heldur ekki gleyma því að það eru ekki eingöngu áhrif á fuglalíf og útivist sem tengjast fjörum og strandsvæðum sem þarf að huga að. Við gætum leitt hugann að þeirri stöðu sem kæmi upp ef verulegt olíuslys yrði við Ísland til að mynda á þeim svæðum þar sem ungfiskur eða hrygning á sér stað. Það gæti þá leitt til verulegra vandræða í okkar sjávarútvegi. Ég minni á það, virðulegi forseti, þegar mikið olíuslys varð við Hjaltland fyrir tveimur árum á þeim svæðum Skotlands þar sem mest er um fiskeldi. Þjóðir í fjarlægum álfum hættu þá ekki bara að kaupa lax frá Skotlandi, þær hættu að kaupa lax frá Evrópu.

Það er þess vegna mjög nauðsynlegt að grípa til forvarnaaðgerða og það má nefna það, virðulegi forseti, að á vegum umhvrn. starfar sérstök mengunaróhappanefnd sem á einmitt að véla um þessi mál og skilar sinni vinnu frá sér innan nokkurra vikna.

Förgun framköllunarvökva.

Fsp. PBj, 143. mál. — Þskj. 150.

[16:22]

Fyrirspyrjandi (Pétur Bjarnason):

Virðulegi forseti. Spilliefni ef mannavöldum í náttúrunni er vaxandi vandamál og þau valda röskun á dýralífi og gróðri, jafnt í sjó sem og á landi. Oft hefur verið bent á vandamál sem stafa af rafgeymum sem fleygt er á víðavangi. Það stafar e.t.v. að hluta af háu skilagjaldi sem fyrirtækjum er gert að greiða Sorpu við förgun þeirra og væri það mál vafalaust fullt efni í sérstaka umræðu.

Skýrslur hafa leitt í ljós að skeldýr og önnur botndýr eru að úrkynjast í sjónum umhverfis höfuðborgina og er kennt um eiturefnum í botnfarfa smábáta sem notuð hafa verið á undanförnum árum.

Á sama tíma liggja fyrir niðurstöður, staðfestar af umhvrh. sjálfum, þess efnis að fyrir einu ári skiluðu sér einungis um 20% til förgunar af þeim 300 þús. lítrum af framköllunarvökva sem notaðir eru en í honum eru mörg skaðleg efni fyrir lífríkið. Reyndar telja margir að 300 þús. sé of lág tala og væri nær að tala um 400 þús. lítra sem notaðir eru af þessum efnum.

Samkvæmt upplýsingum sem ég hef undir höndum þekkist það hjá allmörgum fyrirtækjum, jafnvel opinberum fyrirtækjum, að tengja framköllunarvélar beint við frárennsli og þannig fer förgun fram á hinn einfaldasta máta en er tæpast hagstætt umhverfinu eða náttúrunni umhverfis okkur. Svo virðist sem umhvrh. hafi verið gerð grein fyrir þessum málum fyrir meira en ári. Því leyfi ég mér að spyrja hæstv. umhvrh. á þskj. 150, með leyfi hæstv. forseta:

„1. Hvernig er háttað eftirliti með förgun framköllunarvökva?

2. Hversu mikið er talið að falli til af þessum efnum árlega og hve mikið af því kemur til förgunar?

3. Er ráðherra kunnugt um dæmi þess að framköllunarvökvi fari beint í holræsi hjá einstökum fyrirtækjum?

4. Eru fyrirhugaðar aðgerðir til úrbóta á þessu sviði á næstunni?“

[16:24]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Pétri Bjarnasyni fyrir að vekja athygli á þessu máli. Það er hárrétt sem hann sagði að spilliefni eru vaxandi vandamál enda eru menn í vaxandi mæli líka að reyna að bregðast við afleiðingum þeirra.

Hv. þm. drap líka á rannsókn sem umhvrn. kostaði og lauk á síðasta ári og tengdist tríbútýltini. Það er alveg hárrétt að þar komu fram þær uggvænlegu niðurstöður að mengun af völdum tríbútýltinis á hafnsvæðum við Ísland var engu minni en það sem mest gerist í höfnum í Evrópu.

Virðulegi forseti, svo ég víki að þessum fjórum spurningum. Fyrsta spurning hv. þm. hljóðar svo:

Hvernig er háttað eftirliti með förgun framköllunarvökva?

Nú er það svo að heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna hefur eftirlit með framköllunarstöðum, prentiðnaðarfyrirtækjum og annarri atvinnustarfsemi þar sem framköllunarvökvar eru notaðir. Það er nokkuð mismunandi eftir heilbrigðiseftirlitssvæðum hvernig er staðið að eftirlitinu eða hversu mikið það er af vöxtum. Á höfuðborgarsvæðinu hefur eftirlit með meðferð og förgun framköllunarvökva aukist talsvert sl. tvö ár þótt vissulega sé mikið starf enn óunnið. Fyrirtækjum sem vinna með framköllunarvökva er nú orðið gert skylt að skrá öll kaup á framköllunarefnum og jafnframt hversu miklu af framköllunarvökva og öðrum spilliefnum þau skila til móttökustöðva. Fyrirtækin fá síðan kvittun frá móttökustöð þegar þau skila efnunum og heilbrigðiseftirlitið getur þannig gengið úr skugga um að förgun hafi farið fram í samræmi við reglur. Þessi fyrirtæki þurfa starfsleyfi heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga.

Hollustuvernd ríkisins hefur svo eftirlit með fyrirtækjum sem hafa heimild til móttöku og förgunar á notuðum framköllunarvökva. Þessar stöðvar, móttöku- og förgunarstöðvar, halda nákvæma skrá yfir fyrirtækin sem skila framköllunarvökva til þeirra og það er stefnt að því að nota þessa skrá til að útbúa lista yfir fyrirtæki sem hafa ekki skilað framköllunarvökva til móttökustöðva og auðvelda þannig heilbrigðiseftirliti sveitarfélaganna eftirlitið og gera það markvissara.

Önnur spurning lýtur að því hversu mikið við teljum að falli til af þessum efnum árlega og hve mikið af því kemur til förgunar.

Það er reiknað með að það falli til að jafnaði rúmlega 1 lítri af notuðum framköllunarvökva á mann á ári. Það má því gera ráð fyrir því, eins og kom fram í máli hv. fyrirspyrjanda, að það magn af framköllunarvökva sem fellur til á ári sé í kringum 300 tonn. Það hefur átt sér stað umtalverð aukning á skilum á framköllunarvökva til móttökustöðva á undanförnum mánuðum en það vantar að vísu enn á að skilin séu fullnægjandi. Til upplýsingar má geta þess að á árinu 1993 var fargað samtals 80 tonnum af framköllunarvökva hjá viðurkenndum aðilum eða að jafnaði tæpum 7 tonnum á mánuði. Fyrstu níu mánuði þessa árs hafa hins vegar skilin aukist verulega og var skilað 125 tonnum sem jafngildir 14 tonnum á mánuði til jafnaðar. Ef skil verða í sama mæli síðustu þrjá mánuði ársins þá má ætla að heildarmagnið á árinu verði tæp 180 tonn sem jafngildir því að vera nálægt 60% af áætluðu heildarmagni notaðs framköllunarvökva í landinu. Ljóst er að hér hefur átt sér stað veruleg breyting til batnaðar.

Í þriðja lagi spyr hv. þm. hvort ráðherra sé kunnugt um dæmi þess að framköllunarvökvi fari beint í holræsi hjá einstökum fyrirtækjum. — Mér er kunnugt um það.

Í fjórða lagi: Eru fyrirhugaðar aðgerðir til úrbóta á þessu sviði á næstunni?

Eins og ég hef þegar getið um, virðulegi forseti, hefur verið átak í gangi og það hefur skilað þeim árangri að skilin á framköllunarvökva hafa aukist talsvert.

Það er auðvitað hlutverk heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga að hafa eftirlit með förguninni í samræmi við starfsleyfi. Það er ljóst að sum eftirlitssvæði hyggjast bíða með vinnslu starfsleyfa fyrir framköllunarfyrirtæki þangað til Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út nákvæmar leiðbeiningar þar að lútandi. Þessar leiðbeiningar eru á lokastigi í vinnslu og verða til á næstu mánuðum hjá Hollustuvernd ríkisins. Síðan er það jafnframt svo að ýmis sveitarfélög eiga erfitt með að framfylgja kröfum um skil á framköllunarvökva vegna þess að ekki eru spilliefnamóttökur á staðnum. Nú er hins vegar verið að setja upp spilliefnamóttökustöðvar á nokkrum stöðum á landinu og þá má búast við því að hlutfall skila aukist úr þeim 60–65%, sem allt bendir til að verði niðurstaðan á þessu ári, og við væntum þess að það fari upp í 80–90%.

Það er auðvitað ljóst að það er brýnt að meðferð og förgun spilliefna verði komin í traustan farveg um allt land. Ég vil að það komi hér fram, virðulegi forseti, að ég stefni að því að leggja fram á næstunni aftur frv. til laga um meðferð og förgun spilliefna þar sem lagt er sérstakt gjald á vörur sem geta orðið að spilliefnum og markmiðið er auðvitað að koma í veg fyrir mengun af völdum þessara efna og stuðla að því að þeim verði skilað með viðunandi hætti til móttökustöðva og að þau megi endurnýta og eyða.

[16:30]

Fyrirspyrjandi (Pétur Bjarnason):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. umhvrh. svörin og þann áhuga sem ég heyri að hann hefur á þessum málaflokki. En eftir sem áður stendur staðreyndin eftir í upplýsingum hans að þrátt fyrir að hér hafi orðið aukning á þá er þó um eða yfir helmingur þessara efna sem enn fer til spillis út í náttúruna svoleiðis að ég legg mikla áherslu á að þarna er verk að vinna sem virkilega þarf að taka á og það heldur fyrr en seinna.

Ég gat ekki heyrt betur, það var að vísu stutt, en hann segði að sér væri kunnugt um að þetta færi beint í holræsin, ég tók það þannig. Það er að mínu viti mjög alvarlegt mál.

Hæstv. ráðherra gat um það að heilbrigðiseftirlit ætti að annast eftirlit og umsjón með þessu ásamt Hollustuvernd. Mér er líka kunnugt um að það eftirlit hefur oftar en ekki verið ónógt og það hlýtur líka að vera fyrst þetta fer beint í holræsi og hérna út í lífríkið í kringum okkur, þá hlýtur eftirlitinu að vera mjög áfátt. Ég verð að leyfa mér að segja það að vissulega væri það æskilegt að ráðherrann næði árangri í þessu umbótastarfi og ég fagna þeim upplýsingum sem koma fram hjá honum að hérna er væntanleg löggjöf til að taka á þessum málum og ég vona að það verði heldur fyrr en seinna.

[16:32]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson):

Virðulegur forseti. Síðastur manna skal ég verða til að halda því fram að eftirlitið sé nægilega gott, það er það ekki. En það stafar af því að hér er í rauninni um nýjan hlut að ræða. Eftirlitið hefur hins vegar farið stórbatnandi á síðustu árum alveg eins og þær tölur sem við skiptumst hér á í upphafi máls okkar, ég og hv. fyrirspyrjandi, sýna fram á. Skilin hafa aukist verulega eins og ég gat um áðan. Allt síðasta ár voru skilin 81,5 tonn og er gert ráð fyrir að á þessu ári þá stefni skilin í 180 tonn. Hér er um að ræða verulega aukningu og ég fullyrði það vegna þess hversu skammt við Íslendingar erum á veg komnir í skilum og eyðingu spilliefna þá er miklu betri árangur á þessu sviði heldur en mörgum öðrum. Það stafar fyrst og fremst af því að þar hafa haldist í hendur áhugi þeirra starfsmanna hins opinbera sem um þetta véla en líka áhugi hjá greininni í heild.

Það er svo að það eru ýmsar ástæður fyrir því að þetta er ekki komið alveg í nægilega gott horf.

Í fyrsta lagi þá þurfa nú framköllunarstofur starfsleyfi. Það er ekki búið að vinna starfsleyfin fyrir allar framköllunarstofur, það mál er í vinnslu, þetta á einkum við um þær sem eru fyrir utan höfuðborgsvæðið.

Í öðru lagi þá hefur mengunareftirlit í ýmsum sveit-

arfélögum ekki verið nægilega virkt til að ganga eftir því að fyrirtækin skili framköllunarvökva og raunar öðrum spilliefnum líka til móttökustöðva. Þetta fer hins vegar mjög batnandi.

Í þriðja lagi eins og ég gat um, virðulegi forseti, þá er ekki komin aðstaða hjá öllum sveitarfélögum til að taka á móti spilliefnum á viðeigandi hátt. Þetta horfir líka til verulegra bóta vegna þess að það er verið að opna og koma upp fleiri móttökustöðvum.

Í fjórða lagi, og það skiptir verulega miklu máli, hefur kostnaður við förgun framköllunarefna hefur verið hár, það hár að það hefur því miður virkað letjandi á fyrirtækin að skila efnunum til móttökustöðva. Það kerfi sem við erum að leggja til að verði tekið upp með því frv. sem ég ræddi um hér áðan breytir þessu talsvert að því leyti að þá er gjaldið lagt á í upphafi ferilsins þegar efnin eru flutt inn í landið.

Ég vil líka, virðulegur forseti, að lokum geta þess að það kom upp samkeppni í förgun þessara efna og það hefur leitt til þess að verðið hefur lækkað. Jafnframt erum við með ýmsar leiðir í þróun til að koma upp fleiri stöðvum og fleiri aðferðum til að granda þessum efnum og það mun leiða til þess að kostnaðurinn lækkar enn meir og það mun aftur valda því að skilin munu aukast.

Áhrif EES-samningsins á forsendur fjárlaga.

Fsp. GHelg, 133. mál. — Þskj. 139.

[16:35]

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir):

Hæstv. forseti. Á sl. hausti bar ég fram fyrirspurn í hv. fjárln. um áhrif samningsins um Evrópska efnahagssvæðið á forsendur fjárlaga. Í viðtölum við forstöðumann Þjóðhagsstofnunar kom fram að samningurinn hefði gefið 1,5–2 milljarða í tollalækkunum. Því sýndist ekki úr vegi að lýsa eftir þessum ávinningi í forsendum fjárlaga. Ekki var auðvelt að fá skýr svör frá fjmrn. um þetta efni. En seint og um síðir komu svör um útgjöld annars vegar vegna samningsins og tekjur hins vegar. Ljóst er að útgjöldin eru árið 1993, 1994 og áætlað 1995 samtals 801,5 millj. kr. en þegar kemur að tekjunum er málið óljósara.

Hinn 14. okt. sl. barst mér eftirfarandi svar. Ég sleppi upphafsorðum sem ekki hafa innihald sem kemur málinu við. Þetta bréf er dags. 14. okt. 1994. Hér segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Eins og kunnugt er tekur EES-samningurinn ekki til skattamála að öðru leyti en því að hann bannar að á séu lagðir skattar sem leggjast með mismunandi hætti á vörur frá aðildarríkjunum, m.a. þannig að innfluttar vörur séu skattlagðar með öðrum hætti en innlendar vörur. Ákvæði þetta þýddi að leggja varð af svokallaða fjáröflunartolla sem heimilt var að leggja á vörur frá aðildarríkjum EFTA og Evrópubandalagsins, [hér segir nú Efnahagsbandalagsins] samkvæmt fríverslunarsamningum við þessa aðila. Breyting þessi var gerð með lögum sem tóku gildi á síðasta ári. Í heild hafði breyting þessi lítil áhrif á álagningu gjalda á viðkomandi vörur og var við það miðuð að tekjur ríkissjóðs hvorki ykjust né minnkuðu. Þá var tollum á bíla og bensín einnig breytt í vörugjöld svo og aðflutningsgjöldum sem áður voru lögð á þessar vörur. Hér var einungis um formbreytingar að ræða sem ekki höfðu áhrif á tekjur ríkissjóðs. Aðrar breytingar sem snerta tekjuhlið fjárlaga hafa ekki verið gerðar. Þess skal getið að eftirlitsstofnun EFTA hefur gert nokkrar athugasemdir við tiltekna þætti í álagningu vörugjalda. Ekki er gert ráð fyrir að þær breytingar sem unnið er að af því tilefni hafi áhrif á tekjur ríkissjóðs."

Segir þar svo í bréfinu. Ekki er annað að sjá af þessu svari en að fjáröflunartollar sem heimilt hafði verið að leggja á vörur frá aðildarríkjum EFTA og Evrópubandalagsins og leggja varð niður hafi eytt ágóðanum af niðurfellingu tolla. Síðan hafi tollum á bíla og bensín og aðflutningsgjöldum sem áður voru á lögð verið breytt í vörugjöld. Ekki er hægt að skilja þetta svar öðruvísi en svo að ávinningur af samningnum hafi því enginn verið. Þá kemur og fram að eftirlitsstofnun EFTA hefur gert athugasemdir við tiltekna þætti í álagningu vörugjalda.

Virðulegur forseti. Fyrirspurn mín liggur hér fyrir um hvaða áhrif samningurinn hefur haft á forsendur fjárlaga, tekjuhlið og útgjaldahlið, og hver áhrif samningurinn er talinn hafa á ríkisfjármál árið 1995. Ég verð að stytta mál mitt og les því ekki fyrirspurnina nákvæmlega.

[16:39]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Sem svar við fyrirspurn hv. þm. vil ég segja þetta og þá er ég að tala um fyrri hluta fyrirspurnarinnar, þ.e. hvaða áhrif samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið hafi haft á forsendur fjárlaga 1995; a. á tekjuhlið, b. á gjaldahlið.

Vorið 1991 var gerð athugun á hugsanlegum áhrifum EES-aðildar á ríkisfjármálin á vegum fjmrn. Niðurstöður þessarar athugunar voru síðan birtar í sérstakri skýrslu, Evrópa 1992 og ríkisfjármálin, sem er þetta rit sem ég held á hér og hefur verið gefið út af fjmrn. Í fyrsta kafla skýrslunnar eru dregnar saman helstu niðurstöður. Þar er m.a. lýst ýmsum þeim þáttum sem áhrif hafa á ríkisfjármálin í kjölfar aðildar. Meginniðurstaðan er sú að aðlögun íslensks efnahagslífs að evrópska markaðnum muni hafa jákvæð áhrif á afkomu ríkissjóðs. Þessi áhrif koma bæði fram í auknum tekjum vegna meiri umsvifa en ella í efnahagslífinu og sparnaði í ríkisútgjöldum. Þessara efnahagslegu áhrifa gætir í forsendum fjárlagafrv. fyrir árið 1995 með beinum og óbeinum hætti. Þannig hefur batnandi hagur aðildarríkja EES jákvæð áhrif á íslenskan þjóðarbúskap á þessu ári og því næsta sem m.a. birtist í auknum útflutningi, bættum viðskiptakjörum, jákvæðum vöruskiptum og lækkun erlendra skulda. Í kjölfarið aukast tekjur ríkissjóðs vegna aukinna umsvifa í efnahagslífinu.

Áhrifin á gjaldahliðina eru kannski ekki jafnsýnileg en þar má t.d. benda á nýjungar í útboðsmálum ríkisins sem skilað hafa umtalsverðum árangri í sparnaði

en þær eru bein afleiðing af aðild Íslands að EES. Það sem mestu máli skiptir er hins vegar sú staðreynd að aukið frelsi í alþjóðaviðskiptum krefst agaðrar hagstjórnar og eykur þar með körfur um aðhald í ríkisfjármálum. Varanlegur halli á ríkissjóði, jafnt á uppgangs- sem á samdráttartímum samræmist ekki ríkjandi aðstæðum og því er brýnt að sá efnahagslegi ávinningur sem af EES-samningnum hlýst verði notaður til að bæta stöðu ríkissjóðs.

Þessi mál hafa reyndar verði talsvert til umræðu á fundum fjármálaráðherra Evrópubandalagsríkjanna og EFTA en slíkir fundir hafa verið haldnir a.m.k. þrisvar sinnum. Þar hefur komið fram að fjármálaráðherrarnir hafa reynt að samræma stefnu sína og reynt að fylgja eftir því sem kom fram í Maastricht-samningnum og eru þær kröfur sem gerðar eru vegna hugsanlegrar aðildar þessar ríkja í EMU, European Monetary Union. Það á að sjálfsögðu ekki við Íslendinga en það kann að vera athyglivert að það komi fram hér í þessu svari að Íslendingar sýna það nú að þeir gætu tekið þátt í þessu samstarfi, þessu peningalega samstarfi, vegna þess að þeir standast þær kröfur nú þegar sem gerðar eru um skuldir þjóðarinnar, um verðbólgu, um hlutfall halla opinberra aðila miðað við landsframleiðslu og slíka þætti. Þannig má lýsa þessum óbeinu áhrifum á ríkissjóð.

Í öðru lagi var spurt hvaða áhrif samningurinn er talinn hafa á ríkisfjármál árið 1994. Ljóst er að áhrif samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem tók gildi um síðustu áramót eru svipuð á ríkisfjármálin og lýst er hér að framan. Hins vegar þarf að leggja áherslu á að aðlögun íslensks efnahagslífs að evrópska markaðnum tekur tíma og þar með verða áhrifin sterkari og meiri eftir því sem frá líður. Þannig má gera því skóna að áhrifin á ríkisfjármálin séu minni á yfirstandandi ári heldur en búast má við árið 1995 án þess þó að unnt sé að leggja á þau talnalegt mat.

Það sem hv. þm. sagði um útgjöldin með því að telja saman þann kostnað sem hefur orðið vegna samninga um Evrópska efnahagssvæðið og ferðalaga og reyndar samninga við Evrópubandalagið þá er það ljóst að slíkur kostnaður er talsverður en það verður þá líka að taka tillit til þess að um kostnað hefði einnig verið að ræða þótt við hefðum ekki tekið þátt í hinu Evrópska efnahagssvæði því að sjálfstæð þjóð eins og Íslendingar þarf auðvitað að eiga sem best samstarf við aðra aðila. Það sem skiptir mestu máli, virðulegur forseti, er auðvitað veltuáhrifin, áhrifin á viðskiptakjör, þessi óbeinu áhrif og það er eftir þeim sem þeir eru auðvitað að slægjast sem taka þátt í jafnnánu viðskiptasamstarfi og þeir sem taka þátt í hinu Evrópska efnahagssvæði.

[16:44]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það er auðvitað mjög eðlilegt að það sé farið að athuga hver áhrifin af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið hafa á einstaka þætti í okkar búskap. Ég held að það væri forvitnilegt að beina sjónum að þeim spádómum sem hæstv. utanrrh. hafði uppi um aukningu þjóðartekna og annað þess háttar. Þar liggja fyrir skýrslur og spádómar.

Það sem kom fram hér hjá hæstv. fjmrh. var nú harla óljóst um hina jákvæðu ávinninga að því er snerti tekjur fyrir ríkið. Þar var allt óljósara og væri fróðlegt ef hæstv. ráðherra reyndi að gera skýrari grein fyrir því á Alþingi Íslendinga. Hitt liggur fyrir, eins og hv. fyrirspyrjandi gat um, að útgjöldin hafa orðið mjög veruleg, eða röskar 800 millj. á ákveðnu tímabili. Það er ljóst að ef Íslendingar ætla að verða þátttakendur í þessum samningi og ef hann lifir eitthvað þá verða útgjöldin vegna ferðalaga mjög mikil á komandi árum. Það er athyglisvert að nú er mikið rætt um að draga saman í þeim efnum en sá þáttur á eftir að bólgna mikið út trúi ég.

[16:46]

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir):

Hæstv. forseti. Ég hef svo sem ekki miklu að bæta við það sem hv. 4. þm. Austurl. sagði. Það vekur athygli hversu fáir taka þátt í þessari umræðu. Sannleikurinn er sá að fólk botnar ekki upp eða niður í þessu máli. Það liggur fyrir að við erum búin að eyða í pappírsfargan, ferðalög og annað stúss, 801 millj kr. Hæstv. forsrh. var að lofa 700 millj. árlega í vegaframkvæmdir á þrem næstu árum. Það hefði verið gott að hafa þessar 800 til að leggja þar við. Eða þær hefðu getað komið í staðinn fyrir hluta af því sem allt í einu var hrist fram úr erminni.

Aðalatriðið er auðvitað að það er engin leið að sjá neinn ávinning af þessum ágæta samningi. Batnandi hagur Evrópuþjóða hefði auðvitað verkað á útflutning á Íslandi þótt við hefðum ekki verið aðilar að neinum samningi. Það leiðir af sjálfu að því betur sem gengur í viðskiptalöndum okkar þeim mun meiri vonir eru um góð viðskipti. Ég held því að þetta sé meira en óljóst svar.

Það er síðan, virðulegur forseti, undarlegt að á hinu háa Alþingi skuli ekkert vera rætt um framtíð EES-samningsins. Þegar við komum suður fyrir Alpafjöllin hafa menn áhyggjur af þeirri framtíð. Ekki alls fyrir löngu átti EFTA- og EES-nefndin fundi suður í Bern í Sviss með Svisslendingum og fólki frá Liechtenstein þar sem verið var að velta fyrir sér hvernig í ósköpunum þetta yrði ef Noregur, Svíþjóð og Finnland ganga öll í Evrópubandalagið. Þar drógu menn enga dul á að þetta yrði mjög erfitt. Öll eru þau mál óljós í meira lagi. En það er eins og menn telji sig góða að hafa barið þennan samning í gegn. Síðan virðist ekki hafa verið litið ofan í reglugerðir sem samdar hafa verið vegna hans. Ég er raunar með tvær fyrirspurnir, sem ég vona að verði svarað fljótlega af hæstv. umhvrh., þar sem í ljós hefur komið að menn hafa ekkert athugað hvað stendur í þessum reglugerðum.

[16:48]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegur forseti. Ég hef fáu við að bæta það sem ég sagði áður um þetta mál. Ég held að allir séu sammála um að til samstarfs eins og þjóðirnar eiga með sér um Evrópska efnahagssvæðið er auðvitað efnt til hagsbóta fyrir viðkomandi þjóðir, til að greiða fyrir

viðskiptum en með því má sannarlega laga lífskjörin.

Varðandi tollalækkunina þá er verið að tala um tollalækkun á íslenskum sjávarafurðum og öðrum afurðum í löndum Evrópska efnahagssvæðisins. Tollalækkunin getur numið kannski 1,5 milljörðum miðað við þau viðskipti sem áttu sér stað fyrir einu eða tveimur árum síðan. Þessi tala skilar sér að sjálfsögðu ekki með beint í ríkissjóð, hún skilar sér með betri samkeppnisstöðu fyrirtækjanna, aukinni atvinnu og síðan óbeint í ríkissjóð teknamegin. Ég get ekki staðfest þessa tölu, 800 millj. kr., en ég ætla ekki að efast um að hún sé rétt. (**GHelg:** Hún er í bréfi frá fjmrn.) Já, já, ég sagðist ekki efast um að hún væri rétt. Þó ég skrifi ekki allt sem kemur frá fjmrn. þá ber ég að sjálfsögðu ábyrgð á því. En við verðum að vara okkur á öðru og það er að að sjálfsögðu hefðu erlendu samskiptin kostað okkur ef við hefðum ekki gerst aðilar að EES. Þessi tala er því bráttótala en ekki nettótala.

Ég bendi á að sum ráðuneytin hafa komið sér upp fastafulltrúa í Brussel sem ég held að henti ágætlega þegar um mikil viðskipti er að ræða sem eru þess eðlis að sérfræðinga þarf til aðstoðar í sendiráðinu. Ég nefni til sögunnar að fjmrn. hefur einn slíkan fulltrúa.

Varðandi framtíð EES er það hárrétt sem hv. þm. sagði. Munurinn á okkur og Svisslendingum er þó sá að Svisslendingar höfnuðu aðild að EES. Íslendingar eru aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu og Evrópubandalagið hefur lýst yfir að það muni standa við samninga við Íslendinga, samninga sem Svisslendingar hafa ekki.

Skattfrelsi leigutekna af íbúðarhúsnæði.

Fsp. KHG, 158. mál. — Þskj. 171.

[16:51]

Fyrirspyrjandi (Kristinn H. Gunnarsson):

Virðulegur forseti. Í maí sl. var samþykkt löggjöf um húsaleigubætur sem taka á gildi um næstu áramót. Að þessu hafði verið unnið um hríð af hálfu sumra stjórnmálaflokkanna eins og Alþb. og hagsmunasamtaka verkalýðshreyfingarinnar svo einhverjir séu nefndir. Á það hafði ævinlega verið lögð rík áhersla að í tengslum við þessa lagasetningu yrði þess gætt að húsaleigubætur skiluðu sér til þeirra sem bæturnar væru ætlaðar. Menn hafa réttilega bent á að veruleg hætta væri á því ef bæturnar yrðu teknar upp að óbreyttu að leigusalar mundu svara þeim með því að hækka húsaleiguna og í reynd yrði því niðurstaðan þannig að bæturnar rynnu til leigusala en ekki til leigutaka eins og ætlunin er.

Það kom fram í umsögnum um lagafrv. á sínum tíma, m.a. í umsögn frá Alþýðusambandi Íslands, að endurskoða þurfi ákvæði um skattlagningu leigutekna af íbúarhúsnæði. Þrátt fyrir það var meðferð málsins í þinginu lengst af á þann veg að ekki var tekið á þessu atriði og leiddi til þess að málið lenti í nokkurs konar sjálfheldu undir lok þingsins 6. maí. Sú sjálfhelda var leyst með yfirlýsingu tveggja ráðherra. Sú fyrri var frá hæstv. forsrh. og laut að því atriði sem ég hef gert hér að umtalsefni. En yfirlýsing forsrh. var svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Í upphafi næsta þings verður lagt fram frv. til laga um að leigutekjur vegna íbúðarhúsnæðis, allt að 300 þús. kr. á ári, verði undanþegnar tekjuskatti og útsvari."

Nú fer senn að líða að því að löggjöfin um húsaleigubætur taki gildi og enn er ekki komið fram þetta umrædda lagafrv. sem fyrirheit var gefið um að yrði lagt fram strax í upphafi þings. Því hef ég leyft mér að bera fram fsp. á þskj. 171 til hæstv. fjmrh., sem er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Hvenær er þess að vænta að fram verði lagt frumvarp til laga um að leigutekjur af íbúðarhúsnæði, allt að 300 þús. kr. á ári, verði undanþegnar tekjuskatti og útsvari, sbr. yfirlýsingu forsrh. fyrir hönd fjmrh. á Alþingi 6. maí sl. um að slíkt frumvarp yrði lagt fram í upphafi þessa þings?"

[16:54]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Sem svar við þessari fsp. vil ég taka fram að í fjmrn. er verið að leggja síðustu hönd á lagafrv. þar sem lagðar eru til ýmsar breytingar á lögunum um tekju- og eignarskatt. Ein þeirra breytinga sem þar er lagt til að gerð verði á lögunum varðar einmitt skattfrelsi húsaleigutekna í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 6. maí sl. og hv. þm. vísaði til. Stefnt er að því að þetta frv. verði lagt fram þegar í næstu viku en tafir hafa orðið á þessu máli þar sem aðrar breytingar sem þarf að gera voru fyrirferðarmeiri og kannski flóknari en við héldum. Þær breytingar eiga m.a. rætur að rekja til þess samkomulags sem gert var sl. vor við aðila vinnumarkaðarins. Aðalatriðið er það, virðulegur forseti, að við þetta verður staðið. Frv. mun koma fram og þar er gert ráð fyrir því að sú breyting verði gerð á tekju- og eignarskattslögunum að frádráttur verði leyfður af hálfu leigusala einmitt til að koma til móts við þau sjónarmið sem hv. þm. gat um í ræðu sinni.

[16:56]

Fyrirspyrjandi (Kristinn H. Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Við þetta er litlu að bæta. Það kom fram í máli hæstv. ráðherra að það er verið að vinna að því að efna þessa yfirlýsingu og stefnt að því að frv. þar um verði lagt fram í næstu viku. Ég tel því enga ástæðu til annars en ætla að ríkisstjórnin muni standa við þetta fyrirheit og að Alþingi muni síðan afgreiða og lögfesta frv. fyrir næstu áramót.

Skuldastaða heimilanna.

Fsp. JóhS, 150. mál. — Þskj. 158.

[16:56]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir fsp. á þskj. 158 um greiningu á skuldastöðu heimilanna.

Þegar mælt var fyrir skýrslu um skuldastöðu heim-

ilanna á síðasta þingi kom fram í mínu máli að ég teldi brýnt að fram færi ítarleg greining og athugun á skuldastöðu heimilanna sem leiddi frekar í ljós þann mun sem virðist vera á milli kynslóða og tekjuhópa með tilliti til lífskjara, skulda, eigna og afkomumöguleika. Slík athugun og greining mundi auðvelda okkur að greina þann vanda sem við blasir og rekja má allt til ársins 1980 og þann aðstöðumun í kjörum og aðbúnaði sem hinir ýmsu aldurshópar hafa búið við sem og að auðvelda alla ákvarðanatöku við úrlausn þess að ná niður skuldum heimilanna og aðstoða þá sem mest þurfa á að halda.

Í maímánuði skrifaði félmrn. Þjóðhagsstofnun bréf þar sem farið var fram á að framkvæmd yrði sú greining sem ég hef hér lýst. Mikilvægt er að þessi greining liggi fyrir hið fyrsta þannig að hægt sé að leggja mat á raunhæfar leiðir til að ná niður skuldastöðu þeirra heimila sem verst eru stödd. Því er þessi fyrirspurn fram borin að ég tel hana mikilvæga forsendu þess hvernig á málum verði haldið og til hvaða ráðstafana rétt sé að grípa til að gera þeim heimilum sem eru í miklum greiðsluerfiðleikum kleift að endurskipuleggja fjármál sín.

Lög um greiðsluaðlögun eru mikilvæg í því sambandi. Því er einnig spurt um hvenær sé að vænta frv. um það efni. Um það er einmitt sérstaklega spurt að gefnu tilefni því ágreiningur var um hvernig að því máli skyldi staðið á þeim tíma þegar ég var í ráðuneytinu. Rétt er að fá upplýst hvort sá ágreiningur sé leystur því skýrsla nefndar um greiðsluaðlögun var lögð fram í maí sl. og tiltölulega auðvelt á þeim tíma sem liðinn er að semja frv. á grundvelli þeirrar skýrslu ef ágreiningur um leiðir er leystur, sem mér býður í grun að sé enn til staðar.

Einnig væri fróðlegt að vita hvort félmrh. í ríkisstjórn hafi fjallað um aðrar úrbætur til að bæta greiðslustöðu heimilanna, t.d. að víkka út þá heimild sem nú er til skuldbreytinga hjá Húsnæðisstofnun sem nær til þeirra sem eru í miklum greiðsluerfiðleikum vegna atvinnuleysis, mikils tekjufalls eða veikinda. Einnig: Hvað líður athugun ráðherrans á hvort rétt sé að lengja lánstímann í húsnæðiskerfinu? En hæstv. félmrh. hefur einmitt sett fram slíka hugmynd varðandi þau vanskil sem fram hafa komið í húsnæðiskerfinu.

Skýringin á skuldastöðu heimilanna er margháttuð sem staðfest var í skýrslu Þjóðhagsstofnunar. Það er aukinn aðgangur heimilanna að lánsfé og veruleg lenging á lánstíma til húsnæðislána þannig að höfuðstóllinn greiðist hægar niður. Þjóðhagsstofnun hefur nefnt breytta aldurssamsetningu þjóðarinnar á sl. áratug þegar mikill fjöldi ungs fólks kom inn á húsnæðismarkaðinn og metur að það skýri um 20% af aukningu á skuldastöðu heimilanna. Einnig hefur verið dregið fram að þegar verðtryggingunni var komið á í upphafi níunda áratugarins þurfti að endurfjármagna nær allt húsnæði þegar það skipti um hendur vegna neikvæðra raunvaxta. Mikilvæg skýring er einnig að 1983 þegar verðbólgan fór úr öllum böndum var vísitölubinding launa afnumin.

Það er mjög mikilvægt að leitað sé skýringa á skuldastöðu heimilanna. Um er að ræða marga samverkandi þætti á síðustu 10–15 árum. Enn hafa afleiðingar af atvinnuleysi og minni tekjum heimilanna aukið á vanda á allra síðustu árum og t.d. aukið vanskil í húsnæðislánakerfinu. Það hefur verið þrengt að heimilum vegna skattatilfærslna frá atvinnurekendum yfir á heimilin og dregið hefur úr aðstoð og þrengt að velferðarkerfinu, svo sem með lægri barnabótum og vaxtabótum.

Allt þetta eru skýringar en mikilvægast er að ná samstöðu um úrlausnir til þess að leysa brýnustu vandamál þeirra heimila sem verst eru stödd.

[17:00]

Félagsmálaráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson):

Virðulegi forseti. Til mín hefur verið beint tveimur fyrirspurnum er varða skuldastöðu heimilanna. Eins og hv. fyrirspyrjandi kom inn á lýtur fyrri spurningin að viðbrögðum félmrn. og tilraunum til þess að greina enn betur en fyrir liggur þann vanda sem á borðinu er og lýsir sér í þeim veruleika að yngri kynslóðin, 45 ára og yngri, ber langstærstan hluta af skuldum heimilanna í landinu, en eldri kynslóðin, þ.e. verðbólgukynslóðin á tímum neikvæðra vaxta á hins vegar stærstan hluta inneignar í lánastofnunum.

Eins og fram kom í máli fyrirspyrjanda var ritað bréf til Þjóðhagsstofnunar í maí sl. þar sem óskað var eftir nánari greiningu og athugun á þessum málum. Þeirri beiðni hefur verið fylgt eftir munnlega annað slagið í sumar. Hins vegar barst ráðuneytinu svar ekki fyrir mörgum dögum frá Sigurði Snævarr þar sem segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Þjóðhagsstofnun telur að hér sé um að ræða gífurlega umfangsmikla rannsókn sem vel þyrfti til að vanda þar sem efnið er afar viðkvæmt. Staðreyndin er sú að fyrirliggjandi gögn eru engan veginn nægjanleg til að byggja slíka rannsókn á og miklum tíma þyrfti að verja til gagnasöfnunar. Þjóðhagsstofnun telur ekki fært að gera slíka athugun án þess að tryggð verði til hennar fjárveiting með einhverjum hætti."

Í framhaldi af þessu hef ég óskað eftir því og beðið Þjóðhagsstofnun að hraða þeirri vinnu að fyrir liggi verkáætlun og fjárhagsáætlun í þessu sambandi til þess að þessi vinna geti farið í gang og verði lokið eins fljótt og nokkur kostur er þótt þessi svör Þjóðhagsstofnunar gefi óneitanlega til kynna að málið sé veigameira og erfiðara í vinnslu en áður er ætlað.

Í annan stað er spurt um frv. til greiðsluaðlögunar sem er í vinnslu í sérstakri nefnd sem félmrh. hefur skipað og aðild eiga að fulltrúar félmrn., dómsmrn., fjmrn. og fulltrúar þingflokka stjórnarflokkanna. Í skipunarbréfi þeirrar nefndar er óskað eftir því sérstaklega að sú nefnd hraði störfum. Samkvæmt samþykkt ríkisstjórnar byggist hún á skýrslu um greiðsluaðlögun sem lá fyrir í maímánuði sl. þannig að hægt verði að leggja þetta frv. til greiðsluaðlögunar fram á haustþingi, þ.e. á næstu vikum. Í samþykkt ríkisstjórnarinnar er til þess tekið og á því vakin athygli að þessi frumvarpssmíð skuli byggjast á forsendum tilgreindr-

ar skýrslu þannig að hægt er að taka undir með hv. fyrirspyrjanda að það léttir vitaskuld vinnuna og gerir hana auðveldari en ella. Á hinn bóginn eru ýmis atriði sem þarfnast skoðunar við og einnig er gert ráð fyrir því að nefndur starfshópur taki tillit til og það er skoðun á heimildum í ýmsum lögum varðandi núgildandi heimildir til að aðstoða fólk í greiðsluerfiðleikum og þar verði sérstaklega skoðuð ákvæði laga um tekju- og eignarskatt. Þar má nefna heimildir sem eru lítt eða ekki notaðar varðandi nauðasamninga, varðandi greiðslustöðvun sem er að finna í núgildandi heimildum í lögum sem eru lítt eða ekki notuð m.a. vegna þess kostnaðar sem af þeim hefur hlotist.

Ég árétta, virðulegur forseti, að hér er um forgangsmál að ræða í félmrn., mikilvægt mál að ræða, sem ég mun leggja allt kapp á um að nái eyrum og ásýnd Alþingis á yfirstandandi þingi þannig að vonandi verði hægt að afgreiða það með tiltölulega góðri sátt fyrr en síðar.

[17:05]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Það hefði verið hægt að orða svar hæstv. félmrh. mjög stutt og knappt svona: Í ráðuneytunum er unnið markvisst að því að flækja þessi mál. Punktur. Í raun og veru var svarið einfaldlega þetta og ekkert annað. Eins og að það þurfi að bíða eftir að Þjóðhagsstofnun kanni skuldastöðu heimilanna. Staðreyndin er sú að hún liggur fyrir, m.a. í Lögbirtingablaðinu ef menn nenna að fletta upp á gjaldþrotaauglýsingunum sem birtast þar á hverjum degi. Og auðvitað liggja auk þess hér fyrir tillögur um greiðsluaðlögunarkerfi, m.a. frá okkur alþýðubandalagsmönnum sem hafa legið fyrir þinginu frá því að þetta þing kom saman þannig að í raun og veru ætti mönnum ekki að vera neitt að vanbúnaði. Vandinn er sá að menn koma sér ekki að þessu verki í ríkisstjórninni sem er þó allra brýnasta verk sem nokkur ríkisstjórn á Íslandi um þessar mundir getur unnið.

[17:06]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Þetta stóra mál verður ekki rætt hér í stuttri fyrirspurn. Hins vegar mun það verða rætt utan dagskrár á miðvikudaginn kemur að frumkvæði Framsfl. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir tekur þetta efni til umræðu á Alþingi. Hv. þm. hvarf úr ráðuneyti sl. vor vegna þess að hún réð ekki við þennan málaflokk í þessari ríkisstjórn, einfaldlega. Hún flúði af hólmi. Og hér kemur það fram að hæstv. félmrh. hefur ekkert gert í þeim fyrirheitum sem þessi hv. þm. gaf þó í fyrravor. Ríkisstjórnin hefur ekkert verið að vinna í þessum málaflokki í sumar. Og það liggur fyrir í fjárlagafrv. að þar á að fella niður hátekjueignarskatt af auðugu fólki upp á 1,1 milljarð og skerða á móti atvinnuleysisbætur og bætur til öryrkja upp á 850 millj. Þetta er stefna ríkisstjórnarinnar gagnvart heimilunum og lágtekjufólkinu á Íslandi. Á þessu ber hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir fulla ábyrgð og núv. ríkisstjórn ætti að segja af sér vegna þess hvernig hún hefur komið fram gagnvart fjölskyldunum á Íslandi, þeim sem við bágust kjörin búa.

[17:07]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég hef ekki tíma hér til þess að elta ólar við skítkast síðasta ræðumanns en auðvitað er hægt að svara því fullum hálsi vegna þess að þegar skoðuð er skuldastaða heimilanna og hún greind eins og Þjóðhagsstofnun hefur gert kemur mjög skýrt fram hverning aukning skulda hefur verið milli ára meðan Framsfl. var við stjórn. Og það er heldur ekki rétt hjá hv. þm. að ekkert hafi verið gert í þessum málum vegna þess að þegar ég fór úr ráðuneytiu lá þessi skýrsla fyrir um greiðsluaðlögun. Einungis átti eftir að útfæra hana í frumvarpsform.

Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Það veldur nokkrum vonbrigðum að vinnan sé ekki komin lengra á veg varðandi frv. um greiðsluaðlögun. Eftir því sem ég fæ skilið er nefnd að störfum til að skoða þessi mál þannig að þeir mánuðir sem hafa liðið frá því að skýrslan var lögð fram í maí hafa ekki verið nýttir sem skyldi að mínu mati. Við þurfum að fá þetta mál mjög fljótt inn í þingið ef hægt á að vera að gera það að lögum á þessu þingi. Það er alveg ljóst að þau úrræði sem eru fyrir hendi varðandi nauðasamninga og greiðslustöðvun hafa ekki dugað eins og hæstv. ráðherra best veit af þeirri skýrslu sem liggur fyrir um greiðsluaðlögun.

Auðvitað er það svo að það þarf að grípa til ýmissa aðgerða þó að þessi rannsókn liggi ekki fyrir sem ég tel mjög brýna og það var tekið undir það hér í maímánuði þegar við ræddum þessi mál að það þyrfti að greina skuldastöðu heimilanna miklu betur og fara út í þær rannsóknir sem þar fóru fram. En það veldur mér líka vonbrigðum hve stutt á veg það mál er komið en einhver hreyfing virðist þó vera á því. Ég vil spyrja ráðherrann í lokin: Hvað með það sem ráðherra hefur nefnt um að lengja lánstímann á húsnæðislánum og eru einhverjar aðgerðir á döfinni til að víkka út þær skuldbreytingaheimildir sem þó eru fyrir hendi varðandi þá sem eru í mestum vanskilum vegna atvinnuleysis, minnkandi tekna og veikinda?

[17:11]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Ég hélt nú, þó að ég sé ekki mjög sjóaður í störfum á Alþigi, að maður væri búinn að upplifa það margt hér að maður yrði ekki lengur hissa. En ég verð því miður að segja að mér datt ekki í hug að ég ætti eftir að upplifa það sem hér er að gerast. Að félmrh. sem er rétt farinn úr embætti, félmrh. sem sat í þeim ráðherrastól sem ber ábyrgð, ef stjórnvöld gera það að einhverju leyti, á högum heimilanna í landinu, félmrh. sem sat þann tíma meðan skuldir heimilanna tvöfölduðust skuli koma upp og tala eins og henni komi málið ekki við og spyr núv. félmrh. eins og hann spurði hæstv. fjmrh. fyrir tveim vikum síðan: Hvað ætlið þið að gera í málunum sem ég var búinn að gefast upp í?

Nú má enginn skilja það sem svo að ég sé að verja þá ráðherra í núverandi ríkisstjórn. En þetta er svo yfirgengilegur málflutningur að það hlýtur að ganga langt fram af hverjum einasta manni sem hefur haft fyrir því

að fylgjast eitthvað með þjóðmálaumræðunni.

[17:11]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Hér spurði fyrirspyrjandi hæstv. félmrh. hvort hann hygðist ekki beita sér fyrir því að nýttar yrðu í núverandi lögum heimildir sem eru þar til skuldbreytinga. Ég vil hvetja hæstv. ráðherra til að kynna sér þær heimildir og þá greinargerð sem fyrir liggur um það. Það eru nokkrir ónýttir möguleikar í þeim efnum, en þeir voru ekki nýttir í tíð fyrrv. félmrh. vegna þess að hann vildi ekki láta nýta þá. Og þó að hæstv. félmrh. hafi ekki staðið sig vel í því að hraða framgangi mikilvægra mála að því er virðist af svörum dæma, þá getur hann þó gert betur en forveri hans í því að óska eftir því að Húsnæðisstofnun nýti þær heimildir sem eru fyrir í lögum til skuldbreytinga og ég hvet ráðherrann eindregið til að kynna sér það mál.

En ég vil að lokum segja, virðulegi forseti, að hvílíkan kattarþvott hef ég aldrei séð hjá nokkrum þingmanni eins og hv. fyrirspyrjanda sem kemur úr félmrn. með þá gífurlegu skuldabagga sem búið er að hlaða á fjölskyldurnar m.a. vegna húsnæðislánakerfisins. Það er alveg með ólíkindum málflutningurinn hjá hv. þm.

[17:13]

Félagsmálaráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson):

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að blanda mér í orðaskipti hv. þingmanna og deilur um keisarans skegg í þeim efnum. Ég vil hins vegar segja það að hér hefur sá misskilningur verið uppi að sú athugun sem fram þarf að fara sannarlega á þessari tvískiptingu annars vegar þeirra sem skulda og hins vegar þeirra sem eiga, kynslóðanna tveggja í landinu, er aldeilis ekki tengd hinni spurningunni, þ.e. hvenær vænta megi frv. til greiðsluaðlögunar. Þar er um skyld mál að ræða en annað tefur ekki hitt. Því stendur það sem ég sagði áðan að sú nefnd sem vinnur nú að smíði þess frv. hefur að minni ósk og mun að minni ósk hraða störfum og væntanlega leggja fram frv. í þessa veru nú á þessu haustþingi.

Hitt er það sem lýtur að nánari greiningu á skuldum heimilanna og kynslóðanna í landinu sem er auðvitað nauðsynlegt gagn til lengri framtíðar þó að það liggi nú ekki ljóst fyrir hvernig best verði á því tekið. Kannski kemur út úr þeirri athugun nokkurs konar hugmyndir um það hvernig megi við því bregðast. Það er hins vegar veruleiki sem við vitum af, veruleiki kynslóðanna fyrir verðtryggingu og eftir verðtryggingu, sú staðreynd að eldri kynslóð sem byggði á tímum neikvæðra vaxta yfir sig húsnæði er skuldlítil eða skuldlaus eins og athugun Félagsvísindastofnunar gerði grein fyrir frá 1988. Aftur bera þeir sem réðust í slíkar fjárfestingar eftir 1980 af því nokkuð þungar byrðar.

Á hinn bóginn er rétt að undirstrika það líka að þótt þessar skuldatölur séu sannarlega mjög háar, þá eru þær að hluta til vegna félagslegra aðgerða. Þá er ég að vísa til námslánakerfisins og þess að lán hafa sannarlega hækkað í húsnæðislánakerfinu. Ég vil líka rifja það upp að aukið vægi í félagslega kerfinu sannarlega hækkar þessa tölu á sama hátt. Að hluta til er hér um meðvitaða pólitík að ræða og menn skulu ekki horfa fram hjá því og ég hygg að hv. Alþingi hafi verið meðvitað um það.

Aftur á móti vil ég segja það hér að ég deili áhyggjum manna af vaxandi vanskilum í húsnæðislánakerfinu. Af því að hér er um það spurt hvernig á skuli taka þá er ég að láta skoða sérstakar aðgerðir í því varðandi greiðsluerfiðleika sérstaklega og heimildir í þá veru sem hér hefur verið minnst á. Einnig hef ég lýst því yfir opinberlega að ég vilji láta skoða gaumgæfilega kosti þess að í húsbréfakerfinu verði hugsanlega um þrjá valkosti að ræða varðandi tímalengd lána, 15 ár, 25 ár og 40 ár. Lengri lánstími mun hins vegar sannarlega auka að einhverju leyti afföll húsbréfa. Það eru út af fyrir sig plúsar og mínusar í því en ég vil láta skoða það mjög nákvæmlega og vænti þess að fá niðurstöðu fyrr en síðar.

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Tveir hv. þm. hafa óskað eftir því að bera af sér sakir. Forseti gefur fyrst hv. 5. þm. Suðurl. orðið.

[17:16]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Það sem snýr að því að ég þarf að bera af mér sakir er auðvitað það að þegar maður heldur hér málefnalega ræðu þá leyfir hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir sér að kalla það skítkast. Allt sem ég sagði hef ég tekið upp úr Alþýðublaðinu, sem er málgagn hennar fyrr og síðar, um þær staðreyndir hvernig viðskilnaðurinn var í félmrn. Staðreyndin er sú að skuldir heimilanna á Íslandi hafa aukist um 50% í tíð ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar undir stjórn hv. þm. sem félmrh. Þetta eru staðreyndir sem ekki verða hraktar og er ekki hægt að kalla skítkast.

Hv. þm. minnir mig á forstjóra sem hefur verið gert það að hætta vegna skuldastöðu fyrirtækisins og slæmrar stöðu eða verið rekinn úr starfi en kemur svo nokkrum dögum síðar og spyr hvort ekki sé að batna í ári.

Þetta finnst mér lýsandi fyrir það hvernig vinnubrögð hv. þm. eru að verða eftir að ráðherradómi lauk. Staðan er sú að fólkið í landinu býr við galtómt veski vegna skattastefnu ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir ber fulla ábyrgð á þeirri skattastefnu. Og hv. þm. réð ekki við það sem var rætt hér utan dagskrár í fyrravor um að fara í aðgerðir til þess að koma á móts við verðtryggðu kynslóðina sem svo er kölluð og á kannski það eitt eftir núna að ganga upp í húsbréfadeild og skila lyklunum sínum af íbúðunum. Þannig er staða margra Íslendinga undir stjórn ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar.

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Hv. 12. þm. Reykv. óskar að bera af sér sakir.

[17:18]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegur forseti. Ég hlýt að fá að biðja um orðið og bera af mér sakir þegar því er haldið fram að ég hafi ekkert gert til þess að bæta skuldastöðu heimilanna. Hv. þm. vita það, sem hér hafa talað, að í september á sl. ári var veitt heimild einmitt til þess að fara í mjög víðtækar skuldbreytingar og þá nýttar þær heimildir sem fyrir hendi voru hjá Húsnæðismálastofnun. Þar er veitt heimild til þess að frysta lán í þrjú ár hjá fólki sem býr við verulega erfiðleika. Til þess hefur verið varið 300 millj. kr. ásamt því að farið hefur verið út í viðamikið samstarf við bankana sem hafa farið út í víðtækari skuldbreytingar en þeir hafa gert til þessa með 15 ára lánum. Ég vil segja það að greiðsluaðlögun sem er oft nefnd í þessu sambandi var raunverulega tilbúin þegar ég fór úr ráðuneytinu. Að mínu mati vantaði það að ná samstöðu að vísu við fjmrn. og að ganga frá frv. um það efni vegna þess að skýrslan var tilbúin sem var verulega útfærð í þessu efni.

Mér finnst að hv. þm. Framsfl. eigi ekki að tala mjög hátt í þessu efni og lesa vandlega skýrslu Þjóðhagsstofnunar. Þar kemur fram að skuldastaða heimilanna versnaði langmest á milli ára þegar Framsfl. var í stjórn, milli áranna 1982 og 1983. Þá var misgengi launa og lána mjög mikið. Menn muna nú eftir misgengishópnum þegar vísitölubinding launa og lána var tekin úr sambandi. Það er líka athyglisvert að aukning á skuldunum er mest milli áranna þegar Framsfl. er við stjórn.

Hv. þm. vita það líka vel að það þurfti að grípa til mjög víðtækrar greiðsluaðstoðar einmitt í sambandi við húsnæðismálin 1985–1986 þegar þeir fóru með þessi mál.

Mér finnst því meginatriði að menn komist að niðurstöðu um hvað hægt er að gera varðandi þessi mál en séu ekki að benda á einhverja sökudólga í þessu efni vegna þess að skuldaaukning heimilanna byrjaði 1980 og hefur farið vaxandi. Það eru margir samverkandi þættir fyrir því og ég segi að það er ómaklegt að segja það að þegar sú sem hér stendur sat í stól húsnæðismálaráðherra hafi ekkert verið gert í því efni. Ég bendi á að aldrei hefur verið gert eins mikið varðandi félagslega íbúðakerfið og aukningu á íbúðum þar. Ég bendi líka á húsaleigubæturnar sem nú eru að koma til framkvæmda. Það hefur verið farið út í ýmsar aðgerðir til að bæta skuldastöðu heimilanna þannig að þetta er mjög ómakleg árás af hálfu hv. framsóknarmanna.

[17:22]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegur forseti. Ég átta mig ekki alveg á því hvers vegna hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir bað um orðið til þess að bera af sér sakir því síðan stóð hv. þm. upp og varði með kjafti og klóm þá ríkisstjórn sem hún var rétt að ganga út úr. Ég hlýt, virðulegi forseti, að benda á að það hefði verið miklu nær að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hefði flutt þessa ræðu þegar rætt var um vantraust á ríkisstjórnina sem hún greinilega ber enn þá þær taugar til að hún varði öllum tíma sínum til þess að segja það hvað hefði verið gripið til góðra aðgerða í ríkisstjórn sem hún sat í. Maður hlýtur að spyrja í framhaldinu: Af hverju í ósköpunum var þingmaðurinn að yfirgefa ríkisstjórnina? Svona hlýtur...

(**Forseti** (StB): Forseti vill vekja athygli hv. þm. á því að hann fékk orðið um stjórn fundarins.)

Virðulegi forseti. Ég var að rökstyðja það að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hafi farið langt út fyrir það sem á að vera undir því að ber af sér sakir. Hún var ekki að bera af sér sakir heldur var hún að lýsa ágæti þeirrar ríkisstjórnar sem hún var rétt gengin úr.

Virðulegur forseti. Svona hlýtur að fara fyrir þeim sem vinna í pólitík eins og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir gerir. Það getur ekki farið öðruvísi fyrir þeim en að þeir lendi hvað eftir annað í því að verða í þversögn við sjálfan sig.

[17:23]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Ég gat ekki að mér gert að blanda mér í þessa umræðu þegar hv. 12. þm. Reykv. minntist á hvað allt væri í góðu standi í félagslega húsnæðiskerfinu. Ég er nefnilega nýkominn frá einu byggðarlagi fyrir austan þar sem tólf félagslegar íbúðir í litlu sveitarfélagi standa auðar af því að það hefur enginn efni á að vera í þeim. Fasteignaverð hríðfellur á stöðum úti um landsbyggðina. Þetta er vandamál sem er viðvarandi hringinn í kringum landið vegna þess að ástandið er orðið þannig eftir þessi fjögur ár að það er helmingi ódýrara fyrir fólk að kaupa íbúðir á almennum markaði heldur en að fara inn í félagslega kerfið. Þannig er ástandið í þeim efnum og ég gat ekki annað en skotið því inn í þessa umræðu.

Húsaleigubætur.

Fsp. KHG, 157. mál. — Þskj. 170.

[17:25]

Fyrirspyrjandi (Kristinn H. Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Í maí sl. var lögfest lagasetning um húsaleigubætur og kemur sú löggjöf til framkvæmda um næstu áramót.

Löggjöf þessi var afar umdeild og hlaut mikla gagnrýni í meðferð málsins, m.a. frá umsagnaraðilum og þá fyrst og fremst frá sveitarfélögum. Samband ísl. sveitarfélaga sendi ítarlega umsögn um málið með allítarlegri gagnrýni svo og mörg sveitarfélög þar að auki.

Meðal helstu gagnrýnisatriða frá Sambandi ísl. sveitarfélaga var að þarna væri gert ráð fyrir flóknu samstarfsverkefni ríkis og sveitarfélaga sem sambandið lýsti sig andvígt. Í öðru lagi að sveitarfélögum yrði gert að bera ábyrgð á framkvæmd kerfisins en ríkið ætlaði að setja reglurnar og ákvarða einhliða sinn hlut í kostnaði. Í þriðja lagi mundi kerfið leiða til verulegs kostnaðar fyrir sveitarfélögin án þess að á móti kæmu nokkrar tekjur. Í fjórða lagi að lögð væri sú kvöð á Jöfnunarsjóð sveitarfélaga að borga út greiðslur frá ríki til sveitarfélaga án þess að tryggt yrði að jöfnunar-

sjóður fengi tekjur á móti þeim útgjöldum. Í fimmta lagi taldi Samband ísl. sveitarfélaga rétt að þessar bætur yrðu greiddar í gegnum skattkerfið líkt og vaxtakerfið.

Ég tók undir þessar athugasemdir Sambands ísl. sveitarfélaga og reyndar fleiri aðila í meðferð málsins og skilaði um það sérstöku nál. á þskj. 1211 sl. vor. Fleiri hv. þm. lýstu yfir efasemdum um ágæti málsins, ekki vegna þess að menn efuðust um ágæti tilgangsins heldur um ágæti framkvæmdarinnar. Niðurstaða málsins varð hins vegar sú að ákveðið var að afgreiða málið og lögfesta það gegn yfirlýsingu sem hæstv. félmrh. gaf og er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Gengið verði til viðræðna við forráðamenn sveitarfélaganna um undirbúning að framkvæmd laganna. Komi í ljós í þeim viðræðum að óhjákvæmilegt sé að gera breytingar á lögunum til að gera framkvæmd þeirra markvissari verða slíkar tillögur lagðar fram á haustþingi. Þá verða málefni Búseta, sem rædd hafa verið í tengslum við lagafrumvarp þetta, skoðuð alveg sérstaklega áður en lögin um húsaleigubætur taka gildi um nk. áramót."

Nú hefur atvikast svo að örfá sveitarfélög hafa ákveðið að taka upp húsaleigubætur á næsta ári, 19 sveitarfélög samkvæmt skrá sem ég sá síðast. Það kann að vera að eitthvað hafi breyst á henni en varla hefur það verið mikið. Það þýðir að vel á annað hundrað sveitarfélög hafa ákveðið að hafa ekki húsaleigubætur. Ég hef því ákveðið, virðulegi forseti, að bera fram tvær fyrirspurnir til hæstv. félmrh. á þskj. 170 í tveimur tölusettum liðum eins og þar greinir.

[17:29]

Félagsmálaráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson):

Virðulegi forseti. Í fyrsta lagi er spurt: Hverjar urðu niðurstöður viðræðna ráðherra við forráðamenn sveitarfélaga sem um var getið við afgreiðslu frv. sl. vor?

Því er til að svara að 15. júní ritaði félmrh. Sambandi ísl. sveitarfélaga bréf og óskaði eftir viðræðum um framkvæmd laganna á grundvelli þeirrar bókunar sem um var getið.

Ég átti viðræður við forsvarsmenn sambandsins þann 11. júní og við fórum yfir helstu viðhorf í þessum efnum. Ekki varð þó um það að ræða að samkomulag næðist um tilteknar breytingartillögur enda lágu þær ekki fram af hálfu forráðamanna sambandsins.

Þann 6. sept. sl. var aftur fundað um þessi mál og niðurstaða þess fundar varð sú að ákveðið var að skipa nefnd til að undirbúa framkvæmd laganna. Af hálfu Sambands ísl. sveitarfélaga voru í nefndinni Lára Björnsdóttir, félagsmálastjóri í Reykjavík, Sveinn Ragnarsson, fyrrverandi félagsmálastjóri, Magnús Karel Hannesson oddviti. Fulltrúar félmrn. voru Ingi Valur Jóhannsson deildarstjóri og Elín S. Jónsdóttir lögfræðingur og Húnbogi Þorsteinsson skrifstofustjóri, sem er formaður nefndarinnar.

Verkefni nefndarinnar er að vinna að undirbúningi laga um húsaleigubætur, þar með talið að vinna að undirbúningi reglugerðar en tvær reglugerðir hafa verið settar, fyrst 14. sept. og síðan 14. okt., þannig að þarna var um að ræða gagnlegt samráð um hvernig þessi framkvæmd mætti best takast. Ekki eru fyrirhugaðir í ljósi þessa breytingar á lögunum áður en þau taka gildi. Húsaleigubætur eru nýjung og því bæði sjálfsagt og eðlilegt að fylgjast náið með framkvæmd og meta árangur. Í lögunum er gert ráð fyrir að sveitarfélög taki ákvörðun til eins árs í senn. Í ákvæði til bráðabirgða segir að endurskoða skuli lögin innan tveggja ára frá gildistöku þeirra. Félmrh. mun leggja ríka áherslu á að fylgjast vel með framkvæmd laganna strax frá upphafi og að skipulega verði unnið að því að safna saman og meta reynsluna af þeim.

Ég vil segja almennt um þetta að það er mikilvægt að þessi réttarbót handa leigjendum í landinu nái fram að ganga á þeim tíma sem Alþingi hafði samþykkt og fyrir liggur að 25 sveitarfélög hafa samþykkt að taka upp greiðslu húsaleigubóta. Rétt er að vekja á því athygli að þar fer höfuðborgin í broddi fylkingar þar sem langflestar leiguíbúðir og þar með leigjendur er um að ræða. Því má vænta þess að stór hluti leigjenda í landinu njóti þessarar réttarbótar og þessara greiðslna og það vegur auðvitað þungt.

Hvað varðar þátt Búseta í þessu sem um er spurt þá hefur félmrn. átt viðræður við forsvarsmenn Búseta. Niðurstaðan er sú að ef felld er úr skattalögum heimild Búseta og annarra, sem leigja íbúðir með hlutareign, réttur þeirra til vaxtabóta muni þeir eiga rétt á húsaleigubótum á sömu forsendum og aðrir. Húsnæðissamvinnufélagið Búseti hefur áður óskað eftir að félagsmenn ættu kost á vaxtabótum og var tekinn í lög í fyrra réttur til vaxtabóta vegna fjármögnunar á búseturétti. Samkvæmt lögum um húsaleigubætur eiga þeir sem eiga rétt á vaxtabótum ekki rétt á húsaleigubótum. Á fundi stjórnar og formanna Búseta landsambands sem haldið var í Reykjavík 7.–8. okt. 1994 var hins vegar samþykkt að styðja húsaleigubætur sem valkost hreyfingarinnar. Forsvarsmenn Búseta munu því hafa óskað eftir því við fjmrh. að heimild til vaxtabóta vegna búseturéttar verði felld úr lögum um tekju- og eignarskatt og þeir þar með rétthafar tilgreindra húsaleigubóta.

Ég neita því ekki að ég gerði mér vonir um að meiri hagsmunir réðu og vægu þyngra í hugum sveitarstjórnarmanna en minni hagsmunir, þ.e. að réttur leigjenda í landinu til að njóta jafnræðis á við aðra yrði veigameiri en hitt þótt álitamál væru uppi um framkvæmd þessara mála. Eins og ég sagði munum við gaumgæfa það mjög og hafa náið samráð við þau sveitarfélög sem hafa tekið ákvörðun um að greiða út þessar bætur til sinna leigjenda og freista þess eftir því sem tímar líða fram að laga breytingar á reglugerð og framkvæmd þessara laga að þeim veruleika sem við munum upplifa.

[17:33]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Þegar löggjöfin um húsaleigubætur var samþykkt var almenn samstaða um það í Alþingi að rétta hag leigjenda og þess vegna hlaut þessi löggjöf fylgi þótt gölluð væri. Því auðvitað var þessi

framkvæmd meingölluð að gera þetta að samstarfsverkefni ríkis og sveitarfélaga, veita sveitarfélögunum valkvæðan rétt í því hvort þau yrðu með. Síðan voru samþykkt ákvæði um að kanna málið til áramóta og árangurinn er eins og við blasir.

Ég tel að það eigi að athuga það í fullri alvöru að taka upp eitt kerfi húsnæðisbóta í stað húsaleigubóta og taka það í gegnum skattkerfið en fella niður þetta samkrull ríkis og sveitarfélaga í málinu sem sýnir sig að gengur ekki upp.

[17:35]

Fyrirspyrjandi (Kristinn H. Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Það kemur skýrt fram í svörum hæstv. ráðherra að þær viðræður sem ætlast var til að fram færu hafa ekki orðið. Það er alveg ljóst af framgangi málsins að það hefur ekki gengið eftir sem ætlast var til við afgreiðslu málsins í maí sl. þegar allmargir þingmenn sem höfðu efasemdir um frv. eins og það leit út féllust á að afgreiða það gegn fyrirheitum um að félmrn. og fulltrúar sveitarfélaga næðu samkomulagi um nauðsynlegar breytingar á frv. sem síðar yrðu lagðar fram á Alþingi strax í haust. Þetta hefur ekki gerst og það er hins vegar ekki ljóst af svörum ráðherrans hverju þar er um að kenna, hvort það er skortur á vilja af hálfu ráðherrans að efna þetta fyrirheit forvera síns. Hitt er ljóst að afstaða sveitarfélaganna liggur fyrir skýrt og skilmerkilega í þeirra umsögn og það kemur t.d. fram árétting á þessari afstöðu þeirra í samþykkt bæjarráðs Akureyrar þegar það samþykkir að viðhafa ekki húsaleigubætur. Það segir í frétt í Morgunblaðinu 30. okt. um málið, virðulegi forseti, að ákvörðun hafi verið tekin með vísan til þess að ekki var tekið tillit til eindreginna andmæla sveitarfélaga við einstök atriði í frv. til laga um húsaleigubætur. Beinir bæjarráð þeirri eindregnu áskorun til ríkisvaldsins að lögin um húsaleigubætur verði nú þegar tekin til endurskoðunar og fullt tillit tekið til þeirra sjónarmiða sem fram komu frá sveitarfélögunum. Þetta lá strax fyrir, virðulegur forseti, hvaða breytingar þyrfti að gera en mér virðist að hæstv. félmrh. vera að heykjast á því að efna það samkomulag sem menn gerðu fyrr á þessu ári. Ég get því miður ekkert annað við því gert en að hvetja hæstv. ráðherra til að standa við það samkomulag sem hér var gert af hálfu forvera hans í embætti og beita sér fyrir því að frv. verði flutt til að breyta löggjöfinni í þá átt sem nauðsynlegt er til að víðtæk samstaða geti náðst um að taka upp húsaleigubætur hér á landi.

[17:37]

Páll Pétursson:

Herra forseti. Úr því að farið er að ræða húsnæðisbætur held ég að þörf sé á svolítilli sögulegri upprifjun. Málið hófst það því að það var básúnað út af félmrh. að nú ætti að fara að koma á húsaleigubótum. Félmrh. vildi vera voða góður við leigjendur og fátæklinga eins og alltaf. Útkoman varð svo þessi bastarður sem er að senda reikninginn til sveitarfélaganna ef þau vildu á annað borð taka við honum og hinn hlutur reikningsins sendur jöfnunarsjóði og félagslega íbúðarkerfið skorið niður um 100 íbúðir. Þetta held ég að sé rétt að menn hafi í huga þegar menn ræða húsaleigubætur.

[17:38]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Mér fannst koma fram í þessari umræðu að félmrn. og félmrh. hefði ekki staðið við það að taka upp viðræður við sveitarfélögin. Ég minnist þess þegar ég var í því embætti þá var í júnímánuði skrifað til sveitarfélaganna þar sem var óskað eftir viðræðum við þau vegna þeirra loforða sem þar voru gefin og hæstv. félmrh. upplýsir að hann hafi í júlí átt samtöl við sveitarfélögin um þetta efni. Það væri fróðlegt að vita hvort það hafi komið fram einhverjar beinar tillögur, og beini ég því til ráðherrans, einhverjar beinar tillögur á þessum fundum sem hann hefur átt við sveitarfélögin um breytingar á lögunum. Ég hef ekki orðið vör við það. Ég vil segja að hér er ekkert verið að senda reikninginn til sveitarfélaganna, hér er fyrst og fremst um að ræða viðbót við þær 250 millj. sem sveitarfélögin hafa látið í húsaleigubætur á almennum markaði. Og ég verð að segja að það veldur mér vissulega miklum vonbrigðum að mörg sveitarfélög eru að hafna mikilli kjarabót til lægst launaða fólksins í sínum sveitarfélögum.

[17:40]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Enn gerist það að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir og fyrrv. ráðherra kemur upp til að verja gjörðir núv. ríkisstjórnar. En það var nú ekki mitt erindi hingað að benda á það heldur hitt að þessi löggjöf, sem var samþykkt í fyrra um húsaleigubætur og maður áttaði sig strax á að var meingölluð þótt menn styddu það með hangandi hendi, endurspeglar það sem hefur verið að gerast á þessu kjörtímabili og þá væntanlega undir forustu þeirra hæstv. félmrh. sem hafa verið á hverjum tíma, að það er alltaf verið að ganga lengra og lengra í þá átt að ríkisstjórn knýi í gegn löggjöf og sendi svo reikninginn á sveitarfélögin. Það skortir alla virðingu fyrir því stjórnsýslustigi sem sveitarstjórnarstigið er og mér finnst að Alþingi og ríkisstjórn gleymi því allt of oft að það erum við, hv. alþm., sem setjum þá umgjörð sem sveitarfélögin verða að starfa eftir og við verðum að vanda okkur við það. Við verðum að leyfa sveitarfélögunum að njóta sannmælis, leyfa þeim að njóta þess að þau geti að einhverju leyti staðið sjálfstæð og á eigin fótum.

[17:41]

Félagsmálaráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson):

Virðulegur forseti. Ég held að það sé nauðsynlegt að undirstrika það hver staða leigjenda hefur verið í þessu landi fram að þessu. Réttarstaða þeirra hefur verið ákaflega óljós, um að ræða háa leigu og lítið framboð. Margir hafa líkt þessu ástandi hins almenna leigumarkaðar við ákveðinn frumskóg. Ég hygg að það séu allir um það sammála að brýnt sé að taka á þessum málum. Lögin um húsaleigubætur gera það svo sannarlega. Ég get hins vegar tekið undir það og menn geta haft á því ýmsar skoðanir frá einum tíma til annars

hvernig best verði að framkvæmd þessara laga staðið frá einum tíma til annars. Ég gat hins vegar um það og ég ætla að undirstrika það að nefnd ráðuneytisins og fulltrúa sambands sveitarfélaga fór til þeirrar vinnu að ganga frá reglugerð, framkvæmd reglugerðar um það hvernig best væri að standa að þessu. Sú nefnd mun starfa áfram og fylgjast grannt með þróun þeirra mála. Þannig að þetta samráð og samvinna við forsvarsmenn sveitarfélaga hefur farið fram.

Ég vil einnig árétta að vitaskuld hafa sveitarfélögin látið sig varða hag leigjenda, að vísu í misjafnlega miklum mæli, hafa gert það í gegnum framfærslustyrki, kvarðastyrki, og greitt húsaleigubætur þótt með óbeinum hætti hafi verið. Þannig að þetta verkefni er þeim allendis ekki ókunnugt. Þau hafa verið að taka á þessu máli, gera það með myndarlegri blæ núna, þ.e. þau sveitarfélög sem tóku um það pólitíska ákvörðun að láta leigjendur í viðkomandi sveitarfélagi njóta þessarar réttarbóta.

Ég segi það, virðulegi forseti, að ég hygg að leigjendur í landinu, þeir sem munu njóta þessara bóta frá og með næstu áramótum, hlusti mjög grannt á þessi viðhorf þingmanna sem hér heyrast og auðvitað á viðhorf þeirra sveitarstjórna sem tóku um það pólitíska ákvörðun eins og lögin heimiluðu þeim að greiða ekki út þessar bætur. Þau verða auðvitað að standa til svara gagnvart sínum umbjóðendum (**KHG:** Líka Alþýðuflokkurinn.) og segja þá: Vegna þess að stjórnkerfið kemur sér ekki saman um hvernig að skuli standa þá fáið þið ekki neitt. Ég sagði það hér áðan að meiri hagsmunir eigi að vera ríkjandi gagnvart minni hagsmunum. Þeir hagsmunir eru stærstir í þessu máli að þessi réttarbót, þessar bætur til leigjenda í landinu, komi til þeirra. Að því mun ég vinna.

Olíumengun á sjó.

Fsp. PBald, 82. mál. — Þskj. 82.

[17:44]

Fyrirspyrjandi (Petrína Baldursdóttir):

Virðulegi forseti. Ég leyfi mér að leggja fyrir fyrirspurn til hæstv. samgrh. um olíumengun á sjó.

Tilefni fyrirspurnarinnar er olíuleki sem kom frá flutningaskipinu Carvik frá Kýpur. Fimm göt komu á flutningaskipið er það tók niðri við Valhúsabauju fyrir utan Hafnarfjörð. Skiðið hélt áfram för sinni yfir Faxaflóa að Grundartanga þar sem skipið lagðist að bryggju. Skipið missti olíu á leiðinni þannig að olíubrák sást á Faxaflóa og olíumengun varð á ströndinni, bæði á Seltjarnarnesi og Kjalarnesi, með umtalsverðum áhrifum á fuglalíf og útivistarsvæði.

Carvik, sem er um 16.200 tonna skip, steytti á skeri eins og áður sagði. Þegar skipið losnaði var ákveðið að stefna því til Grundartanga til að kanna skemmdirnar, en þangað var för skipsins heitið til að lesta 7 þús. tonn af málmblendi. Fram kom í sjóprófunum sem haldin voru fyrir héraðsdómi Reykjaness vegna óhappsins að skipið kom að landi nokkru fyrr en áætlað var. Skipstjóri skipsins reyndi að ná sambandi við hafnsögubátinn til að láta vita um breyttan komutíma, en náði ekki sambandi við hafnsögumann. Skipið stöðvaði við bauju þar sem gert var ráð fyrir að hafnsögumaður kæmi um borð. Haugasjór var þennan dag, um 8 vindstig, og skipið, eins og áður sagði, tók niðri með þeim afleiðingum að göt komu á það. Carvik komst af strandstað fyrir eigin vélarafli þegar falla tók að. Menn telja að hefði lóðsbáturinn verið á staðnum þegar skipið kom að landi hefði ekkert strand átt sér stað. Um það voru bæði hafnsögumaður og skipstjóri Carvik sammála við sjóprófin.

Þetta tilvik sýnir glöggt þá hættu sem vofir yfir umhverfi og lífríkinu vegna óhappa af þessu tagi. Ef koma á í veg fyrir að tjón hljótist af för skipa sem orðið hafa fyrir óhappi er nauðsynlegt að um för þeirra hér við land gildi skýrar reglur. Það þarf að liggja ljóst fyrir hver fer með yfirstjórn aðgerða og eftir hvaða áætlunum er unnið. Því spyr ég hæstv. samgrh. á þskj. 82:

„1. Hvaða yfirvöld heimiluðu flutningaskipinu Carvik að sigla frá slysstað út af Skerjafirði yfir Faxaflóa og að Grundartanga með lekan olíugeymi í byrðingi skipsins?

2. Hvaða reglur gilda um för skipa hér við land sem orðið hafa fyrir áfalli (leka) þannig að hætta er á áframhaldandi olíumengun af þeirra völdum?

3. Telur ráðherra þörf á að skerpa þær reglur í ljósi óhapps flutningaskipsins Carviks og annarra tilvika undanfarin ár?“

[17:47]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Fyrsta spurningin hljóðar svo: Hvaða yfirvöld heimiluðu flutningaskipinu Carvik að sigla frá slysstað út af Skerjafirði yfir Faxaflóa og að Grundartanga með lekan olíugeymi í byrðingi skipsins?

Frétt um strandið barst til Siglingamálastofnunar frá Landhelgisgæslu kl. 14.23 og tilkynning kom síðan frá Hafnarfjarðarhöfn kl. 14.25. Þær upplýsingar fylgdu tilkynningunni að gat væri komið á olíugeyma undir sjólínu skipsins og minni háttar leki hafi átt sér stað við strandið en væri hættur. Þá kom fram að mikill sjógangur væri á strandstað og nauðsynlegt væri að koma skipinu í var. Vegna þessara upplýsinga var ekki talin ástæða til að leggjast gegn því að skipið kæmist í var við Grundartanga. Hitt er annað mál að stjórnvöld hafa ekki ótvíræða lagaheimild til inngrips við slíkar aðstæður og verða að treysta á samvinnu við yfirvöld skips og umboðsmenn. Það stjórnvald sem undir samgrn. heyrir, þ.e. Siglingamálastofnun ríkisins, heimilaði ekki þessa siglingu enda ekki eftir slíkri heimild leitað.

Í öðru lagi: Hvaða reglur gilda um för skipa hér við land sem hafa orðið fyrir áfalli, leka, þannig að hætta er á áframhaldandi olíumengun af þeirra völdum?

Helstu lög um ferðir skipa sem orðið hafa fyrir áfalli, leka, þannig að hætta er á áframhaldandi olíumengun af þeirra völdum eru lög nr. 42/1926, um skipstrand og vogrek, lög nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar, lög nr. 34/1993, um leiðsögu skipa, og hafnalög, nr. 23/1994. Af þeim reglum sem um þetta

fjalla og heyra undir samgrn. skal einkum nefna hafnareglugerðir sem hafa að geyma ítarleg ákvæði um umferð skipa um hafnir ásamt meðferð hættulegs varnings.

Með auglýsingu nr. 566/1993 var lögfest hér á landi tilskipun hins Evrópska efnahagssvæðis um lágmarkskröfur fyrir tilskilin tankskip sem koma til og fara frá höfnum í aðildarríki þess.

Í þriðja lagi er spurt: Telur ráðherra þörf á að skerpa þær reglur í ljósi óhapps flutningaskipsins Carviks og annarra tilvika undanfarin ár?

Svar: Lög um leiðsögu skipa, lög um skipsströnd og vogrek og hafnalög ásamt reglugerðum settum samkvæmt þeim eru allítarleg og ekki ástæða til að skerpa þau að sinni. Þar sem lög um mengun sjávar eru á forræði hæstv. umhvrh. er rétt að hann svari þar um.

[17:50]

Guðmundur Hallvarðsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Petrínu Baldursdóttur fyrir þessa fyrirspurn. Ég verð að segja að það vakti athygli mína og fleiri aðila þegar mátti lesa í Morgunblaðinu 23. sept. sl. eftirfarandi frétt, með leyfi forseta:

„Olíuleki kom að flutningaskipinu Carvik frá Kýpur eftir að það steytti á skeri út af Hafnarfirði kl. 13.30 í gær", þ.e. 22. sept. Síðan er skipinu veitt heimild til að sigla til Grundartanga og þar leggst það að bryggju kl. 21.30. Mér fannst í svari ráðherra koma fram það sem ætti ekki að geta gerst, þ.e. að ekki skuli vera ákveðinn aðili sem getur tafarlaust stöðvað skip af undir þessum kringumstæðum. Það hefði verið eðlilegt að þetta skip hefði verið stoppað af, farið með það inn til Hafnarfjarðarhafnar og þar sett mengunarflotgirðing í kringum skipið, en ekki að langur tími líði frá því að skipið steytir á skeri og því síðan leyft að sigla til Grundartanga með þessari mengunarhættu sem raun ber vitni. Það má kannski þakka að sjór skyldi ekki vera hlýrri en var, annars hefði enn meiri olía lekið úr skipinu.

[17:51]

Fyrirspyrjandi (Petrína Baldursdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. fyrir hans svör. Ég þakka einnig hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni fyrir þær ábendingar sem hann kom með áðan í stuttri athugasemd. Ég get alveg tekið undir með honum að mér finnst líka vanta að ákveðinn aðili stöðvi skip í svona tilfelli. Ég get alveg tekið undir þá gagnrýni sem hann kemur með að það er langur tími frá 13.30 að degi til 21.30 þegar skipið leggst að bryggju við Grundartanga. Þá kemur í ljós að fimm göt eru á skipinu og nokkur tonn af olíu hafa lekið í sjóinn með þeim afleiðingum sem hér hafa verið tíundaðar.

En ég þakka hæstv. samgrh. fyrir svörin.

[17:52]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Ég vil taka undir það sem hv. þingmenn segja. Það er ástæða til þess að fara gætilega í sambandi við olíuleka, mengunarhættu og annað því um líkt. En ég vek athygli á því sem ég sagði áður að það var ekki leitað eftir heimild Siglingamálastofnun ríkisins fyrir þessari siglingu. Svo einfalt er það mál.

Framkvæmdir í samgöngumálum í kjölfar sameiningar sveitarfélaga.

Fsp. PBj, 121. mál. — Þskj. 126.

[17:53]

Fyrirspyrjandi (Pétur Bjarnason):

Virðulegi forseti. Sameining sveitarfélaga hefur verið mjög á dagskrá á þessu ári og hinu síðasta. Til þeirrar sameiningar hefur verið hvatt mjög af umdæmanefndum og ýmsum sendiboðum ríkisvaldsins sem það hafa gert með ýmsum fyrirheitum. Ríkisstjórnin markaði stefnu í sameiningarmálum eftir að fyrir lágu tillögur allra umdæmanefnda á haustdögum á árinu 1993. Á því stigi gerðu menn sér meiri vonir um að sameining sveitarfélaga yrði víðtækari en raun varð síðan á í atkvæðagreiðslum hinn 20. nóv. á síðasta ári. Þrátt fyrir það lá fyrir að mjög mörg sveitarfélög hafa sameinast, m.a. á grundvelli umræðna og funda með sendiboðum ríkisvaldsins, sem gáfu almennt mjög skýr fyrirheit um ýmsar aðgerðir, m.a. í samgöngumálum, eftir sameiningu sveitarfélaganna. Þar var m.a. byggt á stefnumörkun og tillögu sameiningarnefndar en þó einkum á fyrrgreindri stefnumörkun ríkisstjórnar fyrir rúmu ári. Þar segir m.a., með leyfi hæstv. forseta:

„Við ákvörðun um fjárveitingar og forgangsröðun framkvæmda í samgöngumálum á næstu árum verði m.a. tekið tillit til sameiningar sveitarfélaga."

Margir íbúar þeirra sveitarfélaga sem sameinast hafa bundu stuðning sinn við ákvörðun um að greiða sameiningunni atkvæði einmitt við loforð og fyrirheit ríkisstjórnarinnar sem þeir töldu sig geta treyst á. Annað hefur þó komið á daginn og lítil merki sjást þess að við þetta hafi verið eða verði staðið á næstunni. Ekki verður séð í fjárlögum fyrir 1995 að fjárveitingar séu ætlaðar til þessa málaflokks sérstaklega af þessum ástæðum.

Það skal tekið fram að margháttaðar framkvæmdir hafa verið gerðar eftir ýmsum fyrri ákvörðunum til að greiða fyrir samgöngum milli sveitarfélaga sem síðan hafa verið sameinuð. Þær framkvæmdir hafa að sjálfsögðu nýst mjög vel víða. Þar má t.d. nefna miklar samgöngubætur milli Patreksfjarðar og Tálknafjarðar annars vegar og Bíldudals hins vegar. Þar var um að ræða viðgerð og endurbyggingu á vegi sem var orðin ónýtur og tengist ekki sameiningu tveggja þessara byggðarlaga í núverandi vesturbyggð þó að þær nýtist vissulega þeim byggðum sem þarna hafa sameinast mjög ríkulega.

Til þess að fá betri yfirsýn yfir efndir ríkisstjórnarinnar á þessum málaflokki hef ég leyft mér að bera upp á þskj. 126 svohljóðandi fsp. til hæstv. samgrh., með leyfi forseta:

„1. Hvaða fjárveitingar eru ætlaðar til sérstakra framkvæmda í samgöngumálum í kjölfar sameiningar sveit-

arfélaga á þessu ári?

2. Hefur sameining sveitarfélaga breytt forgangsröð verkefna í samgöngumálum á næstu árum?

3. Telur ráðherra að unnt verði að standa við fyrirheit þau sem gefin voru af hálfu félmrn. varðandi samgöngumál þegar undirbúin var sameining sveitarfélaga?"

[17:57]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Fyrsta spurning hljóðar svo: Hvaða fjárveitingar eru ætlaðar til sérstakra framkvæmda í samgöngumálum í kjölfar sameiningar sveitarfélaga á þessu ári? Fjárveitingar til framkvæmda í vegamálum voru ákveðnar með vegáætlun í mars 1993. Fjárveitingar til framkvæmda í flugmálum voru ákveðnar með flugmálaáætlun í maí á þessu ári og fjárveitingar til framkvæmda í hafnamálum voru ákveðnar í fjárlögum þessa árs. Þessi mál hafa síðan ekki verið tekin fyrir hér á Alþingi.

Í öðru lagi: Hefur sameining sveitarfélaga breytt forgangsröðun verkefna í samgöngumálum á næstu árum? Eins og ég sagði áðan hefur hvorki flugmálaáætlun né vegáætlun verið lögð fyrir Alþingi og vísa ég til þess.

Í þriðja lagi er spurt: Telur ráðherra að unnt verði að standa við fyrirheit þau sem gefin voru af hálfu félmrn. varðandi samgöngumál þegar undirbúin var sameining sveitarfélaga? Ég átta mig ekki alveg á efni þessarar spurningar. Ég hygg að henni hafi verið beint til rangs ráðherra, kannski hefði átt að beina henni til fyrrv. félmrh., hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur.

Eins og hv. þm. tók fram áðan samþykkti ríkisstjórnin eftirfarandi í samgöngumálum, með leyfi hæstv. forseta:

„Við ákvörðun um fjárveitingar og forgangsröðun framkvæmda í samgöngumálum á næstu árum verði m.a. tekið tillit til sameiningar sveitarfélaga."

Svo mörg voru þau orð. Hv. þm. hafði þetta sjálfur eftir og við þetta hefur verið staðið. Ég er raunar hissa á því að hv. þm. Pétur Bjarnason, sem er frá vesturbyggð, skuli leggja málið fyrir með þeim hætti hér að ríkisstjórnin hafi brugðist í sambandi við samgöngumál og í sambandi við hugsanlega sameiningu sveitarfélaga. Í fyrsta lagi var ákveðið eftir að Framsfl. fór úr ríkisstjórn, en hv. þm. er framsóknarmaður, að gera sérstakt átak með því að ljúka veginum yfir Hálfdán. Einmitt sú veglanging, sem nú er lokið, gerði það mögulegt að sameina í eitt sveitarfélag Bíldudal og Patreksfjörð. Það er svo annað mál að Tálknafjörður kaus að vera ekki með í þeirri sameiningu. Þannig féllu atkvæði þar fyrir vestan.

Ég veit ekki hvort ég átti að skilja ummæli hv. þm. svo að það hafi verið ástæða til þess að fresta veglagningunni yfir Hálfdán þangað til atkvæðagreiðslan hafði farið fram eða hvers konar útúrsnúningur þetta er. Auðvitað er veglagningin yfir Hálfdán talandi dæmi um einmitt þá forustu sem samgrh. hefur haft um það að reyna að sameina atvinnusvæði og greiða þannig fyrir sameiningu sveitarfélaga.

Hitt veldur mér vonbrigðum að sú mikla vinna sem hafði verið lögð í það að mynda eitt hafnasamband á þessu svæði skuli ekki hafa borið árangur, nefnilega á Patreksfirði, Tálknafirði og Bíldudal. Einhverra hluta vegna hafa umræður um þau efni dregist á langinn. Enginn vafi er á því að ef ekki hefði komið til atkvæðagreiðslunnar um sameiningu sveitarfélaga þá hefði hafnasamlagið þegar verið stofnað — ég er þeirrar skoðunar — í kjölfarið á veginum yfir Hálfdán. Ég vona svo sannarlega að sameining sveitarfélaganna á þessu landsvæði komi ekki í veg fyrir að Tálknfirðingar bindist samtökum á sviði samgöngumála með nágrönnum sínum í Bíldudal og á Patreksfirði.

Ég hygg að við þingmenn hljótum að vera sammála um það að vitanlega ber okkur að hyggja að því á næstu árum, eins og stendur í samþykkt ríkisstjórnarinnar, að treysta innviði þeirra sveitarfélaga sem nú hafa sameinast. Auðvitað hljótum við að gera það. En við hljótum um leið að leggja áherslu á að stækka atvinnusvæðin þó fleiri sveitarfélög séu en eitt. Við hljótum líka að leggja áherslu á að tengja byggðarlögin saman og að tengja landsfjórðungana saman þó svo að ekki séu í sama sveitarfélaginu. Ef við mundum fylgja því bókstaflega að ekki mætti ráðast í vegaframkvæmdir nema áður hafi verið búið að sameina sveitarfélög á viðkomandi svæði er ég hræddur um að kórinn hér á Alþingi yrði í aðra átt. Ég er hræddur um að ýmsir hv. þm. mundu ekki segja amen og hallelúja við því.

[18:02]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Ríkisstjórn gaf á sl. hausti fyrirheit um vegaframkvæmdir í tengslum við sameiningu sveitarfélaga sem forsvarsmenn sveitarfélaganna hafa tekið alvarlega og spurt eftir efndum. Sé svo að þetta eigi að taka fyrir í vegáætlun í vetur þá liggur það fyrir hvaða ramma menn eiga að hafa í þeirri vegáætlun. Þá liggur fyrir að átaksverkefnum í vegagerð er hætt og að það er minna fjármagn til framkvæmda en áður. Það er það eina sem liggur fyrir í þessum efnum.

Það liggur líka fyrir að það þarf að ákveða hvenær á að endurgreiða þau lán sem hafa verið tekin vegna átaksverkefnanna. Ef svo á að taka sérstakt tillit til sameiningar sveitarfélaga þá hlýtur það að þurfa að koma niður á hinum. Það er mjög margt óljóst í þessu efni og sveitarstjórnarmenn munu halda áfram að spyrja því þeir fengu engin svör við þessa umræðu.

[18:03]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Svar hæstv. samgrh. leiðir það fram, sem mátti reyndar sjá í svari við fyrirspurn á síðasta vetri, að hann hefur engin áform uppi um að standa við þau fyrirheit sem erindrekar þáv. félmrh. höfðu uppi um land allt með fyrirheit um fjármagn í samgöngubætur svo það kemur í sjálfu sér ekki á óvart að svar ráðherrans skuli vera það sem það er.

En mér þykir rétt að taka það fram svo ekki verði misskilningur um það að framkvæmdin yfir Hálfdán er algjörlega óháð þeim fyrirætlunum og kosningum um sameiningu sveitarfélaga. Þessi framkvæmd var á veg-

áætlun og hafði verið tekin ákvörðun um hana á Alþingi áður en þetta átti sér stað en ríkisstjórnin ákvað með sérstöku framkvæmdaátaki að flýta framkvæmdinni. Þetta er allt óháð fyrirætlunum um sameiningu sveitarfélaga og kemur því máli á engan hátt við. Framkvæmdin var á vegáætlun og var í góðum gangi.

[18:04]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Það er ljóst að bættir vegir á síðustu árum hafa orðið forsenda fyrir því að hægt væri að sameina sveitarfélögin. Þannig gerðist þetta á sunnanverðum Vestfjörðum. Fyrst var byggður upp vegur um Hálfdán og síðan var farið í að sameina sveitarfélög.

Það sem ég vil hins vegar segja varðandi yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar sem hér hefur verið vitnað til þá blasir það við þegar hún er lesin að hún er ákaflega loðin. Þar er talað um að „m.a. skuli taka tillit til". Það er ekki verið að segja að það eigi eingöngu að einblína á þau svæði þar sem sveitarfélög hafa verið sameinuð. Það er fyrst og fremst verið að benda kurteislega á að menn skuli ekki alveg gleyma því að sveitarfélög hafa verið sameinuð og hafa það m.a. í huga þegar verið er að endurskoða vegáætlunina.

Ég vil hins vegar segja það sem mína skoðun að ef menn ætla sér að auka vegaframkvæmdir sérstaklega á þeim svæðum þar sem sveitarfélög hafa sameinast þá verður það ekki gert að neinu viti nema til komi aukin fjárframlög. Það held ég að blasi við hverjum einasta manni.

Rétt í lokin vegna orða hæstv. samgrh. um hafnasamlag í Vestur-Barðastrandarsýslu vil ég upplýsa það að hugur heimamanna stendur til þess að það verði komið á þessu hafnasamlagi. Það hefur því miður dregist en einmitt þær góðu samgöngubætur sem við höfum séð á sunnanverðum Vestfjörðum hafa gert það að verkum að þetta er mögulegt og mun vonandi verða innan tíðar.

[18:06]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Þessi umræða leiðir enn betur í ljós en áður að það er nákvæmlega ekkert vitað um hvaða efndir verða á yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í þessu efni. Hæstv. ráðherra talar út og suður og mjög loðið um það hvernig eigi að standa að þessu máli og er reyndar að vísa til framkvæmda sem þegar er búið að fara í og fjárframlaga sem voru ákveðin áður en farið var að stuðla að sameiningu sveitarfélaganna. Það er verið að spyrja um þá hluti víða um landið þar sem sameiningar hafa farið fram hvernig loforðið verði efnt. Svörin láta greinilega á sér standa og síðasta yfirlýsing hæstv. forsrh. um átak í vegamálum á höfuðborgarsvæðinu bendir ekki til þess að menn hafi verið að fjalla um einhverja aðra hluti sérstaklega til að koma til móts við sveitarfélög sem hafa sameinast. Því miður eru allar tiltektir hæstv. ríkisstjórnar í vegamálunum svona og búnar að vera allt kjörtímabilið út og suður og virðist ekki ætla að verða lát á því þó að nú styttist til loka þeirra daga.

[18:07]

Páll Pétursson:

Herra forseti. Það er út af fyrir sig gott mál að sameina sveitarfélög ef íbúar vilja það. En hæstv. fyrrv. félmrh. fór offari í viðleitni sinni til að sameina sveitarfélög og greip til óyndisúrræða til að afla sameiningunni atkvæða. Það var gripið til þess ráðs, sem er sem betur fer fágætt, að bera fé á menn, lofa þeim gulli og grænum skógum til þess að hafa áhrif á það hvernig þeir greiddu atkvæði. Það eru í sjálfu sér ógeðsleg vinnubrögð. Það voru lögð fram loforð eða það sem menn tóku sem loforð um stórfelldar vegaframkvæmdir ef af sameiningu yrði m.a. og fleiru var lofað, fjárhagslegri fyrirgreiðslu, til þess að reyna að hafa áhrif á niðurstöðu.

Íbúarnir tóku e.t.v. eitthvert mark á þessum loforðum en þau reyndust haldlaus enda voru þau með fyrirvörum eins og hv. 3. þm. Vestf. skýrði skilmerkilega frá.

Herra forseti. Hæstv. samgrh. er duglegur að sýna sig klippandi borða. Hér hefur vegurinn yfir Hálfdán komið til umræðu. Ég vil spyrja: Hver borgaði vígsluveislu vegarins yfir Hálfdán?

[18:09]

Fyrirspyrjandi (Pétur Bjarnason):

Virðulegi forseti. Ég þakka þeim hv. þm. sem hafa tekið til máls og í rauninni styrkt mjög þá skoðun mína að þessar fyrirspurnir hafi verið fullkomlega réttmætar og ástæða til að bera þær fram. Ég þakka hæstv. samgrh. ekki svörin því þau voru varla þess virði að mér fannst. Í stuttu máli dró ég saman svörin eftir því sem mér heyrðust þau vera. Númer eitt: Það voru engar. Númer tvö: Nei. Og út úr þriðju spurningunni sneri hæstv. samgrh. og ætlaði að beina þessu til hæstv. fyrrv. félmrh. Reyndin er sú að þegar talað er um samgöngumál á borði ríkisstjórnar þá ætlast ég til þess að samgrh. sé þar með í ráðum og ríkisstjórn samþykki ekki hluti eins og þessa án þess að hann sé því samþykkur.

Það var engin tilviljun að ég nefndi veginn yfir Hálfdán. Ég vissi að hann mundi verða notaður sem rök í þessu máli. Eins og hér hefur komið mjög glögglega fram þá var sá vegur ákveðinn löngu áður og af allt öðrum ástæðum vegna þess að sá fyrri var gjörsamlega niður snúinn af fiskflutningum. Þetta vita allir sem þarna eru. Hins vegar ætla ég ekki að neita því að sá vegur er mjög til bóta og þær samgöngur sem um hann fara. Það er aftur allt annað mál.

Mér finnast svör hæstv. samgrh. staðfesta það að sveitarfélögin sem taka þetta mál, eins og komið hefur fram, afskaplega alvarlega og bundu vonir við að við þær yfirlýsingar sem gefnar voru yrði staðið hafa verulegar áhyggjur af þessu. Það er greinilega full ástæða til að hafa áhyggjur af þessu þar sem svörin við fsp. af þessu tagi eru nánast útúrsnúningar og lítið annað.

[18:11]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Ég skal reyna að leggja mig betur fram næst þegar ég reyni að útskýra einfalda hluti fyr-

ir hv. þm. Pétri Bjarnasyni. Ég sá að það gekk illa núna.

Það er rétt sem kom fram hjá tveim hv. þm. að ég hef staðið við þau orð sem ég hef gefið af þessu tilefni. Ég hef að vísu verið spurður þessarar hinnar sömu spurningar á hinu háa Alþingi og eins og fram kom áðan þá liggur það fyrir skjallega að ég hef staðið við það sem ég hef sagt um þessi efni. (Gripið fram í.) Hæstv. fyrrv. félmrh. Jóhanna Sigurðardóttir — hv. þm. mun eiga að segja þó frammíkall sé, hefur horfið á braut úr þingsalnum. Ég held að hv. þm. verði að reyna að finna eitthvert annað tækifæri til þess að eiga orðastað við hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur. Það hefur komið fyrir áður að við höfum ekki verið sammála í þingsölum, ég og sá hv. þm.

Það lá alveg fyrir áður hver var stefna mín í þessum málum. Það lá líka fyrir þegar stjórnarskiptin urðu 1991 að þær hugmyndir voru ekki uppi að leggja veg yfir Hálfdán, svo ég haldi mig við byggðarlag hv. fyrirspyrjanda, Péturs Bjarnasonar. Síðasta ríkisstjórn hafði engin slík áform uppi sem hefðu leitt til þess að Bíldudalur hefði kosið að sameinast Patreksfirði vegna þess að það var mjög bágt og erfitt vegasamband milli þessara byggðarlaga. Það er næsta broslegt þegar maður sér tvo þingmenn Vestfirðinga (Gripið fram í.) standa hér upp og segja að vegna þess að við ákváðum að leggja veginn yfir Hálfdán áður en atkvæðagreiðslan um sameiningu sveitarfélaganna fór fram hafi sú vegagerð ekkert haft að segja um sameiningu sveitarfélaganna. Það eru eins og þessir menn séu alveg ókunnugir í sínum heimahögum. Ég hef komið þarna vestur og fjöldinn allur, bæði sveitarstjórnarmenn og einstaklingar, hafa einmitt farið lofsamlegum orðum um þessa framkvæmd vegna þess að henni var flýtt, vegna þess að þeir fengu hana áður en þeir áttu von á og vegna þess að hún hefur breytt svo miklu í þessum byggðarlögum. Auðvitað er þetta hluti af þeim framkvæmdum og áætlunum sem við erum með uppi um það að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga, greiða fyrir því að efla samgöngur innan atvinnusvæða.

Hitt er svo annað mál og ekki skrýtið þó að ritstjóri Tímans skuli standa hér upp, eins og hann gerði um daginn þegar vegamál voru til umræðu, fara með ósannindi, prenta þau svo einhliða í Tímanum og leyfa ekki sjónarmiðum stjórnmálaandstæðinga sinna að koma fram. Tíminn er flokksblað, það er rekið á þeim grundvelli eins og Alþýðublaðið og menn eru smátt og smátt að læra að það er ekki merkilegur pappír.

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Hv. 2. þm. Austurl. óskar að bera af sér sakir.

[18:14]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Ég verð að bera af mér sakir vegna þess að hæstv. samgrh. tilfærir einhverjar greinar í Tímanum án þess að gera nokkuð nánari grein fyrir þeim. Ég kannast ekkert við slíkt. Það sýnir náttúrlega hve rökþrota hann er í málinu vegna þess að hann svaraði ekki þeim spurningum sem hér voru bornar fram. Hv. þm. Einar Guðfinnsson svaraði því miklu betur vegna þess að hann sagði að þessi yfirlýsing ríkisstjórnarinnar væri loðin og teygjanleg og kurteisleg ábending, svona nokkurn veginn. Hann svaraði því að það á ekkert að gera með þessa yfirlýsingu þannig að svarið er komið.

Ég gæti alveg látið Tímann, af því að hann er til umræðu hér, ræða við hæstv. samgrh. á morgun og vona ég að mínir menn fái viðtal til þess að gera grein fyrir þessum skýru svörum sem komu hér. Kannski ég láti tala við hv. 3. þm. Vestf. líka því að hann var eiginlega skýrari í svörum en hæstv. ráðherra. (Gripið fram í.)

[18:16]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Mikið reiknar hæstv. samgrh. með miklu falli síns flokks í Norðurl. e. ef hann er farinn að gegna kallinu 6. þm. viðkomandi kjördæmis. Virðulegur forseti. Það sem ég ætlaði að gera að umtalsefni hefði kannski alveg eins og betur átt við undir liðnum um fundarstjórn forseta en af því að ég á þetta tækfæri þá geri ég það hér.

Það gerist orðið í hverri viku að þegar hæstv. ráðherrar Sjálfstfl. eru orðnir rökþrota fara þeir að ávarpa þingmenn með starfsheitum sem þeir kunna að gegna samhliða þingmennsku eða áður en þeir komu hér inn. Hæstv. samgrh. fór algerlega út fyrir allar þingskapavenjur og auðvitað hefði hæstv. forseti átt að benda ráðherranum á það þegar hann fór að ávarpa mann hér án nokkurs titils með því starfi sem hann gegnir samhliða þingmennsku. Þetta gerði hæstv. menntmrh. í síðustu viku gagnvart 2. þm. Vestf. og ávarpaði hann sem fræðslustjóra. Auðvitað eru allir menn hér inni sem þingmenn og taka til máls sem slíkir.

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Hæstv. samgrh. óskar að bera af sér sakir.

[18:18]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Ætli ég sé ekki bara farinn að kalka. Einhvern veginn rámar mig samt í það að fyrir hafi komið að Einar Olgeirsson hafi í þessum þingsal verið kallaður ritstjóri Réttar. Einhvern tíma var Þórarinn Þórarinsson kallaður ritstjóri Tímans og Eykon ritstjóri Morgunblaðsins. Ég held að þetta sé ekki nýtt í þingsögunni, það held ég ekki. Ég held að þetta hafi viðgengist svo að áratugum skiptir.

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Hv. 5. þm. Vestf. óskar að bera af sér sakir.

[18:19]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það kom fram í síðari ræðu ráðherra um þessa fyrirspurn að hann bar það á tvo þingmenn Vestfirðinga að þeir bæru ekki hagsmuni sinna umbjóðenda í vesturbyggð fyrir brjósti þegar þeir ræddu um forsendur átaksins í vegagerð yfir Hálfdán. Mér finnst þetta ómaklega sagt af hálfu ráðherra þó að það hafi legið illa á honum uppi á Hálfdán í septem-

bermánuði þegar var verið að vígja þá framkvæmd sem er afskaplega myndarleg og hefði verðskuldað einn borða a.m.k. og kannski skærì líka. En mig langar bara að það komi fram þannig að hæstv. ráðherra geri það ekki aftur að bera það á mig og hv. þm. Pétur Bjarnason sem hann bar fram áðan. Flýting framkvæmdarinnar á veginum yfir Hálfdán fór af stað upphaflega vegna áforma og framkvæmda ríkisstjórnarinnar um að leggja niður Skipaútgerð ríkisins. Ráðherranum var fyrst bent á þetta þegar hann kynnti þau áform fyrir stjórn Skipaútgerðar ríkisins. Ég átti sæti í þeirri stjórn og benti ráðherranum einmitt á það þá að ættu þau áform eftir að ganga sem hann ráðgerði yrðu menn að grípa til þess að flýta þeirri framkvæmd. Svar hæstv. ráðherra er mér enn minnisstætt því að mér finnst það satt að segja lýsa slíkri vanþekkingu á högum Bíldælinga að mér líður seint úr minni því að ráðherrann spurði: Hvaða Hálfdán?

Innflutningur garðávaxta.

Fsp. GE, 163. mál. — Þskj. 176.

[18:21]

Fyrirspyrjandi (Gísli S. Einarsson):

Herra forseti. Um leið og ég ber fram spurningar til hæstv. landbrh. vil ég setja fram þá skoðun mína að sölumeðferð íslenskra landbúnaðarafurða sé alvarlega gölluð. Á það jafnt við um gróðurhúsaafurðir sem og aðrar garðyrkjuafurðir, einnig sölu frá afurðastöðvum sem selja kjötafurðir og fleira. Gallað sölukerfi landbúnaðarafurða kemur fram í hróplegum mismun á vöruverði á landsbyggð og Reykjavíkursvæði.

Ég nefndi hér sl. mánudag verðmun sem nemur 300% og það verður að nægja sem dæmi í þessari stuttu framsögn en ég hef mörg fleiri til viðbótar. Það er meira að segja svo að kortafyrirtækin gera kröfu um meira en tvöfalt hærra gjald fyrir debetkortaþjónustu úti á landi en hjá stærstu aðilum í Reykjavík.

Mér er ljóst að vegna atkvæðagreiðslu um inngöngu EFTA-ríkja liggja niðri umræður um þau mál sem ég ætla að spyrja um milli Íslands og ESB. Fyrirspurnin lýtur einnig að erfiðleikum varðandi upprunavottorð vöru. Vandinn lýtur að vöru sem kemur til landsins í gegnum ESB-ríki frá þriðja landi. Innflutningur samkvæmt cohesions-lista er staðreynd sem ekki verður fram hjá litið en það skiptir máli með framkvæmdina. Það sem felst í spurningunum sem ég legg fyrir hæstv. landbrh. tel ég að geti skipt verulegu máli fyrir framleiðendur. Það gafst ekki tími til að setja þessar spurningar fram við utandagskrárumræðu 31. okt. sl. Því eru þær bornar fram nú og eru eftirfarandi á þskj. 176, með leyfi forseta:

„1. Eru áform um að stytta það tímabil þegar leyfður er innflutningur garðávaxta?

2. Mun ráðherra beita sér fyrir því að ekki verði meira til í landinu en sem nemur hálfs mánaðar birgðum af innfluttu grænmeti í lok innflutningstímabils?"

[18:24]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Fyrri spurningin er: Eru áform um að stytta það tímabil þegar leyfður er innflutningur garðávaxta? Innflutningur á garðávöxtum lýtur að reglum sem settar eru í 53. gr. laga nr. 99/1993, eða búvörulögunum. Þar segir að innflutningur þeirra vara sem greinin tekur til skuli því aðeins leyfður að innlend framleiðsla fullnægi ekki eftirspurn.

Ráðherrann lýtur ráðgjöf nefndar sem skipuð er fulltrúum framleiðanda og innflytjanda þegar ákvarðanir eru teknar varðandi innflutning í þessum vöruflokki. Innflutningur er ekki heimilaður fyrr en innlend framleiðsla fullnægir ekki eftirspurn og þess er gætt að innlend og innflutt vara séu ekki samtímis á markaði nema í mjög stuttan tíma. Verði sá tími sem innflutningur er leyfður styttur kallar það á skort á vörunni og það er ekki stefna landbrh. eða bændasamtakanna að vöruna vanti á markaðinn. Rétt er að geta þess að tímabilin hafa verið breytileg eftir árum, allt eftir framleiðslumagni og sölu á innlendri framleiðslu.

Eina undantekningin frá meginreglunni hér að ofan er innflutningur frá löndum Evrópusambandsins samkvæmt svokölluðu cohesion-lista. Í samningi Íslands og ESB er kveðið á um frjálsan og ótollaðan innflutning á nokkrum tegundum grænmetis og blóma til Íslands. Samkvæmt þeim samningi er heimilt að flytja til landsins tómata, gúrkur, paprikur, salat o.fl., tegundir sem skipta minna máli frá 1. nóv. til 15. mars ár hvert.

Öllum er kunn forsaga þess máls. Árið 1991 ákvað ríkisstjórnin að íslensku fulltrúarnir skyldu ekki taka þátt í umræðum um landbúnaðarkafla tvíhliða samningsins milli Evrópusambandsins og EFTA. Það var á öndverðu ári 1991 sem sú ákvörðun var tekin. Það var gert undir því yfirskini að verið væri að þrýsta á sjávarútvegsmálin. Á meðan gengu önnur ríki EFTA frá þeim þáttum landbúnaðarmála sem samningskröfur lágu frammi um og þegar sjávarútvegsmálin komust upp á borðið, eða á miðju sumri 1991, þá gafst loksins tími til að taka landbúnaðarmálin upp. Eins og ég hef áður sagt voru samningsdrögin mjög óaðgengileg. Það var fyrst og fremst vegna góðvilja þýska ráðherrans Kiechle að við fengum leiðréttingar á samningsdrögunum eins og þau lágu þá fyrir.

Framsetning þessa máls var líka með þeim hætti að samningurinn, eða cohesion-listinn, átti að verða til þess að liðka fyrir framleiðslu og sölu á afurðum frá Suður-Evrópuríkjum. Þess er þó hvergi getið í sjálfum samningnum eða viðaukum við hann og því eru fluttar inn til landsins vörur frá öðrum löndum Evrópusambandsins, svo sem Hollandi, tollalaust.

Landbrn. skrifaði 19. júlí 1994 utanrrn. þar sem m.a. var óskað eftir því að taka þessi mál upp. Þar var farið fram á breytingar á þeim dagsetningum sem cohesion-listinn tekur til en ekki er neitt frekar um það að segja samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef.

Síðan er spurt hvort ráðherrann muni beita sér fyrir því að ekki verði meira til í landinu en sem nemur hálfs mánaðar birgðum af grænmeti í lok innflutningstímabils. Þær tegundir sem cohesion-listinn tekur til eru

flestar vörur með takmarkað geymsluþol og því ekki lengi á markaði eftir að innflutningstímabili lýkur. Það breytir ekki því að ráðherra hefur engar heimildir til að takmarka innflutning á cohesion-tímabili og því getur verið til í landinu umtalsvert magn í lok tímabilsins. Öðru máli gegnir um ýmsar aðrar tegundir eins og kartöflur. Þær eru geymsluþolnar og geta verið á markaði lengi eftir að innflutningur hefur verið bannaður. Þar er ráðherra heimilt að úthluta kvóta til innflytjanda og miða þar við þá markaðshlutdeild sem innflytjendur hafa við dreifingu á innlendri framleiðslu. Verklagsreglan hefur þó verið sú að forðast í lengstu lög að úthluta innflutningsheimildum heldur fylgjast vel með því magni sem kemur og stöðva innflutning tímanlega áður en innlend vara kemur á markaðinn. Oftast nær hefur verið góð samvinna við innflytjendur og dreifingaraðila út af þessum málum en einstaka aðilar hafa þó farið offari.

Ég vonast til að þessum fyrirspurnum sé svarað eins og tíminn leyfir.

[18:29]

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Það er mikið alvörumál sem hv. 4. þm. Vesturl. hreyfði. Það hefur verið rætt oft áður hvernig hagsmunum íslenskrar garðyrkju var fórnað af hæstv. núv. utanrrh. í þessum samningum eins og hæstv. landbrh. lýsti. Það er ekki tími til að fjalla ítarlega um þetta mál en virst hefði eðlilegra fyrir hv. fyrirspyrjanda að beina máli sínu til yfirlandbúnaðarráðherrans, hæstv. utanrrh., sem lagði á ráðin um þessa samninga og gekk frá þeim. Reyndar hefur komið fram fyrr í dag að það virðist vera orðinn ruglingur milli hlutverka ráðherra eins og þegar hæstv. forsrh. var eingöngu spurður um samgöngumál.

[18:30]

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Rétt til að upplýsa hæstv. fyrirspyrjanda þá kom það fram í ræðu hans áðan að verslanir úti á landsbyggðinni greiddu allt að þrefalt hærra kortagjald en verslanir í Reykjavík. Ég vil upplýsa hv. þm. um að þetta hefur ekkert með staðsetningu verslana að gera. Þetta byggist eingöngu og alfarið á veltu fyrirtækjanna. Sjálfur rek ég verslun hér í bæ og borga allverulega mikið hærra heldur en stóru aðilarnir þannig að ég þekki þetta mál af eigin raun. Menn verða svona aðeins að gæta sín þegar verið er að stilla upp landsbyggð á móti þéttbýli. Af því að verið var að tala um vöruverð úti á landsbyggðinni þá verð ég líka að minna hv. þm. á það að í könnun eftir könnun ár eftir ár þá var verslun sem ég hygg að heiti Einarsbúð, sífellt og ávallt með lægsta verðið yfir landið. Hvar er sú verslun staðsett? Hún er staðsett á Akranesi. Það er því ekki alveg einhlítt og menn ættu frekar að velta fyrir sér hvernig stendur á því að vöruverð er einstaka sinnum jafnhátt og raun ber vitni út á landi þegar það færist sífellt í vöxt að verslanir úti á landi flytja beint inn og eru meira að segja farnar að selja hér inn á Reykjavíkurmarkað. Þær vörur eru jafnvel með mismunandi verð og eru enn hærri út á landi þótt þeir hafi flutt þær inn sjálfir.

[18:32]

Fyrirspyrjandi (Gísli S. Einarsson):

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hæstv. landbrh. fyrir þau svör sem hann gaf. Þetta er auðvitað mikið mál að fara í að ræða um þann samning sem var gerður varðandi innflutning á þessum vörum. En ég held að það sé virkilega ástæða til að ræða um möguleika á að takmarka birgðir í lok þessara innflutningstímabila. Ég held að það sé hægt. Það er t.d. talið mögulegt að geyma sumar af þeim vörum sem einmitt var verið að ræða um og heimildir taka til, í allt að 40–50 daga eftir komu til landsins. Þetta hefur auðvitað alvarleg áhrif á framleiðendur umræddra vara en eins og fram kom í máli hæstv. ráðherra þá telur hann sig ekki hafa vald til að beita reglugerð gegn þessu en ég taldi aftur á móti að það væri mögulegt að beita sér fyrir breytingu á þessum reglugerðum. Það getur verið að það sé minn misskilningur en ég hélt þetta og held því jafnvel enn fram.

Aðeins varðandi það að ég hefði átt að beina máli mínu til hæstv. utanrrh., þá tel ég ekki svo vera. Ég tel að þessi málaflokkur heyri alfarið undir landbrh. Ég tel að það sé misskilningur hjá hv. þm. Jóni Helgasyni að ég sé að fara ranga leið með þetta mál, algjör misskilningur.

Enn og aftur varðandi vöruverð út á landi þá er það staðreynd sem ég gat hér um fyrir viku síðan að á sama tíma og tómatar kostuðu 60 kr. í Reykjavík þá kostuðu þeir 300 kr. á Akranesi og jafnvel enn meira á Austurlandi, kartöflur kostuðu 5–10 kr. í Reykjavík á meðan þær kostuðu 50 kr. á Akranesi og Vesturlandi og það er staðreynd að það er allt að 50% verðmismunur út á landsbyggðinni þó það væri hægt að finna einstaka verslun sem undantekningu einmitt á umræddum stað.

[18:34]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Ég vil fyrst víkja að ummælum hv. þm. Jóns Helgasonar, 2. þm. Suðurl. Það er undarlegt þegar þingmenn Framsfl. koma hér upp hvað eftir annað og eru að ræða undirbúning samninganna um hið Evrópska efnahagssvæði að þá skuli þeir ævinlega reyna að kenna hæstv. utanrrh. um það sem miður fer. Forsrh. í þeirri ríkisstjórn hét Steingrímur Hermannsson. Hann var framsóknarmaður og hann bar höfuðábyrgð á þeirri samningsgerð. Hann bar ábyrgð á því að athugasemdir og sjónarmið fagráðherra bærust til utanrrh. Hann bar auðvitað höfuðábyrgð á því að það skyldi vera látið undir höfuð leggjast að hafa fulltrúa landbúnaðarins við þegar þau mál voru rædd á öndverðu ári 1991 í samningunum um hið Evrópska efnahagssvæði. Það er algjörlega út í bláinn og þýðingarlaust að reyna að kenna Alþfl. einum um þessi mál. Enda var það eins og málin hafa verið skýrð fyrir mér samkomulag sjútvrh., Halldórs Ásgrímssonar, sem nú er formaður Framsfl., og utanrrh. að reyna að þrýsta á sjávarútvegsþáttinn með því að láta fulltrúa ekki mæta þegar landbúnaðarmálin voru rædd. Þannig voru málin og þess vegna eru samningarnir ekki betur úr garði gerðir en raun ber vitni.

Ég vil líka segja um hið síðara atriði sem hv. fyrirspyrjandi kom að þá vil ég taka undir þær áhyggjur sem hann lét í ljósi yfir þeim skelfilegu undirboðum sem eru nú á kartöflum víðs vegar um landið. KEA seldi kílóið á 4 krónur. Bónus á 8 kr. Ég hygg að pakkningarnar kosti 15 kr. og verð á kartöflum til landsins í sumar var um 40 kr. Ég er að láta athuga hvort ekki sé heimilt samkvæmt íslenskum samkeppnislögum eða samkvæmt samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði að grípa þarna inn í og koma í veg fyrir að einstaka kaupmenn geti verið með bersýnileg niðurboð af þessu tagi sem eru auðvitað til þess fallin að brjóta niður heilbrigða viðskiptahætti og geta bitnað mjög harkalega á þeirri framleiðslugrein sem af tilviljun verður fyrir barðinu á þeim í það og það skiptið. Og við vitum að þessir óheilbrigðu viðskiptahættir nú eru að valda því að fjöldi fólks er að missa eignir sínar og verða gjaldþrota vegna þessara óheilbrigðu viðskiptahátta. Ég tel að Samkeppnisstofnun hefði átt að vera búin að grípa inn í þetta.

Út af dagskrá voru tekin 8. og 9. mál.

Fundi slitið kl. 18:37.

---

28. FUNDUR

mánudaginn 7. nóv.,
að loknum 27. fundi.

Dagskrá:

1. Jarðalög, stjfrv., 106. mál, þskj. 109. — Frh. 1. umr.

2. Lýðveldissjóður, frv., 173. mál, þskj. 187. — 1. umr.

Lýðveldissjóður, 1. umr.

Frv. GHH o.fl., 173. mál. — Þskj. 187.

[18:38]

Flm. (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. um lýðveldissjóð, sérstakan hátíðarsjóð, sem ákveðið var að stofna í tilefni af 50 ára afmæli lýðveldisins á liðnu sumri.

Eins og þingmenn rekur eflaust alla minni til náðist um það víðtækt samkomulag milli þingflokka í tengslum við hátíðahöldin 17. júní að flytja og síðan samþykkja þáltill. um þennan sjóð sem ákveðið var að heita skyldi Lýðveldissjóður og framlög til hans næstu fimm árin.

Þessi mál liggja öll skýrt fyrir og ástæðulaust að rekja hér og nú aðdraganda þessa sjóðs eða markmið hans að öðru leyti. Hins vegar var talið að það væri rétt að setja þessum sjóði örugga umgjörð og tryggja honum fastan sess með því að setja sérstök lög um starfsemi hans og því urðu formenn þingflokka ásáttir um að flytja það frv. sem ég mæli nú fyrir til þess einmitt að marka þessum sjóði öruggan og eðlilegan sess í kerfinu, ef svo mætti segja, koma honum á ákveðinn stað í stjórnkerfinu þannig að ekkert fari á milli mála um starfsemi hans þann tíma sem hann á að starfa.

Það er brýnt að ljúka afgreiðslu þessa frv. til þess að unnt verði að kjósa stjórn sjóðsins. Eins og kunnugt er er ráðgert að hún verði skipuð þremur utanþingsmönnum sem þingflokkar verði sammála um og það er nauðsynlegt að unnt sé að kjósa þessa stjórn von bráðar þannig að hún geti hafið störf og hefja megi starfsemi sjóðsins í upphafi næsta árs eins og ráðgert hefur verið.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um þetta frv. Það skýrir sig að öllu leyti sjálft og er hefðbundið að því er varðar sjóði af þessu tagi. Um efnisatriði málsins að öðru leyti vísa ég til framsöguræðu minnar í þinginu 16. júní sl. þegar þetta mál kom fyrir í formi þáltill. sem síðan var samþykkt einróma á Þingvöllum hinn 17. júní sl.

Ég legg til, virðulegi forseti, að málinu verði vísað til 2. umr. en það er ekki gerð tillaga um að þessu máli verði vísað til nefndar í ljósi forsögu málsins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Jarðalög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 106. mál (EES-reglur o.fl.). — Þskj. 109.

[18:41]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég hafði sett mig á mælendaskrá í þessu máli í síðustu viku þegar það var til umræðu en þurfti að fara austur á land áður en að mér kom í umræðunni og eitthvað olli það misskilningi hér en ég veit að hann var leiðréttur og virðulegur forseti mun hafa stuðlað að því að mér gefst tækifæri til að ræða málið. Ég hafði raunar vænst þess að hæstv. landbrh. mundi fylgja mér eftir í austurveg í það skipti en hann brá ekki á það ráð. Tilefnið var honum ögn nærtækt þar sem haldið var upp á tímamót í ævi ættingja hans austur þar en ég ætla ekki að fara að ræða það frekar í tengslum við þetta en aðeins að tengja þetta við þá umræðu sem varð vegna misskilnings um aðstæður.

Frv. það sem við ræðum hér, um breytingu á jarðalögum, nr. 65/1976, hefur legið þrívegis fyrir Alþingi og hæstv. ráðherra mælti fyrir þessu máli á síðasta þingi. Það virðist vera mjög lítil fylgni á bak við þetta mál hjá stjórnarflokkunum ef marka má það að þetta

skuli ekki hafa hlotið afgreiðslu af þeirra hálfu og ekki fengist afgreitt út úr landbn. þingsins. Ég get út af fyrir sig skilið að það standi í mönnum að lögfesta þau ákvæði sem hér er að finna í ljósi þeirra yfirlýsinga sem hafðar voru uppi á fyrri stigum þessa máls þess efnis að unnt væri að koma í veg fyrir að ákvarðanir EES-samningsins giltu varðandi ráðstöfun og kaup á landi, fasteignum og landi, þar á meðal jörðum. Nú er komið í ljós og greinargerð þessa máls tekur ótvírætt á því að þar verður ekki fram hjá komist og hefði ekki þurft að velta lengi vöngum yfir því þegar ekki var um að ræða neinn gildan fyrirvara af hálfu íslenskra stjórnvalda varðandi þetta mál og þá viðurkenndan fyrirvara í samningnum sjálfum.

Þetta mál var mikið til umræðu í aðdraganda samþykktar samningsins um hið Evrópska efnahagssvæði og ég óttast það að ýmsir þeir sem guldu jáyrði við samningnum hafi ekki gert sér fyllilega ljóst hverjar afleiðingarnar yrðu varðandi þennan málaflokk sérstaklega. Ég a.m.k. leyfi mér að virða þeim það til betri vegar eins og kannski varðandi fleiri þætti þó að það sé erfitt að sætta sig við það, virðulegur forseti, að samningur sem þessi gangi yfir land og þjóð án þess að Alþingi Íslendinga hafi gert sér ljósar afleiðingar málsins. Í greinargerð á bls. 4 er vitnað til athugana sem fram hafa farið á EES-samningnum og rétti Evrópubandalagsins og þar segir, með leyfi forseta:

„[Þær] hafa leitt í ljós að það teldist andstætt samningnum að setja í lög ákvæði sem áskildu að þeir sem gætu komið til greina við kaup á jörðum og öðru búskaparlandi, sem jarðalögin taka til, þyrftu að hafa verið búsettir hér á landi í tiltekinn árafjölda fyrir kaupin og það þó að sambærileg regla gilti um Íslendinga. Slík ákvæði voru í lögum hjá Dönum og Írum en hafa verið felld niður þegar í hlut eiga aðilar frá öðrum ríkjum EB sem ætla að nýta sér staðfesturétt þar.“ — Þetta segir í greinargerð og þarna er auðvitað viðurkennd staða málsins sem helgast af 4. gr. samningsins þar sem hvers konar mismunun á grundvelli ríkisfangs er bönnuð á gildissviði samnings þessa nema annað leiði af einstökum ákvæðum hans.

Ég vil líka, virðulegur forseti, vitna til 6. gr. samningsins sem varðar fyrirvarann um dómsúrlausn í framtíðinni en þar segir, með leyfi forseta:

„Með fyrirvara um þróun dómsúrlausna í framtíðinni ber við framkvæmd og beitingu ákvæða samnings þessa að túlka þau í samræmi við úrskurði dómstóls Evrópubandalaganna sem máli skipta og kveðnir hafa verið upp fyrir undirritunardag samnings þessa, þó að því tilskildu að þeir séu efnislega samhljóða samsvarandi reglum stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu og stofnsáttmála Kola- og stálbandalagsins og gerðum sem samþykktar hafa verið vegna beitingar þessara tveggja sáttmála.“

Þetta er 6. gr. eins og hún hljóðar í EES-samningnum. Ég vil inna hæstv. landbrh. eftir því hvort á hans vegum hafi verið farið yfir dóma Evrópubandalagsins sem máli skipta og kveðnir hafa verið upp fyrir undirritunardag samningsins að því er varðar þetta svið því að auðvitað verða menn að horfa til þess vegna þess að það er það sem setur réttarstöðuna, það sem ákvarðar réttarstöðuna, og síðan að sjálfsögðu þeir dómar sem eftir eiga að falla og gætu snert þetta mál en skýrt er kveðið á um það að samningurinn lúti slíkum dómum í framtíðinni, dómum Evrópudómstólsins þó svo að einstök ákvæði sem hér er verið að vitna til heyri sérstaklega undir EFTA-kerfið, þ.e. samkeppnisstofnun EFTA og EFTA-stólinn sem settur var upp á grundvelli samningsins, þ.e. ágreiningsefni.

Það er einnig ástæða til þess, virðulegur forseti, að velta fyrir sér þeirri greinargerð sem er að finna og vitnað er til, álitsgerð sem samin var að beiðni dósmrh. og kirkjumrh. og landbrh. á sínum tíma og er dagsett í Reykjavík í júní 1992 sem er að nokkru leyti vitnað til eða birt sem fskj. með samningi þessum. Ég vil vekja athygli á því þegar menn eru að ræða möguleikana á því að beita einhverri mismunum sem falli utan fjórfrelsisins eins og það er túlkað og skilgreint að þeir vísu menn sem standa að þessari greinargerð, Ólafur W. Stefánsson, Stefán M. Stefánsson og Tryggi Gunnarsson, hafa eflaust lagt sig í líma til þess að átta sig á réttarstöðunni, en þeir slá mjög víða varnagla. Það er víða að finna orð eins og ef til vill, hugsanlega og annað þess háttar í þeirra greinargerð þegar verið er að fjalla um þessi efni. Í ræðu sinni vitnaði hv. þm. Tómas Ingi Olrich sem tók þátt í umræðunni hér nokkuð í þessa greinargerð og einmitt er þar að finna þessa varnagla sem þessir lögfræðingar slá og ég skil það vel að þeir slái varnagla vegna þess að þarna er um að ræða býsna stórt, grátt svæði. Ég er ekki að lasta það að nú eftir á eru menn að reyna að klóra yfir þá stöðu sem Íslendingar eru komnir í í þessu máli með því hugsanlega að hagnýta sér með löggjöf og koma upp einhverju sem gæti bætt réttarstöðu Íslendinga sérstaklega í þessu máli en þar er sem sagt um að ræða mikla óvissu í mörgum greinum og m.a. það sem hv. þm. Tómas Ingi Olrich var að vísa til og viðurkenndi eða tók fram með beinni tilvitnun í þessar greinargerðir sem þarna er að finna.

Í umræðunni um samninginn um Evrópskt efnahagssvæði er oft verið að grípa til þess og það kom fram á fyrri fundi, virðulegur forseti, að ræða um það að í tíð fyrrv. ríkisstjórnar hafi staðan verið þessi og hin og það hefur verið gert í sambandi við þetta mál. Ég verð að segja það, virðulegur forseti, að mér finnst það með nokkrum fádæmum að núverandi stjórnarliðar, hæstv. ráðherrar og þingmenn sem styðja ríkisstjórnina, skuli bregða á það ráð að varpa ábyrgðinni af sjálfum sér sem samþykktu þennan samning yfir á fyrrv. ríkisstjórn og þá stöðu sem þá var uppi. Þeir tóku við þessu máli opnu. Þeir féllu hins vegar formlega frá öllum fyrirvörum málsins þann 5. maí í aðdraganda að stofnun eða að nýstofnaðri ríkisstjórn Davíðs Oddssonar í sambandi við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið að öllu nema því sem varðaði fjárfestingar í fiskvinnslu, frumvinnslu sjávarafurða og í fiskiskipum. Þar hvílir því ábyrgðin á framhaldi málsins og þó að auðvitað valdi nokkru þeim sem upphafinu valda, ekki skal fjöður yfir það dregin, en ég átti þátt í því í tíð fyrrv. ríkisstjórnar að draga fram þessa

stöðu aftur og aftur og gerði það m.a. í opnu erindi til forsrh. Íslands í byrjun febrúar 1991 og hann staðhæfði á þeim tíma að ekki þyrfti að hafa áhyggjur af þessum efnum. Og svo að ég vitni í orð frá hæstv. fyrrv. forsrh. þann 8. febr. í Tímanum sem svar við erindi frá mér, með leyfi forseta:

„Um eignarhald á landi gilda í dag almennar reglur sem veita sveitarfélögum forkaupsrétt. Allt slíkt er gert ráð fyrir að herða, eignarhald erlendra aðila á landi sem ekki er nauðsynlegt vegna atvinnureksturs verður ekki leyft. Reyndar er ekki gert ráð fyrir landbúnaði í samningnum um Evrópskt efnahagssvæði. Fyrirvaranum um meginstjórn á náttúruauðlindum er þannig fylgt eftir fullkomlega og reyndar stefnt að því að tryggja slíkt betur en nú er."

Þetta segir fyrrv. forsrh. um málið 8. febr. 1991 sem svar við þeim áhyggjum sem ég lýsti í opnu bréfi til ráðherrans og var þá auðvitað að beina máli mínu til ríkisstjórnarinnar í heild jafnframt, en eins og menn rekur minni til, þá hafði ég miklar áhyggjur af þessu máli, reyndar alveg frá því að það var fyrst af stað sett í mars 1989.

Það hefur verið hér í umræðunni, virðulegur forseti, fjallað um ýmsa þætti málsins að því er varðar þau ákvæði sem hér er stefnt að því að lögleiða og varða sérstaklega samninginn um Evrópskt efnahagssvæði, þ.e. ákvæði 3., 5., 8. og 14. gr. og ég ætla ekki að eyða hér takmörkuðum tíma í að fara mikið í þau efni heldur frekar ræða um málið almennt og stöðu þess.

Það er sannarlega mikið áhyggjuefni og hefði kannski eitt út af fyrir sig átt að nægja hv. alþingismönnum til að vísa þessum kaleik frá, samningnum um EES, sú staða sem er uppi varðandi einmitt kaupin á íslensku landi og því sem fylgir. Nú er það svo að örlítill aðlögunartími var veittur hvað snertir þetta mál. Í XII. viðauka með samningnum um frjálsa fjármagnsflutninga er vísað til þess að EFTA-ríkjunum sé heimilt að halda áfram að beita innanlandslöggjöf er gildir um eignarrétt erlendra aðila og/eða eignir sem eru í eigu erlendra aðila er EES-samningurinn öðlast gildi, en samkvæmt settum tímamörkum og innan eftirtalinna svæða eins og það er kallað hér, það ættu kannski að vera svið, og það varðar eitt af því til 1. jan. 1996 í Austurríki, Finnlandi og Íslandi að því er varðar fjárfestingar í fasteignum á innlendu yfirráðasvæði. Það er þessi tími sem menn hafa til þess að ganga frá málum sem tengjast sölu á landi og þetta skellur á frá 1. jan. 1996 af fullum þunga. Slíkum heimildum tengjast ekki aðeins hin almennu not af jörðum og jarðnæði, eyðijörðum sem öðrum, heldur einnig af því sem því fylgir samkvæmt íslenskum rétti eins og hann hefur verið túlkaður og gildandi lögum, þar á meðal varðandi náttúruauðlindir sem tengjast eignarrétti á landi eins og það er ákvarðað og skilgreint samkvæmt lögum. Því tengist nú ekkert minna heldur en jarðhiti í jörðu og virkjanaréttur fallvatna, orka fallvatna og það sem hana snertir, nýtingu hennar.

Um þetta mál hafa verið flutt frumvörp eftir frumvörp hér frá því 1982–1983 og legið fyrir þinginu um það að tryggja það að slíkar náttúruauðlindir tengist ekki einkaeignarréttinum og því verði slegið föstu innan ákveðinna marka að þessar náttúruauðlindir séu þjóðareign. Það hefur hins vegar ekki tekist að fá þessi ákvæði lögfest á Alþingi. Frumvörp um þetta efni liggja fyrir iðnn. þingsins enn og aftur flutt af þeim sem hér talar og þingflokki Alþb. í heild. Ég nefni þetta hér vegna þess hversu alvarlegt málið er og það tengist öðrum lagaákvæðum heldur en þeim sem hér eru nákvæmlega til umræðu, þá er það auðvitað gildur þáttur í þessu máli og kannski ekki minnsti, heldur kannski stærsti þátturinn sem tengist stöðu málsins.

Ég vil heita á hv. stjórnarliða og hæstv. landbrh. sem og aðra ráðherra í ríkisstjórn Íslands að reyna nú að taka á honum stóra sínum í þessu efni og koma í veg fyrir að einnig þessar náttúruauðlindir falli undir Evrópuréttinn, rétt Evrópusambandsins eins og hann liggur fyrir og tengist eignar- og yfirráðum á landi.

Það kom fram við umræðu um nefnd frumvörp að menn áttuðu sig á því að þetta væri að skella yfir og það er kannski einhver von til þess, ég vil a.m.k. ekki vera vonlaus um það að á þessum málum verði tekið til þess að reisa rönd við.

Það kom fram hér í umræðunni af hálfu hæstv. landbrh. ríkur skilningur á réttarstöðunni og viðurkenning á því að við Rómarréttinn þyddi lítt að berjast á meðan við erum aðilar að Evrópsku efnahagssvæði. Það komu einnig fram hjá hv. þm. Tómasi Inga Olrich þungar áhyggjur af þessu máli og mér er kunnugt um það að á fyrri stigum hefur hv. þm. haft ríkar áhyggjur af þessu og það er góðra gjalda vert. En spurningin er auðvitað hversu mjög menn geta afsakað þá stöðu sem hefur í rauninni leitt þetta yfir okkur, þá réttarstöðu sem við erum í hér. Hv. þm. Tómas Ingi Olrich sem ég átti orðaskipti við í andsvaraformi í umræðunni í síðustu viku vísaði til þess að hann hefði slegið þar ákveðna varnagla. Ég hef hér fyrir framan mig yfirlýsingar sem hann gaf 18. apríl 1991 í dagblaðinu Degi sem gefið er út nyrðra og fjallaði þar sérstaklega um þessi efni undir fyrirsögninni „Tvöfeldni framsóknarmanna" og deildi þar alveg sérstaklega við þingmenn úr Framsfl. um þessa stöðu og svo merkilegt sem það er nú, þá voru einmitt þingmenn úr Framsfl. og raunar þingmenn sem kusu sér það hlutskipti að sitja hjá við afgreiðsu samningsins og eru í kjördæmi virðulegs þingmanns Tómasar Inga Olrich sem hann átti orðastað við. Og af þeim orðum sem féllu í þessari blaðagrein, þá undrast ég það satt að segja mjög að hv. þm. skuli hafa látið það henda sig að greiða atkvæði með samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði jafnákveðið og hann tekur til orða og jafnmiklar áhyggjur og hann hafði á þessum tíma. Þar sagði þingmaðurinn svo að ég bara vitni hér til örstutts kafla því að tíminn leyfir ekki langar tilvitnanir, með leyfi forseta:

„Ég tek það skýrt fram að ef ég verð kosinn til starfa á Alþingi Íslendinga mun ég aldrei samþykkja að útlendingar fái sama rétt til að kaupa land hér og við Íslendingar. Hér er um grundvallaratriði að ræða."

Þetta segir hv. þm. og hann segir margt fleira þar

sem beinir orðum sínum til þingmanna sem hann hafði átt orðastað við um þetta í kjördæmi sínu og brýnir þá á því að hér megi ekki varnirnar bresta.

En það er ekki nóg að hafa áhyggjur og kveða fast að orði ef menn fylgja því ekki eftir í reynd þegar málin koma til kasta á hv. Alþingi og ég hef heyrt það að hv. þm. er að réttlæta niðurstöðu sína í þessu máli með mjög veikum fyrirvörum sem hann telur að geti sýnt fram á það sem hægt sé að mismuna Íslendingum og útlendingum í sambandi við þessi efni.

Hæstv. ráðherra vék að einum þætti eins og hv. þm. Tómas Ingi Olrich þar sem reynt er að staðhæfa að undantekning felist í því sem varðar beina fjárfestingu eða fjárfestingarréttinn að það gildi ekki með beinum hætti heldur sé það tengt öðrum réttarákvæðum. Hæstv. ráðherra sagði í umræðunni 3. nóv. sl., með leyfi forseta:

„Sé það eingöngu ætlun þess sem kaupir jörð eða fasteign sem jarðalögin taka til að fjárfesta í eigninni eða nota til eigin dvalar og tómstunda á reglan ekki við." Þ.e. regla sem áður var gerð grein fyrir í máli ráðherrans. „Íslendingar munu því áfram geta fest kaup á jörðum í því augnamiði en heimildir erlendra aðila í því efni ráðast hins vegar af ákvæðum laga um eignarrétt og afnotarétt fasteigna eins og áður sagði.

Samningurinn um hið Evrópska efnahagssvæði veitir útlendingum sem búsettir eru erlendis ekki rétt til að kaupa hér eignir til að fjárfesta í þeim eða til sumardvalar."

Þetta eru staðhæfingar en þetta eru aðeins staðhæfingar. Það liggur ekkert skýrt fyrir réttarfarslega séð miðað við Evrópuréttinn að þessi hálmstrá fái haldið, að þau haldi í raun. Fjórfrelsið eins og það er túlkað af Evrópudómstólnum svokallaða er samtvinnað og því er beitt til hins ýtrasta þegar ágreiningur hefur orðið og hefur Evrópudómstóllinn yfirleitt dæmt með þeim hætti að herða á ákvæðunum og opna fyrir fjárfestingarréttinn og það er því fyllsta ástæða til þess að gjalda varhug einnig við þeim möguleikum sem verið er að vísa til þó ég skuli ekkert úr því draga að gott væri, ef unnt væri, að reisa einhverja rönd við t.d. með þessum hætti en ég tel að ákvæði þessa frv. sem hér er fram borið af hæstv. ráðherra séu næsta lítils virði, því miður.

[19:03]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er óhjákvæmilegt að gera athugasemd við málflutning hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar, síðasta ræðumanns, þar sem hann undirstrikaði það í sínu máli að ríkisstjórn Davíðs Oddssonar hefði fallið frá öllum fyrirvörum 5. maí 1991. Það liggur fyrir að í samningaferlinu um Evrópska efnahagssvæðið hafi ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar lokið um 90% af samningaferlinu. Það var einnig ljóst að það var mjög erfitt að ganga til baka þegar einu sinni var búið að ná ákveðnum áföngum í þessu samningaferli. Meðal þeirra áfanga sem ríkisstjórn Steingríms Hermannsonar hafði náð af sjálfsdáðun og án nokkurrar aðstoðar frá þingmönnum Sjálfstfl. á þeim tíma sem voru í stjórnarandstöðu var það að ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar hafði afsalað sér sérstökum fyrirvara vegna landakaupa. Hún hafði gert það.

Ég vil í annan stað taka það fram að á þessum tíma lögðu menn sig ekki í líma við að skilja réttarstöðu okkar eins og hv. þm. komst að orði. Hvenær fóru menn að leggja sig í líma við að skilja réttarstöðu Íslendinga í þessu máli? Það var ekki á meðan hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon var hæstv. landbrh. því hann fylgdist ekki með málinu. Það var í raun og veru ekki gert fyrr en skýrsla var samin á vegum dóms- og kirkjumrh. og landbrh., þremenningaskýrslan sem við nefnum stundum svo, að réttarstaða okkar fór að koma í ljós. Og þar m.a. var varpað ljósi á það sem við sáum ekki í kosningabaráttunni fyrir kosningarnar í apríl 1991, þá sáum við m.a. að fjárfestingarrétturinn sem slíkur er ekki sjálfstæður réttur. Þetta er ekki fullyrðing eða staðhæfing heldur er þetta álit sérfræðinga sem könnuðu einmitt réttarstöðu okkar sem fyrrv. ríkisstjórn hafði láðst að gera.

[19:05]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ja, veik er nú vörnin hjá hv. þm. Hann flýr í það skjól að staðhæfa að vegna þess að ekki hafi verið nógu vel frá hlutunum gengið í tíð fyrrv. ríkisstjórnar þá geti hann þvegið hendur sínar af þessu máli. Þá geti hann sloppið frá þeim yfirlýsingum sem hann gaf 1991. Þar virtist hv. þm. átta sig á því hvað hér væri í húfi. Ég held að hv. þm. hafi ekkert verið að mæla um hug sér á þeim tíma heldur áttað sig á því og yfirlýsingar hans voru ótvíræðar þann 18. apríl þegar greinin er prentuð sem ég vitnaði til, mjög ótvíræðar og skýrar. Það sem ég var að óska eftir eða hefði talið að væri eðlilegt framhald af orðum þingmannsins eins og það var þá, það álit sem hann lét í ljós þá, það hefði verið að greiða atkvæði á móti þessum samningi því það var það sem hann var að segja með þessari yfirlýsingu sinni.

Um stöðu málsins í tíð fyrrv. ríkisstjórnar ætla ég ekki að fara að ræða hér frekar að öðru leyti en því að ríkisstjórnin hafði aldrei fallið frá fyrirvörum m.a. varðandi eignarhald á landi. Ríkisstjórnin hafði ekki gert það. Annað er hvað hæstv. utanrrh. sem núv. ríkisstjórn tók í arf hafði gert á sínum vegum. Það er önnur saga sem ég ætla ekki að fara að rekja enda ekki aðstaða eða tími til þess.

Málið er á ábyrgð núv. ríkisstjórnar. Málið var knúið fram á Alþingi Íslendinga vorið 1993 af núv. ríkisstjórn með atkvæði hv. þm. og það er núv. ríkisstjórn sem ber ábyrgð á samningnum ásamt þeim sem drógu við sig að leggjast þar í andstöðu sem voru þeir sem sátu hjá við afgreiðslu málsins sem lýsti að öðru leyti samþykki sínu við það.

[19:08]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er mjög sérkennilegt að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson skuli skjóta sér á bak við það að ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar hafi ekki samþykkt að þessir fyrirvarar féllu út en það hafi bara verið utanrrh. En ríkisstjórnin fór með völdin í landinu og hæstv. landbrh. á þessum tíma átti að sjálf-

sögðu að fylgjast með því að hagsmunum okkar væri haldið inni á hans sviði en það gerði hann ekki. Og hv. þm. Hjörleifur Guttormsson getur ekkert bætt stöðu hans í þessu máli.

Ég vil hins vegar taka það skýrt fram að í yfirlýsingu minni frá vordögum 1991 þá kom það fram að ég var mjög andvígur því og hafði þungar áhyggjur af því að Íslendingar og útlendir menn hefðu nákvæmlega sama rétt til fjárfestingar á Íslandi. Við nánari athugun málsins hefur komið í ljós að þessi fjárfestingarréttur er ekki almennur. Auðvitað er það það sem skiptir mestu máli í þessari umræðu að ekki sé til takmarkalaus fjárfestingaréttur í jarðnæði á Íslandi heldur sé sá réttur takmarkaður við atvinnuréttinn og stofnsetningarréttinn. Þetta skiptir miklu máli. Ég heyri það hins vegar að hv. þm. vill ekki að þetta skipti miklu máli en þetta er að sjálfsögðu grundvallaratriði.

Að því er varðar svo önnur réttindi, eins og t.d. atvinnuréttinn og staðsetningaréttinn, getur vel verið að við þurfum að setja þær girðingar sem hér er verið að tala um en þær snerta ekki þennan almenna fjárfestingarrétt sem er að sjálfsögðu, ég endurtek, grundvallaratriði.

[19:09]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Fyrra atriðið að því er varðar hlut fyrrv. landbrh., Steingríms J. Sigfússonar, að þessu máli sem hv. þm. er að víkja hér að þá lá málið einfaldlega þannig að sá hv. þm. og fyrrv. hæstv. ráðherra stóð á því til loka ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar að haldið yrði inni varanlegum fyrirvara varðandi kaup á fasteignum og landi. (**TIO:** En fylgdist ekki með málinu.) Hann stóð á því sem svo sinni afstöðu og það er rakið mjög rækilega í hans greinargerð, hans viðhorf til málsins og staða málsins í stjórninni í langri greinargerð sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon afhenti alþingismönnum og er dags. 9. sept. 1992 þar sem hann fer yfir málið og segir það álit sitt sem hv. þm. hefur tekið undir að ekkert annað en varanlegur fyrirvari hefði getað sett þetta mál í annan farveg en það lendir í samkvæmt hinum almennu ákvæðu samningsins. Það liggur alveg ljóst fyrir.

Hitt atriðið varðandi spurninguna um réttarstöðuna þá eru það engar frómar óskir sem gilda. Það er hinn harði texti Rómarréttarins sem þar dregur mörkin og það er dómstóllinn sem ákvarðar réttarþróunina innan Evrópusambandsins sem er ákvarðandi í þessu máli. Ég hef vísað til þess að gráa svæðið er að þrengjast, það er stöðugt að þrengjast, sem m.a. er vísað til í grg. með þessu frv. og hæstv. ráðherra hefur einnig vísað til í sínu máli fyrr í umræðunni. Það er alltaf að þrengjast vegna þeirrar túlkunar sem felst í dómum Evrópusambandsins.

[19:11]

Tómas Ingi Olrich:

Virðulegi forseti. Það sem hér er verið að ræða um snertir að talsvert miklu leyti það samningaferli sem leiddi til samningsins um hið Evrópska efnahagssvæði. Ég held að það sé rétt að minna á það hér og nú að þetta samningaferli hófst árið 1989 í tíð ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar og þá voru settir m.a. af hæstv. þáv. forsrh. sjálfum, Steingrími Hermannssyni, ákveðnir fyrirvarar og þar á meðal um landakaup. Í þessu samningaferli sem var bæði langt og strangt miðaði störfum þannig að þegar ríkisstjórnarskipti urðu á vordögum 1991 var búið að ljúka verulegum hluta samningaferlisins. Í flóknum samningum sem þessum þá er það svo að þegar einum áfanga er lokið þá er miklum erfiðleikum háð og nánast ómögulegt að brjóta upp ferlið á nýjan leik. Hvert skref sem stigið er í þessu samningaferli er þannig að þeir sem þá standa að samningunum bera ábyrgð á því skrefi, á hverju skrefi sem stigið er og þeir bera þá jafnframt ábyrgð á þeim erfiðleikum sem upp kunna að koma þegar skrefin hafa verið stigin.

Hér hefur verið rætt um það hvenær almennur fyrirvari um landakaup hafi verið felldur út. Það liggur ljóst fyrir, m.a. úr umræðum hér á þinginu að þessi almenni fyrirvari var felldur út í tíð ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar, því miður. Ég harma að það skuli hafa verið gert og er þar af leiðandi sammála hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni að það hefði verið betur gert að halda slíkum fyrirvara inni en ég undirstrika það að sá fyrirvari var felldur út í tíð ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar. Það var einmitt vegna þess að hæstv. þáv. forsrh., Steingrímur Hermannsson, vissi af þessu, að hann gerði ráð fyrir því að það þyrfti að setja sérstakar girðingar í lög. Hann meira að segja ásakaði hæstv. þáv. landbrh., Steingrím J. Sigfússon, fyrir að hafa ekki unnið í þessu máli sem skyldi. Þannig að menn voru þá vitandi um þennan vanda.

Hins vegar var það mjög áberandi að í kosningabaráttunni var lítið um þetta rætt, m.a. af hálfu alþýðubandalagsmanna sem héldu sig mjög til hliðar í þessum umræðum.

Það var einnig ljóst að af hálfu stjórnvalda hafði ekki farið fram nein rækileg könnun á réttarstöðu okkar í þessum efnum. Menn sigldu því í myrkri í þessu máli í tíð ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar og lögðu sig ekki í líma við að kanna þessa réttarstöðu. Það var fyrst í tíð núv. hæstv. landbrh., Halldórs Blöndals, sem farið var að kanna gaumgæfilega réttarstöðu okkar í sambandi við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið og fasteignir á Íslandi. Þessi könnun, sem þingmenn hafa haft til athugunar og þekkja vel, sýnir fram á það að fjárfestingarrétturinn, rétturinn m.a. til þess að kaupa jarðir á Íslandi, hefur ekki sjálfstætt gildi heldur er hann metinn, að mati sérfræðinganna, í ljósi fjórfrelsisins. Með öðrum orðum að frelsið til þess að fjárfesta er leitt af réttinum til þess að starfa á Íslandi og til þess að kaupa sér þær eignir sem nauðsynlegar eru vegna atvinnurekstrar á Íslandi eða búsetu. Þetta er því afleiddur réttur og háður hinum þáttum fjórfrelsisins. Þetta skiptir að sjálfsögðu mjög miklu máli vegna þess að þá þýðir þetta það að utan við réttarstöðu samningsins hafa íslenskir ríkisborgarar annan rétt og meiri heldur en erlendir ríkisborgarar.

Ég geri fastlega ráð fyrir því að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson geti tekið undir það með hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni að það sé full ástæða til þess að

þrengja ekki lög á Íslandi um jarðakaup meira en nauðsyn krefur og að það sé rétt að ganga ekki inn á það réttarsvið Íslendinga sem er óháð samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Það kom skýrt fram hér á hinu háa Alþingi í máli hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar að hann var mér sammála um að það ætti að gæta að þessu.

Nú er það ljóst að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hefur alltaf haft nokkra sérstöðu í þessum málum og ég tel að það sé ljóst hér og hafi alla tíð verið ljóst að hann dró meira lappirnar í þessu samningaferli heldur en aðrir þingmenn Alþb. á meðan Alþb. bar fulla ábyrgð á þessu samningaferli. Hann gerði það. Engu að síður er mér ekki kunnugt um annað en að hann hafi stutt ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar þar til stjórnarskiptin urðu þannig að hann ber fulla ábyrgð á því að þessir fyrirvarar um landakaupin fóru út og menn gerðu þá ráð fyrir því að það þyrfti að grípa til girðingarstarfsemi með lögum en það var ekki gert og það var ekki undirbúið. Það var ekki einu sinni kannað hver réttarstaða okkar væri. Á þessu ber hv. þm. fulla ábyrgð.

Að sjálfsögðu ef hann hefði metið það svo að þetta væri frágangssök í tíð ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar, þá hefði hann hætt stuðningi við ríkisstjórnina miðað við það vægi sem hann nú gefur þessu máli. Það var ekkert vitað um það á vordögum 1991 hversu langt réttarstaðan sem samningnum fylgdi næði. Það var ekkert vitað þá. Ýmsir menn voru með áhyggjur af því og þar á meðal sá sem hér stendur og hv. síðasti ræðumaður, hv. þm. Hjörleifur Guttormsson. Við nánari athugun málsins, sem var að frumkvæði hæstv. landbrh. og hæstv. dómsmrh. núverandi þá kemur í ljós að réttarstaða okkar Íslendinga í þessu máli er ekki eins veik og hún virtist vera. En það tek ég skýrt fram að auðvitað hefði verð miklu þægilegra fyrir Íslendinga ef fyrrverandi ríkisstjórn hefði borið gæfu til að halda þessum almenna fyrirvara inni en það gerði hún ekki.

Þetta vildi ég að kæmi fram hér vegna þess að hv. síðasti ræðumaður, hv. þm. Hjörleifur Guttormsson, hefur þráfaldlega talað um það hér að ég hafi ekki staðið við þau orð sem ég lét falla árið 1991. Hann las þau upp hér áðan og vitnaði réttilega í þau. Og þar er einungis talað um það að ég muni ekki fallast á það að þessi réttur verði hinn sami fyrir íslenska ríkisborgara og aðra ríkisborgara. Álitsgerðin sem ég vitna hér í, hinna þriggja ágætu lögfræðinga, er gefin út í júní 1992. Þar með lágu þessar upplýsingar fyrir um mat þeirra á eðli samningsins og réttarstöðu Íslendinga. Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið var samþykktur ef ég man rétt 13. jan. 1993 þannig að áður en gengið var til atkvæðagreiðslu um það, þá lá þessi réttarstaða fyrir. Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hefur fulla heimild til þess að finnast lítið til þessa koma. Hann hefur fulla heimild til þess. Hann hefur einnig fulla heimild til þess að draga í efa að okkur takist að standa á þessu, en það eru staðhæfingar hans gegn áliti sérfræðinganna.

[19:21]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Angar þessa krabbameins sem er Evrópurétturinn og þróun hans teygjast víða. Þegar hv. þm. Tómas Ingi Olrich er að hugga sig við að það sé líklegt að hægt sé að greina á milli fjárfestingarréttarins sérstaklega og annarra þátta fjórfrelsisins, þá er hann að tala á veikum grunni. Hann er að vitna til álitsgerða sérfræðinga sem vita það mætavel eins og ég geri ráð fyrir að hv. þm. viti, að Rómarrétturinn er ekki eitthvað endanlegt, eitthvað sem stendur í dag heldur tekur þróun bæði í krafti þeirra gerða sem ákvarðaðar eru af ráðherraráði Evrópusambandsins, jafnlýðræðislega og sú stofnun starfar nú, sem og af dómstólnum sem er hið sterka afl og meira mótandi um grundvallarþætti en nokkuð annað. Og allir dómar Evrópusambandsins sem snerta fjórfrelsið falla í þá átt að njörva þessa þætti saman og styrkja þennan samrunagrundvöll hvað snertir fjárfestingarréttinn. Dómarnir um kvótahoppið t.d. eru dæmi um það á sjávarútvegssviði hvernig þeir falla, Factortame-dómurinn frá 1991 sem við Íslendingar þurfum sannarlega að gefa gaum.

Ég vísa einnig til þess að í þessum álitsgerðum er ekki sterkara að orði kveðið varðandi það sem hv. þm. er að reyna að hanga á hér heldur en sagt er: „Álitamál er hvort líta beri svo á að frelsi til fjármagnsflutninga veiti sjálfstæða heimild til fjárfestinga, einkum með hliðsjón af rétti manna til að fjárfesta í fasteignum." Og einnig segir þar: „Af framangreindu sést sennilega að íbúar eins aðildarríkisins er dveljast í öðru aðildarríki geta ekki fjárfest í fasteignum á síðarnefnda ríkinu á grundvelli EB-reglna." (Forseti hringir.)

Sem sagt, virðulegur forseti: „Álitamál er" og „sennilega". Þetta er nú hinn sterki grundvöllur sérfræðinganna.

[19:23]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ef hv. þm. Hjörleifur Guttormsson vill lesa það sem í skýrslunni stendur þá er komist að þeirri niðurstöðu þar að þessi fjárfestingarréttur sé ekki ótakmarkaður og hann takmarkist við hinar greinar fjórfrelsisins. Þessi niðurstaða er skýr og það er merkilegt ef hv. þm. telur sig ekki hafa neinar ástæður til að taka tillit til þess.

Að því er varðar Rómarréttinn og þróun Rómarréttarins, þá er samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið þjóðaréttarsamningur. Og breytingar á þeim samningi eru háðar samþykki Alþingis. Ég veit það hins vegar að hv. þm. hefur gert lítið úr þessum þætti málsins. En hann gerir almennt lítið úr því sem ekki er hans innsta sannfæring.

[19:24]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég geri ráð fyrir því að hv. þm. kunni samninginn um hið Evrópska efnahagssvæði, að hann þekki 119. gr. samningsins sem kveður á um það að samningurinn sjálfur og allt sem honum tengist sé samþætt löggjöfinni, heyri undir hana og sé óaðskiljanlegur hluti, viðaukarnir og allt heila dótið sé sam-

tengt. Og í bókun 35 frekar en 34 er það skýrt tekið fram að þar sem íslensk lög og ákvæði samningsins kann að greina á, þá séu það ákvæði samningsins og ákvæði Rómarréttarins sem hafi forgang og séu æðri íslenskri löggjöf. Svo huggar hv. þm. sig með því að þetta sé þjóðréttarsamningur. Sem betur fer er hann uppsegjanlegur. Kannski verður hér til einhvern tíma fyrr en seinna vonandi meiri hluti á Alþingi Íslendinga sem losar okkur út úr þessum vef sem hv. þm. hefur staðið að því með öðrum stuðningsmönnum ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar að reyra Íslendinga í.

[19:25]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að það væri vel þess virði að vekja athygli á því í svari við andsvari hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar að þeir sem stóðu með honum gegn samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og töldu þann samning vera stjórnarskrárbrot hafa hér hver á fætur öðrum lýst því yfir að þeir muni ekki berjast fyrir því þegar þeir komast í aðstöðu til þess, í meirihlutaaðstöðu á Alþingi, að segja sig frá þessum samningi ellegar breyta stjórnarskránni. Þeir hafa lýst því yfir að þeir muni ekki gera þetta og telji sig geta lifað við það að stjórnarskráin hafi verið brotin að þeirra mati. Ég tek það fram að ég er ekki þeirrar skoðunar sjálfur og stjórnarflokkarnir voru ekki þeirrar skoðunar að stjórnarskráin hefði verið brotin í þessu máli. En stuðningsmenn viðhorfa hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar, fulltrúar stjórnarandstöðunnar sem greiddu atkvæði gegn samningnum m.a. á þeirri forsendu að hann væri stjórnarskrárbrot, hafa lýst því yfir hver á fætur öðrum að þeir muni ekki segja þessum samningi upp eða berjast fyrir því að honum verði sagt upp. Þannig að í þessum efnum, ef hv. þm. hefur þá skoðun á málinu að það eigi að segja þessum samningi upp, (**HG:** Fyrr en seinna.) þá er hann einn á báti í þeim efnum og stjórnarandstaðan í því máli klofin.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 19:27.

---

29. FUNDUR

þriðjudaginn 8. nóv.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Lýðveldissjóður, frv., 173. mál, þskj. 187. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Jarðalög, stjfrv., 106. mál, þskj. 109. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Grunnskóli, stjfrv., 126. mál, þskj. 131. — Frh. 1. umr.
4. Framhaldsskólar, stjfrv., 127. mál, þskj. 132. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Jón Baldvin Hannibalsson utanrrh.

Aðalmaður tekur sæti á ný:

Matthías Bjarnason, 1. þm. Vestf.

Útbýting þingskjala:

Leiðtogafundur á Þingvöllum árið 2000, 183. mál, þáltill. JHelg o.fl., þskj. 205.

Markaðir tekjustofnar ríkisins, 113. mál, svar fjmrh., þskj. 200.

Mat á umhverfisáhrifum, 189. mál, frv. TIO, þskj. 211.

Nýting rækjukvóta, 186. mál, fsp. EKG, þskj. 208.

Skipting rækjukvóta á milli landshluta, 188. mál, fsp. EKG, þskj. 210.

Skipting rækjukvóta á milli útgerða, 187. mál, fsp. EKG, þskj. 209.

Lýðveldissjóður, frh. 1. umr.

Frv. GHH o.fl., 173. mál. — Þskj. 187.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:34]

Frv. vísað til 2. umr. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁgG, BBj, EH, EKG, EL, EM, EKJ, GHH, GE, GJH, GHelg, HG, JóhS, JGS, JHelg, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MI, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBald, PBj, RA, RÞ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

21 þm. (ÁJ, ÁMM, DO, EgJ, FI, FrS, GB, GHall, GÁS, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, IBA, JÁ, JE, JBH, JónK, SJS, StB, ÖS) fjarstaddur.

Jarðalög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 106. mál (EES-reglur o.fl.). — Þskj. 109.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:35]

Frv. vísað til 2. umr. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁgG, BBj, EH, EgJ, EKG, EL, EM, EKJ, FI, GHH, GE, GÁ, GJH, GHelg, HG, JóhS, JGS, JHelg, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MI, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBald, PBj, RA, RÞ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

17 þm. (ÁJ, ÁMM, DO, FrS, GB, GHall, GÁS, GunnS, HÁ, HBl, IBA, JÁ, JE, JBH, JónK, SJS, StB) fjarstaddir.

Frv. vísað til landbn. án atkvgr.

Grunnskóli, frh. 1. umr.

Stjfrv., 126. mál (heildarlög). — Þskj. 131.
[13:35]

Pétur Bjarnason:

Virðulegi forseti. Í umræðunni um frv. til laga um grunnskóla sem hefur verið til þessa allllöng og ítarleg finnst mér hafa komið fram að verulegu leyti staðfesting á því sem ég hélt fram í minni fyrri ræðu að hér sé býsna margt sem þarf að laga og mjög margt sem óunnið er. Ég hlýt því að endurtaka fyrri yfirlýsingar um mína skoðun, og stend við þær, að ég tel að þetta mál sé fallið á tíma og það sé nauðsynlegt að fresta yfirfærslu grunnskólans til sveitarfélaga en það er eins og menn vita það sem stendur á bak við þetta lagafrv. sem meginmarkmið þess.

Það eru svo mörg atriði sem eru í óvissu og margt sem er óunnið. Það hefur verið rætt um ráðningarmál kennara, lífeyrismál þeirra og réttindamál öll og fjöldamargt annað sem er ógert. Ég vil leyfa mér að vitna í ræðu Eiríks Jónssonar sem stýrir Kennarasambandi Íslands. Þó að sú ræða sé orðin tveggja mánaða gömul, var flutt á Akureyri fyrir tveimur mánuðum, þá held ég að um margt standi hún enn fyrir sínu og þær skoðanir sem þar koma fram. En ég ætla að leyfa mér að vitna í þetta, með leyfi hæstv. forseta. Hann segir svo:

„Það er mín skoðun að þrátt fyrir það að tvær nefndir hafi starfað sl. vetur á vegum menntmrh. og kannað með hvaða hætti væri hægt að standa að flutningnum, ef til hans kæmi, sé mjög margt óunnið enn. Önnur nefndin, þ.e. sú, sem var að skoða kjara- og réttindamál kennara og skólastjóra, skilaði tillögum til menntmrh. í apríl sl. eða fyrir bráðum fimm mánuðum. Nefndin lagði að mínu viti fram margar ágætar tillögur sem ættu að geta tryggt að núverandi starfsmenn verði ekki fyrir réttinda- eða kjaraskerðingu við tilflutninginn. Það er hins vegar alveg ljóst að sumar tillagnanna þurftu frekari skoðunar við og aðrar átti eftir að útfæra nánar. Ég verð að segja það sem mína skoðun að mér finnst það sorglegt að þessar tillögur skuli hafa legið sem trúnaðarmál í skúffum ráðherra allan þennan tíma í stað þess að vera í frekari vinnslu."

Álit hinnar nefndarinnar hefur komið fram núna en eftir stendur sú fullyrðing sem þarna er sett fram að það á eftir að vinna úr þessum tillögum, vinna með það sem þar er lagt til og fjöldamargt annað sem ógert er.

Ef við lítum á frv. efnislega — í síðustu ræðu var ég byrjaður að fara yfir það en tíminn leyfði ekki að hægt væri að ljúka því og mig langar til að grípa niður í III. kafla þar sem talað er um skólahúsnæði og halda yfirferðinni áfram.

Það er talað um að gerð skólamannvirkja skuli undirbúin af sveitarstjórn í samráði við skólanefnd. Hér er ekkert rætt um það að samráð skuli hafa við það fagfólk sem á að starfa í skólunum, skólastjóra eða kennara og ég tel nauðsynlegt að það verði gert og reyndar ekki bara í 18. gr. heldur í öllum greinum þessa kafla. Það er nauðsynlegt ef á að tryggja það að húsnæði geti uppfyllt þær skyldur og uppfyllt þær kröfur sem til þess er gert að samráð sé haft við þá sem þar eiga að vinna um hvernig það verði best gert.

Í 19. gr., þar sem er verið að telja upp ýmsa þætti sem skólanum tilheyra, er heilsugæsluaðstaða felld út, en kemur síðan aftur í 55. gr. Ég átta mig ekki alveg á því af hverju þarf að telja hana sérstaklega, af hverju hún getur ekki komið inn undir sama lið og annað undir 19. gr. Þetta er nú kannski ekki stórmál en ég vildi þó vekja athygli á þessu.

Það er ekkert nefnt í þessari grein um aðstöðu til sérkennslu og það er ekkert nefnt um aðstöðu til sálfræðiþjónustu. Maður hlýtur að velta fyrir sér af hverju þetta er. Þetta er reyndar nokkuð í samræmi við annað sem hefur verið gagnrýnt í þessu frv. að orðin „sérkennsla" og „sérkennari" koma ekki fyrir þar, það er talað um sérfræðinga, og mikið er dregið úr vægi sálfræðinga og sálfræðiþjónustu. Ég hef getið um það fyrr að e.t.v. er hér verið að stefna í það að í stað þess að hafa þetta fólk sem starfsmenn skólakerfisins og skólanna þá verði stofnuð fyrirtæki eða einhverjar sérstofnanir, einkareknar væntanlega, og verktakastarfsemi keypt af þeim til sérkennslu og sálfræðiþjónustu. Það þykir mér afturför ef sú er hugmyndin. Nú er ég ekki að fullyrða það, en manni þykir sérkennilegt að þessir þættir skuli ekki vera í frv.

Í 20. gr. segir m.a.: „Sveitarstjórn ákveður nafn skóla að fenginni umsögn menntmrn. og örnefnanefndar." Það er svo sem allt í lagi að þetta sé þarna inni en mér finnst með hliðsjón af því sem ég hef sagt áður um ýmiss konar samráð og ýmsar skyldur ráðuneytis að þá væri kannski ýmislegt mikilvægara að væri samráð við ráðuneytið um heldur en nafn skólans og kannski það léttvægasta í þessari umræðu án þess að ég sé að hafa á móti því að þetta sé þarna.

Í 21. gr. er talað um skólahús og eignir skólanna sem byggt hefur verið með stofnkostnaðarframlagi úr ríkissjóði, hvernig ráðstafa skuli. Þá vaknar spurningin: Hvað með fræðsluskrifstofur sem eiga húseignir og ýmsar eignir aðrar sem eru tilkomnar með framlagi ríkis að miklu leyti, sveitarfélaga að hluta en eru yfirleitt í því formi að auðvelt er að meta og skipta þeim kostnaði? Hvað með eignir þeirra? Ég spurði að þessu í fyrri ræðu minni, en man ekki til að því hafi verið svarað. Það væri gaman að heyra hvaða hugmyndir eru uppi um eignir fræðsluskrifstofu, hvað við þær skuli gera.

Í 22. gr. er spurning um ráðstöfun skólahúsnæðis sem hér er gert af hálfu sveitarstjórnar. Það er ekkert rætt um það að skólanefnd hafi um málið að segja. Þarna kemur kannski eitt atriðið enn sem ég hef verið að gagnrýna. Það er ekki samræmi í ákvæðum greina. Stundum er skólanefnd falið ákveðið hlutverk. Stundum er henni sleppt. Viðmiðunarreglur eru ekki þær sömu og ýmislegt sem margt skiptir ekki verulegu máli er óunnið í samræmingarátt og þarf svo sem ekki að vera mikill ásteytingarsteinn. Flest af þessu er hægt að gera en það hefði verið æskilegra að það hefði verið búið að fara inn í þetta fyrr og einmitt hérna í næstu grein, 23. gr. sem er um starfsfólk, var ég búinn að ýja örlítið að því að það er tvenns konar viðmiðun, ann-

ars vegar kennararáð með átta stöðugildum og hins vegar þar sem er um aðstoðarskólastjóra að ræða, en hann kemur inn þegar 12 starfsmenn starfa við skólann. Hérna er ekki sama viðmiðun. Og þá verður að bera fram spurningar: Hver er starfsmaður skóla? Og til þess að skýra við hvað er átt, þá má spyrja: Er ræstingafólk starfsmenn skóla? Eru skólabílstjórar starfsmenn skóla? Hvernig breytist þetta ef ræstingin er í höndum verktakafyrirtækis sem sendir kannski ekki endilega sama starfsmanninn heldur sér um þessa þjónustu sem hluta af umfangsmikilli starfsemi? Það eru skilgreiningarákvæði þarna sem þurfa að vera nokkuð á hreinu: Hver er starfsmaður skóla? Þetta víkkar við flutninginn til sveitarfélaga þar sem undir skólann heyra þá fleiri og fleiri starfsmenn sem eru í þjónustu sveitarfélaganna, greiddir af þeim. Ég vil þá benda á að þetta ákvæði þarf að skýra.

Síðan er það um ráðningu kennara og annarra starfsmanna. Helst er að sjá að skólastjóri hafi nú ekkert um það að segja. Í núgildandi lögum er það skólastjóri sem ræður kennara og það var breyting sem var allgóð sátt um að gera að skólastjóri tæki við þessu af ríkinu og síðar fræðslustjórum. En núna stendur í 23. gr. að um ráðningu kennara og annarra starfsmanna fari eftir ákvæðum í samþykkt um stjórn sveitarfélags. Mér finnst að þessi grunnskólalög sem eiga að marka faglega stefnu í málefnum grunnskólans ættu að vera með ákvæðum um það að stjórnandi skólans, þ.e. skólastjóri, hafi þarna afgerandi völd til að ráða starfsmenn en ekki þannig að sveitarstjóri eða einhver áhrifamaður í sveitarfélaginu geti sett kennara undir stjórn skólastjóra hvort sem hann vill eða ekki. Það er mjög auðvelt að sjá fyrir sér ýmis vandamál sem geta stafað af þessu fyrirkomulagi.

Það er ekki orð um stöðu sem heitir námsráðgjafi, eða ég hef ekki fundið það í þessu frv. Námsráðgjafar hafa að vísu ekki komist til starfa í skólakerfinu eins og æskilegt væri en það hefur verið stefnt að því að koma námsráðgjöf inn í grunnskólann og allar vonir stóðu til þess að það væri á góðri leið. En nú sé ég ekki á þessu frv. hér að námsráðgjafi sé lengur þarna inni. Hvaða skýringar eru á þessu?

„Skólastjóra er heimilt að fela kennurum árgangastjórn, fagstjórn, leiðsögn nýliða og kennaranema samkvæmt nánari ákvörðun sveitarstjórnar."

Ég hef heilmikið velt þessari klausu fyrir mér — „er heimilt að fela kennurum árgangastjórn, fagstjórn, leiðsögn nýliða og kennaranema samkvæmt nánari ákvörðun sveitarstjórnar." — Á þessi klausa „samkvæmt nánari ákvörðun sveitarstjórnar" við um alla greinina?

Síðan vaknar spurningin: Á ákvæði kennaranema að vera þarna inni þar sem það eru kennaramenntunarstofnanir sem koma þarna inn og einhverjir samningar þurfa að vera í gildi um hvernig þjónusta við það eigi að vera og það er kannski ekkert óeðlilegt að það sé á opinberum vettvangi.

Ýmsar spurningar hafa vaknað um 25. gr. þar sem talað er um sjóð þann sem settur er á stofn og greitt 1% af dagvinnulaunum kennara og skólastjóra í. Samband ísl. sveitarfélaga á að annast rekstur og varðveita. Það er mikil spurning hvort það sé eðlilegt að Samband ísl. sveitarfélaga annist rekstur á þessum sjóði og varðveiti hann, hvort að samtökum kennara sé ekki trúandi fyrir því að fara með þennan sjóð. Hins vegar vil ég lýsa ánægju minni yfir því að þetta skuli vera tryggt með þessum hætti þar sem einnig er að finna í 50. gr. ákvæði um fé á fjárlögum til sama hlutarins.

Í V. kafla er talað um starfstíma grunnskóla. Þar er talað um það kennslumagn sem á að vera til ráðstöfunar til kennslunnar og manni virðist þegar maður lítur á það að þetta séu heilmikil rök fyrir því að samþykkja þetta frv. og gera það að lögum. Ég fór að velta því fyrir mér hvort með því að leggjast gegn því að þetta væri samþykkt núna og leggja til frestun væri verið að vega að skólunum, hvort það væri verið að draga úr kennslumagni til skólanna með þessari frestun. Svona fljótt á litið þá virðist manni það gæti verið því hérna er um að ræða allmikla aukningu á því sem nú er þegar þessu er náð.

Þegar maður fer hins vegar að bera þetta saman við staðreyndirnar og það sem nú er þá sýnist mér það vera þannig að stundafjöldi í núgildandi lögum sé 314 stundir ef allt væri uppfyllt. En samkvæmt ákvæði til bráðabirgða í þessu frv. á stundafjöldi haustið 1995 að vera 299 eftir því sem mér telst til. Haustið 1996 309 og haustið 1997 319. Þannig að það er fyrst haustið 1997 sem stundafjöldi færi upp fyrir þau ákvæði sem eru í núgildandi lögum.

Eins og ég gat um í upphafi eru ákvæði í lögum sem nú gilda nægileg til þess að tryggja þennan stundafjölda og allmiklu meira og það væri kannski það sem væri nauðsynlegt að vinna að núna og brýnna heldur en breyting á þessum nema hvað snertir auðvitað þá breytingu sem snýr að flutningi grunnskólans. Mér er ljóst að breytingu verður að gera til þess en mér er jafnljóst að undirbúningur þeirrar breytingar er of skammt á veg kominn til þess að hann geti lánast í tæka tíð.

Í framhaldi af umfjöllun um kennsludaga grunnskólanema og kennslustundafjölda kemur ákvæði um leyfi nemenda sem ég hef áður tekið fram að mér finnst vera óskýrt og að það vanti inn nánari ákvæði til þess að skýra þessa grein hvort sem það væri með reglugerð eða með skóladagatali eða öðru slíku.

Hér hefur áður verið rætt um kjarnagreinar og það sem að þeim snýr.

Ég vil ítreka það sem áður hefur komið fram í sambandi við hlutverk skólanefndar. Það kemur aftur og aftur fram í þessu frv. og ég held að það sé tæpast nægilega klifað á því að það er mjög varhugavert að ætla skólanefnd þar sem situr fólk án skilgreindrar menntunar, án þess að til þeirra séu gerðar ákveðnar kröfur um menntun eða hæfni til að sinna þeim þáttum sem þarna á að gera, þá er mjög erfitt að sætta sig við það að nefnd af þessu tagi eigi að fá jafnveigamikið og þungt hlutverk eins og þarna um ræðir. Mjög víða kemur það fram í frv. að skólanefnd er ætlað að sinna eftirlitsstarfi, ætlað að sinna úrskurðarstarfi og

fjöldamörgu öðru sem menntmrn. hafði og síðar fræðslustjórar í umboði ráðuneytisins. Í sumum tilvikum reyndar barnaverndarnefndir. En til þess að skólanefnd geti annast þetta er nauðsynlegt að gera til hennar ákveðnar hæfniskröfur sem aftur má líta á að er ekki alls staðar auðvelt að uppfylla.

Sérfræðiþjónusta skóla. Sveitarfélögin eiga að annast sérfræðiþjónustu skóla eftir þessa breytingu. Hvernig eiga þau að gera það? Ég hef áður komið að því: Það vantar einhverjar hugmyndir um hvernig á að gera þetta, eða réttara sagt það vantar tryggingu fyrir því að sveitarfélögin geti annast þessa sérfræðiþjónustu. Það þarf að vera ljóst hver eiga að vera skilgreind verkefni sérfræðiþjónustunnar, hverjir eiga að starfa þar, hvaða þjónusta á að vera til staðar og hvernig á að veita hana. Menn velta því fyrir sér hvort möguleikar séu jafnir í þessu og það er nú það sem kannski andi grunnskólalaganna hefur ætíð verið, að reyna að veita sem jafnasta aðstöðu til mennta hér á landi. Og þá spyr maður: Eiga höfuðborgin Reykjavík og kannski smábær eins og Raufarhöfn sömu möguleika? Verður ekki að gera einhverja kröfu til landshlutasamtaka eða sveitarfélaga um að lagðar séu fram hugmyndir um það hvernig þessu verður háttað og ráðuneytið ætli sér það að samþykkja eða hafna þeim hugmyndum eftir því hvort þær standa undir þeim kröfum sem verður að gera?

Að lokum vil ég nefna samkennsluþáttinn sem hv. 4. þm. Norðurl. v. talaði um og hann kemur einmitt inn í það sem áður hefur mikið verið rætt um hér, þ.e. hámarksfjöldi í bekkjum. Samkennsluformið er ríkjandi form í meira en helmingi grunnskóla á Íslandi. (Forseti hringir.) Samt sem áður er því ekki sinnt, hvorki með lagasetningu né með námsefni eða á annan hátt þannig að þar er mjög stór akur sem þarf að yrkja og ég legg áherslu á að inn í þetta frv. verði tekin ákvæði um hámarksfjölda í bekk og þar með ákvæði um hvernig með samkennslu skuli fara.

[13:56]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Það er satt að segja dálítið erfitt að lenda í því að umræðan slitnar í sundur með þeim hætti sem hér er að gerast en það er svo sem ekkert við því að gera. Ég ætla að rifja upp nokkur atriði úr umræðum um daginn og leggja nokkrar spurningar um leið fyrir hæstv. menntmrh.

Ég vil þá fyrst víkja að jöfnunaraðgerðunum sem ætlunin er að viðhafa ef skólinn verður fluttur til sveitarfélaganna. Samkvæmt skýrslu sem við höfum undir höndum og er hér á borðum með rauðri kápu þá er gert ráð fyrir því að í fyrsta lagi verði flutt yfir til sveitarfélaganna af staðgreiðslufé svo sem eins og 90% af því sem skólinn kostar. Og það er flutt til skólanna, það eru skólarnir sem fá þessa fjármuni en sveitarfélögin eru ábyrgðaraðilinn um rekstur skólans. Síðan er gert ráð fyrir því að einhver hluti af því fé sem nú fer til þess að kosta grunnskólann fari til svokallaðra jöfnunaraðgerða. Þar eru menn væntanlega með í huga mismunandi stöðu dreifbýlissveitarfélaganna meðal annars mismunandi möguleika þeirra til að reka skóla, mismunandi möguleika þeirra til að skipuleggja stoðþjónustu, sérkennslu og fleira þess háttar.

Ég vil spyrja hæstv. menntmrh. í fyrsta lagi hvort þetta er rétt skilið hjá mér, hvort það er nákvæmlega svona sem menn hugsa sér að fara í þetta að menn ætli sér að taka þarna frá eins og 10–15% af staðgreiðslufénu, af upphæðinni, í þennan sameiginlega sjóð sem væri þá Jöfnunarsjóður sveitarfélaga. Mér sýnist að þetta sé svona og ég vil spyrja hæstv. ráðherra um það og bæta því svo við að mér finnst óeðlilegt að þessir peningar fari um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga eingöngu. Mér finnst að menntmrn. eigi að ráða því hvernig þessir peningar eru notaðir. Mér finnst að menntmrn. sé einu treystandi til þess að fara með faglega forustu í þessu efni og þó að jöfnunarsjóðurinn heyri stjórnkerfislega undir hæstv. félmrh. þá tel ég að málið eigi að vera þar — mér liggur við að segja aðeins að nafninu til. Hin faglega forusta og hin faglega ábyrgð eigi að vera í menntmrn. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra um það hvort hann er sammála mér um þessa uppsetningu.

Í öðru lagi vil ég spyrja hann að því hvaða fjármuni erum við nákvæmlega að tala um. Það var satt að segja alveg ótrúlegt á síðasta fundi hér í þessari virðulegu stofnun þar sem einn þingmaður sem þekkir býsna vel til spurði: Er verið að tala um 5 milljarða eða 12? Ég hef nú grun um að það sé nær fyrri tölunni en þeirri síðari vegna þess að ég held að þegar menn eru að tala um 12 milljarða séu menn að draga inn í þetta stofnkostnað sem er fyrir löngu kominn til sveitarfélaganna og kemur þessu máli eiginlega ekkert við. En ég hefði viljað spyrja hæstv. menntmrh.: Hvaða tala er það nákvæmlega sem menn eru hér að ræða um? Og þá ætla ég að orða spurninguna nákvæmlega svona: Er það tala fjárlagafrv. fyrir 1995 plús 600–900 millj. eins og þær tölur eru reiknaðar út af Fjárlaga- og hagsýslustofnun? Mér sýnist að þetta sé talan sem menn eru að tala um að fari til sveitarfélaganna, þ.e. 6–6,5 milljarðar kr., eitthvað því um líkt, og þar með verður orðið býsna lítið eftir hjá fjmrh. af tekjuskattinum eins og menn sjá, væntanlega um 4 milljarðar kr. nettó þegar búið er að borga grunnskólann, borga barnabætur og borga vaxtabætur.

Í þriðja lagi vil ég svo víkja að sérkennslunni sjálfri. Í gildandi lögum segir svo, með leyfi hæstv. forseta, í 54. gr.:

„Börn og unglingar sem að dómi kennara og annarra sérfræðinga skóla og fræðsluskrifstofu þurfa sérkennslu vegna erfiðleika í námi, tilfinningalegra eða félagslegra örðugleika og/eða fötlunar, eiga rétt á kennslu við sitt hæfi, sbr. 2. gr.“

Í frv. segir í 37. gr. nákvæmlega það sama. Það er alveg nákvæmlega það sama, það er í raun og veru enginn munur nema það stendur hér, með leyfi forseta: „...eiga rétt á sérstökum stuðningi í námi.“ Það er munur á orðalagi, en ég tel að það eigi ekki að þurfa að felast í þessari mismunandi framsetningu efnismunur. Eða hvað? Ég spyr hæstv. ráðherra: Er nokkur efnismunur á þessu? Ég held að það geti ekki verið. En ég sé hins vegar að það er reginmunur á því hvort ríkið sem borgar brúsann segir: Börnin eiga rétt á sér-

kennslu, eða hvort það stendur í lögum sem ríkið setur um skyldur sveitarfélaganna. Ég tel með öðrum orðum að með því orðalagi sem er á 37. gr. séu börnin ekki örugg með sérkennsluna þó að orðalagið sé það sama og í 54. gr. gildandi laga af því að í þeim er ríkið að leggja kvaðir á sjálft sig, en í frv. væru menn að leggja kvaðir á aðra aðila, þ.e. sveitarfélögin í landinu. Þess vegna segi ég það fyrir mitt leyti að ég tel að það sé ekki nægilega vel búið um sérkennsluna í frv. eins og það lítur út.

Í fjórða lagi vil ég svo víkja að því atriði sem lýtur að hámarksstærð námshópa og meira að segja Samband sveitarfélaga tekur undir það að rétt væri að setja hámark á námshópa. Ég minni á það, hæstv. forseti, að stærð námshópa er undirstöðuatriði í kjarasamningum kennara. Það er aftur og aftur tekið fram í kjarasamningum kennara að þeirra vinna, þeirra laun, þeirra kennsluskylda miðist við tiltekinn fjölda í bekk og ef það er bætt við, þá þurfi þeir að fá sérstaka fyrirgreiðslu og breytingu á sínum kjörum með alveg ákveðnum hætti. Það er því útilokað, finnst mér, að taka þetta atriði út úr lögum af því að þetta er fyrir utan allt annað undirstöðuatriði í kjarasamningum og ég tel þess vegna að það sé fráleitt og útilokað, þó að ekki komi til aðrar ástæður, að afgreiða frv. án þess að setja aftur inn ákvæði um hámarksfjölda í námshópi.

Í fimmta lagi vil ég fagna því sem hæstv. menntmrh. sagði hér á síðasta fundi um málið og mér finnst skipta miklu máli í þessu samhengi, ég tel að hann hafi í raun lýst því yfir að það kæmi til greina að hans mati að eitthvað af sérskólunum væri hjá ríkinu áfram og hann nefndi Heyrnleysingjaskólann sem dæmi, ég lít svo á að það hafi verið dæmi, en ég gæti hugsað mér að þeir væru fleiri. Ég held satt að segja að sú upptalning á sérskólum sem fram kemur þarna í rauðu skýrslunni, sýni það að þessir skólar ættu mjög margir að vera hjá ríkinu og ég hvet til þess að hv. menntmn. setjist yfir það að eitthvað meira af þessum skólum en Heyrnleysingjaskólinn verði áfram hjá ríkinu.

Í sjötta lagi ætla ég að koma að 11. gr. frv. þar sem fjallað er um skólahverfi og ég ætla að spyrja hæstv. menntmrh.: Kom aldrei til tals að það yrði sett ákvæði um hámarksstærð skólahverfa? Hér var flutt stjfrv. fyrir nokkrum árum sem gengur út á það að skólahverfi séu ekki fjölmennari en eitthvað 10–15 þús. manns. Fannst mönnum í umræðum um málið í nefndinni eða í ráðuneytinu aldrei koma til greina að halda þannig á þessum málum að Reykjavík t.d. yrði hugsanlega skipt upp í skólahverfi? Það vita það vonandi allir hv. þm. hér inni að Reykjavík er eitt skólahverfi með þeim gríðarlega fjölda af börnum, kennurum og öðru starfsliði skóla sem kemur inn í þá mynd. Þar af leiðandi er bara ein skólanefnd í Reykjavík. Finnst ráðherranum ekki koma til greina að heimila sveitarfélagi að skipta sér í fleiri skólahverfi þó að það sé ekki skylt í lögunum? Ég vil biðja hann um að svara þessari spurningu hvort hann telur það ekki hugsanlegt að sveitarfélag, í þessu tilviki Reykjavík, fái heimild til að skipta sér í fleiri en eitt skólahverfi.

Síðan er spurning, hæstv. forseti, hvort í þessari grein þurfi ekki að vera ákvæði um það að sveitarfélagi sé skylt að eiga aðild að skólahverfi. Er ekki nauðsynlegt að taka það fram? Auðvitað ganga menn út frá því að öll sveitarfélög verði aðilar að skólahverfi. En er ekki nauðsynlegt að taka það fram að sveitarfélag eigi að vera aðili að skólahverfi undir öllum kringumstæðum? Nú kann mönnum að finnast svona spurning skrýtin vegna þess að í öllum tilvikum vilji sveitarfélög vera aðilar að skólahverfi. En við höfum nýlegt dæmi um að það gæti hrokkið í sundur, þ.e. Mývatnssveitardæmið. Þegar gífurleg illska hleypur í málin, eins og menn þekkja þar og hendir á bestu bæjum, þá gæti það auðvitað farið svo að eitthvert sveitarfélag í hörkudeilum við annað segði sig úr lögum við skólahverfið og ákveði bara að gera þetta á eigin spýtur, t.d. með því að stofna einhvern sérstakan skóla fyrir börnin sem þar eru án þess að hlutirnir væru þar í allt of góðu lagi. Ég vil því líka spyrja: Finnst hæstv. ráðherra ekki koma til greina að hér sé um að ræða þá skyldu á sveitarfélögum að þau séu öll aðilar að skólahverfum?

Ég heyrði tóninn í hæstv. menntmrh. í sambandi við Námsgagnastofnun og ætla út af fyrir sig ekki að fara út í það mál hér. Ég hef engan tíma til þess, en mér fannst hann satt að segja vera neikvæður.

Ég vil skýra frá því, hæstv. forseti, að frá því að þessi virðulega stofnun fjallaði um málið fyrr á dögunum þá hefur Alþb. rætt um þessi mál, sérstaklega grunnskólafrv. og hefur gert um það sérstaka ályktun og ég vil lesa þá ályktun, með leyfi forseta:

„Miðstjórn Alþb. hefur fjallað um menntamál á fundi sínum 5.–6. nóv. 1994. Miðstjórnin telur að menntamál eigi að vera eitt þeirra viðfangsefna sem efst eru á dagskrá í íslenskum þjóðmálum. Heilsteypt stefna í mennta- og menningarmálum er ein mikilvægasta forsenda þess að lífskjör á Íslandi verði sambærileg við það sem gerist annars staðar. Góð menntun er ein af undirstöðum lýðræðis og efnahagsframfara. Í síðustu ríkisstjórn beitti Alþb. sér fyrir mótun menntastefnu í samvinnu samtök kennara, nemenda, foreldra og annarra sem hlut eiga að skólamálum. Árangur þessarar stefnumótunar birtist m.a. í eftirfarandi atriðum: Auknum framlögum til menntamála, nýjum lögum um leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, auknu sjálfstæði skólanna um mannaráðningar, breyttum lögum um Háskóla Íslands, auknu fjármagni til rannsókna- og þróunarstarfsemi. Samhliða þessari stefnumótun voru teknar mikilvægar ákvarðanir í menningarmálum sem styrktu undirstöðu skólastarfs til lengri eða skemmri tíma og ber þar hæst þá ákvörðun að fella niður virðisaukaskatt af menningarstarfsemi.

Í tíð núv. ríkisstjórnar hafa framlög til menntamála hins vegar verið skorin niður. Þau hafa lækkað um 2,1 milljarð kr. frá árinu 1991. Þrengt hefur verið að faglegu frelsi skólanna, samráði við kennara hefur verið hafnað við stefnumótun og þau frumvörp sem fyrir liggja um málefni skólanna eru illa undir búin. Ekki er við því að búast að frv. til laga um grunnskóla verði afgreitt á því þingi sem nú situr þar eð veigamiklir þættir málsins eru vanbúnir til afgreiðslu.

1. Stoðþjónusta er í uppnámi samkvæmt frv. og gerð er tillaga um að fella sérkennslu út úr grunnskólalögum.

2. Ekki eru tryggðir hagsmunir barna í dreifbýlinu og engin ákvæði eru í frv. um hámarksfjölda í bekkjardeildum.

3. Ekki hefur verið gengið frá kjaramálum kennara vegna lífeyrisréttinda og annarra sérstarfstengdra réttinda þeirra.

4. Ekki hefur tekist sátt við sveitarfélögin um tilflutning grunnskólans til sveitarfélaganna, m.a. vegna þess að fjármagnið sem ætlað er til grunnskólans er ekki nægilegt.

Það er skoðun miðstjórnarinnar að rétt sé að fresta afgreiðslu grunnskólafrv. Óhjákvæmilegt er að búa betur um hnúta áður en hægt er að taka endanlega afstöðu til þess.

Miðstjórn Alþb. telur brýnt að flokkurinn beiti sér fyrir því að menntamál verði eitt aðalmál kosningabaráttunnar sem fram undan er. Í þeirri baráttu leggur flokkurinn fram verk sín og bendir á „Til nýrrar aldar" — stefnuna sem mótuð var meðan Alþb. hafði með menntamál að gera.

Skólamál, rannsóknir og menntun eiga að vera forgangsatriði á komandi árum. Alþb. telur áríðandi að framlög til skólamála hérlendis verði svipað hlutfall af þjóðartekjum og gerist í grannlöndum okkar. Alþb. mun því beita sér fyrir markvissri uppbyggingu skólakerfisins í stað þess niðurskurðar sem núv. ríkisstjórn hefur staðið fyrir."

Eins og menn heyra, hæstv. forseti, af þessum upplestri, þá eru það tvö mjög þýðingarmikil efnisatriði sem eru í þessari ályktun. Annað er það að skólarnir og menntamálin eigi að hafa forgang hér í þjóðfélaginu á komandi árum og svo hitt að það sé skynsamlegt að fresta því frv. sem hér liggur fyrir vegna þess að margar mikilvægar forsendur þessa máls séu enn þá óljósar.

Þá kem ég að lokum að því, hæstv. forseti, sem aðeins bar hér á góma á síðasta fundi, m.a. í orðaskiptum hæstv. ráðherra og hv. 3. þm. Norðurl. v. og það er þetta: (Gripið fram í.) Norðurl. vestra. Ég var að tala um hv. þm. Ragnar Arnalds, en mundi líka eftir hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur reyndar. Það er gert ráð fyrir því að þetta frv. geti í fyrsta lagi orðið að lögum á síðustu dögum þingsins ef það gengur hratt fram. Þá ættu menn eftir að gera kjarasamninga við kennara á grundvelli þeirra laga. Þá ættu menn eftir að semja við sveitarfélögin á grundvelli þeirra laga. Og þá ættu menn eftir að ganga frá því hvernig skattatilflutningur ríkisins til sveitarfélaganna á sér nákvæmlega stað. Ég held með öðrum orðum, hæstv. forseti, að við stöndum frammi fyrir því að af mjög einföldum praktískum ástæðum liggi málið þannig að við getum ekki lokið því á þessu þingi. Þess vegna væri skynsamlegast frá sjónarmiði allra aðila að mínu mati að þessu máli verði frestað. Ég tel að í því sambandi gæti verið snjallt að það yrði sett í það milliþinganefnd þar sem kæmu að málinu fulltrúar allra flokka með hliðsjón af því að málið yrði lagt hér fyrir næsta þing.

Ég held að það sé nauðsynlegt í þessu sambandi að staldra að lokum aðeins við það og minna á það að umræðan hér hefur ekki fyrst og fremst verið um það hvort ætti að flytja grunnskólann til sveitarfélaganna eða ekki. Umræðurnar hafa ekki snúist um það. Svo athyglisvert sem það nú er, þá hafa allir ræðumenn ýtt því vandamáli meira og minna til hliðar. En menn hafa talið að af öðrum efnislegum ástæðum væru málin þannig vaxin að það væri skynsamlegt að fresta málinu og ég hygg að frá sjónarmiði þeirra sem ákafir eru í að flytja skólann til sveitarfélaganna væri það einnig skynsamlegt að hinkra og skoða málin aðeins betur.

[14:14]

Guðrún J. Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Hv. 9. þm. Reykv., Svavar Gestsson, endaði mál sitt á því að benda á að það hefði ekki verið rætt um það beinlínis hversu vel eða illa sveitarfélögin væru í stakk búin til þess að taka við rekstri grunnskólanna að öðru leyti en því að málið væri ekki nógu vel undirbúið fjárhagslega séð. Ég vil koma strax inn á þetta. Ég held að þau vandamál, sem smærri sveitarfélögin muni eiga við að etja við það hlutverk sitt að framkvæma grunnskólalög, verði það stór að það þurfi að íhuga mjög vel hvort þetta skref sé rétt. Að vísu vitum við það að öll viðleitni ríkisstjórnarinnar hefur núna sl. fjögur ár gengið út á það að færa kostnað og fyrirhöfn frá ríkinu til annarra aðila. Það getur vel verið að það sé rétt stefna en við verðum að gæta þess að þegar þessi skref eru stigin þá séu þau ekki á kostnað hins almenna borgara í samfélaginu og allra síst að það sé á kostnað barnanna sem eiga að byggja þetta land og vera framtíð þess. Ég dreg mjög í efa að málum sé komið það á veg í undirbúningi að hægt sé að ætlast til þess einkum og sér í lagi að smærri sveitarfélögin geti staðið undir þeim kröfum sem nú er verið að gera til þeirra.

Mig langaði að fara nokkrum orðum um örfáar greinar frv. efnislega og byrja á því að benda á það að í 2. gr. er kveðið á um hlutverk skólans og hvað hann eigi að innræta eða kenna nemendum. Mér finnst vanta inn í þetta eina setningu um efni sem á síðustu vikum eða mánuðum hefur komið mjög í ljós að þarf að leggja sérstaka alúð við að innræta nemendum og það er ábyrgð á eigin atferli. Mér finnst að þessi setning ætti hreinlega að vera komin inn í grunnskólalögin til þess að undirstrika það að við ætlum að hefja herferð gegn þeirri þróun sem hefur orðið meðal barna að þau eru hætt að skilja, eða a.m.k. sum þeirra, hvaða áhrif eigið atferli hefur þegar þau brjóta gagnvart umhverfi sínu og ég tala nú ekki um gagnvart jafnöldrum sínum.

Ég vil taka undir það sem hv. 9. þm. Reykv. sagði áðan að það væri hugsanlega eðlilegt að það væri heimild til þess að skipta stærstu sveitarfélögunum í fleiri en eitt skólahverfi. Orðið skólahverfi hefur að vísu tvenns konar merkingu í hugum landsmanna. Skólahverfi í huga hins almenna borgara er hverfið í kringum einn skóla. Þannig hugsar hinn almenni borgari. En sá sem semur lögin skilgreinir orðið skóla-

hverfi sem einn eða fleiri skóla sem tilheyra einu sveitarfélagi. Ég tel að þarna ætti ekki að standa orðið skólahverfi heldur skólaumdæmi, en það er kannski smekksatriði.

Í 12. gr. frv. stendur að skólanefnd eigi að sjá til þess að skólanum sé tryggður aðgangur að sérfræðiþjónustu. Það er einmitt þessi sérfræðiþjónusta sem er eiginlega í lausu lofti ef frv. verður að lögum. Það er augljóst að það á að leggja niður fræðslustjóra og alla þá starfsemi sem fer fram á fræðsluskrifstofunum. Það er ekkert sem bendir til þess að þeir eigi að halda áfram sínum störfum. Hvað á þá að koma í staðinn? Nánari skilgreiningu á þeirri þjónustu, hvernig hún á að vera framkvæmd og framreidd vantar algjörlega í frv. og ég tel mjög varhugavert að láta þetta fara svona í lausu lofti.

Í 19. gr. frv. er fjallað um húsakynni, skólahúsnæði, og að mörgu leyti metnaðarfullt þó að bent hafi verið á að ýmislegt vanti þar inn í samt. En ég vil leggja áherslu á að þó það sé nauðsynlegt að hafa gott skólahúsnæði og glæsilegt en ef þeir sem vinna inni í þessu skólahúsnæði hafa ekki nægilega góðar aðstæður til þess að sinna störfum sínum þá er illa farið.

Í 24. gr. er talað um umsjónarkennara. Ég hef alla tíð síðan ég kynntist því kerfi sem kennari haft mikið álit á því. Ég álít að hlutverk umsjónarkennara geti verið stórt en þó því aðeins að hann hafi aðstæður til þess að vinna verk sitt vel. Það þýðir að hann þarf að hafa nægan tíma á sínum starfsdegi til að sinna þessari þjónustu og hann þarf að hafa aðstöðu jafnvel til þess að vinna verk utan síns daglega vinnudags, það vita allir sem hafa verið umsjónarkennarar að þeir þurfa oft að gera það, og til þess að svo sé þá verður að gæta þess að kennarar þurfi ekki að vera að snapa sér aukapening út um allar trissur til þess að standa undir lífsnauðsynjum sínum. En umsjónarkennarahlutverkið er mikilvægt og verður þeim mun mikilvægara sem hlutur sérkennslunnar er minni því að um leið og sérkennslu- og stoðkennsluhlutinn er rýrður þá verður umsjónarkennarinn að koma í staðinn. Það hlýtur að vera hugmynd þeirra sem hafa samið þetta frv.

Um námsstyrkjasjóðinn í 25. gr. vil ég aðeins segja að ég álít að það sé af hinu góða að slíkur sjóður sé settur á laggirnar og mjög nauðsynlegt fyrir kennara og aðra skólamenn að geta farið í klössun, ef svo má kalla það, þ.e. endurnám til þess að bæta við þekkingu sína.

Í 27. gr. er talað um lengda viðveru utan daglegs kennslutíma. Þetta er svo til nýtt fyrirbrigði í skólalífinu á Íslandi meðal grunnskólabarna. Það er skynsamlegt og gott að geta lengt viðveruna en þó því aðeins að börnin séu ekki bara geymd þarna heldur að þau hafi fræðandi og þroskandi viðfangsefni og það sé skipulagt að þau fái það. Þá býður það heim mikilli mismunun ef börnin eiga að borga þessa þjónustu dýrum dómum. Þess vegna held ég að það sé nauðsyn að ákvæði sé um það að sveitarfélögin standi undir þeirri þjónustu sem veitt er í þessum lengda viðverutíma.

Það er dálítið sérkennilegt að fyrir nokkrum árum var hugtakið sérkennari eins konar töfraorð og það var lausn á öllum vanda. Við sem höfðum verið að vinna í skólum um langan aldur vissum að það var ekki rétt. Ég leyfði mér þá að lýsa því yfir að ef umsjónarkennari og bekkjarkennari fengju lengri tíma og betri til þess að sinna sínu starfi og að það væri fækkað í bekkjardeildum, hverri einustu bekkjardeild, þá mundi þörfin fyrir sérkennsluna minnka. Ég fékk bágt fyrir þetta á sínum tíma en nú virðast fleiri hafa komist á þessa skoðun nema að ekki er nefnt hérna einu orði hver stærð bekkjardeilda eigi að vera. Og ef ekki er kveðið á um það að bekkjardeildir séu tiltölulega smáar, einkum og sér í lagi í yngstu bekkjardeildunum, þá held ég að við séum eins og sagt er á góðu máli nú til dags að komast í reglulega slæm mál.

Við vitum það að börn sem koma úr leikskólum inn í 6 ára bekkina eru vön því að það sé ein manneskja sem annast 8 börn, ég held ég fari alveg rétt með það. Ef þau koma síðan inn í 6 ára bekk þar sem ein manneskja á að þjónusta og kenna 24 börnum þá er það þreföldun, ekki bara að það eru að koma ný viðfangsefni, nýjar kröfur til barnanna heldur er miklu minni einstaklingsathygli sem hægt er að veita hverju barni. Þetta verður að hafa í huga og gæta þess að breyting verði á svo að í hverri bekkjardeild, einkum og sér í lagi í yngstu bekkjunum séu færri börn.

Í 12. og 42. gr. er enn þá talað um sérkennslu og sérfræðiþjónustu. Hún er eins konar feimnismál í þessu frv. og mér þætti fróðlegt að vita hver hugsunin er hvað viðvíkur þessari þjónustu. Á hún bara allt í einu að gufa upp og verða að engu eða hvernig á eiginlega að skipuleggja hana? Við þurfum ekki að ímynda okkur að í því þjóðfélagi sem við lifum í í dag þar sem mannlífið er mjög hverfult og öryggisleysi æskufólksins er afskaplega mikið að þörfin fyrir þetta fólk verði minni. Hún mun fremur aukast en minnka.

Í IV. kafla frv. er talað um starfsfólk skólanna. Enn á ný rekst maður á það að lögð eru fram lagafrv. á Alþingi þar sem aðeins er rætt um hluta starfsfólks skólanna eða stofnananna. Ég held að það sé alveg rétt hjá mér að í leikskólum í Reykjavík séu 60% ófaglært starfsfólk og ég held að það sé líka rétt hjá mér að í grunnskólum, a.m.k. í Reykjavík, sé þriðji partur starfsmannanna ófaglærður. Þetta er eins konar huldufólk sem ekki má nefna, óhreinu börnin sem eru sett fram í eldhús þegar gestir koma og farið er með frv. inn í hið háa Alþingi. En þessu þarf að breyta því hlutverk hins ófaglærða sem að mínum dómi á alls ekki að vera ófaglærður heldur starfslærður og ég endurtek að það ætti eingöngu að vera starfslært fólk í skólunum þó það sé ekki kennarar. Hlutverk þeirra mun vaxa á komandi tímum en ekki minnka. Ég bið hæstv. menntmrh. að athuga þetta mjög vandlega. Við lengdan viðverutíma í skólanum þá vex stöðugt þörfin fyrir þetta fólk sem að mínum dómi á að vera starfslært þó það sé kannski ekki faglærðir kennarar.

Í 30. gr. er talað um námsgreinar og nefndar kjarnagreinar. Í athugasemdum við 30. gr. segir að í skýrslu þeirri sem þetta lagafrv. byggir á sé gert ráð fyrir að þær kjarnagreinar sem samræmd próf eru í séu íslenska, stærðfræði og enska. Það þýðir að ef þessu verður haldið til streitu þá erum við að minnka vægi

Norðurlandamálanna á sama tíma og sótt er að Norðurlöndunum frá öðrum áttum, á sama tíma og Norðurlandaþjóðirnar þurfa svo sannarlega á því að halda að geta staðið saman í lífsbaráttunni. Ég álít að það séu brigðir við norrænan málstað ef slakað verður á kröfunum til kennslu í norrænum málum. Ég álít að það séu brigðir við norrænan málstað en það er líka óskynsamlegt. Hingað til hafa nemendur unnvörpum farið frá Íslandi til hinna Norðurlandaþjóðanna og fengið þar skólavist fyrir lítinn eða engan pening og notið jafns réttar og innfæddir eða aðrir Norðurlandabúar. Ég veit að vel getur verið að einhver ykkar segi að þetta muni breytast við að þeir gangi inn í ESB en ég held að vanhugsað sé að ganga út frá því að svo komnu máli. Ég held nefnilega að Norðurlandaþjóðirnar muni áfram reyna að standa saman í öllum þeim menningarmálum sem hægt er. Þess vegna álít ég að óskynsamlegt sé að slaka á námskröfum í Norðurlandamálum á Íslandi.

Ég hef sannarlega sett út á ýmislegt í frv. en það er einnig margt gott í því. Eitt er svo gott að það liggur við að ég samþykki frv. eins og það kemur fyrir af því að 36. gr. er í því. Þar segir: „Nemendur sem hafa annað móðurmál en íslensku eiga rétt á sérstakri kennslu í íslensku sem öðru tungumáli."

Heimild til að veita undanþágu frá því að þreyta samræmd lokapróf í íslensku en leggja fyrir sérstakt lokapróf í íslensku er líka nefnt í 36. gr. Þetta er slíkt framfara- og réttlætismál að ég get ekki orða bundist og mér finnst að menntmrh. og fólk hans, sem hefur samið þessa grein, eigi sérstakan heiður skilið fyrir.

Það er ótrúlegt hve margir nemendur hafa þurft að þjást inni í skólakerfinu af því að þeir hafa ekki staðið jafnfætis við hina skólanemendurna vegna þess að þeir höfðu annað móðurmál. Þarna er ráðin bót á þessu og að mínu mati er þetta djásnið í frv.

[14:32]

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Hv. 9. þm. Reykv., flokksbróðir minn Svavar Gestsson, hefur gert þessu ágæta frv. skil þannig að ég hyggst ekki endurtaka það sem hann hefur sagt þar um. Ég er því sammála um margt. Mig langar aðeins til að hnykkja á örfáum atriðum. Raunar er sumt af því sömu atriði og hv. 18. þm. Reykv. gerði að umræðuefni áðan.

Ég ítreka að í 2. gr. stendur enn eins og staðið hefur frá 1974, með leyfi hæstv. forseta: „Grunnskólinn skal leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við eðli og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, heilbrigði og menntun hvers og eins."

Og 37. og 38. gr. frv. hnykkja á því að börn og unglingar, sem eiga erfitt með nám sökum sértækra námsörðugleika, tilfinningalegra eða félagslegra örðugleika og/eða fötlunar, eins og þar segir, eigi rétt á sérstökum stuðningi í námi.

Það er því miður svo að mjög hefur skort á það að sá stuðningur hafi verið veittur og börn, sem hafa átt við ýmsan vanda að stríða, hafa ekki fengið þá þjónustu sem þau hefðu átt skilda og hafa svo átakanlega þurft á að halda. Ég er að tala um þéttbýlið þar sem ég er kunnugust og þá get ég rétt ímyndað mér hvernig sú þjónusta hefur verið þar sem minni möguleikar eru á sérfræðilegri þjónustu.

Við höfum horft upp á það í Reykjavík að sálfræðiþjónusta hefur orðið lakari. Dregið hefur verið úr fjárframlögum til hennar og ég hef miklar áhyggjur af því að hér séu ákvæði sem eru orðin tóm. Það þarf og það borgar sig að leggja mikið fé í að þau börn og unglingar fái alla þá þjónustu, sem unnt er að veita þeim, svo að þau nái þeim mögulega þroska sem geta þeirra leyfir undir bestu manna handleiðslu.

Ég held að aldrei verði of oft hnykkt á því að við skuldum þessum börnum að þau fái þá þjónustu sem þau þurfa á að halda. Þar sem okkur hættir til að meta allt til fjár held ég að mér sé óhætt að fullyrða að borgi eitthvað sig er það þjónusta af þessu tagi sem sannarlega borgar sig þegar til lengri tíma er litið, að ekki sé talað um hamingju þeirra einstaklinga sem í hlut eiga.

Eins og hv. 18. þm. Reykv. ætla ég að koma inn á 30. gr. þar sem talið er upp það sem í aðalnámsskrá skal vera og síðan kemur fram að hugmyndir eru um að íslenska, stærðfræði og enska verði kjarnagreinar.

Hv. 18. þm. Reykv. benti á allan þann fjölda fólks sem fer til náms á Norðurlöndum og þyrfti þess vegna á því að halda að hafa góða undirstöðu í norrænum málum. En það er ekki bara það sem ég held að mundi breytast ef enska yrði fyrsta mál. Ég get vel séð fyrir mér að það gæti verið praktískt, eins og maður segir, en það mundi breyta allri sjálfsvitund Íslendinga. Við erum nefnilega norræn þjóð og við erum mjög sterklega meðvituð um það. Ég held að væri minni áhersla lögð á hlut norrænna tungumála í íslenska menntakerfinu gæti svo farið að við færum að upplifa okkur sjálf sem hluta hins enskumælandi heims, hins engilsaxneska heims. Það er grundvallarbreyting á sjálfsvitund Íslendings. Ég hef af því miklar áhyggjur ef við ætlum að fara inn á þessa braut.

Öll menning okkar, allar rætur okkar liggja meðal norrænna þjóða. Svo sjálfsagt sem það er að við séum hluti af Evrópu og hluti af heiminum í kringum okkur og séum hæf til þess að eiga viðskipti við það fólk þá held ég að við ættum að veita norrænum uppruna okkar forgang.

Mér er alveg ljóst að danska hefur ekki verið sérstaklega vinsæl kennslugrein í skólum sem liggur m.a. hreinlega í því að Íslendingum er ekkert sérstaklega tamt að tala dönsku. Danska og íslenska eru mjög ólík tungumál. En ég held að við eigum að leggja þetta á okkur eða koma okkur saman um að velja þá það norrænt tungumál sem er nær okkur og auðveldara er að bera fram og vissulega eru þau mál til. En ég er nógu íhaldssöm til þess að vilja halda í þau tengsl sem við eigum við Danmörku upp á gott og vont. Ég held að við getum ekki strikað yfir sameiginlega sögu þessara tveggja þjóða. Ég held að við yrðum minni menn af ef við héldum ekki til haga því sem við óneitanlega sóttum til danskrar menningar á sínum tíma. Við skulum ekki gleyma því að Kaupmannahöfn var höfuðborg landsins um árhundraða bil.

Ég held að við séum að gera miklu meira en það að vera praktísk, ég held að við séum að yfirgefa svolít-

inn hluta af okkur sjálfum ef við minnkum að einhverju magni þá áherslu sem við höfum lagt á kennslu í norrænum tungumálum. Mér þykir þetta mjög mikilvægt og þess vegna vildi ég taka tíma hv. þingmanna til þess að benda á þetta.

Öðru hef ég ekki við að bæta við það sem þegar hefur verið sagt frá mínum flokki. Ég hef áhyggjur af sérkennslunni og sálfræðiþjónustunni og ég hef áhyggjur af breyttri áherslu í tungumálakennslu.

[14:40]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Ég mun reyna að svara sem flestum af þeim spurningum sem til mín hefur verið beint og ég held að skynsamlegast sé að ég snúi mér að þeim ræðum sem fluttar hafa verið í dag og læt þá frekar mæta afgangi það sem kom fram í máli manna fyrir viku og ég hef ekki svarað.

Fyrst í dag talaði hv. þm. Pétur Bjarnason og hann minntist fyrst á 18. gr. frv. sem fjallar m.a. um gerð skólamannvirkja. Um það vil ég segja að ég sé ekki beint ástæðu til þess að vera að breyta greininni, hún er í samræmi við ákvæði gildandi laga og ég held að engin ástæða sé til að vantreysta sveitarstjórnum til þess að gæta hagsmuna allra þeirra sem eiga að búa við skólamannvirkin þegar sveitarstjórnir eru að huga að hönnun og gerð mannvirkjanna.

Hv. þm. spurði líka um hvað yrði um eignir fræðsluskrifstofanna. Það er atriði sem hlýtur að koma til samningagerðar um við sveitarstjórnirnar. Það eru ákvæði í 21. gr. frv. og ég sé ekki ástæðu til að óttast neitt um hvernig kunni að fara um þær eignir.

Um það hverjir séu starfsmenn skóla og fjallað er um í 23. gr. er í raun og veru svarað í umsögninni um 23. gr. Þar er miðað við 12 starfsmenn í fullu starfi eins og þar stendur. Þar er komið til móts við þá kröfu skólastjóra að meta stjórnunarstörf vegna skólaaksturs, gæslustarfa á heimavistum, mötuneytum og ýmissa annarra starfa en kennslu.

Þá fjallaði hv. þm. um ráðningu kennara. Ef ég skildi hann rétt átti hann við hvort skólastjóri kæmi ekki að ráðningu kennaranna. Ég held að það væri dálítið á skjön við sveitarstjórnarlögin ef slíkt væri sett í frv. og mér þykir afar líklegt að sveitarstjórn muni hafa fullt samráð, ef ekki að fela skólastjóra ráðningu starfsfólks, þar á meðal kennara.

Ég vil ég ekki á nokkurn hátt snúa út úr orðum hv. þm. en mér fannst koma fram í orðum hans að hann vantreystir nokkuð skólanefndum til þess að sinna þeim mikilvægu verkefnum sem þeim eru ætluð nema að einhverjar hæfniskröfur væru gerðar til þeirra sem tækju þátt í störfum skólanefnda. Ég held að ekki sé ástæða til þess að vantreysta skólanefndum fyrir fram.

Hv. þm. Svavar Gestsson gerði jöfnunaraðgerðirnar að umtalsefni og spurði — ég vona að ég hafi skilið hann rétt — hvort sú yfirfærsla á fjármunum sem fer til sveitarfélaganna að sé hluti af þeirri yfirfærslu sem fer til Jöfnunarsjóðsins. Svar mitt við því er já, það er rétt skilið hjá hv. þm. að Jöfnunarsjóðurinn fengi þá hluta af þeim kostnaði sem talið er að grunnskólinn muni kosta.

Þá spurði hv. þm. um hvaða fjármuni væri í raun verið að tala, og vitnaði þar í ræðu hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur sem talaði í umræðunni fyrir viku, hvort við værum að tala um 5 milljarða eða 12 milljarða. Ég svaraði hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur um daginn. Það er auðvitað verið að tala um þann kostnað sem við teljum samkvæmt nýju frv., samkvæmt nýjum lögum, að muni bætast við það sem sveitarfélögin greiða í dag. Við erum þá í hæsta lagi samkvæmt útreikningum fjárlagaskrifstofu fjmrn. að tala um kannski 600–900 millj. kr. Það er sú upphæð sem við erum að tala um.

Um sérkennsluna hafa fleiri en hv. þm. Svavar Gestsson rætt. Ég tel að því hafi verið svarað í umræðunni á þriðjudaginn var, bæði af mér og sérstaklega af hv. þm. Sigríði Önnu Þórðardóttur.

Ég hafði áður talað um sérskólana og látið í ljós þá skoðun mína að það kynni að koma til greina að einhverjir þeirra mættu vera áfram hjá ríkinu og nefndi Heyrnleysingjaskólann. Ég ítreka að mér finnst sjálfsagt að athuga það betur.

Um skólahverfin sem talað er um í 11. gr. þá held ég að þar hafi komið fram réttmætar ábendingar um að sveitarfélögin ættu að hafa heimild til þess að ákveða sjálf skiptingu sveitarfélaganna í skólahverfi og hvort skólanefndir verði fleiri en ein. Ég tel þetta réttmæta ábendingu og vonast til að hv. menntmn. athugi það sérstaklega.

Hv. þm. Guðrún Halldórsdóttir og raunar einnig hv. þm. Guðrún Helgadóttir ræddu um 30. gr. frv. þar sem talað er um aðalnámsskrána. Þær töluðu um kjarnagreinarnar og vísuðu einnig til umsagnarinnar um 30. gr. Við höfum áður rætt um dönskukennsluna á hv. Alþingi. Ég hef látið í ljós efasemdir um að rétt sé að taka enskuna sem fyrsta erlenda málið en ég undirstrika það að verði sú ákvörðun tekin, sem verður ekki lagaákvæði heldur ákvæði í námskrá, þá felst ekki í þeirri ákvörðun að eitthvað sé verið að slaka á kröfum um kennslu í norrænum málum. Ef við erum ekki sannfærð um að kröfunum verði haldið eftir sem áður þá eigum við ekki að gera þetta. Ég vil þess vegna athuga þetta alveg sérstaklega og hef, eins og ég sagði áður, látið í ljós efasemdir um að það væri rétt. Ég nefni einnig í þessu samhengi, sem áður hefur komið fram af hálfu þeirra sem um hafa fjallað og það kemur beint fram í skýrslu nefndarinnar, að lögð er áhersla á að ekki verði á nokkurn hátt dregið úr kennslu í dönskunni, ekki á nokkurn hátt og það vil ég sérstaklega undirstrika.

Ýmislegt var það sem kom fram í ræðum manna á þriðjudaginn var sem ég hefði viljað svara en ég sé að tími minn er að hlaupa frá mér. Ef ég veit rétt þá á ég eftir kannski fimm mínútur í viðbót í seinni umræðu og mun þá nota þann tíma. Ég mun koma svörum við þeim spurningum sem ég komst ekki yfir að svara til hv. menntmn. eða til þeirra hv. þm. sem beint hafa til mín sérstökum spurningum.

Ég sé að það þýðir ekki fyrir mig að svara einstökum spurningum frá þeim þingmönnum sem töluðu á þriðjudaginn var.

(**Forseti** (SalÞ): Forseti vill leyfa sér að grípa fram

í fyrir ráðherra og spyrja hvort þetta er ekki í þriðja sinn sem hæstv. ráðherra tekur til máls?)

Jú, það er rétt. Ég man það núna. Þá er ég búinn með tímann.

(**Forseti** (SalÞ): Þá er það ekki misskilningur hjá forseta. Þá er eftir hálf mínúta ef hæstv. ráðherra vill nota hana.)

Já, takk.

[14:50]

Pétur Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vegna ummæla hæstv. menntmrh. um 18. gr. og samráð við starfslið skóla, kennara og skólastjóra, þá er það ekki vegna þess að ég treysti ekki einstökum sveitarstjórnum. Það er ekki um það að ræða heldur hefur reynslan sýnt okkur að ef þeir sem eiga að starfa við þær aðstæður sem verið er að skapa eru ekki hafðir með í ráðum þá eru eilíf vandræði fram undan. Þetta hefur oft á tíðum orðið okkur miklu dýrara en ef við hefðum haft samráð við þá aðila sem eiga að starfa þarna. Auk þess er þarna um að ræða sérmenntað fólk sem veit hvaða kröfur verður að gera til þeirrar aðstöðu sem er verið að byggja. Þess vegna tel ég mjög þýðingarmikið að sett verði í allan þennan kafla ákvæði um samráð kennara og skólastjóra. Það er ekki um að ræða vantraust heldur bara að reynsla sögunnar sýnir okkur að þetta er mjög æskilegt og reyndar nauðsynlegt.

Hæstv. ráðherra talaði um að ég vantreysti skólanefndum. Þar er því sama til að svara. Það eru engar sérstakar skólanefndir eða persónur í skólanefndum sem ég vantreysti til að gera þetta. Það sem ég er að gagnrýna er að skólanefndum er með þessu falið gífurlega mikið faglegt hlutverk án þess að nokkur ákvæði séu um faglega þekkingu þeirra til þess að annast það hlutverk sem verið er að fela þeim. Það er þetta sem ég gagnrýni, að það þarf að vera samræmi í hlutunum og til þess að skólanefndir geti axlað þessa miklu ábyrgð verður líka að gera kröfur til að þær standi undir þeim verkum.

[14:52]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil fyrst taka undir þetta með skólanefndirnar sem kom fram hjá síðasta ræðumanni vegna þess að það er ekkert verið að vantreysta þessum skólanefndum hvorki í hans orðum né mínum um daginn heldur er bara verið að segja að það er verið að ætla pólitískt kjörnum nefndum að fjalla um fagleg málefni. Það er óeðlilegt kerfi sérstaklega svona seint á tuttugustu öldinni.

Hitt atriðið sem ég vil gera athugasemd við er það sem fram kom í máli hæstv. menntmrh. að í rauninni hefði hv. þm. Sigríður Anna Þórðardóttir svarað athugasemdum okkar um sérkennsluna um daginn. Ég tel það svar ekki liggja fyrir. Það sem ég var að reyna að segja og hef bersýnilega ekki gert nógu skýrt er þetta: Í 54. gr. gildandi laga er ríkið sjálft að leggja á sig þær kvaðir að tryggja sérkennslu í grunnskólum. Samkvæmt þessu frv. er gert ráð fyrir að ríkið með lögum frá Alþingi leggi kvaðir á aðra aðila í þessu efni, þ.e. sveitarfélögin. Ég tel að þó orðalagið dugi að því er varðar ríkið þá dugi það ekki ef flytja á sérkennsluna til sveitarfélaganna. Ég tel þess vegna óhjákvæmilegt ef menn vilja, og ég reikna með að menn vilji það, tryggja sérkennsluna þá verði að ganga betur frá orðalagi 37. gr. en gert er í frv. eins og það liggur fyrir.

[14:54]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hef talið að réttur nemenda sé ekkert síður tryggður samkvæmt þessum nýju málsgreinum í frv. en er í gildandi lögum. En ég vil taka það skýrt fram að ef menn telja að svo sé ekki þá verði það athugað alveg sérstaklega í hv. menntmn. vegna þess að ég er alveg sannfærður um að við hv. þm. erum allir sammála um að þessi atriði þurfi að tryggja.

[14:54]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir þetta svar. Ég tel að það sé alveg nægilega skýrt miðað við stöðu málsins og treysti því að við reynum að finna lausn á því máli í hv. menntmn. hvernig búið verður um hnútana að því er sérkennsluna varðar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Framhaldsskólar, 1. umr.

Stjfrv., 127. mál (heildarlög). — Þskj. 132.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Hv. þingflokksformaður framsóknarmanna hafði sótt um það til hæstv. forseta Alþingis áður en umræður um grunnskólafrv. fóru fram að umræða um framhaldsskólana yrði einnig lengd, þ.e. að ræðutími þingmanna yrði tvöfaldaður. Sams konar ósk hafði einnig komið frá hv. þm. Ragnari Arnalds, formanni þingflokks Alþb. Hafði þegar verið ákveðið að verða við því. Ræðutími er þess vegna 1 klukkutími fyrir flutningsmann, ráðherra eða þingmenn. Síðan hálftími og 10 mín. en síðan hafa aðrir þingmenn og aðrir hæstv. ráðherrar 40 mín. og 20 mín.

[14:56]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um framhaldsskóla. Í framsöguræðu minni fyrir frv. til laga um grunnskóla gerði ég grein fyrir starfi nefndar um mótun menntastefnu og ýmsum atriðum sem eru sameiginleg stefnumið í báðum þessum frv.

Helstu stefnumiðin eru þessi: Aukin valddreifing í skólakerfinu þannig að ákvarðanataka um fagleg og fjárhagsleg málefni skólastarfsins sé sem næst vettvangi. Fræðsluyfirvöld skilgreini skýr markmið um nám og kennslu og fylgist með því að skólastarfið og árangur þess sé í samræmi við yfirlýst markmið, m.a. með því að leggja fyrir samræmd próf. Teknir verði upp starfshættir sem stuðli að sem mestri fagmennsku

í skólastarfi, t.d. skólanámsskrárgerð og sjálfsmat skóla. Skólastjóri og skólameistari gegni faglegu forustuhlutverki í starfi grunn- og framhaldsskóla. Stigið er skref í þá átt að opna skólana gagnvart samfélaginu. Fulltrúar foreldra, atvinnulífs og nánasta samfélags fá aðild að ýmsum nefndum og ráðum og lögð er áhersla á skyldur fræðsluyfirvalda til að safna og miðla upplýsingum um skólastarfið. Mat á skólakerfinu og einstökum þáttum þess verði eflt á næstu árum til að afla áreiðanlegra upplýsinga um þætti eins og stjórnunarhætti í skólum, námsárangur og námsferil nemenda, kennsluhætti og áhrif þeirra á námsárangur, samskipti í skólum og tengsl heimila og skóla. Starfstími grunn- og framhaldsskóla verði betur nýttur og kennsludögum fjölgað. Kjarasamningar við kennara verði endurskoðaðir frá grunni. Þessi eru helstu stefnumiðin.

Í skýrslu OECD frá árinu 1987 um menntastefnu á Íslandi er bent á að framhaldsskólinn sé það stig íslenska skólakerfisins sem mest skorti ákveðna og formlega stefnu. Nú, sjö árum síðar, á þessi gagnrýni enn við rök að styðjast og það þótt árið 1988 hafi verið sett lög um framhaldsskóla. Gildandi lögum var einkum ætlað að setja ramma um það starf sem þegar fór fram í framhaldsskólum. Þegar lögin voru samþykkt hafði ný gerð framhaldsskóla, fjölbrautaskólar, verið við lýði í hátt á annan áratug án þess að sérstök lagasetning væri til. Framhaldsskólinn hefur þannig þróast að miklu leyti án skipulegrar stefnumörkunar af hálfu fræðsluyfirvalda.

Lög um framhaldsskóla eru afar rúm og kveða ekki nægilega ítarlega á um skipan skólastarfs á framhaldsskólastigi. Aðsókn nemenda í framhaldsskólann síðastliðna tvo áratugi hefur stóraukist og skólastarf á framhaldsskólastigi hefur margfaldast að umfangi. Skólar hafa af fremsta megni reynt að mæta aukinni þörf fyrir menntun án þess að skýr stefnumörkun hafi raunverulega verið fyrir hendi af hálfu fræðsluyfirvalda. Ekki þarf að fjölyrða um þær afleiðingar sem óljós menntastefna getur haft á skólastarfið. Þær fáu rannsóknir sem til eru um árangur skólastarfs sýna reyndar að þörf er á verulegum umbótum í framhaldsskólum.

Skýrslan Námsferill í framhaldsskóla sem byggist á rannsókn á námsgengi árgangs nemenda fæddra 1969 er ítarlegasta rannsókn sem gerð hefur verið hér á landi á námsferli nemenda í framhaldsskólum. Þar kemur fram að einungis 45,2% árgangsins höfðu lokið námi úr framhaldsskóla sex árum eftir grunnskólapróf. Um 30,6% nemenda höfðu hætt án prófs og er þar um að ræða hærri brotthvarfstíðni en í nokkru nágrannalandi. 9,9% nemenda voru enn í námi við 22 ára aldur og 13,1% höfðu ekki farið í framhaldsskóla. Af þeim sem luku prófi hafði innan við 10% árgangsins lokið einhvers konar starfsnámi en um 35% stúdentsprófi.

Reyndar segir þessi rannsókn ekki alla söguna um menntun þjóðarinnar því samkvæmt upplýsingum úr skýrslum sveinsprófsnefnda ljúka eitthvað á milli 700 og 800 manns sveinsprófi ár hvert. Ef þessi tala væri færð á einn árgang skólanemenda væri hér um 20% árgangsins að ræða. Svo er þó ekki því skólaganga Íslendinga í starfsnámi er að því leyti sérstæð að stór hluti nemenda er í námi löngu eftir að hefðbundnum framhaldsskólaaldri er lokið. Sumir hefja námið ekki fyrr en þeir eru orðnir fullorðnir, jafnvel eftir að hafa flosnað frá námi á yngri árum.

Niðurstöður rannsóknarinnar benda engu að síður til þess að um 50% stúlkna og 58% pilta í árgangnum hafi ekki fengið námstilboð sem hentaði þeim í framhaldsskóla. Þau hafa ýmist ekki farið í framhaldsskóla, hætt námi eða ekki tekist að ljúka því við 22 ára aldur, eða sex árum eftir að þau luku grunnskóla.

Ef námsgengi nemenda í framhaldsskólum almennt er svipað og hjá þessum árgangi, sem ekki er raunar ástæða til að efast um, hlýtur það að teljast mikið áfall fyrir framhaldsskólann og íslenskt þjóðfélag. Upplýsingar frá Hagstofu Íslands benda raunar til að námsgengi annarra árganga sé svipað því þar kemur fram að hlutfall hvers árgangs sem stundar framhaldsskólanám minnkar töluvert milli ára fyrstu fjögur árin eftir grunnskóla. Þannig var hlutfall 16 ára nemenda í framhaldsskólum skólaárið 1992–1993 um 85%. Hlutfall 17 ára nemenda var um 74%. Hlutfall 18 ára nemenda um 64% og 19 ára nemenda um 61%. Samkvæmt þessum upplýsingum virðist sem flestir heltist úr lestinni á fyrsta eða öðru ári í framhaldsskóla.

Ný lagasetning fyrir framhaldsskólann er forsenda þess að hægt verði að vinna skipulega að þróun þessa skólastigs og sameina krafta hinna fjölmörgu aðila sem að málinu koma. Frv. það sem ég mæli hér fyrir byggir á heildstæðri stefnumótun um hlutverk, skipulag og framkvæmd skólastarfs. Markmið þess er að treysta rétt þegnanna til lögbundinnar þjónustu af hálfu hins opinbera skólakerfis og setja skýran lagalegan ramma um margþætt starf framhaldsskólanna. Með samþykkt frv. mun Alþingi marka opinbera skólastefnu sem myndar trausta umgjörð um skólastarf á framhaldsskólastigi.

Frv. er nokkuð umfangsmeira en gildandi lög um framhaldsskóla. Áhersla er lögð á fjölbreyttara námsframboð, skýr fyrirmæli og auknar gæðakröfur í skólastarfi. Á grundvelli nýrrar stefnu og nýrrar löggjafar þarf síðan að endurskoða frá grunni námsframboð skólastigsins og námsuppbyggingu á einstökum námsbrautum í þeim tilgangi að miða námið í ríkara mæli við þarfir einstaklinga, atvinnulífs og þjóðfélagsins í heild.

Ég kem þá að uppbyggingu frv. og efnisþáttum.

Frv. inniheldur 48 greinar en í gildandi lögum er 41 grein. Einnig hefur uppbyggingu frv. nokkuð verið breytt og kaflar frv. eru 16 í stað 11 kafla í gildandi lögum. Helstu breytingar í uppbyggingu frv. eru þessar:

Ákvæði um starfstíma framhaldsskóla færist framar í frv. og er sett í sérstakan kafla, III. kafla. III. kafli gildandi laga, Stofnun og bygging framhaldsskóla, færist aftar í frv., verður XXII. kafli á undan kafla um rekstur framhaldsskóla.

VII. kafli gildandi laga, Námsskipan, er orðinn mun veigameiri í frv. en í gildandi lögum. Efnisþættir kaflans í gildandi lögum falla undir þrjá kafla í frv.: VII.

kafla Námsskipan, VIII. kafla Námsskrár og mat og IX. kafla Starfsnám.

IX. kafli gildandi laga, Fullorðinsfræðsla og endurmenntun, færist fram fyrir kaflann um Stofnun og rekstur framhaldsskóla og verður X. kafli. Á eftir kaflanum um Fullorðinsfræðslu kemur lagaákvæði um skólasafn í nýjan kafla, XXI. kafla.

Breytt uppbygging frv. er rökréttari en uppbygging gildandi laga og gerð til að auðvelda yfirsýn yfir innihald og hugsun lagatextans. Þannig er í upphafi fjallað um hlutverk og starfstíma og síðan um stjórnun og starfsfólk. Þá koma ákvæði um inntökuskilyrði, námsframboð, uppbyggingu og innihald náms, fyrirmæli um starfshætti og námsmat, svo og um markmið og framkvæmd starfsnáms, um fullorðinsfræðslu og skólasafn.

Síðan koma kaflar um stofnun, byggingu rekstur framhaldsskóla og þar á eftir kafli með ýmsum ákvæðum.

Í lok frv. eru kaflar með gildistökuákvæðum og ákvæðum til bráðabirgða.

Ég mun gera ítarlega grein fyrir helstu áherslum frv. og tilgreina nánar þær fjölmörgu nýjungar sem frv. felur í sér.

Það er þá fyrst um nemandann í brennidepli. Tilgangur skólastarfs er þjónusta við nemendur. Hið nýja frv. stefnir að því að tryggja rétt allra nemenda á framhaldsskólaaldri til náms og kennslu í samræmi við undirbúning, námsgetu og áhugasvið. Þetta gerist fyrst og fremst með stóraukinni fjölbreytni í námsframboði, einkum á sviði starfsnáms. Sett verða mismunandi inntökuskilyrði á námsbrautir framhaldsskólans og þjónusta við nemendur, t.d. í formi ráðgjafar og stuðnings verður aukin.

Í 2. gr. frv. er fjallað um hlutverk framhaldsskólans. Þar er lögð áhersla á hið almenna menntunarhlutverk en framhaldsskólanum er auk þess ætlað að búa nemendur undir störf í atvinnulífi og áframhaldandi nám. Þau námsmarkmið framhaldsskólans sem einkum eiga að stuðla að almennri menntun nemenda og búa þá undir virka þátttöku í lýðræðissamfélagi eru sameiginleg á öllum námsbrautum. Þau skulu skilgreind í aðalnámsskrá sem svokallaður ratvísikjarni en skólum er ætlað að útfæra þau eftir aðstæðum, bæði í sérstökum námsáföngum og sem hluta af námi í einstökum námsgreinum.

Í frv. er lögð áhersla á skýra námsuppbyggingu í framhaldsskólum. Gert er ráð fyrir að námsleiðir framhaldsskólans verði þrjár:

Námsbrautir, sem er hið eiginlega framhaldsskólanám, fornám, sem er undirbúningsnám fyrir nemendur með mjög slakan árangur úr grunnskóla, og nám í sérstökum deildum, sem ætlað er fötluðum nemendum sem þurfa á sérstöku námsframboði að halda, t.d. vegna skertrar námsgetu.

Um námsbrautir framhaldsskólans er fjallað í 16. gr. frv. Þær skiptast í bóknámsbrautir, starfsnámsbrautir og almenna námsbraut. Bóknámsbrautum til stúdentsprófs er fækkað úr þrettán í þrjár að stofni til. Þetta þýðir að skilgreindir verða þrír brautarkjarnar til stúdentsprófs sem eru u.þ.b. 60% náms á brautinni. Nemendur geta síðan valið mismunandi kjörsvið til frekari sérhæfingar sem er u.þ.b. 30% námsins og auk þess geta námsgreinar að eigin vali verið allt að 10% námsins.

Í raun getur þessi nýja skilgreining á námsuppbyggingu því falið í sér aukinn sveigjanleika í námi til stúdentsprófs frá því sem nú er þrátt fyrir að skilgreindum námsbrautum til stúdentsprófs verði fækkað. Nemandi gæti t.d. hugsanlega tekið stúdentspróf af náttúrufræðibraut með tónlistarkjörsviði og þannig fengið góðan almennan grunn með áherslu á raungreinar jafnframt tónlistarnámi sínu.

Rétt er að taka sérstaklega fram hér að ekki er ætlunin að leggja niður þann möguleika að listnám sé hluti af námi til stúdentsprófs. Sumir hafa dregið þá ályktun en það er rangt.

Eitt helsta stefnumiðið í bættri þjónustu við nemendur er sú fyrirætlan að stórauka vægi starfsnáms. Frv. gerir ráð fyrir að starfsnámsbrautir verði fjölmargar, mislangar og ólíkar að uppbyggingu. Á starfsnámsbrautum verður nám í löggiltum iðngreinum og annað starfsnám sem lýkur með skilgreindum prófum. Stefnt er að því að nemendur geti útskrifast úr framhaldsskóla með skilgreinda starfsmenntun að loknu tiltölulega stuttu námi en eigi jafnframt kost á að byggja ofan á nám sitt með framhaldsnámi síðar meir ef þeir óska þess. Nemendur sem lokið hafa 3–4 ára starfsnámi skulu eiga kost á viðbótarnámi til stúdentsprófs þannig að þeir geti haldið áfram námi á háskólastigi.

Ákvæði frv. um almenna námsbraut er nýjung. Þar er átt við námsbraut sem er í raun aðeins skilgreind að hluta og er gert ráð fyrir að nemendur eigi kost á að velja sér námsgreinar, bóklegar og verklegar, sem svara til rúmlega helmings námsins. Almenna námsbrautin er í raun einungis nám í kjarnagreinum, þ.e. íslensku, stærðfræði og ensku, auk íþrótta- og ratvísikjarna framhaldsskólans. Einnig er mögulegt að nemendur velji að tengja almennu námsbrautina sérgreinahluta stuttrar starfsnámsbrautar og ljúka þannig stuttu starfsnámi um leið og þeir efla kunnáttu sína og færni í kjarnagreinum.

Í 15. gr. er kveðið á um inntökuskilyrði á námsbrautir framhaldsskólans. Þau eiga að vera sveigjanleg, mismunandi eftir brautum og taka mið af uppbyggingu námsins og lokamarkmiðum. Tilgangurinn með að setja inntökuskilyrði á námsbrautir er að auka líkur á því að nemandi sem hefur nám á tiltekinni braut geti lokið því á eðlilegum námstíma samkvæmt námsskrá. Þannig eiga inntökuskilyrði að stuðla að bættu námsgengi nemenda í framhaldsskólum.

Í 17. gr. frv. eru ákvæði um skipulag og uppbyggingu námsbrauta. Þar er m.a. kveðið á um að námsbrautir skuli skipulagðar í samræmi við lokamarkmið námsins og skiptast í brautarkjarna, kjörsvið og frjálst val.

Í 18. gr. frv. er ákvæði um fornám í framhaldsskólum en þar er um að ræða eins árs nám fyrir nemendur sem þurfa verulega að bæta námsundirbúning sinn til að geta tekist á við nám á námsbrautum framhaldsskólans. Ráðgjöf og ýmiss konar stuðningur við nemendur gegna þar veigamiklu hlutverki.

Í 19. gr. frv. er kveðið á um rétt fatlaðra nemenda til sérstaks stuðnings í námi. Veruleg aukning hefur orðið á sérkennslu í framhaldsskólum á allra síðustu árum. Þó fer því fjarri að það fjármagn sem nú er ætlað til sérkennslu í framhaldsskólum dugi til að mæta þeirri þörf sem orðin er.

Með ákvæðum frv. um fornám og nám í sérstökum deildum er lagt til að lögfestur verði réttur nemenda til námsframboðs og þjónustu sem þegar er komin reynsla á í nokkrum framhaldsskólum.

Í 20. gr. er nýtt ákvæði um rétt nemenda sem hafa annað móðurmál en íslensku til sérstakrar íslenskukennslu. Nemendum af erlendum uppruna hefur fjölgað í skólakerfinu og nú þegar hafa verið gerðar tilraunir með sérstaka kennslu í íslensku fyrir þessa nemendur. Gera má ráð fyrir að þörfin fyrir slíka þjónustu fari vaxandi.

Loks ber að nefna ákvæði 14. gr. um rétt nemenda til ráðgjafar um náms- og starfsval, svo og um persónuleg mál er snerta nám þeirra og skólavist. Með þessu ákvæði er ætlunin að tryggja með lögum aukna persónulega þjónustu við nemendur.

Í 33. gr. frv. er fjallað um öldungadeildir. Þar er mörkuð stefna til bættrar þjónustu framhaldsskólans við fullorðna nemendur. Þar er sú nýjung að sérstaklega er kveðið á um að námið skuli lagað að þörfum fullorðinna. Einnig er stefnt að því að þróa námsframboð á sviði starfsnáms fyrir fullorðna í öldungadeildum jafnhliða uppbyggingu starfsnámsbrauta í framhaldsskólum.

Ég kem þá að ábyrgð fræðsluyfirvalda á framkvæmd skólahalds, eftirliti með árangri þess og upplýsingamiðlun um skólastarf. Auk þess að leggja grunn að auknu námsframboði felur frv. í sér ákvæði sem eiga að stuðla að jafnrétti nemenda til kennslu og skólastarfs að tilteknum lágmarksgæðum, óháð því hvar þeir sækja skóla. Þetta er gert með samræmdri markmiðssetningu, samræmdum námskröfum og námsmati svo og ákvæðum um menntun kennara og skólameistara. Einnig er ákvæðum um sjálfsmatsaðferðir skóla, um skólanámsskrár, svo og um öflun og miðlun upplýsinga ætlað að stuðla að því að skólastarf allra framhaldsskóla sé byggt á faglegum grunni og uppfylli lágmarksskilyrði um gæði.

Í VIII. kafla frv. er fjallað um framkvæmd skólastarfs í framhaldsskólum. Þar eru ákvæði um aðalnámsskrá framhaldsskóla sem skólastarf á framhaldsskólastigi byggist á. Í henni skal skilgreint allt nám sem í boði er í hinu opinbera framhaldsskólakerfi, markmið einstakra námsbrauta og uppbygging þeirra svo og markmið einstakra námsgreina og námsþátta.

Í 24. gr. frv. eru ákvæði um námsmat. Þar segir að námsmat byggist á markmiðum skólastarfs en auk þess er kveðið á um að lokapróf úr framhaldsskóla skuli vera samræmd í tilteknum greinum. Gert er ráð fyrir að menntmrh. setji sérstaka reglugerð um samræmd próf í framhaldsskólum.

Ákvæði 22. og 23. gr. um skólanámsskrá og sjálfsmat skóla er ætlað að skylda skóla til tiltekinna starfshátta sem gera kröfu um reglubundið samstarf kennara við markmiðssetningu og áætlanagerð. Skólanámsskrá er eins konar upplýsingarit fyrir nemandann og almenning um starfshætti skólans, námsframboð hans og sérstöðu.

Samkvæmt 23. gr. er gert ráð fyrir að allir skólar taki upp aðferðir til að meta skólastarfið og að þessar aðferðir verði teknar út á 5 ára fresti. Þannig er lagt til að fest verði í lög ákveðið eftirlit með því að skólar starfi á faglegum forsendum.

Ákvæðum 4. gr. um eftirlitsskyldu menntmrn. með skólastarfi og námsefni svo og um ábyrgð ráðuneytisins um söfnun og dreifingu upplýsinga um skólastarf er ætlað að leggja grunn að nauðsynlegu eftirliti fræðsluyfirvalda með framkvæmd og árangri skólastarfs í framhaldsskólum í þeim tilgangi að tryggja lágmarksgæði. Hið sama gildir um ákvæði 46. gr. um að menntmrh. verði skylt að gera Alþingi grein fyrir framkvæmd skólastarfs í framhaldsskólum landsins á þriggja ára fresti.

Þá kem ég að nýskipan starfsnáms. Frv. gerir ráð fyrir að starfsnám verði forgangsverkefni í uppbyggingu og þróun framhaldsskólans og markvisst verði unnið að auknum tengslum atvinnulífs og hins opinbera skólakerfis. Í sérstökum kafla um starfsnám eru ákvæði um markmið og skipulag þess, um stjórnun starfsnáms í hinu opinbera kerfi, um tengsl skóla og atvinnulífs og um náms- og starfsþjálfunarsamninga. Í frv. er gert ráð fyrir mun virkari þátttöku aðila atvinnulífs í tillögugerð og stefnumótun og skapaður vettvangur og farvegur fyrir samstarf aðila atvinnulífs og skólamanna um framkvæmd starfsnáms. Við gerð þessa kafla frv. gengu nefndarmenn í smiðju Dana og Þjóðverja. Þýska starfsmenntakerfið þykir til fyrirmyndar um heim allan og fyrir nokkrum árum þegar Danir hófu gagngera endurskipulagningu á starfsmenntun í skólakerfinu löguðu þeir hana að þýskri fyrirmynd. Þessar þjóðir báðar hafa sérstaka löggjöf um starfsmenntun.

Nefnd um mótun menntastefnu taldi rétt að fylgja áfram þeirri yfirlýstu stefnu að lög um framhaldsskóla tækju til alls náms á framhaldsskólastigi. Þar sem starfsnám hefur mikla sérstöðu að því er varðar nauðsyn á beinum tengslum við atvinnulífið var ákveðið að um starfsnám skyldi fjallað í sérstökum kafla frv. Í starfsnámskafla frv. er gert ráð fyrir að allt starfsnám, þar á meðal löggiltar iðngreinar, verði fellt undir sama stjórnkerfið. Um er að ræða stjórnkerfi sem að nokkru leyti svipar til stjórnkerfis iðnnáms þó með þeim lagfæringum að reynt er að tryggja beinni áhrif aðila atvinnulífsins á ákvarðanatöku um markmið og skipan námsins. Það er í samræmi við skipulag fyrrgreindra nágrannaþjóða.

Samkvæmt 26. og 27. gr. er gert ráð fyrir að sérstök nefnd, samstarfsnefnd um starfsnám á framhaldsskólastigi, sé ráðgefandi um stefnumótun í starfsnámi og setningu almennra reglna um skipan og framkvæmd starfsnáms. Í nefndinni sitja 18 fulltrúar, 6 fulltrúar atvinnurekenda og 6 fulltrúar launþega úr hinum ýmsu starfsgreinum ásamt 6 fulltrúum hins opinbera þar af a.m.k. tveir úr starfsmenntaskólum, kennari og

skólameistari. Markmiðið með skipan þessarar stóru nefndar er að mynda vettvang fyrir skoðanir ólíkra aðila í atvinnulífinu og frá hinu opinbera um sameiginlega stefnumótun fyrir starfsnám.

Í 28. og 29. gr. eru ákvæði um starfsgreinaráð sem að meiri hluta eru skipuð fulltrúum starfsgreina ásamt einum fulltrúa menntmrh. Starfsgreinaráðum er ætlað að tryggja bein áhrif atvinnurekenda og launþega í viðkomandi starfsgreinum á námsskárgerð og aðra ákvarðanatöku fræðsluyfirvalda um skipulag og framkvæmd starfsnámsins í skólakerfinu.

Með þessu er verið að færa skipulag líkt og tíðkast um iðnnám yfir á öll svið starfsmenntunar á framhaldsskólastigi. Markmiðið er að tryggja að skipulag námsins sé í sem bestu samræmi við þær kröfur sem gerðar eru um menntun starfsfólks í viðkomandi starfsgreinum á hinum almenna vinnumarkaði og að sátt ríki á vinnumarkaðnum um það nám sem í boði er í skólakerfinu.

Í starfsnámskafla frv. eru einnig heimildarákvæði um kjarnaskóla, sbr. 31. gr. Kjarnaskóli er eins konar þróunarskóli á sviði starfsnáms. Í 30. gr. eru ákvæði um ráðgjafanefndir fulltrúa atvinnulífs til að stuðla að sem bestu samstarfi skóla og atvinnulífs í byggðarlagi. Bæði ákvæðin hafa þann tilgang að efla fagmennsku í skólum og hvetja til sjálfstæðrar þróunarvinnu í nánum tengslum við fulltrúa atvinnulífs í viðkomandi starfsgreinum.

Loks er í 32. gr. ákvæði um samninga við nemendur í námi eða starfsþjálfun á vinnustað. Þar er gert ráð fyrir að um allt nám á vinnustað verði gerður sérstakur samningur. Þar er ýmist um að ræða námssamning milli nema og vinnuveitanda eins og nú tíðkast í iðnnámi eða starfsþjálfunarsamnings sem gerður er á milli skóla og vinnustaðar, t.d. sjúkrastofnana fyrir nám á heilbrigðissviði.

Ég ræði þá um sjálfstæði skólanna og faglegt starfsumhverfi. Með frv. er stefnt að því að auka sjálfstæði framhaldsskóla, jafnt faglega sem fjárhagslega. Stjórnun skólanna er gerð styrkari og mörkuð skýrari verkaskipting milli skólanefndar og skólameistara með það að markmiði að tengja betur vald og ábyrgð. Lagaákvæði skulu stuðla að aukinni samvinnu kennara í áætlanagerð og mati á árangri.

Samkvæmt 8. gr. frv. er skólameistari forstöðumaður skólans og ber ábyrgð á faglegri stjórnun og daglegum rekstri. Hann ber ábyrgð á ráðningu starfsmanna og honum ber að hafa faglega forustu um innra starf skólans svo sem um gerð skólanámsskrár, innra mat og annað umbótastarf.

Samkvæmt 7. gr. fær skólanefnd aukið hlutverk. Henni er ætlað að marka áherslur í starfi skólans, m.a. með því að samþykkja skólanámsskrá. Skólanefnd gerir starfs- og fjárhagsáætlun til þriggja ára og fylgist með að skólahald sé í samræmi við faglega stefnumörkun og samþykktan fjárhagsramma sem skólanum er ætlað að starfa eftir.

Í 38. gr. er lagt til að ákvörðun fjárveitinga til framhaldsskóla verði undirbúin með hjálp sérstaks reiknilíkans sem nota á til að áætla kennslukostnað skólans. Hér er um að ræða nýjung en gagnrýnt hefur verið að ekki eru til hlutlægar viðmiðanir til að nota við ákvörðun fjárveitinga til framhaldsskóla. Annar rekstrarkostnaður skólanna verður áfram greiddur beint til skólanna samkvæmt samningi menntmrn. við einstaka skóla. Sá háttur var tekinn upp árið 1990 og ríkir um hann almenn ánægja meðal skólamanna.

Enn er í 38. gr. frv. sú nýjung að þar er kveðið á um að skólanefnd sé heimilt ef þörf krefur að millifæra fé af rekstrarlið fjárlaga til launaliðar og af launalið til rekstrarliðar. Með þessu ákvæði og tilkomu reiknilíkans fyrir kennslukostnað verður stigið veigamikið skref í þá átt að auka fjárhagslegt sjálfstæði skólanna.

Samkvæmt 22. gr. eru skólar skyldaðir til að gefa út sérstaka skólanámsskrá. Skólanámsskrám er ætlað að útfæra nánar markmið aðalnámsskrár fyrir hið daglega skólastarf svo og að marka áherslur í starfi skólans. Skólanámsskrá er hvort tveggja í senn innra stjórntæki skóla og upplýsingarit um áherslur í starfi skólans, skipulag og sérstöðu. Þar með er gert ráð fyrir að kennarar og annað fagfólk skilgreini sameiginlega markmið skólastarfsins.

Með 23. gr. frv. er lagt til að allir skólar taki upp viðurkenndar aðferðir til að meta skólastarfið, þar á meðal kennslu- og stjórnunarhætti, samskipti innan skólans og tengsl við aðila utan skólans. Í nágrannalöndunum er lögð mikil áhersla á slíkt innra gæðamat sem fyrst og fremst er í höndum starfsfólks skólanna og þykir gefa góða raun í leið að bættu skólastarfi. Ákvæði frv. um skólanámsskrár og sjálfsmat skóla kalla á nýja starfshætti þar sem áhersla er lögð á aukið samstarf kennara og skólafólks bæði við sameiginlega markmiðssetningu og mat á árangri skólastarfsins. Frv. rýmkar möguleika skólafólks í framhaldsskólum til tilraunastarfs af ýmsu tagi.

Ákvæði 45. gr. um þróunarsjóð framhaldsskóla er nýjung. Sjóðnum er ætlað að hvetja til þróunarstarfs í framhaldsskólum og standa undir auknum kostnaði sem af hlýst.

Með ákvæði 44. gr. fær menntmrh. undanþágu frá ákvæðum laga og reglugerða varðandi tilraunir með nýjungar í skólastarfi. Slíkum tilraunum skulu ávallt sett eðlileg tímamörk og kveðið á um úttekt að tilraun lokinni.

Loks er í 4. gr. frv. kveðið á um að menntmrh. beri ábyrgð á ráðgjöf um kennslu og þróunarstarf í framhaldsskólum. Ráðgjöf við skólafólk framhaldsskólanna hefur verið lítil sem engin og mikilvægt að úr því verði bætt. Um er að ræða stórt viðfangsefni sem þörf er að byggja upp frá grunni.

Um starfstíma framhaldsskólanna vil ég segja þetta: Frv. gerir ráð fyrir að starfstími framhaldsskólans verði nýttur betur til kennslu en verið hefur. Samkvæmt 3. gr. er lagt til að starfstími nemenda í framhaldsskóla verði níu mánuðir og lágmarksfjöldi kennsludaga verði 150. Réttur nemenda til náms og kennslu er lagður til grundvallar skilgreiningu á starfstíma skólanna en tölulvert hefur verið gagnrýnt hve kennslutími í framhaldsskólum er stuttur og hve mikill tími fer í prófahald og

önnur störf en kennslu. Er nú svo komið að nemendur flestra framhaldsskóla njóta kennslu í aðeins 130 daga á ári. Ljóst má vera að sú breyting á vinnutilhögun í framhaldsskólum sem hér er lögð til kallar á að kjarasamningar við kennara verði endurskoðaðir. Gagnger endurskoðun á kjarasamningum kennara er í raun löngu tímabær og benda má á að fjölmargir skólamenn telja að núgildandi kjarasamningar kennara standi í veginum fyrir umbótum í skólastarfi.

Aðdragandi þessa frv. um framhaldsskóla er orðinn nokkuð langur. Segja má að frv. sé afrakstur viðtækrar umræðu sem átt hefur sér stað um markmið og skipulag framhaldsskólans á undanförnum árum. Fyrrv. menntmrh. setti t.d. á fót starfshóp til að gera tillögur um innra starf framhaldsskóla og ýmislegt í þessu frv. er í samræmi við tillögur þess hóps enda um að ræða fjölmörg sameiginleg baráttumál skólafólks í framhaldsskólum. Tillögur nefndar sem ég fékk til að fjalla um lokapróf úr framhaldsskóla endurspeglast einnig í frv. svo og hugmyndir nefndar um hagræðingu í framhaldsskólum en þessar nefndir skiluðu niðurstöðum árið 1992. Ákvæði frv. um breytta nýtingu á starfstíma skólanna, um heildstætt eins árs fornám, um nám til framhaldsskólaprófs, um áherslu á þróun nýs námsframboðs á sviði starfsnáms svo og ákvæði um námsráðgjöf í framhaldsskólum eiga að meira eða minna leyti rætur að rekja til þessa fyrra starfs.

Sú vinna sem unnin hefur verið í menntmrn. við undirbúning þessa frv. er eðlilegt framhald þeirrar vinnu sem unnin hefur verið í tíð forvera minna. Vissulega eru nýjar áherslur lagðar í hinni nýju skólastefnu en í grundvallaratriðum byggist hún á umræðu undangenginna ára um skólamál og sameiginlegum skilningi fjölda Íslendinga á hlutverki skólans í íslensku samfélagi. Ég fullyrði að hér á landi ríkir samstaða um grundvallarmarkmið í skólastarfi.

Ýmsir hafa haldið því fram að ekki sé þörf á að breyta lögum um framhaldsskóla. Ég vil minna á það ástand sem hefur ríkt í kjölfar breytingar á lögum um framhaldsskóla árið 1989. Þessi breyting veitir nemendum óheftan aðgang að öllum námsleiðum skólanna án tillits til námsárangurs úr grunnskóla en engar ráðstafanir né áætlanir voru gerðar til að unnt yrði að framfylgja breytingunni. Starfsmenn skólanna sátu uppi með vandann. Í framhaldsskólum átti sér stað umræða um markmið og innihald framhaldsskólanáms og skólamenn veltu fyrir sér leiðum og gerðu tillögur til úrbóta.

Frá skólum á háskólastigi heyrist sú gagnrýni á framhaldsskólann að stúdentar komi margir illa undirbúnir fyrir háskólanám, að námskröfur og námsinnihald í námi til stúdentsprófs sé mismunandi eftir skólum og að vitnisburður á lokaprófi veiti ónógar upplýsingar um námsstöðu nemenda. Aðilar atvinnulífs kvarta yfir því að skólana skorti tengsl við atvinnulífið.

Námsframboð framhaldsskólans er í raun mjög einhæft og bóklegar áherslur ríkjandi. Það markmið, sem sett var með stofnun fjölbrautaskólanna, að tengja betur námsheðir bóknáms og verknáms og gera báðum námsleiðum jafnhátt undir höfði, hefur ekki náðst. Námsbrautum til stúdentsprófs hefur fjölgað á sama tíma og lítið hefur bæst við af námsleiðum sem veita markvissan starfsundirbúning.

Tilraunir sem gerðar hafa verið í skólum með námsframboð á sviði starfsnáms hafa tekist misjafnlega og erfiðlega hefur gengið að tryggja nægilega samstöðu um viðurkenningu námsins á vinnumarkaðnum. Aukinni aðsókn í framhaldsskólanám hefur m.a. verið mætt með því að fjölga framhaldsskólum eða framhaldsdeildum við grunnskóla. Nú er svo komið að framhaldsskólar hafa risið í öllum landshlutum, sums staðar fleiri en einn. Námsframboð lítilla framhaldsskóla hefur aukist ár frá ári og margir þeirra bjóða nám allt að stúdentsprófi. Á sama tíma er í raun lítil samræming í námskröfum milli framhaldsskóla auk þess sem erfitt hefur reynst að fá fagmenntaða kennara til starfa. Því er ekki að undra að spurt sé um hvernig fræðsluyfirvöld geti stuðlað að jafnrétti allra framhaldsskólanemenda til náms og skólastarfs af sambærilegum gæðum.

Ég er þeirrar skoðunar að ríkjandi stefnuleysi um málefni framhaldsskólans sé óviðunandi. Breyttir atvinnu- og þjóðfélagshættir ásamt auknum alþjóðlegum samskiptum gera kröfu til góðrar almennrar menntunar allra þjóðfélagsþegna og sérhæfingar sem skólakerfið verður að vera í stakk búið til að mæta. Ég tel á ábyrgð stjórnvalda, jafnt löggjafar sem framkvæmdarvaldsins, að tryggja svo sem frekast er kostur grundvöll þess starfs sem fram fer í hinu opinbera skólakerfi.

Ég hef beitt mér fyrir því að veita brautargengi nýrri hugsun í starfsnámi í skólakerfinu. Tilraunum um breytt nám í bókiðngreinum er fram haldið annan veturinn í röð en Alþingi samþykkti breytingu á lögum um framhaldsskóla til að heimila tilraunastarf í starfsnámi í samráði við aðila vinnumarkaðar vorið 1993. Tilraunin felst í stórauknu samstarfi aðila atvinnulífs og skóla um stjórnun og skipulag námsins. Almenn ánægja er ríkjandi með fyrirkomulagið af hálfu beggja aðila og er mat þátttakenda að tilraunin hafi leitt til stórbættra samskipta milli fulltrúa atvinnulífs og skólamanna í greininni og aukinna gæða í námi og kennslu.

Í undirbúningi er stofnun fræðslumiðstöðvar bílgreina innan nýs framhaldsskóla sem rís í Borgarholti í Reykjavík þar sem aðilar atvinnulífs verða einnig virkir þátttakendur í mótun og framkvæmd starfsnáms í skólakerfinu. Nýverið voru mér afhentar niðurstöður nefndar sem gera átti tillögur um menntun á sviði sjávarútvegs. Þær tillögur eru í sama anda og frv. og má fella inn í hina nýju skólastefnu. Unnið er að gerð nýrrar námsskrár fyrir meistaranám og einnig í þeirri vinnu svífur andi hinnar nýju stefnu yfir vötnum. Hin nýja stefnumótun hefur verið í vinnslu innan menntmrn. í rúm tvö ár. Á sama tíma hefur umræða um hlutverk skóla og menntunar verið meira áberandi í samfélaginu en fyrr.

Ég vil að lokum hvetja hv. þingmenn til að veita þessu mikilvæga máli brautargengi og tryggja samþykkt frv. á yfirstandandi þingi. Íslensk æska og ís-

lensk þjóð mega ekki við því að töf verði á því að hefja af fullum þunga það uppbyggingarstarf sem hin nýja stefna boðar.

Ég legg til, hæstv. forseti, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

[15:35]

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Til umræðu er eitt merkilegasta málefni sem við fjöllum um á hv. Alþingi, þ.e. skólamálin. Ég legg að vísu ekki eins mikla áherslu á það og hæstv. menntmrh. að fyrst og fremst löggjöfin skipti máli. Ýmislegt er hægt að gera innan þeirra laga sem gilda í dag, en fyrir því var ekki áhugi af hálfu hæstv. ríkisstjórnar heldur fyrir því að setja ný lög um framhaldsskólann.

Ég ætla ekki að hafa stórar yfirlýsingar um það á þessu stigi málsins hvaða afstöðu minn flokkur tekur til frv. þegar það hefur verið unnið í hv. menntmn. en eins og frv. lítur út á þessari stundu hef ég við það vissar athugasemdir og mun koma að því síðar.

Hæstv. forseti. Árið 1946 eru sett fræðslulög sem giltu lítið breytt til ársins 1974 en á þeim tíma efldust unglingaskólar mjög mikið. Allgóð sátt var um skólann en samt varð að niðurstöðu að breyta lögum 1974 hvað varðar grunnskólann og mjög róttækar breytingar voru þá gerðar á skólalöggjöf okkar. Núgildandi framhaldsskólalög eru ekki nema sex ára gömul og því eru miklar líkur á því að framhaldsskólarnir séu enn þá að laga sig að þeirri löggjöf. Hæstv. menntmrh. hafði um það orð að þörf væri á verulegum umbótum og það er skoðun hans. Ég held því fram núna eins og ég gerði í umræðunni um grunnskólann að það séu ekki fyrst og fremst ný lög sem hann þurfti á að halda heldur meiri velvilja af hálfu hæstv. ríkisstjórnar til skólamála almennt. En þó ég segi þetta held ég því ekki fram að framhaldsskólakerfið sé gallalaust. Mér finnst t.d. að of fáir framhaldsskólanemendur stundi verklegt nám og að meiri tengsl vanti við atvinnulífið. En ég vil strax lýsa því yfir að ég tel að sú breyting sem hefur orðið á frv. frá því að nefnd um mótun menntastefnu skilaði skýrslu sinni í sumar sé til bóta og þá á ég við að fallið er frá þeirri hugmynd að skólinn starfi í tíu mánuði og að árum sé fækkað til stúdentsprófs. Ég tel að það henti ekki þjóðfélagi okkar og engin ástæða sé til þess að rjúka út í þær breytingar enda mun vera nokkuð góð samstaða um að gera það ekki.

Mikið er gert úr því að of fáir dagar séu notaðir til kennslu í þeirri skýrslu, sem skilað hefur verið af hálfu svokallaðrar 18 manna nefndar, og eins í því frv. sem er til umræðu. Lagt er til að níu mánaða starfstími framhaldsskólans verði betur nýttur til kennslu en verið hefur og kennsludögum verði fjölgað í 150 en próftími jafnframt styttur. Nú skal ég ekki segja um það hvort þetta er í sjálfu sér gagnrýni vert en ég held þó að gert sé allt of mikið úr því að próftímar séu einskis nýtur tími. Auðvitað er sá tími sem notaður er bæði í próf og til undirbúnings prófa mjög mikilvægur tími fyrir nemendur og starf þeirra.

Í grein, sem birtist í Morgunblaðinu og hæstv. menntmrh. skrifaði segir, með leyfi forseta:

„Í nágrannalöndunum sækja nemendur skóla í a.m.k. 175–200 daga á ári en íslenskir grunnskólanemendur fá aðeins á bilinu 144–145 kennsludaga og framhaldsskólanemendur einungis 130 kennsludaga á ári."

Þarna leyfir hæstv. menntmrh. sér að bera saman heildarfjölda skóladaga í öðrum löndum og fjölda þeirra daga sem er kennt eftir stundaskrá í íslenskum skólum. Mér finnst vera mjög miður að hæstv. ráðherra skuli leyfa sér þetta til þess að reyna að færa rök fyrir þeim breytingum sem hann leggur hér til. Samkvæmt upplýsingum sem ég hef starfa íslenskir skólar í 170 daga á ári, norskir í 190, danskir 199 og skoskir í 195 svo að einhver dæmi séu nefnd.

Mér finnst líka, hæstv. forseti, að allt of mikið sé gert úr því, eins og ég kom að áðan, að prófdagarnir séu einskis virði. Ég vil tengja það svolítið þeirri hugmynd og stefnu, sem svokölluð átján manna nefnd hafði að lengja skólaárið í 10 mánuði, því að aukið atvinnuleysi er í landinu. Ef tillagan hefði náð fram að ganga má búast við því að atvinnuleysi hefði getað aukist um allt að tvö þúsund manns því að það eru um fjögur þúsund nemendur í hverjum árgangi. Þetta hefði auk þess haft það í för með sér að það hefði þurft að gerbreyta reglum lánasjóðsins. Þar að auki held ég að sé jákvætt við þjóðfélag okkar að unglingar taka þátt í atvinnulífinu og fram til þessa hefur það verið þannig að flestir unglingar hafa getað fengið vinnu. Að þessu leyti til er ekki svo auðvelt að miða skólakerfi okkar við það sem þekkist t.d. í Þýskalandi. Ég óttast að með því að þessu yrði komið á — og ég get ekki annað, hæstv. forseti, en nefnt þetta því að mér sýnist að það sé stefna ákveðinna afla í þessu þjóðfélagi að lengja skólann í 10 mánuði — mér finnst að það geti kallað á aukna stéttaskiptingu og væri það mjög af hinu slæma.

Eins og kom fram í máli hæstv. menntmrh. hefur aðsókn að framhaldsskólanum aukist mjög mikið. Fyrir um 30 árum var innan við fjórðungur 19 ára unglinga í skóla en nú eru meiri hluti 19 ára unglinga við nám. Auk þess hefur framhaldsskólum fjölgað mjög mikið og um 20 þeirra útskrifa stúdenta.

Kvartað hefur verið yfir því að of fáir sæki verknám og hinu líka að of lítið sé gert fyrir nemendur sem gengur illa í námi. Það þriðja, sem kvartað hefur verið um, það og sjálfsagt miklu fleira, er að stúdentar séu ekki nógu vel búnir undir háskólanám. En það sem hlýtur þó að vera grundvallarspurning og það sem við hljótum að horfa á fyrst og fremst er það hvort íslenskir unglingar séu verr menntaðir en jafnaldrar þeirra í nágrannalöndunum. En hversu mikið er vitað um það? Eru einhverjar upplýsingar sem geta komið að gagni við þann samanburð sem hæstv. menntmrh. hefur kannski undir höndum? En hitt er vitað að skólakerfið hér er ódýrara í rekstri en þekkist hjá þeim þjóðum sem við berum okkur aðallega saman við. Ég er ekki að segja að það sé aðalatriðið í málinu en það er hins vegar atriði sem er allt í lagi að hafa í huga. Sem dæmi má nefna að Danir verja hátt í 30% eða hærra hlutfalli af landsframleiðslu til menntamála en við Íslendingar. Þó held ég að það sé alveg óhætt að full-

yrða það að börn séu tiltölulega færri í Danmörku heldur en hér.

Í grg. með frv. og í máli hæstv. menntmrh. kom það fram að meginástæðan sé lögð á starfsnámið. Til skýringar kemur fram að samkvæmt námsferilsskýrslu Jóns Torfa Jónassonar segir að þegar ákveðinn árgangur er skoðaður hafi um 35% af árgangnum lokið stúdentsprófi við 22 ára aldur en einungis 8% lokið iðnnámi eða öðru starfsnámi og þetta kom reyndar fram í máli hæstv. ráðherra hér áðan.

Ég vil því ekki gera lítið úr nauðsyn þess að leggja áherslu á starfsnám sem slíkt. Mér finnst hins vegar að hugtakið sé mjög illa skilgreint í frv. og útfærslan flókin. Það er þó ljóst að starfsnám býr fólk undir eitt tiltekið starf. Það er hins vegar rétt að velta því fyrir sér hvort skortur sé á vinnuafli í iðnaði. Hvað á þetta blessaða fólk að gera þegar það hefur lokið sínu starfsnámi? Ég hef hér bréf frá Sambandi iðnmenntaskóla sem er stílað á menntmn. Alþingis og þar kemur m.a. fram, með leyfi forseta, bréfið hljóðar svo, það er ekki langt:

„Stjórn Sambands iðnmenntaskóla telur að yfirvöldum menntamála beri að gera allt sem í þeirra valdi stendur til þess að leysa vaxandi vanda iðnnema við að komast í starfsþjálfun. Stjórnin tekur undir tillögur Iðnnemasambands Íslands frá síðasta þingi INSÍ þar sem lagt er til að nemendur eigi kost á því að ljúka sveinsprófi strax að loknu burtfararprófi úr skóla. Þeir öðlast síðan full starfsréttindi í greininni þegar þeir hafa lokið tilskildum starfsþjálfunartíma þegar að því kann að koma."

Það er samdóma álit þeirra sem til þekkja í iðnaði að það er mjög erfitt að koma nemum til starfsþjálfunar og ég sé ekki að þetta fyrirkomulag sem hér er boðið upp á af hæstv. menntmrh. breyti einhverju þarna um. Það er talað um að auka vægi starfsnáms og allt er þetta óskaplega fagurt á að líta en það vantar alla útfærslu og rök sem segja eða fullvissa mig alla vega um það að þetta kerfi gangi upp.

Það sem mér finnst vera ríkjandi viðhorf í þessu frv. er það að 15–16 ára krakkar eigi að velja einhverja einangraða braut. Það er talað um skýrt afmarkaðar námsbrautir og það eru rauð strik inn á námsbrautirnar og það er ekki, eftir því sem ég get best skilið, hægt að flytja á milli brauta. Það er ekki hægt að fara með nesti á milli brauta, það eru ákveðnar girðingar. Þetta er það sem ýmsir hafa kallað sérskólastefnu og hafa viljað taka svo mikið upp í sig að segja að með samþykkt þessa óbreytts þá værum við að stíga nokkra áratugi aftur á bak í okkar skólakerfi.

Ég hef t.d. mjög í huga litlu skólana úti á landi. Þeir geta ekki boðið upp á þessa fjölbreytni og fram til þessa hefur það verið þannig að unglingar hafa fyrst og fremst sótt skóla í nágrenni við sín heimili enda hefur það miklu minni kostnað í för með sér en að þurfa að fara landshornanna á milli. Ég óttast mjög að þetta þýði það að litlir skólar nánast leggist af.

Það eru núna um 20 ár síðan var tekið upp í Menntaskólanum við Hamrahlíð svokallað áfangakerfi. Mér finnst því ekki vera gert hátt undir höfði í þessu frv. Félag áfangaskóla hefur ályktað um þetta frv. og það er mjög neikvæð ályktun. Þeir telja t.d. að það sé ekki tekið mið af því skipulags- og starfsháttakerfi sem flestir starfa eftir, þ.e. í áfangakerfinu, og telja þetta megingalla frv. Það er eins og hugsunin gangi út frá bekkjakerfinu og það kemur t.d. fram í því þegar talað er um fjögur ár til stúdentsprófs þá er ekki opnað neitt á það að í áfangakerfinu mætti vel hugsa sér að það yrðu teknar upp sumarannir og hægt að ljúka náminu á styttri tíma.

Ein nýjung sem kemur fram í frv. eru svokallaðir kjarnaskólar sem eiga að vera eins konar þróunardeildir. Ég tel að þetta geti mjög vel komið til greina innan ákveðinna marka en mér finnst þetta vera í algjörri þversögn við það sem kom fram hjá hæstv. menntmrh. þegar hann var að svara fyrirspurn í síðustu viku frá hv. þm. Pétri Bjarnasyni um netagerð. Þar var búið að ákveða það samkvæmt bréfi frá menntmrn. að einn skóli skyldi fara með þau mál. Síðan kemur ósk eða þrýstingur frá ákveðnum aðilum og þá er bara orðið við því að þar geti líka farið fram nám í netagerð. Þannig að ef hæstv. menntmrh. stendur ekki aðeins fastar í ístaðinu þá sé ég ekki betur en hann verði kominn með þessa þróunarskóla bara út um allt land samkvæmt óskum sjálfsagt hans flokksbræðra á viðkomandi stöðum.

Í frv. er talað um samræmd lokapróf í framhaldsskóla. Mér finnst að þau komi til greina að vissu marki. Ég óttast þó að þau komi til með að hafa of mikil áhrif á skólastarf og á það hafa kennarasamtökin bent og þar að auki kosta þau mikla peninga. Eftir því sem ég hef kynnst menntamálum í landinu, að vísu undir stjórn núv. hæstv. menntmrh. fyrst og fremst, þá sýnist mér að það þurfi eitthvað að hugsa um peninga líka og þess vegna velti ég því fyrir mér hvort þeim peningum sé vel varið sem notaðir eru til samræmdra prófa. En eins og kom fram hér áðan þá hefur t.d. Háskóli Íslands kvartað yfir því að hafa ekki nógu góða vitneskju um stöðu nemenda þegar þeir koma þar til náms. Þannig að þetta er eitt af því sem við þurfum að sjálfsögðu að skoða í hv. menntmn.

Í frv. er tekið upp, og er það nýjung, kerfisbundið mat á skólastarfi. Ég fagna því og eins því að það er byggt þannig upp að það á fyrst og fremst að miðast við innra starf skólans en þó er reiknað með að á fimm ára fresti verði gerð úttekt á þeim starfsháttum sem viðkomandi skóli hefur tileinkað sér og að þessi úttekt fari fram af utanaðkomandi aðila. Ég held að þetta sé mál sem hefur ekki verið hugsað til enda. Hvort það er ástæða til þess að fara á fimm ára fresti umhverfis landið til að gera þessar úttektir, það er ég efins um. Eins er ég alveg sannfærð um það að menntmrn. hefur ekki fullmótaðar skoðanir á því hvernig á að vinna þetta verk.

Þá er ákvæði um það að menntmrh. geri Alþingi grein fyrir framkvæmd skólastarfs á framhaldsskólastiginu á þriggja ára fresti og hvort sem það á nú að vera með skýrslu eða á hvern hátt sú upplýsingagjöf fer fram veit ég ekki en það gæti þó kallað á umræðu á hv. Alþingi og ég held að umræða um skólamál al-

mennt hafi ekki verið of mikil og sé yfirleitt ekki of mikil þannig að það er í sjálfu sér ekkert nema gott um það að segja.

Þá hefur ráðuneytið einnig eftirlitsskyldu í sambandi við fjárhag skólanna, húsnæði og búnað, og er það nýjung þannig að það eru geysilega mikil verkefni og aukin verkefni sem ráðuneytið fær með þessari löggjöf og væri forvitnilegt að heyra það frá hæstv. ráðherra hvort hann hefur gert sér grein fyrir því hversu mikið það starf er og hvað það þýðir varðandi starfsmenn ráðuneytisins til dæmis.

Eitt af því sem er breytt frá núgildandi lögum eru skólanefndirnar. Nú er ætlað að fimm menn sitji í skólanefnd, tveir frá sveitarfélaginu og þrír án tilnefningar sem hæstv. ráðherra skipar. Þetta kemur fram í 6. gr. Ég hef ekki heyrt svo sem mjög frambærileg rök fyrir því af hverju þetta á að vera svona og ég vil þá a.m.k. að það komist hér til skila í framhaldi af því frv. sem ég lagði fram á síðasta þingi og fékk reyndar ágætar undirtektir þó það næði ekki fram að ganga. Það kvað á um það að skólanefndir verði skipaðar að loknum sveitarstjórnarkosningum, þannig að það fari saman tími sveitarstjórna og kjörtími skólanefndarmanna. Ég held að það sé frekar til bóta, jafnvel þó að skólanefndarmenn séu orðnir færri heldur en er samkvæmt núgildandi lögum. En þýðir þetta bara ekki á einfaldri íslensku það að þessir þrír einstaklingar verða allir úr sama stjórnmálaflokki? Ég held að það sé ekkert til framdráttar fyrir skólastarf í landinu að svo sé. Ég veit reyndar að greinin lítur aðeins skár út núna en hún gerði á fyrri stigum þar sem núna er gert ráð fyrir því að skólanefndarmenn séu af svæði viðkomandi skóla og finnst mér það strax til bóta. En ég er hissa á þessari áherslu sem hæstv. menntmrh. leggur á þetta atriði að meiri hlutinn þurfi að vera skipaður af hæstv. ráðherra og án tilnefningar.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa lengra mál í upphafi umræðunnar, ég vil frekar koma inn í hana síðar og eins og ég sagði í upphafi þá ætla ég ekki að lýsa eindreginni afstöðu til málsins á þessu stigi heldur eins og ég sagði að skoða það í nefnd. Mér finnst það skipta mjög miklu máli að það sé enginn vafi á því að áfangakerfið geti haldið áfram. Ég er sannfærð um að það hefur reynst vel og reyndar hefur það reynst svo vel að ýmsar aðrar þjóðir hafa horft til þess og viljað skoða það með það í huga að koma því upp hjá sér. Þannig að það segir okkur kannski meira en mörg orð hversu gott kerfi þetta er.

[15:58]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Sjálfsagt má margt segja um frv., sem hér liggur fyrir, og m.a. í tilefni af orðum hæstv. menntmrh. verð ég að segja alveg eins og er að mér finnst að ráðherrann geri aðeins meira úr málinu en efni standa til vegna þess að hann ætlar að fresta öllu því góða sem er í frv. fram yfir aldamót. Það er dálítið sérkennilegt að vera að flytja frv. um að taka á starfsmenntuninni og guð veit hvað, sjálfsmati eins og hv. síðasti ræðumaður nefndi hér áðan, en þessu á svo öllu saman að fresta til 1999 eða 2000 þannig að í raun og veru gerist ekkert á næsta ári og þarnæsta ári þó að þetta frv. verði samþykkt, bókstaflega ekki nokkur skapaður hlutur nema það að náttúrlega verða aðeins öðruvísi lögin sem standa í lagasafninu, en að öðru leyti gerist ekki ýkja mikið í þessu efni, hæstv. forseti. Ég verð því að segja alveg eins og er að mér finnst nokkuð sérkennilegur þessi ákafi í menntmrn. á að ljúka þessu máli vegna þess að í bráðabirgðaákvæðunum aftast í frv. er allt tekið aftur það góða sem á að gera framan til í pappírnum.

Í öðru lagi vil ég segja það, hæstv. forseti, að það góða sem menn vilja gera í þessu frv. samkvæmt ræðu hæstv. ráðherra hér áðan er allt hægt að gera samkvæmt gildandi lögum. Það þarf ekki að breyta neinu, ekki stafkrók í gildandi lögum til að gera það allt sem menn vilja gera af jákvæðum hlutum sem allir eru sammála um, t.d. varðandi starfsráðin, breytingu á fagnefndunum og þetta. Það er allt hægt að gera á grundvelli gildandi laga og þróa það hægt og bítandi áfram í samvinnu við verkmenntaskólana í landinu og atvinnulífið þannig að það er í sjálfu sér engin þörf á því að breyta lögum í þessu efni.

Staðreyndin er auðvitað sú að fyrstu afskipti hæstv. menntmrh. af framhaldsskólunum eftir að hann tók við voru nú ekki mjög gæfuleg að því er þetta mál varðar. Það var bréfið sem var sent Menntaskólanum við Hamrahlíð og ætti nú að letra gullnum stöfum til aðvörunar í skólasögu Íslands. En í bréfinu stendur í grófum dráttum það að Menntaskólinn við Hamrahlíð sé vinsamlegast beðinn um að hætta við tiltekin áform sem fyrir lágu um breytingu á skipun áfanganámsins jafnframt því sem skólanum er tilkynnt um það að frumkvæði í framhaldsskólanum komi framvegis úr menntmrn. og það sé ekki ætlast til þess að það komi úr einstökum skólum.

Þetta bréf er mjög frægt meðal framhaldsskólafólks í landinu þannig að ég sé ekki ástæðu til þess að fara að lesa það upp og dró það þess vegna ekki með mér hér í stólinn. En í raun og veru hefði menntmrn. getað gert allt það góða sem menn eru að tala um núna ef þeir hefðu viljað, allt kjörtímabilið, þurftu ekki að gera neitt. En núna vill þannig til að það eru að koma kosningar og eins gott að reyna að tína til á sig allar spjarirnar eins og kunnugt er og þess vegna er auðvitað nauðsynlegt að segja að hann vilji koma í gegn þessu frv. og halda því fram að það sé fullt af einhverjum voðalegum nýjungum í þessu sem er svo sem því miður ekki. Satt best að segja var natinn starfsmaður í Háskóla Íslands sem gerði sér það til dundurs núna nýlega að hann taldi saman allar brtt. sem eru í þessari skýrslu sem hv. þm. Tómas Ingi Olrich heldur á hér í salnum. Það er 91 tillaga ef ég man rétt sem er listuð aftan til í skjalinu. Þessi starfsmaður taldi hversu margar af þessum tillögum væru hér í þessari bók Til nýrrar aldar. Það eru 67 af 91. Það sem ber á milli, hvað er það? Það eru fyrst og fremst sjálfsmatsaðferðirnar hér inni sem á að fresta fram yfir aldamót og það er flutningur grunnskólans til sveitarfélaganna. Að öðru leyti hefur mönnum ekki tekist að láta sér detta neitt nýtt í hug öll þessi þrjú ár annað en það að

segja við skólana: Gerið þið ekki neitt. Bíðið þið, gerið ekki neitt. Og hvað þýðir stöðnun í skólamálum? Stöðnun þýðir afturför. Skólamál eru þannig að stöðnun þýðir afturför. Þess vegna verð ég að segja alveg eins og er að mér finnst margt af því sem sagt er hér nokkuð sérkennilegt þó að um einstök atriði frv. sé kannski óþarfi að setja á mjög miklar ræður.

Í þriðja lagi vil ég láta það koma fram almennt af minni hálfu að ég tel að það sem hér er gerð tillaga um varðandi starfsnámið það hefði verið skynsamlegt að gera tilraun í verkmenntaskólum í nokkur ár varðandi þá þætti sem hér á að fara að taka upp í stað þess að ætla að umsteypa því öllu í einu. Það finnst mér ekki rétt að gera. Ég bendi á að það stendur yfir tilraun sem hv. Alþingi samþykkti á næstsíðasta ári um prentskólann og prentnámið. Sú tilraun er núna í miðjum klíðum. Og það hefur ýmislegt komið upp sem væri mjög fróðlegt fyrir hv. Alþingi og hv. menntmn. a.m.k. að fara yfir. Margt í þeirri tilraun hefur tekist vel og annað miður og þarf að laga og ég held að það hefði verið sniðugt að hinkra eftir niðurstöðum þeirrar tilraunar áður en farið var að flytja frv. á hv. Alþingi um málið nema það sé aðallega flutt til að koma af stað umræðum um málefni framhaldsskólans og það er fínt, það er þörf á því svo sannarlega, hæstv. forseti.

Í fjórða lagi vil ég nefna það að mér finnst viss atriði í frv. vera þannig eins og menn hefðu kannski mátt vinna þau aðeins betur og ég nefni þar sérstaklega sem 4. lið í máli mínu núna áður en ég kem að frv. sjálfu, hugmyndirnar um reikningleglu fyrir rekstrarkostnað framhaldsskólans. Hæstv. ráðherra talaði mikið um að það væri alveg ígulsnjallt þetta reikningleglumál og það væri bara við því að búast að þetta mætti leysa úr miklum vanda fyrir rekstrarkostnað framhaldsskólans í landinu og það er vonandi að það verði. Gallinn er sá að þetta er óunnið mál. Og það stendur hér á bls. 36 í frv., með leyfi forseta:

„Vinna við gerð reiknireglu af þessu tagi hefur enn ekki hafist fyrir alvöru ...“ Það er augljóst mál að þessi von sem ég heyri að ýmsir skólamenn eru að gera sér um að þetta þýði sjálfstæðari stöðu skólanna í fjárhagslegum efnum og þessi reikniregla sé afar snjallt mál sem mundi leysa allan vanda, ég held að málið sé augljóslega þannig að það er ekki nægilega vel unnið. Ég hefði talið skynsamlegra, hæstv. forseti, að taka upp í þessum efnum þá aðferð sem ég sé að hæstv. ríkisstjórn er að taka upp á öðrum sviðum. Og það er það sem ég kallaði á mínum tíma í menntmrn. skólasamninga og við gerðum við Fjölbrautaskólann í Garðabæ og ég man ekki betur en hæstv. núv. ráðherra hafi fylgt eftir í sinni tíð. Ég held að menn eigi að velta því mjög alvarlega fyrir sér að taka upp samningsstjórnun að því er varðar framhaldsskólana sérstaklega og það sé miklu affarasælla en vera að búa til einhverjar sjálfvirkar reiknireglur sem fara bara inn í einstaka þætti rekstrarkostnaðarins. Skólasamningurinn eða samningsstjórnunin eins og ég hef séð það mál fyrir mér tekur í raun og veru á öllum þáttum málsins, þ.e. bæði rekstrarkostnaðinum sjálfum og líka því sem skólinn skilar út í þjóðfélagið, þ.e. þeim fjölda nemenda sem útskrifast úr skólunum á hverjum tíma.

Í fimmta lagi vil ég mótmæla því alveg sérstaklega sem hæstv. ráðherra nefndi hér áðan að í frv. felist aukin valddreifing. Ég hef satt að segja aldrei heyrt aðra eins þverstæðu úr þessum ræðustól. Staðreyndin er sú að það er þvílík miðstýring hneppt í hendi menntmrh. með þessu frv. að það er engu lagi líkt. (**EKJ:** Er þetta hálfgerður kommúnismi?) Ekki segi ég það nú kannski, hv. þm., en það er mál sem við gætum rætt við tækifæri. En svei mér þá, já, það er eðlilegt að hv. 4. þm. Reykv. detti það í hug.

Í fyrsta lagi er hér gert ráð fyrir samræmdum prófum í framhaldsskólunum. Það á að fara að setja reglur um samræmd próf í öllum framhaldsskólum í landinu. Það er afar sérkennilegt mál og þýðir auðvitað bersýnilega minna sjálfstæði, frelsi og svigrúm þessara skóla en verið hefur. Náttúrlega eru menn þarna að koma til móts við þessar kvartanir ofan úr háskóla. En ég segi alveg eins og er, háskólanum er engin vorkunn að læra að meta það fólk sem kemur og knýr þar dyra. Háskólinn á ekki að þurfa að biðja um tommustokka sem menntmrn. býr til fyrir Háskóla Íslands. Háskóli Íslands á auðvitað að hafa burði til þess að meta þetta fólk og ekki að hafa hlutina þannig eins og þeir hafa stundum verið að mér liggur við að segja að einstakir framhaldsskólar og framhaldsskólakennarar hafi verið bornir út í umræðum fyrir þekkingarleysi, vankunnáttu og lélega frammistöðu. Það gengur ekki að það skapist skortur á trúnaði, trúnaðarbil á milli Háskóla Íslands og framhaldsskólanna í landinu. Ég tel að það sé miklu skynsamlegra fyrir Háskóla Íslands að leggja áherslu á samvinnu og samstöðu með framhaldsskólunum frekar en setja málin upp eins og gert hefur verið að undanförnu. Það eru ótrúlegir tónar sem hafa komið m.a. frá skólanum sem stundum er kallaður Menntaskólinn við útitaflið en flestir þekkja hér undir nafninu Menntaskólinn í Reykjavík.

Í öðru lagi verð ég að segja að það er auðvitað ekkert annað en miðstýring að ætla sér að setja ákvæði um brautir í lög. Það hefur aldrei nokkurn tíma nokkrum manni dottið annað eins í hug en í 16. gr. frv. er gert ráð fyrir því að setja það í lög hversu margar brautir eiga að vera í framhaldsskólunum á bóklegum greinum. Það stendur hér, með leyfi forseta:

„Bóknámsbrautir eru þrjár: Tungumálabraut, félagsfræðabraut og náttúrufræðabraut.“

Þannig að ef einhver skólinn vildi nú t.d. setja upp svo að ég nefni nú þann skóla sem ég nefndi hér áðan, segjum fornmálabraut, þá verður að flytja brtt. við lög á Alþingi Íslendinga um það að fá leyfi til að setja upp fornmálabraut. Hið sama er að segja að því er varðar ýmsar aðrar brautir eins og t.d. tónlistarbraut sem hefur verið mjög mikilvægur þáttur í starfsemi ákveðinna framhaldsskóla. Það er ekki hægt að svara því til að kjörsviðaskipulagið leysi þetta mál. Það gerir það ekki. Það er augljóst mál t.d. að erlendur háskóli sem væri að taka við segjum nemanda af tónlistarkjörsviði máladeildar, þessi háskóli mundi ekki meta þá yfirlýsingu eins og ef um tónlistarbraut framhaldsskóla væri að ræða þannig að ég tel að þau rök, sem flm. frv. vafa-

laust hafa í þessu efni og vísa til kjörsviðs greinarinnar, 17. gr., ég tel að þau dugi ekki og þess vegna eigi auðvitað að strika þetta út og segja: Menntmrn. setur reglur um skiptingu þessa náms í brautir, en ekki vera að hneppa þetta í lög.

Enn eitt miðstýringarákvæðið er það að setja inn ákvæði um aðalnámsskrá, það verði skrifuð niður aðalnámsskrá fyrir framhaldsskólana. Ég held að menn eigi mjög að gæta sín að ganga eins langt og þarna er gert ráð fyrir í þeim efnum og stöðlunarorðalagið kemur auðvitað upp um málið neðst á bls. 25 og efst á bls. 26, með leyfi forseta: „Fækkun námsbrauta auðveldar skipulagningu náms í skólum, eykur samræmi milli einstakra skóla og gefur möguleika á markvissu eftirliti með námsárangri nemenda."

Það vantar bara að það sé sagt hér í þessu frv. að það sé ætlunin að sjóða þetta allt saman niður í eina og sömu niðursuðudósina. Ég tel því að það sé víðs fjarri að hægt sé að halda því fram að hér sé um að ræða einhverja valddreifingu í þessu frv.

Í fjórða lagi er það auðvitað ekki valddreifing að reka kennarana út úr skólanefndunum, það er ekki valddreifing. Það er ekki valddreifing að reka nemendur út úr skólanefndunum og gera hvað í staðinn? Standa þannig að málum að menntmrn. án tilnefningar ákveði meiri hluta skólanefnda. Það er ekki valddreifing. Það er valdsamþjöppun í hendi menntmrh. Það er líka valdsamþjöppun í hendi menntmrh. að mínu mati að skammta inngöngu í skólana með reglugerð frá menntmrn. Það er það sem stendur í 15. gr. frv. Það á að skammta inngöngu í skólana með reglugerð frá menntmrn. og um hana segir hér, með leyfi forseta:

„Í reglugerð skal kveðið á um lágmarkskröfur um námsárangur í einstökum greinum og greinaflokkum við lok grunnskóla og starfsþjálfun þar sem hennar er krafist."

Það er augljóst mál að hér er ekki hægt að tala um valddreifingu, hér er í raun og veru um það að ræða að það er verið að safna stórauknu valdi í hendur menntmrn.

En er það svo í öllum tilvikum í frv.? Svarið er nei. Það er það ekki vegna þess að í einu tilviki er um það að ræða að það er gert ráð fyrir því að áhrif ráðueytisins á ákveðna þætti starfsnáms minnki frá því sem verið hefur og þar er gert ráð fyrir því að atvinnulífið eins og það er kallað alltaf í þessum textum, það er eins og skólinn sé ekkert atvinnulíf, atvinnulífið ákveði meiri hluta í starfsgreinaráðunum eins og þau eru kölluð hér, hafi meiri hluta þar og ráði þar gríðarlega miklu. Ég tel út af fyrir sig að það sé gott og þakkarvert að menn reyni að hafa samvinnu við atvinnulífið sem kallað er svo í þessum pappírum. En ég tel ekki að það eigi að vera þannig að atvinnulífið ráði yfir skólunum á þessu sviði. Ég tel að þar eigi að vera jafnræði á milli. Og ég tel að það sé ekki þannig á málum haldið í þessu að það sé hægt að tala um jafnræði á milli skólanna annars vegar og atvinnulífsins hins vegar að því er varðar verkmenntanámið. Ég óttast þvert á móti, hæstv. forseti, að það geti orðið um að ræða talsverða togstreitu á milli atvinnulífsins og skólanna ef það kerfi yrði upp tekið sem hér er gert ráð fyrir.

Í sjöunda lagi, hæstv. forseti, af almennum atriðum sem ég vil koma að eru ákvæði sem lúta að skólagjöldum. Í frv. sýnist mér að tekin séu upp þau ákvæði gildandi laga sem mig minnir að séu í 7. gr. gildandi laga eða alla vega mjög framarlega. Hins vegar eru ákvæði í 32. gr. gildandi laga um rekstrarkostnað skólanna. Þar sem stendur, með leyfi forseta:

„Ríkissjóður greiðir samkvæmt lögum þessum rekstrarkostnað framhaldsskóla. Hver skóli er sjálfstæð rekstrareining og hefur sérstaka fjárveitingu á fjárlögum.

Ríkissjóður greiðir allan launakostnað við kennslu sem fram fer og skipulögð er í samræmi við áætlun sem samþykkt er af menntmrn."

Mér sýnist að þessi ákvæði séu alveg felld út. Ákvæðin um að ríkissjóður greiði allan rekstrarkostnað framhaldsskólanna eins og það er í gildandi lögum sýnast mér felld út samkvæmt þessu frv. Ég vil af því tilefni spyrja hæstv. menntmrh. hvort Alþfl. standi að þessum tillögum sem gera ráð fyrir því að framhaldsskólinn verði fjármagnaður áfram og jafnvel í vaxandi mæli með skólagjöldum sem renni þá til rekstrar.

Þetta er mjög mikilvægt vegna þess að þetta hefur verið eitt helsta pólitíska deilumálið um framhaldsskólann á undanförnum árum og hefur í raun og veru verið eina nýjungin í málefnum framhaldsskóla sem núv. hæstv. menntmrh. hefur innleitt á sínum starfstíma. Eina verulega nýjungin, það er að innheimta skólagjöld.

Þessu næst eftir að hafa rakið hér sjö almenn atriði vil ég koma síðan lauslega að frv. sjálfu í einstökum atriðum eins og ég hef tíma til, hæstv. forseti.

Ég vil þá víkja aðeins, hæstv. forseti, að einstökum greinum í frv. og þá fyrst að 1. gr. frv. varðandi framhaldsskóladeildir við grunnskóla. Ég tel út af fyrir sig eðlilegt að menn ákveði að setja framhaldsdeildirnar sem sagt framhaldsskólamegin en það þarf auðvitað að taka sérstaklega á þessu máli og ég ætla að nefna dæmi.

Ég nefni dæmi af framhaldsdeildinni á Patreksfirði og framhaldsdeildinni á Hólmavík. Þar er um að ræða deildir sem báðar eru í mjög nánum starfstengslum við grunnskólann þó að þær heyri formlega undir framhaldsskóla Vestfjarða. Ég vil spyrja hæstv. menntmrh. hvort um það sé sátt við viðkomandi byggðarlög að þessar framhaldsdeildir verði skilyrðislaust framhaldsskólamegin og þar með slitnar talsvert mikið úr tengslum við grunnskólann á staðnum. Það er slæmt aðallega vegna þess að kennarar framhaldsdeildanna á þessum stöðum eins og á Patreksfirði og Hólmavík og eins var í Stykkishólmi og í Sælingsdal í Dalasýslu eru allir eða nær allir frá grunnskólanum. Skipulagning kennslunnar er því unnin á vegum grunnskólans þó svo að verið sé að kenna framhaldsskólanámsefni. Ég átta mig ekki alveg á því af hverju þarf endilega að taka þessar framhaldsdeildir grunnskólanna út úr 1. gr. frv.

Í öðru lagi vil ég víkja aðeins að starfstímanum. Það

er bersýnilega veruleg breyting frá því sem nú er. Hér er gert ráð fyrir því að kennsludagar verði ekki færri en 150 og árlegur starfstími nemenda í framhaldsskólum verði níu mánuðir. Hér hefur verið skotið inn nýju orði sýnist mér, það er orðið nemenda. Hér er talað um starfstíma nemenda í framhaldsskólum sem verði níu mánuðir. Það hlýtur að þýða að menn geri ráð fyrir því að vinnutími kennara verði talsvert lengri en hér er gert ráð fyrir. Ég tel það út af fyrir sig skynsamlegt að halda þannig á málum og spyr hæstv. menntmrh. hvort hafnar eru viðræður við Hið íslenska kennarafélag um þessa breytingu og aðrar sem þetta frv. gerir ráð fyrir.

Í þriðja lagi varðandi einstök atriði í frv. þá vil ég mótmæla því að kennarar og nemendur séu teknir út úr skólanefndum framhaldsskólanna. Ég sé engin rök fyrir því. Þessi stjórnsýslurök sem eru notuð í grg. frv. duga ekki neitt í þessu því auðvitað má þá halda þannig á málum að kennararnir víki af fundi og út úr nefndunum þegar verið er að fjalla um þeirra mál eða nemendurnir þegar fjallað er um þeirra mál. Ég tel í sjálfu sér að þetta sé alveg út í hött. Og þegar því er svo bætt við að ég sé ekki betur en menntmrh. fái einn að skipa þrjá af fimm mönnum í skólanefnd allra framhaldsskóla, það er ekki nokkur glóra í því hvað svo sem mönnum finnst um kennarana að menntmrh. eigi þrjá menn af fimm í öllum skólanefndunum. Það er algjörlega út í hött og engin rök fyrir því að mínu mati, hæstv. forseti.

Í fjórða lagi vil ég víkja að 7. gr. þar sem segir: „Skólanefnd ákveður upphæð gjalda er nemendum er gert að greiða" o.s.frv.

Hér er um að ræða sama orðalag og í gildandi lögum ef ég man rétt, ég held að það sé alveg það sama. Þá er það spurningin: Hver ákveður þau skólagjöld sem ekki eru innritunargjöld og pappírsgjöld o.s.frv. en renna til rekstrar skólanna og hvernig er það ákvarðanaferli? Það vildi ég gjarnan að hæstv. menntmrh. segði okkur frá. Síðan vil ég geta þess að það er álitamál hvort taka þarf fram í lögum að nemendafélögin ákveði gjöld til nemendasjóða af sínum félagsmönnum. Ég sé í sjálfu sér engin sérstök rök fyrir því að hafa það í lögum en ef þau eru fyrir hendi þá er ég tilbúinn að beygja mig fyrir því en ég sé engin sérstök rök fyrir því.

Í fimmta lagi vil ég síðan víkja að 11. gr. frv. þar sem talað er um að menntmrh. ráði skólameistara til fimm ára í senn. Ég hefði talið rétt að bæta þar við: ...fimm ára í senn að fenginni tillögu hlutaðeigandi skólanefndar og að fenginni umsögn kennarafundar.

Ég tel eðlilegt að kennarafundur fjalli um það hver er ráðinn skólameistari til fimm ára í senn. Ég vil fyrir mitt leyti spyrja að því hvort hæstv. menntmrh. gæti hugsað sér að fallast á að þarna yrði komið inn því ákvæði að leita þyrfti umsagnar kennarafundar eða kennara við skólann áður en gengið væri frá ráðningu skólameistara.

Þá kem ég í sjötta lagi að 15. gr. frv. sem er í raun og veru ein mesta breytingin í frv. Ég ætla fyrst að nefna að það er gert ráð fyrir því að breyta því skilyrði sem gilt hefur um 18 ára fólk. Í gildandi lögum var það þannig að 18 ára einstaklingur gat gengið beint til náms í framhaldsskóla en hér er gert ráð fyrir því að þetta gerist ekki nema að undangengnu mati. Í greinina hefur verið stungið inn orðunum „að undangengnu mati". Ég held að það væri mjög æskilegt að fá aðeins nánari skýringar á því vegna þess að ég skil orðin svo að skólastjórn viðkomandi skóla eða skólameistari geti líka takmarkað inngöngu þessa fólks, þessara 18 ára nemenda, þannig að skólinn sé heldur ekki opinn fyrir þeim, það sé líka mögulegt að setja síu, setja þröskuld, gagnvart þessum 18 ára skattgreiðendum og kjósendum ef þeir sækja um aðild að framhaldsskólum.

Varðandi þessa 15. gr., hæstv. forseti, verð ég að segja alveg eins og er að ég tel að þetta sé langalvarlegasta greinin frá skólafaglegu sjónarmiði séð vegna þess að hér er gert ráð fyrir því að þrengja verulega inngönguna í þessa skóla. Ekki á þeim forsendum að skólarnir sjálfir endurskilgreini markmið sín, setji þau skýrt fram og nemendur mæli sig svo við þau á sínum námstíma heldur með því að það er opnuð leið til að búa til inntökupróf í hvern einasta framhaldsskóla — eða hvað? Er það ekki þannig, hæstv. menntmrh., að opnuð sé leið til þess að skólarnir geti að fenginni reglugerð frá ráðuneytinu sett á inntökupróf í hvern einasta framhaldsskóla?

Í sjöunda lagi vil ég mótmæla því sem ég nefndi áðan varðandi það að taka í lög ákvæði um brautaskiptingu eins og gert er í 16. gr. Ég tel að það sé algjörlega óeðlilegt og ég flutti rök fyrir því áðan.

Í áttunda lagi vil ég víkja að orðalagi 17. gr. Það er alveg rétt sem hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir sagði áðan að það er ekki mikil áfangaskólahugsun í 17. gr. vegna þess að þar er bersýnilega fyrst og fremst verið að hugsa um bekkjakerfisskóla. Bara þetta orðalag, með leyfi forseta, skýrir þetta nægilega vel:

„Námsbrautir framhaldsskóla skulu skipulagðar í samræmi við lokamarkmið námsins."

Það er alveg augljóst mál að hér er ekki gefið það svigrúm sem er í áfangakerfisskólunum eins og það hefur verið þróað á undanförnum árum. Ég held að við þurfum að gera okkur grein fyrir því að þessir áfangaskólar sem við erum með hafa reynst vel. Þeir hafa vakið athygli víða um heim. Hingað hafa komið sendinefndir að skoða þá og kynna sér það sem hér hefur verið gert. Ég hygg reyndar að þróunarstarfsemin sem hefur verið í áfangaskólunum sé með því merkasta sem unnið hefur verið í skólamálum á Íslandi á síðustu áratugum. Það leiðir reyndar hugann að því að í þessari umræðu um framhaldsskólana þá er eins og það sé aldrei gert neitt af viti í framhaldsskólunum. Menn tala aldrei um að þarna sé verið að útskrifa þrátt fyrir allt heldur mannvænlegt fólk sem skilar sér myndarlega út í okkar samfélagslíf.

Í níunda lagi ætlaði ég einnig að nefna tengsl fornámsins við annað nám. Mér finnst 18. gr. eins og hún er snubbótt. Með leyfi forseta: „Fornám er skipulagt sem eins árs nám fyrir nemendur sem ekki hafa náð tilskildum árangri á grunnskólaprófi." — Hvað á svo að verða um þetta fólk? Hver eru tengsl þess við skólann

að öðru leyti? Ég spyr, hæstv. forseti.

Í tíunda lagi ætla ég að undirstrika það að sú tilhneiging til stöðlunar og miðstýringar sem ég rakti í upphafi máls míns kemur mjög skýrt fram í 21. gr. frv., um aðalnámsskrá, námsskrá og mat, og í 22. gr. frv. líka.

Í 23. gr. er ákvæðið um sjálfsmatsaðferðir skóla, eins og það heitir í textanum, en eins og ég sagði í upphafi máls míns þá er það allt saman tekið aftur í lok frv. og gert ráð fyrir því að fresta því fram yfir aldamót.

Í 24. gr. er enn undirstrikuð þessi bekkjaskólahugsun að mínu mati þar sem orðalagið er þetta, með leyfi forseta:

„Lokapróf úr framhaldsskóla er veitt geta rétt til frekara náms eða réttindi til starfa skulu vera samræmd í tilteknum greinum sem nánar er kveðið á um í reglugerð. Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála hefur umsjón með gerð samræmdra prófa fyrir framhaldsskóla og úrvinnslu samræmdra lokaprófa. Í reglugerð skal kveðið nánar á um framkvæmd samræmdra prófa í framhaldsskólum."

Þetta er alveg niðurnjörvað hér, hæstv. forseti.

Ég kem þessu næst að elleftu athugasemd minni sem er í IX. kafla frv. og fjallar um 26. gr. Þar er um það að ræða að skipa á samstarfsnefnd sem á að koma í staðinn fyrir iðnfræðsluráð. Þessi samstarfsnefnd er miklu fjölmennari en iðnfræðsluráð. Ég er ekki að gagnrýna að hún sé fjölmenn, það getur verið allt í lagi að hún sé fjölmenn. En mér finnst dálítið skrýtið að gert skuli ráð fyrir því að ráðuneytið skipi án tilnefningar fimm menn í átján manna stofnun. Það er alveg ótrúlega mikil tilhneiging til þess í menntmrn. núna að ráðuneytið tilnefni hlutina sjálft og án tilnefningar frá öðrum og helst án samráðs við nokkurn annan mann og hefur reyndar tekist misjafnlega eins og kunnugt er því stjórnarþingmenn hafa verið að flytja hér frv. um breytingu á lögum um Rannsóknaráð ríkisins vegna þess að menn telja ekki að menntmrh. hafi haldið nægilega vel á málum af þessu tagi. En ég tel út af fyrir sig að sú hugsun, ég vil láta það koma fram, sem er í 26. gr. sé eftir atvikum skynsamleg. Ég tel líka að sú hugsun sem kemur fram í því að kalla til fleiri starfsgreinar en hinar löggiltu iðngreinar sé skynsamleg. En ég tel hins vegar að það að vera með svona mikla tilnefningu frá ráðuneytinu sjálfu sé út í hött.

Í tólfta lagi vil ég víkja síðan að starfsgreinaráðunum og endurtaka það sem ég sagði í upphafi. Ég tel ekki skynsamlegt að atvinnulífið, sem svo er kallað í frv., eigi meiri hluta í þessum nefndum. Ég tel að það eigi að vera jafnræði með verkmenntaskólunum og menntmrn. annars vegar og atvinnulífinu hins vegar vegna þess að það vald sem starfsgreinaráðin hafa er gríðarlega mikið. Starfsgreinaráðið á að skilgreina þarfir starfsgreina fyrir kunnáttu, það á að gera tillögur um uppbyggingu starfsnáms og námsskrá í sérgreinum o.s.frv. Ég tel þess vegna að hér sé allt of mikið einhliða vald lagt í hendurnar á fulltrúum atvinnugreinanna sjálfra. Þetta þyrfti að vera í jafnvægi og ég óttast að sú stjórnskipun á verknáminu sem hér er gert ráð fyrir muni þýða togstreitu milli þessara aðila þegar fram í sækir.

Í þrettánda lagi vil ég svo víkja að 33. gr. frv. Samkvæmt gildandi lögum er gert ráð fyrir því að framhaldsskólarnir geti boðið nám í öldungadeildum fyrir nemendur 18 ára og eldri. Hér er gert ráð fyrir því að hækka þetta aldursmark upp í 20 ár. Ég hef satt að segja ekki heyrt nein rök fyrir því og vil inna eftir því hver þau eru.

Í fjórtánda lagi er gert ráð fyrir því að heimavistir við framhaldsskóla sem samkvæmt gildandi lögum eru byggðar af ríkinu, 100% kostaðar af ríkinu, verði framvegis kostaðar í hlutföllunum 60:40 eins og annað húsnæði framhaldsskólans. Ég held að það sé mjög varhugavert að höggva á uppbyggingu framhaldsskólanna með þeim hætti sem hér er gert ráð fyrir. Fyrir náttúrlega utan það að ástæða hefði verið til í þessu frv., ég vil láta það koma fram sem mína skoðun, að taka á réttindamálum þess fólks sem stundar nám í framhaldsskólum fjarri heimilum sínum og þarf oft að kosta til fleiri hundruð þúsund kr. á ári í heimavistar- og fæðiskostnað. Það fólk er þannig statt að þegar um er að ræða jafnvel eitt barn, ég tala ekki um ef fleiri í sömu fjölskyldu stunda framhaldsnám fjarri heimabyggð, þá er meira og minna útilokað fyrir foreldra að halda slíku úti. Ég er þeirrar skoðunar að menn eigi að ræða í fullri alvöru hvort ekki eigi að greiða þennan rekstrarkostnað skipulega niður þannig að hægt sé að tala um jafnrétti til náms á framhaldsskólastigi sem er ekki hægt í dag þrátt fyrir þau lög sem til eru um jöfnun námskostnaðar því að fjármunirnir þar eru allt of litlir. Það er algengt að fólk er að greiða 300–400 þús. kr. yfir veturinn fyrir börn sem eru í framhaldsnámi. Ég tel að á þessu máli eigi að taka því framhaldsskólakerfið stendur ekki undir nafni ef við tökum ekki á réttindum þessa fólks.

Í sextánda lagi vil ég og spyrja hæstv. ráðherra: Hvernig stendur á því að heimildarákvæðið um að skipta landinu í framhaldsskólahverfi er fellt niður? Ég skil ekki alveg af hverju það er fellt niður. Ég veit t.d. að að því er varðar framhaldsskólann í Norðurlandi vestra þá hefur þetta heimildarákvæði þýðingu til þó það hafi kannski ekki leyst vandann í öllum tilvikum. Ég held að þetta heimildarákvæði gæti hjálpað til líka varðandi skipulagningu framhaldsskólans í Norðurlandskjördæmi eystra sem þyrfti að taka aðeins þéttar á en unnt hefur verið til þessa af margvíslegum ástæðum.

Í sautjánda lagi vil ég segja að ég tel óhjákvæmilegt að setja í frv., ef það verður að lögum, ákvæði um að skólagjöld eigi ekki að taka til almenns rekstrar framhaldsskólans. Ég vil fyrir mitt leyti boða umræðu um það í menntmn. að sett verði inn ákvæði um að skólagjöld í framhaldsskóla verði ekki tekin til almenns rekstrar skólans.

Að lokum þetta, hæstv. forseti, í átjánda og síðasta lagi. Á bls. 11 og 12 er það sem skiptir aðallega máli í þessu frv. Það er að allt það góða sem menn vilja gjöra framan til í frv. er tekið aftur í ákvæðum til bráðabirgða á bls. 11 og 12. Þess vegna teldi ég skyn-

samlegast af öllum ástæðum að hinkra aðeins betur með málið en halda auðvitað þeim mun þéttar áfram umræðum um framhaldsskólann, bæði hér og annars staðar. Vegna þess að samkvæmt stefnu ráðherrans og ríkisstjórnarinnar er að þeirra mati greinilega nógur tími því ekkert af því sem máli skiptir á að taka gildi fyrr en árið 1999. Ég er að vísu ekki sammála þessu, ég held að við þurfum að láta ýmislegt taka gildi fyrr en það liggur ekkert á að afgreiða þetta frv. fyrr en kemur aðeins lengra fram á. Allar þær góðu endurbætur sem núv. hæstv. ráðherra í orði kveðnu vill framkvæma í framhaldsskólanum er hægt að framkvæma á grundvelli gildandi laga sem voru sett árin 1988 og 1990.

Útbýting þingskjala:

Lyfjalög, 130. mál, nál. heilbr.- og trn., þskj. 213

Markaðir tekjustofnar ríkisins, 113. mál, svar fjmrh., þskj. 200.

[16:38]

Tómas Ingi Olrich:

Virðulegi forseti. Út úr því frv. til laga um framhaldsskóla sem hér er til umræðu hafa verið felld ákvæði sem hafa valdið nokkrum ágreiningi og taugatitringi. Á ég þá við ákvæði sem áður voru í frv. um lengingu skólaársins og styttingu framhaldsskólans. Ég ætla ekki að fjalla um þessi ákvæði sem komin eru út úr frv. en vil aðeins geta þess við umræðuna nú að ég tel að þessi breyting á frv. muni auðvelda framgang þess í þinginu enda er ég einn þeirra í þessu þjóðfélagi sem telja að lenging skólaársins hefði orðið til skaða og stytting framhaldsskólans sé ekki til bóta.

Ég mun taka fyrir nokkur atriði frv. við þessa umfjöllun í þinginu og byrja á því sem er að finna í kaflanum um námsskipan, þ.e. VII. kafla frv. Þar er gerð tilraun til að einfalda námsskipan í framhaldsskólum með því að námsbrautum er fækkað mjög verulega. Um þetta má almennt segja að sú mikla sérhæfing á bóknámi, einkum og sér í lagi sérhæfing á bóknámi til stúdentsprófs, sem hefur átt sér stað á undanförnum árum hefur að mínu mati átt sér frekar hæpnar forsendur. Það hafa verið settar upp ýmsar námsbrautir sem hafa verið miðaðar við þröngar þarfir ákveðinna atvinnustétta án þess þó að þær hafi fengið raunverulega viðurkenningu innan þessara atvinnustétta þegar nemendur hafa lokið náminu. Ástæðan fyrir því er vafalaust sú að bóknámið til stúdentsprófs er að mjög miklu leyti almennt nám sem styðst við sterkar grunngreinar og sérhæfing í framhaldsskólanámi er í mörgum tilfellum ótímabær. Þessi þróun var hins vegar hluti af ákveðnu tískufyrirbæri sem gekk mjög langt.

Frv. leitast við að einfalda þetta og í stórum dráttum er ég sammála þeirri viðleitni. Ekki síst tengist þetta niðurfellingu heimildarákvæðisins um framhaldsskólahverfin vegna þess að í reynd virkaði heimildarákvæðið þannig að það tryggði aðsókn að ákveðnum skólum sem höfðu sérhæft sig býsna mikið þannig að framboð fyrir nemendur á því skólasvæði var í raun og veru takmarkað. Ég ætla ekki að nefna neina sérstaka skóla en þess eru dæmi að til þess að gera litlir framhaldsskólar hafi séð sig tilneydda í þessari miklu samkeppni um framboð á sérhæfingu að bjóða fram sérhæfðar greinar á kannski tveimur eða þremur brautum og starfið í skólanum hafi mjög dregið dám af viðleitni þeirra til að taka þátt í almennu námsframboði á þröngum brautum. Ég tel því að þessi tískusveifla í framboði hafi á vissan hátt veikt stöðu hinna smærri skóla langt umfram það sem æskilegt hafi verið. Það hefði verið betra að skólarnir kepptu sín á milli um að gera vel á færri námsbrautum og gera vel í almennu námi með framboði á góðri kennslu, með því að ráða til sín góða kennara, með því að halda góðan vinnuaga og vinnufrið í skólunum, með almennt því andrúmslofti sem í skólunum ríkir og samstarfi kennara og nemenda frekar en að samkeppnin milli skólanna væri fyrst og fremst á grundvelli sérhæfingar sem hugsanlega hæpnar forsendur eru fyrir.

Ég vil hins vegar taka fram að ég tel að frv. sem slíkt tryggi ekki beinlínis þessa einföldun vegna þess að kjörsviðin koma þar á móti og opna á þann möguleika að viðhalda því kerfi sem nú er í skólunum.

Hæstv. menntmrh. lagði réttilega áherslu á það að þjónusta skólanna væri fyrst og fremst við nemendur. Þetta er hárrétt en því má ekki gleyma að skólarnir gegna margvíslegu þjónustuhlutverki, ekki aðeins við nemendur heldur við þjóðfélagið í heild. Skyldur skólans eru ekki síst gagnvart þjóðfélaginu. Þær ná langt út fyrir þarfir nemenda, þær eru við þjóðfélagið og við atvinnulífið. Þetta er ekki síst mikilvægt að því er varðar þau atriði í frv. sem snerta starfsnámið en gilda að sjálfsögðu einnig mjög í hinu almenna bóknámi.

Ég er mjög sammála mörgu af því sem fram kemur í skýrslu nefndar um mótun menntastefnu almennt og þó sérstaklega að því er varðar starfsmenntunina. Í skýrslunni er fjallað ítarlega einmitt um starfsnámið. Ég verð hins vegar að viðurkenna að ég er ekki fyllilega sannfærður um að margar mjög gagnlegar og góðar ábendingar sem koma fram í skýrslu nefndarinnar skili sér í frv. Ég vil aðeins leyfa mér að vitna í skýrsluna þar sem hún fjallar um þróun starfsnáms hér á landi og þar segir, með leyfi forseta, á bls. 69 í skýrslunni:

„Hlutverk og verksvið fræðsluráðs sjávarútvegs og fræðsluráðs ferðamála þykja nokkuð óljós. Hlutverk iðnfræðsluráðs og fræðslunefnda hefur hvorki þótt nægilega vel skilgreint né verkaskipting þeirra í milli og því hafa þau ekki verið skilvirk. Af þessum sökum er stjórn iðnmenntunar þung í vöfum og líður langur tími frá því að fram koma tillögur að umbótum í námi og þar til þær koma til framkvæmda innan skólanna. Sum mál, svo sem námsskrárdrög, þurfa jafnvel að fara fyrir þrjá umfjöllunaraðila, fagnefnd, fræðslunefnd og iðnfræðsluráð, áður en ráðueytið getur tekið endanlega ákvörðun."

Þessi tilvitnun sem hér með lýkur varpar ljósi á það sem hefur að mínu mati lengi háð starfsmenntuninni og starfsnáminu hér á Íslandi að það er þungt í vöfum og ekki skilvirkt. Í frv. er engu að síður farin sú leið að byggja skipulag og nýsköpun í starfsnámi mjög veru-

lega á ráðum og nefndum og er ég þar annars vegar að tala um samstarfsnefnd um starfsnám á framhaldsskólastigi sem á samkvæmt 27. gr. laganna að stuðla að tengslum skóla og atvinnulífs og vera menntmrh. til ráðuneytis um stefnumótun í starfsnámi og setningu almennra reglna um skipan og framkvæmd starfsnáms. Nefndin gerir jafnframt, bendi ég sérstaklega á, tillögur um forgangsröðun verkefna í starfsnámi, svo og sérstakar tilraunir og þróunarverkefni.

Þá ber að geta starfsgreinaráða sem eru skipuð fyrir starfsgreinaflokka eða einstakar starfsgreinar. Starfsgreinaráðin gera tillögur um uppbyggingu starfsnáms og námsskrá í sérgreinum viðkomandi starfsnáms, svo og um tilhögun námsmats og eftirlit með gæðum kennslu og námsefnis. Það er einnig athyglisvert að samkvæmt 29. gr. frv. á starfsgreinaráðið að hafa frumkvæði að tillögugerð um breytta skipan náms og vera stjórnvöldum til ráðuneytis. Ég held að það mætti velta því fyrir sér í sambandi við þetta frv. hvort við erum ekki enn að vissu leyti flækt í flókið ráðgjafarferli sem er þungt í vöfum og skilar sér mun seinna inn í skólakerfið heldur en stöðugar breytingar á umhverfi atvinnugreinanna krefjast. Það er staðreynd að starfsnámið hefur ekki þróast nægilega vel í samræmi við þarfir atvinnulífsins og sambandið á milli atvinnulífsins annars vegar og skólakerfisins hins vegar er ekki með þeim hætti að það geti talist náið samstarf og frjótt. Ég vil hins vegar benda á að í 30. gr. frv. er heimildarákvæði sem er svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Til að stuðla að sem bestu samstarfi skóla og atvinnulífs er skólanefnd heimilt að setja á fót eina eða fleiri ráðgjafarnefndir við skóla með fulltrúum atvinnulífs í viðkomandi byggðarlagi og skal gætt jafnræðis milli fulltrúa atvinnurekenda og launþega. Skólar leiti til starfsgreinaráða um tilnefningar fulltrúa í ráðgjafarnefndir í byggðarlagi."

Þar koma starfsgreinaráðin enn inn í þetta ferli. Ég hef talsvert velt því fyrir mér og varpa fram þeirri hugmynd hvort það væri óráðlegt að skólarnir fengju í raun og veru frelsi til þess að leita ráðgjafar beint hjá atvinnulífinu. Ég velti því t.d. fyrir mér ef við lítum á það byggðarlag þar sem ég er nú uppalinn, þar sem er styrk og stór verkmenntastofnun, þá er það mjög áberandi að sú góða stofnun annast ekki verkmenntun á því sviði atvinnulífsins sem er langsamlega fyrirferðarmest í þessu héraði, þ.e. matvælaframleiðslu. Og þá vaknar sú spurning hvort það er ekki atvinnulífinu fyrir bestu og skólunum fyrir bestu að tengslin verði bein og milliliðalaus. Að sjálfsögðu yrði að gera ráð fyrir því að þó að frumkvæðið að nýsköpun í starfsnámi kæmi til og yrði til með svona beinu samstarfi, þá væru til ráðgefandi stofnanir, ráð eða nefndir, sem væru ráðuneytinu til aðstoðar og hefðu eftirlitshlutverki að gegna þannig að skólinn væri fullkomlega ábyrgur fyrir því að framfylgja almennum markmiðum lagasetningarinnar og síðan hefði atvinnugreinin auk beins samstarfs við skólana aðstöðu til þess að mynda ráð í tengslum við ráðuneytið og fylgja eftir eftirliti. Með þessum hætti hygg ég að aðlögunarhæfni skólanna yrði önnur og meiri, hraðinn í breytingum mundi verða meiri þó að ég viðurkenni fúslega að aðstæður framhaldsskólanna til að nýta sér slíka ráðgjöf beint úr atvinnulífinu hlytu að verða afskaplega misjafnar. En þá kemur á móti að skólarnir gætu miðlað upplýsingum sín á milli. Þeir sem hefðu sérstaka aðstöðu í sambandi við matvælaiðnaðinn t.d. gætu miðlað slíkum upplýsingum til verkmenntaskóla sem ekki hefðu jafngóða aðstöðu til þess og þeir sem væru betur tengdir öðrum atvinnugreinum mundu þá miðla á sama hátt af sinni þekkingu og sinni aðstöðu. Ég tel að einmitt sé byrjað að feta brautina inn á þessar leiðir í samstarfi prentiðnaðarins og menntmrn. og Bílgreinasambandsins einnig.

Ég vildi hér koma þessu að vegna þess að ég tel að það skipti máli hvort það eru í raun og veru aðilar vinnumarkaðarins, þ.e. miðstjórn vinnumarkaðarins, yfirstjórn vinnumarkaðarins og ASÍ sem eru þarna milliliðir. Skrifstofuveldi þessara stofnana, sem eru þarna milliliðar og eru ekki í beinum tengslum við starfsgreinarnar sem slíkar, vill sjálfsagt hafa fyrir hönd atvinnugreinarinnar stjórn á löggildingarákvæðunum og koma inn í þau atriði með beinum hætti. En á margan hátt stangast það kerfi, þetta milliliðakerfi, á við t.d. byggðapólitísk sjónarmið. Það stangast líka á við þau sjónarmið sem koma fram í því sem nú er tíska að kalla gæðastjórnun sem er nú bara fyrst og fremst sú heilbrigða hugsun að það sé ekki sami aðilinn sem annast stefnumörkun, skipulag, framkvæmdir og svo hinn, sá sem metur starfið. Að lokum tel ég að þetta flókna samráðskerfi sé ekki í sambandi við þann hraða aðlögunar sem nú er krafist af skólakerfinu.

Þessum sjónarmiðum vildi ég koma hér á framfæri nú við 1. umr. þessa máls og mun ekki lengja umræðuna á þessu stigi málsins meira.

[16:56]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er skammt stórra högga í milli í skólamálaumræðunni á hinu háa Alþingi. Fyrir viku síðan var til umræðu frv. til laga um breytingu á lögum um grunnskóla sem lauk fyrr í dag og nú er það frv. til laga um framhaldsskóla sem er býsna stórt að vöxtum. Þó er staðreyndin sú, virðulegi forseti, að í raun og veru er hér að mestu leyti verið að festa í sessi það kerfi sem hefur verið að þróast í framhaldsskólum landsins á undanförnum árum, enda var fallið frá þeim hugmyndum sem kannski voru stórtækastar eða horfðu til mestra breytinga, þ.e. stytting framhaldsskólans í þrjú ár og lenging skólaársins. Það kann vel að vera að í framtíðinni komist menn að þeirri niðurstöðu að það verði rétt að lengja skólaárið eftir því hvernig atvinnumál kunna að þróast hér á landi, en ég hygg að við getum öll fagnað því að fallið var frá styttingu framhaldsskólans því að það var nú staðreyndin eftir því sem mér heyrist og sýnist að menn séu nú frekar að lengja skólana og hægja á námi, t.d. í Danmörku, frekar en það sé verið að stytta þá eins og hér stóð til að gera. Þegar við erum að horfa á okkar skólakerfi og það að skólaárið er aðeins styttra hér en

erlendis þá leiðir það af sér fleiri ár ef meiningin er að kenna það sama þó að auðvitað sé hægt að nýta tímann á mismunandi vegu.

Við skulum ekki gleyma því að okkar framhaldsskólakerfi byggist á mjög gömlum grunni, ævagömlum grunni. Af því að hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir fór aftur til ársins 1946, þá gæti ég farið allt aftur á daga Ísleifs biskups, en íslenskir framhaldsskólar eiga rætur að rekja þangað. (**GJH:** 1056.) Ég þori nú ekki alveg að fullyrða að skólinn hafi verið stofnaður þá þó að biskupsstóllinn hafi verið stofnaður. (**Gripið fram í:** 1. sept.) En þessi framhaldsskólahefð okkar byggist á mjög gömlum grunni og gömlu og föstu skipulagi sem reyndar hefur verið að breytast mikið á undanförnum árum.

Það segir hér í greinargerð með þessu frv. að það sé eitt meginmarkmið frv. að auka sjálfstæði skólanna, auka rétt þeirra til þess að taka ákvarðanir í eigin málum, en ég fæ nú ekki séð að hér sé um mikið aukið sjálfstæði að ræða. Ég vildi fá betri skýringu á því hvað átt er við því að miðað við það sjálfstæði og það frelsi sem framhaldsskólarnir hafa búið við hér um árabil þá er þetta auðvitað miklu meiri miðstýring og miklu meiri ákvarðanataka af hálfu menntmrn. en framhaldsskólarnir bjuggu við áður vegna þess að m.a. sú námsskrá sem hefur verið í gildi hefur verið fyrst og fremst til viðmiðunar og skólarnir hafa haft frelsi til þess að ákveða sínar brautir og sitt kennsluefni. Ég kem hér reyndar síðar að ýmsum öðrum atriðum sem mér finnst alls ekki ganga í þá átt að auka sjálfstæði framhaldsskólanna. Og það er einmitt meginspurningin, hvers vegna skyldu framhaldsskólarnir ekki hafa frelsi? Þetta eru ekki skyldunámsskólar og þeir eiga að þjóna margvíslegum tilgangi og hvers vegna skyldu þeir ekki hafa frelsi til þess að móta sína stefnu sjálfir? Auðvitað eiga þeir að uppfylla viss skilyrði. Þeir eiga að sjá til þess að fólk komi út úr þeim með þá menntun að geta farið í framhaldsnám á háskólastigi eða í öðrum skólum og það kemur fljótt í ljós hvort skólarnir standast það eða ekki. Því er ég ekki sátt við þá stefnu sem hér er fylgt og felst í því að negla niður námsskrá, negla niður námsbrautir og halda miklu fastar utan um framhaldsskólakerfið af hálfu menntmrn. Því eins og ástandið í framhaldsskólunum blasir við mér þá er þar um tvö meginvandamál að ræða. Annars vegar er ekki nægjanlega breitt framboð á námi, þ.e. það er ekki nægjanlegt námsframboð við hæfi þeirra nemenda sem sækja inn í skólana og hins vegar vildi ég nefna launamál kennara sem eru stórt og mikið vandamál og hefur haft mjög niðurdrepandi áhrif á allt þróunarstarf í framhaldsskólunum. Það er ekkert hægt að horfa fram hjá því.

Á undanförnum, eigum við að segja 25–26 árum, hefur orðið alveg gríðarleg þróun í framhaldsskólum hér á landi með því að nemendum fór að fjölga mjög mikið. Stórir árgangar komu inn í framhaldsskólana og fleiri og fleiri sóttust þar eftir menntun. Þróunin hófst á því að það var farið að stofna nýja menntaskóla, eins og Menntaskólann við Hamrahlíð og Menntaskólann við Tjörnina, sem nú heitir Menntaskólinn við Sund og skólum fór smátt og smátt að fjölga úti á landi. Og einhvern veginn þá skapaðist sú krafa og sú hugmynd í þjóðfélaginu að það væri enginn maður með mönnum sem ekki hefði stúdentspróf. Það er í rauninni ákaflega merkilegt að velta því fyrir sér hvers vegna og hvernig þetta gerðist. Nú er ég alin upp í sjávarplássi og þegar ég var barn þá þótti það ekki merkilegt að vera að fara í framhaldsskóla, menn áttu bara að fara á sjóinn og í frystihúsið og vinna þar mikið og þéna mikið. Það voru undantekningarnar sem fóru í framhaldsskólanám. En síðan þá hefur þetta hugarfar breyst mjög mikið, sem betur fer, því við þurfum ekki á neinu meira að halda en því að mennta þjóðina og ég held að þessi breyting og þessi þróun hafi orðið íslensku þjóðfélagi mjög til góðs.

Hins vegar er ég ekki eins sátt við þá þróun sem hefur orðið vart við á allra síðustu árum þar sem farið er að deila framhaldsskólunum niður og það er verið að stofna framhaldsdeildir á hinum ýmsu stöðum og eins og kom fram í máli hv. þm. Svavars Gestssonar þá eru það mikið til grunnskólakennarar sem sinna kennslu í þessum framhaldsdeildum. Ég er þeirrar skoðunar að þarna sé því miður verið að mismuna nemendum því það er það mikill munur á kennslu, á námi og á námsgreinum milli grunnskóla og framhaldsskóla að grunnskólakennarar hafa einfaldlega ekki forsendur til að kenna þessar greinar og þá er ég ekki síst að hugsa um greinar eins og stærðfræði, efnafræði, þýsku og slíkar greinar sem kenndar eru á fyrstu vetrum í framhaldsskólum. Því vil ég horfa á þessa þróun með gagnrýnum augum og ég óttast að það sé ekki verið að gera nemendum mikinn greiða með þessum framhaldsdeildum, þó ég skilji mjög það sjónarmið foreldra að vilja halda börnunum heima því auðvitað er það miklu ódýrara fyrir heimilin ef börnin geta stundað nám heima í héraði. En eins og málum er háttað þá eru þessar framhaldsdeildir ekki þannig í stakk búnar að þær geti boðið þessum nemendum upp á sömu gæði í menntun og stóru skólarnir.

Í frv. er hlutverk framhaldsskólans skilgreint þannig að það sé að mennta eða stuðla að alhliða þroska nemenda. Hlutverk framhaldsskólans er að búa nemendur undir störf í atvinnulífinu og að búa nemendur undir framhaldsnám. Það má segja að sú hugmynd sem sett er hér fram um aðgreiningu framhaldsskólanna byggist á þessu þríhliða hlutverki, þ.e. almennt nám, starfsnám og síðan það nám sem miðast fyrst og fremst við stúdentspróf.

Ef ég reyni að feta mig í gegnum frv. lið fyrir lið, og ég ætla í leiðinni að koma inn á ýmis atriði sem tengjast því, þá vil ég fyrst koma inn á það atriði sem fjallar um starfstíma skólanna, sem ég nefndi reyndar aðeins áðan. Samkvæmt frv. á námstími að vera 150 dagar og það er ákveðin kvörtun í grg. og í nál. yfir öllum þessum tíma sem fer í próf. En ég fæ ekki séð, og ég miða þar við mína reynslu af kennslu og prófum, hvernig hægt er að stytta prófatíma mikið ef meiningin er að gera sömu kröfur til nemenda og gerðar hafa verið. Það þarf einfaldlega ákveðinn tíma til að taka próf og það þarf ákveðinn tíma til að fara yfir

próf. Ég sé ekki alveg hvernig þetta á að ganga upp.

Það vill nú svo til að sú regla, sem er í gildi í flestum framhaldsskólum og áfangaskólanum um 13 vikna haustönn og 13 vikna vorönn, er alveg nákvæmlega reiknuð út frá vinnutíma kennara og út frá stundaskrám og slíku og allir samningar kennara miðast við þetta tímabil. Það sem fram yfir fer er einfaldlega greitt sem yfirvinna. Þar af leiðandi kalla þessar breytingar, sýnist mér, og reyndar fleira sem hér er að finna, á samninga við Hið íslenska kennarafélag og menn hljóta að skoða það mjög rækilega hvað þetta þýðir fyrir vinnutíma kennara.

Það atriði sem ég óttaðist einna mest í sambandi við lengingu skólaársins var einmitt vinnutími kennara því eins og ég þekki til þá vinna kennarar í framhaldsskólum mjög mikið yfir höfuð. Þar er unnin og hefur verið unnin mikil yfirvinna, fólk verður einfaldlega að gera það til þess að geta séð sér farborða og ég óttaðist að lenging skólaársins mundi hafa í för með sér enn þá meiri vinnu og er hún þó nóg fyrir.

Ég ætla þá að víkja að skólanefndunum, þar sem um er að ræða nokkra breytingu og þá aðallega varðandi skipan þessara nefnda. Ég var að velta þeirri spurningu fyrir mér hvaða ástæða er fyrir því, ef við horfum á Reykjavík þar sem eru margir framhaldsskólar, hvaða ástæða er fyrir því að hafa margar skólanefndir í Reykjavík en þegar við horfum á grunnskólana þá dugar ein skólanefnd? Er samræmi í þessari skólastefnu? Nú get ég ekki ímyndað mér annað en að skólanefndir grunnskólanna muni hafa töluvert mikið á sinni könnu og ég fæ ekki séð að það sé slíkur eðlismunur á þessu tvennu og af þessu dreg ég þá ályktun að það ættu að vera fleiri skólanefndir t.d. í Reykjavík þar sem er fjöldi grunnskóla. Ég held að við þurfum að hugsa þetta mál svolítið. Ég veit reyndar að nefndin sem vann frv. velti ýmsum möguleikum fyrir sér og ég er alveg viss um að t.d. hver einasti framhaldsskóli þarf á sinni skólanefnd að halda. Það er full þörf fyrir sérstaka skólanefnd, það eru það mörg mál sem koma upp í stórum skólum og jafnvel þó þeir séu ekki mjög stórir.

Sú breyting er gerð á skólanefndunum að fulltrúum kennara og nemenda er vikið úr nefndunum og þeir eru gerðir að áheyrnarfulltrúum. Ég þekki það sjónarmið skólameistara að þeim finnst óþægilegt að vera komnir undir ákvarðanir undirmanna sinna, þ.e. að kennarar séu að taka ákvarðanir um atriði sem snerta skólameistarana, en ég held að það sé það mikilvægt að starfsfólk skóla, það þurfa ekki endilega að vera kennarar, það getur verið annað starfsfólk, og nemendur hafi raunveruleg áhrif á mótun skólans. Þannig að ég er andvíg þessu ákvæði.

Eitt af hlutverkum skólanefndanna er að ákveða upphæð skólagjalda og eftir því sem ég best fæ séð þá er hér ekkert þak á þessum gjöldum. Það er ekkert í frv. sem setur þak á skólagjöldin. Ég rifja það upp að við kvennalistakonur lögðumst eindregið gegn skólagjöldum í framhaldsskólunum. Þó að þau séu ekki há þá er þetta grundvallarmál að nemendur séu ekki látnir standa undir rekstri skólanna. Ég ítreka það enn einu sinni að ég lít ekki þannig á að skólagjöld hafi verið innheimt í framhaldsskólum landsins í þeim skilningi að þau hafi gengið til rekstrar skólanna þó það kunni að hafa verið undantekningar á því. Þessi gjöld sem nemendur greiddu hafa fyrst og fremst runnið til starfsemi nemenda. En hér var tekin sú ákvörðun fyrir 1–2 árum að fara að innheimta skólagjöld í framhaldsskólum. Ég held að við þurfum að athuga þetta alveg sérstaklega, hvort skólanefndir eigi að hafa óskorað vald í því að innheimta skólagjöld. Það hefur verið í gildi sú regla og sú viðmiðun í menntmrn. að skólagjöldin væru ekki hærri en 3.000 kr., en ég fæ ekki betur séð en skólanefndirnar hafi þarna fullt vald.

Hvað varðar starfsfólk skólanna þá fagna ég því atriði að það skuli vera takmörkun á ráðningartíma skólameistara, 5 ára ráðningartími, en ég tek undir það að ég held að það ætti að leita umsagnar kennara almennt jafnframt að fá umsögn skólanefndarinnar. Ég held að það geti oft verið gott að fá fram sjónarmið kennara og þeirra sem starfa við skólann þegar um ráðningu skólameistara er að ræða þó auðvitað eigi faglegar kröfur fyrst og fremst að ráða þar för. Ég vil undirstrika það sérstaklega. Það veitir ekki af að auka fagmennskuna í skólunum.

Það er nýtt ákvæði hérna eftir því sem ég best fæ séð varðandi ráðningu deildarstjóra. Eins og ég þekki til í framhaldsskólanum þá hafa stöður deildarstjóra, það eru margar stöður deildarstjóra í framhaldsskólunum, gengið á milli kennara. Þeir hafa skipt þessu á milli sín eftir því hvernig á stendur. Ég sé sannast að segja ekki neina ástæðu til þess að vera að binda það í lög að skólameistari ráði deildarstjóra til tveggja ára. Þetta hefur einfaldlega verið afgreitt af kennarahópnum, allavega þar sem ég þekki til og ég sé einfaldlega enga ástæðu til þess að vera að binda þetta í lög.

Varðandi inntökuskilyrðin þá er auðvitað haldið hér þeirri reglu sem tekin var upp fyrir allmörgum árum, í tíð Birgis Ísleifs Gunnarssonar, að framhaldsskólarnir séu öllum þeim opnir sem lokið hafa grunnskólaprófi. Samkvæmt 15. gr. þá segir að það beri að setja í reglugerð lágmarkskröfur um námsárangur í einstökum greinum, en jafnframt er gengið út frá því að einhver hópur nemenda komi þannig út úr grunnskólunum að það þurfi að setja upp sérstakt fornám. Annars vegar á að setja kröfur um lágmarkskunnáttu en hins vegar þarf að setja upp fornám fyrir nemendur sem hafa ekki þá kunnáttu að geta gengið inn í framhaldsskólann, að geta hafið nám í framhaldsskóla. Mér finnst vera mótsögn í þessu og ég spyr: Hvers vegna á það að vera hlutverk framhaldsskólans að gera nemendur hæfa um að hefja þar nám? Er það ekki hlutverk grunnskólans? Hvað er svona voðalegt við það að stoppa fólk í grunnskóla og að fólk þurfi hugsanlega að endurtaka þar síðasta árið eða að hægja á sér? Það er talað um það í grunnskólafrv. að fjölga samræmdum prófum, það verði samræmd próf a.m.k. þrisvar sinnum á grunnskólaferlinum. Og þá er það komið í ljós ef nemendur ekki ráða við námið í grunnskóla, hvers vegna á að vera að halda því áfram sem hefur kannski verið eitt mesta mein framhaldsskólans, að

hleypa fólki þar inn sem ræður ekki neitt við neitt? Hvers vegna? Mér finnst vera mótsögn í þessu sem þarf að skýrast. Eiga þessar lágmarkskröfur í einstökum greinum eða greinaflokkum að vera það lágar að það þurfi samt að koma upp þessu fornámi? Ég held að það þurfi að skoða þetta aðeins nánar.

Það var þannig í skólakerfinu fyrir allmörgum árum þegar landsprófið var við lýði og reyndar önnur lokapróf, að fólk varð einfaldlega að ná þeim prófum. Það er auðvitað mikil sorg og mikil synd að ná ekki prófum en ég spyr enn og aftur: Hvers vegna á framhaldsskólinn að takast á við það? Er það ekki hlutverk grunnskólans að útskrifa nemendur með þeim hætti að þeir séu þó hæfir til frekara náms?

Þá kem ég að námsbrautunum. Ég vil líka gagnrýna það að bundnar séu þrjár meginleiðir, þ.e. starfsnám, bóknám og almenn námsbraut. Það sem ég vil gagnrýna er fyrst og fremst þetta að það skuli vera bundið í lög að námið á bóknámsbrautum skuli vera í þrennu lagi, þ.e. tungumálabraut, félagsfræðibraut og náttúrufræðibraut. Eftir því sem ég best veit hafa verið starfandi eðlisfræðibrautir við nokkra framhaldsskóla sem er svolítið annað en náttúrufræðibraut. Eða er meiningin í þessu að skilgreiningin á t.d. náttúrufræðibraut sé mjög víð? Ég vildi gjarnan fá skýringu á þessu. Er það meiningin sem sagt að með náttúrufræðibraut eigi að ná yfir allt raunvísindasviðið og þá jafnframt með tungumálabraut að það gefi þá kost á ákveðnum sveigjanleika? Ég held að það hljóti að vera. Það getur ekki verið meiningin að binda hér í lög að það beri að kenna náttúrufræðigreinar eftir einhverjum þröngum skilningi.

Varðandi þessa almennu námsbraut sem ætlunin er að ljúka með framhaldsskólaprófi þá get ég svo sem tekið undir það markmið í sjálfu sér að það eigi að vera til fleiri leiðir í framhaldsskólanum. En miðað við það hugarfar sem hefur verið ríkjandi og þá kröfu að allir ljúki stúdentsprófi þá get ég ekki leynt því að ég hef efasemdir um að það verði eitthvert gagn í þessu. Það voru gerðar tilraunir í framhaldsskólakerfinu með tveggja ára brautir sem reyndar var sá galli á að þær leiddu ekki til neins lokaprófs. Þarna er auðvitað munur á, en þessar tveggja ára brautir runnu allar út í sandinn. Það gafst ekki vel. Það þótti ekki nógu gott að vera tvö ár í framhaldsskóla. Krafan var sú að halda áfram.

Varðandi starfsnámið, þá hef ég líka velt þessu mikið fyrir mér. Það er mjög algengt að heyra þetta, fólk er að tala um að það þurfi að efla starfsnám, það þurfi að efla verknám o.s.frv. En hvað er fólk að tala um í raun og veru? Hvaða greinar? Hvaða þætti atvinnulífsins? Hvaða þörf á að þjóna? Fyrir mér er það afskaplega óljóst og einhvern veginn hef ég á tilfinningunni að þetta sé svolítið mikið bundið gömlum hugmyndum um iðnskóla og iðnnám og menn hafi áhyggjur af því að það vanti rafvirkja, trésmiði og pípulagningamenn og fleira slíkt, en ég held að ef við erum að hugsa í alvöru að bæta starfsnám, þá þurfi að hugsa sig í gegnum þetta og ég er engu nær eftir að hafa lesið þetta frv., greinargerðina, nefndarálitið. Um hvað eru menn að tala? Í þessari nefnd sem á að vinna með skólunum, þ.e. samstarfsnefnd atvinnulífsins eða samstarfsnefnd um starfsnám á framhaldsskólastigi, þar er meiningin að séu fulltrúar frá ASÍ, VSÍ, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og Vinnumálasambandi samvinnufélaga, en ég spyr: Eru þetta fulltrúar hins breiða atvinnulífs? Eru þetta fulltrúarnir sem hafa yfirsýn yfir þær breytingar sem eru að eiga sér stað í atvinnulífinu? Og hvað um opinbera geirann? Hvað um hið opinbera, starfsmenn sveitarfélaga og þróunina hjá ríkinu? Ég ætlast ekki til þess að fulltrúi BSRB hafi yfirsýn yfir allt það sem þar er að gerast. Þarna er um mjög stórar þjónustugreinar að ræða sem einmitt kalla á ýmiss konar sérhæfingu og sérhæft starfslið, ef við hugsum bara um heilbrigðisþjónustuna eins og hún leggur sig og náttúrlega þá þróun sem er kannski mest áberandi og tengist alls konar þjónustugreinum, tölvum og slíku. Ég veit ekki hvort menn eru hér á réttum brautum og hvort þessi skylduaðild, sem ASÍ og VSÍ virðast eiga að öllum nefndum sem settar eru á laggir, eigi einfaldlega rétt á sér. Ég held að við þurfum að skoða þetta rækilega.

Þegar kemur að sjálfu skipulaginu, þ.e. brautakjörnum, kjörsviði og frjálsu vali nemenda, þá er hér verið að binda í lög ákveðið skipulag og maður getur spurt sig: Ættu ekki skólarnir einfaldlega að ráða því sjálfir hvernig þeir haga þessu? Þetta er ákveðin hugmynd sem þarna er verið að festa í lögin. Það er með þessum hætti í flestum skólum. Það er yfirleitt alls staðar eitthvert val.

Aðeins um eftirlitið. Það er sterk hugsun í áliti nefndarinnar sem samdi þessi frumvörp að það sé mjög mikil þörf á auknu eftirliti og auknu bæði innra mati og mati annarra á því sem verið er að gera í skólunum. Og ég spyr: Hver á að annast þetta mat? Er Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála í stakk búin til þess að annast þetta mat og gera úttekt á sjálfsmati skólanna? Ég sé það ekki alveg fyrir mér að þessi stofnun sé það. Kannski er það misskilningur. Kannski hefur hún bæði fólk og þekkingu þar innan dyra sem ræður við þetta verk, en hér er allt óljóst um hvernig að þessu skuli staðið. Það er líka hugsanlegt að fá útlendinga og erlendar stofnanir til þess að gera úttekt á íslensku skólakerfi. Það er auðvitað allt til í því og ég get tekið undir það að ég held að það sé skólakerfinu mjög hollt að fá slíka úttekt og að lagt sé mat á það sem verið er að gera. En ég held reyndar að skólarnir hafi nokkuð góða sýn á sitt starf og það kemur fljótt í ljós ef nemendur ráða ekki við námið eða það sem þeir ætla sér eftir á, þó það kunni auðvitað að verða einstaklingunum dýrkeypt.

Eins er með hugmyndina um samræmd próf. Það er mál sem ég á í verulegum erfiðleikum með og mér finnst ekki samræmast því framhaldsskólakerfi sem hér hefur verið við lýði. Ég get tekið undir það að ef við erum að hugsa um háskólann, hvort sem það er nú Kennaraháskólinn eða Háskóli Íslands, þá verða þeir auðvitað að hafa tæki til þess að meta sína nemendur. En ég er tilbúinn til þess að hugsa þetta mál mjög rækilega og ræða í starfi hv. menntmn. En ég er ekki

sannfærð um að þetta sé af hinu góða og ég held að þetta bjóði svolítið upp á ákveðna einsleitni og einhæfingu í kennslu ef menn fara að taka alltaf mið af þessu, að kennslan hæfi prófunum. Hver er það sem semur prófin? Við hvað miða þeir? Hvaða hugsun er þar að baki?

Ef ég tek bara dæmi af grein eins og sögu, þá er það t.d. ákaflega mismunandi hvaða áherslu sögukennarar leggja á t.d. kvennasögu. Á ég að treysta því að ef mig langar til að koma ákveðinni þekkingu til skila til nemenda, að þeir verði prófaðir í því af einhverri samræmdri prófanefnd eða einhverjir ákveðnir þættir sem ég vildi fá úttekt á hjá mínum nemendum? Það er margt sem þarf að athuga í þessu samhengi.

Í frv. er kveðið á um námsráðgjöf og ég hefði gjarnan viljað sjá hér líka minnst á sálfræðiþjónustu sem ég held að sé mjög mikil þörf á að efla. Með öllum þessu breiða nemendahópi koma margvísleg vandamál upp og það hefur verið vandamál í framhaldsskólunum að hafa ekki nægjanlegan aðgang að sálfræðiþjónustu. Við þurfum einfaldlega að horfast í augu við það að það verður að bjóða nemendum upp á þjónustu af margvíslegu tagi.

Virðulegi forseti. Ég ætla að fara að stytta mál mitt. Það sem vekur athygli við þessar breytingar sem hér er verið að leggja til er auðvitað það hvað þær muni kosta. Hvað kosta þessar breytingar? Það er greinilegt að hér er meiningin bæði að gefa skólunum og öðrum tíma til þess að aðlagast þessum breytingum en kannski ekki síst er það markmið að þetta hafi ekki áhrif á fjárlögin á allra næstu árum. Ég verð að minna á það að við höfum afar vonda reynslu af því hér á hinu háa Alþingi þegar verið er að fresta gildistöku laga og síðan er því frestað aftur og aftur að þau gangi í gildi og vil ég nefna sérstaklega ákvæði sem snerta grunnskólann. En eftir að hafa farið í gegnum úttekt fjmrn. á þessum breytingum þá er frekar erfitt að átta sig á því hvað þetta muni kosta vegna þess að það er margt óljóst í þessu sem á að gera. Þar er komið að stórum vanda, þ.e. því hvort það fást peningar til breytinga á framhaldsskólakerfinu.

Ég vil undirstrika það svona undir lokin, virðulegi forseti, það sem ég sagði hér í upphafi að meginvandinn er sá að reyna að bregðast við þessum mikla fjölbreytileika sem er að finna hjá nemendum, þessum mismunandi nemendahópi sem hefur komið inn í framhaldsskólann og að reyna að finna leiðir til þess að bjóða nemendum upp á nám við þeirra hæfi. Og þegar verið er að leggja áherslu á styttri námsbrautir og starfsnám, þá hlýt ég líka að spyrja: Hverjir eiga að gera þetta? Ef þetta á að vera megináherslubreyting í framhaldsskólakerfinu, hverjir eiga þá að gera þetta? Það eru starfandi nokkrir verkmenntaskólar í landinu, þeir eru ekki margir, og það eru hefur gengið ákaflega illa að fá meira fjármagn til aukinnar verkmenntakennslu og ef þetta á að verða einhver meginbreyting þá hlýtur líka að verða mikil breyting á framhaldsskólunum sjálfum. Nú stendur til að byggja upp verkmenntaskóla hér á Reykjavíkursvæðinu í Borgarholtinu og það er starfandi verkmenntaskóli á Akureyri og einn á Neskaupsstað og síðan eru ýmsir af framhaldsskólunum með verkmenntabrautir á sínum snærum. Eftir því sem ég best veit og hef séð þegar ég hef heimsótt þessa skóla þá er verið að gera margt mjög gott og merkilegt í þessum verkmenntaskólum. Þar er verið að bjóða upp á fjölbreytt nám. En ég held að við þurfum svolítið að hugleiða það hvað við erum að tala um, hvers konar verkmenntun. Þurfum við ekki að hugsa okkur í gegnum þetta og reyna að átta okkur miklu betur á þörfum framtíðarinnar, ekki aðeins úti á hinum almenna vinnumarkaði heldur einnig í þjónustugeiranum og líka að reyna að skilgreina það hverjir eiga að annast þetta og hvar? Við þurfum að bæta okkar skólakerfi. Ég get svo sannarlega tekið undir það, en ég held að leiðin til þess sé ekki aukin miðstýring og aukið eftirlit með skólastarfinu heldur fyrst og fremst það að gera skólunum mögulegt að koma með nýjungar og að þróa sitt starf í samræmi við þarfir þessa síbreytilega nemendahóps.

Útbýting þingskjala:

Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda, 190. mál, stjfrv., þskj. 212.

Tollar á útflutningi reiðhrossa, 193. mál, fsp. EL, þskj. 216.

[17:32]

Sigríður A. Þórðardóttir:

Virðulegi forseti. Mikilvægt er að stefnumörkun í menntamálum sé afrakstur frjórrar umræðu þar sem tekist er á um ólík sjónarmið. Við mótun menntastefnu er leitast við að finna leiðir til að tryggja öllum þegnum þjóðfélagsins góða menntun og þjóðfélaginu vel menntað fólk til margvíslegra starfa. Þannig tekur stefnumótun í menntamálum til fjölmargra þátta í skólahaldi, svo sem markmiðssetningar, eftirlits og mats, náms og kennslu, stuðnings við skólastarf, stjórnkerfi skóla, fjárveitingar til skólahalds og skólarannsókna.

Brýnt er að umræða um skólamál verði almenn og fleiri aðilar en skólamenn einir öðlist skilning á eðli þess flókna ferlis sem nám og kennsla er.

Með aukinni umræðu um skólamál er full ástæða til að vona að þessi mikilvægi málaflokkur fái meira vægi í pólitískri ákvarðanatöku en þekking og skilningur almennings á skólamálum er einnig forsenda þess að aðhald að skólastarfi verði heilbrigt og sanngjarnt.

Í mörgum Evrópulöndum er ríkt hefð fyrir opinberri umræðu um skólamál og lögð mikil áhersla á ábyrgð stjórnmálamanna á stefnumótun og framkvæmd skólastarfsins. Í Bandaríkjunum benda sérfræðingar nú á að virk þátttaka stjórnmálamanna og almennings í undirbúningi stefnumótunar og framkvæmda sé forsenda þess að takast megi að veita skólamálum þann forgang sem þeim ber og tryggja málaflokknum aukinn hlut í fjárveitingum. Þessi ábending á einnig við hér á landi.

Í framhaldsskólana sækir hópur ólíkra nemenda hvað varðar undirbúning, þroska, áhugasvið og námsgetu. Talsvert skortir á að skólarnir geti sinnt margvíslegum þörfum þessa hóps. Gildandi lög gera ráð fyrir að hver sá sem lýkur grunnskólanámi eigi rétt á

skólavist á framhaldsskólastigi. Þetta lagaákvæði hefur af yfirvöldum menntamála verið túlkað á þann veg að nemendur eigi rétt á að hefja hvaða nám sem er á framhaldsskólastigi án tillits til undirbúnings og árangurs í grunnskóla. Afleiðing þessarar stefnu er sú að margir nemendur eru lengi að finna sér nám við hæfi eða flosna upp frá námi. Stúdentsprófsbrautir hafa um langt skeið haft mest aðdráttarafl í hugum nemenda og foreldra, en því miður vegnar mörgum nemendum illa í námi á þeim brautum. Námstími þessara nemenda er oft lengri en námsskrá gerir ráð fyrir og margir hætta námi ár hvert án skilgreindra námsloka.

Hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir gagnrýndi fyrrv. menntmrh., hv. þm. Svavar Gestsson, í umræðum um skólamál sl. þriðjudag og nefndi að í hans tíð hefði framhaldsskólinn verið opnaður fyrir alla án þess að skólarnir fengju tækifæri til að laga sig að þessum breytingum. Hv. þm. Svavar Gestsson svaraði því til að þetta hefði verið verk forvera hans í starfi, en hann gleymdi að geta þess að 16. gr., sem fjallar um inntökuskilyrði, var breytt í hans ráðherratíð 1989 í þá veru að felld voru niður ákvæði sem voru í lagagreininni um að nemendum væri skylt að stunda fornám í einstökum námsgreinum samkvæmt námsskrá hefðu þeir ekki náð tilskildum lágmarksárangri. Og enn fremur var fellt niður ákvæði um heimild til að setja lágmarkskröfur til inngöngu í ákveðna námsáfanga. Hann bar því einmitt fulla ábyrgð á því að framhaldsskólinn var opnaður fyrirhyggjulaust fyrir alla án tillits til þess hvort nemendur væru undirbúnir fyrir það nám sem þar fer fram eða hefðu möguleika til að standa sig í námi.

Undirstaða alls skólastarfs er skýr markmiðssetning. Uppeldis- og menntunarmarkmið framhaldsskólans þurfa að endurspeglast í námsskipulagi framhaldsskólastigsins, námsskrá framhaldsskólans, skólanámsskrá og starfsháttum einstakra skóla og starfi kennara með nemendum. Fyrstu skrefin í nauðsynlegri stefnumótun fyrir framhaldsskólastigið hafa verið stigin með vinnu við það frv. sem hér er til umfjöllunar. En mikil vinna er fyrir höndum hjá þeim aðilum sem fá það hlutverk að vinna að áframhaldandi mótun og uppbyggingu þess. Það hlýtur að vera kappsmál þjóðinni allri að framhaldsskólinn festist ekki í fortíðinni heldur takist á við breyttar þjóðfélagsaðstæður. Móta þarf stefnu til framtíðar um nýjan framhaldsskóla sem er fær um að veita þá þjónustu og menntun sem þjóðfélagið og þegnar þess eiga tilkall til.

Með breyttum þjóðfélagsháttum og stórauknum fjölda nemenda verður að gera verulega breyttar kröfur til framhaldsskóla. Niðurstöður kannana á námsgengi framhaldsskólanemenda hljóta að teljast mikið áfall fyrir framhaldsskólann og íslenskt þjóðfélag. Samkvæmt þeim virðist brottfall nemenda óeðlilega mikið og verulega skortir á eðlilegt námsgengi framhaldsskólanema. Skýrsla Félagsvísindastofnunar, Námsferill í framhaldsskóla, sem byggist á rannsókn á námsgengi árgangs nemenda fæddra 1969, er ítarlegasta rannsókn sem gerð hefur verið hér á landi á námsferli nemenda í framhaldsskólum. Þar kemur fram að einungis 45% árgangsins höfðu lokið námi úr framhaldsskóla sex árum eftir grunnskólapróf. Um 30% höfðu hætt án prófs, um 10% voru enn í námi og um 13% höfðu ekki farið í framhaldsskóla. Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands hverfa um það bil 20% árgangs frá námi fyrstu tvö árin í framhaldsskóla. Á sama tíma er að jafnaði nálægt einn og hálfur árgangur skráður á fyrsta námsár í framhaldsskólanámi. Ástæður þessa eru eflaust margar og margvíslegar en helstar þeirra eru líklega fábreytt námsframboð. Nemendum stendur fátt annað til boða er í framhaldsskóla kemur en að hefja almennt bóknám sem stefnir að stúdentsprófi. Langstærstur hluti nemendahópsins innritast í slíkt nám á fyrsta ári, en því miður gengur ekki öllum jafn vel að ráða við þær námskröfur sem gerðar eru og þess vegna var brýnt að endurskoða námsframboð framhaldsskólans og námsuppbyggingu hans í þeim tilgangi að miða námið í ríkara mæli við þarfir einstaklinga, atvinnulífs og þjóðfélagsins í heild.

Almennt menntunarhlutverk framhaldsskólans verður að efla og framhaldsskólinn þarf á markvissan hátt að stuðla að því að dýpka skilning nemenda á sjálfum sér og samfélaginu, svo sem sögulegum forsendum, atvinnuháttum, menningu og listum, náttúru og umhverfisvernd, stöðu Íslands í alþjóðlegu samstarfi, samskiptum, samvinnu, fjölskylduábyrgð og einstaklingsskyldum. Einnig er brýnt að framhaldsskólar stuðli að aukinni færni nemenda í kjarnagreinum sem við höfum skilgeint íslensku, ensku og stærðfræði þar sem færni í þessum greinum er undirstaða náms og starfs á ólíkum sviðum. Leggja ber áherslu á hagnýta þætti í kennslu kjarnagreina hjá öllum nemendum framhaldsskólans og að nemendur á lengri námsbrautum leggi stund á a.m.k. tvær af þremur kjarnagreinum allan námstíma sinn í framhaldsskóla. Eðlilegt er að bekkjakerfi og áfangakerfi þróist áfram hlið við hlið á framhaldsskólastigi eins og verið hefur og nauðsyn ber til að gerð verði rannsókn á ýmsum námslegum og félagslegum þáttum í báðum kerfum sem byggja má á við frekari þróun kennslufyrirkomulags á þessu skólastigi.

Léleg skólasókn framhaldsskólanema, mikið brottfall úr skóla, tíð skólaskipti og lágt útskriftarhlutfall endurspeglar m.a. ríkjandi aga- og aðhaldsleysi hér á landi. Framhaldsskólar verða að beita öllum tiltækum ráðum til að styðja við nemendur og halda þeim að námi. Og þar þarf sérstaklega að efla hlutverk umsjónarkennara í framhaldsskólum og auka ábyrgð hins almenna kennara á stuðningi við nemendur.

Einnig er nauðsynlegt að skipuleggja vinnutíma framhaldsskólanema betur á þann veg að í stað þess að kennt sé einungis í sex mánuði á ári og prófað í 6–8 vikur njóti nemendur leiðsagnar og handleiðslu kennara í lengri tíma árlega og vinnuálaginu verði jafnað yfir allan starfstíma skólans.

Ég vík örfáum orðum að aga í tengslum við framhaldsskólafrv. Í íslensku samfélagi ríkir meira aga- og aðhaldsleysi en víða í nágrannalöndum. Í framhaldsskólum endurspeglast aðhaldsleysi m.a. í lélegri skólasókn og miklu brottfalli og flutningi nemenda milli skóla samfara tiltölulega lágu útskriftarhlutfalli eins og

ég nefndi áðan. Skólar eru í eðli sínu íhaldssamar stofnanir og hlutverk framhaldsskóla er m.a. að vera ákveðin kjölfesta í lífi uppvaxandi kynslóðar. Framhaldsskólar þurfa að beita tiltækum ráðum til að styðja við nemendur og halda þeim að námi þann tíma sem þeir eru skráðir í skóla. Nám í framhaldsskóla leggur mikla ábyrgð á herðar nemendum, mun meiri en þeir eiga að venjast í grunnskóla. Nemendum stendur til boða ráðgjöf frá yfirstjórn skólanna, námsráðgjöfum og umsjónarkennurum en endanleg ákvörðun um námsval er í höndum nemenda sjálfra.

Á undanförnum árum hefur námsráðgjöf verið efld til muna í framhaldsskólum og eru nú starfandi námsráðgjafar í flestum framhaldsskólum landsins. Hlutverk þeirra er að liðsinna nemendum við námsval og varðandi ýmis vandamál er upp kunna að koma í tengslum við námið. Námsráðgjafar gegna veigamiklu hlutverki í framhaldsskólum en þeir einir hafa þó ekki bolmagn til að mæta þörfum nemenda fyrir ráðgjöf og leiðsögn.

Brýnt er að auka stuðning við framhaldsskólanema til muna og á margvíslegan hátt m.a. með því að efla hlutverk umsjónarkennara. Sérhver framhaldsskólakennari þarf að taka ábyrgan þátt í að veita framhaldsskólanemendum nauðsynlegt aðhald og stuðning í námi. Skipuleggja þarf vinnutíma framhaldsskólanema betur þannig að þeir njóti leiðsagnar og handleiðslu kennara í lengri tíma árlega og vinnuálagi á nemendur verður að jafna betur yfir allan starfstíma skólans.

Á síðustu árum hefur aukist mjög að framhaldsskólanemendur stundi launaða vinnu með náminu. Rannsókn sem gerð var á vinnu nemenda í tveim skólum á höfuðborgarsvæðinu veturinn 1990–1991 sýndi að meira en helmingur nemenda vann með námi. Af þeim sem unnu sögðu 17% stúlkna og 6% drengja það vera til þess að geta stundað nám, en um helmingur þeirra sem vann gerði það til þess að afla sér vasapeninga. Í rannsókninni er bent á að veruleg vinna framhaldsskólanemenda geti leitt til þess að námskröfur í skólum minnki. Það er mikilvægt að tekið verði á þessum vanda og þeirri spurningu svarað hvort ganga eigi út frá því að framhaldsskólanám sé full vinna og að námskröfur verði miðaðar við það eða hvort gera eigi ráð fyrir því í námsskipulagi og námskröfum að nemendur stundi vinnu með framhaldsskólanámi.

Frá því framhaldsskólafrv. var lagt fram til kynningar á síðasta þingi hafa verið gerðar á því nokkrar breytingar. Veigamest þeirra er eflaust að fallið hefur verið frá fyrirhugaðri lengingu skólaársins úr níu mánuðum í tíu og lágmarksfjöldi kennsludaga er færður úr 160 í 150 daga. Ég verð að játa að ég sé mjög mikið eftir þessum tillögum úr frv. Líta ber á menntakerfi okkar sem hluta af alþjóðlegri heild og gildir það jafnt um innihald og árangur skólastarfsins. Ef nemendur annarra þjóða hafa fengið nægan undirbúning til framhaldsnáms við 18 eða 19 ára aldur er full ástæða fyrir okkur að endurskoða þá stefnu að halda nemendum í framhaldsskóla fram að tvítugu. Þar með yrði almennur rammi um grunn- og framhaldsskólann hérlendis ekki verulega frábrugðin því sem gerist annars staðar. Einnig ber að líta til þess að sérhæft nám færist nú í auknum mæli yfir á háskólastig hér á landi sem annars staðar. Með því að stytta framhaldsskólann um eitt ár með lengingu skólaárs, betri nýtingu tíma og fjölgun skóladaga, mætti flýta því að nemendur geti tekist á við markvissan starfsundirbúning að loknu framhaldsskólanámi. Frekari rök fyrir styttingu framhaldsskólans er að finna í skýrslu nefndar um mótun menntastefnu. Í mínum huga horfir sú breyting til framfara og framtíðar og ég tel raunar að líklegt sé að í náinni framtíð komist menn að þeirri niðurstöðu að stíga beri þetta skref.

Ég vík nú að námsuppbyggingu framhaldsskólans. Nám í framhaldsskólum verður skipulagt samkvæmt frv. á námsbrautum en einnig verða námsleiðir fyrir nemendur sem illa geta tekist á við nám á framhaldsskólastigi. Nemendur sem ekki hafa náð námsmarkmiðum grunnskóla eiga kost á fornámi sem veitir undirbúning fyrir nám á námsbrautum framhaldsskóla eða námi í sérstökum deildum sem ætlaðar eru fötluðum nemendum.

Aðalflokkar námsbrauta verða þrír. Bóknámsbrautir til stúdentsprófs sem búa nemendur undir háskólanám, starfsnámsbrautir til skilgreindra lokaprófa sem veita undirbúning fyrir störf á vinnumarkaði og almenn námsbraut til framhaldsskólaprófs sem styrkir almenna þekkingu og færni nemenda í kjarnagreinum en getur jafnframt verið skilgreindur hluti af námi á einstökum brautum.

Nám í sérstökum deildum er nýjung frá gildandi lögum. Hér er verið að lögfesta ýmiss konar námsframboð fyrir fatlaða, einkum greindarskerta nemendur, sem þegar er rækt í nokkrum skólum og nægir að nefna starfsdeildina við Iðnskólann í Reykjavík sem dæmi.

Fornám er skipulagt til eins árs og ætlað nemendum sem verulega skortir á námsundirbúning, eru t.d. undir lágmarkseinkunn í fleiri en tveimur námsgreinum á samræmdu prófi við lok grunnskóla og þurfa verulegan stuðning námslega og félagslega. Að loknu fornámi gefst nemendum kostur á að fara í stutt starfsnám eða þreyta á ný samræmd lokapróf úr grunnskóla til að geta hafið nám á námsbrautum framhaldsskóla.

Bóknámsbrautum til stúdentsprófs er fækkað úr þrettán í þrjár og gert ráð fyrir að námskröfur verði auknar. Þrátt fyrir fækkun bóknámsbrauta verður hægt að leggja stund á sérhæft nám innan hverrar brautar á kjörsviði hennar, t.d. að taka íþróttagreinar eða listnám sem kjörsvið. Þó mun gert ráð fyrir að framboð á kjörsviðum verði takmarkað í hverjum skóla, að skólar sérhæfi sig og verkaskipting milli þeirra aukist.

Starfsnámsbrautir eru það námsframboð sem leggja ber megináherslu á nú á næstunni. Gert er ráð fyrir að þær verði fjölmargar og ólíkar að uppbyggingu og innihaldi. Auk hefðbundins starfsnáms á lengri námsbrautum er gert ráð fyrir fjölbreytilegu stuttu starfsnámi, einnar til fjögurra anna löngu. Slíkt nám er ætlað nemendum sem velja stutt nám og vilja komast sem fyrst út í atvinnulífið. Í styttra starfsnámi verða áherslur allar mun hagnýtari en jafnframt verður að tryggja

að námið nýtist nemendum ef þeir ætla að halda áfram skólagöngu þó síðar verði.

Almenn námsbraut til framhaldsskólaprófs er ætluð nemendum sem eru óráðnir í hvaða nám þeir vilja leggja fyrir sig. Hún er eins árs nám þar sem undirbúningur nemenda í almennum greinum er treystur, en að öðru leyti hafa þeir verulega valmöguleika í bóklegum og verklegum greinum. Getur valið þá verið meira en helmingur námsins á almennri námsbraut. Nám á almennri námsbraut getur tengst styttra starfsnámi, en stutt starfsnám kann í einstökum tilvikum að vera þannig skipulagt að þar sé lítið sem ekkert almennt nám.

Nýjung í frv. er að sett eru inntökuskilyrði á einstakar námsbrautir framhaldsskólans. Þau eru sveigjanleg og mismunandi eftir brautum. Þegar inntökuskilyrði eru ákveðin fyrir tiltekna námsbraut er gert ráð fyrir að viðmiðin geti ýmist verið meðaltalseinkunn allra samræmdra greina, meðaltal samræmdra greina og skólaeinkunna eða einkunnir í tilteknum samræmdum greinum og tilteknar skólaeinkunnir o.s.frv. Þannig getur valið á þeim greinum sem miðað er við verið ólíkt eftir því um hvaða námsbraut er að ræða. T.d. er gert ráð fyrir að hægt verði að miða m.a. við einkunnir í verklegum greinum til inntöku á starfsnámsbrautir.

Í þessu sambandi er vert að geta þess að það verður mögulegt fyrir nemanda að innritast á tilteknar stuttar starfsnámsbrautir án þess að hafa lágmarksárangur til að geta innritast á námsbrautir framhaldsskólans. Þannig gæti nemandi með lítinn námsundirbúning átt kost á að velja á milli fornáms og stutts starfsnáms. Inntökuskilyrði á einstökum námsbrautum verða því í samræmi við þann undirbúning sem nauðsynlegur þykir til að geta stundað nám með árangri. Þannig aukast líkur á að nemandi sem hefur nám á tiltekinni braut geti lokið því á eðlilegum námstíma.

Í námsskrá verða síðan skilgreindar brýr milli námsbrauta og kveðið á um hvernig nám skuli metið þegar nemendur flytjast milli námsbrauta eða skóla. Grundvallaratriði við skipulagningu námsbrauta er að kennsla hverrar námsgreinar sé í samræmi við lokamarkmið brautarinnar og í samhengi við annað nám á brautinni. Þannig hefur nemandi sem lýkur námi á tiltekinni braut stundað heildstætt nám þar sem hver þáttur styður annan að svo miklu leyti sem unnt er. Mikilvægt er að ákveðinn stígandi sé í náminu þannig að nemendur takist á við flóknari og erfiðari viðfangsefni eftir því sem á líður námið.

Lokapróf á öllum námsbrautum framhaldsskóla verða samræmd í tilteknum greinum, en gagnrýnt hefur verið af háskólum og atvinnulífi að lokapróf úr einstökum framhaldsskólum séu ekki sambærileg milli skóla. Samræmd lokapróf veita nemendum og kennurum framhaldsskóla aukið aðhald og stuðla að því að sambærilegar námskröfur séu gerðar til nemenda sem stefna að sömu lokamarkmiðum í námi.

Á síðustu árum hefur verið mjög einhliða áhersla á almennt bóklegt nám á kostnað verklegs náms og starfsnáms á framhaldsskólastiginu. Frv. sem hér er til umræðu felur í sér nýja stefnumörkun um starfsnám á framhaldsskólastigi, stjórnun þess og framkvæmd. Þar er gert ráð fyrir mun virkari þátttöku aðila atvinnulífs í tillögugerð og stefnumótun og skapaður vettvangur fyrir samstarf aðila atvinnulífs og skólamanna um framkvæmd starfsnáms.

Það er gengið út frá því að starfsnám á framhaldsskólastigi verði forgangsverkefni í skólamálum og gert ráð fyrir því að nám á framhaldsskólastigi sem undirbýr nemendur fyrir störf í atvinnulífi verði mun fjölbreyttara heldur en það hefur verið til þessa. Það verður að vinna markvisst að því að efla áhuga ungs fólks á starfsnámi. Í því sambandi er brýnt að efla starfsnám að gæðum og fjölbreytni, að það hafi sem mesta hagnýta skírskotun og að nemandi sem velur starfsnám í framhaldsskóla eigi kost á að halda áfram námi að því loknu án þess að byrja á ný frá grunni. Þannig þarf annars vegar að byggja brýr af hinum ýmsu starfsnámsbrautum yfir á aðrar námsbrautir framhaldsskólans og hins vegar að námi á háskólastigi, t.d. með markvissum undirbúningi fyrir samræmd stúdentspróf. Jafnframt þarf að stefna að því að nemendur geti fengið starfsnám af tiltekinni lengd metið inn í nám á bóknámsbrautum framhaldsskóla, t.d. á kjörsviði eða sem valgrein, og loks þurfa viðfangsefni sem tengjast atvinnulífi þjóðarinnar að verða hluti af almennum námsmarkmiðum framhaldsskólans.

Náið samráð við aðila vinnumarkaðarins um stefnu og framkvæmd er skilyrði þess að samstaða náist um starfsnám á framhaldsskólastigi. Við frumvarpsvinnuna var tekið að nokkru leyti mið af starfsmenntakerfum Dana og Þjóðverja, en gæði og skipulag starfsmenntunar í þessum löndum nýtur mikillar athygli og viðurkenningar á alþjóðavettvangi.

Stefna ber að valddreifingu í stefnumótun, skipulagningu og framkvæmd starfsnáms og að ákvarðanir um áherslur verði í auknum mæli færðar til aðila vinnumarkaðar. Með því að gefa hagsmunaaðilum kost á að hafa slík áhrif aukast líkur á að námið verði á hverjum tíma í samræmi við kröfur sem gerðar eru til starfsfólks í atvinnulífinu. Einnig má gera ráð fyrir auknum sveigjanleika og skjótari viðbrögðum við breyttum aðstæðum.

Menntmrh. ber ábyrgð á útgáfu aðalnámsskrár og eftirliti með framkvæmd starfsnáms. Samstarfsnefnd um starfsnám á framhaldsskólastigi, sem í sitja fulltrúar samtaka atvinnurekenda, launþega og hins opinbera, verður honum til ráðuneytis við stefnumótun í starfsnámi. Markmið fagnámsins á einstökum námsbrautum verða sett fram af starfsgreinaráðum sem af miklum meiri hluta eru skipuð fulltrúum samtaka atvinnurekenda og launþega. Framhaldsskólar annast framkvæmd náms og kennslu samkvæmt skólanámsskrá sem unnin er á grundvelli aðalnámsskrár.

Skólum verður heimilt að setja á fót sérstakar ráðgjafarnefndir með fulltrúum aðila vinnumarkaðarins til að stuðla að bættum tengslum skóla og atvinnulífs. Fyrirtæki og iðnmeistarar taka nema á námssamning eða í starfsþjálfun og loks verður heimilt að stofna kjarnaskóla fyrir einstakar starfsgreinar eða starfsgreinaflokka til að hafa forgöngu um þróun starfsnáms

á viðkomandi sviði.

Nú þegar er nauðsynlegt og brýnt að hefja vinnu við námsbrautir á tilteknum sviðum í náinni samvinnu við samtök atvinnurekenda og launþega og ég legg áherslu á að það verði ekki hafist handa um skipulagningu og framkvæmd nýs náms fyrr en fyrir liggur mat á forsendum fyrir starfrækslu nýrrar námsbrautar og þar með talið þá samkomulag aðila vinnumarkaðar um viðurkenningu námsins.

Ég vík nú fáeinum orðum að gæðastjórnun í skólum, en það sem mestu ræður um árangur skólastarfsins, burt séð frá mismunandi einstaklingum, eru stjórnunarhættir, fagmennska kennara, stefnumörkun og heildarskipulag skólastarfsins, svo og sá andi sem ríkir í skólanum.

Lagt er til í 23. gr. að í hverjum skóla verði teknar upp aðferðir til að meta skólastarfið þar sem m.a. verði lagt mat á kennslu og stjórnunarhætti, samskipti innan skólans og tengsl við aðila utan skólans. Slíkar aðferðir eru ekki nýjar af nálinni því í meira en áratug hefur á alþjóðavettvangi verið lagt út af aðferðum altækrar gæðastjórnunar í skólaumbótum. Á fimm ára fresti verði síðan sjálfsmatsaðferðir skólans metnar af utanaðkomandi aðila. Mat á skólakerfinu og einstökum þáttum þess verði eflt á næstu árum til að afla áreiðanlegra upplýsinga um þætti eins og gæðastjórnun skóla, námsárangur og námsferil nemenda, kennsluhætti og áhrif þeirra á námsárangur, samskipti í skólum og tengsl heimila og skóla. Með því að beina sjónum að ýmsum þáttum í innra starfi skólanna er reynt að fá heildarmynd af skólastarfinu eins og það er á hverjum tíma.

Ýmislegt bendir til að stjórnvöld hér á landi hafi vanrækt eftirlitsskyldur sínar með skólastarfi þrátt fyrir ákvæði í lögum og þar með gert að engu það aðhald sem er fylgifiskur slíks eftirlits. Lítið er um skipulegt mat á námsárangri eða innra starfi skóla að frátöldum samræmdum prófum. Brýnt er að á þessu verði breyting í þá átt að efla mat á sem flestum þáttum skólastarfsins. Ekki er nægileg vitneskja um innra starf skólanna, árangur af skólastarfinu eða viðhorf foreldra og kennara til skólastarfsins.

Í úttekt OECD á menntastefnu á Íslandi frá árinu 1986 kemur fram sú skoðun að mikils ósamræmis gæti í námsmati í íslenskum skólum og að nauðsynlegt sé að meta stöðugt innihald kennslunnar, skipulag hennar og árangur. Þessi ábending gildir enn og brýnt er að stórefla mat á sem flestum þáttum skólastarfsins. Öll markmiðsbundin starfsemi krefst einhvers konar innra eftirlits. Það er skilyrði fyrir því að starfsfólk í fyrirtækjum og stofnunum nái góðum tökum á þeirri starfsleikni sem það þarf á að halda í starfi og njóti þeirrar starfsgleði sem fylgir því að valda vel sínu starfi. Í þessum efnum eru skólar engin undantekning. Skólarannsóknir leiða í ljós að námsárangur og annar uppeldislegur árangur er lakari í skólum þar sem fagleg forusta er lítil og kennarar faglega einangraðir en í skólum með virku innra eftirliti. Í góðum skólum er menntastefna útfærð í einstökum atriðum og kennsla skipulögð á heildstæðan og markmiðsbundinn hátt.

Upplýsingaöflun um skólastarf er mikilvægur þáttur í skólastarfinu og hefur þann megintilgang að efla innra eftirlit í skólunum sjálfum. Það eru því viðbrögð skólanna og hagnýting upplýsinganna í daglegu starfi þeirra sem ræður úrslitum um árangur upplýsingaöflunarinnar. Stjórnun skólamála grundvallast að verulegu leyti á kerfisbundinni öflun upplýsinga og miðlun þeirra til hlutaðeigandi aðila. Þannig þurfa kennarar í starfi sínu á margvíslegum upplýsingum að halda um árangur kennslunnar, þarfir og getu nemenda og nýjungar í kennslufræði og kennslugreinum. Til þess að veita skólum faglega forustu þurfa skólastjórar á upplýsingum að halda um innra starf skólans, þ.e. um námsárangur, samskipti kennara og nemenda, kennsluhætti, fjarvistir, viðhorf nemenda og foreldra til skólastarfsins o.s.frv. Fræðsluyfirvöld þurfa á sama hátt að afla sér margvíslegra upplýsinga um starf skólanna til að geta sinnt því eftirlits- og þróunarhlutverki sem þeim er ætlað samkvæmt lögum, m.a. til að grípa inn í ef ekki er farið að lögum og reglugerðum, og loks er regluleg upplýsingaöflun grundvöllur að stöðugri endurskoðun skólastefnunnar af hálfu stjórnvalda.

[18:03]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Aðalviðfangsefni þessa frv. og markmið er að sögn það, eins og fram kom í máli hv. síðasta ræðumanns, að tryggja það að það fólk sem byrjar framhaldsskólanám geti allt lokið einhvers konar framhaldsskólanámi. Það er sú stefna sem við byggðum á í tíð síðustu ríkisstjórnar og síðan hefur lítið verið gert með af því að þeirri stefnumótun var nú hent eins og kunnugt er.

Vandinn er hins vegar sá að það er ekkert í þessu frv. sem á allra næstu árum tryggir það að þetta fólk sem hefur lent í blindgötu í framhaldsskólakerfinu komist út úr henni. Og það sem verra er, það er verið að búa til nýja blindgötu, að mínu mati, með því kerfi sem verið er að tala um á milli grunnskólans og framhaldsskólans. Ég held að þetta fólk sé ekkert betur sett að ráfa um einhvers staðar í myrkviði atvinnuleysis og ráðleysis á milli grunnskóla og framhaldsskóla heldur en að hafa þetta eins og það er jafnvel núna. Því miður er það svo með það fjölmarga unga fólk sem skólakerfið tekur illa á móti í dag að ekki er gert ráð fyrir að taka neitt betur á móti því í þessu frv. eins og það lítur hér út. Og þau fáu ákvæði sem í raun inni gætu kannski opnað möguleika þessa fólks er ekki gert ráð fyrir að taki gildi fyrr en að loknu, ekki þessu, heldur næsta kjörtímabili árið 1999. Þannig að því miður er það svo í þessu efni eins og öðru að góð meining gerir enga stoð.

[18:05]

Sigríður A. Þórðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég bendi hv. þm. Svavari Gestssyni á að lesa greinar 15, 16, 17 og 18 í frv. um framhaldsskóla. Þar er tekið á þessum málum og það er von að honum sárni að hann hafi ekki borið gæfu til þess í sinni ráðherratíð.

[18:05]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Frammi fyrir þessum rismikla málflutningi stendur maður að sjálfsögðu agndofa. Þetta var svo gríðarlega málefnalegt og rökhelt og í raun og veru stórmerkilegt innlag til skólamálaumræðunnar á Íslandi. Ég verð því miður að hryggja hv. þm. með því að þær þúsundir ungmenna á Íslandi sem ekki finna sig í framhaldsskólakerfinu í dag munu skammt þrífast á þessum útúrsnúningum hennar hér.

[18:06]

Petrína Baldursdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um framhaldsskóla. Við höfum hér á Alþingi verið að ræða breytingu á lögum um grunnskóla og er breyting á lögum um framhaldsskóla eðlilegt framhald af því. Unnið hefur verið að því undanfarin tvö ár að endurskoða bæði grunn- og framhaldsskólann þar sem hugað er að því að efla tengsl beggja þessara skólastiga.

Skólaganga nemenda frá upphafi grunnskóla til loka framhaldsskóla sem heildstæður ferill er skoðaður í þessum frumvörpum. Kröfur til framhaldsskóla hafa breyst mjög á umliðnum árum. Sá hópur nemenda sem lýkur grunnskólanámi og hefur framhaldsskólagöngu hefur farið ört vaxandi og er það um það bil 85% árgangs sem hefur nám í framhaldsskólum. Þetta er alþjóðleg þróun en hjá öðrum vestrænum þjóðum sækja allt að 95% árgangs framhaldsskóla.

Á undanförnum áratug hefur þjóðfélagið tekið miklum breytingum. Hér áður fyrr átti ungt fólk jafnvel kost á atvinnu fljótlega eftir að það lauk grunnskólanámi og ekki var krafist mikillar sérhæfingar á einhverju sviði í þjóðfélaginu. Með aukinni sérhæfingu á vinnumarkaði, auknum kröfum um menntun og auknu atvinnuleysi telur ungt fólk sér best borgið, þegar það hugar að framtíð sinni, með því að mennta sig áður en það fer fyrir alvöru út í lífsbaráttuna. Þetta er mjög jákvæð þróun.

Með fjölgun nemenda inn í framhaldsskólana gefur auga leið að það verður að breyta ýmsu í starfsumhverfi skólanna, skerpa áherslur á nýjum stöðum í skólakerfinu og leita allra leiða til að fullnægja þörfum nemenda og þjóðfélagsins. Markmiðssetning skólastarfs þarf að vera skýr. Nokkur nýmæli eru í þessu frv. sem ég tel að sé framhaldsskólunum til góðs þegar á heildina er litið þar á meðal nýmæli um starfsnám, námsskipan, aðstoð við nýbúa og stjórnun framhaldsskólans er styrkt frá því sem nú er.

Hlutverk framhaldsskóla er, eins og kemur fram í 2. gr.: „...að stuðla að alhliða þroska allra nemenda svo að þeir verði sem best búnir undir að taka virkan þátt í lýðræðisþjóðfélagi.“ Þetta er stórt og mikið markmið og það verður að gefa skólum svigrúm til að sinna þessu hlutverki sínu. Það verður ekki gert svo að vel sé nema þessum skólum sé tryggt fjármagn til þess.

Í þessu frv. er mikil ábyrgð lögð á skólanefndir sem samkvæmt 7. gr. marka áherslur í starfi skólans. Ef þetta frv. nær fram að ganga verða verkefni skólanefnda umfangsmeiri en gildandi lög gera ráð fyrir. Fagleg forusta í daglegu starfi skólans verður í höndum skólameistara, svo og starfsmannaráðningar, og skólameistari er framkvæmdastjóri skólanefndar. Það er mikilvægt atriði í skilvirkri stjórnun að hlutverk og ábyrgð einstakra aðila sé skýrt skilgreint. Í þessu frv. er leitast við að greina á milli hlutverka skólameistara og skólanefnda og er það að mínu mati mjög mikilvægt. Eins og flestum er kunnugt gefur það ekki góða raun þegar aðilar sem heita eiga ábyrgir fyrir starfi sínu fá ekki skýr skilaboð og skilgreiningu um hlutverk sitt frá yfirboðurum sínum, en samkvæmt núgildandi lögum eru þessi skil aðila víða óljós og hafa verið gagnrýnd.

Ég hef ákveðnar efasemdir um fækkun fulltrúa í skólanefndum úr sjö í fimm. Það má gera ráð fyrir með aukinni verkaskiptingu að skólar þjóni stóru svæði. Þar tel ég mikilvægt að fleiri raddir heyrðust en færri. Það má hins vegar færa rök fyrir því að þeim mun færri sem þeir yrðu þeim mun skilvirkari yrðu störf manna. Skólanefnd markar áherslur í starfi skóla. Því hafa þær gagnrýnisraddir heyrst að mikilvægt væri að fagfólk ætti þar setu í nefndum. Hins vegar er líka bent á það að verkefni skólanefndar sé m.a. að fjalla um mannaráðningar. Því geti fagaðilar lent í þeirri aðstöðu að um hagsmunaárekstur yrði að ræða. Starfsmenn skóla hafa t.d. einungis einn fulltrúa sinn inni í skólanefnd með málfrelsi og tillögurétt en ekki atkvæðisrétt. Að mínu mati hefur svona tilhögun í skipun svo mikilvægra nefnda sem skólanefndir eru bæði kosti og galla.

Í 15. gr. um inntökuskilyrði kemur fram að á einstaka námsbrautir verða nemendur að hafa nægilegan undirbúning til að takast á við nám á viðkomandi brautum. Þau miðast við einkunnir á samræmdum prófum grunnskóla og skólaeinkunn. Nemendum sem ekki hafa náð tilskildum lágmarksárangri býðst fornám eða nám í sérstökum deildum. Ég tel mjög þarft að skerpa og leggja áherslu á það að nemendur verði að hafa ákveðna undirbúningsmenntun og einkunnir til að hefja nám á ákveðnum brautum. Það ætti að vera hvatning til nemenda á grunnskólastigi að þeir standi sig vel á prófum annars nái þeir jafnvel ekki inn á þær brautir sem þeir vilja eða verði að fara í fornám. Allt of lítið hefur verið, að mínu mati, um kröfur í skólakerfinu á nemendur. Aðalatriðið er að inntökuskilyrðin eru sveigjanleg og taka mið af námskröfum viðkomandi brauta.

Í 19. gr. er nýmæli sem kveður á um stofnun sérstakra deilda við framhaldsskóla fyrir fatlaða nemendur. Það er mjög brýnt að mörkuð verði stefna í þjónustu við fatlaða nemendur í framhaldsskólum. Nýverið komu fulltrúar framhaldsskóla á fund menntmn. þar sem þeir tjáðu nefndarmönnum að sérkennsla í framhaldsskólum hefðu aukist mjög mikið undanfarin ár. Þeir kvörtuðu hins vegar yfir því að varðandi sérkennslumál væri töluvert skipulagsleysi ríkjandi, aðallega vegna fjárveitinga til þeirra mála. Fjárveiting væri fyrir eina önn í einu og þeir fengju seint að vita hver fjárveitingin væri. Þeir töldu einnig að fjárveitingar til sérkennslu væru allt of lágar.

Það er mjög brýnt að skipuleggja sérkennslu í fram-

haldsskólum og veita skólum næga stoðþjónustu. Sálfræðiþjónusta er t.d. varla til í framhaldsskólum. Ég fagna því þeirri stefnu sem kemur fram í 19. gr. þar sem gert er ráð fyrir að stefnt verði að því að kenna fötluðum nemendum í almennum framhaldsskóla og veita þeim aðbúnað og sérfræðilega aðstoð í því skyni. Einnig að gefa nemendum með sérþarfir sem þurfa sérstök námstilboð kost á námi í sérstökum deildum. Hins vegar getur maður velt því fyrir sér hvers vegna hefur orðið svo mikil aukning á þörf fyrir sérkennslu inni í framhaldsskólum. Bendir það jafnvel til þess að ekki sé alltaf tekið nógu snemma á málum, t.d. í grunnskólakerfinu. Þessi þróun er að mínu mati umhugsunarverð. Í grunnskólanum hefur einnig orðið mikil aukning á þörf fyrir sérkennslu.

Í 20. gr. er mikilvægt nýmæli um rétt erlendra nemenda sem hafa annað móðurmál en íslensku. Það er mikilvægt skref sem þarna er stigið þar sem erlendum nemendum eða af erlendum uppruna hefur verulega fjölgað í skólakerfinu á undanförnum árum. Í 21.–24. gr. er kveðið á um eftirlit og mat með skólastarfinu. Þar er gert ráð fyrir að skólarnir taki upp innra mat, gæðastjórnun og er það mjög mikilvægt. Með þessu er leitast við að auka frumkvæði fagfólks og umbótastarf í skólum. Altæk gæðastjórnun er þarna komin inn í framhaldsskólann, en altæk gæðastjórnun gerir vel menntuðu starfsfólki kleift að nýta starfskrafta sína á árangursríkan og ánægjulegan hátt. Þróunarsjóður framhaldsskóla, sem getið er um í 45. gr., getur t.d. nýst kennurum til viðbótarmenntunar og til að innleiða gæðastjórnun í framhaldsskóla.

Í frv. er gert ráð fyrir eflingu starfsnáms. Efling starfsnáms á að vera sameiginlegt metnaðarmál hins opinbera og aðila atvinnulífsins. Allt of lítil áhersla hefur verið lögð á eflingu starfsnáms hér á landi. Því er mjög jákvætt að heyra þann tón sem gefinn er í þessu frv. um eflingu starfsnáms á framhaldsskólastigi.

Í 31. gr. kemur fram það nýmæli að menntmrh. geti gert deild í framhaldsskóla að kjarnaskóla um lengri eða skemmri tíma. Kjarnaskóli er eins konar þróunarskóli fyrir tilteknar greinar starfsnáms. Kjarnaskóli hefur forgöngu um að þróa námsefni og kennsluaðferðir í starfsnámi. Þetta tel ég vera mjög jákvætt skref.

Virðulegi forseti. Ýmislegt jákvætt er í þessu frv. Ég tel að með frv. verði tekið stórt skref til að efla framhaldsskólastigið í landinu. Okkur ber samt alltaf niður á það sama. Það er ekki nóg að hafa góð markmið það verður að skapa skólum skilyrði til að uppfylla þessu góðu markmið. Það er gert m.a. með auknu fjármagni til skóla. Ég vona að Alþingi muni á næstu árum leggja metnað sinn í að forgangsraða fjármagni til réttra aðila í þjóðfélaginu og setja menntamál á þann stall sem vera ber. Ég vona að þetta frv. fái málefnalega og góða umfjöllun í þingsölum og í nefnd þingsins.

[18:17]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég held að ekki sé um það að deila að þau frumvörp, sem hér hafa verið til umræðu hvort í framhaldi af öðru eða annað í framhaldi af hinu, þ.e. framhaldsskólafrumvarpið nú í framhaldi af umræðum um grunnskóla, verðskuldi það að þeim sé nokkur gaumur gefinn, a.m.k. ef horft er til þess hversu mikilvægur málaflokkur skólamálin eru í samfélaginu. Auðvitað er það með nokkurri eftirvæntingu sem maður fer að blaða í nýjum frumvörpum til laga um heildarlöggjöf fyrir þessi skólastig. En það verður að segjast eins og er að ég er sammála þeim sem hér hafa talað og komist að þeirri niðurstöðu að lokum að því miður sæti þessi frv. harla litlum tíðindum. Ég verð að segja það að eftir að hafa skoðað framhaldsskólafrv. nokkuð þá er það líka mín meginniðurstaða að að því er virðist sé það því miður meira til málamynda sem hér er verið að setja upp heildarútgáfu af lögum um framhaldsskóla í staðinn fyrir að flytja fáeinar brtt. við gildandi lög, svona meira til að klóra yfir verklítið og metnaðarlítið tímabil í lokin að sýna þetta.

Það sést finnst mér m.a. í því að mörgu af því sem mundi e.t.v. einhverjum tíðindum sæta og horfa til breytinga í málefnum framhaldsskólans er slegið á frest um langt árabil og er þar af leiðandi meira einhvers konar markmiðslýsing, fögur áform skrifuð í skýin, heldur en lögfesting efnisatriða sem eiga að hafa gildi og hafa áhrif. Það er t.d. nokkuð sérkennilegt að menn skuli vera með gildistökuákvæði margra þátta eftir allt næsta kjörtímabil ef það verða full fjögur ár. Einhvern tímann um aldamótin. Eða dettur hæstv. núv. menntrmh. ekki í hug að næsti hæstv. menntmrh. kynni að vilja breyta einhverju í skólamálunum og setja mark sitt á þá hluti? Maður spyr sig að því hvaða tilgangi það þjóni eiginlega að lögfesta hluti sem svona langt er í að komist til framkvæmda.

Það er a.m.k. talsvert nýmæli að ég held að vera að ganga frá löggjöfinni fyrir þarnæsta kjörtímabil, skólastefnunni fyrir þarnæsta kjörtímabil og væntanlega eða hugsanlega þarnæsta menntamálaráðherra. Þessi ríkisstjórn hefur brotið í blað og gert talsvert af því að afgreiða lög fyrir mitt næsta kjörtímabil, t.d. á auðlindagjald sem tekjustofn fyrir Þróunarsjóð sjávarútvegsins að taka gildi á miðju næsta kjörtímabili og þóttu nokkur tíðindi. En hér er gert enn betur því það er verið að leggja drög að þáttum sem eiga hugsanlega að hafa áhrif á þarnæsta kjörtímabili.

Ég held, hæstv. forseti, að því miður sé þetta frv. frekar undirstrikun en hitt á heldur dapurlegu tímabili í skólamálum okkar sem er þetta kjörtímabil. Það hefur einkennst af nokkrum niðurskurði til þessa málaflokks. Það má svo sem færa það fram til málsvarnar að þetta hafa verið erfiðir tímar og þröngir í efnahagslífi þjóðarinnar. En fleira kemur til og er ég þó ekki að mæla með því að við slíkar aðstæður beri menn sérstaklega niður í skólamálum til að spara fé því flestir eru sammála um að ef við ættum einhvers staðar að reyna að byggja upp fyrir framtíðina þá væri það í menntuninni og seint muni okkur ganga að vinna okkur upp úr erfiðleikunum ef við skerum niður á þessu sviði.

Í öðru lagi hefur verið þrengt að þeim sem í skólunum eru og starfa, bæði nemendum og kennurum með

ýmsum hætti. Menn þekkja tilkomu skólagjaldanna og hvernig námslán hafa verið skert og fleira sem allt hefur sín áhrif í skólamálunum.

Það er sitt lítið af hverju, hæstv. forseti, sem ég ætlaði að koma inn á í sambandi við þetta frv., ekki endilega í sömu röð og það er listað í frv. Ég vil nefna fyrst eitt lítið atriði sem ég rak augun í. Það er því miður ekki hægt að segja til gamans en það er umhugsunarvert í sambandi við vinnubrögð í stjórnsýslunni að hér er hæstv. menntmrh. að leggja fram frv. þar sem í 13. gr. eru lagðar skyldur á héraðslækna sem tengjast hollustu og heilsuvernd í skólum. Hví er ég nú að nefna þetta? Jú, það er vegna þess að það liggur í þinginu fjárlagafrv. sem gerir ráð fyrir því að héraðslæknaembættin verði, að því er best verður séð, lögð niður. Og þó þetta sé kannski ekki stórt í hugum einhverra þá spyr ég: Er það gott samræmi í stjórnsýslunni að hæstv. menntmrh., sem er í sama flokki og hæstv. fjmrh., að vísu svo lánsamur að vera ekki í sama flokki og hæstv. heilbrrh., leggi fram frv. sem gerir ráð fyrir því að þessir embættismenn í héruðunum séu með tiltekin verkefni? Það er auðvitað skynsamlegt og ég er ekki að mæla gegn því nema síður sé, ég held einmitt að þetta sé til marks um að héraðslæknaembættin þjóna margvíslegum tilgangi. Héraðslæknarnir eru þátttakendur í framkvæmd heilbrigðisstefnunnar á fjölmörgum sviðum eins og sést í því að í frv. er þeim ætlað að hafa umsjón með því að öll sú starfsemi sem tengist heilbrigði, heilsuvernd og hollustu og kemur inn á skólastarfið sé í lagi. En hæstv. fjmrh. hefur greinilega ekki heyrt af þessu eða hæstv. heilbrrh. því þeir ætla að leggja þessi embætti niður um áramótin. Kannski eignumst við bandamann í hæstv. menntmrh. og liðsmann í því að hætta við þá vitleysu. Það er sorglegt að sjá þann litla vísi að yfirstjórn heilbrigðismála sem byggður hefur verið upp úti í landsbyggðarkjördæmunum jafngrátt leikinn og nú stendur til að gera varðandi héraðslæknana. Ég bendi hæstv. menntmrh. á þetta í allri vinsemd að þarna eru hlutirnir á skjön og ekki eins og þeir ættu að vera.

Í öðru lagi, hæstv. forseti, ætlaði ég að fjalla um ákvæði 36. gr. sem varðar kostnaðarskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga í sambandi við stofnun og byggingu framhaldsskóla. Þar er á ferðinni því miður eitt nýmæli sem er mjög í öfuga átt í frv. Þar á ég auðvitað við það að ríkið ætli að bæta gráu ofan á svart í sambandi við aðstöðumun skólahaldsins í dreifbýlinu og þéttbýlinu með því að lækka kostnaðarhlutdeild sína í uppbyggingu heimavista úr 100% í 60%. Það er alveg furðulegt í ljósi þess að það er viðurkennt og á móti því er yfirleitt ekki borið að einn sá mesti aðstöðumunur sem menn búa við í aðgengi til náms og reyndar mætti segja bara almennt varðandi undirstöðuþætti opinberrar þjónustu er sá hrikalegi aðstöðumunur sem íbúar strjálbýlu landsvæðanna búa við gagnvart möguleika til að mennta börn sín. Þó að þetta að færa þarna til kostnað af ríki yfir á sveitarfélögin skipti kannski ekki algjörlega sköpum um það þá er þetta samt í öfuga átt. Auðvitað. Vegna þess að þarna eru byrðarnar teknar af ríkinu, sem er hinn sameiginlegi sjóður allra landsmanna, og færðar yfir á herðar þeirra sem búa á viðkomandi svæðum. Þá má líka hafa af því áhyggjur og spyrja hvort ekki sé hætta á því að þetta ákvæði geti líka ýtt undir það að enn meiri hluti kostnaðarins lendi að endingu á nemendunum sjálfum eða foreldrum þeirra og er þó víst nóg fyrir.

Ætli hæstv. menntmrh. hafi ekki einhvern tímann heyrt af foreldrum sem eiga kannski tvö eða þrjú börn í heimavistarskólum í hinum ýmsu byggðarlögum með kostnað upp á 200–300 þús. kr. að lágmarki á hvern bara vegna uppihaldsins á heimavistunum?

Nú er það þannig að unglingar lifa ekki á loftinu þó þeir séu í heimahúsum en ég held það liggi algjörlega í hlutarins eðli og sé viðurkennt að þarna er á ferðinni gífurlegur viðbótarkostnaður. Ég þekki fjölskyldur og er nú reyndar úr einni sjálfur þar sem kannski upp í fjögur systkini voru samtímis á heimavist í mismunandi skólum á þremur landshornum. Halda menn að það sé auðvelt fyrir kannski venjulegar verkamannaeða bændafjölskyldur að kljúfa slíkan kostnað sem er þá farinn að mælast kannski á bilinu 500 þús. til 1 millj. kr.? Bara vegna beins útlagðs kostnaðar og er þá enginn cyðslueyrir eða annað því um líkt í því. Telja menn á þennan aðstöðumun bætandi? Ég held að þvert á móti ætti að fara í þessa grein með alveg öfugu hugarfari og skoða það. Er ekki óhjákvæmilegt að ríkið greiði meira en ekki minna af rekstrarkostnaði heimavistanna og mötuneytanna í skólunum og komi þar með til móts við þá sem þar fá inni? Til mótvægis komi svo hækkaðir dreifbýlisstyrkir eða framlög til þeirra nemenda sem ekki fá inni í heimavistum en sækja nám milli byggðarlaga um langan veg af því að þeir eiga ekki annars kost.

Ég fullyrði að þessi aðstöðumunur er að verða sá sem hvað mest stingur í augu af öllu í landinu fyrir utan kannski þætti eins og hærra vöruverð og hærra orkuverð á landsbyggðinni.

Ég er þeirrar skoðunar og þar e.t.v. greinir okkur hæstv. menntmrh. á að menntun, a.m.k. upp á framhaldsskólastig, jafnalmenn og hún er orðin í nútímanum séu grundvallarmannréttindi, þ.e. að mönnum sé ekki mismunað þannig á grundvelli efnahags að sumir eigi þess kost en aðrir alls ekki að ljúka t.d. framhaldsskólanámi þegar 80–90% eða hvað það nú er eru að reyna það. Þá er ekki lengur hægt að tala um það sem einhvern afmarkaðan eða sérstakan hlut í samfélaginu. Það er orðin almenn regla og slíka undirstöðuþætti á að skilgreina þannig að öllum sé gert kleift án tillits til efnahags aðstandenda að kljúfa slíkt. Ég fullyrði að svo sé ekki og með minnkandi tekjum til að mynda í sveitum landsins hefur þessi mismunun orðið enn þá meira áberandi en áður var. Hvernig halda menn t.d. að staða fjölskyldna á sauðfjárræktarsvæðum sé með 40–50% tekjufall á nokkrum árum til þess að glíma við aðstöðumun af þessu tagi sem er á ferðinni nánast á öllum sviðum framfærslunnar í hærra vöruverði, orkukostnaði, meiri samgöngukostnaði og ekki síst í þessu tilviki, ef um það er að ræða að reyna að koma börnum til náms? Eins og flestir sjálfsagt þekkja heyrir það til undantekninga að fólk í sveitum

hafi aðstöðu til að koma sínum börnum í framhaldsskóla nema í gegnum uppihald á heimavist eða í fjarlægu byggðarlagi eðli málsins samkvæmt. Auðvitað verður það þannig. Við ætlum ekki að byggja framhaldsskóla í hverjum sveitahreppi. En er þá ekki sanngjarnt að taka með sanngjörnum eða eðlilegum hætti á því að jafna þennan aðstöðumun?

Mér finnst það mjög dapurlegt sem er að gerast með heimavistirnar. Meira vegna þess að það er táknrænt um að menn eru að fara í öfuga átt í þessum málum. Ég sakna þess að sjá þess hvergi stað, hvorki í framkvæmd skólastefnunnar nú né annars staðar í frv., að menn hafi einhverja hugsun á því að reyna frekar að jafna þennan mun en að auka hann.

Mér sýnist líka að sú hætta blasi við að það færist í raun og veru enn meiri byrðar yfir á sveitarfélögin. það er alveg ljóst að ef t.d. á að leggja í kostnað vegna þess að menn vilji huga að nýtingu heimavistanna sem gistihúsnæðis vegna ferðaþjónusturekstrar á sumrin o.s.frv., þá er með því orðalagi sem er á greininni augljóslega verið að bjóða upp á það að þetta lendi að langmestu leyti í sveitarfélögunum til viðbótar 40% kostnaði sem þau eiga nú að taka upp vegna heimavistanna. Í sumum tilvikum er það kannski ekki alveg einfalt mál að ganga frá því hvernig sá kostnaðarhlutur á þá uppi að berast til að mynda vegna þess að það geta verið vissir erfiðleikar að finna út úr því gagnvart því sveitarfélagi hvar viðkomandi skóli er og öðrum sem tengjast með einhverjum hætti rekstri hans. Mér finnst þetta vond breyting og mundi leggja til að hún falli út úr frv. Er miklu nær mínu skapi að það yrði rætt og skoðað, t.d. í hv. menntmn., að reyna frekar að fara alveg í gagnstæða átt.

Svonefndir dreifbýlisstyrkir munu hafa staðið í stað í tíð þessarar ríkisstjórnar. Þeir hækkuðu nokkuð á síðasta kjörtímabili en munu hafa staðið í stað í krónum talið, ef ég veit rétt, á þessu kjörtímabili þannig að ekki hefur þar heldur verið um þróun að ræða í rétta átt. Síðan hafa skólagjöldin bæst við og vaxandi tilhneiging til að velta kostnaði af ýmiss konar viðbótarþjónustu í skólunum yfir á nemendur eða foreldra. Þar dregur líka í sundur og þar er stefnan líka í öfuga átt.

Maður leyfir sér að spyrja sig að því, hæstv. menntmrh.: Getur það hugsast að ein afleiðing af skipun þeirrar nefndar sem hæstv. menntmrh. var svo ólánssamur að hrúga saman með átján manns, og aðeins einum einasta fulltrúa utan af landsbyggðinni, endurspeglist m.a. í hlutum eins og þessum? Gæti það hugsast að hinn ágæti skólamaður af Norðurlandi, Trausti fræðslustjóri, hafi ekki mátt við margnum, einn á móti sautján, og það hafi verið þungt að koma að sjónarmiðum þeirra sem þekkja af eigin raun eða hafa skilning á erfiðleikum skólahaldsins á landsbyggðinni? Það hefur að vísu verið deilt um það hvort þessi formúla sautján plús einn eigi að skiljast þannig að það hafi verið einn landsbyggðarmaður og sautján á suðvesturhorninu eða einn krati og sautján sjálfstæðismenn. Ég hef heyrt báðar kenningar og væri fróðlegt að menntmrh. upplýsti hvor væri sönn. En sama er. Ekki hefur það svo sem skipt miklu og gerir málið síst betra ef þessi eini hefði verið sérmerktur vegna þess að hann var krati en ekki sem eini landsbyggðarmaðurinn í nefndinni.

Til þess að halda líka einhverju til haga sem ég tel þó vera jákvætt í þessu þá vil ég segja að ég er auðvitað ánægður með að menn hafa þó áttað sig á því að hugmyndir í nefndarálitinu um lengingu skólaársins voru fráleitar við núverandi aðstæður í íslenskum skólamálum. Þó ekki kæmi það til þá held ég að maður mundi setja stór spurningarmerki við það bara vegna hefða og venja og uppbyggingar íslensks samfélags að fara út í slíkt. Ég lýsi mig mikinn efasemdarmann um að það eigi yfirleitt að elta uppi erlendar formúlur af því tagi vegna ýmissa sérkenna í íslensku samfélagi sem ég held að séu okkar verðmæti sem við eigum að halda í, svo sem miklu meiri atvinnuþátttöku ungs fólks hér á námsárum en þekkist erlendis. Ég fagna því þess vegna að ráðherra hefur ákveðið að hafa þessar hugmyndir að engu, enda vita auðvitað allir og hæstv. menntmrh. ekki síst að það er geysilegt verk óunnið í sambandi við það að bæta það skólahald sem nú er í landinu, þ.e. í þá níu mánuði sem skólinn stendur. Ætli reynslan hafi ekki kennt hæstv. ráðherra það, ef hún hefur kennt honum eitthvað á þessum fjórum árum, að þar sé við ramman reip að draga að fá fjármagn og skilning á því sem þurfi að gera til þess að hægt sé að segja að skólahaldið sé sómasamlegt á þeim tíma sem nú er í lögum og er meiningin að halda áfram.

Ég held að það hefði verið algerlega út í hött þegar maður hugsar um stöðuna í grunnskólanum að fara að lengja skólaárið og gera þá væntanlega götin í stundatöflunni enn þá meiri. Ég segi alveg eins og er að ég skil bókstaflega ekki hvað fólk er að fara með slíkum hugmyndum við vissar aðstæður. Ég get vel skilið það sjónarmið, þó að ég sé ekki endilega að lýsa mig sammála því, í fyllingu tímans að uppfylltum öllum þeim óskum sem menn hafa um samfelldan skóladag og annað þá vilji menn stefna á þetta sem markmið í framhaldinu. Það er alveg sjálfstætt atriði út af fyrir sig en við núverandi aðstæður er það fráleitt og það er fagnaðarefni að menn hafa horfið frá því.

Þá, hæstv. forseti, um 6. gr. frv. og skipan skólanefndanna. Þar verð ég að segja alveg eins og er að þegar ég fór að lesa það atriði og bera það saman við núgildandi lög þá varð ég alveg furðu lostinn. Ég hafði ekki áttað mig á því, satt best að segja ekki haft hugmyndaflug til þess að láta mér detta það í hug, að til stæði að leggja til breytingar af þessu tagi. Hvar er nú hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson sem spurði áðan hvort þetta væri bara kommúnismi og miðstýring? Ég ætlaði nefnilega að gleðja hv. þm. með því eða hryggja eftir atvikum að ég sé ekki betur en þetta sé bara argasti kommúnismi. Þarna á að stórauka miðstýringuna í skólamálum. Auðvitað er það ekkert annað en stóraukin miðstýring að breyta algerlega hlutföllum í skólanefndunum þannig að ráðherra fái hreinan meiri hluta í skólanefndunum án tilnefningar. (**Gripið fram í:** Er það kommúnismi?) Ja, hvað er það? Er það ekki alla vega miðstýring? Og samkvæmt skilningi hv. þm.

Eyjólfs Konráðs Jónssonar þá leikur viss grunur á að það eigi eitthvað skylt við kommúnisma. En það er von að hv. þm. sé ruglaður í þessu þegar hann segir: Hæstv. menntmrh. leggur þetta til. (**Menntmrh.:** Ég veit að þingmaðurinn veit betur.) Og þeir eiga að heita fulltrúar í einhverjum flokki sem heitir Sjálfstfl. og hefur kennt sig við hægri stefnu. (**Menntmrh.:** Þingmaðurinn veit líklega betur en ég hvað er kommúnismi.) Ja, ég þekki það kannski minna af eigin raun. Ég hef aldrei austur fyrir járntjald komið eiginlega. Ég hef grun um að hæstv. ráðherra hafi farið einhverjar fínar reisur til Moskvu eins og ýmsir menn í Sjálfstfl. en það hefur undirritaður ekki gert. (**Menntmrh.:** Nei, nei, nei, aldrei.) Náði því aldrei, náði aldrei þeirri forfrömun. En ég veit að ýmsir frammámenn í Sjálfstfl., þar á meðal einn hæstv. forsrh., fóru í mikla reisu til Moskvu. Þannig er nú það.

En í alvöru talað, hæstv. forseti, og ætli ekki sé betra fyrir okkur að nota orðalag sem okkur Íslendingum er tamt, þá er það náttúrlega alveg furðulegt að hæstv. menntmrh. skuli detta í hug að leggja það til að fjölga fulltrúum ráðherra úr einum í þrjá án tilnefningar og fækka í nefndinni úr sjö í fimm. Það þýðir á mæltu máli að hæstv. ráðherra ætlar sér og fulltrúum ráðherra á hverjum tíma í skólanefndunum hreinan meiri hluta, óbundið af því hvaðan þeir menn koma eða hverja hann tilnefnir. (**Menntmrh.:** Hver borgar skóla...?) Ég geri ekki mikið með það orðalag sem er haft galopið, að það sé æskilegt að þeir komi að jafnaði úr viðkomandi byggðarlagi. Það þarf engin breyting að verða á því, hæstv. ráðherra. Það er ekki þess vegna sem þarf að breyta þessu. Það er ekki eins og ríkið sé núna að taka til við að borga skólana. Hefur þetta gefist svona ákaflega illa að heimamenn í héraði fengju að vera með í ráðum eða starfsmenn skólanna, kennarar og nemendur? Er það vegna þess að það hefur verið svo afspyrnu vont að hafa þá í skólanefndunum að það þarf að falla frá þessu og opna það að ráðherra tilnefni einhverja þrjá einkavini sína eða flokksgæðinga? Við skulum bara staldra við það augnablik að það tækist svo ógæfulega til einhvern tíma á næstu öld að alþýðuflokksmaður kæmist aftur að sem menntmrh. og hugleiðum það, hæstv. menntmrh., hvernig sá flokkur hefur farið með völd sín og tilnefningar að undanförnu. Þó að margt megi segja um Sjálfstfl. þá held ég að því verði ekki mótmælt að Alþfl. hefur slegið hann út í flokkspólitískri valdníðslu af ýmsu tagi á þessu kjörtímabili. (**SvG:** Hlutfallslega.) Hlutfallslega, sérstaklega þar sem það er miklu minni flokkur. Þá sjáum við það bara í hendi okkar að ef Alþfl., sem eins og ég segi yrði örugglega ekki fyrr en komið yrði talsvert inn á næstu öld eftir þá útreið sem flokkurinn fær væntanlega í næstu kosningum, kæmist í þessa stöðu þá yrðu lögin svona og menntmrh. gæti bara tilnefnt þrjá flokksgæðinga einhvers staðar og einhvers staðar að og hann hefði hreinan meiri hluta í öllum skólanefndum. Það er ekki mjög skynsamlegt.

Það er annað í þessu sambandi, hæstv. forseti, sem vekur mér miklu meiri ugg. Það er að í næstu grein er skólanefndunum ætlað eitt mjög vandasamt verkefni og það er að ákveða upphæð gjaldtöku á nemendur í skólunum. Með öðrum orðum er það ákvæði sem hæstv. menntmrh. styðst við þegar hann lætur leggja á skólagjöld, sem reyndar orkar mjög tvímælis að sé hægt að gera með þeim hætti sem nú hefur verið vegna þess að í gildandi lögum er það alveg skýrt að ríkið á að kosta ekki bara laun og annað því um líkt heldur líka rekstrarkostnað grunnskólans eins og ég veit að menn þekkja. Í 32. gr. gildandi laga er þetta þannig. Þau ákvæði á því miður að fella út. Orðalag í núgildandi 32. gr. er alveg afdráttarlaust, með leyfi forseta: „Ríkissjóður greiði samkvæmt lögum þessum rekstrarkostnað framhaldsskóla." Síðan segir neðar í sömu grein: „Auk launakostnaðar greiðir ríkissjóður annan rekstrarkostnað af starfsemi skólans." (**Menntmrh.:** Þetta er óbreytt í frv.) Er þetta óbreytt í frv.? Enda hefur hæstv. ráðherra túlkað þetta svo að hann mætti leggja á skólagjöld, er það ekki rétt? Já.

En þá kemur að því: Miðað við lagatúlkun hæstv. ráðherra hver verður þá staða ráðherrans og ríkisstjórnar til að beita þessari lagatúlkun og ákvörðunum um skólagjöld þegar svo er komið að ráðherrann getur hreinsað út allar skólanefndir í landinu og sent þar inn hreinan flokkslegan meiri hluta sinn eða viðkomandi ríkisstjórnar? Frv. býður upp á það eins og það er úr garði gert. Ef skólanefndirnar skyldu nú ætla að fara að móast eitthvað við eða hækka skólagjöld þá er til ráð við því. Þá getur ráðherra þess tíma einfaldlega skipað þrjá grjótharða flokksjálka í það sem hafa hreinan meiri hluta í skólanefnd að hækka þessi gjöld eins og forsendur fjárlaga eða áform ríkisstjórnar stæðu til.

Ég sé því ekki annað en líka í þessu sambandi vegna þess hlutverks sem skólanefndirnar þarna hafa, að ákveða upphæð þessarar gjaldtöku, sé mjög háskalegt að fara inn á þá braut að brjóta upp það jafnvægi sem í raun og veru var með nokkrum hætti í núverandi skipan milli fulltrúa sveitarfélaganna, þeirra sem starfa í skólunum og nemendanna og svo fulltrúa ráðherrans. Ef hæstv. ráðherra telur sig þurfa þarna meiri ítök þá væri a.m.k. að lágmarki rétt, finnst mér, að hann hefði ekki nema tvo af fimm. Og skólastjórnendurnir, fulltrúar starfsmanna og/eða nemenda væru með einhverjum hætti áfram inni með a.m.k. með einn fulltrúa með atkvæðisrétti. Mér finnst það alveg furðuleg breyting að rífa út úr skólanefndunum alla þrjá fulltrúana sem í gildandi lögum eru þar á vegum kennara og nemenda. Þetta mun vera þannig, hæstv. forseti, að í 7. gr. segir:

„Í skólanefnd skulu sitja sjö menn. Tveir fulltrúar starfsmanna kosnir á starfsmannafundi, einn fulltrúi kosinn af nemendum skólans" o.s.frv., þ.e. þrír fulltrúar frá sveitarfélögunum og einn frá ráðherra. Hér er því engin smábreyting á ferð. Hér er grundvallarbreyting á ferð. Hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson, hér er á ferð stóraukin miðstýring því að í stað þess að áður höfðu fulltrúar sveitarfélaganna og starfsmanna skólanna og nemendanna sex af sjö stjórnarmönnum þá fengi ráðherrann samkvæmt frv. hreinan flokkslegan meiri hluta ef svo bæri undir, þrjá af fimm í nýju skólanefndunum.

Síðan er annað sem ég vil spyrja hæstv. ráðherra um því að það er mjög sérkennilegt. Það er í umsögn um 6. gr. frv. Þar talað um að lagt sé til, ef ég man orðalagið rétt, að við skipun fulltrúa menntmrh. í skólanefnd verði m.a. leitað til aðila úr atvinnulífi hlutaðeigandi sveitarfélaga. Hvar er það lagt til? Í lagagreininni sjálfri er ekkert um það. Þar segir bara: „... og þrír án tilnefningar og skulu þeir að jafnaði búsettir í sveitarfélagi sem á aðild að skólanum.“ Punktur. Ég spyr hæstv. ráðherra: Hver er skýringin á þessu orðalagi? Er hæstv. ráðherra þeirrar skoðunar að hægt sé að leggja einhverja stefnumörkun til með þessum hætti í umsögn um lagagrein í frv.? Ef það er ætlun ráðherra að það eigi að jafnaði að leita til þessara fulltrúa atvinnulífsins af hverju er það þá ekki sett með einhverju slíku orðalagi í lagagreinina? Það mætti þá prjóna áfram aftan við þennan lopa og segja: Og skulu þeir að jafnaði búsettir í sveitarfélagi sem á aðild að skólanum og koma frá atvinnulífi á viðkomandi svæði — ef það er hugsunin. En það er ekki gert með þessum hætti. Ég get ekki skilið að það sé bindandi á nokkurn hátt eða hafi nokkurt sjálfstætt gildi að búa svona um þetta. En þetta vakti athygli mína, hæstv. forseti. Þetta er fremur óvenjulega orðað að tala um að leggja einhverja hluti til í umsögnum lagagrein sem eru svo ekki í nokkru samræmi við texta greinarinnar sjálfrar þegar hann er lesinn í frv.

Hæstv. forseti. Ég vil sérstaklega vekja athygli á þessum tveimur greinum og samhengi þeirra, þ.e. 6. gr. um skipan skólanefndanna, og 7. gr. um hlutverk þeirra, sérstaklega þegar kemur að því að ákveða upphæðir þessarar gjaldtöku. Ég tel að í því samhengi skoðað sé það enn fráleitara en ella, enn fráleitara en ella að þarna sé á ferðinni hreinn meiri hluti viðkomandi ráðherra óbundinn af tilnefningu. Það býður augljóslega þeirri hættu heim að þessi staða og þetta vald skólanefndanna eða hlutverk yrði notað í þessum tilgangi ef menn yrðu svo ógæfusamir að vilja halda lengra inn á braut þessarar gjaldtöku í skólakerfinu sem hæstv. ríkisstjórn því miður hefur verið svo ógæfusöm að rata.

Það er einnig, hæstv. forseti, ástæða til að nefna ákvæði 15. gr. um inntökuskilyrði en aðrir ræðumenn hafa nú gert ágætlega grein fyrir því hér á undan mér og ég læt mér nægja að vísa til þess, m.a. þess sem hv. 9. þm. Reykv. sagði um það mál. Ég tek mjög undir með honum að það þarf að athuga það mjög vandlega hvort rétt er að hafa þetta eins og þarna er lagt til.

Svo að lokum, hæstv. forseti, um þessa gildistöku frv. þá hlýtur maður auðvitað að leyfa sér ekki í neinum stráksskap heldur alvöru að spyrja hæstv. menntmrh.: Liggur nokkurn skapaðan hlut á? Til hvers er verið að strekkja með þetta frv. hér sem breytir sáralitlu og þá því miður í fleiri tilvikum til hins verra en er að mestu leyti um hluti sem menn munu láta sér detta í hug að taki gildi um aldamótin á þar næsta kjörtímabili? Er nokkur minnsta ástæða til að vera að nudda með þetta hér á þingi sem hefur í sjálfu sér nóg annað að gera og getur nú orðið stutt í annan endann hugsanlega, hæstv. forseti. Ekki vegna þess að ég sé að gera því skóna að hæstv. forsrh. verði jafnslæmur í skapinu og hann var hérna vorið 1992 þegar hann rak okkur heim fyrirvaralaust heldur einfaldlega vegna þess að aðstæðurnar taki af honum völdin og hann kunni að eiga fárra kosta völ innan skamms annarra en þeirra að eins og ég segi, stytta þetta þinghald mjög í annan endann.

Ég vil svo, hæstv. forseti, vekja athygli á einu mjög kúnstugu. Mér finnst alltaf mjög skemmtilegt þegar menn eru hugmyndaríkir og leggja jafnmikið á sig í þágu göfugs málefnis eins og hv. þm. Sjálfstfl. gera. Það á við þáltill. hér á þskj. 76. Þar hafa nokkrir afreksmenn úr þingflokki Sjálfstfl., hv. þm. undir forustu Árna R. Árnasonar flutt merka tillögu um eflingu menntunar í framhaldsskólum á sviði sjávarútvegs og matvælaiðnaðar. Nú veit ég ekki hvort þessi ágæta tillaga hefur komið til umræðu eða ekki en það hlýtur nú að mega nefna hana samt sem áður. Mér finnst það alveg bráðskemmtilegt þegar svona pappírar koma hér á borð okkar sömu dagana og ráðherra viðkomandi flokks í menntamálum er að mæla fyrir frv. um framhaldsskólann sem hann er að reyna að segja okkur að sæti einhverjum tíðindum og taki m.a. á starfsfræðslumálum. Þá leyfir maður sér að spyrja: Er þá einhver þörf fyrir þessa tillögu? Þurfa hv. þm. Sjálfstfl. samt að vera að flytja tillögu um að efla menntun í framhaldsskólum? Er það vegna þess að frv. ráðherrans sé svona ónýtt? Er það vegna þess að stefnan í því sé svona fjandsamleg starfsmenntun og þá sérstaklega á sviði sjávarútvegs? Eða er það vegna þess að hv. þm. vilja bara sýnast með tillöguflutningi af þessu tagi, gera sig góða gagnvart þessum málaflokki vitandi að það er ekki mikils að vænta af frv. hæstv. ráðherra eða þeirri ríkisstjórn sem þeir eiga að heita stuðningsmenn? Þetta er nú ekki háreistur málflutningur eða málatilbúnaður, hæstv. forseti. Eiginlega er skaði að hv. 5. þm. Norðurl. e., Tómas Ingi Olrich, sem hér talaði fyrr í dag, — mun að vísu hafa gætt þess vandlega að minnast ekki á nefnda þáltill., ekki frekar en snöru í hengds manns húsi en er nú flutningsmaður hennar engu að síður ásamt nokkrum flokksbræðrum — það er skaði að hv. þm. er ekki hér lengur svo hægt sé að spyrja hann um samhengi þessarar tillögu við frumvarpsflutning hæstv. menntmrh.

Það má auðvitað líka spyrja að því hvort hæstv. menntmrh. sé ekki á miklum villigötum í nálgun sinni á þessum þætti málsins, þ.e. starfsfræðslunámsins. Þá t.d. bendi ég á að frv. gengur út á það að breyta því fyrirkomulagi sem þó er við lýði í gildandi lögum og leggja til að mynda niður fræðsluráð sjávarútvegsins, samstarfsvettvang greinarinnar við menntamálayfirvöld um áherslur og stefnumótun og hvernig það komi inn í starfsnámið í framhaldsskólunum. Í staðinn á að starfa ein samstarfsnefnd um starfsnám sem á að dekka allt landið og miðin. Allar atvinnugreinar og öll svið. Síðan koma þær furðulegu fréttir að ráðuneytið hafi dottið niður á það snjallræði að leggja niður Fiskvinnsluskólann. Það er enn eitt skrefið fram á við sem ráðuneytið ætlar að stíga í þessum starfsfræðslumálum. Þá fer maður náttúrlega að skilja betur að þeir

þingmenn telji sig knúna til að flytja hér sérstaka tillögu í nauðvörn fyrir stöðu starfsnáms á sviði sjávarútvegs í framhaldsskólum. Það er kannski vegna þess að þeir sjá að hæstv. menntmrh. er að leggja niður fræðsluráð sjávarútvegsins og hann er að leggja niður Fiskvinnsluskólann í Hafnarfirði. (**Menntmrh.:** Hvaðan hefur þingmaðurinn það að ég sé að leggja niður Fiskvinnsluskólann?) Ég veit ekki betur en að þetta hafi komið hér í blöðum fyrir skömmu síðan. (**Menntmrh.:** Þetta er bara rugl.) Má þá ekki lengur trúa Morgunblaðinu? (**Menntmrh.:** Ekki ef það hefur sagt það.)

(**Forseti** (SalÞ)**:** Ekki samtal.)

Þá er nú orðið illt í efni. Við verðum að fá þetta á hreint. Það er gott ef hæstv. ráðherra vill koma hér og staðfesta að það verði ekki hróflað við rekstri Fiskvinnsluskólans, hann verði efldur. Er ráðherra til í að koma hér og staðfesta það? (**Menntmrh.:** Auðvitað.) Það er gott þá held ég að hann ætti líka að setja ofan í við Morgunblaðið fyrir þennan fréttaflutning. (Gripið fram í.) Og kannski fjárlagafrv. líka. Maður veit auðvitað ekki hverju maður á að trúa á þessum síðustu og verstu tímum. Kannski þetta sé þá allt meiri og minni misskilningur sem stendur í fjárlagafrv. um að leggja niður þessa og hina starfsemi. Vonandi er það þá líka misskilningur að það eigi að leggja niður embætti héraðslæknanna sem hæstv. menntmrh. ætlar mikið hlutverk í sambandi við heilsuvernd í skólum eins og ég fór hér yfir.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri. Ég verð að segja alveg eins og er að það er svo sem ekki vegna þess að þetta frv. gefi tilefni til mikilla ræðuhalda að maður blandar sér inn í þessa umræðu. Það er fyrst og fremst vegna þess að hér er málaflokkur á ferð sem mér finnst að verðskuldi þá athygli þegar hann er á annað borð á dagskrá á Alþingi að menn lýsi viðhorfum sínum til hans. Það sem kom mér sérstaklega til að tala hér var það sem ég kalla stefna í þveröfuga átt í sambandi við skólahald á landsbyggðinni og aðstöðumun þeirra sem búa í strjálbýlinu og þurfa að sækja framhaldsmenntun um langan veg eða senda börn sín um langan veg til framhaldsmenntunar og búa fyrir við ærinn aðstöðumun og í raun og veru illþolandi aðstöðumun. En að því er virðist í því litla sem þess sér stað í þessu frv. þá á að halda í öfuga átt og það er nú harla dapurlegt satt best að segja og er margt dapurlegt í kringum hæstv. menntmrh. þessa dagana.

[18:55]

Pétur Bjarnason:

Virðulegi forseti. Hér liggur frammi frv. um framhaldsskóla og nýlokið er umræðu um grunnskólafrv.

Með grunnskólafrv. var ákveðnum tilgangi yfir lýst í greinargerð, þ.e. fyrst og fremst flutningi grunnskólans til sveitarfélaganna. Í þeirri umræðu gat ég um þá skoðun mína að þar væri of mörgu blandað inn til breytinga á lögunum. Það sem maður hlýtur að velta fyrir sér þegar þessi tvö frv. eru hér til skoðunar er spurningin um stefnu í skólamálum, stefnu til lengri tíma litið og maður hlýtur að spyrja sig: Á að taka upp þá stefnu eða e.t.v. má segja — á að viðhalda henni, að marka nýja stefnu, nýja stefnu fyrir hverja stjórn sem situr og miða allar áherslur í skólamálum og öll grundvallaratriði skólastefnu þjóðarinnar eftir hverri þeirri hræringu sem verður í stjórnarmyndun hverju sinni? Ég spyr af tilefnum sem eru gefin. Í tíð síðustu stjórnar var m.a. mótuð stefna sem birtist í riti sem hét Til nýrrar aldar í skólamálum fram til aldamóta. Það var mikið rit að vöxtum. Ég er svo sem ekki að halda því fram að sú stefna og það rit hafi verið gallalaust enda er það ekki til umfjöllunar hér. Það var ekki farið að vinna eftir þeirri stefnu þegar skipt var um stjórn. En það sem mér finnst gagnrýnivert bæði þá og kannski oft áður er að það var allt lagt til hliðar sem unnið hafði verið, öll þau gögn sem voru fyrirliggjandi voru lögð til hliðar og þessi mikla vinna sem þá hafði verið unnin um alllangan tíma var ekki lengur notuð. Þessi skýrsla innihélt mikið af gagnlegum upplýsingum og mér er kunnugt um að margir nemendur sem voru í námi við Kennaraháskóla Íslands leituðu eftir upplýsingum sem var að finna í þessari skýrslu og mér er líka kunnugt um að þeir leituðu eftir skýrslunni í menntmrn. og talið var að þar væri nægilegt magn til af henni en þá brá svo við að ekkert af henni fannst það virtist svo sem þessi skýrsla og öll þau gögn og allar þær upplýsingar sem þar var að finna væru horfin með öllu. Þetta finnst mér vera afar sérkennilegur hlutur og full ástæða til að gagnrýna.

Fljótlega var síðan settur í gang annar vinnuhópur til þess að vinna e.t.v. það sama starf en e.t.v. út frá öðrum forsendum. Ég held að þessi vinnubrögð séu ekki nægilega góð. Og þó við skiptum um stjórnir, þó við skiptum um stefnu í skólamálum þá held ég að við eigum a.m.k. að nýta þær upplýsingar sem liggja fyrir, láta þær liggja frammi þeim til gagns sem á þeim þurfa að halda frekar en að fela þær eða eyða, ég veit ekki hvort hefur verið gert, alla vega fannst þessi skýrsla ekki og hefur ekki sést þegar menn hafa leitað eftir henni.

Það hefur áður verið nefnt um þá nefnd sem var skipuð, þessa átján manna nefnd, á sínum tíma og þess hefur verið getið og má ítreka hér að skipan hennar var ekki til þess fallin að skapa sátt um niðurstöðurnar þar sem mikið vantaði á að sú breidd væri í skipan þess vinnuhóps sem æskilegt má telja þar sem kæmu fram ýmis pólitísk sjónarmið og það hefur reyndar komið fram bæði í þessari umræðu núna og í umræðunni um grunnskólann að einmitt þessi skipan nefndarinnar er mjög líkleg til þess að verða ásteytingarsteinn í umræðunni og mun frekar tefja málin heldur en greiða fyrir því að þau fái eðlilega afgreiðslu.

Þessi tvö frv. eiga að breyta ýmsu um skólastarf bæði hvað varðar grunnskóla og framhaldsskóla. En ég tel að núgildandi lög feli í sér flestar heimildir sem þörf er á til að bæta skólastarf og að mörgu leyti í þá veru sem lagt er til í þessum frv. hvort heldur sem er á grunnskóla- eða framhaldsskólastigi. Það hafa ekki verið lögin sem hafa takmarkað umbætur í skólamálum á undanförnum árum. Það hafa ekki verið lögin, það hefur heldur ekki verið áhugaleysi menntmrh.,

hvorki í þessari ríkisstjórn né hinni síðustu, sem hefur hindrað umbætur í skólastarfi, ég vil taka það sérstaklega fram. Það sem hefur hindrað þessar umbætur og að það væri gert sem þyrfti til þess að bæta skólastarfið hefur verið skortur á peningum. Þetta er öllum ljóst. Það er skortur á peningum sem hefur verið þar mestur þrándur í götu að umbætur í skólamálum yrðu ríkulegar hér á landi. Þess vegna tel ég að hægt væri að ná fram mjög mörgu af því sem ráðherra hefur áhuga á að bæta með því að einbeita sér að fjárlagagerðinni. Fá fjármagn til skólanna, beita sér fyrir kjarabótum til kennara, sem allir sem hafa talað um þessi tvö frv. eru sammála um að sé höfuðnauðsyn í skólastarfi í dag. Að auka tímafjölda fyrir nemendur, að beita sér fyrir betri nýtingu skólaársins til hagsbóta fyrir nemendur. Allar þessar heimildir eru fyrir hendi í núgildandi lögum. Allt þetta er hægt ef fjármagn er fyrir hendi. Ekkert í núgildandi lögum mælir heldur á móti skólanámsskrárgerð, hvorki í grunnskóla né heldur í framhaldsskóla. Ekkert mælir á móti því að starfsnám verði aukið innan núgildandi laga um framhaldsskóla enda er víða unnið að því á markvissan hátt og ég vil nefna t.d. Framhaldsskóla Vestfjarða sem hefur látið kanna þörf fyrir stuttar starfstengdar námsbrautir og er að svara þeirri þörf eftir því sem fjármagn leyfir.

Eins má geta um stórmerkt starf farskólanna víðs vegar um landið sem einmitt hafa komið til móts við þessar kröfur að mjög verulegu leyti, einmitt þessar kröfur um starfsnám. Farskólarnir hafa tekið höndum saman við aðila úr atvinnulífinu með mjög fjölbreyttum hætti og komið þar til móts við einmitt þær kröfur sem er verið að setja fram í þessu nýja frv.

Það er stöðugt verið að hamra á valddreifingu með framlagningu beggja þessara frv. Reyndin er þó sú að oft er um aukna miðstýringu að ræða í stað valddreifingar. Þar vil ég sérstaklega nefna breytta skipan skólanefnda, sem hér hefur verið mjög til umræðu, þar sem fækkað hefur verið í nefndunum, nemendum hefur verið ýtt þar út, kennurum verið ýtt þar út, en ráðherra ætlar sér að skipa þrjá nefndarmenn án tilnefningar og það þrjá af fimm í stað eins áður af sjö manna nefnd.

Samræming stúdentsprófs getur vel verið markmið í sjálfu sér en virðist þó ganga þvert á það fjölbreytta námsval sem áfangakerfið hefur boðið upp á og þar með ólíkar leiðir sem nemendur eiga nú til þess að ljúka stúdentsprófi. Þarna virðist mér að frjálsræði sé ekki aukið heldur þvert á móti virðist það vera skert. Ég tel fulla ástæðu til þess að vara við því að meta ekki það mikla og farsæla starf sem unnið hefur verið í mótun áfangakerfis. Áfangakerfið hefur að verulegu leyti komið til móts við þær aðstæður sem ríkja á Íslandi. Það hefur gert minni skólum og deildum sem starfað hafa víðs vegar um landið kleift að starfa eftir sömu lögmálum og hinir sem stærri eru þó námsframboðið sé ekki hið sama. Þetta áfangakerfi hefur vakið mikla athygli víða um lönd og m.a. hafa Svíar lagt sig mjög eftir því að kynna sér þetta kerfi og viljað nýta sér kosti þess.

Hvað snertir námsskrárgerð, prófagerð og eftirlit sem gert er ráð fyrir víða í frv. þá er hér sama sagan og í grunnskólafrv. Ekki verður séð í fjárveitingum að reiknað sé með kostnaði vegna þessara auknu starfa sem ráðuneytið mun þurfa að annast. Þess má geta að núgildandi námsskrá fyrir framhaldsskóla er frá árinu 1990 og hún átti að koma út endurskoðuð tveimur árum seinna, árið 1992. Hún er ekki komin enn og mætti e.t.v. spyrja af hverju hún er ekki komin.

Þetta bendir á sömu rök og áður hafa verið nefnd í tengslum við grunnskólafrumvarpið, að starfsemi ráðuneytis mun ekki verða dreift um landið eins og nú er í grunnskólanum og að hluta til í framhaldsskólakerfinu. Aukning mun verða á störfum ráðuneytis og aukningin mun verða í ráðuneytinu sjálfu hér suður í Reykjavík og þeim mun verða stýrt héðan.

Hér hefur verið nefnt svolítið um 6. gr., um hlutverk skólanefnda og skipan skólanefnda. Ég held að það sé full ástæða til að ítreka það sem áður hefur verið sagt að þessi skipan skólanefnda getur ekki verið tilraun eða neitt framlag til þess að dreifa valdi. Síður en svo. Áður var skólanefnd þannig skipuð að tveir starfsmenn skóla voru í nefndinni, það var einn úr hópi nemenda, það voru þrír og eru núna reyndar, það eru þrír sem eru skipaðir af viðkomandi sveitarstjórnum sem standa að skólanum og það er einn sem er tilnefndur af ráðherra, en ráðherra skipar að sjálfsögðu alla þessa menn í nefndina. Ég veit ekki annað en þetta hafi gefist allvel í störfum skólanefnda, ég þekki ekki annað, en nú eru breytingar þær að það eru þrír sem eru skipaðir beint af ráðherra. Enginn fulltrúi nemenda og enginn fulltrúi kennara nema sem áheyrnarfulltrúar með málfrelsi og tillögurétt. Ég get ómögulega litið öðruvísi á þetta heldur en hér sé um að ræða afturför.

Ég set líka spurningarmerki við næstu grein, 7. gr., þar sem stendur: „Skólanefnd markar áherslur í starfi skólans. Hún gerir árlega starfs- og fjárhagsáætlun fyrir skólann til þriggja ára sem háð er samþykki menntmrh.“

Í núverandi lögum hefur reyndar löngum verið gert ráð fyrir því að skólanefnd annist ásamt skólameistara og skólastjórn ýmsa ákvarðanir í skólastarfinu, en starfsemi skólanefnda gerir það að verkum að hún á kannski ekki mjög auðvelt með að sinna þessu svo fullnægjandi sé. Maður hlýtur að spyrja sig á sama hátt og var með grunnskólalögin: Hefur skólanefnd alla tíð burði til þess að marka áherslur í starfi skólans? Hefur hún færni til þess eða hver eru þau skilyrði sem skólanefndarmönnum eru sett þegar þeir eru skipaðir til þessara starfa? Eru einhver ákvæði um menntun þeirra, reynslu eða þekkingu á skólakerfinu sem gerir þeim kleift að taka að sér svona viðamikið hlutverk eins og þarna er gert?

Nú heitir það skólaráð í þessu frv. sem áður hét skólastjórn. Ég veit ekki hvort það er í valddreifingarátt. Varla. Það er ekki gert ráð fyrir því að skólaráð komi að rekstrinum eins og skólastjórn gerði áður. Í texta kemur það ekki fram.

Það má setja spurningarmerki við það af hverju skólameistari er skipaður til fimm ára núna. Er nauð-

synlegt að setja þessi tímamörk? Er ekki nægilegt vald á ráðningu skólameistara með því að ráða þá ótímabundið með lögbundnum uppsagnarfresti? Maður hefði haldið að tæplega fimm ára starfstími væri nægilegur fyrir skólameistara til þess að fá þá yfirsýn yfir stóran skóla sem nauðsynleg er til þess að stjórna af þeirri þekkingu sem hann þarf.

Það má spyrja: Hver eru ráðningarkjör kennara? Ekkert sést um það, svo ég viti til, í þessu frv. hver ráðningarkjör þeirra eru. Það kemur ekki fram, heldur bara að þeir eru ráðnir.

Það má spyrja um 15. gr. þar sem kemur fram að inntöku nemenda er stýrt eftir einkunnum. Þar með er takmarkað hvert nemendur geta leitað eftir grunnskóla, í hvaða áttir þeir eiga að sækja. Þarna fer auðvitað mjög mikið eftir því hver framkvæmdin verður hverning til tekst. En það má spyrja hvort það sé boðið upp á nægilegan stuðning við þá nemendur sem á stuðningi þurfa að halda.

Fornám sem boðið er upp á, þar er út af fyrir sig komið til móts við ákveðnar hefðir sem hafa verið og ekki nema gott eitt um það að segja, en því á að ljúka með grunnskólaprófi. Það kemur að vísu ekki fram í frv. en það kemur fram í skýrslunni sem fylgir með. Maður veltir fyrir sér af hverju á framhaldsskólinn að fara að leggja grunnskólapróf fyrir nemendur sem komnir eru upp úr grunnskóla og geta verið á mjög misjöfnum aldri. Þeir geta verið komnir um eða yfir tvítugt jafnvel þegar þeir fara í forskóla, það er ekkert sem mælir á móti því. Ef markmiðið með forskólanum er að gera nemendur hæfa til inngöngu í framhaldsskólann er þá ekki eðlilegt að þeir þreyti þar einhvers konar inntöku- eða hæfnispróf frekar heldur en að framhaldsskólinn sé að veita þeim grunnskólapróf? Það er ástæða finnst mér til að setja spurningarmerki við það, enda er þarna um annað próf að ræða heldur en grunnskólaprófið sjálft, það segir sig alveg sjálft að þannig er það.

Ef við lítum á 16. gr. þessa frv. um námsskipan. Þar er rætt um, eins og komið hefur hér fram, verulega greiningu brauta. Mig langar aðeins til þess að koma hér að aðdraganda þess að starfsnám og iðnnám fór inn í framhaldsskólann. Mjög margir úti á landsbyggðinni muna eftir gömlu iðnskólunum og hverja þýðingu þessir iðnskólar höfðu fyrir byggðirnar. Víða þar sem ég þekki til störfuðu þessir iðnskólar við hlið grunnskólanna og hver einasti iðnaðarmaður sem starfaði á staðnum hafði farið í gegnum þennan iðnskóla. Reyndin varð sú að ef menn fóru annað til iðnnáms var undir hælinn lagt að þeir skiluðu sér í heimabyggðina til baka. Síðan þróaðist þetta þannig að þessar starfsbrautir og iðnnámið kom inn í fjölbrautaskólana, fyrst í stærstu skólana á höfuðborgarsvæðinu, en sem betur fer varð síðan þróunin sú að þetta kom inn í framhaldsskólana sem starfa víðs vegar um landið.

Í tilefni af því að hv. þm. Svavar Gestsson, sem ekki er hér í salnum núna, lagði fram fyrirspurn til ráðherra hér áðan varðandi þróun mála á Patreksfirði og víðar á Vestfjörðum hvað snertir framhaldsdeildir sem þar starfa, þá tel ég rétt að ég fyrir mitt leyti gefi nokkra skýringu, ég býst við að ráðherrann geri það líka, en þar sem ég þekki vel til þessara mála þá vil ég aðeins í stuttu máli greina frá því hvernig þessi þróun hefur verið.

Um margra ára skeið var reynt að koma á framhaldsnámi við grunnskólann á Patreksfirði í formi framhaldsdeilda þar. Af ýmsum ástæðum, sem er kannski of langt að rekja hérna, þá tókst þetta ekki og ég vil þó sérstaklega taka fram að það var ekki vegna þess að ekki væri skilningur á þessu í ráðuneytinu. Á öllum tímum þessarar viðleitni fékkst fullur skilningur þaðan og það var ekki hindrunin.

Hólmavík var nefnd hér líka. Þar hefur að vísu ekki verið reglulegt framhaldsskólanám heldur var komið þar á eins vetrar öldungadeildarnámi á vegum Framhaldsskóla Vestfjarða og sama gerðist á Flateyri. Reyndar fór framhaldsnámið á Patreksfirði upphaflega þannig fram að þar var stofnuð öldungadeild sem starfaði á vegum framhaldsskólans.

Það var svo fyrir rúmu ári að það tókst að koma á framhaldsdeild á vegum Framhaldsskóla Vestfjarða en í nánum tengslum við grunnskólann á Patreksfirði og það starf hefur gengið mjög vel. Ég held, af því að það var komið inn á þetta atriði áðan, að þá hafi reynslan þarna sýnt okkur að framhaldsnám með þessum hætti, a.m.k. við þær aðstæður sem þarna eru, er mun heppilegra að sé á vegum viðkomandi framhaldsskóla með stuðningi grunnskólans og reyndin verður sú á framkvæmdinni að framhaldsdeildin og grunnskólinn styðja hvort annað mjög dyggilega. Svo ég vona að þessar skýringar komist á framfæri við hv. þm. Svavar Gestsson.

Það sem ég hef kannski helst áhyggjur af í sambandi við námsskipan sem getið er um í 16. gr. er að það er gert ráð fyrir meiri greiningu brauta sem ég óttast að geti gert litlum skólum og einmitt framhaldsdeildum eins og þarna eru nefndar erfiðara um vik að starfa og þar með veikja stöðu þeirra. Það væri mikið skref aftur á bak sem mér þætti mjög bagalegt ef stigið yrði með þessu frv. og hvet til þess að þessi grein verði tekin til skoðunar út frá þessu sjónarmiði sérstaklega, þar sem ég tel þetta vera lykilatriði ef við ætlum að halda þessum litlu skólum, sem eru að reyna að hafa svo fjölbreytt nám sem kostur er, þó einhverjar takmarkanir hljóti að verða á því.

Annað sem þetta mun leiða til, ef að lögum yrði með þessum hætti, það væri allmikil aukning greiðslu úr ráðuneyti í formi dreifbýlisstyrkja. Ég þykist vita að ráðherrann þekki þær reglur sem gilda um úthlutun styrkja til stuðnings þeim sem stunda nám úr dreifbýli. Það er því aðeins veitt að ekki sé hægt að stunda sambærilegt nám heima fyrir. Einmitt þessi staða, að það hefur verið litið á fyrsta námsárið sem sambærilegt að verulegu leyti við flestar greinar, hefur orðið til þess að nemendur hafa oft getað stundað það nær sínu heimili heldur en áður var.

Í sambandi við 22. gr. þessa frv. Þar er gert ráð fyrir að hver skóli skuli gefa út skólanámsskrá. Það er svo sem ekki nema gott eitt um það að segja. Það hefur áður komið fram að skólanámsskrá krefst mikillar

vinnu og vafalaust mjög mikillar viðbótarvinnu hjá kennurum sem einhvers staðar verður að koma til móts við með peningum. Ekki veit ég hvort nokkurs staðar er reiknað með því þar sem talað er um skólanámsskrá. Í skólanámsskrá á að gera grein fyrir kennsluháttum, námsmati og stjórnunarháttum svo sem gæðastjórnun. Gæðastjórnun er nýtt orð sem mikið er notað, stundum jafnvel ofnotað. Ég er svo sem ekkert að hafa á móti þessu orði sem hljómar vel og stendur fyrir ýmsa góða hluti. En ég vara samt við því að nota það um allt of víðtæka hluti og slá því fram svona án skilgreiningar eins og stundum er gert.

En ég held að þarna þurfi líka að athuga það að þessi skólanámsskrá sem er faglegt mat á því sem verið er að gera og ekki bara mat, heldur líka áætlun um hvernig eigi að gera það, það er talað um að skólanámsskrá skuli vera samþykkt af skólanefnd sem fylgist með framkvæmd hennar. Aftur kem ég að atriðum um skólanefndina sem eins og áður kom fram hefur allt annað vægi heldur en fyrr. Hún er skipuð með pólitískum hætti, miklu þrengri. Það eru ekki fulltrúar nemenda, það eru ekki fulltrúar kennara og þess vegna held ég að það sé mjög hæpið að skólanefnd, sem á að samþykkja skólanámsskrá, hafi yfirleitt mikla möguleika á því að meta hvað í henni felst, mun minni en kannski skólanefnd eins og hún er skipuð nú þar sem aðilar eru þar inni sem hafa möguleika á að leggja faglegt mat á ýmsa hluti, þar með talið skólanámsskrá.

Það hefur komið fram hérna að 5 ára mat í þessu svipað og í grunnskólunum kallar enn á meiri vinnu hjá ráðuneyti og í 24. gr. er fjallað um almennt námsmat. Það á að vera í höndum kennara og deildarstjóra. Það byggist líka á þessari skólanámsskrá sem áður er getið um.

Það er nefnd hér framkvæmd samræmdra prófa. Enn setur maður spurningu við samræmd stúdentspróf og hvort því er beint að einhverju leyti gegn áfangakerfi, þ.e. hvernig á það að koma skilgreiningu áfangakerfis inn í samræmingu stúdentsprófs. Ég átta mig ekki alveg á því hvernig stúdentspróf á að vera samræmt og jafnframt að geta verið svo fjölbreytilegt sem nú er. Í 25. gr. er fjallað um starfsnám og það væri kannski ágætt að þar væri eitthvað skýrara um innihald starfsnáms en það sem stendur hér, að það eigi að taka mið af þörfum starfsgreina fyrir fagmenntað starfsfólk til einstakra starfa á hverjum tíma. Samstarfsnefnd um starfsnám er skipuð 18 fulltrúum. Ég ætla svo sem ekki að setja fram skoðun á þessari nefnd, hvort hún muni fullnægja þeim skilyrðum og standa undir þeim kröfum sem til hennar eru gerðar. Ég hef alltaf verið svolítið efins um virkni nefnda þegar fer að skipta tugum manna í þeim. Kannski er 18 eitthvað heilög tala í hugum þessarar nefndar, ég veit það ekki, og mér sýnist að hérna sé allstór nefnd og viðamikil.

Hér er rætt um 31. gr. að menntmrh. geti að fenginni umsögn starfsgreinaráðs og stofnaðila gert framhaldsskóla eða deild í framhaldsskóla að kjarnaskóla í lengri eða skemmri tíma. Það kom fram í máli hv. alþm. Valgerðar Sverrisdóttur að einmitt nýlegt dæmi um faggreinar netagerðar bendi nú ekki til þess að þessi vinnubrögð séu a.m.k. komin á dagskrá og kannski færi betur að þar yrði breytt um því að þar var einmitt vikið frá þessu þar sem búið var að setja einn kjarnaskóla í ákveðinni grein, þá var tekin sú vinnuregla að dreifa þessu út aftur.

Það er spurning sem ég vil setja fram um stuttar starfsbrautir sem veita réttindi. Ég hef ekki rekist á það hérna, kann að vera að mér hafi þá yfirsést, en ég nefndi einmitt áðan könnun sem gerð var við Framhaldsskóla Vestfjarða um slíkar starfsbrautir sem eru síðan komnar í gang og það kom í ljós við þá könnun sem gerð var að það væri einmitt mjög veruleg þörf fyrir þessar stuttu starfsbrautir. Maður setur spurningarmerki við þetta. Hvernig er með tengslin, nú heitir samræmt stúdentspróf, stúdentspróf á bóknámsbrautum og námslok starfsbrauta, hvernig tengist þetta svo samræmingu sem stefnt er að að lokum?

Virðulegi forseti. Í þessu frv. er um að ræða margar breytingar. Sumar hverjar eru til bóta en margar þeirra má telja skref aftur á bak. Mér þykir margt í frv. benda til aukinnar miðstýringar eins og ég hef komið inn á í stað þeirrar valddreifingar sem boðuð hefur verið. Og ég vil enn og aftur nefna breytta skipan skólanefnda sem dæmi og ég tel það einn versta þáttinn í þessu frv. Ég óttast það að ekki verði tekið nægilegt tillit til þeirrar reynslu sem fengist hefur af áfangakerfinu og það er margt sem bendir til þess að andi gamla bekkjakerfisins svífi hér yfir vötnum.

Þá vil ég sérstaklega benda á að ég tel að það sé mikil afturför fólgin í afnámi einnar setningar í 2. gr. frv. þar sem áður var stefnt að því að skapa skilyrði til náms og þroska við allra hæfi eins og stendur í núgildandi lögum. Þetta hefur verið fellt út. Þessi breyting segir býsna margt um þann anda sem að baki býr.

Virðulegi forseti. Ég mun að sjálfsögðu vinna að þessu máli þegar það kemur til menntmn. og ég mun gera mitt til þess að koma þeim sjónarmiðum á framfæri sem ég hef hér lýst. Að þeim uppfylltum og e.t.v. fleiri breytingum, þá tel ég að hægt verði að gera þetta frv. að viðunandi lögum en ítreka það sem ég hef áður lýst að ég tel mjög hættulegt að ætla að forma nýtt menntakerfi og nýja skólastefnu með hverjum stjórnarskiptum. Það er vísasti vegurinn til að brjóta niður skólakerfið.

[19:23]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Til mín hefur verið beint ærið mörgum fyrirspurnum og ég skal reyna að svara þeim eftir bestu getu. Ég veit þó fyrir fram að ég kemst ekki yfir að svara því öllu saman. Til þess hef ég ekki nægan tíma og sýnist líka að margt af því sem hér hefur komið fram mætti taka til sérstakrar athugunar og veit raunar að það verður gert við meðferð málsins í hv. menntmn.

Ýmsir hv. ræðumanna hafa komið að ákvæðunum um samræmd lokapróf í framhaldsskólanum og hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir nefndi hér sérstaklega að slík próf kostuðu mikið fé og hún efaðist um að þeim peningum væri vel varið. Ég bendi á í því sambandi að þarna er fyrst og fremst verið að hugsa um hag nem-

endanna og tryggja jafnrétti þeirra. Ég held að það sé ekkert áhorfsmál að núverandi kerfi mismunar nemendum. Það kemur í ljós að nemendur hafa mismunandi undirbúning og það má kannski segja að það sé undir hælinn lagt hvað stendur á bak við tilteknar einkunnir í einstökum fögum, þær segja ekki það sama í hinum einstöku skólum. Það er ekki verið að tala um samræmd próf í öllum greinum heldur aðeins tilteknum greinum. Þetta geta aðrar þjóðir gert og ég sé ekki af hverju við ættum ekki að geta það líka.

Ég tel mig hafa upplýsingar um það að í flestöllum Evrópulöndum eru stúdentspróf samræmd. Ég veit að vísu um fjögur lönd þar sem það er ekki. Það er Grikkland, Spánn, Portúgal og Belgía.

Ég vil líka taka það fram að með samræmdum prófum er ekki á nokkurn hátt verið að stefna með því gegn áfangakerfinu. Þetta er eins og ég sagði til samræmis við það sem alls staðar er gert í löndunum hér í kringum okkur.

Hv. þm. Svavar Gestsson taldi gildandi lög nægilega góð og ég skildi hv. þm. þannig að í raun væri lagabreyting óþörf. Ég er ekki sammála því. Breytingar sem frv. leggur til eru í samræmi við þróun skólamála í nágrannalöndum. Það eru margar nýjungar sem löggjafarvaldið þarf að ræða og taka afstöðu til. Hjá því getum við ekki komist. Og það er ekki hægt að vera sífellt með tilraunir með heilu árgangana. Við verðum að móta opinbera skólastefnu fyrir framhaldsskólann. Í því sambandi vil ég líka taka skýrt fram að þeir sem að skólamálunum vinna við skólana sjálfa eiga ekki að bera ábyrgð á skipulagi námsins heldur framkvæmd þess.

Hv. þm. minntist á bréf mitt til Menntaskólans við Hamrahlíð á sínum tíma. Ég minni aðeins á í því sambandi að ákvörðun mín um að afturkalla námsskrána sem þar var verið að gera byggðist fyrst og fremst á þeim mótmælum sem komu frá Háskóla Íslands. Það var ástæðan fyrir því að ég féllst ekki á breytinguna sem þar hafði verið undirbúin.

Hv. þm. Svavar Gestsson talaði líka um, ef ég hef skilið hann rétt, að samningsstjórnun væri betri en reiknireglan sem þarna væri verið að fitja upp á í frv. og rifjaði upp í því sambandi skólasamning sem hefði verið gerður við Fjölbrautaskólann í Garðabæ og ég held að ég hafi heyrt rétt að hv. þm. sagðist hafa gert þennan samning við Fjölbrautaskólann í Garðabæ á meðan hann var ráðherra. Ég kannast ekki við það. Ég kannast hins vegar við að ég gerði samning við Fjölbrautaskólann í Garðabæ og man ekki til að annar hafi verið í gildi þegar sá samningur var gerður. En það er nú ekkert aðalatriði. Þar var gerð tilraun sem hefur verið gerð skýrsla um og við höfum haft til athugunar í ráðuneytinu og ég held að út af fyrir sig megi læra margt af þeirri tilraun sem þar var gerð.

Hv. þm. gerði 15. gr. frv. að umtalsefni um inntökuskilyrðin og taldi að það væri verið að þrengja inngöngu í skólana og opnuð leið til þess að búa til inntökupróf í framhaldsskólann. Þetta er misskilningur hjá hv. þm. Matið á þarna eingöngu við um þá nemendur sem ætla í framhaldsskólann, ekki beint úr grunnskólanum. Það er möguleiki sem sagt fyrir þessa nemendur að komast á námsbrautir þó að þeir hafi ekki fullnægjandi árangur úr grunnskóla.

Hv. þm. spurði í sambandi við 38. gr. frv. hvort Alþfl. stæði að frv. Ég held að hann hafi þar átt sérstaklega við skólagjöldin. A.m.k. upphaf 38. gr. er samhljóða gildandi lögum um að ríkissjóður greiði samkvæmt lögum þessum rekstrarkostnað framhaldsskóla. Ég kem kannski aðeins seinna að því sem varðar innritunargjöldin sem skólanefnd ákveður skv. 7. gr., það er annað mál en skólagjöldin.

Um framhaldsdeildirnar hefur hv. þm. Pétur Bjarnason rætt og ég hef svo sem engu við það að bæta. Það er skoðun mín eins og hv. þm. Péturs Bjarnasonar að framhaldsdeildirnar eigi að vera á vegum framhaldsskólanna.

Skólanefndirnar hafa orðið að umtalsefni ýmissa hv. ræðumanna og sumir haft stór orð um hvernig ætlað er að skipa þær. Ég held að hv. þm. Svavar Gestsson hafi komist þannig að orði að engin glóra væri í því að menntmrh. eigi að skipa þrjá menn af fimm. Ég verð að segja á móti að ég á afar erfitt með að skilja þá miklu gagnrýni sem kemur á þessa tillögu. Ég sé ekki neitt að því og þykir eðlileg skipan mála að sá aðili sem greiðir allan rekstrarkostnað viðkomandi skóla, í þessu tilviki framhaldsskólans, hafi meiri hluta í skólanefnd. Sá ótti að ráðherra misbeiti valdi sínu með því að mér skilst að mesta hættan liggi í því að hann skipi alla þrjá sem sína flokksmenn — ég sé ekki að það þurfi endilega að liggja í augum uppi að hann geri það. Hann getur gert það og ætti kannski engan að undra að hann treysti betur flokksmönnum sínum en öðrum en það þarf ekki að vera meginregla að hann geri svo. Í frv. segir að þeir þrír, sem ráðherra skipi, skuli að jafnaði vera búsettir á því svæði sem skólinn starfar. Það var gert vegna ábendinga sem komu frá ýmsum umsagnaraðilum að þannig var kveðið á um þetta atriði.

Margt fleira mætti segja um skipan skólanefndanna en mér þykir skipanin eðlileg, fyrst og fremst vegna þess að það er ríkið sem greiðir allan rekstrarkostnað skólans og þess vegna eðlilegt að meiri hluti skólanefndarinnar sé skipaður af ráðherra.

Hv. þm. spurði um hver ákvæði skólagjöldin sem getið er um í 7. gr. Hann kallar skólagjöld það sem segir í frumvarpsgreininni, með leyfi hæstv. forseta:

„Skólanefnd ákveður upphæð gjalda er nemendum er gert að greiða við innritun í framhaldsskóla, svo sem innritunargjöld, efnisgjöld, pappírsgjöld og hlut nemenda í efniskostnaði vegna verklegrar kennslu í samræmi við reglur er menntmrh. setur. Halda skal bókhald um fjárreiður þessar. Um endurskoðun gilda sömu reglur og um annan rekstur.“

Ég sé ekki að í þessu felist nein hætta á að skólanefnd fari að leggja einhverjar ógnarbyrðar á nemendur. Ríkissjóður greiðir áfram rekstrarkostnað framhaldsskólans eins og segir í 38. gr. og þau ákvæði eru sem sagt óbreytt frá gildandi lögum.

Þá ræddi hv. þm. um af hverju aldursmarkið væri sett við 20 ára aldurinn. Reglugerðarákvæði um framhaldsskóla segir að aldursákvæðið sé 20 ár fyrir öld-

ungadeildir, þ.e. samkvæmt gildandi lögum. Talað er um 18 ára aldur í 35. gr. gildandi laga en þar er verið að ræða um aðgang að dagskóla en ekki öldungadeildir.

Þá ræddi hv. þm. Svavar Gestsson um að breytt yrði kostnaðarhlutdeild við byggingu heimavista. Það gerði einnig hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon og eyddi löngu máli í þann hluta ræðu sinnar. Ég ætla að svara hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni um leið. Núna er það svo að heimavistarhúsnæði er greitt að fullu úr ríkissjóði. En með frv. er lagt til að þarna verði sama kostnaðarhlutdeild og við byggingu skólahúsnæðis, þ.e. að ríkið greiði 60% og sveitarfélögin sem standa að skólanum 40%. Þetta þykir sumum varhugavert og mér fannst t.d. hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon rugla saman kostnaði nemenda sem þurfa að dveljast í heimavist eða fjarri heimahögum sínum við þessa breytingu. Engin breyting er á rekstrarkostnaði skólans og nemendur verða að sjálfsögðu að greiða ákveðin gjöld fyrir veru sína í heimavistinni. Svo ég spyrji á móti þá skil ég ekki hvers vegna á að vera annað kostnaðarhlutfall eins og er í dag varðandi byggingu heimavistarhússins en kostnaðurinn við skólahúsnæðið sjálft. Þetta á ekkert skylt við þann mikla aðstöðumun sem er milli þeirra nemenda sem geta stundað nám í heimabæ sínum og þeirra sem þurfa að fara að heiman og dveljast annaðhvort í heimavist eða í öðru húsnæði fjarri heimabyggð sinni. Ég held að alveg óhætt sé að fullyrða að það sveitarfélag þar sem heimavistin er nýtur líka mjög góðs af því að heimavistarbygging er á staðnum. Eins og kom fram hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni eru slík húsakynni notuð sem hótel eða gistiaðstaða á sumrin og skiptir miklu máli fyrir viðkomandi sveitarfélag. Í athugasemdum við 36. gr. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Þá er ákveðið að setja skuli reglugerð um normkostnað framhaldsskólahúsnæðis sem skipting áætlaðs stofnkostnaðar milli framkvæmdaaðila verði miðuð við. Einnig skal setja í reglugerð viðmiðunarreglur um stærð og gerð húsnæðis framhaldsskóla. Gert er ráð fyrir að allur undirbúningur verði í höndum framkvæmdaaðila."

Ég held að ég fari ekki í fleiri spurningar sem komu frá hv. þm. Svavari Gestssyni. Ég kem þá aðeins að ræðu hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar. Honum þóttu frv. bæði um grunnskóla og framhaldsskóla sæta harla litlum tíðindum og sýndist þau meira til málamynda en hitt. Þetta má svo sem vera álit hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar, það verður að vera hans mat. Hann gerði mikið mál úr því og reyndar hv. þm. Svavar Gestsson líka að ekkert lægi á þessu því frv. kæmu ekki til framkvæmda fyrr en um aldamót og hv. þm. gerðu töluvert mál úr þessu. Að vísu er um að ræða tvö nokkuð stór atriði í frv. sem taka ekki gildi strax. Það er ákvæðið um samræmdu prófin og það eru ákvæðin um starfsnám. Ég held að allir ættu að vita að þörf er á aðlögunartíma og fullkomlega eðlilegt að þetta taki ákveðinn tíma og alveg óþarfi að gera þetta eitthvað sérstaklega tortryggilegt.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon gerði líka 13. gr. frv. að umtalsefni þar sem segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Í öllum framhaldsskólum skal rækja heilsuvernd. Sé heilsugæslustöð starfandi í nágrenni skólans skal fela henni að annast heilsuverndina.

Héraðslæknar hafa umsjón með þessari starfsemi" o.s.frv.

Þetta er sambærilegt bæði í grunnskólafrv. og framhaldsskólafrv. Að sjálfsögðu er eðlilegt að ákvæði frv. séu í samræmi við ákvæði gildandi laga og ég get bætt því líka við að ákvæðið var borið undir heilbrrn. sem samþykkti fyrir sitt leyti að hafa þetta ákvæði svona.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon ræddi einnig um athugasemdir við 6. gr. um fá fulltrúa úr atvinnulífinu í skólanefndirnar og taldi það að mér skildist eitthvað tortryggilegt. (**SvG:** Það hefur ekki lagagildi.) Nei, það hefur ekki lagagildi, það er alveg rétt hjá hv. þm., en hv. þm. veit mætavel að það sem segir í athugasemdum við lagafrv. hefur gildi og það hefur líka gildi um túlkun þeirra það sem kemur fram í framsöguræðu t.d. þess ráðherra sem flytur málið. Þess vegna er fjarri því að segja megi að þetta sé einskis virði sem þarna kemur fram í umsögn um greinina. Auðvitað er hægt að leggja fram ákveðna stefnumörkun bæði í ræðu og í umsögn um tiltekna lagagrein.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sagði líka að ég væri að leggja niður Fiskvinnsluskólann. Það er ekki rétt. Hins vegar liggur fyrir að ákveðið var að taka ekki inn nýja nemendur eftir áramót til þess að rúm gæfist til að endurskipuleggja skólann. Það vantaði orðið nemendur og ekki er hægt að halda úti svona skólahaldi nema það séu nemendur. Við höfum fengið í hendur nýtt nefndarálit um heildarendurskoðun sjávarútvegsnáms. Það er unnið í samvinnu við skólafólk og fulltrúa atvinnulífs. Þar segir í einni tillögunni, með leyfi hæstv. forseta:

„Nám í Fiskvinnsluskólanum í Hafnarfirði verði endurskipulagt í samráði við hagsmunaaðila í sjávarútvegi og lög um skólann endurskoðuð. Námið byggi á almennu framhaldsskólanámi og/eða námi á hinni nýju sjávarútvegsbraut sem þá verður skipulögð fyrir framhaldsskólana og verði sérhæft matvælafræðinám með áherslu á vinnslu sjávarafurða."

Það er sem sagt stefnt að því að efla Fiskvinnsluskólann.

Hv. þm. Pétur Bjarnason fullyrti að öll gögn, sem til væru í ráðuneytinu frá fyrrv. menntmrh., hefðu verið lögð til hliðar. Þetta er einfaldlega rangt og það hefur áður verið rakið að til hliðsjónar þeim frumvörpum, sem ég hef hér verið að mæla fyrir, bæði grunnskólafrv. og framhaldsskólafrv., sem við erum að ræða í dag, höfum við auðvitað haft mörg og mikilvæg gögn sem til eru í ráðuneytinu frá fyrri árum. Það hefur áður komið upp á hv. Alþingi að skýrsla sem forveri minn, hv. þm. Svavar Gestsson skildi eftir sig, Til nýrrar aldar, hafi verið læst niðri í skúffu og farið með sem eitthvert leyndarmál. Það er ekki rétt. Ég veit að þessi skýrsla hefur víða verið notuð. Mér er að vísu ókunnugt um hversu mikið upplag er til af henni í ráðuneytinu en ég tek skýrt fram að henni er ekki haldið

leyndri af minni hálfu. Ég sagði hins vegar á sínum tíma að það sem kæmi fram í skýrslunni eða bókinni Til nýrrar aldar væri ekki í gildi að öðru leyti en því sem samræmdist gildandi lögum. En fjölmargar tillögur, eins og hv. þm. Svavar Gestsson tiltók raunar áðan, eru alveg í samræmi við það sem kom fram í bókinni Til nýrrar aldar.

Hv. þm. Pétur Bjarnason nefndi ákvæðið um að skólameistari skyldi skipaður til fimm ára. Ef ég skildi hann rétt þá hafði hann efasemdir um að það væri skynsamlegt ákvæði. Ég hef einhvern tíma sagt áður að sjálfsagt sé að athuga betur hvort það eigi við með skipan skólameistara að þeir séu skipaðir tímabundið og ég tel mjög eðlilegt að hv. menntmn. athugi það mál sérstaklega. Vel má vera að það dugi að gera við skólameistara ráðningarsamning sem sé uppsegjanlegur af hálfu beggja.

Hv. þm. nefndi að ekkert væri í frv. um ráðningarkjör kennara. Þó ekki væri, segi ég. Slíkt á auðvitað ekki heima í lögum. Það er að sjálfsögðu samningsatriði milli kennara og vinnuveitanda.

Hæstv. forseti. Mér er ljóst að ég hef ekki komist yfir að svara öllum spurningum sem til mín hefur verið beint, en ég hygg að allt sem hefur komið fram í umræðunni, sem mestan part hefur verið málefnaleg og ég þakka fyrir, muni verða tekið til sérstakrar athugunar í hv. menntmn. Ég vil í lokin aðeins vegna þeirra orða sem hafa fallið um að í raun og veru væri lagasetning óþörf nefna örfá atriði sem komu raunar fram í framsöguræðu minni og eru sérstök áhersluatriði í frv. Þar nefni ég í fyrsta lagi að áhersla er lögð á faglegt og fjárhagslegt sjálfstæði skólanna. Nánari ákvæði um forstöðumannshlutverk og faglega forustu skólameistara og skólanefndir fái aukið hlutverk. Sett verða inntökuskilyrði á námsbrautir framhaldsskóla. Það er breytt námsskipan framhaldsskólanna, gert ráð fyrir að allur árgangur sem útskrifast úr grunnskóla geti farið í nám í samræmi við undirbúning og áhugasvið. Starfsnám verði forgangsverkefni í þróun framhaldsskólans á næstu árum, m.a. með aukinni aðild aðila atvinnulífs. Nemendur, sem lokið hafa stuttu starfsnámi, geti byggt ofan á það í áframhaldandi námi. Möguleiki verði á undirbúningsnámi undir stúdentspróf að loknu lengra starfsnámi. Námstilboð fyrir fatlaða á framhaldsskólastigi verði fest í sessi. Lokapróf úr framhaldsskólum verði samræmd í tilteknum greinum til að tryggja jafnrétti nemenda til náms af sambærilegum gæðum. Fullorðinsfræðsla í framhaldsskólum verði efld með fjölbreyttara námsframboði í öldungadeildum. Starfstími framhaldsskólanemenda verði níu mánuðir og kennsludagar a.m.k. 150. Þetta tek ég sérstaklega fram vegna þeirra orða sem hér hafa fallið að þetta sé í raun og veru allt saman óþarfi.

[19:52]

Guðrún J. Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Árið 1969 var fyrsta alvarlega tilraunin gerð til þess að breyta þeim framhaldsskólum sem höfðu starfað með hefðbundnum hætti í nokkur hundruð ár á Íslandi eins og áður hefur verið rakið. Auðvitað á framhaldsskólinn rætur sínar að rekja til gömlu biskupssetraskólanna en fyrir 25 árum voru að mér virðist fyrstu alvarlegu tilraunirnar gerðar til þess að rjúfa þessa beinu braut og a.m.k. koma fleiri brautum að. Auðvitað hafði verknám verið í landinu um alllangan aldur áður en hafði í rauninni staðið nokkuð utan við það kerfi. Þær deildir sem voru stofnaðar voru að tilhlutan þáv. menntmrh. sem var Gylfi Þ. Gíslason. Þær voru stofnaðar víða um land og áttu auðvitað að færa nokkurt líf inn í hin ýmsu byggðarlög í landinu. Þetta voru tveggja ára deildir og skiptust í fjórar brautir, þ.e. verslunarnám, hjúkrunarbraut, eðlisfræðibraut og uppeldisbraut. Fæstir staðir á landinu höfðu allar þessar deildir en a.m.k. einn hafði allar þessar deildir og það var Lindargötuskólinn í Reykjavík.

Þessar deildir áttu dálítið undir högg að sækja í byrjun. Fólk hélt að ekki væri eins merkilegt að fara í þessar deildir eins og í landspróf og beint inn í menntaskóla, en smám saman unnu þær sér sess í vitund fólks og eins og einn nemandi sagði við mig löngu seinna: Um það leyti sem þessar deildir voru lagðar niður vorum við byrjuð að grobba af að hafa verið í þessum deildum.

Sjálfsagt hefur eitthvað betra komið í staðinn, þ.e. fjölbrautaskólarnir. Fjölbrautaskólarnir koma til sögunnar í kringum 1970–1972. Þeir áttu líka að reyna að færa nokkra verknámsþekkingu inn í hið almenna skólakerfi og gerðu það auðvitað. Þessar deildir áttu að leiða fólk inn í hina ýmsu starfsvettvanga þjóðfélagsins en áður en lauk, þ.e. eins og er í dag, þá kemur í ljós að vandinn fyrir skólakerfið er sá að erfitt er að halda tækjakosti nógu nýlegum og þannig að hann fullnægi þeim kröfum sem atvinnulífið gerir. Því er kannski mjög eðlilegt að nú standi menntmrh. og þeir sem hafa samið frv. og hverfi nánast til baka, a.m.k. að sumu leyti til gamla lærlingskerfisins. Merkilegt er að horfa á þróunina hvernig fjölbrautaskólarnir og iðnskólarnir í kringum 1972 ætluðu að brjótast út úr lærlingskerfinu en hvernig við erum að leita inn í það aftur núna vegna þess að fjármagn vantar til þess að kaupa tæki sem hæfa örri þróun á hinum ýmsu starfsvettvöngum.

Vonandi tekst að skapa slíkt námsumhverfi og samvinnu milli atvinnulífsins og skólanna að út úr því komi eitthvað enn þá betra en það sem við nokkurn tíma höfum haft.

Ég verð að segja það að mér féllust hendur þegar ég sá hversu stórar nefndir eru í kringum starfsnámið. Samstarfsnefndin er 18 manna en ég veit ekki hvað starfsmenntaráðin eru stór og síðan koma einhver ráðgjafaráð sem bætast þar við og ekki er alveg ljóst heldur hversu stór eigi að vera. Þetta finnst mér hljóta að verða dálítið seint og erfitt í svifum. Þetta er auðvitað tilraun til þess að tengja saman þjóðlíf og atvinnulíf í landinu og skólakerfið og er í rauninni ekki nema gott um það að segja að fólk vilji mjög mikið reyna að tengja þetta saman því annars fáum við ekki staðist þær kröfur sem nútímaþjóðfélag gerir til starfsmennta en stærðin á öllum þessum nefndum og ráðum ógnar mér. Það var svo sem ekki í fyrsta skiptið árið 1969 að

farið var að koma á einhverjum starfsnámsdeildum. Þær höfðu upphaflega verið í grunnskólanum eða gagnfræðaskólanum og hétu þar verknámsdeildir. Verknámsdeildirnar fengu því miður þann stimpil á sig þá að í þær sæktu nemendur sem væru eitthvað lakari til náms en aðrir nemendur. En eftir að hafa kennt í þessum deildum þá get ég borið þess vitni að svo var ekki. Þetta var alrangur dómur um þessar deildir, a.m.k. þær deildir sem voru á Reykjavíkursvæðinu. Einmitt í þessar deildir valdist fólk sem vissi hvað það vildi. Það stefndi að einhverju ákveðnu og vissi hvað það ætlaði sér að læra en var ekki reikult í ráði eins og gat átt sér stað með aðra nemendur í gagnfræðaskóla. Að vísu voru þetta nemendur sem voru fyrirferðarmiklir á köflum en afskaplega ánægjulegir að því leyti að stefnuna höfðu þeir.

Þessar deildir voru lagðar niður um það leyti sem fjölbrautaskólarnir voru stofnaðir og áttu þeir auðvitað með brautaskiptingu sinni að koma í staðinn fyrir þær. Það getur vel verið að það hafi verið rétt en ég sé nú alltaf eftir þessum deildum sem voru m.a. sjóvinnudeild, trésmíðadeild og hússtjórnardeild. Margar fleiri deildir tveggja ára verknáms voru á gagnfræðaskólastigi.

Því rifja ég þetta upp að mér finnst við vera komin *pínulítið* í hring, byrjuð á sömu brautinni aftur, þ.e. að sækja í lærlingskerfið.

Í 4. gr. frv. er talað um fjárveitingar til skólanna og ýmsir hafa rætt um það í kvöld hvort fjárkerfið, sem er talað um bæði í 4. og 38. gr., skapi frelsi eða helsi fyrir skólana. Ég vona að það verði frelsi, ég vona að ákvæðið verði þannig að skólarnir geti haft ákveðnar reglur sem féð er veitt eftir og síðan geti þeir farið eins vel með og þeim er best lagið sjálfum og nýtt það sem þeir spara til alls konar framfaramála innan skólanna en að þeir eigi ekki á hættu að við næstu fjárveitingu verði það fjármagn sem þeir fá skorið niður tekið af þeim. Þetta er grundvallaratriði til að skólarnir geti talist hafa eitthvert fjárfrelsi eða yfirleitt athafnafrelsi.

Skólanefnd er eitt af því sem á að koma inn í stjórn skólanna og ég held að það geti verið til góðs en ég er hrædd um að í skólanefndunum eins og í starfsnefndunum, sem eiga að fylgja starfsbrautunum, séu of fáir fagmenn úr kennarastéttinni sem eiga sæti í þessum nefndum og að ráð þeirra verði fyrir borð borin. Auðvitað er afskaplega mikilvægt að visst jafnvægi sé á milli þeirra sem koma utan að og vilja koma með góð ráð og stefnu og þeirra sem inni í skólunum eru og geta sagt þeim hvað er í rauninni mögulegt og skynsamlegt.

7. gr. fjallar um skólgjöld. Við fyrsta lestur þessarar greinar fannst mér að skólagjöldin gætu orðið allmikil. Það er svo margvíslegt sem nefnt er þarna. Það sem ég óttast ef skólagjöldin verða há er það að þeir sem koma úr efnaminnstu stéttum hrökklist burtu frá námi. Ég veit það bara fyrir sjálfa mig að ég hefði aldrei farið í gegnum menntaskóla og upp í háskóla ef ég hefði þurft að borga há skólagjöld í þessum skólum og ég er alveg viss um að fjölmargir aðrir af skólafélögum mínum hafa sömu sögu að segja.

Í 15. gr. frv. er fjallað um ákvæði sem mér finnst vera merkilegt. Það er að skólameistara er heimilt að undangengnu mati að veita nemanda sem er orðinn 18 ára inngöngu á einstakar námsbrautir framhaldsskóla þótt hann uppfylli ekki lágmarkskröfur um námsárangur við lok grunnskóla. Þetta er merkilegt ákvæði og má beita mjög til góðs, sérstaklega vissum hópum manna. Í samfélagi okkar eru hópar sem lenda milli steins og sleggju vegna þess að þeir hafa átt í erfiðleikum með að læra að lesa. Þetta er ekki fólk sem er illa gefið, þetta er fólk sem er kannski ljónvelgefið og væri hægt að nefna ýmsa sem hafa sama galla og þetta fólk og hafa verið meðal færustu manna í veröldinni. Þetta fólk gengur núna undir nafninu dyslexíufólk, fólk sem þjáist af því að heilahvelin vinna ekki rétt saman og getur það hindrað lestrar- og skriftargetu þó svo að námið leiki þeim að öðru leyti bæði í höndum og huga. Þetta ákvæði getur hjálpað slíku fólki vegna þess að við lok grunnskólans mun án efa verða gerðar ansi miklar kröfur til færni í íslensku og þá ekki síst í að rita íslensku.

Þar sem talað er um námsskipanina, brautaskipanina, finnst mér merkilegt að sjá hversu þröng hún er, að bóknámsbrautirnar skuli aðeins vera þrjár, þ.e. tungumálabraut, félagsfræðibraut og náttúrufræðibraut. Það var aðall fjölbrautaskólanna og þótti einna merkilegast við þá hve margar tegundir væru af brautum, hve margir möguleikar væru fyrir nemendurna að efla þroska sinn í þessum skóla. Ekki síst má nefna þær listabrautir sem hafa verið settar upp og hafa valdið gjörbreytingu fyrir marga nemendur að komast inn á þær í staðinn fyrir að reyna að stauta stanslaust eðlisfræði eða náttúrufræði.

Ég tel að það sé íhugunarefni fyrir menntmn. og hæstv. menntmrh. að athuga hvort ekki mætti fjölga brautunum. Kannski hugsa höfundar frv. sem svo að listabrautir séu í rauninni verklegt nám en ekki bóklegt og mér er í rauninni alveg sama hvort það kallast verklegt eða bóklegt en ég vil ekki sjá af listabrautunum úr framhaldsskólum.

Nokkuð hefur verið rætt um fornámsdeildir í þessum stól í dag og sýnist sitt hverjum um hvar þær eigi að vera. Sumum finnst þær eiga að fylgja grunnskólanum, öðrum að þær eigi að fylgja framhaldsskólanum. Ég er á þeirri skoðun að þar sem því er viðkomið eigi þær að fylgja framhaldsskólanum. Að þurfa að sitja aftur á sama stað og horfa á eftir öllum félögum sínum inn í annan skóla, vera eldri en allir hinir o.s.frv., er niðurdrepandi og nóg er nú samt að hafa ekki náð prófi, það skemmir nóg sjálfsmyndina þó maður þurfi ekki að játa það fyrir sjálfum sér og öðrum að verða að sitja í sama bekk aftur. Því álít ég að eðlilegt sé bæði þroska vegna og ýmissa annarra hluta vegna að framhaldsdeildir séu við framhaldsskólana. Kannski ekki alla framhaldsskóla en þar sem það hentar.

Í 18. gr. er talað um fornámsdeildir. Þar hefði gjarnan mátt koma eitthvað inn um stoðkennslu vegna þess að þeir nemendur sem koma inn í framhaldsskólann munu áreiðanlega þurfa á slíkri kennslu að halda. Ég

hefði haldið að ákvæði um stoðkennslu ætti að vera við hliðina á ákvæðinu um fornámið í 18. gr. og bið ég eindregið um að það mál verði athugað.

Fjölmargir nemendur sem hafa kannski náð prófinu við illan leik þurfa í rauninni á slíkri hjálp að halda, ekki bara námsráðgjöf eins og talað er um í 14. gr. heldur hreinlega stoðkennslu til þess að ná sér á strik. Þetta held ég að sé nauðsyn að komi inn í frv.

Í 19. gr. er aftur á móti fjallað um fatlaða. Þar segir: „Á framhaldsskólastigi skal veita fötluðum nemendum, samkvæmt skilgreiningu á hugtakinu fatlaður í 2. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra, kennslu og sérstakan stuðning í námi. ...Fatlaðir nemendur skulu stunda nám við hlið annarra nemenda eftir því sem kostur er."

Þetta eru fögur orð og ég vona að hægt verði að standa við þau. Í dag er ástandið þannig að ekki allir framhaldsskólar á Reykjavíkursvæðinu og sjálfsagt ekki annars staðar heldur telja sig geta tekið við fötluðum nemendum og hafna þeim þess vegna og sá skóli sem hefur tekið mest við þeim fyrir utan Iðnskólann er Menntaskólinn við Hamrahlíð og nú er svo komið að ekki er fjármagn til þess að taka við fatlaða fólkinu sem er í biðröðum eftir að komast inn. Þetta er áhyggjuefni og ég vil leyfa mér að undirstrika að ef þessi 19. gr. á að halda verður líka að sjá til þess að skólarnir hafi fé til þess að taka á móti fötluðu nemendunum og mannafla til þess að vinna með þeim. Þetta er stórnauðsynlegt og ákaflega sorglegt fyrir okkur að vita að úti í bæ er fullt af fötluðum nemendum sem geta ekki komist inn í skólana af því að skólarnir treysta sér ekki til þess að taka við þeim.

20. gr. er samhljóða 36. gr. grunnskólalaga og fjallar um mál sem ég tel að sé geysilega mikið framfaramál og það er að nemendur sem hafa annað móðurmál en íslensku eiga rétt á sérstakri kennslu í íslensku sem öðru tungumáli. Menntmrh. getur heimilað að stofnað verði til sérstaks grunnnáms í íslensku við framhaldsskóla fyrir þá nemendur og í reglugerð skal kveðið nánar á um rétt nemenda, tilhögun og mat á íslenskukennslu fyrir nemendur af erlendum uppruna í framhaldsskólum.

Þetta er geysilega mikilvægt, ekki síður en í grunnskólanum og ég er viss um og hef séð að fjöldinn allur af þeim nýbúaunglingum og börnum sem koma hingað er bráðvelgefið ungt fólk og íslenskt samfélag hefur ekki efni á því að þetta fólk fái ekki að njóta sín vegna þess að það hefur ekki náð framhaldsfærni í íslensku. Flestöll eru þau búin að ná grundvallarþættinum. Á framhaldsskólastigi þarf að leggja sérstaka áherslu á hugtakafræði, þ.e. að kenna þeim að skilja hugtök og flóknari orðasambönd. Þau geta stoppað á einföldustu hlutum í okkar augum vegna þess að þau hafa kannski aðeins eina skilgreiningu á einhverju orði en þá þýðir það í vissum samböndum allt annað. Þessu þyrfti að gæta vel að þegar íslenskukennslunni verður hleypt af stokkunum í framhaldsskólanum. Að vísu er til af henni angi bæði uppi í Iðnskóla og í Námsflokkum Reykjavíkur en það þarf miklu meira og meiri fræðslu. Þetta er góð grein.

22. og 23. gr. finnast mér dálítið óljósar. Þær eru svo almennt orðaðar að maður veit eiginlega ekki hvert er stefnt. Mér finnst að þær ættu að vera skýrar orðaðar þannig að allir sem lögin lesa og ætla að fara eftir þeim viti hvað á að gera.

„Í skólanámsskrá geri skólar grein fyrir hvernig ná skuli því markmiði framhaldsskóla að námið stuðli að alhliða þroska nemenda ..." — stendur í 22. gr.

Þetta er auðvitað mjög svo gott en harla óljóst. Mér finnst þegar við erum að lesa um þær greinar og það sem á að gera í framhaldsskólanum að við höfum ekki alveg gert okkur grein fyrir því að samfélagið í dag er ekki sama samfélag og var fyrir 50 árum. Við þyrftum að efla mjög mikið samfélagsfræðsluna. Samfélagsfræðsla, fræðslan í því að vera þegn í nútímasamfélagi hefur orðið útundan. Að vísu mun vera eitthvað til sem kallast „Lions Quest" og farið er í í grunnskólanum en á framhaldsskólastigi held ég að við höfum dregið lappirnar allt of mikið. Við þurfum að kenna nemendum okkar hvað það er að vera ábyrgur þjóðfélagsþegn í nútímasamfélagi. Við þurfum að kenna þeim t.d. umferðarsiðfræði. Orðið er sjálfsagt ekki tamt í eyrum ykkar en þetta er eitt af því sem við ættum að gera. Nánast mætti segja að allslags siðfræði í samskiptum ætti að vera miklu stærri þáttur í skólakerfinu, bæði grunnskóla- og framhaldsskerfinu heldur en nú er.

Í 23. gr. segir: „Sérhver framhaldsskóli skal innleiða aðferðir til að meta skólastarfið ..." Þetta er dálítið óljóst fyrir mér eins og ég nefndi áðan og ég veit ekki alveg hvernig á að gera þetta. Þýðir það að sá skóli er bestur sem hefur nemendur með hæstu einkunnirnar eða er sá skóli bestur sem hefur hamingjusömustu nemendurna? Hvernig á að meta það? Er sá skóli bestur sem hefur tekið við lélegustu nemendunum og hækkað þá að sama skapi í sessi í þekkingu og þroska? Hvernig á að meta þetta? Þetta er afskaplega óljóst.

Í 24. gr. er rætt um samræmd próf. Alls staðar skín í það að það er viss stjórnunartilhneiging frá ráðuneytinu og þeir sjá ekki aðra leið til þess að skólinn um land allt sé á líkum gæðastaðli að hafa samræmd próf sem framleidd væru á einhverri miðstöð hér í landinu. Kannski væri það háskólinn sem gerði slíkt eða einhver önnur deild. Það er sannast sagna dálítið erfitt fyrir nemendur sem fara erlendis með einkunnirnar sínar að leggja þær fram á viðkomandi skólastofnunum. Það getur verið dálítið erfitt að sýna fram á það hvað þær einkunnir í rauninni þýða. Ef það væru samræmd próf um allt land þá gæti verið að það mundi einfalda málið en einhvern veginn óar mér við þessum samræmdu prófum sem allir íslenskir nemendur í framhaldsskólum ættu að ganga undir á sömu mínútunni í landinu. Ég held að það væri hægt að leysa þetta mál með því að gefin væru út viðmiðunarpróf og viðmiðunarstaðlar sem hver skóli gæti nýtt og verið nokkurn veginn á sama róli með kröfur og niðurstöður þar af leiðandi og það mundi ekki trufla neitt færslur nemenda á milli skóla eða til skóla í öðrum löndum. Viðmiðunarpróf finnst mér öllu hugnanlegri.

Ég er áður búin að ræða starfsnámið og ætla ekki að ræða það mikið meira. Ég skil mjög vel vandann að halda uppi starfsfræðslu í ýmsum greinum, sérstaklega tölvufræðslu og svo ýmsum verklegum fögum öðrum, þ.e. iðngreinum, sem kæmu nemendum það vel til góða að þeir gætu gengið beint að þeim tækjum sem hverju sinni eru notuð í atvinnulífinu.

Í 31. gr. er aftur á móti talað um skóla sem kjarnaskóla *sem eigi að vera einhvers konar forgönguskóli* um að þróa námsefni. Mér þætti gaman að heyra nánari lýsingu á svona skóla, hvaða hlutverk hann hefur og hvernig hann eigi síðan að útbreiða niðurstöður sínar eða hvort það sé ætlast til þess að hann geri það.

Mér finnst að í 32. gr. þar sem talað er um vinnustaðanám, þ.e. starfsþjálfun á vinnustað, að það geti komið í staðinn fyrir starfsnám í skólum eða skólanám og ég álít að það sé eðlilegt og sjálfsagt.

Í X. kafla er talað um fullorðinsfræðslu og endurmenntun. Þetta er ekki ólíkt því sem áður hefur verið í lögum og ég tel að báðar þessar greinar hafi ágætis innihald. Það sem helst kemur þarna fram og er nýtt er í 34. gr. að framhaldsskóla sé heimilt með samþykki menntmrh. að starfrækja endurmenntunarnámskeið, eða annars konar nám í samvinnu við faggreinafélög, stéttarfélög, atvinnurekendur eða hagsmunaáhugahópa, t.d. með farskólasniði. Þetta er sjálfsagt og nauðsynlegt og er starfsemi sem nú þegar er farin dálítið í gang en er alveg sjálfsagt að hún komi inn í lög. Þó hún komi inn í lög þá verður alltaf að gæta þess vandlega að innihaldið verði ekki allt of háð skólanámsinnihaldi, þ.e. að starfsnámsfræðsla er í eðli sínu þó nokkuð mikið ólík þeirri fræðslu sem fer fram í skólakerfinu sem er meira fræðileg og það verður alltaf að muna það að ekki er hægt að taka t.d. sálfræði 103 og fara að kenna hana inni í starfsnámi og álíta að það komi að sama gagni eins og praktísk fræðsla í sálfræði. Þetta er hlutur sem verður að hafa í huga við rekstur þessa náms.

Í 40. gr. er talað um einkaaðila sem *geti* stofnað skóla á framhaldsskólastigi og að Alþingi ákveði framlag ríkissjóðs til þessara skóla. Það stendur að vísu: „*Ekki eiga einkaskólar kröfu til styrks af almannafé.*"

Mér þætti gaman að vita hvort Alþingi eigi þá að samþykkja hvern skóla út af fyrir sig og veita honum styrk eða verður það þannig að það verður búinn til einn poki sem þessi fjárveiting fer í og úr honum svo síðan hellt til skóla sem ráðuneytið ákveður að styrkja. Mér þætti gaman að vita, hæstv. menntmrh., hvað er hugsað með þessu.

Að lokum langar mig til að tala dálítið um ákvæði til bráðabirgða sem er hér. Það er í XVI. kafla. Ég ætla ekki að ræða tvær fyrstu greinar þessara ákvæða heldur þriðja ákvæðið en þar stendur:

„Næstu fjögur ár frá gildistöku laganna getur *menntamálaráðherra veitt heimild til að umsækjandi* gangi undir verklegt sveinspróf í löggiltri iðngrein án undangengins skólanáms enda liggi fyrir: (a) vottorð um að viðkomandi hafi unnið við iðnina í 10 ár undir stjórn meistara; (b) vottorð iðnmeistara um að hann telji umsækjanda hæfan til að ganga undir sveinspróf og (c) umsagnir viðkomandi sveinafélags og starfsgreinaráðs. Standist umsækjandi prófið öðlast hann sveinsbréf sem veitir þó ekki rétt til inngöngu í meistaraskóla." — Sem kannski eðlilegt er.

Ég álít að þetta sé grein sem eigi alls ekki að vera til bráðabirgða. Þessi grein ætti að vera alltaf inni í framhaldsskólalögunum. Þetta er mjög mikið nauðsynjamál fyrir þá sem ég hef nefnt áður, dyslexíufólkið sem á erfitt með að tjá sig skriflega og jafnvel er seinlæst en getur verið afbragðsvel að sér í hinum ýmsu greinum og mjög skapandi. (Forseti hringir.)

Virðulegi forseti. Ég er alveg að ljúka máli mínu. Ég vil eindregið að þessi grein verði áfram inni og til frambúðar og að réttindi og hlutur dyslexíufólks sem er sífellt að verða augljósara að er vandamál í samfélaginu að verði gerður meiri í þessu frv. og raunar ætti svo að vera í grunnskólafrv. líka. En þetta væri lítil byrjun að koma þessu ákvæði inn sem föstu ákvæði.

[20:27]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. menntmrh. fyrir þau svör *sem hann hefur veitt við þeim spurn*ingum sem ég bar fram og hafa að mörgu leyti orðið til þess að skýra umræðuna þó að nokkrum atriðum sé að sjálfsögðu ósvarað. Ég vil aðeins fara yfir þau atriði sem fram komu í máli hans og ég tel ástæðu til að gera athugasemdir við. Það er þá í fyrsta lagi það að hann taldi ekki ástæðu til þess að hafa uppi þá gagnrýni sem ég hef haft á samræmd lokapróf, m.a. með hliðsjón af því að samræmd lokapróf væru í menntaskólum, stúdentsskólum, víðast hvar annars staðar. Það er út af fyrir sig vafalaust rétt hjá hæstv. ráðherra, ég hef ekkert yfirlit yfir það við höndina, ég trúi honum alveg í því að þetta sé víðast hvar svo að stúdentspróf séu samræmd.

Ég held hins vegar að það sé rétt sem fram hafði komið hjá hv. 3. þm. Norðurl. e., Valgerði Sverrisdóttur, og *það hef ég heyrt hjá mörgum skólamönnum* að menn telja að þetta sé kannski tiltölulega mjög dýrt umstang að hafa samræmd lokapróf miðað við þann árangur í námsframvindu sem það skilar.

Þess vegna var það svo í bókinni Til nýrrar aldar að í stað þess að hafa samræmd lokapróf yfir línuna sem allir tækju þá gerðum við ráð fyrir því að hafa það sem við kölluðum úrtakspróf, þ.e. samræmd úrtakspróf, sem yrðu tekin af og til og hér og þar í ýmsum greinum og á ýmsum tímum í náminu. Ég held satt að segja að slík aðferð sé miklu virkari um leið og hún er miklu ódýrari heldur en þessi leið sem hér er gerð tillaga um auk þess sem mér finnst ekki ástæða til þess að hrökkva undan kröfum háskólans í þessu efni með þeim hætti sem mér finnst menn vera að gera hér.

Hæstv. menntmrh. sagði í athugasemdum sínum *áðan í öðru lagi* að það væri rangt hjá mér að lagabreytingin væri óþörf sem menn væru hér að gera tillögu um vegna þess að þetta rúmaðist ekki að svo miklu leyti sem um endurbætur væri að ræða innan gildandi laga. Það er út af fyrir sig rétt að það er eitt atriði sem er í grundvallaratriðum frábrugðið og það snertir fyrst og fremst þann þátt málsins sem lýtur að

inntöku í framhaldsskóla. Þar er auðvitað gífurlegur munur á frá því sem er í gildandi lögum. Ef menn hefðu viljað takmarka sig við það sem verið er að breyta þá var alveg hugsanlegt að vera með þann þátt inni vegna þess að aðrir þættir sem er verið að breyta þarna þeir koma ekki til framkvæmda fyrir árið 1999 eða um næstu aldamót.

Hæstv. ráðherra vék að því að hann hefði í þriðja lagi byggt á mótmælum háskólans þegar hann stöðvaði þá nýjung sem var í undirbúningi í Menntaskólanum við Hamrahlíð og ég hygg að það sé rétt og ég kannast við að hæstv. ráðherra hefur svarað fyrirspurnum mínum fyrr á þessu kjörtímabili með þessum sama hætti. En ég bendi á að þetta bréf hafði lamandi áhrif á þennan framhaldsskóla og ég hygg fleiri framhaldsskóla þannig að áhuginn og viljinn til nýsköpunar og nýjunga, frumkvæði skólanna var slegið út með þessum hætti. Mér finnst það satt að segja dálítið umhugsunarefni, bæði um stöðu skólanna gagnvart ráðuneytinu og stöðu embættismannanna í ráðuneytinu og ráðuneytisins, að það skuli vera hægt að slá út allt frumkvæði til endurbóta og endurnýjunar í framhaldsskólanum í upphafi kjörtímabils en svo geti menn leyft sér, liggur mér við að segja, að koma með frv. í lok kjörtímabilsins sem eru að verulegu leyti kannski endurtekning á því sem hefði verið hægt að gera á grundvelli gildandi laga.

Í fjórða lagi vék hæstv. ráðherra að inntökutakmörkunum skv. 15. gr. og fullyrti að ekki yrði um að ræða samræmd inntökupróf í framhaldsskóla heldur yrðu þau mismunandi og sveigjanleg eftir aðstæðum. Ég tel þetta upp hér til að slá því föstu. Ég tel mjög mikilvægt að það sé þannig að skólunum verði ekki liðið að taka upp samræmd inntökupróf í framhaldsskólana vegna þess að það mundi náttúrlega þýða að menn væru að taka upp landspróf á nýjan leik en færa það fram á haustið í stað þess að hafa það að vori.

Það var mikilvægt að fá það fram í fimmta lagi hjá hæstv. menntmrh. að Alþfl. stendur að þessu frv. Þar með er ljóst að hann stendur að þeirri innheimtu skólagjalda sem gert er ráð fyrir. Það er auðvitað mál sem við hljótum að ræða við Alþfl. þegar hann lætur sjá sig í þessum sal sem er sjaldgæfara og sjaldgæfara í seinni tíð eins og kunnugt er.

Varðandi hins vegar skólagjöldin þá ætla ég að segja það að mér finnst, hæstv. forseti, nauðsynlegt að spyrja hæstv. ráðherra einnar spurningar í viðbót. Hún er þessi: Hvaða takmörk eru fyrir því hversu há skólagjöld eiga að vera samkvæmt frv.? Hvar eru þau takmörkunarákvæði í frv.? Ég spyr vegna þess að ef takmörkin eru engin þá væri Alþingi með því að samþykkja þetta frv. að fela ráðherra, framkvæmdarvaldinu, skattlagningarvald. Ég held að það sé afar hæpið að standa að málum með þeim hætti sem hér er gert varðandi skólagjöldin að framselja ráðherranum eða skólanefnd, sem er að meiri hluta til skipuð fulltrúum ráðherra, skattlagningarvald með því að opna takmarkalausa möguleika fyrir þá til að leggja á skólagjöld. Það gengur ekki að framkvæmdarvaldið sé að taka sér skattlagningarvald, það gengur ekki. Ég held þess vegna að það sé mjög nauðsynlegt að hæstv. ráðherra tali alveg skýrt um það hver sú takmörkun er sem í frv. er að því er varðar álagningu skólagjalda. Er hægt að fara með þau upp úr öllu valdi? Eru einhver takmörk og hvar eru þessi takmörk?

Í sjöunda lagi vék hæstv. ráðherra að skólanefndunum og komst þannig að orði um skólanefndirnar: Er nokkuð óeðlilegt að sá aðili sem greiðir allan rekstrarkostnað eigi meiri hluta skólanefndar? Ég segi já, það er óeðlilegt. Vegna þess að skólanefndirnar hafa með faglega forustu að gera að nokkru leyti. Telur þá hæstv. menntmrh. t.d. að menntmrh. eigi að skipa meiri hluta fólks í þjóðleikhúsráð eða í útvarpsráð eða í stjórn Landsbókasafnsins eða í háskólaráð eða hvað? Það eru engin rök í málinu að ríkið borgi meiri hlutann af útgjöldunum eða nær öll útgjöld framhaldsskólans í þessu tilviki. Það eru engin rök í málinu. Ég tel að í því að láta ráðherrann hafa meiri hluta í skólanefndum framhaldsskólanna sé um að ræða valdaeinokun. Það er ekki hægt að kalla það neinu öðru nafni.

Í áttunda lagi ætla ég að víkja aðeins að því sem hæstv. ráðherra svaraði hv. þm. Pétri Bjarnasyni varðandi ritið Til nýrrar aldar og að það hafi verið læst niður í skúffu. Ég heyrði ekki það sem hv. þm. Pétur Bjarnason sagði um það mál en hins vegar sagði menntmrh. sjálfur einhvern tímann í fjölmiðli eða a.m.k. einu sinni að það hefði verið sett ofan í skúffu. Það er þá smekksatriði hvort það var læst þar eða hvort skúffan var opin og breytir engu í þessu sambandi en ég man eftir því að hæstv. ráðherra sagði þetta í sjónvarpsþætti þar sem við vorum. Það er alveg greinilegt að ráðuneytið vill ekki kannast við þessi skjöl. Það er reynt að ýta þeim eins mikið til hliðar og mögulegt er í allri umræðu um menntamál af hálfu ráðuneytsins. Í þessu plaggi sem heitir Nefndarálit um mótun menntastefnu getur varla heitið að gert sé ráð fyrir því að nokkurt samhengi sé í umræðum um menntamál. Ég er alveg sammála hv. þm. Pétri Bjarnasyni um að þetta er óeðlilegt. Fyrir utan það hvað það er smásálarlegt að halda svona á málum eins og hæstv. ráðherra og hans lið gerir í þessu máli þá er auðvitað óeðlilegt að kasta skólanum til með þessum hætti á milli ráðherra. Ég er nokkurn veginn sannfærður um að hver svo sem tekur við þessu ráðuneyti menntamála á næsta ári mun ekki gera það þannig að henda öllu sem gert er á þessu kjörtímabili og því síðasta heldur munu menn reyna að spinna hlutina eðlilega áfram í ljósi reynslu af því sem fyrir liggur.

Ég vil síðan í níunda lagi víkja að þessu með Fiskvinnsluskólann sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon vék að fyrr í umræðunni. Það er kannski ekkert óeðlilegt þótt hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, sem á sæti í sjútvn. þingsins, lesi þetta svona vegna þess að í Morgunblaðinu fyrir ekki alllöngu þá segir í fyrirsögn, með leyfi forseta: „Námið ekki í samræmi við þarfir vinnslunnar.“ Síðan segir: „Fiskvinnsluskólanum í Hafnarfirði verður lokað eftir brautskráningu nemenda um áramót en menntmrn. stöðvaði innritanir í skólann sl. vor. Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir, ráðunautur menntmrh. í skólamálum, segir að þetta komi til af illri

nauðsyn þar sem námið sé ekki lengur í samræmi við þarfir fiskvinnslunnar. Það er verið að vinna að endurskipulagningu námsins og ekki þótti rétt að halda því áfram fyrr en að þeirri vinnu lokinni."

Það er þess vegna alveg augljóst mál að menn hafa staðið í þeirri meiningu, og m.a. skólastjóri Fiskvinnsluskólans, að það væri verið að leggja hann niður. Hann hefur birt eftir sig blaðagreinar, ég hygg í Morgunblaðinu, þar sem bersýnilega er gengið út frá því að verið sé að leggja þennan skóla niður. Fyrir örfáum dögum komu nemendur Fiskvinnsluskólans að máli við mig og fullyrtu að þeir skildu stöðuna þannig að það væri verið að leggja skólann niður og að það nám sem þeir stunduðu við skólann eins og sakir standa væri ekki til neins vegna þess að námið væri ekki í samræmi við þarfir vinnslunnar eins og hér stendur. Þess vegna er eðlilegt að menn spyrji: Hvaða stefnumótun felst í því að leggja niður fræðsluráð sjávarútvegsins, að loka Fiskvinnsluskólanum og vísa svo bara á eitthvert nál. sem hefur ekkert gildi gagnvart þinginu vegna þess að það hefur ekki birst hér með einum eða öðrum hætti?

Þegar svo það bætist við að þingmenn Sjálfstfl. undir forustu Árna R. Árnasonar eru að flytja till. til þál. um eflingu menntunar í framhaldsskólum á sviði sjávarútvegs og matvælaiðnaðar þá hljóta menn að skilja það þannig að þessir þingmenn séu að segja við ráðherrann: Þetta gengur ekki, það þarf að taka á þessu máli sérstaklega. Ég tel því útilokað fyrir hæstv. ráðherra að halda því fram að menn hafi getað skilið þessi mál öðruvísi en að það hafi staðið til að leggja Fiskvinnsluskólann niður.

Varðandi málið að öðru leyti ætla ég ekki að fjölyrða um það frekar, hæstv. forseti, að sinni en segja bara að allra síðustu þetta, því það er mjög nauðsynlegt og ég vil gjarnan fá það á hreint: Hver eru þau ákvæði framhaldsskólafrv. sem kveða á um takmörkun á hækkun skólagjalda? Það þarf að vera skýrt. Hvaða grein er það nákvæmlega? Getur skólanefnd ákveðið innritunargjöld eins há og henni sýnist skv. 7. gr.? Ef svo er þá væri um að ræða framsal á skattlagningarvaldi sem er óþolandi fyrir Alþingi að standa að.

[20:40]

Pétur Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Því miður missti ég af svörum hæstv. menntmrh. áðan. Það gerast langar setur yfir þessum málum hér og menn verða að bregða sér frá stöku sinnum til að næra sig, það er óhjákvæmilegt. Þegar ég fór frá áðan þá var búið að kynna það að hv. þm. einn mundi tala næstur þannig að ég ætlaði að nota tækifærið áður en hæstv. menntmrh. svaraði og missti þar af leiðandi af því þar sem það hefur verið flutt til og ég harma það.

En ég kem hér upp út af því sem kom fram um þetta merka rit Til nýrrar aldar. Í sjálfu sér skiptir það ekki máli fyrir minn málflutning hvort þessi bók, Til nýrrar aldar, og það sem henni fylgdi var lokað ofan í skúffu eða lá í opinni skúffu. Það sem skiptir máli og það sem ég var að segja frá er að allmargir nemendur við Kennaraháskólann, sem m.a. leituðu fanga á fræðsluskrifstofum, í ráðuneyti og víðar töldu sig sækja margar upplýsingar í þessa bók. Þeir leituðu eftir því í menntmrn. og þeim var sagt að það væri ekkert eintak til af þessari skýrslu. Þetta væri ekki til þarna. Það var þetta sem ég var að segja. Hvar þessi eintök liggja, ef þau eru til, skiptir svo kannski minna máli. Staðreyndin er sú að þetta var ekki tiltækt. Þetta vildi ég segja.

En ég vil ítreka aftur það sem ég bæði byrjaði og lauk minni ræðu á áðan að það er afleit stefna ef það á að búa til nýja skólastefnu fyrir hver stjórnarskipti sem verða í landinu. Það er afleit stefna og ég held að það sé tímabært fyrir allra flokka menn að vinna að því að svo verði ekki haldið áfram.

[20:42]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Út af fyrir sig er kannski ekki miklu að svara í þessu efni. Ég skil hv. þm. þannig að hann hafi fyrst og fremst viljað koma á framfæri vissum ábendingum af því að hann missti af svörum hæstv. ráðherra áðan. En það er alveg rétt hjá hv. þm. að það hefur af einhverjum ástæðum verið mjög erfitt að fá þetta rit, Til nýrrar aldar. Ráðuneytið hefur ekki komið því á framfæri með einum eða öðrum hætti, fólk hefur ekki fengið þetta rit hjá ráðuneytinu og er reyndar ekki eina ritið sem ráðuneytið hefur ekki verið útbært á, t.d. rannsókn á efnahagslegum áhrifum lengingar leikskóla og grunnskóla. Það er skjal sem ekki hefur verið hægt að fá í ráðuneytinu og menn hafa orðið að leita annarra leiða til að leysa það mál. Ég vil að vísu að það komi fram að ég leysti þetta mál með ritið Til nýrrar aldar þannig að ég lét ljósrita það hér í þessari virðulegu stofnun í allstóru upplagi. Það var bundið inn og er enn þá til í nokkrum eintökum. En það er auðvitað makalaust að grundvallarrit af þessu tagi skuli ekki liggja frammi í ráðuneytinu með eðlilegum hætti. Það er alveg ótrúlegt satt að segja og ég tek undir það með hv. þm.

[20:44]

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu en þó er tvennt sem mig langar til að spyrja hæstv. menntmrh. að í lok umræðunnar. Það er í fyrsta lagi hvort hann metur það svo að áfangakerfið rúmist innan þessa frv. eins og það er í dag eða hvort það sé, eins og ég sagði í minni fyrri ræðu, vegið að því fyrirkomulagi í frv.

Í öðru lagi varðandi það hvort nemendur geti flutt á milli námsbrauta námsmat eða reynslu eða hvort það séu, eins og ég hélt fram áðan, ákveðnar girðingar sem komi í veg fyrir að það sé hægt?

Þetta finnst mér skipta miklu máli og vil fá svör hæstv. menntmrh. við því við 1. umr. málsins.

[20:45]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Herra forseti. Fyrst vildi ég svara spurningu hv. þm. Guðrúnar J. Halldórsdóttur varðandi 40. gr. sem fjallar um að einkaaðilar eða samtök geti stofnað skóla á

framhaldsskólastigi með ákveðnum skilyrðum. Ég held ég hafi tekið rétt eftir að hv. þm. spurði hvort þá þyrfti að samþykkja fjárveitingu til hvers einstaks skóla sem þannig yrði stofnaður. Svar mitt við þeirri spurningu er já. Það þarf að gera það eins og gert er við þá skóla sem starfa hliðstætt þessari grein samkvæmt gildandi lögum.

Um bráðabirgðaákvæðið finnst mér sjálfsagt að athuga hvort það eigi að vera áfram í ákveðinni lagagrein en ekki sem bráðabirgðaákvæði. Það er tillaga nefndarinnar að ákvæðið gildi aðeins í fjögur ár ef ég man rétt, þ.e. heimildin í gildandi lögum um að iðnaðarmenn sem unnið hafa við iðn í tíu ár geti sótt um að gangast undir verklegt nám án skólanáms gildi aðeins í fjögur ár samkvæmt ákvæðum þessa frv. eða laga ef að lögum verður. Mér finnst sjálfsagt að nefndin athugi þetta sérstaklega.

Hv. þm. Svavar Gestsson spyr hvaða takmörk séu fyrir því hversu há skólagjöld skv. 7. gr. megi vera. Hv. þm. kallar þetta skólagjöld. Það má svo sem nefna þau því nafni mín vegna en þetta eru kölluð hér innritunargjöld, efnisgjöld, pappírsgjöld og hlutur nemenda í efniskostnaði vegna verklegrar kennslu. Það er að vísu ekki ákvæði í frv. um hversu há þessi gjöld megi vera en halda menn virkilega að skólanefnd muni fara upp úr öllu valdi, eins og ég held að hv. þm. hafi orðað þetta, með þessi innritunargjöld? Ég tók fram í svari mínu áðan og las það raunar upp úr 7. gr. að það skuli halda bókhald um þessar fjárreiður og um endurskoðun gilda sömu reglur og um annan rekstur. Ég bendi líka á í þessu samhengi að það er ekki stór breyting á þessari frumvarpsgrein frá því sem er í gildandi lögum. Ég veit ekki að það hafi þvælst neitt fyrir mönnum að ákveða upphæð þessara gjalda. Þau hafa að vísu verið býsna misjöfn milli hinna einstöku framhaldsskóla. Sums staðar hefur þetta verið býsna hátt en sums staðar mjög lágt, allt niður í 500 kr. var það. Ég man ekki hvað það er lægst núna.

Ég held sem sagt að engin hætta sé á ferðum að menn fari eitthvað að misbeita þessu valdi. Valdið liggur ekki hjá ráðherranum heldur hjá skólanefndinni. Um þetta er hins vegar gert ráð fyrir að verði sett reglugerð. Það er í lokaákvæði 7. gr. að menntmrh. setji reglugerð um skipan og störf skólanefnda og þá fellur það væntanlega þar undir hvaða reglur verði settar um innheimtu þessara gjalda.

Ég nenni varla að tala meira um þessa merku bók Til nýrrar aldar. Ég er búinn að gera það svo oft hérna í þinginu og ég vonast til að menn hætti að tala um þetta sem eitthvert leyndarskjal. Ég verð að viðurkenna að mér er alveg ókunnugt um hvert þessari bók var dreift af hálfu forvera míns. Ég veit það ekki og ég sagði líka áðan að mér væri ókunnugt um hve stórt upplag eða hvort yfirleitt væri til upplag af henni í ráðuneytinu. En ef menn halda að því upplagi sem kann að hafa verið til hafi verið fargað af mínum völdum þá er það alveg grundvallarmisskilningur. Ég held að ég hljóti að láta það verða mitt fyrsta verk í fyrramálið að athuga hvað er til af þessari bók í ráðuneytinu. Ef einhverjar hömlur hafa einhvern tímann verið lagðar á afhendingu þessarar bókar þá hafa þær hömlur verið upphafnar fyrir löngu. Ég mun sem sagt athuga hvað er til af þessari ágætu bók.

Þá var enn rætt hér um Fiskvinnsluskólann og vísað m.a. til fjárlaga. Með leyfi hæstv. forseta vil ég lesa hvað stendur í athugasemdum við fjárlagafrv. Það stendur að fjárveiting til Fiskvinnsluskólans lækki um rúm 40% frá fjárlögum:

„Starfandi er nefnd sem er ætlað að endurskoða sjávarútvegsnám í heild sinni, þar með talin starfsemi Fiskvinnsluskólans, og er því ekki gert ráð fyrir starfrækslu hans á vorönn 1995. Hins vegar er fjárveiting til rekstrar á haustönn á næsta ári og miðast hún við núverandi rekstur þar sem niðurstaða nefndarinnar liggur ekki enn fyrir."

Hún lá ekki fyrir þegar þetta frv. var prentað. Niðurstaðan liggur nú fyrir og er til athugunar í ráðuneytinu. Nefndin tók undir þá ákvörðun mína að halda ekki úti kennslu fyrir nýja nemendur á vorönn. En öllum á að vera ljóst með því að lesa þessa klausu sem er í fjárlagafrv. að það er ekki verið að leggja skólann niður. Þvert á móti hef ég sagt að það eigi að efla skólann. Hann hefur orðið fyrir mikilli gagnrýni og hverjir eru það sem hafa gagnrýnt Fiskvinnsluskólann? Það eru fyrst og fremst nemendur sem hafa verið í skólanum. Undir þá gagnrýni tekur nefndin sem hefur nú skilað sínu áliti. Þetta vil ég taka skýrt fram og það er fullur vilji fyrir því í menntmrn. og vilji hjá mér að efla Fiskvinnsluskólann í Hafnarfirði og yfirleitt allt það nám sem lýtur að sjávarútvegi.

Spurningu hv. þm. Valgerðar Sverrisdóttur um það hvort áfangakerfið rúmist innan frv. svara ég játandi. Það mun rúmast innan laganna ef þetta frv. verður að lögum.

[20:53]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alveg rétt hjá hæstv. menntmrh. að ákvæði 7. gr. er líkt því sem er í gildandi lögum. Það er alveg rétt. Munurinn er hins vegar sá að áður var ekki um það að ræða að menn innheimtu skólagjöld til að standa undir almennum rekstri framhaldsskóla heldur aðeins þeim tilteknu verkefnum sem talin eru upp í þessari málsgrein 7. gr. Nú er það hins vegar svo að skólagjöld eru innheimt til að standa undir almennum rekstri. Og hvað svo sem ráðherranum finnst um það mál þá vil ég segja það sem mína skoðun að ég tel óeðlilegt að leggja á skólagjöld í fyrsta lagi. Í öðru lagi þá tel ég að ef það eru lögð á skólagjöld þá verði að setja reglur um það hvernig þau eru lögð á og að þau takmarkist við eitthvað. Það er slæmt og það er gegn öllum reglum og venjum að ráðherra geti ákveðið upphæð gjalda sem eru innheimt í rekstrarþarfir ríkissjóðs og gildir þá einu hvort um er að ræða ákvörðun sem meiri hluti nefndar tekur sem er allur skipaður af ráðherranum. Þetta tel ég óeðlilegt hvað svo sem ráðherranum finnst um það mál. Ég segi fyrir mig að ef ég kem nálægt þessu máli sem ég reikna með í hv. nefnd og ef menn halda eitthvað áfram með þetta þá mun ég beita mér fyrir því að sett verði takmörk á gjaldtökuvald ráðherrans í þessu efni.

Ég verð reyndar að segja það líka að ég hef tekið eftir einu öðru ákvæði varðandi færslur og meðferð ríkisfjármála í þessu frv. sem er bersýnilega í ósamræmi við lög um ríkisreikning og uppsetningu hans án þess að ég fari nánar út í það hér.

[20:55]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ef svo færi að það ætti að fara að innheimta einhver sérstök gjöld til að greiða rekstrarkostnað framhaldsskóla þá er það Alþingi sem gerir það. Það verður ekkert gert einhliða af ráðherra og ég veit ekki til að það hafi verið gert. Ég kannast ekki við það. Auðvitað verða settar reglur um innheimtu þessara gjalda og hefði svo sem átt að vera búið að því fyrir lifandi löngu. Það má alveg eins segja að það hefði átt að gerast í tíð forvera míns, hv. þm. Svavars Gestssonar, á meðan hann var menntmrh. því þá voru þessi ákvæði í gildi. En það hefur ekki verið gert og ég get ekki séð að það hafi komið neitt sérstaklega að sök.

Ég tek undir að setja þurfi um þetta reglur en ég segi um leið að það hefur ekki komið að sök þótt ekki hafi verið sérstök reglugerð varðandi þá grein í gildandi lögum sem er hliðstæð greininni í frv.

[20:56]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Á þessu stigi málsins gildir mig einu hvað ráðherrann segir um þetta efni. Mín skoðun er sú að það verði að setja takmörkunarákvæði í framhaldsskólalögin að því er þetta varðar. Það gengur ekki að þetta sé opin heimild fyrir skólanefndir framhaldsskólanna.

[20:57]

Valgerður Sverrisdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. menntmrh. svaraði ekki báðum spurningum mínum í ræðu sinni áðan. Þá ætla ég að endurtaka aðra spurninguna og reyna að hafa hana svolítið ítarlegri. Að mínu mati er það ríkjandi viðhorf í frv. að 15–16 ára unglingar eiga að velja inn á einangraðar brautir. Það er kveðið á um skýrt afmarkaðar námsbrautir. Það eru rauð strik inn á námsbrautirnar og það er ekki hægt að taka með sér nesti, ef svo mætti að orði komast, á milli brauta að mínu mati. Er hæstv. menntmrh. sammála mér hvað þetta varðar? Þetta er það sem ýmsir hafa kallað sérskólastefnu. Ég held því fram að hún muni leiða það af sér að ýmsir litlir skólar sem geta ekki boðið upp á fjölbreytni muni leggjast af.

[20:58]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ef ég skil hv. þm. rétt þá er verið að spyrja um hvort verið sé að reisa einhverja múra á milli námsbrauta. Svo er ekki. Í skýrslu nefndar um mótun menntastefnu er þessu svarað þannig að í námsskrá skuli skilgreina brýr á milli námsbrauta og hvernig nám nemenda er metið þegar þeir flytjast á milli námsbrauta eða skóla. Þannig að ég held ég geti fullyrt að þarna sé ekki verið að reisa neinar hindranir ef nemendur vilja flytja sig á milli.

[20:59]

Valgerður Sverrisdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. menntmrh. ræður ekki við nema eina spurningu í einu. Nú kemur þessi spurning mín að lokum: Hvað telur hann að þessi sérskólastefna muni þýða fyrir litlu skólana? Litlir framhaldsskólar úti á landi geta ekki boðið upp á mikla fjölbreytni, ekki mjög margar brautir. Það er þess vegna sem ég óttast að þeir muni leggjast af.

[20:59]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þykir vont að ég skuli ekki ná nægilega skýrt spurningum hv. þm. Ég sé enga ástæðu til að ætla að þessir svokölluðu litlu skólar muni leggjast af. En af sjálfu leiðir að í fámennum skólum verður ekki boðið upp á jafnfjölbreytt nám og hægt er að gera á stærri svæðum eins og t.d. á höfuðborgarsvæðinu eða svo ég taki Eyjafjarðarsvæðið norður í landi.

Ég held að öllum sé ljóst að framhaldsskólar á hinum fámennari svæðum geta ekki gert þetta. Það er annars vegar kostnaðurinn og hins vegar það sem hefur kannski ekki síður verið ljóst að undanförnu að það eru ákveðin vandkvæði með að fá hæfa kennslukrafta til að kenna við framhaldsskólana víða. Það er allt of algengt, það er allt of mikið um það að kennarar hafi ekki full réttindi við framhaldsskólana og ég tala nú ekki um við framhaldsdeildirnar sums staðar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 21:01.

---

30. FUNDUR

miðvikudaginn 9. nóv.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Grunnskóli, stjfrv., 126. mál, þskj. 131. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Framhaldsskólar, stjfrv., 127. mál, þskj. 132. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Lýðveldissjóður, frv., 173. mál, þskj. 187. — 2. umr.
4. Lyfjalög, stjfrv., 130. mál, þskj. 135, nál. 213. — 2. umr.
5. Atvinnu- og búseturéttur launafólks innan EES, stjfrv., 125. mál, þskj. 130. — 1. umr.
6. Atvinnuréttindi útlendinga, stjfrv., 165. mál, þskj. 179. — 1. umr.
7. Leigumálar og söluverð lóða og landa Reykjavíkurkaupstaðar, stjfrv., 177. mál, þskj. 194. — 1. umr.

8. Vegaframkvæmdir á Austurlandi, þáltill., 37. mál, þskj. 37. — Frh. fyrri umr.

9. Aðgerðir til að draga úr kynjamisrétti, þáltill., 38. mál, þskj. 38. — Fyrri umr.

10. Foreldrafræðsla, þáltill., 39. mál, þskj. 39. — Fyrri umr.

11. Varðveisla arfs húsmæðraskóla, þáltill., 40. mál, þskj. 40. — Fyrri umr.

12. Endurskoðun á launakerfi ríkisins, þáltill., 41. mál, þskj. 41. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Elínbjörg Magnúsdóttir, 5. þm. Vesturl.

Útbýting þingskjala:

Fráveitumál sveitarfélaga, 26. mál, svar umhvrh., þskj. 218.

Fæðingarorlof, 192. mál, frv. KE o.fl., þskj. 215.

Hækkun skattleysismarka, 195. mál, fsp. IBA, þskj. 219.

Réttur verkafólks til uppsagnarfrests, 194. mál, þáltill. EM o.fl., þskj. 217.

Tilkynning um utandagskrárumræðu.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Áður en gengið er til dagskrár vill forseti tilkynna að nokkrar breytingar hafa orðið á fyrirhuguðum umræðum utan dagskrár í dag. Frestað verður umræðu um skuldastöðu heimilanna um óákveðinn tíma. Einnig fellur niður í dag utandagskrárumræða um framtíð Kísiliðjunnar við Mývatn. Hv. 6. þm. Norðurl. e. hafði beðið um þá umræðu en hún fellur niður í dag af óviðráðanlegum orsökum.

Þá vill forseti jafnframt tilkynna að fjmrh. hefur óskað eftir að gefa yfirlýsingu skv. 1. mgr. 50. gr. þingskapa, þ.e. hálftíma utandagskrárumræða, og það er um skattlagningu tekna blaðburðarfólks o.fl. Umræðan getur staðið í allt að hálftíma og mun hún hefjast kl. 3.30.

Athugasemdir um störf þingsins.

Utandagskrárumræður um skuldastöðu heimilanna og skatt á blaðsölubörn.

[13:35]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Ég vil skýra frá því við upphaf fundar að ég kaus af augljósum ástæðum að fresta utandagskrárumræðu um skuldastöðu heimilanna. Ástæðan er fyrst og fremst sú að staða hæstv. félmrh. verður óljósari með hverjum degi sem líður. Maður heyrir í rauninni í hverju horni: Hættir hann? Hættir hann ekki? Hættir hann? Hættir hann ekki? Þessi hæstv. ráðherra hefur engan starfsfrið haft og er vart hægt að búast við að ráðherra sem alls ekki veit úr hvaða Keflavík hann rær á morgun geti nokkru svarað um svo stórt mál enda kom það fram hér í vikunni hjá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur að í ríkisstjórninni ríkti mikill ágreiningur um hvernig og hvort skyldi staðið að því að koma til móts við það fólk sem er í miklum vandræðum um þessar mundir. Á milli 8 og 9 þúsund einstaklingar eru í vanskilum með sín húsbréf og húsnæðislán. Að auki hrannast upp lausaskuldir hjá fjölskyldunum enda upplýsir Seðlabanki Íslands að skuldir heimilanna hafi um tveggja ára skeið undir forustu þessarar ríkisstjórnar aukist um ein milljarð á mánuði. Þetta er því stórt og mikið mál, hæstv. forseti, sem verður að ræða í þinginu og ég kýs að sjá hvað gerist næstu daga, hvernig staða hæstv. félmrh. þróast. Ég tel jafnframt fulla ástæðu til þess að taka umræðuna upp við hæstv. forsrh. því að staðan er sú hjá fjölskyldunum á Íslandi um þessar mundir að aðgerðir þola enga bið. Ekki er hægt að draga aðgerðir fram yfir kosningar. Húsnæðisstofnun, bankarnir og ríkissjóður verða með einhverju móti að koma til móts við þessa einstaklinga sem búa við svo mikla óvissu og ráða bersýnilega ekki við að reka fjölskyldu sína eða halda eignum sínum.

[13:37]

Félagsmálaráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson):

Virðulegi forseti. Svo mætti ætla af ræðu hv. þm. að hér væri að hefjast utandagskrárumræða um það efni sem hann sjálfur óskaði eftir því að frestað yrði. Ég vil taka það skýrt fram að ekki stóð á þeim sem hér stendur né formönnum þingflokka stjórnarflokkanna að taka upp þá mikilvægu umræðu um skuldastöðu heimilanna eins og um var beðið í lok síðustu viku og áréttað á mánudaginn. Ábyrgð þessarar frestunar er því algerlega á hendi þeim sem fyrst báðu um hana og óskuðu síðan eftir fresti á henni og það segir náttúrlega meira en mörg orð um málefnastöðu þeirra í þessum málum.

[13:38]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Við erum orðin vön því að eitt helsta tjáningarform þingmanna sé beiðnin um umræðu utan dagskrár eða um störf þings. Menn hafa misjafnar skoðanir á því hversu mikilvægur þáttur í störfum þingsins þetta eigi að vera að öllu jöfnu. En ég man satt að segja ekki eftir frá því að ég kom hingað til þings 1982 að annað eins hafi gerst. Hv. þm., málshefjandi, er búinn að biðja um umræðu um tiltekið málefni, hæstv. félmrh. er mættur, hann er að sjálfsögðu reiðubúinn til þess að ræða málið og ekki stendur á formönnum þingflokka að ræða málið. En hv. þm. kýs að vekja athygli á því að hann fellur sjálfur frá því að ræða málið. Hann er ekki reiðubúinn til þess að ræða málið. En hvers konar vinnubrögð eru þetta? Hér er hæstv. félmrh. Hann er reiðubúinn til þess að ræða málið við hv. þm. og við þingheim en það er dregið til baka af hv. þm., þeim sem upphaflega óskaði eftir þessu. Hvers konar vinnubrögð eru þetta? Síðan er verið að reyna að skjóta sér á bak við það að mál sem beinast að starfsrækslu fyrrv. heilbrrh., núv. félmrh., hafa verið sett í alveg tiltekinn farveg. Hann hefur gert

grein fyrir þeim í skýrslu. Sú skýrsla hefur verið send Ríkisendurskoðun. Ríkisendurskoðun hefur tekið að sér að fjalla um málið og hún mun skila sinni greinargerð um það mál. Það mál er með öðrum orðum í réttum farvegi og ekkert er um það að segja og það er algerlega óþarfi að reyna að skjóta sér á bak við það eða ala á tortryggni vegna þess. Það mál er í eðlilegum farvegi. Það er ekki félmrh. sem skorast undan því að ræða um vanda og skuldastöðu heimilanna.

[13:40]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Það er rétt hjá hæstv. utanrrh. að það færist nokkuð í vöxt að umræður séu utan dagskrár. En forseti tilkynnti áðan af forsetastóli að hæstv. fjmrh. óskaði eftir að kveða sér hljóðs utan dagskrár síðar í dag vegna umræðna um sérstaka skattlagningu á börn sem selja dagblöð og merki. Forseti tilkynnti jafnframt að aðeins yrðu leyfðar hálftíma umræður um það mál. Ef hæstv. fjmrh. er að koma hingað í þingið til að tilkynna okkur það að hann sé hættur við þá ákvörðun sína að leggja sérstakan skatt á blaðsölubörn og börn og unglinga sem selja merki er sjálfsagt að veita hæstv. fjmrh. svigrúm hér innan dagskrárinnar til þess að tilkynna það, að hann sé hættur við þennan sérstaka barnaskatt sem tekin hefur verið ákvörðun um að innleiða. En ef hæstv. fjmrh. er hins vegar að koma hingað til þess að verja það að leggja þennan sérstaka skatt á börn og unglinga sem selja og bera út blöð og selja merki, virðulegi forseti, rúmast sú umræða ekki innan hálftímans. Ég tel algerlega ógerlegt að tilkynna fyrir fram af forsetastóli að þessi umræða sem fjmrh. óskar eftir með alla þá aðstöðu, sem hann hefur í þjóðfélaginu til að koma sínum málstað á framfæri, sé takmörkuð við hálftíma fyrr en við fáum að vita hvort hæstv. ráðherra er að koma hingað í þingsalinn til að tilkynna að hann sé hættur við skattinn og er sjálfsagt að veita honum þann rétt og fagna því, en ef hann er kominn hingað til þess að verja þessa ákvörðun um barnaskattinn vil ég segja við hæstv. forseta: Það þarf sérstakan fund fulltrúa þingflokka til þess að ræða það hvernig slík umræða fer fram.

[13:42]

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég er komin hingað til að taka undir með hæstv. utanrrh. Hér tel ég að hafi verið ákaflega óþinglega að farið. Utandagskrárumræða hafði verið leyfð og óskað eftir viðveru hæstv. félmrh. Hann er hingað kominn og ég veit ekki annað en hann sé í embætti með fullum stuðningi ríkisstjórnarinnar. Auðvitað er ekkert við því að segja að fella niður umræðu sem áður hafði verið boðuð en það var alger óþarfi að gera grein fyrir ástæðu þess sem ég tel ekki að sé nein stoð fyrir.

Þetta vil ég að komi fram. Ég held að hv. þingheimur eigi ekki að rýra virðingu sína með því að gera hið háa Alþingi að vettvangi slíkra hluta. Þeir eru of alvarlegir til þess.

Frú forseti. Ég ætla að leyfa mér vegna ræðu hv. 8. þm. Reykn. að geta þess að ég hef lagt fram fyrirspurn sem ég hygg að sé annaðhvort búið að dreifa eða verði dreift innan tíðar og ég ætla að leyfa mér að upplýsa hv. þm. um hvernig hún hljóðar. Það er fyrirspurn til hæstv. fjmrh. um staðgreiðslu af launum blaðsölubarna:

„1. Hver verður tekjuaukning ríkissjóðs árið 1995 komi til staðgreiðslu af sölulaunum blaðsölubarna?

2. Hversu mikið vega þær tekjur á móti tapi ríkissjóðs vegna niðurfellingar hátekjuskatts sem ákveðin hefur verið?"

(**Forseti** (Salþ): Má ég biðja hv. þm. að halda sig við efnið um störf þingsins.)

Já, ég geri það, hæstv. forseti.

„3. Krefst þessi nýja skattlagning aukins mannafla í skattkerfinu?"

Ég vil að þetta komi fram, hæstv. forseti, vegna þess að þingheimur vissi ekki að hér yrði umræða um þetta mál og ég vildi því vekja athygli á því að ég mun bera þessar fyrirspurnir fram og láta hæstv. ráðherra vita af því.

Ég ítreka að ég held að þingmenn verði að gæta sín í umgengni hver við annan og mér er ekki kunnugt um annað en hæstv. félmrh. sé enn þá fullgildur sem slíkur.

[13:45]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Þetta varð ljóst í gærkvöldi. Ég ræddi við hæstv. félmrh. um það að ég kysi við þessar aðstæður að fresta umræðunni í ljósi þess að árásirnar á hann væru harðastar og mestar frá flokksmönnum hans og stjórnarliðinu í þinginu. Það kom líka fram í vikunni sem nú er að líða sem mér fannst augljóst að hæstv. félmrh. hefur ekki haft þann tíma. Hér var rætt um skuldastöðu heimilanna í fyrirspurnaformi en okkur vantar ekki skýrslur, okkur vantar ekki að skipa nefndir, okkur vantar ekki að safna gögnum. Við þurfum að taka ákvarðanir hvað þetta mál varðar. Mér þótti því rétt við þær aðstæður sem eru svo óljósar fyrir þingið og þjóðina hvort hæstv. ráðherra fær starfsfrið og nær stöðu sinni í ríkisstjórninni að biðja um frest á umræðunni. Kannski liggur það fyrir í næstu viku og þá gæti ég rætt við mann sem vissi að gegndi áfram starfinu og taka á þeim vanda sem við er að glíma. Ég treysti hæstv. ráðherra ekki síður en mörgum þeim ráðherrum sem hér sitja. Ég treysti honum raunar miklu fremur og veit að hann ber minni ábyrgð en þeir á þessu stóra vandamáli og trúi því að hann vilji fá frið til þess að sinna starfi sínu.

Ég vænti þess, hæstv. forseti, að í næstu viku liggi fyrir hver staða hæstv. félmrh. er og þá verði málið tekið upp þeim hætti sem til stóð í dag.

[13:47]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Ég verð að taka undir með hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur að það eru takmörk fyrir þeim sýningum sem hv. þingmenn geta notað þennan ræðustól til þess að færa upp. Nú er röksemdafærsla hv. þm. Guðna Ágústssonar orðin þessi: Vegna þess að nafngreindir einstaklingar úti í bæ hafa skrifað greinar í Alþýðublaðið undir nafni og gagnrýnt þar hæstv. félmrh., þá er það að ég dreg til baka fyrirspurn mína

á Alþingi til hæstv. félmrh. Þetta er einhver frábærasta röksemdafærsla sem ég hef heyrt. Á ég þá að álykta að vegna þess að heyrst hafa um það fréttir að tilteknar ágætar sómakonur hafa sagt sig úr Framsfl. eða viðurkenndir skemmtikraftar hafa verið að segja sig úr Framsfl., veldur það þá því að hv. þm. hefur ekki umboð Framsfl. eða getur hann ekki gegnt störfum sínum á þingi? Hvers konar hundalógik er þetta eiginlega, hv. þm.?

Útbýting þingskjals:
Almannatryggingar, 191. mál, frv. KE o.fl., þskj. 214.

Grunnskóli, frh. 1. umr.

Stjfrv., 126. mál (heildarlög). — Þskj. 131.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:49]
Frv. vísað til 2. umr. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁgG, ÁMM, BBj, EH, EKG, EL, EKJ, FI, GHH, GE, GB, GHall, GÁS, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, HG, IBA, JE, JóhS, JGS, JBH, JónK, KHG, KÁ, KE, MI, MB, ÓE, ÓRG, PP, PBald, PBj, RA, RÞ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÖS.
15 þm. (ÁJ, DO, EgJ, EM, FrS, HÁ, HBl, JÁ, JHelg, LMR, MF, PJ, SighB, SvG, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

Framhaldsskólar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 127. mál (heildarlög). — Þskj. 132.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:50]
Frv. vísað til 2. umr. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁgG, ÁMM, BBj, EH, EKG, EL, EKJ, FI, GHH, GE, GB, GHall, GÁS, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, HG, IBA, JE, JóhS, JGS, JBH, JónK, KHG, KÁ, KE, MI, MB, ÓE, ÓRG, PP, PBald, PBj, RA, RÞ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÖS.
14 þm. (ÁJ, DO, EgJ, EM, FrS, HÁ, HBl, JÁ, JHelg, LMR, MF, PJ, SighB, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

Lýðveldissjóður, 2. umr.

Frv. GHH o.fl., 173. mál. — Þskj. 187.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:51]
1. gr. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁgG, BBj, EH, EgJ, EL, EKJ, FI, GHH, GE, GB, GHall, GÁS, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, HG, IBA, JE, JGS, JBH, JónK, KHG, KÁ, KE, MI, MB, ÓE, ÓRG, PP, PBald, PBj, RA, RÞ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, SJS, SvG, TIO, VS, VE, ÖS.
17 þm. (ÁJ, ÁMM, DO, EKG, EM, FrS, HÁ, HBl, JÁ, JóhS, JHelg, LMR, MF, PJ, SighB, StB, ÞorstP) fjarstaddir.

2.–7. gr. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁgG, BBj, EH, EgJ, EL, EKJ, FI, GHH, GE, GB, GHall, GÁS, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, HG, IBA, JE, JGS, JBH, JónK, KHG, KÁ, KE, MI, MB, ÓE, ÓRG, PP, PBald, PBj, RA, RÞ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, SJS, SvG, TIO, VS, VE, ÖS.
17 þm. (ÁJ, ÁMM, DO, EKG, EM, FrS, HÁ, HBl, JÁ, JóhS, JHelg, LMR, MF, PJ, SighB, StB, ÞorstP) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁgG, BBj, EH, EgJ, EL, EKJ, FI, GHH, GE, GB, GHall, GÁS, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, HG, IBA, JE, JGS, JBH, JónK, KHG, KÁ, KE, MI, MB, ÓE, ÓRG, PP, PBald, PBj, RA, RÞ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, SJS, SvG, TIO, VS, VE, ÖS.
17 þm. (ÁJ, ÁMM, DO, EKG, EM, FrS, HÁ, HBl, JÁ, JóhS, JHelg, LMR, MF, PJ, SighB, StB, ÞorstP) fjarstaddir.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):
Forseti vill láta þess getið áður en lengra er haldið að ætlunin er að lokinni atkvæðagreiðslu og afgreiðslu 4. dagskrármáls að settur verði nýr fundur til þess, ef leyft verður, að afgreiða þau tvö mál sem verður þá væntanlega búið að vísa báðum til 3. umr.

Lyfjalög, 2. umr.

Stjfrv., 130. mál (staðfesting bráðabirgðalaga). — Þskj. 135, nál. 213.

[13:53]
Frsm. heilbr.- og trn. (Gunnlaugur Stefánsson):
Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frv. til laga um breytingu á lyfjalögum. Þetta frv. var flutt til staðfestingar á útgáfu bráðabirgðalaga frá því í sumar. Málið hefur verið rætt á tveimur fundum í hv. heilbr.- og trn., fyrst í sumar í sambandi við útgáfu bráðabirgðalaganna og svo nú eftir að frv. hafði komið til 1. umr.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt. Undir það rita allir hv. nefndarmenn hv. heilbr.- og trn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:54]
1. gr. samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁgG, BBj, EgJ, EL, EKJ, FI, GHH, GB, GHall, GÁS, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, HG, IBA, JE, JónK, KÁ, MI, MB, ÓE, PP, PBald, PBj, RA, RÞ, RG, SalÞ, SigG, SP, SJS, SvG, TIO, VS, ÖS.
26 þm. (ÁJ, ÁMM, DO, EH, EKG, EM, FrS, GE, HÁ, HBl, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, KHG, KE, LMR, MF, ÓRG, PJ, SighB, SAÞ, StB, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁgG, BBj, EgJ, EL, EKJ, FI, GHH, GE, GB, GHall, GÁS, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, HG, IBA, JE, JónK, KÁ, MI, MB, ÓE, PP, PBald, PBj, RA, RÞ, RG, SalÞ, SigG, SP, SJS, SvG, TIO, VS, VE, ÖS.
24 þm. (ÁJ, ÁMM, DO, EH, EKG, EM, FrS, HÁ, HBl, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, KHG, KE, LMR, MF, ÓRG, PJ, SighB, SAÞ, StB, ÞorstP) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 39 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁgG, BBj, EgJ, EL, EKJ, FI, GHH, GE, GB, GHall, GÁS, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, HG, IBA, JE, JónK, KÁ, MI, MB, ÓE, PP, PBald, PBj, RA, RÞ, RG, SalÞ, SigG, SP, SJS, SvG, TIO, VS, VE, ÖS.
24 þm. (ÁJ, ÁMM, DO, EH, EKG, EM, FrS, HÁ, HBl, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, KHG, KE, LMR, MF, ÓRG, PJ, SighB, SAÞ, StB, ÞorstP) fjarstaddir.

Út af dagskrá voru tekin 5.–12. mál.

Fundi slitið kl. 13:55.

---

31. FUNDUR

miðvikudaginn 9. nóv.,
að loknum 30. fundi.

Dagskrá:

1. Lýðveldissjóður, frv., 173. mál, þskj. 187. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
2. Lyfjalög, stjfrv., 130. mál, þskj. 135. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
3. Atvinnu- og búseturéttur launafólks innan EES, stjfrv., 125. mál, þskj. 130. — 1. umr.
4. Atvinnuréttindi útlendinga, stjfrv., 165. mál, þskj. 179. — 1. umr.
5. Leigumálar og söluverð lóða og landa Reykjavíkurkaupstaðar, stjfrv., 177. mál, þskj. 194. — 1. umr.
6. Vegaframkvæmdir á Austurlandi, þáltill., 37. mál, þskj. 37. — Frh. fyrri umr.
7. Aðgerðir til að draga úr kynjamisrétti, þáltill., 38. mál, þskj. 38. — Fyrri umr.
8. Foreldrafræðsla, þáltill., 39. mál, þskj. 39. — Fyrri umr.
9. Varðveisla arfs húsmæðraskóla, þáltill., 40. mál, þskj. 40. — Fyrri umr.
10. Endurskoðun á launakerfi ríkisins, þáltill., 41. mál, þskj. 41. — Fyrri umr.

Afbrigði um dagskrármál.

[13:55]
Of skammt var liðið frá 2. umr. 1. og 2. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁgG, BBj, EH, EgJ, EL, EKJ, FI, GHH, GE, GB, GHall, GÁS, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, HG, IBA, JE, JónK, KHG, KÁ, KE, MI, MB, ÓE, PP, PBald, PBj, RA, RÞ, SalÞ, SP, SJS, SvG, TIO, VS, VE.
24 þm. (ÁJ, ÁMM, DO, EKG, EM, FrS, HÁ, HBl, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, LMR, MF, ÓRG, PJ, RG, SigG, SighB, SAÞ, StB, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Lýðveldissjóður, 3. umr.

Frv. GHH o.fl., 173. mál. — Þskj. 187.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:57]
Frv. samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁgG, ÁMM, BBj, EH, EgJ, EL, EKJ, FI, GHH, GE, GB, GHall, GÁS, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, HG, IBA, JE, JónK, KHG, KÁ, KE, MI, MB, ÓE, PP, PBald, PBj, RA, RÞ, RG, SalÞ, SigG, SP, SJS, SvG, TIO, VS, VE, ÖS.
20 þm. (ÁJ, DO, EKG, EM, FrS, HÁ, HBl, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, LMR, MF, ÓRG, PJ, SighB, SAÞ, StB, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 221).

Lyfjalög, 3. umr.

Stjfrv., 130. mál (staðfesting bráðabirgðalaga). — Þskj. 135.

[13:57]
Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:58]

Frv. samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁgG, ÁMM, BBj, EH, EgJ, EL, EKJ, FI, GHH, GE, GB, GHall, GÁS, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, HG, IBA, JE, JónK, KÁ, MI, MB, ÓE, PP, PBald, RÞ, RG, SalÞ, SigG, SP, SvG, TIO, VS, VE, ÖS.

25 þm. (ÁJ, DO, EKG, EM, FrS, HÁ, HBl, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, KHG, KE, LMR, MF, ÓRG, PJ, PBj, RA, SighB, SAÞ, SJS, StB, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 222).

Atvinnu- og búseturéttur launafólks innan EES, 1. umr.

Stjfrv., 125. mál (ráðstöfun lausra starfa). — Þskj. 130.

[13:59]

Félagsmálaráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 47/1993, um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins. Frv. þetta er lagt fyrir Alþingi vegna ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar frá 21. mars 1994, um breytingu á bókun 47 og tilteknum viðaukum við EES-samninginn. Með samþykkt frv. eru lögfestar reglur sem settar eru fram í reglugerð Evrópubandalagsins sem breytir ákvæðum II. hluta reglugerðar nr. 1612/68, um frelsi launþega til flutninga innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Félmrh. mælti á síðasta þingi, þann 13. apríl 1994, fyrir frv. þessu og var því vísað til félmn. Ég vil fyrst víkja að hinni formlegu breytingu, en með lögfestingu reglugerðar 1612/68 í lögum nr. 47/1993 var tryggt að allar breytingar á reglugerðinni yrðu lagðar fyrir Alþingi.

Með 1. gr. frv. er einungis gerð sú breyting á 1. gr. laga nr. 47/1993, að í fyrri breytingu á reglugerð 1612/68 er skotið inn í númeri á reglugerðarbreytingunni.

Í 2. gr. frv. eru síðan felldar inn í fskj. með lögum nr. 47/1993 þær breytingar sem reglugerðarbreytingin felur í sér eins og þær eru aðlagaðar að hinu Evrópska efnahagssvæði. Fskj. er birt í heild sinni þannig aðlagað. Þeim efnislegu breytingum sem frv. felur í sér er ætlað að efla og auðvelda atvinnuráðningar og vinnumiðlun milli aðildarríkjanna. Þetta er gert með því að ryðja meintum hindrunum úr vegi og auðvelda samskipti milli landanna.

Mikilvægasta breytingin er að í 15. og 16. gr. hefur upplýsinga- og tilkynningaskylda ríkja um laus störf verið rýmkuð þannig að hún er ekki takmörkuð við störf sem ekki hefur reynst unnt að ráða í vinnuafl af innlendum vinnumarkaði. Þetta þýðir að launþegar sem eru búsettir í tilteknu landi hafa ekki lengur forgang að vinnumarkaði viðkomandi lands heldur er atvinnurekendum frjálst að leita að vinnuafli á öllu Evrópska efnahagssvæðinu. Þetta breytir þó engu um forgangsréttarákvæði kjarasamninga. Upplýsingar um laus störf sem ríkisborgarar annarra aðildarríkja geta unnið á að veita vinnumiðlunum annarra aðilarríkja. Vinnumiðlanir eiga nú að svara umsóknum erlendra ríkisborgara um atvinnu innan mánaðar. Þá eiga vinnumiðlanir einnig að veita ríkisborgurum aðildarríkjanna sömu forréttindi og gilda um innlenda þegna ef slík forréttindi eru fyrir hendi gagnvart erlendum borgurum.

Önnur mikilvæg breyting er á 15. gr. reglugerðarinnar. Þannig á að sundurliða upplýsingar um þá sem eru tilbúnir til að vinna í öðru landi eftir svæðum og atvinnugreinum. Einnig þarf að veita upplýsingar um laus störf sem eru ætluð ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins. Þá er gert ráð fyrir að komið sé á fót samræmdu kerfi til að miðla þessum upplýsingum milli aðildarríkjanna, en fyrsti hluti svokallaðs Eures-vinnumiðlunarkerfis var tekinn í notkun í lok síðasta árs í EES-ríkjunum og kerfið verður tekið í notkun á öllu Evrópska efnahagssvæðinu á þessu ári. Þetta kerfi miðlar aðeins upplýsingum um laus störf í dag, en á næsta ári á það að geta miðlað upplýsingum um atvinnuumsækjendur. Upplýsingar samkvæmt 15. gr. á nú að senda reglulega í stað mánaðarlega hið minnsta.

Allar þessar breytingar krefjast þess að vinnumiðlun sé efld hér innan lands en gert er ráð fyrir að á þessu þingi verði lagt fram frv. um vinnumiðlun sem felur í sér eflingu vinnumiðlunar um allt land en slíkt frv. var lagt fram til kynningar á síðasta þingi.

Nokkrar breytingar eru gerðar á b-lið 17. gr. og er þeim ætlað að efla samstarf vinnumiðlana í aðliggjandi ríkjum en breytingarnar fela í sér náið samstarf milli þessara vinnumiðlana.

Aðrar mikilvægar breytingar eru þær að ákvæði 20. gr. reglugerðar 1612/68 og viðauki vegna 16. gr. sem felur í sér skýringar á greininni eru felld brott en ákvæði þessi fólu í sér að mögulegt væri að stöðva vinnumiðlun vegna aðildarríkja á einstökum svæðum og í einstakar atvinnugreinar ef atvinnuleysi var mikið. Segja má að ákvæði þetta eigi svo víða við að í raun væri hægt að stöðva alla vinnumiðlun víðast hvar í Evrópusambandinu.

Aðrar breytingar eru óverulegar og varða einkum kannanir og skýrslugerð um atvinnumöguleika, vinnumiðlun og framkvæmd hennar.

Virðulegi forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. félmn.

[14:04]

Páll Pétursson:

Herra forseti. Ég verð að segja að mér finnst þetta vera heldur fátæklegt þingskjal og nokkuð óvenjulegt að formi til en ég vil vekja athygli á því að að þetta mál er eitt af þeim sem yfir okkur dynur eða við verðum að undirgangast út af samningnum um Evrópskt efnahagssvæði. Það er sjálfsagt ekki ástæða til þess að fara að fjölyrða mikið um þetta, þetta er eitt af því sem við verðum að kyngja, en ekki er ég sannfærður um að

þetta mál sé verulegur fengur fyrir okkur Íslendinga.

[14:05]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil að gefnu tilefni af orðum hv. þm. geta þess að *við yfirferð félmn. á þessu máli* á sínum tíma varð það niðurstaða nefndarinnar að birta reglugerðina í heild sinni þannig að hún yrði sem hluti af lögunum og kæmi sem bálkur þar inn, en væri ekki með afgreiðslu á frv. sem væri sundurliðað í nokkrar tilvísanir til reglugerða. Þetta kemur einmitt fram í umfjöllun um 1. og 2. gr. M.a. þessi ákvörðun félmn. að setja málið upp á þennan hátt gerir það mjög aðgengilegt að fá upplýsingar og að geta um hverjar breytingar verða á þessari mikilvægu reglugerð vegna þess að þetta er mikilvægur málaflokkur og mjög mikilvægt að Alþingi hafi góðar upplýsingar um breytingar sem verða á reglugerðinni. Ég vil bara vekja athygli á því að það varð talsverð umfjöllun í félmn. um málið, samstaða um það og sérstaklega góð samstaða með hvaða hætti málið yrði sett upp, unnið og sett fram af nefndinni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Atvinnuréttindi útlendinga, 1. umr.

Stjfrv., 165. mál (heildarlög). — Þskj. 179.

[14:06]

Félagsmálaráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson):

Virðulegi forseti. Ég fylgi hér úr hlaði frv. til laga um atvinnuréttindi útlendinga. Nái frv. fram að ganga leysir það af hólmi gildandi lög um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 26/1982, með síðari breytingum. Það er rétt að geta þess, að frv. var lagt fyrir Alþingi til kynningar í apríl sl. Vegna tímaskorts tókst ekki að setja það á dagskrá og mæla fyrir því. Þar af leiðandi tel ég nauðsynlegt að fjalla nú nokkuð ítarlega um frv. þetta.

Á þessu ári eru liðin 14 ár frá því að Alþingi afgreiddi gildandi lög um atvinnuréttindi útlendinga. Miklar breytingar hafa átt sér stað á þessum tíma á samskiptum Íslendinga við aðrar þjóðir. Sífellt hefur orðið algengara að Íslendingar flytjist til annarra landa til lengri eða skemmri búsetu. Ástæðurnar eru margvíslegar. Atvinna og nám eru sennilega þeirra algengastar. Þetta gildir einnig um erlenda ríkisborgara. Ýmislegt hefur stuðlað að þessari þróun. Skiptir þar mestu greiðari samgöngur og alþjóðasamningar sem auðvelda fólki að setjast að og fá leyfi til að vinna í öðrum löndum. Í þessu sambandi má nefna samning Norðurlanda um sameiginlegan vinnumarkað sem var undirritaður árið 1982. Aðild Íslands að félagsmálasáttmála Evrópu árið 1976 einfaldaði formsatriði varðandi leyfi til að vinna í öllum aðildarríkjum sáttmálans. Mest áhrif munu samt verða af gildistöku samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem tók gildi um síðustu áramót.

Með lögum nr. 47/1993 var tilskipun Evrópusambandsins um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks nr. 1612/68 gefið lagagildi hér á landi. Samkvæmt 1. gr. tilskipunarinnar skal sérhver ríkisborgari EES-ríkis óháð búsetu hafa rétt til að ráða sig til vinnu sem launþegi og rækja það starf á yfirráðasvæði annars EES-ríkis í samræmi við þau ákvæði í lögum eða stjórnsýslufyrirmælum er taka til atvinnumála ríkisborgara viðkomandi aðildarríkis. Í þessu felst grundvallrbreyting á því fyrirkomulagi sem hefur ríkt í sambandi við atvinnuréttindi útlendinga á Íslandi. Það er því ljóst að endurskoðun laga um þetta efni er orðin tímabær.

Félmrh. skipaði 9. nóv. 1993 nefnd til að endurskoða gildandi lög um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 26/1982. Í nefndina voru skipuð Jóhann Jóhannsson, starfsmaður útlendingaeftirlitsins samkvæmt tilnefningu dómsmrh., Jón H. Magnússon, lögfræðingur VSÍ samkvæmt tilnefningu Vinnuveitendasambands Íslands, og Lára V. Júlíusdóttir, framkvæmdastjóri ASÍ samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands. Félmrh. skipaði Gylfa Kristinsson, deildarstjóra í félmrn., formann þessarar nefndar. Sú breyting varð á skipan nefndarinnar að Halldór Grönvold, skrifstofustjóri ASÍ, tók sæti Láru V. Júlíusdóttur 1. sept. sl.

Auk þess að endurskoða lög um atvinnuréttindi útlendinga var nefndinni falið að taka sérstaklega til athugunar ákvæði um útgáfu sjálfstæðra atvinnurekstrarleyfa og atvinnuleyfi útlendinga er stunda nám í skólum sem íslenska ríkið á eða styrkir. Einnig hvort ástæða sé til að gera frekari greinarmun en nú er gerður á atvinnuleyfum eftir störfum eða starfstíma. Með tilliti til laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, nr. 34/1991, var enn fremur talið nauðsynlegt að taka til endurskoðunar gildissvið laga um atvinnuréttindi útlendinga. Loks var þessari endurskoðunarnefnd sem áður var getið um falið að setja fram tillögur um einföldun á útgáfu atvinnuleyfa. Að öðru leyti var nefndinni í sjálfsvald sett hvaða ákvæði gildandi laga um atvinnuréttindi útlendinga hún teldi nauðsynlegt að endurskoða.

Endurskoðunarnefndin hóf starf sitt með því að kynna sér gildandi lög í næstu nágrannalöndum um útgáfu atvinnuleyfa vegna ráðningar erlendra ríkisborgara. Fyrir hana voru einnig lagðar athugasemdir sérfræðinganefndar Evrópuráðsins sem fer yfir skýrslur um framkvæmd ákvæða félagsmálasáttmála Evrópu. Fjallað er um atvinnuleyfi um 18. gr. sáttmálans. Sérfræðingar Evrópuráðsins hafa gagnrýnt ákvæði íslensku laganna um atvinnuleyfi útlendinga og talið þau vera fremur ströng. Nefndin hefur einnig haft til athugunar ákvæði samþykkta Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um réttindi og aðbúnað farandverkamanna.

Við endurskoðun laganna fékk nefndin á fund sinn Hörð Lárusson, deildarstjóra í menntmrn., Jón Ögmund Þormóðsson, skrifstofustjóra í iðnrn. og viðskrh., og Signýju Sen, fulltrúa við embætti lögreglustjórans í Reykjavík. Enn fremur hafði formaður nefndarinnar samband við Dögg Pálsdóttur, skrifstofustjóra í heilbr.- og trmrn., og fulltrúa samgrn.

Frv. það sem hér er lagt fyrir Alþingi er árangur starfs framangreindrar nefndar sem endurskoðaði ákvæði laga um atvinnuréttindi útlendinga. Nefndin hefur lagt megináherslu á að samstæðum efnisþáttum sé skipað í sama kafla frv. Þannig er fjallað um gildissvið og orðskýringar í I. kafla og almenn ákvæði í II. kafla. Í III. kafla er fjallað um atvinnuleyfi. Rétt er að vekja athygli á þeirri breytingu að betur er greint á milli einstakra flokka atvinnuleyfa en gert er í gildandi lögum. Fjallað er um hvern flokk atvinnuleyfa í sérstakri grein. Í hlutaðeigandi grein er fjallað um skilyrði fyrir veitingu atvinnuleyfis og til hversu langs tíma það skuli veitt. Í kaflanum er að finna ákvæði um tvo nýja flokka atvinnuleyfa, leyfi til handa erlendum námsmönnum og vegna ráðningar í vist á íslensk heimili.

Í IV. kafla frv. er fjallað um undanþágur. Í honum er greint á milli tveggja tegunda af undanþágum. Ákvæði V. kafla, um viðurlög og afturköllun atvinnuleyfa, og VI. kafla, sem hefur að geyma ýmis ákvæði, er í öllum höfuðatriðum óbreytt frá hliðstæðum ákvæðum í gildandi lögum.

Virðulegi forseti. Helstu nýmæli frv. felast í eftirfarandi:

1. Þrír flokkar atvinnuleyfa. Greint er á milli þriggja tegunda atvinnuleyfa. Tímabundið atvinnuleyfi er veitt atvinnurekenda til ráðningar útlendings til ákveðins starfs um tiltekinn tíma. Óbundið atvinnuleyfi er veitt útlendingi til að vinna á Íslandi. Atvinnurekstrarleyfi felur í sér leyfi til að vinna sjálfstætt eða starfrækja fyrirtæki. Að auki er gert ráð fyrir sérstökum atvinnuleyfum vegna útlendra námsmanna sem stunda nám í íslenskum skólum og vegna einstaklinga sem ráða sig í vist á íslensk heimili, þ.e. „au pair"-ráðningar.

2. Þrír flokkar af undanþágum. Lagt er til að undanþágur frá kröfum um atvinnuleyfi verði þrenns konar: Varanlegar undanþágur, t.d. fyrir EES-borgara og starfsmenn sendimanna erlendra ríkja. Tímabundnar undanþágur verði tvenns konar: Annars vegar vegna vinnu hér á landi sem stendur í allt að einn mánuð á ári. Í þessu tilviki er tekið mið af tillögum sem eru til umfjöllunar í þeim hluta GATT-viðræðna sem eru um þjónustuviðskipti. Undanþágan tekur m.a. til vísindamanna og fyrirlesara, listamanna, íþróttaþjálfara og blaða- og fréttamanna. Hins vegar er lagt til að tilteknir ráðgjafar og leiðbeinendur geti starfað hér á landi án atvinnuleyfis í allt að 10 daga á hverju 12 mánaða tímabili.

3. Ákvæði um atvinnurekstrarleyfi. Þar er lagt til að krafa um atvinnurekstrarleyfi verði tekin upp að nýju. Veiting atvinnurekstrarleyfa verði þar með á vegum tveggja ráðuneyta. Félmrh. veiti útlendingum með lögheimili hér á landi atvinnurekstrarleyfi. Viðskrh. fer með útgáfu atvinnurekstrarleyfa til útlendinga sem hafa lögheimili erlendis eða eru búsettir þar. Um þau leyfi gilda ákvæði laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri.

Frá því að þetta frv. var fyrst lagt fyrir Alþingi í apríl á yfirstandandi ári hefur það verið kynnt hagsmunaaðilum. Það var kynnt á tveimur fundum sem félmrn. stóð fyrir. Í fyrsta lagi var haldinn opinn kynningarfundur 5. maí sl. Á það var lögð áhersla að erlendir ríkisborgarar sem búsettir eru hérlendis og vildu kynna sér efni frv., mættu á fundinn. Frv. var enn fremur á dagskrá samráðsfundar ráðuneytisins með helstu samtökum á vinnumarkaði vegna undirbúnings við almenna stefnumörkun varðandi ráðningu erlends starfshóps, sbr. 4. gr. gildandi laga um atvinnuréttindi útlendinga.

Á fundinum sem haldinn var 26. maí sl. komu fram ýmsar athugasemdir og ábendingar um það sem betur mætti fara í hinu upphaflega frv. Félmrn. sendi jafnframt frv. út til umsagnar hagsmunasamtaka, sbr. skrá í fskj. með frv. Ýmsar ábendingar og tillögur um breytingar komu fram og var endurskoðunarnefndin sammála um að taka tillit til nokkurra þeirra. Helstu breytingar frá upphaflegu gerð frv. frá í apríl sl. felast í eftirfarandi og er að finna í því frv. sem ég mæli hér fyrir.

Í upphaflegri gerð frumvarpsins var gert ráð fyrir að ákvæði gildandi laga um umsagnarrétt hlutaðeigandi stéttarfélags um umsókn um atvinnuleyfi yrði óbreytt. Í umsögnum og athugasemdum, sem borist hafa endurskoðunarnefndinni, hefur þetta verið gagnrýnt. Ýmist hefur verið lagt til að umsagnarrétturinn verði felldur niður eða tekið undir tillögu fulltrúa VSÍ í endurskoðunarnefndinni um að hann verði fenginn ráðgjafarnefnd vinnumálaskrifstofunnar, sbr. sérálit sem fram kemur í fskj. I um orðalag b-liðar í 7. og 10. gr. frv. Endurskoðunarnefndin hefur rætt þetta efni ítarlega á fundum sínum. Niðurstaða hennar er að leggja til að í stað þess að það sé gert að skilyrði að leitað skuli umsagnar annaðhvort hlutaðeigandi stéttarfélags eða landssambands ef ekki er stéttarfélag á staðnum verði umsagnarrétturinn bundinn við hlutaðeigandi stéttarfélag eða landssamband. Með þessari breytingu er opnuð sú leið að umsagnarréttur geti færst til landssambands. Slík þróun gæti leitt til þess að við mat á umsókn um atvinnuleyfi verði frekar tekið tillit til atvinnuástands á landinu öllu eða stórum svæðum en tíðkast hefur fram til þessa. Það skal tekið fram að fulltrúi VSÍ stendur við fyrra álit þrátt fyrir framangreinda breytingu.

Ég vil taka fram í þessu sambandi að miðað við undirtektir sem þessi breyting hefur fengið munu aðilar þó telja sig geta búið við þetta fyrirkomulag.

Í upphaflegri gerð 14. gr. frv. var gert ráð fyrir að ýmsir einstaklingar verði undanþegnir kröfu um atvinnuleyfi og gilti undanþágan um vinnu í allt að 10 daga á hverju 12 mánaða tímabili. Athugasemdir komu fram við þetta ákvæði og var lagt til að tíminn yrði lengdur. Sú hefur orðið niðurstaðan og náðist samstaða um í endurskoðunarnefndinni að lengja tímann þannig að undanþágan gildir fyrir vinnu í allt að fjórar vikur á hverju 12 mánaða tímabili. Jafnframt hafa verið gerðar tvær aðrar breytingar. Endurskoðunarnefndin var sammála um að taka tillit til andstöðu sem kom fram hjá ASÍ og Félagi íslenskra hljómlistarmanna gegn því að undanþágan nái til hljóðfæraleikara sem ráða sig til starfa á veitingahúsum. Nái frv.

fram að ganga þarf því áfram að sækja um leyfi fyrir þennan hóp. Enn fremur var ákveðið að flytja ákvæði sem upphaflega var í e-lið í aðra málsgrein og er það miðað við vinnu sem stendur í allt að 10 daga á hverju 12 mánaða tímabili eins og gert var í upphaflegri gerð frv. Þetta ákvæði fjallar um vinnu sérhæfðra starfsmanna, ráðgjafa og leiðbeinenda sem vinna að samsetningu, uppsetningu, eftirliti eða viðgerð tækja.

Ég mun nú víkja nokkrum orðum að einstökum greinum frv.

1. og 2. gr. frv. þarfnast ekki skýringa.

Í 3. gr. er tekið fram að veiting leyfa samkvæmt lögunum heyrir undir félmrh. Í 3. mgr. er tekið fram að viðskrh. fari með veitingu atvinnurekstrarleyfa til útlendinga sem hafa lögheimili erlendis eða eru þar búsettir. Þetta ákvæði er tekið upp í frv. í samræmi við 4. gr. laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri nr. 34/1991.

Í 8. tölul. laga nr. 34/1991 er tekið fram að einstaklingur sem er búsettur erlendis geti ekki unnið sjálfstætt eða starfrækt eigið atvinnufyrirtæki eða tekið þátt í fyrirtæki með ótakmarkaðri ábyrgð nema með leyfi viðskrh.

Rétt er að vekja á því athygli að lagt er til að greint verði milli gildissviðs þessara tveggja laga á grundvelli búsetu útlendings. Atvinnurekstrarleyfi útlendings sem er búsettur hérlendis skal veitt á grundvelli laga um atvinnuréttindi útlendinga. Atvinnurekstrarleyfi útlendings sem er búsettur erlendis skal veitt af viðskrh. á grundvelli laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri.

Að undanskilinni 3. mgr. svarar 4. gr. frv. til 2. gr. gildandi laga. Með frv. er farin sú leið að lögin gildi um atvinnuréttindi allra útlendinga sem starfa á Íslandi. Í 3. mgr. er vísað til undantekninga í 13. og 14. gr. frá þessari meginreglu.

6. gr. svarar til 10. gr. gildandi laga. Rétt er að taka fram að við greinina hefur verið bætt málsgrein þar sem tekið er fram að atvinnuleyfi veitir rétt til að vinna á Íslandi samkvæmt reglum sem gilda á íslenskum vinnumarkaði.

Með málsgreininni er m.a. verið að vísa til 1. gr. laga nr. 55/1980 eins og henni hefur verið breytt með lögum nr. 69/1993. Þar er kveðið á um það að laun og önnur starfskjör sem aðildarsamtök vinnumarkaðarins semja um skuli vera lágmarkskjör, óháð kyni, þjóðerni eða ráðningartíma fyrir alla launamenn í viðkomandi starfsgrein á svæði því er samningurinn tekur til. Enn fremur er tekið fram að samningar einstakra launamanna og atvinnurekenda um lakari kjör en hinir almennu kjarasamningar ákveða skulu ógildir.

Í 7. gr. frv. er fjallað um tímabundið atvinnuleyfi. Þetta leyfi svarar til atvinnuleyfis samkvæmt gildandi lögum. Nefndin sem endurskoðaði lögun um atvinnuréttindi útlendinga leggur til að það sem áður var kallað atvinnuleyfi verði nú kallað tímabundið atvinnuleyfi. Nefndin er sammála um að þetta heiti gefi betur til kynna að um er að ræða mjög takmarkaða heimild til að stunda atvinnu á Íslandi. Skilyrði fyrir veitingu tímabundins atvinnuleyfis eru í öllum meginatriðum þau sömu og eru í gildandi lögum um veitingu atvinnuleyfa. Í greininni er að finna skilyrði fyrir veitingu leyfisins og einnig eru ákvæði um réttindi sem heimilt er að veita. Tekið er fram að heimilt er að veita það til eins árs í fyrsta skipti. Þetta er hliðstætt ákvæði í gildandi lögum.

Nýmæli greinarinnar felst í heimild til að framlengja fyrsta leyfi um tvö ár. Eftir að leyfi hefur verið gefið út tvívegis á grundvelli greinarinnar getur útlendingur sótt um óbundið atvinnuleyfi samkvæmt ákvæðum 8. gr.

Ég hef áður fjallað um umsagnarrétt stéttarfélaga um umsóknir um atvinnuleyfi og tel ekki nauðsynlegt að fjölyrða frekar um það atriði. Ég vil einungis geta þess að þetta er eina atriðið í frv. sem olli verulegum ágreiningi í endurskoðunarnefndinni sem eins og ég gat um áður var skipuð fulltrúum m.a. frá aðilum vinnumarkaðarins. Fulltrúi VSÍ í nefndinni lagði fram sérálit sem kemur fram í fskj. I um orðalag b-liðar og ég hef áður gert grein fyrir í ræðu minni.

Í niðurlagi greinarinnar er stjórnvöldum veitt heimild til að veita tilteknum útlendingum atvinnuleyfi til lengri tíma en greinir í 2. mgr. Hér er fyrst og fremst um tvo hópa að ræða. Í fyrsta lagi er átt við ríkisborgara í aðildarríkjum félagsmálasáttmála Evrópu annarra en þeirra sem eru aðilar að samningi um Evrópska efnahagssvæðið. Þau lönd sem um ræðir eru Kýpur, Malta og Tyrkland. Lagt er til í athugasemdum við greinina að gildistími fyrsta atvinnuleyfis vegna borgara í þessum löndum verði tvö ár enda njóti Íslendingar hliðstæðra réttinda í þessum löndum. Í öðru lagi getur komið til álita að veita borgurum í ríkjum sem gera gagnkvæma samninga við Ísland um atvinnuleyfi rýmri rétt enda fái Íslendingar sama rétt í sömu löndum.

8. gr. frv. er um óbundið atvinnuleyfi. Þessi tegund atvinnuleyfis er kölluð sjálfstætt atvinnuleyfi í gildandi lögum. Endurskoðunarnefndin leggur til að þetta heiti verði tekið upp þar sem það gefur betur til kynna hvers konar réttindi felast í leyfinu. Lagt er til að það verði viðurkennt að útlendingur sem hefur dvalið hérlendis í 3 ár hafi fest rætur á Íslandi. Eftir 3 ár geti útlendingur sótt um óbundið atvinnuleyfi, þ.e. leyfi sem er veitt honum persónulega en ekki atvinnurekanda. Útlendingur getur leitað eftir vinnu hjá hvaða atvinnurekanda sem er. Hann er ekki bundinn einhverjum einstökum atvinnurekendum með sama hætti og þegar um tímabundið atvinnuleyfi er að ræða.

Annað nýmæli felst í einföldun á skilyrðum fyrir óbundnu atvinnuleyfi. Fellt er niður ákvæði um þörf atvinnuveganna fyrir vinnuafl og krafa um umsögn stéttarfélags. Um þetta atriði var ágreiningur í nefndinni sem endurskoðaði lögin. Fulltrúar ASÍ vildu að útgáfa óbundins atvinnuleyfis væri bundin því skilyrði að fyrir lægi umsögn stéttarfélags.

Einnig er tekið upp í 3. mgr. heimild til að veita flóttamönnum óbundið atvinnuleyfi. Við skilgreiningu á því hverjir teljast flóttamenn er stuðst við skilgreiningu samnings Sameinuðu þjóðanna um flóttamenn frá 28. júlí 1951 og kvótaflóttamenn svokallaða. Með kvótaflóttamönnum er átt við tiltekinn fjölda flótta-

manna sem stjórnvöld heimila landvist.

Fyrr í máli mínu var vikið að því að atvinnurekstrarleyfi verði veitt af tveimur ráðuneytum, þ.e. viðskrn. í samræmi við ákvæði laga um fjárfestingar erlendra aðila í atvinnurekstri og félmrn.

Í 9. gr. frv. er fjallað um atvinnurekstrarleyfi sem veitt er á grundvelli laga um atvinnuréttindi útlendinga. Í greininni felst að útlendingur sem hyggst starfa sjálfstætt eða stofna til rekstrar hér á landi verður að fá til þess leyfi. Nefndin sem samdi frv. telur rétt að taka að nýju upp í lög ákvæði um að útlendingar þurfi í öllum tilvikum leyfi stjórnvalda til að starfa sjálfstætt eða að stunda atvinnurekstur hér á landi. Rökin fyrir þessu eru aðallega tvíþætt. Nefndin telur óeðlilegt að útlendingar sem hyggjast stofna til rekstrar hér á landi eigi greiðari aðgang að atvinnulífi og vinnumarkaði en þeir sem ráða sig til almennra starfa. Hér eigi að gera hliðstæðar kröfur. Enn fremur telur nefndin þetta nauðsynlegt til að auðvelda eftirlitsaðilum, fyrst og fremst útlendingaeftirlitinu, að rækja lögbundið eftirlitsstarf.

Endurskoðunarnefndin kynnti sér ákvæði laga um útgáfu ýmiss konar leyfa sem fela í sér rétt til að standa fyrir atvinnustarfsemi. Í fæstum tilfellum eru ákvæði í þessum lögum sem gera íslenskan ríkisborgararétt að skilyrði fyrir leyfi til atvinnurekstrar. Hún leggur til að í stað þess að breyta þessum ákvæðum verði það gert að skilyrði að hlutaðeigandi útlendingur hafi atvinnurekstrarleyfi. Framkvæmdin verður þá þannig að áður en slíkt leyfi er endanlega gefið út veitir félmrn. atvinnurekstrarleyfið á grundvelli vottorðs hlutaðeigandi stjórnvalds um að það telji útlendinginn uppfylla öll skilyrði til að standa fyrir viðkomandi rekstri. Rétt er að taka fram að hér er fyrst og fremst um að ræða útlendinga sem búsettir eru hérlendis en þeim ber samkvæmt framansögðu að afla sér atvinnurekstrarleyfis hjá félmrn. eða þeim aðila sem það hefur falið að annast útgáfu slíkra leyfa. Skylda til að tilkynna útgáfu slíkra leyfa til útlendingaeftirlitsins tekur hins vegar til beggja ráðuneytanna, þ.e. félmrn. og viðskrn.

Í gildandi lögum eru útlendingar, sem stunda nám í skólum sem íslenska ríkið á eða styrkir, undanþegnir kröfu um atvinnuleyfi. Við framkvæmd hafa komið upp ýmis vandamál í sambandi við túlkun, einkum á því hvaða nám veiti undanþágu frá kröfu um atvinnuleyfi. Þar af leiðandi er gerð tillaga um að allir útlendingar, sem ekki falla undir ákvæði 13. gr., þurfi atvinnuleyfi. Gert er ráð fyrir að slíkt leyfi verði veitt allt að einu ári í senn enda þótt innritunarvottorð muni í flestum tilvikum kveða á um innritun í nám sem stendur eina önn. Krafa er gerð um að umsögn stéttarfélags liggi fyrir áður en atvinnuleyfi er gefið út samkvæmt greininni.

Hér er því gerð tillaga um hertari reglur en samtímis gert ráð fyrir því að þeim verði beitt af sanngirni. Markmiðið er fyrst og fremst að koma í veg fyrir misnotkun og gera stjórnvöldum kleift að hafa yfirsýn yfir þennan hóp útlendinga.

Ég vil vekja athygli á því að í upphaflegri gerð frv. var gert ráð fyrir að veiting leyfis samkvæmt 10. gr. yrði bundin því skilyrði að um væri að ræða fullt nám samkvæmt skilgreiningu hlutaðeigandi stjórnvalda skólamála. Við nánari athugun hefur komið í ljós að þetta orðalag getur skapað vanda. Þar af leiðandi er nú lagt til að það verði mat hlutaðeigandi skóla að votta hvað teljist fullt nám. Athygli endurskoðunarnefndarinnar var einnig vakin á því að orðalagið „í tengslum við nám" setti stjórnvöldum mjög þröngar skorður að því er varðar veitingu leyfis samkvæmt greininni. Nefndin varð því sammála um að bæta við greinina orðunum „með námi". Haft hefur verið samráð við menntmrn. um þessar breytingar.

Í 11. gr. er að finna nýmæli. Í greininni er fjallað um vistráðningar á heimili eða það sem á erlendum málum er kallað „au pair"-ráðningar. Þetta ráðningarform hefur orðið sífellt algengara. Í því skyni að festa í sessi þetta ráðningarform átti Evrópuráðið frumkvæði að því að gerður var samningur um þetta efni. Í honum er að finna reglur um réttindi og skyldur aðila. Helstu ákvæði samningsins eru tekin upp í greinina. Nefndin, sem samdi frumvarpið, leggur til að Ísland fullgildi samning Evrópuráðsins um „au pair"-ráðningar.

Ákvæði 12. gr. er hliðstætt ákvæði í 3. mgr. 3. gr. gildandi laga. Lagt er til að þess verði krafist að sótt verði um atvinnuleyfi fyrir útlending, sem komið hefur til landsins vegna leyfis er hefur verið veitt á grundvelli greinarinnar, í síðasta lagi tveimur vikum eftir komu til Íslands.

Í IV. kafla frv. er að finna ákvæði sem heimila undanþágu frá kröfu um atvinnuleyfi. Undanþágurnar eru tvenns konar. Annars vegar eru tilteknir einstaklingar undanþegnir kröfunni. Þeir eru taldir upp í 13. gr. Hins vegar eru þeir aðilar sem hyggjast starfa hér á landi um mjög takmarkaðan tíma undanþegnir kröfu um atvinnuleyfi. Um þessa einstaklinga er fjallað í 14. gr. Efnislega er að finna hliðstæð ákvæði í 11. gr. gildandi laga og er í 13. gr. frv. Við frumvarpsgreinina hefur þó verið bætt ákvæði sem er í 1. gr. gildandi laga sem undanþiggur borgara í aðildarríkjum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið kröfu um atvinnuleyfi. Áður hefur verið getið um breytingar í sambandi við erlenda námsmenn en samkvæmt 11. gr. gildandi laga eru þeir undanþegnir skyldu um að hafa atvinnuleyfi stundi þeir nám við skóla sem íslenska ríkið á eða styrkir.

14. gr. frv. er nýmæli. Samkvæmt henni eru ýmsir einstaklingar undanþegnir kröfu um atvinnuleyfi enda starfi þeir hér á landi um mjög takmarkaðan tíma eins og ég gerði grein fyrir áður í ræðu minni. Markmið þessarar greinar er tvíþætt: Annars vegar er verið að undanþiggja ýmsa einstaklinga kröfu um atvinnuleyfi komi þeir hingað til lands vegna vísinda, fræðslu, lista eða í viðskiptaerindum. Reynslan sýnir að í þessum tilvikum er mjög erfitt að framfylgja kröfu um atvinnuleyfi. Í öðru lagi er verið að færa íslenska löggjöf nær löggjöf nágrannalandanna um atvinnuleyfi. Þriðja atriðinu má bæta við en það lýtur að samningaviðræðum um tollamál, GATT-viðræðum. Samkvæmt drögum að samkomulagi um þjónustuviðskipti er gert

ráð fyrir að undanþiggja útlendinga í viðskiptaerindum kröfu um atvinnuleyfi.

Í 2. mgr. 14. gr. er gert ráð fyrir að starfsmenn, ráðgjafar og leiðbeinendur sem eru að vinna við uppsetningu, eftirlit og viðgerð tækja þurfi ekki atvinnuleyfi vegna vinnu sem stendur í allt að 10 daga á ári. Hér er fyrst og fremst um að ræða tilvik þegar tæki eru seld hingað til lands með ábyrgð seljenda á hinu selda en ábyrgðin er háð því skilyrði að uppsetning, prófanir og tímabundið eftirlit sé í höndum sérhæfðra starfsmanna seljenda eða annarra sem hann viðurkennir í þessu skyni.

Ákvæði V. kafla um viðurlög og afturköllun atvinnuleyfa eru í öllum höfuðatriðum óbreytt frá gildandi lögum. Um er að ræða smávægilegar breytingar á orðalagi og samræmingu við önnur lög, fyrst og fremst lög um eftirlit með útlendingum.

Í VI. kafla er að finna ýmis ákvæði. Í 19. gr. er að finna nýmæli sem felst í því að við veitingu atvinnuleyfis fái útlendingur sérstakt skírteini þar sem fram koma upplýsingar um réttindi hans til að stunda vinnu á Íslandi. Í skírteininu skuli vera nauðsynlegar persónuupplýsingar. Útlendingur skal hafa skírteinið tiltækt og framvísa því ef löggæslumaður óskar þess. Heimilt er að krefja umsækjanda um atvinnuleyfi um endurgjald fyrir skírteinin. Endurgjaldið skal ekki vera hærra en sem nemur kostnaði við útgáfu þess. Í athugasemdum kemur fram að lagt er til að félmrn. og útlendingaeftirlitið láti hanna sérstök skírteini fyrir útlendinga sem fá atvinnu- og dvalarleyfi.

Ég tel einnig rétt að vekja athygli á ákvæðum 20. gr. um það að félmrn. leiti árlega álits helstu samtaka á vinnumarkaði á stefnu sem fylgt er um veitingu atvinnuleyfa til ráðningar á útlendingum til starfa á Íslandi. Þetta ákvæði tengist ákvæðum 3. gr. en þar er gert að fyrir að ráðherra sé heimilt að fela opinberri stofnun útgáfu atvinnuleyfa. Með þessum ákvæðum er að því stefnt að hlutverk félmrn. breytist frá því að vera framkvæmdaaðili í að móta almenna stefnu í þessum málum.

Eins og fram kom fyrr í máli mínu var nefndinni sem falið var að endurskoða lögin um atvinnuréttindi útlendinga falið að setja fram tillögur um einföldun á útgáfu atvinnuleyfa. Þetta hefur nefndin gert í bréfi dags. 6. okt. sl. Í bréfinu leggur nefndin til að vinnumálaskrifstofu félmrn. verði falin útgáfa leyfa samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 3. gr. frv. Hún leggur enn fremur til að móttaka umsókna um atvinnu- og dvalarleyfi fari fram á einum stað, þ.e. í útlendingaeftirlitinu sem annist tölvuskráningu. Vinnumálaskrifstofan fái nauðsynlegar upplýsingar frá útlendingaeftirlitinu með tölvupósti. Veiting eða synjun atvinnuleyfa fari fram á sama hátt með boðskiptum í tölvupósti. Skráning á afgreiðslum umsókna um atvinnuleyfi og dvalarleyfi verði skráð í tölvu útlendingaeftirlitsins.

Eins og áður er komið fram er það tillaga endurskoðunarnefndarinnar að félmrn. og útlendingaeftirlitið láti hanna sérstök skírteini fyrir útlendinga sem fá atvinnu- og dvalarleyfi. Útlendingurinn skal ætíð hafa skírteinið handbært og framvísa því sé þess óskað af fulltrúum eftirlitsstofnana. Skírteini þessi skulu afhent af útlendingaeftirlitinu, Hverfisgötu 115, eða umboðsmönnum þess, þ.e. hlutaðeigandi lögreglustjórum eða sýslumönnum. Á skírteininu skal koma fram að útgefendur eru félmrn. og útlendingaeftirlitið.

Endurskoðunarnefndin er þeirrar skoðunar að framangreint fyrirkomulag leiði af sér varanlegt hagræði fyrir alla hlutaðeigandi aðila. Komist þessi breyting á þurfa umsækjendur um atvinnuleyfi, atvinnurekendur eða hlutaðeigandi einstaklingur einungis að snúa sér til eins aðila í stað tveggja. Þessi eini aðili, útlendingaeftirlitið, hefur glögga yfirsýn yfir afgreiðslu umsóknarinnar og getur þar afleiðandi veitt fullnægjandi svör um væntanlegan afgreiðslutíma.

Rétt er að leggja sérstaka áherslu á hagræði sem af breytingunni hlýst fyrir útlending. Ef breytingin kemst á snýr hann sér til eins stjórnvalds sem hefur tiltækar allar upplýsingar sem nauðsynlegar teljast um íslenskt þjóðfélag. Nefndin er þeirrar skoðunar að þetta muni stuðla að auknu réttaröryggi til hagsbóta fyrir hinn erlenda ríkisborgara. Breytingin leiðir einnig til þess að afskipti stjórnvalda verði markvissari þar sem samræmd tölvuskráning á að leiða til betri þekkingar á stöðu mála og þar með virkara eftirlits með því að erlendir einstaklingar séu ekki að vinna hérlendis án tilskilinna leyfa. Ég vil taka það fram að mér finnast þessar tillögur eðlilegar og mun beita mér fyrir því að hrinda þeim í framkvæmd nái frv. þetta fram að ganga.

Virðulegi forseti. Ég hef lokið við að gera grein fyrir helstu atriðum frv. til laga um atvinnuréttindi útlendinga og legg til að að lokinni þessari umræðu verði því vísað til 2. umr. og hv. félmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Útbýting þingskjals:

Staðgreiðsla af launum blaðsölubarna, 196. mál, fsp. GHelg, þskj. 220.

Leigumálar og söluverð lóða og landa Reykjavíkurkaupstaðar, 1. umr.

Stjfrv., 177. mál. — Þskj. 194.

[14:37]

Félagsmálaráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 86 frá 16. des. 1943. Frv. þetta skýrir sig að öllu leyti sjálft og í þeirri greinargerð sem meðfylgjandi er. Þarna er um nauðsynlega breytingu að ræða til að taka af öll tvímæli varðandi réttarstöðu mála viðvíkjandi lögveði íbúðarlóða. Frv. er flutt að ósk borgarráðs Reykjavíkur. Ég tel ekki ástæðu til að fara frekari orðum um efni þess en legg til að að lokinni þessari umræðu verði því vísað til 2. umr. og hv. félmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vegaframkvæmdir á Austurlandi, frh. fyrri umr.

Þáltill. EgJ, 37. mál. — Þskj. 37.

[14:41]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Það var skaði að ekki skyldi takast að ljúka þessari umræðu í síðustu viku þegar hún var á dagskrá því að samhengi vill rofna nokkuð þegar langt líður í milli umræðna en það spunnust nokkrar umræður um þessa tillögu og ég átti ýmislegt ósagt, m.a. vegna þess hvernig brugðist var við mínum athugasemdum af hálfu hv. flm. Ég var aðallega að leggja áherslu á það að mér fyndist þessi tillöguflutningur vera á skjön við þær framkvæmdareglur, lög og hefðir sem hér hafa viðgengist um framkvæmdir í vegamálum. Það vill nú svo til að það er sennilega óvíða betur og tryggilegar um það búið í löggjöfinni hvernig standa skuli að framkvæmdum í einstökum málaflokkum heldur en einmitt þegar vegamálin eiga í hlut því að vegalög og vinnureglur hér á Alþingi hafa mótast með mjög afdráttarlausum hætti þannig að þar ríkja fastar hefðir. Þessi tillaga sem í raun og veru fjallar um sérstaka vegáætlun í almennum vegaframkvæmdum í einu kjördæmi gengur auðvitað ekki upp í ljósi þeirra reglna sem gilda um framkvæmdir á þessu sviði og eru í grófum dráttum þannig að samkvæmt vegalögum skal vegamálastjóri undirbúa handa samgrh. tillögur um vegáætlun sem ráðherra leggur fyrir þingið og Alþingi fjallar síðan um, ákveður skiptingu framkvæmda niður á einstaka verkþætti og hér er það síðan afgreitt.

Það var talsvert rætt um það hvort ekki væri fordæmi fyrir því að fluttar væru þingsályktunartillögur um einstakar framkvæmdir, einstakar áherslur í samgöngumálum, og það er út af fyrir sig rétt að menn hafa oft vakið athygli á mikilvægi þess að ráðast í einstakar úrbætur í samgöngumálum með tillögum. (**GHall:** Og gleyma þá gjarnan Reykjavík.) Gleyma kannski Reykjavík já, það getur vel verið. Mér skilst að að eigi ekki aldeilis að gleyma henni núna því að allur obbinn af framkvæmdum sem á að ráðast í á næstunni í vegamálum verði hér í Reykjavík. Það er veganesti þingmanna Sjálfstfl. út á landsbyggðina í kosningabaráttuna.

En það er dálítið ólíku saman að jafna, hæstv. forseti, ef í hlut eiga einstök verkefni í samgöngumálum sem þingmenn vilja vekja athygli á og eru að leggja til að komi inn í undirbúning og stefnumótun og rannsóknir varðandi til að mynda vegstæði og annað því um líkt og hinu að leggja til að gerð verði sjálfstæð framkvæmdaáætlun um almennar vegaframkvæmdir í einu kjördæmi. Það er mjög sérkennilegt og ég leyfði mér að halda því aftur fram, hæstv. forseti, að ef farið yrði út á þá braut gagnvart Austurlandskjördæmi, þá væri í sjálfu sér alveg eins gott að fella niður þau ákvæði vegalaga sem fjalla um vegáætlun og langtímaáætlun og fara bara inn á þá braut að menn gerðu þetta á grundvelli kjördæma og hefðu ekkert heildarskipulag. Og guð hjálpi mönnum þá. Ég fullyrði að fátt hefur þrátt fyrir allt verið gæfulegra í þessum efnum en einmitt sú samstaða og það skipulag og sú langtímastefnumörkun sem í reynd er fólgin í skynsamlegum vinnubrögðum af því tagi sem vegáætlun og langtímaáætlun auðvitað eru. Sama mætti segja um flugmálaáætlun. Ég held að það væri frekar ástæða til þess að reyna að færa framkvæmdir á fleiri svíðum inn á grundvöll slíkra langtímaáætlana og heildstæðrar stefnumótunar fyrir landið þannig að menn væru ekki í skæklatogi um einstakar framkvæmdir milli byggðarlaga. Ég nefni skólamálin sem dæmi. Ég held að okkur væri miklu betur borgið ef framkvæmdir í skólamálum væru á grundvelli áætlana sem væru unnar með landið í heild undir, en það væri ekki þannig, eins og því miður er, að það er kannski kapphlaup og reiptog um fjárveitingar á því sviði sem menn losna við í grófum dráttum með því að vinna þetta á grundvelli áætlana eins og í vegamálum.

Ég held því fram, bakka ekki með það, hæstv. forseti, að þessi tillöguflutningur er út í loftið og af því að það er mín skoðun þá segi ég hana hér. Ég vil tala hreinskilnislega um þau mál. Ég veit að hv. flm. gengur gott til, að honum er annt um samgöngur í sínu kjördæmi og vill fá þær bættar. En það viljum við bara öll og alls staðar og það er grenjandi þörf fyrir samgöngubætur í öllum kjördæmum landsins, alveg sambærileg og er á Austurlandi. Það er rétt að það bíða gífurleg verkefni á höfuðborgarsvæðinu og það hefur verið ljóst um árabil. Síðasta ríkisstjórn fór í það að gera upp skuldahalann frá því í tíð fyrri ríkisstjórnar við Reykjavíkurborg. Þá skuldaði Reykjavíkurborg yfir milljarð kr. vegna undangenginna framkvæmda á þjóðvegum í þéttbýli. Það þurfti að byrja á að borga þær skuldir áður en hægt væri að gera eitthvað meira. Það er sem betur fer nokkurn veginn búið, þökk sé fyrri ríkisstjórn, ekki þeirri sem nú situr.

Hér bíða mikil verkefni, það er rétt, en það gerir það líka víðar. Það er til að mynda þannig, ég fullyrði það, að ekki er hægt að halda því fram að ástand vegakerfisins á Austurlandi sé verra eða þar séu menn aftar á merinni almennt séð en t.d. á Vestfjörðum. Hv. flm. ætti þá að keyra Djúpið eða á norðausturleiðinni frá Húsavík til Vopnafjarðar. Hv. þm. ætti að reyna að keyra þá leið núna þegar búin er að vera hláka í nokkra daga og rykbornir malarvegir eru fljótandi í leðju þannig að menn eru í argasta basli við að reyna að halda torfærubifreiðum á vegunum, hvað þá öðru. Vegurinn er ein hola við holu alla leiðina frá Húsavík og austur á Vopnafjörð.

Það eru gífurleg verkefni af þessu tagi óunnin víða. Hringvegurinn er í sjálfu sér ekkert merkilegri en aðrir vegir sem eru mikilvægir í samgöngulegu tilliti í landinu. Það er ekki hægt að stilla málum þannig upp að bara af því að einhver vegur heitir hringvegur þá fái hann sérmeðhöndlun. Það er ekki svoleiðis. Eiga þá kjördæmi eins og Vestfirðir og að nokkru leyti Vesturland og að nokkru leyti Norðurland eystra sem eru með langar mikilvægar aðalleiðir utan hringvegarins að líða fyrir það að breyttu breytanda? Ég segi nei. Við skulum ekki fara niður á það plan, segi ég, að reyna að

nálgast þessi mál þannig.

Ég held að sá grundvöllur sem er undir stefnumörkun og framkvæmdum í vegamálum sé góður. Ég held að vegalögin séu góð, ég held að framkvæmdaáætlanir í vegamálum séu skynsamlegar og ég held reyndar líka að sú skiptiregla sem viðhöfð hefur verið sé skynsamleg vegna þess að hún tekur mið af umferðarþunga, lengd vegakerfis og öðrum slíkum þáttum sem við verðum að reyna að mæla þegar við erum að ákveða hvernig við verjum vegafé. Ég fullyrði að tillöguflutningur af þessu tagi út í loftið er okkur ekki til framdráttar í þessum efnum ef eitthvað væri gert með hann, sem ég á út af fyrir sig ekki von á að verði, heldur gæti þvert á móti falist í honum skref aftur á bak og hætta á því að það leiddi til aukinnar sundrungar í þessum efnum.

[14:49]

Flm. (Egill Jónsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hér talaði sá sem telur sig hafa valdið. Það er reyndar misskilningur. Hann er bara 1/63 af Alþingi og getur því ekkert sagt fyrir um það hvaða tillögur verða samþykktar hér eður ei. Það var hins vegar athyglisvert að hann hafði betra vald á sér en við fyrri hluta umræðunnar og var raunar miklu málefnalegri í sínum málflutningi.

Það sem ég hef hins vegar sérstaklega við hans mál að athuga er það að þær áætlanir sem hafa verið uppi og það sem lagt var af stað með þegar Alþingi ákvað að ná fram ákveðnum árangri á tilteknum tímafresti, ég held að það hafi verið 1983, var það bundið við hringveginn og þau byggðarlög sem voru í ákveðinni fjarlægð frá hringveginum. Það liggur núna fyrir að í þessum efnum er afar mikið ógert í Austurlandskjördæmi og mikið af vegbútum þar sem eru með þeim hætti að tæpast er samboðið þeirri umferð sem er á vegum landsins og ekki síst þegar komnir eru góðir vegir að þeim sitt hvorum megin frá eins og sums staðar er. Þetta ástand er óviðunandi.

Það er jafnframt þýðingarmikið að ná þeirri tengingu sem ég hef talað um norður í land. Hér er um að ræða sérstæð og sérstök verkefni og það er hvergi nokkurs staðar í þessari umræðu hallað á þarfir annarra.

[14:52]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég talaði ekki eins og sá sem valdið hefur, ég talaði eins og maður sem hefur skoðun og hv. þm. verður að þola það að hann heyri skoðanir ólíkar sínum. Annars hefur hann ekki mikið að gera á þingi og er þá búinn að sitja hér of lengi og á grundvelli misskilnings ef hann viðurkennir ekki gildi þess að menn skiptist á skoðunum á Alþingi.

Tillöguflutning af þessu tagi út í loftið, eins og ég kalla svo, er auðveldast að mörgu leyti að leiða hjá sér, yppa öxlum, brosa út í annað og hugsa sem svo: Nú, já, já, það er enn ein af þessum, enn ein svona tillaga, fyrst og fremst til að sýnast, flutt til þess að sýna hana, alls ekki ætlast til þess að hún sé afgreidd, alls ekki. Auðvitað er það alveg augljóst mál að hv. þm. ætlast ekki til að þessi tillaga sé afgreidd, honum er ekki mikil alvara. Ef hv. þm. Egill Jónsson með alla sína þingreynslu ætlar sér að ná þessu máli fram halda menn þá að hann hefði flutt plaggið einn? Halda menn að hann hefði ekki reynt að leita meðflm. úr kjördæminu a.m.k. eða öðrum flokkum? Einmitt sú staðreynd að þingmaður úr fimm þingmanna kjördæmi skuli fara einn fram með hagsmunamál af þessu tagi, ef maður á að taka það alvarlega, segir sína sögu. Það er mikið umburðarlyndi sem aðrir þingmenn Austurlands sýna hv. þm. að taka hann ekki ræki lega á beinið fyrir það að vera með svona einkapot af þessu tagi varðandi mikilvæg heildarhagsmunamál í kjördæminu. Þetta vita auðvitað allir og því þá ekki bara að segja það. Plagg af þessu tagi sem einn þingmaður flytur um svona mál er út í loftið meira og minna.

Það er þannig, skal ég segja ykkur, að hv. fyrrv. þm. Geir Gunnarsson sagði það einu sinni, þótti nokkuð kaldhæðnislegt en má til sanns vegar færa í vissum tilvikum, að ein allra mikilvægasta fúnksjón þingnefnda væri sú, ekki að afgreiða mál heldur einmitt að afgreiða ekki ýmis mál sem þyrfti að svæfa snyrtilega og þá reyndi á lagni og hæfni þeirra sem stýrðu störfum í þingnefndunum að gera það. Ég held að ég verði bara að vísa til þeirra spöku orða. Hér eru af og til að birtast svona tillögur sem fyrst og fremst þurfa á því að halda að einhverjir góðir svæfarar fari um þær mjúkum höndum.

[14:54]

Flm. (Egill Jónsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Að því er varðar fjölda flutningsmanna þá gat ég þess reyndar við fyrri umræðu, og var þá að leiðrétta minn ágæta samþingmann Jón Kristjánsson, að það eru fordæmi fyrir því að þingmenn Austurlandskjördæmis allir nema e.t.v. sá sem situr í forsetastóli hafa flutt tillögur um vegamál án þess að það hafi verið svo mikið sem leitað eftir samkomulagi eða samstöðu um að það yrði á valdi þingmannanna allra. Hér er því ekkert að gerast sem sérstakt nýmæli er.

Ég get t.d. minnt á það að lengi flutti Sverrir Hermannsson einn tillögu um aðgerðir við Hornafjarðarós og svo mætti lengur telja. Þannig að allt saman er þetta hálflangsótt og snertir á vissan hátt fínar taugar hjá hv. 4. þm. Norðurl. e. þegar hann fer að tala um vegi í sínu kjördæmi þaðan sem hann er sjálfur upprunninn og hefur vanrækt að koma í nothæft ástand eins og hann lýsti hérna sjálfur áðan þrátt fyrir að hann hafi verið samgrh. Það má kannski vel vera að þar sé fengin skýringin á geðvonsku þessa hv. þm. í þessari umræðu.

[14:56]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er gaman að þekkja sitt heimafólk og ekki sveik hv. þm. Egill Jónsson mig frekar en endranær. Þegar hann hafði ekki lengur neina málsvörn fram að færa þá fór hann út í útúrsnúningana og fór að reyna að draga það inn í þetta alls óskylda mál að ég væri annaðhvort geðvondur, sem hann má halda eins lengi eins og hann vill mín vegna, eða hitt að ég væri með sérstaklega vonda samvisku yfir því að ég hefði

staðið mig illa sem samgrh. fyrr á öldinni. Það verður allt saman vegið og metið að lokum af öðrum en okkur og aðallega því fólki sem hefur notið og mun njóta samgönguframkvæmda og samgöngumannvirkja í landinu. En ég leyfi mér alveg að gera mér sæmilega vonir um það að eftir svona 20–30 ár þegar framlag okkar tveggja, mitt og hv. þm., á sviði samgöngumála verður metið þá fari ég ekki illa út úr þeim samanburði. Ég þori t.d. alveg að leggja í dóm þær áherslur sem við tveir höfum barist fyrir og varða kannski erfiðustu samgönguhindranir í landinu í þeim kjördæmum sem mest hafa átt undir högg að sækja. Ætli það hafi ekki kostað talsverðan pólitískan kjark og þurft áræði til að leggja ýmislegt af því til sem gert var í minni tíð. Ég er ekki viss um að til að mynda tillöguflutningur af þessu tagi muni teljast á spjöldum sögunnar þvílíkt tímamótaafrek í samgöngumálum að jafnvel ekki einu sinni á Austurlandi verði reistar styttur af hv. þm. Agli Jónssyni út á þetta plagg hér.

[14:58]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég sé ástæðu til þess að gera athugasemd við þá fullyrðingu hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar, að því er mátti skilja hann, að hið eina veganesti sem þingmenn Sjálfstfl. hefðu í kosningabaráttuna væri að þeir stæðu nú fyrir miklum framkvæmdum í Reykjavík. Það er að vísu rétt að þessi hugmynd er að taka á sig mynd en hún mun nýtast fleirum en þéttbýlinu á Suðvesturlandi. Ég hygg hins vegar að það væri heldur snubbótt ef menn mætu það svo að þetta væru aðalskilaboð sem þingmenn Sjálfstfl. munu fara með í kosningabaráttuna í samgöngumálum. Þeir munu m.a. geta farið með það í kosningabaráttuna að í kjördæminu sem hv. þm. sjálfur er fulltrúi fyrir, Norðurlandskjördæmi eystra, hefur orðið umbylting í samgöngumálum. Þar hefur verið tekið á mjög brýnum hagsmunamálum Austurlands og Norðurlands með tengingunni við Austurland sem skiptir það kjördæmi og bæði kjördæmin mjög miklu máli og hv. þm. þegar hann var hæstv. samgrh. sinnti ekki og gerði ekki ráð fyrir að yrði tekið á fyrr en á næstu öld. Ég held þess vegna að það verði ekkert spursmál um að við þingmenn Sjálfstfl. getum farið bjartsýnir út í kosningabaráttuna út af samgöngumálum því að þar stöndum við sterkir en þar stendur fyrrv. samgrh. veikur.

[15:00]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Þingmenn Sjálfstfl. eru vægast sagt óstyrkir og órólegir ef menn leyfa sér að ræða við þá samgöngumál og sérstaklega ef farið er yfir þau mál eins og þau liggja fyrir. Þá rjúka menn upp eins og hanar eins og hv. þm. Tómas Ingi Olrich og hafa ekki annað fram að færa en útúrsnúning af því tagi sem hann var hér með, að það hafi orðið þvílík kaflaskipti í samgöngumálum á Norðurl. e. til bóta bara við það að hæstv. Halldór Blöndal varð ráðherra að annað eins sé bara óþekkt.

Ég leyfi mér að minna hv. þm. Tómas Inga Olrich á að til að mynda jarðgöng í gegnum Ólafsfjarðarmúla voru unnin frá upphafi til enda í minni tíð sem samgrh. í Norðurl. e. Ætli það sé ekki þannig að það sé stærsta einstaka verkið í samgöngumálum í því kjördæmi frá upphafi vega? Ætli það ekki? Þannig að ef menn ætla að fara út í einhvern meting af þessu tagi sem er auðvitað svo lágkúrulegur og vitlaus að engu tali tekur þá er ég ekki með. Ég fer ekki í strákakarp við hv. þm. Tómas Inga Olrich um einstaka vegaspotta í Norðurl. e. Það er neðan við mína virðingu.

Ég held að hv. þm. Tómas Ingi Olrich ætti að hringja nokkur símtöl í Norður-Þingeyjarsýslu eða á Bakkafjörð eða Vopnafjörð þessa dagana og fregna af ástandi norðausturleiðarinnar og hann yrði þá kannski ekki alveg jafnhreykinn af áherslum sínum og hæstv. ráðherra Halldórs Blöndals í samgöngumálum. Ætli það sé ekki þannig að ef einhver staðar er ástand vegar til skammar þá er það auðvitað eins og það er að verða þar. Það er að sjálfsögðu við marga að sakast og þar á meðal mig en að menn séu að hæla sér af miklum kaflaskiptum í samgöngumálum út af einhverjum örstuttum köflum á Mývatnsöræfum eins og það boði einhver algjör tímamót, það er sérkennilegt á meðan 5.500 manna byggð á norðausturleiðinni býr við algjörlega óhæfar samgöngur. Algjörlega. Og bætist auðvitað grátt á svart að núv. hæstv. samgrh. lagði niður Ríkisskip þannig að þessir staðir eru hvað skipasamgöngur snertir komnir 50 ár aftur í tímann. Það koma skip á mánaðarfresti á Raufarhöfn eins og var fyrir meira en 50 árum.

[15:02]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. síðasti ræðumaður, Steingrímur J. Sigfússon, hafði þau orð hér að hér væri um lágkúru að ræða í málflutningi og eins konar hanaslag. Það eru hans orð og hann verður að lifa við þau sjálfur. Ég hafði engin slík köpuryrði hér uppi enda legg ég það ekki í vana minn. Ég vil hins vegar geta þess að ég skil að hv. þm. gerir sér fyllilega grein fyrir því að það hafa orðið kaflaskipti í kjördæminu og í samgöngumálum á þessu kjörtímabili og þau eru stór þau kaflaskipti. Það var fullkomið samkomulag milli allra aðila að ráðast í Ólafsfjarðargöngin. Það hefur hefur hins vegar verið mikill áherslumunur á því hvernig ætti að vinna að samgöngumálum í Norðurl. e. og núv. samgrh. hefur lagt áherslu á þessa tengingu við Austurlandið og m.a. þá hefur hann unnið að því í ríkisstjórn að stóraukið fjármagn kæmi inn í kjördæmið til að vinna að þessu verkefni. Það er þetta sem veldur kaflaskiptum.

[15:03]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Kaflaskiptin í vegamálum í tíð þessarar ríkisstjórnar eru fyrst og fremst fólgin í því að í fyrsta skipti í sögunni er verulegum hluta framkvæmdanna haldið uppi á grundvelli lántöku og nú er að koma að skuldadögunum. Nú er veislunni lokið og nú er vegafé skorið niður í verulegum mæli og hillir undir afborganir af lánunum sem tekin hafa verið til að halda uppi svipuðu framkvæmdastigi og áður hafði verið. Það eru kaflaskiptin. Það er nýmælið sem þess-

arar ríkisstjórnar verður væntanlega lengi minnst fyrir. Hún hefur farið út í stórkostlega lántöku og skuldsetningu Vegasjóðs til þess að halda uppi vegaframkvæmdum. Hv. þm. Sjálfstfl. hafa aldrei viljað viðurkenna þetta í umræðunum, talað um mikið afrek og miklar framkvæmdir og allt það. Það er að sönnu rétt, hér hefur verið haldið uppi þokkalegu framkvæmdastigi þó það sé í raun og veru ekki nema rétt svipað og verið hefur þegar tímabilið er tekið í heild, en munurinn er sá, gallinn er sá að það sem miður fer er það að stór hluti af þessu hefur verið tekinn að láni og öðrum ætlað að borga, framtíðinni. Það mun auðvitað koma í ljós.

Varðandi Ólafsfjarðarmúlann þá er það rétt að það ríkti ágæt samstaða í þingmannahópi Norðurlandskjördæmis eystra fram að þeim tíma að núverandi ráðamenn í þessum efnum og núverandi stjórnarliðar komu inn í þann hóp. Fram að þeim tíma að hæstv. núv. samgrh. Halldór Blöndal tók við því embætti og fram að þeim tíma að hv. þingmenn Tómas Ingi Olrich og Sigbjörn Gunnarsson komu inn í hópinn. Það ríkti mjög góð samstaða í þingmannahópnum Norðurl. e. allan þann tíma sem ég var í honum frá 1983 og þangað til þessi tímamót urðu. Það er rétt að það komi hér fram. Þar á meðal um það að ráðast í Ólafsfjarðarmúlann. En það hins vegar að ganga frá fjármögnun þess verks og leiða það til lykta eru verk fyrrv. samgrh. og reyni hv. þingmenn Sjálfstfl. að þræta fyrir það ef þeir vilja.

[15:05]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Ég get ekki annað gert en minna enn einu sinni á það vegna þess að ég heyri að hv. 5. þm. Norðurl. e. er að hreykja sér af afrekum í vegagerð á síðasta kjörtímabili að minna á það... (**TIO:** 5. þm.?) Hv. 5. þm. Norðurl. e. (**TIO:** Ekki á síðasta kjörtímabili.) Það stendur nú hér. (**SJS:** Hann var sem betur fer ekki kominn á þing þá.) (**TIO:** Ekki á síðasta kjörtímabili.) Var að hreykja sér núna rétt áðan af afrekum í vegagerð á þessu kjörtímabili svo það komist rétt til skila, þá vil ég enn einu sinni geta um það að átaksverkefnin eru fjármögnuð fyrir lánsfé. Þetta lánsfé þarf að greiða. Það hefur verið gert margt gagnlegt fyrir þessi átaksverkefni, það ætla ég enga fjöður að draga yfir, m.a. brú á Jökulsá í Dal sem er ágætis mannvirki og slitlagskaflar á Austurlandi sem koma í góðar þarfir eins og öll vegagerð þar. En því miður er bara allt of mikið eftir og það er framtíðin sem ég ber kvíðboga fyrir í þessum efnum, ekki síst vegna þess að nú berast þær fréttir að það eigi að fara að breyta áherslunum í vegagerð og átaksverkefnin eigi að fara fram hér í þéttbýli. Ég dreg ekkert úr því að það þarf að koma upp góðum umferðarmannvirkjum í Reykjavík en ég ber bara kvíðboga fyrir því að á sama tíma og á að greiða þetta fé til baka þá eigi að auka vægið hérna þannig að ég held að það veiti ekkert af að allir leggist á eitt um að þoka vegaframkvæmdum áfram í þeim kjördæmum þar sem þær framkvæmdir liggja greinilega eftir. Þar á ég við Austurland. Þar á ég við norðausturhornið í Norðurl. e. og þar á ég við Vestfjarðakjördæmi. Það er alveg greinilegt að það liggja eftir framkvæmdir í þessum kjördæmum á aðalvegum og á aðalumferðaræðum um þessi kjördæmi. Ég þarf ekki að vera langorður um þetta. Það má benda á fjölmörg dæmi. Ég býst við að margir þingmenn og áreiðanlega allir hv. þm. þessara kjördæma hafi ekið þessa vegi fram og aftur oft á ári svo ég þarf ekkert að vera að tíunda það. En ég kvíði framtíðinni í þessu þegar farið verður að borga til baka. En ég tek það eigi að síður fram að það hefur margt þokast fram á þessu kjörtímabili eins og áður í vegagerð en það verður að taka á áfram. Það þýðir ekki að láta staðar numið núna.

[15:09]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það hefur komið fram í þessum umræðum að hv. þm. stjórnarandstöðunnar eru í raun og veru sáttir við framkvæmdirnar sem aukist hafa mjög m.a. vegna lántöku, það er rétt, í samgöngumálunum. Þeir eru sáttir við þetta og þeir eru ánægðir með þetta. Að sjálfsögðu skiptir það miklu máli hvort lán eru tekin til þess að byggja varanleg mannvirki, auka við grunnþjónustu í samgöngumálum. Þær framkvæmdir standa fyrir sínu. Það er mikill munur á því að slá lán til þess að standa undir slíkum framkvæmdum eða slá lán til þess að steypa inn í fyrirtækin til að halda þeim frá hagræðingu og láta þau fljóta að feigðarósi eins og gert var 1988 á vegum fyrri ríkisstjórnar eða þá að gera það sem Svavar Gestsson gerði í Lánasjóði ísl. námsmanna (**Gripið fram í:** Hv. þm.) — hv. þm. — að lækka framlögin til lánasjóðsins en auka lántöku hans. Það eru slíkar lántökur sem eru gerðar til þess að fresta því að tekið sé á vandamálum innan fyrirtækjanna sem nýtast illa en lántökur til þess að auka grunnþjónustu eins og vegamálin nýtast vel.

[15:11]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Að sjálfsögðu er ég sáttur við framkvæmdir í vegamálum. Það væri annað hvort ef ég væri það ekki í kjördæmi þar sem æpa á mann vondir vegir. Það sem ég var að tala um, hv. þm., var að ég ber kvíðboga fyrir því að framkvæmdafé til vegamála aukist ekki þegar verður farið að greiða þessi lán til baka og það verði því afturkippur í vegamálum. Almenn atvinnumálaumræða getur beðið. Það væri nú hægt að spjalla ýmislegt við hv. 5. þm. Norðurl. e. um þau mál og hvernig að þeim málum hefur verið staðið og hvernig hæstv. ríkisstjórn hefur staðið að efnahagsmálum og velt yfir á almenning í landinu útgjöldum þannig að fjölmargir einstaklingar í landinu eru búnir að missa tök á sínum fjármálum í tíð þessarar hæstv. ríkisstjórnar. Það mætti líka rekja það að eiginfjárstaða sjávarútvegsfyrirtækja var sterk þegar síðasta ríkisstjórn lét af störfum. En síðan var breytt um stefnu og þessi ríkisstjórn hafði þá stefnu að það ætti engin afskipti af atvinnulífinu að hafa þannig að það mætti ýmislegt ræða um þau mál og efnahagsbatinn byggist á vissum vinningum í sjávarútvegi sem er ekkert séð um hvaða framhald verður á en slíkt er ekki

hægt að ræða í stuttu andsvari en það er hægt að gera það síðar.

[15:13]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég fagna því að hv. síðasti ræðumaður skuli hafa lýst því yfir að hann sé ánægður með framkvæmdir í samgöngumálum. Það er fullkomlega eðlilegt að á samdráttartímum sé gripið til þess að veita lánsfé í framkvæmdir af þessu tagi, um það erum við sammála. Það er hins vegar ekki eðlilegt að grípa til þess á tímum þegar ekki er samdráttur að veita lánsfé inn í fyrirtækin og fresta því að það sé tekið á vandræðum. En það var einmitt slík lántaka sem fór fram í tíð fyrri ríkisstjórnar og hefur reynst illa, hv. þm. Um það getum við verið sammála líka hygg ég.

Það er einnig ljóst að ríkisstjórn Davíðs Oddssonar hefur gert meira fyrir atvinnulífið heldur en nokkur ríkisstjórn hefur gert í vaxtamálum og með því að stuðla að jafnvægi í þjóðfélaginu og viðskiptajöfnuði sem er nú sýnilega í þriðja skiptið í röð jákvæður en hefur ekki á sl. 20 árum verið jákvæður nema tvisvar sinnum.

[15:14]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 5. þm. Norðurl. e. fær mig ekki til að lýsa óánægju með framkvæmdir í vegamálum. Það þýðir ekkert að reyna það. Hann fær mig heldur ekki til að samþykkja það að aðgerðir til fjárhagslegrar endurskipulagningar í sjávarútvegi sem fóru fram á síðasta kjörtímabili hafa engum árangri skilað. Hv. 5. þm. Norðurl. e. er blindur ef hann heldur því fram að slíkar aðgerðir hafi engum árangri skilað og verið unnar fyrir gíg. Ég get talið upp fyrirtæki, m.a. á hinu margumræddu norðausturhorni landsins sem fór í gegnum slíkar aðgerðir og starfa með miklum blóma í dag. (**Gripið fram í:** Þórshöfn, Vopnafjörður, Ólafsfjörður.) Til dæmis Þórshöfn og Vopnafjörður, af því að þeir staðir voru nefndir héðan úr sal, og fleiri staði mætti nefna. Þetta er nefnilega blekkingarleikur og áróður sem hv. þingmenn Sjálfstfl. halda fram, áróðursklisja, að öll sjávarútvegsfyrirtæki, sem voru endurskipulögð fjárhagslega í lok síðasta kjörtímabils, hafi farið á hausinn eftir skamman tíma. Staðreyndin er bara allt önnur og staðreyndirnar tala sínu máli og þetta er hægt að taka umræðu um öðruvísi heldur en í stuttu andsvari, en þetta verður samt að koma fram hér.

[15:16]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mig auðvitað blóðlangar í þessar umræður um atvinnustefnu fyrrv. og núv. ríkisstjórnar, en ég ætla að veita andsvar við eða tjá mig út frá orðum hv. þm. um það sem hann sagði um verkefnin á öðrum sviðum vegamála sem ekki má gleyma í þessu sambandi. Ég er hv. þm. Jóni Kristjánssyni, 2. þm. Austurl., alveg sammála og það er m.a. það sem ég kom inn á í sambandi við þessa tillögu, að það er ekki skynsamlegt að ætla að hólfa viðfangsefni í vegamálum svona eins og hérna er lagt til, m.a. af þeirri ástæðu sem hv. þm. Jón Kristjánsson nefndi. Það eru gífurlega mikil verkefni óunnin sem mundu við hólfun af þessu tagi lenda út undan og til hliðar. Við vitum auðvitað sem eitthvað höfum fylgst með vegamálum á undanförnum árum til að mynda að ýmsir tengivegir eða hvað sem þeir heita nú samkvæmt nýju flokkuninni, það sem áður voru þjóðbrautirnar, þar eru gífurlega mikil verkefni óunnin í öllum kjördæmum landsins. Það er mjög langt malarvegakerfi í misgóðu og því miður yfirleitt í slöku ástandi í svo til öllum, ef ekki öllum kjördæmum nema þá Reykjavík, þar sem mikil vinna er eftir.

Þegar verið er að leggja vegáætlanir og langtímaáætlanir þá eru menn að reyna að skoða verkefnið í heild sinni, forgangsraða með heildina í huga. En tillöguflutningur, skúffuflutningur, af þessu tagi mundi auðvitað hafa það í för með sér að menn einblíndu á einhverja tiltekna þætti, t.d. út frá númeri viðkomandi vegar. Af því að einn vegur væri hringvegur þá væri hann sem sagt í einhverjum öðrum flokki og allt annars eðlis að ráðstafa fé í hann heldur en hina. Ég vil leyfa mér að spyrja hv. þm. Jón Kristjánsson: Treystir hann sér til að skrifa upp á áherslu af þessu tagi, t.d. fyrirvaralaust gagnvart Austurlandi, svo að ekki sé nú talað um vegamálunum í heild sinni á landsvísu, því við erum auðvitað þingmenn á Íslandi, ekki satt, ekki bara hver í sínu kjördæmi? (Forseti hringir.) Var hv. þm. e.t.v. pent að segja sig frá þessari tillögu?

(**Forseti** (GunnS): Ég verð að vekja athygli hv. þm. á því að tíminn er úti.)

Hæstv. forseti. Þegar maður er í síðustu setningunni þá er nú ekki venjan að umburðarlyndir forsetar láti eins og vitlausir menn þó að maður klári hana.

(**Forseti** (GunnS): Ég bið hv. þm. að hlýða forseta.)

[15:18]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mín afstaða til þessarar tillögu liggur alveg ljós fyrir. Ég er þeirrar skoðunar að þingmenn eigi að vinna forgangsröðun til vegamála undir merkjum vegáætlunar hverju sinni. Það hefur tekist um það samkomulag hér í Alþingi sem er nokkuð gamalt um skiptingu milli kjördæma. Þingmenn hafa beygt sig undir þá skiptingu. Það hefur náðst um það víðtækt samkomulag að þingmenn kjördæmanna forgangsraða undir vegáætlun hverju sinni.

Ég er ekkert ánægður með að það sé verið að breyta til í því efni sem mér fannst nú reyndar og það hefur verið tekin löng umræða um það þegar áðurnefnd átaksverkefni voru tekin upp, þá var þeim ekki raðað í samráði við þingmenn kjördæmanna og var gagnrýnt af okkur þingmönnum Austurl. Þannig að ég vil halda áfram því sem verið hefur, að vinna vegáætlun í samkomulagi alls þingsins undir þeim merkjum að skipta fjármagni eftir þeim formúlum sem menn komast að samkomulagi um hér milli kjördæma og ég er ekkert hrifinn af því að vera að hræra í því nema um það takist heildarsamkomulag að breyta þeirri formúlu.

[15:20]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Það sem ég hef af tilviljun heyrt af þessum umræðum hefur verið mjög forvitnilegt, sérstaklega með hvaða hætti hv. stjórnarandstæðingar leggja þessi mál fyrir. Í fyrsta lagi er það ekki rétt hjá hv. síðasta ræðumanni né hv. þingmönnum að það sé eitthvert einsdæmi að þingmenn setji fram tillögur þess efnis að það skuli athugað sérstaklega hvernig unnt sé að hraða byggingu og endurbótum vega í landsfjórðungi í einu eða tveimur kjördæmum eða þegar um mikil mannvirki er að ræða. Það er auðvitað mikil spurning hvernig eigi að leggja slíka áætlun fyrir. Það er alveg ljóst að það sem vakir fyrir hv. þm. Agli Jónssyni með hans tillöguflutningi er að reyna að skýra fyrir sjálfum sér og öðrum, með því að tæknivinnan vinnist og fyrir liggi skynsamlegar áætlanir, hvernig best og skynsamlegast sé að hraða nauðsynlegustu vegaframkvæmdunum á Austurlandi, hvernig unnt sé að tengja Austurland við Norðurland og Suðurland, svo ég tali nú um miðbikið. Það er ekki komið bundið slitlag sunnan jökla alveg. Það er eftir smáspölur enn. Hvernig unnt sé að ljúka því og hvernig unnt sé að ljúka því að leggja bundið slitlag á hringveginn til Austurlands og þar fram eftir götunum.

Auðvitað kostar þetta mikið fé. Ég heyrði í sjónvarpinu að hv. 4. þm. Norðurl. e., Steingrímur J. Sigfússon, fyrrv. samgrh., veittist mjög mikið að þessum vinnubrögðum. Nú liggur hér fyrir tillaga frá honum sjálfum þar sem hann leggur það til að Vegagerðinni verði sérstaklega falið að ljúka athugun á tengingu Austurlands og Norðurlands með öruggu vegasambandi allt árið um byggðir á Norðausturlandi og um Vopnafjörð með jarðgöng undir Hlíðarfjöllum. Ef við erum að tala og höfum það til viðmiðunar hvor sé raunhæfari, tillaga hv. þm. Egils Jónssonar eða hv. þm. Steingríms Sigfússonar, út frá því sjónarmiði hvort nægilegt fjármagn verði til í náinni framtíð til þess að standa við tillöguna, þá sjáum við undir eins að hv. þm. Egill Jónsson er með báða fæturna á jörðinni en þeir hv. þm. Steingrímur Sigfússon og Hjörleifur Guttormsson uppi í háloftunum. Og væri kannski fróðlegt að fá upplýsingar um það ef hv. þm. Norðurl. e., fyrrv. samgrh., er orðinn þeirrar skoðunar nú að fullbúinn vegur milli Norður- og Austurlands eigi ekki einungis að bíða þess að það takist að vega Norður-Þingeyjasýslu eins og hún leggur sig, heldur eigum við líka þar ofan í kaupið að velta því fyrir okkur hvenær röðin komi að jarðgöngum milli Vopnafjarðar og Jökulsárhlíðar í hans huga. Er hv. þm. með þeirri tillögu sem hér liggur fyrir að lýsa því yfir og er hv. þm. Hjörleifur Guttormsson að lýsa því yfir að það sé þeirra skoðun að jarðgöng til Seyðisfjarðar og Neskaupstaðar um Mjóafjörð, eins og jarðganganefndin varð sammála um, sé ekki sá kostur sem þessir tveir þingmenn vilja? Eru þeir með þessum tillöguflutningi sínum að segja að þeir vilji taka það fram yfir að leggja jarðgöng á milli Vopnafjarðar og Jökulsárhlíðar? Ef þessir tveir hv. þingmenn eru ekki að gera það þá eru þeir í þykjustunni með sínum tillöguflutningi því enginn leggur trúnað á það að svo langt eigi sómasamlegt vegasamband á milli Norðausturlands og Austurlands að bíða að lokið verði í fyrsta lagi jarðgangagerð til Seyðisfjarðar um Mjóafjörð og síðan eigi að taka til við það þar á eftir að gera jarðgöng milli Vopnafjarðar og Jökulsárhlíðar. Það er þess vegna augljóst mál að þessir hv. þingmenn eru með þessum tillöguflutningi að leggja það inn í samgöngumálin sem þeir vilja ekki standa við, sem þeir munu ekki einungis vera reiðubúnir að standa við í orði kveðnu, sem hv. þm. Steingrímur Sigfússon mun ekki lýsa yfir hér á eftir, hann hefur kvatt sér hljóðs. Hann mun ekki lýsa því yfir hér á eftir er ég sannfærður um. Ég get auðvitað ekki fullyrt um óorðna hluti. Það er erfitt að spá, einkum um fortíðina, sagði einu sinni hagfræðingur. En nú verður fróðlegt að sjá þennan fyrrv. samgrh. og hv. þm. Norðurl. e. koma hingað upp í stólinn og segja við okkur hérna: Það er skoðun mín að jarðgöng milli Vopnafjarðar og Jökulsárhlíðar eigi að vera á undan jarðgöngunum til Seyðisfjarðar. Það er það sem hann er að segja við Norðlendinga með þessari tillögu. Ætlar hann að segja það við Austfirðinga að hann vilji láta það sitja fyrir að jarðgöngin komi á milli Vopnafjarðar og Jökulsárhlíðar eða á Hjörleifur Guttormsson að segja fyrir austan að Seyðisfjörðurinn eigi að koma á undan? Hver er skoðun hv. þm.? Hann var að tala um að það vantaði stefnu í samgöngumálum. Hver er skoðun þessa hv. þm. sem hefur mjög talað um það að hann sé áhugamaður um jarðgöng? Það kemur hér fram. Það væri nú fróðlegt að fá upplýsingar um það hver er skoðun hans nú. (Gripið fram í.) Það er verst hvað heyrist illa í þingmanninum þó að hann sé að grípa fram í, ég nem ekki orðin. Vill hv. þm. endurtaka það?

(**Forseti** (SalÞ): Nei. Það má ekki endurtaka.)

Hæstv. forseti truflaði nú þannig að ég heyrði ekki, þannig að það er nú svo. (**Gripið fram í:** Tillögu Egils.)

Síðan ætla ég að víkja að tillögu hv. ... (Gripið fram í.) Nú er það svo, hæstv. forseti, að jafnvel í frammíköllum þóttist ég vita að það ætti að segja hv. þm.

Nú er það svo um tillögu Egils, eins og ég sagði áður, að hún lýsir miklum áhuga fyrir því annars vegar að bæta samgöngur milli Austurlands og Norðurlands sem hann hefur verið áhugamaður um lengi og ég get minnt á tillöguflutning hans frá fyrri árum um þau efni. Þannig að í því felst engin uppgerð þó að hann vilji ýta á eftir þeim málum hér á Alþingi, í því felst engin uppgerð. En samtímis þessu liggur hér fyrir áhugi hans fyrir því, sem er ekki bundinn við Sjálfstfl. á Austurlandi, að ljúka hringveginum, að við einsetjum okkur hvenær og hvernig við viljum ná því fram að bundið slitlag verði komið á hringveginn.

Það eru núna 20 ár síðan sá atburður gerðist að brúin yfir Skeiðarársand var vígð. Það má þess vegna segja að það séu góð tímamót nú að við reynum að setja það niður fyrir okkur með hvaða hætti, á hvað löngum tíma og hvernig við viljum ljúka hringveginum.

[15:28]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er algerlega rangt að ég hafi sagt það í minni ræðu að tillöguflutningur af þessu tagi væri einsdæmi. Það hafa sjálfsagt fjöldamargar slíkar tillögur komið fram. Hins vegar varðandi stefnumótun í vegamálum þá finnst mér eðlilegt að þingmenn vinni þar undir merkjum vegáætlunar eins og ég hef tekið fram. Aðalatriðið finnst mér í þessu máli og öðrum, hvað höfum við mikið fjármagn til vegamála næstu árin? Ég spyr hæstv. samgrh. úr því að það ber svo vel í veiði að hafa hann hér. Hvenær ætlar hann að leggja til að þessi átaksverkefni verði greidd til baka? Ég vil aftur vinna að stefnumótun, m.a. í jarðgangamálum, í samráði við heimamenn og við þingmenn Austurl. erum að því. Það finnst mér eðlileg afstaða. Þó að formlega valdið sé ekki í höndum sveitarstjórnarmanna þá finnst mér það eðlilegt og sjálfsagt að vinna að þessum flókna og erfiða málaflokki í samráði við þá. Það hefur alltaf verið mín afstaða í þeim málum. En spurningin er, hvað höfum við mikið fjármagn til vegamála næstu árin? Getum við sett kraft í það að klára hringveginn? Hvað ætlar hæstv. samgrh. að leggja áherslu á ef hann yrði nú áfram í því embætti, sem ég vona svo sannarlega að verði ekki og það verði komin hér önnur ríkisstjórn? En eigi að síður, hæstv. samgrh. þarf áreiðanlega að svara slíkum spurningum á næstu mánuðum.

[15:30]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég trúði því nú ekki, enda kom í ljós að svo var ekki, að hv. þm. yrði fótaskortur á tungunni ef hann færi að vonast eftir því hér í ræðustól að Framsfl. mundi e.t.v. mynda ríkisstjórn með Sjálfstfl. því mér heyrðist á fyrsta manninum þar eystra að hann hafi annað í hyggju í þeim efnum. Það er auðvitað mikil spurning hvað við höfum mikið fé til vegamála og samgöngumála. Það vekur athygli þegar maður horfir á vegáætlun nú borið saman við það sem áður var að neðsti liðurinn í sambandi við skiptingu útgjalda til flóabáta 330 millj., 551 millj., 569 millj., 555 millj. Þarna er samgöngumálaþáttur ríkisfjármála að standa undir alveg gengdarlausum skuldum sem var efnt til án forsjár þegar hver flóabáturinn af öðrum var keyptur til landsins án þess að ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar setti svo sem eina einustu krónu á fjárlög upp í kaupverðið eða smíðaverðið, ekki eina einustu krónu. Það kemur í hlut seinni tíma manna að greiða þetta. Og m.a. sú þrenging á vegafénu sem verður af þessum sökum veldur því að það er ekki eins rúmt um og ella mundi. Ég vil líka vekja athygli á því sem er eftirtektarvert að hver stjórnarandstæðingurinn á fætur öðrum lýsir því nú yfir gagnstætt t.d. aðilum vinnumarkaðarins að það sé varhugavert að leggja út í meiri framkvæmdir, meiri vegagerð en ella án þess að auka skattheimtuna, á þeim tíma sem við lifum nú þegar lífskjör hafa versnað og atvinna dregist saman. Á þeim tíma sem við erum að byggja atvinnulífið upp á nýjan leik er ekki óeðlilegt að við leggjum á samgönguþáttinn þó svo að það kosti í bili að við verðum að taka nokkur lán í augnablikinu.

[15:32]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ráðherrann kom sér hjá því að svara spurningu minni um hvenær hann ætlaði að leggja til að yrðu hafnar endurgreiðslur á því fjármagni sem var lagt til átaksverkefnana. Hvað flóabátana varðar, það er nú dálítið einkennileg hornspyrna vegna þess að mér er ekki kunnugt um að hv. þm. Sjálfstfl. hafi barist sérstaklega gegn kaupum þessara flóabáta á sínum tíma. Það er auðvitað ljóst að þessar skuldir þarf að greiða. Ég get lýst því yfir að mér finnst þetta fyrirkomulag sem nú er, að taka þetta yfir á Vegasjóð, ekkert óskynsamlegt, en það verður auðvitað að reikna með því fjármagni sem það kostar og það verður ekki notað til annarrar vegagerðar. Við á Austurlandi höfum a.m.k. ekki stofnað til þessara skulda í þessum flóabátum.

[15:34]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er alveg sammála því sem hv. þm. sagði hér að það er erfitt að finna aðra skynsamlegri leið til að endurgreiða þessar skuldir og að reyna að hafa eitthvert hóf á eyðslu inn í þennan málaflokk. En sá er munur á lántökum til flóabáta og vegaátakinu að á þeim tíma þegar síðasta ríkisstjórn ákvað að leggja út í alla þessa skuldasöfnun þóttist ríkisstjórnin hafa gott bú ríkissjóðs, þóttist ríkisstjórnin hafa eitthvað afgangs og þóttist ríkisstjórnin hafa svigrúm til þess að gera eins vel og þurfti. Samt sem áður átti hún ekki eina einustu krónu upp í þá flóabáta sem voru keyptir á þessum tíma og það er núna allt saman skuldamegin hjá Vegasjóði.

[15:35]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. samgrh. gleymir því í þessum flóabátaræðum sínum að það var hann, hæstv. núv. samgrh., sem tók þetta verkefni bótalaust yfir á Vegasjóð. Það er þess vegna hæstv. núv. samgrh. sem ber pólitíska ábyrgð á því að hafa skert ráðstöfunartekjur Vegagerðarinnar um hálfan milljarð, með því að vera svo mjúkur í hnjáliðunum gagnvart hæstv. fjmrh. að sætta sig við að taka þetta verkefni bótalaust yfir á Vegasjóð og skerða sem því nemur ráðstöfunartekjur hans. Það er vandamálið. Það er ístöðuleysi og baráttuleysi hæstv. núv. samgrh. í þessu en ekki hitt að menn réðust til löngu tímabærrar endurnýjunar t.d. á Herjólfi. Ég hefði gaman af að sjá hæstv. samgrh. fara í framboð í Vestmannaeyjum einhvern tímann og reyna að afla þar fylgis eftir þann fjandskaparáróður sem hann hefur rekið gegn Vestmannaeyingum og endurnýjun Herjólfs.

Annars er það þannig, hæstv. forseti, að útúrsnúningar hæstv. ráðherra hér um alls óskylda tillögu eru ekki svaraverðir og það er nær að ræða það mál þegar sú tillaga kemur á dagskrá, sem verður innan skamms. Auðvitað er það þannig að tillöguflutningur hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar og mín um undirbúningsrannsóknir og val á vegarstæði og stefnumótun er allt annar hlutur en það sem hér er á dagskrá, almenn

vegáætlun fyrir Austurland. Auðvitað er furðulegt að heyra hæstv. samgrh. svona metnaðarlausan sem yfirmann vegamála og sem vegalög heyra undir, mæla bót tillöguflutningi af þessu tagi, um að taka almennar vegaframkvæmdir í einu kjördæmi út fyrir sviga og veita þeim einhverja sérstaka meðhöndlun. Það er auðvitað ótrúlegt metnaðarleysi í einum hæstv. samgrh. að láta menn komast upp með slíkt í sínum flokki, en hæstv. ráðherra er ýmsu vanur, samanber líka það að hæstv. forsrh. hefur nú sett hann af og sjálfur tekið við sem samgrh. höfuðborgarsvæðisins.

[15:37]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það fór eins og mig varði að hv. þm. hafði ekki þrek í sér til að lýsa því yfir, þessi mikli áhugamaður um jarðgöng á Austurlandi, hvort hann hugsaði sér að jarðgöngin á milli Vopnafjarðar og Jökulsárhlíðar yrðu á undan eða jarðgöngin til Mjóafjarðar frá Seyðisfirði, Héraði og Neskaupstað. Með því er hann búinn að gera sína tillögu og tillögu hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar, marklausa. Botninn er suður í Borgarfirði. Hann gerir sér ekki grein fyrir því í hvaða röð hann vill fara í þessar framkvæmdir. Eins og hann talaði hér verða ummæli hans ekki skilin öðruvísi en svo að hann sé þeirrar skoðunar að það megi bara dragast eins og verkast vill hvenær samgöngur takast á milli Norðurlands og Austurlands. Það var auðvitað mjög erfitt að eiga við það mál í tíð síðustu ríkisstjórnar. Það var enginn áhugi fyrir því þá og það var alltaf meiningin þá að þær vegabætur yrðu látnar bíða næstu aldar. Þetta vita hv. þm., þetta vita bæði Austfirðingar og Norðlendingar. Hins vegar hafa viðbrögðin þar fyrir austan og norðan orðið mjög sterk. Þó skilst mér að vísu að flokksbróðir hv. þm. Steingríms Sigfússonar, sem sumir segja að keppi um 2. sæti á listanum fyrir norðan, sé búinn að gauka frá sér einhverri tillögu svona til að kitla efsta mann á lista Alþb. þar í héraði.

Ég verð nú að segja það, hv. þm., að ég get ekki skilið að ég beri ábyrgð á öllum skuldahrauknum í sambandi við flóabátana þó skuldirnar séu greiddar af vegafé. Það verður að borga þessar skuldir, þær verða ekki borgaðar nema með skattpeningum. Það er bara að taka úr einum vasa í annan að halda því fram að það breyti eðli skuldbindinga síðustu ríkisstjórnar hvort þær eru greiddar úr Vegasjóði eða ríkissjóði. Aðalatriðið er að það þarf aðhald framvegis og með því að setja þetta undir samgönguþáttinn þá haga menn sér væntanlega skynsamlegar framvegis en þeir gerðu á síðasta kjörtímabili.

[15:39]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. samgrh. getur ekki verið svo vitlaus í reikningi að hann átti sig ekki á því að hálfur milljarður sem er tekinn frá Vegagerðinni verður ekki notaður í vegafé. Þetta var verkefni ríkissjóðs og það var hæstv. núv. samgrh. sem fyrstur í sögu samgrh. bognaði undan ásókn fjmrn. og féllst á að taka þetta verkefni yfir á Vegagerðina bótalaust og það skerðir framkvæmdafé til vegamála sem þessu nemur, um hálfan milljarð á ári. Það er ekki seinna vænna fyrir hæstv. samgrh. að fara að læra undirstöðuatriði í stærðfræði ef hann hefur ekki skilið þetta.

Svo er það þannig, hæstv. forseti, að ég ætla að svara þessari spurningu sem hæstv. ráðherra hefur borið hér fram um alls óskylt dagskrármál, sem ekki er hér til umræðu, aðra þáltill., þegar hún kemur á dagskrá. Þá skal ég gefa hæstv. ráðherra alveg skýr svör og hann mun fara sæll og glaður heim með þau.

[15:40]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. segir að þeir sem kaupa bensín og borga skatta þá leiðina hafi bótalaust tekið við þeim skuldbindingum sem voru á ríkissjóði. Þessir sömu menn greiða skattana í ríkissjóð. Það eru nákvæmlega sömu bökin sem bera það. Það skiptir ekki nokkru máli, þetta er algjör útúrsnúningur. Hitt kom fram, eins og ég sagði, hann hefur nú komið hér upp tvisvar og í hvorugt skiptið gert upp á milli jarðgangaleiðanna, hvorugt skiptið. Nú ætlar hann að taka sér umhugsunarfrest. Þetta er kannski vegna þess að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson er ekki í salnum svo hann getur ekki spurt hann ráða í þessu efni. En þetta liggur fyrir. Hv. þm. veit ekki hvort hann vill láta jarðgöngin á milli Vopnafjarðar og Jökulsárhlíðar eða jarðgöngin til Seyðisfjarðar vera á undan. Samt liggur tillagan fyrir hér í þinginu. En það má ekki skýra frá því fyrr en seinna, fyrr en þingmaðurinn er búinn að átta sig á því, (Gripið fram í.) eftir að hann er búinn að lesa tillöguna aftur yfir og eftir að hann er búinn að heyra framsöguræðu hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar. Það verður að bíða þess tíma hvenær hann svarar þessari spurningu. (**SJS:** Forseti á að ávíta ræðumann.)

Umræðu frestað.

Umræður utan dagskrár.

Skattlagning tekna blaðsölubarna o.fl.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Eins og áður hafði verið tilkynnt hefst nú utandagskrárumræða samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa. *Málshefjandi er hæstv. fjmrh. sem vill gefa yfirlýsingu* um skattlagningu tekna blaðburðarfólks o.fl. Samkomulag hefur tekist milli forseta og formanna þingflokka, sbr. 72. gr. þingskapa, að ráðherra hafi allt að fjórum mínútum í fyrra sinn og allt að tveimur mínútum í síðara sinn og fulltrúar annarra flokka sama tíma, þ.e. fjórar mínútur í fyrra sinn og tvær mínútur í síðara sinn. Þessi umræða má standa í hálftíma.

[15:42]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Síðar í dag mun ég gefa út fréttatilkynningu um skattlagningu blaðburðarfólks og blaðsölufólks. Ástæðan fyrir því að ég hef ákveðið að fara fram á þessa utandagskrárumræðu og nota þetta form

er sú að í þeirri fréttatilkynningu mun verða vikið að meintum embættisverkum fyrirrennara míns, þáv. fjmrh., hv. 8. þm. Reykn.

Í fréttum blaða og sjónvarps í gær og í blöðum í dag reyndar líka hefur verið gefið sterklega í skyn að fyrrv. fjmrh. hafi beitt sér gegn skattlagningu blaðburðarbarna og tekið ákvörðun um að láta hjá líða að skatturinn sé tekinn með staðgreiðslu af launum. Í tilefni af þessu hef ég látið athuga gaumgæfilega í ráðuneytinu og embættum skattkerfisins hvort fyrrv. fjmrh. hafi með beinum eða óbeinum hætti, formlegum eða óformlegum, beitt sér í þessu máli. Enginn embættismannanna kannast við að svo hafi verið gert, þvert á móti hafa starfsmenn í skattkerfinu áfram unnið að þessum málum á grundvelli bréfa sem send voru frá ríkisskattstjóra á þeim tíma þegar hv. 8. þm. Reykn. var fjmrh.

Ástæðan fyrir því að málið var tekið upp af skattyfirvöldum í fjármálaráðherratíð hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar var sú að kæra barst frá blaðaútgefanda utan af landi og umboðsmaður Alþingis skrifaði skattyfirvöldum af því tilefni. Lögin um skattskyldu tekna eru eins og hv. alþm. er kunnugt fortakslaus, en ráðherra getur með reglugerð heimilað við viss skilyrði að fresta innheimtu, þ.e. að í stað staðgreiðslu séu skattar greiddir eftir á. Yfirleitt er það þó óþægilegra, sérstaklega fyrir þá sem eru yngri en 16 ára. Ekki er reyndar deilt um skattskylduna í þessu máli heldur hvort halda skuli eftir af launum viðkomandi starfsfólks.

Mér sýnist eðlilegt að hér á hinu háa Alþingi gefist fyrrv. fjmrh. kostur á að gera grein fyrir því hvort hann hafi beitt sér í þessu máli, eins og haldið hefur verið fram, í hvaða formi það hafi verið gert, til hverra fyrirmælin beindust og á hvaða lagagrunni það var gert. Það er afar brýnt að ræða þetta mál hér vegna þess að því er haldið fram að pólitísk ákvörðun fyrrv. fjmrh. hafi ráðið því að dagblaðaútgáfufyrirtæki héldu ekki eftir lögboðnum sköttum sumra starfsmanna sinna. Á sama hátt er því haldið fram að ákvörðun skattstjóra um þetta efni, sem reyndar er tekin í fullu samráði við forráðamenn dagblaðanna, sé pólitísk ákvörðun mín. Ég vil ítreka að þessi umræða er þeim mun nauðsynlegri að mál þetta byrjaði með bréfi sem skrifað var í valdatíð fyrrv. ráðherra og hefur verið ítrekað í bréfum skattyfirvalda nokkrum sinnum síðan. Það er því mjög alvarlegt mál þegar því er haldið fram á opinberum vettvangi að fyrrv. ráðherra hafi með pólitískri ákvörðun sinni beitt sér fyrir því að ekki sé farið að lögum um innheimtu staðgreiðslu skatta hjá atvinnufyrirtækjum.

Virðulegi forseti. Það er von mín að mál þetta skýrist nokkuð í þessari umræðu enda er tilgangur hennar sá að hér fáist fram hver hafi verið afskipti fyrrv. fjmrh. af þessum málum. Hvort þau voru einhver og þá í hvaða formi þau voru og til hverra fyrirmælin beindust.

[15:46]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Hér er að gerast sá atburður að fjmrh. óskar eftir að fá að tala utan dagskrár til þess að ég fái tækifæri til að fjalla um eitthvað sem ég á hugsanlega að hafa gert eða ekki gert og bera fram fyrirspurnir til þingmanns. Ef forsetaembætti þingsins vill fara að veita mér rétt til þess að fá alveg sérstakan tíma í þinginu þá fagna ég þeim nýjungum í þingsköpum. (**SvG:** Gildir vonandi um fleiri þingmenn.) En mér hefði nú þótt viðkunnanlegra hjá hæstv. fjmrh. áður en forseti tilkynnti það hér á forsetastól að fjmrh. hefði beðið um að fá að gefa þinginu skýrslu utan dagskrár að það hefði verið upplýst að það væri af sérstakri góðmennsku við mig. Þetta er satt að segja allt svo sérkennilegt að ég veit ekki hvernig á að taka á þessari ræðu.

Hæstv. fjmrh. hefur haft þann sið í embætti, sérstaklega núna síðustu daga, að finna alltaf einhverja sökudólga þegar hann er í vondum málum. Hann hefur í þessu máli verið að halda því fram undanfarna sólarhringa að það séu skattyfirvöld sem séu sökudólgarnir og þegar það gengur ekki þá biður hann um að kveðja sér hér hljóðs til þess að ég fái að bera vitni um það með hvaða hætti ég formlega eða óformlega, munnlega eða skriflega, kom að málinu fyrir einum sex árum síðan. Þetta mál er óskaplega einfalt, hæstv. fjmrh. Það er þannig að þegar ég varð fjmrh. í septemberlok 1988 var í fullum gangi vinna sem fyrirrennari minn hafði stýrt til undirbúnings staðgreiðslukerfi skatta og framkvæmd þess. Í samræmi við þá vinnu var skattkerfið að framkvæma það með margvíslegum hætti. M.a. var skrifað í desember 1988 bréf þar sem tilkynnt var að það ætti að fara að taka staðgreiðslu af börnum sem bæru út blöð eða seldu merki. Þeir aðilar sem þarna komu að máli ræddu það síðan við mig um það leyti sem þeir fengu þessi bréf og ég tók að sjálfsögðu þá ákvörðun um að þetta ætti ekki að gera og sagði starfsmönnum ráðuneytisins og öðrum þeim sem það snerti frá þeiri ákvörðun minni með nákvæmlega sama hætti og ég fjallaði um málið að öðru leyti í samtölum mínum við þessa aðila. Enda tala verkin sínu máli, verkin tala sínu máli. Skattkerfið gerði ekkert í málinu 1989, gerði ekkert í málinu 1990, gerði ekkert í málinu 1991, gerði ekkert í málinu 1992, gerði ekkert í málinu 1993 og gerir ekkert í málinu nú fyrr en þeim hefur greinilega tekist að fá núv. hæstv. fjmrh. til að breyta um afstöðu. Það er nú einu sinni þannig, hæstv. fjmrh., að gamla máltækið verkin tala á hér við sem sönnun málsins. Verkin eru þau eins og ég hef hér skriflega staðfest af þeim yfirmanni DV sem framkvæmir þetta á því dagblaði að í fjármálaráðherratíð Ólafs Ragnars Grímssonar, svo ég noti þau orð sem hann hefur sent hér frá sér, var þetta ekki framkvæmt.

Við vitum það öll hér í salnum að íslenskt þjóðfélag er með þeim hætti að hér tíðkast tekjuöflun barna og unglinga með því að bera út blöð og með því að selja merki. Það er ekki venjuleg atvinnustarfsemi. Oft er þetta tekjuauki hjá fátækari heimilum í landinu. Og ég skora á hæstv. fjmrh. að framfylgja áfram þeirri sömu framkvæmd í þessu máli og var gert allan tímann sem ég var fjmrh., er búið að gera fyrstu þrjú árin

sem hæstv. fjmrh. Friðrik Sophusson hefur verið í embætti að fara ekki núna að grípa til breytinga og vera þá ekki sá mannleysingi að þora ekki að standa sjálfur við þá ákvörðun (Forseti hringir.) heldur ætla hér í sérstakri utandagskrárumræðu á Alþingi að koma henni á mig. Fjmrh. sem þorir ekki (Forseti hringir.) að verja sín eigin verk á auðvitað ekki að standa í svona erfiðu embætti.

[15:51]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Ég hef fylgst með þessari umræðu í gær og í dag og hef gert ráðstafanir til þess að efh.- og viðskn. geti fjallað um málið á reglulegum fundi sínum í fyrramálið og farið þá yfir þann lagagrunn sem stendur að baki þessa máls og fengið fulltrúa frá ríkisskattstjóra á fundinn. En ég mun sjálfsagt bera það undir nefndarmenn í upphafi fundar í fyrramálið hvort það sé ekki almennur vilji til að það sé gert en ég hef gert þær ráðstafanir.

Ég verð að segja alveg eins og er að mér finnst þessi umræða eilítið sérstök. Eftir því sem ég hef getað kynnt mér lögin þá ber að greiða 6%, þ.e. 4% tekjuskatt og 2% útsvar af tekjum barna undir 16 ára aldri og engar undanþágur eru í lögunum frá þessu. Ég get sagt það hér að ég hef margoft á umliðnum árum greitt börnum og unglingum innan 16 ára aldurs fyrir ígripavinnu líkt og að bera út blöð sem hafa verið þeirrar vasapeningar og dregið af því samviskusamlega 6% skatt. Haft um það fyrirmæli frá skattyfirvöldum. En það sem mér finnst kannski sérstakt í þessu máli er það að þegar þetta kemur upp núna og ég tek undir að það er ekki eðlilegt að slíkar tekjur sem nema smáum upphæðum hjá börnum séu skattlagðar. Ég tek undir það sjónarmið. Þess vegna finnst mér fjmrh. í dag ekki bregðast rétt við. Fjmrh. bregst við á þann hátt að fyrirskipa að lögunum sé framfylgt út í ystu æsar og e.t.v. á hæstv. fjmrh. enga aðra leið ef ríkisskattstjóri fer fram á að svo sé gert, en e.t.v. sagði ég. Ég tel að hæstv. fjmrh. hann eigi aðra leið. Hæstv. fjmrh. á þá leið að beita sér fyrir því að lögum sé breytt og það séu fundnar og Alþingi setji eðlilegar leikreglur sem gangi út á það að eðlilegar tekjur barna sem hægt er að flokka undir það að vera eingöngu vasapeningar séu ekki skattlagðar. Ég tel það fullvíst að Alþingi muni taka vel undir þetta og hraða slíkri breytingu á lögum þannig að það mætti gerast samhliða þeim breytingum sem vissulega þarf að gera á skattalögum á hverju ári.

Það er þetta, virðulegur forseti, sem mér finnst nú kannski vera punkturinn í málinu. Ég held að við þurfum að taka á þessu út frá þeirri forsendu að það er almenn venja hér á landi og ég tel það hafa gott uppeldislegt gildi að börn og unglingar vinni sér inn einhverjar tekjur með viðvikum eins og að bera út blöð eða selja merki eða hvað eina annað. Ég geri engan greinarmun á því hvort viðkomandi börn eru að vinna sér inn þessa smáaura með því að bera út blöð eða hvort viðkomandi barn eða unglingur hleypur í íhlaupavinnu í tíu daga eða hálfan mánuð við að taka upp kartöflur eða vinna í frystihúsi. Út frá þessu sjónarmiði vil ég að sé tekið á málinu.

[15:55]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegur forseti. Hér er nokkuð sérstakt mál á ferðinni. Það fer ekki hjá því að það vakni spurningar þegar við sjáum að skattyfirvöld eru allt í einu farin að eltast við smáupphæðir af því tagi sem hér um ræðir og fara að taka á málum sem hafa legið í láginni árum saman. Hvað liggur þarna að baki? Við höfum horft upp á það að hér í þjóðfélaginu eru skattsvik talin vera upp á yfir 11 milljarða kr., það er verið að fella niður hátekjuskatt sem veldur ríkinu um 300 millj. kr. tekjutapi, það má ekki koma á hér fjármagnstekjuskatti en þá er allt í einu farið að eltast við blaðburðarbörn. (Forseti hringir.) Virðulegi forseti, það er heitt í kolunum hér greinilega og ég vildi gjarnan fá að halda áfram máli mínu.

Það vaknar auðvitað sú spurning hvort það þurfi ekki að taka á málum barna í heild og hvort það sé eðlilegt að skattleggja þau með þessum hætti nema um verulegar tekjur sé að ræða hjá börnum og unglingum. Það er lítið tillit tekið til þess í skattkerfinu hvað það kostar fólk að ala upp börn. Þar af leiðandi þarf auðvitað að skoða þessi skattamál barna í samhengi. En mér finnst líka vera mjög stórt atriði í þessu máli að börn eiga auðvitað að sitja við sama borð. Það er mjög sérkennilegt að sum börn greiði skatt af sínum tekjum en önnur ekki bara vegna þess að þau eru í þessum ákveðnu störfum. Mér finnst í raun og veru að við ættum að taka þessi mál hér til rækilegrar skoðunar á Alþingi og hugleiða það hvort börn eigi ekki að hafa heimild til að hafa tekjur upp að vissu marki en þó er alls ekki sama hvað þar liggur að baki. Ég held nefnilega að það sé líka ástæða til að skoða svolítið vinnu barna hér á landi og reyna að finna út úr því í hve ríkum mæli hún er og hvort hún standist barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og þær reglur og þá sáttmála sem menn hafa samþykkt hér um aðbúnað barna. Ég held að því miður sé oft og tíðum um of mikla vinnu barna að ræða. En meginmálið er þetta: Börn eiga að sitja við sama borð og við þurfum að taka á þessu hér á hinu háa Alþingi og ég held að við ættum að setja reglur sem heimila börnum að hafa tekjur upp að vissu marki.

[15:58]

Finnur Ingólfsson:

Virðulegur forseti. Hæstv. fjmrh. er nú alveg snillingur í því að snúa hlutunum við. Þetta bara enn ein staðfestingin á því. Hún hefur auðvitað áður komið fram því skattastefnu Sjálfstfl. hefur auðvitað verið algerlega snúið við í tíð þessarar ríkisstjórnar þar sem skattlækkanirnar voru í algleymingi hjá þeim flokki fyrir síðustu kosningar en allt hefur gengið á annan veg. Ég hélt að hæstv. fjmrh. væri að koma hér til þings og tilkynna að það hefði orðið breyting á stefnu ríkisstjórnarinnar í skattamálum með því að nú ætti að fara eftir stefnu Sjálfstfl. og lækka skatta. Nei, það er síður en svo. Nú á að hækka barnaskattana til viðbótar við sjúklingaskattana og til viðbótar við lyfjaskattana sem hafa verið lagðir á sjúklinga og þá sem minnst mega sín í samfélaginu.

Ég vil því spyrja hæstv. fjmrh.: Er nú ekki nóg komið, hæstv. fjmrh., af því að elta uppi í samfélaginu þá einstaklinga sem verst eru staddir og skattleggja þá alveg sérstaklega eins og sjúklingana, eins og öryrkjana, eins og ellilífeyrisþegana, eins og einstæðu foreldrana og nú börnin? Er þetta sú skattastefna, hæstv. fjmrh., sem Sjálfstfl. boðaði fyrir síðustu kosningar þegar hann lofaði þjóðinni og þeim sem ætluðu að kjósa flokkinn að skattur einstaklinganna ætti að vera 35% ef Sjálfstfl. kæmist til valda en er nú orðinn 42%? Lofaði Sjálfstfl. því fyrir kosningar að það ætti að skattleggja börnin sérstaklega, það ætti að lækka barnabæturnar, það ætti að lækka persónuafsláttinn, það ætti að lækka vaxtabæturnar? Nei, hæstv. fjmrh., það hefði verið nær undir þessum kringumstæðum að tilkynna það úr þessum ræðustól að það ætti að halda óbreyttu fyrirkomulagi að vera ekki að eltast við blessuð börnin í þjóðfélaginu.

[16:01]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Í fyrsta lagi vil ég þakka fyrir þessar umræður sem hafa verið dálítið sérstakar. Það skal tekið fram að það er sjálfsagt að gefa þinginu skýrslu um þetta mál þegar búið verður að draga efniviðinn saman. Í öðru lagi vil ég vekja sérstaka athygli á því að hv. 8. þm. Reykn. sagði það skýrt og skorinort, og hann leiðréttir mig ef ég hef rangt eftir, að hann hefði haft þau afskipti af þessu máli að hann hefði sagt starfsmönnum ráðuneytisins frá því og þar með er hann að segja að hann hafi gefið fyrirmæli um það að þessi skattur skyldi ekki innheimtur af viðkomandi fyrirtæki. Ef hann breytir því ekki þá skil ég að hann sé að segja það í þessum ræðustól. Hins vegar kom ekki fram hjá honum svar við spurningunni um það á hvaða lagagrunni það hefði verið gert. Í stað þess að ræða það og í stað þess að, sem hann auðvitað gat gert á sinni tíð, að beita sér fyrir lagabreytingum eða reglugerðarbreytingu þá kallar hann mig mannleysingja á sama tíma og hann beitir sér fyrir þessu máli með þeim hætti sem hann lýsti, að tala við ótiltekna starfsmenn ráðuneytisins. En það skal tekið fram að enginn í ráðuneytinu né í skattkerfinu kannast við það að hafa nokkurn tímann tekið við fyrirmælum frá hv. þm.

Þetta mál hér snýst ekki um annað en þetta: Það þarf að fá sannleikann fram vegna þess að það skiptir auðvitað mjög miklu máli í skattamálum að jafnræðisreglan gildi. Þetta mál snýst ekkert um skattlagningu barna. Börn eru skattlögð í dag samkvæmt lögum 6%, 4% renna til ríkis og 2% til sveitarfélaga. Það stóðu flestir stjórnmálaflokkar þar á meðal Framsfl., að þeim lögum. Þetta mál stendur ekkert og fellur með því. Það er ekki verið að fjalla um það. Í dag tökum við af börnum sem vinna í frystihúsum, við tökum af sendlum og við tökum af öllum börnum þar sem staðgreiðslunni er haldið eftir. Deilan snýst um það hvort það eigi að ganga eftir þessu hjá t.d. mánaðarkaupsfólki sem starfar hjá dagblöðum.

Vegna ummæla á opinberum vettvangi hefur því verið haldið fram að það sé pólitísk ákvörðun mín, sem ég kannast ekki við, að hafa nú látið til skarar skríða gegn dagblöðunum. Jafnframt lýsir hv. 8. þm. Reykn. því yfir að hann hafi í sinni tíð beitt sér fyrir hinu gagnstæða.

Þetta er alveg nóg fyrir mig. Þetta er nóg í umræðunni í dag. Síðar í dag mun ég gefa út fréttatilkynningu og fjalla frekar um þetta mál.

[16:04]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Ég vænti þess að forseti muni eftir því að ég spurði að því fyrr í dag þegar forseti tilkynnti þessa utandagskrárumræðu hvert væri erindi fjmrh. til þingsins með þessari umræðu. Ég fékk ekkert svar við því. Nú er fjmrh. hins vegar búinn að koma fram í tvígang með þeim sérkennilega hætti að hann fer fram með þá sérstöku ósk ráðherra, sem er afar óvenjuleg í þingsögunni, til þess að bera einn þingmann eða taka hann upp, bera hann sökum eða taka hann upp eins og hann hefur flutt mál sitt gagnvart mér. Þetta er auðvitað svo ódrengilegt og óþingræðislegt að það nær ekki nokkurri átt, hæstv. fjmrh. eða hæstv. forseti. Það bætir ekki stöðu hæstv. fjmrh. í þessu máli. Staðreyndin er sú að í sex ár hafa yfirmenn skattkerfisins á Íslandi ekki framkvæmt lögin með þeim hætti að knýja á um að blaðsölubörnin eða merkjasölubörnin yrðu skattlögð. Í sex ár.

Ef hæstv. fjmrh. vill halda því til streitu að það hafi verið lögbrot allan tímann vegna þess að það sé ómark að fyrrv. fjmrh. hafi beitt sér fyrir þessari túlkun þá er hann í raun og veru að bera yfirmenn skattkerfisins á Íslandi þeim sökum að þeir hafa í sex ár látið lögbrot í skattkerfinu líðast. Hann er að bera þá þeim sökum. Það væri þá nær fyrir hæstv. fjmrh. að flytja þann málflutning á þeim vettvangi þar sem hann er yfirmaður, hjá ríkisskattstjóra, hjá skattstjóranum og í staðgreiðslukerfinu, frekar en að fara í þessa ómerkilegu og ódrengilegu leikfimi hér í salnum.

Auðvitað er það þannig með skattalög að túlkun er þar ákveðinn þáttur eins og á öðrum sviðum laga. Og vegna þessa sérkennis íslensks þjóðfélags að blaðasala barna og merkjasala barna, t.d. fyrir Blindrafélagið og önnur líknarfélög er þannig að það eru ekki venjuleg vinnulaun eða venjuleg tekjuöflun var talið rétt og er rétt að vera ekki að beita reglustikuaðferðum skattkerfisins á þessa starfsemi barnanna og það hefur ekki verið gert í sex ár. (Forseti hringir.) Ef hæstv. fjmrh. ætlar virkilega að halda því til streitu að það hafi verið lögbrot allan tímann þá væri nær fyrir hann að skamma yfirmenn skattakerfisins sem hann er að halda fram að hafi brotið lögin vegna þess að enginn hafi talað við þá, hvorki ég né hann. Auðvitað var það þannig að í viðræðum mínum (Forseti hringir.) við aðila á þessum tíma lét ég þessa skoðun mína í ljós og hinir vönduðu embættismenn skattkerfisins fóru eftir þeirri skoðun. Þess vegna hafa þeir ekki í sex ár rukkað börnin (Forseti hringir.) vegna þeirra tekna sem þau hafa haft af merkjasölu fyrir líknarfélög eða fyrir útburð eða sölu blaða.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Eins og fram kom í upphafi var gert samkomulag á

milli formanna þingflokka og forseta um að hver þingflokkur hefði fjórar mínútur í fyrri umferð og tvær mínútur í þeirri síðari. Nú er einn hv. þm. á mælendaskrá en þar sem hans þingflokkur, Sjálfstfl., hefur þegar notað sinn tíma er því miður ekki hægt að veita þingmanninum ... (**SvG:** Það er ekki hægt að neita honum um orðið á þessum forsendum, forseti.) Það er hægt þegar gert hefur verið samkomulag, hv. þm. (Gripið fram í.) Þessari utandagskrárumræðu um yfirlýsingu hæstv. fjmrh. er lokið.

Um fundarstjórn.

Tilhögun utandagskrárumræðu.

[16:08]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Þetta er satt að segja orðið heldur skrautlegt. Ég fullyrði að það er ekki hægt að svipta þingmenn málfrelsi með þeim rökum sem hæstv. forseti notaði hér áðan. Það getur enginn flokkur gert þannig samkomulag að einstakir þingmenn séu sviptir málfrelsi með þeim hætti sem hæstv. forseti greindi frá hér áðan. Það gengur ekki og það verður auðvitað að taka fyrir það að forseti beiti sínu valdi með þessum hætti. Þetta mál eitt út af fyrir sig krefst sérstakra umræðna í forsætisnefnd vegna þess að ég tel að hér sé um afglöp að ræða, að það sé útilokað annað en að taka á málinu.

Í öðru lagi verð ég að segja það, hæstv. forseti, að umræðan áðan þar sem einn ráðherra fékk tíma til þess að veitast að einum þingmanni með þeim hætti sem hér kom upp er alveg dæmalaus. Er það svo, hæstv. forseti, að framvegis verði það svo að einstakir ráðherrar — segjum t.d. eftirmenn þess sem hér stendur — geti óskað eftir slíkum tímum og tekið menn upp vegna tiltekinna embættisverka, í mínu tilviki í fjórum ráðuneytum? Er það svo? Er búið að taka hér upp alveg nýja siði? Hvað á þetta að þýða, hæstv. forseti?

Ég tel að þessi framkoma forseta við þingið sé mjög alvarlegt mál í þessu efni ein út af fyrir sig. Þegar það svo bætist við að hæstv. fjmrh. notar tækifærið til að hafa í hótunum með því að hann muni gefa út fréttatilkynningu seinna í dag, þá skuli menn heldur betur finna til tevatnsins. Til viðbótar slær hann því alveg föstu að hann hafi fengið þær upplýsingar sem hann þarf. Hverjar eru þær? Að hv. 8. þm. Reykn., að sögn hæstv. fjmrh., hafi verið að brjóta lög. Þá spyr ég hæstv. fjmrh.: Hyggst hann höfða mál — gegn hverjum? Ekki gegn hv. 8. þm. Reykn., gegn börnunum? Ætlar hann að stefna börnunum og fjölskyldum þeirra og foreldrum og forráðamönnum fyrir dómstólana í landinu? Það er svo dæmalaust hversu langt hinn kalda krumla valdsins virðist ætla að seilast eftir þessum aurum barnanna. Þegar um Sjálfstfl. er að ræða er þetta alveg sérstaklega athyglisvert.

Ég mótmæli þess vegna, hæstv. forseti, vinnubrögðum forsetans og því hvernig að þessum hlutum er staðið og fullyrði að það er algjörlega einstakt að þannig sé farið að forsetaembættið hagi sér með þessum hætti gagnvart einstökum þingmönnum. Ég tel það ekki drengilegt, hæstv. forseti.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti hefur ekki farið óvenjulega að í þessu máli. Það er algengt að semja um ræðutíma ef hann er annar en þingsköpin gera beinlínis ráð fyrir. Um það er mælt í 72. gr. þingskapa að svo sé hægt að gera og það gerði forseti á fundi með formönnum allra þingflokka. Það var samkomulag um þetta mál.

[16:11]

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Ég hafði sett mig á mælendaskrá í þessu máli í þeirri góðu trú að hér ríkti enn það málfrelsi sem ég hef kynnst á þeim árum sem ég hef setið á þingi. Ég vil að það komi skýrt fram að þingflokksformaður Sjálfstfl. semur ekki fyrir mína hönd. Hann sviptir mig ekki málfrelsi í þessum sal og ef eitthvert samkomulag er gert að mönnum fjarstöddum er að sjálfsögðu lágmarkskurteisi, að maður biðji ekki um meira, að þeir sem ekki hafa verið viðstaddir á þeim fundi séu þá látnir vita að slíkt samkomulag hafi verið gert og það sé borið undir þá. Ég mótmæli því harðlega að ég sé sviptur málfrelsi hér. Þetta er mál sem ég vildi tala í og hef í hyggju að gera. Hvernig geri ég það? Ég geri það með þeim hætti að ég fer fram á það hér og nú formlega að þetta mál verði til umræðu utan dagskrár á fundinum á morgun. Það er mín formlega ósk og ef hún þarf að vera skrifleg eins og einstaka sinnum hefur komið fram þá er það í lagi, ég mun gera það.

Ég vil líka fá að koma aðeins inn á það nýmæli sem hér hefur verið tekið upp að ráðherrar skuli vera farnir að leggjast í fyrirspurnaleik til almennra þingmanna. Þá vil ég aftur koma inn á lágmarkskurteisi vegna þess að þegar við almennir þingmenn spyrjum ráðherra þá sýnum við þeim þá kurteisi að við sendum þeim spurningarnar fyrir fram þannig að menn geti aðeins áttað sig á því um hvað er verið að spyrja. En hér kemur allt annað í ljós. Hér er komin ný stefna: Ráðherrar bera fram fyrirspurnir til almennra þingmanna og sýna ekki einu sinni þá lágmarkskurteisi að kynna fyrir þeim hvað á að spyrja þá um, upp í hverju á að taka þá eins og hér var getið um áðan.

Virðulegi forseti. Það er margt um þetta mál að segja. Það er margt um það að segja þegar skattlagningin er orðin slík að hinar stóru feitu krumlur fjmrh. eru farnar að troða sér ofan í þröngan vasa litla barnsins þá hljótum við að staldra við og ræða það mál á Alþingi.

[16:14]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Ég ætla í sjálfu sér ekki að blanda mér í þessar umræður um þessa furðulegu utandagskrárumræðu. Ég skildi það þannig í dag að hæstv. fjmrh. ætlaði að gefa út einhverja yfirlýsingu um eigin gerðir eða áætlanir og hafði vonast til þess að ráðherrann tilkynnti að hann mundi beita sér fyrir lagasetningu til þess að hægt væri að halda þeirri fram-

kvæmd sem verið hefur fram að þessu og þá hugsanlega, eins og ég sagði, að útvíkka það eitthvað frekar.

Virðulegi forseti. Ég vil benda á varðandi framkvæmd þessarar umræðu að mín túlkun á því þegar samið er um tíma á flokk þá sé það gert til þess að tryggja þeim flokki lágmarkstíma. Í þessu tilfelli að tryggja hverjum flokki sínar sex mínútur. Það gerðist hins vegar að þegar allir sem kvöddu sér hljóðs voru búnir að tala var einn hv. þm. eftir á mælendaskrá og það var eftir af þeim hálftíma sem búið var að tilkynna að umræðan átti að standa. Í slíku tilfelli átti að mínu mati viðkomandi þingmaður skýlausan rétt á að fá að taka þátt í umræðunni og nota þá tvær mínútur eins og almennt gildir um styttri umræður utan dagskrár.

[16:15]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Ég vænti þess að forsetinn hafi þann drengskap og skilning að skoða þetta mál mjög alvarlega að lokinni þessari umræðu.

Hér var tilkynnt í upphafi fundar í dag að fjmrh. óskaði að flytja yfirlýsingu. Fjmrh. sagði síðan í sínu máli að hann hefði kvatt sér hér hljóðs til þess að 8. þm. Reykn. fengi tækifæri til þess að fjalla um málið, eins og ráðherrann sagði nánast orðrétt. Það var tilefni þess að fjmrh. kom með málið hingað inn. Ég spurði forseta að því í upphafi fundar hvert væri erindi fjmrh. að biðja um slíkt og ég fékk ekkert svar við því. Þegar þingmenn óska eftir að fá að ræða við ráðherra og gefa þeim tækifæri að svara hefur það verið sjálfsögð kurteisi í áratugi að hafa samband við viðkomandi ráðherra og láta hann vita. Forseti innir reglulega eftir því að svo sé gert.

Ég var ekki látinn vita neitt, hvorki af forsetanum né fjmrh. áður en þessi fundur hófst í dag eða tilkynning var gefin um þessa umræðu. Það hafði enginn samband við mig. Ég hefði þess vegna getað verið bundinn hvar sem var. Þegar ég kom hér í húsið hálftíma áður en umræðan hófst fékk ég skilaboð að einhvern tímann eftir að fundur hófst í þinginu hefði fjmrh. beðið um mig í símann. Svona framkoma í þinginu nær auðvitað ekki nokkurri átt. Menn sjá bara ef við færum að koma svona fram við ráðherrana þá yrði það stöðvað þegar í stað. Þannig að ég vona nú að þeir sem stjórna hér störfum í þinginu átti sig á því að hér hafa orðið mistök.

Hitt er hins vegar kjarni málsins að í sex ár eru yfirmenn skattamála á Íslandi búin að framkvæma skattalögin á þann hátt að ganga ekki eftir staðgreiðslu hjá blaðsölubörnum og merkjasölubörnum. Þannig er það búið að vera í sex ár. Það er kjarni málsins.

Ég skora því á hæstv. fjmrh. að segja við yfirmenn skattkerfisins í landinu: Haldið áfram að framkvæma lögin eins og það hefur verið gert hingað til. Farið ekki að breyta um í framkvæmdinni vegna þess að það er það sem á að fara að gera núna, að breyta um í framkvæmdinni. Ég skora á hæstv. fjmrh. að vera ekki að flytja þetta mál niður á stig pólitísks karps við fyrirrennara sinn bara í einhverjum pólitískum leik, heldur einfaldlega segja: Það sem búið er að gera í skattakerfinu í sex ár verður gert áfram. Ég vil nota þetta tækifæri hér til þess að skora á fjmrh. í stað þess að fara í fréttatilkynningaleik og halda þessum leik áfram eins og hann boðaði hér áðan að einfaldlega taka þá ákvörðun að framkvæmdin verði óbreytt.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Vegna orða hv. 8. þm. Reykn. þá vill forseti upplýsa að óskað var eftir utandagskrárumræðu til að gefa yfirlýsingu en ekki til að bera fram fyrirspurn til ráðherra. Það er hvort tveggja mögulegt skv. 1. mgr. 50. gr. þingskapa. Forseti hefur ekki fyrir fram upplýsingar um ræður manna eða hvað þeir vilja ræða um í utandagskrárumræðu, — það eina sem forseti hefur er heiti umræðunnar og var upplýst hér strax í upphafi fundar um hvað hún væri. (Gripið fram í.) Það var um skattlagningu tekna blaðburðafólks og fleiri. Þetta var heiti umræðunnar og þetta upplýsti forseti. Ástæðan fyrir fundi sem haldinn var með formönnum þingflokka var sú að það er heldur óvenjulegt að ráðherrar biðji um slíka umræðu en það hefur gerst áður. Það er hægt að nefna dæmi um það og það veit ég að hv. 8. þm. Reykn. þekkir.

[16:19]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Mér þykir leitt að þurfa að tefja þingstörfin með þessum hætti. Ég vil taka það fram að ég velti því fyrir mér með hvaða hætti ég gæti komið þessu máli hér að í dag og niðurstaðan varð sú að sjálfsögðu að beita 50. gr. þingskapa en þar sem þar er annaðhvort um að ræða yfirlýsingu eða fyrirspurn til ráðherra þá liggur í augum uppi að ráðherra verður að beita fyrir sig yfirlýsingunni og þegar ég spurðist fyrir um það hvort slíkt hefði verið gert áður þá voru svörin ákaflega skýr. Þetta hefur gerst tvisvar sinnum áður. Það var þegar hv. 8. þm. Reykn. var fjmrh. þá mun hann tvisvar sinnum hafa notað þessa grein til þess að koma sjónarmiðum sínum til skila. Tvisvar sinnum, hv. 8. þm. Reykn. Ólafur Ragnar Grímsson, sem þá var fjmrh. Þess vegna þótti eðlilegt að gera þetta með þessum hætti þó að ég viti að sumum þykir það ekki eðlilegt að feta að öllu leyti í fótspor hv. þm. þá þótti mér samt sem áður ekki óeðlilegt að gera þetta með þessum hætti.

Ég ætla ekki, virðulegur forseti, að ræða efnislega um málið en ég vil láta það koma fram að ég reyndi að sjálfsögðu að hafa samband við hv. þm. Hann var ekki í Alþingishúsinu né á sinni skrifstofu. Ég bað um að hann hringdi til mín sem hann gerði þannig að honum var vel ljóst um hvað málið snerist áður en til umræðunnar kom. Þannig að það var ekkert á hann hallað í þessari umræðu nema síður sé.

Að lokum bara þetta: Það hefur ekkert verið gert í þessu máli sem hér hefur verið rætt sem ekki byggist á bréfum sem send voru og samin í ráðherratíð hv. þm. Ekkert. Það sem hins vegar hefur komið fram í umræðunni í dag er ósköp einfaldlega það að hv. þm. hefur sagt að hann hafi beitt sér í þessu mál en starfsmenn ráðuneytisins og starfsmenn skattyfirvalda hafa tjáð mér að slík fyrirmæli eða beiðnir hafi aldrei kom-

ið frá hv. þm. (**ÓRG:** Hafa þeir þá verið að samþykkja skattsvikin allan þennan tíma?)

[16:22]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég vil í fyrsta lagi taka hér upp mál hv. þm. Inga Björns Albertssonar. Ég held að það sé alveg nauðsynlegt að yfir það mál verði farið. Túlka menn breytinguna á þingsköpum þannig að formenn þingflokka geti gert samninga sem banna þingmönnum að tala umfram þann tíma sem ákveðinn er í samkomulagi á milli flokkanna? Túlki menn þetta þannig þá fullyrði ég, af því að ég stóð að þessari breytingu á sínum tíma, að þetta sé talsvert öðruvísi en við gerðum ráð fyrir þegar breytingin var gerð á þingskapalögunum. Ég tel að það sé mjög mikilvægt að formenn þingflokkanna og aðrir sem aðild eiga að þessum málum tjái sig um það hvort þeir líta þannig á að þeir hafi til þess umboð að semja um að einstakir þingmenn sem kveðja sér hljóðs eftir að hver flokkur hefur notað sinn tíma, að einstakir þingmenn geti í raun og veru við þær aðstæður ekki óskað eftir að kveðja sér hljóðs. Það tel ég vera brot á hinum almenna anda þingskapanna hvað sem öllu öðru líður og ef þetta er skoðun manna þá tel ég alveg óhjákvæmilegt að það mál verði tekið upp og þingsköpin endurskoðuð á ný því það er stórhættulegt ef menn líta þannig á að það sé hægt að banna einstökum þingmönnum að tala við aðstæður eins og þessar.

Í öðru lagi er hitt ekki síður alvarlegt, hæstv. forseti, að það hefur verið upplýst hér að hæstv. fjmrh. hafi fengið umræðuna í hálftíma á fölskum forsendum. Hann hafi fengið umræðuna á þeim forsendum að hann ætlaði að gefa almenna yfirlýsingu um þau mál sem nefnd voru hér áðan, þ.e. tekjuskattsmál blaðburðafólks en hann ætlaði sér hins vegar aðallega að beina orðum sínum gegn hv. 8. þm. Reykn. Það er því alveg augljóst mál að hæstv. ráðherra hefur gefið hæstv. forseta upp falskar ástæður í þessu efni og ekki í raun og veru gert grein fyrir því af hverju hann þurfti að kveðja sér hljóðs. Tilefnið var það að hæstv. fjmrh. vildi gera árás á einn þingmann í salnum hvort sem þingmaðurinn væri hér eða ekki sem er hægt að álykta af þeim umræðum sem hér hafa farið fram.

[16:25]

Geir H. Haarde:

Virðulegi forseti. Ég kveð mér hér hljóðs vegna ummæla hv. 5. þm. Reykv. áðan um tilhögun umræðna hér. Mig langar til þess að fara með það sem segir í þingsköpum um samkomulagsmöguleika þingflokka að því er varðar umræður um tiltekin mál. Hér segir, með leyfi forseta, í 72. gr. þingskapa:

„Forseti getur þá, með samþykki allra þingflokka, ákveðið að ræðutími skuli vera annar en ákveðið er í 44., 48. og 50. gr. og hve lengi umræðan má standa."

Hér var farið eftir ákvæðum 50. gr. þannig að það er ljóst að þetta ákvæði á við.

Það segir jafnframt síðar í þessari grein þingskapanna: „Formenn þingflokka eru réttir aðilar gagnvart forseta að því er varðar lengingu ræðutíma, ... svo og breytingar samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar."

Það er því alveg ljóst að það eru formenn þingflokka sem hafa umboð til þess að semja fyrir hönd þingflokkanna um þetta mál og meðan menn eru þingmenn í ákveðnum þingflokkum þá á þetta ákvæði við um þá eins og aðra þingmenn og menn geta ekkert skotið sér undan því. (Gripið fram í.)

Hér segir hins vegar jafnframt og ég vil vekja athygli á því að ef ákvörðun er tekin um breyttan ræðutíma um slíka ákvörðun skal þó leita samþykkis þingfundar ef a.m.k. þrír þingmenn krefjast þess.

Ég minnist þess að við hv. 9. þm. Reykv. áttum orðastað um þetta atriði á sínum tíma þegar var verið að undirbúa þessi þingsköp. Þannig að ef menn vilja ekki una því sem um er samið sem formenn þingflokka sem réttir aðilar fyrir hönd þingflokkanna semja um þá geta menn borið það undir þingfundinn ef þeir fá einhverja tvo aðra þingmenn með sér til þess. (**Gripið fram í:** Þetta er rangt.) Nei, nei, áður en það er ákveðið. Það er ekkert vafamál. Ef menn vilja ekki una því samkomulagi sem tilkynnt er af forsetastóli að hafi náðst milli formanna þingflokka þá eiga menn rétt á því að bera það undir þingfundinn.

Hitt er annað mál að ef það er ekki gert og þegar samkomulag sem þetta er gert þá gildir það auðvitað um alla þingmenn sem aðild eiga að þingflokkum sem að slíku samkomulagi standa. Það gildir um hv. 5. þm. Reykv. eins og aðra þingmenn. Þó hann mæti ekki mikið á þingflokksfundi hjá okkur í Sjálfstfl. þá situr hann í nefndum á vegum þingflokksins í þinginu. Hann tekur þátt í alþjóðasamstarfi á vegum þingsins í nafni þingflokks sjálfstæðismanna og þess vegna gildir svona samkomulag um hann eins og aðra þingmenn Sjálfstfl.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti verður að biðja hv. þingmenn velvirðingar á því að það er farið að líða nokkuð á tímann sem þingflokkar hafa en vonast til að menn hafi biðlund því nú eru enn fjórir sem vilja gjarnan ræða um fundarstjórn forseta.

[16:28]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Hæstv. fjmrh. virðist vera fyrirmunað að segja satt í þessu máli. Hann hefur greinilega ekki sagt forseta þingsins satt og rétt frá því hvert væri hið raunverulega tilefni þess að hann bað um orðið utan dagskrár. Það er ekki rétt hjá honum að hann hafi reynt eins og hann gat að láta ná í mig í þinghúsinu vegna þess að ég var í þinghúsinu frá því klukkan rúmlega 12 þangað til rúmlega 2 og fékk engin boð frá einum eða neinum um það að þessi umræða ætti að beinast að mér. Og spurði þó hér í ræðustólnum um hvað umræðan ætti að snúast. Það var ekki fyrr en ég kom í þinghúsið kringum klukkan 3 að ég fékk boð frá fjmrh. um að hringja í hann. Siðvenja er hér í þinginu að áður en utandagskrárumræða er tilkynnt fari slíkar umræður fram.

Síðan vil ég segja við hæstv. fjmrh.: Ef það er þannig að hann hefur í einhverju undarlegu ástandi verið með yfirheyrslur í fjmrn. og gagnvart starfsmönnum skattstofanna í landinu um hver hafi sagt

hvað við hvern fyrir sex árum síðan og stjórnunarhættirnir eru virkilega orðnir í þessum dúr þá er rétt fyrir hæstv. fjmrh. að hugleiða það sem er þó kjarni málsins. Hver er ástæðan fyrir því að í sex ár hefur þessi skattur ekki verið innheimtur af blaðsölubörnum eða merkjasölubörnum? Hver er ástæðan fyrir því að skatturinn hefur ekki verið innheimtur í sex ár? Það er kjarni málsins. Hann ætti að spyrja embættismennina að því vegna þess að ef embættismennirnir segja

(**Forseti** (SalÞ): Tala um fundarstjórn.)

... að það hefði átt að innheimta hann allan þennan tíma þá eru þeir auðvitað um leið að segja að þeir hafi ekki sinnt sínum starfskyldum.

(**Forseti** (SalÞ): Tala um fundarstjórn.)

Ég er að gera það, virðulegur forseti, vegna þess að ég er að svara því sem hæstv. fjmrh. sagði hér undir þessum dagskrárlið fyrir örfáum mínútum síðan. Það væri nær fyrir ráðherrann að yfirheyra þá embættismennina.

Auðvitað er ástæða fyrir því að þetta hefur ekki verið framkvæmt í sex ár. Það er hin stóra staðreynd málsins að þessi innheimta á barnasköttum hefur ekki verið framkvæmd í sex ár. Ekki í þrjú ár á meðan ég var fjmrh. og ekki fyrstu þrjú árin í fjármálaráðherratíð núv. hæstv. fjmrh., er sú að sá skilningur var skapaður í samræðum á sínum tíma að það ætti ekki að gera þetta vegna hins sérstaka eðlis þeirrar vinnu barna að vinna sér inn lausafé með því að selja blöð eða selja merki. En vilji hæstv. fjmrh. upphefja einhver réttarhöld í málinu þá væri nær fyrir hann að spyrja að þessu. Ég skora því á hæstv. fjmrh. að gefa út ekki fréttatilkynningu um áframhaldandi skak í málinu heldur gefa út þá ákvörðun sína að skattkerfið á Íslandi eigi að halda áfram að framkvæma lögin með sama hætti og gert hefur verið í sex ár, fara ekki að breyta framkvæmd laganna nú.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill biðja hv. þm. að halda sig við efnið sem er fundarstjórn forseta.

[16:31]

Ragnar Arnalds:

Virðulegi forseti. Sem gamall blaðburðardrengur væri nú ánægjulegt að fá að ræða um meginefni þessarar umræðu í dag. En ég ætla að halda mig við fyrirkomulag umræðunnar og þær umræður sem um hana hafa sprottið. Ég sá strax og utandagskrárumræðan var boðuð að hér stefndi í óefni. Ég taldi að það væri mjög undarlegt að ekki sé nú meira sagt að ráðherra óskaði eftir utandagskrárumræðu í 30 mínútur, ætlaði sjálfum sér fimm mínútur til að gefa hér yfirlýsingu og síðan áttu þingmenn að fá tvær mínútur hver. Ég óskaði eftir því við hæstv. forseta að það yrði haldinn fundur þingflokksformanna þar sem þetta mál yrði nánar rætt því ég tel að þetta sé misbeiting á 50. gr. þingskapanna og var ekki að fara neitt í launkofa með þá skoðun mína á fundi þingflokksformanna hér í dag.

Ég tel að í tilvikum sem þessum þá sé alveg ljóst að um er að ræða munnlega skýrslu af hálfu ráðherra þar sem hann vill koma á framfæri greinargerð fyrir opinberu málefni með munnlegri skýrslu til Alþingis eins og segir í 45. gr., 3. mgr. Þá á að fara um þá umræðu eins og um sé að ræða skriflega skýrslu og hver þingmaður á þá að fá 15 mínútur til ráðstöfunar. Það hefði verið það eina eðlilega í þessu máli. Og ég vek á því athygli að í 50. gr. er ekkert minnst á það að ráðherrar gefi yfirlýsingar en þingmenn geta gefið yfirlýsingar. Það má spyrja sig að því hvort greinin rúmar það tilvik að þingmaður sem jafnframt er ráðherra sé að gera grein fyrir störfum sínum sem ráðherra undir þessum lið. Ég dreg það í efa enda er greinin alls ekki þannig orðuð og miðast öll við það að hér eigist við málshefjandi annars vegar og viðkomandi ráðherra hins vegar. Það er alveg ljóst af öllu tilefninu að hér var um að ræða munnlega skýrslu ráðherra og umræður á grundvelli þess.

Þessi skilningur minn naut hins vegar ekki nægilegs stuðnings á fundi þingflokksformanna og þegar virðulegur forseti þingsins bauð það fram til sátta að ráðherrann talaði fjórar mínútur og síðan einstakir þingmenn, einn frá hverjum flokki í fjórar mínútur og síðan í annarri umferð mættu allir tala tvær mínútur þá féllst ég á það sem málamiðlun og neyðarlendingu í þessu máli en ég held að málið í heild hljóti að gefa tilefni til þess að það sé nánar skoðað hvernig ráðherra kemur sjónarmiðum sínum á framfæri í umræðum af þessu tagi.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill að gefnu tilefni láta í ljós þá skoðun sína að það er nauðsynlegt að kanna nánar þetta ákvæði þingskapanna, upp á seinni tímann, hvort það þurfi ekki að skilgreina ýmis atriði þess betur. Ákvæði 50. gr. hefur verið túlkað rúmt. Það var upplýst hér áðan að tvisvar sinnum fékk þáv. hæstv. fjmrh. að vera með utandagskrárumræðu eins og hann óskaði þá eftir. (**ÓRG:** Ekki með þessum umræðutakmörkunum sem nú voru.) Það var utandagskrárumræða skv. 50. gr. en ég skil hvað þingmaðurinn er að tala um, það var lengri umræða skv. 2. mgr. Forseta er vel kunnugt um að það eru aðrir möguleikar í þingsköpum sem ráðherra hefur til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við þingið. Þetta var rætt á fundinum með formönnum þingflokka en þetta var nú sú ósk sem ráðherra lagði fram. Nú líður á fundartíma þingflokka og ég bið nú hv. þm. að taka tillit til þess.

[16:36]

Finnur Ingólfsson:

Virðulegur forseti. Ég held að það sé kannski fullseint að ræða um það eftir hvaða fyrirkomulagi þessi umræða átti að fara fram því henni er lokið. Það sem mér finnst hins vegar rétt að komi fram er það um hvað var samið milli formanna þingflokka og forseta þingsins. Það var ákveðið að umræðan færi fram á grundvelli 50. gr. þingskapanna og stæði í 30 mínútur. Síðan var samið um að á grundvelli 72. gr. yrði fyrirkomulag umræðunnar þannig að sá sem fyrr talaði fyrir hvern þingflokk fengi fjórar mínútur ásamt ráðherra og sá sem síðar talaði hefði tvær mínútur. Þetta átti að standa með þessu fyrirkomulagi í 30 mín-

útur. Nú er það hins vegar upplýst að umræðan stóð alls ekki í 30 mínútur heldur 25 mínútur. Það hefði verið eðlilegt að mínu viti að nota þær fimm mínútur sem eftir voru (**ÓRG:** Það var bara einn frá þingflokki Sjálfstfl.) bara einn frá þingflokki Sjálfstfl., það er rétt hv. þm., enginn frá þingflokki Alþfl. sem talaði en það hefði verið eðlilegt vegna þess að um það var samið að umræðan stæði yfir í 30 mínútur að leyfa þeim hv. þm. sem höfðu beðið um orðið að tala. Því um þetta tvennt, og það vil ég ítreka, var samið, lengd tímans í heild og fyrirkomulagið milli flokkanna.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill benda á að það er í „allt að hálftíma" sem gert er ráð fyrir að umræður standi. Þegar búið er að semja milli þingflokka um ræðutíma þá treystir forseti sér ekki til að gera upp á milli þingmanna. Það voru þrír aðrir þingmenn sem höfðu óskað eftir að taka til máls en féllu frá því þegar þeir sáu hvernig samið var. Þess vegna neitaði forseti að bæta við öðrum þingmanni frá einum þingflokki umfram aðra. Þetta var gert til að reyna að vera sanngjarn gagnvart öllum en það er stundum erfitt fyrir forseta að heppnast slíkt.

[16:38]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Mér finnst þetta nú tiltölulega einfalt mál. Þinghald hér hefur að vísu farið ofurlítið úr böndunum en ég lít svo á að ef formenn þingflokka gera samkomulag þá verði það að standa. Það verður ekkert skipulag á þinghaldi nema þingmenn virði það. Hins vegar verður líka að virða rétt einstakra þingmanna til að tjá sig. Ég sé ekki betur en þetta mál sé auðleysanlegt, þ.e. að efna bara á morgun til utandagskrárumræðu um skattastefnu ríkisstjórnarinnar eða barnaskattinn sérstaklega ef menn vilja það heldur eins og hv. þm. Ingi Björn Albertsson hefur þegar farið fram á. Ég vil styðja þá kröfu hans að það verði gert og það umræðu án tímamarka. Það hefur sýnt sig að þessar 30 mínútur duga ekki til að gera þessu efni fullnægjandi skil.

Hæstv. fjmrh. hefur lagt málið upp með þeim hætti að raunverulega kemur hann af stað umræðu sem gæti staðið í marga daga þess vegna, marga daga. Hann beinir spurningum til þingmanns sem er að vísu dálítið óvenjulegt því venjulega eru það þingmenn sem spyrja hæstv. ráðherra. En ég verð að segja eins og er að guð láti gott á vita. Ég tel að þetta sé fyrirboði þess að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson verði næsti fjmrh. og hæstv. fjmrh. verði óbreyttur þingmaður strax að loknum kosningum og hæstv. fjmrh. hafi gert þetta vegna þess að hann heyri hverjum klukkan glymur.

Frú forseti. Ég vil sem sagt eindregið leggja til að á morgun verði efnt til umræðu um skattastefnu ríkisstjórnarinnar það er ekki nóg að tala bara um barnaskattinn, það er ýmislegt fleira sem við höfum við skattastefnu ríkisstjórnarinnar að athuga en barnaskatturinn kemur þar inn í.

[16:41]

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Hæstv. forseti. Mér sýnist nú mál þetta vandast æðimikið þó mér sýnist nokkuð augljóst ef sleppt er öllum umbúnaði um hvað það snýst. Ég sé ekki betur en hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson og Ingi Björn Albertsson hafi rétt fyrir sér. Ég skal ekki fullyrða að svo sé en mér sýnist mjög einfalt að málinu verði frestað og síðan rætist úr því með einhverjum hætti.

Ekki er hægt að gera neina ólöglega hluti innan veggja Alþingis, það þarf a.m.k. að sannfæra okkur um að það sem gert er sé ekki lögbrot. Mér sýnist svo vera að þessir hv. þm. hafi rétt fyrir sér.

[16:42]

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég held að sá vandi sem hér er á ferðinni sé fyrst og fremst sök hæstv. fjmrh. en ekki virðulegs forseta þingsins. Til þess að þetta fari nú ekki allt úr böndunum vil ég benda á að það er afar óvenjulegt eins og hér er verið að gera tillögu um að fram fari utandagskrárumræða um mál sem þegar er í þinginu sem dagskrármál. Ég lagði hér í morgun fram fsp. á þskj. 220 sem er fsp. til fjmrh. um staðgreiðslu af launum blaðsölubarna. Ég tel þess vegna ekki minnstu ástæðu til að fara að efna til neinnar utandagskrárumræðu um það mál. Það mál kemur á dagskrá þegar hæstv. fjmrh. svarar. Hvort menn vilja efna til almennrar umræðu um skattastefnu ríkisstjórnarinnar (**ÓRG:** Fyrirspurnin er bara um tekjurnar, hún er ekki um framkvæmdina.) Vissulega er fyrirspurnin um tekjuauka ríkissjóðs af þessum sökum en ætli umræða færi nú ekki fram um málið í heild. Ég vil bara benda á að það er auðvitað takmörk fyrir því hvað hæstv. forseti getur við orðið við beiðnum um utandagskrárumræðum um mál sem þegar eru á dagskrá eða verða á dagskrá þingsins.

Útbýting þingskjala:

Vernd barna og ungmenna, 197. mál, stjfrv., þskj. 223.

Öryggi vöru og opinber markaðsgæsla, 198. mál, stjfrv., þskj. 224.

Út af dagskrá voru tekin 7.–10. mál.

Fundi slitið kl. 16:44.

32. FUNDUR

fimmtudaginn 10. nóv.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Atvinnu- og búseturéttur launafólks innan EES, stjfrv., 125. mál, þskj. 130. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Atvinnuréttindi útlendinga, stjfrv., 165. mál, þskj. 179. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Leigumálar og söluverð lóða og landa Reykjavíkurkaupstaðar, stjfrv., 177. mál, þskj. 194. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Náttúruvernd, stjfrv., 123. mál, þskj. 128. — 1. umr.
5. Skýrsla forsætisráðherra um Byggðastofnun 1993.

Fjarvistarleyfi:

Árni Johnsen, 5. þm. Suðurl.

Útbýting þingskjala:

Fræðsla í fjármálaumsýslu í skólum, 202. mál, fsp. RG, þskj. 228.

Gjaldþrot fyrirtækja, 201. mál, fsp. RG, þskj. 227.

Lausaganga búfjár, 199. mál, fsp. RG, þskj. 225.

Lausaganga búfjár á Reykjanesi, 200. mál, fsp. RG, þskj. 226.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Forseta hefur borist eftirfarandi bréf, dags. 9. nóv. 1994:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska þess að þar sem 1. varaþm. Sjálfstfl. í Reykjavík getur ekki vegna sérstakra anna tekið sæti á Alþingi, taki 2. varaþm. Sjálfstfl. í Reykjavík, Guðmundur H. Garðarsson, fyrrv. alþm., sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegi forseti.

Björn Bjarnason, 3. þm. Reykv."

Þá hefur enn fremur borist eftirfarandi bréf, dags. 9. nóv. 1994, til forseta Alþingis:

„Vegna sérstakra anna sé ég mér ekki fært að taka sæti Björns Bjarnasonar, 3. þm. Reykv., nú í tvær vikur sem 1. varaþm. Sjálfstfl. í Reykjavíkurkjördæmi.

Virðingarfyllst, Þuríður Pálsdóttir."

Guðmundur H. Garðarsson hefur áður tekið sæti á Alþingi og er hann boðinn velkominn til starfa.

Tilkynning um utandagskrárumræður.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Þá eru hér tilkynningar um utandagskrárumræður sem fara munu fram í dag. Það er í fyrsta lagi að beiðni hv. þm. Gunnlaugs Stefánssonar og beinir hann máli sínu til hæstv. sjútvrh. Umræðan fer fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapalaga, sem sagt hálftíma umræða. Umræðuefnið er málefni smábáta á aflamarki.

Þá mun enn fremur fara fram utandagskrárumræða að beiðni hv. þm. Jóhannesar Geirs Sigurgeirssonar og beinir hann máli sínu til hæstv. iðnrh. Umræðan fer fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapalaga, þ.e. hálftíma umræða. Umræðuefni er: Framtíð Kísiliðjunnar við Mývatn. (**Gripið fram í:** Klukkan hvað?) Já, forseta hefur láðst að taka það fram að fyrri umræðan fer fram kl. 12.30 og sú síðari kl. 13 og það er ekki reiknað með að gefa hádegisverðarhlé.

Þá vill forseti enn fremur taka fram að vegna umræðna sem fóru fram í gær utan dagskrár að frumkvæði hæstv. fjmrh., að það hefur orðið um það samkomulag milli hv. 5. þm. Reykv. Inga Björns Albertssonar og forseta, frú Salome Þorkelsdóttur, að sú umræða fari ekki fram í dag heldur síðar.

Athugasemdir um störf þingsins.

Hádegisverðarhlé.

[10:37]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það er góðfúsleg ábending til forseta. Mér finnst það vera slæmir siðir ef það á að fara að haga svo til hér á fimmtudegi þegar þingfundur byrjar kl. 10.30, að ekki sé gefið hádegisverðarhlé í einhverju formi. Mér finnst það mjög óskynsamlegt upp á svipinn á starfi þingsins að vera að hafa þetta samfellu og vildi biðja forseta um að endurskoða það.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Forseti hefur heyrt þessa athugasemd frá hv. þm. og mun hugsa sig um hvað þetta mál varðar.

[10:38]

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Svo háttar til að við fulltrúar í allshn. höfðum ákveðið að koma saman í hádegisverðarhléi til stutts en áríðandi fundar. Ég fæ ekki séð að ef hádegisverðarhlé verður fellt niður sé það hægt þannig að ég vil beina þessum góðfúslegu ábendingum til hæstv. forseta og vonast til þess að það verði hægt að ná um þetta einhverri sátt þannig að fulltrúar í allshn. geti bæði sótt þá þingfundi sem þeir þurfa og farið á þennan mikilvæga aukafund.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Forseti mun taka þetta til athugunar og tilkynna þá síðar um niðurstöðu en það hafði ekki verið reiknað með að gefa hádegisverðarhlé eins og kom fram.

Atvinnu- og búseturéttur launafólks innan EES, frh. 1. umr.

Stjfrv., 125. mál (ráðstöfun lausra starfa). — Þskj. 130.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:41]

Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, EgJ, EL, EM, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GHall, GÁ, GJH, HG, IBA, JÁ, JGS, JHelg, KHG, KÁ, KE, MI, PP, PBald, PBj, RA, RÞ, RG, SAÞ, SP, SJS, TIO, VS, ÖS.

30 þm. (ÁgG, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EKG, GB, GHG, GÁS, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, JE, JóhS, JBH, JónK, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PJ, SalÞ, SigG, SighB, StB, SvG, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Atvinnuréttindi útlendinga, frh. 1. umr.

Stjfrv., 165. mál (heildarlög). — Þskj. 179.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:41]

Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, EgJ, EL, EM, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GHall, GÁ, GJH, HG, IBA, JÁ, JGS, JHelg, KÁ, KE, MI, PP, PBald, PBj, RA, RÞ, RG, SAÞ, SP, SJS, TIO, VS, ÖS.

31 þm. (ÁgG, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EKG, GB, GHG, GÁS, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, JE, JóhS, JBH, JónK, KHG, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PJ, SalÞ, SigG, SighB, StB, SvG, VE, ÞorstP) fjarstaddur.

Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Leigumálar og söluverð lóða og landa Reykjavíkurkaupstaðar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 177. mál. — Þskj. 194.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:42]

Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, EgJ, EL, EM, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GHall, GÁ, GJH, HG, IBA, JÁ, JGS, JHelg, KÁ, KE, MI, PP, PBald, PBj, RA, RÞ, RG, SAÞ, SP, SJS, TIO, VS, ÖS.

31 þm. (ÁgG, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EKG, GB, GHG, GÁS, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, JE, JóhS, JBH, JónK, KHG, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PJ, SalÞ, SigG, SighB, StB, SvG, VE, ÞorstP) fjarstaddur.

Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Náttúruvernd, 1. umr.

Stjfrv., 123. mál (stjórn náttúruverndarmála o.fl.). — Þskj. 128.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Forseta hefur borist bréf, dags. 10. nóv. 1994, sem hljóðar svo:

„Með vísan til 3. mgr. 55. gr. laga um þingsköp Alþingis leyfi ég mér að óska eftir því fyrir hönd þingflokks Alþb. að umræðutími við 1. umr. um frv. um náttúruvernd verði tvöfaldaður þar sem um umfangsmikið mál er að ræða."

Undir bréfið ritar Ragnar Arnalds, formaður þingflokks Alþb.

Forseti hefur ákveðið að verða við þessari beiðni þannig að umræðutíminn er tvöfaldur.

[10:43]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um náttúruvernd, nr. 47/1971, ásamt síðari breytingum. Þetta frv. var lagt fram á 117. löggjafarþinginu en hlaut því miður ekki afgreiðslu.

Frv. þetta er að mestu samhljóða því frv. sem lagt var fram á síðasta þingi en þó hafa nokkrar breytingar verið gerðar. Við breytingarnar var tekið nokkurt mið af þeim athugasemdum sem Alþingi bárust við frv. og leitast við að skýra það og einfalda. Eitt meginmarkmið við breytinguna á frv. er að draga betur fram en áður sjálfstæði Náttúruverndarráðs og aðskilnað þess frá ríkisvaldinu.

Núgildandi lög um náttúruvernd eru frá 1971, en eru þó að stofni til mun eldri eða frá árinu 1956. Þó lögin hafi reynst með ágætum, eins og raunar er rakið ítarlega í athugasemdum með frv., hefur staðið til um langt skeið að endurskoða þau. Þetta gildir jafnt um stjórnkerfi náttúruverndarmála sem og hin almennu efnistriði frv.

Eftir að umhvrn. var sett á stofn árið 1990 var ljóst að það varð ekki lengur hjá því komist að endurskoða stjórnkerfi náttúruverndarmála. Ný löggjöf á sviði umhverfismálanna kallaði einnig á endurskoðun. Hér má nefna lög um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, lög um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur og alveg sérstaklega lög um mat á umhverfisáhrifum.

Í janúar 1992 skipaði þáv. umhvrh. nefnd til að endurskoða þætti náttúruverndarlaganna sem lúta hlutverki Náttúruverndarráðs og stjórn náttúruverndarmála.

Þegar ég tók við embætti um mitt ár 1993 þótti ljóst að nefndin mundi ekki ljúka störfum í bráð og þess vegna ákvað ég að leysa hana frá störfum og láta vinna þennan þátt endurskoðunarinnar í ráðuneytinu. Í ræðu sem ég flutti við setningu 8. náttúruverndarþings haustið 1993 setti ég síðan fram tillögur að breyttu stjórnkerfi náttúruverndarmála sem urðu grundvöllurinn að því frv. sem liggur hér fyrir til umræðu.

Við stofnun umhvrn. varð að móta stefnu um framtíðarhlutverk Náttúruverndarráðs. Af sögulegum ástæðum hefur ráðið mikla sérstöðu í ríkiskerfinu. Sam-

kvæmt lögunum frá 1971 var Náttúruverndarráð sjálfstætt, nánast ígildi ráðuneytis í náttúruverndarmálum. Það er fjölskipað stjórnvald þar sem náttúruverndarþing kýs sex fulltrúa í ráðið og ráðherra skipar formann án kosninga. Ríkissjóður fjármagnar rekstur ráðsins. Það heyrir undir ákveðin ráðuneyti og er sem slíkt rekið á ábyrgð ráðherra þó ráðherra hafi hins vegar afskaplega takmörkuð áhrif á ákvarðanir þess. Náttúruverndarráð er þess vegna í þeirri sérstöku aðstöðu að það sækir umboð sitt bæði til frjálsra félaga og ríkisins. Ráðinu er því í rauninni ætlað bæði að framfylgja stefnu ríkisstjórnar eins og hún er á hverjum tíma en jafnframt að móta sína eigin sjálfstæðu stefnu. Það sér auðvitað hver heilvita maður að þetta gengur ekki upp.

Markmið frv. er að breyta þessu að mörgu leyti þversagnarkennda hlutverki Náttúruverndarráðs og móta stjórnkerfi náttúruverndarmála þar sem umhvrn. gegnir eðlilegu hlutverki. Með frv., virðulegi forseti, er stefnt að því í fyrsta lagi að laga stjórnun þessa málaflokks að stofnun umhvrn. Í öðru lagi að styrkja stefnumótun um friðlýsingar og framkvæmd friðlýsinga. Í þriðja lagi að skapa grundvöll fyrir sjálfstætt og virkt Náttúruverndarráð. Í fjórða lagi að skilja ríkisrekstur frá annarri starfsemi Náttúruverndarráðs sem miðar að því að tryggja sjálfstæði þess gagnvart Stjórnarráðinu. Í fimmta lagi að samræma verksvið umhvrn. og stofnana þess og í sjötta lagi að samræma lög um náttúruvernd nýjum lögum um mat á umhverfisáhrifum, lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands og löggjöf á sviði mengunarvarna.

Samkvæmt frv. mun Náttúruverndarráð ekki sinna stjórnsýslu á vegum ríkisins eða bera ábyrgð á ríkisrekstri. Ráðið verður sjálfstæður en þó lögbundinn ráðgjafar- og umsagnaraðili á sviði náttúruverndar. Það er gert ráð fyrir því að Náttúruverndarráð móti sjálfstæða stefnu í náttúruverndarmálum og geti þar af leiðandi hvenær sem verkast vill gagnrýnt stefnu ríkisins í einstökum málum. Bakhjarl þess verður þó í náttúruverndarþingi þar sem fulltrúar frjálsra félaga, stofnana og sérfræðinga koma saman.

Í frv. er lagt til að sérstök stofnun, Landvarsla ríkisins, sem er að stofni til núverandi skrifstofa Náttúruverndarráðs, taki við þeim hluta af verkefnum Náttúruverndarráðs sem í dag falla undir ríkisrekstur. Þungamiðjan í náttúruverndarstarfi hinnar nýju stofnunar verður rekstur friðlýstra svæða og þjóðgarða. Auk þess mun hún sjá um undirbúning og framkvæmd þeirra friðlýsinga sem ráðist verður í. Landvarslan mun einnig taka við eftirlitshlutverki Náttúruverndarráðs.

Frv. er sjö greinar og ákvæði til bráðabirgða. Hver grein frv. tekur til hvers einstaks kafla í núgildandi lögum auk gildistökuákvæðis. Hver grein í frv. er því í raun samsafn margra greina. Langviðamest er 1. gr. frv. þar sem II. kafli núgildandi laga, stjórn náttúruverndarmála, er felldur brott og í stað greina 2–8 í núgildandi lögum koma þrettán nýjar greinar. Ég mun nú, virðulegi forseti, rekja efnisatriði 1. gr. frv.

Samkvæmt nýrri 2. gr. fer umhvrn. með yfirstjórn náttúruverndarmála. Ráðuneytið skal við mótun stefnu hafa samráð við Náttúruverndarráð, við bændur og aðra landnotendur, sveitarstjórnir og samtök áhugafólks eftir því sem við á.

Í greinum 3–8 er fjallað um Landvörslu ríkisins sem verður ríkisstofnun undir yfirstjórn umhvrn. Hlutverk stofnunarinnar verður umsjón með friðlýstum svæðum, þjóðgörðum og öðrum náttúruverndarsvæðum eftir því sem við á. Stofnunin hefur að auki umsjón með undirbúningi og framkvæmd friðlýsinga. Ég vil, virðulegi forseti, benda á prentvillu í nýrri 4. gr., en þar segir í lok 1. mgr., með leyfi forseta:

„...skv. 3. gr. laga þessara“ en á að vera: samkvæmt 33. gr. laga þessara, enda er verið að vísa í skilgreiningu á náttúruverndarsvæðum í 33. gr.

Friðlýsingar þjóna margvíslegum tilgangi og reisa mismiklar skorður við aðgengi ferðafólks. Í ljósi þess að eitt af markmiðum náttúruverndarlaganna er að auðvelda almenningi aðgengi að náttúru landsins er nauðsynlegt að kveða á um tengsl ferðaþjónustu og náttúruverndar. Virk náttúruvernd er í rauninni undirstaða ferðamála hér á landi og þykir æskilegt að samræma þessa tvo þætti betur en hefur verið gert. Landvörslunni ber að fylgjast með því að umferð ferðamanna valdi ekki raski né spjöllum á náttúru. Það er nýmæli í frv. að þeirri stofnun er gert að gefa ráðherra árlega skýrslu um ástand svæða í umsjón hennar. Aðstöðu þarf til að taka á móti ferðamönnum og gera tillögur til úrbóta. Stofnuninni er einnig gert, sem ég tel mikilvægt til lengri tíma litið, að meta stöðu ferðamála almennt frá sjónarmiði náttúruverndar.

Fræðsla er nátengd heimsóknum ferðafólks og því markmið að auðvelda fólki aðgang og kynni á náttúru Íslands. Fræðsla er í rauninni undirstaða virkrar náttúruverndar og markmiðið með slíkri fræðslu er í senn að kenna fólki betur að njóta töfra náttúrunnar og jafnframt að umgangast hana af virðingu og nærgætni. Þess vegna lít ég svo á að fræðsluhlutverk þessarar nýju stofnunar, Landvörslunnar, sé afar mikilvægt.

Ég vil sérstaklega minnast á það nýmæli að stofnuninni verður heimilt að setja á stofn gestastofur. Þar með verður sett í lög það lofsverða fordæmi Náttúruverndarráðs sem felst í uppsetningu gestastofa. Nú þegar hefur gestastofa verið opnuð við Gullfoss og gestastofa við Mývatn hefur einnig verið opnuð.

Á síðari árum hafa tengsl skipulagsmála og náttúruverndar orðið mönnum æ ljósari. Landvarslan skal sjá til þess í samráði við embætti skipulagsstjóra ríkisins og sveitarstjórnir að gerðar verði skipulagsáætlanir fyrir þjóðgarða, friðlýst svæði og önnur náttúruverndarsvæði í hennar umsjón. Þetta er afar mikilvægt fyrir framtíðarþróun svæðanna og tengsl þeirra við þau sveitarfélög sem þau eru hluti af. Ég vil því leggja sérstaka áherslu á samráð við sveitarfélögin varðandi gerð slíkra skipulaga.

Samkvæmt nýrri 5. gr. tekur Landvarslan við því eftirlitshlutverki sem Náttúruverndarráð hefur með höndum í dag. Hér er fyrst og fremst um að ræða eftirlit með því að náttúru landsins sé ekki spillt með athöfnum eða framkvæmdum sem brjóta í bága við náttúruverndarlög og eru verulegar breytingar gerðar á þeim hluta frv. sem fjallar um eftirlit með framkvæmd-

um. Í því frv. sem var lagt fram á síðasta þingi hafði Náttúruverndarráð þetta á sinni hendi, en það verður að teljast eðlilegra að ríkisstofnun eins og Landvarslan hafi slíkt hlutverk.

Allur undirbúningur framkvæmda hefur tekið miklum breytingum á síðustu missirum við gildistöku laga um mat á umhverfisáhrifum. Í þeim lögum er kveðið á um sjálfstæðan feril við undirbúning framkvæmda og úrskurð skipulagsstjóra. Það þótti því ekki ástæða til að kveða sérstaklega á um slíkt í þessu frv. Það er ekki gert ráð fyrir breytingu á því eftirliti sem Náttúruverndarráð hefur með höndum í dag þó að Landvarslan taki við því enda hefur það reynst ágætlega.

Í nýjum tveimur greinum sem merkt eru 6 og 7 er fjallað um stjórn og starfsmenn Landvörslunnar. Þar er lagt til að umhvrh. skipi Landvörslunni þriggja manna stjórn til fjögurra ára í senn. Hér er hins vegar um að ræða breytingu frá því frv. sem rætt var í fyrra. Þar var gert ráð fyrir tilnefningu ferðamálaráðs og Náttúruverndarráðs í stjórnina. Það kom fram mjög hörð gagnrýni á rétt ferðamálaráðs til að tilnefna mann í stjórn auk þess sem aðrir hagsmunaaðilar vildu þá einnig fá að skipa sinn fulltrúa í stjórnina. Því er sett fram sú lausn að ráðherrann skipi stjórn án tilnefningar, en jafnframt kveðið á um það að stjórnin gæti samráðs við ferðamálaráð, Náttúruverndarráð, að sjálfsögðu sveitarstjórnir, bændur og aðra landnotendur sem og samtök áhugafólks.

Samkvæmt frv. skipar ráðherra framkvæmdastjóra Landvörslunnar til fimm ára í senn að fengnum tillögum stjórnar. Hann ræður einnig þjóðgarðsverði til fimm ára í senn að fengnum tillögum stjórnar og þeir annast stjórn og daglegan rekstur þjóðgarða. Samkvæmt frv. fá þjóðgarðsverðir skýrari stöðu en þeir hafa í dag sem ég er sannfærður um að muni leiða til hagfelldari reksturs þjóðgarðanna.

Það er jafnframt nýmæli í frv. að ráðherra getur falið þjóðgarðsvörðum víðtækara eftirlits- og stjórnunarhlutverk á svæðum í sínum landshluta sem undir Landvörsluna falla. Það er hins vegar ekki gert ráð fyrir breytingu á stöðu landvarða frá því sem nú er.

Samkvæmt nýrri 8. gr. getur umhvrh. með samningum falið öðrum aðilum umsjón náttúruminja og friðlýstra svæða að þjóðgörðum undanskildum. Þetta á við um sveitarfélög, áhugasamtök um náttúruvernd, ferðafélög og einstaklinga. Ég tel nauðsynlegt að setja þetta ákvæði í lög þrátt fyrir að þetta sé í samræmi við reglugerð um náttúruvernd frá 1973. Það bætir framkvæmd þessara mála sem hefur ekki verið í nógu góðum farvegi að mínum dómi

Í frv. er skýrt tekið fram að í slíkum samningum verði kveðið rækilega á um réttindi og skyldur samningsaðila hvað varðar umsjón með svæðinu, mannvirkjagerð og aðrar framkvæmdir, landvörslu, menntun starfsmanna, móttöku ferðamanna, fræðslu og ráðstöfun tekna af gjaldtöku ef hún er leyfð. Landvarslan mun áfram fylgjast með slíkum svæðum og sjá til þess að aðilar fari að samningum um meðferð landsins.

Í 9. gr. er fjallað um náttúruverndarnefndir. Í fyrra frv. var gerð tillaga um að stækka umdæmi nefndanna. Það er að vísu fallið frá því í þessari gerð frv. vegna mikillar andstöðu sveitarstjórnarmanna og greinin er núna nær samhljóða 3. gr. náttúruverndarlaganna frá 1971.

Í 10. gr. er fjallað um náttúruverndarþing sem verður haldið annað hvert ár í stað þriðja hvert. Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á greininni frá fyrra frv. Í lögunum frá 1971 er löng upptalning á þeim sem hafa seturétt á þinginu. Slík upptalning í lögum getur eðli málsins samkvæmt aldrei verið fullnægjandi og því hefur verið gefin út reglugerð fyrir hvert náttúruverndarþing þar sem fulltrúar hafa verið tíundaðir nákvæmlega. Í frv. er fallið frá þessu fyrirkomulagi af tveimur ástæðum. Í fyrsta lagi er upptalning af þessu taginu að mörgu leyti óeðlileg í lögum þar sem félög og stofnanir taka breytingum í tímans rás. Í öðru lagi tel ég óeðlilegt að löggjafinn og ráðherra með reglugerð ákveði samsetningu náttúruverndarþings sem er ætlað að vera óháð stjórnvöldum. Þess í stað er kveðið á um þingið sem vettvang frjálsra félagasamtaka sem sinna náttúruverndarmálum, stofnana og fræðimönnum sem málið varðar. Það er gerð tillaga um það að Náttúruverndarráð semji reglur fyrir hvert náttúruverndarþing þar sem kveðið er á um rétt til setu á þinginu, kjörgengi, kosningarétt. Ef það rísa deilur ...

(**Forseti** (VS)**:** Forseti vill biðja um algjöra þögn í þingsalnum þar sem hæstv. umhvrh. hefur ekki mjög sterka rödd í dag.)

Virðulegi forseti. Mér er alveg sama þó að þessir hv. þm. haldi áfram sínum samræðum í þinginu. Það truflar mig ekki. (**Gripið fram í:** Við viljum gjarnan heyra.) Já, ef rödd mín er svo veik að hún nái ekki af núverandi styrk út til þingsins, þá bið ég forláts.

Virðulegi forseti. Ég var kominn þar sögu að ég var að greina frá því að það sé gerð tillaga um það í þessu frv. að Náttúruverndarráð semji reglur fyrir hvert náttúruverndarþing þar sem er kveðið á um rétt til setu á þinginu, kjörgengi og kosningarétt. Ef deilur rísa um þessar reglur þá skal vísa því til úrskurðar á þinginu sjálfu. Hlutverk umhvrn. verður þá það eitt að auglýsa reglurnar en að öðru leyti tekur ráðuneytið enga efnislega afstöðu til þeirra.

Í greinum 11 og 12 er fjallað um Náttúruverndarráð. Samkvæmt frv. verður hlutverk ráðsins verulega breytt frá því sem nú er. Það verður ekki ríkisstofnun í venjulegum skilningi þó ríkissjóður greiði laun framkvæmdastjóra, veiti framlag til reksturs skrifstofu og auk þess þóknun ráðsliða. Samkvæmt frv. verður Náttúruverndarráð skipað sjö mönnum, en í fyrra frv. var auk þess gert ráð fyrir tveimur tilnefningum í ráðið. Það var fallið frá þessum tilnefningum eins og fyrr var sagt.

Í frv. er lagt til að Náttúruverndarráð verði kosið á náttúruverndarþingi og þar með talinn sá formaður ráðsins sem ráðherra skipar í dag. Markmið frv. er að gera náttúruverndarþing og Náttúruverndarráð að sameiginlegum vettvangi allra þeirra sem vinna að náttúruvernd í landinu. Ráðið hefur ekki ákvörðunarvald í hinum fyrra skilningi en það hefur tillögu-, umsagn-

ar- og ráðgjafarhlutverk. Á þennan hátt er tryggður skilvirkur farvegur fyrir almenning til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri en virk starfsemi samtaka almennings er nauðsynleg til að vinna sjónarmiðum náttúruverndar brautargengi. Með því að skapa þessum samtökum lögformlegan rétt til áhrifa í gegnum náttúruverndarþing og Náttúruverndarráð er tekið undir þetta sjónarmið. Náttúruverndarráð kemur því ekki í staðinn fyrir þau frjálsu félög sem nú starfa víðs vegar á hinum haslaða velli náttúruverndar og því síður verður það í samkeppni við þau.

Hlutverk Náttúruverndarráðs samkvæmt frv. er að stuðla að almennri náttúruvernd í landinu og vera stjórnvöldum til ráðgjafar. Ráðið skal marka sér sjálfstæða stefnu í náttúruverndarmálum og gera náttúruverndarþingi, almenningi og stjórnvöldum grein fyrir henni. Það liggur í augum upp, virðulegi forseti, að ef slík stefna er vel unnin og skýr þá er erfitt fyrir stjórnvöld að sniðganga hana og Náttúruverndarráð hefur að sama skapi sterkari stöðu til að veita stjórnvöldum virkt aðhald, beita virkri gagnrýni. Í frv. kemur fram að lagt er til að álits ráðsins skal leitað á öllum stjfrv. og reglugerðum á sviði náttúruverndar. Til þess að tryggja betur þennan samráðs- og ráðgjafarrétt Náttúruverndarráðs þá er í frv. kveðið á um að a.m.k. tvo fundi á ári með umhvrh.

Náttúruverndarráð mun ekki hafa það vald til friðlýsingar sem felst í núgildandi lögum, en áhrif þess á friðlýsingar verða mikil eftir sem áður. Í frv. er gert ráð fyrir auknu vægi náttúruminjaskrár sem stefnumótandi tækis fyrir friðlýsingar og náttúruvernd. Náttúruverndarráð fjallar ítarlega um skrána áður en hún gefin út hverju sinni og það getur gert tillögur um verndunaraðgerðir og um friðlýsingar.

Samkvæmt nýrri 13. gr. annast Náttúruverndarráð vörslu friðlýsingarsjóðs. Í fyrra frv. var Landvörslunni falið þetta hlutverk. Hér er hins vegar fallist á tillögur Náttúruverndarráðs um sjóðinn, en tilgangur hans er að fjármagna einstök verkefni í þágu náttúruverndar.

Ný 14. gr. er efnislega samhljóða 5., 6. og 7. mgr. 7. gr. gildandi laga. Eina breytingin er að í stað Náttúruverndarráðs mun umhvrn. vinna að gróðurvernd ásamt Landgræðslu ríkisins og skógvernd ásamt Skógrækt ríkisins. Þetta verkefni ráðuneytisins er í samræmi við það samkomulag sem gert var þegar ráðuneyti umhverfismála var sett á laggirnar.

Virðulegi forseti. Ég hef hér lokið við að rekja efni hinnar viðamiklu 1. gr. frv. 2. gr. þess fjallar um III. kafla núgildandi laga, þ.e. greiðslu kostnaðar af framkvæmd laganna.

Í nýrri 16. gr. er fjallað um gjaldtöku af ferðafólki. Það er engin gjaldtökuheimild í lögunum frá 1971 og ég tel að það sé nauðsynlegt að taka af tvímæli hvað þetta varðar. Þetta er m.a. mikilvægt til að tryggja að gjaldtaka stangist ekki á við það markmið laganna að auðvelda almenningi umgang og kynni við landið og að ákvæði um almannarétt séu virt. Víða þurfa ferðamenn nú þegar að greiða fyrir veitta þjónustu á friðlýstum svæðum og þar nægir að nefna greiðslur fyrir tjaldstæði og aðgang að hreinlætisaðstöðu. Slík gjöld eru t.d. innheimt í þjóðgörðunum sem eru ríkisreknir og svæðum þar sem ferðafélög hafa byggt upp aðstöðu fyrir ferðamenn. Gjaldtaka þessi er hins vegar ekki nema að litlu leyti samræmd.

Samkvæmt 16. gr. verður umhvrh. heimilt, að fengnum tillögum Landvörslu ríkisins, að ákveða gjald fyrir veitta þjónustu í þjóðgörðum og í friðlöndum. Þessi heimild er þó bundin því skilyrði að það sé skilgreint vel hverju sinni hvað er verið að greiða fyrir. Þá verður ráðherra jafnframt heimilt að ákveða tímabundið gjald fyrir aðgang að náttúruverndarsvæðum, að fenginni umsögn Landvörslu ríkisins ef spjöll hafa orðið af völdum ferðamanna á viðkomandi svæði eða ef það er hætta á spjöllum. Um gjaldtökuna skal sú almenna regla gilda að tekjunum skuli varið til eftirlits eða framkvæmda á sama svæði og þeirra er aflað. Þessi regla er nauðsynleg til þess að tryggja það að gjaldtakan verði ekki notuð til almennrar fjáröflunar, afhent til ríkisins eða annarra aðila. Það hlýtur að teljast eðlilegt að tekjunum sé varið til uppbyggingar og rekstrar á sama svæði og þeirra er aflað, en fyrir því er engin trygging eins og málum er háttað í dag.

Virðulegi forseti. Það má geta þess að þessi gjaldtaka á sér vissa fyrirmynd í lögunum frá 1928 um helgistað á Þingvöllum, en þar segir, með leyfi forseta:

„Í reglugerð má ákveða að taka gestagjöld á Þingvöllum og verja því fé upp í kostnað við friðunina."

Virðulegi forseti. 3., 4. og 5. gr. frv. er að mestu aðlögun laganna að þeim breytingum sem eru lagðar til í 1. gr. Í stað þess að Náttúruverndarráð setji reglur, veiti leyfi og undanþágur, þá færist slíkt til umhvrh.

Viðamesta breytingin varðar friðlýsingar og náttúruminjaskrá. Eins og lögin eru í dag þá getur Náttúruverndarráð eitt friðlýst náttúruvætti, lífverur og friðlönd og stofnað þjóðgarða, þó að slíkar friðlýsingar taki að vísu ekki gildi án staðfestingar ráðherrans. Ráðherra hefur aðeins ákvörðunarvald eftir að Náttúruverndarráð hefur fjallað um málið og tekið sína ákvörðun. Það er hins vegar eðlilegt, tel ég, að umhvrn. sem æðsta stjórnvald á sínu sviði fari með friðlýsingarmálin. Samkvæmt frv. verður þó friðlýsingarferillinn þessi:

Umhvrh. getur friðlýst sérstæðar náttúrumyndanir ef telja verður mikilvægt að varðveita þær sakir fræðilegs gildis þeirra eða þess að þær eru fagrar eða sérkennilegar að mati Náttúruverndarráðs eða Landvörslu ríkisins eða Náttúrufræðistofnunar.

Umhvrh. getur að fenginni tillögu Náttúrufræðistofnunar Íslands friðlýst örverur eða jurtir sem miklu máli skipta frá náttúrufræðilegu sjónarmiði, enda er það hlutverk þeirrar stofnunar að véla um þær tegundir. Landsvæði sem er mikilvægt að varðveita sakir sérstaks landslags, gróðurfars eða dýralífs getur umhvrh. friðað í heild að fenginni umsögn Náttúruverndarráðs, Landvörslu ríkisins eða Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Umhvrh. getur, samkvæmt frv., lýst ákveðið landsvæði þjóðgarð. Nú er það svo að í gildandi lögum er tekið skýrt fram að þjóðgarðar skuli að jafnaði vera í ríkiseign. Því er haldið en hins vegar er það nýmæli

að finna í frv. að það er lagt til að svo þurfi ekki nauðsynlega að vera náist um það samkomulag milli umhvrn. og landeigenda. Þetta tel ég að gæti auðveldað stofnun þjóðgarða, gert þá sveigjanlegri heldur en núna er og þetta á sér visst fordæmi erlendis frá.

Frumkvæðið að friðlýsingum samkvæmt þessu frv. getur þá legið hjá umhvrh., Landvörslu ríkisins, Náttúrufræðistofnun, Náttúruverndarráði eða félagasamtökum og einstaklingum. Það eru með öðrum orðum mjög margir sem geta komið slíkum hugmyndum á framfæri og ég tel að þetta sé í anda þess lýðræðis sem við viljum starfa eftir og ég tel að þetta sé líka í anda þess að reyna að færa frumkvæðið á þessu sviði út til fólksins. Það er gert ráð fyrir því að Landvarslan hafi fyrst og fremst frumkvæði hvað varðar ferðamannastaði og útivistarsvæði almennings. Náttúrufræðistofnun sinnir fræðilegri hlið friðlýsinganna. Í frv. er líka kveðið á um það í 5. gr. að áður en ráðherra tekur fullnaðarákvörðun um friðun og friðunarákvæði þá skuli leita eftir áliti Náttúruverndarráðs.

Þetta ákvæði er mikilvægt til þess að tryggja það að Náttúruverndarráð geti komið sínum sjónarmiðum mjög skýrt á framfæri áður en friðlýsing er framkvæmd, er staðfest.

Til að styrkja friðlýsingarstarfið er nauðsynlegt að efla náttúruminjaskrána. Í frv. er gert ráð fyrir því að umhvrn. gefi skrána út, stjórni vinnslu hennar, en vinnan sjálf verði að mestu í höndum Náttúrufræðistofnunar og Landvörslunnar þar sem hið fræðilega atgervi liggur. Á náttúruminjaskrá skulu vera upplýsingar um öll náttúruverndarsvæði landsins og náttúrumyndanir, líf verur og vistkerfi sem friðlýst hafa verið eða æskilegt er að friðlýsa eða leggja undir fólkvanga og þjóðgarða.

Í framtíðinni er nauðsynlegt að náttúruminjaskráin verði mun ítarlegri og betur rökstudd heldur en núna. Þar kemur ekki síst til atbeini Náttúrufræðistofnunarinnar og síðar náttúrustofa úti í kjördæmunum sem munu hafa yfir að ráða hinum sérfræðilega mannafla og atgervi til verksins, en kemur að sjálfsögðu ekki í veg fyrir það að ráðuneytið leiti til annarra sérfræðinga ef þess gerist þörf. Náttúruverndarráð, félagasamtök eða einstaklingar geta líka gert tillögur um náttúruminjaskrána og ráðuneytið verður þá að svara slíkum tillögum innan fjögurra mánaða frá því að þær berast.

Virðulegi forseti. Ég hef í þessari ræðu minni lagt mikla áherslu á hið breytta hlutverk Náttúruverndarráðs og hvernig vald er fært frá Náttúruverndarráði til umhvrn. og þess vegna þykir mér afar miður að í elið 5. gr. frv. hefur slæðst sú meinlega villa að sagt er að Náttúruverndarráð ákveði friðlýsingu. Í samræmi við markmið frv. á að sjálfsögðu að standa „ákveði umhverfisráðherra" o.s.frv.

Í 6. gr. frv. er það nýmæli að kveðið er á um skýrslugerð starfsfólks Landvörslu ríkisins verði það vart við brot á lögunum eða reglum sem settar eru samkvæmt þeim. Þessar skýrslur koma að sjálfsögðu ekki í veg fyrir hefðbundnar lögregluskýrslur en gætu orðið hluti af þeim gögnum sem lögreglan mundi nýta. Tilgangurinn með þessu er sá að bæta rannsókn á brotum gegn náttúruverndarlögum, enda er það svo að slík brot eiga sér oft og tíðum stað langt frá byggð og því getur langur tími liðið þar til að lögregla kemst á vettvang.

Virðulegi forseti. Í þessu frv. felst róttæk uppstokkun á stjórnkerfi náttúruverndarmála. Þessi uppstokkun er að mínum dómi löngu tímabær. Ég tel að hún muni styrkja stefnumörkun og framkvæmdir ríkisins á þessu sviði. Ég tel líka að hún auki virkt lýðræði og ég legg til, virðulegi forseti, þegar ég hef lokið við að mæla fyrir þessu frv., að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. umhvn.

[11:10]

Kristín Einarsdóttir:

Frú forseti. Við ræðum hér frv. til laga um náttúruvernd. Það þarf ekki að fjölyrða um það, og þó, hversu mikilvæg umhverfismálin eru og hversu mikilvægt er að stjórnkerfið taki á þeim málum með viðunandi hætti. Það hefur sem betur fer orðið almenn vakning í þjóðfélaginu að því er varðar umhverfismál. Það hafa orðið breyttar áherslur og breytt viðhorf, þó ég telji að því miður hafi það ekki endurspeglast hér inni á Alþingi og ekki í Stjórnarráðinu eins og ég hefði viljað sjá.

Ef við horfum aðeins í kringum okkur þá hljótum við að viðurkenna að það stefnir í mikið óefni ef við lítum á heiminn í heild. Ef fram heldur sem horfir þá mun enda með skelfingu, ragnarökum, ég veit ekki hvort við eigum að kalla það það, en ástandið er orðið þannig að það verður að taka mjög ákveðið á. Því miður er efnahagsstefna heimsins ekki með þeim hætti að það virðist eiga að gera því það er enn horft á það að peningarnir skuli ráða og að hagvöxtur og sú hagvaxtastefna sem ríkt hefur í heiminum á greinilega að halda áfram. Þetta vil ég segja í tilefni þess að við erum, held ég, í fyrsta skipti á þessu þingi að ræða eitthvað um umhverfismál og er það vel að við skulum loksins gera það og ættum við auðvitað að gera miklu oftar.

Á sínum tíma lögðu kvennalistakonur gífurlega mikla áherslu á að stofna umhverfisráðuneyti. Við töldum að það mundi verða til þess að umhverfismálum yrði skipað hærra og yrði veittur veglegri sess í stjórnkerfinu og við vildum að umhvrn. hefði í raun sams konar stöðu innan stjórnkerfisins varðandi umhverfismál eins og fjmrn. hefur að því er varðar fjármál stjórnkerfisins. Þetta hefur því miður ekki orðið og sést best á því fjárlagafrv. sem við erum nú að fjalla um í þinginu að áherslurnar hafa breyst ákaflega lítið.

Þetta eru auðvitað mikil vonbrigði og þykir okkur kvennalistakonum slæmt að þurfa að horfa upp á það að umhvrn. skuli vera í stöðugri baráttu um meiri fjárveitingar og að við sem erum að reyna að ýta þar á fáum ekkert að gert.

Einnig eru það okkur mikil vonbrigði að ekki skuli vera hægt að setja yfir til umhvrn. þá málaflokka sem eðlilega eiga heima þar. Þetta vil ég segja hérna, virðulegi forseti, þó það tengist ekki nema óbeint þessu frv. því það er samt liður í því sem hér er verið að leggja

til, þ.e. breytingar sem eðlilega þarf að gera vegna þess að við erum komin með nýtt ráðuneyti. Við erum komin með umhverfisráðuneyti sem ekki var til áður. Þannig að þær breytingar sem þarf að gera í stjórnkerfinu eru auðvitað margar og þarf að gera miklu fleiri, en það sem hér er verið að reyna að gera er auðvitað eitt af því sem þarf að líta til, þ.e. stöðu Náttúruverndarráðs innan stjórnkerfisins og þar af leiðandi hlut umhvrn. í þeim verkum sem hafa verið hjá Náttúruverndarráði. En ég er ekki hins vegar alveg viss um að ráðherrann hafi hitt naglann á höfuðið með þessu frv. hérna. Og ég endurtek aftur, það þurfti að gera breytingar, en ég er ekki alveg viss um að það sé rétt að staðið eins og þetta frv. gerir ráð fyrir, því miður.

Ráðherrann minntist hér á nefnd. Það var gerð tilraun til að líta á endurskoðun á lögunum hér áður fyrr, reyndar ekki í hans ráðherratíð, það var í tíð fyrri ráðherra og þar voru tilnefndir ýmsir aðilar til að endurskoða lögin og m.a. var fulltrúi Kvennalistans, Sigrún Helgadóttir, í þeirri nefnd en ráðuneytið taldi ekki ástæðu til þess að halda áfram með þá vinnu. Ég skal ekki leggja dóm á það. Ég sjálf kom ekki þar að en mér finnst hins vegar ekki gott að ráðuneytið skuli eitt koma að þessum tillögum. Það kemur reyndar ekki fram hvaða aðilar það eru í ráðuneytinu, það skiptir í sjálfu sér ekki máli, það er á ábyrgð ráðuneytisins sem þetta frv. er samið og það kemur ekkert fram í samvinnu við hverja eða hvort það hafi yfirleitt verið reynt að taka tillit til sjónarmiða aðila en það er ekki tekið annað fram hér en þetta hafi eingöngu verið unnið innan ráðuneytisins.

Á 117. löggjafarþingi var frv. lagt fram með sama heiti. Því var líka vísað til umhvn. og það var ekki afgreitt frá nefndinni. Nefndin sendi frv. til umsagnar en vegna mikilla anna hjá nefndinni við önnur frumvörp þá tókst okkur ekki að fara yfir umsagnir eða vinna neitt sérstaklega úr þeim. Við vorum aðeins byrjuð á því, þ.e. formaður, undirrituð, ásamt starfsmönnum nefndarinnar og starfsmönnum Alþingis og vorum búin að vinna aðeins úr umsögnum sem ekki voru teknar fyrir í nefndinni. Við vorum hér með mjög stór mál í fyrra, þ.e. bæði dýraverndarmál og svokallað villidýrafrv. eða vernd og veiðar á villtum dýrum og gátum þar af leiðandi ekki komið að því. En nú þegar við skoðum þetta frv. þá er búið að gera á því verulegar breytingar svo að það er erfitt að nota það sem við höfum verið vinna að. Ég á erfitt með að sjá og gat ekki séð hvorki á þessu frv. né á ræðu ráðherrans hvers vegna valið hefur verið að gera verulegar breytingar. Í markmiðsgreininni eða það sem talið er markmið þessara breytinga á lögum um náttúruvernd sem koma fram á bls. 9 í greinargerðinni og hæstv. ráðherra gerði grein fyrir hér áðan, þá er ein af ástæðunum sem er dregin fram er að það eigi að skilja ríkisrekstur frá annarri starfsemi Náttúruverndarráðs og tryggja sjálfstæði gagnvart Stjórnarráðinu. Þessu hygg ég að flestir geti verið sammála og ég er alveg sammála því markmiði og eins að skapa grundvöll fyrir sjálfstætt og virkt Náttúruverndarráð. Það getur verið umdeilt því að margir eru algerlega á móti Náttúruverndarráði. Ég er ekki ein af þeim og hefði þess vegna talið að þetta markmið væri mjög gott og gilt. Síðan er að samræma verksvið umhvrn. og stofnana þess og samræma lög um náttúuvernd og lög um umhverfisáhrif að öðrum lögum og síðan að styrkja stefnu friðlýsingar og framkvæmd friðlýsingar. Þetta er allt mjög gott og gilt og þá veltir maður fyrir sér þegar maður les þetta frv. hvort þessum markmiðum verði náð með þessu frv.

Þegar litið er á þetta þá kemur aðalbreytingin að mínu mati fram á bls. 9 í athugasemdum með frv. þar sem segir, með leyfi forseta: „Lagt er til að sérstök stofnun, Landvarsla ríkisins, sem að stofni til er núverandi skrifstofa Náttúruverndarráðs, taki við hluta af verkefnum Náttúruverndarráðs.“ Mér finnst að þarna sé einmitt kjarninn, þ.e. að Landvarsla ríkisins verði að stofni til núverandi skrifstofa Náttúruverndarráðs þannig að í raun og veru er meginbreytingin sú að það er verið að skipta um nafn á Náttúruverndarráði auk þess sem mér sýnist að önnur breyting sem er auðvitað mjög veigamikil frá núgildandi lögum, þ.e. að að verði sett þriggja manna stjórn, þannig að Náttúruverndarráð verði ekki skipað eins og það er núna. En eins og kemur fram í e-lið 1. gr. sem verður 6. gr., með leyfi forseta: „Ráðherra skipar Landvörslu ríkisins þriggja manna stjórn, þar af formann sérstaklega, til fjögurra ára í senn og ákveður stjórnarlaun“ eins og þar segir, þ.e. að stjórnin verði skipuð án tilnefningar. Það sem gerist er því að Landvarsla ríkisins tekur yfir hlutverk Náttúruverndarráðs að mestu leyti og stjórnin verði skipuð án tilnefningar af ráðherra.

Ég er ekki alveg sátt við þetta fyrirkomulag. Ég á svo sem ekki að segja það að þessi þriggja manna stjórn þurfi endilega að vera einhverjir sérlegir fulltrúar ráðherrans en það er eitt af því sem ég vildi spyrja hæstv. ráðherra að: Hvernig lítur hann á þessa stjórn? Nú hefur verið talað um það af ráðherrum núna nýlega þegar verið er að skipa í stjórn og minni ég á stjórnir sem hæstv. heilbrrh. hefur verið að skipa í, sjúkrastjórnir og annað, hann lítur svo á að fulltrúar í stjórn sem hann skipar séu sérlegir fulltrúar hans. Ef það er það sama sem litið er á með þetta þá hlýtur það að vera umhugsunarefni í fyrsta lagi hvort það sé rétt að yfir slíkum málaflokki skuli skipuð þriggja manna stjórn sem sé eingöngu fulltrúar ráðherrans, enginn í stjórn sé tilnefndur af neinum öðrum aðilum. Og ef það verður ofan á hvort það sé þá þessi fjögur ár hvort ráðherrann hugsi sér að það sé meðan hann situr, þ.e. fjögur ár meðan viðkomandi ríkisstjórn situr og ef það er hugsunin á bak við þetta, þá þyrfti að breyta þessu þannig að hver ráðherra skipar. Þetta þarf að hugsa dálítið í samhengi ef maður hugsar um hlutverkið. Svo að ég taki það fram, þá er ég ekki alveg sátt við að þetta skuli vera svona þriggja manna stjórn án tilnefningar í fyrsta lagi. En ef það verður valið, þá finnst mér að það verði að hugsa hvort það verði þá ekki við hver ráðherraskipti eins og er í öðrum lögum. Þetta finnst mér þurfa að taka til athugunar sérstaklega.

Ég vil einnig benda á að það hafa komið nokkuð margar athugasemdir við nafnið „Landvarsla ríkisins“. Það finnst mörgum það neikvætt orð og hafa bent á

ýmislegt annað. Ég ætla ekki að taka afstöðu til þess. Mér finnst sjálfri ekki neitt neikvætt við „Landvarsla ríkisins", en ég hef heyrt að það eru mjög margir sem benda á að það geti orðið ruglingur við Landgræðsluna. Það var reyndar ein athugasemd frá landgræðslustjóra um það. En hins vegar eru aðrir sem telja að þetta virki eins og þetta sé nokkurs konar lögregla eða þess háttar. Ég vil varpa þessu fram til umhugsunar vegna þess að þetta er eitt af því sem mjög margir benda á og hafa bent mér á að við þyrftum að athuga í þinginu hvort ekki væri rétt að breyta um nafn á þessu fyrirbæri sem Landvarslan er. Ég hygg að þetta nafn sé upphaflega komið frá Náttúruverndarráði, þó er ég ekki alveg viss um það. Þetta er nú atriði sem ég vildi spyrja ráðherrann hvort hann hafi hugleitt, hvort þetta væri endilega rétta nafnið, hvort við ættum ekki að reyna að finna eitthvert annað nafn, því að ég sé að þau rök sem komið hafa geta alveg átt rétt á sér. En eins og ég segi, þetta er kannski ekki stórmál, þetta er kannski atriði sem þarf bara að skoða frekar í nefndinni.

En eins og ég segi, mér sýnist að þarna sé Landvarslan látin taka yfir meiri hlutann af því eða nánast allt það hlutverk sem Náttúruverndarráð hafi á sinni könnu og er ég ekki alveg viss um að það sé rétt að gera það vegna þess að eitt af því sem var tilgangurinn var að aðskilja ríkisrekstur frá t.d. eftirliti, frá fræðslunni eða mínu mati, þá ætti það að vera gert. Tökum sem dæmi að það er ekki gert ráð fyrir því að Landvarslan sé rekstraraðili, þ.e. þjóðgarðanna og friðlýsta svæðisins ef um það er að ræða, hún hlýtur að þurfa að hafa eftirlit með þeim aðilum sem hugsanlega taka að sér rekstur á friðlýstum svæðum ef um það væri að ræða því að það er gert ráð fyrir því í frv. að það geti verið og reyndar er það gert að hluta til núna. Það eru aðilar sem taka að sér rekstur vissra svæða og þá þarf Landvarslan væntanlega að hafa eftirlit með þeim aðilum og síðan er líka gert ráð fyrir að Landvarslan hafi með höndum menntunarmál eða fræðsluna sem ég hefði haldið að ætti frekar að vera hjá Náttúruverndarráði ef við gerum ráð fyrir að Náttúruverndarráð hafi eitthvert hlutverk í þessu kerfi.

Á síðasta löggjafarþingi var gert ráð fyrir því í frv. að það væru eftirlitsmenn Náttúruverndarráðs í hverjum landsfjórðungi. Ég hefði haldið að þetta væri mjög mikilvægt atriði, að það væru eftirlitsmenn í hverjum landsfjórðungi a.m.k. og hefði reyndar talið að þyrftu að vera í hverju kjördæmi. Það er eitt af því sem bæði þeir sem hafa verið við þessa vörslu og fleiri hafa bent á að það ætti frekar að efla þetta, þ.e. fjölga þeim. Það var meðal þeirra athugasemda sem við fengum á síðasta löggjafarþingi þannig að ég tel mjög hæpið að fella niður hlutverk þessara eftirlitsmanna úti á landi, úti kjördæmunum eða landsfjórðungunum eftir því hversu menn velja marga eftirlitsmenn. Ég tek eftir að það er auðvitað gert ráð fyrir að t.d. þjóðgarðsverðir geti tekið þarna yfir ákveðið eftirlitshlutverk en þeir geta aldrei tekið við öllu því hlutverki sem allir þessir eftirlitsmenn hafa haft með höndum úti um landið. Ég tel að það þurfi að skoða þetta aðeins betur og vil reyndar spyrja af hverju valið var að fella niður — nú er hæstv. ráðherra horfinn, ég vona að hann heyri mál mitt af því að ég hefði viljað spyrja hérna um eitt atriði. Ég þyrfti að fá aðeins betri skýringu á því hvers vegna er ákveðið að leggja niður eftirlitsmannakerfið hjá Náttúruverndarráði sem er samkvæmt 14. gr. eins og gert var ráð fyrir í fyrra. Ég heyrði ekki rök fyrir því af hverju var valið að fella það niður því að ég hefði einmitt talið þurfa að efla það frekar, það eftirlitskerfi. Síðan er gert ráð fyrir að Náttúruverndarráð hætti að fjalla um lögbundið mat á umhverfisáhrifum eins og gert er ráð fyrir í núgildandi lögum og lögð var áhersla á að það mundi ekki falla brott og ráðherrann minntist á að Landvarsla ríkisins ætti, ef ég heyrði rétt, að hafa það með höndum. Ég tel að Landvarsla ríkisins sé komin með allt of mikið hlutverk. Hún er komin með svo margþætt hlutverk að ég átta mig ekki á hvers vegna þessi leið er valin og þar hefði ég þurft að fá örlítið betri rök hjá hæstv. ráðherra fyrir einmitt þessum breytingum. Ef ég heyrði rétt, þá sagði ráðherrann eitthvað á þá leið að þetta þætti eðlilegt, en ég þyrfti að fá örlítið betri skýringu á því.

Ef horft er á hlutverk Náttúruverndarráðs í þessu frv., þá er hlutverk þess í raun og veru orðið ákaflega lítið og rýrt. Samkvæmt frv. hefur það umsagnarrétt og það á að vera mikilvægur aðili í stefnumótun eins og talað er um. Það á að vera stjórnvöldum til aðhalds og eins og ég las upp hér áðan úr frv., þá á það að vera sjálfstætt og virkt eins og það kemur fram. Ég á ákaflega erfitt með að sjá hvernig það á að geta átt sér stað ef ekki á að tryggja neitt fjármagn til Náttúruverndarráð því til þess að vera sjálfstæður og til þess að vera virkur þá þarf maður að hafa peninga. Því miður er það þannig að við erum öll háð því að hafa eitthvert fé til að geta stundað einhverjar aðhaldsaðgerðir og eitthvert aðhald varðandi náttúruna. Það er ekki bara það heldur finnst mér líka skipta mjög miklu máli ef Náttúruverndarráð á að hafa þarna eitthvert vægi þá verður það að hafa einhver ákvæði í lögum sem gera það að verkum að það geti haft einhver áhrif á það sem verið er að gera. Það sé ég ekki að það geti gert. Það getur sagt: Þetta er slæmt og þetta er ómögulegt, en hvað svo? Það tel ég að gangi ekki upp ef meiningin er að það eigi að vera með þannig hlutverk og hafa eitthvert vald.

Mér sýnist að það sé snyrtilega verið að leggja niður Náttúruverndarráð og það er kannski e.t.v. tilgangurinn og þá er best að segja það ef það er tilgangurinn og það væru sjálfsagt margir ánægðir með það því það eru margir sem hnýta í Náttúruverndarráð og það er eins og ég segi að ég tek ekki undir það þó ég geti gagnrýnt ýmislegt hjá Náttúruverndarráði þá vil ég ekki leggja það niður. Ég tel að það geti haft mikilvægu hlutverki að gegna. Svo þarna finnst mér vera nokkuð mikill munur á því sem sagt er og því sem fram kemur í frv. þegar grannt er skoðað.

Við getum væntanlega lengi deilt um þessi atriði, þ.e. hvernig þessu eigi að vera fyrir komið, hvað á að heita hvað og hvort Náttúruverndarráð eigi að vera til staðar. Ég tel að það eigi að vera virkt og sjálfstætt

náttúruverndarráð en það verður að hafa fjármagn og eitthvert hald í lögum til að hafa eitthvert vægi. Það er ekki hægt að það sé einhver nefnd eða ráð úti í bæ sem raunverulega hefur ekkert að segja og ekkert að gera, þá er jafngott að taka skrefið til fulls og leggja það niður. Ég tek það enn og aftur fram að ég er ekki að mæla með því en mér sýnist á þessu að það er raunverulega tilgangurinn og þá verður það bara að koma fram hjá hæstv. ráðherra ef það er meiningin.

Ég held ég fari ekki að svo komnu máli frekar ofan í einstakar greinar frv. Það er svona „smotterí" sem ég hefði viljað spyrja um og það er kannski bara mín vanþekking sem gerir það að verkum að þegar ég ber saman frv. frá því á 117. löggjafarþingi og núna, ef við tökum t.d. 3. gr. þá er tekið fram í 3. gr. frv. eins og það leit út á 117. löggjafarþingi, með leyfi forseta:

„Landvarsla ríkisins er sjálfstæð ríkisstofnun sem heyrir undir umhverfisráðuneytið."

Nú er þetta „sjálfstæð" fallið brott. Ég átta mig ekki á hver munurinn þarna er á. Það hlýtur að vera einhver tilgangur með þessu úr því að þetta er fellt brott. Kannski skiptir þetta engu máli en ég hefði gjarnan viljað spyrja. Ég rak augun í þetta og fannst að það væri einhver tilgangur með þessu og vil þess vegna spyrja ráðherrann um einmitt þetta atriði.

Ég verð að segja það einnig að ég tel að ákvæði bliðar 3. gr., þar sem talað er um akstur utan vega, vera allt of veik í þessu frv. og þurfi að herða það nokkuð. Það þarf að taka á akstri utan vega. Mér finnst orðalagið eins og það er þarna of veikt. Það er auðvitað hægt að styrkja það en það vil ég segja hér og nú að ég tel að þau gífurlegu spjöll sem unnin hafa verið með akstri utan vega séu þess eðlis að það þurfi að taka þarna fast á. Þess vegna vil ég segja það við þessa umræðu.

Almennt vil ég segja um þær greinar sem hérna eru á eftir að þar er víða bætt inn að Náttúrufræðistofnun Íslands eigi ásamt Náttúruverndarráði að koma með ýmsar tillögur. Ég ætla ekki að fara að tíunda þær sérstaklega. Það má svo sem taka hérna eitt dæmi. Það er það sem hæstv. ráðherra minntist einnig á varðandi 22. gr. um friðlýsingar þar er talað um að þar komi að bæði Landvarsla ríkisins og Náttúrufræðistofnun Íslands og það gildir reyndar um fleiri staði og eins og ráðherrann orðaði það hér áðan eitthvað á þá leið að það væri þar sem hið fræðilega atgervi liggur, ef ég tók rétt eftir og auðvitað liggur þar mikið fræðilegt atgervi. Ég vil bara benda á að það eru fleiri stofnanir sem hafa slíkt fræðilegt atgervi. Ég get t.d. bent á Háskóla Íslands, bæði líffræðiskor og náttúrufræði, landfræði, jarðfræði og ýmislegt fleira þannig að ég tel að svona takmörkun við eina stofnun geti víða verið slæm, það þurfi að hafa þetta víðara, því varðandi friðlýsingar, fræðilegan bakgrunn og annað getur verið nauðsynlegt að leita til annarra stofnana ekki síður en Náttúrufræðistofnunar Íslands. Þannig að ég tel að það þurfi að athuga það og vil spyrja ráðherrann hvort hann telji einhverja meinbugi á því eða eitthvað sem er athugavert við að breyta t.d. þessum atriðum. (**Umhvrh.:** Til dæmis hverju?) Varðandi það að fleiri fræðilegir aðilar komi að. Þarna er þetta alltaf takmarkað við Náttúrufræðistofnun Íslands, t.d. er gert ráð fyrir því að Náttúrufræðistofnun Íslands komi með tillögur að því er varðaði örverur og fleira þess háttar. Nú hefur t.d. Náttúrufræðistofnun Íslands ekki verið á því sviði bara sem dæmi heldur hafa aðrar stofnanir verið aðallega með rannsóknir á sviði örverufræði. Þess vegna fyndist mér miklu eðlilegra að það væri ekki bundið endilega á þennan hátt inni í lögunum að Náttúrufræðistofnun Íslands ein geri tillögur að því er varðar friðlýsingar t.d. eins og þetta er sérstaklega tekið fram. Þetta er kannski bara eitt dæmi en þetta getur algjörlega átt við víðar þar sem um er að ræða friðlýsingar t.d. á náttúruminjum almennt sem ekki endilega Náttúrufræðistofnun Íslands hefur fræðilega þekkingu á. Þótt hún hafi mjög víðtæka fræðilega þekkingu þá tel ég að þarna sé eðlilegt að þetta sé eitthvað víkkað út eða alla vega skoðað hvort það sé ekki rétt að gera það.

Í frv. er gert ráð fyrir að þjóðgarðar þurfi ekkert endilega að vera í ríkiseign. Þetta finnst mér að þurfi að athuga sérstaklega því þarna er að mínu mati farið út á braut sem ég er ekki alveg viss um að gangi upp þó ég vilji ekki hafna því alveg án athugunar. En ég tel að meginreglan eigi að vera sú að þjóðgarðar séu í ríkiseign og tel það raunverulega algjöra forsendu og kom mér þess vegna nokkuð á óvart að það væri gert ráð fyrir þessu atriði. Þetta var reyndar í frv. í fyrra líka ef ég man rétt. Þannig að ég vildi áskilja mér allan rétt til að athuga þetta nokkuð nánar því þetta held ég að sé ákaflega erfitt og gangi illa upp. En eins og ég segi ég ætla ekki að hafna því við fyrsta umgang því það á ég eftir að athuga nokkuð nánar.

Frú forseti. Það sem er kannski alvarlegasti þátturinn í þessu frv., og þó kannski ekki beinlínis í frv. því það er það sem kemur fram í fskj. með frv., er umsögn fjmrn. við þetta frv., lokamálsgreinin, ef ég má lesa það upp, með leyfi forseta: „Umhverfisráðuneytið fyrirhugar að standa þannig að framangreindum breytingum á framkvæmd náttúruverndar að starfsemin rúmist innan ramma núverandi fjárveitinga. Ráðuneytið hefur jafnframt ákveðið að ef lögin komi til framkvæmda verði gerð úttekt á Náttúruverndarráði og Landvörslunni sem miði að því að tryggja það markmið með endurskipulagningu og hagræðingu í rekstri."

Þarna er sem sagt gert ráð fyrir því að ekkert meira fjármagn fari til þess þó verið sé að skipta hlutverki Náttúruverndarráðs í tvær aðskildar stofnanir að því er sagt er og það er gert ráð fyrir því í frv. að það sé veitt til þess fjármagn á fjárlögum að það verði einn framkvæmdastjóri hjá Náttúruverndarráði auk skrifstofunnar og síðan hlýtur að þurfa að reka aðra skrifstofu fyrir Landvörsluna og með þeim starfsmönnum sem þar þarf. Og eins og við sem höfum fylgst hér með vitum þá hefur á hverju ári eða svo lengi sem ég hef fylgst með allt of lítið fjármagn verið veitt til Náttúruverndarráðs miðað við það lögbundna hlutverk sem því er ætlað. Þess vegna finnst mér í raun að þarna sé farið út á mjög hættulega braut að vera að gera verulegar breytingar á því að flytja verkefni yfir til Landvörsl-

unnar og á sama tíma í raun verið að draga úr starfseminni.

Þetta tel ég, frú forseti, vera ákaflega alvarlegt mál. Að við séum að fjalla um breytingar sem að mörgu leyti eru nauðsynlegar, það er nauðsynlegt að gera breytingar þó ég sé ekki viss um að þetta sé endilega nákvæmlega rétta leiðin en það má auðvitað laga en að þá eigi ekkert aukið fjármagn að veita í þennan málaflokk og þessar breytingar því ég sé ekki hvernig í ósköpunum Landvarsla ríkisins á að geta tekið yfir öll þau verkefni sem Náttúruverndarráð hefur með höndum, eftirlit, fræðslu og rekstur þjóðgarðanna og allt þetta sem gert er hér ráð fyrir og í raun með minna fjármagni því að Náttúruverndarráð er áfram með sjálfstæða skrifstofu sem er þó bara með einum manni sem verður auðvitað mjög bitlaust. Þannig að ég tel nú að þarna sé mjög margt að athuga og það getur verið vandasamt að standa að breytingum með þessum hætti ef ekki er gert ráð fyrir að efla um leið þá starfsemi sem þarna hefur farið fram að einhverju leyti og allt of litlu leyti auðvitað vegna fjárskorts en þyrfti að efla verulega.

[11:42]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég ætla hér að fjalla um viðhorf til þessa frv. og ýmissa þátta sem tengjast því. Ég get tekið undir með hv. síðasta ræðumanni að það skortir allverulega á að umhverfismálin fái þá athygli hér á Alþingi Íslendinga og hjá stjórnvöldum sem þau verðskulda. Það er auðvitað afskaplega mikið áhyggjuefni hversu mikið ósamræmi er á milli góðra orða í hátíðarræðum, yfirlýsinga á stórum þingum, bæði hérlendis og ekki síður erlendis og framkvæmdar í reynd. Mér er þá auðvitað ofarlega í huga ráðstefnan í Ríó sem haldin var 1992 og þær sterku aðvaranir sem þar féllu af hálfu fulltrúa þjóða heims og af hálfu leiðtoga þjóða heims um þá miklu vá sem augljóslega væri fram undan nema þjóðir heims styngju við fæti og næðu sameiginlega að sporna við þeirri þróun sem er í fullum gangi með eyðingu auðlinda, spillingu umhverfis með mengun og fjölgun jarðarbúa í þeim mæli að það herðir á öllu öðru sem vinnur gegn umhverfinu, annars vegar vegna fátæktar og umkomuleysis vaxandi fjölda fólks í heimsbyggðinni og hins vegar vegna hinnar miklu ágengni hinna svokölluðu ríku þjóða sem betur eru staddar á auðlindir jarðar.

Ég minni á það, virðulegi forseti, að á ráðstefnunni í Ríó dró framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna í ávarpi sínu málin upp með þeim hætti að menn hefðu ekki mjög langan tíma til stefnu til róttækrar breytingar í þessum efnum. Hann talaði um seinni hluta þessa áratugs. Það er auðvitað alveg ljóst að því lengur sem það dregst að stinga við fæti í þessum efnum þeim mun erfiðara verður viðfangsefnið, þeim mun harðari verður kreppan sem bíður fram undan í þessum málum.

Við Íslendingar þurfum eins og aðrar þjóðir að horfa framan í þessa váboða sem þarna eru, þessar blikur á himni, þessar alvarlegu blikur og leitast við með okkar kröftum og okkar hlut, sem auðvitað er ekki sá sem sköpum veldur alþjóðlega séð, en hér þurfa allar þjóðir að reyna að leggjast á eitt.

Eins og minnt var á hér áðan þá er það auðvitað efnahagsstefnan og spurningin um það að grípa inn í farveg efnahagsstefnu heimsins sem máli skiptir, sem ræður mestu. Þar er því miður margt á röngu spori, á alröngu spori, vegna þess að aukið svigrúm til markaðsaflanna umfram það sem nú er, aukið svigrúm til fjármagnsins og fjármagnsaflanna til þess að valsa frítt um heimsbyggðina, ganga gegn möguleikum til þess að marka skynsamlega stefnu í umhverfisvernd og bregðast við. Þetta á t.d. augljóslega við í sambandi við framleiðslu og viðskipti með matvæli, alveg augljóslega, og hefur verið rætt hér á Íslandi, en við stöndum frammi fyrir alþjóðasamningi, virðulegur forseti, sem gengur í þveröfuga átt í þessum efnum og sem mun leiða til mikilla vandræða í sambandi við framleiðslu á fæðu fyrir vaxandi fjölda fólks á jörðinni. Þar á ég auðvitað við GATT-samkomulagið svokallaða, sem e.t.v. mun birtast okkur Íslendingum hér að því er okkur snertir og okkar hlut í því samkomulagi síðar á þessu þingi.

Virðulegur forseti. Þetta vildi ég segja í inngangi þegar fjallað er um þetta frv. um breytingu á lögum um náttúruvernd og vona að það misvirðist ekki að nefna þetta hér í upphafi míns máls. Mér finnst að við þurfum að hafa sýn til þessara mála þegar við erum að ræða um að breyta lögum á Alþingi í mikilsverðum atriðum og er þó fjölmargt annað sem snertir okkur heldur en það sem fjallað er um í þessum frumvarpstexta sem hér liggur fyrir. Ég hafði nú vænst þess, virðulegur forseti, að það færi að sjást til hæstv. umhvrh. Hann gerði mér viðvart að hann þyrfti að eiga viðtal við forseta þingsins, en ég vænti þess að hann komi fljótlega því að ég ætlaði að fara að snúa mér beint að frv. sem hér liggur fyrir.

Á meðan ég bíð þess að hæstv. ráðherra komi í sal þá vil ég víkja að því sem skortir mjög verulega á þegar verið er að fjalla um breytingu á lögum um náttúruvernd og þetta frv. sem hér liggur fyrir endurspeglar. Það sem ekki tókst þegar sett var á fót ráðuneyti umhverfismála 1990 var að ná einhverri skynsamlegri tengingu milli þess sem kallað hefur verið hefðbundin náttúruvernd annars vegar og hins vegar meðferð gróðurlendis, þeirrar auðlindar sem landið býr yfir, gróðurlendisins og meðferðar og stjórnunar á þeim málum. Þar var hlaupið frá hálfnuðu verki og þetta frv., sem tekur aðeins á hluta af þeim lögum sem eru í gildi um náttúruvernd, bætir þar ekki um. Það er að finna hér nákvæmlega endurtekin efnisatriði 7. gr. gildandi laga, sem breytt var 1990 við stofnun umhvrn., þar sem búinn var til slíkur bastarður að því er snertir samþættingu eða samstarf og möguleika umhverfisráðuneytis til þess að grípa inn í í sambandi við meðferð gróðurlendis í landinu og þeirra mála sem varða gróðurvernd almennt og þá á ég við skógvernd að sjálfsögðu og almenna gróðurvernd sem tengjast opinberum stofnunum eins og Landgræðslu ríkisins og Skógrækt ríkisins og þar er kannski ekki minnsti agnúinn á þeirri smíð sem hér er um að ræða. Ég er ekki

þar með að segja að það geti ekki komið eitthvað annað til heldur en bein tenging eða réttara sagt að leggja þessar opinberu stofnanir með beinum hætti undir umhvrn. Það hefur gætt andstöðu við það. Það teldi ég þó eðlilegast, með þó endurskoðun á lögum um þessar stofnanir, því það er ekki víst að allir þættir eigi heima undir umhvrn. heldur fyrst og fremst það sem snýr að meðferð auðlindarinnar, að gróðurverndinni sem slíkri. Það á að mínu mati heima undir umhvrn. en það sem varðar beinlínis landbúnað, landbúnaðarmál og meðferð á landi til landbúnaðarnota þar á meðal skógræktar, nytjaskógræktar og annarra slíkra þátta, getur prýðilega átt heima undir landbrn. eins og annar búskapur. En það er gróðurverndin, meðferð auðlindarinnar sem á hér heima og einnig landgræðslumálin, þ.e. að koma í veg fyrir landeyðingu og bregðast við uppblæstri. Þetta á að sjálfsögðu heima undir ráðuneyti umhverfismála.

Það er alveg hörmulegt til þess að vita að núv. ríkisstjórn skuli ekki hafa komið þessu máli í skikkanlegri farveg heldur en frá var gengið í nokkru hasti 1990 þegar ráðuneyti umhverfismála var sett á stofn. Ég vona að það verði tekið á því af nýrri ríkisstjórn því að ég er alveg úrkula vonar um að þessi ríkisstjórn þoki því máli nokkuð áfram fyrst það endurspeglast ekki í þessu frv. eða er tengt þessu frv. En þetta leiðir auðvitað til stórra vandræða og veldur því sem blasir við að það er ekkert samræmi í málstökum af hálfu ríkisstjórnarinnar á þessu sviði. Menn heyra hér t.d. landbrh., ráðherra landbúnaðarmála, mæla í allt aðra átt heldur en umhvrh. í þessum málum, allt aðra átt. Ég heyrði ekki betur en landbrh. væri að kalla eftir því að öll friðlýst svæði, þar á meðal þjóðgarðarnir, yrðu bara afhentir sveitarfélögum í landinu. Ég tók svo eftir að hann segði þetta í fjölmiðlum hér á dögunum. Þetta endurspeglar bara hvernig ríkisstjórnin er, þrátt fyrir fallega pappíra, eins og gefnir hafa verið út í umhverfismálum, sundurþykk að þessu leyti og hvernig ráðherrarnir tala sinn í hverja áttina.

Ég hef af því verulegar áhyggur, virðulegur forseti, hvaða stefnu umræðan um gróðurverndarmálin og landgræðslumálin er að taka og hvernig verið er að ala á tortryggni milli dreifbýlis og þéttbýlis í þessum málum í staðinn fyrir að við höfum þörf fyrir eitthvað allt annað. Dettur einhverjum í hug í alvöru að þennan málaflokk, umhverfisvernd, eigi bara að fara að afhenda í heild sinni lægra stjórnstigi heldur en ríkinu, dettur einhverjum það í hug? Annað mál er það að ýmsa þætti á þessu málasviði á og er hægt með vænlegum árangri að fela lægra stjórnstigi, þar á meðal sveitarfélögum og öðrum aðilum á lægra stjórnstigi. Það er ekkert á móti því, en það þurfa auðvitað að vera tryggð samræmd tök í þessum málum og það er í fáum efnum nauðsynlegra heldur en á sviði umhverfismála. Þess vegna er sá áróður sem nú er uppi hafður, sem í rauninni beinist þvert gegn náttúruvernd og náttúruverndarsjónarmiðum, ekki bara eins og þau eru túlkuð hér á landi, heldur alþjóðlega og eru einhver forneskjuviðhorf sem verið er að kynda hér upp af vissum öflum í samfélaginu og mér sýnist að ákveðnir aðilar tengdir Sjálfstfl. fari þar fyrir og ég hef af því nokkrar áhyggjur.

Virðulegur forseti. Síðan er það þetta frv. — og nú höfum við ráðherrann hér nærri. Það var rangt skref sem núv. hæstv. umhvrh. steig sumarið 1993 að setja af þann samráðsvettvang sem ráðuneytið hafði sett á laggirnar einu og hálfu ári áður eða svo til þess að leitast við að ná saman pólitísku samkomulagi í þessum mikilvæga málaflokki. Og þó að það sé ekkert við það að athuga og auðvitað síður en svo, þó að það verði skipti á mönnum í ráðuneytum, jafnvel í tíð sömu ríkisstjórnar eins og gerðist hér varðandi umhvrn., þá er að þó greinilegt að þarna urðu ákveðin skil í málafylgju að þessu leyti þó að sami flokkurinn færi með ráðuneytið áfram, ráðherrar úr sama flokki. Núv. hæstv. ráðherra valdi það að leggja af nefnd sem þingflokkarnir höfðu lagt til fulltrúa í að beiðni forvera hans, Eiðs Guðnasonar, sem gegndi starfi umhvrh., og því var borið við að nefndin væri ekki komin eins langt í sínum störfum sem skyldi og sem ætlast hefði verið til.

Ég vísa til þess, virðulegur forseti, sem ég sagði þegar rætt var frv. um sama efni hér á síðasta þingi þar sem ég fór aðeins yfir þennan þátt mála og hvernig að þessu var staðið og gagnrýndi þetta. Ég hugsa að hæstv. umhvrh. skilji það nú kannski betur en í fyrra að þetta var ekki rétt ráðið af hálfu ráðuneytisins og af hálfu ráðherra að kippa grunninum undan þessu verki sem var þarna komið á mjög góðan rekspöl, þó að það væri ekki orðið endanlegt, því að þá er ég nokkuð viss um að það hefði verið auðveldara að fást við breytingu á löggjöf sem er nauðsynleg og ég tek alveg undir að er mjög eðlileg, að breyta löggjöf um náttúruvernd og endurskoða hana, fyrst og fremst að endurskoða hana og breyta henni síðan að bestu manna yfirsýn í sæmilegri sátt á Alþingi Íslendinga, helst í sæmilegri sátt til velfarnaðar fyrir málaflokkinn. En nú er ráðherrann að koma fram öðru sinni með frv. til laga nokkuð breytt frá því sem var á síðasta þingi og það kemur hér til umræðu um hálfum öðrum mánuði eftir að þing tekur til starfa. Þetta frv. hlýtur að þurfa skoðunar við hjá þeim sem eðlilegt er að hafi umsagnarrétt þar að lútandi vegna þeirra verulegu breytinga sem á því hafa orðið. Það er ekki ráðgert að þingið starfi nema fram undir lok febrúarmánaðar. Þannig að ég óttast satt að segja að hér sé það ráðrúm sem þarf að vera til að fara yfir þetta mál og reyna að koma því áfram í þinginu, ég óttast að það verði nokkuð þröngt um það, þó að ég sé ekki að spá neinum lyktum í því efni.

Síðan virðist mér sem málið sé þannig fyrir okkur lagt að það muni reyna á eða þurfi að fara þar yfir mörg atriði og gaumgæfa hvort eðlilegt sé að taka undir tillögur ráðuneytisins og ríkisstjórnarinnar, að svo miklu leyti sem þetta er bundið fastmælum hjá ríkisstjórn, áður en lögfest verður. Það hefur verið verkefni okkar í umhvn. að fara yfir hvern stóran frumvarpsbálkinn á fætur öðrum frá umhvrn. og það hefur þurft mikla vinnu, en það hefur þó með góðra manna aðstoð og vilja af hálfu fulltrúa í umhvn., sem hafa lagt

þar mikið af mörkum að ná lögfestingu á mikilvægum málum sem hæstv. ráðherra hefur hér lagt fyrir þingið, en með geysimiklum breytingum, eins og menn þekkja úr frv. um upplýsingaskyldu í umhverfismálum, í frv. um mat á umhverfisáhrifum og í frv. um friðun, vernd og veiðar á villtum dýrum. Þetta eru þrír málaflokkar sem hafa verið lögfestir en með mjög miklum breytingum að athugun í nefnd. Mér sýnist að hér sé um býsna mörg atriði að ræða sem þurfi skoðunar við, a.m.k. áður en ég legg nafn mitt við það sem fulltrúi í umhvn. En ég er sannarlega reiðubúinn til *þess að starfa að athugun málsins á þeim vettvangi* og reyna að færa það til betri vegar sem samstaða getur tekist um þar, það vil ég taka hér skýrt fram.

Það er hins vegar dálítið bágt til þess að vita, virðulegur forseti, að þegar þetta frv. kemur hér öðru sinni þá skuli tíminn ekki hafa verið notaður til þess að leggja fram heildarendurskoðun á löggjöfinni, sem ráðherrann mælti þó um þegar hann talaði fyrir hliðstæðu frv. á síðasta þingi, að þörf væri á að endurskoða þetta í heild. Það er vissulega tekið hér á stórum þáttum gildandi laga um náttúruvernd, en það vantar samt endurskoðun á ýmsum greinum þar og það hefði auðvitað verið eðlilegt að tíminn hefði verið notaður frá fyrra þingi til þess að ljúka heildarendurskoðun á lögunum frá 1971 um þessi efni.

Þá skal ég, virðulegur forseti, víkja að einstökum köflum, einstökum greinum þessa frv., og gefa nokkrar ábendingar þannig að ljóst verði eða a.m.k. komi dæmi hér fram um hvað það er sem ég hef athugasemdir að gera við. Ég held að það sé eðlilegast, virðulegur forseti, að líta yfir frv. í stafrófsröð, ef svo má segja, *í greinaröð*, þó það séu mjög misjafnlega veigamiklar athugasemdir sem ég hef þarna fram að færa við einstaka þætti.

Ég sé að í fyrstu greininni, tölulið a, sem gert er ráð fyrir að verði 2. gr., þar er sett inn nýtt orðalag varðandi stefnumótun í náttúruvernd og kveðið á um að umhvrn. skuli hafa samráð við tiltekna aðila, Náttúruverndarráð, bændur og aðra landnotendur, sveitarstjórnir og samtök áhugamanna um náttúruvernd eftir því sem við á hverju sinni. Það er allt saman góðra gjalda vert að ráðuneytið reyni að hafa samráð og ég tek undir það að þeir aðilar sem þarna eru tilgreindir eru þess eðlis að það er mjög æskilegt og raunar nauðsynlegt að við þá sé haft samráð í ýmsum efnum að því er snertir þessi mál. Mér sýnist samt, hæstv. ráðherra, að það vanti inn í þessa upptalningu, ef menn ætla á annað borð að fara að skilgreina og leggja mismunandi áherslu á hverjir það eru, með því að tiltaka hverjir það eru sem einkum eigi að hafa samráð við, almenning eða almannasamtök almennt séð. Þarna eru tiltekin áhugasamtök um náttúruvernd sem er auðvitað mjög eðlilegt og þyrfti jafnvel að tengja betur inn víðar í þessu frv., en það er eiginlega ekki vikið að þessum stóra hópi sem er þéttbýlisfólkið sem notar landið til útivistar almennt og gerir það sumpart tengt sínum samtökum. Það eru til mörg almannasamtök sem tengjast útivistarnotum og mér finnst að það skorti að víkja að þessum hagsmunum sem þarna eru, þessum kannski allra stærsta hópnum.

Vandinn í sambandi við meðferð umhverfismála af hálfu stjórnvalda er að reyna að tryggja þokkalega sátt um landnotin milli þeirra hópa sem gera kröfu til þess að nýta landið og hafa til þess rétt. Þar eru auðvitað þéttbýlisbúarnir ekki undanskildir, síður en svo, og þeirra rétt og almennan umgengnisrétt þarf að tryggja með góðum hætti. En dreifbýlisfólkið og bændur eru þarna mjög gildir aðilar og það er að því leyti mjög vel til fundið, ef á annað borð er talið upp, að tiltaka þá.

Síðan kemur það, hæstv. ráðherra, sem er kannski *meginefni* þessa frv., þ.e. þessar tillögur um það að leggja Náttúruverndarráð af í núverandi formi, taka frá því eða leysa það undan öllu sem tengist opinberri stjórnsýslu og setja upp nýjan aðila sem kallast Landvarsla ríkisins, undir stjórn þriggja manna tilnefndum af ráðherra, sem stýri þeim málum, stýri þeirri skrifstofu sem Náttúruverndarráð hefur haft til þessa og færist í fang mikið af þeim verkefnum sem skrifstofa Náttúruverndarráðs hefur sinnt undir stjórn ráðsins. Þetta er svona stóri kjarninn í þessum breytingum, að viðbættu því að auka vald umhvrh. á ýmsum sviðum, bæði með skipun stjórna eins og í Landvörslu ríkisins og skipun á þjóðgarðsvörðum og fleiri starfsmönnum, sem á að verða viðfangsefni ráðherra en hefur verið á hendi Náttúruverndarráðs til þessa og hins vegar verulega aukinn hlutur umhvrh. í sambandi við friðlýsingarmál, verulega aukinn. Þetta finnst mér vera kjarninn í þessu.

Mitt almenna mat á þessu er það að sú breyting sem hér er verið að gera sé mikið álitamál, mikið álitamál. Ég skil út af fyrir sig vel að hæstv. ráðherra hafi átt í erfiðleikum með að finna til tilnefningaraðila í stjórn Landvörslu ríkisins og velji þann kost að hafa valdið í hendi ráðherra, skipað stjórn þessarar nýju stofnunar sem þarna á að setja upp. En mér finnst þarna ekki stefnt í rétta átt og ég hef ekki áttað mig á þeim stóru meinbugum sem haldið er fram að séu á núverandi skipan mála. Ég hef ekki áttað mig á því. (Gripið fram í.) Nei, á núverandi skipan Náttúruverndarráðs og möguleikum þess með tengslum við náttúruverndarþing og kosningu ráðsins að hluta til á náttúruverndarþingi, að fara með þessi málefni e.t.v. með einhverjum minni háttar breytingum. Stóri kosturinn við núverandi skipan mála hafa verið þau félagslegu tengsl sem tryggð hafa verið í gegnum náttúruverndarþingið og inn í Náttúruverndarráð frá þinginu. Inn í Náttúruverndarráð sem kosið er að fimm sjöundu hlutum, er það ekki, eða sex sjöundu hlutum af náttúrverndarþingi og þar með virkjað það félaglega afl og sá félagslegi kraftur sem er í þeim samtökum sem eiga aðild að náttúruverndarþingi.

Eðli náttúrverndarmálanna er nú einu sinni það að það þarf virk tengsl við almannasamtök í landinu til að vel fari. Það þarf. Þetta var hugsunin á bak við löggjöfina frá 1971, því þó ég hafi ekki verið aðili að því þá kynntist ég því vel, sem fulltrúi í Náttúruverndarráði á fyrstu sex starfsárum þess samkvæmt nýrri löggjöf, hver hugsunin var. Einn helsti mótunaraðili þeirrar löggjafar var formaður ráðsins á þessu tímabili, Ey-

steinn Jónsson, og mér var það mjög vel ljóst undir hans forustu í Náttúruverndarráði hvernig þetta hafði verið hugsað. Ég tel að þetta hafi gefist vel á þeim tíma, en það kunna að hafa orðið einhverjir meinbugir á þróun málsins síðan sem skylt er þá að taka tillit til. En ég er ekki sannfærður um að það þurfi að umsteypa þessu kerfi með þeim hætti sem hér er gerð tillaga um.

Ég hef heyrt það t.d., og það kom inn í nefndina sem starfaði að endurskoðun þessarar löggjafar á sínum tíma, frá fyrrv. umhvrh., Eiði Guðnasyni, nokkrar áhyggjur um að ráðherrann hefði ekki nægan íhlutunarrétt í störf Náttúruverndarráðs, ekki nógu skýra möguleika á að hafa þar hönd í bagga og það hefur m.a. verið vikið að meðferð fjármála og annað þess háttar. Þessi atriði er öll hægt að lagfæra með skýrari tengslum á milli ráðuneytis og núv. Náttúrverndarráðs og breytingu í þeim efnum, t.d. með því, sem ég tel að væri sjálfsagt, að skipt væri um formann í Náttúruverndarráði þegar skipt væri um ráðherra. Það var tillaga sem ég hvatti til að gerð yrði sem fyrst eftir að nefndin tók til starfa, sem lögð var af af hæstv. núv. ráðherra, að það yrði gerð breyting á þessu vegna þess að formaður Náttúruverndarráðs skipaður af ráðherra er auðvitað trúnaðarmaður ráðherrans. Er fulltrúi ráðherrans sem getur haft áhrif á störf ráðsins með mjög ákvarðandi hætti eins og formenn geta í stjórnum þar sem þeir eru starfandi. Það eru þessi tengsl sem að mínu mati er brýnt að tryggja og brýnt að ráðherra málaflokksins hafi þessi tengsl tryggð.

Ég tel líka að það sé hægurinn hjá, að því er varðar meðferð fjármála og þess háttar, að tryggja að framkvæmdarstjóri Náttúrverndarráðs og ráðið í heild sé ábyrgt gerða sinna í þeim efnum og fylgi fyrirmælum af hálfu ráðuneytis, eins og ég tel í rauninni að hafi tekist með góðum vilja og samstarfi núna á undanförnum árum, eins og ég hef skilið það, að lagfæra það hjá þessari stofnun, eins og mörgum öðrum stofnunum sem sigldu hér fram úr á árum áður og fengu heimild til þess í rauninni, nokkuð rúma, að stunda slíkt og Náttúruverndarráð var, sumpart af illri nauðsyn en líka af því að það var ekki gripið í taumana, ein af þessum stofnunum sem fór verulega fram úr. Þetta eru hlutir sem hægt er að lagfæra og búið er að lagfæra að talsverðu leyti. Þannig að af þeim sökum er ekki nauðsyn á þessari kerfisbreytingu eins og hér er verið að leggja til.

Agnúinn á þessari nýju skipan sem ráðherrann er að leggja hér til, að fara að búa til þessa Landvörslu ríkisins með þremur ráðherraskipuðum mönnum í stjórn, er það að klippa á strenginn yfir til hins frjálsa vettvangs og til náttúrverndarþingsins sem lögskipaðrar samkomu. Það er verið að klippa á það og setja málið í miklu þrengra samhengi, svona meira kansellísamhengi að flestu leyti. Þetta finnst mér ekki hafa tekist hönduglega til. Ég vil nú hvetja til þess að þetta verði skoðað betur áður en menn fari að búa til þessa Landvörslu.

Síðan kemur það sem hv. 10. þm. Reykv., Kristín Einarsdóttir, vék að í sínu máli. Það er sá böggull sem fylgir síðan skammrifi varðandi þessa nýju stofnun og lesa má um og endurspeglast kannski best í samantekt fjárlagaskrifstofu fjmrn. í fylgiskjali á bls. 19 með frv., í umsögninni þar og þeim ákvæðum sem er að finna varðandi Landvörslu ríkisins, heimildin til þess að hún semji við aðra um að taka við stjórn svæða sem eru undir hennar vörslu, sem á að verða til þess sparnaðar- að kostnaðaráhrif af þessari breytingu verði nánast engin. Ég held að það sé verið að veikja hér í rauninni með þessum ákvæðum og þessari uppsetningu mála mjög verulega tökin á verndun landsins, hvort sem um er að ræða friðlýst svæði eða þau sem ekki hafa náð friðlýsingu, með þessari breytingu. Ég set við þetta mjög stórt spurningarmerki að hér sé réttilega á haldið.

Það er sagt að það hafi verið heimild til að fela Náttúruverndarráði og sé heimild í núverandi löggjöf. Það er rétt að það er ekki tekið fyrir það að fela öðrum aðilum umsjón, en hér er allt annað á ferðinni með ákvæðunum um Landvörslu ríkisins þar sem gert er ráð fyrir samningum bæði um stjórnun en líka um framkvæmdir og hvað eina á viðkomandi svæðum. Síðan tengist þetta auðvitað hugsuninni og tillögunum um gjaldtöku. Ég ætla ekki að hafa á móti því að það séu heimildir í lögum til að taka gjald fyrir þjónustu á náttúrverndarsvæði. Mér finnst mjög eðlilegt að slíkar heimildir séu til staðar enda sé þar raunverulega verið að taka gjald fyrir veitta þjónustu. En þegar kemur að ákvæðunum hér í frv. um það að fara að selja inn á landið með þeim sérkennilegu heimildum sem því tengjast í sambandi við þá gjaldtöku þá líst mér ekki á blikuna. Það er gert ráð fyrir því að það sé heimild til þess að selja inn á svæðin ef hætta sé náttúruspjöllum á viðkomandi svæðum eða þegar orðin spjöll. Það er viðmiðunin. En hverjir eiga að meta það hvenær þeir hætta náttúruspjöllum, eitthvað sem ekki er orðið? Þetta er mjög vandmeðfarið og þetta ákvæði er ákveðið prinsippmál sem umhvn. þarf að horfa vel á.

Síðan kemur ákvæði um hvenær eigi að nýta þjónustugjöldin, það sem innheimt er. Ráðherra lagði á það áherslu í sínu máli að það væri hugsað til þess að nota þau á viðkomandi svæði sérstaklega. Það er út af fyrir sig góð hugsun. En jafnframt er heimild til þess að halda þar fram hjá. Jafnframt er alveg skýr heimild fyrir ráðherrann að veita þessu annað. Það er engin trygging fyrir því að þetta verði nýtt á viðkomandi svæði. Það er hægt að breyta frá því og því er skýrt til haga haldið í frumvarpstextanum.

Virðulegur forseti. Ég hef kosið að tala almennt um frv. til þess að drukkna ekki í einstökum útfærsluatriðum í lagatexta, en þó verður ekki hjá því komist að benda þar á atriðin. Það er satt að segja alveg mýgrútur af ákvæðum í þessu frv. sem eru óhönduglega orðuð í lagatexta og sum hver eiga ekki heima í lagatexta að mínu mati. Ég skal taka dæmi um ákvæði sem ég tel að eigi tæpast heima í lagatexta.

Þegar búið er að setja Náttúruverndarráð samkvæmt frv. á þann bás sem hér er gert ráð fyrir er kveðið á um í frumvarpstexta að ráðherra skuli eiga a.m.k. tvisvar sinnum á ári fund með þessu ráði. Að

ráðherra skuli góðfúslega setjast niður tvisvar á ári til þess að funda með Náttúruverndarráði, þessu frjálsa, sjálfstæða Náttúruverndarráði sem búið er að taka allar tennur úr með þessu frv. En það á að tryggja með lagafyrirmæli að ráðherrann setjist góðfúslega a.m.k. tvisvar á ári niður með ráðinu. Mér finnst mikið álitaefni hvort eigi að fara að lögfesta slíkt í þessu samhengi og er ég þó síður en svo að hafa á móti því að þarna séu trygg tengsl á milli.

Ég hef þegar vikið að stjórn Landvörslu ríkisins. Ég vek athygli á orðalagi eins og því í e-lið 1. gr. þar sem segir:

„Stjórnin hefur á hendi yfirstjórn Landvörslu ríkisins.“ Síðan er henni gert að gæta samráðs við tiltekna aðila og ég spyr virðulegan hæstv. ráðherra: Af hverju er verið að endurtaka í e-lið, sem fjallar um stjórn Landvörslu ríkisins, nánast nákvæmlega eins — nú efast ég, virðulegur forseti, að ég nái eyra ráðherrans því að hann er umsetinn af fríðum hópi í hliðarherbergi. Ég lít svo til að þegar kveðið er á um samráð stjórnar Landvörslu ríkisins við tiltekna aðila sé verið að endurtaka nákvæmlega það sama og stendur í a-lið sömu greinar sem ég hélt að ætti að vera almennt orðað. Það gildir að vísu um umhvrn. en er farið að þylja upp á nýjan leik í texta varðandi stjórn Landvörslu ríkisins. Með þessari stjórn sem og með skipun ráðherra á þjóðgarðsvörðum og ýmsum fleiri þáttum og reglugerðarsetningu þar að lútandi er verið að auka stórlega á ráðherravaldið. Það er alveg ljóst, alveg eins og í friðlýsingarþættinum, að verið er að auka verulega á það.

Síðan er komið að þjóðgörðunum sem f-liður fjallar um. Ráðherrann skipar þjóðgarðsverði til fimm ára. Hann á að vísu að fá tillögu frá stjórn Landvörslu ríkisins, en það er ekki að tillögu stjórnarinnar. Hann á ekki að fylgja þeirri tillögu. Hann hefur fullt ráð á því að skipa aðra ef honum býður svo við að horfa og þjóðgarðsverðirnir sem ráðherrann skipar starfa hins vegar í umboði Landvörslu ríkisins. Þjóðgarðsverðirnir ráða landverði og annað starfsfólk þjóðgarðanna, en síðan virðist haldið öðruvísi á ráðningu landvarða fyrir landvörsluna annars staðar því að það er kveðið á um það í sama undirlið: „Á vegum Landvörslunnar starfa landverðir sem sjá m.a. um eftirlit og fræðslu á svæðum í umsjón stofnunarinnar.“ Það er ekki tekið fram um hver á að ráða þá. Það er ekkert kveðið á um hver á að ráða þá landverði. Ráðherrann á hins vegar að setja reglugerð, fyrirmæli um menntun og starfsskyldur þeirra.

Virðulegur forseti. Það gengur hér á tímann. Nú er brugðið á það ráð varðandi náttúruverndarnefndir að hoppað er inn á fyrra ákvæðið. Hér er horfið frá því sem lagt var til á síðasta ári og komin aftur fyrri ákvæði gildandi laga um náttúruverndarnefndir nema eftir er skilið hver eigi að borga brúsann. Í gildandi lögum er kveðið á um að ríkið eigi að borga starf náttúruverndarnefnda en í frv. er ekkert að finna um hver eigi að þókna þeim eða borga þær eða standa skil á því, en e.t.v. er undanskilið að það séu tilnefningaraðilar, en það segir ekkert um það. Ég sé ekkert nefnt þar að lútandi í frv. Ég verð að segja að ætla að fara að taka inn óbreyttan texta á þeim þætti sem væri ekki síst þörf á að endurskoða, þ.e. náttúruverndarnefndirnar, starfssvæði þeirra, tilvera og tengsl við stjórnkerfið þyrfti sannarlega athugunar við. Ég er þeirrar skoðunar að eðlilegt væri að gera þær ábyrgar á stærra svæði í kjördæmum landsins t.d., hafa það sem grunn, en að ætla að fara að kveða á um það með þessum hætti að í hverri sýslu, kaupstað og bæ starfi þriggja til sjö manna náttúruverndarnefnd eins og er í gildandi lögum finnst mér ekki skynsamlegt. Hitt er allt annað mál að sveitarfélögin eiga auðvitað að vera sjálfráð um það og hafa fulla heimild til að skipa hvert hjá sér að eigin mati náttúruverndarnefndir sem geta verið aðilar t.d. að náttúruverndarþingi og sent þangað fulltrúa. En þetta er eitt af því sem er mjög óhönduglegt.

Að því er varðar svo Náttúruverndarráð þá hef ég þegar bent á að það er í reynd verið að taka af því öll völd og skilgreind verkefni og það er þannig gengið um það fjárhagslega að það mun aldrei geta ráðist í stórt, þetta Náttúruverndarráð. Eins og hv. 10. þm. Reykv., Kristín Einarsdóttir, síðasti ræðumaður, vék að þá vaknar sú spurning hvers vegna ráðherrann steig ekki skrefið til fulls. Ég tæki ekki undir þá tillögu, svo mikið er víst. En mér finnst hér verið að gefa í skyn að þessi stofnun, Náttúruverndarráð, eins og búið er um það í frv. verði einhvers verulegs megnug.

Virðulegi forseti. Það fór sem ég bjóst við að ég kæmi ekki að nema fáum atriðum í ræðu minni þrátt fyrir aukinn tíma, svo umfangsmikið er þetta mál, virðulegur forseti. En ég ætla að sjálfsögðu ekki að fara að ganga fram yfir tíma. Ég hef þegar fengið ábendingu um að mínum ræðutíma sé lokið og tek þá síðar í umræðunni á þeim þáttum sem óræddir eru af minni hálfu fyrir utan það sem fulltrúi í umhvn. hef ég að sjálfsögðu góðan aðgang að þessu máli sem ráðherra hefur lagt til að vísað verði til nefndarinnar.

Umræðu frestað.

Umræður utan dagskrár.

Málefni smábáta á aflamarki.

[12:26]

Gunnlaugur Stefánsson:

Virðulegur forseti. Enginn getur mælt því í mót að bátaútgerðin hefur gegnt afar mikilvægu hlutverki í landinu um áratuga skeið, er grundvöllur búsetu í fjölmörgum byggðarlögum og skiptir mjög miklu máli fyrir afkomu og atvinnulíf þjóðarinnar. Það er kunnara en frá þurfi að segja að eigendur smábáta á aflamarki stríða nú við mjög erfiðar og alvarlegar aðstæður. Í dag er úthlutaður þorskkvóti til þessara báta aðeins 27% af þeim þorskveiðiheimildum er lagðar voru til ákvörðunar kvótunum árið 1991 og hafa þeir því orðið að þola 73% skerðingu aflaheimilda sinna í þorski sem er uppistaðan í veiðum þessara báta.

Nú er svo komið að fjöldi báta hefur ekki möguleika til þess að fiska meira en rétt til að standa und-

ir tryggingum af sjálfum sér. Staða smábátaútgerðarinnar er mjög veik gagnvart lána- og sjóðakerfinu, en hún hefur ekki aðgang að Fiskveiðasjóði, Byggðasjóði eða Atvinnutryggingarsjóði, en verður í þess stað að eiga sín fjármunaviðskipti við bankastofnanir og kaupleigur á afar dýrum kjörum, háum vöxtum og stuttum lánstíma. Nú er svo komið þegar hallar svo undan rekstri smábátaútgerðar á aflamarki að bankarnir herða sínar innheimtuaðgerðir og ganga hart að eigendum þessara báta og eignum þeirra.

Smábátaútgerðin í landinu hefur ekki notið margvíslegra aðgerða sem ríkisstjórnin hefur gripið til síðustu ár, m.a. um lánalengingar, skuldbreytingar og frestun afborgana lána. Landssamband smábátaeigenda hefur vakið athygli á því að tæpast verður komist hjá eignamissi fjölda fjölskyldna sem þessari útgerð tengjast og að fjölmargir hafi nú þegar misst eigur sínar og atvinnu og hafi orðið að þola mannlega niðurlægingu. Þetta eru þung varnaðarorð sem ekki verður komist hjá að taka alvarlega. Þau krefjast viðbragða og aðgerða.

Við endurskoðun laga um stjórn fiskveiða voru málefni smábáta og kvóta ítarlega rædd. Allt svigrúm um tilfærslur frá einum til annars innan kvótakerfisins er afar þröngt án þess að það bitni á öðrum, enda hefur öll útgerð orðið að þola hina miklu skerðingu á veiðiheimildum í botnfiski undanfarin ár. Hér bregst í raun kvótakerfið sem stjórnunartæki í fiskveiðum. Við þá endurskoðun bundu menn þó miklar vonir, að fiskverndunarstefna síðustu ára mundi skila árangri og skapa skilyrði til þess að auka við þorskveiðiheimildir fyrir yfirstandandi fiskveiðiár en sú varð ekki raunin. Enn dundi ný skerðing yfir sem nam 15,5%, fimmta skerðingin á fjórum árum. Bátur sem hafði 50 tonn í aflareynslu í upphafi árs 1991 má nú veiða 13,5 tonn af þorski.

Það eru mörg fordæmi fyrir því að ríkisvaldið grípi inn í til aðstoðar þegar sorfið hefur að einstaka greinum sjávarútvegsins eða einstaka landshlutum. Hæstv. sjútvrh. hefur lýst áhyggjum sínum á vettvangi sjávarútvegsins af stöðu smábátaútgerðarinnar. Það er því sannarlega þörf á að grípa til sértækra aðgerða til þess að bjarga þessari útgerð hreinlega frá því að hverfa gersamlega og koma fjölskyldum sem tengjast þessari útgerð til bjargar frá gjaldþroti sem þetta fólk á enga sök á. Þvert á móti eru það ytri aðstæður og ákvarðanir stjórnvalda sem þessu ástandi valda. Það eru því öll rök sem hrópa á aðgerðir fljótt.

Ég veit að hæstv. sjútvrh. hefur skilning á þessu máli og þekkir það gjörla. Því spyr ég hæstv. sjútvrh. hvort vænta megi aðgerða af hálfu ríkisstjórnarinnar til hjálpar smábátaútgerðinni í landinu í ljósi þeirra erfiðu aðstæðna er við blasa.

[12:30]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Það er rétt hjá hv. málshefjanda að skertar aflaheimildir, einkanlega í þorski, valda verulegum erfiðleikum í útgerð á Íslandi. Það er hins vegar misskilningur að kvótakerfið eigi einhverja sök í þeim efnum. Það er ekki svo komið fyrir þorskstofninum sem raun ber vitni vegna þess. Það er líka misskilningur að við höfum orðið fyrir vonbrigðum með verndunaraðgerðir og að þær hafi mistekist. Þvert á móti má segja að okkur hafi mistekist að fylgja fram nægjanlega markvissum verndunaraðgerðum.

Ríkisstjórnin hefur beitt sér fyrir margvíslegum ráðstöfunum til þess að tryggja rekstur sjávarútvegsins í þeim erfiðleikum sem hann hefur gengið í gegnum, m.a. vegna aflabrests, og með þeim árangri að þrátt fyrir minnkandi afla og verðfall er sjávarútvegurinn í heild rekinn með lítils háttar hagnaði. Sem betur fer hefur sjávarútvegurinn getað nýtt sér uppsveiflu á ýmsum sviðum veiða, bæði að því er varðar loðnuveiðar og rækjuveiðar og sjávarútvegurinn hefur getað sótt á ný mið utan landhelginnar og nýtt áður vannýtta eða lítt nýtta fiskstofna. Aðstaða sjávarútvegsins hefur hins vegar verið mismunandi að þessu leyti. Stærri skipin hafa átt auðveldara með að jafna sveiflur og bregðast við minnkandi þorskveiði með því að hagnýta sér aðra möguleika. Stóru fyrirtækin hafa getað jafnað þessar sveiflur með hagræðingu í veiðum og samruna fyrirtækja og fleiri aðgerðum af því tagi.

Bátaflotinn hefur hins vegar ekki haft þessa aðstöðu. Það á jafnt við um hinn hefðbundna bátaflota og smábátana sem hv. þm. gerði hér sérstaklega að umtalsefni. Fyrir þá sök hef ég litið svo á að það þyrfti sérstaklega að horfa til þeirra. Bæði hins hefðbundna bátaflota og smábátanna.

Ég fór þess vegna þess á leit við Fiskveiðasjóð í haust að kannað yrði með hvaða hætti sjóðurinn gæti komið til móts við bátaflotann í þessum þrengingum. Í framhaldi af þessari ósk minni hafa staðið yfir athuganir hjá Fiskveiðasjóði um það að sjóðurinn gripi til lánafyrirgreiðslu vegna skertra veiðiheimilda. Það er nú verið að vinna að því hvernig unnt er að útfæra þá lánafyrirgreiðslu sem þá kæmi til bátaflotans, ekki til ísfisktogaranna, ekki til vinnsluskipanna og ekki til loðnuflotans.

Það er rétt sem hefur komið fram hjá hv. málshefjanda að smábátarnir hafa ekki notið lánafyrirgreiðslu í Fiskveiðasjóði. En á þeim undirbúningsfundum sem fram hafa farið milli ráðuneytisins og Fiskveiðasjóðs hefur sú ósk verið borin fram af hálfu sjútvrn. að við þessa aðgerð njóti smábátar á aflamarki sömu fyrirgreiðslu og aðrir bátar. Ég tel að fyrir því séu gild rök og að þessi útgerð í landinu eigi að sitja við sama borð við ráðstafanir af þessu tagi. Ég vænti þess að þessari undirbúningsvinnu ljúki fljótlega. Ég vænti þess einnig að stjórn Fiskveiðasjóðs taki jákvætt þeim tilmælum ráðuneytisins að smábátarnir verði teknir með í þessum aðgerðum. Það er rétt sem hv. þm. segir að bátaflotinn og þar á meðal smábátarnir gegna mjög mikilvægu hlutverki í því að nýta fiskiauðlindina og að tryggja eðlilega atvinnu í fjölmörgum sjávarplássum hringinn í kringum landið. Þess vegna getum við ekki horft á að þarna verði óeðlileg röskun og fyrir þá sök hefur þessum tilmælum verið komið fram við Fiskveiðasjóð. Ég vona að þær ráðstafanir sjái dagsins ljós innan skamms tíma.

[12:36]

Ragnar Þorgeirsson:

Virðulegur forseti. Það er margsannað mál að flestir okkar aflamenn fyrr og síðar hafa byrjað sinn sjómanns- og skipstjórnarferil á smábátum. Þar komast menn í náið samband við náttúruna, skynja stórkostlegt afl hafsins og læra að bera fyrir því tilhlýðilega virðingu. En dapurleg er staða smábáta á aflamarki. Eigendur þeirra eru í mjög þröngri stöðu. Það á raunar við um útgerð allra báta og skipa á aflamarki þó stærri bátar standi eilítið betur. Hinn hefðbundni vertíðarbátur, t.d. bátaflotinn á Snæfellsnesi, hefur átt í verulegum erfiðleikum vegna þorskkvótaskerðingar. Útgerðum þeirra báta hefur þó tekist að bæta sér upp hluta hörmunganna með veiðum á rækju og skel annars vegar og kola og steinbít hins vegar svo dæmi séu nefnd. Þarna eru erfiðleikar miklir og tekjutap.

Mér þótti rétt að minna á þetta hér til að gæta sannmælis og kippa ekki einum útgerðarflokki úr samhengi, smábátum á aflamarki.

Stærstu skipin geta vegið upp stóran hluta skerðingar sinnar með veiðum utan kvóta, karfa á Reykjaneshrygg, þorski úr Barentshafi. Þetta gátu þeir á þessu ári en enginn veit hvað þeir geta á næsta ári vegna samskipta við erlendar þjóðir varðandi Barentshafið og vegna takmarkaðrar þekkingar á úthafskarfastofninum.

Minnstu bátarnir eiga enga möguleika á að ná sér í afla með þessum hætti. Það er staðreynd og þeir hafa gleymst í kerfinu.

Einnig er krókaleyfiskerfið að riða til falls. Mér finnst ekki galin sú hugmynd að breyta krókaleyfi í færaleyfi. Öflugustu bátarnir sem sigldu inn í þetta kerfi í skugga nætur og tóku sér bólfestu eru að fiska á annað hundrað tonn á línu og jafnvel meira. Þessir bátar eiga enga samleið með trillum sem eru að fiska 15–25 tonn á ári. Þeir eiga að vera á aflamarki eða færum. Vissulega verður að bæta þeim upp sem kostur er þá breytingu sem yrði á högum þessara útgerða.

Sótt hefur verið um styrk til úreldingar á tugum báta. Að mínu mati er þetta stórkostleg eyðilegging. Krafist er úrlausnar mála lítilla aflamarksbáta, báta sem í raun geta enga björg sér veitt.

[12:38]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Það er nú að koma á daginn, m.a. með þessari utandagskrárumræðu, að hæstv. ríkisstjórn skildi þetta mál eftir í upplausn á Alþingi sl. vor. Það sést best á því að einn hv. stjórnarliði sér sig nú knúinn til þess að ræða við hæstv. sjútvrh. um þá stöðu sem uppi er í málinu nokkrum mánuðum síðar og öllum mátti ljóst vera að yrði, þ.e. að algjört ófremdarástand er að skapast í málefnum smábátaútgerðarinnar. Sá frágangur á þessu máli sem meiri hlutinn á Alþingi beitti sér fyrir sl. vor gengur ekki upp. Þar er staða aflamarkssmábátanna sérstaklega erfið og í raun og veru algjörlega vonlaus. Það er búið að dæma þá útgerð til dauða ef svo heldur sem horfir enda er nú uppistaðan af þeim umsóknum um úreldingu sem Þróunarsjóði berast þessa mánuðina frá smábátum eða minni bátum á aflamarki.

Það verður líka, hæstv. forseti, að spyrja þeirrar spurningar hvort það stjórnkerfi fiskveiða sem við búum við gangi yfirleitt upp, sé yfirleitt nothæft við ríkjandi aðstæður í kvótaúthlutun, þ.e. það eru margir að verða þeirrar skoðunar að útilokað sé að ná þeim afla af öðrum tegundum sem úthlutað er við svo lítinn útgefinn þorskkvóta nema sortera aflann fyrst áður en komið er að landi.

Þessa stöðu verður að taka upp og ræða, hæstv. forseti. Við alþýðubandalagsmenn fluttum margar brtt. við stjfrv. í fyrravor og hefðu menn borið gæfu til að samþykkja þær þá væri staða smábátaútgerðarinnar betri. Þá hefðu til að mynda smábátar á aflamarki möguleika um að velja á milli krókaleyfa og aflamarks. Þessar tillögur þarf að taka upp, þessa stöðu verður sjútvn. að ræða. Við það ófremdarástand sem núna ríkir í málefnum bátaútgerðarinnar verður ekki unað.

[12:40]

Ágústa Gísladóttir:

Virðulegi forseti. Hér eru málefni smábátaútgerðarinnar á dagskrá en ekki alls fyrir löngu var aðalfundur Landssambands smábátaeigenda og ég vil byrja á því að vitna í ályktun þaðan, með leyfi forseta:

„Stefna stjórnvalda í fiskveiðistjórninni er á villigötum. Á sama tíma og fjölmörgum minni byggðarlögum á ströndinni er meinað að sækja lífsbjörg sína og tilverugrundvöll í hafsvæði fyrir framan bæjardyrnar hjá sér safnast veiðiheimildirnar í æ ríkari mæli á hendur örfárra aðila sem ráðskast með þær að vild. Þessi niðurstaða er í hrópandi ósamræmi við alþjóðasamþykktir sem íslensk stjórnvöld hafa undirritað og þar með skuldbundið þjóðina til að fara eftir ásamt því að ganga þvert á öll yfirlýst markmið sjálfra fiskveiðistjórnunarlaganna.

Sú spurning er nú mjög knýjandi að þessi byggðarlög snúist gegn þessari þróun og krefjist t.d. óskoraðs nýtingarréttar innan skilgreindrar byggðalandhelgi þaðan sem aflanum hefur verið landað til vinnslu í landi."

Þetta tel ég vera kjarna málsins og ég ætla að benda á að Kvennalistinn hefur talað um það síðan 1987 að taka upp byggðakvóta. Þá gætu byggðarlögin, hvert fyrir sig, stutt við sína smábátaútgerð og það yrði ekki í höndum örfárra manna í Reykjavík að ráðskast með þeirra örlög.

Við verðum að endurskoða og endurmeta stjórnunaraðferðirnar í fiskveiðunum með langtímasjónarmið í huga og þar sem horft er til sjálfbærrar þróunar.

Það er fólk en ekki fjármagn sem á að stjórna meðferð auðlindarinnar. Við verðum að ýta undir veiðar með vistvænum veiðarfærum og veiðarnar verði stundaðar á skipum sem teljast hagkvæmust með tilliti til orkunotkunar. Byggðakvóti er því einmitt það sem koma skal.

[12:43]

Matthías Bjarnason:

Virðulegi forseti. Ég þakka málshefjanda fyrir það að hafa beðið um þessa umræðu. Þó hefði verið full ástæða til þess að hafa hér lengri umræðu og um fiskveiðistefnuna almennt. Ég vil vekja athygli á því að

Fiskveiðasjóður er aðallánasjóður íslensks sjávarútvegs og það er ranglát stefna hjá Fiskveiðasjóði að hafa útilokað ákveðnar stærðir báta og eiginlega undravert hvað það hefur verið liðið lengi.

Ég vil leiðrétta það hjá hv. málshefjanda að Byggðastofnun lánaði fyrir að mig minnir sex árum rúmlega 300 millj. kr. stofnfjárframlög til smábáta. Það var gert að beiðni þeirrar ríkisstjórnar sem þá sat. Ég vil líka segja að fáir málaflokkar hafa betur innheimst almennt en þessir þó að þar sé auðvitað um frávik að ræða sem eru slæm.

Ég held að það skipti smábáta og sömuleiðis hina venjulegu vertíðarbáta ekki síður máli að gerð verði sú breyting á útfærslu þessara laga um stjórnun fiskveiða að úthafsveiðiskip og hinir stærstu togarar hafi ekki leyfi til þess að veiða uppi við landsteina. Þetta eru skip sem eru byggð fyrir að stunda veiðar á úthafinu og þar eiga þau að vera en ekki eins og nú er á kostnað vélbátaútgerðarinnar almennt í landinu.

[12:45]

Pétur Bjarnason:

Virðulegi forseti. Vanda smábáta á aflamarki verður að mæta nú þegar. 70 tonna viðmiðunarafli trillukarlsins er kominn niður í 19 tonn. Þetta er yfir 70% skerðing og ekki lífvænlegt fyrir einn mann lengur. Aðra vinnu er yfirleitt ekki að hafa og báturinn undir hamrinum. Aflamarksbátar undir sex tonnum verða að fá að koma inn í krókakerfið. Hlutdeild þeirra á að bætast við viðmiðunaraflann. Hugmyndir til þess hafa verið útfærðar og liggja fyrir.

Trillukarlinn hefur ekki það bolmagn sem stærri útgerðir hafa til að kaupa kvóta í krafti fjármagns. Hann hefur ekki átt aðgang að Fiskveiðasjóði og honum hafa ekki nýst skuldbreytingar þar. Það er vel ef það á að breytast en það þarf þá að vera meira heldur en sýndaraðgerð. Þessir menn eru einyrkjar sem kerfið er að buga. Þeim duga ekki úthlutanir úr úr Hagræðingarsjóði eða Jöfnunarsjóði sem kemur í grálúðu, karfa eða kola, þeirra aflareynsla er öll úr þorski. Menn sjá ofsjónum yfir hlut smábátanna í afla en þetta er síðasta nauðvörn fólksins og víða er þetta eina atvinnuvonin sem er að hafa. Smábátarnir skila besta hráefninu, þeir henda ekki afla, þeir skapa mesta atvinnu og eru eina vörn sjávarþorpanna sem hafa misst frá sér togarana, sem hafa misst frá sér veiðikvótann og þar sem ekkert blasir við nema atvinnuleysi og stórfelldur byggðaflótti ef smábátanna nýtur ekki við. Ég fullyrði að Tálknafjörður, Patreksfjörður og Suðureyri og kannski fleiri þorp væru nú í eyði ef ekki væri vegna veiði smábátanna undanfarin ár. Ef þingmenn standa ekki vörð um krókaveiðar og rétta hlut aflamarksbáta sem byggður var á aflareynslu sem nú er orðinn að engu þá munu fjölmörg byggðarlög ekki lifa af núv. skerðingu. Hér er kominn prófsteinn á það hvort ríkisstjórnin ætlar yfirleitt að sinna atvinnumálum á landsbyggðinni eða halda áfram landauðnarstefnu fyrir sjávarþorpin með aðgerðaleysi í þessum efnum.

[12:47]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Sjávarbyggðirnar allt í kringum landið treysta nú orðið miklu meira á afla smábátanna en áður og eru að reyna að bjarga sér frá atvinnuleysi og auka vinnu við fiskinn með því að auka útgerð smábáta. Allt í kringum landið gengur þetta svona fyrir sig. Núna gerist það að hið nýsamþykkta kvótakerfi sem var staðfest í vetur leið hefur þau áhrif að það verður þrengt enn meir að þessum útgerðaraðilum.

Ég held að það sem kom í ljós við afgreiðslu þessara laga á sl. ári hafi verið nákvæmlega það að hér á hv. Alþingi hefur ekki verið vilji til þess að horfast í augu við það hrun sem þau lög munu hafa í för með sér ef þau fá að ganga fram eins og til þeirra var stofnað. Og hv. þm. sem biður um þessa umræðu, hv. 5. þm. Austurl., hann samþykkti þessi lög hér í fyrravetur eða hans varamaður, hvor sem heldur var. Nú koma menn aftur eftir að hafa fellt allar þær tillögur sem við bárum fram í þessu efni t.d. við alþýðubandalagsmenn um að þessir bátar, t.d. þeir minnstu þeirra, fengju að fara inn í krókakerfið og tillögur um að þeir fengju hlut í krókaleyfisaflanum sem hefði verið hægt að samþykkja án þess að mótmæli þeirra hefðu komið til sem þarna eiga hlut að máli. Og nú standa menn frammi fyrir því að byggðirnar sem hafa verið að treysta á þetta til að bjarga sér út úr aflaleysinu bíða eftir nýju hruni. Ég tel að hæstv. sjútvrh. þurfi að koma hér í ræðustól og viðurkenna að ríkisstjórnin er þarna á röngum brautum og stjórnarflokkarnir þurfi að taka þessi mál öll til endurskoðunar.

[12:50]

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegur forseti. Við kvennalistakonur höfum lengi bent á mikilvægi smábátaútgerðar og ég held að það sé sífellt að koma betur í ljós hversu mikilvæg smábátaútgerð hefur reynst og jafnvel bjargað atvinnulífi heilu byggðarlaganna þegar þau hafa orðið fyrir skakkaföllum. Að því leyti til er smábátaútgerð ólík annarri útgerð að sveiflurnar verða ekki slíkar sem gerist t.d. þegar togarar sem heilt byggðarlag á afkomu sína undir er úr leik af einum eða öðrum orsökum. Þar af leiðandi er smábátaútgerð mjög í takt við það sem byggðarlög þola og í rauninni skapar ákveðna fjölbreytni í atvinnulífi sem önnur útgerð gerir síður a.m.k. í smærri plássum. Þar að auki er þar um að ræða fiskveiðar með lítilli fjárfestingu sem skilar býsna vel inn ef á annað borð smábátum er gert mögulegt að lifa. Þar að auki er smábátaútgerð mjög atvinnuskapandi bæði á sjó og á landi.

Því er von að þegar allt í einu blasa við tölur um allt að 70% skerðingu þorskveiðiheimilda til aflamarksbáta þá hrökkvi menn við og skynji alvöru málsins. Þeir geta ekki farið á fjarlæg mið og gengið frá hlutunum eins og aðrir og leyst alla vega til bráðabirgða sín mál. Landssamband smábátaeigenda hefur komið með hugmyndir um t.d. að aflamarkssmábátar undir sex tonnum geti farið á krókaleyfi og það er hægt að framkvæma m.a. innan þess byggðakvóta sem við kvennalistakonur höfum ávallt mælt fyrir. Það er í takt við það byggðasjónarmið og ég vona að það verði gripið til einhverra ráðstafana sem duga.

[12:52]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Enn aukast vandræðin, kerling, sagði Björn í Mörk forðum. Mér sýnist nú að við stöndum frammi fyrir því að enn aukast vandræðin vegna þess að ríkisstjórnin og stjórnarflokkarnir skildu þetta mál eftir í uppnámi á síðasta þingi, vegna þess að þessi ríkisstjórn hefur þrengt og skekkt kvótakerfið sem stjórnunarkerfi í sjávarútvegi. Við sjáum gallana víða og við sjáum þróun sem nú er að gerast. Það eru ekki bara smábátarnir sem ekki reka sig. Einkaútgerðin, vertíðarbátarnir, þeir eru að fara í brotajárn. Það er ekki rekstrargrundvöllur undir smábátum, undir venjulegum vertíðarbátum. Þetta er alvarleg staða, hæstv. sjútvrh.

Ég sé það í mínu byggðarlagi og eins í Vestmannaeyjum. Vertíðarbátar hafa horfið þar úr höfninni einir 30 á tveimur árum. Það getur vel verið að það sé hægt að koma upp og segja að rúmmetrafjöldinn hafi aukist en þróunin er auðvitað sú að frystiskipin eru í stórum stíl að gleypa þessa litlu heilbrigðu atvinnuhætti um allt land. Menn eru allt of víða um land að fara með kvótann um borð í tröllaukin þorp sem heita frystitogarar sem er siglt með á haf út og fólkið missir atvinnu sína. Þannig að ég óttast það, hæstv. sjútvrh., ef ekki verður hlustað á raddir og þær tillögur sem við vorum með hér í þinginu í fyrra að þá kunni að blasa við ný heljarslóðarorusta um málefni sjávarútvegsins. Ég treysti því að hæstv. sjútvrh. taki á þessu máli og reyni að hafa stefnuna þannig að þjóðin standi saman um sjávarútvegsstefnuna. Það er meginatriðið. Því miður, hæstv. forseti, hefur það brugðist í stjórnunarháttum þessarar ríkisstjórnar og því er komið sem komið er. Tíminn er kannski ekki floginn, hæstv. forseti, en við væntum þess að menn opni augun. (**MB:** Þessi ógæfa byrjaði öll undir stjórn Framsóknar.)

[12:55]

Eggert Haukdal:

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. frummælanda fyrir að vekja máls á þessu vandamáli og ég tek undir hans orð. En hvers vegna er svona komið fyrir sjávarútveginum hér á landi? Það er einmitt komið svona fyrir honum og fiskstofnunum vegna þessa kvótakerfis sem við notum. Hver er friðunin? Er það friðun að hleypa frystitogurum með flottroll upp undir landsteina eins og viðgengst? Skapar það friðun að við veiðum öll þessi ósköp af fiski sem svo er hent í sjóinn? Skapar það verðmæti fyrir þjóðarbúið að fara svona með auðlindina?

Núverandi fiskveiðistjórnun er sprungin. Hún er sprungin framan í feður sína og framan í þjóðina. Landsmenn flestir gera sér þetta ljóst. Á þetta vandræðakerfi sem örfáir menn halda uppi að ganga frá þjóðinni?

[12:56]

Gunnlaugur Stefánsson:

Virðulegur forseti. Það leysir ekki vanda smábátaútgerðarinnar í landinu að deila hér um það hverjum eitthvað er að kenna. Allir stjórnmálaflokkar sem setið hafa í ríkisstjórn sl. sex ár bera ábyrgð á því ástandi sem hér blasir við. Ekki eigendur smábátanna sjálfir heldur stjórnmálamennirnir og allir stjórnmálaflokkar sem hafa setið í ríkisstjórn sl. sex ár.

Við erum sammála um að ástandið er svo alvarlegt að það verður að grípa til einhverra aðgerða ef ekki verr á að fara. Hæstv. sjútvrh. hefur boðað hér breyttar úthlutunarreglur í sambandi við starfsemi Fiskveiðasjóðs en ég óttast mjög að í ljósi þeirra aðstæðna sem við stríðum við kunni þetta að koma að litlu gagni vegna þess að eigendur þessara báta búa ekki lengur yfir neinum veðum til að bjóða Fiskveiðasjóði. Og ég óttast að eigendur þessara báta séu ekki lánshæfir í Fiskveiðasjóði. Það er gott ef þetta skref er stigið en það leysir ekki þann aðsteðjandi vanda sem við er að etja einmitt núna og verður að taka á. Ég vona að í kjölfar þessara umræðna megi nást breið samstaða um skjótar aðgerðir til að bregðast við þessu ástandi. Og ég treysti hæstv. sjútvrh. að skoða málið vel og taka forustu um aðgerðir sem að gagni geta komið.

[12:58]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Ég vil þakka hv. þm. fyrir þá umræðu sem hér hefur farið fram. Það er vissulega svo að hér er við verulegan vanda að etja í íslenskum sjávarútvegi og ég tel að ég hafi þegar svarað efnislega þeirri fyrirspurn sem fram kom af hálfu málshefjanda. Ég tek undir með hv. 1. þm. Vestf. Það er ranglátt hvernig smábátunum hefur verið haldið utangarðs hjá Fiskveiðasjóði og ég vænti þess að þau tilmæli sem hann stendur núna frammi fyrir leiði til þess að þar verði teknar upp nýjar reglur og við þá aðgerð sem ætlunin er að koma í framkvæmd þá verði smábátarnir hafðir með.

Ég tel að annað sé óverjandi í þeirri stöðu sem við erum í dag. Auðvitað leysir þetta engan vanda og það er engin einföld lausn á því þegar afli hefur minnkað, það getur enginn galdrað upp úr hattinum einhverja töfralausn og tryggt óbreyttan rekstur allra útgerða í landinu þegar þorskaflinn minnkar jafnmikið og raun ber vitni um. Enda hefur ekki komið fram í máli neins hv. þm. nein slík töfralausn vegna þess að þær eru auðvitað ekki til. En við freistum þess að beita öllum tiltækum ráðum til að hjálpa mönnum í gegnum þann öldudal sem menn þurfa að sigla og sú aðgerð sem ég hef hér nefnt er veigamikill þáttur í því.

Í tilefni ræðu hv. 5. þm. Suðurl. þá vil ég rifja það upp vegna þess að hann gerði það hér að sérstöku ásökunarefni í garð ríkisstjórnarinnar að hafa þrengt nokkuð framsalsmöguleika í fiskveiðistjórnunarlögunum. Það var gert vegna sérstakra óska sjómannasamtakanna í landinu og til þess að greiða fyrir lausn á verkfalli sjómanna og útvegsmanna. Eini flokkurinn hér í þinginu sem stóð gegn óskum sjómanna var Framsfl. og þeir eru enn að stæra sig af því. Það er athyglivert.

Umræður utan dagskrár.

Framtíð Kísiliðjunnar við Mývatn.

[13:01]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Ástæða þess að ég kveð mér hér hljóðs utan dagskrár um málefni kísilgúrvinnslu úr Mývatni er sú umræða sem farið hefur fram undanfarið um þessi mál. Hún hefur snúist um það hvaða fyrirheit ríkisstjórnin gaf við útgáfu á starfsleyfi verksmiðjunnar í apríl á síðasta ári. Við höfum yfirlýsingu formanns Náttúruverndarráðs þar sem segir að því hafi verið lofað að leyfið væri endanlegt og engin vinnsla ætti sér stað eftir árið 2010. Ef við lítum á það sem kom frá stjórnvöldum þegar þetta mál var til umfjöllunar á þessum tíma þá kemur í ljós að þar stangast hlutir nokkuð á. Í fréttatilkynningu sem er dagsett 6. apríl 1993 frá umhvrh. stendur, með leyfi forseta:

„Ákveðið er að kísilgúrnám á botni Mývatns verði hætt eigi síðar en í lok ársins 2010 og að kísilgúrnám fram til þess tíma verði bundið við afmarkað svæði á Ytriflóa samanber hjálagt yfirlitskort."

Þarna segir í fréttatilkynningu ráðuneytisins beinlínis að þetta sé ákveðið. Maður hlýtur að spyrja: Hver ákvað það? Hvar var sú ákvörðun tekin?

Aftur á móti í fréttatilkynningu iðnrn. sem var gefin út norður í Mývatnssveit deginum seinna stendur, með leyfi forseta:

„Núverandi námaleyfi Kísiliðjunnar hf. rennur út árið 2001 og við útgáfu nýs námuleyfis er það endurnýjað og jafnframt framlengt til ársloka 2010 í því skyni að eyða óvissu um framtíð fyrirtækisins, ekki síst vegna þeirra félagslegu og fjárhagslegu hagsmuna sem í húfi eru fyrir íbúa svæðisins og þjóðfélagsins í heild." Í þeirri fréttatilkynningu stendur aftur seinna, með leyfi forseta:

„Þá hefur iðnrh. ákveðið að beita sér fyrir rannsóknum í samvinnu við hagsmunaaðila á nýrri vinnslutækni við kísilgúrnám í vatninu" — ég endurtek — „í vatninu og hugsanlegri nýtingu á kísilgúr sem lenti undir hrauni sem rann út í vatnið í Kröflueldum á 18. öld."

Þarna finnst mér að gæti verulegs ósamræmis í því sem er útgefið annars vegar af umhvrn. og hins vegar af iðnrn. þó ég vilji taka það skýrt fram að að sjálfsögðu er landinu ekki stjórnað með fréttatilkynningum.

Nú hefur núv. iðnrh. bent á réttilega í viðtali við DV að ráðherrar gefa ekki slík fyrirheit eins og gert er í fréttatilkynningu umhvrn. Slík ákvörðun sé einungis á færi Alþingis. Ekki veit ég hvort ráðherra er þarna að snupra fyrrv. umhvrh. en alla vega hlýtur skeytinu að vera beint þangað.

Virðulegur forseti. Í þessu máli er ábyrgð stjórnvalda mikil. Hún er tvíþætt. Annars vegar gagnvart umhverfisvernd og verndun náttúruperla. Hins vegar snýst málið um það að það var í raun opinber stjórnvaldsaðgerð á sínum tíma að ráðast í kísilgúrnám við Mývatn. Stjórnvöld bera því mikla ábyrgð gagnvart þeim einstaklingum sem eiga allt sitt undir þessum rekstri og því sveitarfélagi sem að verulegu leyti hefur mótast af þessum rekstri á síðustu áratugum.

Þá finnst mér að það verði að taka tillit til þess að hér er um að ræða rekstur sem er umhverfisvænn, þ.e. reksturinn sjálfur. Þarna er verið að vinna náttúrulegt hráefni, náttúrulegt innlent hráefni og til þess er notuð jarðhitaorka af staðnum. Nú er ég bara að tala um reksturinn sem slíkan, ekki hvaða afleiðingar hann gæti hugsanlega haft að öðru leyti. Það væri því að mínu mati hrapalleg skammsýni ef ákvarðanir eða ákvarðanaleysi dagsins í dag yrði þess valdandi að það yrði lokað öllu fyrir frekari vinnslu áður en það væri fullkannað hvort hægt er að finna vinnsluaðferð til þess að tryggja á þann hátt að ekki skaði umhverfið, hráefnisvinnslu eftir að vinnslu hættir í Ytriflóa.

Virðulegi forseti. Vinnubrögð í þessu máli eru skólabókardæmi fyrir starfshætti þessarar ríkisstjórnar. Fyrst koma yfirlýsingar sem ganga út og suður. Það eru settir tveir ráðherrar í málið og þeir virðast helst talast við í gegnum fjölmiðla. Stundum finnst manni að frekar sé verið að leita að skammtímavinsældum en að framtíðarlausn. En eins og nú er komið þá er veruleg hætta á því að það hvernig ríkisstjórnin hefur haldið á málinu verði þess valdandi að vinnslu ljúki ekki 2010 eins og hefur verið rætt um heldur 1996.

Virðulegi forseti. (Forseti hringir.) Ég vil spyrja hæstv. iðnrh. að því hvort útgáfa námuleyfis á síðasta ári hafi byggst á fyrirheiti um að vinnslu yrði endanlega hætt árið 2010 og einnig hvað hafi verið unnið í rannsóknum á nýrri vinnslutækni í vatninu eins og fyrirheit voru gefin um þegar leyfi var gefið út. (Forseti hringir.) Virðulegi forseti. Ég er að ljúka máli mínu. Ég vil að lokum gera þá kröfu til ríkisstjórnar að málið verði látið koma fyrir Alþingi þannig að því gefist kostur á að taka á málinu og eyða þeirri óvissu sem vinnubrögð ríkisstjórnarinnar hafa skapað.

[13:07]

Iðnaðarráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Framtíð verksmiðjunnar við Mývatn hefur lengi verið í mikilli óvissu eða allt frá því að fyrsta vinnsluleyfi hennar rann út 12. ágúst 1986. En allt frá þeim tíma hafði námaleyfið verið bundið við takmarkað svæði í Ytriflóa og í bréfi dags. 28. mars 1992 til iðnrn. frá þáverandi framkvæmdastjóra kom fram að það svæði dygði einungis til þriggja og hálfs árs framleiðslu verksmiðjunnar eða til miðs sumars 1995. Það var því ljóst að það var mikilvægt að eyða þessari óvissu sem þá var og framtíð verksmiðjunnar var ekki tryggð lengur en til ársins 1995. Það var hrint af stað rannsóknum til grundvallar frekari ákvörðunum. Þær voru rækilega kynntar m.a. með fundahrinu sem hófst í ríkisstjórninni föstudaginn 26. mars. Sama dag voru þær kynntar á fundum með Náttúruverndarráði og stjórn Kísiliðjunnar. Mánudaginn 29. mars voru þær kynntar á fundi með öllum þingmönnum kjördæmisins. Hinn 30. mars voru niðurstöðurnar kynntar á fimm fundum í Mývatnssveit og á Húsavík. Það kom fram í fréttatilkynningu sem gefin var út þennan dag að frekari námuvinnsla í Ytriflóa mundi ekki hafa teljandi áhrif á Syðriflóa, a.m.k. ekki hvað varðar strauma og setflutninga en að um frekari náma-

vinnslumöguleika fyrir utan Ytriflóasvæðið væri ekki að ræða samkvæmt niðurstöðum þessarar rannsóknar.

Um þetta efni átti þáv. iðnrh. m.a. fund með stjórn og framkvæmdastjóra Kísiliðjunnar 26. mars. Þar sagðist þáv. iðnrh. m.a. vonast til að unnt yrði að gefa verksmiðjunni leyfi til 12–15 ára. Hann sagðist vonast til þess að geta gefið leyfið út með gildistíma fram undir 2010 og lagði áherslu á að fyrirtækið yrði að nota þann tíma til að finna ný not fyrir verksmiðjuna. Þetta var mjög útþrykkilega fram tekið í viðræðum við stjórn verksmiðjunnar á þessum tíma og í bréfi Kísiliðjunnar til iðnrn. dags. 21. mars 1993 segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Vaknað hafa ýmsar hugmyndir innan Kísiliðjunnar hf. með hvaða hætti tryggja mætti Kísiliðjunni hf. námaleyfi til 15–17 ára eða allt til ársins 2010."

Þannig að allar frásagnir um að þarna hafi verið komið aftan að starfsmönnum, þingmönnum eða öðrum eru úr lausu lofti gripnar. Fyrrv. ráðherra gerði mjög rækilega grein fyrir þessu máli í viðræðum við alla þessa aðila.

Það er spurt hvaða einkasamkomulag hafi verið gert við Náttúruverndarráð. Það hefur ekkert einkasamkomulag verið gert við Náttúruverndarráð. Hins vegar liggur það fyrir að samkvæmt 3. gr. laga nr. 36/1974 þarf leyfi Náttúruverndarráðs fyrir hvers konar jarðraski og framkvæmdum af því tagi sem þarna stóðu til, með öðrum orðum áður heldur en námaleyfi yrði gefið út varð að leita álits Náttúruverndarráðs og það yrði um það að fjalla. Þess vegna voru haldnir fundir með Náttúruverndarráði og forstöðumönnum rannsóknanna fyrir 6. apríl 1993. Fundurinn með formönnum Náttúruverndarráðs og rannsóknastöðvarinnar var haldinn síðdegis mánudaginn 5. apríl og þar var gengið frá samkomulagi um það að Náttúruverndarráð mundi veita umrætt námaleyfi miðað við það að vinnsluleyfið mundi gilda til ársins 2010. Um þetta námaleyfi urðu síðan mikil átök á fundi Náttúruverndarráðs sem lyktaði m.a. með því að einn af Náttúruverndarráðsmönnum sagði af sér en lyktirnir urðu þær, eins og ég sagði áðan, að Náttúruverndarráð heimilaði í bréfi að framangreint námaleyfi yrði veitt og á þeirri forsendu veitti hæstv. þáv. umhvrh. námaleyfið og á þeirri forsendu var vinnsluleyfið til verksmiðjunnar gefið út miðað við árið 2010.

Þetta mál var margsinnis kynnt í ríkisstjórninni. Það var kynnt fyrst 26. mars þegar niðurstöður rannsóknanefndarinnar voru kynntar. Drög að námaleyfi voru kynnt í ríkisstjórninni þriðjudaginn 6. apríl og þar kom fram í minnisblaði iðnrh. að námaleyfið yrði takmarkað við kísilgúrnám í Ytriflóa og það kom fram í minnisblaðinu orðrétt, með leyfi forseta:

„Samkomulag er um málið við umhverfisráðuneytið. Voru drögin byggð á því að ekki sé rétt að taka áhættu af því að lífríki vatnsins kynni að bíða tjón af kísilgúrnámi á Syðriflóa. Námasvæðið á Ytriflóa er hins vegar stækkað en með því er talið að kísilgúrnám úr vatninu geti haldið áfram fram á fyrsta áratug næstu aldar eða allt til ársloka 2010 eftir því hver hráefnisþörf verksmiðjunnar verður á tímabilinu."

Í umræðum í ríkisstjórninni gaf hæstv. iðnrh. samgrh. heimild sína til þess að fulltrúa samgrn. yrði bætt í stjórn sérstaks sjóðs sem stofnaður var til að vinna að eflingu atvinnulífs í sveitinni og síðan er bókað í ríkisstjórninni: „Málið rætt og samsinnt." (Forseti hringir.)

Í framhaldi af því gerði síðan hæstv. umhvrh. drög að frv. eða lagði fram frv. í ríkisstjórninni til að staðfesta þetta samkomulag. Það frv. hefur ekki fengist afgreitt en það er alveg ljóst að Alþingi Íslendinga hefur síðasta orðið í málinu, Alþingi Íslendinga getur tekið þá ákvörðun sem Alþingi Íslendinga kýs. (Forseti hringir.) En námaleyfið sem veitt var og umsögn Náttúruverndarráðs var á grundvelli þess samkomulags sem allir aðilar vissu um, allt frá sveitarstjórnarmönnum í Mývatnssveit og í Norður-Þingeyjarsýslu til ríkisstjórnar (Forseti hringir.) að miðað verði við að vinnsluleyfi verksmiðjunnar stæði allt til ársins 2010 og sérstakur atbeini Alþingis þyrfti að koma til bæði til þess að staðfesta það samkomulag og til að breyta því.

[13:14]

Tómas Ingi Olrich:

Virðulegi forseti. Það sem liggur ljóst fyrir í þessu máli og hefur legið ljóst fyrir í nokkurn tíma er að það hefur verið gefið út námaleyfi til vinnslu kísilgúrs í Ytriflóa og námaleyfið gildir til ársins 2010. Hvað verður eftir þann tíma er hins vegar ófrágengið og það er ekki og hefur ekki verið gert neitt í málinu sem leiðir til þess að eftir árið 2010 sé ekki hægt að vinna kísilgúr úr Mývatni.

Það liggur í hlutarins eðli að gildi fréttatilkynningar eins og þeirrar sem gefin var út af umhvrn. daginn áður en námaleyfið var gefið út, þar sem lýst var yfir að ákveðið hefði verið í ráðuneytinu að kísilgúrnámi á botni Mývatns yrði hætt eigi síðar en í lok ársins 2010, er ekki neitt. Þessum málum verður ekki stjórnað með fréttatilkynningum og áframhald málsins er háð samþykki Alþingis. Alþingi hefur ekki fjallað um þetta mál. Það var lagt fram frv. til laga eða öllu heldur sýnt frv. til laga þar sem gert var ráð fyrir því að kísilgúrnám á botni Mývatns yrði óheimilt en þá var í því lagafrv. heimilað að vinna kísilgúr úr botni á tilteknu svæði á Ytriflóa til ársloka 2010.

Um þetta frv. sem var sýnt náðist ekki samkomulag í ríkisstjórn né heldur í þingflokki Sjálfstfl. þannig að það frv. sem slíkt hefur ekkert gildi. Það liggur því ljóst fyrir í þessu máli að hvað verður um Kísilgúrverksmiðjuna eftir 2010 er óljóst. Það sem hefur hins vegar skaðað málið mjög mikið er að það hafa komið yfirlýsingar um að kísilgúrnámið verði ekki heimilað eftir þann tíma og þær yfirlýsingar eru til mikillar skaðsemi.

[13:16]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Meðferð þessa máls hjá hæstv. ríkisstjórn er vægast sagt öll hin sérkennilegasta og frágangur á því samkomulagi sem um þetta var gert á sínum tíma er vægast sagt skrýtinn. Þetta er þeim mun alvarlegra mál sem í hlut á afar viðkvæmt og vandasamt

mál þar sem vegast á annars vegar mjög viðkvæmir atvinnuhagsmunir í einu byggðarlagi en hins vegar náttúrvernd og varðveisla og gæsla einhverrar mestu náttúrperlu landsmanna, sem reyndar er vernduð með sérstökum lögum. Það er mjög slæmt að þessi framganga ríkisstjórnarinnar skuli leiða til þess að ákvörðun sem var tekin á einum tímapunkti og átti að heita að sæmilegt samkomulag væri að skapast um frá öllum hliðum er í raun og veru eyðilögð með þessum framgangsmáta. Því auðvitað átti að ljúka málinu eins og það var kynnt og sem grundvöllur þess samkomulags sem það var þá og ganga þannig frá hnútunum að það væri gert. Annað eru brögð í tafli. Þessi framganga vekur nú upp deilur um málið á mjög viðkvæmu stigi sem hefði mátt komast hjá á tímabili þegar menn hefðu átt að vera að undirbúa þær breytingar sem í vændum væru og/eða sinna þeim rannsóknum eða kanna þá möguleika sem kynnu að vera í stöðunni. Til þess var ætlast og með því var einmitt skapað tímabil af þessari tímalengd að menn þyrftu ekki að vera með sverð hangandi yfir sér innan fárra ára sem gerði það að verkum að ekki skapaðist vinnufriður af neinu tagi hvorki fyrir verksmiðjuna og starfsfólk þar né vísindamenn sem sinntu rannsóknum á þessu sviði. Það er ekki annað hægt, hæstv. forseti, en að gagnrýna það mjög harðlega hvernig frágangur og meðferð þessa máls hefur verið af hálfu hæstv. ríkisstjórnar.

[13:19]

Kristín Einarsdóttir:

Frú forseti. Ég get tekið undir það með hv. síðasta ræðumanni að það er gagnrýni vert hvernig ríkisstjórnin hefur staðið að þessu máli, þ.e. að ekki sé búið að ganga frá því. Ég tel hins vegar að hæstv. iðnrh. hafi gert mjög glögga grein fyrir því hér hvernig þetta samkomulag var og það þurfi kannski ekki að vera að ræða það miklu meira heldur þurfi að leggja fyrir Alþingi frv. þar sem þetta verði staðfest. Það verður að drífa í því og fá fram vilja þingsins í staðinn fyrir að vera að rífast um þetta því það er mjög alvarlegt að fólk í Mývatnssveit viti ekki um framtíð sína.

Ég tel að það ætti að vera öllum ljóst af þeim gögnum sem fyrir liggja, af þeim rannsóknum sem fyrir liggja, að með því að veita námaleyfi í Syðriflóa er náttúran í mikilli hættu. Ef það liggur fyrir þá get ég ekki skilið hvers vegna menn vilja taka þá áhættu. Náttúran á að njóta vafans. (Gripið fram í.) Það liggja fyrir rannsóknir. Ef menn vilja lesa þær þá geta þeir gert það, það liggur fyrir niðurstaða.

Ég vil líka benda á það að í því námaleyfi sem iðnrh. gaf út er í 11. tölul. beinlínis gert ráð fyrir að félagið skuli fjarlægja öll verksummerki um verksmiðjuna og fjarlægja hana. Af hverju er það sett í námaleyfið ef öllum hefur ekki verið ljóst að það er ætlunin að þessi tími til 2010 sé notaður til þess að hætta námavinnslu? Það hlýtur að vera allra hagur að um leið verði reynt að byggja upp atvinnulíf á öðrum sviðum í Mývatnssveit. Ég vil minna á að þann 14. des. 1993 samþykkti Alþingi ályktun þess efnis að efla atvinnuþróun í Mývatnssveit. Af hverju sameinumst við ekki frekar um að gera það í staðinn fyrir að vera að deila um þetta sem er svo augljóst? Námavinnsla í Mývatni getur ekki haldið áfram eftir 2010.

[13:21]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson):

Virðulegi forseti. Hér hafa menn talað um gagnrýnisverð vinnubrögð af hálfu ríkisstjórnarinnar og það kemur ekki fram hjá þessum hv. þm. í hverju þessi gagnrýnisverði verknaður liggur. Hv. þm. Jóhannes Geir Sigurgeirsson heldur því fram að þetta sé skólabókardæmi um vond vinnubrögð. Það sem einfaldlega var um að ræða var illvígt deilumál í sveitinni og raunar víðar. Það tókst sátt um það mál sem kom glögglega fram í fréttatilkynningum frá ráðuneytunum, m.a. í þeim parti fréttatilkynningarinnar frá iðnrn. sem hv. þm. las ekki. En sem dæmi um það hvað þessi sátt var útbreidd þá vil ég, með leyfi forseta, lesa hér upp úr bréfi sem hv. þm. Jóhannes Geir Sigurgeirsson fékk. Bréfið er dags. 1. sept. 1993 og er undirritað af stjórn Kísiliðjunnar. Þar segir:

„Stjórn Kísiliðjunnar hf. er sátt við þessa lausn og telur hana farsæla."

Það hefur verið deilt á fyrrv. umhvrh. fyrir að hann hafi gert eitthvert leynisamkomulag. Það mál hefur verið skýrt ítarlega í þinginu. Menn verða að gera sér grein fyrir því að samkvæmt lögum um vernd Laxár- og Mývatnssvæðisins þá hefur Náttúruverndarráð mjög mikið vald þar. Það þarf að leita álits þess og leyfis raunar samkvæmt álitsgerð Gauks Jörundssonar á hlutum eins og þessum. Það er ekkert óeðlilegt við það að til þess að reyna að ná þessari sátt þá hafi umhvrh., forveri minn, lofað því gagnvart Náttúruverndarráði að beita sér fyrir því að tiltekið lagafrv. yrði lagt fram á þinginu. Það var alveg skýrt af hans hálfu og hefur verið ítrekað og raunar líka af fólki í Náttúruverndarráði að þarna væri einungis um það að ræða að ráðherrann mundi beita sér fyrir þessu.

Það hefur mikið verið deilt um þetta lagafrv. sem ég hef lagt hér tvisvar fram til kynningar. Það er alveg rétt að það sköpuðust deilur um það. Í mínum þingflokki til að mynda var Sigbjörn Gunnarsson alfarið á móti því. Það er rétt að það komi fram vegna þess að ég hef deilt um þetta mál við hæstv. landbrh. Hann var líka á móti þessu frv. En ég vil að það komi fram, virðulegi forseti, að í bréfi til mín, undirrituðu af Friðriki Sigurðssyni, var að vísu lagst gegn þessari gerð frv. en þar er því lýst yfir að Kísiliðjan geti sætt sig við að það verði lagt fram öðruvísi frv. Þeir lýsa því yfir í bréfinu að í framtíðinni mundi þurfa lagabreytingar ef það ætti að fara víðar í vatnið.

[13:24]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það kemur verulega á óvart að hér skuli koma fram af hálfu stuðningsmanna ríkisstjórarinnar að það ríki einhver vafi í þessu máli að því er varðar frágang á þeirri sátt sem gerð var 1993. Mér finnst það satt að segja fádæmi að heyra það frá þingmönnum og þingmanni eins og Tómasi Inga Olrich að túlka málið með þeim hætti sem hann gerði ...

(**Forseti** (SalÞ): Háttvirtur.)

...hv. þm., að túlka málið þannig eftir það sem fyrir

liggur í málinu. Og það fór ekki fram hjá neinum, hvorki á Alþingi Íslendinga, né hjá okkur t.d. í umhvn. sem fengum bæði umhvrh. þáv. og iðnrh. á fund til að gera okkur grein fyrir málinu sameiginlega. Í þeirri nefnd, á þeim vettvangi var engin spurning um hvað fólst efnislega í þessu. Þetta var samtengt samkomulag og byggðist á niðurstöðu þess tilkvadda verkefnishóps sem skilaði niðurstöðum 26. mars 1993. Þar kemur að sjálfsögðu alveg ótvírætt fram að stórfelld áhætta væri tekin ef það væri hafin námavinnsla í Syðriflóa, ef stefna ætti að því í Bolum, sem tengjast Syðriflóa, og það væri áhætta sem stefndi lífríki Mývatns í hættu. Á þessu er þessi niðurstaða reist. Mér finnst það afskaplega hryggilegt ef einhverjir þingmenn Norðurlandskjördæmis eystra eru að fara að reyna að þyrla upp moldviðri út af þessu máli. Þetta er allt of stórt mál til þess fyrir landið sem heild, fyrir Mývetninga og alla hlutaðeigandi til þess að ætla nú að skemmta skrattanum með því að þyrla upp slíku moldviðri.

Auðvitað á Alþingi Íslendinga að innsigla þetta samkomulag fyrr en seinna eins og að var stefnt og ráð var fyrir gert og frv. hafa komið fram um það efni. (Forseti hringir).

Ég minni líka á að það var samþykkt sérstök þáltill. að frumkvæði umhvn. þingsins um að styðja við sjálfbæra atvinnuþróun í Mývatnssveit, m.a. með hliðsjón af því sem þarna lá fyrir varðandi (Forseti hringir.) framtíð kísilgúrvinnslunnar.

[13:26]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Það er ekki rétt, og sama hversu margir endurtaka það, að það var ekki nein allsherjarlausn um að festa í lög að kísilgúrtaka við Mývatn yrði bönnuð árið 2010. Það var eftirtektarvert að heyra fulltrúa Kvennalistans, hv. þm. frú Kristínu Einarsdóttur lýsa því yfir hér áðan að það væri mjög alvarlegt að fólk í Mývatnssveit vissi ekki um framtíð sína en segja það í hinu orðinu að það væri rétt að steypa þeirri atvinnu undan fólkinu sem það þó hefur sem er við Kísiliðjuna sem er grundvallaratvinnugrein þarna og sú atvinnugrein á þessum slóðum sem er allt árið um kring og er staðfestan í byggðarlaginu. (Gripið fram í.)

Ummæli hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar, af því hann grípur fram í, komu mér ekki á óvart og heldur ekki það sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sagði.

Varðandi það bréf sem hæstv. umhvrh. vitnaði til áðan og sagði að stjórn Kísiliðjunnar væri sátt við þessa lausn, þá er verið að tala um að hún sé sátt við að námaleyfið sé takmarkað til ársins 2010. En á hinn bóginn segir um það lagafrv. sem átti að leggja fram, með leyfi hæstv. forseta:

„Þess vegna getum við ekki með neinu móti fallist á það orðalag frv. að kísilgúrtaka á botni Mývatns sé óheimiluð. Þó er heimilt að nema kísilgúr af botni Ytriflóa af tilteknum svæðum til ársins 2010 samkvæmt ákvæðum námaleyfis, dags. 7. apríl 1993."

Stjórnin lýsir yfir með öðrum orðum því að hún er algerlega andvíg frv. eins og það er orðað. Á hinn bóginn var það eftirtektarvert að því var flaggað framan í Mývetninga að það væri rétt að sækja kísilgúrinn undir eldhraunið. Í staðinn fyrir að fara í Syðriflóa væri rétt að sækja kísilgúrinn undir eldhraunið eftir 2010. Það var sú lausn (Forseti hringir.) sem mér skildist á fyrrv. hæstv. iðnrh. að væri Náttúrverndarráði mjög til geðs enda munum við eftir þeim látum sem voru á sínum tíma þegar vegurinn var lagður yfir hið sama hraun.

[13:28]

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Hér er til umræðu samkomulag sem hæstv. ríkisstjórn gerir við Náttúruverndarráð um það að kísilgúrnám skuli ekki heimilt úr Mývatni eftir árið 2010. Hæstv. ríkisstjórn ber náttúrlega fulla ábyrgð á þessu samkomulagi, hvort sem hún hefur ætlað að standa við það eða ekki, það er mér óljóst. Hæstv. landbrh. sem og aðrir ráðherrar bera ábyrgð á því.

Ég hins vegar gagnrýni þetta samkomulag vegna þess að mér finnst það ekki skynsamlegt að taka um það ákvörðun árið 1994 að kísilgúrnám sé ómögulegt úr Syðriflóa árið 2010. Vegna þess að það er hægt að beita við það öðrum aðferðum en gert er í dag að ná þessu efni úr vatninu. Það hafa ekki verði þróaðar aðrar aðferðir. Ég geri mér grein fyrir því að þeir gígar sem gerðir hafa verið eru skaðvænlegir og ég mæli ekki með því að farið verði í framkvæmdir af því tagi í svokölluðum Bolum. Hins vegar er langur tími fram til ársins 2010 og það er mjög líklegt að það verði hægt að þróa aðferð til að ná þessu efni þannig undan vatninu að það falli jafnt, það myndist ekki gígar. Þess vegna finnst mér rangt að taka um það ákvörðun í dag að þetta geti ekki átt sér stað eftir svo mörg ár sem raun ber vitni og gagnrýni því hæstv. ríkisstjórn fyrir að hafa staðið að samkomulagi sem þessu.

Ég er hins vegar sannfærð eða hef alla vega grun um að það hafi verið brögð í tafli þegar hæstv. ríkisstjórn gerði þetta samkomulag, hún hafi aldrei ætlað sér að standa við það.

Að síðustu vil ég segja það, hæstv. forseti, að það að setja lög í dag um að námaleyfi sé óheimilt eftir árið 2010 þýðir að verksmiðjunni verður lokað innan örfárra ára. Það er alvarlegt fyrir íbúa í þessu sveitarfélagi.

[13:31]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Þessi umræða hefur leitt ýmislegt í ljós og staðfest það sem ég hafði grun um að hæstv. ráðherrar þessarar ríkisstjórnar og þar með ríkisstjórnin í heild hafi talað tungum tveim þegar þetta mál var kynnt fyrir hálfu öðru ári síðan og það hafi skipt öllu máli hvort var verið að tala við sveitarstjórnarmenn norður í Mývatnssveit eða stjórnarmenn Kísiliðjunnar eða hvort það var Náttúruverndarráð suður í Reykjavík. Hins vegar sýnist mér að hæstv. ríkisstjórn sé föst í eigin gildru og það sé í raun Náttúruverndarráð sem hafi öll tök og völd í málinu.

Það hefur einnig komið fram í þessari umræðu, sem mér fannst athyglisvert, að það er bókað í fundargerðarbókum ríkisstjórnarinnar að þar hafi öll þessi máls-

meðferð verið samþykkt, þar á meðal náttúrlega af hæstv. landbrh. sem talar síðan alltaf eins og honum komi málið ekkert við. Að sjálfsögðu ber hæstv. landbrh. ábyrgð á öllum gerðum þessarar ríkisstjórnar á meðan hún situr. En kannski verður það ekki nema fram á morgundaginn þannig að það fari að styttast í þeim vandræðum.

Virðulegi forseti. Ég vil ítreka það einnig sem hér hefur komið fram að það sem um ræðir er ekki það hvort vinnsla hættir 2010 eða ekki. Það sem málið getur snúist um er það hvort vinnsla hættir 1996. Ég býst við að ýmsir í þessum sal muni kætast þá. En í árslok 1996 rennur út sölusamningur ríkisins við erlendu samstarfsaðilana. Það er þá líklegasti tímapunktur sem yrði uppi ef vinnslu yrði hætt.

Ég vil að lokum, virðulegi forseti, ítreka það sem ég sagði í upphafi míns máls að úr því sem komið er þá sé ég einu leiðina þá að málið komi til kasta Alþingis og Alþingi fái að skera úr í þessu máli af því að ríkisstjórnin er búin að koma því í það öngstræti sem það er í í dag.

[13:34]

Iðnaðarráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Ég minni á að þann 26. mars voru kynntar niðurstöður rannsókna í ríkisstjórninni sem leiða ótvírætt í ljós hvaða hættur eru á að flytja námavinnslusvæðið til úr Ytriflóa þar sem námavinnslan hafði staðið yfir. Þann 5. apríl er gert samkomulag um að Náttúruverndarráð fallist á að framlengja námaleyfi sem ella hefði dottið úr gildi árið 1995. Það samkomulag er kynnt á fundi ríkisstjórnarinnar þann 6. apríl þar sem kemur m.a. fram að námasvæðið á Ytriflóa sé stækkað en með því er talið að kísilgúrnám úr vatninu geti haldið áfram fram á fyrsta áratug næstu aldar eða allt til ársloka 2010.

Það kemur einnig fram í framhaldi af kynningunni þá lagði umhvrh. fram og kynnti í tengslum við útgáfu námaleyfis fyrir Kísiliðjuna hf. frv. til laga um breytingu á lögum um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu til að staðfesta samkomulagið og minnisblað fylgir því frv. þar sem kemur glögglega í ljós að ráðherrarnir tveir sem stjórnskipulega fara með þetta mál eru sammála um alla þætti afgreiðslu þess og sammála um það að málið hafi verið kynnt fyrir ríkisstjórn alveg frá upphafi og þeir eru sammála um að leggja til að umrætt frv. verði flutt sem stjfrv. Þannig að þeir ráðherrar sem stóðu að samkomulaginu hafa verið sjálfum sér samkvæmir frá fyrstu til síðustu stundar. Málin ganga hins vegar einfaldlega þannig fyrir sig, eins og hv. þm. vita í ríkisstjórn, að mál er ekki flutt sem stjfrv. nema allir ráðherrar séu samþykkir því. Það hefur ekki farið neitt leynt að hæstv. samgöngu- og landbrh. hefur ekki verið samþykkur þessu frv. Því hefur það ekki fengist flutt sem stjfrv. þó svo að ráðherrarnir tveir sem málið heyrir stjórnskipulega undir séu báðir sammála. Þetta vildi ég ítreka sem kom fram í máli mínu hér áðan vegna þeirra ummæla sem hér hafa fallið.

[Fundarhlé. — 13:36]

Útbýting þingskjala:

Reykjavíkurflugvöllur, 204. mál, fsp. GHall, þskj. 230.

Sjóður til að styrkja efnilega íþróttamenn, 205. mál, fsp. IBA, þskj. 231.

Vernd Breiðafjarðar, 206. mál, stjfrv., þskj. 232.

Skýrsla forsætisráðherra um Byggðastofnun 1993.

[14:01]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti. Ég geri hér grein fyrir ársskýrslu Byggðastofnunar fyrir árið 1993 og jafnframt ætla ég að fjalla nokkuð um þær breytingar sem orðið hafa hjá stofnuninni á þessu kjörtímabili.

Byggðastofnun fékk 170 millj. kr. framlag úr ríkissjóði á árinu 1993 að viðbættu 20 millj. kr. framlagi vegna viðauka við búvörusamninga. Auk þess hafði stofnunin tekjur af lánastarfsemi að fjárhæð 195 millj. kr. Samtals námu tekjur hennar á árinu 1993 um 385 millj. kr. Útgjöld stofnunarinnar til reksturs, styrkveitinga og framlags í afskriftareikning vegna nýrra útlána voru 373 millj. kr. Stofnunin hefði því sýnt hagnað hefði ekki komið til sérstakt framlag í afskriftareikning vegna eldri útlána að fjárhæð 383 millj. kr. Bókfært tap er því 371 millj. kr.

Ástæða þess að leggja þurfti frekar í afskriftareikning vegna eldri útlána er einkum samdráttur í þorskveiðum og rýrnun á veðtryggingum í sjávarútvegi sem og afskriftir af lánum vegna fiskeldis.

Eftir endurmat útistandandi lána er fjárhagsstaða Byggðastofnunar nú raunhæfari en verið hefur. Eiginfjárhlutfall stofnunarinnar er reiknað samkvæmt svokölluðum BIS-reglum er 9,7% en samkvæmt lögum um lánastofnanir aðrar en við viðskiptabanka og sparisjóði má það minnst vera 8%.

Stjórn Byggðastofnunar samþykkti 254 láns- eða styrkumsóknir og synjaði 86 umsóknum á árinu. Heildarfjárhæð útborgaðra lána var 727 millj. kr.

Um síðustu áramót voru skuldunautar Byggðastofnunar 1.238 og hafði þeim fækkað um 45 frá fyrra ári. Heildarskuld lántaka var 8 milljarðar 305 millj. kr.

Lánveitingar Byggðastofnunar eru áhættusamar, m.a. vegna þess forgangs um tryggingar sem aðrir opinberir sjóðir njóta. Vaxtamunur er lítill og því brýnt að gætt sé aðhalds í lánveitingum. Engu að síður hafa lánveitingar hlutverki að gegna, m.a. vegna þeirrar þekkingar á aðstæðum á hverju svæði sem stofnunin býr yfir. Lánveitingar eru fjölbreyttar en framkvæmdalán fara einkum til skipasmíðaverkefna, ferðaþjónustu og iðnaðar. Færst hefur í vöxt að starfandi fyrirtæki hafa lent í fjárhagsvandræðum og því hefur stofnunin stundum reynt að mæta með lánum til fjárhagslegrar endurskipulagningar eða með því að skuldbreyta áður veittum lánum hjá Byggðastofnun. Byggðastofnun hefur ávallt stutt við uppbyggingu í ferðaþjónustu, m.a. með lánveitingum til byggingar gistirýmis. Eftirspurn eftir lánum hefur minnkað enda er það mat margra að

nú sé rétt að hægja á um sinn og gefa frekari gaum að möguleikum til afþreyingar í nánd við gististaðina.

Að öðru leyti einkennist útlánastarfsemi Byggðastofnunar af samdrætti í efnahagslífinu, fjárfesting var lítil á landsbyggðinni og því dró úr umfangi fjárfestingarlána.

Á árinu námu veittir styrkir alls um 81 millj. kr. Þar af fóru tæplega 9 millj. kr. til ýmissa verkefna í ferðaþjónustu, 18 millj. kr. til átaksverkefna og 25 millj. kr. til atvinnuráðgjafar en Byggðastofnun tók árið 1992 við af iðnrn. við að greiða hlut ríkisins vegna atvinnuráðgjafar.

Styrkveitingar eru að öðru leyti fjölbreyttar og spanna flest stig nýsköpunar. Þar má nefna forkannanir á nýjum atvinnugreinum og fyrirtækjum, stuðning við fyrirtækjanet, stefnumótunarverkefni, gæðastjórnunarverkefni, markaðssetningu, vöruþróun og fleira.

Stofnunin vann að ýmsum athugunum á árinu. Þar má m.a. nefna athugun á framboði gistirýmis og fjárfestingu í ferðaþjónustu, könnun á áhrifum samdráttar í sauðfjárrækt og athugun á afleiðingum minni þorskveiða, sérstaklega á Vestfjörðum, sem síðar leiddi til lagasetningar um aðstoð við sjávarútveg þar.

Á árinu stóð yfir átak í sameiningu sveitarfélaga. Byggðastofnun átti þátt í undirbúningi þess máls og þátttöku í nefndarstarfi og aflaði upplýsinga.

Af einstökum verkefnum sem Byggðastofnun vann að á árinu 1993 ber hæst vinnu vegna stefnumótandi áætlunar í byggðamálum en áætlunin var afgreidd sem þál. frá Alþingi hinn 6. maí sl. Í áætluninni er lögð megináhersla á fjögur atriði. Í fyrsta lagi er mótuð almenn stefna um eflingu samfelldra atvinnu- og þjónustusvæða. Í öðru lagi er lögð áhersla á samræmingu milli einstakra þátta ríkisvaldsins og gerð tillaga um vinnubrögð sem ætlað er að tryggja þá samræmingu. Í þriðja lagi er lögð áhersla á valddreifingu með því að flytja ábyrgð á velferðarþjónustu frá ríki til sveitarfélaga. Í fjórða lagi eru gerðar tillögur um atvinnuþróunarstarf á landsbyggðinni.

Ég gerði ítarlega grein fyrir áætluninni þegar hún var til umfjöllunar á síðasta þingi. Vegna þess sé ég ekki ástæðu til að gera frekari grein fyrir henni nú en sný mér að framhaldinu.

Í þál. segir m.a. að taka beri upp samræmd vinnubrögð við ákvarðanir um opinberar framkvæmdir og fyrirkomulag þjónustu og/eða langtímamarkmið ráðuneyta og stofnana skuli samræmd. Þá segir einnig að forsrn. annist samræminguna og njóti aðstoðar Byggðastofnunar við það verkefni.

Forsrn. hefur beitt sér fyrir fundum ráðuneytisstjóra með Byggðastofnun til að undirbúa þessa stefnumótunarvinnu. Hún er nú hafin og mun Byggðastofnun starfa að þessu máli með ráðuneytunum. Brýnt er að ráðuneytin sjálf sinni þeim kvöðum sem þeim eru lagðar á herðar samkvæmt þál. og geri jafnvel grein fyrir fyrirhugaðri dreifingu þjónustu á þeirra vegum og væntanlegum breytingum á henni. Það er svo hlutverk Byggðastofnunar að leggja mat á áform ráðuneytanna og gera við þau athugasemdir eða brtt. eftir atvikum. Þetta starf er tímabært og er ástæða til að vænta árangurs af því hvað varðar bætta og hagkvæmari þjónustu og aukið samræmi í því hvar og hvernig slík þjónusta er veitt.

Auk þess sem að framan greinir er Byggðastofnun ætlað að standa að svæðisbundnum byggðaáætlunum en í þeim skal koma fram greinargerð um ástand og horfur í þróun byggðar á viðkomandi svæði og markmið sem æskileg eru talin með hliðsjón af þjóðhagslegri hagkvæmni byggðar í landinu. Þessar áætlanir skulu taka til svæðis sem telja má sameiginlegt atvinnusvæði og skulu þær gerðar til fjögurra ára.

Undirbúningur við gerð svæðisbundinna áætlana er nokkuð á veg kominn á skrifstofu Byggðastofnunar í Reykjavík og á skrifstofum hennar á landsbyggðinni. Á næstu vikum hefst vinna við gerð áætlana á nokkrum svæðum.

Rétt er að leggja áherslu á að þessar svæðisbundnu byggðaáætlanir séu einfaldar í gerð og þjóni skýrum markmiðum. Við einstök byggðasvæði er mest um vert að fyrir liggi traust vitneskja um áform um uppbyggingu og dreifingu opinberrar þjónustu sem og vitneskja um stuðning opinberra aðila um átaksverkefni, stuðning á sviði atvinnuþróunarmála o.s.frv. Hér er um veigamiklar forsendur að ræða um þróun byggðar og ég tel það skyldu ríkisvaldsins að veita sveitarstjórnum og öðrum aðilum glöggar upplýsingar um fyrirætlun ríkisvaldsins hvað þetta varðar. Sú vinna sem hafin er á vegum ráðuneytanna í samstarfi við Byggðastofnun er mikilvæg í þessu sambandi og hana verður að vinna af kostgæfni.

Ástæða er til að efast um að ákvæði í lögum um Byggðastofnun um gerð svæðisbundinna byggðaáætlana þjóni þeim tilgangi sem upphaflega var til ætlast. Ég teldi æskilegt að við þá endurskoðun á stefnumótandi áætlun í byggðamálum sem fram á að fara á næsta ári hugi stjórn stofnunarinnar sérstaklega að því hvernig heppilegast sé að útfæra þessar svæðisbundnu áætlanir þannig að að gagni komi.

Að endingu, hæstv. forseti, vil ég rifja upp og minna á nokkrar breytingar sem orðið hafa á starfi Byggðastofnunar á þessu kjörtímabili. Verulegar áherslubreytingar hafa orðið á starfsemi stofnunarinnar í kjölfar breytinga á lögum um stofnunina sem gerðar voru árið 1991 og reglugerðar sem sett var árið 1992. Í hvítbók ríkisstjórnarinnar sagði að stofnuninni yrði fengið aukið hlutverk á sviði faglegrar þjónustu við fyrirtæki og sveitarfélög, en dregið yrði úr lánveitingum á vegum hennar. Þetta hefur gengið eftir og hefur stjórn stofnunarinnar fylgt eftir þessari stefnumörkun ríkisstjórnar.

Útlán hafa dregist saman um meira en helming á kjörtímabilinu. Þau voru 1.681 millj. kr. árið 1990 en voru 726 millj. kr. á árinu 1993 og stefna í að verða rúmar 500 millj. kr. á þessu ári.

Áherslur í styrkveitingum hafa breyst verulega. T.d. voru styrkveitingar til atvinnuþróunarstarfs um 6 millj. kr. árið 1990 en um 74 millj. kr. árið 1993.

Þá námu hlutafjárframlög 57 millj. kr. árið 1990 en voru engin árið 1993.

Þá hafa vinnubrögð við áætlanagerð fyrir rekstur stofnunarinnar verið gerð markvissari. Stofnunin sendir jafnan í upphafi árs sundurliðaða starfsáætlun, rekstraráætlun og heildarútlánaáætlun til forsrn. til kynningar.

Þá er nú skipulega metin áhætta af hverri lánveitingu og lagt jafnharðan í afskriftasjóð. Stofnuninni hefur verið sett það fjárhagslega markmið að varðveita eigið fé og hafa þær ákvarðanir sem stofnunin hefur tekið á undanförnum árum verið innan ramma fjárlaga hverju sinni. Mjög hefur verið dregið úr útlánaáhættu. Eigið fé hefur þó rýrnað nokkuð vegna þess að nauðsynlegt hefur verið talið að leggja auknar fjárhæðir í afskriftasjóð vegna eldri útlána. Vonandi er stofnunin nú komin yfir erfiðasta hjallann í afskriftamálum. Endanlegar afskriftir voru 939 millj. kr. árið 1992. Árið 1993 voru þær 233 millj. kr. og munu væntanlega verða 200 millj. kr. í ár sem er einkum vegna lána sem veitt voru áður en reglugerð um stofnunina tóku gildi. Lán til fiskeldisfyrirtækja hafa nú að langmestu leyti verið afskrifuð. Samt sem áður er þó eftir í afskriftareikningi rúmur milljarður. Er það til marks um það að stofnunin er á góðri leið með að vinna sig út úr þeim vanda sem á henni hvíldi.

Starfsemi stofnunarinnar hefur í auknum mæli færst til landsbyggðarinnar. Stofnunin er nú rekin á fimm stöðum. Þeir eru Akureyri, Egilsstaðir, Ísafjörður, Reykjavík og Sauðárkrókur en þar var opnuð skrifstofa á árinu. Stöðugildi eru 10 á landsbyggðinni en 22 í Reykjavík. Fyrir fáeinum árum voru stöðugildin 35 í Reykjavík og ekkert á landsbyggðinni.

Hæstv. forseti. Miklar breytingar eru nú að verða eins og kunnugt er í landbúnaði og sjávarútvegi. Það er verkefni Byggðastofnunar að styðja við atvinnuþróunarstarfið af fullum krafti og í því starfi og að því starfi eiga kraftar þessarar ágætu stofnunar að beinast. Rekstrarskilyrði útflutningsfyrirtækja hafa batnað með lækkun raungengis og vaxta. Við þessar aðstæður getur atvinnuþróunarstarf skilað árangri og ný atvinnutækifæri skapast.

[14:14]

Matthías Bjarnason:

Virðulegi forseti. Byggðastofnun er sá lánasjóður sem birtir opinberlega hvert einasta lán í skýrslu sinni og til hverra er veitt hverju sinni, bæði nöfn og heimilisföng. Jafnframt eru birt öll lán sem stofnunin tekur og eiginlega öll starfsemi hennar sem er send í skýrslu til Alþingis og margra fleiri aðila og í raun og veru rædd á Alþingi. Það má til sanns vegar færa að umræður um þessa skýrslu séu nokkurs konar aðalfundur um stofnunina hverju sinni enda er stjórn stofnunarinnar kjörin af Alþingi og sitja þar sex alþingismenn af sjö. Ég tel að þessi atriði séu til fyrirmyndar og ættu að vera víðar framkvæmd í lánakerfi okkar Íslendinga. Það er aftur töluvert íhugunarefni hvort hinar svokölluðu BIS-reglur lánastofnana eigi að ná til þessarar stofnunar vegna þess að hún er með fjölbreytilega starfsemi. Lánastarfsemin er ekki nema viss hluti af heildarstarfsemi stofnunarinnar.

Eins og hæstv. forsrh. gat um þá var eitt megin-starfið hin nýja byggðaáætlun í samræmi við lög sem afgreidd voru í þinglok vorið 1991. Það var erfitt að semja þá skýrslu enda er þetta frumsmíð. Mér dettur ekki í hug að halda það að hún sé fullkomin því að það er svo margt sem þarfnaðist frekari athugunar við. Hún er þó góður og traustur grundvöllur að því sem gera á í framtíðinni.

Ég vil ekki eyða löngum tíma eða bæta við það sem forsrh. sagði um starfsemi stofnunarinnar heldur fara frekar um víðari völl. Ég held að stofnanir sem fást við lánamál séu allt of margar í landinu og samvinna þeirra á milli er nánast mjög takmörkuð og í sumum tilfellum engin. Þessi skortur á samvinnu á milli stofnana er mjög áberandi. Við erum í litlu þjóðfélagi með 250 þús. íbúa en við erum með ótal sjóði. Ég ætla ekki að tala um alla lífeyrissjóðina sem lána sem eru 300 eða 400 ef sérsjóðirnir eru teknir með og það eru a.m.k. 1.200–1.500 bankastjórar í þeim. Við erum með Fiskveiðasjóð, sem er tryggður 1. veðréttur í skipum, en hefur til þessa neitað að lána til smábáta undir 10 tonnum. Fyrrv. ríkisstjórn fór þess á leit við Byggðastofnun að hún lánaði 300 millj., ef ég man rétt, til smábáta sem hún gerði og þau lán hafa innheimst mun þokkalegar en björtustu vonir leyfðu. Það má svo nefna Þróunarsjóð, Iðnlánasjóð, Iðnþróunarsjóð, Ferðamálasjóð, Stofnlánadeild landbúnaðarins, Framleiðnisjóð og að ég tali ekki um allar fjármagnsleigurnar sem gerir það að verkum að margt fer öðruvísi en ætlað er og má vera miklu betra.

Ég tel það lífsspursmál fyrir stofnun eins og Byggðastofnun og fleiri sjóði að hafa mjög náið samstarf við bankana í landinu, sérstaklega báða ríkisbankana og alveg sér í lagi Landsbankann og sömuleiðis við stærsta einkabankann, Íslandsbanka, út af fjölmörgum málum. Og við Seðlabankann sem er með sitt bankaeftirlit. Ég get ekki látið hjá líða að segja að það rekst margt á. Bankaeftirlitinu eru settar þröngar skorður. Það á að gæta þess að litlar lánastofnanir láni ekki of mikið því að þá geta þær hrunið. Ég veit um tilfelli þar sem bankaeftirlitið varaði litla lánastofnun við að lána til tveggja fyrirtækja sem voru í eigu sama fólks. Að beiðni eigenda sneri ég mér til hæstv. viðskrh. og bað um aðstoð, að stærri lánastofnun eða Landsbanki Íslands tæki þessi fyrirtæki í afurðalánaviðskipti sem ég tel að sé ekki hætta fyrir lánastofnanir. Hæstv. viðskrh. brást mjög fljótt við og skrifaði landsbankastjórn svohljóðandi bréf:

„Landsbankastjórn hefur móttekið bréf yðar dags. 23. þessa mánaðar með fyrirspurn um hvort Landsbankinn geti með einhverjum hætti tekið viðkomandi fyrirtæki í viðskipti sem hér eru nefnd.“ Svo kemur svar bankans. Það er afskaplega stutt, það kemur daginn eftir og það er svona þegar búið er að vísa til bréfsins: „Svo er ekki.“ Síðan koma undirskriftir tveggja stórmenna í stofnuninni.

Þið sjáið á þessu, hv. alþingismenn, að þessi virðulega lánastofnun, sú stærsta í landinu, þurfti ekki sólarhring til þess að skrifa dómsorð. En það þurfti ekki neinar dómsforsendur heldur var dómsorðið: „Svo er ekki.“ Svo rífumst við á hinu háa Alþingi um smámál,

lítilfjörleg mál sem flestir nenna ekki að tala um en alveg sérstakur dugnaður er í mörgum þingmönnum að taka þau fyrir.

Ráðherrar, þingmenn, og nefndir Alþingis eru undir sterkum áhrifum almennings og fjölmiðla. En menn sem eru búnir að hreiðra um sig í þessum embættum geta leyft sér að afgreiða hluti með þessum hætti og þurfa ekki að rökstyðja neitt, ekki nokkurn skapaðan hlut. Er ekki kominn tími til að taka til í þessu húsi sem íslenska ríkið ræður yfir og gera það ekki af neinu handahófi? Það dugar ekki að setja bara ryksuguna í gang í kortér. Það þarf að moka fleiru út úr þessum híbýlum og hreinsa almennilega til. Þar er verk að vinna fyrir ríkisstjórn og fyrir komandi Alþingi.

Hæstv. forsrh. gat þess réttilega að styrkveitingar þessa litla sjóðs hefðu aukist verulega. Það veitti sannarlega ekki af því. Við stigum spor aftur á bak þegar við lögðum niður Fiskimálasjóð sem veitti til nýjunga á sviði sjávarútvegs. Ég veit að fyrrv. sjútvrh. vildi koma þessu inn í Fiskveiðasjóð og ég efast ekki um að það hafi verið í góðum tilgangi. En það hefur ekkert verið gert í Fiskveiðasjóðnum í því og það hjakkar í sama farinu. Á sama tíma eru aðrar þjóðir vakandi fyrir því að sinna nýjungum en við hjökkum í sama farinu. Það mætti segja mér að gamli Stalín liti upp hingað til þessa lands með mikilli velþóknun því að það er margt hér enn þá með sama sniði og hann vildi hafa það, gamli maðurinn. En ég fyrir mitt leyti tel ekki neina sérstaka ástæðu til þess að gleðja hann þó að ég sé ekkert að ráðast að honum löngu gengnum.

Það urðu nokkrar deilur sem eðlilegt er um Þróunarsjóð sjávarútvegsins sem var lögfestur. Á fundi sjútvn. í gær kom framkvæmdastjóri sjóðsins sem er mjög góður og gegn maður og traustur starfsmaður og skýrði frá því hvað væri búið að gera. M.a. sagði hann okkur frá því að það væri búið að samþykkja úreldingu 87 skipa, þar af 42 innan við 10 rúmlestir. Samtals er þessi úrelding um 1.515 millj. kr. og samanlögð tonnatala þessara skipa er 5.326 rúmlestir. Eftir er að afgreiða 115 umsóknir upp á 459 millj. eða 1.541 rúmlest. Ég vildi nú mega halda því fram þegar þetta frv. kom til meðferðar — og var afskaplega lítið hrifinn og menn verða að virða mér það til vorkunnar — að þessi Þróunarsjóður væri fyrst og fremst fyrir lánastofnanir. Og það mætti segja mér það að 99% af þeim upphæðum sem búið er að afgreiða fari til lánastofnana. Fiskveiðasjóður er best tryggður allra sjóða en bankarnir eru þeir sem hafa ávinninginn en ekki þessir útgerðarmannavesalingar eða skipseigendur. Þeir hafa kannski fengið um 1% svo að það hefði kannski mátt alveg eins kalla þennan sjóð Þróunarsjóð bankanna en ekki Þróunarsjóð sjávarútvegsins. En það er víst of seint í rassinn gripið því að þetta er orðið að lögum.

Það eina sem ég geri athugasemd við sem hæstv. forsrh. sagði, eða mér fannst svona koma fram hjá honum, að það væri mikil ánægja hvað lánveitingar sjóðsins hefðu minnkað. En það er ekki af því að það sé ekki þörf á lánveitingum og það til skynsamlegra hluta. Ég er alveg sammála forsrh. í því að bæði þessi sjóður og aðrir verða að gæta hófs í sínum lánveitingum. En við verðum líka að gera þá breytingu að þegar einstaklingur eða atvinnufyrirtæki kemur til sjóðs eins og þessa, biður um lán, fær það, það eykur verðmæti eignarinnar, þá er beðið um að annar sjóður gefi eftir veðleyfi, þá er sagt nei þegar veðið er að batna. Þetta auðvitað gengur ekki og þarna er samstarfsskortur. Ég held að það væri afar mikils virði og ég vona að hæstv. ríkisstjórn sem nú situr lifi það hvað sem hver og einn segir ef hún tæki sig nú til og gerði ákvörðun um það að skipa nefnd sem hefði það hlutverk að gera tillögur um bætta samvinnu á milli allra þeirra stofnana í landinu sem lána og koma þar á traustari böndum en hafa verið ekki nú um skeið heldur í raun og veru í marga áratugi.

Svo þakka ég hæstv. forsrh. fyrir hans ræðu og hans skilning á starfsemi þessarar litlu stofnunar um leið og ég segi það hér að ég þakka mínum samstarfsmönnum og starfsfólki fyrir samstarf þar því að sjálfsagt fer að styttast í því að maður sé á þessum stað.

[14:30]

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Ég held að það fari ekki á milli mála að um það er bærileg pólitísk samstaða hér í landinu að það þurfi að vera til stofnun sem sinnir verkefnum á sviði atvinnumála og sinnir því að hjálpa til við uppbyggingu íslensks atvinnulífs. Og við hljótum að spyrja okkur í dag þegar við erum að tengjast öðrum þjóðum nánari böndum, t.d. Evrópusambandinu með samningnum um Evrópskt efnahagssvæði, hvernig við ætlum að bregðast við. Hvernig ætlum við að bregðast við því að þjóðirnar í kringum okkur veita gífurlegt fjármagn til sinna atvinnugreina í formi styrkja, lána og áhættufjár? Hvernig ætlum við að standast samkeppni þeirra?

Ég er ekki þeirrar skoðunar að við eigum að bregðast við með þeim hætti að veita styrki og áhættufé í jafnmiklum mæli og gengur og gerist hér í kringum okkur. Það hefur t.d. komið fram að ef Ísland gengi inn í Evrópusambandið, þá tækjum við trúlega á móti 1.000–2.000 millj. í styrki inn í íslenskan sjávarútveg, en það þyrfti hins vegar að borga meira fé til þessa sambands. Með þessu væri komið á mjög miklu millifærslukerfi í íslenskum sjávarútvegi ef við yrðum aðilar að þessu sambandi. Ég held að það sé lítill vilji fyrir því í þessu landi þegar menn horfa á það raunhæfum augum og setja sig niður í það hvað þarna er verið að tala um.

Ég er þeirrar skoðunar að í þessu ljósi þurfum við að endurskoða starfsemi Byggðastofnunar. Hv. þm. Matthías Bjarnason sagði hér áðan að það þyrfti að taka til í ákveðnum banka. Það er sjálfsagt rétt þó að það eigi nú ekki að vera bara út af því að bankinn skrifi stutt bréf. Ég tel að það sé í sjálfu sér ekki ámælisvert að skrifa stutt bréf ef þau eru skýr. En mér finnst hins vegar heldur langt gengið í að nota þrjú orð og velja þar að auki stystu orð sem hægt er að finna, en það er e.t.v. vegna niðurskurðar og aðhalds í bankanum að þessi orð hafa verið valin og þar með verið sparaður pappír.

Ég er þeirrar skoðunar að Byggðastofnun sé heldur ekkert heilög. Hún er tæki okkar til þess að koma áfram ákveðinni þróun og við eigum að endurskoða starfsemi hennar í ljósi aðstæðna. Það er meginverkefni í íslenskum stjórnmálum eins og er og verður á næstu árum að eyða atvinnuleysi. Atvinnuleysi nú er orðið svo mikið að við hljótum að endurskoða verkefni stofnunarinnar í því ljósi. Sex til sjö þúsund manns eru án atvinnu og menn hljóta að spyrja: Hvernig er hægt að beita þessari stofnun betur til þess að minnka atvinnuleysið? Ég er þeirrar skoðunar að stofnuninni hafi ekki tekist vel upp á síðustu árum. Það er afar lítill kraftur í þessari stofnun. Ég er ekki að gagnrýna stjórnina, en það er lítið fjármagn sem hún hefur umleikis og það vantar samvinnu við ýmsa aðra aðila í samfélaginu. Það hefur komið hér fram að það vanti meiri samvinnu við bankastofnanir en ég held að það vanti jafnframt og ekkert síður meiri samvinnu við aðila vinnumarkaðarins, atvinnulífið sjálft, sveitarfélögin og aðra slíka aðila sem láta sig atvinnumál miklu skipta. Ég er því þeirrar skoðunar að það eigi að breyta þessari stofnun og gera hana að raunverulegum samstarfsvettvangi ríkisvalds, sveitarfélaga og aðila vinnumarkaðarins og það eigi að vera aðilar frá þessum samtökum í stjórn stofnunarinnar. Ég held að það sé ekki rétt að það séu eingöngu alþingismenn sem eru í stjórn stofnunarinnar. Við eigum að reyna að breikka hana. Og ég held að það hljóti jafnframt að koma til greina að sameina starfsemi Atvinnuleysistryggingasjóðs undir þennan sama hatt þannig að Byggðastofnun verði raunveruleg atvinnuþróunarstofnun sem starfi í öllum landshlutum og það heyri undir hennar hatt atvinnuráðgjafar frá öllum atvinnugreinum þannig að stofnunin styðji dyggilega við bakið á þeim.

Ég hitti nokkra atvinnuráðgjafa út um land. Þetta er ágætis fólk, ungt fólk sem vill vel. En undantekningarlaust er um að ræða aðila sem hafa enst í starfi þetta 1–2 ár, starfa sjálfstætt og fá litla sem enga reynslu og eru síðan komnir út úr starfinu eftir tiltölulega stuttan tíma. Þetta er ekki svona meðal annarra þjóða. Það er miklu sterkari atvinnumálaráðgjöf meðal nágrannaþjóða okkar og þetta fólk hefur miklu sterkari bakhjarl.

Það eru ýmis lítil sveitarfélög út um allt land að ráða sér atvinnuráðgjafa til skamms tíma í afmörkuð verkefni. Þetta nýtist því miður ekki nægilega vel vegna þess að það er ekki hægt að reikna með því að þetta ágæta fólk geti náð árangri þegar það er ekki hluti af stærri heild. Og mér finnst því líka nauðsynlegt að stofnun sem þessi hafi stjórnir úti á landi þannig að það séu aðilar á Norðurlandi, Austurlandi og Vestfjörðum sem hafi með stjórn stofnananna að gera í þeim landsfjórðungum þótt stofnanirnar heyri undir sameiginlega stjórn sem starfi fyrir landið allt.

Ég held að við þurfum að viðurkenna það að Byggðastofnun er ekki það sterka tæki sem margir hafa vænst. Hún hefur ekki fengið mjög góða umræðu í þjóðfélaginu. Það eru margir sem líta svo á að þessi stofnun sé fyrst og fremst að styðja eitthvert máttlaust starf út um landsbyggðina, eitthvað sem eigi ekki að lifa, eitthvað sem eigi að deyja og þannig er litið á hér á höfuðborgarsvæðinu að þarna eigi sér stað ein fjármálaleg spilling af mörgum. Ég er ekki þeirrar skoðunar þó að auðvitað hafi Byggðastofnun lánað í ýmsa hluti sem hefði ekki átt að lána í eins og gengur og gerist. Það hefur komið fyrir. En ég tel að það sé miklu betra að taka á þessum málum undir merkjum atvinnuleysisins og það verði verkefni þessarar stofnunar að taka á atvinnuleysinu sama hvar það er í landinu. Það er jafnalvarlegt atvinnuleysi í Reykjaneskjördæmi, í Reykjavík, á Austurlandi og Vestfjörðum. Ég vil ekki gera greinarmun þar á. Allt það fólk sem verður fyrir því á erfitt og það á kröfu á því að samfélagið reyni að standa við bakið á því. Og við þurfum á því að halda að virkja þetta fólk til átaka því að við vitum að það verður ekki hægt að fjölga störfum hjá hinu opinbera á næstu árum. Það verður ekki gert nema verðmætasköpunin sé aukin og þess vegna þarf að styðja við bakið á því fólki sem vill leggja út í atvinnurekstur, vill gera eitthvað nýtt og stuðla að nýjungum. Og það eru ekki margir sem geta farið út í margvíslegar nýjungar án samvinnu og aðstoðar við sveitarfélög og ríkisvald og það er rangt þegar því er haldið fram að þetta sé eitthvað sérstakt hér á Íslandi. Það fara gífurlegir styrkir til slíkra verkefna út um alla Evrópu og miklu meira en gengur og gerist hér á Íslandi. Auðvitað eiga sér stað mistök þar eins og hér. En ef við eigum að standast samkeppni á sviði hátækni og nýjunga, þá verðum við að veita fjármagn til þess, enda er það fjármagn sem mun skila sér í framtíðinni.

Ég tel því að stofnunin eigi að hafa það meginhlutverk að veita aðstoð og leiðbeiningar við þá sem vilja hefja sjálfstæðan atvinnurekstur. Ég tel að hún eigi líka að aðstoða einstaklinga og fyrirtæki sem lenda í erfiðri samkeppnisstöðu vegna laga, skatta og annarra opinberra fyrirmæla hér á landi til þess að fá úrlausn mála þannig að viðkomandi atvinnustarfsemi búi við eðlileg samkeppnisskilyrði. Það er þannig í mörgum tilvikum að aðilar þurfa á slíkri aðstoð að halda. Ég tel líka nauðsynlegt að slík stofnun geti lagt fram áhættufé og það eigi ekki að vera bannorð að lagt sé tímabundið hlutafé inn í fyrirtæki sem eru í nýjungum. Byggðastofnun setti hlutafé til nokkurra fyrirtækja hér á árum áður. Það má t.d. nefna merkilegt fyrirtæki eins og Fiskeldi Eyjafjarðar sem á eftir að skipta miklu máli í þróun fiskeldis hér á landi í framtíðinni. Ég vil nefna dæmi um annað fyrirtæki sem er víst með starfsemi við Vatnajökul og skiptir miklu máli í sambandi við aðdrátt ferðamanna að þessum slóðum. Þetta voru ekki miklir peningar en það skipti hins vegar sköpum við uppbyggingu þessa fyrirtækis og varð til þess að laða miklu fleiri ferðamenn inn á svæðið. Ég er alveg viss um að það litla fjármagn sem þarna var lagt fram hefur komið margfalt til baka inn í þjóðfélagið. Það má ekki vera bannorð að ríkisvaldið leggi fram áhættufé og leggi í áhættu að því er varðar ýmsar nýjungar.

Ég vil því hvetja til þess að það verði farið ofan í starfsemi Byggðastofnunar og reynt að gera hana að beittara tæki að því er varðar atvinnuþróun í landinu.

Við framsóknarmenn viljum vinna að því. Við höfum staðið að mótun þessarar stofnunar í gegnum tíðina en við teljum að það sé kominn tími til að taka þessi mál til endurskoðunar.

Ég vil aðeins að lokum, virðulegi forseti, nefna eitt mál sem hefur komið fram í umræðum nú síðustu daga sem er mikið byggðamál og það eru samgöngumálin. Það er afar mikilvægt að flýta samgönguframkvæmdum um allt land. Ég veit ekki betur en um það hafi verið mjög lengi pólitískt samkomulag hér á Alþingi að því fjármagni sem veitt er til vegagerðar sé skipt á grundvelli vegalaga þannig að ⅓ sé metinn vegna arðsemi, ⅓ vegna ástands vega og ⅓ vegna kostnaðar við vegagerðina.

Auðvitað má deila um þetta pólitíska samkomulag sem hér hefur gilt svo lengi sem ég man sem er að vísu ekki nema um 20 ár. En það kemur mér mjög á óvart að nú skuli hafa verið ákveðið að deila vegafé út í hlutfalli við fólksfjölda. Ég held að það sé ekki góður mælikvarði og ég minni á það að þetta hlutfall sem hefur verið í gangi í gegnum árin hefur virkað þannig að ýmis landsvæði hafa verið alllangt neðan við hlutfall sitt um nokkurra ára skeið í þeirri vissu að það ykist síðar.

Ég vil óska eftir því að menn rjúfi ekki slíkt pólitískt samkomulag með einu pennastriki heldur sé það rætt hér á Alþingi með eðlilegum hætti vegna þeirra ástæðna að þessi mál fara ekki eingöngu eftir pólitískum skoðunum heldur líka eru þau stórt atriði í að halda eðlilegu jafnvægi og góðum friði milli svæðanna í landinu, milli bæjanna í landinu, milli dreifbýlis og þéttbýlis. Það er öllum mikilvægt að svo verði, hvort sem menn búa í höfuðborg eða sveit. Þetta kemur nokkuð undarlega fram finnst mér einmitt þessa daga þegar því er haldið fram að eitt það mikilvægasta sem þurfi að gera í landinu sé að jafna atkvæðisréttinn en þá er sagt um leið að menn verði svo að jafna annað með öðrum hætti. En mér finnst að þessar setningar, sem hafa komið fram frá hæstv. ríkisstjórn að því er varðar vegafé, séu með sama hætti að nú eigi að dreifa vegafénu í framtíðinni í hlutfalli við fólksfjölda. Ég held að þetta sé sagt í nokkurri fljótfærni og bið um það að menn ræði þetta betur áður en ákvarðanir eru teknar.

[14:46]

Ragnar Arnalds:

Virðulegi forseti. Á bls. 10 í ársskýrslu Byggðastofnunar fyrir árið 1993 er birt súlurit sem sýnir heildarupphæð lána og styrkja frá Byggðastofnun seinasta áratuginn. Ef þetta súlurit er nánar skoðað má glöggt sjá að á árunum 1986–1990 hefur heildarupphæð lána og styrkja verið á bilinu 1.900–2.700 millj. kr. á ári. Lægst voru þessi lán á árunum 1987, 1989 og 1990 eða í kringum 1.900 millj. en hæst á árinu 1988 í kringum 2.700 millj. kr. Allt er þetta reiknað á sama verðlagi, þ.e. á verðlagi í janúar 1994. Ef síðan er litið á hver eru lán og framlög á árinu 1993 kemur í ljós að þau eru dottin niður í 726 millj. á því ári, þ.e. þau eru orðin minna en helmingur, jafnvel aðeins ⅓ af því sem þau áður voru.

Ef við lítum svo á samsvarandi tölur fyrir árið sem er að líða, þ.e. árið 1994, þá er allt útlit fyrir að lánveitingar og styrkir á árinu 1994 verði komið niður í 600 millj. á sambærilegu verðlagi árið 1994.

Sem sagt fyrirgreiðsla þessarar stofnunar hefur minnkað þannig að hún er aðeins lítið brot af því sem var fyrir tiltölulega fáum árum síðan og það má segja að á árinu 1994 sé þessi fyrirgreiðsla, þessar lánveitingar og þessir styrkir, aðeins fjórðungur, jafnvel aðeins fimmtungur af því sem var á síðari hluta seinasta áratugs.

Til viðbótar við þetta er rétt að geta þess að þegar sagt er að lánveitingar og styrkveitingar á árinu 1993 hafi verið 726 millj. þá verður að draga þar frá þá upphæð sem fór í það að endurlána áður veitt lán, þ.e. endurskipuleggja þau lán sem höfðu þegar verið veitt til þess að fá út hvað voru raunveruleg ný lán. Við það lækkar upphæðin um hvorki meira né minna en 180 millj. og er þá komin niður í 545 millj. fyrir árið 1993 og sennilega í kringum 500 millj. á árinu 1994.

Þetta eru vissulega mjög dapurlegar tölur en þær sýna líka um leið hvernig núv. hæstv. ríkisstjórn hefur meðhöndlað Byggðastofnun, hvernig hún hefur haldið á byggðamálunum. Það er einfaldlega verið að kyrkja þessa starfsemi.

Auðvitað er meginvandi stofnunarinnar sá að framlögin eru allt of lítil. Á árinu 1994 eru framlögin aðeins 185 millj. kr. og þá verða menn að hafa það í huga að laun og annar kostnaður við að reka stofnunina er 175 millj., þ.e. framlagið fer nokkurn veginn allt í það að greiða almennan rekstrarkostnað stofnunarinnar. Það er nánast ekkert eftir til þess að bjóða hagstæð kjör til þess að mæta afskriftum eða til að veita styrki.

Af þessum 175 millj. er mjög stór hluti sem fer til ráðgjafarstarfseminnar. Það fara 25 millj. til atvinnuráðgjafanna og síðan 16 millj. til viðbótar í ýmiss konar verkefnastyrki. Þannig að í ráðgjafarstarfsemina víðs vegar um land fara 41 millj. Fyrir nokkrum árum síðan var þessi upphæð aðeins 6 millj. en hún er komin upp í 41 millj. vegna þess að núv. ríkisstjórn hefur á einu bretti afhent þessari stofnun að standa undir þeirri starfsemi sem áður var kennt við iðnráðgjafa og heitir núna atvinnuráðgjöf án þess að útvega stofnuninni neinar tekjur til að standa undir þessum kostnaði. Þetta er eitt af því sem er að kyrkja þessa stofnun og allt hennar starf.

Menn geta að sjálfsögðu spurt sig að því hvort þörf sé á byggðastefnu eða er hún kannski úrelt? Er engin þörf á byggðastefnu? Af þessum tölum mætti sannarlega helst ráða að þetta væri skoðun núv. ríkisstjórnar.

Við alþýðubandalagsmenn erum á allt annarri skoðun og vonandi eigum við samherja í mörgum öðrum flokkum. Það er alveg ljóst að af þremur ástæðum er mikil þörf á að vinna í þessum málum, þessum byggðamálum. Í fyrsta lagi til þess að vinna gegn fólksflóttanum inn á höfuðborgarsvæðið utan af landi. Í öðru lagi til þess að vinna gegn atvinnuleysi sem hefur farið vaxandi og í þriðja lagi verður það að viður-

kennast að lífsskilyrði úti á landi eru með ýmsum hætti erfiðari en á höfuðborgarsvæðinu og hvers konar byggðastyrkir eru úrræði til þess að vinna þar gegn. Þá á ég við það að raforkuverð er hærra víða um land, símkostnaður er verulega miklu meiri, kyndingarkostnaður er mjög víða afar hár og verð á innfluttum vörum er gjarnan miklu hærra en á höfuðborgarsvæðinu vegna þess að vörurnar koma hingað inn á Reykjavíkursvæðið og eru síðan fluttar og þeim dreift út um landið en allt kostar það verulegt fjármagn.

Það eru sem sagt nægar ástæður til þess að halda þessu starfi áfram sem núv. ríkisstjórn er að kyrkja í greip sinni. Það er þörf á því að vinna gegn atvinnuleysinu með aðstoð við stofnun fyrirtækja og með því að veita stuðning og styrki til nýjunga í íslensku atvinnulífi. Þar verður ríkisvaldið að hjálpa til, það verður að hjálpa atvinnulífinu við það að brjótast út úr þeim vítahring sem það er í og Byggðastofnun er einmitt tæki í höndum stjórnvalda sem hefur oft og tíðum komið að mjög góðum notum í þeirri baráttu. Það starf má ekki falla niður.

Ég álít að framlög til byggðamála þurfi a.m.k. að þrefaldast frá því sem nú er. Það væri algjört lágmark ef þessi starfsemi á ekki alveg að lognast út af. Ég vek á því athygli að í öllum Evrópulöndum er stuðningur ríkisvaldsins við byggðamál og byggðaþróun miklu meiri en er á Íslandi. Ég hef áður nefnt það í þessum sal og vil endurtaka það að ef stuðningur ríkisvaldsins við byggðamál og Byggðastofnun væri hliðstæður því sem er að meðaltali í löndum Evrópusambandsins við byggðamál og Byggðastofnun væri hliðstæður því sem er að meðaltali í löndum Evrópusambandsins þá væri sá stuðningur um það bil 1.500 millj. kr. á ári hverju. Sú upphæð er einfaldlega fengin með viðmiðun við fólksfjölda. Ef skoðað er hver er meðalstuðningur landanna eða ríkjanna í Evrópusambandinu við byggðamál og sá stuðningur er framreiknaður miðað við íbúatölu þá væri þessi stuðningur á Íslandi í kringum 1.500 millj. en hann er í mesta lagi 300–400 millj. ef allt er talið. Þá er maður að leggja saman framlagið í Byggðastofnun, framlag í Framleiðnisjóð landbúnaðarins og kannski einhverjar einstakar sporslur til viðbótar eins og Vestfjarðaaðstoðina sem nú er í gangi og dreifist bersýnilega á fleiri en eitt ár þannig að það geta verið um þessar mundir um að ræða í heildina tekið framlög til byggðamála upp á 400–500 millj. kr. Og eins og ég segi þá er þetta framlag, 400–500 millj. kr., minna en einn þriðji af því sem veitt er í byggðastyrki til ýmiss konar verkefna í löndum Evrópusambandsins.

Ég vek á því athygli samtímis að þegar ég nefni 1.500 millj. sem ætti að vera hér á landi miðað við það sem er í löndum Evrópusambandsins þá er ég ekki að reikna þar með styrkina til sjávarútvegsins eða styrkina til landbúnaðarins sem eru verulegir í þessum löndum öllum. Sjávarútvegur í þessum löndum er verulega styrktur og landbúnaðurinn er það líka. En þær upphæðir eru algerlega þar fyrir utan, teljast ekki með í þessari stóru upphæð. Við erum að tala um hreina styrki til byggðaþróunar og byggðamála út frá byggðasjónarmiðum en ekki út frá sjónarmiðum einstakra atvinnuvega þannig að við sjáum að hvað þetta varðar erum við langt á eftir öðrum þjóðum. Við vorum það hins vegar ekki fyrir fáum árum síðan, eins og ég hef minnst á, þá var stuðningur við byggðamál verulega miklu meiri en hann er nú. Og ég vek á því athygli að vandamálin hér á Íslandi eru síst minni en þau eru í mörgum nálægum ríkjum. Ég tel að vandamálin hér á Íslandi séu jafnvel stærri en víða annars staðar vegna þess að fólksflótti hér úr dreifðum byggðum landsins inn á höfuðborgarsvæðið, inn á Stór-Reykjavíkursvæðið hefur verið miklu meiri á undanförnum áratugum heldur en verið hefur í flestum öðrum löndum álfunnar. Þetta er miklu meira vandamál hér en víðast hvar annars staðar og þá er það í litlu samræmi við þá staðreynd að hér skuli styrkirnir vera svo smávaxnir sem raun ber vitni. Á þessu sviði er þörf algerrar stefnubreytingar.

Virðulegi forseti. Ég á víst stuttan tíma eftir og verð því að ljúka máli mínu senn, en ég vil taka undir það sem kom hér fram hjá hv. þm. Halldóri Ásgrímssyni áðan að það er þörf á því að endurskoða ráðgjafarstarfsemina sem nú á sér stað. Ég vék að henni hér áðan og hún hvílir að nokkru leyti í höndum og á ábyrgð Byggðastofnunar. Hún er líka á vegum Búnaðarfélags Íslands og búnaðarsambanda í nokkuð stórum stíl eins og menn þekkja en það mun líklega vera um 150 millj. sem ganga til ráðgjafarstarfsemi á sviði landbúnaðar. Ég er ekki að mæla með því að dregið sé úr þeirri starfsemi, síður en svo. Ég held að hún hafi komið að mjög miklum notum á undanförnum áratugum og ég mæli ekki með því að úr henni sé dregið. En ég hygg að það væri gott að það væri meira skipulag á þessum hlutum og að þjónustan við landbúnaðinn yrði með einhverjum hætti tengd við þjónustuna við aðra atvinnuvegi þannig að það væri meira samstarf um þessa starfsemi. Ég held að hún kæmi að meiri notum ef þessar skrifstofur gætu verið stærri og öflugri og menn væru ekki að binda sig svo algerlega við einstaka atvinnuvegi sem raun ber vitni. Frumkvæði heimamanna sem mjög hefur farið vaxandi á seinni árum á þessu sviði er mjög mikilvægt og við eigum alls ekki að fara að miðstýra þessu meira en gert er í dag. En það þarf að samræma þessa starfsemi og það væri af hinu góða að endurskipuleggja hana í heild sinni.

[15:01]

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Það sem ég held að skipti mestu máli í þessari umræðu er að við erum að tala um stofnun með mikið hlutverk en lítið fjármagn. Það hefur einfaldlega komið í ljós að þetta mikla hlutverk sem þessari stofnun er ætlað hefur ekki verið tekið yfir af öðrum stofnunum. Meðan svo er og meðan þörf er á að sinna þessu hlutverki, þá er það mikill ábyrgðarhluti að skerða fjármagn svo hrikalega sem hér hefur verið rakið.

Hitt er annað mál að það er alltaf gott að vinna eftir skipulegum og góðu áætlunum og einnig að endurskoða og gera þær breytingar sem þörf er á. Og ég

varð fyrir miklum vonbrigðum með afgreiðslu byggðaáætlunar á síðasta ári hve mikil tilhneiging var til að þynna út öll raunveruleg markmið. Það var í rauninni það sem eftir stóð að við sátum uppi með áætlun sem hvorki var fugl né fiskur, það var ekki tekin afstaða, það var ekki tekin stefna. Þetta kom fram í stóru og smáu. Þetta finnst mér miður vegna þess að eftir sem áður sitjum við uppi með þessi hlutverk.

Það er komið í ljós nú sem við kvennalistakonur höfum löngum haldið fram að lítil og meðalstór fyrirtæki er það sem menn líta helst til, bæði hér á landi og ekki síst annars staðar á Vesturlöndum og austur-asíska efnahagsundrið byggist að ótrúlega stórum hluta einnig á slíkum fyrirtækjum þannig að nú er það sem einhvern tíma var kallað smádútl og öðrum niðrandi nöfnum sem við kvennalistakonur vorum að færa fram, nú er þetta orðin fullgild stefna og það er vel. En hvernig er þessu sinnt?

Það hefur komið hér fram annað atriði sem við kvennalistakonur höfum jafnan haldið á lofti. Það vantar tilfinnanlega samhæfingu í atvinnuátaksverkefnum og í því starfi sem er unnið af miklum heilindum að sjálfsögðu hjá ýmsum atvinnuráðgjöfum. Við sjáum fjármagn streyma um allt of marga litla læki og sameinast kannski allt of seint í einhverjum straumi sem einhver kraftur er í. Við sjáum fjármagn fara um Byggðastofnun, lítið að vísu, um félmrn., um iðnþróunarfélög, atvinnuátaksverkefni sveitarfélaga og atvinnuþróunarfélög þeirra og þá er ég ekki bara að tala um þau verkefni sem umdeild voru vegna Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna þess að það er aðvitað nokkuð annað mál. Einnig skarast þetta við Framleiðnisjóð, Vestfjarðaaðstoð og þá aðstoð sem sérstaklega er veitt vegna landbúnaðar. Ég ætla ekki að fara að blanda sjávarútveginum inn í þó full ástæða væri til því þar er þessum málum einfaldlega ekki nógu vel komið.

Þarna er þetta orðin spurning um hvernig peningar og kraftar fólks nýtast og ég held að það væri hægt að gera mun betur en gert er nú, ef samhæfing yrði virkileg stefna stjórnvalda og stjórnvöld bæru gæfu til þess að marka almennilega byggðastefnu sem væri rökstudd og skipt upp í áfanga sem hægt væri að hrinda í framkvæmd. Ég er ekki þar með að segja að það hafi ekki ýmislegt verið gert gott. M.a. hefur sá stuðningur sem Byggðastofnun hefur veitt til ferðaþjónustu á margan hátt nýst alveg ljómandi vel. Nú er svo komið að vísu að margir telja að offramboð sé á gistirými en í þessari skýrslu sem við höfum hér í höndunum og er hér til umræðu þá kemur fram ný áhersla sem ég get fyllilega tekið undir en það er það að fara að sinna því betur hvað á að gera við þessa ferðamenn sem við flytjum til landsins, hvað þeir eiga að hafa fyrir stafni og geta boðið þeim upp á svo góða kosti að þeir jafnvel freistist til að koma aftur og gera eitthvað annað. Vísir að þessu er m.a. í þeim verkefnum sem Byggðastofnun hefur stutt við bakið á. Ég nefni Jöklaferðir sem nefndar hafa verið hér fyrr. Ég nefni einnig ágæta ferðaþjónustu varðandi Jökulsárlón og Vestfirði og þær hugmyndir sem eru uppi núna um að uppgötva Vestfirði sérstaklega sem ferðaparadís, bæði fyrir innlenda ferðamenn og erlenda.

Byggðastofnun hefur líka borið gæfu til þess að taka þátt í ýmsu sem aðrir hafa annaðhvort lítið eða ekkert stutt. Ég veit ekki hvort dæmi sem ég tek eru einmitt rétt til þess að nefna það, en fiskeldi Eyjafjarðar er gott dæmi. Ég hef þegar nefnt Jöklaferðir og Límtré hf. á Flúðum er dæmi um athyglisverða starfsemi sem ætti að geta haldist miðað við það sem byggt er, t.d. af íþróttahúsum hér á landi, en í öllu þessu á Byggðastofnun umtalsvert áhættufé.

Það hefur löngum verið sagt að það sé þessi skortur á áhættufjármagni sem stendur íslensku atvinnulífi sérstaklega fyrir þrifum og ég held að það eigi ekki síst við um hinar dreifðu byggðir landsins þar sem áhættufé þyrfti að vera og ekki síst til smærri verkefna. Þó ekki sé um háar upphæðir að ræða, ekki háar upphæðir sem þarf til, þá vantar engu að síður þennan pening og fólk er einfaldlega ekki reiðubúið til þess að veðsetja heimili sín og taka þá áhættu sem það er, sérstaklega ekki konur, að ná í það áhættufé. Og það eru líka ákveðin rök fyrir því að leggja áhættufé í t.d. smáiðnað og smáfyrirtæki sem veita heilmikla atvinnu og er þessi vaxtarbroddur í atvinnulífi mjög víða á Vesturlöndum og í Austur-Asíu. Styrkveitingar til smáfyrirtækja geta verið hvetjandi á tvo vegu. Það er bæði til þess að mögulegt sé að hrinda hugmyndinni í framkvæmd og einnig getur slíkur styrkur verkað hvetjandi fyrir lánastofnanir sem þá eru tilbúnar til að koma með mótframlag og þetta held ég að skipti verulegu máli.

Einnig eru oft ýmsir sjóðir sem lána fé til áhættusamra verkefna. Það kemur ekki alltaf mikið út úr þessu öllu, en það hefur sýnt sig víða að þetta fé til smáfyrirtækjanna skilar sér hvort sem tilraunirnar takast eða ekki þannig að áhættusjóðir, sem lána fé út á lágum vöxtum, verða ekki alltaf fyrir sömu skakkaföllum og þeir sem lána til stórra og mikilla verkefna og taka mikil skakkaföll á sig eða atvinnugreinar þegar öll eggin eru sett í eina körfu og veðjað á eina atvinnugrein sem á að bjarga lífi þjóðarinnar þá stundina.

Atvinnuráðgjöf er annað atriði sem ég hef talað um að þurfi að samhæfa. En það þarf að gera fleira en að samhæfa það. Það þarf líka að skilgreina hver vandinn sé. Hverjir eru það sem eru atvinnulausir víða um byggðir landsins? Það eru að miklum meiri hluta konur. Konur eru að vísu hlutfallslega fjölmennari í hópi atvinnulausra en karlar yfir landið allt, þá eru 4,6% kvenna atvinnulaus í september, sem eru nýjustu tölur frá félmrn., en 2,2% karla. Þarna munar meira en helming. En úti á landi er munurinn enn meiri. Á landsbyggðinni eru það 4,2% kvenna og 1,6% karla sem eru atvinnulaus, þannig að þarna erum við einfaldlega að tala um að það eru konur sem eru mun líklegri til þess að vera atvinnulausar um hinar dreifðu byggðir landsins heldur en karlar. Á þessu þarf að sjálfsögðu að taka með ráðum sem duga.

Þegar verið var að fjalla um stefnumótandi byggðaáætlun sl. vetri lögðum við kvennalistakonur fram brtt. sem ég harma að var ekki samþykkt, en við lögðum til

að við a-lið 4. gr. yrði bætt setningu þannig að á eftir orðunum „Áfram verður stutt við verkefni sem efla framtak kvenna í atvinnumálum“ kæmi: „Í því skyni verði ráðinn í öllum landshlutum sérstakur atvinnuráðgjafi fyrir konur.“

Fyrir þessu eru ákveðin rök. Ekki bara vegna þess að konurnar fylla hóp atvinnulausra heldur líka vegna þess að það hefur sýnt sig að þar sem sérstakir atvinnuráðgjafar kvenna eru til staðar hafa konur verið mun líklegri til þess að sýna sig og koma með hugmyndir sínar en þar sem almenn atvinnuráðgjöf á sér stað. Þetta verðum við einfaldlega að horfast í augu við. Ég ætla ekki að skilgreina það hér vegna þess að tíminn er of naumur til þess hver rökin eru fyrir þessu en þetta hefur verið skoðað, þetta hefur verið skilgreint og fyrir þessu eru ákveðin rök. Þar af leiðandi finnst mér að það eigi að bregðast rétt við þessu og það er alveg hægt. Vissulega eru til dæmi um slíkt atvinnuátak eins og Snerpa á Vestfjörðum og það þó í mjög smáum stíl sé þá eru hlutir að gerast þar og það er hreyfing á málum. Á fleiri stöðum hefur verið tekist á um þessi mál. Á Suðurnesjum hefur verið mikið atvinnuleysi kvenna og þar hefur verið hugað að ráðningu sérstaks starfsmanns. Ekki hefur verið greint eins skýrt frá hver árangurinn þar hefur verið en þó er samdóma álit þeirra sem komu á fund allshn. og ræddu þessi mál á sl. vetri að þetta þjónaði sérstökum tilgangi og ástæða væri til að halda slíkri starfsemi áfram. Þetta þýðir einfaldlega að verið er að skilgreina vandann og grípa til markvissari aðgerða en ella væri gert.

Ég held að ekki þurfi að fjölyrða um að það hefur sýnt sig í öðrum löndum og einnig hér að fái konur ekki störf við hæfi um lengri tíma flytjast þær þangað sem möguleikarnir til að fá störf eru meiri, þ.e. til þéttbýlisins. Þetta leysir upp fjölskyldur og karlarnir fylgja gjarnan í kjölfarið þannig að þeir eiga líka verulegra hagsmuna að gæta. Ef mönnum vex eitthvað í augum að vera sérstaklega að sinna konum geta þeir gert það af eigingjörnum hvötum vegna þess að þetta er einfaldlega til staðfest. Ég býst hins vegar við því að fólk sé almennt meðvitað um að ekkert sé athugavert við að taka sérstaklega á málefnum kvenna og ekki þurfi slíka brýningu við þá sem hér eru staddir. Ég held einfaldlega að umræðan sé komin á það stig að menn séu farnir að skilja að sérstaklega þarf að taka á atvinnumálum kvenna á landsbyggðinni.

Ekki fer mikið fé til slíkra verkefna. Ef við lítum á liði eins og nýsköpun og annað það sem verið er að tíunda, útborgaða styrki árið 1993, kemur í ljós að þarna er gjarnan um að ræða upphæðir á bilinu frá 100.000 kr. upp í 1,6 millj. kr. þar sem mest er þar sem sérstaklega er verið að huga að verkefnum er lúta að atvinnumálum kvenna. Ég held að allt þetta hafi ávaxtað sig býsna vel svo og það fé sem félmrn. hefur sérstaklega ætlað til kvenna og því beri að líta á þetta sem sérstakan valkost í viðbót við annað.

Ég hef ekki farið út í nema einn einangraðan þátt sem aðalefni ræðu minnar vegna hins takmarkaða tíma en ég held að þessi ákveðni þáttur geti verið lykilatriði í því hvernig við stöndum að byggðamálum okkar í framtíðinni. Þar af leiðandi held ég að þetta val sé réttlætanlegt þótt stórt sé hér undir og ég óttast einnig að þetta verði ekki aðaláhersla allra hér sem taka til máls en ég vona að sjálfsögðu að við fáum tækifæri til að þó eitthvað fleira um atvinnumál kvenna á landsbyggðinni í umræðunni.

Útbýting þingskjals:

Útflutningur hrossa, 209. mál, stjfrv., þskj. 235.

[15:16]

Sturla Böðvarsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir þá skýrslu sem hann hefur flutt. Vissulega er mjög rík ástæða til þess að fara nokkrum orðum um skýrslu um starfsemi Byggðastofnunar og það sem tengist henni. Einhverra hluta vegna eru ekki margir hv. þm. í salnum við umræðuna og vekur það væntanlega upp einhverjar spurningar um áherslur hv. þm. en hvað um það. Samkvæmt lögum er stefnumótandi byggðaáætlun eitt af veigamestu verkefnum Byggðastofnunar enda hefur stjórn Byggðastofnunar fjallað um slíka áætlun og samþykkt. Verkefni Byggðastofnunar hafa í auknum mæli verið að færast frá því að vera lánastofnun til þess að vera stofnun sem tekst á við þróunar- og skipulagsstarf á sviði atvinnumála. Ég tel að þetta sé eðlileg þróun og eðlileg breyting sem hefur orðið á Byggðastofnun og í takt við þann vilja sem kemur fram hjá núverandi stjórnvöldum og stjórnarflokkarnir hafa að sjálfsögðu unnið að.

Ein af allra mikilvægustu breytingum sem ég tel að hafi orðið hjá Byggðastofnun er að stofnunin hefur verið færð út á land með því að útibú hafa verið stofnuð. Ég tel að með því að færa stofnunina þannig út á land hafi hún færst nær þeim vettvangi sem henni er vissulega ætlað að starfa á. Það hefur verið fróðlegt að fylgjast með þeim viðbrögðum sem hafa orðið þegar hugmyndir komu upp um það að færa stofnunina út á land í heilu lagi að ýmsir hafa lagst gegn því. En ég held að þessi stefna sem hefur verið tekin upp, þ.e. að færa stofnunina með útibúum út á land, hafi verið e.t.v. skynsamleg leið til þess að gera þá miklu breytingu sem hefur í rauninni orðið á stofnuninni án þess að gera það í einu stökki.

Ég ætla ekki að fjalla sérstaklega um það heldur fara nokkrum orðum um þau verkefni sem Byggðastofnun hefur verið falið. Nokkuð hefur verið gagnrýnt og talið að það væri hennar Akkilesarhæll að hafa ekki nægilega fjármuni. Vafalaust er það að Byggðastofnun gæti ráðstafað meiru af fjármunum sem ríkið legði henni til. Það er í margar áttir að líta og eilíflega hægt að koma út fjármunum til verkefna. En miðað við þær aðstæður sem við búum við í dag tel ég að stjórn stofnunarinnar hafi farið skynsamlega með það takmarkaða fjármagn sem til ráðstöfunar er þó auðvitað vanti alls staðar áhættufé, það vantar víða fjármuni til atvinnulífsins o.s.frv. En með því að Byggðastofnun leggi línur, móti byggðaáætlun, auðveldar það öðrum aðilum, lánastofnunum, að veita fjármagn sem til ráð-

stöfunar er í þjóðfélaginu inn á þau svið sem Byggðastofnun og samþykkt byggðaáætlun leggur línur um að sé skynsamlegast að fara.

Ég held að með þeim hætti sé líklegt að bærilega geti tekist til um ráðstöfun á fjármunum til atvinnulífsins, til þjónustustofnana og jafnvel sveitarfélaga sem takast á við það verkefni að styrkja byggðina í landinu.

Byggðaáætlun, sem var samþykkt og unnið hefur verið eftir, leggur auðvitað línur um það hvernig ríkisvaldið með fjárlögum og ýmsum öðrum ráðstöfunum geti styrkt byggðina í landinu. Þar kemur m.a. fram að lögð sé áhersla á eflingu samfelldra atvinnu- og þjónustusvæða og það er auðvitað gert með því að bæta vegasamgöngur og aðrar samgöngur. Síðan þarf að taka tillit til þess við gerð vegáætlunar, við gerð hafnaáætlunar, við gerð flugmálaáætlunar o.s.frv. Ég tel að þetta sé mjög eðlilegt að þannig sé unnið.

Nýsköpun og fjölbreytni í atvinnulífinu gerist ekki einungis með því að á vegum Byggðastofnunar séu lagðar línur eða áherslur heldur er eðlilegt að á grundvelli byggðaáætlunar komi aðrir aðilar, eins og ég nefndi fyrr, að þessu með því að veita fjármuni inn í atvinnulífið til annarra þátta þannig að atvinnulífið eflist og nýsköpun geti orðið.

Eitt af því sem getur eilíflega orðið deilumál en verður að leggja nokkrar línur á grundvelli byggðaáætlana er samræming á starfsemi og framkvæmdum ríkisvaldsins. Ríkisvaldið getur haft mjög afgerandi áhrif á þróun byggðarinnar með ákvörðunum sínum, með því að staðsetja stofnanir, með því að leggja fjármuni í tiltekin verkefni og þannig stuðlað að tiltekinni byggðaþróun. Ég tel að þetta hafi verið gert og ekki síst á þeim tíma sem núverandi ríkisstjórn hefur starfað og má nefna ýmis dæmi um það.

Eitt af því sem nefnt er í skýrslu Byggðastofnunar er valddreifing frá ríki til sveitarfélaga. Það er eitt af þeim verkefnum sem hefur verið erfiðast viðureignar. Reynt hefur verið að færa verkefni til sveitarfélaganna frá ríkisvaldinu og með því leggja línur um eflingu byggðanna. Ég tel að það sé nauðsynlegur og mikilvægur kostur og þar hefur einnig verið litið til sameiningar sveitarfélaga. Þetta hefur gengið heldur hægt. Sameining sveitarfélaga hefur ekki gengið vel á Íslandi en að þessu þarf auðvitað að vinna á grundvelli þeirra áætlana og þess vilja sem hefur komið fram.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að lengja umræðuna. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir þá skýrslu sem hér hefur verið flutt og legg á það áherslu að Byggðastofnun hefur mikilvægu hlutverki að gegna. Ég tel að þar hafi verið farið inn á skynsamlegar brautir hin seinni ár og okkur eigi að geta tekist að efla byggðina á grundvelli þeirra áætlana sem fyrir liggja í dag.

[15:25]

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Það var dapurleg skýrsla sem hæstv. forsrh. flutti hér um byggðamál. Hún endurspeglar reyndar þá stefnu sem ríkisstjórn Davíðs Oddssonar markaði í upphafi, að atvinnumál kæmu henni ekki við. Árangur þeirrar stefnu og annarra aðgerða ríkisstjórnarinnar hafa orðið vaxandi erfiðleikar atvinnulífsins og atvinnuleysi. Samkvæmt breytingu sem var gerð á lögum um Byggðastofnun í tíð ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar ber forsrh. að leggja fram byggðaáætlun á Alþingi. Það gerði hæstv. forsrh. fyrst á síðasta þingi og var hún samþykkt fyrir þinglok. Þar eru sett fram fögur fyrirheit í almennum orðum. Hins vegar gagnrýndi ég það við meðferð málsins í allshn. að þar vantaði markvissar aðgerðir eins og fram kemur í nefndaráliti sem ég skilaði þá. Studdist ég m.a. við ummæli eins gestsins sem kom á fund nefndarinnar um að þetta væri eins og beinagrind sem allt hold vantaði á. Því miður bætir boðskapur hæstv. ríkisstjórnarinnar ekki úr, hvorki ræða hæstv. forsrh. né tölur í fjárlagafrv.

Í greinargerð fjárlagafrv. eru þrjár línur um Byggðastofnun. Þar er sagt frá því að hækkun framlaga til Byggðastofnunar úr ríkissjóði verði 25 millj. kr. Er það vegna aukinna verkefna stofnunarinnar í framhaldi af ályktun Alþingis á sl. vori. En hvað segir þessi ályktun Alþingis um stefnumótandi byggðaáætlun? Í lok hennar er listi yfir fjárveitingar til byggðamála á næstu árum. Þar kemur fram að fjárframlög til Byggðastofnunar skuli hækka um 50 millj. á næsta ári. Hæstv. ríkisstjórn er sem sagt þegar búin að gera þessa áætlun að marklausu plaggi og bætist það við of rýrt innihald þannig að það lofar ekki góðu.

Það kom líka fram í skýrslu hæstv. forsrh. að umsvif Byggðastofnunar hafa minnkað á síðustu árum. Lánveitingar hafa lækkað um helming og hlutafjárframlög hafa algjörlega horfið. Það er á grundvelli reglugerðar sem hæstv. forsrh. gaf út um að slíkt væri ekki lengur heimilt. Hæstv. forsrh. sagði að í staðinn væri lögð vaxandi áhersla á byggðaáætlanir og aðra áætlanagerð. Það kemur fram í skýrslu Byggðastofnunar að lagðar hafa verið fram lágar upphæðir til ýmissa átaksverkefna. Ég kannast við sum þessara verkefna. Þau byrja gjarnan þannig að það er litið á það hvaða möguleikar kunni að vera fyrir hendi í hverju byggðarlagi og síðan er tekinn út einn kostur sem talinn er vænlegastur. Það hefur verið reynt að fylgja eftir þessum verkefnum, sem sérstaklega eru talin álitleg, með frekari athugunum. En því miður er það svo, og það þekki ég fleiri en eitt og fleiri en tvö dæmi um, að þegar sú vinna er nokkuð komin á veg og ýtir frekar en hitt undir vonir manna um að vel geti til tekist þá er fjármagnið sem hægt er að fá til stuðnings verkefninu þrotið. Það þarf að vinna að meiri markaðsathugunum áður en hægt er að fara að leggja áætlanirnar fyrir hugsanlega fjárfesta en þá reka menn sig á vegg. Þá hefur það gerst ef þannig fer að því miður fer það fjármagn sem þegar er búið að leggja í verkefnið forgörðum og verður að engu. Þetta er sorgarsaga.

Hæstv. forsrh. minntist m.a. á samdrátt í landbúnaði og sjávarútvegi og að eitthvað annað þyrfti að koma í staðinn. En hvernig sýnir ríkisstjórnin það í verki? Í síðasta búvörusamningi er kveðið á um að 100 millj. kr. skyldu renna til Byggðastofnunar á ári til þess að styðja sérstaklega verkefni í þeim byggðarlög-

um þar sem sauðfjárrækt er ríkjandi og samdrátturinn því tilfinnanlegastur. Nú hefur það farið svo að þessi samdráttur er jafnvel enn meiri en þeir svartsýnustu óttuðust þegar sá samningur var gerður. En sérstaklega þó tilfinnanlegur vegna þess almenna atvinnuleysis sem nú er að dynja yfir. Bændur hafa því engin úrræði til að leita í nálæg þéttbýli til að drýgja tekjur sínar. En efndir á þessu hafa orðið þær að Byggðastofnun hefur aðeins fengið samtals 15 millj. kr. í þetta verkefni og sjá allir að það hrekkur ekki langt.

Því miður verður að taka undir það sem hv. 1. þm. Vestf., formaður Byggðastofnunar, sagði hér að aðrar þjóðir eru vakandi að sinna nýjungum en við hjökkum í sama fari. Þar vil ég þá aðeins víkja að því hvað aðrar þjóðir eru að gera og hvernig þær meta gildi byggðamála.

Um þessar mundir er verið að kynna drög að Evrópusamþykkt um byggðamál og m.a. voru þau drög kynnt á fundi Evrópusamtaka bænda á sl. sumri. Í Evrópuráðinu eru 32 þjóðir og við Íslendingar þar í hópi. Þar er verið að endurmeta gildi byggðastefnu og hvers virði hún sé fyrir þjóðirnar. Það er mjög margt fróðlegt sem kemur fram í þessu skjali og athyglisvert að hæstv. forsrh. minntist ekki einu orði á þessa vinnu eða hvert viðhorf íslensku ríkisstjórnarinnar og stjórnarliðsins væri til hennar þó að Ísland eigi þar aðild. Það örlaði ekki heldur á framtíðarsýn í byggðamálum hjá hæstv. forsrh. En mig langar að víkja að örfáum atriðum sem standa í þessum drögum að samþykkt um byggðamál. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Landsbyggðin hefur mikilvægu hlutverki að gegna í samfélaginu. Þéttbýli og dreifbýli eru háð hvort öðru og tengjast með margvíslegum hætti. Örlög þeirra eru samtvinnuð."

Enn fremur undir heitinu: Kröfur um byggðastefnu:

„Sjá verður landsbyggðinni fyrir nútímalegum stoðveitum og samgönguleiðum sem mæta raunverulegum þörfum. Þar sem slíkar stoðveitur og samgönguleiðir eru forsendur fyrir því að hægt verði að renna stoðum undir hagfélagslega starfsemi á landsbyggðinni má ekki meta ákvarðanir um að koma þeim upp eða halda þeim við eingöngu út frá umfangi. Þetta á jafnt við um fjarskipti, vegakerfi, almenningssamgöngur og þjónustumiðstöðvar.

Mannauður er verðmætasta eignin í dreifbýlissamfélagi rétt eins og annars staðar. Þróun hans og viðhald verður því að hafa allan forgang. Ef dreifbýlissamfélög eiga að halda velli verður að tryggja fólki viðunandi tekjur. Til þess að það geti tekist þarf fjölbreytt úrval eftirsóknarverðra atvinnutækifæra, ekki aðeins í landbúnaði. Þessi atvinnutækifæri verða þó að miðast við sérkenni hvers héraðs fyrir sig. Meðal aðgerða sem grípa þarf til eru eftirfarandi:"

Síðan eru talin upp allmörg atriði og m.a., með leyfi hæstv. forseta:

„Veita þarf forgang starfsemi og atvinnuframtaki sem miðar að sjálfstæðri þróun og umfram allt sem lúta að stjórn og eru fjármagnaðar af dreifbýlissamfélaginu sjálfu. Stuðla verður að framleiðslu vöru og þjónustu sem eykur verkþekkingu og menntun í einstökum héruðum, svo og að fullri nýtingu vannýttra auðlinda þar sem nefna má timbur, vatn, byggingarefni, landsvæði og virkjun endurnýjanlegrar orkuauðlinda."

Hér er vikið að ýmsum auðlindum, m.a. vatninu. Í sambandi við afgreiðslu á byggðaáætlun á sl. vori vildi ég vekja athygli á þeim miklu möguleikum sem eru í verðmætum landsins og m.a. vatninu. Ég flutti því tillögu um skipun nefndar til vatnsútflutnings sem ég hef endurflutt á þessu þingi. Vænti ég þess að hún fái hér undirtektir. Í greinargerð þeirrar þáltill. er vitnað í tímarit sem heitir AVS en þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Hingað til höfum við horft á þetta neysluvatn renna til sjávar eins og lati Geir á lækjarbakka án þess að hafa uppi mikla tilburði til að gera okkur það að féþúfu. Þó hafa nokkrar ánægjulegar tilraunir verið gerðar til að vinna og flytja út vatn en af miklum vanefnum og án þess að nokkur stefna hafi verið mótuð um það hvernig æskilegt sé að standa að þessum málum þegar til lengri tíma er litið.

En hversu verðmæt er nytjavatnsauðlindin? Allt lindarvatn í byggð flutt út í dýrum neytendaumbúðum skilaði 200 þús. milljörðum íslenskra króna eða fimmþúsundföldum þjóðartekjum okkar núna." Þessar tölur segja aðeins það að hér sé um að ræða nær óþrjótandi hráefni ef við berum gæfu til að nýta það og markaðir fyrir það fara sístækkandi. Þess vegna tel ég að það sé til mikils að vinna að taka svona mál föstum tökum og vinna að framgangi þeirra.

Það sem mér finnst alvarlegast við skýrslu hæstv. forsrh. og þau viðhorf sem þar koma fram er vantrúin á möguleikana. Og vantrúin á það að athafnir borgi sig. Fjárfesting er nú í sögulegu lágmarki og ef hæstv. ríkisstjórn hefði trú á því að það borgaði sig að nýta möguleikana þá mundi hún ekki vera að skera niður þá lágu upphæð sem ályktunin um byggðaáætlun gerði ráð fyrir að veita til aukinnar nýsköpunar. Ef við ætlum að búa áfram í þessu landi þá verður það ekki gert nema með því að nýta auðlindir landsins og þá möguleika sem þær auðlindir bjóða upp á. Þær verða ekki nýttar ef menn sitja með hendur í skauti og virðast telja að það fjármagn sem veitt er til þeirra séu glataðir peningar.

[15:40]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Sú ársskýrsla Byggðastofnunar fyrir síðasta ár sem nú er til umræðu hefur að geyma ýmsan fróðleik um starfsemi Byggðastofnunar en ekki hvað síst vitnisburð um þá stefnu sem núverandi ríkisstjórn hefur haft á þessu kjörtímabili. Líka má að nokkru leyti sjá í skýrslunni afleiðingar af þeirri stefnu.

Hæstv. forsrh. hafði frumkvæði að því að tala um málið í heild sinni á sínu tímabili og gera þar úttekt á þannig að það er eðlilegt að menn velti fyrir sér stefnu stjórnar hans og beri saman við aðra stefnu sem menn hafa haft uppi.

Víða á landsbyggðinni blasir við ýmislegt sem ekki er beint fagurt. Atvinnulíf er víða afar illa statt og sums staðar nánast í rúst. Ríkisstjórnin sjálf hefur við-

urkennt það, m.a. með tillöguflutningi og lagasetningu um aðgerðir til aðstoðar atvinnulífi í einum fjórðungi sérstaklega. Það segir meira en mörg orð um það ástand sem er þar en er líka að nokkru leyti í flestum öðrum landsbyggðarkjördæmunum og reyndar er ekki hægt að undanskilja höfðuborgarsvæðið því að ástandið í atvinnumálum þjóðarinnar er þannig að það er verra þar en víða út á landi.

Vitnisburðurinn er ekki ríkisstjórninni hagstæður. Þau mælitæki sem menn hafa til þess að gera úttekt á stöðu atvinnulífs og lífskjörum fólks eftir búsetu gefa okkur til kynna að verulegt sé að undir stjórn núv. ríkisstjórnar.

Það sem ég hefði viljað leggja áherslu á og tel að stefna stjórnvalda á hverjum tíma eigi að grundvallast á er ekki endilega einhver tiltekin byggðastefna eða einhverjar áherslur um byggðaáætlanir. Ég hef satt að segja ekki mjög mikla trú á því að mönnum takist svo vit sé í og sæmileg skynsemi að gera slíkar byggðaáætlanir út í hörgul eins og viðleitnin virðist vera. Ég er satt að segja afar vantrúaður á að þessi skipulagshyggja sé það lausnarorð sem menn vilja vera láta. Ég held reyndar að áætlunarbúskapur af þessu tagi eigi eftir að mistakast eins og víða annars staðar. Mér finnst það merkilegt að framlag Sjálfstfl. til byggðamála á Íslandi skuli vera að leggja ofurkapp á sérstakar byggðaáætlanir, á áætlanagerð og skipulagshyggju. Má segja að stefnueinkenni núv. ríkisstjórnar sé einmitt í þessu, áherslunni á áætlanagerðina annars vegar og hins vegar áhersla á að ríkisvaldið komi hvergi nálægt til stuðnings atvinnulífinu. Þetta tvennt stendur upp úr að mínu viti sem höfuðatriðin í stefnu núv. ríkisstjórnar. Hvað bæði þessi atriði varðar er ég þeirrar skoðunar að þau hafi reynst illa og ekki sé ástæða til af komandi ríkisstjórn að viðhalda þessum þáttum sem aðalatriðum í einhverri tiltekinni byggðastefnu.

Ég held reyndar að menn eigi að leggja til hliðar eins og hægt er þau viðhorf að hægt sé að taka út úr eitthvað sem heitir byggðamál. Því þegar grannt er skoðað koma byggðamál inn á alla þætti í þjóðlífinu og verða ekki aðgreind sérstaklega nema á þann veg að það skaðar frekar en hitt þá sem ætlunin er að hjálpa, þ.e. landsbyggðarfólki.

Ég tel að menn eigi að tileinka sér annað hugarfar sem byggir á öðrum þáttum og vinna út frá þeim. Ég tel að menn eigi að reka pólitíska þjóðmálastefnu sem hefur það í öndvegi að tryggja fólki atvinnu í fyrsta lagi og byggir í öðru lagi á jöfnuði og í þriðja lagi á rétti. Þessi grundvallaratriði eigi að vera leiðarljósið þegar menn stika út stefnuna í ólíkum og mismunandi málaflokkum en allir eigi þeir að vera grundvöllur að stefnunni í hverjum og einum málaflokki og menn eigi að tvinna þá saman eftir því sem efni og ástæður leyfa.

Ef við lítum á fyrsta þáttinn í því sem ég nefndi, atvinnu, þá felast í því að mínu viti nokkur atriði. Í fyrsta lagi felst í því að menn reki auðlindanýtingastefnu sem tryggir atvinnu þeirra sem nýta auðlindina. Inn í þetta kemur þá löggjöf um mál eins og stjórn fiskveiða því sú löggjöf hefur auðvitað mikil áhrif á stöðu byggða sem lifa á tiltekinni auðlind, hvort sem það er á landi eða sjó. Við sjáum það víða, ekki bara á Vestfjörðum, heldur í mörgum öðrum kjördæmum landsins að atvinnuöryggið er í uppnámi vegna þess að löggjöfin um stjórn fiskveiða er séreignarlöggjöf en ekki sameignarlöggjöf af því að menn hafa valið þann kost að stjórna fiskveiðum með löggjöf sem færir réttinn til að nýta auðlindina í hendur tiltekinna útvalinna einstaklinga. Þeim er síðan heimilað að versla með þann rétt, óháð búsetu eða fyrri nytjum eða öðru slíku. Það er algjörlega óásættanlegt að byggja atvinnustefnu í höfuðatvinnuvegi okkar, sjávarútvegi, á þessu séreignarfyrirkomulagi. Það teflir í tvísýnu öllum grundvallaröryggishagsmunum almennings, annarra sem lifa á þessari atvinnu, hvort sem það er með beint eða óbeint. Eitt það alvarlegasta í ástandinu í dag er að mínu viti öryggisleysi fólks í sjávarplássum í raun og veru nánast hvert sem litið er, í nánast hvaða sjávarútvegsplássi sem er á landinu. Þau eru ekki mörg þannig stödd að fólk geti gengið með sæmilega öruggt til náinnar framtíðar að sínum atvinnuhagsmunum. Löggjöfin um nýtingu auðlindarinnar hefur grundvallaráhrif á það sem menn vilja kalla byggðamál.

Í öðru lagi eiga stjórnvöld að hafa afskipti af uppbyggingu atvinnulífs þegar mönnum þykir ástæða til. Menn eiga ekki að vera með neina trúarbragðastellingar í því máli. Menn eiga að nýta sameiginlegt afl þjóðarinnar og sameiginlegan sjóð landsmanna til uppbyggingar þegar menn telja ástæðu til og þörf á. Það er að mínu viti farsælli atvinnustefna en sú sem rekin hefur verið í tíð núv. ríkisstjórnar sem má orða eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hefur stundum gert: „kemur-mér-ekki-við" stefnan.

Í þriðja lagi tel ég að stjórnvöld eigi að beina uppbyggingu og fjárfestingu í atvinnumálum þannig að menn fái hámarksatvinnuöryggi fyrir lágmarksfjárfestingarkostnað. Stjórnvöld eiga að reka heilsteypta atvinnustefnu í fjárfestingarmálum sem leiðir til þess að menn nytji auðlindir eins og sjóinn eða í öðrum atvinnugreinum með tækjum sem eru eins ódýr og kostur er. Þar er ég að andmæla þeirri stefnu sem verið hefur í mörg undanfarin ár í sjávarútvegi þar sem menn hafa farið út í æ dýrari fjárfestingar. Menn leiðast stig af stigi frá bátum og upp í togara og frá togurum upp í frystitogara. Menn eru ævinlega að færa sig í stærri og dýrari fjárfestingar stig af stigi. Þó hvert frystiskip sem sjálfstæð eining í eigin heimi sé og kunni að vera hagkvæmt fyrir þá sem það eiga er það í heildarsamhengi fjarri því að vera vænlegasti kostur okkar eða sá kostur sem skilar mestum afrakstri fyrir þjóðarbúið í heild.

Ég held t.d. að útflutningsverðmæti afla af frystitogara sé minna en ef sami afli væri unninn í frystihúsi í landi. Fyrir utan það að slíkt ferli skapar fleirum vinnu en hitt. Stjórnvöld eiga að stuðla að því að sem flestir hafi vinnu og að vinnan sem sköpuð er sé með atvinnutækjum sem eru eins ódýr og kostur er og alla vega að menn séu ekki að kosta til þess dýrari atvinnutæki en þörf er á.

Í mörgum töflum sem hægt er að skoða um fjárfestingar má sjá að fjárfestingarkostnaður á bak við

ársverk er ákaflega mismikill eftir því hvernig atvinnutækið er og menn eiga ekki endilega að velja ávallt dýrasta kostinn.

Þetta er í grófum dráttum hugmyndafræðin á bak við hugtakið atvinna sem ég nefndi áðan. Ég nefndi í öðru lagi hugtakið jöfnuð. Þar er ég að tala um jöfnuð óháðan búsetu eða öðrum atriðum sem ekki er ástæða til að fallast á að eigi að réttlæta að menn búi við mismunandi aðstöðu. Ég er að tala um jöfnuð í lífskjörum, jöfnuð á sviði orkukostnaðar, símakostnaðar, vöruverðs, námskostnaðar og þess háttar hluti. Það er auðvitað pólitísk stefna að leitast við að hafa jöfnuð í þessum þáttum. Það er greinilegt og þarf ekki að rökstyðja það sérstaklega að auðvitað er mikill áherslumunur á stefnu núv. ríkisstjórnar og stefnu okkar alþýðubandalagsmanna hvað þetta varðar.

Undir orðið jöfnuð set ég líka samgöngubætur en þær er nauðsyn til að menn geti náð fram jöfnuði eða minnkað þann ójöfnuð sem fyrir er að menn bæti samgöngur um land allt og geri landið þannig smátt og smátt að einu samgöngusvæði og jafnvel einu markaðssvæði eins og stundum er sagt. Það verður ekki gert nema menn leggi töluvert á sig til að koma á góðum samgöngum og þar er ég að tala um vegi, flugvelli og hafnir. Byggðastefnu ríkisstjórnar sér auðvitað stað í samgöngustefnu hennar alveg eins og í stefnu hennar í lífskjörum og jöfnuði.

Í þriðja lagi er rétturinn og það er líka pólitískt atriði, að menn viðurkenni rétt manna til ákveðinna hluta og leitist við að hafa þann rétt sem jafnastan með það að markmiði auðvitað að hafa hann jafnan í einhverjum skilningi sem menn eru sammála um.

Þar er ég að tala um rétt til læknisþjónustu, heilbrigðisþjónustu, rétt til menntunar, rétt og aðgang að sérfræðingum og rétt og aðgang að opinberri þjónustu og svo auðvitað líka þáttur sem ekki má gleyma sem er kosningarréttur. Ég vil ekki gera lítið úr því að menn hafi áhuga á því að jafna þann rétt eins og annan og vil leyfa mér að taka undir áhuga manna eða viðleitni til þess að jafna þann rétt, en ég vil jafnframt minna á þessa grunnhugsun sem ég hef reynt að koma til skila í mínu erindi um atvinnujöfnuð og rétt, að menn byggi sínar pólitísku ákvarðanir á þeirri hugmynd.

[15:56]

Ragnar Þorgeirsson:

Virðulegur forseti. Þegar rætt er um byggðamál setja menn gjarnan upp alveg sérstakan svip. Menn gerast hátt stemmdir og flytja gjarnan einskonar 17. júní ræður. Ræðurnar eru orðnar geysimargar og eflaust á þeim eftir að fjölga enn. Mikið hefur verið rætt um atvinnusköpun en samt fækkar störfunum stöðugt og er orðið varanlegt atvinnuleysi í flestum byggðum landsins.

Mikið hefur verið talað um flutning ríkisstofnana út á land en allt situr við það sama eða nánast allt. Ekki vil ég þó vera ósanngjarn og þakka þau skref sem stigin hafa verið þó bæði hafi þau verið lítil og fá.

Mikilvægi sjávarútvegsins þekkja allir. Í 17. júní ræðunum, sem ég nefndi áðan, er gjarnan talað um nýsköpun í sjávarútvegi, m.a. að efla hafrannsóknir, bæta þekkingu okkar á nýtingu auðlindanna. Afkoma sjávarútvegsins er mikilvirkur þáttur í afkomu byggðar um allt land. Er þá talað um djúpsjávarrannsóknir með tilliti til stóraukinna veiða á úthafskarfa á Reykjaneshrygg, stofn sem lítið er vitað um en útvegsmenn treysta á og hafa fjárfest stórkostlega í skipum sem geta stundað þessar veiðar.

Ég þykist muna að hæstv. sjútvrh. sagði í fjölmiðlum í sumar að rannsaka þyrfti sérstaklega norsk-íslenska síldarstofninn þegar síld gerði vart við sig norðaustur af landinu í júlí sl. Einnig er það samdóma álit að vinna þurfi að rannsóknum þorskklaks, skelfisks, krabbadýra og fleira mætti telja. Þrátt fyrir allt er framlag til Hafrannsóknastofnunar skert frá fyrra ári, að vísu ekki stórlega, en það hefði þurft að bæta stórum upphæðum við milli ára ef þetta ætti að vinnast. Að mínu mati felst framtíð okkar að miklu leyti í þessum rannsóknum, ekki síst fyrir hinar dreifðu byggðir og þær fjárfestingar sem þar eru til staðar.

Á sama tíma og Hafrannsóknastofnun er ætlað lítið fjármagn er Þróunarsjóður sjávarútvegsins að taka ákvarðanir um stórútgjöld vegna úreldingar fiskiskipa. Hef ég af því veður að á meðal þeirra skipa sem sótt hafa um úreldingarstyrk og verið ákveðið að veita styrk til úreldingar séu stór, nýleg og vel búin skip, togarar og línuskip, þar sem útgerðaraðilar sjá sér ekki fært að halda áfram rekstri. Finnst mér að með þessu háttalagi séu Íslendingar búnir að gefast upp, ekki einstakir útgerðaraðilar heldur stjórnvöld. Stefnuleysi, svartsýni, samdráttur og uppgjöf í sjávarútvegi bitnar fyrst og síðast á hinum dreifðu byggðum og teygir vissulega anga sína um allt þjóðfélagið.

Þróun og rannsóknir vegna atvinnumála landsbyggðarinnar eiga að vera í hendi Byggðastofnunar. Þá er ég vissulega að tala um fjármagnshliðina. Sveitarfélögin, atvinnurekendur og sérfræðingar á hverju sviði vinna verkin. Þróun á sviði iðnaðar hefur verið dapurleg. Störfum hefur fækkað stórlega. Ungt fólk sem er að koma úr löngu og dýru námi fær ekki tækifæri til að nýta menntun sína í starfi. Unga fólkinu sem kemur út úr skólanum með miklar skuldir vegna námslána gefst ekki kostur á atvinnu sem stendur undir afborgunum námslána og húsnæðislána, sem óhjákvæmilegt er að taka á sig. Þegar svona er komið er lítið svigrúm til að stofna eigin atvinnurekstur. Ekkert áhættufjármagn er fáanlegt í reksturinn, ekki nóg með það, lán eru sjaldnast fáanleg nema í bönkum, jafnvel rótgróin fyrirtæki eru í vandræðum með bankalán og háa vexti þeirra. Engin lán eru fáanleg nema gegn veðum og veðin skulu vera steinsteypa. Þetta á líka við um Byggðastofnun.

Hér á landi lánar enginn út á áætlanir, þekkingu eða reynslu. Eingöngu steinsteypan gildir. Má ekki sveigja af þessari stefnu? Af hverju tapar Byggðastofnun á útlánum sínum? Má ekki breyta til?

Miklar breytingar hafa orðið í málefnum íslensks landbúnaðar á seinustu árum. Lánveitingar Byggðastofnunar til þess málaflokks hafa ekki verið miklar. Ekki er hægt að segja að bjart sé fram undan hjá

bændum. Samkvæmt tölum sem Hagþjónusta landbúnaðarins á Hvanneyri vann upp úr búreikningum undanfarinna ára kemur fram að eignir, tekjur og launagreiðslugeta í hefðbundnum landbúnaði, sauðfjárrækt og mjólkurframleiðslu, hefur minnkað ár frá ári og sér ekki fyrir enda þeirrar þróunar. Er hér um stórkostlegt byggðamál að ræða.

Virðulegur forseti. Það þarf að efla Byggðastofnun, breyta verulega áherslum, þannig ræktum við blómlega byggð.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Það er óskað eftir nærveru hæstv. forsrh. Hann mun vera á leiðinni og vill forseti því óska eftir að hv. þm. hefji ræðu sína.

[16:02]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég treysti því að hæstv. forsrh. birtist innan tíðar.

Ég ætla að hefja mál mitt á því að segja það að mér finnst umræða sú sem fer hér oft fram um byggðamál minna mig á það sem gat að líta í blöðum upp úr aldamótunum þegar menn voru að býsnast yfir því að konur væru að leggja niður íslenska búninginn og farnar að klæðast dönskum búningi, þ.e. kjólum úr þynnri efnum, sem var auðvitað nokkuð sem breyttir atvinnuhættir og þróunin kallaði á. Það sama gildir um þá byggðaþróun sem átt hefur sér stað í landinu, hún byggist á breyttum aðstæðum og hvers vegna í ósköpunum skyldi íslenskt samfélag ekki hafa breyst eins og öll önnur?

Það gerðist einfaldlega í flestum iðnríkjum heims að fólk fluttist unnvörpum úr sveitum og myndaði borgir. Það varð gífurleg þróun á 19. öldinni t.d. í Englandi og á Norðurlöndunum og hvers vegna skyldi eitthvað annað hafa gerst á Íslandi? Þannig að þetta er þróun sem tengist breytingum í atvinnulífinu, þeim miklu breytingum sem hér urðu á sjávarútvegi, þær gerðust einfaldlega seinna hér heldur en annars staðar.

En ástæðan fyrir því, virðulegi forseti, að ég bað hæstv. forsrh. að koma og hlýða á mál mitt er sú að ég hef nokkuð verið að velta fyrir mér framtíð Byggðastofnunar. Nú vill svo til að ég átti sæti í nefnd sem lagði til að nokkrar ríkisstofnanir yrðu fluttar út á land, þar á meðal Byggðastofnun. Við lögðum til að hún yrði flutt til Akureyrar. Mér finnst augljóst að starfsemi Byggðastofnunar hefur verið að breytast á undanförnum árum og ég held að ef við starfrækjum stofnun af þessu tagi, sem fyrst og fremst beinir sjónum að hinum dreifðu byggðum, þá sé það möguleiki og meira en möguleiki að hægt sé að staðsetja hana úti á landi. Þannig að miðað við nokkuð óbreytt ástand og þá staðreynd að utanrrn. er að taka yfir húsnæði Byggðastofnunar þá vil ég beina þeirri spurningu til hæstv. forsrh. hvernig hann sér fyrir sér framtíð Byggðastofnunar á næstunni. Er það í umræðunni að flytja hana út á land eða hvað?

Hinu vil ég ekki leyna og ég vil bara spyrja þeirrar spurningar: Er þörf fyrir stofnun af þessu tagi? Er ekki kominn tími til þess að við förum að skoða rækilega þá yfirbyggingu sem er í okkar þjóðfélagi og horfa á þá staðreynd að við erum hérna 260 þús. manns með því miður þverrandi auðlindir í kringum landið og spurningin er hverju við getum haldið uppi. Hvað ráðum við við?

Ég vil varpa fram þeirri tillögu að það verði skoðað rækilega hvort ekki er ástæða til þess að sameina ráðuneyti atvinnumála og taka Byggðastofnun inn í það dæmi og mynda hér eitt öflugt atvinnumálaráðuneyti sem hefði yfirsýn yfir öll atvinnumál í landinu. Ég held að með slíku fyrirkomulagi mætti bæði spara mikið en jafnframt gæfist kostur á yfirsýn yfir öll atvinnumál í landinu.

Ég óttast ekki að ákveðnar atvinnugreinar yrðu undir á einn eða annan hátt. Það gildir um atvinnumál eins og annað að þar eiga heildarhagsmunir að ráða og ráðuneytin eiga ekki að vera í hagsmunagæslu fyrir einstaka hópa úti í þjóðfélaginu, hvort sem þar er um að ræða sjávarútveg eða landbúnað.

Ég held við þurfum virkilega að skoða þetta og hvaða hlutverki Byggðastofnun á að gegna. Ég held að ef þörf er fyrir stofnun af þessu tagi þá eigi hún fyrst og fremst að vera ráðgefandi, hún eigi að sinna aðstoð við atvinnulífið með ráðgjöf og rannsóknum, en lánastofnun af því tagi sem Byggðastofnun hefur í reynd verið, sú starfsemi eigi að vera með öðrum hætti og þær leiðir eru margar.

Nú er það svo að eitt stærsta vandamál sem við stöndum frammi fyrir í íslensku samfélagi er það við hvað fólk á að vinna á næstu áratugum. Við viðurkennum það öll að það er mikil þörf á atvinnusköpun í okkar landi. Við sjáum þar ýmar leiðir í fullvinnslu sjávarafla og landbúnaðarvara og við sjáum fyrir okkur aukna ferðaþjónustu og við þurfum að leita annarra möguleika.

Þar sem ég hef kynnt mér þessi mál, atvinnumál og atvinnuþróun, þá hafa menn mjög einblínt á minni fyrirtæki og ekki síst þann kraft sem konur hafa yfir að búa. Mér gafst kostur á því í september að heimsækja atvinnumálaráðuneyti eða vinnumálaatvinnuráðuneyti Bandaríkjanna þar sem er starfandi sérstök kvennadeild. Sú kona sem er þar í forsvari er vel þekkt í Bandaríkjunum og stofnaði þar hreyfingu sem heitir „Nine to Five" eða níu til fimm hreyfingin. Þar var verið að safna saman fyrst og fremst konum sem vinna við skrifstofu- og þjónustustörf. Clinton valdi þessa konu til að vera í forstöðu fyrir kvennadeildina í ráðuneytinu. Það var merkilegt að heyra hvað sú skrifstofa er að fást við, en þar hefur verið lögð mikil áhersla á stuðning við smáfyrirtæki og hefur verulegu lánsfé verið veitt til smáfyrirtækja, einkum til kvenna. Það var fullyrt fullum fetum að þau 1.400 þús. störf sem tekist hefur að skapa á valdatíma Clintons í Bandaríkjunum séu fyrst og fremst til komin vegna þessa stuðnings og þá ekki síst vegna þess að þau fyrirtæki sem konur hafa sett á fót hafa tekist betur en þau fyrirtæki sem karlar hafa stofnað á sama tíma og ræðst m.a. af því að konur fara varlegar í sakirnar heldur en karlarnir. Þær hugsa betur sitt mál og taka ekki eins mikla áhættu.

Þetta var afar athyglisvert að sjá og heyra og ég held að þó að aðeins hafi orðið aukning hér í þessum málum og ég vona að augu ráðamanna séu að opnast fyrir því að það þarf að taka mið af konum, það þarf að huga að því að atvinnuleysi er meira í röðum kvenna en karla, þá vantar mjög mikið á að við nýtum þann kraft sem þarna er og einmitt að leyfa einstaklingunum að spreyta sig. Það þarf að nýta þær hugmyndir sem einstaklingarnir hafa og að gefa þeim kost á því að reyna þær hugmyndir í stað þess að stofnun eins og Byggðastofnun sé að setja upp einhver stór verkefni sem kölluð eru átaksverkefni og hafa gengið mjög misjafnlega.

Hins vegar vil ég alls ekki kasta neinni rýrð á þau störf Byggðastofnunar sem hafa tekist vel og það er staðreynd að Byggðastofnun hefur fleytt ákveðnum fyrirtækjum yfir mesta vandann og vonandi verða þau fyrirtæki lífvænleg í framtíðinni. Þar má nefna t.d. fiskvinnslustöðina í Þingeyjarsýslunni, Silfurlax eða hvað hún nú heitir, sem er náttúrlega dæmi um fyrirtæki sem verður kjölfesta í byggðarlaginu og skiptir byggðarlagið gríðarlega miklu máli. En ég held að það sé full ástæða til þess að skoða þessi mál í samhengi og í stað þess að vera smátt og smátt að skera þessa stofnun niður þá held ég að það sé miklu meiri þörf fyrir stefnumörkun.

Ég minnist þess að ég lagði fyrirspurn fyrir hæstv. forsrh., ég held að það hafi verið fyrir tveimur árum og þá hafði hann uppi áform um að skoða störf og stefnu Byggðastofnunar, en ég fæ ekki séð að í rauninni hafi neitt gerst í því. Það væri fróðlegt að gera úttekt á þeim árangri sem Byggðastofnun hefur náð og hvort hún hafi í rauninni náð árangri í samræmi við það fé sem hefur runnið í gegnum hana. Það er svolítið merkilegt að velta því fyrir sér að með annarri hendinni er ríkisvaldið að setja peninga í lán og styrki til fyrirtækja, þar á meðal í sjávarútvegi, en á hinn bóginn er svo búið að stofna Þróunarsjóð sjávarútvegsins sem á einmitt að draga úr og hagræða, reyna að draga úr þenslunni í sjávarútvegi. Og maður spyr sig auðvitað: Er samræmi í þessu? Hafa lánveitingar Byggðastofnunar verið skynsamlegar? Hafa þær orðið til annars en að halda gangandi fyrirtækjum sem aldrei áttu nokkurn rekstrargrundvöll? Ég held að það væri full ástæða til þess að skoða þessi mál í víðara samhengi.

Virðulegi forseti. Það gefst ekki tími til þess hér að fara nánar ofan í skýrsluna, en mín meginspurning til hæstv. forsrh. er þessi: Hvaða hugmyndir hefur hann um hlutverk og þróun Byggðastofnunar í ljósi þess hvernig hefur verið þrengt að stofnunni og er ekki ástæða til þess að skoða það hvernig ríkisvaldið stendur að atvinnumálum, skoða það allt í heild?

Það getur vissulega verið ástæða til þess að styðja við ákveðin byggðarlög og styðja við bakið á ákveðinni atvinnustarfsemi, en ég held þó að við séum að komast á það stig að verða að vega það og meta hvað við ráðum við og hvernig við viljum stýra okkar þjóðfélagi, hvaða þjónustu við viljum veita. Og ég tek undir þá stefnumörkun sem kom fram í byggðaáætlun Byggðastofnunar og samþykkt var hér á Alþingi, að það þarf að efla ákveðin þjónustusvæði. Ein ástæða fyrir því hvernig komið er í okkar ríkisbúskap er auðvitað sú að við höfum verið að dreifa peningunum allt of mikið. Við erum að reyna að halda uppi meiri þjónustu heldur en við ráðum við í raun og veru. Ég held að það væri afar lærdómsríkt fyrir þingheim, stjórnvöld og aðra þá sem láta sig byggðaþróun varða að kynna sér rækilega hvernig fór fyrir Færeyingum, sem gengu enn þá lengra en við í því að deila peningunum svona mikið niður, reisa heilsugæslustöð í hverju einasta þorpi og höfn í hverri vík, göng í gegnum öll fjöll og þetta varð þeim auðvitað ofviða með þeim afleiðingum sem nú blasa við. Þó að við séum að segja hér að okkar dæmi sé ekkert líkt Færeyjadæminu þá er ansi margt líkt með skyldum og ef við eigum eftir að lenda í meiri hremmingum í sjávarútvegi heldur en við höfum gengið í gegnum hingað til, ef afli á enn eftir að dragast saman innan íslenskrar lögsögu, þá megum við fara að biðja guð að hjálpa okkur og þá þurfum við heldur betur fara í gegnum það hvernig við ætlum að skipaleggja okkar þjóðfélag, því ekki getum við gert út á ríkissjóð Dana, svo mikið er víst. Kannski Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn eða Alþjóðabankinn mundu hlaupa undir bagga. En við þurfum virkilega að velta upp þessum spurningum sem ég hef hér nefnt og er auðvitað okkar stóra áhyggjuefni, við hvað á fólk að vinna hér í framtíðinni þegar við horfum upp á að störfunum fækkar, hvort sem er í sjávarútvegi eða landbúnaði, og hvernig á sú tekjuöflun og sú fjármagnsmyndun sem hér á sér stað, hvernig eigum við að nýta hana í þágu samfélagsins þannig að hér skapist sem mestur jöfnuður?

[16:17]

Jón Kristjánsson:

Virðulegur forseti. Einn af stærstu þáttunum í byggðamálum er skipulag samfélagsins úti á landi og skipulag sveitarstjórnarstigsins sem fer með veigamikinn þátt í opinberri þjónustu og sveitarstjórnarmenn og sveitarstjórnir og sveitarsjóðir hafa í auknum mæli komið inn í átök í atvinnumálum. Það á ekki síst við nú síðustu fjögur árin eða þrjú árin í þeim erfiðleikum sem verið hafa víða.

Á vegum félmrn. var gert átak í sameiningu sveitarfélaga og var innt af höndum mikil vinna í því efni. Í þeirri vinnu tóku þátt fulltrúar þingflokkanna og fulltrúi frá Byggðastofnun, sem vann í þessum málum frá upphafi. Það var ákveðið að það yrði efnt til allsherjaratkvæðagreiðslu um sameiningu sveitarfélaga og sameining sveitarfélaga hefur það auðvitað að markmiði að skapa sterkari einingar til að fást við þau mál sem fyrir hendi eru, bæði í þjónustu og atvinnuuppbyggingu.

Það var allsherjaratkvæðagreiðsla um þessi mál 20. okt. á sl. hausti og eigi alllöngu áður en hún var þá gaf hæstv. ríkisstjórn yfirlýsingu um nokkur atriði sem áttu að hennar dómi að greiða fyrir þessum málum og örva vilja fólks til þess að sameinast og greiða fyrir framhaldinu. Þar var m.a. tekið fram að Byggðastofnun mundi koma inn í atvinnuuppbyggingu í sameinuðum sveitarfélögum. Það yrði gert átak í samgöngumálum

og því var vísað til vegáætlunar í vetur að fjalla um slíkt átak. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga jafnaði skuldir sveitarfélaga, svo að ég nefni þrjú atriði sem voru veigamikil í þessari yfirlýsingu. En eitt þeirra snertir Byggðastofnun sérstaklega. Það varð að vísu ekki sá árangur af þessu sameiningarátaki sem páv. félmrh. og með stuðningi ríkisstjórnarinnar, vonaðist eftir. Eigi að síður voru nokkuð mörg sveitarfélög sameinuð í kjölfar þessara kosninga. En það er nú svo að síðan hafa fyrirspurnirnar dunið á okkur, m.a. fjárlaganefndarmönnum, hvernig ætlar ríkisvaldið að standa við þessa yfirlýsingu frá því í fyrrahaust? Ég vil, þó að ég eigi fyrirspurn um þetta inni hjá forsrn. sem það hefur ekki svarað enn þá, spyrja hæstv. forsrh. hvort hann getur svarað þessu: Með hverjum hætti Byggðastofnun á að taka á þessu máli, uppbyggingu í sameinuðum sveitarfélögum? Því þó að árangurinn hafi vissulega ekki verið eins mikill og menn áttu von á þá eru þó nokkuð mörg sveitarfélög og í öllum landshlutum sem hafa sameinast og kalla nú eftir efndum á þessu loforði, að Byggðastofnun geri sérstakt átak.

Það er að sönnu hækkað framlag til Byggðastofnunar á fjárlögum úr 185 millj. í 210 millj., ef ég man rétt, um 25 millj. En það framlag er sérstaklega merkt til þess að vinna að þeirri till. til ţál. um stefnumótandi byggðaáætlun sem var samþykkt á sl. vori. Þannig að ég fæ ekki séð að þessir peningar hrökkvi langt til að taka á í atvinnumálum í sameinuðum sveitarfélögum.

Það er nú svo að auðvitað eru fleiri stofnanir og sjóðir heldur en Byggðastofnun sem koma þarna að verki og það er alveg ljóst að miðað getu stofnunarinnar núna þá getur hún ekkert gert í þessu máli ef ekki verður ráðist í neinar aðgerðir til viðbótar henni til stuðnings. Það er einfaldlega rangt og röng aðgerð að vekja þessar væntingar og það er röng aðferð í samskiptum ríkis og sveitarfélaga. En hæstv. ríkisstjórn hefur teflt á svo tæpt vað í þeim efnum að það er alveg undarlegt og þetta er eitt dæmið um það að það stendur ekki sem sagt er, það stendur ekki gagnvart sveitarfélögunum það sem lofað er og það verður til þess að auka tortryggni milli þessara aðila, ríkisvaldsins og sveitarstjórnarstigsins, og koma í veg fyrir framfarir og breytingar og að sveitarstjórnarstigið sé styrkt til þess að taka við verkefnum. Sveitarstjórnarmennirnir fara eðlilega í baklás, fyllast tortryggni yfir sviknum loforðum, loforðum sem hefur verið gengið á svig við. Það þarf ekki annað en nefna Atvinnuleysistryggingasjóð, Innheimtustofnun sveitarfélaga og svo þetta loforð um sérstakt átak Byggðastofnunar í því efni. Auðvitað er alls óvíst um loforð um að taka sérstaklega á í samgöngumálum í sameinuðum sveitarfélögum vegna þess að við okkur blasir ekkert annað nú í þeim efnum en að átaksverkefnum er hætt og gefið undir fótinn með það að gjörbreyta skiptingu fjár úr Vegasjóði og skipta fé eftir höfðatölu sem er algjör kúvending frá því pólitíska samkomulagi sem hefur ríkt um árabil um að vegafé sé skipt eftir arðsemi, kostnaði og ástandi vega.

Það samkomulag er í vegalögum og ekki hefur verið kynnt neitt frv. til breytinga á þeim. Þetta lítur því allt saman heldur illa út þegar menn tala um mál Byggðastofnunar og framkvæmd þeirrar tillögu sem var samþykkt sl. vor til stefnumótandi byggðaáætlunar. Sú tillaga er góðra gjalda verð og tókst um hana bærileg samstaða í þinginu en framkvæmdin lofar ekki góðu það sem af er.

Þau vinnubrögð lofa heldur ekki góðu sem verið hafa um flutning ríkisstofnana út á land sem er einn þáttur í byggðamálum og er eðlilegt að minnst sé á það þegar málefni Byggðastofnunar eru rædd. Í fyrirspurnatíma nýverið kom fram að ekki er verið að gera nokkurn skapaðan hlut í flutningi ríkisstofnana sem voru þó lagðar til af nefnd sem hæstv. forsrh. skipaði og vann sitt verk og skilaði skýrslu þar um.

Allur flutningur á ríkisstofnunum út á land virðist vera háður hugdettum einstakra ráðherra hverju sinni. Ég hef ekki á móti því að embætti veiðistjóra sé staðsett á Akureyri en auðvitað verða hæstv. ráðherra eins og hæstv. umhvrh. að vinna eðlilega að því. Þessi mál koma mjög sterklega inn í umræður um byggðamál og er eðlilegt að minnt sé á þetta hér.

Eitt af því sem tilheyrði þessu átaki í sveitarstjórnarmálunum var að úti á landsbyggðinni yrðu stofnuð reynslusveitarfélög og reyndar meira en úti á landsbyggðinni því öll stóru sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu voru valin út til þessara hluta.

Ég veit ekki til að viðræðum miði nokkuð um reynslusveitarfélögin sem er þó leið til að færa völd og áhrif út á landsbyggðina og stjórn á ákveðnum verkefnum.

Þegar rætt er um byggðamálin á breiðum grundvelli blasir við að lítið er að gerast í þeim efnum enda sannast sagna að hæstv. ríkisstjórn er hætt störfum að þessu leyti. Hún hætti í rauninni störfum á miðju sumri og hæstv. forsrh. ákvað þá að efna til kosninga. Síðan var af einhverjum ástæðum hætt við að efna til kosninganna. Síðan hefur hæstv. ríkisstjórn verið svo gott sem óstarfhæf og eins og kemur berlega í ljós þessa dagana og andrúmsloftið í þingsölum í dag bendir ekki til þess að hv. stjórnarliðar og hæstv. ráðherrar hafi sérstaklega hugann við byggðamál. Ríkisstjórnin er búin og ekki er að búast við miklum afrekum í þessu efni af hennar hendi.

Ég vildi spyrja hvernig Byggðastofnun á að standa að öflugri uppbyggingu í sameinuðum sveitarfélögum svo við hæstv. forsrh. getum sparað okkur langar umræður í fyrirspurnatíma.

[16:30]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti. Ég færi ræðumönnum þakkir fyrir þær umræður sem hafa átt sér stað um skýrslu Byggðastofnunar og þau mál sem þeirri skýrslu tengjast beint eða óbeint. Ekkert er óeðlilegt í tengslum við skýrslu af þessu tagi að umræður fari nokkuð vítt í framhaldi af hinu afmarkaða umræðuefni.

Ég get tekið undir þau orð sem komu fram hjá hv. 1. þm. Vestf. að nauðsynlegt er og hefur verið nauðsynlegt að samræma betur en nú er gert starfsemi lánastofnana og banka og kannski aðallega að stuðla að því

að meiri samræmingar gæti í útlánastarfsemi slíkra aðila. Ég tel reyndar að vísir að slíku komi fram í þeirri stefnumörkum, sem fólst í þeirri byggðaáætlun sem var samþykkt, en ekki er vafi á því að framganga einstakra lánastofnana hefur iðulega skarast nokkuð og menn hafa ekki tekið mið af því í sínum ranni hvað væri að gerast annars staðar.

Á hinn bóginn er líka vitað að samstarf hefur iðulega í einstökum efnum verið gott á milli einstakra lánastofnana, bæði ríkisbanka og sjóða, og Byggðastofnunar þegar menn hafa verið að takast á við ýmis afmörkuð verkefni og hefur slíkt samstarf þá gefið góða raun. Því er full ástæða til að taka undir með hv. þm. Matthíasi Bjarnasyni að þessa þætti þyrfti að efla og sú hugmynd sem hann nefndi hlýtur að koma til álita að hópur manna setti saman tillögur sem gætu stuðlað að því að samskipti af því tagi sem hann ræddi um yrðu markvissari og greinilegri.

Hv. 1. þm. Austurl., Halldór Ásgrímsson, ræddi um það að hann teldi að til álita kæmi að huga að breytingum á uppbyggingu Byggðastofnunar og ekki bara uppbyggingu stofnunarinnar heldur jafnframt þá breytingu á stjórnarfyrirkomulagi og varpaði fram nokkrum hugmyndum í því sambandi sem yrði gjörbreyting frá því sem nú er. Ef ég skildi hv. þm. rétt gat hann hugsað sér að stjórnarþætti þessarar stofnunar yrði skipt upp og meira yrði um svæðisbundna stjórnun en nú er og í annan stað kæmu aðilar vinnumarkaðarins inn í stjórn Byggðastofnunar. Þetta yrði heilmikil breyting og ég tel að slíka breytingu þyrftu menn að ræða mjög nákvæmlega áður en til hennar yrði gengið þannig að menn yrðu sannfærðir um að hún væri örugglega til bóta.

Jafnframt hafði hv. þm. hugmyndir uppi um að breyta stofnuninni í meiri alhliða atvinnumálastofnun landsins, ef ég skildi hv. þm. rétt, sem næði þá til atvinnumála í landinu öllu, bæði í Reykjavík og á Reykjanesi ekki síður en annars staðar á landinu. Þetta eru líka róttækar hugmyndir sem þarna er varpað fram sem þingmenn hljóta þá að skoða.

Ég vek athygli á því að lögum um Byggðastofnun var breytt í lok síðasta kjörtímabils og við höfum starfað í anda þeirra laga. Ég kom hvergi að þeim breytingum. Það var áður en ég tók sæti á þinginu og ég hygg að ekki síst Framsfl. hafi haft heilmikið um þær breytingar að segja. Menn hafa verið að vinna töluvert í framhaldi af þeirri breyttu skipan í samræmi við þann lagaramma sem þá var settur og í samræmi við reglugerð sem sett var með stoð í þeim lögum. Sú reglugerð hefur ekki að mínu viti auðvitað á nokkurn hátt gengið út fyrir þann ramma sem lögin mörkuðu eða gengið á svig við þá stefnumörkun sem í lögunum fólst.

Aðrir þingmenn voru kannski með hugmyndir um breytingar á stofnuninni í aðra átt eins og hv. 15. þm. Reykv. sem velti fyrir sér spurningunni og taldi nauðsyn á að ræða hana í þaula hvort þörf væri fyrir Byggðastofnun í nútímaþjóðfélagi. Þetta er aftur mjög róttæk hugmynd í hina áttina sem þarna er rædd miðað við það sem hv. 1. þm. Austurl. var að ræða. Hugmynd hv. 15. þm. Reykv. gekk í þá veru að með því að menn stofnuðu til öflugs atvinnumálaráðuneytis væri hægt að sinna þörfum Byggðastofnunar og sjónarmiðum hennar innan vébanda þess og það kynni að verða skilvirkara með þeim hætti.

Fyrir mitt leyti tel ég að Byggðastofnun sé nauðsynleg stofnun. Hins vegar er ekki hægt að útiloka að hennar markmiðum megi ná með einhverjum öðrum hætti. Auðvitað hljóta menn að skoða slíka hluti. Ég held að það sé hárrétt sem hv. 1. þm. Austurl. sagði að þrátt fyrir ýmis orð er það oft svo að flest þau lönd sem við erum í mestum samskiptum og jafnvel í samkeppni við veita opinberum aðgerðum í þágu dreifðari byggða og gera það jafnvel í ríkari mæli en við höfum gert. Út af fyrir sig óhjákvæmilegt fyrir okkur að skapa þau skilyrði að við séum með okkar fyrirtæki í hinum dreifðu byggðum og svigrúm þeirra íbúa sem þar heyja lífsbaráttuna sé ekki lakara en það sem gerist annars staðar í samkeppnisveröldinni í kringum okkur. Því tek ég saman orð hv. 1. þm. Austurl. og hv. 15. þm. Reykv. að það sýnir að heilmikil gerjun er í umræðunni um byggðamál og Byggðastofnun og bersýnilega hugmyndir uppi sem ganga mjög í gagnstæðar áttir en mér finnst að það þurfi ekki að vera til marks um neitt neikvætt nema síður sé. Full ástæða er til að taka allar þessar hugmyndir til rækilegrar íhugunar og skoðunar ef niðurstaðan yrði sú að menn mundu finna betri farveg fyrir þau markmið sem Byggðastofnun á að uppfylla en menn hafa fundið nú.

Hv. 3. þm. Norðurl. v. talaði um að ríkisstjórnin væri að kyrkja Byggðastofnun, gjörbreyting hefði orðið í þeim efnum og ræddi í því sambandi um framlög til Byggðastofnunar. Menn þurfa ekki annað en að líta á skýrslu þá sem hér er til umræðu á bls. 12, hygg ég, þar kemur glöggt fram að þar hefur engin meginbreyting orðið. Reyndar er það svo að langstærsta framlagið til Byggðastofnunar var greitt út í tíð þessarar ríkisstjórnar.

Á hinn bóginn er það þannig að lánastarfsemin hefur kannski um of lent í áhættusömum lánveitingum þannig að afskriftir stofnunarinnar hafa verið gríðarlega miklar þó menn séu að komast fyrir vind í þeim efnum nú loks með afmarkaðri og sterkari ramma um þá stofnun en áður var. Ef þessar miklu afskriftir hefðu ekki átt sér stað væri fjárhagsgeta og lánsgeta þessarar stofnunar auðvitað miklu rýmri en ella hefði verið en það er ekki að sakast við það að framlög hafi í tíð núv. ríkisstjórnar dregist saman. Hins vegar er stofnunin komin nú á betra ról. Allur hennar fjárhagur er gegnsærri en áður var og ríkari kröfur gerðar til lána en áður var og miklu minni líkur á því að lán tapist nú en áður var. Þannig að það er búið að styrkja fjárhagsstöðu þessarar stofnunar til frambúðar en áður var hann orðinn mjög veikur. Ég hygg að allir þingmenn hljóti að fagna þeim breytingum.

Hv. 15. þm. Reykv. sagði að hann vildi gjarnan að Byggðastofnun þróaðist í þá átt að vera fyrst og fremst ráðgefandi aðili og ég vil vekja athygli á því og vakti reyndar athygli á því í inngangsorðum mínum fyrr í dag að ráðgjafarþátturinn hefur vaxið og vaxið veru-

lega og orðið mun skilvirkari. Að því leyti til hefur þetta gengið í þá átt sem hv. þm. nefndi.

Hv. þm. vakti athygli á því að því hefði verið lýst yfir að áhugi væri á því að færa Byggðastofnun út á land, til Akureyrar. Menn þekkja þá sögu að stofnunin sjálf var á hinn bóginn því mjög andsnúin. En það hefur þó gerst og það er fagnaðarefni að þannig hefur skipan stofnunarinnar breyst að nú eru 10 störf af 32 á landsbyggðinni og 22 í Reykjavík en áður voru 35 störf hjá stofnuninni og ekkert úti á landi.

Ég segi alveg eins og er að ég tel að það megi ná þessum markmiðum með þessum hætti. Það er ekki endilega sjálfgefið ef stofnun flyst á tiltekinn stað á landinu að aðstæður annarra landshluta hafi batnað til þess að njóta þeirrar þjónustu. En þessi aðferð sem Byggðastofnun og stjórn hennar hefur beitt hefur hins vegar greitt fyrir því að aðgengi að þjónustu Byggðastofnunar verði betra og sá þáttur sem hv. þm. vakti athygli á, ráðgjafarþátturinn, verður auðvitað virkari og aðgengilegri þegar Byggðastofnun er farin að teygja anga sína með föstum hætti eins og hér er gert, hún er komin með fasta starfsmenn og fast aðsetur úti um land. Þetta tel ég að sé mjög til bóta.

Hv. þm. vitnaði í það að Bandaríkjamenn hefðu skapað í tíð Clintons 1.400 þús. störf. Ég skal ekki draga þetta í efa en ég hlustaði reyndar á Clinton í gær á CNN og hann sagði að þetta væru 5 milljónir starfa. (**KÁ:** Þá hefur mikið gerst síðan ég var þar.) Þannig að það hefur heilmikið gerst síðan hv. þm. hitti þessa konu en Bill Clinton taldi að hann væri búinn að skapa 5 milljónir starfa og það væri það sama og við værum að skapa 5.000 störf. En þegar menn eru að skapa 5.000 störf þá er það ekki þannig að það séu einhverjar stofnanir eða nefndir sem ungi þessum störfum út. Í Bandaríkjunum, rétt eins og hér, gerist það að bætt efnahagsskilyrði, bættur jarðvegur fyrir atvinnulífið, leggur grundvöll að slíkum störfum. Atvinnuleysi hér á landi hefur minnkað, staðið í stað eða minnkað og það þýðir miðað við fjölgun fólks á atvinnualdri að hér hafa verið sköpuð fleiri en 1.400 þús. störf miðað við höfðatölu sem mundi vera 1.400 störf hér. Þannig að mönnum hefur gengið betur en embættismenn Clintons gáfu hv. þm. í skyn ef þetta er allt skoðað í samhengi.

Varðandi þá spurningu sem hv. 2. þm. Austurl. spurði, hann hefur horfið á braut, en eins og hann nefndi þá er hann með fyrirspurn til mín — þar kemur hann reyndar — en ég fæ þá tækifæri til að svara þeirri fsp. sem hv. þm. varpaði sérstaklega fram. En ég vil þó segja það almennt í þeim efnum að ég tel að þær ákvarðanir sem menn hafa tekið um það að efla stuðning við tiltekin afmörkuð vaxtarsvæði falli mjög vel að þeim hugmyndum að Byggðastofnun líti sérstaklega á og styrki fámenn sveitarfélög sem hafa sameinast. Það gefur tilefni til þess að þau svæði verði í eðli sínu vaxtarsvæði. Þannig að ég tel að það falli vel að þeim hugmyndum sem Alþingi samþykkti og stjórn Byggðastofnunar samþykkti þó ekki væri gengið þar jafnlangt og ég hefði kosið á sínum tíma þegar ég skrifaði bréf til þessara aðila. En við hv. þm. fáum tækifæri til þess að ræða þetta atriði sérstaklega þegar fyrirspurn hans kemur á dagskrá sem ég vona að verði innan tíðar.

Að öðru leyti, hæstv. forseti, þá tel ég að þessar umræður, tíma mínum er nú lokið eða því sem næst, hafa verið mjög gagnlegar og ég tel að hér hafi komið fram mörg athyglisverð sjónarmið um það með hvaða hætti menn eigi að horfa til þessa málaflokks í framtíðinni og það sé athyglisvert, ekki síst með hliðsjón af því að ekki eru nema mjög fá ár síðan lög um þessa merku stofnun voru endurskoðuð.

[16:46]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég verð að segja það að hæstv. forsrh. tekst nokkuð vel til á flóttanum frá þessari yfirlýsingu vegna þess að það er náttúrlega allt annað mál um vaxtarsvæði sem rætt er um í stefnumótandi byggðaáætlun og það fer alls ekki saman í öllum tilfellum að sveitarfélög hafi sameinast á þessum sérstöku vaxtarsvæðum. Þetta er bara fín aðferð við að komast undan að uppfylla eða efna þær yfirlýsingar sem voru gefnar á síðasta hausti. En ég endurtek það sem ég sagði í ræðu minni áðan að gagnvart sveitarfélögunum er þetta auðvitað stórháskaleg aðferð að ganga á ystu nöf í viðskiptum við þau í öllum greinum.

[16:47]

Pétur Bjarnason:

Virðulegi forseti. Ég vildi í upphafi geta þess að mér finnst óheppilegt að þessi skýrsla hafi verið tekin á dagskrá þegar m.a. stjórnarmenn úr Byggðastofnun gátu ekki verið og það var vitað. Báðir stjórnarmenn Framsfl. voru forfallaðir og reyndar varamaður annars þeirra líka. Það hefði verið heppilegra að hægt hefði verið að taka þetta á dagskrá þegar þeir gátu verið við þessa umræðu sem mér finnst vont að ekki gat orðið.

Það hefur oft komið fram að starfsemi Byggðastofnunar hefur dregist verulega saman vegna peningaleysis. Á sama tíma er það mat manna að verkefni stofnunarinnar hafi eiginlega stöðugt aukist en peningar eru ekki fyrir hendi.

Hv. 1. þm. Vestf. lýsti því yfir í umræðu sem varð um þessi mál snemma á þessu ári að reglugerð um Byggðastofnun væri algjörlega ónothæf og meingölluð. Ég býst við því að hann sé vafalaust sömu skoðunar nú. (**Forsrh.:** Henni hefur verið breytt.) Þá er það meira en ég veit því ég spurði hv. 1. þm. Vestf. hvort reglugerðinni hefði verið breytt síðan og hann sagði að það hefði ekki verið gert. M.a. var eitt atriði sem ég spurði um sérstaklega, en sé svo þá biðst ég afsökunar á því, eitt atriði sem ég vissi að hann gagnrýndi og vissi líka að hæstv. forsrh. gaf ádrátt um í sömu umræðu snemma á árinu, reyndar fyrirheit um að yrði breytt í þá veru að Byggðastofnun fengi að kaupa hlutafé. Það ákvæði er enn þá inni í reglugerðinni og því hefur ekki verið breytt þrátt fyrir þau fyrirheit sem þá voru gefin og ég vildi gjarnan spyrja hæstv. forsrh. hvað þeirri breytingu liði eða hvort hann sé enn sama sinnis í því að henni þurfi að breyta þannig.

Það virðist vera þannig eftir núgildandi reglugerð

um Byggðastofnun að stofnunin hefur bolmagn til þess að veita ráðgjöf og er það mjög þakkarvert og hefur verið vel unnið um margt á því sviði. Síðan hefur hún nokkurt bolmagn til þess að hleypa fyrirtækjum af stað en allt of litla möguleika til þess að styðja þau svo áfram þegar rekstur er hafinn og oft og tíðum eins og við höfum séð á undanförnum árum hefur þurft að fylgja nýgreinum eftir með öflugum stuðningi á meðan var verið að ganga í gegnum þrengingarskeið. Okkur hefur ekki alltaf tekist þetta, stundum hafa það verið ytri aðstæður sem hafa verið okkur — og reyndar hefur það oft verið svo, það má benda á loðdýraeldið og fiskeldið — ytri aðstæður hafa verið mjög óhagstæðar. Byggðastofnun hefur gert það sem henni hefur verið unnt til þess að koma þar að málum en það er eiginlega búið að draga úr henni allan mátt, hún getur ekki lengur stutt við nýjar atvinnugreinar eins og henni er ætlað að gera eða væri æskilegt að hún gæti gert.

Það hafa mikið verið gagnrýndar greinar eins og loðdýraeldi og mönnum er svo sem í fersku minni hvernig sú atvinnugrein gekk. Það var farið af stað og að mörgu leyti unnið vel en mönnum entist ekki úthaldið til þess að þróa þessa grein svo það væri hægt að njóta þeirra ávaxta sem nú eru að koma í ljós af loðdýraeldinu.

Svipaður dómur hefur fallið um á fiskeldið sem hérna hefur gengið í gegnum margar þrengingar. Ég býst við að það megi áætla að verð á eldisfiski hafi lækkað um 60–65%, ég held að það sé ekki fjarri lagi, frá því sem var fyrir 7–8 árum þegar var verið að fara af stað með þessa grein og það segir sig nokkurn veginn sjálft að það hlýtur að vera að forsendur sem settar voru við hið upphaflega verð eru auðvitað löngu, löngu brostnar. Hins vegar verður ekki fram hjá því litið að fiskeldi er að verða leiðandi til framleiðslu þeirra fiskafurða sem á boðstólum eru í heiminum í dag. Í mörgum greinum er hún komin langt fram yfir veiðarnar. Það virðist vera svo að sú þróun haldi áfram og okkur er nauðsynlegt að missa ekki af lestinni í þessum efnum. Á sama tíma og veiðar okkar eru í mikilli kreppu þá megum við ekki missa niður þessa þróun sem þó hefur orðið í fiskeldi, við verðum að hafa örendi til þess að missa þetta ekki allt niður. Eins og er eru nokkur fyrirtæki þar sem virðast ætla að geta spjarað sig og það er auðvitað að verulegu leyti að þakka þeirri aðstoð sem þó hefur verið unnt að veita og í þeim fyrirtækjum sem hafa staðið sig hefur líka verið staðið vel að uppbyggingu og stofnun.

Það vill nú verða svo þegar nýjar búgreinar eða nýjar atvinnugreinar eru teknar upp að menn sjást ekki alltaf fyrir. Það á að byrja stórt og menn ná ekki alltaf að halda utan um allt sem verið er að gera. Um þetta höfum við svo sem ótal mörg dæmi. En það eru líka önnur fyrirtæki í öllum þessum nýju greinum sem hafa gætt ýtrustu aðhaldssemi og aðgæslu og hafa getað nýtt sér þann stuðning sem veittur hefur verið.

Það er eitt sem er að leiða af þessu og mér finnst það benda til þess að þær stöðvar sem byggðar voru og þar sem verið er að vinna í fiskeldi hafa ekki verið til einskis að því leyti til að þær muni geta skilað hagnaði með réttum rekstri. Norðmenn eru að koma hér inn og þeir eru að kaupa þessar stöðvar. Mér þættu það dapurleg örlög ef allt það sem við byggðum upp í fiskeldisstöðvum á Íslandi mundi síðan, þegar við værum búin að ganga í gegnum allar þær þrengingar sem stofnun þeirra fylgdi, horfa á eftir þeim í hendur á Norðmönnum sem mundu nota þá þekkingu sem þeir eru búnir að byggja upp til þess að hirða síðan arðinn af þessum stöðvum. En það er mjög margt sem bendir til þess að svona sé þetta að fara og muni verða á næstunni. Það er illt.

Það er ekki hægt að ræða um Byggðastofnun og byggðamál öðruvísi en að líta aðeins í kring þar sem ég þekki best til. Starfsemi Byggðastofnunar hefur verið allnokkur á Vestfjörðum. Þar hefur verið unnið mjög árangursríkt og gott starf í ráðgjöf en hins vegar er staðan í vestfirskum byggðum þannig að þar er vá fyrir dyrum. Hér voru samþykkt lög um Vestfjarðaaðstoð í fyrravor og eftir því sem ég best veit þá er verið að ræða með hverjum hætti þessi Vestfjarðaaðstoð geti komið byggðum þar til góða. Það er ekki ljóst enn þá hvernig það getur orðið og það eru mjög margir sem óttast það, sem kom reyndar fram í umræðum um Vestfjarðaaðstoðin á sínum tíma, að þessi aðstoð verði kannski ekki fyrst og fremst við hinn vinnandi mann á staðnum heldur komi hún til bankanna fyrst og síðast, bara til þess að borga vanskil fyrirtækja, vexti og önnur gjöld sem þeim er ætlað að standa skil á en mun ekki skila sér út í atvinnulífið eins og æskilegt væri. Það er þó vissulega vonandi að það geti orðið að einhverju leyti.

Það sem er kannski þýðingarmest núna og kom að einhverju leyti fram í umræðu utan dagskrár fyrr í dag um smábáta að í byggðum Vestfjarða er svo umhorfs núna að öll stærri skip, allir togarar eru horfnir af svæðinu nema á svæðinu kringum Ísafjörð og svo í einu þorpi á Ströndum. Allar aðrar byggðir eru komnar svona 50 ár aftur í tímann og ef eitthvað er þá róa þeir á smærri bátum en þeir gerðu fyrir 50 árum. Eina björgin sem þessi byggðarlög hafa í atvinnuskyni núna eru svokallaðir krókabátar. Það eru handfærabátar og línubátar sem róa úr hverju plássi yfir sumartímann og langt fram á vetur. Reyndar allt of langt fram á veturinn vegna þess að þetta eru litlar bátskeljar og þeim er ekki ætlandi hafsvæðið fyrir utan Vestfirði þegar komið er skammdegi og allra veðra von. En þetta er eina björgin og ástandið er frekar dökkt svo að vægt sé til orða tekið.

Í fyrrgreindri umræðu kom fram hugmynd hjá hv. 1. þm. Vestf. sem hefur komið mjög fram í umræðunni vestur á fjörðum og ég tel að þurfi að heyrast oftar og menn verða að fara að skoða af fullri alvöru. Það er sú hugmynd að grunnslóðin, hvernig sem menn kjósa síðan að skilgreina hana, hversu menn vilja fara náið í það, við landið verði í vaxandi mæli notuð fyrir þessa smærri báta sem nú eru orðin bjargráð og nauðþurftatæki fólks sem er búið að missa öll stærri skipin. Að það hafi meiri aðgang að grunnslóðinni og þeim hólfum sem hafa verið opin fyrir togurum sem

hafa þar af leiðandi oft og tíðum tekið upp þann fisk sem hægt væri að fiska á smærri bátum verði lokað í vaxandi mæli. Þetta held ég að sé hugmynd sem sé nauðsynlegt að fara að skoða mjög alvarlega og framfylgja fyrr en síðar.

Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu mikið. Það hefði mátt kannski ræða meira um vaxtarsvæði eins og var komið aðeins inn á áðan en ég ætla ekki að gera það núna en minni aftur á það að hlutverk Byggðastofnunar er stórt en fjármagn er of lítið til þess að framkvæma það sem þar er gert. Ég vil lýsa því að ég tel að stjórnarmenn Byggðastofnunar hafi í raun unnið ótrúlega gott starf. Miðað við það litla fjármagn sem til þeirra starfa hefur verið varið þá tel ég að þeir hafi náð að spila úr því á eins hagkvæman máta og hægt er að ætlast til.

[16:59]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það var bara vegna þess að hv. þm. spurði og gat þess að ég hefði haft góð orð um það að breyta reglugerð um heimildir Byggðastofnunar til að kaupa hlutabréf. Síðan hafði hann það eftir hv. 1. þm. Vestf. að það hefði ekki verið gert. Þetta var gert í vor. Ég skrifaði sjálfur undir reglugerðina og breytti textanum sjálfur í samráði við hv. 1. þm. Vestf. og hann var afskaplega ánægður með þá breytingu. Það kemur mér á óvart ef hann hefur núna fyrir skömmu sagt við hv. þm. að þessi breyting hafi ekki verið gerð. Ég hringdi í millitíðinni í forstjóra Byggðastofnunar til að vita hvaða misskilningur gæti verið uppi og það var forstjóranum alveg óskiljanlegt því að honum var jafnkunnugt um það og mér að þessi breyting var gerð. Ég gerði hana sjálfur og í samráði við hv. 1. þm. Vestf.

[17:00]

Pétur Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það sem ég er að vitna til eru umræður frá 17. febr. 1994 þar sem hæstv. forsrh. tekur fram að hann telji að þurfi að breyta þessu í þá veru að stofnunin geti keypt hlutabréf. Ég hef fengið þær upplýsingar og sé ekki betur en að í reglugerð standi að Byggðastofnun eigi ekki að eignast hlutabréf í fyrirtækjum en eftir því sem mér skilst getur hún átt eignaraðild í gegnum ákveðna stofnun. En ég tók svo eftir að þessu hefði ekki verið breytt og sé ekki betur en það standi enn þá í reglugerð að Byggðastofnun megi ekki sjálf kaupa eða eiga hlutabréf.

[17:01]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þessari reglugerð var breytt. Þetta er ársskýrsla fyrir 1993 og reglugerð um stofnunina verður að birtast eins og hún á að vera fyrir það ár þannig að menn viti eftir hvaða reglum var farið þegar um þetta mál var fjallað. Þessu var breytt í samráði við hv. 1. þm. Vestf. og ég veit ekki til að nokkur sé óánægja með þessa breytingu. A.m.k. hefur hann ekki gert athugasemd við mig þannig að ég stóð við þau orð sem hann sagði hér í þingræðu.

[17:02]

Pétur Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er kannski ekki ástæða til að orðlengja þetta miklu lengur. Ég er afskaplega ánægður með þessar breytingar. Í 18. gr. reglugerðarinnar stendur, ég fann þetta ekki í fljótheitum áðan: „Fjárhagsleg aðstoð Byggðastofnunar skal miðast við að stofnunin sé ekki sjálf beinn þátttakandi í atvinnurekstri."

Ber að skilja það svo, hæstv. forsrh., að þetta sé reglugerð sem er ekki í gildi? (**Forsrh.:** Þetta er reglugerð sem var í gildi þegar fjárhagur stofnunarinnar var til umfjöllunar.) Þá verð ég að biðja hæstv. forsrh. velvirðingar á því að ég les upp úr þeirri skýrslu sem ég hafði í höndum og taldi vera gilda.

Fundi slitið kl. 17:03.

33. FUNDUR

þriðjudaginn 15. nóv.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Rannsókn kjörbréfa.
2. Aðgerðir til að draga úr kynjamisrétti, þáltill., 38. mál, þskj. 38. — Fyrri umr.
3. Foreldrafræðsla, þáltill., 39. mál, þskj. 39. — Fyrri umr.
4. Varðveisla arfs húsmæðraskóla, þáltill., 40. mál, þskj. 40. — Fyrri umr.
5. Endurskoðun á launakerfi ríkisins, þáltill., 41. mál, þskj. 41. — Fyrri umr.
6. Þingsköp Alþingis, frv., 42. mál, þskj. 42. — 1. umr.
7. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 49. mál, þskj. 49. — 1. umr.
8. Samkeppnisstaða innlendrar framleiðslu, þáltill., 56. mál, þskj. 56. — Fyrri umr.
9. Sjóvarnir, frv., 61. mál, þskj. 61. — 1. umr.
10. Sumarmissiri við Háskóla Íslands, þáltill., 152. mál, þskj. 164. — Fyrri umr.
11. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 153. mál, þskj. 166. — 1. umr.
12. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 154. mál, þskj. 167. — 1. umr.
13. Mat á umhverfisáhrifum, frv., 189. mál, þskj. 211. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Egill Jónsson, 3. þm. Austurl.,
Geir H. Haarde, 8. þm. Reykv.,
Gísli S. Einarsson, 4. þm. Vesturl.,
Halldór Blöndal landbrh.,
Ingi Björn Albertsson, 5. þm. Reykv.,
Jóhannes Geir Sigurgeirsson, 6. þm. Norðurl. e.,
Jón Kristjánsson, 2 þm. Austurl.,
Kristín Einarsdóttir, 10. þm. Reykv.,
Pétur Bjarnason, 2. þm. Vestf.,
Ragnar Arnalds, 3. þm. Norðurl. v.,
Rannveig Guðmundsdóttir félmrh.,
Svavar Gestsson, 9. þm. Reykv.,
Valgerður Sverrisdóttir, 3. þm. Norðurl. e.

Útbýting þingskjala:

Stjórnarskipunarlög, 212. mál, frv. JóhS, þskj. 240.
Stjórnlagaþing, 213. mál, frv. JóhS, þskj. 241.
Umferðaröryggismál, 203. mál, þáltill. SJS, þskj. 229.
Umhverfismál tengd sinkframleiðslu, 210. mál, fsp. HG, þskj. 236.

Aðalmaður tekur sæti á ný:

Stefán Guðmundsson, 4. þm. Norðurl. v.

Varamenn taka þingsæti.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Borist hefur eftirfarandi bréf, dags. 11. nóv. 1994:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska þess að þar sem 1. varaþm. Alþb. í Austurlandskjördæmi getur ekki vegna sérstakra anna tekið sæti á Alþingi taki 2. varaþm. Alþb. í Austurl., Þuríður Backman hjúkrunarfræðingur sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegi forseti.

Hjörleifur Guttormsson, 4. þm. Austur."

Þá er hér annað bréf, dags. 10. nóv. 1994:

„Vegna sérstakra anna sé ég mér ekki fært að taka sæti Hjörleifs Guttormssonar, 4. þm. Austurl., á Alþingi sem 1. varaþm. Alþb. í Austurlandskjördæmi.

Virðingarfyllst, Einar Már Sigurðarson."

Þuríður Backman hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðin velkomin til starfa á ný.

Þá hefur enn fremur borist eftirfarandi bréf, dags. 11. nóv. 1994:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu vikur leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska þess að þar sem 1. og 3. varaþm. Sjálfstfl. í Reykjavíkurkjördæmi geta ekki vegna sérstakra anna tekið sæti á Alþingi og 2. varaþm. situr nú á Alþingi taki 4. varaþm. Sjálfstfl. í Reykjavíkurkjördæmi, Kristján Guðmundsson húsasmiður, Reykjavík, sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegi forseti.

Sólveig Pétursdóttir, 6. þm. Reykv."

Þá er hér bréf, dags. 11. nóv. 1994, til forseta Alþingis:

„Vegna sérstakra anna sé ég mér ekki fært að taka sæti Sólveigar Pétursdóttur, 6. þm. Reykv., næstu tvær vikur sem 1. varaþm. Sjálfstfl. í Reykjavíkurkjördæmi.

Virðingarfyllst, Þuríður Pálsdóttir."

Og annað bréf, dags. 11. nóv. 1994, til forseta Alþingis:

„Vegna sérstakra anna sé ég mér ekki fært að taka sæti Sólveigar Pétursdóttur, 6. þm. Reykv., næstu tvær vikur sem 3. varaþm. Sjálfstfl. í Reykjavíkurkjördæmi.

Virðingarfyllst, Guðmundur Magnússon."

Kjörbréf Kristjáns Guðmundssonar hefur verið rannsakað og samþykkt. Hann hefur ekki áður tekið sæti Alþingi og ber því skv. 2. gr. þingskapa að vinna drengskaparheit að stjórnarskránni.

Kristján Guðmundsson, 6. þm. Reykv., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Kristján Guðmundsson hefur nú undirritað drengskaparheit að stjórnarskránni og er boðinn velkominn til starfa á Alþingi.

Rannsókn kjörbréfa.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Borist hefur eftirfarandi bréf, dags. 14. nóv. 1994:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska þess að þar sem 1. varaþm. Alþfl. í Reykjaneskjördæmi, Jón Gunnarsson, getur ekki vegna sérstakra anna tekið sæti á Alþingi, taki 2. varaþm. Alþfl. í Reykjaneskjördæmi, Gizur Gottskálksson læknir, Garðabæ, sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegi forseti.

Petrína Baldursdóttir, 11. þm. Reykn."

Þá hefur borist bréf, dags. í Vogum 2. nóv. 1994, til forseta Alþingis:

„Vegna sérstakra anna sé ég mér ekki fært að taka sæti Petrínu Baldursdóttur næstu tvær vikur sem 1. varaþm. Alþfl. í Reykjaneskjördæmi.

Jón Gunnarsson."

Loks hefur borist enn eitt bréf, dags. 11. nóv. 1994:

„Þar sem ég vegna aðkallandi starfa get ekki setið lengur á Alþingi í veikindaforföllum Jónu Valgerðar Kristjánsdóttur, 6. þm. Vestf., fer ég fram á að Björk Jóhannsdóttir kennari, Hólmavík, 2. varaþm. Samtaka um kvennalista í Vestfjarðakjördæmi, taki sæti á Alþingi.

Þetta er yður hér með tilkynnt, hæstv. forseti.

Ágústa Gísladóttir, 1. varaþm.

Samtaka um kvennalista í Vestfjarðakjördæmi."

Þar sem gefa þurfti út ný kjörbréf handa Gizuri Gottskálkssyni og Björku Jóhannsdóttur óskaði forseti eftir því að kjörbréfanefnd kæmi saman til að rannsaka kjörbréfin, sbr. 4. gr. þingskapa.

[13:43]

Frsm. kjörbréfanefndar (Matthías Bjarnason):

Virðulegi forseti. Kjörbréfanefnd hefur fengið til athugunar kjörbréf Gizurar Gottskálkssonar, sem er 2. varaþm. Alþfl. í Reykjaneskjördæmi, og kjörbréf Bjarkar Jóhannsdóttur, sem er 2. varaþm. Samtaka um Kvennalista í Vestfjarðakjördæmi. Kjörbréf þessi eru gefin út 2. nóv. sl. og undirrituð af öllum landskjörstjórnarmönnum.

Fyrir lá bréf frá Jóni Gunnarssyni, sem er 1. varaþm. Alþfl. í Reykjaneskjördæmi, þess efnis að vegna sérstakra anna geti hann ekki tekið sæti á Alþingi að þessu sinni.

Kjörbréfanefnd hefur lokið athugun sinni og telur kjörbréfin gild og mælir með því að þau verði samþykkt.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Kjörbréfanefnd mælir einróma með samþykkt kjörbréfs Gizurar Gottskálkssonar og skoðast það samþykkt án atkvæðagreiðslu ef enginn hreyfir andmælum.

Kjörbréfanefnd mælir enn fremur einróma með samþykkt kjörbréfs Bjarkar Jóhannsdóttur og skoðast það einnig samþykkt án atkvæðagreiðslu ef enginn hreyfir andmælum.

Gizur Gottskálksson og Björk Jóhannsdóttir hafa ekki áður tekið sæti á Alþingi og ber þeim því skv. 2. gr. þingskapa að undirrita drengskaparheit að stjórnarskránni.

Björk Jóhannsdóttir, 6. þm. Vestf., og Gizur Gottskálksson, 11. þm. Reykn., undirrituðu drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Gizur Gottskálksson og Björk Jóhannsdóttir hafa undirritað drengskaparheit að stjórnarskránni og eru boðin velkomin til starfa.

Athugasemdir um störf þingsins.

Breytingar á ríkisstjórninni.

[13:47]

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegi forseti. Sú ríkisstjórn sem nú situr er um margt óvenjuleg. Hún er m.a. óvenjuleg vegna þess að fjórir hæstv. ráðherrar hafa hætt þar störfum. Stjórnarandstaðan flutti vantraust á núv. hæstv. ríkisstjórn fyrr á þessu hausti og þessu vantrausti var vísað frá þannig að það reyndi aldrei á það hér á Alþingi hvort núv. ríkisstjórn hefur meiri hluta á bak við sig.

Það hefur ekki verið venja fyrir því þegar breytingar verða á ríkisstjórn að forsrh. geri þinginu grein fyrir slíkum breytingum. Mér finnst það nauðsynlegt, ekki síst í ljósi þeirra aðstæðna sem nú eru að nýr ráðherra hefur tekið við störfum og annar gengið út úr ríkisstjórninni. Þess vegna óska ég eftir því að starfandi forsrh. staðfesti hér eða skýri þinginu frá hinu gagnstæða hvort núverandi ríkisstjórn hefur öruggan meiri hluta hér á Alþingi. Það er mikið fram undan í störfum þingsins, fjárlög og frumvörp tengd fjárlögum, þannig að það er mikilvægt að þingheimur viti hvort ríkisstjórnin hefur meiri hluta á bak við sig. Mér finnst ástæða til að spyrja þessara spurninga, m.a. í ljósi reynslunnar. Ráðherra hefur gengið út úr þessari ríkisstjórn og lýst því yfir að hann styðji hana ekki lengur. Það hefur komið fram hjá þeim ráðherra sem gekk út úr ríkisstjórninni að honum finnist ýmislegt athugavert í störfum fyrrum samstarfsmanna sinna og það

hefur jafnframt komið fram hjá einum þingmanni, hv. þm. Eggert Haukdal, að hann hafi ekki traust á ákveðnum ráðherrum í ríkisstjórninni og undirbúi þess vegna sérframboð. Þess vegna óska ég eftir því að hæstv. starfandi forsrh. staðfesti það hvort ríkisstjórnin hefur meiri hluta hér á Alþingi.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Starfandi forsætisráðherra, hæstv. sjútvrh., tekur til máls.

[13:49]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Það er rétt sem fram kemur í máli hv. 1. þm. Austurl. að það hefur ekki verið venja nema þá e.t.v. í undantekningartilvikum að sérstök grein hafi verið gerð fyrir því á Alþingi þegar breytingar hafa orðið á ríkisstjórn og reyndar ekki heldur þegar nýjar ríkisstjórnir hafa tekið við og engin sérstök staðfesting farið fram á því hvort þær njóta meirihlutastuðnings á Alþingi eða ekki. Það hefur einfaldlega komið fram í störfum þingsins.

Sl. laugardag urðu breytingar á núv. ríkisstjórn og mér er ljúft að staðfesta að þeir flokkar sem staðið hafa að ríkisstjórninni, Sjálfstfl. og Alþfl., standa áfram að þessari ríkisstjórn. Hún nýtur því enn stuðnings meiri hluta Alþingis. Á því hafa engar breytingar orðið. Hún fylgir enn sömu stefnu og hún hefur fylgt. Þar á hafa engar breytingar orðið. Hv. þingmenn geta því vænst þess að þingstörf gangi fyrir sig þrátt fyrir þessar breytingar með venjulegum hætti og geta gengið til starfa hér svo sem venja stendur til. Þar á verða engar breytingar.

[13:50]

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Hæstv. starfandi forsrh. orðaði það þannig að ríkisstjórnin nyti enn meiri hluta hér á Alþingi og það væri venjan að það kæmi í ljós í atkvæðagreiðslum. Það er rétt, ég er að vísu ekki sammála því að ríkisstjórnin fylgi alveg nákvæmlega sömu stefnu og hún fylgdi í upphafi, en við skulum láta það liggja á milli hluta.

Ég hef nú samt ekki neina sannfæringu fyrir því að ríkisstjórnin hafi öruggan meiri hluta hér á Alþingi þrátt fyrir orð hæstv. starfandi forsrh. En ég skil orð hans þannig að það verði að koma betur í ljós þegar aðrir ráðherrar eru komnir heim og ég vildi t.d. gjarnan vita hvað sá hæstv. ráðherra sem fer með öll ráðuneyti Alþfl. hefur um þetta mál að segja. Mér finnst að það hafi mjög margt komið fram í orðum sérstaklega hv. þingmanna Alþfl. sem bendi til þess að það sé alls ekkert víst að ríkisstjórnin hafi t.d. stuðning við fjárlagafrv. Þess vegna væri fróðlegt að heyra í hæstv. umhvrh. um það mál hvort hann telji að ríkisstjórnin muni njóta þessa meiri hluta lengi eða hvort það sé líklegt að hann muni e.t.v. riðlast við fjárlagaafgreiðsluna.

[13:52]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Vegna þeirra efasemda sem fram koma í máli hv. 1. þm. Austurl. er rétt að minna á að stjórnarandstaðan hefur nú látið á það reyna á þessu þingi hvort ríkisstjórnin hafi traust, fyrst með sérstakri og alveg einstakri umræðu utan dagskrár sem var einhvers konar tilraunaumræða um vantraust á ríkisstjórnina og síðan með alveg einstakri umræðu um vantraust á ríkisstjórnina. Eins og kunnugt er náði sú vantrauststillaga ekki fram að ganga. Meiri hluti Alþingis vísaði henni frá eins og oft hefur verið gert við afgreiðslu slíkra tillagna og með því er meirihlutavilji Alþingis alveg skýr og það kemur mér því á óvart að þessar efasemdir skuli koma upp hjá jafnþingreyndum manni og hv. 1. þm. Austurl. er.

[13:53]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson):

Virðulegi forseti. Formaður Framsfl., hv. þm. Halldór Ásgrímsson, spyr hvort ég telji að ríkisstjórnin hafi enn þá meiri hluta. Svar mitt er nei. Ég tel það ekki. Ég veit það. Hún hefur að sjálfsögðu meiri hluta. En hann er eins og efasemdarmaðurinn Tómas sem ekki trúði fyrr en hann lagði höndina í sárið og hv. þingmaður verður þá einfaldlega að leggja höndina í sárið til þess að trúa og bera þá bara fram vantrauststillöguna aftur.

[13:54]

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Af orðum hæstv. umhvrh. er ekki annað að marka en að það hefði verið gengið úr skugga um það í þingflokki Alþfl. áður en breyting varð á ráðherraliði flokksins að ríkisstjórnin hefði stuðning allra hv. þm. Alþfl. Því vil ég spyrja hæstv. umhvrh.: Var það gert? Var það kannað í þingflokki Alþfl. hvort allir hv. þingmenn Alþfl. styddu núv. ríkisstjórn eftir þá breytingu sem gerð hefur verið á henni?

[13:54]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson):

Virðulegi forseti. Ég get einungis svarað því þannig: Það hefur ekkert komið fram sem bendir til þess að nokkur þm. Alþfl. hafi látið af stuðningi sínum við ríkisstjórnina heldur þvert á móti hafa menn ítrekað í viðtölum við mig og við aðra stuðning við þessa stjórn og vilja Alþfl. til þess að henni verði fram haldið a.m.k. fram að næstu kosningum.

[13:54]

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Hæstv. starfandi forsrh. lét svo um mælt að oft hefði verið vísað frá tillögu eins og gert var með vantrauststillöguna fyrir stuttu síðan. Ég minnist ekki annars en vantrauststillögur, sem fram hafa komið á meðan ég hef setið á þingi, hafi gengið til atkvæða og þar hafi reynt á það hvort þingmenn vildu hafna vantrausti og þar með lýsa beint yfir trausti á ráðherra.

En vantraust á einstaka ráðherra hefur ekki aðeins komið fram á undanförnum vikum og mánuðum frá stjórnarandstöðunni. Það kom rækilega fram í umræðum um vantrauststillöguna að hæstv. forsrh. hafði lýst yfir mjög miklum efasemdum um hæfni hæstv. utanrrh. til að gegna sínu starfi og sagði reyndar að hann væri ekki færi um að gera samninga við aðrar þjóðir.

Það hlýtur að vera ofarlega í huga okkar nú þegar nágrannaþjóðir okkar eru að greiða atkvæði um inngöngu í Evrópusambandið og samþykkja þá mun reyna meira á það á næstunni að samið verði við Evrópusambandið. Það hlýtur því að verða meira brennandi spursmál: Nýtur hæstv. utanrrh. trausts á Alþingi til þess að ganga til þeirra samninga fyrir hönd íslensku þjóðarinnar?

[13:56]

Eggert Haukdal:

Virðulegi forseti. Hv. 1. þm. Austurl. heiðraði mig í þessari umræðu með því að nefna nafn mitt. Því miður hef ég ekki orðið þeirrar gæfu aðnjótandi að hér væri borið upp sérstakt vantraust á hæstv. utanrrh. (**Gripið fram í:** Þú verður bara að gera það sjálfur.) Ég hef margoft sagt að kæmi það hér til atkvæða mundi ég samþykkja slíkt vantraust og vil að gefnu tilefni af þessari umræðu undirstrika það.

[13:57]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér hefur verið vakin athygli á býsna sérkennilegri stöðu sem ríkir á hinu háa Alþingi. Ef maður hugsar til þess hvernig okkar stjórnarfyrirkomulag er þá ætti það auðvitað að vera eðlileg venja að forsrh. geri þinginu grein fyrir breytingum sem verða á ríkisstjórn en slíkt hefur ekki tíðkast hér. Hins vegar verð ég að segja að það hefur mikið vatn runnið til sjávar frá því að umræða fór fram um vantraust á ráðherra í ríkisstjórn Davíðs Oddssonar og m.a. hefur það gerst að sá ráðherra sem síðast gekk út úr ríkisstjórninni bar nokkuð þungar ásakanir á aðra ráðherra og benti á það að fyrst hann yrði að víkja þá væri greinilega alveg eins ástæða til þess að ýmsir aðrir stæðu upp úr stólunum. Það er því full ástæða til þess að spyrja hvort þeir þingmenn sem tilheyra stjórnarmeirihlutanum eða tilheyrðu, bera fullt traust til ríkisstjórnarinnar.

Það er líka afar sérkennilegt að í umræðum hér fyrir nokkrum vikum skoraði hæstv. forsrh. á stjórnarandstöðuna að koma með vantraust á ríkisstjórnina. Nú stendur hæstv. umhvrh. upp og skorar aftur á stjórnarandstöðuna að koma með vantraust og maður spyr sig auðvitað: Hvað býr hér að baki?

Aðgerðir til að draga úr kynjamisrétti, fyrri umr.

Þáltill. KÁ o.fl., 38. mál. — Þskj. 38.

[13:59]

Flm. (Kristín Ástgeirsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir þál. um sérstakar aðgerðir til að draga úr kynjamisrétti og til að bæta stöðu foreldra á vinnumarkaðnum. Flm. ásamt mér eru þingkonurnar Kristín Einarsdóttir, Guðrún J. Halldórsdóttir, Anna Ólafsdóttir Björnsson og Jóna Valgerður Kristjánsdóttir. Tillögugreinin er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að setja á fót nefnd sem móti markvissar tillögur og geri áætlanir um nauðsynlegar aðgerðir til að draga úr kynjamisrétti og bæta stöðu foreldra á vinnumarkaðnum, með sérstöku tilliti til foreldra ungra barna. Tillögurnar nái jafnt til *ríkiskerfisins, sveitarfélaga, sem og hins almenna* vinnumarkaðar. Í nefndinni eigi sæti fulltrúar kvennasamtaka, ríkis og sveitarfélaga, Jafnréttisráðs og aðila hins almenna vinnumarkaðar."

Í greinargerðinni segir, með leyfi forseta:

„Tillaga þessi er nú lögð fram í þriðja sinn.

Staða íslenskra kvenna hefur breyst mikið ef horft er svo sem 100 ár aftur í tímann. Þjóðfélagsbreytingar og barátta kvenna fyrir almennum mannréttindum hafa fært konum lagalegt jafnrétti á flestum sviðum. Möguleikar kvenna til að afla sér menntunar og til að sjá sér og sínum farborða hafa batnað verulega á þessari öld. Við búum þó enn við misrétti á ýmsum sviðum. Þjóðfélag okkar er mótað af aldagömlum hugsunarhætti *karla og stofnana karlveldisins. Enn búum við* í karlstýrðu þjóðfélagi þar sem allar helstu valdastöður eru „mannaðar" körlum. Enn er mikið verk að vinna til að staða kvenna geti talist góð og samskipti kynjanna með viðunandi hætti.

Í rúmlega 300 ár hefur það verið ríkjandi stefna fremstu hugsuða og margra stjórnmálahreyfinga á Vesturlöndum að vinna að sem mestum jöfnuði þegnanna, sem mestri hamingju og sem mestum áhrifum hvers og eins á eigið líf og mótun samfélagsins. Lengi vel náði þessi hugmyndafræði aðeins til vel stæðra hvítra karlmanna, en smátt og smátt var látið undan kröfum þeirra sem knúðu á um aukinn rétt verkamanna, svertingja og loks kvenna.

Rótgrónar en um margt úreltar hugmyndir, sem liggja að baki kristni og kirkju, stjórnarháttum, hernaðarbrölti, stéttaskiptingu, forréttindum, hlutverkum kynjanna, svo og hugmyndir um karlmennsku og kvenleika, lifa góðu lífi í okkar hugmyndaheimi. Seint gengur að breyta þeim, enda oft miklir hagsmunir í húfi. Því er það sem kvennalistakonur hafa lagt mikla áherslu á nauðsyn hugarfarsbyltingar til að takast megi að jafna stöðu kynjanna.

Hægt er að beita margvíslegum aðgerðum til að breyta hugarfari. Það má gera með umræðum, rannsóknum, markvissum aðgerðum og eflingu réttlætiskenndar hvers og eins. Þegar kemur að veruleikanum sjálfum, hinu daglega lífi, er röðin komin að stjórnvöldum, aðilum vinnumarkaðarins, fjölskyldufeðrum, eiginmönnum og konum sjálfum sem vita best hvar skórinn kreppir. Það má ekki bíða lengur að grípa til aðgerða til að draga úr því ópolandi misrétti sem einkennir íslenskan vinnumarkað og bitnar fyrst og fremst á konum. Stjórnvöld eiga að beita *tiltækum ráðum til* að jafna stöðu þegnanna og hafa almannahag að leiðarljósi. Aðilar vinnumarkaðarins, sem hafa með samningum sínum mikil áhrif á daglegt líf fólks og aðstæður fjölskyldnanna í landinu, þar með talið stöðu kynjanna á vinnumarkaðnum, eiga að semja um aukinn jöfnuð. Samtökum kvenna í landinu verður að gefast kostur á að ræða beint við fulltrúa þeirra sem geta beitt sér fyrir breytingum og hafa vald til að koma þeim á

þannig að hugmyndir og kröfur kvenna komist milliliðalaust á framfæri jafnframt því sem knúið verði á um aðgerðir.

Þótt margt megi segja um nauðsyn almennrar hugarfarsbyltingar í íslensku samfélagi til hagsbóta fyrir konur og börn er misréttið mest á vinnumarkaðnum. Það er ástæða til að hafa verulegar áhyggjur af vaxandi launamun kynja og „kvengervingu" fátæktarinnar sem lýsir sér í því hve stór hópur kvenna vinnur fyrir launum sem verða að teljast við eða undir fátæktarmörkum. Þær upplýsingar, sem birtar voru sl. sumar um launamun kynja hér á landi, sýna að bilið milli kvenna og karla fer vaxandi. Það er ófugþróun sem verður að stöðva. Þá er atvinnuleysi vaxandi í röðum kvenna og fleiri konur verða því að bráð en karlar hér á landi. Einnig ber að nefna þær aðstæður sem þjóðfélagið býður barnafjölskyldum upp á, einkum þar sem ung börn eru á heimilum.

Þrátt fyrir lög um sömu laun fyrir sömu vinnu frá árinu 1960 og margendurskoðuð lög um jafnrétti kynja blasir sú staðreynd við að launamunur kynja hér á landi er verulegur. Heildartekjur kvenna í fullu starfi eru aðeins um 60% af heildartekjum karla. Skortur er á dagvistun fyrir börn, einkum í þéttbýlinu. Þar hefur hvergi nærri verið komið til móts við þarfir foreldra eða vinnumarkaðarins. Skóladagur barna er ekki í neinu samræmi við vinnutíma foreldra, þótt nú hilli loks undir átak í þeim efnum. Vinnumarkaðinn skortir átakanlega sveigjanleika, t.d. hvað varðar vinnutíma, og aðbúnaður á vinnustöðum, einkum með tilliti til heilsufars, má víða batna. Þannig mætti lengi benda á aðgerðir sem bætt geta daglegt líf, dregið úr misrétti og gert samfélagið betra.

Með þessari tillögu er lagt til að skipuð verði nefnd sem komi með markvissar tillögur um aðgerðir til að draga úr misrétti kynja á vinnumarkaðnum og til að bæta stöðu barnafjölskyldna. Sem dæmi um nauðsynlegar aðgerðir á vinnumarkaðnum má benda á eftirfarandi:

1. Tryggja þarf að jafnréttislögunum sé framfylgt og þau virt.

2. Grípa þarf til aðgerða til að draga úr launamisrétti. Þar er efst á blaði nýtt starfsmat sem tekur tillit til mikilvægis starfa kvenna og metur uppeldis-, umönnunar- og þjónustuþætti hefðbundinna kvennastarfa sérstaklega og hefur að markmiði að bæta kjör kvenna.

3. Skattkerfinu verði breytt þannig að tillit verði tekið til þess kostnaðar sem því fylgir að eiga og ala upp börn.

4. Áætlun verði gerð um að fullnægja þörfinni fyrir dagvistun barna.

5. Samræmi verði komið á milli skóladags barna og vinnutíma foreldra.

6. Vinnumarkaðurinn bjóði upp á sveigjanlegan vinnutíma.

7. Unnið verði að jöfnun foreldraábyrgðar utan sem innan heimilis.

8. Aðbúnaður á vinnustöðum verði bættur með tilliti til heilsufars, afkasta og vinnuanda.

9. Gripið verði til aðgerða til að breyta hugarfari karla í garð kvenna í þeim tilgangi að útrýma rótgrónum fordómum og sjálfsvitund kvenna styrkt, t.d. hvað það varðar að meta störf sín til launa.

10. Grípa þarf til aðgerða til að auka hlut kvenna í stjórnarstörfum, nefndum og ráðum, ekki síst þar sem vinnumarkaðurinn á í hlut.

11. Styrkja þarf framboð á endurmenntun og fullorðinsfræðslu.

12. Sérstökum aðgerðum verði beitt til atvinnusköpunar fyrir konur.

13. Auka þarf vitund um kynferðislega áreitni á vinnustöðum í því skyni að koma í veg fyrir slíkt.

14. Auðvelda á feðrum að taka fæðingarorlof.

15. Koma þarf í veg fyrir launaleynd og vinna að því að hækka grunnlaun þannig að ekki sé samið um ýmiss konar launauppbætur sem einkum koma körlum til góða.

16. Taka þarf á rótgrónum hugmyndum um hlutverk karla og kvenna með fræðslu, áróðri og umræðum.

17. Auka þarf rannsóknir á vinnumarkaðnum með tilliti til stöðu kynjanna.

18. Fyrirtæki og stofnanir eigi kost á ráðgjöf þegar tekið verður á hvers kyns misrétti á vinnustað.

19. Bannað verði að afla persónulegra upplýsinga um starfsmenn sem ekkert koma starfinu við, en þær eru iðulega notaðar gegn konum.

Það er von flutningsmanna að sú nefnd, sem hér er lagt til að sett verði á fót, geti ýtt undir umræður í þjóðfélaginu jafnframt því sem hún setur fram raunhæfar tillögur sem orðið gætu til þess að bæta stöðu kvenna á vinnumarkaðnum. Það er löngu viðurkennt að aukinn jöfnuður skilar sér í betra samfélagi fyrir alla. Nú á ári fjölskyldunnar er kjörið tækifæri til að stíga skref sem bætt geta stöðu kvenna er munu um leið bæta hag fjölskyldnanna."

Virðulegi forseti. Þar með lauk greinargerðinni með þessari þáltill. Það er ástæða til að bæta því við að í ýmsum löndum heims hefur verið gripið til sérstakra aðgerða til þess að bæta stöðu kvenna. Ef ég tek Norðurlöndin sem dæmi þá hefur verið beitt því kerfi þar að koma á kvótum bæði hjá ríkinu og eins hafa stjórnmálaflokkar tekið upp þá reglu að hafa kvótakerfi þó að það nái alls ekki til allra í þeim tilgangi fyrst og fremst að jafna stöðu kynjanna og þetta hefur skilað konum miklum árangri.

Þá má nefna aðgerðir sem snúa að starfsmati sem fram hefur farið á vinnumarkaðnum og hefur haft það að leiðarljósi að bæta fyrst og fremst launakjör kvenna. Þá má nefna það að á Norðurlöndunum er verkalýðshreyfingin miklu virkari í umræðum um launajöfnuð en hér og hefur beitt sér þar miklu meira í þágu kvenna en við því miður höfum séð hér þó að reyndar sé á Norðurlöndunum mikil umræða um það hvort sú stefna sem þar hefur verið tekin í samningamálum að dreifa samningavaldinu sé ekki einmitt að snúast konum í óhag.

Þá er ekki síst að nefna það að á Norðurlöndunum er aðstoð við fjölskyldur og það öfluga félagslega kerfi sem þar er að finna gagnast konum miklu betur en það sem við þekkjum hér.

Ef við lítum á Evrópubandalagið þá verður ekki sagt að það sé sérstaklega kvenvinsamlegt eða konur séu þar áberandi en þó eru þess dæmi að þar hafa fallið dómar, t.d. í launamálum kvenna, og þar hefur oft verið tekið dæmið um Danfoss-dóminn þar sem Danfoss-fyrirtækið var dæmt til þess að endurskoða algerlega sitt launakerfi til þess að koma á launajafnrétti. En sá dómur er ekki bindandi fyrir önnur fyrirtæki og fólk verður einfaldlega að fara í mál fyrir Evrópudómstólnum ætli það að koma á launajafnrétti. Eftir því sem ég best veit þá eru í gildi sex tilskipanir af þeim tugþúsundum tilskipana Evrópubandalagsins sem snerta konur sérstaklega.

Í Bandaríkjunum hafa konur líka náð nokkrum árangri og þá ekki síst í því að fá það viðurkennt að það þurfi að taka tillit til kvenna sérstaklega. Þetta kemur m.a. fram í því að vinnumálaráðuneytið í Bandaríkjunum, sem kannski jafngildir íslenska félmrn., er með sérstaka kvennadeild sem reyndar hefur verið starfandi frá því á þriðja áratugnum og er nú undir stjórn Clintons að verða býsna öflugt baráttutæki fyrir konur.

Sama gildir um heilbrrn. Þar er sérstök kvennadeild. Enda hefur komið í ljós að það veitir ekki af að horfa á heilsu og heilbrigði kvenna sérstaklega og hefur reyndar kallað á að það þarf að byrja rannsóknir á sjúkdómum og meðferð sjúkdóma nánast upp á nýtt.

Í Bandaríkjunum er í gildi löggjöf sem skyldar fyrirtæki til þess að ráða jafnt konur og karla, hvíta og svarta o.s.frv. og því er fylgt eftir að sú löggjöf sé virt. Og eins er það í Bandaríkjunum að þar er bannað að vera að gramsa í persónulegum högum fólks. Það er ekki leyfilegt að spyrja persónulegra spurninga m.a. hversu mörg börn fólk á og hvort líklegt sé að um veikindi barna verði að ræða og slíkt, það er einfaldlega bannað. Það kemur málinu ekkert við og þyrfti að koma slíkum sjónarmiðum á framfæri við íslenska vinnuveitendur.

Þá er líka að nefna það að í Bandaríkjunum er í gangi mikil vinna á vegum vinnumálaráðuneytisins til þess að ýta undir það að konur séu ráðnar í hærri stöður, einkum hjá stórfyrirtækjum. Það er sérstök aðgerð í gangi og hún birtist m.a. í því að fulltrúar ráðuneytisins fara í fyrirtæki og spyrja þar hvernig stendur á því að ástandið er svona og svona hjá ykkur og hvað ætlið þið að gera til að framfylgja lögum. Væri nú ekki síður gaman að sjá jafnréttislöggjöfinni íslensku framfylgt með þeim hætti.

Ef við lítum aðeins á ástandið hér þá er það því miður ekki nógu gott. Við höfum hér löggjöf, ekki vantar það, en henni er einfaldlega ekki framfylgt. Eins og kom fram í greinargerðinni hefur það gerst að atvinnuleysi hefur farið vaxandi á undanförnum árum og það er meira í röðum kvenna en karla án þess þó að gripið hafi verið til sérstakra aðgerða sem eru konum í hag. Og í rauninni höfum við séð ákaflega lítið af aðgerðum stjórnvalda í þágu kvenna. Því miður virðist íslensk verkalýðshreyfing alls ekki hafa áttað sig á því að konur eru helmingur vinnuaflsins og hún hefur ekki rekið neina stefnu í þá veru að bæta kjör kvenna sérstaklega þannig að hér þarf að taka á, virðulegi forseti. Það er augljóst mál að nefnd af þessu tagi sem hér er lögð til getur auðvitað fyrst og fremst komið með tillögur og orðið til þess að ýta undir umræðuna, ýta á það að lögum sé framfylgt, en síðan reynir á vilja bæði vinnumarkaðarins og stjórnvalda til þess að koma hér á raunverulegu jafnrétti kynjanna.

Virðulegi forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að þáltill. verði vísað til síðari umræðu og hv. félmn.

[14:15]

Guðrún J. Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Í þessari þáltill. sem allar þingkonur Kvennalistans flytja er hreyft mjög mikilvægu máli. Ég held kannski að Íslendingar sem og aðrar Norðurlandaþjóðir geri sér betur grein fyrir því í dag en nokkru sinni fyrr hversu mikilvægt hlutverk það er sem foreldrar þurfa að inna af hendi og að alltaf verður erfiðara að inna þetta hlutverk af hendi vegna þess að inn á hvert heimili streymir alls kyns misgott efni sem hefur niðurbrjótandi áhrif á þau börn sem fólkið er að reyna að ala upp.

Á sama tíma verða íslenskir foreldrar að vinna eins lengi og þeim er unnt dag hvern til þess að hafa í sig og á. Vandamálið vex því úr tveimur áttum, bæði vegna þess laka fjárhagsástands sem er á landinu og vegna þess flóðs af illu efni sem börnum okkar er boðið í dag.

Ég held að það besta sem hægt væri að gera fyrir foreldra og þá ekki síst mæður sé að stytta vinnuvikuna en draga samt ekki frá kaupi þannig að foreldrarnir ættu möguleika á því að eyða fleiri tímum með börnunum sínum. Stytting vinnuviku og lagasetning þess efnis að foreldrar, sem eiga börn innan ákveðins aldurs, þyrftu ekki að vinna eins langa vinnuviku eins og aðrir held ég að væri til hagsbóta fyrir okkur öll þegar til lengri tíma er litið. Auðvitað vitum við að enginn vinnuveitandi vildi ráða manneskju til að vinna fyrir sig á fullu kaupi fyrir 36 stundir. Þess vegna þyrfti að koma af hálfu ríkisvaldsins einhver ívilnun á móti sem sjálfsagt yrði skattaleg eða eitthvað því um líkt. Ég held að það besta sem við gætum gert í dag væri að stytta vinnuviku þeirra sem eru að fást við að koma upp börnum og gæta þess samt að laun lækki ekki.

Víst er meiri hluti kvenna láglaunahópur. Það sem þarf að gera er að hækka grunnlaun allra þeirra sem lægstu launin hafa. Það á bæði við um karla og konur. En hækkun launa er stórkostlega mikilvægt fyrir hina íslensku þjóð sem að hálfu er á barmi gjaldþrots, þar á ég við heimilin. Alveg óháð því hvernig samningar verða á vinnumarkaðinum væri hægt að setja í lög að vinnuvika foreldra, sem ættu börn innan ákveðins aldurs, væri styttri og vinnuveitendur fengju það bætt með öðrum hætti. Þetta væri sameiginlegt framlag samfélagsins til uppeldis þessara barna.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Foreldrafræðsla, fyrri umr.

Þáltill. KÁ o.fl., 39. mál. — Þskj. 39.

[14:22]

Flm. (Kristín Ástgeirsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um foreldrafræðslu en flm. ásamt mér eru Anna Ólafsdóttir Björnsson, Kristín Einarsdóttir, Jóna Valgerður Kristjánsdóttir og Guðrún J. Halldórsdóttir.

Tillögugreinin er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að beita sér fyrir því að markviss foreldrafræðsla verði stóraukin í skólum landsins, í fjölmiðlum og í samvinnu við heilbrigðisráðherra á heilsugæslustöðvum. Skipaður verði vinnuhópur sem komi með tillögur um æskilegt inntak, form og umfang foreldrafræðslu á fyrrgreindum stöðum."

Í grg. segir, með leyfi forseta:

„Nær samhljóða tillaga var flutt á 113., 116. og 117. löggjafarþingi.

Skipan uppeldismála samkvæmt gildandi lögum er sú að foreldrar eru ábyrgir fyrir uppeldi barna sinna. Ríkinu ber þó að grípa inn í og aðstoða foreldra á tilteknum sviðum, t.d. varðandi grunnmenntun, sbr. ákvæði um skólaskyldu, og ef foreldrar eru ófærir um að sinna ábyrgð sinni eða skyldum, sbr. t.d. ákvæði laga um barnavernd. Í lýðræðisríkjum er þessi skipan mála yfirleitt talin sjálfsögð, enda litið á fjölskylduna sem einn af hornsteinum þjóðfélagsins. Þetta fyrirkomulag byggir á því að foreldrar hafi sjálfir aðstöðu til að sinna þessari ábyrgð eða hafi möguleika á uppeldisaðstoð sem þeir geta haft áhrif á og samræmist þeirra lífsviðhorfum.

Þessi skipan uppeldismála er nú miklum erfiðleikum bundin. Mikil atvinnuþátttaka beggja foreldra og sá langi vinnudagur sem hér tíðkast dregur úr möguleikum foreldra til að hafa áhrif á uppeldi barna sinna. Til að koma í veg fyrir uppeldislega vanrækslu heillar kynslóðar íslenskrar æsku er ekki aðeins nauðsynlegt að stórefla samfélagslega þjónustu á sviði uppeldis- og skólamála heldur þarf einnig að styrkja foreldrana ef núverandi skipan uppeldis á ekki að vera merkingarlaus. Löggjafinn hefur eðlilega gert ráð fyrir að foreldrar hafi áhrif á starf skóla og leikskóla, en því miður virðist samstarf foreldra og uppeldisstofnana eiga erfitt uppdráttar. Hér er lagt til að foreldrar verði styrktir til að takast á við hlutverk sitt, ekki síst barnanna vegna. Það skiptir afar miklu máli að börn fái góða aðhlynningu og örvun í uppeldinu til að þau verði heilsteyptir einstaklingar og þar gegna foreldrar, eða aðrir sem standa barninu næst tilfinningalega, lykilhlutverki. Foreldraábyrgð er því mikilvæg og í lýðræðisþjóðfélagi, sem hefur lögfest jafnrétti kynjanna, þurfa báðir foreldrar að geta sinnt henni sem best. Til að svo geti orðið þarf að styrkja foreldra í hlutverki sínu og um leið þau grundvallarmannréttindi foreldra og barna sem hér eru í húfi.

Sú leið, sem hér er mælt með, er að taka upp almenna foreldrafræðslu. Markmið hennar væri að gefa foreldrum kost á að fræðast um ýmis atriði er snerta foreldrahlutverkið og mikilvægi þess. Auk framangreindra ástæðna fyrir fræðslu af þessu tagi má benda á eftirfarandi rök:

1. Engin fræðsla um foreldrahlutverkið og barnauppeldi er í boði fyrir alla í skólakerfinu eða annars staðar í þjóðfélaginu.

2. Vísindaleg þekking á þroska og uppeldi barna hefur stóraukist á liðnum áratugum án þess að skila sér til foreldra almennt. Ætla má að það dragi úr öryggi foreldra í samskiptum við sérmenntað fólk á uppeldisstofnunum.

3. Þó að foreldrar hafi hingað til getað byggt á reynslu fyrri kynslóða eru aðstæður nútímaforeldra og barna, a.m.k. í þéttbýli, mjög breyttar frá því sem foreldrarnir hafa sjálfir þekkt í eigin uppeldi.

4. Þegar boðið er upp á foreldrafræðslu eða námskeið um samskipti foreldra og barna, bæði hér og í nágrannalöndunum, hefur eftirspurn af hálfu foreldra verið mikil. Því miður hefur þetta mest verið í formi einkanámskeiða sem ekki ná til allra.

Hér er mælst til að vinnuhópur komi með tillögur um foreldrafræðslu í skólum landsins, á heilsugæslustöðvum og í fjölmiðlum. Lagt er til að í vinnuhópnum verði auk sérfræðinga á sviði uppeldismála og foreldrafræðslu fulltrúar frá foreldrum eða samtökum þeirra, fjölmiðlafræðingur varðandi foreldrafræðslu í fjölmiðlum og fulltrúi frá heilbrigðisráðuneyti varðandi aukna fræðslu og ráðgjöf á heilsugæslustöðvum. Markvissar rannsóknir á áhrifum foreldrafræðslu eru til sem geta gefið vísbendingar um æskilegar aðferðir. Algengara er þó að gildi fræðslunnar er ekki rannsakað þar sem trú aðstandenda á gildi hennar hefur dugað. Æskilegt væri að gera ráð fyrir athugun á notkun og gildi þeirrar foreldrafræðslu sem lögð verður til og haga umfangi hennar í samræmi við það.

Varðandi skólakerfið ber að fagna skýrslu starfshóps um jafna stöðu kynja í skólum sem menntamálaráðuneytið gaf út í desember 1990. Þar er skýrt kveðið á um að íslenska skólakerfið eigi að undirbúa bæði stúlkur og drengi undir fjölskyldulíf, m.a. með námi í fjölskyldufræðum í grunn- og framhaldsskólum. Í því felst m.a. umfjöllun um heimilisrekstur, barneignir, uppeldi og samskipti kynjanna sem allt getur tengst foreldrahlutverkinu og jafnri foreldraábyrgð. Ákvæði af þessu tagi er einnig að finna í aðalnámskrá grunnskóla og í lögum um grunnskóla, nr. 49/1991 (48. gr.). Mikilvægt er að settar verði fram nákvæmar tillögur um útfærslu foreldrafræðslu, ekki síst fyrir framhaldsskólann sem nú er öllum opinn. Foreldrafræðslu þyrfti einnig að efla í Háskóla Íslands og sem víðast símenntun og endurmenntun fólks.

Heilsugæslustöðvar og meðgöngudeildir sjúkrahúsa hafa boðið upp á mismikla fræðslu fyrir verðandi foreldra og foreldra ungbarna. Mælt er með eflingu þess starfs og að bætt verði við uppeldislegri ráðgjöf fyrir þá foreldra og börn að 16 ára aldri sem hennar óska.

Mikilvægt er að nýta sem flesta fjölmiðla við þá fræðslu sem hér er mælt með. Fræðsluþættir í útvarpi og sjónvarpi með þátttöku sérfræðinga og foreldra eru hugsanleg dæmi. Möguleg viðfangsefni eru þroskaein-

kenni ákveðinna aldurshópa barna, samskipti foreldra og uppeldisstofnana, samhæfing fjölskyldulífs og starfs, málfarslegt uppeldi á heimilum, trúaruppeldi, afmörkuð uppeldisvandamál eða æskilegar uppeldisaðferðir. Slíkir þættir gætu síðan verið til útláns á myndböndum. Einnig mætti nota dagblöð og tímarit í þessum tilgangi.

Það er von flutningsmanna að þessi tillaga styrki foreldra, jafnt mæður sem feður, í sínu ábyrgðarmikla hlutverki til góðs fyrir uppvaxandi kynslóðir Íslendinga því að lengi býr að fyrstu gerð."

Þannig hljóðar greinargerðin, virðulegi forseti.

Þess ber að geta að tillagan var send til umsagnar á sl. ári og fékk mjög góðar undirtektir en þó náðist ekki að afgreiða hana. Sem betur fer hefur ýmislegt verið gert í málum sem varða foreldrafræðslu, ekki síst á heilsugæslustöðvum, og það kom m.a. fram í nokkuð ítarlegum umsögnum. Ég minnist þess t.d. að á Akureyri hefur verið heilmikið átak í foreldrafræðslu en betur má ef duga skal. Í því samhengi vil ég minna á að í umfjöllun menntmn. um fjárlagafrv. fyrir u.þ.b. tveimur vikum kom fram að sífellt meira fjármagn fer til sérkennslu af ýmsu tagi og talið er að á milli 15 og 20% af því fjármagni sem fer til grunnskólans fari til sérkennslu. Þó er ljóst að það dugir hvergi nærri. Hluti af sérkennslunni fer til fatlaðra barna og barna sem eiga við ýmiss konar erfiðleika að stríða en það er staðreynd að sífellt fleiri börn þurfa á aðstoð í skólakerfinu að halda vegna vanrækslu eða vegna þess að þau hafa ekki fengið það uppeldi og þann stuðning sem þau þurfa til þess að geta staðið sig í skólakerfinu. Þar á ofan bætast ýmsar kannanir sem hafa verið gerðar á högum barna og unglinga og er skemmst að minnast ráðstefnu sem haldin var af læknum, ég hygg að það hafi verið fyrir tveimur árum, þar sem því var blákalt haldið fram að uppeldi og aðstæður barna hér á landi þyrftu verulegra umbóta við. Þar var bæði vitnað til slysa á börnum, ýmiss konar vanrækslu sem læknar og hjúkrunarfólk verður vart við, hvernig börn eru hreinlega í lausagöngu hér á landi og er gert að taka ábyrgð á sjálfum sér og systkinum sínum frá unga aldri. Þetta eru auðvitað hlutir sem ganga ekki lengur í þjóðfélagi eins og við þekkjum á þéttbýlissvæðum þar sem hættur eru margar. Sú staðreynd að Ísland skuli vera í hópi þeirra landa þar sem er að finna flest slys á börnum, hvort sem það eru slys í heimahúsum eða slys í umferðinni, er auðvitað ömurleg staðreynd í svona fámennu þjóðfélagi og hlutur sem við þurfum virkilega að taka á.

Þá höfum við því miður orðið vör við vaxandi ofbeldi meðal barna og unglinga og þar þarf auðvitað að grípa til fyrirbyggjandi aðgerða. Ég held að öllum þeim sem kynnast skólamálum og ýmsum vandamálum barna í gegnum okkar félagslega kerfi, félagsmálastofnanir, skólana og þær stofnanir sem sérstaklega eiga að sinna börnum og unglingum, blandist ekki hugur um það að hér er því miður um vaxandi vandamál að ræða. Ein leiðin til þess að taka á því er auðvitað að reyna að styðja foreldra. Að skólakerfið og heilbrigðiskerfið styðji foreldra miklu betur en hefur verið gert.

Ég vil taka undir það sem kom fram í máli hv. þm. Guðrúnar J. Halldórsdóttur í síðasta máli að ein besta leiðin til þess að bæta stöðu fjölskyldunnar er auðvitað styttri vinnutími og bættar aðstæður. En auðvitað er líka um það að ræða að þekking á uppeldi barna er hætt að berast með sama hætti og áður frá kynslóð til kynslóðar. Þar ræður sú mikla vinna sem konur stunda og það verður sífellt meira vart við það að foreldrar, sérstaklega ungir foreldrar, vita hreinlega ekki hvernig þeir eiga að haga sér í uppeldi barna. Hér eru á ferð ýmsar gamlar hugmyndir sem eiga rætur að rekja til bændasamfélagsins, eins og þær að það sé eðlilegt að 8–9 ára gömul börn séu að vinna og geti tekið ábyrgð á litlum systkinum sínum sem gengur ekki í bæjum þar sem umferð er mikil og margvíslegar hættur á ferð.

Það er því margt að athuga í þessu samhengi, virðulegi forseti, og hér er einmitt um að ræða tillögu sem horfir til framtíðar. Hér er um að ræða fyrirbyggjandi aðgerðir sem bæði munu skila sér í betra samfélagi jafnframt því að spara þjóðfélaginu mikil vandræði og mikla peninga.

Virðulegi forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að málinu verði vísað til síðari umr. og hv. menntmn.

[14:34]

Guðrún J. Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins segja nokkur orð um mikilvægi þessarar tillögu. Það er hverjum þeim ljóst sem að fræðslumálum kemur og raunar sjálfsagt íbúum Íslands öllum hversu mikilvægt það er að þekkingin berist frá kynslóð til kynslóðar, þekking frá foreldrum til barna og frá afa og ömmu til barna og barnabarna. Þannig hefur þetta ætíð verið en því miður verða ýmis rof í því samfélagi sem við lifum í í dag vegna þeirra geysilegu þjóðfélagsbreytinga og atvinnulífsbreytinga sem orðið hafa.

Ég tel sérstaklega mikilvægt að samstarf verði aukið milli leikskóla og foreldra og skóla í hverju skólahverfi þar sem raunveruleg fræðsla og umræðufundir um hvernig efla beri hina ýmsu þroskaþætti barna gætu farið fram. Hvert einasta hverfi borgarinnar og landsins alls raunar situr inni með þekkingu í þessum stofnunum sem svo auðvelt ætti að vera að veita foreldrunum. Ég legg áherslu á að efnt yrði til slíks samstarfs bæði milli leikskóla og skóla og foreldranna. Það er ekki nóg að vinna frá morgni til kvölds og gefa börnunum gott húsnæði, jafnvel ekki þó þau fái líka sæmilega gott að borða. Það sem er mikilvægast fyrir þau, og það hefur margsannast í gegnum sögu mannkynsins, og það sem skiptir höfuðmáli er að þau hafi öryggi og ástúð og raunverulegar fyrirmyndir að fara eftir. Það er aðferðin til þess að kenna frá kyni til kyns, þ.e. að sýna hvernig á að bregðast við. Þetta á ekki bara við um hvernig á að kenna börnum að lesa og ýmis slík fræði heldur á það ekki síst við um umgengni, viðhorf til skyldna sinna í samfélaginu og siðfræði almennt. Við kennum ekki börnum siðfræði nema sýna hana. Það þýðir ekki að segja barni: Þú skalt ekki reykja, og púa framan í það. Þetta er eins með alla aðra hluti. Til þess að það sé hægt verða for-

eldrar að gera sér grein fyrir hvaða leiðir þeim eru færar í uppeldishlutverki sínu og það gerist best með því að þeir geti ráðfært sig við fólk sem hefur lært eitthvað um þetta og líka reynt fólk til að ráðfæra sig við. Því það er ekki nóg að senda einhverja sem hafa gert einhverjar kannanir einhvers staðar til segja fólki frá því heldur þarf reynsluþekking að koma til líka. Blanda af reynsluþekkingu sem kynslóðirnar hafa og vísindalegri þekkingu er það besta sem hægt er að miðla foreldrum til þess að þau geti síðan staðið í sínu hlutverki. Þetta gæti einfaldlega farið fram í bæði leikskólum og svo í skólum á æðri skólastigum.

Ég vildi undirstrika þetta samstarf sem þarf að vera annars vegar. Hins vegar vildi ég líka undirstrika að við kennum börnum ekki neitt sem við sýnum þeim ekki sjálf og til þess þurfa foreldrar, eins og ég sagði í síðustu umræðu, að hafa bæði tíma og peninga, þ.e. peninga til þess að lifa sæmilega góðu lífi. Umhverfið skiptir sáralitlu máli fyrir börnin. Það sem skiptir máli fyrir þau er að þau hafi öryggi og viti eftir hvaða línum í samfélaginu þau eigi að ganga. Misvísandi línur eða misvísandi reglur sem gefnar eru gilda ekki og ég held að þetta sé einn aðalvandinn hjá okkur í dag. Við erum alltaf að læra um eitthvað en lærum ekki hlutinn. Við erum að kenna um eitthvað en kennum ekki hlutinn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Varðveisla arfs húsmæðraskóla, fyrri umr.

Þáltill. KÁ o.fl., 40. mál. — Þskj. 40.

[14:40]

Flm. (Kristín Ástgeirsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um varðveislu arfs og eigna húsmæðraskólanna, en flm. ásamt mér eru Kristín Einarsdóttir, Anna Ólafsdóttir Björnsson, Guðrún J. Halldórsdóttir og Jóna Valgerður Kristjánsdóttir. Tillögugreinin er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að skipa nefnd sem hafi það hlutverk að setja fram tillögur um hvernig best megi varðveita arf og eignir gömlu húsmæðraskólanna í landinu. Verði sérstaklega hugað að stofnun eða eflingu heimilisiðnaðarsafna eða heimilisiðnaðardeilda í byggðasöfnum landsins. Í nefndinni eigi sæti fulltrúar Kvenfélagasambands Íslands, landshlutasamtaka kvenfélaganna, Sambands íslenskra sveitarfélaga, safnamanna og menntamálaráðuneytis."

Greinargerðin er svohljóðandi:

„Um áratuga skeið störfuðu húsmæðraskólar í öllum landshlutum. Þúsundir kvenna sóttu sér menntun í þessa skóla sem urðu til undir handarjaðri kvenfélagasambanda landsins. Þjóðfélagsbreytingar síðustu áratuga hafa kippt grundvellinum undan sérskólum af þessu tagi þótt engan veginn verði sagt að hið almenna skólakerfi hafi tekið við og búi pilta og stúlkur nægilega vel undir það verk að stofna og reka heimili. Húsmæðraskólarnir voru arftakar gömlu kvennaskólanna sem stofnaðir voru á 8. áratug 19. aldar, en þeir þróuðust í tvær áttir. Kvennaskólinn í Reykjavík (stofnaður 1874) varð að almennum skóla fyrir stúlkur með sterkri hannyrðahefð (nú almennur menntaskóli), en skólarnir úti á landi urðu að hreinum húsmæðraskólum. Hér er um 120 ára skólahefð að ræða með mikla og merka sögu að baki.

Mikil hús voru byggð yfir kvenna- og húsmæðraskólana og eru flest þeirra nú notuð til kennslu af einhverju tagi. Innan veggja húsmæðraskólanna gömlu er að finna listaverk, hannyrðir, borðbúnað, verkfæri og gjafir af ýmsu tagi, svo og ýmislegt það sem tengist sögu skólanna. Sums staðar hefur eitt herbergi verið tekið undir lausamuni, en það er auðvitað engin lausn þegar svo merkur menningararfur á í hlut. Engin stefna hefur verið mörkuð um það hvað beri að gera við arf húsmæðraskólanna. Kvenfélagasamböndin í hverjum landshluta annast þessar eignir en hafa sums staðar miklar áhyggjur af því hvað um þær verði.

Um tvennt er að velja. Annaðhvort verður að finna munum stað innan skólanna og sjá til þess að þeir verði varðveittir þar eða að koma þeim á söfn.

Í Kvennaskólanum á Blönduósi hafa kvenfélagskonur komið á fót heimilisiðnaðarsafni sem m.a. byggist á þeim munum sem Halldóra Bjarnadóttir skólastjóri safnaði á sínum langa lífsferli. Hugsanlega er það vilji kvenfélaganna í landinu að efla safnið á Blönduósi, gefa muni þangað og gera það að landssafni eða þá að styrkja eigin byggðasöfn með því að koma upp eða efla heimilisiðnaðardeildir í þeim. Víða á heimilum eru til merkilegar hannyrðir og listiðnaður kvenna sem þyrfti að safna og hafa til sýnis sem dæmi um vinnu og tómstundir kvenna í hundruð ára. Öflugt heimilisiðnaðar- og hannyrðasafn mundi eflaust leiða til þess að fólk væri viljugra að gefa merka muni úr fórum ættingja sinna.

Það er brýnt að finna lausn á því máli sem hér er reifað og sjá til þess að sú kvennamenning sem húsmæðraskólarnir gömlu eru fullir af glatist ekki. Það verður að gerast í samvinnu ríkisins sem fer með forsjá skólahúsanna, sveitarfélaganna sem í hlut eiga og ekki síst kvenfélaganna sem stóðu vörð um skólana og hafa gætt þeirra eigna sem eftir eru."

Þannig lýkur greinargerðinni, virðulegi forseti, en því er við að bæta að á 116. löggjafarþingi lagði ég fram fyrirspurn til hæstv. menntmrh. um það hvernig þessum málum væri háttað. Í svari hans kom í ljós að af tíu húsmæðraskólum sem starfandi voru fer enn þá fram kennsla í heimilisfræðum í tveimur skólum, þ.e. í hússtjórnarskólanum í Reykjavík og í hússtjórnarskólanum á Hallormsstað. Hússtjórnarskólinn í Reykjavík hefur farið þá leið að bjóða almenningi upp á námskeið meðan hússtjórnarskólinn á Hallormsstað hefur tekið að sér hússtjórnarbraut og kennslu fyrir bæði grunnskólana á Héraði og Menntaskólann á Egilsstöðum. En hinir skólarnir eru nýttir með ýmsu móti.

Skólinn á Varmalandi var til skamms tíma nýttur í þágu grunnskólans á staðnum, en hefur nú verið afhentur Kennaraháskólanum og á að verða eins konar námskeiðssetur þar. Skólinn á Staðarfelli er rekinn sem

meðferðarstöð fyrir SÁÁ. Um báða þessa skóla sem ég hef nefnt gildir það að þeir munir sem eru mitt stóra áhyggjuefni eru geymdir í einstökum stofum í skólahúsinu undir eftirliti kvenfélaganna í héraðinu.

Hús skólans sem kvenfélagið Ósk á Ísafirði átti og rak er nýtt af Framhaldsskóla Vestfjarða og grunnskólanum og tónlistarskólanum og kvenfélagið hefur aðgang að ákveðnum stofum í húsinu til fundahalda og þar eru gripirnir geymdir. Í gamla skólanum á Blönduósi starfar Fræðsluskrifstofa Norðurlands vestra og þar eru gripir og búnaður í eigu skólans varðveittur í skólahúsinu undir eftirliti heimamanna en gamla fjósið og hlaðan hafa verið tekin undir heimilisiðnaðarsafnið sem nefnt var í greinargerðinni.

Á Löngumýri í Skagafirði er þjóðkirkjan með eins konar skóla og funda- og ráðstefnusetur. Þar gildir það sama að munirnir eru enn þá geymdir í húsinu.

Á Laugalandi í Eyjafirði er skólahúsið nýtt til kennslu á grunnskólastigi en þar hafa einnig verið námskeið í gangi, m.a. fyrir átaksverkefni í þágu kvenna.

Verkmenntaskólinn á Akureyri hefur yfirtekið hlutverk og eignir húsmæðraskólans á Akureyri.

Framhaldsskólinn á Laugum er með húsið þar. Þarna gildir það sama að munum, listaverkunum, silfrinu, borðbúnaðnum, dúkunum, vefnaðinum og vefstólunum og öllu þessu er troðið inn í einstakar stofur.

Eini skólinn sem var á Suðurlandi, þ.e. húsmæðraskólinn á Laugarvatni, er nú nýttur af Íþróttakennaraskóla Íslands og Menntaskólinn á Laugarvatni hefur líka haft aðgang að því húsi. Kvenfélögin hafa geymt þarna sína hluti og hafa reyndar komið svolítið að rekstrinum en ég minnist þess að kvenfélögin á Suðurlandi voru afar óhress með þá ákvörðun ráðherra á sínum tíma að leggja skólann niður.

Af þessari upptalningu má ljóst vera að þetta er vandræðaástand. Áður en Kennaraháskólanum var afhent húsið á Varmalandi var ástandið þannig að allir þessir munir voru geymdir í skólastofu þar sem var raki og einhver leki og kvenfélagskonur í Borgarfirði og Mýrarsýslu höfðu miklar áhyggjur af þessu ástandi.

Að mínum dómi, virðulegi forseti, þá er hér um mál að ræða sem þarf að taka á. Ég held að þarna verði ekki um mikinn kostnað að ræða. Það þarf að finna lausn á þessu. Það þarf að kanna hvort það er vilji kvenfélaganna að koma þessum munum á söfn og þar með að efla heimilisiðnaðardeildir á söfnum. Því miður er það ekki svo að maður geti gengið inn á mörg söfn til þess að kynna sér t.d. handavinnuhefðir eða aðrar slíkar hefðir. Það eru mjög litlar deildir bæði í Árbæjarsafni og Þjóðminjasafninu. Að mínum dómi er þarna um að ræða mjög merkilega listmenningu og menningu hins daglega lífs sem við höfum ekki gert þau skil sem vera ber. Ég er sjálf spennt fyrir þeirri hugmynd að efla Heimilisiðnaðarsafnið á Blönduósi, gera það að einu stóru safni fyrir landið en ég veit hins vegar ekki hvort að vilji kvenfélagasambandanna stendur til þess.

Ég hef ekki rætt þetta mál við hæstv. menntmrh. en ég þykist þó vita að nokkur vilji sé til að taka á þessu. Það hefur tekist að finna sjálfum skólahúsunum hlutverk í flestum tilvikum. Í mörgum tilvikum er um að ræða stór og myndarleg og vel byggð hús sem munu nýtast annaðhvort til frekari kennslu en þau eru mörg hver nýtt sem sumarhótel yfir ferðamannatímann, en vandamálið er þessir gripir, þessi menningararfur sem þarna er og að mínum dómi má það ekki bíða lengur að taka á þessu.

Virðulegi forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að málinu verði vísað til síðari umr. og hv. menntmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Endurskoðun á launakerfi ríkisins, fyrri umr.

Þáltill. KÁ o.fl., 41. mál. — Þskj. 41.

[14:50]

Flm. (Kristín Ástgeirsdóttir):

Virðulegi forseti. Það er nokkuð sérstakt þegar mál raðast þannig á dagskrá að sami flm. fer í ræðustólinn aftur og aftur en ég er þó fegin að komast loksins að með mín mál sem eru með mjög lág númer og komu fram á fyrstu dögum þingsins. Ég er auðvitað fegin því að þau komist loksins til nefndar og til umsagnar.

Sú tillaga sem ég ætla að mæla fyrir er till. til þál. um endurskoðun á launakerfi ríkisins. Flm. ásamt mér eru Anna Ólafsdóttir Björnsson, Guðrún J. Halldórsdóttir, Jóna Valgerður Kristjánsdóttir og Kristín Einarsdóttir.

Tillögugreinin er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að skipa nefnd til að endurskoða launakerfi ríkisins. Hlutverk nefndarinnar verði að einfalda launakerfi ríkisins, auka hlut umsaminna grunnlauna, draga úr eða afnema með öllu yfirborganir og aukagreiðslur af ýmsu tagi og endurskoða röðun í launaflokka. Sérstaklega ber nefndinni að benda á leiðir til að hækka lægstu laun og draga úr launamun kynjanna. Í nefndinni eigi sæti fulltrúar fjármálaráðuneytisins og samtaka opinberra starfsmanna."

Í grg. segir, með leyfi forseta:

„Tillaga þessi var flutt á 117. löggjafarþingi en kom ekki til umræðu.

Samskipti ríkis við starfsmenn sína hafa vægast sagt verið með sérkennilegum hætti undanfarin ár. Grunnlaunum hefur markvisst verið haldið niðri þannig að lægstu laun ríkisstarfsmanna eru á sultarmörkum meðan hvers kyns yfirborganir og sérgreiðslur hafa aukist til ákveðinna hópa. Samskipti ríkisins og háskólamenntaðra starfsmanna þess hafa verið afar slæm enda bráðabirgðalögum beitt til þess að taka til baka umsamdar launahækkanir. Eins og kunnugt er reyndist sú lagasetning lögleysa og hefur þegar kostað ríkissjóð um 400 millj. kr. Þegar Kjaradómur kvað upp úrskurð sumarið 1992, þar sem reynt var að taka á margföldu og óréttlátu launakerfi ríkisins, brást ríkisstjórnin enn

við með bráðabirgðalögum í kjölfar mótmæla úti í þjóðfélaginu.

Á undanförnum árum hefur fjöldi mála verið rekinn fyrir dómstólum vegna samskipta ríkisstarfsmanna við vinnuveitanda sinn sem gefur til kynna að mikið er að launakerfi ríkisins og samskiptum við ríkisstarfsmenn. Þá má nefna það fjaðrafok sem varð sl. haust vegna launamála bankastjóra ríkisbankanna sem ekki eru í neinu samhengi við það sem tíðkast í öðrum ríkisstofnunum. Í því sambandi má minna á þá yfirlýsingu iðnaðarráðherra að launakerfi ríkisins sé handónýtt. Undir þá lýsingu tökum við kvennalistakonur, enda höfum við margoft bent á þá staðreynd. Enn má bæta við þessa lýsingu á launakerfinu því launamisrétti milli karla og kvenna sem tíðkast hjá ríkinu og á meðal annars rætur að rekja til úrelts starfsmats og forréttinda sem karlar njóta.

Það er löngu tímabært að hefja endurskoðun á launakerfi ríkisins með þau markmið í huga að draga úr launamisrétti, hækka lægstu laun, einfalda kerfið og gera það gagnsærra þannig að ljóst sé hver launakjörin eru í raun og veru.

Margt þarf að endurbæta í ríkiskerfinu, svo sem í mennta- og heilbrigðisgeiranum, þannig að rekstur ríkisins verði sem hagkvæmastur og þjóni landsmönnum sem best. Árangur næst ekki nema ríkisstarfsmenn séu sáttir við sinn hlut og séu hafðir með í ráðum. Það gengur ekki lengur að ríkisvaldið standi í eilífum styrjöldum við starfsmenn sína og beiti lögum og dómstólum gegn þeim ef það kallar ekki sjálft yfir sig málaferli. Besta leiðin til að bæta samskiptin er að ganga í það nauðsynjaverk að stokka upp launakerfi ríkisins í góðri sátt við ríkisstarfsmenn. Kjarasamningar eru nú á næsta leiti. Áður en til þeirra verður gengið ber að marka stefnu sem felur í sér réttlátara og raunhæfara launakerfi."

Virðulegi forseti. Frv. fylgja fylgiskjöl sem sýna þann launamun sem er að finna hjá ríkinu og ekki síst það hverjir það eru sem fá hæstu launin, en það eru karlar hjá hinu opinbera í svo miklum meiri hluta að það er næstum því hægt að telja konurnar á fingrum sér. Þar við bætist að þróun launamála hér á landi hefur verið í þá veru að undanförnu að mismunur milli launa kvenna og karla er að aukast. Í nýlegum bæklingi sem Hagstofan gaf út í sumar kemur þetta berlega í ljós þar sem ákveðnar stéttir eru skoðaðar. Þar er reyndar ekki um að ræða ríkisstarfsmenn heldur starfsfólk á hinum almenna vinnumarkaði og þar er alls staðar sama sagan þegar hlutur kvenna er skoðaður. Launabilið milli karla og kvenna hefur vaxið hvort sem um er að ræða verkakonur, afgreiðslukonur eða skrifstofukonur sem eru þeir hópar sem kjararannsóknarnefnd skoðar fyrst og fremst.

Ég hef ekki séð slíkar tölur yfir starfsmenn ríkisins en þó kom fram þegar fulltrúar Háskóla Íslands heimsóttu menntmn. í síðustu viku að þegar menn skoða þróunina innan háskólans þá hefur niðurskurðurinn til háskólans bitnað meira á konum en körlum. Hann hefur bitnað í ríkari mæli á konum en körlum. Við vitum það að þar sem konur eru í meiri hluta, t.d. sem kennarar í skólakerfinu, hefur yfirvinna verið skorin niður og við höfum á undanförnum mánuðum og reyndar árum orðið vitni að mjög mikilli óánægju meðal kvennastétta hjá ríkinu. Þar er skemmst að minnast deilna hjúkrunarfræðinga við ríkið, meinatækna og nú síðast það sem við horfum upp á einmitt þessa dagana, verkfall sjúkraliða. Þessi átök milli þessara kvennastétta og ríkisins endurspegla mikla óánægju og þau lágu laun sem þessum sérmenntuðu kvennastéttum er boðið upp á.

Þá er ekki síst að nefna það sem komið var inn á í greinargerðinni, þessi eilífu dómsmál milli ríkisins og starfsmanna þess sem kosta stéttarfélögin stórfé og reyndar ríkissjóð einnig því sá dómur sem endanlega féll í deilu BHMR og ríkisins kostaði stórfé í dráttarvöxtum. Sú pólitík sem hér hefur verið rekin um árabil, ekkert síður hjá síðustu ríkisstjórn en hjá þeirri sem nú situr, þar sem kjaradeilur milli starfsmanna ríkisins og ríkisvaldsins eru látnar fara í hart hvað eftir annað, það er ekki rætt við fólk svo mánuðum skiptir, ekkert reynt að leita leiða til lausnar á þessum deilum, gengur auðvitað ekki. Þetta skaðar ekki aðeins stofnanir ríkisins heldur allt samfélagið. Það er verið að skaða allt samfélagið. Ég get nefnt það sem dæmi að ég efast um að bráðabirgðalögin á félaga BHMR og það ástand sem fylgdi í kjölfarið hafi jafnað sig enn þá í skólakerfinu. Allt það mál hafði gríðarlega skaðlegar afleiðingar á framhaldsskólana í landinu. Í fyrra komu fulltrúar skólameistara á fund menntmn. og lýstu því yfir að allt þróunarstarf í framhaldsskólum væri búið að vera stopp um árabil vegna þess að fólk einfaldlega leggur það ekki á sig að gera eitthvað fyrir vinnuveitanda eða vera að þróa áfram störf og stofnanir þegar framkoman er með þessum hætti. Þær vinnuaðferðir sem hér tíðkast í samskiptum ríkisins og starfsmanna þess eru algjör óhæfa.

Ég vil að lokum, virðulegi forseti, vitna aðeins í stjórnmálaályktun Kvennalistans sem samþykkt var á nýafstöðnum landsfundi þar sem við lýsum því yfir að atvinnumál og kjör kvenna í víðasta skilningi en þó ekki síst launamál kvenna séu þau mál sem við ætlum m.a. að beita okkur sérstaklega fyrir í kosningabaráttunni og á komandi kjörtímabili. Í þessari ályktun segir, með leyfi forseta:

„Stefna stjórnvalda á undanförnum árum hefur leitt til þess að lífskjör almennings hafa versnað verulega hér á landi. Sköttum hefur verið velt yfir á launafólk, tekjur hafa dregist saman, atvinnuleysi hefur aukist verulega og launamisrétti vaxið.

Samkvæmt upplýsingum frá félagsmálastofnunum víða um land er nú svo komið að fullvinnandi fólk getur ekki séð sér og fjölskyldum sínum farborða og leitar í vaxandi mæli eftir fjárhagsaðstoð sveitarfélaga vegna þess að laun duga ekki til framfærslu. Fátækt er að verða hlutskipti sífellt fleiri vinnandi Íslendinga.

Á þessu yfirlýsta ári fjölskyldunnar vaxa skuldir heimilanna dag frá degi og félagsleg vandamál fylgja í kjölfarið. Kvennalistinn telur það vera forgangsverkefni næstu ríkisstjórnar að snúa þessari þróun við. Atvinnuleysi er meira í röðum kvenna en karla en samt

hafa aðgerðir stjórnvalda til þess að draga úr atvinnuleysi fyrst og fremst miðast við karla. Minni félagsleg aðstoð við barnafjölskyldur og niðurskurður í heilbrigðiskerfinu bitna fremur á konum en körlum. Það eru fyrst og fremst konur sinna börnum, öldruðum og sjúkum. Laun kvenna eru þó ekki í neinu samræmi við þá ábyrgð sem þær bera. Launamismunur kynjanna hefur vaxið á undanförnum árum og er orðinn algerlega óþolandi."

Þetta kemur fram í stjórnmálaályktun landsfundar Kvennalistans og er auðvitað það sem segja þarf í umræðunni. Það verður að taka á þessum launamálum. Fleiri en hæstv. núv. heilbr.-, iðnrh. og viðskrh. hafa lýst því yfir að launakerfi ríkisins sé orðið handónýtt. Við höfum séð að vissir hópar í þjóðfélaginu geta skammtað sér laun að vild, þar á meðal hópar ríkisstarfsmanna, meðan öðrum er haldið á skammarlega lágum launum. Þetta er óþolandi misrétti. Þetta dregur úr jöfnuði í samfélaginu og þessu þarf að linna. Það þarf að snúa við blaðinu.

Að lokinni umræðunni, virðulegi forseti, legg ég til að málinu verði vísað til síðari umr. og hv. efh.- og viðskn.

[15:02]

Guðrún J. Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er kunnara en frá þurfi að segja og samt aldrei of oft sagt, að tvær stéttir eru að myndast í landinu. Stétt fólks sem hefur vel í sig og á og langt þar fram yfir, sem að ýmsu leyti getur skammtað sér launin sjálft og svo þeir sem þiggja laun eftir launakerfum verkalýðsfélaganna og opinberra starfsmanna. Í þessum tveimur hópum eru að skapast stéttir sem eru svo illa launaðar að það er nánast kinnroðaefni að bjóða fólkinu laun þegar maður er að ráða það í vinnu. Ungt fólk, sem kemur út á vinnumarkaðinn og ætlar að sækja um vinnu til okkar sem höfum haft með slíkar ráðningar að gera, horfir á okkur í forundran þegar maður nefnir þá tölu sem það á að fá í kaup á mánuði. Þetta er sannast sagna. Og það bara spyr: Hvernig á ég að lifa af þessu? Þetta unga fólk er þó yfirleitt ekki fólk sem á fyrir börnum að sjá heldur bara sjálfu sér. En það segir sína sögu að jafnvel einhleypt ungmenni sem býr heima hjá sér verður undrun slegið þegar maður nefnir þá tölu sem byrjunarlaunin eru í hinum opinbera geira. Þetta er mál sem við verðum að gera okkur grein fyrir og auðvitað eru sömu aðstæður innan þeirra hópa sem þiggja laun samkvæmt lægri töxtum ASÍ, það ástand er ekki betra heldur kannski stundum sýnu verra. Ég vil leyfa mér að halda því fram að ef launakerfi ríkisins verður ekki endurskoðað, sem væri þá bara byrjun á endurskoðun annarra launakerfa, þá horfir mjög illa fyrir íslenskri þjóð, þá horfir illa fyrir íslenskum heimilum, þá horfir illa fyrir framtíð þjóðarinnar í heild. Við verðum að endurskoða þetta launakerfi, bæði launakerfi ríkisins og annarra sem því miður virðast ekki enn þá hafa fundið hjá sér hvatir til þess að greiða svo að mannsæmandi sé.

Ég lít svo á að vinnuveitandanum, hvort sem það er ríki, borg eða almennur vinnuveitandi, beri siðferðileg skylda til að greiða laun sem fólk getur lifað af. Honum ber meira en siðferðileg skylda til þess, honum ber líka skynsemdarleg skylda til þess. Það er óskynsamlegt að borga stórum hluta þjóðarinnar kaup sem er undir þeim mörkum að hægt sé að lifa af því og býður heim alls lags tilraunum til að bjarga sér á einhvern annan hátt. Þá á ég ekki við að stela heldur alla samhjálp sem ríkið vill nú fara að skattleggja líka. Það er ein af þeim aðgerðum sem hæstv. ríkisstjórn ætlar að grípa til núna að fara að skattleggja þá samhjálp sem hefur verið iðkuð um árahundruð á Íslandi, en einmitt hún hefur kannski getað hjálpað sumu af þessu fólki til þess að tóra og undir þann leka á náttúrlega að setja. Allt ber þetta að sama brunni. Við verðum, ef við ætlum að lifa í þessu landi eins og fólk með nokkra reisn og með lífsskilyrði sem eru lík því sem gengur og gerist í kringum okkur, að endurskoða launakerfið og aðstæður hjá þeim sem verr eru launaðir. Lægstu laun eru mönnum ekki bjóðandi og það verður að breyta þessu. Þess vegna held ég að þessi þáltill. sé mjög nauðsynleg og ég held að það geti ekki verið að það sé nokkur þingmaður á þessu þingi sem gerir sér ekki grein fyrir að það þarf að laga þetta.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Þingsköp Alþingis, 1. umr.

Frv. TIO o.fl., 42. mál (þingskapalaganefnd). — Þskj. 42.

[15:07]

Flm. (Tómas Ingi Olrich):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um þingsköp Alþingis, nr. 55/1991, með síðari breytingum. Mál þetta er 42. mál þingsins og eru meðflm. þess sem hér stendur hv. þm. Björn Bjarnason, Sigbjörn Gunnarsson, Margrét Frímannsdóttir, Kristín Ástgeirsdóttir og Jóhannes Geir Sigurgeirsson.

Frv. er í tveimur greinum og er meginefni 1. gr. það að í upphafi hvers þings skuli kjósa níu þingmenn í þingskapalaganefnd. Nefndin skal fjalla um framkvæmd þingskapa og setja nánari reglur um einstök atriði. Þá ber einnig samkvæmt 1. gr. að vísa frumvörpum um þingsköp Alþingis til nefndarinnar, svo og frumvörpum og öðrum tillögum um breytingar á þeim. Þá er heimilt að vísa öðrum þingmálum til nefndarinnar að svo miklu leyti sem þau varða störf Alþingis eða alþingismanna. Samkvæmt 1. gr. er að lokum gert ráð fyrir því að þingmaður sem telur að úrskurður forseta eða fundarstjórn hans séu ekki í samræmi við þingsköp getur gert skriflega grein fyrir andmælum sínum við nefndina og er þingskapalaganefnd samkvæmt ákvæðinu skylt að taka slík erindi til umfjöllunar og afgreiðslu.

Rétt er að taka það fram, virðulegi forseti, að samkvæmt 8. gr. þingskapa stjórnar forseti Alþingis fundum þingsins og sér samkvæmt þessari grein um að allt

fari þar fram með góðri reglu. Mikilsvert er að störf þingsins séu í föstum skorðum og friður ríki um þau á þingfundunum. Til þess að svo megi verða þarf að gæta samræmis við stjórn þingfunda og þegar þingsköpin og starfsreglurnar eru túlkuð, en þessar starfsreglur hafa að sjálfsögðu verið settar á grundvelli þingskapanna sjálfra.

Samkvæmt 10. gr. þingskapa skipuleggur forsætisnefnd þinghaldið og setur almennar reglur um rekstur þingsins og stjórnsýslu. Að því er varðar fundarstjórn og þinghald er hins vegar æskilegt að sérstök þingnefnd setji og endurskoði reglur sem forsetar þingsins styðjast síðan við í störfum sínum fremur en að þeir setji reglurnar sjálfir. Álitamálum um það hvort mál teljast þingleg ellegar hvort um þinglega meðferð mála sé að ræða er eðlilegt að skjóta til þingskapalaganefndarinnar. Enn fremur er æskilegt að frumvörp um þingsköp eða breytingar á slíkum frumvörpum komi til umfjöllunar í nefndinni, svo og önnur frumvörp sem snerta starfsemi Alþingis. Þingmenn hafa rétt til þess að gera athugasemdir við fundarstjórn forseta og ræða störf þingsins og framgang mála. Slíkur háttur er í raun eðlilegur og nauðsynlegur, en á stundum vekja slíkar umræður spurningar sem hæpið er að leysa úr á þingfundum en kalla á umræður utan þingfundar um starfsemi og reglur þingsins. Er í þessu frv. lagt til að slíkum málum verði vísað til þingskapalaganefndar. Má telja fullvíst að slíkur háttur muni draga úr umræðum um gæslu þingskapa og fundarstjórn forseta og skapa þar með festu um störf þingsins.

Það er alveg ljóst að umræður um fundarstjórn forseta hafa iðulega verið um allt önnur mál og er ekki óalgengt að umræðum í þinginu, sem formlega er lokið, sé haldið áfram undir liðnum „um fundarstjórn" en ákvæði um slíkar umræður er í 55. gr. þingskapanna. Slík misnotkun á starfsreglum þingsins dregur úr þeim aga sem þarf að ríkja í störfum þingsins, dregur úr virðingu þingmanna fyrir þinginu og almennings á störfum þingsins. Það er meginregla að þingmönnum ber að lúta stjórn forseta og það er beinlínis tekið fram í þingsköpunum í 59. gr. að þingmönnum sé skylt að hlíta ákvörðun forseta. Forsetum eru því falin mikil völd og ábyrgð þeirra er mikil. Þess vegna ríður á miklu að þeir fari með vald sitt af sanngirni og hófsemi. Undan þessu er heldur ekki almennt talað að kvarta.

Hins vegar er það svo að verði þingmenn ósáttir við ákvörðun forseta eða aðfinnslur í þeirra garð eiga þeir ekki margra kosta völ til að fá leiðréttingu mála sinna nema eiga um það orðastað við forseta á þingfundum. Það er heldur óæskilegt að taka tíma þingsins í slíkt orðaskak og miklu eðlilegra að finna annan vettvang fyrir slíkar kvartanir. Þess eru dæmi að þingmenn hafi snúið sér til forsætisnefndar með sín mál, en hún er samráðsvettvangur forsetanna. Forsetum fer sem öðrum að það er erfitt að vera dómari í eigin sök, auk þess sem slík skipan mála er andstæð nútímaviðhorfum í stjórnsýslu.

Ef frv. þetta yrði að lögum, virðulegi forseti, opnast leið fyrir þingmenn sem telja á sig hallað í fundarstjórn eða öðrum ákvörðunum forseta að koma andmælum sínum skriflega á framfæri og fá um það formlega hlutlæga umfjöllun og skriflegt svar. Slíkt á þegar best lætur að geta leitt til þess að tekið verði á ýmsum atriðum við framkvæmd þingskapa sem ekki liggja fyrir reglur um og sem ekki er veigaminnst, að leiðrétt sé ef forsetar fara út yfir valdsvið sitt í umræðum, t.d. gera athugasemdir við ræður þingmanna sem þeim alla jafna er ekki heimilt að gera nema til þess að víta þingmenn.

Mikils er vert að forseti gæti þess vendilega að fara ekki út fyrir valdsvið sitt, enda getur það leitt til þess að málfrelsi þingmanna sé skert. Á sama hátt er brýnt að þingmenn virði reglur um störf þingsins. Aðhald í þingstörfum þarf þannig að beinast bæði að þingmönnum og forseta til þess að störf þingsins verði sem best skipulögð og árangursrík.

Það ber að árétta að með þessari skipan, sem lögð er til í frv., er ekki verið að skerða völd forseta við fundarstjórn eða annað sem þeim er falið samkvæmt þingsköpum. Það er óumdeilt að forseti fer með fundarstjórnina og jafnframt að varaforsetar fara með það vald þegar þeir sitja í forsetastóli, sbr. 4. mgr. 8. gr. þingskapa. Hin nýja nefnd ætti hins vegar að vera hlutlaus vettvangur fyrir þingmenn til að fá umræður um fundarstjórn forseta og aðrar ákvarðanir þeirra. Má ætla að með þessari skipan verði komið á meiri aga í störfum þingsins.

Virðulegi forseti. Það frv. sem ég mæli hér fyrir var lagt fram á 117. löggjafarþingi en er nú endurflutt óbreytt. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

[15:16]

Sturla Böðvarsson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þingmönnum sem eru flytjendur þessa frv. fyrir að hafa leitt hugann að þeim málum sem hér eru í formi frv.

Fyrsti flm., hv. þm. Tómas Ingi Olrich, hefur gert í ágætri ræðu glögga grein fyrir þeirri hugsun sem að baki býr og gert grein fyrir því með hvaða hætti hann telur að gera eigi breytingar á þingskapalögunum og setja upp sérstaka nefnd sem ætti að fjalla um þau.

Ég verð að viðurkenna það, virðulegi forseti, að mér hefur ekki gefist tóm til þess að fara rækilega yfir þetta frv. en vonandi gefst gott tækifæri til þess í þinginu. Sú hugsun læðist að mér við það að hafa hlustað á rökstuðning hv. þm. fyrir þessu frv. að hér sé í rauninni verið að setja á stofn yfirforsætisnefnd. Ég spyr hvaða afleiðingar það getur haft. Er það æskilegt að hér geti upphafist umræður um það þegar þingmenn verða óánægðir með stjórn forseta að fundarstjórn og úrskurði starfandi forseta skuli skotið til þessarar yfirforsætisnefndar sem hér er verið að leggja til að verði sett á stofn? Ég vil spyrja þeirrar spurningar hvort það sé ekki viss hætta á því að þetta flæki málið. En það er bara þannig að sérstaklega við stjórn funda, það þekki ég af langri reynslu í félagsmálum, þá getur ekki verið nema einn skipstjóri á skútunni.

Það er afskaplega óheppilegt að þar séu margir við stjórn og nauðsynlegt að forseti geti með fullum rétti

og af fullu afli, ef svo mætti segja, tekið sínar ákvarðanir en auðvitað er það á ábyrgð forseta hverju sinni og eftir atvikum til umfjöllunar í forsætisnefnd.

Virðulegi forseti. Ég vil ekki leggjast alfarið gegn þessu frv., ég vil að það verði skoðað mjög vandlega en ég vek athygli á þessu sem ég nefni hér hvort það geti skapast sú hætta að hér verði litið á að það yrði komin til yfirforsætisnefnd og forsetar yrðu að vinna í skjóli hennar.

En ég tel eðlilegt að þetta frv. sé skoðað rækilega í nefnd og fái góða og málefnalega umfjöllun í þinginu.

[15:20]

Flm. (Tómas Ingi Olrich):

Virðulegi forseti. Ég hlustaði gaumgæfilega á athugasemdir hv. þm. Sturlu Böðvarssonar við þessu frv. til laga um breytingu á lögum um þingsköp Alþingis. Ég vil undirstrika þann skilning á frv. sem kemur fram í grg. þess þar sem tekið er fram sérstaklega að sú skipan sem gert er ráð fyrir í frv. á ekki að verða til þess að skerða völd forseta við fundarstjórn eða annað sem þeim er falið samkvæmt þingsköpum. Það er þar af leiðandi ekki gert ráð fyrir því að sú nefnd sem hér er lagt til að verði skipuð, þingskapalaganefnd, sé eins konar yfirforsætisnefnd þingsins eins og hv. þm. Sturla Böðvarsson velti vöngum yfir í ræðu sinni áðan.

Það er hins vegar svo að það er grundvallaratriði í stjórn þingsins að fullkomins samræmis sé gætt við stjórn þingsins. Það er einnig grundvallaratriði að ýmsar þær reglur sem snerta málfrelsi þingmanna séu virtar til hins ýtrasta. Það er grundvallaratriði að forsetar þingsins fari ekki út fyrir valdsvið sitt. Það er grundvallaratriði að forsetar þingsins taki sér ekki þá heimild að leiðrétta efnislegar skoðanir þingmanna því til þess hefur forsetinn ekki vald.

Ef slíkt gerist þá er það líka grundvallaratriði vegna málfrelsisins sem er skilgreint í stjórnarskrá lýðveldisins að þingmennirnir geti gert um það athugasemd og það verði tekið á þeirri athugasemd af einhverri stofnun þingsins sem er þá ekki að dæma í eigin máli. Svo hefur verið hingað til að þingmenn sem hafa lent í þeirri stöðu hafa orðið að snúa sér til forsætisnefndarinnar með erindi. Þannig að í raun og veru hefur forsætisnefndin sjálf fjallað um þessi klögumál. Það er ekki gott, það er ekki góð grundvallarregla að menn séu dómarar í eigin máli.

Ég vil því taka það skýrt fram að það er alls ekki hugmyndin með flutningi á þessu frv. til laga að setja á stofn yfirforsætisnefnd, síst af öllu er hugmyndin að skerða völd forseta, heldur er hugmyndin sú að koma umfjöllun um þau þingmál sem snerta þingsköp Alþingis í fastan farveg og skapa eins konar áfrýjunarrétt fyrir þingmenn sem telja sig ekki ná fram rétti sínum sem þó er skilgreindur í stjórnarskránni og um það dæmi einhver annar heldur en sá sem við málið er riðinn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tekjuskattur og eignarskattur, 1. umr.

Frv. GÁ og FI, 49. mál (millifærsla persónuafsláttar). — Þskj. 49.

[15:24]

Flm. (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég hef ásamt hv. þm. Finni Ingólfssyni lagt fram frv. til laga um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt með síðari breytingum.

Þessi breyting hljóðar svo:

„1. gr.: 2. málsl. 2. mgr. A-liðar 68. gr. laganna orðast svo: Sá persónuafsláttur, sem þá er enn óráðstafað, fellur niður nema um sé að ræða óráðstafaðan persónuafslátt annars hjóna, sem skattlagt er samkvæmt ákvæðum 63. gr., og skal þá óráðstafaður persónuafsláttur annars makans bætast við persónuafslátt hins.

2. gr.: Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1995 og koma til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda gjaldárið 1996 á tekjur ársins 1995."

Í grg. segjum við flm.:

„Með frumvarpi þessu er lagt til að úr gildi falli sú takmörkun, sem nú er í lögum um tekjuskatt og eignarskatt, að einungis 80% af persónuafslætti geti færst milli hjóna. Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að allur óráðstafaður persónuafsláttur annars hjóna flytjist til hins.

Í einu af þeim fylgifrumvörpum, sem lögð voru fram með frumvarpi til laga um staðgreiðslu opinberra gjalda á árinu 1986, var gert ráð fyrir þeirri breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt að sá hluti persónuafsláttar annars hjóna, sem ekki nýttist því, yrði ekki millifæranlegur til hins aðilans að fullu heldur aðeins að þremur fjórðu hlutum. Þetta hlutfall var fært upp í 80% áður en lögin voru samþykkt og hefur haldist óbreytt síðan.

Lengi vel naut fólk í hjónabandi eða sambúð rýmri reglu í skattlagningu af hálfu ríkisins fram yfir einstaklinga. Á síðustu árum hefur þróunin verið þveröfug. Fólk, sem slítur samvistum, býr við rýmri reglur í fyrirgreiðslu og nýtur forgangs af hálfu bæjar- og sveitarfélaga hvað t.d. leikskóla o.fl. varðar. Nú er svo komið að ýmsir telja að hjónabandinu sem formi sé ógnað og hafa prestar sagt frá því að þeir hafi neyðst til að ráðleggja skilnað í fjárhagslegri neyð.

Hjón eða fólk í sambúð eiga eignir sínar saman og þær eru skattlagðar sem slíkar. Flutningsmenn telja sjálfsögð mannréttindi að vilji annað hjóna t.d. sinna uppeldi barna eða vera heima" — við skulum hugsa okkur við nám eða þá kannski vegna þess að annar aðilinn er öryrki eða á við veikindi að stríða — „sé það frjálst án þess að sú ákvörðun leiði til þess að persónuafsláttur sé stórlega skertur. Flutningsmenn telja því að hjón eða fólk í sambúð eigi að fá að ráðstafa persónuafslætti sínum að fullu. Það er sanngirnismál í augum okkar að svo sé. Flutningsmenn gera sér grein fyrir að hér er um talsvert tekjutap að ræða fyrir ríkið verði þetta frumvarp að lögum. Þann vanda verður að leysa með öðrum hætti, svo sem að viðhalda há-

tekjuskatti og taka upp samræmdan eignarskatt."

Þetta er frv. eins og það hljóðar í þeim búningi sem við höfum sett það fram. Við gerum okkur grein fyrir því að þetta kallar á tekjutap ríkisins. Ég hef látið skoða það. Það munu vera einar 600 millj. sem taldar eru að ríkið verði af ef þetta næði fram að ganga.

Við veltum því hér upp að þetta sé mikið sanngirnismál, ekki síst vegna þess að eignirnar eru skattlagðar saman. Það er viðurkennt þegar fólk hefur tekið saman annaðhvort í hjónabandi eða í sambúð þá á það að njóta þess réttar á öllum sviðum.

Ríkisstjórnin ber skynbragð á þær aðstæður sem nú blasa við í íslensku þjóðfélagi. Þegar hæstv. forsrh. segir að nú sé efnahagsvorið að koma og batinn er fram undan þá eru hans fyrstu viðbrögð í ríkisfjármálum og undir það tekur Alþfl. og undir það tekur þingmannakórinn í Sjálfstfl. að nú beri að fella niður hátekjuskatt og eignarskatt af ríku fólki á Íslandi upp á 1,1 milljarð. Það eru fyrstu viðbrögðin þegar efnahagsvorið virðist vera fram undan að koma til móts við þessa hópa sérstaklega. Samtímis þá ákveða þessir háu herrar að skerða bætur til öryrkja og atvinnuleysingja upp á 850 millj. kr. Svo að réttlætið í þessum herbúðum er ranglæti. Það er enginn vafi í mínum huga. Tilfinningin gagnvart þeim sem minna mega sín í þjóðfélaginu er engin í þessari ríkisstjórn, því miður. Ég er þeirrar skoðunar að ríkið þurfi á því að halda að skattleggja þegnana, en það verði á öllum sviðum að gera það af réttlæti. Ríkið gerir það af einni ástæðu, það þarf á tekjum að halda. En við verðum að búa við réttlát skattalög á Íslandi. Öðruvísi verður ekki friður í þjóðfélaginu og hér verður blóðug styrjöld ef menn halda inn á þá braut sem núverandi ríkisstjórn er að fara. Láglaunafólkið mun ekki sætta sig við það. Ríkisstjórnin hefur afrekað það að lækka skattleysismörkin niður í 57 þúsund kr. til þess að ná í láglaunafólkið á Íslandi og geta lagt byrðar á þess herðar þannig að á öllum sviðum hafa þeir því miður, þessir háu herrar, farið ranga leið.

Ég teldi það stórt verkefni og tel það kannski stærsta verkefni næstu ríkisstjórnar að móta réttlát skattalög og móta skattalög sem taka mið af því þjóðfélagsástandi sem við nú búum við.

Það er margt fleira sem kemur til greina en þetta frv. sem ég er hér að flytja ásamt hv. þm. Finni Ingólfssyni. Ég er t.d. sannfærður um að þetta frv. hefði jafnvel þau áhrif að við mundum að einhverju leyti rýma fyrir ungu fólki á vinnumarkaði svo að dæmi séu nefnd. Þetta er því ekki bullandi tekjutap fyrir ríkissjóð að fara þessa leið. Ég get líka hugsað mér þá leið í skattamálum að huga vel að því t.d. að þeir sem vilja hætta að vinna, eru komnir á sjötugsaldur, fái hækkuð skattleysismörk til þess að eiga auðveldara með þetta og geti gengið út af vinnumarkaðnum og unga fólkið fái atvinnutækifæri. Við gerum okkur grein fyrir því að ein stærsta leið sem við stöndum frammi fyrir í þessu þjóðfélagi nú er auðvitað sú að hópar ungs fólks fái ekki vinnu við sitt hæfi. Í fyrsta sinn um mjög langa hríð ganga hámenntaðir menn um án atvinnu. En við verðum verulega að hugsa um þá þjóðfélagsmynd sem við stöndum frammi fyrir. Það er alvarlegur hlutur ef stjórnarflokkarnir komast áfram með það í fjárlagagerðinni eins og þeir ætla sér að taka ekkert tillit til þeirra aðstæðna sem við búum við og segja að þeir einir sem hafa haft hátekjur og eiga miklar eignir skuli núna njóta batans. Við framsóknarmenn segjum alla vega: Fyrstu aðgerðir verða að snúa að því fólki sem hefur þrengt sín belti til þess að halda hér verðbólgunni niðri. Það er meðaltekju- og láglaunafólk, það er fjölskyldufólk á Íslandi sem vart við núverandi aðstæður, vart við núverandi efnahagsstjórn ríkisstjórnarinnar hefur að framfleyta sínum fjölskyldum. Ég vil því hvetja stjórnarliðana til þess að skoða þetta frv. með okkur og gá hvort við getum ekki við þessar aðstæður í gegnum fjárlagagerðina náð nýrri þjóðarsátt sem miðar að þeim aðstæðum að bæta kjör láglauna- og miðlungstekjufólksins og kannski rýma til á vinnumarkaði þannig að við gætum upprætt þá mestu skelfingu sem hefur dunið yfir, alla vega í mínu lífi, það mikla atvinnuleysi sem nú er í landinu þegar milli 6 og 7 þúsund manns ganga um án atvinnu.

Hæstv. forseti. Ég skal ekki lengja þessa ræðu mína meir en legg til að málinu verði vísað til efh.- og viðskn. að umræðu lokinni.

[15:35]

Sigbjörn Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vegna orða hv. þm. Guðna Ágústssonar hér á undan að Alþfl. hefði ekki hug á því að viðhalda hátekjuskatti þá kom það glöggt fram í máli mínu við 1. umr. fjárlaga að ég legg á það þunga áherslu og tala þar fyrir þingflokk Alþfl. að hátekjuskatti verði viðhaldið. Þetta ætti hv. þm. að vera minnisstætt vegna þess að stór hluti 1. umr. fjárlaga gekk út á umræður um hátekjusktt og samræmdan eignarskatt sem ég tel nauðsynlegt að brugðist verði við af þeirri ríkisstjórn sem nú situr, enda voru gefin um það fyrirheit í upphafi stjórnarsamstarfsins.

Örlítið varðandi þessa tillögu sem í sjálfu sér er ágæt. Það er rétt að haft sé í huga hvers vegna á sínum tíma ekki var leyfð 100% millifærsla á persónuafslætti. Eftir því sem ég veit best og mér hefur ætíð verið tjáð var það vegna þess að ýmis samtök kvenna töldu það draga úr atvinnuþátttöku kvenna. Einnig, eftir því sem ég veit best, voru skattleysismörk á þeim tíma ákveðin að nokkru með hliðsjón af því að einungis skyldu 80% vera millifæranleg.

Ég tek hins vegar undir það með hv. þm. Guðna Ágústssyni að það ber brýna nauðsyn til þess að skattalög séu réttlát og ég tel það forgangsverkefni þeirrar ríkisstjórnar sem við tekur að endurskoða skattalög í heild.

[15:37]

Flm. (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. þm. Sigbirni Gunnarssyni fyrir það að hafa staðfest að Alþfl. er þó ekki einhuga á bak við fjárlagafrv. Það er nú svo með Alþfl. að mér sýnist að í því litla húsi búi tvær hendur, þ.e. sá kjarni sem byggist á þessum gamla gróna Alþýðuflokki sem var til áður en ég fæddist og hinum sem virðist vera últra hægri flokkur. En ég vona að

það verði gamli, góði Alþfl. sem verður ofan á í átökunum um fjárlagafrv. og mun styðja hv. þm. heils hugar í viðleitni hans.

Ég þekki þau rök sem hann fór yfir í sambandi við það frv. sem hér er til umræðu. Það var talið að það drægi úr atvinnuþátttöku kvenna. Ég vona að það verði jafnrétti á Íslandi á öllum sviðum og að þetta frv. kalli ekkert frekar á að það verði kvenfólk sem fer út af vinnumarkaðinum. Kannski snýr þetta frv. að því miklu frekar að við rýmum fyrir konum á vinnumarkaði eins og staðan er í dag ef þetta frv. yrði að lögum eða í mínum huga (**Gripið fram í:** ... bjartsýni.) Það er gott að vera bjartsýnn og í mínum huga snýr það að því. En ég skil hv. þm. Sigbjörn Gunnarsson að það sé mikilvægt, þegar þessi ríkisstjórn fer frá að taka þá upp mikla vinnu við að koma upp réttlátum skattalögum. Við sáum það síðast fyrir helgina þegar það var aðalamál hæstv. fjmrh. að ætla að fara að setja ranglátan skatt á börnin sem bera út blöðin.

[15:39]

Sigbjörn Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vegna orða hv. þm. Guðna Ágústssonar þá er það svo og rétt að hafa í huga að sú ríkisstjórn sem nú situr kom á hátekjuskatti. Þeirri ríkisstjórn, sem áður sat og hv. þm. var stuðningsmaður að, auðnaðist það ekki. Við vitum að það var þessi ríkisstjórn sem kom þeim skatti á og hann á að vera áfram en ég undrast í sjálfu sér það geðleysi Framsfl. í fyrri ríkisstjórn að þessum skatti skyldi ekki á komið.

[15:40]

Flm. (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Minni manna er nú misjafnt og nær oft ekki langt aftur í tímann. Við minnisleysi bætist oft líka reynsluleysi og það vill nú svo til að þessi hv. þm., Sigbjörn Gunnarsson, sat ekki hér meðan fyrri ríkisstjórn starfaði og það er ljóst í mínum huga sem studdi þá ríkisstjórn að það mál strandaði ekki á Framsfl. en ég hygg að það hafi strandað á forustumönnum Alþfl. að það komst áfram og síðan kannski á hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni, sem þá var hæstv. fjmrh. En á Framsfl. strandaði það ekki. En ég hef grun um að það hafi fremur verið Alþfl. sem réð því að það varð ekki. En ég óska Alþfl. til hamingju með það að hafa komið þessu þrepi á sem var réttlætanlegt við ríkjandi aðstæður og ég mun styðja Alþfl. heils hugar í því við núverandi aðstæður að halda hátekjuskatti og hverfa frá því að fella niður 1,1 milljarð eins og ætlað er í fjárlagafrv., en ég vil þá biðja Alþfl. að hugsa líka um öryrkjana og atvinnuleysingjana sem nú stendur til að skerða bætur til upp á 850 millj. Það er svínarí í mínum huga.

[15:42]

Sturla Böðvarsson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. flm. þessa frv. sem hér er til umræðu fyrir það að þeir skuli hreyfa merkilegu máli. Ég vil segja það við þessa umræðu að þetta er út af fyrir sig ágætis tillaga. Það hefur legið fyrir að það eru mjög margir þeirrar skoðunar að það hafi á sínum tíma verið mistök við setningu laga um tekju- og eignarskatt að persónuafsláttur væri ekki að fullu millifæranlegur á milli hjóna. Ég heyrði ekki betur en það væru fleiri og fleiri sem hafa komist að þeirri niðurstöðu en hins vegar hefur ekki orðið úr neinum breytingum og engar breytingar voru gerðar í tíð fyrri ríkisstjórnar sem báðir hv. flm. þessarar tillögu studdu þó og höfðu góð tök á að hafa áhrif á að slíkar breytingar næðu fram að ganga. Hins vegar er það þannig að í tímans rás hefur reynsla manna orðið sú að það eru langflestir sem telja að þessa breytingu eigi að gera.

Þá kemur að þeim vanda sem lýtur að vesalings ríkissjóði sem margt verður að þola um þessar mundir og það er nauðsynlegt að hv. flutningsmenn þessarar tillögu geri sér grein fyrir því og geri þinginu grein fyrir því hversu mikið þetta kostar og hvernig skuli koma á móti þeirri tekjuskerðingu sem ríkissjóður verður fyrir samfara þessari breytingu. Það er alveg nauðsynlegt þegar þingmenn flytja frumvörp til breytinga á lögum um tekjuskatt og eignarskatt sem fela í sér minnkun á tekjum ríkissjóðs að það sé gerð grein fyrir því með hvaða hætti og í það minnsta að þinginu sé gerð grein fyrir þeim kostnaði sem þessu fylgir.

En ég vil bara undirstrika að ég tel að þetta sé mál sem þurfi að taka til meðferðar og skoðunar en eins og nú er þá hefur ekki verið talið að þetta væri hægt að svo komnu máli í það minnsta nema önnur tekjuöflun kæmi til. Ég tel því að þetta þurfi að skoða og vissulega ber að fagna því ef tekjur geta fundist á móti þessu til þess að þetta geti orðið.

En varðandi hins vegar málflutning hv. þm. Guðna Ágústssonar þá er hann náttúrlega algerlega með ólíkindum. Hér talar hv. þm. um það að það verði blóðug styrjöld, það verði að móta réttlát skattalög. Það verður fróðlegt að vita í hverju það verður fólgið þegar framsóknarmenn komast til valda ef að yrði einhvern tíma. Þeir hafa boðað að þetta réttlæti muni birtast þegar Framsókn kemst til valda í því að þeir ætli að hækka matarskattinn. Það verður fyrsta aðgerð. Þeir hafa boðað hana. Það verður fyrsta aðgerð í réttlætisaðgerðum þeirra til þess að forðast væntanlega blóðuga styrjöld eins og þingmaðurinn nefndi. Þetta er málflutningur sem er algjörlega útilokað að boðið sé upp á í sölum þingsins.

Ekki ætla ég að fara að leggjast í það að verja hvorki Alþb. né Alþfl. sérstaklega en ég get ekki annað en vakið athygli þingsins á málflutningi hv. þm. Guðna Ágústssonar sem segir: Það var allt Alþfl. og Alþb. að kenna að við skyldum ekki þegar við vorum saman í stjórn setja á hátekjuskatt. Þetta er undarlegur málflutningur. Nú er Alþfl. í ríkisstjórn og þá tekur hann þátt í því að setja á hátekjuskatt. Er það trúverðugur málflutningur að í fylgd með Steingrími Hermannssyni og undir hans stjórn þá hafi Alþfl. verið þeirrar skoðunar að það væri ekki forsvaranlegt að setja á hátekjuskatt? (**Gripið fram í:** Og svona sterkur.) Og svona sterkur, já. Það rekur sig hvað á annars horn í þessum málflutningi.

En ég ætla ekki að elta ólar við það, virðulegur forseti, heldur vil ég vekja athygli á hinum jákvæða þætti

í frv. en legg ríka áherslu á það að hv. flm. geri þinginu grein fyrir því hvað þetta kostar og hvernig þeir vilja koma til móts við ríkissjóð án þess að benda á hátekjuskattinn því hann er inni á þessu ári. Ég vil heyra fleiri hugmyndir hv. þm. Framsfl. en að benda eilíflega á hátekjuskatt.

[15:47]

Flm. (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það var eðlilegt hjá hv. þm. Sturlu Böðvarssyni að spyrja hvað málið kostar. Ég rakti það í ræðu minni að það kostaði 600 millj. En við vorum líka svo ábyrgir að svara því hvernig við vildum að ríkið héldi í tekjur á móti og gott betur en það. Kannski svarar hv. þm. því hvort hann vill viðhalda þeim hátekju- og eignarskatti sem stendur til að fella niður í fjárlagafrv. upp á 1,1 milljarð.

Síðan fer hv. þm. að eins og þeir gera hér í hatrammri lygi gegn staðreyndum sem Framsfl. lagði fram á síðasta þingi. Það hefur aldrei staðið til af hálfu Framsfl. að taka upp einn einasta matarskatt. Það hefur aldrei staðið til. Staðreyndin er sú að þær mótuðu tillögur sem Framsfl. lagði fram í fyrra sneru að því að matvælin á endurgreiðslustigi væru í því lága þrepi sem þau voru. Með endurgreiðslum inn á frumstigið þá var hér enginn matarskattur. Enginn hefur rakið það betur úr þessum stól en hæstv. utanrrh. Jón Baldvin Hannibalsson.

Framsfl. lagði fram mótaðar tillögur um hvernig ætti að koma til móts við barnmörgu fjölskyldurnar og ég get ekki í andsvari farið yfir allar þær leiðir en þær sneru að því að auka barnabótaauka, barnabætur. Þær sneru að því að lækka virðisaukaskattinn í heild sinni úr 24,5% niður í 22–23% og stíga þar skref til lækkunar. Framsfl. ætlar ekki að koma upp einum eða neinum matarskatti. Hann álítur það mikilvægast að fólkið í landinu eigi aðgang að ódýrum og góðum mat og við munum berjast fyrir því að þar verði ekki farin ranglát leið.

[15:51]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ekki get ég gert alveg grein fyrir því hvað hatrömm lygi gegn staðreyndum er, eins og hv. þm. orðaði það. En ég benti á það vegna ræðu þingmannsins og vegna fullyrðinga hans um að fyrstu aðgerðir framsóknarmanna kæmust þeir til valda yrðu í formi þess að lækka skatta að formaður Framsfl., hv. þm. Halldór Ásgrímsson, hafði svo mikið við að reyna að koma í veg fyrir breytingar á virðisaukaskatti á matvælum að hann óskaði eftir því að Ríkisendurskoðun gerði sérstaka úttekt á því máli til þess að undirbyggja og undirbúa aðgerðir Framsfl. sem væntanlega munu birtast í því að matarskatturinn verði hækkaður. Allur málflutningur framsóknarmanna gekk út á það að lækkun matarskattsins væri óforsvaranleg og óeðlileg og Framsfl. vildi berjast gegn því. Þeir hljóta þess vegna að ganga til þess verks komist þeir til valda í þjóðfélaginu eins og þeir hafa undirbúið það.

[15:52]

Flm. (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er undarlegt með þennan hv. þm. að hann getur spurt og spurt en hann svarar engu sem hann er spurður um sjálfur. Það er ekki málefnalegt. Ein af aðalástæðum þess að Framsfl. lagði til aðrar leiðir var ekki síst gagnvart þjóðfélaginu og réttlætinu hér. Það er talið að 11–15 milljarðar séu í undirheimum í hagkerfinu sem ekki koma til skatts. Það er náttúrlega ólíðandi í okkar þjóðfélagi ef menn gata og gata tekjustofna ríkissjóðs til þess að fleiri og fleiri geti sloppið við að bera byrðar sínar og látið aðra bera þær. Það getur vel verið að Sjálfstfl. sé sérstakur flokkur skattsvikara á Alþingi og vinni í þeirra þágu. Ég ætla ekki að fullyrða það en ég trúi því vart. Þess vegna lögðum við til mjög mótaðar tillögur. Það fór fram athugun á því, hv. þm., að þær tillögur sem Framsfl. lagði fram drógu stórlega úr skattsvikum í þjóðfélaginu en skiluðu láglaunafólkinu og barnmörgu fjölskyldunum betri kjörum en sú leið sem var farin. Það er útúrsnúningur, hæstv. forseti, að tala um að Framsfl. hafi verið að berjast fyrir því að leggja á matarskatt. Það var aldrei í hans tillögum því matarskatturinn var niðurgreiddur á frumstigi matvælaframleiðslunnar.

[15:54]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get tekið undir það með hv. þm. Guðna Ágústssyni að með öllum ráðum þarf að vinna að því að koma í veg fyrir skattsvik í þjóðfélaginu. Ég hef ekki hugsað mér að benda á neina einstaka hópa hvorki á Alþingi né annars staðar sem sérstaka forsvarsmenn eða formælendur skattsvika. Það hvarflar ekki að mér. En ég vil bara vekja athygli á því vegna orða þingmannsins að verkalýðshreyfingin lagði ríka áherslu á þá aðferð sem var viðhöfð við álagningu virðisaukaskatts á matvæli. Stjórnarflokkarnir höfðu í það minnsta verkalýðshreyfinguna rækilega með sér í því. Hins vegar voru skiptar skoðanir og eru alls staðar skiptar skoðanir og e.t.v. innan allra flokka um það hvort æskilegt sé að hafa fleiri en eitt þrep í virðisaukaskatti.

Það má vel vera og ég get út af fyrir sig tekið undir það að æskilegast og einfaldast væri að hafa eitt þrep þannig að sem fæstar undanskotsleiðir væru í virðisaukaskattskerfinu. Hins vegar var sátt um þetta, þetta var niðurstaða sem fékkst sem var unnið að í þeim tilgangi að lækka matarverð í landinu. Á það vil ég leggja áherslu. Það var fyrst og fremst vilji a.m.k. míns flokks, Sjálfstfl., að ná fram árangri, ná fram stöðugleika í þjóðfélaginu og ná fram lækkun á matvöruverði. Það kom láglaunafólkinu best og ég treysti því að þingmaðurinn geti verið mér sammála um að það sé mjög mikilvægt verkefni fyrir okkur þingmenn að ná fram árangri sem kemur láglaunafólki vel.

[15:56]

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Það er endalaust hægt að deila um það hversu vel menn hafi gert, hvort sem þeir eru í stjórn eða stjórnarandstöðu. Ég ætla ekki að blanda mér í sjálfu sér í það hvort Framsfl. hefði átt að gera betur í skattamálum þegar hann var í ríkisstjórn eða hvort þessir flokkar sem núna eru í ríkisstjórn hafi get-

að gert betur. Það sem mér finnst hins vegar skipta mestu máli í umræðunni nú er það út á hvað stjórnmálaflokkarnir voru kosnir m.a. í skattamálum við síðustu alþingiskosningar. Sjálfstfl. lofaði þeim sem gengu til kosninga í apríl 1991 að kæmist flokkurinn til valda þá mundi hann lækka skatthlutfall einstaklinga í tekjuskatti niður í 35%. Alþfl. lofaði þeim er hann kusu að skattleysismörkin færu upp í 80.000 kr. á mánuði. Framsfl. var ekki með nein slík loforð fyrir þær kosningar, hvorki um lækkun skattprósentunnar né hækkun skattleysismarka. Hins vegar setti Framsfl. það í sína kosningastefnuskrá að það væri sanngirnismál að persónuafsláttur væri að fullu, 100%, flytjanlegur milli hjóna. Það var það sem Framsfl. vildi hafa að vissu leyti sem kjarajöfnun í þeim tillögum er hann boðaði fyrir alþingiskosningar 1991.

Nú fór það hins vegar svo að Framsfl. lenti ekki í ríkisstjórn að afloknum þeim kosningum en tillöguflutningur okkar hv. þm. Guðna Ágústssonar og mín er í þá veru að fylgja eftir þeim loforðum er Framsfl. var með í kosningabaráttunni 1991. Ég fagna því auðvitað að til eru þeir þingmenn stjórnarliðsins sem segja að hér sé á ferðinni hið besta mál og réttlætismál sem vert sé að kanna gaumgæfilega og þá auðvitað að mínu viti að menn láti á það reyna á Alþingi hvort ekki sé meiri hluti fyrir þessari skattalagabreytingu sem hér er boðuð. Hún kallar að mínu viti ekki á einhverja uppstokkun eða heildarendurskoðun á skattalögunum sem slíkum heldur fyrst og fremst litla breytingu sem hefur engin önnur áhrif en þau að réttlætinu væri að vissu leyti fullnægt og svo hitt, sem skal viðurkennt, að hún hefur útgjöld í för með sér.

600 millj. kr. er áætlað að þessi skattalagabreyting muni kosta ríkissjóð og það eru auðvitað miklir fjármunir. Ég geri ekkert lítið úr því. En ætli staðreyndin sé ekki sú að þetta mun kannski verða eitt af þeim málum er verkalýðshreyfingin mun leggja höfuðáherslu á í komandi kjarasamningum að ríkisvaldið komi til móts við aðila vinnumarkaðarins m.a. með því að millifæra þennan persónuafslátt.

Hv. þm. stjórnarliðsins spyrja mjög um það hér hvernig Framsfl. vilji í raun fjármagna þessar 600 millj. kr. Það var bent á það af hv. þm. Guðna Ágústssyni að það stæði til að fella niður hátekjuskattinn. Ég ætla ekki að deila um það við hv. þm. Sigbjörn Gunnarsson hvort í stjórnarliðinu sé meiri hluti fyrir því að halda hátekjuskattinum áfram eða hvort hann skuli aflagður. Það kemur hins vegar skýrt fram í fjárlagafrv., en það er kannski ekki mark takandi á því frekar en mörgu öðru sem kemur fram hjá þessari ríkisstjórn, að þar er ekki gert ráð fyrir neinum hátekjuskatti. Það hlýtur því að verða að líta á það sem hluta af stjórnarstefnunni að hátekjuskatturinn skuli lagður af. Vandamál ríkissjóðs eru vandamál ríkisstjórnarinnar eða ríkisstjórnin, stjórnarstefnan hefur skapað þau vandamál sem ríkissjóður á við að etja. Sú samdráttar- og kjaraskerðingarstefna sem þessi ríkisstjórn hefur rekið lýsir sér í ákveðnum vítahring sem ríkisstjórnin hefur komið hljóðinu inn í. Menn byrja á því að auka álögur á atvinnulífið um mitt ár 1991, hækka vextina, hækka skattana á atvinnulífið, atvinnulífið fer að tapa verulegum fjármunum. Það bregst við með því að segja upp starfsfólki. Það bregst við með því að *draga úr yfirvinnu sem skerðir kjörin hjá þeim sem þó* hafa vinnu. Atvinnuleysi leiðir til aukinna útgjalda fyrir ríkissjóð. Kjaraskerðingin vegna minni yfirvinnu leiðir til þess að fólkið hefur ekki peninga til þess að kaupa í jafnríkum mæli nauðsynjar og áður þannig að virðisaukaskatturinn dregst saman út af samdráttaráhrifunum í þjóðfélaginu. Ríkisstjórnin mætir þeim samdrætti í tekjum með áframhaldandi niðurskurði og áframhaldandi skattahækkunum sem enn leiðir aftur til meiri kjaraskerðingar og enn þá meiri halla á ríkissjóði vegna minni tekna. Það er út úr þessum *vítahring sem menn þurfa að komast. Þetta er stjórnarstefna* þessarar ríkisstjórnar í hnotskurn. Meðan menn eru inni í þessum vítahring og komast ekki út úr honum þá er það alveg kristaltært að menn munu ekki geta aukið tekjur ríkissjóðs. Tekjuaukann verða menn að framkalla með auknum hagvexti og auknum hagvexti náum við aðeins með framsækinni atvinnustefnu. Það er það sem við framsóknarmenn viljum gera ásamt því að leggja fyrir Alþingi í upphafi næsta kjörtímabils fjögurra ára fjárlög ríkisins sem gera ráð fyrir sömu krónutöluupphæð á fyrsta ári kjörtímabilsins og því síðasta, auðvitað að *teknu tilliti til þeirra* verðlagsbreytinga sem verða á tímabilinu. Þá vita stjórnendur ríkisfyrirtækjanna, þá vita stofnanirnar sem um er að ræða nákvæmlega hvernig menn verða að bregðast við og spara í samræmi við það. Þannig loka menn á næstu fjórum árum þeim fjárlagavanda sem þessi ríkisstjórn hefur verið að burðast við að ljúka á þessu kjörtímabili. Þegar menn státa sig af því í dag og segja: Vandinn sem ríkisstjórnin hefur tekist á við í fjárlagagerðinni er kominn niður í 6 milljarða úr 15–20 milljörðum. Það er bara rangt vegna þess að það er innbyggt í núverandi fjárlög a.m.k. 2 milljarða kr. halli bara í heilbrigðis- og tryggingamálum, hvað þá í öðrum málaflokkum ríkisvaldsins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samkeppnisstaða innlendrar framleiðslu, fyrri umr.

Þáltill. FI o.fl., 56. mál. — Þskj. 56.

[16:05]

Flm. (Finnur Ingólfsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir þáltill. á þskj. 56 sem er 56. mál þingsins. Þetta er till. til þál. um að tryggja samkeppnisstöðu innlendrar framleiðslu. Flm. till. auk þess sem hér stendur eru hv. alþm. Jóhannes Geir Sigurgeirsson, Stefán Guðmundsson, Guðni Ágústsson, Jón Helgason, Guðmundur Bjarnason, Valgerður Sverrisdóttir og Jón Kristjánsson. Þáltill. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela viðskipta- og iðnaðarráðherra að láta fara fram úttekt á því í hve miklum mæli

innkaup ríkis og sveitarfélaga eru á erlendum vörum eða efnum með útboðum eða öðrum hætti, enda þótt sambærileg innlend efni eða vörur séu fáanlegar og framleiddar hér á landi, og hvernig útboðslýsingum opinberra aðila er háttað hvað varðar íslenska framleiðslu og erlenda. Einnig verði kannað hvaða vörur eru fluttar inn til landsins en jafnframt framleiddar innan lands eða hægt væri að framleiða hér á landi á sambærilegu verði.

Þegar niðurstöður liggja fyrir, og gefi þær tilefni til, grípi stjórnvöld til aðgerða til að tryggja samkeppnisstöðu innlendu framleiðslunnar, þó þannig að ekki brjóti í bága við þá alþjóðlegu viðskiptasamninga sem Íslendingar hafa gerst aðilar að. Jafnframt verði hlutast til um að kynna hugsanlega framleiðslukosti innan lands á vörum sem nú eru fluttar inn en gætu verið samkeppnishæfar við innfluttar í verði og gæðum."

Hér lýkur tilvitnun í texta þáltill., virðulegi forseti. Í greinargerðinni er þess getið að tilgangur þessarar þáltill. sé að kanna með nákvæmum hætti hvernig hið opinbera stendur að efnisöflun og hvort hið opinbera leitast við að nota íslensk efni og vörur. Sé þess nokkur kostur ber hinu opinbera að nota íslenskar vörur í þeim verkum sem unnin eru á þess vegum. Jafnframt er það tilgangur að kanna almennt hvort ekki megi minnka innflutning fullunninna vara með því að framleiða slíkar vörur hérlendis.

Staðreyndin er sú og það er í raun sorglegt til þess að vita, að það eru ekki alltaf einstaklingarnir, litlu fyrirtækin, iðnaðarmennirnir sem haga sér með þeim hætti að velja frekar erlenda framleiðslu en innlenda. Það er því miður svo að sveitarfélögin og ríkisvaldið setur oft þeim sem gera tilboð í vöru og þjónustu á þessu sviði svo þröngar skorður, bæði í tíma og eins í kröfum um hvað skuli uppfyllt í útboðsskilmálum að það er oft og tíðum ekki hægt að uppfylla það með því að koma við innlendri framleiðslu. Mörg, mörg dæmi mætti nefna í þessu sambandi. Eitt nýlegt frá sl. vori var það hér í Reykjavík að boðnar voru út innréttingar, stólar og borð, í skólastofu. Tíminn var svo knappur sem innlendu framleiðendunum var gefinn til framleiðslunnar að það var ekki hægt að afgreiða vöruna á það skömmum tíma að innlendir framleiðendur gætu boðið í. Því var ekki um neitt annað að ræða en að leita eftir tilboðum erlendis frá. Á meðan ríkisvaldið og sveitarfélögin haga sér með þessum hætti er auðvitað ekki von á góðu.

Þessi þáltill. gerir í raun og veru ráð fyrir því að mótuð sé stefna í þessum efnum, stefna sem að vissu leyti og að mörgu leyti tæki til almennrar stefnumótunar í íslenskri framleiðslu og í íslenskum iðnaði.

Í greinargerð þessarar þáltill. er tekið dæmi sem ég ætla hér að vitna í, virðulegi forseti. Sem dæmi um verð má nefna kostnað vegna hleðslu á skilrúmi í íbúðarhúsnæði þar sem annars vegar er notað innflutt efni, gifsplötur, sem eru 66x50 sm og 7 sm þykkar og hins vegar íslenskar gjallplötur af sömu þykkt, 50x50 sm að stærð og veggurinn gróf- og fínhúðaður. Kostnaður á 9 fermetra af hinu innflutta efni er 5.096 kr. á fermetra en 4.599 kr. á innlenda efnið. Mismunurinn á hvern fermetra er því 495 kr. innlenda efninu í vil.

Svona mætti taka mýmörg dæmi og bera saman þar sem innlenda efnið er ekki síðra að gæðum til og oft og tíðum og í langflestum tilfellum sem betur fer ódýrara, en útboðslýsingarnar, kröfurnar, sem þar eru gerðar, meina oft og tíðum þeim sem standa í framkvæmdunum að nota innlenda efnið. Sökin í þessu, því miður oft og tíðum, virðulegur forseti, liggur hjá ríkisvaldinu sjálfu.

Nú er það svo að síðari hluti þessarar þáltill. gerir ráð fyrir því að það verði kannað gaumgæfilega hvort stjórnvöld geta gripið til einhverra þeirra aðgerða sem gera það að verkum að menn velji frekar innlendu efnin, menn velji frekar það íslenska og segi: Já, takk, heldur en það erlenda. Ég fékk þær upplýsingar frá samtökum iðnaðarins úr samantekt sem gerð hafði verið á þeirra vegum. Þegar verslunarskýrslur Hagstofunnar fyrir árið 1990 voru skoðaðar kom í ljós að ef við hefðum þá valið innlendu framleiðsluna, innlenda efnið í öllum tilfellum umfram það erlenda, en hefðum samt verið að velja sömu gæði, sama verð og stundum ódýrara, þá hefðum við sparað í innflutningi það árið 20 milljarða kr. — 20 milljarða, eða á einu ári, 1991, hefði enginn viðskiptahalli orðið það árið. Þetta eru staðreyndir sem eru umhugsunarverðar fyrir þjóð sem hefur á undanförnum árum búið við viðvarandi viðskiptahalla.

En hvað hefði þetta nú þýtt ef öll þessi innlenda framleiðsla hefði átt sér stað í landinu? Jú, þetta hefði skapað í landinu a.m.k. 5.800 ný störf eða með öðrum orðum, við hefðum hér um bil útrýmt því atvinnuleysi sem við búum við nú um þessar mundir. Er þetta nú ekki tilefni til að menn staldri við og spyrji sig: Er ekki skynsamlegt að við öll, hvort sem það erum við sem einstaklingar, stjórnvöld, þá á ég við ríkisvald og sveitarfélög, stöldrum örlítið við og athugum hvort við getum nú ekki gert dálítið betur sjálf og hugsað þetta út frá okkar eigin hagsmunum án þess þó á nokkurn hátt að vera að brjóta einhverja alþjóðlega viðskiptasamninga sem við höfum gerst aðilar að? Og það er staðreyndin að þessi tillaga, sem hér er flutt, er hluti af miklu stærri atvinnustefnu sem Framsfl. vill berjast fyrir, hún er hluti af því að skapa í landinu ný störf fyrir það fólk sem núna er atvinnulaust. Markmiðið er að bæta stöðu íslenskrar framleiðslu, draga úr viðskiptahalla, skapa ný atvinnutækifæri og koma í veg fyrir atvinnuleysi.

Virðulegi forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að þáltill. verði vísað til hv. iðnn.

[16:16]

Ragnar Þorgeirsson:

Virðulegi forseti. Hér eru orð í tíma töluð, en hvað er orsök og hvað er afleiðing? Frá fornu fari hefur íbúum þessa lands, okkar litla eylands, þótt mikið til erlendra nýjunga koma. Vissulega ber að fylgjast með erlendum nýjungum en betra er að nýta þær hugmyndir sem fram koma til framleiðslu en að kaupa afsprengi þeirra, tilbúnar vörur.

Öllum sem starfa að iðnaði, byggingarframkvæmdum o.s.frv. í þessu landi ber saman um það, fullyrði

ég, að innkaupastefna hins opinbera er furðuleg, götótt og óskiljanleg. Þar er forvígismönnum algerlega frjálst að velja á milli innlendra og erlendra vara og virðist engu skipta þó að íslenska varan sé á svipuðu verði, jafnvel ódýrari. Þarna mættu vera einhver mörk og í rauninni er það skilyrði. Þetta er eins og ef bóndi hellir niður umframmjólk og fer svo í næstu verslun og kaupir inn mjólk til heimilisins. Við höfum geysilega umframframleiðslugetu í flestum tegundum iðnaðar vegna þess að íslenskur markaður er svo lítill, en framleiðslutæki, vélar og önnur gæði eru mjög afkastamikil. Ef bæta mætti nýtingu þessara þátta leiddi það augljóslega af sér lækkað einingaverð. Það mundi bæta samkeppnisstöðu iðnaðar ef okkur tekst að greina hvort núverandi innflutningsástand sé orsök eða afleiðing.

Hvað veldur erfiðri markaðsstöðu íslenskra iðnfyrirtækja? Við megum ekki gleyma því að þjóðin er bundin á klafa milliríkjasamninga hvað varðar tolla og vörugjaldsmöguleika, meðan við verðum óneitanlega vör við stöðu iðnaðar í samkeppnislöndum okkar, atvinnuástand þar, þróun gengis, gjaldmiðils og viljastyrk stjórnvalda þeirra landa til að styðja við bakið á sínum iðnaði. Framleiðendur byggingarvara hér á landi hafa t.d. orðið áþreifanlega varir við atvinnuástand og stöðu finnskra samkeppnisaðila. Finnar hafa boðið vörur hér á mjög góðu verði, vörur umframgetu í iðnaði sem hefur orðið til vegna breytinga á þeirra markaðsstöðu með tilliti til Rússlands og nágrennis. Allir þekkja niðurgreiðslustefnu Norðmanna varðandi skipasmíðaiðnaðinn og reyndar nær sú stefna langt út fyrir þá iðngrein.

Ég þykist muna það, hæstv. forseti, þegar þessi salur sem við hv. þingmenn sitjum í var innréttaður að nýju fyrir nokkrum árum, þessi þingsæti sem eru svo eftirsótt og er óneitanlega þægilegt að sitja í, þetta er allt erlend vara. Það er alveg hreint merkilegt, svo ekki sé meira sagt.

Virðulegur forseti. Íslensk stjórnvöld standa utan við svona vinnubrögð. „Kemur-mér-ekki-við"-stefna ríkisstjórnarinnar er allt að drepa.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Sjóvarnir, 1. umr.

Frv. StB o.fl., 61. mál. — Þskj. 61.

[16:20]

Flm. (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um sjóvarnir. Flm. frv. eru auk mín Einar K. Guðfinnsson, Geir H. Haarde, Guðjón Guðmundsson, Egill Jónsson og Árni R. Árnason.

Frv. þetta var flutt á 117. löggjafarþingi, en ekki vannst tími til þess hér í þinginu að mæla fyrir frv. eða taka það til umræðu og er frv. því endurflutt óbreytt.

Í 1. gr. frv. kemur fram megintilgangur þess, en þar segir, með leyfi forseta: „Vinna skal að vörnum gegn sjávarflóðum og að heftingu landbrots og hindra önnur spjöll á landi af völdum ágangs sjávar svo sem fyrir er mælt í lögum þessum.

Hafnamálastofnun fer með yfirstjórn þeirra mála sem lög þessi fjalla um fyrir hönd samgönguráðherra."

Í greinargerð með frv. segir m.a., með leyfi forseta:

„Með frumvarpi þessu vilja flutningsmenn að sett verði löggjöf svo að koma megi fastara skipulagi á framkvæmd við sjóvarnir og þátt ríkisins í þeim. Á fjárlögum hvers árs undanfarna áratugi hefur verið fjárveiting til sjóvarna á ýmsum stöðum á landinu. Framkvæmdin hefur verið þannig að fjárln. (áður fjárveitinganefnd) hefur gert tillögur um fjárveitingar til einstakra staða að fengnum tillögum frá Hafnamálastofnun ríkisins. Sveitarfélög hafa áður sent skriflegar óskir til Hafnamálastofnunar og í einstöku tilvikum aðrir aðilar.

Ekki hafa verið í gildi nein lög um sjóvarnir en þrátt fyrir það hefur myndast nokkur hefð um vinnubrögð. Í langflestum tilvikum hafa sjóvarnir verið fjármagnaðar að öllu leyti með fjárveitingum ríkissjóðs þótt einstaka dæmi séu um framlög sveitarfélaga eða landeigenda. Hér er átt við kostnaðinn við sjálfa aðalvörnina, en mörg dæmi eru um að sveitarfélög hafi séð um uppgræðslu innan eða ofan við grjótvörnina. Sjóvarnir hafa verið unnar undir tæknilegu og fjárhagslegu eftirliti Hafnamálastofnunar ríkisins. Helstu vandkvæðin hafa e.t.v. verið að samræma aðgerðir á hinum ýmsu stöðum á landinu þar sem óskað hefur verið eftir sjóvörnum. Hafnamálastofnun hefur brugðist við óskum um framkvæmdir með því að flokka viðkomandi verk í forgangsröð og að meta hvað er í húfi og þau verðmæti sem á að verja og hefur stofnunin látið semja skýrslur um nokkra hluta strandlengjunnar. Sjóvarnir eru samheiti fyrir annars vegar landbrot af völdum ágangs sjávar og hins vegar flóðavarnir gegn sjávarflóðum. Landbrot er eins og orðið segir eyðing lands af völdum sjávar hvort sem um er að ræða brot úr bökkum eða ágang á sandströnd. Sums staðar er byggð það lág að hætta er á sjávarflóðum og getur þá þurft flóðavarnir.

Stór tjón hafa orðið á síðustu árum af völdum sjávarflóða í ofviðrum beggja vegna Atlantshafsins. Vísindamenn telja að tíðni stórflóða hafi aukist, m.a. af völdum veðurfarsbreytinga, þ.e. dýpri lægða og hærri aldna og breytinga á öldustefnu. Mælst hefur aukið landbrot síðustu ár í nágrannalöndum okkar og einnig hérlendis.

Vegna kenninga um hækkun sjávarborðs af völdum hlýnandi loftlags samfara svonefndum gróðurhúsaáhrifum er nú í gangi alþjóðlegt samstarf á vegum Sameinuðu þjóðanna um reglusetningu og aðgerðir til að bregðast við þeim vanda sem því er samfara.

Það hefur vakið athygli að meiri hlutinn af landeyðingu á austurströnd Bandaríkjanna er talin vera af manna völdum, þ.e. stafa af mannvirkjum við ströndina, einkum af hafnargerð og varnargörðum innsiglinga, en einnig af sjóvörnum og eru tjónþolar kannski næstu nágrannar á viðkomandi strönd sem njóta ekki lengur sandburðar með hafstraumum. [...]

Hafnamálastofnun hefur með höndum samkvæmt frv. yfirstjórn sjóvarnamála fyrir hönd samgrh. og sér um tæknilegan undirbúning og tækni- og fjárhagslegt eftirlit með framkvæmdum. Á vegum Hafnamálastofnunar skal starfa matsnefnd um sjóvarnir. Matsnefndin skal fjalla um álitsgerðir um allar nauðsynlegar varnarframkvæmdir þar sem einnig skal meta hagrænt gildi sjóvarna sem óskað er eftir eða gerð er tillaga um. Síðan skal ganga frá fjögurra ára áætlun um sjóvarnir. Matsnefndin fjallar um umsóknir um sjóvarnir og gerir tillögur um framlög til einstakra framkvæmda. Nefndin getur gert tillögur um tafarlausar aðgerðir, t.d. eftir flóðatjón. Kynna skal framkvæmdaáform fyrir landeigendum og viðkomandi sveitarfélögum.

Hér er gert ráð fyrir þeirri almennu reglu að ríkissjóður greiði ⅞ kostnaðar en sveitarfélög og viðkomandi landeigendur, sem hagræði hafa af sjóvörnum fyrir landi sínu, greiði ⅛. Hér er um að ræða mikilvæga breytingu frá því sem verið hefur þar sem ríkissjóður hefur í flestum tilvikum staðið undir öllum kostnaði við sjóvarnir. Með því eru sveitarstjórn eða landeigendur gerðir ábyrgir fyrir hluta framkvæmdarinnar og hafa því meiri rétt til að hafa áhrif á undirbúning og áætlanir sem nauðsynlegar eru. Gera má ráð fyrir að sveitarsjóður muni oftast greiða hluta heimaframlags, e.t.v. helming eða 1/16 og væri það framlag fyrir heildina, og landeigendur hinn helminginn, samanlagt 1/16 hluta kostnaðar. Oft eru sveitarsjóðir líka eigendur lands eða lóða við ströndina. Miðað við þær sjóvarnir, sem gerðar hafa verið á undanförnum árum, má búast við að kostnaðarhluti landeigenda geti numið 10.000–100.000 þús. kr. fyrir venjulega lóð en meira fyrir stærri lóðir. Til geta verið dæmi þar sem sjóvarnir yrðu svo dýrar að kostnaðarhluti landeiganda (og sveitarfélaga) yrði miklu meiri og gæti þá þurft fyrirgreiðslu með lánum eða jafnvel eins konar byggðastyrk. Dæmi um slík viðfangsefni eru við Hornafjarðarós.

Í vissum tilvikum getur komið til greina að landeigandi eða hagsmunaaðili greiði hærra framlag, t.d. ¼ eða 50%.

Framangreint á að sjálfsögðu við framkvæmdir sem metnar yrðu styrkhæfar, en gera má ráð fyrir að sumar framkvæmdir verði ekki metnar styrkhæfar, t.d. ef í ljós kemur í hagrænu mati að framkvæmdakostnaður er miklu meiri en hagræðið af sjóvörninni.

Hugsanlegur möguleiki væri að tengja flokkun eða forgangsröðun fyrirhugaðra sjóvarna við styrkhlutfall ríkissjóðs.

Með frv. eru tekin af tvímæli um að skilyrði fyrir ríkisframlagi til sjóvarna sé að mannvirki eða byggðarsvæði séu samkvæmt samþykktu skipulagi. Þar sem dæmi eru um að koma þurfi upp sjóvörnum utan samþykkt skipulags þá er einnig ákvæði um að fyrir liggi yfirlýsing skipulagsstjóra ríkisins að viðkomandi landsvæði þurfi að verja og tilskilið er að hann leiti áður umsagnar Hafnamálastofnunar ríkisins. Að lokum er ákvæði um að leggja skuli mat á þörf fyrir sjóvarnir við gerð aðalskipulags. Bera þarf saman kostnað við sjóvarnir og það hagræði sem af þeim gæti hlotist annars vegar og hins vegar þann sparnað sem leiðir af því að færa byggðarsvæði til. Í þessu sambandi er rétt að taka fram að hægt er að draga úr hættu á tjóni af sjávargangi með því að skipuleggja strandbyggð þannig t.d. að hún sé í tiltekinni lágmarksfjarlægð frá sjó. Auðvitað er hugsanlegt að atvinnurekstur krefjist meiri nýtingar lands út að sjó og þá vaknar spurningin um hver á að bera kostnaðinn af því."

Virðulegi forseti. Ég hef hér stiklað á stóru úr greinargerð sem fylgir frv., en þau ár sem ég hef setið í hafnaráði fyrir hönd sveitarfélaga og ekki síður í fjárln. Alþingis hef ég fylgst með því hversu mikil óvissa hefur verið í framkvæmd sjóvarna. Ég tel að það hafi verið óeðlileg tilviljun sem hefur ráðið framvindu framkvæmda við sjóvarnir og fjárveitingu til þeirra í mörgum tilvikum. Telja verður eðlilegt og nauðsynlegt að um sjóvarnir gildi löggjöf og af fjárlögum sé hverju sinni veitt framlög til þeirra verka í samræmi við vandaða áætlun sem taki mið af aðstæðum og tengist skipulagi byggðanna. Það verður að teljast óeðlilegt að skipulagsyfirvöld staðfesti skipulag byggða við ströndina á svæðum sem síðar verður að verja fyrir ágangi sjávar, án þess að viðkomandi aðilar, svo sem sveitarstjórn og fulltrúar ríkisvaldsins, hafi gert sér grein fyrir þeim kostnaði sem fylgir sjóvörnum sem nauðsynleg er svo byggð megi rísa á viðkomandi svæði.

Með því frv. sem hér er mælt fyrir er leitast við að koma sjóvörnum í fastan farveg og skilgreindar skyldur ríkisvaldsins annars vegar og landeigenda hins vegar.

Virðulegi forseti. Að lokinni þessari umræðu geri ég tillögu um að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. samgn.

[16:31]

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. flm. fyrir að leggja fram þetta frv. Ég held að það sé orðið löngu tímabært að það gildi ákveðin lög um sjávarvarnir hér á landi þar sem þetta er mjög stórt atriði og mikið hagsmunamál fyrir fjöldamörg byggðarlög.

Ég hef hins vegar ákveðnar athugasemdir og ábendingar fram að færa varðandi þetta frv. og þar verð ég að segja að það langmikilvægasta og það fyrsta sem mig langar að nefna hér, er að það fer allt of lítið fjármagn til sjávarvarna hér á landi og það er kannski okkar stærsta vandamál. Ekki forgangsröðunin heldur skortur á fjármagni. Þetta hefur reynst mjög dýr sparnaður og þetta hefur leitt til þess að við höfum farið í að eyða nánast langstærsta hluta þess fjár sem varið er til sjávarvarna í mjög alvarlegar viðgerðir þegar stór óhöpp hafa átt sér stað og það hafa verið áhlaup sem hafa brotið niður dýra varnargarða vegna þess að ekki hefur verið unnið nægilega hratt og vel að því að gera þá þannig úr garði að þeir haldi. Því miður hefur þetta reynst okkur alveg geypilega dýrt og fjármagnsfrekt. Ég veit að hv. 1. flm. þekkir án efa dæmi eins og sú sem hér stendur.

Það er hart þegar verið er að grípa í taumana eftir á að horfa á að það er mjög oft fyrirsjáanlegt á hvaða

svæðum þessi áhlaup verða og það er hægt að lesa í vönduðum skýrslum og áætlunum um það hvers vænta má en samt sem áður höfum við ekki borið gæfu til þess að vera búin að grípa til þeirra ráðstafana sem nauðsynlegt er í tíma og við lendum því í því að vera sífellt í dýrum viðgerðarkostnaði. Ég held að það dugi að nefna svæðið Eyrarbakki/Stokkseyri sem er tekið sérstaklega fyrir í fskj. með þessu frv. Eins vil ég nefna að fyrir ekki mjög löngu síðan var mikið áhlaup í Grindavík. Þetta var mjög fjárfrekt og tók í rauninni stóran hluta af því fjármagni sem hefði þurft að fara til sjávarvarna á Reykjanesi, en þar eru bæði til mjög góðar upplýsingar um hvað þarf að gera í sjávarvörnum og jafnframt eru alveg hlægilega lágar upphæðir sem fara til þessa brýna málaflokks. Það er íhugunarefni frammi fyrir hverju við stöndum bæði varðandi verðmæti og einnig varðandi það fólk sem býr nálægt sjó og horfir kannski á sín persónulegu verðmæti, því miður ekki nógu mikið bætt, fara beinlínis í sjóinn.

Ég vil bæta því við þá upptalningu sem hv. 1. þm. Vesturl. gat hér um að það er ekki bara landbrot og ágangur sjávar sem við erum að glíma við og þær ástæður sem eru fyrir þessu, heldur erum við líka sums staðar að glíma við landsig. Þar sem það bætist ofan á, og ég tek undir það með hv. þm. að það eru sterkar vísbendingar um það að við fáum meiri veður núna heldur en við höfum fengið, en þegar þetta bætist við það landbrot sem fyrir er og það landsig sem sums staðar á sér stað þá eru veruleg teikn á lofti um það að einstök svæði geti verið í mikilli hættu ef ekki er gripið til réttra aðgerða.

Það er ýmislegt sem veldur því að við erum að glíma við þetta mikla vandamál. Það er ekki bara við skipulagsyfirvöld að sakast þar sem hefur verið leyfð byggð of nálægt heldur eru sums staðar hreinlega þannig landfræðilegar aðstæður að jafnvel þótt að byggð sé ekki hleypt mjög nálægt þá brýtur það hratt og mikið land að það er ekki hægt að verja það að ekki sé gripið í taumana. Í minni heimabyggð, úti á Álftanesi, höfum við t.d. horft á heila jörð fara í sjóinn. Ég er að vísu ekki svo gömul enn að ég hafi fylgst með þeirri þróun alveg frá upphafi til enda því hún átti sér aðallega stað á síðustu öld og á framanverðri þessari. En það má segja að á liðlega öld hafi heil jörð, Bárhaugseyri, sem var hálflenda, bókstaflega farið í sjóinn. Nú er þetta í rauninni bara nafn einhvers staðar úti í sjó þar sem áður voru græn og grösug tún. Þetta hlýtur að vera mikil áminning frá sögunni um það hvað getur gerst og hvað mun gerast á meðan ekki eru byggðar upp fullnægjandi sjávarvarnir.

Ég held að ef því væri bætt inn í þetta frv. að það væri tryggt ákveðið fjármagn til þessa mikilvæga málaflokks með einum eða öðrum hætti þá mundi það fyrst ná tilgangi sínum. Ég hef ákveðnar efasemdir varðandi þá tillögu að sveitarfélög fjármagni að ⅛ hluta sjávarvarnir eða þá í samráði eða samvinnu við landeigendur. Ég vil benda á að það eru og hafa verið eilífar deilur varðandi samstarfsverkefni ríkis og sveitarfélaga og það hefur verið reynt að skerpa skilin á milli ríkis og sveitarfélaga og þótt vera góð pólitík. Á sama tíma og við erum að glíma við það að sveitarfélögin eru ekki sátt við að vera gert það að greiða húsaleigubætur í samstarfi við ríkisvaldið þá held ég að það sé hyggilegra að koma málum að einhverju öðru leyti fyrir.

Þannig að ef þetta á að vera, sem vissulega gæti verið, ákveðin hvatning fyrir sveitarfélög og ákveðin trygging fyrir frumkvæði þeirra held ég að við verðum að sjá það með einhverjum öðrum hætti, þó ég telji mig skilja hugmyndir hv. 1. þm. flm. mætavel. Ég held einfaldlega að sá tími sé liðinn að menn séu reiðubúnir að fara í of mikil samstarfsverkefni milli ríkis og sveitarfélaga. Ef það er verið að velta fyrir sér kostnaðarþátttöku sveitarfélaga eða einstaklinga með einhverjum hætti verði að gera það á einhvern annan veg.

En í grundvallaratriðum get ég tekið undir að það þarf að skipa þessum málum í fast form og ég sé engin sérstök atriði sem ég hef efasemdir um annað en þennan kostnaðarhlut sveitarfélaga. En ég ítreka enn og aftur að þetta er tómt mál að tala um ef ekki verður verulega aukið fjármagn til sjávarvarna.

[16:39]

Flm. (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. 9. þm. Reykn. fyrir undirtektir sem komu fram í hennar ræðu við það frv. sem hér er til umfjöllunar.

Það eru nokkur atriði sem komu fram í ræðu þingmannsins sem ég vildi nefna. Fyrir það fyrsta að í frv. er ekki tekið á því með hvaða hætti eigi að fjármagna framkvæmdir við sjóvarnir. Ég held að mikilvægasta atriðið við þessa lagasetningu, sem ég tel vera mikla þörf á, sé að koma á fastri skipan þessara mála. Það er engin löggjöf sem fjallar um sjóvarnir en þrátt fyrir það hefur verið varið töluverðum fjármunum af hálfu ríkisins til sjóvarna og ég tel að það sé ekki vansalaust að láta hlutina ganga þannig fram. Ég get út af fyrir sig tekið undir það að meira fjármagn þarf til framkvæmda, hins vegar væri auðvitað best að það þyrfti ekkert. Við gætum lifað á þessu landi án þess að þurfa að verjast fyrir ágangi sjávar. Staðreyndin er hins vegar sú að á tilteknum svæðum við landið er ströndin þannig að það verður að verja hana vegna þeirrar byggðar sem þar er.

Ég tel að með frv. sé með bærilegum hætti tekið á því máli. Hins vegar er auðvitað eilíflega hægt að gera kröfu um það og vona að meira fjármagn fáist.

Ég tek út af fyrir sig undir það með þingmanninum að það þarf töluvert fjármagn til þess að vinna að mikilvægum verkefnum í þessum málaflokki. Ég tel að það hafi verið tekið bærilega á, samanber framkvæmdir við suðurströndina og reyndar víða. En þetta frv. miðar að því að koma þessu í skipulegra horf en nú hefur verið og er og það er gert m.a. með því að í 3. gr. frv. er gert ráð fyrir svokallaðri matsnefnd sem leggur mat sitt á viðkomandi verkefni og gerir áætlanir um það með hvaða hætti skuli að verki staðið.

Varðandi það að það sé neikvætt og ekki æskilegt að þarna sé gert ráð fyrir þætti sveitarfélaga eða landeigenda í kostnaði við þessar framkvæmdir þá vil ég segja það að út af fyrir sig er ég sammála því að það

beri að hafa sem fæst samstarfsverkefni á vegum ríkis og sveitarfélaga. Hins vegar má vísa til þess að á vettvangi m.a. hafnamála þá er þar um samstarfsvettvang að ræða, þ.e. ríkið greiðir tiltekinn hluta við hafnargerð og framkvæmdir við sjóvarnir tengjast hafnargerðinni mjög.

Það er nú þannig að sums staðar eru mörk milli annars vegar hafnargerðar og hins vegar sjóvarna óljós og nauðsynlegt að hægt sé að taka á grundvelli laga af skarið með hvaða hætti skuli farið með slíkar framkvæmdir. Ég hef ekki orðið var við það út af fyrir sig að það væru teljandi vandkvæði á samstarfi sveitarfélaganna og ríkisins varðandi hafnargerð, þó eilíflega komi þar upp álitamál en þau eru yfirleitt byggð á því að það skorti fjármuni og það er bara þannig alls staðar í okkar þjóðfélagi.

Ég get því ekki tekið undir það með þingmanninum að það sé óásættanlegt að landeigendur og sveitarfélögin taki með einhverjum hætti þátt í kostnaði við sjóvarnir vegna þess, eins og kom fram í minni ræðu, að það er mjög mikilvægt að landeigendurnir hafi eitthvað um það að segja hvernig staðið skuli að sjóvörnum, bæði skipulagi og framvindu og framkvæmd þeirra verka og það verður auðvitað best gert með því að viðkomandi landeigendur séu ábyrgir með þeim hætti að þeir þurfi að greiða hluta kostnaðar.

Ég held að auk þess hvetji það til annars konar vinnubragða við skipulag. Í greinargerð með frv. og í frv. sjálfu kemur það mjög skýrt fram að við gerð skipulagsáætlana beri að taka tillit til nauðsynlegra sjóvarna. Að mínu mati er það mjög óeðlilegt að sveitarfélög geti unnið að skipulagi, fengið staðfest skipulag og gert e.t.v. ráð fyrir því að það þurfi að fara í stórfelldar framkvæmdir við sjóvarnir án þess að þurfa að bera nokkra ábyrgð fjárhagslega á því.

Að öðru leyti, virðulegi forseti, ætla ég ekki að bæta við annars ágæta ræðu þingmannsins eða koma inn á fleiri atriði sem komu fram í ræðu hennar, en ég vil taka undir það sem hún nefndi um að það ber að reyna að gera sem mest í því að verja landið. Hins vegar verð ég að segja það og ítreka að auðvitað væri best að þurfa ekki að leggja í kostnað við sjóvarnir, en því miður er það mjög víða við ströndina sem það er nauðsynlegt og þess vegna hef ég flutt þetta frv. ásamt meðflm. og tel afar mikilvægt að frv. nái fram að ganga og verði að lögum þannig að með skipulegum og ábyrgum hætti verði unnið að þessum framkvæmdum hér við ströndina.

[16:46]

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. svör hans. Það sem mig langar til að gera skýrt er það að ég tel að það sé ekki síst mikilvægt vegna þess óþarfa kostnaðar sem skapast ef of seint er gripið í taumana í sjávarvörnum að tryggja fjármagn sem er fullnægjandi. Okkur er það áreiðanlega báðum ljóst að svo hefur ekki alltaf verið og þar af leiðandi hafa viðgerðar- og neyðarframkvæmdir gleypt meira fjármagn heldur en skipuleg áætlanagerð. Slíkum áætlunum, sem ég held að sé út af fyrir sig mjög vel komið fyrir í þessu frv., þarf að fylgja fjármagn. Öðruvísi gerast hlutirnir ekki.

Þar sem það eru eingöngu stjórnarþingmenn sem skrifa upp á þetta frv. þá trúi ég því og treysti að þeir hafi bæði fulltingi og velvild ríkisstjórnarinnar til þess að taka hraustlega til við þennan málaflokk og ekki síst út frá þeim rökum að hér er fyrst og fremst um að ræða brýnt hagsmunamál til þess að það sé farið skynsamlega og vel með það fé sem fer í þennan málaflokk. Þetta held ég að sé kannski stærsta atriðið.

Ég vil taka undir með hv. þm. að ábyrgð sveitarstjórna, t.d. varðandi skipulag og staðsetningu byggða, verður að vera mikil og ég held að það megi taka á því með öðrum hætti heldur en bara með kostnaðarþátttöku og jafnvel að halda til haga ef eitthvað er óskýrt í reglum um skipulag.

[16:49]

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir það að hér er um mikilvægt mál að ræða. Fyrir tveimur árum flutti ég þáltill. um þetta efni og benti þá á nauðsyn þess að þessi mál yrðu tekin fastari tökum. Sú þáltill. náði því miður ekki fram að ganga þá, en vonandi kemur fram vilji hér á Alþingi nú að afgreiða þetta frv. á jákvæðan hátt hvort sem það verður samþykkt eða sent til frekari athugunar.

Það sem ég benti þá sérstaklega á var að það þyrfti að gera sér betur grein fyrir því hvar þessi vá er fyrir hendi, þ.e. að sjór geti gengið á land og skemmt mannvirki. Þar nægi ekki eingöngu að horfa til líðandi stundar heldur einnig fram í tímann og því þurfi að efla rannsóknir á þessu sviði, sérstaklega með tilliti til þess að það virðast liggja fyrir óyggjandi sannanir um að ströndin er að breytast, sums staðar a.m.k. er ströndin að síga, þannig að á einhverjum öldum hafi orðið veruleg breyting á. Þar sem þannig háttar til þarf auðvitað að taka tillit til þess við skipulag byggða. Það er ekki lengur orðið nauðsynlegt að vera með byggingar alveg niðri í flæðarmáli eins og var kannski áður þegar lítil tækni var til þess að koma varningi frá skipi og í hús. Sem betur fer er landrými yfirleitt nægjanlegt hér á landi þannig að það eru orðin önnur viðhorf nú heldur en þegar minni tækni var fyrir hendi. Til dæmis með tilliti til þess að hér í kringum Reykjavík er talið öruggt að land hafi sigið á síðustu öldum þá virðist það vera furðuleg ráðstöfun þegar verið er að reisa byggingar niður undir sjávarmáli og grunnurinn stendur langt niður fyrir það og því hlýtur að verða vaxandi vandamál í kringum slíkar byggingar.

Ég vil sem sagt vænta þess að það verði hugað að þessu mikla vandamáli og reynt að taka það föstum tökum. Þar sem byggð og land er í hættu þarf að sjálfsögðu að reyna það sem í mannlegu valdi stendur að verja það. Við þekkjum glögg dæmi um það frá suðurströndinni. Í Vík í Mýrdal hefur sjórinn verið að brjóta fjöruna og færast upp í landið og svo er einnig víðar á suðurströndinni þannig að á þetta mál þarf að horfa frá mörgum hliðum og reyna að gera það sem skynsamlegast er til úrbóta.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Sumarmissiri við Háskóla Íslands, fyrri umr.

Þáltill. JóhS o.fl., 152. mál. — Þskj. 164.

[16:54]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 164 að flytja till. til þál. um sumarmissiri við Háskóla Íslands, en flm. ásamt mér eru hv. þm. Svavar Gestsson, hv. þm. Guðrún J. Halldórsdóttir og hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir. Tillagan hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að beita sér fyrir því í samvinnu við Háskóla Íslands og stúdentaráð Háskóla Íslands að skapa skilyrði til þess að koma á fót sumarmissiri við Háskóla Íslands til að gera atvinnulausum námsmönnum kleift að stunda nám yfir sumartímann, svo og þeim stúdentum sem flýta vilja fyrir sér í námi. Einnig verði kannað hvort sumarmissiri geti orðið hluti af áætlun um endurmenntun fyrir atvinnulausa.

Í tilraunaskyni verði á árinu 1995 komið á sumarmissiri við Háskóla Íslands sem síðan yrði lagt mat á hvort gera ætti að föstum lið í starfsemi Háskóla Íslands.

Ríkissjóður standi straum af kostnaðinum, auk þess sem Háskóli Íslands beri fastan kostnað við verkefnið, þ.e. kostnað af húsnæði, ræstingu, skráningu og allri almennri umsýslu."

Eins og tillagan ber með sér er lagt til að Alþingi álykti um að menntmrh. beiti sér fyrir því í samvinnu við Háskóla Íslands og stúdentaráð að komið verði á fót sumarmissiri við háskólann, en stúdentaráð hefur á undanförnum mánuðum kynnt þessa hugmynd fyrir ýmsum aðilum innan háskólans, menntamálaráðuneyti, þingmönnum og fleiri aðilum. Alls staðar sem ég þekki til hefur hugmynd þessi hlotið góðar undirtektir og m.a. lýsti hæstv. menntmrh. stuðningi við hana hér á Alþingi nýlega, svo og hefur háskólarektor tekið jákvætt undir þá hugmynd um að koma á fót sumarmissiri. Engu að síður er það svo að ekki er gert ráð fyrir fjármagni til að hrinda af stað þessu verkefni í fjárlagafrv. fyrir næsta ár og hæstv. menntmrh. hefur lýst því yfir að þó að hann styddi hugmyndina þá telji hann að háskólinn verði að breyta forgangsröðun sinni innan núverandi ramma fjárlaga sem gert er ráð fyrir í fjárlagafrv. fyrir næsta ár ef fjárveiting til sumarmissiris eigi að vera möguleg. Ég tel að hér sé um mjög mikla skammsýni að ræða og að í raun sé ráðherrann að hafna því að sumarmissiri komist til framkvæmda á næsta ári með þessari afstöðu sinni. Í fyrsta lagi vegna þess að allir vita, og um það hafa orðið umræður á hv. Alþingi, að Háskóla Íslands eru svo þröngar skorður settar fjárhagslega að við jaðrar að ekki sé hægt að halda uppi eðlilegri starfsemi í háskólanum. Því er alveg augljóst að hann hefur engin tök á því að bæta þessu verkefni við eða þá að breyta forgangsröðun þannig að það er ljóst að ef þetta á að verða að veruleika þá þarf að koma til viðbótarfjármagn.

Ég verð að segja eins og er, virðulegi forseti, að mér finnst það nokkur skammsýni ef hæstv. ráðherra er ekki tilbúinn til að reyna að beita sér fyrir fjárveitingu á næsta ári til þessa verkefnis því að ávinningurinn af starfrækslu sumarmissiris er svo mikill, og reyndar sparnaður ef grannt er skoðað, að hann mun skila sér margfalt aftur og mun ég nú gera grein fyrir því.

Það er markmið þessarar tillögu að Alþingi lýsi yfir stuðningi við að gerð verði tilraun með þetta verkefni við háskólann á næsta ári og í framhaldi af því verði lagt mat á hvort framhald verði á þessari starfsemi. Með samþykkt tillögunnar mundi liggja fyrir viljayfirlýsing Alþingis um hvernig staðið verði að fjármögnun, en því er lýst í tillögugreininni. En nauðsynlegt er að á fjárlögum 1995 verði tryggt til þess fjármagn. Stúdentaráð hefur sett fram það markmið að með því að setja á laggirnar sumarmissiri sé verið að gera atvinnulausum námsmönnum kleift að stunda nám yfir sumartímann. Einkum er hugsað til stúdenta sem eru án atvinnu og vilja nýta tímann til náms.

Í öðru lagi að sumarmissiri nýtist þeim stúdentum sem vilja flýta fyrir sér í námi og létta sér róðurinn seinna meir eða taka sér frí til vinnu á öðrum árstímum. Ég tel að þetta sé mjög mikilvæg markmiðssetning sem hér er sett fram. Þetta felur ekki síst í sér þann kost að opna möguleika fyrir barnafólk sem er í námi og öðrum þeim sem hafa átt erfitt með að mæta auknum kröfum lánasjóðsins um námsframvindu eða að skila einingum til lokaprófs. Stúdentaráð telur að með því að hvetja stúdenta til að taka sér leyfi til vinnu á öðrum árstíma mætti einnig létta nokkru álagi af vinnumarkaðnum yfir sumartímann og koma í veg fyrir að þúsundir skólafólks fari út í atvinnulífið á sama tíma yfir sumarmánuðina.

Ég tel einnig athyglisverða þá hugmynd og það markmið sem að baki því býr og stúdentar hafa einnig sett fram, að nýta megi sumarmissiri fyrir aðra hópa sem eru án atvinnu, en fyrir þá gæti sumarnámskeið í háskólanum verið hluti af áætlun um endurmenntun fyrir atvinnulausa sem ljóst er að þarf að auka verulega á næstu mánuðum og árum. Einnig er bent á að sumarið sé fyrir vinnandi fólk að mörgu leyti heppilegri tími til endurmenntunar en þéttsetinn tími í ýmsum önnum yfir vetrarmánuðina.

Ég held að það sé ljóst af því sem ég hef hér lýst og fram kemur í greinargerð með þáltill. að hugmynd stúdentaráðs, sem þeir hafa reifað víða, feli í sér svo marga möguleika og mikla nýbreytni að kostir þessa verkefnis að setja á laggirnar slíkt sumarmissiri séu ótvíræðir. Það er mitt mat að Alþingi eigi að láta einskis ófreistað að leggja þessu brýna máli lið.

Stúdentar við háskólann hafa áður sent frá sér athyglisverðar hugmyndir og hafa þar haft frumkvæði að mikilvægum nýjungum svo sem með stofnun Nýsköpunarsjóðs námsmanna sem var stofnaður fyrir tveimur árum síðan að frumkvæði stúdenta en markmiðið með þeim sjóði var að gefa námsmönnum færi á að nýta sér menntun sína yfir sumarmánuðina. Ég tel að stofnun þessa sjóðs hafi ótvírætt sannað gildi sitt en sjóðurinn hefur nýst til mjög fjölbreyttra námstengdra verkefna sem örugglega mun skila sér í ýmissi nýsköpun í atvinnulífinu.

Virðulegi forseti. Sem fskj. með þessari tillögu er sett fram það sem stúdentaráð sjálft hefur sett fram sem helstu kosti sumarmissiris við Háskóla Íslands og ég tel ekki ástæðu til að fara ítarlega ofan í hér frekar en ég hef gert. Þeir telja að hér sé um nýja leið að ræða til að mæta bágu atvinnuástandi, þetta geti minnkað framboð á vinnuafli yfir sumartímann, geti verið liður í menntun atvinnulausra og þáttur í endurmenntunarstefnu stjórnvalda. Síðan telja þeir þetta fýsilegan kost fyrir háskólastúdenta af ýmsum öðrum ástæðum og nefna að nám sé góður valkostur í samanburði við atvinnubótavinnu. Þeir telja einnig að framlög í sjóð fyrir sumarmissiri séu góður kostur fyrir ríki og sveitarfélög, ódýr leið til að sannreyna sumarmissiri sem nýja leið í erfiðu árferði. Fyrir ríkissjóð sé það annars að tómt húsnæði háskólans nýtist yfir sumartímann líka og einnig að námsmenn munu geta lokið lokaprófum fyrr og skilað sér hraðar út á vinnumarkaðinn. Fyrir sveitarfélögin er það vænlegur kostur í stað þess að sjá háskólastúdentum fyrir kostnaðarsamri atvinnubótavinnu.

Þegar til þess er litið að um er að ræða 30 millj. til að koma þessu á fót, þá tel ég að miðað við alla þessa kosti, sem hér hafa verið settir fram, þá muni það margborga sig að stuðla að því að setja á fót slíkt sumarmissiri. En það er gert ráð fyrir að háskólinn beri svonefndan fastakostnað við verkefni, þ.e. kostnað af húsnæði, ræstingu, skráningu og allri almennri umsýslu við námskeiðin og framlag ríkisins er ætlað að mæta beinum kostnaði við kennslu og fyrirlestrahald og svo launum kennara.

Síðan er sett fram, sem ekki kemur fram í þáltill. sjálfri sem verður þá til skoðunar fyrir þá nefnd sem fengi málið til umfjöllunar, að það komi til athugunar að sveitarfélögin legðu fram hluta af kostnaði sem tæki mið af fjölda nemenda eftir lögheimilum þeirra.

Virðulegi forseti. Það hafa ýmsir lýst yfir stuðningi við þessa hugmynd, m.a. Alþýðusamband Íslands en þeir skrifuðu bréf 9. sept. 1994 um þetta mál þar sem það er að mati þeirra að hugmyndin um sumarmissiri sé áhugaverð og að slík viðbót við Háskóla Íslands gæti orðið góður kostur fyrir marga, bæði námsmenn og aðra, sem hafa áhuga á að notfæra sér það sem skólinn hefur upp á að bjóða.

Ýmsir aðrir hafa látið í sér heyra um þetta mál og allt eru þetta jákvæðar undirtektir.

Ég vil í lokin vitna í það, virðulegi forseti, sem stúdentar sjálfir hafa líka sett fram og fram kom í kynningargögnum sem þeir senda um þetta mál á miðju þessu ári eða 15. júlí en þar segir, með leyfi forseta:

„Á sumarmissiri yrði einkum um leiðbeinendavinnu kennara að ræða en minna um eiginlega fyrirlestra. Það verður augljóslega styttra en önnur missiri skólaársins. Hvert námskeið næði yfir styttri tíma, kennslan væri þéttari og meira byggðist á eigin vinnu nemenda. Kennsla á sumarmissiri færi fram í húsnæði háskólans og standa vonir til að háskólinn taki á sig kostnað samfara því. Þó er ljóst að ekki yrði um hefðbundið námskeiðahald í viðteknum skilningi þess orðalags að ræða. Þannig líta stúdentar á sumarmissiri sem fyrsta skref í átt til þess að breyta kennsluháttum og sjálfstæðari vinnubragða námsmanna.

Sumarmissiri við háskólann er ný leið fyrir atvinnulaust ungt fólk. Stúdentar hafa þegar sýnt það með mikilli ásókn í Nýsköpunarsjóð námsmanna að þeir vilja nýta sumarið til vinnu í tengslum við námið."

Einnig kemur fram í þessum kynningargögnum, virðulegi forseti, eftirfarandi: „Nauðsynlegt er að geta hafið undirbúning og kynningu hið fyrsta fáist fjárveiting fyrir sumarmissiri. Heppilegast væri að auglýsa eftir umsóknum í Fréttabréfi háskólans þar sem fram kæmu hugmyndir kennara og drög að væntanlegu námskeiði. Það sem helst þarf að varast við skipulagningu sumarmissiris er að það verði ekki eins konar fornám heldur fullgildur hluti háskólanáms. Námskeiðin sem eru í boði þurfa að gera sömu kröfur til nemenda og kennara og vetrarnámskeiðin og þeim þarf að ljúka með sams konar námsmati, haustprófum, ritgerð eða lokaverkefni."

Ég læt þetta nægja, virðulegi forseti, sem rökstuðning fyrir þessari tillögu sem við fjórir þingmenn höfum flutt. Ég ítreka það að ég tel ekki vera það mikinn kostnað við að koma á fót þessu sumarmissiri og minni á þann ávinning sem það mun skila og treysti því að hv. þm. geti sameinast um það að þessi þáltill. verði samþykkt og að tryggt verði til þess fjármagn við næstu fjárlagagerð. Ég treysti mér fullkomlega til þess og veit að örugglega geta aðrir meðflm. mínir tekið undir að það sé hægt að setjast yfir fjárlögin og finna þar leið til þess að spara þær 20 eða 30 millj. sem hér er verið að biðja um vegna þess að ég held að þetta sé það stórt verkefni að um þetta eigi að reyna að nást góð sátt á þinginu.

Virðulegi forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði tillögunni vísað til síðari umr. og hv. menntmn.

[17:07]

Guðrún J. Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Það hefur löngum verið skoðun mín að skólahúsnæði á Íslandi væri vannýtt og raunar kannski kennslukraftarnir líka. Mig hefur lengi undrað það að Háskóli Íslands skuli ekki stunda öfluga fjarkennslu t.d. og tillaga sú sem flutt hefur verið hér er önnur hlið á þessu sama máli, þ.e. nýtingu kennslukrafta og húsnæðis.

Hér áður fyrr var það þannig að háskólastúdentar stunduðu sumarvinnu, tóku þátt í atvinnulífi landsmanna af miklum krafti og söfnuðu sér þannig fjármunum til næsta skólaárs. En þeir gerðu meira en að safna sér peningum til næsta skólamissiris, þeir söfnuðu sér líka mikilli þekkingu og reynslu af atvinnulífi og lífskjörum landsmanna. Því miður eru aðstæður í íslensku samfélagi öðruvísi núna. Ég held nefnilega að þessi sumarvinna stúdentanna hafi verið á við sumarmissiri í háskóla. Þetta er bara því miður liðin tíð og eitthvað verður að koma í staðinn. Það besta er sumarmissiri við háskólann. Það lætur að líkum að sumarmissiri hlýtur að vera styttra en vetrarmissirin eru því

árið er ekki lengra en það og því er um að ræða annaðhvort að lögð verði meiri vinna á nemendur sjálfa, sjálfsvinnan verði mikið meiri, eða þá að námsefnið verði „intensívara" sem það kallast á erlendu máli, þ.e. að kennslustundafjöldinn verði vikulega meiri en að vetrarlagi og námið þéttara. Það eru tvær leiðir sem sagt til í þessu máli.

Það er tvímælalaust þannig að eftir slíkt sumarmissiri verða nemendur að geta skilað sama árangri eins og um vetrarmissiri væri að ræða annars næði þessi kennsla ekki tilgangi sínum. En þessi kennsla er líka hugsuð til endurmenntunar fyrir atvinnulausa og það þarf svo sannarlega að endurskoða og gera nýjar áætlanir um alla menntun fyrir atvinnulausa og þetta yrði þá einn liður í því.

Það er líka þannig að þessi endurmenntun gæti verið fyrir fólk í atvinnulífinu. Erlendis er talað þónokkuð um hringekjunám og -vinnu þannig að fólk skiptist á að vera í námi og vinnu yfir árið og atvinnulausir koma til afleysinga inn á milli. Slíkt hringekjunám eða sem á dönsku heitir „karusel"-nám gæti líka rúmast í þessari kennslu sem þarna er lögð til.

Það eru því margir hópar í þjóðfélaginu sem gætu nýtt sér þessa kennslu, a.m.k. bæði þeir sem eru nemendur í háskólanum, þeir sem væru atvinnulausir og eru að hugsa um að reyna að bæta sig til að komast inn á vinnumarkaðinn aftur og svo ef komið væri á þessu kerfi sem ég var að nefna, hringekjukerfinu, menntun og starf. Ég held að reynsla Dana sé það góð af þessu fyrirkomulagi að við ættum að íhuga vandlega hvort við tækjum hana ekki upp líka.

Það hvort við höfum efni á því að eyða 30 millj. kr. í þetta eða ekki er eiginlega hafið yfir allan efa. 30 millj. kr. í svona tilraun getur leitt slíkar framfarir af sér í kennsluháttum og starfsháttum að við eigum ekki að horfa á það sem neitt vandamál þó svo að ríkisstjórnin standi frammi fyrir því að gera fjárlög sem hún getur varla komið saman þá er þetta þó einn þáttur sem er þess virði að sé felldur þar inn í.

Útbýting þingskjala:

Greiðslur atvinnuleysisbóta til sjálfstætt starfandi einstaklinga, 215. mál, fsp. FI, þskj. 243.

Greiðslur úr Atvinnuleysistryggingasjóði til fiskvinnslufólks, 217. mál, fsp. EM, þskj. 245.

Kauptryggingarsamningar fiskvinnslufólks, 216. mál, fsp. EM, þskj. 244.

Landgræðsla, 211. mál, frv. HG og KE, þskj. 239.

[17:13]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég stíg hér í stólinn til að lýsa yfir stuðningi við þessa tillögu sem hér liggur fyrir og er hugmynd sem fyrst var reifuð af stúdentaráði Háskóla Íslands. Það hefur verið mjög ánægjulegt að fylgjast með því hve stúdentar við Háskóla Íslands eru vakandi yfir þróuninni innan skólans og hvað þeir hafa komið með margar og merkilegar hugmyndir varðandi það að bregðast við vaxandi atvinnuleysi á meðal stúdenta. Þeir komu með þá hugmynd að stofna nýsköpunarfyrirtæki stúdenta líkt og gert var í Frakklandi og nú hafa þeir bent á þessa leið hér að tíminn verði nýttur til þess að fólk geti hraðað sínu námi yfir sumartímann, ýmist til þess að draga úr atvinnuleysi meðal stúdenta eða styðja það fólk sem vill einfaldlega flýta fyrir sér í námi.

Það er algengt erlendis að haldin séu sumarnámskeið við háskóla af ýmsu tagi sem fólk nýtir sér þá og bætir við sitt nám en ég veit ekki hvort það hefur verið gert með jafnskipulegum hætti og verið er að leggja hér til. Ef sumarmissiri er skipulagt þarf það að vera skilgreint út frá ákveðnum einingum, að það sé hægt að taka ákveðinn fjölda eininga yfir sumarið sem bætast við vetrarstarfið.

En það sem mér datt líka í hug í sambandi við þetta sumarmissiri er að það er hægt að nýta slíka kennslu á margan hátt. Hægt er að bjóða upp á námskeið fyrir útlendinga sem vilja læra íslensku skipulega. Slík námskeið eru hér yfir sumartímann, m.a. á vegum Stofnunar Sigurðar Nordals en Háskóli Íslands hefur ekki boðið upp á slík námskeið. Þá gæfist kostur á að skipuleggja eins konar námskeið fyrir ferðamenn, fyrirlestraraðir og annað slíkt um íslenska sögu, íslenska menningu og íslenskar fornbókmenntir sem jafnvel stúdentar gætu sinnt líka og verið þá eins konar svona útfærsla á lokaverkefni eða einhverju slíku, því að mér finnst að við höfum alls ekki nýtt þann arf sem við eigum í okkar fórum, þ.e. okkar fornbókmenntir og okkar sögu og menningu sem er sérstæð um margt og það má einmitt bjóða upp á námskeið af þessu tagi, bæði fyrir almenning og fyrir ferðamenn. Það eru því ýmsir möguleikar ef menn stefna inn á þá braut að hafa sumarmissiri við Háskóla Íslands og þá verður að skipta þeirri kennslu á milli kennara við háskólann því að það er ekki ætlunin að fara að bæta þar við vinnutíma fólks heldur frekar að deila vinnunni og leita möguleika eins og þeirra að stúdentar séu í eins konar verkefnum af þessu tagi sem ég var hér að nefna. Þetta gildir auðvitað fyrst og fremst um heimspekilegar greinar eins og sögu og íslensku og jafnvel heimspeki, þjóðháttafræði og fornleifafræði og fleira slíkt. Fornleifafræði er reyndar ekki kennd sem grein við Háskóla Íslands en það er mjög margt sem hægt væri að gera í þessu samhengi. Ég á sæti í hv. menntmn. þar sem við munum fjalla um þessa tillögu og það væri þá einmitt fróðlegt að fá fram fleiri hugmyndir um það hvernig hægt væri að nýta sumarmissiri og sumarnámskeið af þessu tagi sem ég var hér að nefna.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tekjuskattur og eignarskattur, 1. umr.

Frv. JóhS, 153. mál (sameining og yfirtaka félaga). — Þskj. 166.

[17:18]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 166 að

flytja frv. til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, en efni þessa frv. er að það er lagt til að heimildir fyrirtækja til að nýta sér rekstrartöp verði mjög þrengdar.

Samkvæmt upplýsingum frá ríkisskattstjóraembættinu voru ónýtt rekstrartöp sem skráð eru upp úr framtalsgögnum rekstraraðila um 86 milljarðar kr. miðað við tap sem tilgreind er á framtalsárinu 1994 eða á rekstrarárinu 1993 en skráning er ekki tiltæk vegna einstaklinga í rekstri. Heildartekjur samkvæmt virðisaukaskattsskýrslum árið 1993 voru tæpir 600 milljarðar, þ.e. bæði hjá einstaklingum og félögum. Af þessu má ljóst vera að ónýtt rekstrartöp fyrirtækja eru gífurleg og hafa farið vaxandi á umliðnum árum. Þannig voru ónýtt rekstrartöp 1992 um 66 milljarðar kr., árið 1993 um 81 milljarður kr. og árið 1994 um 86 milljarðar kr. Ef skoðað er hvernig ónýtt rekstrartöp skiptast milli kjördæma, þá eru þau á þessu ári vegna rekstrar ársins 1993 38 milljarðar í Reykjavík, 9,5 milljarðar á Reykjanesi, 9,6 milljarðar á Vesturlandi, 5,5 milljarðar á Vestfjörðum, 2,4 milljarðar á Norðurl. v., 7,3 milljarðar á Norðurl. e. og 4,5 milljarðar á Austurlandi, 4,7 milljarðar á Suðurlandi og Vestmannaeyjar eru sérstaklega tilgreindar til viðbótar með tæpa 4 milljarða.

Þessi mál hafa áður komið til kasta Alþingis en það var á árinu 1991. Þá var lögum um nýtingu á rekstratöpum breytt en um var að ræða að takmörkuð voru nokkur rekstrartöp fyrirtækja sem sameinast. M.a. var gert að skilyrði að félög sem sameinuðust störfuðu í skyldum atvinnurekstri og jafnframt að allt yfirfært tap hefði myndast í sams konar rekstri og það félag eða fyrirtæki sem við tæki hefði með höndum. Með þessu ákvæði átti að setja verulegar skorður við nýtingu á þessum töpum, en það hefur ekki gengið eftir sem skyldi.

Það hefur komið í ljós að menn voru fljótir að finna smugur í skattkerfinu til að komast hjá skattgreiðslum og fundnar voru ýmsar leiðir til þess að fara fram hjá ákvæðinu, t.d. með því að láta það félag sem tap hafði myndast í halda áfram rekstri, en ekki félagið með hagnaðinn eins og ákvæðið gerði ráð fyrir. Einnig má benda á að borið hefur nokkuð á því að í stað þess að sameinast hafi félög sem sýna mikinn hagnað keypt nægilegan stóran hlut til þess að öðlast yfirráð í félögum sem átt hafa uppsöfnuð töp. Í framhaldi af því er tilgangi tapfyrirtækisins síðan breytt og yfirtökufélagið hefur þannig í raun getað nýtt sér hið uppsafnaða tap. Í þessum tilvikum er ekki um raunverulega sameiningu að ræða en í 57. gr. A tekjuskattslaga kemur fram ákvæði sem samþykkt var á Alþingi 1991 eins og það breyttist en þar segir, með leyfi forseta:

„Þrátt fyrir ákvæði 56. og 57. gr. skal rekstrartap, þar með taldar eftirstöðvar rekstrartaps frá fyrri árum, sbr. 7. tölul. 31. gr., hjá því félagi sem slitið var ekki flytjast til þess félags sem við tekur nema uppfyllt séu öll skilyrði þessarar greinar. Félag það sem við tekur skal hafa með höndum skyldan rekstur eða starfsemi og það félag sem slitið var. Tap flyst ekki milli félaga þegar það félag sem slitið var átti fyrir slitin óverulegar eignir eða hafði engan rekstur með höndum. Sameining félaganna verður að vera gerð í eðlilegum og venjulegum rekstrartilgangi. Hið yfirfærða tap verður að hafa myndast í sams konar rekstri og það félag sem við tekur hafði með höndum."

Ég held að það sé nokkuð ljóst að þessu ákvæði skattalaganna hefur ekki verið framfylgt sem skyldi og þegar félög eða fyrirtæki kaupa sér nægjanlega stóran hlut til þess að öðlast yfirráð í fyrirtækinu og breyta síðan tilgangi félagsins og nýta sér þannig uppsafnað tap þótt um alls óskyldan rekstur hafi verið að ræða sem ákvæði 57. gr. A kveður þó á um að skuli vera fyrir hendi og því ljóst að ákvæði 57. gr. A hefur ekki náð yfir þessi tilvik og menn því komist hjá því að framfylgja upphaflegum tilgangi þessa ákvæðis. En með frv. er lagt til að heimild fyrirtækja til þess að nýta sér rekstrartöp verði verulega þrengdar. Það er lögð til sú breyting á 31. gr. laga um tekju- og eignarskatt að heimild fyrirtækja til að nýta sér rekstrartap nái aðeins þrjú ár aftur í tímann í stað fimm ára eins og reglan er í dag. Og ég held bara að sú eina breyting að færa þetta niður úr fimm árum í þrjú muni draga verulega úr ónotuðum resktrartöpum í framtíðinni.

Það er reynt í frv. að bæta úr þessum annmörkum sem ég ræddi fyrr á tvennan hátt. Annars vegar er gert ráð fyrir að greininni verði breytt á þann hátt að fyrirtækjum verði ekki lengur heimilt að kaupa upp rekstrartap annarra fyrirtækja með því að sameinast þeim. Hins vegar er lagt til að sett verði í lögin ný ákvæði um yfirtöku þannig að skattyfirvöld geti neitað um frádrátt vegna rekstrartaps ef það þykir ljóst að meginmarkmiðið með yfirtöku hafi verið að lækka skattgreiðslur fyrirtækja.

Ég tel, virðulegi forseti, að hér sé um mikilvægt mál að ræða. Það er auðvitað ótækt að meðferðin á þessum töpum sé eins og raun ber vitni. Iðulega sér maður í blöðum að svo langt er gengið í þessu máli að töp hjá fyrirtækjum eru hreinlega auglýst til sölu en slík rekstrartöp hafa m.a. verið nýtt af fyrirtækjum sem eru vel stæð en kaupa til sín illa stödd eða gjaldþrota fyrirtæki fyrir óverulegar fjárhæðir og nýta síðan þessi rekstrartöp til frádráttar hagnaði og draga þannig úr skattgreiðslum sínum til samfélagsins. Ég held að það sé ljóst að það þarf að taka á þessu máli og þrengja verulega þessi ákvæði. Ég vænti þess að Alþingi taki á þessu máli og sú nefnd sem fær þetta mál til umfjöllunar. Ég tók eftir því að þegar þetta mál kom fram á Alþingi var viðtal við hæstv. forsrh. og ég gat ekki skilið annað af máli hans en hann teldi brýnt að á þessu máli yrði tekið og þessi ákvæði þrengd svo að ég vænti þess að nefndin sem fær þetta til meðferðar taki jákvætt á þessu. Það má vera að það þurfi að taka á þessu enn harðar en hér er lagt til en engu að síður vona ég að nefndin taki á þessu og þetta fái afgreiðslu hér á hv. Alþingi. Hér er um verulegar fjárhæðir að ræða sem hægt er að nota til þess að draga úr skattgreiðslum til samfélagsins og það hjá vel stæðum fyrirtækjum sem kannski skila hagnaði og eru að kaupa gagngert upp tap fyrirtækja til þess að geta minnkað

skattgreiðslur sínar til samfélagsins og það er ótækt að búa við.

Virðulegi forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og efh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tekjuskattur og eignarskattur, 1. umr.

Frv. JóhS, 154. mál (persónuafsláttur barna og uppsafnaður persónuafsláttur). — Þskj. 167.

[17:27]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég flyt hér frv. til laga um breytingu á lögum um tekju- og eignarskatt, með síðari breytingum, og breytingu á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda. Efni þessa frv. er raunar tvíþætt og hér eru lagðar til tvær meginbreytingar á reglum skattalaga sem snúa að persónuafslætti. Það er lagt til að þeim sem hafa á framfæri sínu barn á aldrinum 16–19 ára sé heimilt að nýta 80% óráðstafaðs persónuafsláttar barnsins. Í öðru lagi að skattþegn verði heimilað að nýta uppsafnaðan persónuafslátt sinn, hversu lítill sem hann er, um leið og hann hefur störf að loknu tímabundnu hléi eða þegar farið er af lægri launum yfir á laun sem fullnýta persónuafslátt.

Ég vil fyrst fara nokkrum orðum um þetta síðara atriði. Það felur í sér að það sé hægt að nýta uppsafnaðan persónuafslátt um leið og viðkomandi hefur störf að loknu hléi vegna atvinnuleysis eða þegar farið er af lægri launum yfir á laun sem fullnýta persónuafslátt. Ég tel að það hafi skapað mörg vandamál hjá ýmsum þegar þessar aðstæður skapast að geta ekki nýtt sinn persónuafslátt strax en gildandi lög gera kröfu um að 50% persónuafsláttur sé vannýtt til að heimild sé til að sækja um útgáfu skattkorts með uppsöfnuðum persónuafslætti og jafnframt gildir sú regla að ekki sé unnt að sækja um uppsafnaðan persónuafslátt fyrr en eftir 1. júlí ár hvert. Ég held að þau séu nokkuð stíf og þröng þessi skilyrði og það sé eðlilegt að breyta þessu vegna þess að það er auðvitað ljóst að það getur komið illa fyrir marga sem t.d. eru að hefja vinnu að nýju eftir atvinnuleysi að geta ekki nýtt ónýttan persónuafslátt nema að 50% persónuafsláttar séu vannýtt. Það verður að teljast eðlilegt að umsókn um að nýta þennan ónýtta persónuafslátt sé ekki bundin við að hægt sé einungis að sækja um hann eftir 1. júlí ár hvert.

Hinn þáttur þessa frv. er um að framfærendur sem eru með börn í námi á framfæri sínu á aldrinum 16–19 ára geti nýtt ónýttan persónuafslátt barnanna. Ég held að þetta sé mál sem eigi fyllsta rétt á sér. Við búum við það í núgildandi tekjuskattslögum að þau heimila hjónum eða sambúðarfólki að nýta 80% af óráðstöfuðum persónuafslætti þess sem lægri tekjur hefur en engar slíkar heimildir eru fyrir hendi varðandi það að nýta óráðstafaðan persónuafslátt barna. Ég held að þetta geti komið sér afar illa hjá mörgum og sérstaklega einstæðum foreldrum. Það er alveg ljóst að framfærslukostnaður þeirra hlýtur að vera mjög mikill sem eru með börn á skólaaldri á framfæri og afla sér lítilla tekna sjálf.

Félag einstæðra foreldra hefur gert úttekt á framfærslukostnaði barna á aldrinum 13–15 ára og þá var hann áætlaður 500 þús. kr. árlega. Það er náttúrlega alveg ljóst að þegar um slíka fjárhæðir er að ræða, sem ég kann kannski ekki alveg að leggja mat á því ég hef ekki skoðað þessa könnun ítarlega, að ef um svo stórar fjárhæðir er að ræða, þá eru á ferðinni mjög mikil útgjöld og að stór hluti af tekjum einstæðra foreldra, sem þurfa að framfleyta sér á lágmarkslaunum, fer í kostnað af menntun og uppeldi barna. Búast má við að framfærslukostnaður foreldra barna á aldrinum 16–19 ára, sem eru í námi, sé jafnvel meira en þetta.

Það er um verulegar fjárhæðir að ræða þegar talað er um ónýttan persónuafslátt barna vegna þess að samkvæmt upplýsingum úr álagningargögnum var ónýttur skattafsláttur þeirra sem fæddir voru á árunum 1973 til 1977, að báðum árum meðtöldum, um 2,5 milljarðar kr. Þeir sem voru á þessum aldri voru um 16.700. Má áætla að mikill meiri hluti barna á þessum aldri eða um 70% sé í framhaldsskóla og er alveg ljóst að þau sem eru í skóla á þessum aldri afla sér afar lítilla tekna og skattafslátturinn er langt frá því að nýtast þeim að fullu.

Ég tel að öll sanngirni mæli með því að foreldrum sé heimilt að nýta ónýttan persónuafslátt barna með sama hætti og nú er mögulegt milli hjóna og sambýlisfólks.

Ég held að það sé líka rétt að vekja athygli á heimild í skattalögum í 66. gr., sem ég skoðaði ítarlega í tengslum við þetta frv., sem felur í sér að skattstjóri skal taka til greina umsókn manns um lækkun tekjuskattsstofns þegar svo stendur á sem þar er tilgreint, en þar er m.a. talað um að það á að taka umsókn til greina um lækkun á tekjuskattsstofni ef maður hefur veruleg útgjöld vegna menntunar barna sinna 16 ára og eldri.

Það er mjög athyglisvert hvað fáir hafa nýtt sér þetta ákvæði skattalaga til frádráttar frá tekjuskattsstofni sínum. Þessi skattalækkun kemur til greina ef nemandi er á aldrinum 16–20 ára og hafi að mati skattstjóra ekki haft nægilegt ráðstöfunarfé á skattárinu til að mæta beinum kostnaði við námið. Samkvæmt þessu skal skattstjóri taka til greina umsókn manns um lækkun á tekjuskattsstofni ef hann hefur veruleg útgjöld vegna menntunar barna sinna 16–20 ára og vegna tekna ársins 1993 er einungis miðað við að nám sé stundað innan lands og tekjur námsmannsins séu undir 415 þús. kr. á ári. Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef eru ekki sett fram önnur skilyrði til þess að fólk geti sótt um þennan frádrátt og átt rétt á honum. Eina skilyrðið fyrir þessum frádrætti frá skatti virðist vera að tekjur námsmannsins á heimilinu séu undir 415 þús. kr.

Þegar skoðað er samkvæmt skattframtölum fyrir sl. ár hve margir hafa nýtt sér þetta þá voru það um 1.600 manns sem fengu þennan frádrátt, um 300 var hafnað, og þessi frádráttur nam um 92 millj. kr. og að meðal-

tali lækkaði skattbyrði þeirra sem sóttu um þennan frádrátt um 57.500 kr. En samkvæmt upplýsingum skattyfirvalda voru 10.600 unglingar fæddir 1973 til 1977 með tekjur undir 450 þús. kr. Ef einungis 1.600 hafa nýtt sér frádráttinn en unglingar á þessum aldri með tekjur undir 450 þús. séu um 10.600 má ætla — auðvitað er það ágiskun — að um 2.000–4.000 framfærendur gætu hafa átt rétt á frádrættinum en hafa annaðhvort ekki vitað um þetta eða ekki nýtt sér þetta.

Ég hef sett fram þá tölu að ekki sé óvarlegt að áætla að heimilin í landinu gætu átt inni 150–200 millj. hjá skattyfirvöldum vegna þess að skattyfirvöld hafa leiðrétt framtöl aftur í tímann. Hér er um lögvarða kröfu að ræða og því eru allar líkur á að þeir sem sækja um þetta núna, jafnvel þó þeir hafi ekki óskað eftir þessum frádrætti á skattframtölum sínum aftur í tímann, gætu átt rétt á að fá leiðréttingu frá skattyfirvöldum.

Ég nefni þetta vegna þess að auðvitað þarf að skoða þessa heimildargrein skattalaga í tengslum við þá breytingu sem hér er lögð til. Hér er lagt til að það sé hægt að nýta ónýttan persónuafslátt barna á þessum aldri og vel má vera ef þessi grein, 66. gr., er framkvæmd sem skyldi gæti staðið val hjá einstæðum foreldrum sem hefðu börn á þessum aldri á framfæri sínu að nýta ónýttan persónuafslátt barna sinna eða þetta ákvæði skattalaganna. Alla vega tel ég rétt að horft sé á þessi mál í samhengi og mér finnst a.m.k. alveg ljóst að ástæða sé til þess að fólk viti um rétt sinn í skattkerfinu sem er alveg ljóst að fólk hefur ekki haft vitneskju um samanborið þær tölur sem ég hef sett fram.

Sama gildir reyndar um annað ákvæði í þessari grein og kemur líka fram í 80. gr. laga um tekju- og eignarskatt en þar er kveðið á um að skattstjóra sé heimilt að taka til greina umsókn manns um lækkun eignarskattstofns og tekjuskattstofn ef ellihrörleiki, veikindi, slys eða mannslát hafa skert gjaldþol manns verulega. Sem dæmi um þetta voru á þessu ári, vegna tekna 1993, einungis sex einstaklingar í Reykjavík og á Reykjanesi sem nýttu sér þennan skattafslátt til lækkunar á eignarskattstofni en enginn í öðrum kjördæmum. Enginn þarf að segja mér að ekki sé til aldrað fólk sem býr við fjárhagslega erfiðleika, er kannski í stóru húsnæði með litlar tekjur, að ekki séu fleiri en sex manns sem hefðu getað átt rétt á því að fá eignarskattstofn sinn lækkaðan ef það hefði vitað um þetta ákvæði skattalaganna. Það er athyglisvert að þetta eru aðeins sex einstaklingar í Reykjavík og Reykjanesi.

Sama gildir reyndar um ákvæði varðandi lækkun á tekjuskattstofni vegna skerts gjaldþols. Þar eru þó nokkuð fleiri einstaklingar sem hafa sótt um þetta en það er athyglisvert hvað þeir eru fáir og einstök kjördæmi skera sig þar mjög úr og hef ég fengið upplýsingar um það hjá skattyfirvöldum.

Ég taldi ástæðu til þess, virðulegi forseti, að ræða þessi mál í samhengi því að málin eru tengd. Ég tel að hér sé um að ræða leið sem gæti verulega bætt hag heimila, ekki síst einstæðra foreldra, sem eru með börn á framfæri sínu og sem eru í námi og gæti hugsanlega ráðið úrslitum um það að börn einstæðra foreldra gætu stundað framhaldsnám. Þetta á fyllilega rétt á sér, ekki síst vegna þeirra ákvæða skattalaganna sem kveða á um millifæranlegan persónuafslátt milli hjóna og sambúðarfólks.

Ég vænti þess að málið fái jákvæðar undirtektir á hv. Alþingi og legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til hv. efh.- og viðskn.

[17:41]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil lýsa yfir stuðningi mínum við það mál, sem er til umræðu, og hafa um það nokkur orð. Ég vil fyrst minna á það að Kvennalistinn flutti á sínum tíma frv. mjög svipaðs eðlis, að vísu aðeins öðruvísi orðað. Ég hygg að það hafi verið 1989 á 111. löggjafarþingi sem tillaga þess efnis kom fram en hún náði því miður ekki fram að ganga. Sú tillaga miðaðist fyrst og fremst við einstæða foreldra. Í þeirri tillögugrein var tekið fram, með leyfi forseta: „Einstæðum foreldrum er heimilt að nýta á sama hátt ónotaðan persónuafslátt barna sinna sem eiga hjá þeim lögheimili."

Þarna var gengið út frá því að einstæðir foreldrar gætu nýtt þann rétt sem maki hefur í núgildandi skattalögum.

Það er umhugsunarefni hvernig talað er um börn í báðum þessum tillögum því auðvitað er hugsunin að náð sé til unglinga á aldrinum 16–19 ára en ég held ég fari rétt með það að í skilningi skattalaga eru það börn sem eru undir 16 ára aldri. Þegar fólk verður 16 ára þá verður það skattskylt og fær persónuafslátt. Þetta skiptir ekki öllu máli. En það sem þetta mál gengur auðvitað út á er það að skattalögin taki tillit til þess að fjöldamargir foreldrar hafa þunga framfærslubyrði af börnum sínum á aldrinum 16–19 ára og þá fyrst og fremst þeim sem eru í skóla. Það er mjög mikið hagsmunamál fyrir mörg heimili að tekið sé tillit til þess. Nú væru auðvitað ýmsar leiðir í því eins og að fólk fái einfaldlega aukinn skattafslátt út á það að hafa börn sín á framfæri en hér er auðvitað um það að ræða að t.d. einstæðir foreldrar geti nýtt sér skattafslátt barna sinna.

Það er mjög athyglisvert sem kemur fram í grg. hvað um mikinn kostnað er að ræða. Í grg. segir, með leyfi forseta:

„Samkvæmt upplýsingum úr álagningargögnum fyrir árið 1994 vegna tekna á árinu 1993 er ónýttur skattafsláttur þeirra sem eru fæddir á árunum 1973 til 1977, að báðum árum meðtöldum, 2,5 milljarðar kr. og fjöldi þeirra er 16.704. Aðeins 30% barna 16–19 ára hafa verið úti á vinnumarkaðinum undanfarin ár."

Þessar tölur segja okkur að um mikla breytingu er að ræða. Auðvitað eru miklu fleiri á aldrinum 16–20 ára sem stunda skólanám og það kostar mikla peninga. En jafnframt mundi það kosta ríkissjóð mikla peninga, 2,5 milljarða kr., að veita þennan skattafslátt. Samt sem áður ef við erum að tala um þetta í því samhengi að bæta hag fjölskyldna í landinu þá held ég að hér sé um að ræða eitthvert mesta réttlætismál og eina af þeim leiðum sem hægt er að fara í gegnum skattkerfið til þess að jafna kjör fólksins í landinu. Við yrðum auðvitað að finna leiðir til þess að ná upp tekjutapinu. Ýmsar leiðir eru til þess eins og að halda inni marg-

nefndum hátekjuskatti, koma á fjármagnstekjuskatti, jafnvel hækka hátekjuskattinn og svo maður tali nú ekki um að taka á skattsvikum í þjóðfélaginu. Það eru því ýmsar matarholurnar sem hægt er að sækja í ef vilji er til þess.

En ég lýsi yfir stuðningi við frv. Ég tel að þetta sé mikið réttlætismál og við ættum að sameinast um það á þessum síðasta vetri þessa kjörtímabils að bæta hag sérstaklega einstæðra foreldra og þeirra sem eru að kosta börn sín í framhaldsnám að koma málinu í gegn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Mat á umhverfisáhrifum, 1. umr.

Frv. TIO, 189. mál. — Þskj. 211.

[17:46]

Flm. (Tómas Ingi Olrich):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 63/1993, um mat á umhverfisáhrifum, með síðari breytingum. Frv. er í fjórum greinum og fjallar 1. gr. um markmið laganna. Þar er tekið fram í upphafi greinarinnar að markmið laganna sé að koma í veg fyrir umhverfisspjöll. Þetta er að mati flm. grundvallaratriði. Markmið laga nr. 63/1993, um mat á umhverfisáhrifum, er að koma í veg fyrir spjöll á náttúrunni sem oft eru afleiðing framkvæmda. Í markmiðsgrein gildandi laga kemur þetta að mati flm. ekki skýrt fram.

Að þessu grundvallaratriði var vikið í athugasemdum með frv. til laga um umhverfismat auk þess sem atriði þar að lútandi komu fram í framsöguræðu hæstv. umhvrh. þegar fyrst var mælt fyrir frv. á Alþingi. Mat á umhverfisáhrifum er ekki markmið laganna í sjálfu sér heldur er matið í raun verkfæri sem löggjafinn hefur fengið framkvæmdarvaldinu til að koma í veg fyrir umhverfisspjöll.

Það blandaðist aldrei neinum hugur um það þegar þetta mál var til umfjöllunar hér á sínum tíma að tilgangur laganna er ekki að koma í veg fyrir breytingar í sjálfu sér. Þannig er það ekki í samræmi við tilgang laga um mat á umhverfisáhrifum að fella undir þau ýmsar framkvæmdir sem miða að því að endurheimta landgæði, efla gróðurlendi og hefta jarðvegseyðingu. Í sérstökum lögum er fjallað um hlutverk Landgræðslu ríkisins og Skógræktar ríkisins. Þessum stofnunum er ætlað það hlutverk að verja og efla gróðurlendi. Löggjafinn hefur ætlað þessum stofnunum það jákvæða þjóðþrifaverk að hafa forustu um endurheimt landgæða og eflingu þeirra. Mikill munur er á því að meta spjöll sem verða í náttúrunni við virkjanaframkvæmdir, við vegagerð eða við uppsetningu förgunarstöðva fyrir eitraðan úrgang annars vegar og hins vegar að leggja mat á breytingar sem verða á landi við uppgræðslu.

Með ræktun örfoka lands og friðun er verið að koma af stað gróðurframvindu sem með skynsamlegri landnýtingu leiðir til eðlilegs ástands gróðurs miðað við aðstæður hverju sinni. Þær aðgerðir eiga því ekkert sameiginlegt með því sem lögum um mat á umhverfisáhrifum er fyrst og fremst ætlað að fjalla um, þ.e. röskun og spjöll á umhverfi af völdum framkvæmda.

Í 5. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum eru tilgreindar þær framkvæmdir sem ætíð skulu háðar mati á umhverfisáhrifum. Þegar frv. til laga um umhverfismat var til umfjöllunar í umhverfisnefnd Alþingis bárust ábendingar frá nokkrum aðilum um að eðlilegt væri að framkvæmdir við framræslu votlendis, landgræðslu og skógrækt yrðu felldar undir 5. gr. laganna og þannig ætíð háðar umhverfismati. Við umfjöllun um málið féllst umhvn. Alþingis ekki á þetta sjónarmið. Í nefndaráliti kom fram að nefndin væri sammála um að nauðsynlegt væri að skipulega væri unnið að verkefnum á þessu sviði með tilliti til fjölþættra landnota og umhverfisverndar. Þannig gæti verið ástæða til að fram færi mat á umhverfisáhrifum eða — og ég undirstrika — hliðstæður undirbúningur ef ráðist yrði í meiri háttar verkefni af þessum toga, enda er heimild til þess í 6. gr. laganna. Það er álit flm. frv. þessa að ekki sé rétt að beita heimildarákvæðinu nema líklegt sé að framkvæmdir valdi umhverfisspjöllum og er það í samræmi við markmið laganna.

Við framkvæmd laga um umhverfismat hefur komið í ljós að framkvæmdarvaldið hefur talið ástæðu til þess að beita heimildarákvæði laganna vegna landgræðsluverkefna. Hefur því til stuðnings verið vitnað sérstaklega í nefndarálit umhvn. en litið hefur verið fram hjá þeirri staðreynd að nefndin hafnaði því að fella skógrækt og landgræðslu undir framkvæmdir sem eru háðar mati á umhverfisáhrifum. Gera verður ráð fyrir því að þessi beiting heimildarákvæðis 6. gr. laganna hafi fordæmisgildi um framkvæmd laganna. Flm. telur því nauðsynlegt að taka af tvímæli að því er varðar markmið laganna og þrengja heimildarákvæði 6. gr. Gengur flm. út frá því að með þessari breytingu verði landgræðsla og skógrækt ekki háð umhverfismati. Gerð áætlana á vegum Landgræðslu ríkisins og Skógræktar ríkisins hefur tekið miklum framförum á síðustu árum. Flm. þessa frv. gerir ráð fyrir að í áætlanagerð framangreindra stofnana felist það mat að þau verkefni, sem ráðist er í hverju sinni, séu nauðsynleg framfaramál og jákvæðir áfangar á sviði umhverfismála. Þess ber einnig að geta í þessu sambandi að í nefndaráliti umhvn. var þess getið að ástæða gæti verið til að fram færi mat á umhverfisáhrifum eða hliðstæður undirbúningur áður en ráðist yrði í meiri háttar verkefni af þeim toga sem hér um ræðir. Í þeirri athugasemd fólst engin yfirlýsing um það að hjá Landgræðslu ríkisins væri ekki unnið skipulega að undirbúningi slíkra framkvæmda.

Frv. þetta felur í sér nákvæmari markmiðslýsingu en nú er í 1. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum. Eru með frv. tekin af öll tvímæli um að lögunum sé ætlað að tryggja að með mati á umhverfisáhrifum sé komið í veg fyrir umhverfisspjöll. Til samræmis eru gerðar breytingar á 4. og 6. gr. laganna þannig að í stað þess að miðað sé við umtalsverð áhrif á umhverfi er lagt til

að miðað verði við umtalsverða röskun og spjöll.

Enn fremur eru gerðar breytingar á 1., 4. og 6. gr. laganna í þá veru að kveðið er á um að meta skuli hugsanlegan skaða á umhverfi, náttúruauðlindum eða samfélagi, þ.e. að það nægi að framkvæmdir hafi neikvæð áhrif á einhvern einn þessara þátta en ekki á alla þrjá þættina eins og orðalag gildandi laga gefur tilefni til að álykta.

Loks er lagt til að bætt verði við 6. gr. laganna nýrri málsgrein þar sem kveðið er á um að ráðherra skuli rökstyðja ákvörðun sína um að framkvæmdir skulu háðar umhverfismati þannig að skýrt komi fram forsendur fyrir því að talin sé þörf á matinu. Talin er full þörf á að kveða sérstaklega á um þetta atriði þar sem um verulega íþyngjandi ákvarðanir er að ræða en ákvæði 21. og 22. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, um rökstuðning, eru hér til fyllingar eftir því sem við getur átt.

Ég vil taka fram virðulegi forseti, að af hálfu umhvn. Alþingis var lögð áhersla á að varlega yrði farið í framkvæmd laganna. Við vinnslu málsins í umhvn. Alþingis var raunar sú ákvörðun tekin að gera enn harðari kröfur um það hvaða framkvæmdir skyldu ganga sjálfkrafa í mat á umhverfisáhrifum en tilskipun um þetta sama efni frá Evrópusambandinu gaf tilefni til. Gerður var þrengri rammi um þessi lög en annars staðar gildir. Var það gert í þeirri trú að náttúra Íslands væri að mörgu leyti viðkvæmari fyrir röskun en gerðist í Evrópu.

Hins vegar blandaðist aldrei hugur um það af hálfu nokkurs þingmanns að ég tel að lagasetningin beindist fyrst og fremst að þeim aðgerðum sem væru líklegar til þess að valda spjöllum á umhverfinu en lagasetningin var ekki gerð til þess að hindra framkvæmdir sem slíkar eða breytingar sem gætu hlotist af framkvæmdum.

Einnig er rétt að geta þess að við umfjöllun Alþingis um frv. til laga um umhverfismat, sem svo hét þegar frv. var lagt fram fyrst, voru felldar úr 2. gr. frv. skilgreiningar á hugtökum, m.a. skilgreining á hugtakinu framkvæmd. Þar stóð svo, með leyfi virðulegs forseta:

„Framkvæmd er gerð bygginga og annarra mannvirkja, svo og breytingar á þeim eða viðbætur, landröskun og vinnsla jarðefna."

Þessi lýsing á framkvæmdum er með þeim hætti að ekki er hægt að gera ráð fyrir því ef hún hefði staðið óbreytt að landgræðslu- og skógræktaráform flokkuðust undir þessar framkvæmdir. Skilgreiningin var hins vegar felld niður, ekki vegna þess að ástæða þætti til þess að fella hana niður til þess að víkka út gildissvið laganna, heldur voru nefndarmenn sammála um að þessi skilgreining ásamt nokkrum öðrum væri óþörf því að augljóst væri við hvað væri átt. Skýrleiki lagatextans nægði í þessu tilfelli.

Ljóst er að markmiðsgrein laganna ásamt þeirri breytingu sem gerð var að tilhlutan hv. umhvn. Alþingis hafa valdið því að þessum lögum hefur verið beitt á landgræðsluverkefni þó svo að það kæmi skýrt fram í umfjöllun umhvn. Alþingis að hún hafnaði því að þessi verkefni ættu að vera föst verkefni laganna um mat á umhverfisáhrifum. Ég tel nauðsynlegt að taka af öll tvímæli um þetta mál og legg því fram þetta frv. til laga um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum í þeirri trú að það geti orðið til þess að framkvæmd laganna verði skýr og óumdeild og þar með að meiri sátt verði um framkvæmd þessara laga en komið hefur í ljós.

[17:59]

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð til þess að lýsa þeirri skoðun minni, sem ég er raunar ekki ein um, að það beri að láta það ákvæði óhreyft sem er í 6. gr. laganna sem hér um ræðir. Ég tel hins vegar að það sé vel skoðandi að taka inn síðustu málsgreinina sem kemur fram í lokamálsgrein 3. gr. þess frv. sem hér er til umræðu, að ákvörðun ráðherra skuli fylgja rökstuðningur þar sem komi fram forsendur að þörf sé á mati á umhverfisáhrifum. En ástæðan fyrir því að ég tel að það sé heppilegra að hafa það orðalag sem nú er í gildandi lögum, frá 21. maí 1993, er fyrst og fremst sú að ég held að það sé ekki hægt að taka af öll tvímæli um að það geti ekki haft umtalsverð áhrif á umhverfið ef skógrækt eða landgræðsla er með þeim hætti að það breyti verulega því umhverfi sem fyrir er. Ég býst við að hv. 5. þm. Norðurl. e. sé vel ljóst að um þetta eru ekki allir á einu máli þrátt fyrir þær skoðanir sem hann gat um í umhvn., sem hann mun eiga sæti í en ég ekki, þá er mér kunnugt um að innan þeirrar nefndar eru þær skoðanir einnig uppi og það mun væntanlega koma fram í vinnslu þessa máls innan nefndarinnar að það sé heppilegt að hafa fyrra orðalagið og hafa möguleika á því að taka fyrir það sem hefur umtalsverð á hrif á umhverfi, náttúruauðlindir og samfélag, eins og þar segir, en ekki að fara að taka upp mikið þrengra orðalag, þ.e. „umstalsverða röskun og spjöll á umhverfi". Það er alltaf skilgreiningaratriði hvað við lesum út úr orðunum umtalsverð röskun og spjöll á umhverfi. En áhrif eru nokkuð sem verður ætíð að hafa í huga að mínu mati. Ég held að við verðum einfaldlega að gera okkur grein fyrir því að það getur þurft þrátt fyrir góða áætlanagerð að láta skera úr um hvort aðgerðir, t.d. af hálfu landgræðslu og skógræktar hafi of mikil áhrif á umhverfi jafnvel þótt deilt sé um hvort það flokkist undir röskun eða spjöll á umhverfi.

Ég ætla ekki að fara að efna hér til mikillar umræðu. Ég geri ráð fyrir að þessi viðhorf muni koma fram við umfjöllun málsins í hv. umhvn. Ég er sem sagt að koma því sjónarmiði á framfæri hér við 1. umr. þessa máls að ég tel að það sé ekki rétt að taka ekki tillit til almennra áhrifa á umhverfið. Ég vil vekja athygli á því að í ágætri bók sem hefur verið í hólfum okkar þingmanna, Græðum Ísland, Landgræðslan 1993–1994, er einmitt sérstaklega getið um eitt mál sem hefur verið dálítið deilumál en það er svokölluð svört landvernd eða önnur landverndarsjónarmið heldur en þau sem við kennum nú oftast við landvernd, þ.e. skógrækt og uppgræðsla, sem vissulega er það sem oftast á við. Ef ég gríp niður í litla grein frá Andrési Arnalds á bls. 58 í þessu ágæta riti, með leyfi hæstv.

forseta, þá langar mig að rekja þetta:

„Vitaskuld óskum við þess að öflugur gróður vaxi á sem stærstum hluta landsins. Þó er það ekki sjálfgefið að það eigi við alls staðar. Sumar auðnir hafa t.d. mikla töfra til að bera og laða til sín marga ferðalanga. Þær má því skoða sem eina af auðlindum landsins. Einnig er vert að hafa í huga að hinn svarti íslenski basaltsandur er nánast einsdæmi í veröldinni. Í erlendum bókum um helstu undur veraldar má þannig finna myndir af sandinum við Dyrhóley eða á Mýrdalssandi við hliðina á myndum af fyrirbærum sem sérstæðust eru talin í heimi hér.

Skoðanir eru skiptar um það hvers konar gróðri beri að keppa að á hverjum stað."

Það er einmitt nákvæmlega þetta. Það eru skiptar skoðanir um þessi mál og þar af leiðandi finnst mér alveg sjálfsagt að það sé með einum eða öðrum hætti haldið utan um það að það sé hægt að taka á þessum málum jafnvel þótt ábyrg yfirvöld, landgræðslu og skógræktar, sem ég ætla ekki að draga úr að hafa sinnt sínu starfi alveg ljómandi og í rauninni lyft grettistaki og gert kraftaverk hér mjög víða. Ég vil samt sem áður að það sé alveg ljóst að það verður að vera hægt að grípa í taumana þar og það eru mismunandi sjónarmið og ég held að í þessu tilviki verði náttúran að njóta vafans. Ég vil taka fram ef einhver skyldi hafa efasemdir um að ég sé landgræðslusinnuð að ég starfaði í allmörg sumur við það einmitt að sjá landeyðingu stöðvast og sá uppgræðslu eiga sér stað með áburðartilraunum og öðru slíku á vegum einnar ágætrar tilraunastöðvar sem var þá starfrækt hér á landi en hefur reyndar verið lögð niður. Ég ber þessi mál vissulega fyrir brjósti. En ég vil að þessi sjónarmið komist hér á framfæri. Síðan treysti ég því að hv. umhvn. taki á þessu máli og komist að niðurstöðu sem er fullnægjandi.

Ég skal ekki um það segja hvort það er endilega í formi ráðherraheimildar sem æskilegast er að hafa þennan varnagla eða hvort það kann að vera hægt að finna eitthvert annað ráð en mergurinn málsins finnst mér hins vegar vera sá að það sé ekki bara gengið út frá því að það dugi það orðalag sem fram kemur í 6. gr. eða þeim brtt. sem hafa verið gerðar á 6. gr. laganna frá 21. maí 1993 þar sem aðeins er talað um umtalsverða röskun eða spjöll á umhverfi, náttúruauðlindum eða samfélagi.

[18:07]

Flm. (Tómas Ingi Olrich):

Virðulegi forseti. Ég tel fyrst nauðsynlegt að leiðrétta þann misskilning að orðalagsbreytingin þar sem skipt er á orðunum „umtalsverð umhverfisáhrif" annars vegar og „umtalsverða röskun og spjöll á umhverfi" hins vegar sé breyting sem nær aðeins til 6. gr. sem er heimildargrein laganna. Aðalbreytingin er sú að þetta orðalag er tekið inn í 1. gr. laganna sem er markmiðsgreinin. Síðan er því fylgt eftir með breytingum á öðrum greinum laganna, þannig að það er misskilningur að þetta snerti aðeins 6. gr. laganna sem er heimildargrein.

Að sjálfsögðu er hér með þessu frv. til laga um breytingu á lögum nr. 63/1993, um mat á umhverfisáhrifum, verið að árétta þann skilning sem kom fram hjá hæstv. umhvrh. þegar hann mælti fyrir málinu upphaflega, það er verið að árétta þann skilning sem kom fram í greinargerð með frv. og hefur aldrei verið mótmælt af neinum aðila sem um málið hefur fjallað að tilgangur laganna væri að koma í veg fyrir spjöll. Þar sem það hefur komið í ljós við framkvæmd laganna að það gætir tilhneigingar til þess hjá framkvæmdarvaldinu að yfirfæra þessi lög yfir á framkvæmdir sem ekki er hægt með nokkru móti að flokka undir spjöll á náttúrunni, sem lögum samkvæmt eiga að bæta ástandið í náttúrunni, þá verður það að teljast alveg augljóst mál að það er verið að skerpa þann skilning laganna sem upphaflega var til grundvallar lagasetningunni en alls ekki verið að breyta anda laganna. Ef það væri hins vegar svo að menn hengdu sig á þetta orðalag „umtalsverð áhrif á umhverfið" í þeirri von að geta fært út valdsviðið sem framkvæmdarvaldinu er fengið með þessum hætti yfir á ýmis önnur framkvæmdaatriði sem heyra undir önnur ráðuneyti þá er að sjálfsögðu verið að gera allt annað með þessum lögum. Þá er verið að búa til valdatogstreitu milli aðila, milli framkvæmdarvaldsins, einstakra handhafa framkvæmdarvaldsins, og það er verið að gera lagasetninguna að þessu leyti að uppsprettu tortryggni og vandræða. Ef hv. þm. Anna Ólafsdóttir Björnsson vill tryggja það að með lögum um landgræðslu sé ekki farið út á þær brautir að valda óæskilegum áhrifum á gróðurfari landsins með landgræðsluframkvæmdum þá er eðlilegra að hún miði við að taka á því máli í lögunum um Landgræðslu ríkisins. Það er ekki meiningin að með lögunum um mat á umhverfisáhrifum sé búið til einhvers konar yfirstjórnvald sem tekur að sér verkefni annarra ráðuneyta. Það er afar mikilsvert að menn fái skilning á þeim vanda sem hér er verið að ræða um.

Það kom fram í máli hv. þm., síðasta ræðumanns, Önnu Ólafsdóttur Björnsson, að landgræðsluframkvæmdir gætu valdið verulegri röskun á náttúrlegu gróðurlendi. Ég býst við því að við hv. þm. getum verið sammála um það að ef við lítum yfir gróðurlendi Íslands eins og það er í dag þá er tiltölulega lítið um það sem við getum kallað náttúrulegt gróðurlendi. Gróðurlendi á Íslandi í dag er afleiðing af aldalangri ofnýtingu á gróðurlendinu, af mikilli áþján á gróðurlendinu og mikilli breytingu. Það fer ekkert milli mála að gróðurlendi á Íslandi hefur stórlega rýrnað á umliðnum öldum og það er einmitt gegn þeim vanda sem við erum nú að bregðast, hv. þm., með landgræðslu og skógrækt.

Víðáttumikil gróðurlendi hafa gjörbreytt um svip vegna þess að skóglendi hafa horfið og sú vernd sem gróðri landsins stendur af skóginum er horfin. Þar með hefur jarðvegurinn og gróðurlendi rýrnað. Það er hægt að fá fjölmargar álitsgerðir um það hjá þar til gerðum stofnunum, t.d. hjá Náttúrufræðistofnun Íslands, að víðáttumikil gróðurlendi eru afleiðing þessarar gróðurrýrnunar. Eigum við þá, hv. þm., með lögunum um mat á umhverfisáhrifum að standa sérstakan vörð um rýrnandi gróðurlendi á Íslandi? Eigum við þá, hv. þm.,

að leggja okkur í framkróka um það að standa vörð um eyðingu jarðvegs og gróðurs? Er það markmiðið með þessu orðalagi sem hér er verið að leggja til að verði varðveitt í lögunum? Að sjálfsögðu getum við ekki gengið fram í slíkri náttúruvernd. Ef það er eitthvað sem er samnefni þá er það að kalla náttúruvernd sem setur sér það markmið fyrst og fremst að standa vörð um landeyðingu, svarta náttúruvernd. Ég hef enga trú á því að hv. þm. sem ég ber fullt traust til vilji standa vörð, m.a. með tilstilli laganna um mat á umhverfisáhrifum, um rýrnandi gróður og landeyðingu á Íslandi.

Við höfum gengið svo langt í rýrnandi landgæðum, af illri nauðsyn að sjálfsögðu og enginn ásakar liðnar kynslóðir Íslendinga fyrir það, að við þurfum að grípa til miklu víðtækari ráðstafana heldur en aðrar þjóðir verða að gera. Sú landeyðing sem hér hefur átt sér stað á Íslandi er langt umfram það sem þekkist í Evrópu, nema ef segja mætti að löndin sem liggja að Miðjarðarhafinu, hafi kynnst álíka gróðureyðingu. Það er t.d. mjög líklegt að gróðureyðing á Grikklandi hafi að sumu leyti gengið eins langt og í einstak tilfellum lengra en gróðureyðingin hér á Íslandi vegna ofnýtingar. Það á einnig við um Ítalíu og hluta af Suður-Frakklandi og Spáni. Það gróðurlendi sem þar er nú, t.d. makkíkjarrið, er afleiðing rýrnandi gróðurfars og ofnýtingar. Við þurfum að gera ráð fyrir því að til þess að efla gróðurlendi Íslands þurfi mikið átak. Við þurfum að sjálfsögðu að fara okkur gætilega í því. Við þurfum að gera ráð fyrir því að stofnanir okkar, sem annast þessi verkefni, vinni þau samviskusamlega og með fullri virðingu fyrir náttúrunni. En við getum ekki lagt til grundvallar virðingu fyrir gróðureyðingunni og rýrnandi gæðum þessa lands. Við verðum einnig að gefa okkur svigrúm, hv. þm., ekki aðeins að því er varðar eflingu gróðurlendisins heldur líka aukna fjölbreytni gróðurlendisins. Við vitum það að hér óx fyrir síðustu ísöld fjölbreytilegur gróður sem síðan dó út. Við getum nú endurvakið hluta af þessu fjölbreytilega gróðurlendi. Við getum það með því að flytja inn tegundir sem henta nú við þau veðurfarsskilyrði sem hér ríkja en hafa hins vegar ekki numið hér land vegna landfræðilegrar einangrunar. Eigum við þá í þeirri viðleitni okkar að standa vörð um íslenskt gróðurríki að neita okkur um þessa möguleika, að standa vörð um einangrun landsins í sjálfu sér, að standa vörð um þá eyðileggingu sem átti sér stað á ísöld? Í sjálfu sér er þetta ekki markmið og ég trúi því ekki að menn vilji ekki með opnum huga stunda hér uppgræðslu með innfluttum tegundum sem reynast vel.

Að sjálfsögðu er það svo og ég legg áherslu á það í máli mínu að þegar menn setja af stað viljandi gróðurbreytingar eins og þær sem felast í landgræðslu og skógrækt þá eru menn að setja af stað þróunarferil sem hefur í raun og veru kannski engan enda. En líka má segja að ef við friðum land þá séum við að setja í gang ferli sem við sjáum ekki fyllilega fyrir endann á. Þar sem friðun hefur átt sér stað hafa menn horft upp á merkilegar og athyglisverðar breytingar sem eru háðar aðstæðum á hverjum stað. Við höfum horft upp á þessar breytingar gerast t.d. á ákveðnum landsvæðum í því héraði sem ég þekki best til, í Eyjafirði. Þar sem beitilönd hafa verið friðuð hefur sinan tekið yfir þessi beitilönd en síðan hefur náttúran tekið við og komið upp í stað sinunnar fjölbreytilegum blómjurtum og innlendum trjátegundum og reyndar þar á meðal innfluttum trjátegundum sem hafa numið land hér í krafti mannsins og eru farnar að sá sér út og eru þar af leiðandi orðnir íslenskir landnemar.

Ég vildi aðeins koma þessum sjónarmiðum á framfæri til þess að undirstrika það að við getum ekki með góðu móti sem náttúruverndarmenn og umhverfisverndarmenn staðið vörð um þessi rýrnandi landgæði og þá landeyðingu sem hefur átt sér stað. Við hljótum að takast á við þennan vanda. Þess vegna er ekki hlutverk okkar að setja lög um mat á umhverfisáhrifum til þess að hindra framkvæmdir af þessu tagi ef við teljum að þær séu ekki í þeim farvegi sem vera ber. Eigum við að snúa okkur að því að breyta lögum um þær stofnanir sem annast þessi verkefni en ekki að misbeita lögum um mat á umhverfisáhrifum.

[18:19]

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Fyrst varðandi það að eins og hv. þm. Tómas Ingi Olrich benti réttilega á er um fleiri greinar að ræða en 3. gr. sem tekur til 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, þá hygg ég nú að það sé engu að síður 6. gr. eða 3. gr. þess frv. sem hér er til umræðu sem helst er átakspunktur vegna þeirrar heimildar sem ráðherra er þar veitt. Varðandi það að frekar eigi að líta á lögin um t.d. landgræðslu vil ég að það sjónarmið mitt komi á framfæri að ég held að það væri að vissu leyti rétt að færa umhvrn. ákveðið umsagnarvald a.m.k. yfir nýtingarráðuneytunum þar sem þar er um stóra hagsmuni að ræða, umhverfisáhrif. Þá er ég bæði að tala um landbúnað og sjávarútveg. Nú ber ég hag landbúnaðar og sjávarútvegs mjög fyrir brjósti en ég held að ef við tökum stærri hagsmuni fyrir hina minni þá muni það fyrst og fremst vera hin víða sýn umhverfismála sem þarf að ráða. Við getum síðan deilt um það hvenær um það er að ræða. En ég held að dæmin sanni að ýmislegt hefur verið gert með mjög góðri meiningu, bæði í skógrækt og landgræðslu sem við munum nú sjá eftir og ég vil sérstaklega tala um það að dæmin hræða varðandi lúpínuna sem við þekkjum mjög vel. Ég vil líka taka það fram að ég ætla mér ekki að sjá fyrir allar þær breytingar sem hafa getað orðið á náttúru landsins, t.d. með alfriðun á móti hóflegri beit. Ég er því ekki að setja mig í sæti guðs almáttugs í þessum málum heldur einungis að fjalla um þau mál sem hafa sannanlega verið í umræðu.

[18:22]

Flm. (Tómas Ingi Olrich) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er ekki sammála hv. þm. Önnu Ólafsdóttur Björnsson að meginbreyting frv. felist í breytingu á orðalagi 6. gr. sem er heimildargreinin. Ég held að það hafi líka komið skýrt fram í máli hennar áðan að meginbreytingin er orðalag á markmiðsgrein laganna en beiting heimildarákvæðisins, hv. þm., hlýtur að vera gerð í ljósi markmiðs laganna. Ef beiting heimildarákvæðisins er gerð án tillits til markmiðs lag-

anna er heimildin ekki fyrir hendi. Heimildin hlýtur að þrengjast með markmiðsgrein laganna. Þetta er grundvallaratriði og ég er sannfærður um það að við nánari umhugsun kemst hv. þm. að því að í þessu tilliti hef ég rétt fyrir mér. Þess vegna er grundvallaratriði að hér er verið að leggja til orðalagsbreytingu á markmiðsgrein laganna til þess að fyrirbyggja misbrúkun á lögunum, mistúlkun og tvímæli.

Í máli hv. þm. Önnu Ólafsdóttur Björnsson kom fram að umhvrn. ætti að fá vald yfir svokölluðu nýtingarráðuneytunum en um þetta snýst einmitt deilan. Ég er þeirrar skoðunar að við rekum ekki umhverfisnefnd með einu miðstýrðu ráðuneyti sem ætlar sér að höndla þessi mál og vera með puttana á öllum öðrum aðilum. Þannig gerist þetta ekki og þannig hefur þetta hvergi gerst, hv. þm. Þvert á móti þurfum við að reka náttúruverndar- og umhverfismál með því að styrkja forsendur þess að hér sé umhverfissinnuð þjóð og að umhverfissjónarmið komi fram á öllum stigum ríkisvaldsins.

[18:24]

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að við, hv. þm. Tómas Ingi Olrich og ég, séum þá orðin sammála um hvað deilan snýst. Ég vil hins vegar taka fram að ég tel ekki nauðsynlegt að umhvrn., það unga ráðuneyti og að mörgu leyti vanmáttuga, hafi umsjón með nýtingu eða e.t.v. í einhverjum einstökum tilfellum síðasta orðið þar þurfi að leiða til miðstýringar. En við erum hins vegar með mjög ungt ráðuneyti og í mörgum tilvikum get ég tekið undir að þessu ráðuneyti hafa verið færð óeðlilega mikil völd í einstökum málum. En að þessu leyti held ég að þeim markmiðum sem við virðumst bæði vera sammála um að umhverfið skuli ávallt vera fyrst og fremst það sem við reynum að taka tillit til verði best náð með því að jafnvel umhvrn. verði smátt og smátt stærra og öflugra og samvinna þess og nýtingarráðuneytanna á að vera eðlilegur hlutur af þeirri þróun. Hins vegar segir skynsemi mín að það sé að mörgu leyti gott að fara frá nýtingarhagsmunum þegar verið er að skipuleggja mat á umhverfi og þau áhrif sem þetta hefur á nýtingu og síðan komi til kasta nýtingarráðuneyta og umhvrn. að ná sátt um málið en kannski með ákveðnu, sérstöku tilliti til þess að umhvrn. ber að gæta ákveðinna hagsmuna sem geta stangast á við nýtingu.

[18:26]

Flm. (Tómas Ingi Olrich) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég fagna því að við hv. þm. Anna Ólafsdóttir Björnsson erum orðin sammála um það hvað er meginatriðið í málinu. Við getum líka verið sammála um að vera á öndverðum meiði um það eins og gengur í störfum þingsins. Hins vegar vil ég að lokum í þessu svari við andsvari koma á framfæri þeirri eindregnu skoðun minni að með því að beita lögunum um mat á umhverfisáhrifum t.d. á það hvort skynsamlegt er að nota lúpínu í uppgræðslustörf eða ekki eins og hv. þm. kom hér inn á áðan er verið að setja undir lög um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdir á vegum Landgræðslu ríkisins og leggja mat á hversu virkar eða góðar þær eru. Með þessu lagi er verið að gera stjórn málaflokksins mjög óskilvirkan og blanda saman málum sem engin ástæða er til þess að flækja með þessum hætti. Ef menn vilja styrkja Landgræðslu ríkisins með það að koma fram með góðar áætlanir gera menn það með lögum um Landgræðslu ríkisins en ekki með því að búa til einhverja yfirstofnun sem fer að blanda sér í áætlun hennar og það hvernig hún hefur vald á sínum málum. Ég vil því eindregið vara við því að halda fast við lög sem sýnt hefur sig að hafa valdið misskilningi og gera framkvæmd Landgræðslu erfiðari en ástæða er til.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 18:28.

---

34. FUNDUR

miðvikudaginn 16. nóv.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Aðgerðir til að draga úr kynjamisrétti, þáltill., 38. mál, þskj. 38. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
2. Foreldrafræðsla, þáltill., 39. mál, þskj. 39. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
3. Varðveisla arfs húsmæðraskóla, þáltill., 40. mál, þskj. 40. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
4. Endurskoðun á launakerfi ríkisins, þáltill., 41. mál, þskj. 41. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
5. Þingsköp Alþingis, frv., 42. mál, þskj. 42. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 49. mál, þskj. 49. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Samkeppnisstaða innlendrar framleiðslu, þáltill., 56. mál, þskj. 56. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
8. Sjóvarnir, frv., 61. mál, þskj. 61. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
9. Sumarmissiri við Háskóla Íslands, þáltill., 152. mál, þskj. 164. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
10. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 153. mál, þskj. 166. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
11. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 154. mál, þskj. 167. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
12. Mat á umhverfisáhrifum, frv., 189. mál, þskj. 211. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
13. Markaðssetning rekaviðar, þáltill., 53. mál, þskj. 53. — Fyrri umr.
14. Nefnd til að kanna útlánatöp innlánsstofnana, frv., 70. mál, þskj. 70. — 1. umr.
15. Vöruverð lífsnauðsynja og verðmunur á milli þéttbýlis og dreifbýlis, þáltill., 103. mál, þskj. 106. — Fyrri umr.

16. Fréttaflutningur af slysförum, þáltill., 115. mál, þskj. 118. — Fyrri umr.
17. Áætlun um að draga úr áfengisneyslu, þáltill., 131. mál, þskj. 137. — Fyrri umr.
18. Fæðingarorlof, þáltill., 147. mál, þskj. 155. — Fyrri umr.
19. Leiðtogafundur á Þingvöllum árið 2000, þáltill., 183. mál, þskj. 205. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:
Finnur Ingólfsson, 11. þm. Reykv.,
Geir H. Haarde, 8. þm. Reykv.,
Gísli S. Einarsson, 4. þm. Vesturl.,
Halldór Blöndal landbrh.,
Ingi Björn Albertsson, 5. þm. Reykv.,
Jóhann Ársælsson, 3. þm. Vesturl.,
Jóhannes Geir Sigurgeirsson, 6. þm. Norðurl. e.,
Jón Kristjánsson, 2. þm. Austurl.,
Kristín Einarsdóttir, 10. þm. Reykv.,
Pétur Bjarnason, 2. þm. Vestf.,
Rannveig Guðmundsdóttir félmrh.,
Steingrímur J. Sigfússon, 4. þm. Norðurl. e.,
Svavar Gestsson, 9. þm. Reykv.,
Valgerður Sverrisdóttir, 3. þm. Norðurl. e.

Útbýting þingskjals:
Varnir gegn umhverfisslysum á sjó, 142. mál, svar umhvrh., þskj. 237.

Tilkynning um utandagskrárumræður.

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):
Forseti vill geta þess áður en gengið verður til dagskrár að klukkan þrjú í dag fer fram utandagskrárumræða. Það er hv. þm. Árni Johnsen sem hefur óskað eftir þessari umræðu og hún fer fram skv. 1. mgr. 50. gr. þingskapa, þ.e. hálftíma umræða, og fjallar um flottroll og karfaveiðar og beinist að hæstv. sjútvrh. Og kl. hálfþjögur í dag fer fram önnur utandagskrárumræða. Það er hv. þm. Guðrún J. Halldórsdóttir sem óskar eftir þeirri umræðu skv. 1. mgr. 50. gr. þingskapa, þ.e. hálftíma umræða, og það verður hæstv. starfandi fjmrh., Þorsteinn Pálsson, sem þar verður til svara varðandi verkfall sjúkraliða, en það er umræðuefnið.

Markaðssetning rekaviðar, fyrri umr.

Þáltill. JVK o.fl., 53. mál. — Þskj. 53.
[13:34]

Björk Jóhannsdóttir:
Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um nýtingu og markaðssetningu rekaviðar. Tillagan er 53. mál þessa þings og er á þskj. 53. Flutningsmenn tillögunnar eru Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, Ragnar Arnalds og Stefán Guðmundsson og hljóðar hún svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að beina því til ríkisstjórnarinnar að koma á fót starfshóp á vegum landbúnaðarráðuneytis til að gera tillögur um nýtingu rekaviðar og markaðssetningu afurða frá rekaviðarvinnslu. Starfshópurinn sé skipaður jafnt konum sem körlum. Þar eigi sæti m.a. fulltrúar frá bændasamtökunum og búnaðarráðunautar, sérfræðingar í markaðsmálum og aðilar frá samtökum iðnaðarins. Starfshópurinn skili niðurstöðum og tillögum fyrir 1. mars 1995."

Ein af þeim auðlindum sem náttúran gefur okkur í ríkum mæli er rekaviður sem rekur á fjörur. Talið er að fljótin í Síberíu beri rekaviðinn með sér út í Norður-Íshafið og þar nái hann aðalstraumnum frá Beringssundi sem stefnir að norðurheimskautinu, frjósi þar í ísnum og eftir um það bil þrjú ár losni hann á leiðinni milli Grænlands og Svalbarða eða síðar. Að þessum niðurstöðum hefur m.a. komist Norðmaðurinn Ívar Samset er hann rannsakaði rekavið á Ströndum í júlí 1990. Ástæða þess að Ívar hóf rannsóknir á viðnum var að hann frétti að bændur söfnuðu viðnum saman og söguðu eða nýttu á annan hátt.

Rekaviður þykir endast mun lengur en innfluttur fúavarinn viður. Ástæðan er sú að á ferð sinni í sjónum sem tekur oft mörg ár síast sjávarseltan inn í viðinn og verður að fyrirtaks fúavörn. Þess vegna endast hlutir úr rekaviði mun lengur en hlutir úr öðrum viði.

Reki taldist til mikilvægra hlunninda á árum áður og bændur notuðu hann gjarnan sem borgun fyrir vinnu eða vöru. Nú til dags er rekaviður helst notaður á býlum rekabændanna sjálfra sem eldiviður í girðingarstaura eða til smíði. Lengi vel gátu rekabændur selt viðinn í girðingarstaura, en samdráttur í hefðbundnum greinum landbúnaðar og þar af leiðandi minnkandi ræktun graslendis hefur haft það í för með sér að eftirspurnin er orðin sáralítil. Vegagerð ríkisins keypti lengi vel girðingarstaura af bændum, en því er nú svo til hætt.

Rafvæðing á girðingum hefur líka átt sinn þátt í því að dregið hefur úr eftirspurn eftir rekastaurum, en þeir þykja ekki ákjósanlegir í rafmagnsgirðingar. Markaður fyrir þessa vöru hefur því nánast horfið. Þó held ég að allir geri sér grein fyrir að um verðmæti er að ræða sem ófært er að fari til spillis þó ekki sé nema út af því að vinnsla á rekaviði gæti skapað þó nokkur störf í landinu.

Ekki þarf að orðlengja það að rekabændum er það fullljóst hve mikil verðmæti gætu legið í rekaviðnum, væri hægt að fullnýta hann. Oft hef ég setið og tekið þátt í umræðum um ótal möguleika á framleiðslu á hinu og þessu úr rekaviði, allt frá skrautnælum til heilla húsa. En allt ber að sama brunni. Markaðurinn er ekki til, hann þarf að vinna. Eigi að síður hefur heilmikið verið gert á undanförnum árum til að nýta viðinn því hugur er í bændum og mikill áhugi á þessu máli. Hér á eftir greini ég frá því helsta sem gert hefur verið og af upptalningunni má sjá að fjölbreytnin er mikil og greinilegt að margir aðilar hafa sýnt málinu áhuga.

Í Þorpum í Steingrímsfirði er nýbyggt íbúðarhús sem eingöngu er byggt úr rekaviði, þ.e. í burðarvirki, útiklæðningu, gluggum og hurðum er heimaunnið efni af Þorparekanum sem löngu er orðinn landsfrægur fyrir góða umhiðru. Má það teljast mikið þrekvirki í dag að saga svo til allt timbur sem þarf í heilt íbúðarhús með þeim verkfærum sem venjulegur rekabóndi hefur, því að oft eru sagirnar ekki mjög nákvæmar. Íbúðarhúsið hefur hlotið mikla athygli sem vonlegt er, því þarna geta menn barið augum einn þeirra fjölmörgu möguleika sem rekaviðurinn hefur og gefur þetta verk bændum nýja von um nýtingu á þessari auðlind. Hugmyndir eru uppi innan Fjórðungssambands Vestfirðinga um að hrinda af stað verkefni um nýtingu á rekavið til smíði á sumarhúsum, smáhýsum, safnkössum og fleiru. Stjórn Fjórðungssambandsins íhugar að kaupa hönnun á sumarbústað til notkunar í þetta verkefni.

Ferðamálasamtök Vestfjarða eru að hrinda af stað samkeppni um hönnun á leiktækjum úr rekaviði á tjaldstæði á Vestfjörðum. Þannig fá tjaldstæðin sérstakan svip sem markast af því hve rekaviðurinn er einkennandi fyrir svæðið. Þannig geta leiktækin bæði verið eins konar listaverk og minnt ferðamanninn á hve einkennandi rekinn er fyrir þetta landsvæði.

Rekabændur í Árneshreppi á Ströndum hafa stofnað hlutafélag. Markmið þess er úrvinnsla og markaðssetning á rekavið. Hlutafélagið heitir Háireki hf. og keypti það sögunarstöð sem knúin er með aflúrtaki úr dráttarvél. Hún er þannig hönnuð að einn maður getur auðveldlega stjórnað allri vinnslu ef aðrir sjá um að flytja efni til og frá vélinni. Auk þess að ætla sér að saga sitt eigið timbur ætla félagar í hlutafélaginu að bjóða öðrum rekabændum að saga fyrir þá gegn greiðslu því að sögin hefur þann ágæta kost að vera færanleg á milli staða. Eftir því sem ég best veit verður sögin í vinnslu í allan vetur.

Ung bændahjón í Kirkjubólshreppi í Strandasýslu hafa keypt sér viðarkurlara til að kurla niður úrgangsvið sem til fellur og gera úr honum verðmæti. Kurl af þessu tagi er hægt að nota til margra hluta, t.d. sem ofanálag í göngustíga og trjábeð. Einnig er hægt að nota kurlið til upphitunar en víða í Strandasýslu hafa bændur keypt sér katla sem brenna úrgangi og við til að minnka upphitunarkostnað sem er mjög mikill á þessu svæði. Kurlarinn kostaði 350 þús. kr. og er um heilmikið átak að ræða hjá fólki sem hefur þurft að horfast í augu við minnkandi tekjur og skerðingu á framleiðslu sinni. Af þessu má sjá að sjálfsbjargarviðleitnin hjá bændum er mikil þrátt fyrir aðgerðir stjórnarvalda í flötum niðurskurði á framleiðslu þeirra.

Byggðastofnun veitti styrk nú nýlega til hönnunar á garðhúsgögnum úr rekaviði og stáli sem Elísabet Gunnarsdóttir arkitekt og vélsmiðjan 3X-stál hyggjast smíða. Þar gætu opnast fleiri möguleikar á nýtingu ef markaður vinnst. Ekki má gleyma því að listafólk hefur óþrjótandi hugmyndir um alls kyns listmuni sem hægt væri að framleiða úr rekaviðnum. Það ættu að vera miklir möguleikar á því að listmunir úr rekaviði seldust því að hann er svo einkennandi fyrir Strandirnar.

Handverkshópar skjóta nú alls staðar upp kollinum með konur í broddi fylkingar og er þar um merkilega þróun að ræða sem gæti skilað litlum samfélögum dýrmætri reynslu á sviði markaðsmála og framleiðslu. Við skulum nefnilega vara okkur á því að gera lítið úr því smáa því þar leynist oft sá vaxtarbroddur sem skilar sér til framtíðarinnar. Búnaðarsamband Strandamanna hefur leitað eftir aðstoð Búnaðarfélags Íslands til þess að hanna tölvuforrit sem hefði að geyma allar upplýsingar um það timbur sem bændur í Strandasýslu ættu, tegundir timburs og aðrar þess háttar upplýsingar sem kaupandanum nýtast. Þá væri hægt að saga það timbur sem markaðurinn vildi. Kaupandinn gæti athugað það sem í boði væri og hvar það fengist og þannig sparað kostnaðarsaman akstur með timbur og borgun millilliða.

Virðulegi forseti. Af fyrrgreindum atriðum má ljóst vera að mikil þörf er fyrir aðstoð við uppbyggingu á markaði fyrir afurðir unnar úr rekaviði. Margir aðilar hafa unnið mikið starf nú þegar við að efla nýtingu á þessari auðlind sem hefur verið vannýtt svo lengi okkur öllum til vansa. Með framkvæmd þessarar tillögu getum við aukið atvinnu í landinu og nýtt auðlind sem náttúran gaf okkur.

Að lokinni umræðu um þetta mál legg ég til að málinu verði vísað til síðari umr. og hv. landbn.

[13:44]

Guðmundur Bjarnason:

Hæstv. forseti. Mig langar til að leggja örfá orð inn í þessa umræðu og þakka flm. fyrir þá tillögu sem hér er flutt og jafnframt frsm. fyrir hennar ágætu ræðu og þær ábendingar sem í henni fólust.

Ég vil lýsa stuðningi mínum við þessa tillögu og jafnframt kannski minna á það að fyrir nokkrum árum síðan flutti sá sem hér stendur tillögu svipaðs eðlis, þ.e. um nýtingu á rekavið, og benti á ýmsa þá nýtingarmöguleika sem hér er rætt um í grg. tillögunnar og í ræðu hv. frsm.

Ég held að það ástand sem er í þjóðfélaginu nú kunni að skapa ný viðhorf til máls af þessu tagi, þ.e. við þurfum að leita allra leiða til þess að skapa atvinnutækifæri til þess að nýta þau verðmæti sem kunna að vera til og vera fyrir hendi í okkar þjóðfélagi. Og þó að tillagan sem ég flutti fyrir nokkrum árum síðan hafi ekki fengið ítarlega umfjöllun eða afgreiðslu í þinginu þá kann að vera að það viðhorf sé breytt nú og hv. alþm. kunni að fylgja eftir þeirri tillögu sem hér liggur fyrir með þeim hætti að samþykkja hana og reyna að hrinda þessari athugun eða vinnu í gang sem hér er lögð til.

Ég þarf ekki að hafa mörg orð um þetta mál, virðulegur forseti. Ég vil þó taka undir það sem kom fram hjá hv. flm. að það eru ýmsir möguleikar fyrir hendi. Handverkshópar eru starfandi víða um land sem eru að vinna að verkefnum af þessu tagi. Það voru hér nefndir listmunir og skartgripir en það sem við þurfum að fylgja eftir í því efni sérstaklega er einmitt markaðssetningin eða markaðsmálin sem hér eru einnig nefnd eða dregin fram því við þurfum að hasla okkur völl enn frekar en okkur hefur tekist hingað til á því sviði.

Við vitum það ef við ferðumst t.d. um nágrannalöndin að mjög mikið er um það að á boðstólum eru ýmiss konar minjagripir, listmunir, skartgripir og eitt og annað sem reynt er að markaðssetja fyrir ferðamennina og við ættum sannarlega að eiga möguleika á því sviði, ekki síst með tilliti til þess að við viljum leggja aukna áherslu á mikilvægi ferðaþjónustunnar sem eins af okkar aðalatvinnuvegum. Má minna á það að ferðaþjónustan er að verða ein af okkar aðalútflutningsgreinum eða skapar næstmestan gjaldeyri, næst sjávarútveginum.

Ég vil líka taka undir það sem fram kom að það má nota rekavið á ýmsan annan hátt. Hann hefur líklega mest verið nýttur á undanförnum árum sem efni í girðingarstaura og þó dregið hafi úr þeim nýtingarmöguleikum þá held ég að það séu ýmsir aðrir möguleikar til sem við höfum ekki horft til, t.d. smíði jafnvel húsa eins og hér var greint en þó það væri ekki svo stórtækt þá ætti að nýta rekaviðinn í ýmiss konar húsgagnaframleiðslu. Ég hef t.d. heimsótt fallegt heimili norður á Melrakkasléttu þar sem hagleikssmiður, húsbóndinn þar, hefur smíðað nánast öll húsgögnin í stofu og herbergi á því heimili úr rekavið og það er sannarlega gaman að sjá að slíkt skuli vera mögulegt og segir okkur þá jafnframt að þarna er hráefni sem nýtanlegt er til ýmissa hluta.

Ég býst þó við að nýtingin sé nokkuð kostnaðarsöm. Kannski er kostnaðarsamasti liðurinn, án þess að ég hafi rifjað það upp eða farið yfir það síðan ég flutti tillögu svipaðs efnis á þingi fyrir nokkrum árum síðan, e.t.v. í því að safna rekaviðnum, þ.e. að ná honum saman á einn stað eða nokkra staði þar sem hægt er að nýta hann, því að strandlengjan er löng og þar er strjálbyggt og það er oft og víða erfitt að komast að fjörunni til þess að hirða rekaviðinn. Það þarf því sjálfsagt að skoða það með hvaða tækni og á hvaða stöðum á að leggja áherslu á þessa nýtingu. Ég vil minna á það að t.d. á Þórshöfn var fyrir nokkrum árum síðan byggð skemma þar sem átti að setja upp sögunarverksmiðju en því miður gekk það ekki eftir eins vel og forgöngumenn í því efni vildu og lögðu upp með, m.a. vegna þess að það er kostnaðarsamt að ná þessu hráefni öllu á einn stað. Þess vegna kann að vera að það sé rétt að færanlegar verksmiðjur af einhverju tagi, færanleg sögunarverksmiðja, sé skynsamlegri og auðveldari til þess að gera nýtinguna mögulega.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa um þetta fleiri orð. Ég ætla aðeins að lýsa yfir stuðningi mínum við þessa tillögu og undirstrika að það er mjög mikilvægt að við leitum og lítum að hvers konar möguleikum til þess að styrkja og treysta okkar atvinnulíf, nýta þær auðlindir sem kunna að vera fyrir hendi og ég hygg að rekaviðurinn geti vel flokkast undir það að vera ein af slíkum auðlindum.

[13:50]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi láta í ljósi stuðning minn við þetta mál og lýsa yfir ánægju minni með að þessi till. til þál. skuli koma til umræðu. Ég held að hér sé á ferðinni mjög athyglisvert mál. Eflaust má alltaf deila fram og til baka um það form sem er á þessari tillögu, hvort nefndaskipunin skuli vera með þeim hætti sem hér er verið að leggja til o.s.frv. og hvort raunhæft sé að nefndin geti lokið störfum 1. mars á næsta ári. Þetta eru hins vegar aukaatriði sem við eigum að ræða í hv. landbn. en aðalatriði málsins finnst mér vera sú hugsun að leggja til atlögu við það að reyna að nýta sem best rekaviðinn og þessar auðlindir sem við höfum sem rekaviðurinn er vissulega einn hluti af. Þetta er auðlind sem við höfum því miður ekki getað nýtt með þeim hætti sem æskilegt hefði verið.

Það er rétt sem kom fram í máli hv. frsm. áðan að aðstæður hafa breyst mjög mikið hjá rekaviðarbændum. Hér á árum áður var tiltölulega blómlegur markaður fyrir girðingarstaura og ýmis efni líka fyrir Vegagerð ríkisins en þetta hefur allt saman verið að breytast, bæði vegna rafvæðingar í girðingum og eins vegna þess að Vegagerðin er núna farin að nota önnur efni, þá hefur þetta allt saman breyst. Möguleikar manna til þess að koma afurðunum á markað eru því miður orðnir lakari heldur en áður.

Það er líka rétt sem hv. 1. þm. Norðurl. e. sagði áðan að kostnaðarsamasti hlutinn af þessu máli er það að nýta rekann víða. Víða rekur viðinn á fjörur þar sem erfitt er að komast að honum með tækjum og menn þurfa oft og tíðum í mikilli vosbúð að ná í þennan við þannig að þetta er ekkert einfalt mál. Þess vegna er það mjög þakkarvert að það skuli þó vera þannig að bændur, þar sem þannig háttar til, skuli nýta rekann og maður verður var við það núna upp á síðkastið að það er vaxandi áhugi á þessu máli. Kannski á það hérna við að neyðin hafi kennt naktri konu að spinna og að það hefur verið að þrengjast um í sveitum landsins og þrengjast um á vinnumarkaðnum í landinu sem hefur gert það að verkum að við erum farin að horfa á hluti sem áður voru ekki taldir mjög skynsamlegir. Ég held að allt um það sé það ómótmælanlegt að það er vaxandi áhugi á því að nýta rekaviðinn betur og til annarra hluta heldur en gert hefur verið.

Ég get t.d. nefnt sem dæmi að norður í Árneshreppi hafa bændur nú þegar tekið við sér og þegar landbn. Alþingis var á ferðinni þar í sumar þá sáum við ákaflega skemmtileg vinnubrögð í nýrri sög sem menn þar höfðu keypt til þess að saga niður rekaviðinn og það er greinilegt að möguleikarnir með þessari nýju tækni sem verið er að innleiða með þessum nýju verkfærum eru allt aðrir en þeir voru. Þetta verkfæri sem við skoðuðum í sumar var finnsk vél sem ekki hafði áður verið flutt til landsins og þar var einfaldlega verið að innleiða nýja tækni og möguleika á því að vinna úr miklu grófara og erfiðara efni, borðvið og hvers konar við, sem örugglega er hægt að finna markað fyrir.

Hér hefur verið mjög mikið rætt um möguleikann á því að nýta rekaviðinn til hvers konar handverksframleiðslu. Ég er sammála því að það er allt hið besta mál og mjög áhugavert að gera það og kannski er virðisaukinn í þeirri framleiðslu meiri heldur en í öðru. En

engu að síður skulum við hafa það í huga og gera okkur það ljóst að við erum að tala um gríðarlega mikið magn af rekavið sem við verðum að finna markað fyrir. Þegar við erum að tala um það þá dugar ekki smálegur handiðnaður í þeim efnum, við verðum væntanlega að finna markaði sem henta til þess að taka á móti svona miklu magni. Borðviður t.d. af ýmsu tagi, byggingarefni í hús og fleira af því taginu eru hlutir sem við hljótum sérstaklega að horfa á.

Það kom fram líka í þessari ferð landbn. norður í Árneshrepp, svo ég enn nefni þessa merku og eftirminnilegu ferð, að bændur höfðu þegar náð nokkrum markaði fyrir þennan við sinn sem parketefni í stássstofum suður í Reykjavík og víðar og þetta virtist vera a.m.k. markaður sem sannarlega væri til staðar. Ég held að það sem er kannski eftirtektarverðast við þetta sé að vegna sérstöðu efnisins þá gætum við hugsanlega verið að tala um viðbótarmarkað sem ekki hafi verið hægt að sinna fram að þessu. Fólk mun auðvitað sækjast eftir því að nota við af þessu taginu umfram eitthvað annað. Ég tek sem dæmi um þetta eða til hliðsjónar af þessu að það er líka markaður fyrir t.d. sérvaldar íslenskar trjávörur vegna sérstöðunnar. Ekki vegna þess að menn eigi ekki þess kost að fá efni í parket eða veggi eða eitthvað annað, panel eða eitthvað annað, heldur vegna þess að þetta efni hefur ákveðna sérstöðu.

Ég held að við séum núna kannski að upplifa ákveðna viðhorfsbreytingu og menn séu að átta sig á því að mögleikarnir í þessum efnum séu meiri heldur en við hugðum í upphafi.

Ég ræddi við bónda sem er nú þegar að vinna úr þessum rekavið og hann hefur vakið athygli á því að e.t.v. væri hér líka kominn kjörinn vettvangur fyrir unglinga og börn úr þéttbýli til þess að kynnast nýjum háttum og nýju umhverfi. Hann sagði sem svo að kannski væri hér kjörið tækifæri til þess að skapa unglingum og börnum landsins möguleika á tímabundnu starfi við það að fá að kynnast því að nýta þennan við.

Ég nefndi áðan ýmsar nýjar hugmyndir og ég get getið þess líka að mér er kunnugt um það að menn sem núna vilja efla nýtingu á rekavið hafa þegar aflað markaðar fyrir þennan rekavið í álverinu í Straumsvík sem yrði þá nýr markaður. Ég kann ekki fyllilega skil á hvernig þessi viður nýtist þar en þar mun vera um að ræða einhvers konar niðursagaða kubba sem nýtast við uppstöflun á álinu sem áður þurfti að kaupa einhvers staðar annars staðar frá. Hér er um að ræða ýmsa möguleika af þessu taginu og ég held að við finnum ekki neina eina allsherjarlausn.

En aðalatriðið er sem sagt það að ég held að það sé rétt sem fram kemur í þessari þáltill. að það er þess virði að reyna að finna nýja markaði fyrir þessa afurð, líka vegna þess að hér kann að vera um að ræða eitthvert svar, ekki fullnægjandi svar, en svar við þeim minni tekjum sem hafa orðið í sveitum landsins. Víða þar sem svo háttar til að við rekur á land hefur þetta komið mjög harkalega niður, t.d. norður í Árneshreppi þar sem menn geta nánast ekki búið að neinu öðru en sauðfjárrækt og því miður hefur það verið svo að þar hafa menn fengið á sig eins og annars staðar þessa miklu skerðingu þrátt fyrir að sjálfsagt sé sú sveit hvað verst undir flatan niðurskurð í sauðfjárræktinni búin. Þarna kann að vera um að ræða lið í því að efla aftur tekjurnar í þessu byggðarlagi.

Virðulegi forseti. Ég held að það sé rétt að þetta mál fái vandaða og góða meðferð og hv. landbn. taki það til efnislegrar umfjöllunar. Ég vil segja fyrir mína parta að ég er ákaflega jákvæður fyrir þeirri hugmynd sem hér býr að baki. Ég tel að það þurfi kannski að skoða ýmsar hliðar þessa máls en allt að því tel ég að aðalatriðið sé það að að þessu máli sé unnið og það verði gert innan tíðar.

[13:59]

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég kem í ræðustól til þess að lýsa yfir stuðningi við þetta mál, eindregnum stuðningi raunar, vegna þess að það hefur ekki farið fram hjá neinum að það hefur verið sorglegt að sjá þessi miklu verðmæti liggja um allar Strandir og víðar á landinu, ónotaðan viðinn. Margt af þessu er eins og menn vita miklu betri viður en við eigum kost á annars staðar, eðalviður oft og tíðum. Mér finnst mjög þakkarvert að þessi tillaga skuli fram komin og vil endilega fara fram á það við hv. landbn. að þetta mál verði tekið alvarlega. Það er alveg ljóst eins og hér hefur komið fram að tækni hefur fleygt mjög fram í því erfiða verkefni að safna rekanum, sem er auðvitað töluvert snúið á okkar löngu strandlengjum. En eins og kemur hér fram í grein Brynjólfs Sæmundssonar sem fylgir með tillögunni sem fylgiskjal þá er greinilega miklu auðveldara um vik að framkvæma þetta verk núna. Menn hafa reyndar á síðustu áratugum í vaxandi mæli notað reka er mér kunnugt um á Ströndum til húshitunar og eins og fram kom hjá hv. 3. þm. Vestf. hefur álverið í Straumsvík keypt dálítið af viðarkubbum. En hér er um að ræða mjög fallegan við og sérstæðan og ég held að við megum ekki gleyma þeim þætti. Það mætti t.d. við vinnslu málsins benda opinberum aðilum á það sem kaupa dýrar klæðningar víða að úr heiminum í opinberar byggingar af öllu tagi að það mætti líta til þessa efniviðar sem við höfum hér liggjandi við strendur landsins.

Ég skal ekki, herra forseti, lengja þessa umræðu. Ég vil fagna þessari tillögu eins og ég gerði að ég hygg þegar hún var flutt fyrst á 117. þingi og fara fram á að þetta mál hljóti afgreiðslu á þessu þingi.

[14:01]

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka þá umræðu sem hér hefur farið fram og flm. og frsm. fyrir að hafa hreyft þessu máli hér í þinginu. Það vill nú svo til eins og reyndar kom fram í ræðu hv. 3. þm. Vestf. sem talaði fyrr í þessari umræðu að landbn. hefur kynnt sér þessi mál nokkuð og m.a. í eftirminnilegri ferð norður á Strandir síðasta sumar. Þar var okkur sýnd þessi nýja sög og reyndar höfum við séð fleiri af sama toga. Það er auðvitað grundvallaratriði í þessum efnum að það sé hægt að beita tækjum við vinnsluna því svo kemur það þá frekar í hlut annarra að leggja fram hugvit við að

nýta þessa afurð. Það vill svo til að fyrir stuttu síðan afgreiddi Byggðastofnun ofurlitla stuðningsstyrki við tvær slíkar sagir að ég hygg sem einmitt eru til notkunar á þessum slóðum.

Það verður hins vegar að segjast eins og er að mér hefur fundist það varðandi stuðning frá Framleiðnisjóði landbúnaðarins við verkefni af þessum toga, þ.e. sagir, stórviðarsagir til að nýta rekavið, að það hafi verið nokkuð þungt fyrir fæti að sækja þangað stuðning. Því það gefur náttúrlega auga leið að þegar verið er að þróa verkefni með sama hætti og hér er verið að stofna til og vinna upp markaði þá er miklum erfiðleikum háð að leggja í mikla fjárfestingu. Þessir styrkir voru að sjálfsögðu ekki háar upphæðir enda vita það sjálfsagt allir hv. þm. að Byggðastofnun hefur ekki úr miklu að spila til slíkra verkefna en hún vildi hins vegar sýna viljann í verki að því er varðaði stuðning við þetta starf.

Mér finnst vert að geta þess við þessa umræðu að trjávinnsla er í rauninni hafin úr íslenskum skógum eða íslenskum skógi austur á Hallormsstað. Þangað hefur verið keypt fullkomin sög til vinnslu á þessum íslenska skógi og þar hefur að því er ég hygg verið gengið frá sölu á tilteknu magni til ákveðinna verkefna austur á Egilsstöðum sem verða að sjálfsögðu sérstæð að því er varðar þennan þátt mála. Mér finnst líka rétt að það komi fram við þessa umræðu að landbrh. hefur skipað sérstaka nefnd til þess að fjalla um nýtingu og vinnslu á íslenskum trjávið. Ég hygg að það væri góður kostur fyrir landbn. þegar hún kemur til með að fjalla um þetta málefni að fá upplýsingar frá þessu nefndarstarfi. Vera má að það geti orðið til stuðnings við að þoka þessu máli áleiðis.

Ég tek undir það sem hefur komið fram að hér er um mikilvæg verðmæti að ræða. Umræðan sýnir það að menn halda tryggð við það sem landið gefur þeim og sjórinn og það er gott til þess að hugsa að mönnum þyki þessi vara verðmætari vegna þess hvernig hún er til komin, unnin hér á landi, fremur en að vera flutt frá öðrum þjóðum. Ég get fullvissað hv. 14. þm. Reykv. um að eins og með önnur alvörumál þá mun landbn. taka þetta mál til umræðu með þeim góða ásetningi að geta orðið því að liði.

[14:08]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil leggja nokkur orð í belg um þetta ágæta mál sem hér er til umræðu. Ég á sæti í hv. landbn. og mun því fá tækifæri þar til að kanna málið og skoða allar hliðar þess. Að mínum dómi er hér einmitt um mál að ræða sem gefur möguleika á atvinnusköpun úti á landsbyggðinni. Ekki veitir nú af að skoða alla kosti sem um er að ræða til að vinna gegn atvinnuleysi og ekki síst þeim mikla samdrætti sem við höfum horft upp á í landbúnaði.

Menn hafa verið að vitna hér til ferðar landbn. í sumar, m.a. um Strandasýslu, þar sem við sáum tilraunir til að vinna úr rekaviði. En við fengum líka að heyra þar að bændur eru uggandi um framtíð búskapar á því svæði og sögðu: „Hér er enginn til að taka við.“ Það ræðst m.a. af þeim miklu erfiðleikum sem landbúnaðurinn hefur verið að ganga í gegnum.

Ég ferðaðist líka um Norðausturlandið í sumar og þar má víða sjá við strendurnar mikinn rekavið sem liggur eins og hráviði um allt og virðist vera heldur lítið nýttur þannig að hér er greinilega verk að vinna.

En það sem mér finnst skipta máli í þessu samhengi er einmitt að það er í máli eins og þessu sem ríkisvaldið á að koma inn í til aðstoðar og þá fyrst og fremst með því að benda á eða skapa möguleika til lána þannig að hægt sé að koma af stað litlum fyrirtækjum sem vildu nýta rekaviðinn. Ríkið á einnig að aðstoða við hönnun og uppbyggingu í kringum þau litlu fyrirtæki sem hugsanlega gætu skapast í kringum rekaviðinn.

Virðulegi forseti. Ég tel að hér sé um mjög gott mál að ræða sem kallar á vandaðan undirbúning. Við þurfum að velta því fyrir okkur í landbn. hvernig best er að skipa þessu máli, hvort hugsanlega ætti að ganga lengra heldur en tillagan gerir ráð fyrir og m.a. að benda á ýmis vandamál sem eru þessu samfara eins og því sem hv. 1. þm. Norðurl. e. benti á, þ.e. hvernig á að standa að söfnun rekaviðar. Það gefur auga leið að ef það á að verða einhver veruleg uppbygging í kringum vinnslu rekaviðar þá verður auðvitað fyrst að byrja á að safna honum. Þarna gæti verið um einhvers konar samvinnuverkefni að ræða milli bænda. En allt þetta verðum við að athuga í landbn.

Ég lýsi yfir fullum stuðningi við þetta mál og mun leggja mitt af mörkum til að þessi tillaga fáist samþykkt fyrir þinglok.

[14:11]

Jón Helgason:

Herra forseti. Ég vil, eins og aðrir ræðumenn hér, þakka fyrir flutning þessar tillögu og ætla að reyna að endurtaka ekki það sem nefnt hefur verið henni til ágætis. Ég vil aðeins geta þess að það hefur verið veitt ráðgjöf í því að reyna að nýta þá auðlind sem rekaviðurinn er og hefur verið unnið að því af hálfu ráðunauta bæði hjá Búnaðarfélagi Íslands og búnaðarsamböndum eins og reyndar kemur fram í því að fskj. með tillögunni er umsögn eins ráðunauts Búnaðarsambandsins. En það sem þar var unnið að t.d. á síðustu árum var að kynna katla til þess að brenna úrgangsrekavið í sem ekki var hægt að nýta á annan hátt og þannig gátu menn sparað sér kostnað við aðkeypt upphitunarefni.

Það er að sjálfsögðu mikilvægt að reyna að nýta þessa auðlind ekki aðeins til þess að skapa atvinnu, sem ég vil sterklega taka undir að er mjög mikilvægt, heldur líka að reyna að koma í veg fyrir að þessi verðmæti fari til einskis. Við hljótum að verða að huga að því á öllum sviðum hvernig við nýtum verðmætin og þá ekki síst þau sem eru takmörkuð í heiminum eins og timbur. Það ætti líka að vera metnaður okkar að vinna vel að því. Og þá kemur hin hliðin sem ég vildi minnast á, þ.e. að að sjálfsögðu er það lýti á landinu sums staðar þar sem mikið er af timbri sem verður þá að rusli á fjörunum. En nú er einmitt að hefjast átak í því skyni að reyna að hreinsa fjörur og strendur vatna til landsins. Ungmennafélag Íslands er að fara af stað

með átak í því efni og leitar eftir stuðningi annarra félagasamtaka í landinu til þess að reyna að halda landinu hreinu. Að sjálfsögðu er það auðveldara ef samfara því að hreinsa landið gæti fylgt nýting og margföld verðmætasköpun.

[14:14]

Björk Jóhannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka þingmönnum fyrir góðar undirtektir við tillöguna um nýtingu og markaðssetningu rekaviðar. Ég vil þakka fyrir ábendingar og ítreka að bændur binda miklar vonir við að úrbætur verði á markaðsmálunum því að nýir nýtingarmöguleikar gætu fylgt í kjölfarið á nýjum mörkuðum og þar af leiðandi skapað ný störf.

Hv. þm. Guðmundur Bjarnason minntist á að mikill kostnaður væri samfara því að safna viðnum saman. Bændur hafa leyst það að einhverju leyti með því að kaupa þessa sögunarstöð sem er færanleg á milli staða þannig að það auðveldar málið að einhverju leyti.

En ég vil leggja áherslu á að hugmyndir um nýtingu eru nú þegar mjög margar komnar í framkvæmd en þær eru háðar markaði og á þeim vettvangi þarf að gera átak.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Nefnd til að kanna útlánatöp innlánsstofnana, 1. umr.

Frv. KÁ o.fl., 70. mál. — Þskj. 70.

[14:16]

Flm. (Kristín Ástgeirsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga á þskj. 70 um skipan nefndar til að kanna útlánatöp innlánsstofnana, fjárfestingarlánasjóða atvinnuveganna og Byggðastofnunar.

Flm. ásamt mér eru Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, Kristín Einarsdóttir, Guðrún J. Halldórsdóttir og Anna Ólafsdóttir Björnsson.

Þetta frv. var flutt á síðasta þingi og komst til nefndar og var sent til umsagnar en náði ekki endanlegri afgreiðslu. Þar af leiðir að það liggja nokkrar umsagnir um þetta mál sem ég mun vitna til á eftir en þær eru þó alls ekki nógu margar til þess að gera sér grein fyrir undirtektum við málið.

Það frv. sem hér liggur fyrir á rætur að rekja til þess að á hinu háa Alþingi var samþykkt vorið 1993 aðstoð við Landsbanka Íslands. Þá um vorið urðu miklar umræður um stöðu bankanna, stöðu Landsbankans sérstaklega og reyndar annarra lánastofnana. Þá vöknuðu spurningar um það hvernig stæði á slæmri stöðu Landsbankans og reyndar annarra, bæði útlánastofnana og ýmissa sjóða.

Á Norðurlöndunum var á sínum tíma farin sú leið þegar kreppa reið yfir bankakerfin í Noregi og Svíþjóð að setja nefndir í að kanna orsakir þeirra miklu útlánatapa sem þar urðu. Þær úttektir leiddu ýmislegt merkilegt í ljós.

Ég tel að við hér á Íslandi búum við nokkuð sérstaka stöðu sem ræðst af því hvernig hér hefur verið um áratuga skeið skipað í yfirstjórnir banka, hvort sem þar hefur verið um að ræða ríkisbanka eða aðra, og þó einkum ríkisbankana þar sem hefur verið um pólitískar stöðuveitingar að ræða. Það er ekki nokkur vafi á því að við afgreiðslu lána hefur oft og tíðum annað ráðið en hagkvæmni og hagsmunir bankanna. Enda kemur í ljós þegar farið er ofan í þessi mál að útlánatöp banka og lánastofnana og sjóða nema tæplega 40 milljörðum kr. eða 38 milljörðum kr. á síðustu fimm árum. — 38 milljörðum kr. á síðustu árum.

Þessi útlánatöp sem orðið hafa hér á landi gengu seinna yfir heldur en gerðist á Norðurlöndunum og það er mjög fróðlegt að velta því fyrir sér hvers vegna þetta gerðist. Við vitum að á níunda áratugnum var lánað mikið fé til tilrauna í atvinnurekstri og þá einkum til fiskeldis og loðdýraræktar sem því miður mistókst að miklu leyti. Þar hefur orðið gríðarlegt tap á lánsfé. En töpin eru víðar. Þegar um svona gríðarlegar upphæðir er að ræða eins og hér eru á ferðinni hlýtur að vera eðlilegt að skoða hvað veldur. Þar með er ekki verið að gefa í skyn að um óeðlilega fyrirgreiðslu sé að ræða þó að þess kunni að vera dæmi og séu eflaust heldur hlýtur það að vera mjög lærdómsríkt fyrir okkur öll að átta okkur betur á þróun í peningakerfinu, átta okkur á því hvernig bönkunum hefur verið stýrt hér á landi og í hvað þessir peningar hafa farið. Utan þessara talna sem ég er að nefna er t.d. húsnæðiskerfið og Lánasjóður ísl. námsmanna sem koma ekki inn í þetta dæmi en hér eru það bankarnir og stofnun eins og Byggðastofnun.

Hér í frv. eru birtar nýjustu tölur yfir útlánatöp og þar kemur í ljós að ef horft er á innlánsstofnanir þá náðu útlánatöpin hámarki árið 1992. En tölur yfir 1993 eru heldur lægri. 1992 voru lagðir á afskriftareikning 7,2 milljarðar en 1993 var lagður 6,1 milljarður inn á afskriftareikning.

Ef við horfum á fjárfestingarlánasjóðina þá er þar ekki alveg sama sagan því þar náðu afskriftir hámarki 1991, eða það sem lagt var inn á afskriftareikning, þar sem lagðir voru inn 6,9 milljarðar kr., 2,4 milljarðar árið 1992 og 3,4 árið 1993. Síðan getur hér að líta tölur yfir töpuð útlán og þarna er um að ræða gríðarlegar upphæðir.

Þegar litið er á Byggðastofnun þá hefur þar verið um stöðuga aukningu að ræða í afskrifuðum lánum og árið 1992 nam sú tala 939 millj. kr. eða tæplega 1 milljarði kr.

Það vakna auðvitað margar spurningar í þessu máli: Í hvað hefur verið lánað, hvernig hafa þessir peningar skilað sér og er þarna um einhverja óeðlilega fyrirgreiðslu að ræða?

Það er ekki síst fróðlegt að huga að þessu máli í ljósi þess sem gerst hefur í Færeyjum þar sem um var að ræða mikil lán í óarðbærar fjárfestingar og þar sem tókst að skapa kerfi þar sem menn gátu beinlínis gert út á lánasjóðina án þess að þurfa að standa gerðum sínum skil. Við hljótum að spyrja: Hver ber ábyrgð? Það tíðkast ekki hér á landi að menn séu dregnir til

ábyrgðar þó að það hafi reyndar gerst á sínum tíma í Útvegsbankamálinu. Og þó ég taki svo til orða þá er ekki þar með sagt að það sé um neina ólöglega starfsemi að ræða heldur er það augljóst, sérstaklega þegar litið er á loðdýraræktina og laxeldið á sínum tíma, að þarna fóru menn greinilega mjög geyst. Mér finnst það alveg sérstaklega varðandi loðdýrabúin að þær lánveitingar voru alveg með ólíkindum því það sér hver heilvita maður að það var ekki markaður fyrir alla þessa gríðarlegu framleiðslu og þarna var um framleiðslu að ræða sem var mjög viðkvæm, sveiflast upp og niður og menn hafa séð alveg ótrúlegar verðsveiflur.

Á þingi í fyrra þegar þetta mál kom til umræðu var vitnað í ýmis ummæli ráðamanna um lánastofnanir, þar á meðal um Byggðastofnun, og urðu nokkuð hörð orðaskipti milli hæstv. fjmrh. og formanns stjórnar Byggðastofnunar en fjmrh. gaf það í skyn að um óeðlilega fyrirgreiðslu væri að ræða hjá Byggðastofnun.

Við höfum dæmi um svokallaða Vestfjarðaaðstoð sem var samþykkt hér á hinu háa Alþingi, sem er reyndar annars eðlis og Alþingi ber auðvitað ábyrgð á því, en við hljótum að spyrja: Í hvað fara peningarnir og í hvað hafa þeir farið?

Það er nokkuð dæmigert í þeim umsögnum sem bárust um þetta frv. að menn sem eiga hagsmuna að gæta eru ekkert mjög hrifnir af því að það sé farið að skipa nefnd til þess að skoða þeirra eigin mál en það voru þó nokkrir aðilar sem komu með jákvæða umsögn um frv., þar á meðal Verslunarráð sem þó gagnrýndi þá leið sem hér er farin, þ.e. að skipa sérstaka kjörna nefnd til þess að kanna þessi mál. En það var og er skoðun okkar flm. að vegna þess hve alþingismenn sitja beggja vegna borðsins þá væri miklu eðlilegra að fá utanaðkomandi aðila til að skoða þessi mál heldur en að það verði farin sú leið að kjósa nefnd t.d. á Alþingi eða fela ríkisstjórninni að skipa slíka nefnd.

En aðrir koma í sínum umsögnum með skýringar á því sem gerst hefur í fjármálum á undanförnum árum og er hægt að fallast á það allt saman. Það eru ýmsar skýringar á því sem gerst hefur og þá ekki síst þeir háu vextir sem hér hafa ríkt. En það eru líka ýmsir sem ekki láta í ljós álit sitt, t.d. Byggðastofnun, vegna þess að sérstaklega er nefnt að það beri að gera úttekt á henni. Neytendasamtökin tóku mjög jákvætt undir þessa tillögu.

Þá má líka minnast á það að núv. bankastjóri Seðlabankans, Steingrímur Hermannsson, lét í ljós skoðun, sem reyndar hefur verið mjög umdeild, um skuldastöðu heimilanna að hún væri komin á það stig að hún kynni að valda hættu á bankakreppu hér á landi, en það var einmitt skuldastaða heimilanna sem hafði mikil áhrif á bankakreppuna á Norðurlöndum á sínum tíma, ekki síst vegna mikils verðfalls sem varð á fasteignum. Þar af leiðandi er vissulega ástæða til þess að skoða skuldastöðu heimilanna í samhengi við stöðu bankanna vegna þess að við vitum að þegar horft er á heildarskuldir og greint á milli ríkis, sveitarfélaga, vinnumarkaðar eða fyrirtækjanna í landinu og svo heimilanna þá hefur skuldaaukning orðið mest hjá heimilunum í landinu meðan fyrirtækin hafa mjög dregið úr sínum lántökum og hafa verið í því fyrst og fremst að taka til í eigin ranni.

Lántökur ríkisins hafa heldur dregist saman á allra síðustu árum en staða sveitarfélaganna í landinu er líka mjög erfið. Svo erfið að hin stóru sveitarfélög á Reykjavíkursvæðinu, Hafnarfjörður, Kópavogur, Mosfellsbær og nú loks Reykjavík, eru komin í verulega erfiðleika og allt tengist þetta saman og tengist stöðunni í bankakerfinu.

Í tilefni af frv., sem lagt var fram í fyrra og ég ætla að gera aðeins betur grein fyrir sjálfu inntaki þess á eftir, þá skrifað prófessor Þorvaldur Gylfason grein í Morgunblaðið í maí þar sem hann tekur mjög eindregið undir þau sjónarmið sem fram koma í frv. Hann segir m.a., með leyfi forseta:

„Mig langar til að biðja lesandann að velta þessu fyrir sér í stutta stund. 40 milljarðar króna: Hvað skyldi það vera mikið? Það jafngildir um 600 þús. kr. á hverja fjögurra manna fjölskyldu í landinu. Þetta er engin reikningsbrella heldur beinharður kostnaður sem á eftir að leggjast smám saman með miklum þunga á þjóðina á næstu árum ef tölur þingmanna Kvennalistans reynast réttar." — Sem þær auðvitað eru því þetta er beint upp úr skýrslum. — „Þessi kostnaður er byrjaður að koma fram. Hann birtist m.a. í háum útlánsvöxtum sem eru að sliga fjölmörg heimili og fyrirtæki í landinu; í erlendri skuldabyrði sem er sífellt að þyngjast; og ekki síst í síauknu atvinnuleysi sem á eftir að draga dilk á eftir sér langt fram í tímann. Atvinna væri meiri nú og öruggari víðast hvar um landið ef allir þessir fjármunir hefðu verið festir í arðbærum atvinnurekstri til frambúðar.

Þessi fjárhæð, 40 milljarðar kr., er um það bil þrisvar sinnum meiri miðað við þjóðarframleiðslu en fór í súginn í sparisjóðahneykslinu í Bandaríkjunum á síðasta áratug — mesta fjármálahneyksli aldarinnar sem Bandaríkjamenn kalla svo. Þessi fjárhæð er líka meiri miðað við þjóðarframleiðslu en tapaðist í bankakreppu Norðurlanda fyrir nokkrum árum, alvarlegri kreppu sem hefur leitt til gagngerrar endurskipulagningar í bankarekstri þar og til starfsloka margra bankastjórnenda og málssóknar gegn sumum þeirra vegna gruns um glæpsamlega vanrækslu í starfi."

Síðar í þessari grein segir svo um eftirlit, með leyfi forseta:

„Seðlabanka Íslands ber skylda til bankaeftirlits samkvæmt lögum. Nú, þegar 40 milljarðar króna virðast vera farnir í súginn, er nauðsynlegt að fram fari opinber rannsókn óvilhallra aðila á því með hvaða hætti Seðlabankinn hefur rækt lögboðna bankaeftirlitsskyldu sína á liðnum árum. Slík rannsókn gæti verið liður í starfi þeirrar nefndar", þ.e. þeirrar nefndar sem frv. gerir ráð fyrir. „Í nefndarstarfinu þyrfti m.a. að gera sérstaka úttekt á því að hve miklu leyti ókeypis úthlutun aflakvóta til útvegsfyrirtækja hefur verið notuð til að hylja fjármálakreppuna með því að gera fyrirtækjunum kleift að standa í skilum við banka og sjóði sem hefðu komist í enn meiri kröggur að öðrum kosti. Í nefndinni þyrfti að vera erlendur sérfræðingur til að-

halds og eftirlits. Jafnframt þessu þarf Seðlabankinn að leggja fram trúverðugt mat á því hversu mikið fé hefur tapast í banka- og sjóðakerfinu hingað til svo að einstakir alþingismenn og aðrir þurfi ekki að reyna að reikna það út á eigin spýtur. Slíkar upplýsingar hafa seðlabankar birt í öðrum löndum og þykir sjálfsagt. Seðlabankinn verður að leggja spilin á borðið. Reynslan frá útlöndum bendir til þess að því lengur sem það dregst að leggja þessi gögn fram, þeim mun meiri verður skaðinn á endanum. Bankinn þarf líka að gera fólkinu í landinu grein fyrir því með hvaða hætti hann hyggst reyna að koma í veg fyrir, að útlánatapið í banka- og sjóðakerfinu haldi áfram. Því miður virðist þó ekki vera mikil von til þess að Seðlabankinn verði við slíkum óskum að svo stöddu. Meiri hluti bankastjórnarinnar er enn sem fyrr skipaður sérlegum sendiherrum stjórnmálaflokkanna. Yfirboðarar hennar hafa augljósan hag af því að hylja þann skaða sem þeir eru sjálfir búnir að valda í gegnum banka- og sjóðakerfið í sameiningu. Seðlabankar í öðrum löndum eru smám saman að öðlast meira sjálfstæði gagnvart stjórnvöldum einmitt til þess m.a. að firra almenning því alvarlega tjóni sem getur hlotist af hagsmunaárekstrum af þessu tagi, en ekki hér. Spillingin heldur þvert á móti að magnast. Ætlar fólkið í landinu að láta þetta ganga yfir sig endalaust?"

Það eru þung orð sem koma fram í þessari grein en þau undirstrika nauðsyn þess að þessi mál verði skoðuð og greind til þess einmitt að við getum unnið úr þeirri stöðu sem við erum í, en við vitum það öll að útlánatöpum er engan veginn lokið og það tekur langan tíma að vinna sig út úr þeim vanda sem fyrirtækin og heimilin í landinu hafa verið að ganga í gegnum.

Virðulegi forseti. Ég ætla að gera nánari grein fyrir sjálfu frv. en í 1. gr. þess er gert ráð fyrir því að skipuð verði fimm manna nefnd til þess að kanna útlánatöp helstu innlánsstofnana fjárfestingarlánasjóða atvinnuveganna og Byggðastofnunar og að í þessa nefnd verði skipaðir fulltrúa viðskipta- og hagfræðideildar Háskóla Íslands, tveimur frá Ríkisendurskoðun og tveimur frá Hæstarétti og verði annar þeirra jafnframt formaður nefndarinnar. Nú er það auðvitað álitamál hvernig skipa eigi í nefnd af þessu tagi en það varð niðurstaða okkar að fara þessa leið, en við erum að sjálfsögðu tilbúnar til þess að skoða aðrar leiðir ef þær þykja fýsilegri.

Í 2. gr. frv. er hlutverk nefndarinnar skilgreint og þar er m.a. nefnt að nefndinni beri að kanna hvort um óeðlilega viðskiptahætti hafi verið að ræða.

Í 3. gr. er nefnt að nefndin setji sér starfsreglur og að hún verði að hafa aðgang að öllum nauðsynlegum upplýsingum og þar af leiðandi verði hugsanlega að aflétta bankaleynd ef slík tilvik koma upp.

Síðan er í 4. gr. ákvæði þess efnis að rannsóknarnefndin skuli hraða störfum sínum og skila skýrslu sem allra fyrst.

Það er ekki mikið meira um þetta mál að segja, virðulegi forseti. Það varð nokkur umræða um málið í fyrra. Að vísu voru þar eingöngu stjórnarandstæðingar á ferð sem skiptust nokkuð á skoðunum um það hvers vegna svo mikið fé hefði tapast hér í bankakerfinu og hjá lánasjóðum og menn vilja auðvitað fá að skoða þetta rækilega áður en felldur er dómur yfir þá fjármálastjórn sem hér hefur ríkt á undanförnum árum. Við vitum auðvitað að oft hafa menn verið að reyna að bjarga erfiðum dæmum, m.a. til þess að viðhalda vinnu bæði í ákveðnum landshlutum og á ákveðnum stöðum, en við hljótum þó að skoða það hvort menn eru að lengja í hengingarólinni eins og stundum er sagt eða hvort þar er um einhverjar raunhæfar aðgerðir að ræða.

Síðast en ekki síst, virðulegi forseti: Hér er um gríðarlegar upphæðir að ræða sem tapast hafa í fjármálakerfinu og það er bæði nauðsynlegt og sjálfsagt að kanna hvernig á þessu stendur og hvernig hægt sé að koma í veg fyrir áframhaldandi tap.

[14:37]

Guðmundur Bjarnason:

Hæstv. forseti. Ég held að mál það sem nú er hér til umræðu sé fullrar athygli vert og ástæða til þess að fara um það nokkrum orðum. Ég hefði þó talið æskilegt að þessi umræða færi fram að viðstöddum t.d. hæstv. viðskrh. og kannski hæstv. forsrh. einnig því að þetta er auðvitað mál sem þá varðar, annars vegar bankamálaráðherrann, hæstv. viðskrh., og svo auðvitað líka hæstv. forsrh. í ljósi þeirrar umræðu sem oft hefur farið fram hér í þingsölum um t.d. sjóðasukk, fortíðarvanda og eitt og annað fleira sem mætti kannski rekja til orðalags sem má eigna hæstv. forsrh. Ég ætla hins vegar ekki að dvelja lengi við það, virðulegur forseti, heldur aðeins við efnisatriði og áhersluatriði í frv. sem hér liggur fyrir. Ég ætla þó ekki að dvelja lengi við 1. gr. og þær hugmyndir hvernig nefnd sem kanni útlánatöp helstu innlánsstofnana, fjárfestingarlánasjóða atvinnuveganna og Byggðastofnunar sé skipuð, en ég vil undirstrika það að ég held að það sé mjög mikilvægt að verði af þessu sem hér er lagt til og slík endurskoðunar- eða rannsóknarnefnd, eða hvað við eigum að kalla það, verði til, þá skoði hún einmitt ekki síst útlánatöp helstu innlánsstofnana, þ.e. bankastofnananna okkar því að mér finnst að augu þeirra, sem hæst hafa um þessi útlánatöp og það ástand sem kann að hafa skapast hér í þjóðfélaginu, hafi fyrst og fremst beinst að t.d. Byggðastofnun og þeim sjóðum sem hafa verið mikið til umræðu hér í hv. þingi á undanförnum missirum, Atvinnutryggingarsjóðs útflutningsgreina og Hlutafjársjóðsins. En það er ýmislegt fleira sem ég held að sé ástæða til að líta til og þá ekki síst einmitt í innlánsstofnunum.

Hvað löggjafinn getur komið að því eða skipt sér af því í smáatriðum eða haft áhrif á það hvernig bankar eða peningastofnanir, sparisjóðir og hlutafjárbankar, sem eru sjálfstæðar stofnanir með sjálfstæða stjórn, haga sínum málum er svo aftur annað umhugsunarefni og getur vel verið að það sé erfitt a.m.k. að hafa áhrif á það, en það ætti þó alla vega að vera möguleiki eins og hér er til umræðu að nefnd sem löggjafinn setur á laggirnar fái aðgang að upplýsingum hjá þessum stofnunum og geti sett fram skoðanir sínar eða álit á því sem þar kann að finnast og teljast athyglis- eða athugunarvert.

Í 2. gr. er hins vegar nefnt hvað það er sem þarf fyrst og fremst að líta til, þ.e. hvort um óeðlilega viðskiptahætti sé að ræða og nauðsynlegt að líta yfir þá þætti. Í öðru lagi hvort lánveitingar séu í eðlilegu samræmi við umfang lántakendanna, hvort eins og manni virðist reyndar stundum í fréttum t.d. af gjaldþrotum eða einstökum málum sem lenda í fjölmiðla og þjóðin er upplýst um, að það séu ótrúlega háar lánsfjárupphæðir sem ýmsir viðskiptaaðilar geta náð út úr sínum viðskiptabönkum eða viðskiptastofnunum og sýnast a.m.k. hinum almenna manni eða leikmanni ekki geta verið í neinu samræmi við þá starfsemi sem þar er á ferðinni. En svo er í þriðja lagi spurt hvort það kunni að vera að einhverjum óeðlilegum þrýstingi sé beitt og þá kannski fyrst og fremst pólitískum þrýstingi eða hvort um óeðlileg hagsmunatengsl kunni að vera að ræða í sambandi við lánveitingar sem síðan hafa leitt af sér óeðlileg útlánatöp. Þetta er sá þátturinn sem ég vildi helst staldra við og velta aðeins fyrir mér, hvað við erum að tala um ef við erum að tala um óeðlilegan pólitískan þrýsting.

Nú er það svo að þegar rætt er um útlánatöp og það ástand sem hefur skapast á undanförnum árum hér í þjóðfélaginu þá er mikið talað um loðdýrarækt og fiskeldi og það virðist helst vera að þeir þættir tveir eða þær atvinnugreinar hafi öllu illu valdið og öllu illu komið til leiðar og sé það málið sem sé sérstaklega gagnrýnisvert í sambandi við aðgerðir og afskipti stjórnmálamanna eða pólitískra afla í sambandi við úthlutun á fjármunum, bæði opinberu fé í formi styrkja og svo einnig lánsfé í sambandi við þessar opinberu eða hálfopinberu stofnanir sem einkum hefur verið horft til og Byggðastofnun þá kannski verið þar efst í umræðunni.

Ég held að það sé einmitt fjölmargt annað sem megi líta til í þessu efni og ég held að það séu ýmsir aðrir þættir í okkar viðskiptalífi heldur en þessar tvær greinar sem hafa leitt til þess að bankarnir eru með ýmiss konar vandamál við að glíma, stór vandamál og þurfa að afla sér tekna í óeðlilega háum vaxtamun. Ég minni t.d. á öra uppbyggingu hótela í landinu, svo ég nefni bara eitthvert dæmi af handahófi sem mér er ofarlega í huga. Ég veit það að við þurfum að búa vel að okkar ferðamönnum ef við ætlum að gera einhverja alvöru úr því að byggja upp hér ferðamannaiðnað eða gera ferðamannaþjónustuna að alvöruatvinnugrein sem við höfum oft rætt um og ég vil taka undir og undirstrika. En við verðum þá líka aðeins að haga okkur eftir efnum og ástæðum. Og það er ekki síður þar en í fiskeldinu eða loðdýraræktinni ástæða til þess að fara fram með gát.

Ég þykist hafa heyrt það að sum hótel hér í okkar ágæta landi hafi verið reist af þeim hraða og með þeim kostnaði og svo mikið í þau lagt að þau verði ekki starfrækt af neinu viti fyrr en þau séu búin að fara tvisvar, kannski þrisvar sinnum á höfuðið, verða gjaldþrota svo og svo oft til að fjárfestingin sé komin á einhvern grunn sem sé rekstrarlega hæfur. Ég nefni ekkert einstakt eða sérstakt hótel í því sambandi. Ég nefni bara þau sem eitt dæmi.

Hvað með alla veitingastaðina sem skipta látlaust um eigendur? Ætli það sé ekki eitthvað af útlánatöpum þar á ferðinni? Ætli það sé ekki eitthvað af gjaldþrotum í þeirri grein sem skilur eftir stórar skuldir óuppgerðar í bönkunum og auðvitað líka hjá opinberum aðilum, skattaskuldir svo að eitthvað sé nefnt o.fl.? Og skemmtistaðir og verslanir? Ég ætla ekki að telja þetta allt upp en ég er alveg viss um það að á því sviði er ekki síður við að glíma vanda sem mín vegna má kalla fortíðarvanda ef það er orð sem menn hafa dálæti á en þá eru þetta hlutir sem þurfa ekki síður athugunar við. Þetta er það sem ég held að þurfi að skoða í sambandi við frv. sem hér er til umræðu nái það fram að ganga.

En aðeins aftur að loðdýraræktinni og fiskeldinu af því að það hefur nú oft verið tekið sem dæmi um pólitískan þrýsting. Ég er sannfærður um það að við þær aðstæður sem þá ríktu þegar menn fóru í þá miklu uppbyggingu, þá var það allt saman með eðlilegum formerkjum og það var nauðsynlegt að leggja út í þá fjárfestingu og þær framkvæmdir. Kannski fórum við of geyst, ég ætla ekki að gera lítið úr því. Við fórum of geyst og við byggðum kannski of stórar fiskeldisstöðvar miðað við þá reynslu sem við höfðum. Við áttum að fara okkur hægar í því. En að leggja af stað í þá ferð sem farin var hlaut að vera eðlilegt og teljast eðlilegt á þeim tíma. Loðdýraræktin er reyndar núna því betur að koma upp aftur og ég hygg að þeir sem hafa þó reynt að skrimta af þessi erfiðu ár undanfarið geti nú horft til betri tíðar. Hvað fiskeldið varðar þá er alveg ljóst mál að þar eigum við eftir að nýta fjárfestingu og fiskeldi er atvinnugrein sem við Íslendingar eigum að horfa til og hljótum að gera í meira mæli í framtíðinni heldur en við höfum gert að undanförnu.

Þessar tvær atvinnugreinar hafa núna í einhverja mánuði eða missiri verið nánast bannorð og bankarnir fórna bara höndum ef einhverjir koma þar inn og dettur í hug að fá fyrirgreiðslu til að geta hafið slíka starfsemi á ný. Það er mikil skammsýni. Ég veit ekki hvað okkar ágætu fjármálastofnanir, bankar og sjóðir, eiginlega hugsa til frambúðar og hvað þeir hugsa sér að geti orðið þessu þjóðfélagi helst til bjargar ef það á ekki að horfa að atvinnugrein eins og fiskeldinu og hlú að því að endurreisa hana. Um það væri hægt að hafa langt mál en ég ætla ekki að ræða frekar á þessu stigi.

Aðeins nokkur orð um Byggðastofnun þó að ég viti að hér eru í salnum hv. þm. sem þekkja málefni hennar miklu betur en ég og geta farið orðum um það sem þar hefur verið að gerast þá held ég að hluti af þeim vanda sem þar hefur skapast sé vegna þess að Byggðastofnun hefur ávallt verið skilin eftir með erfiðustu málin, henni hefur verið vísað aftur fyrir banka og aðra sjóði. Hún hefur átt að koma með áhættufjármagnið. Mín skoðun er sú að Byggðastofnun eigi frekar að vera stofnun sem hafi með ráðgjöf og ýmiss konar aðstoð í öðru formi heldur en beinum lánveitingum að gera, hugsanlega í styrkjum þar sem það á við, en það á auðvitað að ætlast til þess að bankarnir og lánastofnanirnar sjálfar sjái svo um sín fyrirtæki eða þau fyrirtæki sem þau hafa tekið að sér og hugsa sér að veita lána-

fyrirgreiðslu, að það þurfi ekki að koma einhver áhættulánasjóður á eftir. Bankarnir eiga auðvitað að bera ábyrgð á sínum lánveitingum, þeir eiga að lána til viðkomandi fyrirtækja það fé sem þarf. Ekki segja: Við vitum það að þið þurfið 15 millj. kr. en við ætlum að lána ykkur 10 millj. svo getur Byggðastofnun komið á eftir og lánað ykkur þessar 5 millj. sem vantar upp á. Það er engin ábyrgð fólgin í slíkri starfsemi og ég tel að við eigum að skoða þetta líka í tengslum við þá úttekt sem hér kann að vera gerð. Við eigum að krefjast þess í raun af þessum stofnunum að þær séu ábyrgar í sínum lánveitingum og þær fylgi eftir þeim verkefnum sem þær taka að sér en ekki hleypa mönnum af stað í starfsemi sem ekki er séð fyrir endann á nema einhver annar aðili, helst opinber aðili eins og Byggðastofun eða einhverjir sjóðir sem eru á vegum hins opinbera, komi á eftir og svo sé hægt að skella skuldinni á stjórnvöld og segja: Þetta var nú allt saman fyrir pólitískan þrýsting. Við vorum beittir pólitískum þrýstingi eða það er pólitíkusum og stjórnmálamönnum að kenna hvernig ástandið er.

Þetta er nú, virðulegur forseti, sundurlaust hjá mér en ég vildi koma þessum hugleiðingum mínum á framfæri og vangaveltum um það sem hér er til umræðu. Ég tel að þetta mál sé fullrar athygli vert og veit að það verður skoðað ítarlega í þeirri nefnd sem um frv. fjallar. En ég vildi aðeins skjóta þessu hér inn í að ég tel að það sé margt fleira sem hefur farið miður í okkar þjóðfélagi að undanförnu heldur en loðdýrarækt og fiskeldi og það séu fleiri ábyrgir aðilar í því efni heldur en stjórnmálamennirnir sem þó er oftast um kennt.

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):

Áður en ég kalla næsta hv. þm. í ræðustól vil ég geta þess að klukkan þrjú er ætlað að hér hefjist utandagskrárumræða. Hv. 1. þm. Vesturl., sem tekur nú til máls, má búast við að ég trufli hann klukkan þrjú ef hann hefur þá ekki lokið ræðu sinni, og biðji hann um að geyma seinni hluta ræðu sinnar ef svo ber undir.

[14:49]

Sturla Böðvarsson:

Virðulegur forseti. Ég ætla að segja örfá orð vegna þess frv. sem hér er flutt og hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir hefur gert grein fyrir.

Ég verð, virðulegur forseti, að segja það að mér sýnist nokkur sýndarmennskubragur vera á þessu frv. Ég vil hins vegar segja að það er auðvitað ástæða til að efna til umræðu og vekja menn til umhugsunar um þau miklu útlánatöp sem hafa orðið hjá innlánsstofnunum og fjárfestingarlánasjóðum atvinnuveganna á undanförnum árum en auðvitað kemur þar margt til. Við Íslendingar höfum verið að fara í gegnum mjög erfiðan tíma, tíma óðaverðbólgu og tíma uppbyggingar þar sem mikil áhætta hefur verið tekin en því miður þá hefur e.t.v. oft verið teflt á tæpasta vað sem hefur leitt til þess að útlán hafa tapast hjá atvinnufyrirtækjum sem ekki hafa átt sér rekstrargrundvöll. Engu að síður er það góðra gjalda vert að vekja þessa umræðu, vekja athygli á þeim fortíðarvanda sem við stjórnarsinnar höfum rætt um hér á þessu kjörtímabili, á þeim fortíðarvanda sem við höfum verið að glíma við það sem af er kjörtímabilinu. Það er svo sannarlega gott að fá tækifæri til að rifja það upp.

En þessi tillaga gerir hins vegar ráð fyrir að það sé settur á fót eins konar rannsóknardómstóll, sérstök nefnd sem reyni að kafa ofan í það hverjar séu orsakir fyrir útlánatöpum lánastofnana. Ég hef satt að segja mjög miklar efasemdir um að það svari tilgangi að hefja slíka rannsókn. Það á að veita lánastofnunum eðlilegt aðhald og nauðsynlegt aðhald en ég held að þær hafi víti til að varast og það sé e.t.v. ekki að finna innan viðskipta- eða hagfræðideilda háskólans eða hjá Hæstarétti og Ríkisendurskoðun þá einu og sönnu sérfræðinga í því að meta útlán lánastofnana. Eins segir í 1. gr. frv. að nefndarmenn megi ekki vera verulega fjárhagslega tengdir þeim félögum, sjóðum og stofnunum sem lögin taka til, né sitja í stjórn þeirra. Hversu verulega mega aðilar vera tengdir? Það væri fróðlegt að heyra skýringar á því hjá hv. 1. flm. þessarar tillögu hvar þau mörk séu. Hvort það sé svo að hæstaréttardómarar geti verið verulega tengdir einhverjum hagsmunatengslum fyrirtækjum í landinu eða þeir séu tengdir sjóðum eða stofnunum.

Svo hins vegar þetta spursmál sem kemur fram í 2. gr. þessa frv. þar sem segir: „Þá kanni nefndin hvort stjórnvöld eða aðrir aðilar hafi í einhverjum tilvikum beitt óeðlilegum pólitískum þrýstingi ...“ Hver á að svara þessum spurningum? Hvar á að leita eftir þeim? Auðvitað liggur í augum uppi að stjórnvöld og stjórnmálamenn á hverjum tíma hafa tilteknum skyldum að gegna. Þeir hafa skyldum að gegna fyrir það fyrsta að setja löggjöf og marka stefnu um uppbyggingu í þjóðfélaginu o.s.frv. E.t.v er mjög erfitt að draga mörk á milli þess að menn séu að leggja til tiltekna mótun þjóðfélagsins eða hvort þeir séu að etja mönnum út í einhverja ófæru. Það er e.t.v. auðvelt að láta að því liggja að það sé verið að gera það m.a. með því að þrýsta á lánveitingar. Ég held að þarna sé mjög erfitt verk að vinna sem lagt er til í þessu frv. og ég er ekki sannfærður um að það þjóni tilgangi.

Svo ég haldi áfram að rekja hér örlítið efnisatriði þessa frv. þá efast ég mjög um að það sé eðlilegt að í frv. til laga skv. 3. gr. sé það svo að nefndin eigi sjálf að setja sér starfsreglur. Ég tel að nefnd sem hefur svo feiknarlega vandasamt og viðamikið hlutverk eins og það að fara ofan í útlán sjóða og banka á undangengnum árum og reyna að komast að niðurstöðu og meta hvers vegna útlánatöpin hafa orðið sem reyndar sem betur fer hafa orðið minni hér á Íslandi en í flestum nágrannalöndum Norðurlandanna þá verði að setja skýrar og klárar starfsreglur slíkrar nefndar. Það sé ekki hægt að hafa þann víxil með þeim hætti opinn.

Að öðru leyti, virðulegur forseti, ekki síst vegna þess að hér er takmarkaður tími, þá ætla ég ekki að hafa fleiri orð um þetta frv. en ég efast um að það þjóni tilgangi sínum að samþykkja það hér sem lög frá Alþingi.

Umræðu frestað.

Umræður utan dagskrár.
Flottroll og karfaveiðar.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):
Eins og áður hafði verið tilkynnt er gert ráð fyrir utandagskrárumræðum kl. þrjú.

Fyrri utandagskrárumræðan sem boðuð hafði verið er um flottroll og karfaveiðar. Málshefjandi er hv. 3. þm. Suðurl. Þetta er hálftímaumræða, þ.e. samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa.

[14:56]

Árni Johnsen:
Hæstv. forseti. Það sést af þeim áhyggjum sem margir hafa af karfaveiðum við landið að skipstjórnarmenn á stórum og smáum skipum hafa meiri áhyggjur af gangi mála en fiskifræðingarnir. Þeir vilja ganga lengra í verndun karfastofnsins en fiskifræðingarnir sjálfir og það er nýlunda. Nú er það einnig sérstætt að skipstjórnarmenn byggja skoðun sína á langri reynslu, byggja á fiskifræði sjómanna, sem hingað til hefur ekki verið mikils metin í íslenska stjórnkerfinu. En fiskifræðingarnir bera því hins vegar við að þeir viti nánast ekkert um karfann utan þeirrar tilfinningar sem þeir hafa af almennri þekkingu. Fiskifræðingarnir segja jafnframt að þeir eigi ekki að taka tillit til félaglegra aðstæðna í þjóðfélaginu eða atvinnutækifæra, þ.e. hvar eigi að veiða og hvernig. Ég hef á undanförnum dögum talað við tugi skipstjórnarmanna um flottrollsveiðarnar og fiskifræðinga einnig. Undantekningarlaust ber þeim saman um að mikil hætta sé á ferðinni vegna ofveiði á karfastofninum. Hafrannsóknastofnun telur reyndar að djúpkarfinn sé ekki í hættu aðeins gullkarfinn á grunnslóðinni en skipstjórar fullyrða af reynslu sinni að djúpkarfinn standi ekki betur en gullkarfinn.

Í stuttri umræðu verður ekki unnt að fara ítarlega í saumana á þessu máli en það er ljóst að á fáum árum hafa flottroll margfaldast að afkastagetu og opnun þessara verkfæra er ámóta og flatarmál tveggja knattspyrnuvalla. Sjómenn nota stór orð um áganginn í karfann og er það óháð umræðu sem byggist fremur á veiðarfærastríði.

Öllum ber saman um að óheft flottrollsveiði eins og hún er í dag sé hreinlega brjálæði. Sumir vilja miklu ákveðnari lokun svæða aðrir banna flottroll innan íslenskrar fiskveiðilögsögu eins og Norðmenn gera hjá sér og þannig eru áhyggjurnar einróma varðandi þessa fisktegund sem skiptir orðið svo miklu máli fyrir þjóðarbúið og er næstverðmætust á eftir þorskinum.

Fiskifræðingar staðfesta að á tímabilinu september–desember eigi eðlun sér stað hjá karfanum. En einmitt á þeim tíma, eða að undanförnu, hafa 30–40 flottrollsskip vaðið yfir karfaslóðirnar og nánast ryksugað allt upp. Karfinn er mjög hægvaxta og lítil þekking á ferli hans fyrstu tíu árin en þegar sjómönnum sjálfum ofbýður eins og raun ber vitni þá hlýtur eitthvað mikið að vera að. Síðasta nýliðun 10–12 ára karfa kom illa út og sumir skipstjórar telja reyndar að síðustu þrír til fjórir árgangar séu hreinlega ekki til vegna ofveiði.

Þá er ljóst að vandinn er einnig mikill varðandi rækjutrollin og karfaseiðin en nefna má að Kristófer skipstjóri á Sæfara frá Akranesi tók eina fötu úr rækjutrollinu í Kolluálnum fyrir ekki alls löngu og aldi karfaseiðin. Fjöldi þeirra í þessari einu fötu í hentugri veiðistærð var sem nemur 70 tonna holi. Þetta segir mikla sögu af fiskifræði sjómanna.

Veiðar af karfa í botntroll hafa ekki verið eins daprar um langt árabil eins og nú er og veiðist nú þrisvar sinnum minna en fyrir þremur árum og er þó 20 ára reynsla að baki í Skerjadýpinu og á heföbundnum karfamiðum sem eru allt frá 90 mílum suðvestur af Reykjaneshrygg og suðvestur af Reykjanesi og austur fyrir Vestmannaeyjar og Suðausturland allt út að 60 mílum frá landinu. Þá hefur aflinn í flottroll dregist stórlega saman miðað við sóknaraukninguna og nú pantar útgerðin í stórum stíl 10 milljóna kr. flottrollspakka vegna þess að menn eru neyddir til að taka þátt í leiknum og enginn er tilbúinn til að taka af skarið um að við fljótum sofandi að feigðarósi, síst fiskifræðingarnir. Reyndustu skipstjórar á flottrollstogurum lýsa áhyggjum sínum í þessum efnum en treysta sér ekki til þess út á við vegna þess að þeir eru með þessi verkfæri um borð. Skipstjórar og útgerðarmenn sem hafa nánast hatað flottroll eru nú að panta þau vegna þess að annars missa þeir af strætisvagninum. Botntrollsskip fær um þessar mundir 3–4 tonna afla á sólarhring á heföbundinni karfaslóð á sama tíma og flottrollið nær um 20 tonnum með því að toga nánast allan sólarhringinn. Þessi vandi er margþættur. Karfastofninn er í stórhættu, atvinna þúsunda landsmanna er í stórhættu og þjóðarbúið í heild er í hættu. Það mætti nefna afmörkuð dæmi í þessu efni, samsetning kvóta báta hefur brenglast verulega. Þá er til að mynda ljóst að mínu mati að frystitogaraflotinn er allt of stór og þannig mætti áfram telja. En þótt það sé ekki til umræðu hér þá er einnig orðið ljóst að mínu mati að það verður að tryggja betur stöðu almenna bátaflotans í því fiskveiðistjórnunarkerfi sem við búum við. Þar hallar verulega á og það verður að rétta við á kostnað þeirra stærri, ekki síst vegna atvinnu í landi og til að fyrirbyggja að fiskveiðar færist yfir á hendur fárra og stórra aðila. Það er auðvitað rétt og æskilegt að ýta stóru togurunum eins og kostur er út af grunnslóðinni. En með þessu móti þarf einnig að tryggja að veiðar Íslendinga færist ekki á hendur fárra fyrirtækja eins og þróunin hefur sýnt. Sú þróun er ekki ásættanleg og með ósætti verður þetta land hvorki byggt né sjálfstætt til lengdar þegar um grundvallaratriði er að ræða.

Fiskifræðingar telja sig þó vita það mikið um karfann að hann lyftir sér frá botni til eðlunar frá september til desember en síðan gýtur hrygnan í apríl/maí. Er þar aldrei friður á þessum karfaslóðum og ef það á endalaust að beina fleiri og fleiri skipum á karfann eins og gert hefur verið á undanförnum árum, bæði varðandi togara og almenna vertíðarbáta, þá er fjandinn laus. Þá sjá menn með einfaldri, almennri skynsemi að dæmið gengur ekki upp. Sóknin hefur stóraukist, aflinn hefur snarminnkað miðað við sókn, áhyggjur skipstjórnarmanna eru vegna yfirvofandi eyðileggingar

karfastofnanna sem yrði langsóttara að ná aftur upp en til að mynda þorskinum vegna þess hve hægvaxta karfinn er.

Um leið og ég spyr hæstv. sjútvrh. um stöðu mála í þessu efni af hálfu hans ráðuneytis vil ég sem útgangspunkt í máli mínu hvetja hæstv. sjútvrh. til þess að skipa nú þegar ráðgjafarhóp 30 skipstjórnarmanna víðs vegar að af landinu, skipa þá til tveggja ára í senn til þess að koma saman ekki sjaldnar en tvisvar á ári, bera saman bækur, leggja á ráðin og koma með tillögur til ráðherra og Alþingis. Það er bjargföst sannfæring mín að slík nýting á fiskifræði sjómanna mundi nýtast mjög vel til heilla íslenska samfélaginu, mundi draga úr vaxandi tortryggni í garð allra veiða við landið, mundi kalla á aukna samvinnu sjómanna, fiskifræðinga og stjórnmálamanna og mundi umfram allt auðvelda framkvæmd nýtingar á mestu auðlind landsins.

Virðulegi forseti. Ég er að ljúka máli mínu. Ég hef rætt þessa hugmynd um ráðgjafarhóp skipstjórnarmanna með víðtæka reynslu við fjölda af reyndustu skipstjórnarmönnum landsins og þeir telja einróma að slík vinnubrögð kynnu að losa um marga þröskulda og vandræði í framkvæmd fiskveiðistjórnunarinnar. Þótt þessir menn séu dagsdaglega að verja sinn hlut í kvótakerfinu er jafnljóst að þeim er fyllilega treystandi til þess að komast að niðurstöðu um heildarhagsmuni í slíkum ráðgjafarhóp.

[15:03]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Ég vil vekja athygli hv. málshefjanda á því að samkvæmt lögum er starfandi sérstök ráðgjafarnefnd hagsmunaaðila og þar á meðal sjómanna með Hafrannsóknastofnun og umræður á þeim vettvangi hafa oft gefið góða raun og skilað góðum árangri. Jafnframt er það nokkur misskilningur hjá hv. málshefjanda að fiskifræðingar og Hafrannsóknastofnun hafi ekki haft áhyggjur af þróun karfastofnsins. Um nokkra hríð hafa þær áhyggjur komið fram bæði af hálfu sjómanna og okkar vísindamanna. Í bréfi sem Hafrannsóknastofnun skrifaði ráðuneytinu 13. okt. 1993 er vakin sérstök athygli á þeim vanda sem þarna er við að etja og sérstaklega þeirri hættu sem af því getur stafað ef sókn er of mikil á þeim tíma árs þegar djúpkarfinn er í eðlunarástandi, sérstaklega í Skerjadýpinu. Og í niðurlagi bréfs Hafrannsóknastofnunar segir svo:

„Að þessu athuguðu telur Hafrannsóknastofnun að full ástæða sé til að fara varlega í sakirnar og í varúðarskyni verði veiðar á djúp- og gullkarfa með flotvörpu takmarkaðar yfir eðlunartímann."

Í framhaldi af þessu bréfi voru haldnir fundir í sjútvrn. með fiskifræðingum, veiðieftirlitsmönnum, fulltrúa sjómannasamtakanna og útvegsmanna þar sem fjallað var um það til hvaða ráðstafana væri eðlilegt að grípa til verndar karfastofninum í framhaldi af þeim ábendingum og tilmælum sem komið höfðu fram hjá Hafrannsóknastofnun. Það varð niðurstaða þessara fjölmörgu samráðsfunda með sjómönnum að reynt skyldi að friða ákveðin svæði fyrir veiðum bæði með flot- og botnvörpu frekar en að banna aðeins notkun flotvörpunnar á takmörkuðu svæði í tiltekinn tíma eins og fram kom í fyrstu hugmyndum Hafrannsóknastofnunar. Í því sambandi yrði reynt að friða sem mest þau svæði þar sem mikið væri um smákarfa. Flestir voru þeirrar skoðunar að víðtækar friðunaraðgerðir af þessu tagi mundu skila betri árangri. Auk þess töldu menn nauðsynlegt að kanna með hvaða hætti mætti draga úr drápi á karfaseiðum við rækjuveiðarnar. Í því sambandi hefur helst komið til álita notkun á seiðaskilju. Í framhaldi af þessum samráðsfundum með sjómönnum var þann 15. nóv. 1993 gefin út reglugerð þar sem allar veiðar, bæði með flot- og botnvörpu voru bannaðar í óákveðinn tíma á fjórum tilteknum svæðum út af Suðvesturlandi. Þá var breytt svæðum út af Norðurlandi þar sem rækjuveiðar voru með öllu bannaðar til þess að friða karfaseiði. Jafnhliða þessu var ákveðið að fylgjast frekar með karfaveiðum og rækjuveiðum og grípa til frekari lokana svæða ef ástæða væri til. Í framhaldi af því var á fyrri hluta ársins 1994 gripið til sérstakra tímabundinna togveiðibanna á nokkrum svæðum til verndar karfa auk þess sem gert var að skyldu við rækjuveiðar á nokkrum svæðum að nota seiðaskilju. Það er skoðun þeirra sem til þekkja að með seiðaskiljum megi losna við allt að 70% af karfaseiðum úr aflanum.

Í ástandsskýrslu Hafrannsóknastofnunar fyrir fiskveiðiárið 1994–1995 kom fram tillaga um að mjög yrði dregið úr veiðum á gullkarfa þar sem ljóst væri að sá stofn hefði minnkað mikið. Var lagt til að veiðarnar færu ekki yfir 25 þúsund lestir en þær höfðu verið um það bil 40 þús. lestir fiskveiðiárið á undan. Í umræðum um það hvernig draga skyldi úr veiðum á gullkarfa urðu menn sammála eftir samráð við sjómenn og útvegsmenn um að halda áfram þeim aðgerðum sem höfðu hafist árið á undan, þ.e. að ákveða friðunarsvæði þar sem togveiðar yrðu bannaðar auk þess sem reynt yrði að draga úr drápi á karfaseiðum við rækjuveiðarnar. Með reglugerð sem gefin var út 16. sept. 1994 voru veiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á sex svæðum fyrir Vestur- og Suðvesturlandi til verndar karfa og svæði þessi voru mun stærri en þau sem sett höfðu verið árið á undan. Auk þess hafa Hafrannsóknastofnun og Fiskistofa í sameiningu gert tillögur um frekari friðunarsvæði fyrir Suður- og Suðausturlandi og enn fremur um að rækjuveiðar verði á stórum svæðum háðar því skilyrði að notuð sé seiðaskilja. Þessar síðastgreindu tillögur eru nú til skoðunar og má vænta þess að afstaða verði tekin til þeirra innan skamms. Af þessu má sjá að það hefur verið brugðist við þeim tilmælum sem hér hafa komið fram í víðtæku samráði við sjómenn og við teljum nauðsynlegt að halda áfram þeim verndunaraðgerðum sem þegar hafa komið til framkvæmda.

[15:09]

Guðni Ágústsson:

Frú forseti. Hæstv. sjútvrh., Sjálfstfl. og Alþfl. bera fulla ábyrgð á því að búið er að þrengja og skekkja kvótakerfið sem stjórntæki í sjávarútvegi. Framsalsrétturinn hefur verið þrengdur, hagkvæmustu fiskiskipin eru að fara í úreldingu. Það er verið að þurrka upp

vertíðarbátana, þeir eru að hverfa úr flotanum þar sem ég best þekki til eins og í Þorlákshöfn og Vestmannaeyjum. Það vantar fiskvinnslustefnu og virka friðunarstefnu. Þjóðhagsleg hagkvæmni verður að ráða ferðinni því að þjóðin á auðlindina. Sem dæmi: Grandi og Samherji eiga svipaðan kvóta. Grandi veltir 3,3 milljörðum og skaffar 400 ársstörf. Samherji veltir 2,1 milljarði, en skaffar aðeins 120 ársstörf. Stefnan má ekki bara snúast um hlutabréf fárra manna. Hún verður að snúast um mikilvægari markmið. Eru stórvirk fiskiskip komin inn á grunn og grunnsævi á viðkvæmum tíma að þurrka upp orange- og gullkarfa og er það rétt að þessi skip og flottrollið strádrepi smákarfa sem síðan er hent aftur í sjóinn? Það eru alvarlegar fullyrðingar í blaðinu Fréttum í Vestmannaeyjum. Þetta er alvarlegt ef satt er. Ég verð að segja það, hæstv. sjútvrh. Bóndinn hleypir ekki slátraranum inn í fjárhúsið á fengitímanum eða í sauðburðinum á vorin. Tilhugalífið í sjónum verður að eiga sér griðland, leikurinn verður alltaf ójafnari með stórvirkari veiðarfærum. Það er keyrt yfir öll svæði og fiskur tekinn alls staðar.

Menn bönnuðu þorsknót á sínum tíma. Flottroll er kannski ekki síður hættulegt. Alla vega ber að skipuleggja vel hvar það er notað og sé staðan svo alvarleg eins og hv. þm. Árni Johnsen fullyrti, að þeir skipstjórar sem hafa hatað flottrollið gera það nú í einhverri samkeppni til að vera með í leiknum en vita hversu veiðarfærið er hættulegt, þá er þetta alvarleg ásökun á hendur íslenskum skipstjórum og sjómönnum sem er ekkert grín. Ég hvet þess vegna hæstv. sjútvrh. til þess að kanna þetta vel og jafnframt að fara vel yfir það hvernig þrenging stefnunnar er að leika sjávarútveginn á Íslandi.

[15:12]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Sjómenn hafa lengi haft miklar áhyggjur af stöðu karfastofnsins og einnig af áhrifum þessarar stóru flotvörpu sem nú er verið að nota við veiðar á karfa. Við skulum átta okkur á því að þessi flotvarpa, sem við erum að tala um hér, er ekki sú hefðbundna flotvarpa sem við þekkjum frá árunum á undan. Hér er um að ræða miklu stórfenglegra og afkastameira veiðarfæri sem hefur gerbreytt veiðinni á karfanum í kringum landið. Sjómenn hafa bent á það að veiði á karfa á hefðbundinni veiðislóð hefur verið að breytast og dragast saman og þar sem menn gátu áður farið tiltölulega öruggir um það að geta veitt karfa þar er því miður um örðeyðu að ræða. Ég vakti þess vegna máls á þessu á Alþingi 22. nóv. á síðasta ári þar sem ég spurði hæstv. sjútvrh. hvort gripið yrði til aðgerða vegna flotvörpunnar, vegna þeirrar áhyggju sem sjómenn höfðu látið í ljósi. Þá kom fram hjá hæstv. ráðherra svipað eins og hefur komið fram í þessari umræðu að þessi mál hafa verið rædd milli ráðuneytisins, vísindamanna og sjómanna og það er einfaldlega þannig að það stangast á sjónarmið manna um skaðsemi flotvörpunnar. Ég vek athygli á því að mjög margir þekktir skipstjórar sem hafa stundað veiði á karfanum við Suðvesturlandið hafa haft miklar áhyggjur af þessari nýju gerð veiðarfæra, þessari risaflotvörpu, gloríunni sem svo er kölluð. Menn eins og skipstjórinn á Viðey RE, Ólafur Örn Jónsson, menn eins og Bergur Kristinsson, skipstjóri á Ófeigi, eða Kristinn Jónsson, skipstjóri á Ólafi Jónssyni. Þetta eru menn sem hafa áratuga reynslu af þessum veiðiskap og eru þess vegna fyllilega dómbærir um þetta mál.

Það sem hins vegar skiptir máli í þessu sambandi er það að hæstv. ráðherra hefur vakið á því athygli að núna hefur verið gripið til þess úrræðis að loka stórum veiðisvæðum fyrir veiðum með botnvörpu og flotvörpu og það að mínu mati undirstrikar fyrst og fremst það og er áfellisdómur yfir kvótakerfinu því að kvótakerfið gerði ráð fyrir því að það væri hægt og nægði að takmarka veiði með því að gefa upp tiltekinn afla á skip. Með þessum aðferðum er verið að hverfa frá því og menn eru að segja sem svo: Það dugir ekki, við getum ekki stýrt þessum veiðum með kvótakerfi. Hér er verið að taka upp sóknarstýringu með vissum hætti. Með öðrum orðum, aðferðir eða niðurstaðan eða tillögurnar og þessi stjórnunaraðferð úr sjútvrn. er þess vegna á vissan hátt áfellisdómur yfir núverandi kvótakerfi.

[15:14]

Eggert Haukdal:

Virðulegi forseti. Þessa dagana er margt að í íslensku þjóðfélagi og það er ekki allt broslegt. Það er verkfall í sjúkrahúsum og valdsmenn og margir óbreyttir þingmenn eru fjarri á erlendri grund. Fyrir fáum dögum horfði ég á þá sjón frá Vestmannaeyjum að frystitogararnir, ryksugurnar, óðu í karfanum austur af Eyjum upp undir landsteina. Þrátt fyrir þetta get ég ekki varist brosi í tilefni þeirrar umræðu sem hér er hafin og það þótt fiskstofnarnir séu að hrynja. Mér þykir nefnilega hlýða í tilefni af henni að vekja athygli þingheims á því að hv. fyrirspyrjandi og sá er situr fyrir svörum voru báðir uppteknir við annars konar útreikninga og máttu því ekki vera að því að gæta að karfastofninum þessa umræddu daga. Það var nefnilega þarfari útrýming sem þar var á ferðum og þurfti að sinna. Ég held því, virðulegi forseti, að það verði að afsaka báða þá ágætu þingmenn sem hér komu við sögu. (**Gripið fram í:** Hvaða þingmenn?) Þeir voru bara uppteknir við miklu þýðingarmeira mál en karfastofninn.

[15:16]

Árni Johnsen:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka þessa umræðu. Ég vil árétta, þó að það komi fram í máli hæstv. sjútvrh., að hjá mér gætti misskilnings varðandi hagsmunanefnd aðila í samningum og skipulagningu varðandi fiskveiðistjórnun, þá er ekki um neitt slíkt að ræða og ekki heldur varðandi áhyggjur af fiskifræðingum. Ég tók það skýrt fram að fiskifræðingarnir og sá sérfræðingur, sem mesta þekkingu hefur hérlendis, hefur miklar áhyggjur af þessu máli, en þó meira af gullkarfanum en djúpkarfanum. Það er allt gott um það að segja sem hæstv. ráðherra segir um þær aðgerðir sem hefur verið gripið til, en að mínu mati hefur ekki verið gengið nógu langt og það væri hægt að færa mörg rök fyrir því.

Samstarfshópur aðila í sjávarútvegi um fiskveiðistjórnun er allra góðra gjalda verður, en þau vinnubrögð eru háð mörgum þáttum og mest kannski varðandi karfann fyrir óvissuna sem ríkir í öllu er lýtur að ferli og viðgangi karfans. Þar hef ég bent á að það sé æskilegt að kalla til reyndustu skipstjórnarmenn landsins og ekki þá bara á karfamiðum heldur á almennum veiðisvæðum landsins og skapa þar nýjan flöt til þess að ná umræðu, safna saman þekkingu og kalla á viðbrögð skipstjórnarmanna til þess að ganga til verka á þessum vettvangi. Það er engin spurning, að mínu mati, að það væri mjög af hinu góða og mundi auðvelda Alþingi, hæstv. ráðherra og öðrum sem koma við sögu að hafa hemil á stjórnun fiskveiða við Ísland í nokkurri sátt. Hún er mjög mikið áhyggjuefni sú ósátt sem er vaxandi meðal landsmanna vegna fiskveiða við landið og það vita allir sem hér eru inni, það vita allir. Það horfir ekki vel í þeim efnum þó að menn séu að gera sitt besta og ég ætla ekki að draga úr því.

Það er þess vegna ástæða til þess að hvetja enn til þess að það sé gengið í að kalla saman slíkan hóp skipstjórnarmanna og þó að ég hafi talað fyrir daufum eyrum félaga míns, hæstv. sjútvrh., þá vona ég að það gangi nú fram sem ég hef bent á í þessu efni.

[15:19]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Ég vil þakka þær undirtektir sem hafa komið fram í máli hv. þm. um nauðsyn þess að friða karfastofninn og ég tel að sú umræða sem hér hefur farið fram sýni að það er ósk og krafa Alþingis að ganga harðar fram í friðunaraðgerðum. Ég geri ráð fyrir því að það geti gerst bæði með frekari lokun veiðisvæða og hugsanlega minnkun á aflaheimildum. Auðvitað er það svo að það hefur verið teflt á tæpasta vað í þessu efni. Við erum með einn kvóta útgefinn fyrir tvo karfastofna. Annar þeirra er talinn vera í mjög lélegu ástandi, gullkarfinn, og við höfum reynt að halda eðlilegri veiði í djúpkarfanum með lokun svæða, en vel má vera og ekki síst í ljósi þessarar umræðu, að við þurfum að takmarka karfaveiðarnar enn frekar. Ég lít svo á að þessi umræða sé beinlínis ósk um það.

Varðandi samráð við skipstjórnarmenn, þá höfum við haft mjög gott samráð við skipstjórnarmenn og munum gera það áfram. Við vitum hins vegar að skoðanir þeirra eru skiptar eftir því hvar þeir eru að veiða og með hvaða hætti þeir eru að veiða.

Aðeins um það sem hv. 5. þm. Suðurl. sagði hér um fiskveiðistefnu núv. ríkisstjórnar, þá vil ég taka það fram að það hefur dregið mjög verulega úr útflutningi á óunnum fiski síðan Framsfl. fór úr sjútvrn. og það hafa verið sett lög um vinnsluskip sem ekki voru til staðar meðan Framsfl. fór með þessi mál og hlutdeild þeirra í veiðum innan landhelginnar hefur verið að minnka. Þetta er árangur af því starfi sem unnið hefur verið en vanrækt var áður fyrr.

Umræður utan dagskrár.

Verkfall sjúkraliða.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Eins og áður hafði verið tilkynnt hefst nú önnur utandagskrárumræða að beiðni hv. 18. þm. Reykv., Guðrúnar J. Halldórsdóttur, og hún er um verkfall sjúkraliða og fer fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa, þ.e. hálftíma umræða.

[15:22]

Guðrún J. Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég hef séð mig knúða til þess að óska eftir því að eiga orðastað við hæstv. starfandi fjmrh. vegna þess erfiða ástands sem orðið er, bæði á einkaheimilum aldraðra, sjúkrastofnunum og öldrunarheimilum. Þetta ófremdarástand má rekja til þess að sjúkraliðar hafa orðið að boða til verkfalls vegna þess að hvorki hefur gengið né rekið í samningaviðræðum við ríkið og aðra vinnuveitendur þeirra sl. 20 mánuði. Það er undarlegt að störf við uppeldi, umönnun og aðhlynningu fólks eru ætíð vanmetin til launa, en því fagurlegar rætt um þau á tyllidögum. En umönnunarstörf, hæstv. ráðherra, eru ekki til að fjasa um á hátíðum, þau eru rammasta alvara samfélagsins. Á þeim byggist það hvort samfélag getur kallast siðmenntað eða ekki. Því ber yfirvöldum að sjá til þess að þær stofnanir sem umönnun veita séu vel búnar starfsfólki.

Sjúkraliðar eiga veigamiklu verki að gegna, einkum við umönnun aldraðra. Á öldunarstofnunum er einn þriðji hluti starfsfólks úr þeirra hópi og svo mikilvægt er starfið að vissum hluta þeirra er bannað að fara í verkfall og ætti því í samræmi við það að vera vel launað. En þetta er kvennastarf og metið samkvæmt því.

Ég hef í máli mínu einkum beint augum að öldrunarstofnunum, en ástandið á einkaheimilum aldraðra er sýnu verra því að oft er koma sjúkraliðanna og Sóknarfólksins það eina sem hinn aldni í heimahúsi getur stólað á og bregðist koma þeirra er viðkomandi afar illa staddur því að sumir eiga bara enga aðra að. Endurhæfingardeildir sjúkrahúsanna lamast líka að hluta, svo og lyfjadeildir og heimilin í landinu verða einnig að taka sinn skerf því að sjúklingar verða sendir heim af þessum deildum raunar löngu áður en fært er. Áhrif þessa verkfalls teygja sig því út um allt samfélagið og valda áhyggjum, vinnutapi og vandræðum.

Launakjör sjúkraliða eru bág. Lægstu laun eru 56.631 kr. á mánuði, en við umönnun aldraðra eru byrjunarlaun þó 60.080 kr. á mánuði. Ofan á þetta bætist svo að sjálfsögðu vaktaálag og helgidagaálag. Hæstu laun almennra sjúkraliða eru 73.090 kr. og sjá það allir að erfitt er að framfleyta sér með þessum greiðslum. Þar við bætist að starfið er svo erfitt að fæstir sjúkraliðar orka fullu starfi, enda treysta margir vinnuveitendur sér ekki til að leggja á þá fullan vinnutíma. Meðalvinnuhlutfall þeirra er því 75% starf, sem með vaktaálagi og helgidagaálagi getur náð 74 þús. kr. í laun.

Starf sjúkraliða og raunar líka Sóknarfólks í umönnunarstörfum er afar krefjandi. Sífelldur erill, átakavinna við að lyfta fólki og hjálpa því til að hreyfa sig og við það bætist að mikla skapstillingu og æðruleysi þarf til að sýna þá endalausu þolinmæði sem starfið krefst. Ég geri það að tillögu minni, hæstv. ráðherra, að næsta skref í samningamálum verði það að samninganefndarmenn ríkisins með ráðherra í fararbroddi, kannski fleiri en einn, bæði heilbrrh. og fjmrh., sem ættu báðir að vera hér en eru nú erlendis, vinni svo sem í einn eða tvo daga á öldrunarheimili til að fá reynslu af því hvað um er að tefla. Ég er viss um að þegar ráðherra hefur klætt fólk, matað það og þrifið, en margt ræður það hvorki við þvag né saur eins og við vitum, og háttað það að kvöldi í einn eða tvo daga, þá skilur hann betur hvers virði störf þeirra eru sem annast aðra, hvort sem um er að ræða sjúkraliða eða Sóknarfólk, og lætur sér þá ekki detta það í hug að leggjast á laun sjúkraliða til að halda hinu niðri, eins og fullyrt er í dagblöðum að gert sé.

Virðulegi forseti. Eins og ég hef bent á er starf sjúkraliða í öldrunarþjónustu svo erfitt að þeir orka varla að vinna átta stunda vinnudag. Því væri e.t.v. besta heildartilboð sem hægt væri að gera að semja um styttan vinnutíma sjúkraliða þannig að 36 stunda vinnuvika jafngilti 100% starfi. En hugsanlega hefur ráðherra eitthvað annað og betra uppi í erminni að bjóða. Tilboð það um 3% launahækkun sem sjúkraliðum hefur verið boðið átti aðeins að gilda fyrir starfsfólk með fimm ára starfsaldur eða meira. Varla er svona tilboð sett fram í alvöru. Lægst launaða fólkið virðist ekki hafa átt að fá neitt. Ég vil því spyrja hæstv. ráðherra: Hvernig miðar samningunum? Er hægt að finna fleti á þessum kjaramálum sem hægt er að sættast á og hvenær er lausnar að vænta?

[15:27]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. málshefjanda fyrir að vekja athygli á þessu alvarlega deilumáli sem við eigum við að stríða og ég vil taka undir þau sjónarmið sem hv. málshefjandi hafði um þýðingu og gildi þeirra starfa sem sjúkraliðar hafa með höndum. Vegna fyrirspurna hv. málshefjanda vil ég taka það fram að samkvæmt upplýsingum sem ég hef fengið frá fjmrn. hafa verið haldnir 29 fundir í þessari deilu og sá 30. er fyrirhugaður í dag. Fyrsti fundurinn mun hafa verið haldinn 20. sept. 1993, en viðræður svo með mislöngum hléum átt sér stað, en meginhluti fundanna hefur farið fram nú á haustmánuðum.

Varðandi efni þess tilboðs sem lagt var fram af hálfu samninganefndar ríkisins vil ég vitna til minnisblaðs frá samninganefndinni, þar sem segir svo:

„Krafa félagsins [þ.e. Sjúkraliðafélagsins] um breytingar á launastiga er óljós. Ekki kemur fram bein tillaga um hækkun, en gerð er krafa um hækkun til samræmis við ýmsa starfshópa í opinberri þjónustu, svo sem hjúkrunarfræðinga, þroskaþjálfa, læknaritara, læknafulltrúa, Sóknarstarfsmenn og fleiri. Starfshópar þessir eru á mismunandi kjörum sem hafa breyst með mismunandi hætti að undanförnu. Samninganefnd ríkisins taldi ekki vera tilefni til að breyta launastiga félagsins og að æskilegra væri að gera þær breytingar sem um semdist með breytingum á starfsheitum og röðun þeirra. Kröfur félagsins um breytta röðun í launaflokka voru m.a. þær að taka tillit til sérverkefna ýmissa starfsmanna. Í tilboði samninganefndar ríkisins er komið til móts við þessar kröfur með ýmsum hætti. Bætt er í röðunina nýju starfsheiti sem tekur mið af starfsreynslu almennt og tekin eru upp ný starfsheiti fyrir ýmis sérgreind störf á sjúkrastofnunum. Kröfum um ýmsar breytingar á ákvæðum um vaktavinnu hefur verið mætt í tilboði samninganefndar ríkisins þar sem orðið er við sumum þeirra.

Sjúkraliðafélag Íslands gerði kröfu um rýmkun ákvæða er snerta námskeið fyrir sjúkraliða og áhrif þeirra á laun. Í tilboði samninganefndar ríkisins er tillaga í því efni sem byggir á niðurstöðu úr samstarfi beggja aðila um það efni. Í tilboði samninganefndar ríkisins eru ákvæði um láglaunabætur og orlofsuppbót í samræmi við kröfur félagsins eins og samið hefur verið um við aðra starfshópa. Í kröfugerð sinni fór Sjúkraliðafélag Íslands fram á að samningur félagsins tæki formlega til félagsmanna þess sem starfa á stofnunum utan höfuðborgarsvæðisins samkvæmt ákvæðum í kjarasamningum stéttarfélaga starfsmanna bæjarfélaga. Í tilboði samninganefndar ríkisins er gert ráð fyrir að þessi ákvæði verði hluti af formlegum samningi við félagið."

Eins og kunnugt er var þessu samningstilboði sem samninganefnd ríkisins lýsir með þessum hætti hafnað, en gagntilboð hefur ekki enn borist af hálfu Sjúkraliðafélagsins.

Samkvæmt upplýsingum sem fjmrn. fékk í dag frá hjúkrunarforstjóra Landspítalans hefur ráðuneytið fengið þessar upplýsingar um stöðuna á Ríkisspítölunum í dag. Tekið er á móti öllum bráðasjúklingum en lítið tekið inn af biðlistum. Útskrift sjúklinga af sjúkrahúsunum er með venjubundnum hætti, þ.e. ekki eru útskrifaðir sjúklingar sem teljast ófærir um að útskrifast. 52 af 535 rúmum Ríkisspítalanna hefur verið lokað. Ekki er hægt að segja að neyðarástand ríki, frekar að ástandið sé óþægilegt. Mestum erfiðleikum veldur að sjúkraliðar sem eiga að starfa samkvæmt auglýstum lista mæta ekki á nokkrar deildir, þar á meðal á tvær öldrunarlækningadeildir í Hátúni. Vegna verri mönnunar deildanna ganga störfin hægar, en reynt er að sinna sjúklingum eftir bestu getu. Sjúklingar á biðlistum þurfa að bíða lengur en ella.

Þetta er lýsing hjúkrunarforstjóra Landspítalans á stöðu mála á Ríkisspítölunum.

Eins og hér hefur komið fram þá hefur samninganefnd ríkisins lagt fram þetta tilboð sem hér hefur verið lýst. Sjúkraliðafélagið hefur hafnað því, en ekki gert gagntilboð. Ég vænti þess að áframhaldandi viðræður aðila geti leitt þessa deilu sem fyrst til lykta. Okkur hlýtur öllum að vera ljós sá mikli vandi sem við stöndum frammi fyrir þegar þýðingarmiklir starfshópar, ekki síst á sjúkrahúsum, eiga í vinnudeilu og af hálfu ríkisvaldsins verður að sjálfsögðu kappkostað að leiða deiluna til lykta. Ég ítreka vonir mínar um það að

frekari viðræður geti skilað okkur nær því markmiði svo fljótt sem verða má.

[15:33]

Guðmundur Bjarnason:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka málshefjanda fyrir að fitja upp á þessu máli hér og ráðherra fyrir kannski lokaorðin í hans svari um það að auðvitað mundu málsaðilar leggja sig fram um það að reyna að leysa þetta erfiða deilumál sem við stöndum nú frammi fyrir. En ég held að það sé rétt að undirstrika að það er afar hættulegt ástand sem skapast í landinu þegar heilbrigðisstéttir fara í verkfall. Og þó að e.t.v. sé ekki enn þá það sem hægt er að kalla neyðarástand þá er ég þó alveg sammála því sem kom fram í máli málshefjanda hér áðan, að þetta hefur víðtæk áhrif nú þegar á fjölmargar fjölskyldur og fjölmörg heimili og sé með þeim hætti að þar sé a.m.k. hægt að tala um neyðarástand þó að það sé kannski ekki almennt. Ég legg því áherslu á það og undirstrika að það sé mjög mikilvægt að vinna hratt og vel. Mér sýnist að það sé varla hægt að tala um að það hafi verið gert þegar samningaviðræður hafa nú staðið í meira en ár og ég býst við að það sé hægt að fullyrða að sjúkraliðar hafi sýnt mikla þolinmæði í því að þoka sínum málum áleiðis og sú þolinmæði hafi nú verið þrotin. Það tel ég að sé ekki að undra. Tilboð ríkisins eins og það liggur fyrir sýnist mér vera algerlega óviðunandi miðað við þær leiðréttingar sem gerðar hafa verið á kjörum annarra heilbrigðisstétta og það verði að færa sig lengra til þess að einhver von sé um samkomulag í þessari erfiðu deilu. Ég undirstrika það aftur að ég veit að ábyrgð heilbrigðisstéttanna er mikil og ég fullyrði að sjúkraliðar séu mjög meðvitaðir um þá ábyrgð sem þeir bera og auðvitað verða báðir eða allir aðilar að virða leikreglur þegar um svo viðkvæma deilu er að ræða eins og við búum nú við.

Samningar við aðrar heilbrigðisstéttir á þessu ári hafa reyndar leitt til þess að vandi sjúkrahúsanna hefur orðið mikill því að heilbrrn. eða stjórnvöld hafa ekki séð sóma sinn í því að bæta heilbrigðisstofnunum, sjúkrahúsunum, þann aukakostnað sem þeim hefur fylgt og það má kannski bæta við spurningu til hæstv. ráðherra: Er þetta kannski leið til þess að spara í sjúkrahúsunum, ná endum í fjármálum ríkissjúkrahúsanna, að halda sem lengst þessu verkfalli? Ég vona að svo sé ekki og vona sannarlega að ráðherra mæli heilt þegar hann segir að það verði að leggja sig fram um það að ná niðurstöðu og sáttum og ríkisvaldið verður að leggja sig fram í því efni.

[15:35]

Matthías Bjarnason:

Virðulegi forseti. Ég þekki af eigin raun mjög vel til starfa sjúkraliða, bæði á sjúkrahúsum og við heimilishjúkrun, og ég veit að hér er um erfitt starf að ræða og illa launað. Það sem ég furða mig á er að það er byrjað að ræða um lausn á þessu máli fyrir tæplega 14 mánuðum eða 20. sept. á sl. ári og samkvæmt upplýsingum staðgengils fjmrh. hafa verið haldnir samtals 29 fundir.

Mér finnst sorglegt til þess að vita hvað þessar samningaumleitanir hafa tekið langan tíma og verið miklar tafir á milli. Mér finnst hörmung til þess að vita að boðin hafa verið 3% hækkun, gert tilboð um 3% hækkun launa sjúkraliða, en það bundið því skilyrði að þeir hafi unnið við sjúkraliðastörf í 5 ár til þess að fá þessi 3%. Þetta tilboð, að mínum dómi, gerir ekki það að verkum að sættir séu auðveldari í deilunni. Ég er ekki að deila á staðgengil fjmrh., hann er aðeins að koma hér með upplýsingar frá launanefndinni, en ég hvet hinn raunverulega fjmrh., þegar hann kemur, að beita sér fyrir því að lausn fáist á þessu máli því að hér er um neyðartilfelli að ræða á mörgum sviðum, utan sjúkrahúsanna og einnig innan þeirra. Það er heldur ekki hægt að leggja svona mikið á þá sem vinna eftir sem áður þegar allur þessi hópur hefur lagt niður vinnu.

[15:38]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. Guðrúnu J. Halldórsdóttur fyrir að hefja þessa umræðu og þó það liggi í hlutarins eðli að við leysum ekki kjaradeilur hér á Alþingi þá er það jafnljóst að verkfall sjúkraliða er m.a. afleiðing þeirrar stjórnarstefnu sem hefur verið rekin. Afleiðing þeirrar stefnu sem rekin er í launamálum og afleiðing þessa handahófskennda niðurskurðar sem verið hefur í heilbrigðiskerfinu. Það er því fullkomlega eðlilegt að við tökum þetta mál til umræðu hér og hvetjum til þess að deilan verði leidd til lykta sem allra fyrst, því eins og fram hefur komið þá gegna sjúkraliðar mikilvægu og krefjandi starfi í heilbrigðiskerfinu, bæði inni á sjúkrastofnunum en einnig og ekki síður í heimahúsum. Störf þeirra hafa gert það að verkum að stór hópur sjúklinga getur nú dvalið í heimahúsum og það er ekki lítils virði fyrir hvern einstakling að geta verið sem lengst heima hjá sér. Þá er heimaþjónustan ekki síður mikilvæg ef horft er til þeirra biðlista sem eru eftir plássi á sjúkra- og dvalarheimilum. Þeir sem vinna við heimahjúkrun vinna oft við mjög erfiðar aðstæður en sinna sjúklingum af alúð. Í mörgum tilvikum er ekki eingöngu um líkamleg veikindi að ræða heldur einnig þörf einstaklings fyrir félagsskap.

Helmingur stöðugilda í heimahjúkrun á vegum heilsuverndarstöðvar eru stöðugildi sjúkraliða og þannig er það hjá flestum þeim stofnunum sem gegna sama hlutverki. Þjónusta í heimahúsum skerðist í verkfallinu um 50%. Ástandið er alvarlegt og verður verra og verra eftir því sem verkfallið stendur lengur.

Virðulegi forseti. Konur voru eitt sinn hvattar til að ná sér í aukna menntun. Það átti að verða vísasti vegurinn til betri launakjara og aukins jafnréttis milli kynja. Því miður hefur þetta ekki gengið eftir. Þessi svokölluðu hefðbundnu kvennastörf eru enn flest láglaunastörf. Starf sjúkraliða er dæmigert fyrir þetta. Þrátt fyrir auknar menntunarkröfur og sífellt ábyrgðarmeiri störf eru launakjör þeirra okkur til skammar.

[15:40]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Enn einu sinni er fjölmenn kvennastétt í heilbrigðisgeiranum komin í verkfall. Fyrr

á þessu ári áttu meinatæknar í hörðum og alvarlegum vinnudeilum og ekki alls fyrir löngu áttu hjúkrunarfræðingar í hlut. Þessar síendurteknu deilur spegla óánægju kvenna með smánarleg launakjör og óþolandi launamisrétti, en þær sýna líka hve samskipti ríkisins við starfsmenn sína eru í slæmum farvegi eins og dæmin sanna. Það er alltaf sama sagan. Samninganefndin stundar endalaus samanburðarfræði, sem nefndarmenn eru reyndar snillingar í. Þeir gera fáránleg tilboð og allt fer í bál og brand. Það verður þó að segja að það er jákvætt að samningafundir standa yfir. Þeir hafa þó ekki stöðvast.

Sjúkraliðar eru á sjötta degi verkfalls og mjög alvarlegt ástand mun skapast á sjúkrastofnunum ef verkfallið dregst á langinn, en á meðan eru þeir ráðherrar sem í hlut eiga á fundum erlendis. Það þykir mér mikið ábyrgðarleysi en það er ekki einsdæmi.

Virðulegi forseti. Ég skora á starfandi fjmrh. að beita sér í þessari vinnudeilu og að leita lausna þegar í stað meðan hann situr í þessu embætti. Hér er um réttlætismál að ræða. Stétt á í deilum sem hefur verið án samninga í um 20 mánuði, stétt sem vinnur ábyrgðarmikil störf sem samfélagið getur ekki verið án. Sjúkraliðar eiga rétt á leiðréttingu eins og aðrar heilbrigðisstéttir og þeir eiga að fá hana.

[15:42]

Þuríður Backman:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka málshefjanda fyrir að hefja þessa umræðu um málefni sjúkraliða. Alþingi er ekki samningsaðili í launadeilum, en þó ber ríkisstjórnin nokkra ábyrgð vegna þeirrar láglaunastefnu sem hún stendur fyrir. Sjúkraliðar höfðu haft lausa samninga í um það bil 20 mánuði án þess að við þá væri rætt í neinni alvöru. Verkfallsboðun breytti þar litlu og því miður reyndi á verkfallsréttinn. Verkfallsaðgerðir inni á sjúkrastofnunum, hjúkrunarheimilum og við sjúka og aldraða í heimahúsum eru viðkvæmastar allra verkfallsaðgerða og því heyrast enn þær raddir að heilbrigðisstarfsmenn eigi ekki að hafa verkfallsrétt. Verkfallsþolendur eru þeir sem síst skyldi, þ.e. sjúkir og aldraðir. Ástandið er auk þess sérstaklega viðkvæmt núna þar sem niðurskurður í heilbrigðiskerfinu hefur takmarkað allt eðlilegt starf á sjúkrastofnunum og því er svo að þær eru mjög illa í stakk búnar til að mæta enn frekari skerðingu. Siðferðilega er mjög erfitt fyrir heilbrigðisstarfsmenn að standa í verkfallsaðgerðum, enda er ekki gripið til þeirra nema í algerri nauðvörn. Neyð sjúklinga og aðstandenda er lýst í fjölmiðlum og höfðað er til ábyrgðartilfinningar þeirrar starfsstéttar sem stendur í verkfalli, en hinn aðilinn, í þessu tilfelli samninganefnd ríkisins, sleppur óáreittur. Og hver ber ábyrgðina í þessari deilu? Eru það sjúkraliðar sem eftir ótrúlega þolinmæði knýja nú á kjarabætur með þeim eina hætti sem hefur dugað til að fá viðsemjendur þeirra til að setjast að samningsborði eða er þetta á ábyrgð láglaunastefnu ríkisstjórnarinnar? Eða fá sjúkraliðar að gjalda þess að vera fjölmenn kvennastétt sem, eins og fleiri kvennastéttir, njóta ekki til launa aukinnar menntunar og ábyrgðar í starfi? Því hvet ég fjmrh. að semja nú þegar við sjúkraliða svo að þessi mikilvæga stétt í heilbrigðiskerfinu geti þegar snúið aftur til starfa.

[15:44]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Það hefur skapast grafalvarlegt ástand. Það er ekkert óvænt. Viðræður eru búnar að standa á annað ár. Fjmrh. hefur ekkert viljað hreyfa sig, hann hefur verið upptekinn af því að fella niður hátekjuskattinn. Því miður verður þetta mál ekki leyst í dag. Hæstv. ríkisstjórn er nú einungis skipuð tveimur mönnum, þ.e. hérlendis. Fjmrh. er fjarstaddur úti í Noregi í kosningabaráttu Norðmanna. Mér fannst hv. málshefjandi fara á fremstu nöf þegar hann stakk upp á því að hæstv. ráðherrar færu að sinna sjúkraliðastörfum. (Gripið fram í.) Þeir eru nú búnir að sýna það við stjórn landsins að þeim er ekki treystandi. Guð almáttugur forði íslenskum sjúklingum frá því að láta ráðherrana fara að annast um sig. En þessa deilu verður að leysa. Það dugir ekkert fyrir fjmrn. að þumbast meðan aðrir þjást og allt stefnir í óefni. En það verður líka að gera þá kröfu til sjúkraliða að þeir sýni eðlileg vinnubrögð vardandi undanþágur því það veldur sjaldan einn þá tveir deila.

[15:46]

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Í hvítbók ríkisstjórnarinnar segir á bls. 19 að endurskoðuð skuli frá grunni lög um starfsmanna- og kjaramál ríkisins og skilgreind á ný réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. ráðherra hvað langt þessari vinnu sé komið.

Það sýnir virðinguna fyrir þessum stéttum sem nú eru að stríða í verkfalli að báðir hæstv. ráðherrar sem málið varða eru erlendis. Ég vona að þeir spyrji kollega sína í Tromsö hvað sjúkraliði hafi í byrjunarlaun í Noregi. Hafi þeir gleymt því þá eru það ekki 56.000 kr. eins og hér heldur rúmar 130.000 kr. í byrjunarlaun. Ég vænti þess að þeir fái þessar upplýsingar þar.

Annað er að ekki er nú meiri áhugi á þessu máli en svo að ekki er talið svara kostnaði að skipa ríkissáttasemjara og er ég nú þar með ekki að vantreysta virðulegum vararíkissáttasemjara. Ekki væri kannski verra að í það embætti væri skipað.

Sannleikurinn er sá að hér er um að ræða aðeins einn þátt af mörgum í samfélaginu þar sem laun og þá sérstaklega kvennastéttanna eru undir öllu velsæmi. Það er ekki hægt að greiða nokkurri manneskju 56.000 kr. á mánuði — og nú sé ég á svipnum á hv. þm. Guðmundi H. Garðarssyni — ég man ekki númer hvað hann er, það gerir ekkert til ég hef svo lítinn tíma — (**Gripið fram í:** 3. þm. Reykv.) en ég veit að hann veit að það eru til verr launaðar stéttir og á ég þá við verslunarfólk sem er undir 50.000 kr. á mánuði. En við þetta verður auðvitað ekki unað, hæstv. forseti, það verður gerð uppreisn í þjóðfélaginu innan tíðar. Það er ekki hægt að lifa af þessum launum. Ég fæ ekki betur séð en öll störf sem eru til einhvers gagns í samfélaginu leggist af en þeir sitji eftir sem minnst gagnið gera.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti biður um hljóð á áhorfendapöllum.

[15:48]

Lára Margrét Ragnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Verkfall sjúkraliða hefur haft víðtæk áhrif á starfsemi sjúkrastofnana í Reykjavík. Sjúkrahúsin hafa á undanförnum árum þurft að draga saman starfsemi sína með lokun deilda og með því að halda úti lágmarksmannafla til umönnunar sjúklinga. Það gefur því auga leið að álag á starfsmönnum sjúkrahúsanna var þegar orðið gífurlegt fyrir verkfall sjúkraliða. En verkfall sjúkraliða bitnar mest á öldrunar- og langtímaþjónustu þar sem sjúkraliðar eru flestir enda nýtast kraftar þeirra þar best. Þessar deildir eru líka einna viðkvæmastar þar sem þar liggja sjúklingar sem eru meira eða minna ósjálfbjarga og þarf bæði að mata og þrífa. Þessir sjúklingar fylgjast glöggt með störfum sjúkraliða og hafa á undanförnum dögum borið vitni í fjölmiðlum um það álag sem er á sjúkraliðum.

Starfsemi sjúkrahúsanna er nú sinnt þannig að mannafli er að nálgast að vera fyrir neðan lágmark. Það er því nauðsynlegt að sjúkraliðar og stjórnendur spítalanna komi sér sem fyrst saman um þær undanþágur sem eiga að gilda meðan á verkfalli stendur sem vonandi verður sem skemmst.

Launakerfi ríkisins býður opinberum starfsmönnum ekki upp á neitt sældarlíf. Sjúkraliðar eru þar síst undanskildir miðað við það vinnuálag og þá ábyrgð sem þeir axla. Ég vil því ítreka þá skoðun mína hér á Alþingi að nauðsynlegt sé að endurskoða launakerfi ríkisins þannig að laun endurspegli vinnuframlag og ábyrgð hvers einstaks starfsmanns. Ég vil einnig hvetja deiluaðila til að ganga til samninga sem allra fyrst, bæði með því að sjúkraliðar leggi fram gagntilboð við tilboði samninganefndar ríkisins og ríkisvaldið skoði það tilboð með jákvæðum huga því verkfallinu verður að linna.

[15:51]

Guðrún J. Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka þær umræður sem hér hafa farið fram og hversu vel hefur verið tekið undir mál mitt af öllum aðilum raunar og þar er hæstv. starfandi fjmrh. ekki undanskilinn. En ég tel að sú staðreynd að aðeins skuli hafa farið fram 29 fundir til sátta á þessu langa tímabili sé dálítið dæmi um það hversu lítið alvarlega kröfur sjúkraliða hafa verið teknar. Þetta var reginmisskilningur og er kannski farið að renna upp fyrir samningamönnum núna.

Það var nefnt ósætti varðandi undanþágulista og að sjúkraliðar hefðu ekki mætt til vinnu samkvæmt undanþágulistunum. Ég verð að mótmæla því og segja að þeir hafi mætt eins og þeim fannst og þeir túlka að listarnir gefi tilefni til og þegar á þeim er brotið svara þeir kannski í þá mynt að ansa ekki þeim undanþágulistum sem ríkisvaldið álítur að þeir hafi löggilt.

En eins og við vitum þá átti fyrir 1. febrúar sl. að gefa út undanþágulista. Sumir gerðu það og aðrir ekki og verða því að bíta í það súra epli núna að verða að sækja um undanþágu dag hvern ef þeir ætla að fá einhverja sjúkraliða til starfa.

Það er siðferðilega erfitt að fara í verkfall fyrir heilbrigðisstéttir og sýnir hversu illa er komið, hversu langt er gengið og hversu langþreyttir sjúkraliðar eru orðnir að þeir skyldu grípa til þessa óyndisúrræðis sem það auðvitað er í sjálfu sér.

Hingað til hafa yfirmanneskjur á stofnunum bjargað sér með yfirvinnu annarra starfsmanna sem tæpast getur talist heppileg aðferð og hjálp aðstandenda hefur einnig komið til og orðið til mikilla bóta en þreyta fer áreiðanlega að gera vart við sig innan örstutts tíma. Það er ekki nokkur efi á því. (Forseti hringir.) Ríkið greiðir (Forseti hringir.) — virðulegi forseti, ég er alveg að ljúka máli mínu — 70% sjúkraliða laun og ég tel að launahækkanir þær sem hugsanlega kæmu til framkvæmda mundu að ⅓ hlutum skila sér aftur í ríkiskassann í formi skatta og því um líks. (Forseti hringir.) Störf sem eru eins erfið og sjúkraliðar inna af hendi og eru þannig að fólk er orðið útkeyrt löngu áður en 8 stunda vinnudegi er lokið er þrældómur sem verður að linna. (Forseti hringir.) Mér sýnist að koma þurfi til bæði stytting vinnuvikunnar og hækkun launa. Ég skora á hæstv. ráðherra um leið og ég þakka honum þessa umræðu að sjá til þess að lausn finnist hið fyrsta.

[15:54]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Ég vil taka undir með hv. málshefjanda og þakka þær umræður sem hér hafa farið fram. Það er alkunna að Alþingi leysir ekki kjaradeilur eins og þessa en hitt er satt og rétt að það er eðlilegt að Alþingi kalli eftir greinargerð um alvarlega deilu eins og þessa og ég tel að ég hafi með málefnalegum hætti gert grein fyrir stöðu þeirrar deilu frá sjónarmiði fjmrn.

Ég hef í sjálfu sér engu þar við að bæta í lok umræðunnar en vil aðeins gera athugasemd við það sem fram kom í máli hv. 15. þm. Reykv. og hv. 1. þm. Norðurl. v. þar sem látið var að því liggja að fjarvera fjmrh. og heilbrrh. við skyldurstörf í norrænu samstarfi tefði framgang þessara viðræðna. Þetta er rangt. Fjarvera þeirra tefur viðræðurnar ekki á nokkurn hátt. Samninganefnd ríkisins hefur fullt umboð til þess að halda viðræðum áfram og starfandi fjmrh. getur gefið hver þau fyrirmæli sem nauðsynleg eru varðandi framgang viðræðnanna. Það er mikilvægt að þetta sé alveg ljóst að þessar aðdróttanir hafa ekki við nokkur rök að styðjast.

Það kemur skýrt fram í yfirlýsingu formanns samninganefndar ríkisins þegar hann hefur lýst því að nefndin hafi átt von á gagntilboði frá Sjúkraliðafélaginu, að tilboð samninganefndarinnar var ekki lokaniðurstaða máls, í því fólust ekki úrslitakostir, þegar formaður samninganefndarinnar lýsir því yfir að hann hafi átt von á gagntilboði sem samninganefndin hafi verið tilbúin að ræða þá er alveg ljóst að það liggja ekki fyrir neinir úrslitakostir í því tilboði sem lagt hefur verið fram af hálfu ríkisins. Það er mikilvægt að þessi staðreynd liggi líka fyrir í lok þessarar umræðu.

Aðgerðir til að draga úr kynjamisrétti, frh. fyrri umr.

Þáltill. KÁ o.fl., 38. mál. — Þskj. 38.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:01]
Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, BjörkJ, EH, EgJ, EKG, EM, EKJ, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, JE, JHelg, KHG, KÁ, KGuðm, LMR, MF, MB, PP, RA, RÞ, SalÞ, SigG, StG, StB, TIO, ÞBack, ÞorstP, ÖS.

31 þm. (ÁMM, DO, FI, FrS, GHH, GGott, GE, GHG, GÁS, GJH, HÁ, HBl, IBA, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, KE, MI, ÓE, ÓRG, PJ, PBj, RG, SighB, SAÞ, SJS, SvG, VS, VE) fjarstaddur.

Till. vísað til félmn. án atkvgr.

Foreldrafræðsla, frh. fyrri umr.

Þáltill. KÁ o.fl., 39. mál. — Þskj. 39.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:01]
Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, BjörkJ, EH, EgJ, EKG, EM, GB, GHG, GHall, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, JE, JHelg, KHG, KÁ, KGuðm, LMR, MF, MI, MB, PP, RA, RÞ, SalÞ, SigG, StG, StB, TIO, ÞBack, ÞorstP, ÖS.

29 þm. (ÁMM, DO, EKJ, FI, FrS, GHH, GGott, GE, GÁS, HÁ, HBl, IBA, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, KE, ÓE, ÓRG, PJ, PBj, RG, SighB, SAÞ, SJS, SvG, VS, VE) fjarstaddir.

Till. vísað til menntmn. án atkvgr.

Varðveisla arfs húsmæðraskóla, frh. fyrri umr.

Þáltill. KÁ o.fl., 40. mál. — Þskj. 40.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:02]
Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, BjörkJ, EH, EgJ, EKG, EM, EKJ, GB, GHG, GHall, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, JE, JHelg, KHG, KÁ, KGuðm, LMR, MF, MI, MB, PP, RA, RÞ, SalÞ, SigG, StG, StB, TIO, ÞBack, ÞorstP, ÖS.

28 þm. (ÁMM, DO, FI, FrS, GHH, GGott, GE, GÁS, HÁ, HBl, IBA, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, KE, ÓE, ÓRG, PJ, PBj, RG, SighB, SAÞ, SJS, SvG, VS, VE) fjarstaddir.

Till. vísað til menntmn. án atkvgr.

Endurskoðun á launakerfi ríkisins, frh. fyrri umr.

Þáltill. KÁ o.fl., 41. mál. — Þskj. 41.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:02]
Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, BjörkJ, EH, EgJ, EKG, EM, EKJ, GB, GHG, GHall, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, JE, JHelg, KHG, KÁ, KGuðm, LMR, MF, MI, MB, PP, RA, RÞ, SalÞ, SigG, StG, StB, TIO, ÞBack, ÞorstP, ÖS.

28 þm. (ÁMM, DO, FI, FrS, GHH, GGott, GE, GÁS, HÁ, HBl, IBA, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, KE, ÓE, ÓRG, PJ, PBj, RG, SighB, SAÞ, SJS, SvG, VS, VE) fjarstaddir.

Till. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Þingsköp Alþingis, frh. 1. umr.

Frv. TIO o.fl., 42. mál (þingskapalaganefnd). — Þskj. 42.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:03]
Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, BjörkJ, EH, EgJ, EKG, EM, EKJ, GB, GHG, GHall, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, JE, JHelg, KHG, KÁ, KGuðm, LMR, MF, MI, MB, PP, RA, RÞ, SalÞ, SigG, StG, StB, TIO, ÞBack, ÞorstP, ÖS.

28 þm. (ÁMM, DO, FI, FrS, GHH, GGott, GE, GÁS, HÁ, HBl, IBA, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, KE, ÓE, ÓRG, PJ, PBj, RG, SighB, SAÞ, SJS, SvG, VS, VE) fjarstaddir.

Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 1. umr.

Frv. GÁ og FI, 49. mál (millifærsla persónuafsláttar). — Þskj. 49.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:03]
Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, BjörkJ, EH, EgJ, EKG, EM, EKJ, GB, GHG, GHall, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, JE, JHelg, KHG, KÁ, KGuðm, LMR, MF, MI, PP, RA, RÞ, SalÞ, SigG, StG, StB, TIO, ÞBack, ÞorstP, ÖS.

29 þm. (ÁMM, DO, FI, FrS, GHH, GGott, GE, GÁS, HÁ, HBl, IBA, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, KE, MB, ÓE, ÓRG, PJ, PBj, RG, SighB, SAÞ, SJS, SvG, VS, VE) fjarstaddir.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Samkeppnisstaða innlendrar framleiðslu, frh. fyrri umr.

Þáltill. FI o.fl., 56. mál. — Þskj. 56.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:04]
Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, BjörkJ, EH, EgJ, EKG, EM, EKJ, GB, GHG, GHall, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, JE, JHelg, KHG, KÁ, KGuðm, LMR, MF, MI, MB, PP, RA, RÞ, SalÞ, SigG, StG, StB, TIO, ÞBack, ÞorstP, ÖS.

28 þm. (ÁMM, DO, FI, FrS, GHH, GGott, GE, GÁS, HÁ, HBl, IBA, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, KE, ÓE, ÓRG, PJ, PBj, RG, SighB, SAÞ, SJS, SvG, VS, VE) fjarstaddir.

Till. vísað til iðnn. án atkvgr.

Sjóvarnir, frh. 1. umr.

Frv. StB o.fl., 61. mál. — Þskj. 61.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:04]
Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, BjörkJ, EH, EgJ, EKG, EM, EKJ, GB, GHG, GHall, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, JE, JHelg, KHG, KÁ, KGuðm, LMR, MF, MI, MB, PP, RA, RÞ, SalÞ, SigG, StG, StB, TIO, ÞBack, ÞorstP, ÖS.

28 þm. (ÁMM, DO, FI, FrS, GHH, GGott, GE, GÁS, HÁ, HBl, IBA, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, KE, ÓE, ÓRG, PJ, PBj, RG, SighB, SAÞ, SJS, SvG, VS, VE) fjarstaddir.

Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Sumarmissiri við Háskóla Íslands, frh. fyrri umr.

Þáltill. JóhS o.fl., 152. mál. — Þskj. 164.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:05]
Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, BjörkJ, EH, EgJ, EKG, EM, EKJ, GB, GHG, GHall, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, JE, KHG, KÁ, KGuðm, LMR, MF, MI, MB, PP, RA, RÞ, SalÞ, SigG, StG, StB, ÞBack, ÞorstP, ÖS.

30 þm. (ÁMM, DO, FI, FrS, GHH, GGott, GE, GÁS, HÁ, HBl, IBA, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, KE, ÓE, ÓRG, PJ, PBj, RG, SighB, SAÞ, SJS, SvG, TIO, VS, VE) fjarstaddir.

Till. vísað til menntmn. án atkvgr.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 1. umr.

Frv. JóhS, 153. mál (sameining og yfirtaka félaga). — Þskj. 166.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:05]
Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, BjörkJ, EH, EgJ, EKG, EM, EKJ, GB, GHG, GHall, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, JE, JHelg, KHG, KÁ, KGuðm, LMR, MF, MI, MB, PP, RA, RÞ, SalÞ, SigG, StG, StB, TIO, ÞBack, ÞorstP, ÖS.

28 þm. (ÁMM, DO, FI, FrS, GHH, GGott, GE, GÁS, HÁ, HBl, IBA, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, KE, ÓE, ÓRG, PJ, PBj, RG, SighB, SAÞ, SJS, SvG, VS, VE) fjarstaddir.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 1. umr.

Frv. JóhS, 154. mál (persónuafsláttur barna og uppsafnaður persónuafsláttur). — Þskj. 167.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:06]
Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, BjörkJ, EH, EgJ, EKG, EM, EKJ, GB, GHG, GHall, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, JE, JHelg, KHG, KÁ, KGuðm, LMR, MF, MI, MB, PP, RA, RÞ, SalÞ, SigG, StG, StB, TIO, ÞBack, ÞorstP, ÖS.

28 þm. (ÁMM, DO, FI, FrS, GHH, GGott, GE, GÁS, HÁ, HBl, IBA, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, KE, ÓE, ÓRG, PJ, PBj, RG, SighB, SAÞ, SJS, SvG, VS, VE) fjarstaddir.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Mat á umhverfisáhrifum, frh. 1. umr.

Frv. TIO, 189. mál. — Þskj. 211.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:06]
Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, BjörkJ, EH, EgJ, EKG, EM, EKJ, GB, GHG, GHall, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, JE, JHelg, KHG, KÁ, KGuðm, LMR, MF, MI, MB, PP, RÞ, SalÞ, SigG, StG, StB, TIO, ÞBack, ÞorstP, ÖS.
30 þm. (ÁJ, ÁMM, DO, FI, FrS, GHH, GGott, GE, GÁS, HÁ, HBl, IBA, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, KE, ÓE, ÓRG, PJ, PBj, RA, RG, SighB, SAÞ, SJS, SvG, VS, VE) fjarstaddir.

Frv. vísað til umhvn. án atkvgr.

Markaðssetning rekaviðar, frh. fyrri umr.

Þáltill. JVK o.fl., 53. mál. — Þskj. 53.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:07]
Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁJ, BjörkJ, EH, EgJ, EKG, EM, EKJ, GB, GHG, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, JE, JHelg, KHG, KÁ, KGuðm, LMR, MF, MI, MB, PP, RÞ, SalÞ, SigG, StG, StB, TIO, ÞBack, ÞorstP, ÖS.
30 þm. (ÁMM, DO, FI, FrS, GHH, GGott, GE, GÁS, GJH, HÁ, HBl, IBA, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, KE, ÓE, ÓRG, PJ, PBj, RA, RG, SighB, SAÞ, SJS, SvG, VS, VE) fjarstaddir.

Till. vísað til landbn. án atkvgr.

Útbýting þingskjala:
Rekstur minni sjúkrahúsa í dreifbýli, 214. mál, þáltill. GB o.fl., þskj. 242.
Þróunarsjóður sjávarútvegsins, 164. mál, svar sjútvrh., þskj. 238.

Út af dagskrá voru tekin 15.–19. mál.

Fundi slitið kl. 16:08.

---

35. FUNDUR

fimmtudaginn 17. nóv.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:
1. Náttúruvernd, stjfrv., 123. mál, þskj. 128. — Frh. 1. umr.
2. Vernd Breiðafjarðar, stjfrv., 206. mál, þskj. 232. — 1. umr.
3. Öryggi vöru og opinber markaðsgæsla, stjfrv., 198. mál, þskj. 224. — 1. umr.
4. Sameining Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda, stjfrv., 174. mál, þskj. 191. — 1. umr.
5. Framleiðsla og sala á búvörum, stjfrv., 175. mál, þskj. 192. — 1. umr.
6. Útflutningur hrossa, stjfrv., 209. mál, þskj. 235. — 1. umr.
7. Bráðabirgðasamkomulag eftir að EFTA-ríki hafa gerst aðilar að Evrópusambandinu, stjtill., 182. mál, þskj. 204. — 1. umr.
8. Vegaframkvæmdir á Austurlandi, þáltill., 37. mál, þskj. 37. — Frh. fyrri umr.
9. Greiðsluaðlögun húsnæðislána, þáltill., 54. mál, þskj. 54. — Fyrri umr.
10. Aðgerðir til stuðnings íbúum Austur-Tímor, þáltill., 69. mál, þskj. 69. — Fyrri umr.
11. Nefnd til að kanna útlánatöp innlánsstofnana, frv., 70. mál, þskj. 70. — Frh. 1. umr.
12. Bann við atvinnurekstri einstaklings vegna afbrota, frv., 87. mál, þskj. 87. — 1. umr.
13. Vöruverð lífsnauðsynja og verðmunur á milli þéttbýlis og dreifbýlis, þáltill., 103. mál, þskj. 106. — Fyrri umr.
14. Fréttaflutningur af slysförum, þáltill., 115. mál, þskj. 118. — Fyrri umr.
15. Úttekt á kjörum fólks er stundar nám fjarri heimabyggð, þáltill., 132. mál, þskj. 138. — Fyrri umr.
16. Rannsóknarráð Íslands, frv., 136. mál, þskj. 142. — 1. umr.
17. Kynning á íslenskri menningu, frv., 145. mál, þskj. 153. — 1. umr.
18. Fæðingarorlof, þáltill., 147. mál, þskj. 155. — Fyrri umr.
19. Vegalög, frv., 178. mál, þskj. 196. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:
Geir H. Haarde, 8. þm. Reykv.,
Gunnlaugur Stefánsson, 5. þm. Austurl.,
Ingi Björn Albertsson, 5. þm. Reykv.,
Jóhann Ársælsson, 3. þm. Vesturl.,
Jóhannes Geir Sigurgeirsson, 6. þm. Norðurl. e.,
Jón Kristjánsson, 2. þm. Austurl.,
Rannveig Guðmundsdóttir félmrh.,
Steingrímur J. Sigfússon, 4. þm. Norðurl. e.

Útbýting þingskjala:

Bann við sölu á eignum ríkisins án lagaheimilda, 218. mál, frv. PP, þskj. 247.

Takmörkun á ráðstöfun síldar til bræðslu, 107. mál, nál. sjútvn., þskj. 248.

Tollar á útflutningi reiðhrossa, 193. mál, svar utanrrh., þskj. 246.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseta hefur borist eftirfarandi bréf, dags. 16. nóv. 1994:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska þess að 1. varaþm. Framsfl. í Suðurlandskjördæmi, Þuríður Bernódusdóttir verkstjóri, Vestmannaeyjum, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegi forseti.

Jón Helgason, 2. þm. Suðurl."

Þuríður Bernódusdóttir hefur áður tekið sæti á Alþingi og er hún boðin velkomin til starfa.

Náttúruvernd, frh. 1. umr.

Stjfrv., 123. mál (stjórn náttúruverndarmála o.fl.). — Þskj. 128.

[10:32]

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Hér er til umræðu frv. sem er svo sem gamall kunningi, kom til umræðu í fyrra í svipuðu formi en náðist ekki að afgreiða sem lög á því þingi. Það hafa verið gerðar nokkrar breytingar á frv. sem sumar eru til bóta að mínu mati en aðrar orka tvímælis. Ég tel að það sé svo komið að hv. Alþingi verði að reyna að ganga frá þessum málum þannig að náttúruverndin sem slík geti orðið að aðalatriði en ekki það hvernig skipulag þessara mála er innan stjórnsýslunnar. Ég held að það séu allir sammála um það að tími Náttúruverndarráðs er liðinn í því formi sem það er í dag með tilkomu umhvrn. og því verður að gera þarna breytingar. En hitt er annað mál hvernig þær eiga að vera. Ég veit að það er mikil ósamstaða um það bæði innan þess hóps sem sinnir náttúruverndarmálum og eins hér á hv. Alþingi. Ég vil hins vegar segja í framhaldi af þessu að ég held að flestallir Íslendingar hafi áhuga á náttúruvernd og það sé ekki lengur eins og var fyrir einhverjum áratugum að það séu bara einstaka menn sem láta sig þann málaflokk varða.

Það sem ég velti fyrir mér fyrst og fremst og lét koma fram í fyrra þegar frv. til náttúruverndarlaga var hér til umfjöllunar var að mér finnst að það þurfi að leitast við að færa meiri völd heim í héruð og nær fólkinu og nær vettvangi þó ég geti ekki alveg gert mér grein fyrir hvernig það skuli gert. Það er enn til staðar miðstýringarárátta í frv. sem nýtur ekkert sérstakra vinsælda á landsbyggðinni.

Það sem þetta frv. gengur fyrst og fremst út á að mínu mati er það að færa verkefni frá Náttúruverndarráði yfir til svokallaðrar Landvörslu ríkisins. Þessi Landvarsla ríkisins á að hafa gífurlega mikið verkefni og má þar nefna að hún á að hafa umsjón með þjóðgörðum og getur m.a. takmarkað umferð. Árlega á hún að gefa umhvrh. skýrslu. Hún á að sjá um að gerðar verði skipulagsáætlanir, hún á að hafa forgöngu um fræðslu, hún á að geta rekið gestastofur í þjóðgörðum, hún á að efla áhuga á náttúruvernd, hún á að hafa samstarf við Náttúruverndarráð og samtök áhugamanna um náttúruvernd, hún á að stuðla að héraðsfundum um náttúruvernd og hún á að fylgjast með því að náttúru landsins sé ekki spillt svo eitthvað sé nefnt. Þessi Landvarsla ríkisins á hins vegar að vera þannig saman sett og stjórn hennar að hæstv. umhvrh. skipar í stjórn án tilnefningar og það er breyting frá því sem var í því frv. sem hér var til umræðu fyrir u.þ.b. ári síðan. Ég hef miklar efasemdir um að þetta sé til bóta. Þó að ég í sjálfu sér geti treyst núv. hæstv. umhvrh. ágætlega til þess að skipa þarna góða stjórn þá held ég að hafa í lögum að ráðherra skipi stjórn án tilnefningar bjóði upp á alls konar áhættur sem við eigum ekki að vera að taka í lagasetningu. Þetta er eitt af því sem hlýtur að koma til athugunar í hv. umhvn. þegar málið fer þangað til umfjöllunar.

Náttúruverndarráð sem slíkt verður til staðar mest sem umsagnaraðili og einhvers staðar kemur það fram í lagatextanum að það má hafa aðrar skoðanir heldur en ríkisvaldið og það er í sjálfu sér mjög gott að hafa það á prenti. En náttúruverndarþing á sem sagt áfram að verða til og koma saman annað hvert ár. Þar fer fram mikilvæg umræða um náttúruverndarmál þannig að það er engin ástæða til annars en að náttúruverndarþing haldi áfram að koma saman sem nokkurs konar grasrótarsamkoma. Ég lýsi yfir stuðningi við það.

Hæstv. forseti. Ég vil taka það fram að mér finnst mikilvægt að þó að þetta þing muni starfa stutt þá reyni Alþingi að ná einhverri niðurstöðu í þessum málum því eins og málum er skipað í dag þá er Náttúruverndarráð hálfgerður bastarður í kerfinu og á því verðum við að finna einhverja lausn. Ég trúi ekki öðru en hv. umhvn. geti unnið þetta frv. þannig að úr því verði sæmileg lagasetning.

Svo er það annað mál sem hv. formaður umhvn. kom inn á þegar málið var til umfjöllunar í síðustu viku. Hún talaði svolítið undir rós en mér heyrðist að hún væri að ýja að því að Skógrækt ríkisins og Landgræðsla ríkisins ættu að heyra undir umhvrn. Þar kem ég að nokkuð viðkvæmu máli og veit ég að um það er ekki mikil samstaða innan núv. hæstv. ríkisstjórnar hvernig þeim málum skal skipað. Minn flokkur hefur verið þeirrar skoðunar að Skógræktin og Landgræðslan eigi að heyra undir landbrh. og það vil ég ítreka hér. Hins vegar geri ég mér vel grein fyrir því að þetta skapar ákveðna erfiðleika í framkvæmd og vegna þess

hefur verið komið upp hópi sem á að vera einhvers konar samstarfsaðili þannig að þessir aðilar viti hver af öðrum og viti um þankagang hvers annars sem hefur verið kallaður „nasl-hópur" eða „nasl-nefnd" og kemur hún víst saman annað slagið án þess að þar sé verið að tala í mjög mikilli alvöru. Það er í og með vegna þess að mínu mati að innan landbrn. og ekki síst hæstv. landbrh. vill hafa ófrið um þessi mál. Það finnst mér alvarlegt. Og það finnst mér alvarlegt sem bónda að hæstv. landbrh. vill vera í stríði við umhvrn. og við Náttúruverndarráð og helst alla sem umhvrn. tengjast.

Ég var að tala um hæstv. landbrh. þegar rauða ljósið fór að blikka. Ég hef kannski ekki miklu við það að bæta sem ég hafði þegar látið koma fram um hans afstöðu í þessum málum sem mér finnst ekki til fyrirmyndar og ekki bændastéttinni til framdráttar.

Eitt af því sem komið er inn á í frv. og er líka nokkuð viðkvæmt mál varðar gjaldtöku á ferðamannastöðum. Við höfum verið dálítið feimin við það Íslendingar að koma þessu ákvæði inn í lög og þetta er með þeim fyrirvara að ágóði skuli nýttur til framkvæmda á viðkomandi stað og ég held að það sé í sjálfu sér alveg rétt að hafa þann hátt á. Ég vil strax við 1. umr. lýsa yfir stuðningi við það atriði. Ég held að það verði bara að taka af skarið með það og heimila að gjaldtaka megi eiga sér stað. Auðvitað er erfitt að ganga of langt í þeim efnum og það má alls ekki gera, en að í lögum sé heimildarákvæði hvað þetta snertir tel ég vera rétt.

Ég veit ekki hvað ég á að hafa mikið fleiri orð um þetta, ég held ég sé búin að koma að því sem mér finnst mikilvægt. Friðlýsingarþátturinn er styrktur í þessu frv. og í mínum huga er það rétt að friðlýsa hluta landsins. Ég held að við Íslendingar getum alveg gert það, að friða meira land. Við höfum það stórt land að það er ekki ástæða til að nytja það allt. Þó vil ég leggja mikla áherslu á það að landið á ekki bara að vera falleg glansmynd til að horfa á. Auðvitað lifum við Íslendingar á því að nytja landið okkar þó við viljum að sjálfsögðu að það sé ekki skemmt og það sé ekki skaðað til framtíðar. Það sem hefur aðallega verið talað um í því sambandi er svokölluð sjálfbær þróun. Það orðatiltæki held ég að allir skilji. Ég sjálf hef alist upp við það að landið sé nytjað en borin fyrir því virðing engu að síður og það er þannig sem mér finnst að við Íslendingar eigum fyrst og fremst að hugsa.

Hæstv. forseti. Ég lýsi hvorki andstöðu né stuðningi við þetta frv. á þessu stigi málsins en vil þó að það komi hér fram að mér finnst að Alþingi verði að taka á þessum málum þannig að innan stjórnsýslunnar sé fyrirkomulag sem geti verið varanlegt og málefninu til framdráttar.

[10:44]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. gat þess að hún væri ósátt við eitt tiltekið atriði sem aðrir hv. þm. hafa einnig lýst andstöðu við og það er hvernig ég hef lagt til að skipað verði í stjórn Landvörslunnar. Ég hef breytt frv. frá því í fyrra þegar gert var ráð fyrir að það yrðu tvær tilnefningar, annars vegar frá Náttúruverndarráði og hins vegar frá Ferðamálaráði. Það var mikil andstaða við það. Þess vegna féll ég frá því. En ég vil, vegna þeirrar andstöðu sem hefur komið fram, lýsa því alveg klárt yfir að þetta er mér ekki fast í hendi og það er alveg sjálfsagt að ræða þetta í umhvn. og breyta því ef mönnum sýnist svo, ef það mætti verða til þess að greiða fyrir þessu frv. Ég vil bara að þetta komi fram.

[10:45]

Tómas Ingi Olrich:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu eitt af nokkrum mikilvægum frumvörpum sem hæstv. umhvrh. hefur lagt fram og varða umhverfisvernd og náttúruvernd. Það frv. sem hér um ræðir er eitt af þeim mikilvægari sem skapa þessum málaflokki ramma og ráða miklu um það í hvaða farveg náttúru- og umhverfisvernd fer á komandi árum og áratugum. Ég hef lýst því yfir úr þessum ræðustól og endurtek það hér og nú, að ég tel að umhverfisverndarmálum verði ekki komið í skynsamlegan og góðan farveg öðruvísi en okkur takist að rækta hér upp umhverfissinnaða þjóð. Það tekst ekki að stýra þessum málaflokki í trássi við fólkið í landinu með tilskipunum og miðstýringu, heldur tekst einungis að búa til lagaramma utan um málaflokkinn og framfylgja okkar áhugamálum og áherslumálum í umhverfismálum ef fólkið er samferða stjórnvöldum. Að þessu leyti hygg ég að sé skynsamlegt að fjalla um þetta frv. í ljósi þess að hve miklu leyti það ýtir undir það að fólkið fylgi stjórnvöldunum og sátt geti náðst um þetta mál.

Það eru mörg dæmi þess að einstaklingar og félagasamtök hafi á umliðnum áratugum haft bein og mikil afskipti af umhverfismálum. Vil ég nefna þar alveg sérstaklega skógræktarfélögin sem hafa starfað hér skipulega síðan 1930 og hafa tekið á þeim vanda, sem óneitanlega er aðalvandi íslenskra umhverfismála, en það er gróðureyðing landsins. Þessi samtök eru í eðli sínu grasrótarhreyfing. Þau eru sprottin upp úr samtakamætti einstaklinga sem hafa viljað bindast samtökum um það að koma miklum framkvæmdum í verk.

Á tíðum hefur það háð þessum málaflokki að ekki hefur tekist sem skyldi að virkja þessi samtök með sameiginlegu átaki stjórnvalda og þessara samtaka. Um þessi mál gildir það sama að því er varðar þann málaflokk sem við erum að ræða hér nú, þ.e náttúruverndina yfirleitt, að það skiptir grundvallarmáli að ef samtök eru til í landinu sem eru á breiðum grundvelli með þann málaflokk á sinni stefnuskrá að sinna náttúruvernd í ýmiss konar mynd, þá leiti stjórnvöld leiða til þess að virkja slík samtök. Og ef stjórnvöld sjá til þess leiðir að ýta þá undir starfsemi og stofnun slíkra samtaka.

Samtök af þessu tagi eru mörg starfandi hér á landi. Ég nefndi áðan skógræktarfélögin. Ýmiss konar áhugamannahópar hafa tekið að sér ákveðin landgræðsluverkefni og er það mjög jákvætt og verðugt viðfangsefni, en það eru einnig að verða til í landinu áhugamannasamtök sem hafa á blandaðri stefnuskrá sinni landgræðslumál, umhverfismál, skógræktarmál og raun-

ar einnig útivistarmál almennt. Mörg skógræktarfélaganna hafa farið inn á þá braut að taka inn á sitt borð umhverfismál og útivistarmál, hafa sinnt þessu jöfnum höndum, skógræktarstarfinu, útivistarstarfi og umhverfismálum. Ég nefni sérstaklega í þessu sambandi tvö skógræktarfélög sem hafa löngum verið stærstu og mikilvirkustu skógræktarfélög landsins, þ.e. Skógræktarfélag Reykvíkinga og Skógræktarfélag Eyfirðinga.

Hvort tveggja félagið hefur sinnt útivistar- og umhverfismálum með fjölbreytilegum hætti og nægir þar að geta sérstaklega um útivistarsvæðið í Kjarnaskógi við Akureyri, sem er orðið landsþekkt útivistarsvæði, en það svæði ræktaði Skógræktarfélag Eyfirðinga og gaf Akureyrarbæ og hefur verið verktaki þar síðan og skipulagt það svæði. Og ef það er eitthvað sem hefur virkilega ýtt undir skilning Akureyringa, hæstv. umhvrh., og Eyfirðinga á náttúruverndarmálum annars vegar og umhverfismálum og svo skógræktarmálum hins vegar og samspili þessara þátta, þá er það annars vegar starfsemi þessa félags og þar á meðal starfræksla útivistarsvæðisins í Kjarna og hins vegar sú staðreynd að skattborgarar þar í héraði, á Akureyri, kostuðu yfir aldarfjórðung stofnun, Náttúrufræðistofnun Norðurlands, sem var grunnvísindastofnun í náttúrufræðum. Þetta tvennt hefur orðið til þess að þar í héraði er almennur áhugi á umhverfismálum og náttúruverndarmálum sem kemur líka fram í starfsemi skógræktarfélagsins. Þessi áhugi hefur í mjög langan tíma, jafnvel fyrir stofnun skógræktarfélagsins, verið landlægur í Eyjafirði og má í raun og veru rekja til starfa Stefáns Stefánssonar, skólameistara í Möðruvallaskólanum og síðar í Gagnfræðaskólanum á Akureyri, sem síðan óx upp í Menntaskólann á Akureyri.

Það er því ljóst að stofnanir úti um landið sem sinna þessum málum, hvort sem um er að ræða félagasamtök eða ríkisstofnanir sem eru vísindastofnanir í eðli sínu, skapa í kringum sig viðhorf og viðmót til umhverfismála sem er grundvöllurinn fyrir því að lög um náttúruvernd geti fengið hljómgrunn hjá fólkinu og að hæstv. umhvrh., hið milda yfirvald, sem svo hefur skýrt sjálfan sig og ég vil taka hér undir, að ég tel að hann eigi skilið, geti stjórnað málaflokknum.

Ég tel því að þetta frv., virðulegi forseti, sem hér er til umræðu í dag, þurfi að skoða sérstaklega með hliðsjón af því hvaða hljómgrunn það getur fengið meðal fólksins, hvernig það ýtir undir að heimaaðilar telji sig vera virka í umhverfismálum og finni til þess að það sem þeir leggja áherslu á, það sem skiptir þá máli, nái fram að ganga í tengslum við umhverfismálin.

Ég taldi nauðsynlegt, virðulegi forseti, að hafa þennan almenna inngang vegna þeirra athugasemda sem ég mun gera á eftir við þetta frv., en í stórum dráttum get ég þó lýst því yfir að frv. er til verulegra bóta miðað við þau lög sem nú gilda í landinu. Ég mun nú fara yfir einstaka þætti þessa frv. í þessari 1. umr. um málið og kem þá fyrst að þeirri breytingu sem samkvæmt frv. verður á starfsemi og eðli Náttúruverndarráðs.

Svo hefur verið og er samkvæmt gildandi lögum að Náttúruverndarráð sinnir stjórnsýslu og starfar á ábyrgð ráðherra. Náttúruverndarráð hefur og ber ábyrgð gagnvart stefnu ríkisstjórnarinnar og á framkvæmd hennar og er rekið í umboði ráðherra og er fjármagnað úr ríkissjóði. Engu að síður er Náttúruverndarráð að verulegu leyti vettvangur frjálsra félagasamtaka. Þessi staðreynd, hvernig í ráðið er valið og svo hið raunverulega hlutverk ráðsins, sem er að sinna stjórnsýslu, er ekki skynsamleg ráðstöfun og gengur ekki nú, síst af öllu nú þegar sérstakt ráðuneyti umhverfismála fer með þennan málaflokk. Ég er því sammála því viðhorfi sem fram kemur í frv., að starfsemi ráðsins verði breytt og það verði gerður sjálfstæður aðili, en þó lögbundinn ráðgjafar- og umsagnaraðili á sviði náttúruverndar. Ég tel að það sé málaflokknum til styrktar að Náttúruverndarráð sé óháð ríkisvaldinu og geti virkað til aðhalds ríkisvaldinu og tel það eðlilegri skipan mála að öllu leyti.

Þau verkefni flest sem eru með gildandi lögum fengin Náttúruverndarráði og flokkast undir stjórnsýslu flytjast ýmist til ráðherrans sjálfs eða ráðuneytisins eða sérstakrar stofnunar sem samkvæmt frv. heitir Landvarsla ríkisins. Að því er varðar Landvörsluna þá hef ég nokkrar athugasemdir fram að færa og er þar fyrst að nefna að Landvarsla ríkisins kemur mér fyrir sjónir sem nokkuð miðstýrt fyrirtæki. Það hefur samkvæmt frv. með stjórn þjóðgarða að gera. Þjóðgarðarnir eru eðli málsins samkvæmt landsvæði sem hafa sérstaka þýðingu og sérstakt gildi fyrir þjóðina í heild og eru þar af leiðandi undir stjórn ráðuneytisins. Engu að síður er það svo að inni á hverju landsvæði, sem þannig er markað sem þjóðgarður með lögum, koma fram verulegir hagsmunir heimamanna sem eðlilegt er að tekið sé tillit til. Það hefur komið upp oftar en einu sinni að hagsmunir heimamanna fara ekki fyllilega saman við hagsmuni þeirra sem fara með stjórn þessara svæða. Það hefur verið svo með Náttúruverndarráð og mun verða svo, að öllu óbreyttu, með Landvörslu ríkisins eins og hún er hér skilgreind.

Ég tel því skynsamlegra að það verði tekið til athugunar þegar þetta frv. kemur til skoðunar í hv. umhvn. þingsins, hvort ekki væri ákjósanlegt að yfir hverjum þjóðgarði væri sérstök stjórn og heimamenn kæmu að þeirri stjórn. Þannig að þegar málefnum þjóðgarðsins er stýrt þá komi þar jöfnum höndum fram sjónarmið heimamanna, hagsmunamál þeirra og áhersluatriði, en jafnframt sjónarmið heildarinnar. Ég held að þessi skipan mála mundi ýta undir það að heimamenn sýndu málefnum þjóðgarðanna aukinn áhuga, tækju lifandi þátt í því starfi sem felst í að stýra þessum görðum og minna yrði um hagsmunaárekstra í meðferð þjóðgarðsmála heldur en verið hefur undanfarið.

Ég vil ítreka það og beini þeirri spurningu til hæstv. umhvrh. hvort honum finnist ekki sjálfum koma til greina að setja sérstaka stjórn yfir hvern þjóðgarð þar sem sitji fulltrúar sem umhvrh. velur og fulltrúar heimamanna, sem gæti þá þeirra mála sem undir þjóðgarðinn heyra. Með þessu móti hygg ég að yrði fundinn farvegur fyrir þessi mál sem mundi ýta undir betra samstarf milli ráðherrans, sem fer með málaflokkinn,

milli Landvörslunnar, sem er sú stofnun sem þjóðgarðarnir heyra undir samkvæmt frv. og heimaaðila, sem hafa mikilla hagsmuna að gæta, ekki bara hagsmuna sem væri hægt að lýsa sem andstæðum umhverfisvernd, heldur hafa þeir líka mikla hagsmuni af því að umhverfisverndin sjálf fari í ákveðna farvegi sem eru samrýmanlegir þeirra áhugamálum og hagsmunum.

Þetta er, virðulegi forseti, aðalathugasemd mín varðandi þetta frv., en ég ætla einnig að koma á framfæri við þingheim nokkrum öðrum athugasemdum sem hafa minna vægi.

Í d-lið 1. gr. frv., sem varðar 5. gr. laganna um náttúruvernd, segir með leyfi forseta: „Telji Landvarslan nauðsynlegt að halda uppi sérstöku eftirliti með framkvæmd, ber þeim sem framkvæmdina annast að endurgreiða stofnuninni kostnað sem hún hefur af slíku."

Hér er Landvörslunni falið mikið vald og ekki vel skilgreint hlutverk. Með þessum hætti gæti Landvarslan tekið sér ærið umsvifamikil völd og það vaknar sú spurning hvort ekki er nauðsynlegt að skilgreina betur hlutverk hennar í þessum frumvarpstexta. Það er nokkuð erfitt að gera ráð fyrir því að það sé farsæl lausn að Landvarslan geti framkvæmt eftirlit og lagt kostnað á framkvæmdaraðila án þess að nokkur sé dómbær á það hversu nauðsynlegt eftirlitið sé annar en Landvarslan sjálf.

Í öðru lagi vil ég benda á j-lið 1. gr., sem varðar 11. gr. laganna, en þar segir: „Náttúruverndarráð skal skipað sjö mönnum kosnum óbundinni kosningu á náttúruverndarþingi. Annað hvert þing skal kjósa formann og varaformann ráðsins sérstaklega til fjögurra ára og tvo aðra ráðsmenn til sama tíma. Á öðrum þingum skal kjósa þrjá ráðsmenn til fjögurra ára."

Hér er farið inn á þá braut sem hefur orðið nokkuð algeng í félagastarfi á Íslandi á síðari árum og er satt best að segja ærið hæpin og snertir í raun og veru lýðræðislegan grundvöll félagastarfsemi. Ég tek sem dæmi félag sem ég hef haft mikil afskipti af, sem endurnýjar sína stjórn á þremur árum, sjö manna stjórn, tvo eitt árið, tvo annað árið og svo þrjá það þriðja. Þetta leiðir til þess að komi upp verulegur skoðanaágreiningur innan félags eins og þessa þá er það alltaf sami hópurinn sem velur þessa menn þannig að stjórnin endurspeglar alls ekki með lýðræðislegum hætti þá krafta sem eru að verki innan félagsins. Þannig er þessi aðferð, sem hefur nánast verið í tísku lengi, andlýðræðisleg og hún er ekki heldur nauðsynleg til þess að halda uppi einhvers konar þekkingu á félagsstörfum inni í stjórninni. Það geta menn að sjálfsögðu tryggt með öðrum hætti. En ég vil vekja athygli á þessu, þó að þetta sé kannski ekki mjög mikilvægt atriði, þá er þetta þó atriði sem full ástæða er til þess að hugleiða.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að fara nákvæmlega yfir fleiri atriði í þessu frv. Ég tel að það geti beðið þess að frv. fer í vinnslu í nefnd, en ætla að lokum að koma örfáum orðum að því sem hv. 3. þm. Norðurl. e. spjallaði um áðan í ræðu sinni og snerti landbrh. sem hv. þm. taldi að vildi hafa ófrið og stríð við umhvrn. og hafði nokkur frekar niðrandi orð um hæstv. landbrh. í þessu sambandi. Ég vil geta þess að þegar umhvrn. var sett á laggirnar á Íslandi þá komu fram mjög skiptar skoðanir um það með hvaða hætti slíkt umhvrn. ætti að starfa. Annars vegar kom upp sú hugmynd að umhvrn. ætti að vera eins konar yfirráðuneyti yfir öðrum málaflokkum, hafa um öll önnur mál að segja. Þessi skoðun er enn til á hinu háa Alþingi og kom m.a. skýrt í ljós í umræðum hér í gær um frv. til laga um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum. Þeir sem þessari skoðun fylgja telja að það sé umhverfismálum til framdráttar að umhvrn. sé afar valdamikið ráðuneyti og hafi mjög mikið yfir öðrum málaflokkum að segja sem stjórnskipulega heyra þó undir önnur ráðuneyti.

Sá sem hér stendur og raunar Sjálfstfl. voru þeirrar skoðunar að umhverfismál ættu að koma inn í öll ráðuneyti. Þegar umhvrn. var sett á laggirnar þá töldum við, sá sem hér stendur sérstaklega, að ástæða væri til að það ráðuneyti væri ekki þetta yfirráðuneyti annarra ráðuneyta sem margir vonuðust til að það yrði. Að þessu leyti er mjög brýnt að undirstrika það að málaflokkar eins og landgræðsla og skógrækt eiga ekkert erindi inn í umhvrn. Það skiptir mjög miklu máli að bændastéttin í landinu líti á skógrækt og uppgræðslumál sem sín verkefni. Það er mjög brýnt að umhverfismálin komi sem áhersluatriði inn í landbrn. í samvinnu við bændur eins og það er líka mikilsvert að umhverfismálin komi með virkum hætti inn í menntmrn. en tök menntakerfisins á umhverfismálum skipta sköpum um viðhorf fólks almennt til þessa málaflokks.

Hins vegar er ekki hægt að neita því að átök um þessi viðhorf hafa átt sér stað innan ríkisstjórnarinnar og athugasemdir hafa komið fram hjá hæstv. landbrh. sem tengjast þessum átökum. Um það er ekkert annað en gott eitt að segja og sérkennilegt að hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir, sem er efnislega sammála landbrh. í þessum efnum, skuli vera að hnjóða í ráðherrann fyrir afstöðu hans. Ég vil því lýsa yfir samstöðu með hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur, 3. þm. Norðurl. e., um það að sá málaflokkur sem hún gerði sérstaklega að umræðuefni í þingræðu áðan, þ.e. skógræktarmálin og landgræðslumálin, verði í landbrn. Um þetta erum við hv. þm. sammála og þegar menn eru að fylkja liði til þess að fylgja einhverju máli eftir þá er best að kalla menn til samstöðu en ekki að skjóta á þá sem fylgja sama sjónarmiði. Ég held að í þessu máli fylli hæstv. landbrh. þann flokk sem hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir var að fylla með ræðu sinni áðan, flokk þeirra sem vilja að landbrn. fari með málefni skógræktar og landgræðslu. Það er því engin ástæða til þess að láta þær raðir riðlast með óskynsamlegu tali úr þingstól.

Þetta vildi ég láta koma fram, virðulegi forseti, og læt lokið umfjöllun minni um frv. til laga um breytingu á lögum um náttúruvernd.

[11:11]

Valgerður Sverrisdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er vegna orða hv. þm. Tómasar Inga Olrich. Hann talaði um að kalla menn til samstöðu. Ég held nefnilega að í náttúruverndarmálum

væri hægt að kalla menn til samstöðu ef vilji er fyrir hendi og það sé þessum mikilvæga málaflokki mjög til framdráttar ef æðstu menn á þessu sviði, sem eru hæstv. landbrh. og hæstv. umhvrh. m.a., beittu sér í því að reyna að sameina þjóðina um það að standa að náttúruvernd í landinu. En eins og málflutningur hæstv. landbrh. kemur mér fyrir sjónir þá finnst mér hann vilja stríð og það er það sem ég gagnrýni. Það getur verið að hv. þm. sé mér ósammála en þetta er mín skoðun og það sem ég er óánægð með og þá ekki síður sem bóndi.

[11:13]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Samstarf hæstv. landbrh. og hæstv. umhvrh. Össurar Skarphéðinssonar hefur alla tíð verið til mikillar fyrirmyndar. Það er því ekkert upp á það að klaga, hv. þm. Það kann að vera að í liðinni tíð hafi samstarf umhvrh. og landbrh. ekki verið sem skyldi, en það er liðin tíð. Hins vegar er stjórnarandstöðunni mjög gjarnt að reyna að kalla fram andstöðu milli stjórnarflokkanna, en í þessu tilfelli er ágætis samstarf milli hæstv. umhvrh. og hæstv. landbrh. og ber að fagna því hversu gott það samstarf er og engin ástæða til þess að hafa sérstakar áhyggjur af því.

[11:14]

Valgerður Sverrisdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. er með útúrsnúninga af því að hann er í miklum vandræðum með þetta mál. Hann fór í pontu og tók að sér að verja hæstv. landbrh. en nú er hann kominn í mikil vandræði af því að hann veit að hann getur ekki varið hans málflutning í þessu máli því að hv. 5. þm. Norðurl. e. er mikill náttúruverndarsinni, það veit ég. En hann getur ekki varið það að hæstv. landbrh. vill stríð um þessi mál.

[11:14]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Sá sem hér stendur hefur tekið eftir því að hv. 3. þm. Norðurl. e., Valgerður Sverrisdóttir, notar hvert tækifæri sem hún hefur til þess að hnjóða nokkuð í hæstv. landbrh. Það er eðlilegt vegna þess að landbrh. hefur vaxið mjög af sínum störfum og hefur þar af leiðandi höggvið nokkurt skarð í fylkingar Framsfl. út um allt land. Af þessum sökum eru þingmenn Framsfl. afar viðkvæmir og nota hvert tækifæri til þess að hnjóða örlítið í hæstv. landbrh. En það verður að segja eins og er að þetta er mjög mannlegt og mjög eðlilegt, hv. þm. (**VS:** Þetta var ekki skörulega sagt.)

[11:15]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Það frv. sem hér er til umræðu er mikið að vöxtum og afar merkilegt og felur í sér margvíslegar breytingar og mig langar til að tala meira almennt um efni þess frekar en að fara ofan í sérstaka þætti. Ég er mikil áhugamanneskja um umhverfisvernd og þar með náttúruvernd og ég er þeirrar skoðunar að í þeim málum sé nokkur nauðsyn á miðstýringu og nokkuð sterku valdi umhvrn. sem þó má að sjálfsögðu ekki fara út í öfgar. Þessi mál eru það viðkvæm að ráðuneytið eða þær stofnanir sem málin heyra undir þurfa oft að hafa rétt til þess að grípa inn í. Mér dettur þá t.d. í hug Siglingamálastofnun og dæmi þess þegar umhverfisslys verða þá verða viðkomandi aðilar að hafa nokkuð sterkt og ákveðið vald til þess að geta gripið inn í. Það sem er líka mjög mikilvægt er að samvinna ráðuneytisins og allra þeirra aðila sem annast náttúruvernd, samvinna við fólkið í landinu, sé góð. Það er augljóst að mínu mati að þar hefur ekki verið nógu vel staðið að verki á undanförnum árum.

(**Forseti** (GHelg): Forseti verður að biðja hv. þm. að hafa hljóð.)

Ráðherrar eru kátir í hliðarsölum og nýkomnir frá mótmælagöngunum í Tromsö og það er gott að koma heim í góðu skapi frá Evrópuumræðunni. (**Gripið fram í:** En þreyttir í fótunum.) Ég fullyrði ekkert um það hversu menn eru á sig komnir í fótunum eða annars staðar en það kemur vonandi í ljós í umræðum dagsins. Það sem ég var að segja hér, virðulegi forseti, er að það er nauðsynlegt að samskipti þeirra aðila sem eiga að annast náttúruvernd og almennings í landinu séu mjög góð. Ég tek undir það sem hefur komið fram í umræðunni að við náum litlum árangri í náttúru- og umhverfisvernd ef þjóðin er ekki vel upplýst og ef hún er ekki umhverfissinnuð.

Það var afar fróðlegt þegar ég átti þess kost í vor að fara í heimsókn til Frakklands ásamt fleiri þingmönnum. Þá heimsóttum við umhvrn. í Frakklandi og hittum þar umhvrh. sem er vel þekktur maður í Frakklandi því að hann skipulagði vetrarólympíuleikana í Albertville á sínum tíma. Það var mjög merkilegt að hlusta á það hverjir voru helstu málaflokkar hans. Í Frakklandi er umhvrn. fyrst og fremst að glíma við afleiðingar neyslusamfélagsins og sorp og vatnsvandamál eru þeirra stóru mál. En það sem mér fannst einkum merkilegt að heyra hjá honum var það mikla átak sem ráðuneytið hefur gert í fræðslumálum og í því að draga almenning inn í umhverfisvernd og inn í störf að náttúruvernd. Hann sagði okkur m.a. frá ýmsum verkefnum sem hafa verið unnin í samvinnu við skóla til þess einmitt að gera nemendur meðvitaða um nauðsyn umhverfisverndar og umhverfismála. Ég held að einmitt á þessu sviði þurfi verulegt átak, að við snúum okkur miklu meira að því að fræða allan almenning og að fá fólk til þess að skilja samhengið milli okkar daglegu hegðunar, milli þeirrar neyslu sem er á hverju einasta heimili og hvað við gerum við úrganginn og yfir í það hvernig við umgöngumst náttúruna í kringum okkur. Allt skiptir þetta máli og er alveg sama hvaða lög og reglur við setjum ef almenningur og reyndar hver einstaklingur er ekki meðvitaður um sinn þátt og sínar skyldur í umhverfisvernd þá gengur auðvitað mjög hægt. Ég held að ekki síst þarna þurfi að taka á í náttúruvernd.

Aðeins meira um þessi samskipti við almenning. Það hefur verið áberandi í umræðunni að þingmenn Norðurl. e. hafa tekið til máls. Það er ekki bara af því að þeir eiga sæti í hv. umhvn. heldur má segja að í kjördæmi þeirra hefur verið við sérstakan vanda að glíma. Það er einmitt mjög umhugsunarvert í þessu

samhengi hvernig þetta kemur allt heim og saman þegar fólk, sem eru afkomendur bænda í marga, marga ættliði, stendur frammi fyrir þeirri staðreynd að lifa og búa í náttúruperlu, að búa í mjög sérstöku umhverfi sem annars vegar er undir miklum áhrifum náttúruaflanna og steðji að þeim nokkur eyðing vegna sandfoks og uppblásturs. Hins vegar eru það hinir mannlegu þættir, annars vegar mikill ferðamannastraumur og svo kísilgúrverksmiðjan sem byggð hefur verið á þessu mjög svo sérstæða svæði. Þetta er auðvitað ákveðinn vandi og í mínum huga er alveg ljóst að því fólki sem þarna býr finnst að sér hert með þeim reglum sem settar hafa verið og þeim umræðum sem hafa orðið um náttúruvernd. En það vill svo til að þetta svæði er náttúruperla og náttúran á í öllum tilvikum að njóta vafans. En auðvitað verður að finna lausn á vanda eins og þessum.

Hæstv. umhvrh. hefur haft hugmyndir og ætlar sér að gera hluta Snæfellsnessins að þjóðgarði og auðvitað er ákaflega mikilvægt að þegar kemur að þeirri framkvæmd gerist það í sæmilegri sátt við bændur. Það eru miklar náttúruperlur á Snæfellsnesi. Þær eru kannski ekki nýttar á sama hátt og gerist í Mývatnssveitinni. Þarna er útvegur meira og minna orðinn samþjappaður og ekki um það að ræða að það rekist t.d. á hagsmuni heimamanna. En þarna þarf að auka skilning fólks á því í hvers konar náttúru það lifir og ef ríkisvaldið tekur á sig þá ábyrgð að lýsa svæði þjóðgarða, þá verður auðvitað um leið að taka ábyrgð á því fólki sem þar býr. Það að við friðlýsum náttúru má ekki verða til þess að hrekja fólk í burtu eða rýra kjör en samt sem áður á náttúran að njóta vafans. Mér finnst það vera grundvallaratriði. Þessi samskipti eru afar mikilvæg og þarna þarf að auka fræðslu miklu meira en hefur verið gert hér á landi, við eigum mjög mikið óunnið í þeim efnum.

Aðeins varðandi ýmis svið sem falla undir umhverfismál vil ég taka undir það sjónarmið að mér finnst að bæði skógrækt og landgræðsla eigi heima undir umhvrn. Þetta eru mál sem snúa að náttúrunni fyrst og fremst þó að þarna sé um töluvert mörg störf að ræða. Þetta er hluti af náttúruvernd og það skiptir máli að samhengi sé milli landgræðslu eða skógræktar, skipulags svæða og umhverfisverndar í heild. Ég vil ítreka þá skoðun mína, sem ég held að hv. þm. Tómas Ingi Olrich hljóti að taka undir, að við þurfum að skoða yfirbygginguna í íslensku samfélagi og átta okkur á því hvort við getum ekki gert þar verulega breytingu. Það er skoðun mín að við eigum að sameina atvinnumálaráðuneytin í eitt stórt ráðuneyti atvinnumála og þar með talið landbrn. Ef slíkt kæmist í framkvæmd væri eðlilegt að þættir sem heyra beint undir náttúruvernd færist undir umhvrn. Í alvöru talað þurfum við að fara að skoða þessa miklu yfirbyggingu hjá okkur.

Engin heildarlög eru til og auðvitað er spurning hvort það er rétt að hafa einhver heildarlög um umhverfismál og umhverfisvernd og réttindi og skyldur fólks og sveitarfélaga í þeim efnum. Það er umhugsunarvert. En það er að minnsta kosti ljóst að það vantar mjög mikið yfirsýn yfir þessi mál. Ég var einmitt að velta því fyrir mér hvernig þessi lög sem hér eru til umræðu ná til þéttbýlisins. Mönnum er svo gjarnt að horfa á náttúruna fyrir utan þéttbýli en það er ekkert síður á þéttbýlisstöðum sem þarf að gefa gaum að náttúruvernd og verndun umhverfisins almennt.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa langt mál um þetta en mig langar að beina þeirri spurningu til hæstv. umhvrh. hvort hann hafi velt fyrir sér þeirri spurningu hvort fornleifar eigi heima undir umhvrn. Sú leið hefur verið farin á Norðurlöndunum og víðar reyndar, í Svíþjóð líka, að taka fornleifar undir umhvrn. vegna þess að fornleifar eru í náttúrunni og þær tengjast skipulagi og slíku. Það tengist því hvernig á að varðveita og skipuleggja og mér hefur fundist þetta mjög athyglisverð leið sem hefur verið farin á Norðurlöndunum í þessum málum. Mér fyndist í rauninni að þetta væri leið til að styrkja umhvrn., að það ráðuneyti fengi þennan málaflokk. Ég get ekki séð að fornleifar eigi neitt frekar heima undir menningarmálum en umhverfisvernd og þetta tengist því einmitt að horfa á náttúruna í heild.

Aðeins varðandi frv. sjálft þá hef ég verið að velta svolítið vöngum yfir því skipulagi sem hér er sett fram. Ég skil að sjálfsögðu nauðsyn þess að breyta lögunum í ljósi þess að umhvrn. er komið til sögunnar og auðvitað þarf að skilja að ríkisrekstur og svo það sem hingað til hefur heyrt undir Náttúruverndarráð og verið meira málefni þeirra sem þar koma að. En mér finnst hlutverk Náttúruverndarráðs í þessu í framtíðinni svolítið umhugsunarvert. Að mörgu leyti er það mikill kostur að almannasamtök skuli koma að málefnum eins og þessum. Auðvitað er meiningin að halda því áfram en þetta er samt í rauninni svolítið sérkennilegt fyrst verið er að breyta þessu á þennan hátt. Af hverju ekki þá bara hreinlega að leggja Náttúruverndarráð niður? Mér finnst hlutverk þess í kerfinu sem hér er verið að setja upp svolítið óljóst. Það stendur í k-lið, með leyfi forseta: „Hlutverk Náttúruverndarráðs er að stuðla að almennri náttúruvernd í landinu og vera stjórnvöldum til ráðgjafar.“ Þetta er eins konar ráðgjafarnefnd sem þarna á að koma til og það er ætlast til að hún reki skrifstofu og ráðið á að fjalla ítarlega um náttúruminjaskrá og annast vörslu friðlýsingarsjóðs, standa fyrir fræðslu og fleira slíkt. Með þessu er komið þrefalt kerfi, þ.e. umhvrn., Landvarsla ríkisins og síðan Náttúruverndarráð. Ég held að nefndin hljóti að skoða svolítið hvort í rauninni er ekki verið að gera þetta skipulag óþarflega flókið. En ég vil taka það skýrt fram að ég er mjög hlynnt því að almenningur og samtök sem stofnuð hafa verið til náttúruverndar eigi greiðan aðgang að stjórnvaldinu og það sé hlustað á þeirra sjónarmið. En ef maður bara horfir á þetta út frá löggjafanum og ríkisvaldinu þá er það spurning hvort það sé verið að gera þetta óþarflega flókið.

Virðulegi forseti. Það mátti heyra í upphafi þessarar umræðu að ýmsir ræðumenn höfðu ýmislegt við þetta frv. að athuga þannig að það getur nú eitt og annað gerst í meðferð nefndarinnar og hæstv. umhvrh. lýsti því yfir að hann væri tilbúinn til þess að skoða

m.a. skipan stjórnarinnar og það verður þá skoðað. En mín meginniðurstaða er sú að það þarf að styrkja náttúru- og umhverfisvernd í landinu, það þarf að veita meira fjármagn til þeirrar starfsemi, það þarf mjög að auka umhverfisfræðslu í okkar samfélagi. Ég held að einmitt með því móti verði hægt að koma í veg fyrir átök og árekstra í framtíðinni vegna þess að oft og tíðum stafa þeir af því að það er ekki skilningur á milli, fólk er ekki upplýst um það hvað er í húfi og það sjónarmið að það sé náttúran og heildarhagsmunir þjóðarinnar sem ráði för, það sjónarmið er því miður ekki ríkjandi í umræðunni, en á því þarf að verða breyting.

[11:32]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson):

Virðulegi forseti. Það er rétt hjá hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur að ýmsir þeir sem hér hafa tekið til máls í umræðunni, sérstaklega fyrir frestun, höfðu ýmsar aðfinnslur gagnvart gerð frv. Hins vegar er nauðsynlegt að það komi skýrt fram að hver einasti maður sem hefur tekið þátt í þessari umræðu að hv. síðasta ræðumanni meðtöldum eru þeirrar skoðunar að það sé nauðsynlegt að breyta þessum lögum. Það eru allir sem hafa einhverja nasasjón af því úrelta fyrirkomulagi sem nú ríkir í stjórn náttúruverndarmála á þeirri skoðun að það eigi að breyta því.

Það er auðvitað svo að það er erfitt að hafa kerfi sem hálfgerður bastarður eins og fyrrv. varaformaður Náttúruverndarráðs, Elín Pálmadóttir, kallaði það. Það er ekki hægt að hafa það þannig. Kerfið er þannig í dag að umhvrh. skipar formann Náttúruverndarráðs, síðan eru sex aðrir ráðsmenn kosnir af náttúruverndarþingi. Fjármagn ráðsins kemur hins vegar frá ríkinu. Ríkið ber raunverulega hina stjórnarfarslegu ábyrgð á ráðinu en hefur engin ítök þar. Aftur og aftur hafa komið upp árekstrar einmitt út af þessu. Ég segi það nú bara sem ráðherra, þetta er gersamlega óþolandi fyrirkomulag. Ég held að allir skilji það, að bera ábyrgðina án þess að fá nokkru ráðið um framkvæmdina, það er ekki hægt.

Ég segi það t.d., virðulegi forseti, að ég hef ýmsar hugmyndir um það hvernig hægt væri að hagræða í rekstri og koma upp skilvirkari rekstri t.d. á þjóðgörðum en það er ekki hægt nema valdið yfir þessu færist inn í ráðuneytið og mér virðist að flestir séu þeirrar skoðunar að það sé nauðsynlegt að breyta þessu.

Hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir taldi að skipulagið væri furðu flókið og varpaði fram þeirri hugmynd sem hv. þm. Kristín Einarsdóttir gerði líka í sinni ræðu, hvers vegna ekki að stíga skrefið til fulls og leggja Náttúruverndarráð niður. Nú veit ég að þessum ágætu þingmönnum gengur gott eitt til. Þær telja sennilega að það sé búið að svipta Náttúruverndarráð það miklu valdi að það sé til lítils að hafa það uppistandandi. Tilgangur þessa frv. hins vegar, virðulegi forseti, er að svipta Náttúruverndarráð valdi. Það er beinlínis tilgangurinn að taka það vald sem Náttúruverndarráð hefur og færa það inn í stjórnkerfið, láta það ráðuneyti sem ber ábyrgð á málaflokknum geta tekið ákvarðanir og þar með axlað til fullnustu ábyrgð verka. Ég tel hins vegar að þetta sé ekkert flókið. Það sem í rauninni gerist er að það er gerð lítil stofnun, Landvarsla ríkisins, sem tekur yfir ríkisrekstur sem nú er hjá Náttúruverndarráði. En þá má velta því fyrir sér: Hvers vegna að láta Náttúruverndarráð yfir höfuð vera til? Það er líka spurning sem ég velti fyrir mér og hæstv. landbrh. sem nú hefur komið í sinn vanabundna friðarhug í þingsali, tekur undir þetta. En ástæðan er sú að ég tel að það sé nauðsynlegt, ég tel að það sé hollt fyrir ráðherra að hafa eins konar vettvang frjálsra félagasamtaka þar sem er farvegur fyrir skoðanir almennings í landinu, vettvang, sem hefur líka vissan lögformlegan rétt eins og Náttúruverndarráði er byggður með þessu frv., þ.e. því er í fyrsta lagi tryggð starfsaðstaða, ekki mikil, en því er eigi að síður tryggður grunnur til þess að standa á, því er tryggður aðgangur að ráðherra, m.a. mælt fyrir um sérstaka fundi með ráðherranum og í þriðja lagi er lögbundið að stjórnarfrumvörp og reglugerðir sem lúta að náttúruvernd í landinu séu bornar undir þetta ráð, þó einungis til álitsgjafar. Þar með tel ég að búið sé að skapa farveg fyrir skoðanir almennings í landinu, fyrst í gegnum náttúruverndarþing sem kýs ráðið algerlega sjálft, síðan í gegnum þá fulltrúa sem kosnir eru í Náttúruverndarráð sem geta komið þessu á framfæri við ráðuneytið og stjórnkerfið og einmitt til þess að gera þetta skilvirkara hef ég lagt til að í staðinn fyrir að hafa náttúruverndarþing þriðja hvert ár, þá verði það annað hvert ár. Hins vegar vek ég athygli á því að í þeirri frumvarpsgerð sem ég legg núna fram er breytt þeim ákvæðum sem varða náttúruverndarþing. Það var lögð á það áhersla m.a. af Náttúruverndarráði og ýmsum þeim sem eiga fulltrúa á náttúruverndarþingi þegar við unnum að samningu frv. í fyrra að það væri tiltekið hverjir ættu að eiga þar aðild. Ég taldi hins vegar þegar ég hugsaði málið upp á nýtt og eftir umræðu í þinginu í fyrra þá væri rétt að stíga skrefið til fulls og láta náttúruverndarþing sjálft um að ákveða þetta. Þess vegna vil ég aðeins drepa á eina af þeim ágætu ábendingum sem hv. þm. Tómas Ingi Olrich kom með. Það var nákvæmlega það sem varðaði kjör í Náttúruverndarráð. Það má vel vera að það skref sem ég steig hafi ekki verið nógu stórt, kannski hefði átt að taka fleiri. Það er íhugunarefni, hvort þetta eigi í rauninni inni í frv., hvort löggjafinn eigi í rauninni að vera að skipta sér af því með hvaða hætti þetta er gert. En ég tek það fram að mér fannst þær röksemdir, sem hv. þm. færði fram, vera réttar, þ.e. hinar almennu röksemdir um lýðræði í félögum og við kosningar. Mér fannst þetta vera rétt og vek eftirtekt á því að þetta hefur verið til umræðu vegna kjörs til stjórna ýmissa merkra hlutafélaga sem hér eru áberandi í athafnalífi Íslendinga. Ég held því að allir geti verið sammála um að það er nauðsynlegt að breyta þessu kerfi og ég held að þegar menn skoða þá tillögu sem hér er lögð til, þá er hún einföld. Það sem menn gætu rætt um er þetta: Á að leggja Náttúruverndarráð algerlega niður? Ég taldi að svo væri ekki.

Ég hugsa að það kunni að vera svo einhvern tíma í framtíðinni, þá breytist þetta. Ég tel að á þessu stigi sé

það nauðsynlegt líka til þess að skapa sátt um frv. og til þess að hafa alveg rakinn farveg fyrir skoðanir frjálsra félagasamtaka beint að miðju stjórnkerfisins, þá sé þetta fyrirkomulag nauðsynlegt.

Ég hef þegar lýst því yfir í tilefni af ræðu hv. þm. Valgerðar Sverrisdóttur að mér er ekki fast í hendi hvernig stjórn Landvörslunnar verði skipuð. Ég skil það vel að menn hafi efasemdir um það að ráðherra skipi alla þrjá stjórnarmennina og íteka það aftur sem ég sagði í fyrri ræðu minni að í frv. mínu í fyrra gerði ég ráð fyrir því að tveir af þessum þremur fulltrúum yrðu tilnefndir af tilteknum félagasamtökum. Það risu úfar með mönnum og félagasamtökum sökum þessa og þess vegna taldi ég að það væri farsælast að draga þann þátt tillögunnar til baka. Ég ítreka það aftur, ég er til viðræðu um það atriði alveg eins og ég er til viðræðu um margt annað í þessu frv. ef það yrði til þess að skapa sátt um það. En ég ítreka það að ég tel afskaplega nauðsynlegt og mikilvægt fyrir náttúruvernd í landinu að það sé tekin afstaða til þessa frv. í hv. umhvn. og þingið afgreiði þetta á þessu þingi.

Þær deilur sem hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir drap á hér um vistun Skógræktar og Landgræðslu eru ekki nýjar af nálinni og það er rétt að ég ítreki það. Ég er þeirrar skoðunar að þessir málaflokkar ættu heima undir umhvrn. og er að því leyti til á annarri skoðun en hv. þm. og hennar flokkur og að ég hygg líka gervallur Sjálfstfl. Ég vil hins vegar segja það, virðulegi forseti, að þegar þessi ríkisstjórn var mynduð, þá var þrátt fyrir það sem sagt var af mörgum ekki gengið frá þessu. Og ég gekk einfaldlega úr skugga um það þegar ég tók við embætti umhvrh. hvers eðlis það samkomulag var sem varð til í upphafi ríkisstjórnarinnar og ég ætla ekki þrátt fyrir vilja minn í þessu máli að reyna að brjóta upp samkomulag sem aðrir hafa gert. En ég er hins vegar sannfærður um það að þróunin mun hníga í þann farveg að í framtíðinni verði líklegt að skógrækt og landgræðsla verði vistuð í umhvrn. Það getur hins vegar vel orðið talsverð bið á því.

Ég vil jafnframt þakka fyrir þann skilning og stuðning sem hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir sýndi hér gagnvart ákvæðum sem óneitanlega munu verða meðal umdeildustu ákvæða þessa frv. og varða einmitt gjaldtökuna. Ég er þeirrar skoðunar að það sé nauðsynlegt að lögfesta stoð fyrir gjaldtöku. Í dag er ákveðin gjaldtaka við lýði. Hún á sér óljósa stöðu í lögum og hún er ekki samræmd og að því er mér virðist eftir nokkra yfirlegu þá held ég að því fjármagni sem með þeim hætti verði til sé ekki varið til uppbyggingar á viðkomandi svæðum. Mér sýnist það. Það er erfitt að fá óyggjandi niðurstöður í því máli. Ég tel að það eigi að feta sig varfærnislega eftir þessari braut og þess vegna er það svo að þær greinar sem er að finna í frv. um þetta eru varfærnislegar. Þetta eru lítil skref sem þarna eru stigin en þau eru mikilvæg byrjun. Það er auðvitað svo, virðulegi forseti, að það er hægt að benda á ýmis dæmi eins og t.d. þá ágætu bændur sem eiga Dyrhólaey sem er friðlýst svæði. Þangað koma 20–30 þúsund manns á hverju einasta ári. Þeir þurfa að halda sínu landi í góðu horfi. Þeir fá lítið fjármagn til þess. Þó að umhvrn. hafi að vísu á síðasta ári látið þá fá drjúgan styrk til þess að koma þar upp ákveðinni þjónustu þá er það samt sem áður svo að þegar ágangur á landið er svona mikill þá lætur það óhjákvæmilega á sjá. Það kostar fjármagn að viðhalda því og ég tel að við slíkar aðstæður sé það fyllilega réttlætanlegt að eigendum landsins sé heimilað að taka gjald sem rennur í þessa uppbyggingu. Ég vil að það komi skýrt fram að ég tel þetta eitt af mikilvægari ákvæðum frv., en geri mér hins vegar grein fyrir því, virðulegi forseti, að þetta verður án efa eitt af þeim umdeildustu.

Hv. þm. Tómas Ingi Olrich ræddi talsvert um nauðsyn þess að virkja félagasamtök í héraði, í landinu til þess að taka upp öflugt starf á sviði náttúruverndar. Ég er sammála því. Hann ræddi ýmsar leiðir til þess og taldi að það væri nauðsynlegt að skapa þær aðstæður að fólkið í héraði, innan ýmissa félagasamtaka sem kom að þessum málum, gæti haft raunveruleg áhrif á rekstur t.d. þjóðgarða og friðlýstra svæða. Ég er sammála þessu viðhorfi. Ég tel að það sé nauðsynlegt að reyna að koma yfirumsjón og rekstri slíkra svæða í sem mestum mæli út frá hinu miðstýrða valdi hér í Reykjavík. Ég vek hins vegar athygli á því að ég hef ekki stigið skrefið til fulls í þessu frv. Þjóðgarðar samkvæmt þessu verða enn þá undir stjórn ríkisins. Í frv. kemur það hins vegar alveg skýrt fram, að félagasamtökum, sveitarfélögum og jafnvel einstaklingum verður gert kleift að taka til rekstrar friðlýst svæði og ýmis náttúruverndarsvæði.

Hv. þm. Tómas Ingi varpar fram þeirri hugmynd að ákjósanlegt væri að yfir hverjum þjóðgarði væri stjórn sem heimamenn kæmu að eins og hv. þm. orðaði það. Ég get sagt það hér að minn stuðningur er við þetta. Ég tel að þetta sé góð hugmynd sem hv. umhvn. eigi að kanna út í hörgul og lýsi stuðningi mínum við það. Ég tel að með þessum hætti væri t.d. hægt að eyða ýmsum þeim ágreiningsefnum sem hafa komið upp sem e.t.v. virðast smá en hafa því miður dregið langan slóða.

Hv. þm. Tómas Ingi telur nauðsynlegt að skilgreina betur eftirlitshlutverk Landvörslunnar og ég skildi mál hans svo að það væri e.t.v. fullmikið vald sem fært væri yfir til Landvörslunnar með að hún gæti sjálf ákveðið með hvaða framkvæmdum ætti að hafa eftirlit og jafnframt ákveðið kostnaðinn við það. Af þessu tilefni vil ég segja tvennt: Í fyrsta lagi tel ég að sá kostnaður sem fellur til vegna eftirlits með framkvæmdum eigi að vera borin af framkvæmdaraðilunum. Ég tel að allur kostnaður og allt sem við þurfum að gera til að koma í veg fyrir ónauðsynleg spjöll í tengslum við framkvæmdir eigi að teljast eðlilegur framkvæmdakostnaður. Í öðru lagi er ég ósammála því að þarna geti verið um einhverja sjálftöku að ræða.

Nú er það auðvitað svo að ég veit ekki hvort mér tekst að tryggja hv. þm. að í umhvrn. sitji jafnan milt yfirvald. En ég bendi hins vegar á það að í þeirri grein sem um þetta fjallar, sem er d-liður 1. gr., þá segir í 3. mgr.: „Ef ágreiningur rís á milli Landvörslunnar og framkvæmanda um þau efni sem um ræðir í 2. mgr. sker ráðherra úr.“ Með öðrum orðum ef þar er um ein-

hverja framkvæmd að ræða og Landvarslan telur nauðsynlegt að hafa eftirlit með höndum en framkvæmdaaðili er annarrar skoðunar þá er hægt að skjóta þessu til þess yfirvalds hversu milt eða harðneskjulegt sem það er hverju sinni en situr í umhvrn. Þannig að þarna er ákveðinn varnagli. En ef hv. umhvn. þykir nauðsynlegt að skilgreina betur eftirlitshlutverkið þá er það í lagi. Ég hins vegar vek athygli á því og vil koma því hér að vegna þess að hv. þm. Kristín Einarsdóttir, sem tengist þessu máli, taldi í sinni ræðu að það væri verið að leggja niður eftirlitshlutverk Náttúruverndarráðs þá er í fyrsta lagi að nefna það að það eftirlitshlutverk hefur hæpna lagastoð og í öðru lagi er ekki verið að leggja það niður, það er verið að skjóta lagalegum stoðum undir það og færa það yfir til Landvörslunnar. Þetta hefur verið talið nauðsynlegt. Ég held að í stöðunni sé rétt að haga þessu svona en ítreka það að ráðherrann getur skorist í leikinn ef um það er að ræða að Landvarslan geri óhóflegar kröfur á framkvæmdaaðila. En ég ítreka það jafnframt að ég tel að þegar þarf að hafa eftirlit með framkvæmdum þá eigi framkvæmdaaðilinn að bera kostnaðinn af því. — Ég tek að vísu eftir því, virðulegi forseti, að hæstv. landbrh. hlær að þessu.

Hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir varpaði fram þeirri spurningu til mín hvort ég hefði hugað að því að fornleifar yrðu fluttar undir umhvrn. Því er til að svara að við höfum velt því fyrir okkur en ekki gert neinar kröfur um nýja landvinninga á því sviði. Hins vegar er það svo að víða erlendis fer umhvrn. þar sem það fer líka með skipulagsmálin sömuleiðis með fornleifarnar vegna þess að vernd fornleifa tengist afskaplega mikið skipulagi svæða þannig að ég tel að þetta sé óvitlaus hugmynd. En við höfum sem sagt velt þessu svolítið fyrir okkur vegna þess að ákveðin endurskoðun stóð yfir sem tengist þjóðminjum en við höfum ekki komið þeim sjónarmiðum formlega á framfæri.

Þegar hv. þm. Kristín Einarsdóttir flutti sína ræðu þá taldi hún að verulegar breytingar hefðu orðið á frv. frá því að það var fyrst lagt fram. Ég er hv. þm. hjartanlega ósammála um þetta. Meginbreytingarnar í frv. eru raunar raktar á bls. 10 í frv. og þær eru, að ég hygg, óverulegar. Meginmarkmiðið var það, milli þessara tveggja frumvarpsgerða, að draga betur fram sjálfstæði Náttúruverndarráðsins og aðskilnað þess frá ríkisvaldinu. Það hafa verið gerðar nokkrar efnis- og orðalagsbreytingar en stærstu breytingarnar varða sem sagt eftirlitshlutverk Náttúruverndarráðs sem ég hef þegar reifað hér og jafnframt friðlýsingarsjóðinn. Þetta eru, að ég tel, litlar breytingar. Ástæðan fyrir því, virðulegi forseti, að eftirlitshlutverkið er fært yfir til Landvörslu ríkisins frá Náttúruverndarráði er fyrst og fremst sú að vegna stöðu sinnar sem sjálfstæður og óháður vettvangur tengist Landvarslan ekki ríkisvaldinu eins og Náttúruverndarráð gerir samkvæmt þessu frv., þá tel ég að það sé ekki eðlilegt að Náttúruverndarráð sinni eftirlitshlutverki af þessu tagi.

Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson gagnrýndi harðlega í ræðu sinni að í frv. væri ekki kveðið á um það hver ætti að borga kostnaðinn af starfi náttúruverndarnefnda og hann hélt því raunar fram að ríkið greiddi starfið sem þær inna af höndum samkvæmt gildandi lögum. Þetta er hins vegar á miklum misskilningi byggt vegna þess að svo er ekki. Það má vera að hv. þm. rugli þarna trúlega saman náttúruverndarnefndum og gróðurverndarnefndum en samkvæmt 19. gr. landgræðslulaganna þá greiðir ríkið hluta af kostnaði við gróðurverndarnefndirnar. En hið rétt er að frv. gerir sem sagt ekki ráð fyrir neinum breytingum á starfsemi náttúruverndarnefndanna og kostnaður vegna þeirra verður hér eftir sem hingað til greiddur af sveitarfélögunum.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að orðlengja um þetta frekar. Ég hygg að ég hafi svarað öllum þeim spurningum sem beinlínis var beint til mín en legg til að þessu frv. verði vísað til hv. umhvn. að þessari umræðu lokinni.

[11:52]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég óskaði eftir að veita andsvar í tilefni af því að inn í þessa umræðu hefur borist gömul deila um það hvar á að vista landgræðslu og skógrækt. Nú er það svo að ég hef sjálfur um nokkurt árabil haft á þessu nokkuð mótaðar skoðanir, þ.e. að það kæmi til greina að þessir málaflokkar væru að talsverðu leyti á snærum landbrn. Ég tel hins vegar að hlutirnir hafi þróast með þeim hætti og þá er ég auðvitað ekki að gagnrýna þessar stofnanir í sjálfu sér, það er mjög langt frá því, en ég held að menn eigi að velta því mjög alvarlega fyrir sér að endurskoða lögin um landgræðslu og skógrækt og yfirstjórn þessara mála og þar með það hvort þessar stofnanir eigi að fara undir umhvrn.

Þetta vekur til umhugsunar um það hvort ekki sé nauðsynlegt að á þessu máli verði tekið á þessu þingi, þó stuttur tími sé eftir, vegna þess að það er, eins og hæstv. umhvrh. sagði áðan, nauðsynlegt að svona mál séu uppgerð áður en kemur til nýrrar stjórnarmyndunar. Mál af þessum toga breytast aldrei inni í ríkisstjórnum vegna þess að þar sleppa menn aldrei neinu af því sem þeir hafa fengið.

Ég nefni þetta vegna þess, hæstv. forseti, að ég vildi gjarnan hreyfa þeirri hugmynd að á þessum málum eigi að taka og það eigi ekki að hafa þetta innanhússmál á milli hæstv. landbrh. og hæstv. umhvrh. Þó að þeim virðist að vísu koma mjög vel saman og séu báðir tveir um flest hinir mætustu menn þá finnst mér vafasamt að treysta þeim einum, þessum tveimur mönnum, fyrir örlögum málsins og því nefni ég það hér.

[11:54]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef gert þinginu grein fyrir skoðunum mínum á þessu máli. Ég sagði jafnframt að það hefði orðið ákveðin niðurstaða við upphaf þessarar ríkisstjórnar um hvernig þessum málum skyldi hagað. Ég vil ítreka það sem ég hef sagt hér áður að þrátt fyrir mínar skoðanir á þessu máli þá hyggst ég ekki beita mér fyrir eða taka þátt í því að brjóta samkomulag sem hefur verið gert.

[11:55]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er að sjálfsögðu ekki mitt hlutverk að standa vörð um það samkomulag sem kann að hafa verið gert innan núv. ríkisstjórnar einhvern tímann í upphafi hennar. Það er mál sem hæstv. umhvrh. verður að eiga við sjálfan sig. En ég endurtek engu að síður að ég tel að þetta mál sé með þeim hætti að það sé í raun og veru alveg fráleitt að láta þetta kjörtímabil líða án þess að málið komi til einhverrar meðferðar í þessari virðulegu stofnun. Ég veit út af fyrir sig ekki nákvæmlega hvernig væri best að það gerðist en ég teldi eðlilegt að þau mál yrðu tekin til almennrar umræðu og auðvitað væri eðlilegt, hæstv. forseti, að inna eftir því sem er þó ekki tími til hér, hvað er að frétta af hugmyndum sem uppi hafa verið um endurskoðun laga um Stjórnarráð Íslands. Staðreyndin er sú að undir forustu fyrrv. hæstv. forsrh., Steingríms Hermannssonar, var mjög mikið unnið að þeim málum en í núv. ríkisstjórn sýnist mér að þau mál hafi algjörlega verið söltuð, endurskoðun laganna um Stjórnarráð Íslands. Það er slæmt. Sérstaklega er það slæmt þegar um er að ræða mál af því tagi sem hér er uppi, þ.e. landgræðslu og skógrækt og vistun þeirra málaflokka vegna þess að þetta eru umdeild mál þar sem menn þurfa að komast að rökréttri og rökrænni niðurstöðu. Það er óeðlilegt að láta þessa tvo ágætu hæstv. ráðherra vera með þessi mál í bakherbergjum. Það á að ræða þau fyrir opnum tjöldum.

[11:56]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í ræðu hæstv. umhvrh. komu fram hugleiðingar um það að e.t.v. væri eðlilegt að forleifavarslan í landinu færðist inn undir umhvrn. og tengist þá skipulagsstjórn ríkisins væntanlega með einhverjum hætti. Vegna þessa vil ég taka það fram að ég teldi það mjög miður ef í tengslum við umfjöllun um þetta frv. hér í þinginu yrði farið að taka á því máli og hrófla við tiltölulega nýjum þjóðminjalögum. Ég tel að það væri óvinafagnaður ef það yrði farið að brjóta Þjóðminjasafnið upp, taka fornleifaskráningu og fornleifavörslu frá Þjóðminjasafninu og færa t.d. til skipulagsstjórnar ríkisins. Ég tel það ekki æskilegt fyrirkomulag og tel að það megi vara sig á því að ríkisstofnanir, svo sem eins og Skipulag ríkisins, fari með of mikið vald og taki til sín of mikið af verkefnum sem e.t.v. stangast á. Það að skipuleggja land getur stangast á við fornleifavörslu. Það væri mjög óeðlilegt ef Skipulag ríkisins bæri ábyrgð á fornleifavörslunni og skipulegði land í andstöðu við nauðsynlega vörslu fornleifa og sinnti þess vegna ekki e.t.v. nauðsynlegri skyldu sem tengdist skráningu og vörslu fornminja án þess að aðrar stofnanir geti rönd við reist.

Ég vildi að þetta kæmi fram, virðulegi forseti, við þessa umræðu en mér heyrðist sem betur fer að e.t.v. hefði hæstv. umhvrh. ekki hugsað sér að herða á þessari skoðun við endurskoðun á þeim lögum sem hér eru til umræðu.

Að öðru leyti vil ég lýsa stuðningi mínum við frv. sem hér er til umfjöllunar.

[11:58]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Ummæli hv. 9. þm. Reykv., Svavars Gestssonar, vöktu athygli mína þar sem það virtist vera uppistaðan í hans málflutningi annars vegar að hér inni í hinum háu þingsölum væri almennt litið svo á að landgræðsla og skógrækt ættu að falla undir umhverfismál og hins vegar að það hefði verið einkasamkomulag mitt og umhvrh. að þetta mál hefði ekki verið tekið upp á hinu háa Alþingi. Málið er auðvitað þannig að hv. þm. hefur til þess fulla burði og fulla einurð að taka mál upp á Alþingi ef honum svo sýnist og auðvitað er það honum sjálfsagt eins og öðrum þingmönnum að flytja um það frv. að færa landgræðslu og skógrækt yfir í umhvrn. Nú er hann einn af þeim mönnum sem hugsaði það í upphafi hvernig staðið yrði að því ráðuneyti, lagði drög að því hvaða málaflokkar færu þangað inn og það vildi svo til einnig á þeim tíma að annar þingmaður Alþb., hv. þm. Steingrímur Sigfússon, fór með landbúnaðarmál og lagði þar áherslu á það að þessir málaflokkar, landgræðsla og skógrækt, væru vistuð í landbrn. og má raunar segja kannski að það hefði verið eðlilegt vegna kunnugleika þess hv. þm. á þeim málum. Ég hygg að það sé líka ástæða til að árétta það nú hér við þessar umræður að landgræðslu- og skógræktarstörf hafa nú á síðustu missirum í vaxandi mæli verið að færast yfir til bænda og í sambandi við þær miklu búháttabreytingar sem nú eru í deiglunni og við sjáum fram á hefur verið lögð rík áhersla á það að bændur tækju meiri þátt í vörslu landgæða, í landgræðslu og skógrækt en verið hefur. Ég verð að vísu að játa það að vegna erfiðra efnahagsástæðna hefur mér ekki tekist að tryggja fé til þessara málaflokka sem ég hefði kosið en á hinn bóginn held ég að það sé alveg ljóst að þau breyttu viðhorf sem við sjáum nú í þjóðfélaginu víðs vegar eiga rætur sínar ekki síst í þeirri grasrótarhreyfingu sem bændastéttin sjálf er í verndun landsgæðanna. Það væri þess vegna mjög illa til fallið nú að fara að tala um það að reyna að slíta í burtu þau sterku tengsl sem eru á milli landbúnaðarins og landgræðslu, skógræktar o.s.frv.

Ég held að það sé líka ástæða til þess að minna á að vaxandi skilningur er nú fyrir því hversu nauðsynlegt það er að sveitarfélögin, héraðsnefndirnar, láti meira til sín taka á þessum vettvangi, að náttúruverndin og varsla landsgæða hverfi heim í héruðin, en það er í andstöðu við þær yfirlýsingar sem hv. þm. lét hér í ljós. Ég held þess vegna að hans orð séu lýsandi fyrir vissan hluta í Alþb. en á hinn bóginn eigi ekki sterkan hljómgrunn.

[12:02]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér er að sjálfsögðu fullkomlega ljóst hvernig staða þessara mála er í þessari virðulegu stofnun og það kom ekki fram í andsvari mínu áðan að ég teldi að það væri yfirgnæfandi meiri hluti þingmanna þeirrar skoðunar að þessar stofnanir ættu að fara undir umhvrn. Ég held að það sé ekki svo. Ég held að það sé reyndar þannig að verulegur hluti þingmanna sé þeirrar skoðunar að þessar stofnanir eigi að

vera undir landbrn., ég held að það sé þannig núna. Ég held að það sé líka rétt og ég tek undir það og hef lengi verið þeirrar skoðunar að það skipti miklu máli í þessu sambandi að vinna að sátt um málið við bændastéttina. Spurningin er hins vegar um það hvort það er óhjákvæmilegt að það gerist í gegnum landbrn.

Það sem ég vildi segja er þetta: Um málið er hins vegar ekki almenn sátt. Það er ekki almenn sátt um málið. Það sem ég var að leggja áherslu á var það að það verði unnið að sátt um þetta mál, um vistun skógræktar og landgræðslu í stjórnkerfinu og þar með milli þéttbýlis og dreifbýlis um þessi mál. Við skulum gera okkur grein fyrir því að skoðanir eru ekki síst skiptar annars vegar á milli þéttbýlis og dreifbýlis um þetta mál og það er slæmt. Þess vegna hvatti ég til þess áðan, hæstv. forseti, að þetta mál verði rætt fyrir opnum tjöldum og menn á þessu þingi komist að einhverri niðurstöðu, rökréttri og rökrænni niðurstöðu eins og ég orðaði það áðan, svo að það liggi fyrir þegar næsta stjórn verður mynduð hverjir svo sem verða í henni hvernig menn vilja haga þessum hlutum. Það gæti svo farið að t.d. yrði hæstv. umhvrh. ekki í næstu stjórn og það gæti jafnvel svo farið að hæstv. samgrh. og landbrh. yrði það ekki heldur kannski bara í einhverju öðru ráðuneyti eða engu, þannig að það er nauðsynlegt að ræða málin opin og skýrt í þessari stofnun áður en til næstu stjórnarmyndunar kemur.

[12:04]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að niðurstaða í málinu sé út af fyrir sig fengin á þessu þingi. Það hefur ekki komið annað fram en meiri hluti þingsins vilji hafa þessi mál í því horfi sem þau eru og mér heyrðist á hv. þm. að hann væri mér sammála um það.

Í annan stað held ég að hv. þm. verði að gera sér grein fyrir því að það er ekki hægt að slíta skógrækt frá landbúnaði. Skógrækt er landbúnaður með sama hætti og landgræðsla er landbúnaður. Það er aldrei hægt að færa þessa þætti báða yfir í umhvrn. nema með því þá að gera umhvrn. að hluta til að landbrn. Það er mjög erfitt að sjá fyrir sér hvers vegna skógræktarbændur t.d. ættu að falla undir umhvrh. eða sjá þar fyrir sér hvernig landgræðslan bæði þröngt skilið og í víðasta skilningi þess orðs eigi að heyra undir umhvrn. sem er auðvitað í eðli sínu eftirlitsráðuneyti en á ekki að standa fyrir gróðurrannsóknum, ræktun lands, framkvæmdum o.s.frv., standa fyrir því að reka búgarð o.s.frv. Það er ekki eðli umhvrn. þannig að ég átta mig ekki alveg á því hvað vakir fyrir hv. þm. annað en reyna að vekja upp úlfúð um þetta málefni sem hann segir þó í hinu orðinu að hann vilji hafa sátt um.

[12:06]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta voru engin rök hjá hæstv. landbrh. Það eru skólar í landbrn. Á þá ekki að flytja þá frá landbrn. og undir menntmrn.? Það sem hann flutti hér voru engin rök í þessu samhengi. Það sem liggur hins vegar fyrir er það að um þessi mál hafa verið skipar skoðanir. Um þau hafa verið deilur og um þau hefur verið rætt. Núv. ríkisstjórn hefur kosið að læsa þessi mál inni í bakherbergjum Stjórnarráðsins. Ég er andvígur því og ég tel að Alþingi eigi að taka málið fyrir. Það er rétt hjá hæstv. ráðherra að auðvitað gæti ég flutt um málið frv. Af hverju geri ég það ekki? Það geri ég m.a. af slæmri reynslu af núv. ríkisstjórn. Það er einlægt illa tekið í það sem kemur frá stjórnarandstöðunni, það er sama hvað það er, og ég vildi stuðla að því og hvetja til þess að þeir hæstv. ráðherrar sem fara með þessa málaflokka, taki á þeim málum í friði og sátt við stjórnarandstöðuna, því að annars leysist þetta mál aldrei. Það má ekki taka á þessu máli með þeim stríðstóni sem mér fannst koma fram hjá hæstv. landbrh. Menn þurfa að vanda sig og prófa rök og gagnrök hver á öðrum og komast að skynsamlegri og sameiginlegri niðurstöðu.

[12:07]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta er skrýtin deila. Hv. þm. sem var ráðherra þegar umhvrn. var stofnað eins og ég vék að hér áðan, kvað upp úr um það á þeim tíma og hans flokkur að bæði Landgræðslan og Skógræktin skyldu falla undir landbrn. Síðan er hann að setja það fram sem sérstakt árásarefni á þá ríkisstjórn sem nú er að hún skuli ekki hafa viljað skipa þessum málum á annan veg.

Hitt er líka mjög undarlegt hjá hv. þm. ef hann heldur því fram að sá eini hugsanlegi friður sem gæti orðið um þessi mál sé sá að menn fallist á hans sjónarmið en sjónarmið annarra eigi þá að víkja. Skrýtinn málatilbúnaður ef hugmyndin er sú að reyna að ná frið um málið.

[12:08]

Valgerður Sverrisdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þannig er með mig að ég get verið sammála hæstv. landbrh. hvað það snertir að Landgræðsla ríkisins og Skógrækt ríkisins eigi að heyra undir landbrn. en ég vildi hins vegar upplýsa hæstv. landbrh. um það ef hann hefur ekki vitað það að hér er til umræðu frv. til laga um breytingu á lögum um náttúruvernd sem gengur út á það að svokölluð Landvarsla ríkisins hafi mikil völd, ef þetta frv. verður að lögum. Frv. gengur út á mikla miðstýringu, ég held að því sé ekki að neita.

Hæstv. landbrh. sagði hins vegar hér í sínu máli að hann telji að Landvarslan eigi að flytjast heim í héruð. Þess vegna hlýt ég að spyrja hæstv. landbrh. sem ráðherra í þessari ríkisstjórn hvort hann styðji það stjfrv. sem hér er til umfjöllunar.

[12:09]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er auðvitað rétt sem hv. þm. segir að þetta frv. gengur ekki jafnlangt og ég hefði viljað í þessum efnum. Þetta frv. er þó í þá átt sem ég vil fara, en það er rétt að ég legg meira upp úr því að byggðarlögin, héruðin og landshlutarnir beri sjálf

ábyrgð á sínum málum í sambandi við náttúruvernd, gróðurvernd, eftirlit með dýrmætum fornminjum og öðru þvílíku en skilningur hefur verið fyrir ef ég má nota það orð. En það liggur alveg ljóst fyrir að sveitarfélögin eru að vakna til lífsins í þessum efnum. Það liggur ljóst fyrir að fólkið heima í byggðunum vill fá að ráða yfir sínu landi og auðvitað verður þess ekki langt að bíða að sú rödd verði yfirgnæfandi. Auðvitað mun þessi öld ekki líða án þess að fólkið heimti sinn rétt í þessum efnum. Af hverju skyldu t.d. ekki Norðlendingar eiga að hafa gæslu Jökulsárgljúfra með höndum svo að ég taki einfalt dæmi? Hvers vegna skyldu Norðlendingar ekki sjá um Langanesið ef á annað borð er ástæða til að friðlýsa það sérstaklega? þetta eru tvö mjög skýr dæmi. Auðvitað bera heimamenn best skynbragð á það hvað rétt sé að varðveita heima í þeirra héruðum, hvernig hægt sé að standa þannig að því að það raski ekki því jafnvægi sem hlýtur að vera hvarvetna milli atvinnurekstrar og náttúru? Menn vilja lifa í og með sínu landi, hafa af því tekjur, hafa af því sitt lifibrauð, en einnig varðveita það til framtíðar og helst skila því betra.

[12:11]

Valgerður Sverrisdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er ágætt að það komi hér fram við 1. umr. þessa frv. að það er alger ósamstaða um megintilgang frv. innan hæstv. ríkisstjórnar. Hér kemur hæstv. landbrh. og talar gegn frv. þannig að ég sé ekki betur en það sé útséð um það að þetta frv. verður ekki að lögum á þessu þingi. Hæstv. ráðherra talaði um það að fólkið vildi fá að ráða og það er mikið rétt, ég get tekið undir það, fólkið heimti sinn rétt. Ég held hins vegar að hæstv. landbrh. gangi of langt í því að telja að eftirlit með þjóðgörðunum eigi einungis að fara fram af heimamönnum. Ég vil ekki ganga svo langt. Ég tel hins vegar að þarna eigi að stíga ákveðið skref og ég lét það koma fram í ræðu minni hér áðan en það að t.d. þjóðgarðurinn í Jökulsárgljúfrum eigi eingöngu að vera undir stjórn Norður-Þingeyjarsýslu tel ég ekki vera rétt. Þjóðin sem slík hefur sinn rétt og ekki bara heimamenn þegar við erum að tala um dýrmætustu náttúruperlu landsins og um það eigum við að geta náð samstöðu í þessu litla landi að standa þannig að málum að um það sé samstaða. Ég veit hins vegar að hæstv. landbrh. vill ekki samstöðu um þetta mál og ég lét það koma fram hér áðan að honum fjarstöddum að hann vill að það sé stríð um þetta málið.

[12:12]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það var ekki rétt sem hv. þm. sagði og ekki hægt að draga þá ályktun af mínum orðum að það væri alger ósamstaða um þetta frv. innan ríkisstjórnarinnar. Hitt hefur legið fyrir að ég vil ganga lengra og hraðar en ýmsir aðrir hér í þingsölum, þar á meðal hv. þm. Það má auðvitað segja sem svo að ég vilji ófrið ef menn nota orðið ófrið í þeirri merkingu að einhver vilji fara hraðar en aðrir. Það eru fæst mál þannig að allir séu fullkomlega sáttir við niðurstöðu mála, fæst mál þannig líka að menn séu fullkomlega sáttir við ládeyðu. Hins vegar er það misskilningur hjá hv. þm. ef hann hefur talið sjálfum sér trú um það að t.d. sveitarstjórnarmenn eða fólk almennt í Norðurl. e. hafi ekki velt þessum málum fyrir sér og ef hv. þm. telur að þar séu ekki uppi þær raddir sem telja að Norðlendingar eigi að koma fastar og meir að vörslu Jökulsárgljúfra og Laxársvæðisins en verið hefur. Menn eru þeirrar skoðunar að það sé rétt að rödd Norðurlands heyrist sterkara á fundum þeirra sem ráða þar málum en verið hefur og þetta frv. gefur möguleika til þess.

[12:14]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég verð satt að segja að viðurkenna það að ég varaði mig ekki á því að í andsvari mínu hér áðan var ég að kveikja verulega langa umræðu og hafði nú ekki hugsað mér málið þannig, en satt að segja finnst mér að viðbrögðin sem ég hef fengið staðfesti að það sé eðlilegt að þessi umræða sé tekin upp í þessari virðulegu stofnun. Það er greinilegt að það er um að ræða ansi mikinn ágreining og ég hygg að hann sé kannski ekki eins skarpur eins og menn vilja vera láta. Ég held að það sé kannski dálítið til í því hjá hv. 3. þm. Norðurl. e. að að sumu leyti geti menn alveg hugsað sér að það séu átök um mál af þessum toga til þess að geta haldið til haga sínum sjónarmiðum með og á móti eins og þau koma fyrir á hverjum tíma eftir atvikum.

Ég vil segja t.d. varðandi það sjónarmið sem hefur verið rætt í morgun, hvort heimamenn eigi að hafa yfirstjórn þjóðgarða í sínum höndum einir, þá teldi ég það algjörlega fráleitt satt að segja. Þjóðgarður er þjóðgarður og þjóðin öll á þjóðgarðinn. Þannig að það þarf að tryggja það að þjóðin, með þeim hætti sem hún kýs á hverjum tíma, hafi með að gera stjórn þjóðgarðanna. Hins vegar er það líka alveg rétt hjá hæstv. landbrh. að yfirstjórn t.d. þjóðgarða þarf að vera í eins góðri sátt við heimamenn eins og kostur er og reyndar þarf, að mínu mati, að leggja á það alveg sérstaka áherslu að heimamenn geti komið að málinu með einhverjum hætti þannig að það sé um það að ræða að þeir upplifi þetta ekki sem framandi íhlutun í sitt eigið umhverfi heldur sem hluta af þeim veruleika sem þeir vilja taka þátt í að verja, varðveita eftir atvikum eða að glæða nýju lífi, allt eftir því hvað við á á hverjum stað og hverjum tíma.

Þess vegna finnst mér ekki hægt að afgreiða þetta mál með því að segja: Heimamenn bera best skynbragð á þessi mál og þess vegna eiga þeir að ráða þeim. Málið er ekki alveg svona einfalt. Og eins og hv. 1. þm. Vesturl., Sturla Böðvarsson, sem er formaður þjóðminjaráðs, benti á áðan þá geta orðið andstæður á milli nýtingarsjónarmiða og varðveislusjónarmiða. Það geta orðið mjög harðar og erfiðar andstæður t.d. á milli skipulagsstjórnar ríkisins og fornleifavörslunnar í landinu vegna þess að skipulagsstjórnin eða sveitarfélögin vilji nýta tiltekið svæði með tilteknum hætti en það stangist á við hugmyndir fornleifavörslunar um það að geyma þessi svæði til fornleifarannsókna. En það er,

eins og kunnugt er, skoðun margra fornleifafræðinga að það sé best að geyma fornleifarnar í jörðu og helst aldrei að grafa þær upp vegna þess að þeim sé yfirleitt spillt þegar þær séu grafnar upp úr jörðinni.

Þar af leiðandi erum við komin hér að almennum málum sem mér finnst eðlilegt að menn hafi skiptar skoðanir um, en ég frábið mér það alveg að við séum að setja þetta upp í þeim farvegi að sumir séu hinir góðu fulltrúar heimamanna og aðrir séu hinir vondu fulltrúar hins mikla og vonda ríkis. Þetta er nú þannig þegar allt kemur til alls að flestir þeir sem eru stundum að ráðast að ríkinu hafa iðulega talað fyrir það og haft með hagsmuni þess að gera. Og hvað er ríkið? Það birtist í ríkinu sú ákvörðun sem þjóðin tekur á hverjum tíma í kosningum og í meiri hluta Alþingis.

En varðandi það mál sem ég kom að í andsvari þá er það heldur ekki þannig eins og hæstv. landbrh. orðaði það áðan. Ég skil ekki af hverju er verið að tala við mann með þessu orðafari, ég átta mig ekki á því. Það er sagt að ég hafi sagt: Sjónarmið annarra eiga að víkja. Ég sagði það aldrei. Ég var að hvetja til þess að menn hefðu hér rökræna umræðu um þessi mál vegna þess að það er ekki sátt um þau. Þó að hæstv. landbrh. ráði yfir málunum núna þá er ekki þar með sagt að það sé sátt um málin. Það þarf að finna sáttagrundvöll. Það er hægt að gera það með ýmsum hætti. Það er hægt að gera það með þeim hætti að fara yfir málin í ítarlegum og löngum umræðum á grundvelli frumvarpa sem stjórnarandstaðan flytur á hverjum tíma, en það er líka hægt að gera það með því að menn beri saman bækur sínar í rólegheitum og reyni að komast að niðurstöðu.

Ég tel t.d. að það væri ekki mínum sjónarmiðum í þessu máli til framdráttar að fara að flytja frv. til laga um breytingu á yfirstjórn Landgræðslunnar. Það yrði óðara tekið sem persónuleg árás á þá menn sem þar eru í forustu og ég kæri mig ekki um að hlutirnir séu settir upp í því samhengi af því að ég vil gera gagn með því að vera hér en ekki að búa til stríð um þau mál sem uppi eru á hverjum tíma og ég vil laga. Þess vegna tel ég að það sé eðlilegt að menn beri saman bækur sínar. Ég heyri í rauninni ekki að landbrh. sé ósammála mér um eitt einasta atriði efnislegt í málinu. Hann er að sjálfsögðu ósammála mér um það sem hann leggur mér í munn og ég hef aldrei sagt, þegar hann býr til andstæðing úr mér, en það tekst honum ekki í þessari umræðu alla vega.

En ég held að aðalatriðið sé að menn átti sig á því að þegar núv. ríkisstjórn var mynduð þá voru deilur um þessi mál. Fyrrv. hæstv. umhvrh., Eiður Guðnason, lét það aftur og aftur koma fram að hann væri ósáttur við þessi mál. Það voru höfð viðtöl við núv. hæstv. landbrh. og fyrrv. hæstv. umhvrh. um þessi mál hvað eftir annað í öllum fjölmiðlum. Síðan gerist það að þessir hlutir malla í ríkisstjórninni og menn vilja ekki vera að efna til deilna um þessi mál svona opinberlega af því að nóg er nú samt í þessari blessaðri stjórn og ég skil það svo sem vel að menn telja að það sé nóg rifrildið út af ýmsum öðrum hlutum þarna. Þess vegna hafa menn ekki verið að fara sér mjög óðslega í að rífa upp deilur um þessi mál í ríkisstjórninni og ég skil það vel, enda held ég að það sé kannski heldur ekki málinu til framdráttar að fara að efna til úfa með mönnum í fjölmiðlum.

Hins vegar er það þannig að þessi umræða sem hér hefur farið fram er í raun og veru mjög lítil og mjög stutt. Hún upplýsir að það þarf að tala um málið. Það þarf að fara yfir málið og skoða rök þessa máls. Ég held að það sé skynsamlegt að gera það í tengslum við þá umræðu sem fram fer um þetta frv. í umhvn. þannig að menn geti borið sig saman um málið, án þess að ég sé að hvetja til þess og ég endurtek það að ég tel að stríð um málið þjóni engum tilgangi. Ég tel hins vegar ljóst að það er ekki sátt um það og þess vegna, einmitt kannski vegna landbúnaðarins, vegna landgræðslu og skógræktar, þá þurfa menn að halda þannig á þessum málum að það verði sátt um þau. Því það er slæmt fyrir bændur m.a. og aðra sem búa næst þessum verkefnum og sinna þeim, að það séu undirliggjandi og undir niðri hugsanleg átök um málið. Þess vegna er skynsamlegt að ræða það í rólegheitum og reyna að stuðla að sátt sem stjórnkerfið er sátt við, en það er alveg ljóst að það er engin sátt um málið þegar hæstv. umhvrh. segir: ég vil málið, og hæstv. landbrh. segir: ég vil ekki sleppa málinu. Þá er stríð um málið, það er svoleiðis þó að þeir fari vel með það.

[12:22]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil leggja áherslu á það hér, sem ég hef gert raunar víða, að það er mikil sátt um landgræðslumálin og skógræktarmálin hjá þjóðinni. Það kemur m.a. fram í þeim miklu framlögum sem hefur verið veitt til þessara mála, bæði beinum peningagreiðslum og eins með miklu sjálfboðaliðsstarfi, og það er enginn vafi á því að það fólk sem þar hefur lagt fram drýgsta skerfinn kann ekki að meta það þegar verið er að reyna að sprengja upp þann grundvöll sem þetta starf hvílir á.

Ég hafði ekki gert mér grein fyrir því áður en ég kom í þingið í dag að það væru undirliggjandi einhverjar sprengjur í þessu máli og það yrði að taka málið upp nú vegna þess að það væru einhverjar sprengjur undirliggjandi í því. Ég hélt satt að segja að á síðustu missirum hefði þróunin orðið sú að skilningur manna fyrir mikilvægi þess að það væri staðið saman um þessi mál hefði aukist, skilningur manna á því að bændur búa bæði yfir mikilli þekkingu og reynslu sem getur nýst í þessum málum, skilningur manna á því að skógrækt hér á landi er óðum að færast í það horf að vera í senn nytjaskógrækt og landgræðsluskógrækt, ekki aðeins til augnayndis, og skilningur manna á því að nauðsynlegt sé að treysta þær greinar landbúnaðarins sem einmitt snúa að þessu, snúa að plönturækt, snúa að því að gæta betur gróðurs á hverjum stað. Einmitt þessar greinar hafa verið að styrkjast. Þannig að ég skil ekki hvernig á því stendur þegar menn eru að reyna að vekja upp einhver stríð um þessi mál í þinginu. Það er grundvallarsátt um málið. Almenning-

ur í bæjunum og bændur vinna vel saman að landgræðslu- og skógræktarmálum og það er auðvitað ekki af hinu góða ef menn eru að reyna að vekja upp einhverja úfa í þessum málaflokki.

[12:24]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er alveg rétt, það er ekki gott að menn séu að vekja upp úfa að óþörfu. En tilefni umræðunnar er hvað? Það er það að hæstv. umhvrh. sagðist vilja stofnanirnar undir sig. Og þegar deilur í ríkisstjórninni eru opinberaðar í þessum virðulega stól í þessari stofnun þá náttúrlega hlýtur það að vekja menn til umhugsunar. Vegna þess að ég spyr hvaða annað mál er það sem er þannig á milli ráðuneyta að t.d. umhvrh. eða landbrh. segi: Ég vil endilega fá þetta inn undir mitt ráðuneyti, ég vil breyta verkaskiptingu Stjórnarráðsins gagnvart þessu tiltekna ráðuneyti. Það í raun og veru liggur þannig að hæstv. umhvrh. er þeirrar skoðunar að þessar stofnanir eigi að vera þarna.

Þannig að það er alveg ljóst að úfarnir eru inni í ríkisstjórninni. Ríkisstjórnin hefur ekki náð sátt um málið og þess vegna er óhjákvæmilegt að færa málið úr bakherbergjum Stjórnarráðsins hér inn í þessa lýðræðislegu stofnun þannig að menn geti borið saman bækur sínar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vernd Breiðafjarðar, 1. umr.

Stjfrv., 206. mál. — Þskj. 232.

[12:27]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um vernd Breiðafjarðar. Frv. var flutt á 117. löggjafarþingi en það var ekki afgreitt og hér er ég að endurflytja það með nokkrum breytingum.

Virðulegi forseti. Um langt árabil hefur mönnum verið ljós þörfin fyrir vernd náttúru og menningarsögulegra minja í Breiðafirði. Náttúruverndarþing, náttúruverndarsamtök heimamanna og fleiri aðilar hafa ályktað ítrekað um nauðsyn þess að vernda náttúru Breiðfjarðar með einhverjum hætti og svæðið hefur reyndar verið á náttúruminjaskrá í hálfan annan áratug. Alþingi ályktaði árið 1978, að tillögu Friðjóns Þórðarsonar alþm., og svo ég vísi í þá ályktun, með leyfi forseta: „...að skora á ríkisstjórn að stuðla hið fyrsta að því að hið fjölþætta lífríki Breiðafjarðar verði kannað og verndað, eftir því sem þurfa þykir, í samráði við heimamenn."

Í grg. með tillögu Friðjóns er bent á lögin um vernd Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu sem hugsanlega fyrirmynd um vernd Breiðafjarðar. Jafnframt er tekið fram í grg. að þótt bráður háski vofi ekki yfir Breiðafirði sé eðlilegt og sjálfsagt að athuga þessi mál í tæka tíð og gera viðeigandi ráðstafanir ef þurfa þykir. Í framhaldi af þessari ályktun Alþingis skipaði menntmrh. nefnd þriggja manna til þess að gera tillögur um hvernig skyldi haga vernd lífríkis fjarðarins. Þessi ágæta nefnd hélt marga fundi, hún aflaði margvíslegra gagna en hún lauk hins vegar aldrei störfum.

Eitt af fyrstu verkum mínum sem umhvrh. sumarið 1993 var að sækja heim Breiðafjörð og kanna hug heimamanna til verndunar náttúrunnar og þeirra menningarsögulegu minja sem þar er að finna. Í samræmi við þá hugmynd sem Friðjón Þórðarson setti fram 1978 var fljótlega ákveðið að kanna möguleikana á lagasetningu um vernd Breiðafjarðar þar sem hliðsjón væri höfð af lögunum um vernd Laxár og Mývatns frá 1974. Það eru ýmis tormerki á því að nota þær heimildir sem gildandi lög um náttúruvernd frá 1971 veita til verndar á jafnstóru svæði og Breiðafjörðurinn sannarlega er. Að lýsa allt svæðið friðland, þjóðgarð eða fólkvang, gæti orðið erfitt í framkvæmd vegna þeirrar fjölbreyttu byggðar og atvinnu sem er að finna við Breiðafjörð. Við slíkar aðstæður verður verndun að vera sveigjanleg og hún verður að taka tillit til ólíkra hagsmuna og sjónarmiða. Sérlög af því tagi sem frv. leggur til að verði sett veita hins vegar almenna vernd og þau veita jafnframt nauðsynlegan sveigjanleika við framkvæmdina.

Við undirbúning málsins var haft náið samstarf við sveitarstjórnarmenn við Breiðafjörð. Það voru haldnir fundir með fulltrúum hreppsnefnda og náttúruverndarnefndar Reykhólahrepps í Austur-Barðastrandarsýslu, Saurbæjarhrepps, Garðhrepps og Fellsstrandarhrepps í Dalasýslu og þar kom fram almennur vilji til þess að vinna áfram að málinu á þeim grundvelli sem ég lagði þar fyrir.

Um miðjan desember 1993 var síðan fundað með fulltrúum hreppsnefnda, náttúruverndarnefnda og héraðsnefndar Snæfellsness- og Hnappadalssýslu. Þessi fundur var mjög fjölsóttur og þar var einróma samstaða um að stefna að setningu laga um vernd Breiðafjarðar sem næðu til sem flestra hólma og skerja á firðinum og allrar strandlengju í innri hluta hans. Sveitarstjórnum var síðan send til umsagnar þau drög að frv. sem ég lét gera um vernd Breiðafjarðar. Það var skömmu fyrir jólin 1993. Ég efndi síðan í framhaldi af því til fundar með fulltrúum sveitarstjórna í Stykkishólmi 12. jan. til þess að ræða frumvarpsdrögin. Þar komu ekki fram neinar athugasemdir við drögin og þess vegna var ákveðið að leggja frv. fram á 117. löggjafarþinginu. Það hlaut almennt góðar viðtökur jafnt hjá hv. þingmönnum og raunar líka í þeim umsögnum sem hv. umhvn. bárust vegna frv. Stöku atriði voru þó gagnrýnd sérstaklega og við þeim hefur verið reynt að bregðast við endurskoðun frv. sem nú liggur fyrir, mun fyllra og ítarlegra og betra, að ég hygg, en í fyrri gerð, enda tekið talsvert mið af þeim athugasemdum sem fram komu, bæði hjá þingmönnum og umsagnaraðilum.

Helstu markmiðin með setningu laga um vernd Breiðafjarðar eru:

Í fyrsta lagi að vernda landslag, einstakar jarðmyndanir og lífríki Breiðafjarðar.

Í öðru lagi að tryggja vernd menningarsögulegra minja.

Í þriðja lagi að búa í haginn fyrir vaxandi fjölda ferðamanna og tryggja almenningi aðgang að náttúru fjarðarins og sögu án þess að spjöll hljótist af.

Í fjórða lagi að stuðla að auknum rannsóknum á lífríki og jarðfræði Breiðafjarðar.

Í fimmta lagi og ég ítreka það sérstaklega, að renna styrkum stoðum undir eyjabúskap og treysta aðra hefðbundna nýtingu hlunninda á Breiðafirði.

Í frv. er lagt til að einungis verði lögfest almenn verndarákvæði sem gilda skuli um allt svæðið. Í reglugerð, sem lagt er til að sett verði á grundvelli laganna í samvinnu og samráði við heimamenn, verði hins vegar kveðið nánar á um framkvæmdina og reglur settar um þá þætti sem menn telja máli skipta. Lagt er til að sett verði á laggirnar sérstök nefnd, Breiðafjarðarnefnd, sem verði ráðherra til ráðgjafar við framkvæmd laganna og þar á meðal við setningu reglugerða og annarra ákvæða er lúta að vernd svæðisins. Það er vert að taka það sérstaklega fram að það er gerð tillaga um að heimamenn tilnefni þrjá af sex fulltrúum í nefndina. Það er auðvitað ljóst að taka verður tillit til margra ólíkra hagsmuna, ólíkra sjónarmiða, sem erfitt getur verið að samræma þegar vernda skal náttúru Breiðafjarðar og menningarsögulegar minjar í firðinum en jafnframt að tryggja blómlegar byggðir um ókomin ár.

Það er auðvitað ljóst að góður árangur af þeirri viðleitni næst ekki nema með góðu samstarfi allra aðila og með því að virkja frumkvæði og þekkingu heimamanna og það er þess vegna sem frv. byggir á sérstaklega nánu samráði og samstarfi við þá.

Virðulegi forseti. Breytingarnar sem gerðar hafa verið á frv. frá því að það var lagt fram á síðasta þingi varða einkum þrjú atriði.

Í fyrsta lagi eru markmið frv. skýrð betur og þau taka nú einnig til verndar á menningarsögulegum minjum. Í fyrra frv. var lítillega minnst á vernd menningarsögulegra minja en það þótti rétt í ljósi fram kominna athugasemda, ekki síst frá hv. þingmönnum við umræðu málsins í fyrra, að taka með fastari og skýrari *hætti á þessum málum í frv. Vandamálið við* að taka heildstætt á vernd hins náttúrulega og manngerða umhverfis varðar fremur verkaskiptingu innan Stjórnarráðsins en verkefnið í eðli sínu. Ég vil í þessu sambandi, virðulegi forseti, minna á það að í sumum nágrannaríkjum okkar fer einmitt umhvrn. með vernd menningarsögulegra minja eins og hér hefur lítillega verið rætt í dag í tengslum við annað frv. Þannig að það er ekki hægt að segja annað heldur en að þetta viðfangsefni er mjög tengt verkefnum míns ráðuneytis.

Um þennan þátt var haft samráð við menntamálaráðherra og hann er samþykkur þeirri tilhögun sem lögð er til í frv. og ég vil raunar þakka honum sérstaklega fyrir gott samstarf í því efni. Það er hins vegar tekið skýrt fram að um vernd menningarsögulegra minja fer samkvæmt þjóðminjalögum og fer menntamálaráðherra með yfirstjórn þeirra mála. En í samræmi við það er jafnframt gerð tillaga um að Þjóðminjasafnið fái fulltrúa í Breiðafjarðarnefnd og það er nýmæli, það var ekki svo í fyrri gerð.

Önnur meginbreytingin á frv. kemur til móts við þá gagnrýni að of mikil miðstýring hafi falist í frv. Það er nú svo, virðulegi forseti, að það var aldrei ætlunin að vernd Breiðafjarðar yrði miðstýrt frá skrifborði ráðherra í Reykjavík og þess vegna er fellt út ákvæði þess efnis að það *þurfi sérstakt leyfi ráðherra til hvers konar* mannvirkjagerðar og jarðrasks á því svæði sem lögin taka til. Þess í stað er lögð áhersla á gerð skipulagsáætlana sem taki mið af samþykktum Breiðafjarðarnefndarinnar.

Þriðja breytingin varðar svo heimild til reksturs náttúrurannsóknastöðvar. Ákvæði um rannsóknastöðina eru gerð rækilegri skil og þau taka mið af ákvæðum um náttúrustofur kjördæma, sem er að finna í lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands. Það var talið eðlilegra að notast við þetta fordæmi um samstarf ríkis og sveitarfélaga um náttúrurannsóknir.

Virðulegi forseti. Í athugasemdum við frv. er fjallað ítarlega um náttúrufar í Breiðafirði og menningarsögulegar minjar. Það er sagt frá búsetu við fjörðinn, eignarhaldi á Breiðafjarðareyjum og jafnframt nýtingu hlunninda. Þessi grg. er að mínu viti afar vönduð og fróðleg og ég vil eindregið hvetja hv. þingmenn til þess að kynna sér efni hennar rækilega. Ég hef því miður ekki tækifæri til þess að rekja efni hennar hér ítarlega en vil þó nefna nokkur atriði sem er vert að hafa í huga þegar menn véla um framtíð þessa merkilega svæðis.

Breiðafjörður er stærsta samfellda votlendissvæði landsins og fjörðurinn er kunnastur fyrir mikinn fjölda eyja, hólma, skerja og boða. Eyjarnar á Breiðafirði hafa löngum verið taldar til þeirra náttúrufyrirbæra sem eru álitin óteljandi líkt og Vatnsdalshólar og vötnin á Arnarvatnsheiði. Fróðir menn segja mér að líklega séu um 2.500 eyjar á firðinum og eru þó ekki meðtaldir hólmar eða sker og boðar.

Í innanverðum firðingum er mikið grunnsævi og þar gætir meiri sjávarfalla en á flestum öðrum strandsvæðum við landið og þar er mesti munur flóðs og fjöru á *sjötta metra.*

Vegna þessa og eyjafjöldans er talið að á Breiðafirði sé að finna u.þ.b. helming af strandlengju Íslands. Þar er t.d. verulegur hluti af öllum þangfjörum á Íslandi með óvenjulega auðugu lágdýralífi sem þrífst þar í skjóli víðáttumikilla þang- og þaraskóga. Lífmagn í fjörum og á grunnsævi er mikið og líffræðileg áhrif þessa svæðis ná raunar langt út fyrir mörk þeirra hvort heldur er upp á land eða út á miklu dýpri hafsvæði.

Stofnar hryggdýra í Breiðafirði eru yfirleitt stórir vegna þess að þar er mikið framboð af fæðu, bæði fyrir fugl, fisk, seli og hvali. Fuglar eru mjög áberandi í lífríki Breiðafjarðar og sjófuglar eru þar algengastir. Þeir hafa verið nytjaðir um aldir og telst svæðið vera með þýðingarmestu sjófuglabyggðum landsins þótt eiginleg fuglabjörg séu þar fremur bæði lítil og lág. Fuglalífið er þar afskaplega fjölskrúðugt og umtalsverða hluta af stofnum sumra tegunda í landinu er að finna á firðinum, t.d. lunda, æðarfugls, teistu, svartbaks og hvítmáfs. Hæst hlutfall er þó í stofnum topp-

skarfs og dílaskarfs, en u.þ.b. 90% af skörfum landsins verpa á Breiðafirði. Það er talið að u.þ.b. 70% af árvissum varpfuglum landsins eigi sér hreiður á Breiðafirði og þar á meðal eru margir sjaldséðir fuglar, þar er til að mynda fimmtungur íslenska þórshanastofnsins sem er núna talinn í nokkurri hættu og ég hygg að rúmur helmingur af öllum haförnum í landinu eigi sér varplönd í firðinum.

Breiðafjörður er líka mjög mikilvægur áningarstaður vor og haust fyrir fargesti á leið til og frá varpstöðum á norðlægari löndum. Þar á meðal má nefna margæsina og rauðbrystinginn sem hefur verið talsvert í fréttum vegna fyrirhugaðrar brúarsmíðar í Gilsfirði, en u.þ.b. 60% af þeim 300 þús. rauðbrystingum sem hingað koma árlega nýta sér fjörur á Breiðafirði.

Báðar íslensku selategundirnar, útselur og landselur, kæpa á Breiðafirði og þar er líkast til að finna u.þ.b. fimmtung af öllum landselum við Ísland og allt að helming af öllum útselum. Hvalir eru einnig tiltölulega algengir í Breiðafirði. Þar er ekki óalgengt að sjá ýmis smáhveli, svo sem hnísu, höfrungategundir, háhyrninga og hrefnu.

Breiðafjarðareyjar eru jafnframt mjög gróskumiklar þó þar séu einnig hrjóstrug og gróðurvana sker ótalmörg inn á milli eyjanna. En u.þ.b. helmingur af náttúrulegri flóru landsins hefur fundist á þessum vel vöxnu eyjum eða u.þ.b. 229 tegundir af háplöntum. Ein þeirra, flæðarbúinn, hefur hvergi fundist nema í Breiðafirði og þar vex líka í Hvallátrum önnur mjög sjaldgæf tegund sem er villilaukur.

En það er ekki eingöngu lífríkið sem gerir náttúrufar sérstætt við Breiðafjörðinn. Þar eiga miklar breytingar sér stað á landslagi í firðinum eftir sjávarföllum vegna misdýpis og eins vegna hins mikla fjölda eyja og skerja. Sund þorna og stórir leiru- eða skerjaflákar rísa úr sjó um fjöru þannig að landslagið tekur miklum stakkaskiptum.

Þarna eru líka mjög merkilegar jarðmyndanir frá jarðfræðilegu sjónarmiði og þetta auðvitað þekkja þeir sem hafa siglt um fjörðinn og skoðað eyjarnar, en slíkar siglingar draga til sín ferðamenn í mjög vaxandi mæli. Þar er líka jarðhiti á nokkrum stöðum, sérstaklega vestarlega í Vestureyjum, í Vatnsfirði og raunar á Reykjanesi í Reykhólasveit.

Í eyjum á Breiðafirði hefur verið búið allt frá því að land byggðist. Það var áður búið í tugum eyja á firðinum þannig að mannvistarleifar má finna út um allan fjörð, mjög víða, náttúrlega sérstaklega á heimaeyjunum og þær bera vitni um mjög fjölbreytt og merkilegt atvinnulíf fyrri tíðar. Breytingar til þeirra lífshátta sem nú tíðkast hafa e.t.v. farið hægar yfir á Breiðafjarðareyjum í gegnum tíðina en víðast annars staðar og kannski er það þess vegna sem mannvistarleifar hafa varðveist þar betur en víða annars staðar. Það er auðvitað af nógu að taka en það sem gerir e.t.v. mannvistarleifar í Breiðafjarðareyjum merkilegar og sérstaklega áhugaverðar eru ekki síst þær minjar sem tengjast sjónum með einum eða öðrum hætti, eins og lætur að líkum. Það má auðvitað deila um hvað eru merkilegustu mannvirkin en ætli þar megi ekki nefna ýmiss konar bátakvíar eða dokkir sem voru hlaðnir garðar til varnar fyrir báta. Ég nefni sérstaklega Silfurgarðinn í Grýluvogi í Flatey, dokkina í Rauðseyjum og kvína Steingerði í Akureyrjum á Gilsfirði. Það má líka nefna sjávarfallavirkjun sem knúði kornmyllu í Brokey en þar, eins og í Akureyjum og á Sviðnum, er líka að finna útsýnisturna, mannvirki sem voru gerð svo kleift væri að svipast um eftir bátsferðum veiðiþjófa og annarra. Þá er mjög mikið af gömlum húsum í Flatey sem er afar nauðsynlegt að varðveita.

Virðulegi forseti. Ég ætla að fara nokkrum orðum um einstök atriði sem er að finna í greinum frv.

Eins og kemur fram í 1. gr. er tilgangur laganna að stuðla að vernd Breiðafjarðar. Það er gert ráð fyrir almennri vernd sem nái einkum til verndar á landslagi, einstökum jarðmyndunum og lífríki, auk varðveislu menningarsögulegra minja. Það er stefnt að því að varðveita náttúrufar Breiðafjarðar og menningarsögulegar minjar eftir því sem hægt er með hliðsjón af þróun byggðar og atvinnuháttum þess fólks sem byggir þar svæðið. Vernd Breiðafjarðar er sérstaklega ætlað að styrkja hefðbundna nýtingu hlunninda á svæðinu.

Í 2. gr. eru dregin mörk þess svæðis sem ákvæði frv. ná til. Gert er ráð fyrir að Hagadrápssker, Oddbjarnarsker, Stagley og Höskuldsey séu að öllu leyti innan þessa svæðis.

Samkvæmt 3. gr. fer umhvrh. með stjórn mála sem varða vernd Breiðafjarðar. Til að valda ekki ruglingi um málsmeðferð og tryggja skýra verkaskiptingu Stjórnarráðsins er nauðsynlegt að taka af öll tvímæli um það að um vernd menningarsögulegra minja fari samkvæmt þjóðminjalögum og að menntamálaráðherra fari með yfirstjórn þeirra mála.

Í 4. gr. er fjallað um skipun og hlutverk Breiðafjarðarnefndar. Í nefndinni eiga sæti sex menn og til að tryggja áhrif heimamanna er lagt til að einn nefndarmaður skuli skipaður samkvæmt tillögu héraðsnefndar Dalasýslu, einn eftir tillögu héraðsnefndar Austur-Barðastrandarsýslu og einn eftir tillögu héraðsnefndar Snæfellinga. Til að tryggja sérfræðiþekkingu innan nefndarinnar er jafnframt gert ráð fyrir því að Náttúrufræðistofnun Íslands tilnefni einn nefndarmann og Þjóðminjasafn Íslands einn. Umhverfisráðherra skipar síðan formann nefndarinnar án tilnefningar. Breiðafjarðarnefnd á að vera ráðherra til ráðgjafar um allt sem víkur að framkvæmd laganna. Það er hún sem hefur á hendi það hlutverk að semja tillögur að reglugerð um framkvæmd laganna og það er rétt að ítreka það sterklega, virðulegi forseti, að áður en reglugerðin er sett þá ber ráðherra að leita umsagnar sveitarstjórna áður. Breiðafjarðarnefndin á einnig, í samráði við sveitarfélög, að semja sérstaka vörsluáætlun þar sem fram kemur hvernig á að ná þeim markmiðum sem sett eru með vernd svæðisins.

Í greininni er lögð sérstök áhersla á samráð Breiðafjarðarnefndar við sveitarstjórnir og aðra sem málið varðar. Þannig að ég hygg að það sé nokkuð ljóst að frumkvæði og vald situr í héraði en liggur ekki á skrifborði ráðherrans í þessu máli þó það sé hann sem endanlega staðfestir þessar reglur.

Í 5. gr. er fjallað um reglugerðirnar sem verða settar á grundvelli laganna. Í samræmi við 4. gr. setur umhverfisráðherra reglugerð að fengnum tillögum Breiðafjarðarnefndar. Þar á að kveða á um vernd lífríkis á svæðinu og skynsamlega nýtingu þess. Gert er ráð fyrir að hefðbundnar nytjar haldist og önnur auðlindanýting verði í samræmi við markmið verndarinnar og jafnframt að atvinnuhættir og umferð um svæðið verði með þeim hætti að ekki hafi vond áhrif á lífríki, sem gæti m.a. leitt til truflunar á eðlilegum hlunnindanytjum. Það er sérstaklega rætt um að gæta skuli þess að valda ekki óþarfa truflun fyrir fuglalíf um varptíma og jafnframt á í reglugerðinni að kveða á um varnir gegn hvers konar mengun.

Jafnframt er kveðið er á um að setja skuli ákvæði í reglugerð til að hamla gegn hættu á spjöllum á náttúrufari af völdum ferðamanna þar sem þörf gerist. Það kann að koma upp sú staða að þess gerist þörf, t.d. um varptíma viðkvæmra fuglategunda, þá kunni að reynast nauðsynlegt að reisa skorður við óheftri umferð um tiltekin svæði.

Þar sem menntmrh. fer með stjórn mála sem varða vernd menningarsögulegu minja þá er gerð tillaga um að hann setji að fengnum tillögum Breiðafjarðarnefndar og umsögn þjóðminjaráðs reglugerð sem varðar vernd þessara minja.

Samkvæmt 6. gr. verða skipulagsáætlanir meðal þeirra stjórntækja sem er ætlað að stuðla að vernd Breiðafjarðar. Hér er því ekki farin sú leið að ráðherra veiti leyfi fyrir einstökum framkvæmdum heldur að gerðar verði á vegum sveitarfélaga skipulagsáætlanir sem miða að vernd Breiðafjarðar. Þróun skipulagsmála á síðustu árum hefur verið í þá átt að auka frumkvæði og auka ábyrgð sveitarfélaga við gerð skipulagsáætlana. Við gerð þeirra í þessu tilviki ber að leita umsagnar Breiðafjarðarnefndar og taka tillit til vörsluáætlunarinnar, en samkvæmt 4. gr., svo að ég ítreki það aftur, þá ber að semja hana í samráði við sveitarstjórnir. Hér er því lögð rík áhersla á samvinnu og samráð og undirstrikað að það er ekki verið að taka ábyrgð frá sveitarstjórnum.

Framkvæmdir á lögbýlum eru ekki háðar skipulagi heldur einvörðungu leyfi bygginganefndar. Ef vafi leikur á því hvort hætta sé á því að framkvæmdir vegna búskapar valdi spjöllum á náttúruminjum eða lífríki þá á að bera hana undir Breiðafjarðarnefnd eða þjóðminjaráð ef um fornleifar er að ræða.

Í 7. gr. er ráðherra heimilt að leyfa starfrækslu náttúruverndarstöðvar með ríkisaðild á Breiðafirði. Framlag ríkisins til stöðvarinnar mundi að frv. samþykktu takmarkast við laun eins starfsmanns í fullu starfi og raunar stofnkostnað vegna húsnæðis, innréttinga og tækjakaupa eftir því sem er ákveðið á fjárlögum hverju sinni, enda liggi fyrir jafnhátt framlag frá heimamönnum.

Virðulegi forseti. Ég hef lokið við að fara yfir helstu efnisatriði frv. og ég vil að lokum leggja til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. umhvn. Ég vil líka geta þess, virðulegi forseti, að þar sem frv. fjallar líka um vernd menningarsögulegra minja þá þætti mér ekki óeðlilegt að hv. umhvn. leitaði eftir áliti menntmn. sömuleiðis á þeim þáttum frv. sem varða menningarsögulegar minjar.

[Fundarhlé. — 12:48]

[13:32]

Pétur Bjarnason:

Virðulegi forseti. Ég tel fulla ástæðu til að fagna því að hér er komið fram frv. til laga um vernd Breiðafjarðar sem, eins og fram hefur komið, hefur lengi verið í bígerð og menn hafa haft áhuga á að koma á. Ég tel að hér sé mjög merkilegt og nauðsynlegt mál á ferðinni. Í meginatriðum tek ég undir það sem segir í frv. og þann tilgang sem hæstv. umhvrh. lýsti með flutningi þess en engu að síður eru einstaka atriði sem ég held að sé rétt að ræða frekar og varða það.

Breiðafjarðareyjar og Breiðafjörðurinn er svæði sem á sér langa og mjög merka sögu í lífi þjóðarinnar. Lífríki þarna er mjög sérstakt eins og dregið er fram bæði í greinargerð og kom fram í ræðu áðan. Útgerðarsaga við Breiðafjörðinn er sömuleiðis mjög merk og um það eru til mjög miklar heimildir. Í eyjunum hafa bændur haft óvenjumiklar nytjar. Þarna hefur verið mikill hlunnindabúskapur, meiri en víðast hvar annars staðar á landinu, og þarna hefur þróast það sem kallað er eyjabúskapur en það eru búskaparhættir sem um margt eru sérstæðir og að sjálfsögðu háðir þeim skilyrðum sem búseta á eylandi skapar.

Sömuleiðis er þarna um að ræða langa mannlífs- og menningarsögu — einkum í kringum byggðina í Flatey sem var mjög blómleg um tíma. Það hefur verulega breytt um búskaparhætti í Breiðafjarðareyjum eins og flestir vita og sem dæmi um það er að af þeim 40 jörðum sem kallaðar voru eyjajarðir og voru í byggð fyrir tæpum 300 árum, árið 1703, eru nú aðeins tvær í byggð. Aftur á móti hafa landjarðir svokallaðar við Breiðafjörð enst aðeins betur. Þar eru mun fleiri jarðir byggðar nú. Hins vegar hefur önnur byggð aukist verulega í Breiðafjarðareyjum og það er svokölluð sumarbyggð, þ.e. oft og tíðum ættingjar, afkomendur þeirra sem þarna bjuggu áður. Þeir hafa fest tryggð við átthagana og dvelja þar um lengri eða skemmri tíma, einkum að sumarlagi.

Mér þykir gott að heyra það sem hæstv. umhvrh. sagði áðan að það hefur verið haft mikið samráð við menn sem búa í eyjum og umhverfis Breiðafjörð um það bráðabirgðafrv. sem lagt var fram í fyrra og því hefur verið breytt að verulegu leyti til samræmis við skoðanir þær sem þar komu fram. Ég held að það sé líka alveg nauðsynlegt að ekki sé verið að taka heil byggðasvæði, eins og þarna er, til ráðstöfunar af opinberri hálfu án þess að íbúarnir séu þar með í ráðum. Raunar tel ég að íbúarnir eigi að vera meira með í ráðum en hér er ráð fyrir gert.

Hæstv. umhvrh. var mjög tíðrætt um að hér væri ekki um að ræða miðstýringu, hér væri ekki um að ræða ákvörðun ráðherra í einu eða neinu eða nánast þannig. Samt sem áður verður ekki fram hjá því gengið að hér er verið að taka þetta svæði til opinberrar

umfjöllunar og að miklu leyti til ráðstöfunar opinberra aðila þrátt fyrir það samráð og þær tillögur sem gert er ráð fyrir að gerðar verði. Þeir eyjabændur sem ég hef talað við um þetta frv. hafa ekki lagst gegn setningu þess í meginatriðum. En þeir óttast samt sem áður að frv. af þessu tagi geti hindrað rétt þeirra. Þeirra sjónarmið er það að verndun lands og lífríkis á svæðum á borð við Breiðafjörðinn eigi í rauninni fyrst og fremst að felast í búsetu, að felast í þeirri virðingu sem bændur sem þarna hafa alist upp og þarna starfa bera fyrir umhverfi sínu, náttúrunni og lífríkinu. Það verði að gæta þess einstaklega vel, og það verða menn að hafa í huga þegar þetta frv. er til skoðunar, að það má aldrei friða gegn nýtingu heldur verður friðunin að beinast að því að vernda nýtinguna, þær hefðbundnu nytjar sem verið hafa og vernda þannig líka lífríkið sem er á svæðinu á eðlilegan hátt.

Ég vona og trúi því að þetta sé það sem haft er að leiðarljósi við samningu frv. en síðan verður reynslan að leiða í ljós hvort það verða á því breytingar þannig að ekki sé vafi á að þessi tilgangur náist. Í frv. segir að tilgangur þess sé að stuðla að vernd Breiðafjarðar, einkum vernd á landslagi, einstökum jarðmyndunum og lífríki auk menningarsögulegra minja. Þetta tekur til eyjanna og þetta tekur líka til fjaranna í innri hluta fjarðarins. Þar er dregin lína úr Hrafnanesi og um til tekin sker og eyjar í Búlandshöfða að sunnanverðu.

Í 4. gr. er ákvæði um Breiðafjarðarnefnd. Ég hef velt því svolítið fyrir mér hvernig sú nefnd er skipuð og hvernig hún ætti að vera skipuð. Þegar litið er á markalínurnar að norðanverðu, sem er um Hrafnanes á Barðaströnd, kemur í ljós að allverulegur hluti af norðanverðri strandlengjunni tilheyrir Vestur-Barðastrandarsýslu. Þaðan er þó enginn fulltrúi í Breiðafjarðarnefnd þrátt fyrir það að þar séu allmiklir hlutar til ráðstöfunar og til verndar samkvæmt frv. Að vísu er mér tjáð í ráðuneytinu að aðeins sé um að ræða tvö sker eða eyjar sem eru undan landi á svæði Vestur-Barðstrendinga, en samt sem áður eru þar miklar fjörur og heilmiklar minjar sem falla undir þessi friðunarákvæði. Hæstv. ráðherra nefndi einmitt Vatnsfjörð í því sambandi sem hefur mikla sögulega þýðingu og lífríkið í fjörunum þar er á sinn hátt merkilegt líka.

Með þetta í huga sýnist mér að ekki væri óeðlilegt að einn fulltrúi til viðbótar kæmi inn í þessa Breiðafjarðarnefnd sem nú er skipuð sex mönnum. Hæstv. ráðherra talaði um að þessi nefnd væri vel skipuð þannig að gætt væri sjónarmiða heimamanna, þeir ættu þarna sína talsmenn og fullan rétt. Þegar maður lítur betur á eru þeir í minni hluta í nefndinni. Nefndarmenn eru sex en atkvæði formanns ræður falli atkvæði jöfn sem þýðir að heimamenn eru í minni hluta í nefndinni. Ég velti því mikið fyrir mér hvort það sé nauðsynlegt og ekki síður hvort það sé eðlilegt að heimamenn séu í minni hluta.

Ég hef spurst fyrir um það hvort ekki hafi verið rætt um það að gefa Vestur-Barðstrendingum aðild að Breiðafjarðarnefndinni og mér hefur verið sagt að þeir sem hafi verið rætt við hafi ekki talið eðlilegt að Vestur-Barðstrendingar væru í nefndinni. Þegar ég spurði enn frekar, eins og gert er þegar verið er að fá fram ákveðna skoðun í skoðanakönnunum, þá kom reyndar í ljós að við Vestur-Barðstrendinga hafði ekki verið rætt. Þetta tel ég ámælisvert ef rétt er, að verið sé að stofna nefnd og setja lög um landsvæði sem falla undir yfirráð héraðsnefndar Vestur-Barðastrandarsýslu án þess að rætt sé við þá sem um það land eiga að sjá og fjalla. Mér var sagt það í ráðuneytinu að ekki hefði verið leitað umsagnar Vestur-Barðstrendinga um það hvort þeir ættu hlut að þessari nefnd.

Í frv. segir: „Umhvrh. setur að fengnum tillögum Breiðafjarðarnefndar ...“ Nú vitum við hvað þetta orðalag „að fengnum tillögum“ þýðir. Það þýðir í rauninni að Breiðafjarðarnefnd skal segja það sem henni finnst um málið en umhvrh. getur gert það sem honum sýnist. Stjórnsýslan og reynslan af orðalagi eins og þessu sýnir okkur að þannig má hann gera. Nú er ég ekki að segja að þess sé kannski að vænta að umhvrh. fari alla tíð svona að málinu. Hins vegar höfum við sorgleg dæmi frá ýmsum ráðherrum um að þessi heimild er nýtt út í æsar ef svo þykir henta. Ég tel því að samráð hefði mátt vera í þessu líka.

Mig langar til að spyrja hæstv. ráðherra nánar út í orðið vörsluáætlun. Það getur vel verið að orðið sé nokkuð lýsandi og það megi ráða af því hvað í því felist. Ég skoðaði greinargerðina og ég sá ekki neina skilgreiningu á því við hvað væri átt og hefði gjarnan viljað fá að vita hvort þetta er algerlega óbundið eða hvort settur hafi verið einhver rammi um það sem þessi vörsluáætlun á að innihalda. Mér finnst ekki nægileg skýring að í vörsluáætlun eigi að koma fram hvernig ná skuli markmiðunum og þykir líklegt að til þess að þetta ætti að geta gengið vel þyrfti að vera skýrar kveðið á um hvað eigi að felast í henni.

Í frv. er talað um skynsamlega nýtingu svæðisins. Hjá fyrrgreindum íbúa Breiðafjarðar hefur enn fremur komið fram að þeir óttist að þeim verði settar óeðlilegar skorður við starfsemi á búum sínum. Það kemur að vísu fram í skýringum að lögbýli falli ekki undir þessi lög heldur skipulagslög almennt og má ætla að eðlilegar framkvæmdir á lögbýlum verði ekki hindraðar með þessari lagasetningu. Samt sem áður er viss ótti við það að hefðbundnum bústörfum og nytjum sem hafa verið um aldir á jörðum í Breiðafirði verði settar skorður sem bændur eiga kannski erfitt með að sætta sig við. Ég veit svo sem ekki hvort hægt er að setja takmarkanir í þessi lög sem tryggja það fyllilega, en hins vegar er mikilvægt að það komi fram bæði í umræðum og skýringum að slíkt sé ekki og megi ekki vera tilgangur þessa frv. En í 6. gr. stendur, með leyfi forseta:

„Þar sem ekki eru fyrir hendi samþykktar skipulagsáætlanir á því landsvæði sem um getur í 2. gr. er hvers konar mannvirkjagerð óheimil svo og jarðrask nema að fengnu samþykki Breiðafjarðarnefndar.“ Þetta er greinin sem menn hafa svolítinn ugg af.

Svo er það í sambandi við 5. gr. Þar segir að reglugerð skuli kveða á um aðgang ferðamanna að tilteknum stöðum og svæðum sem viðkvæm eru vegna náttúrufars. Nú tek ég undir þann tilgang laganna að gæta

þess að umferð ferðamanna raski ekki náttúru eða valdi spjöllum á henni. En hitt verður líka að vera mjög skýrt að þessum lögum sé ekki ætlað og þau megi ekki verða til að draga úr eða hindra aðgang ferðamanna að þessu svæði. Við búum við að nýr atvinnuvegur á Íslandi sem heitir ferðaþjónusta er í miklum og örum vexti. Það sem ferðaþjónustan hefur fyrst og fremst verið að selja og markaðssetja út um allan heim eru einmitt staðir og svæði eins og Breiðafjarðarsvæðið. Eins og ég gat um áðan fagna ég þess vegna að sett skuli vera lög um verndun þess og ég tel ekki óeðlilegt að ákvæði séu um ferðamennskuna en það má ekki verða til þess að stórum svæðum verði lokað fyrir aðgangi ferðamanna heldur miklu frekar hitt að fjármagni verði varið í að bæta svo aðstöðu þar sem ferðamennska er á þessu svæði að ferðamenn geti ferðast um án þess að skemma þetta viðkvæma svæði og lífríki þess, t.d. með merkingum á leiðum, með skipulagi á ferðaþjónustunni, með gangstígum og fjöldamörgu öðru. Það held ég að sé mjög þýðingarmikið, að við lokum ekki þessu svæði fyrir ferðamönnum og alls ekki fyrir þeim sem vilja nytja þarna land á eðlilegan og hefðbundinn hátt.

Í 7. gr. er talað um starfrækslu náttúrurannsóknastöðvar. Ég vil sérstaklega fagna þessu ákvæði og taka undir það. Ég held að þetta sé mál sem kannski er brýnast og eðlilegast að hefja sem allra fyrst. Samkvæmt kostnaðaráætlun er hér ekki um óbærilegan kostnað að ræða, en auðvitað kostar þetta allt peninga. Ég held að það mundi styrkja mjög alla starfsemi sem þarna er ef þessi náttúrurannsóknastöð kemst á fót og vona að það verði fljótlega.

Ég vil ítreka það að ég er síður en svo að leggjast gegn frv. Það eru viss ákvæði sem ég tel alveg nauðsynlegt að gætt verði við setningu og framkvæmd. Þar vil ég nefna aftur verndun nýtingar, hlunninda og hefðbundins búskapar og að þess verði sérstaklega gætt að ekki verði ráðist á nokkurn hátt gegn þeim sem þetta stunda. Ég vil ítreka aftur að reglur um ferðamenn verði ekki til að útiloka þá frá svæðinu heldur til að bæta umgengni þeirra og vernda náttúruna frá ágangi af þeirra völdum. En þeir verða að fá að fara þarna um og njóta þess með okkur sem þarna er að hafa.

Síðan held ég að væri mjög æskilegt í 4. gr. að setja inn samráð við ferðamálanefndir og ferðamálasamtök. Ferðamálanefndir starfa í fleiri og fleiri byggðum og m.a. í byggðum kringum Breiðafjörð er mér kunnugt um. Ferðamálasamtök þeirra landshluta sem liggja að Breiðafirði eru líka starfandi. Þetta eru nefndir og samtök sem hafa mikinn áhuga á því að ferðamennska verði með þeim hætti að landinu stafi ekki tjón af og þess vegna held ég að til viðbótar við náttúruverndarnefndir sé nauðsynlegt að ferðamálasamtök og ferðamálanefndir komi þarna inn. Með því móti minni ég á það sem ég hef verið að segja, að ferðamennska er orðin atvinnugrein á þessu landsvæði og Breiðafjarðarsvæðið mun byggja verulega mikið á ferðamennsku og e.t.v. er það þannig sem Breiðafjörðurinn getur aftur komist til nytja að verulegu leyti.

Að lokum vil ég árétta að ég tel nauðsynlegt og ég fer fram á það að rætt verði við fulltrúa héraðsnefndar Vestur-Barðstrendinga um það hvort þeir kæra sig um eða fái a.m.k. tilboð um að sitja í þessari nefnd og hafa þar með eitthvað um þetta landsvæði sem undir þeirra umsjá er að segja.

[13:50]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Pétur Bjarnason spyr eðlilega um samsetningu Breiðafjarðarnefndar. Það er rétt að það komi fram að það var ekki til þeirra leitað og Vestur-Barðstrendingum var í rauninni ekki gefinn kostur á því að segja álit sitt á þessu. Fyrir því liggja eftirfarandi rök:

Það landsvæði sem tilheyrir þeirri sýslu og beinlínis gæti komið til álita vegna verndarinnar sem þetta frv. gerir ráð fyrir er svo afskaplega lítið. Þar er eins og hv. þm. greindi frá um að ræða tvær eyjar eða sker. Hins vegar er það rétt hjá honum að þar er nokkur strandlengja en ef ég man rétt þá liggja sýslumörkin handan Vatnsfjarðar og Vatnsfjörður er nú þegar í eigu ríkisins. Vatnsfjörður er nú þegar friðlýst svæði þannig að á honum hvílir meiri vernd en gert er ráð fyrir með þessum lögum að muni ná yfir svæðið. Það er ástæðan. Hins vegar finnst mér ekkert óeðlilegt að þetta sjónarmið komi fram.

Að því er það varðar hver fer með meiri hluta í nefndinni þá minni ég á það að í upphaflegri gerð frv. höfðu heimamenn meiri hluta og ég er alls ekki hræddur við það. Mér finnst það allt í lagi og ég tel sjálfsagt að það verði kannað í hv. umhvn. hvort rétt sé að Vestur-Barðstrendingar fái þarna fulltrúa. Ég lýsi því alveg hiklaust yfir að ég er ekki á móti því. Það var hins vegar talið að með því mundi skapast nokkurt misvægi ef þeir sem hafa tvær eyjar eiga fulltrúa í nefndinni meðan þeir sem eiga 2.500 eyjar og eru þó ótaldir boðar og sker hafa einungis einn fulltrúa — eða að vísu þrjá. Þetta misvægi gerði þetta að verkum en ég lýsi því aftur yfir að ég er ekki á móti því að þetta verði skoðað til hlítar.

[13:52]

Pétur Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. umhvrh. svarið. Það staðfestir það sem ég sagði áður að það var ekki leitað til Vestur-Barðstrendinga. Mér finnst þetta ámælisvert og þetta minnir mig aðeins á að einhvern tíma var það talið áhættulaust af einstökum Íslendingum að láta skika eins og t.d. Grímsey af hendi við útlendinga. Síðar kom það nú í ljós að þar mátti hafa óvígan her. Ég skal ekki segja að þetta sé sambærilegt, en samt sem áður finnst mér útilokað að setja lög um landsvæði undir lögbundnum yfirráðum nefnda eða ráða, svo sem héraðsnefndar Vestur-Barðstrendinga, án þess svo mikið sem tala við þá. Ég geri þá kröfu að við þá verði rætt. Hvort sem niðurstaðan verður að þeir fái fulltrúa í þessari nefnd eða ekki þá tel ég það skýlausa kröfu að við þá verði rætt um ráðstöfun lands sem undir þá heyra. Jafnvel þó að ríkið eigi Vatnsfjörð þá er samt sem áður eftir land báðum megin við hann í Vestur-Barðastrandarsýslu sem ekki heyrir und-

ir ríkið en heyrir undir héraðsnefnd Vestur-Barðastrandarsýslu.

[13:54]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hinn ágæti þingmaður Vestfirðinga, hv. þm. Pétur Bjarnason, nefnir hér til sögunnar Grímsey og Einar Þveræing. Það rifjar upp hina ágætu vísu:

Þú varst fyrr af mönnum metin
meira en eyðisker.
Kóngar úti í öðrum löndum
ágirnd fengu á þér.
Einn þá sendi biðilsbréfið
beina leið á þing,
þá var happ að Ísland átti
Einar Þveræing.

Nú er það svo, virðulegi forseti, að Íslendingar hafa eignast sinn Einar Þveræing. Hins vegar er þó hér einungis verið að deila um tvö eyðisker en Grímsey var þó meira vegna þess að við erum einungis að ræða hér um tvær eyjar, tvö lítil sker, en hins vegar er um að ræða 2.500 eyjar sem fulltrúar hinna svæðanna standa fyrir.

En ég ítreka það bara: Það getur vel verið að það hafi verið ámælisvert að það hafi ekki verið leitað til þeirra. Ef það er það ámælisverðasta sem þessi ráðherra hefur gerst ber að, þá þakka ég drottni mínum. En ég lýsi því aftur yfir: Ég vil ná góðri sátt við hinn nýja Einar Þveræing Vestfirðinga í þessu máli.

[13:55]

Pétur Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að fara að leggja mat á ávirðingar hæstv. umhvrh. eða meta þær og vega hver á móti annarri. Það verða aðrir að gera. En ég vil þrátt fyrir þau rök sem fram hafa komið ítreka þetta, að ég tel útilokað annað, hversu lítil sker sem þetta eru, þar sem þau heyra undir þessa héraðsnefnd, en það verði rætt við hana.

Annað sem ég vil minna á, hvort sem það kemur fram nú eða síðar, það er vörsluáætlun. Það getur svo sem sem best beðið, en ég hefði viljað fá aðeins betri skýringu á því.

[13:55]

Sturla Böðvarsson:

Virðulegi forseti. Hér er fjallað um frv. til laga um vernd Breiðafjarðar, en það má segja að fá svæði við eða á landinu búi yfir jafnfjölbreyttri og skemmtilegri náttúru og náttúrufari og Breiðafjörðurinn. Þar er bæði um að ræða fjölda eyja og mjög fjölbreytt lífríki sjávarins. Þá má nefna straumrastirnar af völdum sjávarfalla o.s.frv. Margt mætti upp telja en það verður varla hægt að gera ráð fyrir því að við verndum straumrastirnar eða sjávarföllin með sérstakri löggjöf, en þetta vil ég nefna sem dæmi um að þarna er svæði sem er afskaplega þýðingarmikið að vernda og setja um löggjöf sem tryggi að gengið sé um þetta svæði, svæði Breiðafjarðarins, með varúð og þess gætt að vernda bæði lífríki náttúrunnar og annað sem tengist náttúrunni og svo ekki síður menningarminjar og mannanna verk sem eru virði þess að þau séu varðveitt.

Þess vegna, virðulegi forseti, vil ég við þessa umræðu lýsa yfir ánægju minni með það frv. sem er til umfjöllunar eins og það er orðið eftir lagfæringar og endurgerð á vegum hæstv. umhvrh. frá því að það var lagt fram á 117. löggjafarþingi. Ég taldi að það frv. sem þá var lagt fram væri að ýmsu leyti gallað og tefldi fram nokkrum atriðum sem mér sýnist að hafi verið tekið tillit til auk þess sem aðrir höfðu sett fram athugasemdir með frv. En ég vil lýsa ánægju minni með þær breytingar sem hafa verið gerðar á frv. og felast í því eins og það er núna.

Í fyrsta lagi vil ég nefna að það er komið inn í 1. gr. frv. að það skuli ná til varðveislu menningarsögulegra minja. Það er afar mikilvægt þegar verið er að fjalla um vernd náttúrunnar að sú vernd sé tengd sögulegum minjum á viðkomandi svæði. Það fer ekki hjá því að á Breiðafjarðarsvæðinu er af ýmsu að taka í þeim efnum og má t.d. nefna Flatey á Breiðafirði sem hefur að geyma einstakt dæmi um húsagerð og þéttbýlismyndun á Íslandi sem er vissulega ástæða til þess að tryggja að verði varðveitt.

Þá er í 3. gr. frv. í eðlilegu framhaldi af þessu ákvæði 1. gr. ákvæði um það að vernd menningarsögulegra minja fari að sjálfsögðu samkvæmt þjóðminjalögum og þar komi menntmrh. að yfirstjórn þeirra mála þegar um er að ræða umfjöllun um menningarsögulegar minjar. Þetta er alveg nauðsynlegt og eðlilegt að þarna sé tiltekin verkaskipting og lögin, ef frv. verður samþykkt, tengist með þeim hætti þjóðminjalögum.

Þá vil ég nefna atriði sem tel nauðsynlegt og mikilvægt og er breyting frá því sem var í fyrra frv. að Breiðafjarðarnefndin svokallaða, skv. 4. gr., sem umhvrh. er ætlað að skipa, er útvíkkuð í ljósi þeirra breytinga sem tengjast yfirstjórn þjóðminjavörslunnar.

Ég vek sérstaka athygli á því sem stendur í 4. gr. og er afar mikilvægt að mínu mati þar sem gert er ráð fyrir því að umhvrh., að fengnum tillögum Breiðafjarðarnefndar og umsögnum viðkomandi sveitarfélaga, setji reglugerð um framkvæmd laganna. En ekki er það síður mikilvægt, sem talað er um hér, að gerð verði sérstök vörsluáætlun. Ég tel að þetta sé mjög mikilvægt ákvæði í frv. og þurfi að vanda vel til þess hvernig vörsluáætlunin er unnin. Ég held að það væri mjög gagnlegt fyrir þá nefnd sem fær frv. til umfjöllunar að fá umsagnir um þetta og fá til viðræðna við nefndina aðila sem tengjast slíku starfi þannig að það verði mjög vel skoðað hvernig slík vörsluáætlun verði framkvæmd og sett upp.

Ég fagna því hversu afdráttarlaus ákvæði eru um samráð, bæði við sveitarstjórnir viðkomandi sveitarfélaga og einnig Landvörslu sem er væntanlega ný stofnun. En ég held að það verði að leggja ríka áherslu á það að slík löggjöf um vernd Breiðafjarðar sé byggð á mjög nánu samstarfi við heimamenn og heimaaðila þannig að þekking þeirra nýtist sem allra best við framkvæmd þessarar löggjafar.

En ég vildi gera einnig að umtalsefni það atriði sem

kemur fram í 5. gr. en þar segir, með leyfi forseta: „Reglugerðin skal einnig kveða á um aðgang ferðamanna að tilteknum stöðum á svæðinu sem viðkvæmir eru vegna náttúrufars.“ En í 5. gr. er fjallað um setningu reglugerðar um verndun lífríkis á svæðinu og skynsamlega nýtingu þess.

Ég tek undir það að nauðsynlegt er að þarna séu settar skýrar reglur en ég vil hins vegar vekja athygli á því að það verður að sjálfsögðu að taka tillit til þess að hægt sé að fara eðlilega um svæðið og aðgangur ferðamanna að þessari náttúruparadís sé ekki heftur óeðlilega. Auðvitað þarf að fara varlega að varplöndum og viðkvæmri náttúru en ég held engu að síður, að það þurfi að hafa tiltölulega frjálsan aðgang. Ég held það að fenginni reynslu vegna búsetu minnar við Breiðafjörðinn að þeir sem fara um eyjar og sund á Breiðafirði og þekkja þessa náttúru séu best til þess fallnir að fara um með varúð og vernd í huga. En engu að síður, og það vil ég taka undir, þarf að setja reglur en þær þurfa að vera innan eðlilegra marka.

Í 5. gr. er kveðið á um það, og ég fagna því alveg sérstaklega vegna þess að það var meðal þeirra ábendinga sem ég kom fram með við umræðuna um frv. á síðasta þingi, að sett væri reglugerð um vernd menningarsögulegra minja á svæðinu, þar á meðal byggðaheildar gamalla húsa í Flatey og vernd sjóminja.

Þetta er mjög mikilvægt atriði og ég fagna því að það skuli sett inn í frv. þannig að ekki fari á milli mála. En ég hefði talið ef ekki hefði komið til þetta frv. þá hefði komið mjög vel til greina að Flatey á Breiðafirði yrði þjóðgarður. Alla vega þvílíkt friðland að sérstaklega yrði tryggt að við menningarminjum yrði ekki hróflað nema undir sérstöku og traustu eftirliti. En ég tel að með þessu ákvæði eigi að vera tryggt að þarna eigi hlutirnir að geta orðið í góðu lagi og sú merka byggð sem stendur þarna enn þá, þó ekki séu nú margir íbúarnir, verði vernduð án þess þó að þar geti átt sér stað eðlilegar framkvæmdir í takt og tengslum við hina gömlu byggð sem þar er.

Þá vil ég nefna það, sem ég tel að sé til mikilla bóta og sé í rauninni mjög mikið atriði, sem segir í 6. gr. frv., með leyfi forseta:

„Þar sem ekki eru fyrir hendi samþykktar skipulagsáætlanir á því landsvæði sem um getur í 2. gr. er hvers konar mannvirkjagerð óheimil svo og jarðrask nema að fengnu samþykki Breiðafjarðarnefndar.“

Þetta gæti e.t.v. orðið nokkuð umdeilt atriði en ég tel að þetta sé eðlilegt að þar sem ekki eru samþykktar skipulagsáætlanir þurfi, skuli og megi fjalla um með þeim hætti sem tilgreint er í frv.

Hins vegar hefði ég talið óeðlilegt að Breiðafjarðarnefnd hefði möguleika á því að ráðskast með svæði þar sem skipulagsáætlanir liggja fyrir. En með ákvæðinu í 6. gr. eins og það liggur fyrir tel ég að þetta sé gert eðlilega og ég sætti mig mjög vel við það.

Að lokum, virðulegi forseti, nefni ég 7. gr. Þar er heimild til starfrækslu náttúrurannsóknastöðvar með ríkisaðild og nefnt að sá rekstur takmarkist við laun eins starfsmanns í fullu starfi o.s.frv. Út af fyrir sig er allt gott um þetta að segja og ég fagna þessu ákvæði. Það er mikilvægt að stunda rannsóknir á lífríkinu og náttúrunni og þetta er hið ágætasta mál en kannski má segja að það sé dálítið sérstakt að stofna til slíkra fyrirætlana með svo mjög takmörkuðum hætti að einungis sé um að ræða einn starfsmann. Það verður að segjast að kannski er ekki við því að búast að einn maður geti sinnt viðamiklum rannsóknum en hann yrði þá að kalla til menn úr öðrum áttum, frá öðrum stofnunum, til þess að vinna að slíku með þessari stofnun. Að vísu er þess getið að þetta geti verið í samstarfi við heimamenn sem mundu þá kosta einhverju til eða í það minnsta jafnháu framlagi og ríkið legði til.

Ég vil að þetta komi fram við umræðuna. Auðvitað þarf að gæta þess að þenja ekki stofnanir ríkisins út um allar jarðir eða réttara sagt að hafa þær svo stórar í upphafi að óraunhæft sé en mjór er mikils vísir í þessu efni sem öðru og ég fagna því að þetta skuli þó vera hér inni.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta. Ég lýsi yfir stuðningi við þetta frv. Ég tel að eins og það liggur hér frammi geti ég stutt það en að sjálfsögðu fæst tækifæri til þess að skoða það sem viðkomandi þingnefnd kemur til með að leggja til og þá gefst færi á að ræða þetta nánar.

[14:11]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Mörg er mannanna iðja, dettur manni fyrst í hug þegar maður sér frv. af þessu tagi sem heitir frumvarp til laga um vernd Breiðafjarðar. Maður spyr fyrst hvern á að vernda og fyrir hverju. Samkvæmt efnisinnihaldi á að vernda landið þegar fólkið er flutt í burtu og fyrir hvern eru menn þá að vernda landið sem enginn eða fáir búa á? Mér finnst eðlilegt að umhvrh. sé á kafi upp fyrir höfuð í verkefnum og samningu lagafrv. um að vernda land þar sem margt fólk býr og þar sem fólki fer mjög fjölgandi.

Mér þætti ekki óeðlilegt að hæstv. umhvrh. væri með frv. um vernd Reykjavíkur eða vernd Kollafjarðar eða vernd Hafnarfjarðar því hvergi er meira jarðraskið eða skemmdirnar sem mennirnir vinna á umhverfi sínu en einmitt á þessu svæði. Það gera menn hins vegar ekki. Menn koma ekki fram með nein lagafrumvörp um að verja landið fyrir ágangi fólksins þar sem það er flest. Menn koma hins vegar fram með lagafrv. um að verja og vernda eyðilönd fyrir ágangi fólks sem er ekki þar.

Þó að ég sé ekki með þessum orðum að gera hæstv. umhvrh. upp annað en það sem ég held að búi að baki frv. þessu, velvilji í garð Breiðafjarðar, finnst mér að menn séu ekki endilega á réttu spori í efnistökum sínum í umhverfisvernd og því hvar menn eiga að bera niður og hvað menn eiga að vernda. Mér finnst menn vera að sumu leyti á rangri slóð því ekki er mest hættan á að fordjarfa það land þar sem fáir búa og nær enginn dvelst um vetrartímann.

Það hlýtur að vera mest aðkallandi að skilgreina hvernig við ætlum að fara með það land sem er fyrir mestum ágangi manna, véla og tækja sem mennirnir nota til þess að breyta umhverfi sínu sér í vil.

Hvað skyldu menn vera búnir að eyðileggja mikið í þessu umhverfi af menningarsögulegum minjum? Hvað skyldu menn vera búnir að eyðileggja mikið það umhverfi sem er hér með byggingum, vegalagningu eða öðru slíku? En ekki bólar á neinni umræðu um að menn þurfi að líta á þessi mál, semja frv. til að vernda það land sem flestir vilja búa á.

Þegar menn tala um vernd Breiðafjarðar skil ég það þannig að menn ætli að vernda svæðið með aðgerðum sem fái fólk til að búa á svæðinu. Það er vernd í mínum huga að koma í veg fyrir að fólk hætti að vilja búa á þeim svæðum. Ef svo fer fram sem horfir, eins og stefna núv. ríkisstjórnar hefur verið, þurfa menn ekki að bíða nema í áratug, þá getur þáv. umhvrh. lagt fram frv. um vernd Ísafjarðardjúps sem er að mestu leyti komið í eyði og er á fallanda fæti það sem eftir er. (**Umhvrh.:** Hvað hefur þessi ríkisstjórn hrakið marga úr Breiðafirði?) Hún hefur örugglega ekki hrakið menn þangað heldur frekar þaðan ef eitthvað er. Mér finnst að hæstv. umhvrh. eigi gamanlaust að líta til þess að koma í veg fyrir skaða þar sem menn eru á degi hverjum að eyðileggja umhverfi sitt en eyða minni tíma í frumvarpssmíð af þessum toga nema þá ef það væru í því aðgerðir til þess að stuðla að því að fólk vilji eiga heima á þessum stöðum sem hann ætlaði að vernda. Í mínum huga er það ekki vernd að frysta tiltekið ástand, sem sé það ástand að fáir ef nokkrir búa á viðkomandi svæði, en það er raunverulegt efnisinntak þessa frv., að frysta tiltekið ástand, ekki að breyta því til einhvers betra horfs sem menn skilgreina heldur að frysta það — í þágu hvers? spyr ég. Í þágu hvers? Hvers vegna á að fara að gera mönnum torvelt fyrir að taka upp búsetu á þessu svæði síðar meir ef menn vilja gera það? En það mun þessi löggjöf gera.

Þó að ég vilji ekki leggjast alfarið gegn frv. af þessu tagi þá finnst mér inntakið vera meingallað og tel þörf á verulegri breytingu á því svo að ekki sé meira sagt. Það sem mér finnst að hefði mátt vera megininntakið í þessu efni eru rannsóknir. Það get ég skilið að sé nauðsynlegt og eðlilegt að menn ráðist í að rannsaka svæði út frá einhverjum tilteknum sjónarhóli sem menn gefa sér, menningarsögulegt gildi eða rannsaka lífríki eða eitthvað slíkt. Það ætti að vera meginatriði málsins að mínu viti að rannsaka svæðið. En mér finnst að það eigi ekki að vera meginatriðið að frysta slæmt ástand hvað varðar fólksfjölda á því svæði.

Ég vil grípa niður í þessu frv. þar sem mér finnst ástæða til að fara nokkrum orðum um og spyrja hæstv. ráðherra um fáein atriði þar sem ég hef ekki fullkominn skilning á inntaki þess. Ég vil fyrst spyrja hvað átt er við með orðinu „lífríki" í 1. gr. frv. Er það skilgreint með ákvæðum 2. gr., þ.e. það sem er ofan sjávar? Eða er átt við með lífríki líka það sem er neðan sjávar? Það er nauðsynlegt að það liggi fyrir ótvírætt hvað menn eiga við, því að lögin eiga að ná til skynsamlegrar nýtingar lífríkisins. Þá er eins gott að menn séu klárir á því hvað fellur undir orðið „lífríki" ef það á að vera á valdi umhvrh. að ákveða nýtingu þess.

Þá eru það reglugerðarákvæðin sem mér finnst ástæða til að fá frekari upplýsingar um hvernig eru hugsuð. Í 4. gr. er kveðið á um það að ráðherra setji reglugerð að fengnum tillögum Breiðafjarðarnefndar. Og ég spyr í fyrsta lagi: Þýðir það orðalag að í reglugerðinni verði aðeins það sem Breiðafjarðarnefnd leggur til og ráðherrar samþykkja eða getur ráðherra hafnað því sem nefndin leggur til og sett inn ný ákvæði sem nefndin hefur ekki lagt til? En orðalagið „að fengnum tillögum Breiðafjarðarnefndar" hefur verið skilið í lagamáli á þann veg að það má einungis vera í reglugerðinni það sem í tillögunum er frá nefndinni. Og vitna ég til afgreiðslu á öðrum lögum á síðasta þingi til staðfestingar á skilningi þessa orðalags.

Í öðru lagi spyr ég: Hvað þýðir að Breiðafjarðarnefndin eigi að hafa samráð við sveitarfélögin? Hvernig á það samráð að fara fram? Er það þannig að sveitarfélögin eiga að gera umsögn um einhver atriði sem nefndin hefur í smíðum hjá sér? Síðan gerir nefndin það við athugasemdina sem henni sýnist, tekur tillit til þeirra að öllu leyti, að hluta eða hafnar þeim. Er samráðið í raun og veru bara umsagnarákvæði? Þetta tel ég rétt að liggi alveg skýrt fyrir líka þannig að ekki valdi misskilningi.

Þá spyr ég: Hvað telur hæstv. umhvrh. að hann geti sett inn í reglugerð samkvæmt 4. gr. frv.? Hvaða efnisatriði getur ráðherrann haft inni í reglugerðinni? Reglugerð er ævinlega sett með stoð í lögum eða á að vera þó að það vilji nú verða misbrestur á því og það þarf að vera að mínu viti skýrt í lögunum hvað það er í efnisatriðum laganna sem á að útfæra nánar með reglugerð.

Í 5. gr. frv. eru talin upp nokkur atriði sem eigi að vera í reglugerðinni. Ég spyr þá: Er það tæmandi upptalning? Þ.e. þar á að kveða á um vernd lífríkisins, um skynsamlega nýtingu lífríkisins, í þriðja lagi um varnir gegn hvers konar mengun svæðis og í fjórða lagi um aðgang ferðamanna að tilteknum stöðum. Er þetta tæmandi upptalning á þeim efnisatriðum sem í reglugerðinni geta verið eða telur ráðherra að hann geti bætt við öðrum atriðum en þarna eru upp talin á grundvelli þá einhverra annarra ákvæða í frv.?

Ég vil líka spyrja hann hvernig hann skilur ákvæðið um varnir gegn hvers konar mengun. Hvað þýðir það eða með öðrum orðum, hver er túlkun hans á orðinu mengun? Menn geta að mínu viti tekið þetta orð og látið það í raun og veru gilda nánast um allar athafnir manna og þar af leiðandi fært gildissvið laganna undir hvað sem er, hvort sem það er búskapur, sjávarútvegur eða eitthvað annað.

Þá spyr ég um reglugerðarheimild til menntmrh. Í fyrsta lagi sömu spurningar og áðan var um þýðinguna á orðalaginu „að fengnum tillögum Breiðafjarðarnefndar" og bæti við spurningu um hvað þýði: og að fenginni umsögn þjóðminjaráðs. Þýðir það einfaldlega að Breiðafjarðarnefnd hefur þá umsögn og gerir það við hana sem nefndinni sýnist eða er hún bundin af því að taka tillit til efnisatriða og ábendinga þjóðminjaráðs?

Þá spyr ég eins og hv. þm. Pétur Bjarnason um vörsluáætlun sem er nokkuð þokukennt hugtak í mínum huga og ég sé ekki í skýringum með þessu frv. að

sé skýrt með viðunandi hætti. En ég vil segja að mér þykir ekki mikil framför í því að það sem menn geta sjálfir ráðið nú skuli þeir hætta að ráða og umhvrh. ráða í staðinn. Auðvitað er með þessi ákvæði sem ráðherra ber þarna fyrir brjósti í lagatextanum sem eru öll bannákvæði í hugsun sinni, öll ákvæði um að takmarka mannlega umferð um svæði eða notkun þeirra. Þetta geta landeigendur gert í dag og mér er nokkuð hulið hvaða framför er fólgin í því að taka það vald af þeim og fela það umhvrh.

Þá vil ég setja spurningar við ákvæði 6. gr. frv. um heimildir eða öllu heldur um að banna hvers konar mannvirkjagerð og jarðrask nema að fengnu samþykki Breiðafjarðarnefndar þar sem ekki eru fyrir samþykktar skipulagsáætlanir. Mér finnst þetta vera mikil spurning hvort ástæða er til að setja slíkt fortakslaust bannákvæði í lagatexta. Það þýðir að ef aðstæður í íslensku þjóðfélagi breytast þannig í framtíðinni að fólk vill fara að flytjast aftur og taka upp búsetu á þessu svæði eða á fastalandi við þetta svæði, þá er því torveldað það mjög vegna þess að þá er Alþingi búið að ákveða í raun að menn eigi ekkert að búa á þessu svæði, þetta eigi að verða einhver húsdýragarður fyrir höfuðborgarbúa.

Þá vil ég líka gera athugasemdir við 7. gr., sem er væntanlega ávinningur heimamanna í frv., að ríkið ætli að láta peninga af hendi til að gera eitthvað sem mönnum finnst til bóta. Það er í fyrsta lagi aðeins heimildarákvæði. Það er engin vissa að menn fái það og kemur þar inn á það sem ég sagði áðan um að rannsóknir ættu að vera meginviðfangsefni málsins. Það er engin vissa fyrir því að það verði. Það er aðeins heimildarákvæði, heimilt að starfrækja náttúrurannsóknastöð. Það er engin skylda. Og í öðru lagi þegar ríkinu sýnist svo að nýta heimildarákvæðið þá er það bundið skilyrði um framlög heimamanna. Hvenær er það í lögum sem menn binda skilyrði um framlög ríkisins til einhverrar starfsemi hér á höfuðborgarsvæðinu, skilyrði um framlög frá Reykjavíkurborg eða Hafnarfjarðarkaupstað? Það væri fróðlegt að fá upptalningu á því hvort að finna sé í lögum um opinberar stofnanir eða starfsemi hjá hinu opinbera að það sé sett niður á höfuðborgarsvæðinu með skilyrðum um framlög sveitarfélaga hér á höfuðborgarsvæðinu. Það væri fróðlegt að umhvrh. upplýsti okkur um fordæmið fyrir þessu skilyrði.

Þá vil ég spyrja hæstv. umhvrh. um ákvæði annarra laga og hvernig þau samrýmast þá þessum lögum eða hvernig eigi að framkvæma þau ef þetta frv. verður að lögum hvernig á að beita ákvæðum annarra laga eftir að þessi lög eru komin, en það er að finna í öðrum lögum ákvæði sem menn geta gripið til og nýtt sér til þess að ná fram sumu af því sem hér er lagt til.

Þá spyr ég líka um heimildarákvæði í 2. mgr. 9. gr. þar sem ráðherra er fengin heimild til að beita dagsektum allt að 50 þús. kr. á dag ef menn vilja ekki gera það sem ráðherrann telur að þeir eigi að gera. Ég tel rétt að menn skoði þetta mjög vandlega í nefnd hvort yfir höfuð er þörf á að hafa ákvæði af þessu tagi í lögum því að mér er mjög til efs að það sé rétt að einstakir fagráðherrar hafi sektarvald af þessu tagi sem þeir geta gripið til ef menn lúta ekki vilja sem þeir setja fram og er byggður á túlkun ráðherrans á lögunum. Ég hef miklar efasemdir um að ákvæði af þessu tagi eigi yfir höfuð að vera í lögum.

Virðulegur forseti. Ég tel ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta frv. en mér finnst það vera undirlagt af sjónarmiðum sem grundvallast á því að núverandi ástand í byggðamálum sé eitthvað sem á að vera til frambúðar, byggt á sjónarmiðum þéttbýlisbúans hér á höfuðborgarsvæðinu þar sem hann af góðsemd sinni og hjartagæsku ætlar að rétta litla manninum á Breiðafirði litla örvandi hönd.

[14:31]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta var einhver versta náttúruverndarræða sem ég hef nokkru sinni hlustað á. Ég vil einungis segja það vegna þess að út í gegnum alla sína ræðu ýjaði hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson að því að hér væri einhver ráðherra að troða lögum upp á heimamenn. Það er vert að það komi fram eins og var margítrekað í minni ræðu og eins og kemur vel fram í greinargerðinni að frumkvæði af þessu er upphaflega frá heimamönnum. Þetta er þaulkynnt hjá heimamönnum og það er ekki einn, ekki einn einasti maður á þeim fundum sem ég hef átt með heimamönnum sem hefur lagst gegn þessu frv. (**KHG:** Þetta eru fámennir fundir.) Alls ekki fámennir fundir og miðað við þá fundi sem hv. þm. hefur haldið núna úr Íslandsrútu Alþb. þá fáu daga sem hún hefur ekki verið úti í skurði, samanber fréttir síðustu daga, þá eru þetta bara nokkuð fjölmennir fundir. En af þeim athugasemdum sem ég minnist að komu vegna frv. í fyrra þá var það einungis einn aðili sem setti spurningarmerki við þetta og það var aðili sem sinnir ferðamannaþjónustu á svæðinu. En jafnvel hann tók undir meginmarkmið frv. og ég bara ítreka það og frábið mér það í fullri vinsemd, hv. þm., að því sé haldið hér fram að það sé verið að troða upp á fólk einhverjum lögum sem heimamenn eru á móti. Því er algerlega öfugt farið, því miður eða sem betur fer.

[14:32]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel rétt að minna ráðherrann á það að frv. fjallar um að vernda landsvæði miðað við ástandið eins og það er, frysta það og torvelda mönnum að ná fram byggðaþróun til betri vegar ef það tekst og þá munu þessi lög verða girðing fyrir það því að þau munu nánast loka fyrir það að fólk geti sest þar að með varanlega búsetu og hafið þar atvinnustarfsemi. Ég tel að lögin eigi ekki fyrst og fremst að beinast að því að vernda land sem fáir búa á. Ég tel að viðfangsefni okkar eigi að vera að fá fólk til að búa þar þar sem fólk ekki býr nú, reyna að snúa þróuninni við. Mér er bara hulin ráðgáta, virðulegi forseti, að sjá í þessu frv. eitthvað sem er virkilega til gagns fyrir fólk sem býr á þessu svæði. Það er það sem mér finnst að ráðherrann hafi ekki getað útskýrt fyrir mér eða öðrum í þingsalnum en ég bendi á það að ákvæði til að

vernda landið, fornminjar, landslag og annað slíkt, menn hafa úrræði í dag til þess að vernda þetta. Og ég spyr: Hvers vegna þurfa menn þessi lög til viðbótar?

[14:34]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég yrði væntanlega að standa hér lengi dags ef mér ætti að takast að telja einhvern skilning á þessu máli inn í hið ágæta höfuð hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar. Ef hv. þm. hefði kynnt sér það frv. sem hann ræðir um hér svo fjálglega þá hefði hann m.a. séð að það kemur fram í greinargerðinni að á einstökum stöðum, fjölförnustu stöðunum í Breiðafirði, er fuglalíf nú talið í hættu vegna of mikillar ágengni. Það út af fyrir sig, ef slík þróun mundi halda áfram, hlýtur að fella stoðir undan heföbundinni nýtingu hlunninda. Ég vil t.d. að það komi fram að mér hafa bæði ritað bréf og haft við mig samband æðarbændur á þessu svæði sem kvarta undan umferð hraðbáta sem trufli æðarkollur yfir varptímann. Þetta frv. gerir m.a. kleift að taka á því og það tel ég vera nauðsynlegt vegna þess að ég segi það mjög einlæglega að einn af megintilgangi þessa frv. er að skjóta stoðum undir þá búsetu sem þarna er. Hv. þm. heldur því fram að hér sé verið að frysta ástandið. Það er því miður svo að hvorki í mannheimum né í heimum lífríkisins er eitthvert ástand sem er varanlegt. Öllu miðar annaðhvort aftur á bak ellegar nokkuð á leið og það er svo að lífríki þarna í sumum stöðum kann og er nú þegar hætta búin. Við erum að reyna að skapa ramma til þess að því hnigni ekki og til þess að skjóta stoðum undir hlunnindabúskap.

Ég bendi á það líka að þarna er vaxandi ferðaþjónusta sem er mjög jákvætt. Það þarf með einhverjum hætti að vera hægt að fella þær í slíkar skorður svo að saman geti farið sá heföbundni eyjabúskapur og sú heföbundna nýting hlunninda sem þarna er og ferðaþjónusta. Það er afskaplega nauðsynlegt. Ég held að við hljótum að geta verið sammála um það. En að öðru leyti af því að hv. þm. er að eðlisfari bjartsýn og jákvæður maður þá er ég hissa á því að hann sjái ekkert jákvætt við þetta, nákvæmlega ekki neitt. Það er nákvæmlega ekkert í þessum lögum sem kemur í veg fyrir það að menn geti tekið búfesti þarna á nýjan leik. Ég bendi á það að þessi lög gera það m.a. að verkum að það væri hægt að grípa til ráða til þess að koma í veg fyrir að hraðbátaklúbbar í Reykjavík kaupi og myndi hlutafélög um eyjaklasa eins og uppi hafa verið hugmyndir um og halda frekar þessum eyjaklösum til búsetu þeirra manna sem vilja aftur snúa á fornar slóðir.

[14:37]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er greinilegt að það vefst dálítið fyrir hæstv. umhvrh. að útskýra tilgang laganna. Ef hann er til þess að takmarka umferð ferðamanna eða vernda æðarvarp, þá vil ég benda ráðherranum á að það á við um nærfellt allt landið og hann yrði þá að setja lög um vernd Íslands.

[14:37]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Ég tel það svona skyldu mína að halda ræðu í þessu máli, ég gerði það í fyrra, bæði til þess að útvíkka umræðuna dálítið og setja hana á örlítið annað plan hvað (**Umhvrh.:** Hærra plan.) ýmis atriði varðar og gleðja vin minn, hæstv. umhvrh., með kannski skoðunum sem hann er ekki alfarið sammála.

Nú vill svo til að ég hygg að við hæstv. umhvrh. séum að mörgu leyti sammála um að náttúruminjar, heilu glæsilegu svæðin á Íslandi sem hafa fóstrað og alið upp þessa þjóð og búa yfir miklum verðmætum sé til framtíðar horft, séu vernduð og séu nýtt o.s.frv. En okkur skilur einmitt að í leiðum. Ég held að Breiðafjörður sé eitthvert skemmtilegasta svæði á Íslandi og eigi fyrir sér mikla möguleika, bæði til þess að byggjast upp með nýjum hætti og taka við fólki á nýjan leik, bæði í kringum fjörðinn og kannski eyjarnar líka og við búumst við að það sé svo af öðrum ástæðum að vilji fólk fremur hafa þar sumarbústetu, nýta hlunnindi og þannig taka þátt í því að efla og vernda þetta svæði. En það sem skilur okkur hæstv. umhvrh. að er fyrst og fremst stjórnunin, hvernig skuli ná þessum markmiðum fram.

Hæstv. umhvrh. er eins og svo margir aðrir ráðherrar sem hafa sest að völdum á Íslandi, sem halda að þeir verði að eilífu og þeir skuli verða hreppstjóri og oddviti hvers einasta sérstaka sveitarfélags á Íslandi. Það skuli setja sérstök verndunarlög um þetta svæðið og hitt þar sem þeir og þeirra embættismenn fara með öll völdin. Og auðvitað er það svo þegar maður les þetta frv. sem hér er til umræðu þá eru menn að fjarlægja völdin frá fólkinu sem býr á svæðinu. Það er umhvrh. sem skal skipa stjórn, það er umhvrh. sem setur að fengnum tillögum reglur, það er umhvrh. sem setur reglugerð um hin og þessi víðtæku atriði sem varða þetta svæði.

Ég er í engum vafa að þeir hugsuðu líkt af jafnmiklum eldmóði og hita til þjóðar sinnar, hinir látnu leiðtogar Sovétríkjanna. Ég bar dálitla virðingu fyrir Khrústsjov (**Umhvrh.:** Geta ekki framsóknarmenn orðið ...?) og bara örlitla virðingu fyrir Brezhnev og þeir hugsuðu áreiðanlega hlýtt til þjóðar sinnar. En þeir studdust við þetta fjarlæga stjórnunarkerfi þar sem allt skyldi koma að ofan, allt skyldi koma að sunnan eða ofan, allar ráðstafanir, öll ráð og þannig varð allt framtak heillar þjóðar deytt á löngum tíma. Þess vegna óttast ég það að þessi sérlög, sem við Íslendingar viljum á svo mörgum sviðum fara út í, muni valda því að fólkið, sem á í sér framtak, kemst ekki í gegnum pappírana, það kemst ekki í gegnum allar leyfisveitingarnar sem þarf að sækja um. Það veit að þetta er svo flókið og erfitt að það þýðir ekkert að tala við ráðuneytið fyrir utan hitt að ég geri mér grein fyrir því í vaxandi mæli að kverúlantar sem hafa allt aðra hugsun heldur en að trúa á fólkið, þeir trúa á að fólkið hvar sem það er að starfa eða vinna sé að spilla og eyða landi. Þeir hafa þess vegna löngun til þess að taka af því völdin, stöðva það, þeir hafa ekki trú á því sem það er að gera og halda að þeir hafi úrræðin. Ég sé svona svæði sem

þessir spekúlantar hafa ráðstafað og ráðið yfir. Þau hafa fallið í sinu og undir mosa og mannlífið hefur horfið af þeim svæðum. Þess vegna er það mikilvægt í mínum huga að hafa ein lög og eina reglu á Íslandi *sem miðar að því að þjóðin búi* við sömu löggjöfina hvar sem hún er.

Ég hef ekkert á móti því að við tökum einstakar náttúruperlur og gerum úr þeim þjóðgarð á alveg sérstökum svæðum eins og Þingvelli, Skaftafell og fleiri slíka staði. En ég tek líka undir það að menn líti eftir umferð og skipuleggi ferðir manna o.s.frv. En ég sætti mig ekki við lög sem miða fyrst og fremst að því að láta þá hafa völdin á svæðunum sem eru svo langt í burtu eins og hér er stefnt að. Hvar eru hreppsnefndir þessara svæða í þessu máli? Hvar er sveitarstjórnarstigið þegar þetta kemur til umræðu hér í þinginu? Það minnist enginn á það? Umhvrh. þarf að fá tilnefningu einhverra manna vítt og breitt um fjörðinn til þess að skipa þá í einhverja yfirhreppsnefnd á öllu svæðinu þannig að ég óttast þetta.

Ég sé líka þróun fyrir mér. Við höfum fylgst með þessu unga ráðuneyti, umhvrn., og höfum orðið vör við það í gömlu ráðuneytunum að þau sækjast eftir völdum. Embættismennirnir vilja ráða. *Þeir vilja ná í ný úrræði* fyrir aðra embættismenn til þess að ráða og kannski skaffa sér tekjur og þannig þenjast þessi bákn út. Þegar ég lít í fjárlagafrv. næsta árs sem nú liggur fyrir þinginu, þá sé ég sköpunarsögu umhvrn. sem er nú ekki margra ára og ekki margir menn sem hafa setið *í því ráðuneyti*. Hvað hefur verið að gerast í því? Ef ég fletti upp á bls. 203 sé ég það að kostnaður við umhvrn. er orðinn 676,7 millj. Að vísu er ýmislegt þar undir sem var til áður en alla þessa peninga þarf nú í umhvrn. Svo þegar ég fletti hér upp á löggjafarsamkomunni sjálfri sem menn telja mikilvægast að fækka þingmönnum og spara sérstaklega til þess að embættismennirnir hafi enn þá meira frelsi, þá kostar Alþingi Íslendinga örlítið meira en umhvrn. allt eða 714 millj. Þetta gerist á stuttum tíma og við verðum vör við þennan slag hér, að fleira skal undir þetta unga ráðuneyti. Heilu byggðarlögin skulu vera þessarar hreppsnefndar sem sitja í umhvrn. til að ráða þar öllum sköpuðum hlutum. Þó að ég taki undir þau markmið sem hér eru sett fram þá tel ég skynsamlegt að ná þeim með öðrum leiðum. Ég hefði t.d. talið að það hefði verið betra að skipa sendiherra sem iðulega hefði samband við umhvrn. úti á Breiðafirði. Það hefði getað verið að vetrinum Eysteinn Gíslason í Skáleyjum og *svo hefðum við til* þess að fylgjast *enn betur* með þessu getað haft þar líka sumarsendiherra þar sem Dagbjartur Einarsson í Grindavík flytur þangað á sumrin og lítur eftir náttúrunni og verndar hana. Það hefði kannski verið jafnmikill árangur af því fyrir hæstv. umhvrh. að þessir menn hefðu gerst svona sérstakir sendiherrar til þess að ... (**Gripið fram í:** Kommúnistarnir líka?) Ja, það eru kommúnistar sjálfsagt á Breiðafirði, ég efast ekki um það. Þeir lifa. En ég er ekkert viss um að kommúnistarnir á Breiðafirði vilji þetta rússneska kerfi sem á að setja þar á. (**KHG:** Örugglega ekki.) Örugglega ekki. Þeir vilja nefnilega frelsi fólksins og þeir hafa séð hvernig kommúnistaflokkur þeirra í Rússlandi fór að því hann virti ekki frelsi og athafnafrelsi fólksins í sínu landi. (**KHG:** Þeir vilja ekki Sovét-Ísland.) Þeir vilja sannarlega ekki Sovét-Ísland.

En þetta er, hæstv. umhvrh., mín góðlátlega ræða í dag, aðvörunarræða, klíptu ekki lífið með hendi þinni og dreptu það. Leyfðu fuglinum að fljúga og vera frjálsum á Breiðafirði eins og annars staðar. Sjáðu um að frelsið sé þar heima en ekki í ráðuneytinu sem hæstv. ráðherra stjórnar. Það vil ég leggja áherslu á í dag. Það held ég að sé svo mikilvægt um allt land.

Ég get ekki tekið undir með hv. þm. Sturlu Böðvarssyni að gera Flatey á Breiðafirði að þjóðgarði. Í mínum huga er Flatey þjóðgarður en Flatey á Breiðafirði nýtur þeirrar verndar að þar er fólk sem á þar hús og á þar eignir sem það varðveitir dag hvern og það eru bestu sendiherrarnir í þeirri eyju. Það þarf ekkert meira til. Svo þarf auðvitað í öllum landshlutum og á öllum svæðum að vera starfandi löggæsla sem sér um að ribbaldar komist ekki upp með að raska náttúruminjum eða valda spjöllum.

Í umræðunni kom það fram sem kom mér ekkert á óvart, þ.e. þegar búið er að ræða þetta í 2–3 ár, þá *kemur í ljós að við Vestur-Barðstrendinga hefur* ekkert verið talað eða mér heyrðist það koma fram í ræðu hv. þm. Péturs Bjarnasonar. Við þá hefur ekkert verið rætt um málið. (**Gripið fram í:** Breiðafjörður kemur þeim ekki við.) Ja, hæstv. umhvrh. telur að Breiðafjörður komi þeim ekkert við. Að vísu skal ég taka fram að mér heyrðist hann nú ætla að hafa samband þar vestur. En þetta sýnir vinnubrögðin.

Ég ætla ekki að fara út í einstök atriði í frv. Ég gerði það ítarlega í fyrra. Ég tek fram að afstaða mín er óbreytt. Ég tel þetta óheillaráð og ég er sannfærður um að þó að hæstv. umhvrh. væri trúverðugur hér þegar hann rak einn fingur til guðs og sagði: Það er ekki einn einasti maður á móti málinu. Auðvitað er það svo að það eru skiptar skoðanir um þetta atriði hjá fólkinu sem býr við Breiðafjörð og á Breiðafirði. Einstaklingar hafa haft samband við mig sem óttast að þetta kerfi verði of flókið þannig að það er sannarlega ekki rétt með farið. Hins vegar kann það að vera svo að stundum þegar fólk er að tapa tökum halda menn líka eins og í Sovét gamla að lausnin komi ofan frá. En hún kemur hvorki úr ráðuneytunum né frá guði almáttugum. Hún kemur frá fólki sem vill bjarga sér, trúir á landið og hefur frelsi til athafna undir réttlátum almennum lögum á Íslandi. Það er það kerfi sem við alþingismenn eigum að virða því að frá því að Alþingi var stofnað á Íslandi hefur það verið aðalatriðið í löggjafarhugsun á Íslandi.

[14:52]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég hafði satt að segja ekki hugsað mér að segja margt um þetta mál vegna þess að hér hefur svo margt viturlegt verið sagt að það er í raun og veru engu hægt að bæta þar við. En það vill svo til að mér er málið pínulítið skylt af ýmsum ástæðum og mig langar aðeins til að leggja orð í belg.

Ég vil fyrst segja það að ég þakka umhvrn. og

hæstv. umhvrh. fyrir greinargerð frv. Hún jaðrar við það að vera bókmenntir. Og það er afar sjaldgæft að með frumvörpum birtist svo fallegar greinargerðir eins og sú sem hér er á ferðinni. Þannig er að þegar menn skrifa svona greinargerðir þá ætti auðvitað að geta þess einhvers staðar í textanum hver er höfundur að þessari íslensku því hún er yfirleitt alveg sérlega falleg og auk þess mjög ítarleg vegna þess að hér er farið yfir menningarsöguna myndarlega. Farið er yfir búsetu við Breiðafjörð, að vísu í allt of stuttu máli, náttúrufar er rakið nokkuð og þar inni í dýralíf, farið vandlega yfir hluti sem maður hafði alls ekki áttað sig á eins og varðandi ákveðnar plöntutegundir sem hvergi er að finna nema á þessum slóðum og ég segi fyrir mitt leyti að ég hafði ekki áttað mig á. Það er allt of sjaldgæft að ráðuneytin vandi sig við greinargerðir. Satt að segja er það þannig að þegar greinargerðir koma frá ráðuneytunum láta menn yfirleitt nægja að greina frá aðdraganda málsins og síðan er farið yfir efni greinanna sem slíkra en hér er þetta miklu ítarlegra og ég tel það þakkarvert og ég tel að eigi að nefna það.

Að öðru leyti verð ég því miður að segja að ég hef nokkrar athugasemdir við frv. sjálft frá almennu stjórnsýslusjónarmiði séð. Ég vil fyrst nefna að ég sé ekki hvernig það má vera að Breiðafjarðarnefnd hafi framkvæmdarvald en það hefur hún samkvæmt frv. Breiðafjarðarnefnd á skv. 6. gr. frv. að hafa alveg ótrúlega mikið vald miðað við það að skv. 3. gr. frv. eða 4. gr. er gert ráð fyrir því að nefndin sé til ráðgjafar eingöngu. En í 6. gr. er gert ráð fyrir því að nefndin hafi býsna mikið vald. Menn mega ekki skilja orð mín svo að ég sé almennt að fjalla um það að ekki megi leita ráða hjá nefndum né heldur að ég sé almennt að leggja það til að ráðherrar hafi meiri völd en gerðar eru tillögur um í frumvörpum af þessu tagi. Ég tel hins vegar að málið liggi þannig að ef á annað borð á að setja lög af þeim toga sem hér er gerð tillaga um verði ráðherrann að hafa valdið miðað við heiðir og venjur í íslenskri stjórnsýslu. Þess vegna finnst mér að sú nálgun sem fram kemur í 2. mgr. 6. gr. standist ekki. Þar segir, með leyfi forseta:

„Þar sem ekki eru fyrir hendi samþykktar skipulagsáætlanir á því landsvæði sem um getur í 2. gr. er hvers konar mannvirkjagerð óheimil svo og jarðrask nema að fengnu samþykki Breiðafjarðarnefndar."

Með öðrum orðum verður nefndin að leggja blessun sína yfir það hvort um er að ræða mannvirkjagerð á svæðinu eða jarðrask af einhverju tagi og ég tel að nefndin sé ekki þannig skipuð að eðlilegt sé að fela henni þetta vald burt séð frá því hvað menn segja svo um málið að öðru leyti. Þess vegna hef ég talið að ef menn ætli sér að setja þessi lög ætti þarna að standa: „ ...nema að fengnu samþykki umhverfisráðherra að fenginni umsögn Breiðafjarðarnefndar." Það væri í samræmi við venjur í íslenskri löggjöf. Það sama má segja um 3. mgr. 6. gr. þar sem segir:

„Framkvæmdir sem nauðsynlegar og eðlilegar teljast til búskapar á lögbýlum eru leyfilegar nema spjöllum valdi á menningarsögulegum minjum, náttúruminjum eða lífríki að dómi Breiðafjarðarnefndar ..."

Þarna finnst mér að Breiðafjarðarnefnd þessi sé ekki aðeins orðin stjórnvald heldur sé hún líka orðinn faglegur matsaðili sem á að hafa vit á því hvort framkvæmdir af hvaða tagi sem þær eru hafi áhrif á, spilli eða fordjarfi á annan hátt því lífríki sem frv. er að öðru leyti ætlað að taka til. Þetta hefði ég viljað nefna hér, hæstv. forseti, og vekja athygli nefndarinnar, sem fjallar um málið, á því hvort ekki þarf að skoða aðeins betur, hvort þetta stenst svona. Ég held að það standist ekki. Annaðhvort verða menn að skipa nefndina öðruvísi og fá henni meira vald eða sleppa valdi hennar og gera hana að umsagnaraðila einvörðungu og fela ráðherranum einum valdið. Menn geta ekki gert hvort tveggja, bæði sleppt og haldið eins og mér sýnist að sé reynt að gera í frumvarpstextanum eins og hann lítur út.

Í þriðja lagi vil ég koma að því að mér sýnist að sektarákvæði 2. mgr. 9. gr. séu óþörf. Ég sé engin rök fyrir þeim. Hér stendur með leyfi forseta: „Beita má dagsektum er renna í ríkissjóð, allt að 50 þús. kr., til að knýja menn til framkvæmda á ráðstöfunum sem þeim er skylt að hlutast til um samkvæmt lögum þessum og reglugerðum eða láta af atferli sem er ólögmætt." Ég átta mig ekki á því nákvæmlega hvaða atriði það eru sem þarna gætu hugsanlega orðið til þess að ráðherra teldi nauðsynlegt að knýja menn til að framkvæma og beita ella dagsektum. Hvað er það sem hæstv. ráðherra eða ríkisstjórnin er þar með í huga? Að það þurfi að beita menn dagsektum til þess að framkvæma hvað? Til að friða fugla? Til að friða náttúruminjar? Til að friða menningarsögulegar minjar? Eða hvað? Hvað eru menn nákvæmlega með í huga? Ég sé það ekki eftir þeim textum sem ég hef fyrir framan mig.

Í fjórða lagi, hæstv. forseti, ætla ég aðeins að inna hæstv. ráðherra eftir því og biðja menn um að velta fyrir sér hvernig hugsa menn sér sambýlið við önnur lög og aðrar reglugerðir? Nú er það þannig að lög um fuglafriðun eru auðvitað framkvæmd m.a. með tilteknum reglugerðum sem m.a. ná að verulegu leyti og kannski eiginlega alveg eingöngu til þess svæðis sem hér er um að ræða. Hér er t.d. reglugerð um friðun arnarins sem við köllum í Breiðafirði reglugerð um friðun arnarinnar af því að við vitum að þetta er kvenkyn en ekki karlkyn, þessi fugl, en aðrir landsmenn fyrir misskilning hafa þetta yfirleitt karlkyn og ég hef það til að þingheimur skilji mig að öðru leyti.

Spurningin er þá sú: Verður reglugerð um friðun arnarinnar sett á grundvelli laganna um fuglafriðun eða þessara laga eða hvort tveggja? Ég vil sem sagt spyrja hæstv. ráðherra að því: Hvernig sér hann þetta fyrir sér? Hann þarf ekkert að svara því núna, hann má út af fyrir sig svara því í nefnd, hvernig sér ráðherrann fyrir sér sambýli þessara laga hér og framkvæmda þeirra við önnur lög sem gilda um sama svæði.

Ég vil að lokum segja það, hæstv. forseti, að ég tel að það sé eðlilegt að umhvrh. og umhvrn. velti því fyrir sér hvernig er hægt að setja lög um friðun eða vernd Breiðafjarðar. Ég tel að það sé eðlilegt að menn velti því fyrir sér. Það er hins vegar mjög vandasamt, sér-

staklega vegna þess að ákvarðanir um vernd Breiðafjarðar, hvað svo sem menn vilja vernda þar, stangast á við eitt af grundvallaratriðum stjórnarskrárinnar í sumum þáttum, þ.e. ákvæði stjórnarskrárinnar um eignarrétt og forgang eignarréttarins. Og í raun og veru er ekki reynt, enda vonlaust, í þessu frv. að hrófla við þessum grundvallarrétti stjórnarskrárinnar, þ.e. eignarréttinum að því er varðar þetta svæði, Breiðafjarðarsvæðið. Ég tel þess vegna að það hefði alveg eins komið til greina að velta því fyrir sér að fara þá leið sem hv. 1. þm. Vesturl. nefndi hér áðan, þ.e. þróa málið ekki út frá friðun Breiðafjarðarins sem heildar heldur að þróa málið út frá því að Flatey verði þjóðgarður og að þar verði náttúrurannsóknastöð sem verði um leið ásamt þjóðgarðinum hjartað í þeirri verndun og þeirri friðun sem menn vilja í raun og veru ná fram. Ég vil koma þessari hugmynd að, hæstv. forseti, vegna þess að ég tel að það eigi að velta henni alvarlega fyrir sér. Ég tel að þetta sé skynsamleg hugmynd um Flatey og mætti auðvitað hugsa sér að það væri ekki eingöngu heimaeyjan heldur líka næstu eyjar eins og Hafnarey og Stagley og e.t.v. fleiri eyjar, þó að það væru ekki allar lendur Flateyjar því að það yrði of mikið, en það mætti hugsa sér að þetta yrði miðjan eða hjartað í verndun Breiðafjarðar og þar verði sett upp eða starfrækt náttúrurannsóknastöð.

Þá ætla ég að segja það að lokum, hæstv. forseti, að mér finnst að menn eigi mjög alvarlega að velta því þá fyrir sér ef við ætlum að gera þetta á annað borð að lögum eða taka á þessu máli af alvöru, þá mætti kannski byrja á því atriði sem nefnt er sem heimildarákvæði í 7. gr. frv., þ.e. að stofna fyrst þessa náttúrurannsóknastöð með aðild ríkisins og hún verði grunnurinn sem þetta verði unnið út frá og þá láti menn á það reyna núna við afgreiðslu fjárlaganna fyrir árið 1995 hvort menn eru tilbúnir til þess að byrja þarna. Ef menn eru tilbúnir til þess, þá er eitthvað að marka þetta stjfrv. sem hér liggur fyrir frá ríkisstjórninni allri en ekki aðeins hæstv. umhvrh. Það er sjálfsagt að halda þannig á málum að á það verði látið reyna að það verði kannað hvort meiri hluti Alþingis vill fallast á tillögur eða hugmyndir um að það væri þegar í stað byrjað á þessum rannsóknum, sem þarna er gert ráð fyrir, á grundvelli gildandi laga, það þarf engin ný lög í þeim efnum, þ.e. á grundvelli laganna um Náttúrufræðistofnun og náttúrurannsóknir ef ég man rétt hvað þau heita.

Í frv. og greinargerð þess er mjög ítarlega farið yfir menningarsögulegar minjar og þar er sagt frá því að þar þurfi að varðveita margt. Þarna séu gamlir matjurtagarðar, fornir torfgarðar, grjótgarðar, nátthagar, naustruddar varir, bryggjur, bátakvíar, sjóvarnargarðar, legufæri, fiskhjallar, skothús, æðarbyrgi, útsýnisturnar, kúagötur, réttir, stekkar og sjávarfallavirkjun. Tóftir af híbýlum og útihúsum af óvenju fjölbreyttum toga, íbúðarhús, fjós, hlöður, fjárhús, íshús, bræðsluhús, verbúðir, smíðahús, dúnhús, bátaskýli, bænhús, klaustur, yfirsetukofar, hænsnakofar, brunnhús og útsýnisturn. Og auðvitað þurfa menn að ná utan um þetta og reyna að vernda þetta svo sem kostur er og ekki síst t.d. hænsnakofana því ég hygg að það hafi aldrei í sögunni verið nefnt áður í frumvarpsgreinargerðum á Íslandi að menn ætli sér að vernda hænsnakofa og er kominn tími til og eðlilegt að aðdáendur Björns í Sauðlauksdal skuli átta sig á þessu fyrstir manna hér í þessari stofu. (**Umhvrh.:** Þú verður að átta þig á því hvað ráðherrann er vel upp alinn.) Auk þess er ráðherrann vel upp alinn að parti, meðan hann var hjá mér.

Hitt er aftur annað mál að stundum hefur farið illa fyrir göfugum áformum í þessum efnum eins og segir hér og má segja að það sé sorglegasta setning í greinargerðinni, með leyfi forseta:

„Meðal annars var friðlýst klausturrúst í Flatey sem á að hafa verið sýnileg um 1840 en er hún horfin." Þetta er auðvitað hættan, hæstv. forseti, að það takist ekki að varðveita yfirsetukofa, hænsnahús, brunnhús, íshús né aðrar tóftir vegna þess að menn ná ekki utan um verkið þannig að hænsnahúsin týnist sem væri þó sýnu minni skaði en að klaustrinu í Flatey sem hefur því miður týnst.

[15:06]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson):

Virðulegi forseti. Mér rann það nokkuð til rifja að heyra þennan góðviljaða hv. þm. Svavar Gestsson tala af nokkri kaldhæðni um hænsnahús. Svo vill til að ég er alinn upp nánast í hænsnahúsi. Þá er ég ekki að vísa til þess að ég hafi verið alinn upp undir handarjaðri hans sem er eigi að síður líka sannleikur, en sökum þess að faðir minn stundaði hænsnarækt áratugum saman, þá er mér fiðurfénaður þessi nokkuð kær og mælist undan því að til hans sé varpað köpuryrðum eins og ég þóttist greina hér í ræðu hv. þm.

Hitt er annað mál, virðulegi forseti, að flestir þeir sem hér hafa talað hafa haft sama skilning á gildi þessa máls og einmitt heimamenn ef frá er talinn hinn ágæti hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson. Ég veit það hins vegar af góðri reynslu að hann tekur rökum og fyrst hann situr við hlið þessa mikla unnanda frv., hv. þm. Svavars Gestssonar, þá veit ég það að þegar dagur verður að kveldi kominn verður hann kominn á hina einu réttu skoðun í þessu máli. En ég hygg að það sé nauðsynlegt að ítreka það aftur að það er ekki verið að troða þessu frv. upp á heimamenn. Það er svo að frumkvæðið kom upphaflega þaðan og það hefur lengi verið áhugi á þessu máli. Þar hafa náttúruverndarnefndir, þar hafa jafnvel sveitarstjórnir árum saman annað slagið verið að samþykkja ályktanir þar sem falast er eftir því að einhvers konar lög af þessu tagi eða einhvers konar verndaraðgerðir verði framkvæmdar og það er auðvitað vegna þess að heimamenn þekkja þetta mál gerst og það eru þeir sem vita hvar skórinn kreppir. Þess vegna er þetta mál hér tilkomið. Ég ítreka það aftur, virðulegi forseti, að það má kannski segja að frumkvöðullinn að þessu máli hafi verið fyrrv. alþm. Friðjón Þórðarson sem einmitt var ráðgefandi við gerð þessa frv. Það bið ég menn að hafa í huga til þess að sá misskilningur skjótist ekki inn hjá fleiri, eins og gætti í máli hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar, að það væri einfaldlega vegna einhvers skorts á störfum sem umhvrh. hefði dundað sér við að semja þetta frv. og

gera þessa fínu greinargerð sem fékk svona háa einkunn hjá Alþb. hérna áðan.

Hér hefur verið varpað til mín nokkrum spurningum og ég vil ítreka það aftur, sem ég sagði við hv. þm. Pétur Bjarnason vegna þess að fleiri hafa drepið á það mál, að ég hef alls ekkert á móti því að Vestur-Barðstrendingar komi að þessari nefnd og mun beina því til hv. umhvn. að hún ræði það sérstaklega, en ég vil jafnframt ítreka að það er verulegur munur á því landflæmi sem tilheyrir þeim annars vegar og hins vegar öðrum landshlutum sem eiga fulltrúa samkvæmt tillögunni í þessari nefnd.

Ég tel líka rétt að ítreka það að þegar þetta frv. er grannt skoðað skilja menn að það treystir fremur áframhaldandi nýtingu eyjabænda og þar með búsetu á þessu svæði. Ég er sammála því sem kom fram hjá hv. þm. Pétri Bjarnasyni að búseta og nýting er besta verndin, ég er sammála því, og tel þess vegna að það sé verið að styrkja nýtingu hefðbundinna hlunninda. Ég vísa aftur til þess sem ég upplýsti í fyrri ræðum að t.d. æðarbændur hafa komið að máli við mig og hafa ritað mér bréf einmitt til þess að lýsa áhyggjum sínum vegna ákveðinnar þróunar sem þarna er farin af stað.

Mér þótti gæta svolítilla þverstæðna í máli hv. þm. Pétur Bjarnason. Hann talaði annars vegar um að það mætti ekki hindra umferð ferðamanna um svæðið en hins vegar sagði hann að það yrði að gera allt sem hægt væri til þess að treysta nytjar þarna. Nú er það svo að það getur verið nauðsynlegt að grípa til einhvers konar svæðisbundinna, tímabundinna takmarkana á umferð ferðamanna þar sem hún getur á vissum tímum orðið til þess að skaða nýtingu eyjabænda. Ég tel þess vegna ekkert óeðlilegt við það, en ég vil lýsa því yfir alveg skorinort að þetta frv. er alls ekki sett fram til þess með einhverjum hætti að rýra möguleikana á vexti ferðaþjónustu á þessu svæði, síður en svo. Ég hef margoft í ræðu og í blaðagreinum lýst því yfir að ég tel einmitt að þetta svæði og Snæfellsnesið sé næsta stóra ferðamannasvæði Íslands. Og ég tel nauðsynlegt að byggja það upp sem slíkt, ekki síst vegna þess að fjölgun ferðamanna er mjög ör til Íslands og þau svæði sem við höfum skipulögð í dag til þess að taka á móti ferðamönnum eru einfaldlega orðin of lítil og of fá. Ég hef stundum tekið dæmi af ferðamannasvæði eins og Herðubreiðarlindum þar sem koma 10 þúsund ferðamenn á 7–8 vikna bili, 10 þúsund ferðamenn, þar af 8 þúsund erlendir. Þeim fjölgar ár frá ári. Þetta er örlítil gróðurvin. Við verðum með einhverjum hætti að auka valið á ferðamannastöðum, búa og byggja upp ný ferðamannasvæði til þess að draga menn frá þessum svæðum sem ég tel sem umhvrh. að verði nokkur hætta búin í framtíðinni. Þetta frv. þjónar því. Erlendir menn, sem hafa haft pat af þessu frv., hafa spurst fyrir um það og kallað það á engilsaxnesku Marine Park, það er ákveðin tegund friðlanda sem menn hafa verið að byggja upp erlendis. Ég er sannfærður um það að verði þetta frv. að lögum þá mun það draga athygli að þessu svæði svo að það ásamt fyrirhuguðum þjóðgarði á Snæfellsnesi og fyrirhuguð göng undir Hvalfjörð munu auka gríðarlega umferð um þetta svæði. Þess vegna er nauðsynlegt að móta ramma snemma til þess að það sé hægt að stýra þessu þannig að ólíkir hagsmunir sem búa saman á þessu svæði geti gert það í friði í framtíðinni.

Menn hafa komið með ýmsar sérstakar spurningar sem ég mun reyna að svara. Menn hafa spurt mig: Hvað er vörsluáætlun? Því er til að svara í fyrsta lagi að í því frv. sem við ræddum fyrr í dag um náttúruvernd er það nýmæli eins og ég gat um í framsögu fyrir frv. að það er gert ráð fyrir að gerð verði vörsluáætlun fyrir náttúruverndarsvæðið. Sú vörsluáætlun sem hér er gert ráð fyrir, smíði hennar á að vera í höndum Breiðafjarðarnefndar. Vörsluáætlun er þýðing á enska orðinu conservation plan og það má kannski skipta því í fjóra þætti. Í fyrsta lagi er það nákvæm athugun og skráning. Þegar búið er að gera það og á grundvelli þeirra gagna sem þá liggja fyrir hnitmiða menn og skilgreina betur markmið og á grundvelli markmiðanna kemur þriðji fasinn sem eru tillögur um aðgerðir. Þegar því er lokið og það er á hendi Breiðafjarðarnefndar í samráði við sveitarstjórnir kemur til framkvæmdarvaldsins, þ.e. þá kemur til kasta umhvrn. annars vegar að grípa til hinna réttu framkvæmda á grundvelli tillagna og jafnframt að vakta lífríkið.

Ég gat þess í fyrra þegar ég lagði þetta frv. fram að ég vildi beita mér fyrir því að draga fjármagn til þess að vakta lífríki Breiðafjarðar. Það er rétt að það komi fram að við höfum lagt fram tillögur um það á norrænum vettvangi að fá fjármagn til þess að gera það. Það hefur hlotið mjög góðar undirtektir og mér er a.m.k. tjáð af mínum mönnum að þess sé skammt að bíða að það fáist jákvæð niðurstaða í það. Þá höfum við allríflegt fjármagn til þess að framkvæma vissa grunnkönnun á lífríki Breiðafjarðar og fylgja því eftir og til samanburðar eru önnur svipuð svæði á Norðurlöndunum. Þó að þessi áætlun sé að vísu til að fylgjast með mengun á norðurslóð, þá gagnast hún okkur alveg sérstaklega hér á Íslandi til að fylgjast með þessu tiltekna svæði. Og það má raunar geta þess líka að alþjóðlegur náttúruverndarsjóður hefur lýst áhuga sínum á því að setja fjármagn í framkvæmdir sem tengjast verndun þessa svæðis þó að það mál sé á frumstigi að vísu enn þá. En þetta er sem sagt vörsluáætlun. Hún er á hendi Breiðafjarðarnefndar. Það er nákvæm athugun og skráning á grundvelli þess ítarlegri markmiðssetning en hér er og síðan tillaga um aðgerðir og það er þá sem kemur til kasta framkvæmdarvaldsins.

Hv. þm. Svavar Gestsson og að ég hygg einnig hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson og ég minnist þess að við umræðuna í fyrra var það jafnframt hinn brúnaþungi hv. þm. Guðni Ágústsson sem spurðu: Hvaða fordæmi eru fyrir því að beita dagsektum sem renna í ríkissjóð? Því er til að svara að fordæmið er í lögum nr. 36 frá 2. maí 1974, eftirlæti Alþb., lögin um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu. Þaðan er þetta fordæmi tekið. (**SvG:** Það er allt annað mál.) Það er ekkert allt annað mál. Það er nákvæmlega sama uppbyggingin. Og eins og ég sagði og kemur skýrt fram í grg. með frv. eru þessi lög að stofni til byggð á hugmyndinni.

Og af því að hv. þm. Svavar Gestsson fann að Breiðafjarðarnefndinni, ég skil það vel að hann velti fyrir sér hlutverki hennar, hvort hér sé komið nýtt stjórnsýslustig, þá er það svo að einmitt á grundvelli laganna frá 1974 kemur þessi hugmynd. Þar er það Náttúruverndarráð sem fer með sama hlutverk og Breiðafjarðarnefndin. Menn hafa að vísu á seinni árum kvartað undan því og íbúar á svæðinu hafa viljað flytja forræði málsins frá Náttúruverndarráði yfir til umhvrn. En þaðan, ágætir þingmenn, kemur þetta fordæmi.

En líka vegna þess að hv. þm. Svavar Gestsson, sem hefur mikla reynslu af stjórnsýslu, margfaldur ráðherra til forna og ekki þori ég að spá í framtíðina, veltir því fyrir sér hvort menn séu að segja að Breiðafjarðarnefnd eigi að vera faglegur matsaðili sem eigi að hafa vit á hlutunum. Hann dregur í efa, skildi ég, að svo sé samkvæmt lögunum en þá bendi ég honum á að það eru kannski tvo sértæk fagsvið sem þessi lög taka á, þ.e. verndun menningarsögulegra minja annars vegar og hins vegar verndun hluta sem tengjast lífríkinu. Í nefndinni eiga sæti annars vegar fulltrúi þjóðminjaráðs og hins vegar fulltrúi Náttúrufræðistofnunar Íslands sem lögum samkvæmt fer með grunnrannsóknir á náttúru Íslands. Það er því talsverðu faglegu atgervi til að dreifa innan þessarar nefndar. Þetta nefni ég bara til þess að benda honum á að ég tel að þessi nefnd geti verið faglegur matsaðili. Þegar saman fer fræðilegt atgervi á tveimur sviðum og síðan reynsla og þekking heimamanna þá held ég að menn hljóti að geta verið sammála um að það sé faglegur matsaðili. En auðvitað geta menn svo sem deilt um það.

Hv. þm. Sturla Þórðarson tók hraustlega undir með meginefni þessa frv.

(**Forseti** (GunnS)**:** Böðvarsson.)

Ég bið forseta mikillega forláts en tel að það sé honum ekki til hnjóðs að vera líkt við þessa miklu fornsagnahetju. (**StB:** Það er ekki leiðum að líkjast.) (**KHG:** Það er vafasamt hvort það er honum til framdráttar.) Hvorum? Virðulegi forseti. Hv. þm. Sturla Böðvarsson tók hressilega undir meginefni frv. enda segi ég alveg óhikað að þær ábendingar sem þingmaðurinn kom með við umræðu málsins í fyrra voru teknar til greina og frv. var snöggtum bætt, sérstaklega sú ábending hv. þm. um að nauðsynlegt væri að víkka frv. þannig að það tæki einmitt yfir menningarsögulegar minjar. Ég er hjartanlega sammála því að það bætir mjög frv. og gerir stjórnina miklu betri. Hann kvartar undan því og talar þá væntanlega sem heimamaður að það sé kannski helst til lítið í lagt að hafa einungis einn starfsmann náttúrurannsóknastofu. Því er til að svara að ég get út af fyrir sig verið honum sammála um það en fordæmið er komið úr lögunum um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur en þar er þetta fyrirkomulag haft.

Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson spurði líka: Hvaðan kemur fordæmið fyrir því að stofnun slíkrar stöðvar sé skilyrt því að á móti komi framlag frá heimamönnum? Það kemur úr sömu lögum, þaðan er fordæmið. Það var einmitt hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson ásamt öðrum sem samþykktu þau lög fyrir nokkrum árum eins og ég veit að hann man mjög vel.

Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson varpaði til mín nokkrum ítarlegum spurningum um hlutverk og valdsvið Breiðafjarðarnefndar. Nú getur ráðherrann ekki framselt vald sitt eða ég lít svo á að hann geti ekki framselt vald sitt til nefnda. Ég get ekki fortakslaust sagt hér að ráðherra, hvorki þessi né annar, muni í framtíðinni einungis staðfesta reglugerðir sem eru samþykktar eða eru fengnar að tillögu Breiðafjarðarnefndar. Það get ég ekki. Ég lít svo á að meginstefnan og að meginefni til verði reglugerðir sem ráðherrann setur byggðar á því samráði sem hann hefur við Breiðafjarðarnefndina, byggðar á tillögunum, en ég get ekki staðið hér og sagt að það verði ekki aðrar tillögur. (**KHG:** Jú, þú getur það.) Ég ætla ekki að gera það. Það er ekki í samræmi við góðar stjórnsýsluvenjur og ég held að enginn ráðherra og allra síst sá ágæti fyrrv. margfaldi ráðherra sem situr þingmanninum við hlið mundi nokkru sinni taka undir það.

[15:22]

Pétur Bjarnason *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu. Það eru fyrst og fremst nokkur atriði sem ég vildi taka á frekar. Því miður var ég kallaður frá og náði ekki útskýringu hæstv. umhvrh. á nokkrum atriðum en fæ það skýrt nánar. Það er aðeins varðandi það sem kom fram í umræðunum, spurning hvað á að vernda og í þágu hvers. Ég vil taka undir það sem hv. 5. þm. Vestf. sagði í ræðu sinni, að sjálfsögðu á að vernda svæði til að fá fólk til að búa þar. En ég lít svo á að verndun Breiðafjarðar sé liður í því að endurreisa þar byggð með því að vernda þær náttúruminjar sem eru þar. Þrátt fyrir að fáir búi þar nú þá munum við njóta þeirra og það mun skapast atvinna t.d. af ferðamennsku og vonandi í framhaldi af því mun sú atvinna styrkja fólk til þess að taka upp búskap og þar með hafa af þessu hefðbundnar nytjar. Og það sem mestu máli skiptir að þessi lög verði ekki til þess að hefta hefðbundnar nytjar eða búsetu í Breiðafjarðareyjum.

Ég vil ítreka það sem ég sagði í fyrri ræðu minni að það er nauðsynlegt að þessi mál verði á valdi heimamanna. Hæstv. umhvrh. hefur lýst því yfir við mig að hann sjái í sjálfu sér ekkert á móti því að Vestur-Barðstrendingar komi þarna til áhrifa. Ég fagna því vissulega og ég treysti því að við þá verði rætt um þessi mál, hvort sem þeir fá setu í nefndinni sem ég teldi eðlilegt en alla vega að við þá verði rætt og haft samráð við þá hvernig með þessi mál verður farið í framtíðinni þar sem þarna er um að ræða svæði á þeirra landi.

[15:24]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég ítreka það sem ég sagði áðan að ég lít svo á að með þessu frv. sé frekar verið að styrkja hefðbundnar nytjar á svæðinu. En hv. þm. Pétur Bjarnason hitti nákvæmlega naglann á höfuðið, sem er auðvitað vandi framsóknarmanna. Hann kom réttilega auga á það að með þessu frv. er verið að reyna að

lyfta þessu svæði. Það er verið að efla ferðaþjónustu á þessu svæði. Hvað gerist þegar ferðaþjónusta eflist? Það skapast störf og þá aftur getum við kannski komið til þess sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson talaði um áðan, reynt að draga fólk einmitt úr þéttbýliskjörnunum aftur í heimahagana vegna þess að við sköpum störf með þessu. Hins vegar verðum við að gera það, við verðum að efla ferðaþjónustuna varlega. Við verðum að gæta þess að ganga ekki á náttúruna og lífríkið. Við megum ekki gleyma því. Við tölum stundum um arfleifðina og þá er jafnan eins og menn eigi bara við menningararfleifðina, söguna. Náttúran er líka partur af þeirri arfleifð sem við eigum að skila áfram í sem bestu horfi til komandi kynslóða og helst betra en við tókum við því.

Í 5. gr. er til að mynda bent á Flatey sem mönnum hefur orðið tíðrætt um í dag. Fyrir 10–15 árum komu 1.000–2.000 manns í Flatey. Við fengum uppgefið að núna koma 6.000–8.000 manns. Mér er reyndar sagt að það séu fleiri, kannski 10.000–12.000. Engum blöðum er um það að fletta, hv. þm., að þetta mun stóraukast á næstunni. Hvernig er staðan nú þegar? Nú segja fuglafræðingar — það kemur fram í grg., með leyfi forseta: „Að mati fuglafræðinga er fuglalífið á eyjunni þegar farið að láta á sjá af þessum sökum."

Að vísu er það svo að hið milda yfirvald sem situr í umhvrn. hefur varið nokkru fé af afar naumt skornum fjárveitingum til þess að byggja upp Flatey, þ.e. gera göngustíga o.s.frv. Það er nauðsynlegt að gera það. En þarna þarf að sætta andstæða hagsmuni og ég held að við fáum efnivið til þess að gera það með þessu frv.

[15:27]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins bæta við það sem ég hef áður sagt um málið og kannski fyrst og fremst vegna þess að mér fannst hæstv. ráðherra svara þeim spurningum mjög lítið sem ég beindi til hans og sakna þess að fá ekki svör við þeim. Mér finnst að hann hafi að mestu leyti sniðgengið spurningarnar og vil ganga eftir svörum sem lúta að því hvernig ber að skilja grundvallaratriði í frv. Þar á ég við fyrir það fyrsta skilgreiningu á reglugerðarvaldinu. Það er ákveðinn skilningur í dag á orðalagi því sem er í 4. gr. frv. að umhvrh. setji að fengnum tillögum Breiðafjarðarnefndar. Það þýðir að það sem ráðherra getur gert er að samþykkja eða hafna tillögum, hann geti ekki komið með nýjar. Ef það er meiningin þá er ljóst alla vega hvernig menn ætla að hafa það en mér heyrist ráðherra í því litla sem hann vék að því að svara mínum spurningum meina annað, að hann vildi hafa valdið til þess að breyta og koma inn með ný efnisatriði jafnvel þótt að ekki væri vilji fyrir því hjá umræddri nefnd.

Ég geri svo sem ekki mikið með það á hvorn veginn menn hafa lagatúlkunina en hún verður þó að vera á annan hvorn veginn, það er a.m.k. ljóst. Menn geta ekki haft uppi tvenns konar skilning á þessu eða breytilega framkvæmd. Almennt er ég þeirrar skoðunar að því minna vald sem ráðherrar hafa þeim mun betra er það. Ef eitthvað er hallast ég að því að takmarka vald ráðherra við þann skilning sem ég nefndi fyrr um 4. gr.

Ráðherrann gat um það núna síðast að það væri tilgangurinn að styrkja byggðina við Breiðafjörð með því að byggja upp ferðamannaþjónustu sem aftur skapaði störf o.s.frv. Þá verð ég að segja að það var ekki það sem ég las út úr framsöguræðunni með frv. og það er ekki það sem ég les út úr texta frv. Menn verða þá að endursemja frv. til samræmis við þennan skilning. En ég vil taka það fram að þessi skilningur er mér meira að skapi en það sem áður hafði fram komið í umræðunni frá hæstv. umhvrh.

Þó finnst mér ástæða til að benda honum á, af því að hann vakti athygli á því sjálfur, að ferðamönnum hefur fjölgað mjög mikið þarna þrátt fyrir að lög af þessu tagi væru ekki í gildi. Lögin sem hann ætlar að setja eru ekki forsenda þess að menn sinni ferðamannaþjónustu. Hún hefur komið til af sjálfu sér má segja, vegna náttúrunnar þarna og þess að fólk hefur áhuga á að skoða hana. Það hefur orðið þrátt fyrir að ekki væru lög í gildi og mér finnst andi laganna vera sá að takmarka aðgang ferðamanna að tilteknum stöðum eftir mati ráðherra á hverjum tíma. Mér finnst að í lögunum séu menn að reisa upp girðingar af því að þeim þykir orðið of mikið um ferðamenn. Það er ekki það sem hæstv. ráðherra sagði. Það er ekki til þess að stuðla að því að styrkja byggðina. Þetta sjónarmið sem við sjáum í lögunum er miklu frekar til þess að stöðva vaxtarbroddinn og birtist m.a. í því að menn ætla sér að taka vald af sveitarstjórnunum sem þær hafa í dag í skipulags- og byggingarlögum og fela það umhvrh. Svo segir umhvrh. að sveitarstjórnirnar biðji um það sjálfar að þetta vald sé tekið af þeim. Ég vil biðja hæstv. ráðherra að koma hér upp og staðfesta að það sé rétt að sveitarstjórnirnar sem í hlut eiga hafi beðið um að af þeim væri tekið það vald sem þær hafa í skipulags- og byggingarmálum og það falið Breiðafjarðarnefnd og umhvrh.

Ég á bágt með að trúa að það sé skoðun hæstv. umhvrh. og heimamanna að umhvrh. suður í Reykjavík viti miklu betur og sé dómbærari á það hverjir megi byggja hús og koma af stað atvinnurekstri á þessu svæði en sveitarstjórnirnar sjálfar. Ég tel að þær hafi þetta vald og séu fyllilega dómbærar á þessa hluti og geti beitt því af skynsemi. Ég hef ekki fengið nein rök sem sannfæra mig um að sveitarstjórnirnar séu ekki þess bærar að valda því hlutverki sínu þannig að náttúran bíði ekki skaða af. Menn verða þá að koma fram með það sjónarmið að sveitarstjórnunum sé ekki treystandi fyrir að takmarka og skipuleggja umgengni við náttúruna að svo miklu leyti sem það er á þeirra valdi. 6. gr. frv. er mér því ákaflega mikill þyrnir í augum svo að ekki sé meira sagt.

Mér líst hins vegar ákaflega vel á þá hugmynd sem hv. 9. þm. Reykv. varpaði fram, að byrja á því að koma á fót rannsóknastöð á Breiðafirði og byggja síðan málið út frá því. Með því sýndi ríkisvaldið að því væri einhver alvara með því að það vilji rannsaka náttúruna svo vel sem hægt er og það vilji styrkja byggðina. Það er einmitt veikasti hlutinn í þessu frv. að ríkisvaldið lofaði engu í þá veru heldur setur það í heim-

ildarákvæði að starfrækja megi slíka náttúrurannsóknastöð og skilyrðir hana framlögum frá heimamönnum á móti. Ég spyr: Hvað eru heimamenn í þessu tilviki? Eru það sveitarstjórnirnar sem verða þá að láta af hendi fé jafnmikið því sem ríkisvaldinu þóknast að reiða fram til að styrkja byggðina að sögn hæstv. umhvrh. eða eru það landeigendur eða einhverjir aðrir heimamenn? Þetta er alveg óskilgreint. Hér stendur bara heimamenn.

Ég vil ítreka spurningu mína til hæstv. umhvrh.: Hvaða opinberar stofnanir hér á höfuðborgarsvæðinu eru starfræktar með því skilyrði að heimamenn leggi til jafnhátt framlag ríkinu til að reka þær? Ég bið hæstv. umhvrh. að lista þær upp eða telja á fingrum annarrar handar hvaða opinberar stofnanir eru hér starfræktar með því skilyrði. Ef mönnum er einhver alvara með því að gera hvort tveggja í senn, að vernda landið og umhverfið og styrkja byggðina, þá verða menn að gera betur en fram kemur í þessu frv. Þá verða menn að gera betur og þá verða menn að gera miklu betur því menn verða að gerbreyta þessu frv. til að koma þeim viðhorfum til skila og í framkvæmd sem hæstv. umhvrh. lýsti í seinni ræðu sinni. Það er því miður ekki nóg að hæstv. umhvrh. segi þessi orð í einum ræðuparti. Þessi vilji verður að skila sér í lagasetningunni og hann verður að skila sér í fjárlögunum. Að öðrum kosti eru menn einfaldlega að setja lög til að takmarka forræði heimamanna yfir eigin náttúru og færa valdið yfir henni í umhvrn. Þó að það sé að mörgu leyti þarft ráðuneyti þá er ég ekki mjög duglegur við það að styðja menn í því að byggja upp við Faxaflóa enn öflugri stjórnsýslu og draga hana úr höndum manna utan af landi, það litla sem þar er enn eftir í málum sem menn geta ráðið til lykta að einhverju leyti sjálfir. Ég er ekki tilbúinn til að veikja það litla sem eftir er í stjórnsýslu úti í héruðunum enn frekar en nú er eins og lagt er til í þessu frv.

[15:37]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson):

Virðulegi forseti. Ég sé ekki betur en hv. þm. leggi mér þann skilning í hug að ég vilji banna mönnum yfirráð yfir eigin náttúru. Það er af og frá. Ég tek það fram, virðulegi forseti, að ef menn lesa þetta frv. þannig að því sé stefnt gegn byggð í Breiðafirði þá dettur mér helst í hug þegar andskotinn las Biblíuna. Því að það er alveg þveröfugt sem verið er að gera *með þessu frv. og það er eiginlega ekki hægt nema* með mjög einbeitnum ásetningi að lesa annað út úr frv. Ég er honum þess vegna algerlega ósammála um það.

Ég vil hins vegar biðja hann afsökunar á því að ég svaraði ekki öllum spurningum hans áðan. Það var eingöngu vegna þess að ég taldi að ég hefði meiri tíma en raunin varð á.

Vegna þess að hv. þm. hefur varpað *til mín* spurningum sem lúta að því hvenær sveitarstjórnir við Breiðafjörð hafi beðið umhvrh. að taka af þeim vald þá vil ég bara að það komi fram að ég hef aldrei orðað það að þær hafi beðið mig um að taka neitt vald af þeim. Hins vegar hef ég lýst því mjög gaumgæfilega að þessi ráðherra gerði drög að frv. og sendi það til þeirra sveitarstjórna sem hlut áttu að máli. Það gerðist í desember sl. og í framhaldi af því hélt ég fund í Stykkishólmi með fulltrúum þessara sveitarstjórna. Þá höfðu sveitarstjórnirnar haft þetta frv. til umfjöllunar í nokkurn tíma og það komu að mig minnir fulltrúar frá hverju einasta sveitarfélagi. Ekki einn einasti hafði andmæli fram að færa við frumvarpsdrögunum eins og þau voru þá og voru þau þó harðari en þau eru í dag, var þá enn meira vald í höndum ráðherrans en það er í dag. Ég get því ekki túlkað þessi viðbrögð öðruvísi en svo að þetta hafi bara fallið í næsta frjóan jarðveg þar vestra.

Virðulegi forseti. Hv. þm. hefur spurt mig talsvert út í valdsvið Breiðafjarðarnefndarinnar annars vegar og hins vegar vald ráðherra. Til þess að taka af öll tvímæli þá nefndi hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson að það lægi fyrir að þegar menn beittu orðalagi eins og „að fengnum tillögum", þá þýddi það í rauninni, hafi ég skilið hann rétt, að ráðherra væri ekki heimilt að breyta stafkrók frá því. Ég tel að sá skilningur sem hv. þm. hefur látið uppi um þetta sé víðs fjarri góðum stjórnsýsluvenjum og hefðum, ég tel það fráleitt. Ég bendi líka á það að í frv. er talað um að hún sé ráðherra til ráðgjafar. Meginstefna frv., sem vefur sig eins og rauður þráður í gegnum frv. sjálft og greinargerðina líka, er að það skal byggja á tillögum Breiðafjarðarnefndar eftir að þær hafa hlotið umsögn og álit sveitarstjórna. Það er fráleitt að ég lýsi því hér yfir að ráðherra muni framselja það vald sem felst í reglugerðarsetningu til þessarar nefndar, það get ég ekki. Ég tel einfaldlega að ég hafi enga heimild til þess. Ég tel að ég hafi ekki lagalega stöðu til þess að gera það.

Ég lýsi því hins vegar yfir að ætlunin með þessu er sú að heimamenn hafi sem mest forræði og tillögurnar komi frá Breiðafjarðarnefnd sem hefur leitað álits hjá sveitarstjórnum. Að því búnu er það ráðherrans að staðfesta þessar reglur, en auðvitað getur hann líka hafnað þeim. Hann hefur auðvitað vald til þess að breyta einhverju, en að meginstofni til á að láta heimamenn hafa sem mest forræði á málinu. Ég veit það að hv. þm. grunar mig ekki um græsku á því sviði þó að ég sjái það að hann ber kvíðboga fyrir framtíðinni. Hann veit ekki hver kemur í staðinn fyrir hið milda yfirvald sem núna vélar um umhverfismál í ráðuneytinu.

Vegna þess að hv. þm. spurði sérstaklega um samráð við sveitarstjórnir þá er það tekið fram t.d. varðandi vörsluáætlunina að það á hafa samráð við sveitarfélögin. Það er alveg klárt. Og það er alveg klárt að tillögur Breiðafjarðarnefndar eiga að hljóta umsögn sveitarstjórnanna.

Ég er með öðrum orðum að reyna það sem ég get til þess að ná fram annars vegar markmiðum frv. og hins vegar að hafa sem mest frumkvæði og mest forræði á málinu í héraði. *Ég hef vísað til ákveðinna fordóma í þessum efnum.*

Hv. þm. hefur líka spurt hvort ráðherra hyggist jafnvel taka á öðrum efnisatriðum í reglugerð en hér eru nefnd. Ég get ekki fortakslaust kveðið upp úr gegn því. Ég tel að það komi upp sú staða að mögulegt sé að það verði gert, já. Og það sé líka mögulegt að Breiðafjarð-

arnefnd muni fjalla um aðra hluti en beinlínis eru negldir niður með nöglum í frv. Svarið er já við því. 5. gr. er ekki tæmandi upptalning á því sem á að vera í reglugerð. Ég held að ekki sé hægt að segja það. Það geta alltaf skapast einhverjar aðstæður sem gera það að verkum að menn verða að grípa til viðbragða. Menn verða að taka á einhverjum málum sem eru ekki beinlínis negld niður í lögin. Jafnvel þó að þetta sé framsýnn ráðherra er ekki þar með víst að hann sjái allt það sem gerist í framtíðinni.

[15:42]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er gott að hæstv. ráðherra hefur svarað því t.d. hvort upptalning í 5. gr. sé tæmandi eða ekki um efnisatriði sem megi vera í reglugerð. Ég vil segja vegna svars hans að telji hann sig hafa heimild til að bæta við efnisatriðum og setja í reglugerð umfram það sem er í 5. gr. frv. þá verður það að byggjast á ákvæðum laganna. Það efnisatriði sem hann hyggst bæta við verður þá að vera á grundvelli einhvers lagaákvæðis og ég sé ekki hvaða lagaákvæði það ætti að vera.

Ég vil benda ráðherranum á að ákvæði sem takmarka forræði heimamanna á málum sem þeir hafa nú þegar sjálfir er t.d. að finna í 6. gr. þar sem hvers konar mannvirkjagerð er óheimil við tilteknar aðstæður nema með samþykki Breiðafjarðarnefndar. Þetta er í dag fullkomlega á valdi sveitarstjórnar að afgreiða hverju sinni og ég átta mig ekki á því hvers vegna menn treysta ekki sveitarstjórnum til þess að fara áfram með það ákvörðunarvald.

Enn fremur er eitt af þeim atriðum sem á að vera í reglugerð og á valdi ráðherra að takmarka aðgang ferðamanna að tilteknum stöðum. Þetta er í dag á valdi landeiganda hver svo sem hann er, hvort sem það er sveitarfélagið, ríkið eða einhver annar. Nú ætlar ráðherra að fá sér vald til að geta takmarkað umferð manna á landi sem ríkið á ekki. Ég spyr: Hefur ráðherra einhverja ástæðu til að ætla að hann þurfi að hafa vald yfir landi sem sveitarfélögin eiga til að takmarka umferð ferðamanna um það land, svo dæmi sé tekið?

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Sameining Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda, 1. umr.

Stjfrv., 174. mál. — Þskj. 191.

[15:45]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Þetta frv. er mjög einfalt í sniðum. Hinn 30. ágúst sl. var undirritað samkomulag milli stjórnar Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda um sameiningu þeirra í ein heildarsamtök frá og með 1. jan. 1995 og er gert ráð fyrir því að hin nýju samtök taki við öllum eignum og réttindum Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda, svo og skuldum og öðrum skuldbindingum hverju nafni sem nefnast. Það lá auðvitað fyrir að um leið og slík sameining ætti sér stað væri óhjákvæmilegt að breyta ýmsum lögum þar sem kveðið er á um það með hvaða hætti eða hvar Búnaðarfélagið eða Stéttarsambandið komi að ýmsum málum. Var af því tilefni lögð vinna í það að fara yfir hin ýmsu lög sem lúta að þessum samtökum bænda og var niðurstaðan sú að nú á þessu hausti væri nauðsynlegt að flytja frv. þess efnis sem hér liggur fyrir, mál. nr. 174. Í 1. gr. segir að við sameiningu bændasamtakanna skuli hin nýju samtök taka við réttindum og skyldum Búnaðarfélagsins og Stéttarsambandsins. En stjórnir þeirra skulu frá og með 1. jan. nk. í sameiningu fara með það hlutverk sem öðru hvoru sambandinu er ætlað í einstökum lögum uns hin fyrsta stjórn hinna nýju samtaka hefur verið kjörin en eftir það skuli sú stjórn fara með hlutverkið og er búist við því að hin nýju samtök verði kölluð saman til fundar í marsmánuði nk.

Þá er í 2. og 3. gr. fjallað um að starfsmenn Búnaðarfélags Íslands sem fastráðnir séu hjá félaginu 31. des. 1994 og verði starfsmenn hinna nýju samtaka haldi áunnum lífeyrisréttindum sínum og geti áfram átt aðild að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins með réttindum og skyldum sem fyrir er mælt í lögunum. Ríkissjóður ábyrgist gagnvart hinum nýju samtökum skuldbindingar þeirra við Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins vegna lífeyrisréttinda samkvæmt þeirri grein sem ég vitnaði áður til. Að síðustu er gert ráð fyrir í 4. gr. að um leið og hin nýju samtök hafi sett sér formlegar samþykktir skuli þessi lög tekin til endurskoðunar.

Þetta frv. er eins og ég sagði mjög einfalt í sniðum og mál nr. 175 lýtur raunar að hinu sama, frv. til laga um breytingu á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum.

Ég hef í sjálfu sér ekki meira um þetta að segja en legg til, herra forseti, að málinu verði vísað til 2. umr. og landbn. svo og næsta máli, nr. 175.

[15:48]

Páll Pétursson:

Herra forseti. Þetta frv. gefur tilefni til þess að ræða í stuttu máli málefni bændastéttarinnar. Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um þau, en finnst eðlilegt að segja hér nokkur orð.

Íslensk bændastétt hefur á undanförnum árum gengið í gegnum mikið þrautatímabil og ekki hefur verið þrengt viðlíka að nokkurri annarri stétt í landinu á undanförnum árum. Ef við rifjum söguna lítillega upp, þá er kannski rétt að byrja á því að segja frá að bændur framleiddu of mikið fyrir innanlandsmarkað. Það var mikil verðbólga í landinu og framleiðslukostnaðurinn hækkaði ár frá ári og örar en það sem fékkst fyrir vörurnar sem fluttar voru út. Hæstv. fyrrv. landbrh., Ingólfur Jónsson, beitti sér fyrir því um 1960 að tryggja það að alltaf væru til nægar landbúnaðarvörur í landinu, að allt að 10% af framleiðslunni mætti flytja út og skyldi það vera útflutningsbætt. Þetta reyndist torvelt og mjög dýrt að síðustu og það var farið að grípa til framleiðslutakmarkana. En því miður reyndust þessar framleiðslutakmarkanir ranglátar. Það var einungis ein kjöttegund kvótasett, þ.e. dilkakjötið. Aðr-

ar kjöttegundir bjuggu ekki við neinar hömlur. Mjólkin var að vísu kvótasett en það er tiltölulega auðvelt að breyta umframmjólk í nautakjöt með því að gefa kálfum mjólkina.

Ég gat á sínum tíma ekki stutt búvörulögin vegna þess að ég þóttist sjá hrun í sveitum landsins í kjölfar búvörulaganna. Sá niðurskurður sem þar var ákveðinn gat ekki annað en orðið ákaflega sársaukafullur og þeir sem veikast stæðu hlytu að lenda í miklum nauðum í framhaldinu. Ég gat heldur ekki stutt búvörusamninginn á sínum tíma. Það var fyrirsjáanlegt að það yrði ekki staðið við hann og sú hefur raunin orðið á og síðan voru náttúrlega afurðastöðvarnar settar í hengingaról þar sem umboðssölukerfið var aflagt og þeim var skipað að greiða bændum fyrir ákveðinn tíma. Þar að auki sá ég það fyrir að beingreiðslukerfið mundi mælast illa fyrir með þjóðinni.

Því miður hafa nýbúgreinar ekki orðið það hjálpræði sem menn voru að vona upp úr 1980. Loðdýrabúskapurinn reyndist allt of dýr í stofnkostnaði. Fóðurstöðvarnar voru líka byggðar af of miklum stórhug og fóðrið var of dýrt. Lífdýrin voru of dýr og svo þegar skinnaverð hrundi á erlendum mörkuðum sátu bændur eftir í skuldasúpunni. Sauðfjárbændur hafa líka verið að éta upp eignir sínar á undanförnum árum. Jarðirnar hafa verið gerðar verðlitlar. Verðmætin í landbúnaðinum eru fyrst og fremst fólgin nú orðið í framleiðsluréttindum, þ.e. í óáþreifanlegum verðmætum og það er mikill galli á allri þessari kvótastningu að verðmætin eru orðin óáþreifanleg, þ.e. bæði í landbúnaðinum og eins í sjávarútveginum. Það eru ekki skipin, það eru ekki atvinnutækin sem fyrst og fremst eru verðmæti heldur er það rétturinn til þess að veiða. Þetta er alveg hliðstætt í landbúnaðinum. Þeir sem vilja hefja búskap nú til dags verða venjulega að byrja á því að kaupa sér réttinn til þess að stunda atvinnuna. Hvernig mundi mönnum líka það ef þeir yrðu t.d. að kaupa störf hjá hinu opinbera? Það væri kannski lækning á erfiðri stöðu ríkissjóðs eða hluti af lækningu að fara að selja störf í þágu hins opinbera. Það tókst að sníða mjólkurframleiðsluna að mestu leyti að innanlandsmarkaðnum en hún hefur samt átt í miklum erfiðleikum. Gæðamati mjólkur hefur verið þannig háttað að þar er beinlínis um vísvitandi framleiðslutakmarkanir að ræða. Það er afskrifuð mjólk úr kúm í hundraðatali og það virkar auðvitað til framleiðslutakmarkana. Kúabúin hafa líka verið skert og mikill samdráttur orðið í mjólkurframleiðslunni. Hafi bændur viljað auka við sig, þá hafa þeir orðið að kaupa framleiðslurétt á okurverði. Þetta hefur að vísu gert nokkrum bændum kleift að hætta og ganga frá jörðum en kúabændurnir sem eftir standa bæta við skuldir sínar. Sauðfjárbændur hafa orðið fyrir óbærilegri skerðingu. Bóndi sem hafði meðalbú, 400 ærgildi við upphaf búvörusamningsins, má í haust setja á 260 ær. Tekjuskerðingin er tilsvarandi eða raunar meiri því að skerðingin kemur fyrst og fremst niður á launalið bóndans.

Ég hef í höndum niðurstöðu úr búreikningum 65 sauðfjárbúa og ég tek það fram að búreikningabúin eru yfirleitt betur rekin heldur en hin, en þessi 65 sauðfjárbú sem eru 250–350 ærgilda bú hafa launagreiðslugetu árið 1993 upp á 727 þús. kr., þ.e. 727 þús. kr. eru meðalárstekjur fjölskyldu sauðfjárbænda. Að sjálfsögðu er það ekki fullt starf að sinna um svo lítið bú, en menn hlaupa nú ekki í uppgripatekjur annars staðar nema í fáum tilfellum og í sveitum landsins er orðið afar mikið dulið atvinnuleysi. Íslenskir bændur eru skattlagðir til Atvinnuleysistryggingasjóðs án þess að hafa öðlast eðlilegan rétt til bóta úr sjóðnum. Hann er þeim hér um bil lokaður og það blasir við að ef ekki verður að gert þá verður auðn í mörgum sveitum landsins. Það er alveg tómt mál að vera að tala um byggðastefnu ef sauðfjárræktin er látin hrynja vegna þess að hún er undirstaða að verulegum hluta búsetu í dreifbýlinu.

Nú vill það svo til að með brotthvarfi verðbólgunnar er útflutningur dilkakjöts aftur að verða raunhæfur kostur. Búnaðarfélag Íslands undir forustu hv. 2. þm. Suðurl., Jóns Helgasonar, hefur unnið mjög gott starf varðandi markaðsöflun fyrir vistvænar landbúnaðarafurðir og kynningu á þeim hugmyndum. Ég nefni þar til óþreytandi baráttumann fyrir markaðssetningu vistvænna landbúnaðarafurða, Baldvin Jónsson. En það stendur á fjármagni til markaðssetningar en eina leiðin til þess að bjarga sauðfjárræktinni og þar með búsetu í stórum hluta landsins er að leyfa bændum að framleiða. Þeir kunna að framleiða, þeir eiga ræktun, land og byggingar. Innanlandsmarkaðurinn er hins vegar of lítill til þess að taka við framleiðslugetunni og það er engin leið skynsamlegri að mínum dómi heldur en að hefja markvissan útflutning í nokkrum mæli. Það gerist hins vegar ekki nema með aðstoð hins opinbera í byrjun og ég tel að það sé fullkomlega réttlætanlegt að verja fé til markaðsöflunar og útflutningsbóta um sinn. Ég tel hins vegar að við megum alls ekki fara inn í hið gamla far með útflutningsbæturnar. Ég held að ef eða þegar þær verða teknar upp þá eigi að miða þær við prósentu af söluverðinu fremur heldur en ákveðna upphæð miðað við magn. Það yrði svipa á seljendur að reyna að ná sem mestu verði fyrir vöruna.

Það er fleira sem sækir að bændastéttinni. Það vofir yfir verulegur innflutningur hefðbundinna landbúnaðarvara. Hagsmunir landbúnaðarins hafa algerlega verið bornir fyrir borð bæði í EES-samningnum og þá sérstaklega í GATT-samningnum og ríkisstjórnin hefur ekki staðið á rétti landbúnaðarins og beinlínis fórnað hagsmunum landbúnaðarins fyrir önnur markmið. Hæstv. landbrh. hefur, eins og við vitum, þráfaldlega orðið að lúta í lægra haldi fyrir hæstv. utanrrh. þegar landbúnaðarmál hafa verið til meðferðar og það er allt mikil sorgarsaga og hæstv. landbrh. hefur sýnt ótrúlegt langlundargeð að láta hæstv. utanrrh. komast upp með sínar aðgerðir.

Nú hefur núv. ríkisstjórn skert framlög ríkisins til landbúnaðarmála meira en nokkurs annars málaflokks. Það eru sjálfsagt orðnir 4–5 milljarðar á valdatíma núv. ríkisstjórnar sem framlög til landbúnaðarins hafa verið skert.

Það er ekki nema eðlilegt í slíkri stöðu að bændur taki skipulagsmál og félagsmál sín til gaumgæfilegrar athugunar. Skipulagsmál eða þróun skipulagsmála landbúnaðarins er sorgarsaga að vissu leyti. Búnaðarfélagið var og er raunar enn merk ríkisstofnun sem sá um faglega þjónustu við landbúnaðinn en Búnaðarfélag Íslands kemur ekkert að kjarabaráttu. Bændur stofnuðu með sér stéttarfélag, þ.e. Stéttarsamband bænda, og það starfaði með blóma um alllangt árabil. En þegar blása fór á móti þá molnaði utan úr Stéttarsambandinu og búgreinafélög voru stofnuð. Máttinn dró við þetta úr Stéttarsambandinu án þess að búgreinafélögin öðluðust þrótt eða slagkraft sem nauðsynlegur hefði verið. Ástandið er orðið algjörlega óviðunandi, bændur hafa ákveðið að óska eftir sameiningu þessara tveggja félagasamtaka, Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambandsins, og það hefur farið fram almenn atkvæðagreiðsla meðal bænda og þeir samþykktu þessa sameiningu með miklum meiri hluta atkvæða.

Ég tel að það sé rétt að gera þessa skipulagsbreytingu þó að í mínum huga séu nokkrar efasemdir um ákveðna þætti. Ég óttast t.d. að framhaldið verði það að ríkisvaldið kippi að sér hendinni með fjárframlög og leiðbeiningaþjónustunni verði í framtíðinni velt yfir á herðar bænda. Ég bind miklar vonir við hinn nýja félagsskap og ég vona að þar veljist til forustu menn sem hafa metnað fyrir hönd bændastéttarinnar og djörfung til þess að standa á rétti hennar. Bændum veitir sannarlega ekki af í hinni þröngu stöðu sem þeir eru í nú.

[16:03]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það eru þrjú atriði einkum. Það er í fyrsta lagi að hv. þm. endurtekur það sem hann hefur áður sagt að sú ríkisstjórn sem nú situr hafi sofið á verðinum í samningunum um hið Evrópska efnahagssvæði. Nú veit hv. þm. betur, hann veit ofurvel að það var síðasta ríkisstjórn en ekki þessi ríkisstjórn sem tók ákvörðun um það að fulltrúar íslenska ríkisins mættu ekki þegar fjallað var um landbúnaðarmálin í sambandi við samningana um hið Evrópska efnahagssvæði og öllu var í gadda slegið í þeim efnum þegar stjórnarskiptin urðu í lok aprílmánaðar 1991. Þannig að þegar hann finnur að þessum hlutum finnur hann sjálfan sig fyrir. Um ekkert slíkt var að ræða í sambandi við GATT-samninga eins og hv. þm. veit.

Í öðru lagi vil ég taka það fram að sá niðurskurður sem orðið hefur á fjárframlögum sem veit að bændastéttinni er í samræmi við þann búvörusamning sem síðasta ríkisstjórn stóð fyrir og ber alla ábyrgð á.

Í þriðja lagi vil ég segja að það er vitaskuld rétt hjá hv. þm. að sauðfjárbændur hafa mjög þrönga stöðu nú. Neysla hefur dregist saman innan lands og það er líka rétt hjá hv. þm. að það var ekki að neinum óruggum útflutningsmörkuðum að ganga eftir að útflutningsbæturnar voru felldar niður. Sá aðili sem hafði farið með útflutning á landbúnaðarvörum og þegið háar greiðslur úr ríkissjóði í því sambandi, Samband íslenskra samvinnufélaga, tók við greiðslunum en aflaði ekki heiðarlegra og góðra markaða erlendis fyrir þá peninga sem þannig voru greiddir úr almannasjóðum. Bændur súpa nú seyðið af því. Auðvitað rökstyður það nauðsyn þess að markaðsleit og markaðsöflun erlendis sé tekin upp á nýjum forsendum.

[16:05]

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég hef heyrt þessar röksemdir hæstv. landbrh. áður að það hafi verið búið að slá öllu í gadda áður en hann komst að EES-samningnum. Ég ætla ekki að fara að orðlengja það við hann, ég hef aðra skoðun á því. Hann sýndi heldur engan vilja til þess að leiðrétta það sem aflaga hafði farið. Hins vegar tel ég að GATT-samningurinn sem gerður var í tíð hæstv. núv. landbrh. sé miklu hættulegri fyrir landbúnaðinn og í honum miklu meiri hættur fyrir íslenskan landbúnað heldur en nokkurn tímann í EES-samningnum. Við háðum miklar umræður um GATT fyrir nærri tveimur árum síðan og ég ætla heldur ekki í þeim takmarkaða tíma sem ég hef að fara að endurtaka það sem þar var sagt en það kom náttúrlega berlega í ljós að þar vann hæstv. utanrrh. frægan sigur á hæstv. landbrh.

Varðandi afurðastöðvarnar eða sölumeðferð Sambandsins á kjöti þá ætla ég ekki að fara að verja hana hér. Sjálfsagt má finna ýmislegt að því og því fyrirkomulagi sem var á útflutningsbótunum. Ég er ekki að leggja til að taka sama fyrirkomulag upp, ég er að leggja það til að þær verði bundnar í prósentu við það verð sem þær seljast erlendis þannig að það verði hvati til þess að á hverjum tíma þá leiti söluaðilar hinna bestu markaða.

En hluti af vandræðum afurðasölunnar á vegum Sambandsins var náttúrlega sá og kannski upphafið að þessu að hefja beingreiðslurnar. Meðan umboðssölukerfið var við lýði þá gátu afurðastöðvarnar staðið sig en eftir að þær voru skyldaðar til að greiða bændum jafnóðum eða svo til jafnóðum þá datt úr því botninn og þær voru settar í hengingarólina.

[16:08]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það var athyglisvert að hv. þm. viðurkenndi algjörlega í sínu máli, bæði með beinum og óbeinum hætti, hvernig frammistaða SÍS í útflutningsmálum landbúnaðarins hefði að síðustu orðið bændum að falli. Auðvitað er það laukrétt hjá hv. þm. og gott að fá það staðfest af hans munni.

Ég held að það sé líka eftirtektarvert sem hv. þm. sagði þegar hann talaði um umboðskerfið. Það er laukrétt að bændur höfðu sínar framleiðsluvörur í umboðssölu hjá kaupfélögunum víðs vegar um landið. Því miður kom í ljós síðar að kaupfélögin höfðu misfarið með þetta fé og hafa bændur víða um land orðið að bera þungan skaða af þeim sökum vegna þess að viðkomandi kaupfélög hafa orðið gjaldþrota og ekki getað greitt bændum fyrir afurðir þeirra og heldur ekki fyrir innstæður þeirra í innlánsdeildum kaupfélaganna. Þannig að það kerfi hafði líka gengið sér til húðar.

Svo verð ég að síðustu að segja að það er svolítið undarlegt þegar hv. þm. segist vera ósammála mér um

það að síðasta ríkisstjórn hafi hunsað bændur í sambandi við samningana um hið Evrópska efnahagssvæði. Ég spyr hv. þm.: Er það rétt eða rangt sem ég segi að síðasta ríkisstjórn tók ákvörðun um það í ársbyrjun 1991 að fulltrúar íslensku ríkisstjórnarinnar skyldu verða fjarverandi þegar málefni landbúnaðarins voru rædd í sambandi við samninginn um hið Evrópska efnahagssvæði? Er þetta rangt eða rétt, hv. þm.? Ætlar hv. þm. að koma hér upp og svara því? Fer ég þar með rangt mál eða ekki? Það þýðir ekki að skjóta sér undan og segja: Ég hef aðra skoðun á því. Annaðhvort stendur þetta skráð eða ekki. Annaðhvort fer ég með rétt mál í þessu efni eða ekki.

[16:10]

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að fara að bera blak af þeim hjá SÍS enda koma fæstir þeirra mér neitt við.

Hæstv. landbrh. sagði að kaupfélögin hefðu misfarið með fé bænda. Þetta þykir mér nokkuð stór orð og væri ágætt að hann fyndi þeim stað að það hefðu verið kaupfélögin. Í mínu kjördæmi er það a.m.k. ekki svo. Þar hafa kaupfélögin staðið sig ágætlega. En hins vegar veit ég af því að Slátursamlag Skagfirðinga hefur farið á hausinn og Verslunarfélagið á Hvammstanga og bændur hafa beðið af því mikinn skaða. En þar á hæstv. landbrh. fyrst og fremst að sakast við flokksbræður sína.

Ég ætla nú að láta hæstv. fyrrv. landbrh. eftir að munnhöggvast við hæstv. núv. landbrh. um hverjum hafi verið að kenna trassaskapurinn í landbúnaðarmálum í EES-samningnum. En það var núv. ríkisstjórn sem lét það verða eitt af sínum fyrstu verkum að gefa hæstv. utanrrh. fullt umboð eftirlitslaust til samninga um Evrópska efnahagssvæðið. Það gerðist ekki í ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar. Það var eitt af fyrstu verkum ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Framleiðsla og sala á búvörum, 1. umr.

Stjfrv., 175. mál (skipan Framleiðsluráðs). — Þskj. 192.

[16:12]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Ég vísa til þess sem ég sagði um 174. mál og legg til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. landbn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Útflutningur hrossa, 1. umr.

Stjfrv., 209. mál (heildarlög). — Þskj. 235.

[16:13]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Frv. um útflutning hrossa var flutt á síðasta þingi en náði ekki fram að ganga í heild sinni. Þá var einungis samþykkt lítils háttar rýmkun á þeim tíma sem heimilt er að flytja hross til útlanda með skipum.

Frv. er nú endurflutt nokkuð breytt. Athugasemdir komu fram um frv. á síðasta þingi frá hrossaútflytjendum og fyrrum dýralækni, Páli A. Pálssyni, og hefur verið tekið tillit til þeirra athugasemda.

Lög um útflutning hrossa eru frá árinu 1958. Þeim hefur verið breytt lítillega fjórum sinnum, síðast í fyrra með lögum nr. 41/1994. Við fyrri lagabreytingar hefur því verið beint til ráðuneytisins að lögin verði endurskoðuð í heild sinni. Það hefur nú verið gert og er frv. unnið í samráði við Kristin Hugason hjá Búnaðarfélaginu, Halldór Gunnarsson hjá Félagi hrossabænda, hrossaútflytjendur og yfirdýralækni.

Frv. var lagt fyrir búnaðarþing 1994 sem mælti með samþykkt þess. Búnaðarþing gerði athugasemdir við nokkur atriði í frumvarpsdrögunum og hefur verið tekið tillit til þeirra í því frv. sem hér er lagt fram.

Með frv. er reynt að einfalda reglur um útflutning á hrossum og koma til móts við þá öru þróun sem orðið hefur á síðustu árum. Útflutningur hrossa hefur aukist mikið og er nú veigamikill þáttur í tekjuöflun hrossaræktarinnar. Á síðasta ári voru flutt út rúmlega 2.400 hross en fyrir tíu árum voru flutt út 250–300 hross ár hvert. Með þessu frv. er reynt að koma til móts við þessa breytingu án þess að slaka á þeim kröfum sem gerðar hafa verið. Gildir það um aðbúnað í flutningsfari, eftirlit með heilbrigði hrossa og tryggingu fyrir að innlendir ræktendur hafi forkaupsrétt á úrvalskynbótadýrum. Þá er ákvæðum um gjaldtöku fyrir útflutt hross breytt verulega og í leiðinni er reynt að efla markaðsstarf í öðrum löndum. Helstu breytingar og nýmæli sem frv. felur í sér eru eftirfarandi:

Landbrh. til ráðuneytis verður skipuð fimm manna útflutnings- og markaðsnefnd og eiga Búnaðarfélagið, Félag hrossabænda, yfirdýralæknir og hrossaútflytjendur fulltrúa í nefndinni en ráðherra skipar formann án tilnefningar. Hlutverk nefndarinnar verður margþætt en einna helst að vera ráðgefandi um málefni er snerta útflutning á hrossum. Ekki er lengur gerð krafa um útflutningsleyfi fyrir hross heldur einungis upprunavottorð og heilbrigðisskoðun. Eina undantekning frá því eru úrvalskynbótahross en innlendur ræktendur hafa tímabundinn forkaupsrétt á þeim. Hrossaræktarnefnd Búnaðarfélags Íslands metur árlega hvað telst úrvalskynbótagripur. Breytt er reglum um heilbrigðisskoðun á útflutningshrossum þannig að hún getur að hluta farið fram í heimabyggð en ekki einungis í útflutningshöfn eins og nú tíðkast. Nánar verður kveðið á um framkvæmd í reglugerð en þessi breyting verður til hagsbóta fyrir þá útflytjendur sem búa fjarri út-

flutningshöfn. Ekki verður slakað á kröfum um aðbúnað og öryggi en í frv. er gert ráð fyrir að rýmka þann tíma sem heimilt er að flytja hross með skipum. Mikil breyting til batnaðar hefur orðið í öllum tæknibúnaði og flutningsför eru nú mun öruggari en áður.

Gert er ráð fyrir að innheimta fast gjald á hvert útflutt hross. Hér er gerð tillaga um að upphæð gjaldsins verði að hámarki 8 þús. kr. og það renni í sérstakan sjóð í vörslu landbrn. Sjóður þessi skuli standa undir kostnaði við útgáfu upprunavottorðs sem unnið er upp úr skýrsluhaldi Búnaðarfélags Íslands og undir kostnaði við lögbundna heilbrigðisskoðun á útflutningshrossum. 5% af innheimtu gjaldi skal renna í stofnun verndarsjóðs íslenska hestakynsins, 15% í búnaðarmálasjóð og eftirstöðvum hvers árs verður úthlutað til markaðsmála. Gjaldtaka af útfluttum hrossum er nú með þeim hætti að útflytjendur greiða sjálfir fyrir upprunavottorð 55 þýsk mörk og fyrir dýralæknisskoðun um það bil 2 þús. kr. Þess fyrir utan er greitt í stofnverndarsjóð íslenska hestakynsins og sjóðagjöld. Verði þetta frv. að lögum verður hætt sérstakri innheimtu til stofnverndarsjóðs og búnaðarmálasjóðs.

Ég legg til, hæstv. forseti, að málinu verði vísað til 2. umr. og landbn.

[16:17]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég lít svo á að þetta frv. sé til bóta og mæli með því að það hljóti afgreiðslu hér á þingi. Það hefur verið mikið ólag á hrossaútflutningnum en hrossaræktin er helsti vaxtarbroddur íslensks landbúnaðar í dag og það eru býsna margir sem farnir eru að hafa atvinnu af hrossarækt og hestamennsku í einu eða öðru formi sem m.a. tengist útflutningi.

Bændur hafa hins vegar tiltölulega lítið upp skorið þó að þeir framleiði í flestum tilfellum hrossin. Vegna mikils framboðs á hrossum hafa milliliðir komist upp með það að kreista hrossin út úr bændum fyrir smánarverð, temja þau síðan eða meðhöndla eitthvað lítillega og selja þau síðan úr landi og hirða ágóðann að verulegu leyti.

Hæstv. ríkisstjórn þyrfti að reyna að koma hrossasölumálum í betra horf heldur en þau eru nú. Þá á ég einkum við það að reyna að fá niðurfellda þá háu tolla sem víða eru í útflutningslöndum en hrossaútflutningurinn verður að búa við verulegar tollaálögur. Hv. 4. þm. Norðurl. v., Elín Líndal, lagði fram fyrirspurn hér fyrir nokkrum dögum um afnám tolla á útflutningi reiðhrossa til landa á Evrópska efnahagssvæðinu og hæstv. utanrrh. hefur veitt svar við þessari fyrirspurn. Það liggur fyrir í þessu svari að utanrrn. ætlar ekkert að gera í málinu þar sem þeir halda eins og segir,með leyfi forseta: „Eitt þessara atriða er að gildandi viðskiptakjör á útflutningi reiðhrossa til Svíþjóðar verði yfirfærð á hið stækkaða svæði ESB og jafnframt að leitað verði eftir almennri lækkun útflutningsgjalda á reiðhrossum við útflutning til ESB-svæðisins.“ — Þetta er forskrift sem sendimenn okkar fengu.

„Þessu bréfi var komið á framfæri við fastanefnd Íslands í Brussel. Ljóst er þó að á brattann er að sækja að fá slíku erindi framgengt þar eð lægri tollar á reiðhestum í Svíþjóð byggjast ekki á neinum samningum milli Íslands og Svíþjóðar. Jafnframt gæti slík krafa kallað á gagnkröfu á sviði landbúnaðar.“

Svo mörg voru þau orð í svari hæstv. utanrrh. En mönnum til upprifjunar um þessa tolla er rétt að geta þess að t.d í Þýskalandi er á verðið og innflutningskostnaðinn lagður 25% innflutningstollur. Í Austurríki er 20% tollur reiknaður af kaupverði og flutningskostnaði. Í Sviss gilda þau lög að sé hestur hærri en 135 sm á stangarmáli þarf sérstakt leyfi til að flytja hann inn og aðeins eru gefin leyfi fyrir innflutningi á jafnmörgum hestum og fluttir hafa verið úr landi. Leyfin geta gengið kaupum og sölum og verð farið í allt að 150 þús. íslenskar krónur. Ef hestur er hins vegar lægri en 135 sm á stöng er greidd föst, lág upphæð vegna innflutnings.

Í Danmörk er 19% skattur á gelta hesta. Í Noregi er lagður á sláturskattur, 400 kr. Í Svíþjóð eru 8,10 sænskar kr. lagðar á hvert kg í sláturskatt og fyrir utan síðan virðisaukaskatt sem er að sjálfsögðu innanlandsmál á hverjum stað og í Stóra-Bretlandi eru afgreiðslugjöld og dýralækniskostnaður 50 pund. 18% tollur af geldingum reiknaður á kostnaðarverð hestsins en ekki í flutningnum. Ef um gelding er að ræða í Bretlandi er reiknað af kaupverði hans eftir að 18% tollurinn hefur verið lagður á.

Ég tel að það sé mjög brýnt verkefni og vil hvetja hæstv. landbrh. til þess að fylgja því eftir af fullri hörku að við fáum leiðréttingu mála okkar í þessu efni og eggja hann lögeggjan að vinna að málinu. Við erum að fara út í samninga við Evrópska efnahagssvæðið í framhaldi af breytingum sem verða á EFTA og þetta er eitt af þeim atriðum sem ekki má detta upp fyrir.

[16:23]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er nauðsynlegt að fram komi að ég hafði samband við Bjørn Vesth, landbúnaðarráðherra Danmerkur, á fundi landbúnaðarráðherra nú á þessu sumri og hann tók þessi mál upp innan Evrópusambandsins og í framhaldi af því höfðum við í landbrn. samband við utanrrn. um að fylgja því erindi eftir. Það hefur farið fram hjá mér að búið er að dreifa svari utanrrh. vegna fyrirspurnar Elínar R. Líndal en það er öldungis ljóst að landbrn. mun fylgja erindinu eftir. Ég átta mig ekki alveg á hvað felst í þessum orðum hér: „Jafnframt gæti slík krafa kallar á gagnkröfur á sviði landbúnaðar.“ Ég hef ekki um neinar slíkar gagnkröfur heyrt og verður fróðlegt að fá um þær upplýsingar en auðvitað er ég ekki að tala um hnífakaup í myrkri. Auðvitað vil ég fá að sjá hvað býr á bak við þessi orð í svari utanrrh. og ég endurtek það sem ég sagði. Ég tók þetta mál upp við Bjørn Vesth sem fylgdi málinu eftir innan Evrópusambandsins og það hefði ég að sjálfsögðu ekki gert nema ég hefði ætlað að fylgja því eftir. Ég mun þess vegna þegar í stað hafa samband við utanrrn. og biðja um skýringar á þessu svari og ætlast til þess að þessu máli sé fylgt fast eftir.

[16:25]

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil þakka hæstv. landbrh. fyrir það frumkvæði sem hann hefur sýnt í þessu máli að taka það upp við kollega sinn og ég heiti á hann að fylgja þessu eftir við utanrrh. Þetta svar gefur ekki tilefni til þess að fylgnin hafi verið mikið, þ.e. að áhugi utanrrh. á málinu sé verulegur. Hæstv. landbrh. veltir því fyrir sér hvaða gagnkröfur kunni að koma þarna sem andsvar. Ég trúi að hæstv. utanrrh., með tilliti til ferils hans, standi beinlínis fyrir því að það verði gerðar gagnkröfur, beinlínis að hafa frumkvæði að því að það verði gerðar gagnkröfur á íslenskan landbúnað. Hæstv. utanrrh. hælir sér nefnilega af því að vera að koma landbúnaðarstefnu Alþfl. í framkvæmd á Íslandi utan frá. Sem utanrrh. standi hann vel að vígi að fá framgengt stefnu Alþfl. til margra ára um óheftan innflutning búvara.

[16:26]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil ekki taka undir þau ummæli sem hv. þm. hafði hér í garð utanrrh. Ég vil aðeins ítreka það sem ég hef áður sagt í þessum stól að landbrn. fer auðvitað með málefni landbúnaðarins og samninganefndarmönnum og sendiherrum Íslands á erlendum vettvangi ber að fylgja eftir þeirri stefnu sem ríkisstjórnin hefur markað og fagráðherrann í þessu efni. Það er því öldungis ljóst að það liggur fyrir að utanrrn. hefur verið falið að vinna að því að ná þessum málum fram eftir þeim ráðum sem fyrir hendi eru og við erum ekki einir Íslendingar í því. Það eru sams konar mál komin upp t.d. í sambandi við hagsmuni okkar á sölu dilkakjöts og Norðmenn velta því líka fyrir sér nú hver staða þeirra yrði t.d. í sambandi við innflutning eða viðskipti við Svía um sölu á síld og fleira til Svíþjóðar ef Noregur kysi að standa utan við svo að við erum ekki að tala hér einangrað um hross. Við erum að tala almennt um það gildi sem EFTA-samningarnir höfðu og við erum auðvitað að tala um þann rétt sem við höfum átt í milliríkjasamningum milli landanna. Ég hef enga ástæðu til að ætla annað en þessum málum verði vel tekið, enga ástæðu til að ætla annað, þegar á það hefur reynt þegar þessi mál hafa verið skýrð og mun ef þörf krefur hafa samband á nýjan leik við erlenda kollega mína um þau efni.

[16:28]

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er auðvitað drengilegt af hæstv. landbrh. að bera blak af hæstv. utanrrh. og launa þar með illt með góðu því að sannarlega ber hæstv. utanrrh. ekki blak af hæstv. landbrh. Orðum mínum um áhrif eða raup landbrh. varðandi áhrif á landbúnaðarstefnuna get ég fundið stað t.d. í útvarpsviðtali sem ég á útskrifaða eftir hann frá fyrra ári.

Það væri betur að svo væri að landbrn. færi með landbúnaðarmálin í þessum samningum en það hefur ekki verið raunin. Hvað eftir annað hafa sjónarmið hæstv. utanrrh. orðið ofan á og hæstv. landbrh. hefur verið hunsaður og það er ótrúlegt langlundargeð sem hann hefur sýnt í þessum málaflokki.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vegalög, 1. umr.

Frv. SvG, 178. mál (reiðhjólavegir). — Þskj. 196.

[16:30]

Flm. (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ég flyt á þskj. 196 lítið frv. til laga um breytingu á vegalögum sem gengur út á það að inn í vegalög verði tekin ákvæði um hjólreiðastíga. Þannig háttar til að í vegalögum eru taldar upp alls konar brautir og alls konar stígar af ýmsu tagi en hins vegar ekki stígar fyrir reiðhjólaumferð. Í frv. er gert ráð fyrir því að á eftir orðinu „skógræktarsvæða" í niðurlagi 1. mgr. 16. gr. vegalaga komi: vegi sem sérstaklega eru afmarkaðir fyrir umferð reiðhjóla.

Í grg. segir svo, með leyfi forseta:

„Notkun reiðhjóla hefur farið vaxandi hér á landi á undanförnum árum. Hafa bæjarfélög brugðist við því með því að leggja sérstakar brautir fyrir umferð reiðhjóla. Þannig hefur orðið til nær samfellt net reiðhjólastíga hér á þéttbýlissvæðinu á suðvesturhorni landsins.

Þessi mál hafa ekki verið flutt inn á vettvang Alþingis áður. Hér er lögð fram tillaga um að vegir, afmarkaðir fyrir reiðhjól, verði teknir inn í vegalög sem væri fyrsta skrefið. Í framhaldi af því þyrfti svo að verða til samfellt net reiðhjólastíga á stærri svæðum. Vonandi verður þessi tillaga til að vekja umræður sem síðan leiða til ákvarðana á Alþingi í þessum efnum."

Ég reikna með því, hæstv. forseti, að það sé út af fyrir sig ágæt samstaða um að eðlilegt sé að þetta ákvæði komi inn í vegalög. Í því felst í sjálfu sér engin binding fyrir Vegasjóð en í því felst viss stefnumörkun, með því væri verið að viðurkenna reiðhjólin sem hluta af hinum eðlilegum samgöngutækjum landsmanna.

Um þessi mál hefur verið fjallað víða í sveitarstjórnum, m.a. í borgarstjórn Reykjavíkur og sömuleiðis í sveitarstjórnum víða í landinu eins og í bæjarstjórn Egilsstaða og sjálfsagt víðar. Á fundi borgarráðs Reykjavíkur 12. apríl 1994 var gerð eftirfarandi bókun, með leyfi forseta:

„Lagt fram bréf nefndar sem falið var að gera tillögur til úrbóta fyrir hjólareiðamenn í Reykjavík, dagsett 29. mars 1994, þar sem gerð er grein fyrir tillögum nefndarinnar. Þær fjalla um aðgerðir í því skyni að greiða fyrir hjólaumferð og stuðla að aukinni notkun hjóla sem samgöngutækis. Borgarráð samþykkir að framkvæma eins fljótt og kostur er þær tillögur nefndarinnar sem samræmast gildandi skipulagi og fjárhagsáætlun borgarinnar. Að öðru leyti er tillögunum vísað til athugunar við endurskoðun aðalskipulags."

Í framhaldi af þessari samþykkt borgarráðs frá í vetur þá hefur verið fjallað um málið í borgarráði nýlega

en áður en ég kem að því vil ég greina frá því að borgarstjórn skipaði 4. jan. 1994 nefnd sem í sátu Katrín Fjeldsted, Vilhjálmur Vilhjálmsson og Þór Jakobsson og kölluð var hjólanefnd. Hún gerði tillögur um að búið yrði til stofnbrautakerfi fyrir hjólreiðar innan þriggja ára og á næstu þremur árum verði sett upp sérstök umferðarljós fyrir hjólreiðafólk. Síðan segir í áliti nefndarinnar, með leyfi forseta:

„Nefndin leggur til að við endurskoðun á samþykktum umferðarnefndar Reykjavíkur verði lögð meiri áhersla á ábyrgð nefndarinnar varðandi umferð hjólareiðamanna. Bendir nefndin í því sambandi á fyrirmynd að samþykkt fyrir umferðarnefndir í sveitarfélögum útgefin af Sambandi ísl. sveitarfélaga og Umferðarráði 1988 en í 6. gr. samþykktarinnar segir: Umferðarnefnd kannar sérstaklega möguleika á að auka öryggi hjólreiðamanna, svo sem skiptingu gangstíga og með lagningu sérstakra hjólreiðaleiða."

Hér er með öðrum orðum vitnað til þess að Samband ísl. sveitarfélaga hefur þegar gefið út sérstakar leiðbeiningar í þessu efni. Það að taka reiðhjól inn sem þátt í samgöngumálum bæjanna hefur þannig þegar verið viðurkennt, ekki aðeins af einstökum bæjum heldur einnig af Sambandi ísl. sveitarfélaga. Ég tel að það sé mikilvægt innlegg að nefna það hér.

Það er einnig mikilvægt að láta það koma fram að fyrir nokkrum mánuðum, þ.e. snemma á þessu ári, voru stofnuð samtök 35 borga í Evrópu undir nafninu „Car Free Cities Club". Þar er Reykjavík aðili sem er nokkuð merkilegt. Það er kannski rétt að láta þess getið að það var samstaða um það í borgarstjórn Reykjavíkur að koma þessu máli þannig fyrir og þetta var reyndar afgreitt í tíð fyrrv. meiri hluta.

Þar er gert ráð fyrir því að skapa net borga sem munu vinna að því að draga úr notkun einkabílsins í borgum með ýmsum ráðum og Kaupmannahöfn er að sjálfsögðu í forsvari fyrir þessum vinnuhópi þar sem hann takmarkast við Evrópu en annars ætti það að vera Bejing sem er göfugasta hjólreiðaborg í heimi eins og þeir þekkja sem hafa a.m.k. séð myndir þaðan, ég tala nú ekki um þá sem hafa komið þar.

Síðan segir í áliti þessarar sérstöku hjólanefndar Reykjavíkurborgar: „Nefndin vill að lokum mæla með því að borgaryfirvöld stuðli að aukinni notkun hjóla sem samgöngutækis með því að stofnanir Reykjavíkurborgar eigi hjól sem starfsmenn þeirra geti notað þegar þeir fara í stuttar erindagjörðir."

Þetta er nokkuð athyglisvert en ég hef ekki beitt samböndum mínum við borgarstjórn Reykjavíkur til að kanna hversu þessu hefur verið fylgt eftir en mun gera það fljótlega í framhaldi af þessum málum.

Af því að Reykjavík gerðist aðili að þessum hópi sem heitir „Car Free Cities Club" þá gerðist það að sent var bréf til Reykjavíkurborgar þar sem spurt var: Hvað eruð þið að gera fyrir hjólreiðamenn?

Snemma á þessu ári svöruðu starfsmenn borgarskipulags. Þar kemur fram að það er satt að segja heldur fátæklegt sem hefur verið gert en er þó allt í áttina. Þar kemur það t.d. fram að 3–4% af umferð í borginni eru ekki með einkabílum eða almenningsvögnum. Það kemur hins vegar fram að um 470 km eru til af göngustígum og reiðhjólastígum í Reykjavík en þeir eru ekki greindir í sundur enn þá. Síðan er rétt að það komi fram að í samþykkt sem gerð var í borgarráði fyrir nokkrum dögum segir, með leyfi forseta: „Hafa þarf samráð við grannsveitarfélög Reykjavíkur til að tryggja að reiðhjólaleiðir milli sveitarfélaga tengist."

Þar með er ég kominn að efni þessa frv. Með öðrum orðum er bersýnilegt að það verður um að ræða vaxandi lagningu og notkun reiðhjólastíga á næstu árum. Í fyrsta lagi á þéttbýlissvæðinu en síðan mun það smátt og smátt ná yfir stærra svæði. Það eru þess vegna rök til þess að við brjótum það blað í þessari virðulegu stofnun að reiðhjól verði viðurkennd sem hluti af hinum almennu samgöngutækjum landsmanna með því að taka ákvæði um reiðhjólastíga inn í vegáætlun og út á það gengur þetta litla frv., hæstv. forseti.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Bráðabirgðasamkomulag eftir að EFTA-ríki hafa gerst aðilar að Evrópusambandinu, 1. umr.

Stjtill., 182. mál. — Þskj. 204.

[16:38]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um samning um bráðabirgðasamkomulag um lausn mála á því tímabili sem lifir eftir að tiltekin EFTA-ríki hafa gerst aðilar að Evrópusambandinu uns þau mál sem nú eru fyrir eftirlitsstofnun og EFTA-dómstól fá lausn.

Samningi þessum er ætlað að leysa þann vanda sem skapast á þessu millibilsástandi eftir inngöngu tiltekinna EFTA-ríkja í Evrópusambandið varðandi óafgreidd mál sem þá liggja fyrir hjá EFTA-dómstólnum og eftirlitsstofnun EFTA. Samkomulagið kveður á um að með hvaða hætti eigi að ljúka þessum málum. Samningurinn er í eðli sínu tímabundinn þótt ekki sé unnt að tiltaka upp á dagsetningu um gildistíma hans. Hann fjallar um valdsvið eftirlitsstofnunar EFTA og EFTA-dómstólsins eftir aðild tiltekinna EFTA-ríkja að Evrópusambandi varðandi málsatvik sem eiga sér stað eða áttu uppruna sinn fyrir þann tíma. Hann fjallar um á hvern hátt framkvæmdastjórn Evrópusambandsins yfirtekur mál sem nú falla undir eftirlitsstofnun EFTA en snúa að þeim EFTA-ríkjum sem verða aðilar að Evrópusambandinu. Og hann fjallar um á hvern hátt EFTA-dómstóllinn lýkur málum þar sem málsatvik er leiddu til málssóknar áttu sér stað áður en til aðildar tiltekinna EFTA-ríkja að Evrópusambandinu kom. EFTA-dómstólnum er ætlað að úrskurða í öllum slíkum málum innan sex mánaða frá aðild EFTA-ríkjanna.

Millibilsástandið sem þetta bráðabirgðasamkomulag tekur til er þá að ætla má sex mánuðir. Þó segir hér að ríkisstjórnir aðildarríkja þessa samnings megi ef samhljóða samkomulag verður um það framlengja þetta tímabil um allt að sex mánuði í viðbót þótt það þyki

heldur ólíklegt að á það þurfi að reyna.

Ekkert í þessum samningi eða samningnum um eftirlitsstofnun EFTA og EFTA-dómstólinn kemur í veg fyrir að ríki sem ekki gerist aðili að Evrópusambandi ákveði að eftirlitsstofnun EFTA og EFTA-dómstóllinn starfi áfram við úrlausn málsatvika sem eiga sér stað eftir aðild EFTA-ríkja með þeirri skipan og með því starfsfólki sem viðkomandi EFTA-ríki telur viðeigandi. Ef svo fer að tvö eða fleiri ríki gerast ekki aðilar að Evrópusambandinu úr hópi umsóknarríkja skal taka slíka ákvörðun með samhljóða samþykki ríkisstjórna þessara ríkja þegar niðurstöður liggja fyrir.

Að lokinni þessari umræðu, virðulegi forseti, legg ég til að málinu verði vísað til síðari umr. og hv. utanrmn.

[16:41]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Fyrst um formið. Þetta er nokkuð óvanalegt form á þingskjali, þ.e. í staðinn fyrir að venjulega fylgir þingsályktunum greinargerð þá er textinn „Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa" eins og þetta væru athugasemdir við lagafrumvarp. Þetta er kannski ekki mikið atriði en ég vil þó vekja athygli á því. Mér finnst fara vel á því að halda því að hafa greinargerðir með þáltill. en athugasemdir með lagafrv. og mætti hafa það til athugunar fyrir þá sem vinna að þingsályktanagerð í ráðuneytunum.

Ég hef tækifæri til þess að fjalla um þetta mál í utanrmn. og get verið stuttorður. Það er vandræðagangur í þessu millibilsástandi og þetta er e.t.v. ekki óskynsamleg leið til þess að lifa af næstu sex mánuði. Á hinn bóginn væri náttúrlega freistandi að ræða nokkuð hvernig ríkisstjórnin hefur hugsað sér að standa að framhaldinu en þar sem nokkuð er áliðið dags og fáir mættir í salnum ætla ég að stilla mig um það í bili.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Aðgerðir til stuðnings íbúum Austur-Tímor, fyrri umr.

Þáltill. KÁ o.fl., 69. mál. — Þskj. 69.

[16:43]

Flm. (Kristín Ástgeirsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. á þskj. 69 um aðgerðir til stuðnings íbúum Austur-Tímor en flm. ásamt mér eru Kristín Einarsdóttir, Anna Ólafsdóttir Björnsson, Guðrún J. Halldórsdóttir og Jóna Valgerður Kristjánsdóttir.

Tillögugreinin er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að skora á utanríkisráðherra að beita sér á alþjóðavettvangi til stuðnings íbúum Austur-Tímor í því skyni að binda enda á harðstjórn og mannréttindabrot sem þeir hafa mátt sæta um árabil af hálfu Indónesíustjórnar."

Virðulegi forseti. Það er nokkuð óvenjulegt að tillaga af þessari gerð sé flutt á hinu háa Alþingi og menn spyrja væntanlega: Hvers vegna er verið að taka út eina svona litla eyju lengst í austurheimi? Eru ekki framin mannréttindabrot um allan heim? Hvers vegna að beina sjónum á þennan stað? Fyrir því eru ýmsar ástæður. Ástandið sem ríkt hefur í tæplega 20 ár á austurhluta eyjunnar er með því hörmulegasta sem menn hafa séð í veröldinni. Þarna á í hlut lítil kaþólsk þjóð sem talar sérstakt tungumál og hefur mátt sæta miklu harðræði þannig að á tímabili var talað um þjóðarmorð.

Ástæðan fyrir því að ég tók þetta mál upp er sú að þegar ég var á fundi í Lissabon fyrir tveimur árum með flóttamannanefnd Evrópuráðsins þá kom þetta mál upp. Nefndin heimsótti miðstöð íbúa frá Austur-Tímor sem hafa aðstöðu í Portúgal en Portúgölum rennur blóðið til skyldunnar. Eftir að hafa ráðið austurhluta eyjunnar Tímor um árhundraða skeið hefur þeim þótt þeir hafa nokkrar skyldur við íbúana og hafa veitt fjölda þeirra hæli í Portúgal. Þar komst ég í kynni við þetta mál og síðan gerðist það að haft var samband við okkur kvennalistakonur frá Noregi og leitað eftir stuðningi við málstað Austur-Tímor, m.a. af þeirri ástæðu að Ísland er eina Evrópuþjóðin sem í 19 ár hefur stutt tillögu hjá Sameinuðu þjóðunum þar sem innrás Indónesíu er fordæmd og Indónesíustjórn hvatt til að draga her sinn til baka. Þetta hefur vakið athygli íbúa Austur-Tímor og þeirra sem hafa verið að beita sér fyrir þeirra málum. Það var reyndar í gegnum persónuleg sambönd sem ég dróst inn í þetta.

Við kvennalistakonur lögðum þessa tillögu fram í fyrra og hún vakti þá nokkra athygli og varð til þess að fjölmiðlar fjölluðu nokkuð um þetta mál. Það hefur leitt til þess að hér kannast margir við ástandið sem þarna er og þegar Austur-Tímor komst allt í einu í fréttirnar nú um helgina þá vissu margir hvað um var að ræða. En frá því að við lögðum þessa tillögu fram í fyrra hefur ýmislegt gerst. Indónesíustjórn hefur orðið fyrir ýmiss konar áskorunum vegna þessa máls og hefur fengið athugasemdir, m.a. vegna þess að Al Gore, varaforseti Bandaríkjanna, hefur kynnt sér þessi mál sem m.a. kom fram í því að á fundinum í Jakarta nú um helgina ræddi Clinton Bandaríkjaforseti við Suharto forseta Indónesíu og gerði athugasemdir við ástand mannréttindamála í Indónesíu, þar á meðal væntanlega ástandið á Austur-Tímor. Jafnframt þeim fundi gerðist það í Jakarta að stúentar frá Austur-Tímor komust inn á lóð bandaríska sendiráðsins og tókst að vekja rækilega athygli á sínum málum. Jafnframt því urðu nokkrar óeirðir á Austur-Tímor.

En það hafa átt sér stað viðræður milli Indónesíustjórnar og þeirra hreyfinga sem hefur verið leiðandi fyrir íbúa Austur-Tímor, Fredelin er hún kölluð, og eru nokkrar vonir bundnar við þessar viðræður, von um það að Indónesíustjórn muni draga her sinn til baka jafnvel á næsta ári.

Enn eitt sem gerst hefur á síðustu mánuðum var að til stóð að halda mannréttindaráðstefnu um ástand mannréttindamála í Austur-Asíu, þar á meðal Austur-Tímor, á Filippseyjum sl. sumar, en Indónesíustjórn greip inn í og hótaði stjórn Filippseyja öllu illu ef þessi ráðstefna yrði haldin. Filippseyingar sáu sér ekki ann-

an kost vænni en að hætta við, enda greinilega miklir hagsmunir í húfi fyrir Filippseyinga. M.a. ætlaði frú Mitterrand, forsetafrú Frakklands, að sækja þessa ráðstefnu. Þessar hótanir Indónesíustjórnar urðu einnig til þess að vekja athygli á málefnum Austur-Tímor.

Ég vil geta þess einnig, hvort sem það var vegna þessarar tillögu eða hvað það var, þá nefndi Gunnar Pálsson sendiherra í ræðu sinni á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna nú í haust Austur-Tímor þegar hann var að tala um mannréttindabrot. Hann talaði þarna í umboði hæstv. utanrrh. að sjálfsögðu og þetta vakti einnig nokkra athygli.

Ástæðan fyrir því að við erum að leggja fram þessa tillögu er sú að við erum svo lánsöm hér á Íslandi að vera ein örfárra þjóða sem ekki komust í skýrslu Amnesty International vegna mannréttindabrota. Þó að menn geti deilt um það hvort hér ríki fullkomin mannréttindi þá erum við í hópi örfárra þjóða sem með nokkrum rétti geta talað máli mannréttinda og það eigum við að gera.

Ég ætla ekki að rekja sögu Austur-Tímor, en það kemur fram í greinargerðinni hvað þarna hefur verið á ferðinni, hvers konar mannréttindabrot hafa verið framin og hvers vegna. Það vill svo til að í sundinu á milli Tímor og Ástralíu eru olíulindir og þær eru auðvitað meginástæðan fyrir því að Indónesar réðust inn á austurhluta eyjarinnar og lögðu hana undir sig því að ella hefði orðið þarna til landhelgi sem þeir hefðu ekki átt aðgang að.

Í Indónesíu er gríðarlega mikið um erlendar fjárfestingar og þar eiga fjöldamörg lönd hagsmuna að gæta. Indónesar eru mjög rík þjóð, eiga miklar auðlindir og það veldur því að því miður eru það oft viðskiptahagsmunir sem ráða ferðinni þegar í hlut eiga ríki sem taka við erlendum fjárfestingum. Menn horfa þá fram hjá því að þar eru framin mannréttindabrot og mætti nefna hér til fleiri þjóðir.

En það er ýmislegt að gerast í þessum málum sem betur fer eins og ég hef rakið og m.a. hefur ríkisstjórn Íslands eða hæstv. utanrrh. lagt málinu lið á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Ég vona svo sannarlega að hann og þeir sem eiga eftir að gegna hans embætti hafi augun opin gagnvart þessu máli eins og reyndar fleiri sem snerta mannréttindi hvar sem er í heiminum. En eins og ég kom inn á er hér um nokkuð sérstakt mál að ræða vegna þess hversu lítil þjóð á þarna í hlut og vegna þess hversu grimmilega hefur verið gengið fram í mannréttindabrotum. Það hefur verið sagt að það sé hægt að nefna þrenns konar grimmilegustu þjóðarmorð sem framin hafi verið í heiminum á þessari öld. Þar er nefnd til útrýming á Kúrdum af hálfu Tyrkja, útrýming á gyðingum, einkum af hálfu Þjóðverja í síðari heimsstyrjöldinni, og loks sú útrýming sem íbúar Austur-Tímor hafa mátt sæta. Það er erfitt að áætla hversu margt fólk býr nú á Austur-Tímor. Það er talið að þeir séu um 700 þús. en ættu með réttu að vera um milljón. Hermenn Indónesíustjórnar hafa notað þá aðferð að ráðast inn í þorp og hafa drepið karlmenn en skilið konur og börn eftir, sem hefur m.a. leitt til hungursneyðar. Matvælaframleiðslan hefur dregist saman og það er enn ein aðferðin til þess að útrýma þessari litlu þjóð.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þessa tillögu en legg til að henni verði vísað til síðari umr. og hv. utanrmn. að lokinni þessari umræðu.

[16:54]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Það er rétt sem fram kom í máli málshefjanda að íslensk stjórnvöld hafa ítrekað lýst áhyggjum á ástandi mannréttindamála á Austur-Tímor. Ísland hefur verið eitt örfárra ríkja sem hafa notað tækifærið á alþjóðlegum vettvangi til þess að vekja athygli á ástandinu þar. Einungis Írland auk nokkurra ríkja portúgölskumælandi þjóða hafa séð ástæðu til þess að vekja athygli á mannréttindabrotunum á Tímor í ræðum sínum.

Tillaga um vernd mannréttinda á Austur-Tímor hefur hins vegar ekki náð fram að ganga á allsherjarþinginu. Ísland hefur stutt umfjöllun um ástand mannréttinda á Austur-Tímor í mannréttindanefndinni í Genf, en að því er varðar tillöguflutning þá er mikilvægt að hafa í huga að ef slíkar tillögur eru lagðar fram þykir mjög mikilvægt að það sé tryggt fyrir fram að þær hljóti samþykki vegna þess að höfnun slíkra tillagna yrði túlkuð sem áfall fyrir málstað viðkomandi þjóðar og ávinningur eða stuðningur, a.m.k. óbeinn, við framferði indónesíska stjórnvalda.

Það er rétt sem fram kom að fastafulltrúi Íslands á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna beindi í ræðu sem hann flutti fyrir hönd utanrrh. gagnrýni að stjórnvöldum í Indónesíu fyrir þessi alvarlegu mannréttindabrot. Fastafulltrúi Indónesíu óskaði eftir sérstökum fundi með fastafulltrúa Íslands í New York og lýsti þar orðrétt megnri óánægju yfirvalda í Jakarta með þessa yfirlýsingu Íslands. Þessi fulltrúi indónesískra stjórnvalda fékk þau svör að íslensk stjórnvöld bæru hag íbúa Austur-Tímor fyrir brjósti og tilvísun til mannréttinda á Austur-Tímor í ræðu fyrir hönd Íslands endurspeglaði þann áhuga sem bæði ríkisstjórn og Alþingi hefðu á þeim málum, einkum vegna þess hversu fáir hefðu orðið til þess að vekja á þeim athygli. Hann tók einnig fram að mannréttindasamtökin Amnesty International hefðu gagnrýnt áframhaldandi aftökur og fangelsanir án dóms og laga auk aðgerða til að hefta tjáningarfrelsi og til að útrýma menningu íbúanna. Annað nýlegt áhyggjuefni væri að indónesísk stjórnvöld hefðu lokað skrifstofum þriggja viðurkenndra blaða og tímarita á Austur-Tímor.

Þess má geta að fastafulltrúi Portúgals hefur hins vegar þakkað Íslandi fyrir stuðning við þessa mannréttindabaráttu. Þess má einnig geta að í nýlegri skýrslu aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna um Austur-Tímor er tekið fram að ögn skárra andrúmsloft ríki nú í viðræðum Indónesa og Portúgala um framtíð eyjaskeggja þótt enn beri mikið í milli. Sem dæmi um örstutt skref fram á við má nefna að þann 1. okt. sl. náðist samkomulag í London milli samninganefndar leiðtoga á Austur-Tímor og leiðtoga frá Austur-Tímor sem búa á erlendri grund. Mikilvægt er að þessar viðræð-

ur haldi áfram í góðri trú. Umræðu um málefni Austur-Tímor var frestað á allsherjarþinginu til ársins 1995, en íslensk stjórnvöld hafa hins vegar talið og munu fylgja því eftir að rétt sé að halda þessu máli vakandi.

[16:58]

Flm. (Kristín Ástgeirsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir að taka þátt í þessari umræðu og fyrir þær upplýsingar sem fram komu í hans máli. Ég held einmitt að það sem hann sagði um viðbrögð Indónesíustjórnar sýni að það er tekið eftir því þegar mál af þessu tagi eru tekin upp í umræðum. Það er tekið eftir því þegar Ísland á í hlut og reyndar fleiri. Ég hef heyrt einmitt fleiri dæmi af því að þetta mál er komið á það stig að Indónesíustjórn er orðin viðkvæm fyrir því. Hún er viðkvæm fyrir orðstír sínum á alþjóðavettvangi og þess vegna skiptir það máli að þeir viti að jafnvel hér lengst norður í höfum er fólk sem fylgist með því sem þeir eru að gera og sem fylgist með mannréttindabrotum og vill skipta sér af og segja við menn að þeir framfylgi ekki þeim sáttmálum sem m.a. Sameinuðu þjóðirnar hafa samþykkt.

Ég vil bara þakka fyrir þetta og hvetja hæstv. utanrrh. til frekari dáða í þessu máli sem og öðrum þar sem mannréttindi eiga í hlut.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 3., 8., 9. og 11.–18. mál.

Fundi slitið kl. 17:00.

---

36. FUNDUR

föstudaginn 18. nóv.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Náttúruvernd, stjfrv., 123. mál, þskj. 128. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Vernd Breiðafjarðar, stjfrv., 206. mál, þskj. 232. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Sameining Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda, stjfrv., 174. mál, þskj. 191. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Framleiðsla og sala á búvörum, stjfrv., 175. mál, þskj. 192. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Útflutningur hrossa, stjfrv., 209. mál, þskj. 235. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Bráðabirgðasamkomulag eftir að EFTA-ríki hafa gerst aðilar að Evrópusambandinu, stjtill., 182. mál, þskj. 204. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Vegalög, frv., 178. mál, þskj. 196. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
8. Aðgerðir til stuðnings íbúum Austur-Tímor, þáltill., 69. mál, þskj. 69. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
9. Takmörkun á ráðstöfun síldar til bræðslu, stjfrv., 107. mál, þskj. 110, nál. 248. — 2. umr.
10. Vegaframkvæmdir á Austurlandi, þáltill., 37. mál, þskj. 37. — Frh. fyrri umr.
11. Nefnd til að kanna útlánatöp innlánsstofnana, frv., 70. mál, þskj. 70. — Frh. 1. umr.
12. Bann við atvinnurekstri einstaklings vegna afbrota, frv., 87. mál, þskj. 87. — 1. umr.
13. Kennsla í iðjuþjálfun, þáltill., 91. mál, þskj. 93. — Fyrri umr.
14. Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda, stjfrv., 190. mál, þskj. 212. — 1. umr.
15. Rannsóknarráð Íslands, frv., 136. mál, þskj. 142. — 1. umr.
16. Kynning á íslenskri menningu, frv., 145. mál, þskj. 153. — 1. umr.
17. Fæðingarorlof, þáltill., 147. mál, þskj. 155. — Fyrri umr.
18. Almannatryggingar, frv., 191. mál, þskj. 214. — 1. umr.
19. Fæðingarorlof, frv., 192. mál, þskj. 215. — 1. umr.
20. Réttur verkafólks til uppsagnarfrests, þáltill., 194. mál, þskj. 217. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Gunnlaugur Stefánsson, 5. þm. Austurl.,
Eggert Haukdal, 6. þm. Suðurl.,
Ingi Björn Albertsson, 5. þm. Reykv.,
Jóhann Einvarðsson, 7. þm. Reykn.,
Jóhannes Geir Sigurgeirsson, 6. þm. Norðurl. e.,
Jón Kristjánsson, 2. þm. Austurl.,
Kristinn H. Gunnarsson, 5. þm. Vestf.,
Ólafur G. Einarsson menntmrh.,
Sturla Böðvarsson, 1. þm. Vesturl.

Útbýting þingskjals:

Íþróttakennaraskóli Íslands að Laugarvatni, 90. mál, svar menntmrh., þskj. 249.

Tilkynning um utandagskrárumræður.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Forseti ætlar að koma á framfæri tilkynningu um utandagskrárumræður sem hér fara fram í dag. Það er í fyrsta lagi umræða að beiðni hv. þm. Svavars Gestssonar og fer hún fram kl. 14.30. Hann beinir máli sínu til hæstv. fjmrh. og fer umræðan fram skv. 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálftíma. Umræðuefnið er sala hlutabréfa í Lyfjaverslun Íslands hf.

Þá fer fram umræða kl. 14.00 að beiðni hv. þm. Halldórs Ásgrímssonar. Hann beinir máli sínu til hæstv. félmrh. Umræðan fer fram skv. 1. mgr. 50. gr.

þingskapa og er umræðuefnið málefni Atlanta-flugfélagsins.

Athugasemdir um störf þingsins.

Skýrslur stofnana Háskóla Íslands um ESB-aðild.

[10:34]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Eins og flestir vita þá ákvað ríkisstjórnin fyrir allnokkru síðan að óska eftir því við nokkrar stofnanir Háskóla Íslands að þær gerðu úttekt á kostum og göllum aðildar að Evrópusambandinu. Nú er það svo að ríkisstjórnin er í þessu tilviki klárlega verkbeiðandi og mér hefur skilist að skýrslur þessar hafi að hluta til og í einhverjum tilvikum í drögum, svo ég segi ekki slitrum, borist til nefndarmanna í utanrmn. Alþingis. Ég reyndi í gær að afla mér upplýsinga um þessar skýrslur, hvar þær væri að finna og hvort þær hefðu yfir höfuð litið dagsins ljós. Bæði í utanrrn. og forsrn. var mér sagt að þessar skýrslur væru ekki til, ekki tilbúnar a.m.k. sem fullbúnar skýrslur og hjá utanrmn. Alþingis liggja þessar skýrslur a.m.k. ekki fyrir í fullbúnu formi. Þær liggja fyrir þannig að fjórar skýrslur hafa borist, þar af tvær í einhverjum bráðabirgðaútgáfum og alls ekki í endanlegri mynd sinni. Þess vegna vekur það nokkra athygli, virðulegi forseti, að inn á okkar borð barst í gær dreifibréf frá Alþfl., Jafnaðarmannaflokki Íslands, þar sem frá því er greint, gagnstætt því sem ég fékk upplýsingar um í utanrmn. í gær, gagnstætt því sem ég fékk upplýsingar um í forsrn. í gær, gagnstætt því sem ég fékk upplýsingar um í utanrrn. í gær, að nú liggi þessar niðurstöður fyrir hjá fjórum af fimm stofnunum háskólans og það verði sem sagt hlutverk Alþfl. að kynna þessar skýrslur á sérstökum fundi sem boðað er til í þessu dreifibréfi.

Nú vil ég spyrja hæstv. forseta: Er ekki eðlilegt eins og til þessa máls var stofnað að þessar skýrslur berist okkur þingmönnum þannig að við getum rætt þessi mál á Alþingi, þannig að við getum tekið afstöðu til þessa máls á Alþingi en þurfum ekki að vera að elta uppi fundi í Alþfl. til þess að fá þessar upplýsingar sem ættu að vera á borðum Alþingis?

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Forseti vill taka fram í tilefni orða hv. þm. að það stendur yfir ríkisstjórnarfundur og þess vegna eru hæstv. ráðherrar ekki viðstaddir á þessari stundu. Annars telur forseti að eðlilegt hefði verið að hæstv. utanrrh. hefði verið til andsvara.

[10:36]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Einari Guðfinnssyni fyrir að taka þetta mál hér upp. Satt að segja vakti þessi auglýsing athygli mína og ég hef eins og aðrir þingmenn veitt því athygli að þessar skýrslur voru skrifaðar. Það er umdeilanlegt að ýmsu leyti hvernig háskólinn stendur að þessu máli. Ég hef að vísu tekið eftir því að háskólarektor vill ekki að þessar skýrslur séu kallaðar skýrslur háskólans eins og ég heyrði að hv. þm. gerði. Ég skil háskólarektor mjög vel að hann skuli ekki vilja kalla þetta skýrslur háskólans miðað við allar aðstæður. En ég vil taka undir þau sjónarmið sem fram komu hjá hv. þm. Einari Guðfinnssyni og bæta því jafnframt við að ég tel að það sé eðlilegur hlutur að forsætisnefnd Alþingis hlutist til um það að allir þingmenn fái aðgang að þessum skýrslum eins og þær leggja sig. Ég veit ekki betur en þær séu kostaðar af almannafé og að þjóðin sé að greiða fyrir þessa vinnu með skattpeningum sínum og þess vegna tel ég eðlilegt að alþingismenn fái þessar skýrslur til umræðu þannig að um þær sé hægt að fjalla hér, en menn þurfi ekki, eins og hv. þm. orðaði það, að neyðast til þess að fara jafnvel á fundi í Alþfl. til að sjá þessar skýrslur. Það sér auðvitað hvert mannsbarn í þessari virðulegu stofnun að gengur alls ekki að nokkur sæmilegur maður leggi á sig.

[10:38]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil einnig þakka hv. þm. Einari Guðfinnssyni fyrir að vekja athygli á þessu máli. Ég veit ekki betur en þau skýrsludrög sem lögð hafa verið fyrir utanrmn. séu enn þá trúnaðarmál. Það væri þá fróðlegt að fá upplýst hvort búið er að aflétta þeim trúnaði og hvernig á því stendur að Alþfl. fær að kynna þessar skýrslur með þessum hætti. Það kom að vísu í fréttum að ríkisstjórnin hefði sent þau tilmæli til stofnana háskólans að þær yrðu sjálfar að bera ábyrgð á skýrslunum, en þetta er samt sem áður mjög sérkennileg málsmeðferð. Ríkisstjórnin biður um skýrslurnar og greiðir væntanlega fyrir þær og væri fróðlegt að fá að vita hvað öll þessi vinna hefur kostað. Síðan þegar skýrslurnar birtast þá er á þeim alger trúnaður og mér vitanlega hefur enginn utan utanrmn. séð þær nema ef vera kynnu ráðherrar í ríkisstjórn Íslands. Síðan er tilkynntur þessi fundur þar sem á að kynna þessar skýrslur. Þetta er allt hið undarlegasta mál.

Að lokum, virðulegi forseti. Er það við hæfi að ríkisstjórn Íslands sitji á fundi þegar Alþingi hefur hafið störf og þingfundur er hafinn? Ég hélt að þeir hefðu skyldu til þess að mæta á þingfundum nema þeir hafi beðið um fjarvistarleyfi.

[10:40]

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Ég er sennilega einn af fáum sem hafa fengið þessar skýrslur í hendur og lesið þær. Þær eru um margt athyglisverðar þó að ég sé ekki sammála öllu sem í þeim stendur. En ég veit ekki betur en þær séu trúnaðarmál og við sem fengið höfum skýrslurnar í utanrmn. höfum farið með þær sem slíkar. Hins vegar þýðir lítið að beina þessu máli til forseta Alþingis. Hér er um skýrslugerð að ræða á vegum hæstv. ríkisstjórnar og það þarf að spyrja ríkisstjórnina um það hvernig standi á því að skýrslunum er ekki dreift. Mér sýnist þetta vera eitt af innanbúðarmálunum milli stjórnarflokkanna. Það sýnir það best hvernig sambúðin er á stjórnarheimilinu að stjórnarþingmenn virðast ekki fá aðgang að nauðsynlegum skjölum og þurfa að

sækja flokksfund hjá Alþfl. til þess að fá upplýsingar um málið. Ég skil vel þau sárindi. En ég held að það verði því miður ekki lagfært með umræðum á Alþingi þegar ríkisstjórnin er fjarverandi og hefur náttúrlega ekkert upp á sig að vera að ræða þetta mál án þess að geta talað við ráðherrana. Það eru þeir sem bera ábyrgð á þessum skýrslum, það eru þeir sem geta aflétt trúnaði af þeim. Auðvitað á að gera það. Það er ekkert í þessum skýrslum sem ekki þolir umræðu og ef hér á að fara fram málefnaleg umræða um þessi mál þá er lágmark að allar skýrslur sem eru unnar fyrir opinbert fé séu birtar og þær gerðar aðgengilegar bæði fyrir þingmenn og aðra. Ég tek því undir þá kröfu þingmannsins að þessar skýrslur séu birtar og aflétt af þeim trúnaði.

[10:42]

Sigbjörn Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Aðeins vegna þessa máls. Eins og fram kom í máli hv. þm. Kristínar Ástgeirsdóttur þá kom fram í fréttum á dögunum að ríkisstjórnin hefði ákveðið að gangast ekki fyrir sérstakri kynningu á þessum skýrslum heldur lagði það í vald háskólans og þeirra stofnana sem að unnu. Ég fæ ekki séð hvernig það getur orðið umræðuefni hér þó Alþfl. gangist fyrir fundi um Evrópusambandið og fái aðila úr háskólanum sem hafa unnið að þessum rannsóknum að undanförnu til þess að vera þar frummælendur. Ég hélt að það væri af hinu góða að örva umræðu í samfélaginu um þessi mál sem og önnur sem brenna á þjóðinni og öðrum þjóðum í nágrenni okkar.

[10:43]

Ragnar Arnalds:

Virðulegi forseti. Ég þakka eins og fleiri hafa gert frummælanda fyrir að vekja athygli á þessu sérkennilega máli. Ég held að þessi málsmeðferð öll sé mjög athyglisverð. Ég hef orðið var við það í umræðum um þetta mál að á það hefur verið bent af forustumönnum í Háskóla Íslands að hér sé ekki um að ræða skýrslur Háskóla Íslands heldur skýrslur nokkurra einstaklinga sem starfa hjá Háskóla Íslands. Ég held að það sé mjög nauðsynlegt að halda þessu til haga og hafa um leið í huga það sem ýmsir málsmetandi menn, þar á meðal ráðherrar í núv. ríkisstjórn, hafa bent á að í þessum skýrslum eru dregnar ýmsar ályktanir sem verða að teljast mjög persónulegar, litaðar af persónulegum skoðunum þeirra einstaklinga sem þær semja.

En úr því að skýrsluhöfundar hafa valið þá leið að birta niðurstöður sínar á flokksfundi í Alþfl. er í raun og veru fengin niðurstaða um eðli þessara skýrslna. Þetta eru greinilega skýrslur Alþfl. í þessu máli sem Alþfl. hefur látið nokkra menn í háskólanum vinna fyrir sig. Úr því að þær eru birtar á þessum vettvangi þá sýnir það í hendingskasti hvert eðli þessara skýrslna er.

[10:45]

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Mér kemur alveg á óvart að hér sé á ferðinni einhverjar skýrslur sem eru leyndarplögg og við þingmenn fáum ekki að sjá. Hv. þm. Einar K. Guðfinnsson er að spyrjast fyrir um þetta eins og ég er að gera. Mér finnst þetta ekkert smámál. Þetta er dulið í okkar flokki og verið að höndla við þetta einhvers staðar annars staðar. Ég tel það mjög vítavert og geri kröfu um það að þessi plögg verði lögð fram til þingsins.

[10:46]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Það er fyrst varðandi spurninguna hvort búið sé að aflétta leyndarkvöðinni af þessari skýrslu. Það er rétt sem fram kom í máli hæstv. utanrrh. 27. okt. sl. í umræðum um utanríkismál þar sem hann sagði að hvað hann áhrærir þá sé búið að aflétta þessari kvöð. En það sem er sérkennilegt í því er að menn eru að tala um að aflétta kvöð af einhverjum skýrslum sem eru ekki til. Ég vek athygli á því að þetta eru ekki tilbúnar skýrslur, hér eru til drög að einhverjum skýrslum eftir því sem maður hefur upplýsingar um. Það er ekki hægt að aflétta kvöð af einhverri skýrslu sem er ekki til. Það er því fráleitt að hæstv. utanrrh. segi að hann sé að aflétta kvöð af einhverri skýrslu sem er einfaldlega ekki til.

Málið snýst ekkert um þetta. Það sem málið snýst um er að látið er í veðri vaka í auglýsingum Alþfl. að einhverjir tilteknir ráðherrar eða stjórnmálamenn vilji koma í veg fyrir að þessi mál séu rædd og þess vegna segir í auglýsingunni að Alþfl. telji nauðsynlegt að sem flestir fái tækifæri til þess að kynna sér þessar upplýsingar.

Ég tel einfaldlega að eins og að málinu var efnt þá sé langeðlilegast að við þingmenn fáum þessar skýrslur í hendur, fáum tækifæri til þess að ræða þessi mál á forsendum þessara skýrslna. Ég segi fyrir mína parta að ég hef ekkert nema gott um það að segja að hinir fróðustu menn hjá háskólanum séu fengnir til þess að segja álit sitt á þessu máli.

Varðandi athugasemd hv. 1. þm. Austurl. þá verð ég að segja að eins og hann þekkir úr þingsköpunum þá er einfaldlega gert ráð fyrir því að umræður um störf þingsins, fari fram í upphafi þingfundar. Mér var ekki ljóst hvort ráðherrar væru viðstaddir eða ekki. En umræða af þessu tagi getur ekki farið fram undir öðrum kringumstæðum nema að láta þær dragast fram yfir fund Alþfl. á sunnudaginn.

Kynning á íslenskri menningu, 1. umr.

Frv. SvG og GHelg, 145. mál. — Þskj. 153.

[10:49]

Flm. (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Á þskj. 153 flyt ég ásamt hv. 14. þm. Reykv. frv. til laga um kynningu á íslenskri menningu. Frv. hefur verið flutt áður. Það hlaut ekki afgreiðslu en með hliðsjón af þeim miklu umræðum sem nú eru í gangi um stöðu íslenskrar menningar og nauðsyn þess að kynna verkefni á hennar vegum erlendis ekki síst, þá töldum við rétt að endurflytja frv. til að láta reyna á afstöðuna til þess. Það hefði verið æski-

legt að kalla til þessarar umræðu aðila eins og hæstv. menntmrh., ekki síst með hliðsjón af því að í ráðuneytinu mun nú vera unnið að endurskoðun á reglum um bókmenntakynningarsjóð sem er lítill sjóður og hefur starfað án lagastoðar en hefur engu að síður skilað þó nokkrum árangri með því að veita dálítinn styrk til þýðingar á erlendum bókmenntum á íslenska tungu. Uppi eru um það hugmyndir að bæta þar nokkru við í fjármunum þannig að um gæti verið að ræða myndarlegri stuðning en verið hefur.

Í 1. gr. frv. er almennt fjallað um markmið þess, þ.e. það er gert ráð fyrir því að markmiðið sé að stuðla að öflugri og skipulegri kynningu á íslenskri menningu erlendis. Í því skyni starfi skrifstofa er nefnist Miðstöð íslenskrar menningarkynningar.

Í 2. gr. er farið yfir það hver séu meginverkefni þessarar skrifstofu.

Í fyrsta lagi að stuðla eins og frekast er kostur að samvinnu þeirra aðila sem annast kynningu á íslenskri menningu. Það eru margir aðilar sem vinna að kynningu á íslenskri menningu erlendis en þeir hafa allt of lítið samstarf sín á milli og það er öruggt mál að hægt væri að ná meiri árangri ef þessir aðilar gætu unnið betur saman en verið hefur.

Í öðru lagi að annast upplýsingaþjónustu gagnvart erlendum aðilum um íslenska menningu, en það er verulega mikil eftirspurn erlendra aðila eftir upplýsingum um íslenska menningu en þessir aðilar vita oft ekki hvert þeir eiga að snúa sér eða hvernig þeir eiga að bera sig eftir þessum upplýsingum af því að það er enginn einn aðili sem hefur með þetta að gera. Niðurstaðan hefur orðið sú að þessir aðilar hafa aðallega snúið sér til menntmrn. en það er ekki gott vegna þess að ráðuneytið hefur enga samræmda upplýsingavinnu af þessu tagi í gangi. Allar aðrar þjóðir, t.d. nágrannaþjóðir okkar sem við berum okkur oft saman við, eru með slíka skrifstofu starfandi. Erlendir aðilar, fyrirtæki, samtök og ríki og ráðuneyti geta þá snúið sér til viðkomandi stofnana og beðið um upplýsingar um menningu viðkomandi þjóðríkja og áhuga menningargreina á að tengjast erlendum menningarstraumum.

Það er gert ráð fyrir því að sjálfsögðu að þessi miðstöð íslenskrar menningarkynningar lúti forræði og forustu menntmrn. og í stjórn skrifstofunnar verði þrír menn skipaðir af menntmrh. þannig að einn verði skipaður samkvæmt tilnefningu Bandalags íslenskra listamanna og tveir án tilnefningar. Skal annar þeirra vera formaður en hinn frá fyrirtækjum og stofnunum sem fást við að flytja út íslenskt menningarefni. Stjórnin sé skipuð til fjögurra ára í senn. Síðan er gert ráð fyrir því að í tengslum við skrifstofuna verði starfandi ráðgjafarhópur skipaður fulltrúum helstu listgreina í landinu.

Fyrirmyndin af þessum ráðagjafarhópi er sótt til Finnlands. Þar er starfandi kynningarskrifstofa finnskrar menningar sem annast tengsl finnskra listgreina við útlönd og á bak við þá skrifstofu er starfandi ráðgjafarhópur þar sem hinar einstöku listgreinar eiga fulltrúa, þ.e. myndlist, tónlist, rithöfundar o.s.frv. Þetta er reyndar allfjölmenn nefnd. T.d. eiga hinar ýmsu greinar myndlistar fulltrúa í þessari nefnd í Finnlandi, þ.e. höggmyndalist, málun, grafík o.s.frv.

Hér er um að ræða að því er Finnana varðar allfjölmenna ráðgjafarnefnd sem telur 25 manna alls. Það eru því allmargir aðilar sem koma að kynningu á finnskri menningu.

Hér er sem sagt um að ræða tillögu um mjög valddreifða stjórn þessarar skrifstofu. Það er ekki gert ráð fyrir því að ráðuneytið ráði öllum hlutum, langt frá því, heldur er gert ráð fyrir því í þessari hugmynd að mjög margir aðilar komi að þessari kynningarstarfsemi.

Í 4. gr. er gert ráð fyrir því að menntmrh. ráði framkvæmdastjóra skrifstofunnar að fengnum tillögum stjórnar skrifstofunnar. Framkvæmdastjórinn sé ráðinn til fjögurra ára í senn en hann ráði svo annað starfslið með samþykki stjórnar og eftir því sem fjárheimildir standa til.

Það er gert ráð fyrir því að skrifstofan hafi sjálfstæðan fjárhag og reikningshald og verði undanþegin opinberum gjöldum og sköttum til ríkissjóðs og sveitarfélaga. Það er gert ráð fyrir því að tekjur skrifstofunnar verði tvenns konar. Annars vegar tekjur sem eru beint framlag úr ríkissjóði og hins vegar framlög sveitarfélaga, fyrirtækja og einstaklinga.

Nú háttar þannig til að ríkið leggur dálitla fjármuni til kynningarstarfsemi á íslenskri menningu erlendis. Undir menntmrh. eru fjárlagaliðir upp á sennilega 20–30 millj. kr. sem nú er ráðstafað af menntmrh. einum í þessu skyni. Það eru liðirnir Til kynningar á íslenskri menningu erlendis og Íslensk menning almennt. Ég geri ráð fyrir því í þessum frumvarpsdrögum að þeir fjármunir sem núna fara beint í gegnum menntmrn. fari í gegnum þessa skrifstofu. Ég held satt að segja að þeir listar sem birtust nýlega um notkun á ráðstöfunarfé menntmrh. hvetji heldur til þess að aðrir aðilar komi að úthlutun fjármunanna en menntmrh. á hverjum tíma, hver svo sem hann er.

Þess vegna tel ég skynsamlegt að að þessu komi allmargir aðilar sem leggi sitt af mörkum í þessu sambandi.

Þetta frv. var upphaflega samið af nefnd sem var skipuð af menntmrh. fyrir nokkrum árum og náðist fullt samkomulag um frumvarpsdrögin á milli þeirra sem unnu að undirbúningi þess, þ.e. fulltrúa þáverandi stjórnarflokka, Framsfl., Alþb. og Alþfl. Þess vegna má ætla það, líka af samþykktum sem gerðar hafa verið á landsfundum Sjálfstfl. sem er einn stjórnmálaflokkanna í landinu eins og kunnugt er, að það sé nokkuð víðtæk samstaða um þetta mál. Þess vegna tel ég ástæðu til að ætla að það geti náð jákvæðri niðurstöðu á Alþingi og þetta frv. geti orðið að lögum.

Í grg. frv. kemur fram í umfjöllun um 3. gr. þess hvernig gert er ráð fyrir að ráðgjafahópurinn sem ég talaði um áðan verði skipaður. Það segir með leyfi forseta:

„Ráðgjafarhópurinn getur verið til ráðuneytis um almenna stefnumótun varðandi kynningu á íslenskri list. Í reglugerð skal tilgreina hvaða samtök listamanna tilnefna fulltrúa í ráðgjafarhópinn. En nefna má í því

sambandi Rithöfundasamband Íslands, leiklistarráð, Tónskáldafélag Íslands, Félag íslenskra tónlistarmanna, Félag íslenskra hljómlistarmanna, Félag íslenskra tónskálda og textahöfunda, Arkitektafélag Íslands, Félag kvikmyndagerðarmanna og Samband íslenskra myndlistarmanna."

Hér er sem sagt gert ráð fyrir því að spanna yfir allt sviðið að því er varðar samtök listgreina hér á landi. Ég tel mjög mikilvægt að tryggja að allir þeir aðilar komi með einhverjum hætti að þessu verki.

Fyrir nokkrum árum settum við á Alþingi ný lög um listasjóði sem svo eru kallaðir. Þá gerðist það í fyrsta sinn að tónlist, myndlist og reyndar aðrar listgreinar en bókmenntir fengu sérstaka sjóði til þess að veita úr starfslaun. Þessir sjóðir, sem eru fimm talsins, veita samtals eitthvað á annað hundrað millj. kr. á ári í þessu skyni og eru myndarlegir og hafa ráðið úrslitum að mörgu leyti um þróun þessara greina á undanförnum árum. Vandinn er hins vegar sá að íslensk menning, sem áður var virðisaukaskattslaus, greiðir núna virðisaukaskatt. Þegar kostnaðurinn við íslenska menningu úr ríkissjóði er gerður upp þá kemur sennilega í ljós að menningin greiðir nettó í ríkissjóð en fær ekkert úr ríkissjóði af því að það er svo mikið tekið af menningarstarfseminni í óbeina skatta að það er í raun og veru þannig að menningarstarfsemin skilar meiru þegar upp er staðið í ríkissjóð en hún fær úr ríkissjóði.

Af þessum ástæðum, hæstv. forseti, þá tel ég nauðsynlegt að efla mjög starfsemi ríkisins og áherslur í menningarmálum þó ekki sé nema til þess að koma til móts við þá staðreynd að menningarstarfsemin er að sligast undan sköttum. Ég vona að menn hafi tekið eftir því að í einhverju blaði í dag eru viðtöl við allmargra forráðamenn íslenskra bókaútgáfa þar sem kemur í ljós að bókaútgáfan í landinu er mjög komin að fótum fram, stendur mjög illa, stendur mjög tæpt. Ég hygg að rekstur bókaútgáfufyrirtækja á Íslandi hafi aldrei staðið eins illa og núna. Við erum að sjá dæmi um það og frétta af því að virt, reynd bókaforlög, eins og t.d. bókaforlag Arnar og Örlygs, svo ég nefni dæmi, eigi í miklum erfiðleikum. Við erum að frétta dæmi af því aftur og aftur að prentsmiðjur eru að fara á hausinn og stórar prentsmiðjur, eins og Oddi, eru að yfirtaka minni prentsmiðjur sem er afleiðing af því að bókaforlögin eru að fara yfir um hvert á fætur öðru. (**GÁ:** Sjálfstfl. ræður þarna ...) Sjálfstfl. ræður þarna mjög miklu auðvitað, eins og hv. þm. bendir á af hyggjuviti sínu, hinn brúnaþungi hv. 5. þm. Suðurl., og er að sjálfsögðu alveg rétt hjá honum. En Sjálfstfl. stendur auðvitað í talsverðum vanda í þessum efnum líka, eins og hv. þm. þekkir, vegna þess að hann er með bókaútgáfufyrirtæki sem heitir Almenna bókafélagið. Það voru gerðar alls konar kúnstir hér fyrir fáeinum árum þegar hv. þm. Björn Bjarnason var þar í forustu til þess að reyna að bjarga því bókaútgáfufyrirtæki, Almenna bókafélaginu, fyrir horn. Það tókst hins vegar ekki þannig að það fyrirtæki stendur einnig afar illa.

Allt þetta gerir það að verkum að það á að taka á málefnum menningarinnar hér í þessari stofnun sem er þó í raun og veru aldrei gert, því miður. Það er eiginlega aldrei nokkurn tíma talað um það sem heitir íslensk menning af neinni alvöru í þessari stofnun. Aftur á móti er það eins og við manninn mælt að þegar búið er að sleppa þingmönnum út úr þessu húsi þá eru þeir alveg stórfelldir vinir íslenskrar menningar hver um annan þveran og má vart á milli sjá hver þeirra hefur hæst um þau efni.

Í öðru lagi er ástæðan fyrir því að við flytjum þetta frv. núna sú að það eru miklar áherslur lagðar á það að Íslendingar tengist alþjóðlegu samstarfi og það er allt í lagi með það. Íslendingar eiga auðvitað að tengjast alþjóðlegu samstarfi. Það sem Íslendingar hafa fram að færa á erlendum vettvangi fyrst og fremst og best er íslensk menning, þó svo að þeim sem eru að flytja út fyrir Ísland detti yfirleitt aldrei neitt í hug annað en rækjur og stundum í besta falli fegurðardrottningar. En það sem heitir almenn íslensk menning er í raun og veru aldrei haft með í farteskinu, þó að menningin sé það sem við munum en rækjurnar það sem við borðum, eins og kunnugt er, og horfum svo á fegurðardrottningarnar. Þannig að ég held að það sé alveg nauðsynlegt að draga þennan drátt með mjög skýrum hætti inn í kynninguna á Íslandi erlendis, það er menningin. Það sem gerir Ísland að Íslandi og Íslendinga að Íslendingum er þrátt fyrir allt og allt ekki þorskurinn og ekki einu sinni lýsið og ekki einu sinni landbúnaðarafurðirnar, ekki einu sinni kindakjötið, eins og maður gæti nú haldið að væru undirstaða íslenskrar menningar og það helst feitt í þokkabót. Nei, undirstaðan er íslensk menning. Ástæðan til þess að við erum Íslendingar og búum hér á Íslandi, það er íslensk menning. (**GÁ:** Ég held að það sé nú ketið.) Og þó að hv. 5. þm. Suðurl., í anda stefnu Framsfl., telji það að sjálfsögðu vera rollukjötið þá er það misskilningur.

Þess vegna tel ég að einmitt núna þegar menn eru að fjalla um það að Íslendingar tengist alþjóðlegu samstarfi með ýmsum hætti, þá eigi menn að leggja aukna áherslu á kynningu á íslenskri menningu, verulega aukna áherslu á það frá því sem verið hefur og verja til þess fjármunum. Reyndar er það ekki bara spurning um það að gefa frá sér fjármuni því að ég er sannfærður um að af íslenskri menningu erlendis má hafa miklar tekjur. Og sú íslenska menningarstarfsemi sem hefur verið kynnt á erlendum vettvangi hefur iðulega skilað verulegum tekjum. Ég nefni t.d. í því sambandi íslenska kvikmyndagerð, þar sem það er alveg ljóst að um hefur verið að ræða stórfelldar tekjur fyrir íslenska þjóðarbúið og mér liggur reyndar við að segja að engin listgrein nær eins sterkt út til fjöldans, milljónanna, og íslensk kvikmyndagerð.

Þess vegna er það eðlilegt einmitt við þær aðstæður þegar menn eru að tala um að tengjast einhverjum alþjóðlegum heildum, hvort sem það verður nú eða ekki, að þá sé einmitt lögð á það áhersla að kynna myndarlega íslenska menningarstarfsemi erlendis og reyna þannig að sýna það Ísland sem við viljum sýna og við í raun og veru erum þegar upp er staðið, fyrst og fremst, þ.e. af því að menningin á Íslandi er ekki bara hobbí. Menningin á Íslandi er ekki tómstunda-

iðja. Menningin á Íslandi er undirstaða þess lífs sem við búum hérna og það er munurinn á íslenskri menningarskilgreiningu og menningarskilgreiningu t.d. annarra þjóða, segjum t.d. Dana eða Þjóðverja eða jafnvel Frakka eða Bandaríkjamanna. Þar líta menn þannig á að hin þjóðlega menning sé auðvitað mikilvæg en sé fyrst og fremst tómstundaiðja ákveðinna skólagenginna hópa. Hér hefur íslensk menning verið undirstaða þjóðlífsins og gengið í raun og veru inn í hvert einasta heimili eða ég segi ekki hvern einasta mann í landinu. (**Gripið fram í:** Líka saltfiskurinn.) Já, stundum, en hann er nú alla vega, eins og hv. þm. veit, þessi saltfiskur.

Ég held því að það sé mjög mikilvægt að menn geri sér grein fyrir því að við getum verið stolt af íslenskri menningu í þessu samhengi og menn þurfa auðvitað ekki í þessu sambandi að fyllast hræðslu við einangrun sem t.d. er mikið rætt um um þessar mundir að sé það hættulegasta sem geti komið fyrir Ísland. Þó að við séum aðilar að svona 100–200 alþjóðlegum samningum af ýmsu tagi, þá ku það vera stórfelld einangrun sem sé yfirvofandi hér fyrir Íslendinga og í þessu tali um einangrun felst auðvitað ekkert annað en minnimáttarkennd þeirra sem tala fyrir þessu einangrunartali. Besta leiðin til að uppræta minnimáttarkenndina í þessu fólki, sem er til hér og er jafnvel í æðstu stöðum, er að gera því grein fyrir því hvað íslensk menning getur gert fyrir andlit Íslands og þar með alþjóðlega menningu á alþjóðlegum vettvagi.

Á þessum grundvelli, hæstv. forseti, flytjum við þetta frv. og ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

[11:07]

Pétur Bjarnason:

Virðulegi forseti. Ég vil leyfa mér að taka undir orð hv. þm. Svavars Gestssonar. Þó að ég taki ekki undir frv. í heild sinni, þá vil ég sérstaklega styðja þá umræðu að íslenskri menningu verður seint gert of hátt undir höfði og það er mikil nauðsyn á að kynna hana.

Íslensk menning er stór hluti þess sem við erum í rauninni að selja úr landi og við höfum undanfarin ár verið í því að kynna Ísland erlendis á ótal sviðum meðfram til þess að skapa ímynd landsins og þar hefur menning Íslands ekki verið hvað sísta afurðin sem við höfum beitt fyrir okkur. Við höfum verið að kynna menningu, við höfum verið að kynna söguna, við höfum verið að flytja út hugvit og við höfum kynnt þá útflutningsvöru eins og annað. Við höfum verið að flytja út fisk og rækju eins og kom hér fram áður og við munum vonandi í framtíðinni flytja út hvalkjöt í miklum mæli. Við erum að flytja út þekkingu um Ísland, um þá náttúru sem hér er í boði. Við erum að kynna landið, við erum að skapa því ímynd.

Hér hefur verið nefnd kvikmyndagerð, sem svo ung sem hún er og vanmegnug og svo lítið sem hefur verið hlúð að þeirri grein, þá er hreint með ólíkindum hvað hún hefur náð áleiðis. Það má minna á margt fleira sem hjálpar okkur að skapa þessa ímynd og treysta mynd Íslands erlendis og tilheyrir margt af því menningu. Það er t.d. gengi skákmanna okkar, sem er með ólíkindum á heimsmælikvarða hvað þeim hefur gengið vel. Við höfum átt bridsmenn í afreksmannasveit. Við höfum átt ýmsa afreksmenn í íþróttum. Það má nefna handbolta, það má nefna júdó og ekki síst má nefna ótrúlega og einstaklega gott gengi fatlaðra íþróttamanna íslenskra sem hafa getið sér mikið og gott orð á erlendri grund.

En það er með skrifstofu er nefnist miðstöð íslenskra menningarkynningar. Ég velti því mjög fyrir mér hvort sú skrifstofa á að vera ein og sér, eins og hér er lagt til, eða hvort það á að finna vettvang fyrir þessa starfsemi annars staðar og mín niðurstaða er sú að það beri frekar að gera.

Hvað snertir þau verkefni sem upp eru talin þá eru þau mjög verðug og það er mjög nauðsynlegt að sinna þeim verkefnum sem hér eru talin upp í 2. gr. Að stuðla að samvinnu þeirra sem annast kynningu á íslenskri menningu er mjög nauðsynlegt og meira heldur en það. Það þyrftu að vera líka þeir sem annast kynningu á íslenskri menningu og hvernig sem það yrði orðað, á öðrum útflutningsverðmætum, öðrum landkynningarverðmætum sem við erum í rauninni að flytja út og kynna erlendis. Sama gegnir um upplýsingaþjónustuna.

Nú er það svo að það er í gangi margvísleg kynningarstarfsemi á Íslandi, íslenskum atvinnuháttum, íslenskri menningu, landinu sjálfu, þjóðlífinu, sögunni, og ég vil nefna t.d. að Ferðamálaráð er með upplýsingaskrifstofur út um allan heim, í Bandaríkjunum, Evrópu, Japan og Útflutningsráð hefur sömuleiðis unnið verulega að þessum málum og þessir aðilar í sameiningu. Ég held að það væri ráð að tengja saman þá sem þarna starfa og ýmsa aðila sem starfa í kynningu á mörgum atvinnugreinum. Ýmsir þeirra starfa sérstaklega og það er samstarf þar á milli sem ég kann ekki nægilega vel að útskýra hvernig er en ég veit að er í einhverjum mæli og þyrfti að vera miklu meira. Ég held að það væri mjög verðugt verk að samræma í breiðari fylkingu heldur en hér er lagt til þá sem eru að kynna Ísland erlendis og þá hef ég ekki síst í huga í þessari kynningu þá ferðamenn sem hingað koma og hingað munu koma. Það er okkur mjög þýðingarmikið að þessi kynning sé á einni hendi.

Hér er talað um tekjustofna. Það er framlag úr ríkissjóði eins og ákvæði eru í fjárlögum hverju sinni. Það er framlag sveitarfélaga, fyrirtækja og einstaklinga og reyndar rætt um það að óskiptir liðir menntmrn. væru þarna sjálfsagðir. En ef þessir óskiptu liðir ráðherra eru yfirleitt inni á annað borð þá er varla hægt að kalla þá því nafni ef farið er að skipta þeim áður og kannski væri betra að skipta þeim og kalla þá ekki óskipta.

En ég vildi gera aðra tillögu um fjármögnun á þessari skrifstofu heldur en hér er lagt til því að það hefur sýnt sig að tekjustofnar, þó ákveðnir séu með lögum, skila sér ekki. Þeir skila sér ekki vegna þess að það er farið í þá af hv. Alþingi, hv. alþm., þeir fara í mjög marga þessara stofna og skerða þá ár eftir ár.

Ég vil nefna framlag til Ferðamálaráðs. Ég man ekki til að fara með það hvort það er fimmta eða sjötta árið í röð, mér er nær að halda sjötta árið í röð, sem

Ferðamálaráði eru ætlaðar 68 millj. á fjárlögum. Ég vona að ég fari rétt með það. Þrátt fyrir það hefur Ferðamálaráð með lögum fast afmarkaða tekjustofna, sem hafa verið skertir árlega. Og eftir því sem Ferðamálaráð hefur aukið starfsemi sína, hefur með störfum sínum eflt ferðaþjónustuna og þannig aukið veltuna í fríhöfninni á Keflavíkurflugvelli, þá hafa alltaf aukist þær tekjur sem Ferðamálaráð ætti að hafa, 10% af vörusölu í fríhöfninni. En þrátt fyrir að þessi aukning komi beinlínis fyrir störf þessa ráðs þá hefur verið skorin niður starfsemi þess hvert einasta ár með því að láta það hafa sömu krónutölu ár eftir ár. Þarna er að *finna verulega mikið fjármagn. Mér er nær að halda að* það sé farið að nálgast 200 millj. sem Ferðamálaráð ætti að hafa til sinnar starfsemi. Þá höfum við, með því að draga frá 68 millj., á annað hundrað millj. til menningarmála. Það væri ekki ónýtt að hafa það til þess að kynna menninguna erlendis og hérlendis, eins og gert er ráð fyrir í 4. lið 2. gr.

Ég held að þarna væri að finna nægilegt fjármagn *og meira en það og legg til að menn beiti sér fyrir því* að þessi fjárveiting til Ferðamálaráðs, sem hefur að verulegu leyti farið til að kynna íslenska menningu og ýmiss konar hluti aðra varðandi Ísland, að þar verði lagfært og þessi kynningarstarfsemi sem er okkur svo nauðsynleg og sem er alltaf skorið á, fái að þróast eins og eðlilegt er og þörf er á.

Ég vil því lýsa því yfir aftur að ég tek undir andann í þessu frv., tek mjög sterklega undir það að við verðum að leggja okkur fram um að hlúa að íslenskri menningu, þessum dýrmæta arfi okkar, og kynna hana, en ég tel að það eigi að vera með þeim hætti sem ég var að segja frá, í samvinnu við aðra þá sem eru að vinna að því að skapa Íslandi ímynd erlendis.

[11:16]

Flm. (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. 2. þm. Vestf. fyrir það sem hann sagði um þetta mál. Ég er sammála meginatriðunum sem fram komu hjá honum. Fyrst það að ég tel alveg sjálfsagt að þessi miðstöð sem þarna er talað um hafi samvinnu við þessa aðila, Útflutningsráð og Ferðamálaráð. Ég held hins vegar að fenginni pínulítilli reynslu að það væri ekki rétt að ætla þessum aðilum að annast menningarkynninguna. Það sem hér er verið að tala um er fyrst og fremst það í fyrsta lagi að reyna að stilla saman eins og kostur er, án þess að stjórna þeim endilega, þá aðila sem eru hvort sem er í þessum verkum. Það eru mjög margir að hugsa um kynningu á íslenskri menningu erlendis. Þar er auðvitað fyrst menntmrn. Menntmrn. hefur sennilega, eins og ég sagði áðan, 20–30 millj. á liðum sem nú eru kallaðir óskiptir í þessi verk og fara aðallega eða nær eingöngu í kynningu á íslenskri menningu erlendis.

Í öðru lagi er um að ræða sveitarfélögin.

Í þriðja lagi er um að ræða fyrirtæki sem eru að kynna íslenska menningu erlendis. Ég nefni t.d. bókaforlög eins og Mál og menningu, sem hefur verið með mjög virka kynningu á íslenskum bókmenntum erlendis, t.d. á bókmenntamessunni í Gautaborg. Vafalaust mætti nefna í þessu sambandi önnur fyrirtæki. Ég man t.d. eftir Vöku-Helgafelli í því sambandi og sjálfsagt eru þau fleiri. Þannig að fyrirtækin hafa verið að gera talsvert í þessu efni og þar er um að ræða talsvert mikla fjármuni. Sama er að segja um einstakar ríkisstofnanir. Ég nefni í því sambandi Sinfóníuhljómsveit Íslands sem kynnti m.a. fyrir menntmn. fyrir nokkrum dögum mjög myndarlegt átak sem Sinfóníuhljómsveitin hefur verið að vinna í kynningu á íslenskri menningu með því m.a. að leika á hljómplötur og geisladiska nokkur klassísk verk sem hafa verið gefin út á alþjóðlegum markaði með mjög myndarlegum árangri. *Það er auðvitað líka kynning á íslenskri menningu.* Það mætti nefna fleiri ríkisstofnanir af sama tagi og Sinfóníuhljómsveit Íslands, sem hafa þannig verið að kynna sína starfsemi á erlendum vettvangi.

Síðan má í þessu sambandi benda á, hæstv. forseti, að það eru fjölmargir alþjóðlegir sjóðir sem Ísland er aðili að sem eru að kynna íslenska menningu. Dæmi um það eru t.d. norræni kvikmynda- og sjónvarpssjóðurinn *sem er mjög öflugur* og Íslendingar fengu úr þeim sjóði á fyrstu starfsárum hans 200 millj. kr., á fyrstu tveimur árunum, eða svipað og íslenski kvikmyndasjóðurinn nam alls. Norræni kvikmyndasjónvarpssjóðurinn hefur þá reglu að fyrir utan það að styrkja framleiðslu og gerð kvikmynda þá styrkir hann sérstaklega markaðssetningu þeirra, auglýsingu og dreifingu myndanna og það náttúrlega skiptir geysilega miklu máli.

Hið sama er að segja um Evrópska kvikmyndasjóðinn, sem Íslendingar hafa verið aðilar að í sex ár og heitir Eurimages. Úr þeim sjóði hafa íslensk kvikmyndafyrirtæki fengið þó nokkra styrki, m.a. til þess að markaðssetja íslenskar kvikmyndir á evrópskum vettvangi.

Síðast en ekki síst nefni ég í þessu sambandi norrænu sjóðina. Þar er um að ræða ótrúlega mikla fjármuni sem koma hingað til fjölbreyttustu menningarverkefna og eru líka notaðir til þess að kynna íslenska menningu erlendis. Norðurlandaráð hefur sérstakt verkefni í gangi á sínum vegum sem lýtur að kynningu á norrænni menningu á erlendum vettvangi eða utan Norðurlanda. Þessi starfsemi hefur t.d. beinst að kynningu á norrænni menningu í Japan og Bandaríkjunum. Á næsta ári er gert ráð fyrir því að norrænir sjóðir verji líklega um 250 millj. kr., hvorki meira né minna, til þess að kynna sérstaklega menningu Norðurlanda á stórri sýningu sem verður í Madrid árið 1995. Þannig að það er fullt að gerast, mjög margt að gerast og það er ekki þannig að menn geri ekki neitt á þessu sviði, það er langt frá því. Hins vegar er það mín reynsla og margra annarra sem hafa verið að vinna í þessum verkum að það mætti kannski stilla þessa hluti aðeins betur saman. Síðan finnst mér líka nauðsynlegt að þeir sem vinna að þessu í ráðuneytinu og eru embættismenn hafi stuðning grasrótarinnar, þess fólks sem er að vinna í listum og menningarstarfsemi á Íslandi. Frv. gengur út á það að kalla sérstaklega til fulltrúa listgreinanna og það er lögð á það áhersla í frv. að það sé ekki bara t.d. segjum einn frá Sambandi ísl. myndlist-

armanna heldur er gert ráð fyrir því að það kæmu fleiri fulltrúar myndlistargreinanna sem eru nokkrar, eins og menn þekkja. Þarna er líka gert ráð fyrir þeim möguleika að þessar menningargreinar og þessi starfsemi taki að einhverju leyti t.d. höndum saman við aðra íslenska aðila, eins og t.d. skólakerfið að einhverju leyti. Þannig að hér er verið að reyna að hafa áhrif til þess að skapa aukna hreyfingu og að því leyti erum við, ég og hv. 2. þm. Vestf., algerlega sammála.

Ég reyndi að giska á það hversu miklum fjármunum er varið til kynningar á íslenskri menningu erlendis. Ég sé að beint á vegum ríkisins, í menntmrn., eru þetta 20–30 millj. Þegar maður horfir síðan á það sem fyrirtækin veita, eins og t.d. Mál og menning, eins og ég nefndi áðan, og svo stofnanirnar, eins og t.d. Sinfóníuhljómsveitin, og síðan norrænu sjóðirnir og svo auðvitað félög listamanna líka, þá er ég nokkuð viss um að hér væri hægt að tína saman upphæð sem er ekki langt frá eins og 300 millj. kr. ári eða svo. Það er allmyndarlegt og spurningin er fyrst og fremst um það, sérstaklega fyrir okkur sem eigum að sjá um að það sé vel farið með almannafé, en það er ekki síst hlutverk okkar sem hér erum, þá er skynsamlegt að reyna að stuðla að því eins og kostur er að það sé vel með það fé farið án þess að við séum að skipa fyrir um það í einstökum atriðum, sem ég tel rangt og ég tel það líka rangt að menntmrh. hafi einn það vandasama hlutverk að úthluta þessum fjármunum í einstökum atriðum. Þess vegna finnst mér að eigi að kalla þar til fleiri aðila.

[11:23]

Pétur Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef sennilega ekki talað nægilega skýrt áðan. Það var ekki hugmynd mín að þessir aðilar sem ég nefndi færu að óbreyttu með þennan málaflokk, heldur að hann kæmi inn í og tengdist. Í þeim tilgangi er ég að nefna viðbótarfjárveitingu af lögbundinni fjárveitingu til Ferðamálaráðs, að vel mætti hugsa sér, nú þegar fjárlög eru í vinnslu, að eitthvað yrði tekið til viðbótar af þeim peningum sem Ferðamálaráð á samkvæmt lögum en fær ekki samkvæmt öðrum lögum sem sett eru og það yrði til starfsemi í tengslum við Ferðamálaráð eða jafnvel innan vébanda með sérstökum formerkjum. Og ég vil sérstaklega taka fram að ráðgjafarhópur sem nefndur er í 3. gr., ég tel að hann sé kannski lykilatriði að þessu, að íslensk menning verði kynnt af því fólki sem starfar við íslenska menningu og gerþekkir hana og hérna eru einmitt tilgreind mjög mörg sambönd og samtök, Rithöfundasamband Íslands, leiklistarráð, Tónskáldafélag Íslands, Félag ísl. tónlistarmanna, hljómlistarmanna, tónskálda og textahöfunda, Arkitektafélagið, Félag kvikmyndagerðarmanna og Samband ísl. myndlistarmanna. Þetta er allt saman talið upp þarna ásamt fleirum. Ég held að þetta sé lykilatriðið, að þetta fólk sem starfar við menninguna, þetta fólk sem er að skapa menninguna og halda henni við, komi til liðs við þetta mál og að það komi fjármagn. Ég er ekki að tala um að íslenskri menningu verði gerð full skil með því fjársvelti sem nú er t.d. til Ferðamálaráðs og til landkynningar. Þrátt fyrir það að ferðamennskan skili okkur æ meiri gjaldeyristekjum þá virðist vera mjög lítill skilningur á þessu. Þess vegna fagna ég því að menning og kynning á íslenskri menningu erlendis er komin til viðbótar við þetta.

[11:25]

Tómas Ingi Olrich:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um kynningu á íslenskri menningu sem er allrar athygli vert. Þetta frv. gengur út frá því að sett verði á stofn ákveðin stofnun, miðstöð íslenskrar menningarkynningar og þeir sem þar starfi fái til sinna verka sérstök tengsl, m.a. í gegnum ráðgjafarhóp, við helstu listgreinar og samtök listamanna í landinu.

Ég er einn þeirra sem hafa verið þeirrar skoðunar að varðandi kynningu okkar á því mannlífi sem fram fer á Íslandi, varðandi þá aðferð sem við notum til að draga hingað til okkar ferðamenn, þá hafi skort aðferðir til þess að kynna menningu okkar enn þá í víðtækasta skilningi þess hugtaks. Þeir erlendu ferðamenn sem hingað koma, koma langflestir beinlínis í þeim tilgangi að skoða landið. Það er náttúra landsins sem kallar flesta ferðamenn til Íslands. Fjölmargir þeirra ferðamanna sem hingað koma hafa afar takmarkaða þekkingu á landi og þjóð, á menningunni sem hér þrífst og öðlast hana því miður ekki í nógu ríkum mæli með dvöl sinni hér.

En þessi vanþekking á menningu þjóðarinnar nær langt út yfir hinar svokölluðu listgreinar sem hér er verið að gera ráð fyrir að kynna sérstaklega. Það sem mér hefur sýnst vera verðugt viðfangsefni er að gera íslenska menningu fyrirferðarmeiri í landkynningu, en þá ekki aðeins í þessum þrönga skilningi sem mér finnst koma fram hér í þessu frv. heldur íslenska menningu í heild, listmenningu en ekki síður verkmenningu og íslenskt þjóðfélag.

Það er alveg ljóst að mjög verulegar upplýsingar t.d. um, svo að við tökum eitt svið þjóðlífsins, íslenskt heilsugæslukerfi og það fullkomna kerfi sem við rekum á því sviði, eru útlendingum ekki aðgengilegar og margir þeirra koma hingað í þeirri trú að við höfum ekki neitt slíkt heilsugæslukerfi hér. Þess eru jafnvel dæmi að hingað hafi komið ferðamenn frá Evrópulöndum sem hafa sæmileg tengsl við Ísland, sem hafa haft með sér eigin lækni vegna þess að þeir hafa álitið að hér væri engin heilbrigðisþjónusta á landinu og þetta er ekki einsdæmi.

Kynning á atvinnulífi okkar Íslendinga er mjög takmörkuð og þó hefur komið í ljós að þegar slík kynning fer fram þá er hún vel metin af útlendingum. En það kynningarstarf rekst hins vegar á visst skilningsleysi innan atvinnugreinanna sem hafa ekki nema í meðallagi mikinn áhuga á því að hleypa útlendingum inn í fyrirtæki eins og t.d. matvælafyrirtækin, frystihúsin. Öll þessi kynningarstarfsemi sem við rekum nú er því ómarkviss og það hefur réttilega komið fram hér að við gerum ekki markvissa tilraun til þess að kynna Ísland í heild sem samfélag. Og það gildir raunar bæði um nútímann og fortíðina. Við bjóðum ekki erlendum ferðamönnum upp á skipulega kynningu á íslensku

samfélagi, íslensku menningarsamfélagi í heild eins og það þreifst hér á miðöldum. Það skorti mikið á það að við gerum það samfélag aðgengilegt fyrir útlendinga. Að þessu leyti vil ég taka undir þann anda sem í þessu frv. er þó að mér finnist að þau tök sem gert er ráð fyrir að kynningarstarfið verði tekin í þessu frv. séu að nokkru leyti of þröng.

Það hefur í raun og veru farið fram afskaplega takmarkað rannsóknastarf hér á Íslandi sem miðar að því að varpa ljósi á það hvernig við getum fundið leiðir til þess að gera okkar ferðaþjónustu tengdari íslenskri menningu í heild, íslenskum listum en ekki síður íslensku atvinnulífi. Ég held að það sé ástæðan til þess að þetta þjóðfélag eyði verulegum fjármunum í það að rannsaka þessa kosti, m.a. þá kosti sem hér er komið inn á réttilega sem skipta miklu máli og hafa verið vanræktir. En það þyrfti að láta þetta viðfangsefni, þetta rannsóknarefni ná út fyrir það sem við köllum hefðbundna menningu, þ.e. listir og bókmenntir og það þyrfti að ná yfir það sem við köllum í víðtækustu merkingu þess orðs íslenska menningu, þ.e. ekki síður atvinnumenningu og íslenskt mannlíf. Við þurfum að kynna betur t.d. gagnvart erlendum ferðamönnum þá kosti sem hér bjóðast í heilbrigðisþjónustunni, hversu fullkomið heilbrigðiskerfi við erum með. Það er t.d. ekki nokkur vafi á því að á vissum sviðum heilbrigðiskerfisins erum við komnir í forustusveit í Evrópu þrátt fyrir niðurskurð sl. ára og hluti af okkar vanda er kannski sá að okkur hefur ekki tekist að búa til eftirspurn erlendis eftir þessari heilbrigðisþjónustu.

Mér er t.d. tjáð að frjósemisaðgerðir standi hér mjög framarlega og ég hygg að það megi færa fyrir því rök að á ýmsum sviðum heilbrigðisþjónustunnar stöndum við í broddi fylkingar, getum alla vega boðið þjónustu sem er fyllilega sambærileg við það sem víða gerist í Evrópu. Þarna nefndi ég eitt sérstakt svið.

Ef menn líta yfir þann þátt ferðamála í Evrópu sem flokkast undir baðmenningu, þá er það mikið viðskiptasvið í Evrópu og nefni ég þar sérstaklega Þýskaland sem rekur ferðamannastaði sem byggjast á einhvers konar baðþjónustu, bæði inni í landi en einnig á norðurströnd Þýskalands, þ.e. við Eystrasaltið. Á þessu sviði höfum við mikla möguleika sem við höfum ekki rannsakað fyllilega hvernig við getum nýtt. Við höfum t.d. enga sérstaka stofnun á Íslandi sem helgar sig því viðfangsefni að rannsaka sérstaklega möguleika ferðaþjónustunnar. En við höfum stofnun eins og Orkustofnun þar sem er mikil þekking á eðliseiginleikum vatns og mikil þekking á jarðfræði og jarðhita. Þessi stofnun hefur eiginlega einbeitt sér að því að vinna fyrir orkugeirann, orkuframleiðsluna. En stofnunin hefur ekki mikið, sjálfsagt í og með vegna áhugaleysis þeirra sem fara með forustu ferðamálanna, snúið sér að því að tengja þennan orkubúskap við ferðamálin og þarna er líka hluti af okkar menningu og okkar möguleikum sem við eigum að vinna að að kanna hvernig við getum nýtt okkur gagnvart ferðaþjónustunni og hvernig við getum tengt kynningu á íslenskri menningu erlendis.

Ég er að lokum sannfærður um það að mjög margir þættir í rekstri þessa litla samfélags sem stendur þó undir þjónustu á mjög mörgum sviðum virkar forvitnilega á útlendinga og það á jafnt við okkar verkmenntun sem okkar menningararfleifð. Ég hef lagt áherslu á það að við ættum að leita færa til þess að kynna okkar háþróaða miðaldasamfélag með sérstökum hætti. Við ættum að hverfa frá þeirri braut að kynna okkur sem afkomendur ribbalda og víkinga en kynna okkur fyrst og fremst sem afkomendur manna sem héldu hér uppi háþróuðu samfélagi á miðöldum sem náði miklum árangri á mjög mörgum sviðum, ekki einungis á sviði bókmennta sem við erum þekktir fyrir, heldur líka á sviði löggjafar, dómsvalds, á sviði málvísinda og stjörnufræði, siglinga og þá ekki síst það mikla rannsóknarefni sem er að gera öðrum þjóðum grein fyrir því hvernig við viðhéldum okkar stofnunum hér á Íslandi áður en ritöld hófst, hvernig við varðveittum stofnanir samfélagsins í munnlegri geymd. Það er engin tilraun gerð til þess að skýra þetta merkilega fyrirbæri. Við erum sennilega eina samfélagið í Evrópu sem hefur heimildir um það hvernig það hélt við stofnunum sínum í heimi sem ekki þekkti ritað mál, hvernig við gerðum þetta. Auðvitað er hægt með því að kasta sér út í það verkefni og nota til þess okkar hæfasta fólk að gera þennan heim sýnilegan fyrir útlendinga og ég veit það af eigin reynslu að það skortir ekki áhugann á þessu. Við gætum gert sýnilega íslenska menningu nútímans og fortíðarinnar.

Ég vil þess vegna við umræðu um þetta mál lýsa yfir miklum og eindregnum stuðningi við þann anda sem á bak við þetta mál er og trúi ekki öðru en það fái heiðarlega og drengilega umfjöllun hér en ég hefði viljað að menn nálguðust þennan vanda með eilítið öðrum hætti og varðar það þá annars vegar að kynningarmálið sé ekki bundið við listirnar þó að það sé hið verðugasta verkefni heldur sé það bundið við kynningu á íslenskri menningu í víðtækasta skilningi þess orðs og einnig hef ég efasemdir um, virðulegi forseti, að það sé skynsamlegt að beina þessu starfi að ákveðinni miðstöð íslenskrar menningarkynningar heldur ættum við að eyða fjármunum og tíma í að skoða það hvernig við getum veitt þessum málaflokki inn í eðlilegri farveg þar sem allir þessir hagsmunir tengdust betur.

[11:38]

Pétur Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er ánægjulegt að taka þátt í umræðum á Alþingi þar sem menn eru jafneinhuga um það sem er á dagskrá og ég veit að málsvarar menningar í landinu hugsa gott til glóðarinnar að fá þetta mál til umræðu í menntmn. og það geri ég líka og fagna því að hér er að finna mikinn og góðan stuðning við þetta mál. Það er mjög ánægjulegt.

Hérna hafa verið nefndir fleiri þættir menningar, baðmenning og verkmenning. Ég vil taka undir það með hv. þm. 5. þm. Norðurl. e. sem ræddi hér um verkmenningu. Þetta er mikill og nauðsynlegur þáttur hjá okkur að kynna og eins mætti nefna útflutningsvöru sem við verðum að fara að leggja mikla áherslu á að kynna og eigum mikla framtíð fyrir vonandi, þ.e.

vistvænar vörur, vistvænar landbúnaðarvörur o.fl. sem þeim tilheyrir. En það sem ég ætlaði að ræða um í þessu andsvari var það sem hann nefndi um þessa atvinnugrein og menn hefðu ekki áhuga á að hleypa útlendingum inn í fyrirtæki í fiskvinnslunni. Hérna er mjög erfitt mál viðureignar og þetta hefur verið áhyggjuefni okkar sem höfum verið að skipuleggja og starfa að ferðaþjónustu, mikið áhyggjuefni, því að útlendingar hafa verulegan áhuga á að kynna sér þennan þátt, þennan mikilvæga þátt og nauðsynlega í íslensku atvinnulífi, en þeim er sagt að þeir geti ekki fengið að fara inn í frystihúsið eða rækjuverksmiðjuna. En það má segja að sem betur fer eru þeir sem þar starfa mjög meðvitaðir um nauðsyn þess að halda þessari vöru hreinni og gæta allra varúðarráðstafana. Þetta hefur verið okkur ákveðinn styrkur, einmitt þessi tregða því að fyrst verða útlendingar hissa, síðan velta þeir þessu fyrir sér, en þeir skilja þetta. Það sem þarf að gera er að koma fyrir aðstöðu eins og sumir hafa gert þar sem hægt er að skoða þetta án þess að fara í beina snertingu við vöruna og þetta er vel hægt að gera.

[11:41]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get tekið undir þær ábendingar sem koma fram hjá hv. 2. þm. Vestf. Fiskvinnslan hefur nokkuð svona spyrnt við fæti að því er varðar þetta kynningarstarf á því framleiðsluferli sem fer fram innan fiskvinnslufyrirtækjanna vegna þess að það skapar ákveðna erfiðleika í sambandi við vöruframleiðslulínurnar. En engu að síður er þetta svo að þarna þyrfti að verða breyting á því að það fer ekkert milli mála að milli matvælaiðnaðarins sem byggist á hreinum og hollum afurðum og ferðaiðnaðarins sem reynir að kynna Ísland sem land hreinnar og til þess að gera ósnortinnar náttúru hljóta að vera mikil tengsl. Matvælaiðnaðurinn eyðir geysilega miklum peningum í sitt kynningarstarf. Ferðaþjónustuna eins og hv. þm. benti réttilega á hér áðan skortir peninga til kynningarstarfs. Er ekki rétt að kanna hvort hægt er að leiða þessar tvær atvinnugreinar, þessa stóru atvinnugrein, matvælaframleiðsluna á Íslandi sem veltir milljörðum, tugum milljarða og ferðaþjónustuna sem veltir miklum peningum, leiða þær saman þannig að kynningarstarf þeirra geti með einhverjum hætti sameinast? Ég er viss um að þetta er hægt en þetta þarf að skoða og undirbúa réttilega og ég hefði viljað að sú hugsun sem er í þessu plaggi hér og er góð, næði yfir þetta allt.

[11:42]

Flm. (Svavar Gestsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. 5. þm. Norðurl. e. fyrir áhuga hans á þessu máli og ég heyri það að við erum í öllum meginatriðum sammála. Það sem er kannski rétt að undirstrika er að það er rétt hjá honum að þetta frv. er takmarkað, það er hugsað þannig að það taki fyrst og fremst til listgreinanna, ég viðurkenni það. Það er hugsað út frá kynningu á íslensku listgreinunum erlendis nr. eitt, það má segja að sé meginhugsunin í því. Tilgangurinn er svo sá að reyna að hvetja til þess að það skapist eins góð samstaða og möguleg er um kynningu á íslenskum listgreinum erlendis með þeim aðilum sem eru í þessu erlendis hvort eð er. Hitt er svo alveg rétt hjá hv. þm. að íslensk menning út af fyrir sig er mikið víðara mál og ef við skoðum hana þá endist okkur að sjálfsögðu ekki andsvaratíminn en ég get sagt það sem dæmi frá mínum sælu leiðsögumannsárum þá fór ég með mitt fólk og sýndi því að sjálfsögðu íslenska menningu. Ég fór með það í byggðasöfn og ef við erum að hugsa um Vestfirði þá fer ég með þetta fólk að Hnjóti og ég sýni því Dynjanda en ég sýni því líka frystihús, þann tíma sem ég var við þessi verk, en ég veit að það er erfiðara nú orðið að komast þar inn þannig að sú hlið er líka mikilvæg að hugsa um í þessu samhengi. Það er spurning hvort það mætti ekki hugsa sér að hún yrði efni til sérstakrar umræðu hér um hlutverkið og aðferðirnar við að kynna Ísland gagnvart því fólki sem hingað kemur og menn hætti að hugsa um það í hólfum og kössum en reyni að hugsa um það sem samfellu.

[11:45]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég skil það og virði að þetta mál er takmarkað við menningargeirann og vil aðeins taka það skýrt fram hér og nú að ég held að það sé að mörgu leyti æskilegt að reyna að vinna gegn því að hinar svokölluðu fögru listir þróist of mikið frá atvinnulífinu. Þær eru upphaflega runnar upp í atvinnulífinu, í handverkinu og þangað þurfa þær alltaf að sækja efnivið sinn. Það er því mjög brýnt að listhneigðin sé virkjuð í þágu atvinnulífsins og atvinnulífið fái áhuga á listverki. Þessi klofningur sem hefur skapast hér eins og annars staðar í heiminum milli atvinnulífsins og listgreinanna er dapurlegur og það er mikill vilji hjá mörgum listamönnum nú, ekki síst í myndlist, þá er mikill vilji að vinna sér traust í samfélaginu og þess vegna er kannski þetta liður í því að reyna að brúa þetta bil sem hefur löngum verið nokkuð mikið. Það er að finna samnefnara fyrir áhugamál atvinnulífsins og listgreinanna. Ég á aðeins örfáar sekúndur eftir sýnist mér en ég ætla að geta þess í lokin að þetta er einmitt það sem tilraunin var gerð með norður á Akureyri, um Listagilið, þ.e. sameina handverksfólkið og listamennina og reyna að vekja athygli atvinnulífsins á því sem þar er að gerast, brúa þetta bil sem hefur verið okkur nokkuð skaðlegt.

[11:47]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil leggja nokkur orð í belg um þetta frv. Fyrst og fremst vil ég lýsa stuðningi mínum við þá meginhugsun sem felst í þessu frv. og það er ánægjulegt að íslensk menning skuli koma til umræðu hér á Alþingi. Það er ekki oft sem það gerist, því miður. En það er greinilegt af frv. að hér er fyrst og fremst verið að hugsa um að kynna íslenskar listir erlendis. Það er greinilega meginhugsunin og það sést m.a. af því hverjir eigi að sitja í stjórn þessarar stofnunar, Bandalag ísl. listamanna og tveir án tilnefningar. Að vísu er það ekkert skilgreint nánar hverjir það skuli vera en þetta er í sjálfu sér allt gott og blessað að

hugsa þetta út frá menningu nútímans. Það er mjög gott fyrir íslenska listamenn í hvaða grein sem þeir eru að fá tækifæri til þess að sýna öðrum hvað þeir eru að gera, fá samanburð og kynnast stefnum og straumum.

En mig langar svolítið til að minna á það að þegar við horfum á íslenskar listir og íslenska menningu þá er það fyrst og fremst eitt sem stendur upp úr íslenskri sögu og íslenskri menningu og það eru þær fornbókmenntir sem við eigum. Mér finnst að við Íslendingar hvorki sinnum þeim arfi nægjanlega né komum honum á framfæri við aðrar þjóðir á þann hátt sem okkur ber. Við erum eina þjóðin hér á norðurslóðum sem á þennan mikla og merkilega arf þó að hann fjalli um sögu Norðurlandanna í og með og þá vitum við þó að þessar sögur voru skráðar hér á landi og spegla að einhverju marki íslenskan veruleika. Þetta eru heimsbókmenntir. Þetta eru heimsbókmenntir sem lýsa ákveðnum tíma og ákveðinni þjóðfélagsgerð og það er mikil sorgarsaga að því miður eru rannsóknir á þessum fornbókmenntum að flytjast úr landi og Íslendingar eru búnir að tapa forustunni í rannsóknum á íslenskum fornbókmenntum. En það er nú reyndar önnur saga. Það sem ég er fyrst og fremst að vekja athygli á er að þarna er eitthvað alveg sérstakt sem tilheyrir íslenskri menningu og við getum gert okkur og eigum að gera okkur miklu meiri mat úr en við gerum. Þeir sem kynnast þessum bókmenntum sjá hversu merkilegar þær eru og hversu magnaður miðaldaheimurinn var.

Ég vil líka taka undir það að ég held að þegar við erum að horfa á kynningu á íslenskri menningu þá eigi að horfa á það í víðara samhengi en bara á listir, það er oft auðvelt að tengja saman ýmsa þætti. Þegar verið er að kynna listir þá er hægt að kynna landið og menninguna almennt í leiðinni svo að þetta er spurning um ákveðna hugmyndaauðgi þegar verið er að setja upp svona prógramm. En ég tek undir þá meginhugsun að ég held að það þurfi að ná þessum geira saman á einhvern hátt. Það sé yfirsýn og samvinna og menn einbeiti sér að því, ekki bara til þess að laða ferðamenn til landsins, heldur ekki síður vegna þess að þetta er hluti af samskiptum þjóða, þetta er hluti af því að kynnast heiminum og kynnast öðrum þjóðum að eiga aðgang að menningu. Mér dettur í hug þjóð eins og Frakkar sem hafa nýtt sér menningu sína til þess einmitt að kynna sig og kynnast öðrum. Þeir hafa gert það mjög markvisst, alla vega eftir því sem ég hef orðið vör við og þar dettur mér í hug t.d. franskar kvikmyndahátíðir sem hér eru reglulega og það eiga svo sem fleiri aðild að því. En ég á sæti í hv. menntmn. og þar munum við eflaust reyna að gefa okkur tíma til að kanna þetta mál þó að reyndar sé stuttur tími til stefnu.

[11:52]

Flm. (Svavar Gestsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vildi nota þetta form umræðunnar til þess að þakka fyrir þær ábendingar sem fram komu hjá hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur. Ég held að þær sýni að við sem höfum talað í þessu máli erum í raun og veru sammála um flest það sem skiptir máli í þessu efni. Spurningin er bara hvernig við komum þessu fyrir tæknilega. Efnisatriðin eru þannig að menn sýna góða samstöðu um þau og það finnst mér ánægjulegt. Það er gott að það skuli hafa verið talað hér um íslenska menningu og kynningu á henni í 90 mínútur. Það er þó nokkuð þrátt fyrir allt miðað við það sem við eigum að venjast.

Ég vil ekki síst taka undir það sem fram kom hjá hv. þm. Tómasi Inga Olrich að við þurfum að losa okkur við þessa ribbaldaímynd sögunnar sem við höfum tekið á okkur viljug tel ég vera. Þessi ímynd sem blasir við af fullum víkingum fremjandi ofbeldisverk er ekki sú ímynd sem ég vil að sé af íslenskri menningu. Íslensk menning er í senn vönduð hámenning og alþýðumenning, samanber bókmenntirnar, söguna sem hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir minnti á hér áðan. Þess vegna tek ég alveg sérstaklega undir það og legg á það áherslu að við reynum auðvitað að draga þessa þætti saman. En vandinn er sá og þá um leið kosturinn að það verður aldrei gert hér úr þessari stofnun því að íslensk menning er auðvitað til úti í þjóðfélaginu og það verða aldrei búnar til neinar forskriftir af neinu tagi hér úr þessari stofnun um það hvernig hlutirnir eiga að vera í einstökum atriðum. Það besta sem til er í íslenskri menningu er sjálfsprottið úti á akrinum. En spurningin er sú hvort við getum hjálpað til þannig að þróunin verði sem jákvæðust. En við sáum í raun og veru aldrei stofnun af þessu tagi en ég taldi engu að síður ástæðu til þess að þakka fyrir þá jákvæðu umræðu sem hér hefur farið fram.

(**Forseti** (VS): Ég vil benda hv. þm. á að hann má tala einu sinni enn.)

[11:54]

Tómas Ingi Olrich:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka það að flutningsmenn þessa frv. hafa tekið vel undir þau rök mín að kynning á íslenskri menningu mætti gjarnan verða í víðtæku formi og ná yfir samfélag okkar bæði fyrr og nú. Hér var minnst á það sérstaklega að meginmenningarverðmæti okkar, megineign okkar, það sem stæði upp úr í raun og veru, væru fornbókmenntir Íslendinga og ég get að mörgu leyti tekið undir þetta. En ég vil þá taka það sérstaklega fram að fornbókmenntirnar eru sprottnar upp úr sameiginlegum menningararfi sem var varðveittur í munnlegri geymd og innan þess menningararfs eru t.d. lagatextarnir okkar fornu. Það er athyglisvert að ef þessir lagatextar eru lesnir ofan í kjölinn þá er að finna þar ótrúlegan fjársjóð af upplýsingum um daglegt íslenskt líf á miðöldum og ekkert af þessu er aðgengilegt. Ég ætla að taka dæmi. Ég ætla að leyfa mér að tefja þingið með því að taka eitt dæmi sem sennilega er úr Grágás, ég man nú ekki nákvæmlega hvort þetta dæmi er úr Grágás eða ekki og það fjallar um hvalveiðar fornmanna.

Þar er að finna tvennt: Annars vegar lýsandi dæmi um daglegt líf Íslendinga til forna og hins vegar dæmi um það á hvern hátt menn unnu það þrekvirki að muna lögin, varðveita lögin í munnlegri geymd. Það stendur þar í lögunum: „Skothval virði skynsamir menn.“ Hvað þýðir nú þetta? Hvers vegna er þetta stuðlað? „Skothval virði skynsamir menn.“ Við erum að vísu

með lögin rituð í því formi sem þau hafa geymst en víða í þessum ritaða texta er að finna leifar af ljóðaformi sem bendir til þess að Íslendingar hafi markvisst notað bundið mál til að varðveita lagasafn sitt þannig að fornyrðislagið er ekki eingöngu bókmenntalegt verkfæri heldur má leiða að því sterk rök að fornyrðislagið hafi verið lagalegt verkfæri líka til að halda við lögunum í munnlegri geymd. Minnumst þess að lagabálkurinn var allur sagður fram á þremur þingum. Þriðjungur lagabálksins var sagður fram af lögsögumanni á einu þingi sem stóð í tvær vikur og þrjú ár tók að fara yfir þennan lagabálk. Lögfróðir menn sátu kringum lögsögumanninn og fylgdust með að rétt væri með farið. Þannig voru þessi verðmæti geymd og þau hafa sennilega verið geymd að einhverju leyti í bundnu máli. En hvað er meira að finna í þessum forna texta? Þar segir: „Skothval virði skynsamir menn." Og hvað þýðir nú þetta? Hvað var skothvalur? Skothvalur var hvalur sem hafði verið skutlaður. Skynsamir menn voru náttúrlega sérfræðingar á þessu sviði og að virða var að meta til fjár. Það þurfti að meta skothvalinn til fjár.

Menn skutu hval á þessum árum með skutli sem bar þingborið merki. Það eru ákvæði í fornum lögum sem segja að skot sé þingborið. Hvað þýddi það að skot væri þingborið? Það þýddi það í raun og veru að menn skutluðu hvalinn á hafi út, hvalurinn hljóp frá þeim, síðan rak hann á land og hvar sem á land rak þá var skutullinn vísbending um það hver ætti ákveðinn hlut í hvalnum vegna þess að skutlinum hafði verið þinglýst, hugsanlega á Alþingi Íslendinga. Þingborið skot var þinglýstur skutull og þannig er þetta sláandi dæmi um það hversu sérkennilegt og þróað þetta samfélag var sem við höfðum hér á miðöldum og hvernig það brást við af mikilli og þróaðri hugsun, hvernig það ætti að leysa sín daglegu vandamál m.a. með lagasetningu og m.a. með því að þinglýsa skutlinum. Það er hægt að fara yfir lagatextann með þessum hætti, virðulegi forseti, og tína þar hverja gersemina á fætur annarri og gera hana sýnilega í söfnum okkar og varpa ljósi á daglegt líf Íslendinga til forna sem var gagnmerkilegt og lagasafn okkar er mikill heimildasjóður um. En þetta hefur ekki verið gert. Ég vil minnast á þetta hér og nú vegna þess að mér finnst að það sem við eigum að varpa ljósi á séu ekki einungis hinar fögru listir heldur fyrst og fremst íslenskt samfélag í nútíð og fortíð, í öllu sínu flókna samspili, við eigum að varpa ljósi á þetta og þar er mikið verk óunnið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tilkynning um dagskrá.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Forseti verður að biðja hv. þm. afsökunar á því að dagskrármál verða ekki tekin fyrir í þeirri röð sem prentað er á dagskrá heldur þarf að hoppa dálítið til á dagskránni og vonar að því verði tekið vel. En áður en lengra er haldið er rétt að það komi fram að það er reiknað með atkvæðagreiðslum um kl. 1.30.

Réttur verkafólks til uppsagnarfrests, fyrri umr.

Þáltill. EM o.fl., 194. mál. — Þskj. 217.

[12:01]

Flm. (Elínbjörg Magnúsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. á þskj. 217 um endurskoðun laga nr. 19/1979, um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla. Flm. auk mín eru hv. þingmenn Sturla Böðvarsson, Guðmundur Hallvarðsson og Árni Johnsen. Ályktunin hljóðar svo með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa sérstaka nefnd til að endurskoða lög nr. 19/1979, um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla. Endurskoðunin miði einkum að því að lögin tryggi betur en nú atvinnuöryggi verkafólks með því að takmarka rétt atvinnurekenda til tilefnislausra uppsagna og rétt þeirra til að vísa fólki úr vinnu vegna hráefnisskorts. Nefndin verði skipuð fulltrúum aðila vinnumarkaðarins, auk fulltrúa félagsmálaráðuneytis og Atvinnuleysistryggingasjóðs og ljúki hún störfum fyrir þinglok."

Ég tel rétt að fara hér yfir greinargerðina til að setja þingmenn inn í það mál sem hér er á ferðinni, fara hér yfir þau lög sem við erum að vitna til og sérstaklega þá 3. gr. sem er brotalömin í þessum lögum:

„Eins og fram kemur í 1. gr. laga nr. 19/1979 er atvinnuöryggi íslensks verkafólks ekki annað en sá uppsagnarfrestur sem fyrir er mælt í lögunum. Almennt njóta íslenskir launþegar ekki tryggingar fyrir vinnunni að öðru leyti en því að segja ber þeim upp störfum með eins, tveggja eða þriggja mánaða uppsagnarfresti hið mesta ef litið er til laganna, en þar að auki hafa aðilar vinnumarkaðarins samið um sérstakan viðbótaruppsagnarfrest þegar um lengri starfsaldur er að ræða og starfsmenn hafa náð vissum aldri. Íslenskt verkafólk hefur því engan lagalegan rétt til þess að krefjast skýringa á uppsögnum eða vita ástæður fyrir þeim. Uppsagnarrétturinn er allur í höndum atvinnurekanda og þar af leiðandi er uppsögnin alfarið að hans geðþótta.

Í annan stað felur 3. gr. laganna í sér að falli vinna niður hjá atvinnurekanda þegar hráefni er ekki fyrir hendi hjá fiskiðjuveri, upp- og útskipunarvinna er ekki fyrir hendi hjá skipaafgreiðslu eða fyrirtæki verða fyrir ófyrirsjáanlegu áfalli, svo sem vegna bruna eða skipstapa, er honum heimilt að fella niður vinnu án launa samkvæmt þeim aðferðum og með þeim skilyrðum sem lögin greina. Þessi grein laganna er einkum harkaleg gagnvart fiskvinnslufólki því að túlkun atvinnurekenda á því hvað sé hráefnisskortur hefur alla tíð verið ákaflega frjálsleg. Fyrir alllöngu hafa aðilar vinnumarkaðarins samið um nánari útfærslu á þessari grein með svokölluðum kauptryggingarsamningum í

fiskiðnaði. Hins vegar hefur komið í ljós að þau ákvæði virðast harla haldlítil. Þrátt fyrir ákvæði kjarasamninga og reglugerða er nú svo komið að atvinnurekendur sniðganga með ýmsum aðferðum þá skyldu sína að bjóða verkafólki kauptryggingarsamning að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Flutningsmenn telja ljóst að verkalýðshreyfingin muni í komandi samningum krefjast nýs og endurbætts samnings um kauptryggingu í fiskiðnaði en hins vegar sé ljóst að á meðan 3. gr. laga nr. 19/1979 veiti atvinnurekendum nánast óheftan rétt til þess að senda fiskvinnslufólk heim án launa muni aldrei fást viðunandi lausn í kjarasamningum. Grunninn sé að sækja í umrædda lagagrein og þar sé vandans að leita. Nauðsynlegt sé að gera þær umbætur á 3. gr. laganna að sett verði nánari skilyrði fyrir þeirri aðferð sem atvinnurekendum er þar heimiluð. Skilgreina þarf nánar hráefnisskort og setja skorður við því að hugtakið sé ofnotað, en einnig þarf nauðsynlega að afnema rétt atvinnurekenda til þess að vísa fólki fyrirvaralaust úr vinnu af þessum ástæðum. Einhver uppsagnarfrestur verður að vera ef við eigum á annað borð að viðurkenna rétt fólks til einhvers lágmarksatvinnuöryggis í þjóðfélaginu."

Eins og kom fram í greinargerðinni, sömdu aðilar vinnumarkaðarins um sérstakan kauptryggingarsamning í fiskiðnaði fyrir alllöngu síðan. Þetta var mikið framfaraspor gagnvart fiskvinnslufólki. Það þurfti viku til að tilkynna uppsögn vegna hráefnisskorts en 1988 var samið um breytingu á eldri kauptryggingarsamningi og ákvæði um uppsagnarfrests vegna fyrirsjáanlegs hráefnisskorts var lengt í fjórar vikur úr einni. Þá var einnig samið um það að skylt væri að bjóða starfsmönnum kauptryggingarsamning þegar þeir hefðu starfað í sama fiskvinnslufyrirtæki í þrjá mánuði. Þessi frestur hefur reyndar í síðustu samningum verið styttur í tvo mánuði og þá voru einnig sett lög nr. 34/1988, um greiðslur Atvinnutryggingarsjóðs vegna atvinnuleysisbóta, fastráðsins fiskverkafólks. Þar segir m.a. með leyfi forseta:

„Vinnuveitandi, sem hefur skuldbundið sig til þess að greiða fastráðnu fiskvinnslufólki föst laun fyrir dagvinnu í samræmi við nánari ákvæði í reglugerð, þótt hráefnisskortur valdi vinnslustöðvun, skal eiga rétt á greiðslu úr Atvinnuleysistryggingasjóði sem hér segir:

Fyrirtæki, sem starfrækir fiskvinnslu og fullnægir skilyrðum 2. mgr. þessarar greinar og þarf að stöðva framleiðslu tímabundið vegna þess að hráefni er ekki fyrir hendi til vinnslu, skal eiga rétt á greiðslu úr Atvinnuleysistryggingasjóði fyrir hvern heilan vinnudag umfram tvo sem fyrirtækið heldur starfsmönnunum á launaskrá."

Þetta þýðir að atvinnurekandinn fær endurgreitt frá Atvinnuleysistryggingasjóði. Hann tekur á sig fyrstu tvo dagana sjálfur en síðan getur hann fengið úr Atvinnuleysistryggingasjóði mestan part launa starfsmannanna allt að 30 daga á ári þegar þetta er gert en er nú komið í 45 daga. Síðan segir, með leyfi forseta:

„Ráðherra setur reglugerð um nánari framkvæmd þessara laga." Sú reglugerð var sett 1988 nr. 425 og með síðari breytingum varð hún nr. 260/1992 og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 425/1988, um greiðslu vegna fastráðsins fiskvinnslufólks.

1. mgr. 6. gr. orðist svo: Fyrirtæki í fiskvinnslu, sem fullnægir skilyrðum 1. gr., skal skylt að gefa þeim starfsmönnum sem hafa unnið hjá fyrirtækinu í 2 mánuði, kost á fastráðningarsamningi. Telja skal eldri starfstíma, sem reiknast til réttinda vegna fyrri ráðningar hjá sama fyrirtæki. Fastráðningarsamningur getur verið tímabundinn eða til ótiltekins tíma og skal hann gerður í því formi sem Vinnuveitendasamband Íslands og Vinnumálasamband samvinnufélaganna annars vegar og Verkamannasamband Íslands hins vegar samþykkja. Uppsagnarfrestur á fastráðningarsamningi er sex vikur af beggja hálfu."

Ákvæði þessarar reglugerðar hafa mörg fyrirtæki í fiskvinnslu þverbrotið og neita starfsmönnum um kauptryggingarsamning þó að fyrirtækjunum hafi verið skylt að gefa þeim kost á honum samkvæmt reglugerðinni. Þetta hefur aukist sérlega mikið núna í því atvinnuástandi sem er að fólki er neitað um kauptryggingarsamning, það býr við það mánuðum og jafnvel árum saman að vita ekki hvort það hefur vinnu á morgun þó svo að sú skylda samkvæmt reglugerðinni hvíli á atvinnurekendum um að þeir eigi að bjóða þennan kauptryggingarsamning þar sem þeir með því að vera á kauptryggingarsamningi eigi rétt á greiðslum úr Atvinnuleysistryggingasjóði.

Ekki er vitað til þess að eftirlit miðað við skilyrði reglugerðarinnar sem ég ræddi um hér áðan og laganna sé fylgt af hálfu félmrn. eða Atvinnuleysistryggingasjóðs eða þess gætt að fyrirtæki sem ekki standa við ákvæðin og eiga því ekki rétt á greiðslu, sé veitt það aðhald. Það er ekki sæmandi þjóðfélagi sem vill kenna sig við velferð að því fólki sem vinnur í starfsgrein sem gefur okkur 80% af útflutningstekjum okkar og skapar þar með stærstan grundvöll þeirra lífskjara sem við búum við skuli vera búið minna öryggi um afkomu sína og atvinnu en flestum öðrum þegnum þess.

Hægt er að nefna mýmörg dæmi um það hvernig atvinnurekendur hafa túlkað ákvæði laga nr. 19/1979 einhliða sér í hag. Ákvæði laganna hafa verið rakin hér að framan. Misnotkun lagaákvæðanna er alvarlegt mál og er óviðunandi. Þekkt dæmi um tilbúinn hráefnisskort er þegar skip sem hefur verið í föstum viðskiptum við fyrirtækið og er að miklu leyti eða að hluta í eigu þess siglir með aflann eða hann er settur í gáma við hlið fyrirtækisins á sama tíma og starfsmennirnir ganga atvinnulausir vegna hráefnisskorts. Þarna er þessum tilbúnu atburðum jafnað við það að skipið hafi sokkið með manni og mús. Þetta nota atvinnurekendur sem „force majeure"-reglu. Það sé sama hvort skipið er að sigla á markað erlendis með aflann eða það hafi sokkið. Það er því ótvírætt að lögin eiga við um atburði sem hljóta að bitna á öllum hjá fyrirtækinu og vinna jafnt en framkvæmdin er með öðrum hætti. Hluti starfsfólks er felldur af launaskrá á forsendum reglugerðarinnar en aðrir eru í vinnu. Tímabundnir ráðning-

arsamningar eru brotnir og starfsmenn felldir af launaskrá vegna ófyrirsjáanlegs hráefnisskorts. Fyrirtækið neitar að greiða þeim laun og Atvinnuleysistryggingasjóður hafnar bótarétti á þeim forsendum að samkvæmt ráðningarsamningi beri fyrirtækinu að greiða því laun. Og það er rétt að upplýsa af þessu tilefni að fyrir rúmu ári síðan gerði loðnubræðsla ein á Íslandi samning við hóp starfsmanna þar sem þeir undirrituðu, fyrirtækið undirritaði, trúnaðarmaður undirritaði, það gerði fjögurra mánaða starfsamning. Síðan kom engin loðna, starfsmennirnir sendir heim. Að sjálfsögðu löbbuðu þeir á næstu vinnumiðlunarskrifstofu og skráðu sig atvinnulausa. Þegar umsókn þeirra var tekin fyrir voru þeir með fastráðningarsamning við fyrirtækið. Atvinnuleysistryggingasjóður borgar ekki laun, fyrirtækið neitar að borga launin og nú eru málaferli í uppsiglingu.

Það er með þessum hætti sem verkafólk eru algerir þolendur laganna og framkvæmdar þeirra. Þannig geta starfsmenn verið launalausir dögum og vikum saman og það er því brýn nauðsyn og algert réttlætismál að Alþingi bregðist strax við flutningi þessarar tillögu og tryggi endurskoðun laganna fljótt og vel. Og sú endurskoðun tryggi betur en nú er atvinnuöryggi verkafólks með því að takmarka rétt atvinnurekenda til uppsagna og með því að takmarka rétt þeirra til að vísa fólki úr vinnu vegna hráefnisskorts.

Það er líka rétt að það komi fram að kauptryggingarsamningur sem fiskvinnslufólk á sínum tíma taldi mikla réttarbót hefur víða verið þverbrotinn en það skal líka tekið fram að það eru atvinnurekendur í þessari grein sem virða þennan samning og það er óréttlæti gagnvart þeim að aðrir brjóti samninginn. Vinnumálasamband samvinnufélaganna og Vinnuveitendasamband Íslands hafa skrifað Verkamannasambandinu bréf þar sem þeir óska eftir endurskoðun á kauptryggingarsamningnum þar sem þeir treysta sér ekki til þess að standa við hann í óbreyttu formi. Því lítur málið enn verr út.

Það er kaldhæðni örlaganna og sú staða væri kannski ekki í dag um uppsagnir, það er mikið um það að aðalmál lögfræðinga verkalýðshreyfingarinnar snúa að uppsagnarbréfum sem almennur starfsmaður fær þar sem ástæðan er ekki tilgreind, hann er ekki þess virði að honum sé sagt af hverju honum sé sagt upp. Hann fær bara bréfið. Ef Ísland hefði nú fullgilt þær samþykktir sem Alþjóðavinnumálastofnunin hefur gert, og þá bendi ég sérstaklega á samþykkt nr. 156 og 158, þá værum við ekki í þessari stöðu gagnvart uppsögnunum. Samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 156 nær til starfsfólks með fjölskylduábyrgð en hún leggur bann við því að fjölskylduábyrgð ein og sér geti verið ástæða til uppsagnar. Þegar talað er um fjölskylduábyrgð er ekki aðeins átt við fólk sem hefur börn á framfæri heldur einnig þá sem hafa aldraða foreldra sína á framfæri eða t.d. sjúkan maka. Í íslenskum lögum eru það bara trúnaðarmenn og vanfærar konur sem njóta verndar. Í þessari samþykkt nr. 156 er verið að vernda þann sem sér fjölskyldunni farborða, sama hvort það eru börn, aldraðir foreldrar eða maki í veikindum viðkomandi. Það hefði verið mjög vel til fallið á ári fjölskyldunnar að Ísland hefði staðfest og fullgilt þessa samþykkt. En sú nefnd hér á Íslandi sem er þríhliða nefnd aðila vinnumarkaðarins, þ.e. Alþýðusambandsins, Vinnuveitendasambandsins og félmrn., það er fulltrúi Vinnuveitendasambandsins í nefndinni sem hefur jafnan lýst andstöðu og gerir málið patt.

Þá er önnur samþykkt ekki síður mikilvæg fyrir almennt launafólk og það er samþykkt nr. 158 þar sem atvinnurekendum er bannað að segja fólki upp að ástæðulausu. Það segir ekki að atvinnurekandi geti ekki sagt upp vegna skipulagsbreytinga í fyrirtækinu en ástæðan verður að vera fyrir hendi og það má ekki mismuna fólki vegna hörundslitar, skoðana eða annars slíks. Þar er réttur fólksins ótvíræður.

Það er kannski rétt í þessu sambandi að vekja athygli á frammistöðu Íslands gagnvart þessum samþykktum sem Alþjóðavinnumálastofnunin hefur sent frá sér og aðildarlöndin eiga að sjálfsögðu að staðfesta. Það er mikið kvartað yfir því hjá Alþjóðavinnumálastofnuninni hvað við Íslendingar erum slappir í því að samþykkja þetta. Við berum okkur oft saman við Norðurlöndin. Af þeim samþykktum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, lista sem er frá 1. júní 1994, hafa Spánverjar samþykkt 101 og eru þar hæstir. Noregur samþykkir 83, Finnland 73, Svíþjóð 69, Danmörk 59 en Ísland 18. Við erum þar í flokki með Írak, Ekvador og slíkum þjóðfélögum.

Virðulegi forseti. Það mál sem hér er á ferðinni er brýnt réttlætismál fyrir það fólk sem hefur veikasta stöðu í þjóðfélaginu, býr við minnst atvinnuöryggi og vinnur í þeirri atvinnugrein sem hingað til hefur ekki notið mikillar virðingar en stendur vonandi til bóta. Það er von okkar flm. að þetta mál fái góða og skjóta afgreiðslu á Alþingi því að fram undan eru erfiðir kjarasamningar og það væri gott vegarnesti fyrir íslenskt verkafólk að fá afgreiðslu hér á jákvæðum nótum.

Að lokinni 1. umr. legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og félmn.

[12:16]

Guðrún J. Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil eindregið taka undir þessa tillögu sem hv. 5. þm. Vesturl., Elínbjörg Magnúsdóttir, flutti hér svo skörulega áðan. Það er ekki vansalaust fyrir íslenska þjóð sem byggir afkomu sína á fiskveiðum og fiskvinnslu hvernig við höfum búið að því fólki sem stendur undir þessari framleiðslu. Einkum og sér í lagi virðist landverkafólkið hafa verið haft út undan alla tíð og er sannarlega mál að linni. Að það skuli ekki einu sinni njóta venjulegra mannréttinda um uppsagnarfrest er slík háborin skömm að við getum varla nefnt þetta kinnroðalaust.

Það er líka háborin skömm að við skulum vera að draga svo lappirnar eins og raun ber vitni þegar við eigum að samþykkja ýmsar tillögur alþjóðastofnana sem varða velferð þjóðarinnar og þegnanna og þá ekki síst vinnumálastofnunarinnar. Ég legg til að þessi þáltill. verði samþykkt og það verði hið fyrsta farið að vinna samkvæmt henni. Það má engan tíma missa. Eins

og fram kom í ræðu hv. flm. eru núna fram undan samningar og það er sannarlega mikilvægt að ákvæði um uppsagnarfrestinn og líka leiðrétting á þeirri 3. gr. laga frá 1979, sem hér hefur verið nefnd, verði komið á réttan grundvöll áður eða a.m.k. um leið og samningar verða gerðir.

Það er stórmikilvægt að laga grundvöll þess lífs sem almenningur byggir á á Íslandi. Einn af þeim þáttum sem styrkja grundvöllinn er einmitt sá sem hér um ræðir. Við þurfum að hækka grunnlaun fólks en við þurfum líka að hafa það þannig að réttindi fólks sé ekki hægt að fótumtroða og teygja eins og einhverja skækla í allar áttir eftir því sem ráðamönnum og í þessu tilfelli vinnuveitendum hentar.

Það er því mikilvægt að þessi þáltill. verði samþykkt hið fyrsta og ég vona að hún verði fljótt afgreidd í félmn. svo að þetta mál hljóti skjótan frama, bæði innan þings og í meðferð ríkisstjórnarinnar.

[12:20]

Árni Johnsen:

Virðulegi forseti. Það mál sem hér er fjallað um er brýnt hagsmuna- og réttindamál og er að mínu mati meiður af stóru og flóknu vandamáli sem við Íslendingar búum við. Það er því miður svo í okkar þjóðfélagskerfi að það er mikið um falsvonir og það hefur farið vaxandi að mínu mati þó að menn séu kannski að vinna verkin eins vel og þeir geta frá degi til dags í hinu almenna stjórnkerfi. Við sjáum hvernig launamisrétti hefur stóraukist á undanförnum árum, hvernig bilið á milli þeirra lægst launuðu og hæst launuðu eykst óðfluga og er gersamlega óásættanlegt og óeðlilegt í samfélagi eins og við búum í. Við sjáum hvernig farið er með marga hluti og samtryggingakerfið verður flóknara og flóknara. Við getum nefnt dæmi í þessu sambandi.

Kerfin öll sem við höfum sett á, hvort sem það er vinnueftirlit, rafmagnseftirlit, heilbrigðiseftirlit og hvað svo sem það heitir allt saman þar sem hlaðast upp hópar fólks sem mata sér vinnu og auka kostnaðinn í kerfinu langt umfram það sem eðlilegt er hjá lítilli þjóð eins og Íslendingum. Traustið er einskis virt, verkþekkingin enn síður og þannig erum við á margan hátt, virðulegi forseti, komin að mínu mati í mjög slæma sjálfheldu.

Við horfum á það kalt og rólega að álagið í vinnunni er mest í tveimur stéttum, tveimur stéttum tvímælalaust. Það er mest í fiskvinnslunni hjá fiskvinnslufólki þar sem konur eru stærsti hluti verkafólks og hins vegar í heilbrigðiskerfinu, á sjúkrahúsunum. Þar eru launin lægst og vinnuálagið mest, í sumum tilvikum þrældómur. Og svo erum við Íslendingar að státa okkur af því að vera í fremstu röð lýðræðis- og menningarþjóða.

Maður gæti farið í ýmsa útúrdúra um nýtingu á hlutum, svo sem það hvernig við Íslendingar nýtum fiskafurðir miðað við Japani en þar erum við aftarlega á merinni miðað við þá þjóð sem vinnur hvað nýtnast af öllum þjóðum heims. En allt er þetta hluti af stóru dæmi. Ábyrgð verkamannsins, ábyrgð verkakonunnar í fiskinum eða þeirrar sem eru í þjónustu á sjúkrahúsinu er augljós og mikil. Ábyrgð hins háttlaunaða bankastjóra, hver er hún í ríkiskerfinu? Hver er hún?

Þetta er spurning sem við ættum kannski að velta fyrir okkur oftar og kryfja til mergjar og taka á vegna þess að eins og upphaflega var sagt: Með lögum skal land byggja, þá horfum við til þess að þetta land verður ekki byggt af sjálfstæðri þjóð Íslendinga nema það sé sátt um það fyrirkomulag og það kerfi sem við ætlum að búa við frá degi til dags. Þau tilvik sem ég hef nefnt hér í stuttu máli ganga ekki til þess að sætta fólkið í landinu við það umhverfi og þær aðstæður sem það ætlar að búa í.

Ég þakka hv. 1. flm., Elínbjörgu Magnúsdóttur, sérstaklega fyrir hennar ræðu áðan sem var yfirgripsmikil, flutt af mikilli þekkingu á málinu og horft vítt til veggja, þakka henni fyrir það að hafa fylgt þessu máli fram. Því að þó að hér sé um kannski tiltölulega þröngan þátt að ræða í réttindum verkafólks, þá er það mikilvægur réttur og er til þess að undirstrika mannréttindi og fyrst og fremst réttlæti.

Ef við Íslendingar horfum til þess hvar fjárfestingin liggur. Liggur fjárfestingin þar sem fólkið vinnur sem skilar mestum gjaldeyristekjunum eða stuðlar að þeim vettvangi, sjómenn og verkafólk? Liggur fjárfestingin þar í hinu daglega brauði? Nei, hún liggur ekki þar. Þar er ekki jeppaflotinn, þar eru ekki villurnar (**Gripið fram í:** Og ekki marmari.) og þar er ekki marmari, þar er einfaldari viður í hurðarkörmum. Þessi fjárfesting liggur ekki heldur hjá því fólki sem vinnur þau erfiðu störf í heilbrigðisþjónustunni sem við vitum af dags daglega og eru öryggisventill íslensks samfélags, þáttar sem tekur nær helming íslenskra fjárlaga á hverju ári. Fjárfestingin liggur einhvers staðar í lausu lofti hjá aðilum sem kunna og geta spilað á kerfið. Auðvitað kalla svona ummæli á langa umræðu og miklar vangaveltur og rökræður. Til þess eru ekki efni að þessu sinni en þetta er engu að síður staðreynd málsins. Hér er sjónum beint að ákveðnum þáttum sem eru grundvallarréttindi og ég vil taka undir af heilum hug.

[12:27]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil, eins og þeir sem áður hafa komið, þakka hv. þm. Elínbjörgu Magnúsdóttur fyrir að hafa flutt þetta mál. Það sýnir okkur hvað það er gott fyrir Alþingi Íslendinga að fá hér inn fólk, varamenn, sem koma beint úr atvinnulífinu og til okkar hinna sem kannski erum búin að vera hér, sum alla vega, helst til of lengi og þyrftum að fara í endurhæfingu út í atvinnulífið. Það er frískandi að fá þessa umræðu beint hér inn. Ég þakka hv. þm. sérstaklega fyrir mjög góða framsögu fyrir þessari þáltill. og hvetja til þess að hún verði samþykkt og við förum í þessa vinnu.

Þegar ég fór að skoða þáltill. og hvað lá að baki lagasetningunni frá 1979 sem nefnd er hér, þá komst ég reyndar að því að 3. gr. laganna, þar sem er talað um tilefnislausar uppsagnir fólks eða rétt atvinnurekenda til þess að segja upp fólki vegna hráefnisskorts,

er nær óbreytt frá 1957. Það segir sig sjálft að það er vissulega komin ástæða og þó fyrr væri að endurskoða þessa grein sérstaklega vegna þess að aðstæðurnar eru svo breyttar. Við vorum ekki með fiskmarkaði 1957 og reyndar eru þær forsendur sem greinin byggði á svo allt aðrar. En það er dálítið gaman samt að lesa þessi þingskjöl. Í athugasemdum við frv. þegar það er lagt fram 1957 segir, með leyfi forseta:

„Það sýnist ekki skipta öllu máli hvort launþeginn fær laun sín greidd mánaðarlega eða hvort launin eru greidd vikulega eins og tíðkast um tíma- eða vikukaupsmann. Samband atvinnurekenda og launþega skiptir hins vegar mestu máli. Þegar samband þeirra er varanlegt árið út eða lengri tíma virðist eðlilegt að launþeginn eigi rétt á nokkrum fyrirvara ef atvinnurekandinn vill segja honum upp starfi.

Sama máli gegnir um atvinnurekanda. Eðlilegt virðist að hann fái vitneskju um það með nokkrum fyrirvara ef slíkur launþegi óskar að láta af störfum hjá honum. Þegar slíkt varanlegt samband hefur skapast milli atvinnurekanda gefur það sjálfkrafa þá von að það muni vara áfram nema sérstakar aðstæður komi til. Hvor aðili um sig mun því jafnan vera illa undir það búinn að samband þeirra rofni fyrirvaralaust. Það þykir því eigi óeðlilegt að lögfesta gagnkvæman uppsagnarfrest í þeim tilfellum þegar samband atvinnurekenda og launþega er svo varanlegt að það sé órofið heilt ár eða meir."

Þetta eru rökin í greinargerð með frv. þegar það er lagt fram 1957. Ég fór yfir umræðuna og það er dálítið merkilegt að skoða hana því að hún er í raun og veru á sama grunni og hún er í dag. Síðan er aftur gerð breyting 1979 og í þeirri umræðu er mælt fyrir þessu frv. af þáv. félmrh., Magnúsi H. Magnússyni. Í þeirri umræðu tekur reyndar einn hv. þm. sem hér situr þátt, en það er hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson. Hann flytur þá ræðu um nákvæmlega þetta sama mál. Ef sú umræða er skoðuð þá er hún eins. Þarna er verið að tala um réttindi verkafólks og sérstaklega þeirra sem vinna í fiskvinnslunni og mér sýnist að miðað við umræðuna og miðað við þá framsögu sem við heyrðum áðan og þær staðreyndir sem við þekkjum úr þjóðlífinu sé staðan ekki miklu betri en hún var 1979 og jafnvel talað af heldur meiri virðingu um störf fólks sem vann þá við fiskverkun, í sjávarútvegi, en gert er í dag. Það hefur e.t.v. ekki verið eins algengt og maður heyrir reyndar í dag að í skólum landsins, og reyndar hafa mín börn upplifað það að ef þau hafa ekki lært og undirbúið sig í tíma þá hefur kennarinn jafnvel látið út úr sér: Ætlar þú að vera í fiskvinnslu alla þína ævi? Engu að síður eru þetta þau störf sem þjóðfélagið allt byggir á eins og reyndar hefur komið fram áður.

Tillaga hv. þm. Elínbjargar Magnúsdóttur um endurskoðun laga um uppsagnarfrest sýnir okkur að við berum ekki þá virðingu sem til þarf fyrir undirstöðuatvinnuvegi þjóðarinnar, þeim atvinnuvegi sem allt byggir á. Ég tek heils hugar undir þessa tillögu og hefði reyndar viljað sjá það gerast að við afgreiddum hana fljótt hér í gegn og hún fái ekki sömu meðferð og svo margar þáltill. frá hv. þm. sem fara ár eftir ár til umfjöllunar í nefnd og liggja þar. Ég hvet hv. þm. til þess að stuðla að því að tillagan komi sem fyrst út úr nefnd, fái þar fljóta og skjóta afgreiðslu.

Mig langar aðeins til þess að bæta við af því að hv. þm. Árni Johnsen nefndi aðeins bankastjórana áðan og launin og mismuninn og hvernig við metum störfin. Hráefnið sem um er talað í þessari tillögu og það sem snýr að fiskvinnslufólki er auðvitað fiskurinn. Um leið og verður samdráttur þar er fólki sagt upp. Hráefni bankanna eru peningarnir og efnahagur landsins. Þar er að vísu farin sama leið þegar samdráttur verður. Þá er dregið saman, útibúum lokað og opnunartími bankanna styttur, en á hverjum bitnar það? Ekki bankastjórunum. Það þarf ekkert að fækka þeim heldur þeim sem eru á lægstu launum. Það er dæmigert fyrir það ástand sem við upplifum í dag að þegar atvinnuleysi hefur aukist verulega þá bitnar það akkúrat harðast á þessu fólki og misréttið sem hefur aukist verulega samfara auknu atvinnuleysi. Það er enn meiri hætta á að réttur verkafólks sé fótumtroðinn þegar við búum við atvinnuástand eins og það er í dag í öllum stéttum en ekki hvað síst hjá fiskverkunarfólki.

Ég vil enn og aftur þakka hv. þm. fyrir að leggja fram þessa tillögu og ræða þessi mál því oft var þörf en nú er nauðsyn.

[12:34]

Árni Johnsen *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þegar hv. þm. Margrét Frímannsdóttir orðar það svo að líklega sé staðan í réttinda- og kjaramálum verkafólks lítið skárri og líklega ekkert skárri en fyrir 10–20 árum þá vil ég kveða heldur fastar að orði og taka undir með þingmanninum því að staðan er ekkert betri, því miður. Það er alveg saman hvort við erum að tala um 1969, 1979, 1989 og hugsanlega 1999. (Gripið fram í.) Það er stutt í 1999 og það er ekkert sem hefur gefið vísbendingar um að við séum að komast út úr þeirri sjálfheldu sem við erum í og stöðnun í öllum vinnubrögðum er lúta að þessum málum. Hvort sem þar er um að kenna stjórnvöldum, verkalýðshreyfingunni, atvinnurekendum skal ég ekki fjalla um nú. Þar eru allir samsekir og þróunin er einfaldlega sú að málið gengur ekki upp. Þetta er sú staða sem blasir við okkur og ég vildi aðeins árétta vegna ræðu hv. þm.

[12:36]

Guðmundur Hallvarðsson:

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir orð þeirra þingmanna sem hafa talað á undan mér varðandi þakkir til hv. þm. Elínbjargar Magnúsdóttur vegna þáltill. sem ég er meðflm. að.

Mér þótti vænt um að heyra það áðan þegar vitnað var í fortíðina og talað um ágætan félaga okkar og leiðandi mann á árum áður úr íslenskri verkalýðshreyfingu, Guðmund H. Garðarsson, að hann skyldi hafa komið að þessu máli 1979. Það hefur sýnt sig í gegnum árin að hann hefur verið vakandi maður og ötull eins og raun ber vitni.

Það vakti hins vegar upp í huga mér það ástand sem var á árum áður þegar ég ungur maður var að breiða saltfisk hjá Tryggva Ófeigssyni og eiginlega blasir sú

mynd enn við í dag hjá íslensku verkafólki í fiskvinnslu. Ef kom til þess að breiddur skyldi saltfiskur til þerris þá var flaggað, en á jafnskömmum tíma gat svo farið að ský dró fyrir sólu og ef almennt var mætt til vinnu þá var vinna flautuð af og hver fór til síns heima án þess að fólk fengi nokkur laun fyrir ómakið. Það þótti bara sjálfsagt og eðlilegt að réttleysið væri slíkt. Því miður er í dag ekki fjarri þessu ástandi eins og hv. þm. Árni Johnsen kom hérna inn á áðan og Margrét Frímannsdóttir. Það er óeðlilegt, eins og hér hefur komið fram áður, að það fólk sem vinnur við undirstöðuatvinnuveg þjóðarinnar skuli búa við það réttleysi sem raun ber vitni.

Hér var talað um að margar samþykktir Alþjóðavinnumálastofnunarinnar eru þess eðlis að Íslendingar hafa ekki gerst aðilar að og standa kannski manna lakast hvað þau réttindi verkafólks áhrærir sem og Alþjóðavinnumálastofnunin hefur gert samþykktir um. Í allri umræðunni um nánara samstarf við erlendar þjóðir virðist það eitt hafa ráðið og ráða umræðunni allri sem snýr að viðskiptalegum þáttum samskipta í milli þjóða. Kannski er það svo að Íslendingar þurfi að fara að athuga sinn gang hvað áhrærir rétt verkafólks einnig í samskiptum sem við eigum við aðrar þjóðir og þar sem við erum að taka þátt í ýmsu alþjóðlegu starfi. Þá kemur upp í hugann: Hvers vegna erum við yfir höfuð að taka þátt í samstarfi og vinnu hjá Alþjóðavinnumálastofnuninni ef þar eru svo margar greinar samþykktar af meginhluta þeirra þjóða sem þar eiga aðild að en við Íslendingar erum slíkir eftirbátar sem raun ber vitni um varðandi rétt og réttarstöðu íslensks verkafólks? Getur það verið að í mörgum tilfellum sé það orðið svo að íslenskt verkafólk stendur mjög lakar en frændur okkar t.d. á hinum Norðurlöndunum eða í Evrópu allri?

Það er alvarleg þróun sem hefur orðið hjá íslensku fiskverkunarfólki þegar litið er til þess að frystitogurum hefur fjölgað svo mjög. En sú þróun á kannski skýringar og sína sögu þegar til þess er litið að jafnhliða réttarleysi fólks í fiskverkun hefur líka framþróunin í mörgum þáttum fiskvinnslunnar staðið í stað, ekki það að vinnslan og vinnsluaðferðin og hráðinn hafi ekki náð framþróun heldur hitt að lengd vinnutímans hefur staðið í stað. Menn hafa keppst við að nýta eingöngu dagvinnutímann til þess að vinna fiskinn og jafnvel borið því við að vegna þess að verkafólk hafi takmarkaðan uppsagnarfrest þá sé nauðsynlegt að nýta dagvinnutímann á meðan sá eini togari sem kannski er til í viðkomandi plássi sé úti á miðunum til að ná í meiri afla og sá afli sem fyrir er er þá unninn í einhverjum hægagangi sem hefur jafnvel komið niður á gæðum. Kannski er það hluti af skýringunni hvers vegna menn hafa lagt sig fram um að frysta hráefnið sem allra ferskast. Kannski er þarna skýringar að leita að hluta til, að menn hafa verið að draga það í of langan tíma að vinna það hráefni sem að landi hefur komið vegna þess að til er eitthvað sem heitir kauptrygging hjá fiskverkunarfólki. Eðlilegt hefði verið að horfa svo á í fortíðinni að slíkur fjöldi frystihúsa væri ekki byggður sem raun ber vitni núna og að jafnframt hefði verið tekið upp vaktafyrirkomulag til þess að sú matvælaiðja sem við höfum stundað um langan tíma væri eins og ætlast er til á þessum tímum.

Hér kom líka einn þingmaðurinn inn á að sá hugsunargangur væri kannski enn ríkjandi að fólk talaði niður til fiskverkunarfólks og í skólum landsins væri jafnvel sá sem ekki hefði lært lexíuna sína spurður að því hvort hann ætlaði að verða verkamaður í frystihúsi allt sitt líf. Ég vona að þessum móral hafi verið eytt úr skólum. Ég trúi því ekki að enn sé til slíkur orðhengilsháttur meðal fræðimanna íslenskra ungmenna sem hér hefur verið getið um. Það er vissulega full ástæða þá til, ef svo er, að því verði snúið við.

Ég vildi að lokum ítreka að ég vona að þessi þáltill. fái skjóta afgreiðslu og tek undir það sem var sagt áðan að það ber því miður of mikið á því að þáltill. eru að þvælast í nefndum allt of lengi og eru jafnvel afgreiddar þaðan seint og illa út. Ég vildi aðeins bæta við varðandi það réttleysi sem fiskverkunarfólkið hefur hvað uppsagnarfrest áhrærir og ítreka það og minni á að enn þá búa íslenskir fiskimenn við það réttleysi að eiga aðeins viku uppsagnarfrest, en þáltill. liggur hjá hv. samgn. þar að lútandi og vonast ég til, hæstv. forseti, að formaður samgn. afgreiði þá tillögu skjótt og vel úr nefnd.

[12:44]

Þuríður Backman:

Virðulegi forseti. Ég vil eins og aðrir hv. þm. sem hafa komið hér upp á undan mér byrja á því að þakka hv. þm. Elínbjörgu Magnúsdóttur fyrir hennar framsögu og sérstaklega góða greinargerð með þáltill. Hafi þingmenn ekki áttað sig á því hvernig atvinnuástandið er í dag, atvinnuréttindi og réttindi fólks til launa vegna sjúkdóma- og slysaforfalla og eins vegna uppsagna á störfum þá á þetta að vera okkur öllum ljóst nú eftir hennar framsögu.

Ég vil byrja á því að benda á það að við Íslendingar viljum geta borið okkur saman við Norðurlandaþjóðirnar, við Evrópubúa, um allt milli himins og jarðar. Við viljum vera á sama menningarstigi, við viljum hafa sama hagvöxt, en þegar kemur svo að launum og starfsréttindum, þá getum við því miður ekki borið okkur saman við þessar þjóðir. Þar höfum við dregist verulega aftur úr, en í því atvinnuleysi sem hefur verið undanfarin ár hefur réttur verkafólks verið fótumtroðinn. Hér hefur sérstaklega verið tekið fram og bent á réttindaleysi verkafólks í fiskiðnaði, en það eru stórir láglaunahópar og þá kannski ekki síst konur, sem hafa farið mjög illa út úr því ástandi sem hefur hér varað á vinnumarkaðnum og eru til hópar sem hafa engan ráðningarsamning. Það eru aðilar sem verða að ráða sig til vinnu sem verktakar, sem er náttúrlega hreinasti skrípaleikur í okkar atvinnulífi. Þessir undirverktakar eða verktakar eru réttindalaust fólk. Það er líka stór hópur sem tekur ekki að sér verk sem verktaki, heldur er ráðinn til vinnu munnlega, án nokkurra skriflegra samninga og hefur í raun ekki hugmynd um það hvort það er dagsuppsagnarfrestur, vikuuppsagnarfrestur eða hvaða réttindi hann yfirleitt hefur og verður að láta sig hafa það ef þeir vilja fá vinnu. Það

er erfitt að taka á þessum málum, sérstaklega hjá þeim sem verða að sætta sig við það ástand, að ráða sig til vinnu án nokkurra samninga, en réttindaleysi þessa fólks er mest af öllu. Það eru ekki síst konur og láglaunahópar sem verða að sætta sig við þetta ástand. Ég vona að þessi þáltill. verði samþykkt því eins og hér hefur komið fram erum við því miður langt á eftir hvað varðar réttindamál verkafólks á þessu sviði. Ég vona að við getum afgreitt þetta skjótt svo við getum borið höfuðið hátt.

[12:48]

Flm. (Elínbjörg Magnúsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég vil þakka hv. þingmönnum sem hér hafa tekið til máls fyrir þeirra góðu undirtektir á þessu máli. Það var hv. 18. þm. Reykv. og á eftir honum talaði hv. 3. þm. Suðurl. og ég vil taka undir með honum þegar hann ræðir um þetta sem hluta af mannréttindum. Það er nefnilega nákvæmlega það sem það er. Þetta eru grundvallarmannréttindi. Við höfum náð langt á mörgum réttindasviðum í baráttu almenns launafólks, en þegar grundvallarrétturinn er ekki fyrir hendi þá verður hitt minna virði.

Ég vil þakka hv. 4. þm. Suðurl. fyrir þá sögulegu upprifjun sem hún kom með hér áðan. Þetta var eitthvað sem ég ekki vissi, að þetta væri í rauninni svona gamalt mál, að við værum hér að fjalla um grein sem væri síðan 1957, en í raun á þessi 3. gr. eiginlega að taka yfir force majeure og force majeure gengur yfir allt atvinnulífið verði stór áföll eins og bruni, skipstap, hvaða fyrirtæki sem það er. Það getur verið saumastofa, það getur verið hvaða þjónustustofnun sem er. Verði slíkt áfall þá gildir það sama fyrir það fólk eins og aðra. En þegar menn fara að búa til force majeure úr eigin skipulagsleysi, að þeir axli ekki þá ábyrgð sem þeir eiga að bera sem atvinnurekendur um að skipuleggja sitt starf í fyrirtækinu, þá ganga menn fulllangt.

Ég vil taka undir með hv. 4. þm. Suðurl. þar sem hún ræðir um skólanám og fiskvinnslu í samhengi. Ég held að við getum sjálfsagt mörg viðurkennt það með sjálfum okkur að nota þetta orðbragð eða þessa tilvitnun ef manni finnst börnin ekki sýna skólanáminu mikinn áhuga: Heyrðu, hvernig er það með þig, ætlar þú bara að vera í fiskinum endalaust? Og það er eins og mig minni að ég geti játað þessa sök á mig sjálfa með mína eigin dóttur á sínum tíma. En það er kannski alvarlegra sem ég varð vitni að í því frystihúsi sem ég vinn. Þar kom heill bekkur úr grunnskóla. Þar vorum við með 11 eða 12 ára börn, ég kann nú ekki að greina aldurinn nákvæmlega. Þar var verið að sýna börnunum þau störf sem þar voru unnin og síðan heyrðist einn kennarinn segja hátt og snjallt: „Ja, þetta bíður ykkar ef þið eruð ekki dugleg að læra.“ Þetta finnst mér öllu alvarlegra heldur en þó að maður reyni á eigin heimili, bak við veggi heimilisins, að nota þá tilburði sem við höfum í farteskinu til að hvetja eigin börn, en þegar þetta er grundvallarskoðunin kannski innan menntakerfisins þá er ekki von á góðu, að virðingin sé mikil þegar út er komið.

Hv. 16. þm. Reykv. talaði hér um að vinnuhraðinn innan frystihúsanna væri ekki nógu mikill. Ég vil nú ekki taka undir þetta með honum. Við vinnum núna undir þrýstingi frá vélum. Það eru komnar þannig vinnslulínur í frystihúsin að hægagangur er ekki, það er ekki reynt að láta fiskinn duga út vikuna vegna þess að skipið sé að koma. Alvörufyrirtæki senda fólkið heim, borga því sitt tímakaup þar til skipið kemur að eða þá að menn reyna að ná sér í fisk á markaði. En það hefur aftur aukist víða um land og það er ákveðið landsvæði, sem ég sé í rauninni enga ástæðu til að draga upp hér, þar sem atvinnuástandið hefur verið notað til þess að gera ekki þann kauptryggingarsamning sem samningar kveða á um og byggist á 3. gr. laganna nr. 19/1979. Og hvað á fólk að gera í sjávarþorpi þar sem þetta er eini vinnuveitandinn? Ef menn ekki láta það hafa þennan kauptryggingarsamning þá verður það að búa við þetta. Þarna verður löggjafinn að koma inn í.

Ég tek undir með hv. 4. þm. Austurl. að samanburður okkar við aðrar þjóðir er okkur verulega í óhag. Það er alveg synd og skömm að Ísland skuli, eins og það telur sig nú framarlega og skipta miklu máli í alþjóðaviðskiptum, að við skulum sitja svo aftarlega á merinni að ná ekki einum þriðja af meðaltali Norðurlanda hvað varðar samþykktir Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.

Í fiskvinnslunni er þó kannski eitt atriði sem tekur öðrum atvinnugreinum fram, það er að þar gildir og ríkir jafnrétti launa milli kynja. Það er ekki neinn taxtamunur á því hvort þú ert karl eða kona. Það má kannski segja að eini munurinn sé að sumir karlmennirnir í fyrirtækinu vinna lengur, tækjamenn og aðrir slíkir. En yfirgnæfandi meiri hluti starfsfólksins eru konur og mér er ekki grunlaust um það að margir karlmenn hafi hækkað í launum við breyttar vinnsluaðferðir í frystihúsunum, við það að fara í hóppremíu með konunum. Og fiskvinnslan er einmitt líka sú atvinnugrein sem hefur verið hagstæðust konum við þann sveigjanleika sem greinin hefur veitt húsmæðrum. Það er ekki mikið vandamál í fiskvinnslunni yfir höfuð að fá leyfi vegna veikinda barna þó að þú sért búinn með þinn rétt sem tryggður er samkvæmt samningum, sem eru sjö dagar, þurfir að fara og sinna þínum erindum, þá held ég að fólk geti verið almennt sammála um það að þessi atvinnugrein hefur komið mjög vel á móti fólki í þessu tilliti. En það er þessi grundvallarréttur að þú sért metinn þannig að þú eigir þinn uppsagnarfrest, þú fáir ástæður fyrir honum, að við fullgildum ILO-samþykktirnar. Þá þurfum við ekki að hafa áhyggjur af því. Þá er það komið hér og skuldbundið að menn segi ekki upp að ástæðulausu. En þetta er það grundvallaratriði og ég vil þakka þær góðu undirtektir sem þetta mál hefur fengið og ég held að ég geti farið heim í mitt hérað og til míns fólks sem kemur til með að hittast innan skamms, fiskvinnslufólk á öllu landinu, og ég vona að ég geti fært því þær fréttir að von sé á réttarbót því til handa.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 12:55]

Takmörkun á ráðstöfun síldar til bræðslu, 2. umr.

Stjfrv., 107. mál. — Þskj. 110, nál. 248.

[13:32]

Frsm. sjútvn. (Matthías Bjarnason):

Virðulegi forseti. Þessu frv. um takmörkun á ráðstöfun síldar til bræðslu var vísað til sjútvn. Nefndin fjallaði um málið og fékk á sinn fund hina ýmsu fulltrúa, meðal þeirra Ágúst H. Elíasson, framkvæmdastjóra Samtaka fiskvinnslustöðva, Gunnar Flóvenz, formann Síldarútvegsnefndar, Dagmar Óskarsdóttur, formann Félags síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi, Kristján Ragnarsson, formann LÍÚ, Benedikt Valsson, framkvæmdastjóra Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Helga Laxdal, formann Vélstjórafélags Íslands, og frá Sjómannasambandi Íslands var mættur Sævar Gunnarsson formaður og Hólmgeir Jónsson framkvæmdastjóri. Einnig kom á fund nefndarinnar Halldór Árnason, aðstoðarmaður sjávarútvegsráðherra.

Nefndin taldi rétt að gera örlitla breytingu á 2. gr. frv. Það var að á eftir orðinu „útvegsmanna" í fyrri mgr. komi: svo og umsagna samtaka sjómanna.

Fjarstaddir afgreiðslu málsins voru Steingrímur J. Sigfússon og Jóhann Ársælsson. Anna Ólafsdóttir Björnsson og Jóhanna Sigurðardóttir sátu fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúar og eru þær samþykkar áliti þessu.

Undir þetta álit rita Matthías Bjarnason, Gunnlaugur Stefánsson, Stefán Guðmundsson, Guðmundur Hallvarðsson, Ragnar Þorgeirsson, María E. Ingvadóttir og Vilhjálmur Egilsson.

Efni þessa frv. er að reyna að beita öllum tiltækum ráðum til þess að sem mest af þeirri síld sem veiðist fari til manneldis. Það út af fyrir sig réttlætir flutning og samþykki þessa frv. Annars finnst mér þetta frv. ekki vera neitt stórt atriði, en það er talið af stjórnvöldum nauðsynlegt að fá óskoraða heimild í þessu sambandi og ég hygg að ég megi segja fyrir hönd allrar nefndarinnar að það er því fyrst og fremst það sem gerir að nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með þessari tilteknu breytingu.

Virðulegi forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 3. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Náttúruvernd, frh. 1. umr.

Stjfrv., 123. mál (stjórn náttúruverndarmála o.fl.). — Þskj. 128.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:42]

Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁJ, ÁMM, EgJ, EKG, EM, EKJ, GHH, GGott, GB, GHG, GHall, GÁS, GJH, GHelg, HÁ, HBl, JóhS, KE, KGuðm, LMR, MF, MB, PJ, RA, RÞ, RG, SalÞ, SigG, SvG, TIO, VS, ÞBack, ÖS.

30 þm. (AÓB, BjörkJ, DO, EH, FI, FrS, GE, GÁ, GunnS, IBA, JÁ, JE, JGS, JBH, JónK, KHG, KÁ, MI, ÓE, ÓRG, PP, PBj, SighB, SAÞ, StG, SJS, StB, VE, ÞBern, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. vísað til umhvn. án atkvgr.

Vernd Breiðafjarðar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 206. mál. — Þskj. 232.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:42]

Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁJ, ÁMM, EgJ, EKG, EM, EKJ, GHH, GGott, GB, GHG, GHall, GÁS, GJH, GHelg, HÁ, HBl, JóhS, KE, KGuðm, LMR, MF, MB, PJ, RA, RÞ, RG, SalÞ, SigG, TIO, VS, ÞBack, ÖS.

31 þm. (AÓB, BjörkJ, DO, EH, FI, FrS, GE, GÁ, GunnS, IBA, JÁ, JE, JGS, JBH, JónK, KHG, KÁ, MI, ÓE, ÓRG, PP, PBj, SighB, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, VE, ÞBern, ÞorstP) fjarstaddur.

Frv. vísað til umhvn. án atkvgr.

Sameining Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda, frh. 1. umr.

Stjfrv., 174. mál. — Þskj. 191.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:43]

Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, ÁMM, EgJ, EKG, EM, EKJ, GHH, GGott, GB, GHG, GHall, GÁS, GJH, GHelg, HÁ, HBl, JóhS, KE, KGuðm, LMR, MF, MB, PJ, RA, RÞ, RG, SalÞ, SigG, SvG, TIO, VS, ÞBack, ÖS.

29 þm. (BjörkJ, DO, EH, FI, FrS, GE, GÁ, GunnS, IBA, JÁ, JE, JGS, JBH, JónK, KHG, KÁ, MI, ÓE, ÓRG, PP, PBj, SighB, SAÞ, StG, SJS, StB, VE, ÞBern, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. vísað til landbn. án atkvgr.

Framleiðsla og sala á búvörum, frh. 1. umr.

Stjfrv., 175. mál (skipan Framleiðsluráðs). — Þskj. 192.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:43]

Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, ÁMM, EgJ, EKG, EM, EKJ, GHH, GGott, GB, GHG, GHall, GÁS, GJH, GHelg, HÁ, HBl, JóhS, KE, KGuðm, LMR, MF, MB,

PJ, RA, RÞ, RG, SalÞ, SigG, TIO, VS, ÞBack, ÖS.

30 þm. (BjörkJ, DO, EH, FI, FrS, GE, GÁ, GunnS, IBA, JÁ, JE, JGS, JBH, JónK, KHG, KÁ, MI, ÓE, ÓRG, PP, PBj, SighB, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, VE, ÞBern, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. vísað til landbn. án atkvgr.

Útflutningur hrossa, frh. 1. umr.

Stjfrv., 209. mál (heildarlög). — Þskj. 235.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:44]

Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, ÁMM, EgJ, EKG, EM, EKJ, GHH, GGott, GB, GHG, GHall, GÁS, GJH, GHelg, HÁ, HBl, JóhS, KE, KGuðm, LMR, MF, MB, PJ, RA, RÞ, RG, SalÞ, SigG, TIO, VS, ÞBack, ÖS.

30 þm. (BjörkJ, DO, EH, FI, FrS, GE, GÁ, GunnS, IBA, JÁ, JE, JGS, JBH, JónK, KHG, KÁ, MI, ÓE, ÓRG, PP, PBj, SighB, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, VE, ÞBern, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. vísað til landbn. án atkvgr.

Bráðabirgðasamkomulag eftir að EFTA-ríki hafa gerst aðilar að Evrópusambandinu, frh. 1. umr.

Stjtill., 182. mál. — Þskj. 204.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:45]

Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, ÁMM, EgJ, EKG, EM, EKJ, GHH, GGott, GB, GHG, GHall, GÁS, GJH, GHelg, HÁ, HBl, JóhS, KE, KGuðm, LMR, MF, MB, PJ, RA, RÞ, RG, SalÞ, SigG, SvG, TIO, VS, ÞBack, ÖS.

29 þm. (BjörkJ, DO, EH, FI, FrS, GE, GÁ, GunnS, IBA, JÁ, JE, JGS, JBH, JónK, KHG, KÁ, MI, ÓE, ÓRG, PP, PBj, SighB, SAÞ, StG, SJS, StB, VE, ÞBern, ÞorstP) fjarstaddir.

Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Vegalög, frh. 1. umr.

Frv. SvG, 178. mál (reiðhjólavegir). — Þskj. 196.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:46]

Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, ÁMM, EgJ, EKG, EM, EKJ, GHH, GGott, GB, GHG, GHall, GÁS, GJH, GHelg, HÁ, HBl, JóhS, KE, KGuðm, LMR, MF, MB, PJ, RA, RÞ, RG, SalÞ, SigG, SvG, TIO, VS, ÞBack, ÖS.

29 þm. (BjörkJ, DO, EH, FI, FrS, GE, GÁ, GunnS, IBA, JÁ, JE, JGS, JBH, JónK, KHG, KÁ, MI, ÓE, ÓRG, PP, PBj, SighB, SAÞ, StG, SJS, StB, VE, ÞBern, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Aðgerðir til stuðnings íbúum Austur-Tímor, frh. fyrri umr.

Þáltill. KÁ o.fl., 69. mál. — Þskj. 69.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:47]

Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, ÁMM, DO, EgJ, EKG, EM, EKJ, GHH, GGott, GB, GHG, GHall, GÁS, GJH, GHelg, HBl, JóhS, KE, KGuðm, LMR, MF, MI, MB, PJ, RA, RÞ, RG, SalÞ, SigG, SvG, TIO, VS, ÞBack, ÖS.

28 þm. (BjörkJ, EH, FI, FrS, GE, GÁ, GunnS, HÁ, IBA, JÁ, JE, JGS, JBH, JónK, KHG, KÁ, ÓE, ÓRG, PP, PBj, SighB, SAÞ, StG, SJS, StB, VE, ÞBern, ÞorstP) fjarstaddir.

Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Takmörkun á ráðstöfun síldar til bræðslu, frh. 2. umr.

Stjfrv., 107. mál. — Þskj. 110, nál. 248.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:48]

1. gr. samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, ÁMM, DO, EgJ, EKG, EM, EKJ, GHH, GGott, GB, GHG, GHall, GÁS, HÁ, HBl, JóhS, KÁ, KE, KGuðm, LMR, MF, MI, MB, PJ, RA, RÞ, RG, SalÞ, SigG, SvG, TIO, VS, ÞBack, ÖS.

28 þm. (BjörkJ, EH, FI, FrS, GE, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, IBA, JÁ, JE, JGS, JBH, JónK, KHG, ÓE, ÓRG, PP, PBj, SighB, SAÞ, StG, SJS, StB, VE, ÞBern, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. í nál. 248 samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, ÁMM, DO, EgJ, EKG, EM, EKJ, GHH, GGott, GB, GHG, GHall, GÁS, GJH, GHelg, HÁ, HBl, JóhS, KÁ, KE, KGuðm, LMR, MF, MI, MB, PJ, RA, RÞ, RG, SalÞ, SigG, SvG, TIO, VS, ÞBack, ÖS.

26 þm. (BjörkJ, EH, FI, FrS, GE, GÁ, GunnS, IBA, JÁ, JE, JGS, JBH, JónK, KHG, ÓE, ÓRG, PP, PBj,

SighB, SAÞ, StG, SJS, StB, VE, ÞBern, ÞorstP) fjarstaddir.

2. gr., svo breytt, samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁJ, ÁMM, DO, EgJ, EKG, EM, EKJ, GHH, GGott, GB, GHG, GHall, GÁS, GJH, GHelg, HÁ, HBl, JóhS, KÁ, KE, KGuðm, LMR, MF, MI, MB, PJ, RA, RÞ, RG, SalÞ, SigG, SvG, TIO, VS, ÞBack, ÖS.
26 þm. (BjörkJ, EH, FI, FrS, GE, GÁ, GunnS, IBA, JÁ, JE, JGS, JBH, JónK, KHG, ÓE, ÓRG, PP, PBj, SighB, SAÞ, StG, SJS, StB, VE, ÞBern, ÞorstP) fjarstaddir.

3.–4. gr. samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁJ, ÁMM, DO, EgJ, EKG, EM, FI, GHH, GGott, GB, GHG, GHall, GÁS, GJH, GHelg, HÁ, HBl, JóhS, KÁ, KE, KGuðm, LMR, MF, MI, MB, PJ, RA, RÞ, RG, SalÞ, SigG, SvG, TIO, VS, ÞBack, ÖS.
26 þm. (BjörkJ, EH, EKJ, FrS, GE, GÁ, GunnS, IBA, JÁ, JE, JGS, JBH, JónK, KHG, ÓE, ÓRG, PP, PBj, SighB, SAÞ, StG, SJS, StB, VE, ÞBern, ÞorstP) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 38 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁJ, ÁMM, DO, EgJ, EKG, EM, EKJ, FI, GHH, GGott, GB, GHG, GHall, GÁS, GJH, GHelg, HÁ, HBl, JóhS, KÁ, KE, KGuðm, LMR, MF, MI, MB, PJ, RA, RÞ, RG, SalÞ, SigG, SvG, TIO, VS, ÞBack, ÖS.
25 þm. (BjörkJ, EH, FrS, GE, GÁ, GunnS, IBA, JÁ, JE, JGS, JBH, JónK, KHG, ÓE, ÓRG, PP, PBj, SighB, SAÞ, StG, SJS, StB, VE, ÞBern, ÞorstP) fjarstaddir.

Kynning á íslenskri menningu, frh. 1. umr.

Frv. SvG og GHelg, 145. mál. — Þskj. 153.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:49]
Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁJ, ÁMM, DO, EgJ, EKG, EM, EKJ, FI, GHH, GGott, GB, GHG, GHall, GÁS, GJH, GHelg, HÁ, HBl, JóhS, KÁ, KE, KGuðm, LMR, MF, MI, MB, PJ, RA, RÞ, RG, SalÞ, SigG, SvG, TIO, VS, ÞBack, ÖS.
25 þm. (BjörkJ, EH, FrS, GE, GÁ, GunnS, IBA, JÁ, JE, JGS, JBH, JónK, KHG, ÓE, ÓRG, PP, PBj, SighB, SAÞ, StG, SJS, StB, VE, ÞBern, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

Réttur verkafólks til uppsagnarfrests, frh. fyrri umr.

Þáltill. EM o.fl., 194. mál. — Þskj. 217.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:50]
Till. vísað til síðari umr. með 38 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁJ, ÁMM, DO, EgJ, EKG, EM, EKJ, FI, GHH, GGott, GB, GHG, GHall, GÁS, GJH, GHelg, HÁ, HBl, JóhS, KÁ, KE, KGuðm, LMR, MF, MI, MB, PJ, RA, RÞ, RG, SalÞ, SigG, SvG, TIO, VS, ÞBack, ÖS.
25 þm. (BjörkJ, EH, FrS, GE, GÁ, GunnS, IBA, JÁ, JE, JGS, JBH, JónK, KHG, ÓE, ÓRG, PP, PBj, SighB, SAÞ, StG, SJS, StB, VE, ÞBern, ÞorstP) fjarstaddir.

Till. vísað til félmn. án atkvgr.

Út af dagskrá voru tekin 10.–15. og 17.–19. mál.

Fundi slitið kl. 13:50.

---

37. FUNDUR

föstudaginn 18. nóv.,
að loknum 36. fundi.

Dagskrá:

1. Takmörkun á ráðstöfun síldar til bræðslu, stjfrv., 107. mál, þskj. 250. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
2. Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda, stjfrv., 190. mál, þskj. 212. — 1. umr.
3. Vegaframkvæmdir á Austurlandi, þáltill., 37. mál, þskj. 37. — Frh. fyrri umr.
4. Nefnd til að kanna útlánatöp innlánsstofnana, frv., 70. mál, þskj. 70. — Frh. 1. umr.
5. Bann við atvinnurekstri einstaklings vegna afbrota, frv., 87. mál, þskj. 87. — 1. umr.
6. Kennsla í iðjuþjálfun, þáltill., 91. mál, þskj. 93. — Fyrri umr.
7. Rannsóknarráð Íslands, frv., 136. mál, þskj. 142. — 1. umr.
8. Fæðingarorlof, þáltill., 147. mál, þskj. 155. — Fyrri umr.
9. Almannatryggingar, frv., 191. mál, þskj. 214. — 1. umr.
10. Fæðingarorlof, frv., 192. mál, þskj. 215. — 1. umr.

Takmörkun á ráðstöfun síldar til bræðslu, 3. umr.

Stjfrv., 107. mál. — Þskj. 250.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, ÁMM, DO, EgJ, EKG, EM, EKJ, FI, GHH, GGott, GB, GHall, GÁS, GJH, GHelg, HÁ, HBl, JóhS, KÁ, KE, KGuðm, LMR, MF, MI, MB, PJ, RA, RÞ, RG, SalÞ, SigG, SvG, TIO, VS, ÞBack, ÖS.

26 þm. (BjörkJ, EH, FrS, GE, GHG, GÁ, GunnS, IBA, JÁ, JE, JGS, JBH, JónK, KHG, ÓE, ÓRG, PP, PBj, SighB, SAÞ, StG, SJS, StB, VE, ÞBern, ÞorstP) fjarstaddir.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:52]

Frv. samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, ÁMM, DO, EgJ, EKG, EM, EKJ, FI, GHH, GGott, GB, GHG, GHall, GÁS, GJH, GHelg, HÁ, HBl, JóhS, KÁ, KE, KGuðm, LMR, MF, MI, MB, PJ, RA, RÞ, RG, SalÞ, SigG, TIO, VS, ÞBack, ÖS.

26 þm. (BjörkJ, EH, FrS, GE, GÁ, GunnS, IBA, JÁ, JE, JGS, JBH, JónK, KHG, ÓE, ÓRG, PP, PBj, SighB, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, VE, ÞBern, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 251).

[Fundarhlé. — 13:54]

Umræður utan dagskrár.

Málefni Atlanta-flugfélagsins.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Eins og áður hefur verið tilkynnt hefst nú utandagskrárumræða. Hún fer fram að beiðni hv. 1. þm. Austurl., Halldórs Ásgrímssonar, um málefni Atlanta-flugfélagsins. Hún fer fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa, þ.e. hálftíma umræða. Það er hæstv. félmrh. sem verður til andsvara.

[14:00]

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Þegar eitt helsta verkefni okkar samfélags í dag er að koma í veg fyrir það mikla atvinnuleysi sem hér ríkir, þá hljótum við að hrökkva við þegar heyrist af því að líkur séu á því að stórt fyrirtæki hafi jafnvel hugsað sér að flytja úr landi og leggja niður starfsemi sína hér á landi.

Nú skal ég ekkert fullyrða um hvort svo verður en það er hins vegar alvarlegt mál þegar hafið er allsherjarverkfall í svo mikilvægri atvinnugrein. Hér er um mjög sérstakt fyrirtæki að ræða. Það býr við miklar sveiflur, það býr yfir mikilli sérþekkingu, það getur skapað mörg góð störf tímabundið, en það þarf að leita lags á alþjóðlegum markaði og grípa tækifærin þegar þau gefast þannig að sveiflurnar eru miklar. Hér er því um fyrirtæki að ræða sem þarf að haga sér líkt og gengur og gerist í okkar fiskveiðum og sjómennsku. Menn þurfa að róa þegar gefur en í annan tíma er lítið að gera.

Aðeins 5% af fluginu tengist Ísland og það er staðreynd að þegar mest er um að vera hjá þessu fyrirtæki þá starfa þar allt að 300 manns og 60–65% af þeim eru Íslendingar.

Ég tel að hér sé um mjög alvarlegt mál að ræða, sem er í senn mjög viðkvæmt. Í fyrsta lagi er hér um að ræða félag sem skapar fólki góðar tekjur sem annars hefði lítið ef það væri ekki fyrir hendi. Ég tel í öðru lagi að þetta félag hafi verulega vaxtarmöguleika á alþjóðlegum markaði og geti þannig styrkt samgöngukerfi Íslands til lengri tíma litið. Það er því ljóst að hugsanlegt brotthvarf þess skaðar samfélagið. Það getur líka haft veruleg áhrif á aðra sem vilja hasla sér völl hér á landi í atvinnustarfsemi og þess vegna ber að meðhöndla málið sem slíkt. Ég tel að það sé líka viðkvæmt fyrir verkalýðshreyfinguna að þurfa að blanda sér í mál sem þetta, þótt ég skilji það að verkalýðshreyfingin sé viðkvæm gagnvart atriðum eins og stéttarfélögum og mörgu fleiru. Hér eiga líka í hlut einstaklingar sem eru almennt hærra launaðir en gengur og gerist í okkar samfélagi og ég er þeirrar skoðunar að slíkir aðilar þurfi að vera varkárir að því er varðar rétt sinn því að hann er mikill þar sem hér er um mjög dýr atvinnutæki að ræða.

Deila þessi er nokkuð sérstök að því leytinu til að hér er ekki um beint kjaramál að ræða. Það eru ekki uppi launakröfur heldur gengur deilan m.a. út á það að þarna eru tvö stéttarfélög, hvort sem mönnum líkar betur eða verr, og það hefur verið dæmt löglegt af Félagsdómi. Hér blandast líka inn í svokölluð forgangsröðun á starfslista eða starfsaldurslisti sem er óvenjulegt í okkar samningum. Það er mjög óvenjulegt að aðilar hafi rétt til starfa eftir slíkri röð.

Ég ætla ekki að gerast dómari í þessu máli. Það hafa þung orð fallið í fjölmiðlum. Ég tel það vera gott að hæstv. ríkisstjórn hefur blandað sér í málið og ég vildi því spyrja hæstv. félmrh.: Hvernig ætlar ríkisstjórnin sér að ganga fram í þessu máli? Telur hún rétt að skipa sérstaka sáttanefnd? Hæstv. samgrh. hefur lýst því yfir að hann telji verulegar líkur á því að niðurstaða náist skjótt í málinu. Ég ætla að vona að það sé rétt hjá hæstv. samgrh. því að mál sem þetta sem er komið í jafnmikla hörku getur orðið mjög skaðlegt ef deilan dregst.

Ég vænti þess að hæstv. félmrh. geti upplýst hvort og hvernig ríkisstjórnin ætli sér að hafa afskipti af þessu máli því að ég vænti þess að með slíkum afskiptum megi ná fram lausn í málinu.

[14:05]

Félagsmálaráðherra (Rannveig Guðmundsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég vil hefja mál mitt á því að lýsa yfir ríkum skilningi á því að Atlanta-málið skuli nú

vera rætt á Alþingi. Hér er um að ræða málefni flugfélags sem hefur mikla þýðingu fyrir okkur Íslendinga, fyrirtæki sem hefur skilað miklum verðmætum í íslenskt þjóðarbú og fyrirtæki sem hefur skapað störf fyrir fjölmargt vel menntað og hæfileikaríkt starfsfólk. Það er því alvarlegt mál þegar svo er komið að ekki finnst lausn á þessum ágreiningsmálum þannig að tilveru þessa atvinnufyrirtækis er stefnt í voða. Eðlilegt er því að þær kröfur séu gerðar að lausn verði fundin í málinu. Ég vil hins vegar taka strax fram að þetta mál er afar flókið og það er þýðingarmikið að þeir sem að því komi sýni stillingu og fjalli um það af varkárni.

Hér gefst ekki tími til að fjalla ítarlega um aðdraganda eða einstök efnisatriði málsins. Nauðsynlegt er þó að draga fram kjarna þessa máls sem er sá ágreiningur sem ekki hefur tekist að finna lausn á.

Hinn 17. okt. sl. var felldur úrskurður í Félagsdómi um verkfallsboðun Félags ísl. atvinnuflugmanna sem þangað var skotið af flugfélaginu Atlanta hf. Úrskurður Félagsdóms var á þá leið að verkfallsboðun FÍA væri fyllilega lögmæt. Í niðurstöðum kemur jafnframt fram að ekki verði dregið í efa að Frjálsa flugmannafélagið sé fullgilt stéttarfélag í skilningi laga. Sömuleiðis að kjarasamningur sá sem Frjálsa flugmannafélagið hefur gert við Atlanta sé lögmætur og því séu meðlimir þess stéttarfélags bundnir af þeim kjarasamningi.

Deilan snýst nú um áhrif þessa dóms. Félag ísl. atvinnuflugmanna hefur krafist þess að fyrirtækið semji við FÍA fyrir þá sex starfsmenn sem eru innan vébanda þess þannig að þeir fái notið jafnræðis við félaga í Frjálsa flugmannafélaginu. Þeir samningar taki m.a. til forgangsréttarákvæða til vinnu varðandi þessa félagsmenn FÍA. Afstaða Atlanta hefur hins vegar verið að búið sé að gera kjarasamning við Frjálsa flugmannafélagið er m.a. tekur til forgangsréttarákvæða og því sé ekki unnt að verða við kröfu Félags ísl. atvinnuflugmanna að þessu leyti.

Í vinnudeilu sem þessari eru takmörk fyrir hversu stjórnvöld geta gengið langt í afskiptum. Almennt séð er hlutverk stjórnvalda í slíkum deilum aðeins óbeint í gegnum hlutverk sáttasemjara ríkisins. Þó segir í lögum um sáttastörf í vinnudeilum að þyki sýnt að vinnudeila hafi mjög alvarlegar afleiðingar geti ríkisstjórn skipað sérstaka sáttanefnd til að vinna að lausn deilunnar. Í því tilviki er skylt að hafa samráð við ríkissáttasemjara og deiluaðila áður en slík nefnd er skipuð. En eðlilegt er og sjálfsagt að reyna að hafa áhrif til góðs, að stuðla að lausn mála sem þessara.

Ég hef átt samráð við ríkissáttasemjara í þessu máli. Ég hef jafnframt átt óformlegar viðræður við einstaka aðila þessa máls og þá hefur hæstv. samgrh. beitt sér í málinu í samræmi við það sem honum leyfist. Okkar sameiginlega niðurstaða er sú að athuguðu máli að það sé alls ekki tímabært að ríkisstjórnin grípi inn í atburðarás þessa máls með þeim hætti sem hún hefur heimild til og hér hefur verið gerð grein fyrir. Málið var kynnt þannig í ríkisstjórn í morgun. Á það verður að reyna að frjálsir samningar takist þannig að farsæl lausn fáist.

Fram hefur komið að menn óttast að verkalýðsfélög innan ASÍ á Suðurnesjum muni beita sér í þessu máli í því skyni að veita FÍA fulltingi, m.a. með samúðarverkfalli. Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef fengið í viðræðum mínum við forustumenn í verkalýðsfélögum á Suðurnesjum er mér tjáð að ekki liggi fyrir að til slíkra aðgerða verði gripið. Sú afstaða er mjög mikilsverð því að það skiptir máli að svigrúm skapist til frekari viðræðna á milli aðila næstu daga. Þær viðræður hafa tekið langan tíma, m.a. vegna þess að lykilpersónur hafa starfa sinna vegna verið á erlendri grund.

Í mínum huga hlýtur lausn þessa máls m.a. að byggjast á því að þeir starfsmenn sem vinna hjá Atlanta finni sameiginlega lausn á því hvernig þeir geta starfað saman hjá fyrirtækinu óháð því hvoru stéttarfélaginu þeir eru aðilar að. Ég hef þá trú að heppnist það muni þetta erfiða og viðkvæma mál leysast farsællega.

[14:10]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Eins og hér hefur komið fram í umræðunum, þá hefur flugfélagið Atlanta unnið mjög merkilegt brautryðjendastarf í því að afla Íslendingum markaða á alþjóðlegum flugmarkaði. Að mörgu leyti má segja að þetta flugfélag hafi markað nýja kafla í íslenskri flugmálasögu á undanförnum árum. Störf þess eru ekki aðeins mikilvæg fyrir flugfélagið og það fólk sem vinnur að flugmálum á Íslandi heldur er mér kunnugt um það að þau samskipti sem fyrirtækið hefur átt við stjórnvöld og viðskiptaaðila í ýmsum mjög mikilvægum og vaxandi viðskiptalöndum í fjarlægum heimsálfum geta skipt mjög miklu máli fyrir aðgang Íslendinga að mörkuðum á þessum markaðssvæðum. Það er þess vegna mjög brýnt að þetta fyrirtæki geti í orðsins fyllstu merkingu haldið áfram að vera íslenskt fyrirtæki. Það er ekki aðeins hagsmunamál fyrir þá sem starfa að flugi á Íslandi. Það er líka hagsmunamál fyrir íslenskt atvinnulíf í víðtækum skilningi.

Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef þá tel ég að það eigi að vera unnt á næstu einum til tveimur sólarhringum að finna lausn í þessu máli. Mér er kunnugt um það að forustumenn verkalýðsfélaga sem hafa komið að þessu máli hafa unnið að því að finna lausn á málinu og ég er sannfærður um að sú vinna þeirra er að skila mjög mikilvægum árangri. En þá er líka nauðsynlegt að þeir aðilar sem hafa átt í þessari deilu sýni skilning á því að það er farsælast að leiða hana til lykta, en haldi henni ekki til streitu með því að finna ný og ný ágreiningsefni. Ég vil þess vegna nota þetta tækifæri til þess að skora á alla hlutaðeigandi aðila að finna lausn á málinu og ég er sannfærður um það eftir viðræður mínar við forustumenn verkalýðsfélaganna sem að þessu máli koma að það á að vera unnt annaðhvort á þessum sólarhring eða hinum næsta.

[14:12]

Árni Johnsen:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir orð hv. málshefjanda, Halldórs Ásgrímssonar, þegar hann lýsir

áhyggjum sínum að á tímum þar sem verið er að vinna að því að koma í veg fyrir atvinnuleysi á Íslandi þá eigi sér stað slíkir atburðir sem nú eru að gerast varðandi Atlanta. Íslensk flugfélög með Flugleiðir í broddi fylkingar, forvera þeirra og önnur flugfélög hafa unnið merkilegt starf á sviði alþjóðamarkaða í flugrekstri og sýnt að þeir standa þar í fremstu röð og Atlanta er yngsta félagið af íslenskri hálfu á þessum vettvangi og hefur brotið blað á þann hátt að það leitar nýrra markaða fyrir sérþekkingu Íslendinga á þessu sviði. Það hefur haslað sér völl á nýjum mörkuðum á breyttum tímum þar sem markaðarnir eru opnari en áður og heimurinn er minni til þess að vinna á í þessu sambandi.

Það er ljóst að FÍA er að verja hagsmuni tiltölulega þröngs hóps og er kannski rétt að lýsa þessu verkfalli svokallaða sem fræðilegu frekar en raunverulegu venjulegu verkfalli því að það eiga margir að fara í verkfall af hálfu FÍA en þó ekki þeir sjálfir. Nú er enginn FÍA-maður í störfum hjá Atlanta og það segir auðvitað sína sögu og þannig er málið allflókið fræðilega. Ég held að það sé mikil ástæða til þess að hvetja alla aðila málsins til þess að slíðra sverðin og koma í veg fyrir það að Íslendingar einangrist á þessum markaði og taki til hendinni við að hreinsa út þannig að Atlanta geti starfað sem íslenskt félag á eðlilegum grundvelli.

[14:14]

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Ég get tekið undir það sem fram hefur komið hér að málið er flókið, ekki síst vegna þess að þarna stangast í rauninni á hagsmunir þeirra sem vilja gæta þess að atvinna hverfi ekki úr landi og svo hins vegar þau grundvallarmannréttindi að hafa leyfi til að fara í löglegt verkfall. Ég hef dálitlar efasemdir eða réttara sagt áhyggjur vegna þess að hæstv. félmrh. sagði að ríkið mundi að þessu sinni ekki fara í málið en e.t.v. á seinni stigum. Ég vona að það sé vegna þess að það sé vilji til þess að semja en ég óttast að þetta geti orðið þrátefli vegna þessara ólíku hagsmuna, sem báðir eiga fullan rétt á sér. Það eru grundvallarmannréttindi að mega fara í löglegar vinnudeilur hvort sem menn eru sammála þeim sjónarmiðum sem þar koma fram eða ekki. Við erum hins vegar stundum að eiga við einhvers konar grá svæði, hversu stór má sá hópur vera, sem getur haft mikil áhrif? Við höfum margoft staðið frammi fyrir þessu, m.a. í Herjólfsdeilunni miklu. En ég held að þessi réttindi séu einfaldlega of mikilsverð til þess að það megi fórna þeim.

Hins vegar koma svo ótvíræðir hagsmunir varðandi atvinnumál og ég held að það séu hagsmunir sem allir eru sammála um að við höfum ekki efni á að fórna. Þetta mál eins og það stendur nú verður ekki leyst nema með víðtæku samstarfi og einurð allra þeirra sem að koma að þeir ætli að leysa þetta mál.

Ég ætla ekki að taka afstöðu til þess hver sé að beita hvern þvingunum. Ég býst við það sé um ákveðið slíkt að ræða af beggja hálfu en stór orð eru einfaldlega ekki tímabær. Hér tapa allir ef ekki verður samið og það strax.

[14:17]

Árni M. Mathiesen:

Hæstv. forseti. Hér er um mjög harða, óvenjulega og flókna deilu að ræða sem engin leið er fyrir okkur hér á hv. Alþingi að ræða til hlítar eða taka afstöðu til í dag. Það sem hins vegar er athyglisverðara í þessu máli eru þær spurningar sem vakna um aðstæður á vinnumarkaði hér á landi, um það hvernig okkar vinnulöggjöf er háttað, hvernig Félagsdómi er háttað, bæði um gerð og störf og hvaða bendingar mál sem þetta geti gefið erlendum aðilum sem hér vilja fjárfesta. Vegna þessa tel ég það vera ríka skyldu deiluaðila að þeir reyni að finna farsæla lausn á þessu máli, bæði fyrir þá einstaklinga sem um er að ræða og eins fyrir þjóðfélagið og vinnumarkaðinn í heild, en jafnframt tel ég að þetta mál sé ástæða fyrir ríkisvaldið til að skoða mjög gaumgæfilega og bera saman vinnulöggjöfina og aðra þá löggjöf sem við störfum eftir og hvort ekki sé ástæða til þess að endurskoða og breyta til þess að við lendum ekki í uppákomum sem þessum á næstu mánuðum og árum einmitt þegar við erum að leggja hvað mesta áherslu á að fá erlenda aðila til þess að fjárfesta hér á landi.

[14:18]

Ragnar Arnalds:

Virðulegi forseti. Ég get tekið undir margt sem hér hefur komið fram og þar á meðal það að ég óska þessu fyrirtæki, Atlanta, allra heilla og vænti þess að það geti starfað hér á landi í sátt við launafólk. Hins vegar kemst ég ekki hjá því að vekja athygli á því að samningaviðræður aðila vinnumarkaðarins þurfa almennt að vera í samræmi við ákveðnar viðurkenndar samskiptareglur og það er ekki hægt að neita því að það er mjög óeðlilega að málum staðið þegar deila hefur staðið í heilt ár og er komin til ríkissáttasemjara að þá sé skyndilega stofnað lítið félag sem er klofið út úr því félagi sem á í samningaviðræðum. Og enn frekar er það auðvitað mjög einkennilega og óeðlilega að málum staðið þegar svo þeir sem ekki vilja ganga í þetta nýja félag heldur eru áfram í gamla félaginu eru reknir úr störfum hjá fyrirtækinu. Þetta er auðvitað ekki gott til afspurnar og afskaplega eðlilegt að Alþýðusamband Íslands taki málið í sínar hendur og veki athygli á hvað þarna var að gerast. Mér finnst eiginlega helst vanta í þetta mál að Vinnuveitendasamband Íslands geri slíkt hið sama. Ég held að hinir stóru aðilar vinnumarkaðarins þurfi að taka í sameiningu á þessu máli. Það eru ákveðnar lágmarkskröfur sem verður að gera til allra samningsaðila, það eru ákveðnar samskiptareglur sem verður að virða og mér finnst að hinir stóru aðilar vinnumarkaðarins eigi að setjast niður og reyna að tryggja það að þetta mál komist í heila höfn.

[14:21]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ástæðan til þess að ég kvaddi mér hljóðs var það sem hv. 3. þm. Reykn. sagði hér áðan og er bersýnilega fyrst og fremst til þess ætlað að vekja í framhaldi af þessu máli upp spurningar varðandi vinnulöggjöfina og samskipti aðila vinnumarkað-

arins. Það hefur komið fram að undanförnu að ákveðnir aðilar í íslenskum stjórnmálum, einkum úr Sjálfstfl. en líka annars staðar að, hafa verið með hugmyndir um það að breyta með mjög róttækum hætti vinnulöggjöfinni á Íslandi og í raun og veru að veikja stöðu stéttarfélaganna. Þó að ég taki undir það að stéttarfélögin þurfi að sýna tillitssemi og fara yfir heildarhagsmuni í sambandi við sín mál og ég taki undir það að nauðsynlegt sé að leiða þetta mál til lykta sem hér er til umræðu með sátt milli aðila þannig að tryggt verði eins og kostur er að þessi atvinnustarfsemi verði hér í landinu, ég tek undir það, þá vil ég líka hvetja til þess að menn misnoti ekki þetta mál til þess að hefja upp stórfelldar kröfur um að breyta vinnulöggjöfinni og þar með að þrengja að verkalýðsfélögunum í landinu. Ég tel að málið sé líka þannig að það sé ekkert tilefni til þess að hafa uppi slíkar kröfur um þessar mundir.

Ég bendi á að það eru nokkrir mánuðir síðan að það heyrðust þær raddir að það væri nauðsynlegt að fara í breytingar á vinnulöggjöfinni, jafnvel einhliða. Ég minnist þess að þá komu upp upplýsingar um það að hafnar væru viðræður um breytingar á vinnulöggjöfinni á vegum félmrn., ef ég man rétt, og Vinnuveitendasambandsins og Alþýðusambandsins. Ég hef ekki heyrt af því hvernig þessar viðræður standa en ég vil spyrja hæstv. félmrh. að því hvort hún þekkir til þessara viðræðna og um leið hvetja til þess að það verði ekkert, bókstaflega ekkert gert í málum af þessu tagi sem varða breytingar á hinni almennu vinnulöggjöf öðruvísi en um það ríki full sátt við samtök launafólks í landinu.

[14:23]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Það er eðlilegt að þetta mál sé tekið upp hér í sölum Alþingis. Það er eðlilegt að hv. 1. þm. Austurl. skuli lýsa áhyggjum sínum yfir því á hversu alvarlegt stig þessi deila er komin. Það er rétt að Atlanta er brautryðjendafélag. Við Íslendingar höfum í vaxandi mæli verið að leita eftir atvinnutækifærum eða viðskiptum út fyrir landsteinana, bæði fyrir okkar útflutning á tækniþekkingu eins og stundum er sagt, í þjónustustörfum og ýmsu öðru og Atlanta-flugfélaginu hefur tekist með ágætum að vinna markaði og ná trausti í alþjóðlegum viðskiptum á sviði flugmála.

Ég vil líka lýsa yfir ánægju minni yfir því að sá tónn sem hefur verið í þessum umræðum er almennt hógvær og menn gera sér grein fyrir mikilvægi þess að samkomulag megi takast sem ég vil segja sem allra fyrst, ég veit ekki hvort ég á að vera að tímasetja það nánar. En það er auðvitað mjög brýnt að þessi deila verði ekki til þess að spilla viðskiptahagsmunum erlendis eða með neinum öðrum hætti draga úr viðleitni okkar Íslendinga til þess að hasla okkur völl erlendis. Við gerum okkur grein fyrir því hversu þýðingarmikið það er að sá grundvöllur sem við sköpum fyrirtækjum af þessu tagi sé sambærilegur við það sem erlendis gerist. Hvort sem við tölum um skattalegt umhverfi, hvort sem við tölum um stéttarlegt umhverfi í víðasta skilningi þess orðs eða um aðra hluti, þá verða allir að sýna bæði vilja til breytinga, ég vil leggja áherslu á það, í samskiptum stéttarfélaga og fyrirtækja og líka vera opnir fyrir því að ganga til móts við andstæð sjónarmið til þess að ná miklum árangri síðar meir.

[14:25]

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. fyrir svörin og þakka fyrir þessa umræðu. Ég held að deiluaðilum megi vera það ljóst að Alþingi Íslendinga leggur mikla áherslu á það að fundin sé farsæl lausn á þessu máli. Þar af leiðandi tel ég að þessi umræða hafi verið til góðs. Ég vil líka hvetja til þess að ekkert sé gert til að magna upp þessa deilu. Hún er á viðkvæmu stigi, en það má alveg ljóst vera að ef héðan í frá er reynt að magna hana upp með ýmsum þvingunaraðgerðum þá er ekki líklegt að það verði auðvelt að leysa hana.

Ég tek líka undir að það á ekki að fara að blanda þessari deilu neitt sérstaklega inn í endurskoðun á vinnulöggjöfinni. Ég tek undir orð hv. þm. Svavars Gestssonar um það mál. Hins vegar er vinnulöggjöfin frá 1938 og það er eðlilegt að um hana sé umræða. Það er líka eðlilegt að endurskoðun hennar sé á dagskrá í breyttu þjóðfélagi þar sem mun fleiri stéttir starfa en 1938. Það getur ekki verið að sú löggjöf sé algerlega gallalaus og reyndar tel ég að hún sé það ekki. Menn verða að þola að nokkur umræða fari fram um það.

Það hefur komið hér fram að ríkisstjórnin hyggist ekki grípa inn í málið á þessari stundu. En ég skil orð hæstv. félmrh. þannig að það sé ekki útilokað að skipuð verði sérstök sáttanefnd í málið. Það væri vissulega óvenjulegt en málið er líka óvenjulegt og mikilvægt. Ég tel því að alls ekki eigi að útiloka það að skipa sérstaka sáttanefnd vegna þess að þetta mál getur haft alvarlegar afleiðingar, ekki aðeins fyrir þetta fólk heldur líka fyrir þá atvinnustarfsemi sem þarna er að hasla sér völl.

[14:28]

Félagsmálaráðherra (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég útiloka ekkert í þessum efnum með sáttanefnd. Það er mjög óvanaleg leið að fara en getur vissulega komið til greina ef þetta mál heldur áfram að vera óleyst. Ég tel farsælast að það sé sáttasemjari sem leiði þessa deilu til lykta, en ef hann eða deiluaðilar telja að stjórnvöld geti orðið að liði við að finna lausn þá eiga stjórnvöld að verða við því.

Ég ítreka það að stjórnvöld hafa takmarkaða möguleika á því að hafa formleg afskipti af vinnudeilu eins og þessari. En eins og ég sagði áðan þá skortir ekkert á minn vilja til að hafa áhrif þar sem ég get og innan þess ramma sem mér er fært.

Varðandi það sem hér var nefnt um breytingar á vinnulöggjöfinni þá er þetta vissulega bara annar vinnudagur minn í ráðuneytinu sem slíkur þannig að þó ég sé búin að sýna hinn mesta vilja og hafa mig alla við, þá geri ég mér grein fyrir að þar geta fundist mál í gangi sem ég þekki ekki til. Ég held þó að það sé ekki þannig að það sé komin í gang nein endurskoðun á vinnulöggjöfinni. Ég hef hins vegar hugsað mér

að eiga mjög fljótlega viðræður við aðila vinnumarkaðarins. Ég hef hugsað mér það að eiga viðræður við fulltrúa launþegasamtaka og hlusta á þá varðandi ýmis mál sem á þeim brenna og hvort þar á eftir að koma inn eitthvað varðandi þetta veit ég ekki, en ég mun vissulega sýna þeim málum mjög mikinn áhuga og hlusta á hvað mönnum liggur á hjarta.

Umræður utan dagskrár.

Sala hlutabréfa í Lyfjaverslun Íslands hf.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Hefst þá síðari utandagskrárumræðan sem tilkynnt hafði verið. Málshefjandi hennar er hv. 9. þm. Reykv., Svavar Gestsson, og fjmrh. verður til andsvara. Hún fer einnig fram skv. 1. mgr. 50. gr. þingskapalaga. Efni umræðunnar er sala hlutabréfa í Lyfjaverslun Íslands hf.

[14:30]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Það voru mikil tíðindi sem spurðust hér um landið, að ég segi ekki heimsbyggðina, fyrir fáeinum sólarhringum. Þau tíðindi að fjmrn. ætlaði að bjóða fólki svo að segja gull og græna skóga. Það voru að vísu ekki atvinnulausir sem áttu að heyra þennan boðskap sérstaklega né heldur fólkið sem skuldar húsbréfin sín í stórum stíl, né heldur fólkið sem er að sækja um verkamannabústaðina þessa dagana og býr við kröpp kjör í húsnæðismálum, né heldur þeir sem eru að missa íbúðirnar sínar vegna gjaldþrota, né heldur þeir sem eru að missa atvinnuna sína. Þeir sem áttu að nema þennan boðskap voru þeir sem áttu peninga afgangs til að kaupa fyrir hlutabréf í Lyfjaverslun Íslands, en salan á því fyrirtæki var mjög umdeild í þessari stofnun fyrir örfáum mánuðum. Þá gerði minni hlutinn samning um það við ríkisstjórnarliðið í þinginu að málið fengi að fara í gegn gegn því að sæmilega yrði staðið að sölunni á þeim helmingi sem fjmrh. fékkst til að takmarka söluna við á hlutabréfum í Lyfjaverslun Íslands.

Ég játa það að vísu að ég var á móti þessu máli og var síðasti maðurinn sem greiddi atkvæði gegn því á því stigi sem það var, fyrst og fremst af heilbrigðispólitískum ástæðum. Ég tel að ríkið eigi að eiga fyrirtæki af þessu tagi. En látum það vera. Niðurstaðan varð sú að fyrirtækið skyldi selt. Og hvað gerist? Það hríslast þessi fagnaðarboðskapur um þjóðina, ótrúlegi fagnaðarboðskapur að nú geti menn fengið sér hlutabréf fyrir slikk. Það hefur margt merkilegt komið úr fjmrn. í seinni tíð, sumum dettur í hug blaðburðarbörn. En þessi tíðindi sem hér eru á ferðinni satt að segja jafnast alveg á við fréttina um blaðburðarbörnin.

Niðurstaðan er sú að það er gengið frá samningum við Kaupþing um að selja hlut í Lyfjaverslun Íslands. Kaupþing metur bréfin 150 millj. á gengi 1,34, þ.e. á 201 millj. kr. og það er boðið til þessarar stórkostlegu afsláttarveislu á hlutabréfum. Í fyrsta lagi er boðið lán upp á 200 þús. kr. af hverjum 250 þús. eða 80%. Í öðru lagi er lánið óverðtryggt til tveggja ára. Í þriðja lagi er það vaxtalaust og í fjórða lagi býður hæstv. fjmrh. upp á það til viðbótar að ríkissjóður borgi með þessu með því að lækka skatta þeirra sem kaupa bréfin. Skattafslátt skulu menn fá líka. Niðurstaðan er því sú að ríkisstjóður er að borga með þessari útgerð með ótrúlegum hætti. Auðvitað hvetur þetta til þess að það verði sett lög um það hvernig ríkiseignir verða seldar. Þetta mál minnir á SR-málið og ástæða til að rifja það upp hvernig þá var staðið að því að gefa frá sér eignir þjóðarinnar.

Af þessu tilefni, hæstv. forseti, hef ég óskað eftir því að málið verði tekið hér fyrir utan dagskrár og legg fyrir hæstv. fjmrh. eftirtaldar spurningar:

1. Hvaða heimild hefur hann til þeirra lánveitinga til einstaklinga sem um er að ræða í þessu tilliti? Ég veit að hann hefur heimild til að selja hlutabréfin, en hvaða heimild hefur hann til lánveitinga og til að ákveða þau kjör á lánunum sem hér er um að ræða?

2. Er það rétt að hann hyggist selja hinn helminginn af Lyfjaverslun Íslands eftir áramót? En Hreinn Loftsson, sem er yfirmaður þessara mála af hálfu núv. ríkisstjórnar, lýsti því yfir í þætti í útvarpinu í morgun.

3. Hvað svo? Er það rétt sem sami Hreinn Loftsson sagði að næst ætti að selja Búnaðarbankann með þessum hætti?

4. Loks vil ég spyrja hæstv. ráðherra: Hvað fær hann í raun og veru fyrir bréfin? Að teknu tilliti til skattafsláttar, að teknu tilliti til engrar verðtryggingar, að teknu tilliti til engra vaxta og að teknu tilliti til þess að gera má ráð fyrir því að fyrirtækið geti borgað út hagnað á næsta og þar næsta ári, þ.e. á lánstíma þeirra peninga sem hér er um að ræða og að teknu tilliti til þess að það er nýlega búið að leggja 300 millj. kr. í að lagfæra húsakynni Lyfjaverslunar ríkisins? Hvað hefur fjmrh. upp úr krafsinu þegar allt kemur til alls?

[14:35]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Það þarf ekki að rifja upp eftir þessa ræðu að hv. þm. var á móti því að breyta Lyfjaverslun ríkisins í hlutafélag og selja hlutabréfin. Það sagði hann sjálfur. Varðandi greiðslukjör vil ég taka fram eftirfarandi:

Samkvæmt lögum nr. 57/1987, um opinber innkaup, fer fjmrh. með kaup og sölu eigna ríkisins. Ekki eru í gildi neinar sérstakar reglur eða lagafyrirmæli um greiðslukjör. Við sölu og kaup hefur almennt verið miðað við þau kjör sem tíðkast á þeim markaði sem eignirnar hafa verið. Í raun var ekki um eiginleg lánsviðskipti að ræða við sölu hlutabréfa í Lyfjaverslun Íslands hf. heldur var ákveðið að selja hlutabréfin með greiðslukjörum. Til tryggingar greiðslum skyldu útbúin skuldabréf og hlutabréfin höfð að handveði hjá seljanda. En það þýðir að sjálfsögðu að ekki er hægt að eiga viðskipti með bréfin meðan á því stendur. Dæmi eru um sambærileg greiðslukjör við sölu ríkisins á hlutabréfum.

Í fyrsta lagi: Kaupendur SR-mjöls hf. greiða söluverðið á 19 mánuðum. Útgefin eru vaxtalaus skuldabréf.

Í öðru lagi: Starfsmenn Jarðborana hf. hafa fengið sömu greiðslukjör við sín kaup og starfsmönnum Lyfjaverslunar býðst.

Í þriðja lagi: Við sölu hlutabréfa ríkisins í Flugleiðum 1985 voru greiðslukjör þannig að 77% kaupverðs voru greidd með skuldabréfi til átta ára, vaxtalaust.

Samkvæmt upplýsingum frá Kaupþingi hf. er það algengt að í viðskiptum með hlutabréf í lokuðum félögum og í viðskiptum stærri aðila með hlutabréf í skráðum almenningshlutafélögum sé um að ræða greiðslukjör. Að því leyti er enginn eðlismunur á slíkum viðskiptum og öðrum sem fyrirtæki og stærri aðilar gera.

Það skal tekið fram að útborgun, t.d. í fasteignakaupum, sem auðvitað á ekki hér við, er ekki lán þótt útborgunin geti átt sér stað á einu eða tveimur árum. Á því þarf að gera mikinn mun. Afsal á sér yfirleitt ekki stað fyrr en að fullu hefur verið greitt og það sama gildir um afhendingu þeirra bréfa sem hér er um að ræða.

Þegar verðmat hlutabréfa Lyfjaverslunar Íslands var unnið lá fyrir ákvörðun um þau greiðslukjör sem almenningi yrðu boðin. Þau voru því höfð til hliðsjónar við mat bréfanna og á söluhorfum.

Varðandi þá fyrirspurn sem kom fram um það hvort selja eigi hinn helminginn eftir áramót er rétt að taka fram að í morgun samþykkti ríkisstjórnin að beina því til þingflokka stjórnarinnar að flýta þeirri sölu og mun frumvarp væntanlega verða lagt fram í næstu viku þannig að hægt sé að ljúka sölu bréfanna sem allra fyrst.

Spurt var um Búnaðarbankann. Það skal tekið fram að fyrir liggja áform viðskrh. að koma fram með frv. sem gerir ráð fyrir breytingu á eignarformi bankans þannig að honum verði breytt í hlutafélag, en engin ákvörðun hefur verið tekin um sölu bankans.

Hvað varðar gengi bréfanna og verðmæti og aðrar fyrirspurnir hv. fyrirspyrjanda skal tekið fram að 300 millj. kr. endurbætur á fyrirtækinu komu til vegna lána sem fyrirtækið tók sjálft og skuldar mestan hluta þeirra lána enn þá. Það er því ekki hægt að bæta því við reikninginn eins og allir vita sem nálægt fyrirtækjarekstri hafa komið. Þetta var ekki lán frá ríkinu til fyrirtækisins heldur lán sem fyrirtækið tók sjálft og þarf að standa skil á og fellur að sjálfsögðu inn í reikningana.

Þegar spurt er hvers virði bréfin séu og tekið tillit til greiðslukjaranna og þeirra fríðinda sem fást vegna skattalaga er því til að svara að allt þetta lá fyrir þegar gengi bréfanna var ákveðið. Það var Handsal hf. sem fór yfir mat Kaupþings þannig að tvö verðbréfafyrirtæki komu að málinu. Eitt er hægt að segja eingöngu um þetta atriði og það er að ekkert er öðruvísi farið með bréf í Lyfjaverslun Íslands en í öðrum fyrirtækjum á markaðinum. Slík fyrirtæki fá skattfríðindi, þ.e. þeir sem kaupa hlutabréf í slíkum fyrirtækjum fá að sjálfsögðu sams konar skattfríðindi og um er að ræða fyrir þá sem eru að kaupa bréf í þessu nýja fyrirtæki.

Virðulegi forseti. Ég vona að mér hafi auðnast að svara þeim fyrirspurnum sem til mín hefur verið beint. Ég verð að segja að það hefur valdið ánægju hve vel hefur tekist að selja þessi hlutabréf og ég tel að þau vinnubrögð sem þarna hafa verið stunduð, bæði af hálfu einkavæðingarnefndar og fyrirtækjanna sem um sölu bréfanna sáu, séu til fyrirmyndar.

[14:41]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Einkavæðing Lyfjaverslunar ríkisins eins og hún hét þá var mjög umdeilt mál á Alþingi sl. vor. Þá tókum við kvennalistakonur þann pól í hæðina að leggjast gegn einkavæðingu fyrirtækisins eftir að hafa orðið vitni að mjög svo umdeildri sölu á SR-mjöli.

Í hv. efh.- og viðskn. var farin sú leið þegar frv. var til umfjöllunar að heimila sölu á helmingi hlutabréfanna en að setja í lögin að leita yrði heimildar á Alþingi fyrir frekari sölu. Ég benti á það í umræðunni sl. vor að í þessu fælist lítil vörn því það þyrfti ekki annað en að leita heimildar á 6. gr. fjárlaganna og þar er þessa heimildarbeiðni nú að finna, liður 351. Við munum að vísu fá tækifæri til að ræða þetta mál þegar fjárlagafrv. kemur hér til frekari umræðu.

Sú spurning sem vaknar við þessar fréttir sem hafa borist af sölu þessa helmings hlutabréfanna í Lyfjaverslun Íslands, eins og hún heitir nú, er hvort hér er um útsölu að ræða og hvert er hið raunverulega verðmæti fyrirtækisins. Erum við að verða vitni að enn einni tilrauninni til að bjarga einkavæðingarstefnu ríkisstjórnarinnar, eins konar örvæntingu einkavæðingarinnar? Ég ætla ekki að fara frekar út í þá sorgarsögu hér. Eða er hér um raunverulegt og eðlilegt verð að ræða?

Það hefur verið staðið nokkuð sérkennilega að þessu máli og það ber hratt að. Það eru gylliboð sem fjmrn. setur fram. Það vakna auðvitað spurningar: Hver hefur efni á að kaupa? Hverjir eru kaupendurnir að fyrirtækinu? Er hér eðlilega að verki staðið?

Hér er stuttur tími til að ræða þetta mál og ég held að við hljótum að leita frekari skýringa á meðferð þessa máls á hinu háa Alþingi.

[14:43]

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að fullyrða hvort þessi hlutabréf voru seld á of lágu eða of háu verði en markaðurinn hefur a.m.k. tekið vel við þeim. Fyrst þau hafa selst öll á einum degi er það frekar vísbending um að verðið hafi verið tiltölulega hagstætt og kjörin þar af leiðandi verið mjög hagstæð.

Ég studdi það á sínum tíma að farið væri út í þessa aðgerð og við lögðum á það áherslu í efh.- og viðskn. að um dreifða eignaraðild væri að ræða og eftir því hefur verið farið og að því leytinu hefur verið staðið við það samkomulag sem gert var. En þá var gert ráð fyrir því að aðeins helmingurinn væri seldur. Nú kemur hæstv. fjmrh. og segir: Ríkisstjórnin telur að það verði að selja hinn helminginn strax.

Við stóðum að þessu máli í góðri trú um að þetta stæði. En það á greinilega ekkert að standa við það því nú á að ákveða að selja hinn helminginn strax.

Við gengum til samkomulags í þessu máli vegna slæmrar reynslu af SR-mjöli. Við vorum þeirrar skoðunar í Framsfl. að það ætti að selja hlutabréfin í SR-mjöli á almennum markaði. Það var ekki gert. Þau voru seld fámennum hópi aðila. Það hefði betur verið staðið að öðruvísi og við vildum tryggja að upp væru tekin önnur vinnubrögð í sambandi við sölu á hlutabréfum ríkisins. Ég tel að salan sem hæstv. fjmrh. nefndi frá 1987 á hlutabréfum í Flugleiðum hafi ekki verið til mikillar fyrirmyndar enda var hún ákveðin af fjármálaráðherranum þáverandi einum og hann leitaði ekki ráða hjá öðrum í því sambandi.

Ég vil óska eftir því við hæstv. fjmrh. að það verði staðið að þessu máli eins talað var um en ekki með allt öðrum hætti eins og mér heyrðist hann vera að segja hér áðan.

[14:46]

Guðmundur Bjarnason:

Virðulegur forseti. Eins og fram kom hjá hv. síðasta ræðumanni þá er það rétt að við framsóknarmenn stóðum að því að hluti af þessu fyrirtæki væri seldur með ákveðnum skilmálum og samkomulagi sem við töldum að um það hefði verið gert. Eitt af því var einmitt það að sjá hverju fram yndi, hver yrði framgangur þessarar sölu og hvernig starfsemi þessa fyrirtækis mundi reiða af við þær aðstæður. Við vorum sem sagt ekki tilbúin til þess að leggja málinu lið með því móti sem hæstv. fjmrh. boðar hér og nú.

Mig langaði aðeins að spyrja hæstv. ráðherra þó tíminn sé naumur. Í sambandi við söluna á SR-mjöli þá voru athugasemdir Ríkisendurskoðunar m.a. í því fólgnar að hæstv. ríkisstjórn hefði ekki farið eftir þeim verklagsreglum sem hún hafði þó sjálf mótað. Það kom fram í áliti Ríkisendurskoðunar að það þyrfti að setja skýrari reglur um það hvernig staðið væri að einkavæðingu og sölu ríkisfyrirtækja.

Mig langar að spyrja hæstv. ráðherra: Hvað hefur verið áfram unnið í því máli og telur hann að við þessa sölu hafi t.d. verið tekið tillit til sumra þeirra athugasemda sem Ríkisendurskoðun setti fram í sinni skýrslu? Ég leyfi mér að efast um að svo hafi verið.

Mig langar einnig að spyrja: Er það virkilega svo að menn geti talið eðlilegt að bjóða í lengri tíma óverðtryggð og vaxtalaus lán? Þær upplýsingar sem hæstv. ráðherra gaf hér varðandi söluna á SR-mjöli koma mér reyndar nokkuð á óvart hvað það varðaði. Getur þó verið að það hafi komið fram áður, ég skal ekki fullyrða um það.

Eins með verðlagninguna. Það var m.a. eitt af því sem gagnrýnt var í skýrslu Ríkisendurskoðunar um SR-mjöl hvernig staðið hafi verið að verðlagningu. Er það ekki svo að salan á verðbréfunum í þessu fyrirtæki í gær sýni það að ekki hafi verið staðið nægilega vel að verðhugmyndum á hlutabréfum í Lyfjaverslun Íslands?

[14:48]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég tel satt að segja að salan á þessum hlutabréfum og þau góðu kjör sem boðið er upp á sé eins og blaut tuska framan í fátækt fólk í landinu. Það er alveg sama hvað menn segja um tæknilegan aðdraganda málsins, þetta verkar siðlaust. Þetta er þannig að sá maður sem kaupir hlutabréf fyrir 250 þús. kr. borgar 50 þús. kr. og fær 200 þús. kr. lánaðar í tvö ár óverðtryggt og vaxtalaust og fær auk þess út á það 85 þús. kr. skattaafslátt. Auk þess ávísun á arð fyrirtækisins á næstu árum. Segjum að hann sé 5–10% þá eru menn að tala um það að menn fái þetta fyrirtæki og þessi hlutabréf ekki á 1,35 heldur langt undir því verði sem er gefið upp á þessum bréfum. Þegar þetta gerist á sama tíma og fólk er að missa eigur sínar vegna fátæktar og atvinnuleysis þá gengur þetta ekki vegna þess að það rífur í réttlætiskenndina í brjósti hvers einasta manns sem á annað borð á eftir af einhverju slíku. Ég segi alveg eins og er að mér finnst fyrir því að hæstv. fjmrh. skuli ekki átta sig á því hvað þetta er í mikilli hrópandi andstöðu við þann veruleika sem venjulegt launafólk og atvinnulaust fólk á Íslandi má búa við í dag. Þetta gengur ekki. Á sama tíma og þetta gerist er t.d. fjmrn. að móast við að það verði samið frv. um greiðsluaðlögun vegna vanskilaskulda fólks á sama tíma og boðið er upp á þetta partý, þetta hlutabréfapartý.

Þetta gengur ekki, hæstv. ráðherra.

[14:50]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Í fyrsta lagi vil ég benda á að þegar lögin voru samþykkt á sínum tíma þá var gert ráð fyrir mjög breiðri eignaraðild að fyrirtækinu og eftir því hefur verið farið í hvívetna. Það má gera ráð fyrir að eigendur að þessu fyrirtæki geti orðið um 2.000 manns og ég tel að það sé til mikillar fyrirmyndar.

Það er rétt sem ég sagði fyrr að við gerum ráð fyrir því að söluheimild verði flýtt. Um það var samið að helmingurinn sæti eftir í fyrirtækinu og það þyrfti lagaheimild til þess að selja síðari hluta fyrirtækisins og eftir því er að sjálfsögðu farið. Það gefst tækifæri til þess fyrir hv. alþm. að ræða um málið á hinu háa Alþingi og í nefnd þegar frv. kemur fram. Þá er hægt að líta vel yfir það hvort ekki hefur verið staðið við öll efni samningsins.

Varðandi fyrirspurn hv. þm. Guðmundar Bjarnasonar skal það tekið fram að það hefur verið farið vandlega yfir SR-málið og verklagsreglum ríkisstjórnarinnar fylgt í hvívetna.

Við verðum að hafa í huga að verðmat fyrirtækisins byggist á áætlun um framtíðartekjur þess. Ég vil loks taka fram að þess má til gamans geta að Kaupþing og framkvæmdanefndin um einkavæðingu gerði ráð fyrir því að 20–60% bréfanna mundu seljast fyrir áramót en það eru ýmsar skýringar á því hvers vegna salan gekk svona fyrir sig og geta menn auðvitað lært á því. Það eru mörg önnur atriði en hér hafa verið nefnd til sögunnar sem ég veit að fulltrúar fyrirtækjanna sem að þessu stóðu munu með ánægju skýra út

fyrir hv. þm. þegar málið verður tekið fyrir í nefnd.

Ég vil að lokum segja þetta, virðulegi forseti: Hv. þm. Svavar Gestsson er að sjálfsögðu á móti einkavæðingu. Hann hefur alltaf verið á móti einkavæðingu. Þeir sem hins vegar styðja einkavæðingu gera það m.a. vegna þess að þeir hafa trú á því að það sé hægt að fá nýtt fjármagn inn í fyrirtækin, nýtt fjármagn til þess að byggja upp atvinnulífið í landinu. Það (**SvG:** Þetta er rangt.) sem við höfum verið að gera í þessu máli er að standa (Gripið fram í.) að því með þessum eðlilega hætti sem gert hefur verið. (**SvG:** Ráðherrann er að gefa eigur sem hann á ekkert í.

Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda, 1. umr.

Stjfrv., 190. mál (fjárfesting í erlendum verðbréfum, víkjandi skuldabréfum o.fl.). — Þskj. 212.

[14:53]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breyting á lögum nr. 95/1980, um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda, með síðari breytingum en þetta er 190. mál á þskj. 212.

Frv. þetta var samið að frumkvæði stjórnar Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda, en í henni eiga sæti fulltrúar lífeyrissjóðasambandanna, Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og fulltrúar ríkisins.

Í frv. eru lagðar til nokkrar minni háttar breytingar á lögunum um sjóðinn. Breytingar þessar lúta einkum að heimildum sjóðsins til að fjárfesta en hér er um tvenns konar breytingar að ræða í því sambandi.

Annars vegar er lagt er til að sjóðurinn fái heimild til að fjárfesta í traustum erlendum verðbréfum sem skráð eru á opinberum verðbréfamörkuðum. Þetta er sams konar heimild og flestir lífeyrissjóðanna hafa haft um nokkurt skeið. Til að tryggja að sjóðurinn taki ekki of mikla áhættu á þessu sviði er gert ráð fyrir að heildareignir sjóðsins samkvæmt þessum tölulið verði ekki á hverjum tíma meiri en sem nemur 10% af hreinni eign sjóðsins til greiðslu lífeyris. Ef miðað er við reikninga sjóðsins á árinu 1993 fela þessi hlutföll í sér að heildareign sjóðsins í erlendum verðbréfum geti ekki orðið hærri en u.þ.b. 780 millj. kr. Til að tryggja að sjóðurinn kaupi verðbréf á markaðskjörum og að þau séu auðseljanleg er sett það skilyrði að viðkomandi bréf séu skráð á opinberum verðbréfamörkuðum í aðildarríkjum OECD.

Þá er hins vegar lagt til að stjórn sjóðsins fái með bráðabirgðaákvæði heimild til þess að fjárfesta í víkjandi skuldabréfum, útgefnum af Speli hf., vegna gerðar Hvalfjarðarganga en viljayfirlýsing þess efnis var undirrituð í desember sl. Í henni er fyrirvari þess efnis að ekki verði skrifað undir samninga um kaup á skuldabréfum nema heimild fáist til þess í lögum. Fjölmargir lífeyrissjóðir hafa undirritað slíkar viljayfirlýsingar og hefur reglugerðum nokkurra þeirra nú þegar verið breytt á þann hátt sem hér er lagt til. Eðlilegast þykir að heimildin sé í bráðabirgðaákvæði, þar sem hér er eingöngu verið að veita heimild til tiltekinnar fjárfestingar. Loks er lagt til í 2. gr. frv. að þegar sjóðfélagi hafi öðlast aðeins óveruleg réttindi í söfnunarsjóðnum, sem ekki er hægt að sameina við önnur réttindi, þá sé stjórn sjóðsins heimilt að greiða þau réttindi út í einu lagi í samræmi við þær reglur sem við eiga hverju sinni. Sams konar regla og hér er lögð til hefur um langt skeið verið í reglugerðum sjóða sem starfa innan Sambands almennra lífeyrissjóða.

Virðulegi forseti. Eins og heyra má á ræðu minni þá er fyrst og fremst verið að breyta lítillega lögum þessa sjóðs í samræmi við þær reglugerðarbreytingar sem hafa átt sér stað hjá öðrum sjóðum. Frv. er samið af stjórn sjóðsins en í stjórninni eru fulltrúar almennu lífeyrissjóðanna, fulltrúi frá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins og loks fulltrúi ríkisins.

Ég sé ekki ástæðu, virðulegi forseti, til að hafa fleiri orð um þetta frv. en geri það að tillögu minni að málið verði sent hv. efh.- og viðskn. og verði vísað til 2. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Kennsla í iðjuþjálfun, fyrri umr.

Þáltill. KE o.fl., 91. mál. — Þskj. 93.

[14:57]

Flm. (Kristín Einarsdóttir):

Frú forseti. Ég mæli fyrir tillögu til þál. um kennslu í iðjuþjálfun á þskj. 93. Flm. ásamt mér eru hv. þm. Einar K. Guðfinnsson, Margrét Frímannsdóttir, Guðmundur Bjarnason og Sigbjörn Gunnarsson.

Tillagan hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að hefja undirbúning að því að koma á námi í iðjuþjálfun hér á landi."

Á síðasta löggjafarþingi fluttum við sömu þingmenn þessa sömu tillögu en vegna þess hve annir þingsins voru miklar í fyrravor og vegna þess hve við hættum snemma miðað við oft áður vegna sveitarstjórnarkosninga þá komst þessi tillaga aldrei á dagskrá.

Þrátt fyrir að tillagan hafi ekki komist á dagskrá þá hef ég orðið vör við mikinn áhuga fólks á þessu máli. Það eru mjög margir sem hafa haft samband við mig og bent á hversu mikilvægt er að taka upp kennslu í iðjuþjálfun hér á landi af ýmsum ástæðum. Höfuðástæðan er auðvitað sú að hér á landi hefur ekki verið nokkur leið að læra þetta og fólk sem hefur viljað læra iðjuþjálfun hefur þurft að fara til útlanda til að læra.

Eins og fram kemur í grg. með frv. þá lærði fyrsti iðjuþjálfinn á Íslandi í Danmörku og kom til starfa við Kleppsspítalann árið 1945. Talið er að um 50 iðjuþjálfar starfi hér á landi nú.

Félag iðjuþjálfa hefur gefið út bækling sem heitir Iðjuþjálfun og langar mig, með leyfi forseta, að lesa nokkur atriði úr þeim bæklingi til að skýra nánar hvert

er hlutverk og hvert er starf iðjuþjálfa því ég hef orðið vör við að mjög margir átta sig ekki á í hverju starf þeirra felst. Þessi bæklingur sem ég hef hér undir höndum, og á reyndar nokkur eintök af sem ég gæti afhent þingmönnum, skýrir mjög vel í hverju starf iðjuþjálfa er fólgið.

Með leyfi forseta, ætla ég að lesa nokkrar setningar úr þessum bæklingi:

„Undirstaða góðrar heilsu er jafnvægi milli vinnu, tómstunda og hvíldar. Iðjuþjálfar aðstoða fólk við að ná þessu jafnvægi á ný hafi það raskast vegna sjúkdóma, slysa eða breyttra félagslegra aðstæðna." Síðan segir að með þessum bæklingi ætli þeir að kynna starf og starfsvettvang iðjuþjálfa.

Síðar segir: „Iðjuþjálfar vinna með fólki sem á í erfiðleikum í sínu daglega lífi. Orsakirnar geta verið margs konar. Til dæmis líkamleg fötlun, t.d. hreyfihömlun en oft afleiðing veikinda eða slysa. Í iðjuþjálfun fær fatlaður einstaklingur þjálfun í þeim athöfnun daglegs lífs sem hann ræður ekki við. Það eru oft athafnir eins og að klæðast, snyrting, borðhald og matargerð en einnig geta verið athafnir sem tengjast tómstundum og atvinnu. Iðjuþjálfi metur þörf fyrir hjálpartæki og aðstoðar við útvegun þeirra. Einnig sér hann um að meta og endurskipuleggja aðstöðu á heimili og vinnustað. Samhliða þjálfun í daglegum þörfum býður iðjuþjálfinn upp á möguleika til að þjálfa þætti eins og samhæfingu, vöðvastyrk og úthald.

Í iðjuþjálfun lærir fólk að beita líkamanum rétt og skipuleggja störf sín þannig að komist verði hjá óþarfa álagi og starfsorkan nýtist sem best."

Þetta var varðandi líkamlegu fötlunina. En síðar í bæklingnum er minnst örlítið á andlega erfiðleika og ég ætla að lesa einn lítinn kafla úr því, með leyfi forseta:

„Með samtölum og þátttöku í daglegum störfum hjálpar iðjuþjálfinn þeim að gera sér grein fyrir hæfni sinni og takmörkunum og byggja upp sjálfstraust og öryggiskennd. Á sama hátt fær fólk þjálfun í að sjá um sig sjálft, að umgangast og starfa með öðrum og að taka ábyrgð."

Síðan er minnst á það sem kallast þroskafrávik en þar segir, með leyfi forseta:

„Iðjuþjálfi vinnur við hæfingu barna og unglinga sem vegna þroskafráviks eru á einhvern hátt hindraðir í sínu daglega lífi. Skipuleg örvun með leik og öðrum daglegum athöfnum stuðlar að auknum alhliða þroska. Með breytingum á nánasta umhverfi barns sem er þroskaheft á einhverju sviði má koma í veg fyrir þætti sem geta hindrað þroska þess á öðrum sviðum."

Og varðandi öldrun segir, með leyfi forseta:

„Með þjálfun, útvegun hjálpartækja og ráðleggingum um húsnæðisbreytingar eykur iðjuþjálfinn möguleika hins aldraða til að búa sem lengst á eigin heimili."

Þetta eru aðeins nokkur atriði sem ég tek upp að því er varðar endurhæfingu úr þessum bæklingi. En með þessu vil ég leggja áherslu á hversu mikilvægt þetta starf er og hversu mikið í raun starf iðjuþjálfa getur hjálpað bæði einstaklingunum og þjóðfélaginu í heild. Það er hægt að hjálpa einstaklingum sem hafa orðið fyrir einhverjum áföllum, hvort sem það eru andlegir eða líkamlegir erfiðleikar sem fólk býr við af ýmsum ástæðum þá getur starf iðjuþjálfans orðið til þess að það getur tekið þátt í lífinu á ný.

Iðjuþjálfar eru ekki eingöngu í því að hjálpa fólki sem hefur orðið fyrir einhverjum áföllum heldur er þeirra starf líka mikilvægt í forvarnastarfi og langar mig að taka upp tvær, þrjár setningar upp úr þessum bæklingi að því er varðar forvarnarstarf. En þar segir, með leyfi forseta:

„Forvarnastarf iðjuþjálfa beinist oft að vinnuumhverfi fólks með áherslum á atriði eins og húsgögn og innréttingar, loftræstingu, lýsingu, streitu og félagsleg samskipti á vinnustað. Iðjuþjálfi leiðbeinir um líkamsbeitingu við störf og vinnutæki og veitir ráðgjöf um fyrirkomulag á vinnustað til að auka öryggi og vellíðan starfsmanna."

Þetta er úr þessum bæklingi sem ég tel lýsa nokkuð vel í hverju iðjuþjálfun felst. Eins og ég sagði áðan þá hef ég einmitt orðið vör við að það eru ekki allir sem átta sig á hversu mikilvægt starf iðjuþjálfans er.

Til að átta sig betur á þessu verður líka að gera sér grein fyrir því að iðjuþjálfar starfa víða. Þeir eru í sjúkrahúsum, á öldrunardeildum og geðdeildum, endurhæfingarstöðvum, á heilsugæslustöðvum og í skólum. Þannig að víða eru þessir iðjuþjálfar að störfum. Og eins og ég segi þeir starfa auðvitað með öðrum heilbrigðisstéttum, þetta er heilbrigðisstétt sem þarna er um að ræða.

Eins og fram kemur í grg. þá skipaði þáv. menntmrh. Birgir Ísl. Gunnarsson nefnd árið 1988 til að kanna möguleika á kennslu í iðjuþjálfun hér á landi og hvernig þessari kennslu yrði best fyrir komið.

Nefndin skilaði áliti í maí árið 1989 og komst að þeirri niðurstöðu að tímabært væri að hefja kennslu í iðjuþjálfun á Íslandi og að náminu yrði best fyrir komið í Háskóla Íslands.

Tillögur um hugsanlegt skipulag námsins miðuðu við að námið tæki fjögur ár við Háskóla Íslands og væri bæði bóklegt og verklegt. Gert er ráð fyrir að unnt verði að samnýta að miklu leyti kennslu í öðrum heilbrigðisgreinum, ekki síst sjúkraþjálfun, þar sem um gæti verið að ræða mörg sameiginleg námskeið á fyrsta og öðru ári.

Þannig að í raun og veru þarf upptaka náms við iðjuþjálfun ekki að hafa eins mikinn kostnað í för með sér eins og e.t.v. mætti halda miðað við það að vera að taka upp nýja starfsgrein við Háskóla Íslands.

Ég er ein af þeim sem hafa löngum viljað að í háskólanum væri miklu meira um samþættingu allra heilbrigðisstétta að ræða, þ.e. námið á fyrsta og öðru ári. Síðan væri greint út eftir það eftir því hvað fólk velur að fara í. T.d. er mjög margt sem skarast í sjúkraþjálfun og iðjuþjálfun, eins í hjúkrunarfræði og læknisfræði og reyndar miklu fleira. Þannig held ég að með því að taka upp nám í þessari grein þá værum við í raun að þjóna mjög mikilvægu og merkilegu starfi og mundum hjálpa mjög mörgu fólki til að komast í vinnu og í eðlileg samskipti við fólk úti í þjóðfélaginu.

Eins og ég sagði áðan þá eru núna 50 iðjuþjálfar starfandi á Íslandi. Iðjuþjálfarafélagið hefur gert lauslega könnun á því hvað þyrfti marga iðjuþjálfa á næstu árum og þeirra niðurstaða er í kringum 170. Það er auðvitað enginn sem getur nákvæmlega sagt fyrir um það en staðreyndin er sú að það er mikil þörf fyrir iðjuþjálfa. Vandamálið er það að fólk hefur þurft að fara til útlanda með ærnum tilkostnaði og ég er alveg viss um að það er ekki reiknað inn í þetta, þegar verið er að spekúlera í því hvað þetta kostar, þá er ekki nægilega mikil áhersla lögð á það hversu erfitt það er fyrir marga að þurfa að fara til útlanda, taka sig upp með sína fjölskyldu, taka námslán sem þarf að greiða til baka. Ekki eru nú launin há, því miður, hjá þessari stétt frekar en mörgum öðrum heilbrigðisstéttum þar sem meiri hlutinn eru konur.

Ég tel þess vegna að það sé mjög brýn þörf að taka á þessu máli og að menntmrh. geti beitt sér og ýtt raunverulega á að þetta verði gert í Háskóla Íslands. Ég hef fyrir því áreiðanlegar heimildir að í háskólanum sé áhugi fyrir að taka upp kennslu í iðjuþjálfun en það þarf auðvitað eitthvert ákveðið fé til þess að byrja en ég held að það sé í raun ekki svo mjög mikið miðað við það hvað þetta er mikilvægt. Þannig að þó að tíminn sé stuttur á þessu þingi og okkur sé ekki ætlaður allt of langur starfstími á þessum vetri þá vona ég að þessi einfalda tillaga sem þó er svona mikilvæg geti fengið framgang á þessu þingi og að við getum samþykkt hana fyrir þinglok í vor.

Að lokinni fyrri umr. um þetta mál legg ég til að því verði vísað til síðari umr. og hv. menntmn.

[15:09]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Það er kannski ekki þörf á því að bæta mjög miklu við ágæta framsöguræðu hv. 1. flm. þessarar þáltill. Engu að síður finnst mér rétt að leggja aðeins orð í belg og fjalla dálítið um þetta mál sem ég held að sé hið þarfasta og merkasta og býsna mikilvægt fyrir okkar þjóðfélag og okkar heilbrigðiskerfi. Ég er sannfærður um að kennsla í iðjuþjálfun gæti orðið til þess að bæta á margan hátt þá þjónustu sem sjúkir fá í okkar þjóðfélagi og væri nauðsynlegt til þess að efla þessa starfsemi.

Það er svo að mál af þessu taginu eiga sér oft býsna langan aðdraganda og ég vek athygli á því að á árinu 1973 var nefnd skipuð til þess að kanna möguleika á því að hefja kennslu í sjúkraþjálfun og iðjuþjálfun. Niðurstaða þeirrar nefndar varð sú að það væri eðlilegt að hefja nám í sjúkraþjálfun fyrst en síðan, eftir 5–10 ár, væri rétt að nám í iðjuþjálfun mundi hefjast.

Nú eru sem sagt liðin rúmlega 20 ár án þess að við höfum hafið kennslu í iðjuþjálfun við Háskóla Íslands þrátt fyrir niðurstöðu þessarar nefndar og þrátt fyrir það, eins og fram kom í máli hv. þm. Kristínar Einarsdóttur, að önnur nefnd skipuð í tíð þáv. menntmrh. Birgis Ísl. Gunnarssonar hefði líka komist að því sama, að eðlilegt væri og skynsamlegt að hefja kennslu í iðjuþjálfun við Háskóla Íslands.

Það eru mjög mörg rök sem mæla með því að hefja þessa kennslu, m.a. þau að hér á landi eru bara starfandi 50 iðjuþjálfar og það er örugglega frekar varfærnislegt mat Iðjuþjálfafélagsins að það skorti 170 iðjuþjálfa til starfa hér á landi vegna þess að það er svo að í dag veigra læknar sér við því að vísa á þessa iðjuþjálfa vegna þess einfaldlega að þeir hafa ekki samning við Tryggingastofnun ríkisins. Þeir geta því ekki starfað utan stofnana. Ég er ekki í nokkrum vafa um það að þetta hefur orðið til þess að draga úr notkun á þeirri þjónustu sem iðjuþjálfar gætu ella veitt.

Iðjuþjálfunin hefur á vissan hátt átt undir högg að sækja vegna þess að hér er um að ræða tiltölulega nýlegt fag. Mér hefur verið sagt að iðjuþjálfun eigi kannski rætur sínar að rekja aftur til fyrri heimsstyrjaldar og hér á landi hófst þessi starfsemi einungis fyrir 50 árum og stéttin er frekar fámenn. Allt þetta hefur valdið því að á vissan hátt hefur þessi grein átt undir högg að sækja og það hefur líka ríkt fáfræði í þjóðfélaginu um hlutverk þessarar heilbrigðisstéttar eins og fram kom í máli hv. þm. Kristínar Einarsdóttur. Það yrði örugglega liður í því að efla þessa grein að hefja skipulegt háskólanám í iðjuþjálfun við Háskóla Íslands sem gæti gert það að verkum að fólk ætti betri aðgang að þessari þekkingu.

Markmiðið með iðjuþjálfun hefur verið skilgreint það að gera fólk sjálfbjarga og sem virkast í þjóðfélaginu svo að það geti hugsað um sig sjálft og það markmið í sjálfu sér er auðvitað skynsamlegt út frá öllum sjónarhólum séð. Líka frá sjónarhóli þeirra sem eru að gæta ríkissjóðs vegna þess að það er ekki neinn vafi á því að þegar til lengri tíma er litið þá mun þetta verða til þess að spara fé. Ég vek m.a. athygli á því að einmitt sú staðreynd að iðjuþjálfar geta ekki starfað núna utan stofnana hefur orðið til þess að mörg dæmi eru um það að sjúklingar eru útskrifaðir seinna af stofnunum og þeim er haldið lengur inni á ýmsum meðferðarstofnunum vegna þess að einungis þar geta þeir fengið þessa nauðsynlegu meðhöndlun iðjuþjálfans sem aftur á móti veldur því að kostnaðurinn við rekstur þessara stofnana er meiri og biðlistarnir á þessar stofnanir verður lengri. Þannig að hér mælir allt með því að á þessu verði breyting.

Ég vil alveg sérstaklega vekja athygli á því að það er ekki líðandi og það er auðvitað ekki vansalaust hvernig að þessum málum hefur verið staðið að iðjuþjálfar hafa ekki fengið samning við Tryggingastofnun ríkisins sem gæti tryggt þeim það að þeir gætu starfað utan stofnana. Tilraunir til þess að koma á þessum samningum hafa staðið yfir að mér skilst í 20 ár og enn þá hefur ekki tekist að koma þessu saman. Ég held að það væri mjög mikilvægt að við reyndum að breyta þessu og Tryggingastofnun gerði samning við þessa heilbrigðisstétt eins og er í gildi við margar aðrar heilbrigðisstéttir í landinu þannig að þessi starfsemi sem núna fer fram inni á stofnununum gæti flust út, gæti verið hluti af heimahlynningu, gæti verið hluti af annars konar starfsemi utan þessara stofnana sem yrði þá örugglega ódýrari heldur en sú starfsemi er í dag.

Ég vek athygli á því að svo sem eins og hjá Styrktarfélagi lamaðra og fatlaðra þar sem fólk á kost á því

að fá þjónustu iðjuþjálfa þá er allt að tveggja ára biðtími fyrir börn sem þurfa á þessari aðstoð að halda. Þetta er algjörlega ólíðandi ástand. Meginhluti af skýringunni er væntanlega það að þessi samningur milli Tryggingastofnunar og iðjuþjálfa hefur ekki komist á. En e.t.v. er líka skýringin sú að hér á landi er skortur á þessari fagþekkingu og þennan skort væri hægt að leysa með því að auka þekkinguna, auka menntunina, með því að taka upp þetta skipulagða nám.

Núna er það þannig að ýmsar heilbrigðisstéttir eru að reyna að afla sér þessarar þekkingar sem skortir inn í heilbrigðiskerfið með viðbótarnámi þegar eðlilegt væri að þetta nám færi fram með skipulögðum hætti í Háskóla Íslands þannig að fólk gæti leitað eftir þessari þekkingu þar og við hefðum upp á að bjóða þekkingu fullmenntaðs fólks á þessu sviði eins og á öðrum sviðum heilbrigðisþjónustu okkar.

Þannig að allt finnst mér þetta hníga að því sama að þegar við skoðum þessi mál þá er það eðlilegt að hefja kennslu í Háskóla Íslands í iðjuþjálfun alveg eins og hefur verið lagt til tvívegis af stjórnskipuðum nefndum, síðast af nefnd hæstv. þáv. menntmrh. Birgis Ísl. Gunnarssonar.

Það er rétt sem hv. þm. Kristín Einarsdóttir vakti athygli á að þetta er ekki þannig að það þyrfti að hefja þessa kennslu alveg frá grunni. Margt af því sem mundi nýtast í þeirri kennslu er til staðar nú þegar í háskólanum þannig að um vissa samþættingu milli námsgreina gæti verið að ræða.

Þess vegna held ég að það væri eðlilegt að lokinni vandaðri meðferð þingnefndar að þetta mál fengi afgreiðslu þannig að það væri hægt með skipulegum hætti að hefja undirbúning þessarar kennslu og efla veg og virðingu iðjuþjálfunar í landinu. Ég held að það fari vel á því að það gæti gerst á næsta ári þegar 50 ár eru liðin frá því að fyrsti iðjuþjálfinn kom til starfa hér á landi.

[15:17]

Gizur Gottskálksson:

Virðulegi forseti. Ég vil fagna sérstaklega þessari þáltill. um að tekið verði upp nám í iðjuþjálfun við Háskóla Íslands. Ég vil taka undir með hv. þingmönnum Kristínu Einarsdóttur og Einari K. Guðfinnsyni varðandi það sem kom fram í máli þeirra um gagnsemi þessara hluta. Við þekkjum það sem störfum á heilbrigðisstofnunum að iðjuþjálfun er ákaflega stór og ríkur þáttur í því starfi sem þar fer fram. Ég vil líka taka undir það sem kom fram hjá hv. 3. þm. Vestf. að það er ekki vansalaust að þessi stétt skuli ekki hafa samning við Tryggingastofnun ríkisins þannig að sú þjónusta sé ekki tiltæk fyrir utan veggi sjúkrahúsanna og heilbrigðisstofnana.

Ég vil líka taka undir það sem kom fram í máli hv. þm. Kristínar Einarsdóttur um framkvæmd þessarar kennslu. Við vitum að það er mikil söun sem hefur átt sér stað í háskólanum varðandi menntun heilbrigðisstétta. Fjöldatakmörkun í læknadeild gerir það að verkum að þar ónýtist nám í stórum stíl, fólk er þar upp í tvö ár eins og málum er nú háttað og að því loknu getur það ekki nýtt það nám, nái það ekki áfram í læknadeild, í annað nám innan heilbrigðisstéttanna. Ég held því að það sé mjög brýnt að þessu verði þar fyrir komið og líka að það verði gerðar nauðsynlegar breytingar í háskólanum eins og reyndar háskólarektor mér vitanlega hefur lagt til að það verði hægt að nýta námið sameiginlega fyrstu eitt eða tvö árin. Þá held ég að það væri hægt að koma fyrir með góðu móti námi í iðjuþjálfun án þess að það mundi kosta mjög mikið fé.

[15:20]

Flm. (Kristín Einarsdóttir):

Frú forseti. Það þarf ekki að hafa mörg fleiri orð um þetta mál, það liggur mjög skýrt fyrir. Ég tók það kannski ekki fram áður en grg. með þessari tillögu er unnin í samvinnu við Iðjuþjálfafélagið þannig að þær eru mjög sáttar við það sem kemur fram, þær sem ég hef talað við.

Ég vil líka taka það fram að starfandi er ákveðin skólanefnd innan Iðjuþjálfafélagsins sem hefur lýst sig reiðubúna til að koma hvenær sem er á fund menntmn. eða þeirrar nefndar sem fær þessa tillögu, ég hef lagt til að það verði menntmn., og skýra betur þann undirbúning sem hefur nú þegar verið gerður í þessu máli af þeirra hálfu. Ég held því að í raun sé búið að gera mjög mikið í þessu máli svo að það ætti ekki að þurfa að taka mjög langan tíma að hefja þetta nám.

Ég vil leggja áherslu á það og taka undir það sem hér kom fram, sérstaklega hjá hv. 3. þm. Vestf., varðandi sparnað þegar til lengri tíma er litið því það er það sem skiptir langmestu máli, sérstaklega í heilbrigðiskerfinu. Þegar alltaf er verið að tala um að spara þar og draga saman og skera niður þá eru það fyrirbyggjandi aðgerðirnar sem skipta langmestu máli og að það sé ekki einmitt verið með hluti inni á dýrum stofnunum sem hægt er að gera annars staðar. Þetta er einmitt eitt dæmi eins og kom fram hjá hv. 11. þm. Reykn. áðan sem þekkir vel til inni á sjúkrastofnunum og veit hvernig þetta fer fram.

Þannig að ég held að við sem leggjum fram þessa tillögu og þeir sem hér hafa tekið undir, og reyndar margir sem hér hafa komið að máli, þeir eru ekki að segja við viljum fá þetta og þetta kosti svo og svo mikið, þetta er sparnaður — við þurfum samt að gera okkur grein fyrir því að við þurfum að leggja eitthvað til til að byrja með en það verður mjög fljótt að koma til baka.

Frú forseti. Ég ítreka það að ég vona að við getum á þessu þingi afgreitt þessa tillögu svo að við komum af stað þessum lokaundirbúningi því ég held að það sé búinn að vera svo langur undirbúningur að þessu máli að þetta tekur ekki svo langan tíma að setja þetta af stað.

Ég þekki nú svolítið til í háskólanum og í kennslu heilbrigðisstétta og ég veit að það er hægt að samþætta mjög mikið í þeim efnum. Ég bendi t.d. á að ég held að það séu á annað hundrað manns sem eru að byrja í sjúkraþjálfun eða er að reyna að komast í sjúkraþjálfun núna. Þar eru einnig fjöldatakmarkanir eins og í læknadeild og víða annars staðar. Þetta fólk er núna að berjast í því að fá nógu háar einkunnir til

þess að geta haldið áfram en síðan verða þeir að byrja upp á nýtt eða fara eitthvað annað. Við erum því í raun að kasta heilmiklum peningum á glæ og þekkingu og efni í staðinn fyrir að reyna að nýta það á fleiri sviðum sem væri t.d. hægt að gera með iðjuþjálfun og kannski eitthvað fleira sem við gætum nýtt og mundi koma okkur öllum til góða.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almannatryggingar, 1. umr.

Frv. KE o.fl., 191. mál (fæðingarstyrkur o.fl.). — Þskj. 214.

og

Fæðingarorlof, 1. umr.

Frv. KE o.fl., 192. mál (lenging orlofs). — Þskj. 215.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Komið hefur fram beiðni frá hv. 10. þm. Reykv. um að 9. og 10. dagskrármál verði tekin á dagskrá sameiginlega og hefur forseti ákveðið að verða við þeirri beiðni ef enginn hreyfir andmælum.

[15:24]

Flm. (Kristín Einarsdóttir):

Frú forseti. Ég þakka fyrir að fá að mæla fyrir þessum tveimur málum samtímis en þau eru svo samþætt að það er nánast ekki hægt að skilja þau að því þau fjalla um það sama, þ.e. lengingu fæðingarorlofs í níu mánuði. En vegna þess hvernig fæðingarorlofi er fyrir komið í lögum þá varða þau bæði lög um fæðingarorlof beint og einnig lög um almannatryggingar.

Árið 1987 var gerð breyting á lögum um fæðingarorlof en fram að því hafði fæðingarorlof á Íslandi einungis verið þrír mánuðir. Allt frá því að fulltrúar Kvennalistans komu fyrst inn á Alþingi árið 1983 voru lögð fram frumvörp um breytingar á þágildandi lögum um fæðingarorlof, þ.e. um það að fæðingarorlof skyldi lengjast úr þremur mánuðum í sex. Þau frv. voru ekki samþykkt.

Í því fyrirkomulagi sem Kvennalistinn gerði ráð fyrir höfðum við reiknað með því að konur fengju sín laun greidd í fæðingarorlofi eins og aðrir fá greitt í orlofum eins og sumarleyfi og það yrðu óbreytt laun til kvenna en það yrði ekki gert með þeim hætti sem síðan var samþykkt, þ.e. að um væri að ræða sérstakan fæðingarstyrk og fæðingardagpeninga heldur væri um að ræða óbreytt laun eins og eðlilegt er að gert sé í orlofi. Það fyrirkomulag var hins vegar ekki samþykkt og árið 1987 var samþykkt á Alþingi frv. sem flutt var af þáv. ríkisstjórn. Þetta var í ríkisstjórnartíð Ragnhildar Helgadóttur, sem þá var menntmrh., en hún hafði frumkvæði að því að flytja stjfrv. á Alþingi sem var samþykkt vorið 1987. Í því frv. var gert ráð fyrir að fæðingarorlof lengdist úr þremur mánuðum í sex mánuði á þremur árum, þ.e. um einn mánuð á ári.

Nú hefur þetta verið gildandi, þ.e. sex mánaða fæðingarorlof, í þessi ár síðan og nú er kominn tími til að taka næstu skref.

Þessi tvö frumvörp sem ég mæli fyrir, sem eru annars vegar á þskj. 214 og hins vegar á þskj. 215, flytja allar þingkonur Kvennalistans. Þau gera ráð fyrir því að nú þegar verði fæðingarorlof sjö mánuðir en síðan, eins og gert er ráð fyrir í ákvæði til bráðabirgða, verði fæðingarorlofið frá 1. jan. 1995 átta mánuðir og síðan níu mánuðir frá 1. jan. 1996.

Ég geri mér grein fyrir því að þetta er tiltölulega bratt, þ.e. að það lengist í sjö mánuði nú þegar þar sem ég býst við að það taki eitthvað lengri tíma heldur en fram að áramótum til að skoða þetta frv. en það má auðvitað endurskoða þessar dagsetningar ef nefndin kemst að því að það sé rétt að mæla með því að Alþingi samþykki þetta frv. þá sé eðlilegt að breyta þarna dagsetningum.

Þetta frv. var fyrst flutt á 113. löggjafarþingi en varð ekki útrætt þá. Fyrsti flm. var Sigrún Jónsdóttir hv. þm. sem þá var varamaður á Alþingi fyrir Reykjaneskjördæmi. Frv. er nú flutt óbreytt að öðru leyti en því að einhverjar tölur hafa breyst.

Á 117. löggjafarþingi, þ.e. sl. vor, var frv. endurflutt. Það er endurflutt ekki síst vegna þess að þá var í umræðunni í þjóðfélaginu heilmikið talað um lengingu fæðingarorlofs. Það voru mjög margir sem urðu til þess að tala um að nú væri kominn tími til þess að lengja fæðingarorlofið úr sex mánuðum í níu mánuði.

Ég man sérstaklega eftir því að í Reykjavík var þessi umræða mjög hávær. Árni Sigfússon, þáv. borgarstjóri í Reykjavík, talaði sérstaklega um þetta fyrir kosningarnar í vor, að það væri mjög nauðsynlegt að lengja fæðingarorlof og vorum við kvennalistakonur honum innilega sammála. Að vísu kemur þetta óverulega ef nokkuð inn á borð borgarstjórnar nema það þyrfti að greiða þeim starfsmönnum sem eru ráðnir hjá borginni lengra fæðingarorlof ef um þetta væri að ræða en að öðru leyti eru þetta náttúrlega mestmegnis aðrir, eða ríkið, sem mest koma að þessu máli.

En skilningurinn og áhuginn virðist vera til staðar núna að reyna að gera eitthvað til að lengja fæðingarorlof. Þannig að það er auðvitað meginbreytingin og aðalbreytingin sem þetta frv. miðar við, þ.e. að lengja fæðingarorlof í níu mánuði.

En það er ekki bara það sem þetta frv. gerir ráð fyrir heldur er líka gert ráð fyrir því að allar konur hafi rétt á hvíldartíma í einn mánuð fyrir fæðingu. Eins og núgildandi lög gera ráð fyrir þá má hefja greiðslu fæðingarstyrks allt að einum mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag en þá styttir það tímann eftir fæðinguna en það er mjög slæmt því að þegar konur sem eru eitthvað veikar fyrir fæðingu og þurfa hugsanlega að taka einhvern tíma fyrir fæðinguna eða eru eitthvað slappar þá væri enn þá meiri ástæða til að þær fengju allan sinn tíma en ekki klípa af honum eftir fæðinguna. Þannig að þessi tvö frv. gera ráð fyrir því að konur

hafi þennan ótvíræða rétt og það þurfi bara læknisvottorð til að staðfesta hvenær reiknað er með fæðingunni og síðan geta þær tekið mánuð á undan. Ef þær eiga hins vegar fyrir tímann þá fellur bara niður sá réttur en þær fá fullt fæðingarorlof eftir fæðinguna, þ.e. sjö, átta og upp í níu mánuði eftir að lögin eru að fullu komin til framkvæmda ef samþykkt verða.

Það eru mjög margir fæðingarlæknar og ljósmæður sem hafa bent á að þetta sé mjög mikilvægt atriði. Það eru margar konur sem koma í fæðinguna mjög þreyttar, þær eru búnar að vinna mikið og það gerir fæðinguna oft erfiða þegar þær koma kannski beint úr vinnu, margar hverjar auðvitað með fjölskyldu og hafa tvöfalt vinnuálag, þannig að það sé eðlilegt að þær fái einn mánuð áður. Þetta atriði er því nýmæli að því er varðar tímann fyrir fæðingu.

Það sem er líka nýmæli í þessu frv. og breyting frá gildandi lögum er að fleirburamæður fái tvo mánuði fyrir fæðingu til hvíldartíma, þ.e. tveimur mánuðum fyrr og að fyrir hvert barn umfram eitt fái konur þrjá aukamánuði, þ.e. ef það eru tvíburar þá sé um að ræða að þær fái 12 mánuði en ef það eru þríburar þá bætist þrír mánuðir þar við og ef það eru fleiri, eða fjögur börn sem er reyndar mjög sjaldgæft, þá séu það aftur þrír í viðbót við það.

Þetta tel ég mjög mikilvægt. Meðganga með fleiri en eitt barn er í flestöllum tilvikum miklu erfiðari en ef um eitt barn er að ræða. Ég held að allir hljóti að geta skilið það. Síðan þurfa konur oft lengri tíma sjálfar eftir fæðinguna og auðvitað er miklu erfiðara að sinna tveimur börnum. Þau þurfa meiri tíma, það þekkja allir að tvö börn vakna ekki endilega á sama tíma þannig að oft og tíðum verður svefntíminn styttri og erfiðleikarnir miklu meiri ef um tvö börn er að ræða heldur en eitt.

Til að gera sér einhverja grein fyrir umfangi þessa þáttar þá eru um 40 tvíburafæðingar hér á landi á hverju ári þannig að það eru svo sem ekki mjög mikil ósköp sem bætast þarna við af mánuðum ef við hugsum um hvaða kostnað þetta muni hugsanlega geta haft í för með sér.

Það eru tvær til þrjár þríburafæðingar á ári og fjórburar hafa einungis fæðst tvisvar sinnum svo vitað sé hér á landi svo að þetta eru engin ósköp sem við erum að tala um en ég tel það vera mjög mikilvægt að við tökum sérstaklega tillit til fleirburamæðra.

Einnig er gert ráð fyrir því í þessum frumvörpum að ættleiðandi foreldrar, þeir sem taka að sér börn hvort sem það eru ættleiðandi-, uppeldis- eða fósturforeldrar, fái jafnlangt fæðingarorlof og aðrir foreldrar. Þetta finnst mörgum kannski svolítið sérstakt að það þurfi jafnlangan tíma. Ég tel að þetta sé mjög mikilvægt vegna þess að þegar fólk tekur að sér börn þó að konan þurfi ekki sjálf að ganga í gegnum meðgöngu og fæðingu þá er oft enn þá mikilvægara að foreldrar sem taka að sér börn fái tækifæri til þess að mynda tengsl við þau börn þannig það getur oft þurft einmitt lengri tíma til þess að aðlagast, bæði fyrir barnið og foreldrana, ég tala nú ekki um ef börnin koma eitthvað aðeins eldri en nýfædd eins og mjög algengt er. Það þarf því ákveðinn tíma og oft ekkert minni tíma en þegar um er að ræða líffræðileg börn viðkomandi fólks og það þarf að gera þeirra rétt jafnmikinn.

Ég held að ég þurfi ekki að hafa mjög mörg fleiri orð um þessi frv. svo greinilegt og skýrt sem ég tel þetta vera. Með frv. um breytingar á almannatryggingum fylgir nokkuð löng og ítarleg greinargerð sem ég ætla ekki að gera annað en að vísa sérstaklega til. Ég tel óþarfa að ég sé að lesa frekar upp úr henni en vil þó leggja áherslu á að þarna er um að ræða fimm aðalatriði sem þetta frv. gerir ráð fyrir, þ.e. svo ég taki það saman þá er í fyrsta lagi um það að ræða að fæðingarorlof verði lengt um þrjá mánuði eftir fæðingu. Í öðru lagi að mæðrum sé tryggður hvíldartími fyrir fæðingu. Í þriðja lagi er lagt til að fleirburamæðrum séu tryggðir tveir mánuðir fyrir fæðingu og þrír mánuðir eftir fæðingu. Í fjórða lagi er lagt til að fæðingarorlof til ættleiðandi foreldra, uppeldis- og fósturforeldra sé lengt í áföngum til jafns við fæðingarorlof annarra foreldra. Í fimmta lagi verði veitt heimild til þess að foreldrar geti dreift greiðslum fæðingarorlofs eftir ákveðnum tíma þannig að hægt sé að lengja fæðingarorlofið á þann hátt ef foreldrar kjósa það. Ég gleymdi að gera grein fyrir því og það er reyndar nauðsynlegt að það er gert ráð fyrir því í þessu frv. líka að eftir þrjá mánuði geti foreldrar valið um það að fá hálfan styrk og hálfar greiðslur og lengt fæðingarorlofið sem því nemur. Þessi heimild er núna varðandi ríkisstarfsmenn, þ.e. þeir geta eftir þrjá mánuði dreift greiðslunum og lengt fæðingarorlofið og mér er kunnugt um að það eru nokkrir sem nota þetta og telja þetta mikilvægt og það er lagt til í þessu frv. að þessi heimild eigi að gilda um alla þannig að allir geti raunverulega lengt fæðingarorlofið sem því nemur.

Á bls. 5 í frv. um almannatryggingar er tekið fram hvaða kostnað þetta mundi hugsanlega geta haft í för með sér. Þar segir m.a. í upplýsingum frá Tryggingastofnun ríkisins að það voru 5.500 sem fengu greiddan styrk í fæðingarorlof árið 1993. Þar af voru 17 karlmenn þannig að það eru allt of fáir karlmenn sem taka hluta af þessu orlofi enda er það svo stutt að það getur verið eðlilegt að það séu mjög fáir karlmenn sem taka fæðingarorlof vegna þess að það veitir ekkert af fyrir konur að taka þessa sex mánuði þannig að ef við hefðum fæðingarorlofið níu mánuði þá væru auðvitað miklu meiri líkur á að það væru fleiri karlmenn sem mundu taka fæðingarorlof.

Varðandi einmitt það atriði þá vil ég taka fram að mér finnst mjög vel koma til greina að við höfum fæðingarorlof fyrir feður líka, þ.e. að þeir séu skyldugir að taka hluta af fæðingarorlofi einhvern tíma því að mér finnst að það sé nauðsynlegt fyrir feður að taka meiri þátt í uppeldi barnanna ef við getum kallað það uppeldi á þessu fyrsta ári og fyrstu árunum. Ein aðferð við það væri að láta karlmenn hafa möguleika á að taka fæðingarorlof og þá er ég að meina sjálfstæðan rétt þannig að lenging fæðingarorlofsins fari þá til foreldra. Þetta þarf hins vegar að útfæra nokkuð betur en ég vildi koma því að í tilefni af þessu.

Eftir því sem næst verður komist þá eru heildar-

greiðslur vegna fæðingarorlofs áætlaðar 1.200 millj. á fjárlögum yfirstandandi árs eða u.þ.b. 100 millj. á mánuði. Þetta kostar því peninga eins og annað og menn geta deilt um hvort það er há eða lág upphæð. Ég tel að þarna sé ekki um háar upphæðir að ræða og það sé nauðsynlegt að núna verði það athugað alvarlega hvort alþingismenn eru tilbúnir til þess að lengja fæðingarorlofið, þ.e. taka næsta skref í lengingu fæðingarorlofs. Við verðum að gera okkur grein fyrir því að ef við miðum okkur við önnur Norðurlönd þá erum við langt á eftir í þessum málum. Við getum auðvitað miðað okkur við einhver önnur lönd, t.d. Bretland sem hefur miklu styttra fæðingarorlof, en það viljum við ekki gera. Við höfum venjulega viljað miða okkur við Norðurlöndin og það tel ég að við eigum að gera í þessu máli. Þar er fæðingarorlof upp í 12 mánuði og möguleikar á enn þá lengra fæðingarorlofi, allt upp í 18 mánuði, ef fólk kýs svo. Þar eru líka ýmis ákvæði sem hvetja karlmenn til að taka fæðingarorlof sem ég tel að við eigum að skoða mjög alvarlega hér á landi að taka upp í okkar löggjöf. Við þurfum að taka okkur til og breyta lögunum um fæðingarorlof til þess að auka rétt, ekki bara barna og mæðra, heldur feðra líka.

Að lokinni umræðu um þessi mál þá legg ég til að þeim verði vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Rannsóknarráð Íslands, 1. umr.

Frv. TIO o.fl., 136. mál (skipan ráðsins). — Þskj. 142.

[15:47]

Flm. (Tómas Ingi Olrich):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 61/1994, um Rannsóknarráð Íslands. Þetta er 136. mál þingsins og er á þskj. 142. Meðflm. mínir á þessu lagafrv. eru hv. þm. Björn Bjarnason og Guðjón Guðmundsson.

Frv. er í tveimur greinum og fjalla um skipan í Rannsóknarráð Íslands.

Alþingi setti lög um Rannsóknarráð Íslands á 117. löggjafarþingi. Er þar orðinn til einn stjórnunarvettvangur rannsókna- og vísindastarfa í landinu þar sem áður voru tveir, Vísindaráð Íslands og Rannsóknaráð ríkisins. Hagnýtar rannsóknir í þágu atvinnuveganna sem áður heyrðu undir Rannsóknaráð ríkisins og grunnrannsóknir sem heyrðu undir Vísindaráð Íslands heyrðu þá með þessari breytingu undir sama ráðið sem gegnir samkvæmt gildandi lögum víðtæku samræmingarhlutverki, stefnumörkun í rannsóknum, ráðgjöf til stjórnvalda og eftirlits- og kynningarhlutverki.

Í 3. gr. laganna sem þetta frv. snertir fyrst og fremst er kveðið á um hverjir skuli gera tillögur um setu í Rannsóknarráði Íslands. Eru þar tilnefndar m.a. vísindastofnanir og rannsóknastofnanir atvinnuveganna. Ekki er kveðið á um að atvinnulífið geti með ótvíræðum hætti haft áhrif á skipan í ráðið, eins og t.d. rannsóknastofnanir. Engu að síður er það svo að samkvæmt lögunum þá fjallar Rannsóknarráð Íslands á mjög breiðum grundvelli um hagnýtar rannsóknir, nýsköpun í atvinnulífi og stefnumótun í rannsókna- og vísindastarfi. Ber ráðinu að beita sér fyrir áætlanagerð um rannsóknir og þróunarstarf í samráði við atvinnulífið.

Rannsóknarráð Íslands veitir styrki til rannsókna, m.a. til þeirra stofnana sem gera tillögur samkvæmt lögum um setu í ráðinu. Þess utan er ráðinu gert með lögum að meta árangur rannsóknastarfs og gera þá í kjölfar þess tillögur til úrbóta ef starfsemin er metin ófullnægjandi, skipulag eða skilyrði talin ófullkomin eða ákveðin rannsóknasvið vanrækt. Af þessum sökum m.a. er ljóst að mikils er vert að ráðið sé óháð þeim rannsóknaraðilum sem það á að veita aðhald, sem og að atvinnulífið eigi aðgang í ráðið ekki síður en rannsókna- og vísindastofnanir.

Þegar frumvarpið um Rannsóknarráð Íslands var til umfjöllunar í menntamálanefnd Alþingis, það hét að vísu þá frv. til laga um Vísinda- og tækniráð Íslands, bárust nefndinni ábendingar um þá meinbugi sem á málinu voru en þeir voru fyrst og fremst að ekki væri gert ráð fyrir fulltrúum frá atvinnulífinu við skipan ráðsins. Athugasemdir bárust menntamálanefnd frá Rannsóknarráði ríkisins, millifundanefnd háskólaráðs Háskóla Íslands, Samtökum iðnaðarins, Iðntæknistofnun, Alþýðusambandi Íslands og Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Eru þessar umsagnir birtar sem fylgiskjöl með frumvarpinu.

Menntmn., en sá sem hér flytur þetta mál situr í menntmn., brást við þessum ábendingum með því að fella inn í 3. gr. laganna ákvæði um að menntmrh. skyldi við skipan í ráðið gæta þess að jafnvægi yrði milli vísinda og tækni og að sjónarmið atvinnulífsins kæmu fram í ráðinu. Við framkvæmd laganna hefur að mati flm. þessa ekki verið gætt né heldur hins að stofnanir, sem Rannsóknarráð Íslands skal lögum samkvæmt veita aðhald, geti ekki haft það sem kalla mætti óeðlilega mikil áhrif á störf þess.

Í frv. er farin sú leið að fjölga ráðsmönnum um tvo. Gert er ráð fyrir að Alþýðusamband Íslands og Vinnuveitendasamband Íslands geri tillögur um ráðsmenn samkvæmt ákvæðum þar að lútandi sem sett verði með reglugerð. Þeim einstaklingum sem ráðherra skipar nú samkvæmt gildandi lögum án tilnefningar er fækkað um einn. Ráðherra hefur samkvæmt lögunum mikil áhrif á val í Rannsóknarráð og þykja flm. áhrif hans á heildarskipan ráðsins tryggð nægilega með þeim hætti sem hér er lagt til.

Ákvæði frv. um gildistöku taka mið af því að nú þegar hefur nýskipað Rannsóknarráð Íslands ráðist í það mikla verkefni að skipuleggja starf ráðsins á nýjum forsendum. Því er gildistíminn miðaður við 1. janúar 1996 þannig að ráðinu gefist tækifæri til að ljúka því undirbúningsstarfi sem nú stendur yfir.

Flm. gera ekki ráð fyrir að frv. hafi áhrif á skipun fagráða ellegar á ráðningu framkvæmdastjóra.

Virðulegi forseti. Ég mun ekki við þessa umræðu, nema sérstök ástæða verði til þess, fara yfir þær ábend-

ingar sem koma fram í fylgiskjali. Það er hins vegar rétt að benda á það að hv. menntmn. Alþingis hefur borist bréf frá Alþýðusambandi Íslands, Samtökum iðnaðarins og Vinnuveitendasambandi Íslands þar sem lögð er áhersla á það að Samtök iðnaðarins hafi í athugasemdum sínum bent á að til þess að ná fram því yfirlýsta markmiði að tryggja að sjónarmið atvinnulífsins kæmu fram í ráðinu yrði atvinnulífið að standa a.m.k. jafnfætis við rannsóknastofnanir háskólans hvað varðar tilnefningar í Rannsóknarráð.

Í bréfinu er einnig bent á að í umsögn Alþýðusambands Íslands, þar sem bent er á að það flókna kerfi sem í frv. felist veiti ráðherra of mikið sjálfsákvörðunarvald í skipun ráðsins þannig að óvíst sé hvort sjónarmið atvinnulífsins fengju notið sín í ráðinu. Sú breyting sem hv. menntmn. Alþingis gerði á frv. var með þeim hætti að þessir aðilar sem bréfið rita töldu þær breytingar ófullnægjandi. Þessir aðilar koma einnig inn á það í sínu bréfi til menntmn. að við skipan ráðsins sl. haust hafi komið í ljós að ofangreindar efasemdir í umsögnum hafi átt fullan rétt á sér þegar hæstv. menntmrh. skipaði fimm prófessora og þrjá fulltrúa rannsóknastofnana í Rannsóknarráði Íslands.

Þá koma bréfritarar inn á það frv. sem hér hefur verið mælt fyrir í dag og lýsa í bréfinu yfir stuðningi við frv. og fara fram á það við menntmn. Alþingis að hún stuðli að því að þessar breytingar nái fram að ganga. Ég vil aðeins að lokum, virðulegi forseti, geta þess að samkvæmt ábendingum sem m.a. komu fram í skýrslu OECD um rannsóknar- og þróunarstarf á Íslandi var lögð áhersla á að það þyrfti að finna leiðir til þess að hvetja atvinnulífið til að taka ríkari þátt í rannsóknastarfi á Íslandi heldur en verið hefur. Samkvæmt ábendingum frá þessum sama aðila hefur einnig verið farin sú leið að auka verulega það óbundna, ef svo mætti orða það, rannsóknafé sem við höfum til styrkveitinga til stofnana og fyrirtækja sem vilja taka að sér sérstök rannsóknaverkefni.

Þar sem Rannsóknarráð Íslands fer með stjórn slíks sjóðs er mjög brýnt að sjónarmið atvinnulífsins komi þar skýrt fram til þess að sjóðurinn megi uppfylla þær væntingar sem til hans eru gerðar. Af þeim ástæðum er hér lagt til að aðgangur atvinnulífsins inn í Rannsóknarráð Íslands verði tryggður með lögum og á þann hátt að Alþýðusamband Íslands og Vinnuveitendasamband Íslands geri tillögur þar að lútandi.

Auðvitað er nokkuð erfitt, virðulegi forseti, að velja til þess fulltrúa að standa fyrir sjónarmiðum atvinnulífsins í heild. Það er nokkuð vandmeðfarið og telur sá sem hér stendur, 1. flm. frv., að ekki sé auðvelt að finna eðlilegri né réttlátari leið til þess en þá sem farin er í þessu frv.

Að lokinni 1. umr. um þetta lagafrv. legg ég til að því verði vísað til 2. umr. og til hv. menntmn.

[15:59]

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Hér hefur hv. 5. þm. Norðurl. e. mælt fyrir frv. til laga um Rannsóknarráð Íslands sem er mjög mikilvægt mál og þá á ég við þessa nýju stofnun. En það liggur við að mér sé svolítið skemmt. Ég skal ekki neita því. Í sjálfu sér má líta á þetta frv. og flutning þess af þremur hv. þm. Sjálfstfl. sem vantraust á hæstv. menntmrh. Það ber að skilja málið þannig.

Nú sit ég í hv. menntmn. Alþingis þar sem við höfðum í fyrra til umfjöllunar frv. til laga um Rannsóknarráð Íslands og eins og hv. þm. nefndi þá komu ábendingar frá atvinnulífinu um það að frv. væri gallað í því formi sem það lá fyrir á síðustu dögum fyrir afgreiðslu Alþingis. Ég beitti mér fyrir því í hv. menntmn. að fá inn í frv. tillögu sem kom frá atvinnulífinu um lagatexta og við því var ekki orðið í hv. menntmn.

Hv. formaður nefndarinnar taldi og fullyrti að textinn eins og hann leit út á því stigi málsins væri fullnægjandi og það væri ekki rétt eða ástæða til að ganga lengra. En hann hljóðaði eitthvað á þá leið að sjónarmið atvinnulífsins kæmu fram, að sjónarmiða atvinnulífsins yrði gætt.

Hv. þm., Tómas Ingi Olrich, hreyfði engum mótmælum þar í nefnd svo aðrir nefndarmenn heyrðu, ekki skal ég fullyrða um hvað hefur komið fram í einkaviðræðum hans við hv. formann.

Síðan lýsir hæstv. menntmrh. því yfir hvað eftir annað eftir að hann hefur skipað þessa stjórn að það sé engin ástæða til þess að hafa af því nokkrar áhyggjur að stjórnin sé skipuð eins og raun ber vitni, fyrst og fremst með prófessorum. Þannig að ég get ekki ímyndað mér að hæstv. menntmrh. styðji þetta frv. Ég veit ekki hvers vegna hv. þm. er að leggja það hér fram. Ef hvorki formaður menntmn. né hæstv. menntmrh. styðja málið þá er ekki líklegt að það nái fram að ganga á hv. Alþingi.

Ég get hins vegar tekið undir það með hv. þm. og það er mikið rétt að atvinnulífið í heild sinni hefur lagt allt of lítið fjármagn til nýsköpunar og við Íslendingar höfum staðið okkur slælega á þessu sviði þó ekki sé meira sagt og þess vegna var það svo mikilvægt í fyrra þegar þetta mál var til umfjöllunar á hv. Alþingi að vel tækist til um löggjöfina. Við framsóknarmen studdum þetta mál. Það var ekki tekið meira tillit til þess jákvæða hugar gagnvart frv. í hv. menntmn. að mér tókst ekki að koma inn ákvæðum sem hefðu fyrirbyggt það að hv. þm. þyrfti nú að vera að flytja þetta mál. Þannig að sú reynsla kennir manni það að vera á varðbergi.

[16:03]

Flm. (Tómas Ingi Olrich) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hygg að hv. 3. þm. Norðurl. e., Valgerður Sverrisdóttir, hefði gott af því að skerpa örlítið minni sitt frá umræðum um þetta mál á þingi þegar það var til umfjöllunar. Af þeim sem fjölluðu um málið við 1. umr. var aðeins einn þingmaður sem benti á þessa annmarka á frv. áður en umsagnir komu til. Það var aðeins einn þm. sem óskaði eftir því að þetta væri tekið sérstaklega til athugunar og fór sérstaklega fram á það við hæstv. menntmrh. að hann svaraði því hvort sér fyndist ekki ástæða til þess að marka með skýrari hætti aðgang atvinnulífsins að þessu máli. Þannig að ef þingmaðurinn ætlar sér eitthvert frum-

kvæði í þessu máli þá verð ég að segja honum að það átti hann ekki. Við 1. umr. málsins var það einn þingmaður í þessum þingsal sem benti á þetta og það var sá sem hér stendur.

Að halda því fram, hv. þm., að sá sem hér stendur hafi ekki rætt þetta mál í menntmn. er fjarri öllum sanni. Þar ræddum við þessi mál. En það varð hins vegar niðurstaðan að breyta málinu eins og það var gert. Ég tek það fram að það var nokkur hraði á þessu máli, meiri hraði en góðu hófi gegndi þegar það var tekið í gegnum þingið og vafalaust má segja sem svo að einhver áhrif hafi þessi hröðu vinnubrögð í þinginu haft á framgang þessa máls.

Ég mun koma að öðrum atriðum sem hv. þm. orðaði hér við betra tækifæri í þessari umræðu.

[16:05]

Valgerður Sverrisdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er eflaust rétt hjá hv. þm. að hann hafi komið inn á þetta við 1. umr. um málið, mér dettur ekki í hug að rengja það. Ég skal viðurkenna það að ég hef ekki lesið hana alveg nýlega. En hv. þm. sætti sig samt sem áður við það í hv. menntmn. að frv. færi frá henni í þeim búningi sem það varð að lögum. Það gerði sú sem hér stendur reyndar líka. En ef hv. þm. er það ekki minnisstætt þá lagði sú sem hér stendur til að sá texti sem kom frá Rannsóknaráði ríkisins færi inn í frv. Því var ekki tekið vel og það varð ekki niðurstaðan vegna þess að hv. formanni hefur væntanlega þótt hún ganga nógu langt í því að koma inn texta sem varð síðan að lögum sem var á þá leið að gæta þyrfti sjónarmiða atvinnulífsins.

En hæstv. menntmrh. telur að þetta séu góð lög eins og þau eru í dag og hv. þm. hefur ekki svarað því hvort hæstv. menntmrh. styður þetta frv.

[16:06]

Flm. (Tómas Ingi Olrich) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er nú einmitt það sem ég ætla að gera hér og nú því nú gefst tími til þess.

Hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir býsnaðist yfir því að sá sem hér stendur væri að flytja frv. án þess að hafa fengið til þess leyfi síns ráðherra og spurði hvers vegna flytur þingmaðurinn frv. ef ráðherrann er á móti því. Ja, það er nú bara svo einfalt mál að ég flyt þetta frv., hv. þm., vegna þess að ég er ósammála menntmrh. í þessu máli og ég er ekki sáttur við það hvernig hans embættisverk voru í þessu máli og honum er fullkunnugt um það. Hann er ekki sammála þeim sem hér stendur um framvindu þessa máls en það breytir engu um sannfæringu mína í málinu og ég flyt þetta mál af illri nauðsyn. Ég veit ekki hvort það er hefð hjá framsóknarmönnum að flytja ekki mál sem ráðherrar þeirra eru á móti. Það er ekki hefð í Sjálfstfl. þó að við séum að vísu dyggir stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar.

[16:07]

Valgerður Sverrisdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér finnst það mjög mikilvægt að það hafi komið fram hjá hv. þm. að hæstv. menntmrh. styður ekki frv. og sennilega ekki heldur formaður menntmn. En þá liggur það bara fyrir og það er mjög mikilvægt að það liggi fyrir að hæstv. menntmrh. styður ekki málið og hv. formaður menntmn., sjálfstæðismaður, hv. þm. að nafni Sigríður Anna Þórðardóttir, styður það ekki heldur.

[16:08]

Flm. (Tómas Ingi Olrich):

Virðulegi forseti. Ég held að það sé ástæðulaust að blanda hv. formanni menntmn. inn í þessa umræðu. Eftir að þetta frv. var lagt fram í þinginu hefur hann ekki tjáð sig um það mál og ég tel að það sé ástæðulaust að gera honum upp skoðanir á málinu. Hins vegar er ljóst að hæstv. menntmrh. hefur tjáð sig um málið og ekkert farið í grafgötur með það að hann er ósammála þeim sem hér stendur. En til þess hefur hæstv. menntmrh. fulla heimild. Hann taldi sig hafa tryggt það með embættisverkum sínum að sjónarmið atvinnulífsins kæmu fram í ráðinu og taldi að þeir heiðursmenn sem skipa þetta ráð gætu vel verið fullgildir fulltrúar atvinnulífsins. Þess ber að geta að Rannsóknarráð Íslands skipa valinkunnir menn sem enginn efast um að hafi mikla hæfileika til að starfa í ráðinu. Það er heldur ekki með flutningi þessa frv. verið að ýja að því með nokkrum hætti að þessir valinkunnu menn sem nú starfa í Rannsóknarráði Íslands hafi ekki fullan skilning á vandamálum atvinnulífsins. Þeir hafa það eflaust og eru allir af vilja gerðir til þess að inna af hendi störf sín eins vel og þeir geta en við erum ekki hér og nú að tala um ákveðnar persónur, við erum að tala um reglur sem eiga að gilda um þetta til langs tíma. Það hefur komið í ljós að milli þess sem flytur þetta mál, 1. flm. málsins sem hér stendur, og hæstv. menntmrh. er skoðanaágreiningur um þetta atriði og við það verður að búa.

Ég hef notið þeirra forréttinda að starfa í þrjú ár í Rannsóknaráði ríkisins og er þakklátur fyrir að hafa fengið að gegna því trúnaðarstarfi. Ég tel að ég hafi lært mikið af því að starfa þarna. Ég tel að við þau störf hafi ég sannfærst um það að fulltrúar rannsóknastofnana atvinnuveganna og menn sem þar sátu af hálfu Háskóla Íslands og annarra merkra rannsókna- og vísindastofnana lögðu sig fram um að vinna störf sín vel og af mikilli skyldurækni og innsæi í þetta málefni. Ég er engu að síður sannfærður um að það er mjög mikilvægt að hleypa mönnum inn í þetta ráð, ekki aðeins með akademíska þekkingu heldur ekki síst með innsýn í viðfangsefni atvinnulífsins.

Mörg rannsóknarefni sem ber á fjörur Rannsóknarráðs Íslands, og mörg rannsóknarefni sem ætti að bera á fjörur ráðsins en gera það ekki, því miður, eru þess eðlis að menn þurfa fyrst og fremst að hafa þekkingu sína beint úr atvinnugreinunum til þess að það komi að gagni.

Það er fyrst og fremst í því markmiði að tryggja að svo geti orðið sem þetta frv. er lagt fram. Ég skal hins vegar fúslega viðurkenna það að frv. í þessu formi tryggir ekki þessi mál. Það leggur miklar skyldur á herðar Alþýðusambandi Íslands og Vinnuveitendasambandinu til þess að leita leiða til að fá í þetta fólk sem er verðugir fulltrúar fyrir atvinnulífið og hefur innsýn

í þau vandamál sem þar eru uppi. Ég tel þó að þetta sé betri ráðstöfun en núverandi fyrirkomulag og er að þessu leyti sammála ýmsum umsagnaraðilum og að því er mér heyrist sammála hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur. Þess vegna hygg ég að hún ætti að geta staðið af mikilli sannfæringu með mér í þessu máli og unnið að því að koma því í gegnum hv. menntmn. Þó að við séum ekki flokkssystkini þá hljótum við að finna þarna samnefnara fyrir áhugamál okkar og ég fagna því að geta notið stuðnings hennar í þessu máli.

[16:13]

Valgerður Sverrisdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér finnst rétt að það komi fram að ég styð þetta frv. og mun beita mér fyrir því eins og ég get að það geti orðið að lögum á þessu þingi þó að það sé í andstöðu við hæstv. menntmrh. og fleiri sjálfstæðismenn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fæðingarorlof, fyrri umr.

Þáltill. JóhS, 147. mál (endurskoðun laga). — Þskj. 155.

[16:14]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég hef leyft mér að flytja till. til þál. um endurskoðun laga um fæðingarorlof, en tillgr. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til að endurskoða lög og reglugerðir um fæðingarorlof. Nefndin hafi það verkefni að undirbúa löggjöf sem tryggi það að foreldrar, hvar sem þeir eru í starfi, njóti jafnréttis hvað varðar lengd fæðingarorlofs, greiðslur í fæðingarorlofi og rétt til töku fæðingarorlofs. Sérstaklega skal hugað að rétti feðra. Jafnframt skal nefndin leggja fram tillögur um að lengja fæðingarorlof í áföngum og mat á leiðum til fjármögnunar. Frumvarp þar að lútandi verði lagt fram í byrjun næsta þings.

Nefndin verði m.a. skipuð fulltrúum aðila vinnumarkaðarins, bæði á almenna markaðinum og hinum opinbera."

Það eru ýmsar ástæður fyrir því að þetta mál er hér fram borið. Ég held að það hafi komið í ljós að það eru ýmsir annmarkar á löggjöfinni um fæðingarorlof og vantar alla samræmingu varðandi framkvæmdina auk þess sem það er tímabært að huga að því hvort og þá hvernig hægt er að lengja fæðingarorlof í áföngum sem ég tel mjög brýnt.

Árið 1987 voru sett ný lög um fæðingarorlof. Lagabreytingin 1987 var veruleg réttarbót á sínum tíma, fyrst og fremst vegna lengingar orlofsins úr þremur mánuðum í sex. Síðan hafa komið í ljós ýmsir annmarkar á lögunum eins og ég nefndi áðan og ljóst er að núgildandi lagareglur um fæðingarorlof mismuna einstaklingum. Það gilda eins og allir þekkja aðrar reglur um opinbera starfsmenn en fólk á almennum vinnumarkaði. Greiðslur fæðingarorlofs opinberra starfsmanna eru tekjutengdar en greiðslur á almennum vinnumarkaði eru almennt ekki tekjutengdar. Einungis konur í starfi hjá hinu opinbera eiga rétt á greiðslum í fæðingarorlofi. Barnsfeður opinberra starfsmanna eiga ekki rétt til greiðslna í fæðingarorlofi, hvort sem þeir eru í starfi hjá hinu opinbera eða á almennum vinnumarkaði. Óheimilt er að semja í kjarasamningum á almennum vinnumarkaði um viðbótargreiðslur í fæðingarorlofi. Það hefur þó verið gert í kjarasamningum bankamanna athugasemdalaust.

Þegar litið er á framkvæmd fæðingarorlofs í dag til viðbótar því sem ég hef sagt, þá segir í lögum um fæðingarorlof að foreldrar sem gegna launuðum störfum og eiga lögheimili á Íslandi eigi rétt á sex mánaða fæðingarorlofi. Lögin ná til allra foreldra en þau fjalla aðeins um orlofstökuna sem slíka en ekkert um greiðsluþáttinn. Reyndin er því sú að þótt allir foreldrar eigi rétt á orlofinu er ekki nema hluti þeirra sem fær greiðslur þann tíma sem þeir eru frá störfum og greiðslurnar auk þess misjafnar.

Tryggingastofnun ríkisins greiðir fæðingarstyrki og fæðingardagpeninga til foreldra á almennum vinnumarkaði, en fæðingarstyrkur greiðist síðan óháð vinnuframlagi en fæðingardagpeningar greiðast þeim foreldrum sem leggja niður launuð störf þannig að þeir sem hafa unnið 1.032 dagvinnustundir eða meira á sl. 12 mánuðum fá fulla dagpeninga, en þeir sem hafa unnið 512–1.031 dagvinnustund fá hálfa dagpeninga.

Fullt fæðingarorlof er rúmlega 56 þús. kr. á mánuði og reglur um fæðingarorlof gilda ekki um mæður sem eru opinberir starfsmenn og hafa verið sex mánuði eða lengur í starfi, mæður sem vinna í bönkum, feður sem giftir eru konum sem eru opinberir starfsmenn og feður sem eru opinberir starfsmenn. Sé móðir opinber starfsmaður með sex mánaða starf að baki gilda um hana reglur um barnsburðarleyfi opinberra starfsmanna. Hún heldur fullum launum fyrstu þrjá mánuði í orlofi og heldur síðan dagvinnulaunum næstu þrjá mánuði. Vinni móðir í banka gilda um hana ákvæði kjarasamninga bankamanna og einhvers konar samkomulag sem gert var við heilbr.- og trmrn. vorið 1988. Þær konur halda fullum launum fyrstu þrjá mánuði í fæðingarorlofi en síðari þrjá mánuði fá þær greitt fæðingarorlof frá Tryggingastofnun ásamt eingreiðslu frá bankanum sem mig minnir að sé um 30 þús. kr.

Hér er því um að ræða eins konar sambland af rétti fólks á almennum markaði og rétti kvenna í starfi hjá ríkinu. Það má ætla að fjórðungur allra sem njóta réttar í fæðingarorlofi séu opinberir starfsmenn.

Síðan er eitt atriði sem er mikið óréttlæti. Sé faðir giftur konu sem er opinber starfsmaður fær hann engar greiðslur í fæðingarorlofi og byggist þetta á því að Tryggingastofnun túlkar 16. gr. þannig að faðir geti ekki átt meiri rétt til greiðslna úr Tryggingastofnun en móðir átti þar sem réttur til greiðslu fæðingarorlofs er afleiddur réttur. Móðir sem er opinber starfsmaður á ekki rétt á greiðslum úr Tryggingastofnun og því getur faðirinn heldur ekki átt rétt. En sé faðir opinber

starfsmaður fær hann ekkert greitt frá ríkinu þar sem reglur um barnsburðarleyfi opinberra starfsmanna ná einungis til kvenna en ekki karla. Hann á væntanlega rétt á greiðslum frá Tryggingastofnun svo framarlega sem móðir fellur undir almannatryggingalögin.

Síðan eru viðbótargreiðslurnar frá vinnuveitanda, sem er alveg sérstakt mál. Þær voru þannig að þeim foreldrum sem semja um viðbótargreiðslur frá vinnuveitendum er synjað um greiðslu fæðingarorlofs á grundvelli túlkunar Tryggingastofnunar ríkisins, en á sínum tíma hnekkti bæjarþing Reykjavíkur þessari túlkun. Málinu var þá vísað til Hæstaréttar og með dómi Hæstaréttar í maí 1993 var þessari framkvæmd hnekkt og opnað á þann möguleika að samið væri um einstaklingsbundnar greiðslur.

Allt þetta sem ég hef lýst, virðulegi forseti, sýnir ljóslega að það eru miklir annmarkar á löggjöfinni um fæðingarorlof og mikið ósamræmi sem nauðsynlegt er að leiðrétta.

Því til viðbótar má benda á að með aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu skuldbinda stjórnvöld sig til að tryggja launafólki sama lágmarksrétt hér á landi og gildir í löndum Evrópubandalagsins. Með tilskipun um vinnuvernd barnshafandi kvenna og kvenna sem nýlega hafa fætt, sem tók gildi 19. okt. 1994, eru aðildarlöndin skyldug til að sjá barnshafandi konum fyrir heilsusamlegu vinnuumhverfi og í vissum tilfellum tryggja tilflutning í starfi án launabreytinga.

Samkvæmt þessum skuldbindingum ber einnig að taka tillit til vinnutíma barnshafandi kvenna og kvenna með börn á brjósti og þá sérstaklega að komast hjá næturvinnu þessara kvenna. Séu störf beinlínis hættuleg þessum konum og tilfærslum verður ekki við komið ber að veita þeim leyfi á fullum launum eða með fullnægjandi dagpeningum. Aðildarlöndin eru skyldug til að lögbinda að minnsta kosti 14 vikna fæðingarorlof með óskertum launum eða dagpeningum sem jafngilda veikindalaunum konunnar. Heimilt er að ákveða lágmarksgreiðslu og setja skilyrði um lágmarkstíma fyrir unnum réttindum.

Í tilskipuninni er einnig tryggður réttur barnshafandi kvenna til mæðraeftirlits án skerðingar á launum verði eftirliti ekki við komið utan vinnutíma. Konur skulu ekki missa nein starfsréttindi þann tíma sem þær eru frá vegna fæðingarorlofs.

Þarna eru náttúrlega ýmis mikilvæg ákvæði í þessum tilskipunum sem við þurfum að aðlaga okkar löggjöf og þó ekki væri nema þess vegna þá er nauðsynlegt að fara að huga að því að breyta hér reglum um fæðingarorlof til þess að stjórnvöld standi við skuldbindingar sínar gagnvart EES, en Ísland hefur tveggja ára aðlögunartíma að þessum reglum.

Frá því 1987 að lögin voru sett sem fólu í sér lengingu á fæðingarorlofi hafa verið skipaðar nefndir til þess að endurskoða lög um fæðingarorlof, en ég held að það hafi aldrei komist lengra en að þetta hefur verið skoðað í nefnd. Ég veit til þess að á sl. ári vann nefnd á vegum heilbrrh. frv. um fæðingarorlof. Þar voru lagðar til veigamiklar breytingar á lögum um fæðingarorlof og nefndin lagði til að reglur um fæðingarorlof yrðu samræmdar þannig að allir, hver svo sem vinnuveitandi þeirra væri, sætu við sama borð. Þar var gert ráð fyrir hámarksfæðingarorlofi 125 þús. kr. og lágmarksfæðingarorlofi, 25 þús. kr. og taldi nefndin að í þessari kerfisbreytingu fælist fyrst og fremst tilfærsla greiðslna innan hópsins í samræmi við raunverulegt tekjutap í stað þess að greiða flestum sömu upphæð eins og gert er í núverandi kerfi. Í þessum tillögum fólst ákveðin réttarbót þannig að greiðslur í fæðingarorlofi yrðu nær því sem konur eða foreldrar hafa á hinum almenna vinnumarkaði. Nokkuð hefur því verið hugað að því þó að þetta mál hafi aldrei komist lengra en í mesta lagi að nefnd hafi skoðað það og þetta liggi þá á borði ráðherra.

Ég held því að öll rök standi til þess að menn fari í þetta verkefni. Varðandi það verk sem var unnið í þessari nefnd, ég legg ekki mat á þær tillögur sem þarna voru settar fram, en engu að síður þarf mun víðtækari endurskoðun en þessi nefnd vann að, ekki síst með tilliti til bæði ósamræmisins og skuldbindinga okkar og tilskipana vegna Evrópska efnahagssvæðisins.

Ég sé ekki ástæðu til þess, virðulegi forseti, að hafa um þetta mál fleiri orð. Ég vil að lokinni þessari umræðu leggja til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 3.–5. mál.

Fundi slitið kl. 16:26.

38. FUNDUR

mánudaginn 21. nóv.,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Minnst látins fyrrverandi alþingismanns.
2. Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda, stjfrv., 190. mál, þskj. 212. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Kennsla í iðjuþjálfun, þáltill., 91. mál, þskj. 93. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
4. Almannatryggingar, frv., 191. mál, þskj. 214. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Fæðingarorlof, frv., 192. mál, þskj. 215. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Rannsóknarráð Íslands, frv., 136. mál, þskj. 142. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Fæðingarorlof, þáltill., 147. mál, þskj. 155. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

Fjarvistarleyfi:

Árni M. Mathiesen, 3. þm. Reykn.,
Geir H. Haarde, 8. þm. Reykv.,
Gunnlaugur Stefánsson, 5. þm. Austurl.,
Kristinn H. Gunnarsson, 5. þm. Vestf.,
Ragnar Arnalds, 3. þm. Norðurl. v.

Aðalmenn taka sæti á ný:

Guðjón Guðmundsson, 5. þm. Vesturl.,
Ingibjörg Pálmadóttir, 2. þm. Vesturl.

Útbýting þingskjala:

Skoðun kvikmynda, 219. mál, stjfrv., þskj. 253.
Takmörkun á ráðstöfun síldar til bræðslu, 107. mál, þskj. 250.

Minning Lúðvíks Jósepssonar.

[15:02]

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Lúðvík Jósepsson, fyrrverandi alþingismaður og ráðherra, andaðist í sjúkrahúsi hér í Reykjavík föstudagskvöldið 18. nóvember áttræður að aldri.

Lúðvík Jósepsson var fæddur í Nesi í Norðfirði 16. júní 1914. Foreldrar hans voru Jósep sjómaður þar, síðar á Eskifirði Gestsson sjómanns á Hrútseyri í Fáskrúðsfirði Guðmundssonar og Þórstína Þorsteinsdóttir bónda á Kirkjubóli í Norðfirði Bjarnasonar. Ólst hann upp í Neskauptúni hjá móður sinni og Einari sjómanni Brynjólfssyni. Hann stundaði nám við Menntaskólann á Akureyri og lauk þar gagnfræðaprófi vorið 1933. Var hann síðan kennari við Gagnfræðaskólann í Neskaupstað 1934–1943 og starfaði við útgerð þar 1944–1948. Forstjóri Bæjarútgerðar Neskaupstaðar var hann 1948–1952. Við síðari alþingiskosningarnar árið 1942 varð hann landskjörinn alþingismaður, var í kjöri fyrir Sameiningarflokk alþýðu — Sósíalistaflokkinn í Suður-Múlasýslu. Upp frá því átti hann sæti á Alþingi samfellt til hausts 1979, á 41 þingi alls. Hann var landskjörinn þingmaður 1942–46, 1949–56 og 1959, þingmaður Sunnmýlinga 1946–49 og 1956–59 og þingmaður Austurlands 1959–79. Frá 1956 var hann kjörinn á vegum Alþýðubandalagsins. Hann var sjávarútvegs- og viðskiptamálaráðherra 1956–1958 og sjávarútvegs- og viðskiptaráðherra 1971–1974. Hann var formaður þingflokks Alþýðubandalagsins 1961–1971 og 1975–1979 og formaður Alþýðubandalagsins 1977–1980.

Lúðvík Jósepsson var bæjarfulltrúi í Neskaupstað 1938–1970, forseti bæjarstjórnar 1942–1943 og 1946–1956. Hann var í samninganefnd utanríkisviðskipta 1944, í stjórn Fiskimálasjóðs 1947–1953, kosinn í togaranefnd 1954 og í milliþinganefnd í sjávarútvegsmálum 1956. Hann var fulltrúi Íslands á alþjóðaráðstefnum um réttarreglur á hafinu 1958 og 1960 og á árunum 1975–82 og sat á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 1969. Árið 1966 var hann kosinn í endurskoðunarnefnd laga um þingsköp Alþingis, var í stjórn Framkvæmdasjóðs 1966–1968, í stjórn Atvinnujöfnunarsjóðs 1971–72 og kosinn í neyðarráðstafananefnd vegna eldgossins á Heimaey 1973. Hann var í bankaráði Útvegsbanka Íslands 1957–71 og í bankaráði Landsbanka Íslands frá 1980 til æviloka.

Lúðvík Jósepsson komst til fullorðinsára á krepputímum. Að loknu gagnfræðanámi hvarf hann að kennslustörfum í heimabæ sínum. Hugur hans beindist að stjórnmálum og um það bil sem hann náði tuttugu og þriggja ára aldri, í júní 1937, var hann í fyrsta sinn í framboði við alþingiskosningar í Suður-Múlasýslu. Fimm árum síðar var hann kjörinn á Alþingi og hélt síðan óruggu sæti hér á þingi á vegum sýslunnar og síðan Austurlandskjördæmis. Traustast og öflugast var þó fylgi hans og samflokksmanna í heimabæ hans, Neskaupstað, þar sem þeir höfðu jafnan forustu um stjórn kaupstaðarins og atvinnurekstur þar. Í þeim störfum sínum ávann Lúðvík Jósepsson sér víðtæka reynslu í sjávarútvegsmálum og viðskiptamálum og var því gjörkunnugur þeim málum þegar honum var falin forsjá þeirra í ríkisstjórn. Á ráðherraárum hans hið fyrra og síðara sinn var fiskveiðilandhelgin færð út í 12 og síðar í 50 mílur. Í afskiptum af hafréttarmálum á alþjóðavettvangi gat hann mælt af langri reynslu.

Lúðvík Jósepsson var á þingferli sínum traustur málsvari og einn forustumanna í flokki sínum. Hann var fastur fyrir bæði í vörn og sókn, talaði rökfast og af þekkingu á högum lands og þjóðar. Hann lifði og starfaði á miklum breytinga- og framfaratímum þjóðarinnar og lagði þar fram starfskrafta sína á ýmsum sviðum. Hann bjó við góða heilsu fram undir hið síðasta, hafði þó hægara um sig eftir að hann hvarf af Alþingi. Við fráfall hans er á bak að sjá mikilhæfum forustumanni á vettvangi þjóðmálanna.

Ég vil biðja háttvirta alþingismenn að minnast Lúðvíks Jósepssonar með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseta hefur borist eftirfarandi bréf, dags. 18. nóv. 1994:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska eftir því að vegna sérstakra anna 1. varaþingsmanns Samtaka um kvennalista í Reykjavík taki 2. varaþingmaður Samtaka um kvennalista, Guðný Guðbjörnsdóttir uppeldissálfræðingur, sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegi forseti.

Kristín Einarsdóttir, 10. þm. Reykv."

Guðný Guðbjörnsdóttir hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðin velkomin til starfa.

Tilkynning um utandagskrárumræðu.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Áður en gengið er til dagskrár vill forseti tilkynna að hér mun fara fram utandagskrárumræða að lokinni atkvæðagreiðslu. Málshefjandi umræðunnar er hv. 5. þm. Suðurl., Guðni Ágústsson, og það er hæstv. samgrh. sem verður til andsvara. Efni umræðunnar er störf landpósta. Þetta er hálftíma umræða.

Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda, frh. 1. umr.

Stjfrv., 190. mál (fjárfesting í erlendum verðbréfum, víkjandi skuldabréfum o.fl.). — Þskj. 212.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:11]

Frv. vísað til 2. umr. með 53 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, BjörkJ, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GGott, GE, GuðjG, GB, GHG, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GJH, GHelg, HÁ, HBl, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JónK, KÁ, KGuðm, MF, MI, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBj, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StG, StB, SvG, TIO, VS, ÞBack, ÞBern, ÞorstP.

10 þm. (ÁMM, GHH, GunnS, IBA, KHG, LMR, RA, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Kennsla í iðjuþjálfun, frh. fyrri umr.

Þáltill. KE o.fl., 91. mál. — Þskj. 93.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:12]

Frv. vísað til síðari umr. með 53 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, BjörkJ, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GGott, GE, GuðjG, GB, GHG, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GJH, GHelg, HÁ, HBl, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JónK, KÁ, KGuðm, MF, MI, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBj, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StG, StB, SvG, TIO, VS, ÞBack, ÞBern, ÞorstP.

10 þm. (ÁMM, GHH, GunnS, IBA, KHG, LMR, RA, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

Almannatryggingar, frh. 1. umr.

Frv. KE o.fl., 191. mál (fæðingarstyrkur o.fl.). — Þskj. 214.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:12]

Frv. vísað til 2. umr. með 51 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, BjörkJ, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GGott, GE, GuðjG, GB, GHG, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GJH, HBl, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JónK, KÁ, KGuðm, MF, MI, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBj, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StG, StB, SvG, TIO, VS, ÞBack, ÞBern, ÞorstP.

12 þm. (ÁMM, GHH, GHelg, GunnS, HÁ, IBA, KHG, LMR, RA, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Fæðingarorlof, frh. 1. umr.

Frv. KE o.fl., 192. mál (lenging orlofs). — Þskj. 215.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:13]

Frv. vísað til 2. umr. með 52 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, BjörkJ, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GGott, GE, GuðjG, GB, GHG, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GJH, GHelg, HÁ, HBl, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JónK, KÁ, KGuðm, MF, MI, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBj, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StG, StB, SvG, TIO, ÞBack, ÞBern, ÞorstP.

11 þm. (ÁMM, GHH, GunnS, IBA, KHG, LMR, RA, SJS, VS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Rannsóknarráð Íslands, frh. 1. umr.

Frv. TIO o.fl., 136. mál (skipan ráðsins). — Þskj. 142.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:14]

Frv. vísað til 2. umr. með 53 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, BjörkJ, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GGott, GE, GuðjG, GB, GHG, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GJH, GHelg, HÁ, HBl, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JónK, KÁ, KGuðm, MF, MI, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBj, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StG, StB, SvG, TIO, VS, ÞBack, ÞBern, ÞorstP.

10 þm. (ÁMM, GHH, GunnS, IBA, KHG, LMR, RA, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

Fæðingarorlof, frh. fyrri umr.

Þáltill. JóhS, 147. mál (endurskoðun laga). — Þskj. 155.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:14]

Till. vísað til síðari umr. með 52 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, BjörkJ, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GGott, GE, GuðjG, GB, GHG, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GJH, GHelg, HÁ, HBl, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JónK, KÁ, KGuðm, MF, MI, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBj, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StG, StB, TIO, VS, ÞBack, ÞBern, ÞorstP.

11 þm. (ÁMM, GHH, GunnS, IBA, KHG, LMR, RA, SJS, SvG, VE, ÖS) fjarstaddir.

Till. vísað til félmn. án atkvgr.

Umræður utan dagskrár.

Störf landpósta.

[15:16]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Félag landpósta er ekki gamalt, stofnað 12. jan. 1980. Strax eftir stofnun hófst gott samstarf við Póst og síma um að byggja upp trausta og góða póstþjónustu á landsbyggðinni. Matthías Bjarnason, fyrrv. samgrh., skipaði 1987 samstarfsnefnd til að gera könnun á starfi og þjónustu landpósta. Með skipan nefndarinnar kom samgrn. inn í alla samningsgjörð landpósta við Póst og síma

Í nefndinni var góð samvinna og markmiðið eitt, að skila þeim sem þjónustunnar nutu, fólkinu, bættri þjónustu.

Skugga ber nú á þetta samstarf því fyrir tveimur árum fór hæstv. samgrh. fram á það að bjóða út 2–4 landpóstaleiðir. Þetta var gert og félagið varaði við því að fara út í útboð á svo viðkvæmri þjónustu sem gerir miklar kröfur til ábyrgðar, heiðarleika og þagnarskyldu. Fyrst áttu útboð að fara fram þar sem stöður losnuðu. Nú er staðan þessi: Fastráðnum landpóstum er sagt upp, störfin boðin út. Lægstu tilboð tekin og þegar hefur orðið að víkja úr starfi mönnum sem lægst buðu, þeir réðu ekki við starfið.

Póstur og sími hefur ekki enn sagt upp samstarfssamningi við landpósta, en varðar ekkert um slíkan gjörning sem gerður var 1984. Það er vaðið áfram.

Hæstv. samgrh. Félag landpósta hefur margboðið Pósti og síma að ganga til samninga um alla hugsanlega hagræðingu, skipulagsbreytingar og kjaramál. Nú vill svo til að kjör landpósta eru með þeim hætti að kostnaður er útreiknaður af ferðakostnaðarnefnd ríkisins. Launaliður, bundinn taxta opinberra starfsmanna losar 70 þús. kr. á mánuði. Landpóstar eru ekki ríkisstarfsmenn. Þeir eru dæmdir verktakar. Orlof, veikindi, frí og lífeyrissjóður er þeirra eigið mál. Þeir fá ekki atvinnuleysisbætur þegar þeir tapa starfi sínu og standa nú uppi slyppir og verða í mörgum tilfellum að yfirgefa heimabyggð í atvinnuleit.

Nú vill svo til að hið sterka og ríka fyrirtæki Póstur og sími hefur viljað notað vel þessa þjóna sína, landpóstana, og sett á þá ýmis aukaverk án þess að bjóða þeim bætt kjör. Þar er um að ræða pakkaflutninga frá fyrirtækjum, lyf og nú síðast birtingarvottorð og stefnur, sem í mínum huga orkar tvímælis og hefur hingað til verið verkefni stefnuvotta eða hreppstjóra í sveitum og þeim greitt sérstaklega fyrir það.

Ég spyr því hæstv. samgrh.: Telur hann að þessi aðferð, að landpóstar keyri út birtingarvottorð og stefnur, standist? Hverjir hljóta þær greiðslur sem greiddar eru fyrir þessa þjónustu?

Nú eru þetta óskyld störf hinni almennu póstþjónustu sem er þakklátt starf, en stefnur eru valdsmannsstarf í gegnum tíðina og snúa að allt annarri hlið. Landpóstar eru ekki, eins og áður sagði, opinberir starfsmenn. Það eru aftur á móti hreppstjórar og stefnuvottar.

Það er því spurning hvort landpóstar kunni að eiga þarna inni sanngjarna greiðslu af hálfu Pósts og síma, sem hefur þegið ágætar greiðslur fyrir þessa þjónustu.

Póstur og sími hefur farið offari í þessu máli að mínu viti og býður með framferði sínu þeirri hættu heim að þessi þjónusta versni. Landpóstar hafa lagt í mikla fjárfestingu til að sinna starfi sínu. Þeir bera mikla ábyrgð, taka daglega við háum fjárhæðum til að gera upp gíró og fleira. Póstur og sími hefur gert strangar starfs- og agakröfur á þessa menn sem hingað til hafa starfað þarna, en þar er nú verið að slaka á.

Ég spyr því hæstv. samgrh.: Er hann tilbúinn að stöðva um sinn frekari útboð og að samstarfsnefndin fari yfir málefni landpósta, sem ég tel vandasamt starf? Í slíkum viðræðum er hægt að ná árangri í hagræðingu, skipulagsbreytingum og fara yfir kjaramál. Það er mikilvægt að byggja þessa þjónustu á bjargi í sátt við starfandi menn og að fólkið sem þjónustuna fær viti að

áfram verður landpóstastarfið formfast og skilvirkt eins og það hefur verið sl. 14 ár.

[15:21]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Það er laukrétt hjá hv. þm. að vinnubrögð hafa verið að breytast, samgöngur hafa verið að batna. Sums staðar er það nú svo að einn póstur getur annast það sem margir gerðu áður og þessi þróun sem við hljótum auðvitað öll að fagna, að samgöngur batni, hlýtur ekki síst og m.a. að koma fram í störfum pósta og við dreifingu bréfa og böggla og því um líkt. Þannig að það væri að halda í gamlan tíma að fylgjast ekki með þróun að þessu leyti.

Það er misskilningur hjá hv. þm. að svokallaðir pakkaflutningar frá fyrirtækjum, lyf og nú síðast birtingarvottorð og stefnur falli ekki undir almenna þjónustu póstsins. Það er nú svo að í gjaldskrá fyrir póstþjónustu er birt hvað þetta kosti og er á verksviði póstþjónustunnar hér í Reykjavík sem annars staðar og það svarar þá þeirri athugasemd sem hv. þm. gerði um þau efni.

Það er ekki rétt hjá hv. þm. og misskilningur að Póstur og sími hafi ævinlega tekið lægsta tilboði, það er auðvelt að sýna dæmi um hið gagnstæða og er raunar hægt að benda á að eitt slíkt mál hefur legið fyrir Jafnréttisráði þar sem Póstur og sími var ákærður fyrir að hafa ekki tekið lægsta tilboði en fékk þar sýknu.

Það er nú svo að pósturinn er að reyna að inna sína þjónustu af hendi með sem fullkomnustum hætti með sem minnstum kostnaði og er hægt að rekja mörg dæmi þessa. En það liggur líka fyrir að reynt hefur verið að sameina fleiri sjónarmið þar sem það er hægt, t.d. að nýta áætlunarferðir, hvort sem er í bílum eða í lofti til póstflutninga á meðan um nógu tíðar ferðir er að ræða. En á hinn bóginn eru líka uppi miklar kröfur um það að fjölga póstferðum í fimm í viku og þessi krafa veit ekki síður að þeim sem senda með póstinum heldur en hinum sem á móti taka og eru vissar alþjóðarlegar skuldbindingar fyrir hendi í þeim efnum.

Ég vil að síðustu segja að ég er síður en svo andsnúinn því að þessi mál verði tekin upp aftur og endurmetin. Það er sjálfsagt að verða við því að stöðva útboð um sinn og að samstarfsnefndin fari yfir málefni landpósta. Mér finnst sjálfsagt að verða við þeirri beiðni hv. þm.

[15:24]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að taka þetta mál upp utan dagskrár. Það er full ástæða til að ræða þessi mál í þinginu. Mönnum hafa verið mislagðar hendur við þessar breytingar hjá Pósti og síma og satt að segja hefur maður um það ákveðinn grun að þarna sé á ferðinni hluti af einkavæðingaræði ríkisstjórnarinnar og menn hafi ýtt þar meira á eftir heldur en hefði átt að gera. Menn hafa ekki sést þar fyrir. Við höfum séð hvað hefur gerst t.d. í einkavæðingu í sambandi við sjávarvörueftirlitið, þar sem voru stofnuð sjö fyrirtæki og menn keyra í halarófu allt í kringum landið til þess að skoða á sömu stöðunum hvernig farið er að við sjávarvöruframleiðsluna. Allt hefur þetta orðið miklu dýrara en áður var og síðan koma kröfur erlendis frá um það að taka upp ríkismatið að nýju. Þannig að kerfið verður tvöfalt að lokum og kannski gæti það orðið það líka í þessu tilfelli, að t.d. það sem hefur verið lagt á landpóstana, að fara út með stefnur og kröfur og annað því um líkt til fólks, verði síðan að gera með sérstökum hætti fyrir utan það kerfi sem Póstur og sími er að koma núna upp með einhvers konar útboðafyrirkomulagi. Það hefur síðan ekki verið hlustað á heimamenn á svæðum þar sem gerðar hafa verið breytingar á þessari þjónustu. Ég held að hæstv. ráðherra ætti að beita sér fyrir því að það verði tekin upp önnur vinnubrögð heldur en hafa verið í þessu máli fram að þessu þannig að betur verði vandað til þeirra breytinga sem verða gerðar í framhaldinu heldur en það sem hefur verið gert fram að þessu og menn nýti sér reynsluna af þeim mistökum sem hafa verið gerð við þessa einkavæðingu póstþjónustunnar.

[15:26]

Gísli S. Einarsson:

Frú forseti. Það er fyllsta ástæða til að taka undir margt af því sem fram hefur komið í máli hv. þátttakenda í umræðunni. Þeir vilja koma á framfæri því viðhorfi sem ríkir í mínu heimahéraði til landpósta. Almennt viðhorf er að þjónusta sú sem veitt hefur verið sé og hafi verið til fyrirmyndar. Landpóstar hafa einnig lagt sig fram um að auka hæfni sína til að veita þjónustu.

Ég vil vekja athygli á því að gefið loforð um að engum fastráðnum landpósti yrði sagt upp störfum hefur verið brotið samkvæmt upplýsingum. M.a. hafa menn fengið uppsögn þrátt fyrir 10 til 20 ára starf, fólk sem hafði áunnið sér gott orð, ekki síst fólksins sem hafði notið þeirra þjónustu og einnig hefur það verið staðfest af stöðvarstjórum Pósts og síma.

Ég vil ráða Pósti og síma frá því að láta stundarhagsmuni ráða gjörðum sínum. Krafa þeirra sem í dreifbýli búa er að sitja við sama borð og aðrir landsmenn um a.m.k. ekki lakari þjónustu en verið hefur.

Í greinargerð landpósta til samgn. kemur skýrt fram að loforð hefur legið fyrir um að varlega yrði farið í útboð. Það sem liggur að mínu mati í þeim orðum er að ekki skuli tekið tilboðum sem eru óeðlilega lág og hæpið að geti staðist. Því ítreka ég tilmæli um það að taka upp viðræður við Félag landpósta áður en til ófarnaðar stefnir. Þessum tilmælum beini ég til hæstv. samgrh. með fullu trausti um að hann verði við þeim, en eins og fram kom í hans ræðu áðan þá var hann tilbúinn að stoppa útboð að sinni.

[15:28]

Pálmi Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég tel ástæðu til þess að það komi fram í þessari umræðu að fulltrúar frá Félagi íslenskra landpósta komu á fund samgn. Alþingis í síðustu viku. Þeir lögðu fram erindi til nefndarinnar og í því erindi kemur fram að þeir kvarta yfir því að þeir búi við öryggisleysi í störfum sínum og að störf þeirra eru einnig þess efnis að þeir hafa ekki áunnið sér ýmis félagsleg réttindi svo sem flestir launþegar gera.

Samgn. mun fara yfir mál þessara manna og þessa félags. Samgn. mun óska eftir upplýsingum frá Pósti og síma og eftir að nefndin hefur farið yfir þær upplýsingar sem fram koma frá báðum aðilum mun hún senda greinargerð um málið og e.t.v. ábendingar eða tillögur til hæstv. samgrh.

[15:29]

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Ég hygg að það sé öllum mætavel ljóst hversu djúpar rætur störf landpósta eiga meðal þeirra sem byggja þetta land og þá sérstaklega hinar dreifðu byggðir. Ég vek sérstaka athygli á því sem hér hefur komið fram að auðvitað breytast tímar, það batna samgöngur og þar af leiðandi verður óneitanlega meiri hagræðing nauðsynleg í þessum póstflutningum. En það hefur líka komið greinilega fram og eru mikil rök í þessu máli að landpóstarnir sitja óbættir eftir. Ég vek sérstaka athygli á því sem hæstv. samgrh. sagði áðan að nauðsynlegt væri að endurskoða þessi mál með breyttum tímum. Ég hef horft upp á það að breytingarnar hefðu sums staðar ekki getað átt sér stað fyrr en samgöngur hafa verið bættar og þá verður það reyndin að þeir sem önnuðust þjónustuna á þeim tímum þegar engin útboð voru tiltæk hafa setið eftir.

Ég á sæti í samgn. og fjalla að sjálfsögðu um málið þar. Ég legg mikla áherslu á að teknar verði upp viðræður við Félag íslenskra landpósta og eftir því leitað að ásættanleg leið finnist í málinu.

[15:31]

Eggert Haukdal:

Virðulegur forseti. Í greinargerð sem Félag íslenskra landpósta sendi samgn. Alþingis segir svo m.a., með leyfi forseta:

„Póst- og símamálastofnun hefur algerlega brotið það loforð að engum fastráðnum landpósti yrði sagt upp störfum. Stofnunin hefur vaðið áfram með útboð og ekki hikað við að segja upp landpóstum sem hafa þjónað stofnuninni í 10–20 ár og hafa áunnið sér mjög gott orð, bæði stöðvarstjóra og ekki síst fólksins sem þeir þjónusta."

Í lok þessarar greinargerðar segir svo:

„Við landpóstar spyrjum: Hvers vegna neitar Póst- og símamálastofnunin að ganga til samninga við landpósta um hagræðingu, skipulagsbreytingar og kjaramál og ná með þeirri samningsgerð betri og farsælli þjónustu fyrir alla?"

Þessi orð eru vissulega alvarleg og sýna að yfirmenn í stofnunum þyrftu að fara í skóla að læra framkomu við undirmenn sína. Þeir virðast ekki kunna að starfa eðlilega. Þetta bréf sýnir dæmi um miskunnarleysi, mannúðarleysi sem allt of mikið viðgengst hjá valdsmönnum í okkar blessaða þjóðfélagi. Mætti umræðan leiða til þess að menn opni augun fyrir þessari staðreynd og að hæstv. ráðherra beiti sér fyrir að tekin verði upp mannúðlegri vinnubrögð í málinu en sýnast hafa verið notuð.

[15:34]

Matthías Bjarnason:

Virðulegi forseti. Ég beitti mér fyrir því þegar ég gegndi starfi samgrh. að samstarfsnefnd var skipuð 6. apríl 1987 til að gera könnun á starfi og þjónustu landpósta. Mér var þá eins og nú ljóst að endurskoðun þyrfti alltaf að eiga sér stað vegna breyttra samgangna. Ég tel ekki rétt að stofnun eins og Póst- og símamálastofnun ráði landpósta, hafi þá starfandi í fjöldamörg ár, sem hafa rækt skyldur sínar með mikilli prýði, hafa sótt námskeið á vegum Pósts og síma til að vera betur í stakk búnir til að mæta aukinni þjónustu, ogýti þeim svo til hliðar ef einhver annar býður minna. Hér verður alltaf um breytingar að ræða, menn koma og fara, en það er ekki sama með hvaða hætti það er gert.

Ég fagna ummælum hæstv. samgrh. í lok ræðu hans áðan þar sem hann heitir að taka málið upp og ég fagna líka ummælum formanns samgn., 2. þm. Norðurl. v., þar sem hann hét því að fylgjast með málinu og að séð yrði um að vinnubrögðin yrðu mannleg eins og er vafalaust vilji flestra þingmanna.

[15:35]

Guðmundur Bjarnason:

Hæstv. forseti. Ég tek undir orð síðasta ræðumanns, hv. þm. Matthíasar Bjarnasonar. Ég get reyndar gert þau orð hans að mínum að það var síðasta setning í svari hæstv. ráðherra sem gaf vonir um að málið yrði tekið til frekari skoðunar. Þetta er kannski ekki stærsta málið sem rætt hefur verið á Alþingi en það er stórt í hugum þeirra sem vinna við þessi störf af samviskusemi, þ.e. landpóstanna. Það þarf að huga að mannlega þættinum þegar horfst er í augu við breytingar sem stöðugt eiga sér stað í þjóðfélaginu og í sjálfu sér er ekkert við því að segja. Hins vegar fannst mér annað í ræðu hæstv. ráðherra þess eðlis að ég varð svolítið undrandi á því. Mér fannst hann tala um allt aðra þætti eins og póstflutninga með flugi og á lengri leiðum. Það er sjálfsagt að útboðsstefnan eigi við víða en ég tel að þegar við erum að ræða um landpóstana, um flutning á pósti innan sveita, eða á milli nokkurra sveitahreppa, eigi allt annað við en það þegar verið er að flytja póst t.d. frá Reykjavík út um landsbyggðina með flugi eða á lengri vegalengdum. Útboðsstefnan getur ekki verið svo heilög í hugum þessara ágætu herra, sem nú fara með samgöngumálin, bæði í ráðuneytinu og eins hjá Pósti og síma, að ekki sé nauðsynlegt að huga að fleiri þáttum og þá einmitt þeim mannlega þætti sem hv. síðasti ræðumaður gerði að sérstöku umtalsefni í ræðu sinni.

Fyrir þessa menn er ómögulegt að búa við það öryggisleysi sem hefur ríkt í störfum þeirra miðað við þá útboðsstefnu sem hefur gilt að undanförnu. Ég vil um leið og tíma mínum lýkur, virðulegur forseti, þakka einnig hv. 2. þm. Norðurl. v. fyrir yfirlýsingu hans um að samgn. þingsins ætli að taka þetta mál til sérstakrar skoðunar. Ég tel að full þörf sé á því. Kannski þarf ekki að brýna hæstv. ráðherra frekar því samflokksmenn hans hafa sannarlega gert það í umræðunni.

[15:38]

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegur forseti. Ég vil eins og aðrir þingmenn þakka fyrir þessa umræðu. Ég þakka sérstaklega hæstv. samgrh. fyrir að viðurkenna að hér hefði orðið slys,

hér hafi hann farið offari og hann muni leiðrétta það. Það er mikilvægt í umræðunni.

Hefur þjónustan batnað við þessi útboð? Ég býst við að svarið sé nei. Hefur sparnaður orðið af þessum útboðum? Ég býst líka við að svarið sé nei. Þetta veit hæstv. samgrh. greinilega og ætlar að bæta úr. Hann sagði þegar breytingin var að eiga sér stað að hann skyldi sjá til þess að þjónusta versnaði ekki frá því sem hefur verið. Á sumum stöðum hefur komið í ljós að það er verri þjónusta en var fyrir breytinguna og það er gott að heyra það hér að hann ætlar að endurskoða málið. Betra er seint en aldrei.

[15:39]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Ég þakka þessa umræðu, margar þær ágætu ræður, sem hér hafa verið fluttar, og þær undirtektir sem málflutningur minn hefur fengið. Ég finn að hér eru menn sem skilja að þarna hefur verið farið rangt að.

Mér þótti að vísu hæstv. samgrh. taka veikt undir því hann sagði að hann væri ekki andvígur því að endurmeta útboð. Ég skora á hann að skýra það betur hvort hann ætlar ekki að ganga til samninga við félagið.

Það hefur komið fram, kom bæði fram hjá hæstv. ráðherra og hv. þm. Agli Jónssyni, að menn áttuðu sig ekki á því að eitthvað nýtt væri að gerast í landinu, vinnubrögð og samgöngur að breytast o.s.frv. Þetta vitum við öll, það er gjörbreyting. Þess vegna legg ég áherslu á að landpóstarnir, sem eru töluvert á annað hundrað, hafa margbeðið um það að samningur frá 1984 verði virtur. Þar spyrja þeir þegar þeir skrifa til samgn., með leyfi forseta:

„Hvers vegna neitar Póst- og símamálastofnun að ganga til samninga við landpósta um hagræðingu, skipulagsbreytingar og kjaramál, og ná með þeim hætti betri samningsgerð og farsælli þjónustu fyrir alla?"

Þeir vita þetta líka og viðurkenna. En á alltaf að brjóta rétt á mönnum? Er þetta frjálshyggjan, blóðug og grimm? Hún skal keyra fólkið niður, keyra það niður, taka af því réttindin, kúga það. Fela svo öðrum störfin, sem ekki ráða við þau, því þeir verða að eta sjálfa sig upp á einhverjum tveimur árum til að standa undir kostnaðinum. Þeir hafa í atvinnuleysinu boðið of lágt.

En ég fagna því að hæstv. ráðherra viðurkenndi vissulega að stofnunin hefði gengið of langt. Hann hefði gefið henni of rúma heimild. En ég vil fá það alveg skýrt að hann virði þann samning sem er frá 1984 og gangi til samninga um þessi störf eins og var síðurinn. Hér hefur það komið fram í umræðunni, hæstv. forseti, að allir viðurkenna að um ábyrgðarmikið starf er að ræða sem ber að virða.

[15:42]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Mér virðist sem síðustu ræðumenn séu farnir að tala í þeim dúr að þá langi fremur til að skamma mig en flytja eitthvað það fram sem mætti þjóna þeirra málstað. Segja má að það komi stundum fyrir þegar ákafinn hleypur í hv. þm.

Í sambandi við það sem hv. þm. Ingibjörg Pálmadóttir, hv. 2. þm. Vesturl., sagði hér áðan þá vil ég nú í fyrsta lagi segja að ég hef ekki viðurkennt að neitt slys hafi orðið. Í öðru lagi er það rangt hjá hv. þm. að ekki hafi orðið sparnaður af útboðum. Hann hefur vissulega orðið og er metinn á um 18 millj. kr. á ári. Það er því ekki rétt hjá hv. þm. og óþarfi að bera mig fyrir slíku.

Ég vil í annan stað segja vegna þess sem kom fram hjá Jóhanni Ársælssyni, hv. 3. þm. Vesturl., og ítreka það sem ég sagði að í lögum um aðför, nr. 90/1989, sbr. lög frá 1. júlí 1992, stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Greiðsluáskorun skal send gerðarþola með ábyrgðarbréfi eða símskeyti eða honum birt af einum stefnuvotti" o.s.frv. Það er alveg ljóst að lögum samkvæmt ber póstþjónustunni að inna þessi verk af hendi, hvort sem þingmönnum þykir ljúft eða leitt. Það væri kannski fróðlegt að athuga hvort hv. þm. hafi talið að þessi störf sæmdu ekki póstmönnum ef hann hefur þá greitt aðfararlögunum atkvæði sitt á árinu 1992.

Ég vil að lokum einungis segja að ekki hefur verið brotinn samningur á landpóstum. Landpóstar eru verktakar. Það liggur alveg ljóst fyrir. Þá er auðvitað ekki eðlilegt að þeir hafi réttindi launamanna. Það hefur ekki verið brotinn á þeim samningur.

Ég vil enn fremur segja eins og ég hef sagt áður að það er velkomið að taka þessi mál upp og fara aftur yfir þau, bæði þau málefni póstsins sem lúta að landpóstum og einnig flutningum á pósti á lengri leiðum og þess samhengis sem er milli þeirrar þjónustu og almennrar þjónustu áætlunar t.d. með áætlunarbifreiðum eða flugvélum.

Útbýting þingskjals:

Listskreytingasjóður ríkisins, 118. mál, svar menntmrh., þskj. 252.

Fundi slitið kl. 15:45.

---

39. FUNDUR

mánudaginn 21. nóv.,
að loknum 38. fundi.

Dagskrá:

Til forsætisráðherra:

1. Hlutdeild áfengis og tóbaks í grunni framfærsluvísitölu, fsp., 155. mál, þskj. 168.

Til menntamálaráðherra:

2. Reglur LÍN um nám foreldra fatlaðra barna, fsp., 116. mál, þskj. 119.

3. Lán til náms í iðnhönnun, fsp., 149. mál, þskj. 157.
4. Fiskvinnsluskólinn, fsp., 184. mál, þskj. 206.
5. Sjóður til að styrkja efnilega íþróttamenn, fsp., 205. mál, þskj. 231.

Til umhverfisráðherra:

6. Merking og kynning matvæla, fsp., 134. mál, þskj. 140.
7. Merking næringargildis matvæla, fsp., 135. mál, þskj. 141.

Til samgönguráðherra:

8. Tengsl ferðaþjónustu við íslenska sögu, fsp., 140. mál, þskj. 147.
9. Veðurathugunarstöð á Þverfjalli, fsp., 148. mál, þskj. 156.

Til félagsmálaráðherra:

10. Varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, fsp., 156. mál, þskj. 169.
11. Vatnsgjald, fsp., 179. mál, þskj. 201.
12. Álagning vatnsgjalds og aukavatnsgjalds, fsp., 180. mál, þskj. 202.
13. Arðgreiðslur vatnsveitu, fsp., 181. mál, þskj. 203.
14. Greiðslur atvinnuleysisbóta til sjálfstætt starfandi einstaklinga, fsp., 215. mál, þskj. 243.

Til utanríkisráðherra:

15. Styrkur til markaðsátaks í EES-löndunum, fsp., 185. mál, þskj. 207.

Til fjármálaráðherra:

16. Hækkun skattleysismarka, fsp., 195. mál, þskj. 219.
17. Staðgreiðsla af launum blaðsölubarna, fsp., 196. mál, þskj. 220.

Til dómsmálaráðherra:

18. Yfirstjórn löggæslu á einstökum svæðum, fsp., 207. mál, þskj. 233.

Til heilbrigðisráðherra:

19. Tölvubúnaður fyrir textasíma, fsp., 208. mál, þskj. 234.

Athugasemdir um störf þingsins.

Fyrirvari utandagskrárumræðna.

[15:45]

Guðmundur Hallvarðsson:

Virðulegi forseti. Nú á nokkrum dögum hafa farið fram utandagskrárumræður allrar athyglinnar verðar, en samkvæmt þingsköpum er sá háttur hafður á og tveggja klukkustunda fyrirvari talinn nægjanlegur eins og segir hér í 50. gr., með leyfi forseta:

„Í allt að hálftíma á venjulegum fundartíma geta þingmenn fengið tekið fyrir mál utan dagskrár, hvort heldur er í formi upplýsinga eða fyrirspurna til ráðherra. Skal þá þingmaður bera fram við forseta ósk sína hér um eigi síðar en tveimur klukkustundum áður en þingfundur hefst. Í upphafi þingfundar skal forseti tilkynna hvaða mál fyrirhugað er að taka til umræðu utan dagskrár."

Nú er það svo, virðulegi forseti, að þessi tími er ærið stuttur. Ef þingmenn vildu taka til máls sem heimilt er þá tvisvar sinnum tvær mínútur, þá eru oft málavextir með þeim hætti að eðlilegt sé að þingmenn fái einhvern tíma til þess að viða að sér upplýsingum og gögnum varðandi málið. Því vildi ég beina því til forseta og forsætisnefndar þingsins að þessi ákvæði þingskapa Alþingis verði skoðuð með það í huga og að markmiði ekki að gera mönnum ókleift að vera með slíkar fyrirspurnir sem þessar, heldur að gefa öðrum þingmönnum möguleika á að taka þátt í umræðunni með því að viða að sér gögnum og upplýsingum þannig að a.m.k. sé sólarhringsfyrirvari á slíkum utandagskrárumræðum sem fram hafa farið nokkuð oft á undanförnum vikum með tilliti til ræðutíma.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Hv. þm. hefur gert grein fyrir því hverjar reglurnar eru. Eins og réttilega kom fram skal þingmaður bera fram ósk um utandagskrárumræðu við forseta eigi síðar en tveimur klukkustundum áður en þingfundur hefst. Það þýðir að enginn möguleiki er á að tilkynna um slíka utandagskrárumræðu sólarhring áður nema með því að breyta þingsköpum. En hins vegar vill forseti láta þess getið að það er ætíð tilkynnt formönnum þingflokka strax og vitað er um utandagskrárumræður. Það er misjafnt hversu stuttur fyrirvarinn er en boðum er ætíð komið til formanna þingflokka strax og vitað er um slíka umræðu þegar hún hefur verið tímasett.

Hlutdeild áfengis og tóbaks í grunni framfærsluvísitölu.

Fsp. ÁgG, 155. mál. — Þskj. 168.

[15:48]

Björk Jóhannsdóttir:

Virðulegi forseti. Tóbaksneysla og þá fyrst og fremst reykingar er viðurkennt heilbrigðisvandamál. Mjög hefur dregið úr reykingum á Íslandi á undanförnum árum en nú bendir ýmislegt til þess að reykingar unglinga fari vaxandi að nýju. Kannanir á vegum héraðslækna og Krabbameinsfélagsins sýna að árið 1986 reyktu 9,2% 12–16 ára barna. 1990 hafði hlutfallið minnkað í 6,4% en er orðið 8,2% 1994. Á Suðurlandi reyktu 5,5% barna í þessum aldursflokki 1986, 4,2% 1990 en hækkar í 7,8% 1994.

Við hljótum öll að vera sammála því að þetta sé uggvænleg þróun og viljum leita allra ráða til að snúa þessari þróun við. Bent hefur verið á að verðhækkun tóbaks sé mjög áhrifarík leið til að draga úr neyslu ásamt öflugu forvarnastarfi. Rannsóknir í Bretlandi, Ástralíu, Bandaríkjunum og Kanada hafa sýnt að hækkun tóbaksverðs um 10% dregur úr neyslu um 3–4% og áhrifin eru enn meiri meðal ungs fólks, allt að 6%.

Íslenska ríkið rekur áfengis- og tóbaksverslun og ætti því að vera auðvelt að nota verðlagningu sem tæki til að draga úr neyslu tóbaks. Í fjárlagafrv. fyrir árið

1995 er hins vegar ekki gert ráð fyrir verðbreytingum á tóbaki. Því er borið við að hækkanir á tóbaki mundi valda hækkun á framfærsluvísitölu og þar með auka verðbólgu. Samkvæmt upplýsingum Hagstofu Íslands er framfærsluvísitalan byggð á neyslukönnun síðan 1990 og þar vegur tóbak 1,6% og áfengi einnig 1,6%. Þess má geta að barnaheimilisútgjöld og húshjálp vega aðeins 1,1%, fiskur og fiskivörur 1,1%, Póstur og sími 1,1% og skólaganga 1,4%.

Virðulegi forseti. Það getur varla talist eðlilegur hlutur að mínu mati að áfengi og tóbak séu hluti af grunni framfærsluvísitölunnar því að þar með teljast þessi fíkniefni til nauðsynja í framfærslu hvers einstaklings á Íslandi. Því vil ég spyrja hæstv. ráðherra Hagstofu Íslands eftirtalinna spurninga:

„1. Hvaða rök eru fyrir því að áfengi og tóbak eru hluti af grunni framfærsluvísitölunnar?

2. Er fyrirhuguð endurskoðun á hlutdeild áfengis og tóbaks í grunni framfærsluvísitölunnar?

3. Telur ráðherrann eðlilegt að verð á áfengi og tóbaki hafi áhrif á framfærsluvísitöluna?"

[15:52]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti. Hér fara á eftir svör við þeim spurningum sem hv. þm. kynnti: Fyrsta spurningin var: „Hvaða rök eru fyrir því að áfengi og tóbak eru hluti af grunni framfærsluvísitölunnar?"

Svar: Ástæða þess að áfengi og tóbak eru hluti af grunni vísitölu framfærslukostnaðar er sú að landsmenn neyta bæði áfengis og tóbaks og þau útgjöld eru hluti af heimilis- og einkaneysluútgjöldum þjóðarinnar. Grunnur vísitölunnar er byggður á könnun á neyslu heimila á vöru og þjónustu. Megintilgangur neyslukönnunar er að finna grundvöll fyrir útreikning vísitölunnar, þ.e. að meta vægi hinna ýmsu flokka vöru og þjónustu á grundvelli hennar. Í neyslukönnun er spurt ítarlega um öll heimilisútgjöld og eiga niðurstöðurnar að gefa mynd af meðalútgjöldum heimila í landinu. Enginn greinarmunur er gerður á útgjöldum eftir tilefni þeirra og engin afstaða tekin til þess hvort þau eru nauðsynleg eða ónauðsynleg, gagnleg eða gagnslaus, heilsusamleg eða heilsuspillandi. Í þessu efni er beitt hliðstæðum aðferðum og í öðrum löndum.

Hlutverk framfærsluvísitölunnar er að mæla mánaðarlegar breytingar á verðlagi vöru og þjónustu sem einstaklingar kaupa til neyslu sinnar. Þær mælingar geta ekki orðið réttar ef tilteknir liðir neysluútgjaldanna eru undanskildir. Vísitalan gæfi þá ekki rétta mynd af meðalbreytingu verðs á þeirri vöru og þjónustu sem landsmenn kaupa. Hún yrði heldur ekki samanburðarhæf við hliðstæðar vísitölur í öðrum löndum. Í þessu sambandi má benda á að heiti vísitölunnar, vísitala framfærslukostnaðar, er í reynd villandi. Vísitölunni hefur um langt árabil ekki verið ætlað að mæla útgjöld sem teljast nauðsynleg til framfærslu heimilis. Þess í stað er henni beitt til að mæla breytingar á verðlagi vöru og þjónustu í heimilisútgjöldum almennt. Heitið „vísitala neysluverðs" gæfi því réttari mynd af því sem vísitalan mælir.

Önnur spurning var: „Er fyrirhuguð endurskoðun á hlutdeild áfengis og tóbaks í grunni framfærsluvísitölunnar?"

Svar: Í lögum um vísitölu framfærslukostnaðar segir að eigi sjaldnar en á fimm ára fresti skuli fram fara athugun á því hvort þörf sé á endurskoðun á grunni vísitölunnar og þörf á nýrri neyslukönnun. Neyslukönnun var síðast gerð árið 1990 og fyrirhugað er að gera slíka könnun að nýju á næsta ári. Samsetning framfærsluvísitölunnar ræðst af niðurstöðum neyslukönnunar og eru engar aðrar breytingar fyrirhugaðar á grunni vísitölunnar en þær sem leiða kunna af breyttri neyslusamsetningu samkvæmt niðurstöðum næstu könnunar.

Þriðja: „Telur ráðherra eðlilegt að verð á áfengi og tóbaki hafi áhrif á framfærsluvísitöluna?"

Svar: Já. Ég tel það bæði eðlilegt og óhjákvæmilegt. Vísitala framfærslukostnaðar á að endurspegla almenna breytingu á verðlagi einkaneyslu. Áfengi og tóbak er hluti af einkaneyslu Íslendinga hvort sem mönnum líkar það betur eða verr. Það er því óhjákvæmilegt að vísitalan mæli verðbreytingar áfengis og tóbaks á sama hátt og aðrar verðbreytingar. Að fella niður þessa eða aðra liði neyslunnar við gerð vísitölunnar og breyta þannig út af meginreglunni að mælingin taki til allra flokka vöru og þjónustu sem einstaklingar neyta væri að gefa ranga mynd af verðbreytingunni. Þetta væri óásættanlegt og hlyti að veikja tiltrú almennings á gerð vísitölunnar og notkun hennar sem mælikvarða á almennar verðlagsbreytingar.

[15:55]

Tómas Ingi Olrich:

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins láta það koma fram að ég tel að hv. fyrirspyrjandi hafi mikið til síns máls að benda á það hér að útreikningar á framfærsluvísitölu geta haft áhrif á ákveðin markmið í heilsugæslu. Samspil framfærsluvísitölunnar við kjaramál getur leitt til þess að menn standi gegn hækkunum á tóbaksvörum sem gætu engu að síður verið jákvæðar þegar um markmið heilsugæslu er að ræða. Mér finnst því þessi ábending hv. fyrirspyrjanda góð, við eigum að taka mark á henni og velta því fyrir okkur hvort það sé eðlilegt að framfærsluvísitalan geti gengið beinlínis gegn ákveðnum markmiðum í heilsugæslunni.

[15:56]

Þuríður Backman:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka fyrir að þessi fyrirspurn skyldi koma fram og eins fyrir svör forsrh. Mér þótti leitt að heyra hann svara því játandi að það sé ekki fyrirhugað að taka þetta út úr framfærsluvísitölunni því að það eru þjóðir sem hafa tvískipta framfærsluvísitölu, með og án tóbaks og áfengis. Vissulega hefur þetta áhrif á markmið heilsugæslunnar, heilbrigðisstefnuna í landinu, þ.e. að draga úr reykingum og því er það ósk okkar að við gerum allt sem við getum til þess að stuðla að því að draga úr tóbaksneyslu.

[15:58]

Björk Jóhannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. forsrh., Davíð Oddssyni, fyrir svör hans og góðar undirtektir þing-

manna. En ég vil ítreka það hér að mér var fyllilega ljóst að áfengi og tóbak væri í grunni framfærsluvísitölunnar vegna þess að hún byggist á neyslukönnun. En ég lýsi jafnframt vonbrigðum mínum yfir því að það skuli ekki vera fyrirhuguð breyting þar á vegna þess að við getum notað verðhækkanir sem áhrifaríka leið í forvarnastarfi gegn áfengi og tóbaki. Það hefur gefist vel víða í kringum okkur og mundi án efa skila árangri hérlendis einnig.

Að lokum vil ég segja það að mér finnst að ungviðið á Íslandi eigi það skilið að við leitum allra leiða til að draga úr reykingum og drykkju í landinu.

[15:59]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti. Ég skil þau sjónarmið sem hér koma fram og auðvitað er það ekki markmið eins eða neins að vísitalan hafi neikvæð áhrif á baráttu manna gegn reykingum eða áfengisnotkun. En vísitalan á að vera hlutlaust mælitæki og ekki er hægt að losa sig við hana eftir því áliti sem við kunnum að hafa hvert og eitt á því hvað sé hollt og hvað sé óhollt. Við getum ekki til að mynda farið að ákveða að þar sem hvítbrauð sé óhollara heldur en grófari brauð, að hætta að mæla hvítu brauðin í vísitölunni og svo koll af kolli. Hvar ætla menn að láta staðar numið? Þetta er mælikvarði sem verður að vera hlutlaus og getur ekki dregið taum einnar vöru gagnvart annarri. En það þarf ekki að hafa nein neikvæð áhrif í sjálfu sér á vilja okkar til baráttu gegn ofnotkun á áfengi eða tóbaki. Ef menn vildu hins vegar ekki una því að slík vara væri mæld, þá ættu menn að banna slíka vöru. Við notum ekki í mælikvarðann vörur sem bannað er að nota, en eru þó notaðar og þekkt er að slíkar vörur eru notaðar.

[16:00]

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Ég held að kjarni málsins sé sá sem hv. 5. þm. Norðurl. e. ásamt fyrirspyrjanda benti hér á, að við erum einfaldlega að tala um að það hefur staðið því fyrir þrifum að hægt væri að hækka verðið á tóbaki og áfengi að þessar vörur eru inni í vísitölunni og vega þetta þungt. Hér er um raunverulegan vanda að ræða og ég vil gera mikinn greinarmun á almennri neyslustefnu og þeim efnum sem hafa sannanlega þótt einna skaðlegust allra þeirra sem eru á boðstólum löglega hér á landi. Ég held að full ástæða sé til þess að taka undir það sem fram hefur komið hér að auðvitað er þetta framkvæmanlegt svo framarlega sem vilji er fyrir því. Það hefur komið fram í umræðunni með óyggjandi hætti að þetta virðast aðrar þjóðir geta framkvæmt og okkur ætti ekki að vera það ofviða þar af leiðandi. Ég vil biðja hæstv. forsrh. í allri vinsemd að velta þessu örlítið fyrir sér í viðbót og snúast á sveif með þeim sem vilja gjarnan að það verði tekið á þessum málum einnig þar sem vísitalan er annars vegar.

Reglur LÍN um nám foreldra fatlaðra barna.

Fsp. AÓB, 116. mál. — Þskj. 119.

[16:02]

Fyrirspyrjandi (Anna Ólafsdóttir Björnsson):

Virðulegi forseti. Fyrirspurn mín er til hæstv. menntmrh. sem iðulega hefur fengið að svara fyrir stefnu og reglur Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Að þessu sinni varðar spurningin nám foreldra fatlaðra barna.

Fatlaðir einstaklingar sem stunda lánshæft nám fá sérstakt tillit tekið til þess að fötlun þeirra getur valdið því að námstíminn sé lengri en ella væri. Þetta er eðlilegt og getur skipt sköpum fyrir suma þessa einstaklinga um það hvort þeir geta stundað sitt nám.

Víða í samfélaginu má sjá þess merki að viðurkennt sé að foreldrar fatlaðra barna þurfi að fá aukið álag í starfi sínu og daglegum verkum viðurkennt. M.a. eru í sumum tilvikum greiddar umönnunarbætur. Þeir fá í sumum tilvikum viðurkenndan aukinn stuðning svo sem liðveislu vegna barnanna og stuðningsfjölskyldur sem létta undir með þeim þó það sé því miður ekki í eins stórum stíl og oft er þörf á. Þetta merkir að samfélagið gerir sér grein fyrir því viðbótarálagi sem hvílir á foreldrum fatlaðra barna. Það skýtur því skökku við ef það er staðreynd að Lánasjóður íslenskra námsmanna gefi ekki foreldrum fatlaðra barna kost á lengdum námstíma, t.d. í samræmi við þá lengingu námstíma sem fatlaðir námsmenn fá.

Ástæðan fyrir fyrirspurn minni er dæmi um móður fatlaðs barns sem nú er í háskólanámi en verður að hverfa úr því námi ef þessi viðurkenning fæst ekki. Ástæðan er einföld: Umönnun barns hennar, sem er með Down's syndrome, er einfaldlega of mikið álag með námi til þess að hún geti haldið fullum námshraða. Henni sækist þó námið jafnt og örugglega og ætti að mínu mati ekki að þurfa að gjalda aðstæðna sinna á þennan hátt. Það er von mín að hæstv. menntmrh. beiti sér fyrir því að þessum málum verði kippt í liðinn eða láti vita við þessa umræðu ef þetta tiltekna dæmi er undantekning. Það verður þá væntanlega leiðrétt til samræmis við önnur dæmi.

Fyrirspurn mín til hæstv. ráðherra er svohljóðandi:

„Hvaða reglur gilda hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna um heimildir foreldra fatlaðra barna til lengingar námstíma án þess að lánsréttur skerðist?

Njóta námsmenn, sem eiga fötluð börn, sömu réttinda til lengds námstíma og fatlaðir námsmenn? Ef svo er ekki, hyggst ráðherra beita sér fyrir því að þessar reglur verði samræmdar?"

[16:05]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Herra forseti. Hv. þm. spyr í fyrsta lagi hvaða reglur gildi hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna um heimildir foreldra fatlaðra barna til lengingar námstíma án þess að lánsréttur skerðist.

Svar mitt er að á starfstíma Lánasjóðs íslenskra námsmanna hafa engar sérstakar reglur gilt um svigrúm foreldra í námi sem eiga fötluð börn. Á hinn bóginn hefur jafnan verið tekið tillit til veikinda náms-

manns, maka hans og barna. Í grein 2.32 í úthlutunarreglum fyrir skólaárið 1994–1995 segir svo orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Heimilt er að víkja frá reglu 2.22 um að námsframvinda á hverju misseri skuli að lágmarki vera 75% af fullu námi ef námsmaður, maki hans eða börn veikjast."

Önnur spurning hv. þm. var hvort námsmenn sem eiga fötluð börn njóti sömu réttinda til lengds námstíma og fatlaðir námsmenn.

Námsmenn sem eiga fötluð börn geta notið áðurnefndrar reglu sem ég las upp áðan um aukið svigrúm vegna veikinda þeirra en þeir njóta ekki nákvæmlega sömu réttinda og fatlaðir námsmenn. Ný regla var tekin upp í úthlutunarreglur skólaárið 1994–1995 um fatlaða námsmenn. Í grein 2.33 segir svo um það efni orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Geti námsmaður, vegna örorku sinnar, að mati lækna ekki skilað lágmarksárangri samkvæmt reglum sjóðsins er heimilt að veita honum 75% lán ef hann lýkur a.m.k. 50% árangri á hverju misseri. Ef hann lýkur innan við 50% árangri er heimilt að veita honum lán í hlutfalli við einingarskil."

Þá spyr hv. þm. að lokum hvort ég hyggist beita mér fyrir því að þessar reglur verði samræmdar. Þeirri spurningu svara ég þannig að almennar heimildir eru í reglum sjóðsins til þess að taka tillit til veikinda eða fötlunar barna í fjölskyldu námsmanna. Ég hef þær upplýsingar að stjórn sjóðsins hafi í þeim tilfellum að sótt hafi verið um slíkt og vottorð frá lækni hafi fylgt umsókn ávallt veitt námsmönnum svigrúm í samræmi við þær reglur.

[16:08]

Fyrirspyrjandi (Anna Ólafsdóttir Björnsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. svör hans. Mér þykir að vísu miður að það skuli ekki vera sjálfkrafa sömu réttindi og fatlaðir námsmenn fá vegna sinnar fötlunar út á fötlun barna vegna þess að það er vitað mál að það er gífurlegt álag á þær fjölskyldur sem annast fötluð börn. Þar af leiðandi finnst mér að þetta eigi að vera réttur en ekki möguleiki til að víkja frá gildandi reglum.

Miðað við upptalningu hæstv. menntmrh. kom með var fyrst og fremst verið að tala um veikindi barna. Nú er fötlun ekki veikindi heldur það ástand sem varir og hverfur ekki. Down's syndrome er gott dæmi um það. Börn hætta ekki að hafa Down's syndrome, þau eru fædd með það og því verður áfram til að dreifa. Mér þykir það ekki alveg skýrt á svari ráðherra hvort t.d. foreldri sem á barn með Down's syndrome muni fá jákvæða úrlausn ef það sækir um að fá að lengja sinn námstíma. Mér finnst það ekki alveg óyggjandi. Ég vona að það hafi verið hans meining að þetta eigi að vera fullgild ástæða. En mér þætti vænt um að hæstv. ráðherra gæti tekið af skarið með nákvæmlega þetta dæmi því ég óttast að þetta sé hópur sem er kannski ekki mjög duglegur að berjast fyrir sínum réttindum. Það er í nógu mörg horn að líta með þunga fjölskyldu og mikið álag og það þarf að vera tiltölulega greið leið þannig að yfirvöld sýni þann skilning sem þörf er á.

[16:10]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Herra forseti. Hv. fyrirspyrjanda þótti ekki ljóst af svari mínu hvort umsækjandi mundi fá úrlausn sinna mála. Ég upplýsti hér samkvæmt því sem ég hef frá lánasjóðnum að það hefði ævinlega verið tekið tillit til veikinda eða fötlunar barna í fjölskyldu námsmanna að uppfylltum tilteknum skilyrðum, þ.e. að vottorð frá lækni fylgi umsókn. Ég nefndi líka að í úthlutunarreglum fyrir það skólaár sem er nýlega hafið gilda nýjar reglur og mér sýnist á þeim að einmitt sé verið að tryggja frekar en verið hefur að foreldrar fatlaðra námsmanna fái úrlausn sinna mála. Ég treysti því satt að segja að þessar reglur gefi aukið svigrúm.

Útbýting þingskjals:

Lyfjalög, 221. mál, frv. heilbr.- og trn., þskj. 256.

Lán til náms í iðnhönnun.

Fsp. SvG, 149. mál. — Þskj. 157.

[16:12]

Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Um nokkurt skeið hefur verið í gangi við Iðnskólann í Hafnarfirði námsbraut í iðnhönnun, sem hafði verið reyndar í undirbúningi um nokkurt skeið. Ég hygg að hún sé núna starfrækt sitt annað ár. Hér er um að ræða nýjung sem er satt að segja merkileg í íslensku framhaldsskólastarfi. Má segja að sérstök ástæða sé til að hlúa að þessum nýja vaxtarsprota í íslenska framhaldsskólakerfinu. Þetta er býsna óvenjulegt nám í iðnskóla að því leytinu til að ekki er gert ráð fyrir að fólk ljúki sveinsprófi heldur hefur verið gert ráð fyrir að fólk lyki námi með framhaldsskólaprófi í iðnhönnun á tiltekinn hátt. Mér er kunnugt um að menntmrn. hefur um nokkurt skeið haft til athugunar þá námsskrá sem byggt hefur verið á í Iðnskólanum í Hafnarfirði á þessari braut. Ég vil láta það koma hér fram að ég tel nauðsynlegt að ráðuneytið vandi vel þá yfirferð og að námið sé gott, góð kennsla eigi sér þarna stað, faglega traust og standist samanburð við það sem gerist í öðrum löndum á þessu sviði að því er varðar iðnhönnun.

Hitt er líka mikilvægt, hæstv. forseti, að ráðuneytið dragi ekki úr hömlu að komast að niðurstöðu í þessum efnum, ekki síst vegna þess að þarna er um að ræða marga tugi ungra einstaklinga sem stunda nám í skólanum á þessari braut. Þarna er um að ræða fjölda kennara sem hafa um skeið búið við talsverða óvissu að því er þetta nám varðar og framhald þess.

Margir tugir nemenda eru í þessu námi og þeirra vandi er ekki síst sá núna í seinni tíð að þeir hafa ekki fengið námslán. Þó svo að nemendur á hliðstæðum brautum í framhaldsskólum, þ.e. í iðnskólum og fjölbrautarskólum, hafi fengið námslán þá hefur þetta fólk ekki fengið námslán sem er afar bagalegt fyrir það. Hér er oft um að ræða fólk með heimili, fjölskyldur og þyngri framfærslu af þeim ástæðum. Af þeim sökum,

hæstv. forseti, hef ég leyft mér að bera fram við hæstv. menntmrh. eftirfarandi fyrirspurn:

„Hvenær verður nám í iðnhönnun lánshæft í Lánasjóði íslenskra námsmanna?“

[16:14]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Herra forseti. Eins og fram kom hjá hv. fyrirspyrjanda þá hefur Iðnskólinn í Hafnarfirði boðið fram nám í iðnhönnun, raunar frá árinu 1990 þegar leyfið var veitt, til að veita tilteknum hópi nemenda úrlausn vegna þess að þeir höfðu ekki komist í það nám sem þeir sóttu um. Síðan hefur skólinn boðið fram þetta nám raunar án þess að um formlega og samþykkta námsbraut hafi verið að ræða.

Námið hefur líkað vel og virðist sem nemendur hafi fundið þarna viðfangsefni við sitt hæfi án þess þó að námið hafi veitt tiltekin réttindi eða skilgreindan undirbúning til áframhaldandi náms.

Samkvæmt upplýsingum frá Iðnskólanum í Hafnarfirði munu þó dæmi um að nemendur hafi farið í nám á skyldu sviði erlendis og þá notið þessa undirbúnings við inntöku í viðkomandi námsstofnun.

Sl. sumar lagði skólinn síðan fram uppkast að formlegri námsbraut í iðnhönnun og fór fram á samþykkt hennar í ráðuneytinu. Um var að ræða tillögu að fjögurra ára braut en þó var ekki miðað við að henni lyki með stúdentsprófi enda um sérhæft nám að ræða. Ráðuneytið gerði athugasemdir við þessar tillögur og voru þær ræddar ítarlega við forsvarsmenn skólans. Skólinn hefur skilað inn endurskoðuðum tillögum og eru þær nú til umfjöllunar í ráðuneytinu. Mun verða fjallað um þær í samræmi við þá stefnu sem nefnd um mótun menntastefnu hefur lagt fram varðandi nýjar námsbrautir.

Stjórn Lánasjóðs ísl. námsmanna mun hafa fjallað um erindi frá Iðnskólanum í Hafnarfirði um að nám í iðnhönnun verði metið lánshæft. Þeirri málaleitan mun hafa verið hafnað með þeim rökum að hér sé ekki um löggilta iðngrein að ræða og að námið veiti ekki starfsréttindi auk þess sem ekki sé um samþykkta námsbraut að ræða.

Hér er sem sagt um að ræða nám í mótun, skipulag námsins er ekki frágengið og það ekki endanlega staðfest af ráðuneytinu. Það er raunveruleg ástæða fyrir því að Lánasjóður ísl. námsmanna hefur ekki talið þetta nám lánshæft.

Ég geri mér vonir um að úr þessum málum megi greiðast sem allra fyrst.

[16:17]

Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Þetta var satt að segja ómögulegt svar vegna þess að það vantaði eiginlega allt sem var spurt um. Hefur ráðherrann enga skoðun á þessu máli? Telur hann ekki eðlilegt að lánasjóðurinn veiti lán út á þetta nám eins og annað framhaldsskólanám sem þó stuðlar að sveinsprófi? Telur hann eitthvað í lögunum um Lánasjóðs ísl. námsmanna sem útilokar að það fólk sem er í námi í iðnhönnun fái lán til þess að stunda námið enda sé námsbrautin viðurkennd af ráðuneytinu?

Ég sé satt að segja ekki að það sé neitt í lögunum um Lánasjóð ísl. námsmanna sem hindrar það að sjóðurinn láni því fólki sem stundar nám í iðnhönnun við Iðnskólann í Hafnarfirði eftir að menntmrn. hefur samþykkt þá námskipan sem þar er byggt á sem er vissulega mikilvæg forsenda.

Ég vil spyrja ráðherrann í fyrsta lagi: Hvenær gerir hann ráð fyrir því að niðurstaða ráðuneytisins varðandi námskipunina liggi fyrir? Hvenær gerir hann ráð fyrir að þetta liggi fyrir?

Í öðru lagi: Telur hann að það sé eitthvað í lögunum um Lánsjóð ísl. námsmanna sem hindrar það að sjóðurinn láni fólki til náms í iðnhönnun?

Ég vil segja að lokum að ef svör hæstv. ráðherra eru þau að þetta sé allt saman óljóst enn þá eru það býsna alvarleg tíðindi fyrir þá tugi einstaklinga sem núna stunda nám í iðnhönnun við Iðnskólann í Hafnarfirði.

[16:19]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Herra forseti. Ég skil ekki óánægju hv. fyrirspyrjanda við spurningum sem hann bar alls ekki fram. Þær eru hins vegar komnar núna, aðrar spurningar til mín en eru á þskj. og það er varla hægt að ætlast til að ég svari spurningum sem ég veit ekki hverjar eru. En ég hef heyrt þessar sem núna eru komnar. Ég tel mig hafa svarað spurningu hv. þm. eins og hún er á þskj. 157: „Hvenær verður nám í iðnhönnun lánshæft í Lánasjóði ísl. námsmanna?“ Ég sagði að málið væri til athugunar í ráðuneytinu. Ég gat ekki svarað því hvenær námið yrði lánshæft.

Ég gerði einnig grein fyrir því hvers vegna stjórn lánasjóðsins hefði ekki talið þetta nám lánshæft. Það er vegna þess að ekki er um löggilta iðngrein að ræða og veitir ekki nein sérstök starfsréttindi. Stjórn lánasjóðsins ber það fyrir sig. Þetta er í athugun í ráðuneytinu og ég lét í ljós þá von áðan og ég get ítrekað að það greiðist úr þessum málum sem fyrst. Ég þori ekki að nefna neinn sérstakan dag en málið er til meðferðar þessa dagana í ráðuneytinu.

Hvort eitthvað í lögum lánasjóðsins hindri það að lán sé veitt þori ég ekki að fullyrða um án þess að athuga það frekar en lánasjóðsstjórnin hefur rökstutt sínar afgreiðslur með þeim hætti sem ég hef greint frá.

Fiskvinnsluskólinn.

Fsp. SvG, 184. mál. — Þskj. 206.

[16:21]

Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Á þskj. 206 flyt ég svohljóðandi fsp. til hæstv. menntmrh. um Fiskvinnsluskólann:

„1. Hver er ástæðan fyrir lokun Fiskvinnsluskólans?

2. Telur ráðuneytið þá menntun sem skólinn hefur veitt ófullnægjandi?

3. Hefur verið erfitt fyrir fólk úr Fiskvinnsluskólanum að fá atvinnu?

4. Hvenær verða teknar ákvarðanir um framtíð fiskvinnslunáms á Íslandi?"

Ástæðan fyrir þessari fsp. er fjölþætt, hæstv. forseti. Í fyrsta lagi sú að í frv. til fjárlaga fyrir árið 1995 segir svo í greinargerð á bls. 296, með leyfi forseta:

„Á móti lækkar fjárveiting til Fiskvinnsluskólans um rúm 40% frá fjárlögum. Starfandi er nefnd sem er ætlað að endurskoða sjávarútvegsnám í heild sinni, þar með talda starfsemi Fiskvinnsluskólans, og er því ekki gert ráð fyrir starfrækslu hans á vorönn 1995."

Hér er með öðrum orðum gert ráð fyrir því að loka sjálfum fiskvinnsluskóla fiskveiðiþjóðarinnar á fyrri hluta ársins 1995 samkvæmt því orðalagi sem er í grg. frv.

Í Morgunblaðinu á haustdögum var farið aðeins yfir þetta mál. Þar kemur fram að menntmrn., eins og það er orðað hér, með leyfi forseta: „stöðvaði innritanir í skólann sl. vor. Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir, ráðunautur menntmrh. í skólamálum, segir að þetta komi til af illri nauðsyn þar sem námið sé ekki lengur í samræmi við þarfir fiskvinnslunnar. Það er verið að vinna að endurskipulagningu námsins og ekki þótti rétt að halda því áfram fyrr en að þeirri vinnu lokinni."

Af þessum ástæðum og fleirum, hæstv. forseti, er þessi fsp. hér flutt að fá botn í það hvernig þessi mál horfa við að mati menntmrn.

Sumar fyrirspurnirnar eru dálítið óvenjulegar, ég viðurkenni það. Hér segir t.d.: „Telur ráðuneytið þá menntun sem skólinn hefur veitt ófullnægjandi?"

Ég geri ráð fyrir því að ráðherra telji svo ekki vera. Staðreyndin er hins vegar sú að þau ummæli sem höfð hafa verið eftir einstökum starfsmönnum ráðuneytisins gefa það í skyn að ráðuneytið líti svo á að sú menntun sem þarna er gefinn kostur á sé algjörlega ófullnægjandi. Þess vegna er nauðsynlegt að ráðherra kveði upp úr með það hvaða skoðun ráðuneytið hefur á því fólki og menntun þess sem í skólanum er.

Þess vegna er fsp. borin fram og mætti margt segja um málið að öðru leyti, m.a. það að forráðamönnum þessa skóla og nemendum hefur ekki tekist að ná sambandi við menntmrn. núna um hálfs árs skeið eða svo.

[16:24]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Herra forseti. Ég svara spurningum hv. þm. með þessum hætti:

Í mars 1992 skipaði menntmrn. nefnd til þess að athuga hvernig mætti efla Fiskvinnsluskólann í Hafnarfirði. Nefndin skilaði tillögum sínum til ráðuneytisins í apríl 1993. Þar kemur fram að nefndin telur nauðsynlegt að gera miklar breytingar á fiskvinnslunáminu. Jafnframt leggur nefndin til að ef ekki takist að koma þessum breytingum á fyrir haustið 1994 þá verði skólanum lokað í eitt ár og tíminn notaður og það fjármagn sem sparast til að undirbúa breytingarnar. Ráðuneytið fór að þessum tillögum nefndarinnar.

Ástæðan fyrir ofangreindri nefndaskipan var sú að fram hafði komið mikil gagnrýni á skólann, bæði frá nemendum og fulltrúum atvinnulífsins sem töldu að skólinn veitti ekki nægilega góða og hagnýta menntun til starfa í atvinnulífinu. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að þessi gagnrýni væri á rökum reist og þörf væri á breytingum.

Eftir því sem ráðuneytinu er kunnugt hefur ekki verið erfitt fyrir fólk útskrifað úr Fiskvinnsluskólanum að fá vinnu að loknu námi.

Ég skipaði nefnd í desember 1993 í samráði við sjútvrh. til að vinna að endurskipulagningu menntunar á sviði sjávarútvegs í landinu og treysta samstarf fræðsluyfirvalda og hagsmunaaðila á þessu sviði. Nefndin skilaði tillögum sínum í septembermánuði sl. og er undirbúningur að framkvæmd þeirra að hefjast.

Ein af tillögum nefndarinnar varðar einmitt Fiskvinnsluskólann í Hafnarfirði. Í samantekt á tillögunum, segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Nám í Fiskvinnsluskólanum í Hafnarfirði verði endurskipulagt í samráði við hagsmunaaðila í sjávarútvegi og lög um skólann endurskoðuð. Námið byggi á almennu framhaldsskólanámi og/eða námi á hinni nýju sjávarútvegsbraut og verði sérhæft matvælafræðinám með áherslu á vinnslu sjávarafurða."

Og vegna þess að hv. fyrirspyrjandi las upp úr athugasemdum við fjárlagafrv. þá ætla ég að ljúka við það sem segir í þeirri málsgrein sem hv. þm. las upp úr. Viðbótin er þessi, með leyfi hæstv. forseta:

„Hins vegar er fjárveiting til rekstrar á haustönn á næsta ári og miðast hún við núverandi rekstur þar sem niðurstaða nefndarinnar liggur ekki enn fyrir."

Nú liggur niðurstaða nefndarinnar fyrir og eins og ég sagði er verið að vinna úr tillögum þessarar nefndar sem skipuð var til þess að endurskoða sjávarútvegsnám í landinu.

Ég vonast til að þeirri úrvinnslu í ráðuneytinu ljúki fyrir áramót og þá munu tillögur ráðuneytisins verða lagðar fram.

[16:28]

Pétur Bjarnason:

Virðulegi forseti. Á Íslandi hefur mikið verið gagnrýnt hvernig við sinnum fræðslumálefnum þessa undirstöðuatvinnuvegar okkar sem er fiskvinnslan. Mér er í fersku minni hversu mikil breyting varð á þegar Fiskvinnsluskólinn var opnaður á sínum tíma og nemendur sem þaðan höfðu fengið menntun sína komu út í atvinnulífið.

Mig langaði að gera athugasemd varðandi svar menntmrh. Ég gat ekki betur heyrt á því svari en að það eigi að loka skólanum til þess að fá peninga til þess að endurskipuleggja. Ég verð að lýsa furðu minni á því metnaðarleysi sem lýsir sér í því að þessi nauðsynlega menntun skuli ekki fá, sé þörf á endurskipulagningu, fjárveitingu til þess en skólanum sé ekki lokað til þess að geta á þann hátt fjármagnað þær breytingar sem nauðsynlega eru taldar.

[16:29]

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Það eru að mörgu leyti nokkuð fróðlegar upplýsingar sem koma fram í þeirri skýrslu sem hæstv. menntmrh. las upp úr um að menntun í Fiskvinnsluskólanum sé ekki nægjanlega góð, hún sé ekki nægjanlega hagnýt. Nú veit ég ekki hverjir eru

höfundar þessarar ágætu skýrslu en hafa menn farið um landið og kynnt sér hvaða menn það eru sem eru í forsvari og í fararbroddi í íslenskum sjávarútvegi, framkvæmdastjórar, verkstjórar í fiskvinnslustöðvunum vítt og breitt um landið þar sem stórkostlegir hlutir eru að eiga sér stað? Og halda því svo fram að menntunin sem menn hafa fengið í þessum skóla sé ekki nógu hagnýt og ekki nógu góð.

Ég tek hins vegar undir að þar er margt sem má breyta. M.a. hef ég flutt tillögu ásamt fleiri þingmönnum um að sameina Fiskvinnsluskólann Stýrimannaskólanum og Vélskólanum í Reykjavík til að nýta betur kennslugögn, tækjabúnað og húsnæði vegna þess að staðreyndin er sú að Fiskvinnsluskólinn í Hafnarfirði býr og bjó við skammarlega lélega aðstöðu hvað bóknám snerti, þ.e. húsakynni. (Forseti hringir.) Virðulegi forseti, ég er alveg að ljúka máli mínu. En að ætla að loka skólanum af því að menn bíða eftir því að hann verði endurskipulagður er náttúrlega því miður, virðulegi forseti, að mínu viti hreint rugl.

[16:31]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Auðvitað er dapurlegt að sjá hvernig þessum málum er komið hjá okkur. Þrátt fyrir allt talið um að efla starfsmenntun er ekki betur að því staðið en svo að loka þarf öðrum af tveimur fiskvinnsluskólum í landinu meðan verið er að skrifa enn eina skýrsluna og ljúka enn einu nefndarstarfinu um málið og það er auðvitað dauflegt.

Ég vil einnig minna á það í þessu sambandi að víðar er rekin starfsemi á þessu sviði en í Hafnarfirði. Ég minni á Fiskvinnsluskólann á Dalvík og ég skora á hæstv. menntmrh. að muna eftir því starfi sem þar er unnið einnig í endurskipulagningu þessara mála og í tengslum við þær ákvarðanir sem teknar hafa verið um að efla Akureyri og Eyjafjarðarsvæðið sérstaklega sem miðstöð fyrir rannsóknir og fræðslu á sviði sjávarútvegs.

Í fiskvinnslubrautinni á Dalvík er m.a. valin sú skynsamlega leið að verklegi þáttur námsins fer fram úti í fyrirtækjum á svæðinu og það held ég að gæti verið mönnum fordæmi m.a. um það hvernig á að standa að þessum málum. (Forseti hringir.) Ég nota þetta tækifæri til að brýna hæstv. ráðherra á því að standa einnig vel við bakið á þeirri starfsemi sem þarna fer fram.

[16:32]

Guðrún J. Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er yfirleitt að standi skólar ekki undir ætlunarverki sínu þá bregst þeim nemendasókn. E.t.v. getur ástæðan fyrir því að skólanum hefur verið lokað að sinni verið sú að nemendur hafa hreinlega ekki komið í skólann. En ef nemendur hafa komið og hafa viljað stunda það nám sem nú er í gangi á auðvitað að veita þeim það meðan er verið að endurskoða. Mér finnst það alveg sjálfsagður hlutur.

Ég hef skoðað þennan skóla í Hafnarfirði og eftir því sem ég hef sjálf haft vit á er hann nokkuð vel búinn til verklegrar kennslu en aðstæða bóklegrar kennslu mætti kannski vera betri. Ég tel að það hafi verið mikið framfaraspor þegar skólinn var stofnaður en auðvitað má bæta hann og gera hann miklu betri og til þess að þessi undirstöðugrein, sem vinnsla sjávarafurða er á Íslandi, fái að blómstra verður að búa honum eins gott atlæti á alla kanta og mögulegt er.

[16:33]

Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir þau svör sem hann gaf áðan. Ég skil hann þannig að það fáist botn í málið fyrir áramót, þ.e. væntanlega áður en fjárlög verða afgreidd fyrir árið 1995. Miðað við allar aðstæður tel ég að eftir atvikum sé nokkur árangur af fyrirspurnatíma að negla það fast þó það sé kannski ekki ýkja fast í hendi. En ég tel engu að síður mikilvægt og mun halda áfram að ganga eftir því.

Hins vegar verður að segja alveg eins og er að það er nokkurt áhyggjuefni hvernig að þessum málum er staðið. Spurningin sem við hljótum að velta fyrir okkur hér er: Hver er stefna ráðuneytisins sjálfs í málefnum skólans? Er hún sú að tengja hann við framhaldsskólana í Hafnarfirði, við Iðnskólann í Hafnarfirði og Flensborgarskólann? Eða er hún sú að tengja hann við Vélskólann og Stýrimannaskólann? Eða er hún sú að tengja hann með einhverjum hætti við þá starfsemi sem fer fram í sjávarútvegsbrautinni við Háskólann á Akureyri?

Ég tel að það þurfi að taka ákvörðun um það nákvæmlega hvar þetta nám á að vera. Ég tel að vandi Fiskvinnsluskólans hafi ekki síst verið fólginn í því að ákvörðun um það hvar þetta ætti að vera nákvæmlega hefur ekki verið tekin nægilega skýrt vegna þess að ályktanir Alþingis, m.a. um sjávarútvegsnám við Eyjafjörð, og ákvarðanir ráðuneytisins í seinni tíð í þessum efnum hafa stundum stangast á. Það skapar sérstakan vanda í því stóra máli sem hér er á ferðinni. Það er auðvitað til skammar að ganga frá hlutum öðruvísi en að Fiskvinnsluskólinn verði opinn á næsta ári og honum tryggð aðstaða til þess að hægt sé að stunda það nám sem viðunandi er m.a. frá sjónarmiðum sjávarútvegs okkar.

[16:35]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Herra forseti. Hv. þm. Guðrún J. Halldórsdóttir kom kannski að kjarna málsins þegar hún sagði að standi skóli ekki undir þeim væntingum, sem til hans eru gerðar, þá bregst kannski aðsóknin í hann og ekki verður rekinn skóli nema nemendur vilji koma í viðkomandi skóla. Það hefur verið að gerast. Ég greindi frá því í svari mínu að Fiskvinnsluskólinn í Hafnarfirði hefði orðið að þola býsna óvægna gagnrýni á undanförnum árum, ekki síst frá nemendum skólans, og nemendum hefur þar fækkað mjög.

Af því að hv. þm. Finnur Ingólfsson minntist á aðstöðu í skólanum til bóknámsins vil ég rifja það upp að það var fyrir atbeina minn og beiðni skólastjórnarinnar að sú aðstaða var stórlega bætt með því að keypt var sérstakt hús sem flutt var á svæði skólans fyrir tveimur árum eða svo.

Spurt var um höfunda skýrslunnar. Þeir eru Jón Ásbergsson, formaður nefndarinnar, og með honum í

nefndinni voru Björn Grétar Sveinsson, Ágúst H. Elíasson, Helgi Kristjánsson, Stefán Baldursson, skrifstofustjóri í menntmrn., og Pétur Bjarnason — til að fyrirbyggja misskilning, ekki hv. alþm.

Hv. þm. Svavar Gestsson spurði hvar skólinn ætti að vera í fræðslukerfinu. Ég geri ráð fyrir að í því efni verði farið að tillögum nefndarinnar sem ég las upp áðan að nám í Fiskvinnsluskólanum í Hafnarfirði verði endurskipulagt í samráði við hagsmunaaðila í sjávarútvegi og lögin um skólann endurskoðuð. Ég geng út frá því sem gefnu að Fiskvinnsluskólinn í Hafnarfirði muni starfa áfram og lög um hann verði endurskoðuð.

Sjóður til að styrkja efnilega íþróttamenn.

Fsp. IBA, 205. mál. — Þskj. 231.

[16:38]

Fyrirspyrjandi (Ingi Björn Albertsson):

Hæstv. forseti. Á allmörgum undanförnum þingum hef ég verið 1. flm. að frv. til laga um stofnun sjóðs til að styrkja unga efnilega íþróttamenn. Það var reyndar þannig að þegar málið var fyrst lagt fram þá voru tæplega 30 meðflutningsmenn að málinu þannig að vilji og stuðningur þingsins við málið var alveg ljós. Engu að síður, af einhverjum ankannalegum ástæðum fékk málið ekki að koma út úr hv. menntmn. og var það endurflutt ár eftir ár og alltaf sat við sama, að hv. nefnd hleypti málinu ekki út, jafnvel þó að skýr þingvilji væri fyrir málinu. Því var þrautalending á síðasta þingi til þess að ná málinu þó út úr nefndinni að vísa því til ríkisstjórnarinnar. Segja má að það hafi verið fyrir þrautseigju og tilstuðlan hv. þm. Svavars Gestssonar að loksins hafðist sá áfangasigur í þessu máli ef svo mætti segja.

Í framhaldi af þeirri afgreiðslu hef ég leyft mér að leggja fram fsp. til hæstv. menntmrh. á þskj. 231 sem er svohljóðandi:

„Er fyrirhugað að stofna sjóð til að styrkja efnilega íþróttamenn í framhaldi af því að frumvarpi um slíkan sjóð, 268. máli 117. löggjafarþings, var vísað til ríkisstjórnarinnar 6. maí 1994?"

[16:40]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Herra forseti. Iðkun íþrótta hefur vissulega hlotið aukið vægi í þjóðfélagi okkar og rannsóknir um gildi íþrótta hafa gefið mjög jákvæðar niðurstöður eins og t.d. nýleg rannsókn Rannsóknastofnunar uppeldis- og menntamála ber með sér.

Þegar rætt er almennt um íþróttir eiga barna- og unglingaíþróttir og almennar íþróttir sívaxandi fylgi að fagna. Afreksíþróttir eru þýðingarmikill þáttur í almennri uppbyggingu íþrótta og afrek á sviði íþrótta hvetja sífellt fleiri til þátttöku í fjölbreytilegu íþróttastarfi. Flestar þjóðir telja einnig ýmis afrek á íþróttavettvangi bestu og kannski ódýrustu landkynninguna sem völ er á og það er rökrétt fyrir okkur Íslendinga að meta að verðleikum kynningar- og áróðursgildi afreksíþrótta. Því er rökrétt að opinberir aðilar veiti aukinn stuðning við afreksíþróttir eins og Alþingi hefur raunar gert t.d. með stuðningi við Ólympíunefnd Íslands og Ólympíunefnd fatlaðra.

Forustumenn íþrótta hafa að undanförnu þingað um tilhögun stuðnings við afreksíþróttir og lagt á það áherslu að stofna sérstakan afreksíþróttasjóð sem hljóti stuðning ríkis, sveitarfélaga, íþróttahreyfingarinnar og fleiri aðila. Menntmrn. hafa borist upplýsingar um þessa stefnumótun og nál. um afreksíþróttastefnu Íþróttasambands Íslands þar sem mál þessi eru nánar skýrð.

Í nál. menntmn. Alþingis frá 4. maí 1994 þar sem fyrrnefndu frv. var vísað til ríkisstjórnarinnar er á það bent að samið hafi verið frv. til nýrra íþróttalaga þar sem m.a. er kveðið á um íþróttasjóð og sérstakan stuðning við afreksfólk í íþróttum.

Frv. þetta til nýrra íþróttalaga er nú og hefur raunar verið um nokkuð langt skeið til athugunar í menntmrn. Ég hef efasemdir um að það takist að afgreiða málið á því Alþingi sem nú situr án þess að ég telji það þó útilokað en umfjöllun um málið er því miður ekki að fullu lokið í ráðuneytinu.

Ég tel eðlilegt að kannað verði hvort ekki megi samræma hugmyndir sem fram koma í frv. því sem vísað var til ríkisstjórnarinnar, um sjóð til að styrkja efnilega íþróttamenn, þeim hugmyndum sem fram komu við endurskoðun íþróttalaga og um afreksíþróttasjóð íþróttahreyfingarinnar.

Mjög líklegt verður að telja að takist samstaða um þá stefnumótun verði stuðningur við afreksfólkið skipulagðari og markvissari.

[16:43]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. 5. þm. Reykv. fyrir elju hans og baráttu til þess að ná málinu fram. Hins vegar verðum við ýmsir þingmenn þreyttir á fallegum ræðum ráðherranna sem segja jafnan „kanna, skoða, rannsaka, setja á frest um sinn". Það vantar viljann, því miður. Þess vegna skora ég á hæstv. menntmrh., sem á sennilega eftir nokkra mánuði í starfi, að gera þetta að alvöru því að enginn vafi er á því að íþróttastarfið og heilbrigð æska kemur í kjölfarið á sterkum íþróttamönnum á mörgum sviðum. Það á bæði við frjálsíþróttir, boltaíþróttir, skák, hestamennsku og svo víða. Við finnum áhrifin frá þessum sterku mönnum. Þeir eru lykillinn að því að vernda unga fólkið í landinu frá ýmsum hættulegum efnum sem er allt of mikið af. (Forseti hringir.) Þess vegna skora ég, hæstv. forseti, á menntmrh. að hann noti þann langa tíma sem hann á eftir til vorsins til þess að hrinda málinu í framkvæmd. (Forseti hringir.) Vilji þingsins er skýr.

[16:45]

Fyrirspyrjandi (Ingi Björn Albertsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svör hans sem kalla að vísu á miklu lengra mál en tími gefur kost á. Ég vil fyrst segja að mér þykir ankannalegt að heyra úr ræðustól að ríkissjóður hafi verið að auka stuðning sinn við íþróttir í landinu. Það er þvert á það sem við sjáum þegar við opnum fjárlögin. Þar sjáum við að íþróttasjóður er lagður niður. Við sjáum að und-

anfarin ár hafa fjárframlög lækkað til íþróttahreyfingarinnar þannig að gegnumsneitt má segja að niðurskurður hafi verið til íþróttahreyfingarinnar sl. ár.

Varðandi afrekssjóð ÍSÍ eru menn sýnkt og heilagt að rugla því saman sem eru afreksmenn og því sem hér er verið að tala um, sem eru ungir, efnilegir íþróttamenn. Það eru ekki afreksmenn. Þetta er sjóður sem á að stuðla að því að við búum til afreksmenn og það er mikill munur á því. Í þeim frumvarpsdrögum, sem hér voru lögð fram, var auðvitað gert ráð fyrir fullu samstarfi við íþróttahreyfinguna. Gerð var tillaga um stofnun sjóðsins og hverjir ættu sæti í nefndinni og þar voru að sjálfsögðu fulltrúar ÍSÍ, UMFÍ og annarra.

Það skýtur líka skökku við eftir að hafa hlustað á svar hæstv. ráðherra að tala um íþróttalögin og vitna þar sérstaklega til íþróttasjóðs. Það er stefna ráðuneytisins í dag, sem birtist í fjárlagafrv., að leggja íþróttasjóðinn niður þannig að ég verð að segja að ég skil ekki svona málflutning nema maður megi leyfa sér að gagnálykta og ég vona að ráðherra svari því að það eigi að breyta um stefnu og íþróttasjóðurinn eigi að fá að lifa. Þannig leyfi ég mér að túlka þau orð og þau svör sem komu fram áðan.

[16:47]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Herra forseti. Það er kannski ekki tími til að ræða sérstaklega um íþróttasjóðinn. Það gefst áreiðanlega tækifæri til þess við frekari umræðu um fjárlagafrv. En bara til að halda því til haga þá er ekki gert ráð fyrir framlagi í íþróttasjóð í fjárlagafrv. fyrst og fremst með þeirri röksemd að þau viðfangsefni sem íþróttasjóður hefur styrkt eru í raun komin yfir til sveitarfélaganna. (**GÁ:** Þetta er rangt ...) Nei, þetta er ekki rangt, hv. þm. Allar byggingar íþróttamannvirkja eru færðar yfir til sveitarfélaganna. Þetta veit þingmaðurinn. Ég kann hins vegar ekki alveg þá sögu hvers vegna þessi liður var skilinn eftir hjá ríkinu þar sem hann hefur verið til þessa.

Ég hef svo sem engu við þetta frekar að bæta öðru en því að ég tek að sjálfsögðu áskoruninni frá hv. þm. Guðna Ágústssyni að nýta tímann til vorsins sem allra best, m.a. til þess að reyna að fá lausn á þessu máli.

Merking og kynning matvæla.

Fsp. GHelg, 134. mál. — Þskj. 140.

og

Merking næringargildis matvæla.

Fsp. GHelg, 135. mál. — Þskj. 141.

[16:49]

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir):

Hæstv. forseti. Vegna samningsins um Evrópska efnahagssvæðið hefur gengið í gildi fjöldi reglugerða sem gilda um svæðið allt. Ein þessara reglugerða felur í sér fyrirmæli um hvernig staðið skuli að merkingu, auglýsingu og kynningu matvæla sem dreift er til neytenda. Reglugerð þessi er nr. 588 frá 31. desember 1993 og gildir frá þeim tíma, en í ákvæði til bráðabirgða segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Fyrir matvæli sem eru hér á markaði við gildistöku þessarar reglugerðar og sem ekki eru í samræmi við ákvæði hennar er veittur eins árs frestur til að koma á nauðsynlegum breytingum. Hafi breytingar til samræmis við ákvæði reglugerðarinnar ekki verið gerðar að þeim tíma liðnum er dreifing vörunnar óheimil."

Meðal þeirra atriða sem krafist er að framleiðendur uppfylli er að fram komi á vörum þeirra nafn og heimilisfang framleiðanda, pökkunaraðila eða dreifingaraðila sem aðsetur hefur á Evrópska efnahagssvæðinu. Hér er um að ræða kröfur sem ekki hafa gilt áður um innfluttar vörur og hljóta þær að valda umtalsverðum breytingum, bæði fyrir framleiðendur, dreifingaraðila og neytendur. Sú spurning hefur vaknað hvort þessi ákvæði skuli einnig gilda fyrir framleiðendur utan Evrópska efnahagssvæðisins. Reglugerðin kveður svo á í 1. gr. að ákvæði hennar skuli ekki gilda um matvæli sem ætluð séu til útflutnings til ríkja utan Evrópska efnahagssvæðisins en engin ákvæði eru um að hún gildi ekki fyrir framleiðendur sem flytja vörur til svæðisins.

Eins og kunnugt er er umtalsvert magn matvæla flutt til Íslands, t.d. frá Bandaríkjunum, og munu allt að 35 fyrirtæki annast þann innflutning. Fjöldi vörutegunda er jafnframt fluttur inn frá öðrum löndum. Það segir sig sjálft að lítið markaðssvæði eins og Ísland verður tæplega talinn svo góður viðskiptaaðili að framleiðendur leggi í verulegan aukakostnað fyrir það og víst er að varan yrði þá mun dýrari fyrir neytendur. Því verður ekki annað séð en áðurnefnd reglugerð reynist nokkur viðskiptahindrun fyrir ríki utan svæðisins og tæplega var það ætluninin með hinu margumtalaða viðskiptafrelsi sem samningurinn átti að hafa í för með sér nema frelsið eigi einungis að gilda í lokuðu kerfi þeirra Evrópuþjóða sem samþykktu samninginn. Víst er að neytendur mundu sakna fjölmargra vinsælla vörutegunda sem unnið hafa sér sess á Íslandi og hafa verið á betra verði í mörgum tilvikum en evrópskar vörur. Nægir þar t.d. að nefna ýmsar tegundir af ungbarnamat sem við konur könnumst harla vel við. Ég hef því leyft mér, hæstv. forseti, að senda inn fyrirspurn sem liggur hér frammi á þskj. 140 og hljóðar svo með leyfi hæstv. forseta:

„1. Gildir reglugerð nr. 588/1993 um merkingu, auglýsingu og kynningu matvæla á Evrópska efnahagssvæðinu einnig um vörur sem framleiddar eru utan svæðisins þar sem aðrar reglur gilda?

2. Sé svo, hver áhrif hefur það á samkeppnisstöðu og vöruverð?"

[16:53]

Viðskiptaráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Mér var tjáð að það hefði orðið að ráði að lögð yrðu fram sameiginlega fyrirspurn á þskj. 140 og 141 þar sem um sams konar málefni væri að ræða og því væri það svo að ráðherra þyrfti að svara

þeim saman. (**GHelg:** Forseti. Má ég þá ekki fara fram á að ég fái — ég hélt satt að segja mjög stutt mál fyrir hinni ræðunni. Má ég þá bara ekki flytja hana?) Mér er það alveg að meinalausu, virðulegi forseti, ef það er í lagi.

(**Forseti** (PJ): Forseti verður við því sem er augljóslega til hægðarauka og tekur fyrirspyrjandi, hv. 14. þm. Reykv., nú aftur til máls.)

[16:54]

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir):

Hæstv. forseti. Það hefði verið lágmark að segja fyrirspyrjanda frá því að meiningin væri að svara báðum spurningunum í einu en mér er ekkert að vanbúnaði.

Hæstv. forseti. Með reglugerð nr. 586 frá 30. desember 1993 hafa gengið í gildi nýjar reglur um upplýsingar um næringargildi innfluttrar matvöru. Í reglugerðinni er sams konar ákvæði til bráðabirgða um eins árs frest til að framleiðendur og dreifingaraðilar geti aðlagað sig hinum nýju reglum og rennur sá frestur út um næstu áramót. Af sömu ástæðum og komu fram í fyrri ræðu minni gæti samkeppnisstaða ríkja utan Evrópusvæðisins skaðast verulega þar sem allt aðrar reglur gilda um innihaldsmerkingar í þessum ríkjum. Svo að dæmi sé tekið skal efnainnihald miðað við 100 gramma einingu eða í skömmtum ef 100 gramma grunnlýsing kemur einnig fram en sé aftur litið til t.d. Bandaríkjanna tíðkast þar annars konar merkingar.

Eins og áður er á minnst eru menn uggandi um að smæð markaðarins hindri að framleiðendur fari að sérmerkja vörur, sem fluttar eru til Íslands, en nokkuð er um að vörur sem fluttar eru hingað frá Bandaríkjunum séu ekki á markaði víða í Evrópu. Hér gætu hagsmunir íslenskra neytenda verið í húfi og því hef ég lagt fram fsp. til hæstv. umhvrh. sem liggur frammi á þskj. 141 og hljóðar svo með leyfi hæstv. forseta:

„1. Gildir reglugerð nr. 586/1993 um merkingu næringargildis matvæla á Evrópska efnahagssvæðinu einnig um vörur sem framleiddar eru utan svæðisins þar sem aðrar reglur gilda?

2. Sé svo, hver áhrif hefur það á samkeppnisstöðu og vöruverð?“

Nú er fyrirspyrjanda einungis ljúft að hæstv. ráðherra svari báðum fyrirspurnunum í einu.

[16:56]

Viðskiptaráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Ég hef þá svörin þannig eins og ágætum fyrrv. forseta — að vísu ekki sameinaðs þings heldur neðri deildar — var tamt að segja, að svörin verða þá veitt í einu slengi.

Í fyrsta lagi spyr hv. þm. hvort reglugerðir um merkingu næringargildis matvæla og merkingu auglýsingu og kynningu matvæla gildi einnig um vörur sem framleiddar eru utan Evrópska efnahagssvæðisins. Svarið við þessum báðum spurningum er já. Svo er.

Hv. þm. spyr hvaða áhrif það hafi á samkeppnisstöðu og vöruverð. Að mati umhvrn. verða áhrifin á samkeppnisstöðu og vöruverð óveruleg. Innflutningur matvæla frá ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu eru að verðmæti 6.080 millj. ísl. kr. en tæpar 2.330 millj. ísl. kr. frá ríkjum utan EES-svæðisins. Hlutdeild EES-ríkja er því um 65% og ríkja utan svæðisins um 35%. Þar af var hlutur Bandaríkjanna ekki nema um 11%. Þegar íslenskum matvælum er síðan bætt við er ljóst að verðmæti innfluttra matvæla sem hlutdeild af heildarframboði hér á markaði fellur verulega en ætla má að um helmingur matvæla sem eru hér á markaði sé íslensk framleiðsla. Stór hluti af vörum frá ríkjum utan EES-svæðisins uppfylla þessar reglur nú þegar, t.d. allar þær vörur frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins sem fluttar eru inn frá Evrópu. Margir innflytjendur merkja þar að auki á íslensku og gildir það ekki síst um þekkt vörumerki sem hafa háa markaðshlutdeild og hafa komið frá ríkjum utan hins Evrópska efnahagssvæðis.

Þá má nefna innflutning á matvælum sem ekki eru í umbúðum, svo sem grænmeti og ávexti.

Auðvitað er viðbúið að þessar reglur geti leitt til ákveðinna erfiðleika þegar þær koma til framkvæmda en innflytjendur ættu að geta fundið lausnir, t.d. með ummerkingu eða með límmiðamerkingum eins og þeir gerðu svo að dæmi sé tekið þegar nauðsynlegt þótti að setja sérstakar viðvaranamerkingar á innflutt þvottaefni.

Mörg rök mæla með því að staðið verði fast við framkvæmd merkingarreglna gagnvart þriðju ríkjum og þá eru menn fyrst og fremst með hagsmuni neytenda í huga. Ef matvörur verða markaðssettar í umbúðum með mismunandi merkingum má segja að hagsmunir neytenda séu þá fyrir borð bornir því að samræming merkingarreglna er mikilvæg til að tryggja að neytendur fái fullnægjandi upplýsingar um samsetningu og eðli matvæla. Þá má einnig spyrja hvaða samkeppnisskilyrði verið væri að skapa gagnvart íslenskum iðnaði þegar gerð er sú krafa að framleiðsla hans þurfi að uppfylla EES-kröfur ef innflutt samkeppnisvara frá landi utan EES þyrfti þess ekki. Á sama tíma þyrftu íslenskir útlfytjendur að uppfylla kröfur þessara sömu ríkja þegar vörur eru fluttar út héðan á aðra markaði.

Það skal taka fram eins og ég hef raunar þegar komið orðum að að það kann að vera að framkvæmdaörðugleikar verði í byrjun en þá verður reynt að leysa m.a. í samráði við innflytjendur, innlenda framleiðendur og heilbrigðiseftirlitið í landinu þannig að framkvæmdin geti verið sem næst hnökralaus. Umhvrn. hefur sett sig í samband við þessa aðila og óskað eftir góðu samstarfi við þá um framkvæmd þessara mála.

[17:00]

María E. Ingvadóttir:

Hæstv. forseti. Út af þessari fsp. langar mig til að koma með athugasemd og vekja athygli á því að Íslendingar eru í mjög fáum tilfellum einu kaupendur að ýmissi framleiðslu frá Bandaríkjunum þannig að það eru fáir markaðir byggðir upp fyrir innanlandsmarkað í Bandaríkjunum og Ísland. Ég held að það komi af sjálfu sér að í langflestum tilfellum aðlagi bandarískir framleiðendur sig að þeim markaði sem þeir vilja vera inni á og Evrópumarkaður er mjög mikilvægur

fyrir þá. Þannig að ég mundi í þessu tilfelli ekki hafa áhyggjur af því að þeir aðlagi sig ekki þessum stóra markaði sem Evrópumarkaðurinn er og þeir eru reyndar með mjög stórt átak í þeim efnum.

Varðandi merkingarnar þá erum við þarna að fara fram á ákveðnar lágmarksupplýsingar sem við, með okkar samstarfi með öðrum Evrópuþjóðum, töldum nauðsynlegar og fyrst og fremst til að forðast skaðsemi lélegra vara. Ein af röksemdum okkar fyrir þátttöku í hinu Evrópska efnahagssvæði var einmitt það að forðast það að hingað kæmu lélegri vörur sem ekki stæðust þessar gæðakröfur sem við höfum sett okkur.

[17:02]

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Ég vil í upphafi fagna þeim liðsauka sem íslenskir heildsalar hafa fengið í hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur, en ég vil einnig minna á það að hér er á ferðinni reglugerð sem menn voru að vara töluvert við í umræðunni um EES, að menn vissu í raun og veru ekki hvað kæmi upp úr þeim reglugerðarhatti þegar frá liði og menn væru ekki með það á hreinu hvað þeir væru að samþykkja. Þetta held ég að sé bara upphafið af því reglugerðarflóði sem á eftir að flæða yfir okkur og mun reynast okkur afar erfitt að fylgja eftir.

Mér þótti slæmt að heyra það frá hæstv. ráðherra að hann gerir ráð fyrir því, alveg blákalt, að út af markaðinum fari eitthvað tiltekið magn af vörum sem fluttar eru inn utan hins Evrópska efnahagssvæðis.

Ég tek alveg undir með hv. fyrirspyrjanda að þetta er auðvitað afar slæmt og þá er ég ósammála þeim sem talaði hér síðast, að það er auðvitað fjöldinn allur af vörum sem eru fluttar hér inn utan svæðisins sem eru ekki mikið inni á hinu Evrópska efnahagssvæði og menn munu ekki, þeir sem eitthvað þekkja til framleiðslumála ... (Forseti hringir.) — Hæstv. forseti, það voru fluttar tvær fyrirspurnir, ég held við sem erum hér að tala hljótum þá að fá tvöfaldan tíma.

(**Forseti** (PJ): Það verður aukið nokkuð við tímann en ekki kannski fyllilega.)

Þeir sem eitthvað þekkja til flæðilína í verksmiðjum vita ósköp vel að ef það á að fara að setja nýjan miða fyrir lítinn markað þá er það geysilegur kostnaður og hann er miklu meiri heldur en það sem nemur þeim hagnaði sem fyrirtækið hefur nokkurn tímann af því að selja vörur til Íslands. Þannig að það er alveg ljóst að þær vörur færu út af markaðinum.

En varðandi það að fara síðan að merkja hér heima með heimatilbúnum miðum, við höfum dæmi um það. Við unnendur neftóbaks þekkjum það t.d. að það er merkt hér heima og það er merkt svo skynsamlega að það er merkt gjörsamlega yfir vöruna þannig að það er hvorki hægt að lesa hvað hún heitir eða hvaða innihald er í henni. Er það þetta sem menn vilja?

[17:04]

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir):

Hæstv. forseti. Ég hef aldrei litið öðruvísi á en svo að ég sé þingmaður allra þeirra Reykvíkinga sem mig vilja kjósa og heildsalar hafa þar ekki verið nein undantekning. Þannig að mér er þá heiður einn að vinna loksins eitthvert gagn í þeirra þágu. Það var þá mál til komið.

En viðbrögðin frá hv. þm. Sjálfstfl. eru svolítið vandræðaleg í þessu máli og ástæðan er ósköp einfaldlega sú að ég hygg að þeir viti ekki alveg hvernig á að taka á þessu. Það er staðreynd að menn hafa af þessu verulegar áhyggjur og ég ætla að leyfa mér að vitna hér í bréf frá Íslensk/Amerískа, það eru menn sem heita heildsalar og ég er einungis stolt af því að tala þeirra máli hér, þeir eru Reykvíkingar líka. Þeir enda hér bréf, skrifað 21. okt., á þennan hátt, með leyfi hæstv. forseta:

„Við mótmælum eindregið þeim viðskiptahindrunum sem reglugerð númer 588 frá 1904 hefur í för með sér gagnvart USA og felum Félagi íslenskra stórkaupmanna að berjast fyrir leiðréttingu á þeirri gróflegu mismunun sem hún hefur í för með sér. Bandarískar vörur eiga sér langa söluhefð á Íslandi og íslenskir neytendur eiga kröfu á að hagsmuna þeirra sé gætt í þessu máli."

Þetta held ég satt að segja að sé málið í hnotskurn. Og það er alveg rétt sem hv. 5. þm. Reykv. sagði áðan, það er nefnilega meira en við höldum af vörum sem koma frá Bandaríkjunum t.d. til Íslands sem ekki fara víða á evrópskum markaði. Þetta eru einmitt vörur sem margar fjölskyldur kaupa gjarnan vegna þess að verðið er tiltölulega gott og gæðin í lagi. Ég er hér með mikinn lista yfir þessar vörur sem ég hef því miður ekki tíma til að telja upp. En það er alveg ljóst að hér eru menn með áhyggjur af þessu og ég er jafnsammála hv. 5. þm. Reykv. að þetta er bara byrjunin. Aðeins byrjunin á því að nú eiga menn eftir að lesa allar reglugerðirnar sem þeir eru búnir að samþykkja og uppgötva að þær geta valdið okkur stórskaða í fleiri tilvikum heldur en þær verða okkur að gagni.

Annars þakka ég hæstv. ráðherra fyrir að hlaupa í skarðið fyrir hæstv. umhvrh., sem augljóslega hafði ekki lesið reglugerðirnar vel.

[17:06]

Viðskiptaráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Það eru líka ánægjuleg tíðindi að hlusta á hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur berjast svo hart fyrir innflutningi og honum sem mestum frá Ameríku. Öðruvísi mér áður brá, en eins og hv. þm. sagði þá er hún að sjálfsögðu þingmaður allra Reykvíkinga, líka þeirra sem unna henni Ameríku.

En hvað um það. Þær merkingar sem hér er verið að ræða um eru settar í einum tilgangi: Til þess að tryggja öryggi og rétt neytenda, og til þess eins. Þar höfum við Íslendingar ekki sérlega glæsilega fortíð, því í þeim efnum, í neytendavernd, má taka undir með nóbelsskáldinu sem sagði að upphefð vor komi að utan. Í neytendaverndarmálum hefur upphefð Íslendinga öll komið frá hinu Evrópska efnahagssvæði því við förum ekki að gera alvarlegt átak í málefnum neytenda fyrr heldur en fjölþjóðlegir samningar neyddu okkur til þess. Þetta er einn þátturinn þar í, að auka öryggi neytenda með því að samræma upplýsingar sem gefnar eru neytendum þannig að íslenskir neytendur

gangi ekki að því gruflandi hvaða vörur þeir hafi á milli handanna.

Það hefur því miður borið við og þá er ég ekki endilega að nefna dæmi úr matvælaiðnaðinum heldur t.d. úr byggingariðnaði, að það hafa verið fluttar inn vörur og seldar hér á landi, t.d. steypustyrktarstál og steypustyrktarjárn, sem alls ekki hefur þolað þær kröfur sem gera á til þessara byggingarefna í byggingareglugerðum. Með öðrum orðum, þarna hefur vantað allar skráðar upplýsingar um vörugæði og efnainnihald viðkomandi vöru. Þetta þekki ég mjög vel af ferðum mínum hringinn í kringum landið þar sem kvartað hefur verið yfir því hvað við Íslendingar séum aftarlega á merinni í þessum efnum.

Auðvitað verður það svo að þegar tvö stór og voldug efnahagssvæði eins og Bandaríki Norður-Ameríku annars vegar og lönd innan Evrópska efnahagssvæðisins hins vegar, eru bæði tvö að setja sér reglur um samræmingarmerkingar á vöru og að þau starfa ekki saman að því heldur sé hætt við að þau séu að vinna það sitt í hvora áttina, að það verði þar ruglingur á. En ég er sannfærður um að með sama hætti og evrópsk fyrirtæki, sem ætla sér að flytja vörur inn á Bandaríkjamarkað, munu uppfylla kröfur bandarískra laga um merkingar er sýna bæði vöruverð og vörugæði og vörusamsetningu, að þá munu bandarískir framleiðendur, sem ætla að selja inn á Evrópumarkað, gera slíkt hið sama. Í mörgum tilvikum er hin bandaríska vara auk þess keypt af evrópskum heildsala eða dreifingaraðila þannig að þá er þegar búið að merkja vöruna fyrir hinn evrópska markað. En auðvitað hlýtur það að vera takmarkið og verður væntanlega að því stefnt í samvinnu þessara tveggja voldugu markaðssvæða, að samræma sem mest reglur um merkingar sín á milli. Á meðan það er ekki gert þá geta komið upp framkvæmdaörðugleikar eins og þeir sem menn hafa rætt hér um og umhvrn. hefur tekið það fram og hefur óskað eftir samstarfi við heilbrigðiseftirlit, innflytjendur og innlenda framleiðendur um hvernig á skuli taka og ég hef ekki trú á öðru en því að það takist þarna gott samstarf um að leysa þá hnökra sem upp kunna að koma í þessu efni.

[17:10]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Mér þótti hæstv. viðskrh. heldur betur taka innan úr sjálfum sér áðan þegar hann fullyrti að það hefði ekki myndast vilji fyrir því að auka neytendavernd á Íslandi fyrr en farið var að tala um samninginn um hið Evrópska efnahagssvæði. Það kann vel að vera að ýmis mál hafi komið þar upp sem voru til bóta, en það er rétt að minna á það að það voru fjölmörg atriði tekin fyrir og var full samstaða í þinginu um breytingar á þessum hlutum þannig að það þurfti ekki að tengja það samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði. Hins vegar, ef menn eru að tala almennt um hagsmuni neytenda, þá er kannski rétt að minna á það að með þessum samningi ákváðum við það t.d. að iðnaðarvörur fluttar inn frá Ameríku yrðu tollaðar 7% hærra heldur en frá hinu Evrópska efnahagssvæði. Ef það eru hagsmunir neytenda sem menn hafa í huga þegar þeir múra sig innan tollmúra eins og ríkisstjórnin ákvað að gera með þeim frumvörpum sem lögð voru fram og samþykkt hér á hv. Alþingi, þá held ég að menn séu á villigötum.

[17:11]

Viðskiptaráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Út af ummælum þess hv. þm. sem talaði hér síðastur þá hef ég aðeins eina spurningu til hans að gera og hún er þessi: Mun þingmaðurinn þá og hans flokkur, ef þeir komast til áhrifa í landsstjórn Íslands, segja upp þessum vondu samningum sem hann telur svo vera?

[17:12]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Hæstv. ráðherra spurði mig um það hvort flokkurinn mundi segja sig úr hinu Evrópska efnahagssvæði. (**Gripið fram í:** Það er sjálfdautt.) Það er nú, eins og hér kemur fram í framsíkalli, að verða sjálfdautt og þeir sem ákváðu að þetta yrði samþykkt í hv. Alþingi og komu því fram, hamast nú við að lýsa því yfir að það sé dautt. Ég held reyndar að það hljóti allir skynsamir menn að sjá að það tekur því ekki að segja sig frá líkinu og menn verða þá bara að reyna að finna sér einhvern annan farkost heldur en þennan og það mun Alþb. auðvitað standa að að gera.

Veðurathugunarstöð á Þverfjalli.

Fsp. PBj, 148. mál. — Þskj. 156.

[17:14]

Fyrirspyrjandi (Pétur Bjarnason):

Virðulegi forseti. Breiðadalsheiði, leiðin milli Ísafjarðarkaupstaðar og Önundarfjarðar, er hæsti fjallvegur á íslenskum þjóðvegum, liggur í yfir 600 m hæð. Veðurfar á heiðinni er oft mjög ólíkt því sem gerist niðri í byggð, einkum að vetrarlagi, þar sem oft er ófært veður þar uppi en hægviðri í byggð. Það hefur einatt valdið þeim sem erindi eiga yfir heiðina ómældum erfiðleikum og oft og tíðum haft mikla hættu í för með sér svo sem dæmin sanna. Það var því almenn ánægja með þá þjónustu sem tekið var að veita fyrir um hálfu öðru ári þegar upplýsingar um veðurhæð, vindátt og hitastig fóru að berast í gegnum textavarp sjónvarpsins og þeir sem erindi áttu yfir Breiðadalsheiði gátu kynnt sér aðstæður þar án þess að fara upp og eiga á hættu að lenda þar í vandræðum. Þá var þessi þjónusta ómetanleg fyrir flug, einkum flug lítilla véla og póst- og sjúkraflug flugfélagsins Ernis, sem er mjög mikilvægt að eigi aðgang að glöggum veðurupplýsingum.

Jafnmikið kom það á óvart þegar skyndilega og án nokkurra skýringa var lokað fyrir þessa þjónustu á síðasta vetri. Þegar leitað var svara hjá Vegagerð ríkisins var fátt um svör og engin fyrirheit hafa fengist þar um hvort og þá hvenær væri að vænta þess að upplýsingar um veðurfar á Breiðadalsheiði kæmu inn í textavarpið að nýju. Mér er sagt að tækin sem eru í eigu Veðurstofunnar hafi verið fengin til að safna upplýs-

ingum vegna snjóflóðavarna og snjóflóðarannsókna og að fjmrh. hafi, vegna endurgjafar á innflutningsgjöldum lagt bann við annarri notkun þeirra.

Til að fá svör við þessum spurningum og einnig að fá upplýst hvort ekki stendur til að auka öryggi vegfarenda um þennan háa og erfiða fjallveg ásamt öryggi í flugi um þetta svæði hef ég lagt fram svohljóðandi fsp. til hæstv. samgrh. á þskj. 156, með leyfi forseta:

„Hvenær er þess að vænta að Vegagerð ríkisins fái afnot af sjálfvirkri veðurathugunarstöð Veðurstofu Íslands á Þverfjalli svo að hægt verði að setja veðurskilyrði á Breiðadalsheiði inn í textavarp ríkissjónvarpsins?"

Virðulegi forseti. Samkvæmt nýjum upplýsingum sem ég hef fengið um þetta mál þá hef ég frétt að þetta sé komið þegar inn í textavarpið og e.t.v. skýrir það þá töf sem hefur orðið að þessari fsp. En hafi hún orðið til að flýta fyrir þessu þá er það vel og ég fagna því mjög ef þessi mál eru komin í viðunandi horf.

[17:17]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Ég þori ekki að fara með það hvenær þessi fyrirspurn var lögð fram og hvort óeðlilegur dráttur hafi verið á að svara eins og hv. þm. gaf í skyn. En ég get fullvissað hann um að það að fyrirspurnin var lögð fram skipti engu máli í sambandi við það mál sem fyrirspurnin snýst um þannig að hann þarf ekki að hafa áhyggjur af þeim þætti málsins.

Vegagerðin svarar fyrirspurn hv. þm. svo:

„Vegagerðin á og rekur nokkrar veðurathugunarstöðvar á landinu. Þessar stöðvar eru settar niður á þeim stöðum við vegi landsins sem öðrum fremur eru háðir veðri. Þessar stöðvar mæla vind, hitastig og raka og veita þannig mikilvægar upplýsingar um færð og akstursskilyrði á viðkomandi vegaköflum. Vegagerðin nýtir þessar upplýsingar til að skipuleggja sínar aðgerðir og enn fremur til að miðla vegfarendum betri upplýsingum. Til að koma upplýsingum enn betur og fljótar til vegfarenda voru upplýsingar frá veðurstöðvunum settar í textavarp sjónvarpsins á sl. ári. Geta vegfarendur þar með sjálfir lesið upplýsingar frá þeirri veðurstöð sem við á og metið aðstæður út frá því. Er þetta einkum til mikilla þæginda fyrir þá sem fara oft um viðkomandi leið.

Auk þeirra stöðva sem Vegagerðin á sjálf er veðurstöðin á Þverfjalli, milli Skutulsfjarðar og Önundafjarðar, sem er rekin af Veðurstofu Íslands, tengd Vegagerðinni. Upplýsingar frá þeirri stöð voru meðhöndlaðar eins og upplýsingar frá öðrum veðurstöðvum og fóru þar með einnig inn í textavarpið. Undanfarna mánuði hafa upplýsingar frá stöðinni ekki verið birtar í textavarpinu en Vegagerðin hefur þó allan tímann haft aðgang að stöðinni. Var þetta gert að ósk Veðurstofunnar," — ég ítreka, að ósk Veðurstofunnar — „meðan hún athugaði ýmis formsatriði varðandi birtingu veðurupplýsinga og stefna væri mótuð í þeim efnum til frambúðar."

Í september voru teknar upp viðræður milli Veðurstofunnar og Vegagerðarinnar varðandi samvinnu um veðurupplýsingar þar á meðal um stöðina á Þverfjalli. Þeim viðræðum er ekki lokið. Þó er sú niðurstaða fengin að upplýsingar frá stöðinni á Þverfjalli eru nú birtar í textavarpi sjónvarpsins.

En það er rétt hjá hv. þm. að þetta mál var á athugunarstigi þegar þessi fyrirspurn var lögð fram og hið fyrsta svar sem ég fékk varðandi þessi mál var að þá hafði ekki verið gengið endanlega frá því máli.

Ég kannast ekki við að Vegagerðin hafi viljað standa gegn því að upplýsingar um veður og færð liggi sem auðveldast fyrir. Ég átta mig heldur ekki á athugasemdum hv. þm. um að það hafi verið staðið í vegi fyrir því að nauðsynlegar veðurupplýsingar bærust flugfélaginu Erni á Ísafirði en mun að sjálfsögðu vegna orða og ummæla hv. þm. hafa samband við framkvæmdastjóra Ernis og spyrja hann út í það hvað hann telji aðfinnsluvert og hvað betur megi fara varðandi þá þjónustu sem er í höndum samgrn. Ef með þarf mun ég hafa sambandi við hæstv. umhvrh. ef einhver óþarfa tregða er á því að veita því flugfélagi eðlilegar og nauðsynlegar upplýsingar.

[17:20]

Fyrirspyrjandi (Pétur Bjarnason):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. svör hans og fagna því að þetta mál er komið til betri vegar. Eitthvað hefur hæstv. ráðherra misskilið mitt mál ef hann hefur heyrt að ég hafi talið að Vegagerðin stæði gegn þessu, það hef ég ekki sagt. Hins vegar upplýsti ég að Vegagerðin gat ekki sagt eða svarað hvenær þetta mundi gerast þegar ég leitaði upplýsinga þar um hvenær þetta mundi koma eða hvort það yfirleitt mundi koma inn í textavarp aftur. Það voru þær upplýsingar sem ég gaf í þessu.

Hvað snertir upplýsingar fyrir flug þá á það einnig við um textavarp. Ég ræddi hér um litlar flugvélar og hef þar fyrir mér upplýsingar frá einkaflugmanni sem stundar flug frá Ísafjarðarflugvelli og hefur stundum flogið fyrir flugfélagið Erni. Þannig að þessar upplýsingar eru beint frá honum og ég býst við að flugfélagið Ernir hafi átt fullan aðgang að veðurupplýsingum. En það breytir því ekki að þær voru ekki aðgengilegar í textavarpi fyrir þessa einkaflugmenn eða aðra. Það er ekki vakt á Vegagerð ríkisins t.d. að kvöld- og næturlagi til þess að veita upplýsingar um þær mælingar sem þá fara fram uppi á Breiðadalsheiði. En ég ítreka það einmitt að Breiðadalsheiði gefur mjög glöggar upplýsingar og þær bestu, samkvæmt upplýsingum flugmanna, um flugskilyrði í nágrenni Skutulsfjarðar.

[17:22]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Ég skil auðvitað áhuga þingmanna Vestf. fyrir því að það sé gætt fyllsta öryggis á hinum erfiðu fjallvegum sem eru þar vestra. En vegna orða hv. þm. er samt óhjákvæmilegt að vekja athygli á því að það er auðvitað allt annað þó veður frá þessari veðurathugunarstöð á Þverfjalli berist ekki yfir sumarmánuðina eða fram á haustið heldur en yfir myrkasta tíma ársins þegar allra veðra er von.

Ég ítreka það sem ég sagði áðan að Vegagerðin tók

upp viðræður strax í septembermánuði um að textavarpið yrði á nýjan leik tekið upp í sjónvarpinu. Og ég held að það sé líka alveg nauðsynlegt að taka það fram að þessi þáttur í rekstri textavarpsins nýtur mikilla vinsælda, er mikið notaður, sem sýnir þá miklu þörf á að styrkja þessa starfsemi. Auðvitað stendur vilji Vegagerðarinnar til þess að gera það. Auðvitað er það svo að flugmenn geta fengið upplýsingar um veður og annað því líkt hjá Veðurstofunni hvað sem textavarpinu líður og þó sjónvarpið sé ekki alltaf til staðar.

Hins vegar, eins og ég sagði, þá mun ég hafa sambandi við flugfélagið Erni og spyrjast fyrir um það hvort eitthvað sé í ólagi sem auðveldlega mætti lagfæra, einhver tregða í kerfinu, sem kemur í veg fyrir að það fái nægilegar upplýsingar um veðurskilyrði og annað.

Greiðslur atvinnuleysisbóta til sjálfstætt starfandi einstaklinga.

Fsp. FI, 215. mál. — Þskj. 243.

[17:24]

Fyrirspyrjandi (Finnur Ingólfsson):

Virðulegi forseti. Ég hef á þskj. 243 lagt fram fyrirspurn til hæstv. félmrh. um greiðslur atvinnuleysisbóta til sjálfstætt starfandi einstaklinga.

Hinn 1. jan. 1991 var, þegar upp var tekið tryggingagjald, sjálfstætt starfandi einstaklingum skapaður viss réttur í Atvinnuleysistryggingasjóði með því að ákveðinn hluti af tryggingagjaldi var greiddur þangað. Í framhaldi af þessari ákvörðun Alþingis var skipaður vinnuhópur sem hafði það hlutverk að finna leið til þess að skapa þessum hópum, þ.e. sjálfstætt starfandi einstaklingum, rétt til atvinnuleysisbóta. Þessi vinnuhópur skilaði tillögum og í framhaldi af þeim tillögum var gerð sú lagabreyting á Alþingi, sem tók gildi 30. júní 1993, að sjálfstætt starfandi einstaklingum var skapaður réttur í Atvinnuleysistryggingasjóði. En því miður þrátt fyrir góðan vilja þá var það svo að það voru þrír hópar sem ekki náðu rétti sínum með þeim lagabreytingum. Það voru í fyrsta lagi trillusjómenn, í öðru lagi vörubifreiðastjórar og í þriðja lagi bændur.

Á síðasta þingi lögðum við þrír þingmenn Framsóknarflokksins fram frv. til laga um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 93/1993, með síðari breytingum. Það frv. fékkst ekki útrætt á hinu háa Alþingi. Páv. hæstv. félmrh., núv. hv. þm., Jóhanna Sigurðardóttir, lofaði því í þeirri umræðu að það skyldi tekið á vandamálum þessara stétta með sérstakri reglugerð, sem páv. hæstv. félmrh. ætlaði að gefa út, til þess að skapa þessum áðurnefndu hópum rétt. Sú reglugerð var gefin út í maí og er nr. 304/1994. Í 9. gr. þeirrar reglugerðar er gert ráð fyrir því að stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs skuli semja viðmiðunarreglur um framkvæmd 4.–7. gr. þessarar reglugerðar sem síðan skuli hljóta staðfestingu félmrh.

Því spyr ég hæstv. félmrh. „Hvað líður gerð þeirra viðmiðunarreglna, sbr. 9. gr. reglugerðar nr. 304/1994, sem félagsmálaráðherra ætlaði að setja að fengnum tillögum stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs um skilyrði þess að sjálfstætt starfandi einstaklingar fái atvinnuleysisbætur?“

[17:27]

Félagsmálaráðherra (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Hinn 18. nóv. sl. voru þessar viðmiðunarreglur gefnar út. Það er skv. 9. gr. reglugerðar nr. 304/1994 sem stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs skal semja viðmiðunarreglur um framkvæmd 4.–7. gr. reglugerðarinnar sem staðfestar skulu af ráðherra.

Í samræmi við ákvæðið voru slíkar reglur samþykktar af stjórn Atvinnuleysistryggignasjóðs 3. okt. sl. og staðfestar af félamrh. 18. nóv. sl. Reglurnar munu birtast í B-deild Stjórnartíðinda.

Eftirfarandi nýmæli eru í reglunum: Leiðbeiningar um hvað sé að mati stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs fullnægjandi trygging fyrir því að sjálfstætt starfandi hafi hætt starfsemi. Samkvæmt reglunum telst það m.a. fullnægjandi trygging að þeir sem hafa notað vélknúin ökutæki í atvinnurekstri hafi lagt inn númer þeirra eða afskráð þau hjá Bifreiðaskoðun Íslands og að þeir sem hafa notað skip og báta í atvinnurekstri hafi lagt inn haffæriskírteini eða skoðunarvottorð hjá Siglingamálastofnun ríkisins.

Viðmiðunarreglu um bótarétt manns sem hefur haldið áfram persónubundnu starfi við sjálfstæðan atvinnurekstur eftir að hafa byrjað í launavinnu og sækir um atvinnuleysisbætur eftir að hafa misst launavinnuna samkvæmt reglunum skal miða við að hann geti átt bótarétt ef hreinar tekjur af atvinnurekstrinum og reiknuð laun fyrir þann aðila sem hefur starfað að fullu við reksturinn nema lægri fjárhæð en atvinnuleysisbætur.

Sú regla er sett að leggja skuli fram vottorð skattstofu um heildarveltu næstliðinna þriggja reikningsára þegar maður hefur afhent nákomnum rekstur, sækir um bætur en samkvæmt 3. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar getur slíkur aðili átt bótarétt ef hann hefur afhent öðrum nákomnum en maka reksturinn og sýnt þykir að reksturinn þegar afhendingin átti sér stað framfleytti aðeins þeim sem tóku við rekstrinum. Skal í því sambandi miða við að dregið hafi úr veltu á hvoru undangenginna tveggja reikningsára er nemi samtals að lágmarki 40% yfir tímabilið.

Sú regla er sett varðandi heimild til að hefja rekstur að nýju innan tólf mánaða án þess að sæta viðurlögum skv. 8. gr. reglugerðarinnar að viðkomandi skuli undirrita yfirlýsingu um að hann telji að rekstrargrundvöllur sé fyrir atvinnustarfsemi sinni og hann skuli leggja fram verkefnaáætlun sem nái yfir a.m.k. þrjá mánuði.

[17:30]

Fyrirspyrjandi (Finnur Ingólfsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. fyrir svarið. Ég sé það á svarinu að það verða ekki erfiðleikar fyrir stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs að framfylgja þessum reglum. Þær sýnist mér vera mjög einfaldar í framkvæmd og eiga ekki að vefjast fyrir mönnum. Þó læðist að mér sá grunur að jafnvel geti þetta

verið orðað með þeim hætti að það eigi alls ekki því miður, hæstv. félmrh., hreint og beint að fara inn á þá braut að styðja við bakið á þessum hópum. Því að efnislega, ef ég hef skilið ræðu hæstv. félmrh. rétt, þá er allt það sem þarna er sett sem skilyrði fyrir úthlutun í því lagafrv. er við þrír þingmenn Framsfl. lögðum fram á Alþingi fyrir ári síðan, almennu skilyrðin fyrir því, bæði fyrir trillusjómennina og vörubifreiðastjórana, hvaða skilyrði þyrftu að vera uppfyllt. Maður hlýtur því að spyrja sig þeirra spurninga þegar nú er svarað og hæstv. félmrh. hefur staðfest reglugerðina sl. föstudag, síðast í morgun þegar ég hafði samband við stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs höfðu viðmiðunarreglurnar ekki borist þangað, maður hlýtur að spyrja sig: Af hverju allar þessar málalengingar og þessi flókna framkvæmd þegar liggur fyrir hinu háa Alþingi frv. sem lögfestir þessar reglur, sem er nákvæmlega eins og þær viðmiðunarreglur sem félmrh. hefur nú staðfest en það hefur orðið töf á rétti þeirra sem við þetta eiga að búa og eru búnir að greiða sinn skatt inn í Atvinnuleysistryggingasjóð síðan tryggingagjaldið var tekið upp?

[17:32]

Félagsmálaráðherra (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Það er vissulega rétt að þessar reglur hafa legið fyrir síðan 3. okt. og ég fullyrði að það er góður vilji til þess að koma til móts við þá hópa sem þingmaðurinn hefur sérstaklega gert að umtalsefni. Það að ég skuli hafa reynt að rekja það í stuttu máli í svari mínu hvað felst í reglunum er auðvitað mun erfiðara að setja fram en ef ég hefði haft tækifæri og tíma til að lesa viðmiðunarreglurnar eins og þær liggja fyrir og að sjálfsögðu mun ég afhenda fyrirspyrjanda þær. En það er búið að vinna vel að þessu máli, skoða það hvernig hægt er að koma til móts við þessa hópa og ég held að það sem mjög viðunandi hvernig þetta mál hefur verið leyst.

Styrkur til markaðsátaks í EES-löndunum.

Fsp. FI, 185. mál. — Þskj. 207.

[17:33]

Fyrirspyrjandi (Finnur Ingólfsson):

Virðulegi forseti. Ég hef lagt fram fsp. á þskj. 207 til utanrrh. um styrk til íslenskra fyrirtækja til markaðsátaks í EES-löndunum. Í fjárlögum ársins 1994 er gert ráð fyrir því að 50 millj. kr. skuli varið til markaðsátaks í EES-löndunum og um úthlutun þeirra fjármuna skuli farið samkvæmt ríkisstjórnarákvörðun enda er þessi fjárlagaliður undir fjárlagaliðnum 09.990 sem eru ríkisstjórnarákvarðanir. Það ber auðvitað að fagna því að slíkan styrk skuli eiga að veita til íslenskra fyrirtækja til að markaðssetja sína vöru á þessu stóra markaðssvæði.

Samkvæmt fréttum hefur verið ágreiningur um það með hvaða hætti þessi úthlutun skuli fara fram og hverjir skulu fá þessa styrki. Meðal annars hefur það heyrst að hluti af styrkupphæðinni, þessum 50 millj. kr., hafi átt að ráðstafa til menningarfulltrúa eða sendiráðsins í London til að standa undir kostnaði við listahátíð sem þar var haldin. Því hef ég lagt fram fyrirspurn til utanrrh. og ekki kannski einvörðungu af því heldur einnig að íslensk fyrirtæki sem búast við þessum styrk eru orðin langeygð eftir því hvort styrknum verði ekki úthlutað eða þessari upphæð verði úthlutað. Því hef ég lagt fram fyrirspurn til hæstv. utanrrh. sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„1. Hvenær má vænta að búið verði að úthluta þeim 50 millj. kr. sem Alþingi samþykkti á síðasta þingi að veita íslenskum fyrirtækjum til markaðsátaks í EES-löndunum?

2. Verður ekki allri upphæðinni, þessum 50 millj. kr., varið til íslenskra fyrirtækja?"

Nú hef ég, virðulegur forseti, einnig þær fréttir að eftir að þessi fyrirspurn kom fram hafi úthlutun á þessum 50 millj. kr. átt sér stað og því ber auðvitað að fagna. En því miður, það sá ég ekki fyrir þegar ég lagði fyrirspurnina fram, hef ég fengið þær óstaðfestu fréttir einnig og það er leitt að þurfa að tala í þessum stíl, að þessum 50 millj. kr. öllum hafi ekki verið úthlutað heldur hafi 2 millj. kr. verið skildar eftir og vil því bæta við spurningu til hæstv. utanrrh.: Stendur ekki til að úthluta þessum 2 millj., ef svo er að þær séu til í sjóði enn, til íslenskra fyrirtækja?

[17:37]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Hv. þm. spyr hvort búið sé að úthluta 50 millj. sem Alþingi samþykkti að veita íslenskum fyrirtækjum til markaðsátaks í EES-löndum. Svarið er jú. Það er búið að úthluta þessu fé til 42 aðila, þ.e. 48 af þessum 50 millj. og það var gert þann 4. nóv. sl. og eru bréf með þeirri afgreiðslu farin til viðkomandi aðila.

Hv. þm. spyr hvort upphæðin hafi ekki verið varið til íslenskra fyrirtækja og svarið við því er að samkvæmt úthlutunarreglunum er þessu varið samkvæmt umsóknum til fyrirtækja, einstaklinga og stofnana.

Það er rétt að gera grein fyrir því að úthlutunin er í höndum nefndar fjögurra ráðuneyta auk þess sem framkvæmdastjóri Útflutningsráðs starfar með nefndinni. Tillögur nefndarinnar voru alveg ágreiningslausar. Hins vegar kom upp ágreiningur um það atriði sem hv. þm. nefndi í ríkisstjórn. Úthlutunin skiptist þannig:

Fiskvinnsla, 9 fyrirtæki. Styrkupphæð 11,5 millj.

Iðnaður, 12 fyrirtæki. Styrkupphæð 12,8 millj.

Hugbúnaður, 10 fyrirtæki. Styrkupphæð 9 millj. 940 þús.

Rafeindaiðnaður, 6 fyrirtæki. Styrkupphæð 6 millj.

Landbúnaður, 4 fyrirtæki. Styrkupphæð 3 millj. 875 þús.

Ferðaþjónusta, 2 fyrirtæki. Styrkupphæð 1,5 millj.

Annað nemur 3 millj. kr.

Af því að hv. þm. spurði um þann ágreining sem upp kom innan ríkisstjórnar þá er frá því að segja að þar var ekki fallist á þá úthlutun nefndarinnar sem varðaði 2 millj. kr. og varðaði sýningu og markaðsátak sem var í tengslum við þjóðhátíðarstarfsemina. Á

bak við það er þetta að segja: Í tilefni af lýðveldisafmælinu var varið nokkurri upphæðum af ráðstöfunarfé ríkisstjórnar til sendiráða í nokkrum þjóðlöndum. Hugsunin á bak við það var sú að nýta þá athygli sem Ísland naut á þeim tíma og fylgja því eftir með markaðsátaki. Að því er varðar þessar aðgerðir í London snerust þær m.a. um sýningu á íslenskum matvælum, fatnaði og listaverkum sem og sérstakri ferðakynningu sem beint var eingöngu að vetrarferðum. Á þessari sýningu var m.a. kynnt íslensk fatahönnun. Því næst má nefna þátttöku íslenskra fyrirtækja við að kynna íslensk matvæli, sérstaklega fiskmeti og fiskvörur fyrir breska hótelmarkaðinn. Í framhaldi af því hafa átt sér stað samningaviðræður milli íslenskra aðila og þriggja aðila sem sérstaklega sóttu þessa sýningu. Auk þess má nefna þá áherslu sem lögð var á útflutning á drykkjarvörum og þá sérstaklega íslensku vatni og öli.

Það var talið í ríkisstjórn að þessi umsóknaraðili uppfyllti ekki skilyrði vegna þess að þessi starfsemi hefði verið afstaðin þegar úthlutun fór fram. Sannleikurinn er sá að þessi kynning, sem var hvort tveggja í senn vörukynning, markaðsátak og listahátíð, stendur yfir undir merkinu Northen Light Years allt þetta ár. Að mínu mati var um að ræða átak sem féll undir úthlutunarreglurnar um sérstakt markaðsátak, en það er sérstaklega tekið fram í úthlutunarreglunum að þar sé ekki um að ræða stuðning við vöruþróun, laun starfsmanna eða fjárfestingu í tækjabúnaði heldur eingöngu eins og þar er sagt, um markaðssetningu sem líklegt er að verði til þess að kynna eða leiða til sölu á nýjungum í íslensku atvinnulífi í framhaldi af EES-samningunum.

Nefndin hefur sem sé lokið afgreiðslu á 48 millj. Að venju eins og gert var í fyrra verður það að sjálfsögðu allt saman birt en henni hefur verið falið að ljúka þessari úthlutun og hvort það er afstaða á þessari stundu er mér ekki fullkunnugt um.

[17:42]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég tel að það sé óeðlilegt að vista þessa fjármuni með þeim hætti sem gert er í fjárlögum 1994 og 1993. Ég tel að þessir fjármunir eigi að vera á vegum einhvers fagaðila eins og hugsanlega Útflutningsráðs sem hafi með málið að gera en eigi ekki að vera í höndunum á forsrn. eins og það er í fjárlögum ársins 1994.

Ég tel líka að það skorti á að menn fylgi faglegum leiðbeiningum og reglum við úthlutun á þessum peningum, hvorki meira né minna en 50 millj. kr. Og núverandi aðferðir bjóði heim klíkuskap og jafnvel spillingu og ég skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir því á árinu 1995 verði fjármunir í þessu skyni ekki á þessum stað heldur annars staðar í fjárlögum þessa árs.

[17:43]

Fyrirspyrjandi (Finnur Ingólfsson):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. utanrrh. fyrir svarið. Það er í sjálfu sér fagnaðarefni að úthlutun skuli hafa farið fram á þessum fjármunum og má kannski segja að úthlutunin hafi farið fram fyrir nokkuð löngu síðan, en ágreiningurinn hafi staðið um það hvert þetta ætti nákvæmlega að fara og það dróst úr hömlu að fyrirtækin fengju tilkynningu um að þau hefðu fengið styrk. Það er gleðilegt að það er nú orðið klárt og sérstaklega er ég ánægður með ef svo hefur farið að þessi fyrirspurn hafi ýtt við mönnum í þeim efnum.

En eftir stendur að það eru 2 milljónir króna sem menn hafa ekki treyst sér til að úthluta þrátt fyrir ef ég skil hæstv. utanrrh. rétt að nefndin sem átti að sjá um framkvæmdina hafi verið búin að ná samkomulagi um þessar 2 millj. en ágreiningurinn er í ríkisstjórninni um hvert þessum 2 millj. kr. skuli varið. Það stendur eftir. Ég ætla ekki að leggja mat á það með hvaða hætti sé skynsamlegast að ráðstafa þessari upphæð. Aftur á móti held ég að það sé ekki nokkur vafi að tilgangurinn með þessum fjármunum sem Alþingi samþykkti var ekki sá að veita þeim að hluta til í sendiráðin og þá opinberu starfsemi sem þar fer fram. Þessir fjármunir voru ætlaðar íslenskum fyrirtækjum til þess að þau gætu farið í markaðsátak á þessu svæði en ég viðurkenni það að aðstoð sendiráða getur auðvitað verið mjög mikilvæg í þessu efni og kann að vera að þetta þurfi að greiða. En þetta er reyndar eins og annað sem þessi ríkisstjórn er með. Það er ekki samkomulag um þessar 2 milljónir frekar en þessa 2 milljarða í heilbrigðismálunum sem út af standa.

[17:45]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Það er rétt sem kom fram í máli fyrirspyrjanda að nefndin skilaði einróma tillögum til ríkisstjórnar og ágreiningur varð hins vegar um þetta eina atriði.

Í annan stað vegna athugasemda hv. þm. Svavars Gestssonar hvort þetta eru fagleg vinnubrögð eða ekki þá er ég ekki sammála honum um að svo sé ekki. Fulltrúar fjögurra ráðuneyta, þ.e. utanríkis-, sjávarútvegs-, iðnaðar- og viðskipta-, samgöngu- og landbúnaðarráðuneytis eiga sæti í úthlutunarnefndinni sem og framkvæmdastjóri Útflutningsráðs. Nefndin hefur sett sér mjög rækilegar starfsreglur og tekið það fram skýrt og skilmerkilega að um sé að ræða að greiða allt að 50% af áætluðum kostnaði vegna beinna markaðsaðgerða, þ.e. skilgreindra markaðsrannsókna, gerð kynningargagna, heimsóknir á markaði í tengslum við markaðsátak, sýningarþátttöku, auglýsinga og fyrirgreiðslna við sölusamninga. En ekki til þess að greiða launakostnað, fjárfestingu í aðföngum, vélum og tækjum. Sér í lagi er lögð áhersla á líkur á markaðslegum árangri erlendis. Sömu mennirnir sem hafa farið faglega yfir allar umsóknir, þ.e. þeir Sveinn Þorgrímsson verkfræðingur fyrir hönd iðn.- og viðskrn. og Vilhjálmur Guðmundsson, deildarstjóri sérverkefnadeildar hjá Útflutningsráði Íslands.

Í þessu tilviki voru alls 42 aðilar eins og ég sagði sem úthlutað hefur verið til en fjöldi umsækjenda var auðvitað allmiklu meiri og sömuleiðis sú upphæð sem alls var sótt um. Ég hygg því að sú meginhersla á markaðsátakið og þær starfsreglur sem hafa verið lagðar hafi verið eðlilegar. Að því er varðar hvort eðlilegt

hafi verið að veita þessa fjármuni til stofnana eins og sendiráðs skal ég fúslega viðurkenna að það kann að vera álitamál. Í starfsreglunum segir fyrirtæki, einstaklingar, stofnanir. Hér var um að ræða markaðsátak sem fjöldi íslenskra fyrirtækja átti beina aðild að og styrkti með fjárframlögum svo ekki var óeðlilegt að sú fyrirgreiðsla sem þeim var látin í té, og ég er ekki í nokkrum vafa um að muni skila árangri, væri einnig styrkt því hún féll undir regluna.

[17:48]

María E. Ingvadóttir:

Virðulegi forseti. Varðandi athugasemd hv. þm. Svavars Gestssonar er rétt hjá honum að það er umhugsunarvirði hvar á að staðsetja styrkveitingar sem hér um ræðir. Ég hugsa að það hafi bæði jákvæðar og neikvæðar hliðar að hafa þær t.d. hjá Útflutningsráði. Jákvæðu hliðarnar eru þær að þar er faglega fjallað um umsóknir og það er reyndar gert í því formi sem það er í í dag vegna þess að eins og fram kom hjá hæstv. ráðherra þá á Útflutningsráð stóran hlut í því hvernig tekið er á þeim umsóknum sem berast út af þessum styrk. Reglurnar eru mjög strangar og umsóknirnar eru skoðaðar mjög vel og eru vissulega metnar í samræmi við hinar ströngu reglur.

Ég held að neikvæða hliðin á því að hafa þessar styrkveitingar hjá Útflutningsráði sé sú að auðveldara getur verið að skýla sér á bak við ríkisstjórnina. Það er hún sem hefur endanlega valdið og kannski væri enn þá meiri hætta á klíkuskap og öðru eins og þingmaðurinn kom inn á.

En í lokin vil ég aðeins vekja athygli á þeim fjölda umsagna sem koma þegar svona styrkir eru annars vegar og það sýnir bara þá miklu þörf sem er vissulega í atvinnulífinu fyrir styrki eins og þá sem hér um ræðir.

Hækkun skattleysismarka.

Fsp. IBA, 195. mál. — Þskj. 219.

[17:50]

Fyrirspyrjandi (Ingi Björn Albertsson):

Hæstv. forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 219 að leggja fram svohljóðandi fsp. í tveimur liðum til hæstv. fjmrh.:

„1. Hvert yrði tekjutap ríkissjóðs ef skattleysismörk fólks, 67 ára og eldra, yrðu hækkuð í 70.000 kr. á mánuði?

2. Er ráðherra tilbúinn að beita sér fyrir slíkri breytingu?“

Menn muna að áður en staðgreiðslukerfið var tekið upp var síðasta starfsár þessa fólks skattfrítt og ég tel að það hafi verið mjög gott mál. Menn bentu reyndar á þegar staðgreiðslukerfið var til umræðu að það mætti hugsanlega halda því til streitu en menn töldu annmarka á því af tæknilegum ástæðum sem ég er reyndar ekki sammála. Hins vegar tel ég að við eigum að sýna þessu fólki það þakklæti sem það á skilið fyrir framlag þeirra til þjóðarinnar með einhverjum hætti. Hvort þetta er endilega rétti mátinn skal ég ekki um segja. Það er kannski ástæðan fyrir fyrirspurninni að ég vil komast að raun um það hvort við höfum efni á að fara slíka leið eða ekki.

Menn þekkja auðvitað stöðu gamla fólksins. Það hefur engar atvinnutekjur og það hefur aukin útgjöld og má þar benda sérstaklega á lyfjakostnaðinn. Það er alveg ljóst að kjör þessa fólks í dag eru óviðunandi fyrir velferðarþjóðfélag eins og íslenska þjóðfélagið vill gjarnan kalla sig.

Þess vegna hef ég leyft mér að leggja þessa fsp. fram. Í fyrsta lagi hvort ráðherra sé tilbúinn að beita sér fyrir slíku og í öðru lagi hvort við höfum ráð á því.

[17:52]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Varðandi fyrri lið fsp. skal tekið fram að samkvæmt skattframtali fyrir 1993 var heildarfjöldi framteljenda tæplega 190.000. Þar af voru 36% framteljendanna með tekjur undir skattleysismörkum. Tekjustofn þeirra allra var um 229 milljarðar króna. Framteljendur 67 ára og eldri voru tæplega 26.000 talsins sem er tæp 14% allra framteljenda. Af þessum fjölda voru um 40% neðan skattleysismarka. Skattskyldar tekjur þeirra voru um 24,5 milljarðar kr. eða tæp 11% allra skattskyldra tekna. Áætlað er að tekjuskattur og útsvar manna 67 ára og eldri séu rúmir 3 milljarðar kr. miðað við þau skattleysismörk sem voru í gildi við álagningu 1994 en það eru 57.477 kr. á mánuði. Með hækkun skattleysismarka í 70 þús. kr. á mánuði er áætlað að álagðir skattar mundu verða tæplega 2,1 milljarður kr. eða 900–1.000 millj. lægri en nú er. Það er kostnaðurinn.

Varðandi annan liðinn skal tekið fram að tekjuskattar eru lagðir á samkvæmt tiltölulega einföldu kerfi sem þróast hefur í núverandi horf í samræmi við þróun í þessum efnum á Vesturlöndum og reyndar höfum við í sumum tilvikum verið á undan þeirri þróun. Megineinkenni þessarar þróunar er víðtækt tekjuhugtak, fáar undantekningar og frádrættir og tiltölulega einfaldar skattareglur.

Auk þess að afla ríkissjóði tekna er viðurkennt hlutverk tekjuskattskerfisins að stuðla að tekjujöfnun. Er það gert með því að skattlagning er ákveðin með tilliti til greiðslugetu. Hér á landi er það gert með tvennum hætti. Að hluta til kemur það fram í því að litið er á tekjur sem mælikvarða á greiðslugetu, hlutfallslegur skattur og almennur persónuafsláttur veldur því að lægstu tekjur eru skattfrjálsar en skattbyrði fer vaxandi ofan skattleysismarkanna. Að öðru leyti er þessum sjónarmiðum mætt með því að koma til móts við hópa með sérstaka greiðslubyrði vegna barnaframfæris og húsnæðisöflunar, svo tekið sé dæmi.

Sérstök hækkun skattleysismarka fyrir tiltekna aldurshópa hlýtur þess vegna að brjóta í bága við þessi meginsjónarmið. Sérstök hækkun skattleysismarka fyrir 67 ára og eldri í 70 þús. kr. á mánuði hefði í för með sér rúmlega 7.000 kr. hækkun tekna eftir skatt hjá þeim sem hafa tekjur yfir 70 þús. en engin áhrif á þá sem eru með tekjur undir 57.500 kr. en þeir eru um

40% allra í þessum aldursflokki. Til þess að lýsa þessu enn betur hefði þetta sömu áhrif og það að greiða þeim sem eru með yfir 70 þús. kr. í tekjur sérstakan ellilífeyri að fjárhæð 9.000 kr. á mánuði sem færi lækkandi með lægri tekjum og félli alveg niður ef tekjur væru lægri en 57.500 kr. á mánuði. Slík breyting er að sjálfsögðu andstæð öllum tekjujöfnunar- og framfærslusjónarmiðum.

Það er m.a. af þessum ástæðum sem ég er ekki tilbúinn að beita mér fyrir eða styðja slíkar breytingar að öðru óbreyttu. Ég tel þetta því ekki vera réttu leiðina til að koma til móts við þá sem verst eru settir í þessum aldurshópi. Ég skil þó fsp. hv. þm. þannig að hann sé að benda á að leita þurfi leiða til þess að koma til móts við þá sem eru tekjulægstir og verst settir í hópi aldraða. Það er vissulega athugunarefni og hefur m.a. verið kannað upp á síðkastið í tengslum við umræðu um svokallaða tvísköttun lífeyrisgreiðslna og jafnframt vegna svokallaðra eingreiðslna sem hafa verið hluti af kjarasamningum.

Því miður get ég ekki lýst því nákvæmlega hvernig ég gæti hugsað mér að koma til móts við þennan hóp sérstaklega en eins og ég sagði fyrr í mínu svari þá tel ég þessa aðferð ekki til bóta.

[17:57]

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Þegar hæstv. fjmrh. reiknar út að slík breyting sem hv. 5. þm. Reykv. spyr um varðandi hækkun skattleysismarka fyrir 67 ára og eldri sé um 1 milljarð kr. í viðbótarútgjöldum fyrir ríkissjóð þá er það beinn útgjaldaauki af aðgerðinni sem slíkri, ef ég hef skilið hæstv. fjmrh. rétt. (**Fjmrh.:** Það eru minni tekjur.) Það er hárrétt, hæstv. fjmrh., það eru minni tekjur en þegar slíkir útreikningar eru gerðir þá er það grundvallaratriði að menn reikni út hvaða áhrif slíkt hafi til hugsanlegs sparnaðar í almannatryggingakerfinu þar sem slíkt getur haft talsverð áhrif þar. Það skiptir höfuðmáli hvaða tekjuviðmiðun menn munu síðan setja upp í almannatryggingakerfinu þegar þessum hópi sem nýtur þar bóta hefur sérstaklega verið lyft í skattleysismörkum.

Ég tek að mörgu leyti undir það með hv. fyrirspyrjanda að ef menn hafa mismunandi upphæð persónuafsláttar eftir aldurshópum þá getur slíkt virkað til tekjujöfnunar í samfélaginu. Menn gætu beitt persónuafslættinum til tekjujöfnunar.

[17:58]

Fyrirspyrjandi (Ingi Björn Albertsson):

Hæstv. forseti. Ég vil fyrst segja vegna þess að hér var vitnað til að á Vesturlöndum væru fyrirmyndirnar til staðar og kannski ekki síður í ljósi þess að ég hef líka lagt fram fyrirspurn um mismunandi þrep í tekjuskatti, þá var ég að koma fyrir nokkrum klukkutímum frá fyrirheitna landinu, Bandaríkjunum, og þar er tekjuskattskerfið í þremur þrepum. Það hefur verið algjört tabú að ræða um slíka hluti hér vegna þess að það væri svo flókið og erfitt í framkvæmd. Ég vildi láta þetta koma fram að meira að segja þar er þetta þannig.

Ég vil benda á, af því að hér er talað um tekjujöfnun, að það er vafasamt að tala um þetta sem slíkt og leggja það til jafns við aðra launþega vegna þess að gamla fólkið hefur enga möguleika á því að afla sér neinna tekna. Það labbar ekki í vinnu nokkurs staðar úti í bæ og nær sér í aukatekjur til þess að glíma við sín vandamál. Þess vegna verð ég að taka undir það sem mér fannst skína í gegn í máli hæstv. ráðherra, að hann var tilbúinn til að leita leiða til þess að létta byrðarnar af þessum hópi fólks. Það er ánægjuefni þó ég taki ekki undir það að afnám tvísköttunar á lífeyrisgreiðslur sé liður í því. Það er einfalt réttlætismál að laga það. Það er bara rangur hlutur sem er inni í okkar skattkerfi þegar um margsköttun er að ræða. Þannig að ég fagna því að ráðherrann sé tilbúinn að beita sér fyrir því og skoða hvort aðrar leiðir eru til staðar. Hins vegar finnst mér þessari upphæð sem ráðherrann nefndi hér áðan, 900 millj. kr., vel varið til þessa hóps fólks. Mér finnst að þetta fólk eigi það skilið af okkur hér að við beinum slíkum fjármunum í þá átt. Og úr því að upphæðin er ekki meiri en þessi og úr því að við erum enn þann dag í dag að eyða hátt í 2 milljörðum kr. í ferðakostnað, risnu, dagpeninga og annað slíkt, þá segi ég alveg hiklaust: Við höfum efni á því. Þetta er bara að spurningin um það hvernig við ætlum að nota fé þjóðarinnar, hvernig við ætlum að deila því út. Ef menn ætla að stilla þessu upp hvort á móti öðru, ferðapeningum, dagpeningum, risnu og öðru slíku á móti því að sýna þessu fólki það þakklæti sem það á skilið af okkar hendi, þá segi ég hiklaust: Skerum þann lið niður. Við erum enn þann dag í dag að borga mökum, t.d. ráðherra, peninga fyrir að dinglast með til útlanda. Ég skil ekki svona. Ég var að koma úr ferð núna og það situr eftir í vasa manns peningar. Þetta á ekki að vera tekjuöflun fyrir þingmenn eða aðra sem eru að ferðast á dagpeningum. Þetta kerfi má skera upp og þessum peningum má vísa í þennan farveg.

[18:01]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég þakka þær umræður sem hér hafa orðið. Ég vil fyrst taka það fram að ég get alveg tekið undir það að fullorðið fólk eigi skilið að fá 900 millj. eða einn milljarð og sjálfsagt mætti tala þannig um hina og þessa hópa. Það vill svo til að við rekum ríkissjóð samt með dynjandi halla upp á marga milljarða og það kemur auðvitað einhvern tíma að því að menn þurfa að borga þessa peninga til baka. Og ef við erum ekki tilbúin til að gera það nú, þá erum við að setja þennan skatt á framtíðina, á þá sem þurfa að borga hann þá.

Þegar rætt er um 2 milljarða í ferðakostnað og aksturskostnað og nefna síðan ráðherrafrúr í sama orðinu, verða menn að hafa það í huga að það er verið að tala um allan aksturskostnað ríkisins jafnt fyrir vegamál og öll fyrirtæki, sem er bara hreinn kostnaður fyrirtækjanna. Þannig að menn mega ekki taka þessa tölu eins og þetta sé einhver bruðltala í ferðum til útlanda á vegum þingmanna og ráðherra. Ég nefni það sérstaklega. Ég nefni það líka að dagpeningar voru lækkaðir fyrir ráðherra og ég held þingmenn á sínum tíma og aðstoðarráðherra eða aðstoðarmenn ráðherra o.fl. Ég ætla að halda því til haga.

Ef við lítum á íslenska skattkerfið kemur í ljós að það eru einkenni á því sem er ástæða til þess að minnast á. Það er í fyrsta lagi að skattleysismörkin eru mjög há, tiltölulega há, en aftur á móti er hlutfallið einnig mjög hátt. Það sem er þess vegna það versta í skattkerfinu er að jaðaráhrifin eru mjög alvarleg, þ.e. menn tapa bótarétti mjög fljótt, hvort sem það er fullorðið fólk eða ungt fólk. Þetta er, held ég, það sem menn ættu kannski að einhenda sér í ef þeir vilja breyta skattalögunum. Mest um vert þó er að ná til þeirra sem þurfa mest á því að halda. Það er fólk sem er undir skattleysismörkunum og það var þess vegna, og um það erum við, ég og hv. þm., sammála, að við fórum í það á sínum tíma að lækka virðisaukaskatt af matvælum því að þetta fólk sem hefur svo lágar tekjur, eins og það fólk sem er undir skattleysismörkunum, ver miklu stærri hluta tekna sinna til kaupa á matvælum.

Staðgreiðsla af launum blaðsölubarna.

Fsp. GHelg, 196. mál. — Þskj. 220.

[18:04]

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir):

Hæstv. forseti. Fyrirspurn sú sem frammi liggur á þskj. 220, um staðgreiðslu af launum blaðsölubarna, var lögð fram áður en umræður fóru fram utan dagskrár fyrir skömmu um málið. Hún er þó í fullu gildi þó að réttur hæstv. ráðherra til að hefja töku staðgreiðslunnar sé óumdeildur. Satt að segja taldi ég víst að um undanþágu frá þessari skatttöku giltu reglur sem settar hefðu verið af til þess bærum aðilum, en í umræðunni kom fram að svo var ekki heldur hefði verið um einhvers konar munnleg fyrirmæli að ræða. Það er augljóst að óæskilegt er í hæsta máta að slíkar undanþágur séu geðþóttaákvörðun ráðherra, hvort sem um er að ræða blaðsölubörn eða aðra.

Hitt er svo annað að hverjum manni hlýtur að renna það til rifja að þeir aurar sem blaðsölubörn ná sér í með því bera út blöð á óguðlegum tíma sólarhringsins séu skattlagðir meðan stórfjármagnseigendur komast undan því að taka þátt í að reka samfélagið og svört atvinnustarfsemi er viðurkennd sem sjálfsbjargarviðleitni manna sem ekki fá greidd laun sem hægt er að lifa af. En það getur verið erfitt að tileinka sér réttlætiskennd í samfélagi sem byggist á óréttlæti og því ekki að undra þó að hæstv. ráðherrar ruglist í ríminu eins og aðrir.

Fram hefur komið að 11 milljarðar kr. skili sér ekki til samfélagsins. Það má því skoða fyrirspurnir mínar sem kerskni, svo fáránleg hljóta svörin að verða þegar þau eru borin saman við það sem undan er skotið.

Ég vona að hæstv. fjmrh. taki það ekki illa upp þó að ég inni hann einnig eftir því hvort ekki sé unnið að því að setja reglur um skattgreiðslur barna að þessu gefna tilefni, eins og hann minntist á í umræðu hér um daginn. En fyrirspurn mín hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„1. Hver verður tekjuaukning ríkissjóðs árið 1995 komi til staðgreiðslu af sölulaunum blaðsölubarna?

2. Hversu mikið vega þær tekjur á móti tapi ríkissjóðs vegna niðurfellingar hátekjuskatts sem ákveðin hefur verið?

3. Krefst þessi nýja skattlagning aukins mannafla í skattkerfinu?“

[18:06]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Eins og fram kom reyndar hjá hv. þm. þá er þessi fyrirspurn kannski úrelt núna, þar að auki sem ég held að hún hafi frá upphafi byggst á nokkrum misskilningi sem ég mun nú fjalla um.

Það gerðist á árinu 1988 að það var send kæra af hálfu blaðaútgefanda til umboðsmanns Alþingis sem sendi kæruna áfram til ríkisskattstjóra. Kæran var sú að ekki væri sama framkvæmd á þessum málum í öllum umdæmum landsins. Ríkisskattstjóri svaraði þessu, sendi bréf til viðkomandi aðila og sagði að skattskyldan væri skýr.

Það hefur komið í ljós síðan að framkvæmdin er misjöfn milli skattumdæmanna og við skoðun hér í Reykjavík, venjulega skoðun hjá skattstjóranum í Reykjavík, kom í ljós að stórir fjölmiðlar hafa ekki farið eftir lögunum. Einn hv. þm., fyrrv. ráðherra, hefur haldið því fram að hann hafi gefið fyrirmæli um þetta meðan hann var í ráðuneytinu. Þau fyrirmæli finnast hvergi og enginn kannast við að hafa tekið á móti þeim, hvorki í ráðuneytinu né heldur hjá ríkisskattstjóra, enda væri ólögmætt að gefa út slík fyrirmæli, eins og ég veit að ríkisskattstjóri hefur skýrt út í hv. efh.- og viðskn. Þetta mál snýst ekki um sölubörn. Þetta snýst um umboðsmannakerfi dagblaðanna, dreifingarkerfi. Þar eru auðvitað fleiri á ferðinni heldur en börn því að sumir eru eldri en 16 ára sem hafa af þessu verulegar tekjur og þetta þarf að koma fram.

Það hefur engin ný ákvörðun verið tekin af hálfu ráðuneytisins eða ráðherrans í þessu máli. Þvert á móti hefur þetta mál eingöngu verið á vegum skattkerfisins eins og á að fara með venjuleg skattamál. Það kom fram hjá hv. þm. að það hefði verið ákveðið og það gerði ríkisstjórnin að minni tillögu, að endurskoða skattlagningu á börnum og ungmennum innan 16 ára. Það kann að vera athyglisvert að ég gefi upp tölur í því sambandi því það kemur í ljós samkvæmt álagningu tekjuskatts og útsvars á árinu 1994, að þá var álagning tekjuskatts og útsvars, en tekjuskatturinn er 4% og útsvar 2%, þannig að þetta er ekki eingöngu skattur til ríkisins, á börn innan 16 ára aldurs samtals tæpir 44 millj. kr. Skattur þessi var lagður á rúmlega 10.100 einstaklinga eða að jafnaði tæplega 4.400 kr. á hvern. Þetta svarar til meðaltekna að fjárhæð rúmlega 72 þús. kr. á ári hjá hverjum þeirra.

Eins og þessar tölur gefa til kynna er mikill fjöldi barna og unglinga innan 16 ára inni í skattkerfinu. Þau skila framtölum og staðgreiðsla er dregin af launum þeirra. Hér var því einungis um samræmingu að ræða og ég vona að þetta mál skýrist núna betur heldur en það gerði í umræðum sem urðu um þetta mál hér um daginn, en því miður virðist eins og DV hafi leitt ýmsa

hv. þm. á villigötur í umfjöllun sinni um þetta mál. Það eru sem sé 10.100 einstaklingar sem skila skatti og þarna eru verulegar fjárhæðir á ferðinni. Það er verið að vinna að endurskoðun laganna og það mun vera gert í samráði við efh.- og viðskn.

Vegna þess að það er spurt um hve mikla fjármuni hægt er að fá inn af hátekjuskattinum skal því svarað til að samkvæmt álagningu eru þetta 438 millj. kr., en ég býst við að innheimtan sé í kringum 400 millj., svona um það bil, til þess að gefa einhverja hugmynd um það hversu miklir fjármunir eru á ferðinni. Því miður get ég ekki svarað fsp. hv. þm. um það hve mikið kæmi inn ef farið væri að lögunum eins og meiningin er að fullu, því að það eru ekki til neinar upplýsingar hjá þeim sem ekki hafa skilað inn upplýsingum. Þannig að ég get ekki svarað þeirri fyrirspurn.

Þetta vil ég láta hér fram koma til þess að skýra þetta mál. Aðalatriðið er að lögunum verður breytt og þá þurfa menn auðvitað að gera það upp við sig hvort sú breyting á að ná til allra barna og ungmenna, líka til sendla og þeirra sem vinna í frystihúsum eða hvort menn ætla að láta staðar numið hjá þeim sem bera út eða selja blöð. Þetta verður að sjálfsögðu til meðferðar á næstu dögum.

[18:11]

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Ég ætla að geyma mér að ræða um blaðsölubörnin. Ég á sæti í hv. efh.- og viðskn. þannig að ég fæ tækifæri til þess að gera það þar. En það hefur komið fram að skattstjórum beri að fara að lögum. Þess vegna vil ég inna ráðherrann eftir því, með hvaða hætti ætlar hann að taka á þeim skattstjórum sem ekki hafa farið að lögum. Þetta mál kom upp árið 1988 og í mínum huga er það alveg ljóst að þeir menn sem ekki fara að lögum eru ekki hæfir til að sinna sínum verkefnum. Þannig að ég vil gjarnan heyra frá hæstv. ráðherra hvernig hann hyggst taka á því.

Varðandi stóru fjölmiðlana sem fengu viðvörun 1988, þá vil ég einnig fá að vita: Hvernig á að taka á þeim? Ég get rifjað upp hér hvernig var tekið á íþróttafélögunum og það var engin linkind þar. Þeim bar að gera skil á tveim síðustu árum og það er tekið mjög hart á þeim sem ekki gerðu það. Það er auðvitað krafa manna að það verði gengið jafnt fram hvort sem það eru íþróttafélög, blöð eða einhver önnur fyrirtæki. Þannig að ég óska eftir því að fá það upplýst hvort það verði ekki örugglega gert.

[18:13]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég vil vegna orða hæstv. ráðherra segja það strax að auðvitað er fráleitt að þessum lögum verði breytt öðruvísi heldur en að það verði látið ganga jafnt yfir öll börn hvaða atvinnu sem þau stunda. Það getur ekki gengið að menn ætli að fara að undanþiggja sérstaklega einhverja ákveðna atvinnustarfsemi. Það verður þá að vera af einhverjum öðrum ástæðum heldur en hér hafa verið ræddar.

Mig langar til þess að spyrja hæstv. ráðherra um það hvort einhver annar en ráðherra þessara mála geti borið ábyrgð á því ef lögunum er ekki framfylgt úr því að málið kom upp og var rætt í ráðuneytinu. Og ef einhver annar ber ábyrgð á því þá hlýtur það að vera einhver eða einhverjir embættismenn í kerfinu og þess vegna spyr ég: Hvað hyggst hæstv. ráðherra gera til þess að lögunum verði framfylgt? Og ég tek þar með undir fyrirspurn hv. þm. sem talaði hér á undan.

[18:14]

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir):

Hæstv. forseti. Ég verð nú að játa að ég er dálítið glöð að ég skyldi hafa látið þessa fyrirspurn fram ganga þó að hún væri kannski orðin úrelt eftir þær umræður sem hér fóru fram um daginn. Það vekur óneitanlega athygli mína það sem kom fram í máli hæstv. ráðherra, að 10 þúsund börn á Íslandi undir 16 ára aldri hafi að jafnaði, ef ég skyldi hæstv. ráðherra rétt, 72 þús. kr. á mánuði. (**Gripið fram í:** Nei, á ári.) Á ári, það hlaut að vera. (**Gripið fram í:** 6 þús. á mánuði.) Jæja, sama er um, 72 þús. kr. á ári. Það þýðir að 10 þúsund börn á Íslandi afla á ári 720 milljörðum. Passar það ekki? (**Gripið fram í:** Nei.) 72 þús. sinnum 10 þús. Ég kann ekki að margfalda betur. Ég fæ ekki betur séð en það hljóti að vera svo. (**Fjmrh.:** Nei, nei. Ég skal skýra þetta.) Þá hef ég misskilið alvarlega upplýsingar ráðherra og hann leiðréttir það þá. (**Fjmrh.:** Það er 6% skatturinn sem gefur 44 millj. (**SvG:** Það eru 720 millj. sem þarna er verið að tala um.) Það eru 720 millj. sem þessi börn afla, já, það hlaut að vera. En 720 millj. er engin smáfjárhæð. Maður spyr sjálfan sig hvort það sé tilviljun þessi 10.000 börn, í landinu munu vera um 10.000 börn einstæðra mæðra eða einstæðra foreldra. Ég hlýt nú að setja spurningarmerki við þessa miklu barnavinnu. Það er kannski ekki að furða þó að skólabörn í landinu séu ekki alltaf duglegir nemendur ef börnin eru í meiri og minni vinnu með námi. Hvers konar efnahagur er það hjá íslenskum fjölskyldum ef 10.000 börn í landinu þurfa að afla 720 millj. kr. á ári í vinnutekjur? Er það ekki dálítið skondið að skattgreiðsla þessara barna, sem mér skilst að sé um 44 millj. það er þegar öllu er á botninn hvolft einn tíundi hluti, dálítið stór hluti af hátekjuskatti þeirra sem hann hafa borgað sem er 400 millj. kr. Það eru þá börn undir 16 ára aldri sem greiða tíunda hluta af hátekjuskatti landsmanna. Hvað er hér að ske í efnahag íslensku fjölskyldunnar?

[18:17]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegur forseti. Það skal strax tekið fram að sum börn í skilningi laganna innan 16 ára hafa verulegar tekjur. Ég hugsa nú að margir þeir sem sitja á hinu háa Alþingi geti rifjað það upp að þeir höfðu verulegar tekjur þegar þeir voru yngri en 16 ára, þar á meðal sá sem hér stendur, með því að vera á sjó t.d. Það voru verulegar tekjur sem maður hafði yfir sumarið. Til þess að þetta sé nú alveg skýrt þá er það skatturinn sem er 4.400 kr. á hvern, heildartekjur hins opinbera eru 44 millj. Ég sagði víst milljarðar áðan. Þetta þýðir 72 þús. kr. á ári að meðaltali á þessi 10.100 börn.

Hvað á að gera við skattstjórana? Því er til að svara að ríkisskattstjóri sendi út frá sér leiðbeiningar. Skatt-

stjórarnir fara eftir þeim og þeim ber að fara eftir þeim. Það var einmitt fyrir frumkvæði þeirra og á fundi þeirra sem upp kom að það var misjöfn framkvæmdin á milli umdæmanna. Það finnst úr þegar teknar eru stikkprufur og þess vegna kom málið upp núna í haust þegar teknar voru stikkprufur hjá blöðum sem m.a. eru gefin út í Reykjavík.

Það er rétt hjá hv. þm. að niðurstaðan varð hjá skattinum á sínum tíma varðandi íþróttahreyfinguna að hefja að sjálfsögðu að taka skatt enda er það skylt samkvæmt lögunum. En vegna ómöguleikans að ná aftur í tímann var ákveðið að byrja á ákveðnum tímapunkti. Út af fyrir sig verð ég að segja að ég sé ekki hvernig hægt er að ná til eldri ára þegar um blaðsölubörn er að ræða sem kannski hafa ekki verið skráð hjá fyrirtækinu þannig að ég hef skilning á því.

Eina skýringin sem virðist vera á þessu máli er sú að fyrrv. hæstv. ráðherra hafi gefið viðkomandi blöðum það í skyn, eigendum þessara blaða, að eftir lagabókstafnum yrði ekki farið en síðan hafa fyrirmælin ekki borist enda væru þau ólögmæt ef þau hefðu borist til skattstjórans. Ég get auðvitað ekki sagt neitt meira á þessari stundu og mun að sjálfsögðu ekki taka málið upp með öðrum hætti en þeim að ég tel að nefndin þurfi að fara mjög rækilega ofan í frv. þegar það kemur fram.

[18:19]

Svavar Gestsson:

Virðulegur forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að blanda mér í þessa umræðu en ég tel að það sé kannski ekki beint smekklegt að gefa það í skyn hér í lokaræðu hæstv. ráðherra að fyrrv. ráðherra fjmrh. hafi væntanlega gefið blöðunum það í skyn að þau þyrftu ekkert að borga skattinn. Ég held að það væri viðkunnanlegra að halda þessu fram ef ráðherrann vill að viðkomandi þingmanni viðstöddum. Þetta er náttúrlega býsna mikil yfirlýsing. (**Fjmrh.:** Ég hef gert það.)

Yfirstjórn löggæslu á einstökum svæðum.

Fsp. SvG, 207. mál. — Þskj. 233.

[18:20]

Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Þannig háttar til að í Reykjavík hefur að undanförnu verið talsvert mikil umræða um löggæsluna og öryggi borgarbúa. Ástæðurnar fyrir því eru margvíslegar og ástæðulaust að fara yfir það hér. En þessar umræður hafa orðið til þess að þessi mál hafa verið tekin upp í borgarstjórn Reykjavíkur og borgarráði af trúi ég meira og minna fulltrúum allra þeirra flokka sem þar eiga fulltrúa. Fyrir skömmu var borin fram tillaga í borgarstjórn af borgarfulltrúum Sjálfstfl. þar sem fjallað var um þann möguleika að löggæslumál yrðu að nokkru leyti í höndunum á sveitarstjórninni þegar um væri að ræða sérstök staðbundin tiltekin vandamál.

Jafnframt hafa komið fram hugmyndir um að þessi þjónusta við almenning verði alveg flutt til sveitarfélaganna. Ég tel út af fyrir sig að það sé ekkert óeðlilegt að menn velti því fyrir sér. Lögreglan var hjá sveitarfélögunum að nær öllu leyti til ársins 1972 ef ég man rétt. Alla vega var það á því kjörtímabili 1971–1974 sem breytingar urðu á yfirstjórn lögreglunnar. Hins vegar var lögreglan þá samvinnuverkefni ríkisins og sveitarfélaganna vegna þess að ríkið fór að sjálfsögðu með yfirstjórn að því er varðaði að skipa lögreglustjóra á hverju svæði og þess vegna brugðu menn á það ráð að flytja lögregluna alveg til ríkisins af því að menn töldu að það væri hreinna og beinna og skýrara að hún væri þar. Nú hefur þetta hins vegar komið upp hér í Reykjavík með vaxandi þunga fyrst og fremst vegna þess að það er skoðun margra hér að sveitarstjórnin, í þessu tilviki borgarstjórn Reykjavíkur, sé í raun og veru mikið nær því að geta haft yfirumsjón með þessum málum á eðlilegum forsendum heldur en ríkið. Af þeirri ástæðu hef ég leyft mér, hæstv. forseti, að bera fram til hæstv. dómsmrh. fyrirspurn um yfirstjórn löggæslu á einstökum svæðum sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Er ráðherra tilbúinn að beita sér fyrir því að lögum um löggæslumál verði breytt þannig að sveitarfélögum verði veitt heimild til að hafa með höndum stjórn staðbundinnar löggæslu?“

[18:23]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Í frv. sem ég kynnti hér á Alþingi sl. vor, sem fól í sér að gerðar yrðu miklar skipulagsbreytingar á yfirstjórn lögreglunnar, var m.a. gert ráð fyrir því að komið yrði á fót sérstökum samstarfsnefndum lögreglu og viðkomandi sveitarfélaga til að taka á lögregluverkefnum þar sem það er augljóst að góð samvinna sveitarstjórna og lögreglu er oft mjög mikilvæg til að skipuleggja megi lögreglustarfið með sem bestum árangri. Þetta frv. gerði enn fremur ráð fyrir því að færa ýmis verkefni til héraðslögreglusveitanna í landinu. Það var gert ráð fyrir að koma á fót ríkislögreglustjóraembætti til að hafa á hendi yfirstjórn lögreglu en um leið að leggja niður rannsóknarlögreglu og færa meginhlutann af þeim verkefnum út til einstakra lögregluembætta og gera þannig ráð fyrir því að lögregla í viðkomandi héraði eða sveitarfélagi geti tekist á við fleiri verkefni af því tagi.

Það orkar hins vegar að minni hyggju nokkuð tvímælis að taka um það ákvörðun að skipta lögregluliðinu í landinu í tvennt, annars vegar í ríkislögreglu og hins vegar í sveitarfélagalögreglu. Við höfum mjög lítið lögreglulið og ég tel að við þurfum að samhæfa krafta þess. Á hinn bóginn er það ljóst að samvinna lögreglu og sveitarstjórna er mjög mikilvæg og ég tel að með nýskipan lögreglumála sé unnt að koma þessari samvinnu við.

Hv. þm. minntist sérstaklega á lögregluverkefni hér í höfuðborginni. Þar hefur verið komið upp grenndarlögreglustöðvum í einstökum hverfum. Sl. föstudag var tekin í notkun ný lögreglustöð í Grafarvoginum. 1989 var tekin í notkun lögreglustöð í Breiðholti og borgaryfirvöld aðstoðuðu við það. Nú hafa borgaryfirvöld lýst yfir góðum vilja til að aðstoða við útvegun hús-

næðis fyrir lögreglu í Árbæ. Þetta starf hefur skilað mjög miklum árangri og ég tel að áhugi borgaryfirvalda í þessu efni hafi verið lofsverður.

Lögreglan telur til að mynda að frá árinu 1989 hafi afbrotum í Reykjavík fækkað um 16% í Breiðholti, um 24% á Seltjarnarnesi og um 13% í Mosfellsbæ. En á öllum þessum stöðum eru það sem kallað hefur verið grenndarlögreglustöðvar. Það hefur verið eitt af skilgreindum markmiðum lögreglunnar í Reykjavík að auka löggæslu á þessu svæði og lögreglan telur að sú starfsemi hafi þegar skilað verulegum árangri. Ég held að aðalatriðið í þessu efni sé að hafa vel skipulagða og skilvirka löggæslu. Það hefur tekist að koma þessum grenndarlögreglustöðvum upp á höfuðborgarsvæðinu án aukinna útgjalda. Það hefur verið gert með endurskipulagningu innan lögregluliðsins og á þessu sviði eins og öðrum skiptir miklu máli að menn hugi að því að ná fram betri nýtingu og skilvirkara starfi með endurskipulagningu og það sýnir sig á þessu sviði eins og víða annars staðar að slíkur árangur hefur náðst.

Þetta eru í meginatriðum þau viðhorf sem liggja til grundvallar þeirri stefnumörkun sem nú er í framkvæmd.

[18:28]

Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. dóms- og kirkjumrh. fyrir þessi svör sem voru ágæt. Ég heyri að við erum í raun og veru alveg sammála í þessu efni. Mér er það auðvitað alveg ljóst að það er ekkert einfalt mál að skilja yfirstjórn lögreglunnar þannig í tvennt að hluti hennar sé undir stjórn sveitarfélaga og hluti hennar sé undir stjórn ríkisins. Þess vegna er auðvitað skynsamlegra að koma á samvinnunefndum eins og gert var ráð fyrir í því frv. sem hæstv. ráðherra nefndi. Ég tel líka að sú stefna að þróa grenndarstöðvar með þeim hætti sem gert hefur verið hér í Reykjavík sé skynsamleg nálgun. Ég legg jafnframt á það áherslu að ástandið í Reykjavík og á Reykjavíkursvæðinu í þessum efnum að því er varðar öryggi almennings á götum á nóttunni um helgar er óviðunandi. Það er algerlega óviðundandi. Það er sannast að segja með þeim hætti að fólk fer ekki eitt út á götu á miðbæjarsvæðinu á nóttu um helgar. Það er orðið mjög slæmt merki, ljótt merki. Þess vegna hvet ég hæstv. ráðherra til að taka á þessu máli með myndarlegum hætti. Það mætti auðvitað í fyrsta lagi velta því fyrir sér hvort fjármunir þeir sem lögreglan í Reykjavík hefur eru nægilega miklir, hvort við höfum ekki skorið þar of mikið niður.

Í öðru lagi vil ég hvetja hæstv. ráðherra til að setja í gang endurskoðun á frv. eins og það var lagt fram í fyrra svo að það verði tekið enn meira tillit til þessara alvarlegu vandamála sem birtast okkur höfuðborgarbúum í seinni tíð.

[18:30]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Varðandi það frv. sem ég kynnti hér á sl. vori og ég minntist á í fyrri ræðu minni þá er það svo að það er nú til nýrrar skoðunar í ráðuneytinu. Ég tek alveg undir það með hv. þm. að það er mjög mikils um vert að gæta vel að þessum verkefnum og markviss löggæsla hefur mikla þýðingu fyrir vaxandi bæjarfélag eins og til að mynda Reykjavík. Auðvitað setja fréttir af ofbeldisverkum óhug í menn, en það er á margt að líta í þessu efni. Til að mynda eru nú fleiri mál af þessu tagi skráð en áður var. Samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni er talið að lögreglan hafi fengið vitneskju um 33% líkamstjóna árið 1989 en um það bil 43% þeirra 1992. Lögreglan hefur nú afskipti af stærri hluta þessara mála en áður var. Það er líka athygli vert að talið er að málum út af líkamsáverkum, stórum og smáum, hafi fjölgað um 19% milli áranna 1989 og 1990, en á sama tíma hafi orðið 11% fækkun á spítölum og 37% fækkun á innlögnum vegna mála af þessum toga sem gefur vísbendingu um að lögreglan fjalli um stærri hluta þessara mála en áður. Vonandi þá með þeim árangri að koma í veg fyrir og hindra þá þróun sem við verðum að horfast í augu við að verður í borgum eftir því sem þær stækka.

Það er ávallt brýnt að gera betur og vera vel á verði en ég held þó að starf lögreglunnar hafi skilað árangri og þessar tölur bendi ótvírætt til þessa.

Út af dagskrá voru tekin 8., 10.–13. og 19. mál.

Fundi slitið kl. 18:32.

---

40. FUNDUR

þriðjudaginn 22. nóv.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Kosning fimm manna og jafnmargra varamanna í bankaráð Seðlabanka Íslands til fjögurra ára, frá 1. nóvember 1994 til 31. október 1998, að viðhafðri hlutbundinni kosningu, skv. 30. gr. laga nr. 36 5. maí 1986, um Seðlabanka Íslands.

2. Kosning aðalmanns í stað Hólmfríðar Garðarsdóttur í stjórn Þróunarsamvinnustofnunar Íslands til 25. maí 1997, skv. 6. gr. laga nr. 43 26. maí 1981, um Þróunarsamvinnustofnun Íslands.

3. Öryggi vöru og opinber markaðsgæsla, stjfrv., 198. mál, þskj. 224. — 1. umr.

4. Vegaframkvæmdir á Austurlandi, þáltill., 37. mál, þskj. 37. — Frh. fyrri umr.

5. Greiðsluaðlögun húsnæðislána, þáltill., 54. mál, þskj. 54. — Fyrri umr.

6. Ferðaþjónusta, frv., 62. mál, þskj. 62. — 1. umr.

7. Ferðamálastefna, þáltill., 63. mál, þskj. 63. — Fyrri umr.

8. Nefnd til að kanna útlánatöp innlánsstofnana, frv., 70. mál, þskj. 70. — Frh. 1. umr.

9. Útsendingar sjónvarps og útvarps til fiskimiða,

þáltill., 172. mál, þskj. 186. — Fyrri umr.

10. Umferðaröryggismál, þáltill., 203. mál, þskj. 229. — Fyrri umr.

11. Bann við sölu á eignum ríkisins án lagaheimilda, frv., 218. mál, þskj. 247. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Árni M. Mathiesen, 3. þm. Reykn.,
Egill Jónsson, 3. þm. Austurl.,
Guðrún Helgadóttir, 14. þm. Reykv.,
Gunnlaugur Stefánsson, 5. þm. Austurl.,
Matthías Bjarnason, 1. þm. Vestf.,
Ólafur Ragnar Grímsson, 8. þm. Reykn.,
Ragnar Arnalds, 3. þm. Norðurl. v.

Útbýting þingskjala:

Endurgreiðsla virðisaukaskatts til sveitarfélaga, 224. mál, fsp. MF, þskj. 259.

Ferðakostnaður sjúklinga, 176. mál, svar heilbrrh., þskj. 255.

Greiðslur til sveitarfélaga úr Atvinnuleysistryggingasjóði, 223. mál, fsp. MF, þskj. 258.

Heilsársvegur milli Dýrafjarðar og Vestur-Barðastrandarsýslu, 220. mál, þáltill. PBj, þskj. 254.

Hjúskaparlög, 222. mál, frv. GHall o.fl., þskj. 257.

Ráðstefna Sameinuðu þjóðanna um málefni kvenna, 227. mál, fsp. VS, þskj. 262.

Skólar fyrir fatlaða, 226. mál, fsp. MF, þskj. 261.

Verkaskipting ríkis og sveitarfélaga, 225. mál, fsp. MF, þskj. 260.

Yfirstjórn löggæslu á einstökum svæðum, 207. mál, fsp. SvG, þskj. 233.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Borist hefur eftirfarandi bréf, dags. 18. nóv. 1994:

„Þar sem ég vegna sérstakra persónulegra ástæðna get ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska þess að þar sem 1. varamaður Alþfl. í Reykjavíkurkjördæmi getur ekki vegna sérstakra anna tekið sæti á Alþingi taki 2. varamaður, Valgerður Gunnarsdóttir sjúkraþjálfari, Reykjavík, sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegi forseti.

Össur Skarphéðinsson, 17. þm. Reykv."

Þá er hér annað bréf til forseta, dags. í Reykjavík 21. nóv. 1994:

„Undirritaður, 1. varaþingmaður Alþfl. í Reykjavíkurkjördæmi getur ekki vegna anna og utanferðar tekið sæti Össurar Skarphéðinssonar umhvrh. á Alþingi frá 22. nóv. 1994 að telja. Óska ég eftir að Valgerður Gunnarsdóttir, 2. varamaður Alþfl. í Reykjavíkurkjördæmi taki sæti í hans stað.

Virðingarfyllst, Magnús Jónsson."

Valgerður Gunnarsdóttir hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðin velkomin til starfa.

Athugasemd um atkvæðagreiðslu.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Við atkvæðagreiðslu um 7. dagskrármál á fyrra fundi í gær, þ.e. till. til þál. um fæðingarorlof frá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, urðu þau mistök að málinu var vísað til hv. félmn. án atkvæðagreiðslu en ekki til hv. heilbr.- og trn. eins og flm. hafði lagt til og eðlilegt er þar sem lög um fæðingarorlof heyra undir heilbr.- og trmrn. Forseti leggur til að málið verði látið fara til hv. heilbr.- og trn. og skoðast það samþykkt án atkvæðagreiðslu ef enginn hreyfir andmælum.

Kosning fimm manna og jafnmargra varamanna í bankaráð Seðlabanka Íslands til fjögurra ára, frá 1. nóvember 1994 til 31. október 1998, að viðhafðri hlutbundinni kosningu, skv. 30. gr. laga nr. 36 5. maí 1986, um Seðlabanka Íslands.

Tveir listar bárust sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosin væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:

Ólafur B. Thors forstjóri (A),
Davíð Aðalsteinsson, fyrrv. alþm., (B),
Davíð Scheving Thorsteinsson framkvæmdastjóri (A),
Kristín Sigurðardóttir framkvæmdastjóri (B),
Þröstur Ólafsson hagfræðingur (A).

Varamenn:

Halldór Ibsen framkvæmdastjóri (A),
Leó Löve lögfræðingur (B),
Erna Bryndís Halldórsdóttir, löggiltur endurskoðandi, (A),
Jóhanna Eyjólfsdóttir skrifstofustjóri (B),
Margrét Heinreksdóttir lögfræðingur (A).

Kosning aðalmanns í stað Hólmfríðar Garðarsdóttur í stjórn Þróunarsamvinnustofnunar Íslands til 25. maí 1997, skv. 6. gr. laga nr. 43 26. maí 1981, um Þróunarsamvinnustofnun Íslands.

Fram kom einn listi með einu nafni og þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi lýsti forseti yfir að kosin væri án atkvæðagreiðslu:

Brynhildur G. Flóvenz lögfræðingur, Kópavogi.

Öryggi vöru og opinber markaðsgæsla, 1. umr.

Stjfrv., 198. mál. — Þskj. 224.

[13:42]

Viðskiptaráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Frú forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu. Frv. þetta sem flutt er í tengslum við aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu var lagt fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi en var ekki útrætt.

Gerðar hafa verið nokkrar minni háttar breytingar á frv. milli þinga í ljósi þeirra ábendinga sem fram komu í umsögnum hagsmunaaðila um frv. sem sendar voru til hv. efh.- og viðskn. sl. vor.

Þá hefur verið gerð ein meiri háttar breyting á frv. sem felst í því að nú er lagt til að eiturefni og hættuleg efni verði undanþegin ákvæðum frv. enda gilda um þessi efni svipuð sjónarmið og um matvæli og lyf sem áður voru undanþegin.

Sem fyrr segir er frv. þetta flutt í tengslum við aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu. Samkvæmt ákvæðum EES-samningsins skal samræma löggjöf aðildarríkjanna með tilliti til þeirra krafna sem gerðar eru til margvíslegra vöruflokka. Tilgangur þessarar samræmingar er tvíþættur:

1. Að sömu kröfur séu gerðar til vöru í öllum aðildarríkjum EES-samningsins í því skyni að tryggja frjálsa vöruflutninga innan Evrópska efnahagssvæðisins og koma í veg fyrir tæknilegar viðskiptahindranir.

2. Að vörur uppfylli samræmdar kröfur um öryggi þannig að þær valdi ekki hættu fyrir neytendur, heilsutjóni eða skaða á umhverfi.

Í athugasemdum með frv. er gerð ítarleg grein fyrir uppbyggingu þeirra reglna sem gilda um öryggi vöru á Evrópska efnahagssvæðinu og íslenskri löggjöf um það efni og mun ég ekki gera þessi atriði að umtalsefni nú. Þess í stað vil ég víkja nokkuð að samspili almennra ákvæða um öryggi vöru eins og eru í þessu frv. og ákvæða sérlaga sem nú þegar gilda um tiltekna vöruflokka svo og ákvæða frv. um fjármögnun markaðseftirlits.

Hér á landi eru í gildi ýmis lagaákvæði er varða öryggi vöru í einstökum vöruflokkum. Nefni ég sem dæmi ákvæði um vélar, vinnuvélar, katla, þrýstikúta og fleiri vörur af því tagi í lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum; ákvæði um ökutæki, barnabílstóla og hjólreiðahjálma í umferðarlögum og ákvæði um rafföng í lögum um Rafmagnseftirlit ríkisins.

Samkvæmt sérlögum hafa stjórnvöld ýmist heimild til eða er gert skylt að hafa eftirlit með vöru á markaði.

Ákvæði um það hvernig eftirlitið fer fram eru í flestum tilvikum mjög takmörkuð.

Þegar setja á almenn lög á svið þar sem fyrir eru mörg sérlög þarf að draga hvar mörkin milli sérlaga og almennra laga eiga að liggja. Í þessu tilviki þarf að móta hvaða þættir varðandi öryggi vöru eiga að vera í höndum Löggildingarstofunnar og hvaða þættir eigi að vera í höndum annarra stjórnvalda. Við undirbúning frv. voru nokkrar leiðir kannaðar í þessu efni. Einfaldasta leiðin er e.t.v. að allt eftirlit með öryggi almenns neysluvarnings sé á ábyrgð sama aðila. Þessi aðferð hefur ýmsa kosti svo sem samhæfingu og möguleika á hagkvæmni í eftirliti. Gallar hennar eru að hætt er við að farið sé á mis við mikilvæga sérþekkingu einstakra stjórnvalda sem þau hafa hvert á sínu sviði. Auk þess er ábyrgð stjórnvalda á tilteknum vöruflokkum tengd öðrum viðfangsefnum þeirra.

Önnur leið er sú að gildissvið almennra ákvæða sé eins takmarkað og unnt er. Eftirlit er þá að öllu leyti í höndum stjórnvalda sem annast framkvæmd sérlaga nema varðandi þá vöruflokka sem ekki falla undir slík stjórnvöld. Þessi leið var könnuð ítarlega við samningu frv. en hún þótti ekki fær. Ástæður þess eru margvíslegar, en fyrst og fremst er nauðsynlegt að samhæfa ýmsa þætti markaðseftirlitsins og í því felst hagkvæmni í framkvæmd sem ekki er unnt að ná með öðru móti.

Þörf fyrir samhæfingu er af ýmsu tagi. Mikilvægt er að markaðseftirlit sé framkvæmt eftir samræmdum reglum og að reglurnar séu túlkaðar á samræmdan hátt. Í mörgum tilfellum er ekki ljóst undir hvaða stjórnvald tiltekin vara fellur og í öðrum tilfellum fellur vara undir fleiri en eitt stjórnvald. Augljóst er að einhver aðili verður að skera úr þegar ábyrgð skarast og samræma aðgerðir stjórnvalda í slíkum tilfellum.

Samkvæmt tilskipun um öryggi framleiðsluvöru er gert ráð fyrir að einn aðili annist samskipti við stofnanir Evrópska efnahagssvæðisins vegna skipta á upplýsingum um hættulegar vörur. Það er því nauðsynlegt að hér á landi sé einn aðili sem hafi umsjón með eftirliti með öryggi vöru og þá sérstaklega yfirumsjón með slíku eftirliti. Auk þess má nefna að það eru augljósir hagsmunir þeirra sem framleiða, dreifa og selja vöru að einn aðili beri yfirábyrgð á öllu markaðseftirliti.

Eins og nefnt var að framan er mikil hagkvæmni fólgin í því að samþætta markaðseftirlit. Eitt samræmt eftirlitskerfi starfar í stað margra ósamhæfðra. Engin skynsemi er í því að margir eftirlitsaðilar hafi eftirlit með sömu versluninni. Með samþættu eftirliti má ná mun meiri árangri fyrir minna fé. Í ljósi þessa er ráð fyrir því gert í frv. að tekin verði upp ákveðin verkaskipting milli löggildingarstofunnar og ráðuneyta eða stofnana sem bera ábyrgð á eftirliti vöru samkvæmt sérlögum og eru nefnd eftirlitsstjórnvöld í frv.

Verkaskiptingin er í stuttu máli sú að eftirlitsstjórnvöld og viðkomandi ráðuneyti setja reglur um þá vöruflokka sem undir þá heyra, móta meginstefnur um áherslur í markaðseftirliti, taka ákvarðanir um umfang eftirlits og fella úrskurð í einstökum málum. Löggildingarstofan annast hins vegar heildarskipulag opinberrar markaðsgæslu, sker úr um undir hvaða eftirlitsstjórnvald vöruflokkur heyrir leiki vafi á slíku og sér um samhæfingu þegar vara heyrir undir eitt eftirlitsstjórnvald.

Löggildingarstofan er eftirlitsstjórnvald fyrir þá vöruflokka sem ekki eru á ábyrgð annarra eftirlits-

stjórnvalda samkvæmt sérlögum. Samningsgerð við skoðunarstofur annast eftirlitsstjórnvöld og Löggildingarstofan í sameiningu. Samvinna Löggildingarstofunnar, eftirlitsstjórnvalds og skoðunarstofu fer fyrst og fremst fram í samvinnunefnd.

Fjármögnun markaðseftirlits er nokkrum vandkvæðum bundin. Með niðurfellingu tæknilegra viðskiptahindrana næst umtalsverður sparnaður fyrir framleiðendur og innflytjendur og kostnaður við markaðseftirlit mun aðeins nema hluta af þessum sparnaði. Eftirlit með vöru á markaði er að vissu leyti eðlilegur kostnaðarþáttur vöru og því eðlilegt að kostnaðurinn komi að sem mestu leyti fram í verði vörunnar sem er þess eðlis að talin er þörf á eftirliti með henni. Að auki virðast engin rök hníga að því að kostnaður við markaðseftirlit sé borinn af hefðbundnum skatttekjum ríkissjóðs. Kannaðar hafa verið leiðir til að leggja gjald á þær vörur sem haft verður eftirlit með. Þessi leið er ekki fær þar sem ekki er hægt að finna gjaldstofn sem hentar til þess. Lagt er því til að fjármögnun markaðseftirlits verði einkum með þrennu móti:

1. Gert er ráð fyrir að þeir aðilar, sem bera ábyrgð á vöru sem ekki uppfyllir settar reglur, greiði þann kostnað sem hlýst af skoðun, prófun og öðrum nauðsynlegum þáttum vegna rannsóknar og aðgerða eftirlitsstjórnvalds.

2. Gert er ráð fyrir að heimilt verði að innheimta sérstakt markaðseftirlitsgjald sem lagt verði á þá aðila sem framleiða, dreifa og selja þær vörur sem eftirlit er haft með. Gjaldið verður breytilegt eftir því hve umsvif hvers aðila eru mikil og eftir skoðanatíðni, sem m.a. ræðst af fyrri niðurstöðum fyrri skoðana hjá viðkomandi aðila. Til að byrja með er áætlað að aflað verði um 20 millj. kr. með þessum hætti og að gjaldið geti verið frá nokkrum þúsundum króna til nokkurra tuga þúsunda króna á hvern aðila. Þessu gjaldi er einkum ætlað að standa undir kostnaði vegna þeirra vöruflokka sem nú er ekki haft eftirlit með.

3. Þá er einnig gert ráð fyrir því að eftirlitsstjórnvöld greiði þann kostnað sem ekki er greiddur af gjöldum vegna markaðseftirlits. Eftirlitsstjórnvöld eiga nú þegar að hafa eftirlit með vörum á markaði og geta því af núverandi fjárveitingum staðið fyrir markaðseftirliti. Hversu mikið eftirlitsstjórnvöld leggja til markaðseftirlits fer að sjálfsögðu eftir forgangsröðun þeirra og áherslum.

Auk beins kostnaðar opinberra aðila mun nokkur kostnaður lenda á fyrirtækjum. Erfitt er að meta hversu hár slíkur kostnaður er en hann ætti ekki að verða umtalsverður. Vert er að vekja athygli á því að sá kostnaður sem hér er gert ráð fyrir að lagt verði í er bein afleiðing af skuldbindingum okkar samkvæmt EES-samningnum og er hluti af áætlun sem ætlað er að draga úr kostnaði fyrirtækja við að koma vörum á markað.

Þá er einnig að minna á að markaðseftirlit er í eðli sínu fyrirbyggjandi starfsemi. Ekki þarf að koma í veg fyrir mörg slys á ári til að kostnaður við markaðseftirlit sparist í heilbrigðiskerfinu og annars staðar í þjóðfélaginu.

Virðulegi forseti. Ákvæði frv. þessa virðast nokkuð flókin við fyrstu sýn. Efni frv. er hins vegar kunnuglegt þingheimi og ég efast ekki um að unnt ætti að vera að afgreiða það fljótlega þannig að Ísland geti staðið við skuldbindingar sínar í EES-samningnum hvað þetta atriði varðar. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vegaframkvæmdir á Austurlandi, frh. fyrri umr.

Þáltill. EgJ, 37. mál. — Þskj. 37.

[13:52]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Vegna þess að umræðan um þetta mál var slitin í sundur af utandagskrárumræðu og ekki haldið áfram fyrr en nokkru síðar er líklegt að sumt af því sem mönnum var ofarlega í huga þá verði kannski ekki rætt í beinu framhaldi af því eins og annars hefði verið gert. En vegna þeirrar umræðu og sérstaklega þess sem hæstv. ráðherra lagði til hennar finnst mér ástæða til að mæla hér fáein orð. Ég hef óskað eftir því, hæstv. forseti, að hæstv. ráðherra verði viðstaddur umræðuna því að mig langar til þess að bera fram við hann nokkrar spurningar. (**Samgrh.:** Það hefði verið mjög leiðinlegt að missa af ræðu hv. þm.) Ég sé að hæstv. ráðherra er mættur í salinn og get þess vegna hafið mál mitt.

Ég var reyndar búinn að segja álit mitt á tillögu hv. þm. Egils Jónssonar um það að leggja bundið slitlag á vegi á Austurlandi og hafði sett fram ýmsar athugasemdir við tillöguna. En ég tel ástæðu til að hæstv. ráðherra svari fáeinum spurningum í tengslum við þetta mál. Það mátti heyra á máli hæstv. ráðherra að honum fyndist þessi tillaga hv. þm. virðingarverð og, eins og hann komst að orði, að Egill Jónsson hefði báða fæturna á jörðinni. Einnig að það væri engin uppgerð í því að hann vildi ýta á eftir málum á hv. Alþingi. Ég vil að það komi mjög skýrt fram, ef hæstv. ráðherra treystir sér til, hvort hann telji að þessi tillaga hv. þm. eigi að fá samþykki Alþingis, hvort hann sé samþykkur tillögunni. Mig langar líka í framhaldi af því að biðja hæstv. ráðherra að útskýra fyrir hv. þm. hvort hann telur að það eigi að gera breytingar á því fyrirkomulagi sem hefur verið um fjármögnun vegaframkvæmda á undanförnum árum.

Það eru fleiri ástæður en tillaga hv. þm. Egils Jónssonar fyrir því að ég ber þessa spurningu fram. Nýlega lagði hæstv. ríkisstjórn, líkast til, fram tillögur, kynntar af hæstv. forsrh. um að það eigi að fara í sérstakt vegaátak á Reykjavíkursvæðinu upp á 3,5 milljarða kr. sem eigi að fjármagnast af sérstöku bensíngjaldi að hálfu leyti en af hálfu leyti eigi fjármögnunin að koma til af sjálfu sér sem er mjög mögnuð fjármögnunarleið sem hæstv. ráðherra gæti kannski út-

skýrt nánar fyrir hv. Alþingi. Er verið að segja með þessari tillögu að skipting vegafjár á undanförnum árum hafi ekki verið undirbyggð á réttan hátt? Það hefur ekki komið fram hingað til og alls ekki við meðferð mála í hv. samgn. að eitthvert ósamkomulag væri um skiptingu vegafjár. En þegar þessir hlutir koma upp á borðið eins og nú er að verið er að tala um annars vegar í þessari tillögu um sérstakt átak í vegagerð á Austurlandi, sem hæstv. ráðherra virðist vera veikur fyrir að styðja, og síðan þetta nýja átak í vegamálum á höfuðborgarsvæðinu, sem ríkisstjórnin hefur sett fram, þá hlýtur maður að spyrja hæstv. ráðherra: Telur hann að á ferðinni hafi verið skekkja og röng skipting vegafjár á undanförnum árum?

Nú ætla ég að segja það svo það verði ekki misskilið að ég tel fulla ástæðu til að skoða þau mál ævinlega upp á nýtt. Það er ekkert við það að athuga ef menn vilja endurskoða þá skiptingu en ég hef ekki orðið var við gagnrýni á þessa skiptingu fram að þessu og þess vegna er full ástæða til að hæstv. ráðherra úttali sig um þessi mál. Ekki síst vegna þess að hæstv. ráðherra hefur ekkert sagt um þetta átak í vegamálum. Það hefur verið hæstv. forsrh. sem hefur kynnt það mál. Hæstv. samgrh. hefur raunar ekki verið hafður í forustunni fyrir því að kynna átak í vegamálum. Hann gerði það ekki heldur þegar hið svokallaða atvinnuátak í vegamálum var kynnt, það gerði hæstv. forsrh. Hæstv. ráðherra ætti kannski að hafa meira forræði í málunum en það að það séu aðrir sem túlki stefnuna í vegamálum.

Síðan langar mig vegna umræðunnar um vegaféð og þann stóra hluta þess sem hefur farið á undanförnum árum í ferjur og flóabáta og líka vegna þeirra skulda sem eru taldar hvíla á Vegasjóði vegna atvinnuátaksins að spyrja hæstv. ráðherra: Hvernig hyggst hann láta Vegasjóð greiða til baka þær skuldir sem hafa verið teknar á Vegasjóð á undanförnum árum? Það er kominn tími til að menn fái um það að vita. Þegar svona stór atriði koma fram eins og þau sem hér eru komin inn í umræðuna þá hlýtur maður að verða að spyrja hæstv. ráðherra hvernig eigi að standa að þessum málum. Ég vil vekja sérstaka athygli á því að í fjárlagafrv. á bls. 342 er tekið mjög sérkennilega til orða og ég vil fá skýringar hjá hæstv. ráðherra hvort þannig eigi að fara að. Undir titlinum Vegamál stendur, með leyfi forseta:

„Í fjárlögum 1994 nam samsvarandi skerðing [þ.e. skerðing á mörkuðum tekjustofnum til vegamála] 370 millj. kr.“ — hún er núna 275 millj. kr. — „og lækkar því um 100 millj. kr. milli ára.“ Svo kemur, og það vil ég biðja hæstv. ráðherra að hlusta vel á: „Skerðingunni er m.a. ætlað að standa undir útgjaldaaukningunni á þessu og síðasta ári vegna hins sérstaka framkvæmdaátaks vegna atvinnumála. Þegar farið var af stað með átakið var gert ráð fyrir að því yrði mætt með skerðingu vegafjár á næstu árum. Nákvæm áætlun verður væntanlega kynnt í næstu vegáætlun.“

Þarna er skýrt tekið til orða en hæstv. ráðherra hefur aldrei úttalað sig um þessi mál og ég spyr: Eigum við þá ekki að draga skerðingu vegafjár, sem hefur orðið á undanförnum árum frá því að þetta átak í vegamálum fór af stað á vegum hæstv. ríkisstjórnar, frá skuldum Vegasjóðs? Er það þá ekki meiningin að það verði dregið frá skuldum Vegasjóðs frá þeim degi sem átakið hófst? Það er mjög mikilvægt að þetta verði staðfest því að hér stendur þetta skýrt og klárt í fjárlögunum. Ég er ekkert að efast um þá meiningu sem þar er á bak við en það væri betra að hæstv. ráðherra sæi sóma sinn í því að tala nú sjálfur einhvern tíma um þessi mál en láta ekki aðra tala fyrir sig.

[14:01]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér heyrðist á hv. 3. þm. Vesturl., Jóhanni Ársælssyni, að hann væri mjög fastur í þeim förum að sjálfsagt væri að hafa óbreytta skiptingu á framkvæmdafé milli kjördæma frá þeim tíma sem flokksbróðir hans, hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, var samgrh. og skyldi nú í engu hvikað frá því. Væri þó skemmtilegt að fá að vita hvað hann segir um þau efni þegar hann kemur að göngum undir Hvalfjörð. Ætli það kosti ekki um það bil 500–600 millj. kr. einungis að koma veginum að jarðgöngunum frá Akranesi og fyrir Akrafjallið að vegamótum, eitthvað svoleiðis. Eftir því sem hv. þm. talaði finnst honum sjálfsagt að þetta fé verði tekið af almennu framkvæmdafé þeirra á Vesturlandi og er ekki nema gott um það að segja fyrst hv. þm. sér leið til þess. Nema ég hafi misskilið hv. þm. og hann sé allt í einu þann veg þenkjandi þegar kemur að hans eigin kjördæmi að þá skuli ekki fara eftir þeim sömu skiptitölum og farið var eftir í tíð fyrrv. samgrh. Hv. þm. vill alltaf fá skýr svör og nú væri mjög gott að fá að vita hvernig hann lítur á sín eigin mál, hvernig hann horfir til þeirra og hversu fast hann vill þá halda sig við fortíðina.

Þegar við erum að tala um það hvert sé framlag ríkissjóðs til Vegasjóðs eða Vegasjóðs til ríkissjóðs á þessu ári þá er á það að líta að vegna þeirra óhappa og tafa sem orðið hafa á Vestfjarðagöngum er óhjákvæmilegt að ætla 350 millj. kr. á aukafjárlögum til þeirra framkvæmda nú á þessu ári. Auðvitað breytir það öllu dæminu. Ég vil líka segja hv. þm. að það er alls ekki í fyrsta skipti meðan ég er samgrh., þó að ég sé uppfinningasamur, sem samgrh. hefur dottið í hug að skerða Vegasjóð og leggja fjármuni hans inn í ríkissjóð og getur hann spurt forvera minn um söguna í þeim efnum.

[14:04]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ætla að vona að hæstv. ráðherra gefi sér tíma til þess að svara spurningum mínum betur en hann gerði í andsvari hér áðan því að það komu engin svör fram við þeim spurningum sem ég bar fram. Hann aftur á móti spurði mig spurninga sem ég get vel svarað. Ég tel að það sé ekkert heilagt í því að endurskoða skiptingu vegafjár. Ég sagði það reyndar í minni ræðu hér áðan að ég tel fulla ástæðu til þess að huga að því hvenær sem menn telja til þess ástæðu. En það hefur verið á vegum hæstv. ríkisstjórnar krukkað í þessa hluti án þess að endurskoða þessa skiptingu vegafjár. Það er nýbúið að lýsa því yfir að það eigi að

fara í stórkostlegar framkvæmdir án þess að endurskoða þessa skiptingu vegafjár og ákvarðanir eru teknar áður en menn hafa farið yfir þau mál með neinum hætti. Ég tel fulla ástæðu til þess að sá sem á að bera aðalábyrgðina á stefnu ríkisstjórnarinnar í vegamálum tali, hæstv. ráðherra, skýrt og greinilega um þessi mál og láti ekki sífellt aðra vera að tala fyrir sig þegar stórmál eru kynnt. Ég spyr hann þess vegna enn og aftur: Er það þá þannig að það sé búið að ákveða þessa hluti alla án þess að það eigi að fara yfir og skoða skiptingu vegafjár?

[14:05]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég heyri að hv. þm. er það ekki kunnugt að stjfrv. verður ekki lagt fyrir Alþingi án þess að það sé samþykkt áður í ríkisstjórn og er að því leyti auðvitað nauðsynlegt að undirbúa málið áður honum til upplýsingar.

Ég vil líka segja vegna þess að hann hafði miklar áhyggjur af því að sú ríkisstjórn sem nú situr sé að efna til mikilla skulda, binda Vegasjóði þunga klafa með sinni framgöngu, rifja það upp að í þeirri þál. sem hér var samþykkt um að flýta frammkvæmdum við jarðgöng á Vestfjörðum var beinlínis gert ráð fyrir því að taka lán til framkvæmdanna allt að 1,3 milljarði kr. Lán ásamt verðbótum endurgreiðist af fé til stórverkefna samkvæmt vegáætlun. Útgjöld vegna vaxta og lántökukostnaðar umfram það sem sparast í viðhaldskostnaði á fjármögnunarskeiði framkvæmdanna greiðist úr ríkissjóði sem sérstakt byggðaframlag. Þarna var ekki séð fyrir um það hvernig átti að afla teknanna.

Ég vil líka minna hv. þm. á það að ég tók svo við flóabátum að þar er nú skuld upp á 2,4 milljarða kr. og í gildandi vegáætlun er gert ráð fyrir því að til þeirra hluti renni á þessu ári 551 millj. kr. og á næsta ári 569 millj. kr. og er þó lítið höggvið í allan þann skuldaskafl sem þar blasir við. Við erum á hinn bóginn í þessari ríkisstjórn að reyna að nota svigrúmið vegna þess að verklegar framkvæmdir eru litlar í landinu til þess að byggja upp vegi þar sem brýnast er og nauðsynlegast sem gerir auðvitað hvort tveggja í senn. Það dregur úr atvinnuleysi. Með því komum við til móts við bæði byggðarlögin og aðila vinnumarkaðarins og með því horfum við til framtíðar með jákvæðum hætti.

Annars hélt ég, hæstv. forseti, að ég hefði verið kallaður hingað vegna þess að hv. þm. vildi eitthvað ræða við mig um vegaframkvæmdir á Austurlandi, en ég sé að það er annað sem vakir fyrir honum og átta mig ekki alveg á hvaða rök eru fyrir því að ég sé sérstaklega kallaður til umræðunnar ef hugmyndin er að fara út í almennar vegaumræður sem ekki er það dagskrárefni sem hér liggur fyrir.

[14:08]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það var einfaldlega eins og ég sagði í upphafi fyrri ræðu minnar að hæstv. ráðherra gaf fulla ástæðu til þess að hann yrði spurður um þessa hluti en það er greinilegt að hann ætlar sér engu að svara. Hann hefur engu svarað um það hvernig eigi að skilja þessa klásúlu sem ég las úr fjárlögunum um það hvort það eigi að draga skerðingu markaðra tekjustofna Vegasjóðs frá skuldunum sem hefur verið stofnað til. Það hefði verið full ástæða til þess að hæstv. ráðherra hefði sagt hv. þm. frá því.

Hann nefndi hér ferjurnar og flóabátana og þau miklu útgjöld sem Vegasjóður verður nú fyrir vegna þeirra. Hann hefur alla vega ekki haft neitt upp úr slagnum innan ríkisstjórnarinnar um það mál að Vegasjóður hefði orðið að taka þetta allt saman á sig bótalaust og halda áfram að borga peninga í ríkissjóð þrátt fyrir það. Hæstv. ráðherra hefur því ekki gengið mjög vel innan ríkisstjórnarinnar í slagnum um fjármagnið. Það er full ástæða til þess að hafa miklar áhyggjur af framtíð vegamála í landinu ef svona á að ganga fram að það er búið að taka verulega mikil útgjöld á Vegasjóð. Það er haldið áfram að skerða framlög til Vegasjóðs og það fjármagn er tekið beint í ríkissjóð en síðan ætla menn að fara í einhver stórátök utan vegalaganna án þess að endurskoða skiptingu vegafjár. Mér finnst þessi umræða ekki nógu markviss og góð og ég tel að hæstv. ráðherra þurfi að bæta verulega ráð sitt í því að það er hann sem á að kynna stefnu ríkisstjórnarinnar í þessum málum og maður á ekki að frétta það á götuhornum eða á blaðamannafundum hvað þar standi til heldur á að vera hægt að spyrja hæstv. ráðherra um það og hann á að geta svarað þeim hlutum.

[14:10]

Þuríður Backman:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka frummælanda fyrir að leggja fram þessa þáltill. Eins og fram kemur í greinargerð þá hefur Austurlandskjördæmi dregist aftur úr hvað varðar uppbyggingu hringvegarins. Vegáætlun á að raða verkefnum í forgangsröð en fjárlög eða vegafé að skammta fé til framkvæmda. Ég hygg að það sé krafa okkar að við þessa áætlun sé staðið svo að við vitum nokkurn veginn hvar við stöndum hvað varðar framkvæmdaáætlun til næstu ára.

Austfirðingar hafa sýnt því skilning að tenging stærstu byggðakjarnanna hefði forgang en nú þegar bundið slitlag er orðið samfellt allt að norðan frá Reykjavík til Húsavíkur og að sunnan frá Reykjavík nær samfellt að Höfn í Hornafirði þá finnum við enn frekar fyrir því hversu slitróttir malbikskaflarnir eru á Austurlandi. Því fagna ég því ef gerð verður uppbyggingaráætlun og stefnt verður að því að helstu vegaframkvæmdum ljúki á næstu 5 árum.

Samhliða þessari áætlun þarf að staðsetja jarðgöng og tímasetja framkvæmdir í fjórðungnum. Við íbúar Austurlands trúum því að við framkvæmdaáætlun jarðgangagerðar verði staðið. Við stöndum við þá skilgreiningu að forsenda framkvæmda sé að rjúfa vetrareinangrun og á þeirri forsendu samþykktum við að byrjað yrði á Vestfjarðagöngunum og að þeim framkvæmdum loknum yrðu hafnar framkvæmdir á Austurlandi. Framkvæmdaáætlun jarðganga á að vinna samhliða vegáætluninni til þess að heildstæð mynd náist m.a. til þess að ákveða vegarstæðin.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Greiðsluaðlögun húsnæðislána, fyrri umr.

Þáltill. SvG og KHG, 54. mál. — Þskj. 54.

[14:12]

Flm. (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Það er spurning hvort forseti mundi vilja gera okkur þann greiða að kanna hvort hv. 12. þm. Reykv. gæti hugsað sér að vera viðstaddur þessa umræðu en hv. 12. þm. Reykv. fór eins og kunnugt er með embætti félmrh. um nokkurra ára skeið. Ég bið forseta að kanna hvort þingmaðurinn geti hugsað sér að vera nálægur þegar þessi mál eru til umræðu.

(**Forseti** (SalÞ): Forseti mun koma þeim skilaboðum áleiðis.)

Ég þakka hæstv. forseta fyrir.

Virðulegi forseti. Það er fróðlegt að velta því fyrir sér á þessari stundu hvað það er eða verður sem mun standa upp úr þegar saga núv. ríkisstjórnar verður metin, þegar hún verður borin saman við þær ríkisstjórnir sem á undan fóru og vonandi einnig þær ríkisstjórnir sem á eftir koma. Hvað er það sem er alveg sérstakt í tíð þessarar ríkisstjórnar sem gerir Ísland öðruvísi á þessu tímabili en það var áður um nokkurra ára eða jafnvel áratuga skeið? Það sem blasir við í þeim efnum er að *mínu mati tvennt:* Það er í fyrsta lagi atvinnuleysið. Það er alveg greinilegt að atvinnuleysið er sá þáttur sem veldur því að það hafa orðið kaflaskil á Íslandi í tíð þessarar stjórnar þannig að það er alveg að réttu lagi hægt að tala um atvinnuleysisstjórn Alþfl. og Sjálfstfl.

En í öðru lagi held ég að það sé ekki nokkur vafi á því að það sem hefur verið að gerast að undanförnu og er sérstakt og öðruvísi en áður, það er ástandið í húsnæðismálum. Ég held satt að segja að það sé augljóst mál að ef það er eitthvað annað sem stendur upp úr þá er það ástandið í húsnæðismálum vegna þess að fram undir það að núverandi ríkisstjórn tók við voru margir að gera gælur við það að almenningur gæti af venjulegum launatekjum eignast íbúðir. Það er hins vegar sagnfræði. Unga fólkið, sem er núna að stofna heimili, les um að það hafi verið þannig fyrir nokkrum áratugum að hægt hafi verið að eignast íbúðir með venjulegum hætti af eðlilegum launatekjum en ekki er kostur á slíku núna.

Hæstv. forseti. Ég fékk í dag tölur frá sýslumannsembættinu í Reykjavík um nauðungarsölur á íbúðum og öðrum eignum á undanförnum árum sem segja sína sögu. Á árinu 1988 voru nauðungaruppboð, sem fram fóru í Reykjavík, 103 talsins. Á árinu 1991 voru þau 250. Árið 1992 voru nauðungaruppboðin í Reykjavík einni 240. Árið 1993 voru nauðungaruppboðin 333 alls á árinu eða 27,7 á mánuði að meðaltali. Árið 1994 eru nauðungaruppboðin í Reykjavík orðin 345 eða 32,8 á mánuði að meðaltali.

Þetta segir með öðrum orðum að frá árinu 1988 þegar sú stefna var mótuð í húsnæðismálum sem fylgt hefur verið í grófum dráttum síðan með ekki mjög mörgum frávikum eru nauðungaruppboð meira en þrefalt fleiri en þau voru þá. Þetta er býsna athyglisvert og er samkvæmt upplýsingum sem ég fékk áðan frá sýslumannsembættinu í Reykjavík.

Mér bárust líka upplýsingar rétt í þessu hvernig fjöldi beiðna um gjaldþrot hefur þróast. Þar er auðvitað líka um afar athyglisverðar tölur að ræða. Það kemur t.d. fram að gjaldþrotaúrskurðir á síðasta ári í þessu umdæmi voru 525 á öllu árinu eða 43,7 að meðaltali á mánuði en gjaldþrotaúrskurðir á þessu ári eru 670 nú þegar eða 63,6 að meðaltali. Þannig að frá síðasta ári er gífurleg aukning á gjaldþrotaúrskurðum sem kveðnir eru upp í Reykjavík og er aðallega um íbúðarhúsnæði að ræða.

Ég er með fjölmargar fleiri upplýsingar um þróunina í þessum málum. Ég er t.d. með upplýsingar í þingskjali um vanskil í húsbréfakerfinu þar sem kemur t.d. fram að útlán í húsbréfakerfinu eru núna eitthvað um 57 milljarðar. Vanskilin eru talin vera um 700 millj. hjá 3.500 einstaklingum. Fróðlegt er að bera þetta saman við 86-kerfið sem alltaf er verið að úthúða. Í 86-kerfinu eru heildarútlánin 43,6 milljarðar en vanskilin 337 millj. eða helmingi minni en í húsbréfakerfinu hjá 1.660 einstaklingum í staðinn fyrir 3.416 einstaklinga. Það er því alveg augljóst mál að húsbréfakerfið leysti engan vanda, það jók við vandann þegar upp er staðið því fólk réð ekki við að taka þau lán sem þar var boðið upp á. Staðreyndin er sú að þegar maður skoðar húsnæðisstefnu síðustu ára standa fjögur atriði algjörlega upp úr.

Í fyrsta lagi upptaka húsbréfakerfisins sem skilur eftir sig þessa stöðu, þennan slóða vanskila og erfiðleika og það sem fólki dettur helst í hug að leysa vanda þeirra sem eiga í greiðsluerfiðleikum með því að bjóða þeim upp á ný húsbréf.

Í öðru lagi upptaka kaupleigukerfisins sem hefur auðvitað haft í för með sér býsna miklar breytingar á íbúðakerfinu í landinu. En hvaða árangri hefur kaupleigukerfið skilað fyrir fátækt fólk í landinu? Ég spyr.

Í þriðja lagi er það auðvitað sú staðreynd að vextirnir hafa hækkað. Ríkisstjórnin hefur á undanförnum árum hækkað vextina í húsnæðiskerfinu. Vextir á félagslegum lánum hafa verið hækkaðir úr 1% í 2,4% og í almenna kerfinu úr 3,5% í 4,9%.

Í fjórða lagi er svo það sem einkennir kerfið að undanförnu, sú staðreynd að búið er að skera niður vaxtabætur. Þegar allt þetta bætist svo við aðra erfiðleika í þjóðfélaginu sem er atvinnuleysi, sem eru minnkandi tekjur og erfiðleikar hjá fólki er auðvitað ekki að furða þó þessi mál séu tekin til sérstakrar umræðu í þessari virðulegu stofnun.

Á þskj. 54 flytjum við tveir þingmenn Alþb., ég og hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, till. til þál. um greiðsluaðlögun húsnæðislána. Þar segir, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að grípa tafarlaust til ráðstafana til að létta greiðslubyrði þeirra húsbyggjenda sem lent hafa í verulegum erfiðleikum með afborganir af fasteignaveðlánum húsbréfadeildar stafi greiðsluerfiðleikarnir af verulegri lækkun tekna vegna minnkandi atvinnu, veikinda eða af öðrum óviðráðanlegum ástæðum. Í því sambandi leggur Alþingi áherslu á eftirfarandi:

a. að ríkisstjórnin hefji strax viðræður við lífeyrissjóðina um endurfjármögnun fasteignaveðlána og lægri vexti þannig að unnt verði að létta greiðslubyrði fólks verulega frá því sem nú er;

b. að fjölgað verði í starfsliði Húsnæðisstofnunar svo að unnt verði að afgreiða fyrirliggjandi umsóknir um skuldbreytingar vegna greiðsluerfiðleika;

c. að undirbúin verði lagafrumvörp þar sem meðal annars verði kveðið á um þak á greiðslubyrði miðað við laun, greiðsluaðlögun og annað sem nauðsynlegt verður talið til að framkvæma vilja Alþingis samkvæmt þessari þingsályktun.

Alþingi felur fjármálaráðherra og félagsmálaráðherra að undirbúa þau lagafrumvörp sem nauðsynleg eru þannig að Húsnæðisstofnun geti frá áramótum hafið skuldbreytingar samkvæmt breyttum lagaforsendum."

Þetta var tillagan í heild, hæstv. forseti, og svo er það rakið í greinargerð að fyrir tveimur árum fluttum við flm. þessarar tillögu frv. til laga um greiðslufrest á fasteignaveðlánum vegna fjárhagserfiðleika. Því miður er skemmst frá því að segja að ríkisstjórnin féllst ekki á tillögu okkar. Hún fékkst ekki til að taka á henni. Þáv. félmrh. og þáv. ríkisstjórn hafnaði tillögu okkar um breytingar á lögum til þess að létta greiðslubyrði fólks.

Við fluttum tillöguna fyrst og fremst vegna þess að við teljum að í núgildandi lög vanti lagaheimildir til að koma til móts við fólk í greiðsluerfiðleikum. Ég held að reynslan sýni að það fólk sem hefur lent í að missa íbúðir sínar á allra síðustu árum hefði staðið æði mikið betur ef þáv. félmrh. og ríkisstjórn hefði ekki hafnað tillögum okkar hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar.

Við gerum ráð fyrir því að í þessi mál verði farið tafarlaust og með tillögunni birtum við frv. eins og við fluttum það á sínum tíma ásamt greinargerð þess þar sem ítarlega kemur fram hvernig við viljum fara í þau mál sem hér um ræðir.

Í þskj. okkar á bls. 3 birtum við sögu ungra hjóna sem keyptu sér íbúðarhúsnæði fyrir fáeinum árum. Þau hófu byggingu íbúðarhúsnæðis árið 1988 og þau áttu dálítið fyrir þessu húsnæði til að byrja með. Þau sóttu um í 86-kerfinu. Þau voru dregin á svari mjög lengi. Það endaði með því að þau tóku húsbréfalán. Þau voru metin hæf til þess að standa undir tilteknu húsbréfaláni að tiltekinni upphæð. Síðan hefur það gerst í fyrsta lagi að þau hafa lækkað í tekjum af því að yfirvinnan hefur minnkað, yfirborganirnar hafa minnkað, atvinnan hefur almennt dregist saman. Aðrar aðstæður hafa mjög lítið breyst nema svo þær að núv. ríkisstjórn hefur sérstaklega hækkað skattinn á þessu fólki af því að það er búið að skera niður barnabætur einmitt hjá þessum aðilum sem mjög oft standa í þeim barningi sem hér um ræðir. Og það er búið að skera niður vaxtabætur hjá þessu fólki. Þessir einstaklingar standa núna frammi fyrir því að fara til Húsnæðisstofnunar og segja: Við þurfum stuðning. Hvað segir Húsnæðisstofnun? Húsnæðisstofnun segir: Það er ekki hægt að fá stuðning af því að þið eruð ekki komin í nægilega mikil vanskil. Þið verðið helst að lenda í verulegum vanskilum og fá nauðungaruppboðshótanir til þess að fá stuðning frá þessu kerfi.

Niðurstaða þeirra er sú að sagt er við þau: Þið verðið að fara og selja íbúðina. Satt að segja hljómar það ekki mjög skynsamlega um þessar mundir vegna þess að ekki er hægt að selja. Mjög erfitt er að selja íbúðarhúsnæði um þessar mundir og þess vegna bæta þessi lán stöðugt við sig vöxtum og vaxtavöxtum og dráttarvöxtum og að lokum lendir þetta fólk iðulega í þeirri snöru sem birtist svo í nauðungarsölum og gjaldþrotum eins og þeim sem ég var að lesa upp tölur um áðan.

Það er þessi veruleiki sem núv. ríkisstjórn hefur vanrækt að taka á. Þess vegna flytjum við þessa tillögu, ég og hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson.

Við alþýðubandalagsmenn höfum á nýlegum miðstjórnarfundi okkar flutt tillögur um þessi mál sérstaklega varðandi lífskjör heimilanna þar sem við tökum sérstaklega á því sem við köllum og gerum tillögu um „Björgunarsjóð í húsnæðismálum". Við teljum að það hafi verið farið svo illa með þennan málaflokk í tíð núv. ríkisstjórnar, farið svo illa með þennan málaflokk í félmrn. á undanförnum árum að grípa verði til sérstakra björgunaraðgerða til þess að koma til móts við það fólk sem hefur verið að taka lán á undanförnum árum. Það er alveg augljóst mál að þau stjórnmálasamtök sem fást núna við stjórnmálaverkefni í landinu verða að gera mjög rækilega grein fyrir því hvernig á að taka á vandamálum þessa fólks sem hefur orðið fyrir barðinu á okurkerfinu í húsnæðislánum, hringlandahættinum í húsnæðismálum og húsbréfafarginu sem allt átti að leysa en leysti ekki neitt. Það er alveg ljóst að þegar maður skoðar, eins og ég sagði í upphafi, hæstv. forseti, sögu þessara síðustu ára og ber þau saman við árin á undan og árin á eftir, þá stendur tvennt upp úr og gerir þessi ár söguleg. Það er annars vegar atvinnuleysið og hins vegar húsnæðiskerfi sem er með þeim hætti að þúsundir manna standa frammi fyrir þeim veruleika óvissunnar og erfiðleikanna og sjá ekki fyrir endann á þessu máli.

Þess vegna spyr ég að lokum hæstv. félmrh., sem ég veit að hefur verið stutt í starfi: Í fyrsta lagi hvað sér hún fyrir sér sem lausn á þessum málum? Í öðru lagi getur hún fyrir sitt leyti fallist á þær tillögur sem við gerum í tillögu okkar? Í þriðja lagi geti hún ekki fallist á tillögur okkar hvaða aðrar tillögur telja menn hægt að nota í þessu sambandi vegna þess að ég segi að ekki má ljúka þessu þingi án þess að verði tekið á þessum þætti íslenska velferðarkerfisins, ljótustu vanrækslunni í þeim efnum núna á liðnum árum?

Hæstv. forseti. Ég legg svo til að tillögunni verði vísað til síðari umr. og hv. félmn.

[14:29]

Félagsmálaráðherra (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Mér er ljúft að ræða þessi mál og auðvitað hefði ég kosið að ég kæmi hér eftir skammman tíma í stóli félmrh. með lausnir á vanda allra þeirra sem eiga í erfiðleikum en það er ekki svo og veruleikinn er ekki þannig.

Þegar hv. þm. hóf mál sitt ræddi hann um sögu núv. ríkisstjórnar og hvernig hún yrði metin. Ég ætla í upphafi míns máls að fullyrða að þessi ríkisstjórn hefur náð ótrúlegum árangri í erfiðu efnahagsumhverfi og það er fráleitt að gefa sífellt mynd af því að það sé ríkisstjórnin sem hafi búið til atvinnuleysi. Þeir sem þannig tala vita betur og þeir vita að þeir geta eftir nokkra mánuði verið sjálfir í ríkisstjórn og átt þá ósk heitasta að geta brugðist við og unnið bug á atvinnuleysi og geta ekki gert það með þeim hætti sem þeir gefa mynd af á þeim tíma sem nú er.

Ég er spurð að því hvað ég sjái sem lausn og hvernig mér lítist á tillögur hv. þm. og hvaða aðrar tillögur ég hafi. Þessu verður e.t.v. ekki svarað í fljótu bragði en ég ætla þó að reyna. Mig langar fyrst að nefna aðeins út frá því sem hv. þm. nefndi um nauðungaruppboð og hvernig þeim hefur fjölgað. Ég ætla að hverfa örlítið aftur í tímann. Ég ætla að hverfa aftur í lok síðasta kjörtímabils þegar ég flutti hér tillögu sem ég tel að hafi þá átt mikið erindi og hafi verið grundvallarmál í lausn vanda eins og þess sem við búum við nú og höfum búið við í langan tíma og það er að gera ungt fólk betur meðvitað um fjármál og skuldbindingar og að kenna það í skólum að fara með þessi mál. Af hverju flutti ég þessa tillögu þá sem átti þá rétt á sér og á rétt á sér enn þann dag í dag? Það er vegna þess að einungis hjá því umdæmi, sem hv. þm. talaði um núna, embætti umdæmisins hér, voru 443 gjaldþrot ungs fólks skollin yfir á þeim tíma, í þeirri ríkisstjórn og ég fullyrði að sú ríkisstjórn var ekki að búa til alvarlegan vanda ungs fólks. Og hvað var þetta fólk ungt? Jú, það voru 17 21 árs, það voru 46 á aldrinum 22–24 ára og það voru 76 25–29 ára, 139 manns í gjaldþrotum á þessum aldri og 139 nokkrum árum eldri, alls 443. Auðvitað var þetta alvarlegt mál sem þarf að bregðast við. Að hluta til var þetta tengt húsnæðismálum þá og að hluta til öðrum orsökum.

En svo ég víki að íbúðareigendum þá hafa greiðsluerfiðleikar íbúðarkaupenda verið meira eða minna viðvarandi vandamál frá upphafi áttunda áratugar. Ég minni á vandamál svokallaðs misgengishóps og Sigtúnshreyfinguna sem þá spratt upp. Ég minni á þann vanda sem skapaðist með upptöku verðtryggingarinnar og hvernig mál skipuðust á þeim tímum. Ég ætla ekki að fara á þessum tíma inn í það. Ég minni líka á það að hámarkslán Byggingarsjóðs ríkisins árið 1983 var rúmlega 1.600 þús. kr. en tíu árum seinna var hámarkslánið fjórfalt hærra. Það þurfti að fara í lausn þess vanda sem þá kom upp og til að leysa greiðsluerfiðleika vegna íbúðaröflunar frá þessum tíma sem ég er að rifja upp var stofnaður sérstakur lánaflokkur hjá Byggingarsjóði ríkisins 1985 til að breyta skammtímaskuldum í lán til allt að 40 ára. Í lok árs 1990 var samþykkt á Alþingi tímabundin heimild til fyrirgreiðslu í húsbréfakerfinu á árinu 1991 til handa þeim sem voru í greiðsluerfiðleikum og gátu létt greiðslubyrðina með skuldbreytingu. Samtals voru á tímabilinu 1985–1991 veitt um 7.000 lán vegna greiðsluerfiðleika að fjárhæð um 6 milljarðar.

Mig langar aðeins til að skjóta hér inn vegna þess að ég var að skoða það í morgun að á árinu 1991 voru gefin út samkvæmt sérstakri heimild með lagastoð frá Alþingi um eins árs skeið liðlega 1.000 fasteignaveðbréf til aðstoðar í greiðsluerfiðleikum. Því miður er það svo í dag að um 51% þeirra er með um þriggja mánaða vanskil eða lengri tíma vanskil. Það segir okkur eitthvað um það að á þessum tíma hafa erfiðleikar fólks sem byrjuðu kannski fyrr verið að velta upp á sig og verið að fylgja okkur inn í tíma sem átti að skapa betri lausn í.

Virðulegi forseti. Það er nokkuð skammur tími til að gera þessum viðamiklu málum skil svo gott sé. En mig langar aðeins að víkja að þeim vanda sem við er að etja í dag. Á grundvelli reglugerðar var gert samkomulag á milli félmrn., Húsnæðisstofnunar ríkisins, Landsbanka, Búnaðarbanka, Íslandsbanka og sambands sparisjóða og í samstarfi við samtök lífeyrissjóða um sameiginlegt átak til að leysa vanda fólks sem á í erfiðleikum með að standa í skilum með lán til íbúðarkaupa. Forsenda skuldbreytinga af hálfu Byggingarsjóðs ríkisins var að fyrir lægi staðfesting á því að lánum skuldara við þær stofnanir yrði skuldbreytt. Einnig viljayfirlýsing um að lánastofnanir hafi samráð um að leita leiða til að leysa greiðsluvanda fólks þó að viðkomandi geti ekki fengið skuldbreytingu hjá stofnuninni, þ.e. uppfylli ekki skilyrði reglugerðarinnar um tekju- og atvinnuleysi. Það bárust um 1.250 beiðnir um skuldbreytingu á 13 mánaða tímabili til nóvember 1994. Húsnæðisstofnun hefur afgreitt 956 þeirra á þessu rúma ári. Þar af hefur verið samþykkt að skuldbreyta vanskilum hjá 573 umsækjendum en hafna hjá 369 umsækjendum. Umsækjendum sem var hafnað var veitt ráðgjöf og aðstoð til að ná fram skuldbreytingum hjá öðrum lánastofnunum. Rúmlega þriðji hver umsækjandi fékk þau ráð að selja íbúðina. Þar er vandi sem ekkert er hægt að líta fram hjá og ég tek undir það með málshefjanda að það er mjög alvarlegt þegar fólk er í þeirri stöðu að það er læst í skuldaviðjum vegna húsnæðiskostnaðar sem það ræður ekki við og ekki er hægt að aðstoða við að þá er ekki einu sinni hægt að selja. Ég tek bara undir þær áhyggjur. Því fyrr mætti vera að ég væri hérna megin borðs og teldi að það sé hægt að afgreiða þrátt fyrir góðan vilja, afgreiða þann vanda sem fyrir er.

En við skulum líka líta á að ástæður vanda þeirra sem fengið hafa skuldbreytingu eru langoftast atvinnuleysi eða tekjulækkun eins og málshefjandi benti á og þar ber þess að geta líka að við höfum einu sinni verið þannig Íslendingar að við höfum gjarnan gert út á toppinn. Við höfum gert út á mikla vinnu, við höfum gert út á vinnu beggja. Stundum eru skuldirnar þess eðlis að það er eingöngu verið að fjárfesta í viðunandi húsnæði sem nauðsynlegt er. Í öðrum tilfellum hefur verið ráðist í fjárfestingar á draumahúsnæðinu og eftir á reynt eins lengi og hægt er að vonast til að komast í toppinn aftur.

Virðulegi forseti. Mér vinnst ekki tími til að koma nánar inn á svör mín og vangaveltur við spurningum málshefjanda en ég verð bara að koma inn í umræðuna síðar.

[14:37]

Flm. (Svavar Gestsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. félmrh. fyrir þau svör sem hún gat veitt á þessum knappa tíma og vona að henni gefist tækifæri til að fara ítarlegar yfir þetta mál síðar í umræðunni. Ég tel að það sé mjög mikilvægt að hún svari því sem beint var beinlínis til hennar. Ég vil sérstaklega nefna það sem hún vék að, það er vanda þess fólks sem er læst fast í skuldaviðjar og getur ekki klárað skuldirnar og heldur ekki selt. Það er ægileg staða og það er gríðarlegur fjöldi fólks í þessari stöðu. Spurningin er: Hvað er hægt að gera af því þetta fólk var á vegum opinberra aðila, ríkis eða sveitarfélaga? Ég held að það sé í raun og veru fyrst og fremst það að menn velti því fyrir sér hvort hægt er að koma upp einhverju kerfi annaðhvort í beinum eða óbeinum tengslum við félagslega íbúðakerfið þar sem menn eru keyptir út úr þessum skuldaviðjum með einhverjum hætti og þannig losaðir út úr algerlega óviðráðanlegum dæmum í mörgum tilvikum. Þess vegna tel ég að það sé skynsamlegast við þær aðstæður sem þarna er um að ræða að það verði sköpuð félagsleg úrræði til að ríki og/eða sveitarfélög, eða jafnvel verkalýðsfélög eða lífeyrissjóðir sameinist um kerfi þar sem unnt er að kaupa þetta fólk út úr þessari óviðráðanlegu skuldagildru sem menn eru í í stórum stíl.

[14:39]

Félagsmálaráðherra (Rannveig Guðmundsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég skildi þingmanninn svo að þessi athugasemd ætti við félagslega húsnæðiskerfið. Ef hún sneri að félagslega húsnæðiskerfinu þá er þetta vissulega vandi sem verið er að skoða, sá hópur fólks sem ekki hefur ráðið við þær skuldbindingar sem fylgja í félagslega húsnæðiskerfinu jafngóð hugsun og er á bak við það og mikil og löng lán og lágar greiðslur sé viðunandi byggingar- eða kaupkostnaður fyrir hendi. En við megum ekki gleyma því varðandi félagslega húsnæðiskerfið að stærsti hluti þeirra sem þar fá inni og stærsti hluti þeirra skulda, þ.e. skuldirnar sem eru viðunandi fyrir viðkomandi, viðunandi íbúð og viðunandi greiðslubyrði, það er mjög mikil hamingja fólgin í þeim lánum svo vægt sé tekið til orða.

[14:40]

Flm. (Svavar Gestsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég var ekki bara að tala um félagslega kerfið. Ég átti líka við almenna kerfið. Ég held að það sé nauðsynlegt að átta sig á því að það er fjöldi fólks í almenna kerfinu sem er kominn í mjög erfiða stöðu, mjög erfiða efnahagslega, fjárhagslega og félagslega stöðu. Ég held að það sé nauðsynlegt að átta sig á því að félagslega kerfið gerir ráð fyrir því að það sé tekið með vissum hætti á vanda þess fólks sem þar kemur upp. En almenna kerfið, húsbréfakerfið gerir það ekki. Þess vegna þarf sérstök lagaákvæði til að hægt sé að koma til móts við þá sem eru í almenna kerfinu, eru skuldugir upp fyrir haus og eru með mikið af húsbréfum og ráða ekkert við vandann eins og hann blasir við þessu fólki. Ég vil líta þannig á uns annað kemur í ljós að hæstv. félmrh. hafi skilning á því að á vanda þessa fólks þurfi sérstaklega að taka.

Síðan vil ég aðeins nefna það í þessu andsvari að auðvitað þarf að skoða í tengslum við þessi mál félagslega kerfið og þá samspil þess og húsaleigubótakerfisins. Ég held að menn þurfi auðvitað að gera sér grein fyrir því að það að húsaleigubótakerfi er að koma hér upp vonandi, þó það sé gallað, það getur auðvitað haft það í för með sér að eftirspurnin eftir félagslegu íbúðarhúsnæði breytist. Þessa hluti alla eiga menn að stilla saman og reyna að taka á þessu myndarlega. Ég endurtek það sem ég sagði í ræðu minni áðan að það er útilokað að ljúka þessu þingi og þessum vetri án þess að á þessum málum sé tekið.

[14:42]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég hefði nú kosið að hæstv. félmrh. hefði haft tíma til að klára ræðu sína hér í umræðunni áður en ég talaði. Það er að vissu leyti galli á þingsköpum að hún skyldi ekki getað klárað sína ágætu ræðu áður en umræðunni vindur frekar fram.

Ég kvaddi mér hljóðs fyrst og fremst vegna þess að ég tel að þessi tillaga sé athygli verð. Ástandið í þessum málum er gjörsamlega óviðunandi. Ég tek undir það með hv. 1. flm. að það er útilokað að ljúka þingi nú í vetur öðruvísi en að ganga frá þessu máli með einhverjum viðunandi hætti. Ég ætla ekki að taka afstöðu hér og nú til þeirra tillagna í smáatriðum sem hér eru settar fram og drepið er á. En ég tel að þær eins og annað og eins og margar fleiri tillögur eigi að koma til skoðunar við að leita lausna á þessum mikla vanda.

Hæstv. félmrh. minntist á ótrúleg afrek ríkisstjórnarinnar. Mér fannst hæstv. félmrh. vera orðin fullhrifin af þeirri ríkisstjórn sem hún er nýsest í ef henni finnst frammistaða ríkisstjórnarinnar með þeim ágætum sem hún lét. Frá því segir Snorri að oflof sé háð. E.t.v. hefur hæstv. félmrh. verið að hæðast að forverum sínum og ríkisstjórninni allri í ræðu sinni. Skuldasöfnun heimilanna hefur náttúrlega á valdatíma núv. ríkisstjórnar orðið mjög alvarlegt vandamál. Þessi ríkisstjórn hefur verið að færa til þjóðarauðinn, færa hann frá hinum mörgu smáu í hendur fárra stórra. Það hefur verið rauði þráðurinn í þeirri pólitík sem ríkisstjórn Davíðs Oddssonar hefur fylgt. Þeir hækkuðu vextina í upphafi og langt fram yfir það sem þurfti og með því móti var náttúrlega stuðlað að því að keyra atvinnulífið í fjötra og hækka skuldirnar hjá þeim sem á annað borð skulduðu og hins vegar að færa peninga til þeirra sem áttu peninga fyrir, gera þá ríku ríkari og þá fátæku fátækari.

Hæstv. ríkisstjórn hefur líka notað atvinnuleysið sem hagstjórnartæki og er hún fyrsta ríkisstjórn í langan tíma sem hefur gripið til þess ráðs. Atvinnuleysi er ákaflega vont hagstjórnartæki og ósiðlegt. Þar af leiðir að við eigum ekki að láta okkur detta í hug að líða slíkt hagstjórnartæki.

Komið hefur í ljós að húsbréfakerfið gengur ekki upp, því miður. Þegar hæstv. fyrrv. félmrh., Jóhanna Sigurðardóttir, kreisti húsbréfakerfið í gegnum þingið lét hún það í veðri vaka að þetta leystist allt af sjálfu sér. Hún bjó til einhvers konar naglasúpu sem þurfti

ekkert í nema smávegis af nöglum. Síðan átti þetta að verða fínasta súpa. Reyndin hefur orðið sú að þessi súpa er gölluð. Nú er svo komið að fjórðungur húsbréfa er í vanskilum. Það segir sína sögu. Fyrir utan það að afföllin hafa náttúrlega verið glæpsamleg. Menn hafa tekið lán og fá kannski ekki nema þrjá fjórðu af láninu í hendur. Það eru okrarar sem haga sér svona.

Húsbréfakerfið hefur hins vegar ákveðna kosti, því er ekki að leyna. 86-kerfið hafði ákveðna annmarka. Þar voru biðraðir og út af fyrir sig var eðlilegt að menn vildu leggja áherslu á að stytta þær en það var hins vegar gert með aðferð sem var ekki heldur gæfuleg. Húsbréfakerfið hefur orðið að nokkurs konar sjálfsafgreiðslu og það er þægilegt fyrir þá sem ráða við það að standa í skilum en það er ekki neitt góðverk fyrir hina sem eru komnir á fremstu nöf. Sjálfsafgreiðsla í stað biðlista hefur ekki reynst farsæl því að biðlistarnir leiddu ekki til þvílíkra stórvandræða sem húsbréfakerfið hefur gert. Þess vegna verður að breyta húsbréfakerfinu. Ég tel að einn af þeim þáttum sem ber að skoða sé sá hvort ekki væri tiltækilegt að breyta lánunum og lengja þau í t.d. 40 ár. Það minnkaði greiðslubyrði um verulegar upphæðir þannig að létt væri að nokkru þeim drápsklyfjum af fólki sem sumir eru komnir með. Það verður sem sagt að grípa til björgunaraðgerða með einhverjum hætti og það sem allra fyrst.

Íslenskum fyrirtækjum hefur stundum verið bjargað með nauðasamningum og sértækum aðgerðum. Ég held að kominn sé tími til að við hugleiðum í alvöru hvort nokkurt undanfæri sé að bjarga litlum fyrirtækjum, þ.e. fjölskyldunum í landinu, með sértækum aðgerðum eitthvað í stíl við það sem stóru fyrirtækin hafa notið.

Fyrir utan það hefur félagslega kerfið lent á villigötum. Það var vel hugsað í upphafi og allt hefur þetta verið gert af mikilli góðvild og það átti að leysa einhvern vanda. En félagslega kerfið hefur skapað vanda og í mörgum tilfellum meiri vanda en það leysti.

Menn hafa freistast til í erfiðu atvinnuástandi að nota félagslega kerfið til þess að leysa iðnaðarvandamál, þ.e. til þess að iðnaðarmenn fengju vinnu hafa menn reist félagslegar íbúðir. Þetta hefur orðið að nokkurs konar atvinnubótavinnu. Hvaða vit er í því að gera þær kröfur sem gerðar eru í félagslega kerfinu, t.d. að áður en hægt er að flytja inn í íbúðirnar er gengið frá lóðinni? Mér finnst þetta tóm vitleysa.

[14:51]

Sturla Böðvarsson:

Virðulegi forseti. Ég vildi í tilefni þessarar umræðu segja nokkur orð um þá tillögu sem hv. 10. þm. Reykv. og 5. þm. Vestf. hafa flutt um greiðsluaðlögun húsnæðislána. Ég held að ekki fari milli mála að húseigendur sem hafa margir verið að reyna að koma yfir sig þaki hafa lent í verulegum vandkvæðum. Þau vandamál sem húseigendur hafa komist í eru vafalaust af mörgum toga spunnin, bæði vegna þess að tekjur hafa minnkað eins og hefur komið fram í umræðunni og einnig það að e.t.v. hafa menn reist sér hurðarás um öxl, byggt of stórt og tekið of mikið af lánum. En ég tel að sá vandi sem einnig hefur komið upp sé sá að ekki hefur tekist að byggja upp húsnæðislánakerfið með þeim hætti að það geti á viðunandi hátt sinnt þessari þjónustu, þ.e. að veita lán til húsbygginga, bæði í félagslega kerfinu og hinu almenna kerfi.

Mjög margir bjuggust við því að húsbréfakerfið mundi leysa mikinn vanda. Ég var meðal þeirra sem töldu að yfirtaka húsbréfakerfisins væri til bóta og ég tel að það hafi verið svo að ýmsu leyti en hins vegar hefur það sýnt sig að húsbréfakerfið hefur verið allt of opið. Að því er virðist hefur fólk fullgreiðan aðgang án þess að tryggt væri að í því væri öryggiskerfi sem tæki á því ef aðstæður breyttust þannig að greiðslubyrði yrði of þung af húsbréfalánunum. Ég tel að það sé þess vegna afar brýnt að líta yfir þetta að fenginni reynslu. Það verð ég að segja alveg eins og er að ég tel að Húsnæðisstofnun hafi ekki brugðist nægjanlega við til þess að reyna að létta húseigendum þær byrðar sem margir hafa kiknað undan.

Ég verð að segja eins og er að ég hef saknað þess mjög að sá hv. þm., 12. þm. Reykv., sem sat í stól félmrh., skyldi ekki á meðan hún hafði aðstöðu til beita sér frekar og meira fyrir því að gera úrbætur og styrkja þetta kerfi, sérstaklega gagnvart þeim sem hafa lent í vandræðum. Fróðlegt væri að heyra hvað þessi tiltekni virðulegi þingmaður, hv. 12. þm. Reykv., vill segja við okkur núna þegar hún er komin úr stóli félmrh. og hvað hún ráðleggur þinginu að gera við þær aðstæður sem við búum við núna. Ég bíð spenntur eftir þeirri ræðu.

Það er alveg ljóst að Húsnæðisstofnun hefur vissulega mjög vandasöm verkefni gagnvart þeim sem hafa tekið lán úr húsbréfakerfinu en einnig gagnvart því sem snýr að eldra kerfi. Ég held að ef ætti að samþykkja þá tillögu sem hér er til umfjöllunar þar sem lagt er til að fjölgað verði starfsliði í Húsnæðisstofnun, væri mikilvægara að Húsnæðisstofnunin leitaði eftir auknu samstarfi við aðrar lánastofnanir, við bankana, fremur en að opinberum starfsmönnum yrði fjölgað til þess að sinna þessu. Mjög margar lánastofnanir eða bankarnir hafa gengið fram fyrir skjöldu til þess að reyna að auðvelda húseigendum til þess að standa í skilum og ég hefði talið að það væri eðlilegra og raunar mikilvægara að Húsnæðisstofnunin leitaði meira samstarfs við bankana í þessum efnum.

Varðandi önnur efnisatriði þessa frv. vil ég segja það að ég fagna því að þetta frv. skuli koma fram þannig að færi gefist á því að ræða þennan vanda, sem er vissulega uppi og var ekki ástæða til þess að draga á nokkurn hátt úr, því að vandi húseigenda er vissulega til staðar vegna þeirra breytinga sem hafa orðið tengt atvinnuleysi og minni tekjum og ég held að þingmenn hljóti að geta verið sammála því að á þessu þurfi að taka. Þess vegna fagna ég út af fyrir sig þessari tillögu. En ég er sannfærður um að hæstv. núv. félmrh. mun og vill taka á þessum málum og ég treysti hæstv. félmrh. mjög vel til þess.

[14:58]

Flm. (Svavar Gestsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. 1. þm. Vesturl. fyrir þær almennu undirtektir sem komu fram í máli hans. Þó að það liggi fyrir að hann var ekkert að taka undir efnisatriði tillögunnar í einstökum atriðum er hitt ljóst að hann gerir sér grein fyrir því eins og sjálfsagt flestallir hér að það verður að taka á þessum alvarlega vanda húsbyggjenda. Það er ekki hægt að hugsa sér að þessu þingi sem nú stendur verði lokið öðruvísi en á þessum málum verði tekið. Hér er um að ræða vanda sem snertir mörg þúsund heimili í landinu öllu og þess vegna er mjög mikilvægt ef á vandanum á að taka að allir flokkar helst komi að málinu og ég bendi á að 1986 gerðist það að samkomulag varð með fulltrúum allra flokka á Alþingi með þá lendingu sem á varð í húsnæðismálum, bæði stjórn og stjórnarandstöðu. Þó að menn séu ekki ánægðir með það samkomlag nú þá var það a.m.k. fordæmi fyrir því að menn gætu náð samkomulagi í stjórn og stjórnarandstöðu um mál af þessu tagi. Ég tel að málið sé það stórt að það er næstum að segja hægt að líkja því við meiri háttar áföll. Málið er af þeirri stærðargráðu. Þetta er milljarðamál, á því verði í raun og veru ekki tekið öðruvísi en allir flokkar komi þar að verkinu og auðvitað verður hæstv. félmrh. að hafa þar talsverða forustu.

En ég kom hér fyrst og fremst upp til þess að fagna því að hv. 1. þm. Vesturl. tók almennt undir það að á málinu verður að taka.

[15:00]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tek undir orð síðasta ræðumanns og tel það fagnaðarefni að hv. 1. þm. Vesturl. skuli hafa tekið undir meginatriðin sem liggja að baki tillögunni, viðurkennt að vandinn er fyrir hendi og hann er geigvænlegur og aðgerða er þörf nú áður en þingi lýkur snemma á næsta ári.

Það sem ég vildi gera athugasemd við úr máli hans eru ummæli hans í garð Húsnæðisstofnunar í þá veru að í stað þess að fjölga starfsmönnum til að vinna upp biðlistann sem safnast hefur og myndast hefur frá fólki sem biður um greiðsluskuldbreytingu, að vísa því yfir í bankana. Það er því miður reynsla stofnunarinnar af greiðslumati bankanna að það þarf að fara yfir það aftur. Það virðist ekki vera nægjanlega traust það greiðslumat sem frá bönkunum kemur og verður að líta á það enda að sumu leyti skiljanlegt því bankarnir eru þarna ekki að gera greiðslumat fyrir sjálfa sig. Þeir ætla ekki að lána sína peninga út frá því greiðslumati sem þeir gera. Þeir ætla að lána peninga þriðja aðila, þ.e. byggingarsjóðanna. Það er auðvitað ekki eðlilegt að aðrir geri greiðslumat en þeir sem eiga að bera ábyrgð á verkinu og lána peningana. Ég tel því að menn ættu frekar að fara þá leið að færa greiðslumatið frá bönkunum og inn í stofnunina alveg eða þá að láta bankana fara út í beina útlánastarfsemi, bera ábyrgð á útlánunum í ríkara mæli en gert er, en það er ein breytingin sem gerð var með húsbréfakerfinu að bankarnir losnuðu mikið til við húsbyggjendur úr sínum lánveitingum.

[15:02]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þessi athugasemd hv. 5. þm. Vestf. er út af fyrir sig athyglisverð en ég er þeirrar skoðunar að það beri að draga frekar úr starfsemi Húsnæðisstofnunar en hitt og það er út af fyrir sig mjög alvarleg yfirlýsing frá stjórnarmanni að ég best veit í stjórn Húsnæðisstofnunar ef það er mat Húsnæðisstofnunar að það sé ekki hægt að treysta bönkunum fyrir þessu greiðslumati. Það er mjög merkileg yfirlýsing. Ég hef hins vegar haft þá bjargföstu skoðun að það ætti að leggja Húsnæðisstofnun niður, það ætti að fela bankakerfinu að lána húsnæðislán í auknum mæli en á meðan það er ekki verður stofnunin að geta sinnt sínu hlutverki. Ég held að það sé mun mikilvægara að Húsnæðisstofnun beiti sér þá fyrir því gagnvart bönkunum að bæta úr þessari vinnu á vegum bankanna þannig að þeim sé hægt að treysta fremur en að farið verði að fjölga mikið starfsmönnum Húsnæðisstofnunar. Húsnæðisstofnun er hér í Reykjavík og ég er sannfærður um það að Vestfirðingar mundu fagna því ef þeir gætu leitað til sinna lánastofnana á Vestfjörðum eða á Vesturlandi, til sparisjóðanna, til útibúa bankanna fremur en þurfa að fara þá þrautagöngu að fara til Reykjavíkur og bíða þar á biðstofum eftir ráðgjöfum sem vinna fyrir Húsnæðisstofnun. Ég tel því að besti kosturinn væri sá að Húsnæðisstofnun leitaði eftir auknu samstarfi við bankana því að þetta er vissulega mikið vandamál eins og kom hér fram hjá hv. 9. þm. Reykv., ég vil ekki á nokkurn hátt draga úr því. En skipulag þessara mála þarf að vera þannig að það þjóni lántakendum, þjóni þeim sem leita eftir þjónustu við Húsnæðisstofnun.

[15:04]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er að mörgu leyti sammála hv. 1. þm. Vesturl. um að það er rétt og eðlilegt að skoða það í fullri alvöru hvort ekki sé unnt að færa þessa almennu útlánastarfsemi að fullu til bankanna. Húsbréfakerfið er í eðli sínu markaðskerfi sem á ekkert fremur heima í ríkisstofnun en í almennum bönkum. Ég er tiltölulega hlynntur því að menn taki þetta til alvarlegrar athugunar svo að viðskiptabankarnir geti annast þetta mál. En þá verða menn líka að athuga grundvöllinn að húsbréfakerfinu sem er að mínu viti ekki réttur því að hann byggist á því að gefa út verðbréfapappíra án þess að vita hvort einhver vilji kaupa þá. Sá sem fær svokallað húsbréfalán fær ekki peninga, hann fær bara bréf, hann fær bara pappír. Svo verður hann að finna einhvern sem vill kaupa þennan pappír svo að hann fái þá peninga sem hann er að sækjast eftir. Þarna er um að ræða að mínu viti grundvallarmisskilning í útlánastarfsemi að lána fyrst og athuga svo hvort það sé til innstæða fyrir útlánunum. Ég minni t.d. á danska húsbréfabankann sem er þannig að hann lánar ekki nema til séu peningar, hann lánar ekki út aðra peninga en til eru í bankanum. Ef menn vilja fá lán í bankanum þá verður bankinn fyrst að afla peninga til þess að lána út. Hér hefur verið farin hin öfuga leið að lána fyrst án tillits til þess hvort til eru einhverjir peningar

til þess að ávísa verðmætin út á. Þetta er hin ábyrgðarlausa útlánastefna sem Alþfl. hefur staðið fyrir í húsnæðismálum síðan hann tók við félmrn. á sínum tíma og ég verð að segja mér finnst eiginlega meira en nóg komið af stefnu Alþfl. í þessum málum.

[15:06]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að fara að svara hv. þm. um stefnu Alþfl. í húsnæðislánamálum heldur fagna því að þingmaðurinn í rauninni tók undir það sem ég sagði hér að það væri eðlilegra að veita tiltekin aukin verkefni til bankanna og láta þá þjóna þeim húseigendum sem þurfa á sérstakri aðstoð að halda.

Varðandi það hvort verið sé að lána peninga sem eru í rauninni ekki til, þá er það út af fyrir sig mjög alvarlegt mál. En ég hef grun um það hins vegar að það hafi verið gengið mjög langt í því að lána í formi húsbréfa til þeirra sem hafa verið að kaupa eða byggja, stundum kannski umfram raunverulegt verð viðkomandi húseigna. Og það hefur verið gert til þess að skapa meira svigrúm fyrir húsbyggjendur eða þá sem hafa verið að kaupa, óraunhæft svigrúm sem síðan hafi lent í bakinu á mönnum með meiri greiðslubyrði en þeir hafa getað sinnt. Þetta eru alveg augljósir gallar, þarna hafa orðið hrein mistök. Hverjum það er að kenna, hvort það er Húsnæðisstofnun eða e.t.v. lánastofnunum eða fasteignasölum, það vil ég ekki um segja, en það er alveg deginum ljósara að þarna hefur verið pottur brotinn sem þarf að bregðast við og taka á.

Ég vil að lokum, hæstv. forseti, leggja á það áherslu að það þarf að taka á þessum málum og þess vegna fagna ég því að þessi tillaga hefur komið fram. Hins vegar veit ég það að hæstv. núv. félmrh. hefur í hyggju að taka rösklega á þessum málum og ég mun veita henni allan minn stuðning til þess að svo geti orðið.

[15:09]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég vil endurtaka það sem ég sagði áðan í andsvari að ég fagna þeim undirtektum sem tillagan hefur fengið hjá ræðumönnum sem til þessa hafa tekið til máls um þáltill. Miðað við þær undirtektir virðist vera óumdeilt að menn viðurkenna að vandinn er fyrir hendi, menn viðurkenna að vandinn er mikill og menn viðurkenna líka að Alþingi verður að láta málið til sín taka og grípa til aðgerða til þess að koma til móts við fólk sem á í erfiðleikum. Þetta er nauðsynlegt að menn séu sammála um áður en menn geta gert sér vonir um að Alþingi muni yfir höfuð ná saman um aðgerðir, en fram til þessa hefur málið hins vegar strandað á hinum ýmsu varaformönnum og félagsmálaráðherrum Alþfl. sem hafa ævinlega neitað því að hér væri um að ræða eitthvert það vandamál að það réttlætti afskipti Alþingis. Og úrbætur sem lagðar hafa verið fram á Alþingi eins og t.d. frumvarpsflutningur okkar beggja flutningsmanna þessa máls sem við fluttum fyrir tveimur árum hefur ekki náð fram að ganga og var reyndar afar illa tekið af oddvitum Alþfl. í húsnæðismálum. Það er því ekkert sjálfgefið að þingheimur hafi verið eða sé sammála um að vandinn sé uppi og hann sé mikill. En þó hefur sú afstöðubreyting orðið að núverandi félmrh. Alþfl. hefur tekið undir það að vandinn er stór og gefið undir fótinn með að Alþingi þurfi að taka á honum. Það er sú mikla breyting sem hefur orðið á afstöðu manna hér á þingi að Alþfl. er ekki lengur að spyrna við fótum og draga lappirnar í þessum efnum. Það gefur nokkrar vonir um að þingmenn beri gæfu til að ljúka við og ná saman um afgreiðslu á þessu þingmáli og ná samkomulagi um aðgerðir til að mæta vanda þeirra sem ráða ekki við sínar skuldbindingar vegna íbúðarkaupa. En það mundi ég telja mikla hneisu fyrir Alþingi og þó ekki hvað síst fyrir stjórnarflokkana ef látið yrði hjá líða að afgreiða slíkar aðgerðir.

Það sem menn þurfa að mínu viti að hafa að leiðarljósi í öllum sínum aðgerðum sem menn kunna að ná saman um á næstu vikum er tvennt: Að skapa öryggi fyrir íbúðareigendur, að skapa öryggi í stað þess öryggisleysis sem menn hafa verið að búa til jafnt og þétt í gegnum tíðina. Síðara atriðið er að viðurkenna að fólk sem er að kaupa íbúðir getur ekki borgað meira en ákveðið hlutfall af sínum launum til þessara íbúðarkaupa. Menn verða að tengja saman laun og afborganir lána. Það er bara þetta tvennt að mínu viti sem er nauðsynlegt að hafa í fyrirrúmi. Ef menn hafa þessi atriði sem undirstöðu aðgerða þá leysa menn þau vandamál sem uppi eru. Það er ekki víst að menn leysi þau þannig að allir verði sáttir við þau eða allir sammála en þá ná menn utan um meginorsök vandans og skapa fólki öryggi hvar sem það býr á landinu svo að það geti með öruggum hætti búið í sínum íbúðum og treyst því að afborganir og vextir af lánum fari ekki upp fyrir tiltekið hlutfall af launum sínum. Ef launin lækka verulega þá verði tekið tillit til þess og afborgunin lækki samhliða. Ef menn missa atvinnuna þá verði aðgerðir sem mæta því. Það er þetta sem menn þurfa á að halda fyrst og fremst.

En því miður hafa íbúðareigendur slæma reynslu af stjórnvöldum í þessum efnum og það verður að segja eins og er að þetta öryggi var að nokkru leyti til staðar í löggjöf frá Alþingi sem sett var árið 1985 í lögum um greiðslujöfnun fasteignaveðlána og náði til þeirra lána sem voru veitt úr byggingarsjóðunum. Í þeim lögum var settur varnagli við breytingum sem stjórnvöld mundu beita sér fyrir, íbúðareigandanum eða skuldaranum til óhagræðis þannig að afborgunin eða greiðslubyrðin hækkaði ekki þrátt fyrir breytingar ríkisvaldsins. Þar er fyrst og fremst um að ræða að í lögunum var settur varnagli gagnvart breytingum á vöxtum fasteignaveðlánanna.

Í lögunum sem sett voru í tíð Alexanders Stefánssonar sem félmrh. var sá varnagli að hækkun á vöxtum í fasteignaveðlánunum leiddi ekki af sér hækkun á greiðslubyrði heldur kom hækkunin einfaldlega út í lengri greiðslutíma, lánin einfaldlega lengdust. Vaxtahækkunin leiddi ekki til þess að menn yrðu að borga hærra hlutfall á mánuði hverjum strax í þessi lán heldur fór vaxtahækkunin aftur fyrir höfuðstól lánsins.

En illu heilli var þessi öryggisventill sem var einn

drýgsti öryggisventill sem Alþingi hafði sett til að vernda hagsmuni íbúðareigenda, skapa þeim eitthvert lágmarksöryggi, tekinn af. Að kröfu hvers? Að kröfu Alþfl. Félmrh. Alþfl. setti það skilyrði að þetta yrði tekið út. Það var gert með sérstakri lagasetningu á vordögum árið 1991. Auðvitað með því hugarfari að fylgja svo eftir þeirri lagabreytingu með því að hækka vextina. Það var gert í kjölfarið, bæði í Byggingarsjóði ríkisins og Byggingarsjóði verkamanna voru vextirnir síðan hækkaðir. Það leiddi til þess að öll hækkunin var tekin beint úr vösunum á þeim sem voru að borga. Það var áætlað að vaxtahækkunin hafi numið liðlega 1 milljarði kr. á ári hverju sem greiðslubyrði þessara lána hækkaði nánast í einu vetfangi undir stjórn félmrh. Alþfl. á árinu 1991 og síðar.

Þetta urðu húsbyggjendur og aðrir íbúðareigendur að bera bótalaust. Þeir urðu að bera þessa hækkun bótalaust. Þeim var sagt: Þið fáið vaxtabætur á móti þessari vaxtahækkun seinna. (Forseti hringir.) Ég spyr forseta er ekki nema átta mínútna ræðutími í þessari umræðu?

(**Forseti** (VS)**:** Það er rétt. Fyrir frummælendur er 15 mín. Hv. þm. telst ekki vera það.)

Þá læt ég lokið máli mínu þar sem tíminn er búinn. Ég á það mikið eftir að ekki dugir að stela sér tíma hjá forseta.

(**Forseti** (VS)**:** Hv. þm. er heimilt að biðja um orðið aftur.)

Ég þakka fyrir. Ég held ég þiggi það hjá forseta á meðan það er í boði.

[15:18]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég vil fagna þessari tillögu og ekki síður þeim undirtektum sem hún hefur fengið hér hjá talsmönnum annarra flokka og reyndar einnig hjá hæstv. félmrh. Það veitir svo sannarlega ekki af að ræða stöðuna í húsnæðismálum þjóðarinnar. Hún er vægast sagt hrikaleg og er sennilega leitun að því að sá málaflokkur sem slíkur hafi verið í meiri upplausn en einmitt núna. Á ég þá bæði við að starfræksla sjálfs húsnæðislánakerfisins er í molum og byggingarsjóðirnir ná ekki að fjármagna sig með þeim hætti sem ætlunin hefur verið upp á síðkastið og eru algerlega upp á það komnir að ríkissjóður endurláni þeim fé. En hin hliðin á málinu er þó kannski enn þá hrikalegri sem snýr að viðskiptamönnum húsnæðislánakerfisins, þ.e. húsbyggjendum og kaupendum á undanförnum árum sem eru nú í gífurlegum erfiðleikum.

Staðreyndin er sú að þessi mál eru meira og minna öll í molum. Nýbyggingar hafa dregist mjög saman og þar af leiðandi er endurnýjun í húsnæði landsmanna ekki eins og hún þyrfti að vera. Það hlýtur að kalla á vaxandi erfiðleika, hækkandi húsaleigu og annað því um líkt að nú er alls ekki byggt nægjanlega mikið húsnæði til þess að endurnýja og bæta við húsnæði fyrir nýja árganga.

Þetta er eitt en á því er hægt að ráða bót. Hitt er öllu verra sem gerst hefur vegna viðskipta þúsunda fjölskyldna við þetta kerfi á undanförnum árum. Þar er gífurlegur vandi að hlaðast upp, greiðsluerfiðleikar, sem hér hefur verið farið yfir og er óþarft að fjölyrða um. En í hnotskurn er staða mála þannig í húsbréfakerfinu að fjórða hvert lán þar er í vanskilum og þó teljast það ekki vanskil fyrr en komið er 90 daga fram yfir eindaga þannig að ljóst er að til viðbótar þessum viðurkenndu langtímavanskilum er umtalsverður hópur fólks sem er eitthvað orðinn á eftir með sínar afborganir. Yfir 60% allra greiðsluerfiðleika eru í vanskilum.

Það versta við þetta mál, hæstv. forseti, er að í þessu máli hefur verið komið aftan að fólki. Í raun og veru er með einhliða stjórnvaldsaðgerðum á síðustu árum búið að búa til misgengishóp alveg sambærilegan við þann sem verst varð úti á árunum 1983–1985. Þá var launavísitala tekin úr sambandi en lánskjaravísitalan æddi áfram í 30–40% verðbólgu og til varð hið illræmda misgengi þeirra ára. En á síðustu árum hefur verið búið til sambærilegt misgengi í húsbréfakerfinu. Það gerist með því, hæstv. forseti, og er enn þá alvarlegra en ella, að menn fara í hið fræga greiðslumat, þeir leggja fram upplýsingar um laun sín og fjárhagslega stöðu og það er reiknað út og metið hverju þeir séu borgunarmenn fyrir. Í krafti þess taka menn ákvarðanir um sínar fjárfestingar og taka húsbréfalán. En hvað er svo gert? Svo er fótunum kippt undan þessu fólki, greiðslumatið eyðilagt með einhliða röskun stjórnvalda á þeim grundvelli sem matið byggði á, með því að hækka skatta á þessu fólki, með því að lækka vaxtabætur, lækka hinn opinbera stuðning við húsbyggjendurna sem auðvitað var reiknað með í greiðslumatinu. Síðan koma til sögunnar afföllin sem hæstv. fyrrv. félmrh. sór og sárt við lagði ásamt með sínum sérfræðingum þegar verið var að taka upp húsbréfakerfið að mundi aldrei verða. Staðreyndin er samt sú að afföllin fóru langt yfir 20% á löngu tímabili. Það hefur leitt til þess að þúsundir einstaklinga og fjölskyldna skulda upp í allt að fjórðungi meira í húsbréfakerfinu en þeir nokkurn tímann fengu. Ég veit dæmi um menn sem tóku lán og skulda 4 millj. í húsbréfum, en fengu að teknu tilliti til affalla og lántökukostnaðar aldrei nema 3 millj. Þegar það bætist svo við að grundvellinum er kippt undan mönnum með því að forsendunum er breytt einhliða af hálfu stjórnvalda þá er ekki nema von að illa fari.

Ég fullyrði það, hæstv. forseti, að siðferðilega séð er það misgengi sem búið er að búa til í húsbréfakerfinu í raun ekki hótinu skárra en það sem búið var til á árunum 1983–1985. Og skömm þeirra sem að því hafa staið mun verða lengi uppi. Að koma þannig aftan að fólki. Við skulum viðurkenna að auðvitað er ekki við húsbréfakerfið að sakast sem slíkt þó atvinna dragist saman í landinu og tekjur falli en sá hluti þessa vanda sem er vegna einhliða stjórnvaldsaðgerða á undanförnum árum er siðleysi, algert siðleysi. Það er fleira sem varðar við siðferði í íslenskum stjórnmálum, hæstv. forseti, en einstakar afglapalegar embættisathafnir hæstv. fyrrv. félmrh., þess sem var næstur á undan þeim sem nú situr. Það er nú einu sinni þannig. Ég segi alveg eins og er að þegar farið er yfir þessa stöðu og ástand mála þá er sorglegt að horfa upp á það að í

annað skiptið á tiltölulega stuttu tímabili í Íslandssögunni skuli þúsundir saklauss fólks vera komnar í stöðu af þessu tagi. Vegna þess að það er komið aftan að þessu fólki. Forsendunum er raskað sem það tók sínar ákvarðanir á og réðist í sínar húsbyggingar eða íbúðarkaup. Þannig má ekki standa að stjórnvaldsathöfnum og fara með framkvæmdarvaldið á Íslandi.

Þennan vanda verður að takast á við og það verður að gera það strax áður en meiri erfiðleikar og sárindi og hörmungar hljótast af en þegar eru orðnar og koma m.a. fram í upplýsingum um fjölgun nauðungaruppboða og öðru því um líku.

Við alþýðubandalagsmenn teljum að það hljóti að verða eitt af forgangsverkefnum nýrrar ríkisstjórnar að glíma við þennan vanda í húsnæðismálunum. Næst á eftir atvinnuleysinu verður að takast á við þetta stóra og mikla vandamál af mikilli alvöru. Það þarf væntanlega ekki að rökstyðja að það er fokið í flest skjól fyrir fólki þegar svo er komið að það ræður ekki einu sinni við að borga þær skuldbindingar sem tryggja því þak yfir höfuðið. Ætli menn séu þá ekki búnir að skera niður og spara flesta aðra hluti áður en þeir taka áhættu af því að húsnæðið verði boðið upp ofan af þeim? En þannig er staðan orðin að þúsundir fjölskyldna fá yfir sig uppboðshótanirnar mánuðum oftar. Mönnum tekst kannski að bjarga sér frá mánuði til mánaðar með skammtímalántökum og öðru slíku en það er skammgóður vermir eins og við vitum, því miður. Hin hrikalega skuldaaukning heimilanna segir sína sögu um þennan vanda. Vegna þess að þar er á ferðinni öðrum þræði skammtímalántaka fólks sem ræður ekki við greiðslubyrðina í húsnæðislánakerfinu og er að fleyta sér áfram í von um að eitthvað verði því til bjargar. Það verður alla vega ekki þessi ríkisstjórn sem svona hefur staðið að málum sem verður þar til lausnar og það hlýtur að bíða gjörbreyttra taka í þessum efnum.

Ég sakna þess að hv. 12. þm. Reykv. skuli ekki hafa blandað sér í þessa umræðu því það væri fróðlegt að heyra um afstöðu þess hv. þm. til þessarar tillögu og ég lýk máli mínu með því að spyrja hana: Styður hv. 12. þm. Reykv. þingsályktunartillöguna?

[15:26]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegur forseti. Ég held það sé heldur mikil einföldun, sem mér fannst hv. síðasti ræðumaður viðurkenna, að kenna húsnæðislánakerfinu um skuldastöðu heimilanna og segja að allt sé húsnæðislánakerfinu og húsbréfakerfinu að kenna. Við vitum að skuldastaða heimilanna á sér miklu lengri sögu og hæstv. félmrh. kom reyndar inn á það og rakti að aukingu á skuldum heimilanna má rekja 10–15 ár aftur í tímann á meðan m.a. hv. þm. Alþb. og Framsfl., sem hér töluðu, áttu hlut að máli og fóru með stjórn húsnæðismálanna. Ég held að það sé miklu eðlilegra að við reynum að skoða hvað hægt er að gera almennt varðandi skuldastöðu heimilanna en vera að bítast um þetta eins og mér finnst liggja mikið í þessari umræðu. Við vitum það, og það hefur komið fram í skýrslu Þjóðhagsstofnunar, að ef við horfum á hlutfall húsnæðisskulda af skuldum heimilanna þá hafa þær lækkað verulega. Þær voru 90% af skuldum heimilanna á fyrri hluta níunda áratugarins en þær eru ekki nema 70% núna og auðvitað er það allt of mikið en það er einföldun að setja slíkt fram.

Það er alveg ljóst að ýmislegt hefur verið gert í húsnæðismálunum. Þegar við erum að tala um vanskilin í húsnæðiskerfinu þá verðum við líka að hafa það í huga að þær lögfræðiaðgerðir sem Húsnæðisstofnun fer í eru ekki gerðar fyrr en eftir þrjá til fjóra mánuði á meðan bankakerfið fer fyrr í slíkar harðar aðgerðir, kannski eftir einn mánuð. Heimilin láta þess vegna sitja á hakanum að greiða niður sínar húsnæðisskuldir sem sýnir meiri vanskil í húsnæðiskerfinu en ella. Ég hygg að enginn mundi vilja að við færum í harðari aðgerðir í húsnæðiskerfinu til að minnka vanskilin. Á þessu eru auðvitað margar hliðar.

Vissulega hefur verið farið hér í aðgerðir. Það vita hv. þm. Það var farið í skuldbreytingu, t.d. í september sl. Það voru 1.200 umsóknir að mig minnir og þær heimildir eru vegna atvinnuleysis eða veikinda eða mikils tekjufalls og í þetta hefur verið veitt 300 millj. kr. Það hefur verið farið út í mjög víðtækt samkomulag við bankana. Þeir voru yfirleitt ekki fúsir að veita skammtímalán nema til þriggja, fjögurra eða fimm ára en veita nú lán til allt að 15 ára. Það hefur verið farið út í frystingu lána í Byggingarsjóði ríkisins og Byggingarsjóði verkamanna og húsbréfadeild. Það var veitt heimild til þess varðandi Byggingarsjóð ríkisins og húsbréfadeildina á sl. ári. Þar er heimild til að frysta lánin í þrjú ár og vextir sem falla á þeim tíma leggjast á höfuðstólinn.

Ég hef sett það fram í þessum ræðustól hvort ekki sé ástæða til þess, miðað við þær ástæður sem núna eru, að hafa þessa heimild eitthvað víðtækari. Það er alveg ljóst að tekjufall hjá fólki og atvinnuleysi er veruleg skýring á þeim vanda sem við er að glíma.

Húsnæðisstofnun hefur haldið því fram að það sé ákveðið merki um að botninum sé náð í vanskilum og við skulum vona að svo sé. Þær tillögur sem hér liggja fyrir og eru til umræðu á vissulega að skoða og hvort þær bæta eitthvað stöðuna. Það segir í a-lið tillögunnar að ríkisstjórnin hefji strax viðræður við lífeyrissjóðina um endurfjármögnun fasteignaveðlána og lægri vexti þannig að unnt sé að létta greiðslubyrði fólks. Ég spyr hv. flm. er það líklegt? Heldur hv. þm. að það sé virkilega hægt að ná slíku samkomulagi við lífeyrissjóðina? Eru lífeyrissjóðirnir ekki í dag með 6 og 7% vexti? Fóru þeir í það að lækka vexti hjá fólkinu sem er með lán sín þar þegar vextir lækkuðu í 5%? Ég held ekki. Við höfum verið í erfiðleikum varðandi lífeyrissjóðina um að fjármagna húsnæðislánakerfið. Það er því spurning hvað þetta er raunhæf tillaga.

Varðandi það að undirbúa lagafrv. þar sem m.a. verði kveðið á um þak á greiðslubyrði miðað við laun þá má að hluta til skoða það. En hvað hefur hv. þm. hugsað sér? Einhvers konar sveiflujöfnunarsjóð í þessu? Við verðum að sjá útfærsluna á því hvort það er raunverulegt. Sá biðreikningur sem er varðandi t.d. Byggingarsjóð ríkisins og Byggingarsjóð verkamanna kemur þarna að hluta til á móti.

Það er mikið talað um greiðsluaðlögun og ég held að það mál eigi að skoða af fullri alvöru. Það lá fyrir skýrsla þegar ég var í ráðuneytinu um það mál. En mér finnst að það verði að skoða að gera þá greiðsluaðlögunina miklu víðtækari en menn hafa verið að horfa til. Hæstv. félmrh. hefur minn fulla stuðning í því að koma því máli hér fram. En því miður held ég að hún eigi í ákveðnum erfiðleikum með að koma þessu máli fram og hefði verið fróðlegt að vita hvort það er samkomulag við t.d. Sjálfstfl. um það mál. Það var ekki þegar ég fór úr ráðuneytinu en það má vel vera að það hafi breyst. Þetta þarf auðvitað að skoða af fullri alvöru og gefa ekki of miklar væntingar út í þjóðfélagið vegna þess að eins og þetta er t.d. framkvæmt í Noregi þá eru ekki ýkjamargir sem fá þessa greiðsluaðlögun nema þeir sem eru við það að missa sínar eignir og allar bjargir aðrar bannaðar. Það verður því að skoða þetta í því ljósi.

Fjölgun á gjalddögum er vissulega ein leiðin og ég veit ekki annað en að það sé langt á veg komið. Þannig að ég nefni þetta fernt sem ég hef greint frá: greiðsluaðlögunina og útvíkka þær skuldbreytingarheimildir sem eru fyrir hendi í dag sem ná einungis til atvinnuleysis og tekjufalls og eru tiltölulega þröng skilyrði. Er rétt að útvíkka það? Það hafa farið í það 300 millj. kr. Á að fara út í það að fjölga gjalddögunum svo dæmi sé nefnt? Eitt væri vissulega leið sem oft hefur verið rædd, að hækka lánshlutfallið í húsbréfakerfinu fyrir þá sem eru að kaupa sína fyrstu íbúð úr 65% í 70%. En það er ekki raunhæft eins og fjmrh. lagði það upp um daginn að gera það þannig að segja að það eigi að rúmast innan núverandi útgáfu á húsbréfum. Ef það er einhver vilji á bak við að gera þetta með þeim hætti þá þarf að auka útgáfuna á húsbréfunum. Ég held vissulega að það sé leið í þessu efni.

Það mætti svara ýmsu af því sem hér hefur komið fram en margir samverkandi þættir hafa orðið til þess að auka vanskilin t.d. í húsbréfakerfinu og skuldastöðu fólks yfirleitt.

Lenging á lánstímanum minnir mig að sé nefnd í þessari tillögu, svo ég nefni eitt atriði í viðbót, að hafa breytilegan lánstíma. Ég veit ekki hvað það gagnast mikið. Ég tók undir að það yrði skoðað hér um daginn en það hefur á sér ýmsa annmarka sem ég hef ekki tíma til að ræða á þessari stundu þar sem tími minn er búinn.

[15:35]

Flm. (Svavar Gestsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég verð að taka undir það með hv. þm. Páli Péturssyni að ég harma það hvað tíminn er stuttur fyrir ræðumenn til að gera grein fyrir máli sínu og þar á meðal hv. síðasta ræðumann. Vegna þess að hún svaraði ekki lykilspurningum sem fram voru bornar, m.a. af hv. 1. þm. Vesturl., þ.e. um það hvernig hún gæti hugsað sér að taka á málunum ef hún fellst ekki á eða telur ófullnægjandi þær tillögur sem hér liggja fyrir. Mér fannst koma fram í máli hv. þm. að hún leggur áherslu á að verja kerfið og þær aðgerðir sem gripið hefur verið til og hún hefur vantrú á öllu sem lagt er til af öðrum. Það er býsna athyglisvert í þeirri stöðu sem hún er í í íslenskum stjórnmálum í dag.

[15:35]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef aldrei orðið vör við annað en að hv. síðasti ræðumaður hefði sæmilega heyrn. Ég eyddi mestum mínum tíma í það áðan að segja hvað ég teldi að þyrfti að gera í þessu efni. Ég var ekki, eins og hv. þm. og fleiri, með þær fullyrðingar að kenna húsbréfakerfinu um eitt og annað, fara aftur í fortíðina um hverjum þetta og hitt væri að kenna. Auðvitað gæti ég eytt hér löngum tíma í það hvernig farið var með húsnæðismálin í tíð hv. þm., 17% lánshlutfall eins og hæstv. félmrh. nefndi. Húsaleigubætur. Það var ekki hægt að fá þær í gegn á meðan þessir hv. þm. voru í ríkisstjórn og fleiri atriði mætti nefna.

Ég eyddi einmitt mínum tíma í það að segja hvað þyrfti að gera í þessu efni. Ég nefndi fjögur atriði, ætlaði að fara að ræða um það fimmta, sem er lengingin á lánstímanum, og ég hygg að fæstir þeirra sem hafa komið í ræðustól hafi nefnt það ítarlegar hvað þyrfti að gera í þessu efni. Ég vísa þessu auðvitað á bug sem hv. þm. nefnir.

[15:37]

Flm. (Svavar Gestsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Af einhverjum ástæðum er þingmaðurinn snefsin. Það er kannski von. Eitt af því sem hv. þm. hafnaði áðan var að fara í viðræður við lífeyrissjóðina, m.a. um lækkun vaxta. Af hverju vill þingmaðurinn ekki fara í viðræður við lífeyrissjóðina? Af því að þingmaðurinn sagði upp samningum við lífeyrissjóðina. Af því að þingmaðurinn vildi þegar hún var félmrh. aldrei neitt með lífeyrissjóðina hafa og kom upp tortryggni, vandamálum og spennu í samskiptum ríkisins og lífeyrissjóðanna. Þess vegna er þessi stærsti fjármagnseigandi í landinu ekki virkur í húsnæðiskerfinu eins og hann þyrfti að vera. Það er því miður ein ljótasta sök hæstv. fyrrv. félmrh. varðandi húsnæðislánakerfið.

[15:37]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Enn einu sinni útúrsnúningar frá hv. þm. Hann segir að ég hafi komið og hafnað öllum viðræðum við lífeyrissjóðina. Þetta er rangt og aðrir sem hér eru inni eru til vitnis um það. Ég dró það í efa að þetta væri raunhæft með tillit til þess að lífeyrissjóðirnir hefðu ekki lækkað sína vexti á lánum til húsbyggjenda, að það reyndist erfitt að fá þá til að kaupa skuldabréf til að fjármagna félagslega kerfið. Það var allt og sumt sem ég hélt fram. Ef það er raunhæft að setjast að borði með lífeyrissjóðunum þá styð ég það auðvitað. En ég met það svo eftir samskipti mín við lífeyrissjóðina, af reynslunni, að það muni ekki skila miklu. Ég held því miður að þessi tillaga sem hv. þm. setur fram sé ekki mjög raunhæf. (**SvG:** Þingmaðurinn staðfestir allt sem ég sagði. Takk fyrir.)

[15:38]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er greinilega mjög viðkvæmt að ræða um fortíðina og sögu síðustu ára í húsnæðismál-

um við hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur. En ég held að okkur gangi illa að glíma við þetta vandamál og leysa það nema skilja hvað gerst hefur og átta okkur á því hvers eðlis vandinn er. Þá þýðir ekki að flýja frá því að ræða það sem gerst hefur í þessu kerfi á undanförnum árum.

Ég sagði ekki að frumorsök vanda heimilanna og aukning skulda þeirra væri í sjálfu sér húsnæðislánakerfið. Hins vegar fullyrði ég að það endurspeglar þann vanda sem er á ferðinni, hvernig skuldir heimilanna þar á meðal lausaskuldir í bankakerfinu hafa verið að vaxa síðustu ár. Það endurspeglar líka þann vanda að viðbrögð í ráðherratíð hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur varðandi greiðsluerfiðleika í húsnæðislánakerfinu og húsbréfakerfinu, að veita mönnum bara meiri húsbréf, gengu ekki upp. Enda eru flest þau lán komin í vanskil nú þegar. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir verður að gera betur en hún hefur gert í því að svara hvers eðlis þessi vandi er og hvernig eigi að bregðast við honum.

[15:40]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta með að veita greiðsluerfiðleikalán í húsbréfakerfinu, af hverju var farið út í það? Það var vegna þess að fólk var komið í vandræði út af skammtímalánum í 86-kerfinu. Mjög stór hluti af vanskilunum í dag er vegna þessara greiðsluerfiðleikalána, það er alveg ljóst. Við vorum að fjármagna tvö kerfi á meðan a.m.k. Framsfl. og að hluta til Alþb. voru að streðast á móti því að leggja niður þetta kerfi þó það lægi fyrir skýrsla frá Ríkisendurskoðun sem sagði að þetta kerfi væri gjaldþrota og taldi þar til tugi milljarða sem það mundi kosta fyrir samfélagið og ríkissjóð ef því yrði haldið áfram.

[15:40]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það verður fróðlegt að ræða við betra tækifæri og þegar við höfum meiri tíma þessa sögu við hæstv. fyrrv. félmrh., Jóhönnu Sigurðardóttur, því ég heyri að hún hefur hér uppi mjög sérkennilega útgáfu af sögunni. Ég held einmitt að ein stærstu mistökin sem hv. þm. og hæstv. fyrrv. félmrh., Jóhanna Sigurðardóttir, gerði hafi verið að framkvæma ekki samkomulagið úr tíð fyrri ríkisstjórnar um það hvernig þessi kerfi yrðu látin skarast og að loka algjörlega lánveitingum í Byggingarsjóði ríkisins. Það sem er að koma á daginn er það að húsbréfakerfið dugar ekki sem grunnfjármögnun gagnvart nýbyggingum og kaupum á nýjum íbúðum. Það gæti gengið í viðskiptum manna með notaðar íbúðir á fasteignamarkaði en sem undirstöðufjármögnun í kerfinu þá bara gengur það ekki. Það ræður ekkert almennt launafólk við þá greiðslubyrði vegna þess að vextirnir á lánunum eru of háir, lánstíminn er of stuttur og þegar svo í ofanálag er búið að skerða vaxtabæturnar þá gengur dæmið ekki upp. Menn verða að þora að horfast í augu við veruleikann eins og hann er jafnvel þó hann sé ljótur og komi við þá sjálfa, hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir.

[15:42]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var ekki lokað fyrir 86-kerfið í einum áfanga. Við vorum nú með það í eitt eða tvö ár undir eftir að þessi ákvörðun tekin og það hefur m.a. skapað þessa erfiðleika.

Þegar menn eru að tala um háa vexti í húsbréfakerfinu, 5–6%, þá skulu menn ekki gleyma því að á meðan 86-kerfið var og menn voru að fjármagna sig líka með skammtímalánum í bönkum þá var meðalvaxtabyrðin 6–7%. Það skyldu menn muna líka. Það er iðulega og oft, allt of oft, sögð hálf sagan hér í þingsölum í þessu efni.

[15:42]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Málflutningur hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur er alveg dæmalaus. Hv. þm. leyfir sér að koma hingað og tala til okkar þingmanna og vara okkur við að gefa of miklar væntingar út í þjóðfélagið gagnvart þeim sem eru í vanda í húsnæðiskerfinu. Þessi hv. þm. sem fer nú um og gefur væntingar um það að hennar hópur væntanlegur, hennar flokkur væntanlegur muni leysa allan vanda. Ég frábið mér slíkan málflutning eins og hv. þm. leyfir sér að viðhafa hér.

Í framhaldi af því reynir hún að gera Sjálfstfl. tortryggilegan með því að spyrja hæstv. félmrh. hvort samkomulag hafi náðst við Sjálfstfl. Náði hv. þm. ekki samkomulagi sem félmrh. við Sjálfstfl. um greiðsluaðlögun? Síðan kemur þingmaðurinn núna og talar um að það þurfi að gefa viðtækari heimild fyrir greiðsluaðlögun og lengingu lána. Hvar hefur þessi þingmaður verið sem var félmrh. í sjö ár?

[15:44]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hér á síðasta þingi og líka á þessu þingi hefur verið rætt um frv. um greiðsluaðlögun sem lausn á vanda varðandi vanskil. Það sem ég var að reyna að koma til skila, hv. þm., og við höfum farið í gegnum það, var að mjög fáir geta notið góðs af þessu greiðsluaðlögunarfrv. eins og það hefur verið útfært í Noregi og eins og það var t.d. sett fram í skýrslu. Jafnvel þó það væri sett fram með þessum hætti þá náðist ekki samkomulag og var ekki búið að ná samkomulagi þegar ég var í stól félmrh. við fjmrn. um útfærslu á þessu. Það er það sem ég er að segja. Við erum að ræða frv. um greiðsluaðlögun húsnæðislána. Ég er að tala um að ef ekki verður farið út í viðtækari heimildir en liggja fyrir í þessari skýrslu, en farið var út í í Noregi, þá er verið að gefa væntingar sem ekki standast. Það er það sem ég var að segja, hv. þm.

[15:45]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég fagna því að hv. 12. þm. Reykv. hefur dregið í land. Þingmaðurinn áttar sig auðvitað á því að svona málflutningur gengur ekki í þinginu. Hv. þm. hefur haft gott tækifæri til þess í ráðherrastól að ná fram úrbótum í þessum málum. Það hefur ekki staðið á Sjálfstfl. að taka á þeim tillögum sem settar hafa

verið fram um þessi efni. Ég kannast ekki við það. Og það hafa ekki verið kynntar neinar tillögur fyrir þingflokki Sjálfstfl. frá félmrh. um þessi efni. Ég vísa því algerlega á bug þannig að það liggi alveg klárt fyrir og enginn geti skilið það svo að það standi á Sjálfstfl. að samþykkja tillögur um greiðsluaðlögun.

[15:46]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég fagna því sem fram kemur hjá hv. þm. Sjálfstfl. að hann telur að það sé engin fyrirstaða af hálfu sjálfstæðismanna og þá væntanlega ráðherra Sjálfstfl. að inn í þingið komi frv. um greiðsluaðlögun. Ég vænti þess að það muni auðvelda hæstv. félmrh. mjög málið og væntanlega verður það til þess að við getum farið að ræða þetta mál hér í þinginu á allra næstu dögum.

[15:47]

Guðrún J. Halldórsdóttir:

Virðulegur forseti. Þegar boðuð var á sínum tíma þessi nýja tegund húsnæðislána, þ.e. húsbréfalánin, þá óttaðist ég það að þetta fyrirkomulag mundi auka verðbóguna í landinu mjög mikið. Vegna þess að þau yrðu notuð sem eins konar viðbótarseðlaútgáfa hér á landi. Þetta reyndist ekki rétt. Það hefur sennilega verið vegna þess að húsbréfin voru ekki alveg eins mikils virði og okkur var tjáð að þau mundu verða. Okkur var sagt að þessi húsbréf mundu leysa mikinn og stóran vanda og því trúði landslýður allur. Því fór það svo að þegar skrúfað var frá þessum afgreiðslum þá fóru margir á hálfgert gleðifyllirí vegna þess að þeir fengu greiðslumat sem í mörgum tilfellum var hærra en þeir sjálfir trúðu að þeir gætu staðið undir og urðu alveg steinhissa þegar matið kom. Ég talaði við þó nokkuð margt fólk á þessum tíma sem var undrandi yfir hversu rúmt matið var. Ég held að þarna hafi komið fyrsta vandamálið að við vorum, kannski öll þjóðin, of bjartsýn á að þessi leið væri verulega góð og leysti stóran vanda. Svo virðist mér að í sumum tilfellum hafi afgreiðsla þessara lána og notkun farið út í einhverja vitleysu því ég þekki fleiri dæmi um að fólk tók þessi húsbréfalán og seldi húsbréfin og fór svo bara í utanlandsferðir, meira að segja til Brasilíu og guð má vita hvert. Þessi misnotkun á lánunum — þetta er nefnilega misnotkun á lánunum — er líka ein ástæðan fyrir því að fólk er komið í erfiðleika í dag. Það var ekki að taka lánin í réttu skyni, sóaði þeim í vitleysu og nagar sig nú í handarbökin. Þetta er auðvitað ekki hægt að kenna hæstv. fyrrv. félmrh. um. Ekki gat hún ráðið við slíka misnotkun. En við vitum líka að þegar þetta lánakerfi var tekið upp þá voru allt aðrar aðstæður í íslensku samfélagi heldur en þær eru í dag. Það verður að segjast eins og er að lánakerfið var síðan ekki lagað að þeim efnahagsbreytingum sem orðið hafa. Það hafa eingöngu orðið hækkanir á greiðslubyrði fólks sem stöfuðu af því að kjörin versnuðu eins og rakið hefur verið hér og líka af því að vinna fólks hefur dregist mjög mikið saman.

Ég tel að hæstv. ríkisstjórn og félmrh. hefðu átt strax að fylgjast mjög vandlega með þeim breytingum sem urðu á kjörum landsmanna og efnahagslífinu og aðlaga kerfið strax um leið og breytingarnar urðu. Það hefði verið mjög viturlega gert en því miður tókst það ekki. Kannski hefur hæstv. félmrh. reynt þetta en ekki orðið að vilja sínum. Því miður er ástandið í dag þannig að við hittum daglega fólk sem er að missa ofan af sér íbúðirnar og það á bæði við í félagslega kerfinu og hinu almenna kerfi. Báðir aðilar, þeir sem hafa fengið félagslegar íbúðir með húsbréfalánum og hinir, eru núna að missa ofan af sér íbúðirnar. Og þeim er þá vísað út á leigumarkaðinn.

Ég get ekki látið hjá líða þó það komi kannski ekki algerlega þessu máli við, og því hefur að vísu verið hampað pínulítið hér í dag, að fólkið fer út í að leigja sér íbúðir á rokhárri leigu. Svo eru að koma hérna húsnæðisleigubætur, er það ekki? Þessar leigubætur eiga að byggjast á því að fólkið gefi rétt upp hvað það borgar í leigu. Ég get upplýst hæstv. félmrh. um það að fjöldi fólks í þessu landi getur ekki samkvæmt samningum sínum við leigusalana gefið upp rétta leigu. Þar af leiðandi munu þessar húsnæðisleigubætur að þó nokkru leyti mistakast. Ég held að það muni meira að segja fara svo að leigubótunum verði skipt kannski jafnt eða kannski einn þriðji á móti tveim þriðju á milli leigjandans og þess sem leigir. Ég get ekki látið hjá líða að benda á þennan vanda. Mér þætti gaman að vita hvernig á að koma í veg fyrir þetta.

Ég vil taka undir þá þáltill. sem hæstv. flm. Svavar Gestsson og Kristinn H. Gunnarsson hafa lagt fram. Ég álít að það verði að grípa til ráðstafana strax og ég held að það komi þrennt til sem hæstv. félmrh. verði að taka með í reikninginn. Það þarf að lengja lánin, það þarf að athuga líka hvort það sé ekki hægt að breyta vaxtabyrðinni sjálfri, þ.e. vöxtunum, og í þriðja lagi þarf að gæta þess vandlega þegar lán eru veitt í framtíðinni að fara varlegar í sakirnar, hafa ákveðnari og miklu varkárara mat en verið hefur. Það sem fólk getur borgað í dag er ekki víst að geti borgað eftir eitt ár og það verður að miða við að því miður eru grunnlaun fólks í landinu svo hraksmánarlega lág og þar er ekki félmrh. um að kenna. Það er launagreiðendum og launaumsemjendum um að kenna. Allt hjálpast þetta að. Hér er ekki bara ríkisstjórninni um að kenna, það er fjöldinn allur af áhrifaaðilum í þessu landi sem hefur komið fólkinu í þá aðstöðu sem við er að etja í dag.

Við skulum ekki gleyma því að við verðum að gera okkur grein fyrir því að það er grundvallaratriðið í öllum okkar umbótum í dag að bæta grunnlaun fólks í landinu.

[15:55]

Félagsmálaráðherra (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég tek undir það sem hér hefur verið sagt um að þetta er skammur tími þegar verið er að ræða þessi viðkvæmu mál og mikilvægu sem eru málefni heimilanna í landinu. En ég minni á að það liggur fyrir að innan skamms verði rædd utan dagskrár skuldastaða heimilanna og má reikna með að það verði eins konar framhald af þeirri umræðu sem hér er.

Ég vil byrja á að þakka síðasta ræðumanni fyrir mjög málefnalegt innlegg í þessa umræðu og það kem-

ur mér ekki á óvart að það komi frá þingmanninum. Þessi umræða hefur um sumt verið á röngum nótum eftir því sem ég sé þetta mál.

Mig langar aðeins að svara hv. 1. þm. Norðurl. v. sem fór að tala um að ég hefði verið að oflofa ríkisstjórnina. Þetta er mjög einfalt mál fyrir mér. Ég er stjórnarsinni, ég er stjórnarsinni í þau skipti sem ég er að starfa með öðrum flokkum sem mynda ríkisstjórn alveg sama hver sá flokkur er. Ég var það í síðustu ríkisstjórn og ég er það núna. Það þýðir að ég ber ábyrgð á stjórnarstefnunni og ég ber ábyrgð á þeim framkvæmdum sem ríkisstjórnin stendur fyrir. Þetta snýst ekki um hvaða einstaklingar sitja í ríkisstjórn, þetta snýst einfaldlega um að axla ábyrgð. Það er fráleitt að halda því fram að atvinnuleysi sé hagstjórnartæki því það vita allir hvílíkur brestur hefur orðið í okkar grunnstoð, sjávarútvegi og okkar efnahags- og markaðsumhverfi. Um alla Evrópu er talað um að það þurfi að efla fjárfestingar í einkageiranum til að ná sér á strik og við höfum verið í þessu umhverfi og þingmaðurinn þekkir það. Mig langar líka, vegna þess að ég var á þeim tíma formaður húsnæðisstjórnar, að nefna það að auðvitað var dálítið um að það var verið að sækja um félagslegar íbúðir með kannski hagsmuni byggingariðnaðarins í huga. En það var tekið á þessu máli harkalega að ef það var þannig að það var erfitt að úthluta til aðila eða það var sýnt að aðilar væru ekki undir tekjumörkum þá var bara einfaldlega ekki úthlutað til viðkomandi sveitarfélags næst. Ég trúi því ekki að þessu hafi verið breytt.

Svo vil ég endilega líka láta í ljós að það er alveg óþarfi að láta liggja að því að Alþfl. sé að uppgötva eða fallast á vanda á þessum degi eða um þessar mundir, það er búið að vera að bregðast við vanda. Hverju sinni hafa verið væntingar um að viðbrögðin hafi verið þau réttu og að þau dygðu. Það var eitt meginsjónarmiðið með húsbréfakerfinu að kaupendur fengju eitt stórt lán og það væru jafnar greiðslur og fólk gæti gert sínar áætlanir.

Ég komst ekki til að segja frá því hér áðan að það voru 300 millj. veittar til skuldbreytinga vegna erfiðleika og heildarfjárhæð samþykktra skuldbreytingarlána hjá byggingarsjóði eru um tæpar 155 millj. kr. og það eru því um 145 millj. enn þá til ráðstöfunar. En skuldbreytingarmálin eru afar flókin og erfið viðfangs og það hefur tekið og tekur langan tíma að vinna úr þeim eftir að þau koma inn á borð Húsnæðisstofnunar. Það er minna eftir af heimild til skuldbreytinga Byggingarsjóðs verkamanna eða einungis rúmar 18 millj. kr.

Ég vil líka geta þess að það var þannig við greiðslumat að það var miðað við að um 20% af ráðstöfunartekjum færi til greiðslu húsnæðislána en húsnæðisstjórn hefur nýverið breytt reglum og nú er þessi viðmiðun 18%. En á sínum tíma þegar það var verið að meta þessi mál þá var reglugerðarheimildin 30% svo menn sjá hvaða breytingar hafa orðið þarna. Félmrn. hefur óskað eftir því við Húsnæðisstofnun að það verði gerð greining á ástæðum greiðsluvanda og greining á árangri aðgerða. Þessi úttekt er í vinnslu og þetta skiptir máli. Mér mundi líka finnast út af orðum hv. 12. þm. Reykv. hér áðan um að hækka hlutfallið mjög mikilvægt að átta sig á hver sé vandi fyrstu kaupenda, hvort hann sé stærri. Hvernig skiptist þessi vandi? Húsnæðisstofnun hefur unnið 90% af þeim málum sem hafa verið til afgreiðslu í sambandi við skuldbreytingar einungis 10% hafa lent í vinnslu hjá öðrum lánastofnunum. Þetta er e.t.v. vegna þess hversu sérhæft og vandasamt og flókið það er að taka á þessum málum þegar fólk kemur með allan sinn vanda og allar sínar skuldir inn á borð og biður um hjálp og það þarf að fara ofan í þetta. Óháð því hvað verður þá vil ég alla vega kanna möguleikana á að gera eitthvert átak í þessum málum og einn angi þess er að sjálfsögðu að ræða við bankana sem að hluta til eru líka með sérhæft starfsfólk.

En vegna þess sem hér hefur verið nefnt í tillögunum og þessum b-lið þáltill. um að fjölga í starfsliði Húsnæðisstofnunar þá hef ég efasemdir um að það sé lausn, a.m.k. ekki skjót lausn, vegna þess hversu sérhæft málið er. En ég útiloka ekkert í þessum málum. Það þarf að gera átak til þess að ná utan um vandamálin og ég er einfaldlega að skoða það. Ég er búin að vera stutt og ég hef haft nauman tíma og ég mun hafa nauman tíma í þau verk sem mér hafa verið fengin og ég mun bara skoða þessi mál.

Það var samþykkt að heimila frestun á greiðslum af lánum úr Byggingarsjóði ríkisins til samræmis við það sem var heimilað hjá Byggingarsjóði verkamanna ef lántakandi er í greiðsluvanda vegna langtímaatvinnuleysis, veikinda eða af öðrum óviðráðanlegum ástæðum. Eins og ég sagði verður að taka á þessum vanda og það er búið að vera að taka á honum þó að það hafi sýnt sig að það hafi ekki dugað. Þarna nefndi ég 300 millj. og einnig voru veittar 100 millj. til breytinga í félagslega húsnæðiskerfinu.

Það hefur áður komið fram í þessari umræðu að það er verið að undirbúa í Húsnæðisstofnun að vera með mánaðargreiðslur. Það hefur líka verið sett í gang að skoða hvort lenging lána eða vera með fleiri möguleika í lánalengd sé eitthvað sem sé til bóta og eins og menn heyra eru þetta hugmyndir sem hafa verið settar fram áður en ég kem hér til. Ég er algerlega ófeimin að taka við vinnu frá öðrum, ekki síst þegar ég er sett þarna inn sem eins konar verkstjóri í kjölfar félaga minna en það er ekki þar með sagt að þetta verði endilega lausnirnar eða sú niðurstaða sem verður við skoðun.

Mig langar líka að nefna eitt til viðbótar og það er varðandi gjaldþrotaúrskurðina sem hv. 9. þm. Reykv. kom inn á áðan og mér finnst nokkuð athyglisvert. Ég benti á að það voru 433 gjaldþrot fyrstu 8 mánuði ársins 1990 og þar af 280 gjaldþrot ungs fólks undir þrítugu. Ég er ekki stolt af þessu, ég var stjórnarliði þá líka og var að gera hluti sem ég taldi rétta. Ég hef ekki hugmynd um það, ekki einu sinni enn þann dag í dag hvort þessi gjaldþrot voru afleiðing af einhverju sem sú ríkisstjórn gerði. Ég hélt því ekki fram þá og geri það ekki núna. En ég hef það á tilfinningunni að ef þetta væri nú þá væri einfölduð mjög skýringin á þessu.

Þegar ég lít á þessi gögn þá sé ég að þau gjaldþrot eða réttara sagt nauðungaruppboð sem hefur verið beðið um hefur verið að fjölga, en það er ekki það sama og það sé samhengi á milli fjölda nauðungaruppboða og gjaldþrotabeiðna. Og meðan beiðnir um gjaldþrot hafa verið mjög margar, frá rúmlega þúsund 1988 og yfir 1.600 1989 og lækka niður í 1197 1991 og reyndar ekki nema 300 og eitthvað 1992 fram til 1. júlí, þá er það svo að raunveruleg gjaldþrotaskipti eru mjög mörg 1990 eða 688 og fækkar og 1992 einungis 65 fyrstu sjö mánuði ársins. Þetta segir okkur að það er mjög erfitt að sjá hvað af þessu er vegna einkamála og hvað væri e.t.v. vegna annarra hluta.

Virðulegi forseti. Ég hefði hér gjarnan kosið að koma einnig inn á lengingu lána og jafnframt það sem hér hefur fallið um greiðsluaðlögun, en ég læt þetta nægja. Ég minni á að við eigum eftir að ræða þessi mál áfram, en þakka fyrir þá ágætu umræðu sem hér hefur verið og bara fullyrði að ég hef mjög góðan vilja til að taka á þessum málum og ég lít svo á að þó að það séu ekki nema nokkrir tugir af heimilunum í landinu sem eru í vanda þá er það vandi.

[16:04]

Kristinn H. Gunnarsson:

Forseti. Ég vildi aðeins bæta við það sem frá var horfið í fyrri ræðu minni. Ég hafði nefnt það sem ég taldi aðalatriði í hugsanlegum aðgerðum eða væntanlegum. Ég vil leyfa mér að segja eftir ræður þingmanna hér og hæstv. félmrh. þá tel ég miklar vonir standa til þess að fyrir því sé vilji í þinginu að afgreiða frá núverandi löggjafarþingi heildstæðar aðgerðir til þess að taka á þeim alvarlega greiðsluvanda sem uppi er meðal fólks sem hefur keypt sér íbúð eða byggt.

Ég vil koma inn á eitt atriði til viðbótar því sem nefnt hefur verið og það eru afföllin í húsbréfakerfinu. Það var á sínum tíma þegar húsbréfakerfinu var komið á laggirnar og reyndar urðu um að miklar deilur sem í sjálfu sér hafa ekki lægt svo mjög. Það er umdeilt, þetta lánakerfi, fyrst og fremst vegna þess að það byggist á þeirri hugsun eða þeirri framkvæmd öllu heldur að lána eða gefa út pappíra, ávísun á peninga án þess að fyrir liggi nokkur vitneskja um það hvort þeir peningar eru fyrir hendi. Það hefur því verið lagt út á markaðshagkerfið með þessa fjármögnun, með fjármögnun á þessari undirstöðulífsnauðsyn hverrar fjölskyldu sem er húsnæði. Og auðvitað eru pólitísk átök um það hvort menn eigi að hafa húsnæðislánakerfið í þessum markaðsfarvegi eða með öðrum formerkjum eins og fram til þessa hefur verið.

Ég hef verið í hópi þeirra sem hef verið andsnúinn því að markaðsvæða þetta kerfi. Ég tel að þessar áherslur alþýðuflokksmanna, sem kalla sig nú stundum jafnaðarmenn, um að taka upp markaðsbúskap á sem flestum ef ekki öllum sviðum séu ekki réttlætanlegar og það þurfi a.m.k. að undanskilja ákveðin svið í þjóðfélaginu þessum lögmálum þeirra. En burt séð frá því. Þetta er nú orðin staðreynd og verður ekki farið út úr þessu lánakerfi í neinu hendingskasti þannig að menn verða þá að hugsa upp aðgerðir til úrbóta á þessum grundvelli sem lagður hefur verið og hugsa sér það þá sem aðgerðir til langs tíma hvernig menn komist frá þessu markaðskerfi.

En afföllin eru afleiðing markaðskerfisins og þau nema gríðarlegum fjárhæðum það sem af er. Það er búið að lána út um 60 millj. kr. eða sem svarar því síðan húsbréfakerfið var tekið upp fyrir 5 árum, fyrir 60 mánuðum, þ.e. milljarður á mánuði, og afföll eru svona á að giska um 6–7 þús. millj. kr. Það er upphæð affalla svona á að giska. Þetta er ekki mjög nákvæmt, enda hefur það ekki verið tekið saman, en ég hygg að það sé ekki fjarri lagi að afföllin séu einhvers staðar á þessu bili, 6–7 milljarðar kr.

Nú var það þannig að þegar þetta kerfi var tekið upp þá lýsti þáv. félmrh. því yfir oftlega, m.a. í viðtali í dagblöðum, að það mundu ekki verða nein afföll. Það var ein af forsendum kerfisins sem menn fengu í veganesti og varð til þess að menn, sumir hverjir, ákváðu að styðja það á sínum tíma, yfirlýsingin um að það yrðu ekki afföll. Menn hljóta að spyrja: Hvernig ætla stjórnvöld að mæta þessum vanda, mæta þessum afföllum því að hlutirnir hafa farið öðruvísi en ætlað var fyrst afföllin urðu svona mikil? Það hlýtur að leiða hugann að því að það sé réttlætanlegt að bæta þeim sem urðu fyrir þessum afföllum það að einhverju leyti og með einhverjum hætti. Alþýðusamband Íslands ályktaði um það á síðasta þingi sínu á Akureyri fyrir um það bil tveimur árum, einmitt um þetta affallavandamál og reisti þá kröfu að afföllin yrðu endurgreidd því fólki sem hafði verið að kaupa sína fyrstu íbúð. Það yrði umtalsverð búbót fyrir þann hluta lántakenda ef þessi krafa næði fram að ganga og framkvæmdin samkvæmt samþykkt Alþýðusambands Íslands var sú að endurgreiðslan færi beint inn á höfuðstól lánsins og lækkaði hann.

Ég vil minna á þessa kröfu og halda henni fram í þessari umræðu þannig að það gleymist ekki hversu mikil áhrif afföllin eiga í þeim greiðsluerfiðleikum sem uppi eru. Það eru ekki bara breytingar á tekjum fólks eða öðrum högum sem hafa leitt af sér að menn hafa minni tekjur sem valda því að menn ráða ekki við skuldbindingarnar. Það eru líka aðgerðir eða hlutir sem eru öðruvísi eins og með afföllin og síðan aðrar aðgerðir stjórnvalda eins og vaxtahækkun o.s.frv. sem hafa breytt þessum forsendum.

En það var margt, virðulegi forseti, sem hægt er að nefna og er ótalið og verður að bíða betri tíma til síðari húsnæðismálaumræðu. Ég vil að lokum nefna tvær eða þrjár tölur til þess að gefa mönnum upp stærðirnar í þessu máli og tengja það atvinnuleysinu. Eins og menn vita þá hefur orðið mikið atvinnuleysi á síðustu árum og m.a. að mati margra vegna þess að við höfum ekki fjárfest nægjanlega í atvinnuvegunum. Á síðustu fimm árum, á þeim tíma sem húsbréfakerfið hefur verið, þá hafa verið settar í það kerfi liðlega 60 þús. milljónir króna. Í atvinnulífið, þ.e. í hlutabréf í Atvinnutryggingarsjóð og í eignarleigum og fjárfestingarlánasjóði til atvinnulífsins eftir þessum fjórum farvegum hefur farið minni upphæð eða um 55 milljarðar kr. Þarna held ég að menn geti fundið hluta af

skýringunni á atvinnuleysinu, að menn hafa sett of mikið af peningum í húsnæðislánakerfið, of lítið í atvinnulífið.

[16:12]

Félagsmálaráðherra (Rannveig Guðmundsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst gæta ákveðinnar tvöfeldni í þessum hugsanagangi að tala annars vegar um hvað þurfi að gera og það þurfi að auka lánin, lengja lánin og bregðast betur við vegna vanda fólks og síðan að koma með gagnrýni á það hve mikið hefur verið sett í þau lán sem hafa verið til boða vegna þess að þessi lán á þessum stað eru eingöngu fyrir heimili í landinu. Annaðhvort er maður meðmæltur því að svo mikið fjármagn hafi verið veitt til heimilanna og til láns og jafnvel viðurkenna að þurfi meira eða þá menn eru á annarri skoðun. Það þýðir ekki að slá svona úr og í.

Aðeins vegna þess að sagt er að afföllin séu um 6–7 milljarðar kr., ég þekki ekki þá tölu. Það má vera að hún sé rétt en við skulum muna það að biðraðahugsunin var ríkjandi, nú verð ég að fara og fá lánið meðan það gekk svona alveg eins og var búið að vera með 86-kerfið. Það vakti væntingar, væntingar sem brugðust og það var orðin þriggja ára biðröð fram í tímann. Við skulum átta okkur á því að þetta byggðist á ákveðinni tortryggni gagnvart stjórnvöldum. Það er til umhugsunar fyrir okkur öll sem hér erum, fyrri stjórnvöld og núverandi stjórnvöld, að fólk trúði því ekki að það væri hægt að halda að sér höndum um hríð og bíða eftir að afföll minnkuðu og eftirspurn minnkaði af því að það var innbyggt í þetta kerfi. Það hugsaði: Ég verð að fara að fá mér þetta góða, langa lán strax áður en þeim verður breytt. Þetta er staðreyndin sem við stöndum frammi fyrir. Fólk trúði því ekki að þetta væri komið til að vera, væri til frambúðar og ef menn þyrftu ekki á því að halda núna, þá væri óhætt að bíða vegna þess að eftir hálft ár eða eitt ár þá gæti fólk keypt og skipt um íbúð og fengið þessi húsbréf án affalla. Auðvitað þurftu sumir að nýta lánamöguleikann strax en mjög margir af þeim sem fóru af stað á þessum tíma og gátu ekki aftur snúið var einmitt fólk sem kannski var tortryggið og treysti okkur ekki, að við værum komin þarna til frambúðar.

[16:14]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta er nú ekki tvöfeldni í máli mínu. Það byggist einfaldlega á þeirri staðreynd að menn eru búnir að lána fólki mikla peninga. Stjórnvöld hafa breytt forsendum fyrir endurgreiðslum þeirra þannig að margir geta ekki lengur staðið við sínar skuldbindingar. Þess vegna verða menn að bregðast við því. Það er hins vegar vel hægt að gagnrýna hvernig kerfi menn hafa notað til að lána peningana eftir og er engin tvöfeldni í því að hafa uppi gagnrýni á kerfið annars vegar og hins vegar að hafa uppi tillöguflutning til að mæta vanda þeirra sem eru komnir í vandræði vegna kerfisins m.a.

Hins vegar vil ég segja það varðandi það sem fram kom hjá hæstv. ráðherra um biðraðakerfið, það er biðraðakerfi í dag. Það hefur ekki verið lagt niður. Alþfl. hefur ekki lagt niður biðraðakerfið, hann hefur tekið upp að sumu leyti biðraðakerfið, m.a. í félagslega íbúðalánakerfinu og hefur verið að lengja biðraðirnar í því kerfi með því að draga úr fjárveitingum til þess.

Ég vil minna hæstv. ráðherra á frétt í síðasta tölublaði Sjálfsbjargarfrétta. Þar kemur fram að biðlistinn eftir íbúð hjá Öryrkjabandalagi Íslands, hússjóði þess, er orðinn svo langur að það er búið að loka biðlistanum. Það eru 650 manns, lágtekjufólk, sem eru á þessum biðlista og það er búið að loka honum. Það er ekki tekið lengur við nýjum umsækjendum inn á þennan biðlista. Hvað ætlar hæstv. félmrh. að gera til að veita þessu fólki úrlausn? Jú, hún ætlar að skera niður úthlutanir úr félagslega lánakerfinu um 300 íbúðir. Það verður nú ekki til þess að höggva á þennan biðlista, virðulegi ráðherra.

[16:16]

Félagsmálaráðherra (Rannveig Guðmundsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Tvöfeldnin sem ég talaði um var að gagnrýna að það færi svona mikið fjármagn í húsnæðislánakerfið og að þess vegna væri kannski ekki til og hefði ekki verið sett að sama skapi fjármagn í fjárfestingar. Það var það sem ég benti á og gagnrýndi.

Þingmaðurinn á jafnframt sæti í stjórn Húsnæðisstofnunar ríkisins og þekkir mjög vel mál þar innan dyra. Það er stutt síðan við hv. þm. vorum þar á ferð saman — nei, hv. þm. gat ekki verið með félmn. sem fór þangað í heimsókn. Þar kom fram að það hefur ekki farið út á þeim tíma, í október, sem við vorum stödd þarna nema um þriðjungurinn af þeim íbúðum sem úthlutað var á þessu ári og var ekki búist við að farið yrði af stað á þessu ári með allan pakkann. Það vakti athygli mína og undrun. Hins vegar vil ég gjarnan viðhalda því að eins margar íbúðir og þarf sé veitt í félagslega húsnæðiskerfið, en við skulum ekki gleyma að því sem um tíma er vísað yfir í húsaleigubætur af fjármagni kemur sannarlega þeim til góða sem hv. 9. þm. Reykv. benti á í upphafi máls síns, mjög málefnalegur, að margt það fólk sem nú ætti í vanda þyrfti að komast á leigumarkað og fá þar stuðning. Við skulum bara tala um hlutina í réttri röð, hv. þm.

[16:18]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ástæðan fyrir því að hægt gengur að byggja félagslegar íbúðir á þessu ári og margir hafa dregið við sig að hefja framkvæmdir, eru þær breytingar sem gerðar hafa verið á undanförnum árum á lánskjörum þeirra íbúða. Hækkun vaxta og hækkun afskrifta, sem gerir það að verkum að það er orðið svo dýrt að búa í þessum félagslegu íbúðum að fólk hefur ekki efni á því, sérstaklega ekki lágtekjufólk. Það eru verk Alþfl. í þessum málaflokki að hafa frumkvæði og forustu um að breyta lánakjörum svo mikið að fátækt fólk hefur ekki efni á að búa í þeim, virðulegi forseti.

Það eru verk Alþfl., hvort sem hann er í ríkisstjórn nú eða þess hluta Alþfl. sem er utan ríkisstjórnar. Það hefur m.a. leitt til þess að fæðingarbær ráðherrans, Ísafjörður, skilaði nýlega 10 heimildum sem hann hafði

fengið til að byggja íbúðir fyrir lágtekjufólk og var þá til mjög langur listi fólks sem vildi komast í íbúðirnar, en núna voru svo fáir sem gáfu sig fram að þeim heimildum var einfaldlega skilað, þ.e. það voru ekki til umsækjendur, það var ekki til fólk sem treysti sér til að búa í þessum íbúðum af því að þær eru orðnar svo dýrar vegna lagabreytinga og annarra verka sem Alþfl. hefur haft frumkvæði að. Það væri fróðlegt að fá svör við því frá hæstv. ráðherra hvort hann hyggist beita sér fyrir því að lækka vextina í félagslega íbúðalánakerfinu eða lækka kostnaðinn að öðru leyti sem hefur verið hækkaður með lagasetningu, eins og t.d. afskriftakostnaðinn.

[16:20]

Flm. (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. sem hafa tekið þátt í þessari umræðu og hæstv. félmrh. fyrir umræðuna, hún hefur verið gagnleg. Hér hafa komið fram margar ágætar hugmyndir og ég heyri ekki betur en að í grófum drættum sé góður skilningur á því meðal þingmanna að það þurfi að taka á þessum málum, þessum ægilegu skuldavandamálum sem fólk stendur núna frammi fyrir og ræður ekkert við. Það sem ég tók eftir í máli hv. 12. þm. Reykv., sem er að vísu því miður farinn af þessum fundi, var eitt og annað mjög athyglisvert og ég ætla ekki að fara að svara því hún er farin. Mér fannst koma fram hjá hv. þm. ákveðin tregða við að viðurkenna þann vanda sem um er að ræða og það er kannski að mörgu leyti skiljanlegt hjá hv. þm. vegna þess að hún er að mörgu leyti höfundur að því húsnæðiskerfi sem við búum við í dag, bæði kaupleiguíbúðunum, sem voru aðalkosningamál Alþfl. 1987, ef ég man rétt, og síðan húsbréfakerfinu, sem voru stórt kosninga- og baráttumál hjá Alþfl., ég hygg líka 1987. Þegar kemur að umræðum um þessi mál þá hættir fyrrv. hæstv. félmrh. til þess að grípa til málflutnings eins og þessa að segja: Þegar Alþb. fór með húsnæðismál þá voru lánin ekki nema 15% af byggingarkostnaði íbúða. Þetta segir hins vegar ekki neitt, þetta segir ekki nokkurn skapaðan hlut. Staðreyndin er sú að á þessum tíma sem hv. þm. er þarna að vitna til þá var á Íslandi byrjað á um 1.800–1.900 íbúðum á ári, en það er núna komið niður í 1.300–1.500 og þá voru nauðungaruppboð á íbúðarhúsnæði svo að segja óþekkt fyrirbrigði. Af hverju? Af því fyrst og fremst að þrátt fyrir allt var það þannig að menn voru þá með hagstæðari lán í heild þegar upp var staðið og okurvaxtakerfið hafði ekki haldið innreið sína.

Þannig að ég held að við þurfum að gera okkur grein fyrir því að það urðu algjör kaflaskil í þessum málum 1983 þegar vísitalan var tekin úr sambandi með þeim hætti sem þá var gert, án þess að taka lánskjaravísitöluna um leið og svo 1984 þegar vextirnir voru gefnir algjörlega frjálsir. Þá urðu kaflaskil í þessum málum og þá varð til misgengishópurinn. Þá var farið af stað með mikla hreyfingu í landinu sem m.a. hafði þau áhrif að 1985 náðist í þessari virðulegu stofnun samkomulag um breytingar á húsnæðislögunum, m.a. fyrir atbeina þáv. hæstv. félmrh., Alexanders Stefánssonar, þar sem var gert ráð fyrir því í breytingum á húsnæðislögunum að fólk yrði ekki fyrir stöðugt þyngri greiðslubyrði af lánunum þó um hækkanir eða breytingar á vöxtum yrði að ræða. Ég tel að afnám þessa ákvæðis frá 1985 hafi verið eitt það versta sem hefur gerst í húsnæðismálum í landinu mjög lengi. Ég hvet mjög eindregið til þess að við athugun á heildaraðgerðum í húsnæðismálum þá verði það athugað að taka þetta ákvæði úr lögunum frá 1985, sem var sett inn þar í félagsmálaráðherratíð Alexanders Stefánssonar, að það verði tekið hér inn aftur.

Síðan er það auðvitað ljóst, sem fram kom í máli hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, að hún var alltaf í stríði við samtök launafólks. Hún sagði upp samningunum við lífeyrissjóðina, hún setti fulltrúa verkalýðshreyfingarinnar út úr húsnæðismálastjórn þannig að í raun og veru varð það þannig að það var aldrei hægt að vinna með eðlilegum hætti gagnvart samtökum launafólks í þessu efni og það var slæmt. — Af hverju? Fyrst og fremst vegna þess að samtök launafólks og atvinnurekendur í landinu eiga lífeyrissjóðina saman. Þess vegna er alveg óhjákvæmilegt að það verði farið í að bæta samskipti ríkisins og lífeyrissjóðanna ef menn á annað borð ætla sér að ná utan um fjármögnunarvanda þessa húsnæðiskerfis. Ég vil hins vegar ekki eyða lengri tíma í að tala um það sem fram kom í máli þessa hv. þm. enda hefur hún vikið af fundi og vafalaust verður kostur á að gera það síðar.

Ég vil aðeins leyfa mér að nefna nokkur atriði sem mér finnst að við eigum að staldra við, fyrir utan það að ég þakka fyrir þær ágætu undirtektir sem tillaga okkar hv. 5. þm. Vestf. hefur fengið. Þau atriði sem ég vil staldra við eru þessi:

Ég tel að staðan sé núna þannig að það sé í fyrsta lagi nauðsynlegt að grípa til eins konar björgunaraðgerða vegna heimilanna í landinu, sérstakra björgunaraðgerða, sem kosta vafalaust talsvert mikla fjármuni. Ég leyfi mér að gera mér vonir um það að hér í þessari virðulegu stofnun sé áhugi á því að mynda slíkan sjóð, björgunarsjóð heimilanna, þannig að á þessum málum verði tekið þegar fyrir næstu kosningar og áður en þessu þingi lýkur. Ég held að það sé mjög nauðsynlegt að þau skilaboð komist mjög skýrt á framfæri við núv. hæstv. félmrh. að við séum tilbúin til þess að veita henni stuðning í þeim efnum að tryggja fjármuni til þess að þessum björgunarsjóði verði komið á.

En fyrir utan þær aðgerðir sem þar væri um að ræða þá tel ég augljóst að aðgerðir næstu vikna, mánaða og missira í húsnæðismálum, hljóta að verða samsettar úr nokkrum meginþáttum. Það fyrsta sem ég nefni þar, hæstv. forseti, er lenging almennu lánanna, þ.e. breyting á fasteignaveðlánunum og endurfjármögnun þeirra með samningum við lífeyrissjóðina. Ég segi við hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, ég tel að það sé raunsætt að reyna þetta, fara í þessar viðræður við verkalýðshreyfinguna.

Í öðru lagi tel ég að það eigi að fara í skipulegar viðræður við eigendur lífeyrissjóðanna um að lækka vextina þannig að vextir á húsbréfum verði ekki 6% heldur 5%. Þeir sem eru með gömlu bréfin upp á 6% þeir geti fengið ný bréf upp á 5% og það mundi muna

geysilega miklu í mjög mörgum tilvikum og ég er viss um að það væri hægt að ná lendingu í þessum málum við eigendur lífeyrissjóðanna. Ég bendi t.d. á samþykkt Sambandsstjórnar Alþýðusambands Íslands frá því í gær þar sem var sérstaklega fjallað um húsnæðismálin sem hlýtur að þýða það að Alþýðusambandið væri tilbúið til að taka á þessu máli.

Í þriðja lagi þarf að taka á félagslega húsnæðiskerfinu. Þar þurfa menn að velta því fyrir sér, sem við ræddum aðeins áðan, hvort það er hugsanlegt að breyta aðeins skilunum á milli almenna kerfisins og félagslega kerfisins þannig að þegar fólk er komið í vandræði í almenna kerfinu og getur ekki selt þá séu skapaðir möguleikar til þess að breyta þeim íbúðum sem fólkið er með á sínum vegum í félagslegar íbúðir og koma málum þess fyrir með öðrum hætti en verið hefur. Ég held að það sé augljóst mál að við leysum ekki þennan vanda öðruvísi en að taka þannig á málum, auk þess sem það mætti náttúrlega hugsa sér að það yrði til einhver aðili sem eignaðist þessar íbúðir sem fólk er í vandræðum með. Ég verð hins vegar að segja það að ég tel að það sé flókið að sjá fram úr því að það væri skynsamlegt að ríkið eignaðist þessar íbúðir. Ég tel að það væri ekki skynsamlegt. Ég tel hins vegar að það mætti hugsa sér að ríkið ætti aðild að þessu átaki og sveitarfélögin kæmu inn í það með skipulegum hætti og jafnvel verkalýðsfélögin og aðrir eigendur lífeyrissjóðanna.

Í fjórða lagi held ég að það sé nauðsynlegt að við gerum okkur grein fyrir því að ef við ætlum að taka á þessum húsnæðismálum með skipulegum hætti þá verður að verða hér til leiguhúsnæði í stórum stíl. Það er ekki hægt að gera ráð fyrir því að við komumst upp með það, liggur mér við að segja, að vera hér með húsnæðiskerfi í landinu þar sem ekki er gert ráð fyrir leiguhúsnæði í stórum stíl. Allar grannþjóðir okkar eru með leiguhúsnæði í verulegum mæli og það er alveg útilokað fyrir fólk að ráða við þessi húsnæðismál, mjög marga, vegna þess að efni leyfa það ekki og þess vegna eiga menn að skoða það að byggja upp leiguhúsnæði í stórum stíl með stuðningi húsaleigubótanna, eins og við alþýðubandalagsmenn höfum reyndar gert tillögu um.

Í fimmta lagi tel ég að það eigi að fara í skipulega samvinnu við lífeyrissjóðina og menn eigi að reyna að horfa á þetta húsnæðiskerfi til 10–20 ára eða svo. Ekki sem skammtímalausn á vanda, heldur eigi menn að horfa á hlutina í lengra samhengi og reyna að átta sig á því, hvað þurfum við af íbúðum, hvað eigum við af íbúðum og hvernig getum við komið málum þannig fyrir að fólk geti búið í húsnæði hér á Íslandi við mannsæmandi kjör. Því það er sem kunnugt er nauðsynlegt að búa í húsnæði, ekki síst í löndum þar sem er eins kalt og í þessu landi.

En það hefur kerfið á Íslandi ekki viðurkennt. Menn hafa verið að borga 40.000, 50.000, 60.000 og 70.000 kr. á mánuði fyrir það að hafa þak yfir höfuðið.

Í sjötta lagi tel ég að menn eigi að íhuga það mjög alvarlega og það mætti jafnvel gera það strax, að taka upp þetta ákvæði úr Alexanderskerfinu frá 1985, sem við höfum hér gert að umtalsefni og setja það inn í húsnæðislög þegar á þessum vetri.

Að lokum þetta, hæstv. forseti: Mér finnst hafa komið fram í þessari umræðu skilningur á því frá talsmönnum allra flokka sem hér hafa talað að það þurfi að taka á þessum málum og að núverandi kerfi og ástandið í húsnæðismálum sé ekki nærri nógu gott. Undir það hafa í rauninni allir tekið, m.a. hæstv. núv. félmrh. og ég tel að það sé mjög mikilvægt. Ég tel að við þurfum að vinna með svipuðum hætti og gert var 1985, þ.e. við reynum að ná samstöðu fulltrúa allra flokka í þinginu um að taka á þeim ferlega skuldavanda sem núna blasir við þúsundum heimila í landinu.

[16:31]

Félagsmálaráðherra (Rannveig Guðmundsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég á erfitt með að skilja það að hv. þm. leggi það til að ég semji um vexti. Og þó ég ætli ekki að tjá mig neitt um samninga sem hann hefur aftur og aftur komið að, enda liður í tillögu hans, þá lýsi ég þeirri skoðun minni að það er mjög mikilvægt að lífeyrissjóðirnir verði virkari í fjármögnun húsnæðislánakerfisins heldur en þeir hafa verið að undanförnu og það er mjög slæmt að þeir hafa dregið að sér hendur með kaup á bréfum.

Björgunarsjóður, eins og hann var að nefna hér, er tillaga hv. þm. og Alþb. sem ég hef ekki og ætla ekkert að tjá mig um á þessari stundu. En eftir þessa umræðu vænti ég stuðnings við þær aðgerðir sem ég á eftir að koma með inn í þingið og ég vil líka lýsa því yfir varðandi orð hans um verkalýðshreyfinguna áðan að ég mun að sjálfsögðu ræða við alla þá aðila sem eru viljugir til og vilja stuðla að úrbótum fyrir láglaunaheimilin.

Þingmaðurinn sagði að þingmenn væru að skilja að það þarf að bregðast við vanda. Ég er margbúin að rekja það hér að það er búið að vera að taka á vanda. Það er búið að vera að bregðast við vanda með ýmsum hætti og það eru aðgerðir í gangi og það eru aðrar í undirbúningi og ég vænti þess að okkur takist að taka á þeim málum sem út af standa og gera það besta sem hægt er og ég vænti stuðnings við það sem hér á eftir að koma inn.

[16:33]

Flm. (Svavar Gestsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er auðvitað algjör forsenda þess að það sé hægt að taka á málum af því tagi sem hér er á ferðinni að það sé skilningur á því hjá hæstv. ríkisstjórn og sérstaklega félmrh. að það þurfi að taka á málinu. Ég lít þannig á að hæstv. núv. félmrh. hafi lýst því yfir að hún telji að það sé nauðsynlegt að taka á þessum málum, þessum skuldavandamálum heimilanna, þúsunda og aftur þúsunda heimila hér í landinu og ég fagna því. Ég tel að það sé einnig mjög mikilvægt að það hefur komið fram hjá henni, hún lýsti því beinlínis yfir hér áðan, að hún sé tilbúin til að fara í viðræður við lífeyrissjóðina um þessi mál. Lífeyrissjóðirnir eru þrátt fyrir allt langstærstu fjármagnseigendur í landinu og þess vegna er óhjákvæmilegt að

ræða við þá um þessi mál. Ég er sannfærður um það, eftir m.a. ályktun sambandsstjórnar Alþýðusambands Íslands frá í gær, að í verkalýðshreyfingunni munu menn taka vel í óskir ríkisstjórnarinnar um það að sérstaklega verði tekið á vanda þess fólks sem er skuldugt vegna íbúðareigna.

Varðandi tillögurnar um björgunarsjóð heimilanna og björgunarsjóð húsbyggjenda, þá hef ég ákveðið að færa hæstv. ráðherra eintak af því plaggi hér á eftir þannig að hún geti kynnt sér það áður en við höldum þeirri umræðu áfram.

[16:35]

Félagsmálaráðherra (Rannveig Guðmundsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Já, ég tjáði mig um það að ég mundi eiga viðræður við alla þá aðila sem vilja koma til liðs við þau mál sem ég er að vinna að og á þar bæði við verkalýðshreyfinguna og aðra, en það er algjör óþarfi hjá þingmanninum að gera tilraun til að túlka orð mín í einhvern ákveðinn farveg annan en þann að ég mun eiga viðræður við allmarga aðila án þess að hafa lýst neinu yfir hvort ég ætla að fara í samninga við einn eða neinn um eitt eða neitt. En það er alveg ljóst að ég, eins og fyrirrennarar mínir, er alveg tilbúin til og hef það að markmiði að gera það besta í þessum vanda sem er búinn að vera um nokkra hríð.

[16:35]

Flm. (Svavar Gestsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vandinn með fyrirrennarana, þá tvo síðustu a.m.k., hefur verið sá að þeir hafa helst ekki viljað tala við líffeyrissjóðina og ekki hafa samninga við þá. Þannig að það eru auðvitað kaflaskipti ef hæstv. núv. félmrh. hefur áhuga á því að ræða við lífeyrissjóðina og eigendur þeirra um endurfjármögnun húsnæðiskerfisins í heild, sem er í raun og veru óhjákvæmilegt að fara út í. Ég reikna fastlega með því að hæstv. félmrh. muni ekki fara í viðræður við lífeyrissjóðina bara til að tala við þá heldur til að hafa út úr þeim meiri peninga og ég óska henni alls velfarnaðar í því.

[16:36]

Páll Pétursson:

Herra forseti. Það hefur komið fram í þessari umræðu og er rétt að undirstrika það, að húsnæðiskerfið fer ekki í aðgerðir fyrr en eftir þriggja mánaða vanskil. Hv. 12. þm. Reykv., Jóhanna Sigurðardóttir, var að benda á þetta og gera samanburð á bönkunum sem ekki bíða í þrjá mánuði. En þetta sýnir mér það að staðan í húsbréfakerfinu er þess verri ef fjórðungur lánanna er búinn að vera í vanskilum lengur en í þrjá mánuði. Þá er mikið af lánum sem eru í vanskilum í mánuð eða tvo.

Það sýnir okkur bara það að staðan í húsbréfakerfinu er mjög alvarleg. Það þýðir ekkert að kenna 86-kerfinu um það hvernig komið er. Vandræði fólks skapast ekki nema að litlum hluta af því sem skeði fyrir tíma húsbréfakerfisins. Mjög margir af þeim sem nú eru að missa húsnæði sitt voru á grænni grein þá og áttu engin viðskipti við 86-kerfið.

Það var hálfhlálegt þegar hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir var að biðja menn að vera ekki að ala á væntingum. Ég veit ekki hver hefur í þessari stofnun verið ötulli við það að ala á væntingum undanfarinn áratug heldur en hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir. Hún vill kannski hafa einkarétt á því að ala á væntingum. Hún er alandi á væntingum í símann út og suður talandi við alþýðubandalagsmenn, venjandi þá frá Ólafi Ragnari og mér finnst þetta vera hlálegt þegar hún er að vara okkur við að ala á væntingum. (**Gripið fram í:** Þú ert á móti því.) Ég vil hafa rétt til að ala á væntingum eins og mér sýnist og það meira að segja raunhæfari væntingum heldur en hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir er að ala á.

Mér finnst endurfæðingin á hv. þm. hafa tekist helsti klaufalega. Hv. 12. þm. Reykv. kemur beint úr ríkisstjórn Davíðs Oddssonar og lætur svo eins og hún sé saklaus og góð. Bara fortíðin er gleymd. Það er rétt aðeins að hún rankar við sér ef minnst er á húsbréfakerfið og húsaleigubætur. Þetta eru tvö stikkorð sem hún man frá tíð sinni sem félmrh. í ríkisstjórn Davíðs Oddssonar. Atvinnuleysi kemur henni ekkert við. Skráði hún það þó í öll þessi ár. (**Gripið fram í:** Skuldir heimilanna.) Skuldir heimilanna koma henni ekkert við. Og hún kannast ekkert við vandræði fólks og finnst hún ekki eiga neina sök á því.

Hæstv. félmrh. tók það fram að hún væri stjórnarsinni og það voru engin tíðindi fyrir mig. Jafnframt lýsti hún ábyrgð á hendur sér fyrir verk ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar. Það var ekki nema eðlilegt að hún gerði það, það var að vísu nokkuð hraustlegt því hæstv. félmrh. langar til að vera vinsæl og vinna góð verk. En það er alveg óþarfi þó hæstv. félmrh. sé stjórnarsinni að vera að oflofa ríkisstjórnina og fara með einhverjar fjarstæður um afrek hennar og árangur eins og hún gerði hér í ræðustól.

Hæstv. félmrh. minnti á það að gjaldþrotabeiðnum hefði fækkað og tók það til marks um eitthvað batnandi ástand. Það er alls ekki staðreynd. Gjaldþrotabeiðnum fækkar vegna þess að nú er orðið svo dýrt að biðja um gjaldþrot. Það er orsökin fyrir því að gjaldþrotabeiðnum hefur fækkað. Nú þurfa menn að gjalda peninga fyrir það að biðja um gjaldþrot sem þeir þurftu ekki nema í litlum mæli áður.

Hæstv. félmrh. orðaði það eitthvað svoleiðis að þó ekki væru nema nokkrir tugir heimila í vanda þá yrði að snúa sér að þessu verkefni. Ég get frætt hæstv. félmrh. um það að það eru fleiri en nokkrir tugir heimila í vanda. Það eru þúsundir heimila í vanda. Þúsundir heimila sem eru að leysast upp vegna erfiðs efnahagsástands sem með einum og öðrum hætti er hægt að rekja til verka ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar.

Við bindum að sjálfsögðu öll vonir við það að hæstv. félmrh. vinni gott starf í sínu ráðuneyti þann stutta tíma sem henni er mældur þar tími. Ég vona að hún sitji þar ekki nema til kosninga. Það ætla ég að vona að guð gefi. Við munum styðja, a.m.k. við framsóknarmenn, allar skynsamlegar aðgerðir sem hún kemur til með að stinga upp á til úrbóta í húsnæðiskerfinu, en það duga bara engar smáskammtalækning-

ar og það er það sem ég óttast að hæstv. félmrh. sé að undirbúa. Ég held að hún sé að elda einhverja smárétti handa þjóðinni sem gagnast henni ekki neitt að ráði. Það er eitt brýnasta verkefnið í þessu þjóðfélagi að bjarga þeim sem nú eru í snörunni og að breyta húsnæðiskerfinu þannig að fólk lendi ekki í óbotnandi vandræðum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ferðaþjónusta, 1. umr.

Frv. SJS, 62. mál. — Þskj. 62.

og

Ferðamálastefna, 1. umr.

Þáltill. SJS, 63. mál. — Þskj. 63.

[16:43]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Ég kýs að mæla fyrir þessum þingmálum tveimur sameiginlega þar sem efni þeirra er náskylt og þau eru í raun samhangandi og hafa verið frá öndverðu. Hér er á ferðinni annars vegar till. til þál. um mótun ferðamálastefnu og hins vegar frv. til laga um ferðaþjónustu. Þetta eru mál sem undirbúin voru og unnin á síðasta kjörtímabili og reyndar flutt þá sem stjtill. og stjfrv. en náðu ekki afgreiðslu. Frv. var til 2. umr. í efri deild sálugu á vordögum 1991 þegar þingi lauk, en mætti þar nokkurri andstöðu hæstv. núv. samgrh. og náði ekki fram að ganga.

Þessi mál voru unnin af svokallaðri ferðamálanefnd, sem starfaði á árunum 1989 og 1990, og var þar unnið mikið starf eins og sjá má af skjölum þessum og fylgiskjölum. Nefnd sú var þannig skipuð að í henni sátu fulltrúar sem tengdust öllum stjórnmálaflokkum sem þá áttu fulltrúa á þingi, þar á meðal nokkrir alþingismenn og einnig ýmsir aðilar, sérfróðir um málefni ferðaþjónustunnar og starfandi í þeirri grein.

Góð samstaða tókst um þetta nefndarstarf á sínum tíma og ferðamálanefndin skilaði sameiginlegum tillögum og voru þar engin sérálit. Þannig voru þau mál síðan flutt hér á þingi að í neðri deild tókst góð samstaða um afgreiðslu frv., enda var flestra manna mál að mjög brýnt væri og þarft að endurskoða þessa heildarlöggjöf um ferðamál. Því miður rofnaði sú samstaða þegar upp í efri deild kom og var þar fyrst og fremst á ferðinni andstaða núv. hæstv. samgrh., sem taldi sig ekki geta staðið að afgreiðslu þessara mála þrátt fyrir að flokksbræður hans bæði í ferðamálanefnd og neðri deild hefðu staðið að afgreiðslu þess og var þar m.a. nefnt af hálfu hæstv. núv. ráðherra að ekki væri nægjanlega vel að starfsskilyrðum greinarinnar búið í þessum þingmálum.

Hins vegar hefur þannig tekist til á þessu kjörtímabili að málefnum ferðaþjónustunnar hvað þetta snertir, þ.e. varðandi endurskoðun á löggjöf og starfsskilyrðum ferðaþjónustunnar, hefur ekkert miðað. Í fyrirspurn sem hér var lögð fram á næstsíðasta þingi svaraði hæstv. samgrh. því þannig að sökum ágreinings milli sín sem samgrh. og fjmrh. eða fjmrn. kæmist hann ekkert áfram með endurskoðun málefna ferðaþjónustunnar og við það sæti. Nú er nokkuð liðið á síðasta þing þessa kjörtímabils og þessarar ríkisstjórnar og ekkert bólar hér á endurskoðun á þessum lögum. Það er auðvitað, hæstv. forseti, ákaflega bagalegt ef svo stendur af hálfu ríkisstjórnar og útséð auðvitað um það með þessu að nokkuð verði að gert á þessu kjörtímabili. Ég hef því valið það að endurflytja þessi þingmál á nýjan leik þannig að fyrir þinginu liggi a.m.k. einhverjar tillögur um aðgerðir á þessu sviði. Ég er reyndar þeirrar skoðunar eftir að hafa farið yfir þessi frumvörp og tillögur á nýjan leik að í öllum aðalatriðum mætti afgreiða þau eins og þau koma fyrir og engar þær meiri háttar breytingar hafi orðið á stöðu mála í ferðaþjónustunni sem kalli á umtalsverðar breytingar á þessum frumvörpum fyrir utan helst það eitt að væntanlega þarf að breyta ákvæðum einnar greinar frv. vegna aðildar okkar að EES-samningnum en þar er fjallað um skilyrði þess að stofna og reka ferðaskrifstofur og önnur slík fyrirtæki hér á landi og að sjálfsögðu þarf að taka inn í þau ákvæði laganna heimildir sem samrýmast núna skuldbindingum okkar um atvinnu- eða staðfesturétt borgara Evrópska efnahagssvæðisins hér á landi. En það er smávægileg breyting. Að öllu öðru leyti fullyrði ég að þessi heildarendurskoðun lagaákvæða um ferðamál stendur fyllilega fyrir sínu.

Frv. gerir ráð fyrir því að sameinuð verði í ein lög helstu ákvæði sem nú eru a.m.k. á tveimur stöðum í löggjöfinni um ferðamál. Er þar hvoru tveggja átt við hinn opinbera þátt og stjórnsýsluþátt. Það eru lagaákvæði um Ferðamálaráð, Ferðamálasjóð og þátt stjórnvalda, en einnig um reksturinn sem slíkan og starfsskilyrði hans og aðstæður, leyfisveitingar, rekstur ferðaskrifstofa, veitingahúsa og annað því um líkt.

Ef farið er yfir helstu breytingar frv. frá gildandi lögum þá má þar fyrst nefna að tilgangur laganna er skilgreindur í sérstökum markmiðskafla sem er nýmæli og eru þar markmið laganna eða frv. hin sömu og í megintillögugrein, till. til þál. um ferðamálastefnu. En þannig er samhengi þessara mála hugsað að framkvæmdarvaldið framfylgi á hverjum tíma og setji sér tiltekna ferðamálastefnu sem feli í sér tiltekin meginmarkmið sem síðan verði framfylgt og síðan verði þau í samræmi við þá löggjöf um ferðamál sem í gildi eru á hverjum tíma.

Í öðru lagi er kveðið á um það í lögum sem ekki hefur verið að árlega skuli haldið ferðaþing sem verði ráðgefandi samkoma um málefni ferðaþjónustunnar, eins konar samskiptavettvangur allra helstu hagsmunaaðila sem starfa á þessu sviði.

Í þriðja lagi gera ákvæði frv. ráð fyrir því að skipan Ferðamálaráðs verði verulega breytt og þar verði fækkað fulltrúum úr 23 í 9 og síðan í kjölfarið er ekki gert ráð fyrir framkvæmdastjórn eins og nú er. Ráðherra mundi tilnefna einn fulltrúa í staðinn fyrir fimm

samkvæmt gildandi lögum. Fjórir yrðu tilnefndir af öðrum og fjórir kosnir af ferðaþingi. Þarna drægi verulega úr því miðstýringarvaldi sem ráðherra nú hefur en hann skipar eins og áður sagði fimm fulltrúa í ráðið.

Í fjórða lagi verða verkefni Ferðamálaráðs meira á sviði stefnumótunar en nú er, þ.e. Ferðamálaráð verði gert virkara sem stefnumótandi aðili.

Í fimmta lagi fær skrifstofa ferðamála meira sjálfstæði, verður sjálfstæðari um allan almennan rekstur undir forustu ferðamálastjóra og er það nokkur breyting frá því sem nú er.

Kveðið er á um samstarf Ferðamálaráðs við utanrrn. og Útflutningsráð um landkynningu og markaðsmál. Skort hefur á það að samstarf þessara aðila væri með formbundnum hætti.

Heimild er veitt til Ferðamálaráðs til að taka þátt í rekstri ferða- og upplýsingamiðstöðva í öllum kjördæmum í samvinnu við heimaaðila, að ferðamálafulltrúar starfi á vegum ferðamálasamtaka í landshlutunum með stuðningi ríkisins.

Lögð er áhersla á umhverfisvernd sem eitt af höfuðverkefnum Ferðamálaráðs og Náttúruverndarráði er samkvæmt þessu frv. tryggð aðild að ráðinu.

Þá er lögð áhersla á að komið verði á formlegu samstarfi Ferðamálaráðs við opinbera aðila um málefni fjölsóttra ferðamannastaða til að tryggja umhverfisvernd og heimild er veitt samkvæmt frv. til að takmarka aðgang að slíkum stöðum ef nauðsyn krefur.

Þá gerir frv. ráð fyrir því að tekjustofn vegna Ferðamálaráðs verði óbreyttur en að skilyrði megi setja um mótframlög frá hagsmunaaðilum til einstakra verkefna. Það er kunnara en frá þurfi að segja að hinn lögbundni tekjustofn Ferðamálaráðs sem eru 10% af sölutekjum Fríhafnarinnar eða fríhafna hefur verið skertur verulega undanfarin ár og því miður staðið í stað í krónutölu allt þetta kjörtímabil og þar af leiðandi að sjálfsögðu rýrnað nokkuð. Það tókst að hækka hann öll árin sem síðasta ríkisstjórn sat úr 25–30 millj. kr. sem hann stóð í 1988 í 68 millj. á árinu 1991 en hann hefur því miður síðan staðið fastur í þeirri krónutölu öll árin á þessu kjörtímabili og þar af leiðandi að sjálfsögðu rýrnað, þ.e. fjárveitingin, á sama tíma og tekjustofninn sjálfur, sölutekjur Fríhafnarinnar, hafa vaxið verulega þannig að hefði ferðaþjónustan notið þeirra og þeirrar aukningar í einhverjum sanngjörnum mæli þá hefði Ferðamálaráð nú til ráðstöfunar mun meira fé en það gerir. Þetta algera fjársvelti Ferðamálaráðs, hæstv. forseti, er mjög til vansa og háir allri framþróun á þessu sviði en ótvírætt er að Ferðamálaráð gegnir margvíslegum og mjög mikilvægum verkefnum jafnt við stefnumótun og þróun greinarinnar sem og við framkvæmd ýmissa mikilvægra þátta í okkar ferðamálum.

Það er gert ráð fyrir því að lánstími Ferðamálasjóðs verði lengdur úr 15 árum í allt að 40 ár. Allt of skammur lánstími hefur lengi háð fjárfestingum á þessu sviði og fullkomlega óraunhæft að fjárfestingar geti skilað sér með svo skömmum hætti sem þessi lánstími krefst, ekki síst þegar það er haft í huga að nýtingartími ýmissa ferðaþjónustumannvirkja er afar skammur, oft ekki nema þrír eða fjórir mánuðir á hverju ári. Þeim mun meiri ástæða er til að lánsfjármagn á þessu sviði sé á hagstæðum kjörum og til langs tíma.

Það nýmæli er inni í frv. að sett verði á fót áhættulánadeild við Ferðamálasjóð vegna þróunarverkefna þannig að Ferðamálasjóður geti beint tekið þátt í og hvatt til slíkra verkefna. Mörg nýstárleg ákvæði eru um skilgreiningu á ferðaþjónustuaðilum. Þar er tekið upp hugtakið ferðamiðlun sem tæki m.a. til ferðaskrifstofa, skipuleggjenda ferða, umboðssala og fyrirtækja sem reka tölvukerfi fyrir bókanir og upplýsingar. Mjög hefur skort á að sú flokkun sem í gildi er samkvæmt lögum nú fullnægi breyttum aðstæðum í ferðaþjónustunni og ber þar auðvitað ekki síst að nefna þá þröngu túlkun sem er á ákvæðum um ferðaskrifstofur, þ.e. að rekstraraðilar sem bjóða þjónustu sína eiga fyrst og fremst á því völ að vera eða vera ekki ef svo má að orði komast, ferðaskrifstofa. Séu þeir ferðaskrifstofa koma til háar tryggingar án tillits til umfangs rekstrarins, hvort á vegum viðkomandi aðila eru mörg hundruð eða jafnvel þúsund ferðamenn erlendis samtímis þannig að ef eitthvað fer úrskeiðis geti þurft á verulegum fjármunum að halda til að koma t.d. slíkum ferðalöngum heim, en þannig eru auðvitað tryggingar hugsaðar að þær séu fyrir hendi til að mæta slíkum óvæntum atvikum, eða hvort um er að ræða minni háttar rekstraraðila sem eru að selja fáeinum einstaklingum sína þjónustu. Og auðvitað er með öllu óraunhæft að litlir þjónustuaðilar á þessu sviði þurfi að setja sambærilegar tryggingar og stærstu ferðaskrifstofur landsins en þannig hefur þetta verið.

Þá er enn gert ráð fyrir því að í staðinn fyrir lagaákvæði um flokkun veitinga- og gistihúsa sem eins og nú eru í lögum verði slíkt leitt til lykta með ákvæðum í reglugerð. Ýmiss konar þjónustu- og afþreyingarstarfsemi fyrir ferðamenn er gerð skráningarskyld þannig að hægt sé að afla upplýsinga um þá starfsemi sem er á þessu sviði, en að sjálfsögðu er ekki gert ráð fyrir því að slíkt yrði leyfisbundið frekar en nú er. Og síðast en ekki síst er lögð mikil áhersla á neytendavernd í þessari löggjöf og miklum mun meiri en er að finna í eldri löggjöf. Það má segja að ein af mörgum brotalömum núgildandi laga á þessu sviði sé sú að þar er lítið fjallað um neytendavernd þó að það kunni að einhverju leyti að hafa orðið bót á því í þeim þætti ferðaþjónustunnar þar sem við eiga ákvæði nýlega settra laga um svonefndar alferðir.

Ég sé, hæstv. forseti, ekki ástæðu til að fara öllu fleiri orðum um efni þessara þingmála. Ég vil að lokum leggja áherslu á það og undirstrika það af minni hálfu hversu gífurlega mikilvæg atvinnugrein ferðaþjónustan er og sem betur fer hefur nú á síðustu árum orðið nokkur breyting í þá veru að ferðaþjónustan er orðin viðurkennd sem grein meðal greina í okkar atvinnulífi. Það var ekki svo og satt best að segja með ólíkindum hversu fátæklegar upplýsingar lágu fyrir um þjóðhagslegt mikilvægi ferðaþjónustunnar og stærð hennar í íslenskum efnahagsbúskap alveg fram á síðustu ár. Eitt af mörgu mikilvægu við starf ferðamálanefndarinnar á sínum tíma á síðasta kjörtímabili var að

ferðamálanefndin setti á fót starfshóp sem vann mikilsverðar þjóðhagslegar upplýsingar út úr hagskýrslum um umfang ferðaþjónustunnar og gildi hennar fyrir gjaldeyrisöflun og atvinnulíf. Það voru upplýsingar sem ekki höfðu legið fyrir áður, aldrei höfðu verið teknar saman og það brautryðjendastarf að mínu mati hefur átt sinn þátt í því að upplýsa um mikilvægi greinarinnar og þau miklu verðmæti sem hún gefur af sér. Til að mynda varð mönnum sú staðreynd ekki ljós fyrr en í kjölfar þess starfs að ferðaþjónustan er á eftir sjávarútveginum sennilega mikilvægasta gjaldeyrisskapandi atvinnugrein landsmanna og veitir þúsundir starfa.

Ferðaþjónustan er ein fárra greina sem er í vexti og hefur verið nær undantekningarlaust undanfarin allmörg ár, sum árin jafnvel í svo miklum vexti að einstöku menn hafa af því áhyggjur hvert stefni varðandi stóraukið álag á okkar ferðamannastöðum og náttúru en engu að síður er hitt mikilsvert og óneitanlegt í erfiðum tímum í okkar atvinnumálum þegar atvinnuleysi hefur haldið innreið sína í tíð þessarar ríkisstjórnar að það séu þó a.m.k. einhvers staðar vaxtarbroddar á ferð og ljós í myrkrinu og ferðaþjónustan er svo sannarlega eitt slíkt. Því miður hefur á engan hátt verið að henni búið í samræmi við þetta og nægir þar að nefna það sem ég hef þegar gert grein fyrir að það er til háborinnar skammar að löngu brýn endurskoðun lagaákvæða á þessu sviði skuli með öllu hafa orðið afvelta í tíð þessarar ríkisstjórnar sökum ágreinings ráðherra innan sama flokks. Það er ekki á nokkurn hátt frambærileg afsökun eða svar að vísa til þess þegar spurt er hvað dvelji þá endurskoðun sem er löngu tímabær og var raunar lýst yfir af hálfu ríkisstjórnarinnar munnlega og ég held reyndar einnig í stjórnarsáttmála að væri eitt af forgangsverkum þessarar ríkisstjórnar. Mér er að vísu sagt að nú sé búið að ráða mikinn snilling í sérstök verkefni í samgrn. til að sinna þessum málum, en það er fullseint í rassinn gripið, svo ekki sé meira sagt, þegar nokkrar vikur lifa eftir af þinghaldinu. Mun það koma ferðaþjónustunni fyrir lítið, a.m.k. í þessum skilningi séð, að einhverjar breytingar út úr slíku starfi nái lögfestingu á þessu kjörtímabili.

Í öðru lagi má nefna að í ljósi þess sem borið var við í efri deild þegar þetta frv. var stöðvað á lokaspretti afgreiðslu vorið 1991 að í því fælust ekki, eða stefnu þeirrar ríkisstjórnar sem þá sat, nægjanlega hagstæð starfsskilyrði fyrir ferðaþjónustuna, þá er með endemum að rifja upp það sem einmitt hefur gerst á því sviði í tíð þessarar ríkisstjórnar. Það er fyrst og fremst það að álögur hafa verið auknar á ferðaþjónustuna í formi upptöku á virðisaukaskatti sem óumdeilanlega er erfiður biti fyrir greinina að kyngja í viðbót við verðlag sem fyrir er mjög hátt. Allir viðurkenna að kannski einn erfiðasti þröskuldur íslenskrar ferðaþjónustu sem hún þarf sífellt að vera að yfirstíga er mjög hátt verðlag hér á flestum þáttum sem til verðlagningar koma í þessari starfsemi, hvort heldur er verð á gistingu, bílaleigum eða annað því um líkt. Það er þess vegna sömuleiðis á þessu sviði heldur dapurleg uppskeran af starfi hæstv. núv. samgrh. sem fer með ferðamál eða á að fara með ferðamál samkvæmt reglugerð um Stjórnarráð Íslands en þess sér harla lítinn stað að sú reglugerð sé virk hvað þetta snertir. Satt best að segja er mér til efs að öðrum málaflokki hafi verið dauflegar sinnt í annan tíma en ferðaþjónustunni á þessu kjörtímabili.

Ég vona, hæstv. forseti, að hv. samgn. taki vel á móti þessum málum og taki þau til skoðunar í alvöru. Það kæmi að mínu mati vel til álita að afgreiða einhverja þætti þessara mála ef ekki næst samstaða um afgreiðslu á þeim í heild. Það eru til að mynda ýmis ákvæði sem er mjög brýnt að breyta og ég held að allir ættu að geta orðið sammála um t.d. að eru til augljóss hagræðis fyrir rekstur ferðaþjónustuaðilanna. Ef ágreiningur kynni að verða um önnur atriði eins og til að mynda um stjórnskipan ferðamálanna, samsetningu Ferðamálaráðs og annað því um líkt, þá mætti að sjálfsögðu skoða þann möguleika að fresta afgreiðslu slíkra ákvæða en taka það út úr sem samstaða væri um og afgreiða á þessu þingi fyrir kosningar. Það er mjög slæmt að þetta tefjist og því miður er það svo þegar kosningar fara í hönd og stjórnarskipti eru fram undan, sem yfirgnæfandi líkur eru á, hæstv. forseti, guði sé lof, að verði og gagnger breyting á samsetningu ríkisstjórnar eftir næstu kosningar, þá vill koma ákveðið uppihald í starf af þessu tagi eðli málsins samkvæmt því að nýir aðilar þurfa að fá tíma (**KÁ:** Hvaða vonir ber þingmaðurinn í brjósti?) til að fara yfir málin. En auðvitað mundum við vonast til að þjóðin gæti ekki orðið svo gæfusnauð að næstum að segja hvaða samgrh. sem hún eignaðist stæði sig betur í þessum efnum en sá sem nú situr, þ.e. sem hefur bókstaflega ekkert gert í hátt í fjögur ár.

Um væntingar og vonir ræðumanns, samanber frammíkall úr sal hvað snertir næstu ríkisstjórn, þá er held ég einfaldast að svara því þannig að mér mundi þykja hún þeim mun betri sem hún væri ólíkari þessari sem nú situr. Hef ég þá lokið máli mínu, hæstv. forseti, og legg til að frv. og tillögunni verði vísað til hv. samgn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Nefnd til að kanna útlánatöp innlánsstofnana, frh. 1. umr.

Frv. KÁ o.fl., 70. mál. — Þskj. 70.

[17:05]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Það mál sem hér er rætt hefur verið nokkuð til umfjöllunar á undanförnum mánuðum og missirum og er svo sem að vonum. Þetta mál er mjög stórt í sniðum, kemur inn á marga þætti og út af fyrir sig ekkert óeðlilegt við að þetta mál sé rætt allnokkuð. Ég er þó þeirrar skoðunar að það frv. sem hér er til umræðu muni lítt bæta það sem að er stefnt eða bæta viðskiptasiðferðið í landinu eða varpa neinu teljanlegu ljósi á það mál sem við erum að fjalla um. Ég held

raunar, virðulegi forseti, að hér sé um að ræða frv. sem gerir ráð fyrir því að farið sé í athugun á máli sem við höfum þegar allar lagalegar forsendur til og þess vegna sýnist mér að þetta frv. sé óþarft í þeim búningi sem það er lagt fram. Fyrir utan það að mér sýnist að samkvæmt markmiði frv. séum við að takast á við nánast óendanlegt verkefni getum við sagt. Ef við lesum 2. gr. frv. þá er það ekki verkefni þessarar nefndar sem hér er verið að leggja til að taka fyrir og endurskoða og athuga einstök útlánatöp eða helstu útlánatöp eða neitt í þeim dúrnum, heldur er einfaldlega verið að leggja það til að þessi tiltekna nefnd, sem frv. gerir ráð fyrir að skipuð sé, fari ofan í útlánatöp helstu innlánsstofnana, fjárfestingarlánasjóða og Byggðastofnunar á undanförnum árum. Hér er með öðrum orðum verið að tala um það nánast að endurskoða alla reikninga allra helstu innlánsstofnana og sjóða okkar þjóðfélags sem er verkefni sem manni sýnist að gæti verið ærið fyrir her, ég segi ekki stóð, en her endurskoðenda, lögfræðinga, viðskiptafræðinga og hvaða nafni sem við gætum nefnt alla þessa fræðinga.

En látum það vera þó að það væri vilji þingsins að færa þessum starfsstéttum ný og meiri verkefni. Þá er á það að líta að samkvæmt lögum um Seðlabanka Íslands er til stofnun innan Seðlabankans sem heitir bankaeftirlit sem hefur nákvæmlega þetta hlutverk frá degi til dags og á hverjum tíma að fara yfir, fylgjast með eins og segir, með leyfi virðulegs forseta, í lögum um Seðlabankann, útlánum og öðrum skuldbindingum viðskiptaaðila og þetta sé í samræmi við þá áhættu sem í viðskiptunum felst með hliðsjón af greiðslutryggingum, fjárhagslegum styrkleika innlánsstofnunar og eigin fé stofnunarinnar. Sama gildir um heildarskuldbindingar fleiri en eins viðskiptaaðila sem eru svo fjárhagslega tengdir að með tilliti til útlánahættu verður að skoða sameiginlegar skuldbindingar þeirra við innlánsstofnanir.

Hér sýnist mér að verið sé að kveða á um nákvæmlega það sama og flm. gera ráð fyrir að sérstök stjórnskipuð nefnd eigi að takast á hendur, þ.e. að skoða útlán einstakra stofnana. Nú heyrði ég reyndar í framsöguræðu hv. 1. flm., hv. 15. þm. Reykv., að hún vitnaði með sýnilegri velþóknun í grein eftir Þorvald Gylfason prófessor þar sem hann segir að það sé rétt í ljósi þess sem gerst hafi í útlánatöpum í þjóðfélaginu undanfarin ár að skoða alveg sérstaklega bankaeftirlitið. Þá verð ég að játa eins og er að nú finnst mér vera komin af stað dálítin hringekja. Fyrst setjum við lög á Alþingi þar sem kveðið er á um það að tiltekin stofnun innan Seðlabankans, bankaeftirlit, fylgist með útlánum. Svo finnst okkur það ekki takast nægilega vel. Þá kemur upp sú hugmynd á þinginu að setja upp aðra eftirlitsstofnun, nefnd reyndar, sem fylgist með bankaeftirlitinu og nú spyr ég mig: Ef eitthvað kemur nú í ljós eftir enn þá fleiri ár sem okkur líkar ekki er þá ekki eðlilegast að setja á stofn aðra nefnd sem fylgist með nefndinni sem skoðaði bankaeftirlitið sem aftur hefði það hlutverk að fylgjast með útlánum banka og innlánsstofnana?

Ég held með öðrum orðum, virðulegi forseti, að við séum hér að tala um hugmynd sem út af fyrir sig væri kannski ekki galin ef ekkert eftirlit af tagi bankaeftirlitsins væri til í okkar þjóðfélagi. En við höfum þessa eftirlitsstofnun nú þegar til staðar og þess vegna sýnist manni að hér sé um að ræða fullkomlega óþarfa hugmynd í sjálfu sér.

Það fer ekkert á milli mála að útlánatöp hafa orðið meiri í okkar þjóðfélagi á undanförnum árum heldur en á árunum þar á undan og fyrir því eru að sumu leyti augljós rök. Á þeim tíma sem raunvextir voru neikvæðir þá var tiltölulega hentugt að skulda og þess vegna leiddi það í sjálfu sér til þess að útlánatöpin urðu væntanlega minni. En einmitt sú staðreynd að við höfðum hér neikvæða raunvexti og mikla verðbólgu sem ruglaði allt verðmætamat gerði það að verkum að við áttum erfiðara með að fóta okkur þegar aðstæður breyttust.

Í þessari umræðu um útlánatöpin finnst mér hafa örlað allt of mikið á því að menn hafi verið að tala um og vísað alveg sérstaklega til útlánatapa í sjávarútvegi og ýmsum atvinnugreinum landsbyggðarinnar. Það er mikið talað um fiskeldi og það er mikið talað um loðdýrarækt í þessu sambandi. Þetta er að mínu mati ákaflega villandi umræða því að það kom í ljós þegar Samband fiskvinnslustöðva fór að athuga þessi mál og kynna sér þau dálítið betur og skoðaði sérstaklega útlánatöpin allt til ársloka 1993 að þvert ofan í það sem áður hafði verið haldið fram þá höfðu þessi útlánatöp einmitt ekki átt sér stað á þessum sviðum. Útlánatöpin höfðu einkanlega og alveg sérstaklega átt sér stað á sviði byggingarstarfsemi, iðnaðar, verslunar og þjónustu en það var sjávarútvegurinn ýmsum að óvörum sem var með hlutfallslega langminnstu afskriftir atvinnugreinanna. Það átti við um árið 1993 og síðustu þrjú árin þar á undan. Ef við síðan skoðum útlánatöp vegna einstaklinga þá eru þau enn þá minn en jafnvel í sjávarútveginum. Við erum því að tala um vanda sem einskorðast við tilteknar atvinnugreinar á tilteknum tíma.

Nú er það rétt sem líka hefur verið haldið fram að útlánatöp hafa orðið veruleg í fiskeldi á undanförnum árum. Ég held hins vegar að sú umræða sé ákaflega ósanngjörn í garð fiskeldisins. Fiskeldið er að mínu mati hin merkasta atvinnugrein. Við höfum sannarlega orðið fyrir áföllum í þeirri grein, áföllum sem innlánsstofnanirnar einar og sér hafa ekki verið að taka á sig heldur ekki síður þeir einstaklingar, þeir djarfhuga og duglegu einstaklingar sem hafa verið að vinna í greininni. Ég bendi á það í þessu sambandi að það er rétt að aðgæta það efnahagslega umhverfi sem fiskeldinu var búið allan tímann. Það má vel vera að menn geti horft til baka núna og sagt: Það hefði verið nær að rannsaka betur, athuga betur o.s.frv. En hvenær ætli það geti ekki átt við? Gæti það ekki líka átt við um þau miklu áföll sem við höfum orðið fyrir t.d. í byggingariðnaðinum og á ýmsum öðrum sviðum? Við getum alltaf litið aftur og sagt: Þetta átti að athugast betur vegna þess að það er alltaf svo auðvelt að vera vitur eftir á. En ég segi að þegar við skoðum það efnahagslega umhverfi sem fiskeldinu hefur alla tíð verið búið og m.a. síð-

ustu árin, þá er ekki skrýtið þó að víða hafi farið illa.

Ég hef t.d. upplýsingar um að ef við skoðum útlán gegnum Ábyrgðarsjóð fiskeldislána og reiknum í heild annars vegar almennan fjármagnskostnað og hins vegar raunkostnað vegna lána þegar tryggingar og önnur gjöld sem fylgdu voru öll greidd upp í topp, þá vorum við að tala um raunkostnað vegna þessara lána á ári upp á 20–25%. Ég segi: Það getur að sjálfsögðu engin venjuleg atvinnugrein staðið undir þessu. Þetta voru afarkostir sem þessari atvinnugrein voru búnir og það er m.a. ástæðan fyrir því hversu illa fór í mörgum tilvikum. Þess vegna finnst mér skjóta dálítið skökku við í þessu frv. að mér finnst að það svífi yfir vötnunum og sé ákveðinn andi í frv. þar sem fremur er verið að leiða líkur að því að eitthvað óeðlilegt hafi gerst og einhver ástæða sé til sérstakrar rannsóknar þegar í mörgum tilvikum var fremur um það að ræða að fyrirtækjunum í þessum atvinnugreinum voru búin óeðlileg og slæm starfsskilyrði.

Ég vil líka í þessu sambandi vekja athygli á því að það er ekki alveg fullkomlega sanngjarnt að fjalla eingöngu um þau útlánatöp sem hafa orðið í þjóðfélaginu. Mér finnst ekkert síður vera ástæða til þess að skoða hver hefur orðið kostnaður almennings í landinu, skattborgaranna í landinu. Bæði með hærri sköttum og með hærri þjónustugjöldum af ýmsu tagi. Hver hefur orðið kostnaður almennings í landinu og atvinnulífsins af þeim fjárfestingarmistökum sem hafa orðið í einokunarfyrirtækjum ríkisins sem hafa getað velt mistökum sínum yfir á notendurna í landinu?

Ég spyr t.d.: Hver hefði orðið raunkostnaður í raforkusölu í landinu? Hver hefði orðið húshitunarkostnaður úti um landið? Hver hefði orðið raforkukostnaður atvinnulífsins ef við hefðum ekki fengið yfir okkur þessi fjárfestingarmistök sem urðu í Landsvirkjun á árum áður? Er ekki ástæða til að skoða það sérstaklega því það er á sinn hátt líka skattur á það fólk og þau fyrirtæki sem nýta sér og hafa ekki annan kost en að nýta sér þessa þjónustu.

Síðan er það líka allrar athygli vert að lesa yfir eina af þeim fróðlegu töflum sem eru sem fskj. með frv. og bera saman útlánatöpin annars vegar á Íslandi og hins vegar útlánatöpin á Norðurlöndunum. Þá kemur í ljós gagnstætt því sem ég held að margur hafi talið að útlánatöpin sem hlutfall af útlánum og ábyrgðum sýnast vera mun lægri á Íslandi þrátt fyrir þær hremmingar sem atvinnulífið hefur á margan hátt verið að ganga í gegnum hér á landi. Ef við tökum árin 1991–1993 voru útlánatöpin að meðaltali 2,9% af útlánum og ábyrgðum í Noregi, þar sem hefur þó gengið flest í haginn hvað ytri skilyrði áhrærir. Í Danmörku 3,1%. Í Finnlandi 3,6% og Svíþjóð 6% en á Íslandi 2,5%. Það mætti auðvitað segja sem svo að það er kannski íhugunarefni hver sé ástæðan væri fyrir því að þessi útlánatöp eru lægri hér á landi en á Norðurlöndunum þrátt fyrir það að við höfum verið að upplifa á margan hátt mjög erfið ytri skilyrði í stórum atvinnugreinum á borð við sjávarútveg, sem er berandi þáttur í okkar efnahagslífi, og þrátt fyrir þau hörðu kjör sem stórum atvinnugreinum á borð við fiskeldi voru búin eins og ég var að rekja hérna áðan.

Ég vil líka vekja athygli á því að það verður að gera greinarmun á því annars vegar hvað eru sannarlega töpuð útlán og hins vegar hvað hefur verið lagt á afskriftareikning. Nú vitum við að það er á vissan hátt huglægt mat hverju sinni þegar verið er að leggja á afskriftareikning í bankastofnunum. Ég man eftir því að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson vakti athygli á því í umræðu um Landsbankamálið á sl. vetri að það hefði verið þannig varðandi Landsbankann að hann hefði orðið að leggja á afskriftareikning stórar fjárhæðir vegna eins tiltekins verslunarfyrirtækis í Reykjavík sem hafði komist í erfiðleika vegna þess að það hefði orðið algjört verðhrun á fasteignamarkaðnum fyrir atvinnuhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu eins og raunar úti um allt land. Það sem áður hafði verið talið mörg hundruð millj. kr. virði í fasteignum hjá þessu tiltekna fyrirtæki var allt í einu orðið nokkurra tuga milljóna virði. Við getum auðvitað sagt sem svo að það hvað menn leggja fyrir á afskriftareikning kann að vera huglægt mat hverju sinni þó að menn séu að reyna að komast sem næst raunvirði í mati sínu á hverjum tíma.

Varðandi nefndarskipunina sjálfa sem kveðið er á um í 1. gr. frv. þá held ég líka að ég hljóti að setja a.m.k. spurningarmerki við þá tilhneigingu sem kemur þar fram og hefur því miður ekki verið einsdæmi sem er það að Hæstiréttur sé að tilnefna fulltrúa sína eða jafnvel dómara í einstök verkefni af þessu tagi. Ég held að það sé mikið umhugsunarefni fyrir okkur á Alþingi hversu langt eigi að ganga í því að skylda Hæstarétt með einum eða öðrum hætti að tilnefna fulltrúa í sjálfstæðar vinnunefndir af því tagi sem hér er verið að leggja til. Ég kynnti mér þetta dálítið hjá Hæstarétti og það kom mér satt að segja á óvart hversu langt hefur verið gengið í því að láta Hæstarétt með einum eða öðrum hætti tilnefna fulltrúa sína í alls konar dómkvaddar nefndir. Ég get nefnt sem dæmi matsnefnd vegna Blönduvirkjunar og gerðardóm Verkfræðingafélagsins. Og þriðja dæmið, svo ég taki eitt af handahófi sem mér þótti eiginlega best, gerðardóm vegna kaups og kjara fólks í sláturhúsum á Suðurlandi sem fulltrúar úr Hæstarétti Íslands eiga að skera úr um. Nú veit ég ekki hvers vegna Hæstiréttur Íslands er talinn sérfróður um hvað sé eðlilegt um kaup og kjör starfsfólks sláturhúsa á Suðurlandi. Ég velti því líka fyrir mér af hverju Hæstiréttur skuli ekki þá tilnefna fulltrúa sína til þess að kveða á um kaup og kjör fólks í sláturhúsum á Norðurlandi eða Vestfjörðum eða hvort það sé eitthvað sérstakt í störfum Hæstaréttar sem gerir það að verkum að hann sé öðrum fremur betur til þess fallinn að ákveða kaup og kjör starfsfólks í sláturhúsum á Suðurlandi. En þetta segir okkur það að við erum komin hér inn á dálítið hættulega braut. Hæstiréttur er líka samkvæmt lögum skikkaður til þess að tilnefna dómara sína til þess að sitja í sérstakri nefnd varðandi lög um lax- og silungsveiði og þannig má áfram telja.

Ég segi, ef við lítum þetta mál alveg sérstaklega, þá geri ég ráð fyrir því að hérna sé m.a. verið að skoða mál sem gætu hugsanlega talist vafasöm og m.a. er tal-

að um að athuga sérstaklega óeðlilega viðskiptahætti og hvort lánveitingar hafa verið í eðlilegu samræmi við starfsumfang lántakenda o.s.frv.

Við skulum segja sem svo að niðurstaðan af einhverjum þessum málum væri sú að það þyrfti að grípa til dómstólameðferðar, þá held ég að staða Hæstaréttar geti orðið dálítið sérkennileg ef hæstaréttardómarar þyrftu að taka afstöðu til mála sem fulltrúar þeirra hefðu verið að rannsaka sérstaklega. Ég vil því í þessu sambandi slá mjög alvarlegan varnagla við þeirri tilhneigingu sem þarna kemur fram að draga Hæstarétt inn í þetta álitaefni.

Athugun af þessu tagi sem hér er verið að leggja til er að hluta til bara hið hefðbundna verkefni bankaeftirlitsins, eins og ég sagði áðan, en er um leið partur af þeirri efnahagslegu pólitík sem er rekin hverju sinni og hlýtur að koma inn á spurninguna um rekstrarlegt umhverfi atvinnulífsins, hvernig gengið er skráð, hvernig vaxtastigið er hverju sinni, hvernig bankar ákveða viðskiptakjör sín o.s.frv. Við höfum séð hvernig bankarnir hafa oft og tíðum verið með mjög óeðlilegum og sérkennilegum hætti að beita valdi sínu gagnvart fyrirtækjum. Ég sé þess vegna ekki alveg hvernig svona athugun ætti að fara fram sem bara byggðist á því að skoða bækur útlánsstofnana og bækur þeirra fyrirtækja sem hefðu átt í viðskiptum við viðkomandi útlánsstofnanir nema jafnframt væri lagt mat á hinar stóru, breiðu, pólitísku og efnahagslegu línur sem hefðu verið í þjóðfélaginu á þeim tíma. Þess vegna sýnist mér að þetta frv. geti engan veginn náð því markmiði sem að er stefnt sem er það að athuga hver sé ástæðan fyrir því að það hafa orðið útlánatöp í innlánsstofnunum, bankastofnunum og sjóðum þjóðfélagsins. Þess vegna sýnist mér að þetta frv. þó að það veki upp áleitnar spurningar sé ekki til þess fallið að svara þeim spurningum eins og þó væri nauðsynlegt ef við vildum hrinda því í framkvæmd sem að er stefnt með frv.

[17:26]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Þetta frv. sem hér liggur fyrir og er til umræðu nú er að mínu viti allrar athygli vert og fyllsta ástæða til þess að fara ítarlega yfir efni þess og leitast við að komast að niðurstöðu þannig að unnt verði að finna sameiginlega niðurstöðu sem menn geta sæst á og afgreitt málið með þeim hætti.

Ég þakka flm. fyrir það framtak að leggja þetta frv. hér fyrir þingið. Ég tel fulla ástæðu til þess að löggjafarvaldið setji á fót nefnd sem fari yfir lánveitingar undanfarinna ára og reyni að finna skýringar á þeim. Það er ekki sjálfgefið og alls ekki eðlilegt að þeir sem valdir hafa verið til þess að stjórna útlánum stórra fjárfestingarlánasjóða, svo og bankastofnana, geti búið við það öryggi að þurfa aldrei að svara Alþingi fyrir um gjörðir sínar og gefa skýringar á þeim. Það er óeðlilegt fyrirkomulag sem þessir aðilar hafa búið við á undanförnum árum, að geta búið í sínum verndaða heimi umkringdir af vilhöllum mönnum og oft og tíðum pólitískt röðuðum sem verja bæði þessa menn sína og sínar eigin ákvarðanir og leitast við að skjóta skildi hver fyrir annan þegar einstök málefni koma til umræðu sem er því miður allt of sjaldan.

Ég vil þó segja um þetta frv. að mér finnst sá galli á því að því er of þröngt skorinn stakkur. Ég tel að það ákvæði í 2. gr. frv. um tilgang rannsóknarinnar sem á að einskorðast við athugun á því hvort um óeðlilega viðskiptahætti hafi verið að ræða í viðskiptum stofnana og helstu skuldunauta sé of afmarkað og skilji eftir of marga þætti sem líka er ástæða til að rannsaka. Jafnframt er það líka of óljóst þannig að það gefur mönnum færi á að þræta um hvað séu eðlilegir viðskiptahættir og óeðlilegir. Því teldi ég að það ætti að rýmka hlutverk nefndarinnar sem á að koma á fót og fela henni að kanna útlánatöpin og koma fram með skýringar á þeim, hvort sem hægt væri að rekja eitthvað af því til óeðlilegra viðskiptahátta eða til annarra ástæðna. Ég held að við þurfum á því að halda að fá skýringar á hvernig á því standi að bankastofnanir og útlánastofnanir aðrar hafa þurft að leggja tæpa 45 milljarða kr. á afskriftareikninga á örfáum árum og að meiri hlutinn af þessu fé sé þegar afskrifaður og tapaður. Það eru of miklir fjármunir til þess að unnt sé að láta kyrrt liggja. Það verður að rannsaka það mál að mínu viti.

Það er fleira sem kemur til greina sem skýringar á því heldur en bara það sem nefnt er í frv., svokallaða óeðlilega viðskiptahætti. Það eru fleiri atriði sem þarf að taka til athugunar og að mínu viti eru skýringar á því hvernig komið er. Þá vil ég fyrst nefna efnahagsstefnu ríkisstjórnar á hverjum tíma, sem menn verða auðvitað að hafa til hliðsjónar þegar menn meta ákvarðanir á liðnum tíma. Þær eru teknar við einhver tiltekin skilyrði og síðan hafa stjórnvöld breytt skilyrðum eða forsendum lánveitinga. Stundum hafa utanaðkomandi áhrif breytt þessum skilyrðum þannig að endurgreiðslan nær ekki fram að ganga þannig að menn geta ekki staðið í skilum. Þetta þarf að draga fram. Hver hafa verið áhrifin, utanaðkomandi, sem hafa átt sinn þátt í þessu? Þar er rétt að nefna t.d. þróun á verðlagi sjávarafurða. Í öðru lagi má nefna, sem við getum kannski kallað utanaðkomandi skilyrði, það magn sem veiða má af þorski á hverju ári. Það hefur haft veruleg áhrif á getu fyrirtækja í sjávarútvegi til þess að standa undir þeim skuldbindingum sem þau tóku við önnur skilyrði. Fyrirtæki sem mátti veiða kannski 5 þúsund tonn af þorski var með skuldbindingar sem það gat staðið við miðað við þá veltu. Síðan er niðurskurður á afla og við skulum ekkert þræta um það að hann hafi verið réttmætur eða óréttmætur, við skulum bara ganga út frá því að hann hafi verið og það ekki umþrætunarefni, að þá hefur ekki verið brugðist við af hálfu stjórnvalda, sem taka þessa ákvörðun, þannig að fyrirtæki gætu lagað skuldbindingar sínar að þessum nýju skilyrðum. Því þegar menn eru komnir niður í, þar sem verst er, einn þriðja af þeim aflaheimildum sem þeir höfðu, þ.e. um 70% samdrátt sem þýðir líka um 60–70% samdrátt af tekjum, þá verða menn að hafa svigrúm til að breyta endurgreiðslu á lánum sem þeir hafa tekið og annað slíkt til þess að geta staðið í skilum.

Ég hef þá skoðun að bara þessi þáttur einn, ákvörðun um hámarksafla á þorski, hafi haft töluverð áhrif og hann skýri einhverjar fjárhæðir sem hafa tapast af því að menn tóku ekki ákvarðanir til að fylgja hinni eftir, til að gera mönnum kleift að lifa með þeirri ákvörðun að takmarka sóknina í þorskinn. Þar bera auðvitað stjórnvöld höfuðábyrgð, en ég held að það verði líka að kalla til ábyrgðar stjórnendur innlánsstofnana, hvort sem það eru bankar eða fjárfestingarlánasjóðir. Og það væri mjög fróðlegt og verðugt verkefni að fara yfir það að draga þennan þátt sérstaklega fram.

Aðrir þættir sem stjórnvöld hafa haft áhrif á og breytt mönnum til óhagræðis í útflutningsatvinnugreinunum er fastgengisstefnan, sem rekin var hér á árunum 1986 og 1987. Mér finnst hún sérstakt rannsóknarefni. Hver voru áhrif þeirrar stefnu á fjárhagsstöðu fyrirtækja í sjávarútvegi? Hvaða afleiðingar hafði þessi fastgengisstefna á stöðu fyrirtækja sem fyrst og fremst eru á landsbyggðinni? Við getum í raun og veru endurorðað spurninguna: Hvaða áhrif hafði þessi stefna forustumanns og formanns Sjálfstfl. á stöðu landsbyggðarinnar? Því það er það sem gerðist að Sjálfstfl., sem var þá búinn að taka upp tiltekna efnahagsstefnu sem hann fylgir enn, var að hrinda í framkvæmd þeirri stefnu með einstökum ákvörðunum eins og fastgengisstefnunni og eins og þeirri stefnu tveimur árum fyrr, að gefa vexti frjálsa þegar þeir fóru úr 3% upp í 10 bara á nokkrum mánuðum. Það eru gífurlegar fjárhæðir sem voru teknar af skuldurum á þeim tíma með þeirri ákvörðun og það kom illa við sjávarútveginn, svo að ég nefni eina atvinnugrein. Það er verðugt rannsóknarefni að athuga hver voru áhrifin af þessum pólitísku ákvörðunum stjórnvalda á fjárhagsstöðu fyrirtækja sem síðar leiddi til þess að sum þeirra fóru á höfuðið og urðu gjaldþrota.

Ég held og er eiginlega sannfærður um það að í allnokkrum tilvikum hafi mörg stór sjávarútvegsfyrirtæki hreinlega hrunið vegna þessarar stefnu, vegna fastgengisstefnunnar og vegna hinnar háu vaxtastefnu, sem fyrrv. formaður Sjálfstfl. og sá flokkur ber höfuðábyrgð á að hafa framfylgt. Við getum sagt sem svo að þetta væri rannsókn á áhrifum markaðskerfisins sem menn voru að innleiða í íslensku atvinnulífi. Ég tel að menn eigi að rannsaka þetta og þeir eigi að styðja það, sem eru fylgjandi markaðshagkerfinu, að þetta verði rannsakað. Því að þeir eins og aðrir, þeir sem ekki eru gagnrýnendur, þeir sem ekki eru fylgjendur markaðshagkerfisins, ættu báðir að sameinast um að láta rannsaka áhrifin af þessu, hvernig markaðshagkerfið var innleitt hér á þessum árum.

Ég hef aldrei talið mig vera í þeim hópi sem styðja óheft markaðskerfi í efnahagsmálum og tel mig hafa fengið sannanir fyrir því í þeirri stefnu sem rekin hefur verið með fastgenginu og háu vöxtunum að það hefur í för með sér slæmar afleiðingar, eins og sjá má í gjaldþroti ýmissa sjávarútvegsfyrirtækja. Við höfum séð hvað flest dæmi um slíkt á Vestfjörðum og ég held að það væri full ástæða til að rannsaka að hve miklu leyti þessir þættir hafa áhrif á útlánatöpin sem síðar urðu.

Ég vil líka í þriðja lagi nefna kvótakerfið sjálft, sem ég hef nú reyndar nefnt að hluta til með því að nefna áhrif þorskskerðingar á útlánatöp síðar. Að hve miklu leyti er kvótakerfið orsök útlánatapa og að hve miklu leyti er kvótakerfið tekið upp sem afleiðing af því að háu vextirnir og fasta gengið eru búin að skuldsetja sjávarútvegsfyrirtækin það mikið að bankarnir stóðu frammi fyrir því að eiga ekki veð fyrir skuldunum og knúðu á um það að fiskveiðiheimildirnar yrðu veðsetjanleg eign? Að hve miklu leyti hafa þessi tvö atriði leitt til þess að menn knúðu hér kvótakerfið í gegn, séreignakerfi í sjávarútvegi, sem að mati hæstv. sjútvrh. er búið að festa í sessi hér fyrir fullt og fast? Sjálfstfl. andmælir á engan hátt þessum skoðunum forustumanns síns í sjávarútvegi þannig að það er ljóst að Sjálfstfl. er búinn að taka upp séreignakerfi í stjórn fiskveiða og það er rannsóknarefni að hve miklu leyti það hefur orðið til sem afleiðing af þessum ákvörðunum stjórnvalda sem ég nefndi og að hve miklu leyti það er orsök. Þetta verða menn auðvitað að rannsaka, því menn eiga ekki að taka upp svona kerfi eins og kvótakerfið, fara úr sameignarskipulagi yfir í séreignafyrirkomulag í sjávarútvegi, nema hafa gert sér sæmilega grein fyrir því hvert menn eru að fara og til hvers það leiðir.

Í fjórða lagi tel ég rétt að það eigi að taka upp í þessari athugun eða rannsókn, sem við getum kallað, áhrif þess að bankastjórar eru í miklum mæli skipaðir pólitískt. Þar er ég sammála flm. og tel, svo að ég segi mína skoðun, að það hafi haft slæm áhrif. Ég tel að það hafi ekki verið heillavænlegt fyrir innlánsstofnanirnar og Byggðastofnun að þær skuli vera svo pólitískar sem raun ber vitni og get nefnt dæmi um pólitískar lánveitingar sem hafa svo farið hörmulega, þó að ég láti það nú ógert í þessari umræðu. Ég vil þó nefna að t.d. höfðu yfirlýsingar Sverris Hermannssonar, bankastjóra Landsbankans, afleit áhrif. Hann lýsti því yfir á sínum tíma að Einar Guðfinnson hf. í Bolungarvík mundi aldrei fara á hausinn. Á grundvelli þeirrar yfirlýsingar landsbankastjórans ákvað bæjarstjórnin að lána 50 millj. í fyrirtækið, sem þurfti svo að afskrifa nánast umsvifalaust því að það var engin staða í fyrirtækinu sem lánað var til, þannig að það var ekki hægt að halda því áfram gangandi, þó að menn hefðu viljað. Auðvitað átti Landsbankinn ekki að vera að blekkja menn til þess að lána fé í fyrirtæki sem var ekki við bjargandi. Ég tel að yfirlýsingar Sverris Hermannssonar hafi þar vegið mjög þungt og raunar ráðið úrslitum um það að menn réðust í þessa lánveitingu og hann beri allverulega ábyrgð á henni.

Þetta var auðvitað pólitísk yfirlýsing og þarna ruglaði bankastjórinn saman hlutverki sínu sem gæslumaður almannafjár og sjálfstæðismaður og fyrrv. alþm. og ráðherra fyrir Sjálfstfl., og ég held að það hafi ekki verið neinum til gangs og gæti nefnt fleiri dæmi honum viðvíkjandi en læt það ógert.

Það eru auðvitað fleiri en hann sem hefur verið ráðað inn í bankana og Seðlabankann sem pólitískir fulltrúar, þannig að það er ekki um hann einan sem ég er að tala en hann er skýrasta dæmið að mínu viti. Ég tel

að Sjálfstfl. og Framsfl. beri verulega ábyrgð á þessum óförum í útlánatöpum vegna þess að þessar pólitísku mannaráðningar í bönkunum gerðu það að verkum að bankarnir hafa fram til þessa um of verið hallir undir hið pólitíska vald. Menn hafa skilið það hvert hlutverk þeirra væri og um of hagað sér eftir því, þó að það sé sem betur fer mjög að breytast og ég tel að bankarnir hafi á síðustu árum lagt sig fram um það að reyna að losa sig undan þessu pólitíska valdi þessara tveggja stóru stjórnmálaflokka, sem hafa haft tögl og hagldir í pólitíkinni undanfarna áratugi.

Ég mundi því telja nauðsynlegt að menn rannsökuðu áhrif pólitískt skipaðra bankastjóra á lánveitingar innlánsstofnana og tel raunar að það væri þörf á því þó fyrr hefði verið. Og mér líkar það ekki að stjórnmálaflokkar í lýðræðisríki skuli umgangast innlánsstofnanir sem pólitísk elliheimili fyrir stjórnmálamenn sem þeir þurfa að leggja af sér og rýma fyrir öðrum, hvort sem það er úr ráðherrastól eða þingmannssæti.

Virðulegi forseti. Ég get svo sem rakið frekar skoðanir mínar í þessu máli, en ég held að ég hafi komið til skila helstu atriðum sem mér finnst að menn þurfi að hafa til hliðsjónar við athugun á útlánatöpum og eins því að ég tel að menn eigi að rýmka hlutverk nefndarinnar, eins og ég gat um varðandi breytingar á 2. gr. En þá vil ég taka undir athugasemdir hv. þm. Einars Guðfinnssonar um skipan nefndarinnar. Ég er ekki viss um að það sé rétt skipan á henni eins og þarna er lagt til. Ég hef enga sérstaka sannfæringu fyrir því að stofnun eins og Háskóli Íslands, Hæstiréttur eða Ríkisendurskoðun sé öðrum fremur þess bær að tilnefna menn í rannsókn af þessum toga. Ég held að menn verði einfaldlega að hafa þetta sem nefnd kosna af Alþingi og þetta sé einfaldlega pólitísk nefnd. Ég sé ekki hvernig menn geti fundið annað form á því en að Alþingi kannist við það að hafa komið króganum á lappirnar og þingflokkarnir skipi sjálfir nefndarmenn, og ég held að það væri eðlilegast að það væru bein tengsl á milli þingflokkanna og nefndarinnar, enda væntanlega markmið nefndarstarfsins að hafa áhrif á þingflokkana og lagasetningu í framhaldinu, þá væntanlega í takt við niðurstöður nefndarinnar. Nefndarmenn mundu svo auðvitað sækja sér sérfræðiþekkingu eftir föngum til til þess bærra manna.

Að öðru leyti tel ég þetta hið besta þingmál og mundi fagna því ef það tækist samstaða hér á þingi um að afgreiða það sem lög í svipuðu formi og það er lagt fram, þó einhverjar breytingar verði og þá einkum í takt við það sem ég hef verið að nefna.

[17:46]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Örfá orð inn í þessa umræðu. Mér finnst þessi hugmynd um að rannsaka hvers vegna svo mikil töp hafa orðið í útlánum ýmissa banka og sjóða og lánastofnana sé út af fyrir sig góðra gjalda verð. En einhvern veginn finnst mér að ef menn á annað borð ætluðu að fara að rannsaka hvers vegna við höfum lent í þessum vanda þá verði að hafa þetta miklu umfangsmeiri rannsókn heldur en bara að snúa sér að því að skoða útlánatöpin, vegna þess að þau hafa fyrst og fremst komið til á síðari árum, en orsakirnar eru sjálfsagt að mörgu leyti aftar í tímanum.

Við lifðum auðvitað í miklu verðbólguþjóðfélagi. Fyrir um 15 árum síðan ákváðu menn að fara að verðtryggja fjárskuldbindingar og þegar var verið að selja mönnum þá hugmynd var þeim sagt að nú kæmi lágvaxtatímabil. Nú mundu menn fá lán, þeir yrðu auðvitað að borga lánið til baka og það væri eðlilegt, en það yrðu lágir vextir á þessum lánum. Það var talað um 1–3% vexti, man ég, þegar verið var að ræða þessi mál á þessum tíma. Það fannst auðvitað öllum að það væri eðlilegt að gera þá kröfu að menn borguðu skuldir sínar og einhverja vexti líka. En það vita auðvitað allir hér hvernig til tókst, að á eftir verðtryggingunni komu ekki lágir vextir nema stuttan tíma því vextir voru síðan gefnir frjálsir og okrið var innleitt í íslenskt efnahagslíf. Og það sem menn áður þóttu verðskulda tugthúsvist fyrir eru menn verðlaunaðir fyrir í dag og heiðraðir, þ.e. að hafa sem mestan arð af peningunum sínum og það er eins og það sé einhvern veginn allt öðruvísi starfsemi heldur en öll önnur. Það þykir ekkert tiltökumál þó menn græði á peningunum sínum og það helst sem allra mest, en það þykir okur og svívirðing ef einhver tekur meira fyrir vinnuna sína heldur en sá sem er við hliðina á honum. Þetta er svolítið merkilegt og ástæða til að velta því fyrir sér hvers konar siðferði er á bak við þennan hugsanagang sem virðist ráða með þjóðinni.

Nú er ég ekkert að halda því fram að það eigi aftur að fara að refsa mönnum fyrir okur, það þýðir líklega lítið að bera fram slíka tillögu í dag, en ég held að verðlagseftirlit með því hvað menn hafa út úr peningum hljóti að þurfa að vera til staðar og aðhald og það meira heldur en það hefur verið á undanförnum árum.

Á þessu tímabili sem vextir ruku upp þá gerðist það um leið að fjöldinn allur af ákvörðunum sem menn höfðu tekið, fjárfestingarákvörðunum, voru allt í einu orðnar rangar. Það var fjöldinn allur af þeim fyrirtækjum sem núna hafa farið á höfuðið undanfarin ár, þar tóku stjórnendur fyrirtækjanna ákvarðanir í kringum 1980 um fjárfestingar, um húsbyggingar, vélakaup og hvaðeina. Ég þekki fleiri en eitt og fleiri en tvö dæmi um það að menn lögðu mikla vinnu á sig við að rannsaka hvernig það mundi nú fara inn í framtíðinni miðað við það sem verið var að segja. Það sem hið opinbera, það sem alþingismenn og aðrir aðilar, bankamenn og aðrir voru að segja mönnum á þessum tíma. Eftir örfá ár þá var þetta allt tóm lygi. Og það er mínu viti skýringin á fjölmörgum gjaldþrotum í atvinnurekstri að þarna var komið á framfæri alröngum upplýsingum til þeirra sem voru að taka ákvarðanir.

Ég tel að þeir sem spiluðu í verðbólgunni hafi í sjálfu sér — það sé kannski í sjálfu sér ekki hægt að vorkenna mönnum sem töpuðu í þeirri rúllettu, þeir vissu hver áhættan var held ég flestir. En þegar búið var að innleiða verðtrygginguna og mönnum var boðið upp á það að taka verðtryggð lán vegna þess öryggis sem þar væri á ferðinni þá tel ég að stjórnvöld hafi tekið á sig mikla ábyrgð.

En það gerðist fleira en það. Í kjölfarið á þessu kom

ekki stöðugleikatímabil, það er svo langt í frá. Það kom tímabil með alls kyns verðgengi, gengisfellingum og síðan kannski hægari tímabilum á milli. Það var ekki nokkur vegur fyrir þá sem voru að stjórna fyrirtækjum í þessu landi að gera sér neina grein fyrir því hvort ákvarðanir sem teknar voru væru af einhverju viti teknar. Menn tóku kannski erlent lán og síðan kom ný ríkisstjórn. Ég nefni dæmi: Ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar, sem tók við haustið 1988, felldi gengið um 30% á níu mánuðum. Þeir sem höfðu tekið lán á þessum tíma fóru nú ekki aldeilis vel út úr því. Það voru orðnar rangar fjárfestingar eftir níu mánuði. Svona hefur þetta þjóðfélag leikið atvinnulífið og einstaklingana. Og ef menn ætla að fara að rannsaka útlánatöpin þá verða menn auðvitað að skoða margt og miklu fleira heldur en bara hvað fjárfestingarsjóðirnir hafa tapað, menn verða að skoða orsakirnar fyrir þessari kollsteyputíð sem við höfum verið að lifa.

Það er þess vegna sem ég set ákveðið spurningarmerki við það að skoða þetta með þeim hætti sem hér er sett fram. Ég tel að það væri mjög góðra gjalda vert og hugmyndin er góð, að skoða þessa hluti, en ég tel að það þurfi að setja þá skoðun í samhengi við allt þetta ferli sem búið er að gerast í þessu þjóðfélagi á undanförnum 15–20 árum til að menn skilji hvað það var sem fór úrskeiðis. Það er nefnilega ekki hægt að segja eða halda því fram að bankastjórar, sem voru að reyna að meta það hverjum þeir ættu að lána peninga eða einhverjum sem stjórnuðu einhvers konar fjárfestingarlánasjóðum, Byggðastofnun eða hvað það nú allt saman hefur heitið, gætu út af fyrir sig haft meiri möguleika til að meta hvað bjó í framtíðinni heldur en bara almenningur í þessu landi. Því svo óskaplega hefur þetta verið fallvallt það sem menn hafa séð fram í tímann á þessu tímabili. En við getum haft gott af því að skoða það og þess vegna tel ég að það sé kannski ástæða til að gera það. En mér finnst að það þurfi þá að útvíkka hugmyndina dálítið meira en hér er gert.

Umræðu frestað.

Útsendingar sjónvarps og útvarps til fiskimiða, fyrri umr.

Þáltill. GuðjG o.fl., 172. mál. — Þskj. 186.

[17:54]

Flm. (Guðjón Guðmundsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um útsendingar sjónvarps og útvarps til fiskimiðanna í kringum landið. Flm. ásamt mér eru hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson, Eggert Haukdal, Sturla Böðvarsson, Árni R. Árnason og Árni M. Mathiesen. Tillagan sem er á þskj. 186 er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að láta gera könnun á þeim kostum sem í boði eru til að bæta útsendingar sjónvarps og útvarps til fiskimiðanna kringum landið með hliðsjón af þeirri tækniþróun sem orðið hefur á sviði ljósvakamiðlunar."

Aðstæður til að ná útsendingum sjónvarps og útvarps á fiskimiðunum hafa lengi verið óviðunandi og víða eru sjómenn nánast sambandslausir við umheiminn dögum saman, ekki bara á þeim fjarlægu slóðum sem Íslendingar hafa sótt á í stórauknum mæli á síðustu árum heldur einnig á sumum þeim miðum sem næst liggja landinu.

Móttökuskilyrði sjónvarps eru mjög misjöfn á fiskimiðunum umhverfis landið. Þau eru allgóð frá Faxaflóa austur að Ingólfshöfða, afleit út af Austurlandi og gloppótt fyrir Norðurlandi, Vestfjörðum og suður fyrir Snæfellsjökul. Skilyrðin eru þó skárri þegar háþrýstisvæði er yfir landinu.

Með þingskjalinu fylgir uppdráttur sem lýsir móttökuskilyrðunum vel en uppdrátturinn er gerður samkvæmt lýsingu Kristjáns Kristjánssonar, stýrimanns á loðnuskipinu Víkingi, sem hefur fylgst mjög grannt með móttökuskilyrðunum um langt árabil, en í Víkingi er mjög gott loftnet og sjá skipverjar oft sjónvarp þó lítið sjáist í nálægum skipum. Þess má geta að norska og færeyska sjónvarpið sjást mun lengra frá ströndum en það íslenska. Norska sjónvarpið er mjög skýrt 100 mílur frá strönd Noregs og það færeyska 50–60 mílur frá eyjunum.

Móttökuskilyrði útvarps eru einnig mjög misjöfn á miðunum. Þannig heyrist langbylgja víðast hvar, þó illa á Breiðafirði og út af Vestfjörðum. Miðbylgja heyrist út af Suðausturlandi, Austfjörðum og Norðausturlandi. Bylgjan heyrist vel á Breiðafirði, við Jökul og inn Faxaflóa og Rás 2 heyrist alls staðar þar sem sjónvarp næst. Þegar dimmir yfirgnæfa síðan erlendar stöðvar langbylgju og miðbylgju.

Áætlun um dreifingu sjónvarpssendinga á fiskimiðin umhverfis landið mun ekki hafa verið gerð síðan 1974. Í skýrslu sem menntmrn. gaf út 29. nóv. 1974 er sýndur viðauki við þáverandi dreifikerfi og til hvaða svæða sjónvarpsmerki næði. Síðan hefur dreifikerfið verið stækkað en sá viðauki hefur þó óverulega beinst að fiskimiðunum nema sumum þeim sem næst liggja ströndum landsins.

Við kostnaðaráætlunina frá 1974, framreiknaða, hefur síðan verið stuðst þegar þetta mál hefur verið rætt hér á Alþingi. Árið 1990 kom fram í svari þáv. menntmrh. við fyrirspurn að kostnaður við sjónvarp til sjómanna var talinn 490 millj. á verðlagi í árslok 1988 og að í áætlunum um dreifingu sjónvarps til sjómanna væri gert ráð fyrir aflmiklum sendum sem ná munu um 25–50 sjómílur út fyrir grunnlínu landhelginnar. Þar kom einnig fram að af fjárhagsástæðum hefði áætlun um framkvæmdir við þetta viðamikla verkefni ekki verið tímasett, en auk stofnkostnaðar mundi fylgja tvöföldun á rekstrarkostnaði dreifikerfis sjónvarpsins sem væri áætlaður 34 millj. á ári.

Það hefur margt breyst frá 1974 varðandi möguleika á útsendingum sjónvarps og hljóðvarps. Tækniþróun á þessu sviði hefur verið mjög ör. Gervihnattatækni og annarri útsendingartækni hefur fleygt fram á undanförnum árum. Þess vegna leggjum við, flm. þessarar tillögu, til að gerð verði könnun á þeim kostum

sem í boði eru til að bæta útsendingar sjónvarps og útvarps til fiskimiðanna með hliðsjón af þeirri tækniþróun sem orðið hefur á sviði ljósvakamiðlunar.

Það er mjög stór hópur sjómanna sem er langdvölum úti á sjó svo sem farmenn, togarasjómenn, þeir sem stunda loðnu- og rækjuveiðar, skipverjar á línuskipum og fleiri. Það hefur fjölgað mjög í þessum hópi á allra síðustu árum með breyttu sóknarmynstri flotans, mikilli fjölgun fullvinnsluskipa og veiða utan fiskveiðilögsögunnar. Það hlýtur að teljast sanngjarnt að þessi fjölmenni hópur sjómanna geti fylgst með útsendingum sjónvarps og hljóðvarps að jafnaði, sé þess nokkur kostur. Þessir menn eru oft sambandslausir við umheiminn dögum saman, heyra ekki í útvarpi, sjá ekki sjónvarp, farsími virkar ekki á stórum hafsvæðum og eina sambandið við land er í gegnum talstöð. Bili hún er sambandsleysið algjört sem skapar að sjálfsögðu mikið öryggisleysi þegar ekki er einu sinni hægt að fylgjast með aðvörunum um hættu, t.d. tilkynningum um ís og fárviðrisspám.

Við flm. þessarar tillögu leggjum ekki dóm á hvaða kostir eru vænlegastir til að bæta útsendingar sjónvarps og útvarps til fiskimiðanna en með lokun lóranstöðvarinnar á Gufuskálum um næstu áramót býðst Ríkisútvarpinu risamastrið sem þar stendur til afnota fyrir langbylgjusendingar. Það tækifæri verður að nýta þó það kosti verulegar fjárhæðir í tækjabúnaði en slíkt mastur hefur bráðvantað síðan mastrið á Vatnsenda féll í óveðri fyrir nokkrum árum.

Bent hefur verið á samstarf við varnarliðið um hugsanlega nýtingu radarstöðvanna á Bolafjalli og Gunnólfsvíkurfjalli til að koma þaðan útsendingum með viðbótartækjabúnaði.

Könnun sú sem hér er lögð til þyrfti að ná til þessara þátta og margra annarra, svo sem hugsanlegrar notkunar gervihnattasendinga. Við teljum að kanna þurfi alla möguleika sem bætt geta ástandið og við þá athugun verði höfð hliðsjón af því hvað tækni hefur fleygt fram á þessu sviði á undanförnum árum.

Þessi tillaga er endurflutt. Menntmn. Alþingis sendi hana til umsagnar á síðasta þingi og vil ég, með leyfi forseta, vitna í nokkrar þær umsagnir sem bárust um tillöguna.

Í umsögn Landssambands ísl. útvegsmanna segir:

„Erindi þetta var rætt á fundi stjórnar LÍÚ 2. þ.m. og samþykkt að mæla með samþykkt tillögunnar.

Okkur berast miklar kvartanir frá útgerðarmönnum og sjómönnum um hve erfitt sé að ná útvarps- og sjónvarpssendingum. Við fögnum því samþykkt tillögunnar um athugun á því hvernig megi bæta útsendingar."

Slysavarnafélag Íslands segir í sinni umsögn:

„Slysavarnafélag Íslands mælir eindregið með því að tillaga til þingsályktunar um útsendingar sjónvarps og útvarps verði samþykkt.

Á undanförnum árum hefur töluverð breyting verið á tækniþróun á sviði ljósvakamiðlunar. Það er því rétt að kanna hvort ekki sé hægt að bæta móttökuskilyrði sjónvarps og hljóðvarps þannig að sendingar berist með góðu móti til fiskimiða landsins. Fjöldi landsmanna stundar sjómennsku og oft við mjög erfið skilyrði. Það er því nauðsynlegt að þeim berist aðvaranir um hættu og þannig verði bætt öryggi þeirra til muna á sjónum."

Í umsögn Farmanna- og fiskimannasambands Íslands segir, með leyfi forseta:

„FFSÍ tekur heils hugar undir þá tillögu að fela menntamálaráðherra að láta gera könnun á þeim kostum sem í boði eru til að bæta útsendingar sjónvarps og útvarps til fiskimiðanna kringum landið.

Á undanförnum árum hefur FFSÍ oftar en einu sinni ályktað um nauðsyn þess að bæta skilyrði fyrir útsendingu sjónvarps og útvarps til sjómanna á hafsvæðinu kringum landið. Á síðasta þingi FFSÍ, sem haldið var í nóvember 1993, var samþykkt eftirfarandi áskorun til menntamálaráðherra:

„36. þing FFSÍ haldið í Reykjavík 24.–26. nóvember 1993 skorar á menntamálaráðherra að beita sér fyrir því að sjómenn, sem eru við störf á miðunum umhverfis Ísland, geti notið þjónustu ríkisútvarpsins og sjónvarps að fullu.""

Í greinargerð með þessu segir:

„Svo virðist sem þeir aðilar sem skipulögðu og sáu um uppsetningu á dreifikerfi útvarps og sjónvarps hafi ekki gert sér grein fyrir að þjónusta frá þessum miðlum þyrfti einnig að heyrast og sjást umhverfis landið. Þau dreifikort sem hafa verið gefin út af hálfu Ríkisútvarpsins/sjónvarps gera aðeins ráð fyrir dreifingu inn á landinu og er þar gert ráð fyrir að hvert afdalakot geti notið þessarar þjónustu. Á sumum stöðum heyrast tvær ólíkar útvarpsstöðvar samtímis á sömu bylgjulengdinni.

Á nokkrum stöðum er hægt með góðu móti að koma fyrir endurvarpssendum sem gætu þjónað sjómönnum, svo sem á Bolafjalli, Hornbjargi, Gunnólfsvíkurfjalli, Grænunípu, Háöxl í Öræfum og fleiri stöðum. Hér er ekki aðeins um þjónustu að ræða heldur einnig öryggismál fyrir alla sjófarendur við Ísland."

Hér fylgja einnig umsagnir útvarpsráðs og framkvæmdastjóra tæknideildar Ríkisútvarpsins sem hafa ekkert við það að athuga að þessi könnun sem hér er gerð tillaga um verði framkvæmd.

Það kemur skýrt fram í þessum umsögnum vilji þeirra aðila sem sent hafa inn umsagnir til þess að þessi tillaga verði samþykkt og að sú könnun sem hér er lögð til verði framkvæmd. Það er því von mín að menntmn. Alþingis afgreiði þessa tillögu fljótt og vel á jákvæðan hátt.

Ég vil því leggja til að þessari tillögu verði að lokinni fyrri umræðu vísað til hv. menntmn. og til síðari umræðu.

[18:04]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi láta í ljósi stuðning minn við þessa þáltill. sem hér er lögð fram sem felur það í sér að menntmrh. láti gera könnun á þeim kostum sem í boði eru til að bæta útsendingar sjónvarps og útvarps til fiskimiðanna í kringum landið með hliðsjón af þeirri tækniþróun sem hefur orðið á sviði ljósvakamiðlunar.

Ég er þeirrar skoðunar sem fram kom í máli hv.

þm. að það sé ekki vansalaust hversu illa er búið að sjómönnum hvað þetta áhrærir. Tækninni hefur fleygt fram og möguleikar okkar á því að varpa útvarpssendingum og sjónvarpssendingum út á miðin eru miklu betri og meiri en þeir voru fyrir nokkrum árum síðan. Fyrir nú utan það að við höfum verið að reisa margvísleg mannvirki uppi á fjöllum og úti á nesjum sem gera það að verkum að möguleikarnir til þess að gera þetta eru ódýrari og greiðari en kannski var talið í upphafi. Þegar síðasta athugun fór fram á árinu 1988 voru aðstæður allt aðrar og miklu verri til þess að takast á við þetta en þær eru núna. Þess vegna er það tímabært sem fram kemur í þessari þáltill. að þessi mál séu núna endurskoðuð í ljósi breyttra aðstæðna og í ljósi þeirra framfara sem hafa átt sér stað í tæknimálum á þessu sviði.

Ég verð hins vegar að segja eins og er að ég hef nokkrar efasemdir um þá stefnumörkun sem oft hefur komið fram af hálfu Ríkisútvarpsins að leggja mjög mikla áherslu á útsendingar á langbylgju hér við land. Ég held að mjög margt bendi til þess að sú tækni sé ekki alls kostar í samræmi við það sem best þykir í samtímanum og það væri eðlilegra í því sambandi að huga að því hvort ekki væri hægt að leysa þessi mál með einhverjum ódýrari hætti með FM-sendingum út á miðin.

Ég lét á sínum tíma gera lauslega könnun á því hvað það mundi kosta að tryggja það að FM-sending á einni bylgju yrði sett upp sem dygði til þess og næði út á miðin allt í kringum landið. Niðurstaðan af þeirri könnun, sem var að vísu mjög lausleg en þó mjög sterk vísbending, gaf til kynna að kostnaður við þetta eitt og sér væri kannski um 100 millj. kr. á núgildandi verðlagi.

Þarna sýnist mér t.d. að væri kostur sem væri þess virði að skoða mjög vel hvort hægt væri að leysa þessi mál með einhverjum aðferðum af þessu taginu. Nú veit ég að þetta er ekki fullnægjandi lausn en þetta gæti verið fyrsta skrefið að því að leysa þetta vandamál sem er skortur á útvarps- og sjónvarpssendingum út á miðin. Við skulum líka hafa það í huga að mjög víða er það þannig, t.d. á Vestfjörðum og víða annars staðar, að það eru glufur í þessu útsendingarkerfi og mjög víða þar sem menn eru að aka um eða jafnvel í einstökum byggðarlögum eru skilyrðin mjög slæm og þetta mundi þess vegna um leið leysa þann vanda.

Ég vil líka vekja athygli á því sem fram hefur komið og kom raunar mjög skýrt fram í máli hv. 1. flm., þ.e. möguleikanum á því að taka þetta skref með þeim hætti að setja upp búnað við þær ratsjárstöðvar sem eru í kringum landið þar sem öll mannvirki eru til staðar. Þar er rafmagn til staðar, þar eru möstur til staðar, þar eru til staðar menn sem geta fylgst með þessum mannvirkjum og haft yfirumsjón með því. Mig hefur undrað það mjög lengi hversu menn hafa verið tregir til þess að skoða þennan kost af alvöru. Þess vegna fagna ég því mjög sem fram kemur í þessari grg. og kom mjög skýrt fram í máli hv. 5. þm. Vesturl. að þennan kost þyrfti alveg sérstaklega að íhuga.

Ég hef oft og tíðum rætt þetta við menn hjá Pósti og síma og Ríkisútvarpinu og sérstaklega hvað Ríkisútvarpið áhrærir finnst mér hafa gætt ótrúlega mikillar tregðu í þessum efnum. Vegna þess að hvaða pólitísku afstöðu sem menn hafa til ratsjárstöðvanna sem var auðvitað pólitískt deilumál á síðasta áratug þá er það engu að síður svo að þessi mannvirki eru til staðar og allur búnaður er til staðar og það hlýtur að vera sjálfsagt mál ef við viljum á annað borð bæta útvarps- og sjónvarpssendingar að reyna að nýta þessi mannvirki í þeim tilgangi sem ég held að allir geti verið sammála um sem er að bæta útvarps- og sjónvarpssendingar út á miðin.

Ég vek t.d. athygli á því að Póstur og sími hefur þegar sett upp farsímabúnað við ratsjárstöðina á Bolafjalli nálægt Bolungarvík til þess einmitt að bæta þessi skilyrði út á miðin og norður í Jökulfirði og víðar þar sem það hefur verið skortur á farsímaþjónustu. Hvers vegna skyldu menn ekki stíga skrefið til fulls og setja einhvern endurvarpsbúnað fyrir útvarp og sjónvarp á þessar ratsjárstöðvar. Ég vek athygli á því að mesti kostnaðurinn við þessa uppsetningu felst í því að reisa mastur, leggja rafmagn og þess háttar. Allt þetta er til staðar þannig að endurvarpsbúnaðurinn sjálfur, magnararnir sjálfir eru ekki nema lítill hluti af þessum kostnaði. Því ítreka ég það að mér hefur fundist gæta óskaplega, mér liggur við að segja stirðbusaháttar og skilningsleysis hjá Ríkisútvarpinu á möguleikunum að þessu leytinu.

Um leið og ég lýsi yfir stuðningi mínum við þessa till. til þál. þá vil ég líka leyfa mér að segja það að ég held að jöfnum höndum ættum við að taka þá ákvörðun í þinginu ef þessi tillaga verður samþykkt sem ég vona að stíga fyrsta skrefið t.d. með því að ákveða að setja upp þennan búnað á þessum stöðvum. Mér er það ljóst að það dugir ekki lengur að sitja með hendur í skauti og reyna eingöngu að ræða við forustumenn þessara stofnana, Alþingi verður að segja sinn hug í málinu. Ég held að það væri ekki óeðlilegt að það væri gert þegar þetta mál verður afgreitt, að við gerðum það með einhverjum jákvæðum hætti þannig að það færi ekkert á milli mála að þingið vildi strax stíga skref í áttina að því að koma upp fullnægjandi þjónustu fyrir sjómenn við strendur landsins.

[18:12]

Guðmundur Hallvarðsson:

Virðulegi forseti. Ég tel ekki ástæðu til að hafa langt mál um það sem hér hefur verið sagt um þessa till. til þál. um útsendingar sjónvarps og útvarps til fiskimiða.

Það er nú svo að um allt of langan tíma hafa sjómenn búið við þetta ófremdarástand sem hér hefur verið lýst og á það bæði við um útvarp og sjónvarp. Hvað áhrærir Ríkisútvarpið hins vegar er það nú svo og má merkilegt teljast að sjómenn segja mér það að á mörgum stöðum er það svo að útvarpsstöðin Bylgjan heyrist jafnvel betur en Ríkissjónvarpið. Er það náttúrlega nokkuð sérstakt þegar til þess er litið að Ríkisútvarpið hefur um þetta langan tíma séð um útsendingar og annast nánast það sem kalla mætti dagskrá í útvarpi um áratuga skeið.

Það er ekki langt síðan, þá sjónvarp fyrst kom, að oftar en ekki lögðust togarar undir Grænuhlíð í Ísafjarðardjúpi og þá var sjónvarpsgeisla beint þar undir frá Ísafjarðarkaupstað en sagt var að vegna truflana frá þessum sendi sem beint var í áttina að Grænuhlíðinni hafi verið tekin sú ákvörðun um að hætta sendingu undir Grænuhlíðina þannig að menn náðu ekki sjónvarpi þar lengur og ég held að svo sé enn.

En talandi um útvarpið sem heyrist mjög illa á miðin þá er það svo að jafnvel á leið austur fyrir fjall verða menn varir við það þegar þeir fara akandi þá leið að á mörgum stöðum er Ríkisútvarpið nánast að detta út og næst mjög illa. Það er því greinilegt að hér er um allmikið mál að ræða sem snertir fleiri en sjómenn. Það kemur við landsmenn alla og oftar en ekki má heyra miklar umkvartanir um þetta atriði í Ríkisútvarpinu þá hlustendur hringja inn.

Talandi síðan um sjónvarpið sjálft þá er það kynlegt og kannski til frekari upplýsinga hafandi sjálfur siglt sem farmaður með bæði skosku og ensku ströndinni og verið nokkuð djúpt út af landi þá er það nú svo að þar ná skipin oftast bæði sjónvarpssendingum og ég tala nú ekki um útvarpssendingum mjög langt á haf út. Það er því rétt eins og kom fram hjá síðasta ræðumanni að frá 1988 til þessa dags hefur tækninni fleygt það vel fram að það hlýtur að vera allt annar handleggur á þessu máli nú og hlýtur að vera með allt öðrum hætti sem hægt er að koma þessum málum í það horf sem nauðsynlegt er. Ég vil taka undir það sem hér hefur komið fram og ég fagna því að hér skyldi hv. 1. flm., Guðjón Guðmundsson, koma þessum málum áfram með þeim hætti sem hann hefur hér gert og gefið hér ítarlega og mjög góða greinargerð varðandi þetta mál.

Það er vissulega ekki vansalaust í þessu hálenda landi sem við búum að koma sjónvarpi til allra aðila. Við vitum að það er talað um að hver sendir fyrir sjónvarpssendingar á ýmsa staði kostar á bilinu 200–400 millj. kr. þannig að þarna er um miklar fjárfestingar að ræða en ljóst má þó vera að slíkur kostnaður getur varla verið í sama mæli hvað útvarp áhrærir.

Nokkrum sinnum, virðulegi forseti, hefur það komið til tals á hinu háa Alþingi að nauðsynlegt sé að bæði sjónvarpa og útvarpa um allt land umræðunni á hinu háa Alþingi og er það vel vissulega að svo sé um rætt. En á meðan svo er að ekki næst enn útvarp og sjónvarp til allra landsmanna, þá finnst mér að það sé ekki óeðlilegt þó að slík framkvæmd verði látin bíða sem fylgir í kjölfar þess ef ákvörðun verður tekin um að láta slíkt ná til Alþingis, bæði útvarp og sjónvarp, til allra landsmanna, þá finnst mér það eðlilegt að það sé lögð höfuðáhersla á það að koma fyrst og fremst útvarpi til allra sjómanna og síðan yrði næsta skref að sjálfsögðu að koma sjónvarpinu til þeirra allra og um leið mætti þá athuga með þann möguleika sem oft hefur verið rætt um að sjónvarpa og útvarpa frá Alþingi jafnhliða.

Það er dálítið kynlegt líka að hafa heyrt ræðumenn, þegar talað er um sjónvarp og útvarp frá Alþingi, tala um það að þar sem þessar sendingar náist ekki til allra landsmanna, þá sé eðlilegt að það sé slökkt á þeim fjölmiðlum sem þó vinna og hafa gert það fram að þessu, að útvarpa og sjónvarpa frá hinu háa Alþingi.

Ég vil að lokum taka undir og styð að sjálfsögðu heils hugar þessa till. til þál. um útsendingar sjónvarps og útvarps til fiskimiðanna og vona að á því herrans ári 1994 megi fara að vinna að því með öðrum hætti en gert var 1988 í ljósi þeirrar miklu tækniþróunar sem orðið hefur hvað áhrærir sjónvarps- og útvarpssendingar.

[18:18]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Sú tillaga sem hér liggur fyrir er allrar athygli verð og ég vil lýsa yfir stuðningi við meginefni tillögunnar að láta gera könnun á þeim kostum sem í boði eru til að bæta útsendingar á sjónvarpi og útvarpi til fiskimiða kringum landið. Ég skil ályktunartillöguna þannig að þar eigi menn við miðin innan 200 mílna fiskveiðilandhelgi en séu ekki á þessu stigi að tala um stærra hafsvæði. Þó að það sé auðvitað þannig að menn eigi ekkert að útiloka sig í þeim efnum til allrar framtíðar, þá held ég að það væri skynsamlegt að afmarka sig á þessu stigi við það svæði.

Ég sakna þess að sjá ekki við þessa umræðu hæstv. menntmrh. því að það hefði verið fróðlegt að heyra frá honum hvað hann hefur látið vinna á þessu sviði í tíð sinni því vissulega er það svo að ráðherra getur ef hann vill ýtt fram málum og hann gæti sýnt stuðning sinn við þetta málefni með því að láta framkvæma að hluta til þessa athugun án þess að Alþingi álykti um það. Það breytir því ekki að þó hæstv. menntmrh. sé ekki hér til þess að greina okkur frá því hvað hann hafi gert í þessum efnum frá því að hann tók við þá er full nauðsyn á því að þessi athugun fari fram og ekki bara til þess að skila tölum um kostnað heldur líka um framkvæmdaáætlun því að það er vissulega nauðsynlegt að Alþingi gangi í framhaldi af könnuninni til þess að hrinda málinu í framkvæmd. Það er það sem brýnast er að koma verkinu áfram, þó að það sé auðvitað laukrétt eins og hv. flm. benda á að fyrsta skrefið sé að láta gera könnun á þeim möguleikum sem fyrir hendi eru til þess að hrinda þessu í framkvæmd og hvað þeir muni kosta.

Ég vil benda á að Alþingi hefur ekki staðið sig nógu vel í þessu efni á undanförnum árum. Þar er ég ekkert sérstaklega að tala til núverandi ríkisstjórnar, heldur allt eins til þeirra flokka sem voru í ríkisstjórn þar á undan og jafnvel enn þar á undan því að eins og þingmenn þekkja sem hafa kynnt sér efnið í fjárlagafrv. þá er gert ráð fyrir því að Ríkisútvarpið verði af tekjum sem gert er ráð fyrir að það hafi, þ.e. aðflutningsgjöld af útvarpi og sjónvarpi sem eiga að renna í Framkvæmdasjóð Ríkisútvarpsins eru látin renna í ríkissjóð árið 1995 eins og mörg undanfarin ár. Þarna er um að ræða fjárhæð sem nemur verulegum upphæðum og þó að ég hafi það nú ekki við höndina núna þá held ég að ég megi fullyrða að þetta sé á annað hundrað millj. á ári hverju sem stofnunin verður af en einmitt þessir fjármunir eiga að renna til þess að byggja upp dreifikerfi stofnunarinnar.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir því að tryggingaþegar þurfi ekki að greiða afnotagjöld og það er áætlað að á næsta ári verði það um 8.300 tryggingaþegar sem njóti þessarar niðurfellingar og það þýði fyrir stofnunina, Póst og síma, að hún verði af tekjum upp á 175 millj. kr. sem hún annars hefði fengið. Og það er auðvitað galli á gjöf Njarðar þegar menn veita ívilnandi réttindi eins og þarna er sjálfsagt að gera að menn gera ekki ráð fyrir því að stofnunin þurfi eða fái tekjur á móti því sem niður er fellt. Þetta tvennt leiðir auðvitað til þess og hefur gert á undanförnum árum að stofnunin hefur ekki getað byggt upp sitt dreifikerfi með þeim hraða og í þeim mæli sem ætlast er til og satt að segja held ég að það sé orðið verulegt áhyggjuefni hversu mjög dreifikerfið hefur elst að hluta og hversu hægt hefur gengið að byggja það upp að öðru leyti.

Um leið og menn lýsa yfir stuðningi við þetta mál, sem ég vil endurtaka að ég hef gert, þá þýðir það líka í mínum huga að maður er að segja það sem á eftir kemur, að maður sé tilbúinn að standa að því að stofnunin fái þær tekjur sem hún þarf til þess að byggja upp dreifikerfið. Það er aðalatriði málsins að Alþingi standi myndarlega að því að stofnunin geti rækt skyldur sínar í þessum efnum gagnvart sjómönnum sem og öðrum landsmönnum.

Ég vil að lokum, virðulegi forseti, þakka flutningsmönnum fyrir að hreyfa þessu máli á Alþingi.

[18:24]

Flm. (Guðjón Guðmundsson):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. þm. Einari K. Guðfinnssyni, Guðmundi Hallvarðssyni og Kristni H. Gunnarssyni fyrir þeirra ágætu ræður og góðu undirtektir við þessa tillögu. Í ræðum þeirra komu fram margar ágætar ábendingar sem verða gagnlegar við vinnu nefndarinnar að þessari tillögu.

Ég vil taka undir það sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson sagði að Alþingi hafi sjálfsagt ekki staðið sig nógu vel á þessu sviði á liðnum árum. Hann benti á það að aðflutningsgjöld sem áttu að renna til Ríkisútvarpsins hafi verið hirt í ríkissjóð og það mun hafa skeð sl. sjö ár. Það má líka benda á að eins og fram kemur í umsögn frá framkvæmdastjóra tæknideildar Ríkisútvarpsins þá skipaði þáv. menntmrh. árið 1989 starfshóp til að fjalla um dreifingu og útsendingar Ríkisútvarpsins í tilefni af þáltill. sem samþykkt hafði verið á árinu 1988 um útsendingar sjónvarps og útvarps til landsins alls og fiskimiðanna. Í þennan starfshóp voru skipaðir fulltrúar menntmrn., Ríkisútvarps og Pósts og síma, en þessi hópur var aldrei kallaður saman þannig að vissulega má segja að menn hafi ekki staðið sig nógu vel en í sjálfu sér er kannski ekki ástæða til að hafa mörg orð um það sem liðið er en horfa til framtíðarinnar og vona að nú verði tekið á þessum málum með skipulegri hætti og Alþingi fylgi því eftir að svo verði gert.

Ég vil svo ítreka það að ég þakka þessar ágætu undirtektir og vil ítreka það sem ég hef áður sagt að ég legg á það áherslu að hér er ekki bara um að ræða þau sjálfsögðu mannréttindi sjómanna að geta notið útsendinga ljósvakamiðlanna með svipuðum hætti og aðrir landsmenn heldur er hér ekki síður um að ræða mikið öryggismál eins og ég gat um í framsöguræðu minni.

Ég vil svo að lokum láta þá ósk í ljós að þar sem umsagnir um tillöguna hafa þegar borist og eru jákvæðar, þá sjái hv. menntmn. sér fært að afgreiða þessa tillögu á jákvæðan hátt sem fyrst.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 10. og 11. mál.

Fundi slitið kl. 18:27.

---

41. FUNDUR

miðvikudaginn 23. nóv.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.
2. Öryggi vöru og opinber markaðsgæsla, stjfrv., 198. mál, þskj. 224. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Vegaframkvæmdir á Austurlandi, þáltill., 37. mál, þskj. 37. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
4. Greiðsluaðlögun húsnæðislána, þáltill., 54. mál, þskj. 54. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
5. Ferðaþjónusta, frv., 62. mál, þskj. 62. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Ferðamálastefna, þáltill., 63. mál, þskj. 63. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
7. Útsendingar sjónvarps og útvarps til fiskimiða, þáltill., 172. mál, þskj. 186. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.) 8. Nefnd til að kanna útlánatöp innlánsstofnana, frv., 70. mál, þskj. 70. — Frh. 1. umr.
9. Umferðaröryggismál, þáltill., 203. mál, þskj. 229. — Fyrri umr.
10. Bann við sölu á eignum ríkisins án lagaheimilda, frv., 218. mál, þskj. 247. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Árni M. Mathiesen, 3. þm. Reykn.,
Halldór Blöndal samgrh.,
Jóhann Ársælsson, 3. þm. Vesturl.,
Matthías Bjarnason, 1. þm. Vestf.,
Rannveig Guðmundsdóttir félmrh.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 10. þm. Reykn.,
Stefán Guðmundsson, 4. þm. Norðurl. v.,
Sturla Böðvarsson, 1. þm. Vesturl.

Útbýting þingskjala:

Sérístenskir bókstafir í Inmarsat C fjarskiptakerfinu, 228. mál, fsp. AÓB, þskj. 265.

Starfslokasamningar, 4. mál, svar forsrh., þskj. 263.

Tilkynning um utandagskrárumræðu.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Hér er tilkynning um utandagskrárumræðu sem fer fram kl. 3.30 að ósk hv. 9. þm. Reykv., Svavars Gestssonar. Hann beinir máli sínu til hæstv. heilbrrh. Umræðan fer fram skv. 1. mgr. 50. gr. þingskapa, þ.e. hálftíma umræða. Efni umræðunnar er vinnudeila ríkisins og sjúkraliða.

Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.

Fullgilding GATT-samkomulagsins.

[13:35]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég beini máli mínu til hæstv. utanrrh. Ég óska eftir því að hæstv. utanrrh. upplýsi hvernig hann metur stöðu mála varðandi fullgildingu GATT-samkomulagsins sem boðað hafði verið að yrði um næstu áramót, annars vegar hvernig það mál standi að mati hæstv. ráðherra og hvaða upplýsingar utanrrh. eða utanrrn. hefur um líkur á því að af þessu verði á tilsettum tíma eða síðar og þá hvenær.

Í öðru lagi spyr ég hæstv. ráðherra hvað líði undirbúningi af okkar hálfu undir þessa fullgildingu. Væntanlega er enn ólokið ýmsum þáttum undirbúnings á heimavelli og á ég þar ekki síst við frágang á löggjöf vegna þeirra breytinga sem tilkoma GATT-samninganna og skuldbindinga samkvæmt þeim hefur á innflutningsmál okkar. Þar á ég ekki síst við innflutning á búvörum sem heimilaður verður með tilteknum hætti um leið og GATT-samningurinn gengur í gildi. Ég vil spyrja hæstv. utanrrh. hvað hann geti um þetta upplýst. Reyndar væri æskilegt að hæstv. landbrh. væri jafnframt til svara um þetta atriði en væntanlega er það svo að forræði málsins út á við er á hendi hæstv. utanrrh. og hæstv. ráðherra hlýtur að hafa yfirsýn yfir það í stjórnkerfinu hvernig undirbúning er háttað af hálfu einstakra fagráðherra.

Það er afar bagalegt að hæstv. ríkisstjórn skuli ekki hafa komið frá sér frumvörpum sem tengjast óhjákvæmilega frágangi þessa máls innan stjórnkerfisins og ætti að vera óþarfi að minna hv. alþm. á þá frægu endalausu deilu milli stjórnarflokkanna um landbúnaðarmál sem þessu efni tengjast. Ég inni einnig eftir því hvar sá hluti málsins sé á vegi staddur.

[13:37]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Fyrst um líkurnar á staðfestingu Úrúgvælotu GATT-samninga, stofnun alþjóðaviðskiptastofnunar sem stefnt er að að taki til starfa eftir áramót. Til skamms tíma voru horfur á að þetta tækist allgóðar. T.d. var ég fullvissaður um það í byrjun október af fulltrúum bandarískra stjórnvalda að þrátt fyrir frestun afgreiðslu í bandarísku þinginu hefði verið samið um dagsetninguna 28. nóv. til staðfestingar í seinasta lagi milli stjórnar og stjórnarandstöðu. Nú berast þær fréttir að það sé í óvissu. Menn tala um horfur í desember, en ég held að málið sé einfaldlega þannig vaxið að enginn geti fullyrt á þessari stundu með vissu um það hvort málið fari í gegn fyrir áramót á Bandaríkjaþingi. Það hangir allt annað á þeirri spýtu því að upphaflega stóð málið þannig að ef þetta hefði verið afgreitt í lok nóvember á Bandaríkjaþingi, þá lá ljóst fyrir að það yrði staðfest annars vegar af Evrópusambandinu og Japan og ráð var þá almennt fyrir því gert að alþjóðaviðskiptastofnunin tæki til starfa 1. jan. 1995. Því miður eru svör mín við þessum þætti spurningarinnar þau að þetta er í óvissu.

Að því er varðar undirbúning heima fyrir, þá er tvennt um það að segja. Annars vegar er það svo að þáltill. um staðfestingu GATT-samningsins verður til umræðu hér á hinu háa Alþingi í byrjun næstu viku, mér hefur verið tjáð á mánudag. Að því er varðar undirbúning lagabreytinga sem varða einkum og sér í lagi búvörulög og nokkra aðra lagabálka, þá er nefnd starfandi undir forustu ráðuneytisstjórans í forsrn. með þátttöku annarra ráðuneyta. Sú vinna er allvel á veg komin en ekki lokið.

[13:40]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir svörin. Það staðfestist hér sem í fréttum hefur verið að nú sé orðin mikil óvissa um það hvað af þessu samkomulagi verði því að ljóst er að ef til að mynda Bandaríkjamenn koma í veg fyrir að það taki gildi nú um áramótin, þá getur það þýtt umtalsverða frestun á málinu eða jafnvel stofnað tilkomu samkomulagsins í heild sinni í óvissu eins og valdahlutföll hafa breyst þar í landi.

Hitt er svo öllu lakara að hér er það enn fremur staðfest að undirbúningur þessara mála af hálfu okkar hér heima fyrir er í ólestri. Það er ekki hægt að kalla það annað en í ólestri að nú þegar rétt rúmar fjórar vikur eru til þess að þing ljúki störfum fyrir jól, þá er að staðfest að málið sé enn í nefnd af hálfu stjórnarflokkanna og frumvörp sem hefði þurft og ætti að afgreiða fyrir áramót hafa ekki enn litið dagsins ljós. Það liggur ljóst fyrir að það er bullandi ágreiningur milli stjórnarflokkanna um meðferð þessa máls í stjórnkerfinu og það verður að átelja það mjög harðlega að enn einu sinni skuli lamandi óvissa hanga yfir landsmönnum, til að mynda landbúnaðinum, vegna þess að stjórnarflokkarnir koma sér ekki saman um þessi mál. Þetta er til skammar, hæstv. forseti, hvernig ríkisstjórnin stendur að þessu máli.

[13:41]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Ég held að það sé nú ofmælt hjá

hv. þm. að segja að málið sé í fullkomnum ólestri. Sannleikurinn er sá að það hefur verið lögð í þetta mikil vinna nú seinustu mánuði og að því er varðar tæknilega hlið þess máls þá er hún allvel á veg komin. Ég hygg þess vegna að engan veginn sé útilokað og alls ekki hægt að slá því föstu að við gætum ekki staðið við okkar hlut, þ.e. staðfest bæði þáltill. og þær lagabreytingar sem hér um ræðir á þeim tíma sem við höfum til stefnu. Hitt er hins vegar alveg nákvæmlega rétt að sú óvissa sem ríkir um málið á alþjóðavettvangi, ekki síst innan Bandaríkjanna, getur þýtt að málið ekki aðeins frestist um hálft ár. eins og menn gerðu ráð fyrir, heldur stefnt þessu mikla alþjóðlega samkomulagi fullkomlega í tvísýnu þannig að það jafnvel ónýtist sem væri náttúrlega meiri háttar áfall fyrir heimsbyggðina jafnmikið og í húfi er.

[13:42]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. hreinskilnina og fyrir að staðfesta það sem ég sagði að auðvitað er staða þessa máls alveg ótrúleg af hálfu hæstv. ríkisstjórnar. Hæstv. utanrrh. hafði um það þau orð sjálfur að það væri alls ekki útilokað að við gætum að okkar leyti haft undirbúning undir gildistöku samningsins tilbúinn á tilskildum tíma. Með öðrum orðum fólst í svari hæstv. utanrrh. að það væru orðnar afar litlar líkur á því að þessi mál yrðu klár heima fyrir þó svo færi að samningurinn annars staðar og af hálfu erlendra aðila tæki gildi um áramót. Þetta er alveg fráleitt, líka í ljósi þess að það liggur fyrir heiftarlegur ágreiningur milli stjórnarflokkanna um frágang þessa máls innan stjórnkerfisins, forræði þess að hluta til og frágang í löggjöf. Hér er það ósköp einfaldlega staðfest að klofningur ríkisstjórnarinnar og illdeilur stjórnarflokkanna um þetta mál valda því að undirbúningur þess af Íslands hálfu er í molum. Það er ekki eitt heldur allt sem er í vaskinum hjá þessari ríkisstjórn þegar að stefnumótun og framkvæmd utanríkisstefnunnar kemur. Þetta er hörmuleg niðurstaða, hæstv. forseti.

[13:44]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Hv. þm. notar stór orð og telur allt vera í molum, kaldakoli og ólestri. Það má vel vera að svo sé að því er varðar stöðu málsins á Bandaríkjaþingi og skortir mjög á að þar sé sú styrka forusta sem við hefðum gjarnan viljað vænst hafa. En ef hv. þm. lítur nú hér í kringum sig til þjóðþinganna í grenndinni svo sem eins og annars staðar á Norðurlöndum þá hygg ég að hann muni komast að því að málið er þar ekki lengra á veg komið. Það er náttúrlega í biðstöðu út af þessari pólitísku óvissu, en ég hygg að hv. þm. ýki mjög mál sitt þegar hann fullyrðir að fullkominn klofningur og ágreiningur sé um málið í þeim nefndum sem að því starfa. Það er meira en hann getur staðið við. (**SJS:** Er búið að semja við Egil?)

Málefni Iðnlánasjóðs.

[13:45]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Það er hæstv. iðn.- og viðskrh. sem mig langar að ræða við. Í fyrravetur lagði sá er hér stendur fram litla fyrirspurn til iðn.- og viðskrh. og óskaði eftir upplýsingum um til hverra Iðnlánasjóður veitti styrki af iðnlánasjóðsgjaldi 1990–1992. Iðnaðurinn um allt land er skattlagður og ýmsir óttast að styrkir til samkeppnisaðila skekki samkeppni milli keppinauta. Því beri að gefa upp í ársreikningum hvaða fyrirtæki hlutu styrki. Svarið sem hæstv. iðn.- og viðskrh. bar fram á borð Alþingis við fsp. var á þá leið að ekki væri hægt að upplýsa um fyrirgreiðslur sjóðsins til einstakra fyrirtækja og einstaklinga og bar þar fyrir sig lög. Nú heyrði ég í haust frétt í Ríkisútvarpinu sem mér þótti sérkennileg. Hún var á þá leið að umboðsmanni Alþingis hefði borist kvörtun vegna þess að iðn.- og viðskrn. hefur neitað að láta af hendi upplýsingar og skýrslu sem Ríkisendurskoðun gerði fyrir ráðuneytið um málefni Iðnlánasjóðs. Kröfuhafi í þrotabúi Byggingariðjunnar hefur kvartað til umboðsmanns Alþingis yfir neitun iðn.- og viðskrn. á því að afhenda upplýsingar sem hann telur að geti ráðið úrslitum við mat á því hvort þrotabúið eigi bótarétt á hendur Iðnlánasjóði.

Í stuttu máli, hæstv. forseti, málið snýst um þessa skýrslu sem iðn.- og viðskrn. sá ástæðu til að láta Ríkisendurskoðun gera um málefni Iðnlánasjóðs í kjölfar klögumála. M.a. um hugsanleg brot sjóðsins gegn samkeppnislögum þegar hann stofnaði félag til að reka þrotabú Óss-húseininga fyrir einu og hálfu ári eða svo. Ég vil spyrja hæstv. iðn.- og viðskrh. út í þessi tvö atriði.

[13:47]

Iðnaðarráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Hvers vegna var umbeðin skýrsla ekki afhent? Vegna þess að sá sem um hana bað hafði ekki beinna hagsmuna að gæta. Málið var sent umboðsmanni Alþingis að frumkvæði þess aðila sem um skýrsluna bað og ekki fékk. Eftir því sem mér er best kunnugt þá hefur umboðsmaður Alþingis fjallað um málið og staðfest sem réttmæta þá afstöðu sem iðnrn. tók.

[13:48]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Hæstv. ráðherra svaraði ekki hinni fyrri fyrirspurn minni um iðnlánasjóðsgjaldið. En ég hafði ekki fregnir af því að þetta álit umboðsmanns væri komið fram. Ég ætla ekki að rengja það. En í þessari sömu frétt kom það glöggt fram að aðili málsins taldi að á sér væri verið að brjóta stjórnsýslulög. Og hann þyrfti að fá þetta fram til að vita hvort Iðnlánasjóður væri bótaskyldur. Ég vil fara nánar yfir þessar upplýsingar, hvort það á við rök að styðjast hjá hæstv. viðskrh. að þetta álit umboðsmanns sé komið fram. En ég vænti þess að hann svari hinu síðara atriði.

[13:49]

Iðnaðarráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Ég hef þegar svarað hinu síðar atriði. Um hið fyrra atriði er það að segja að viðskrh. lætur ekki í té opinberlega upplýsingar um ráðstafanir lánasjóða eða banka eða stofnana ef það brýtur í bága við lög.

[13:49]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Nú hef ég farið nákvæmlega yfir það að í lögum um Iðnlánasjóð, sem skattleggur allan iðnaðinn, er ekkert sem segir að það sé bannað að segja frá því hverjir hafi hlotið styrki. Ég er að spyrja eftir styrkjum sem koma af iðnlánasjóðsgjaldi. Ég hef séð að opinberar stofnanir eins og Byggðastofnun, Framleiðnisjóður og fleiri og fleiri sem leggja fram styrki til fyrirtækja telja eðlilegt samkeppninnar vegna að birta upplýsingar um slíkt í sínum ársreikningum.

[13:50]

Iðnaðarráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Það er hægt að spyrja ráðherra margs í óundirbúnum fyrirspurnum. En að spyrja ráðherra að því í óundirbúnum fyrirspurnum hvaða styrki Iðnlánasjóður hafi veitt á liðnu ári er svolítið langt seilst. Ég mundi vísa hv. þm. á að leggja fram fyrirspurn á Alþingi um þessi mál og ég mun þá leita eftir því að fá henni svarað með eðlilegum hætti. En þó sá viðskrh. sem hér stendur sé vel að sér þá kann hann ekki utan (Gripið fram í.) að allar hugsanlegar styrkveitingar, hvað þá heldur lánveitingar þeirra sjóða, lánasjóða og stofnana sem undir hann heyra.

Greiðsla fyrir vottorð til Tryggingastofnunar.

[13:51]

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Fyrirspurn mín er til hæstv. heilbrrh. um ný gjöld sem lögð eru á sjúklinga vegna útgáfu vottorða til Tryggingastofnunar. Reglugerðin tók gildi 1. okt. sl. Ég er hér með dæmi um þessa nýju skattlagningu. Það er húsmóðir sem fær sjúkradagpeninga, 263 kr. og 10 aura á dag, eða 7.800 kr. á mánuði. Til þess að fá þessa sjúkradagpeninga greidda fer hún til læknis, sem kostar 600 kr., fær vottorð fyrir sjúkradagpeningana, kostar 600 kr., hún þarf vottorð til sjúkraþjálfara, það kostar 600 kr., hún þarf vottorð vegna hjálpartækja, sem að kostar líka 600 kr. Alls kostar þetta 2.400 kr. af 7.800 kr. sjúkradagpeningum.

Nú spyr ég hæstv. heilbrrh.: Var þessi nýi vottorðaskattur á sjúklinga frá 1. okt. sl. óviljaverk sem ætlunin er að endurskoða eða telur hæstv. heilbrrh. þennan skatt sanngjarnan?

[13:52]

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Hér er ekki um að ræða skatt vegna þess að andvirði þessara greiðslna rennur ekki til ríkissjóðs heldur er þetta greiðsla fyrir þjónustu þeirra lækna sem skrifa umrædd vottorð. Þeim hefur þótt hlýða að óska eftir því að þeir fengju sérstakar greiðslur fyrir það. Í sumum tilvikum greiðir ríkið. Það er ef ríkið kallar eftir slíkum vottorðum. Í sumum tilvikum greiðir atvinnuveitandi, þ.e. fyrir vottorð sem er beint til atvinnuveitanda. Í sumum tilvikum greiðir sjúklingur sjálfur, þ.e. fyrst og fremst í þeim tilvikum að sjúklingur öðlist sérstakan rétt vegna þeirra vottorða sem hann fær fyrir viðbótargreiðslum hins opinbera. Það er það sem þarna er um að ræða. Þessar greiðslur renna til viðkomandi læknis en ekki til hins opinbera. Um það má deila hvort þetta sé eðlileg eða óeðlileg verðlagning en þetta er sú niðurstaða sem menn hafa komist að í samningum við lækna, að þessi þjónusta skuli kosta. Hvort þetta er hins vegar æskilegar eða eðlilegar greiðslur geta menn endalaust deilt um. En með öðrum orðum eru þetta þær greiðslur sem læknum eru greiddar fyrir vottorð sem veita viðkomandi aðilum aðgang að mun rýmri greiðslum úr opinberum sjóðum vegna þeirra þarfa sem vottorðin lýsa.

[13:54]

Ingibjörg Pálmadóttir:

Hæstv. heilbrrh. lætur eins og hann beri enga ábyrgð á þessari nýju reglugerð, þetta sé bara einhver ný reglugerð sem komi frá læknum. Þetta er reglugerð sem kemur frá hæstv. heilbrrh. Mig undrar því mjög þessi svör. Þetta voru bara hreinir útúrsnúningar. Ég spurði hvort það væri ætlunin að endurskoða þennan nýja skatt, þessi nýju þjónustugjöld. Hann svaraði því ekki. Hann taldi líka upp hverjir borguðu þetta almennt. Ég var hér með dæmi af konu sem borgar þetta sjálf af 7.800 kr. Hann svaraði ekki hvort honum þætti það sanngjarnt eður ei. Við eigum líka von á nýjum sköttum ef fjárlagafrv. verður samþykkt eins og það er. Nýir sjúklingaskattar. Það eru margir nýir sjúklingaskattar í því sem ég ætla ekki að spyrja um hér en geymi til betri tíma. En ég spyr bara: Er þetta velferð á varanlegum grunni?

[13:55]

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegur forseti. Þetta er að sjálfsögðu á grundvelli reglugerðar sem ég hef sett og ég ber fulla ábyrgð á því. En ég ætlast til þess að alþingismenn skilji mun á sköttum og gjöldum sem eru greidd fyrir þjónustu sem veitt er. Þarna er um að ræða gjald sem er greitt fyrir vottorð. Menn geta deilt um hvort þessar greiðslur eru eðlilegar, hvort þær eru of háar, jafnvel hvort þær eru of lágar. Sumum finnst sjálfsagt að þarna sé um of lágar greiðslur að ræða. En þetta eru þær greiðslur sem sjúklingur greiðir til að fá aðgang að mun rýmri greiðslum úr opinberum sjóðum. Það er að sjálfsögðu hlutverk heilbrrh. að taka ákvarðanir í reglugerð um þetta og hann hyggst ekki gera neinar breytingar á þeirri ákvörðun sem hann tók í október þannig að það liggi alveg fyrir.

Hins vegar er ég nýlega kominn af ráðstefnu um kostnað í heilbrigðisþjónustu á vegum OECD. Þar voru nefnd ýmis dæmi um aðferðir sem menn beita til að reyna að spyrna gegn því að stjórnvöld nái árangri til lækkunar á kostnaði í heilbrigðisþjónustu. Málflutningur hv. þm. var eins og tekin upp úr einu slíku dæmasafni.

[13:57]

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Það á sem sagt ekki að endurskoða þetta nýja vottorðagjald. Hæstv. heilbrrh. þykir það sanngjarnt en þykir sanngjarnt í leiðinni að fella niður hátekjuskatt. Þá vitum við það.

[13:57]

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Þetta var dæmasafn númer tvö. Það liggur fyrir að ég hef ekki minnst á hátekjuskatt í þessari umræðu. Það liggur líka fyrir að minn flokkur hefur sett sér það mark að hann telur eðlilegt að hátekjuskatturinn verði framlengdur. Þetta veit hv. þm. Þetta er dæmasafnið númer tvö um það hvað málflutning menn viðhafa í vörninni fyrir því að ekki takist að ná árangri í kostnaðarlækkun heilbrigðisþjónustunnar.

Biðlistar á sjúkrahúsum eftir smáaðgerðum.

[13:57]

Guðmundur Bjarnason:

Hæstv. forseti. Mig langar einnig til að beina orðum mínum til hæstv. heilbr.- og trmrh. þó honum kunni að líða illa undir umræðum um heilbrigðiskerfið eins og það er nú orðið.

Tilefni minnar fyrirspurnar er það að fram kom í einum ljósvakafjölmiðli nú á dögunum að bið eftir smávægilegum aðgerðum eins og t.d. hálskirtlatöku væri sex til átta mánuðir og jafnvel upp í eitt til eitt og hálft ár. Nú má ekki skilja það svo, þó að ég nefni smávægilega aðgerð, að hálskirtlataka sé eitthvað sem menn gera á sérfræðistofu úti í bæ. Það þarf helst sjúkrahúslegu a.m.k. einn sólarhring fyrir slíka aðgerð en á meðan á slíkri bið stendur er kostnaður, bæði vegna heimsókna til lækna og lyfjakaupa, mjög mikill fyrir sjúklinginn fyrir svo utan vanlíðan, vinnutap, missi úr skóla af því að oftast er um börn eða unglinga að ræða og hefur áhrif á fjölskylduna. Samkvæmt upplýsingum Hannesar Hjartarsonar, háls-, nef- og eyrnasérfræðings á Borgarspítalanum, er biðlistinn nú allt að 1.000 manns og biðtíminn 6–8 mánuðir. Fjölmiðillinn sem var reyndar Ríkisútvarpið, Rás 2, hafði svo einnig samband við Einar Thoroddsen, háls-, nef- og eyrnalækni, og taldi hann biðina vera enn lengri, jafnvel eitt til eitt og hálft ár eftir aðgerðum af þessu tagi.

Í tilfelli því sem vakti umræðuna hafði einstaklingur, 17 ára unglingur, þurft að fara þrisvar til læknis á skömmum tíma og kostnaður við viðtölin og pensillínlyf þá þegar orðinn 10.700 kr. og örugglega ekki allt búið ef biðin verður hálft til eitt ár hjá þessum einstaklingi. Því langar mig að spyrja hæstv. ráðherra:

Var honum ljóst að svo fjölmennur biðlisti og svo langur biðtími væri eftir smáaðgerðum af því tagi sem hálskirtlataka er?

Telur hæstv. ráðherra að það sé mikill sparnaður, annars vegar fyrir heilbrigðiskerfið og hins vegar fyrir þjóðarbúið í heild að reka heilbrigðisþjónustuna með þessum hætti?

Í þriðja lagi: Er hæstv. heilbrrh. tilbúinn að beita sér fyrir aðgerðum til þess að ráða bót á þessu óþolandi ástandi?

Ég skil þessar spurningar eftir í ræðustólnum fyrir hæstv. ráðherra.

[14:00]

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Ég hef nýlega fengið yfirlit yfir fjölda aðgerða á spítölunum á landinu, bæði á árinu sem er að líða og á fyrra ári. Þær hafa aldrei verið fleiri. Það kom mér t.d. mjög á óvart að á Landakotsspítala eru aðgerðir orðnar álíka margar eins og á Borgarspítala þar sem spítalinn hefur stóraukið svokallaða elektíva-þjónustu. Flestir biðlistar eru núna styttri en þeir hafa nokkru sinni verið. Biðlistar t.d. eftir hjartaaðgerðum eru nú u.þ.b. 50 manns og hafa aldrei verið styttri þannig að flestallir biðlistar hafa styst.

Ég hef beðið landlækni að gaumgæfa það hvernig staðan er núna. Hann treystir sér ekki til að gera það meðan verkfall sjúkraliða stendur yfir því þá má búast við að biðlistar lengist. En allar þær tölur sem við höfum haft um fjölda aðgerða á sjúkrahúsum, bæði utan og innan Reykjavíkur, benda til þess að aðgerðum hafi mjög fjölgað og biðlistar þá styst samsvarandi.

Það má vel vera að það sé rétt hjá hv. þm. og ég ætla ekkert að draga það í efa að biðlisti eftir háls-, nef- og eyrnaaðgerðum sé enn langur. Er eitthvað til ráða í því? Já, það er alveg ljóst að sameining Borgarspítala og Landakotsspítala og sú verkaskipting sem fylgja mun í kjölfar sameiningarinnar mun verða til þess að smærri aðgerðir munu enn aukast á hinum sameinaða spítala. Þegar læknar á Borgarspítalanum geta nýtt sér aðstöðu Landakotsspítala þá er alveg ljóst að biðlistar munu enn styttast frá því sem verið hefur. En það kom mér mjög á óvart, ég verð að segja það, virðulegi forseti, að þrátt fyrir þær aðhaldsaðgerðir sem hefur verið beitt á sjúkrastofnunum þá skuli samt hafa náðst sá árangur 1993 og það sem af er árinu 1994 að það hafa aldrei verið gerðar fleiri aðgerðir á Íslandi heldur en eru gerðar núna.

[14:02]

Guðmundur Bjarnason:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svör hans þó hann svaraði ekki öllum mínum spurningum og það er út af fyrir sig fagnaðarefni ef biðlistar hafa styst nokkuð frá því sem þeir voru lengstir árið 1992 eftir þær árásaraðgerðir hæstv. núv. ríkisstjórnar á heilbrigðiskerfið en þá fjölgaði á biðlistum úr 4.100 í 4.600 eða um 12% á sjúkrahúsunum, hefur nú nokkuð styst aftur og er núna 4.300 samkvæmt nýlegri úttekt landlæknisembættisins. Þannig að ég veit ekki hvort ráðherra getur hrósað sér mikið af þessu.

En hitt er gott til að vita ef hann er nokkuð ánægður með þetta þó ég hyggi að þeir sem eiga við það að búa að bíða eftir tiltölulega litlum aðgerðum og ég var fyrst og fremst að spyrja um þær, ekki heildarástandið á sjúkrahúsunum í landinu, það verður vonandi betri tími til að ræða það nánar við hæstv. ráðherra heldur

en hér í óundirbúnum fyrirspurnum. Ég er algjörlega ósammála honum um það að þær hugmyndir sem nú er verið að vinna að eða þær ákvarðanir sem teknar hafa verið um samstarf sjúkrahúsanna í Reykjavík muni leiða til þess að leysa hér stóran vanda. Þar held ég að hæstv. ráðherra sé því miður á villigötum.

[14:03]

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Ég vil líka upplýsa að á spítölum utan Reykjavíkur, m.a. á spítala í kjördæmi og að ég hygg heimabyggð hv. þm., hefur aðgerðum fjölgað verulega. Sama máli gegnir um fjöldamarga aðra spítala úti á landi. Á árinu 1994 hafa þeir verið að fjölga verulega aðgerðum sínum í kjölfar skýrslu um sjúkrahúsmál sem tekin var saman í heilbrrn. þar sem reynt var að varpa ljósi yfir þær aðgerðir sem gerðar væru á spítölum hringinn í kringum landið. Þannig að það er ekki bara í Reykjavík sem aðgerðum hefur stórfjölgað heldur einnig úti á landi. Það hefur leitt til þess að biðlistar hafa styst. Biðlistar hafa aldrei verið styttri en nú, sérstaklega í hinum stóru og meiri aðgerðum eins og hjartaaðgerðum. Þar sem við erum núna að gera 300 aðgerðir á ári sem miðað við fólksfjölda eru fleiri aðgerðir en gerðar eru í nokkru öðru Evrópulandi. Biðlisti eftir hjartaaðgerðum hefur aldrei verið styttri en nú, (Forseti hringir.) auk þess sem það er verið að gera fjölmargar aðrar aðgerðir svo sem spengingar á hrygg og fleira sem áður voru ekki gerðar hér á landi (Forseti hringir.) heldur varð að fara með sjúklinga til útlanda til þess að þær yrðu gerðar. Þannig að það liggur alveg fyrir að þrátt fyrir (Forseti hringir.) mikinn niðurskurð í sjúkrahúsakerfinu hafa afköst þess stóraukist og aldrei verið meiri en nú.

[14:04]

Guðmundur Bjarnason:

Hæstv. forseti. Það er því miður rangt hjá hæstv. heilbrrh. að biðlistar hafi aldrei verið styttri og það er dálítið merkilegt ef aðgerðum er svo að fjölga á öllum stofnunum, öllum sjúkrahúsum í landinu, að biðlistarnir skuli nú þrátt fyrir það sem ég las upp áðan og hef upp úr skýrslu frá landlækni vera lengri en þeir voru t.d. 1991 þannig að eitthvað er nú brogað við systemið eða þá að við erum að gera einhverjar aðrar aðgerðir eða með öðrum hætti heldur en áður hefur verið gert.

Ég fagna því og mér er fullkunnugt um það að við erum nú að gera ýmsar mjög mikilvægar aðgerðir sem áður voru gerðar erlendis og við þurftum auðvitað að kosta með okkar tryggingakerfi. Það er ekki eins og það hafi verið hreinn sparnaður. Við greiddum auðvitað með ærnum kostnaði fyrir aðgerðir sem gerðar voru erlendis. En að geta nú gert þær hér heima er vissulega fagnaðarefni en það kostaði sína fjármuni þó við höfum fært þá úr einum farvegi, frá Tryggingastofnun, yfir í annan, þ.e. á sjúkrahúsin. (Forseti hringir.)

Ég mun tímans vegna leyfa mér að ræða þetta nánar við hæstv. ráðherra þegar hér verður rædd vonandi fljótlega till. til þál. um hlutverk minni sjúkrahúsa og ég held (Forseti hringir.) að þar sé einmitt einn möguleikinn til þess að leysa þau vandamál sem nú er við að glíma, biðlistana við hinar smærri aðgerðir sem hér er verið að tala um.

[14:06]

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins upplýsa það, mér gafst ekki tími til þess áðan, að að áliti læknaráða og stjórnenda Borgarspítalans og Landakotsspítala er einn helsti kosturinn sem fylgir sameiningu þessara spítala að þeir treysta sér til að stórfjölga aðgerðum með samnýtingu þessara spítala svo það er ekki rétt hjá hv. þm. að ég fari þar með rangt mál. Þetta er niðurstaða og álit stjórnenda beggja spítalanna og læknaráðanna á báðum spítölunum.

Framkvæmdir við álver í kjölfar hækkaðs álverðs.

[14:07]

Jóhann Einvarðsson:

Virðulegur forseti. Ég ætla að beina máli mínu til hæstv. iðnrh.

Í lok síðasta kjörtímabils og í síðustu kosningabaráttu voru byggðar upp miklar vonir um álverksmiðju í Keilisnesi sem átti að leysa atvinnuvandamálið á Suðurnesjum og ekki síður á höfuðborgarsvæðinu.

Fyrrv. iðnrh. beitti sér mjög í þessu máli og hélt miklar skrautsýningar þar sem hann var að skrifa undir samninga við Atlantal-samsteypuna. Síðan féll þetta upp fyrir vegna lækkandi álverðs og það var talað um að þetta yrði tekið upp aftur ef álverðið hækkaði upp í 1.700 dollara tonnið. Nú mun álverðið vera rúmlega 1.900 dollarar tonnið og því er spáð að fyrir jól verði það komið um eða yfir 2.000 dollara.

Nú langar mig að spyrja hæstv. ráðherra hvort þetta mál hafi verið tekið upp aftur eða hvort þess sé að vænta að það verði gert.

[14:08]

Iðnaðarráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Það er rétt að álverð hefur hækkað mikið að undanförnu en menn verða líka að gera sér grein fyrir því hver er ástæðan til þess. Ástæðan er að framleiðendur og seljendur áls tóku þá ákvörðun að draga mjög úr afkastagetu álverksmiðja, loka mörgum þeirra, og það náðist samkomulag við Rússa um að hætta þessari miklu sölu á áli úr álbirgðum fyrrverandi Sovétríkjanna. Vegna þess hefur álverð hækkað mjög. Ef það veldur því að þær verksmiðjur sem hefur verið lokað verða opnaðar á ný og að þær verksmiðjur sem dregið hafa úr sinni framleiðslu verði keyrðar á fullu að nýju og ef það veldur því að Rússar freistist til að hefja aftur sölu af þeim miklu álbirgðum sem voru í því landi í tíð Sovétstjórnarinnar þá er það alveg ljóst að álverð mun falla þannig að þetta háa álverð sem nú er á þessar skýringar. Auðvitað hafa íslensk yfirvöld haft vakandi auga á því sem er að gerast og eru að ræða við þá aðila sem menn höfðu samið við um álver á Keilisnesi og ýmsa fleiri. Ef þetta verður varanleg verðhækkun þá má búast við því að Ísland muni njóta góðs af í formi aukinna tækifæra til stóriðju á Íslandi.

En ég ítreka það, virðulegi forseti, að skýringin á þessari miklu álverðshækkun er sú að framleiðslugeta áls í heiminum er hvergi nærri fullnýtt. Fjölmargar verksmiðjur eru ekki starfræktar, aðrar starfræktar á hálfu afli og samkomulag hefur náðst við Sovétmenn um að selja ekki eins takmarkalaust af birgðum sínum eins og þeir gerðu áður. Þetta er mjög fallvalt ástand svo ekki sé meira sagt.

[14:10]

Jóhann Einvarðsson:

Virðulegur forseti. Ég þakka ráðherranum fyrir hans svör. Þetta lá náttúrlega nokkuð ljóst fyrir það sem hann var að upplýsa hér en staðreyndin er samt sú að í hugum margra íbúa þessa svæðis hefur legið fyrir loforð ríkisstjórnarinnar um að málið yrði tekið upp aftur við 1.700 dollara markið og það er komið vel yfir það. Það liggur líka fyrir að verksmiðjan hér er talin af ýmsu leyti hagkvæmari í rekstri heldur en margar þessar eldri verksmiðjur, ég tala nú ekki um í Rússíá, þannig að það kemur mér á óvart ef þetta er einhlít skýring sem ráðherrann gefur og þýðir einfaldlega það að ríkisstjórnin er búin að leggja þessu máli a.m.k. um ókomna framtíð.

[14:10]

Iðnaðarráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Ríkisstjórn getur náttúrlega ekki lofað því að verksmiðja skuli byggð ef þeir sem ætla að byggja verksmiðjuna hafa ekki áhuga á því. Það verður að vera áhugi á málinu hjá þeim sem ætla að reisa viðkomandi verksmiðju og kosta hana. Ríkisstjórn getur engu lofað og hefur engu lofað í því sambandi öðru en því að stuðla að því eftir fremsta megni að slík verksmiðja geti risið þegar þeir aðilar sem eiga að greiða kostnaðinn eru til þess búnir. (**GÁ:** Hvað gerði Jón Sigurðsson?) Hann gerði það, nákvæmlega það en það sem varð þess verkandi að þær vonir rættust ekki voru ekki einhver afskipti eða afskiptaleysi ríkisstjórnar Íslands. Það var sú staðreynd að álverð hrundi á erlendum mörkuðum. Það vekur vissulega vonir okkar þegar álverð fer að stíga á ný en ég vara einfaldlega við að menn fyllist of mikilli bjartsýni vegna þess að það á sínar skýringar hvers vegna álverðið er að hækka og það er ekkert víst að sú hækkun verði varanleg. Verði hún hins vegar varanleg þá opnast aftur þeir möguleikar sem voru fyrir nokkrum árum síðan á að álver gæti risið og þá finnst mér alveg augljóst að það verði á þeim stað sem lengst var fram genginn þegar áætlanir um byggingu álvers á Íslandi voru gerðar á sínum tíma.

Um fundarstjórn.

Svör ráðherra í óundirbúnum fyrirspurnum.

[14:12]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Það er leiðinlegt að þurfa að biðja um að fá að taka til máls undir þessum lið því ég hef ekkert við í sjálfu sér hæstv. forseta að sakast. En eftir þessa umræðu þá velti ég því fyrir mér að þetta var góð breyting á þingsköpum og hefur gefist allvel að taka upp svona óundirbúinn fyrirspurnatíma, lífgað upp á þingið og margt hefur komið fram.

Ég velti því fyrir mér hvort skiptingin sé réttlát. Ég verð var við það að ýmsir ráðherrar, ég tek fram að flestir ráðherrar hafa oftast komið fram málefnalega en þó ber dálítið á því að einstakir ráðherrar reyna í lokaræðu sinni að snúa út úr málflutningi manna og gera hann ómerkilegan. Það henti t.d. hér áðan hæstv. iðnrh. að í lokaræðu reyndi hann að láta sem svo að þingið væri bæði heyrnarlaust (Forseti hringir.) og hefði ekki tekið eftir hvað ég var að spyrja um og sneri þar með út úr mínum málflutningi. Ég var alls ekki að ætlast til þess að hæstv. ráðherra hefði (Forseti hringir.) þær upplýsingar á sinni könnu sem sneru að þeim atriðum sem ég var að ræða. Ég var miklu fremur og ég verð að leiðrétta það hér að fara yfir fyrirspurn sem mér barst í fyrra frá hæstv. ráðherra...

(**Forseti** (VS)**:** Nú er hv. þm. kominn í efnislega umræðu. (**GÁ:** Á gráa svæðið eða hvað?) Já.)

Jæja, hæstv. forseti, þá skulum við láta það lönd og leið, ég ræði það við hæstv. ráðherra annars staðar. En mér finnst að það þurfi að endurskoða þingsköpin með það í huga að þingmaður sem spyr eigi lokasvarið þegar hann stendur svona upp en það sé ekki reynt að gera málflutning hans ómerkilegan. Það er eins og gleymskan sem ríkt hefur í heilbrm. um sinn hafi borist yfir í viðskrn. núna. Þannig var málflutningur hæstv. ráðherra hér áðan.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Eins og hv. þm. sagði sjálfur í upphafi þá er þetta ekki um fundarstjórn forseta en út af orðum hv. þm. þá vill forseti segja það að þannig er það ávallt að einhver verður að hafa síðasta orðið. Þetta eru þau þingsköp sem Alþingi hefur samþykkt og þau gilda í dag. En hitt er annað mál að þau eru alltaf til endurskoðunar.

Öryggi vöru og opinber markaðsgæsla, frh. 1. umr.

Stjfrv., 198. mál. — Þskj. 224.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:16]

Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GB, GHG, GÁ, GGuðbj, GunnS, IBA, IP, JE, JBH, KÁ, KGuðm, MF, MI, ÓRG, PP, PJ, RA, SigG, SighB, SJS, TIO, VS, ÞorstP.

31 þm. (ÁJ, ÁMM, BjörkJ, EH, GGott, GuðjG, GHall, GÁS, GJH, GHelg, HÁ, HBl, JÁ, JóhS, JGS, JónK, KHG, LMR, MB, ÓE, PBj, RG, SalÞ, SAÞ, StG, StB, SvG, VG, VE, ÞBack, ÞBern) fjarstaddur.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Vegaframkvæmdir á Austurlandi, frh. fyrri umr.

Þáltill. EgJ, 37. mál. — Þskj. 37.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:17]
Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHG, GHall, GÁ, GGuðbj, GunnS, IBA, IP, JE, JBH, KÁ, KGuðm, MF, MI, ÓRG, PP, PJ, RA, SigG, SighB, SJS, SvG, TIO, VG, VS, ÞorstP.
27 þm. (ÁJ, ÁMM, BjörkJ, EH, GGott, GÁS, GJH, GHelg, HÁ, HBl, JÁ, JóhS, JGS, JónK, KHG, LMR, MB, ÓE, PBj, RG, SalÞ, SAÞ, StG, StB, VE, ÞBack, ÞBern) fjarstaddir.

Till. vísað til samgn. án atkvgr.

Greiðsluaðlögun húsnæðislána, frh. fyrri umr.

Þáltill. SvG og KHG, 54. mál. — Þskj. 54.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:17]
Till. vísað til síðari umr. með 37 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHG, GHall, GÁ, GGuðbj, GunnS, IBA, IP, JE, JóhS, JBH, KÁ, KGuðm, MF, MI, ÓRG, PP, PJ, RA, SigG, SighB, SJS, SvG, TIO, VG, VS, ÞorstP.
26 þm. (ÁJ, ÁMM, BjörkJ, EH, GGott, GÁS, GJH, GHelg, HÁ, HBl, JÁ, JGS, JónK, KHG, LMR, MB, ÓE, PBj, RG, SalÞ, SAÞ, StG, StB, VE, ÞBack, ÞBern) fjarstaddir.

Till. vísað til félmn. án atkvgr.

Ferðaþjónusta, frh. 1. umr.

Frv. SJS, 62. mál. — Þskj. 62.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:18]
Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHG, GHall, GÁ, GGuðbj, GunnS, IBA, IP, JE, JóhS, JBH, KÁ, KGuðm, MF, MI, ÓRG, PP, PJ, RA, SigG, SighB, SJS, SvG, TIO, VG, VS, ÞorstP.
26 þm. (ÁJ, ÁMM, BjörkJ, EH, GGott, GÁS, GJH, GHelg, HÁ, HBl, JÁ, JGS, JónK, KHG, LMR, MB, ÓE, PBj, RG, SalÞ, SAÞ, StG, StB, VE, ÞBack, ÞBern) fjarstaddir.

Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Ferðamálastefna, frh. fyrri umr.

Þáltill. SJS, 63. mál. — Þskj. 63.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:18]
Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHG, GHall, GÁ, GGuðbj, GunnS, IBA, IP, JE, JóhS, JBH, KÁ, KGuðm, MF, MI, ÓRG, PP, PJ, RA, SigG, SighB, SJS, SvG, TIO, VG, VS, ÞorstP.
27 þm. (ÁJ, ÁMM, BjörkJ, EH, GGott, GE, GÁS, GJH, GHelg, HÁ, HBl, JÁ, JGS, JónK, KHG, LMR, MB, ÓE, PBj, RG, SalÞ, SAÞ, StG, StB, VE, ÞBack, ÞBern) fjarstaddir.

Till. vísað til samgn. án atkvgr.

Útsendingar sjónvarps og útvarps til fiskimiða, frh. fyrri umr.

Þáltill. GuðjG o.fl., 172. mál. — Þskj. 186.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:19]
Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHG, GHall, GÁ, GGuðbj, GJH, GunnS, IBA, IP, JE, JóhS, JBH, KÁ, KGuðm, MF, MI, ÓRG, RA, SigG, SighB, SJS, SvG, TIO, VG, VS, ÞorstP.
28 þm. (ÁJ, ÁMM, BjörkJ, EH, GGott, GE, GÁS, GHelg, HÁ, HBl, JÁ, JGS, JónK, KHG, LMR, MB, ÓE, PP, PJ, PBj, RG, SalÞ, SAÞ, StG, StB, VE, ÞBack, ÞBern) fjarstaddir.

Till. vísað til menntmn. án atkvgr.

Nefnd til að kanna útlánatöp innlánsstofnana, frh. 1. umr.

Frv. KÁ o.fl., 70. mál. — Þskj. 70.

[14:20]

Flm. (Kristín Ástgeirsdóttir):

Virðulegi forseti. Það mál sem hér er til umræðu hefur dregist nokkuð og allnokkrir þingmenn tekið til máls og þakka ég þeim fyrir mjög málefnalega umræðu og jafnframt fyrir þær athugasemdir sem fram hafa komið við þetta frv. Ég get tekið undir margt af því sem hv. þm. hafa sagt og endurtekið það sem fram kom þegar ég mælti fyrir frv. að við kvennalistakonur erum vissulega tilbúnar til að skoða þá útfærslu sem hér er lögð til, bæði varðandi skipan nefndarinnar og einnig hlutverk hennar. En það er fyrst og fremst við þær tvær greinar sem athugasemdir hafa verið gerðar.

Ég get tekið undir það sem fram kom í máli hv. þm. Guðmundar Bjarnasonar. Hann benti á að útlánatöp hefðu orðið víða, í mörgum atvinnugreinum, þar á meðal í ferðaþjónustu, veitingarekstri og verslunum. Það hafa komið fram upplýsingar, m.a. hjá hv. þm. Einari Guðfinnssyni, sem sýna að einmitt í verslun og byggingariðnaði og fleiri greinum hefur verið um verulegt útlánatap að ræða. Þó að menn minnist á loðdýrarækt og fiskeldi er ekki þar með sagt að það séu verstu dæmin. Ég get tekið undir það, en þau voru þó himinhrópandi á árum áður. Þegar litið er nokkur ár aftur í tímann eru það kannski þau sem hafa mest verið í umræðunni og full ástæða til að skoða það sem þar gerðist. Og þar vil ég nefna sjónarmið sem hv. þm. Stefán Guðmundsson hefur sett fram. Reyndar hefur hann ekki tekið þátt í þessari umræðu, en hann nefndi að það væri athyglisverð spurning í þessu sambandi hvort menn hafi verið of fljótir til að klippa á, sérstaklega í fiskeldinu, að í stað þess að gefa fyrirtækjunum meiri tíma þá hafi menn verið of fljótir á sér. Eftir að hafa horft upp á mikið tap hafi stjórnendur sjóða og útlánastofnana einfaldlega verið of fljótir á sér. Það væri einmitt mjög fróðlegt að skoða þann hluta málsins.

Nokkrir þingmenn hafa gagnrýnt að hér sé um einhverja sýndarmennsku að ræða og að hér sé fyrst og fremst horft á hina neikvæðu hlið. Eins og ég rakti í upphafi umræðunnar, þá var kveikjan að því að við kvennalistakonur smíðuðum þetta frv. fyrst og fremst umræðan um Landsbankann og það sem þar gerðist fyrir einu og hálfu ári þegar ríkisvaldið varð að grípa inn í með aðstoð við Landsbankann. Sú umræða öll vakti miklar og stórar spurningar um það hvernig hefði verið staðið að útlánum í bankastofnunum og hjá ýmsum sjóðum og hjá Byggðastofnun. En ég get tekið undir að vissulega er ástæða til að skoða þessi mál í miklu víðara samhengi, bæði að skoða hina efnahagslegu þætti sem hafa haft áhrif á rekstur fyrirtækja og eins að skoða allar hliðar þessa máls og setja í samhengi við það sem hér hefur verið að gerast. En það er ekki hægt að horfa fram hjá því að það kerfi sem hér hefur verið viðhaft við skipun í stöðu bankastjóra og bankaráða kann að hafa haft áhrif á þá þróun sem hér hefur orðið. Við erum að tala um útlánatöp upp á 38 milljarða á sl. fimm árum.

Þeir sem hafa talað í umræðunni hafa einmitt bent á 2. gr. þar sem liggur undir að þarna hafi verið óeðlilega að verki staðið og ég ítreka að ástæða er til að skoða það. En það er líka ástæða til að skoða annað og einmitt mjög fróðlegt að fá yfirlit yfir þá þróun sem hér hefur orðið á undanförnum 10 árum og að við skoðum okkar efnahagsstefnu í víðu samhengi hver sem þar hefur átt hlut að máli.

Varðandi skipun þessarar nefndar var legið nokkuð lengi yfir því af okkar hálfu hvernig í hana skyldi skipað. Ég get vissulega tekið undir það að við hér á hinu háa Alþingi höfum gengið nokkuð langt í því að leita til Hæstaréttar um skipan manna í ýmiss konar nefndir. Hæstiréttur er ein af þeim stofnunum sem við kannski treystum til þess að nálgast mál af óhlutdrægni og fyllstu alvöru, en ég get vissulega tekið undir að það hefur verið gengið nokkuð langt í því að kalla Hæstarétt til og ég ítreka það að við erum vissulega tilbúnar til að skoða skipan þessarar nefndar og gera breytingu þar á ef samkomulag mundi nást um það. Mér finnst mikilvægast að þessi nefnd verði skipuð og fram fari ítarleg rannsókn á þróun útlánatapa á unanförnum árum en það nákvæmlega hvernig nefndin er skipuð er ekki aðalatriðið í því máli heldur að við gerum okkur grein fyrir þessari þróun.

Það hefur verið gagnrýnt varðandi hlutverk nefndarinnar að hún eigi sjálf að setja sér starfsreglur og leita svara við spurningum sem erfitt sé að fá svör við, en þegar um mál af þessu tagi er að ræða þá verður að vera ljóst hvað á að koma út úr rannsókninni. Hvað er það sem á að rannsaka? En ég ítreka að þetta atriði má að sjálfsögðu kanna nánar.

Það kom hér fram nokkur útúrsnúningur varðandi það að þessi nefnd ætti að fara að rannsaka bankaeftirlitið og hvort síðan yrði ekki sett á laggir önnur nefnd til þess að rannsaka þessa nefnd. En málið er það að þessari nefnd er ætlað að hraða störfum sínum eins og segir í 4. gr. og skila af sér sem allra fyrst. Og ein af þeim stóru spurningum sem liggur að baki þessari tillögu er sú hvort ekki sé ástæða til að skoða bankaeftirlit Seðlabanka Íslands, hvort það er nógu öflugt og hvort það hefur staðið þannig að málum að eðlilegt sé. Ég vísa þá ekki síst til umræðunnar um Landsbankann þar sem kom fram nokkur gagnrýni á bankaeftirlitið og hvers vegna það hefði ekki gripið fyrr inn í. Bankaeftirlitið kom líka nokkuð inn í umræður um fjárfestingarfyrirtæki og hvernig á því stóð að stórt fjárfestingarfyrirtæki hér í borg fór á hausinn án þess að bankaeftirlitið hefði verið vakandi yfir því. Það er ástæða til þess að skoða þessi mál.

Þar með er ekki verið að segja að það eigi að sakfella einhverja, að menn séu sekir um einhver afglöp eða hafi ekki sinnt starfi sínu. En eitthvað liggur þarna að baki. Eru það reglurnar eða hvað er það? Hvað er það sem veldur því að svona hlutir gerast?

Mín niðurstaða er sú eftir þessa umræðu, virðulegi forseti, að það er vissulega ástæða til að setja á laggir nefnd til þess að kanna útlánatöpin. Það hefur komið fram verulegur stuðningur við það í umræðunni þó að menn greini nokkuð á um hvernig eigi að skipa nefndina og hvert hlutverk hennar eigi að vera, en ég ítreka að við erum tilbúnar til að skoða það mál nánar. Aðalatriðið er að þessi könnun fari fram þannig að við getum í tíma áttað okkur á þróuninni og þar dettur mér enn einu sinni í hug að vísa til reynslu Færeyinga sem fengu skýrslur ár eftir ár frá hagfræðingum sem voru að skoða ástandið þar og bentu á ýmis mistök sem þar voru á ferð en enginn hlustaði. Nú er ég ekki að gefa í skyn að við séum endilega á sömu leið, en við þurfum að skoða þessi mál. Við erum að tala hér um verulegt tap sem almenningur í landinu greiðir á endanum og full ástæða er til að skoða hvernig á þessu stendur og hvort þörf er á úrbótum í bankakerfinu og þeim sjóðum sem lána til atvinnuveganna og hvernig staðið er að vali á stjórnendum þessara stofnana og þessara sjóða.

[14:32]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Varðandi það mál sem hér er verið að ræða sýnist mér nokkuð ljóst að einungis getur verið um að ræða tvenns konar hugmyndafræði sem býr að baki þegar við erum að tala um að skoða ástæður þess að orðið hafa útlánatöp í bankakerfinu og hjá einstökum útlánasjóðum í þjóðfélaginu. Annars vegar geta menn farið þá leið sem verið er að leggja til í frv. kvennalistakvenna, þ.e. að skoða einstök útlán og einstök útlánatöp. Eins og ég benti á í gær þýðir það gríðarlega vinnu langt aftur í tímann þar sem verið er að skoða nánast fjölmörg dæmi fram og til baka í bönkum og sjóðum. Það er annars vegar sú leið sem hægt er að fara. Eins og ég benti á í gær þá sé ég ekki betur þegar maður skoðar lögin um Seðlabanka Íslands en að hér sé verið að fara nákvæmlega ofan í verksvið bankaeftirlits Seðlabankans. Það er kveðið á um það mjög skýrt í lögunum um Seðlabanka Íslands hvert skuli vera hlutverk bankaeftirlitsins. Þegar maður les saman annars vegar lagatextann þar sem kveðið er á um hlutverk bankaeftirlitsins og ber það saman síðan við hlutverk þeirrar nefndar sem lagt er til í frv. að sett sé á laggirnar þá sýnist manni að nánast sé verið að leggja til að við stofnum nýtt bankaeftirlit, öðruvísi skipað bankaeftirlit sem fari í kjölfar þess gamla og skoði það sem bankaeftirlitið hafi átt að skoða.

Ég sagði að vísu í dálitlum hálfkæringi hvort ekki yrði þá verkefni einhverrar annarrar nefndar að skoða verk þessarar nefndar og svo koll af kolli. Það mætti hugsa sér að það færi af stað einhvers konar eilífðarvél þar sem allir endurskoðendur og viðskiptafræðingar og lögfræðingar landsins gætu meira og minna komið að og þar með væri búið að tryggja atvinnu þessara manna að eilífu, amen. En það er kannski aukaatriði vegna þess að síðan er hin leiðin sem við hv. 5. þm. Vestf. nefndum í gær sem væri það að ræða þessi mál á miklu almennari nótum. Í stað þess að vera að fjalla um einstök útlán, einstaka þætti í starfi lánasjóða eða banka væri hægt að setja á almenna haglýsingu og velta fyrir sér hver sé ástæðan fyrir því að útlán hafi tapast þó ég hafi að vísu vakið á því athygli í gær að útlánatöpin hér eru talsvert minni en á Norðurlöndunum. Það getur verið ástæða fyrir okkur að velta fyrir okkur hver sé ástæða þess að þrátt fyrir ýmsar hremmingar í ytri skilyrðum atvinnulífsins þá hafi útlánatöpin verið minni hér en á Norðurlöndunum. En látum það nú liggja milli hluta. Hin aðferðin getur sem sagt verið sú að setja á einhvers konar almenna haglýsingu þar sem einhver ótilgreind nefnd færi ofan í það með almennum og breiðum hætti, skrifaði fræðilega ritgerð í Fjármálatíðindi þar sem þessu væri velt upp.

Þetta er allt önnur aðferðafræði, allt önnur hugmyndafræði. Þess vegna vil ég segja það svo það fari ekkert á milli mála að ég tel að ekkert sé um það að ræða að við séum að gera hvort tveggja heldur finnst mér að við hljótum að gera annaðhvort ef við á annað borð höfum áhuga á að skoða þessi mál. Annaðhvort að setja á laggirnar nefnd sem vinni eins og bankaeftirlit Seðlabankans. Ég verð að játa að mér finnst það mjög óeðlilegt, mér finnst það fullkomlega ástæðulaust í rauninni að setja á laggirnar slíka nefnd. Hins vegar væri hægt að setja á laggirnar nefnd eða einfaldlega fela einhverjum tilgreindum aðilum að skoða það almennt hver kunni að vera ástæðan fyrir því að útlánatöpin hafi vaxið á síðustu árum miðað við það sem áður gerðist og ræða það síðan í samhengi við t.d. stefnumótun í efnahagsmálum, stefnumótun í gengismálum, vaxtaþróunina, vinnubrögð bankanna almennt og þar fram eftir götunum.

Ég held nefnilega að aðalástæðan fyrir þeim vanda sem bankakerfið hefur komist í vegna útlánatapa sé sú að bankarnir hafa fylgt alrangri útlánastefnu eða öllu heldur alrangri vaxtastefnu. Þeir hafa lifað í tiltölulega vernduðu umhverfi hver fyrir öðrum án raunverulegrar samkeppni. Þeir hafa lokað sig af. Þeir hafa nánast getað boðið viðskiptavinum sínum hvað sem er fram á þennan tíma. Núna er það að vísu þannig að stærstu og öflugustu viðskiptavinir bankanna hafa getað brotist undan valdi þeirra, undan oki þeirra og eru farnir að leita annað eftir sinni fjármögnun. En eftir standa hinir, einstaklingarnir, verst stöddu fyrirtækin, öll minni fyrirtækin, minni sveitarfélögin o.s.frv., sem eru þá ofurseld oki bankanna. Eftir að ég átti þessa umræðu í gær þar sem ég kom inn á nokkuð af þessum hlutum þá var mér sagt frá dæmi. Ég vil að vísu ekki fara að verða eins og núv. seðlabankastjóri, fyrrv. formaður Framsfl., að rekja einstök dæmi en engu að síður er hér um að ræða dálítið athyglisvert mál.

Maður fór í banka fyrir nokkrum dögum og leitaði eftir láni til fjárfestingar. Lánið sem honum bauðst var til tveggja ára og þegar hann skoðaði til hlítar þau vaxtakjör sem honum buðust, allan lántökukostnað, útsendingarkostnað á rukkunarseðlum og hvað þetta heitir, þá kom í ljós að við vorum ekki að tala um eins stafs tölu í fjármagnskostnaði. Þegar hann skoðaði dæmið til hlítar kom í ljós að raunverulegur fjármagnskostnaður stefndi í að verða 18% á ári. Ég nefndi í gær dæmi um það hvernig var verið að murka lífið úr fiskeldisfyrirtækjum með því að bjóða þeim vaxtakjör sem þýddu 20–25% vexti og fjármagnskostnað á ári. Það sér hver heilvita maður að þetta er vísasta uppskriftin að útlánatöpum framtíðarinnar. Ákvarðanir bankans af þessu tagi eru uppskrift og áskrift að útlánatöpum framtíðarinnar.

Þess vegna segi ég að mér finnst ekki ástæða til að fara í þessi mál með þessum neikvæðu formerkjum sem mér finnst gæta í frv. heldur miklu fremur að velta fyrir sér almennt áhrifum ákvarðana af þessu taginu sem eru eins og í þessum tilvikum sjálfstæðar ákvarðanir bankanna sem eru ekki í neinu samræmi við það efnahagslega umhverfi sem hér ríkir, engu samræmi við útlánaeftirspurnina, engu samræmi við vaxtastig ríkisins, svo dæmi sé tekið, heldur tekið af bankakerfi sem lifir í vernduðu umhverfi fákeppninnar.

Þess vegna, virðulegur forseti, tel ég að frv. sé alls ekki líklegt til að ná því sem mér finnst vera aðalatriði þessa máls og tel þess vegna og ítreka það að hér er spurning um grundvallarmál, spurning um grundvallarhugmyndafræði og aðferðafræði sem menn vilja

beita. Það vildi ég að lægi alla vega skýrt eftir þessa umræðu að það er afstaða mín í þessu máli.

[14:40]

Flm. (Kristín Ástgeirsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Einari K. Guðfinnssyni fyrir hans innlegg í umræðuna. Hann var í rauninni að endurtaka það sem hann sagði í gær. Hann vill fara aðra leið að þessu máli. Ég ítreka að ég er svo sannarlega tilbúin til að skoða það og mér fannst margt mjög athyglisvert koma fram hér í umræðunni í gær, bæði hjá hv. þm. Einari K. Guðfinnssyni og hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni, um það að skoða allt þetta umhverfi sem fyrirtækin og almenningur lifir í og að kanna hvar orsökin liggur. Hvernig er okkar fjármálakerfi? Eins og hv. þm. er að benda á þá kann það ástand sem nú ríkir að vera, eins og hann orðaði það, áskrift á útlánatöp framtíðarinnar eða boða útlánatöp framtíðarinnar þegar kjörin eru þannig að enginn ræður við þau. Hvort orsökin er nú sú fákeppni sem hér ríkir eða hreinlega þær reglur sem gilda um bankana og þeirra frelsi. Það þyrfti að skoða það mál.

En hvernig sem við nálgumst þetta þá held ég að niðurstaða okkar allra sem höfum tekið þátt í þessari umræðu sé sú að hér sé um atriði að ræða sem virkilega þarf að kanna. Okkur sem löggjafinn og sem aðhaldsaðili að framkvæmdarvaldinu, sem fer m.a. með yfirstjórn ríkisbankana, ber skylda til að taka á þessu. Eigum við þá ekki bara að sameinast um að finna leið til að ná utan um þetta mál sem bæði tekur til umhverfisins og þess hvernig staðið hefur verið að útlánum í banka- og sjóðakerfinu á undanförnum árum?

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Umferðaröryggismál, fyrri umr.

Þáltill. SJS, 203. mál. — Þskj. 229.

[14:42]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um framkvæmdaáætlun í umferðaröryggismálum. Þetta er 203. mál á þskj. 229.

Tillaga þessi felur í sér að dómsmrh. verði falið að gera framkvæmdaáætlun til fjögurra ára í umferðaröryggismálum og að áætlunin feli í sér aðgerðir til að draga úr umferðarslysum með sérstakri áherslu á að fækka óhöppum og slysum þar sem ungmenni eiga í hlut. Í tillögugreininni segir að áætlun skuli taka til m.a.:

Aðgerða á sviði forvarna og fræðslu og annarra fyrirbyggjandi ráðstafana,

breytinga á lögum og reglum um umferðarmál, þjálfun ökumanna og ökuréttindi,

samþættingar umferðaröryggismála og stefnumótunar í samgöngumálum,

aðgerða á sviði slysavarna og tillagna um fjármögnun.

Ályktunin verði lögð fyrir Alþingi til afgreiðslu ásamt tilheyrandi lagafrumvörpum, ef þörf krefur, ef til lagabreytinga þarf að koma, eigi síðar en í október 1995.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, því miður, hæstv. forseti, að tíðni óhappa og slysa er mikil í umferðinni á Íslandi. Hún er sambærileg og í sumum hópum meiri en gerist í okkar nágrannalöndum þar sem umferð á landi er þó mikil og umferðarhraði hár. Ísland er á svipuðu róli og hin Norðurlöndin hvað þetta snertir. Ef skoðuð er t.d. tíðni dauðaslysa á hverja 100 þús. íbúa þá liggur hún um eða rétt undir tíu og er þar með svipuð og á hinum Norðurlöndunum. Hún hefur þó verið í lægri kantinum en því miður er þróunin hér ekki jafnhagstæð síðustu árin og verið hefur á hinum Norðurlöndunum þar sem tíðni dauðaslysa hefur farið lækkandi en hún hefur nokkuð staðið í stað hér. Þá er það ljóst að tíðni óhappa og slysa í yngstu aldurshópunum, þegar í hlut eiga yngstu árgangar ökumanna, er óheyrilega há og stendur langt upp úr öllu öðru. Látnir í umferðinni hér hafa á undanförnum 15 árum eða svo verið að meðaltali 20–25 á ári, fæstir 17 en flestir 29 á sl. 15 árum líklega að einu ári undanskildu eða svo. Ef farið er aftur til ársins 1978 þá munu þetta vera ytri mörkin.

Tíðni minni háttar slysa er geysilega vaxandi á sama tíma og fjöldi dauðsfalla og meiri háttar slysa eða mikið slasaðra og látinna hefur verið svipaður undanfarin ár, þetta á bilinu 250–400. Þar á bak við eru dauðsföllin sem áður voru nefnd og svo hin alvarlegu slys þar sem meiri háttar örkuml eða lömun eða annað því um líkt og varanlegir skaðar hljótast af. Það hlýtur að vekja sérstakar áhyggjur hvernig heildarslysafjöldinn hefur aukist síðustu árin þegar allt er talið eða úr um 700–1.000 á árunum upp úr 1980 og fram til 1990 en skráð slys, örkuml og dauðsföll eru nú síðustu þrjú árin á bilinu 1.150 til 1.450 og langflest á síðasta ári, árinu 1993, samkvæmt skýrslum Umferðarráðs.

Ég rifja þessar tölur upp, hæstv. forseti, aðeins til að minna á að hér er auðvitað stórt og alvarlegt vandamál á ferðinni. Hér er á ferðinni málaflokkur þar sem mjög margir eiga um sárt að binda og óbætanlegt tjón verður, einnig mikill skaði og fjárútlát fyrir samfélagið. Því það er ljóst að umferðarslysunum fylgir gífurlegur kostnaður, bæði vegna umönnunar hinna slösuðu og vegna vinnutaps og örkumls sem af þeim hljótast, en einnig vegna þess að þar verður mikið beint tjón á ökutækjum og fleiri þúsundir og jafnvel yfir tugur þúsunda bifreiða lendir í því að skemmast á ári hverju í slysum.

Slysin á unga fólkinu eru sérstakur og dapurlegur kafli út af fyrir sig. Það er þannig að öll ár sem slysaskýrslur taka til sem ég hef undir höndum þá er tíðni ökumanna í 17 ára aldurshópnum langhæst, þ.e. þeir ökumenn sem aðild eiga að umferðarslysum eru langflestir, öll árin, á aldrinum 17–18 ára og stendur slysatíðnin þar svo langt upp úr að það hlýtur auðvitað að vekja okkur til sérstakrar umhugsunar um það hvort ekki sé óhjákvæmilegt að grípa til einhverra ráðstafana gagnvart því máli sérstaklega. Ég vil í því sam-

bandi minna á að fyrir tveimur árum síðan flutti ég, ásamt tveimur öðrum hv. þm., Kristínu Ástgeirsdóttur og Valgerði Sverrisdóttur, hæstv. forseta vorum, frv. til laga um breytingu á umferðarlögum þar sem reynt yrði að taka á þessu máli sérstaklega með því að breyta þjálfunar- eða réttindaferli ökumanna þannig að fyrsta hálfa árið sem yngstu ökumennirnir hefðu réttindi til að aka bifreið þá væru þau réttindi með vissum hætti takmörkuð og nefndust reynsluskírteini, þannig að þau veittu einungis réttindi til að stjórna bifreið ef með í för væri a.m.k. einn einstaklingur 21 árs að aldri eða eldri og hefði full réttindi sjálfur til að stjórna bifreið. Með þeim hætti væri komið í veg fyrir að á þessu viðkvæma aldursskeiði gætu þessir yngstu og óreyndustu ökumenn einir og sér eða kannski með jafnöldrum sínum farið út í umferðina á þessu hættulegasta tímabili í ævi hvers ökumanns.

Hér var hins vegar valin sú leið, hæstv. forseti, að flytja tillögu um að taka á málinu með víðtækari hætti og er það afleiðing af því að flm. hefur undanfarið ár verið að hugleiða þessi mál og skoða talsvert. Það er orðin mín niðurstaða að það sem skorti á í þessum efnum m.a. sé samræming og stefnumörkun af þessu tagi, það sé einhver heildastæð áætlun til að vinna eftir, aðgerðir í baráttunni við umferðarslysin. Það er auðvitað ljóst að fjölmargir aðilar vinna ómetanlegt starf á þessu sviði og nefni ég þar auðvitað fyrst Umferðarráð, sem gegnir veigamiklu hlutverki. Það mætti einnig nefna hlutverk hins nýja slysavarnarráðs, lögreglu, Vegagerðar og fleiri aðila, en því miður er það svo að það er ekki til nein samræmd áætlun og samræmd stefnumörkun um aðgerðir á þessu sviði þar sem tekið er á málinu frá öllum hliðum. Það er alveg ljóst að það að ná tökum á umferðaröryggismálum og auka umferðaröryggi kostar samræmdar aðgerðir á fjölmörgum sviðum. Til þurfa að koma fyrirbyggjandi aðgerðir, fræðsla og forvarnir af ýmsu tagi, þar sem skólarnir eru ekki síst í lykilhlutverki. Það kostar samvinnu við *fræðsluyfirvöld og slíka aðila*. Það þarf í öðru lagi að fara yfir og endurskoða reglur og lög um umferðarmál, um þjálfun ökumanna, þá ekki síst þetta sem ég hef nefnt með yngstu ökumennina og hvernig að útgáfu ökuréttinda er staðið.

Í þriðja lagi nefni ég samþættingu umferðaröryggismálanna og stefnumótunar í samgöngumálum. Sem betur fer hefur Vegagerðin til að mynda á síðustu árum tekið umferðaröryggisþáttinn í stórauknum mæli og af vaxandi þunga inn í sína áætlanagerð og vinnu og sér þess víða stað, eins og ég veit að vegfarendur þekkja. En þarna kemur fleira til, til að mynda áherslur í uppbyggingu samgöngumannvirkjanna, áhersla á auknar almenningssamgöngur o.s.frv. Það er t.d. alveg ljóst að einhver virkasta aðgerðin til að draga úr umferðarslysum í þéttbýli er að efla og bæta almenningssamgöngur og bjóða upp á þann valkost sem raunhæfan og hagkvæman fyrir sem flesta þannig að dragi úr umferðarþunganum og fleiri ferðist á öruggari máta í almenningssamgöngufarartækjum.

Þá nefni ég auðvitað slysavarnirnar, því þar er nauðsynlegt að taka á jafnframt og þá á ég við þann þáttinn sem snýr að viðbrögðum við þegar orðnum slysum. Þar er að vísu komið til sögunnar hið nýja slysavarnarráð og er mjög mikilvægur áfangi, en þess ber auðvitað að geta að verksvið þess er mjög víðfeðmt, það tekur til slysavarna í víðasta samhengi, að segja má. Þar með eru umferðarslysin ekki nema afmarkaður þáttur af verksviði þess og full ástæða er til að skipuleggja starfið á því sviði sérstaklega.

Að lokum nefni ég svo að sjálfsögðu fjárveitingar. Það er alveg ljóst að til þarf að koma aukið fjármagn til aðgerða á þessu sviði. Það þarf að gera þeim aðilum kleift sem sinna slysavörnum og eru að fást við umferðarslys að auka aðgerðir sínar á því sviði. Það er bæði rétt og skylt vegna þess að okkur ber auðvitað að gera allt sem í okkar valdi stendur til að draga úr slysum og reyna að fækka dauðsföllum og varanlegu örkumli sem af umferðarslysum hlýst. En það er líka hægt að leggja á það þann mælikvarða að e.t.v. er fátt ábatasamara eða arðvænlegra fyrir þjóðarbúið en einmitt að reyna að draga úr þeim kostnaði sem alvarlegum umferðarslysum er samfara og auðvitað öllum slysum á þessu sviði. Það er viðurkennt að þessi slys kosta samfélagið hundruð milljóna og milljarða kr. á ári hverju og þess vegna er það einnig frá þeirri hlið mikilvægt atriði að leggja til þess meira fjármagn að draga úr því tjóni sem þarna hlýst. Það má fullyrða að þeim auknu fjármunum sem í þetta fengjust yrði síður en svo kastað á glæ.

Ég held að það sé mjög mikilvægt, hæstv. forseti, að taka upp skipulögð vinnubrögð af þessu tagi. Ég fullyrði að einmitt með samræmdum aðgerðum á grundvelli markmiða og áætlana, eins og hér er flutt tillaga um, hefur í ýmsum málaflokkum tekist að ná miklum árangri. Það má nefna þar auðvitað ýmis fordæmi um framkvæmdaáætlanir á einstökum sviðum. Það má til að mynda nefna heilbrigðisáætlun og þau markmið sem þar er unnið eftir samkvæmt þeirri áætlun. Ég tel að umferðaröryggismálin séu að því leyti til *mjög hliðstæð. Einnig mætti nefna framkvæmdaáætlanir* í einstökum málaflokkum eins og vegáætlun og aðrar slíkar, þar sem hugsunin er í raun og veru hin sama, að vinna eftir skipulegri áætlun til langs tíma á grundvelli settra markmiða sem menn stefna að.

Ég nefni í greinargerð sem möguleika að setja sér það markmið að draga úr umferðarslysum um fjórðung fram að aldamótum og hafa það sem sérstakt keppikefli að ná þeim árangri í yngstu aldurshópunum þar sem tíðnin er hæst.

Til að rökstyðja að unnt sé að ná þarna árangri þá vil ég leyfa mér að nefna tvö ár eða tvö ártöl og geta menn síðan farið í skýrslur um umferðarslys og tíðni óhappa hér á landi til að skoða þau. Ég nefni árið 1968, þegar hægri umferð var tekin upp. Það er enginn vafi á því að sú mikla fræðsla, sá mikli áróður og sú mikla kynning sem þá fór fram á umferðaröryggismálum leiddi til þess að stórlega dró úr óhöppum þvert ofan í það sem e.t.v. hefði mátt ætla þegar umferðin var færð af vinstri kannti yfir á þann hægri og menn höfðu auðvitað fulla ástæðu til að óttast að það gæti skapað ýmis vandamál í umferðinni. Þvert á móti varð

niðurstaðan sú, eins og flestir sjálfsagt þekkja, að verulega dró úr slysum. Sama á við um árið 1983, þ.e. norræna umferðaröryggisárið. Þá var sömuleiðis lagt í mikla fræðsluherferð og kynningu með það að markmiði að draga úr slysum og það bar mikinn árangur. Þessi tvö ártöl og þær aðgerðir sem þeim tengjast eru til marks um það að með markvissu starfi og fræðslu og aðgerðum er hægt að ná miklum árangri.

Ég hvet til þess að hv. samgn., sem ég legg til að fái mál þetta til umfjöllunar, gefi því góðan gaum og athugi það rækilega. Það er mikil þörf á því, hæstv. forseti, að á þessum málum sé tekið.

Að lokum legg ég til, hæstv. forseti, að þessari till. verði vísað til síðari umr. og hv. samgn.

Útbýting þingskjals:

Samningur um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunar, 229. mál, stjtill., þskj. 269.

[14:58]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir þá tillögu sem hér var mælt fyrir um framkvæmdaáætlun í umferðaröryggismálum. Það er mjög þarft og gott mál sem hér er vikið að og hefði auðvitað átt að vera búið að taka á fyrir lifandi löngu og okkur Íslendingum til skammar að við skulum ár eftir ár horfa upp á hin voðalegu slys sem hér verða án þess að grípa inn í. Auðvitað hefur verið gripið til aðgerða eins og t.d. að lögleiða bílbelti, sem hafa orðið til þess að dauðaslysum hefur fækkað, en það er svo margt annað sem er hægt að gera og á að gera.

Það hefur komið fram í greinum sem Brynjólfur Mogensen, yfirlæknir slysadeildar Borgarspítalans, hefur skrifað, að kostnaður við slys í heild hér á landi er talinn vera um 10 milljarðar á ári. Þar af eru umferðarslys um 5 milljarðar. Ef við horfum á þann heildarkostnað sem er nú við heilbrigðiskerfið hér á landi gefur auga leið að með því að draga úr slysum og þá ekki síst umferðarslysum er um leið hægt að draga mikið úr kostnaði við heilbrigðiskerfið, að ekki sé nú talað um þá mannlegu óhamingju og þær hörmungar sem einstaklingar og fjölskyldur verða að líða vegna slysa.

Það vakna margar spurningar varðandi það hvernig hægt er að draga úr umferðarslysum og þó að þær töflur sem birtar eru hér með tillögunni sýni að ástandið hér á Íslandi sé ekki verra heldur en á hinum Norðurlöndunum, þá er það nógu slæmt og ekki síst sú staðreynd þegar við skoðum hverjir það eru sem valda slysum og hverjir það eru sem eru fórnarlömb þessara slysa. Þar eru auðvitað langsamlega mest áberandi ungir piltar, 17, 18, 19 ára gamlir piltar. Ég vil einmitt varpa fram þeirri spurningu, sem ég hef reyndar áður vakið athygli á hér í umræðum um þessi mál, sem er það hvort bílprófsaldur sé ekki allt of lágur. Hvort ein helsta aðferðin til þess að ná niður slysum sé einfaldlega sú að hækka aldursmörkin. Nú veit ég að þessi hugmynd hefur ekki fengið undirtektir og menn hafa ekki farið þessa leið í öðrum löndum og þess eru dæmi að aldursmörk eru jafnvel lægri heldur en hér, t.d. í Bandaríkjunum.

En það breytir ekki þeirri staðreynd og þeirri skoðun minni að 17 ára gamlir strákar, 17–18 ára, eru einfaldlega ekki nógu þroskaðir til þess að fara með þessi tæki. Ég hef stundum velt því fyrir mér að ef við værum að fá bíla á markað núna, ef bílar væru ný uppfinning, hvort nokkrum manni dytti í hug að láta þessi tæki í hendurnar á 17–18 ára gömlum strákum. Ég segi strákum vegna þess að það er staðreynd og það þarf ekki að vitna í fræðimenn til þess að sanna það, ég þekki það m.a. af minni reynslu sem kennari, að það er mikill munur á strákum og stelpum akkúrat á þessum aldri. Það er bara líffræðileg og félagsleg staðreynd að stúlkur eru þroskaðri á þessum aldri. Það er kannski erfitt að koma því í lög að gera greinarmun á milli kynjanna hvað þetta varðar, en þetta er bara staðreynd. Ég held að við þurfum að horfa á það jafnvel þó að við bætum fræðsluna og kennsluna, að þá er spurning hvort það er nóg, hvort þetta sé eðlilegt. Ef við miðum t.d. við flugvélar og ýmis önnur stór tæki, þá gilda þar önnur aldursmörk. Og bílar eru náttúrlega svo miklu fleiri og þar af leiðandi hættulegri umhverfinu heldur en önnur farartæki að það er virkilega þess virði að velta þessu fyrir sér hvort þarna þurfi að verða breyting á miðað við þann gríðarlega kostnað sem einstaklingar og samfélag bera og það mikla tjón sem samfélagið bíður vegna þessara slysa.

Önnur leið í þessu máli, sem líka er vert að velta fyrir sér, eru sektir og upphæð sekta. Ég er kannski ekki nógu vel að mér um það, en ég þykist þó vita að t.d. í Bandaríkjunum eru sektir vegna umferðarlagabrota miklu hærri heldur en hér tíðkast og hver eru áhrifin? Í frv. er fyrst og fremst samanburður við Norðurlöndin en það væri vissulega fróðlegt að fá samanburð við önnur lönd, bæði í Evrópu og ekki síst í Bandaríkjunum, þar sem hefur einmitt verið tekið miklu harðar á umferðarlagabrotum.

Ég heyrði fyrir tilviljun pistil í útvarpinu í morgun frá Bandaríkjunum þar sem var verið að segja frá ákveðnu bæjarfélagi í Bandaríkjunum sem kom upp öflugri löggæslu á þjóðvegum í nágrenninu og hafði haft upp úr krafsinu gríðarlegar tekjur fyrir bæjarfélagið með því að sekta menn fyrir of hraðan akstur. Þetta er nú meira sagt til gamans en hitt, en það þarf virkilega að velta því fyrir sér hér hvort sektir vegna umferðarlagabrota séu ekki einfaldlega allt of lágar til þess að hafa eitthvert forvarnagildi.

Ég vil líka gera athugasemd við það eða það hefði verið afar fróðlegt að fá kynskiptar upplýsingar í fskj., fróðlegt að sjá þann mun sem er á körlum og konum í þessu dæmi öllu saman, vegna þess að ég veit, eftir að hafa skoðað þannig töflur, að það er mjög mikill munur á kynjunum þegar slysin eru skoðuð, sem einmitt segir okkur það að sá hópur sem fyrst og fremst þarf að beina athyglinni að eru ungir piltar. Þeir piltar sem eru að taka bílpróf og eru sem sagt reynslulitlir ökumenn. Þarna er mjög sláandi munur.

Að öðru leyti, hæstv. forseti, tek ég af heilum hug undir þessa tillögu og mér finnst þetta hið besta mál og vona svo sannarlega að það fái forgang hér. Mér hefur fundist við vera allt of sofandi hvað þetta varðar.

Samanburður við önnur lönd segir okkur ekki allt. Við erum lítil þjóð og okkur munar svo sannarlega um hvern einasta einstakling. Kannski af því hvað nálægð milli manna er hér mikil þá verðum við meira vör við það en aðrar þjóðir þegar slys eiga sér stað og þegar fólk deyr í umferðinni eða fólk bíður örkuml til æviloka og við eigum að gera allt sem við getum til þess að draga úr slysum og helst að finna leiðir til þess að koma með öllu í veg fyrir þau, en ég hygg þó að það verði seint gert.

Virðulegi forseti. Ég vildi bara koma að þessum athugasemdum svona til umhugsunar og segi að lokum, virðulegi forseti, að ég vona að þessi tillaga nái fram að ganga.

[15:07]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka þessar undirtektir, byrja síðan á því að leiðrétta mismæli sem mér hefur sennilega orðið á áðan. Ég hef sennilega sagt að ég legði til að tillögunni yrði vísað til samgn. en þar á að sjálfsögðu við allshn. því að hér er um dómsmál að ræða þar sem dómsmrh. er auðvitað ætlað forræði, samanber meðferð hans eða hlutverk hans á sviði umferðaröryggismála.

Ég þakka þær undirtektir sem tillagan hefur hér fengið og er í flestum greinum sammála hv. síðasta ræðumanni þar um. Það er vissulega rétt og ég tók það reyndar fram í mínu máli, að ýmislegt hefur verið gert til þess að bæta hér úr í þessum málum, bæði á sviði löggjafarinnar og einnig í reynd í framkvæmd af hálfu ýmissa aðila sem með mál á þessu sviði fara, svo sem Vegagerðin og ég nefndi. Við getum óumdeilanlega held ég sagt nú að það hafi verið rétt ákvörðun og mikið framfaraskref til að mynda að lögleiða ökuljós á sínum tíma og lögleiða notkun bílbelta og það er auðvitað spurning hvort ekki blasir við nú orðið að það sé tímabært og þó fyrr hefði verið jafnvel, að taka ákveðin skref í viðbót í þeim efnum, til að mynda að lögleiða notkun bílbelta í rútum og lögleiða notkun hjálma á reiðhjólum og fleira af því tagi. Ég geri ráð fyrir því að í stefnumótun og umferðaröryggisáætlun eins og hér væri gerð og er lögð til, þá kæmu slíkir hlutir fram eða sem fylgifiskar í frumvörpum til breytinga á viðkomandi lögum.

Hv. þm. nefndi fróðlegar tölur um kostnað vegna slysa og umhverfisslysa upp úr blaðagreinum eftir yfirlækni á Borgarspítala og það er allt rétt sem um það segir. Það liggur fyrir að hinn beini kostnaður, hin miklu fjárútlát eru auðvitað gífurleg sem þetta kostar samfélagið, milljarðar á milljarða ofan á hverju ári og til viðbótar bætast svo þær mannlegu hörmungar og þau óbætanlegu sár og sá óbætanlegi skaði sem fjöldi einstaklinga verður fyrir á hverju ári og aldrei verður auðvitað mældur.

Þá er það alveg hárrétt sem hv. þm. nefndi og ég viðurkenni, þó að það kæmi ekki sérstaklega fram í mínu máli, að þegar ég er að tala um hina óheyrilegu háu slysatíðni yngstu ökumannanna þá eru það að miklum meiri hluta til piltar, það er rétt, og einhvers staðar liggja fyrir kyngreindar upplýsingar um það, ég man ekki hvort það er í ársskýrslum Umferðarráðs. Ég tek það fram að ég birti hér aðeins ágrip úr síðustu ársskýrslu ásamt töflum sem ég vann sjálfur upp úr slysaskýrslum Umferðarráðs á árunum 1986–1991 þegar ég flutti fyrir tveimur árum síðan með hv. þm. og hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur frv. til laga um breytingu á umferðarlögum. Þessi gögn gefa auðvitað aðeins takmarkaða mynd af því sem hér á við og ég vísa mönnum í til að mynda síðustu ársskýrslu Umferðarráðs sem er allítarleg og hefur farið vaxandi ár frá ári, þessar ársskýrslur, og veita orðið mjög miklar upplýsingar um þessi mál.

Það er sjálfsagt það sem þarna er á ferðinni, eins og reyndar stendur í kennslubókum og þeir vita sem hafa numið hafa uppeldis- og kennslufræði, að á þessu æviskeiði er karlkynið, eins og nóbelsskáldið hefði eflaust orðað það, reyndar greindi hann þetta aðallega í mannkynið og kvenkynið, það er á eftir á þroskabrautinni. En ýmislegt fleira sem getur komið til úr umhverfisaðstæðum og er óháð þroska getur þarna líka haft mikil áhrif, eins og einfaldlega að piltar séu meira á ferðinni, taki fyrr bílpróf og keyri meira og e.t.v. glannalegar heldur en aðrir.

Þá komum við að því hvort það sé ekki niðurstaðan af þessum gífurlegu slysum sérstaklega á fyrsta aldursárinu að bílprófsaldurinn sé of lágur og það væri vænleg aðgerð í þessu skyni að hækka hann. Ég býst við því að það liggi nokkuð á borðinu að með því mundi nást einhver árangur. Að vísu má spyrja hvort þetta flyttist þá ekki einfaldlega allt til um eitt ár eða að miklu leyti þannig að í staðinn fengjum við að 18–19 ára aldurinn yrði þá langhæstur, ef við t.d. hugsum okkur að aldursmarkið yrði fært upp um eitt ár. (Gripið fram í.) Akkúrat, hv. þm. Það er hins vegar von að menn væru að þroskast það hratt á þessum tíma að þannig lagað séð mundu menn vera orðnir betur undir það búnir og þroskaðri til þess að fá þessi réttindi 18 ára heldur en 17. Það eru vissulega til bæði lægri aldursmörk, eins og hv. þm. nefndi, en einnig hærri og í nokkrum löndum og ef ég man rétt einnig í einhverjum fylkja Bandaríkjanna, eru hærri aldursmörk, 18 ár og jafnvel hærri í einstökum tilvikum.

Það sem ég hef aðallega staldrað við og var í raun og veru efni frv. sem hér hefur verið nefnt er að fara þá leið að þessu marki að halda hinu formlega aldursmarki óbreyttu, þ.e. við 17 ár, en búa til sérstakan reynslutíma fyrsta hálfa árið sem menn hafa réttindin, sem þýðir í reynd að menn mundu fá takmörkuð ökuréttindi á fyrsta hálfa árinu og í raun væru menn ekki með fullgild og endanleg ökuréttindi fyrr en 17 og hálfs árs. Þetta felur líka í sér þá hugsun að mikilvægt sé að menn fái þjálfun við akstur á fyrsta tímabilinu undir leiðsögn þannig að menn verði betri ökumenn. Ég held að það sé út af fyrir sig nokkuð ljóst að fyrsta hálfa árið eða svo verður alltaf hættulegt, jafnvel þó menn væru orðnir 18, 19 eða 20 ára, einfaldlega vegna þess að á því skeiði eru menn að fá þessa þjálfun sem við öll vitum að er auðvitað mikilvæg fyrir þá sem stjórna ökutækjum.

Ég held að við verðum líka að horfast í augu við

það að það yrði erfið aðgerð og auðvitað óvinsæl á Íslandi að hækka þessi mörk. Íslendingar eru tiltölulega háðir samgöngum á landi og búa í stóru og strjálbýlu landi þannig að það mundi auðvitað koma mjög mikið við í samfélaginu ef þessi mörk yrðu hækkuð. Það ber ekki að skilja mig svo að ég telji að menn eigi að útiloka þann möguleika og auðvitað verða menn að hafa kjark til þess að taka þær ákvarðanir í þessum efnum sem menn meta að séu samfélaginu fyrir bestu og einnig þessu unga fólki. Því það er nú einu sinni hið erfiða hlutskipti löggjafans að reyna að veita leiðsögn í þessum efnum og auðvitað verða menn hér í þessari stofnun að þora að taka ákvarðanir sem koma við úti í samfélaginu og eru ekki endilega vinsælar af öllum sem fyrir þeim verða ef menn hafa sannfæringu fyrir því og rökstuddar upplýsingar um að þær yrðu til góðs og þær væru réttlætanlegar frá sjónarhóli heildarhagsmuna samfélagsins eins og í þessu tilviki. En ég mundi telja að vænlegt væri til að mynda að um þessa hluti yrði fjallað af þeim sem undirbyggju aðgerðaáætlun á þessu sviði, eins og hér er verið að leggja til.

Ég held líka að þegar maður ber útgáfu ökuréttindanna saman við ýmislegt annað eins og hv. þm. t.d. nefndi réttindi flugmanna, þá vekur það óneitanlega nokkra athygli að ökuréttindin koma í einu lagi, í einu skrefi. Það er mjög stórt stökk frá því að mega ekki einu sinni setjast undir stýri í bíl sem er í gangi og yfir í hitt, að fá bara á einum tilteknum degi full og endanleg réttindi til að stjórna því tæki hvar sem er við hvaða aðstæður sem er.

Hér á landi er ekki einu sinni um að ræða neina takmörkun miðað við vetrarakstur eða annað því um líkt. Á einum einasta degi geta menn þar af leiðandi fengið rétt til þess að aka stórri bifreið, jafnvel fullri af jafnöldrum sínum út í umferðina um verslunarmannahelgi eða hvenær sem það er, þess vegna að skella sér óþjálfaðir út í mestu umferðarhelgi ársins.

Ef við berum þetta saman við flugréttindi þá koma þau í mörgum skrefum. Fyrst fá menn réttindi til að stjórna flugvél við hliðina á flugkennara, síðan fá menn réttindi til að fljúga sjálfum sér, sólópróf, síðan fá menn svokallað einkaflugmannspróf sem er þriðja skrefið. Þá fá menn réttindi til þess að fljúga minni vélum með farþegum innan tiltekinna takmarka. Í fjórða skrefi koma svo atvinnuréttindi á tækið. Þar til viðbótar er síðan próf eða hæfnisvottorð á hverja flugvélartegund fyrir sig. Í raun og veru eru þetta fjögur, fimm aðskilin skref sem byggja upp feril flugmanns þangað til hann hefur full og endanleg réttindi. Auðvitað er ekki verið að bera saman sambærilega hluti að því leyti til að þegar atvinnuflugmaður hefur orðið full réttindi á stærstu flugvélar þá ber hann ábyrgð á lífi miklu fleiri en átt getur við í bifreið. Þó er spurning hvort það er ekki í raun stigsmunur en ekki eðlis á því og hinu að 17 ára ökumaður getur fyllt bifreið af farþegum eins og menn vita.

Ég held að einmitt samanburður við réttindi annarra aðila sem stjórna tækjum, hvort sem það eru flugmenn eða skipstjórnarréttindi eða annað því um líkt sem koma í skrefum með aukinni menntun og/eða þjálfun, gefi alveg tilefni til að hugleiða hvort það sé ekki umhugsunarefni að ökuréttindin koma svona í einu skrefi.

Auðvitað er margt, margt fleira sem mætti nefna eins og til að mynda sektir og viðurlög og eftirlit með mönnum. Þar er viss þróun í gangi eins og í gegnum afbrotaskráningu eða hvað það nú er. Nú mun vera komin í gang meiri skráning á því ef mönnum verður á eða komast í kast við löggæsluna eða aðra slíka vegna þess að þeir hegða sér ekki rétt í umferðinni og eitthvað er orðið um það að menn verði að sæta viðurlögum eða séu teknir tali a.m.k. vegna slíks þegar sú skrá safnast upp. En vissulega skipta líka sektir og viðurlög máli þó að nálgunin í gegnum fræðslu og forvarnir og fyrirbyggjandi aðgerðir sé að sjálfsögðu æskilegri og væntanlega líka árangursríkari þó að sektunum verði að sjálfsögðu ekki sleppt.

Það sem að lokum stendur alveg upp úr í þessum málum, hæstv. forseti, er þetta ástand sem við megum ekki sofna á verðinum gagnvart, að þessi slysatíðni í yngstu aldurshópunum er þvílíkur harmleikur að það tekur engu tali. Við verðum að gera allt sem við getum til þess að sporna gegn því sorglega mannfalli sem þarna á sér stað. Það kemur mjög skýrt fram í súluritum sem fylgja með tillögunni að þetta er slíkur ógnarlegur toppur sem er í yngstu aldurshópunum að það hlýtur að vera hægt að ná þar einhverjum árangri. Ég held við megum ekki berjast baráttulaust gegn því. Nú er engin ástæða til að ætla ef allt væri sem skyldi að unga fólkið gæti ekki verið prýðilega fært og jafnvel líkamlega og andlega færara en þeir sem í eldri árgöngunum eru til þess að stjórna ökutæki þannig að vel færi en þarna er greinilega við aðra þætti að eiga en þroskann og líkamlega hæfni eina saman. Væntanlega er það reynsluleysi og aðrar aðstæður, e.t.v. að hluta til umhverfislægar sem valda því að staðan er eins og raun ber vitni.

Ég hvet eindregið til þess að reynt verði að gera um þetta áætlun af þessu tagi sem tillagan fjallar um og hrinda henni í framkvæmd. Ég er alveg sannfærður um að þeim fjármunum og þeirri orku sem í það færi að vinna slíkt starf væri vel varið og það væri góð gjöf til upprennandi Íslendinga, þeirra sem eru væntanlegir út í umferðina á næstu árum að taka á þessum málum með þessum hætti.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 15:22]

Útbýting þingskjals:

Launaþróun sjúkraliða og hjúkrunarfræðinga, 230. mál, fsp. ÓRG, þskj. 270.

Umræður utan dagskrár.

Vinnudeila ríkisins og sjúkraliða.

[15:31]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég hef leyft mér að óska eftir ut-

andagskrárumræðu um vinnudeilu ríkisins við sjúkraliða og ástandið á heilbrigðisstofnunum í landinu.

Verkfallið segir víða til sín, ekki aðeins á heilbrigðisstofnunum heldur einnig á öðrum vinnustöðum þar sem starfsmenn komast ekki til vinnu þar sem þeir verða að sinna veikum og lasburða ættingjum heima við. Þannig kemur í ljós, hafi einhver verið í vafa áður, að sjúkraliðar vinna lífsnauðsynleg störf fyrir þjóðfélagið allt og allt tal um opinbera starfsmenn í þjónustugreinum sem einhvers konar afætur á þjóðfélaginu er fjarstæða. Það kemur sem sé fram að velferðarkerfið snýr ekki aðeins að þeim sem njóta þess kerfis beint heldur er velferðarkerfið í raun ein mikilvægasta undirstaða atvinnu- og efnahagslífs í landinu. Þetta er mikilvægt að hafa í huga, ekki síst í seinni tíð þegar niðurskurður á velferðarkerfinu hefur orðið eitt helsta keppikefli stjórnvalda.

Að undanförnu má segja að fjölmiðlar hafi skýrt allvel stöðu sjúkraliða eftir því sem kostur er. Þannig ætti öllum að vera ljóst nú að hér er um að ræða láglaunastétt. En það virðist samt ekki duga til því forráðamenn samninganefndar ríkisins og fjmrh. koma í fjölmiðla einu sinni á dag eða svo og segja að það megi ekki koma til móts við sjúkraliða umfram þau 3% sem sýnt var á fyrir nærri hálfu ári og er bersýnilega óviðunandi m.a. með hliðsjón af launum annarra heilbrigðisstétta.

Sjúkraliðar sjá nefnilega ekki bara launaumslögin sín, þeir frétta líka af launum dómara og presta og einstaka heilbrigðisstéttir hafa allmiklu hærri laun en sjúkraliðarnir, sumir reyndar margfalt hærri laun.

En samninganefnd ríkisins hefur því miður ekki hlustað á þau rök. Sjúkraliðar hafa einnig boðist til þess að setja fulltrúa ríkisins ásamt fulltrúa sínum til að reikna út viðmiðunarpunktinn í þessum viðræðum. Það hefur ekki heldur fengist. Sjúkraliðar hafa mætt á hverjum fundinum á fætur öðrum, sáttafundum klukkan tíu á morgnana og þeir eru orðnir 40 talsins þessir fundir. Þar gerist ekkert fyrr en um þrjúleytið þegar aðilar fara að tala saman um það hvenær eigi að halda næsta fund. Fundirnir hafa því verið gagnslausir til þessa.

Þá er því við að bæta og það er undirstaða þessarar utandagskrárumræðu, hæstv. forseti, að hæstv. heilbrrh. lýsir því yfir að það megi hækka kaupið og það séu til peningar fyrir því. Ég spyr hann því í þessari umræðu: Hvað hefur hæstv. heilbrrh. gert til að koma þeirri skoðun sinni á framfæri við hæstv. fjmrh.? Hefur hæstv. heilbrrh. beitt sér, hvar og hvernig?

Auk hæstv. heilbrrh. hafa aðrir aðilar tjáð sig um málið eins og flokksráðsfundur Sjálfstfl. Hefur fjmrh., sem ætlaði að vera viðstaddur þessa umræðu, lesið samþykktir flokksráðsfundar Sjálfstfl.? Þar segir að það eigi að hækka lægstu laun sérstaklega og vissulega eru sjúkraliðar í þeirra hópi.

Fleira kemur til í þessu sambandi, hæstv. forseti. Um árabil hefur það verið fast viðkvæði í umræðum um launamál að laun megi ekki hækka vegna þess að þá fari verðbólga af stað og þjóðfélagið standi þá frammi fyrir gjaldþroti og nauðungaruppboðum eins og reyndar fjöldi íslenskra launamanna um þessar mundir. Nú virðist hins vegar landslag vera að breytast í þessum efnum. Fólkið hefur afnumið verðbólguna með því að una allt of lágu kaupi allt of lengi og í seinni tíð hafa borist fréttir um stóraukinn hagnað fyrirtækja. Það berast fregnir um ævintýralega starfslokasamninga, m.a. inn á borð þingmanna í dag. Það berast fréttir um uppgjör á námsleyfum sem aldrei voru notuð. Það berast fréttir um greiðslur fyrir ferðalög sem aldrei voru farin. Og svo berast einnig fréttir af því, einmitt þessa dagana, að þjóðarbúið standi nú betur en nokkru sinni fyrr um langt skeið. Það sé ekki einu sinni einasta bati eins og hæstv. forsrh. tók fram heldur verulegur bati og hér verði hagvöxtur, ekki aðeins á næsta ári heldur á hverju einasta ári fram yfir næstu aldamót. Það er talað um aukningu landsframleiðslu allt upp í 4%.

Allt er þetta með þeim hætti að ég tel óhjákvæmilegt að menn slái því föstu að láglaunatímabilinu verði að linna og hæstv. heilbrrh. verður að gera okkur grein fyrir því hvað hefur hann gert til að berjast fyrir þeirri skoðun sinni að laun sjúkraliða eigi að hækka. Hvernig telur hann stöðuna á heilbrigðisstofnunum vera um þessar mundir? Hefur hann ekki áhyggjur af heilbrigðiskerfinu í dag? Hvernig telur hann að eigi að taka á málunum næstu daga? Mun hann sýna næstu daga hvort hann er heilbrrh. eða lætur hann fjmrh. beygja sig?

[15:36]

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Heilbr.- og trmrn. á ekki í neinni deilu við sjúkraliða. Þvert á móti. Heilbr.- og trmrn. hefur alltaf haft gott samstarf við þessa heilbrigðisstétt. Sem heilbr.- og trmrh. hef ég t.d. beitt mér fyrir því að reyna að verja störf sjúkraliða á sjúkrahúsum með bréfi sem ég skrifaði til þeirra á sínum tíma og hefur síðan verið ítrekað af þeim sem tók við af mér. Ég hef líka beitt mér fyrir því að fá að festa í lög réttindi og skyldur og starfsöryggi þessa hóps. Það er því mesti misskilningur að einhver deila sé á milli heilbrrn. og sjúkraliða.

Ég hef einnig gert mér far um það að reyna að fylgjast með framvindu þeirrar launadeilu sem nú á sér stað, ekki vegna þess að ég sé í færum til að leysa hana heldur hef ég viljað fylgjast með frá báðum hliðum og reyna að leggja mitt af mörkum til þess að þessi deila komi sem allra minnst við starfsemi sjúkrastofnana sem er náttúrlega ógerlegt því vandi þeirra eykst með degi hverjum. Það er að sjálfsögðu fjmrn. sem fer með launamál og hefur forsjá launamála með höndum. Mín ósk er sú að það verði samið sem allra fyrst við sjúkraliða. Það er sú eina ósk sem ég hef og get komið á framfæri við kollega mína í ríkisstjórninni. Ég trúi ekki öðru en samningar takist á milli sjúkraliða og fjmrn. eins og ávallt hefur gerst. Ég vona að það geti gerst sem allra fyrst.

[15:37]

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Deiluaðilar í kjaradeilum sem þessum eru ekki öfundsverðir og það er vandaverk að komast í gegnum slíka deilu. Því miður finnst mér að

samninganefnd ríkisins hafi með yfirlýsingum í fjölmiðlum og með sínum gerðum verið að velta allri þeirri ábyrgð sem hvílir á báðum samningsaðilum í þessu sambandi yfir á annan samningsaðilann sem eru sjúkraliðarnir í þessari deilu. Það er grafalvarlegt þegar slíkt er gert.

Þetta gera þeir með því að segja að kröfur sjúkraliða séu ekki skýrar. Hlýtur ekki að vera eitthvað að samninganefnd sem daglega situr á fundum með sjúkraliðum og hefur ekki skilið kröfur sjúkraliða eins og þær hafa birst þegar við sem fylgjumst með þessu úr fjarlægð í gegnum fjölmiðla erum með það alveg á hreinu hverjar þessar kröfur eru? Kröfurnar eru ekkert aðrar en sú launastefna sem fyrsti tónninn hefur verið sleginn í af hálfu þessarar ríkisstjórnar með samningum við aðrar stéttir sem vinna við sambærileg starfskjör.

Það getur vel verið að menn hafi gert mistök að mati ríkisstjórnarinnar í þeim samningum. Það ætla ég ekki að leggja mat á. En staðreyndin er sú að þar hefur fyrsti tónninn verið sleginn og kröfur sjúkraliða eru auðvitað í samræmi við það. Það er því mikil ábyrgð sem hvílir á ríkisstjórninni sem heild vegna þess að það er ríkisstjórnin sem mótar launastefnuna og það er ekki hægt af hálfu hæstv. heilbrrh. að segja: Ég á gott samstarf við sjúkraliða. Það er hæstv. fjmrh. sem þarf að leysa þessa deilu. Það væri því fróðlegt að vita hvort er mat hæstv. fjmrh. þar sem Sjálfstfl. hefur lýst því yfir að það eigi að semja við láglaunastéttirnar, hvort hæstv. fjmrh. telji að sjúkraliðarnir séu láglaunastétt eða ekki.

[15:40]

Guðrún J. Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Fyrir viku síðan áttum við þingmenn hér nokkuð langar umræður og gagngjörar við þáv. starfandi ráðherra fjármála, hv. sjútvrh. sem gegndi hlutverki fjmrh. í forföllum núv. fjmrh. Í þeim umræðum kom í ljós að allir flokkar studdu að þetta mál yrði til lykta leitt sem fyrst. Hver einasti maður sem til máls tók vildi að því styðja. Það er því einhugur hér í Alþingi, hæstv. ráðherrar. En það virðist ekki vera eins mikill einhugur í ríkisstjórninni. Heilbrrh. stendur hér algjörlega bláeygður og saklaus og þetta er ekki honum að kenna og það liggur við að þetta komi honum ekki við að öðru leyti en því að hann óski þess úr fjarlægð að sjúkraliðar fái nú smá kauphækkun.

Ég vil nú hvetja hæstv. heilbrrh. til að gera eitthvað pínulítið meira heldur en að óska upp í ráðuneytinu sínu, að hann tali nú t.d. við manninn sem situr við hliðina á honum og beini að honum þeim eindregnu tilmælum að gengið verði til samninga. Það er ekki vansalaust hvernig að þessum samningamálum hefur verið staðið. Að sitja dag eftir dag og þegja upp í karphúsi, það eru ekki samningaviðræður, það er foröktun. Að vísu er þetta dönskusletta en ég geri ráð fyrir að hæstv. ráðherrar skilji þetta. Ég treysti því að báðir þeir ráðherrar sem hér sitja og hlusta á okkur fari nú að bretta upp ermarnar og gera eitthvað í málinu. Hvatning mín til þeirra beggja er þessi og ég spyr hæstv. fjmrh.: Hvað hefur hann eiginlega lagt af mörkum í þessari deilu?

[15:43]

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Svör hæstv. heilbrrh. voru ekki beint mjög upplýsandi. Hann ber nú einu sinni faglega ábyrgð á þessri heilbrigðisstétt og hann hefur góðan vilja. Einu sinni var sagt: Vilji er allt sem þarf. En hann er alveg getulaus greinilega í þessari baráttu.

Virðulegur forseti. Ég þekki það af eigin raun að standa í kjarabaráttu sem fyrrv. vinnandi manneskja í heilbrigðisstétt. Það er ömurlegt. Sjúkraliðar eiga því samúð mína alla. Það er ömurlegt að standa í slíkri deilu sem bitnar á þeim sem slíkt skyldi. En hvers vegna, hæstv. heilbrrh., stöndum við frammi fyrir síendurteknum verkföllum heilbrigðisstétta? Einfaldlega vegna þess að margar heilbrigðisstéttir eru láglaunahópar. Og sjúkraliðar á Íslandi eru láglaunahópur. Það kom hér fram í umræðu ekki alls fyrir löngu að þegar sjúkraliðar á Íslandi eru með 60 þús. kr. á mánuði þá eru sjúkraliðar í Noregi með 120–130 þús. kr. Hér stöndum við frammi fyrir þessu. En hvar er þessi ábyrgð, hæstv. heilbrrh., er hún engin? Hann státar sig oft af því hér að það sé mikill stöðugleiki í þessu þjóðfélagi. Það er satt að það er stöðugleiki, það eru alla vega kyrr kjör hjá láglaunafólki og það er stöðugleiki þegar kemur að því að jafna kjör, þá eru menn ansi staðir. Því segi ég það að lokum, hæstv. forseti, að nú þegar ríkisstjórnin ber sér á brjóst og segir: Það er mikill efnahagsbati fram undan. Þá spyr ég: Hverjir eiga að njóta þess? Ekki þessir láglaunahópar. Neyðin eykst með hverjum deginum og það liggur á að semja.

[15:45]

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegur forseti. Það gífurlega álag sem verið hefur sjúkrastofnunum í verkfalli sjúkraliða ætti að færa mönnum heim sanninn um hve gífurlega mikilvægt starf sjúkraliða er hafi þeir ekki vitað það fyrir. Það ætti að sjálfsögðu að vera launað í samræmi við það. Því óréttlæti þarf að linna að kvennastörf, fjölmennar kvennastéttir séu vinnandi við mikið erfiði og illa launaðar og umbunin verði í takt við álagið. Umbunin er í öfugum takti við álagið núna en þarf að verða í réttum takti við álagið og ég held að það sé augljóst mál að skiljist hæstv. ráðherra þetta þá ætti að vera auðvelt að höggva á þann þéttknýtta hnút sem hefur verið í þessari deilu, sérstaklega vegna þess að menn hafa leyft honum að herðast og herðast án þess að hafast nokkuð að. Það á að vera hægt að gefa grænt ljós á sómasamlegar kjarabætur.

Sjúkraliðum berast þessa dagana baráttukveðjur úr mörgum áttum og m.a. ein frá opinberum starfsmönnum á Austurlandi en félagið þar minnir á það óréttlæti að meta meira umönnun peninga en umönnum fólks. Þetta er einmitt kjarni málsins og það eru ekki síst konur sem vinna við ummönnun fólks. Við þurfum að breyta þessu og sé það eitthvað annað en kokhreysti í hæstv. ríkisstjórn að við eigum nú efnahagsbata fram undan þá held ég að það eigi að nýta það lag sem nú

er til að breyta þessu og fara að taka upp manneskjulegar áherslur í kjaramálum hér á landi.

[15:47]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Mér finnst þetta dálítið undarleg umræða. Hæstv. heilbrrh. kemur hér fyrir hönd ríkisstjórnarinnar úttútnaður af manngæðum og getur ekkert gert í málinu. Maðurinn sem hefur lykilinn til lausnar deilunni, hæstv. fjmrh., situr hins vegar hér og þegir þunnu hljóði aldrei þessu vant. Einu sinni var þessum frænda mínum ekki orðs vant. Mér þykir Bleik brugðið. Mér finnst við eiga kröfu á því, og þess vegna kveð ég mér hér hljóðs, að hæstv. fjmrh. tjái sig um þetta mál og upplýsi þingið um það hvort og þá hvenær hann ætlar að leysa þessa deilu. Hann hefur haft nógan tíma. Það kom honum ekkert á óvart að þessi deila yrði. Hann vissi af því svo missirum skipti að hún væri í uppsiglingu. Ég vil leyfa már að krefjast þess af hæstv. fjmrh. að hann tjái sig um þetta mál.

[15:48]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegur forseti. Það mál sem hér er til umræðu er að sjálfsögðu viðkvæmt og ég held að allir geri sér ljóst að það verður ekki leyst hér á hinu háa Alþingi.

Það er að vísu siður hér að einstakir hv. þm. reyna að slá sér upp með því að taka mál af þessu tagi fyrir á hinu háa Alþingi og það er auðvitað leyfilegt en það leysir ekki málið. Ég ætla ekki að ræða um það hvort laun þeirra sem eiga í verkfalli eru há eða lág en allir vita að ef sú launastefna á að ná fram að við ætlum að ná lausn fyrir þá lægst launuðu þá gerist það eingöngu í heildarkjarasamningum þar sem allir aðilar á vinnumarkaði eru tilbúnir að slá skjaldborg um þá breytingu. Annars verður ekkert úr þessari stefnu sem menn hafa allir verið að gera að sinni.

Samanburður er auðvitað alltaf erfiður. Ég vil nefna það í þessu sambandi að yfirlit yfir breytingu dagvinnulauna frá ársbyrjun 1992 til apríl 1994 sýnir að á þessu tímabili hafa meðallaun félaga í heildarsamtökum launþega á almennum markaði og hjá ríkinu samtals hækkað um 3,5–5%. Á sama tíma hækkuðu meðallaun félaga í Sjúkraliðafélagi Íslands um rúmlega 6%. Sú hækkun hefði orðið um 9% ef tilboði SNR hefði verið tekið. Yfirlit yfir breytingar á launum ýmissa starfshópa frá árinu 1987 til 1994 sýnir að frá ársbyrjun 1987 hafa laun félaga í bandalögum opinberra starfsmanna hækkað um 93–112% og það er mjög svipuð hækkun sem hefur gengið í gegnum kerfið. Sjúkraliðar hafa ekki dregist aftur úr. Það er rangt þegar því er haldið fram.

Þá vil ég að síðustu, virðulegur forseti, segja það hér því hér er gott tækifæri til þess, að okkur hefur þótt skorta á það nokkuð að fram komi skýr tilboð frá sjúkraliðafélaginu og við væntum þess að innan tíðar muni félagið koma með gagntilboð af sinni hálfu og geri skýra grein fyrir launakröfum sínum. Það er undirstaða og forsenda þess að takist að leysa þessa deilu. Ég lýsi því yfir að það er að sjálfsögðu fullur vilji til þess af hálfu stjórnvalda.

[15:51]

Tómas Ingi Olrich:

Virðulegur forseti. Í viðkvæmu máli eins og þessu er eðlilegt að stjórnarandstaðan vilji slá sér upp. Vegna þess hver málshefjandinn er þá er hins vegar nauðsynlegt að vara hér við ákveðinni tegund af samningum. Það sem skiptir máli í þessu fyrir sjúkraliðana sjálfa er að kaupmáttaraukningin sem samið verður um verði varanleg. Það vill svo til að sá sem hér stendur átti í hatrammri kjaradeilu meðal kennara við hv. málshefjanda, Svavar Gestsson, hv. þm., og hv. þm. Ólaf Ragnar Grímsson, sem þá var fjmrh. Í því máli var svo að eftir mjög kostnaðarsamt og erfitt, að mig minnir fimm vikna verkfall var gerður tímamótasamningur við kennarastéttina, tímamótasamningur. Sá samningur var nú ekki betri en svo að ríkisstjórnin sá sig tilneydda til þess að gera hann að engu nokkrum mánuðum seinna. Þess vegna vil ég koma því fram hér að það sem skiptir máli fyrir sjúkraliða í kjarabaráttu þeirra er að ná fram varanlegri kaupmáttaraukningu, kaupmáttaraukningu sem er með þeim hætti að hún verði ekki tekin aftur með ráðstöfunum ríkisstjórnar hvort sem það er þessi ríkisstjórn eða önnur því dæmin sanna að það þarf oft ekki mikið til til að ekki sé staðið við stóru orðin.

[15:52]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Það væri nú ástæða til að leiðrétta rangar fullyrðingar hjá hv. þm. Tómasi Inga Olrich en það er ekki erindi mitt hér í ræðustólinn. En það stéttarfélag sem hann tilheyrði var aðeins eitt af þremur stéttarfélögum kennara og við hin tvö sem voru mun stærri voru gerðir kjarasamningar án verkfalla allt það tímabil sem síðasta ríkisstjórn sat.

Hæstv. fjmrh. fullyrti það hér fyrir tveimur mínútum síðan að sjúkraliðar hefðu ekki dregist aftur úr. Ég hef í dag borið fram fyrirspurn til hæstv. fjmrh. um launaþróun sjúkraliða og hjúkrunarfræðinga. Fyrirspurnin er orðuð á þann hátt að hæstv. fjmrh. á að geta lýst nákvæmlega stöðunni og breytingunum og þar með gengist undir próf um það hvort sú lýsing sem hann gaf hér áðan er rétt.

Ég vil því skora á hæstv. fjmrh., vegna þess að þessar tölur eiga allar að liggja reiðubúnar í fjmrn., að svara þessari fyrirspurn hér strax í þessari viku. Þegar verkfallið stendur eins og hér hefur verið rætt, þá er auðvitað mjög brýnt að hæstv. fjmrh. sé reiðubúinn að leggja þessar upplýsingar fram. Hann getur út af fyrir sig skotið sér á bak við þá hefð hér í þinginu að bíða í tvær vikur eða svo með að svara fyrirspurn. Þessi fyrirspurn er hins vegar svo brýn að það á að vera hagsmunamál hæstv. fjmrh. að svara henni strax. Ég skora á hann að gera það næstu daga. Ef hann hins vegar dregur það á langinn þá er það eingöngu vegna þess að hæstv. fjmrh. er ekki tilbúinn að láta þessar tölur koma fram.

[15:54]

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég var víst nokkuð seinn með að koma með litla athugasemd. En ég fékk síðan leyfi til

þess og ég ætla ekki að misnota það. Það er ekki verið að tala fyrir mínar skoðanir eða mína stefnu eða minn flokk, held ég, þegar ýmislegt af því sem er verið að segja hér um það að það séu nokkurn veginn sömu kjör eins og hérna og þetta geti komið einhvern tíma og einhvern tíma. Í þessu máli eins og það leggst fyrir núna er ekki hæstv. fjmrh. minn ráðherra. Svo einfalt er það.

[15:55]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Það er einmitt kjarni málsins sem fram kom hjá hv. 4. þm. Reykv. Sjálfstfl. hefur gert um það sérstaka samþykkt á sínum flokksráðsfundi að það eigi að hækka laun láglaunastétta. Sjúkraliðar eru láglaunastétt. Hæstv. fjmrh. hefur greinilega ekki lesið þessa samþykkt og þess vegna er þessi yfirlýsing frá hv. 4. þm. Reykv. tímabær.

Ég held að það sé líka nauðsynlegt að láta það koma fram út af orðum hv. þm. Tómasar Olrich sem lagði gott til málanna eins og venjulega í þessari stofnun að hér er ekki um það að ræða að einstakir þingmenn séu að slá sér upp. Ef hann heldur að menn séu hér í þessari stofnun í því skyni einvörðungu þá er það misskilningur. Menn eru væntanlega hér í þessari stofnun til þess að láta gott af sér leiða og til að hafa áhrif. Hver er staðan í dag? Hún er þannig: Sjálfstfl. hefur lýst því yfir að það eigi að hækka laun þessa fólks. Alþingismenn úr öllum flokkum hafa lýst því yfir. Heilbrrh. hefur lýst því yfir. Alþýðusambandið hefur lýst því yfir. BSRB hefur lýst því yfir og Morgunblaðið hefur lýst því yfir. Í raun og veru má segja að með þjóðinni allri er víðtæk samstaða um að það á ekki að nota kjaramál sjúkraliða sem stíflu í launaþróun í landinu en það er það sem hæstv. fjmrh. er að gera og það er ódrengilegur leikur.

Og ég segi líka, hæstv. forseti, við hæstv. heilbrrh.: Orð hans breyta engu. Hann hefur engan raunverulegan áhuga á að leysa þessa deilu. Hann hefur bara áhuga á að tala. Hann hefur ekkert gert. Hann hefur bersýnilega ekki rætt þessa deilu innan ríkisstjórnarinnar né heldur á öðrum vettvangi þar sem hann getur haft áhrif ef hann vill, bæði sem talsmaður heilbrrn. en líka sem valdamesti ráðherra Alþfl. sem munar ekki lítið um í þessu sambandi, þannig að ef hæstv. ráðherra vill gera eitthvað í deilunni, þá getur hann það. En hann hefur hins vegar ekki gert það til þessa og það er í raun og veru alvarlegasti lærdómurinn af þessari umræðu að hæstv. heilbrrh. hefur brugðist skyldu sinni sem forustumaður Alþfl. og sem heilbrrh. líka.

[15:58]

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Verkföll heilbrigðisstétta eru alltaf mjög erfið. Það er svo nú eins og svo oft áður. Það er erfitt að leysa slíka launadeilu, einkum og sér í lagi ef hún stendur lengi. Ég hef þá trú að þessi launadeila verði leyst og ég hef þá trú einnig að það verði best gert með því að menn setjist í alvöru yfir vandamálið sem þarf að leysa og takist á við lausn þess. Það verður ekki gert í þingsölum. Og að láta sér detta í hug að það sé einhver illvilji ráðamanna sem hér ráði ferð eða menn vinni ekki sín heimaverk, það er ekki rétt. Við höfum áhuga á því að leysa þessa deilu og ég hef trú á því að hún verði leyst.

Hv. þm. sem hér talaði áðan hefur átt sæti í heilbrrn. þegar alvarlegar kjaradeilur komu upp, t.d. eins og þegar kom upp alvarleg kjaradeila lækna að mig minnir vorið 1982. Það mál var leyst með samningum, virðulegi forseti, sem eru nú ekki til fyrirmyndar og hafa skapað mikla gagnrýni hjá láglaunastéttunum í heilbrigðiskerfinu þannig að ég held að sú lausn sem þar var fundin sé ekki til fyrirmyndar og hafi ekki verið til þess að jafna launakjör heilbrigðisstéttanna. (**SvG:** Ráðherrann heldur sig við nútímann.)

Út af dagskrá var tekið 10. mál.

Fundi slitið kl. 16:00.

---

42. FUNDUR

fimmtudaginn 24. nóv.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Nefnd til að kanna útlánatöp innlánsstofnana, frv., 70. mál, þskj. 70. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Umferðaröryggismál, þáltill., 203. mál, þskj. 229. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
3. Vernd barna og ungmenna, stjfrv., 197. mál, þskj. 223. — 1. umr.
4. Skoðun kvikmynda, stjfrv., 219. mál, þskj. 253. — 1. umr.
5. Lyfjalög, frv., 221. mál, þskj. 256. — 1. umr.
6. Fréttaflutningur af slysförum, þáltill., 115. mál, þskj. 118. — Fyrri umr.
7. Ólympískir hnefaleikar, þáltill., 166. mál, þskj. 180. — Fyrri umr.
8. Rekstur minni sjúkrahúsa í dreifbýli, þáltill., 214. mál, þskj. 242. — Fyrri umr.
9. Heilsársvegur milli Dýrafjarðar og Vestur-Barðastrandarsýslu, þáltill., 220. mál, þskj. 254. — Fyrri umr.
10. Hjúskaparlög, frv., 222. mál, þskj. 257. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Árni M. Mathiesen, 3. þm. Reykn.,
Guðjón Guðmundsson, 5. þm. Vesturl.,
Halldór Blöndal landbrh.,
Jóhanna Sigurðardóttir, 12. þm. Reykv.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 10. þm. Reykn.,
Sturla Böðvarsson, 1. þm. Vesturl.

Útbýting þingskjals:
Framkvæmdaáætlun til að ná fram jafnrétti kynjanna, 93. mál, svar forsrh., þskj. 264.

Tilkynning um utandagskrárumræðu.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):
Hér er tilkynning um utandagskrárumræðu sem fer fram í dag kl. 13.30. Málshefjandi er hv. 5. þm. Norðurl. e., Tómas Ingi Olrich, og hann beinir máli sínu til hæstv. utanrrh. Umræðan fer fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapalaga og er umræðuefnið erindi utanrrn. til Háskóla Íslands um samanburð á EES-aðild og hugsanlegri ESB-aðild og skýrslur Háskóla Íslands þar að lútandi.

Vernd barna og ungmenna, 1. umr.

Stjfrv., 197. mál (barnaverndarstofa). — Þskj. 223.

[10:34]

Félagsmálaráðherra (Rannveig Guðmundsdóttir):
Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um vernd barna og ungmenna. Með lögum þessum nr. 58/1992, sem tóku gildi 1. jan. 1993, fluttist yfirstjórn barnaverndarmála frá menntmrn. til félmrn. Í kjölfar þess fól þáv. félmrh. Hagsýslu ríkisins að gera úttekt á heildarskipan málaflokksins, þar á meðal hlutverki og rekstri Unglingaheimilis ríkisins. Þetta var gert m.a. að frumkvæði landsnefndar um ár fjölskyldunnar og stjórnarnefndar Unglingaheimilis ríkisins.

Niðurstöður á úttekt Hagsýslunnar birtust í skýrslu sem gefin var út í október 1993. Þar kom m.a. fram að brýn þörf væri á endurskoðun á skipulagi barnaverndarmála. Bent var á að stjórnsýslu málaflokksins væri verulega ábótavant, skortur væri á sveigjanleika og samhæfingu og ábótavant væri mati á gæðum stofnana sem ríkið rekur eða styrkir. Sömuleiðis þyrfti eftirlit með árangri þeirra að vera öflugra. Í skýrslunni var einnig á það bent að verkaskipting ráðuneytis og undirstofnana væri talið samrýmast illa venjum í stjórnsýslunni. Talið var að leiðbeiningastarfi og eftirliti með barnaverndarnefndum sveitarfélaga væri ábótavant. Dregin var sú ályktun í skýrslunni að núverandi meðferðarkerfi ríkisins væri gallað, rekstur meðferðarheimila væri ósveigjanlegur, nýting þessara stofnana ófullnægjandi og rekstrarform þeirra óhagkvæmt. Gerðar voru athugasemdir við verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga sem talin var óljós og ekki í samræmi við núgildandi lög um vernd barna og ungmenna og lög um félagsþjónustu sveitarfélaga. Einnig var bent á að hlutverkaskipting milli félags- og heilbrigðiskerfis í málefnum barna og ungmenna væri óljós.

Á grundvelli skýrslunnar og eftir nánari skoðun og umfjöllun á vettvangi landsnefndar um ár fjölskyldunnar og á vettvangi stjórnar Unglingaheimilis ríkisins óskaði þáv. félmrh. eftir tillögum um endurskipulagningu málaflokksins. Ráðherra óskaði eftir að við úrlausn verkefnisins yrði sú stefna höfð að leiðarljósi að efla þyrfti fjölskylduvernd í tilefni af ári fjölskyldunnar, m.a. með því að ríkisvaldið sinnti betur þeim verkefnum sem því væri ætlað að sinna samkvæmt lögum. Tillögugerðin var falin stjórnarnefnd Unglingaheimilis ríkisins sem réði til sín sérstakan verkefnisstjóra, Ómar H. Kristmundsson stjórnsýslufræðing. Markmið tillagnanna voru þau helst að leysa þann vanda sem að ofan greinir þannig að þjónusta ríkisins á þessu sviði yrði efld og nýta sem best þá fjármuni sem veittir eru til málaflokksins. Gengið var út frá þeirri forsendu að tillögurnar væru sem mest í samræmi við anda núgildandi laga um vernd barna og ungmenna og annarrar löggjafar um velferðarþjónustu. Þannig þyrfti ekki að gera umfangsmiklar breytingar á núgildandi lögum.

Einnig var gengið út frá þeirri forsendu að óverulegar breytingar yrðu á fjárframlögum hins opinbera til umræddra verkefna.

Við undirbúning tillögugerðarinnar var rætt við fjölmarga aðila um þau atriði sem fram koma í skýrslu Hagsýslunnar og hugsanlegar lausnir á þeim vanda sem í skýrslunni er lýst. Fundir voru haldnir með starfsmönnum allra deilda Unglingaheimilis ríkisins og sjálfstæðra meðferðarheimila. Fundir voru haldnir með landsnefnd um ár fjölskyldunnar, fræðslustjórum, félagsmálanefnd Alþingis, Félagsmálastofnun Reykjavíkur, félagasamtökum og fleiri aðilum. Tillögur um endurskipulagningu barna- og unglingamála voru lagðar fram í greinargerð er gefin var út í janúar 1994 undir heitinu Nýskipan málefna barna og unglinga. Í þeim er lagt til að Unglingaheimili ríkisins verði lagt niður í sinni núverandi mynd. Í stað þess komi tvær stofnanir sem fengið hafa vinnuheitin barnaverndarstofa og móttöku- og meðferðarstöð fyrir unglinga. Lagt var til að barnaverndarstofa yrði undirstofnun félmrn. og hefði umsjón með stjórnsýsluverkefnum á sviði barna- og unglingamála sem undir ráðuneytið heyra. Það felur í sér að barnaverndarstofa beri ábyrgð á samræmingu þessara verkefna, veiti barnaverndarnefndum og meðferðarheimilum faglega aðstoð og sjái jafnframt um eftirlit með helstu aðilum svo að helstu verkefni séu nefnd.

Það fyrirkomulag að fela undirstofnun ráðuneytisins ofangreind stjórnsýsluverkefni hefur í för með sér að ýmis tímafrek afgreiðsluverkefni sem óeðlilegt er að séu viðfangsefni æðsta stjórnsýslustigs ríkisins eru færð úr félmrn. Samkvæmt tillögunum mun ráðuneytið fyrst og fremst hafa með höndum reglugerða- og lagasmíð. Það mun úrskurða í þeim málum sem kærð eru til þess vegna stjórnvaldsákvarðana barnaverndarstofu og veita álit um túlkun laga á þessu sviði. Ráðuneytið mun einnig hafa með höndum stefnumótun í málaflokknum.

Markmið móttöku- og meðferðarstöðvar er samkvæmt tillögum að sinna sérhæfðri meðferð, svo sem

vímuefnameðferð og vistunum í bráðatilvikum. Stöðin kemur í stað þriggja meðferðardeilda Unglingaheimilis ríkisins, þ.e. meðferðarheimilis að Sólheimum 7, móttökudeildar að Efstasundi 86 og vímuefnadeildarinnar Tinda, Kjalarnesi. Í tillögunum er gert ráð fyrir að langtímavistun unglinga fari eingöngu fram á meðferðarheimilum sem reknar yrðu á fjölskyldugrunni. Fjölmennari stofnunum þar sem vaktaskipti færu fram yrði þannig fækkað.

Tillögurnar gera ráð fyrir að í nýju skipulagi yrði verkaskipting milli ríkis og sveitarfélaga skýrari og í betra samræmi við anda núgildandi laga um vernd barna og ungmenna, svo og laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Lögbundin verkefni sveitarfélaga á þessu sviði eru mörg og umfangsmikil og framkvæmd hefur verið með þeim hætti að sum þeirra verkefna eru nú í höndum ríkisins. Gert er ráð fyrir að ríkið muni áfram sjá um yfirstjórn málaflokksins. Það muni bera ábyrgð á sérhæfðum meðferðarheimilum þar sem fram fer skipulegt meðferðarstarf unnið af starfsfólki með sérþekkingu á uppeldis- og meðferðarstarfi. Önnur verkefni verði í höndum sveitarfélaga, þar á meðal grunnþjónusta sem felur í sér ráðgjöf og aðra félagslega aðstoð. Vistanir þar sem ekki er um að ræða sérhæfða meðferð verði viðfangsefni sveitarfélaga. Hér er um að ræða sambýli, áfangastaði og sveitardvalir. Gert er ráð fyrir að ráðgjöf, þar á meðal fjölskylduráðgjöf fyrir almenning, verði alfarið í höndum sveitarfélaga. Þannig er stefnt að því að unglingaráðgjöf Unglingaheimilis ríkisins verði lögð niður. Á móti mun barnaverndarstofa taka að sér yfirumsjón fósturmála, þar á meðal að útvega hæfa fósturforeldra. Hlutverk stofnunar verður þannig að meta hæfni væntanlegra fósturforeldra og veita þeim nauðsynlega fræðslu. Hér er um að ræða verkefni sem fæst sveitarfélög hafa haft aðstöðu til að sinna með góðu móti. Einnig er gert ráð fyrir að ráðgjöf til barnaverndarnefnda og starfsmanna þeirra verði efld verulega með tilkomu barnaverndarstofu, svo og möguleika þeirra til menntunar og fræðslu.

Umtalsverðar endurbætur eru lagðar til á núverandi meðferðarkerfi. Barnaverndarstofa mun samkvæmt frv. því sem hér er mælt fyrir hafa eftirlit með öllum stofnunum og heimilum sem ríkið rekur eða styrkir. Gert er ráð fyrir að umsóknir um innlagnir komi til barnaverndarstofu til ákvörðunar. Sérstakt fagteymi mun gefa umsagnir um allar umsóknir. Þannig mun stofan fá nauðsynlega sýn yfir meðferðarúrræði ríkisins og nýtingu þeirra. Í núgildandi skipulagi fer Unglingaheimili ríkisins bæði með eftirlit og rekstur meðferðarheimila. Í nýju skipulagi verða þessir þættir aðskildir. Eftirlit verður í höndum barnaverndarstofu.

Góð reynsla hefur hlotist af þeim þremur einkareknu meðferðarheimilum sem nú eru starfandi, bæði í meðferðarlegu og fjárhagslegu tilliti. Gert er ráð fyrir að haldið verði áfram á þeirri braut að fjölga minni einkareknum meðferðarheimilum. Sérstakir þjónustusamningar verða gerðir við heimilin þar sem skilgreindar eru þær kröfur sem gerðar eru til þeirra, innlagnarferill og fjárveitingar. Með þessu móti verður unnið að því að draga úr stofnanavistun, en jafnframt tryggð hagkvæm, vönduð en fjölbreytt meðferðarúrræði.

Umfangsmikil kynning hefur farið fram á þeim tillögum sem frv. það sem ég mæli fyrir er unnið eftir. Ráðstefna var haldin 29. apríl 1994 þar sem tillögurnar voru kynntar starfsmönnum Unglingaheimilis ríkisins og þeir upplýstir um efni þeirra og mögulegan framgang. Tillögurnar hafa einnig verið kynntar á fundum ýmissa aðila sem á þessu sviði starfa. Tillögurnar voru lagðar fram og samþykktar á fundi stjórnarnefndar Unglingaheimilis ríkisins 11. febr. 1994 og kynntar þáv. félmrh. 18. sama mánaðar. Félmrh. féllst á tillögurnar í bréfi dags. 24. febr. 1994. Í kjölfar þess var samin verkáætlun. Samkvæmt henni var miðað við að nýtt skipulag tæki gildi í september 1994. Skipaðir voru sérstakir starfshópar til að vinna að nánari útfærslu á tillögunum. Í maí og júní sl. fór fram athugun á húsnæðisþörf hinna nýju stofnana. Í lok maí var öllum starfsmönnum Unglingaheimilis ríkisins tilkynnt að störf þeirra yrðu lögð niður frá og með 1. sept. 1994 og þeim jafnframt boðin sambærileg störf hjá hinum nýju stofnunum félmrn.

Seinkun hefur þó orðið á gildistöku breytinganna miðað við upprunalega áætlun. Þessi dráttur hefur m.a. stafað af því að vafi lék á um hvort skipulagsbreytingar þessar kölluðu á breytingar á lögum.

Eftir að þessi atriði höfðu verið könnuð rækilega var talið nauðsynlegt að gera breytingar á lögum um vernd barna og ungmenna til að taka af allan vafa um lagalegan grundvöll endurskipulagningarinnar. Var sérstakri nefnd falið það verkefni að semja frv. þar að lútandi sem hér birtist.

Reglugerð um móttöku og meðferðarstöð var gefin út þann 11. okt. 1994 á grundvelli gildandi laga. Um leið var reglugerð um Unglingaheimili ríkisins felld úr gildi.

Tekið skal fram að leitað var umsagnar forsrn. um frv. og orðið við ábendingum þess. Einnig var leitað umsagna dómsmrn. og komið til móts við ábendingar þess.

Virðulegi forseti. Helstu nýmæli frv. eru að dagleg stjórn barnaverndarmála ríkisins verði í höndum nýrrar stofnunar, barnaverndarstofu, sem annist stjórnsýsluverkefni á þessu sviði í stað félmrn. og Unglingaheimilis ríkisins. Með því móti er talið unnt að efla þjónustu ríkisins á þessu sviði og tengsl og aðstoð við barnaverndarnefndir. Aðalbreytingin er sú að hinni nýju stofnun eru falin flest þau stjórnsýsluverkefni sem félmrn. fer nú með samkvæmt lögum um vernd barna og ungmenna án þess að gerðar séu miklar efnislegar breytingar á verkefnunum sjálfum. Þó skal vakin athygli á þeim nýmælum að gert er ráð fyrir því að barnaverndarstofan aðstoði barnaverndarnefndir við að afla hæfra fósturforeldra.

Nauðsynlegt er talið að mat á hæfni fósturforeldra sé samræmt. Upplýsingar um hæfa fósturforeldra munu liggja fyrir á einum stað og auðvelda barnaverndarnefndum að ráðstafa börnum í fóstur sem á því þurfa að halda. Þetta verkefni er afar sérhæft og krefjandi og

tæpast á færi einstakra barnaverndarnefnda að vinna það á tryggilegan hátt. Barnaverndarnefndir taka á hinn bóginn endanlega ákvörðun um það til hvaða fósturforeldra barn fari. Skulu þær taka slíka ákvörðun í samráði við barnaverndarstofu og mega ekki ráðstafa barni í fóstur nema til þeirra sem fengið hafa meðmæli barnaverndarstofu.

Í núgildandi lögum eru það barnaverndarnefndir sem meta hæfni væntanlegra fósturforeldra. Gert er ráð fyrir að félmrn. fari áfram með yfirstjórn málaflokksins og annist stefnumótun. Barnaverndarstofan verður undirstofnun ráðuneytisins. Því verður unnt að skjóta ákvörðunum stofunnar til þess. Gert er ráð fyrir að kvartanir vegna starfa barnaverndarnefnda fari fyrst til úrlausnar stofunnar. Engin breyting verður gerð á verksviði Barnaverndarráðs.

Í frv. er leitast við að skilgreina betur en nú er gert verksvið ríkisins hvað varðar vistunarúrræði fyrir börn og ungmenni en ekki eru gerðar breytingar á þeim ákvæðum laga um vernd barna og ungmenna sem fjalla um skyldur sveitarfélaga í þessum efnum. Í samræmi við anda laganna er gert ráð fyrir að félmrn. beri ábyrgð á að sérhæfð heimili og stofnanir séu tiltækar fyrir börn og ungmenni þegar úrræði barnaverndarnefnda hafa ekki komið að gagni.

Skulu sveitarfélög, svo sem fyrr er rakið, sinna grunnþjónustu fyrir börn og ungmenni en ríkið sértækari þjónustu ef úrræði sveitarfélaga sem tiltekin eru í lögunum gagnast ekki. Með sérhæfðum heimilum og stofnunum er átt við staði þar sem fram fer sérhæfð meðferð svo sem vímuefnameðferð og vistun í bráðatilvikum vegna óupplýstra afbrota eða alvarlegra hegðunarerfiðleika. Gert er ráð fyrir að í reglugerð verði nánar kveðið á um starfsemi heimila og stofnana sem rekin verði af ríkinu á þessum grundvelli.

Í samræmi við ráðgerðar skipulagsbreytingar er lagt til í frv. að tilvísun til Unglingaheimilis ríkisins verði felld brott úr lögunum.

Í samræmi við áralanga hefð gerir frv. ráð fyrir að einkaaðilar geti rekið sérhæfð meðferðarheimili og stofnanir að fengnu leyfi barnaverndarstofu, sbr. 11. gr. þess, og þegið fjárframlög frá ríkinu. Barnaverndarstofa hefur eftirlit með rekstri og starfsemi slíkra heimila og stofnana. Í 12. gr. frv. eru lagðar til breytingar á 53. gr. laga um vernd barna og ungmenna sem fjallar um eftirlit með heimilum og stofnunum sem rekin eru á grundvelli laganna.

Ákvæðið felur í sér nokkuð fyllri reglur en nú eru í gildi, auk þess sem kveðið er á um eftirlitshlutverk barnaverndarstofu.

Í frv. er kveðið á um úrræði barnaverndarstofu ef meðferð barns á heimili eða stofnun sem barnaverndarstofu ber að hafa eftirlit með er óhæfileg eða rekstri slíks heimilis eða stofnunar er ábótavant á annan hátt.

Ákvæðin eru hliðstæð þeim ákvæðum sem eru í núgildandi 3. mgr. 53. gr. laganna um úrræði barnaverndarnefnda gagnvart samsvarandi heimilum og stofnunum. Í ákvæðinu er enn fremur það nýmæli að barnaverndarnefndum og barnaverndarstofu er tryggður aðgangur að upplýsingum um starfsemi þeirra heimila og stofnana, sem þau eiga samkvæmt lögunum að hafa eftirlit með. Þetta er mikilvæg heimild til þess að eftirlitið geti orðið virkt í framkvæmd. Það er einnig nýmæli að kveðið er á um að barnaverndarnefndir og barnaverndarstofa skuli veita heimilum og stofnunum ákveðinn frest til að bæta úr vanköntum á starfsemi sinni.

Til skýringa er rétt að gefa yfirlit yfir þau vistunar- og meðferðarúrræði sem lög um vernd barna og ungmenna gera ráð fyrir að séu tiltæk og hvernig eftirliti með stofnunum og heimilum sem rekin eru á grundvelli laganna skuli háttað.

Í því sambandi er rétt að skipta þeim heimilum og stofnunum sem rekin eru fyrir börn og ungmenni á grundvelli laganna í þrjá flokka.

Í fyrsta lagi er um að ræða heimili og stofnanir sem veita þjónustu sem barnaverndarnefndir bera ábyrgð á að sé tiltæk, sbr. núgildandi 4. mgr. 51. gr. laganna sem skv. 10. gr. frumvarpsins verður óbreytt 2. mgr. 51. gr. laganna. Samkvæmt a-lið 11. gr. frumvarpsins, sbr. 1. mgr. 52. gr. núgildandi laga, er óheimilt að setja á stofn eða reka slík heimili eða stofnanir nema samkvæmt leyfi barnaverndarstofu. Slík heimili og stofnanir geta annaðhvort verið rekin af sveitarfélagi eða fleiri sveitarfélögum í sameiningu eða af einkaaðilum sem sveitarfélög gera þjónustusamninga við. Barnaverndarnefnd skal hafa eftirlit með slíkum heimilum og stofnunum sem rekin eru í umdæmi hennar. Slíkar stofnanir eru einnig háðar óbeinu eftirliti barnaverndarstofu að því leyti að hún á skv. 2. gr. frumvarpsins að hafa eftirlit með því að barnaverndarnefndir starfi samkvæmt lögum.

Í öðru lagi er um að ræða sérhæfð heimili og stofnanir sem veita þá þjónustu sem félmrn. sér til að sé tiltæk. Þau geta annaðhvort verið rekin af ríkinu eða einkaaðilum samkvæmt leyfi barnaverndarstofu. Slík heimili og stofnanir eru skv. frv. háðar efirliti barnaverndarstofu.

Í þriðja lagi er um að ræða heimili og stofnanir sem félagasamtök eða einstaklingar setja á stofn og börnum er ætlað að dvelja á. Slík dvöl er þá án beinna afskipta barnaverndaryfirvalda en getur verið fyrir milligöngu þeirra. Dæmi um slík heimili eru sumardvalarheimili og sumarbúðir. Starfsemi þeirra er háð leyfi barnaverndarstofu og barnaverndarnefndir skulu hafa eftirlit með þeim.

Orðalag núgildandi 56. gr. laga um vernd barna og ungmenna sem fjallar um eftirlit með sýningum og skemmtunum tók mið af því þegar lögin voru til meðferðar á Alþingi árið 1992 að þá var verið að endurskoða lög um skoðun kvikmynda og bann við ofbeldiskvikmyndum. Því þótti rétt að undanþiggja barnaverndarnefndir þeirri skyldu að hafa eftirlit með því að börnum séu aðeins sýndar kvikmyndir sem Kvikmyndaeftirlitið hefur leyft.

Nú er þessari endurskoðun lokið og fyrir liggur frumvarp til laga um skoðun kvikmynda og bann við ofbeldiskvikmyndum. Í því frumvarpi er gert ráð fyrir sams konar tilhögun og áður gilti um störf barnaverndarnefnda að þessum málum þannig að barna-

verndarnefndir hafa ásamt löggæsluaðilum eftirlit með því að úrskurðum kvikmyndaskoðunarnefndar um sýningarhæfi kvikmynda gagnvart börnum sé framfylgt.

Nefndirnar taka samkvæmt þessu þátt í því að sjá svo um að aðeins séu sýndar kvikmyndir eða þeim dreift sem merktar eru af kvikmyndaskoðunarnefnd, sbr. 8. mgr. 58. gr. laga nr. 53/1966, um vernd barna og ungmenna, og 3. gr. laga um bann við ofbeldiskvikmyndum, nr. 33/1983, og sjá svo um að banni um að myndefni sem aðeins skal sýnt börnum ofan tilgreindra aldursmarka sé fylgt.

Með hliðsjón af því sem hér er rakið, sbr. einnig ákvæði 4. gr. laga um vernd barna og ungmenna, nr. 58/1992, er lagt til að fyrirvari um að barnaverndarnefndum beri ekki að fylgjast með kvikmyndasýningum verði felldur niður úr 1. málsl. 56. gr. laganna.

Virðulegi forseti. Markmið barnaverndar er að tryggja börnum og ungmennum viðunandi uppeldisskilyrði. Skal það m.a. gert með því að styrkja uppeldishlutverk fjölskyldunnar. Bættari og markvissari ráðgjöf til barnaverndarnefnda eins og lagt er til með þessu frv. tryggir öruggari þjónustu við barnafjölskyldur. Það er ljóst að víða um land eru barnaverndarnefndir illa í stakk búnar til að takast á við flókin og erfið mál sem þeim ber lögum samkvæmt að fjalla um og leysa úr. Markvissari ráðgjöf til barnaverndarnefndanna felur í sér aukna fjölskylduvernd ef vel er á málum haldið. Barnaverndarnefnd sem er starfi sínu vaxin getur brugðist tímanlega við aðsteðjandi vanda og aðstoðað fjölskyldur með ýmsum félagslegum úrræðum. Með þeim hætti má í mörgum tilvikum koma í veg fyrir að barn verði að fara frá foreldrum. Hér á ég við það brýna verkefni að grípa inn í aðstæður með viðeigandi úrræðum eins fljótt og auðið er. Til að svo megi verða þurfa barnaverndarnefndir að vera færar um að greina vandann snemma og hafa viðeigandi úrlausnir á takteinum. Úrlausnir sem koma í veg fyrir að vandinn vaxi og verði að lokum slíkur að barnið verði að fara frá fjölskyldu sinni. Því fyrr sem gripið er inn í þeim mun meiri líkur eru á að málið leysist innan fjölskyldu og það er mikilvægast.

Við megum ekki gleyma því að fyrst og fremst lítum við svo á að hagsmunir barns og foreldra fari saman og lögin um vernd barna og ungmenna kveða á um að fyrst og fremst beri að styðja foreldra til að annast börn sín sjálfir. Ef slík aðstoð ber ekki árangur kann að reynast nauðsynlegt að finna barni fósturforeldra eða vista það á meðferðarheimili. Með öflugri og markvissri ráðgjöf til barnaverndarnefnda fæst tvímælalaust bætt fjölskylduvernd og er vel við hæfi að hún verði efld nú á ári fjölskyldunnar.

Virðulegi forseti. Ég legg til að lokum að frv. þessu verði vísað til 2. umr. og félmn.

[10:57]

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Ég stend einungis upp til að þakka hæstv. félmrh. fyrir það frv. sem hér er til umræðu. Ég tel þetta mjög mikilvægt frv. og nauðsynlegt á margan hátt. Hér er verið að gera lagabreytingar m.a. vegna þeirra breytinga sem gerðar voru í janúar 1993 um flutning yfirstjórnar barnaverndar frá menntmrn. til félmrn. Hér er bryddað upp á ýmsum mjög athyglisverðum nýjungum í þessu frv. og allar stefna þær að einu marki, að efla vernd barna og ungmenna og um það hljótum við að vera sammála og einhuga.

Mesta breytingin í þessu frv. frá því sem gömlu lögin segja til um er hin nýja barnaverndarstofa. Það sem vekur spurningar í huga manns er hvort hér sé ekki um gífurlega stóra ríkisstofnun að ræða. Hér verða eflaust margir sérfræðingar saman komnir sem nauðsynlegt er að hafa á snærum slíkrar stofu en vegna þess að þessi stofa á að sjá um landið allt og þessi málefni á landinu öllu þá spyr maður sig hvort það hefði kannski verið skynsamlegra að hafa þrjár til fjórar slíkar stofur á landinu þannig að þær væru nær vettvangi. Þessari barnaverndarstofu er ætlað að hafa yfirumsjón með barnaverndarnefndum um allt land sem er mjög mikilvægt því mjög margar barnaverndarnefndar eru illa í stakk búnar til að taka því verkefni sem þær eiga að gera og oft er návígið mjög mikið og gott að fá utanaðkomandi aðila sér til aðstoðar. En sú spurning vaknar í huga mér hvort skynsamlegra hefði verið að hafa kannski þrjár minni stofur þannig að það yrði ekki eitt svona stórt batterí á ferðum. Kannski kann það að hafa verið skoðað og það sé útilokað á einhvern hátt en ég fæ þá svör við því frá ráðherra.

En eins og fram kom í orðum hans hér áðan þá á þessi barnaverndarstofa að veita barnaverndarnefndum leiðbeiningar og ráðgjöf varðandi fjölskylduvernd og útlausn barnaverndarmála. Að hafa eftirlit með störfum barnaverndarnefnda, þar á meðal heimta frá þeim ársskýrslur.

Mér finnst nú kannski að það þurfi aðeins meiri skýringar við varðandi eftirlit með störfum barnaverndarnefnda vegna þess að það segir nú ekki allt í ársskýrslum og ég sé ekki hér í greinargerð nákvæmlega hvernig þessu eftirliti á að vera háttað.

Í þriðja lagi að hafa yfirumsjón og eftirlit með stofnunum og heimilum sem ríkið rekur og styrkir. Þetta er mjög eðlilegt ákvæði. — Að hafa umsjón með vistun barna og ungmenna á stofnunum og heimilum sem ríkið rekur og styrkir á grundvelli laga þessara.

Að hlutast til um að settar verði á fót stofnanir og heimili skv. 2. og 4. mgr. 51. gr. laga þessara.

Ég tek undir með hæstv. ráðherra sem sagði að lítil einkarekin heimili hafi komið mjög vel út. Ég tek undir að það eigi að stuðla að því að úrlausn ungmenna, sem á þessum heimilum þurfa að halda, verði sem mest á litlum og einkareknum heimilum.

Að veita barnaverndarnefndum fulltingi við öflum hæfra fósturforeldra.

Þá kem ég aftur að því sem ég sagði áðan, að ég tel að þeir sem eru nær vettvangi séu kannski betur í stakk búnir til að aðstoða við þetta val.

Að hlutast til um að fram fari þróunar- og rannsóknarstarf á sviði barnaverndar.

Þetta er mjög mikilvægt starf og svona stór og öflug stofnun er náttúrlega mjög hæf til þess þar sem þarna munu margir sérfræðingar á þessu sviði vera saman komnir.

Síðan á þessi stofnun að annast fræðslu um barnavernd, einkum fyrir barnarverndarnefndir og starfsmenn þeirra.

Það er ekkert smátt sem þessari stofnun er ætlað og ég tel að umræðan um þessi mál sé mjög mikilvæg og frv. sé á margan hátt mjög merkileg nýjung og ég ætla að endurtaka þakkir mínar og vona að ég fái svör við þeim spurningum sem ég hef hér fram sett.

[11:03]

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Við tilflutning barnaverndarmála frá menntmrn. til félmrn. tók svolítin tíma að finna þeim málum stað innan ráðuneytisins og þann mannafla sem nauðsynlegur var. Ég tel að hér sé í meginatriðum verið að reyna að mæta þeirri þörf. Það eru þó nokkur atriði sem ég vil drepa á, bæði jákvæð og sem mér finnst þurfa frekari athugunar við.

Ég vil fyrst taka það fram, sem ég hef raunar allnokkrum sinnum getið um hér í þessum ræðustól, og *það er að við höfum því miður ekki borið gæfu til* að gera það sama og Norðmenn þegar þeir fluttu sín barnaverndarmál til og það er að láta málaflokknum fylgja myndarlega summu. Því miður höfum við ekki séð það enn þá, en ég held að það sé alveg óhjákvæmilegt, ef það á að vera hægt að standa að þessu sómasamlega.

Nú veit ég ekki nákvæmlega hvort verið er með þessu fyrirspurnir að bæta þar úr. Vissulega erum við með fylgiskjal sem gerir ráð fyrir að það sé lagt eitthvað til þessa málaflokks og það er út af fyrir sig vel. En ég hef ekki farið nákvæmlega út í það og ég treysti mér einfaldlega ekki til þess að svo stöddu, að meta það miðað við það sem síðan er lagt af. Mér finnst að sú heildarsýn þurfi að koma fram og ég treysti því að hv. nefnd sem fær þetta til umfjöllunar geti farið ofan í þá sauma.

Sl. vetur bar ég fram allmargar fyrirspurnir um stöðu barnaverndarmála eftir þennan tilflutning. Meðal þess sem ég var þar sérstaklega að ræða var sú sameining barnaverndarnefnda sem heimil var samkvæmt hinum nýju lögum en hefur ekki orðið nema annaðhvort engin eða í mjög takmörkuðum mæli. Þrátt fyrir sameiningu örfárra sveitarfélaga þá held ég að það hafi ekki komist nein almennileg hreyfing á þetta. Að nokkru leyti er tekið á helstu vanköntum þess að hafa margar smáar barnaverndarnefndir með þessu frv. þar sem núna eiga jafnvel hinar smæstu barnaverndarnefndir aðgang að ráðgjöf sem ekki var fyrir hendi áður. En það var einmitt annað sem fyrirspurnir mínar í fyrravetur til hæstv. þáv. félmrh. vörðuðu.

Ég held að þessi sérfræðilega ráðgjöf sem barnaverndarnefndir, sérstaklega í strjálum byggðum, skortir svo tilfinnanlega, sé algjört lykilatriði í barnaverndarmálum. Það er enginn öfundsverður af því að vera settur í barnaverndarnefnd í miklu návígi í litlu sveitarfélagi. Mjög sjaldan er þar um sérmenntað eða fagmenntað fólk að ræða, þó það sé í einstaka tilvikum. Þetta fólk rækir vissulega störf sín af alúð en það hefur fram til þessa ýmist ekki átt kost á neinni ráðgjöf eða svo takmarkaðri að það eiginlega jafnast á við enga ráðgjöf. Sjálfsagt er í einhverjum undantekningartilvikum um annað að ræða. Þetta var um stofnun barnaverndarstofu og hlutverk hennar varðandi þessa ráðgjöf og það tel ég vera af hinu góða.

Hv. seinasti ræðumaður, 2. þm. Vesturl., kom hér með hugmynd um að e.t.v. þyrfti að dreifa þessu frekar um landið og þar sem ég er hlynnt því að þjónusta sé sem næst hverjum stað fyrir sig þá fannst mér sú hugmynd allrar athygli verð, en ég geri ráð fyrir því að því sérhæfðari sem vandamál verða þeim mun meiri þörf verði á því að leita til miðstöðvar. Þannig að ég sé ekki að ein hugmynd útiloki aðra í þessum efnum svo framarlega sem við förum ekki að eyða of mikilli orku *í stjórnunarkerfi þessara hluta, en eigum næga orku* afgangs til þess sem varðar hin eiginlegu, nauðsynlegu mál, þ.e. ráðgjöfina og þau margvíslegu hlutverk sem koma fram í markmiðsgreininni eða 2. gr.

Varðandi það að heimili leysi af stofnanir þá get ég ekki sagt annað en það að ég held að reynslan hafi kennt okkur að sú hugsun er af hinu góða. Við höfum góða reynslu af slíku formi varðandi erfið meðferðarmál, t.d. á meðferðarheimilinu á Torfastöðum og ég held að fólk hafi litið til þess árangurs sem þar hefur orðið. Út af fyrir sig held ég að það sé þess virði að gera þessa tilraun og reyna að vinna á þessum nótum.

En það er annað mál og vona ég að hæstv. félmrh. geti nú hlýtt á. Það er annað mál sem ég ætla sérstaklega að spyrja um og það er um hin venjulegu fósturheimili, þ.e. þegar þarf að ráðstafa börnum í fóstur t.d. tímabundið eða jafnvel til lengri tíma. Ég sé að það er fjallað um þessi mál í 6. og 9. gr. frv. En nú er staðan sú að jafnvel í sumum nágranna sveitarfélögum og ég tala nú ekki um í sveitarfélögum víðs vegar um landið, þá er hreint neyðarástand ríkjandi ef það þarf að koma börnum í fóstur tímabundið, þ.e. það skortir alveg hið faglega eftirlit og í sumum tilvikum er einfaldlega um það að ræða að það er alger tilviljun sem ræður hvaða úrræði verða ofan á. Ég hef rætt þessi mál við félagsráðgjafa sem segja mér að það sé í sumum tilfellum hreint neyðarástand á ferðinni. Hér er ég að tala um að það sé verið að vista börn sem sjálf hafa ekki lent í neinum vandræðum en hafa erfiðar heimilisástæður, m.a. ef foreldrar eru fjarverandi vegna veikinda. Það getur jafnvel komið til að þeir séu fjarverandi vegna fangelsisvistar og það þarf greinilega að koma börnum fyrir og það þarf að sýna þeim mikla alúð og stuðning. Og börn sem með þeim hætti koma kannski allt í einu í ókunnugt umhverfi þurfa sérstakan styrk. Þetta finnst mér þurfa að vera sérstaklega til athugunar og mér er ekki alveg ljóst hversu mjög 6. og 9. gr. megna að gera þetta. Það stendur jú í 6. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Barnaverndarstofa veitir barnaverndarnefndum fulltingi við öflun hæfra fósturforeldra. Stofan metur hæfni væntanlegra fósturforeldra og veitir þeim fræðslu með námskeiðahaldi."

Síðar segir: „Barnaverndarnefnd skal hafa samráð við barnaverndarstofu við val á fósturforeldrum."

Í 9. gr. er kveðið á um að barnaverndarstofa haldi skrá um börn í fóstri. Mig langar til að spyrja hæstv.

félmrh. hvort þarna sé beinlínis gert ráð fyrir að þessi mál séu öll undir ákveðinni faglegri umsjón, að það falli þar ekkert á milli. Það má lesa hvort sem er úr 6. gr. að mínu mati, en það má vera að lagaskyggni mín sé ekki alveg fullkomin að því leyti til.

Varðandi 13. gr. þá held ég að ég þurfi ekki að fjalla frekar um þá miklu umræðu sem verið hefur um þátt ofbeldismynda í þeim erfiðu málum sem upp hafa komið bæði hér á landi og erlendis og varða ofbeldi meðal barna og unglinga. En þarna hefur sem sagt verið jafnhliða endurskoðun á lögum um kvikmyndaeftirlit, sem mun verða fjallað um hér á eftir. Þar sem kvikmyndaskoðunarnefnd leysir eftirlitið af hólmi þá er verið að setja inn aftur grein sem ég tel fulla nauðsyn að hafa í lögum um vernd barna og ungmenna.

Virðulegi forseti. Þetta eru þau atriði sem ég vildi halda til haga í þessari umræðu. Ég held að barnaverndarmál séu ein allra mikilvægustu mál sem við fjöllum um hér á landi og það sé alveg grundvallaratriði að þar takist mjög vel til. Ég efast ekki um góðan vilja til þess að ná þessu fram, en enn og aftur mun reyna á samskipti milli ríkis og sveitarfélaga varðandi þessa lagasetningu. Þar er því miður um nokkuð viðkvæma umræðu að ræða akkúrat hér og nú. Ég held að þar sé lykillinn að því hvort þessi lög muni á annað borð virka með þeim hætti sem þeim augljóslega er ætlað að gera.

[11:14]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil sömuleiðis þakka félmrh. fyrir þetta frv. sem hér liggur fyrir og fyrir endurskoðun á þessum mikilvæga lagabálki um vernd barna og ungmenna. Ég vil einnig fagna þeim gestum sem hér eru komnir á þingpalla.

Sérstaklega vil ég fagna þeirri hugmynd sem kemur fram í frv. um að hér verði sett á stofn svokölluð barnaverndarstofa. En það er eins og fram hefur komið hér í ræðum annarra fundarmanna mjög mikilvægt að vel takist til um framkvæmd hennar starfa, því þarna er um mjög mikilvæg störf og nýtt bákn, ef svo má að orði komast, þannig að ég vona að vel takist til.

Hér eru lagðar til veigamiklar breytingar á núgildandi lögum, m.a. hvað varðar þau meðferðarúrræði sem til eru á þessu sviði. Því tel ég afar mikilvægt að frv. fái vandaða meðferð í félmn.

Á nýliðinni ráðstefnu Barnaheilla um mannréttindi barna kom fram m.a. það viðhorf að ekki ríki nægilegur friður um mál er varða forræðissviptingar og önnur viðkvæm mál er snerta tengsl barna og foreldra. Þar var sagt frá því fyrirkomulagi sem tíðkast á nokkrum hinna Norðurlandanna, að dómstólar komi inn í slík í mál í stað þess að styðjast alfarið við úrskurði barnaverndarnefnda og barnaverndarráðs. Þetta fyrirkomulag þykir tryggja betur réttarstöðu bæði foreldra og barna. Á ráðstefnunni voru tekin dæmi um ýmislegt sem fer miður í núverandi kerfi og ég kannast vel við slík dæmi sem fyrrv. meðlimur í barnaverndarnefnd Reykjavíkur.

Þessi hugmynd fékk mjög góðar undirtektir á ráðstefnunni og tel ég fulla ástæðu til að kanna hana nánar hér því að allt verður að gera til að um þessi viðkvæmu mál ríki friður og að allir aðilar hafi fullt traust til þeirra úrræða sem yfirvöld grípa til. Ég vona því að vel takist til við lokagerð þessa frv., en mér þótti dálítið skrýtið í greinargerð fjmrn. að það virðist vera ýjað að því að kostnaðurinn við barnaverndarstofu eigi að koma af því sem sparast vegna í núverandi meðferðarheimila og ég vona bara að það verði ekki til þess að þau meðferðarúrræði sem við bjóðum upp á verði verri eða hafi minni gæði. Ég vona að það verði ekkert sparað til að við búum sem best að þeim börnum sem helst þurfa á því að halda hér á landi.

Ég fagna því þessu frv. og vona að það fái vandaða umfjöllun og nái fram að ganga á þessu þingi.

[11:18]

Guðrún J. Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Það hefur verið rómur allra þeirra sem tekið hafa til máls hér að þetta frv. sé til bóta og horfi í hina bestu átt og ég er á sömu skoðun. Aðeins vil ég taka undir þau ummæli hv. 2. þm. Vesturl. að e.t.v. verður barnaverndarstofan heldur stórt bákn og er þar af leiðandi kannski þyngri í vöfum, en það verður bara að koma í ljós og bæta þar úr og breyta ef á þarf að halda, því að þetta er fyrsta tilraun með þessa starfsemi undir félmrn.

Í félmn. hefur verið rætt dálítið við fulltrúa ýmissa aðila um þessa breytingu og allir þeir sem komu til viðtals við okkur álitu að það horfði á betri veg að hafa þennan háttinn á. Mér finnst þó að í greinargerð, sem er hér á bls. 6, um aðskilnað milli verkefna sveitarfélaganna og félmrn., sé kveðið heldur sterkt að orði þar sem sagt er að gert sé ráð fyrir að ráðgjafarþjónusta fyrir almenning verði alfarið í höndum sveitarfélaganna. Ég held nefnilega að minnstu sveitarfélögin geti tæplega valdið þessari ráðgjafarþjónustu eins og skyldi og þar af leiðandi hljóti barnaverndarstofan að koma inn í ráðgjafarþjónustuna að einhverju leyti. Ég tel að þarna geti skiptin sem sagt ekki orðið eins skörp eins og hér er kveðið á um.

Í heild álít ég að það sé best fyrir hvert mannsins barn að eiga samastað á heimili, hvort sem við erum ung eða eldri og þar af leiðandi álít ég að sú leið að reyna að koma umönnun barna sem mest inn á heimili og smærri einingar hljóti að vera af hinu góða. Og ég tel að það sé eitt af því sem er best í þessu frv. hversu mikil áhersla er lögð á það að allir sem mögulegt er eigi samastað á heimili eða í svo smárri einingu að það líkist heimili.

Þetta frv. verður síðan rætt í félmn., við munum ræða það þar og ég fagna því að mega leggja þar hönd á plóg.

[11:21]

Félagsmálaráðherra (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka þær góðu undirtektir sem þetta mál fær við 1. umr. hér á þinginu og ég tek undir allar góðar óskir bæði varðandi málaflokkinn og eins um að málið fái góða yfirferð í félmn. og komi hér í góðri sátt. Það er sem betur fer þannig að

félmn. hefur haft tækfæri til þess að skoða þessar breytingar sem fram undan eru. Bæði hefur hún fengið yfirferð á þessu máli áður og svo á þessu hausti sérstaklega farið ofan í fjárveitingar varðandi fjárlögin sem snúa að málaflokknum og m.a. skoðað fyrirhugaðar hugmyndir um húsakaup fyrir móttöku- og meðferðarstöð. Þannig að félmn. hefur nokkuð sérstaklega tekið fyrir málaflokkinn börn og ungmenni á þessu hausti í fjárlagavinnunni.

Ég fullvissa þingmenn um að þau nýmæli sem hér er mælt fyrir stefna öll að bættri barnavernd. Hv. þm. Ingibjörg Pálmadóttir spyr hvort það hefði átt að hafa fleiri stofur, hvort ein stofa hér sé eitthvert bákn og í þeirri fjarlægð að ekki komi að nægilegu gagni. Auðvitað er það þannig þegar slík ákvörðun er tekin að það er aðeins tíminn sem getur leitt það í ljós hvort hér þyrftu fleiri stofnanir að koma til. En það kemur fram hér á bls. 5, með því skipuriti sem þar er sett upp. Þar er sett upp skipurit, að það er félmrn. sem fer með yfirstjórn barnaverndarmála, stefnumótun, úrskurði, eftirlit, ákvörðun fjárhagsramma, umsjón með stofnframkvæmdum. Undir ráðuneytið heyrir síðan barnaverndarstofan, sem er með þau stjórnsýsluverkefni að sjá um samræmingu verkefna, fjármálastjórn, leiðbeiningar og ráðgjöf við meðferðarheimili og stofnanir og barnaverndarnefndir, sem er eitthvað það brýnasta og mikilvægasta í þessu frv., yfirumsjón með vistunum og fósturráðstöfunum, þróunarstarf, rannsóknastarf og upplýsingamiðlun. Og þegar maður hlustar á þessa upptalningu hér þá gerir maður sér grein fyrir hversu afar mikilvægt það er að vel takist til og að kraftar dreifist ekki. Þannig að ég er alveg sannfærð um að a.m.k. í upphafi sé mjög mikilvægt að þessi barnaverndarstofa sé ein. Undir þessa barnaverndarstofu heyrir síðan móttöku- og meðferðarstöð fyrir unglinga, sem er með skammtíma- og neyðarvistun, sérhæfða meðferð og eftirmeðferð og svo meðferðarheimilin og stofnanir fyrir börn og unglinga með meðferðarvistun og umhverfismeðferð, sem ég hef þegar gert grein fyrir.

Frv. miðar að því að efla barnaverndarstarf sveitarfélaga þannig að ég vona að það muni reynast óþarft að koma upp fleiri barnaverndarstofum á fleiri stöðum, vegna þess að aukin aðstoð við sveitarfélögin á að miða að öflugri barnavernd hjá sveitarfélögunum því að þau eru best fallin til að sjá um þetta, en þau þurfa mörg svo mikla og góða aðstoð. Þannig að ég vona að útibú þurfi ekki að koma til.

Það var líka spurt um hvað snúi að venjulegu fósturheimilunum og það sé oft mikið neyðarástand ef þarf að koma börnum í fóstur og að það sé tilviljun hvaða úrræði verði ofan á þegar börn búa við erfiðar aðstæður, veikindi, fangelsisvist eða annað. Ég tek undir þetta. Ég tek undir þessi orð. Ég hef einnig sjálf verið í barnaverndarnefnd og leitt barnaverndarnefnd öll þau ár sem ég var sveitarstjórnarmaður og ég er mjög meðvituð um það hversu mikilvægt það er að leita allra leiða til að styðja heimilið eins lengi og það er unnt, en gleyma því aldrei í þeirri vinnu að það eru hagsmunir barnsins sem eiga að ráða fyrst og síðast. Það eru einhver erfiðustu verkefni sem þeir sem starfa að barnaverndarmálum lenda í, að taka barn af heimili og maður verður að vera alveg viss að þegar svo er komið þá sé maður að gera það sem er barninu fyrir bestu því það er verið að rjúfa svo óhemju mikilvæg og sterk tengsl. Þess vegna er það afar mikilvægt að barnaverndarstofan á að veita barnaverndarnefndunum svo mikil ráð og setja reglur, veita þeim fulltingi við öflun hæfra fósturforeldra og meta hæfni væntanlegra fósturforeldra og veita þeim fræðslu með námskeiðahaldi og öðru. Það er líka mjög mikilvægt að barnaverndarnefnd á að hafa samráð við barnaverndarstofu við val á fósturforeldrum.

Það er einnig barnaverndarstofunnar að semja og gefa út nánari reglur og leiðbeiningar um stjórn, starfsfólk, m.a. hæfisskilyrði og menntun og allan aðbúnað á heimilum og stofnunum, sem eru reknar af einkaaðilum og sveitarfélögum á grundvelli 51. gr. og þetta mun auðvelda barnaverndarnefndum störf þeirra við þeirra eftirlit og gera þær öflugri og veita þeim möguleika til að sinna þessu mikilvæga starfi.

Ég ætla líka vegna þeirra athugasemda sem komu frá hv. þm. Önnu Ólafsdóttur Björnsson að geta þess varðandi fósturráðstafanir að þær eru allar undir félagslegri umsjón samkvæmt frv. og það er einmitt megintilgangur þessa frv. að ráða bót á þeim annmörkum sem nú eru eða hafa verið varðandi störf nefndanna. Vandamálin hafa fyrst og fremst verið að öflun fosturforeldra hefur verið erfið, að hæfni fósturforeldra hefur verið nokkuð ótrygg eða mat á því og ónægur undirbúningur og eftirfylgd vegna fósturráðstafana hefur átt sér stað. Í öllum þessum atriðum mun barnaverndarstofa gegna veigamiklu hlutverki í framtíðinni, m.a. með því að auglýsa eftir fósturforeldrum og halda skrá yfir þá þannig að barnaverndarnefndir hafi tryggan aðgang að góðu fólki, góðum fósturforeldrum, þegar nauðsyn krefur, að meta hæfni fósturforeldra og með því að samræma kröfur og að veita verðandi fósturforeldrum fræðslu og ráðgjöf til þess að axla þessa miklu ábyrgð sem þeir takast á hendur og ekki síst að veita barnaverndarnefndum ráðgjöf og stuðning í fósturmálum og hafa eftirlit með því að fóstursamningar séu gerðir, en á því hefur verið brotalöm.

Ég nefndi starf mitt að barnaverndarmálum og í félmn. og á þeim árum varð ég afar sannfærð um að það sem þyrfti að koma til í sveitarfélögunum væri mjög markviss ráðgjöf og þjónusta við fjölskyldur. Mér hefur fundist og ég hef verið ófeimin að segja það, þrátt fyrir það að ég hafi verið stjórnarliði frá því að ég settist hér inn á þing, að engar ríkisstjórnir sem ég hef stutt og starfað með hafa sett sér markvissa fjölskyldustefnu. Það hefur verið gert afar margt gott og mikilvægt í þessum málum, en markviss fjölskyldustefna hefur ekki verið sett fram. Ég er viss um að við eigum nægt efni í það með þeim aðgerðum og því sem hefur verið gert á ýmsum sviðum á þessum árum. En ég hef sjálf haldið því fram að einmitt vegna þess að þessi störf eru á vettvangi sveitarstjórnanna og eiga heima þar, að úti í sveitarfélögunum ættu helst að vera starfandi fjölskyldu þjónustustofnanir. Ég upplifi það

þannig að sú stofnun sem ég átti þátt í að móta og þróa, Félagsmálastofnun Kópavogs, hafi einmitt verið slík fjölskylduþjónustustofnun vegna þeirra víðtæku verkefna sem þar voru innan veggja og í svo miklu meiri og ríkari mæli á fjölskyldusviði almennt en fólk oft upplifir að sé í félagsmálastofnunum.

Því miður er það svo, ég veit ekki hvers vegna, að það hafa þróast fremur neikvæðir straumar til orðsins félagsmálastofnun. Það eru einhver blæbrigði þar yfir að það sé neyðarráðstöfun að sækja þangað aðstoð þegar hallar undan fæti og það er ekki fyrr en í fullkomið óefni er komið oft og tíðum að fólk sækir þangað. Stundum hef ég trúað að það væri nægilegt í öflugu félagsmálastofnununum, í stóru bæjunum í landinu, að breyta heitinu til að koma til móts við þessi sjónarmið sem ég er að nefna. Það er afar mikilvægt að fjölskyldur telji það eðlilegan og góðan hlut að leita aðstoðar og upplýsingar ef einhvers staðar fer undan að halla og tímanlega og í þessum stofnunum sé möguleiki til að veita ráðgjöf og þjónustu í þessu mikilvæga hlutverki sem foreldrahlutverkið er og fjölskyldustofnunin sem slík er.

Ef ég á þess nokkurn kost á þeim skamma tíma sem ég hef fengið það verkefni að sinna málum félmrn. þá vil ég stuðla að þessu og ég trúi því að það sé þangað sem við stefnum að í öllum sveitarfélögum sem vilja standa undir nafni með þjónustu við fjölskyldurnar í byggðarlögunum þá verði þessi starfsemi til staðar og sú þjónusta sem mikilvæg er áður en vandinn kemur. Það sem við hér erum að tala um er að bregðast við þegar vandinn er orðinn en það sem þarf að koma er að afstýra því sem allra mest að vandinn verði.

[11:32]

Ingibjörg Pálmadóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Þau voru mjög skýr. Hæstv. ráðherra telur ekki rétt að skoða það á þessu stigi málsins að stofnurnar verði fleiri en ein og hún verði ein í Reykjavík. Ég hef ekkert út á það að setja. Ég tek undir með ráðherranum að tíminn einn sker úr um það hvort það dugar. Auðvitað vonum við öll að það dugi. Það væri það allra besta. En samt sem áður kem ég enn og aftur að því að ég tel að það væri æskilegra að þær væru fleiri og minni og væru nær vettvangi. Og ekki meira um það.

Varðandi skipuritið og barnaverndarstofu þá var ég að sjálfsögðu búin að lesa skipuritið en það sagði mér ekki einmitt það sem ég var að spyrja. Ég spurði kannski ekki nægilega skýrt. Það sem ég er nákvæmlega að spyrja að er varðandi þessa sérfræðiaðstoð sem barnaverndarnefndir eiga að fá. Segjum svo að barnaverndarnefndir leiti ekki eftir þessari aðstoð og leiti ekki eftir þessari fræðslu sem þær þurfa. Verður það fastur liður hjá barnaverndarstofu að heimsækja barnaverndarnefndir um land allt eða bíður hún eftir kalli? Það er það sem ég var að leita eftir.

[11:33]

Félagsmálaráðherra (Rannveig Guðmundsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þarna er fyrst og fremst verið að koma á samstarfi sem hefur að nokkru leyti vantað og er mjög mikilvægur hlekkur í þeirri starfsemi sem við höfum verið að fjalla um hér. Ég tel að það sé mjög mikilvægt að það samstarf byggist upp þannig að það geti ekki gerst sem ég heyri að þingmaðurinn óttast að barnaverndarnefnd sem ekki væri meðvituð um skyldur sínar væri e.t.v. að fjalla um mál í sínu horni án þeirrar faglegu ráðgjafar sem er nauðsynlegt að hún fái frá barnaverndarstofu og hvort sem það verður með heimsóknum eða með öðrum tengingum á milli barnaverndarstofu og barnaverndarnefndar þá fullyrði ég að það er markmiðið með þessu starfi að það geti ekki gerst og eigi ekki að gerast sem þingmaðurinn óttast að barnaverndarnefndin verði afskekkt í sínu starfi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skoðun kvikmynda, 1. umr.

Stjfrv., 219. mál (heildarlög). — Þskj. 253.

[11:35]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um skoðun kvikmynda og bann við ofbeldiskvikmyndum. Með þessu frv. er stefnt að því að fella saman í heildstæða löggjöf ákvæði um bann við ofbeldiskvikmyndum, sbr. lög nr. 33/1983, og ákvæði um skoðun kvikmynda til að meta sýningarhæfi þeirra fyrir börn en slík ákvæði voru áður í lögum um vernd barna og ungmenna, nr. 53/1966.

Við samningu frv. þessa var höfð hliðsjón af tillögum nefndar sem menntmrn. skipaði árið 1987 til að endurskoða lög um bann við ofbeldiskvikmyndum og skoðun kvikmynda. Þá nefnd skipuðu Snorri Olsen, deildarstjóri í fjmrn., Haraldur Johannessen, þáv. formaður Barnaverndarráðs Íslands, og Þórunn J. Hafstein, deildarstjóri í menntmrn., sem jafnframt var formaður nefndarinnar.

Að tillögu nefndarinnar var á það fallist að nefndin miðaði í starfi sínu við það að fella saman í einn lagabálk þágildandi lagaákvæði um skoðun kvikmynda, þ.e. ákvæði VI. kafla þágildandi laga um vernd barna og ungmenna og laga um bann við ofbeldiskvikmyndum, nr. 33/1983.

Við umfjöllun ráðuneytisins á tillögum nefndarinnar var leitað umsagnar og álits ýmissa aðila en lokagerð frv. var unnin í menntmrn. Við samningu frv. var nokkuð vikið frá tillögum nefndarinnar. Tók frv. mið af því meginsjónarmiði að breyta í sem minnstu fyrri löggjöf um bann við ofbeldiskvikmyndum og skoðun kvikmynda en taka þó nauðsynlegt tillit til nýrra aðstæðna. Jafnframt er á því byggt að löggjafinn hefur með fyrrgreindri lagasetningu metið þörfina á að

vernda börn og ungmenni fyrir skaðvænlegum áhrifum ofbeldiskvikmynda, svo ríka að hún réttlætir hömlur af því tagi sem frv. gerir ráð fyrir.

Augljóst er að hafi sú þörf verið aðkallandi fyrir áratug eða svo hefur síst dregið úr henni á seinni árum.

Rétt er að vekja athygli á því að við setningu nýrra laga um vernd barna og ungmenna árið 1992 stóð yfir endurskoðun löggjafar um skoðun kvikmynda og um bann við ofbeldiskvikmyndum. Því er ekki í þeim lögum að finna ákvæði um skoðun kvikmynda í kvikmyndahúsum. Brýna nauðsyn ber til þess að treysta lagagrundvöll skoðunar kvikmynda í kvikmyndahúsum og því er í þessu lagafrv. að finna sambærileg ákvæði um þetta efni og voru í áður gildandi lögum um vernd barna og ungmenna.

Tilgangur þessa lagafrv. er að stemma stigu við sýningu kvikmynda þar sem gróft ofbeldi er birt án þess að þjóna tilgangi upplýsinga eða listar, svo og að vernda börn eins og kostur er gegn öðru kvikmyndaefni sem talið er þeim skaðvænlegt. Ofbeldi í kvikmyndum og sjónvarpsefni færist mjög í vöxt og nú á seinni tímum einnig í svokölluðum tölvuleikjum. Við þessu verður að sporna af öllum mætti líkt og aðrar þjóðir hafa gert.

Hér á landi hefur verið í gildi löggjöf um skoðun kvikmynda allt frá árinu 1966. Árið 1983 voru sett lög um bann við ofbeldiskvikmyndum og um skoðun myndbanda. Sú skoðun kvikmynda sem hefur farið fram á vegum Kvikmyndaeftirlitsins hefur gefist vel og hefur í flestum atriðum tekist gott samstarf milli þess og eigenda kvikmyndahúsa og myndbandaleiga. Það má segja að enginn eðlismunur sé á ofbeldi í kvikmyndum annars vegar í kvikmyndahúsum og á myndböndum og hins vegar í sjónvarpi. Það er þó nánast ógjörningur að koma við fyrirframskoðun allra kvikmynda eða annars myndefnis sem sýna á í sjónvarpi og á það einkum við um það sjónvarpsefni sem dreift er um gervihnetti. Hins vegar er brýnt að innlendum sjónvarpsstöðvum berist með greiðum hætti upplýsingar frá kvikmyndaskoðunarnefnd um niðurstöður nefndarinnar sem sjónvarpsstöðvar geta haft hliðsjón af við ákvörðun dagskrár.

Hér er minnt á ákvæði 1. mgr. 22. gr. tilskipunarráðs Evrópusambandsins frá 3. okt. 1989 um samræmingu tiltekinna ákvæða í lögum og stjórnskipunarfyrirmælum í aðildarríkjum um sjónvarpsrekstur sem er hluti af samningi um EES, svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Aðildarríki skulu gera viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja að sjónvarpssendingar, sem lögsaga þeirra nær yfir, innihaldi ekki dagskrárefni, sem gæti haft alvarleg skaðvænleg áhrif á líkamlegan, andlegan eða siðferðilegan þroska barna og ungmenna, einkum og sér í lagi dagskrár, sem í felst klám eða tilefnislaust ofbeldi. Þetta ákvæði skal einnig ná til dagskrárefnis, sem líklegt er til þess að skaða líkamlegan, andlegan eða siðferðilegan þroska barna og ungmenna, nema þegar tryggt er, með vali á útsendingartíma eða með einhverjum tækilegum ráðstöfunum, að börn og ungmenni á því svæði er útsendingin nær til muni ekki að öðru jöfnu heyra eða sjá slíkar útsendingar."

Þetta var úr tilskipun Evrópusambandsins.

Sérsjónarmið kunna að sínu leyti einnig að eiga við um skoðun tölvuleikja en í þessu frv. er gert ráð fyrir því að unnt verði með reglugerð að fella svokallaða tölvuleiki undir hliðstæða skoðunarkvöð og kvikmyndir lúta. Myndefni af þessu tagi er tiltölulega nýtt fyrirbæri en í örri útbreiðslu og kann að reynast full ástæða til að fylgjast með því hvaða viðfangsefni börnum eru fengin á þeim vettvangi og setja nánari reglur um tilhögun skoðunar á tölvuleikjum.

Frv. gerir ekki ráð fyrir stórfelldum breytingum á tilhögun kvikmyndaskoðunar frá því sem tíðkast hefur. Fjöldi skipaðra skoðunarmanna hefur ekki verið bundinn í lögum en þeir hafa í raun verið sex talsins undanfarin ár og hér er gert ráð fyrir því að það haldist óbreytt. Tekið er upp heitið kvikmyndaskoðunarnefnd fyrir skoðunarmannahópinn og gert ráð fyrir að einn nefndarmanna gegni starfi forstöðumanns en sú framkvæmd hefur tíðkast um árabil.

1. gr. frv. er efnislega óbreytt frá ákvæðum núgildandi laga. Bann á innflutningi, framleiðslu og hvers kyns dreifingu ofbeldiskvikmynda nær til allra slíkra kvikmynda hvort heldur þær eru ætlaðar til sýninga í kvikmyndahúsum, sjónvarpi eða í öðrum myndmiðlum innan íslenskrar lögsögu.

Skilgreining á ofbeldiskvikmynd er hin sama og verið hefur í lögum um ofbeldiskvikmyndir. Sama gildir um skilgreiningu á „kvikmynd" að því frátöldu að nú er tekið fram að fréttaefni, auglýsingar og fræðsluefni sé undanskilið efnissviði laganna.

Í 2. gr. er kveðið á um skipan sérstakrar nefndar sem annast skoðun kvikmynda og mat á sýningarhæfi þeirra. Í reynd hefur slík starfsemi verið við lýði á grundvelli laga um bann við ofbeldiskvikmyndum og laga um vernd barna og ungmenna og reglugerðar um skoðun kvikmynda hjá Kvikmyndaeftirliti ríkisins.

Æskilegt er að skoðunarmenn kvikmynda hafi til að bera menntun á sviði uppeldisfræði, sálfræði, kvikmyndagerðar, fjölmiðlafræði, lögfræði, afbrotafræði eða öðrum sviðum sem hlutverk þeirra tengist, en ekki þykir ástæða til þess að binda slíkar kröfur í lögum. Skoðunarmenn kvikmynda samkvæmt fyrri lögum hafa verið tilnefndir af Barnaverndarráði einvörðungu. Í samræmi við þær breytingar sem gerðar voru á starfssviði Barnaverndarráðs með lögum nr. 58/1992, um vernd barna og ungmenna, er hér lagt til að í stað Barnaverndarráðs tilnefni félagsmálaráðherra þrjá fulltrúa í kvikmyndaskoðunarnefnd og þykir það eðlilegt þar sem yfirstjórn barnaverndarmála hefur nú færst til félmrn. með starfi sérstakrar deildar í því ráðuneyti. Jafnframt verði kvikmyndaskoðunarnefnd skipuð einum fulltrúa að fengnum tillögum Félags kvikmyndagerðarmanna og einum fulltrúa að fengnum tillögum dómsmrn, auk þess sem menntmrh. skipar einn nefndarmanna án tilnefningar.

Hlutverk kvikmyndaskoðunarnefndar er fyrst og fremst að skoða kvikmyndir og meta sýningarhæfi þeirra og móta stefnu um þau atriði sem eins og áður er vikið að mun helst byggjast á barnaverndarsjónar-

miðum. Við það er miðað að forstöðumaður nefndarinnar fáist við eða sjái um daglegan rekstur, þar með talið færslu skráa og gerð heildaryfirlits yfir skoðaðar myndir og enn fremur merkingar kvikmyndaeintaka og önnur framkvæmdaatriði.

Fjallað er um hlutverk kvikmyndaskoðunarnefndar í 3. gr. frv. en hlutverkið er að meta hvort um ofbeldiskvikmyndir er að ræða og hvort kvikmyndir séu við hæfi barna. Gert er ráð fyrir að aldursmörk þau sem sýningarhæfi kvikmynda miðast við séu ákveðin með reglugerð.

Þá er nú kveðið á um að mat kvikmyndaskoðunarnefndar á sýningarhæfi kvikmynda geti verið mismunandi eftir því um hvers konar myndmiðla er að ræða.

Það er mikilvægt að ákvarðanir nefndarinnar séu í ákveðnu formi og aðgengilegar aðilum og almenningi. Ef takmarkanir eru settar á sýningu eða dreifingu kvikmynda er áskilið að kvikmyndaskoðunarnefnd rökstyðji niðurstöður og að þær niðurstöður séu opinberar.

Í 4. gr. er kveðið á um skyldu til þess að koma kvikmyndum til skoðunar.

Kveðið er á um gjaldtöku vegna skoðunar. Í meginatriðum er miðað við að gjaldtaka vegna skoðunar kvikmynda breytist ekki frá því sem nú er en gjöld vegna skoðunar kvikmynda eru nú þrenns konar:

1. Sérstakt gjald fyrir skoðun kvikmynda í kvikmyndahúsum

2. Sérstakt grunngjald vegna skoðunar myndbanda að viðbættu mínútugjaldi sem tekur mið af mismunandi lengd kvikmynda á myndböndum.

3. Miðagjald, þ.e. sérstakt gjald vegna kostnaðar við prentun vottorðsmiða þar sem niðurstöður mats kvikmyndaskoðunarnefndar koma fram og fylgir hverju eintaki myndbands.

Miðað er við að gjöld þessi renni í ríkissjóð og að þau verði aldrei hærri en sem nemur kostnaði við starfsemi kvikmyndaskoðunarnefndar.

Varðandi efni 5. gr. þykir ekki ástæða til að hverfa frá þeirri tilhögun að sjónvarpsstöðvar annist sjálfar skoðun kvikmynda, sem þær hyggjast sýna í dagskrá sinni, enda séu höfð um það samráð við kvikmyndaskoðunarnefnd. Telja má þennan hátt eðlilegan með hliðsjón af þeirri ábyrgð á dagskrárefni sem sjónvarpsstöðvunum er lögð á herðar samkvæmt útvarpslögum, auk þess sem hagkvæmnisástæður mæla með honum. Ákvæði sama efnis og hér er gert ráð fyrir að lögfesta eru nú í reglugerð.

Í 6. gr. er fortakslaust kveðið á um að hvers kyns dreifing kvikmynda sé óheimil nema að undangenginni skoðun hjá kvikmyndaskoðunarnefnd og að niðurstöður nefndarinnar liggi fyrir. Áður er vikið að undantekningu að því er varðar sjónvarpsdagskrár.

Í 7. gr. eru tekin af tvímæli um skyldu framleiðenda kvikmynda, innflytjenda og dreifingaraðila til þess að sjá um að öll eintök kvikmynda er þeir hafa undir höndum séu rétt merkt að því er varðar mat kvikmyndaskoðunarnefndar. Jafnframt er áskilið að þessir aðilar skuli láta niðurstöður kvikmyndaskoðunarnefndar fylgja auglýsingum og kynningu á kvikmyndunum.

Kvikmyndaskoðunarnefnd á að gefa út a.m.k. tvisvar á ári heildaryfirlit yfir skoðaðar kvikmyndir. Tilgangur með slíkri útgáfu er fyrst og fremst að gera mat skoðunarmanna á sýningarhæfi aðgengilegt almenningi. Rétt er að senda slík yfirlit til fjölmiðla, barnaverndaryfirvalda, lögreglustjóra og annarra hlutaðeigandi aðila. Æskilegt er einnig að gera sérstakt yfirlit yfir þær kvikmyndir sem bannaðar hafa verið.

Í 8. gr. er gert ráð fyrir ótvíræðum reglum um aðgang barna og ungmenna að kvikmyndum í kvikmyndahúsi og afhendingu kvikmynda á myndböndum til barna ef kvikmyndin er bönnuð börnum á þeirra aldri. Því miður virðist nokkur misbrestur á því að þess sé gætt og á það einkum við um myndbandaleigur. Því er í frv. þessu gerð tillaga um skýr ákvæði er lúta að ábyrgð þess sem rekur myndbandaleigu á að framfylgja niðurstöðum kvikmyndaskoðunarnefndar í starfsemi sinni.

9. gr. er efnislega sambærileg við ákvæði fyrri laga um vernd barna og ungmenna og laga um bann við ofbeldiskvikmyndum. Þó er gert ráð fyrir því að eftirlit löggæslu og barnaverndarnefnda verði skipulegra en tíðkast hefur.

Þá er rétt að vekja athygli á því að með frv. þessu er gert ráð fyrir samvinnu kvikmyndaskoðunarnefndar og tollyfirvalda í þeim tilgangi að stemma stigu við innflutningi ofbeldiskvikmynda.

10. gr. þarfnast ekki skýringa að öðru leyti en því að refsiramminn er lækkaður frá því sem nú er og höfð hliðsjón m.a. af 210. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Þá þótti nauðsynlegt að viðhalda heimild til eignaupptöku á ólöglegum kvikmyndum, sbr. 4. gr. laga nr. 33/1983, um bann við ofbeldiskvikmyndum.

Áður hef ég vikið að efni 11. gr. varðandi tölvuleiki þar sem ráðherra er heimilað að setja sérstakar reglur um skoðun svokallaðra tölvuleikja og laga nr. 33/1983, um bann við ofbeldiskvikmyndum.

Hæstv. forseti. Ég hef gert í stuttu máli grein fyrir efni frv. til laga um skoðun kvikmynda og um bann við ofbeldiskvikmyndum og þeim meginforsendum sem að baki frv. liggja. Ég árétta að með frv. þessu er leitast við að breyta í sem minnstu núverandi tilhögun á banni við ofbeldiskvikmyndum og skoðun kvikmynda. Reynslan af starfi Kvikmyndaeftirlits hefur verið góð og nauðsynlegt er að treysta lagagrundvöll þeirrar starfsemi, einkum í ljósi þess mikla ofbeldis sem nú færist í vöxt í kvikmyndum.

Ég leyfi mér, hæstv. forseti, að leggja til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. menntmn. að lokinni þessari umræðu.

[11:51]

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Þetta frv. hefur verið lengi á leiðinni og því verð ég að viðurkenna að það urðu mér töluverð vonbrigði þegar það loksins leit dagsins ljós vegna þess að bæði höfðu verið gefin fyrirheit um að hér yrði gengið lengra og tekið fastar og öruggar á málum og einnig vegna þess að mér sýnist að í sumum tilvikum sé einfaldlega verið að veikja stöðu þessara mála og við megum síst við því hér og nú.

Ég held að sú mikla umræða sem verið hefur um ofbeldi í myndmiðlum af ýmsu tagi staðfesti það svo ekki verði um villst að hér þurfum við einfaldlega að bregðast við miðað við þá breyttu tíma sem eru nú og þetta frv. svarar því ekki. Það eru varla nema eitt eða tvö ár síðan ég spurði hæstv. ráðherra hvað liði framkvæmd þeirrar þáltill. sem samþykkt var vorið 1990, ef ég man rétt, um ofbeldi í myndmiðlum. Þar var gert ráð fyrir því að það yrði tekið myndarlega á þessum málaflokki, en eins og kom fram í máli hæstv. menntmrh. þá er lítið gert. Það er einfaldlega verið að staðfesta ríkjandi ástand og í sumum tilvikum, eins og ég kem nánar að á eftir, er jafnvel verið að stíga skref aftur á bak að mínu mati. Þetta tel ég mjög miður.

Fyrir átta dögum var mikil ráðstefna á vegum Kvenréttindafélagsins sem var afskaplega vel sótt þar sem fjallað var sérstaklega um ofbeldi meðal barna og augum beint að ofbeldi í myndmiðlum sérstaklega. Ég held að það hafi ekki verið tilviljun að flestir sem til máls tóku ef ekki allir voru á einu máli um það að við yrðum að bregðast við þeim tíðindum sem berast bæði hér á landi og annars staðar um vaxandi ofbeldi meðal barna og unglinga þar sem beinlínis er verið að herma eftir atriðum úr slæmum ofbeldismyndum. Því miður eru allt of ung börn að horfa á allt of mikið ofbeldi og ég ætla að bæta því við og vil alls ekki draga úr því að það er allt of eftirlitslaust líka. Þar komum við kannski að öðru máli, en það er styrking fjölskyldunnar og foreldrafræðslu sem er mjög mikilvægur hluti í þessu. Ég vil alls ekki undanskilja foreldraábyrgð en það er staðreynd að margir foreldrar vinna allt of langan vinnudag og í sumum tilvikum er það nauðsynlegt en öðrum ekki. Þetta er sá veruleiki sem börn búa við. Við þurfum að ganga í það mál að breyta því og breyta því þannig að upplausn fjölskyldunnar blasi ekki við.

Við þurfum líka að taka á því sem varðar löggjafann. Fyrir mjög stuttu síðan spurði ég hæstv. dómsmrh. hver væru úrræði t.d. laganna varða ef núgildandi lög um þessi mál væru brotin. Það varð einfaldlega fátt um svör. Og það er ekkert skrýtið vegna þess að það er fátt um úrræði. Það er ekki bætt úr því með þessu frv., því miður.

Í fyrsta lagi sé ég að í frv. er ekki tekið á því sem er kannski það brýnasta. Það er að lögin séu ekki bara stafur á bók, heldur framkvæmanleg og framkvæmd. Ég sé ekki að þau úrræði sem boðið er upp á hér bendi til þess að hægt sé að fylgja málum eftir af fullum þunga. Það er talað um það t.d. að á myndbandamarkaðnum og er það út af fyrir sig vel, sé hægt að gera ofbeldisefni upptækt, en það er fjallað um það í 10. gr. frv. Það er sem sagt hægt að gera upptækar kvikmyndir ef sýning, dreifing og sala fer í bága við ákvæði þessara laga og hið upptæka skal vera eign ríkissjóðs og ég hygg að þetta sé líka myndbandaþátturinn. Einnig er ég mjög ósátt við það að hér skuli vera á ferðinni refsilækkun á ákveðnum stað í 10. gr. Það segir í skýringum við greinina að hún þarfnist ekki skýringa að öðru leyti en því að refsiramminn er lækkaður frá því sem nú er og höfð hliðsjón m.a. af 210. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Ég sé enga ástæðu til þess að stíga þetta skref sem ég tel vera aftur á bak. Nú er ég ekkert sérlega refsiglöð manneskja, en mér þykir það mjög snautleg vinnuaðstaða sem við búum okkar löggæslumönnum ef þeim er einfaldlega ekki gert að hafa neitt sem bitastætt er til að fylgja eftir sínum aðgerðum. Það er nákvæmlega það sem við þekkjum í sumum tilfellum, t.d. í bruggmálum, að það eru svo hlægilega lágar refsingar að menn ganga á lagið aftur og aftur löggæslumönnum til sárrar gremju þar sem þetta beinlínis býður upp á það að menn geti gengið lengra. Það eru ákveðin úrræði til, t.d. leyfissvipting myndbandaleigu ef lög eru brotin ítrekað og mér finnst alveg full ástæða til að íhuga slíkar aðgerðir. Það er gert af minna tilefni að menn missi leyfi. Ég held að ef eldhúsveitingaaðstaða er ekki fullnægjandi, þá megi svipta veitingahúsin rekstrarleyfi. Ég held að ef það er slíkur sóðaskapur í eldhúsi myndbandaleiga að þar sé ofbeldisefni útbært jafnvel börnum þá sé full ástæða til að hreinsa til í því eldhúsi.

Varðandi það að undanskilja sérstaklega kvikmyndaauglýsingar og slíkt efni þá vil ég benda hæstv. ráðherra á það að ég þekki dæmi um og það hefur verið rætt að ofbeldisfyllstu atriði bannaðra kvikmynda hafa verið sýnd sem auglýsingar í miðjum barnatíma á síðdegi á þeim sjónvarpsstöðvum sem börnin okkar horfa á. Þetta finnst mér einfaldlega ekki hægt að bjóða upp á. Ég held að það verði að hugsa sig vel um áður en það er gefið í rauninni frítt spil með augýsingar t.d. Á meðan svona lagað getur gerst og á meðan ekki er tekið á því í þessu frv. þá erum við ekki á réttri leið að mínu mati.

Varðandi 11. gr. og tölvuleikina þá er þar afskaplega veikt ákvæði um heimild ráðherra til þess að setja reglur um skoðun tölvuforrita. Það er vitað að þarna er kannski á ferðinni og mun sjálfsagt í framtíðinni með allri þeirri tækniþróun sem verður vera það sem er háskalegast börnum vegna þess að þar eru þau ekki bara áhorfendur heldur eru þau komin í hlutverk ofbeldismanns í mörgum tilfellum. Ég ætla ekki að fara að rekja þá umræðu sem verið hefur, ég held að hún sé flestum kunn, þar sem smátt og smátt er verið að grafa undan ákveðnum siðferðisviðhorfum sem börnin hafa vonandi úr uppeldi sínu. Þau eru farin að fá samúð með og jafnvel líta á sjálf sig í sporum ofbeldismanns. Þetta getur ekki verið hollt. Því miður flæða þessir leikir nokkuð eftirlitslaust yfir landið. Allir þeir sem eiga börn sem koma nálægt tölvuleikjum og fylgjast með vita að þetta er til staðar. Það er kannski ekki stór hópur sem sækir í þetta en hann er til. Þarna þarf að gera hvort tveggja enn og aftur að styrkja foreldrana í sínu hlutverki og reyna hins vegar með öllum tiltækum ráðum að koma eftirlit á þetta.

Ég er ekki alveg sátt við að það sé einfaldlega vísað í reglugerð. Ég held að reglugerð eigi að vera útfærsluatriði eftir því sem tækninýjungar verða meiri en ég held að reglugerð eigi ekki að vera sá upphafspunktur sem við byrjum á. Ég tel að það þurfi að vera alveg fortakslaust ákvæði um að bæði megi skoða tölvuforrit sem eru á markaði, gera leiki upptæka ef þeir eru skaðlegt og reyna í alþjóðlegu samstarfi að

stemma stigu við því flóði sem því miður dynur á þeim sem tengjast tölvunetum. Jafngóð og þau eru þá eru þau því miður aðgangur og verða það hugsanlega meira í framtíðinni að einhverju slíku. Það þarf að vísu feykilega fullkominn vélbúnað til að þar sé raunverulega um að ræða einhvern virkan aðgang. En engu að síður þurfum við að vera viðbúin þessu. Við lifum í heimi örra tækniframfara og viljum taka þátt í þeim heimi. En við viljum ekki gerast þrælar einhverra óprúttinna sölumanna. Þetta er ósköp einfalt mál. Þetta er áhyggjuefni margra aðila víða um heim og þarna eigum við að beita okkur í alþjóðlegu samstarfi. Alveg eins og við viljum ekki sætta okkur við að sjá eiturlyf flæða yfir heiminn. Þetta er að mínu mati ósköp hliðstætt. Þetta er eitthvað sem grefur undan siðferði og þetta er sameiginleg ábyrgð okkar allra. Þarna eru afskaplega ungir aldurshópar sem geta verið í hættu.

Virðulegi forseti. Þrátt fyrir þessar athugasemdir mínar þá vil ég halda því til haga að sjálfsögðu að það litla sem er í þessu frv. og í núgildandi lögum er af hinu góða. Það er hins vegar mikill veikleiki að ekki skuli vera hægt að fylgja þessu eftir sem skyldi og ég vil gjarnan að við tökum af meiri festu og ábyrgð á þessum málum en fram kemur í þessu frv.

[12:04]

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Ég hafði ekki ætlað mér að tala í þessu máli en er engu að síður kominn hér upp. Eftir að hafa hlustað á ræðu síðasta hv. þm. og sérstaklega hvernig hún byrjaði að Kvennalistinn væri mjög ósáttur og óánægður með þetta frv. þá átti ég nú von á gagnmerkari athugasemdum en fram komu í máli hv. ræðumanns.

Ég hlýt að gera mér vonir um að Kvennalistinn komi með brtt. til að laga þetta frv. og gera það aðgengilegra og sýni þær tillögur þingheimi öllum. Einu athugasemdir sem ég heyrði í máli þingmannsins voru í fyrsta lagi að þingmaðurinn vildi auka refsingar, en sagði samt í næsta orði að hún væri ekki refsiglöð kona. Hinn aðalpunkturinn var kannski sá að banna auglýsingar í sjónvarpi á tilteknum tíma dagsins og hvað yrði þar auglýst og fara að ritskoða það með einhverjum hætti.

Hún minntist líka á það að ofbeldi væri skaðlegt fyrir börn. Við erum öll sammála því að það geti verið mjög skaðlegt og börn apa mikið eftir slíkum hlutum. En ég vil benda á að það ofbeldi sem börn alast kannski hvað mest upp við og hafa alla tíð gert frá því að bæði ég og hv. þm. sem talaði áðan er það ofbeldi sem birtist í teiknimyndunum. Það er það sem börnin alast upp við. Ef menn vilja bara rifja upp vinsælan þátt eins og Tomma og Jenna, þá byggist hann algerlega upp á ofbeldi. Ef menn ætla að fara að loka fyrir ofbeldi þá verða menn að stíga ansi stórt skref sem er mjög erfitt að gera. Þannig að ég bíð nú bara eftir tillögum Kvennalistans og hvernig þær líta út.

Það sem ég kom hér fyrst og fremst upp til að segja er ekki að ræða um Kvennalistann og þeirra skoðanir heldur fyrst og fremst það að ég er í svolitlum vafa um hvernig á að framfylgja ákveðnum þáttum þessara laga. Það er hægt að stýra sýningum ofbeldiskvikmynda í kvikmyndahúsum. Það er lítið mál og er sjálfsagt gert eins og hægt er. En þegar komið er að sjónvarpinu þá held ég að það sé orðið afar erfitt. Við lifum á gervihnattaöld og í húsum hér er fjöldi erlendra sjónvarpsstöðva, sem við höfum engin tök á að sporna við. Þar flæðir ofbeldið inn. Ég er svolítið efins um að við náum nokkurn tímann utan um þetta þó við getum reynt að stýra þessu á einhvern hátt inni í okkar sjónvarpskerfi. Þá held ég að það ætti frekar að reyna að stýra því fyrst og fremst í gegnum sýningartímann því við upplifum það oft að miklar ofbeldismyndir eru t.d. snemma á kvöldi á laugardegi og á eftir þeirri mynd, kannski undir 11 eða um 12-leytið er sýnd einhver fjölskyldumynd og þá eru börnin farin að sofa eða kannski of hrædd til að fara að sofa eftir ofbeldismyndina. Það má því kannski miklu frekar stýra þessu eftir þeim leiðum.

Ég sé ekki alveg og spyr hæstv. ráðherra að því: Hvernig ætla menn að koma í veg fyrir að ofbeldið flæði inn á heimilin á þessari tækniöld sem við lifum í dag? Ég sé ekki hvernig það er hægt. Góður vilji er fínn og gott að reyna að hafa ákveðna stefnu og reyna að fylgja henni eftir en menn verða að gera sér grein fyrir að við lokum ekki ofbeldið úti. Ekki nema við ætlum að einangrast hér algerlega eins og er vissulega stefna ákveðinna aðila.

Á sömu nótum mál segja það í þessum tvískinnungi öllum að við erum að banna ákveðnar tegundir auglýsinga en þær flæða líka inn í landið í gegnum þessar stöðvar. Áfengis- og tóbaksauglýsingar, alla vega áfengisauglýsingar, ég man nú ekki eftir að hafa séð tóbaksauglýsingar. Þær eru á þessum stöðvum og í miklu magni. Þetta er af sama meiði þannig að það er spurningin: Ætla menn að standa í vegi fyrir framþróun tækninnar? Ég held að það sé eina leiðin ef það á að fara að loka þetta af.

Ég tek hins vegar undir með síðasta ræðumanni varðandi refsingarnar að það má hugsanlega beita leyfissviptingu. En ég reikna með að hún sé til staðar í öðrum lögum, væntanlega hegningarlögunum. Það kemur væntanlega í ljós. En það er ekki mikið mál að bæta því inn í þessi lög.

Það var fyrst og fremst þetta með gervihnattasjónvarpið og þann punkt sem ég vildi inna ráðherrann eftir hvernig í ósköpunum við gætum framfylgt slíkri stefnu.

[12:09]

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. síðasti ræðumaður tók af mér ómakið og rakti nokkurn veginn þau úrræði sem ég benti á í ræðu minni. Ég stiklaði á því stærsta. Ég held að leyfissviptingin sé einmitt atriði sem skipti þar máli. Ég þakka honum líka fyrir að benda á þetta varðandi sýningartíma í sjónvarpsstöðvum því það er atriði sem ég get fyllilega tekið undir. Það kom fram að það er ný stefna á annarri stöðinni að taka ofbeldiskvikmyndir framar á dagskrá en fyrr hefur verið. Þetta er nýskeð og er gert til „reynslu" er sagt. Mér finnst þetta alveg óskaplegt í rauninni að við skulum ekki hafa

möguleika á því að meina sjónvarpsstöðum að gera þetta.

Varðandi gervihnattasamstarfið þá tók ég það fram í ræðu minni og ítreka það enn að ég held að þar verðum við að vinna með öðrum þjóðum. Í Bandaríkjunum er mjög öflug umræða um að stemma stigu við ofbeldisefni. Ég á von á að þessi umræða sé að komast á skrið víða í Evrópu, a.m.k. víða í Norður-Evrópu í kjölfarið á þeim atburðum sem þar hafa orðið. Ég held að með sameiginlegu átaki megi gera býsna mikið. Við gerum ekkert einangrað hér með því að fara að loka fyrir eitt eða neitt heldur gerum við þetta í þeim alþjóðlega heimi sem við lifum í. Þannig eigum við að vinna og ég hef trú á því að ef nógu margir taka höndum saman til að vinna að þessu máli þá getum við þetta mjög auðveldlega. En ég bendi á að þorri barna hefur aðgang að sjónvarpsstöðvunum, myndbandaleigunum og kvikmyndahúsunum. Þetta er stærsti hópurinn og þar getum við gert býsna margt. Ég þarf ekki að rekja það því hv. síðasti ræðumaður gerði það. Ég ætla ekki að ganga eins langt eins og hann og banna Tomma og Jenna, en hugmyndin er góð og ég þakka fyrir hana.

[12:11]

Ingi Björn Albertsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta var eiginlega ekki andsvar þetta voru frekar undirtektir við ræðu mína hjá hv. þm. nema kannski það síðasta sem hv. þm. sagði að hún vildi ekki banna Tomma og Jenna. Ég vil þá biðja hv. þm. að koma hér upp og skilgreina ofbeldi fyrir mér og þingheimi. Hvað er ofbeldi í hennar huga eða hennar flokks? Er það eingöngu leikrænt eða má það vera myndrænt og teiknað? Það er alveg sama fyrirmyndin fyrir fólk. Og menn geta horft á tæknina í dag þar sem við getum farið að teikna upp fólk þannig að það þekkist ekki frá lifandi verum. Hver er munurinn í huga hv. þm.? Hver er munurinn á ofbeldi í teiknimyndum eða leiknum myndum? Það er nákvæmlega sama athöfnin sem fer fram.

[12:12]

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það vill svo heppilega til að ég er nýbúin að hlusta tvo fyrirlestra um þessi mál og ég get útskýrt það í fljótu bragði svo að það ofbeldi sem er hættulegast börnum og unglingum samkvæmt skoðun þeirra sérfræðinga sem fjalla um málið er það ofbeldi þar sem þau geta sett sig inn í málið. Þar sem t.d. það er boðberi réttlætisins sem beitir ofbeldi til þess að ná fram réttlæti og að hið góða geti sigrað og þetta sé raunveruleg manneskja sem viðkomandi getur sett sig í spor. Um leið og þetta eru orðnar ævintýrafígúrur eða teiknimyndafígúrur þá kemur ákveðin fjarlægð sem talið er af fagmenntuðu fólki á þessu sviði að sé ekki eins háskalegt þar sem þeir unglingar og krakkar sem eru að horfa á þetta sjá sig ekki alveg sem útflattan kött. Það bara vill svo heppilega til að í Tomma og Jenna virðast börn ekki setja sig eins í spor þeirra. Það eru til heilmiklar rannsóknir um þetta. Mér þótti þetta mjög forvitnilegt og skýra margt varðandi ofbeldi. Hvers vegna ákveðin tegund af ofbeldi þar sem börn og unglingar geta beinlínis séð sig sem góða karlinn að beita ofbeldi í nafni réttlætis þykir það háskalegasta. Þetta hefur sem betur fer verið rannsakað og skoðað og það þykja vera einhverjar tölfræðilegar upplýsingar sem renna stoðum undir þetta mat. Ég er ekki sérfróð á þessu sviði en ég vil koma þessum sjónarmiðum á framfæri. Ekki það að ég vilji verja Tomma og Jenna undir drep en ég þóttist góð að fá nokkrar skýringar á þessu.

Ég skal hins vegar slást í hóp með hv. þm. telji hann þetta grundvallaratriði til að við getum varist ofbeldi.

[12:14]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka ríkisstjórninni fyrir það frv. sem hér liggur fyrir um skoðun kvikmynda og bann við ofbeldiskvikmyndum. Eftir þessu frv. hefur verið beðið ekki síst vegna þeirra voveiflegu atburða sem hafa átt sér stað bæði hér heima og erlendis og sumir tengja við ofbeldi í kvikmyndum og tölvuleiki. Þó því miður sé ekki til mikið af rannsóknum sem sanna að um orsakasamband sé að ræða á milli ofbeldisverka hjá börnum og fullorðnum og þess að horfa á ofbeldismyndir, þá er alveg ljóst að aukið eftirlit getur ekki verið annað en af því góða þó vissulega þurfi sjónarmið um rit- og prentfrelsi einnig að ráða ferðinni.

Þetta frv. er of veikt að mínu mati og vil ég þar sérstaklega vekja athygli á tveimur greinum. Í 11. gr. segir eingöngu að ráðherra sé heimilt að setja reglur um skoðun tölvuleikja sem geyma gagnvirka leiki. Annað er það ekki. Þetta ákvæði og þessi grein um tölvuleiki tryggir alls ekki að nokkuð verði gert og ég legg því til að þessi grein verði gerð sterkari í meðferð menntmn.

Þá vil ég benda á 5. gr. en þar segir að sjónvarpsstöðvar skuli sjálfar annast skoðun kvikmynda sem þær hyggjast sýna á dagskrá sinni enda haft samráð við kvikmyndaskoðunarnefnd.

Ég hef í mínu starfi sem háskólakennari í uppeldis- og menntunarfræði og uppeldissálfræðingur bæði lagt þau verkefni fyrir nemendur mína og gert það sjálf að fylgjast með barnaefni í sjónvarpsstöðvunum, bæði hjá Stöð 2 og ríkissjónvarpinu, og oftar en ekki hef ég þá verið að skoða þetta efni með tilliti til kynjajafnréttis. En í leiðinni kemst maður ekki hjá því að veita því eftirtekt að þarna er mjög mikið að, sem sagt bæði á því sviði en einnig er þarna margt að á sviði ofbeldis. En út af umræðunni hér um Tomma og Jenna, þá held ég að það sé rétt að taka það fram að sumt er auðvitað saklausara en annað í þessum málum en ég held að það sé alveg lágmarkskrafa að kvikmyndaskoðunarnefnd komi að því efni sem snertir börn því mér virðist að það megi vinna þetta verk betur en nú er gert.

Ég vil að lokum taka undir með síðasta ræðumanni sem talaði um að við lifum auðvitað á tölvuöld og við getum engan veginn haft stjórn á öllu því efni sem hingað kemur inn í gegnum gervihnetti og í gegnum svokallað Internet eins og nýsýndur sjónvarpsþáttur

sýndi okkur vel og minna á að í þeim efnum á þessu sviði er auðvitað fyrirbyggjandi starf langmikilvægast. Það er miklu hættulegra fyrir börn að verða vitni að ofbeldi á sínum eigin heimilum því foreldrarnir eru mikilvægustu fyrirmyndirnar. Þannig að kvikmyndirnar geta haft áhrif, við höldum að þær hafi áhrif, við höfum ekki miklar sannanir fyrir því en foreldrarnir eru mjög mikilvægir áhrifaaðilar og þess vegna held ég að það eigi það sama við hér og áðan þegar við vorum að ræða um barnaverndarmálin að það þarf fyrirbyggjandi starf, það þarf foreldrafræðslu og það er langheilladrýgst til að koma í veg fyrir að þessi mál skaði börn og að við þurfum að grípa til þeirra úrræða sem barnaverndarlögin kveða á um. Þess vegna vil ég aukna foreldrafræðslu, aukið fyrirbyggjandi starf en að það sé lágmarkskrafa að fylgst sé með því efni sem börn fá að sjá í þessu þjóðfélagi.

[12:19]

Pétur Bjarnason:

Virðulegi forseti. Aðeins nokkrar athugasemdir um þetta frv. sem hér liggur frammi sem ég held að sé mjög nauðsynlegt að komi fram og reyni að taka á þessum málum eins og mögulegt er að gera en það er auðvitað við allramman reip að draga.

Ég held, eins og komið hefur fram, að einmitt atburðir hérlendis og erlendis á síðustu mánuðum og árum bendi mjög sterklega til þess að sá gerviraunveruleiki, sá brenglaði raunveruleiki sem ofbeldiskvikmyndir skapa hjá börnum og ungmennum ýti mjög undir ofbeldi hjá þeim í hinu daglega lífi. Hér var einmitt minnst á teiknimyndir áðan, ég held að sumu leyti þó þær séu ekki eins raunverulegar þá séu þær mjög varasamar vegna þess að þar er alltaf allt í lagi. Það er hægt að berja mótaðilann í klessu, það er hægt að valta yfir hann og hann rís alltaf upp jafnheill aftur.

Þessi þáttur er mjög varasamur þótt, eins og komið hefur fram, þetta sé ekki tengt við raunveruleikann nákvæmlega þá virðist þetta vera boðskapur sem síast inn að þetta er allt í gamni. Það er ekkert sem gerist. Þetta lagast alltaf aftur og þetta er mjög hættulegt og mjög varasamt og einmitt sú mynd sem kvikmyndin, þessi gerviheimur sem kvikmyndin skapar getur gjarnan skapað.

Ég velti fyrir mér orðinu ofbeldiskvikmynd. Það segir svo í 1. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„„Ofbeldiskvikmynd“ í skilningi laga þessara er kvikmynd þar sem sérstaklega er sóst eftir að sýna hvers kyns misþyrmingar eða hrottalegar drápsaðferðir á mönnum og dýrum.“ — Og síðan er ákvæði um að setja í reglugerð og þetta er auðvitað mat kvikmyndaskoðunarnefndar.

Þetta mat er mjög erfitt og mjög viðkvæmt, jafnnauðsynlegt og ég held að það sé að setja kvikmyndaskoðunarnefnd þá verður að fella í hennar mat það sem gert er þarna og það hefur sýnt sig að slíkt mat er alltaf mjög erfitt, ekki síst í ljósi þess að ofbeldi í kvikmyndum, í myndefni í sjónvarpi hefur mjög aukist, eftir því sem ég best veit og er ekki af hinu góða.

Ég tek undir það sem sagt er í 11. gr.: „Heimilt er ráðherra að setja reglur um skoðun tölvuforrita ...“

Ég held að þetta sé veikt og þarna þurfi að vera ákvæði um að ráðherra setji reglur.

En þá komum við inn á vettvang sem mér sýnist ekki vera tekið á hér sem er afskaplega fróðlegur um leið og hann er mjög uggvekjandi og það eru þessir opnu tölvubankar úti um allan heim og finnast bæði hérlendis og erlendis og þokkalega fingrafimir krakkar sem hafa tileinkað sér tölvutæknina eiga mjög auðvelt með að komast í gegnum og inn í þessa banka hvar sem þeir eru. Nýleg dæmi úr fjölmiðlum hafa sýnt hvílíkur óhugnaður er þar, hvað er þarna að finna. Ég velti fyrir mér hvort það sé nokkur leið í lögum eins og þessum að ná yfir þetta. Ég sé ekki í fljótu bragði neina auðvelda leið til þess. Hins vegar verða menn að gera sér grein fyrir þessum þætti. Þetta er mjög alvarlegur hlutur. Það má kannski segja að munurinn á því sem verið er að leitast við með þessu frv. og þessum atriðum sem ég nefni nú er að auðvitað tekur frv. fyrst og fremst á opinberum þáttum, sýningu þessara mynda hvort sem það er í kvikmyndahúsum, sjónvarpi eða öðrum miðlum. Þannig að það að einstaklingar eða hópar komist í svona upplýsingar er e.t.v. ekki eins alvarlegt en ég held að það geti verið mjög alvarlegt samt. Og einmitt í athugasemd þar sem talað er um að fella saman í heildstæða löggjöf þá finnst mér að þurfi að koma þarna viðbótarákvæði um þessi tölvumál, þessi opnu tölvumál sem þróast að heita má daglega í nýjar og opnari áttir. En að öðru leyti tek ég undir að það er mjög nauðsynlegt að fara að taka á þessum málum og ég vonast til þess að þetta frv. fái vandaða meðferð og nái að taka á þeim að svo miklu leyti sem það er mögulegt.

[12:24]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég kveð mér hljóðs vegna þess að mig langar til þess áður en hæstv. ráðherra tekur til máls að skerpa kannski örlítið spurningar um það sem ýmsir hv. þm. hafa komið að hér, þ.e. dreifing á ofbeldisefni með öðrum hætti en í atvinnuskyni. Mér finnst þetta frv. eiginlega snúast um það hvernig ofbeldisefni er dreift í atvinnuskyni. En það mætti, finnst mér, með góðum vilja þeirra sem dreifa ofbeldi af öðrum ástæðum lesa þetta frv. þannig að það væri leyfilegt og þá er ég ekki bara að tala um tölvuleiki og annað því um líkt eða möguleika á því að komast inn í tölvubanka heldur líka móttaka efnis úr gervihnöttum og við skulum bara segja klúbbastarfsemi í kringum þannig móttöku eða einhver önnur starfsemi sem er auðvitað þekkt hér og menn hafa þurft að glíma við áður þegar menn hafa viljað fara á bak við reglur og lög. Mér finnst að hæstv. ráðherra ætti að fara fáeinum orðum um það hvernig hann sér fyrir sér eftirlit með slíkri starfsemi sem er meira en hugsanleg því við vitum auðvitað að hliðstæð starfsemi hefur stundum komið upp í þjóðfélaginu.

Annars vil ég þar fyrir utan taka jákvætt undir það sem hér er verið að gera. Ég held að þrátt fyrir að það sé kannski ekki hægt að trúa því að okkur takist að koma alfarið í veg fyrir dreifingu á ofbeldiskvikmynd-

um þá sé a.m.k. óverjandi annað en að reyna að hafa uppi einhverja tilburði til þess að draga úr þeim. Þess vegna held ég að það sem hæstv. ráðherra er hér að gera og ríkisstjórnin með því að leggja þetta frv. fram sé jákvætt og ég vil taka undir það en ég geri ráð fyrir því að í hv. nefnd verði kannski til einhverjar tillögur til þess að skerpa á því sem hér hefur verið talað um. En fyrst og fremst kom ég hér í ræðustól til að biðja hæstv. ráðherra að gera okkur grein fyrir því, því það hlýtur að hafa komið til umræðu við undirbúning þessa máls, hvernig menn sjá fyrir sér eftirlit og það hvernig megi koma í veg fyrir að það sé einhvers konar aðgangur að þessu sem ég var að tala um áðan, bæði í gegnum tölvukerfi og gervihnetti. Kannski verður spurningin skýrari ef ég spyr: Hvers vegna er ekki í þessum lagatexta lagt blátt bann við að sýna eða taka á móti slíku efni þannig að ef einhver kærir slíkt þá hafi hann a.m.k. skýran lagatexta til að vitna í?

[12:28]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka þeim hv. þm. sem hafa talað um þetta frv. Þótt vonbrigða hafi gætt hjá sumum þá lít ég svo á að undirtektar séu mjög jákvæðar. Þær athugasemdir sem hér hafa komið eru í þá átt að skerpa frekar á ákvæðum frv. þannig að betur verði tryggt að komið verði í veg fyrir sýningar á hvers konar ofbeldi. Ég vil taka það skýrt fram að síst hefði ég á móti því ef menn sjá aðrar leiðir en greint er frá í frv. og sem menn hafa trú á að betur næðu þeim tilgangi sem við áreiðanlega öll stefnum að.

Ég vil aðeins segja varðandi 11. gr. sem hér hefur nokkuð komið til umræðu þar sem ráðherra er heimilað að setja reglur um skoðun tölvuforrita að þetta heimildarákvæði er fyrst og fremst sett vegna þess að menn sjá ekki alveg út yfir það hvernig þessu eftirliti verður komið við. Það er einu sinni svo að við sjáum það ekki og þess vegna er ekki hægt að festa það frekar í lög en hér er ráðgert með þessu frv. með eftirliti yfirleitt, þess vegna er því haldið opnu, að ráðherra hafi heimild til þess að útfæra þetta frekar í reglugerð. Hvort þarna eigi að leggja skylduna á ráðherrann vegna skoðunar tölvuforrita, ég skal ekki kveða neitt upp úr um það, það má vel vera að það sé rétt að skylda ráðherrann til þess að setja reglur einnig um skoðun tölvuforrita. Ég vænti þess að hv. menntmn. skoði það frekar.

Ég get því miður ekki svarað því hvort í öðrum lögum og þá í hegningarlögum sé heimild til þess að svipta menn leyfi til reksturs myndbandaleiga. Ef það er ekki finnst mér einnig koma mjög vel til greina að fella það ákvæði inn í þessa löggjöf. Það vildi ég gjarnan láta skoða þá einnig frekar.

Það er alveg ljóst að ákveðin vandkvæði eru á því að loka fyrir alla þá möguleika sem eru fyrir hendi á tækniöld til þess að dreifa sjónvarpsefni sem börnum og unglingum er ekki hollt að horfa á og þar held ég að við verðum að treysta einmitt á fjölskylduna. Ég tek undir það sem hv. þm. Guðný Guðbjörnsdóttir sagði um nauðsyn á aukinni foreldrafræðslu. Ég held að það sé afar mikilvægt einmitt vegna þessa að við sjáum ekki hvernig við getum komið alfarið í veg fyrir sýningar á ofbeldismyndum. Við ráðum ekki þar alveg við tæknina.

Eins og ég hef sagt er vandratað meðalhófið í þessu. Menn segjast ekki vera refsiglaðir en vilja samt auknar refsingar. Menn segjast ekki vilja ritskoðun en vilja þó ganga lengra en hér er gert og þetta verða menn að hafa í huga þegar ákvæði um þessi efni eru fest í lög. Ég hef verið spurður bæði af hv. þm. Inga Birni Albertssyni og hv. þm. Jóhanni Ársælssyni hvernig ég sæi eftirlitið fyrir mér. Ég viðurkenni að við sjáum ekki út fyrir alla þá möguleika sem kunna kannski að vera við eftirlitið og þess vegna verður að vera opin leið fyrir ráðherrann að setja ákvæði um slíkt í reglugerð. Það er það sem þetta frv. heimilar og leggur áherslu á.

Hv. þm. Guðný Guðbjörnsdóttir nefndi líka ákvæði 5. gr. um að sjónvarpsstöðvarnar, sem hafi leyfi til útvarps, annist sjálfar skoðun kvikmynda sem sýna á í dagskrá, vel að merkja að höfðu samráði við kvikmyndaskoðunarnefnd. Ég legg líka áherslu á síðari málslið þessarar greinar sem segir að menntmrh. geti þó ákveðið að tiltekin kvikmynd skuli skoðuð af kvikmyndaskoðunarnefnd. Ég held að það verði að leggja þá skyldu á sjónvarpsstöðvarnar að kvikmyndaskoðunarnefndin sé ekki skyldug til þess að skoða allt sem sýna á í sjónvarpsstöðvunum heldur verði að treysta á sjónvarpsstöðvarnar sjálfar og leggja ákveðnar skyldur á herðar þeirra.

Ég vil svo aðeins í lokin taka undir það sem hefur komið fram hjá einstaka ræðumönnum en það er með sýningartímann hjá sjónvarpsstöðvunum á ofbeldismyndum ef menn telja nauðsyn á að halda áfram að halda áfram að sýna þær sem er nú mál út af fyrir sig. Ef á að sýna slíkar myndir í sjónvarpsstöðvum tel ég alveg tvímælalaust að það eigi að velja þann tíma sem líklegri er að börn og unglingar séu gengin til náða. Vel má vera að ástæða sé til að setja slík ákvæði í lög, ég skal ekki útiloka það, og mér sýnist rétt að það atriði verði einnig athugað í hv. menntmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lyfjalög, 1. umr.

Frv. heilbr.- og trn., 221. mál (lyfsala dýralækna, eftirlit, hámarksverð o.fl.). — Þskj. 256.

[12:35]

Frsm. heilbr.- og trn. (Gunnlaugur Stefánsson):

Virðulegur forseti. Frv. þetta er flutt af heilbr.- og trn. í kjölfar umræðu um framkvæmd ákvæða um lyfsölu dýralækna í lyfjalögum, nr. 93/1994, sem öðluðust gildi 1. júlí sl. Frv. er fyrst og fremst ætlað að taka af öll tvímæli um það að dýralæknum sé heimilt að selja dýralyf frá starfsstofu sinni en við umfjöllun nefndarinnar um frv. til lyfjalaga í vor kom ekki fram

að ætlunin væri að takmarka rétt dýralækna að þessu leyti.

Heilbr.- og trn. hefur fjallað ítarlega um málið og leitað álits heilbr.- og trn., yfirdýralæknis, Lyfjaeftirlits ríkisins, Dýralæknafélags Íslands, Stéttarsambands bænda og Samkeppnisstofnunar. Í starfi sínu hafði heilbr.- og trn. að leiðarljósi að lagaákvæði um lyfsölu dýralækna yrðu þannig úr garði gerð að þeir sem eiga að vinna á grundvelli þeirra og njóta þjónustu samkvæmt þeim telja lögin þjóna tilgangi sínum. Við undirbúning frv. þessa komu upp ýmis álitaefni, einkum varðandi það hvort heimild til lyfsölu dýralækna stæðist ýmis grundvallaratriði lyfjalaga, nr. 93/1994, og ákvæði annarra laga, svo sem samkeppnislöggjafar. Fram kom í áliti Samkeppnisstofnunar að lyfsala dýralækna sýndist ekki samrýmast þeirri hugsun sem væri að baki 2. mgr. 21. gr. lyfjalaga sem hljóðar svo:

„Starfandi læknar, tannlæknar og dýralæknar mega ekki vera eigendur, hluthafar eða starfsmenn lyfjabúða."

Heilbr.- og trn. leggur því til að bætt verði við 2. mgr. 21. gr. laganna nýjum málslið til samræmis við þá breytingu sem lögð er til í 3. gr. frv. þessa þannig að í ákvæðinu segi að um lyfsölu dýralækna gildi 5. mgr. 30. gr. Þá bendir nefndin á að jafnframt komi fram í áliti Samkeppnisstofnunar að byggðasjónarmið kynnu að réttlæta undantekningu varðandi lyfsölu dýralækna.

Hv. heilbr.- og trn. telur eftir að hafa kynnt sér sjónarmið þeirra sem hér eiga hagsmuna að gæta að hinar sérstöku aðstæður sem eru í dreifðum byggðum landsins réttlæti að gerð verði undantekning á. Því leggur nefndin til að dýralæknunum verði veitt sú heimild til lyfsölu sem héraðsdýralæknar höfðu áður skv. 58. gr. laga nr. 76/1982, um lyfjadreifingu. Á hinn bóginn leggur nefndin til að gerðar verði nokkrar takmarkandi breytingar og með því verði að nokkru leyti vegið upp á móti þeirri heimild sem opnuð er fyrir lyfsölu dýralækna. Þær breytingar eru sem hér segir:

1. Lagt er til að í 11. gr. laganna verði kveðið á um að yfirdýralæknir hafi eftirlit með ávísunum dýralyfja, en ekkert slíkt ákvæði er í lyfjalögum nr. 93/1994.

2. Lagt er til að bætt verði við 30. gr. laganna ákvæði þar sem kveðið er á um heimild til hæstv. heilbr.- og trmrh. í samráði við yfirdýralækni til setningar reglugerðar þar sem kveðið er nánar á um ýmis atriði varðandi lyfsölu dýralækna, m.a. um eftirlit.

3. Lögð er til sú grundvallarbreyting að verð á öllum dýralyfjum, einnig þeim sem seld eru án lyfseðils, verði háð ákvörðun lyfjaverðsnefndar. Með því er talið tryggt að dýralæknar geti ekki haft óeðlilega mikla hagsmuni af sölu dýralyfja en slík staða hefði getað skapast, einkum þar sem samkeppni er lítil sem engin.

Að lokum skal þess getið að Samkeppnisstofnun gerði í áliti sínu til nefndarinnar athugasemd við samkeppnisstöðu dýralækna annars vegar og lyfsala hins vegar, sbr. 24. gr. lyfjalaga nr. 93/1994, þar sem segir m.a.:

„Lyfsölum er skylt að hafa á boðstólum lyf sem selja má hér á landi, hafa hæfilegar lyfjabirgðir miðað við ávísanir þeirra lækna, tannlækna og dýralækna sem starfa á viðkomandi svæði og útvega þau lyf sem ekki er að finna í birgðum þeirra svo fljótt sem auðið er."

Varðandi þetta atriði vill hv. heilbr.- og trn. taka fram að ákvæðin gera ráð fyrir að skylda lyfsala markist af lyfjaávísunum. Þannig hljóta aðstæður á hverjum stað að vera grundvöllur þeirrar skyldu sem hér er lögð á herðar lyfsölum og þar sem dýralæknar hafa á hendi sölu dýralyfja gegn álagningu verður að gera ráð fyrir að þeir haldi sjálfir þær birgðir sem nauðsynlegar eru. Héraðsdýralæknar hafa auk nokkurra almennra dýralækna hingað til haft með höndum sölu dýralyfja og virðast ekki hafa komið upp vandkvæði að þessu leyti í framkvæmd. Fyrir liggur að samstarf lyfsala og dýralækna hefur hins vegar mótast eftir aðstæðum á hverjum stað. Hv. heilbr.- og trn. telur því að það frv. sem hér er lagt fram stríði ekki gegn ákvæðum 24. gr. lyfjalaga. Nefndin vill hins vegar benda á að ákvæði samkeppnislaga, nr. 8/1993, gilda um viðskipti almennt og þar á meðal um lyfsölu. Ef upp kunna að koma einstök tilvik á einhverju sviði lyfsölu þar sem aðstæður eru slíkar að viðskipti eru talin brjóta í bága við ákvæði samkeppnislaga gilda viðurlög þeirra laga um þau tilvik.

Virðulegur forseti. Hér erum mjög vandmeðfarið mál að ræða. Hv. heilbr.- og trn. tók þetta mál upp sl. sumar, hefur fjallað um það á allmörgum fundum og farið ítarlega yfir allar hliðar og þætti þess. Það varð að lokum niðurstaða nefndarinnar að leggja fram frv. til laga er innheldur þær breytingar er ég hef nú gert grein fyrir. Ég vil taka fram að hv. þm. Guðrún J. Halldórsdóttir, Lára Margrét Ragnarsdóttir, Margrét Frímannsdóttir og Sigríður A. Þórðardóttir standa að þessu frv. með fyrirvara.

Að lokinni 1. umr. legg ég til að málið verði sent hv. heilbr.- og trn. og til 2. umr.

[12:43]

Lára Margrét Ragnarsdóttir:

Hætv. forseti. Eins og fram kemur í greinargerð með frv. því sem hér er til umfjöllunar geri ég ásamt þremur öðrum nefndarmönnum í hv. heilbr.- og trn. fyrirvara við afgreiðslu málsins og mun ég hér gera grein fyrir því sem býr að baki fyrirvara mínum.

Lyfjalög nr. 93/1994, sem gengu að hluta til í gildi 1. júlí sl., spanna flókið svið og mjög tæknilegt og byggja á afar mikilli sérþekkingu. Hinum nýju lögum er ætlað að leysa af hólmi tvo eldri lagabálka, lög um lyfjadreifingu, nr. 76/1982, og lyfjalög, nr. 108/1984. Sú breyting sem nú er að líta dagsins ljós hefur verið í undirbúningi frá árinu 1991 og var til umfjöllunar á tveimur þingum. Eitt af meginmarkmiðum með nýjum lyfjalögum er að auka frelsi í lyfjadreifingu, lækka lyfjaverð og þar á meðal lyfjakostnað hins opinbera með aukinni samkeppni. Þá var við smíði laganna tekið mið af fjölmörgum tilskipunum ESB um lyfjamál sem gilda á hinu Evrópska efnahagssvæði. Lögin í heild sinni eru ekki til umfjöllunar hér en ég vil með þessum orðum aðeins undirstrika hve viðamiklar breyt-

ingar eru á ferðinni.

Fljótlega eftir gildistöku hinna nýju lyfjalaga í sumar kom í ljós ágreiningur um túlkun ákvæða um lyfsölu dýralækna. Voru menn ekki á einu máli um það hvort hin nýju lög takmörkuðu rétt dýralækna til lyfsölu frá því sem áður gilti. Dýralæknar og bændur telja að túlkun heilbr.- og trmrn. á lögunum leiði til þess að þjónusta við bændur skerðist. Ég styð því afgreiðslu þessa frv. þar sem ég vil tryggja að bændur búi ekki við lakari þjónustu að þessu leyti en þeir gerðu á grundvelli eldri laga. Ég tel að þær breytingar sem hér eru til lagðar bæti að mörgu leyti núgildandi lög og þau lög sem áður giltu. Vil ég þó einkum benda á ákvæði sem gera ráð fyrir auknu eftirlit með sölu á dýralyfjum.

Ég geri hins vegar fyrirvara þar sem ég tel að við umfjöllun um málið hafi komið í ljós að ýmis atriði varðandi lyfsölu dýralækna hafa hingað til verið óljós. Það vakti t.d. athygli mína að í lögum um lyfjadreifingu, nr. 76/1982, var talsverð mótsögn. Í 5. gr. laganna sagði að starfandi læknar, tannlæknar og dýralæknar mættu hvorki vera eigendur né starfsmenn lyfjabúða. En í 58. gr. laganna var hins vegar kveðið á um lyfsölu dýralækna og hljóðaði kvæðið svo, með leyfi forseta:

„Lyfjabúðir og lyfjaútibú skulu hafa á boðstólum algengustu dýralyf miðað við þarfir í hverju lyfsöluumhverfi. Héraðsdýralæknum er einnig heimilt að annast sölu dýralyfja og skulu þeir fá lyfin keypt hjá lyfjaheildsölum eða hjá Tilraunastöðinni á Keldum.

Þar sem héraðsdýralæknir situr en ekki er lyfjabúð eða lyfjaútibú á staðnum þá skal hann hafa í umdæmi sínu á hendi sölu dýralyfja sem hann kaupir frá lyfjaheildsölu, lyfjabúð eða hjá Tilraunastöðinni á Keldum."

Með öðrum orðum, þrátt fyrir að dýralæknar mættu hvorki vera eigendur né starfsmenn lyfjabúða þá var þeim samkvæmt sömu lögum ekki einungis heimilt heldur í vissum tilvikum skylt að annast sölu dýralyfja. Fyrir liggur að þeir starfræktu lyfjasölu og höfðu jafnvel starfsmenn á launum við að afgreiða dýralyf. Þá er það ekkert launungarmál að þegar samið hefur verið um launakjör héraðsdýralækna hefur verið tekið tillit til þess ágóða sem þeir hafa haft af sölu dýralyfja.

Ég vil hins vegar benda á að ég hef við umfjöllun um það mál sem hér er til umræðu m.a. komist að því að almennir dýralæknar hafa, þrátt fyrir afdráttarleysi framangreinds ákvæðis í lögum, í einhverjum mæli haft með höndum sölu dýralyfja. Samkvæmt upplýsingum frá Lyfjaeftirliti ríkisins hófst sú þróun án þess að eftirlitinu væri kunnugt um það. Ég hefði því kosið að framkvæmd lyfsölumála dýralækna hingað til og þá m.a. þáttur lyfsölu í kjörum þeirra hefði verið kannaður ítarlega. Í því sambandi vil ég að skýrt komi fram að ég er þeirrar skoðunar að læknar og dýralæknar eigi ekki að hafa hagsmuni af sölu lyfja og ég tel það vera eitt af grundvallaratriðum í lyfjalöggjöf. Jafnframt hefði ég viljað grandskoða heildarmynd lyfsölunnar, þ.e. lyfsölu lyfjabúða og samspil hennar og sölu dýralækna á dýralyfjum bæði hingað til og eins hvernig menn sjá fyrir sér framkvæmd þessara mála í framtíðinni. Ég hefði talið mikilvægt að kannaðar yrðu ofan í kjölinn afleiðingar opnunar fyrir lyfjasölu dýralækna umfram það sem hingað til hefur gilt.

Fram hefur komið í undirbúningi þessa máls að góð sátt hefur verið um það fyrirkomulag sem ríkt hefur hingað til og dýralæknar annars vegar og apótekarar hins vegar virðast hafa mótað lyfsölu með tilliti til hvors annars eftir aðstæðum á hverjum stað. Ég hefði gjarnan viljað að afstaða apótekara til lyfsölu dýralækna hefði verið könnuð sérstaklega. Þá vil ég sérstaklega benda á athugasemdir Samkeppnisstofnunar sem formaður rakti í framsögu sinni — hefði ég gjarnan viljað skoða lyfsölumálin í heild með tilliti til samkeppnislöggjafarinnar og teldi ég það verðugt viðfangsefni fyrir Samkeppnisstofnun í náinni framtíð.

Í umræðu um þessi mál í hv. heilbr.- og trn. kom fram það sjónarmið að hagsmunatengslin gætu víða leynst á þessu sviði þjónustu og ég tel fulla ástæðu til að skoða þetta svið gaumgæfilega.

Ég vil að lokum segja að ég tel, þrátt fyrir það sem að framan segir, að vel hafi til tekist með þær breytingar sem nefndin leggur nú fram út frá því sjónarmiði að bændur njóti fullnægjandi þjónustu á þessu sviði sem fyrr og ég tel mikilvægt að þær nái fram að ganga sem fyrst. Ég vil enn fremur leggja áherslu á að ég tel að Alþingi eigi óhikað að eigin frumkvæði að velta fyrir sér endurskoðun á gildandi löggjöf ef fram koma upplýsingar sem benda til að eitthvað megi betur fara og á það þá jafnt við um nýsett lög sem og eldri löggjöf.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Þar sem fjórir hv. þm. eru nú á mælendaskrá sýnist forseta skynsamlegast að fresta umræðunni þar til eftir að hlé hefur verið gert á fundinum og utandagskrárumræðu, sem fer fram milli klukkan hálftvö og tvö. Málið verður þá tekið upp aftur kl. tvö.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 12:52]

Útbýting þingskjals:

Samskipti LÍN og stúdenta í Þýskalandi, 146. mál, svar menntmrh., þskj. 271.

Umræður utan dagskrár.

Skýrslur háskólans um EES og ESB.

[13:33]

Tómas Ingi Olrich:

Virðulegi forseti. Þann 4. mars sl. ákvað ríkisstjórnin að biðja nokkrar stofnanir Háskóla Íslands að gera úttekt á því hvaða þýðingu það hefði fyrir Ísland í fyrsta lagi að standa utan ESB með hliðsjón af væntanlegri aðild annarra EFTA-ríkja og miðað við viðskiptakjör EES-samningsins, að þau yrðu óbreytt og í öðru lagi að gerast aðili að Evrópusambandinu. Það

var gert ráð fyrir því í samþykkt ríkisstjórnarinnar að Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands skoðaði áhrif á utanríkis- og varnarmál, Félagsvísindastofnun liti á áhrif á pólitíska ákvarðanatöku, Hagfræðistofnun Háskóla Íslands átti að kanna almenn efnahagsleg áhrif, m.a. á samkeppnisstöðu atvinnuveganna, Lagastofnun bar að gera úttekt á áhrifum á fullveldishugtakið og að lokum var ætlast til þess að Sjávarútvegsstofnun Háskóla Íslands kortlegði afleiðingar sameiginlegrar fiskveiðistefnu Evrópusambandsins og áhrif á sjávarútveginn.

Fjórar af þessum skýrslum hafa verið sendar utanrmn., þar af ein merkt bráðabirgðaskýrsla og trúnaðarmál, en boð bárust utanrmn. um að skýrsla Hagfræðistofnunar væri ekki fullfrágengin.

Virðulegi forseti. Þegar borin eru saman samþykkt ríkisstjórnarinnar þann 4. mars og þau efnistök sem fram koma í tveimur af þessum skýrslum kemur í ljós að þær fjalla ekki um það sem ríkisstjórnin bað um. Í samþykkt ríkisstjórnarinnar var gert ráð fyrir því að Sjávarútvegsstofnun kortlegði afleiðingar sameiginlegrar fiskveiðistefnu Evrópusambandsins og áhrif á sjávarútveginn. Í skýrslu Sjávarútvegsstofnunar Háskóla Íslands er ekki fjallað um þennan þátt málsins. Skýrslan fjallar um þróunarsjóði ESB, möguleika Íslands til að njóta styrkja Evrópusambandsins og samkeppnisstöðu Íslands gagnvart Noregi. Í skýrslunni er ekki gerð nein tilraun til að meta afleiðingar sameiginlegrar fiskveiðistefnu Evrópusambandsins á íslenskan sjávarútveg, stjórn Íslendinga á auðlindinni og nýtingu hennar eða áhrif Evrópusambandsaðildar á eignarhald Íslendinga á fiskiskipaflota og fiskvinnslu.

Það vekur mikla athygli að í skýrslunni skuli þannig sneitt hjá meginvanda Evrópusambandsaðildar fyrir Íslendinga en athyglinni beint að styrkjum Evrópusambandsins, rétt eins og ríkisstjórninni, Alþingi og þjóðinni sé mest í mun að geta metið raunhæft möguleika á því að njóta styrkjakerfis sambandsins.

Þegar erindisbréf utanrrn. til Háskóla Íslands eru skoðuð kemur í ljós að þar er hlutverk Sjávarútvegsstofnunar takmarkað við þetta viðfangsefni. Í bréfinu segir orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Stofnunin er beðin að leggja sérstaka áherslu á styrkjakerfi Evrópusambandsins í sjávarútvegi og áhrif á samkeppnisstöðu Íslands gagnvart Noregi."

Svipuð áhersla er lögð á styrkjakerfi ESB í erindi til Hagfræðistofnunar. Af þessu verður ekki annað séð en að utanrrn. hafi breytt áherslumálum ríkisstjórnarinnar. Það er því óhjákvæmilegt að hæstv. utanrrh. sé inntur eftir því hvers vegna samþykkt ríkisstjórnarinnar var þannig breytt, hvort það var gert í samráði við hæstv. forsrh. og hæstv. sjútvrh. Það verður að teljast í hæsta máta sérkennilegt að nú þegar þjóðin er að byrja að rétta úr kútnum eftir langt stöðnunar- og samdráttartímabil, að nú þegar þjóðin hefur fært miklar fórnir til að ná stöðugleika í efnahagsmálum og fóta sig til nýrra átaka í atvinnumálum, að nú þegar markvisst hefur verið unnið að því að losa íslensk fyrirtæki út úr opinberu styrkjakerfi, þá skuli hæstv. utanrrh. leggja sérstakt kapp á að kalla fram möguleika Íslendinga á því að njóta styrkja ESB á sviði sjávarútvegs og að telja það vera forgangsverkefni, en víki til hliðar því verki sem honum var falið að varpa ljósi á með aðstoð Háskóla Íslands, þ.e. áhrif sameiginlegrar sjávarútvegsstefnu ESB á undirstöðuatvinnuveg þjóðarinnar, vald okkar yfir meginauðlind okkar og eignarhald okkar á fiskiskipaflota þjóðarinnar.

Eitt af megin markmiðum Íslendinga í utanríkismálum hefur jafnan verið að tryggja okkur viðskiptafrelsi á mikilvægustu markaðssvæðum okkar. ESB var stofnað sem bandalag um viðskiptafrelsi, um sameiginlegan markað. Það hefur hins vegar þróast yfir í að verða stórbrotin tilraun til kjarajöfnunar í Evrópu. Það hefur ekki reynst þess megnugt að rífa sig út úr styrkjakerfi í landbúnaði og sjávarútvegi. Evrópusambandið hefur stundað uppbyggingarstarf á félagslegum forsendum í Suður-Evrópu og fram undan eru gríðarleg verkefni á sviði félagslegrar uppbyggingar í Mið- og Austur-Evrópu. Það veldur mér verulegum áhyggjum að utanrrh. Íslands hæstv. virðist hafa meiri áhuga á jöfnunarstyrkjum og millifærslukerfi Evrópusambandsins, á félagslegum markmiðum Evrópusambandsins, en á viðskiptafrelsi. Hann hefur jafnvel meiri áhuga á millifærslukerfinu en á sjálfstæði þjóðarinnar og stjórn á auðlindum okkar, sem eru þó uppspretta lífskjara okkar og efnahagslegs sjálfstæðis.

[13:38]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Ég verð að viðurkenna að mér er ekki alveg ljóst hvað vakir fyrir hv. þm. með þessari umræðu og þá sérstaklega í ljósi þess að ef eitthvað þykir óupplýst varðandi vinnu stofnana háskólans að beiðni ríkisstjórnar þá hefur hæstv. menntmrh. þegar gefið skriflegt svar við ítarlegum fyrirspurnun hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar í því efni og fáu við það að bæta.

Að sjálfsögðu er algjörlega út í hött að fara að ræða hér eitthvað efnislega um þróun Evrópusambandsins í þessari umræðu, enda getur það nú naumast verið tilgangurinn. En málið er ekkert mjög flókið. Eins og fram kom í máli fyrirspyrjanda þá gerði ríkisstjórnin sína samþykkt þann 3. mars, eins og hann fór með, og í framhaldi af því, daginn eftir, skrifaði utanrrn., sem framkvæmdaaðili, þessum fimm stofnunum, Alþjóðamála-, Félagsvísinda-, Hagfræði-, Sjávarútvegs- og Lagastofnun, kom á framfæri samþykkt ríkisstjórnarinnar, og óskaði eftir því að þessar stofnanir tækju verkið að sér. Í framhaldi af því fóru að sjálfsögðu fram samtöl sem síðan leiddu til formlegrar verkbeiðni. Þetta er í marsmánuði og formleg bréf eru í byrjun maí. Þannig hafa þessar stofnanir síðan haft maí, júní, júlí og ágústmánuð og fram í september til þess að skila. Að vísu var ætlast til þess að þær skiluðu fyrr, um mitt sumar, en bæði var að það kom sameiginlega fram í máli forsvarsmanna stofnananna að þeim þóttu litlir fjármunir og tíminn takmarkaður. Niðurstaðan varð sú að stofnanirnar skiluðu yfirleitt, þær sem hafa skilað, í lok september. Þannig skiluðu Alþjóðamálastofnun, Félagsvísindastofnun og Hagfræðistofnun ályktunum sínum í lok september en Sjávar-

útvegsstofnun þann 26., en tók fram að það væru drög og stimplaði sjálf sem trúnaðarmál.

Utanrrn. kom þessum skýrslum á framfæri jafnóðum til ráðherra í ríkisstjórn og þann 30. sept. til utanrmn. þar sem þær hafa getað verið til umfjöllunar.

Það þarf að taka fram tvennt í þessu sambandi: Lagastofnun hefur engu skilað og ég hef engar upplýsingar um áform hennar um það. Að því er varðar sjávarútveginn sem mér fannst vera aðalatriðið í máli hv. þm. þá er rétt að taka það fram að samþykkt ríkisstjórnarinnar hljóðaði upp á þetta: Sjávarútvegsstofnun kortleggi afleiðingar sameiginlegrar fiskveiðistefnu ESB og áhrifa á sjávarútveginn. Hún fékk 500 þús. kr. til þessa verks.

Í samtölum við forsvarsmenn stofnunarinnar kom það fram að þeir treystu sér einungis til þess á þessum tíma og miðað við þessa fjármuni að gera skýrslu um afmarkaða þætti málsins. Í ljósi þess er óskað eftir verklýsingu frá Sjávarútvegsstofnun og hún hljóðaði upp á eftirfarandi:

1. Fiskveiðistefnu ESB, fyrirætlun og framkvæmd.
2. Áhrif inngöngu eða ekki inngöngu með tilliti m.a. til reynslu Norðmanna.
3. Stuðningssjóði ESB í sjávarútvegi.

Síðan markaðsaðgang og núverandi EES-samning, sameiginlegan fjármagnsmarkað og eignarhald og fjárfestingar í íslenskum sjávarútvegi. Þetta er verklýsingartillaga stofnunarinnar sjálfrar en hún tók það fram að hún treysti sér ekki á tilsettum tíma og með þessum fjármunum að vinna nema hluta verksins.

Niðurstaðan varð sú að hún tók að sér þrjá fyrrgreindu þættina.

Ef menn eru óánægðir með efnistök í skýrslunni eða það hvað hún hefur gert þá er það sérmál en henni var vissulega falið að fjalla um fiskveiðistefnu ESB og áhrif inngöngu í ljósi þess.

Þannig að ég vísa því á bug að í samtölum eða fyrir milligöngu utanrrn. hafi hún verið beðin að gera eitthvað annað en ríkisstjórnin samþykkti.

Að því er varðar síðan umræður og upplýsingagjöf þá vil ég einfaldlega taka fram eftirfarandi:

Það var svo alveg frá upphafi að það var ekki í huga utanrrn. að það yrði einhver kynningaraðili að þessum skýrslum. Sjálfsagt er að þær fari sinn eðlilega farveg, þ.e. til ríkisstjórnar. Ríkisstjórnin hefur ekki lokið umfjöllun um málið og hefur ekki fengið allar skýrslurnar í hendur, það vantar a.m.k. Lagastofnunina, og endanleg skil frá Sjávarútvegsstofnun.

Síðan er málið til umfjöllunar í utanrmn. Þá spyrja hv. þm.: Hvers vegna er þessu máli ekki dreift til þingsins? Við sömdum ekki við þessar stofnanir um að hafa um það milligöngu. Það eru þessar stofnanir sem bera ábyrgð á þessari fræðilegu umfjöllun, þetta eru ekki stjórnsýsluskýrslur og við höfum skrifað þeim sérstaklega að þegar þeir hafa lokið sínu verki og þetta er búið að vera svona lengi í umfjöllun nefnda, þá eigi þeir að hafa óbundnar hendur af því að kynna sjálfir sínar skýrslur sem þeir bera fræðilega ábyrgð á. Það er ekki stjórnvalda út af fyrir sig að gera það. (Forseti hringir.)

Það er örstutt athugasemd — að því er varðar skýrslu Hagfræðistofnunar háskólans. Mér bárust um það upplýsingar í nóvember að hún væri enn í vinnslu af hálfu stofnunarinnar. Það var mér ekki kunnugt um áður.

Síðan er vikið að því af hverju alþýðuflokksfélögin hafi efnt til fundar um málið. (Forseti hringir.) Um það mál er ekkert annað að segja en það að leitað var til þessara forsvarsmanna um það að koma fram á opinberum fundi, það var þeirra ákvörðun og þeirra ábyrgð hvort þeir gerðu það eða ekki.

[13:44]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Það er greinilega stóralvarlegt ásökunarefni sem hér er borið fram á hæstv. utanrrh. og greinilegur trúnaðarbrestur í stjórnarliðinu gagnvart honum vegna meðferðar þessara mála. Þetta er nánast yfirlýsing um vantraust á meðferð utanrrh. á málefnum sem ákveðin eru í ríkisstjórninni.

Ég ætla svo að segja um þetta mál að mér finnst það ákaflega niðurlægjandi fyrir þingmenn að sjá auglýsta fundi og sagt frá fundum þar sem verið er að kynna og segja frá skýrslum af þessu tagi og hafandi sjálfur mætt á fund þar sem einn af skýrslugerðarmönnum var mættur til að kynna landbúnaðarskýrsluna. Mér finnst það ekki ná nokkru tali og mér finnst það ekki vera sæmandi hæstv. utanrrh. að vera að bera í bætifláka fyrir svona meðferð á stóru máli eins og þessu. Auðvitað áttu alþingismenn að fá í hendur þessa skýrslu og fyrir utan það að beiðnin um skýrsluna virðist hafa verið þannig fram sett og þannig um þessa hluti talað við háskólamenn að um leið og þeir segja frá sínum skýrslum ganga þeir um og segja að bæði hafi fjármagni og tíma verið svo naumt til þeirra skammtað að það sé ekkert að marka skýrslurnar. En þær eru þó notaðar í þeim tilgangi að halda því fram að niðurstaða þeirra styðji við það að við eigum að ganga í Evrópusambandið.

Þetta eru vinnubrögð í svona stóru máli sem er ekki hægt að bjóða upp á og rúsínan í pylsuendanum á þessu er auðvitað þegar stjórnarliðar koma með slíkar ásakanir eins og þessar inn á fundi til hv. Alþingis.

[13:46]

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Umræða um þessar skýrslur er að verða mjög sérkennileg. Hér rís upp stuðningsmaður hæstv. ríkisstjórnar og segir um hæstv. utanrrh. að hann hafi meiri áhuga á millifærslukerfum en sjálfstæði þjóðarinnar. Við í stjórnarandstöðunni höfum ekki verið með svona miklar ásakanir í garð núv. ríkisstjórnar. Við höfum ekki verið að brigsla utanrrh. um það að hann hafi engan áhuga á sjálfstæði þjóðarinnar. Við erum að vísu ósammála honum um það hvort það eigi að sækja um aðild að ESB. En hér er sett á dag eftir dag í þinginu umræða á milli stjórnarliða um þetta mál. Hvernig má það vera að það sé ekki verið að sinna þeim atriðum sem skipta máli í sambandi við þetta mál? Það eru þeir samningar sem eru nú fram undan um stofnanaþáttinn og ég veit ekki til þess að

séu í miklum undirbúningi enda er kröftunum öllum eytt í það að rífast um það milli stjórnarliða hvort það eigi að sækja um aðild að ESB eða ekki.

Að mínu mati á það ekkert að vera á dagskrá. En í svona stóru máli er grundvallaratriði sá undirbúningur sem nú þyrfti að vera í gangi. Við höfum verið að spyrja um það í utanrmn., við höfum engin svör fengið. Hvar eru þau undirbúningsskjöl varðandi stofnanaþáttinn sem ætti að vera búið að útbúa í hæstv. ríkisstjórn? Hvar eru þau undirbúningsskjöl sem varða breytingar að því er varðar sjávarútveginn og landbúnaðinn? Það hefur ekkert komið um það. Það eina sem hefur komið eru þessar skýrslur frá Háskóla Íslands og okkur er sagt að það sé um trúnaðarmál að ræða.

Við höfum ekki fengið leyfi til þess í stjórnarandstöðunni að taka þessar skýrslur og ræða þær úti í þjóðfélaginu. En á sama tíma og við liggjum undir trúnaði í þessu máli er verið að ræða þessar skýrslur á milli stjórnarflokkanna. Hvers konar vinnubrögð eru þetta eiginlega?

[13:49]

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Það er vægast sagt þreytandi og raunar alveg óþolandi að hafa tvískipta ríkisstjórn þar sem forustumenn flokkanna geta aldrei komið sér saman um neitt sem máli skiptir. Mér þætti gaman að vita hvernig samráði hefur verið háttað á milli ráðherra ríkisstjórnarinnar eftir flokkum varðandi það að Sjávarútvegsstofnun er skyndilega beðin um allt annað en upphaflega var talað um og hvort það hafi þá verið gert í samráði við hæstv. forsrh. sem fulltrúa hins stjórnarflokksins og leiðtoga þessarar ríkisstjórnar að það var aðeins fjallað um afmarkaðan þátt því óneitanlega hljóta skýrslur af þessu tagi að vera skoðanamyndandi. Þetta er í rauninni nýjasta dæmið og eitt það alvarlegasta þar sem hæstv. utanrrh. og hæstv. forsrh. eða alla vega flokksbræður hans virðast tala hvor í sína áttina.

Við höfum áður átt umræðu í þessum sölum um þá leynd sem hvílir yfir þeim skýrslum sem hér um ræðir og það mismunandi mat á því á hvaða stigi þær eru og hvort það beri að kynna þær allar í einu eða eina eftir aðra í fréttatíma eða á fundum. Óneitanlega hefur þetta áhrif á umræðuna í þjóðfélaginu. Við í utanrmn., eins og fram hefur komið hér, erum bundin trúnaði og við virðumst vera eina fólkið í landinu sem er bundið trúnaði varðandi þetta mál og það fer að verða vægast sagt neyðarlegt og í versta falli alveg óþolandi. Þetta er bara enn eitt dæmið um að þessi ríkisstjórn er hreinlega óhæf til starfa og Evrópusambandsmálið er einfaldlega allt of stórt til þess að það sé fjallað um það með svona gáleysislegum hætti.

[13:51]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti. Vegna ummæla hv. 1. þm. Austurl. vil ég taka fram að ég tel að undirbúningur undir aðlögun okkar með EES-samninginn sé alveg á fullnægjandi gangi og róli og ekki sérstakar ástæður til að hafa áhyggjur af því. Ég fyrir mitt leyti tel að þar verði ekki uppi neinn vandi. Á hinn bóginn er það svo að meðan Noregur er í þessum bægslagangi sem Noregur er í nú þá hreyfir Evrópusambandið sig ekki neitt til þess að skaða ekki málstað þeirra sem vilja koma Noregi inn í Evrópusambandið. Þannig að ég hef ekki áhyggjur af þeim þætti þegar þau mál kyrrast.

Ég vil hins vegar segja að mér var misboðið með umræðu um þessa mál á fundi Alþfl. vegna þess að þar var því haldið fram að ég væri að reyna að koma í veg fyrir umræður um þessi mál og umræður um þessar skýrslur. Þar var kynnt skýrsla um Sjávarútvegsstofnun sem var send utanrrn. með bréfi 26. sept. og þar segir, með leyfi forseta:

„Hér með fylgir bráðabirgðaskýrsla Sjávarútvegsstofnunar „ESB: þróunarsjóðir og samkeppnisstaða íslensks sjávarútvegs." Lögð er á það rík áhersla að hér er um að ræða bráðabirgðaskýrslu. Skýrslan er trúnaðarmál til umfjöllunar í ríkisstjórn. Opinberar tilvitnanir í skýrsluna eru óheimilar. Endanleg skýrsla verður afhent innan tveggja vikna." — Þetta er 26. sept. Ég hef ekki séð þessa skýrslu enn þá, þessa endanlegu skýrslu sem var hins vegar rædd á þessum fundi Alþfl. og þar sem er fundið að því að forsrh. sé á móti umræðum af þessu tagi. Og hér er plaggið að skýrslunni, það stendur „Bráðabyrgðaskýrsla" og meira að segja „y" í bráðabirgða til að sýna hvað þetta er óvenjulegt frá háskólanum því það er ekki mikið notað af háskólans hálfu — drög, trúnaðarmál, ekki til opinberrar birtingar eða umfjöllunar. — Svo er því haldið fram að ég sé að liggja á skýrslum af þessu tagi. Það er ekki.

Varðandi skýrslu Hagfræðistofnunar þá var það upplýst í utanrmn. að fulltrúi Hagfræðistofnunar, Ragnar Árnason, hefði haft samband við nefndina og skýrt frá því að þessi skýrsla væri ekki endanleg. Auðvitað fara menn ekkert í efnislegar umræður um þessa skýrslu fyrr en þær eru endanlegar. Ég vek athygli á því að af fimm skýrslum hafa aðeins tvær borist endanlegar. Það verður að vera einhver vitræn umfjöllun um þessi mál og það gerist ekki nema menn séu að fjalla um endanlegar skýrslur og ég sit ekkert undir því að ég sé að reyna að koma í veg fyrir það að um þessi mál fari fram vitrænar umræður.

[13:53]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég er sammála mörgu í þeirri gagnrýni sem hv. þm. Tómas Ingi Olrich setti hér fram. Mér fannst reyndar einkennilegt af ríkisstjórninni að vera að ómaka sig að biðja um þessar skýrslur á sínum tíma vegna þess að ríkisstjórnin vissi auðvitað hverjir mundu skrifa þær og hún vissi að hvaða niðurstöðu hinir háværu áróðursmenn fyrir inngöngu Íslands í Evrópubandalagið mundu komast.

Varðandi efni skýrslnanna þá orkar margt í þeim tvímælis og annað er beinlínis rangt. Kynningin á skýrslunum er sérmál. Fyrst eru þær kynntar í fjölmiðlum. Síðan eru þær lagðar fram sem trúnaðarmál í utanrmn. Síðan eru þær kynntar á kratafundi í bænum enda skrifaðar fyrir krata. Þær eru að hluta til pólitísk ráðgjöf, pólitísk áróðursrit, ekki fullburða fræðileg út-

tekt á málinu. Mér segir reyndar svo hugur um að sumir af skýrsluhöfundum eigi eftir að taka við störfum í Brussel. Ég vonast eftir því að þegar þær koma í endanlegri mynd þá verði þær með leiðréttingum sem nauðsynlegar eru. Ég vona sannarlega að skýrsla Lagastofnunar, sem enn þá hefur ekki litið dagsins ljós, verði fullburða fræðileg úttekt.

Það eru svona vinnubrögð sem eru háskólanum hættuleg. Ekki eingöngu það að háskólinn sé sveltur fjárhagslega. Með því að senda frá sér plögg eins og sumar af þessum skýrslum eru þá er Háskóli Íslands að gera sjálfan sig að annars flokks háskóla.

[13:55]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Ég varaði við því í vor að þessi beiðni um skýrslur frá Háskóla Íslands ætti eftir að skapa mikið klúður og verða til vandræða í þessu máli. Það er nú að koma á daginn. Til viðbótar hafa svo ráðherrar og forusta Alþfl. hagað sér þannig í þessu máli að það er orðið alveg ónýtt sem einhver grundvöllur umræðu í landinu. Það er ekki aðeins að hæstv. utanrrh., formaður Alþfl., hafi látið sinn flokk halda fund þar sem skýrslurnar eru notaðar í þágu Alþfl. á sama tíma og það gildir trúnaðarkvöð á skýrslunum í utanrmn. heldur flutti hæstv. viðskrh. í stefnuumræðunni í upphafi þings túlkun sína á niðurstöðum þessarar skýrslna. Túlkunin var skýr í þeirri ræðu og hann var sá helsti af ráðherrum Alþfl. sem talaði í þessum umræðum, að skýrslurnar styddu skoðun Alþfl.

Nú hefur það hins vegar verið upplýst hér til viðbótar, sem ég held að enginn hafi haft hugmyndaflug til þess að láta sér detta í hug, að skýrslurnar voru ekki unnar á grundvelli samþykktar ríkisstjórnarinnar heldur fóru fulltrúar utanrrh. í sérstakar einkaviðræður við þá starfsmenn uppi í háskóla sem áttu að vinna verkið um hvað ætti að skrifa. Hæstv. utanrrh. viðurkennir það hér að skýrslurnar voru ekki unnar á grundvelli samþykktar ríkisstjórnarinnar heldur voru tekin fyrir þau efnisatriði sem utanrrn. sérpantaði að fjallað yrði um.

Það er óhjákvæmilegt, hæstv. sjútvrh. og hæstv. forsrh., að það komi alveg skýrt fram hér í ræðustól á Alþingi hvort hæstv. forsrh. og hæstv. sjútvrh. vissu um þennan millileik utanrrh. og fulltrúa hans þegar gengið var frá endanlegri samningagerð við háskólann um efni skýrslanna.

[13:58]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Það sem er alla vega klár niðurstaða úr þessum umræðum er það að verkbeiðni utanrrn. til Sjávarútvegsstofnunar háskólans er ekki í samræmi við bókun og samþykkt ríkisstjórnar Íslands. Það er niðurstaða þessarar umræðu.

Hæstv. utanrrh. hefur að vísu sett fram þá skýringu að það hafi ekki verið talið fært af hálfu Sjávarútvegsstofnunar Háskóla Íslands að fara út í grundvallarathuganir á sjávarútvegsstefnu Evrópusambandsins með þeim fjármunum og þeim tíma sem til þess var ætlað. En þá er alla vega ljóst að ef þannig hefur verið skipað málum þá hefði að sjálfsögðu átt að tryggja það að sú athugun sem færi fram tryggði einhvers konar jafnvægi í þessari umræðu. Það er alveg deginum ljósara að þegar verið er að fjalla um sjávarútvegsstefnu Evrópusambandsins þá er ekki hægt að gera það af neinu viti með því að einblína eingöngu á styrkjaþátt þeirrar stefnu. Það er til að mynda alveg ljóst að ef við erum að ræða þessi mál þá hlýtur ein áleitnasta spurningin sem vaknar hverju sinni að vera þessi: Hver er réttur Evrópusambandsins og skipa þess til þess að fiska í landhelgi aðildarríkjanna? Þetta er sú spurning sem er á allra vörum. Ef það er niðurstaðan, sem mér skilst að sé af máli hæstv. ráðherra, að ekkert sé um þennan þátt fjallað þá er verið að fjalla um svo afmarkaðan þátt að það gefur enga heildarmynd af því máli sem menn settu sér í upphafi að skoða. Þess vegna finnst mér að vinnubrögðin í þessu sambandi séu gjörsamlega óásættanleg.

Síðan er staða þessara skýrslna. Ég hef verið að reyna að vekja athygli á því að það virðist eins og þessar skýrslur berist alls staðar annars staðar um þjóðfélagið en inn á borð okkar þingmanna. Nú er það upplýst að þessar skýrslur séu eitthvert plagg sem menn eigi að dreifa úr háskólanum. Þetta eru einhvers konar munaðarlausar skýrslur sem eiga sér í raun og veru engan samastað og alls ekki a.m.k. hjá okkur þingmönnum.

[14:00]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég harma það mjög sem háskólakennari hvers konar ummæli eru hér höfð um sérfræðiskýrslur háskólans, einkum frá hv. þm. Páli Péturssyni. Kannski þetta viðhorf eigi sinn þátt í því hvernig fjárveitingum til háskólans er nú háttað.

Efnislega tek ég undir þá gagnrýni að það séu óforsvaranleg vinnubrögð að kynna skýrslur í utanrmn. sem trúnaðarmál og kynna þær síðan á opnum stjórnmálafundi.

[14:01]

Tómas Ingi Olrich:

Virðulegi forseti. Það kom fram í máli hæstv. utanrrh. að takmörkunin sem var á umfjöllun Sjávarútvegsstofnunar Háskóla Íslands hefði markast af fjárveitingum og þeim efnistökum sem Sjávarútvegsstofnun sjálf kaus að taka þetta mál. Það er ekki rétt. Án þess að ég vilji fjalla efnislega um skýrsluna, sem ég lít enn þá á sem trúnaðarmál, þá er ljóst að Sjávarútvegsstofnun gerði tillögu um að fjalla um þrjá þætti málsins. Í fyrsta lagi fiskveiðistefnu Evrópubandalagsins. Í öðru lagi áhrif inngöngu eða ekki inngöngu og reynslu Norðmanna. Í þriðja lagi stuðningssjóði ESB. Einnig tók stofnunin fram að ekki yrði fjallað um markaðsaðgang eða sameiginlegan fjármagnsmarkað eða eignarhald og fjárfestingar í íslenskum sjávarútvegi, hún mundi ekki fjalla um það. Af þessum þremur atriðum sem stofnunin var reiðubúin til að fjalla um þá skipti að sjálfsögðu máli hvað verkkaupinn lagði áherslu á. Hann lagði áherslu á stuðningssjóðina en ekki á fiskveiðistefnu Evrópubandalagsins. Það er alveg ljóst að sá sem tók ákvörðun í þessum málum var utanrrh. eða utanrrn. og það er ekki hægt að koma

þeirri ábyrgð yfir á Háskóla Íslands.

Ég vil taka það fram að það kemur skýrt fram í formála að skýrslu Sjávarútvegsstofnunar Háskóla Íslands að það hafi orðið að samkomulagi milli aðila, þ.e. utanrrn. og Háskóla Íslands, að afmarka viðfangsefnið við eftirfarandi atriði:

Stofnunin er beðin um að leggja sérstaka áherslu á styrkjakerfi ESB í sjávarútvegi og áhrif á samkeppnisstöðu Íslands gagnvart Noregi. Að þessu leyti liggur málið alveg ljóst fyrir.

Ég vil einnig segja það hér að mér finnst heldur miður að einn af höfundum skýrslu Sjávarútvegsstofnunar Háskóla Íslands sem skrifar það framan á skýrsluna að hún sé trúnaðarmál og bráðabirgðaskýrsla, en að sjálfsögðu ætti stafsetningin að vera trúnaðarmál sem lengst því hún er ekki góð á þessari skýrslu. En hann skrifar þetta utan á skýrsluna sem send er síðan verkkaupanum, ríkisstjórn Íslands og Alþingi, en fjallar síðan sjálfur um þessa skýrslu eins og hún sé ekki trúnaðarmál og þetta finnst mér mjög miður fyrir Háskóla Íslands.

[14:04]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Það er einfaldlega ósatt sem nokkrir hv. þm. hafa sagt og lýst sem meginniðurstöðu þessarar umræðu að utanrrn. hafi beðið Sjávarútvegsstofnun um eitthvað annað en fólst í ályktun ríkisstjórnarinnar. Þetta eru ósannindi vegna þess að ályktun ríkisstjórnarinnar var beiðni um að kortleggja afleiðingar sameiginlegrar fiskveiðistefnu og áhrif á sjávarútveginn. Það sem Sjávarútvegsstofnun var beðin um að gera var að rannsaka fiskveiðistefnu Evrópusambandsins, fyrirætlun og framkvæmd og áhrif hennar af inngöngu eða ekki inngöngu. Það er nákvæmlega það sama og í verkbeiðni ríkisstjórnarinnar fólst.

Að því er varðar trúnað og birtingu þá er það svo að þær skýrslur sem búið var að afhenda ríkisstjórn og utanrmn. voru ekki með neinum trúnaðarstimpli frá utanrrn. Það er líka ósatt og er margbúið að endurtaka það. Þá spyr maður: Hvaða aðgang eiga þá hv. þm. að þessum skýrslum? Með nákvæmlega sama hætti og fulltrúi þingflokks Alþfl. í utanrmn. gat kynnt skýrslur utanrmn. sem ekki voru bundnar trúnaði í sínum þingflokki þá var það gert. Þannig höfum við rætt málið. En hitt er alveg ljóst eins og fram kom í máli forsrh. að það er meinbugur á einu máli. Það er einfaldlega að skýrsla Sjávarútvegsstofnunar var stimpluð trúnaðarmál og það hafði borist bréf frá utanrrn. — að vísu er langt síðan, 26. sept. — var sjálf bundin trúnaði og þeir beðnir um að halda þeim trúnaði út á við. Ég viðurkenni staðreyndir. Þetta er meinbugur á og á þessu ber að biðjast velvirðingar því forstöðumaður þessarar stofnunar hefði ekki átt að taka þátt í þessum opinbera fundi. Að því er varðar hina þá er utanrrn. búið að segja þeim að frá sjónarmiði þess væri ekkert að vanbúnaði að forstöðumenn stofnana sem bera hina fræðilegu ábyrgð kynni niðurstöðurnar því það var ekki bundið neinum trúnaði. Að því er varðar þingmenn þá var þeim í lófa lagið og eðlileg vinnubrögð í þingflokkum að ræða efni skýrslna sem ekki voru trúnaðarstimpluð á sínum þingflokksfundum.

Ég tek undir með hv. þm., fulltrúa Kvennalistans, að ég harma það þegar þingmenn gera það að vana sínum að fara niðrandi orðum um efni sem þeir jafnframt segja að þeir hafi ekki kynnt sér og ekki lesið og reyna þannig að grafa undan áliti á fræðistarfsemi háskólans.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Hv. 8. þm. Reykn. óskar að bera af sér sakir.

[14:07]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Í fyrsta lagi sagði hæstv. utanrrh. að það væri ósatt hjá okkur þingmönnum mörgum, þar á meðal málshefjanda, að utanrrn. hefði tekið þátt í því að sérvelja afmarkaða þætti úr verkbeiðni ríkisstjórnarinnar til þess að fjalla um í skýrslum sínum enda er náttúrlega hæstv. utanrrh. á þessari stundu að reyna að útskýra þetta fyrir forsrh. Það sér það auðvitað hver maður í þingsalnum á því sem er að gerast hér til hliðar að forsrh. hefur ekki haft hugmynd um þessa sérstöku verkbeiðni utanrrn. til Sjávarútvegsstofnunar. Ég skil það hins vegar vel að hæstv. forsrh. hiki við að koma upp í stólinn til að viðurkenna það formlega vegna þess að það er auðvitað ...

(**Forseti** (SalÞ): Forseti biður þingmanninn að bera af sér sakir.)

Já, ég er að því hér, hæstv. forseti, — vegna þess að það er alvarlegur hlutur þegar utanrrh. Íslands notar það að hann er síðastur á mælendaskrá til að bera þingmenn þeim sökum að þeir segi ekki satt. Þetta liggur alveg ljóst fyrir.

Í öðru lagi er það líka rangt hjá hæstv. utanrrh. að við í utanrmn. sem sitjum þar sem fulltrúar þingflokka höfum vanrækt að kynna þingflokkum okkar skýrsluna vegna þess að við hefðum átt að fara með skýrslurnar inn í þingflokkana og er þess vegna að koma sökinni á því að þingmenn hafi ekki fengið þessar skýrslur yfir á okkur sem sitjum í utanrmn. Þetta er ódrengilegt og óheiðarlegt og ómaklegt af hæstv. utanrrh. og er nú vont að formaður utanrmn., hv. þm. Björn Bjarnason, skuli vera fjarverandi vegna þess að það var alveg skýrt þegar okkur voru afhentar þessar skýrslur í utanrmn. á fyrstu dögum þingsins að það var gert með því fororði að skýrslurnar væru trúnaðarmál fyrir utanríkismálanefndarmenn og varamenn þeirra. Það hefur gilt sú regla í áratugi í utanrmn. að skjöl sem eru afhent með þeim hætti er ekki farið með inn í þingflokkana til þess að kynna eða ræða þar.

Ég bið nú hæstv. utanrrh. að hætta þeim ljóta leik að vera að bera fram falsanir í þessu máli.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Hæstv. utanrrh. óskar að bera af sér sakir og vill forseti vænta þess að hæstv. ráðherra geri það í upphafi máls síns.

[14:10]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Hv. þm. sem hér talaði áðan bað um orðið til að bera af sér sakir en notaði tíma sinn til

þess að hrúga upp ásökunum um ósannindi, falsanir og fleira á hendur utanrrh. Ég segi ekki annað en það, ég hef sagt og staðfesti það að af hálfu utanrrn. voru þessi skjöl ekki stimpluð trúnaðarmál og þau eru búin að vera tvo mánuði í umfjöllun utanrmn. og það er fullkomlega eðlilegt að fulltrúar í utanrmn. sem hafa slík gögn undir höndum sem ekki eru stimpluð trúnaðarmál kynni þau í sínum þingflokkum og alsiða.

Að öðru leyti verð ég að segja eins og er að ég tek undir með hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur. Það þarf ekki mikið til þess að koma hv. þm. úr jafnvægi. (**ÓRG:** Það er fokið í flest skjól hjá þér, þegar þú ert farinn að skríða undir pilsfaldinn hjá henni.)

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Hv. 5. þm. Norðurl. e. óskar að bera af sér sakir.

[14:10]

Tómas Ingi Olrich:

Virðulegi forseti. Ég vil mótmæla því að í málflutningi mínum áðan hafi ég komið fram með ósannindi á hendur hæstv. utanrrh. Ég benti einfaldlega á það og vitnaði í skjöl þar að lútandi að erindi hans til Háskóla Íslands, einkum og sér í lagi að því er varðaði Sjávarútvegsstofnun, hefði borið það með sér að beiðnin hafi ekki verið í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar. Ég vil aðeins nota þetta tækifæri til þess að hvetja hæstv. ríkisstjórn til þess að reyna að bæta úr því sem þarna misfórst.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Hv. 1. þm. Norðurl. v. óskar að bera af sér sakir.

[14:11]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Hæstv. utanrrh. bar það á okkur sem höfum verið að gagnrýna þessar skýrslur að við hefðum ekki kynnt okkur þær og værum samt að gagnrýna. Ég vil upplýsa til að taka af allan vafa að ég hef haft þessar skýrslur undir höndum í um það bil mánaðartíma að ég hygg og kynnt mér þær að töluverðu leyti. Ég er tilbúinn að láta ljósrita þær og dreifa þeim til þingmanna Framsfl. ef það er engin fyrirstaða, ef hæstv. utanrrh. leggur ekki við því bann.

Tilkynning um dagskrá.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Áður en gengið er til dagskrár að nýju vill forseti láta þess getið að á mánudag mun þingfundur hefjast kl. hálffimm í stað kl. hálfþrjú svo sem venja er á mánudögum.

Nefnd til að kanna útlánatöp innlánsstofnana, frh. 1. umr.

Frv. KÁ o.fl., 70. mál. — Þskj. 70.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:13]

Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, BjörkJ, DO, EH, EgJ, EKJ, FI, GHH, GGott, GE, GGuðbj, GJH, GunnS, IBA, IP, JÁ, JE, JBH, KHG, KÁ, KGuðm, LMR, MF, MI, ÓRG, PBj, RA, SalÞ, StG, TIO, VG, ÞorstP.

1 þm. (MB) greiddi ekki atkv.

30 þm. (ÁJ, ÁMM, EKG, FrS, GuðjG, GB, GHG, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, JóhS, JGS, JónK, ÓE, PP, PJ, RG, SigG, SighB, SAÞ, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞBack, ÞBern) fjarstaddir.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Umferðaröryggismál, frh. fyrri umr.

Þáltill. SJS, 203. mál. — Þskj. 229.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:14]

Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, BjörkJ, DO, EgJ, EKJ, FI, GHH, GGott, GE, GGuðbj, GJH, GunnS, IBA, IP, JÁ, JE, JBH, KHG, KÁ, KGuðm, LMR, MF, MI, MB, ÓE, ÓRG, PBj, RA, SalÞ, StG, TIO, VG, ÞorstP.

30 þm. (ÁJ, ÁMM, EH, EKG, FrS, GuðjG, GB, GHG, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, JóhS, JGS, JónK, PP, PJ, RG, SigG, SighB, SAÞ, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞBack, ÞBern) fjarstaddir.

Till. vísað til allshn. án atkvgr.

Vernd barna og ungmenna, frh. 1. umr.

Stjfrv., 197. mál (barnaverndarstofa). — Þskj. 223.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:15]

Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, BjörkJ, DO, EgJ, EKJ, FI, GHH, GGott, GE, GGuðbj, GJH, GunnS, IBA, IP, JÁ, JE, JBH, KHG, KÁ, KGuðm, LMR, MF, MI, MB, ÓE, ÓRG, PBj, RA, SalÞ, StG, TIO, VG, ÞorstP.

30 þm. (ÁJ, ÁMM, EH, EKG, FrS, GuðjG, GB, GHG, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, JóhS, JGS, JónK, PP, PJ, RG, SigG, SighB, SAÞ, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞBack, ÞBern) fjarstaddir.

Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Skoðun kvikmynda, frh. 1. umr.

Stjfrv., 219. mál (heildarlög). — Þskj. 253.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:15]

Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, BjörkJ, DO, EgJ, EKJ, FI, GHH, GGott, GE, GHall, GGuðbj, GJH, GunnS, IBA, IP, JÁ, JE, JBH, KHG, KÁ, KGuðm, LMR, MF, MI, MB, ÓE, ÓRG, PBj, RA, SalÞ, StG, TIO, VG, ÞorstP.

29 þm. (ÁJ, ÁMM, EH, EKG, FrS, GuðjG, GB, GHG, GÁS, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, JóhS, JGS, JónK, PP, PJ, RG, SigG, SighB, SAÞ, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞBack, ÞBern) fjarstaddir.

Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

Lyfjalög, frh. 1. umr.

Frv. heilbr.- og trn., 221. mál (lyfsala dýralækna, eftirlit, hámarksverð o.fl.). — Þskj. 256.

[14:16]

Guðrún J. Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Eins og greint hefur verið frá, þá stöndum við nokkrir nefndarmenn í heilbr.- og trn. að þessu frv. með fyrirvara og ég vildi gera grein fyrir þeim fyrirvörum sem ég hef á þessu máli.

Í fyrsta lagi orkar nokkuð tvímælis hvort ákvæðin sem verið er að leggja til að samþykkt séu standist samkeppnislög. Þó svo að ég álíti að samkeppnislög séu kannski ekki í alla staði þau heppilegustu lög sem við ættum að hafa eins og þau eru hér í landinu, þá tel ég dálítið vafasamt að samþykkja lög sem stangast á við þau.

Orsökin fyrir því að ég vildi samt standa að þessari lagasetningu og styðja hana var sú að fram kom að neytendur, þ.e. bændur, virtust styðja eindregið þessar breytingar og mér finnst að neytendurnir eigi fyrst og fremst að ráða því hvernig þessum málum er háttað.

Í annan stað vil ég undirstrika það að mér finnst að í lögunum þurfi að vera kveðið miklu nánar á um það hvernig skuli háttað geymsluaðstöðu og vörslu dýralyfja hjá dýralæknum og þyrftu a.m.k. í reglugerð að vera mjög skýr ákvæði um það að þau stæðust samanburð við vörslu á lyfjum fyrir fólk. Þar má enginn mismunur vera. Enn fremur tel ég að það þurfi að vera mjög skýrt, annaðhvort í reglugerð eða í lögunum sjálfum, að þeir sem afhenda dýralyfin séu læknar sjálfir eða þeir séu búnir að taka þau svo vandlega til að sá sem afhendir þau geti ekki villst á þeim. Mér finnst skorta nokkuð á að um þetta séu ákvæði og þarf þá alla vega að vera í reglugerð.

Dýralyfjafræði er grein sem ekki er kennd í neinum háskóla fyrir lyfjafræðinga, en eigi að síður held ég að þeir sem annast sölu dýralyfja þurfi að kynna sér þetta fag, dýralyfjafræði. Það ætti að skylda lyfjafræðinga að fara á námskeið um dýralyfjafræði og kynna sér þau sérstaklega, bæði lyfjafræðinga náttúrlega og apótekara. Fyrst og fremst þarf að gæta þess að ekki sé farið óvarlegar með dýralyf en lyf sem mönnum eru ætluð og verður að geta þess alla vega í reglugerð hvaða reglum á að fylgja í þeim efnum.

Þetta voru helstu fyrirvararnir sem ég vildi gert hafa.

[14:21]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég verð í upphafi að segja það að ég er ekki mjög hissa á því þó að við séum komin hér rétt eina ferðina enn til þess að ræða nýsamþykkt lyfjalög sem meiri hlutinn afgreiddi í vor. Það gerðist fljótlega eftir það að setja þurfti bráðabirgðalög sem síðan þurfti að fá staðfestingu Alþingis á vegna þess að ekki hafði verið staðið nógu vel að þessari lagasetningu og nú erum við hér með enn eina breytingu á þessum nýju lögum sem varðar afgreiðslu dýralækna á dýralyfjum. Ég er alveg sannfærð um að þetta er ekki í síðasta sinn sem við eigum eftir á næsta ári að taka þessi lög fyrir vegna þess að þar rekst hvað á annars horn eins og við bentum á í umræðunni um lyfjalögin.

Í þeirri umræðu kom þó skýrt fram hvað snertir þessa breytingu að það væri ekki álit hæstv. heilbrrh. að dýralæknar gætu ekki afgreitt lyf til bænda. Hæstv. ráðherra lýsti þeim skilningi sínum við umræðuna þegar mælt var fyrir frv. um lyfjalög. Þá segir hann þegar hæstv. ráðherra tíundar breytingarnar:

„Í frv. er gert ráð fyrir að allir dýralæknar fái heimild til að kaupa lyf í heildsölu til að nota í sjúkravitjunum en ekki einungis héraðsdýralæknar eða apótek eins og nú er. Gert er ráð fyrir að þeir hafi síðan heimild til að selja dýralyf á allt að hámarksútsöluverði sem ákveðið er af lyfjagreiðslunefnd."

Þetta var þá túlkun hæstv. ráðherra sem síðan hefur komið fram í viðræðum og þeirri greinargerð sem ráðuneytið hefur skilað til heilbr.- og trn. En þrátt fyrir þetta virðist svo hafa farið að þetta atriði í lyfjalögunum hafi ekki verið nægilega skýrt eins og reyndar svo mörg önnur þannig að dýralæknar hafa túlkað þetta allt öðruvísi en heilbrrn. og hæstv. heilbrrh. Reyndar kom það einnig fram við 1. umr. um lyfjalögin, í ræðu hv. þm. Árna Mathiesens en hann sagði m.a., með leyfi forseta:

„Það er öllum lyfjabúðum heimilt að selja dýralyf. Það er hins vegar rétt að héraðsdýralæknar hafa leyfi til að selja dýralyf og reka nánast dýraapótek og í mörgum tilfellum er litið á það sem nokkurs konar launauppbót. Ég tel að lyfsala lækna, og þar með talin dýralækna, sé óeðlileg. Fjárhagsleg tengsl lækna við lyfsöluna eru óeðlileg og eiga ekki að eiga sér stað. Það á enginn læknir að vera settur í þá stöðu þegar hann er að ávísa á lyf eða ákveða hversu langur lyfjakúr eigi að vera að hann fari að hugsa til þess hvernig staðan sé á ávísanareikningnum hjá honum og ættum við því að forðast slíkt. Ég tel að þetta frv. leggi ákveðnar línur í þeim málum. Ekki er gert ráð fyrir því hér að dýralæknar reki lyfjaverslanir heima hjá sér en

hins vegar er tekið tillit til þess hvernig háttar um landbúnað hér á landi. Hann er dreifður vítt um sveitir og dýralæknar þurfa auðvitað að hafa lyf til þess að nota í sínum vitjunum og til þess að bændur geti notað í eftirmeðferðinni sem þar á eftir fylgir."

Þetta sagði, virðulegur forseti, hv. þm. Árni Mathiesen, sem jafnframt er dýralæknir að mennt og hefur starfað sem slíkur. Síðar í umræðunni þegar hv. þm. var vændur um að vita ekki alveg nákvæmlega um hvað hann væri að tala þó að hann hefði þessa menntun þá kom það fram að hann hefur starfað sem almennur dýralæknir í héruðum í þremur kjördæmum á landinu, í Reykjaneskjördæmi, Suðurlandskjördæmi og Austurlandskjördæmi og auk þess hefur hann starfað sem dýralæknir í fisksjúkdómum, með réttindi og skyldur héraðsdýralæknis. Hv. þm. Árni M. Matthiesen hefði átt að vita nákvæmlega um hvað hann var að tala. Það kemur jafnframt skýrt fram í hans ræðu að þó hann fylgi því meginmarkmiði frv. að ekki sé um það að ræða að ávísun lyfja og sala séu á sömu hendi þá telji hann að þörf bænda sem búa í mjög mikilli fjarlægð frá apóteki til að nálgast dýralyf sé fullnægt með því frv. sem þarna var á ferðinni og nú er orðið að lögum.

En túlkunin verður hins vegar önnur, framkvæmdin er önnur og við allir hv. þm. sem í heilbr.- og trn. sitja höfum orðið áþreifanlega varir við það á undanförnum vikum nú í sumar að bæði bændur og dýralæknar túlka lyfjalögin allt öðruvísi en hér var gert og kom fram í umræðunni, ekki bara í 1. umr. heldur aftur í 2. og 3. umr. um frv.

Heilbr.- og trmrn. hefur skilgreint þetta og sent þessa skilgreiningu til okkar sem sitjum í heilbr.- og trn. þar sem þeir staðfesta að þeir telji að lögin heimili dýralæknum að selja dýralyf til bænda í dreifðum byggðum landsins þar sem langt er í apótek eða lyfjabúð. Í greinargerðinni sem heilbr.- og trn. fær frá ráðuneytinu segir, með leyfi forseta:

„Í eldri lögum, 58. gr. laga um lyfjadreifingu, nr. 76/1982, var gert ráð fyrir að sala dýralyfja færi fram í lyfjabúðum og lyfjaútibúum. Héraðsdýralæknum var þó einnig heimilt að selja dýralyf. Öðrum dýralæknum en héraðsdýralæknum var ekki heimilt að selja dýralyf."

Í eldri lögum var þannig gert ráð fyrir að sala dýralyfja eins og annarra lyfja færi aðallega fram í lyfjabúðum. En litið var á lyfjasölu héraðsdýralækna sem undantekningu, enda segir í 5. gr. framangreindra laga: „Starfandi læknir, tannlæknir, dýralæknir, má ekki vera eigandi eða starfsmaður lyfjabúðar.

Enn fremur segir í þessari greinargerð frá heilbr.- og trmrn., með leyfi forseta:

„Í 30. gr. lyfjalaga, nr. 93/1994, er fjallað um heimildir dýralækna og annarra lækna til að kaupa lyf í heildsölu og afhenda á stofu og í sjúkravitjunum vegna sinna læknisverka."

Í greininni segir að lyfjaheildsölum sé heimilt að selja lyf lyfsöluleyfishöfum, stofnunum sem hafa sérfræðinga í þjónustu sinni og reknar eru samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu eða öðrum sérlögum, læknum, tannlæknum og dýralæknum til notkunar á eigin stofum eða í sjúkravitjunum og þeim tilraunastofum sem vinna að rannsóknum lyfja. Kostnaður lækna, tannlækna og dýralækna vegna slíkra lyfjakaupa fellur undir rekstrarkostnað. Þóknun fyrir lyfjaafhendingu dýralækna skal vera ákveðin af lyfjaverðsnefnd í samráði við yfirdýralækni."

Túlkun ráðuneytis á þessari grein hefur verið eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Hvað varðar lækna, tannlækna og dýralækna er átt við þau lyf sem þessir aðilar þurfa nauðsynlega á að halda vegna læknisverka sinna. Hér er átt við lyf sem sjúklingur er meðhöndlaður með eða fær afhent af lækni, tannlækni eða dýralækni á eigin stofu eða í sjúkravitjunum. Í 30. gr. lyfjalaga, nr. 93/1994, segir að þóknun fyrir lyfjaafhendingu dýralækna skuli ákveðin af lyfjaverðsnefnd í samráði við yfirdýralækni, sbr. 40. gr. Þar sem tilvísun 40. gr. heyrir undir þann kafla sem frestað hefur verið til 1. nóv. 1995 telur ráðuneytið að allir dýralæknar hafi leyfi til að kaupa lyf í heildsölu til notkunar á eigin stofum og í sjúkravitjunum."

Þetta er túlkun frá heilbr.- og trmrn. á þeim lögum sem hér er verið að leggja til breytingu á. Þetta er, virðulegur forseti, hluti af því að ég skrifa undir þetta frv. með fyrirvara. Meginreglan á að vera sú að sami aðili hafi ekki með höndum að vísa á lyf og selja þau. Það er óeðlilegt. Það eru óeðlileg tengsl. Það var eitt af því fáa sem við vorum nokkurn veginn sammála um, heilbr.- og trn., við umfjöllun lyfjalaga. Ég er búin að lesa yfir þá umræðu frá upphafi til enda og þar var ekki gerður ágreiningur um þetta markmið að meginreglan skyldi verða sú. Því skyldi maður ætla að til þess að leysa nákvæmlega þetta mál sem hér um ræðir vegna þess að túlkunin hefur verið með þeim hætti sem við höfum fengið að heyra þá hefði verið eðlilegra að um undanþáguákvæði hefði verið að ræða, undanþágu frá meginreglunni. En því er ekki að heilsa. Hér erum við að leyfa dýralæknum að ávísa og selja dýralyf. Að vísu undir verðlagsákvæðum og undir eftirliti yfirdýralæknis og samkvæmt reglugerð sem hæstv. heilbrrh. á að setja. Engu að síður er þetta brot á þessari meginreglu. Í greinargerðinni kemur fram að nefndin hafi leitað til samkeppnisráðs og beðið Samkeppnisstofnun um álit. Það álit kemur til okkar 15. nóv. og í greinargerð með frv. segir að fram hafi komið í áliti Samkeppnisstofnunar að lyfsala dýralækna sýndist ekki samræmast þeirri hugsun sem væri að baki síðari mgr. 21. gr. lyfjalaga, sem hljóðar svo:

„Starfandi læknar, tannlæknar og dýralæknar, mega ekki vera eigendur, hluthafar eða starfsmenn lyfjabúða."

Heilbr.- og trn. leggur því til að bætt verði við síðari mgr. 21. gr. laga nýjum málslið til samræmis við þá breytingu sem lögð er til í 3. gr. frv. þessa þannig að í ákvæðinu segi að um lyfsölu dýralækna gildi 5. mgr. 30. gr. Þá bendir nefndin á að jafnframt komi fram í áliti Samkeppnisstofnunar að byggðasjónarmið kynnu að réttlæta undantekningu varðandi lyfsölu dýralækna.

Í áliti Samkeppnisstofnunar segir, með leyfi forseta:

„Á hinn bóginn kunna að vera til rök fyrir þessari skipan mála svo sem á grundvelli byggðasjónarmiða. Samkeppnisstofnun tekur ekki afstöðu til slíkra sjónarmiða", segir í þessari álitsgerð sem við fengum frá Samkeppnisstofnun. Samkeppnisstofnun var beðin um umfjöllun almenns eðlis en ekki umsögn um einstakar greinar frv. og því er álit Samkeppnisstofnunar í samræmi við það.

Það kom fram í viðræðum okkar við fulltrúa Samkeppnisstofnunar sem mætti á fund hv. heilbr.- og trn. að ef um undanþáguákvæði eða heimild í undanþágutilvikum væri að ræða þá teldu þeir það ekki vera eins ljóst að þetta bryti í bága við samkeppnislögin. Það kom einnig fram að það væru ákveðnar efasemdir um það hvort lagasetning sem þessi stæðist stjórnsýslulög.

Mér fannst og finnst, virðulegur forseti, þetta vera næg ástæða til að skrifa undir frv. með fyrirvara og hefði talið skynsamlegra að það frv. sem við afgreiðum hér væri aðeins heimild. Við fylgdum þeirri meginreglu sem sett var við setningu lyfjalaga og reyndar áður, en hér væri aðeins um heimild til þess að túlka þann vilja sem kom fram hjá hæstv. ráðherra þegar hann mælti fyrir frv. til lyfjalaga þar sem kemur mjög skýrt fram vilji ráðuneytis að mínu viti og túlkun og reyndar í umfjöllun nefndarinnar á þessum tíma því ég hef einnig skoðað minnispunkta frá því tímabili. Það kemur mjög skýrt fram að ráðuneytið túlkar þetta á þann veg sem ég las hér upp áðan úr greinargerð frá heilbr.- og trn.

Það má enginn skilja orð mín þannig að ég sé á móti því að bændur geti nálgast lyf á sem auðveldastan máta fyrir dýrin sín. Það er aldeilis ekki þannig. Mér finnst bara eðlilegt að við tökum tillit til þeirra laga sem við höfum þegar samþykkt, sem þegar hafa hlotið staðfestingu og þó við séum ekki á einu máli um hvort þau séu góð eða slæm þá réttlætir það ekki að brjóta lög í mínum huga. Þó ég hafi ávallt verið sannfærð um að um slæma lagasetningu væri að ræða þá réttlætir það ekki að brjóta þau. Sú tillaga sem við sáum reyndar að hafði verið sett upp þar sem var um heimildarákvæði að ræða, undanþágu, ég taldi að það væri skynsamlegra fyrir okkur að setja það en um það náðist bara ekki samkomulag hvorki innan nefndarinnar né þeirra aðila sem komu að þessu máli. Þá vaknar sú spurning: Hagsmuni hverra erum við að verja? Ef það er verið að tryggja aðgengi þeirra sem þurfa að nota lyfin, þ.e. bænda, að dýralyfjum þá hefðum við getað fullnægt því með heimildarákvæði. Ef við hins vegar erum að tala um að það eigi að fullnægja báðum skilyrðum, þ.e. bæði að auðvelda aðgang bænda að dýralyfjum og einnig að þetta sé kjaramál eins og fram kom reyndar í ræðu hv. þm. Árna M. Mathiesens við 1. umr. um lyfjalög, þá verður frv. að vera eins og það er í dag.

Ég vil gjarnan trúa því að meginmarkmiðið sé að tryggja bændum aðgengi að dýralyfjum. Vegna þess að hér hefur komið fram í umræðum aftur og aftur á undanförnum dögum að við leysum ekki kjaramál eða kjaradeilur í sölum Alþingis. Það er ekki okkar hlutverk. Þess vegna vil ég gjarnan trúa því að meginmarkmiðið sé hitt.

Annað sem kom mér svolítið á óvart í þessari umfjöllun allri, og hv. formaður heilbr.- og trn. hefur reyndar tjáð mér að sé allt í lagi og stangist ekkert á við lög, er að í umræðunni fyrir nokkrum mánuðum síðan var því haldið fram aftur og aftur að verðlagning lausasölulyfja yrði að vera frjáls, annars værum við að brjóta EES-samning sem Alþingi hefur líka samþykkt að gerast aðili að, þá værum við að brjóta EES-samkomulagið. Á öllum lausasölulyfjum yrði að vera um frjálsa álagningu að ræða. En nú bregður hins vegar svo við að það brýtur ekki lengur í bága við EES-samninginn þó að á lausasölulyfjum þegar um er að ræða dýralyf sé ekki lengur frjáls álagning. Þá eru kröfur EES varðandi frjálsa verðlagningu lausasölulyfja ekki lengur til staðar. Lái mér nokkur þó ég skrifi undir með fyrirvara þegar upplýsingarnar eru misvísandi. Það eru ekki aðeins lyfjalögin sem slík sem eru misvísandi. Úr því að dýralæknar og bændur hafa þá túlkun sem raun ber vitni á þessum nýsamþykktu lögum og við allt aðra túlkun og heilbrrn. jafnvel þá þriðju þá er ekki nema von að skrifað sé undir með fyrirvara.

En í trausti þess að við leysum þó þetta ágreiningsmál og það sé tilgangur okkar fyrst og fremst að auvelda bændum aðgengi að dýralyfjum þá stend ég að frv. en finnst þó rétt að þessir fyrirvarar mínir komi fram varðandi samkeppnislögin, stjórnsýslulögin, EES-samninginn og reyndar lyfjalögin í heild sinni. Því ég ítreka enn og aftur, virðulegi forseti, þar rekst hvað á annars horn. Því fyrr sem okkur gefst tækifæri til að taka þessi lög til endurskoðunar í heild sinni þeim mun betra. Svona vinnubrögð, að setja fyrst bráðbirgðalög og síðan staðfestingarlög og koma síðan inn með enn eina breytinguna, geta aldrei leitt af sér góð heildstæð lög ef við ætlum að vinna þetta svona. Ágallar þessara laga voru svo margir, þeir voru tíundaðir í umræðu og ég vil bara hvetja hv. þm. til að lesa þá umræðu, fara yfir þetta og viðhalda vöku sinni gagnvart þessum lyfjalögum sem eru þó í gildi. Ekki eingöngu það sem lýtur að dýralyfjum og framkvæmd þeirra og aðgengi bænda að dýralyfjum heldur öll lögin eins og þau leggja sig því þessi vinnubrögð eru ekki til fyrirmyndar. Og þó að við viljum gjarnan að sjónarmið neytenda ráði ferðinni þá verðum við auðvitað að passa upp á það fyrst og síðast að við séum ekki hér að ganga frá lagasetningu sem brýtur í bága við önnur lög.

[14:41]

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Svo oft höfum við rætt þessi lyfjamál í þingsölum að ég ætla að spara mér langa ræðu nú því ég mun samþykkja þetta frv. til laga fyrirvaralaust.

Ég hlýt að fagna því að þetta frv. sé til umræðu og loksins komið í þann farveg að líkur eru á að það fái hraða afgreiðslu í gegnum þingið og bændur fái aftur

þá þjónustu dýralækna sem þeir áður höfðu. Þeir hafa nú þegar haft mikinn aukakostnað vegna nýju lyfjalaganna og ég vona að með samþykki þessa frv. sé það úr sögunni.

Nýsamþykkt lyfjalög hafa komið illa við bændur sökum þess að með þeim er með strangri túlkun ekki heimilt fyrir dýralækna að selja nema bráðalyf. Sem sagt bændum er gert að sækja dýralyf í lyfjaverslun sem getur verið í mörg hundruð kílómetra fjarlægð. Menn hafa rætt mikið um samkeppni og samkeppnisráð og þetta brjóti í bága við þau. En það er einu sinni þannig að þó prinsippin séu góð þá geta aðstæður verið þannig að það sé bara ekki hægt að framfylgja þeim enda kemur það greinilega fram í bréfi frá Samkeppnisstofnun að þeir taka ekki tillit til þessa byggðaþátta og gera því ekki mjög miklar athugasemdir við þetta vegna þess að þó að eðlilegt sé að sami aðili skrifi ekki lyfseðil og afgreiði síðan lyfið þá er það bara þannig að það er ekkert hægt að komast hjá því nema við séum tilbúin til þess að láta bændur bera svo og svo mikinn kostnað af því að ná til lyfsins. Þetta er nú ekkert flóknara en þetta. Raunveruleikinn er stundum pínulítið öðruvísi en prinsippin.

Ég þarf ekkert að rekja það hvað þessar breytingar hafa valdið miklum skaða hjá bændum og hvað þeir hafa þurft að hafa mikinn aukakostnað vegna þeirra. Ég þarf heldur ekkert að rekja það hér í þessum sal, svo oft hef ég gert það, við bentum á það þegar verið var að samþykkja þessi nýju lyfjalög að þau væru meingölluð. Það kom strax í ljós í vor þegar hluti þeirra tók gildi að það þurfti strax bráðabirgðalög vegna þess að það voru tæknileg atriði sem ekki voru í lagi. Þá bað ég strax um fund í hv. heilbr.- og trn. sem ég fékk og bað þá um að sett yrði í þau bráðabirgðalög einmitt þessi breyting sem nú loksins er komin hér fram. Þá var ekki vilji fyrir því í nefndinni, því miður, því þá hefðum við getað sparað okkur þennan þátt sem hér fer fram heldur urðum við í staðinn nokkrir þingmenn Framsfl. að leggja fram frv. strax í upphafi þings sem er sama eðlis og hér er verið að fjalla um.

Það hefði sem sagt verið hægt að komast hjá þessu klúðri en einu klúðri fylgir alltaf annað klúður eins og fram kom í ræðu hv. þm. Margrétar Frímannsdóttur og við eigum sem sé von á því að þau verði fleiri, því er verr og miður.

Það kom fram í ræðu hv. 13. þm. Reykv., Láru Margrétar Ragnarsdóttur, sem talaði áðan mjög skýrt og sagði að hún hefði viljað að þessi mál hefðu verið tekin til meiri skoðunar en gert var og að þessi mál hefðu öll verið grandskoðuð og mikið var ég sammála þingmanninum og mikið vildi ég að þingmaðurinn hefði haldið þessa ræðu í vor því það var ástæða til að halda hana þá. Það hefði líka verið ástæða fyrir hana og fleiri sem hér tala nú um að það hefði verið rétt að skoða þessi mál betur að samþykkja þá tillögu sem stjórnarandstæðingar voru með í vor um að vísa öllu frv. til hæstv. ríkisstjórnar til frekari skoðunar og málið yrði svo í heild sinni borið upp í vor. En menn báru ekki gæfu til þess, því miður, og ég ætla ekki að rifja það meira upp. Þannig er nú þetta.

En sem sagt, það er búið að taka tillit til þessa atriðis sem snýr að bændum og ég fagna því. Nú brosir hv. formaður heilbr.- og trn., hann gerir það nú ekki ýkjaoft í þingsalnum. Það er kannski vegna þess að við erum loks orðin sammála.

Það hefur ýmislegt verið tínt til í þessari umræðu sem væri kannski ástæða til að fjalla nánar um, t.d. að það er ekki samræmi í þessu frv., sem vonandi verður að lögum hið allra fyrsta, varðandi lausasölulyf manna og dýra, þar sem frjáls álagning verður á lausasölulyfjum en aftur á móti verður álagning dýralyfja háð takmörkunum, þ.e. það verður sett hámarksverð á dýralyf í lausasölu líka. Það er náttúrlega ekkert óeðlilegt ef maður skoðar málið vegna þess að það er kannski ekki mjög mikil samkeppni í þessari sölu og hætta á einokun þar sem langt er í lyfjaverslun þannig að það er ekkert óeðlilegt að þarna skarist á milli manna- og dýralyfja.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta mál. Mér sýnist þetta vera komið í allsæmilegan farveg og hlýt að fagna því.

[14:47]

Finnur Ingólfsson:

Virðulegur forseti. Ég ætla við þessa umræðu svo sem ekki mikið að halda mig við fortíðina því þetta frv. sem hér var samþykkt og nú er orðið að lögum um lyf var í sjálfu sér eitt stórslys þegar frá því var gengið. En eitt af því sem mikilvægast er þegar menn ganga frá lögum frá Alþingi er það að lagasetningin sé alveg skýr. Það þurfi enginn að velkjast í vafa um það til hvers lögin eigi að ná. Allra síst má það gerast að þeir sem þurfa að vinna eftir lögunum séu í einhverjum vafa. Það sem gerðist því miður við þessa lagasetningu var það að þeir sem áttu að búa við lögin, þ.e. bændur, og þeir sem áttu að vinna eftir lögunum, þ.e. dýralæknar, gátu alls ekki búið við lögin eins og þau stóðu. Nú er því haldið fram af embættismönnum að það hafi í sjálfu sér verið einfalt og auðvelt. En staðreyndin er hins vegar sú að þeir sem við þurftu að búa og vinna áttu eftir þessu þeir treystu sér ekki til þess. Þá er auðvitað ekkert að gera fyrir löggjafann annað en að breyta lögum og hafa þau eins kristaltær og nokkur kostur er.

Þetta mál kom fyrst inn í heilbr.- og trn. eftir að hv. 2. þm. Vesturl., Ingibjörg Pálmadóttir, hafði mælt fyrir breytingu á gildandi lyfjalögum. Það var kveikjan að því að umræðan fór af stað um breytingar. Síðan í rás tímanns og vinnu í nefndinni er niðurstaðan sú sem hér liggur fyrir. Tilgangurinn á að vera sá að tryggja bændum aðgengi að lyfjum. En tilgangurinn er ekki sá eins og kom hér fram hjá hv. þm. Margréti Frímannsdóttur að það væri hætta á að það gerðist hugsanlega að tryggja bændum ákveðin kjör. Það er ekki tilgangurinn. Hins vegar er með þessu frv. komið í veg fyrir það að dýralæknar, ef þeir það kysu, gætu hreint og beint arðrænt bændur. Það er komið í veg fyrir það með frv. eins og það liggur hér fyrir og mælt hefur verið fyrir af formanni hv. heilbr.- og trn.

Megintilgangur laganna eins og þau stóðu eftir að

Alþingi samþykkti þau var það að auka frelsi, lækka verð og ná því fram með ákveðinni samkeppni. Staðreyndin er hins vegar bara sú og það sagði stjórnarandstaðan hér í hverri einustu ræðu sem haldin var um þetta mál þegar Alþingi var að ganga frá því að ekkert af þessum markmiðum mun nást. Samkeppni á markaði er ekki til staðar. Frelsið er jú aukið en frelsið mun leiða til hærra lyfjaverðs eins og lá fyrir að hefði gerst í lausasölulyfjunum hjá dýralæknunum. Frelsið mun leiða til aukinna útgjalda fyrir fólkið sem þarf að kaupa lyfin og frelsið mun leiða til þess að lyfjakostnaður ríkisins mun hækka. Þannig að markmiðið um lækkaðan lyfjakostnað er bara víðs fjarri og aldrei eins fjarri og eftir að þessi lög tóku gildi.

Dýralæknar voru með þeim lögum settir í þá ótrúlega erfiðu stöðu að vera í einokunaraðstöðu á markaðnum. Eiga sjálfir frá 1. nóv. 1995 að ákveða verðið til bænda á lausasölulyfjum. Það er ekki hægt og það er brot á öllum samkeppnisreglum að setja einhvern aðila sem hefur algera einokunaraðstöðu í þá stöðu að ákveða verðið á þeirri vöru sem hann er að selja. Það var andi núgildandi laga um lyfsölu og lyfjadreifingu. Það má ekki gerast. En þetta frv. kemur í veg fyrir að slíkt sé gert. Og að halda því síðan fram að menn séu að bera hér fram frv. til að tryggja tekjuhagsmuni dýralækna er alveg út í loftið vegna þess að það er verið að koma í veg fyrir að það myndist hugsanlegur trúnaðarbrestur milli lækna og bænda með þessu frv. Og að halda að hægt sé að ná því fram að segja að í hverju einasta heilsugæsluumdæmi þar sem ekki er starfandi lyfjabúð þar megi dýralæknar versla með lyf.

Förum nú aðeins yfir landið og skoðum og reynum að finna heilsugæsluumdæmi þar sem ekki er starfandi lyfjabúð, það er ekki til. Hefðum við farið að samþykkja einhverja slíka hluti hér við þessa umræðu og hefði það orðið niðurstaðan af starfi heilbr.- og trn. þá hefði hún orðið einmitt sú að fyrirkomulagið er algerlega óbreytt, bændur eru í sama vanda eftir sem áður. Og dýralæknarnir væru í enn þá meiri vanda þegar þeir hefðu lent í því að fara að ákveða undir einokunarkringumstæðum verðið til bænda sjálfir.

Ég get hins vegar tekið undir þá meginhugsun sem á að vera í lyfjalögum og í samskiptum lækna og einnig dýralækna að ávísunarvenjurnar mótist af fjárhagslegum hagsmunum læknanna. Það er auðvitað gott og göfugt markmið. Telji nú Samkeppnisstofnun sig þurfa að rannsaka einhverja hluti á þessu sviði þá held ég að fyrsta verkið væri einmitt það að skoða hvernig þessum samskiptum er nú háttað milli lyfsala í landinu og lækna. Ekki vegna þess að læknarnir reki lyfjaverslanirnar heldur kannski vegna þess hvar lyfjaverslanirnar eru staðsettar og hverjir það eru sem kunna að eiga þær eignir sem lyfjaverslanirnar eru staðsettar í og hvort ekki geti hugsanlega verið um einhverja hagsmunaárekstra þar að ræða milli þeirra sem þar um tefla. Þannig er því miður öll lagasetningin um lyfsöluna og lyfjadreifinguna í landinu á misskilningi byggð. Það er ekki hægt og fyrir þá sem halda því fram að það sé hægt að koma upp samkeppni á þessum markaði, það er blekking. Það er bara einfaldlega blekking vegna þess að það eru engar markaðsaðstæður til staðar til þess að þetta geti gengið fram með þessum hætti. Ég geng þess vegna alveg óhræddur til þess leiks að leggja þetta frv. fram og styðja það án nokkurs fyrirvara vegna þess og það er nú stóri misskilningurinn, því miður, í allri þessari umræðu og ég held að menn verði að lesa greinargerðina með þessu frv. þegar menn halda því fram að þetta brjóti samkeppnislög, að frv. brjóti samkeppnislög. Það stendur hér, með leyfi hæstv. forseta:

„Fram kom í áliti Samkeppnisstofnunar að lyfsala dýralækna sýndist ekki samrýmast þeirri hugsun sem væri að baki síðari mgr. 21. gr. lyfjalaganna."

Þetta er auðvitað allt annað en það brjóti samkeppnislögin. Hættan er sú að ef þessi breyting verði gerð, þá samrýmist ekki sú hugsun lyfjalögunum en ekki að það brjóti samkeppnislögin og það er auðvitað gríðarlegur munur þar á. En til þess að taka af öll tvímæli í þessu efni þá er einnig gerð sú breyting í þessu frv. að það eigi að gilda 5. mgr. 30. gr. gildandi lyfjalaga um lyfsölu dýralækna svo að það þarf enginn að velkjast í vafa um að það er ekki á nokkurn hátt verið að brjóta samkeppnislög. Það er heldur ekki verið að ganga gegn þeim samkeppnisanda sem er í þeim lögum sem nú eru í gildi sem er í raun og veru settur fram á fölskum forsendum og er ekkert annað heldur en fögur orð á blaði og ég hef rakið hér áður. Markaðurinn er ekki til staðar. Samkeppninni er hvergi hægt að koma við. Einokunaraðstaðan er alls staðar til staðar og það á ekki að setja þá sem hafa einokunaraðstöðuna í þá stöðu að geta látið þá ráða verðinu sjálfa. Og það er umhugsunarvert fyrir þingmenn Sjálfstfl. sem greiddu atkvæði með þessu frv. þegar það varð hér að lögum á þingi, og mátti nú ekki miklu muna að það færi ekki í gegn, að þeir skuli hafa greitt atkvæði með því að setja dýralækna í þá stöðu að vera með einokunaraðstöðu á lyfjasölunni og ætla að láta bændur borga fyrir.

[14:59]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í fyrsta lagi kom það fram í ræðu hv. þm. Finns Ingólfssonar að ég hefði haldið því fram að þetta væri sérstakt kjaramál lækna. Það er ekki þannig. Ég vitnaði í ræðu sem hv. þm. Árni Mathiesen flutti við 1. umr. um lyfjalög fyrir ári síðan og ég sagði að ég vildi gjarnan trúa því að meginmarkmiðið væri hitt að veita þá þjónustu sem við viljum öll bæta. Ég nefndi heldur aldrei að heilsugæsluumdæmi væri það sem skyldi ráða eða apótek á svæði, ef apótek væri í heilsugæsluumdæmi, þá væri það nægjanlegt heldur þegar um ákveðna fjarlægð er að ræða frá sveitabæ eða sveitabýli, við getum tekið 30–50 eða 70 km radíus frá viðkomandi lyfjabúð, þá væri það í undanþáguákvæði og það mundi verða mótað í reglugerð hverjar undanþágurnar ættu að vera. Í greinargerð frv. stendur vissulega að fram komi í áliti Samkeppnisstofnunar að lyfsala dýralækna sýndist ekki samrýmast þeirri hugsun sem vissulega er að baki 2. mgr. 23. gr. lyfjalaga o.s.frv. en í áliti Samkeppnisstofnunar stendur hins vegar:

„Í því sambandi skal vakin athygli á að samkvæmt 24. gr. lyfjalaga, nr. 93/1994, er lyfsölum skylt að hafa á boðstólum lyf sem selja má hér á landi og hæfilegar birgðir miðað við ávísanir m.a. dýralækna sem starfa á viðkomandi svæði."

Samkeppnisstaða dýralækna og lyfsala verður með öðrum orðum ekki jöfn og því stríðir frv. eins og það liggur fyrir gegn markmiði samkeppnislaga þannig að orðalagið í áliti Samkeppnisstofnunar og hins vegar greinargerðarinnar er svolítið misvísandi.

[15:01]

Finnur Ingólfsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Svo að það sé alveg skýrt, þá var ég að vitna í kjaramálaumræðu hv. þm. Árna Mathiesens og ég var alveg meðvitaður um það að hv. þm. Margrét Frímannsdóttir var að vitna þar orðrétt í það sem hv. þm. sagði hér fyrr við umræðuna.

Varðandi hitt atriðið sem snýr að því að tryggja þjónustuna við bændur í heilsugæsluumdæmunum, þá er eins og ég hef sagt lyfjaverslun í öllum heilsugæsluumdæmum landsins. Um leið og menn stigu það skref sem menn eru mjög hræddir við og hefur komið hér fram í umræðunni að mönnum sé hugsanlega mismunað og menn séu settir í þá stöðu að hafa fjárhagslegan ávinning af því að hafa lyfsöluna sjálfir á hendi eins og dýralæknar hafa ef ekki væri um það að ræða að menn skipulegðu verðið, ákvæðu verðið fyrir þá, ef radíusinn yrði settur upp sem meginregla þá er sú hætta til staðar að innan dýralæknahópsins gætu menn farið að mismuna. Það er hætta á því og það var af þeirri ástæðu sem mér leist ekki á þessa tillögu og það er enginn vafi á því að ég vissi nákvæmlega hvað hv. þm. var að meina þegar þetta var sett fram á sínum tíma.

Virðulegi forseti. Bara til að ítreka það, ég tel að það séu í þessum lögum um lyfjamál ekki þær forsendur til staðar að hægt sé að tala um að samkeppni sé í lagabálknum og það séu skapaðar þær aðstæður að um samkeppni sé að ræða. Þess vegna tel ég að það sé í góðu lagi að ákveða þessa hluti með þeim hætti sem frv. gerir ráð fyrir.

[15:03]

Páll Pétursson:

Herra forseti. Bara örfá orð. Ég vil þakka hv. heilbr.- og trn. fyrir þetta frv. Eins og fram kom hjá hv. síðasta ræðumanni var setning lyfjalaganna slys í fyrra. Það er nú verið að vinna að því að endurbæta þau. Það þurfti að setja bráðabirgðalög til þess að bæta úr ágalla á þessum lagabálki og hér er verið að lagfæra annað atriði í framhaldi af frumvarpsflutningi þingmanna Framsfl.

Í lögunum eins og þau eru í dag eru algerlega óviðunandi ákvæði um dýralyf. Það er gersamlega óbúandi við þá túlkun sem sumir dýralæknar — ég tek fram sumir því það eru ekki allir undir sömu sök seldir, að túlka lögin á þann hátt sem nokkrir dýralæknar gerðu, það er algerlega óbúandi við það. Það skapar veruleg óþægindi og geysilegan aukakostnað fyrir búreksturinn. Dýralyf og dýralækniskostnaður er veruleg upphæð á flestum búum þar sem kvikfjárrækt er stunduð. Bændum var ekki einungis gert að greiða lyfin háu verði heldur líka endalausan aksturskostnað. Það er töluvert mál frá ýmsum sveitabæjum á Íslandi að komast í apótek. Dýralyf getur líka þurft að nota fyrirvaralítið, jafnvel að næturlagi og um helgar.

Hér hefur orðið nokkur umræða um að e.t.v. sneiði ákvæði þessa frv. að samkeppnislögum. Ég held að það sé alls engin hætta, mér finnst það ákaflega langsótt að ímynda sér það að samkeppnislög kynnu að vera brotin með þessum lögum. Hér er meiningin að lyfin verði háð verðlagseftirliti og ég hvet sérstaklega samtök bænda til þess að auglýsa leyfilegt hámarksverð á lyfjum á hverjum tíma og hvet bændur til þess að kynna sér þær auglýsingar. Þá er ekki nokkur hætta á því að misfarið verði með þetta atriði.

Það er tekið fram í lögunum að reglugerð þurfi að setja með þeim og ég vil biðja menn að vanda sig við þá reglugerðarsetningu. Það ber að afgreiða þetta mál mjög skjótlega. Það bætir úr brýnni þörf. Bændur og dýralæknar höfðu góða reynslu af fyrra skipulagi og það er sjálfsagt að taka það upp.

[15:06]

Frsm. heilbr.- og trn. (Gunnlaugur Stefánsson):

Hæstv. forseti. Það er rétt að þakka þær umræður sem hér hafa orðið um þetta frv. um breyting á lyfjalögum, sérstaklega að því er lýtur að sölu dýralyfja. Ég held að það sem sammerkt er með öllum þeim ræðum sem haldnar hafa verið hér um málið sé að það liggur eindreginn vilji hjá öllum hv. þm. að finna lausn á þeim vanda sem við blasir og þeim hnút sem leysa þarf.

Ég ætla ekki að taka þátt í hinum almennu umræðum um lyfjamál sem hér hafa farið fram. Ég vil samt segja það að ég tel að þau lyfjalög sem afgreidd voru sl. vor hafi verið mjög mikilvægt og brýnt skref og þeim beri að fagna. Hér var ekki um neitt slys að ræða. Hér hefur verið vitnað til þess að þurft hafi að setja bráðabirgðalög til þess að leysa ákveðið mál sem upp kom. Ég vil minna á að sú breyting sem gerð var á frv. á milli 2. og 3. umr. hér nánast í þingsalnum olli því að það varð að setja bráðabirgðalög sl. sumar. Hér var gert samkomulag af hálfu formanna þingflokka um að breyta nefndaráliti og niðurstöðum hv. heilbr.- og trn. og í því samkomulagi láðist að gera ráð fyrir að einhver skipan þyrfti að gilda á meðan beðið væri eftir hinu nýja sölufyrirkomulagi er væntanleg lög boðuðu tækju gildi 1. nóv. 1995. Ef menn eru að tala um að þar hafi orðið slys, þá ráðlegg ég hv. þingmönnum öllum að horfa í eigin barm vegna þess að þá bera þeir slysið utan á sér. Það er ekki við neina aðra að sakast en hv. þingmenn sjálfa. Þess vegna skil ég ekki þegar hér koma menn og þvo hendur sínar af því að hafa ekki verið þátttakendur í þeim gjörningi. En það eru kannski dæmi um vinnubrögðin hér á hinu háa Alþingi síðustu daga fyrir jól og á vorin þegar verið er að semja um mál, rífa mál upp sem búið er að leggja mikla vinnu í í hv. þingnefndum eins og varðaði lyfjamálið. Við höfðum setið yfir því máli nokkra mánuði á mörgum, mörgum fundum og skiluðum því af okkur hér inn í þingið í mjög vönduðum búningi. Það var

að kröfu stjórnarandstöðunnar sem sú vandaða vinna var rifin upp. Út úr því varð slys. Það er rétt, það varð að setja bráðabirgðalög í framhaldi af samkomulagi við stjórnarandstöðuna þannig að ég held að hv. þingmenn ættu nú að hafa sem fæst orð um það án þess að líta í eigin barm og ekki reyna að benda á aðra sem sökudólga í þeim efnum og þá beinast spjótin í þeim umræðum að okkur hv. þingmönnum sem sitjum í heilbr.- og trn.

Að öðru leyti ætla ég ekki að ræða almennt um lyfjalögin en segja að það sem við höfum verið að ræða hér í dag felst í því að við erum að reyna að leysa vandamál sem við blasir. Það er uppi ágreiningur á milli heilbr.- og trmrn., bænda og dýralækna um túlkun á tilteknum ákvæðum um afhendingu og sölu dýralyfja. Og það er ekki hægt að leysa þennan ágreining öðruvísi en með lagasetningu. Það kom vel fram í máli hv. þm. Margrétar Frímannsdóttur hversu margar hliðar eru á þessu máli og hversu flókið það er allt saman og ekki auðvelt að ná fram einni niðurstöðu sem allsherjarsátt mundi skapast um. Ég tel nú samt að hér séum við næst þeirri niðurstöðu sem tryggir sátt og tryggir þá skipan sem við öll viljum, gott aðgengi bænda og annarra sem þurfa á dýralyfjum að halda og annars vegar stöðu dýralækna varðandi sölufyrirkomulagið sjálft. Það þarf að liggja skýrt fyrir hver staða dýralækna er annars vegar andspænis útgáfu ávísana og hins vegar andspænis afhendingu og sölu lyfjanna og hins vegar þurfa að liggja fyrir skýr fyrirmæli um það hvernig með þessi mál skuli fara í lyfjabúðum. Ég held að okkur hafi tekist í þessu frv. að kveða skýrt á um þetta allt og ná bærilegri niðurstöðu sem hægt er að sameinast um.

Hæstv. forseti. Ég sagði hér í upphafi máls míns að ég legði til að málinu yrði vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn. Mér hefur verið tjáð að þar sem hv. heilbr.- og trn. flytur málið, þá sé ekki þörf á því að vísa málinu til hennar svo ég legg til að málinu verði vísað til 2. umr.

[15:12]

Ingibjörg Pálmadóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er rétt sem fram kom hjá hv. síðasta ræðumanni, við eigum ekkert að vera að elta ólar við einhver smáatriði þegar við erum komin að samkomulagi. Það er náttúrlega aðalmálið. Mér fannst hann slá svolitlu ryki í augu manna þegar hann sagði að við værum samábyrg varðandi það slys sem varð í bráðabirgðalagasetningu. Ég er alveg tilbúin til að taka þá ábyrgð á mig sem ég á að bera. En ég samþykkti ekki þessi lög, ég var á móti þeim allan tímann og það eru þeir sem samþykkja lög sem bera ábyrgð á lögum. Síðan koma þessi bráðabirgðalög ekkert því máli við sem við erum að ræða á þessari stundu. Við erum að ræða annað slys sem varð í þessari lagasetningu og slys sem við berum heldur ekki ábyrgð á vegna þess að við vorum á móti þessu máli.

Ég vildi bara að þetta kæmi fram því að mér finnst ekki rétt að slá ryki í augu manna þegar þeir eru að reyna að ná samkomulagi.

[15:13]

Frsm. heilbr.- og trn. (Gunnlaugur Stefánsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þar sem svo margir hv. alþm. höfðu tekið það sem samnefnara fyrir slysið um setningu nýrra lyfjalaga hér sl. vor varðandi það að þurft hefði að setja bráðabirgðalög sl. sumar þá fannst mér rétt og skylt að segja frá því hver forsenda þeirrar bráðabirgðalagasetningar var og hvernig hún var til komin. Með öðrum orðum, hún var afleiðing af hrossakaupum í þinginu á milli stjórnarandstöðunnar sem stóð gegn lyfjafrv. þó að sýnt væri að það hefði meiri hluta og um það náðist samkomulag að fresta tilteknum þáttum málsins að kröfu stjórnarandstöðunnar. Í þeim samningum við stjórnarandstöðuna fórst fyrir að geta tiltekinna nauðsynlegra atriða sem hafði verið gert í áliti hv. heilbr.- og trn. þegar það lá fyrir í þinginu. Þetta taldi ég rétt að kæmi fram.

Í öðru lagi varðandi það að stjórnarandstaðan beri ekki ábyrgð á lyfjalögunum þá vil ég taka það fram að hún tók einmitt fullan þátt í allri vinnu málsins og ég minnist þess ekki og hef lesið yfir ræður hv. þm. Ingibjargar Pálmadóttur að hún hafi nokkurn tíma haft áhyggjur af því hér úr ræðustól eða í starfi hv. heilbr.- og trn. að verið væri að breyta þeirri skipan um sölu dýralyfja eins og hún hefur gengið fyrir sig fyrir gildistöku laganna eða eins og hún ætti að vera eftir gildistöku laganna. Það stóðu allir í þeirri góðu trú að við værum að staðfesta óbreytta skipan hvað þetta snertir, ég líka.

[15:16]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það kom fram hjá hv. formanni heilbr.- og trn. að ástæðan fyrir því að það þurfti að setja bráðabirgðalög hafi verið sú að þessi vandaða vinna heilbr.- og trn. var rifin upp, það er ekkert annað. Það sem gerðist var að það var frestað gildistöku ákveðinna kafla þessara laga. Það var nú allt og sumt sem rifið var upp, það var frestað gildistöku. Og að setja það sem einhverja sérstaka stóra sök og tala um hrossakaup, mér finnst þetta bara villandi málflutningur. Vissulega berum við öll ábyrgð á því hvernig fór því að við eigum auðvitað að fylgjast það vel með lagasetningu að svona mistök eigi sér ekki stað. En það var fallist á þá ósk minni hlutans, stjórnarandstöðunnar, að fresta gildistöku ákveðinna kafla. Það var ekki hróflað við þessari „vönduðu vinnu" heilbr.- og trn. Við töldum hana ekki nógu vandaða vegna þess að við vildum láta leggja meiri vinnu í lyfjalögin. Við vildum láta þau bíða og leggja í þau enn meiri vinnu. Við vorum ekki sammála um það hvort þarna hefði átt sér stað vönduð vinna eða góð eða nægjanleg.

[15:18]

Frsm. heilbr.- og trn. (Gunnlaugur Stefánsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er alltaf álitamál, undir það get ég tekið, hvenær vinna er vönduð. En þegar búið er að fjalla ítarlega um sama mál á tveimur þingum og setja nefnd í málið á milli þinga og síðan að vinna málið enn betur í framhaldi af því nefndarstarfi og ná

um mörg atriði er deilum hafa valdið sæmilegri sátt, þá lít ég svo á að einhvern tíma þurfi menn að segja: Nú erum við búin að komast að niðurstöðu.

Þetta sem var verið að ræða í sambandi við slysið vegna bráðabirgðalaganna þá var ég einvörðungu að skýra frá því hvernig það hafi orðið til. Stjórnarandstaðan krafðist þess að þessu máli væri vísað frá af pólitískum ástæðum, ekki af því að málið væri ekki nógu vel unnið heldur af pólitískum ástæðum. Það kom greinilega fram í umræðunni í þinginu og slík sjónarmið ber að virða. En með málþófi á síðustu dögum þingsins og hótunum um enn meira málþóf þá krafðist stjórnarandstaðan þess að það yrði sest að samningum og það var samið um, og ég kalla það pólitísk hrossakaup þegar menn eru beittir slíkri kúgun í krafti málþófs, að fresta þeim köflum, VII. og XIV. kafla frv., sem ollu mestum deilum, að fresta þeim til 1. nóv. árið 1995, en mönnum láðist í hita leiksins og í öllum samningunum að átta sig á því að það þyrfti einhver skipan að gilda á meðan frestunin varði. Og menn voru svo uppteknir af samningunum við að koma í veg fyrir málið að þeim láðist í hita leiksins að gera það sem gera þurfti, að vinna sína vinnu af því að málinu var ekki vísað aftur til heilbr.- og trn. og þetta samkomulag var ekki gert þar.

[15:20]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil minna á að í hv. heilbr.- og trn. var rætt um þetta samkomulag og hugmyndin að samkomulaginu kom fram þar fyrst. Að segja það að hér hafi verið reynt að koma í veg fyrir mál af pólitískum ástæðum og með málþófi er rangt og ég hvet þá hv. þm. sem halda því fram að fara yfir umræðuna alla vegna þess að hún var afar málefnaleg. Menn lögðu mikla vinnu í þetta mál því það varðar okkur öll afar miklu. Og það sýnir bara það sem við erum að gera í dag. Við erum í dag að leggja fram breytingar á þessum lögum og það sýnir að það hefði þurft að eyða í þetta aðeins meiri tíma og aðeins meiri vinnu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Útbýting þingskjala:

Ábyrgð á norrænum fjárfestingarlánum til verkefna utan Norðurlanda, 237. mál, stjfrv., þskj. 278.

Framkvæmd jafnréttislaga, 233. mál, fsp. GGuðbj, þskj. 274.

Framkvæmd jafnréttislaga, 234. mál, fsp. GGuðbj, þskj. 275.

Framkvæmd jafnréttislaga, 235. mál, fsp. GGuðbj, þskj. 276.

Nýting rækjukvóta, 186. mál, svar sjútvrh., þskj. 266.

Skipting rækjukvóta á milli landshluta, 188. mál, svar sjútvrh., þskj. 268.

Tryggingagjald, 236. mál, stjfrv., þskj. 277.

Fréttaflutningur af slysförum, fyrri umr.

Þáltill. GunnS, 115. mál. — Þskj. 118.

[15:23]

Flm. (Gunnlaugur Stefánsson):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. sem flutt er í þinginu í þriðja sinn sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að skipa nefnd til þess að móta starfsreglur um fréttaflutning og upplýsingaskyldu stofnana um slysfarir og harmraunir fólks."

Í greinargerð með tillögunni segir m.a.:

„Tilgangur þessarar tillögu er að koma á fót samráðsvettvangi þeirra aðila og stofnana sem næst koma upplýsingamiðlun af slysförum og harmraunum fólks. Mikilvægt er að samræmdar viðmiðunarreglur eða leiðbeiningar geti ríkt við slíkar aðstæður er taki mið af mannhelgi, virðingu og hlutttekningu en um leið af nauðsynlegri upplýsingaskyldu svo að ekki verði vegið að fjölmiðlafrelsi í landinu.

Fréttaflutningur af slysförum og harmraunum fólks er vandmeðfarið og viðkvæmt mál. Íslenskir fjölmiðlar hafa í áranna rás leitast við að fjalla um slík mál af tillitssemi og varkárni. Þó má greina þá þróun að ágengni fjölmiðla gagnvart einstaklingum, sem hlut eiga að máli, björgunarsveitum að störfum og öðrum viðkomandi aðilum verði æ meiri og óvægnari. Aukin samkeppni fjölmiðla um fréttaöflun af atburðum og málavöxtum getur orðið til þess að misbjóða mannvirðingu og siðrænum gildum. Hér er hvorki verið að leggja til lagasetningu né opinbera reglugerð heldur að þeir aðilar og stofnanir, sem nærri aðstæðum koma, geti sameinast um samræmdar starfsreglur. Þá er einnig mikilvægt að greina betur upplýsingaskyldu viðkomandi stofnana, samtaka og starfsstétta gagnvart fjölmiðlum.

Í tillögunni er lagt til að dómsmálaráðherra sjái um skipan slíkrar nefndar er lagt gæti grundvöll að samráðsvettvangi og styrkt og eflt gagnkvæman trúnað og skilning viðkomandi aðila og stofnana."

Ég vil vekja athygli hv. þm. á þeim stofnunum og samtökum er ég tel að hér þurfi að hafa samráð við og ættu að eiga fulltrúa í þeirri nefnd sem hér er gerð tillaga um að verði skipuð.

Hæstv. forseti. Hér er einvörðungu rætt um afmarkað hlutverk fjölmiðlanna í landinu. Sannarlega væri ástæða til á þessum umrótatímum að ræða stöðu fjölmiðla í hinu víðasta samhengi en ég tel ekki rétt að gera það undir þessari till. til þál. vegna þess að hér er um mjög brýnt og sérstakt mál að ræða. Mörgum finnst nóg um ágengni fjölmiðla gagnvart þeim sem eiga um sárt að binda og sérstaklega aðstandendum þeirra sem orðið hafa fyrir alvarlegum slysum. Þá eru mörg dæmi um að fjölmiðlar ganga svo hart fram í fréttaöfluninni að þeir ekki einvörðungu trufli björgunarfólk að störfum heldur skýri svo fljótt frá málavöxtum að aðstandendur fá að heyra um lát náinna ættingja í beinni útsendingu jafnvel fáeinum mínútum — ekki fáeinum klukkustundum — eftir að hörmulegt

slys hefur orðið. Það getur náttúrlega á engan hátt gengið. Hér er ekki verið að vega að fjölmiðlunum. Samkeppni þeirra í millum er geysilega hörð. Ég held að það geti líka verið mjög gott fyrir fjölmiðla að ákveðnar reglur ríki sem allir fjölmiðlar virða og fari eftir þannig að þeir geti treyst hver öðrum þegar um slíkar aðstæður er að ræða eins og þessar.

Þá er einnig þess að geta að þegar fjölmiðlar flytja fréttir af slysförum í miklum flýti er mikil hætta á, og aldrei meiri hætta á en þá, að þeir segi rangt frá. Mörgum ofbýður hvað fjölmiðlar virðast fara létt með sannleikann í hinum almennu málum og virðast margir fjölmiðlar ekki bera mikla virðingu fyrir því hvort það sem sagt er sé satt eða logið. En þegar um það er að ræða að segja frá harmraunum og slysförum fólks er aldrei sem fyrr mikilvægara en að það sé rétt farið með allar staðreyndir og ekkert megi til skolast. Við stjórnmálamennirnir getum kannski látið okkur það í léttu rúmi liggja þó um okkur sé rætt með einum eða öðrum hætti og ekki alltaf sannleikanum samkvæmt sem við erum vanir. Það er í raun alvarlegra fyrir fjölmiðlana en okkur stjórnmálamennina að þeir segi ekki satt í mörgum tilfellum. Það lýsir þeim betur en þeim sem fjölmiðlarnir eru fjalla um. En þegar um jafnmikilvæga hluti er að ræða og fólk í nauð sem á um sárt að binda, þá verður að gera þá kröfu að heiðarlega sé að verki staðið. Þess vegna flyt ég þessa tillögu nú í fjórða sinn af því að þetta er stærra mál en margan grunar. Ég þekki persónulega fólk sem hefur orðið fyrir því að fjölmiðlar hafa lagt á herðar þess í miklum raunum enn meiri byrðar með óábyrgum fréttaflutningi vegna þess að þeir flýttu sér um of og gættu ekki þeirrar virðingar sem þeim bar gagnvart fólki og mannhelgi þess.

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að segja meira um þetta að sinni. Eins og ég sagði hefur þessi tillaga verið flutt þrisvar og ég skora á hv. allshn. að skoða málið enn og aftur og ítarlega og líta á allar hliðar þessa máls. Hér er á engan hátt verið að vega að fjölmiðlafrelsinu í landinu. Hér er ekki verið að leggja til opinbera reglugerð. Hér er ekki verið að leggja til neina lagasetningu. Hér er einvörðungu verið að leggja til að hæstv. dómsmrh. hafi frumkvæði að því að skipa nefnd er geti stofnað til samráðsvettvangs á milli allra þeirra aðila sem að þessum málum koma, fjölmiðla, björgunarsveita, slysavarnasveita, lögreglu, presta, Rannsóknastofnunar háskólans í siðfræði, Samtaka um sorg og sorgarviðbrögð, Læknafélags Íslands og barnaverndarráðs, að skapa vettvang þar sem fulltrúar þessara aðila geti komið saman, rætt þessi mál og mótað með sér reglur sem geti leitt til fjölmiðlunar sem fjölmiðlunum sjálfum yrði samboðin en tæki mið af virðingu og mannhelgi fólks.

[15:31]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Þessi tillaga hefur legið fyrir þremur þingum og þetta er í fjórða sinn sem hún er lögð fram. Þetta er ein af þeim tillögum sem vekur furðu manns að hafi ekki verið samþykktar, að hún hafi ekki verið afgreidd frá Alþingi þar sem hér er tekið á svo sjálfsögðu máli og lagt fram á mjög jákvæðan hátt án þess að verið sé að vega að nokkru og ekki einu sinni lögð til reglugerðarsetning eða lagasetning heldur aðeins samræmdar starfsreglur að frumkvæði ráðherra.

Ég tek undir tillöguna og hvet eindregið til þess að nefndin sem hana fær til umfjöllunar komist fram úr því að lesa hana og fjalla um hana og ljúki afgreiðslu hennar og koma henni inn til okkar aftur til jákvæðrar afgreiðslu.

Það skiptir öllu máli að fjölmiðlar fjalli ekki á óábyrgan eða tillitslausan hátt um slysfarir eða harmraunir fólks. Það hefur gerst. Það er auðvitað sem betur fer undantekningartilvik en það hefur gerst og það verður þess valdandi að svona tillögur eru lagðar fram. Það er ekki að ástæðulausu.

Ég held reyndar að það ætti einnig að móta starfsreglur um fréttaflutning af afbrotum og meðferð afbrotamála. Á sama hátt þarf að taka tillit til aðstandenda og aðstæðna sakamanna en fara ekki af stað í kapphlaupi um fréttaöflun með það eitt að leiðarljósi og ekkert annað.

Eins og ég hef áður sagt tek ég undir tillöguna og hvet til þess að hún fái fljóta og góða afgreiðslu og þó að þinghald sé stutt í vetur og þetta sé ekki eina tillagan sem er lögð fram í fjórða, fimmta eða sjötta sinn og send inn til sömu nefndar þá sé þetta nú þannig að menn hafi kannað þetta mál nægjanlega vel á undanförnum þremur árum til þess að geta lokið afgreiðslu tillögunnar á tiltölulega stuttum tíma.

[15:34]

Pétur Bjarnason:

Virðulegi forseti. Ég tek mjög eindregið undir þessa till. til þál. Maður hugsar nú margt þegar maður veltir því fyrir sér að þetta er í fjórða sinn sem þessi tillaga er flutt þannig að það virðist vera mjög erfitt að koma jafneinföldu máli í gegn. Þetta hefur vakið fyrst og fremst þær hugrenningar hjá mér hvert er hlutverk þingsins og hlutverk nefnda. Mörg mál, sem koma til þingsins til meðferðar þingmanna og umræðu og atkvæða, fara einu sinni í gegnum málstofu og eru rædd og fara síðan til nefndar. Mjög margar nefndir hafa komið sér upp nokkuð föstu kerfi á því að salta mál. Það getur vel verið að nefndirnar séu oft notaðar í þágu þeirra sem ráða peningamálunum vegna þess að margar tillögur eru taldar kannski erfiðar og dýrar í framkvæmd. Ég held að flestir sem skoða tillöguna, lesa hana og heyra með henni greinargerð, hljóti að vera sammála því að á þessu máli þarf að taka. Þetta eru mál sem eru mjög viðkvæm og vandmeðfarin.

Í heimi fjölmiðlanna er gífurlega mikill hraði. Menn verða að vinna þar undir mikilli pressu og e.t.v. er þeim einhvern tíma vorkunn að eitthvað skjótist en þeim mun mikilvægara er að þeir hafi reglur til að fara eftir, þeir hafi viðmiðanir sem settar eru í samráði þeirra aðila sem best þekkja til, bæði vinnubragða annars vegar, þ.e. til fjölmiðlaheimsins, og hins vegar til mannlega þáttarins og þar eru margir aðrir sem koma að. Ég held að þetta sé mjög þýðingarmikið og ég efast ekki um að flutningsmaður þekki vafalaust mý-

mörg dæmi af þessum toga en ég býst við að flest okkar, sem hér störfum, þekki einhver dæmi. Sjálfur þekki ég dæmi sem er ótrúlega sorglegt og reyndar grimmilegt hvernig fjölmiðlar af vangá geta farið með fólk.

Við búum í litlu landi í fámenni. Hér eru oft og tíðum fáir bátar á sjó á afmörkuðu svæði. Hér eru oft og tíðum fáar flugvélar á flugi um afmörkuð svæði. Síðan kemur fjölmiðill og birtir oft og tíðum mjög ótímabæra frétt og eins og kom fram í máli áðan, stundum jafnvel ranga vegna þess að í flýtinum fékkst ekki tími til að sannreyna og ég veit allmörg dæmi þess að fólk hafi frétt af ástvinamissi með þessum hætti og þó að ekkert væri nafngreint var staðsetning og vissan um ferðir viðkomandi einstaklinga það þröngt staðsett að ekki var hægt að draga aðrar ályktanir. Þetta er ein hliðin á málinu og reyndar eru þær fjöldamargar aðrar.

Ég vil fyrir mitt leyti leggja mitt lóð á vogarskálar í allshn. ef ég fæ einhverju ráðið um það að þetta mál verði tekið þar til umræðu og ég vona þá til afgreiðslu hingað út aftur.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ólympískir hnefaleikar, fyrri umr.

Þáltill. KHG og IBA, 166. mál. — Þskj. 180.

[15:38]

Flm. (Kristinn H. Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Hér er um að ræða endurflutning á máli sem tvívegis áður hefur verið flutt á Alþingi en hefur ekki hlotið afgreiðslu og er þess því freistað í þriðja sinn að fá fram afgreiðslu á málinu af hálfu þingsins. Tillagan er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa þriggja manna nefnd til þess að kanna hvort rétt sé að leyfa ólympíska hnefaleika sem íþróttagrein hér á landi.

Nefndin skal afla upplýsinga um keppnisreglur, slysatíðni miðað við aðrar ólympískar íþróttagreinar og með hvaða skilyrðum ólympískir hnefaleikar eru leyfðir erlendis. Að fengnu áliti Íþróttasambands Íslands skili nefndin tillögu til ríkisstjórnarinnar. Nefndin ljúki störfum eigi síðar en 1. september 1995."

Með tillögugreininni fylgir svohljóðandi greinargerð, með leyfi forseta:

„Allt frá 1956 hafa hnefaleikar verið bannaðir hér á landi en fram að þeim tíma voru þeir allnokkuð iðkaðir. Rétt er að gera skýran greinarmun á ólympískum hnefaleikum og atvinnumannahnefaleikum sem stundaðir eru m.a. í Bandaríkjunum. Reglur og öryggiskröfur eru afar ólíkar, m.a. er skylt að nota höfuðhlífar í ólympískum hnefaleikum og hver leikur stendur í þrjár lotur í stað allt að tólf lotum í atvinnumannahnefaleikum. Einungis er lagt til að athugað verði hvort tímabært sé að aflétta banni við hnefaleikum samkvæmt þeim keppnisreglum sem gilda á Ólympíuleikum.

Samkvæmt tiltækum upplýsingum er ekki vitað til þess að ólympískir hnefaleikar séu bannaðir erlendis og geta má þess að í Svíþjóð var farið fram á það 1983 að þessi íþróttagrein yrði bönnuð. Þá fór fram ítarleg könnun og gerð var skýrsla um ólympíska hnefaleika. Niðurstaða Svía var greininni mjög jákvæð.

Í ljósi þess og þeirrar staðreyndar að umtalsverður hópur ungmenna hefur áhuga á því hér á landi að iðka ólympíska hnefaleika þykir rétt að fram fari skipuleg upplýsingaöflun um þessa íþrótt og að leitað verði álits Íþróttasambands Íslands; verði niðurstaða nefndarinnar jákvæð verði í framhaldi af því gerð tillaga um að leyfa ólympíska hnefaleika sem keppnisgrein."

Almennt má segja um íþróttaiðkun hérlendis að lagaramminn sem starfað er eftir er þannig að íþróttir eru almennt leyfðar og það er á valdi Íþróttasambands Íslands að fylgjast með upptöku nýrra greina og setja um þær keppnisreglur. Eina frávikið sem er í gildi frá þessari almennu reglu eru hin sérstöku lög um bann við hnefaleikum frá 1956.

Okkur flm. þykir rétt að láta fara fram sérstaka og skipulagða athugun á því hvort þessi undantekning frá meginreglunni eigi rétt á sér nú á tímum í ljósi þeirra breytinga sem orðið hafa á keppnisreglum frá 1956 og raunar þeirri þróun að út úr greininni hefur þróast sérstök keppnisgrein sem nefnist ólympískir hnefaleikar og tillögugreinin fjallar um. Sú íþróttagrein er afar vinsæl erlendis, er m.a. stunduð mjög víða um allan heim og er föst keppnisgrein á hverjum Ólympíuleikum.

Á Ólympíuleikunum sem haldnir voru 1988 sendu 140 lönd þátttakendur í þessari íþróttagrein sem kepptu í 12 mismunandi þyngdarflokkum, en keppendur voru þá samtals 450 frá þessum 140 löndum.

Það er athyglisvert að þessi íþróttagrein sem við flm. erum að vekja athygli á hér með tillöguflutningi m.a. er hvergi bönnuð svo að vitað sé erlendis. Það hlýtur að vera a.m.k. tilefni til íhugunar á málinu hvort rétt sé að banna með sérstökum lögum keppnisgrein af þessu tagi sem stunduð er á Ólympíuleikum, sérstaklega í ljósi þess að almennur lagarammi hérlendis er að allar íþróttagreinar eru leyfðar. Meðal þeirra íþróttagreina sem hafa náð að festa hér rætur á síðustu árum eru ýmsar austurlenskar bardagaíþróttir eða sjálfsvarnaríþróttir sem eru til í mismunandi útgáfum og ekki hefur verið amast við, hvorki af yfirvöldum né öðrum að væru stundaðar hérlendis. Það hlýtur því að skjóta skökku við að menn telji iðkun slíkra íþróttagreina vera í lagi en vilji ekki fallast á athugun á því hvort þessi íþróttagrein, ólympískir hnefaleikar, falli ekki undir það líka eins og þær austurlensku greinar að rétt sé að leyfa hana undir þeim reglum sem Íþróttasamband Íslands mundi setja um iðkun og keppni. Það er rétt að rifja það upp að á þeim tíma sem lögin voru sett voru þau sett í mikilli andstöðu við forustu Íþróttasambands Íslands sem benti einmitt á að samkvæmt almennum lögum væri það á forræði sambandsins að fylgjast með því hvaða greinar væru leyfðar og hverjar bannaðar og það væri rétt að hafa það að Íþróttasambandið færi með það í þessu tilviki eins og öðrum.

Eins og ég gat um áður hefur þessi tillaga verið flutt á tveimur fyrri þingum og um hana hafa borist umsagnir, m.a. frá nokkrum aðilum sem hafa mælt með að hún verði samþykkt. Þar má nefna Ungmennafélag Íslands, Íþróttasamband Íslands og stjórn Íþróttakennarafélags Íslands. Allir þessir aðilar mæla með því að tillögugreinin eins og hún hljóðar verði samþykkt.

Virðulegi forseti. Það er óþarft að fjölyrða meira um efni tillögunnar. Það er tiltölulega skýrt og rökin augljós og ég vænti þess að hv. Alþingi ljúki afgreiðslu þingmálsins að þessu sinni og kynni sér þau gögn sem fyrir liggja og hafa verið lögð fram í málinu af flutningsmönnum og öðrum aðilum og m.a. þá athyglisverðu skýrslu sem Svíar gerðu á sínum tíma og var gerð undir forustu Karólínska sjúkrahússins í Stokkhólmi þar sem bornir voru saman þrír hópar íþróttamanna, menn sem stunduðu ólympíska hnefaleika, knattspyrnu og frjálsar íþróttir, og athuguð áhrif íþróttaiðkunarinnar á keppnishópana, bæði andleg og líkamleg. Í skemmstu máli má segja að niðurstöðurnar urðu þær að enginn merkjanlegur munur reyndist á iðkendum eftir íþróttagreinum. Það hlýtur að verða afar athyglisverð niðurstaða og hvetja menn til þess að taka þetta mál til athugunar.

Virðulegi forseti. Að lokinni umræðu um þetta mál legg ég til að málinu verði vísað til síðari umr. og hv. menntmn.

[15:48]

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Ég vil í upphafi ræðu minnar fá að taka undir með hv. þm. Pétri Bjarnasyni sem gerði athugasemdir við störf nefnda fyrir nokkrum mínútum. Ég hef oft velt því fyrir mér hvað það þýðir þegar þingheimur greiðir um það atkvæði að senda mál til síðari umr. eða 2. umr. Ég hef leyft mér að leggja þann skilning í það að þar með hafi þingið verið að greiða atkvæði um að mál kæmu aftur út úr nefnd og yrðu rædd aftur í þingsalnum. Þess vegna kemur það mér jafnspánskt fyrir sjónir og hv. þm. að það tíðkast mjög mikið að mál eru söltuð í nefndum. Ég hef litið á það sem svo að með því að gera slíkt séu níu þingmenn sem sitja í nefndum að taka atkvæðisréttinn af hinum 54 sem hér sitja. Ég hef þess vegna velt því fyrir mér og það hlýtur að koma að því að maður óski eftir úrskurði úr forsetastóli, þó að ég sé ekki að því núna, hvað þingmenn eru yfir höfuð að gera með því að greiða atkvæði um að vísa málinu til síðari eða 2. umr.

Það má nefna mörg dæmi um slíkt. Ég held að þekktasta dæmi seinni tíma sé frv. hv. þm. Eggerts Haukdals sem hann hefur flutt núna, ég man ekki alveg hvað oft, en milli sjö og tíu sinnum og alltaf er það saltað í nefnd. Ég tel að þetta sé íhugunarefni.

Fyrsti flm. þessa frv. hefur farið mjög vel yfir þetta mál og er ekki mjög miklu við það að bæta en ég vil þó aðeins fá að fjalla um það. Ég ítreka það að hér er aðeins um könnun að ræða. Það er óskað eftir því að Alþingi samþykki það að könnun fari fram á því hvort leyfa ætti ólympíska hnefaleika á Íslandi. Ef menn komast að þeirri niðurstöðu í þeirri könnun að slíkt ætti að leyfa þá kæmi málið aftur fyrir þingið og þingið yrði að taka ákvörðun um það. Það er því engin hætta hér á ferðum. Það er eingöngu verið að óska eftir leyfi fyrir því að slík könnun fari fram.

Í greinargerð er stutt lýsing á þessari íþrótt. Þar kemur fram að reglur eru aðrar en í þeim hnefaleikum sem fólk gjarnan sér fyrir sér þegar rætt er um ólympíska hnefaleika. Þetta eru ekki þessir stóru bardagar sem menn sjá fyrir sér, sjá fyrir sér alblóðuga menn sem liggja rotaðir á gólfi. Ég hygg að í ólympískum hnefaleikum sé það nánast óþekkt að maður rotist og nánast óþekkt að maður blóðgist. Þarna eru allt aðrar reglur viðhafðar, miklu stífari, keppendur eru verndaðir á allt annan hátt en í hinum hefðbundnu hnefaleikum fyrir utan það að þeir hafa höfuðhlífar og keppa aðeins í þrjár lotur sem eru mjög stuttar. Slysahætta er mjög lítil og ég fullyrði það að ef menn bera saman ólympíska hnefaleika við allmargar aðrar íþróttir, t.d. knattspyrnu sem ég hef aðeins komið nálægt, þá hygg ég að slysatíðnin þar sé miklu hærri. Væri fróðlegt að fá gerða könnun á því hvernig slysum er háttað innan þeirra íþrótta sem eru leyfðar hér á landi. Slík könnun fór fram í Svíþjóð þar sem upp komu raddir um að leggja þessa íþróttagrein niður og er skemmst frá því að segja að niðurstaða þeirrar könnunar varð mjög jákvæð sem leiddi til þess að þessi íþrótt var ekki bönnuð þar.

Það vita það allir að hér á landi stundar stór hópur manna hnefaleika. Þeir eru æfðir reglulega af ákveðnum hóp þannig að menn geta ekki horft fram hjá því að íþróttin er iðkuð og því er spurningin hvort ekki ætti að leyfa hana. Það er alveg fráleitt að þetta er eina íþróttagreinin sem er bönnuð með lögum á Íslandi. Hér geta menn komið og leyft sér að byrja hvaða bardagaíþróttir sem er sem eru margfalt hættulegri. Menn geta farið í blandabox sem er líka keppt í þar sem eru engir hanskar, þar sem eru engar hlífar, þar sem leyft er að sparka og kýla. Sumt af þessu er iðkað hér og það er ekki bannað. En síðan ætla menn að banna svona sárasaklausa íþróttagrein og þarna er verið að ræða um og hefur meira að segja yfir sér ólympíustimpilinn, það er ólympíuhugsjónin, þetta er ólympíuíþróttagrein og það segir nokkuð. Ég hygg að engin önnur þjóð en Íslendingar banni að stunda ólympíuíþrótt. Ég veit ekki um neina þjóð sem bannar slíkt. Við erum svo öfgafullir í þessu að það er meira að segja bannað að sýna frá hnefaleikum. Samkvæmt laganna bókstaf má ekki sýna hnefaleika í sjónvarpi. Þeir eru að vísu lítið sýndir hér, það er kannski örlítið brot, en þá kemur að því að á gervihnattaöld er t.d. Stöð 2 með fjölvarp. Þar inni er, ef ég man rétt, stöð sem kallast Eurosport og þar eru heilu þættirnir, klukkutíma þættir og jafnvel lengur með hnefaleikum. Þetta eru náttúrlega bein lögbrot. Menn geta ekki staðið á móti tímanum. Það er ekki hægt þannig að þó að það væri ekki nema til að breyta þessu til þess að við höfum ekki hálfa þjóðina sem lögbrjóta við það að horfa á Eurosport og box þar þá ætti að lappa upp á þann lagabókstaf.

Ég hlýt að vitna líka til þeirra umsagna sem hafa komið og eru jákvæðar af hálfu íþróttahreyfingarinnar sem hefur mest vit á þessu. Ég skil umsagnir frá

læknum og frá foreldrum sem horfa á þetta í öðru ljósi. Auðvitað ber læknum að vara við öllu slíku og ég skil það að þeirra umsagnir séu ekki beint fylgjandi slíkri íþróttagrein. En þær yrðu það líka ef við tækjum aðrar greinar sem við erum að stunda á Íslandi í dag. Ef þær væru í sömu stöðu og við mundum spyrja lækna að því hvort það ætti að leyfa þær eða ekki, þá mundu þeir að sjálfsögðu benda á mikla slysatíði. Menn geta bent á fótbrot, handleggsbrot, nefbrot og hvað þetta allt heitir, tábrot bara í knattspyrnunni einni saman. Það er því mjög skiljanlegt. Og auðvitað er líka skiljanleg afstaða foreldrafélaga sem sjá þetta sem slagsmálaíþrótt en ekki sem íþrótt, íþrótt sem hefur tækni þar sem menn þurfa að kunna að verjast, menn þurfa að kunna að sækja og þar fram eftir götum. Ég skil þær umsagnir. En þeir aðilar sem þekkja til íþrótta og hvernig íþróttir fara fram og á hvern hátt á að stunda þær mæla með þessu. Það er öll íþróttahreyfingin, ÍSÍ og UMFÍ og hverjir það eru sem hafa sent inn umsagnir.

Ég verð því að segja það að sérstaklega í ljósi þess að hér geta menn stundað nánast hvaða einustu íþrótt sem er og menn sáu það í sjónvarpinu í fyrra. Þá var verið að sýna hér frá mikilli og ljótri slagsmálaíþrótt í sjónvarpinu sem stunduð er hérlendis. Hún er leyfð. En þessi íþrótt sem er undir ströngum reglum, með hlífðarbúnað, í stuttan tíma, með reglur sem vernda keppendurna, með ólympíuhugsjónina, er bönnuð. En menn mega ekki gleyma því að hún var bönnuð á allt öðrum forsendum á sínum tíma. Hún var bönnuð sem hefðbundnir hnefaleikar sem þá voru stundaðir hér en ekki ólympískir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Útbýting þingskjals:

Skipting rækjukvóta á milli útgerða, 187. mál, svar sjútvrh., þskj. 267.

Heilsársvegur milli Dýrafjarðar og Vestur-Barðastrandarsýslu, fyrri umr.

Þáltill. PBj, 220. mál. — Þskj. 254.

[15:57]

Flm. (Pétur Bjarnason):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um heilsársveg milli Dýrafjarðar og Vestur-Barðastrandarsýslu. Ég hefði gjarnan kosið, virðulegi forseti, að hæstv. samgrh. væri í salnum þegar tillagan er flutt og til andsvara því ég hef á því bjargfasta trú að honum sé þetta mál hugleikið og hann muni styðja það og byggi það á því að fyrir fyrir árum flutti hv. þm. Halldór Blöndal mjög hliðstætt mál ásamt fleirum sem var till. til þál. um könnun á gerð jarðganga milli Ólafsfjarðar og Siglufjarðar. Ég hygg að hæstv. samgrh. sé hlynntur langtímaáætlunum í þessum efnum og menn horfi til framtíðar þegar verið er að skipuleggja vegamálin.

Árið 1986 var skipuð nefnd til að gera langtímaáætlun um jarðgöng til samgöngubóta á þjóðvegakerfi landsins og voru markmið hennar m.a. skilgreind í skipunarbréfi þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Að tengja þau byggðarlög við vegakerfi landsins sem ekki eiga val á fullnægjandi tengingum með öðrum hætti. Enn fremur að tengja saman byggðarlög sem mynda eðlilega, félagslega og atvinnulega heild en geta ekki komið á viðunandi sambandi sín á milli nema með jarðgöngum eða öðrum álíka mannvirkjum.“

Í sömu skýrslu nefndarinnar var einmitt lögð áhersla á að í þeim áfanga skyldi lögð áhersla á tengingu kaupstaða og stærri kauptúna. Enn fremur segir þar, með leyfi forseta:

„Jarðgangagerð er langtímaverkefni. Því þarf að ætla þeim langan rannsóknar- og undirbúningstíma.“

Með þessari till. til þál. fylgir svohljóðandi greinargerð, með leyfi hæstv. forseta:

„Það hefur löngum háð samvinnu byggða á Vestfjörðum hversu samgöngur eru þar erfiðar að vetrarlagi og á það ekki síst við samskipti milli þeirra svæða sem hér um ræðir, byggðanna á vestanverðum Vestfjörðum sem oft eru nefnd Patreksfjarðar- og Ísafjarðarsvæði.

Hrafnseyrarheiði og Dynjandisheiði eru að jafnaði lokaðar vetrarmánuðina og er þá póstflug Flugfélagsins Ernis einu almenningssamgöngurnar milli Vestur-Barðastrandarsýslu og Ísafjarðarsýslna, auk þess sem vöruflutningar fara fram sjóleiðina.

Þá ber að geta þess að með tilkomu Breiðafjarðarferjunnar Baldurs hafa aukist verulega ferðir fólks af Ísafjarðarsvæði þá leiðina suður á land. Eins og nú háttar er það einungis hægt að sumarlagi, en með jarðgöngum milli fjarðanna og vetrarvegi um Dynjandisheiði, eða með sjó fram, væri þessi leið fær allan ársins hring.

Núverandi vegur yfir Dynjandisheiði var tekinn í notkun á árinu 1958 og þótti þá allgóður og var mikil samgöngubót. Hins vegar var hann einungis hugsaður sem sumarvegur og ekki gerður samkvæmt þeim stöðlum sem nú gilda um nýlagnir vega. Sáralitlar endurbætur hafa verið gerðar á honum og nýtist hann því enn eingöngu sem sumarvegur. Fljótlega þarf að fara að gera við kafla þessa vegar, en áður en lagt er í kostnaðarsamar framkvæmdir þarf að taka ákvörðun um hvort leggja beri nýjan veg með sjó fram eða endurbæta þennan veg og byggja upp með tilliti til snjóalaga.

Vert er að hafa í huga við ákvörðun í málinu að vegurinn liggur utan í Glámusvæðinu sem er fyrrum jökulsvæði. Hann liggur í allt að 500 m hæð yfir sjávarmál og þar geta veður verið mjög hörð að vetri til og þokusamt á sumrin. Samkvæmt lauslegum mælingum Vegagerðarinnar er talið að lenging vegarins, með því að fara með sjó fram, sé um 15 km frá Dynjanda í Trostansfjörð, og þar með til Bíldudals, en um 30 km frá Dynjanda að vegamótum í Helluskarði og þar með að Brjánslæk. Þar ber að hafa í huga að þessi vegur yrði væntanlega mjög snjóléttur og að jafnaði vetrarfær án mikils snjómoksturs.

Einnig kæmi til álita að leita nýrra leiða fyrir veg

yfir Dynjandisheiði og hafa um það samráð við heimamenn sem margir hverjir hafa kannað leiðir þarna með þetta að markmiði. Einkum kemur til álita að fara aðra leið upp á heiðina en upp Svínadal, t.d. á svæðinu utanvert við Dynjanda.

Að áliti vegagerðarmanna er tæpast framkvæmanlegt að gera viðunandi vetrarveg yfir Hrafnseyrarheiði vegna mikils bratta og snjóflóðahættu á leiðinni frá Þverfelli í Brekkudal að Þórðarhorni í Hrafnseyrardal.

Vegagerð ríkisins hefur gert lauslegar athuganir á jarðgangaleið milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar. Meðal annars var gerð jarðfræðiathugun árið 1981 á þessu svæði. Megintilgangur þeirrar athugunar var að huga að grjóti sem nothæft væri sem ölduvörn á vegkanta með sjó, en einnig var berggrunnur lauslega kannaður *með tilliti til möguleika á jarðgangagerð þarna*. Þessi athugun leiddi í ljós að vænlegasta leiðin virðist vera úr Dýrafjarðarbotni í Arnarfjarðarbotn. Þessi göng yrðu væntanlega um 4,7 km að lengd, og virðast berglög þar henta allvel til gangagerðar. Nauðsynlegt er þó að gera frekari kannanir á berglögum. Þess má geta að jarðgöng á þessum stað mundu stytta leiðina frá Ísafirði í Mjólká um 25–28 km og yrði þá leiðin þar á milli svipuð og frá Ísafirði til Þingeyrar, rétt um 50 km.

Annar möguleiki væri að gera göng úr Brekkudal í Skipadal nálægt núverandi akstursleið. Þau göng yrðu mun styttri, en berglög óhagstæðari, auk þess sem þau mundu liggja allhátt, eða um 300 m yfir sjávarmáli. Sú leið stytti ekki akstursleið svo neinu næmi.

Sem fyrr segir eru jarðgöng á þessari leið forsenda þess að tengja megi byggðir Vestfjarða innbyrðis. Gerð nýs flugvallar í Dýrafirði, sem nú er í athugun, styður enn frekar nauðsyn þess að allir á vestursvæði Vestfjarðakjálkans eigi þangað greiða leið, ekki síst ef um beinan útflutning á fiski og fiskafurðum þaðan yrði að ræða. Þá mundi öryggi í samgöngum aukast verulega og renndi frekari stoðum undir ferðaþjónustu á Ísafjarðarsvæði að vetarlagi þar sem ferðafólki þykir flugsamgöngur ekki nægilega tryggar til skemmri ferða.

Hér er um að ræða stefnumótun í samgöngumálum sem skipta byggðaþróun á Vestfjörðum verulegu máli og hafa um árabil verið ofarlega í umræðu þar. Fjórðungsþing Vestfirðinga hefur margsinnis ályktað um þetta mál.

Í umsögn vegamálastjóra um fyrrgreinda þingsályktunartillögu frá 113. löggjafarþingi er tekið undir nauðsyn þess að undirbúa tengingu milli þessara svæða *með þeim hætti sem hér er lagt til*. Vegamálastjóri telur það verkefni Vegagerðar og þingmanna kjördæma að undirbúa slíka stefnumörkun. Sú vinna kostar allmikið fé og er eðlilegt að sérstök fjárveiting fáist til hennar af vegáætlun.

Það skal undirstrikað hér að þar sem jarðgöng eru forsenda þessarar tengingar með öruggum hætti beri að fella þessa áætlun að langtímaáætlun í jarðgangagerð þar sem tenging vestursvæðis við Mjólká nær ekki fullum tilgangi nema hægt verði að komast áfram yfir í Dýrafjörð. Því er skoðun flutningsmanns að taka beri þessa tvo þætti sameiginlega sem sérstakt verkefni við áætlanagerð sem tekið verði tillit til við reglulega endurskoðun vegáætlunar sem fram á að fara á Alþingi 1994–95.“

Virðulegi forseti. Við þetta má bæta að það eru líklega rétt um eða yfir 20 ár síðan Gunnlaugur Finnsson, þá þingmaður Vestfirðinga, flutti tillögu um jarðgöng undir Breiðadalsheiði. Á þeim tíma var kannski lítið á þetta sem sýndartillögu sem ekki bæri að taka allt of alvarlega þó að ég efast ekki um að flm. hafi verið fullkomin alvara. Það kemur í ljós líka núna 20 árum síðar að þessi jarðgöng eru svo gott sem orðin að veruleika og eiga eftir að hafa gífurleg áhrif til bóta í samskiptum manna og atvinnuháttum á þessu svæði.

Virðulegi forseti. Að lokinni umræðu geri ég það að tillögu minni að þáltill. verði vísað til síðari umr. og hv. samgn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Hjúskaparlög, 1. umr.

Frv. GHall o.fl., 222. mál (ellilífeyrisréttindi hjóna). — Þskj. 257.

[16:06]

Flm. (Guðmundur Hallvarðsson):

Virðulegi forseti. Ég flyt frv. til laga um breytingu á hjúskaparlögum, nr. 31/1993. Meðflutningsmenn mínir að frv. eru Salome Þorkelsdóttir, Sigríður Anna Þórðardóttir, Lára Margrét Ragnarsdóttir, Kristján Guðmundsson, María Ingvadóttir og Guðmundur H. Garðarsson: 1. gr. frv. hljóðar svo:

„Við 2. tölul. 1. mgr. 102. gr. laganna bætist svohljóðandi málsliður: Ellilífeyrisréttindi hjóna, sem áunnist hafa á meðan hjónabandi stóð, skulu þó ekki falla utan skipta.“

Það er svo, virðulegi forseti, að samsvarandi mál var lagt fram á 112., 113., 115., 116. og 117. löggjafarþingi en náði ekki fram að ganga. Að vísu var þá öðruvísi farið með þetta frv. þar sem gert var ráð fyrir því að lífeyrissjóðirnir skyldu halda til haga hjúskaparstöðu þess sem aðild átti að lífeyrissjóðnum og það var lagt á þeirra herðar að sjá um skipti við slit á fjárfélagi hjóna.

Á þeim þingum sem ég tiltók áðan gerðist það þegar leitað var umsagna lífeyrissjóða í landinu að greinargerðir voru svo sérkennilegar að undrun sætti. M.a. höfðu menn allt á hornum sér og töldu að þetta gæti ekki náð fram að ganga, báru fyrir sig að hér væri um svo margþættan rétt að ræða, t.d. hvað varðaði Lífeyrissjóð opinberra starfsmanna, varðandi flýtirétt, hina svokölluðu „aldur plús starfsaldur“-reglu. Menn báru fyrir sig að það væri ófært að sjá um þessar greiðslur eða samþykkja slík lög vegna þess að aðilar í lífeyrissjóðskerfinu áynnu sér örorkubætur og svo mætti lengi telja og töldu þar af leiðandi erfitt að það mál, sem var flutt á þeim þingum sem ég tiltók áðan, gæti náð fram að ganga. Athugasemdir um frv. sem þá voru lögð fram voru á þá leið að þessir ágætu aðilar lífeyr-

issjóðanna töldu að ef fara ætti grannt ofan í málin þá væri þetta óvinnandi vegur jafnvel þó að skýrt væri tekið fram að eingöngu væri átt við hinn eiginlega lífeyri, þ.e. án nokkurra flýtireglna og án þess að nokkuð væri litið til þeirra átta sem ég gat um varðandi örorku og annað þess háttar.

Ég verð að segja það sjálfur sem stjórnarmaður lífeyrissjóðs að þessar umsagnir annarra lífeyrissjóða en Lífeyrissjóðs sjómanna komu mér mjög sérkennilega fyrir sjónir þegar það er haft í huga að öll skráning áunninna lífeyrisréttinda og annarra réttinda í lífeyrissjóðnum er nú tölvuvædd og allt hefur það verið í rétta átt hvað tölvuna áhrærir hér á landi þó að margir hafi bundið meiri vonir við þær en raun hefur orðið á um. Engu að síður er það þó svo að öll lífeyrisréttindi eru miklu betur skráð en áður var og miklu aðgengilegri þannig að þetta átti ekki að vera vandamál gagnvart lífeyrissjóðunum.

Með þetta allt í huga, virðulegi forseti, er þetta frv. lagt fram sem nú snýr að hinum eiginlegu hjúskaparlögum og verð ég að viðurkenna að það hefði kannski verið eðlilegt að taka þessi ákvæði inn í hjúskaparlögin þá þau voru samin svo nýlega á Alþingi eins og ég gat um áðan eða á árinu 1993. Í greinargerð með frv. segir svo m.a.:

„Frumvarp til laga um lífeyrisréttindi hjóna var lagt fram á 112., 113., 115., 116. og 117. löggjafarþingi en náði ekki fram að ganga. Það var sama efnis og þetta frumvarp, að ellilífeyrisréttindi hjóna, sem áunnist hafa í hjúskap, skuli teljast hjúskapareign þeirra og koma því jafnt til skipta verði slit á fjárfélagi hjónanna.

Ný hjúskaparlög tóku gildi 1. júlí 1993 og er því lagt til að mælt verði fyrir um þetta atriði þar. Samkvæmt hjúskaparlögum er eign hjúskapareign nema sérstakar heimildir standi til annars, sbr. 54. gr., og er þar m.a. átt við persónuleg réttindi að svo miklu leyti sem það brýtur ekki í bága við þær sérreglur sem um þau réttindi gilda, sbr. 57. gr. laganna. Um fjárskipti þessara réttinda eru ákvæði í 102. gr. en þar eru taldar upp þær hjúskapareignir sem geta fallið utan skipta að kröfu maka. Í frumvarpi þessu er lagt til að ellilífeyrisréttindi verði ekki í þessum hópi, þau séu hjúskapareign sem geti ekki fallið utan skipta.

Eins og nú háttar til eru ellilífeyrisréttindi beinlínis tengd þeirri persónu sem aflað hefur tekna og greitt af þeim iðgjald, enda þótt önnur eignamyndun af tekjum hjóna teljist hjúskapareign þeirra og henni sé skipt við slit hjúskapar. Eðlilegt er að litið sé á öflun ellilífeyrisréttinda sem eignamyndun sem aðilar hafa stuðlað að með ákveðinni verkaskiptingu.

Það verður að teljast réttlætismál að litið sé á þessa eignamyndun sem sameiginlega eign hjóna. Auk þess hefur þetta þann kost að tekjuöflun hjóna hefur ekki áhrif á myndun ellilífeyrisréttinda þeirra, þ.e. að ekki skiptir máli hvernig hjón hafa valið að skipta með sér störfum og tekjuöflun heimilisins.

Samkvæmt lögum eru allir landsmenn, sem starfa úti á hinum almenna vinnumarkaði, skyldaðir til þess að vera aðilar að lífeyrissjóði. Slík aðild að söfnunarsjóðum lífeyriskerfisins hefur það í för með sér með iðgjaldagreiðslum fólks í sjóðina í áratugi að þar myndast raunverulega mesta eign viðkomandi einstaklinga á langri starfsævi. Þessi eign er skilyrt og felur í sér verðmætan tryggingarrétt að starfsævi lokinni. Það er því sjálfsagt og eðlilegt að hjón líti á þennan rétt sem sameiginlegan rétt eins og aðrar eignir.

Eins og fram hefur komið er frumvarp um þetta efni ekki lagt fram í fyrsta sinn en oft hafa umræður og umsagnir um málið snúist meira um aðra þætti, eins og greiðslur frá lífeyrissjóðum, en sjálfan ellilífeyrisréttinn sem kannski vonlegt er. Kemur þar einkum til skráning á greiðslum og áunnum réttindum í viðkomandi lífeyrissjóði sem í dag tengjast einvörðungu þeirri persónu sem iðgjöld til viðkomandi lífeyrissjóðs eru greidd fyrir, svo og sá viðbótarréttur sem ávinnst við inngreiðslu, þ.e. örorkulífeyrir og barnalífeyrir. Þá er réttur til töku ellilífeyris mismunandi hjá lífeyrissjóðum. Hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins er t.d. um að ræða svokallaða 95 ára reglu (þ.e. samanlagður aldur og starfsaldur), tengingu lífeyris við launaflokk viðkomandi, svo og niðurfellingu iðgjaldagreiðslna eftir 32 ár. Í Lífeyrissjóði sjómanna öðlast menn rétt til ellilífeyris 60 ára hafi þeir stundað sjómennsku í 25 ár. Þá veitir 20–25 ára starf á sjó rétt til ellilífeyristöku frá 61 árs aldri og frá 62 ára aldri eftir 15–20 ára starf á sjó.

Hér eru nefnd fáein dæmi um það flókna kerfi sem lífeyrissjóðir hafa komið sér upp, en fjölmörg dæmi væri einnig hægt að nefna þar sem löggjafinn hefur gripið inn í eða ákvarðanir eru teknar beint af stjórnum sjóðanna samkvæmt reglugerð.

Flutningsmenn gera sér fulla grein fyrir þeim vanda sem stjórnir hinna fjölmörgu lífeyrissjóða stæðu frammi fyrir væri ætlunin með frumvarpi þessu að réttur inn yrði allur sá sami hvað hjón varðar, þ.e. áunninn flýtiréttur til töku lífeyris, tímabundnar örorkubætur eða bætur fyrir langtímaörorku. Með frumvarpi þessu er hins vegar eingöngu gert ráð fyrir að við slit á fjárfélagi hjóna við skilnað skuli áunninn ellilífeyrisréttur greiddur til fyrrverandi maka miðað við inngreiðslur í viðkomandi sjóð á meðan hjúskapur stóð yfir og þá miðast við almennan lífeyrisaldur viðkomandi lífeyrissjóðs án tillits til flýtireglna. Að sjálfsögðu yrði viðkomandi lífeyrissjóður að taka upp skráningu lífeyrisréttinda með tilliti til þess sem að framan greinir. Ætla má að slík skráning yrði starfsmönnum lífeyrissjóða ekki erfið þegar litið er til þeirrar tölvuvæðingar og mikils samstarfs og upplýsingaflæðis á milli lífeyrissjóða í dag.

Með ólíkindum er hve mál þetta hefur átt lítinn hljómgrunn hjá löggjafanum og jafnvel samtökum kvenna þrátt fyrir annars jákvæða afstöðu til þeirra mála er lúta að jafnrétti kynjanna."

Það kann að vera, virðulegi forseti, að einhverjum komi spánskt fyrir sjónir síðasta setningin í þessari greinargerð. En mér þykir rétt að geta þess hér að í viðræðum mínum við ágætan kvennalista um þetta mál, þar sem ég vildi þó leggja mitt fram um að þær konur væru jafnframt á þessu frv., kom fram að þær hefðu ekki hug á því að vera meðflutningsmenn að þessu frv. hverju svo sem það sætir. Hins vegar hef ég fengið þá

skýringu frá þeim að þær telji að annaðhvort skuli réttur vera allur eða enginn. En ég tel, virðulegi forseti, að hér sé stigið ákveðið skref í átt til, við gætum kallað það mannréttindi og til jafnréttis kynjanna. Því kemur mér það ákaflega spánskt fyrir sjónir að kvennalistakonur vilja fara þá leið og stíga það stóra skref að jafnframt þessu skuli vera stefnt að því og helst hefði það átt að vera í þessu frv. að þeirra mati að húsmóðir sem væri í störfum heima hjá sér, ekki á hinum almenna vinnumarkaði, mundi ávinna sér lífeyrisréttindi. Það er vissulega göfugt markmið og skref sem einhvern tíma verður stigið. En eins og háttar til í þjóðfélaginu í dag má það ljóst vera að það er líklega nokkuð langt í það að svo geti farið. Þess vegna, virðulegi forseti, og með hliðsjón af því að fjölmargir aðilar og konur nokkrar sem hafa staðið frammi fyrir þessum vanda að vinna með karli sínum að heimilinu, að uppvexti barna sinna og síðan að löngu dagsverki staðið einar eftir, karl farinn úr hreiðrinu, börnin löngu flogin og konan eftir með ellilífeyrinn einan en karl farinn í burtu með lífeyrissjóðinn. Það kemur kannski einhverjum spánskt fyrir sjónir að sjá og heyra að ég skuli mæla hér fyrir auknum réttindum kvenna en svo sjálfsagður og eðlilegur sem þessi réttur er þá held ég að það skipti ekki máli hvort það er karl eða kona sem flytur þetta mál. Hitt er svo annað mál að ég er stoltur af því að endurflytja þetta frv. sem ágætur vinur minn og fyrrv. alþm. og nú þingmaður sitjandi hér í dag, Guðmundur H. Garðarsson, hefur margsinnis flutt á þingi eins og hér hefur komið fram í greinargerðinni. Og ég trúi ekki öðru, virðulegi forseti, en með þessari breytingu sem við höfum gert nú á frv., þ.e. beina því inn í lög hjúskapar, hjúskaparlaga, nr. 31/1993, þá vona ég og trúi og treysti að þetta mál nái nú fram að ganga á þessu þingi svo að konur við slíkar aðstæður megi njóta þess réttar og þeirrar sanngirni sem er eins og kemur fram í greinargerðinni að það eru bæði konan og maðurinn í hjónabandi sem hafa lagt sig fram um það að eignast þann rétt sem lífeyrisréttindin gefur og er jafnvel sá eini sameiginlegi sparnaður sem kannski til er eftir áratuga hjúskap.

Um leið og ég vænti þess að þetta mál fari til 2. umr., þá verði því vísað til allshn.

[16:21]

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Ég held að hv. síðasti ræðumaður þurfi ekkert að furða sig á því að hann, karlmaður, skuli vera að reyna að bæta úr ranglæti í lífeyrismálum sem ég get vissulega tekið undir með honum að er fyrir hendi á meðan ekki hafa allir þann lífeyrisrétt sem þeir ættu að hafa, þannig að mér finnst það bara sjálfsagt og ekki nema gott eitt um það að segja. Hitt er annað mál að ég held að sú leið sem hér er valin, sé spor í rétta átt, en að með einni ákveðinni breytingu yrði þetta framkvæmanlegt með þeim hætti að fullnægjandi sé að mínu mati. Ég sit í hv. allshn. og þar voru hjúskaparlög til umfjöllunar og mjög mikillar umfjöllunar og m.a. ákvæði sem hann vísar þarna til um það hvaða réttindi falli utan skipta. Ég er alveg sammála hv. þm. að þótt það hafi ekki náð fram að ganga þá er óeðlilegt að þessi réttindi falli utan skipta. En það sem okkur hv. þm. greinir væntanlega á um er síðan það hvort það eigi að taka réttindin sjálf og skipta þeim og koma þeim fyrir þannig að hvort hjóna fyrir sig hafi sinn sjálfstæða rétt út frá þeim lífeyrisréttindum sem hann tilgreinir þarna og eftir þeim reglum sem þarna eru eða hvort þetta sé eign sem er lögð inn í þau sameiginlegu skipti sem verða og síðan verði þá að bæta það upp. Þessi réttur er persónubundinn en það verði að bæta það upp með öðru. Þetta tel ég að eigi að vera við skipti hjá öllum hjónum hvort sem bæði greiða í lífeyrissjóð eða annað, að þetta sé bara hluti af því sem komi til skipta og þar í rauninni erum við að uppfylla sömu hugsun þó með öðrum hætti sé. Hins vegar er ég alveg sammála því og það var alveg hárrétt hjá hv. þm. greint frá því að við kvennalistakonur höfum lagt mikla áherslu á að allt fólk, bæði heimavinnandi og útivinnandi hafði möguleika á því að ávinna sér sjálfstæð lífeyrisréttindi og það er auðvitað það sem koma skal. Sem betur fer er ég meiri bjartsýnismanneskja en hv. þm. Ég held að ef það mundi skapast viðurkenning og vilji til þess að bæta úr þessu sjálfsagða réttlætismáli þá væri það framkvæmanlegt.

Svo sem þingmanninum er kunnugt þá höfum við kvennalistakonur komið með eina leið af mörgum sem mögulegar væru til að ná þessu marki og lagt fram frv. um lífeyrisréttindi heimavinnandi þar sem er gert ráð fyrir því að litið sé svo á að heimavinnandi fólk leggi það til samfélagsins að ríki og sveitarfélög eigi að standa undir greiðslum til lífeyrisréttinda. Þetta er engan veginn eina leiðin sem hægt er að fara. Það má líka hugsa sér að hjón sem ákveða sjálf sína verkaskiptingu sjái til þess að bæði hjóna öðlist fullan lífeyrisrétt á sama tíma og það þarf að koma því þannig fyrir að það sé greitt í lífeyrissjóð fyrir báða aðila hvort sem það er annað hjóna eða þau bæði sem sjá um tekjuöflunina. Þannig skapast fullur réttur hjá báðum hjónum. Þetta er annar möguleiki sem hægt er að velta fyrir sér og það eru án efa fleiri möguleikar. Þetta eru einfaldlega hlutir sem ég ætla að varpa hér fram í umræðunni vegna þess að ég tel að hér sé um grundvallarmannréttindi að ræða. Því miður hefur okkur miðað býsna hægt í því að tryggja fólki almenn mannréttindi. Það er ótrúlega stutt síðan við viðurkenndum að fleiri ættu rétt til atvinnuleysisbóta en einungis fólk sem tilheyrði vissum stéttarfélögum. Þessi almennu mannréttindi hafa nú verið viðurkennd og það er smátt og smátt verið að laga löggjöfina á þessu.

Eins tel ég að jafnsjálfsögð mannréttindi og lífeyrisréttindi eigi að vera tryggð hverjum einasta einstaklingi í samfélaginu. Þangað til það gerist held ég að hægt sé að mæta þessu, t.d. við hjúskaparslit, með þeim hætti sem ég benti hér á og þetta var vissulega rætt sem möguleiki þegar hv. allshn. var að taka á þessum málum. Það var einfaldlega það að það skyldi viðurkennt að þetta væri hluti hjúskapareignar og eignaskipti yrði þá með þeim hætti að þó að sá sem ætti lífeyrisréttinn héldi honum, þá fengi hitt hjónanna það bætt upp með öðrum hætti. Þetta er möguleiki sem ég vil benda hv. þm. á vegna þess að ég tel að við

séum að mörgu leyti skoðanasystkini í þessum málum. Við erum að tala um sömu hlutina. Okkur greinir á um leiðirnar og það er ekki að ástæðulausu að við höfum valið hvort sína leiðina í okkar málflutningi. Það er ekkert athugavert við það að skoðanir séu skiptar um það. Það sem skiptir hins vegar máli er að framkvæmdin strandi ekki endalaust á því að fólk geti ekki komið sér saman um hvaða leið skuli fara. Við kvennalistakonur teljum okkur einfaldlega hafa enn betri leið upp á að bjóða og við höfum kynnt hana hvað eftir annað og ég vil þess vegna vona það að innan allshn. verði þetta mál rætt með opnum hug og með þessa möguleika fyrir hendi. Þar hef ég möguleika sem betur fer til að koma að þessu máli og ég held að í kjölfar þeirrar umræðu sem þó varð þegar hjúskaparlögin voru sett þá sé búið að vinna ákveðna forvinnu í þessu máli þó að við höfum ekki komist lengra því miður með þetta mál á sínum tíma. Ég held að þessi leið að tengja þetta mál hjúskaparlögunum sé mjög glúrin og ég held að þarna sé í rauninni hægt að taka á málunum. Þar af leiðandi eygi ég von um að það komist botn í þetta mál, en með þessum athugasemdum sem ég færði hér fram.

[16:29]

María E. Ingvadóttir:

Virðulegi forseti. Hér er um að ræða mál sem flokka mætti undir sjálfsagða leiðréttingu á lögum. Við þekkjum allt of mörg dæmi um það að fullorðnar konur standa uppi án nokkurra lífeyrisréttinda eftir skilnað ef viðkomandi hefur verið heimavinnandi og hérna er einmitt um að ræða líka mikilvægan þátt í því að viðurkenna heimavinnandi sem fyrirvinnu heimilis og það er þá metið til jafns hvort vinnuframlagið er utan heimilis eða á heimilinu sjálfu.

Ég er að mörgu leyti sammála hv. seinasta ræðumanni og ég vona svo sannarlega að næsta skref gæti orðið það að öll áunnin lífeyrisréttindi mundu skiptast á milli hjóna því það væri þá líka liður í því að auðvelda konum það val að geta verið heima með börnum sínum. En ég vona að þetta frv. fái sanngjarna meðferð í þinginu.

[16:30]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég tek til máls út af frv. til laga um breytingu á hjúskaparlögum þar sem verið er að hreyfa mjög mikilvægu máli að ég tel sem snertir lífeyrisréttindi heimavinnandi húsmæðra. Ég er þeirrar skoðunar að þau mál séu í miklum ólestri og þurfi vissulega úrlausnar við. Vandinn er hins vegar að það er ekki ljóst hver á að greiða þeirra lífeyrisréttindi og ég tel að þetta frv. taki ekki á málinu með viðunandi hætti en ef með 1. gr. frv. er átt við að ellilífeyrisréttindin séu metin til eigna eins og aðrar eignir við skilnað þá get ég samþykkt það. Það er ekki alveg skýrt hvort verið er að tala um að flytja réttindin á milli því að nú eru hjónaskilnaðir mjög tíðir og fólk getur gift sig oft á lífsleiðinni þannig að ég held að það yrði mjög flókið mál að fara að flytja réttindi á milli fólks. En ef með þessu er átt við, það er ekki alveg skýrt í frumvarpsgreininni sjálfri, að þessi réttindi séu metin til eigna við skilnað þá get ég vel samþykkt það þannig að sá makinn sem hefur minni lífeyrisréttindi við skilnað fái þá bara hlutfallslega meira af eignum til skiptanna. Ég er sem sagt á því að áunnin réttindi hljóti að miðast við þá einstaklinga sem til þeirra vinna miðað við núverandi velferðarkerfi. Annað er ekki réttlátt og við verðum því að finna aðrar lausnir á því að leysa ellilífeyrismál heimavinnandi húsmæðra.

[16:33]

Flm. (Guðmundur Hallvarðsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka þeim þingmönnum sem hér hafa tekið til máls fyrir þessa ágætu umræðu um breytingu á hjúskaparlögum. Ég gat þess áðan sérstaklega að minn ágæti vinur og félagi, Guðmundur H. Garðarsson, hefði flutt þessi mál hér á einum fjórum þingum, en mér láðist að geta þess að þá var enn fremur meðflm. hans að þessu frv. um lífeyrisréttindi hjóna virðulegur forseti, Salome Þorkelsdóttir, og auðvitað á það að vera sem sannast er og réttast þegar talað er hér úr þessum ræðustóli.

Ég skil það vel að hv. þm. Anna Ólafsdóttir Björnsson hafi talað um það að hún væri bjartsýnni en ég þegar hún gat þess að ég sæi ekki í nánustu framtíð það gerast að heimavinnandi húsmóðir mundi vinna sér inn lífeyrisrétt sérstaklega til viðbótar við það sem útivinnandi maki mundi afla sér til lífeyrisréttinda vegna þess að það dæmi er svo stórt og það eru svo mörg vandamál í þjóðfélaginu sem við erum að glíma við og má þá nefna t.d. heilbrigðisgeirann allan og velferðarmálin. Auðvitað er þetta velferðarmál. Ég get heils hugar tekið undir það með þeim sem hér töluðu áðan að það var auðvitað hin æskilegasta leið. En ég held að þá þurfi virkilegrar uppstokkunar við í öllu lífeyrissjóðakerfinu. Þá þarf slíka uppstokkun við að það verði hætt að miða við einhverjar ákveðnar tekjuhliðar, það verði heldur stefnt að því að allir borgi inn í ekki kannski einn lífeyrissjóð heldur ákveðinn hlut til ríkisins og síðan séu réttindi þaðan greidd þannig að lífeyrissjóðakerfið í þeirri mynd sem það er nú verði lagt niður, en tekið upp nánast eins og það sem gerist t.d. í Þýskalandi. En það er ákaflega flókið mál, en þó merkilegt og allrar athyglinnar vert.

Það er nú svo eins og við þekkjum til að á mörgum stöðum í lífeyrissjóðakerfinu er, mér liggur við að segja allt að því rugl á ferðinni þegar menn jafnvel fá út úr lífeyrissjóðakerfinu hafandi setið í ýmsum æðstu embættum þessa þjóðfélags, þá hafi menn þegar þeir eru komnir á eftirlaun hærri laun en þeir höfðu þegar þeir voru í starfi. Það er visslega á mörgu að taka í þessu lífeyrissjóðakerfi í heild sinni en það hefur verið reynt að breyta kerfinu þannig að það væri nánast innstreymi eða útstreymi. Það væri einn lífeyrissjóður fyrir alla landsmenn en því miður hefur það ekki komist á enn. Það eru margar bjartar hliðar á því alveg eins og það má líka finna víða gadda og horn í þeim tillögum sem lagðar hafa verið fram.

En varðandi það sem síðasti ræðumaður, 10. þm. Reykv., talaði um, hvað sé átt við með áunnu réttindin. Eins og kemur fram í greinargerðinni þá er talað um að þau réttindi miðast við þann og ég hef hugsað

það þannig að við fjárslit hjóna komi auðvitað greiðslur til fyrrv. eiginkonu með þeim hætti að hún fái greiðslur út úr lífeyrissjóðnum við þau aldursmörk sem reglugerðir sjóðanna kveða á um. Ég get því ekki séð hvernig væri hægt að fara fram hjá þeirri ætlan sem kemur fram hér í frv. þó svo kannski ef menn skoða texta þeirra laga sem sett eru hér frá sitt hvoru sjónarhorninu. Það er eins og ég gat um áðan ákaflega erfitt að setja fram afgerandi lagatexta sem t.d. innihéldi einhverjar flýtireglur. Ég tel að það sé ekki hægt að koma því við eins og t.d. hjá Lífeyrissjóði opinberra starfsmanna, að flýtiregla til töku lífeyris vegna aldurs plús starfsaldurs, sú regla geti ekki gilt varðandi eiginkonuna eða eiginmanninn eftir því hver á í hlut. Það hlýtur að verða hin almenna regla varðandi rétt til töku ellilífeyris úr viðkomandi sjóðum og hlýtur að verða að fylgja þeirri meginreglu sem annaðhvort er í lögum um viðkomandi sjóði eða reglugerðum.

En ég endurtek þakkir fyir þær undirtektir sem þetta mál hefur hér fengið. Ég er enn þá sama sinnis og áðan og þar greinir okkur aðeins á um markmið og leiðir þó að við séum sammála um það, ég og hv. 9. þm. Reykn., Anna Ólafsdóttir Björnsson, að þetta er hið besta mál og sanngirnismál. Og hafandi setið á þingi þetta kjörtímabil og séð hversu oft þetta mál hefur verið flutt á þingi, líka fullviss um réttlætið í þessu, þá undrar mig mjög hversu seint og illa hefur gengið að afgreiða þetta mál frá hinu háa Alþingi. Það kemur kannski til af því eins og ég gat um áðan í ræðu minni að lífeyrissjóðirnir höfðu allt á hornum sér við að setja þetta á og skrá hin eiginlegu réttindi sem áunnin voru á meðan tiltekin hjón voru gift. En auðvitað með allri þeirri tækni sem nú er orðin varðandi skráningu á innvinnslu lífeyrisréttinda þá tel ég að það sé ekkert stórmál fyrir lífeyrissjóðina að taka þessa skráningu upp með öruggum og ótvíræðum hætti.

En að lokum, virðulegi forseti, ég þakka þeim þingmönnum sem hér hafa tekið til máls og vona að þar sem þeir hv. þingmenn hér, Guðmundur H. Garðarsson og Salome Þorkelsdóttir, lögðu upp með, það mikla mál og merkilega mál sem hér er verið að flytja, ég vona það að þingheimur muni nú afgreiða þetta mál fljótt og vel svo mikið sanngirnis- og réttlætismál sem þetta er.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Útbýting þingskjala:

Framfærsluvísitala, 231. mál, þáltill. ÞBack og SvG, þskj. 272.

Tóbaksvarnir, 232. mál, fsp. ÞBack, þskj. 273.

Út af dagskrá var tekið 8. mál.

Fundi slitið kl. 16:42.

43. FUNDUR

mánudaginn 28. nóv.,
kl. 4.30 síðdegis.

Dagskrá:

1. Lyfjalög, frv., 221. mál, þskj. 256. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Fréttaflutningur af slysförum, þáltill., 115. mál, þskj. 118. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
3. Ólympískir hnefaleikar, þáltill., 166. mál, þskj. 180. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
4. Heilsársvegur milli Dýrafjarðar og Vestur-Barðastrandarsýslu, þáltill., 220. mál, þskj. 254. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
5. Hjúskaparlög, frv., 222. mál, þskj. 257. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

Aðalmenn taka sæti á ný:

Árni R. Árnason, 5. þm. Reykn.,
Björn Bjarnason, 3. þm. Reykv.

Fjarvistarleyfi:

Eggert Haukdal, 6. þm. Suðurl.,
Ingibjörg Pálmadóttir, 2. þm. Vesturl.

Útbýting þingskjala:

Brunatryggingar, 240. mál, stjfrv., þskj. 281.

Skólar á háskólastigi, 238. mál, fsp. EKG, þskj. 279.

Viðlagatrygging, 239. mál, stjfrv., þskj. 280.

Varamenn taka þingsæti.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Borist hefur eftirfarandi bréf, dags. 24. nóv. 1994:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska þess að 1. varaþm. Sjálfstfl. í Reykjavíkurkjördæmi, Þuríður Pálsdóttir yfirkennari, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegi forseti.

Davíð Oddsson, 1. þm. Reykv."

Þuríður Pálsdóttir hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðin velkomin til starfa.

Borist hefur annað bréf, dags. 24. nóv. 1994:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum óska ég eftir því að 1. varaþm. Sjálfstfl. í Suðurlandskjördæmi, Drífa Hjartardóttir, taki sæti mitt á Alþingi á meðan.

Virðingarfyllst,
Þorsteinn Pálsson, 1. þm. Suðurl."

Drífa Hjartardóttir hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðin velkomin til starfa.

Athugasemdir um störf þingsins.

Fyrirspurn um launaþróun sjúkraliða og hjúkrunarfræðinga.

[16:36]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Verkfall sjúkraliða er búið að standa um hríð og hefur valdið miklum erfiðleikum eins og kunnugt er hér í þingsalnum. Það hefur einnig komið fram að lykilatriði í þeim viðræðum sem reynt hefur verið að þróa síðustu daga hefur verið spurningin um traustar upplýsingar um launaþróun, t.d. hjá sjúkraliðum og hjúkrunarfræðingum. Skorturinn á þessum upplýsingum er greinilega farinn að koma í veg fyrir að alvarlegar viðræður geti þróast í þessari erfiðu deilu.

Ég bar fram í síðustu viku, á þskj. 270, fsp. til hæstv. fjmrh. um launaþróun sjúkraliða og hjúkrunarfræðinga. Ég setti fram þá skoðun í utandagskrárumræðu að ef hæstv. fjmrh. vildi greiða fyrir því að umræður hæfust í alvöru og renna stoðum undir þær fullyrðingar sem samninganefnd ríkisins hefur sett fram þá hlyti hæstv. fjmrh. að vera kappsmál að svara þessum spurningum hið fyrsta. Ég setti fram þá ósk að á næsta fyrirspurnadegi þingsins mundi hæstv. fjmrh. svara þessari fyrirspurn. Nú er hér að hefjast innan tíðar nýr fundur, fyrirspurnafundur, og fyrirspurnin er ekki á dagskrá.

Samkvæmt venjum þingsins koma fyrirspurnir ekki á dagskrá aftur í þessari viku. Þar með er ljóst að hæstv. fjmrh. ætlar að láta líða heila viku í viðbót án þess að svara þessari fyrirspurn. Ég vil þess vegna beina því til hæstv. forseta vegna þess að fyrirspurnin tengist með skýrum hætti sjúkraliðaverkfallinu að forseti beiti sér fyrir því að fjmrh. svari fyrirspurninni á morgun eða næstu daga og það verði gefið svigrúm á dagskránni til þess því ef hæstv. fjmrh. ætlar að draga það lengi að svara þessari einföldu fyrirspurn þá er alveg ljóst að ástæðan getur aðeins verið sú að hæstv. fjmrh. vill ekki að upplýsingarnar komi fram.

[16:39]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Í tilefni ræðu hv. þm. vil ég taka það fram að um helgina komu fram kröfur af hálfu Sjúkraliðafélags Íslands sem ég tel að sé áfangi í átt til samkomulags. Vegna fyrirspurna sem liggja fyrir skal þess getið að tvær fyrirspurnir sem svara á munnlega eru til athugunar og úrvinnslu í fjmrn. en voru ekki tilbúnar enda er ekki langt síðan þær komu fram og þeim var dreift á hinu háa Alþingi. Ef hv. þm. sýnist

svo þá er einfalt að verða við tilmælum hans með því að breyta fsp. þannig að beðið sé um skriflegt svar og þá get ég áreiðanlega, eftir þeim upplýsingum sem ég hef, dreift þessu svari á næstu dögum og alveg örugglega í þessari viku þannig að hv. þm. þarf ekki að bíða til næsta mánudags.

Ég hygg að það sé eðlilegasti framgangsmátinn og ég veit að það ætti að vera hægt að svara fsp. eftir örfáa daga en það hefur aldrei staðið til að svara ekki þessari fsp. Það stóð einungis þannig á að svarið var ekki tilbúið í dag enda er fsp. tiltölulega nýkomin fram.

[16:40]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég vil láta það koma fram sem mína skoðun að ég tel óhjákvæmilegt að þessari fsp. verði svarað með venjulegum hætti hér í sérstökum fyrirspurnatíma og vil taka undir þær óskir sem fram hafa komið til hæstv. forseta um að það verði efnt til fyrirspurnatíma á morgun eða hinn daginn til þess að það verði hægt að fara yfir málið og ræða þau. Það er auðvitað full ástæða til að ræða þau vegna þess fyrst og fremst að í ljós hefur komið að það voru haldnir u.þ.b. 40 samningafundir í sjúkraliðadeilunni án þess að samninganefnd ríkisins væri ljóst um hvað væri verið að tala. Ég held að það sé alveg nauðsynlegt fyrir hæstv. fjmrh. að athuga gang sinn og þessarar samninganefndar nokkuð vel þegar hlutirnir eru þannig að nefndin viðurkennir eftir 40 fundi að hún viti ekki út á hvað deilan gengur. Ég hygg að nefnd hafi sjaldan sagt af sér í rauninni með jafneindregnum hætti og þarna kom fram vegna þess að það er bersýnilegt að menn ná ekki utan um verk sitt eins og nauðsynlegt er. Ég vil hvetja hæstv. fjmrh. til þess að taka sérstaklega á þeim málum sem snúa að vinnubrögðum samninganefndar ríkisins þegar það liggur fyrir að það þurfti 40 fundi og endurskrifaða kröfugerð til þess að samninganefndin skildi um hvað deilan snerist.

[16:42]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Tvennt er mikilvægt í þessu máli sem snýr að þinginu. Annað er það að þessar upplýsingar komi fram, hitt er að umræður geti farið fram í þinginu um upplýsingarnar ef ástæða þykir til.

Ég vil í sjálfu sér virða þann vilja hæstv. fjmrh. að vera reiðubúinn að svara þessum spurningum síðar í þessari viku ef ég breyti fsp. og bið um skriflegt svar. Ástæðan fyrir því að ég gerði það ekki í upphafi var að það vill oft dragast að skriflegum fsp. sé svarað í þinginu en meiri þrýstingur í tíma á að svara fsp. í því formi sem hún er nú.

Í trausti þess að hæstv. fjmrh. muni svara spurningunni í þessari viku er ég reiðubúinn að breyta þskj. og biðja um skriflegt svar. Ég óska þá eftir því við hæstv. forseta að verði talin ástæða út af svarinu að efna til sérstakra umræðna í þinginu þá verði það leyft og við semjum um það hvaða form verður á því þegar upplýsingarnar hafa komið fram. Það er ekkert kappsmál í þinginu hvert formið er, aðalatriðið er það að við getum með öflun upplýsinga lagt okkar af mörkum til þess að alvarlegar viðræður milli samninganefndar ríkisins og samninganefndar sjúkraliða geti hafist.

[16:44]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir viðbrögð hv. þm. Ég tel að það sé eðlilegt að fara svona að og ég mun kappkosta að svara þessari fsp. á næstu dögum enda verði henni breytt og tel að það geti gerst í þessari viku. Það eru úrræði í þingsköpum til þess að taka mál upp eins og þar er lýst en ég vil þó segja og vekja athygli á því að ég er ekki viss um að við leysum, hvorki þessa vinnudeilu né aðrar með því að ræða þær efnislega hér á hinu háa Alþingi. En ég mun að sjálfsögðu reyna að svara fsp. sem allra fyrst og um leið og upplýsingar liggja fyrir.

Athugasemdir um störf þingsins.

Þingsályktunartillaga um framkvæmdaáætlun í umferðaröryggismálum.

[16:45]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég kveð mér hér hljóðs til að ræða undir liðnum um störf þingsins um þá stöðu sem eitt lítið þingmál sem hér er til umfjöllunar er komið í. Þannig er mál með vexti að þann 9. þessa mánaðar lagði ég inn hjá skjalaverði till. til þál. um framkvæmdaáætlun í umferðaröryggismálum. Tillögunni var dreift þann 15. nóv. og fyrir henni mælt 23. þessa mánaðar. Þann 24., sl. fimmtudag, var tillögunni vísað til allshn.

Svo ber það til að mér til mikillar ánægju heyri ég í fjölmiðlum um þessa helgi að sl. föstudag, þann 25. þ.m., hafi hæstv. ríkisstjórn gert sérstaka samþykkt um þetta mál, þ.e. um stefnumótun í umferðaröryggismálum. Þegar ég fer yfir þá tillögu, sem hæstv. ríkisstjórn afgreiddi og greinargerð, kemur í ljós að tillaga ríkisstjórnarinnar og greinargerð er nánast eins og spegilmynd af þáltill. þeirri sem hér hafði áður verið til umræðu á Alþingi og er nú til umfjöllunar í hv. allshn.

Í ljósi þessara óvenjulegu aðstæðna vil ég spyrja hæstv. forseta eða óska eftir því að hæstv. forseti athugi hvað eðlilegast sé að gera við þessar aðstæður, hvort rétt sé að ég sem flm. tillögunnar kalli hana aftur og hvort rétt sé að líta svo á að hún hafi í reynd fengið afgreiðslu með samykkt ríkisstjórnarinnar degi eftir að henni var vísað til allshn. Hljóta það teljast óvenjuskjót og lofsverð viðbrögð af hálfu hæstv. ríkisstjórnar.

Að sjálfsögðu er aðalatriðið, hæstv. forseti, að menn komi í veg fyrir ástæðulausan tvíverknað. Ég sé ekki efni til að hv. allshn. puði mikið í þessu máli ef það er þegar komið í farveg á öðrum vígstöðvum og er þá fyrst og fremst skipulagsatriði að mínu mati hvernig réttast sé að fara með málið, hvort formlega séð sé rétt að kalla tillöguna aftur eða láta hana bíða þess í allshn. að málið komi frá hæstv. ríkisstjórn hér fyrir þingið. Ég óska eftir því að hæstv. forseti taki það til at-

hugunar, ræði það eftir atvikum við hæstv. ráðherra sem málið heyrir undir og veiti hér um það svör eða komi þeim til mín persónulega eftir atvikum.

[16:47]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Það er laukrétt hjá hv. þm. að þetta er ekki í fyrsta skipti sem ríkisstjórnin bregst fljótt við og kemur málum í verk sem áður hafa dregist. Ég vil á hinn bóginn segja að samþykkt ríkisstjórnarinnar er engin tilviljun. Auðvitað hafa fleiri en hv. þm. hugsað um hvað gera megi til þess að tryggja og auka öryggi í umferðinni og nú hittist svo á að það hefur verið rætt á það á fundum þeirra ráðherra á Norðurlöndum sem öryggismál í umferð falla undir, umferðarmálin, og hafa hinar norrænu þjóðir einsett sér það að grípa til ráðstafana sem megi verða til þess að fækka umferðarslysum fram að aldamótum um a.m.k. 20%. Að þessu leyti er samþykkt ríkisstjórnarinnar af sama toga og hliðstæðar samþykktir í öðrum Norðurlöndum.

En það er rétt að ríkisstjórnin hefur samþykkt og einsett sér að beita tilteknum ráðum til þess að reyna að draga úr slysum í umferðinni og að því lýtur samþykkt hennar. Það verk er hafið og raunar hófst nú í haust frekar en á miðju sumri undirbúningur að slíkri tillögugerð sem stóðu að annars vegar dómsmrn. og hins vegar Vegagerð en fleiri munu koma inn í það mál nú.

[16:49]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. fyrir svörin. Eins og ég tók fram er mér það að sjálfsögðu mikið fagnaðarefni að þetta mál er komið á dagskrá ríkisstjórnarinnar með þessum hætti og þess þá heldur þegar þess er gætt og get ég vel við unað að þegar borið er saman innihald þessara tillagna og rökstuðningur fyrir þeim í greinargerð, þá er hann svo hliðstæður að manni kemur helst í hug latneska orðið copia eða copius sem þýðir mikið af einhverju og er stundum notað um það þegar efni hefur verið fjölfaldað eins og kunnugt er. Ég get að sjálfsögðu afar vel sætt mig við það að málið hafi þennan framgang og ítreka svo bara óskir mínar til hæstv. forseta að að því verði hugað í millitíðinni hvernig formlega séð sé eðlilegast að hafa meðferð þessa litla þingmáls í ljósi þess sem fram hefur komið.

Tilkynning um breytingar í nefndum.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Áður en gengið er til dagskrár vill forseti geta þess að borist hefur bréf frá þingflokki Alþfl. þar sem tilkynnt er um eftirfarandi mannaskipti í nefndum, sbr. 16. gr. þingskapa:

Utanrmn. Guðmundur Árni Stefánsson kemur í stað Rannveigar Guðmundsdóttur. Í efh.- og viðskn. kemur Guðmundur Árni Stefánsson í stað Rannveigar Guðmundsdóttur. Í allshn. kemur Guðmundur Árni Stefánsson í stað Gísla S. Einarssonar og í félmn. kemur Sigbjörn Gunnarsson í stað Rannveigar Guðmundsdóttur.

Lyfjalög, frh. 1. umr.

Frv. heilbr.- og trn., 221. mál (lyfsala dýralækna, eftirlit, hámarksverð o.fl.). — Þskj. 256.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:51]

Frv. vísað til 2. umr. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BjörkJ, DH, EgJ, EKJ, FI, GHH, GGott, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GHelg, GunnS, IBA, JÁ, JóhS, JGS, JónK, KHG, KÁ, KGuðm, LMR, ÓE, ÓRG, PP, PBj, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VG, VS, ÞBern, ÞurP.

18 þm. (BBj, EH, EKG, FrS, GE, GB, GJH, HÁ, HBl, IP, JE, JBH, MF, MB, PJ, SighB, VE, ÞBack) fjarstaddir.

Fréttaflutningur af slysförum, frh. fyrri umr.

Þáltill. GunnS, 115. mál. — Þskj. 118.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:52]

Till. vísað til síðari umr. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BjörkJ, DH, EgJ, EKJ, FI, GHH, GGott, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GHelg, GunnS, IBA, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, KHG, KÁ, KGuðm, LMR, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBj, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StG, StB, SvG, TIO, VG, VS, VE, ÞBern, ÞurP.

13 þm. (BBj, EH, EKG, FrS, GB, GJH, HÁ, HBl, IP, JE, MF, SJS, ÞBack) fjarstaddir.

Till. vísað til allshn. án atkvgr.

Ólympískir hnefaleikar, frh. fyrri umr.

Þáltill. KHG og IBA, 166. mál. — Þskj. 180.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:52]

Till. vísað til síðari umr. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BjörkJ, DH, EgJ, EKJ, FI, GHH, GGott, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GHelg, GunnS, HBl, IBA, JÁ, JóhS, JGS, JBH, KHG, KÁ, KGuðm, LMR, MB, ÓE, ÓRG, PJ, PBj, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VG, VS, VE, ÞBern, ÞurP.

13 þm. (BBj, EH, EKG, FrS, GB, GJH, HÁ, IP, JE, JónK, MF, PP, ÞBack) fjarstaddir.

Till. vísað til menntmn. án atkvgr.

44. FUNDUR

mánudaginn 28. nóv.,
að loknum 43. fundi.

Heilsársvegur milli Dýrafjarðar og Vestur-Barðastrandarsýslu, frh. fyrri umr.

Þáltill. PBj, 220. mál. — Þskj. 254.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:53]

Till. vísað til síðari umr. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BjörkJ, DH, EgJ, EKJ, FI, GHH, GGott, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GHelg, GunnS, HBl, IBA, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, KÁ, KGuðm, LMR, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBj, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StG, SJS, StB, TIO, VG, VS, VE, ÞBern, ÞurP.

13 þm. (BBj, EH, EKG, FrS, GB, GJH, HÁ, IP, JE, KHG, MF, SvG, ÞBack) fjarstaddir.

Till. vísað til samgn. án atkvgr.

Hjúskaparlög, frh. 1. umr.

Frv. GHall o.fl., 222. mál (ellilífeyrisréttindi hjóna). — Þskj. 257.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:54]

Frv. vísað til 2. umr. með 52 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BjörkJ, DH, EgJ, EKJ, FI, GHH, GGott, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GHelg, GunnS, HBl, IBA, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, KHG, KÁ, KGuðm, LMR, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBj, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VG, VS, VE, ÞBern, ÞurP.

11 þm. (BBj, EH, EKG, FrS, GB, GJH, HÁ, IP, JE, MF, ÞBack) fjarstaddir.

Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Fundi slitið kl. 16:54.

Dagskrá:

Til félagsmálaráðherra:

1. Varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, fsp., 156. mál, þskj. 169.
2. Vatnsgjald, fsp., 179. mál, þskj. 201.
3. Álagning vatnsgjalds og aukavatnsgjalds, fsp., 180. mál, þskj. 202.
4. Arðgreiðslur vatnsveitu, fsp., 181. mál, þskj. 203.
5. Framkvæmd jafnréttislaga, fsp., 235. mál, þskj. 276.

Til samgönguráðherra:

6. Reykjavíkurflugvöllur, fsp., 204. mál, þskj. 230.

Til heilbrigðisráðherra:

7. Tölvubúnaður fyrir textasíma, fsp., 208. mál, þskj. 234.

Til utanríkisráðherra:

8. Ráðstefna Sameinuðu þjóðanna um málefni kvenna, fsp., 227. mál, þskj. 262.

Varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum.

Fsp. KHG, 156. mál. — Þskj. 169.

[16:55]

Fyrirspyrjandi (Kristinn H. Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Á tveimur síðustu þingum flutti ég ásamt tveimur öðrum þingmönnum Alþb. frv. til laga um sérstaka fjáröflun til varnar gegn ofanflóðum

(**Forseti** (SalÞ): Ég bið um hljóð í salnum.)

og um breytingu á kostnaðarhlut sveitarfélaga. Í frv. var lagt til í fyrsta lagi að aukinn yrði hlutur svonefnds ofanflóðasjóðs á kostnaði við varnarvirki gegn snjóflóðum og skriðuföllum úr 80% í 90%. Í öðru lagi var opnað fyrir þann möguleika að sjóðurinn tæki þátt í kostnaði við viðhald varnarvirkja og í þriðja lagi var gerð tillaga um að styrkja fjárhagslega stöðu sjóðsins með því að leggja sjóðnum til ákveðinn tekjustofn næstu fimm árin.

Ástæða frv. var auðvitað sú að undanfarin ár hafa staðið yfir athuganir á snjóflóðahættu og gerð hættumats þar sem við á. Þær athuganir hafa leitt í ljós að þörf er á alldýrum framkvæmdum til að verja byggð í nokkrum sveitarfélögum og allt bendir til þess að kostnaður verði meiri en núverandi tekjur sjóðsins standa undir og jafnframt að mörgum sveitarfélögum muni reynast örðugt og jafnvel ókleift að standa undir sínum hlut af kostnaði.

Þegar félmn. Alþingis hafði frv. til meðferðar sl. vor gerðist það að mikil snjóflóð féllu á Ísafirði með hörmulegum afleiðingum. Í framhaldi af þeim atburðum ákvað félmn. að afgreiða frá sér frv. og lagði til að

því yrði vísað til ríkisstjórnarinnar og að endurskoðun laganna yrði hraðað og að efni frv. yrði til athugunar við þá endurskoðun. Síðan yrði stefnt að því að frv. þar um yrði lagt fram nú þegar í haustbyrjun.

Virðulegi forseti. Eins og ljóst má vera af þskj. er frv. þetta ekki komið fram enn og því leyfi ég mér að bera fram fsp. á þskj. 169. Hafa ber í huga að fyrirspurnin kom fram fyrir alllöngu síðan eða 1. nóvember sl. en hún er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Hvenær er þess að vænta að nefnd sú, sem ráðherra skipaði 15. júní sl. til þess að endurskoða lög um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 28/1985, hefji störf, og hvernig hyggst ráðherra mæta samhljóða áliti félagsmálanefndar Alþingis frá því í apríl sl. þar sem áhersla var lögð á að endurskoðun laganna yrði hraðað og frumvarp þar um lagt fram nú í haust?"

[16:58]

Félagsmálaráðherra (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Í apríl sl. var eftirfarandi tillaga samþykkt í ríkisstjórninni:

„Með vísan til snjóflóðanna á Vestfjörðum samþykkir ríkisstjórnin að skipuð verði nefnd sem yfirfari lög um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 28/1985. Nefndin meti reynsluna af framkvæmd laganna og beini sérstaklega athygli að gerð hættumata, forvörnum og rannsóknum og hvernig auka megi fjármagn til ofanflóðavarna. Félmrh. annist framkvæmd málsins."

Nefnd þessi var skipuð í júní sl. Í henni voru Eiríkur Finnur Greipsson tæknifræðingur, Jón Dýrfjörð vélvirki, Guðjón Petersen framkvæmdastjóri, Helgi Hallgrímsson vegamálastjóri og Húnbogi Þorsteinsson skrifstofustjóri sem var formaður nefndarinnar.

Rétt er að geta þess eins og málshefjandi gat sjálfur um að sl. vetur var flutt á Alþingi frv. til laga um sérstaka fjáröflun til varnar gegn ofanflóðum og um breytingar á kostnaðarhlutdeild sveitarfélaganna. Frv. þessu var vísað til ríkisstjórnarinnar og nefndin m.a. tekið efni þess til athugunar við störf sín. Nefndin skilaði tillögum og greinargerð 17. nóv. sl. og tillögurnar eru eftirfarandi:

„1. Snjóathuganir verði fjármagnaðar af ofanflóðasjóði og bundnar snjóathugunarsvæðum fremur en sveitarfélögum. Athuganirnar fari fram í samráði við viðkomandi sveitarstjórnir. Snjóathuganir eru nú fjármagnaðar um 50% af viðkomandi sveitarfélagi en 50% af Veðurstofu Íslands," en tillagan er sem sagt um að þær verði fjármagnaðar af ofanflóðasjóði.

„2. Snjóathugunarmenn verði ráðnir af sýslumönnum að höfðu samráði við viðkomandi almannavarnanefndir en starfi samkvæmt vinnureglum Veðurstofu Íslands. Athugunarmenn eru nú ráðnir af sveitarstjórnum.

3. Rannsóknatæki sem að mati ofanflóðanefndar sem eru jafnframt eftirlitstæki til að auðvelda snjóflóðaspá og skammtíma hættumat verði fjármögnuð að fullu af ofanflóðasjóði en ofanflóðasjóður greiðir nú 80%. Kostnaðarhlutur ofanflóðasjóðs við undirbúning og framkvæmd varnarvirkja og kaup og uppsetning á tækjum hækki úr 80 í 90%.

4. Ofanflóðasjóði verði heimilt að veita sveitarfélögum lán sem nemur þeirra kostnaðarhlut enda liggi fyrir að viðkomandi sveitarfélagi sé fjárhagslega ofviða að leggja fram sinn hluta framkvæmdakostnaðar.

5. Heimilt verði að greiða úr ofanflóðasjóði allt að 60% vegna viðhalds varnarvirkja. Engin ákvæði eru nú í lögunum um hver skuli greiða viðhald varnarvirkja."

Í sjötta og síðasta lagi er tillaga um að ofanflóðasjóði verði tryggt viðbótarfjármagn á árunum 1995–1999. Fjármagnsins verði aflað með 10% álagi á iðgjald muna tryggðra skv. 1.–3. tölul. 11. gr. laga um Viðlagatryggingu Íslands, nr. 55/1992. Jafnframt verði á þessu árabili unnin áætlun um fjármagnspörf til lengri tíma og við því brugðist ef hún reynist meiri en nemur lögbundnum tekjum ofanflóðasjóðs.

Tillögurnar voru kynntar á ríkisstjórnarfundi 22. nóv. og var samþykkt að vinna frv. á grundvelli þeirra. Ég vænti þess að því máli verði flýtt og ég geti lagt það fyrir og það fái hefðbundna afgreiðslu fljótlega.

[17:02]

Fyrirspyrjandi (Kristinn H. Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin og jafnframt fagna ég þeim ákvörðunum sem teknar hafa verið fram til þessa svo og tillögu nefndarinnar. Mér sýnist í fljótu bragði að nefndin hafi tekið mið af frv. að verulegu leyti, m.a. hafi tekjukafli frv. verið gerður að tillögu nefndarinnar sem ríkisstjórnin hafi síðan gert að sínum tillögum. Þá sýnist mér að aðrar tillögur sem boðað er að komi fram í frv. á vegum ríkisstjórnarinnar um aukinn hlut ofanflóðasjóðs í kostnaði við varnarvirki séu í takt við efni frv. svo og sú breyting að opna fyrir að viðhald á varnarvirkjum verði styrkhæft úr ofanflóðasjóði. Aðrar breytingar eru að mínu viti til bóta og málinu til framdráttar.

Ég vil, virðulegur forseti, ítreka þakkir mínar til ráðherra fyrir framgang hennar og nefndarinnar í þessu máli sem mér sýnist vera mjög ásættanlegur svo ekki sé meira sagt.

[17:03]

Félagsmálaráðherra (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Það var búið að vinna þetta mál nokkuð í félmn. og nefndin, eins og hér hefur komið fram, lagði til ákveðna málsmeðferð við afgreiðslu málsins sl. vetur og það hefur verið tekið tillit til þess í vinnunni við málið. Ég vil vekja athygli á því að hér er verið að setja rannsóknir og forvarnir í öndvegi, sem er mjög mikilvægt. Með tillögunum og því frv. sem vonandi kemur fram fljótlega og nær fram að ganga er verið að gera fimm ára átak og verið að bæta þar með úr að forvarnir hafa að hluta verið vanræktar. Það er einnig mjög mikilvægt að það verði litið yfir stærra svæði í einu. Þar sem þetta mál var á hendi hverrar sveitarstjórnar þá litu þær mjög afmarkað á sinn þátt og sveitarstjórnir voru misjafnlega í stakk búnar til að taka á þessu máli. Ég lýsi því yfir sömu ánægju og málshefjandi með hvernig þetta mál hefur unnist.

Vatnsgjald.

Fsp. KHG, 179. mál. — Þskj. 201.

[17:04]

Fyrirspyrjandi (Kristinn H. Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Með nýjum lögum um vatnsveitur sveitarfélaga sem gildi tóku 1. jan. 1992 er gerð sú grundvallarbreyting að vatnsskattur er lagður niður en í þess stað tekið upp svonefnt vatnsgjald. Í frv. er breytingin skýrð á svofelldan hátt í skýringum með 7. gr. frv., með leyfi forseta:

„Flestar sveitarstjórnir hafa notað orðið vatnsskattur fyrir það gjald sem innheimt er, en í frumvarpinu er lagt til að notað verði orðið vatnsgjald sem lýsir ef til vill betur eðli þessa gjalds, þ.e. endurgjald fyrir þá þjónustu sveitarfélagsins að láta íbúum þess á hagkvæman hátt í té kalt vatn til heimilisþarfa."

Með öðrum orðum er skattur lagður niður en upp tekið gjald sem ætlað er til að greiða nánar tiltekinn kostnað og ekkert umfram það. Þetta er áréttað í framhaldsnefndaráliti félmn. Alþingis á þskj. 361 á 115. löggjafarþingi svo og meðfylgjandi brtt. sem voru síðar samþykktar. Í nál. segir, með leyfi forseta:

„Við 7. gr. er gerð tillaga um orðalagsbreytingu til að taka af öll tvímæli um að upphæð vatnsgjalds skuli miðast við að standa straum af stofnkostnaði og rekstri vatnsveitna og því sé gjaldtaka umfram þann kostnað óheimil."

Nú ber félmrn. að fylgjast með því að sveitarfélögin framkvæmi lögin eins og kveðið er á um og má minna á ákvæði 118. gr. sveitarstjórnarlaga sem kveður sérstaklega á um eftirlitsskyldu ráðuneytisins. Af þeim sökum og því að lögin um vatnsveitur sveitarfélaga hafa verið í gildi í tæplega þrjú ár og þar með komin reynsla á framkvæmd þeirra er eðlilegt að snúa sér til félmrh. með fyrirspurn um hvernig félmrn. fylgist með því að framfylgt sé þeim ákvæðum 7. gr. laga nr. 81/1991, um vatnsveitur sveitarfélaga, að vatnsgjald standi einungis straum af stofnkostnaði og rekstri vatnsveitu.

Í Árbók sveitarfélaga má finna upplýsingar um rekstur vatnsveitna. Árið 1992, á fyrsta ári hinna nýju laga, nam hagnaður sveitarfélaganna samtals 549 millj. kr. og á síðasta ári 406 millj. kr. eða tæplega 1 milljarði kr. þessi tvö ár umfram beinan rekstrarkostnað. Rétt er að taka fram að ekki eru upplýsingar um fjárfestingu eða fjármagnskostnað vatnsveitnanna þessi tvö ár en miðað við fyrri ár má ætla að þær framkvæmdir nemi aðeins litlum hluta af rekstrarhagnaði vatnsveitnanna. Enn sem komið er virðist því ekki hafa orðið sú breyting, virðulegur forseti, að sveitarfélögin afmarki gjaldtökur sínar við þarfir vegna vatnsveitu, heldur líti á vatnsgjald sem almennan skattstofn. Því er þessi fyrirspurn borin fram, virðulegur forseti.

[17:08]

Félagsmálaráðherra (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Efni fsp. er: Hvernig fylgist félmrn. með því að framfylgt sé þeim ákvæðum 7. gr. laga nr. 81/1991, um vatnsveitur sveitarfélaga, að vatnsgjald standi einungis straum af stofnkostnaði og rekstri vatnsveitu? Samkvæmt 1. mgr. 118. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986, skal félmrn. hafa eftirlit með því að sveitarstjórnir gegni skyldum sínum samkvæmt þeim lögum og öðrum löglegum fyrirmælum. Ákvæði þetta er í samræmi við 77. gr. stjórnarskrárinnar þar sem gert er ráð fyrir umsjón ríkisvaldsins með sveitarfélögum.

Í eftirlitshlutverki getur falist annars vegar frumkvæðiseftirlit og hins vegar eftirlit í gegnum stjórnsýslukærur. Félmrn. hefur almennt ekki frumkvæðiseftirlit í þeim skilningi að ráðuneytið kalli stöðugt eftir upplýsingum frá sveitarfélögum um framkvæmd þeirra málaflokka sem undir þau heyra samkvæmt lögum og þar með talið lögum um vatnsveitur sveitarfélaga.

Frumkvæðiseftirlit getur þó komið til ef einhver sérstök atvik leiða til þess en slíkt metur ráðuneytið hverju sinni. Fyrir fram er reiknað með því að sveitarstjórnir fari eftir lögum í starfsemi sinni en ráðuneytið skoðar þau mál sem því berast annaðhvort með almennum erindum eða kærum. Félmrn. berast ársreikningar frá sveitarfélögunum eins og hér hefur komið fram og ráðuneytið yfirfer ársreikningana og gerir athugasemdir ef ástæða þykir til. Ársreikningar sveitarfélaga eru endurskoðaðir af tveimur kjörnum skoðunarmönnum og í sveitarfélögum með 500 íbúum eða fleiri er löggiltum endurskoðanda eða endurskoðunarstofu jafnframt falin endurskoðun. Með endurskoðun sinni skulu skoðunarmenn og eftir atvikum endurskoðendur komist að rökstuddri niðurstöðu um áreiðanleika ársreikningsins og skulu þeir ganga úr skugga um að hann sé gerður í samræmi við góða reikningsskilavenju og að fylgt hafi verið ákvæðum laga, reglna og samþykkta um meðferð fjármuna sveitarfélagsins, þar með talið ákvæðum laga um vatnsveitur sveitarfélaga eftir því sem við á. Það er rétt að benda á í þessu sambandi að grunntónn sveitarstjórnarlaganna er sjálfstæði sveitarfélaganna og sjálfsforræði þeirra í eigin málum og að afskiptum ríkisvaldsins af málefnum sveitarfélaganna er hagað í samræmi við það.

[17:10]

Fyrirspyrjandi (Kristinn H. Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Ég vil ítreka að hér er um verulega stórt mál að ræða, bæði efni málsins og einnig efnistök. Það er mikilvægt að ráðuneytið sinni því hlutverki sem því er ætlað samkvæmt þessum lögum. Einhver verður að vera fulltrúi og hagsmunagæsluaðili fyrir þann sem borgar gjaldið, þ.e. íbúana.

Undanfarin ár hefur umboðsmaður Alþingis gert athugasemd við þá afstöðu félmrn. að vísa frá sér kærum eða athugasemdum frá íbúunum og neita að meðhöndla þær og gerast þannig sá aðili sem þeir geta snúið sér til ef íbúarnir eru óánægðir með sína sveitarstjórn. Það er því nauðsynlegt ef hæstv. ráðherra lítur svo á að eftirlitsskyldan sé ekki ráðuneytisins heldur verði það að koma frá íbúunum eða einstökum sveitarstjórnarmönnum að ráðuneytið skipti um afstöðu í þessu máli og gefi út yfirlýsingu um að ráðuneytið

muni taka til efnislegrar meðferðar kærur eða erindi einstakra íbúa í sveitarfélögum um efni eins og þetta. Að óbreyttu mundi ráðherrann vísa því frá ef hann fylgdi fordæmi forvera sinna í starfi.

Eins og greina mátti í fyrirspurninni er um stórar upphæðir að ræða þar sem sveitarfélögin taka miklu hærri fjárhæðir í gjaldið en kostnaðinum nemur sem gjaldinu er ætlað að standa undir. Það er óviðunandi, virðulegur forseti, að gjaldtaka sé gerð að almennum skattstofni, enda var breyting Alþingis á lögunum einmitt ætluð til að koma í veg fyrir það. Ég vil því brýna hæstv. ráðherra að líta á þetta mál og kalla eftir svörum sveitarstjórnanna við því með hvaða rökum þær innheimta meira gjald en nemur kostnaðinum sem gjaldið á að greiða.

[17:13]

Félagsmálaráðherra (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Skv. 7. gr. laganna um vatnsveitur sveitarfélaga segir:

„Álagningarstofn vatnsgjalds skal vera afskrifað endurstofnverð húss og mannvirkis margfaldað með markaðsstuðli fasteigna í Reykjavík samkvæmt matsreglum Fasteignamats ríkisins, sbr. 3. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 90/1990. Stofn til álagningar vatnsgjalds á aðrar fasteignir skal vera fasteignamat þeirra.

Sveitarstjórn ákveður upphæð vatnsgjalds sem má nema allt að 0,3 hundraðshlutum af álagningarstofni. Gjalddagar vatnsgjalds skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu vatnsgjalds hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts, sbr. 4. gr. laga nr. 90/1990."

Virðulegi forseti. Þetta er nokkuð skýr lagagrein en varðandi það sem gagnrýni málshefjanda og fyrirspyrjanda lýtur að þá verð ég að geta þess að ef ráðuneytið væri með frumkvæðiseftirlit á framkvæmd allra tekjustofna hjá sveitarfélögunum þá er ég hrædd um að fjölga þyrfti afskaplega mikið starfsfólki í ráðuneytinu vegna þess að um leið og komið er til frumkvæðiseftirlit á meðferð tekjustofna allra hinna, hvað eru þau, 171 sveitarfélag á landinu, þá erum við komin í allt annars konar eftirlit en það sem gerist þegar leitað er atbeina ráðuneytisins. Hvað varðar það að skoða mál þegar atbeina ráðuneytisins er leitað mun ég leitast við að taka þau mál mjög alvarlega á meðan ég er þar við verkstjórn.

Álagning vatnsgjalds og aukavatnsgjalds.

Fsp. KHG, 180. mál. — Þskj. 202.

[17:15]

Fyrirspyrjandi (Kristinn H. Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Á grundvelli nýrra laga vatnsveitur sveitarfélaga frá 1991 var sett ný reglugerð um vatnsveitur sveitarfélaga og er sú reglugerð nr. 620 frá 1991. Hún er í góðu samræmi við þau drög að reglugerð sem kynnt voru í félmn. Alþingis þegar unnið var að setningu nýju laganna. Hins vegar ber svo við að 28. febr. 1992 var gerð þríþætt breyting á reglugerðinni. Í fyrsta lagi var sveitarstjórn heimilað að leggja á vatnsgjald þrátt fyrir að matsverð eignarinnar lægi ekki fyrir og þar með ekki álagningarstofn. Reglugerðarbreytingin var afturkölluð snemma á þessu ári í kjölfar athugasemda umboðsmanns Alþingis sem benti á að engin lagastoð væri fyrir umræddri heimild. Við athugun á umræddri breytingu á reglugerð hefur mjög orðið umhugsunarefni hinar tvær efnisbreytingarnar sem eftir standa. Sú fyrri er að sveitarstjórn er heimilt að ákveða hámark og lágmark vatnsgjalds miðað við rúmmál húseigna. Síðari breytingin er að í undantekningartilvikum, þegar stofnkostnaður og eða rekstrarkostnaður vatnsveitu er óvenju hár, getur ráðherra veitt sveitarstjórn heimild til að ákveða hærra aukavatnsgjald en kveðið er á um í 10. gr. reglugerðar um vatnsveitu sveitarfélaga.

Fyrri efnisbreytingin er tvíþætt. Annars vegar er veitt heimild til að leggja á vatnsgjald miðað við rúmmál húseignar og hins vegar er sveitarstjórn heimilað að ákveða lágmark vatnsgjalds.

Í 7. gr. laganna segir, með leyfi forseta:

„Sveitarstjórn ákveður upphæð vatnsgjalds sem má nema allt að 0,3 hundraðshlutum af álagningarstofni.

...

Álagningarstofn vatnsgjalds skal vera afskrifað endurstofnverð húss og mannvirkis margfaldað með markaðsstuðli fasteigna í Reykjavík samkvæmt matsreglum Fasteignamats ríkisins, sbr. 3. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 90/1990. Stofn til álagningar vatnsgjalds á aðrar fasteignir skal vera fasteignamat þeirra."

Samkvæmt þessu viðist mér ljóst að lágmark vatnsgjalds getur ekki verið annað en núll, að öðrum kosti væru menn með tvöfalt hámark. Þá sé ég ekki heimildina í tilvitnuðum lagatexta til þess að binda vatnsgjald við rúmmál eigna.

Því leyfi ég mér að spyrja á þskj. 202:

„1. Hver er lagastoð þess ákvæðis í 9. gr. reglugerðar um vatnsveitur sveitarfélaga að sveitarstjórn sé heimilt að ákveða vatnsgjald miðað við rúmmál húseigna?"

Ég sé, virðulegi forseti, að tími minn er á þrotum þannig að ég freista þess að bera fram fsp. í tölulið um 2 og 3 fram í síðari ræðu minni á eftir.

[17:18]

Félagsmálaráðherra (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Sú fsp. sem hér er lögð fram er þríþætt:

„1. Hver er lagastoð þess ákvæðis í 9. gr. reglugerðar um vatnsveitur sveitarfélaga að sveitarstjórn sé heimilt að ákveða vatnsgjald miðað við rúmmál húseigna?"

Í 2. mgr. 7. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga segir að upphæð vatnsgjalds skuli ákveðin af sveitarstjórn og má upphæðin nema allt að 0,3 hundraðshlutum af álagningarstofni skv. 1. mgr. 7. gr.

Við samningu reglugerðar fyrir vatnsveitur sveitar-

félaga var farin sú leið að heimila sveitarstjórn að ákveða hámark og lágmark vatnsgjalds miðað við rúmmál húseigna enda verði álagningin aldrei hærri en sem nemur fyrrgreindu hámarki í 2. mgr. 7. gr. laganna.

Talið var að ákvæði reglugerðarinnar rúmaðist innan ramma laganna þar sem gerður er fyrirvari um að álagningin megi aldrei vera hærri en sem nemur hinu lögbundna hámarki. Sveitarstjórnir hafa því heimild til að ákveða það álagningarhlutfall sem best á við í viðkomandi sveitarfélagi. Eina takmörkunin er fyrirgreint lögbundið hámark.

Virðulegi forseti. Annar liður spurningarinnar er:

„Hver eru rök ráðherra fyrir því að lög um vatnsveitur sveitarfélaga heimili frávik frá hámarki aukavatnsgjalds í undantekningartilvikum á þann veg að hámark megi vera hærra en almennt gildir og hvers vegna gildir það frávik ekki til þess að ákveða lægra hámark í undantekningartilvikum?"

Tímans vegna vel ég að koma með svar mitt nú og málshefjandi hafi þá tækifæri til að koma með sitt andsvar við því þar sem honum gafst ekki tími til að mæla fyrir fyrirspurnum sínum í hið fyrra skipti er hann talaði.

Svar við þessum hluta fsp. er að rétt er að benda sérstaklega á að í lögum og reglugerð fyrir vatnsveitur sveitarfélaga er einungis tilgreint hámark þeirra gjalda sem heimilt er að leggja á og innheimta af fasteignaeigendum.

Í 2. mgr. 8. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga segir að ráðherra ákveði hámark aukavatnsgjalds í reglugerð. Hámark þetta kemur fram í 10. gr. reglugerðar nr. 421/1992.

Í 2. mgr. 10. gr. reglugerðarinnar kemur fram að í undantekningartilvikum þegar stofnkostnaður og/eða rekstrarkostnaður vatnsveitu er óvenjulega hár getur ráðherra veitt sveitarstjórn heimild til að ákveða hærra aukavatnsgjald en segir í 1. mgr.

Í slíkum undantekningartilvikum þarf sveitarstjórn að óska eftir því við ráðherra að hámarkið verði hækkað og þarf hún að sýna fram á það með rökstuðningi að stofnkostnaður og/eða rekstrarkostnaður vatnsveitunnar sé óvenjulega hár miðað við það sem almennt gerist. Rökin fyrir þeirri heimild sem fram kemur í 2. mgr. 10. gr. reglugerðarinnar eru þau helst að sveitarstjórnum sé auðveldað að afla tekna til að standa undir þeim kostnaði sem hlýst af því að reka vatnsveitu. Ekki er talin þörf á að kveða í reglugerðinni á um lægra hámark því sveitarstjórnir hafa svigrúm saman ber einnig ákvæði 5. mgr. 6. gr. sveitarstjórnarlaga um sjálfsforræði sveitarstjórna á gjaldskrám fyrirtækja í þeirra eigu til að lækka gjaldskrár sínar en ekkert sérstakt lágmark gjaldanna er tilgreint í lögum eða reglugerð fyrir vatnsveitu sveitarfélaga.

Virðulegi forseti. Ég kýs að svara þriðja lið spurningarinnar í síðari umferð.

[17:22]

Fyrirspyrjandi (Kristinn H. Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka ráðherra svörin en held áfram því sem ég átti eftir ólesið og það er um síðari efnisbreytinguna í umræddri breytingareglugerð sem ég gerði að umtalsefni. Hún fjallar sem fyrr segir um heimild til sveitarstjórnar að ákveða hærra aukavatnsgjald en kveðið er á um í 10. gr. reglugerðar. Í 8. gr. laganna er ákvæði um hámark aukavatnsgjalds. Það kom inn í meðförum Alþingis og var sett til þess að taka af öll tvímæli um að ekki væri verið að framselja sveitarfélögum eða ráðherra sjálfdæmi um upphæð gjaldsins. Var með ákvæðinu félmrh. gert að setja í reglugerð hámark aukavatnsgjalds. Sveitarfélögin yrðu síðan að ákveða gjaldskrá sína og hafa hana innan hámarksins. Kveðið er á um umrætt hámark í 10. gr. reglugerðar um vatnsveitur sveitarfélaga eins og kom fram hjá hæstv. ráðherra áðan og er það ákveðið 15 kr. á rúmmetra miðað við byggingarvísitölu í október 1991.

Ég fæ ekki séð að lögin heimili ráðherra að ákveða breytilegt hámark eftir sveitarfélögum né heldur að heimilt sé að fara upp fyrir hámarkið 15 kr. á rúmmetra við tilteknar aðstæður. Því ber ég fram þær fyrirspurnir sem eru á þskj. 202 undir 2. og 3. tölulið og var ráðherra þegar búinn að svara 2. lið og les ég þá upp þá síðari sem er 3. töluliður:

„Hvaða kostnaði á, að mati ráðherra, aukavatnsgjald að mæta við framkvæmdir og rekstur vatnsveitu?"

Þessi fsp. er borin fram til að fá fram afstöðu ráðuneytisins til þess hvaða kostnaði gjaldið megi mæta samkvæmt lögunum.

Ég vil segja í tilefni af svörum hæstv. ráðherra við 2. tölul. og reyndar líka 1. tölul. að ég heyrði ekki í þeim svörum neinn rökstuðning fyrir því að lögin heimiluðu það frávik sem er í breytingareglugerðinni. Annars vegar að vatnsgjald gæti verið tengt við rúmmál fasteigna. Það er skýrt í lögunum að það er einungis bundið við álagningarstofn eins og hann er skilgreindur í 7. gr. laganna.

Ég heyrði heldur ekki rökin fyrir því að lögin heimili breytilegt hámark eftir sveitarfélögunum eins og raunar er spurt um í 2. tölul. þannig að eftir standa spurningar mínar þó hæstv. ráðherra hafi gefið sín svör að þessu leyti.

[17:25]

Félagsmálaráðherra (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Í 2. mgr. 10. gr. reglugerðarinnar segir að í undantekningartilvikum þegar stofnkostnaður og/eða reksturskostnaður vatnsveitu er óvenjulega hár getur ráðherra veitt sveitarstjórn heimild til að ákveða hærra aukavatnsgjald en segir í 1. mgr. svo það hlýtur að lúta að því að ein sveitarstjórn geti haft hærra vatnsgjald vegna þessa. Rökin fyrir þeirri heimild sem kemur fram í 2. mgr. er þau helst að sveitarstjórnum sé auðveldað að afla tekna til að standa undir þeim kostnaði sem hlýst af því að reka vatnsveitu og aukakostnaði ef sá kostnaður er mjög hár.

Virðulegi forseti. Svar mitt við 3. spurningunni: „Hvaða kostnaði á, að mati ráðherra, aukavatnsgjald að mæta við framkvæmdir og rekstur vatnsveitu?" er þetta:

Ekki er sérstaklega tilgreint í lögum eða reglugerð fyrir vatnsveitu sveitarfélaga að aukavatnsgjaldi skuli

varið til að mæta tilteknum hluta framkvæmdakostnaðar eða rekstrarkostnaðar vatnsveitu og því lít ég svo á að miðað við ákvæði laganna og reglugerðarinnar að allar tekjur vatnsveitu sveitarfélags, hverju nafni sem þær nefnast, skuli almennt mæta framkvæmda- og rekstrarkostnaði vatnsveitunnar.

Arðgreiðslur vatnsveitu.

Fsp. KHG, 181. mál. — Þskj. 203.

[17:27]

Fyrirspyrjandi (Kristinn H. Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Í ársreikningum Reykjavíkurborgar má sjá að ýmsum stofnunum borgarinnar er gert að greiða sérstakt gjald til borgarsjóðs. Ein af þeim stofnunum er Vatnsveita Reykjavíkur og er henni gert að greiða afgjald til borgarsjóðs eins og það heitir í reikningum Vatnsveitunnar en þetta er líka nefnt arður af fyrirtækjum og vísa ég til fjárhagsáætlunar varðandi það. Gjald þetta nemur á þessu ári 50 millj. kr. eða liðlega það sem er þriðjungur þess afgangs sem er eftir af rekstri Vatnsveitu Reykjavíkur þegar kostnaður hefur verið greiddur. Það skiptir því máli upp á skilninginn á því hvaða kostnaði vatnsgjald og önnur gjöld vatnsveitu eiga að mæta að menn hafi kláran skilning á því hvort heimilt er að taka afgjald og færa til kostnaðar í bókum vatnsveitunnar og hversu mikið það mætti þá vera ef það væri heimilt.

Af þeim ástæðum ber ég fram fsp. á þskj. 203 um arðgreiðslu vatnsveitu, sem er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Hvernig samrýmist það ákvæðum laga um vatnsveitur sveitarfélaga að Vatnsveitu Reykjavíkur er gert að greiða sérstaka arðgreiðslu í borgarsjóð?

Af hvaða stofni á að reikna slíkan arð og hversu hár má hann vera?"

Í lögunum um vatnsveitur sveitarfélaga er ekki að finna nein ákvæði um það sem heimilar stofnun sveitarfélagsins sjálfs að reikna sér sjálfri arðgreiðslu af bundnu fjármagni eða stofnkostnaði sem liggur í þeim borgarstofnunum eða sveitarfélagastofnunum. Hins vegar er að finna ákvæði sem tekur á því þegar sveitarstjórn selur annarri sveitarstjórn vatn, þá má taka endurgjald fyrir það sem á að duga fyrir rekstrarkostnaði svo og líka allt að 5% álagi af bundnu fjármagni. Þetta er eina ákvæðið sem ég sé í lögunum sem heimilar að seljandinn taki greiðslu af þessu tagi og ég get ekki séð að hægt sé að nota þetta ákvæði laganna til að innheimta almennt á gjaldendur vatnsveitu.

Þess vegna ber ég fram þessa fsp., virðulegur forseti, sem ég hef gert grein fyrir á þskj. 203.

[17:30]

Félagsmálaráðherra (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Efni þessarar fyrirspurnar er: Hvernig samrýmist það ákvæðum laga um vatnsveitur sveitarfélaga að Vatnsveitu Reykjavíkur er gert að greiða sérstaka arðgreiðslu í borgarsjóð? Af hvaða stofni á að reikna slíkan arð og hversu hár má hann vera?

Vatnsveita Reykjavíkur er fyrirtæki í eigu Reykjavíkurborgar, sbr. 1. gr. laga nr. 81/1991, um vatnsveitur sveitarfélaga. Borgarstjórn kýs fulltrúa í stjórn fyrirtækisins og starfar stjórnin því í umboði borgarstjórnar. Æðsta vald í málefnum Vatnsveitu Reykjavíkur er þannig í höndum borgarstjórnar, þar með talin ákvörðun um gjaldskrá fyrirtækisins. Jafnframt er það hlutverk borgarstjórnar að afgreiða ársreikning fyrirtækja sinna, sbr. 1. mgr. 88. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986. Rétt er að ítreka að ákvörðun gjaldskrár vatnsveitu er alfarið í höndum viðkomandi sveitarstjórnar og þarfnast gjaldskráin ekki staðfestingar félmrn., sbr. 11. gr. laga um vatnsveitu sveitarfélaga, og er það ákvæði í anda 5. mgr. 6. gr. sveitarstjórnarlaga þar sem segir að sveitarfélög skuli hafa sjálfsforræði á gjaldskrá eigin fyrirtækja og stofnana til að mæta kostnaði við framkvæmd þeirra verkefna sem þau annast eins og ég áður hef getið við fyrri fyrirspurnir sem hér hafa verið til umræðu um vatnsveitur.

Ráðuneytið hefur ekki fyrirliggjandi upplýsingar um af hvaða ástæðum borgarstjórn hefur ákveðið að Vatnsveita Reykjavíkur skuli greiða sérstaka arðgreiðslu í borgarsjóð. Ýmsar ástæður geta legið þar að baki, t.d. fjármunir sem borgarsjóður hefur á árum áður lagt til vegna Vatnsveitu Reykjavíkur eða kostnaður sem borgarsjóður greiðir vegna fyrirtækisins, svo sem vegna lífeyrisskuldbindinga starfsmanna. Eftir því sem ég best veit skilst mér að einmitt lífeyrisskuldbindingar starfsmanna sé einn þeirra þátta sem hafa áhrif á að ríkið innheimtir arðgreiðslur af sínum fyrirtækjum.

Hlutverk sveitarstjórnar er að ákveða með hvaða hætti reikna skuli greiðslu vatnsveitunnar til sveitarsjóðs og hversu háar greiðslurnar skuli vera. Ráðuneytið hefur ekki gefið út sérstakar viðmiðunarreglur þar að lútandi.

[17:33]

Fyrirspyrjandi (Kristinn H. Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin en ég bendi á að þótt það sé rétt sem kemur fram máli hæstv. ráðherra að gjaldskrár sveitarfélaga þurfi ekki staðfestingu ráðherra þá ber að setja þær samkvæmt lögum. Í 11. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga er kveðið á um það að gjaldskrá sveitarstjórna á að kveða á um greiðslu og innheimtu gjalda skv. 7., 8. og 9. gr. laganna. Í þessum greinum laganna eru engar heimildir veittar til þess að taka slíkt gjald af vatnsveitu til sveitarsjóðs nema af þeim hluta vatnssölunnar sem er til annarra sveitarfélaga.

Ég ber þetta mál upp, virðulegi forseti, vegna þess að það er mikilvægt að menn átti sig á því að vatnsgjald er gjald sem er innheimt til að mæta tilteknum kostnaði. Því er nauðsynlegt að það sé vel skilgreint hver kostnaðurinn er sem gjaldið á að mæta og í öðru lagi að sveitarfélögin innheimti ekki hærra gjald en sem nemur kostnaðinum því að þá er um að ræða dulbúna skattheimtu. Ég hef rakið það að á síðustu tveimur árum, 1992 og 1993, nemur þessi dulbúna skatt-

heimta sveitarfélaganna um 1 milljarði kr. umfram þann kostnað sem sýndur hefur verið samkvæmt árbókum sveitarfélaga. Það skiptir því máli að menn fylgist með þessu og kveði upp úr um það hvaða kostnað er réttlætanlegt að færa til gjalda. Í þessu tilviki er þetta greinilega atriði sem þarf að skoða. Ég er ekki að segja að það sé endilega óeðlilegt að fyrirtæki, borgarstofnanir, greiði afgjald til borgarsjóðs. Hins vegar er ég að segja að menn eiga ekki að innheimta það nema hafa lagastoð fyrir því. Það er greinilegt, virðulegi forseti, að á meðan Sjálfstfl. fór með völd í Reykjavíkurborg innheimti hann vatnsgjald um 30% hærra en þurfti til. Það má vera nokkur kjarabót ef menn geta lækkað þennan skatt dálítið mikið.

[17:35]

Félagsmálaráðherra (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Það er rétt hjá fyrirspyrjanda að í þeim greinum sem hann hefur bent á í lögunum um vatnsveitur er ekki beinlínis kveðið á um heimild til slíkra arðgreiðslna. Hins vegar eru, eins og ég benti á, ákvæði í 6. gr. sveitarstjórnarlaga þar sem kveðið er á um að sveitarfélög hafi sjálfsforræði á gjaldskrá eigin fyrirtækja og stofnana til þess að mæta kostnaði við framkvæmd þeirra verkefna sem þau annast og erfitt fyrir mig að kveða upp úr um það hvort arðgreiðslur séu einhvern veginn á skjön við þau ákvæði. Hitt er annað mál að ég hef fullan áhuga á því að kynna mér hvernig almennt er farið með þessi mál hjá sveitarfélögum vítt og breitt um landið, að hvaða marki það tíðkast að innheimta arðgreiðslur af undirstofnunum. Ég held að það væri mjög fróðlegt að skoða það og í hvaða mæli þetta er. Að öðru leyti get ég ekki tjáð mig um hvort hér sé verið að fara fram hjá eða ganga lengra en hin ýmsu ákvæði sem heimila sveitarstjórnum að innheimta og gefa þeim tekjustofna leyfa. Ég hef reynt að svara þessari fyrirspurn eins og ég best get og hef fullan áhuga á því að kynna mér nánar hvernig farið er almennt með arðgreiðslur fyrirtækja.

Útbýting þingskjals:

Lyfjaverslun Íslands hf., 242. mál, stjfrv., þskj. 283.

Framkvæmd jafnréttislaga.

Fsp. GGuðbj, 235. mál. — Þskj. 276.

[17:37]

Fyrirspyrjandi (Guðný Guðbjörnsdóttir):

Virðulegi forseti. Alþingi Íslendinga setti fyrst allra Norðurlandaþjóða lög um jafnrétti kynjanna árið 1976. Síðan hafa þessi lög verið endurskoðuð reglulega, eða árin 1981, 1985 og 1991. Hvernig stendur þá á því að ástand jafnréttismála er svo langt á eftir því sem við þekkjum á hinum Norðurlöndunum, sama á hvaða svið er litið? Er lagatextinn sjálfur veikari eða hefur það eitthvað með framkvæmd laganna að gera og um leið raunverulegan vilja til jafnréttis og jafnrar stöðu kynjanna? Í mínum huga er það tvímælalaust hið síðara. Það skortir vilja til framkvæmda, vilja til að nota þessi lög.

Í þessari fyrirspurn vil ég beina athyglinni að framkvæmd jafnréttislaga, einkum á sviði launamála og menntamála. Samkvæmt lögunum sér félmrh. um framkvæmd laganna með aðstoð Jafnréttisráðs og menntmrn. varðandi þau mál sem hér er spurt um. Á hinum Norðurlöndunum er hluti framkvæmdarinnar í höndum sérstaks umboðsmanns jafnréttismála og spyrja má hvort það fyrirkomulag sé nauðsynlegt hér. Hvernig má það vera að þó í gildi séu lög sem segja að konum og körlum skuli tryggðir jafnir möguleikar til launa og menntunar með stjórnvaldsaðgerðum, lög sem segja að sérstaklega skuli bæta stöðu kvenna til að ná jafnri stöðu kynjanna, lög sem segja að konum og körlum skuli greidd jöfn laun og skuli njóta sömu kjara fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf skuli hið gífurlega launamisrétti kynjanna þrífast í landinu? Það er staðfest í opinberum tölum að greitt tímakaup afgreiðslukvenna er aðeins 70,8% af tímakaupi karla í sömu störfum og að greitt tímakaup skrifstofukvenna er aðeins 76,5% skrifstofukarla og að verulegur kynjamunur er á launum ríkisstarfsmanna hvort heldur þeirra sem eru í BSRB eða BHMR.

Ef litið er til menntamálanna má spyrja: Hvernig má það vera að í skólum landsins er notast við kennslubækur þar sem kynjum er mismunað og að jafnréttisfræðsla fyrirfinnst í fáum skólum þó að hún sé lögbundin skv. 10. gr. laganna? Hver ber ábyrgð á þessu innan einstakra skóla eða er það félmrh. einn sem ber hina endanlegu ábyrgð og hvað þýðir það? Því spyr ég hæstv. félmrh. á þskj. 276:

„1. Hvernig er háttað eftirliti með framkvæmd laganna um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, t.d. á sviði launamála og menntamála, sbr. 4. og 10. gr. núgildandi laga?

2. Áformar ráðherra að efla eftirlit með framkvæmd jafnréttislaga t.d. með því að beita sér fyrir stofnun embættis umboðsmanns jafnréttismála sem hefði það hlutverk, auk kærunefnda og dómstóla, að fylgja eftir framkvæmd jafnréttislaga eins og tíðkast á Norðurlöndum?“

[17:41]

Félagsmálaráðherra (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Guðný Guðbjörnsdóttir hefur beint til mín fyrirspurn í tveimur liðum. Í fyrsta lagi spyr þingmaðurinn um eftirlit með framkvæmd þeirra ákvæða laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla sem varða launamál og menntamál. Í öðru lagi er spurt um það hvort áformað sé að efla eftirlit með framkvæmd jafnréttislaga, t.d. með stofnun embættis umboðsmanns jafnréttismála sem hefði það hlutverk, auk kærunefndar og dómstóla, að fylgja eftir framkvæmd jafnréttislaga eins og tíðkast á Norðurlöndum.

Að því er varðar fyrri lið fyrirspurnarinnar vil ég vekja athygli á því að skv. 1. tölul. 16. gr. gildandi jafnréttislaga er það hlutverk Jafnréttisráðs að vinna að því að ákvæðum laganna sé framfylgt. Hins vegar er

tekið sérstaklega fram í niðurlagi 10. gr. að menntmrn. beri ábyrgð á framkvæmd þeirrar greinar sem fjallar um menntun í samráði við Jafnréttisráð. Jafnréttisráð og skrifstofa jafnréttismála vinna að þessu verkefni sem og öðrum með margvíslegum hætti, útgáfustarfsemi, fundum og ráðstefnum, t.d. jafnréttisþingi sem haldið var í fyrsta skipti haustið 1993. Samstarf menntmrn. og Jafnréttisráðs á þessu sviði hefur alltaf verið mikið og gott og t.d. átti Jafnréttisráð fulltrúa í starfshópi menntmrn. sem vann tillögur að mótun stefnu, markmiða og leiða um jafna stöðu kynja í skólum. Samkvæmt þeim tillögum var sett á laggirnar framkvæmdanefnd á vegum menntmrn. sem hafði það hlutverk að hrinda í framkvæmd þeirri stefnu. Samstarf framkvæmdanefndarinnar og Jafnréttisráðs hefur verið töluvert og er m.a. í gangi samvinnuverkefni um gerð námsefnis um náms- og starfsfræðslu fyrir efstu bekki grunnskólans.

Ég vil einnig vekja sérstaka athygli á 17. gr. laganna en þar segir að félmrh. leggi fyrir Alþingi till. til þál. um áætlun jafnréttismála til fjögurra ára í senn að fengnum tillögum einstakra ráðuneyta og Jafnréttisráðs. Í áætluninni komi fram sundurliðuð framkvæmdaáform og áætlaðar fjárveitingar til einstakra verkefna sem tengjast jafnréttismálum. Áætlun þessa skal endurskoða á tveggja ára fresti og í tengslum við það leggur félmrh. fram á Alþingi skýrslu um stöðu og þróun jafnréttismála.

Gildandi jafnréttisáætlun var samþykkt vorið 1993 og á að endurskoða hana vorið 1995. Skrifstofu jafnréttismála var falið að hafa eftirlit með framgangi áætlunarinnar og gefa ráðherra og Alþingi skýrslu þar að lútandi vorið 1995. Samkvæmt upplýsingum frá skrifstofu jafnréttismála verður sú vinna unnin á fyrri hluta næsta árs.

Hvað varðar nánari upplýsingar um eftirlit og upplýsingar um framgang einstakra verkefna sem vinna á að samkvæmt framkvæmdaáætluninni vísa ég til þskj. 264. Þar er að finna skriflegt svar við fyrirspurn til forsrh. um eftirlit með og framkvæmd á einstaka verkefnum framkvæmdaáætlunarinnar. Skrifstofa jafnréttismála hefur tekið saman greinargerð um framgang fyrri framkvæmdaáætlana og hafa þær verið felldar inn í skýrslu félmrh. um stöðu og þróun jafnréttismála sem var fyrirhugað að leggja fyrir síðasta þing en því var frestað. Þessi skýrsla hefur verið yfirfarin og teknar inn í hana nýjar upplýsingar. Ég stefni að því að hún verði lögð fyrir Alþingi öðru hvoru megin við áramót. Í ljósi þessa vil ég frekar mælast til þess að efnislegar umræður nái að fara fram á þeim tíma þegar skýrslan um stöðu og þróun jafnréttismála verður tekin til umfjöllunar á Alþingi sem verður vonandi innan skamms.

Að því er varðar hinn hluta fyrirspurnarinnar um stofnun embættis umboðsmanns jafnréttismála vil ég á þessu stigi málsins vekja á því athygli að kærunefnd jafnréttismála hefur starfað í tæp þrjú ár. Þetta er það skammur tími að vafasamt verður að telja að full reynsla hafi fengist af þessu fyrirkomulagi. Þar af leiðandi er ég ekki á þessari stundu reiðubúin til að taka afstöðu til þess hvort stofna beri embætti umboðsmanns jafnréttismála. Hins vegar get ég þess að kærunefnd jafnréttismála á mjög gott samstarf við umboðsmenn jafnréttismála annars staðar á Norðurlöndum sem eiga með sér reglulega samráðsfundi. Þannig hittist á að einn slíkur samráðsfundur er haldinn hérlendis þessa dagana og ég mun hitta umboðsmennina í kvöld og að sjálfsögðu nota tækifærið og afla mér upplýsinga um reynsluna af þessu fyrirkomulagi varðandi ábendinguna eða vangavelturnar um hver skýring sé á að svo hægt gangi hjá okkur í jafnréttimálum þrátt fyrir hin góðu lög. Ég get alveg tekið undir það að ekki síst í þessum málaflokki á það mjög vel við að vilji er allt sem þarf. En það segir ekki að við þurfum ekki lög og hefur verið reynt að setja þau, framkvæmdaáætlun og allt það sem hér hefur komið fram og ég vona að okkur takist að ná settu markmiði.

[17:46]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir að bera fram þessa fyrirspurn. Í leiðinni vek ég athygli á því að svar forsrh. liggur fyrir við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um framkvæmdaáætlun um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna en hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hefur talið ástæðu til að spyrja um það mál. Þar kemur bersýnilega fram að ráðuneytin hafa ekkert lagt til umræðunnar. Satt að segja er svarið alveg stórmerkilegt. Mér sýnist að forsrh. hafi haft svo mikið við að það hefur svarað, menntmrn. hefur svarað pínulitlu en í ljós kemur að ráðherrann hefur ekki tekið afstöðu til þeirra tillagna sem þar liggja fyrir. Hin ráðuneytin hafa engu svarað þannig að bersýnilegt er að ákaflega lítill vilji er til að taka á þessum málum með myndugum hætti þrátt fyrir öll hin fögru orð. Það er rétt hjá hæstv. félmrh. að þetta er mál sem þarf að ræða í annan tíma en hér þar sem menn fá eina mínútu til stuttra athugasemda.

[17:48]

Fyrirspyrjandi (Guðný Guðbjörnsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að þakka hæstv. félmrh. fyrir svörin og taka fram að mér er auðvitað fyllilega kunnugt um að menntmrn. kemur nálægt framkvæmd þess kafla sem 10. gr. nær til. Ég hef einmitt komið nálægt því starfi sjálf og veit að sú ágæta skýrsla sem liggur fyrir um framkvæmd innan menntmrn. kemst ekkert í framkvæmd vegna þess að hún hefur ekki nógu sterka stöðu og þá virðist manni sem á endanum hljóti það að vera hæstv. félmrh. sem er ábyrgur samkvæmt lögunum. Ég tel því afar brýnt að átak verði gert í að herða eftirlit með framkvæmd laganna og fyllilega tímabært að huga að því hvort ráðning umboðsmanns sé eftirsóknarverð þar sem það virðist hafa gefist vel á Norðurlöndum. Einnig tel ég afar mikilvægt að Jafnréttisráð verði kosið af Alþingi og fái pólitíska ábyrgð ef það á að sjá um framkvæmd þessara laga ásamt félmrh.

Önnur leið væri að veita þetta vald til skrifstofu jafnréttismála með ákveðnari hætti og ég furða mig á því hvers vegna aldrei hafi verið sett reglugerð við jafnréttislögin þó það sé bundið í lögunum. Var það kannski aldrei ætlun stjórnvalda að láta jafnréttislögin

komast í framkvæmd? Ég spyr enn aftur: Hvernig má það vera að í gildi séu lög sem segja að konum og körlum skuli tryggðir jafnir möguleikar til launa og menntunar með stjórnvaldsaðgerðum, lög sem segja að sérstaklega skuli bæta stöðu kvenna til að ná jafnri stöðu kynjanna, lög segja að konum og körlum skuli greidd jöfn laun og skuli njóta sömu kjara fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf, að hið gífurlega launamisrétti þrífst samt hér á landi? Fyrir utan það sem ég nefndi áðan, verkafólk, afgreiðslukonur og skrifstofufólk, á þetta einnig við fólk innan BSRB og þá liggur beint við að spyrja: Hvers vegna nota félmrh. og fjmrh. ekki þessi lög til að hækka laun kvenna hjá ríkinu, t.d. sjúkraliða sem allir vita að er láglaunuð kvennastétt? (Forseti hringir.) Hvaða karlastétt skyldi vinna jafnverðmæt og sambærileg störf samkvæmt launamati ríkisins og hvað fær hún í laun? Það eru örugglega ekki við þessi lög að sakast heldur vantar viljann til að fylgja þeim eftir. (Forseti hringir.)

[17:50]

Félagsmálaráðherra (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Þær ábendingar sem komu fram hjá hv. þm. voru mikilvægar. Út af launamálum vil ég segja þetta af því að ég hef nýlega verið að fjalla um þau mál að það er meiri munur á heildartekjum kynjanna en á tímakaupi og samkvæmt upplýsingum úr alþjóðlegum skýrslum er tímakaup karla nær undantekningarlaust hærra en tímakaup kvenna um allan heim. Þetta bendir til að laun kvenna séu að öllu jöfnu lægri en laun karla hér á landi sem erlendis og gildir einu hvort rætt er um árstekjur, mánaðarlaun, vikukaup eða tímakaup og þetta er verulegt íhugunarefni fyrir okkur. Það virðist sem laun kvenna miðist við það hvar þær starfa og hjá hverjum en ekki við menntun þeirra eða hæfileika og fjöldi kvenna með háskólamenntun fer til starfa sem eru yfirleitt lægra launuð en önnur störf sem krefjast sambærilegrar menntunar. Eðli starfsins virðist því ráða launakjörum því lítill sem enginn munur er á launum kvenna og karla innan þessarar stéttar og kona sem hefur störf í hefðbundnu karlastarfi fær yfirleitt sambærileg laun. Þetta er til umhugsunar og ég er tilbúinn til að ræða þessi mál í annan tíma þar sem við höfum betra tækifæri til þess.

Ég vil aðeins geta þess, virðulegi forseti, vegna þess að svar á þskj. 264 bar á góma að öllum ráðuneytum, sveitarfélögum og heildarsamtökum aðila vinnumarkaðarins var kynnt framkvæmdaáætlunin og til þess hvatt að hlutaðeigandi settu sér eigin verkáætlun með hliðsjón af verkefnunum sem eru tilgreind í áætluninni og hinir sömu sem voru hvattir til að tilnefna tengilið til að annast samskipti við skrifstofu jafnréttismála. Það verður að segjast eins og er að í bréfi til allra ráðuneyta var minnt á hið sama og ítrekuð tilmæli um að ákveðnar upplýsingar yrðu látnar í té, þar á meðal verkefnislýsingar, tíma- og kostnaðaráætlanir. Of fáir svöruðu ofangreindum erindum og enn færri létu umbeðnar upplýsingar í té og aðeins fjögur ráðuneyti tilnefndu tengiliði.

Varðandi það hvers vegna reglugerð hefur ekki verið sett á ég ekki svar við þeirri fyrirspurn en eins og ég segi fáum við tækifæri til að ræða þetta mál nánar þegar skýrslan kemur fram.

Reykjavíkurflugvöllur.

Fsp. GHall, 204. mál. — Þskj. 230.

[17:53]

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Hallvarðsson):

Virðulegi forseti. Ég hef lagt fram fsp. fyrir samgrh. um mál sem lúta að Reykjavíkurflugvelli, einkum og sér í lagi í ljósi þess að um Reykjavíkurflugvöll fara um 300 þús. manns árlega og flugstöðin þar er komin nokkuð til ára sinna. Hluti af henni er frá um 1950 og síðan hafa bæst við einhverjar viðbótarbyggingar þar.

Þar sem flugbrautir á Reykjavíkurflugvelli eru jafnframt mikið notaðar sem raun ber vitni hlýtur að vakna spurning um ástand þeirra. Gárungarnir sögðu þegar flugbrautirnar voru gerðar í seinni heimsstyrjöldinni að þær vildu eftir nokkurn tíma gefa sig mjög og höfðu þeir orð um það að Bretar hefðu notað klaka í púkk undir þessar brautir, því hefði farið sem fór. En engu að síður er líka svo að það var rætt um það fyrir nokkrum árum að hér væru ríkjandi austlægar áttir, þær væru 60–70% vindátta sem blésu um höfuðborgina. Þá var mikið rætt um það hvort ekki væri rétt að byggja nýja flugbraut og voru menn þá helst að tala um hvort ekki væri eðlilegt að byggja nýja austur/vestur braut.

Eins og ég kom áðan inn á er flugstöðvarbyggingin byggð fyrst um 1950 og hafa verið framkvæmdar ýmsar betrumbætur á henni en hins vegar er rétt að taka fram að í mínum huga er staðsetning Reykjavíkurflugvallar mjög góð og bæði landsbyggðin og Reykvíkingar njóta góðs af þeirri staðsetningu og af henni hlýst síðan mikil hagræðing. En ég hef með leyfi forseta lagt fram tvær spurningar til samgrh.:

„1. Hvernig er ástand Reykjavíkurflugvallar sem er aðalsamgöngumannvirki innanlandsflugs?

2. Hvenær er fyrirhugað að byggja nýja flugstöð fyrir allt innanlandsflug?“

Eru þessar spurningar lagðar fram með tilliti til þess sem ég gat um áðan.

[17:56]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Eftir að stríðinu lauk var herflugvöllur Breta í Reykjavík aðalflugvöllur landsins, bæði fyrir innanlands- og utanlandsflug. Smátt og smátt þyngdust flugvélarnar sem notuðu flugvöllinn og umferðin óx. Um 1960 er farið að nota flugvélar af gerðinni DC-4 og DC-6 og fór þá fljótlega á bera á skemmdum í yfirborði brautanna.

Á árunum 1963–1964 voru gerðar umfangsmiklar athuganir á burðagetu brautanna og var þá svo komið að steypta slitlagið var mölbrotið þar sem undirstaðan var veikust. Á árunum 1965–1972 voru veikustu hlutar brautarinnar endurbyggðir og einnig var norður/suður brautin lengd til suðurs og austur/vestur brautin

lengd til austurs á þeim árum. Lengd norður/suður brautar er 1.749 metrar og lengd austur/vestur brautar 1.453 metrar. Báðar þessar brautir eru 45 metra breiðar. Stysta brautin með stefnu í suðvestur/norðaustur er 960 metra löng og 30 metra breið.

Um svipað leyti og endurbæturnar á Reykjavíkurflugvelli hófust fengu Loftleiðir hf. aðstöðu fyrir allt sitt flug á Keflavíkurflugvelli og létti þá stórum á umferð um Reykjavíkurflugvöll. Nokkrum árum seinna var allt millilandaflug flutt til Keflavíkurflugvallar og hefur að mestu verið þar síðan en Reykjavíkurflugvöllur hefur fyrst og fremst þjónað innanlandsfluginu. Við það létti svo mikið á umferð um völlinn að hægt hefur verið svo lengi sem orðið er að fara í endurbætur á flugvellinum. Ljóst er að svo mikilvægur flugvöllur yrði ekki byggður eins og að ofan var lýst ef hann yrði byggður nú enda forsendur um þunga flugvéla og fjölda lendinga allt aðrar en var á stríðsárunum.

Um langa hríð hefur staðið til að fara í endurbætur á flugbrautum og flughlöðum við Reykjavíkurflugvöll og hafa ýmsar opinberar nefndir gert tillögur þar um, svo sem flugmálanefnd í tillögu um 10 ára framkvæmdaáætlun sem birt var árið 1986, en nefndin taldi endurnýjun slitlags á flugbrautum Reykjavíkurflugvallar vera forgangsverkefni í flugsamgöngum. Verkið hefur þó dregist m.a. vegna þess að endurbætur á flugvöllum úti á landi hafa verið taldar brýnni.

Í endurskoðaðri flugmálaáætlun 1994–1997 sem samþykkt var á Alþingi fyrr á þessu ári er gert ráð fyrir að hefja framkvæmdir við endurbætur flugbrauta Reykjavíkurflugvallar á árinu 1997. Áður en hafist verður handa við framkvæmdir þarf að safna saman nákvæmum upplýsingum um uppbyggingu flugvallarins, rannsaka nákvæmlega burðarþol flugbrauta og gerð undirstöðu, gera áætlanir um endurbætur o.s.frv. Þessar athuganir þarf að vinna tímanlega svo að hægt verði að taka ákvörðun um framkvæmdir á grundvelli raunhæfra kostnaðaráætlana á árinu 1996, um einu ári áður en framkvæmdir eiga að hefjast.

Til að undirbúa þessa vinnu var ákveðið að byrja á ástandskönnun flugvallarins með söfnun gagna um uppbyggingu vallarins ásamt forrannsóknum á undirstöðu og yfirborði flugbrauta og flughlaða. Þessar athuganir hófust í raun á árinu 1993 og lauk nú í haust. Nú er verið að vinna að skýrslu um ástand flugvallarins sem væntanlega verður tilbúin í byrjun næsta árs. Þá er einnig gert ráð fyrir að tillögur um endurbætur á flugvellinum liggi fyrir í byrjun næsta árs. Fyrstu niðurstöður rannsókna þeirra sem verið er að vinna benda til þess að burðarlagið undir vellinum sé veikt, en hins vegar er slitlagið sem samanstendur af steypu og malbiki þykkra en venjulegt er og upphefur það að nokkru leyti veika undirstöðu. Ekki er lokið athugunum á hvernig best er að standa að úrbótum á þessu né hversu umfangsmiklar slíkar endurbætur þyrftu að vera. Hins vegar er nú þegar ljóst að kröfur þær sem almennt eru gerðar um hliðarhalla á brautum vegna afvötnunar og kröfur um sléttleika á brautum eru óvíða uppfylltar á flugbrautum Reykjavíkurflugvallar. Sama gildir reyndar um flughlöð að kröfu til afvötnunar eru ekki uppfylltar eins og allir þeir farþegar vita sem vaðið hafa polla á leið sinni í flugvél.

Tækjabúnaður Reykjavíkurflugvallar er nokkuð góður, snjóhreinsibúnaður og slökkvibúnaður hefur verið að mestu endurnýjaður á undanförnum árum. Aðflugs- og ljósabúnaður er að mestu í sæmilegu standi en ráðgert er að endurnýja hluta aðflugsbúnaðar á næsta ári.

Þá má einnig geta þess að verið er að endurnýja veðurmælibúnað fyrir flugvöllinn.

Spurt er: Hvenær er fyrirhugað að byggja nýja flugstöð fyrir innanlandsflugið?

Svar: Engin ákvörðun hefur verið tekin um byggingu nýrrar flugstöðvar fyrir innanlandsflug og er slík framkvæmd ekki í flugmálaáætlun fyrir árið 1994–1997 enda talið brýnna forgangsverkefni að endurbæta flugbrautirnar.

[18:01]

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Hallvarðsson):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka ráðherra fyrir skeleggt og gott svar, yfirgripsmikið svar, um ástand flugbrauta Reykjavíkurflugvallar. Það var þó tvennt sem ég hjó eftir. Í fyrsta lagi það að hann kom að lendingarbúnaði vallarins sem að mestu væri í sæmilegu ástandi. Ég vona að það sé um stundarbil sem það sé. Auðvitað þarf þetta að vera í mjög góðu lagi.

Með tilliti til þess sem ég sagði áðan vegna fjölda farþega sem koma um Reykjavíkurflugvöll þá má það liggja ljóst fyrir að nokkuð þarf að huga að nýbyggingu flugafgreiðslu vegna þess hvernig þau hús sem nú eru fyrir eru orðin og með tilliti til þess sem verið er að gera annars staðar á landinu með byggingu flugstöðva þá sé ekki óeðlilegt þó Reykjavík verði tekin þar inn í á einhverju ákveðnu tímabili og helst væri eðlilegt að það yrði gert fyrr en talað er um að það sé ekkert hugað að nýbyggingu á árunum 1994–1997.

[18:02]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Ég vil bæta því við svar mitt áðan að ástæðan fyrir því hversu hefur dregist að ráðast í úrbætur og endurbætur á Reykjavíkurflugvelli á m.a. rætur sínar að rekja til þess að sú ákvörðun var tekin fyrir fjórum eða fimm árum að láta það sitja fyrir að byggja alþjóðlegan flugvöll á Egilsstöðum sem kostaði á annan milljarð kr. og sömuleiðis var það ákveðið fyrir þremur árum að af flugmálaáætlun yrði greiddur hlutur Reykjavíkur í byggingu hinnar alþjóðlegu flugstöðvar hér í Reykjavík. Af þessum sökum hafa ýmis önnur verkefni orðið að sitja á hakanum sem ella væru komin í framkvæmd. Ég hygg að hv. þm. séu sammála um að það var mjög mikilvægt fyrir okkur að alþjóðlega flugstjórnarmiðstöðin yrði reist hér á landi. Hún er mjög fullkomin og skapar okkur miklar gjaldeyristekjur og auðvitað öryggi í fluginu yfir höfuð að tala. En ég geri sem sagt ráð fyrir því að eftir þrjú ár, þegar nauðsynleg uppbygging á þýðingarmestu stöðum úti á landi er það langt komin að þar er hægt að hægja á ferðinni, verði hægt að taka duglega til hendum í Reykjavík.

Útbýting þingskjala:

Reglur Lánasjóðs íslenkra námsmanna, 241. mál, fsp. KÁ, þskj. 282.

Varaflugvöllur á Egilsstöðum, 243. mál, fsp. JónK, þskj. 284.

Tölvubúnaður fyrir textasíma.

Fsp. SvG, 208. mál. — Þskj. 234.

[18:04]

Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Á þskj. 234 hef ég leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. heilbr.- og trmrh. um tölvubúnað fyrir textasíma.

Fsp. er á þessa leið:

„Hvenær verður tekin ákvörðun um kaup á tölvubúnaði fyrir textasíma?"

Aðdragandinn og ástæðurnar fyrir þessari fsp. eru þær að fyrir nokkru eða í sumar var ákveðið að bjóða út tölvur fyrir textasíma. Þessi ákvörðun var tekin af hæstv. fyrrv. heilbr.- og trmrh., Guðmundi Árna Stefánssyni, og það voru fjölmargir aðilar eða 11 talsins sem gerðu tilboð í þetta verkefni, tölvur fyrir textasíma. Það eru bundnar miklar vonir við þetta mál af hálfu Félags heyrnarlausra eins og kemur skýrt fram í blaði þeirra þar sem segir m.a., með leyfi forseta:

„Niðurstaðan [eftir nokkrar umræður] var skýr, besti kosturinn er tölvur með samskiptaforriti.

Síðar var auglýst útboð á 200 tölvum með innbyggðu módemi. Windows og Dos-stýrikerfi og samskiptaforritið er auðvitað ókeypis."

Í þessu útboði var reiknað með tveimur gerðum af tölvum, borðtölvu og fistölvu, þ.e. fartölvu. Er öll tilboðin voru opnuð kom í ljós að fyrirtækið HKH var með lægst aðaltilboð, 18 millj. 638 þús. kr., en hæsta tilboðið gerði annar aðili. Munurinn á þessum tveimur aðilum, hæsta og lægasta tilboði, var tæplega 10 millj. kr. og alls buðu eins og ég sagði áðan 11 fyrirtæki mismunandi upphæðir.

Niðurstaðan lá sem sagt þarna fyrir þegar tilboðið var opnað þann 28. sept. sl. klukkan 14 á fundi sem haldinn var hjá Ríkiskaupum.

Skemmst er frá því að segja, hæstv. forseti, að síðan hefur ekkert til ákvörðunar spurst af hálfu heilbr.- og trmrn. og þeir sem binda miklar vonir við þetta, bæði heyrnarlausir og aðstandendur þeirra, eru orðnir býsna langeygir eftir því að niðurstöður fáist og þess vegna legg ég þessa spurningu fyrir hæstv. heilbrrh.: Hvenær verður tekin ákvörðun um kaup á tölvubúnaði fyrir textasíma? Hvenær verður tekin ákvörðun um það? Hvaða tilboði verður tekið?

[18:07]

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Það er rétt að um skeið hefur verið til athugunar í heilbrrn. hvað hægt sé að gera til úrbóta í málefnum heyrnarlausra og heyrnarskertra og þá sérstaklega hvað varðar tölvubúnað fyrir textasíma. Menn hafa skoðað ýmsar lausnir í þeim efnum, m.a. sérstakt tölvutæki sem Frakkar tóku nýlega í notkun í staðinn fyrir símaskrár og sendu öllum símnotendum. Við nánari athugun kom í ljós að þessi tækni, þó að hún væri nokkuð fullkomin, uppfyllti ekki þær kröfur sem þyrfti að gera í þessu sambandi hér á landi svo niðurstaðan varð sú að hæstv. fyrrv. ráðherra tók ákvörðun um að biðja um að boðin yrðu út 200 tæki af þessu tagi sem hv. fyrirspyrjandi lýsti.

Það er rétt sem hann sagði að lægsta tilboðið í þessi 200 tæki var upp á 18,6 millj. kr. og er nokkuð síðan tilboðin voru opnuð. Ég hef látið athuga möguleika á að sinna þessu. Það var ekki Tryggingastofnun ríkisins sem stóð að þessu útboði, það var ekki gert ráð fyrir því að Tryggingastofnun ríkisins greiddi þetta heldur Heyrnar- og talmeinastöðin. Staða Heyrnar- og talmeinastöðvarinnar er sú að hana skortir nokkuð upp á að eiga fjármuni fyrir rekstri stöðvarinnar á þessu ári og er það vandamál sem þarf að leysa. En það er því miður ekkert fé til reiðu í heilbr.- og trmrn. til þess að greiða þennan kostnað og er verið að leita leiða til þess að það verði hægt að gera það væntanlega á næsta ári en það var heldur ekki gert ráð fyrir því í fjárlagatillögum ráðuneytisins að þessi kostnaður yrði greiddur með hækkaðri fjárveitingu til Heyrnar- og talmeinastöðvar eins og gera þarf.

Ég ítreka það, virðulegi forseti, að hér er ekki um að ræða kostnað sem gert er ráð fyrir að Tryggingastofnun ríkisins beri heldur Heyrnar- og talmeinastöðin og á yfirstandandi ári eru ekki fjárveitingar til Heyrnar- og talmeinastöðvar fyrir þessum kostnaði og verður því að gera ráðstafanir til þess að afla þess fjár á næsta ári eða í fjáraukalögum þessa árs.

[18:10]

Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. heilbr.- og trmrh. fyrir svörin. Ég met þau svo að hann muni beita sér fyrir því að fjármunir fáist til að greiða þessa textasíma annaðhvort í fjáraukalögum fyrir árið 1994 eða í fjárlögum fyrir árið 1995 og ég vil lýsa því yfir að ég styð hann í því að þetta mál verði tekið inn á fjáraukalög því auðvitað verður að afgreiða málið núna. Staðreyndin er sú að það er bersýnilega tekin þarna ákvörðun um að bjóða út þessi tæki, þessa textasíma upp á 18–25 millj. kr. án þess að neinir peningar hafi verið til fyrir því á fjárlögum ársins 1994. Það er mjög merkilegt að slík ákvörðun skuli vera tekin í heilbr.- og trmrn. Ég skil það vel að það vefjist fyrir mönnum að finna þá peninga til að leysa málið fyrst svona stendur á en ég sé ekki betur en málið standi þannig að ríkið sé skuldbundið til að borga þetta úr því að útboðið hefur farið fram með lögformlegum hætti á vegum Ríkiskaupa svo sérkennilega sem að málinu er staðið. Ég vil því einfaldlega taka undir það með hæstv. ráðherra, ég tel að það eigi að sjá þessu máli farborða með ákvæðum í fjáraukalögum sem þýðir að það yrði þá afgreitt núna í næsta mánuði eða í versta falli í fjárlögum fyrir árið 1995 þannig að það verði hægt að kaupa þessi tæki í allra síðasta lagi í janúarmánuði en það á auðvitað að vera hægt að gera það í næsta mánuði um leið og fjáraukalagafrv. kemur til meðferðar.

Ég tel satt að segja að þetta sé allt mjög sérkennilegt hvernig að aðdraganda málsins er staðið en um það ætla ég ekki að ræða hér frekar þar sem þeir sem helst ættu að svara fyrir það eru ekki viðstaddir en þakka hæstv. ráðherra að öðru leyti fyrir svörin.

Út af dagskrá var tekið 8. mál.

Fundi slitið kl. 18:12.

---

45. FUNDUR

þriðjudaginn 29. nóv.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Samningur um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunar, stjtill., 229. mál, þskj. 269. — Fyrri umr.
2. Tryggingagjald, stjfrv., 236. mál, þskj. 277. — 1. umr.
3. Ábyrgð á norrænum fjárfestingarlánum til verkefna utan Norðurlanda, stjfrv., 237. mál, þskj. 278. — 1. umr.
4. Menntun á sviði sjávarútvegs og matvælaiðnaðar, þáltill., 76. mál, þskj. 76. — Fyrri umr.
5. Vöruverð lífsnauðsynja og verðmunur á milli þéttbýlis og dreifbýlis, þáltill., 103. mál, þskj. 106. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Guðmundur Bjarnason, 1. þm. Norðurl. e.,
Kristín Ástgeirsdóttir, 15. þm. Reykv.,
Ólafur G. Einarsson menntmrh.,
Petrína Baldursdóttir, 11. þm. Reykn.,
Pétur Bjarnason, 2. þm. Vestf.

Aðalmenn taka sæti á ný:

Petrína Baldursdóttir, 11. þm. Reykn.,
Sólveig Pétursdóttir, 6. þm. Reykv.

Útbýting þingskjala:

Fjöleignarhús, 247. mál, frv. AÓB o.fl., þskj. 288.
Leikskóli, 245. mál, frv. GGuðbj o.fl., þskj. 286.
Réttindalausir skipstjórnarmenn, 244. mál, fsp. GE, þskj. 285.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Borist hefur eftirfarandi bréf, dags. 28. nóv. 1994:

„Þar sem ég vegna anna annarra aðkallandi starfa get ég ekki setið lengur á Alþingi í forföllum Hjörleifs Guttormssonar, 4. þm. Alþb. í Austurlandskjördæmi, fer ég fram á að 1. varaþm. flokksins, Einar Már Sigurðarson kennari, Neskaupstað, taki sæti á Alþingi.

Þetta er yður hér með tilkynnt, hæstv. forseti,

Þuríður Backman, 2. varaþm. Alþb.
í Austurlandskjördæmi."

Einar Már Sigurðarson hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðinn velkominn til starfa.

Samningur um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunar, fyrri umr.

Stjtill., 229. mál. — Þskj. 269.

[13:40]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. á þskj. 269 um fullgildingu samnings um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar. Tillagan hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd samning um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunar sem undirritaður var í Marakess í Marokkó 15. apríl 1994."

Með aðild Íslands að GATT árið 1968 var fyrsta skrefið stigið til að losa um þá viðskiptafjötra sem bundu íslenskt efnahagslíf. Þátttaka í GATT tryggði betur réttarstöðu Íslands í alþjóðaviðskiptum og hlutdeild í þeim efnahagsávinningi og aukningu viðskipta sem GATT átti þátt í að skapa m.a. með tollalækkunum og afnámi annarra viðskiptahindrana.

Aðildin hefur því þjónað íslenskum hagsmunum vel enda eiga Íslendingar mikið undir greiðum og öruggum milliríkjaviðskiptum.

Á ofanverðum áttunda áratugnum gekk yfir hagkerfi heimsins alvarlegasta stöðnunartímabil frá síðari heimsstyrjöld þar sem einhliða aðgerðir og verndarstefna hömluðu efnahagsþróun. Í ljós kom að GATT-reglur í þeirri mynd sem mótast höfðu frá 1947 svöruðu ekki lengur kalli tímans. Reglur vantaði um ný svið efnahagsstarfsemi sem ekki höfðu áður fallið undir GATT svo sem þjónustuviðskipti og hugverkaréttindi. Að auki urðu þær kröfur sífellt háværari að stemma yrði stigu við þeirri þróun í landbúnaðarviðskiptum sem fólst í því að ríki undirbuðu hvert annað á heimsmarkaði og gripu til annarra aðgerða og með tilheyrandi kostnaði fyrir skattborgara landanna og neytendur. Einnig knúðu þróunarlöndin á um að viðskipti með vefnaðarvörur yrðu lagaðar betur að GATT-reglum. Ákvörðun aðildarríkja GATT að ráðast í samningaviðræður sem mundu í raun gerbreyta hinu alþjóðlega viðskiptaumhverfi voru rökrétt viðbrögð við þessum aðsteðjandi vanda í hagkerfi heimsins.

Úrúgvæ-viðræðurnar, sem hófust með ráðherrafundi í Punta del Este árið 1986, eru viðamestu og flóknustu viðræður sem átt hafa sér stað til þessa af

þessu tagi.Viðfangsefnum þeirra má skipta í fimm meginþætti:

1. Aðgerðir til opnunar markaða með tollalækkunum og afnámi annarra viðskiptahafta sem eru hin hefðbundnu viðfangsefni GATT.

2. Samningar sem miða að því að styrkja reglur GATT. Undir þetta má t.d. fella samninginn um landbúnaðarviðskipti sem felur í sér sérreglur um það svið og miðar að því að laga þennan þátt milliríkjaverslunar að svipuðum viðskiptaháttum og ríkt hafa á öðrum sviðum vöruviðskipta.

3. Samningar um ný svið efnahagsstarfsemi sem engar alþjóðareglur hafa gilt um til þessa, svo sem þjónustuviðskipti og vernd hugverkaréttinda í viðskiptum.

4. Að gera lausn deilumála skilvirkari en áður, m.a. með ákveðnari tímafrestum.

5. Alþjóðaviðskiptastofnun er sett á laggirnar, stofnun sem mun mynda ramma utan um hina nýju samninga.

Niðurstöður Úrúgvæ-viðræðnanna hafa að geyma samning um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar og viðauka við þann samning. Í viðaukunum er að finna GATT-samninginn, sérsamning á sviði vöruviðskipta, samning um þjónustuviðskipti, samning um hugverkarétt og reglur um málsmeðferð við lausn deilumála, auk samþykktar um heildarathugun á viðskiptastefnu aðildarríkjanna.

Á ráðherrafundinum í Marakess voru nokkrar ráðherraákvarðanir og viljayfirlýsingar samþykktar sem eru almenns eðlis og flestar þegar komnar til framkvæmda. Þær fjalla m.a. um störf nefndar til að undirbúa stofnsetningu hinnar nýju alþjóðastofnunar, áframhald viðræðna um viðskipti og umhverfismál og á nokkrum sviðum þjónustuviðskipta sem ekki tókst að lúka í Úrúgvæ-viðræðunum.

Almennt er viðurkennt að samningurinn um Alþjóðaviðskiptastofnunina muni leiða til aukinna heimsviðskipta, aukins hagvaxtar, aukinnar atvinnu og bættra lífskjara. Erfitt er að áætla nákvæmlega hve mikill heimsávinningur verður eða vöxtur í heimsviðskiptum, þó er talið að vöxtur heimstekna og viðskipta verði verulegur. Sérfræðingar GATT telja að niðurstaðan verði sú að gera megi ráð fyrir að heimstekjur verði árið 2005 a.m.k. 515 milljörðum Bandaríkjadala umfram það sem mundi vera án niðurstöðu þessara samninga.

Hvað sem öllum spám líður er ljóst að Alþjóðaviðskiptastofnunin og samningar á vegum hennar munu leiða til betra efnahagsástands fyrir aðildarríkin á Íslandi sem í öðrum ríkjum. Það er ekki síst mikilvægt fyrir minni lönd, sem vegna smæðar heimamarkaða sinna eru afar háð greiðum milliríkjaviðskiptum. Mikilvægt er fyrir Ísland að tryggja sér hlutdeild í þessum ávinningi frá upphafi.

Með EFTA-samningnum, EES-samningnum og fríverslunarsamningum við Mið- og Austur-Evrópuríkin hefur Ísland tryggt sér greiðan aðgang fyrir útflutningsafurðir sínar að helstu mörkuðum Evrópu. Kröfur Íslands í Úrúgvæ-viðræðunum um tollalækkanir beindust því einkum að öðrum ríkjum, þ.e. Bandaríkjunum, Kanada, Japan og Suður-Kóreu. Fyrst og fremst var um að ræða kröfur um tollalækkanir fyrir fisk og fiskafurðir og vörur tengdar sjávarútvegi, t.d. tölvuvogir, fiskkassa, net og önnur tæki við veiðar og vinnslu. Einnig voru gerðar kröfur um ullarvörur og vatn. Skrifstofa GATT hefur reiknað út hversu miklar tollalækkanir á fiski og fiskafurðum annars vegar og öðrum iðnaðarvörum hins vegar felast að meðaltali í tilboðum þessara ríkja miðað við útflutning þeirra ára sem lögð voru til grundvallar í viðræðunum, þ.e. áranna 1988–89. Nánari grein er gerð fyrir þessum útreikningum og í fylgiskjali II. með þáltill.

Það er skemmst frá því að segja að útkoman er álitleg. Þær tollalækkanir sem náðust fram í Úrúgvæ-viðræðunum opna íslensku atvinnulífi aukna möguleika til sóknar, einnig á nýjum mörkuðum.

Samstarfsnefnd fimm ráðuneyta hefur unnið að því að kanna þær lagabreytingar sem gera þarf vegna gildistöku samningsins um Alþjóðaviðskiptastofnunina. Það er talið nauðsynlegt að fella úr gildi eða breyta 10 lagabálkum. Má þar nefna tollalög, lög um einkaleyfi, búvörulög, lög um verslunaratvinnu og hlutafélagalög. Viðamesta verkefni nefndarinnar er án vafa að gera tillögur um hvernig haga skuli framkvæmd landbúnaðarsamningsins hér á landi með breytingu á búvörulögum og tollalögum. Það hefur verið sjónarmið utanrrm. að við framkvæmd samningsins verði tekið tillit til hagsmuna bænda jafnt sem neytenda. Með landbúnaðarsamningnum eru í fyrsta sinn settar grundvallarreglur sem miða að því að laga þennan þátt alþjóðaviðskipta að frjálsari viðskiptaháttum. Þetta verður gert einkum með þrennum hætti.

Í fyrsta lagi eru settar reglur um beitingu innanlandsstyrkja. Markmiðið er að setja skorður við og draga úr styrkjum til að framleiðslan verði háðari kröfum markaðarins. Er þess vænst að það dragi úr offramleiðslu hjá aðildarríkjum.

Í annan stað verður dregið úr útflutningsbótum bæði í formi beinna fjárframlaga og magns þeirra vara sem njóta útflutningsbóta. Þetta er gert til að stemma stigu við því að ríki heims noti ríkisstuðning til að styrkja samkeppnisstöðu sína í milliríkjaviðskiptum. Þar sem innanlandsstyrkir hafa þegar verið lækkaðir að því marki sem krafist er í samningnum og útflutningsbætur aflagðar er ekki nauðsynlegt af Íslands hálfu að gera frekari ráðstafanir hvað það varðar vegna þessa samnings.

Í þriðja lagi verður stuðlað að opnun markaða hjá aðildarlöndum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar. Meginreglan er fólgin í því að tollar munu leysa af hólmi magntakmarkanir og aðrar innflutningshindranir. Í mörgum tilfellum geta þessir tollar orðið mjög háir. Hins vegar verður að skera þá niður um a.m.k. 15% eða að meðaltali um 36% á árunum 1995 til ársins 2001.

Grundvallaratriði er að innflutningstollar séu skýrir og fyrir fram ákveðnir innan þess hámarks sem heimilt er. Jafnframt verða öll aðildarríki að leyfa tiltekinn lágmarksaðgang á lægri tollum. Magnið sem

hleypt verður inn í landið með þessum hætti skal nema 3–5% af innanlandsneyslu vörunnar og verða tollarnir á því magni ekki hærri en nemur þriðjungi af hámarkstollum. Gildir þetta fyrir þær vörur sem ekki hafa verið fluttar inn áður eða þær fluttar inn í hverfandi litlu magni. Auk þess verður að tryggja þann markaðsaðgang áfram sem fyrir hendi var á viðmiðunartímanum. Með öðrum orðum mega þeir tollar sem koma í stað magntakmarkana og annarra innflutningshindrana ekki verða til þess að markaðsaðgangur skerðist miðað við viðmiðunartímabilið. Við þessa útreikninga er miðað við meðaltal áranna 1986–88. Loks verða alger innflutningsbönn að byggjast á vísindalegum forsendum um að heilbrigði dýra og manna sé stefnt í hættu.

Samráðsnefndin er enn að ræða álagningu rauntolla og meðferð kvóta vegna lágmarksaðgangs og ríkjandi markaðsaðgangs en tillagna nefndarinnar er að vænta fljótlega.

Samningar þessir munu hafa í för með sér breytingar fyrir viðskiptaumhverfi íslensks landbúnaðar en um kollsteypu verður sannarlega ekki að ræða. Samningurinn mun stuðla að lækkandi vöruverði smám saman með aukinni samkeppni og hagræðingu jafnframt því að losa um afskipti ríkisvaldsins af þessari framleiðslu. Samningurinn felur í sér að nauðsynlegt er að opna fyrir innflutning á erlendum vörum en þó á þeim kjörum sem skerðir ekki samkeppnisstöðu íslenskra framleiðenda. Hins vegar mun hin erlenda samkeppni gefa neytendum valkost jafnframt því að vera framleiðendum innan lands hvati til frekari átaka á sviði vöruþróunar og verðlækkunar.

Þetta umbótaferli mun snerta öll aðildarríki Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar og mun ekki síst nýtast þeim ríkjum sem minnst mega sín í alþjóðaviðskiptum og á ég þar við þróunarríkin og ríki Mið- og Austur-Evrópu, sem standa enn á brauðfótum í heimi alþjóðaviðskipta.

Í Úrúgvæ-viðræðunum og starfi GATT áttu Norðurlöndin afar náið samstarf og töluðu einni röddu í flestum málum. Jafnframt gerði það þeim kleift að hafa mun meiri áhrif í viðræðunum en ella. Þessi samvinna reyndist Íslandi því vel og auðveldaði fulltrúum Íslands að fylgjast með og taka þátt í störfum GATT en ekki þarf að undirstrika það að þetta er geysilega flókið viðræðuferli og víðtækt.

Tengsl viðskipta- og umhverfismála eru einn af hinum nýju málaflokkum sem ræddir voru meðan á Úrúgvæ-viðræðunum stóð. Sú umræða fékk aukinn byr í kjölfar Ríó-ráðstefnunnar árið 1992 sem leiddi til þess að ráðherrar þátttökuríkjanna samþykktu yfirlýsingu sem tryggir að þessi málaflokkur verður ofarlega á dagskrá Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar í framtíðinni. Nauðsynlegt er að Ísland taki virkan þátt í þeirri umræðu og fylgist þar náið með því þar er margs að gæta.

Ríkin hafa tekið til við að fullgilda samninginn og gert er ráð fyrir að stofnunin geti tekið til starfa nú um áramótin. Við stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar eru ákvæði GATT-samningsins frá 1947 felld undir stofnunina sem kennd er við GATT árið 1944. GATT 1947 stendur jafnframt áfram þar til öll ríki hafa sagt honum upp. Þau ríki sem ekki hafa fullgilt samninginn um Alþjóðaviðskiptastofnunina við gildistökuna hafa enga kröfu til þeirra réttinda sem hin nýja stofnun og samningar hennar veita. Jafnframt tapa þau núverandi réttindum samkvæmt GATT-samningnum 1947 gagnvart þeim ríkjum sem segja þeim samningi upp við aðildina að Alþjóðaviðskiptastofnuninni en Bandaríkjamenn hafa lýst því yfir að þeir muni hafa þennan háttinn á.

Í ljósi alls þessa þarf ekki að orðlengja um mikilvægi þess að af fullgildingu samningsins um Alþjóðaviðskiptastofnunina verði hér á landi til að tryggja megi að Ísland geti verið þátttakandi í starfi hennar frá fyrsta degi og tryggð sé hlutdeild Íslendinga í þeim ábata sem hið nýja viðskiptakerfi mun færa heimsbyggðinni.

Virðulegi forseti. Að lokum er þess að geta að með stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar lýkur sögu GATT í núverandi mynd en um leið markar samningurinn upphaf nýs tímabils í breyttum viðskiptaheimi. Skapaður hefur verið nýr og traustari vettvangur til frekari sóknar í frjálsræðisátt fyrir hagkerfi heimsins í stöðugri baráttu fyrir bættum lífskjörum og velferð á kostnað sérhagsmuna og verndarstefnu. Nýjar og skýrari viðskiptareglur sem og skilvirkari reglur um lausn deilumála munu auka aga og festu í viðskiptum ríkja og bæta réttarstöðu þeirra. Alþjóðaviðskiptastofnunin hefur því grundvallarþýðingu fyrir smáþjóðir eins og Ísland, sem flestum öðrum fremur eiga allt sitt undir greiðum og öruggum milliríkjaviðskiptum. Við eigum mikið undir því að alþjóðareglur gildi í stað aflsmunar.

Að lokinni þessari umræðu, virðulegi forseti, legg ég til að málinu verði vísað til síðari umræðu og hæstv. utanrmn.

[13:54]

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Ég vildi aðeins í örstuttu máli gera grein fyrir afstöðu Framsfl. til þessa stóra máls. Á nýafstöðnu flokksþingi okkar ályktuðum við um þetta mál og segir um það svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Seint á síðasta ári lauk sjö ára Úrúgvæ-samningalotu GATT. Frá og með næstu áramótum mun nýrri alþjóðastofnun, Alþjóðaviðskiptastofnuninni, ætlað að taka við af GATT sem megineftirlitsstofnun alþjóðaviðskipta. Framsfl. er hlynntur markmiðum samningsins og aðild Íslands að stofnuninni. Flokksþingið leggur mikla áherslu á að tryggja starfsskilyrði þeirra atvinnugreina sem lenda í aukinni samkeppni í kjölfar meira frelsis í alþjóðaviðskiptum."

Í stuttu máli þá erum við hlynntir aðild Íslendinga að þessari stofnun enda er það mjög nauðsynlegt fyrir okkur að vera aðilar að stofnun sem þessari og samningi sem þessum vegna þess hve háðir við erum utanríkisviðskiptum. Annað kemur nánast ekki til greina. Það er ekki aðeins á sviði iðnaðarmála, það er ekki síst á sviði sjávarútvegsmála sem við munum njóta þessa samnings.

Það er hins vegar verulegur ótti í ýmsum starfsgreinum ekki síst landbúnaði vegna þeirra starfsskil-

yrða sem þessar greinar munu þurfa að búa við eftir að samningurinn tekur gildi. Það hefur ekkert komið enn þá fram hér á Alþingi um það hvernig þessum málum verður háttað og ég vænti þess að þau mál komi fram á næstunni en endanleg afstaða okkar til þessa máls mun að sjálfsögðu mjög ráðast af því að bærileg sátt geti tekist um það hvernig þessi starfsskilyrði verða innan ramma samningsins. Framkvæmdin skiptir afar miklu máli og ég vænti þess að ríkisstjórnin leggi sig fram um að skapa bærilega sátt hér á Alþingi um það mál þannig að þessar atvinnugreinar geti unað við það. Það á að sjálfsögðu að hafa hagsmuni landbúnaðarins þar í fyrirrúmi og jafnframt hagsmuni neytenda, ég tek undir það, en það á ekki að vera markmið með þessum samningi að opna hér í verulegum mæli fyrir innflutning á landbúnaðarvörum.

Það á að vera markmið að við höldum uppi öflugum landbúnaði sem skapar mörgu fólki atvinnu og er lífsnauðsynlegur fyrir Íslendinga. Ég treysti því að hæstv. utanrrh. leggi sig fram um að ná samstöðu hér á Alþingi um það.

[13:58]

Páll Pétursson *(um fundarstjórn)*:

Frú forseti. Mér finnst eiginlega alveg ómögulegt að ræða þetta mál að ráðherrabekknum svona þunnskipuðum. Ég vek athygli á því að hæstv. utanrrh. er einn mættur af ráðherrum á þessum fundi. Ég tel að hér sé um mjög mikilvægt mál að ræða og ég vil fara fram á það að a.m.k. hæstv. landbrh. verði viðstaddur þessa umræðu. Ég tel að það sé útilokað að ræða þetta mál að honum fjarstöddum. Það gildir kannski svipuðu máli um fleiri ráðherra en ég tel að þessi samningur hafi það mikil áhrif á íslenskan landbúnað að það sé alveg óhjákvæmilegt að óska eftir því að hæstv. landbrh. verði viðlátinn umræðuna.

Forseti Salome Þorkelsdóttir:

Forseti sér að hæstv. landbrh. er ekki í húsinu samkvæmt töflu hér í borði en mun gera ráðstafanir til að gera honum viðvart um þessa ósk.

[13:59]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Það hefur töluvert verið rætt um það á undanförnum missirum að Ísland kynni að einangrast í viðskiptalegu tilliti ef við sæktum ekki um aðild að Evrópusambandinu. Það er þess vegna dálítið skemmtileg tilviljun að um leið og Norðmenn hafna aðild að Evrópusambandinu þá skuli næsta dag hæstv. utanrrh. flytja hér framsögu fyrir víðtækasta alþjóðlega samkomulaginu sem gert hefur verið um viðskipti í veröldinni. Það frv. sem hér liggur á borðum og hæstv. utanrrh. var að mæla fyrir er einhver skýrasta afsönnun kenningarinnar um einangrun Íslendinga í viðskiptalegu tilliti ef við gerumst ekki aðilar að Evrópusambandinu.

Satt að segja er alþjóðasamningurinn um GATT sem hér er mælt fyrir miklu merkilegra fyrirbæri en þeir Evrópusamningar sem Evrópusambandið hefur verið að burðast við að gera, bæði innan sinna eigin vébanda og við aðra. Það var mjög mikilvæg niðurstaða að þjóðum heims tókst að ná samkomulagi um þær grundvallarreglur sem eru í frv. og að setja upp stofnun sem á að hafa það að verkefni að tryggja að þeim reglum sé fylgt. Alþb. hefur á undanförnum árum verið eindregið hvetjandi þess að víðtækt alþjóðlegt samkomulag næðist um viðskipti í veröldinni. Við höfum talið að við Íslendingar ættum að kappkosta að eiga aðild að slíkum alþjóðlegum viðskiptasamningum og það væri mikilvægt fyrir þjóð sem byggði jafnmikið á útflutningi og innflutningi og við gerum að hið alþjóðlega viðskiptakerfi í veröldinni þróaðist með þeim hætti sem GATT-samningarnir fela í sér. Auðvitað er það þannig með viðamikla samninga af þessu tagi að margt í þeim kann að orka tvímælis og sumt kann að rekast á hagsmuni líðandi stundar. Það breytir því ekki að GATT-samkomulagið í heild sinni er viðamesta staðfesting samfélags þjóðanna á undanförnum árum um að mannkynið ætli í sameiningu að reyna að þróa viðskipti sín eftir ákveðnum og nútímalegum reglum sem hafa það að markmiði að reyna að koma öllum eitthvað fram á við til betri lífskjara og traustari efnahags. Við styðjum það því þess vegna að frv. fái eðlilegri meðferð í þinginu og fögnum því í sjálfu sér að niðurstaða skuli hafa náðst sem gerir okkur Íslendingum kleift að vera víðtækir þátttakendur í alþjóðlegu samstarfi. Ég vona þess vegna að maður heyri ekki miklu meira um þetta einangrunartal sem satt að segja hefur farið mikið í taugarnar á manni á undanförnum árum og sérstaklega síðustu missirum vegna þess að það er fullkomlega óraunhæft. Það er leiðinlegt að heyra ábyrga aðila sem gegna trúnaðarstörfum í þjóðfélaginu fara með slíkar fullyrðingar.

Hins vegar ber að harma það að á vettvangi ríkisstjórnarinnar skuli ekki hafa verið lokið þeirri vinnu sem er nauðsynlegur fylgifiskur þessa frv. Aðeins var vikið að því í fáeinum setningum í ræðu hæstv. utanrrh. að nefnd undir formennsku ráðuneytisstjórans í forsrn. hefði verið falið það verkefni en okkur hafa ekki verið kynntar neinar niðurstöður úr því nefndarstarfi. Það er mjög bagalegt. Enn á ný er það að gerast að vegna vanrækslu í undirbúningi er þingið að komast í tímaþröng við afgreiðslu máls af þessu tagi án þess að hafa öll gögn á borðinu. Ég á satt að segja bágt með að skilja það hvernig stendur á því í ljósi þess hvað þetta mál er viðamikið að þessari vinnu er ekki lokið. Ég vil þess vegna inna hæstv. utanrrh. eftir því við 1. umr. málsins að hann skýri nánar frá því hvar þessi vinna er á vegi stödd og hvenær henni muni ljúka.

Það kom fram t.d. á fundi í utanrmn. í gær að nefndin er reiðubúin að leggja mikla vinnu í málið og mun ekkert telja það eftir sér en nefndin vill fá fram á borðið niðurstöður þeirrar nefndar sem ráðuneytisstjórinn í forsrn. veitir forstöðu. Fyrr en þær liggja fyrir verður óskaplega erfitt að láta fara fram í þinginu vitræna umræðu um það hvernig við Íslendingar eigum að bregðast við ákveðnum, afmörkuðum viðfangsefnum sem tengjast samningnum.

Virðulegi forseti. Ég vildi aðeins á þeim takmarkaða tíma sem við höfum samkvæmt þingsköpum til

þess að ræða þetta mál við 1. umr. láta almennu sjónarmiðin koma fram en óska eftir nánari skýringum frá hæstv. utanrrh. á því hvað smíði þeirra frumvarpa og reglugerða og annarra gagna sem tengjast málinu sem okkur Íslendinga snertir líði og hvenær þess sé að vænta að þingflokkar, nefndir þingsins og aðrir hlutaðeigandi aðilar geti fengið niðurstöður þeirrar vinnu í hendur. Virðulegi forseti. Vont er að hafa hæstv. landbrh. í burtu en verra er að hæstv. utanrrh. getur ekki einu sinni setið í salnum fyrsta hálftímann að umræðunni um þetta stóra mál. Það er kannski eins og annað í þessu blessaða stjórnkerfi að þegar GATT-samningurinn kemur til umræðu á Alþingi og við viljum beina eðlilegum og efnislegum spurningum til hæstv. utanrrh. endist hann ekki til að sitja í salnum fyrsta hálftíma umræðunnar.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseta hafa borist skilaboð frá hæstv. landbrh. Því miður hefur hann ekki tök á að vera við umræðuna og fyrir mistök hafði láðst að boða fjarvist fyrir hann.

[14:06]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegur forseti. Mér er skapi næst að fara fram á að umræðunni verði frestað. Hæstv. landbrh. sýnir Alþingi algera óvirðingu með því að koma með tilkynningu um að hann hafi ætlað að boða forföll akkúrat daginn sem staðfesting GATT-sáttmálans og hinnar nýju viðskiptastofnunar er tekin til umræðu á hinu háa Alþingi. Ég minni á það, virðulegur forseti, í þessu samhengi að öllum efnislegum þáttum varðandi það hvernig yrði tekið á GATT-málunum varðandi breytingar á búvörulögum ýtti Alþingi á undan sér að kröfu stjórnarmeirihlutans á síðasta vetri og þar var sýknt og heilagt vitnað í starf fimm ráðuneyta nefndar sem átti að koma með þær lausnir sem þar áttu að verða á. Við stöndum hins vegar frammi fyrir því núna að ekkert er að fá. Hæstv. utanrrh. sagði áðan að nefndin væri enn að velta fyrir sér tollígildum og lágmarksaðgangi. Virðulegi forseti. Við þessar aðstæður er alger vanvirða við Alþingi að hæstv. landbrh. skuli ekki sjá sér fært að vera við umræðuna og segir kannski mest um stöðu málsins og samstarf stjórnarflokkanna núna.

Ég vil reyndar skora á hv. þm. Egil Jónsson, formann landbn., að koma og segja álit sitt á vinnubrögðum þeirrar ríkisstjórnar sem hann styður í gegnum þykkt og þurrt.

[14:08]

Páll Pétursson *(um fundarstjórn)*:

Frú forseti. Ég beið eftir því að fá svar við þeirri kröfu sem hv. 6. þm. Norðurl. e. setti fram, þ.e. hvort ekki væri tiltækilegt að fresta umræðunni. Ég árétta hér með þá ósk. Ég tel að það sé algerlega útilokað að ræða málið eða a.m.k. ljúka 1. umr. að landbrh. fjarstöddum. Þessi gjörningur hefur mjög mikil og fyrirsjáanlega neikvæð áhrif á íslenskan landbúnað. Í ræðu hæstv. utanrrh. kom fram að aukin samkeppni, sem skapaðist við þetta, hlýtur náttúrlega að koma niður á lífskjörum bænda. Þar á ofan fylgir þessu skuldbundinn innflutningur landbúnaðarvara sem að sjálfsögðu tekur markað af íslenskum landbúnaði. Það lækkar að vísu vöruverð til neytenda en fjölgar hins vegar atvinnulausum þannig að það þarf að liggja fyrir hvernig þetta kemur út fyrir þjóðarbúið. Atvinnuleysisbætur og framfærsla sveitarfélaga auka kostnað samfélagsins. Atvinnuleysisbætur eru vel að merkja til fólks í þéttbýli, sem vinnur úr landbúnaðarvörum, og eykur þrýstinginn á aukinn innflutning fram yfir þann skuldbundna á heðbundnum landbúnaðarvörum. Hlutur landbúnaðarins hefur verið fyrir borð borinn í samningunum. Ísland hefur ekki leitað eftir fyrirvörum eða úrbótum hvað varðar landbúnað. Ég reikna með að sjávarútvegur hafi verið sæmilega passaður án þess þó að hafa kynnt mér það sérstaklega en hagsmunum landbúnaðarins hefur verið fórnað. Frumvörp hafa verið boðuð og ýjað að úrbótum til varnar íslenskum landbúnaði. Ég vil fá að vita hvar þau eru, hvar það mál stendur og ég tel að þingið eigi kröfu á því. Landbúnaðurinn stendur algerlega berskjaldaður ef stjórnvöld vilja ekki verja hann. Það er hægt að bjarga þessu að mestu sé hér ríkisstjórn á hverjum tíma sem vill verja íslenskan landbúnað, annars ekki. Vilji ríkisstjórnin ekki sinna íslenskum landbúnaði þá stendur hann algerlega berskjaldaður og getur rústast á fáum árum og er hann þó illa kominn fyrir.

Ég óska því eftir nærveru hæstv. landbrh. við umræðuna og úr því að hann getur ekki komið og hefur gleymt að biðja um fjarvist þá óska ég eftir því að umræðunni verði frestað. Ég er á mælendaskrá en ég treysti mér ekki til þess að flytja ræðu mína fyrr en landbrh. getur verið viðstaddur.

[14:12]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Að gefnu tilefni vil ég einfaldlega beina því til virðulegs forseta að ekki eru rök fyrir því að fresta umræðunni. Eins og fram hefur komið þá er þetta vissulega mikilvægt mál. Það er á forræði utanrrh. og er ekkert að vanbúnaði að ræða það við 1. umr. í öllum grundvallaratriðum. Ég leyfi mér að vísa til þess að á nýafstöðnu flokksþingi Framsfl. var lýst yfir stuðningi við þetta mikla mál af hálfu Framsfl. og því er ekkert að vanbúnaði að ljúka 1. umr. og að vísa málinu til nefndar. Að því er varðar beiðni hv. þm. um upplýsingar um starf nefndarinnar er hægt að gera þær eitthvað fyllri en fram kom í framsöguræðu utanrrh. Ég er tilbúinn til þess í umræðunum að leggja fram frekari upplýsingar og skýringar um það en staðreyndin er nú samt sem áður sú að því nefndarstarfi er ekki lokið og því er ekki kallað eftir þeim niðurstöðum þótt upplýsingar liggi fyrir um það að hverju er unnið. Ég er fullvissaður um það af hálfu verkstjórnaraðila sem er forsrn. að það verði mjög fljótlega.

[14:13]

Egill Jónsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég skildi svo orð hv. þm. Jó-

hannesar Geirs Sigurgeirssonar að hann væri að spyrja mig fyrir um það hvað ég teldi eðlilegt með vinnu og hegðan ráðherra á Alþingi. (Gripið fram í.) Ég hef það eitt um það að segja að þótt maður styðji ríkisstjórn er ekki þar með sagt að ég hafi tekið að mér eitthvert eftirlit með því hvernig ráðherrarnir mæta hér til fundar. Sé þetta efni spurningarinnar þá verð ég að svara henni *með þessum hætti. En hafi það hins vegar verið* spurningin til mín um hvernig liði vinnubrögðum ráðuneytanefndanna þá er mér ekki kunnugt um þau störf.

[14:15]

Jóhann Ársælsson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég held að sú krafa að hæstv. landbrh. sé viðstaddur þessa umræðu og taki þátt í henni sé í hæsta máta eðlileg og varla hægt að hugsa sér að umræðan gangi fram án þess að hæstv. ráðherra taki þátt í henni því allir hv. þm. vita að hér er bullandi ágreiningur á ferðinni um það hvernig eigi að útfæra þetta GATT-samkomulag hér innan lands. Það hefði verið það eðlilegasta að menn hefðu gert hér grein fyrir niðurstöðum þess um leið og þessi umræða færi fram. Nefndin sem hér hefur verið nefnd hefur haft langan tíma til að fást við þetta mál og ég veit ekki betur, a.m.k. hefur mér verið sagt það að mál hafi verið föst í henni alllengi og þar hafi menn ekki komist áfram og það sé ástæðan fyrir því að hér liggja ekki fyrir neinar niðurstöður í starfi nefndarinnar. Og þó að hæstv. utanrrh. hafi sagt að mjög fljótlega mundi leysast úr þessum málum þá er það ekki mjög nákvæm tímasetning sem hægt er að lesa út úr því því ef það er borið saman við þann tíma sem það hefur tekið að koma þessum samningum á þá getur verið lagt í að niðurstöðu nefndarinnar verði að vænta til umfjöllunar. Spurningin er auðvitað hvort það sé eðlilegt að afgreiða þessi mál hér án þess að menn viti hvernig á að taka á framhaldinu.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti færir þau gleðitíðindi að hæstv. landbrh. mun koma til fundarins.

[14:17]

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Ég fagna því að hæstv. forseti notar sér þá heimild sem iðulega er notuð til þess að raða ræðumönnum eftir flokkum og hafði ég raunar *treyst því að svo yrði í þessari umræðu þar sem breyt*ingar urðu á því hver okkar kvennalistakvenna leiddi þessa umræðu vegna veikinda sem voru ófyrirsjáanleg. En ég þakka hæstv. forseta fyrir að taka þetta frumkvæði og halda þessari ágætu reglu að sem flest sjónarmið komist að strax.

Virðulegi forseti. Það er mikið rætt um gildi alþjóðlegs samstarfs og ekki að ástæðulausu og það er því mjög áhugavert að vera hér að ræða GATT-samningana. Í grundvallaratriðum má margt gott um þá samninga segja og sérstaklega fyrir það að þarna hefur tekist víðtækt samkomulag þjóða um allan heim. Lengi vel var það álitamál hvort stór þjóð eins og Bandaríkin treystu sér til þess að vera þarna með en nú hillir undir að svo muni verða og það er út af fyrir sig góðra gjalda vert. Þá virðist svo vera að það sé grundvöllur fyrir þessum samningum.

Almennt séð eru aukin alþjóðaviðskipti mjög eðlileg en það þarf að gæta ákveðinna atriða, það þarf að gæta vistfræðilegra sjónarmiða. Mér er kunnugt um það að innan þeirra hópa sem hafa tekið hvað virkastan þátt í Úrúgvæ-viðræðunum og víðar hefur verið reynt að gæta þessara sjónarmiða og reynt að ganga lengra en gert hefur verið að þessu sinni. Ég held að það sé framtíðin að það muni verða tekið mun meira tillit til þeirra sjónarmiða í alþjóðlegum samningum og m.a. yrði litið til Brundtland-skýrslunnar sem hefur kortlagt að mörgu leyti hvað er æskilegt í framtíðinni ef við eigum að geta lifað í sátt við þessa jörð sem við búum á. Það þarf að huga betur að því jafnframt því sem alþjóðleg viðskipti eru aukin að vera ekki með viðskipti að óþörfu og flutning að óþörfu heldur að gera hvert svæði fyrir sig sem mest sjálfbjarga. Þetta er einnig mjög mikið hagsmunamál fyrir þróunarlönd að það sé hugað að vistkerfinu vegna þess að sagan hefur sýnt okkur að rík ríki hafa á köflum gengið mjög nærri náttúru fátækari landa og þessi viðhorf skipta miklu máli vegna þess að þau koma inn í alþjóðleg viðskipti. En svo sem kunnugt er hafa þau verið inni í umræðunni í GATT-viðræðunum, í Úrúgvæ-viðræðunum, og ég hef þá trú að þessi sjónarmið muni í framtíðinni vega þyngra þar sem umhverfisvernd er sífellt meira sinnt og fólk er að verða sífellt meðvitaðra um það hvað það skiptir miklu máli að allir geti tryggt framtíð þessarar jarðar eins góða og hægt er og nýtt auðlindir jarðarinnar í eins góðum takti við það sem hún þolir og við höfum vit og getu til.

Varðandi þann mikla bálk sem liggur fyrir nú þá er ljóst að þarna hafa víða orðið málamiðlanir og það geta *ekki allir fengið allt. Þannig er það alltaf í alþjóða*samningum og það er að sjálfsögðu það mat sem við stöndum hér frammi fyrir. Það hefur komið glögglega fram í þessum umræðum að það er fyrst og fremst á valdi íslenskra stjórnvalda að fara vel með þær niðurstöður sem við höfum náð. Nýti íslensk stjórnvöld þær heimildir og þá möguleika sem þessi samningur gefur til þess m.a. að standa vörð um íslenskan landbúnað og framtíð hans, jafnframt því að gæta hags neytenda, þá kvíði ég ekki framtíðinni. Við höfum það svigrúm sem við þurfum með þessum samningum svo framarlega *sem það er eitthvað að gerast í útfærslu þeirra.* Eina stóra áhyggjuefnið núna er að það lítur út fyrir að sú mikla ráðuneytanefnd sem sett var á laggirnar meira og minna í vandræðagangi sl. vor sé ekki að gera það sem hún á að vera að gera. Það er fyrst og fremst vegna mikils ágreinings sem hefur birst okkur í mörgum myndum og á rætur sínar að rekja til gjörólíkra sjónarmiða stjórnarflokkanna þar sem menn einfaldlega ná ekki saman. Ég hef ítrekað leitað eftir gögnum um stöðu málsins til eins af þeim ráðuneytum sem fara með þessi mál og það vantar ekki góðan vilja þeirra embættismanna sem ég leita þar til en hins vegar vantar mikið upp á að þeim sé kleift að gefa þær mikilvægu upplýsingar sem ég hef verið að leita eftir. Þetta

finnst mér mjög alvarlegt. Það hafa gjarnan komið þau svör að þetta sé rétt á leiðinni og ég treysti því að þegar hæstv. landbrh. kemur hér til umræðu og ég vona að það fari að styttast í það þá munum við fá svör við þeim áleitnu spurningum: Hillir eitthvað undir að þessi nefnd skili af sér, hillir eitthvað undir að við fáum að vita um hvað er verið að ræða? — Ég sé að hæstv. ráðherra er kominn hér og ég vona að hann treysti sér til að koma inn í þingsalinn. Getur hæstv. forseti gert hæstv. ráðherra viðvart þannig að hann heyri spurninguna? Hún er ekki nema ein og ég sé að hæstv. utanrrh. er hér líka. — Geta hæstv. ráðherrar svarað þeirri spurningu hvort ríkisstjórnin sé búin að ná samkomulagi eða niðurstöðu í þeim alvarlegu deilumálum sem hér komu upp um meðferð tollígilda og lágmarksaðgangs landbúnaðarvara til landsins? Þetta eru grundvallarspurningar sem varða íslenskan landbúnað og fyrr en botn er kominn í þetta og möguleiki til þess að leggja mat á hver niðurstaðan er þá er tómt mál að tala um niðurstöðu í þessari umræðu um GATT og WTO stofnunina sem sett verður á laggirnar núna innan skamms.

En ég ítreka þá skoðun mína að ég tel að í meginatriðum þá sé með GATT stigið heillavænlegt skref í átt að greiðari alþjóðaviðskiptum og ég treysti því að sú tilhneiging sem er til þess að það verði gert í sátt við vistkerfi jarðarinnar muni verða sterkari þegar fram líða stundir.

[14:26]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér er ljúft að svara þessari fyrirspurn. Sérfræðinganefndin hefur unnið mjög ötullega að undirbúningnum að því að hið nýja GATT samkomulag geti tekið gildi hér á landi. Það er svo með okkur Íslendinga að við erum fáliðaðir og við kjósum af þeim sökum að eiga gott samstarf við þjóðir sem við treystum um efni eins og þessi. Norðmenn eru nýbúnir að ganga frá sínum málum svo ég taki dæmi og eru með fjölmennar sveitir manna til þess að undirbúa vinnu úr sínum gögnum. En það hefur verið nákvæmlega fylgst með þeirra störfum og ég geri mér vonir um það að niðurstaða geti legið fyrir á allra næstu vikum. Það er a.m.k. ljóst að það á ekki að standa á því í sambandi við afgreiðslu þessa máls á hinu háa Alþingi, þá er auðvitað út frá því gengið að sú niðurstaða geti legið fyrir áður en málið er afgreitt úr utanrmn.

[14:27]

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. landbrh. svör hans. Það er eitt sem út af stendur. Mig langar til þess að biðja hæstv. ráðherra um að staðfesta það hvort það ríkir sátt innan ríkisstjórnarinnar um þær niðurstöður sem nú eru að verða hjá þessari nefnd og hvort það megi skilja svör hans svo að ríkisstjórnarflokkarnir hafi náð samkomulagi um það hvaða leið þeir muni styðja, þeir tveir flokkar sem standa að hæstv. ríkisstjórn. Það er grundvallaratriði. En fyrir okkur þingmenn sem eigum að fjalla um þetta frv. af einhverju viti er það auðvitað brýnt að við sjáum sem fyrst þær upplýsingar sem verða lagðar til grundvallar til þess að við getum vitað um hvað málið snýst að þessu leyti.

[14:28]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Eins og ég sagði áðan hefur nefndin ekki lokið störfum nú. Auðvitað eru uppi ýmis álitamál. Þetta er flókið mál. Þess vegna er störfum nefndarinnar ekki lokið. En það verður farið nákvæmlega yfir tilboð eða niðurstöður Norðmanna og þessum málum verður hraðað eins og kostur er. Það hefur síður en svo staðið upp á nefndarmenn í því. En ég ítreka það sem ég sagði áðan: Við erum fáliðaðir hér á landi og hljótum auðvitað að athuga vel okkar gang áður en frá þessum málum verður gengið af því að þau eru viðurhlutamikil og af því að þau skipta máli.

[14:28]

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. landbrh. fyrir hans svör. Mér finnst að þau hafi afhjúpað það að enn er ágreiningur uppi og ég mun þá verða leiðrétt hér síðar ef svo er ekki. Álitamál eru að mínu mati það sem ekki er búið að skera úr um og í mínum huga er það enn ágreiningur. Það verður vissulega fróðlegt að fylgjast með störfum Norðmanna og hæstv. utanrrh. hvíslaði því að mér að þau gengju vel. Ég veit ekki hvað hæstv. landbrh. þykir um það, ef hæstv. utanrrh. þykir það ganga vel þá getur vel verið að þeirra skoðanir fari þar saman og þeirra mat farið saman. En það munum við fá að vita. En ég ítreka það enn og aftur að það má ekki dragast of lengi, við megum ekki vera í of mikilli tímaþröng þegar við fjöllum um þetta mikilvæga mál á lokaspretti og það á við um okkur sem verðum nú að fjalla um þessi mál með nokkur atriði ögn óljós.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Samkvæmt merkingu hér hefur hæstv. landbrh. tvisvar sinnum tekið þátt í andsvari. Vill hæstv. ráðherra taka til máls? — Þá tekur til máls hæstv. landbrh.

[14:30]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Það er rétt að andsvörum er lokið en ég kýs að nota ræðutíma minn til að endurtaka það enn einu sinni sem ég sagði áðan og hv. 9. þm. Reykn., Anna Ólafsdóttir Björnsson, kaus að fara vitlaust með. Það hefur enginn ágreiningur verið staðfestur í nefndinni. Enginn. Á hinn bóginn, eins og ég sagði, eru uppi ýmis álitamál og þegar maður talar um ágreining þá auðvitað þýðir það að sjónarmið hafa ekki sæst eða menn hafa ekki komist að niðurstöðu. Nefndin hefur ekki lokið störfum. Málin eru í athugun, það er verið að fara yfir það hvernig þessum málum verður háttað hjá öðrum löndum, m.a. Norðmönnum og meðan svo stendur er auðvitað jafnrangt að tala um að ágreiningur sé uppi eins og það er rangt að segja að við vitum fyrir fram að það verði fullkomið samkomulag í nefndinni. Ég sé að hv. þm. Steingrímur Sigfússon hlær mikinn, enda hygg ég að margir menn hafi nú dáðst að því

og þótt athyglisvert hversu gott samkomulag var með honum og hæstv. utanrrh. í síðustu ríkisstjórn um það hvernig bæri að standa að málefni landbúnaðarins í alþjóðlegum samningum.

[14:31]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég biðst að sjálfsögðu forláts á því að hafa látið það eftir mér að brosa út í annað þegar hæstv. landbrh. var að svara með sínum skilmerkilega hætti um stöðu málsins í ráðherranefndinni. Það var eins og allir heyrðu ákaflega skýrt hvernig hæstv. ráðherra útlistaði það mál og ég skildi hann þannig að hann væri að segja að það væri að vísu ekkert samkomulag í nefndinni en á hinn bóginn hefðu menn ekki flogist þar á þannig að það var ekki rétt að tala þar um mikinn ágreining.

Ég tel, hæstv. forseti, að það sé í heildina tekið jákvætt að þessi víðtæka samningagerð um alþjóðaviðskiptahætti eins og Úrúgvæ-lota GATT-samninganna er, hún sé nú að komast í höfn en það er þó ekki þar með sagt að hún sé öll á þann veg sem ég hefði helst kosið. Ég tel að um samningagerðina í heild verði því miður að segja eins og margt annað í alþjóðaviðskiptum að hún sé fyrst og fremst klæðskerasaumuð að þörfum hinna stóru og hinna sterku. Ég hefði gjarnan viljað sjá miklu meiri áfanga nást í því að betrumbæta viðskiptahætti gagnvart þróunarríkjunum og þriðja heiminum. Ég hefði viljað sjá umhverfismál koma með miklu skýrari hætti inn í grundvöll þessarar samningagerðar og fleira þar fram eftir götunum. Það er vel þekkt og það vita þeir sem fylgdust með þessu ferli að á lokasprettinum voru það fyrst og fremst stóru viðskiptablokkirnar, Bandaríkjamenn, Evrópusambandið og að nokkru leyti Asíuríkin sem útkljáðu málið í sinn hóp og svo var komið undir lokin að aðrir aðilar að samningnum biðu hreinlega átekta og Bandaríkjamenn og Evrópusambandið sátu ein á fundum þar sem stærstu álitamálin voru útkljáð. Samningurinn ber þetta að sjálfsögðu með sér. Hann er fyrst og fremst sniðinn að þörfum stóru iðnríkjanna og fjármagnsveldanna í heiminum en miklu minna því miður að því að greiða götu þróunarríkjanna og þriðja heims ríkjanna inn á heimsmarkaðinn. Það var þó öðrum þræði hinn yfirlýsti tilgangur en þegar til kastanna kom voru það hagsmunir iðnríkjanna sem réðu ferðinni.

Ég vil í fyrsta lagi spyrja hæstv. ráðherra hvers vegna sú leið er valin að fullgilda samninginn með þáltill. en ekki lagafrv. Það er að vísu aðeins um það fjallað í greinargerð en ég vil spyrja líka í samhengi við breytingar og viðbætur við þessa samningagerð á síðari stigum hvort það sé í sjálfu sér eðlilegt að fara yfir í þingsályktunartillöguformið þegar svona viðamikið mál eru á ferðinni. Í öðru lagi óska ég eftir því að hér verði veitt einhver alvörusvör um stöðu málsins í ráðherranefndinni sem skipuð var 3. mars sl. — Hæstv. forseti. Ég vildi gjarnan að hæstv. landbrh. léti svo lítið að vera inni í salnum, tolla hér augnablik. Það eru engir mannasiðir hvernig ráðherrarnir hegða sér í umræðum af þessu tagi að þeir rjúka út um leið og þeir hafa sjálfir notað forgang sinn hér á mælendaskránni (**Landbrh.:** Ég rétt skrapp út.) Já, ég óska eftir því að hæstv. ráðherra reyni að halda sér ofan í stólnum augnablik. Hann heldur sér nógu fast í hann þegar ríkisstjórnin er í hættu alla vega. Ég óska eftir því að hér verði gefin einhver svör með það hvers sé að vænta með þau lagafrumvörp sem eiga að fylgja þessu máli. Auðvitað er það þannig að málið ber ekki fyrir þingið í þeim búningi sem það ætti að gera. Hér ættu að sjálfsögðu að liggja fyrir frumvörp um breytingu á búvörulögum og tollalögum og öðrum þeim sem þurfa að koma og það ætti að liggja fyrir pólitísk stefnumótun ríkisstjórnarinnar um meðferð þessa máls vegna þess að það er svo og ég veit að hæstv. utanrrh. getur staðfest það að meðferð þeirra heimilda sem við höfum til að leggja á jöfnunagjöld, til að mynda á innfluttar búvörur, er pólitísk ákvörðun. Það er ekki bara tæknilegt úrlausnarefni heldur líka pólitískt vegna þess að hér eru á ferðinni heimildir en ekki einhverjir bundnir fastar. Með öðrum orðum, hæstv. ríkisstjórn eða Alþingi þarf að móta stefnu um og taka pólitískar ákvarðanir um það í hvaða mæli þessar heimildir verða nýttar og hvernig. Það er ekki tæknivinna heldur spurning um pólitíska stefnumörkun og ég óska eftir að hér verði gefnar upplýsingar um það. Þetta eru engin svör að segja að nefndin muni vonandi fljótlega kannski skila einhverju. Það sé ekki ágreiningur en á hinn bóginn sé ekki samkomulag. Hverju erum við nær, eins og hæstv. ráðherra svaraði hér áðan?

Þá vil ég í fjórða lagi óska eftir því að hæstv. ráðherrar upplýsi um stöðu heilbrigðissamningsins eða viðaukans og sérstaklega varðandi það grundvallaratriði í hvaða mæli má beita ráðstöfunum sem lúta að því að varðveita hollustu og heilbrigði dýra og plantna og ég vil spyrja hver sönnunarbyrðina beri í slíkum tilvikum. Nú er það þannig skv. 2. og 3. tölul. 2. gr. heilbrigðissamningsins að slíkum ráðstöfunum má aðeins beita að því marki að nauðsynlegt sé til að vernda líf eða heilbrigði manna, dýra eða plantna og að þær byggist á vísindalegum meginreglum og sé ekki viðhaldið án fullnægjandi vísindalegra sönnunargagna. Með öðrum orðum, það er greinilega gert ráð fyrir því í að sanna þurfi að nauðsynlegt sé að beita þessum tilteknu heilbrigðisreglum. Hver ber sönnunarbyrðina? Til að koma með einfalt dæmi þannig að hugsanlega gæti komið eitthvert svar sem vit væri í frá hæstv. ráðherrum, ef Nýsjálendingar vefengja það að í innflutningi á hráu kjöti frá Nýja-Sjálandi felist sjúkdómahætta, hverjum ber þá að sanna að svo sé ef takmarka á innflutning á þeim grundvelli hingað? Eru það þeir eða við sem þurfa að sýna fram á með vísindalegum rökum og prófunum að í þessum innflutningi gæti falist hætta eða hinum megin frá að í honum felist ekki hætta? Og óska eftir skýrum svörum við þessu og ég trúi ekki öðru en hæstv. ráðherrar séu kunnugir þessu máli.

Ég vildi gjarnan að hæstv. utanrrh. eða utanríkisviðskrh. gerði aðeins betri grein fyrir starfsemi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar og því hvaða skuldbindingar við öxlum með aðild að henni, hvaða kostnaður verði því samfara, hversu viðamikil okkar þátttaka

verður í stofnuninni. Verður þar um að ræða að halda úti fastri sendinefnd eða fulltrúum af einhverju tagi o.s.frv.? Hvað liggur fyrir um hvað mikið bákn þetta verður, með hvaða kostnaði o.s.frv.?

Það er auðvitað enginn vafi, hæstv. forseti, að sú atvinnugrein sem verður í bráð fyrir mestum áhrifum af þessum samningi og e.t.v. líka í lengd er landbúnaðurinn. Þess vegna endurtek ég það og undirstrika að það skiptir miklu máli hvaða pólitísk stefnumörkun fylgir með um leið og þessi samningur er fullgiltur því að við höfum það að verulegu leyti í okkar höndum hvernig við förum með þær heimildir sem við þó þarna höfum. Það er alveg fyrir neðan allar hellur að þetta mál skuli eftir 8 mánuði í nefnd vera nákvæmlega jafnfast þar eins og það var daginn sem nefndin var skipuð. Það vita allir að nefndaskipunin og frestun málsins hér á þingi var vegna þess að ríkisstjórnin var við það að falla á illdeilum um þetta mál og þess vegna eru það auðvitað engin svör að koma hér eins og hæstv. ráðherrar hafa nú gert.

Að lokum, hæstv. forseti, varðandi ávinning okkar af þessu í beinum tollalækkunum, þá hafa verið sagðar af því nokkrar sögur, til að mynda varðandi Bandaríkin, að þar værum við að fá verulegar tollalækkanir. Það broslega er að þegar það er skoðað, þá eru raunverulegir tollar á allan útflutning okkar til Bandaríkjanna ekki nema 0,7% og samkvæmt nýjum gögnum sem ég hef í höndunum hefur tollastofnun Bandaríkjanna nýlega ákveðið að hætta að innheimta mest af þessum tollum vegna þess að það svari ekki kostnaði. Ég bið menn þess vegna að tala varlega um mikla ávinninga af niðurfellingum af þessu tagi. Hitt hygg ég að muni skipta mestu máli, hæstv. forseti, og er ég þá að ljúka máli mínu að sú meginregla sem í samningagerðinni felst, þ.e. jafnvægis- eða bestukjaraviðskiptareglan kann að nýtast okkur í talsverðum mæli við að vinna okkur markaði á nýjum svæðum og ég hygg að þegar frá líður muni það verða sú regla þessa samnings sem muni skipta okkur mestu máli fyrir utan þau neikvæðu áhrif eða þær hættur sem að landbúnaðinum steðja í þessari samningagerð.

[14:41]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hygg að hv. þm. þekki raunar svarið við þeirri spurningu sem hann lagði fram. Sönnunarbyrðin er bæði Nýsjálendinga og Íslendinga ef við tökum það dæmi. Í okkar hlut kemur að sanna það að sá sjúkdómur sem við óttumst eða sjúkdómar séu ekki hér á landi og Nýsjálendingar sýna fram á að þeir sjúkdómar séu heldur ekki á þeirra landi sem við óttumst. Síðan er það auðvitað vísindalegt mat hvort það er talin ærin ástæða til þess að standa gegn innflutningi frá Nýja-Sjálandi, en ég held að við verðum að viðurkenna það ef við viljum vera hreinskilin að við getum ekki fyrir fram til lengdar fullyrt að ekki komi til innflutnings á hráum sláturafurðum úr hvaða landi sem er í veröldinni. Ég held að við getum ekki fullyrt slíkt fyrir fram en sönnunarbyrðin er beggja.

[14:42]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. landbrh. fyrir svörin, en ég held að það sé mikilvægt að þetta liggi hér fyrir vegna þess að hinu gagnstæða hefur verið haldið fram. Ég hef orðið var við það meðal bænda að þeir eru sumir í þeirri trú hvaðan sem þær misvísandi upplýsingar eru komnar að í þessum heilbrigðisviðauka samningsins felist vörn til handa okkur varðandi innflutning á hrámeti, hráu kjöti og gerilsneyddum mjólkurvörum svo að dæmi sé tekið. Þegar samningsniðurstaðan og textinn eru hins vegar athuguð þá er alveg augljóst mál að svo er ekki nema með þessum vísindalegu rökum og aðferðum sé reynt að sýna fram á að svo sé. Jafnvel það hlýtur að byggjast á mati á því hvort réttlætanlegt sé að gera ráðstafanir sem í reynd fela í sér viðskiptahindranir vegna þess að ég get ekki séð annað samkvæmt textanum en þar eigi að vega og meta mismunandi hagsmuni saman og það sé ekki réttlætanlegt samkvæmt texta samningsins að beita innflutningstakmörkunum í formi heilbrigðistakmarkana þó að einhver sjúkdómahætta geti verið því samfara nema unnt sé að sýna fram á að það tjón sem af völdum sjúkdóms mundi leiða yrði meira og þar sé í raun og veru um meiri hagsmuni fyrir minni að ræða. Þannig held ég að samningstextinn sé og út af fyrir sig geri ég ekki ágreining við túlkun hæstv. landbrh. á því hvernig sönnunarbyrðin liggi. Þar verður hver að sjá um sitt, það held ég að sé alveg hárrétt. En ég held að það sé mjög mikilvægt og í raun og veru staðfest hér að þetta mál stendur svona og menn geta þess vegna ekki sett traust sitt á það að í þessari samningsniðurstöðu felist réttur af okkar hálfu til að banna innflutning af hrámeti eins og verið hefur. Það er verið að afnema hann með þessum samningum.

[14:44]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil vegna orða þingmannsins ítreka raunar það sem hefur komið fram hér áður og einnig í samræmingarviðræðum okkar á erlendum vettvangi í sambandi við GATT-samningana að við höfum haldið því fram í allri þessari samningsgerð að eina örugga leiðin til þess að við getum staðið gegn því að búfjársjúkdómar komi hingað til landsins sé bann við innflutningi á hráum sláturafurðum. Það hefur verið stefna ríkisstjórnarinnar og hefur verið málstaður okkar Íslendinga að gera það.

Útbýting þingskjals:

Úttekt á námskrám og kennslubókum með hliðsjón af jafnréttislögum, 246. mál, þáltill. GGuðbj o.fl., þskj. 287.

[14:45]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Út af fyrir sig er vandséð hvaða tilgangi umræðan þjónar núna með tilliti til þess hvernig undirbúningur hæstv. ríkisstjórnar er gagnvart nýjum GATT-samningi og nýrri alþjóðastofnun með alþjóðaviðskipti.

Ég get strax sagt það sem skoðun mína að ég tel að GATT-sáttmálinn um tolla og viðskipti hafi verið okkur afar mikilvægur og á grundvelli hans höfum við náð verulegum tollaívilnunum í tvíhliða samningum við ýmis ríki. Það sést kannski best á því að áður en til þessarar lotu kom voru tollarnir á Bandaríkin orðnir það litlir að þeim finnst ekki lengur svara kostnaði að innheimta þá.

Ég ætla á þeim stutta tíma sem ég hef að ræða kannski fyrst og fremst um þau áhrif sem þessi samningur hefur á verslun með matvörur. En verslun með matvörur hefur verið meira og minna utan samningsins fram að þessu. Það er alveg rétt að einn af grundvallarþáttum í samskiptum okkar mannanna frá upphafi er sem frjálsastur markaður með vöruskipti og viðskipti og grunnurinn að allri sérhæfingu. En það frelsi verður að byggja á jafnræði. Það er staðreynd að meiri hluti ríkja hefur metið hlutverk landbúnaðar fyrir þjóðmenningu og fyrir aðrar atvinnugreinar það mikils og það hefur kostað það mikið að menn hafa ekki verið tilbúnir til og ekki treyst sér til að gjaldfæra þann kostnað á neytendur í gegnum matvælaverðið. Þetta hefur gert það að verkum að mjög margar þjóðir hafa komið sér upp flóknu kerfi styrkja og uppbóta til að halda uppi framleiðslunni. Slíkt kerfi verður ekki afnumið á einum degi og slíkt kerfi er ekki afnumið með þeim GATT-samningi sem við stöndum frammi fyrir núna. Þar náðist hins vegar eins og ég skynja málið ákveðið samkomulag, ekki alveg um status quo en þó nánast, og það samkomulag byggðist því miður fyrst og fremst á því að verja hagsmuni stóru blokkanna tveggja, Evrópusambandsins og Bandaríkjanna. Ég hef alltaf sagt og ég segi það enn hér að ég mundi ekkert óttast sérstaklega um stöðu íslensks landbúnaðar ef og þegar við fengjum að keppa á einhverju sem væri nálægt því að vera sanngirnisgrundvöllur.

Í öðru lagi vil ég nefna það sem aðrir aðilar hafa nefnt að í þessari lotu GATT-viðræðnanna var umhverfisþátturinn ekki tekinn inn. Ég er þeirrar skoðunar að við megum ekki skuldfæra það sem það kostar að framleiða matvæli á þann ódýrasta hátt sem hægt er með allri þeirri tækni og efnum sem við höfum í dag, að ekki megi skuldfæra þann stundarhagnað á framtíðina með því að ganga ótæpilega á umhverfið, ganga ótæpilega á þann höfuðstól sem á að endast og á að vera tiltækur komandi kynslóðum. Það er skoðun mín að það hljóti að vera höfuðmarkmið í næstu lotum í alþjóðasamningum um búvöruframleiðslu að taka tillit til þessara þátta. Ég er einnig þeirrar skoðunar að ekki fáist lausn á þessu fyrr en við finnum einhvers konar markaðslausn sem byggist enn þá á því að mönnum verði refsað með skattlagningu eða greiðslum ef menn ganga út yfir það sem náttúran, það sem við lifum á, sannarlega getur borið á sjálfbæran hátt og að við séum ekki að skuldfæra þar á framtíðina. Þetta er stórt mál og ætti að mínu mati að vera eitt af stóru málunum í alþjóðastjórnmálum á næstunni og e.t.v. yrði það ekki leyst öðru vísi en á einhvern hliðstæðan hátt eins og var gert varðandi Hafréttarsáttmálann að einhvers konar alþjóðaráðstefna verði sett á um þessi mál. En þetta er brýnt mál og er afar aðkallandi að að þessu verði unnið og hvert eitt skref, sem þar næst í framfaraátt til þess að sé tekið tillit til þess til umgengni við náttúruna, er til hagsbóta fyrir íslenska matvælaframleiðslu og íslenskan matvælaiðnað.

Að lokum, virðulegur forseti, ítreka ég það sem ég sagði áður að þegar hæstv. ríkisstjórn og þingmeirihlutinn heyktist á því við breytingar á búvörulögum vegna EES-samningsins að taka á GATT-samningnum var okkur sagt og nánast lofað því að þegar kæmi að því að GATT-samningurinn yrði staðfestur þá lægi þetta fyrir. Þá væri fimm ráðuneyta nefndin búin að skila áliti sínu. Nú býst ég við að hæstv. landbrh. lesi svörin við þessu í bæklingnum um gamlan kveðskap sem hann er að lesa núna. En ég vil samt leyfa mér að spyrja hæstv. landbrh., og nú svari hæstv. ráðherra okkur í fullri hreinskilni, hvað líði störfum þessarar nefndar? Er það eins og hæstv. utanrrh. sagði okkur í framsögu sinni að nefndin væri enn að velta fyrir sér lágmarksaðganginum og tollígildum? Er það virkilega svo, hæstv. landbrh., að málið sé ekki lengra komið? Að nú eftir átta mánuði séu menn enn að velta fyrir sér þessum þáttum og engin grunnvinna, engin vinna í þá veru hvaða lögum þarf að breyta og á hvern hátt sé komin á stað? Ef hæstv. ráðherra svarar mér ekki hér og segir á hvaða stigi vinnan er hlýt ég að álykta sem svo að þetta sé raunin. Og í raun sagði hæstv. landbrh. áðan í andsvari sínu að menn væru bara með almennar bollaleggingar enn þá í nefndinni. Hvernig vill hæstv. landbrh. að þetta sé og hvað er nefndin að ræða um það hvernig eigi að haga lágmarksaðganginum? Á það að vera uppboð eins og hæstv. ráðherra nefndi einu sinni? Á e.t.v. að leyfa afurðasölufyrirtækjum, sem eru að vinna hér í dag, að fá þennan lágmarksaðgang eða á að afhenda þetta einstökum stórfyrirtækjum í smávöruverslun? Þessu vil ég að hæstv. ráðherra svari og sömuleiðis um það hvernig á að beyta tollígildunum? Verða þau föst og óbreytanleg fyrir fram eða verða þau í framkvæmdinni í formi breytilegra jöfnunargjalda eins og ýmsir hafa viljað túlka að hægt væri að framkvæma þau? Þessum spurningum verður að svara í umræðunni. Og það verður að svara því, virðulegur forseti, hvernig á því stendur að það var ekki staðið við þau fyrirheit sem voru gefin á Alþingi í fyrravetur að þegar kæmi að staðfestingu GATT-samningsins þá mundi þetta allt saman liggja fyrir í formi lagafrv.

[14:54]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég heyri á ræðu hv. þm. að hann hefur verið fjarverandi þegar ég svaraði hér áðan, ekki verið í þingsalnum og ekki heyrt mál mitt.

Ég sagði áðan frá því að Norðmenn væru nýbúnir að ganga frá sínum málum og ég sagði jafnframt frá því að við Íslendingar værum fáliðaðir og okkur hefði þótt rétt og skynsamlegt að bíða Norðmannanna og sjá hver yrði niðurstaða þeirra. Ég skil satt að segja ekki ef hv. þm. vill halda því fram hér að með þeim hætti sé staðið óeðlilega að málum á Íslandi. Við höfum

þvert á móti haft mjög náið samstarf við Norðmenn og aðrar Norðurlandaþjóðir bæði í sambandi við GATT-tilboðin frá öndverðu og líka í sambandi við samningana um hið Evrópska efnahagssvæði þannig að ég hygg að hv. þm. hafi verið þetta allt saman ljóst.

Það liggur líka fyrir og ég skal endurtaka það hér að sérfræðinganefndin er enn að störfum. Á meðan hún hefur ekki skilað af sér, á meðan niðurstaða er ekki fengin þar er það auðvitað vísbending um að verið sé að athuga vissa þætti betur. En hitt er alger útúrsnúningur og einungis sagt út í loftið að halda því fram að af því að niðurstaða liggi ekki fyrir á einhverjum tilteknum degi, næstsíðasta degi nóvembermánaðar, sýni það að engin grunnvinna hafi verið unnin. Þetta eru auðvitað feiknarlega mikil orð og stór ef maður tæki mark á þeim og gefur í skyn að þeir embættismenn sem hafa unnið að þessu verki hafi svikist um og ekki unnið þá grunnvinnu sem þeim var ætlað að vinna.

[14:56]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég skora á hæstv. ráðherra að koma upp, og hæstv. ráðherra getur gert það hér í lengra máli en andsvari, og gera grein fyrir því hvar grunnvinnan stendur. Því neitar hæstv. ráðherra og vísar til þess að Norðmenn hafi rétt verið að klára sína vinnu. Ef samstarfið var svona náið, hæstv. ráðherra, var okkur í lófa lagið að leggja fram okkar tillögur samhliða Norðmönnunum. En nú liggur ljóst fyrir að Norðmenn hafa lagt fram sínar tillögur en ekkert liggur fyrir um það hvenær tillögurnar komi frá okkur. Allt bendir til þess að ástæðan fyrir því sé sú að innan ríkisstjórnarinnar er einfaldlega bullandi ágreiningur og hæstv. landbrh. hefur mistekist algerlega að ná nokkru samkomulagi við samstarfsflokkinn sem kemur fram í því að hæstv. ráðherra kemur ekki nokkru máli fram.

Virðulegur forseti. Ég ítreka einnig þá spurningu sem ég bar fram áðan: Hvaða viðhorf eru uppi og hvaða línu er þar búið að leggja varðandi lágmarksaðganginn? Nú hefur hæstv. ráðherra tækifæri til þess að segja frá því hvernig starfi sérfræðingahópsins miðar áfram. Þetta er grundvallaratriði, hæstv. ráðherra. Ef svarið er það að um ekkert liggi ljóst fyrir í dag þá staðfestir það hvert einasta orð sem ég hef sagt um vinnubrögð ríkisstjórnarinnar í málinu.

[14:58]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég átta mig ekki alveg á því hvert er tilefni síðustu ræðu hv. þm. Ég hef þrásinnis sagt og hélt að hv. þm. skildi mælt mál og þegar skýrt er kveðið að hlutum. Embættismannanefndin hefur ekki skilað niðurstöðu. Þegar málið liggur þannig fyrir kemur þingmaðurinn upp hvað eftir annað, æ ofan í æ og heldur því fram að þeir sem þar sitja hafi svikist um, þeir hafi ekki unnið grunnvinnu sína og þar fram eftir götunum. Auðvitað er staðreyndin sú að það er verið að bera saman bækur sínar, það er verið að marka í heild sinni þá stefnu sem við munum taka þegar verið er að gera sér grein fyrir einstökum atriðum. Niðurstaðan mun liggja fyrir á næstu vikum eins og ég sagði áður. Auðvitað er öldungis ljóst og hefur verið lýst yfir áður, ekki einungis í umræðum nú af mér heldur í umræðum áður, að öll þessi atriði munu liggja ljóst fyrir og utanrmn. gera grein fyrir því áður en málið verður þaðan afgreitt. Það er sú niðurstaða sem hefur fengist í ríkisstjórninni og sú málsmeðferð sem fengist hefur.

Ég hygg á hinn bóginn að það sé bæði gott og nauðsynlegt að þessi mál komist inn í umræðuna. Þau séu tekin hér fyrir á hinu háa Alþingi en að nota það sem tækifæri til að vera með einhverjar getsakir eða útúrsnúninga um efni málsins er auðvitað algjörlega út í hött.

[14:59]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. ráðherra sagði: Þetta mun liggja fyrir innan nokkurra vikna. Ég vil vekja athygli virðulegs forseta á því að þessi ríkisstjórn á því betur ekki eftir nema nokkrar vikur af sínum starfsferli. Mér sýnist því á öllu að það sé orðið mjög vafasamt að það fáist nokkur botn í þetta mál af hálfu þessarar ríkisstjórnar og það er kannski eins gott.

Hæstv. ráðherra svaraði engu spurningum mínum bæði um hans álit og hvað væri verið að vinna að því hvernig ætti að framkvæma lágmarksaðganginn sem segir mér að við því eru engin tiltæk svör. Þetta eru því miður lýsandi dæmi fyrir vinnubrögð þessarar ríkisstjórnar. Við erum að fjalla um utanríkismál og við vitum að það gerðist í síðustu viku að Sjálfstfl. fór fram með mikla umræðu á hendur hæstv. utanrrh. og ekki harma ég það. Það gerðist hins vegar að sú umræða sem átti væntanlega að vera stórárásin á hæstv. utanrrh. varð að „harakiri" fyrir ríkisstjórnina eins og skoðanakannanir um síðustu helgi sanna.

Útbýting þingskjals:

Bygging kjötmjölsverksmiðju, 248. mál, fsp. DH, þskj. 289.

[15:01]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég vil í upphafi þakka fyrir, sem reyndar er þó ekki þakkarvert, að hæstv. landbrh. er kominn til umræðunnar. Það liggur fyrir, eins og kom rækilega fram í ræðu formanns Framsfl. fyrr í dag, að Framsfl. styður í prinsippinu þessa samningagerð eða aðildina að Alþjóðaviðskiptastofnuninni, en það er að vísu með fyrirvörum. Ég vil, með leyfi forseta, lesa það sem samþykkt var um þetta atriði á nýafstöðnu flokksþingi framsóknarmanna:

„Seint á síðasta ári lauk sjö ára Úrúgvæ-samningalotu GATT. Frá og með næstu áramótum er nýrri alþjóðastofnun, Alþjóðaviðskiptastofnuninni WTO, ætlað að taka við af GATT sem megineftirlitsstofnun alþjóðaviðskipta. Framsfl. er hlynntur markmiðum samningsins og aðild Íslands að stofnuninni. Flokksþingið leggur mikla áherslu á að tryggja starfsskilyrði þeirra atvinnugreina sem lenda í aukinni samkeppni í kjölfar meira frelsis í alþjóðaviðskiptum."

Það er þetta sem við viljum reyna að fá fram í þessari umræðu: Hvaða tryggingu fyrir starfsskilyrðum fyrir landbúnaðinn er að vænta í kjölfar staðfestingar á þessum samningi?

Það er augljóst að engum dettur í hug að það verði komist hjá því að gerast aðilar að þessari stofnun, en hins vegar er ákaflega mikilvægt að við höfum okkar viðbúnað í lagi. Þessi samningur er nefnilega geysilega mikið alvörumál fyrir íslenskan landbúnað. Hann dregur fyrirsjáanlega niður lífskjör íslenskra bænda og fleiri en íslenskra bænda. Hann kemur til með að hafa veruleg áhrif á lífskjör þess fólks sem hefur af því atvinnu að þjónusta landbúnað með einhverjum hætti og/eða vinna úr landbúnaðarafurðum.

Með þessum samningi undirgöngumst við verulegar skuldbindingar um takmarkaðan lágmarksinnflutning landbúnaðarafurða. Það í sjálfu sér tekur markað frá íslenskum landbúnaði og eykur þrýsting á meiri innflutning og það er kannski meginhættan sem í því liggur. Ef aldrei yrði farið fram úr lágmarksinnflutningnum þá er það ekki óskapleg fórn. Lágmarksinnflutningurinn eykur þrýsting á meiri innflutning. Hæstv. utanrrh. hefur hrósað sér í fjölmiðlum af því að hafa getað komið landbúnaðarstefnu Alþfl. í framkvæmd í gegnum starf sitt sem utanrrh., þ.e. með því að vinna sem formaður Alþfl. við samningagerð á erlendum vettvangi, ekki sem hagsmunagæslumaður eða umboðsmaður ríkisstjórnar Íslands heldur sem formaður Alþfl. því það hefur ekki verið opinber stefna íslensku ríkisstjórnarinnar, ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar, að opna fyrir innflutning á landbúnaðarvörum. Hér hafa sem sagt verið dregnar lokur frá hurðum. Það er allt galopið ef stjórnvöld frá Íslandi vilja. Ef hér kæmi ríkisstjórn sem fylgdi þeirri línu sem Alþfl. hefur fylgt í landbúnaðarmálum, ef hér væru lykilráðherrar sem væru á alþýðuflokksbuxunum, þá mundi landbúnaðarframleiðsla á Íslandi öll vera í uppnámi. Að vísu virðist Alþfl. vera í dauðateygjunum þessa dagana en upp er að rísa arftaki hans, nýr Alþfl. samkvæmt skoðanakönnunum, undir pilsfaldi hv. 12. þm. Reykv. og skipaður fólki úr Alþfl. og reyndar úr fleiri flokkum sem hefur orðið fyrir vonbrigðum á sínum gömlu vígstöðvum. Og guð má vita nema sá flokkur taki upp landbúnaðarstefnu Alþfl. Þar eru rætur þess flokks eða þess þjóðvaka, ég veit ekki hvernig það orð er myndað. Ég hef hugmynd um hvað er vikivaki, ég kann hann að vísu ekki en ég hef séð hann dansaðan. Ég veit ekki hvernig hugmynd um þennan vaka er tilkomin. (**Gripið fram í:** Þú veist hvað er andvaka.) Ég veit hvað er andvaka, já, en sleppum því. Það er sem sagt allt galopið fyrir stórfelldan innflutning landbúnaðarvara og þess vegna þurfum við á hæstv. landbrh. að halda í þessari umræðu í dag til að vita hver úrræði hæstv. landbrh. eru til varnar hagsmunum landbúnaðarins.

Ég veit að það þýðir ekkert að spyrja hæstv. utanrrh. um þetta mál vegna þess að hann er ekki sammála hæstv. landbrh. Ég þarf að fá yfirlýsingu frá hæstv. landbrh. og staðfestingu hæstv. utanrrh. að hann sé sammála hæstv. landbrh.

Haustið 1991 urðu miklar umræður um aðild okkar að GATT. Þá gaf ríkisstjórnin yfirlýsingu, 10. jan., og hún var kynnt á Alþingi í umræðum utan dagskrár. Ég vil spyrja hæstv. landbrh. hvort þessir fyrirvarar hafi náð fram að ganga, hvort þeir séu inni í þessari samningagerð. Ég fékk skýrt svar frá hæstv. forsrh. þá og það er spurning mín hvort þessar kröfur hafi verið uppfylltar.

Í öðru lagi, frú forseti, er landbúnaðarstefna Íslands ekki í takt við landbúnaðarstefnu annarra þjóða. Er heimilt eftir að þessi samningsgerð hefur verið staðfest að taka upp útflutningsbætur á íslenskar landbúnaðarvörur?

[15:11]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér er ljúft að svara þessu. Það er heimilt að taka upp útflutningsbætur á nýjan leik. Ég held að það sé skuldbinding um að minnka þær um 36% frá viðmiðunarárum.

Í öðru lagi er hv. þm. það kunnugt að GATT-samningarnir voru ekki milli Íslendinga annars vegar og einhvers eins samningsaðila hins vegar. Þetta var ekki tveggja manna tal. Hins vegar koma flestar þjóðir veraldar að þessari samningsgerð og eins og rakið var áður höfðu ýmsar aðrar þjóðir, og raunar flestar, meira um það að segja en Íslendingar hvernig endanleg gerð samningsins var. Það eru þess vegna ekki nýjar fréttir að við Íslendingar fengum ekki allt okkar fram.

[15:12]

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það hefur fengist staðfesting á því hjá hæstv. landbrh. að ekki var fyllilega að marka yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Það hefur ekki verið unnið eftir þeirri stefnu sem hæstv. forsrh. upplýsti þá. Það er ákvörðun um að minnka útflutningsbætur í þessum samningi um 36%, ef ég man rétt, frá viðmiðunarárum, en nú voru ekki útflutningsbætur (**Gripið fram í:** Jú, jú, jú.) á ákveðnar landbúnaðarvörur og ég skil það svo að ómögulegt sé að taka upp útflutningsbætur á þær landbúnaðarvörur.

[15:13]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Auðvitað er það rangt hjá hv. þm. og hann veit betur. Auðvitað var unnið af íslenskum embættismönnum í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Þetta á hv. þm. að vera kunnugt og ástæðulaust að gefa annað í skyn. Hitt má vera að eitt af þeim skilyrðum sem Framsfl. hafi sett fyrir stuðningi við málið hafi verið að ríkisstjórnin næði öllu sínu fram í GATT-samningunum og væri fróðlegt að fá að vita hvort svo sé.

[15:13]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Það er satt að segja dálítið umhugsunarvert að allur þessi mikli samningur eða öllu heldur allt þetta samningaverk sem hér er á ferðinni skuli vera rætt með þeim hætti sem hér gerist vegna

þess að hér er lögð fram þáltill. um að þessi bók skuli í grófum dráttum fá lagagildi í landinu. Í sjálfu sér þekkir maður ýmislegt frá því að menn voru að fara í gegnum þennan EES-samning þar sem menn voru með upp í hálfan metra af þingskjölum undir í einu á bak við eina eða tvær línur í einhverjum þáltill. En í rauninni er slæmt hvernig að þessum hlutum er staðið og hefði verið mikið heppilegra ef t.d. landbúnaðarþátturinn, sem er greinilega það sem aðallega vekur hér umræðu, hefði verið ræddur sérstaklega þannig að tími hefði gefist til að fara dálítið rækilega yfir GATT-samninginn sem slíkan og samningsdrögin sem fyrir liggja um Alþjóðaviðskiptastofnunina. Ég held að það sé dálítið umhugsunarefni fyrir Alþingi að umræðan um Alþjóðaviðskiptastofnunina, sem er stórkostlega merkilegt mál og eitt allra merkilegasta mál þingsins, skuli ekki fá hér pláss af því að menn af eðlilegum ástæðum vilja tala um landbúnaðarmál. Ég er þó ekki að gagnrýna það heldur bara að kvarta almennt undan því hér að ekki skuli vera gefið færi á því fyrir þingmenn að taka á þessu máli með eðlilegum og aðgreindum hætti þannig að menn ræði annars vegar um samninginn um Alþjóðaviðskiptastofnunina sérstaklega og hins vegar ræði menn um landbúnaðinn þannig að ekki sé verið að tala um þessi mál hvert ofan í öðru eins og gert er. Þó að skylt sé skeggið hökunni, þá er það samt þannig að heppilegra væri ef umræðan gæti verið aðgreind.

Þetta vil ég láta koma hér fram, hæstv. forseti, og biðja bæði ríkisstjórn og forsætisnefnd að huga að því hvort ekki er hægt að koma þessum málum öðruvísi fyrir í framtíðinni þegar svona mál eru tekin hér til umræðu.

Varðandi samningsdrögin um Alþjóðaviðskiptastofnunina sem hér er á ferðinni, þá er það alla vega mín skoðun að þetta sé eitt af merkilegustu málum þingsins að mörgu leyti. Það er alveg rétt sem hefur verið bent á hér í dag að það er beinlínis gaman að því að þessi samningur skuli koma til umræðu einmitt á þessum sólarhring, daginn eftir að Íslendingar losnuðu við óttann af hinni óttalegu einangrun sem var sagt að ella blasti við okkur ef Norðmenn gerðust aðilar að Evrópusambandinu. Er auðvitað ástæða til þess úr því að það hefur ekki verið gert að fagna því sérstaklega úr þessum ræðustól að Norðmenn skuli sem frjáls þjóð hafa tekið ákvörðun um að losa sig úr þessu kompaníi og þessum böndum sem menn voru tilbúnir til þess að setja á Norðmenn þar sem nú geta þrifist bæði rauðar og grænar hugsanir með blóma eins og fram kom í umræðuþætti í norska sjónvarpinu í gærkvöldi sem ég vona að sem flestir hér hafi séð.

En það sem hér er á ferðinni er ósköp einfaldlega það að hér er verið að safna má segja í einn punkt þeirri hugsun sem hefur verið á bak við GATT-samninginn annars vegar og Alþjóðabankann og Alþjóðagjaldeyrissjóðinn hins vegar. Það er verið að þróa þessi þætti saman í einn meginþráð, í einn meginfarveg og það er út af fyrir sig skynsamlegt, en menn hljóta þá að velta því fyrir sér hvort hætta sé á því að of mikil áhersla sé lögð á þennan eina farveg vegna þess að það hefur verið vandinn með Alþjóðabankann og Alþjóðagjaldeyrissjóðinn að menn hafa freistast þar til þess að reyna að knýja ríki og lönd inn í tiltekið hugmyndafræðilegt mynstur burt séð frá öllum öðrum hlutum. Ég held að það beri að undirstrika það og ég geri það af minni hálfu að mönnum ber að varast það í samstarfi af þessu tagi að reyna að hneppa þjóðir í tilteknar hugmyndafræðilegar uppskriftir eins og menn hafa viljað gera á vegum Alþjóðabankans og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Hins vegar held ég að í samningnum sjálfum um Alþjóðaviðskiptastofnunina séu nokkur atriði sem sé rétt að inna eftir sérstaklega. Það kemur beinlínis fram að gert er ráð fyrir því að hún móti stefnu með Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og Alþjóðabankanum. Það segir í 5. tölul. 5. gr.:

„Til að ná fram auknu samræmi í stefnumótun efnahagsmála á alþjóðavettvangi skal Alþjóðaviðskiptastofnunin eiga samstarf, eftir því sem við á, við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og Alþjóðabankann og þær stofnanir sem tengjast honum.“

Nú skil ég út af fyrir sig vel hvaða forsendur eru fyrir þessu. Ég held hins vegar að hætta sé á því að menn geti gengið allt of langt í þeim efnum að hneppa allar þjóðir heimsins í sömu formúlurnar að því er varðar yfirstjórn efnahags- og viðskiptamála.

Nú vitum við hins vegar að þær þjóðir sem hafa kannski náð einna lengst á seinni árum í efnahags- og viðskiptamálum hafa ekki fylgt forskriftum Alþjóðabankans eða Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Þar er ég sérstaklega að tala um Austur-Asíuþjóðirnar þar sem ekki er hægt að tala um eitt módel eða eina línu heldur liggur það alveg fyrir að þessar þjóðir hafa fylgt sínum eigin forsendum og hafa beitt mjög verulegum ríkisinngripum og félagslegum áherslum varðandi yfirstjórn efnahagsmála í ýmsum ríkjum og hafa náð þar sumar hverjar alveg stórkostlegum árangri. Ég tel ástæðu til að láta það koma fram að ég tel hættulegt ef menn gerast of ofstækisfullir í því að framkvæma tiltekna hugmyndafræðilega frjálshyggju eða markaðshyggjustefnu. Ég held að ríkin eigi að fá að þróa og taka ákvarðanir hvert á sínum forsendum hvert í sínu landi.

Hitt er svo aftur annað mál að að því er varðar hin alþjóðlegu viðskipti eiga þessir hlutir að vera opnir og hljóta að verða opnir. Ef menn ætla að ná einhverjum árangri og yfirsýn yfir málin, þá verða þessir hlutir að vera miklu opnari en þeir hafa að mörgu leyti verið. Ég tel t.d. að Evrópusambandið sé hættulegt í þessu efni. Evrópusambandið hefur tilhneigingu til að draga úr frjálsri alþjóðaviðskiptaþróun og þess vegna held ég að nauðsynlegt sé fyrir smáþjóð eins og Íslendinga að leggja einmitt áherslu á þróun svona stofnunar eins og Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar og GATT-samningsins, miklu frekar en menn fari að gerast aðilar að einhverjum fjölþjóða blokkum, svæðisbundnum blokkum eins og Evrópusambandinu.

Spurningin er þá sú, sem væri fróðlegt að bera fram í þessari umræðu og ég hefði viljað biðja hæstv. utanrrh. að vera ekki langt undan, hvert sé í rauninni það

framkvæmdarvald sem tryggir það samkvæmt þessum samningum að bestukjarareglunni, jafnræðisreglunni, verði alltaf fylgt. Hvert er það framkvæmdarvald? Hvert er það tæki? Mér sýnist að það séu túlkanir og fortölur eins og gengur, en ég tel nauðsynlegt að draga þá umræðu fram vegna þess að eins og þetta er sett upp hér, þá held ég að það verði að draga í efa að þetta framkvæmdarvald dugi alltaf til þess að koma í veg fyrir það að blokkir myndist við að hindra það sem ég kalla frjálsa, alþjóðlega viðskiptaþróun. Menn sjá þetta mjög vel í 9. gr. á bls. 13 í samningnum sjálfum þar sem það þarf að setja sérákvæði um Evrópusambandið. Menn telja að staðan sé þannig að Evrópusambandið eins og það er geti hagað sér þannig að það þarf að setja sérstakt ákvæði um það, um vinnubrögð og um stöðu Evrópusambandsins gagnvart þessum alþjóðlega samningi.

Að öðru leyti tek ég undir það, hæstv. forseti, að ég tel að hér sé afskaplega mikið mál á ferðinni um leið og ég harma að ekki skuli gefast lengri tími til umræðna um hinar almennu forsendur GATT-samningsins og samningsins um Alþjóðaviðskiptastofnunina.

[15:23]

Björn Bjarnason:

Frú forseti. Hér er á ferðinni eitt mikilvægasta mál þessa þings og stórmál sem við þurfum að taka afstöðu til á tiltölulega skömmum tíma til þess að geta verið virkir þátttakendur í því að koma á fót þeirri alþjóðaviðskiptastofnun sem mælt er fyrir um í till. til þál. sem hér er til meðferðar. Þetta mál var til óformlegra umræðna á fundi utanrmn. í gærmorgun og þar voru menn sammála um að nefndin tæki það til rækilegrar athugunar á tiltölulega skömmum tíma til þess að við drægjumst ekki aftur úr öðrum þjóðum við afgreiðslu á málinu. En til þess að sú afgreiðsla gangi fram er nauðsynlegt að fyrir liggi tillögur frá þeirri nefnd fimm manna, sem hér hefur oft komið til umræðna, um breytingar á íslenskum lögum sem eru óhjákvæmilegar vegna þátttöku okkar í Alþjóðaviðskiptastofnuninni og vegna fullgildingar á þessum viðamikla samningi. Það hafa þegar verið gerðar ráðstafanir til þess á vegum utanrmn. að þessar upplýsingar berist og fyrir liggur, eins og fram hefur komið í máli ráðherra, að frumvörp til lagabreytinga eru væntanleg á næstunni.

Það er verið að fjalla um þetta mál í þjóðþingum víða um lönd einmitt þessa dagana og á fimmtudaginn mun Bandaríkjaþing væntanlega taka málið til afgreiðslu og samþykkja það ef svo fer fram sem horfir eftir samninga sem tekist hafa milli forseta Bandaríkjanna og forustumanna á Bandaríkjaþingi eftir nýafstaðnar kosningar þar. Innan Evrópusambandsins hefur málið einnig verið ítarlega rætt. Þar hafa verið deilur um það hvaða aðili það sé á vegum sambandsins sem getur tekið ákvörðun um þátttöku ríkjanna í þessu samstarfi. Evrópudómstóllinn hefur fellt úrskurð í málinu og þá liggur það fyrir að bæði sameiginlegar stofnanir Evrópusambandsins og einnig þjóðþing einstakra aðildarríkja verða að taka málið fyrir. Í þessu efni er tíminn tiltölulega skammur ef ætlunin er að stofna Alþjóðaviðskiptastofnunina 1. jan. nk. Við þurfum því að láta hendur standa fram úr ermum á næstu dögum og vikum til þess að afgreiða þetta viðamikla mál en eins og ég segi er forsenda þess að utanrmn. geti tekið á málinu að tillögur fimm manna nefndar ríkisstjórnarinnar liggi fyrir og menn sjái hvernig á að haga breytingum á lögum í tengslum við afgreiðslu málsins á þinginu.

Hér hafa landbúnaðarmálin eðlilega komið nokkuð til umræðna og hafa verið settar á, eins og við vitum, nokkrar deilur um þau mál, en ég held að menn megi ekki aðeins líta á hliðina varðandi hugsanlegan innflutning á landbúnaðarafurðum heldur verði einnig að hafa í huga að áform eru uppi um það af hálfu íslenskra bænda og bændasamtaka að reyna að auka útflutning á íslenskum landbúnaðarafurðum og hasla sér nýrra markaða í því efni. Ég held að menn verði að hafa það í huga að þessi samningur getur einnig gagnast okkur með þau áform í huga og það eigi ekki að líta á þetta frá þröngum innanlandshagsmunum, ef ég orða það svo, þegar rætt er um landbúnaðarmálin.

Það liggur ljóst fyrir að reglur varðandi dýrasjúkdóma og plöntusjúkdóma munu nýtast okkur til þess að koma í veg fyrir að slíkir sjúkdómar berist hingað og munu hafa veruleg áhrif á ákvarðanir okkar um innflutning á landbúnaðarvörum. Það mál verður því að skoða ekki aðeins með hugmyndir um lækkun á tollum í huga heldur einnig með vísan til þeirra ströngu reglna sem settar eru um heilbrigði og rétt ósýktra ríkja, ef þannig má að orði komast, til að vernda heilbrigði dýrastofna innan sinna landamæra. Þar höfum við Íslendingar mikla sérstöðu og eigum ekki í miklum vandræðum með að sanna fyrir öðrum að hér séu dýrastofnar ósýktir og við getum þess vegna á grundvelli þessa samnings gert ríkar kröfur til þeirra sem hyggja á innflutning hingað.

Það kom fram í máli síðasta ræðumanns, hv. 9. þm. Reykv., að það væri forvitnilegt að líta til ríkjanna í Asíu þegar við ræddum um þróun efnahagsmála og uppgang í veröldinni allri og ég tek undir það með honum. Þessi samningur mun einmitt gera okkur kleift að komast inn á þá vaxandi og stækkandi markaði sem er um að ræða í Austur-Asíu og vonandi geta þau ríki sem þar eru og sækjast eftir aðild að GATT, eins og Kína, Tævan og fleiri ríki, gerst aðilar að þessu samkomulagi þannig að þeir markaðir opnist. Það mun hafa veruleg áhrif, m.a. fyrir okkur Íslendinga sem höfum verið að flytja út sjávarafurðir til þessara svæða, að þessi ríki komist inn í þetta samstarf þannig að þau verði bundin af þeim reglum sem þar gilda og það mun auðvelda okkur að flytja út sjávarafurðir til þessara nýju vaxtarsvæða.

Ég er ekki sammála hv. síðasta ræðumanni um skilgreiningu hans á því hvers vegna þessi hagvöxtur hefur verið jafnmikill og raun ber vitni þar sem hann lét í veðri vaka að það kynni að mega leiða líkur að því að hagvöxturinn stafaði m.a. af ríkisafskiptum. Formúlan sem þessi ríki gefa fyrir sinni velgengni er ósköp einföld og hana má t.d. sjá í nýlegri úttekt tíma-

ritsins Far East Economic Review sem fjallar um 20 ára hagvöxt á þessu svæði. Þar segir að ástæðan fyrir því að þessi ríki hafa náð þessum mikla árangri væri í fyrsta lagi mikil vinna, að menn legðu sig mjög mikið fram um vinnu og ynnu miklu meira en t.d. hér í Evrópu, skattar væru lágir, skattheimta væri lítil í þessum löndum, sparnaður væri mjög mikill og fólk legði fé sitt fyrir og hefði hag af því að spara og fjárfesta og í fjórða lagi að ríkisafskipti væru í lágmarki. Ríkið væri mjög lítið að hlutast til um atvinnustarfsemina og gæfi mönnum frelsi til þess að stunda atvinnu með þeim hætti sem þeir sjálfir teldu hagkvæmast. Það væru þessar fjórar meginforsendur sem byggju að baki hinum mikla hagvexti í Austur-Asíu þannig að það kemur alls ekki heim og saman við þessa úttekt þessa virta tímarits sem hefur fylgst hvað best með þróun efnahags- og atvinnumála á þessum slóðum að heyra það svo hér flutt yfir okkur í hinu háa Alþingi að einhver sérstök ríkisafskipti eða forsjárhyggja sé í þeim löndum sem hafi valdið því að þau hafi náð þeim árangri sem raun ber vitni um. En ég tel að það hafi m.a. mikið gildi fyrir okkur Íslendinga að þessi ríki gerist aðilar að GATT-samkomulaginu eða Alþjóðaviðskiptastofnuninni og muni auðvelda okkur að flytja út landbúnaðarvörur eins og fiskafurðir eru kallaðar inn á þessi nýju svæði.

[15:31]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég veit að hv. 3. þm. Reykv. vill gjarnan heyra mig segja það að ég telji að upphaf og endir alls sem er sé ríkið. Því hefur hann trúað mjög lengi og skrifað um það hundrað greinar í Morgunblaðið á ævi sinni þannig að ég skil vel að hann skuli einlægt leggja mér það í munn að ég vilji að ríkið ráði öllu en það er misskilningur.

Það sem ég var að tala um áðan var ósköp einfaldlega það að menn hefðu ekki hikað við að beita aðferðum hver hjá sér eftir því sem aðstæðurnar hentuðu í hverju landi. Í úttekt sem gerð var á vegum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um þetta svæði sem heitir East-Asian Miracle er mjög nákvæmlega farið yfir þetta ríki fyrir ríki og þar kemur fram að menn hafa þorað að beita ríkinu líka og stundum. En auðvitað er það ekki algild regla, langt frá því vegna þess að í raun og veru ganga menn út frá því að það sé um að ræða markaðsbúskap, það sé um að ræða tiltekna stýringu á efnahagskerfinu miðað við þá forsendu að það sé markaðsbúskapur en það er líka lögð á það áhersla sem skiptir mjög miklu máli í þessu sambandi að það sé ótrúlega virt menntakerfi sem vinnur með atvinnulífinu, bæði að þróun og uppbyggingu. Þar er lögð áhersla á sparnað eins og hv. þm. benti hér á og þar er lögð áhersla á að ríkið sé ekki rekið með verulegum halla og ríkið standi ekki fyrir mjög mikilli skuldasöfnun og fyrr afli menn skatta eða tekna eða skeri niður en að skilja ríkið eftir með verulega skuldasöfnun þannig að menn standi ekki frammi fyrir því sem við gerum að vera með skuldir ríkisins sem nema núna um það bil eins og hálfs árs tekjum íslenska ríkisins svo hrikalegt sem það er. Ég held því að nauðsynlegt sé fyrir menn að kynna sér þessa hluti vel eins og ég heyri að hv. þm. hefur gert og átta sig á því hvort við getum ekki eitthvað af þessu lært og svar mitt við því er já. Við getum margt af þessu lært.

[15:33]

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er sammála hv. ræðumanni að við getum mikið af þessu lært og það er m.a. það sem ríki í heimshluta okkar eru að velta fyrir sér: Hvað er það helst sem stendur okkur fyrir þrifum til þess að hagvöxtur verði svipaður og er í þessum löndum? Þar staldra menn nú orðið ekki síst við það sem við getum kallað úrelta vinnulöggjöf í Evrópu og heimshluta okkar. Hún standi því fyrir þrifum að við getum lagað atvinnustarfsemi í okkar landi að breyttum aðstæðum eins og gert hefur verið í þessum löndum. Það er mjög mikilvægt að við gerum okkur grein fyrir þessu og veltum þessu fyrir okkur. Á vegum OECD og alþjóðastofnana hefur þetta verið sérstaklega rannsakað en þetta er líka með viðkvæmustu þáttunum bæði í þjóðfélagi okkar og einnig í þeim þjóðfélögum þar sem verkalýðshreyfingin og þetta stirðbusalega kerfi, sem komið hefur verið á laggirnar í kringum hana, og þetta svokallaða félagslega kerfi, sem við byggjum á, hefur náð að festa jafnsterkar rætur og við vitum. Það er nauðsynlegt að við ræðum þetta líka og veltum þessu fyrir okkur ef við ætlum að meta stöðu okkar gagnvart þessum þjóðum. Einnig tek ég undir það að aðlögun menntakerfisins að breyttum aðstæðum er ákaflega mikilvæg þegar fjallað er um þessi mál. En þriðji þátturinn sem við megum ekki gleyma og kom fram þegar hv. utanrmn. náði í þá skýrslu, sem hv. þm. minntist á, í Washington í vor um þetta efnahagskraftaverk í Asíu en við fengum þessar bækur þegar við fórum þangað. Þar lögðu þeir ekki síður áherslu á mikilvægi útflutningsins. Það var sérstaklega til þess að gleðja hv. 8. þm. Reykn., formann Alþb., að útflutningsleiðin var líka talinn mikilvægur þáttur í því að þetta efnahagsundur hafði orðið og þess vegna fagna ég því líka sérstaklega að allir hv. þm. Alþb. sem hér hafa tekið til máls hafa að sjálfsögðu ríkan skilning á nauðsyn þess að GATT-samkomulagið og Alþjóðaviðskiptastofnunin komist á því að hún auðveldar náttúrlega framkvæmdina á útflutningsleiðum.

[15:36]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Auðvitað er alveg rétt að það eru fleiri þættir að því er varðar þau svæði sem ég hef stundum kosið að kalla hávaxtasvæði vegna þess að ég held að það sé ágæt þýðing á því enska orði sem venjulega er notað um þessi svæði vegna þess að þau hafa náð ótrúlegum árangri í því að ná upp hagvexti. Hins vegar eru þar auðvitað eins og gengur margir hlutir sem á að varast eins og að því er varðar vinnulaun sem eru svívirðilega lág. Aðbúnaður á vinnustöðum er afleitur og á skólakerfinu er ofstjórn. Ég tel að það sé ekki gott eins og þeim hlutum er hagað. Það breytir því ekki að við getum lært gríðarlega marga hluti þar af og ég held einmitt að menn eigi ekki í okkar hópi að velta þessum hlutum þannig fyrir sér að við

hljótum að leggja áherslu á það að breyta í grundvallaratriðum vinnulöggjöfinni. Ég held að við eigum að nálgast þessi mál fyrst og fremst út frá þeim almennu markmiðum að bæta hagvöxt og afkomu í landinu og það er auðvitað alveg hárrétt hjá hv. þm. að útflutningsleiðin er úrslitaatriði í þeim efnum eins og við alþýðubandalagsmenn höfum lagt áherslu á og ég fagna því að hv. þm. tekur undir með okkur í þeim efnum.

[15:37]

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Varðandi þátttöku í þessu alþjóðlega samstarfi er nauðsynlegt að huga að hinum félagslegu þáttum og m.a. í vinnulöggjöfinni. Eins og við vitum sem fylgjumst vel með sem ég efast ekki um að hv. 9. þm. Reykv. gerir og fram hefur komið í máli hans þá er það núna eftir að þessir samningar hafa verið gerðir, sem við erum að fjalla um, að næstu skref verði til umhugsunar þá eru menn að velta fyrir sér hvort það eigi að tengja inn í alþjóðlega samningagerð af þessu tagi ákvæði um mengunarmál og ákvæði um félagslega þætti. Þetta er viðfangsefni sem menn verða að taka afstöðu til þegar menn ræða um þessa Alþjóðaviðskiptastofnun og spurninguna um þátttöku okkar í þessu samstarfi. Það er alveg ljóst að það eru ýmis öfl í hinu alþjóðlega samfélagi sem vilja að samhliða því sem aukið er frelsi á sviði alþjóðaviðskipta séu einnig tryggð ýmis réttindi sem snerta félagslega þátttöku fólks í að skapa þau verðmæti sem flutt eru út og unnin eru. Hér er því komið inn á þátt sem snertir í vaxandi mæli samskipti þjóða og eru ekki lengur kannski þannig vaxin að þjóðríkin geti algerlega hagað að eigin vild. Þess vegna er mjög mikilvægt fyrir okkur sem búum við það þjóðskipulag sem við gerum að við veltum því fyrir okkur hvort löggjöf, sem sett var árið 1938 um það hvernig þessu félagslega kerfi skuli háttað, standist hugsanlega þær kröfur sem þjóðir verða að fullnægja til að geta verið virkir þátttakendur í samstarfi af þessu tagi. Þetta kann að verða viðfangsefni sem við þurfum að fjalla um. Við þurfum ekki að gera það í þessari lotu GATT-viðræðnanna en þetta kann að blasa við sem viðfangsefni þegar næsta umræða hefst og þess vegna er mjög gagnlegt að umræður okkar hér hafa farið fram þar sem við þurfum að huga að þessum þáttum og velta því fyrir okkur hvar við stöndum að þessu leyti.

[15:40]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Ég get alveg tekið undir það með hv. 9. þm. Reykv. að það er mjög miður að hafa ekki lengri tíma í umræðuna. Ég kom að því í minni fyrri stuttu ræðu og fjallaði þá kannski fyrst og fremst um það sem mér finnst vanta í GATT-sáttmálann eins og hann lítur út í dag, þ.e. umhverfismálin. Ef þjóðir heims eiga að geta keppt á jafnréttisgrundvelli verður að taka inn í þetta mismunandi kröfur sem þjóðir hafa sett sér gagnvart umhverfismálunum. Ég nefndi þar að ég sæi enga aðra leið en það væri gert eftir einhverjum markaðsleiðum þannig að menn yrðu að borga fyrir það ef menn væru að sólunda eða fara illa með þá náttúru sem okkur er trúað fyrir og á að nýtast komandi kynslóðum.

Það var einnig athyglisvert að hlusta á ræðu hv. 9. þm. Reykv. þegar hann ræddi annars vegar um alþjóðasamninga og viðskipti og stillti þar upp eiginlega sem gagnstæðum pól það að ákveðnir þjóðahópar og bandalög mynduðu með sér viðskiptabandalög. Ég er þeirrar skoðunar að við getum ekki stillt þessu upp á þennan hátt hvoru gagnvart öðru. Þetta mun hvort tveggja þróast og eiga sér stað áfram. Við þurfum ekki annað en líta til Bandaríkja Ameríku sem er slíkt bandalag frjálsra ríkja m.a. um viðskipta- og tollamál. Ekki þarf að gera annað en einhverjar þjóðir ákveði að sameinast eða mynda sambandsríki þá eru þær orðnar slík blokk. Það má þó enginn skilja þessi orð mín þannig að ég sé að mæla bót þeirri ofurtrú sem hefur tröllriðið umræðunni um Efnahagsbandalagið nú á umliðnum árum.

Ég kom áðan að nokkru leyti að landbúnaðarmálunum og er ómögulegt annað en að taka þau upp í umræðunni vegna þess hvað þau voru umfangsmikil í fyrravetur og því lýst yfir að þau yrðu tekin upp í þessu samhengi.

Hæstv. landbrh. hélt því fram áðan að ég hefði farið óvirðulegum orðum um þá embættismenn sem skipa fimm ráðuneyta nefndina. Ég vísa því algerlega á bug á þeirri forsendu að það eru ekki embættismenn sem móta pólitíska stefnu. Embættismenn útfæra hina pólitísku stefnu og það getur ekki verið á færi hinna ágætu embættismanna sem sitja í nefndinni að ákvarða þá hluti sem ég spurði eftir.

Virðulegur forseti. Til að spara tíma hefði ég gjarnan viljað sjá hæstv. utanrrh. hér einnig því að ég ætlaði að bera sömu spurninguna fyrir báða ráðherrana.

(**Forseti** (GHelg): Forseti hringir nú bjöllu og biður þingverði að sækja hæstv. ráðherra.)

En meðan ég bíð eftir hæstv. ráðherra þá get ég sagt það sem skoðun mína, sem ég hef margoft sagt úr ræðustól Alþingis, að það endanlega hvaða áhrif þessir samningar hafa á einstakar atvinnugreinar er innanlandsmál en ekki utanríkismál. (**Landbrh.:** Þýðir nokkuð að spyrja þessa ráðherra? Svara þeir nokkru?) Hæstv. landbrh. segir réttilega að það þýði ekkert að spyrja þessa ráðherra, þeir svari engu, en við skulum bara láta reyna á það hér á eftir. — Já, virðulegi forseti, hér gengur hæstv. ráðherra í salinn. — Ég verð að hafa eilítinn formála að minni spurningu. Eins og ég sagði áðan bar hæstv. landbrh. það upp á mig að ég hafi farið óvenjulegum orðum um þá embættismenn sem skipa fimm ráðuneyta nefndina. Ég segi hins vegar: Þeir marka ekki pólitíska stefnu. Það verða ráðherrar og ríkisstjórn að gera. Þess vegna spyr ég ráðherrana tvo, hæstv. landbrh. og hæstv. utanrrh.: Hvaða pólitísk fyrirmæli hafa embættismennirnir fengið varðandi útfærsluna á lágmarksaðganginum á lágum tollum í innflutningi á búvörum?

Það kom fram í ræðu hv. 3. þm. Reykv., Björns Bjarnasonar, að þetta yrði að klára fyrir jól svo að embættismennirnir yrðu að vera komnir með sínar tillögur fyrir þann tíma. Þess vegna spyr ég þessa tvo

hæstv. ráðherra: Hvaða pólitísku leiðbeiningu og fyrirmæli hafa embættismennirnir fengið um lágmarksaðganginn varðandi innflutning búvara? Hafi embættismennirnir enga slíka línu fengið í dag, engin slík fyrirmæli fengið, þá sé ég ekki hvernig þeir eiga að vera færir um fyrir jól að vera búnir að koma fram með í frumvarpsformi, kynna það í utanrmn., hvernig á að standa að þessum þætti. Þetta er einföld og skýr spurning og hæstv. ráðherrum á ekki að vera skotaskuld úr því að svara henni.

[15:47]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Eins og ég sagði áður þá er verið að vinna að þessum málum í embættismannanefndinni og ég hef margtekið það fram. Fyrirspurn hv. þm. var að sumu leyti öðruvísi orðuð nú en áður. Það sem liggur fyrir um lágmarksaðganginn er að hann verður 3% á fyrsta ári eins og hv. þm. er kunnugt. Í sambandi við unnið kjöt er talað um 60–70 tonn. Það má að sjálfsögðu ekki flytja inn hrá egg. Í sambandi við unnin egg er talað um 35 tonn. Í sambandi við smjör 32 tonn og ost 68 tonn.

Tollur á þennan innflutning er 32% af fullum tolli á fyrsta ári.

[15:48]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það getur ekki annað en þykknað illa í manni við svona svar. Hæstv. ráðherra kom ekki með neitt nema hluti sem lágu fyrir þegar íslenska tilboðið var lagt fram á síðasta ári. Einfaldur framreikningur frá því hvað þessi 3% væru mikið magn í tonnum. — Hæstv. ráðherra, ég spurði ekki eftir því. Ég spurði hver væri pólitísk stefnumótun ríkisstjórnarinnar um hvernig ætti að framkvæma þennan innflutning en það skiptir afar miklu máli. Á það að gerast samkvæmt uppboði eins og hæstv. ráðherra nefndi einu sinni? Á það að gerast þannig að einstök stór smásölufyrirtæki fá þetta í sínar hendur? Á það að gerast þannig að Ríkisspítalarnir og hæli fái þetta magn, eins og maður hefur heyrt úr herbúðum ríkisstjórnarinnar? Eða á það að gerast þannig að afurðasölufyrirtæki sem eru að dreifa hér innan lands, til að mynda, fái rétt á þessum innflutningi? Það eru þessi atriði sem ég er að spyrja eftir. Og koma síðan upp með framreikning á því hvað 3% þýði, það þurfti ekki annað meira til en einfalda litla vasatölvu til að reikna það út. Það þurfti ekkert fimm ráðuneyta nefnd í átta mánaða starf til að komast að þeirri niðurstöðu. Þannig að enn á ný er það hér staðfest að það liggur ekkert fyrir hvað hina pólitísku stefnumörkun varðar hvernig á að framkvæma GATT-samninginn.

[15:49]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég skil ekki af hverju hv. þm. bregst svona reiður við þegar honum er svarað efnislega um það sem hann spurði.

Um hitt sem hann spurði, hvernig yrði staðið að innflutningnum sem er annars eðlis, þá liggur ekki fyrir niðurstaða um það í embættismannanefndinni og við höfum heldur ekki tekið afstöðu til þess í ríkisstjórninni. Hitt væri á hinn bóginn fróðlegt að fá að vita hvort hv. þm. sem spyr svo ákaft hvort hann hafi sjálfur gert upp við sig hvernig hann vilji að þessum málum standa.

Ég ítreka það sem ég sagði áðan, embættismannanefndin er að vinna að sínum tillögum, það er eðlilegt að hún skili áliti. Það veltur ekki á þessu til eða frá hversu langan tíma tekur að vinna að þessum málum.

Eins og hv. þm. heyra þá er þessi hv. þm. að reyna að vekja tortryggni eða búa til ágreining af þessu tilefni. Auðvitað vitum við og það hefur alltaf legið ljóst fyrir að það er vandamál og það er flókið mál hvernig eigi að standa að innflutningi á því sem við köllum vörur samkvæmt lágmarksaðgangi. Mér er ekki kunnugt um að neinn stjórnmálamaður eða neinn stjórnmálaflokkur hafi kveðið upp úr um það hvaða skoðun hann hafi einmitt á þessu atriði. En á hinn bóginn hafa ýmsir verið mjög spurulir um það.

Embættismannanefndin mun skila rökstuddum tillögum um þessi efni. Eftir að sú niðurstaða liggur fyrir þá verður hún tekin fyrir í ríkisstjórninni og ég sé ekki neina ástæðu til þess að fjölyrða um þá hluti fyrr, nema ég vil taka fram að auðvitað verður frá þessum málum gengið með þeim hætti að ekki verður bundið við ákveðið byggðarlag á landinu eða að menn þurfi að fara langan veg til að njóta hans, heldur muni menn geta notið hans hvarvetna, hvar sem þeir búa.

[15:51]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Nú er uppgjöf hæstv. ráðherra og ríkisstjórnarinnar algjör og það er farið að leita eftir leiðsögn hjá einstökum þingmönnum um það hvernig þeir vilji framkvæma þetta. Þetta mál er ekki á ábyrgð okkar í stjórnarandstöðunni í dag, það er á ábyrgð ríkisstjórnarinnar. Hæstv. ráðherra kom hér og sagði í fullri hreinskilni: Það er ekki búið að ræða þetta mál í ríkisstjórninni og þar er engin samstaða um það.

Hann talar um það að embættismannanefndin eigi að koma með tillögur. Ég hef fært að því rök, virðulegur forseti, að í þessu máli getur embættismannanefndin ekki lagt hinar pólitísku línur. Það verður ríkisstjórnin að gera og hæstv. ráðherra er búinn að segja úr ræðustól að það hafi ekki enn verið gert. Málið er komið hér og er að fara til nefndar. Formaður utanrmn. segir að við verðum að afgreiða þetta fyrir jól. Það eru eftir þrjár vikur. Það er ansi stuttur tími miðað við þá átta mánuði sem embættismannanefndin er búin að hafa fram að þessu.

Það er hér staðfest, virðulegur forseti, að í þessu máli, þ.e. hvernig á að taka á landbúnaðarþætti GATT-samkomulagsins, er ekkert unnið. Þar stendur ríkisstjórnin algjörlega á gati.

[15:53]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Hér hafa orðið einhver mistök hjá formönnum þingflokka stjórnarandstöðunnar að biðja ekki um lengdan ræðutíma í máli þessa eðlis. Forseta er heimilt að láta ákvæði 55. gr. þingskapa gilda við fyrri

umræðu um þáltill., er fjalla um stjórnskipun, utanríkis- eða varnarmál, staðfestingu framkvæmdaáætlana, alþjóðasáttmála eða milliríkjasamninga, liggi fyrir ósk um það. Óskin hefur ekki verið lögð fram á réttum tíma og því erum við hér í allt of mikilli tímaþröng að ræða þetta stóra mál.

Ég vil byrja á því að spyrja hæstv. utanrrh., fá nánari útlistun hans eða áréttingu á klausu sem stendur á bls. 4, tilvitnun, með leyfi forseta:

„Hornsteinn GATT, bestukjarareglan, tryggir að einstök aðildarríki geta almennt ekki beitt mismunandi reglum gagnvart öðrum aðildarríkjum GATT. Þetta þýðir t.d. að ef Nýsjálendingar lækkuðu tolla á þorskflökum frá Kanada gegn því að Kanada lækkaði tolla á lambakjöti frá hinu fyrrnefnda, gildir það fyrir öll aðildarríki GATT, án þess þó að þau hafi tekið þátt í slíkum samningaviðræðum. Í krafti þessarar reglu mun Ísland njóta góðs af þeim tollalækkunum sem önnur ríki hafa náð fram í Úrúgvæviðræðunum."

Ég vil óska eftir að hæstv. utanrrh. staðfesti þetta eða útlisti nánar. Eigum við í krafti þessarar reglu kost á því t.d. að flytja dilkakjöt á þeim tollum sem Nýsjálendingar hafa náð fram sérstaklega fyrir sig og keypt einhverju verði?

Það er hvimleitt að hlusta á hæstv. landbrh. koma ruglandi í ræðustólinn hvað eftir annað og svarandi ekki spurningum, ekki einu sinni reynandi að snúa út úr.

Þau svör sem hann hefur gefið við spurningum í dag hafa verið gjörsamlega ófullnægjandi. Ég beini því spurningu minni til aðstoðarmanns hæstv. landbrh. sem hefur verið hér í gáttum um stund og bið hæstv. landbrh., þar sem ég veit að aðstoðarmaðurinn hefur ekki aðstöðu til að koma beint í ræðustól, ég bið hæstv. landbrh. að koma með skrifaða ræðu eða minnispunkta frá aðstoðarmanni sínum um það efni sem ég ætla að spyrja um.

Ég ætla að spyrja: Geta Íslendingar tekið upp útflutningsbætur á landbúnaðarafurðir sem ekki voru útflutningsbættar viðmiðunarárin? Geta Íslendingar tekið upp útflutningsbætur á vöruflokka eða afurðir sem ekki voru útflutningsbættar á viðmiðunarárunum? Ég tek sem dæmi t.d. refaskinn. Ef okkur dytti í hug að fara að verðbæta eða taka upp útflutningsbætur á refaskinn. Höfum við tækifæri til þess?

Ég skil málið þannig að við höfum heimild til þess að taka upp útflutningsbætur aftur á t.d. dilkakjöt. Það voru talsverðar útflutningsbætur á dilkakjöti á viðmiðunarárunum, guði sé lof. Ég tel að við höfum tækifæri til að gera það, þ.e. einungis að minnka þær eða skera nær niður um 36%.

Ef þetta er ekki réttur skilningur þá óska ég eftir að ég verði leiðréttur.

Ég tel að það að taka upp einhverjar útflutningsbætur í einhverju formi, hugsanlega sem framlag til markaðsmála eða eitthvað þess háttar, hreinlegast væri að hafa það útflutningsbætur, sé það eina sem geti bjargað sauðfjárræktinni. Það er búið að þrengja það að henni með framleiðslutakmörkunum að búin eru ekki lífvænleg. 400 ærgilda bú í upphafi búvörusamnings er búið að skera niður í 260 ærgilda bú og það eru ekki nema örfá sauðfjárbú á landinu sem eru yfir 300 ærgildi. Á þessum búum geta fjölskyldur ekki lifað. Þær hafa ekki að öðru að hverfa, þær njóta ekki réttar til atvinnuleysisbóta nema með því að gefa upp alla von. En þetta fólk kann að framleiða dilkakjöt. Það hefur fjárfestingarnar, fjárhúsin standa auð, túnin eru fyrir hendi og þetta fólk kann að framleiða. Með aukinni framleiðslu þá væri hægt að framleiða með ódýrari hætti þar sem landkostir eru fyrir hendi. Ég er ekki að ætlast til þess að þar sem hætta getur verið á ofbeit sé farið að stækka búin. Það eru breyttir tímar frá því að útflutningsbætur voru afnumdar. Umsýsluútflutningurinn hefur sýnt að það er hægt að fá talsvert verð fyrir dilkakjöt erlendis. Það hefur verið unnið stórmerkilegt starf við að afla markaðar fyrir vistvænt kjöt og það getum við framleitt ef við viljum.

Ég tel að útflutningsbótum megi ekki koma fyrir með sama hætti og gert var áður þar sem ákveðin krónutala var á hvert úflutt kíló heldur eigi að binda það við að það sé prósenta af því skilaverði sem útflytjandinn getur látið í té eða komið til baka með, þ.e. þá virkar það sem svipa á útflytjandann að fá sem hæst verð fyrir afurðina.

Í öðru lagi hefur það komið fram í þessari umræðu að yfirlýsingin frá hæstv. forsrh. 10. jan. 1992 var marklaust plagg, ætluð einungis til þess að slá ryki í augu Alþingis og þeirra manna sem höfðu látið sig þetta mál varða. Ég vil, með leyfi forseta, lesa svar forsrh. Umræðan gekk þannig fyrir sig að ég óskaði eftir yfirlýsingu og forsrh. fór með hana. Síðan áréttaði ég það eða krafðist skýrari svara um hvort hér væri um að ræða formlega fyrirvara og þá svaraði hæstv. forsrh. svo, með leyfi forseta:

„Virðulegi forseti. Þessi samþykkt ríkisstjórnarinnar er svar, athugasemd, sem formlega verður lögð fram á mánudaginn kemur vegna þeirrar tillögu sem herra Dunkel hefur lagð fram, sem andsvar og fyrirvarar af Íslands hálfu en jafnframt verður þetta plagg notað .." (**Gripið fram í:** Sem fyrirvari?) já, fyrirvari af Íslands hálfu vegna þess tilboðs sem herra Dunkel lagði fram og þjóðirnar hafa nú til meðferðar. „En jafnframt verður þetta plagg notað í dag af hálfu Íslendinga í viðræðum norrænu þjóðanna í Ósló sem eru að móta sína sameiginlegu afstöðu eða ná fram sem víðtækastri samstöðu varðandi það hvernig þær vilji sameiginlega svara þessu tilboði. En óháð því hvaða niðurstaða verður þar, þá stendur þetta plagg sem svar íslensku ríkisstjórnarinnar." (**Gripið fram í:** Sem fyrirvari?) Ég held að ég sé búinn að svara þessu alloft, ágæti þingmaður. Ég vona að aðrir heyri betur hér í salnum heldur en þessi virðulegi ágæti þingmaður.

Þetta var sem sagt bara sett fram, þessir svardagar hæstv. forsrh., til þess að slá ryki í augun á okkur, kæfa þær athugasemdir sem við höfðum fram að færa. Við hættum að tala um málið í góðri trú og þetta eru efndirnar.

Frú forseti. Ég er búinn að tala mig dauðan. Ég hef ekki tækifæri til þess að taka aftur þátt í þessari umræðu við fyrri umræðu. En ég tel, frú forseti, að þetta

mál eigi ekki og megi ekki afgreiða úr utanrmn. fyrr en liggur fyrir hvernig girðingarnar verða settar upp. Og ég krefst þess af hæstv. ráðherrum sem eiga menn í embættismannanefndinni að þeir láti þá klára sitt verk. Það er ekki rétt sem hæstv. landbrh. sagði að þeir hafi nógan tíma og geti dúllað við þetta fram á vor.

[16:03]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það eru fullkomin ósannindi hjá hv. þm. að ég hafi sagt að embættismannanefndin mundi dúlla við sitt álit fram á vor eða álitsins væri ekki að vænta fyrr en á vori komanda, fullkomin ósannindi.

[16:03]

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er alveg rétt hjá hæstv. landbrh. og það er nú eiginlega það eina sem hann hefur sagt af viti í þessum umræðum. Hann notaði ekki orðið að dúlla. Það var frá mér komið. Það sem ég skildi á annars illa skiljanlegri ræðu hæstv. landbrh. eða andsvari, því hann hefur verið hlaupandi hér aftur og fram með andsvör í einhverri taugaspennu og æsingi, var það að hann taldi ekki liggja neitt á að embættismannanefndin kæmi með sínar niðurstöður. Ríkisstjórnin verður að hafa komist að niðurstöðu um hvernig girðingarnar verða og taka pólitíska ákvörðun um það og tilkynna það utanrmn. og þá fyrst getur hún afgreitt það mál. Hæstv. landbrh. svaraði ekki þeim fyrirspurnum sem ég bað hann um að koma með skriflega og beindi til aðstoðarmanns hans því ég veit að það þýðir ekkert að spyrja hæstv. landbrh.

[16:04]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það eru fullkomin ósannindi hjá þingmanninum að ég hafi sagt að það lægi ekki á að embættismannanefndin skilaði af sér. Ég tók skýrt fram að hún mundi skila af sér á næstu vikum og ég tók líka skýrt fram að málið yrði ekki afgreitt úr utanrmn. fyrr en sú niðurstaða lægi fyrir. Hv. þm. hefur æ ofan í æ haft uppi sömu ósannindin og er kannski tími til kominn að veita sérstaka áminningu af því tilefni.

[16:05]

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Frú forseti. Á morgun fær hæstv. landbrh. á borðið sitt vélritað hvað hann hefur sagt í dag. Mér er það alveg ljóst að hæstv. landbrh. man ekki hvað hann hefur verið að segja en hann getur lesið það á morgun og þá kemst hann að því hvort ég hef verið að fara með ósannindi eða ekki.

Hins vegar árétta ég þá kröfu mína áður en þessari umræðu lýkur að hann komi með svar frá trúverðugum aðstoðarmanni sínum, skrifað á minnisblað upp í pontuna og lesi það og leggi inn í þessa umræðu hvernig háttað verði útflutningsbótunum.

[16:06]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að fagna því að samningur um Alþjóðaviðskiptastofnun er hér til umfjöllunar og ég vil lýsa alveg sérstakri ánægju minni yfir því að við skulum um svo langan tíma hafa fylgt þeirri stefnu að reyna að ýta undir þá þróun að viðskipti á alþjóðavettvangi verði sem frjálsust og höfum gert minna af því sem betur fer að múra okkur inn í einhver bandalög sem eru að verða til og styrkja sig í sessi til þess að starfa á kostnað annarra þjóða í heiminum. Ég held að það sé út af fyrir sig ekki hægt að bannfæra það á nokkurn hátt þó að lönd geri með sér viðskiptasamninga af ýmsu tagi en það er alla vega engin spurning að ríkustu þjóðirnar í heiminum eru að reyna að notfæra sér aðstöðu sína til að halda stöðu sinni og halda möguleikum fátæku þjóðanna frá til þess að ná árangri. Ég verð að segja það alveg eins og er að mér finnst svolítið skondin sú umræða sem hefur farið fram í dag um það hvernig sumar af þeim þjóðum sem hafa verið að ná árangri með miklum hagvexti hafa náð honum og við þurfum mikið að læra af þeim. Ég tel reyndar að við getum eitthvað lært af þeim en mér heyrist að menn séu ekki tilbúnir til þess miðað við það sem hér hefur verið sagt að læra það sem fyrst verður auðvitað að læra af því sem þarna er á ferðinni og það er að ekki á að vinna á kostnað umhverfisins og það á ekki að vinna á kostnað fólksins sem á hlut að máli. Það hafa satt að segja skelfilegar sögur verið að koma og frásagnir af því hvernig þessum hagvexti er náð í þessum löndum fyrst og fremst á kostnað fólksins sem vinnur og líka á kostnað umhverfisins. Það er ekki bara það að skattar séu lágir og fólkið vilji spara. Það séu lítil ríkisafskipti ef menn rýna ekki í þau orð, þýðir auðvitað að menn hafi frelsi til hlutanna. En lítil ríkisafskipti á þessum svæðum þýða líka að það er ekkert verið að skipta sér af því hvernig menn ganga um umhverfið, hvernig menn koma fram við starfsfólk fyrirtækja.

Það er reiknað með í þessum samningi að Alþjóðaviðskiptastofnunin komist á laggirnar 1. jan. Það er vonum seinna að við tökum þennan samning til umræðu í hv. Alþingi. Það eru satt að segja mikil vonbrigði að hafa hlýtt á þessa umræðu í dag og komist að þeirri niðurstöðu, sem er óhjákvæmilegt að komast að, að hæstv. ríkisstjórn og hennar starf við að koma með þetta til umræðu í þinginu hefur nánast ekkert gengið frá því í vetur leið. Það liggur fyrir að pólitísk samstaða hefur ekki náðst um hvernig eigi að beita tollígildunum. Ég vil gera tilraun til að spyrja hæstv. utanrrh. því að greinilega þýðir ekkert að spyrja hæstv. landbrh. um þetta mál: Hvar eru þessir samningar á vegi staddir? Getur hæstv. utanrrh. gert okkur grein fyrir því með einföldum orðum með hvaða hætti verður staðið að því að nota þessi tollígildi? Verða breytingar á verði innfluttrar vöru eða ekki? Mér finnst að það ætti að vera hægt að svara þessu með einföldum hætti.

Einnig langar mig að spyrja hæstv. utanrrh. hvort hann geti ekki komið fram með a.m.k. sína skoðun á því hvernig lágmarksmarkaðsaðgangurinn á að koma fram í sölu á vörum hér á landi. Ég verð að segja það alveg eins og er að þessi skrýtni samningur um lág-

marksmarkaðsaðgang, um 3% af vörum sem eigi að flytja inn á miklu lægri tollum, var náttúrlega fyrir fram vitað að yrði mjög erfitt að framkvæma, en einhvern veginn verða menn að bregðast við og nú hafa menn haft töluvert langan tíma til að liggja yfir því og varla hafa menn verið að bíða eftir því að Norðmenn fyndu upp einhverjar aðferðir við það þó að hér hafi komið fram hjá hæstv. landbrh. að það hafi verið beðið eftir því að Norðmenn væru búnir svo að það væri hægt að sjá hvernig þeir færu að í þessu.

Menn hljóta að hafa verið að reyna að finna einhverjar leiðir sjálfir og ég tel að það sé mikil niðurlæging bæði fyrir hv. Alþingi og ekki síður fólkið í landinu að við skulum vera að ræða um þennan stóra og mikla samning í dag án þess að það liggi nokkuð fyrir með hvaða hætti eigi að taka á þessu máli.

Mig langar líka að nefna það sem kom fram í máli hv. 3. þm. Reykv. en þar kom mjög skýrt fram að hann telur að hv. utanrmn. geti ekki skilað af sér öðruvísi en þessi mál liggi fyrir frá hæstv. ríkisstjórn og ríkisstjórnin mun auðvitað ekki skila af sér fyrr en þessi ágæta nefnd sem hún hefur í málinu skilar af sér og hæstv. landbrh. talar nánast eins og það standi bara á nefndinni að klára málið. Þarna eru menn að skjóta sér á bak við embættismenn í þeim feluleik að reyna að fela vandræðagang hæstv. ríkisstjórnar í málinu. Það hefur ekki enn náðst samkomulag um það hvernig eigi að standa að þessum hlutum og það er miklu betra fyrir menn að viðurkenna það heldur en að vera að reyna að breiða yfir það hér með því að skjóta sér á bak við embættismenn sem hafa lítið til saka unnið annað en það að hafa tekið að sér að skipa nefnd á vegum hæstv. ríkisstjórnar.

Ég tel að umræðan hafi sem sagt sýnt okkur það að hér hefur ríkisstjórnin, eins og reyndar oft áður hjá þessum hæstv. ráðherrum sem hér hafa starfað að undanförnu í hæstv. ríkisstjórn, brugðist í undirbúningi mála. Við höfum séð það oftar en einu sinni að hér hafa verið til umræðu mál sem hafa alls ekki verið tilbúin til umræðunnar. Það hefur vantað svörin. Og það er ekki bara vegna þess að hæstv. landbrh. vilji ekki svara að hann svarar ekki hér. Það er líka vegna þess að hann hefur ekki svörin. En ég tel að menn væru þá a.m.k. menn að meiri ef þeir segðu frá því hver ágreiningurinn er og hvaða möguleikar eru á því að leysa hann. Er það kannski þannig að það sé meiningin að stilla Alþingi Íslendinga upp frammi fyrir þeim kosti einum að samþykkja þennan samning án þess að vita hvernig framhaldið á síðan að verða? Á t.d. landbúnaðurinn að bíða með þau spurningarmerki fram á næsta ár með hvaða hætti tollígildunum verði beitt? Ég spyr.

[16:14]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Ég tek undir það með hv. 9. þm. Reykv. að það væri æskilegt út af fyrir sig ef unnt væri að fá umræðu um þennan merkilega samning á hinu háa Alþingi fremur en einfalt framhald af þessari þráhyggju um verndarstefnu í landbúnaði sem ríður svo húsum að menn fást ekki til þess að hugsa um annað. Það hefur nánast ekkert verið vikið að GATT-samningnum, um hvað hann er eða til hvers hann er heldur er niðurstaðan eiginlega sú að þetta snúist bara um þann þátt samningsins sem lýtur að breytingum á viðskiptum með landbúnaðarafurðir þar sem markmiðið er að auka frjálsræði en ekki að efla verndarstefnu.

Annað merkilegt sem fram kom í þessari umræðu er náttúrlega hið ljúfa tilhugalíf sem birtist í þessum ræðustól milli hv. 9. þm. Reykv. og hv. 3. þm. Reykv. sem minnir mann á það þegar unglingarnir eru að uppgötva kynlífið í fyrsta sinn og liggur við að það hvarfli að manni að maður eigi ekki að vera viðstaddur svona tilhleypingar.

Þær spurningar sem hér komu fram voru ekki margar en þó nokkrar. T.d. var spurt hvers vegna málið væri í formi þáltill. frekar en lagafrv. Svarið við því er þetta: Við teljum æskilegast að þetta verði gert frekar í þingsályktun en með lögum þar sem hér er um að ræða samning sem fjallar um samskipti ríkja á viðskiptasviðinu og því geta einungis ríki en ekki einstaklingar eða fyrirtæki leitað til stofnunarinnar. Þá verða ýmsir sérsamninganna endurskoðaðir reglulega og það mundi kalla á endurteknar lagabreytingar í samræmi við það ef samningurinn yrði lögfestur. Þess skal getið að það varð að samkomulagi í samstarfi Norðurlandahópsins að við hefðum öll sama háttinn á, að þetta yrði gert með þáltill.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon spurði um Alþjóðaviðskiptastofnunina og þá sérstaklega hvort Íslendingar yrðu að koma þar upp sérstakri sendinefnd og hver yrði kostnaðurinn. Það er gert ráð fyrir því að framlag Íslands fyrir árið 1995 verði um 65.000 svissneskir frankar eða tæpar 3,4 millj. ísl. kr. en var fyrir árið 1994 ríflega 46.000 svissneskir frankar eða tæpar 2,4 millj. kr. Hækkunin er því um 1 millj. á ári. Það er engin breyting að því er varðar sendinefnd hjá GATT. Það eru okkar fastafulltrúar hjá EFTA sem sinna því hlutverki í Genf og munu gera það áfram.

Þá var vakin upp sú spurning hvernig unnt væri að tryggja framkvæmdina og þá sérstaklega bestukjarareglunnar. Því er til að svara að sá samningur sem hér er gerður um stofnunina, um styrkingu á framkvæmdarvaldi, um lausn deilumála þýðir að þetta viðskiptasamstarf breytir algjörlega um eðli. Það má nefna tvennt til. Í fyrsta lagi þá reglubundnu skoðun sem viðskiptastefna hvers lands verður að sæta þannig að hún er gegnsæ og það er fylgst með því kerfisbundið að ríkið virði þær skuldbindingar sem það tekur sér á herðar. Í annað stað ef kærumál koma upp þá fara þau fyrir úrskurðaraðila, panel, og nú er ekki hægt að beita stórveldispólitík, þ.e. áður var unnt að beita neitunarvaldi en nú verður því ekki lengur viðkomið. Eftirfylgnin og framkvæmd samningsins er því miklu öflugri en áður.

Hv. þm. Páll Pétursson spurði hvernig bæri að skilja útlistun bestukjarareglunnar og sérstaklega að því er varðar sérkjör sem náðst hafa með samkomulagi, tilboðum og gagntilboðum milli landa. Ef við tökum dæmi af Nýja-Sjálandi sem hefði gert samning við Kanada og náð þar sérákvæðum fyrir innflutning á

nýsjálensku dilkakjöti til Kanada þá þýðir bestukjarareglan það einfaldlega að allir aðrir samningsaðilar njóta þessara kjara. Það eru fjölmargir slíkir þættir fyrir utan þau tilboð sem við höfum vikið að sem við höfum náð fram sem bæta þannig markaðsaðstöðu í einstökum löndum.

Nokkuð hefur verið rætt um hlut þróunarríkja. Um það er að segja að sá mikli ávinningur sem af samningnum hlýst skiptist í stórum dráttum, með nokkurri einföldun þó, til þriðjunga milli iðnríkjanna, milli landbúnaðarútflutningsríkjanna og milli þróunarríkjanna. Stærstu hagsmunir þróunarríkjanna voru náttúrlega að lengra hefði verið gengið í þá átt að greiða fyrir viðskiptum með landbúnaðarafurðir og hráefni. Því miður náðist ekki nema lítill áfangi af þeirri leið. Það hefði skilað langmestum árangri í að jafna kjör í heimsbyggðinni sem kunnugt er. Þeim tókst þó t.d. að ná verulegum áfanga í fríverslun með vefnaðarvörur sem mun bæta þeirra hag. Þegar á heildina er litið er ávinningur þeirra allverulegur. En hann verður þó fyrst og fremst í næstu lotu þegar lengra hefur verið gengið í þá átt að opna fyrir viðskipti með matvæli.

Virðulegi forseti. Það var spurt mikið í þráhyggjunni um nefnd undir forustu forsrn. sem vinnur að breytingu á lögum til að útfæra framkvæmd þessa samnings. Ég vék að helstu lagabálkunum sem þarf að endurskoða, þeir eru tíu talsins. Þegar menn spyrja hvaða pólitíska stefna hefur verið mörkuð í þessu efni þá er því til að svara að ekki er nema takmarkað svigrúm til pólitískrar stefnumörkunar umfram það sem fyrir liggur í þessum samningi. Verkefnin sem fyrir liggja eru þessi:

Í fyrsta lagi þarf að ákveða tollígildin, þ.e. hámark þeirra tolla sem eiga að tryggja jafnstöðu innlendra framleiðenda í upphafi. Það er rétt sem fram kom í máli hv. þm. Jóhannesar Geirs Sigurgeirssonar að hér er um að ræða heimildarákvæði því þetta eru tollbindingar sem gefa yfirleitt heimild til hærri tollaákvarðana en nauðsynleg eru til þess að tryggja þessa jafnstöðu. Staða málsins í nefndinni er mér tjáð að sé sú að þetta sé fyrst og fremst tollalagamál. Þarna er vinna sem er ekki lokið á vegum fjmrn. í samráði við landbrn. Þessir aðilar eiga eftir að skila niðurstöðum þessarar vinnu til nefndarinnar og þá munu fulltrúar ráðuneytanna hafa forsendur til, mál fyrir mál og tollflokk fyrir tollflokk, að komast að samkomulagi eða málamiðlun um hvar þessum tollum er stillt.

Í annan stað er það skuldbinding að magntakmarkanir verða ekki lengur leyfilegar nema í undantekningartilfellum, t.d. vegna smithættu. Það þarf að ganga frá því og skilgreina það nákvæmlega.

Í þriðja lagi verður óheimilt að hafa innflutningsgjöldin breytileg samkvæmt grundvallarreglum GATT. Þau verða að vera skýr og fyrir fram ákvörðuð og slíkt kallar einnig á breytingar á búvörulögum þó þetta sé formbreyting fremur en efnisleg.

Samkvæmt framansögðu eru hámarkstollar ákveðnir fyrir allar vörutegundir og um það gilda tvær sérreglur. Annars vegar er reglan um ríkjandi markaðsaðgang. Samkvæmt henni mega þær tollahækkanir sem samningarnir heimila ekki leiða til þess að markaðsaðgangur skerðist miðað við viðmiðunartímabilið frá 1986 til 1988. Sem dæmi um þetta má nefna að hafi 50 tonn af osti verið flutt inn á árinu 1988 tollfrjálst þá ber áfram að leyfa slíkan innflutning af því magni tollfrjálst þó sett verði tollígildi upp að einhverju marki á umframinnflutninginn.

Önnur sérregla fjallar um lágmarksmarkaðsaðgang. Samkvæmt henni verður að heimila innflutning á 3% af neyslu á lágum tollum sem eykst upp í 5% á sex árum. Þarna er hámark. Lágu tollarnir mega ekki vera meiri en 32% af tollbindingu en eiga samkvæmt skilningi GATT að vera mjög lágir. Þarna verður togast á um það út frá hagsmunum neytenda og framleiðenda en þarna er alla vega hámark og þriðjungur af hámarkstollbindingu er þrátt fyrir allt veruleg lækkun.

Þrjár meginleiðir hafa verið til athugunar varðandi útdeilingu á kvótum, þ.e. að því er varðar framkvæmdina á lágtollainnflutningnum. Um það spurði hv. þm. og það er það sem nefndin á að taka afstöðu til. Ég get lýst minni afstöðu af því að um það var spurt. Það eru þrír kostir sem koma til greina. Í fyrsta lagi útboð eða uppboð en sú leið hefur þann meginókost að hún mun leiða til hækkunar á innflutningsverði til neytenda. Annar kostur er að láta hlutkesti ráða úthlutun meðal umsækjenda um innflutningsleyfi. Þetta mun ekki hafa neikvæð áhrif á verðlagninguna og eini vandinn er að skilgreina umsækjendahópinn. Þriðja leiðin væri sú að þeir fái innflutningskvótann sem eru fyrstir á vettvang. Það hefur praktíst talað þær neikvæðu afleiðingar að menn keppast um að vera fyrstir á hafnarbakkann þannig að það getur verið léleg nýting samkvæmt þeirri leið. Ég hallast að kosti tvö vegna þess að hann mundi tryggja best hagsmuni neytenda, þ.e. tryggja best lægstu hugsanleg verð.

Ég endurtek að þessi nefnd er starfandi á forræði forsrn. og verkstjórnarmaður er ráðuneytisstjórinn í forsrn. Það er rétt sem kom fram í máli hv. 3. þm. Reykv., formanns utanrmn., að þessu verki verður að ljúka fyrir áramót þannig að tíminn til stefnu er naumur en verkið er þannig statt, af því að menn spyrja um pólitíska stefnumörkun, að ekki hefur verið skilað á borð nefndarinnar tæknivinnunni frá fjmrn. og landbrn. og pólitísk stefnumörkun eða málamiðlun um nákvæma stillingu tollverndarinnar getur ekki farið fram fyrr en þessari tæknilegu undirbúningsvinnu er lokið.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Forseti neyðist til að stytta ræðutímann í andsvörum þannig að það verður ein mínúta í senn.

[16:27]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þrír í andsvari, þýðir það ekki venjulega tvær og ein? En, virðulegur forseti, ég hlýt að hlýða þessum úrskurði.

Það verður að segja hæstv. utanrrh. til hróss að hann reynir þó í það minnsta að svara spurningum. Hann staðfestir það að starf nefndarinnar er ekki komið lengra á veg en svo að undirhópar eru ekki búnir að skila. Ég skil það þannig að hin raunverulega nefnd

fimm ráðuneyta geti þar af leiðandi ekki hafið störf sín fyrr en það liggur fyrir og ríkisstjórnin ekki heldur sína pólitísku stefnumótun. Hvert einasta atriði sem ég færði fram í mínu máli er ég ræddi við hæstv. landbrh. áður er því staðfest.

Ég vil spyrja hæstv. utanrrh. hvort það sé ekki réttur skilningur hjá mér að grunnvinna sé ekki búin og þetta eigi allt saman að klárast fyrir áramót. Ég botna hvorki upp né niður í svona vinnubrögðum.

Virðulegur forseti, aðeins að lokum varðandi tilhugalífið og hæstv. utanrrh. nefndi tilhleypingar í því sambandi. Það er mjög eðlilegt á þessum tíma. (Forseti hringir.) Þetta er einmitt tími tilhleypinga og við úr sveitinni í það minnsta vitum að ávöxtur tilhleypinganna sýnir sig venjulega einhvern tímann upp úr miðjum apríl ef farið er af stað núna.

[16:29]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að ræða frekar um tilhleypingar. En hv. þm. spurði hvort rétt væri að undirbúningsvinna nefndarinnar væri raunverulega á byrjunarstigi. Það er ofmælt. Nefndin hefur komið saman til allmargra funda, hún hefur skilgreint þá lagabálka sem þarf að breyta og hún hefur unnið að ýmsum breytingartillögum. Það er afar flókið verk að taka alla tollskrána til slíkrar endurskoðunar þannig að hún er fyrir alllöngu byrjuð það starf. Mér er kunnugt um að það hefur staðið yfir a.m.k. vikum saman. Ég hef ekki nákvæmar upplýsingar um hvenær þess er að vænta að því ljúki en tímamörkin eru þau sem fram hafa komið. Ég endurtek að það er rétt skilið að pólitísk ákvörðun um hvar menn stilla verndartolla eða tollígildunina getur ekki legið fyrir nema á grundvelli nákvæmra talna um hámarksheimildir eftir tollflokkum.

[16:30]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég komst ekki yfir það í fyrra andsvari að nefna það að hæstv. utanrrh. lýsir því yfir hver sé hans skoðun á því hvernig eigi að haga lágmarksinnflutningnum. Þar á hlutkesti að ráða hverjum hlotnast hnossið. Hæstv. landbrh. fékkst ekki til þess að svara einu né neinu um þessi atriði, en það er kannski ekki viðkunnanlegt í andsvari við hæstv. utanrrh. að ganga eftir því. Það hefði verið mjög æskilegt að fá einnig fram sjónarmið hæstv. landbrh. um þetta atriði, en e.t.v. hefur hæstv. ráðherra enga skoðun á málinu og lætur þess vegna ekkert frá sér heyra um málið.

[16:31]

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég árétta það enn og aftur að embættismannanefndin og ríkisstjórnin verða að hafa lokið athugun þessa máls og komið með þá pólitísku línu sem ríkisstjórnin ætlar að fylgja áður en þessi þáltill. verður afgreidd úr utanrmn.

Hæstv. utanrrh. gerði athugasemdir við það sem hann kallaði þráhyggjuverndarstefnu í landbúnaði og ég tók það mál til mín eða á sjálfsagt minn hlut í því. Ég er, eins og margoft hefur komið fram, samþykkur meginmarkmiðum með World Trade Organisation. En um er að tefla hvorki meira né minna en framtíð 4.000 bændafjölskyldna í landinu og með margfeldisáhrifum kannski einar 16 þúsund fjölskyldur. Það að vilja vernda hagsmuni þessa fólks, láta það ekki troðast algerlega undir í brjálaðri markaðshyggju ríkisstjórnarinnar, það kallar hæstv. utanrrh. þráhyggju. Þá er í mínum huga þráhyggja lofsverð. Meira en helmingur fólks í mínu kjördæmi byggir afkomu sína með einum eða öðrum hætti á framhaldi landbúnaðar.

[16:33]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. sem talaði áðan er orðhagur maður en ekki að sama skapi grandvar um meðferð orða. Að tala um þessar GATT-tillögur sem dæmi um brjálaða frjálshyggju ríkisstjórnar þegar um er að ræða að hér er verið að leita allra leiða til þess að stilla upp í topp verndartolla eða tollígildun og forsenda málsins er að tryggja að lágmarki að innlendir framleiðendur þoli í engu skerðingu á samkeppnisstöðu, séu í jafnstöðu, er náttúrlega ekki nógu gott, hv. þm. Að sjálfsögðu er hér ekki um neina frjálshyggju að ræða, þaðan af síður brjálaða. Tilgangurinn er hins vegar sá að stuðla smám saman á sex árum að örlítilli tilslökun sem gæti í besta falli leitt til þess að það yrðu einhver örvandi áhrif til vöruþróunar og verðsamkeppni, sérstaklega í vinnslugreinum landbúnaðarins. En af því að hv. þm. vék að kjörum bænda þá er auðvitað aðalatriði þess máls þetta: Um leið og við fetum fyrstu skrefin frá innflutningsbanni, einokun og verndarstefnu, þá þurfum við auðvitað að horfast í augu við það að ekki er hægt að bjóða íslenskum bændum upp á það að keppa við innfluttar afurðir með hendur bundnar aftur fyrir bak í kvótakerfi. Þannig að mál málanna í landbúnaði er að finna skynsamlegar leiðir til þess að afnema þetta kvótakerfi.

[16:34]

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég get verið sammála hæstv. utanrrh. um það að kvótakerfið eins og það er orðið er ekki á vetur setjandi.

Varðandi frjálshyggjuna, þá er það ekki bara í GATT-samningnum, ekkert sérstaklega í GATT-samningnum, sem hin brjálaða frjálshyggja ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar og Jóns Baldvins Hannibalssonar hefur komið í ljós. Í verkum þessarar ríkisstjórnar er hvað eftir annað mjög auðvelt að benda á frjálshyggju sem hefur leitt til brjálsemi. Hæstv. utanrrh. talar um að það sé bara opnuð pínulítil smuga. Nú veit ég að örlögin munu væntanlega hlífa honum við því að sitja í næstu ríkisstjórn. Samkvæmt því sem stærð Alþfl. virðist vera núna þá á hann væntanlega ekki greiða leið þangað. En hin nýja stjarna á himninum, fyrrv. varaformaður Alþfl., gæti galopnað þessa smugu og þar með er allt hrunið.

[16:36]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þarf að endurtaka viðvörunar-

orð mín um orðanotkun við hv. þm. Seint mundi hv. þm. væntanlega ganga svo langt að kalla hv. þm. Egil bónda á Seljavöllum brálaðan frjálshyggjugaur, en sem kunnugt er þá hafa mál þróast hér svo á hinu háa Alþingi að þeir hafa staðið þétt saman, formaður Sjálfstfl. og forsrh. og hv. þm. Egill, um það að standa trúan vörð um það að í engu verði veikt sú tollvernd sem innlendur landbúnaður hefur. Þannig að ég bið nú hv. þm. að teygja ekki þanþol tungumálsins í þær öfgar að helstu málsvarar framsóknarstefnunnar hér á hinu háa Alþingi, eins og hv. þm. á Seljavöllum, séu kallaðir frjálshyggjugaurar að þeim fjarstöddum.

[16:37]

Ingi Björn Albertsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. utanrrh. ræddi hér um innflutningskvótann og útdeilingu á honum og nefndi þar þrjár leiðir, sem ég verð nú að segja að svona við fyrstu hlustun þá leist mér ekki á neina þeirra, en hef í sjálfu sér enga betri tillögu að þessu sinni. En hann nefndi sem skásta kostinn að sínu mati ... (**Gripið fram í:** Bingólottó.) Já, bingólottó er kallað hér fram í, kost nr. 2 sem var að varpa hlutkesti og nefndi þá í sömu andránni þá sem hafa innflutningsleyfi. Það varð til þess að ég fór að velta því fyrir mér hvað hæstv. ráðherra ætti við með slíku og bið hann að svara þeirri einföldu spurningu fyrir mig hvort hann á þarna við alla þá sem almennt stunda innflutning í dag og hafa til þess verslunarleyfi eða hvort það er meiningin að útdeila leyfum fyrir þennan innflutning með einhverjum sérstökum öðrum hætti.

[16:38]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er nauðsynlegt að leiðrétta þennan misskilning. Það sem ég átti við er þetta: Að láta hlutkesti ráða úthlutun meðal umsækjenda um innflutningsleyfi. Með öðrum orðum, þessi kvóti yrði auglýstur og mönnum frjálst að sækja um innflutningsleyfi, en síðan réði hlutkesti hver fengi. Ég mælti með þessari leið, ekki vegna þess að hún væri góð, því að öll skömmtunarkerfi eru af hinu vonda, heldur vegna þess að þetta er eina leiðin sem menn hafa bent á sem mun ekki bitna á neytendum. Hún gæti skilað því lágmarksverði sem hér gefst kostur á á annað borð. En hópurinn sem fengi að sækja um yrði ekki þrengdur með stjórnvaldsákvörðunum heldur yrði auglýst og menn mættu sækja um og síðan réði hlutkesti.

[16:39]

Ingi Björn Albertsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér þykir þetta skjóta örlítið skökku við. Hér er mönnum gert það að skyldu að borga stórfé fyrir það að fá leyfi til að stunda innflutningsverslun og verslun yfir höfuð, en nú á það leyfi ekki að gilda lengur þegar kemur að þessum tiltekna þætti. Þannig að maður hlýtur þá að spyrja sjálfan sig: Með hvaða hætti á þá að vinsa úr þeim sem á annað borð sækja um? Hvaða aðferðir verða þar viðhafðar þannig að menn geti tryggt sem mest jafnrétti við úthlutun á þessum leyfum þegar að því kemur?

[16:40]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Öll skömmtunarkerfi eru af hinu vonda. Framkvæmd á skömmtunarkerfum verður yfirleitt með þeim hætti að leiðir til mismununar. Útboð eða uppboð hefur þann ókost að það mun hækka verðið til neytenda. Sú leið sem hér er valin er einfaldlega sú að auglýsa án mismununar, öllum frjálst að sækja um eða eftir atvikum ef um er að ræða varning sem kallar á einhverja fagþekkingu eða annað slíkt, tiltekinn hópur fær að sækja um, þá er minnstur skaði að því og minnst mismunun að láta hlutkesti ráða valinu úr þeim hópi. Miklu er það geðþekkilegri aðferð en t.d. ef ráðherra eða einhver skrifstofa, t.d. innan landbúnaðarkerfisins, ætti að taka um þetta geðþóttaákvörðun og úthluta einhverjum völdum gæðingum.

[16:41]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Aðeins örfá orð. Mig langar að gera tilraun til að spyrja hæstv. landbrh. tveggja spurninga. Sú fyrri varðar möguleikana á að setja útflutningsbætur. Mig langar til þess að hann geri hv. Alþingi grein fyrir því hvort hann telji að GATT-samningurinn sé þannig, eins og a.m.k. mér finnst ég lesa hann, að það sé ekki um að ræða að hægt sé að setja á útflutningsbætur ef við það viljum og ég vil gjarnan heyra álit hæstv. landbrh. á því hvort hann hafi fundið leið til að nýta möguleika á að setja á útflutningsbætur. (**Gripið fram í:** Á hvað?) Á landbúnaðarafurðir sem við viljum flytja til annarra landa. Þá er ég fyrst og fremst að tala um dilkakjöt sem menn hafa auðvitað áhuga á að flytja út og í sjálfu sér er það mjög óeðlilegt að Íslendingar einir þjóða hafi ekki möguleika á að nýta sér þá aðferð ef þeir kæra sig um. Nú er ég ekki að leggja það til hér, en ég tel að það sé a.m.k. full ástæða til þess að skoða þann möguleika á meðan menn eru að leita uppi markaði fyrir íslenskt dilkakjöt erlendis.

Önnur spurning er sú að hæstv. utanrrh. lýsti því hér áðan að hann teldi að það væri sniðug aðferð að búa til einhvers konar happdrætti um það hverjir eigi að fá möguleika á því að nýta sér innflutning og dreifingu á þeim vörum sem á að flytja inn undir þessum lágu tollum sem hér hefur verið talað um, hvort hæstv. landbrh. er sama sinnis. En mig langar til þess að segja það um þetta efni að ég tel að þetta sé hið versta vandræðamál og mér finnst spurning hvort menn verði ekki að meðhöndla það með alveg sérstökum hætti og set það hér fram hvort menn hafi velt þeirri hugmynd fyrir sér að gefa einhverjum aðilum hér í landinu, ég nefni bara íþróttafélög, líknarfélög eða einhverjum tilteknum aðilum, kost á því að flytja þessar vörur inn og dreifa þeim vegna þess að það er fyrirsjáanlegt að þetta verður hið versta klúður. Því þó svo að farið verði að tillögu hæstv. utanrrh. og hér verði haft einhvers konar lottó um það hverjir eigi að fá að flytja þetta inn þá er það fyrirséð líka að það er ekkert sem segir að neytendur fái að njóta þessara lágu tolla því það er frjáls álagning í þessu landi og samkeppnin við hinar vörurnar sem eru á markaðnum ræður auðvitað verðinu.

Þannig að það er ekkert sem segir að þessar vörur verði seldar á eitthvað miklu lægra verði heldur en aðrar sambærilegar vörur. Menn þurfa einungis að lækka sig svolítið niður fyrir samkeppnismöguleika hinna og þá geta þeir hirt allan mismuninn. Ég spyr hæstv. landbrh. hvað hann hefur til ráða.

[16:45]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Um fyrri spurninguna er það að segja, eins og ég sagði áðan, að heimildir eru til þess að greiða útflutningsbætur á dilkakjöt. Það má segja að þurfi að skerða þær um 36% frá viðmiðunarárum. Það kom áður fram fyrirspurn um hvort það mætti greiða útflutningsbætur á refaskinn. Ég man ekki hvernig það var á viðmiðunarárum en það var áreiðanlega um opinberan stuðning að ræða til refaræktarinnar þannig að einhvern slíkan stuðning verður heimilt að veita.

Um síðari spurninguna er það að segja að það er auðvitað óskaplega vandræðalegt að fara út í það að hafa eitthvert happdrætti um það hverjir séu innflytjendur. Ég sé ekki að sú leið sé sérstaklega til hagsbóta fyrir neytendur. Yfirleitt finnst mér þetta hið mesta vandræðamál, þessi 3% lágmarksaðgangur, og má auðvitað færa gild rök fyrir því að haga þessum málum með öðrum hætti. Ég kýs á hinn bóginn að leiða það hjá mér um stund, ég vil fá að sjá þann rökstuðning sem kemur frá embættismannanefndinni um það hvernig hún telji rétt að standa að þessum málum. Ég hef ekki sannfærst um að þetta sé hin rétta leið og get m.a. bent á að með því að fara þessa leið þá er engin trygging fyrir því t.d. að þessi lágmarksaðgangur verði nýttur til þess að auka fjölbreytni í því ostavali sem er hér á landi svo ég taki það sem dæmi.

[16:46]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tel út af fyrir sig gott að fá skýr svör og ég tel að þarna hafi komið fram skýrt svar hjá hæstv. ráðherra að hann telji að það sé ekki möguleiki að setja á útflutningsbætur vegna útflutnings á dilkakjöti. Það er verið að spyrja um þessa hluti úti um allt land og það er full ástæða til þess að menn hafi um það skýr svör og ef landbrh. telur að það sé ekki hægt er eins gott að menn viti það. Ég er honum innilega sammála um að þessi 3% markaðsaðgangur er mjög vandræðalegt fyrirbrigði og ég held að það þurfi að leita einhverra annarra leiða en að setja á einhvers konar lottó um það hverjir eigi að fá að flytja þetta inn. Ég ítreka það að mér finnst að það eigi að skoða möguleika á því að taka þetta einhverjum sérstökum tökum en ekki að láta innflutningsverslunina fara að keppa um þetta og síðan verður það hipsum happs hvort neytendur fái að njóta lækkaðs vöruverðs.

[16:48]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. misskildi það sem ég sagði hér. Ég sagði að það yrði heimilt að veita útflutningsbætur á dilkakjöt, útflutningsbætur yrðu heimilaðar en á hinn bóginn mundi draga úr þeim.

[16:48]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er gott að heyra, ég var svo sem ekki alveg viss hvað hæstv. ráðherra var að segja. En vegna þess að hann nefndi refaskinnin og að það mundi líklega ekki vera hægt að setja útflutningsbætur á þau þá taldi ég að hann væri að segja okkur að þetta væri ekki heimilt en úr því að svo er þá held ég að það gleðji hjörtu ýmissa bænda. Spurningin er þá kannski sú næsta hvort ráðherra ætli að beita sér fyrir því að setja á einhvers konar útflutningsbætur á dilkakjöt.

[16:48]

Ingi Björn Albertsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er ekki sammála hv. þm. Jóhanni Ársælssyni í því að sú leið sem hæstv. ráðherra benti á áðan af þeim þremur sem hann nefndi sé ekki best. Ég tel að hún sé skást af þeim leiðum sem hann nefndi þar en hafði þó þann fyrirvara á að ég gæti ekki bent á neina betri í augnablikinu en vonandi er hún til. Það sem dró mig aðallega upp í ræðupúltið var það sem hv. þm. sagði um hina frjálsu álagningu. Ég gat ekki skilið hann betur en svo að hann væri að mælast til þess að hér væru aftur tekin upp þau verðlagshöft sem ríktu á árum áður og menn vantreysti íslenskri verslun svo gjörsamlega að hún velti aldrei hagstæðum innkaupum út í vöruverðið. Ég held að ef menn labbi hér um bæinn, fari niður Laugaveginn eða inn í Kringlu, þá munu þeir sjá það að einmitt þær verslanirnar sem gera hagstæð innkaup láta viðskiptavinina njóta þeirra. Þannig að menn mega ekki vera svo fullir vantrausts á íslenska innflytjendur að þeir þori ekki að hafa frjálsa álagningu og hvetji til verðlagshafta á ný.

[16:50]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér finnst að hv. 5. þm. Reykv. hafi misskilið mig alveg. Ég hélt því alls ekki fram að verslunin mundi ekki bregðast við með því að bjóða lágt verð en kaupmenn eru af eðlilegum ástæðum í þeim sporum að vera að keppa á markaði og það er svo sem algjör óþarfi að vera að selja vöruna ódýrari en tilefni gefst til. Tilefnið er auðvitað samkeppni annarra. Þannig að fái menn vöru á eitthvað miklu lægra verði en aðrir þá þurfa þeir ekki að fara mjög langt niður fyrir verð þeirra sem þeir eru að keppa við. Það var það sem ég átti við hér að þarna væri verið að flytja inn vöru sem í innflutningi væri miklu ódýrari en möguleikar annarra sem tækju þátt í þessari samkeppni gæfu tilefni til og þar með myndaðist sá mismunur sem þarna er á ferðinni. Það hefur ekkert með það að gera að taka upp verðlagshöft eða því um líkt heldur einfaldlega að þetta klúðurslega ákvæði í GATT-samningnum sem við erum að tala um veldur mönnum þessum vanda. Ég segi það alveg eins og er að mér finnst það ósköp eðlilegt að það standi í ýmsum að koma með einhverja tillögu sem fellur að hugmyndum manna um það hvernig eigi að koma svona vöru inn á markaðinn.

[16:51]

Ingi Björn Albertsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég get ekki alveg tekið undir þau rök sem hv. þm. flutti rétt í þessu. Þetta er alls ekki svona í íslenskri verslun. Ef kaupmenn eða innflytjendur gera góð innkaup þá er þeim velt út í verðlagið. Það er ekki þannig að menn geri góð innkaup og stilli síðan útsöluverðinu sínu alveg nánast upp undir þakið á samkeppnisvörunni. Þetta er ekki svona og þetta geta menn séð ef þeir vilja og opnað augun og labbað um bæinn og skoðað inn í hinar ýmsu verslanir. Menn þurfa ekki annað en að fara inn í Kringlu eins og ég nefndi áðan og fara þar í tiltölulega nýlega verslun sem heitir Vero Moda. Ef hún væri með þetta hugarfar, sem hv. þm. var hér að bera fram, þá væri hún auðvitað ekki að selja vörur í þeim verðflokkum sem hún er að gera. Þannig að þetta er alrangt hjá hv. þm. Það er yfirleitt þannig að verslunin byggist fyrst og fremst á ákveðinni prósentutölu í álagningu og það er alveg sama hvort það er lágt eða meðalverð þá er þeirri prósentutölu yfirleitt haldið. Ef varan er hins vegar mjög dýr í innkaupum, þá verða menn auðvitað að lækka þá prósentutölu því annars selt varan hreinlega ekki. Þannig að svona er þetta í raun og veru. En það er ekki þessi vantrú sem hér birtist í máli þingmannsins að verslunin sé alltaf að reyna að nýta sér og níðast á íslenskum neytendum.

[16:53]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég talaði hér alls ekki um það að menn væru að níðast á íslenskum neytendum en það er eitt orð sem ævinlega er haft uppi þegar talað er um verslun og það er samkeppni. Á hverju byggist þessi samkeppni? Byggist hún ekki á því að koma með betra verð en samkeppnisaðilinn? Dugar það ekki yfirleitt að koma með betra verð? Það er nákvæmlega það sem ég er að segja og ég held að það sé alger óþarfi að vera að endurtaka það mjög oft að þegar boðið er upp á vöru sem kostar ekki nema hluta af innflutningsverði sambærilegrar vöru þá lenda menn einfaldlega í þeim vanda að það hlýtur að myndast þarna mikill mismunur á því hvað er hægt að selja vöruna undir venjulegum samkeppnisreglum og því sem hægt er að selja hana vegna kostnaðar við innflutninginn. Það virðist myndast mikill mismunur vegna þessara ákvæða sem þarna er verið að vinna út frá. Ég vil bara ræða um það eins og það liggur fyrir og ég tel enga ástæðu til þess að taka það illa upp og það er ekki í neinum ásökunartón eins og mér finnst hv. þm. vera að leggja mér í munn sem ég er að tala um þetta vandamál. Ég tel að þetta sé ákveðið viðskiptalegt vandamál og að það muni verða þannig í framkvæmdinni ef við pössum okkur ekki á því að neytendur muni þá ekki fá nema hluta af þeim hagnaði sem ætti annars að verða af því að flytja inn þessar vörur með þessu lága verði.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tryggingagjald, 1. umr.

Stjfrv., 236. mál (sérstakur gjaldflokkur). — Þskj. 277.

[16:55]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég leyfi mér að flytja frv. til laga um breytingu á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum. Á árinu 1990 voru samþykkt lög á Alþingi um tryggingagjald sem tóku gildi 1. jan. 1991. Í lögunum fólst töluverð einföldun og samræming sem m.a. kom fram í því að með lögunum voru launaskattur, lífeyristryggingagjald, slysatryggingagjald, vinnueftirlitsgjald og iðgjald í Atvinnuleysistryggingasjóð felld í eitt gjald, tryggingagjald.

Þegar frv. var lagt fyrir Alþingi var lagt til að samræming launagjalda yrði gerð á þremur árum, þ.e. að sú mismunun sem er á milli atvinnugreina yrði felld niður í áföngum. Í meðförum þingsins var þessu breytt og ákveðið að fresta samræmingu á þessari gjaldtöku. Frá því að tryggingagjald kom fyrst í lög hefur tryggingagjald því verið lagt á í tveimur gjaldflokkum. Annars vegar almennum gjaldflokki þar sem hlutfallið er nú 6,35% af gjaldstofni og hins vegar í sérstökum gjaldflokki en þar er hlutfallið nú 3% af gjaldstofni.

Í lögunum er skilgreint almennum orðum hvaða atvinnugreinar tilheyra hinu sérstaka gjaldflokki. Um nánari skilgreiningu hefur verið vísað til atvinnugreinaflokkunar Hagstofu Íslands. Sú atvinnuvegaflokkun hefur eigi verið birt með formlegum hætti. Hagstofa Íslands hefur unnið að útgáfu nýrrar atvinnuvegaflokkunar og mun hún verða birt á næstunni. Rétt þykir að breyta lögum um tryggingagjald þannig að samræmi sé á milli laganna og atvinnuvegaflokkunar Hagstofu Íslands. Þetta mun verða til þess að draga úr óvissu um það hvaða aðilar eiga að greiða tryggingagjald í sérstökum gjaldflokki. Það þykir því eðlilegt að í viðauka við lögin verði tilgreindar þær atvinnugreinar sem greiða eiga lægra tryggingagjald og er því lagt til að við lögin bætist viðauki þar sem þessar atvinnugreinar eru tilgreindar.

Þá eru í frv. lagðar til breytingar á launaskattsframtalsskilum sjálfstætt starfandi manna með hliðsjón af breytingum sem gerðar voru með lögum nr. 122/1993, um breytingar í skattamálum, en í þeim lögum var breytt ákvæðum tryggingagjaldslaga um ákvörðun á gjaldstofni vegna launa manns sem vinnur við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi.

Í 1. gr. frv. er lögð til breyting á 2. mgr. 2. gr. laganna þar sem skilgreint er hvaða atvinnugreinar skuli vera í sérstökum gjaldflokki tryggingagjalds. Hér er ekki lögð til breyting á efni greinarinnar heldur er eingöngu um formbreytingu að ræða. Í greininni er gerð almenn grein fyrir þeim atvinnugreinum sem greiða eiga lægra tryggingagjald en síðan er í viðauka við lögin, sbr. 3. gr. frv., nákvæm upptalning á þeim atvinnugreinum sem falla í hinn sérstaka gjaldflokk. Ástæður þessara breytinga eru m.a. vegna nýlegs dóms Hæstaréttar. Þar var deilt um launaskattsskyldu en því var

haldið fram af gjaldkrefjanda að starfsemi blikksmiðjunnar, sem var annar málsaðilinn, væri launaskattsskyld og var vísað til atvinnugreinaflokkunar Hagstofu Íslands. Með vísan til þess að sú atvinnugreinaflokkun hafði ekki verið birt með lögformlegum hætti komst Hæstiréttur að þeirri niðurstöðu að gjaldskylda blikksmiðjunnar yrði eigi á henni byggð. Sömu rök eiga að vísu ekki við um tryggingagjald og átti við um launaskatt á sínum tíma. Samt sem áður er æskilegt að það liggi fyrir í lögunum með nákvæmum hætti hverjir skuli teljast til hins sérstaka gjaldflokks. Í viðaukanum er, eins og kom fram hjá mér áður, byggt á nýrri atvinnugreinaflokkun Hagstofu Íslands sem bráðlega mun taka gildi og verður væntanlega birt innan tíðar á vegum Hagstofunnar.

Ég bið hv. nefnd sem fær þetta mál til meðferðar um að kynna sér það og kalla til fulltrúa í ráðuneytinu sem geta afhent þessa nýju atvinnugreinaflokkun.

Í 2. gr. frv. er lögð til breyting á launaframtalsskilum manna serm eru í atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi. Lagt er til að kveðið verði á um að þeir skuli skila inn tveimur launaframtölum. Það byggist á því að gjaldstofn vegna launa mannsins sjálfs liggur ekki fyrir fyrr en hann hefur gert upp til skatts. Því getur hann ekki skilað inn launaframtali vegna eigin launa innan fyrra tímamarks. Eftir sem áður ber honum þó að skila inn launaframtali vegna launa launamanna á sama tíma og annar atvinnurekstur.

Virðulegi forseti. Ég tel ekki ástæðu til að fjalla frekar um þetta frv. sem hér er til umræðu. Að svo mæltu legg ég til að frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

Ég ítreka það, virðulegi forseti, að þetta frv. felur fyrst og fremst í sér formbreytingu en ekki efnisbreytingu.

[17:03]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að ræða efni frv. sem slíks vegna þess að ég tel að það sé út af fyrir sig ekkert út á frv. að setja. En mig langar að koma því á framfæri til hv. nefndarmanna sem taka þetta til athugunar að þessi viðauki, þ.e. upptalningin á fyrirtækjunum sem eiga að vera í sérstökum gjaldflokki verði tekin til sérstakrar skoðunar. Ég geri það vegna þess að ég sé að það gæti orðið breyting með þessari upptalningu frá þeirri framkvæmd sem hefur verið á þessu að undanförnu. Ég sé að það er t.d. þannig að hér er talið upp gúmmí- og plastvörufyrirtæki, málmsmíði og viðgerðir, vélsmíði og vélaviðgerðir. En í lögunum frá 1990 er talað um fiskveiðar eða iðnað í 1., 2. eða 3. flokki atvinnuvegaflokkum Hagstofu Íslands og á grundvelli þessarar skilgreiningar hafa t.d. skipasmíðar verið í þessum gjaldflokki. Verði þetta orðalag þarna óbreytt er vafasamt að skipasmíðar verði að fullu í þessum sérstaka gjaldflokki vegna þess að það er töluverður hluti skipasmíðanna í formi bæði trésmíða og framleiðslu úr tefjaplasti sem ekki eru talin þarna upp svo að ég fer fram á það að menn velti því fyrir sér hvort það eru fleiri svona atriði. Ég er ekki kunnugur hvernig þetta hefur verið framkvæmt gagnvart öðrum aðilum sem þarna eru taldir upp en vegna þess að ég rak augun í þetta ákvæði vil ég benda hv. nefndarmönnum á það að skoða þessa upptalningu með þetta fyrir augum að það sé ekki verið að raska því sem hefur verið viðhaft við framkvæmd þessara mála að undanförnu því að mér skilst á hæstv. ráðherra að það hafi ekki verið meiningin.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ábyrgð á norrænum fjárfestingarlánum til verkefna utan Norðurlanda, 1. umr.

Stjfrv., 237. mál. — Þskj. 278.

[17:05]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um ábyrgð á norrænum fjárfestingarlánum til verkefna utan Norðurlanda. Þetta er 237. mál þingsins og er að finna á þskj. 278. Með þessu frv. er óskað eftir að ríkisstjórninni fyrir hönd ríkissjóðs verði heimilt að ábyrgjast allt að 16,1 millj. ECU sem er um 1,3 milljarðar íslenskra króna vegna fjárfestingarlána Norræna fjárfestingarbankans til norrænna verkefna utan Norðurlanda.

Frá árinu 1982 hefur Norræni fjárfestingarbankinn veitt fjárfestingarlán og fjárfestingarábyrgðir norrænna verkefna utan Norðurlandanna, einkum til þróunarríkjanna og Austur-Evrópuríkja. Norðurlöndin ábyrgjast 90% af lánunum en bankinn 10%. Í kjölfar vaxandi eftirspurnar eftir þessum lánum, sérstaklega frá löndum Austur-Evrópu, er þörf á meira fjármagni til þessa málaflokks. Þess vegna samþykkti norræna ráðherranefndin sl. vor að hækka hámarkslánsheimildir bankans úr 1,2 milljörðum ECU í 2 milljarða ECU eða 165 milljarða íslenskra króna. Við þetta eykst byrgð Íslands úr 9,6 millj. ECU í 16,1 millj. ECU. Enda þótt þessi lán hafi fari til norrænna verkefna í ríkjum þar sem lánsáhætta er meiri en gengur og gerist hafa til þessa engin afföll orðið. Það stafar af því að Norræni fjárfestingarbankinn, NIB, gerir afar strangar kröfur, bæði til lántakenda og um arðsemi verkefna. Einnig hefur bankinn í samræmi við reglur lagt sérstaka fjárhæð í afskriftasjóð til að mæta hugsanlegum útlánatöpum. Áfram munu verða gerðar sömu kröfur til lántakenda og áhættan verður því óbreytt.

Ég vil, virðulegi forseti, óska eftir því að þetta frv. fái venjulega meðferð á hinu háa Alþingi. Að lokinni 1. umr. verði málinu vísað til 2. umr. og til efh.- og viðskn. sem afgreiðir málið með venjulegum hætti.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 4. og 5. mál.

Fundi slitið kl. 17:07.

46. FUNDUR

miðvikudaginn 30. nóv.,
kl. 12 á hádegi.

Dagskrá:

1. Samningur um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunar, stjtill., 229. mál, þskj. 269. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.) 2. Tryggingagjald, stjfrv., 236. mál, þskj. 277. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

3. Ábyrgð á norrænum fjárfestingarlánum til verkefna utan Norðurlanda, stjfrv., 237. mál, þskj. 278. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

4. Viðlagatrygging, stjfrv., 239. mál, þskj. 280. — 1. umr.

5. Brunatryggingar, stjfrv., 240. mál, þskj. 281. — 1. umr.

6. Vöruverð lífsnauðsynja og verðmunur á milli þéttbýlis og dreifbýlis, þáltill., 103. mál, þskj. 106. — Fyrri umr.

7. Framfærsluvísitala, þáltill., 231. mál, þskj. 272. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Árni R. Árnason, 5. þm. Reykn.,
Jón Baldvin Hannibalsson utanrrh.,
Ólafur G. Einarsson menntmrh.,
Petrína Baldursdóttir, 11. þm. Reykn.,
Pétur Bjarnason, 2. þm. Vestf.,
Ragnar Arnalds, 3. þm. Norðurl. v.,
Sighvatur Björgvinsson viðskrh.

Útbýting þingskjala:

Umhverfismál tengd sinkframleiðslu, 210. mál, svar umhvrh., þskj. 290.

Veiðar umfram kvóta, 249. mál, fsp. ÞBern, þskj. 291.

Samningur um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunar, frh. fyrri umr.

Stjtill., 229. mál. — Þskj. 269.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [12:08]

Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁMM, BjörkJ, BBj, DH, EH, EgJ, EKG, EMS, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnS, HÁ, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JónK, KHG, KÁ, PJ, RG, SigG, SAÞ, SP, TIO, VG, VS, VE, ÞBern, ÞurP.

29 þm. (AÓB, ÁRÁ, ÁJ, EKJ, FrS, GE, GB, GÁS, GGuðbj, GJH, GHelg, HBl, JE, JBH, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, PBald, PBj, RA, SalÞ, SighB, StG, SJS, StB, SvG) fjarstaddir.

Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Tryggingagjald, frh. 1. umr.

Stjfrv., 236. mál (sérstakur gjaldflokkur). — Þskj. 277.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [12:08]

Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁMM, BjörkJ, BBj, DH, EH, EgJ, EKG, EMS, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GunnS, HÁ, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JónK, KHG, KÁ, PJ, RG, SigG, SAÞ, SP, SvG, TIO, VG, VS, VE, ÞBern, ÞurP.

27 þm. (AÓB, ÁRÁ, ÁJ, EKJ, FrS, GE, GB, GGuðbj, GJH, GHelg, HBl, JE, JBH, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, PBald, PBj, RA, SalÞ, SighB, StG, SJS, StB) fjarstaddir.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Ábyrgð á norrænum fjárfestingarlánum til verkefna utan Norðurlanda, frh. 1. umr.

Stjfrv., 237. mál. — Þskj. 278.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [12:09]

Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁMM, BBj, DH, EH, EgJ, EKG, EMS, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GunnS, HÁ, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JónK, KHG, KÁ, MB, PJ, RG, SigG, SAÞ, SP, SvG, TIO, VG, VS, VE, ÞBern, ÞurP.

27 þm. (AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BjörkJ, EKJ, FrS, GE, GB, GGuðbj, GJH, GHelg, HBl, JE, JBH, LMR, MF, ÓE, ÓRG, PP, PBald, PBj, RA, SalÞ, SighB, StG, SJS, StB) fjarstaddir.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Vöruverð lífsnauðsynja og verðmunur á milli þéttbýlis og dreifbýlis, fyrri umr.

Þáltill. GunnS og GE, 103. mál. — Þskj. 106. [12:10]

Flm. (Gunnlaugur Stefánsson):

Hæstv. forseti. Ég flyt ásamt hv. þm. Gísla S. Einarssyni till. til þál. um úttekt á vöruverði lífsnauðsynja og verðmun er ríkir á milli þéttbýlis og dreifbýlis. Með leyfi forseta hljóðar tillagan svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera nákvæma úttekt á vöruverði lífsnauðsynja og þeim mikla verðmun er ríkir á milli þéttbýlis og dreifbýlis í þeim efnum. Kannað verði sérstaklega hvaða ástæður valda slíkum verðmun. Þá er ríkisstjórninni falið að grípa til ráðstafana í ljósi úttektarinnar er miði að jöfnun verðlags á lífsnauðsynjum í landinu með því að vöruverð á landsbyggðinni megi lækka til samræmis

við það sem almennt gerist á höfuðborgarsvæðinu."

Hæstv. forseti. Þannig hljóðar tillagan. Verðkannanir undanfarin ár hafa staðfest að gríðarlegur verðmunur er á brýnustu nauðsynjavörum á höfuðborgarsvæðinu annars vegar og landsbyggðinni hins vegar. Þessi mismunur hefur verið að aukast síðustu ár. Slíkt ástand hefur án efa mikil áhrif á búsetuþróun í landinu. Fólkið í strjálbýlinu geldur fyrir búsetu sína sem kemur fram í lakari lífskjörum þar sem fólk þarf að borga meira fyrir sömu vöru en t.d. á höfuðborgarsvæðinu. Nú hlýtur það að vera kappsmál að neytendur megi njóta sem hagstæðasts vöruverðs og sannarlega er það fagnaðarefni þegar versluninni tekst að bjóða neytendum lækkun á vöruverðinu, hvort sem það verður vegna aukinnar samkeppni, hagræðingar eða bættra viðskiptakjara. En sú spurning hlýtur að vakna hvort verslunin í landinu sitji við sama borð hvað viðskiptakjör snertir, flutningskostnað og skattlagningu. Mikilvægt er að kannað verði rækilega hvort sú er raunin að landsbyggðarfólk niðurgreiði vöruverð á höfuðborgarsvæðinu vegna lakari viðskiptakjara er landsbyggðarverslunin býr við.

Verslunin á landsbyggðinni á víða í vök að verjast. Þar liggja margar ástæður að baki. Fámenni að baki hverri verslun, hár fastur rekstrarkostnaður, kröfur um fjölbreytt vöruúrval og víðtæka þjónustu sem oft er erfitt að standa undir. Samkeppnisstaða landsbyggðarverslunarinnar samanborið við verslunarhætti á höfuðborgarsvæðinu er því veik. En aðgerðir stjórnvalda skipta hér einnig miklu máli, t.d. í skattamálum. Flutningskostnaður kemur af fullum þunga inn í vöruverðið. Skattlagning á slíkan kostnað hlýtur því að hækka verð vörunnar og rýra þar með lífskjör landsbyggðarfólks.

Því er afar brýnt að kannað verði hver bein áhrif stjórnvaldsathafna eru á vöruverðið sem raska verðlagsmyndun eftir landshlutum og skapa aðstöðumun gagnvart lífskjörum eftir búsetu.

Það hlýtur að vera vilji stjórnvalda á hverjum tíma að fólk búi við sem jöfnust lífskjör óháð búsetu. Sá aðstöðumunur, sem nú blasir við og birtist í misháu verðlagi á nauðsynjavörum eftir búsetu, er óviðunandi. Þessi þingsályktunartillaga beinist að því að leitað verði allra leiða til að ná megi fram lækkun á vöruverði á landsbyggðinni er miði að jöfnun lífskjara og að landsmenn megi allir sitja við sama borð.

Hæstv. forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði till. vísað til síðari umr. og efh.- og viðskn.

[12:15]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Ég þakka flm. þessarar tillögu fyrir flutning hennar því hér er um þarfasta mál að ræða og ástæða til þess að vinna í því máli sem tillagan fjallar um, mismun á vöruverði milli dreifbýlis og þéttbýlis.

Það er nú svo hér í Alþingi að ráðherrar þessarar hæstv. ríkisstjórnar láta aldrei svo lítið að vera við þegar þingmannamál eru til umræðu og er það hinn versti ósiður sem ég vil gagnrýna harðlega. Það hefði verið ástæða til þess að tala við hæstv. viðskrh. í þessari umræðu því það vill svo til að það er nefnd starfandi einmitt í þessu máli á vegum viðskrn. og væri fróðlegt að vita hvort sú nefnd hefði gert eitthvað í þessu máli síðustu fjögur árin. Ég veit ekki til að hún hafi gert nokkurn skapaðan hlut, en ég hef heyrt að hún hafi haldið einn fund á síðasta ári norður á Hornströndum, nánar tiltekið í Hornvík, svo ég hefði viljað spyrja hæstv. viðskrh. hvort þetta sé rétt.

(**Forseti** (PJ)**:** Forseti vill taka fram að hæstv. viðskrh. hefur boðað veikindaforföll.)

Já, það gefst kannski tækifæri til þess síðar að ræða þessi mál við hann. En sannleikurinn er sá að hv. 5. þm. Austurl. þykir rétt að reyna að herða á þessu máli og vil ég styðja hann í því og kem til að lýsa stuðningi við þessa tillögu og mér finnst ekki af veita að ýta á eftir ráðherrum Alþfl. í þessu máli sem hafa haft með þau að gera síðustu fjögur árin. Sannleikurinn er sá að auðvitað er mikill munur á vöruverði milli dreifbýlis og þéttbýlis og þar eru ýmsar ástæður fyrir hendi, m.a. þær sem hv. flm. rakti og það eru einnig fleiri ástæður. Það er staðreynd að t.d. bankar eru farnir að mismuna verslunum í þjónustugjöldum eftir stærð þeirra. Þóknanir fyrir Visaúttektir eru hærri hjá minni verslunum heldur en þeim stærri. (**Gripið fram í:** Um allt land.) Já, um allt land. (**Gripið fram í:** Líka í Reykjavík.) Já, líka í Reykjavík. (**Gripið fram í:** Þar ríkir jöfnuður.) Já. En hins vegar, hv. 5. þm. Reykv., er þessi verðmunur milli dreifbýlis og þéttbýlis miðaður við stærstu verslanirnar í Reykjavík og þess vegna vegur þetta í þessum mun og miklu fleira. Það er auðvitað staðreynd að innan höfuðborgarsvæðisins er einnig mikill mismunur á vöruverði eftir verslunum. Hv. þm. þekkja allir umræðuna um það þegar stórmarkaðir hér í bæ eru farnir að selja vörur undir heildsöluverði og það er mismunað stórlega verslunum í því efni.

En ég lýsi stuðningi við þessa tillögu en veit það jafnframt að verslanir úti á landi vinna mjög mikið starf í því um þessar mundir að reyna að lækka sitt vöruverð, skipuleggja sína aðflutninga og það hefur orðið gífurlega mikil breyting í því efni, að heildsölustigið er að hverfa meira, a.m.k. út úr matvöruverslununum. Þannig að auðvitað munar mest um það sem verslunin sjálf vinnur á þessu sviði þó vissulega verði hið opinbera að koma þar til líka, a.m.k. að hið opinbera skattleggi ekki aðstöðumuninn í landinu eins og nú er, því miður.

[12:20]

Björk Jóhannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil lýsa ánægju minni yfir því að þáltill. um verðmun á lífsnauðsynjum milli þéttbýlis og dreifbýlis skuli hér fram komin. Við sem veljum það að búa á landsbyggðinni og þá sérstaklega þeir sem búa langt frá Reykjavík finnst það sorglegra en tárum taki hve verðmunurinn er mikill. Við höfum öll heyrt að verð fari almennt lækkandi í landinu og er það eflaust rétt, en eftir sem áður helst þetta misvægi milli kjara fólks á landsbyggðinni og höfuðborgarsvæðisins í formi verðmismunar á lífsnauðsynjum. Ástæður þessa eru m.a. eins og segir í grg. með tillögunni, með leyfi forseta:

„Fámenni að baki hverri verslun, hár fastur rekstrarkostnaður, kröfur um fjölbreytt vöruúrval og víðtæka þjónustu sem erfitt er að standa undir."

Heyrst hafa dæmi um að heildsalar semji um magninnkaup til stórmarkaða á lægra verði en sem nemur framleiðslukostnaði. Því sem heildsalinn tapar á slíkum viðskiptum nær hann svo upp með hærri álagningu til smærri verslana, þar á meðal landsbyggðarverslana. Þetta er erfitt að sætta sig við en því miður þekki ég raunveruleg dæmi um slíkt. Þá má nefna það hér að víða á landsbyggðinni hafa menn ekki sömu sögu að segja af stöðugleika í vöruverði. Þannig virðist verðbólgan ekki alveg hafa gleymt okkur úti á landi.

Allt þetta gerir það að verkum að fólk er í æ ríkara mæli farið að versla í Reykjavík vegna þess að það þarf hvort eð er að sækja þangað svo margvíslega opinbera þjónustu sem veitist ekki alls staðar í hinum dreifðu byggðum landsins. Landsbyggðarverslunin getur ekki undir nokkrum kringumstæðum staðist þessa verslunarhætti vegna þess að það sitja ekki allir við sama borð samkeppnislega séð.

Virðulegi forseti. Ég fagna því mjög að tillaga þessi skuli hér fram komin á hinu háa Alþingi vegna þess að ég el þá von í brjósti að fólk þurfi ekki að búa við lakari kjör bara af því að það vildi búa utan Stór-Reykjavíkursvæðisins.

[12:23]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég fagna þessari tillögu sem hér er flutt. Ég tel að það sé full ástæða til að huga að þessum málum. Það er að vísu athyglisvert að það skuli vera stjórnarþingmenn sem flytja tillöguna vegna þess að ég tel að það hljóti að lýsa því að þeir hafi ekki fengið hljómgrunn fyrir sínar skoðanir og vilja í viðræðum við sína félaga í stjórnarliðinu um það að taka á þessum málum. Ég held reyndar að það sé full ástæða til þess að þeir hafi flutt tillöguna því þau mál sem hafa átt að verða landsbyggðinni til framdráttar í stefnuyfirlýsingum ríkisstjórnarinnar hafa lítið skilað þeim málum áfram. Ég bendi t.d. á niðurgreiðslur á húshitunarkostnaði, sem var eitt af því sem ríkisstjórnin lýsti alveg sérstaklega yfir að ætti að taka á. Þar hefur mjög lítið miðað. Ég held að það muni ekki meiru heldur en sem svarar 40 millj. eða eitthvað svoleiðis á því sem greitt var niður hér á árunum 1991 og 1992 og því sem er greitt niður núna til húshitunar og það dregur ekki langt.

Ég held að ríkisstjórnin hafi hreinlega gefist upp við það að jafna húshitunarkostnaðinn, en það er mín skoðun að það séu fyrst og fremst svona aðalútgjaldaliðir fjölskyldnanna sem hið opinbera á að hafa afskipti af og sjá til að fólkið almennt í landinu öllu hafi svipaða möguleika til að hafa svipaðan kostnað af sinni framfærslu. Ég nefni orkuna og ég nefni t.d. símakostnað í því sambandi.

Af hverju að láta fara fram úttekt á þessu? Út af fyrir sig held ég að menn viti nokkurn veginn hvað kemur út úr slíkri úttekt og það eru allar upplýsingar til í þessum málum, en það sakar svo sem ekki að safna þeim saman þannig að menn geti skoðað þetta í heildina. Það er aftur á móti spurning því það kemur mjög skýrt fram hvað hv. flytjendur þessa máls leggja til. Þeir segja skýrt í tillögunni að ríkisstjórninni sé falið að grípa til ráðstafana í ljósi úttektarinnar sem miði að jöfnun verðlags á lífsnauðsynjum. Ég skil þetta þannig að ríkisstjórnin eigi að sjá til þess að það sé jafnt verðlag um allt land og það er auðvitað mikið í fang færst. Ég hef reyndar ekki trú á því að það takist en það mætti verða einhver atburður áður sem skipti þá verulegu máli og mér finnst að það þyrfti a.m.k. að geta orðið samstaða um það í hv. Alþingi og ríkisstjórnin ætti að geta framfylgt því að það yrði tekið á þessum höfuðþáttum sem menn hafa ráð á og þá er ég að tala um orkumálin og t.d. símann. Síðan er auðvitað erfitt að taka á í sambandi við vöruverðið því að ég á ekki von á því að menn séu tilbúnir að fara að greiða niður vöruverð á landsbyggðinni. Mig langar til þess að spyrja hv. þm., 1. flm. þessa máls, hvernig hann telur að það eigi að taka á því, að fá vöruverðið lækkað. Ég gæti vel ímyndað mér að það mætti með einhverjum hætti skipta sér af því hvernig heildsalar selja vöru sína, að það sé a.m.k. komið á jafnræði þannig að það sé ekki hægt að halda því fram að fólkið á landsbyggðinni sé að greiða niður vöruverð hér á höfuðborgarsvæðinu og kaupmenn úti um landið eigi aðgang að sama verði og aðilar hér á höfuðborgarsvæðinu. Það er út af fyrir sig hugsanlegt að gera einhverja slíka hluti, en það mun auðvitað ekki tryggja það að vöruverð á landsbyggðinni lækki einhver ósköp, því þessi stóru fyrirtæki sem rekin eru á höfuðborgarsvæðinu og þar sem mikið þéttbýli er hafa auðvitað yfirburði til þess að bjóða lágt vöruverð. Ég hef því ekki alveg séð fyrir mér hvernig eigi að taka á þessum hlutum.

Síðan er auðvitað ekki því að leyna að landsbyggðarverslunin á í miklum erfiðleikum og hún mun auðvitað halda áfram að eiga í erfiðleikum. Nú er kominn upp nýr vandi sem er sá að það er farið að gefa möguleika á því að panta sendingar frá stórmörkuðum hér út á landsbyggðina og menn geta svo sem fengið einu sinni í mánuði pakkann sinn og þar með eru þeir að grafa gjörsamlega undan versluninni á því svæði sem þeir búa á. En þetta er orðið fyrir hendi sums staðar og ég á von á því að það muni aukast mjög á næstunni. Spurningin er hvernig landsbyggðarverslunin bregst síðan við þessu.

Ég held að þessi þróun verði ekki stöðvuð, en mér leikur forvitni á að heyra hvernig hv. flm. hafa hugsað sér að það yrði tekið á þessu vandamáli landsbyggðarverslunarinnar. Það má auðvitað hugsa sér að gera ýmislegt. Við höfum haft sama verð á orku ef hún er seld á bensínstöðvum allt í kringum landið. Það hafa yfirvöld séð til á undanförnum mörgum árum, að það sé hægt að kaupa bensín á sama verði hvar sem maður keyrir um á landinu. En menn hafa ekki getað keypt raforku, menn hafa ekki getað fengið að tala í síma fyrir sama verð á landsbyggðinni eins og í þéttbýlinu. Þarna finnst mér að mönnum hafi skotist hér í hv. Alþingi því það er greinilega hægt að taka á málunum.

Ég er ekki alveg jafnsannfærður um það hvernig á að jafna vöruverð í verslunum. En ég ætla sannarlega að styðja menn í því ef menn hafa tillögur sem hægt er að framfylgja af einhverri skynsemi í því efni.

[12:30]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Þeir sem hafa verið hér um nokkurt skeið eins og sá sem hér stendur kannast við það að þegar nær dregur kosningum fjölgar tillögum af ákveðnu tagi í þessari stofnun þar sem menn vilja að tekið sé á málum eins og t.d. vöruverði í dreifbýli. Satt að segja er það mjög skiljanlegt vegna þess að vöruverð er svívirðilega hátt í dreifbýli og eðlilegt að þingmenn dreifbýlisins skuli vilja fjalla um þau mál hér. En vandinn hefur hins vegar verið sá að um þau mál hefur mikið verið talað en í þeim málum hefur ekkert verið gert.

Það hafa verið skipaðar margar nefndir til þess að fjalla um þetta, t.d. um stöðu dreifbýlisverslunarinnar. Fyrrv. viðskrh., sem er núna í Norræna fjárfestingarbankanum, skipaði nefnd til að fjalla um stöðu dreifbýlisverslunarinnar. Hún skilaði ítarlegri skýrslu og síðan hefur ekkert til þeirrar skýrslu spurst. Núv. viðskrh. sem tók við af honum skipaði líka nefnd til að kanna stöðu dreifbýlisverslunarinnar og ég hef sannfrétt að sú nefnd hafi í undirbúningi skýrslu um málið sem kemur vonandi hið fyrsta. Ég hef frétt hins vegar að það sé lítið um fundi á vegum þeirrar nefndar. Þeim mun meira vinni menn á milli funda og síðasti fundur nefndarinnar hafi verið haldinn í Fljótavík norður á Hornströndum þannig að þar hafi menn komið saman til að fjalla um vanda dreifbýlisverslunarinnar, enda er hann óvíða ljósari en einmitt á Hornströndum vegna þess að það er alveg augljóst hvert stefnir með dreifbýlið ef svo fer fram sem horfir að það verði einn samfelldur þjóðgarður verslanalaus nema það verði þá ein og ein pulsusjoppa fyrir túrista til þess að kíkja við í. Síðan hefur Alþingi rausnast til þess að leggja eina millj. og jafnvel tvær til að rannsaka dreifbýlisverslunina ár eftir ár og hefur verið alveg gríðarlega mikil þensla í kringum það mál hér stundum í ræðustól við afgreiðslu fjárlaga. (**GunnS:** Þar sem menn keyptu nestið.) Það er ekki ljóst, hv. þm., hvar menn keyptu nestið, en það gæti hins vegar verið í verslun þar sem er samkeppni um verðið en það getur auðvitað líka hafa verið í verslun þar sem er ákveðið verð, ríkisverð, á tilteknum nauðsynjum manna, t.d. verslun sem ríkið rekur og skilar milljörðum í ríkissjóð og heitir Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins og þar er nú aldeilis samræmt verð.

En rannsóknir á dreifbýlisversluninni hafa sem sagt farið fram með þeim hætti að það hefur verið settur peningur í þetta núna ár eftir ár og við höfum tekið eftir því sem erum að endurskoða ríkisreikninginn á hverju ári, ég og sá maður sem situr hérna að baki mér, hæstv. forseti, að þessir peningar eru aldrei notaðir. Menn setja tvær millj. eitt árið eina og hálfa eitt árið og 800 þús. á næsta ári í það að rannsaka stuðningsaðgerðir við dreifbýlisverslunina og það kemur einlægt í ljós að þegar þarf að skera niður í ráðuneytunum þá eru þessir peningar skornir, þeir eru aldrei notaðir. Ég segi það alveg eins og er að ég held að það sé mjög nauðsynlegt að menn taki sig dálítið alvarlega í þessari umræðu vegna þess að hér er um að ræða svið sem menn ráða ekki mjög mikið við nema að hluta til. Menn ráða ekki við markaðshliðina á þessu máli nema menn vilji afnema markaðsbúskap. Og það er út af fyrir sig umhugsunarefni hvort þessi till. til þál. sé um að leggja niður kapítalismann og má segja að það sé mál til komið að flutt sé þannig tillaga í þessari stofnun, en ég hef nú grun um að svo sé ekki, það eigi ekki að skoða tillöguna í því ljósi.

Spurningin er þá um það hvort menn eru tilbúnir til þess að skoða þá þætti sem við í raun og veru ráðum við. Viljum við fara í það? Vilja menn fara í það að jafna orkuverð? Vilja menn fara í það að jafna símakostnað? Vilja menn fara í það að greiða niður og jafna flutningskostnað? Vilja menn fara í það eins og gert er t.d. að því er varðar verðlag á tóbaki og brennivíni, sementi, að því er varðar verð á landbúnaðarafurðum o.s.frv. eða hvað? Er það það sem menn eru að tala um? Hvað eru menn í raun og veru að tala um? Það er nauðsynlegt að átta sig á því hvað það er sem ríkisstjórnin á að gera því að hér stendur, með leyfi forseta:

„Þá er ríkisstjórninni falið að grípa til ráðstafana í ljósi úttektarinnar er miði að jöfnun verðlags á lífsnauðsynjum.“ Hvað vilja menn ganga langt í jöfnun? Ég sé það í hendi mér, hæstv. forseti, að hér er um að ræða mjög flókið vandamál og alvarlegt, mál sem snertir búsetuþróun í landinu eins og hér stendur í greinargerð tillögunnar. Hér er t.d. talað um það að landsbyggðarfólk niðurgreiði vöruverð á höfuðborgarsvæðinu vegna lakari viðskiptakjara er landsbyggðarverslunin býr við. Hvað er hér verið að tala um? Hér er m.a. verið að tala um þá staðreynd að það er meira og minna búið að leggja niður heildverslun með tilteknar lífsnauðsynjar til landsins. Það er búið að leggja niður heildverslun og í staðinn hafa menn ákveðið að flytja vörur beint inn á vegum þessara stóru smásöluverslana, þ.e. Bónus- og Hagkaupskeðjanna, og þar af leiðandi er það svo að verslunin í dreifbýlinu býr við allt aðrar aðstæður að þessu leytinu til líka. Ég spyr, hæstv. forseti: Hvað vilja menn í raun og veru gera? Vilja menn vera með aðra skatta á dreifbýlisverslun? Eru menn til í það? Eru menn til í það t.d. að fella niður skatta á skrifstofu- og verslunarhúsnæði á dreifbýlisverslun? Ég var með tillögu um það ásamt hv. 5. þm. Vestf. fyrir fáeinum árum að dreifbýlisverslunin slyppi við skatt á skrifstofu- og verslunarhúsnæði þannig að það væri sérstaklega tekið út úr. Ekki vildu menn það. Eru menn að tala hér um sérstaka niðurgreiðslu á aðstöðu fyrir dreifbýlisverslun, t.d. að húsnæði verði borgað niður, fasteignagjöld verði borguð niður eða hvað eru menn að tala um? Ég held að það hljóti að vera eftirspurn eftir því hjá því fólki sem býr í dreifbýlinu við þetta svívirðilega háa vöruverð að menn segi það skýrt hvað þeir eru að tala um í þessum plöggum, vegna þess að ég skil þetta ekki þannig að menn séu með tillögur um að leggja niður kapítal-

ismann sem er þó hugmynd út af fyrir sig, hæstv. forseti.

[12:37]

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Það voru margar athyglisverðar spurningar sem hv. síðasti ræðumaður bar fram og verður spennandi að fylgjast með svörunum við þeim. En það sem kallar mig helst hérna upp var ræða hv. þm. Jóns Kristjánssonar þegar hann minntist á það að verslanir væru í nokkrum mæli nú orðið að selja vörur undir heildsöluverði. Þetta er mál sem ég hef margoft rætt hér í ræðustól og ég hef margoft rætt í hv. efh.- og viðskn. en það er þegar menn gera út á virðisaukaskattinn.

Menn hafa talað hér nokkuð mikið um skattsvik og skattsvikara og þegar menn gera út á virðisaukaskattinn að mínu viti eru þeir ekki að gera neitt annað en að svíkja undan skatti. Þegar menn mynda sér hærri innskatt en útskatt þá eru menn að svindla á kerfinu. Við getum bara tekið dæmi. Þegar verslun kaupir inn á 1.000 kr., þá er hún með innskatt upp á 245 kr. Ef hún síðan selur þá vöru á 500 kr., þá er hún með útskatt upp á 100 kr. sem þýðir það að ríkissjóður þarf að greiða til baka 145 kr. út úr virðisaukaskattskerfinu. Þetta er auðvitað ekkert annað en svindl á kerfinu. En það þýðir ekkert að tala við kerfiskarlana okkar um þetta og ekki heldur ráðherrann. Þetta blasir við öllum sem það vilja sjá, að þegar menn selja undir innkaupsverði, þá eru þeir að gera út á kerfið. Á þessu á Alþingi auðvitað að taka. Það á að banna í einhvern tiltekinn tíma að selja undir heildsöluverði. Auðvitað kemur að því að það þarf að losa vöruna. Það þarf að halda útsölu og annað slíkt. En á einhverjum tilteknum tíma á auðvitað að banna slíkt. Þetta gerir það að verkum að hinir stóru og sterku geta drepið af sér hina litlu. Það er nákvæmlega það sem er að gerast. Þetta hef ég margoft talað um en fyrir daufum eyrum, margoft, og er að reyna það þá enn einu sinni hér og nú.

Hv. þm. kom líka inn á það að dreifbýlisverslunin borgaði meira í umboðslaun til greiðslukortafyrirtækjanna. Þetta er bara rangt. Þetta er einfaldlega rangt. Það er borgað fyrir greiðslukortin eftir veltu og engu öðru. Það fer eftir veltu fyrirtækjanna og velta dreifbýlisverslunarinnar er mjög svipuð og hjá t.d. bara kaupmanninum á horninu í Reykjavík þannig að það er nákvæmlega sama sem dreifbýlisverslun borgar og kaupmaðurinn á horninu í Reykjavík eða þær verslanir sem hafa litla veltu þannig að það er alger jöfnuður þarna á milli.

Hv. síðasti ræðumaður talaði um það að heildsalan væri nánast að leggjast af í þessum viðskiptum, hún væri að færast mikið yfir til verslana eins og Bónus. Menn gleyma því að dreifbýlisverslun í mjög miklum mæli er farin að flytja inn sjálf, í mjög miklum mæli. Það er mjög stór innflutningsaðili t.d. í Skagafirði, mjög stór og hann meira að segja selur hingað á Reykjavíkursvæðið. Og þá held ég að menn ættu nú að fara að kíkja á það hvar þessi verðmismunur í raun og veru liggur. Þess vegna fagna ég svona tillögu vegna þess að það dregur það fram í dagsljósið. Ég held að hann liggi fyrst og fremst í álagningunni, fyrst og fremst í smásöluálagningunni úti á landi. En ég get líka skilið það vegna þess að markaðurinn er svo smár að ef þessar verslanir eiga að geta rekið sig þá verða þær að starfa á hærri álagningu þannig að mér þykir það liggja nokkuð í augum uppi af hverju þetta er.

Hitt er svo annað mál að það er svo eftir svæðum hvernig rekstrarkostnaðurinn er, sérstaklega ef menn eru að horfa til rafmagns og hita og þar er kannski augljósasti munurinn. En þegar menn svo ofan í þetta tala um flutningskostnaðinn þá verða menn líka að taka það inn í myndina að að verulegu leyti í dag er flutningskostnaður greiddur af innflutningsaðilanum. Í verulegum mæli er varan seld héðan af þessu svæði á sama verði til dreifbýlisverslunar og til verslunar hér á Stór-Reykjavíkursvæðinu. Þá hlýtur maður aftur að koma að þessari áleitnu spurningu: Hver er álagningarþátturinn? Það er m.a. þess vegna sem ég fagna þessari tillögu vegna þess að ég held að hann sé aðalþátturinn í þessu, aðalþátturinn. (**MB:** Ekki er það hjá ríkinu.) Ríkið er nú allt annað. (**MB:** En brennivínið?) Brennivínið er reyndar selt á sama verði út úr öllum verslunum á landinu en þar sem ekki eru verslanir, þar kemur flutningskostnaður ofan á. Það þekkir hv. framsíkallandi en við fluttum tillögu um það að jafna þann kostnað á sínum tíma en það fékk ekki að koma út úr nefnd.

Ég held hins vegar að það væri ráð þegar svona könnun fer fram, hv. flm., að leggja hugsanlega höfuðáherslu á þær vörutegundir og matvörutegundir sérstaklega eða lífsnauðsynjar sem eru inni í framfærsluvísitölunni og gera verðsamanburð þar á. Alla vega verður að taka út ákveðna flokka og bera þá beint saman. Ég held að menn fengju þá betri mynd af þessu máli.

Hæstv. forseti. Ég kom fyrst og fremst upp til þess að ræða enn einu sinni um virðisaukaskattinn sem mér finnst alveg fáránlegt að menn séu ekki tilbúnir að taka á með neinum öðrum hætti. En ég kom líka upp til þess að fagna þessari tillögu af því að ég tel að það sé löngu orðið tímabært að draga það fram í dagsljósið hvernig þetta er í raun og veru vegna þess að menn eru sýnkt og heilagt að skella skuldinni eða ásaka verslunina í Reykjavík og innflutningsaðila í Reykjavík fyrir það að þeir haldi þessu verði uppi. Ég fullyrði að það sé rangt. En ég get alveg tekið undir það að í einstaka tilfellum er þetta vafalaust rétt, í einstaka tilfellum, en í miklum meiri hluta eru menn að selja á sama verði út um allt land. Það þekki ég af eigin raun því að ég hef stundað slíka verslun og hún var stunduð með þeim hætti að flutningskostnaður var yfirleitt greiddur og það er yfirleitt krafa þeirra sem eru að versla við heildsalana í Reykjavík. Það eru einstaka mjög stórir aðilar sem hafa efni á því að haga sér með öðrum hætti.

[12:44]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil aðeins leiðrétta hv. 5. þm. Reykv. í því að ég hafi farið með rangt mál. Ég sagði

aldrei að litlar verslanir í Reykjavík byggju við annan kost en verslanir úti á landsbyggðinni í þessu efni. Munurinn er bara sá að þegar mælt er í verðkönnunum verðmunur úti á landi og í Reykjavík, þá er miðað við lægsta verð hér á þessu svæði, verðið í stórmörkuðum, og úti á landi eru eingöngu litlar verslanir sambærilegar við verslanir kaupmannsins á horninu í Reykjavík. Hér er verulegur verðmunur milli verslana eins og allir þekkja sem hafa verslað hér. Landsbyggðarverslunin er sambærileg að þessu leyti. Ég ítreka það svo að auðvitað er þetta mál tvíþætt og það er langsamlega mest sem verslunin getur gert í þessu sjálf með endurskipulagningu og með samstarfi og reyndar með beinum innflutningi. Landsbyggðarverslunin hefur gert það í stórum stíl, það er alveg rétt. Hér eru svæði á landinu sem munar ekki miklu á verði eins og t.d. Akureyrarsvæðið. Ég held að það muni sáralitlu eða engu á verði þar og hér í Reykjavík. En eigi að síður getur ríkisvaldið lagt sitt af mörkum a.m.k. að skattleggja ekki aðstöðumuninn í landinu.

[12:46]

Ingi Björn Albertsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ár eftir ár hafa verðkannanir verið gerðar út um allt land og ár eftir ár hefur það komið fram í þessum verðkönnunum að ódýrasta matvöruverslun á landinu hefur verið úti í dreifbýlinu. Nú getur menn kannski greint á um hvar dreifbýlið hefst en mig minnir að hv. fyrrv. formaður Framsfl. hafi dregið línu hér við Straumsvík, þannig að ég hygg að það sé nokkuð öruggt að mega segja það að verslun upp á Akranesi sé dreifbýlisverslun. Þar var verslun sem heitir Einarsbúð ár eftir ár með lægsta vöruverð á landinu. (**IP:** Ekki á landinu. Á landsbyggðinni.) Á landinu. Þannig að ég bið menn að athuga íhuga hvernig þessi verslun fór að þessu. Ég hygg að það liggi nokkuð ljóst fyrir. Það er með skynsamlegum innkaupum og með skynsamlegri álagningu fyrst og fremst. Þannig að eins og hv. þm. kom inn á hér áðan eru þess auðvitað dæmi að það er til lágt verð. En þarna vorum við að tala um lægsta verð sem fram kom í könnunum.

[12:47]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Ég get tekið undir með þeim sem hér hafa talað og gert kröfur til flm. að þeir skilgreini nánar og segi okkur hvað þeir eigi við. Tillagan sem slík segir kannski ekki mikið en greinargerðina mætti lesa þannig að almennt sé vöruverð miklu hærra á landsbyggðinni en á Reykjavíkursvæðinu. Það er hins vegar ekki þannig. Það er rétt að það eru ákveðin svæði sem eiga við veruleg vandamál að stríða á landsbyggðinni varðandi verslun og varðandi það að halda uppi eðlilegu framboði af brýnum nauðsynjum. En það er því betur þannig að stór svæði á landsbyggðinni hafa hagrætt þannig í sinni verslun, komið henni þannig fyrir, að þar er í dag boðið hliðstætt vöruverð og er á höfuðborgarsvæðinu. Við eigum ekki og megum ekki, landsbyggðarfólk, ala stöðugt á því að hér sé allt saman mikið betra á höfuðborgarsvæðinu. Það er bara vísasta ávísunin á fleiri farmiða til fyrirheitna landsins.

Ég get sagt og tala af nokkurri reynslu að á öllu Mið-Norðurlandi, á verslunarsvæði Skagafjarðar, Eyjafjarðar og Húsavíkur búa menn í dag við mjög hliðstætt vöruverð og gerist í Reykjavík. Þetta hefur náðst með mikilli hagræðingu og því að fara í verslunarhætti þar sem boðið er upp á styttri opnunartíma, þrengra vöruval, en þó það gott vöruval að neytendur hópast að þessum verslunum til að gera þar sín innkaup sem segir mér að þar fái menn þó þrátt fyrir að menn hafi skorið niður vörunúmer í verslun um helming, úr einhverjum 4.000 niður í 2.000, að þá fá menn þrátt fyrir allar þær nauðsynjar sem menn þurfa.

Ég geri mér hins vegar alveg grein fyrir því að það eru ákveðin fámenn landsvæði sem eiga í erfiðleikum og þá eiga menn að einangra umræðuna og vandamálið við það. Það er líka miklu vænlegra til lausnar ef það er gert. Hversu mikið hið opinbera getur lagt þar af mörkum átta ég mig ekki á að fullu og leita þess vegna eftir því hvað hv. flm. eiga við með því. Þar sem ég þekki til hafa menn verið á fullu, ekki við að leita til hins opinbera heldur til þess að laga til hjá sjálfum sér og vita hvað menn geti gert til að koma þessum hlutum í betra lag. Það hefur m.a. verið gert eins og hér hefur verið nefnt með stórauknum beinum innflutningi, með því að komast fram hjá heildsölunum. Það kann vel að vera að það að stórir aðilar hafa farið þá leið geri það að verkum að minnstu aðilarnir sem eru upp á heildsölunarnar komnir eigi enn þá erfiðara, það má vel vera. Þá verða menn að skoða það og eins og ég sagði að einangra vandamálið. Slá þessu ekki hér upp sem einhverju allsherjarvandamáli landsbyggðarinnar því það er það ekki.

[12:52]

Flm. (Gunnlaugur Stefánsson):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka þær umræður sem hér hafa orðið um þá till. til þál. er ég flyt ásamt hv. þm. Gísla S. Einarssyni. Ég get nú tæpast tekið undir með hv. þm. Jóhannesi Geir Sigurgeirssyni í sambandi við þau orð er hann lét falla hér síðast um það að þetta væri til þess að gera lítið vandamál. Ég mátti skilja orð hans svo að þetta væri lítið vandamál hið háa vöruverð lífsnauðsynja á landsbyggðinni. Ég veit að það eru til afmörkuð svæði þar sem hægt er að finna lágt vöruverð á landsbyggðinni og í líkingu við það lægsta sem gerist hér á höfuðborgarsvæðinu. En því miður þá þekkjum við dæmin um hið gagnstæða í langtum ríkari mæli þar sem verðmunurinn er svo hrikalegur að það verður að grípa til einhverra aðgerða. Við hv. þm. getum ekki horft upp á þennan mikla verðmun þó ekki nema að við flyttum svona till. til þál. og afgreiddum slíka tillögu frá þinginu sem er nú hógvær að innihaldi og felst í því að gerð verði úttekt á málinu til að það verði skoðað ofan í kjölinn og leitað verði allra leiða til að búa megi fólkinu sem býr við svo hátt verðlag betri kjör. Það er ekki hægt að sletta í góm eins og hv. þm. Svavar Gestsson gerði áðan. Hann er nú farinn og hlaupinn af hólmi. Ég skil það vel. Hv. þm. Svavar Gestsson sagði orðrétt áðan að það væri

flókið vandamál að jafna lífskjörin í landinu. Það væri flókið vandamal að jafna lífskjörin. Ég held að það sé enginn flokkur í landinu sem hefur oftar notað þetta slagorð en Alþb. Að jafna lífskjörin. En nú þegar kemur fram till. til þál. um það að reyna að stíga skref í átt til jöfnunar lífskjara þá er það orðið flókið. Það mátti skilja á hv. ræðumanni að ekki væri mikill áhugi á því að takast á við það vandamál. Er þetta skýringin á því af hverju svo lítið var gert í þessum efnum á meðan Alþb. var í ríkisstjórn? Er þetta enn eitt dæmið um það að þegar líður að kosningum þá er hrópað hátt til jöfnunar lífskjara en að loknum kosningum er lítið um að verkin tali? Ég verð að segja það, hæstv. forseti, að mér þótti ræða hv. þm. Svavars Gestssonar sorglegt dæmi um lítinn áhuga á að takast á við lífskjörin í landinu og þeirra sem minnst mega sín. Ég fagna því að hv. þm. Svavar Gestsson er mættur til að taka aftur þátt í umræðum og hlýða á mál mitt.

Hér hafa komið til umræðu málefni húshitunar á köldum svæðum landsbyggðarinnar. Það er vissulega fagnaðarefni að það hefur þó náðst árangur til lækkunar á húshitun á köldu svæðunum. Langtum minni árangur en ég hefði viljað sjá. Það hefur þó orðið árangur sem felst í því að fjármunir til niðurgreiðslna á húshitun á köldu svæðunum hafa verið auknir en það hefði mátt gera betur. Vonandi getum við stigið eitt skref við yfirstandandi fjárlagagerð í þá átt að hækka niðurgreiðslurnar enn frekar. Þess vildi ég óska.

Hæstv. forseti. Hér hefur verið spurt: Hvað á að gera? Í þessari tillögu felst að gera úttekt og síðan að ríkisstjórninni verði falið að grípa til ráðstafana í ljósi þeirrar úttektar. Það er erfitt að segja fyrir um það hverjar niðurstöður úttektar verða fyrr en hún hefur farið fram. Eigi að síður bendi ég á það í greinargerð með þáltill. að það megi m.a. huga að afnámi skattlagningar á flutningskostnað. Eins og kunnugt er þá leggst virðisaukaskatturinn á flutningskostnaðinn. Hvort sem hann felst í heildsöluverði vörunnar og það sé heildsalinn sem borgar flutningskostnaðinn eða hann sé lagður á í smásölunni þá hlýtur náttúrlega neytandinn sem slíkur að borga þetta verð hvar sem skattlagningin fer fram. Það liggur ljóst fyrir að það er enginn annar en neytandinn sem borgar þetta verð. Þetta er kostnaður sem er fyrir landsbyggðarverslunina og verður að takast á við. Það hefur margoft verið bent á hvort hér felist ekki í ákveðinn mismunur. Ef það næðist samstaða um það að taka af virðisaukaskattinn á flutningskostnaðinn þá væri það örugglega skref í rétta átt.

Ég geri mér alveg ljóst að hér eru ekki lausnir í sjónmáli sem leysa þetta mál í einu vettvangi. Það þarf að vinna þetta mál og ná samstöðu um niðurstöður og vinna það skref fyrir skref. Þess vegna er þessi tillaga flutt um að hrinda þessari vinnu úr vör. Þess vegna er þetta ekki sýndartillaga, hv. þm. Svavar Gestsson, þetta er alvörutillaga sem miðar að því að stíga eitt skerf í þessa átt þótt hv. þm. Svavar Gestsson hafi ekki mikla trú á að það geti skilað miklum árangri. Það er kannski skýringin á því, hv. þm. Svavar Gestsson, að vöruverðið er hærra víða á landsbyggðinni en það ella þyrfti að vera vegna þess að slíkur áhugi þinn hefur verið um alllangt skeið á málinu. (**SvG:** Það á að ávarpa þingmenn í þriðju persónu.)

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta að sinni. Ég vil leggja áherslu á að þetta mál geti fengið afgreiðslu hér á yfirstandandi þingi.

Ég má nefna kannski eitt dæmi í viðbót og það varðar Samkeppnisstofnun. Það var síðast árið 1991 að Verðlagsstofnun gerði opinbera könnun á verðmun á vöruverði á milli höfuðborgarsvæðis og landsbyggðarinnar og þá kom í ljós mikill verðmunur. Það eru þrjú ár síðan þessi könnun fór fram. Síðan hefur Samkeppnisstofnun, sem tók við af Verðlagsstofnun, ekki látið slíka könnun fara fram. Það má spyrja að því hvort það geti verið til aðhalds í hinni frjálsu kapítalísku samkeppni, eins og hv. þm. Svavar Gestsson nefnir samkeppnina, að Samkeppnisstofnun verði gert að gera slíkar kannanir með skipulögðum hætti einu sinni eða oftar á ári til þess að það liggi fyrir hvernig staðan í þessum málum er hverju sinni.

Það er ástæður fyrir því að Samkeppnisstofnun hefur ekki gert þetta eins og Verðlagsstofnun gerði áður en óþarfi að fara út í það að þessu sinni.

[13:01]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er mikill misskilningur hjá hv. þm. að ég sé á móti jöfnun lífskjara. Ég bið hann um að leggja mér það ekki í munn eða ætla mér slíkt því þvert á móti er ég jafnaðarmaður eins og hann veit. En gallinn við þessa tillögu er sá að það er ekki gert ráð fyrir að gera neitt. Og hv. þm. veit að góð meining gerir enga stoð vegna þess að það er ekkert annað í þessari tillögu en frómar óskir, ekkert. Hv. þm. er aðili að ríkisstjórn sem hefur haft möguleika á því að gera eitt og annað í þessum málum. Hvað hefur ríkisstjórnin gert? Viðskiptaráðherrar hans, hæstv. viðskrh. Jón Sigurðsson og hæstv. viðskrh. Sighvatur Björgvinsson, hafa ekkert gert. Skipað tvær nefndir og önnur hefur skilað skýrslu en hin ekki. Sú seinni hélt síðast fund norður í Fljótavík á Hornströndum. Síðan hefur ekkert til hennar spurst. Það eru ákveðnir fjármunir í því skyni, 800 þús. eitt árið og 2 millj. annað og 1,5 millj. hitt árið á viðskrn., að taka á málum dreifbýlisverslunarinnar. Og hvað er gert? Ekkert. Það er afgangur. Ráðuneytið stendur þannig að málum að það verður að skila afgangi inn í ríkissjóð aftur af þessum fjárlagalið af því að það er ekkert við peningana gert. Þess vegna segi ég alveg eins og er, hv. þm., að mér fyndist sniðugt að byrja á því að flytja tillögu um þetta mál í þingflokki Alþfl. og gá áður en farið er að ráðast á aðra menn í salnum eins og hv. þm. gerði áðan.

[13:03]

Flm. (Gunnlaugur Stefánsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það sem ég gerði í minni ræðu var að vitna orðrétt í ræðu hv. þm. Svavars Gestssonar. Það sem vakti athygli mína og kom fram í hans andsvari var að nú væri það orðið flókið vandamál að jafna lífskjörin í landinu. Ég get tekið undir með hv. þm. Svavari Gestssyni að það virðist vera mjög flókið fyrir mörgum fleirum en honum en það kemur mér

mjög á óvart að hv. þm. skuli ekki vilja taka undir jafnhógværa till. til þál. og þá sem hér er til umræðu um það að gera nákvæma úttekt á vöruverði lífsnauðsynja og þeim mikla verðmun er ríkir á milli þéttbýlis og dreifbýlis í þeim efnum. Það horfir til jöfnunar lífskjara.

Sú nefnd sem nú er að störfum er sérstaklega að skoða stöðu dreifbýlisverslunarinnar en ekki að skoða stöðu verslunarinnar í ljósi vöruverðsins. Það er á þann þátt málsins og þá hlið málsins sem við hv. flm. erum að leggja áherslu með þessari tillögu. Það er háttur þeirra manna sem vilja gera lítið úr málum að hætta að tala um málið og fara að tala um eitthvað allt annað eins og hv. þm. Svavar Gestsson gerði í sínu andsvari.

[13:05]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Gunnlaugi Stefánssyni fyrir þetta svar sem skýrði því miður ekki neitt. En það er eins og tillagan, hún er góð að öllu leyti öðru en því að hún er gagnslaus. Það er ekki skynsamlegt að vekja vonir fátæks fólks í dreifbýli með því að gefa mönnum í skyn að hægt sé með yfirborðstillögu af þessu tagi að leysa úr vandanum að því er varðar vöruverð í dreifbýlinu. Það er ekki fallegt að koma þannig fram og vekja vonir sem menn standa ekki undir. Hv. þm. ræður ekkert við þessar væntingar sem hann er að vekja, m.a. af því að hans flokkur fylgir honum ekki í þessu máli. Það er auðvitað svo ofboðslegt.

Ef hann hins vegar vantar stuðning til alvöruaðgerða þá getur hann haft einn mann hér, þann sem stendur í þessum ræðustól en ég hygg að hann finni fáa í sínum eigin flokki ef ég þekki þann flokk rétt og hef m.a. unnið með honum í ríkisstjórn og m.a. fyrrv. hæstv. viðskrh. Alþfl.

Varðandi það að gera úttekt á vöruverði í dreifbýli þá er líka óþarfi að flytja um það tillögu en það er allt í lagi að flytja um það tillögu vegna þess að slík úttekt er gerð einu sinni í mánuði. Ég held að það sé Hagstofan sem geri þessar kannanir. Það eru verðkannanir sem var komið á fyrir allmörgum árum, m.a. þegar Alþb. átti aðild að ríkisstjórn. Þá tíðkaðist það áður að verðkannanir voru eingöngu gerðar í þéttbýlinu. Því var breytt, m.a. fyrir okkar tilverknað á sínum tíma, og því var fagnað af mjög mörgum aðilum í dreifbýli. En af einhverjum ástæðum var því ekki fagnað sérstaklega af Alþfl. svo furðulegt sem það kann að vera.

[13:06]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég taldi mig hafa talað nokkuð skýrt áðan og það sem ég sagði var að vissulega væri hátt vöruverð í dreifbýli til sem vandamál en það yrði þá að skilgreina það vandamál og skilgreina þau svæði sem eiga við það að stríða og gagnvart því yrðu aðgerðirnar að miðast. En að stilla þessu svona upp, vöruverð í dreifbýli gegn vöruverði á höfuðborgarsvæðinu þjónar engum tilgangi. Það er eingöngu til að drepa málinu á dreif. Ég tek undir það sem hér hefur verið sagt áður, það þarf ekki að flytja tillögu um það að kanna vöruverðið, það er alltaf verið að því, hv. þm. Ég man ekki betur en að við fáum þetta í hólfið okkar alltaf annað slagið og gott ef það er ekki Samkeppnisstofnun sem er farin að senda okkur þetta núna. Hv. þm. ætti bara að lesa póstinn sinn, þá sér hann þetta þar.

Ég innti hv. þm. eftir því hvað hann sæi til úrlausnar. Þingmaðurinn nefndi eitt atriði, flutningskostnaðinn, virðisaukaskatt á flutningskostnað. Ef málið er svo einfalt að ekki þurfi annað þá skulum við drífa í því. En ég er bara því miður hræddur um að málið sé miklu flóknara. Ég er tilbúinn að taka þátt í þeirri vinnu sem einu atriði í almennum byggðaaðgerðum að skoða verslun á ákveðnum, afmörkuðum svæðum, en því betur er það svo að stór hluti landsbyggðarinnar, mikill meiri hluti ef við tökum íbúafjöldann, hefur af eigin rammleik leyst þessi mál. Það gerir hins vegar í mínum huga ekkert lítið úr því að gagnvart dreifbýlasta hluta landsins þurfum við eflaust að grípa til ákveðinna aðgerða en þessi tillaga er því miður ekkert tillegg í þá umræðu.

[13:09]

Flm. (Gunnlaugur Stefánsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Jóhannes Geir Sigurgeirsson sagði það í lok andsvar síns að það þyrfti svo sem eflaust að grípa til einhverra aðgerða á afmörkuðum svæðum landsbyggðarinnar. Ég trúi því ekki að hv. þm. sé ekki kunnugri aðstæðum á landsbyggðinni en svo að láta þessi orð um munn sér fara. Hann þarf ekki að fara víða um landið til þess að verða þess áskynja að þetta er eitt stærsta vandamálið sem við er að etja í lífskjörum fólks á mjög mörgum svæðum. Það heyrir frekar til undantekninga þau svæði þar sem um lágt vöruverð er að ræða á landsbyggðinni sem jafna má við það sem gerist lægst á höfuðborgarsvæðinu.

Ég get líka tekið undir það með hv. þm. að við þurfum auðvitað að skilgreina þetta vandamál. Það er einmitt það sem þessi tillaga fjallar um, að það verði skilgreint og ég veit að hv. þm. mun komast að raun um að það er nauðsyn á að gera það ef hann fer að lesa póstinn sinn og kynna sér hvað í póstinum stendur vegna þess að ef hann hefur fylgst með þeim verðkönnunum sem Samkeppnisstofnun hefur gert á undanförnum þremur árum þá hafa þær einmitt ekki verið heildarverðkannanir á milli landsvæða heldur einskorðast við ákveðnar tegundir vöru og þá á milli verslana og landsvæða. Þess vegna er þessi tillaga flutt m.a. um að það fari fram nákvæm úttekt þar sem kannaðar verði m.a. ástæður þess og í hverju felst sá mikli verðmunur sem raun ber vitni og hefur jafnmikil áhrif á lífskjör fólks og raun ber vitni.

[13:11]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Að mínu mati þarf ekkert heldur að kanna ástæðurnar. Ástæðurnar liggja í augum uppi. Ástæðurnar eru þær að vöruverð er hærra á þeim svæðum þar sem baklandið er fámennt. Það þýðir einfaldlega að menn eru með minni umsetningu á sitt húsnæði, menn eru með hærri flutningskostnað. Þetta ligg-

ur allt saman fyrir. Það þarf ekkert að kanna þetta, hv. þm. En ég skal taka þátt í vinnu að kanna á hvern hátt hægt er að leysa þessi vandamál þar sem menn eiga við það að búa. Það væri þá nær að flytja tillögu sem sneri að þeim þáttum. Tillagan er svo almenn að hún segir ekkert.

Við verðum að horfast í augu við það að lágu vöruverði ná menn ekki öðruvísi en með verulegri umsetningu og það getur einfaldlega þýtt það, hv. þm., að menn þurfi að nota stórbættar samgöngur í landshlutunum til þess að njóta lægra vöruverðs. En það dregur ekkert úr því sem ég hef sagt áður að það eru ákveðin svæði og ákveðnir staðir sem menn verða að leysa á annan hátt.

Ég vil að lokum leyfa mér að spyrja hv. þm. hvort hann telur að landsbyggðin væri betur sett, hvort vöruverð þar væri lægra ef um það væru lög í landinu að vöruverð á öllum nauðsynjum ætti að vera alls staðar eins. Samkeppnin þurrkuð út. Ég svara hiklaust nei. Það er ekki lausnin, en mér finnst að verið sé að gæla við það í þessari tillögu. Við verðum því að leyfa hagkvæmninni og samkeppninni að njóta sín og landsbyggðarfólk eins og aðrir verða að skapa sér þær aðstæður að það geti gerst. Síðan tökum við og leysum sérstaklega vandamál þeirra sem þá standa út af.

[13:14]

Flm. (Gunnlaugur Stefánsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Jóhannes Geir Sigurgeirsson lýsti því hér yfir að hann væri reiðubúinn til þess að taka þátt í vinnu til þess að leysa þetta vandamál. Hvernig stendur á því að hv. þm. Jóhannes Geir Sigurgeirsson hefur ekki flutt till. til þál. eða frv. til laga í þinginu um þetta mál og hvernig eigi að koma á móts við þá knýjandi þörf að lækka vöruverð á landsbyggðinni þar sem það er hæst? Síðan kemur fram í þinginu hógvær tillaga um að stíga eitt skref til þess að þessi vinna megi fara af stað þá fjargviðrast hann út í málið og reynir að drepa því á dreif og setja fót fyrir það. Ég undrast svona málflutning, ég verð að segja það. Og segið mér enn og aftur: Er þetta ein skýringin á því að vöruverð á landsbyggðinni kann að vera hærra en það þarf að vera vegna þess að hv. þm. Jóhannes Geir Sigurgeirsson hafi m.a. með slíkum málflutningi í Framsfl. lagt sitt af mörkum til þess að ekkert hafi verið gert í málinu?

Hv. þm. Jóhannes Geir Sigurgeirsson spurði hvort ég væri að mæla með því að sett verði lög um hámarksverð á lífsnauðsynjum. Það gilda ákveðnar reglur um hámarksverð á ýmsum vörum eins og landbúnaðarvörum, (**JGS:** Ég sagði það ekki.) mjólk og fleiri afurðum. Ég vil hafa það áfram þannig. Er hv. þm. Jóhannes Geir Sigurgeirsson að leggja það til að afnema það? Það eru þá tíðindi, alla vega fyrir Framsfl. og fyrir mér líka.

[13:16]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Þetta er hið merkasta mál sem er á dagskrá. Vissulega er þarft að Alþingi taki það til umræðu en ég get því miður ekki sagt að tillagan sem er til umræðu sem slík sé jafnmerk og málefnið sjálft. Út af fyrir sig er það svo að sjaldnast er ástæða til þess að leggjast gegn því að upplýsinga sé aflað eða úttekt gerð á hlutum. En það leitar samt stundum á mann að mál af þessu tagi séu meira flutt í friðþægingarskyni e.t.v. vegna þess að menn séu að einhverju leyti með vonda samvisku yfir því ástandi sem ríkir og ekkert hefur verið gert gagnvart um langt árabil. Nú vill svo til að flokkur hv. þm. hefur farið með viðskiptamál eða viðskrn. um alllangt árabil og allt of lengi auðvitað og á þeim tíma hefur sannast sagna ekkert verið gert til þess að jafna þennan aðstöðumun. Ég á erfitt með að muna eftir einu einasta atriði þar sem Alþfl., þessi mikli jafnaðarmannaflokkur, hefur farið með málin að þar hafi nokkuð áunnist í þessum efnum. Hafa þeir þó haft ýmislegt undir stjórnsýslu sinni sem hefði gefið þeim tilefni og tækifæri til að taka á málum.

Staðreyndin er auðvitað sú eins og hefur komið fram í umræðunni að þessar upplýsingar liggja í grófum dráttum fyrir og ef menn eru að tala um vöruverðið sérstaklega, þ.e. ef maður tekur orðanna hljóðan í tillögunni bókstaflega, þá liggur það allt saman fyrir. Ég fullyrði að úttektir Verðlagsstofnunar og síðan Samkeppnisstofnunar á undanförnum árum gefa mjög skýra mynd af því hversu miklu hærra vöruverðið er á landsbyggðinni og menn hljóta að muna eftir því úr umfjöllun fjölmiðla á undanförnum árum. (**GunnS:** Síðast 1991.) Staðreyndin er auðvitað sú, hv. þm., að ef svo er ekki þá er Samkeppnisstofnun að bregðast lagaskyldu sinn því það hvílir á henni sú ótvíræða lagaskylda að veita þessar upplýsingar. Ef menn nenna að hafa fyrir því að kynna sér hlutina þá bendi ég mönnum á að lesa 34. gr. samkeppnislaganna. Þar stendur, með leyfi forseta:

„Í því skyni að stuðla að og efla virka samkeppni aflar Samkeppnisstofnun upplýsinga um verð, verðmyndun og önnur viðskiptakjör og birtir niðurstöður, eftir því sem ástæða þykir til. Samkeppnisráð skal setja Samkeppnisstofnun verklagsreglur um öflun slíkra upplýsinga, meðferð þeirra og birtingu."

Og í 1. gr. þessara sömu laga, hv. þm., stendur að viðskrh. fari með þessi mál. Þetta mál er auðvitað í höndum Alþfl. og ef Alþfl. hefur einhvern áhuga á að sinna því er einfaldast fyrir hv. þm. Gunnlaug Stefánsson að biðja hæstv. viðskrh. að hringja í Samkeppnisstofnun eða senda henni bréf og biðja hana um þessar upplýsingar og reyndar ber stofnuninni að hafa þær á reiðum höndum lögum samkvæmt. Það er því ekki þess vegna sem þarf að fara að samþykkja þáltill. að ekki liggi fyrir hver á að sjá um verkið og að þessar upplýsingar eiga að vera aðgengilegar. Það sem ég tel sérstaklega gallað við tillöguna er að hún er allt of þröng. Það sem þarf að gera ef menn vilja virkilega ná utan um málið er að taka lífskjörin í víðasta samhengi og bera þau saman. Þá má ekki orða þetta svona, hv. þm., að það þurfi að gera úttekt á vöruverði lífsnauðsynja vegna þess að með því að binda þetta við vöruna eina vantar mjög margt inn í myndina. En ef menn taka lífskjörin í víðasta samhengi koma þættir inn í eins og mismunandi aðgengi að opinberri þjónustu,

miklu meiri kostnaður landsbyggðarinnar við að koma börnum til náms, fargjöld, flutningskostnaður, orkuverð og annað því um líkt. Ég hef því miður ekki skilið tillöguna svo að ætlunin sé að gera þarna samanburð á lífskjörum eftir byggðarlögum í víðasta skilningi.

Svo er það líka að með málafylgju af þessu tagi fær maður ekki á tilfinninguna að sé ætlunin að neitt sérstakt gerist í framhaldinu eða samtímis og ég fullyrði að það sem vantar til að taka á þessum aðstöðumun eru ekki upplýsingar. Miklu meira en nóg liggur fyrir um það að það hallar á landsbyggðina í fjölmörgum atriðum af þessu tagi, ekki bara varðandi vöruverð í smásöluverslun og daglegum lífsnauðsynjum í búðum, heldur gagnvart fjölmörgum öðrum þáttum. Með því er ég ekki að gera lítið úr vanda hinnar eiginlegu strjálbýlisverslunar og þeirra aðstæðna sem þar er við að glíma og halda sannanlega uppi miklu hærra vöruverði en er hér þar sem hagstæðast gerist. Sé hins vegar þannig ástatt í versluninni á landsbyggðinni að sökum skorts á samkeppni sé þar haldið uppi ósanngjarnri álagningu þá fellur það undir samkeppnislög. Sé þannig ástatt eins og rökstuddar upplýsingar hafa komið fram um á síðustu mánuðum að nokkrir stærstu aðilar í smásöluverslun í landinu þrýsti niður verði í krafti yfirburðastöðu sinnar að birgjar þeirra verði síðan að bæta sér það upp með hærra verði til annarra fellur það líka undir samkeppnislög. Þá er verið að misbeita markaðsráðandi aðstöðu með þeim hætti að Samkeppnisstofnun ber að grípa þar inn í. Á alla enda og kanta er þetta því mál sem varðar samkeppnislöggjöfina í landinu ef um eitthvað það er að ræða að það varði við ákvæði þeirra laga.

Ég verð hins vegar að játa að ég hef af því nokkrar áhyggjur að Samkeppnisstofnun og samkeppnisráð séu of upptekin við það sem ég leyfi mér að kalla, hæstv. forseti, með þínu leyfi, tittlingaskít en horfi fram hjá stóru málunum sem hér er um að ræða eins og aðstöðumun verslunarinnar og öðru slíku og hlutum eins og hér hafa verið að koma fram, ásökunum um að markaðsráðandi aðilar misbeiti aðstöðu sinni og það verði enn til þess að auka aðstöðumuninn og verðmuninn sem þarna er við að eiga.

Að vísu er vel þekkt að vandi hinnar eiginlegu strjálbýlisverslunar er auðvitað ærinn og það verður seint hægt að tryggja tiltölulega jafnt vöruverð um allt land án tillits til aðstæðna nema stjórnvöld séu tilbúin til að grípa til jákvæðra aðgerða í því skyni að jafna aðstöðumuninn. Það er víða gert í nágrannalöndunum þar sem strjálbýlisverslunin nýtur t.d. hagstæðari starfsskilyrða. Skattar eru felldir niður af henni. Hún fær jafnvel flutningsstyrki og annað því um líkt. Eru menn tilbúnir til að fara út í slíkt hér? Það fer þá eftir því hversu miklir jafnaðarmenn menn eru en hver eru þau tvö ráðuneyti sem aðallega hefðu átt að sinna þessum málum undanfarin sjö ár? Það eru viðskrn. og félmrn. því jöfnun lífskjara og lífskjörin almennt heyra þar undir. Og hvað hafa þau gert? Ekki neitt. Og flutningur af tillögu á þessu tagi á síðustu dögum kjörtímabilsins er mönnum ósköp lítil friðþæging. Að mínu mati ættu menn heldur að reyna að knýja fram einhverjar aðgerðir og margt er auðvitað hægt að gera ef menn hafa kjark í sér til þess. Þegar ég tók við samgrn. var langlínutaxtinn áttfaldur taxti innanbæjarsímtala en tveimur árum seinna var þessi munur kominn ofan í það að vera þrefaldur með því ósköp einfaldlega að gefa út reglugerðir um að jafna þennan mun. Margt af þessu tagi væri hægt að gera, t.d. í orkuverðinu. Hefur ekki Alþfl. farið með þau mál í sjö ár? Og hvað hefur skeð? Það hefur aldeilis jafnast. Eina framlagið í þeim efnum er að leggja virðisaukaskatt á húshitun. Það er nú afrek Alþfl. í orkujöfnun á þessu kjörtímabili.

[13:24]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Þetta hefur um margt verið athyglisverð umræða um dreifbýlisverslunina og stöðu hennar og ég vildi bæta örfáum orðum við það sem ég sagði fyrr í þessari umræðu.

Það er alveg rétt sem hefur komið fram að ýmislegt er hægt að gera til að bæta stöðu dreifbýlisverslunarinnar. Ég hef látið í ljós þá skoðun að verslunin geti gert mjög mikið sjálf í þessu efni og vissulega er í gangi mikil vinna til þess að svara kröfum um lægra vöruverð en það er alveg rétt sem fram hefur komið að ýmsar verslanir á litlum markaðssvæðum í litlum byggðarlögum eiga mjög erfitt. Kröfur eru gerðar til þeirra að þær hafi úrval í matvöru og daglegum vörum og þær vörur eru yfirleitt með lágri álagningu en verslunin í ýmsum sérvörum með hærri álagningu fer til annarra staða, stærri markaðssvæða þar sem stærri búðir eru sem bjóða meira vöruval. Það er verkefni til að vinna að hvort hægt sé að létta undir með þeim verslunum sem svona stendur á um með aðgerðum, t.d. með styrk til þess að koma húsnæði yfir verslanirnar og lækka þar með þeirra kostnað eða aðgang að lánum með einhverjum ívilnunum frá opinberri hálfu. Auðvitað er hlutverk þeirrar nefndar sem vinnur á vegum viðskrn. eða á að vinna a.m.k. að skila tillögum um slíkar aðgerðir. En það er alveg rétt sem hefur komið fram að þau ráðuneyti sem um þessi mál eiga að fjalla, viðskrn., jafnvel félmrn. eins og hv. síðasti ræðumaður minntist á, (**Gripið fram í:** Forsrn.) hafa ekki gert nokkurn skapaðan hlut í þessu máli. Dreifbýlisverslun er t.d., svo að maður nefni forsrn. eins og var kallað fram í hér, dreifbýlisverslun er ekki á verksviði Byggðastofnunar. Það er ekki á hennar verksviði að líta á vanda lítilla verslana í dreifbýli.

Það er alveg rétt sem hefur komið fram í umræðunni að það vantar ekki mikið af upplýsingum í þessu efni. Staðan liggur auðvitað fyrir og ég hef langmesta samúð með litlu verslunum í dreifbýli sem eru í litlum byggðarlögum með markað kannski ofan í 200 manns. Það er útilokað að reka þær verslanir af neinu viti án þess að nota hærri álagningu en í stærri verslununum. Eina ráðið er að reyna að lækka kostnað þeirra á einhvern hátt. Það eru nærtækustu aðgerðirnar. Ég hef enga trú á því að farið verði í einhverjar aðgerðir til þess að jafna vöruverð almennt í landinu. Við lifum hreinlega ekki á þeim tímum, það er ekki uppi á

borðinu. Við þurfum að gera litlu verslununum kleift að lifa og reka sig. Ég hef fjöldamörg dæmi um slíkar verslanir, bæði frá Austurlandi og annars staðar af landinu. Ég veit að allir hv. þingmenn sem hér eru þekkja slík dæmi þannig að óþarft er að rekja það en í þessar aðgerðir væri nærtækt að fara. Því miður hafa ráðuneyti Alþfl. ekkert gert í málinu og er því ekki furða þó að þeir hv. þingmenn flokksins vilji, af því að það er dálítið liðið á kjörtímabilið, flytja tillögu um þessi mál. Það er mjög nærtækt að fara í aðgerðir í þessu efni og ég skal ekkert segja um það hvort tillagan er gagnslaus eða ekki. Ég vona að gagn sé að henni og ég tek undir efni hennar að öðru leyti en því að óþarfi er að eyða löngum tíma í kannanir á ástandinu. Aðalatriðið er að bæta úr ástandinu og fara beint í það verkefni.

[13:30]

Gísli S. Einarsson:

Frú forseti. Aðeins vegna orða hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar þá væri nú gott að hafa þingmanninn viðstaddan þegar hann talar til flm. og ég vona að hann heyri þá til mín eða að hann komi í salinn.

Frú forseti. Mér finnst vissulega ástæða til að biðja þá aðila sem koma hér fram eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon gerði og lýsir málflutningi mínum og hv. 1. flm. tillögunnar sem einhverri sýndarmennsku. Ástæðan fyrir flutningi þessarar tillögu er að sjálfsögðu að vekja athygli á því að þrátt fyrir þær upplýsingar sem fyrir liggja þá eru þessi mál í hreinum ólestri. Haldið þið að það sé ekki ástæða til að nefna það að á sama tíma og vara kostar 60 kr. í Reykjavík þá kostar sama vara upp á Akranesi, lélegri vara sömu tegundar, allt að 300 kr.? Ég hef nefnt þetta áður, t.d. tómata. Á sama tíma og 1. flokkur af tómötum var 60 kr. í Reykjavík, þá kostaði sama vara 300 kr. upp á Akranesi. Og hvað haldið þið að hún hafi kostað fyrir austan? Ég spyr bara að því hvort ekki sé ástæða til að nefna þetta. Ég nefni til viðbótar að greiðslukortaþjónusta á Akranesi og ég tala ekki um fyrir austan er kannski fjórfalt dýrari en í Reykjavík. Er ekki ástæða til, jafnvel þó upplýsingar lægju nú fyrir sem þær gera ekki í þessu tiltekna máli sem ég er nú að nefna, að vekja athygli á þessum málum? Við erum að benda á að verslun í landinu situr ekki við sama borð varðandi viðskiptakjör úti á landi og hér í Reykjavík. Það er alveg ástæða til að nefna það.

Ég tel að það sé verið að leggja niður víðast hvar landsbyggðarverslun með þeim aðgerðum auðvitað sem eru hér frjálsar í stórmörkuðunum. Ég bendi á það að innkaupakarfa tiltekins aðila kostar allt að 70% meira vestur í Ólafsvík þótt það sé samkeppni t.d. við Akranes og Borganes, þá kostar hún allt að 70% meira þar en hér. Þetta er m.a., hv. þm., ástæða fyrir framlagningu þessarar tillögu. Ef menn telja að það sé ekki tímabært að flytja svona tillögu vegna þess að það sé svo langt liðið á þingtímann þá vísa ég því algerlega á bug.

Hv. þm. Eggert Haukdal hefur flutt átta sinnum tillögu varðandi afnám lánskjaravísitölu og okkur verður ekkert að vanbúnaði eða einhverjum eftirkomendum okkar að endurflytja slíka tillögu sem hér liggur fyrir ef ástæða er til. Ef menn hafa ekki gert neitt að og ég tala nú ekki um ef landsbyggðarþingmenn eru að snúast á móti athugun, frekari athugun en fyrir liggur þá skil ég ekki hvað þeir menn ætla sér. Það er eðlilegt að þeir viti ekki hvað er að gerast í þeirra heimabyggð. Það er auðvitað út af því. Þeir eru nefnilega ekkert staddir þar og fylgjast ekkert með kröfum fólksins til þeirra. (**Gripið fram í:** Aðgerðir.) Aðgerðirnar koma auðvitað í kjölfarið á þessum tillöguflutningi okkar og ég sé ekki annað en það liggi fyrir að komi hugmyndir að aðgerðum.

Frú forseti. Ég vil aðeins mótmæla þessu háttalagi þingmanna sem telja óþarfa að vekja athygli á þessum málum. Þess vegna kom ég hér upp fyrst og fremst.

[13:35]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég leyfi mér að kalla þetta sýndarmennsku eins og tillagan er fram borin. Síðan gerist það að hér kemur 2. flm. að mér skilst og gefur allt aðra skýringu á tilgangi þessa tillöguflutnings heldur en áður lá fyrir og orðanna hljóðan kveður á um. Sem sagt, nú er tilgangurinn orðinn sá, að sögn hv. þm., að vekja athygli á því að þessi mál séu í hreinum ólestri. Það er rétt, þau eru náttúrlega í hreinum ólestri. En þá á líka að orða tillöguna þannig. Ég skal bara gera það, semja hér nýjan texta að tillögugrein, hæstv. forseti. Þá yrði þetta svona, með leyfi forseta: Till. til þál. um að vekja athygli á hörmulegri stöðu strjálbýlisverslunarinnar og óþolandi verðmismun í kjölfar sjö ára veru Alþfl. í viðskrn. Það er ágætt að samþykkja slíka tillögu og þá er ég út af fyrir sig miklu sáttari við flutning hennar. Það er rétt sem hv. síðasti ræðumaður Gísli S. Einarsson sagði. Það er vissulega þörf á að vekja athygli á því í hversu hörmulegri stöðu þessi mál eru eftir sjö ára meðferð Alþfl. á þeim. Þessi síðustu ár hafa verið strjálbýlisversluninni og reyndar landsbyggðinni almennt séð mjög þung í skauti. Þannig að ef hv. þm. meinar það sem hann sagði hér áðan þá er örugglega hægt að ná samkomulagi um texta sem lýsir því á réttan hátt hvað fyrir mönnum vakir. Það sé að vekja athygli á og koma af stað umræðu um óþolandi stöðu þessara mála hvað varðar lífskjaramismun landsbyggðarinnar og mismun í vöruverði í kjölfar langrar stjórnarsetu Alþfl. og meðferðar Alþfl. á þessum málum. — Kemur nú hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, hæstv. fyrrv. félmrh. hér í salinn seint og um síðir og og er þá hægt að fá hana hér inn í umræðuna um hennar þátt í því að ekkert hefur verið í þessum málum gert undanfarin ár.

Vilji menn hins vegar taka á þessu máli eins og vert er og skylt þá þarf auðvitað að gjörbreyta textanum til viðbótar þessu að vekja athygli á frammistöðu Alþfl., og eins og ég sagði hér áðan að taka þá lífskjörin í sinni víðustu mynd inn í þá athugun. Þá gæti það þjónað einhverjum tilgangi að gera samþykkt af þessu tagi.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti vill benda hv. þm. á að hv. efn.- og viðskn.

er auðvitað vettvangur til að breyta tillögum.

[13:37]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Þessi umræða hefur farið nokkuð víða og nú gerðist það að seinni flm. mætti á svæðið og hafði greinilega ekki hlustað á framsögu eða ræðu þess fyrri þannig að það gætir verulegs ósamræmis í málflutningi milli flutningsmannanna. Það er kannski ekkert undarlegt og verður að segjast alveg eins og er að þetta eru mikil hraustmenni að fara með þessa umræðu af stað styðjandi ríkisstjórn þar sem Alþfl. fer með viðskrn. og hefur gert í sjö ár. Maður getur gert sér í hugarlund þvílík barátta er búin að fara fram inn í þingflokki Alþfl. þar sem þessir tveir ágætu þingmenn hljóta að hafa barist til síðasta manns til að reyna að fá ráðherra sína til að taka eitthvað á þessu máli. Þeir hafa greinilega gefist upp þar og eru komnir með málið inn í þingsali.

Hv. þm. Gísli S. Einarsson sagði að hann undraðist hvar þeir landsbyggðarþingmenn, sem ekki skildu og styddu inntak þessarar tillögu, hefðu verið, þeir væru ekki í tengslum við sína heimabyggð. Þeir gætu ekki hafa búið þar. (**GunnS:** Þetta er hárrétt hjá honum.) Þetta er ekki rétt, virðulegur þingmaður. Ég get sagt fyrir mína parta að ég hef verið að því, ég hef unnið að því hörðum höndum síðasta áratug að lækka vöruverð í minni heimabyggð. Ég hef haft til þess tækifæri og náð árangri. Þannig að ég frábið mér svona tal. Ég hins vegar sagði í minni fyrri ræðu ef hv. þm. hefði hlustað að við yrðum að einangra vandamálið. Það er ekki af hinu góða að standa hér í ræðustól á Alþingi og lýsa því yfir að það sé almennt þannig að vöruverð á landsbyggðinni sé hærra en á höfuðborgarsvæðinu því það er ekki rétt. Víða út um land hafa menn náð árangri og víða eru menn enn að vinna að því hörðum höndum að ná þeim árangri.

Ég geri mér hins vegar fulla grein fyrir því að það eru afmörkuð byggðarlög þó nokkuð mörg sem hafa ekki baklandið til að ná þeim árangri. Það ber að leita leiða til aðstoðar við þau. Ég hef lýst því hér yfir að ég væri tilbúinn til að taka þátt í þeirri vinnu.

Ég hlýt að spyrja hv. þm. Gísla S. Einarsson hvernig hann ætli með stjórnvaldsaðgerðum að koma í veg fyrir þann verðmun sem hann nefndi að tímabundið kann að hafa verið uppi á tómötum í Reykjavík og á Akranesi. Ég bara spyr hv. þm.: Hvernig ætlar hann með stjórnvaldsaðgerðum að koma í veg fyrir það? (**GE:** Með lágmarksverði.) Með lágmarksverði segir hv. þm. Mundi það lækka vöruverðið á Akranesi. (**GE:** Og hámarksverðið.) Og hámarksverðið, segir þingmaðurinn aftur. Þingmaðurinn er sem sagt að segja að hann vill lögbinda sama verð á öllum vörum um allt land. Það er það sem hv. þm. eru að gæla við með því verðlagseftirliti sem því fylgdi. Mundi það tryggja lægra vöruverð á landsbyggðinni? Ég segi hiklaust nei. Þannig að hv. þm. eru þarna greinilega á villigötum. Það er engin önnur leið til en að láta markaðinn njóta þess að það sé samkeppni sem stýrir vöruverðinu. Það eiga því betur stórir hlutar landsbyggðarinnar möguleika í gegnum þá leið. Síðan verðum við að einangra vandamálið og taka á því sérstaklega. Þetta er eina leiðin sem er til. Það verður að vera liður í almennum byggðaaðgerðum sem taka á fleiri þáttum. Í slíkri vinnu er tillaga sem þessi algerlega ónýtt gagn. Hún fjallar um þætti sem við höfum aðgang að. Við höfum allar upplýsingar um mismunandi vöruverð. Við vitum líka hvers vegna vöruverð er hærra á einstökum fámennum svæðum þannig að við þurfum ekki að komast að því. Það sem þarf þá að gera er að taka á málinu með samræmdum aðgerðum.

Ég geri mér alveg grein fyrir hvert vöruverð er á Raufarhöfn, Þórshöfn, Kópaskeri. (**GE:** Veistu hvað það er lágt?) Ég veit alveg hver er mismunur þar og annars staðar. (**GÁS:** Eitt það lægsta á landinu, er það ekki?) Ég geri mér grein fyrir því að hluti af vandamálinu er sá að með bættum samgöngum þá sækja menn að hluta til með sína verslun á stærri svæði sem bjóða upp á lægra vöruverð. Þannig að þetta er ákveðinn vítahringur. Vilja hv. þm. eins og mér skildist á hv. þm. Gísla S. Einarsyni þegar rætt var um fiskflutninga í fyrra að það yrðu settar vegatálmanir á Holtavörðuheiði til að menn færu ekki í þá ósvinnu að flytja fisk þar yfir? Vill hv. þm. að það verði settar upp tollstöðvar og fólki verði bannað að sækja lengra í verslun til að halda uppi veltunni í heimabyggðinni? (**Gripið fram í:** Þetta er athyglisverð tillaga. Við ættum að nota þetta í ...) (**GunnS:** Er þetta tillaga hv. þm.?) Þetta er ekki tillaga hv. þm. en málflutningur flm. gæti bent til þess að menn væru að leita einhverra slíkra leiða. (**IBA:** Ætti að hætta við Hvalfjarðargöngin?) Hér er sagt hvort ætti að hætta við Hvalfjarðargöngin af hættu við að það mundi hækka vöruverð á Akranesi vegna þess að menn leituðu meira í verslun hingað. Þetta er því ekki eins einfalt mál og hv. þm. segja. Að það sé hægt að draga einhverja línu utan um höfuðborgarsvæðið og bera síðan saman vöruverð þar gegn vöruverð einhvers staðar annars staðar á landinu og þetta eigi helst að leysa með einhvers konar stjórnvaldsaðgerðum sem gerði það að verkum að vöruverð á landinu verði alls staðar eins. Ef við lesum tillögugreinina og allt sem henni fylgir þá er ekkert annað hægt að lesa út úr þessu.

Við eigum að taka á þessu vandamáli, við eigum að taka á því þar sem það er virkilegt. Á öðrum svæðum eigum við að gera þá kröfu til verslunarinnar að hún leysi þetta sjálf. Dæmin sýna að það er hægt að gera það mjög víða.

[13:45]

Flm. (Gunnlaugur Stefánsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Jóhannes Geir Sigurgeirsson sagði að þessi tillaga væri ónýtt gagn. Hann vill fremur búa við það ástand er ríkir á landsbyggðinni mjög víðast hvað varðar hátt vöruverð á lífsnauðsynjum en að vinna að málinu á grundvelli þessarar tillögu. Tillagan felur ekkert annað í sér en að fram fari nákvæm úttekt á þessum málum, ástæður kannaðar fyrir háu vöruverði, og að gripið verði til ráðstafana í framhaldi af þeirri úttekt. Með öðrum orðum hefur hv. þm. Jóhannes Geir Sigurgeirsson ekki flutt í þinginu nokkra tillögu er miðar að því að lækka vöruverð á

landsbyggðinni þar sem það er hæst. Ekki nokkra tillögu. (**SvG:** Hann er bara á móti því.) Já, það er jafnvel nærri því rétt hjá hv. frammíkallanda, hv. þm. Svavari Gestssyni, að hann er á móti því vegna þess að hann telur, og það hefur komið greinilega fram í ræðum hans fyrr, að þetta sé svo léttvægt vandamál af því að það væri að finna á svo fáum stöðum á landsbyggðinni sem vöruverðið væri hátt og það mætti leysa með sértækum aðgerðum. Þetta er mjög merkileg yfirlýsing hjá hv. þm. Jóhannesi Geir Sigurgeirssyni og hann talaði í nafni Framsfl. Minnumst þess að hann talar í nafni Framsfl. Hér hafa orðið þáttaskil svo sannarlega. Hér hafa sannarlega orðið þáttaskil nema hv. þm. sé að tala fyrir eigin munn. Það er svo önnur saga.

Hæstv. forseti. Nú er það orðið vandamál líka hjá hv. þm. að bættar samgöngur kynnu að gera lífskjörin erfiðari fyrir fólk af því að það þarf að fara lengri leið til þess að kaupa vörurnar þar sem þær eru á lægsta verði. Þetta er alveg hárrétt. Fólk fer langan veg til þess að kaupa vörurnar þar sem þær eru á lægsta verði en á meðan líður verslunin í heimabyggð.

[13:48]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég velti því fyrir mér hvort í það minnsta hv. þm. Jón Kristjánsson, sem er í salnum, hefur ekki einnig heimild til þess að tala fyrir hönd Framsfl. Ég minni reyndar hv. þm. á að þegar við tölum úr ræðustól hér þá erum við ekki bundnir af nokkru öðru en eigin samvisku. Við tölum því hér allir sem einstaklingar þó við séum vissulega að túlka stefnu okkar flokks. Ég spyr hv. þm. á móti: Talar hv. þm. fyrir hönd Alþfl. þegar hann mælir fyrir þessari tillögu? Fyrir hönd þess flokks sem hefur haft viðskrh. í sjö ár? Viðskrh. sem hefur borið að taka á þessu máli en ekki gert. Ég vil því biðja hv. þm. að hætta sér ekki út í málflutning af þessu tagi.

Ég hef einfaldlega verið að reyna að draga það fram í þessari umræðu að ef meiningin er að taka á vandamálum dreifbýlisverslunarinnar þá leysir þessi tillaga ekkert í því sambandi. Það hafa verið nefndar ýmsar leiðir í þá veru en ég segi enn og aftur það sem ég hef sagt áður í þessari umræðu að stjórnvaldsaðgerðir eru ekki af því góða þar sem menn geta leyst málin á annan hátt. Þess vegna verðum við að einangra þetta vandamál og það væri væntanlega hlutverk Byggðastofnunar eða einhverrar slíkrar stofnunar að skoða það. Þar sem hægt er að leysa málin á annan hátt eru stjórnvaldsaðgerðir varðandi verslun ekki af því góða og það hélt ég reyndar að væri stefna Alþfl.

[13:50]

Flm. (Gunnlaugur Stefánsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Jóhannes Geir Sigurgeirsson hefur enga trú á að stjórnvaldsaðgerðir geti miðað að því að lækka vöruverð á lífsnauðsynjum á landsbyggðinni þar sem það er hæst. Ég vil bara minna hv. þm. á að í umræðunum talaði líka hv. þm. Jón Kristjánsson (**JGS:** Hann er líka í Framsfl.) sem gerði mjög skilmerkilega grein fyrir því í hverju margs konar stjórnvaldsaðgerðir gætu verið fólgnar. Ég tel að þær hugmyndir og þau ráð sem hv. þm. Jón Kristjánsson gaf inn í þessa umræðu gætu einmitt komið að miklu gagni við þá úttekt sem ég legg hér til og undirstrikar enn frekar nauðsyn á að slík heildarúttekt fari fram. Mér þykir það ekki gott til afspurnar að hv. þm. sama flokks, Jóhannes Geir Sigurgeirsson og hv. þm. Jón Kristjánsson, skuli vera svo ósammála í þessu máli. En ég þekki það vel að hv. þm. Jón Kristjánsson er mjög kunnugur þessum málum, sérstaklega á Austurlandi og mjög víða á landsbyggðinni. Hann veit að þarna kreppir að og þarna þarf að taka fast á málum. Þess vegna tek ég mikið mark á hans stuðningi við þetta mál eins og hann kom greinilega fram í upphafi umræðunnar og tel að hann tali þar frekar í nafni Framsfl. en hv. þm. Jóhannes Geir Sigurgeirsson vegna þess að mér koma að sönnu yfirlýsingar hans í þessum umræðum mjög á óvart.

[13:52]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ef hv. þm. hefur hlustað á ræðu okkar framsóknarmanna þá mundi hann hafa heyrt að það ber ekki svo mikið á milli. Það er alveg rétt, hv. þm., það eru til ýmsar leiðir. Það eina sem hv. þm. nefndi var að taka virðisaukaskatt af flutningskostnaði. Það er rétt. Það hefur verið nefnd sú leið að stofna úreldingarsjóð dreifbýlisverslunar sem keypti upp verslunarhúsnæði — nú bið ég hv. flm. að hlusta á mál mitt — sem keypti upp húsnæði verslunar á þeim stöðum sem eiga erfiðast uppdráttar. Það er hægt að hugsa sér í einstökum tilfellum að smásöluverslun á ákveðnum afmörkuðum svæðum fá beina styrki. Það eru til fleiri aðgerðir. En eins og þingmennirnir setja málið upp, þeir segja vöruverð á höfuðborgarsvæðinu versus vöruverð í dreifbýlinu, þá spyr ég: Ætti þá úreldingarsjóður til að mynda, ætti verslun í Skagafirði, t.d. Skagfirðingabúð, að eiga rétt á því? Ætti KEA-Nettó að eiga rétt á þessu?

Aðstæður eru einfaldlega svo breytilegar á landsbyggðinni að það er ekki hægt að setja málið upp á þennan hátt. Það er ekki hægt að taka á þessu öðruvísi en að skilgreina það þannig hvar kreppir að, hvar geta menn leyst þetta með almennum aðgerðum, hvar geta menn lagað það til hjá sér og síðast þegar búið er að þrengja þann hóp, hvar þurfa að koma til stjórnvaldsaðgerðir.

Ekkert af þessu kemur fram í tillögu eða málflutningi flm. sem segir mér það að það standi ekkert mjög mikið á bak við þetta, þetta sé eitthvað almennt gaspur sem flm. geta ekki skilgreint nánar þó sé marggengið á þá í þessari umræðu.

[13:55]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Þetta hafa verið fróðlegar umræður. Mér finnst full ástæða til að ræða tillöguna vel. Ég endurtek það sem ég sagði í minni fyrri ræðu að ég hef síður en svo á móti því að sú athugun sem talað er um í tillögunni fari fram þannig að það fari ekki á milli mála. Mér finnst aftur á móti athyglisvert að hv. þm. sem flytja tillöguna hafa, að því er ég hef tekið eftir, einungis bent á tvær leiðir til þess að lækka vöruverð

í dreifbýlinu. Önnur leiðin var sú að fella niður virðisaukaskatt á flutninga og mig langar til að spyrja hv. fyrri flm. þessarar tillögu hvort það eigi þá ekki við um flutninga á sjó og hvar menn ætli þá að draga línuna um flutninga. Ef taka á virðisaukaskattinn af flutningum almennt út á land hvernig ætla menn að draga línuna um það hvaða starfsemi á að vera undanþegin og hver ekki? Ég vil í þessu sambandi minna á að hæstv. ríkisstjórn lagði fram frv. á sínum tíma á kjörtímabilinu þar sem var sett á sérstakt hafnargjald. Það hafnargjald fór upp í það að vera lagt kannski þrisvar fjórum sinnum á sömu vöruna og það er enn þannig að þetta hafnargjald hækkar vöruverð á landsbyggðinni fram yfir vöruverð á höfuðborgarsvæðinu. Hvar voru flm. þessarar tillögu þegar verið var að koma því gjaldi á með þeim hætti sem þá var gert og kostaði mikil átök að breyta því þannig að það væri ekki lagt oft ofan á sömu vöruna?

Hin hugmyndin kom nánast fram í frammíköllum hv. þm. Gísla Einarssyni en hann sagði það greinilega og skýrt að hann vildi setja bæði hámarksverð og lágmarksverð. Úr því að tillögumenn eru með þessar tvær hugmyndir spyr ég: Hafa þeir spurt formann flokksins að því hvort hann sé sammála þessum hugmyndum? (**JGS:** Samræmist þetta EES?) Hvort þetta samræmist hugmyndum Alþfl. um frjálsa verslun og frjáls viðskipti og hvort þetta passar inn í EES og alla hugmyndafræðina sem Alþfl. hefur verið að reyna að berja inn í höfuðið á landsmönnum á undanförnum árum ef menn ætla að fara að lögbinda verð á vörum og þjónustu jafnvel úti um landið, því ég geri ráð fyrir því að tillagan sé hugsuð líka í sambandi við þá þjónustu sem tengist oft vörusölu.

Ég get ekki séð að þessi tillaga út af fyrir sig bjargi þessum málum. Þarna eru á ferðinni stjórnarþingmenn sem koma inn á sviðið í þeim tilgangi að vekja athygli á þessu máli og það er góðra gjalda vert út af fyrir sig, en mér finnst nánast eins og að þeir séu að tala svolítið eins og Jóhanna Sigurðardóttir þegar hún stökk úr ríkisstjórninni, eins og menn séu búnir að gleyma öllu sem þeir hafa tekið þátt í sjálfir og bera ábyrgð á. Alþfl. ber sérstaka ábyrgð á einmitt þessum málum. Þeir hafa haft viðskrh. í sjö ár sem hafa verið að fást við þessi atriði en ekki hefur verið hægt að sjá að neinar tilraunir væru gerðar til þess að lækka vöruverð á landsbyggðinni. Þó hafa Alþfl. og ríkisstjórnin lýst því yfir að það eigi að lækka hitunarkostnað um landið. Hvernig hefur það gengið? Hitunarkostnaður á landsbyggðinni núna er álíka mikill og í upphafi kjörtímabilsins. *Eina breytingin sem er eitthvað sem heitir er* samanburður milli hitunarkostnaðar í dreifbýlinu og á höfuðborgarsvæðinu. En hvers vegna? Vegna þess að það er búið að hækka húshitunarkostnað á höfuðborgarsvæðinu en ekki vegna þess að það sé búið að lækka hann úti á landsbyggðinni. Það er reginmunur á. Ef það huggar einhverja að Reykvíkingar borgi meira í hitaveituna sína en áður þá getur það út af fyrir sig þjónað tilgangi. En það huggar mig ekki neitt vegna þess að það hefur engin lækkun orðið á húshitunarkostnaði úti um landið.

Eins er það með lækkun símakostnaðar. Það hefur engin breyting orðið síðan þessi ríkisstjórn tók við. Það varð veruleg breyting hjá þeirri hæstv. ríkisstjórn sem á undan var og þar voru menn að ganga í rétta átt en það er ekki búið að jafna símakostnaðinn í kringum landið. Það hefur verið rökstutt og það hefur komið víða fram að það sé vel hægt og Póstur og síminn geti vel selt sína þjónustu allt í kringum landið á svipuðu verði. Þess vegna segi ég að mér finnst svolítið holt undir þegar þingmenn úr stjórnarflokkum sem hafa haft alla þessa aðstöðu sem þeir hafa búið við í bráðum fjögur ár til að koma þessum málum frá að þeir skuli koma með tillögu um það að jafna vöruverð á landsbyggðinni en hafandi ekki getað tekið á þeim þáttum sem sannarlega er hægt að taka á frá hendi ríkisins í sambandi við orkuverð og símakostnað til dæmis. En ég ætla samt og vil taka það sérstaklega fram vegna þess að mér finnst umræðan í sjálfu sér kannski vera farin að ganga dálítið þannig að menn séu að tala eins og að þetta sé af hinu vonda sem menn eru að færa fram í þessari tillögu. Það er ekki þannig og ég tel að út af fyrir sig geti verið ágætt að taka saman þessi atriði sem þarna er verið að tala um. En menn verða auðvitað að þola það að fá að heyra álit stjórnarandstöðunnar á því hvernig menn hafa staðið sig í ríkisstjórninni þegar þeir koma með mál að loknu kjörtímabili sem þeim hefur lítið gengið að sinna á undanförnum árum.

[14:02]

Flm. (Gunnlaugur Stefánsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er rétt að Alþfl. hefur farið með viðskipta- og verðlagsmál í landinu í sjö ár og það er líka rétt að á þessu sjö ára tímabili hefur verðlag á nauðsynjavörum stórkostlega lækkað í landinu öllu. Það hefur líka lækkað þar sem það er hæst. Um þetta eru allir sammála að fyrir myndarlega framgöngu Alþfl. í verðlagsmálum sl. sjö ár þá hefur verðlag á matvælum og lífsnauðsynjum lækkað í landinu. Menn þurfa bara að kynna sér verðlagskannanir til að vita það og það vita allir og þekkja. Hitt er aftur á móti vandamál sem er sameiginlegur arfur okkar allra hv. þingmanna að takast á við og það er þetta vandamál sem felst í þeim verðmun er ríkir á milli höfuðborgarsvæðisins fyrst og fremst og landsbyggðarverslunarinnar með þó fáeinum undantekningum eins og hér hefur komið fram í umræðum. Þetta er sérstakt vandamál. Heildarverðið hefur verið að lækka á landinu öllu en verðmunurinn er eigi að síður mikill og alvarlegur og þess vegna er þessi tillaga lögð fram til þess að leita leiða um hvernig við getum lækkað þennan verðmun. Um það fjallar umræðan.

Varðandi hitunarkostnaðinn þá get ég líka sagt frá því og upplýst hv. þm. Jóhann Ársælsson um það að hitunarkostnaðurinn er lægri núna á köldu svæðunum vegna þess að niðurgreiðslur hafa verið auknar en hann var í upphafi kjörtímabilsins og töluvert mikið lægri heldur en t.d. árið 1987 þegar Alþfl. kom fyrst að þessum málum í ríkisstjórn.

[14:04]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. flm. hélt því fram að vöruverð hefði lækkað mikið á öllu landinu í tíð Alþfl. og fyrir aðgerðir Alþfl. Ég neyðist til þess að spyrja: Hvaða aðgerðir voru það? Ég kannast ekki við að það hafi neinar aðgerðir frá hendi viðskrh. eða ríkisstjórnar orðið til stórkostlegrar vöruverðslækkunar í landinu. Mig langar til að fá útskýringar á því hverjar þær hafa þá verið. Ég veit ekki betur en þær verðlækkanir sem við höfum séð séu fyrst og fremst vegna stórmarkaðanna sem hafa verið að flytja inn vörur og í mikilli samkeppni verið að lækka vöruverð í landinu og eina verðbreytingin sem hægt er að tala um frá hendi hins opinbera er auðvitað lækkun á virðisaukaskattinum á matvörur. Það er sú eina lækkun. En það er væntanlega ekki sú lækkun sem hv. þm. er að tala um.

Það kann vel að vera að með því að fara aftur til ársins 1987 geti menn bent á að hafi orðið einhver breyting á húshitun hjá fólkinu í landinu á köldu svæðunum. En það er ansi lítil breyting sem orðið hefur á tímabili sem þessi ríkisstjórn hefur setið núna. Hún er ansi lítil. Ég býst ekki við því að mönnum finnist a.m.k. muna mikið um þá lækkun sem hefur orðið á köldu svæðunum á tímabilinu sem þessi hæstv. ríkisstjórn hefur setið.

[14:06]

Flm. (Gunnlaugur Stefánsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ef við ættum ekki við þann vanda að etja sem felst í offjárfestingum í orkumálum þjóðarinnar á mörgum undanförnum árum sem Alþb. hafði m.a. forustu um á sínum tíma og ber mikla ábyrgð á, ef við bærum ekki þessa bagga á baki þeirra stofnana er við koma þá hefðu þeir fjármunir sem við höfum varið til aukinna niðurgreiðslna á síðustu þremur árum komið af langtum meiri þunga til fólksins á köldu svæðunum. Vandinn er sá að því miður fer allt of stór hluti af niðurgreiðslunum á raforkunni á köldu svæðunum í það að greiða niður offjárfestinguna, herkostnaðinn við offjárfestinguna í orkumálunum á undanförnum árum af því að við sitjum uppi með umframorku sem enginn vill kaupa. Þetta er vandamál. Þess vegna hafa niðurgreiðslurnar stórlega aukist en því miður fer allt of stór hluti af þessari aukningu í það að greiða niður þessa fjárfestingu. Hv. þm. á því að líta í eigin barm og horfa til fortíðar þegar hann horfir á þessi mál í samhengi. Þetta er mjög alvarleg niðurstaða. Auðvitað hefur Alþfl. gripið til margs konar aðgerða eða haft forustu um þær í þessari ríkisstjórn til lækkunar á vöruverði í landinu öllu. Það má nefna eins og hv. þm. benti á sjálfur, lækkun á virðisaukaskatti og skattalækkanir sem hafa orðið almennt í atvinnurekstri, afnám aðstöðugjalds og svo fjölmargar aðrar aðgerðir sem felast í samningum við erlendar þjóðir.

[14:08]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að það sé full ástæða til þess að menn rifji upp söguna svolítið betur í sambandi við það hverjir bera ábyrgð á því hvenær farið var í framkvæmdir Blönduvirkjunar sem ég geri ráð fyrir að hv. þm. hafi verið að nefna hér því það var tillaga Alþb. þegar stóð til að hefja þær framkvæmdir að fresta þeim. Það er fyrst og fremst Blönduvirkjun sem við erum núna að bíta úr nálinni með í sambandi við orkuverð. En auðvitað er þetta allt rétt sem hv. þm. er að segja um það að við erum að greiða þennan reikning, þ.e. offjárfestinguna í orkumannvirkjunum. En það er sama, ég tel að hæstv. ríkisstjórn hafi lofað fólkinu í landinu því að lækka orkuverðið til heimilanna og það dugar ekki að koma og halda því fram núna að það hafi ekki verið hægt vegna þess að menn hafi verið búnir að byggja Blönduvirkjun. Það vissu væntanlega þeir sem settust að ríkisstjórnarborðinu að það væri búið að byggja Blönduvirkjun. (**GunnS:** Það hefur lækkað, en ekki nóg.) Það hefur lækkað það lítið að hv. þm. ætti nú bara að kynna sér það svolítið nánar og það þýðir lítið fyrir hann að mæta á heimilunum um landið og hæla sér af því að hann hafi lækkað orkuverð til heimilanna.

[14:10]

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Mér þykir ákaflega erfitt að flytja seinni ræðu mína án þess að hv. þm. Gísli S. Einarsson sé viðstaddur.

(**Forseti** (GHelg): Forseti vill upplýsa að hv. þm. er farinn og varð að bregða sér af bæ þannig að hann mun ekki verða frekar viðstaddur þessa umræðu.)

Hæstv. forseti. Það er einnig mjög erfitt að halda áfram með þessa umræðu án þess að hafa hæstv. viðskrh. hér. Hér hafa komið slíkar yfirlýsingar fram af hálfu alþýðuflokksmanna að það er alveg nauðsynlegt að fá að rabba aðeins við hæstv. viðskrh.

(**Forseti** (GHelg): Forseti vill upplýsa að hæstv. viðskrh. mun vera lasinn í dag þannig að það er mjög erfitt við að eiga og ekki í valdi forseta að leysa.)

Hæstv. forseti. Við skulum reyna að klára þetta og vonandi kemst málið út úr nefnd og þá er hægt að halda áfram að ræða við þá aðila sem ekki sjá sér fært að vera hérna. En það er ákaflega slæmt þegar annar framsögumaður kemur í ræðustól, seint inn í umræðuna, og blandar sér inn í hana með þeim hætti sem hann gerði og ásakar menn um ýmsa hluti en hleypur síðan á brott og það er ekki hægt að ræða við hv. þm. Ég verð því eiginlega að harma það. En ég ætla að leiðrétta hv. þm. enn einu sinni, ég gerði það úr ræðustól fyrir nokkrum dögum þegar hann var að ræða um umboðslaun til greiðslukortafyrirtækjanna og þau væru mismunandi fyrir dreifbýlið og höfuðborgarsvæðið. Mér finnst menn fara hér allt of geyst og þeir gæti ekki hófs í því að ráðast að höfuðborgarsvæðinu og bera það sýknt og heilagt saman við landsbyggðina. Ég hef sagt og ég ætla að segja það enn einu sinni að sú þóknun eða umboðslaun sem greidd eru til greiðslukortafyrirtækjanna fara eftir veltu verslana. Þau fara ekki eftir staðsetningu. Verslanir úti í hinum dreifðu byggðum landsins borga sama hlutfall af veltu og smærri verslanir í Reykjavík. Það er nákvæmlega sama þannig að jöfnuðurinn er og menn verða að gæta svolítið hófs í umræðunni þegar þeir eru að bera saman

höfuðborgina og landsbyggðina.

Menn koma líka inn á viðskiptakjör og segja að þau séu verri fyrir dreifbýlisverslunina en verslunina á höfuðborgarsvæðinu. Ég vil bara biðja menn að koma hér með haldbær rök fyrir slíkum málflutningi. Ég vil fá að sjá og ég vil fá að heyra slík rök vegna þess að ég tel að dreifbýlisverslunin og það sem ég kallaði í fyrri ræðu minni, kaupmaðurinn á horninu, sitji við sama borð. Ég segi það vegna þess sem ég hef sagt áður að flutningskostnaður er að mjög miklu leyti greiddur af innflutningsaðilanum. Menn eru því að kaupa vöruna á nákvæmlega sama verði. Þess vegna óska ég eftir því að menn komi hér með dæmi en ekki staðhæfingar án þess að rökstyðja þær eitthvað frekar.

Það kom einnig fram hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni að það mætti hugsa sér að fella niður flutningskostnaðinn. Þá spyr ég á móti: Eru menn tilbúnir að láta það virka báðar leiðir? Menn hafa ekki viljað ræða það í þessari umræðu sem ég sagði í minni fyrri ræðu að það er orðið mjög mikið um það að aðilar úti um allt land eru farnir að flytja inn beint sjálfir og aðilar úti á landsbyggðinni eru farnir að selja inn á Reykjavíkurmarkaðinn. Eru þá menn tilbúnir að fella virðisaukaskatt af flutningskostnaðinum þá leiðina líka? Menn mega þá líka fara að velta því fyrir sér þar sem vörur eru fluttar beint inn eins og í Skagafirði og eins og á Snæfellsnesi og eins og víðar, af hverju er þessi munur á vöruverðinu? Ég held að hann sé, eins og ég hef áður sagt, fyrst og fremst út af álagningunni. Fyrst og fremst. Það er þess vegna sem ég fagnaði þessari þáltill. vegna þess að ég tel að það sé fyllilega tímabært að það komi fram af hverju þessi verðmismunur er í raun og veru. Ég held að svarið muni verða fyrst og síðast þetta að álagningin í dreifbýlisversluninni er of há. En um leið og ég segi það, þá skil ég það ósköp vel vegna þess að menn eru auðvitað með mjög lítið markaðssvæði. Menn eru með þetta nokkur hundruð manns og kannski upp í þúsund manns og 3–4 verslanir á staðnum og ef slík umsetning á að geta staðið undir sér þá auðvitað verður að hækka álagninguna.

Ég skil það ekki og hef aldrei skilið það. Ég nefndi ákveðið dæmi um hvernig menn geta sniðgengið virðisaukaskattskerfið og ég hef margoft rætt það hér úr þessum ræðustól og ég hef margoft rætt það í hv. efh.- og viðskn. og það eru engin viðbrögð. Ég fór með konkret dæmi, lítið reikningsdæmi fyrir menn þar sem menn geta gert út á virðisaukaskattskerfið og gert út á ríkissjóð og látið hann endurgreiða sér. Og það eru auðvitað fyrst og fremst hinir stóru, sterku sem geta gert það í krafti fjármagns. Það eru engin viðbrögð. En menn geta komið hér upp og heimtað skattlagningar á blaðsölubörn og merkjasölubörn og menn geta leitað að skattsvikurum í öllum skúmaskotum, en þegar það er bent á konkret dæmi þar sem er verið að svíkja skattkerfið þá segir ekki nokkur maður orð. Þetta furðar mig.

Framsóknarmenn sem hér hafa tekið nokkurn þátt í umræðum, þessir verndarenglar virðisaukaskattskerfisins sem börðust gegn afnámi matarskatts á síðasta þingi, börðust fyrir því að við værum að opna kerfið og vildu verja virðisaukaskattskerfið alveg í botn, það heyrist ekki stuna úr horni. Þannig að ég skil ekki svona málflutning. Síðan koma hv. þingmenn Alþfl. og boða það að hér eigi að taka upp verðlagshöft að nýju. Maður hefur verið að hlusta á hæstv. utanrrh., formann flokksins, segja það í sjónvarpi að Alþfl. sé nú yfirleitt á undan tímanum. Ég skil þetta ekki öðruvísi en að flokkurinn sé á hröðu afturhaldi, hann sé að hverfa 30 ár aftur í tímann með því að vilja taka upp verðlagshöft og verðlagsákvæði. Hv. þm. Gísli S. Einarsson, sem ekki er hér núna til að svara fyrir, sagði það í frammíkalli að hann vildi fá hámarksverð og lágmarksverð. Það er ekkert annað en afturhvarf til fyrri tíma og er nú alveg á skjön við þá stefnu sem flokkurinn hefur verið að boða. Og það er fyrst og fremst af þeim ástæðum sem ég tel alveg nauðsynlegt að hæstv. viðskrh. verði hér til staðar og ræði við okkur um þessa nýju stefnu sem hér er boðuð hjá Alþfl. Hitt er annað mál að ef hv. flutningsmenn hefðu kynnt sér samkeppnislögin þá gætu þeir séð að þar er heimild til framleiðenda og til innflytjenda til þess að marka hámarksverð. Það er sú eina heimild sem er til.

Hæstv. forseti. Það er margt um þetta að segja, en ég virði tímamörkin. En vil aftur fagna tillögunni að lokum á þeirri einu forsendu að ég tel að það sé mjög gott að fá það skýrt og klárt fram í dagsljósið, þó ég taki undir það að þessar upplýsingar eru allar til hjá Samkeppnisstofnun þá sakar það ekki neitt, við sækjum þær þangað sem sitjum í efhn. og viðskn., en þá er gott að fá það fram í dagsljósið af hverju þessi verðmismunur er.

[14:18]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Þetta er nú að verða hin merkasta umræða og í raun og veru má segja að tillögugarmurinn hafi þjónað nokkrum tilgangi þó enginn væri annar en sá að hér hefur kviknað talsverð umræða um málefni strjálbýlisverslunar, vöruverð á landsbyggðinni og annað því um líkt og er það auðvitað vel. Ég vil segja það við hæstv. forseta að að sjálfsögðu geta menn kynnt eða boðað hugmyndir sínar um brtt. við 1. umr. um mál, hvort sem heldur er munnlega eða skriflega og ég var nú eingöngu á léttum nótum að vekja á því athygli að ef taka ætti hv. þm. Gísla S. Einarsson, 4. þm. Vesturl., alvarlega, þá upplýsti hann það sem megintilgang tillöguflutningsins að vekja athygli á óþolandi ástandi í þessum efnum. Ég var svona að leyfa mér að hjálpa honum lítillega við að umorða tillögugreinina þannig að hún lýsti því sem menn væru þá að tala um, þ.e. þetta væri till. til þál. um að vekja athygli á hörmulegri frammistöðu Alþfl. í þessum málum. Það er mjög einfalt og auðvelt að orða það þannig að það skiljist og er þá rétt kannski að hafa þá báða saman hæstv. ráðherranna, viðskrh. og félmrh., þessa flokks.

Staðreyndin er auðvitað sú að þrátt fyrir mikið umtal, nefndaskipun og umfjöllun um þetta á ýmsum vettvangi, bæði hér á þingi, í ríkisstjórn, í skýrslum Byggðastofnunar og víðar sl. ár, þá hefur ekkert verið gert, ekkert, í þessu efni sem tillagan fjallar bein-

línis um. Þeir snillingarnir, hæstv. ráðherrar Alþfl., Jón Sigurðsson, sem nú telur seðla í Finnlandi, og hæstv. núv. viðskrh., Sighvatur Björgvinsson, hafa ekkert gert. Sömuleiðis hefur hæstv. félmrh., sem fer auðvitað með málefni sem þar undir heyra, lífskjörin, tekjuskiptinguna og annað því um líkt, ekki lagt neitt af mörkum svo að mér sé kunnugt um í þessum efnum. Og það er þetta sem ég var að vekja hér athygli á.

Í öðru lagi vil ég gjalda varhug við því að þetta vandamál leysist, þ.e. hátt vöruverð á landsbyggðinni leysist með verðlagsákvæðum. Menn kunna að geta haft hemil á því í einstökum tilvikum ef menn eru að þvinga fram óheyrilega hátt verðlag í krafti einokunar í einstökum byggðarlögum, en hinn undirliggjandi vandi hverfur ekki með verðlagstilskipunum. Þær forsendur, þær aðstæður sem skapa að breyttu breytanda þetta háa vöruverð sem valda mismuninum, þær hverfa ekki þó menn fari að beita einhverjum verðlagsástæðum, þ.e. flutningskostnaðurinn, minni velta og hægari í gegnum verslunina, hærra orkuverð, sem verslunin eins og aðrir sem búa á landsbyggðinni verður að borga, því stór liður í rekstrarkostnaði verslunar er orkuverðið, bæði rafmagn og hiti og ýmis tæki, kæliborð og annað því um líkt sem þar eru keyrð. Orkunotkun er tiltölulega mikil t.d. í matvöruverslun í hlutfalli við veltu miðað við flestar aðrar greinar. Það spilar inn í hátt vöruverð á landsbyggðinni að verslunin sjálf borgar miklu hærra orkuverð heldur en þar sem það er hagstæðast. Smærri einingar í innkaupum o.s.frv., það er erfiðara að skila því sem gengur af í sendingum, það er erfiðara að skila gallaðri vöru o.s.frv. Þessar undirliggjandi forsendur hverfa ekki þó að menn fari út í einhverjar verðlagsákvarðanir.

Og af því að hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson er sífellt að tuða hér um Blöndu, þá er rétt að segja það eins og það er að ár eftir ár, á árunum 1983–1987, lagði Alþb. einmitt til við afgreiðslu lánsfjárlagafrumvarpa að framkvæmdum við Blöndu yrði frestað eða hægt á þeim. Við fluttum á hverju ári, á árunum 1983, 1984, 1985 og 1986, brtt. við frv. til lánsfjárlaga akkúrat þar um, en það var jafnan fellt og því fór sem fór að Blanda varð auðvitað allt of snemma á ferðinni. Ég hygg, hæstv. ... (Gripið fram í.) Ja, það liggur við að við gætum það, hv. frammíkallandi, ef orkukerfið væri þannig skipulagt og nýttar til fulls aðrar virkjanir þá liggur við að við gætum enn þá verið án Blöndu. Þá væri að vísu minna öryggi í kerfinu kannski á vissum tíma, en framleiðslugeta Blöndu er að mestu leyti umfram þarfir orkumarkaðarins eins og hann er í dag. Það er gott og hollt fyrir hv. þm. Gunnlaug Stefánsson að vita þetta.

En ég hygg, hæstv. forseti, að ef menn vilja virkilega taka á þessum málum þá eru þarna fjölmargir þættir sem við getum snúið okkur að beint að skoða. Við skulum skoða skattlagningu verslunarinnar í strjálbýlinu sérstaklega. Getum við náð samkomulagi um það hér að fella niður eða endurgreiða að einhverju leyti skatta og létta þannig undir með þessari verslun? Það er hægt, það er gert sums staðar erlendis, ef ég man rétt t.d. í Noregi.

Í öðru lagi orkuverðið. Getum við orðið sammála um að endurgreiða eða jafna orkuverðið með einhverjum hætti þannig til verslunar á landsbyggðinni eða í hinu eiginlega strjálbýli að sá kostnaðarliður verði jafn?

Í þriðja lagi flutningskostnaðurinn. Eru menn tilbúnir til að taka jákvætt á því máli? Þungaskatturinn til að mynda verkar að verulegu leyti eins og skattlagning í gegnum vöruverð á landsbyggðina. Það gerir það því að þungaskatturinn spilar óheyrilega þungt orðið inn vöruverðið í versluninni á landsbyggðinni sem að verulegu leyti er orðin háð landflutningum með sín aðföng.

Ég nefni í fjórða lagi samgöngurnar sjálfar. Sjálfstæðismenn og hæstv. samgrh. hælast mikið um yfir því að hafa lagt niður Skipaútgerð ríkisins, telja það mikið afrek og hafi með því sparað ríkissjóði einhverja peninga. En hafa menn athugað, þar á meðal stuðningsmenn þessarar stjórnar, hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson, tillögumaður, hefur hann athugað hvort eitthvað af þeim kostnaði hefur ekki ósköp einfaldlega flust yfir í hærra vöruverð í þeim byggðarlögum sem búa nú við skertar samgöngur? Og hver er þá hinn þjóðhagslegi ávinningur af því? Hann er þá að sama skapi minni, án þess að ég sé að segja að þarna hafi ekki orðið einhver nettósparnaður, en ég fullyrði að að einhverju leyti er þessi hætta fyrir hendi. Að það sem áður var jafnað í gegnum framlög ríkisins, t.d. í flutningsstyrkjum af ýmsu tagi sé núna borið uppi með hærra vöruverði íbúa á landsbyggðinni.

Ég nefni í fimmta lagi fjármagnskostnað. Það er alveg ljóst að fjármagnskostnaður verslunar í strjálbýlinu er mjög hár vegna þess að hún þarf að liggja uppi með meira birgðahald og hægari veltu. Eru menn tilbúnir til þess að láta til að mynda Byggðastofnun taka upp einhvers konar birgðalán á hagstæðari kjörum til strjálbýlisverslunarinnar þannig að menn lækki þann lið? Það eru slíkir hlutir sem væri hollt að ræða hér og fá fram afstöðu manna til, en ekki einhver könnun án mjög nákvæmlega skilgreindra markmiða eins og hér er á ferðinni.

Og ég segi aftur og enn, hæstv. forseti: Mismunurinn í vöruverðinu liggur í grófum dráttum fyrir. Ef menn vilja kanna eitthvað úti á landsbyggðinni sérstaklega þá verð ég nú að segja eins og er að það sem ég hefði mestan áhuga á að yrði kannað um þessar mundir er fylgi Alþfl. á landsbyggðinni og ég væri alveg til í að gera þá viðaukatillögu við þessa að til viðbótar við vöruverðið yrði fylgi Alþfl. á landsbyggðinni kannað sérstaklega. Það er að vísu kannski til mikils mælst að ætlast til þess að menn kanni það sem tæplega mælist lengur, en engu að síður væri nú fróðlegt að vita hvernig það liggur um þessar mundir.

[14:27]

Flm. (Gunnlaugur Stefánsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hef nú meiri áhyggjur af því vandamáli sem hér er við að fást og við höfum verið að ræða, um hið háa vöruverð sem ríkir víða á landsbyggðinni, heldur en hvernig fylgi Alþfl. kann að vera

frá einum tíma til annars í skoðanakönnunum. Það sem höfuðmáli skiptir náttúrlega er fylgið sem flokkurinn hefur og mun hafa í kosningunum og vonandi mun það koma í ljós að flokkurinn standi þar sterkur þannig að hann geti haldið áfram að berjast fyrir því að lækka vöruverðið í landinu. Þessar umræður hafa sýnt það að Alþb. er ekki treystandi í þeim efnum og Framsfl. er klofinn í málinu. En þessi síðasta ræða hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar sannfærði mig um það að þessi till. til þál. sem hér hefur verið til umræðu er mjög brýn og mjög mikilvæg og hér eru orð í tíma töluð sem flutt eru í þessari tillögu. Hv. þm. flutti hér nefnilega ræðu áðan sem raunverulega var rökstuðningur við þessa tillögu um það að nauðsynlegt er að fram fari nákvæm úttekt á vöruverði lífsnauðsynja og verðmun á milli þéttbýlis og dreifbýlis, að kannað verði sérstaklega hvaða ástæður valda slíkum verðmun og síðast en ekki síst að það verði gripið til aðgerða. Og þeir þættir sem koma náttúrlega inn í þessa úttekt og þau svið þar sem aðgerðirnir munu m.a. verða á, það er á skattasviðinu, flutningssviðinu, fjármagnsskattsviðinu, orkuverðið og samgöngurnar. Allt kemur þetta inn. En það þarf að fara að vinna skipulega í málum. Þess vegna var þessi till. til þál. flutt og vonandi mun hún leiða til þess að vöruverð geti lækkað á landsbyggðinni þar sem það er hæst.

[14:29]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er barnalegur misskilningur að halda að vöruverð á landsbyggðinni lækki bara si svona með því einu að samþykkja tillögu um að kanna hluti sem liggja í raun og veru þegar fyrir. Hvaða áhrif hefur það á vöruverð á landsbyggðinni? Ég spyr. Það gerist auðvitað ekki þannig og það sem ég var að reyna að fá hér inn í umræðuna er það að ef menn meina eitthvað, þá eiga menn að ráðast að rótum vandans, að hinum undirliggjandi orsökum þess að vöruverð á landsbyggðinni er hærra. Og ég spurði: Eru menn tilbúnir til að taka þar á þáttum eins og sköttum, vöruverði, flutningskostnaði, fjármagnskostnaði og öðru slíku? Það skiptir máli en ekki hitt að pexa um það hvort einum flokki eða öðrum sé treystandi í þeim kappræðustíl sem hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson temur sér hér og segir að það hafi komið fram hér í umræðunni að Alþb. sé ekki treystandi til þess. Nei, bara Alþfl., sem hefur farið með þessi mál í sjö ár og ekkert gert. Hvers konar röksemdafærsla er þetta? Ég held að hv. þm. Alþfl. eigi betur heima sem aðalleikari í einhverju absúrdleikriti, svoleiðis er hans málflutningur hér.

Nei, og ég endurtek það, að það sem þarf að skoða eru auðvitað lífskjörin almennt, ef menn meina eitthvað með þessu, vegna þess að vöruverðið eitt stendur ekki fyrir nema kannski 25–30% af útgjöldum heimilanna, afgangurinn eru aðrir þættir. Þar eru líka á ferðinni hlutir sem mismuna stórkostlega eftir búsetu, eins og aðgengi manna að þjónustu, menntun, heilbrigðisþjónustu og öðru slíku, fargjöld eða flutningskostnaður þeirra sem búa á landsbyggðinni o.s.frv. Vilji menn skoða reynsluna þá skulu menn bera saman frammistöðu Alþfl. í þessum málum sl. sjö ár og því sem aðrir hafa gert. Hér var símkostnaður nefndur sem dæmi. Á tveimur árum lækkaði hann í tíð fyrri ríkisstjórnar þannig að áður var langlínutaxtinn áttfaldur innanbæjartaxti en þegar sú ríkisstjórn fór frá þá var hann þrefaldur. Hvað hefur Alþfl. gert af þessu tagi í sambandi við orkuverðið, sem hann hefur farið með í sex ár, í sambandi við vöruverðið á landsbyggðinni? Ekkert. Svo er hv. þm. að segja að þessi umræða hafi eitthvað sannað í þeim efnum að einum flokki sé ekki treystandi öðrum fremur. Reynslan hefur sýnt að Alþfl. gerir ekki neitt í þessum málum. Það er það sem liggur fyrir.

[14:32]

Flm. (Gunnlaugur Stefánsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Burt séð frá pólitískum flokkajöfnuði sem náttúrlega mun aldrei taka enda þá held ég eigi að síður að þær umræður sem hér hafa farið fram um vöruverð lífsnauðsynja á landsbyggðinni og þennan verðmun sem ríkir á milli höfuðborgarinnar og landsbyggðarinnar hafi verið afar gagnlegar, það er hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon alltaf að sannfæra mig betur um. Vegna þess að ef hann tekur sig nú til þegar þessari umræðu lýkur og les tillöguna, sem ég held að hann hafi því miður ekki gefið sér tíma til í hita umræðunnar að gera og kynna sér, þá kemst hann að raun um að það sem hann taldi hér í síðustu ræðu sinni mikilvægast af öllu, að kanna hvaða ástæður valda þessum verðmun, þá er þetta einmitt innihaldið í þeirri till. til þál. sem hér liggur fyrir. Það sendur orðrétt, með leyfi hæstv. forseta: Kannað verði sérstaklega hvaða ástæður valda slíkum verðmun. Þetta er kjarni málsins. Þetta er einmitt kjarni málsins. Það fer vel á því í lok þessarar umræðu að hér náum við saman hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon. Vegna þess að ég veit að hann hefur mikinn áhuga á því að lífskjörin á landsbyggðinni megi eflast og styrkjast. Og hann vill leggja þar allt sitt af mörkum svo það megi ná fram að ganga. Held ég að hér sé komin hin sameiginlega niðurstaða þessara umræðna að þetta verði kannað. En til þess að það verði gert og úttektin fari fram og könnunin leiði til hugsanlega raunhæfra aðgerða þá þarf að samþykkja þessa till. til þál. Um það eigum við að sameinast. Það liggur ekki önnur tillaga fyrir þinginu en þessi.

[14:34]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er rétt hjá flm. að við getum orðið sammála um eitt og það er það að umræðan hefur orðið gagnleg, það hefur hún verið. En málið hefur á hinn bóginn algjörlega snúist í höndunum á Alþfl. vegna þess að umræðan hefur fyrst og fremst snúist upp í úttekt á hörmulegri frammistöðu Alþfl. í þessum málum undanfarin sjö ár. En það var einmitt rétt að það var þörf á því að fara yfir það hvernig Alþfl. hefur staðið að þessu sl. sjö ár. Það er nefnilega það sem hefur verið meginniðurstaða dagsins. Það er það að hér hefur farið fram ágæt umræða um það hvernig Alþfl. hefur í raun og veru bókstaflega algerlega vanrækt það að sinna þessu máli sl. sjö ár.

Varðandi það að svona könnun þurfi að fara fram þá hefur nú í fyrsta lagi verið bent á að í raun liggja þessar upplýsingar allar fyrir varðandi vöruverðið. Einn af mörgum göllum tillögunnar er að hún er allt of þröng, of takmörkuð. Hún gerir ekki ráð fyrir að lífskjaramunurinn í heild sinni sé borinn saman. En vilji menn engu að síður svona til öryggis og enn einu sinni fara í verðsamanburð, gera verðkönnun annars vegar í verslunum á landsbyggðinni og hins vegar á þéttbýlissvæðunum, sem þetta snýst nú um á mannamáli, þá liggur það svo, hv. þm., að það er hlutverk Samkeppnisstofnunar og hér í Stjórnartíðindum eru lögin um Samkeppnisstofnun. Ég hef líka bent á að það vill nú svo til að Samkeppnisstofnun heyrir undir einn hæstv. ráðherra Alþfl., sem sagt hæstv. Sighvat Björgvinsson viðskrh. Það er einfaldasta mál í heimi fyrir Alþfl. að skrifa Samkeppnisstofnun bréf og biðja um að þessi úttekt sé gerð. Reyndar ætti þess ekki að þurfa því þetta er á verksviði þeirrar stofnunar svo að tillöguflutningur af þessu tagi er óþarfur þess vegna ef menn vilja ná því fram. En umræðan hefur verið ágæt og það hefur verið varpað skýru ljósi á það að sökudólgurinn núna upp á síðkastið í þessum málum sem ekkert hefur aðhafst er Alþfl.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 4., 5. og 7. mál.

Fundi slitið kl. 14:37.

---

47. FUNDUR

föstudaginn 2. des.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Vöruverð lífsnauðsynja og verðmunur á milli þéttbýlis og dreifbýlis, þáltill., 103. mál, þskj. 106. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
2. Lyfjaverslun Íslands hf., stjfrv., 242. mál, þskj. 283. — 1. umr.
3. Viðlagatrygging, stjfrv., 239. mál, þskj. 280. — 1. umr.
4. Brunatryggingar, stjfrv., 240. mál, þskj. 281. — 1. umr.
5. Menntun á sviði sjávarútvegs og matvælaiðnaðar, þáltill., 76. mál, þskj. 76. — Fyrri umr.
6. Úttekt á kjörum fólks er stundar nám fjarri heimabyggð, þáltill., 132. mál, þskj. 138. — Fyrri umr.
7. Stjórnarskipunarlög, frv., 212. mál, þskj. 240. — 1. umr.
8. Stjórnlagaþing, frv., 213. mál, þskj. 241. — 1. umr.
9. Rekstur minni sjúkrahúsa í dreifbýli, þáltill., 214. mál, þskj. 242. — Fyrri umr.
10. Bann við sölu á eignum ríkisins án lagaheimilda, frv., 218. mál, þskj. 247. — 1. umr.
11. Framfærsluvísitala, þáltill., 231. mál, þskj. 272. — Fyrri umr.
12. Leikskóli, frv., 245. mál, þskj. 286. — 1. umr.
13. Úttekt á námskrám og kennslubókum með hliðsjón af jafnréttislögum, þáltill., 246. mál, þskj. 287. — Fyrri umr.
14. Fjöleignarhús, frv., 247. mál, þskj. 288. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Anna Ólafsdóttir Björnsson, 9. þm. Reykn.,
Björn Bjarnason, 3. þm. Reykv.,
Friðrik Sophusson fjmrh.,
Guðni Ágústsson, 5. þm. Suðurl.,
Halldór Ásgrímsson, 1. þm. Austurl.,
Jóhanna Sigurðardóttir, 12. þm. Reykv.,
Jóhannes Geir Sigurgeirsson, 6. þm. Norðurl. e.,
Jón Baldvin Hannibalsson utanrrh.,
Ólafur G. Einarsson menntmrh.,
Pálmi Jónsson, 1. þm. Norðurl. v.,
Petrína Baldursdóttir, 11. þm. Reykn.,
Pétur Bjarnason, 2. þm. Vestf.,
Ragnar Arnalds, 3. þm. Norðurl. v.,
Valgerður Sverrisdóttir, 3. þm. Norðurl. e.

Aðalmaður tekur sæti á ný:

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, 6. þm. Vestf.

Lagt fram á lestrarsal:

Erindi frá framkvæmdastjóra norsku Nóbelsverðlaunanefndarinnar um tilnefningu til friðarverðlauna Nóbels fyrir árið 1995.

Útbýting þingskjala:

Launaþróun sjúkraliða og hjúkrunarfræðinga, 230. mál, svar fjmrh., þskj. 293.

Réttarstaða fólks í vígðri og óvígðri sambúð, 250. mál, þáltill. AÓB o.fl., þskj. 292.

Tilkynning um dagskrá.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti vill upplýsa nú þegar að af ýmsum ástæðum verður að taka út af dagskrá nokkur mál, þ.e. 2., 7., 8. og 14. mál verða ekki tekin fyrir ýmist vegna veikinda eða fjarveru ráðherra og þingmanna.

Viðlagatrygging, 1. umr.

Stjfrv., 239. mál (skíðalyftur o.fl.). — Þskj. 280.

[10:34]

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Öllum hv. þm. er efalaust í minni það hörmulega snjóflóð sem varð á Ísafirði veturinn 1994 og lagði í rúst í einu vetfangi öll skíðamannvirki Ísfirðinga sem þeir höfðu byggt upp á löngum tíma og með mikilli sjálfboðavinnu og enn fremur alla útivistaraðstöðu og sumarbústaði Ísfirðinga í Tungudal, en þar hafði verið sumarhúsabyggð frá fyrstu áratugum aldarinnar og var sá staður mjög kær mörgum Ísfirðingum. Þar varð líka hörmulegt manntjón. Eftir þessa atburði átti bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar viðræður við ríkisstjórn. Og forsrh. fyrir hönd ríkisstjórnarinnar gaf þá yfirlýsingu að ríkisstjórn Íslands mundi vinna með bæjaryfirvöldum á Ísafirði varðandi skoðun tjónamála og síðar veita bæjarstjórn Ísafjarðar liðsinni eftir því sem ríkisstjórn Íslands gæti til þess að greiða úr þeim tjónum sem urðu þar. Starfshópi þriggja ráðherra var falið að skoða málið, þ.e. starfshópi sem skipaður var af forsrh., trmrh. og fjmrh. Starfshópurinn komst m.a. að þeirri niðurstöðu að það væri rétt og eðlilegt að taka til skoðunar breytingar á lögum um Viðlagatryggingu Íslands og er frv. það sem hér er á þskj. 280 flutt til þess að óska eftir stuðningi frá hinu háa Alþingi við þær breytingar sem starfshópnum þótti rétt að gera á lögum um Viðlagatryggingu Íslands.

Breytingarnar eru þær að í fyrsta lagi er gert ráð fyrir því að við 2. mgr. 5. gr. laganna bætist nýr töluliður sem verði þá 6. tölul. og er þar fjallað um þau mannvirki sem skulu skyldutryggð hjá Viðlagatryggingu Íslands og Viðlagatryggingu Íslands er þá um leið skylt að greiða bætur ef tjón verður. Nú bætast sem sé skíðalyftur við önnur þau mannvirki sem upptalin eru í þessari grein, 5. gr., og skulu skyldutryggðar samkvæmt lögum um Viðlagatryggingu Íslands. Með þessu er verið að gera skíðamannvirki skyldutryggð og að sjálfsögðu verða eigendur þessara mannvirkja síðan að greiða tryggingaiðgjöld til Viðlagatryggingar eins og fyrir önnur mannvirki sem tryggð skulu.

Ég vil taka það fram, virðulegi forseti, að auðvitað getur komið til álita að taka fleiri mannvirki inn í skyldutryggingu en þau sem upp eru talin í 2. mgr. 5. gr. auk skíðalyftna og vænti ég þess að hv. heilbr.- og trn. sem væntanlega fær þetta frv. til skoðunar taki þá til athugunar hvort eðlilegt sé og æskilegt að fleiri mannvirki verði skyldutryggð en talin eru upp í greininni. Ég vil aðeins árétta þetta vegna þess að síðar í frv. kemur fram að afnumin er heimild stjórnar Viðlagatryggingar Íslands til að taka í tryggingu önnur mannvirki en þau sem skyldutryggð eru, þannig að upptalningin í lögunum verður þá tæmandi og er þeim mun ríkari ástæða til að athuga hvort ekki sé rétt að taka fleiri mannvirki upp í skyldutryggingu en nú eru talin upp í lögunum að viðbættum skíðalyftum. Ég vænti þess, virðulegi forseti, að hv. nefnd skoði það.

Það liggur einnig fyrir til þess að upplýsa frekar að ýmsir aðilar hafa kannað hvort unnt væri að tryggja skíðalyftur og skíðamannvirki. Það gerðu Ísfirðingar m.a. á sínum tíma. Þá var þeim tjáð að það væri ekki unnt að taka slíkar tryggingar þannig að þeir gerðu tilraun til þess að tryggja þessi mannvirki á sínum tíma án þess að sú tilraun gengi eftir.

Til þess að ákvæði laga um Viðlagatryggingu Íslands samrýmist reglum EES-samningsins er svo nauðsynlegt að fella úr gildi heimild Viðlagatryggingar til þess að taka að sér vátryggingu annarra eigna en þeirra sem skylt er að vátryggja. Þess vegna er í 2. gr. frv. gert ráð fyrir því að 6. gr. laganna falli niður og samhliða eru breytingar gerðar á 11. gr. laganna. Samkvæmt þessu er því ekki lengur heimild fyrir stjórn Viðlagatryggingar að taka í tryggingu önnur mannvirki en þau sem upp eru talin í lögunum að skyldutryggja skuli eins og ég vék að hér áðan.

Þá er einnig á að líta að við setningu laga um Viðlagatryggingu var gerð breyting á 19. gr. eldri laga um heimild stjórnar til að veita styrki til björgunarsveita vegna starfsemi sem viðurkennd væri af Almannavörnum ríkisins. Í skýringum með frv. við greinina sem nú er 21. gr. gildandi laga er ekki að sjá að breyta hafi átt framkvæmd styrkveitinga til varnar tjóni af völdum náttúruhamfara. Engu að síður hefur stjórnin með stoð í þessari nýju 21. gr. hafnað styrkumsóknum frá björgunarsveitum með þeim rökum að heimildin sé fallin niður. Ég tel að það hafi ekki verið ætlun Alþingis eins og ég gat um áðan að svo væri gert og þess vegna er í 4. gr. frv. ákvæði um að stjórninni sé heimilt að veita styrki til björgunarsveita vegna starfsemi sem viðurkennd er af Almannavörnum ríkisins og eru þá tekin öll tvímæli af um það að stjórninni sé heimilt að veita þessa styrki eins og hún áður gerði.

Þá er loks í 5. gr. ákvæði um að við gildandi lög bætist bráðabirgðaákvæði þess efnis að á árinu 1994 sé Viðlagatryggingu Íslands heimilt að greiða bætur vegna tjóns sem varð í snjóflóðum veturinn 1994 á skíðalyftum á Ísafirði. Tekið er fram í þessari grein að greiða skuli bæturnar miðað við að lyfturnar hefðu verið tryggðar samkvæmt lögum að frádreginni eigin áhættu skv. 10. gr. og iðgjaldagreiðslu vegna ársins 1994. Með þessum hætti er lagt til við Alþingi að gengið sé til móts við Ísfirðinga vegna þess mikla tjóns sem varð þar á skíðamannvirkjunum. Mér er það fyllilega ljóst að hér er um nokkuð óvanalega tillögugerð að ræða. Það er auðvitað Alþingi sem ákveður og hefur vald til þessarar ákvörðunar en ég legg til að þessi ákvörðun verði tekin eins og hér er frá greint.

Virðulegi forseti. Ég tel að ég hafi lokið við að mæla fyrir frv. og skýrt efni þess og leyfi mér að leggja til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

[10:43]

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Hér er um að ræða mál sem engan þarf að undra að sé rætt á hv. Alþingi og komi hér á dagskrá. Mönnum er í fersku minni snjóflóðið mikla sem féll á útivistarsvæði Ísfirðinga núna í apríl sl.

Þessar náttúruhamfarir eyðilögðu m.a. útivistarsvæði eins og hér hefur fram komið og í kjölfar þessara hamfara gaf ríkisstjórnin fyrirheit um fjárstuðning til enduruppbyggingar þessa svæðis.

Til að efna þessi fyrirheit beitti ríkisstjórnin sér fyrir því að breyta lögum um Viðlagatryggingu Íslands. Markmið þessa frv. er ekki aðeins að skíðalyftur skuli framvegis vera tryggðar heldur séu lögin afturvirk þannig að Ísfirðingar fái þetta greitt. Mig langar aðeins að vitna í það sem kom fram í blaði sem heitir Bæjarins besta á Ísafirði, en þar segir bæjarstjórinn á Ísafirði m.a., með leyfi forseta:

„Aðstoð ríkisins við endurbyggingu verður í því formi að lögum um Viðlagatryggingu Íslands verði breytt á næsta þingi þannig að skíðamannvirki verða skyldutryggð og lagabreytingin verður afturvirk svo að Ísfirðingar fái greiddar bætur vegna mannvirkjanna í Seljalandsdal eins og þau hafa verið tryggð. Það má því segja að skíðalyfturnar sem eyðilögðust í snjóflóðinu í vetur verði tryggðar eftir á."

Enn er vitnað í bæjarstjórann og kemur þar fram að ekki sé búið að reikna út nákvæmlega hver upphæðin sem Viðlagatrygging mun leggja til verði, en ljóst sé að um rúmar 90 millj. kr. sé að ræða. Svo kemur fram í sömu grein að þeir eru stórtækir á Ísafirði og ætla að reisa mannvirki sem kostar 230 millj.

Ég gleðst nú fremur yfir því en hitt að Ísfirðingar skuli fá ef samþykkt verður á Alþingi þessa fjárupphæð til að endurbyggja sínar skíðalyftur, en mig langar í beinu framhaldi af því að bera saman önnur lög, skaðabótalög sem margir hér hafa rætt um að hefðu þurft að vera afturvirk. Þó það sé kannski ekki beint á borði hæstv. heilbr.- og trmrh. þá er hann í ríkisstjórn sem styður þetta sem hér um ræðir en studdi ekki hið síðarnefnda.

Þannig er að nokkur ungmenni slösuðust alvarlega og hlutu af því ævilanga örkumlun fyrir gildistöku skaðabótalaga, en þau tóku gildi í júlí 1993. Þessi ungmenni eiga óuppgerðar skaðabætur þrátt fyrir mikinn dugnað þeirra og aðstandenda þeirra að fá hluta nýrra skaðabótalaga afturvirkan, þann hluta er sneri að börnum og ungmennum, á þeim forsendum að ævitekjur þessara ungmenna sem orðið hafa fyrir ævilangri fötlun mundu hækka verulega. Þannig mundu þau njóta fullra mannréttinda og fá hjálp við að endurreisa og byggja upp líf sitt að nýju eftir þá miklu persónulegu harma sem þau hafa orðið fyrir.

Á vegum dómsmrh. var málið sett í nefnd. Nefndin komst að því að lögin geta ekki orðið afturvirk af því að tryggingafélögin bæru of mikinn skaða af því. Ef við berum þessi tvö mál saman þá eru þau þannig að skíðalyftan á Ísafirði var tryggð en ekki nægjanlega tryggð. Lögum um viðlagatryggingu verður að líkindum breytt og gerð afturvirk. Börnin og ungmennin sem lentu í slysinu fyrir staðfestingu skaðabótalaga voru tryggð en ekki nægilega tryggð. Í öðru tilvikinu þykir rétt að bæta það fjárhagslega tjón sem varð á mannvirkjum en í hinu tilfellinu þykir ekki rétt að bæta það fjárhagslega tjón sem þessi ungmenni urðu fyrir. Á þetta finnst mér að ég þurfi að benda þó að það breyti kannski ekki miklu en það minnir okkur svolítið á það gildismat sem er í gangi hjá hæstv. ríkisstjórn.

Það þarf ekki að fara mörgum orðum um að vegna þeirrar miklu eyðileggingar sem hefur orðið á líkama þessara barna og ungmenna er starfsþrek þeirra þannig að ekki verður úr bætt.

Hér sem sagt verið að bæta úr því sem miður hefur farið í mannvirkjagerð en það er ekki reynt að bæta úr því með fjárhagslegum styrk það sem miður hefur farið vegna líkamslegs tjóns.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Brunatryggingar, 1. umr.

Stjfrv., 240. mál (umsýslugjald o.fl.). — Þskj. 281.

[10:49]

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Á sl. vori voru samþykkt á Alþingi ný lög um brunatryggingar. Þar voru felld saman lagaákvæði sem áður höfðu verið í tvennum lögum, lögum um brunatryggingar í Reykjavík og lögum um brunatryggingar utan Reykjavíkur.

Helstu nýmæli þessara laga voru m.a. að afskipti sveitarstjórna af brunatryggingum utan Reykjavíkur voru felld niður, og einkaréttur Húsatrygginga Reykjavíkurborgar á brunatryggingum húseigna í Reykjavík var jafnframt felldur niður. Enn fremur var í lögunum það nýmæli að Fasteignamat ríkisins gæti annast virðingu skylduvátryggðra húsa og skyldi halda utan um skráningu brunatryggðra húseigna í landinu. Þessi breyting tengdist skipulagsbreytingum sem verið er að gera á Fasteignamati ríkisins og uppsetningu svokallaðrar landskrár fasteigna. Ríkisstjórnin fyrirhugar að flytja vátryggingastarfsemi frá heilbr.- og trmrn. til viðskrn. Frv. þar að lútandi er í undirbúningi í forsætisráðuneytinu. Með því frv. mun 5. gr. laga um brunatryggingar breytt.

Hér er hins vegar á ferðinni frv. til þess að gera auðveldara að framfylgja þeirri auknu samkeppni sem leidd var í lög í fyrravor á Alþingi eins og ég gat um áðan. Til þess að sú samkeppni geti gengið eðlilega fyrir sig þarf að vera til hjá einum opinberum aðila skrá yfir allar vátryggjanlegar fasteignir í landinu þannig að aðilar í vátryggingastarfsemi sem vilja keppa og bjóða eigendum slíkra fasteigna iðgjöld geti fengið allar tiltækar upplýsingar en svo er ekki nú.

Ef ég fer, virðulegi forseti, í efni þessa frv. grein fyrir grein þá er í fyrsta lagi gert ráð fyrir því, ef frv. þetta verður að lögum, að Fasteignamat ríkisins annist að öllum jafnaði fyrstu virðingu brunatryggðra eða brunatryggjanlegra fasteigna þannig að ljóst sé að það sé ávallt sami aðili hér eftir sem annist hina fyrstu virðingargjörð. Að sjálfsögðu getur eigandi síðan beðið aðra aðila, löggilta virðingaraðila, um mat á húseign sinni hvenær sem viðkomandi aðili óskar eftir því.

En ef Fasteignamat ríkisins sér ástæðu til að framkvæma endurmat, t.d. vegna breyttra aðstæðna, þá geti Fasteignamatið gert það en vátryggingafélaginu og húseigandanum að kostnaðarlausu. Það er reiknað með því að fyrsta virðingargerðin sem Fasteignamat ríkisins annist sé einnig húseigandanum að kostnaðarlausu.

Þá er í c-lið 1. gr. frv. gerð tillaga um að breyta 3. mgr. þannig að vátryggingarverði húsa skuli breytt til samræmis við vísitölu byggingarkostnaðar hinna ýmsu tegunda húseigna.

Þarna er átt við að það getur verið allt önnur verðþróun á t.d. íbúðarhúsnæði en á atvinnuhúsnæði og það getur orðið allt önnur verðþróun á einni tegund atvinnuhúsnæðis en annarri. Gert er ráð fyrir því að heimilt skuli að breyta vátryggingarverði húsa en þá í samræmi við vísitölu byggingarkostnaðar hinna ýmsu tegunda húseigna þannig að endurmatið sé í samræmi við verðþróun þeirrar tegundar húseigna sem húseignin sem verið er að endurmeta fellur undir.

Þá er í d-lið 1. gr. einnig nýtt ákvæði. Þar er gert ráð fyrir því að heimilt verði með reglugerð að ákveða að húseigendur greiði árlegt umsýslugjald af brunabótamati húseignar til Fasteignamats ríkisins. Gert er ráð fyrir að viðkomandi vátryggingafélag innheimti þetta gjald og skili því til Fasteignamatsins og umsýslugjaldið skuli aldrei vera hærra en 0,03‰ af brunabótamati húseignar sem þýðir að af húseign sem metin er á 1 milljón greiðir viðkomandi aðili 30 kr. í umsýslugjald. Er þetta gjald þjónustugjald sem gert er ráð fyrir að standi undir kostnaði við starfsemi Fasteignamats ríkisins en að sjálfsögðu verður að gera ráð fyrir því að Fasteignamat ríkisins fái tekjur af þeim fasteignum sem hún virðir og heldur síðan skrá yfir til að auðvelda bæði tryggingatökum og tryggingasölum að stunda eðlilega samkeppni á tryggingamarkaðinum.

Það kom upp ágreiningur í hópi þeirra aðila sem endurskoðuðu lögin um brunatryggingar og bjuggu til þetta frv. hvort það þyrfti á slíku ákvæði að halda í lög um brunatryggingar. Ýmsir þeirra sem í nefndinni sátu töldu að eins og lögin væru úr garði gerð þá væri ráðherra hvort eð heimilt að setja reglugerð um umsýslugjald. Um það var hins vegar ágreiningur þannig að sumir eða réttara sagt einn nefndarmanna var ekki þeirrar skoðunar. Niðurstaðan varð sú að nefndarmenn lögðu til að heilbr.- og trmrh. legði þessa breytingu til við Alþingi þannig að tekin væru af öll tvímæli um það hvort heimilt væri að setja reglugerð um umsýslugjald eins og gert er ráð fyrir að heimilað verði í lögunum verði d-liður 1. gr. samþykktur.

Þá er í 2. gr. ákvæði þess efnis að vátryggjanda verði gert heimilt að veita undanþágu frá byggingarskyldu að höfðu samráði við skipulagsyfirvöld gegn því skilyrði að 15% dragist frá bótafjárhæðinni. Í greininni segir að frádrætti þessum skuli þó ekki beitt ef endurbygging sé eigi heimil af skipulagsástæðum eða öðrum ástæðum sem tjónþola er ekki sjálfrátt um. Með öðrum orðum er því aðeins heimilt að beita þessari frádráttarheimild að það sé tjónþoli sjálfur sem óskar eftir undanþágu frá byggingarskyldu.

Þetta er einnig nýmæli en þó í samræmi við heimild sem var í lögum um Brunabótafélag Íslands og verið hefur í skilmálum Húsatrygginga Reykjavíkur en var ekki í lögum um það síðarnefnda. Hér er verið að festa í sessi undir öllum kringumstæðum framkvæmdavenju sem verið hefur þó svo að hún hafi stórt séð aðeins verið heimild í lögum um Brunabótafélag Íslands, þ.e. varðandi tryggingu húseigna utan Reykjavíkursvæðisins þó að þessu ákvæði eða þessari verklagsreglu hafi verið beitt varðandi brunatryggingar á landinu öllu.

Þá er í 3. gr. nokkur ákvæði sem eru til samræmis við breytingar sem gerðar voru með lögum um nauðungarsölu en þess var ekki nægilega vel gætt við setningu laganna í vor að lög um brunatryggingar og lög um nauðungarsölu væru samhljóða um það hvernig fara skyldi með þegar til nauðungarsölu þurfi að grípa.

Þá er í 4. gr. ákvæði sem lúta að því að utan Reykjavíkur hafa sveitarfélög borið ábyrgð á að húseignir væru brunatryggðar. Engin sambærileg ákvæði hafa verið í gildi í Reykjavík og er þetta enn eitt dæmið um það að lög um húsatryggingar í Reykjavík og húsatryggingar utan Reykjavíkur voru ekki samstiga. Þegar einkaréttur sveitarfélaga til brunatrygginga fellur niður getur skapast hætta á því að eignir falli úr brunatryggingu þó svo að reynt hafi verið gæta þess að lágmarka eftir því sem unnt væri líkur á því að svo geti gerist, m.a. með því að fela Fasteignamatinu að hafa umsjón og eftirlit með skráningu brunatryggðra eigna. Ef slíkt tilvik kæmi upp þykir nauðsynlegt að tryggja að tjón verði engu að síður bætt enda verði húseiganda ekki kennt um brottfall tryggingar. Það getur að sjálfsögðu gerst að hús sem ætti að brunatryggja félli óvart úr tryggingu án þess að viðkomandi húseigandi bæri á því sök. Það gætu verið mistök sem gætu t.d. gerst við tilfærslu brunatryggðra húseigna á milli tryggingafélaga. Ef svo er þykir eðlilegt að eigandi húsnæðisins fái eign sína bætta ef tjón verður á henni vegna bruna og er því hér sett ákvæði um þetta efni þar sem Sambandi íslenskra tryggingafélaga er falið að hafa milligöngu um bótagreiðslur og endurkrefja annaðhvort þann sem sök átti á því að húseign féll úr tryggingu eða deila kostnaði á vátryggingafélög sem selja brunatryggingar. Áþekkar reglur hafa gilt síðan 1970 varðandi lögboðnar ábyrgðartryggingar ökutækja. Rétt er að taka fram að um þetta ákvæði hefur verið haft samráð við tryggingafélögin.

Í 5. gr. eru svo ákvæði um að lög þessi öðlist tafarlaust gildi.

Umsögn frá fjmrn., fjárlagaskrifstofu, fylgir svo frv. í fskj. eins og venja er.

Virðulegi forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

[11:00]

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Þennan morgun hefur hæstv. heilbr.- og trmrh. komið með tvö lagafrumvörp inn í þingið sem bæði fela það í sér að menn eru að tryggja eftir á, frv. um viðlagatryggingu þar sem hæstv. ráðherra ætlar að tryggja skíðalyfturnar á Ísafirði eftir á og nú frv. um breytingu á lögum um brunatryggingar, nr.

48/1994, þar sem hæstv. ráðherra ætlar að tryggja sjálfan sig eftir á.

Eftirátrygging hæstv. ráðherra felst í því að 5. sept. sl. gaf hæstv. ráðherra út reglugerð á grundvelli laga um brunatryggingar sem samþykktar voru Alþingi í fyrravor. Það er samdóma álit lögfræðinga að sú reglugerð hafi ekki staðist lög. Þrátt fyrir að skiptar skoðanir hafi verið í þeirri nefnd sem fékk það hlutverk að endurskoða lögin um brunatryggingar, þá kemur það fram hjá þeim hv. nefndarmönnum sem þar áttu sæti að þeir telja í fyrsta lagi að lagagrundvöllurinn sé mjög tæpur fyrir reglugerðinni. Aðrir nefndarmenn telja að engin lagastoð sé fyrir því að setja þessa reglugerð. Ég vitna í Morgunblaðið frá 15. okt. 1994 þar sem segir í viðtali við Jón G. Tómasson borgarritara að lög um brunatryggingar heimili gjaldtöku vegna virðingar en engin heimild sé til að leggja umsýslugjald á allar húseignir í landinu, alls 35 millj. kr. á ári. Síðan heldur hann áfram og segir: „Ég tel að þetta sé ólögmæt skattheimta og hafi enga lagastoð. Ég er ekki í nokkrum vafa um að það skortir lagastoð fyrir þessari gjaldtöku", segir einnig Ingvar Sveinbjörnsson, hæstaréttarlögmaður hjá Vátryggingafélagi Íslands. Hann segir að fjölmargir lögfræðingar hafi skoðað þetta mál og allir séu sömu skoðunar.

Nú átti hins vegar þetta gjald ekki að leggjast á fyrr en um áramót og er auðvitað gott að hæstv. heilbr.- og trmrh. skuli hafa komið með inn í þingið frv. sem á að gera það að verkum að hæstv. ráðherra sé tryggður fyrir því að allt sé í lagi með reglugerðina sem hann setti 5. sept.

Hitt er svo aftur annað mál hvort ekki er hér um tvísköttun að ræða, að þeir sem eiga húseignir séu að vissu leyti búnir að greiða þetta umsýslugjald. Það verður svo, ef ég skil lögin rétt og reglugerðina sem nú er verið að leita eftir lagastoð fyrir, að húseigendur greiða hvort sem þeir nota þjónustu Fasteignamatsins eða ekki. Með öðrum orðum er um að ræða beina skattlagningu á alla íbúðareigendur í landinu sem nemur 0,03‰ af brunabótamati húseigna og á að renna til Fasteignamats ríkisins. Þetta hlýtur að vekja upp þá spurningu hvort ekki muni draga úr fjárveitingum til Fasteignamatsins af fjárlögum en verða greitt af öllum íbúðareigendum sem er nýr skattur á þá að mínu viti. Því spyr ég hæstv. heilbr.- og trmrh.: Getur hæstv. ráðherra fallist á það sem fram kemur í viðtali við Jón G. Tómasson frá 15. okt. 1994, að á þá sem eiga íbúðir fyrir sé um tvísköttun að ræða?

Ég er í sjálfu sér ánægður með það að hæstv. ráðherra skuli koma inn með þetta frv. til þess að vera nú tryggður og má kannski segja að það sé ekki of seint því að enn eru ekki komin áramót og þar af leiðandi geti reglugerðin hugsanlega staðist lög þegar að því kemur að gjaldið verði lagt á, en hins vegar er alveg ljóst að hún stenst ekki þau lög sem núna eru í gildi.

[11:06]

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Í fyrsta lagi um ágreining lögfræðinga þá ítreka ég það sem ég áður sagði að í þeirri nefnd sem undirbjó frv. voru lögfræðingar einir þrír. Tveir þeirra töldu að enginn vafi væri á því að lögin, eins og þau eru úr garði gerð, heimiluðu trmrh. að setja umsýslugjald með reglugerð. Þeir voru ekki í neinum vafa um það. Einn lögfræðinganna var hins vegar annarrar skoðunar, taldi að ekki væri heimilt að óbreyttum lögum að setja þessa reglugerð. En allir þrír urðu sammála um það að leggja til við heilbr.- og trmrh. að hann legði fram þessa breytingu á lögunum við Alþingi og óskaði eftir því að Alþingi afgreiddi það svona.

Eftir að fram kom í nokkrum fjölmiðlum gagnrýni á reglugerðina þá kallaði ég til fundar með vátryggingaeftirlitinu og fulltrúum vátryggingafélaganna, m.a. stjórnendum VÍS hjá hverjum sá lögfræðingur vinnur sem hv. þm. réttilega hafði eftir gagnrýni á þessa gerð, og spurði forsvarsmenn vátryggingafélaganna, þar á meðal VÍS, hvort þeir væru sammála þessu áliti. Þeir kváðu nei við. Það voru aðeins Húsatryggingar Reykjavíkur sem voru sammála því að ekki væri heimilt að leggja á þetta umsýslugjald með reglugerð að óbreyttum lögum. Það er nú einu sinni, virðulegi forseti, atvinna lögmanna að vera ósammála um lög svo að það er ekki skrýtið þó svo sé í þessum efnum eins og svo mörgum öðrum, en er þá ekki einfaldast að slá á það með því að setja alveg ótvíræðan lagatexta þannig að lögfræðingar geti ekki haft atvinnu af því að deila sín á milli um þessa gerð?

Það er hins vegar umhugsunarvert og athyglisvert að það vill svo til að sá aðili sem gagnrýndi þetta hvað harðast sem borgarlögmaður í Reykjavík hefur nú það hlutverk að verja sjónarmið þess ráðherra sem hér stendur sem nýr ríkislögmaður. Ég er ekki í vafa um að hann mun fylgja þeirri vörn fast fram ef á þarf að halda og standa sig vel í stykkinu sem verjandi sjónarmiða heilbr.- og trmrh. í þessu máli. Virðulegi forseti. Það er nú ekki oft sem einn og sami lögfræðingur getur haft atvinnu af því að deila við sjálfan sig. En það vitaskuld sparar mikla fyrirhöfn í ágreiningi lögfræðinga sín á milli.

Um skattlagningu án þjónustu er það að segja að allir húseigendur, eigendur íbúða og atvinnuhúsnæðis, njóta þjónustu Fasteignamats ríkisins. Þ.e. Fasteignamat ríkisins á að halda skrá yfir allar fasteignir á landinu og brunatryggingaviðri þeirra þannig að allir, líka núverandi íbúðareigendur, munu njóta þjónustu Fasteignamatsins. Auðvitað geta þeir leitað til þess um virðingagerð til þess að endurmeta sínar húseignir ef þeir vilja, en þjónustan er fyrst og fremst fólgin í því að ef þessi opinberi aðili héldi ekki skrá yfir fasteignir í landinu og verðmæti þeirra samkvæmt virðingargerð væri ógerningur fyrir tryggingafélögin að keppa um að bjóða niður iðgjöld fyrir brunatryggingu húseigna á Íslandi og þeir sem skaðast myndu af því yrðu fyrst og síðast húseigendurnir sjálfir. Það er vissulega þjónusta við húseigendur sem Fasteignamat ríkisins mun veita. Fyrir þá þjónustu greiða húseigendur sem svarar 30 kr. af hverri milljón sem húseignir þeirra eru metnar á og ég verð nú að segja, virðulegi forseti, að það er ekki dýr þjónusta þegar litið er til þess hvað

þjónustan tryggir húseigendum á Íslandi og hvaða möguleika sú þjónusta sem Fasteignamat ríkisins veitir gefur til að lækka iðgjöld brunatryggðra húseigna í landinu hvort sem þær eru í eigu einstaklinga, félaga eða samtaka.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Menntun á sviði sjávarútvegs og matvælaiðnaðar, fyrri umr.

Þáltill. ÁRÁ o.fl., 76. mál. — Þskj. 76.

[11:11]

Flm. (Árni R. Árnason):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um eflingu menntunar í framhaldsskólum á sviði sjávarútvegs og matvælaiðnaðar. Hún er flutt af níu hv. þingmönnum og í tillögugreininni segir svo:

„Alþingi ályktar að fela menntmrh. að efla menntun í framhaldsskólum á sviði sjávarútvegs og matvælaiðnaðar með stofnun námsbrauta og þróun námsefnis er njóti forgangs við framkvæmd nýrrar menntastefnu."

Virðulegi forseti. Til umfjöllunar hafa verið í þinginu og nú í hv. menntmn. frv. til laga um grunnskóla og framhaldsskóla. Í þeim frv. koma fram ákvæði til að framfylgja nýrri stefnu í menntamálum sem menntmrh. hefur gert grein fyrir og birst hefur í skýrslu frá nefnd er samdi bæði frv. Þeir sem flytja þessa tillögu taka undir ýmis sjónarmið sem komið hafa fram í starfi nefndarinnar og skýrslu hennar og birtast í frv. M.a. að leggja grundvöll að nýjum starfsháttum og áherslum í skólastarfi með ákvæðum um framkvæmd þess eftir markmiðum menntunar, aukin tengsl skóla og atvinnulífs og eflingu starfsnáms og verkmenntunar. Efling verkmenntunar hefur lengi verið orðuð, virðulegi forseti, þegar við ræðum menntamál, en því miður hefur okkur ekki enn þá vel tekist. En með nýjum áherslum og starfsháttum í framhaldsskólum hljóta okkur að skapast færi á að auka veg og virðingu þekkingar og þjálfunar til starfa við nýtingu auðlinda okkar í hafinu. Til þess þarf menntun á sviði sjávarútvegs og matvælaiðnaðar að njóta sérstaks forgangs í þeirri endurmótun námsframboðs og skólastarfs sem hafin verður með fyrrnefndri löggjöf um framhaldsskóla og hrint í framkvæmd á grundvelli hennar.

Námið þarf að hljóta sess sem hæfir mikilvægi þessara starfsgreina með hæfnisprófi að loknu tilteknu námsefni, tilteknum áföngum og að námi loknu með réttindum til starfs og til framhaldsnáms. Almennir náms- og þjálfunaráfangar þurfa að búa nemendur undir almenn störf og framhaldsáfangar þurfa að veita þeim kunnáttu til nokkurrar ábyrgðar og flóknari starfa, svo sem við stjórn framleiðsluvéla og tækja, en fullt nám og starfsþjálfun veiti réttindi til framleiðslueftirlits, til verkstjórnar og annarra ámóta ábyrgðarstarfa. Lokapróf þarf að veita meistararéttindi og samfelldar námsleiðir þurfa að liggja allt til stúdentsprófs og til aðgangs að háskólanámi.

Virðulegi forseti. Lengi vel, frá 1986 og allt fram á þetta ár hefur afkoma okkar þjóðarbús farið versnandi og lífskjörin rýrnað. Í efnahagslífi okkar hefur ríkt stöðnun og samdráttur, einkum í sjávarútvegi. Tvær helstu orsakir þessa eru verðlækkun afurða á mörkuðum okkar helstu viðskiptalanda vegna versnandi efnahagsástands og versnandi afraksturs þorskstofnsins á Íslandsmiðum sem er okkar helsti og verðmætasti nytjastofn. Við þessar aðstæður hefur athygli okkar beinst að því hvernig við getum bætt hag okkar við ríkjandi ytri aðstæður, t.d. með aukinni hagkvæmni, og víða í sjávarútvegi hafa verið gerð stór átök til hagræðingar á síðustu árum. Ekki síst hafa augu okkar opnast fyrir aukinni og bættri nýtingu auðlindarinnar með veiðum og nýtingu áður ónýttra tegunda og með aukinni vinnslu sjávarfangs og fullvinnslu, allt til framleiðslu tilbúinna rétta. Þrátt fyrir þetta erum við enn að stærstum hluta útflytjendur hráefnis og flest fiskvinnslufyrirtæki okkar stunda í raun aðeins frumvinnslu, þ.e. verkun hráefnis í geymsluhæft ástand. Fullvinnslan fer enn að stærstum hluta fram erlendis. Atvinnan er flutt út.

Fiskiðnaður fullvinnur hráefni bæði ferskt og úr geymsluhæfu ástandi, ísfisk, heilfrystan fisk, frystar flaka- og marningsblokkir, blautverkaðan og þurrkaðan saltfisk, saltsíld og hrogn frá hvers konar veiðiskipum, vinnsluskipum og verkunarstöðvum í landi. Afurðir fiskiðnaðar eru tilbúnar til neyslu allt frá verslunarvörum fyrir matseld til tilbúinna rétta sem bregða má í ofn og beint á borð.

Við höfum mikla reynslu af fiskvinnslu og því staðgóða grunnþekkingu á matvælaframleiðslu. Á síðustu áratugum hefur fleygt fram kunnáttu okkar sem nær lengra en til að gera hráefni geymsluhæft. Þó enn séum við framleiðendur hráefna höfum við nú mikla þekkingu á mörkuðum, kröfum og neysluvenjum neytenda sem nýtist okkur við matvælaiðnað og framleiðslu tilbúinna rétta. Við höfum grunninn til að byggja á iðnvæðingu í sjávarútvegi, en almenn menntun í fiskiðnaði og matvælaiðnaði mun leiða til iðnvæðingar við sjávarsíðuna, til útflutnings fullunninna afurða og meiri verðmætasköpunar.

Virðulegi forseti. Flest okkar hafa unnið við fiskveiðar eða fiskvinnslu og við skynjum því vel hve mikilvægt er að sjávarafli verði vel nýttur og sköpuð sem mest verðmæti úr honum. Nú horfir hins vegar til þess sökum minnkandi atvinnu að ungt fólk alist upp án þess nokkru sinni að komast í beina snertingu við sjósókn eða fiskvinnslu. Af er sem áður var. Nú gætir þess að störf við sjávarútveg fái einungis þeir sem hafa nokkra þjálfun og kemur þá að hlutverki skólanna. Af þessum ástæðum er mikilvægt að uppvaxandi æskufólki bjóðist í námi kynni af atvinnugreinum og störfum, ekki síst nám- og verkþjálfun til undirbúnings fyrir störf eða starfsemi við okkar stærsta atvinnuveg. Fram til þessa höfum við að mestu treyst á samskipti fjölskyldna beint við atvinnufyrirtækin til þess að unga fólkið fái þessi kynni. En sem ég sagði fyrr bjóðast

þeim nú sífellt færri tækifæri til þess að kynnast atvinnu við sjávarútveg, við veiðar og vinnslu.

Ef við bjóðum þetta fram í skólum þá mun styrkjast ímynd sjávarútvegs okkar og annarra starfsgreina sem honum tengjast með þjónustu og öðrum viðskiptum við hann. Það mun treysta í sessi þann skilning okkar almennt að fiskveiðar, fiskiðnaður og framleiðsla matvæla og tilbúinna neysluréttа úr sjávarfangi er atvinnuvegur sem beitir nýjustu aðferðum og tækni, viðhefur ströngustu kröfur um hreinlæti og gæði, framleiðir einungis fyrsta flokks vörur fyrir kröfuharða kaupendur.

Því miður, virðulegi forseti, er ég ekki viss um að uppvaxandi almenningur fái þessa ímynd þegar hann ekki hefur bein kynni af sjávarútvegsfyrirtækjum og fær takmarkaðar upplýsingar um sjávarútvegsgreinina í skólastarfi. En gott nám til undirbúnings lífsstarfi við sjávarútveg, við sjósókn og fiskveiðar, fiskvinnslu og fiskiðnað, við framleiðslu fullgerðra matvæla og tilbúinna rétta úr sjávarfangi er okkur nauðsyn því að þar liggur okkar höfuðauðlind. Námsefni þarf að vera fjölbreytt til að þjóna margvíslegum þörfum nemenda og atvinnuvegar sem er mjög margbrotinn. Góð og raunhæf menntun er undirstaða framfara og vel launaðra starfa við arðbær atvinnufyrirtæki sem eru undirstaða velmegunar og góðra lífskjara.

Virðulegi forseti. Við leggjum til að við framkvæmd nýrrar menntastefnu verði leitað sérstakra ráða í skólastarfi til að nýta sem best okkar stærstu og bestu auðlind, til að virkja uppvaxandi fólk til starfa í þeirri atvinnugrein sem hefur reynst okkur öflugust og þróttmest.

Að umræðu lokinni legg ég til að tillöguni verði vísað til síðari umr. og til umfjöllunar í hv. menntmn.

[11:19]

Þuríður Bernódusdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka flutningsmönnum fyrir að reifa þetta mál á Alþingi. Hér tel ég vera á ferðinni hið merkilegasta mál og orð í tíma töluð. Inntak tillögunnar er að tengja saman menntun og atvinnulífið.

Það hefur sýnt sig hjá öðrum þjóðum að mikill ávinningur hlýst af því að tengja saman skólanám og þjálfun á vinnustöðum, þ.e. nemendum er kynnt atvinnulífið og vil ég taka undir með flutningsmönnum að menntun á sviði sjávarútvegs og matvælaiðnaðar njóti sérstaks forgangs í þeim efnum og festist sem fyrst í sessi í menntastefnu okkar.

Á tímum mikils samdráttar í fiskveiðum, versnandi afkomu þjóðarbúsins og versnandi lífskjara verðum við að beina sjónum okkar sérstaklega að mikilvægasta atvinnuvegi okkar, sjávarútveginum, og leita allra leiða til aukinnar hagræðingar og hagnaðar. Hér ganga um 5–6 þúsundir manna atvinnulausar á meðan vinnan er flutt úr landi, fullvinnslan fer fram erlendis. Það hlýtur að vera keppikefli fyrir sveitarfélög og stjórnvöld að gert sé sem mest úr þeim litla afla sem berst á land, auk þess sem fullvinnsla er gjaldeyrisaukandi og skapar aukna þörf fyrir vinnuafl í landi.

Eins og fram kemur í þáltill. sem hér er til umræðu þá erum við Íslendingar enn að stórum hluta hráefnisútflytjendur. Við höfum verið að flytja út óunninn fisk í miklum mæli og oft leiðir slíkur útflutningur til þess að hráefnið tapar gæðum sínum. Það er mjög slæmur vitnisburður um kunnáttu okkar í meðferð á fiski. Við eigum að fullvinna þessa vöru okkar. Með tilkomu EES-samningsins hafa möguleikar okkar margfaldast í fullvinnslunni. Neytendamarkaðir í Evrópu hafa tilhneigingu til að færa framleiðsluna nær hráefninu og þar erum við Íslendingar á heimavelli. Með úrvalshráefni í höndunum ásamt öflugu vöruflutningakerfi getum við í framtíðinni byggt upp öflugan matvælaiðnað með fullvinnslu. Ég er viss um að við eigum eftir að naga okkur í handarbökin og sjá eftir að hafa ekki mótað skynsamlegri stefnu hvað varðar nýsköpun og fullvinnslu.

Það er nöturlegt að hugsa til þess að rekstrarskilyrði fyrirtækja í sjávarútvegi eru gjörsamlega óviðunandi og má þar nefna þætti eins og raforku, vexti og aðrar álögur. Í frv. leggja flutningsmenn mikla áherslu á nýsköpun og fullvinnslu. Aðilar sem hyggja á nýsköpun þurfa að leggja út stórar fjárhæðir til að koma slíku á stofn, þ.e. í formi véla og vinnslulína. Kostnaður er mikill en allt fer þetta eftir umfangi. Það sér hver í hendi sér að til að svona dæmi gangi upp þurfa að koma styrkir frá hinu opinbera, þ.e. fé í formi víkjandi lána eða langtímalána auk styrkja sem eitthvað kveður að. Þess vegna verða stjórnmálamenn að hafa eitthvað fyrir sér annað en orðin tóm þegar talað er um að veita beri aukið fjármagn í nýsköpun.

Því miður er sjóða- og styrkjakerfið í algjörum ólestri. Sjóðir eru fáir og algjörlega fjárvana auk þess sem ávöxtunarkrafa þeirra gerir jafnvel stöndug fyrirtæki gjaldþrota á fáum árum. Ég hvet hv. flutningsmenn til að kynna sér sjóða- og styrkjakerfið fyrir nýsköpun og sjá í hvers konar ólestri það er. Stjórnvöld verða að snúa vörn í sókn og vinna að því öllum árum að nýsköpun verði áhugavert verkefni fyrir einstaklinga og hvetjandi í stað þess að skapa þannig aðstæður að fyrirtæki sem leggja út í þetta eigi von á því að lognast út af.

Þegar fyrirtæki geta sýnt fram á arð í fullvinnslu og nýsköpunarverkefnum sínum ættu stjórnvöld að beita sér fyrir stuðningi við þau en ekki að láta sem þetta sé þarft einstaklingsframtak með klappi á bakið og ósk um velfarnað.

Það er eins og ég sagði mikilvægt að tengja saman skóla og atvinnulíf. Útkoman af þessu samspili á ekki eingöngu að vera betri menntun, þótt hún sé auðvitað mjög mikilvæg, heldur þarf þetta líka að skila sér út í atvinnulífið. Það er einungis hægt ef fyrirtæki geta tekið við þessu fólki, fyrirtæki sem eru í nýsköpun og fullvinnslu sjávarfangs. Þessum fyrirtækjum þarf að skapa rekstrargrundvöll svo að kunnáttu þess fólks sem kemur úr skólanámi með verkmenntun verði hægt að nýta.

Í fljótu bragði get ég vel séð fyrir mér að framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum sé vel til þess fallinn að byggja upp námsbrautir á sviði sjávarútvegs. Í Vest-

mannaeyjum byggist stór hluti atvinnunnar á störfum í sjávarútvegi og möguleikar á öðrum störfum því mjög takmarkaður. Á svæði eins og í Vestmannaeyjum er allt til staðar hvað við kemur sjávarútvegi, togarar, minni og stærri skip, frumvinnsla og fullvinnsla. Við megum ekki gleyma því að framtíð íslensks þjóðfélags mun byggjast á því hverju sjávarútvegurinn getur skilað þjóðinni. Því er okkur mikill akkur í að gera sem mest úr fiskinum en ekki flytja atvinnu úr landi. Um 80% af útflutningstekjum þjóðarinnar eru sjávarafurðir og nær allur hagvöxtur síðustu ára hefur orðið til vegna framleiðniaukningar í greininni. Efnahagslegur ávinningur þjóðarinnar eykst með fullvinnslunni. Breytingin sem á sér stað frá því að flytja út frumframleiðsluvöru í neytendapakkningar leiðir ekki aðeins til aukinnar atvinnu og þekkingar á matvælaiðnaði heldur einnig til meiri verðstöðugleika í útflutningi sjávarafurða frá Íslandi og þar með stöðugleika í þjóðartekjum. Með minnkandi veiðiheimildum og miklum samdrætti er mikilvægt að nemendur á sjávarútvegsbrautum læri til hlítar lög um stjórn fiskveiða og þeir geti metið kosti hennar og galla. En það sem menn verða að gera er að setjast niður og reyna að finna lausn á því hvernig á að skapa landvinnslunni lífvænleg skilyrði. Það er alls ekki gert í dag.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti vill upplýsa að að beiðni hæstv. menntmrh. verður síðan þessari umræðu frestað þar sem hann kýs að taka þátt í henni.

[11:26]

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Mér finnst það ekki skrýtið þó að hæstv. menntmrh. óski eftir því að taka þátt í þessari umræðu. Þrátt fyrir að hér sé á ferðinni gagnmerk till. til þál. um eflingu menntunar í framhaldsskólum á sviði sjávarútvegs og matvælaiðnaðar þá má um leið segja að þessi þáltill. sé a.m.k. viðvörun ef ekki árás á hæstv. menntmrh. sem hefur lagt fram á Alþingi frv. til laga um framhaldsskóla. Þar er gert ráð fyrir mjög miklum breytingum sem búið er að mæla fyrir reyndar og er komið til hv. menntmn.

Ég ætla ekki að gera lítið úr þessari þál., síður en svo, því að ég tek undir það sem hér kemur fram í greinargerð að það er mjög mikilvægt að efla menntun á sviði sjávarútvegs. En vegna þeirrar endurskoðunar sem átt hefur sér stað á framhaldsskólalöggjöfinni og þeirri vinnu sem verið hefur í gangi á vegum sjútvrn. og menntmrn. þá höfum við, ég og hv. þm. Halldór Ásgrímsson, ekki lagt hér fram á þessu þingi till. til þál. um stofnun sjávarútvegsskóla sem við lögðum fram á 115., 116. og 117. löggjafarþinginu. Sú þáltill. gerir ráð fyrir sameiningu Fiskvinnsluskólans í Hafnarfirði, Stýrimannaskólans í Reykjavík og Vélskóla Íslands í einn sjávarútvegsskóla á framhaldsskólastigi sem er að mörgu leyti mjög svipuð þeirri hugmynd sem hér kemur fram í þáltill. þeirra sjálfstæðismanna.

Það er mikilvægt að efla og styrkja menntun á sviði sjávarútvegs. Reynsla okkar sannar það að því meiri sem menntunin verður, sérstaklega fyrir það fólk sem er að vinna að verðmætasköpuninni í atvinnugreininni, eins og oft hefur verið kallað því fólki sem vinnur á gólfinu, þá hafa þau námskeið sem verið hafa í gangi á vegum sjútvrn. og aðila vinnumarkaðarins verið vel sótt og á því leikur enginn vafi að þau hafa skapað verulega framleiðniaukningu í atvinnugreininni og það eru auðvitað vísbendingar um að því meiri sem menntunin er og því meiri sem kennslan og leiðbeiningarnar eru, þeim mun meiri verður hagkvæmnin í atvinnugreininni og verðmætasköpunin. En mér finnst þrátt fyrir að hér sé um ágæta þáltill. að ræða, þá hefðu menn átt að doka örlítið við og a.m.k. af því að það eru þingmenn úr sama stjórnmálaflokki og hæstv. menntmrh. þá má segja að hæg hefðu verið heimatökin að ræða örlítið í þingflokki Sjálfstfl. hvort ekki væri hægt að koma þeim hugmyndum sem hér eru lagðar fram í formi þáltill. fyrir í því frv. um framhaldsskólann sem hæstv. menntmrh. hefur þegar mælt fyrir.

Ég tel reyndar vissa hættu á því að ætlast til að öll menntun í sjávarútvegi fari fram innan framhaldsskólans. Ég tel að stóran hluta af þeirri menntun sé hægt að taka í framhaldsskólunum vítt og breitt um landið en ég er sannfærður um að það á að vera til sérskóli á sviði sjávarútvegs sem veitir sérhæfða menntun. Sá skóli á að starfa á framhaldsskólastigi því að þegar framhaldsskólastiginu sleppir erum við komin með mjög góða menntun á háskólastiginu. Mér hefur því miður fundist í umræðunni um menntunarþörf í sjávarútvegi að menn rugli þar saman menntun á háskólastigi og menntun á framhaldsskólastigi. Við getum bætt við menntunina á framhaldsskólastigi og opnað aðgang þeirra sem ljúka þar prófum að ákveðnum námsáföngum á háskólastigi. Það þarf ekki endilega að vera bein leið þangað inn á háskólastigið, menn geta tekið þetta í áföngum. Menn geta stoppað á ákveðnum stöðum og haldið síðan áfram síðar meir eða þegar mönnum hentar best. Aðalatriðið er að menn geti á öllum stigum fræðslunnar unnið sér inn ákveðin stig sem hægt er að geyma hvort sem menn kalla það að ljúka stúdentsprófi eða komast inn í háskólann og notað tímann til þess þannig að starfsmenntun gefi í raun og veru ákveðin tækifæri til þess að flýta fyrir sér í námi.

Í þeirri þál., sem ég ætla að gera örlítið að umtalsefni vegna þess að hún er náskyld þeirri till. til þál. sem ég og hv. þm. Halldór Ásgrímsson lögðum fyrir á þremur síðustu þingum og hæstv. menntmrh. taldi að mikilvægt væri að fá inn í umræðuna um þá endurskoðun sem er núna að eiga sér stað á námi í sjávarútvegsfræðum á framhaldsskólastigi, þá gerðum við ráð fyrir því að þessir þrír skólar yrðu sameinaðir, þ.e. Fiskvinnsluskólinn, Stýrimannaskólinn og Vélskóli Íslands. Staðreyndin er sú að um það bil 40% af námsefni skólanna er alveg sambærilegt. Menn læra sömu enskuna, sömu dönskuna, sömu stærðfræðina og þar fram eftir götunum. Staðreyndin er sú að menn þyrftu að fara dálítið einkennilega í námið ef menn eru ekki að læra það sama og þess vegna er óskynsamlegt að vera með hálftóma bekki. Svo ég taki sem dæmi Stýrimannaskólann í Reykjavík þar sem Stýrimannaskólinn

og Vélskólinn eru til húsa þá er það svo að menn eru að læra sömu enskuna á 2. og 3. hæð en það er tvöfaldur kennslubúnaður. (**Gripið fram í:** Þetta er gert í háskólum líka.) Það eru tveir kennarar. Í háskólanum, hv. þm., er þetta þannig vegna þess hvernig búið er að fara með háskólann í fjárveitingum hjá hinu háa Alþingi og hvernig ríkisstjórnin hefur farið með háskólann í fjárveitingum er svo troðið í bekki þar og á mörgum sviðum líka í framhaldsskólunum að menn telja að kennslan sé að verða annars flokks kennsla sem er auðvitað mjög alvarlegt. En þessu er öðruvísi farið í Stýrimannaskólanum og Vélskólanum vegna þess að aðsóknin að þeim skólum hefur verið að minnka á undanförnum árum og það er verið að kenna þar fyrir hálfum bekkjum og stundum hálftómum bekkjum. Þess vegna er eðlilegt að slá þessum skólum saman í einn skóla, þ.e. Fiskvinnsluskólanum, Stýrimannaskólanum og Vélskóla Íslands sem starfaði á ákveðnum sviðum innan framhaldsskólakerfisins þar sem gæti verið vélstjórnardeild, fiskvinnsludeild, skipstjórnardeild, fiskeldisdeild og endurmenntunardeild. Í þetta nám þyrftu ekki endilega allir strax að innritast í skólann. Stærstan hluta eða kannski 40% af náminu sem væri algerlega eins, alveg sama hvar námið væri stundað, væri hægt að stunda í hvaða framhaldsskóla í landinu sem væri. Til þess að sérhæfa sig á framhaldsskólasviðinu væri hægt að hefja nám í sjávarútvegsskólanum og fara þar inn á ákveðnar brautir.

Ég sé, virðulegur forseti, að ég er búinn með tímann og biðst afsökunar á því að hafa farið fram yfir, en hefði í raun viljað segja miklu meira.

Útbýting þingskjala:

Aukatekjur ríkissjóðs og gjaldtaka ríkisstofnana, 253. mál, fsp. JÁ, þskj. 296.

Húshitunarkostnaður, 252. mál, fsp. JÁ, þskj. 295.

Samsettir flutningar o.fl. vegna EES, 251. mál, stjfrv., þskj. 294.

Skattgreiðslur af útflutningi hrossa, 254. mál, fsp. GHelg, þskj. 297.

[11:37]

Guðrún J. Halldórsdóttir:

Virðulegur forseti. Að vísu hefði ég gjarnan kosið að menntmrh. hlýddi á mál mitt en þar sem ég veit ekki hversu langur frestur verður á að hann komi ætla ég að fá að segja nokkur orð núna.

Það er alveg rétt sem hv. 11. þm. Reykv. sagði áðan að verið væri að kenna í hálftómum bekkjardeildum sama fagið og kennt er í skólanum við hliðina líka í hálftómum bekkjardeildum. Því má vel vera að rétt sé að stofna einn slíkan sjávarútvegsskóla eins og hann og félagar hans leggja til. Þannig er að þessi enska, íslenska og danska og hvað það er sem fólkið lærir í grunninum er það sama um land allt og er hægt að læra hvar sem er og væri sjálfsagt endurskoðunarefni hvort sú kennsla ætti ekki að vera annars staðar ef það hentaði. Ég er að hugsa um þetta vegna þess að ef einn slíkur skóli yrði settur upp eins og hv. 11. þm. Reykv. talaði um þá þyrfti fólk að koma langan veg til þess að taka þátt í náminu, langan veg frá heimilum sínum og búa á þeim stað sem skólinn væri fyrir dýra dóma, kannski miklu dýrara en það sem það þyrfti að greiða heima hjá sér og er því ekki víst að það væri sérlega hagkvæmt að hafa þetta á einum stað. En eigi að síður held ég að báðar tillögurnar gangi út á að efla viðgang og virðingu sjávarútvegsfræða hér á Íslandi.

Um langa hríð hefur virðingin sem borin hefur verið fyrir sjávarútvegsfræðum og fiskiðnaði almennt verið harla lítil og eiginlega sorglega lítil. Þeir sem hafa kennt í skólum landsins um áratugi hafa eins og ég horft upp á það hvernig verkmenntunin hefur verið vanmetin, ekki bara sjávarútvegs- og fiskiðnaður, heldur hefur öll verkmenntun í skólakerfinu. Það þarf því miklu meira til og það er það sem ég hefði gjarnan viljað láta hæstv. menntmrh. heyra að til þess að breyta virðingunni og aðsókninni að sjávarútvegsfræðum og verkmenntun almennt þarf að breyta hugsun landsmanna. Það þarf að breyta því að landsmenn haldi að ef einhver vill læra verklega grein sé hann kjáni. Þannig hefur þetta verið og þannig var ýtt undir þetta á marga vegu þau sl. 30 ár sem ég hef þekkt til. Þetta hefur verið sorgleg þróun að horfa upp á.

Fyrir 35 árum voru í landinu verkmenntadeildir í gagnfræðaskólunum og a.m.k. í þær deildir sem ég þekkti til þar sem var einmitt sjávarútvegsdeild, handmenntir og matvælaiðnaður komu ungmenni sem höfðu ákveðna stefnu og ætluðu sér vissan feril í lífinu. Það var oft kjarnafólk sem var stundum uppivöðslusamt í skóla en getumikið og alls engir kjánar. Margt af því fólki hefur getið sér góðan orðstír síðan. En þá voru til skólar sem beindu nemendum sínum, sem höfðu náð litlum árangri í neðstu bekkjum grunnskólans, hreinlega inn í verkmenntadeildina. Þeim fræðsluaðilum, sem þetta gerðu, var þetta til skammar vegna þess að þetta varð til þess að eyðileggja þessar deildir. Smátt og smátt breyttust deildirnar og urðu fámennari og í það kom ekki það kjarnafólk sem ég þekkti í upphafi. Það var vegna þess að foreldrar, kennarar og þjóðfélagið allt gaf þann tón að það væri lítils virði að fara í verkmenntir. Ef við ætlum að bæta verkmenntir á Íslandi í dag, það er alveg sama hvaða þáltill. kemur fram hér í þinginu, frá hvaða flokki og frá hvaða mönnum, ef við byrjum ekki á því að reyna að breyta viðhorfinu til verkmennta á Íslandi verður ekkert úr einu né neinu sem samþykkt er hér. Þetta vildi ég láta hv. þm. vita og hæstv. menntmrh. líka.

Umræðu frestað.

Úttekt á kjörum fólks er stundar nám fjarri heimabyggð, fyrri umr.

Þáltill. GunnS o.fl., 132. mál. — Þskj. 138.

[11:43]

Flm. (Gunnlaugur Stefánsson):

Hæstv. forseti. Ég flyt till. til þál. ásamt hv. þm. Gísla S. Einarssyni og Sigbirni Gunnarssyni er hljóð-

ar svo með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd er geri úttekt á kjörum og stöðu fólks er stundar nám fjarri heimabyggð og geri tillögur er tryggi því sambærileg kjör og réttindi við námsfólk er stundar nám í heimabyggð.

Nefndin athugi sérstaklega:

1. hvort námsfólk, er stundar nám fjarri heimabyggð, verði af réttindum og félagslegri þjónustu ef það heldur lögheimili í heimabyggð,

2. á hvern hátt Lánasjóður íslenskra námsmanna styður námsfólk í námi fjarri heimabyggð og hvort sjóðurinn taki í raun sérstakt tillit til slíkra aðstæðna.

Með leyfi forseta segir m.a. í greinargerð:

„Fjölmargir þurfa að stunda nám fjarri heimabyggð þar sem ekki er boðið upp á viðkomandi námskost heima. Ljóst er að slíkt hefur í för með sér mikinn kostnað og röskun á persónulegum högum. Það hlýtur að teljast alvarlegt ef námsmaður í námi fjarri heimabyggð nýtur ekki allra þeirra almennu réttinda og félagslegrar þjónustu á námsstað nema hann flytji lögheimili sitt þangað. Þetta á t.d. við barnafólk í námi utan heimabyggðar en aðgangur þess að leikskólum á námsstað er mjög takmarkaður ef lögheimili er haldið í heimabyggð. Þá er líklegt að fólk neyðist til að flytja lögheimili sitt en það kann þá að verða af annarri aðstoð vegna raunverulegrar búsetu sinnar. Þá er mikilvægt að athuga hvort þetta fólk eigi ekki að njóta allra lögheimilisréttinda á námsstað þótt það haldi lögheimili í heimabyggð.

Jafnrétti til náms er hornsteinn í menntastefnu lýðræðisþjóðar. Staðsetning menntastofnana í landinu hefur án efa haft mikil áhrif á búsetuþróun síðustu ár og átt þátt í mikilli byggðaröskun. Það er því löngu tímabært að gerð verði ítarleg úttekt á kjörum og stöðu námsfólks í námi fjarri heimabyggð. Lánasjóður íslenskra námsmanna gegnir mikilvægu hlutverki hvað varðar jöfnun námsaðstoðar. Brýnt er að kanna nákvæmlega hvernig sjóðnum hefur tekist að rækja þetta hlutverk sitt gagnvart fólki í námi fjarri heimabyggð og hvort hann taki í raun nægjanlegt tillit til slíkra aðstæðna."

Hæstv. forseti. Í lögum um Lánasjóð ísl. námsmanna frá 25. maí 1992 segir m.a. í 3. gr.:

„Stjórn sjóðsins er heimilt að taka tillit til búsetu og annarra atriða er áhrif kunna að hafa á fjárhagsstöðu námsmannsins.

Stjórn sjóðsins setur nánari ákvæði um úthlutun námslána."

Það er mjög mikilvægt í sambandi við Lánasjóð ísl. námsmanna að fram fari í sambandi við þetta mál úttekt á því hvernig Lánasjóður ísl. námsmanna hefur nýtt sér þessa heimild í 3. gr. laganna og hvernig staðið er að námsaðstoð við fólk sem þarf að fara úr heimabyggð, stundum langan veg, til þess að geta notið menntunar í þeim skóla sem það óskar en ekki er boðið upp á í heimabyggð. Það þarf ekki að rekja það fyrir neinum hve mikil röskun felst í því að þurfa að flytja búferlum til þess að setjast á skólabekk. Því fylgir mikil röskun og ég efast um að þeir átti sig á því fyrr en þeir reyna það sjálfir. Það er ekki einvörðungu um félagslega röskun að ræða á högum fólks heldur kostar þetta mjög mikla peninga líka. Mér er kunnugt um að þetta hefur m.a. valdið því að fjölmargir sem ella hefðu viljað njóta mennta hafa ekki getað gert það, einfaldlega vegna þess að þetta felur í sér svo mikla röskun. Þess vegna er það mjög mikilvægt að það verði kannað mjög ítarlega á hvern hátt hægt verður að koma til móts við þessar aðstæður í ríkari mæli. Það er t.d. mjög alvarlegt ef barnafólk, fjölskyldur þurfa að flytjast búferlum um nokkurt skeið vegna náms foreldra og fjölskyldur njóta ekki almennra réttinda á námsstað vegna þess að fjölskyldan heldur lögheimili sínu í heimabyggð. Auðvitað eru það mannréttindi hvers og eins að eiga heima heima hjá sér og vera skráður til heimilis heima hjá sér þó að fjölskylda þurfi um stundarsakir að dvelja í öðru byggðarlagi vegna þess að foreldrar eru í námi sem ekki er boðið upp á heima í héraði. Þetta gildir t.d. um börnin. Ég þekki allnokkur dæmi þess að námsmaður hafi einfaldlega þurft að flytja lögheimili sitt úr heimabyggð á námsstað til þess að eiga aðgang að barnaheimili á námsstaðnum. Er ekki eðlilegt að sá sem neyðist til þess að flytja tímabundið, jafnvel einvörðungu yfir veturinn, að hann njóti þessara almennu réttinda á þeim stað þar sem skólinn er hýstur sem viðkomandi nemandi er í, þ.e. ef ekki er boðið upp á sambærilegt nám í heimabyggð.

Þetta hefur nokkuð verið rætt á meðal stúdenta og þeir hafa afgreitt tillögur um að þetta verði skoðað sérstaklega. Ég held að það sé kominn tími til að það fari fram nákvæm úttekt og athugun á þessum málum og öðru er lýtur að hag námsfólks sérstaklega sem neyðist til þess að flytja úr heimabyggð í annað byggðarlag til þess að nema fræði sem ekki er boðið upp á heima í héraði.

Hæstv. forseti. Ég geri það að tillögu minni að loknum þessum umræðum að tillögunni verði vísað til hv. menntmn. og til síðari umræðu.

[11:52]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Það má vissulega segja að það sé tímabært sem hv. frsm. þessarar tillögu gerir að koma með þessa till. til þál. um að gera úttekt á kjörum og stöðu fólks sem stundar nám fjarri heimabyggð.

Það sem hann sagði áðan, um að barnafólk þyrfti oft og tíðum jafnvel að skipta um lögheimili til þess að eiga aðgang að leikskólum og segir í grg. að það sé mjög takmarkaður aðgangur slíks fólks, þar er í raun og veru ekki nógu fast að orði kveðið því aðgangurinn er ekki aðeins takmarkaður, honum er nánast neitað. Þetta á sérstaklega við á höfuðborgarsvæðinu því það eru mörg dæmi um það að fólk sem kemur hingað í nám, barnafólk, og sækir um á leikskólum borgarinnar geti komist að á leikskólum eftir 2–3 ár, þ.e. þegar nám þess er kannski meira en hálfnað eða því er að ljúka. (**KÁ:** Þetta stendur til bóta.) Vonandi stendur það til bóta með nýjum meiri hluta í Reykjavík.

En þannig hefur þetta verið undanfarin ár og þær breytingar sem gerðar voru á Lánasjóði ísl. náms-

manna, m.a. í tíð þessarar ríkisstjórnar og hv. flm. stóð nú að þeim breytingum, þá hefur það ekki orðið til þess að bæta stöðu námsfólks þar sem það fær ekki námslán sín greidd, þ.e. ef námið er lánshæft þá fær það ekki lán sitt greitt fyrr en eftir á. Fólk þarf einnig að standa full skil á öllum þeim einingum sem lánasjóðurinn krefst til þess að fá lán.

Það er dæmi um að fólk, og þá er ég sérstaklega að tala um barnafólk, geti ekki lokið öllum þeim einingum sem lánasjóðurinn kveður á um og þá er það jafnvel búið að taka lán til að standa undir öllum þessum breytingum á högum sínum í fjóra til sex mánuði og fær síðan þá úttekt frá lánasjóðnum að það fái enga fyrirgreiðslu. Þannig að vissulega þarf að skoða það hvernig lánasjóðurinn vinnur að því markmiði sínu að jafna aðstöðu fólks til náms.

Það er nýlega búið að gera könnun á því hvaða fólk það er, þ.e. hvar það fólk á lögheimili sem nýtur lána frá Lánasjóði ísl. námsmanna og kom í ljós að það er ekki nema svona frá 2–3% í þeim kjördæmum sem eru lengst frá Reykjavík, t.d. Austfjörðum. Það fólk sem á þar lögheimili er ekki nema örfá prósent af lánþegum lánasjóðsins á móti því að það eru alla vega 50–60% úr Reykjavík og af suðvesturhorninu. Það fólk sem getur nánast stundað nám í framhaldsskólum frá sínu heimili.

Það er því alveg ljóst að það er auðvitað miklum mun þægilegra að stunda nám fyrir þá sem búa hér heldur en hina sem þurfa að fara langt frá sínu heimili og flytja búferlum. Það er því verulega mikil þörf á því að það sé skoðað hvernig staða þess námsfólks er sem þarf að stunda nám fjarri heimabyggð og þarf að flytja sitt heimili, hvort sem það er lögheimili eða ekki. En það er einnig mjög slæmt að það skuli þá í mörgum tilfellum þurfa að flytja lögheimili því það skapar líka ýmislegt annað óhagræði eins og t.d. það að það getur þá þurft að skila skattframtali á þeim stað þar sem það hefur flutt lögheimili til og einnig þegar sveitarstjórnar- eða alþingiskosningar fara fram, ef þetta er fólk sem hefur atkvæðisrétt sem er í flestum tilfellum, þá þarf það einnig að kjósa þar sem það hefur sitt lögheimili þó að það hafi kannski minnstan áhuga á því að kjósa þar.

Það er því mjög margt sem kemur inn í það að fólk skuli, til þess að geta fengið ýmis félagsleg réttindi, þurfa að flytja lögheimili sitt.

Það kemur auðvitað inn í það að ef fólk flytur lögheimili, t.d. utan að landi þá fær það jafnframt ekki þann ferðastyrk sem það annars ætti rétt á að fá.

Ég vildi benda á þetta, ég held að það sé mjög víða pottur brotinn í þessum málum og það þarf líka að taka verulega á fleira en því hvernig aðstæður eru vegna lánasjóðsins. Það er vissulega tímabært að skoða það hvernig reglur lánasjóðurinn setur sér út frá þeim lögum sem í gildi eru því satt að segja hef ég líka efast um það að þær reglur séu alltaf byggðar á lögunum.

[11:58]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég tel ástæðu til þess að taka undir efni þessarar tillögu sem hér er flutt af þremur þm. Alþfl. og ég tel satt að segja mjög sérkennilegt að málum af þessu tagi skuli ekki hafa verið hreyft með kerfisbundnum hætti miklu fyrr. Reyndar hefur það verið svo að við alþýðubandalagsmenn höfum á undanförnum árum og má segja kannski lengur lagt mikla áherslu á þann fjárlagalið í þessu sambandi sem heitir jöfnun námskostnaðar og er undir menntmrn. og við tvöfölduðum á síðasta kjörtímabili í raunstærðum en er samt sem áður í rauninni mjög lágur og skilar allt of litlu miðað við þær þarfir sem uppi eru í þessu sambandi.

Í öðru lagi má kannski geta þess að það var ákveðið að heimanakstur nemenda í framhaldsskólum yrði að nokkru leyti kostaður af þessum lið og á það við um nokkra framhaldsskóla, þ.e. Fjölbrautaskólann á Sauðárkróki og Framhaldsskóla Suðurlands a.m.k. og kannski aðra skóla án þess að ég kunni það lengur utan að.

Staðreyndin er sú að við höfum haft eftir atvikum tiltölulega gott námsaðstoðarkerfi þó að það hafi spillst verulega í tíð núv. ríkisstjórnar að því er varðar Lánasjóð ísl. námsmanna, þá má segja að þetta kerfi hafi verið allgott. Þegar hins vegar hefur komið að því að taka sérstaklega á vanda fólks sem stundar nám fjarri heimabyggð þá hefur mjög lítið verið um það að menn legðu þar fjármuni til jöfnunar úr sameiginlegum sjóðum landsmanna. Þá er ég í fyrsta lagi að tala um framhaldsskólana. Það er náttúrlega alveg augljóst mál að þegar um er að ræða, segjum t.d. tvö börn úr sömu fjölskyldunni eða tvo unglinga úr sömu fjölskyldunni sem vilja eða eiga að stunda framhaldsnám í skóla fjarri heimabyggð þá það gengur bara oft ekki vegna þess að það er svo dýrt. Ég minnist þess vafalaust lengi að á síðasta ári var ég svo heppinn að sækja fund á Ólafsfirði með hv. 4. þm. Norðurl. e. og þar sagði fullorðinn maður okkur frá því að hann hefði ekki ráðið við að koma börnum sínum til mennta af því að þau voru svo mörg þannig á vegi stödd að þau vildu gjarnan mennta sig. Hann réð ekkert við það. Ég held að það þurfi skilyrðislaust að taka á þessu máli, þ.e. þessum sérstaka vanda þess fólks sem býr fjarri framhaldsskólunum og heimavistarskólunum. En í öðru lagi — nú er auðvitað mikilvægt að hv. flm. láti svo lítið að vera í salnum meðan maður er að tala í hans eigin máli — eru það ekki bara framhaldsskólanemendur sem hér er um að ræða heldur líka grunnskólanemendur. Staðreyndin er sú að kostnaðurinn við skólahald grunnskólanema í dreifbýli er ótrúlegur. Það þekkjum við mörg úr okkar byggðarlögum að þar er um ótrúlegan kostnað að ræða og afar sérkennilegt hefur mér oft fundist, með fullri virðingu fyrir þeim, að þingmenn dreifbýlisins skuli ekki hafa verið frekari til fjörsins fyrir hönd þessara barna í heimavistum grunnskóla úti á landi og gert ákveðnari kröfur um það að samfélagið, ríki eða sveitarfélög, greiddi niður þennan kostnað með einhverjum hætti vegna þess að hann er oft og tíðum algjörlega óviðráðanlegur. Ég er að tala um skóla eins og við þekkjum öll til sem erum hér inni, t.d. Laugaskóla í Dölum, Klúkuskóla vestra eða

hvað það nú er, að þarna er oft um að ræða kostnað sem er heimilunum afar þungur. Þess vegna tel ég, hæstv. forseti, að við meðferð á tillögu af þessu tagi þá eigi menn ekki að takmarka þetta við framhaldsskólann heldur eigi menn að tala um það þegar fólk stundar nám fjarri heimabyggð almennt, hvort sem það er framhaldsnám eða grunnskólamenntun og það eigi að taka saman yfirlit um þetta, um þennan kostnað í heimavistum grunnskólanna líka því þar er um að ræða býsna þungan bagga víða. Það er ekki hægt að tala um jafnrétti til menntunar í landinu meðan foreldrar þurfa að borga með börnum sínum fleiri tugi þúsunda eða jafnvel hundruð þúsunda þegar um er að ræða nám fjarri heimabyggð, sérstaklega framhaldsskólanám á svæðum þar sem mjög erfitt er að fá húsnæði og húsnæði er dýrt.

Ég tel því að hér sé hreyft afar þörfu máli og það eigi að gera ráðstafanir til þess að könnun af þeim toga sem hér er um að ræða fari fram, það verði kortlagt, það verði skoðaður hver einasti skóli, hver einasta heimavist í öllu landinu og athugað hvað þarf að gera, hversu mikla fjármuni þarf að flytja til til þess að við náum því markmiði að það verði hægt að tala um jafnrétti til menntunar af þessum ástæðum líka.

[12:04]

Einar Már Sigurðarson:

Frú forseti. Ég tel ástæðu til þess að segja hér nokkur orð og lýsa yfir almennum stuðningi við þá tillögu sem hér er fram lögð. Hér er eins og fram hefur komið verið að hreyfa ákaflega mikilvægu máli og rétt að taka undir þá tillögu sem hér er fram lögð svo langt sem hún nær.

Ég vil hins vegar taka undir með hv. þm. Svavari Geststsyni um það að í raun þyrfti tillagan að vera miklum mun víðtækari.

Það er nefnilega þannig að það er æði margt nám sem fólk verður að stunda fjarri heimabyggð sinni sem t.d. er ekki lánshæft nám og nefndi hv. þm. nokkur dæmi þar um.

Það er líka rétt, eins og segir í grg. með þáltill., að staðsetning menntastofnana skiptir auðvitað mjög miklu máli varðandi búsetuþróun og minni ég í því sambandi á könnun sem gerð var á vegum Húsnæðisstofnunar, framkvæmd af Félagsvísindastofnun háskólans, þar sem m.a. var verið að velta upp þeirri spurningu hvað hefði áhrif á búsetuval fólks. Þar kom fram að eitt af því sem mest hafði áhrif var aðgangur að námi í framhaldsskólum. Þess vegna er það auðvitað ákaflega brýnt að það sé gert eins mikið og kostur er *í því að jafna þennan aðstöðumun* því það liggur auðvitað ljóst fyrir að ekki er hægt að bjóða upp á nám í framhaldsskólum í hverju einasta byggðarlagi í landinu.

Það er einnig athyglisvert varðandi þennan tillöguflutning sá tímapunktur sem valinn er til þess að leggja tillöguna fram og ekki síður þegar horft er til þess að flm. allir, hv. þm., eru úr stjórnarliðinu. Mér sýnist eðlilegt, vegna þess að hér er verið að leggja til að nefnd verði skipuð til að afla ýmissa upplýsinga að það sé hægt að draga þá ályktun af vali þessa tímapunkts að það sýni traust hv. þingmanna til þeirra sem í ríkisstjórn sitja og eiga síðan að framkvæma hlutina. Þ.e. að þeir telja ekki þessa ríkisstjórn hæfa til þess að framkvæma það sem hér er um beðið og þess vegna sé eðlilegt að nefndin taki til starfa nú en skili síðan væntanlega ekki áliti fyrr en ríkisstjórnin er farin frá og önnur tekin við sem líklegri er til þess að geta framkvæmt slíka hluti sem hér er farið fram á.

Það er nefnilega þannig að auðvitað hefur á seinni árum stórlega aukist sá vandi fólks sem þarf að senda börn sín til náms, t.d. í framhaldsskólum, og við vitum mörg dæmi þess, eins og hér voru nefnd áðan, að fólk hafi hreinlega hætt við að senda börn sín í framhaldsskóla vegna þess að efnahagsaðstæður hafa ekki leyft því þann munað sem því miður sumir eru farnir að líta á slíkt en auðvitað eiga þetta að vera sjálfsögð mannréttindi sem ekki eiga að vera háð efnahag fólks.

Svokallaður dreifbýlisstyrkur sem hefur átt að jafna m.a. þennan aðstöðumun hefur auðvitað verið allt of lítill og hefur ekki komið nándar nærri nóg inn í þá mynd að jafna þennan mun. Hv. þm. Svavar Gestsson nefndi eitt dæmi sem á fyrri árum var aukið, þ.e. heimanakstur til framhaldsskóla, og þar er vissulega þáttur sem þarf að stórauka vegna þess að það er auðvitað í tengslum við nútímann að við notum bættar samgöngur til þess að láta nemendur t.d. í framhaldsskólum geta farið á milli frá heimabyggð sinni til skólanna þar sem fjarlægðir eru ekki í dag orðnar meiri en svo að það sé hægt að komast það á til þess að gera stuttum tíma þó svo ekki langt aftur í tíma hafi það verið miklu mun lengri tími sem það tók. Hér þarf því að breyta reglum þannig að hægt sé að taka mið af breyttum aðstæðum.

Það er einnig rétt sem hv. þm. kom inn á að kostnaður við heimavistir, bæði grunn- og framhaldsskóla skapar gífurlegan aðstöðumun fólks í þessu tilliti. Það er eiginlega með ólíkindum þær reglur sem gilda t.d. varðandi framhaldsskólana þar sem jöfnun er í algjöru lágmarki þarna á milli og þar kemur bæði inn dreifbýlisstyrkurinn og síðan þær reglur sem gilda um þann kostnað sem er af rekstri heimavistanna.

Þessi munur skapar þann vanda sem er raunverulega lykillinn að því að verið er að mismuna fólki miðað við búsetu og miðað við efnahagsaðstæður. Það er auðvitað hlutur sem við hljótum að velta fyrir okkur hvaða leiðir eru vænlegastar til þess.

Svo ég komi aftur að efni þáltill. þá er hún auðvitað góð svo langt sem hún nær en ég sakna mjög margra þátta sem þarna þyrftu að koma til og það þyrftu auðvitað að vera þess vegna fleiri atriði sem upp eru talin ef nefnd á annað borð fer að sinna málinu að hún sinni málinu í heild sinni og taki á öllum þeim þáttum sem því tengjast.

Það er annað, virðulegi forseti, sem ég held að sé rétt að orða hér og það er það að þegar svona mál er rætt þá er auðvitað eðlilegt að hæstv. menntmrh. sé viðstaddur þannig að ég held að það sé eðlilegt að leggja fram þá ósk, þar sem hæstv. menntmrh. er ekki í salnum, að umræðu þessari verði frestað þannig að hann megi taka þátt í henni og það sé hægt að halda

umræðunni áfram þegar hæstv. menntmrh. er kominn vegna þess, sem ég sagði áðan, að ég sé ekki betur en hv. flm. séu í raun og veru með flutningi tillögunnar á þessum tímapunkti að gefa það í skyn að hæstv. menntmrh. sem nú situr sé ekki hæfur til þess að framkvæma það sem hér er fram á farið.

[12:10]

Flm. (Gunnlaugur Stefánsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mig langaði í tilefni af orðum hv. 4. þm. Austurl. að leiðrétta misskilning varðandi tímasetninguna. Í fyrsta lagi er náttúrlega ekkert sem segir það að hv. stjórnarþingmönnum sé meinað að leggja fram till. til þál. þó að þetta sé síðasti starfsvetur á Alþingi á kjörtímabili. Það er náttúrlega löng hefð til fyrir því að hv. stjórnarþingmenn leggi fram till. til þál. á þessum tíma eins og öðrum í þingstörfunum og það hefur gilt um allra flokka menn. En ég get aftur á móti upplýst hv. 4. þm. Austurl. um það að það eru sérstakar ástæður fyrir því að þessi tillaga er flutt núna en var ekki flutt á síðasta þingi. Ég hafði haft í vinnslu á sl. vetri frv. til laga um breytingu á lögum um lögheimili og þá hafði ég í huga að í því frv. fælist sú breyting að námsfólki yrði gefinn kostur á að halda lögheimili sínu í heimabyggð og njóta allra lögheimilisréttinda á námsstað. En einmitt við þá athugun alla kom í ljós að á þessu máli voru fleiri hliðar og það væri víðtækara en svo að það eitt mundi leysa allan vanda. Þar get ég tekið undir með hv. 4. þm. Austurl. að þetta mál er mjög víðtækt og þess vegna var sú leið valin að flytja málið í þeim búningi eins og það birtist hér á hinum víðtækasta grundvelli, á hinum opnasta grundvelli þannig að nefndin gæti sem sagt haft allmikið svigrúm til þess að taka á málinu öllu.

[12:12]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég ætla að byrja á því að lýsa stuðningi mínum við þessa þáltill. en í þeirri von að henni verði breytt og hún gerð víðtækari því það er full ástæða til þess að skoða bæði þessa hluti sem þarna er verið að tala um og líka aðra hluti í sambandi við skólanám í landinu og sérstaklega með tilliti til þess að nú stendur það til og yfirlýst stefna að flytja rekstur skólanna til sveitarfélaganna. Af þeim ástæðum hlýtur að þurfa að fara mjög vandlega ofan í það hvaða kröfur það eru sem almennt á að gera til hins opinbera því auðvitað munu sveitarfélögin fá þessar kröfur á sig. Það mun örugglega verða enn meiri þrýstingur á sveitarfélögin heldur en hefur verið á hið opinbera að koma til móts við kröfur um jöfnun á kostnaði vegna náms. Það er þess vegna mjög mikilvægt að fá upplýsingar um hvað það kostar að koma til móts við kröfur eins og þær sem hér hafa verið til umræðu.

Ég vil síðan segja að það er hálfgrátbroslegt að sjá stjórnarliða flytja þáltill. dag eftir dag sem lýsa vonbrigðum þeirra með stjórnarstefnuna og hvernig til hefur tekist með hana á sl. fjórum árum. Við vorum með umræðu í vikunni um tillögu frá hv. 1. flm. þessarar tillögu sem hér er til umræðu um vöruverð á landsbyggðinni og nú erum við með tillögu um skipan nefndar sem á að gera úttekt á kjörum og stöðu fólks sem stundar nám fjarri heimabyggð. Áðan var til umræðu till. til þál. um eflingu menntunar í framhaldsskólum á sviði sjávarútvegs og matvælaiðnaðar. Allt eru þetta tillögur sem eru raunverulegar yfirlýsingar um það að ríkisstjórnin hafi ekki staðið sig. Stjórnarliðar eru að lýsa yfir vonbrigðum sínum með það að ekkert skuli hafa miðað í þeirra hjartans málum. Það er út af fyrir sig örugglega rétt niðurstaða þeirra að það hafi mátt gera betur og það er þá ekki við þá að sakast út af fyrir sig að leggja þó fram sínar hugmyndir og tillögur til umræðu í þinginu og ég lýsi aftur yfir stuðningi mínum við þessa tillögu en lýsi aftur á móti vonbrigðum mínum með það að við skulum vera að sjá hug þeirra koma fram í þessum málum þegar kjörtímabilið er á enda.

[12:16]

Flm. (Gunnlaugur Stefánsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það kemur hv. þm. Jóhanni Ársælssyni eflaust á óvart að stjórnarþingmenn skuli enn og aftur á þessu kjörtímabili hafa forustu fyrir umræðum um lífskjaramál á landsbyggðinni vegna þess að það hefur lítið farið fyrir virkilegum og raunhæfum málum af hálfu stjórnarandstöðunnar er snúa að því að reyna að styrkja stöðu og hag fólksins á landsbyggðinni. Hv. þm. finnst það skrýtið að það skuli einmitt vera Alþfl. sem hafi haft forustu fyrir þessum umræðum núna síðustu daga. Það er ekki vegna þess að ríkisstjórninni hafi mistekist eða tekist illa upp í þessum efnum. Þvert á móti. Þetta er fyrst og fremst yfirlýsing um að það þarf að huga núna sérstaklega að þessum tveimur áherslumálum sem hér hafa verið til umræðu, þ.e. annars vegar stöðu námsfólks á landsbyggðinni er stundar nám fjarri heimabyggð og svo hins vegar að vöruverðinu þar sem það er hæst á landsbyggðinni. Þetta eru stórmál og sannarlega ástæða til þess að þau séu rædd ítarlega í þinginu og úr þeim umræðum verði einhver niðurstaða. Þess vegna er þetta engin yfirlýsing um það að ríkisstjórninni hafi mistekist. Þvert á móti. Það eru að skapast jafnvel skilyrði til þess að nú getum við tekið þessi mál föstum og góðum tökum og reynt að sýna enn meiri árangur en gerst hefur. Þau mál eru líka þess eðlis mál að þau verða ekki leyst í einu vetfangi og í eitt skipti fyrir öll. Það veit hv. þm.

[12:18]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Menntastefnan hefur verið í endurskoðun hjá hæstv. ríkisstjórn. Tillögur um þá hluti eru komnar fram. Hv. þm. ber þá fram sínar hugmyndir um það hvernig eigi að standa að þessum málum. Auðvitað hefði við þá endurskoðun átt að fara yfir þessa hluti sem hér er verið að leggja til að verði skoðaðir. Það er ekki boðlegt að bjóða mönnum upp á það meðan ríkisstjórnin er með yfirlýsta stefnu í því að leggja fram frv. um menntamálin og þau eru komin fram að þá skuli ekki hafa verið farið yfir þessi mál og það eigi að fara að snupra stjórnarandstöðuna fyrir það að hafa ekki komið fram með tillögur í þessum málum. Ég tel það ekki boðlegt enda hafa tillögur stjórnarandstöð-

urnar í hinum aðskiljanlegustu málum ekki hlotið náð fyrir augum meiri hlutans á hv. Alþingi.

Ég ætla ekki að fara að ræða upp á nýtt tillögu um vöruverð á landsbyggðinni sem hér var til umfjöllunar. Ég held að hún hafi verið afgreidd ágætlega við umræðurnar þegar þær fóru fram. En það má minna á það þegar hv. þm. auglýsir eftir tillögum okkar landsbyggðarmanna að það voru settar auknar álögur á vörur sem fluttar eru út á land með því að setja sérstakt vörugjald sem lagðist á vöruna jafnvel tvisvar og þrisvar sinnum og hefur valdið verulegri hækkun á vöruverði landsbyggðinni. Þannig hefur ríkisstjórnin verið að vinna að þessu á öfugan veg á við það sem hv. þm. er að tala um að þurfi að gera.

[12:20]

Flm. (Gunnlaugur Stefánsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er alveg rétt hjá hv. þm. að það vekur furðu og undrun og athygli hvað stjórnarandstaðan hefur haft lítinn áhuga á málefnum landsbyggðarinnar á þessu kjörtímabili og ekki lagt þeim það lið sem e.t.v. væri ástæða til. Ef til vill er það yfirlýsing um það af hálfu stjórnarandstöðunnar að þessi ríkisstjórn hafi verið og sé landsbyggðarvæn, að hún hafi staðið sig vel við mjög erfiðar aðstæður í þjóðarbúinu, að hún hafi staðið sig vel í málefnum landsbyggðarinnar. Það má líka benda á ýmis dæmi þess efnis, stóráták í samgöngumálum, hafnamálum, fjárfestingar á sviði heilbrigðismála um allt land, heilbrigðisþjónustu til styrktar og eflingar. Það eitt að takast á við uppsafnaðan skuldahala síðasta áratugs í rekstri sjúkrastofnana á landsbyggðinni, það er eitt mál út af fyrir sig sem hægt væri að ræða lengi en það hefur þessi ríkisstjórn þó verið að gera og þar með að styrkja rekstur sjúkrastofnana um landið. Þannig má víða sjá að ríkisstjórnin hafi tekið til hendi í landsbyggðarmálefnum og þar með lagt grundvöll að öflugri búsetu. Það er kannski skýringin á því af hverju stjórnarandstaðan hefur gert málefni landsbyggðarinnar jafnlítið að umræðuefni á Alþingi á þessu kjörtímabili og raun ber vitni. En þó að við hv. stjórnarþingmenn og þingmenn í Alþfl. flytjum tillögu um að ganga enn frekar fram í landsbyggðarmálunum þá er það náttúrlega vitnisburður um það að við ætlum að halda áfram á þessari braut.

[12:22]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Að heyra á endemi. Ef það á nú að verða þannig að hv. stjórnarliðar ætli að fara að hæla sér af því að þeir séu á einhvern sérstakan hátt landsbyggðarvænir. Ég bið nú hv. þm. að halda þessa ræðu yfir Austfirðingum. Ég efast um að hann geti fundið mjög mikið af tilefnum til að hæla sér af því þar að menn hafi verið að gera einhverja stórkostlega hluti fyrir landbyggðina og byggðirnar yfirleitt í landinu. Í upphafi kjörtímabils þessarar ríkisstjórnar fundu menn upp orðið vaxtarsvæði. Út frá því varð mikil umræða. Það urðu miklar umræður um byggðamál á þessu kjörtímabili og hefur ítrekað verið haldið uppi af stjórnarandstöðunni en auðvitað ekki stjórnarliðum. Það ætti að vera hv. þm. í fersku minni að yfirleitt hefur vantað alþýðuflokksmenn í allar þær umræður sem hér hafa farið fram um byggðamál á þessu kjörtímabili og það hefur nánast verið einsdæmi ef alþýðuflokksmenn hafa mætt í þær umræður. (**GunnS:** Þetta er rangt.) Það er ekki rangt. Við höfum staðið hér í löngum umræðum um byggðamál þar sem varla hefur komið fyrir að það hafi nokkur annar maður en hv. þm., og það má hann eiga, tekið til máls fyrir Alþfl. Ég held að það segi sitt um það hve mikinn áhuga alþýðuflokksmenn hafa á að verja málstað sinn í byggðamálum.

[12:24]

Sturla Böðvarsson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. 5. þm. Austurl. fyrir að hafa frumkvæði um það að flytja þessa till. til þál. sem hér er til umræðu. Það er vissulega svo að kjör og staða fólks er mjög mismunandi í landinu. Þeir sem búa í hinum dreifðari byggðum eiga í mörgum tilvikum erfiðara með að stunda nám fjarri heimabyggð og hafa af því nokkuð meiri kostnað en þeir sem geta stundað allt sitt nám nánast við bæjardyrnar. Þess vegna held ég að það sé tímabært að flytja þessa tillögu og gera þá athugun sem tillagan gerir ráð fyrir. En mér heyrist, hæstv. forseti, að sú umræða sem hér hefur farið fram sé nokkuð fyrir utan efni tillögunnar vegna þess að í tillögunni segir, með leyfi forseta:

„Nefndin athugi sérstaklega:

1. hvort námsfólk, er stundar nám fjarri heimabyggð, verði af réttindum og félagslegri þjónustu ef það heldur lögheimili í heimabyggð."

Það sem hér er fyrst og fremst verið að vekja athygli á og óska eftir að athugun verði gerð á snýr að þeim sveitarfélögum þar sem skólarnir eru. Hvar eru nú skólarnir? Þeir eru jú mest hér á höfuðborgarsvæðinu og á stærstu byggðasvæðunum í landinu og þess vegna lít ég þannig á þessa tillögu að það eigi að gera sérstaka athugun á því hvernig sveitarfélögin þar sem skólarnir eru koma til móts við námsmenn gagnvart hinni félagslegu þjónustu. Það er meginmál. Það fer ekkert á milli mála að sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu, sem nýtur þess að hér eru menntastofnanirnar á framhaldsskólastigi, hafa af því feiknarlega miklar tekjur og ég tel að það sé mjög þarft að gera þessa úttekt sem tillagan gerir ráð fyrir og einnig að það verði skoðað hvernig Lánasjóður íslenskra námsmanna kemur til móts við þær sérstöku aðstæður sem lúta að ferðakostnaði frá heimabyggð og til skólanna og þann kostnað sem fólk sem þarf að flytjast búferlum vor og haust hefur umfram þá sem búa við þau kjör að skólarnir hafa verið byggðir upp í þeirra heimabyggð. Þetta vildi ég að kæmi fram, hæstv. forseti, við þessa umræðu og ég fagna því að þessi tillaga komi hér fram.

Ég verð að segja vegna orða þeirra hv. þm. sem hér hafa talað að hv. 5. þm. Austurl. hefur verið öflugur talsmaður landsbyggðarinnar. Hann hefur verið öflugur talsmaður hér á þingi fyrir byggðastefnu og þess vegna er það ekki á nokkurn hátt hjáróma rödd sem hér heyrist þegar hann flytur þessa tillögu í þinginu.

En það sem er hins vegar mikilvægast er að tryggja nám í heimabyggð. Framhaldsnám er ekki alls staðar hægt að stunda en ég tel að sú þróun, sem hefur átt sér

stað með uppbyggingu framhaldsskólanna um allt land með því að framhaldsdeildir hafa verið settar á stofn í mörgum hinna stærri byggða og þær deildir tengjast framhaldsskólunum í landshlutunum, ég tel að það sé æskilegt og hafi leitt til þess að námsfólk hefur getað verið lengur í sinni heimabyggð og það er afskaplega mikilvægt að svo sé.

Varðandi athugasemdir hv. stjórnarandstæðinga í þessari umræðu að þetta sé einhver áfellisdómur yfir ríkisstjórninni eða viðkomandi hæstv. ráðherrum þá vil ég minna þessa hv. þm. á það að þeir höfðu tækifæri á síðasta kjörtímabili til þess að gera það sem þeir eru að láta að liggja að ætti að hafa gerst á þessu kjörtímabili. En það fer ekkert á milli mála að á þessu kjörtímabili hefur verið komið til móts við þessa hluti með áframhaldandi öflugri uppbyggingu, sérstaklega á sviði framhaldsskólanna og einnig með því að dreifbýlisstyrkir hafa verið veittir þeim sem stunda nám í framhaldsskólunum. Og síðast en ekki síst tel ég að með því að sveitarfélögin hafa eflt grunnskólann mjög víða, eftir að sveitarfélögin tóku meiri þátt í rekstri grunnskólanna þá hafi þróunin orðið sú að grunnskólarnir hafa orðið betri.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu, vil aðeins segja að lokum að ég fagna þessari tillögu og ég vona svo sannarlega að hún nái hér fram að ganga og hægt verði að gera þá athugun sem hún gerir ráð fyrir.

[12:30]

Flm. (Gunnlaugur Stefánsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka góðar undirtektir við þessa till. til þál. um að fram fari úttekt á kjörum námsfólks er stundar nám fjarri heimabyggð. Ég tel að hér sé um mjög brýnt mál að ræða eins og hv. þm. sem tekið hafa þátt í umræðunum hafa staðfest með mér og ég bind miklar vonir við að þessi tillaga geti náð fram að ganga á þessu þingi. En ég get líka tekið undir það, og það var skoðun mín er ég lagði fram þessa till. til þál., að þetta mál ætti að skoða í hinu víðasta samhengi og ég vil taka undir þau sjónarmið. Satt best að segja varð það niðurstaða mín þegar ég var að huga að þessum málum þegar ég var að vinna í málinu að það væri affarasælast að gera það með þeim hætti og ef tillagan er skoðuð greinilega og texti hennar rýndur þá kemur einmitt þar fram að hér er ekki sérstaklega átt við framhaldsnám fremur en annað nám, heldur er talað um nám í almennri merkingu og þess vegna nær tillagan líka yfir t.d. aðstæður sem skapast vegna búsetu á heimavist. Það þarf líka að skoða skólaaksturinn og hann kemur inn í þetta líka og ég get tekið undir þau sjónarmið að hann gegnir afar mikilvægu hlutverki í dreifbýlinu.

Ég vil þess vegna, hæstv. forseti, í lok þessarar umræðu þakka hana og ég vona að hún megi skila árangri. En ég get ekki látið hjá líða að minnast á að hér hafa fulltrúar allra flokka talað í umræðunum nema Framsfl. Ég sakna þess að fulltrúi Framsfl. skuli ekki tala í þessum umræðum þar sem verið er að ræða jafnbrýnt stórmál og kjör námsfólks á landsbyggðinni. Ég hef ekki orðið var við marga hv. þm. Framsfl. í þingsalnum við þessa umræðu en séð einum og einum bregða fyrir og mig langar til að varpa fram þeirri spurningu hvort þetta merki einhver þáttaskil í afstöðu Framsfl. til byggðamála. Þess vegna langar mig til að spyrja hvort hæstv. forseti telji ástæðu til að fresta þessum umræðum núna til þess að gefa fulltrúa Framsfl. tækifæri á að undirbúa ræðu til að flytja við þessa mikilvægu umræðu svo að stefna Framsfl. geti komið fram. Hér er um byggðamál að ræða og við þekkjum sögu Framsfl. sem hefur vitnað um a.m.k. áhuga í orði á málefnum landsbyggðarinnar og þess vegna kann það að geta valdið pólitískum misskilningi ef þessari umræðu lýkur án þess að Framsfl. geti komið sjónarmiðum sínum hér á framfæri. Þess vegna langar mig til að spyrja um mat hæstv. forseta á því, hvort hann telji ástæðu til að sýna Framsfl. þá tillitssemi að umræðunni verði frestað svo að Framsfl. geti komið sínum sjónarmiðum á framfæri við umræðuna.

(**Forseti** (SalÞ)**:** Nei. Forseti telur ekki ástæðu til þess. Það var enginn á mælendaskrá frá þeim hópi sem hv. þm. er að vitna til og þess vegna telur forseti enga ástæðu til að fresta umræðum þess vegna.)

Ég deili ekki við hæstv. forseta og get líka tekið undir hennar niðurstöðu en ég vildi koma þessari ósk á framfæri af tillitssemi við þingflokk Framsfl. hér í þinginu, en ég trúi því að fulltrúi hans komi sínum sjónarmiðum á framfæri í starfi hv. menntmn. þannig að hann geti haft tök á því að eiga þátt í framvindu landsbyggðarmála hér í þinginu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Útbýting þingskjala:

Gjald af áfengi, 256. mál, stjfrv., þskj. 299.

Verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf, 255. mál, stjfrv., þskj. 298.

Virðisaukaskattur, 257. mál, stjfrv., þskj. 300.

Framfærsluvísitala, fyrri umr.

Þáltill. ÞBack og SvG, 231. mál. — Þskj. 272.

[12:37]

Flm. (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Á þskj. 272 flyt ég ásamt hv. varaþm. Þuríði Backman till. til þál. um breytingar á notkun framfærsluvísitölu. Tillagan er á þessa leið, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta semja frv. til laga sem miði að því að reiknuð verði út sérstök vísitala framfærslukostnaðar án áfengis og tóbaks og sú vísitala verði notuð þegar ákvarðaðar eru breytingar á lánskjaravísitölu og öðrum viðmiðunum.

Stefnt skal að því að leggja slíkt frv. fram í upphafi næsta þings og verði gildistaka miðuð við 1. jan. 1996.“

Eins og hv. þingmenn átta sig á er þessi tillaga að nokkru leyti flutt í framhaldi af umræðu sem varð hér

um daginn, ég hygg að það hafi verið fsp. flutt af mér varðandi þessi mál þar sem það kom fram að þær áherslur sem heilbrigðisyfirvöld telja skynsamlegar við verðlagningu á áfengi og tóbaki eru óframkvæmanlegar miðað við núverandi efnahagskerfi á Íslandi, svo sérkennilegt sem það nú er, vegna þess að það mundi hafa í för með sér svo mikla hækkun á skuldum heimilanna. Ef áfengi og tóbak yrði hækkað umfram annað verðlag mundi það þýða sérstaka aukahækkun á lánskjaravísitölunni sem aftur þýðir stórfellda hækkun á skuldum heimilanna. Og hvað sem þessum lánskjaravísitölumálum líður þá er það alla vega vitlaust kerfi að halda með þessum hætti á hlutunum og af þeim ástæðum er þessi tillaga flutt.

Nú geta menn auðvitað sagt sem svo að eðlilegra væri það að afnema sjálfvirk tengsl vísitalna og skulda yfirleitt og það er stefna okkar alþýðubandalagsmanna, eins og margoft hefur komið fram, að það sé eðlilegt eins og það er stundum orðað að taka lánskjaravísitöluna úr sambandi. Það þýðir að þar með mundu skuldir ekki hækka sjálfvirkt með vísitölunni og það væri skynsamlegt. En það er nokkur vandi að koma þeirri stefnu í framkvæmd, fyrst og fremst vegna þess að menn eru þeirrar skoðunar að þær skuldbindingar sem stofnað hefur verið til á undanförnum árum frá 1979 þegar þetta var leyft, hljóti áfram að vera bundnar lánskjaravísitölu þannig að breytingarnar sem gerðar yrðu að því er þetta varðar, myndu þá fyrst og fremst ná til nýrra skuldbindinga. Við erum þeirrar skoðunar að þetta væri eðlilegt.

En fyrir utan það er það þannig og hefur reyndar lengi verið stefna heilbrrn. að það ætti að hækka sérstaklega verð á áfengi og tóbaki til að draga úr notkun á þessum vörum. Og rökin fyrir því eru fyrst og fremst heilbrigðisleg og fyrir nokkrum árum þegar ég hafði með heilbrrn. að gera, þá voru sett fyrstu tóbaksvarnalög á Íslandi og þar voru inni ákvæði um að það ætti að hækka sérstaklega verð á áfengi og tóbaki í forvarnarskyni en þá og síðar var því hafnað af fjmrn. fyrst og fremst vegna þess að þarna er um að ræða mikilvægan tekjustofn fyrir ríkissjóð, sölu á áfengi og tóbaki, og sérstakar hækkanir á þessum vörum mundu hafa það í för með sér að tekjur ríkissjóðs minnkuðu sem því næmi og menn þyrftu þá annaðhvort að vera tilbúnir til að leggja á aðra skatta í staðinn eða skera eitthvað niður. Þessi voru rök fjmrn. þá.

Nú hafa fjmrn. bæst ný rök sem eru þau að með aukahækkunum á áfengi og tóbaki mundi lánskjaravísitalan hækka aukalega og þar með skuldir ríkissjóðs og heimilanna í landinu. Af þeim ástæðum, hæstv. forseti, er þessi tillaga flutt og það er hv. varaþm. Þuríður Backman, hv. 4. þm. Austurlands, sem hafði forustu um þessa tillögu og vitnar í greinargerð sérstaklega í íslenska heilbrigðisáætlun þar sem mælt er með hækkunum á verði áfengis og tóbaks umfram almennar verðhækkanir. Ég er sammála þessu sjónarmiði. Ég tel að það væri skynsamlegt að hækka áfengi og tóbak umfram aðrar almennar verðhækkanir. Það væri skynsamlegt í forvarnaskyni þó að það séu auðvitað takmörk fyrir því hversu vitlegt er að ganga langt í þeim efnum eins og á öðrum sviðum.

Ég tel, hæstv. forseti, að það sé í sjálfu sér óþarfi að rökstyðja þessa tillögu nánar. Mér sýnist einboðið að hún fái jákvæða meðferð í þessari virðulegu stofnun. Ég sé ekki alveg í fljótu bragði, hæstv. forseti, hvar væri best að vista tillöguna, það er ekki alveg einfalt. Auðvitað er hún flutt sem heilbrigðismál þannig að það væri auðvelt að vísa henni til hv. heilbr.- og trn. en hún er auðvitað vísitölumál og þar af leiðandi hagstofumál og á þess vegna venju samkvæmt heima í allshn. en ég held að ég leggi samt til að henni verði vísað til heilbr.- og trn. vegna þess að rökin fyrir flutningi tillögunnar eru heilbrigðisleg og það er vitnað til íslenskrar heilbrigðisáætlunar í tillögunni. Hér er sem sagt verið að taka á þessum eina þætti þó að við flm. séum bæði þeirrar skoðunar að hitt væri enn þá betra að taka vísitöluna alveg úr sambandi við sjálfvirkar breytingar skuldbindinga. Við teljum að það væri svo en meðan það er ekki gert teljum við að þetta væri skref í rétta átt.

Ég legg því til, virðulegi forseti, að að lokinni þessari umræðu verði tillögunni vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn. ef það samrýmist venjum en til vara til allshn.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill gjarnan skoða nánar vísun málsins til nefndar áður en atkvæðagreiðsla fer fram.

[12:44]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég lýsi yfir stuðningi við þessa tillögu og tek undir þau rök sem hér voru flutt, að af heilbrigðisástæðum sé ástæða til þess að taka áfengi og tóbak út úr vísitölunni, en það sem fær mig fyrst og fremst til að standa upp er það að ég tel að eitt af því allra mikilvægasta í þessu landi til þess að koma á betra réttlæti og eðlilegri, hvað á maður að kalla það, eignamyndun eða eðlilegri breytingu eignastærðanna í þjóðfélaginu sé að taka lánskjaravísitölu og aðrar vísitölur sem hafa sjálfvirk áhrif af. Það er skref í þá áttina það sem lagt er til í þessari tillögu en það er ekki nema hluti og mjög lítið skref til þess að afnema lánskjaravísitöluna.

Ég tel að það sé löngu orðið ljóst að við erum á mikilli glötunarbraut í tengslum við þær breytingar sem voru gerðar á sínum tíma þegar lánskjaravísitalan var innleidd. Við höfum gert það sem líklegast hvergi hefur verið gert í heiminum, við höfum tryggt í bak og fyrir allt sem heitir fjármagn í landinu. Það getur einungis tapast með gjaldþrotum en við komum í veg fyrir að fjármunirnir geti rýrnað eins og aðrar eignir í þjóðfélaginu ættu að gera og gera ævinlega.

Ef menn setja dæmið þannig upp að búið væri að verðtryggja alla hluti í þjóðfélaginu þá hlýtur það að renna upp fyrir hverjum einasta manni að það getur ekki gengið. Það verða ævinlega að geta komið fram breytingar á verðgildi hlutanna og með því að taka peningana út úr og verðtryggja þá sérstaklega þá erum við að flytja álagið af þessum breytingum yfir á einhverjar aðrar þjóðhagsstærðir. Við fluttum þetta álag

sérstaklega yfir á launin á sínum tíma. Það var raunverulega á kostnað launanna í landinu sem við tryggðum lánskjörin aðallega á sínum tíma og við höfum haldið þessa braut áfram allt of lengi. Það sem ég tel að við þurfum að gera er að aflétta þessu. Það á að vera hlutverk verkalýðsfélaganna að semja um kaup og kjör og það á að vera hlutverk banka og lánastofnana að ákveða og bjóða vaxtakjör í samræmi við markaðinn en það á ekki að vera til eitthvað sem heitir sjálfvirkt kerfi sem tryggir ævinlega peningunum forgang fram yfir allt annað. Við erum að sjá fjölda gjaldþrota einstaklinga í landinu. Það er afleiðing af þessari stefnu. Það eru fjölmargir einstaklingar búnir að tapa sínu fjárhagslega sjálfstæði og það eiga mjög margir eftir að tapa því vegna þess hvernig staðið var að þessum málum á sínum tíma.

Við settum sem sagt þessar skuldbindingar á og á sínum tíma var því lýst mjög vel fyrir fólki að þarna væri á ferðinni aðferð sem væri fólgin í því að menn ættu að borga skuldirnar sínar með eðlilegum vöxtum til baka en fáum árum seinna voru þetta orðnir okurvextir og fjárfestingarákvarðanir fólks sem höfðu verið teknar í kringum 1980 voru allt í einu orðnar kolrangar. Þó að menn hefðu miðað við það í sínum áætlunum að verðbólga yrði lítil eða að lánskjörin yrðu þannig vaxin að menn væru að borga 2–4% í vexti, þá stóðu menn allt í einu frammi fyrir því að þetta nýja kerfi, þetta sjálfvirka gangvirki, sem komið var á malaði af þeim eignirnar og fólk gat ekki staðið undir þeim skuldbindingum sem það hafði tekið á sig.

Þetta er enn að verki og Alþingi Íslendinga hefur ekki enn þá getað komið sér að því að taka á þessu máli. Ég vona að það styttist í það.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 12:49]

Leikskóli, 1. umr.

Frv. GGuðbj o.fl., 245. mál (fræðsluskylda 4 og 5 ára barna). — Þskj. 286.

[13:30]

Flm. (Guðný Guðbjörnsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 78/1994, um leikskóla. Frumvarpið er á þskj. 286 og flyt ég það ásamt öðrum þingkonum Kvennalistans.

Samkvæmt 1. gr. frv. er lagt til að 7. gr. núgildandi laga orðist svo, með leyfi forseta:

„Bygging og rekstur leikskóla skal vera á kostnað og í umsjón sveitarstjórna og sjá þær um framkvæmd þessara laga, hver í sínu sveitarfélagi. Sveitarstjórnum er skylt að hafa forustu um að tryggja börnum undir skólaskyldualdri dvöl í góðum leikskóla. Óski foreldrar eða aðrir forráðamenn 4 og 5 ára barna eftir leikskóladvöl fyrir barn sitt er sveitarfélögum skylt að verða við þeirri ósk. Heimilt er öðrum aðilum að reka leikskóla að fengnu samþykki viðkomandi sveitarstjórnar. Tilkynna skal menntamálaráðuneytinu um stofnun nýs leikskóla. Sveitarstjórnir skulu árlega senda menntamálaráðuneytinu ársskýrslu um starfsemi leikskóla."

Hér er sem sagt lagt til að það verði breytt örlítið skyldum sveitarfélaga gagnvart 4 og 5 ára börnum en í núgildandi lögum segir svo, með leyfi forseta:

„Bygging og rekstur leikskóla skal vera á kostnað og í umsjón sveitarstjórna og sjá þær um framkvæmd þessara laga, hver í sínu sveitarfélagi, þeim er skylt að hafa forustu um að tryggja börnum dvöl í góðum leikskóla."

Með þeirri breytingu sem lögð er til í frv. má segja að verið sé að gera sveitarfélögin fræðsluskyld gagnvart 4 og 5 ára börnum á leikskólum ef forráðamenn barnanna óska. Með fræðsluskyldu er hér átt við að sveitarfélögum sé skylt að veita fjögurra og fimm ára börnum leikskólavist ef forráðamenn þeirra óska og það skal áréttað að hér er ekki verið að tala um skólaskyldu í þeirri merkingu að foreldrar verði að senda börn sín á leikskóla né að leikskóladvölin eigi að hafa meira fræðsluyfirbragð en hingað til.

2. gr. frv. hljóðar þannig: „Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1996." Það þykir rétt að gefa sveitarfélögum örlítinn tíma til þess að aðlagast þessari breytingu.

Í grg. með frv. legg ég áherslu á að uppeldi og menntun uppvaxandi kynslóða sé verkefni sem ekkert þjóðfélag má kasta höndum til. Með vaxandi atvinnuþátttöku kvenna hefur þörfin og krafan um samfélagslega þátttöku í uppeldi barna orðið áþreifanlegri og viðurkenndari.

Íslensk stjórnvöld hafa verið ótrúlega svifasein að verða við þessu kalli þannig að nú er oft hróplegt misræmi á milli vinnutíma foreldra og barna, bæði þeirra sem eru á leikskólum og í grunnskólum. Þó að rekstur leikskólans sé nú alfarið á vegum sveitarfélaga er það viðurkennt skv. 1. gr. gildandi laga að leikskólinn sé fyrsta skólastigið í skólakerfinu fyrir börn undir skólaskyldualdri og að menntmrn. fari með yfirumsjón með leikskólastiginu.

Skólaskylda 6 ára barna var samþykkt árið 1990, en fram að þeim tíma var heimildarákvæði til að reka forskóla fyrir 5–6 ára börn innan grunnskólans. Nú eru lögbundin skil á milli leik- og grunnskólastigsins við 6 ár og ekki þykir ástæða til að breyta því á meðan mikil uppbygging er fyrirsjáanleg á báðum skólastigum til að einsetja grunnskólana og fullnægja eftirspurn vegna leikskóla.

Í þessu frv. er athyglinni beint að 4 og 5 ára börnum. Lagt er til að koma á fræðsluskyldu sveitarfélaga fyrir þessa tvo árganga ef foreldrar óska eftir leikskólavist. Tekið skal skýrt fram að hér er ekki átt við skólaskyldu, eins og að framan greindi áðan, í þeirri merkingu að foreldrar verði að senda börn sín í leikskóla.

Helstu rök fyrir þessari lagabreytingu eru eftirfarandi:

1. Leikskólauppeldi þykir æskilegur undirbúningur fyrir skólagöngu barna einkum hvað varðar vitrænan og félagslegan þroska samkvæmt fjölmörgum rann-

sóknum bæði hér á Íslandi og erlendis.

2. Leikskólauppeldi þykir mikilvæg leið til að jafna uppeldislegan aðstöðumun barna áður en að eiginlegri skólagöngu kemur.

Í nágrannalöndunum hafa verið farnar ýmsar leiðir, kannski þekktust hin svokallaða „headstart"-áætlun í Bandaríkjunum þar sem lögð hefur verið áhersla á það að öll börn eigi aðgang, sérstaklega börn sem koma frá erfiðum heimilum, að leikskólavist áður en þau fara í skóla.

3. Samkvæmt upplýsingum frá menntamálaráðuneytinu og Hagstofu Íslands voru 79,2% 4 ára barna og 74,1% 5 ára barna í leikskólum 1. desember 1993. Því er ljóst að 20–25% barna í þessum árgöngum eru ekki í leikskóla.

4. Samanburðarupplýsingar frá öðrum löndum um uppeldisaðstæður 4 og 5 ára barna eru okkur yfirleitt óhagstæðar og ég ætla að nefna nokkrar upplýsingar í því sambandi.

Í Frakklandi eru 95% 3 ára barna og næstum 100% bæði 4 og 5 ára barna í leikskólum sem, eins og hér, eru fyrsta skólastigið. Þar eru þeir foreldrum að kostnaðarlausu eins og skylduhluti grunnskólans hér.

Í Englandi eru 5 ára börn skólaskyld. Einungis um 50% 4 ára barna hafa aðgang að forskólum í Englandi sem að stórum hluta eru einkaskólar eða reknir af foreldrum. Það fer því vaxandi að börn byrja í grunnskólum 4 ára þar, þ.e. sama ár og þau verða 5 ára. Þrýstingurinn er í þá átt að þau byrji fyrr í grunnskólanum af því að leikskólinn hefur ekki sinnt sínu hlutverki.

Á Írlandi eru 4 og 5 ára börn skólaskyld.

Á Spáni er forskólastiginu skipt í tvennt, þ.e. leikskóla og sérstaka smábarnaskóla fyrir 4 og 5 ára börn sem um 85% þessara árganga nýta sér.

Í Þýskalandi eru börn skólaskyld 6 ára og eru í leikskólum eða svokölluðum „Kindergarten" frá 3 til 6 ára samkvæmt óskum foreldra. Greiðsla þar fyrir leikskólavist miðast við tekjur foreldra þannig að börn við erfiðar aðstæður eiga að geta komist á leikskóla.

Í Bandaríkjunum hefst skólaskylda víðast hvar við 6 ára aldur en a.m.k. fimm fylki hafa lækkað skólaskyldualdurinn í 5 ár á undanförnum árum og í mörgum skólum er boðið upp á ókeypis forskólavist sem ekki er skólaskylda fyrir 4 og 5 ára börn.

Í Japan eru börn skólaskyld 6 ára en gífurlegur þrýstingur er á að komast í góða leikskóla til að standast samkeppni þegar í skólann er komið. Um 95% japanskra 4 og 5 ára barna fara í leikskóla.

Í Svíþjóð eru börn skólaskyld 7 ára svo og í Noregi en flest börn fara í forskóladeildir, 6 ára deildir eins og þær hétu hér, og ástand leikskólamála er mjög breytilegt eftir sveitarfélögum á Norðurlöndum, svo og greiðslur fyrir leikskólavist þar.

Fimmtu rökin fyrir samþykkt þessa frv. eru að ekki er vitað hve stór hluti þeirra 4 og 5 ára barna sem ekki eru í leikskólum hér á landi eru það ekki vegna þess að foreldrarnir hafa ekki efni á því. Ég er mjög hrædd um að það sé ein mikilvæg ástæða. Við vitum ekki hvort það er vegna þess að foreldrar hafa ekki áhuga á því, hvort leikskólavist er ekki í boði eða hvort foreldrar hafa ekki efni á að nýta sér leikskólavist. Þetta þarf því að kanna.

Ef í ljós kemur að það er fyrst og fremst framboð á leikskólarými sem kemur í veg fyrir að 20–25% 4 og 5 ára barna sækja leikskóla þyrfti að hraða uppbyggingu leikskóla. Hugsanlega þyrfti þá að seinka gildistöku þessara laga til að koma í veg fyrir að þrengt verði að möguleikum yngri barna til leikskólavistar sem er ekki tilgangur þessa frv. Ef í ljós kemur að foreldrar óska ekki eftir leikskólavistun fyrir þessi 20–25% 4–5 ára barna þar sem þeir kjósa að sinna börnum sínum sjálfir mun þessi lagabreyting ekki breyta miklu. Ef hins vegar kemur í ljós að hægt er að fá leikskólavist og foreldrarnir hafa áhuga á að nýta hana en hafa ekki efni á því þá er mjög mikilvægt að huga að leiðum til þess að koma í veg fyrir að atvinnuleysi eða fjárhagserfiðleikar foreldra hindri leikskólavistun barna þeirra. Ég legg áherslu á þann rétt barna sem þetta frv. kveður á um að öll börn eiga rétt á að vera a.m.k. tvö ár í leikskóla áður en skólaganga hefst.

Hvort sem af því verður að rekstur grunnskólans fari alfarið yfir á sveitarfélögin eða ekki er það hlutverk löggjafans og menntmrn. að sjá til þess að allt sé gert sem mögulegt er til að tryggja jafnrétti allra barna til náms og þroska. Forskóli er hin hefðbundna leið til að jafna aðstöðumun barna til náms áður en skólaganga hefst. Þegar forskóladeildir grunnskólans voru skyldubundnar fluttist þetta hlutverk til leikskólans og tryggja þarf nú að þeim 20–25% 4 og 5 ára barna sem ekki eru í leikskólum standi slík vist til boða óháð búsetu og efnahag foreldra.

Virðulegi forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Úttekt á námskrám og kennslubókum með hliðsjón af jafnréttislögum, fyrri umr.

Þáltill. GGuðbj o.fl., 246. mál. — Þskj. 287.

[13:43]

Flm. (Guðný Guðbjörnsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir till. til ál. um úttekt á námskrám og kennslubókum grunn- og framhaldsskóla með hliðsjón af jafnréttislögum. Tillöguna flyt ég ásamt öðrum þingmönnum Kvennalistans og hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að skipa nefnd sem geri úttekt á námskrám og kennslubókum grunn- og framhaldsskóla með hliðsjón af 10. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og setji fram tillögur um verklag sem tryggi að þær kennslubækur, sem eru í notkun hverju sinni, samræmist þeirri grein."

Ég hef nú lokið við að lesa þáltill. og ætla að gera stutta grein fyrir hvers vegna ég flyt þessa tillögu.

Allt frá árinu 1976 þegar Alþingi Íslendinga samþykkti fyrst lög um jafnrétti kynjanna, fyrst allra Norðurlanda, hefur verið ákvæði um það að ekki megi mismuna kynjunum í kennslubókum. Þrátt fyrir það hefur lítið verið gert til úrbóta og ekkert sem tryggir að kennslubækur mismuni ekki kynjum. Einnig er óljóst hvernig má losa skólann við þær kennslubækur sem augljóslega brjóta í bága við gildandi lög.

Í 10. gr. núgildandi laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla segir m.a.:

„Í skólum og öðrum mennta- og uppeldisstofnunum skal kynjum ekki mismunað. Skylt skal að gæta þessa í námi og kennslu, starfsháttum og daglegri umgengni við nemendur. Á öllum skólastigum skal veita fræðslu um jafnréttismál, m.a. með því að leggja áherslu á að búa bæði kynin jafnt undir virka þátttöku í samfélaginu, fjölskyldulífi og atvinnulífi. Gæta skal þess sérstaklega að kennslutæki og kennslubækur séu þannig úr garði gerð að kynjum sé ekki mismunað."

Mig langar að segja örlítið frá starfi því sem hefur verið unnið að á þessu sviði. M.a. hefur starfshópur um jafna stöðu kynja í skólum starfað á vegum menntmrn. frá 1987–1990. Hópurinn sendi Námsgagnastofnun bréf í desember 1987 og benti á að í nokkrum könnunum á námsefni skólanna hefði komið í ljós að kynjum væri víða mismunað, sums staðar verulega. Mikilvægt væri að upplýsa höfunda nýs efnis um málið og að eldra efni væri ekki endurprentað nema ræki leg endurskoðun færi fram. Einnig var gerð tillaga um að ráðinn yrði starfsmaður í hlutastarf til að sinna þessu verkefni. Í svari Námsgagnastofnunar frá því í febrúar 1988 var sagt að höfundar efnis fengju svokallaðan gátlista í hendur þar sem minnt væri á að gát þyrfti m.a. að hafa varðandi jafna stöðu kynja við samningu og endurskoðun námsefnis. Einnig kom fram að ekki væru tök á að ráða starfsmann til að sinna svo sértæku verkefni. Þar sem starfshópurinn taldi þetta ekki fullnægjandi var samið leiðbeinandi bréf til allra námsefnishöfunda sem Námsgagnastofnun var beðin um að koma á framfæri. Þessar upplýsingar koma m.a. fram í skýrslu starfshóps um jafna stöðu kynja í skólum. Nú styðst Námsgagnastofnun við leiðbeiningar til höfunda efnis, svokallaðan gátlista, og leiðbeiningar um frágang sem Námsgagnastofnun gaf út 1994. Í þeim lista segir m.a. á bls. 4, meða leyfi forseta:

„Í námsefni skal kynjum ekki mismunað. Þess skal gætt að ámóta fjöldi dæma sé tekinn af hvoru kyni, að áhugamálum beggja kynja sé gert jafnhátt undir höfði og að drengir og stúlkur séu ekki eingöngu sýnd í hefðbundnum hlutverkum."

Þessum lista er dreift til nýrra höfunda en ekki er ljóst hvernig eftirliti er háttað þar sem töluvert virðist enn vanta á að bækur Námsgagnastofnunar samræmist framangreindri lagagrein. Fjárhagsvandi stofnunarinnar ræður trúlega einhverju um það að gamlar og úreltar bækur eru enn í notkun, en það er áhyggjuefni að allar nýjar bækur virðast heldur ekki í lagi samkvæmt athugunum fjölmargra aðila. Ekki er vitað til að nokkurt eftirlit sé haft með þeim bókum sem kenndar eru í framhaldsskólum að þessu leyti. Eins og við vitum eru þær bækur ekki framleiddar nema að mjög litlu leyti af Námsgagnastofnun heldur eru þær keyptar á frjálsum markaði.

Samkvæmt tiltækum könnunum á kennslubókum, bæði á grunn- og framhaldsskólastigi, er ástæða til að ætla að töluvert vanti á að kennslubækur samræmist áðurnefndri lagagrein. Þau viðmið, sem nota má í slíku mati, geta verið breytileg, allt frá því að athuga hvort kynin eru jafnsýnileg almennt, ekki síst sem gerendur, sem myndefni, sem söguefni eða á hvaða hátt er fjallað um konur og karla, pilta og stúlkur. Fræðilegar athuganir á námsefni í sögu og samfélagsfræði, bæði hér og erlendis, benda til að kennslubækur geti þróast í gegnum sex stig að þessu leyti: Á fyrsta stigi séu konur ósýnilegar, þær eru einfaldlega ekki í bókunum, á öðru stigi fyrirfinnist ein og ein kona sem er hetja á forsendum karla eða vegna afreka í opinberu lífi og á þriðja stigi séu konur sýndar sem undirokaður minnihlutahópur. Loks á fjórða stigi sé konum lýst sem gerendum út frá eigin sjónarhóli, á fimmta og sjötta stigi sé síðan einn altækur sjónarhóll beggja kynja og annarra hópa eða lögð áhersla á marga texta eða kafla í bókum út frá sjónarhóli mismunandi hópa. Þær athuganir, sem liggja fyrir á íslenskum bókum, benda til fyrsta til þriðja stigs og að töluvert vanti upp á að tiltækar rannsóknir um líf og starf kvenna séu kynntar í kennslubókum nema helst í sérköflum sem oft er sleppt. Athugað er gjarnan hvort kynin eru sýnd í trúverðugum hlutverkum og hvort raddir beggja kynja fá að koma fram jafnt í gegnum söguhetjur, lýsingar á veruleikanum eða sem raddir höfunda.

Þess má geta hér í sambandi við raddir höfunda að samkvæmt athugun sem gerð var á mínum vegum á höfundum efnis sem kennt er í íslensku á grunnskólastigi, þ.e. ljóðabækur og ýmsar lestrarbækur, þá kom í ljós að það var 431 höfundur karlkyns en 131 höfundur kvenkyns. Þetta hlutfall hlýtur að teljast óeðlilegt og ljóst að raddir karla eru mun sterkari í þessu námsefni en raddir kvenna.

Í þingsályktunartillögunni er einnig kveðið á um að gera skuli úttekt á námskrám grunn- og framhaldsskólans með hliðsjón af 10. gr. jafnréttislaganna. Einkum er þar átt við eftirfarandi þátt greinarinnar, með leyfi forseta: „Á öllum skólastigum skal veita fræðslu um jafnréttismál, m.a. með því að leggja áherslu á að búa bæði kynin jafnt undir virka þátttöku í samfélaginu, fjölskyldulífi og atvinnulífi." Athuga þarf rækilega hvort einhver jafnréttisfræðsla á sér stað í íslenskum skólum, reyndar hef ég beðið hæstv. menntmrh. að svara slíku með fyrirspurn í þinginu, hvernig það námsefni, sem gefið hefur verið út, er notað og hvort námskrár grunn- og framhaldsskóla taka mið af því að bæði kynin séu búin jafnt undir virka þátttöku í samfélaginu, fjölskyldulífi og atvinnulífi.

Mikilvægt er að ljóst sé hvað foreldrar, kennarar eða Námsgagnastofnun geta gert til að losna við bækur sem brjóta framangreind lög. Þörf er á matsaðila með vald til að meta hvort bækur samræmast jafnréttislögunum eða ekki ef það er ætlun löggjafans að þau séu virt í reynd.

Ég vil í þessu sambandi benda á að ef það frv. sem nú liggur fyrir þessu þingi um grunnskóla verður samþykkt er í 33. gr. gert ráð fyrir að tryggt sé að völ sé á námsefni sem standist kröfur gildandi laga og aðalnámskrár og ef vafi leiki á að námsbækur og kennslugögn geri það ekki megi vísa þeim til menntamálaráðs til úrskurðar í málinu.

Þess má geta að í Noregi hafa lengi tíðkast árlegar ráðstefnur menntamálayfirvalda, jafnréttisyfirvalda, námsgagnahöfunda, námsefnisútgefenda og fræðimanna í þeim tilgangi að bæta norskar kennslubækur að þessu leyti. Árlega eru einnig veitt sérstök jafnréttisverðlaun til þeirra bóka sem þykja bestar af þeim sem eru nýútkomnar. Mikil áhersla hefur verið lögð á að koma rannsóknum í kvennafræðum inn í kennslubækurnar til að tryggja að fjallað sé um konur út frá þeirra eigin forsendum eins og fjallað er um karla. Þetta er einnig mikilvægt að gera hér og um leið að efla rannsóknir og kennslu í kvennafræðum við Háskóla Íslands. Einnig má nefna að innan norska rannsóknarráðsins er sérstök deild um kvennarannsóknir þannig að tryggt er að kvennarannsóknir fái sinn skerf af rannsóknafé norska ríkisins. Hver mótar þekkinguna og hvaða þekkingu er miðlað í kennslubókum er mjög áhrifamikið valdatæki sem konur hafa loks fengið aðgang að þó að enn vanti mikið á jafna stöðu kynja í þeim efnum sem öðrum.

Þess skal að lokum getið að í framkvæmdaáætlun til fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna eru þrír liðir sem snerta efni þessarar tillögu, liður 9.2.3 um námsefni, liður 9.2.5 um nám í fjölskyldufræðum, svo og liður 9.2.7 um að efla kennslu og rannsóknir í kvennafræðum á háskólastigi. Þessi tillaga virðist því samræmast stefnu ríkisstjórnarinnar og er því vonandi að hún verði samþykkt til að auka líkurnar á að eitthvað raunhæft verði gert á þessu sviði 18 árum eftir að fyrstu lögin um jafnrétti kynjanna voru samþykkt.

Að lokinni þessari umræðu mæli ég með að tillögunni verði vísað til síðari umr. og hv. menntmn.

[13:57]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegur forseti. Þó ég sé einn af flm. þessarar tillögu þá langar mig til að leggja nokkur orð í belg varðandi þessi mál. Að dómi okkar kvennalistakvenna er hér um mjög brýnt mál að ræða. Það er alveg ljóst að við Íslendingar höfum dregist langt aftur úr hvað varðar námsbókagerð og kennslu sem beinist að því að byggja bæði kynin upp til starfa og ábyrgðar í nútímaþjóðfélagi, kennsluefni og kennsluaðferðir sem beinlínis beinast að því að styrkja stúlkur og konur og efla þær til dáða í samfélaginu.

Af þessu tilefni vil ég segja frá því hér að ég átti þess kost að ferðast um Bandaríkin í september og þar komu skólamál mjög við sögu. Ég heimsótti þar nokkra kvennaskóla og háskóla og það var ákaflega fróðlegt að sjá það og heyra hvað skólar í Bandaríkjunum, á æðri stigum fyrst og fremst, leggja mikla áherslu á kennslu sem beinist að því að styrkja stúlkur, ala þær upp til að verða ábyrgir þegnar í samfélaginu, til þess að verða leiðtogar og stjórnendur og til þess að konur öðlist sinn réttmæta hlut í stjórnun og mótun samfélagsins. Það er einnig mjög athyglisvert að sjá hvað konur eru að sækja í sig veðrið bæði í kvennarannsóknum og stjórnum skóla. Mér er það sérstaklega minnisstætt að kona sem var aðstoðarrektor eins af háskólunum sem ég heimsótti í Kaliforníu benti á þá staðreynd sem gildir einnig hér á landi að konur eru orðnar meiri hluti nemenda í allflestum háskólum. Þær hafa sótt mjög mikið inn í háskólana og hún sagði að þetta leiddi til þess að stjórnendur háskóla yrðu að spyrja nýrra spurninga: Hvað á að kenna? Hverjum er verið að kenna? Hvaða þekkingu kemur þessi nýi hópur með inn í skólana? Hver er þörfin? Hún er ekki sú sama fyrir karla og konur. Það er ekki endilega verið að leita eftir því sama og þar af leiðandi þarf að laga skólastarfið að mismunandi hópum.

Það sem hér um ræðir er það að við lítum á grunnskólann hér og framhaldsskólann en það þarf að líta á háskólana líka því eins og ég nefndi hér áðan þá erum við langt á eftir. Ég þekki þetta frá minni reynslu sem sögukennari hvílíkur munur það var að fá nýjar kennslubækur bæði í Íslandssögu og mannkynssögu þar sem búið var að flétta inn í námsefnið nýjustu rannsóknum á kvennasögu og hvað það var allt, allt önnur aðstaða að geta höfðað sérstaklega til þessa hóps námsmanna, þetta voru stúlkur í meiri hluta í þeim skóla sem ég kenndi. Allt í einu stóðu þær frammi fyrir því að vera að læra námsefni sem snerti þær sjálfar persónulega, í stað þess að hafa alla tíð verið að lesa um heim sem var og er þeim býsna fjarlægur. Það eru margar aðferðir til í þessum efnum, bæði að blanda inn í námsefnið, hafa sérstakt námsefni og þegar kemur nú að því máli að ala pilta og stúlkur upp í foreldrahlutverkið og það að gæta jafnréttis og jafnræðis í samfélaginu, þá þarf að taka miklu betur á en nú er gert. Það er áhyggjuefni að heyra raddir kennara úr skólum, ekki síst úr framhaldsskólum, sem hafa miklar áhyggjur af því hversu illa við búum nemendur okkar undir líf og starf og ekki síst undir einkalífið svona eftir því sem hægt er. Þarna þarf virkilega að taka á.

Ég vil minna á það sem kom upp í umræðum, ég held að það hafi verið í síðustu viku hjá hæstv. félmrh., sem á sínum tíma fékk samþykkta hér tillögu um kennslu í fjármálum, fjármálum heimilanna. Þetta tengist þessu sama efni líka og mér vitanlega hefur ekkert verið gert í þessu. Það þýðir lítið að við séum að samþykkja markmið í jafnréttislögum, samþykkja jafnréttislög þegar kemur svo aftur og aftur að því sama að lögunum er ekki framfylgt. Manni er að verða það æ ljósara hvílíkur galli er á okkar framkvæmdarvaldi að það fylgir ekki eftir samþykktum lögum. Þessi tillaga gengur út á að nú verði gerð úttekt á stöðunni í þessum málum. Mætti í því samhengi leggja áherslu á að nefndin kynni sér það sem gert hefur verið í öðrum löndum þar sem verulegt starf hefur átt sér stað, bæði á Norðurlöndunum og einstaka Evrópuríkjum og svo í Bandaríkjunum og Kanada sérstaklega. Þetta snertir allt framtíð þjóðarinnar, ekki aðeins það samfélag jafnréttis og réttlætis sem við viljum sjá hér heldur hreinlega

að bæta líf einstaklinganna. Bæta einkalífið, gera fólk ábyrgara gagnvart þeim litlu einstaklingum sem flestir lenda í að ala upp og þar með að bæta mannlífið allt.

[14:04]

Flm. (Guðný Guðbjörnsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég þakka Kristínu Ástgeirsdóttur fyrir hennar innlegg í þessa umræðu um leið og ég harma að fulltrúar annarra stjórnmálaflokka hafa ekki séð ástæðu til að taka hér til máls. En ég vona að þögnin beri frekar vott um samþykki fremur en áhugaleysi á jafnstöðu kynjanna. Ég endurtek að það er mjög mikilvægt valdatæki að móta þekkinguna og hafa áhrif á það hvaða þekkingu er miðlað inn í kennslubækurnar.

Nú hafa konur loksins með aukinni menntun fengið aðgang að þessu valdatæki en það vantar verulega á að þær kvennarannsóknir sem þegar liggja fyrir séu komnar inn í kennslubækurnar og það vantar verulega á að kennslubækurnar hafi verið endurskoðaðar með hliðsjón af jafnréttislögunum og þessu þarf að breyta.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 1., 2., 7.–10. og 14. mál.

Fundi slitið kl. 14:05.

48. FUNDUR

mánudaginn 5. des.,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Viðlagatrygging, stjfrv., 239. mál, þskj. 280. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Brunatryggingar, stjfrv., 240. mál, þskj. 281. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Úttekt á kjörum fólks er stundar nám fjarri heimabyggð, þáltill., 132. mál, þskj. 138. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
4. Vöruverð lífsnauðsynja og verðmunur á milli þéttbýlis og dreifbýlis, þáltill., 103. mál, þskj. 106. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
5. Framfærsluvísitala, þáltill., 231. mál, þskj. 272. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
6. Leikskóli, frv., 245. mál, þskj. 286. — 1. umr. (Atkvgr.)
7. Úttekt á námskrám og kennslubókum með hliðsjón af jafnréttislögum, þáltill., 246. mál, þskj. 287. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

Aðalmenn taka sæti á ný:

Jón Helgason, 2. þm. Suðurl.,
Kristín Einarsdóttir, 10. þm. Reykv.

Fjarvistarleyfi:

Halldór Ásgrímsson, 1. þm. Austurl.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 13. þm. Reykv.,
Ólafur G. Einarsson menntmrh.

Útbýting þingskjala:

Lausaganga búfjár, 199. mál, svar landbrh., þskj. 301.

Lausaganga búfjár á Reykjanesi, 200. mál, svar landbrh., þskj. 302.

Viðlagatrygging, frh. 1. umr.

Stjfrv., 239. mál (skíðalyftur o.fl.). — Þskj. 280.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:04]

Frv. vísað til 2. umr. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, ÁMM, BBj, DH, EH, EKG, EMS, EKJ, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JBH, JHelg, JónK, KÁ, KE, MF, ÓRG, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VG, VS, ÞurP.

16 þm. (ÁRÁ, EgJ, FI, FrS, GB, GJH, HÁ, JGS, JVK, KHG, LMR, MB, ÓE, PBj, StG, VE) fjarstaddir.

Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Brunatryggingar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 240. mál (umsýslugjald o.fl.). — Þskj. 281.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:04]

Frv. vísað til 2. umr. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, ÁMM, BBj, DH, EH, EgJ, EKG, EMS, EKJ, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, MF, MB, ÓRG, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VG, VS, ÞurP.

14 þm. (ÁRÁ, FI, FrS, GB, GJH, HÁ, HBl, JGS, KHG, LMR, ÓE, PBj, StG, VE) fjarstaddir.

Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Úttekt á kjörum fólks er stundar nám fjarri heimabyggð, frh. fyrri umr.

Þáltill. GunnS o.fl., 132. mál. — Þskj. 138.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:05]

Till. vísað til síðari umr. með 51 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DH, EH, EgJ, EKG, EMS, EKJ, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, MF, MB, ÓRG, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VG, VS, ÞurP.

12 þm. (FI, FrS, GJH, HÁ, HBl, JGS, KHG, LMR, ÓE, PBj, StG, VE) fjarstaddir.

Till. vísað til menntmn. án atkvgr.

Vöruverð lífsnauðsynja og verðmunur á milli þéttbýlis og dreifbýlis, frh. fyrri umr.

Þáltill. GunnS og GE, 103. mál. — Þskj. 106.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:06]

Till. vísað til síðari umr. með 52 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DH, EH, EgJ, EKG, EMS, EKJ, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, MF, MB, ÓRG, PP, PJ, PBald, PBj, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VG, VS, ÞurP.

11 þm. (FI, FrS, GJH, HÁ, HBl, JGS, KHG, LMR, ÓE, StG, VE) fjarstaddir.

Till. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Framfærsluvísitala, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÞBack og SvG, 231. mál. — Þskj. 272.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:07]

Till. vísað til síðari umr. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DH, EH, EgJ, EKG, EMS, EKJ, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, IBA, IP, JE, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, MF, MB, ÓRG, PP, PBald, PBj, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VG, VS, ÞurP.

13 þm. (FI, FrS, GJH, HÁ, HBl, JÁ, JGS, KHG, LMR, ÓE, PJ, StG, VE) fjarstaddir.

Till. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Leikskóli, 1. umr.

Frv. GGuðbj o.fl., 245. mál (fræðsluskylda 4 og 5 ára barna). — Þskj. 286.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:07]

Frv. vísað til 2. umr. með 51 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DH, EH, EgJ, EKG, EMS, EKJ, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, MF, MB, ÓRG, PP, PJ, PBald, PBj, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VG, ÞurP.

12 þm. (FI, FrS, GJH, HÁ, HBl, JGS, KHG, LMR, ÓE, StG, VS, VE) fjarstaddir.

Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

Úttekt á námskrám og kennslubókum með hliðsjón af jafnréttislögum, frh. fyrri umr.

Þáltill. GGuðbj o.fl., 246. mál. — Þskj. 287.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:08]

Till. vísað til síðari umr. með 52 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DH, EH, EgJ, EKG, EMS, EKJ, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GHelg, GunnS, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, MF, MB, ÓRG, PP, PJ, PBald, PBj, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VG, VS, VE, ÞurP.

11 þm. (FI, FrS, GÁ, GJH, HÁ, HBl, JGS, KHG, LMR, ÓE, StG) fjarstaddir.

Till. vísað til menntmn. án atkvgr.

Fundi slitið kl. 15:08.

---

49. FUNDUR

mánudaginn 5. des.,
að loknum 48. fundi.

Dagskrá:

Til samgöngumálaráðherra:

1. Tengsl ferðaþjónustu við íslenska sögu, fsp., 140. mál, þskj. 147.

2. Sérískenskir bókstafir í Inmarsat C fjarskiptakerfinu, fsp., 228. mál, þskj. 265.

Til landbúnaðarráðherra:

3. Bygging kjötmjölsverksmiðju, fsp., 248. mál, þskj. 289.

Til fjármálaráðherra:

4. Endurgreiðsla virðisaukaskatts til sveitarfélaga, fsp., 224. mál, þskj. 259.

Til utanríkisráðherra:

5. Ráðstefna Sameinuðu þjóðanna um málefni kvenna, fsp., 227. mál, þskj. 262.

Tengsl ferðaþjónustu við íslenska sögu.

Fsp. KÁ, 140. mál. — Þskj. 147.

[15:09]

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Virðulegi forseti. Vorið 1993 var samþykkt þáltill. um tengsl ferðaþjónustu við íslenska sögu. Sú tillaga fól í sér að skipuð yrði nefnd til að kanna hvernig

mætti tengja betur íslenska sögu, menningu, þjóðhætti og fleira sem því tengist við ferðaþjónustu. Nú hef ég ekki orðið vör við að sú nefnd hafi verið skipuð eða að tillögunni hafi verið fylgt eftir af hálfu ráðuneytisins eða hæstv. samgrh. Því beini ég eftirfarandi fyrirspurn til hans:

Hvað líður framkvæmd þingsályktunartillögu um tengsl ferðaþjónustu við íslenska sögu og sögustaði sem samþykkt var á Alþingi 6. maí 1993?

[15:10]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Í fyrsta lagi tek ég fram að ég lít svo á að tillögunni hafi verið fylgt eftir. Bæði á vegum ráðuneytisins og eins í Ferðamálaráði hefur verið unnið samkvæmt efni tillögunnar og unnið í þeim anda að saga okkar og menningarsetur og annað það sem þjóðlegt er nýtist okkur í ferðaþjónustunni. Í fyrsta lagi hefur komið glöggt fram í störfum Ferðamálaráðs og ég hygg ef hv. þm. kynnir sér útgáfumál Ferðamálaráðs og hvernig það hefur unnið muni hv. fyrirspyrjandi sannfærast um að þar fer ég með rétt mál. Þar hefur veruleg jákvæð breyting orðið á og ber að fagna því.

Í öðru lagi liggur líka fyrir að ferðamálanefnd Vest-Norden setti á sl. sumri af stað verkefni er tengjast menningu þjóðarinnar og sögu. Fimmtán ungmenni frá Færeyjum og Grænlandi unnu að því að lagfæra og snyrta umhverfi Grettislaugar í Skagafirði. Þau komu að Reykjum á Reykjaströnd og byggðu þar sjóbúð, komu að Bólulundi í Skagafirði og hugmyndin er að halda þessu starfi áfram. Loks hefur samgrn. veitt nokkra styrki til hins sama.

Samgrn. beitti sér fyrir átakinu „Ísland, sækjum það heim" á þessu ári, til þess að reyna að hvetja fólk til að ferðast um landið í samvinnu við Olíufélagið hf. og Mjólkursamsöluna. Í auglýsingum þessa átaks var mjög höfðað til sögu þjóðarinnar og sögustaða og þá sérstaklega til þjóðhátta og í útgáfu átaksins birtur listi yfir margvíslega menningaratburði sl. sumar. Ég tek fram að „Ísland, sækjum það heim", og einnig það söguverkefni, sem ég lýsi nú, mun á næsta ári falla undir verksvið Ferðamálaráðs.

Samgrn. hefur hafið undirbúning sérstakra merkinga á sögufrægum stöðum og náttúruvættum víðs vegar um landið í samvinnu við Þjóðminjasafn, Vegagerð og fleiri aðila og hefur Vífilfell hf. kostað gerð skilta sem sett verða upp í þessu átaki. Fyrsta skiltið var sett upp um verslunarmannahelgi á Möðruvöllum í Hörgárdal og er það á fimm tungumálum þar sem í stuttu máli er skýrt það sem markverðast er á hverjum stað. Hefur þegar verið gerð áætlun um að merkja 50 staði með þeim sama hætti.

Ég hygg að það sé öldungis ljóst að unnið hefur verið í þeim anda sem þáltill. felur í sér. Á hinn bóginn verð ég að biðjast afsökunar á því að mér láðist að skipa þá nefnd sem mér var falið að gera samkvæmt ályktuninni en hef nú bætt úr því. En ég tek fram að unnið hefur verið í anda ályktunarinnar og gerðar áætlanir um það hvernig megi tengja sögustaði og annað ferðaþjónustunni og þeirri starfsemi.

Valgarður Egilsson læknir er formaður nefndarinnar en bæklingur hans, Fjörður, sem hann gaf út á sl. vori, vakti mikla athygli þar sem hann rakti bæði sögu þessa sérstaka og afskekkta landsvæðis, vakti athygli á náttúru og öðru því sem þar við kemur. Aðrir í nefndinni eru Gunnlaugur Eiðsson leiðsögumaður, sem er mjög kunnugur landinu, Erla Kristjánsdóttir kennslustjóri, Jón Böðvarsson, cand. mag., og Margrét Hallgrímsdóttir borgarminjavörður.

Ég hef óskað eftir því við Valgarð vegna þess að skipan nefndarinnar dróst að hann hraðaði störfum og mun hann reyna að skila a.m.k. áfangaáliti í febrúarmánuði en allt tók þetta fólk málaleitan minni vel og skildi hvernig málið er vaxið.

[15:15]

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég fagna því að hæstv. samgrh. skuli hafa skipað nefndina enda þótt ég hefði kannski kosið að hún væri svolítið öðruvísi skipuð. Hugmyndin á bak við tillöguna var m.a. sú að leita til fólks sem hefur sérfræðiþekkingu á sviði sögu og menningar, þjóðhátta og á fleiri sviðum sem hægt er að tengja við ferðaþjónustuna. Hins vegar er ekkert sem kemur í veg fyrir að þeir sem skipa nú nefndina leiti til sérfræðinga á ýmsum sviðum því að eins og ég hugsaði þetta upphaflega þá var hugmyndin einmitt sú að búa til eins konar hugmyndabanka, benda aðilum í ferðaþjónustu og í skólakerfinu og víðar á það sem hægt er að gera. Slíkar hugmyndir þarf að tengja söfnum og þeim sögustöðum sem við búum yfir sem við höfum alls ekki nýtt. Við höfum alls ekki nýtt fornar bókmenntir okkar og tungumálið og ýmsa þjóðhætti og sérkenni sem við eigum og öðrum þykir merkilegt að sjá og heyra.

En ég fagna því að nefndin hefur verið skipuð og vona að henni gangi vel í störfum sínum og að hún leiti til fólks sem ég veit að hefur ýmiss konar hugmyndir, fólk sem m.a. vinnur á Þjóðminjasafninu og hefur t.d. velt fyrir sér hvernig hægt er að kynna íslenskan mat og íslenska matargerð sem er auðvitað afar sérstök. Því miður er allt of lítið gert af því að bjóða útlendingum upp á þjóðlegan íslenskan mat. Það má hugsa sér ráðstefnur, námskeið um íslenskar fornbókmenntir o.s.frv. Möguleikarnir eru margir. En ég fagna því að nefndin hefur tekið til starfa og við fáum þá vonandi brátt að sjá hvað út úr því starfi kemur.

[15:18]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Ég hef að vísu bara etið hjá einum af þessum nefndarmönnum, frú Erlu Kristjánsdóttur, og ég fullvissa hv. þm. um að hún er mjög þjóðleg í matargerð sinni. Að öðru leyti hlýt ég að verða að segja það að ég hélt að ég hefði einmitt lagt mig fram um það að reyna að fá til starfa fólk sem hefði sérfræðiþekkingu og væri mjög vel að sér á þessu sviði. Jón Böðvarsson cand. mag. er auðvitað þjóðkunnur fyrir ferðir sínar á Njáluslóðir, í Dalina og upp í Borgarfjörð, og enginn maður sem betur hefur, svo ég viti til, sameinað þetta tvennt, þekkingu á landinu og sögunni og menningunni.

Valgarður Egilsson er sömuleiðis mjög fróður. Hann

er læknir en hann er líka skáld og mjög gagnkunnugur sögu lands og þjóðar og hefur mikla sérþekkingu þar á mörgum sviðum.

Margrét Hallgrímsdóttir er fornleifafræðingur og borgarminjavörður og hefur af þeim sökum átt gott samstarf við minjasöfnin víðs vegar um landið og þekkir því starfshætti okkar Íslendinga vel. Auðvitað má deila um það hver sé best valinn er ég hygg að þar sé líka vel valið og var mér bent á að hún mundi falla vel inn í þennan hóp.

Erla Kristjánsdóttir er mjög kunnug íslenskum bókmenntum og kemur með þeim hætti inn í þessi mál og mjög kunnug hér á landi.

Gunnlaugur Eiðsson kemur sem fulltrúi leiðsögumanna inn í hópinn og hann er sömuleiðis mjög vel að sér í þessum efnum. Ég hef lagt mig fram um það að reyna að velja fólk frá því sjónarmiði að það hafi eitthvað fram að leggja og ég vona að þeir tilburðir mínir muni sanna sig að það muni vera vel valið í nefndina.

Séríslenskir bókstafir í Inmarsat C fjarskiptakerfinu.

Fsp. AÓB, 228. mál. — Þskj. 265.

[15:20]

Fyrirspyrjandi (Anna Ólafsdóttir Björnsson):

Virðulegi forseti. Það er vel við hæfi að beina þessari fsp. til hæstv. samgrh. sem þekktur er af áhuga sínum og alúð gagnvart íslenskri tungu. Fsp. varðar það tungumál sem stöku starfsstéttum er gert að nota um fjarskiptakerfi, í þessu tilviki Inmarsat C fjarskiptakerfinu. Þar er um að ræða fólk sem starfar á sjó og hefur að vísu nokkrar aðferðir til að hafa með sér fjarskipti og þar á meðal þetta kerfi. Það liggur fyrir að þar er ekki hægt að nota íslenska bókstafi og fyrir vikið verður úr þessum skeytasendingum milli skipa hið furðulegasta hrognamál. Ef ég má taka eitt dæmi er orðið fiskveiðiþjóð skrifað á þessu undarlega tungumáli „fiskvaedithjod" og lesi nú hver sem vill. Þetta er sem sagt fiskvaedithjod eftir því sem ég kemst best í gegnum þennan undarlega texta en þarna eru hvorki meira né minna en fimm stafir eða stafasett sem eru algjörlega út í hött miðað við íslenskan málskilning. Við höfum ágætis stafi fyrir þetta, það er æ, þ, ó og ð og er auðvitað skaði að ekki skuli vera hægt að nýta það í þessu kerfi. Nú mun þetta vera tæknilega vel mögulegt að bæta þessu inn í settið en þá er það spurningin um kostnað. Ég veit ekki betur en við borgum fyrir aðgang að kerfinu og þar af leiðandi getum við gert ákveðnar kröfur. Ég vil líka halda því til haga að töluverð vinna hefur verið lögð í þetta og tekist mjög vel upp varðandi það að halda séríslenskum stöfum inni í því stafasetti sem er til grundvallar í því tölvuumhverfi sem nú er mikið unnið í. Þar höfum við skákað jafnvel Tyrkjum sem hafa mjög sótt á að hafa sína stafi þar inni þannig að við tilheyrum grunnkerfinu sem tölvumenn hafa getað unnið með og það þykir mjög gott fyrir íslenska tungu.

Ég vil líka halda því til haga að einum skipherra hjá Landhelgisgæslunni hefur verið heimilað að eigin ósk að víkjast undan því að nota þetta hræðilega tungumál sem hann segir að gagnvart málvitund sinni geti hann ekki varið að nota. Ég held að hér sé full ástæða til að skoða málið og spyr hæstv. ráðherra á þskj. 265 um þetta mál.

[15:24]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Inmarsat C þjónusta er veitt um gervitungl alþjóðasamtakanna Inmarsat sem Ísland er aðili að. Þjónustan felst í lághraða gagnasendingum sem geta verið í formi beinna tölvusamskipta, tölvupósthólfa X-400 eða telex. Mesti sendihraði er 600 bitar á sekúndu.

Inmarsat C kerfið getur meðhöndlað gagnasendingar á hvaða tungumáli og stafasetti sem er. Þegar það er hins vegar notað fyrir telex-skeyti eða aðrar sendingar sem nota svipað stafasett og telex er ekki hægt að senda íslenska stafi frekar en í öðrum fjarskiptakerfum.

Því er svo við að bæta að mér skilst að telex-kerfið hafi komið hingað til Íslands árið 1965. Það er nú á undanhaldi og ef menn vildu koma þessum breytingum við yrði hver og einn notandi að breyta um hugbúnað hjá sér.

Ég hygg að verið sé að gera of mikið úr þeim erfiðleikum sem af því stafi þó fjórir stafir séu öðruvísi eða stafsetningin sé öðruvísi að því leyti sem hv. þm. gerði grein fyrir. Það getur verið gaman að spreyta sig á því að lesa t.d. okkar gömlu fornrit, Eirspennil eða eitthvað þvílíkt, með þeirri stafsetingu sem þá tíðkaðist og kemur þá brátt í ljós að það getur maður líka og venst því smátt og smátt og er þó margt öðruvísi en nú er og meira frábrugðið en nú er og meira frábrugðið en hv. þm. kvartar yfir í sambandi við telex-kerfið.

Við erum hér að tala um hlut sem hefur viðgengist og er á undanhaldi en að öðru leyti vil ég segja að hér erum við komin inn á svið þar sem ég er hvorki sérlega vel að mér né fróður.

[15:26]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. 9. þm. Reykn. fyrir að hreyfa þessu máli og sömuleiðis hæstv. samgrh. fyrir einkar glögg svör í málinu miðað við allar aðstæður. Ég held að þetta sé nokkurt alvörumál vegna þess að þátttaka okkar í alþjóðlegum samskiptum með okkar eigin bókstöfum skiptir mjög miklu máli. Ég bendi á í þessu sambandi að Iðntæknistofnun hefur verið með í gangi þróunarverkefni sem hefur verið styrkt m.a. af norræna menningarsjóðnum og evrópskum sjóðum þar sem gert er ráð fyrir því að þessir íslensku stafir þ, ð og æ og stafirnir með broddum yfir gangi allir inn í alþjóðlega notkun og hefur verið fallist á það í tilteknu evrópsku tölvusamhengi. Ég tel að það skipti mjög miklu máli að við höldum okkar stöfum inni og reynum að tala íslensku en ekki „inmarsatísku" framar á þessu sviði eins og öðru.

[15:27]

Fyrirspyrjandi (Anna Ólafsdóttir Björnsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin og hv. 9. þm. Reykv. athugasemd hans sem ég get tekið heils hugar undir. Það hryggir mig að sjálfsögðu að hæstv. ráðherra virðist ekki vera reiðubúinn til að beita þeim þrýstingi sem nauðsynlegur er til þess að taka upp íslensku í þessum samskiptum. Þó það kunni að vera rétt að þarna sé um víkjandi tækni að ræða þá er þetta engu að síður veruleiki býsna margra enn um sinn. Ég hef fyrir satt og býst við að heimildir mínar séu nokkuð réttar að með þrýstingi væri hægt að fá þetta leiðrétt. Þetta er í rauninni spurning um vilja og hversu mikilsvert okkur er það að tala óbjagaða íslensku í öllum samskiptum okkar. Ég ítreka að ég tel að hæstv. samgrh. væri fullsæmdur af því að taka þetta mál upp og beita sér fyrir því í þessu máli sem öðrum að starfsmönnum ríkisins, t.d. hjá Landhelgisgæslunni, sé mögulegt að tjá sig á íslenskri tungu en ekki þessu undarlega tungumáli sem hv. 9. þm. Reykv. kenndi við inmarsatísku.

Varðandi athugasemd hæstv. ráðherra um handritin vil ég benda á það að á þeim tíma sem þessi handrit voru skrifuð var þetta sú íslenska sem var notuð sem ritmál og þó að ég deili áhuga hans á þeirri skemmtilegu glímu að ráða í þetta tungumál tel ég þau rök út af fyrir sig ekki eiga við í þessu tilfelli.

[15:29]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Þetta er eiginlega nokkuð skemmtileg umræða á Alþingi að við förum djúpt ofan í þessi mál. Eftir þeim upplýsingum sem ég hef er telex er fimm bita stafasett og þegar svo er þá er ekki hægt inni í kerfinu sjálfu að bæta við hinum íslensku stöfum heldur verður að gera það hjá notendum með sérstökum hugbúnaði þar sem er dýrt og sérstaklega þar sem nú vatnar undan telex-kerfinu. En á hinn bóginn er nútímakerfi með 7–8 bita stafasetti og þess er vandlega gætt af Pósti og síma að íslensku stafirnir komi þá til greina og séu notaðir. Þessi athugasemd er eiginlega komin of seint fram. Tækninni hefur fleygt fram og það sem hv. þm. hefur áhuga á er gengið fram. Það þýðir ekki að kvarta undan þeirri tækni sem kom til landsins árið 1965 eftir þeim upplýsingum sem ég hef.

Nú hygg ég að ég hafi sagt nóg um þessa tækni, hæstv. forseti.

Bygging kjötmjölsverksmiðju.

Fsp. DH, 248. mál. — Þskj. 289.

[15:31]

Fyrirspyrjandi (Drífa Hjartardóttir):

Virðulegi forseti. Á þskj. 289 hef ég lagt fram fsp. til hæstv. landbrh. um byggingu og rekstur kjötmjölsverksmiðju. Fyrirspurn þessi er lögð fram vegna hagkvæmniathugunar sem gerð var á byggingu og rekstri kjötmjölsverksmiðju á Íslandi í septembermánuði 1993. Í þeirri athugun kemur fram sú staðreynd að hér á landi sé svo til allur slátur- og kjötvinnsluúrgangur urðaður.

Almennt er viðurkennt að urðun úrgangs er ekki fullnægjandi förgunaraðferð og hefur m.a. salmonellusýking í búfénaði verið rakin til ófullnægjandi förgunar sláturúrgangs. Erlendis er víða þekkt að slátur- og kjötvinnsluúrgangur er unninn í kjötmjöl og fitu. Í Evrópu er litið á kjötmjölsframleiðslu sem nauðsynlegan hlekk í framleiðslu kjötafurða jafnvel þó óhagkvæmt sé að framleiða mjölið miðað við verðlag eins og það er í dag. Þá er það ekki spurning um hvort halda eigi henni áfram heldur hvernig best sé staðið að framleiðslunni í framtíðinni.

Miklar breytingar hafa einkennt vöruframboð á kjötmjöli og fitu á Evrópumarkaði síðustu ár. Þar hefur áhersla verið lögð á vöruþróun samhliða aukinni og bættri tækni á framleiðslu á kjötmjöli. Raunhæfustu möguleikarnar eru að nota kjötmjöl til fóðurframleiðslu hér á landi og nota fitu sem brennsluefni fyrir verksmiðjuna sjálfa. Á Íslandi er mögulegt að markaðssetja 2.690 tonn af kjötmjöli ef allt fóður væri framleitt hér og allir fóðurframleiðendur notuðu það magn af kjötmjöli sem þeim væri unnt. Ef frá er talinn innflutningur eins og hann er nú eru þetta um 2.500 tonn þannig að segja má að mögulegur markaður sé um það bil 2.000–2.500 tonn.

Sláturúrgangur hefur verið vandamál frá upphafi og urðun úrgangsins hefur tekið til sín vaxandi fjármuni og erfiðara hefur verið með hverju árinu að finna heppilegt land til urðunar. Einnig ber að hafa í huga að úrgangurinn brotnar mjög seint niður hér á landi vegna lágs hitastigs. Það hefur verið lagt mat á magn sláturog kjötvinnsluúrgangs á öllu landinu á ársgrundvelli og hvar úrgangurinn fellur til. Um er að ræða 7.132 tonn af sláturúrgangi og 2.852 tonn af kjötvinnsluúrgangi. Um 33% af úrganginum falla til á Suðurlandi, 14% í Eyjafirði, 14% á höfuðborgarsvæðinu, um 8% í Borgarnesi og 31% dreifast á önnur landsvæði. Nefndin leggur til að byggð verði ný verksmiðja fyrir sláturúrgang á Suðurlandi. Því spyr ég hæstv. landbrn.:

„1. Hefur landbrn. tekið afstöðu til skýrslu um hagkvæmniathugun á byggingu og rekstri kjötmjölsverksmiðju á Íslandi sem skilað var til ráðuneytisins á síðasta ári?

2. Telur ráðherra að til greina komi að reist verði slík verksmiðja hér?“

[15:34]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Þessi hagkvæmnisathugun á byggingu og rekstri kjötmjölsverksmiðju á Íslandi var gerð á árinu 1993 og unnin að frumkvæði sveitarfélaga á Suðurlandi og með stuðningi fyrirtækja og stofnana þar, Byggðastofnunar að auki, Sláturfélags Suðurlands og Reykjagarðs hf. Landbrn. hefur kynnt sér skýrsluna í samráði við umhvrn. og hefur hún komið til umræðu á samráðsfundum þessara ráðuneyta en starfshópnum stýrir Sveinbjörn Eyjólfsson í landbrn. Ekki liggur fyrir afstaða til skýrslunnar en ráðuneytið hef-

ur haft samband við landssamtök sláturleyfishafa vegna hennar.

Í umsögn þeirra samtaka eru gerðar athugasemdir við ákveðna liði, svo sem að magn úrgangs sé ofmetið, söluverð afurða sé ofmetið og kostnaður við söfnun úrgangs sé vanmetinn og ýmis annar kostnaður sláturleyfishafa sé vanmetinn. Það er mat sláturleyfishafa að kostnaður við framkvæmdina liggi á bilinu 5–10 kr. á kg fremur en 2,90 kr. eins og fram kemur í skýrslunni.

Samband ísl. sveitarfélaga hefur einnig ályktað um skýrsluna og bent á nokkur atriði sem þurfa nánari skoðunar. Í ályktun sambandsins segir m.a.:

„Eigi að síður leggur stjórnin til að hugmyndin um að koma á fót fullkominni kjötmjölsverksmiðju verði skoðuð nánar og að áfram þurfi að vinna að lausnum á eyðingu slátur- og kjötúrgangs sem fullnægi ströngustu mengunarkröfum. Í því sambandi þarf jafnframt að taka tillit til ólíkra aðstæðna víða um land og meta af raunsæi þann mikla kostnað sem felst í því að flytja þarf úrganginn langar leiðir og aðra kosti til að lækka flutningskostnað."

Starfshópurinn fjallaði á liðnum vetri um ýmsa þætti landbúnaðar með það að markmiði að gera áætlun um að landbúnaðurinn ynni á umhverfisvænni forsendum en verið hefur. Í skýrslu sem sú nefnd hefur sett frá sér segir m.a. um sláturúrgang, markmið og aðgerðir:

„Markmið: Nýting sláturúrgangs verði bætt og þannig sköpuð atvinna og verðmæti. Förgun valdi hvorki mengun á grunnvatni né jarðvegi.

Um aðgerðir:

1. Veittir verði styrkir til þróunar afurða úr sláturúrgangi.

2. Kannað verði hvort nota megi sláturúrgang til jarðvinnslu og landgræðslu.

3. Fylgt verði til hlítar reglum um urðun eða förgun sláturúrgangs.

Nefndin mælir ekki sérstaklega með stórri kjötmjölsverksmiðju en leggur þó áherslu á að nýting sláturúrgangs verði bætt. Hugmyndin um eina kjötmjölsverksmiðju er umfangsmikil og ljóst að af henni verður ekki nema ríkisvaldið leggi til verulegan hluta stofnkostnaðar. Áður en eftir slíku verður leitað hefur landbrn. talið rétt að leggja áherslu á frumkvæði atvinnuvegarins í þessu máli og rétt sé að styðja hann til frekari og bættrar nýtingar á sláturúrgangi fremur en að fyrirskipa hvernig atvinnuvegurinn skuli að slíku vinna.

Að endingu má geta þess að Sigmundur Guðbjarnason leiddi á árinu 1978 starfshóp sem vann að sambærilegu verkefni. Í gögnum ráðuneytisins er skýrsla þess starfshóps, en þar segir í 3. lið kaflans um niðurstöður:

„Nefndin álítur að kjötmjölsverksmiðja á Selfossi yrði hagkvæmt þjóðþrifafyrirtæki og beri að stuðla að byggingu slíkrar verksmiðju."

Þrátt fyrir þetta nefndarálit og miklar umræður alla tíð hefur ekki náðst sú samstaða í atvinnugreininni sem nauðsynleg er meðal sláturleyfishafa og á þessum erfiðu tímum er vart við því að búast að landbúnaðurinn hafi tök á því að greiða þann viðbótarkostnað sem af þessari starfsemi mun hljótast.

Ég vil svo bæta því við að af þessu tilefni finnst mér sjálfsagt að taka þetta mál upp að nýju við umhvrn. og að ráðuneytin í sameiningu ræði þetta mál á nýjan leik, bæði við sveitarfélög, sláturleyfishafa og bændur til þess að leita eftir skynsamlegum leiðum sem hafi það tvíþætta markmið að vinna verðmæti úr sláturúrgangi og koma í veg fyrir mengun.

[15:39]

Fyrirspyrjandi (Drífa Hjartardóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. landbrh. fyrir svörin. Ég bendi á að ég tel að æskilegt sé að landbúnaður og umhvrn. vinni að þessum málum saman og að stofnað verði félag um vinnsluna með sem víðtækastri þátttöku hagsmunaaðila. Það eitt er víst að nauðsynlegt er að opinberir aðilar komi að þessu verkefni. Úrgangsverksmiðju er ekki hægt að staðsetja hvar sem er og í skýrslunni leggur nefndin til að þessari starfsemi verði valinn staður á Hellu á Rangárvöllum og slátur- og kjötvinnsluúrgangur á öllu landinu verði unninn á einum stað. Á Hellu eru rekin tvö heils árs sláturhús, annars vegar fyrir stórgripi og hins vegar fyrir alifugla. Einnig er stutt í stór sláturhús og kjötvinnslur á Hvolsvelli og Þykkvabæ og á Selfossi. Það er mikið hagsmunamál bæði bænda og sveitarfélaga að koma slátur- og kjötvinnsluúrgangi í vinnslu og líkur eru á að kostnaður sláturhúsa og kjötvinnsla muni að jafnaði ekki hækka sem neinu nemur. Í dag er kostnaður sláturhúsa og kjötvinnsla milli 2–7 kr. á kg við flutning og urðun á úrgangi þannig að það gjald sem greiða þarf með vinnslunni er rúmlega núverandi kostnaður. Frá umhverfissjónarmiði verður seint metið til fjár ef tekst að stoppa urðun þessa úrgangs.

Mikið er rætt um það í dag hvort Íslendingar geti haslað sér völl erlendis í krafti hreins lands og ómengaðrar framleiðslu matvæla og mikið er í húfi fyrir land og þjóð ef Ísland getur fengið þann gæðastimpil sem við keppum að. Á næstu árum mun eftirsókn aukast í matvæli sem koma úr hreinu og óspilltu umhverfi og fyrir þau mun fást betra verð. Við verðum því að halda vöku okkar í umgengni okkar við landið. Ef við ætlum að kalla okkur umhverfisvæna þjóð og leggja áherslu á útflutning hágæðalandbúnaðarvara er mikilvægt að við tökum á þessu brýna máli.

[15:41]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Ég tek undir það sem hv. þm. sagði að það er mjög brýnt fyrir okkur nú þegar við höfum sett okkur það að reyna að leita fyrir okkur um útflutning á landbúnaðarvörum okkar á vistvænum grundvelli að við hugum vel að því að við séum til fyrirmyndar í sambandi við annaðhvort úrvinnslu á sláturúrgangi eða því um líku eða förgun á slíku sem ekki stafar mengunarhætta af og tek undir ummæli hv. þm. í þeim efnum. Ég tek líka undir að það er auðvitað mjög ákjósanlegur staður ef niðurstaðan verður sú, sem ég skal síður en svo útiloka, að verksmiðjan verði ein að henni sé valinn staður á miðju Suðurlandsundirlendi sem er auðvitað mjög eðlileg staðsetning og skynsamleg.

Ráðstefna Sameinuðu þjóðanna um málefni kvenna.

Fsp. VS, 227. mál. — Þskj. 262.

[15:43]

Fyrirspyrjandi (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Fjórða ráðstefna Sameinuðu þjóðanna um málefni kvenna verður haldin í Peking dagana 4.–15. september 1995. Eins og jafnan er háttur á verður ráðstefna frjálsra félagasamtaka samhliða opinberu ráðstefnunni og hún verður haldin 30. ágúst til 8. september. Fyrri ráðstefnur voru haldnar í Mexíkó árið 1975 við upphaf kvennaáratugar, í Kaupmannahöfn árið 1980 og við lok kvennaáratugar árið 1985 í Nairobi. Það er kvennanefnd Sameinuðu þjóðanna sem sér um undirbúning ráðstefnunnar.

Þessi ráðstefna telst vera milliríkjaráðstefna og því mjög mikilvægt að þannig sé að undirbúningi staðið hér á landi að afstaða íslenskra stjórnvalda til réttindamála kvenna einskorðist ekki við íslenskar aðstæður og málefni íslenskra kvenna þó svo að sá þáttur undirbúningsins hljóti alltaf að verða nokkur. En meginverkefni þessarar ráðstefnu er að skoða hvort og að hve miklu leyti tekist hefur að hrinda í framkvæmd ákvæðum Nairobi-skýrslunnar og samþykkja nýja framkvæmdaáætlun þar sem mikill áhugi er á því að gera hana skýrari og meira ákvarðandi um aðferðir og stofnanir samfélaganna þannig að meiri líkur verði á því að hún verði að raunhæfum aðgerðum til handa konum. Ég hef því leyft mér, hæstv. forseti, að bera fram fyrirspurn á þskj. 122 til hæstv. utanrrh. og hljóðar hún svo, með leyfi forseta:

„1. Hvað hefur verið gert af hálfu utanrrn. til undirbúnings ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Peking 1995 um málefni kvenna?

2. Hverjir standa að undirbúningi ráðstefnunnar?

3. Hvernig verða valdir fulltrúar til setu á ráðstefnunni fyrir Íslands hönd?

4. Hefur verið haft samráð við stjórnmálaflokka og kvennahreyfingar um undirbúninginn?“

[15:47]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Undirbúningur fyrir ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um málefni kvenna í Peking á næsta ári hófst í utanrrn. haustið 1993. Undirbúningsnefnd hóf störf í september það haust. Nefndin hittist reglulega, fór yfir þau gögn sem bárust og hafði samráð við fastanefndina í New York, m.a. vegna þátttöku í undirbúningsfundum kvennanefndarinnar og kvennamisréttisnefndarinnar sem haldnir voru í febrúar og mars sl. Þá var eins og venja er haft norrænt samráð milli fastanefndarinnar í New York fyrir fundi kvennanefndarinnar í New York.

Þá tóku fulltrúar undirbúningsnefndarinnar þátt í málstofu um ráðstefnuna sem haldin var í Nordisk Forum í Turku í ágúst sl. Framkvæmdanefnd Sameinuðu þjóðanna vegna kvennaráðstefnunnar í Peking hefur haft þann háttinn á í undirbúningnum að kalla til svæðisbundinnar ráðstefnu um málefni kvenna. Efnahagsnefnd Evrópu stóð fyrir ráðstefnunni fyrir lönd Evrópu, Norður-Ameríku og Ísraels sem haldin var í Vínarborg 17.–21. okt. sl. Þann fund sóttu fyrir Íslands hönd Anna Guðrún Björnsdóttir, deildarstjóri í félmrn., fulltrúi félmrh., Lilja Ólafsdóttir, sendiráðunautur í Genf, og Sigríður Lillý Baldursdóttir á vegum utanrrn.

Utanrrn. hefur forræði undirbúnings vegna ráðstefnunnar, enda er um milliríkjaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna að ræða þar sem fjallað verður um málefni kvenna út frá alþjóðlegu sjónarhorni. Undirbúningurinn hefur frá byrjun verið á hendi nefndar sem í hafa setið fulltrúar m.a. frá öðrum ráðuneytum. Í september 1993 var sett saman nefnd samkvæmt tilnefningum frá dómsmrn., Ingunn Guðmundsdóttir, frá félmrn. Ólína Þorvarðardóttir og frá Jafnréttisráði Lára V. Júlíusdóttir ásamt með fulltrúa utanrmn. Bergdísi Ellertsdóttur sem er formaður nefndarinnar.

Á haustdögum 1994 var ljóst að umfang starfsins var meira en svo að fjögurra manna nefnd gæti sinnt því sem skyldi og því var ákveðið að stækka nefndina. Auk fyrrnefndra fulltrúa tóku sæti í nýrri nefnd Inga Jóna Þórðardóttir, fulltrúi Kvenréttindafélags Íslands, Drífa Hjartardóttir frá Kvenfélagasambandinu, Margrét Einarsdóttir frá UNIFEM á Íslandi, Hansína Stefánsdóttir frá ASÍ og Hrafnhildur Stefánsdóttir fulltrúi VSÍ. Sigríður Lillý Baldursdóttir, fyrrverandi formaður UNIFEM á Íslandi, var ráðin framkvæmdastjóri í fullt starf frá og með næstu áramótum ásamt því að vera fulltrúi utanrrn. og formaður stækkaðrar undirbúningsnefndar.

2. Þegar spurt er hverjir verða valdir fulltrúar til setu á ráðstefnunni fyrir Íslands hönd er svarið það að engin ákvörðun hefur verið tekin um það hvernig íslenska sendinefndin verður samansett á ráðstefnunni sjálfri. Að því er varðar samráð við stjórnmálaflokka og kvennahreyfingar um undirbúning skal eftirfarandi tekið fram: Í nóvember 1993 var leitað eftir tilnefningum hagsmunasamtaka og stjórnmálaflokka í ráðgjafarhóp sem kæmi að undirbúningnum með undirbúningsnefnd. Eftirtaldir áttu fulltrúa í ráðgjafarhópnum: Alþb., Kvennalistinn, Landssamband framsóknarkvenna, Landssamband sjálfstæðiskvenna, Samband alþýðuflokkskvenna, ASÍ, BHMR, BSRB, VSÍ, Kvenfélagasamband Íslands, Kvenréttindafélag Íslands, Nordisk Forum, Stígamót, UNIFEM á Íslandi, Kvennaathvarfið og Rannsóknarstofa í kvennafræðum. Tveir fundir hafa verið haldnir með ráðgjafarhópnum, 31. maí og 13. sept. í ár þar sem ráðstefnan var kynnt og sagt frá starfi undirbúningshópsins. Þá hefur formaður undirbúningsnefndar hvatt fulltrúa í ráðgjafarhóp til þess að taka virkan þátt í undirbúningnum.

Verkefni nýskipaðrar nefndar eru mörg en búast má við að fyrsta kastið muni hún einbeita sér að því að ljúka gerð skýrslu um málefni kvenna hér á landi til framkvæmdastjórnar ráðstefnunnar. Jafnhliða þykir rétt að kynna ráðstefnuna eftir föngum og reyna með því að stuðla að umræðu í þjóðfélaginu um stöðu kvenna og réttindi. Slík kynning er m.a. fólgin í samneyti við frjáls félagasamtök sem láta sig málefni kvenna einhverju varða. Hjá undirbúningsnefndinni safnast upp

ýmis gögn sem geta komið félögunum að notum í undirbúningi þeirra fyrir óopinberu ráðstefnuna sem verður haldin samhliða hinni opinberu í Peking á hausti komanda. Þá er fagleg aðstoð frá hagsmunafélögum kvenna mikilvæg í undirbúningsstarfinu vegna opinberu ráðstefnunnar.

Undirbúningsnefndin stefnir að því að efna til samráðsfundar með fulltrúum frjálsra félagasamtaka eins fljótt og auðið er þar sem gerð verður grein fyrir störfum nefndarinnar og er reynt að finna samstarfi hennar og ráðgjafarhóps fastan farveg. Enn sem komið er hefur ekki skapast formlegt samband milli þeirra félaga kvenna sem hafa hugsað sér að láta til sín taka með einhverjum hætti vegna ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna. Samráðsfundurinn gæti orðið vettvangur fyrir myndun slíks sambands ef áhugi er fyrir hendi.

[15:51]

Valgerður Gunnarsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. fyrir að koma með þessa fyrirspurn og ráðherra fyrir svör. Mér finnst mjög mikilvægt að það sé vel staðið að undirbúningi að þátttöku og framlagi íslenskra kvenna á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um málefni kvenna. Íslenskar konur tóku mjög virkan þátt í norræna kvennaþinginu í Finnlandi í sumar en þar mættu alls um 1.300 konur og tóku þátt í jafnréttisumræðunni, m.a. um ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna.

Eins og kom fram í máli hv. þm. þá eru þetta raunar tvær ráðstefnur, þ.e. hin opinbera ríkjaráðstefna og svo ráðstefna frjálsra félagasamtaka. Ég vil hvetja stjórnvöld til þess að styðja við bakið á grasrótarkvennasamtökunum hér á landi, helst með fjárframlögum eða öðrum góðum stuðningi til þess að þau félagasamtök geti sinnt undirbúningi og haft áhrif á þá framkvæmdaáætlun sem fjallað verður um á ráðstefnunni.

Í framhaldi af þessu vil ég undirstrika það að ég tel brýnt að Íslendingar taki meiri þátt í starfi að mannréttindum á málefnum kvenna á alþjóðavettvangi. Ég vil því skora á hæstv. utanrrh. að marka nú þegar skýra stefnu í því máli og gætum við t.d. byrjað á því að senda fulltrúa í kvennanefnd Sameinuðu þjóðanna og stefna svo að þátttöku okkar í sérfræðinganefndum svo sem nefnd sem vinnur að afnámi misréttis gegn konum.

[15:52]

Kristín Einarsdóttir:

Frú forseti. Ég vil einnig þakka hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur fyrir að koma fram með þessa fsp. Ég heyri á svörum ráðherra að það er kominn einhver skriður á málin en því miður verð ég að segja að til skamms tíma var ákaflega lítið gert varðandi undirbúning þessarar ráðstefnu. Þó að seint sé af stað farið þá er það þó strax í áttina. Undirbúningur lokastarfsins er langt á veg kominn. Ég er nýkomin frá fundi Sameinuðu þjóðanna í New York og þar var verið að ræða þessi mál, m.a. þessa ráðstefnu, og þar eru konur og karlar raunar líka að vinna mikið nú þegar að þessu og er komið mjög langt. Ef við ætlum að verða virkir þátttakendur í þessari ráðstefnu hér heima sem ég held að skipti náttúrlega mjög miklu máli og eins í Peking, þá verður að fara að gera eitthvað mjög róttækt og það strax.

[15:54]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég vil eins og aðrir þakka hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur fyrir að hafa hreyft þessu máli og það er satt að segja ekki seinna vænna að það verði tekin um það umræða í þessari virðulegu stofnun. Í öðrum þingum er kostur á því að ræða almennt um undirbúning ráðstefnu af þessu tagi en það er einhvern veginn þannig hér að það er erfitt að opna fyrir slíkt í þingsköpum og sérstaklega er það alveg útilokað í fyrirspurnatíma. Þess vegna vildi ég beina því til hæstv. ráðherra að það verði kannað hvort þær nefndir þingsins sem hérna skipta mestu máli eiga ekki að koma að málinu, hvort þær eiga ekki með skipulegum hætti að undirbúa þessa alþjóðlegu ráðstefnu, t.d. þannig að utanrmn. og félmn. í sameiningu vinni að undirbúningi ráðstefnunnar af hálfu Alþingis þannig að það verði tekið myndarlega og málefnalega á þessum hlutum strax eins og stundum hefur verið reynt áður í sambandi við slíkar ráðstefnur með ágætum árangri.

[15:55]

Guðrún J. Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins taka undir orð hv. þm. Svavars Gestssonar um það að Alþingi ætti að standa betur að því að styðja við og undirbúa þetta mikla þing sem verður næsta sumar og þessar tvær nefndir, félmn. og utanrmn., ættu svo sannarlega að koma að þessu máli og styðja vel við þá starfsemi sem er verið að inna af hendi hérna og leggja sitt af mörkum til þess að framlag íslenskra kvenna í Kína verði myndarlegt. Það er full ástæða til þess að það sé gert.

Ég vil líka hvetja hæstv. ríkisstjórn til þess að styðja þau félagasamtök sem gjarnan vilja taka þátt í þessu og tek undir það með fyrirspyrjanda, og yfirleitt lít ég svo á að Íslendingar eigi að standa mjög myndarlega að verki á þessari ráðstefnu.

[15:56]

Fyrirspyrjandi (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hæstv. utanrrh. fyrir hans svör og eins fyrir þær umræður sem hér hafa skapast í framhaldi af fsp. minni. Hæstv. utanrrh. tókst að telja býsna margt upp sem væri verið að gera og ég lýsi ánægju með að það er kominn einhver skriður á þetta mál núna en sannleikurinn er sá að við Íslendingar höfum farið allt of seint af stað. Mér er kunnugt um það að sl. vor átti að vera búið að skila skýrslum frá þjóðlöndunum um ástand mála en þessi skýrsla er því miður ekki komin frá Íslandi. Ég vil því leyfa mér að spyrja hæstv. utanrrh. hvað líði þessari skýrslugerð þar sem öll önnur Norðurlönd hafa skilað af sér og þetta er mjög bagalegt.

Það hefur stundum verið þannig með okkur Íslendinga að við höfum tekið þátt í ráðstefnum án þess að hafa unnið okkar heimavinnu nægilega vel og það held ég að sé ekki gott og ég vil því segja það við hæstv.

utanrrh. að ef okkur tekst ekki að vinna okkar heimavinnu þannig að sómi sé að þá sé eins gott að sleppa því að vera að taka þátt.

Í sambandi við það hvernig fulltrúar til þátttöku í ráðstefnunni verða valdir þá er mér kunnugt um að víða er það þannig að opinberir aðilar senda jafnvel fulltrúa frá frjálsum félagasamtökum sem fulltrúa á ráðstefnuna og mér fyndist að það ætti að athuga það hér hvort það geti ekki komið til greina.

Í síðasta lagi varðar það fjárlög og framlög á fjárlögum vegna þátttökunnar. Það hafa komið fram beiðnir til hv. fjárln. um fjárframlög en þeim hefur ekki verið eftir því sem ég best veit tekið á mjög jákvæðan hátt og þess vegna hlýt ég að spyrja hæstv. utanrrh. að því í lokin, hvernig hann sjái það fyrir sér að hægt verði að fjármagna þátttöku Íslendinga.

[15:58]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Ég lýsi ánægju minni með þann áhuga sem er á vönduðum undirbúningi þessarar miklu kvennaráðstefnu á næsta ári í Peking og tek undir með hv. fyrirspyrjanda sem sagði að það er meginmál að undirbúningsvinnan hér heima fyrir sé unnin, svo best getur þetta komið að gagni. En ég leyfi mér að fullyrða og vísa þá til fyrri dæma af slíkri undirbúningsvinnu að það hefur aldrei fyrr svo skipulega verið efnt til undirbúningsvinnu af þessu tagi með jafnlöngum fyrirvara og nú. Í september 1993 var settur á undirbúningshópur með tveggja ára fyrirvara og það hefur síðan verið gert að sá hópur hefur verið útvíkkaður. Það hefur verið leitað til flestra félagasamtaka sem þessi mál varða. Það er rétt hins vegar að skýrslugerð er ekki lokið, ekki vegna þess að það er vanrækt. Það er lögð mjög mikil vinna í hana og hún verður send eftir því sem ég hef upplýsingar um nú á næstunni, það er forgangsverkefni þess hóps sem nú vinnur að ljúka því.

Að því er varðar að lokum ákvörðun um það hverjir sæki hina opinberu ráðstefnu fyrir Íslands hönd og hvernig það verði fjármagnað þá hafi ekki verið tekin ákvörðun um það en ég geri ráð fyrir því að það verði gerð tillaga af minni hálfu í ríkisstjórn um fjárframlag en að öðru leyti verður að reikna með því að frjáls félagasamtök komi að því máli einnig.

En að því er varðar undirbúninginn þá er það ljóst af því svari sem ég hef þegar gefið að tveggja ára fyrirvari að þeim undirbúningi er óvenjulega langur og það hefur verið leitast við að leita til allra þeirra samtaka, hvort heldur er stjórnarsamtaka eða almennra félagasamtaka og virkja starfskrafta þeirra í þessu undirbúningsstarfi.

Útbýting þingskjala:

Skyndiskoðanir Landhelgisgæslunnar, 259. mál, fsp. GHall, þskj. 304.

Verndaðir vinnustaðir, 260. mál, fsp. SvG, þskj. 305.

Þróunarsjóður sjávarútvegsins, 258. mál, stjfrv., þskj. 303.

Út af dagskrá var tekið 4. mál.

Fundi slitið kl. 16:01.

---

50. FUNDUR

þriðjudaginn 6. des.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Kosning þriggja manna í stjórn Lýðveldissjóðs, frá ársbyrjun 1995 til ársloka 1999, skv. 3. gr. laga nr. 125/1994, um Lýðveldissjóð.
2. Lyfjaverslun Íslands hf., stjfrv., 242. mál, þskj. 283. — 1. umr.
3. Verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf, stjfrv., 255. mál, þskj. 298. — 1. umr.
4. Gjald af áfengi, stjfrv., 256. mál, þskj. 299. — 1. umr.
5. Virðisaukaskattur, stjfrv., 257. mál, þskj. 300. — 1. umr.
6. Lyfjalög, frv., 221. mál, þskj. 256. — 2. umr.
7. Bann við atvinnurekstri einstaklings vegna afbrota, frv., 87. mál, þskj. 87. — 1. umr.
8. Bann við sölu á eignum ríkisins án lagaheimilda, frv., 218. mál, þskj. 247. — 1. umr.
9. Áætlun um að draga úr áfengisneyslu, þáltill., 131. mál, þskj. 137. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Geir H. Haarde, 8. þm. Reykv.,
Halldór Ásgrímsson, 1. þm. Austurl.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 13. þm. Reykv.,
Svavar Gestsson, 9. þm. Reykv.

Útbýting þingskjala:

Aðild að alþjóðastofnunum og alþjóðasamningum, 262. mál, fsp. SvG, þskj. 308.

Alþjóðleg fjármálamiðstöð á Íslandi, 261. mál, þáltill. PP og FI, þskj. 307.

Tóbaksvarnir, 232. mál, svar heilbrrh., þskj. 306.

Athugasemdir um störf þingsins.

Framlagning skattafrumvarpa og störf þingsins fram að jólahléi.

[13:35]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Í dag er 6. des. og samkvæmt starfsáætlun þingsins þá telst mér til að það séu níu til tíu dagar eftir fram að jólahléi. Staðan hér í þinginu er þannig að 2. og 3. umr. um fjárlög eru eftir og nú hef-

ur 2. umr. fjárlaga verið frestað um heila viku. Það eru eftir 2. og 3. umr. um lánsfjárlög. Það eru eftir 2. og 3. umr. um aukafjárlög. Og síðast er það að nefna að skattafrumvörp ríkisstjórnarinnar eru ekki komin fram og við höfum enn þá ekki séð frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum sem oftast kemur fram á fyrstu dögum desembermánaðar. Ég vil spyrja hæstv. forseta hverju þetta sæti, hvaða skýring er á því að skattafrumvörpin eru ekki komin fram og hvernig stjórn þingsins sér fyrir sér að störfum verði háttað fram til jóla miðað við þessa slæmu stöðu sem við stöndum frammi fyrir. Ég held að þó oft hafi verið knappur tími, alla vega á þeim árum sem ég hef setið hér, þá hafi staðan sjaldan verið svartari en núna og við hljótum að spyrja hvernig stjórn þingsins ætlar að leysa þetta mál og hvaða skýring er á þessu ástandi. Er þetta fast í ríkisstjórnarflokkunum eða hvað er að gerast?

[13:37]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Ég vil taka undir það sem kom fram hjá hv. 15. þm. Reykv. að þetta er í raun algjörlega óviðunandi ástand og ég vil leyfa mér að segja algjör vanvirða við Alþingi að þau fylgifrv., sem þurfa að fylgja fjárlagafrv. tekjumegin, skuli ekki vera komin fram enn þá þegar samkvæmt starfsáætlun eru eftir níu starfsdagar til jóla. Það er algjörlega óviðunandi ástand.

Mér er óhætt að segja að á fjórða ár sem ég hef setið í efh.- og viðskn. þá hefur nefndin lagt sig fram um málefnaleg og vönduð vinnubrögð og lagt sig fram um að mæta þeim breyttu kröfum sem eru gerðar til Alþingis. En það er eitt sem hefur algjörlega brugðist varðandi þessa þætti og það er framganga ríkisstjórnar. Að ætla okkur að afgreiða það sem þarf að fylgja fjárlagafrv. varðandi breytingar á skattalögum, afgreiða það á tveimur, þremur fundum, geta ekki sent málið út til umsagnar, verður eins og stundum hefur verið að kalla stóra hópa saman til umsagnar er algjörlega óviðunandi. Ég ítreka það að þetta er í raun algjör vanvirða við Alþingi og það verða að verða breytingar á þessum vinnubrögðum.

Virðulegi forseti. Ég flutti í fyrra frv. um framlagningu skattamála í þá veru að þau yrðu að koma fram með verulegum fyrirvara. Það fékk umræðu í þinginu en náði hins vegar greinilega ekki að breyta neinu í vinnubrögðum ríkisstjórnar og ég sé mig því knúinn til þess að leggja það fram aftur og fá fram í þinginu málefnalega umræðu um þessa þætti.

[13:40]

Ragnar Arnalds:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir það sem hér hefur komið fram hjá hv. þm. sem töluðu á undan mér að vinnubrögð í þinginu eru mjög sérkennileg um þessar mundir og það vekur vaxandi athygli að ekkert bólar á þeim frumvörpum sem fylgja eiga fjárlagafrv. Ég vil fyrst og fremst beina spurningum mínum til hæstv. fjmrh. og spyrja hann að því hvaða frv. það eru sem hann hyggst flytja nú í tengslum við fjárlagaafgreiðsluna og hvenær þessi frv. koma inn í þingið vegna þess að ég sé ekki betur en það standi svo á að ef þessi frv. koma ekki í þessari viku og ekki verði möguleiki á að mæla fyrir þeim og vísa þeim til nefndar fyrir 10. des. nk., þ.e. fyrir vikulokin, þá verði að sjálfsögðu mjög tvísýnt sem hægt er að afgreiða þau fyrir jól. Vægast sagt mjög tvísýnt, ef ekki útilokað með öllu.

Næsta vika fer bersýnilega að verulegu leyti í fjárlagavinnuna. Það er greinilegt að 2. umr. fjárlaga fer ekki fram í þessari viku heldur færist yfir í næstu viku og það var upplýst á fundi þingflokksformanna áðan að væntanlega færi það svo að sú umræða yrði ekki fyrr en í næstu viku. Þá er 3. umr. eftir. Það er nokkuð augljóst að hv. efh.- og viðskn. verður að hafa góðan tíma til þess að fjalla um þau frv. sem væntanleg eru. Því spyr ég: Koma þessi frv. ekki örugglega á næstu dögum, fyrir vikulokin, þannig að hægt sé að vísa þeim til nefndar áður en vikan er öll?

[13:42]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Það er vissulega ástæða til þess að ræða störf þingsins vegna þess að ástandið í þeim efnum er, eins og hér hefur fram komið, óvanalega slæmt. Það hefur komið fram að 2. umr. um fjárlög hafi verið frestað um viku. Það liggur fyrir. Þar er í sjálfu sér ekki við meiri hluta fjárln. að sakast heldur ástandið í ríkisstjórninni þar sem ekki hafa komið fram þær ákvarðanir sem til þarf til þess að koma þessari umræðu að, hvorki um fjáraukalög né fjárlög. Það kom reyndar fram í viðtali í útvarpi í gær við hv. formann þingflokks Sjálfstfl. að bollaleggingar um kosningar í sumar hefðu tafið verk hjá ríkisstjórninni (**Gripið fram í:** Sagði hann það?) og þess vegna hefði dregist að leggja fyrir þingið mál. Þetta náttúrlega segir sína sögu um ríkisstjórn sem er ekki starfhæf vegna bollalegginga um kosningar.

Það hefur einnig komið fram hjá hv. þm. Alþfl. í haust að þeir hafa ekki sagt það opinberlega að þeir samþykki þá tilhögun að framlengja ekki hátekjuskattinn. Ég spyr: Er komið samkomulag í því máli við Alþfl.? Er frv. væntanlegt um þá framlengingu eða er það ekki væntanlegt?

Ég hef ekki heyrt þingmenn Alþfl. lýsa því yfir að þeir samþykki tekjuhlið fjárlaga eins og hún er. Þess vegna spyr ég: Hefur Alþfl. samþykkt hátekjuskattinn? Er ekkert frv. væntanlegt um framlengingu hans? (**GÁ:** Auðvitað mun hann gera það.) Sennilega. En ég veit ekki.

[13:45]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég get vissulega tekið undir það sem hér hefur komið fram um ástandið í þeim málum sem hér þarf að leggja fram og 2. umr. fjárlaga.

En það sem ég hef fyrst og fremst áhyggjur af og vissi ekki hvort mundi tilheyra því að ræða undir þessum lið er sjúkraliðaverkfallið sem nú hefur staðið alllengi og tvisvar sinnum orðið tilefni utandagskrárumræðu á Alþingi. Deilan virðist ekki vera að leysast enn þá og það er ljóst að því lengra sem líður án þess að lausn finnst því erfiðara verður ástandið á þeim stofnunum þar sem sjúkraliðar starfa. Núna í hádegisfrétt-

um var viðtal við landlækni um það alvarlega ástand sem er orðið og mun auðvitað versna eftir því sem lengra líður.

Af því að hæstv. fjmrh. er staddur hér í salnum þá finnst mér tilvalið að spyrja hann að því hvað líði samningagerð við sjúkraliða. Hafa ekki bæði hann og hæstv. heilbrrh. lagst á eitt um að reyna að leysa þetta mál? Fyrrv. heilbrrh. hefur lýst því yfir opinberlega að hann telji að það vanti ekkert nema vilja til að leysa málið. Því spyr ég hæstv. fjmrh.: Hvað líður lausn þessa máls?

[13:47]

Finnur Ingólfsson:

Virðulegur forseti. Á fundi formanna þingflokka í hádeginu voru menn að reyna að gera sér grein fyrir hvað væri fram undan í störfum þingsins. Það kom skýrt fram að það er búið að fresta 2. umr. um fjárlagafrv. þar til í næstu viku. Það er verið að hugsa um að hafa á föstudaginn umræðu um fjáraukalög ef það verður hægt. Það er raunverulega ekkert sem liggur fyrir um það hvað menn ætla að gera á miðvikudag og fimmtudag vegna þess að staðreyndin er sú að þingið, það er ágætt fyrir þingið að eyða þessum tíma í dag og næstu daga í umræður um það hvað er að gerast hjá ríkisstjórninni og þau mál sem hér eiga eftir að koma inn, vegna þess að ríkisstjórnin er einfaldlega ekki tilbúin með þau mál sem leggja á fyrir þingið og það eru, eins og fram hefur komið, sárafáir dagar eftir. Það er þess vegna knýjandi hér og nú að fá svör hjá hæstv. fjmrh. og forseta þingsins við því hvernig ríkisstjórnin og forsetar þingsins hafa hugsað sér að ljúka þingstörfum fyrir jól.

[13:48]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Fyrst örstutt um verkfall sjúkraliða. Þó ég sjái ekki að það sé beinlínis um störf þingsins þá er sjálfsagt að greina frá því að það hafa verið haldnir einir 38 samningafundir. Það liggja fyrir tilboð af hálfu samninganefndar ríkisins og sjúkraliðafélagið hefur lagt fram skýrar kröfur að sínu leytinu til. Ég tel að samninganefnd ríkisins reyni fyrir sitt leyti allt sem hægt er til að ná samkomulagi í þessari viðkvæmu deilu. Ég átti fund með formanni sjúkraliðafélagsins og framkvæmdastjóra í hádeginu og það voru hreinskilnar viðræður og ég mun í framhaldi af þeim ræða við mína samninganefndarmenn og vænti þess að það fari jafnframt fram viðræður innan Sjúkraliðafélags Íslands til þess að freista þess að hægt sé að koma deilunni í þann farveg sem helst gæti skilað árangri.

Vegna annarra atriða sem hér hafa verið nefnd þá er það nú vonum síðar að háttvirt stjórnarandstaða skuli standa hér upp og kvarta undan því að ekki komi frv. frá ríkisstjórninni. Ég hef satt að segja átt von á því á undanförnum dögum þannig að það kemur ekkert á óvart. Ég vil taka undir það að mér finnst ríkisstjórnin vera mjög sein á ferðinni með sín frv.

Ég vil segja það hér að það er gert ráð fyrir því að frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum komi fram síðar í þessari viku. Þessi mál eru til umræðu núna í þingflokkum stjórnarflokkanna og verða væntanlega kláruð á fundum á morgun. Skattafrv. mun koma fram. Ég tek það skýrt fram að það er ólíkt með frv. nú og oftast áður að það er ekki gert ráð fyrir miklum breytingum í sköttum og á tekjuhliðinni og þess vegna er um einfaldar breytingar að ræða.

Loks vil ég segja frá því að það liggur fyrir frv. um virðisaukaskatt og sjálfsagt má búast við frv. um vörugjald sem ekki þarf að afgreiðast fyrir áramót.

Kosning þriggja manna í stjórn Lýðveldissjóðs, frá ársbyrjun 1995 til ársloka 1999, skv. 3. gr. laga nr. 125/1994, um Lýðveldissjóð.

[13:50]

Fram kom einn listi sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosin væru án atkvæðagreiðslu:

Rannveig Rist verkfræðingur,
Jón B. Friðjónsson dósent,
Unnsteinn Stefánsson, fyrrv. prófessor.

Lyfjaverslun Íslands hf., 1. umr.

Stjfrv., 242. mál. — Þskj. 283.

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):

Forseta hefur borist svohljóðandi bréf, dags. 6. des. 1994:

„Með vísan til 3. mgr. 55. gr. laga um þingsköp Alþingis leyfi ég mér að óska eftir því fyrir hönd þingflokka Alþb., Framsfl. og Samtaka um kvennalista að umræðutími við 1. umr. um frv. til laga um heimild til sölu hlutabréfa ríkissjóðs í Lyfjaverslun Íslands hf., verði tvöfaldaður vegna mikilvægis málsins og skýrslu Ríkisendurskoðunar um einkavæðingu í tíð núverandi ríkisstjórnar."

Undir bréfið skrifar Kristín Ástgeirsdóttir.

Forseti mun verða við þeirri beiðni sem fram kemur í bréfi hv. þm. Kristínar Ástgeirsdóttur, fyrir hönd þingflokka Alþb., Framsfl. og Samtaka um kvennalista. Ræðutími verður því tvöfaldur vegna mikilvægis málsins að mati beiðenda.

[13:54]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Hér er í rauninni á ferðinni einfalt frv., frv. til laga um heimild til sölu hlutabréfa ríkissjóðs í Lyfjaverslun Íslands hf. Þetta er 242. mál þingsins og er að finna á þskj. 283.

Frv. er afar einfalt, eins og ég sagði fyrr. Frvgr. hljóðar þannig, með leyfi forseta:

„Fjármálaráðherra er heimilt að selja öll hlutabréf ríkissjóðs í Lyfjaverslun Íslands hf."

Heyrir nú ræðumaður ekki í sjálfum sér lengur.

(**Forseti** (GunnS): Forseti óskar eftir því að hv. þm. gefi ræðumanni gott hljóð.)

Frv. er ekki lengra, Það er gildistökugrein 2. gr., en í athugasemdum við frv. er farið yfir sögu málsins og einkum og sér í lagi lýst hvernig staðið var að sölu þess hluta sem heimilt var að selja af hlutabréfum í þessu fyrirtæki með þeim lögum sem samþykkt voru og eru nr. 75/1994.

Fyrirtækið Lyfjaverslun Íslands hf. var formlega stofnað hinn 1. júlí og tók þá við rekstrinum.

Við sölu þeirra bréfa var stuðst við verðmat Kaupþings, en í því verðmati var lagt til að gengi hlutabréfanna yrði 1,34. Sú niðurstaða var yfirfarin af öðru verðbréfafyrirtæki, Handsali hf., sem staðfesti þessa niðurstöðu, og ákveðið var að bjóða hlutabréfin til sölu á því gengi. Ekki þarf að taka fram hvernig sú sala gekk. Hún gekk framar öllum vonum. Í raun höfðu undirbúningsaðilar talið að hægt væri að selja 20–60% hlutabréfanna á tilteknum tíma, en eftirspurn reyndist af ýmsum ástæðum mun meiri, sem trúlega er vegna þess að það skortir slík bréf á hlutabréfamarkaðnum um þessar mundir. Það er einmitt helsta ástæðan fyrir því, virðulegi forseti, að ég hef óskað eftir því með þessu frv. að heimild verði gefin til að selja það sem eftir er af hlutabréfunum af því að ég tel að ríkið, sem er eigandi bréfanna, muni fá betra verð fyrir bréfin nú heldur en ef dráttur verður á sölunni.

Það stóð til, eins og kemur fram í fjárlagafrv., að leita eftir heimild í fjárlögum íslenska ríkisins, en þá hefði ekki verið hægt að selja þann hluta bréfanna sem enn er í eigu ríkisins fyrr en eftir áramótin, a.m.k. ekki hægt að staðfesta söluna þótt auðvitað sé hægt að hugsa sér það að selja bréfin með þeim fyrirvara að Alþingi samþykki síðar. Slíkt þekkist af fordæmum frá fyrri tímum.

Á bls. 3., sem er fskj. með þessu frv., kemur fram skýring Kaupþings á því hvers vegna svo mikill áhugi var á bréfunum. Það var í fyrsta lagi hagstæð greiðslukjör, almennur áhugi á fyrirtækinu og væntingum um góða arðsemi. Í þriðja lagi skattafsláttur, sem að sjálfsögðu gildir fyrir öll sambærileg bréf í öðrum fyrirtækjum einnig og loks að fjölmiðlar tóku vel við sér og auglýstu þessa sölu mjög rækilega.

Ég vil bæta því við að ég hygg að menn leggi nokkurt traust á sölu eins og þessa þegar ríkið er annars vegar og um er að ræða ábyrga aðila eins og Kaupþing og Handsal, sem hafa lagt mat á gengi bréfanna eftir að hafa kynnt sér ítarlega rekstur fyrirtækisins í fortíðinni og nútíðinni og lagt mat á hugsanlega arðgjöf í fyrirtækinu á næstu árum. Auðvitað ber að segja frá því að það er talsverð áhætta fólgin í kaupum á þessum bréfum.

Ég vil einnig taka fram að sala á þessum bréfum markast af því að verulegu leyti að í lögum nr. 75/1994 er gert ráð fyrir því að fyrirtækið lendi ekki í höndum samkeppnisaðila og ríkisstjórnin tekur að sér samkvæmt lagagrein að koma í veg fyrir að fyrirtækið lendi í höndum slíkra aðila. Til þess að tryggja það sem best var ákveðið að fara þá leið sem farin var að reyna eftir fremsta megni að gera eignaraðild að fyrirtækinu eins breiða og víðtæka og hægt væri.

Komi til þess að þetta frv. verði samþykkt, sem ég á satt að segja von á að skilningur sé á á hinu háa Alþingi, þá er hugmyndin sú að salan fari fram með þeim hætti að leitað verði eftir áskrift á tilteknum tíma og kannað hve margir óska eftir kaupum og síðan verði ef óskirnar eru mun meiri heldur en framboðið á bréfunum, þá fari salan þannig fram að hver og einn fái hlufallslega það sem í boði er. Þetta fyrirkomulag tíðkast reyndar víða í öðrum löndum og okkur þykir eðlilegt að reyna það hér til þess að tryggja að sem allra flestir fái notið þess að gerast hluthafar í þessu félagi.

Ég skynja það svo, virðulegi forseti, að ósk um að hafa lengri tíma í þessari umræðu hljóti að helgast af því að menn vilji gjarnan ræða önnur og skyld málefni og þá sérstaklega þá skýrslu sem liggur fyrir og Ríkisendurskoðun sendi nýlega frá sér um störf einkavæðingarnefndar og um sölu á eignum ríkisins á tilteknu árabili, nánar tiltekið árunum 1991 til miðs yfirstandandi árs. Ég fagna því satt að segja að slíkt skuli gert og tel fulla ástæðu til þess. Mér var kunnugt um það að forustumenn Framsfl. höfðu óskað eftir umræðum utan dagskrár um málið. Þeir féllu frá því vegna þess að þessi umræða var fyrirhuguð og ég á von á því að umræða geti þá orðið um þau mál undir þessum dagskrárlið á hv. Alþingi.

Mig langar til þess að rifja upp, af því að ég hef heyrt þá gagnrýni að undir það hafi verið gengist á sínum tíma að selja ekki þessi bréf strax, og víkja umræðum sem áttu sér stað þegar málið kom úr nefnd á fyrra þingi. Þá kom fram fyrirspurn frá hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur um það hvernig ráðherra hygðist bregðast við um framhaldið. Í svari mínu, sem flutt var 29. apríl, kom fram að um það væri ekkert hægt að segja á þeirri stundu því að það lægi ekkert fyrir í einstökum atriðum hvernig ráðuneytið hugsaði sér sölu fyrirtækjanna. Og síðan orðrétt, með leyfi forseta: „Þessi lagaheimild kemur og það fyrsta sem verður gert til að undirbúa stofnun hlutafélagsins og um söluna hefur ekki enn þá verið neitt ákveðið enda finnst mér það ekki vera viðeigandi að ég sé á þessu stigi málsins að ræða við einhverja aðila um að undirbúa sölu til ákveðinna aðila. Ég vil að það komi skýrt fram að um það hefur ekkert verið rætt við einn eða neinn og ég áskil mér þann rétt að það fari fram með þeim hætti sem ég tel vera best viðeigandi, með vönduðum hætti, og þá er ég tilbúinn til þess að sjálfsögðu að svara fyrir það hvernig það mun ganga fyrir sig á hinu háa Alþingi næsta haust ef sala fer fram áður en þingið kemur saman."

Þetta var svar bæði um sölu fyrri hluta bréfanna, en í svarinu felst líka að það hafi ekkert legið fyrir um sölu síðari hluta bréfanna. Einungis lá fyrir, eðlilega, að það þyrfti að bera slíkt mál undir Alþingi áður en af sölunni yrði.

Það er misskilningur og ég hef kannað það að um það hafi verið samið í sjálfu sér að eignaraðild ríkisins skyldi standa einhvern tiltekinn tíma. Niðurstaðan í hv. nefnd var, eftir því sem ég best veit, sú að helmingur bréfanna skyldi seldur strax eða það væri heimild til þess en hinn helmingurinn ekki fyrr en eftir að

Alþingi hefði samþykkt þá sölu. Það var ekki tiltekinn neinn ákveðinn tími í því sambandi og ég tel satt að segja að sá tími sé nú kominn vegna þess að í ljós hefur komið að mikill áhugi er hjá almenningi fyrir þessum bréfum. Ég tel afar mikilvægt að þetta fyrirtæki verði frá upphafi almenningshlutafélag í besta skilningi þess orðs. Þess vegna er um það beðið í frv. að afgangurinn megi seljast nú fyrir áramótin.

Varðandi skýrslu Ríkisendurskoðunar sem mig langar til þess að gera örlítið að umtalsefni vil ég segja að hún er mjög góður dómur um það hvernig tekist hefur til í einkavæðingu ríkisstjórnarinnar. Það er ljóst, eins og kemur fram í skýrslunni, að gífurlegur munur er á framkvæmd sölu opinberra eigna, ríkiseigna, nú og áður. Skýrsla Ríkisendurskoðunar er í raun dæmi um þetta enda byggir skýrslan fyrst og fremst á bókunum einkavæðingarnefndar sem hefur haldið mjög góða skrá yfir það sem hefur gerst um sölu ríkiseigna á meðan nefndin hefur starfað. Það er hins vegar rétt að augu fjölmiðla og hugsanlega einhverra hv. þm. hafa beinst að örfáum atriðum sem Ríkisendurskoðun hefur gert athugasemd við. Þeim atriðum hefur reyndar verið svarað af hálfu formanns einkavæðingarnefndar og ég tel að þau svör hafi verið efnisleg og hafi sýnt fram á að á þeim tíma sem ákvarðanir voru teknar hafi ekki verið hægt að búast við því að teknar væru aðrar og betri ákvarðanir. Við verðum að hafa það í huga þegar rætt er um störf Ríkisendurskoðunar að það er ávallt auðveldara að meta hluti eftir á. Þegar verið er að selja eignir eða ganga frá kaupum og sölum, gera samninga um sölu, þá verða menn að taka ákvarðanir á þeirri stundu sem þarf að gera en Ríkisendurskoðun, eins og aðrir þeir sem leggja mat á hluti síðar, nýtur þeirra forréttinda að sjálfsögðu að geta þá í ljósi þess sem á undan hefur gengið lagt mat á gang mála.

Það er einkum eitt atriði sem menn hafa deilt um. Það er sala á Íslenskri endurtryggingu. Ég ætla ekki að gerast langorður um það mál, en þar hefur ágreiningurinn fyrst og fremst staðið um það hvort hægt væri að miða söluna við upplausnarbyrði fyrirtækisins, en því hefur verið svarað þannig af hálfu einkavæðingarnefndarinnar að ekki er hægt að bæta við það svar og ég vil taka undir þau sjónarmið sem fram hafa komið af hálfu forráðamanna nefndarinnar.

Það er ljóst af lestri skýrslu Ríkisendurskoðunar að vel hefur verið staðið að málum. Auðvitað er það svo að Ríkisendurskoðun sér ástæðu til að benda á nokkur atriði sem betur hefðu mátt fara og kemur með ýmsar ábendingar sem ég veit að einkavæðingarnefnd mun að sjálfsögðu ræða og taka tillit til ef ástæða er til. Ástæðan fyrir því, eins og ég sagði áður, að Ríkisendurskoðun getur gert svo ítarlega skýrslu er sú að framkvæmdanefndin hefur haldið vel utan um þetta mál. Öll gögn eru til og fundargerðir eru haldnar með þeim hætti að skýrsla Ríkisendurskoðunar er nánast úrdráttur úr fundargerðum nefndarinnar. Framkvæmdanefnd var reyndar gefinn kostur á að lesa skýrslu Ríkisendurskoðunar áður en hún birtist og gerði ýmsar athugasemdir sem flestar voru teknar til greina áður en skýrslan var gefin út. Ég vil þess vegna taka það fram að ég tel að þessi skýrsla sér fyrst og fremst dómur um góð störf einkavæðingarnefndarinnar þótt auðvitað sé það svo í þessu verki eins og öllum öðrum að í einstaka tilvikum megi gera hluti öðruvísi og betur en þeir voru gerðir á sínum tíma. Þá er aðalatriðið að nefndin taki tillit til slíkra ábendinga og lagi framkvæmdina í framtíðinni.

Í skýrslunni er því haldið fram að sala ríkisfyrirtækja hafi skilað ríkissjóði 826 millj. kr. Hér er um nettótölu að ræða því að þegar heildartalan er gefin, þá mun sala ríkisfyrirtækja á þessu tímabili skila líklega nálægt 2 milljörðum. Þá er tekið tillit til eignasölu ríkisins, söluandvirðis í eignum Ríkisskipa, Menningarsjóðs og þeirra hlutabréfa sem þegar hafa verið seld í Lyfjaverslun Íslands.

Það vekur dálitla athygli að í niðurstöðum skýrslunnar er ekki getið um það sem hins vegar kemur fram í skýrslunni sjálfri, að ekki ber eingöngu að líta á eignasöluna sem slíka heldur þarf einnig nauðsynlega þegar þessi mál eru til umræðu að skoða það hvað ríkið sparaði mikla peninga á því að selja viðkomandi fyrirtæki. Til þess að taka það dæmi sem oftast er tekið og sýnir þetta mjög vel, þ.e. Skipaútgerð ríkisins, þá rifja ég það upp að á árinu 1991 hygg ég að það fyrirtæki hafi fengið beint úr ríkissjóði líklega um það bil 140 millj. kr. en sé tekið meðaltal líklega tíu árin þar á undan og þau færð upp til núvirðis þá lætur nærri að árlegt framlag ríkisins hafi verið 360 millj. kr. til fyrirtækisins. 1 millj. á dag alla daga ársins, jafnt þá virku sem þá helgu. Það er auðvitað árangur fyrir ríkið að losa sig við útgjöld af þessu tagi og ber auðvitað að telja það til tekna eða lægri útgjalda þegar menn eru að meta áhrif og árangur af starfi eins og starfi einkavæðingarnefndarinnar.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar er nokkuð rætt um verklag og verklagsreglur og þar er sagt réttilega að ríkisstjórnin hafi sett sér verklagsreglur, reyndar að tillögu einkavæðingarnefndarinnar, og það er talið mjög til fyrirmyndar. Ég vek athygli á því að Ríkisendurskoðun telur að þær reglur séu afar góðar og gagnlegt að eftir þeim sé farið. Reyndar skal það tekið fram að Ríkisendurskoðun hélt því fram á sínum tíma þegar hún gagnrýndi sölu á SR-mjöli að ekki hefði verið nægilega vel farið að þeim reglum þá. Ég ætla ekki að rifja þá umræðu hér upp en því var svarað á þeim tíma hvernig á því stóð, enda var undirbúningur þeirrar sölu frá þeim tíma áður en reglan var sett í ríkisstjórninni sem var 12. okt. 1993. Fyrst ég nefni SR-mjöl harma ég það að þrátt fyrir þá hörðu gagnrýni sem Ríkisendurskoðun hefur orðið fyrir vegna skýrslu sinnar um SR-mjöl þá hefur Ríkisendurskoðun ekki séð ástæðu til þess að breyta í neinu áliti sínu á því máli í þessari skýrslu. Mér er þó kunnugt um að ýmsar mjög réttmætar athugasemdir hafi verið gerðar við fyrri skýrslu Ríkisendurskoðunar um sölu á því fyrirtæki. (**Gripið fram í:** Varstu ánægður með þá sölu?) Vegna þess að hér er kallað fram í hvort ég sé ánægður með þá sölu þá held ég eftir á að hyggja að fleiri og fleiri viðurkenni það að sú sala gekk mjög vel og á eftir að koma í ljós að hún verður íslenska ríkinu og ríkissjóði til

heilla. Það sem helst var fundið að sölunni á sínum tíma var að verðið hefði verið of lágt. Þegar var verið að verðleggja það því haldið fram að verðið væri of lágt þá var miðað við þá loðnuvertíð sem var ein besta loðnuvertíð sem hér hefur komið, þ.e. síðustu loðnuvertíð. Nú er alveg óljóst um framhaldið og menn verða að gera sér grein fyrir því, jafnt hv. alþm. sem aðrir, að um rekstur er að ræða í loðnubræðslu sem stundum gengur vel en stundum afar illa og það verður einnig að líta til skattgreiðslna frá fyrirtækjunum. Þegar rætt er um skattgreiðslur er ekki úr vegi að minnast á skattgreiðslur fyrirtækis eins og Íslenskrar endurtryggingar sem farin er að greiða skatt en gerði það aldrei fyrr.

Ég ætla ekki að gagnrýna það út af fyrir sig en það vekur athygli þeirra sem þekkja til að í skýrslu Ríkisendurskoðunar er ekki fjallað um Lyfjaverslun Íslands, þótt ég telji að tækifæri hafi verið til, og það er ekki heldur fjallað um mögulegar breytingar á Brunabótafélagi Íslands sem nefndin vann heilmikið að en það mál fékk aðra niðurstöðu en til stóð á tímabili. Þá er ekki heldur fjallað um undirbúningsvinnu sem Ríkisendurskoðun hafði aðgang að um breytingu á formi Búnaðarbankans og Landsbankans, en ríkisstjórnin ákvað að fresta því máli sem kunnugt er.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar er nokkuð fjallað um markmið einkavæðingar og það má helst skilja á Ríkisendurskoðun að það skorti skýr markmið. Þegar grannt er skoðað kemur í ljós að þau markmið sem Ríkisendurskoðun setur fram fara nákvæmlega saman við það sem einkavæðingarnefnd hefur sett fram og ríkisstjórnin frá sínum sjónarhóli. Það er ekkert einfalt að setja fram markmið með einkavæðingu því að markmiðið eru mörg og stundum ólík. Það er ekki heldur hægt að gera upp á milli ákveðinna markmiða nema þá skoðað sé hvað sé verið að einkavæða, hvaða eignir sé verið að selja þá stundina.

Ég vil nefna sem markmið með einkavæðingu að það er verið að draga úr umfangi ríkisins. Ríkisstjórnin er að efla einkaframtak og styrkja samkeppni. Það er verið að bæta fjárhag ríkisins, það er verið að efla hlutabréfamarkað og auka hlutafjáreign almennings og starfsmanna svo að nokkur mikilvæg atriði séu nefnd varðandi markmiðssetninguna. Öll þessi markmið hafa verið höfð í huga í einkavæðingarstarfi ríkisstjórnarinnar.

Svo að ég taki næst á því að Ríkisendurskoðun hefur bent á að eðlilegt sé í útboðsgögnum að skýra rækilega hvaða sjónarmið ráði ákvörðun við val á kaupendum þá vil ég í því sambandi benda á að ég tek undir þetta og tel að standa eigi að málum með þeim hætti en auðvitað verður sá fyrirvari að vera fyrir hendi að ríkið geti áskilið sér sem seljandi rétti til að hafna öllum tilboðum eða taka hvaða tilboði sem er. Auðvitað er það svo með ríkið eins og alla aðra aðila að það er ekki hægt á öllum stundum að sjá fyrir hið óvænta.

Ég ætla ekki að fjölyrða hér mikið um Íslenska endurtryggingu. Ég kemst þó ekki hjá því að rifja upp að umræður um þetta fyrirtæki fóru fram á hinu háa Alþingi vorið eftir söluna og nefnd hafði málið til meðferðar þannig að sú nefnd gat auðvitað rækilega kynnt sér kaupin og gerði það reyndar og í umræðum á Alþingi og í nefndarstarfinu er hvergi að sjá að nein óánægja hafi komið upp af hálfu hv. þingmanna um þetta mál. Þvert á móti er ástæða til þess að benda á að sumir hv. þingmenn voru mjög ánægðir með það hvernig að þessum málum hafði verið staðið og lýstu því reyndar yfir að þeir hefðu kynnt sér málið og talað við stjórnarmenn í fyrirtækinu. Það er auðvitað einfalt að koma síðan nokkrum árum síðar og segja: Það hefði átt að standa öðruvísi að sölunni. Þessu hefur öllu verið svarað, á það bent að eftir að sala fór fram af hálfu ríkisins til tryggingarfélaganna, þá var hlutur Eimskipafélags Íslands seldur í þessu fyrirtæki á nákvæmlega sama gengi og ríkið seldi á á sínum tíma. Allt þetta styður það að í raun hafi verðlagningin á hlut ríkisins í fyrirtækinu sem reyndar var sameignarfélag verið rétt þótt auðvitað sé það hins vegar rétt að ágóði fyrirtækisins á því ári sem þá var að líða hafi verið meiri en árin þar á undan. Það er eðli slíkrar starfsemi að stundum er ágóðinn mikill, stundum lítill og jafnvel getur eitt tjón leitt til þess að ágóðinn hverfi út í veður og vind. Og það er ástæða til þess að segja það hér þegar minnst er á endurtryggingarfélög að á sínum tíma starfaði endurtryggingarfélag Samvinnutrygginga. Það félag fór á hausinn á sínum tíma og það hefur ekki enn þá verið gert upp, 10 árum seinna. Fyrir 10 árum síðan fór endurtrygging Samvinnutrygginga á höfuðið og það eru liðin 10 ár síðan án þess að að sé búið að gera þrotabúið upp. Af hverju er ég að rifja það upp hérna? Ég er að sýna fram á hvað það er haldlítið að benda á að það eigi að selja hluti í slíkum fyrirtækjum á upplausnarvirði því að upplausnarvirðið er það að finna út hvers virði hlutur viðkomandi í fyrirtækinu er ef fyrirtækið er leyst upp. Það má ekki heldur gleyma því þegar rætt var um sölu á þessu tiltekna fyrirtæki að þá var það tilgangur sölunnar að tryggja það eins vel og hægt var að fyrirtækið héldi áfram starfsemi sinni og að fyrirtækið starfaði hér á landi.

Ég segi þetta af því gefna tilefni að í skýrslum Ríkisendurskoðunar og reyndar hefur það komið fram síðar og kannski fremur síðar í orðum ríkisendurskoðanda að það hafi verið líkast til réttara að leysa fyrirtækið uppi og leyfa fyrirtækjunum að beina viðskiptum sínum til annarra og þá væntanlega erlendra aðila. Ég er ekki að gagnrýna ríkisendurskoðanda fyrir þessi sjónarmið. Ég er einungis að benda á að það sjónarmið Ríkisendurskoðunar þurfi ekki að vera það eina rétta. Reyndar hefur umræða orðið talsverð um Ríkisendurskoðun á undanförnum vikum og mánuðum. Því hefur stundum verið haldið fram að ég hafi hætt mér út á þverhnípið í þeim umræðum. Ég tel svo ekki vera. Ég hef haldið því fram að það sé afar brýnt að trúverðugleiki hvíli á þeirri stofnun af því að þetta er stofnun sem tilheyrir Alþingi og Alþingi þarf á því að halda. Ég ætla ekki að ræða um það mál hérna en ég kemst ekki hjá því að nefna viðtöl við tvo ráðuneytisstjóra, bæði ráðuneytisstjóra fjmrn. og ráðuneytisstjóra sjútvrn., Árna Kolbeinsson, sem benda einmitt á það að Ríkisendurskoðun í núverandi mynd undir stjórn Al-

þingis er ung stofnun og er að fóta sig áfram sín fyrstu skref og það geta þess vegna komið upp atriði sem verður að afsaka sem byrjunarörðugleika og það verður að taka tillit til slíks þegar menn fjalla um stofnunina. Það er í raun og veru mjög fróðlegt að lesa eftir þessa tvo menn sem hafa mikla reynslu í íslenskri stjórnsýslu þegar þeir fjalla um Ríkisendurskoðun. Og ég vil enn og aftur taka það fram að ég er ekki að gagnrýna Ríkisendurskoðun. Ég er einungis að benda á hve erfitt það er fyrir Ríkisendurskoðun að sinna þeim störfum sem alþingismenn, þar á meðal ráðherrar, hafa beðið Ríkisendurskoðun um að sinna og ætla ég nú ekki að fara út í það þegar menn halda að það sé hægt að fá upp á skrifað siðferðisvottorð hjá slíkri stofnun. Í reynd finnst mér að stundum hafi verið gengið allt of langt í þá átt að biðja Ríkisendurskoðun um að kanna, leggja mat á og segja álit sitt á hlutum sem í raun og veru eru ekki útreiknanlegir í orðsins fyllstu merkingu.

Virðulegi forseti. Ég hef nokkuð rætt hér um skýrslu Ríkisendurskoðunar sem ég tel vera góða, mjög góða, enda byggist hún fyrst og fremst á gögnum frá einkavæðingarnefndinni. Auðvitað er sumt sem má gagnrýna en þegar í heild er skoðað það sem kemur fram í þessari skýrslu þá kemur í ljós að Ríkisendurskoðun leggur blessun sína á störf einkavæðingarnefndar að langmestu leyti.

Það er kannski ekki úr vegi þegar rætt er um einkavæðingu og sölu fyrirtækja að rifja það upp að sú var tíðin að Ríkisendurskoðun skrifaði skýrslur um sölu fyrirtækja og gagnrýndi slíka sölu mjög harkalega. Við höfum dæmi um slíkt fyrirtæki sem var að hluta til selt í tíð fyrri ríkisstjórnar en að hluta til í þessari ríkisstjórn. Þetta er fyrirtækið Þormóður rammi og áður en lengra er haldið vil ég taka það fram að ég er ekki að segja það sem ég ætla að segja hér til þess að gagnrýna einstakar persónur. Persónur og leikendur koma reyndar ekki þessu máli við, heldur er ég að sýna fram á hvernig vinnubrögðin hafa breyst í tímans rás vegna þess að það hefur verið tekið skipulegar á málum en áður. Það er athyglisvert að á sínum tíma gagnrýndi Ríkisendurskoðun söluna á Þormóði ramma fyrir það að almennra jafnræðissjónarmiða hafi ekki verið gætt í nægilega ríkum mæli við sölu hlutabréfa ríkisins í Þormóði ramma, m.a. vegna þess að sala hlutabréfanna var ekki auglýst opinberlega. Nú eru öll hlutabréfin í Þormóði ramma að sjálfsögðu auglýst til sölu í dagblöðum. Þetta er mikill munur. Á sínum tíma var jafnframt gagnrýnt af hálfu Ríkisendurskoðunar að það hafi ekki verið opinberlega greint frá þeim skilmálum og skilyrðum sem sett voru fyrir sölunni og í reynd gagnrýndi Ríkisendurskoðun tengsl á milli söluaðila og þeirra sem keyptu. Og þeir sem muna þessa gagnrýni geta einnig rifjað það upp fyrir sér að þá kom fram fyrirspurn um kaup frá 100 einstaklingum á Siglufirði en þeirri fyrirspurn var ekki ansað. Núna var gefin út ítarleg útboðslýsing þar sem allir skilmálar og skilyrði fyrir sölu voru kynntir. Einstaklingum er gefinn forgangur að bréfunum með því að takmarka sölu til hvers aðila um 250 þúsund.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar á sínum tíma kom í ljós að fyrirtækið þá hafði verið selt á 150 millj. kr. til ákveðins aðila á Siglufirði. Það var veittur margra ára greiðslufrestur á mjög lágum vöxtum. Ríkisendurskoðun taldi að virði hlutabréfanna hefði verið 250–300 millj. kr., helmingi hærri upphæð heldur en hlutabréfin fóru á. Og Ríkisendurskoðun gagnrýndi einnig að fjmrh. sjálfur og aðstoðarmaður hans hefðu séð um söluna en ekki einhverjir aðrir aðilar. Þessu hefur öllu verið breytt núna. Það eru löggilt verðbréfafyrirtæki sem sjá um söluna. Hlutabréfin eru verðmetin og öll hlutabréfin í Þormóði ramma voru staðgreidd og það er engin athugasemd gerð núna við sölu á þessum hlutabréfum. Svona mætti áfram telja. Og ég tek það skýrt fram að ég er ekki að gagnrýna þáv. fjmrh. Ég er aðeins að sýna fram á hvernig í raun vinnubrögðin hafa breyst og sýna fram á það sem í raun stendur í skýrslu Ríkisendurskoðunar að það er sagt skýrum stöfum að einkavæðingarnefndin hafi staðið sig ágæta vel í sínu starfi. Það er meginniðurstaða skýrslunnar þótt auðvitað sé hægt að benda á nokkur atriði sem betur hefðu mátt fara.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að fara ítarlegar í skýrslu Ríkisendurskoðunar þótt ástæða hefði verið til. Ég tel hana mjög góða og gagnlega og ég tel að ýmsar ábendingar sem þar er að finna eigi fullt erindi til ríkisstjórnarinnar og einkavæðingarnefndarinnar og mun beita mér fyrir því að þær ábendingar verði teknar fyrir þar.

Að lokum vil ég þó koma að því máli sem hér er til umræðu og óska eindregið eftir því að hv. Alþingi samþykki þá breytingu sem lögð er til í frv., þ.e. að heimilt sé að selja hlut ríkisins sem eftir er. Ástæðan er einföld. Hún er sú að ég tel að sú sala geti gengið hratt fyrir sig og hún þjóni þeim tilgangi sem er einn aðaltilgangur sölunnar að um víðtæka eignaraðild sé að ræða að fyrirtækinu. Það verði sett á stofn almenningshlutafélag í bestu merkingu þess orðs.

Í lok ræðu minnar, virðulegi forseti, og harma ég nú að geta ekki notað allan þennan tíma sem ég á eftir sem eru 26 mínútur og gef öðrum þann tíma eftir, þá óska ég eftir því að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn. í trausti þess að hún undir góðri forustu formanns síns afgreiði málið fljótt og vel.

[14:30]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Síðustu orð hæstv. fjmrh. voru mjög athyglisverð þar sem hann sagði að með þessu frv. væri stefnt að því að eignaraðild fyrirtækisins yrði mjög almenn, þ.e. þetta yrði almenningshlutafélag. Og viðbrögðin þegar selt var síðast gæfu tilefni til þess.

Ég vil spyrja hæstv. fjmrh. að því hvort hann telur að þau kjör sem boðin voru við sölu hlutabréfanna, þ.e. að það væri hægt að kaupa hlutabréf fyrir 250 þús., borga aðeins 50 þús. kr. út nú fyrir áramót, fá við það skattaafslátt í framhaldi af því, hvort það muni ekki fyrst og fremst vera hugsað hjá þeim sem það gera að þurfa ekki að greiða nema 50 þús. út og ná þarna góðum skattafslætti, selja síðan hlutabréfin einhverju fyr-

irtæki sem verulega hefur hug á því að eiga þessi hlutabréf í framtíðinni. Ég veit að það er yfirlýst og var yfirlýst í frv. sem samþykkt var hér í fyrra að það væri stefnt að dreifðri eignaraðild og það var jafnvel talað um að ríkissjóður mundi eiga þessi hlutabréf eitthvað lengur. Nú er það svo að þetta fyrirtæki var ekki stofnað fyrr en 1. júlí sl. þannig að ríkissjóður er ekki búinn að eiga þetta mjög lengi, en mér sýnist að einmitt með þessum kjörum sem sett eru þarna upp muni það leiða til þess að eignaraðildin verði alls ekki dreifð því að þeir einstaklingar sem þarna eru að fjárfesta *munu fljótlega losa sig við þessi bréf.*

[14:31]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þessi fsp. byggist á misskilningi sem ég skal skýra.

Í fyrsta lagi er skattafslátturinn almennur, hann gildir ekkert fyrir þetta fyrirtæki fremur en önnur.

Í öðru lagi er þegar um greiðslukjör er að ræða, sem ekki allir velja, bréfið ekki afhent fyrr en greiðsla hefur að fullu komið fyrir. Það er því ekki hægt að framselja bréfið til annars aðila, selja það, fyrr en bréfið er að fullu greitt. Alveg ljóslega.

Loks vil ég segja það að samkvæmt íslenskum skattalögum er ekki hægt að notfæra sér frádráttarheimildina nema að ákveðnu marki og það verður síðan að bæta við hlutabréfaeign hvers og eins ef hann ætlar að notfæra sér hana ár eftir ár. Misskilningurinn liggur í því að fyrir þá sem fá lán er útilokað að selja bréfið fyrr en það lán, við getum kallað það lán ef það er á þessum greiðslukjörum, fyrr en bréfin verða greidd upp því bréfinu er haldið eftir sem handveði þar til greiðsla er komin að fullu.

[14:32]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það mun vera rétt hjá hæstv. ráðherra að þetta gildir ekki fyrr en eftir nokkra mánuði, þ.e. ekki á næsta ári, að menn fá þennan skattafslátt. Það þarf að eiga hlutabréfin yfir tvenn áramót. En það breytir ekki því að menn geta fljótlega farið að huga að því og í síðasta lagi eftir tvö ár að selja þessi hlutabréf til miklu, miklu stærri aðila sem mundi þá safna eignaraðildinni saman. Ég sé því ekki hvernig hæstv. ráðherra ætlar að tryggja það að þetta verði eitthvert almenningshlutafélag í framtíðinni.

[14:33]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er þakklátur fyrir að hafa komið því til skila nákvæmlega að það er ekki hægt að selja bréfin strax, það er ekki hægt að selja þau fyrr en búið er að greiða síðasta eyrinn á þessum greiðslukjörum þannig að það sé ljóst.

Í öðru lagi er spurst fyrir um hvort ekki sé hætta á því að einhver aðili kaupi bréfin. Það getur auðvitað gerst í tímans rás en hér skulum við hafa í huga að hugsanlegir eignaraðilar að þessu fyrirtæki gætu verið 2.000 talsins. Það þarf ansi mikla skipulagsgáfu til þess að ná þeim saman með mjög skjótum hætti þó auðvitað sé hugsanlegt að slíkt geti gerst í tímans rás. Ég get ekki séð til hvaða ráða á að grípa yfirleitt í íslenskum rekstri til að koma í veg fyrir að slíkt geti gerst. En þessi aðferð sem hér er notuð var talin best til þess fallin að ekki yrði um samruna fyrirtækja að ræða í þessari grein.

Að allra síðustu vil ég benda á að þetta fyrirtæki er ekki eitt af stærstu fyrirtækjunum í greininni. Fyrirtækið er reyndar stórt en ekki eitt af stærstu fyrirtækjunum. Þvert á móti hygg ég að bæði starfsmenn fyrirtækisins sem eru eigendur og þeir fjölmörgu sem *festa kaup í þessum hlutabréfum séu að gera það til* þess að eiga hlutabréfin enda hefur komið í ljós að á íslenskum hlutafjármarkaði hefur tiltölulega lítið verið selt af hlutabréfum miðað við það sem gengur og gerist hjá öðrum þjóðum. En ég skal viðurkenna að það er auðvitað aldrei hægt að útiloka það langt fram í tímann að slíkt gerist ekki.

[14:35]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Það er að einu leyti jákvætt að frv. þetta er hér fram komið og það er vegna þess að þar með gefst færi á að ræða frammistöðu hæstv. ríkisstjórnar og meðferð hæstv. ríkisstjórnar og hæstv. fjmrh. á þessu máli og fleiri einkavæðingarmálum sem uppi hafa verið. Að öllu öðru leyti er með öllu ástæðulaust að vera að sýna þetta plagg hér og eðlilegast að því verði vísað til föðurhúsanna, en ekki til efh.- og viðskn. og hæstv. ríkisstjórn láti nú staðar numið í einkavæðingarafrekum sínum enda nóg að gert. En fyrir hitt er ég þakklátur að fá tækifæri til að ræða þetta mál á nýjan leik áður en þetta þing lýkur störfum og kjörtímabilinu lýkur.

Það fór nú svo á þingi sl. vetur, hæstv. forseti, að við í minni hlutanum urðum ekki öll samferða í afstöðu til þessa frv. Sá sem hér talar, ásamt með hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur, við drógum til baka stuðning okkar við þau áform sem ríkisstjórnin var þá að kynna um einkavæðingu Lyfjaverslunar ríkisins. Ég verð að segja alveg eins og er að ég sé svo sannarlega ekki eftir því að hafa endurskoðað hug minn til þess máls á sl. vetri þegar ég sá hvernig hæstv. ríkisstjórn hugðist standa að málum.

Það er svo til marks um það að þessari ríkisstjórn er ekki treystandi, við hana er ekki hægt að semja, það er ekki komandi nálægt því að miðla málum með hæstv. ríkisstjórn og núv. meiri hluta á þinginu, að þakkirnar sem þeir stjórnarandstæðingar sem þó studdu málið við afgreiðslu þess í fyrra á grundvelli þeirrar málamiðlunar að ekki yrði seldur nema helmingur af fyrirtækinu fá þennan rýting í bakið fáeinum mánuðum síðar. Að sjálfsögðu ætlar hæstv. ríkisstjórn ekkert að gera með það samkomulag sem hún gerði við Framsfl., ef svo má þá kalla það því það mun hafa verið Framsfl. einn af stjórnarandstöðunni sem studdi málið, því nú flytur hún nokkrum mánuðum síðar frv. um að selja afganginn, ef sölu skyldi þá kalla. Staðreyndin er sú, hæstv. forseti, í fyrsta lagi að hæstv. ríkisstjórn er í fæstum tilvikum að selja ríkisfyrirtæki, hún er að afhenda ríkisfyrirtæki. Hún stendur fyrir útsölu á

eignum almennings í landinu. Hæstv. fjmrh., Friðrik Sophusson, er orðinn einhver mesti útsölustjóri, útsölumeistari sem Íslandssagan hefur alið. Útsölustjóri ríkisins væri í raun og veru meira réttnefni á hæstv. fjmrh. en sá titill sem honum dags daglega ber. Og afrek útsölustjórans, hæstv. fjmrh., má m.a. sjá í þessu máli.

Staðreyndin er sú og hefur margsannast í þessu máli og fleirum að það er annað sem hæstv. ríkisstjórn gengur til en það að selja ríkisfyrirtæki hæstbjóðanda fyrir fullt verð. Það er ekki alltaf aðalatriðið, það er ekki mergurinn málsins. Það er tilgangurinn sem helgar meðalið hjá hæstv. ríkisstjórn. Hæstv. ríkisstjórn er alveg sama hvernig hún kemur fyrirtækjunum út bara ef það getur heitið einkavæðing. Og þó að það kosti að þverbrjóta þurfi allar skynsamlegar reglur og vinnubrögð eins og átt hefur sér stað endurtekið við söluna á SR-mjöli og fleiri fyrirtækjum, þá er það í lagi að mati hæstv. ríkisstjórnar því tilgangurinn helgar meðalið. Niðurstaðan er sú sem almenningur í landinu má horfa upp á að eignir þjóðarinnar sem byggðar hafa verið upp jafnvel með áratuga rekstri fyrirtækja, í sumum tilvikum fjárframlögum úr ríkissjóði, í öðrum tilvikum í gegnum gjaldskrá fyrirtækjanna sem almenningur hefur borið í formi þjónustugjalda eða viðskipta við þessar stofnanir eða þá með ábatasömum og skynsamlegum rekstri þar sem ríkið hefur leyft eign sinni að ávaxtast og margfaldast í verðmæti og byggjast upp í myndarleg fyrirtæki eins og í tilviki SR-mjöls, þá er allt í einu af hálfu þessarar ríkisstjórnar tekin upp sú stefna að fara með þessar eignir á útsölu. Vegna þess að tilgangurinn helgar meðalið.

Hæstv. ríkisstjórn liggur svo mikið á að sýna fram á að hún hafi náð einhverjum árangri í því að koma með góðu eða illu fyrirtækjum úr eigu ríkisins að það er látið ráða ferðinni. Upp koma aðstæður eins og þær sem hér er fjallað um að það er haldin útsala á 50% eignarhlut ríkisins í einu af svona snyrtilegri gróðafyrirtækjum landsins sem verið hefur um langt árabil, Lyfjaverslun Íslands hf. Fyrirtæki sem er með þannig markaðsstöðu og hefur þannig sambönd og þannig stöðu að það er með nokkuð tryggan hagnað upp á 50–100 millj. á ári. Það er nánast áskrifandi að hagnaði upp á 60–80 millj. á ári. Vel upp byggt fyrirtæki með miklar eignir er selt þannig, verðlagt af einhverjum snillingum á einhverjum verðbréfamörkuðum úti í bæ og síðan selt með þannig lánskjörum og fyrirkomulagi að það er ekki hægt að kalla það annað en útsölu.

Í fyrsta lagi vekur það mikla athygli að verðbréfaaðilarnir eða hverjir það nú voru þessir snillingar sem voru á góðum launum án efa hjá ríkinu við það að verðleggja fyrirtækið, finna það út að markaðsverðið sé í raun heldur undir eigin fé fyrirtækisins, þ.e. að 300 millj. kr. nafnverð hlutabréfa er ákveðið að selja á genginu 1,34 þó að eigið fé sé um 430 millj. Ég spyr í fyrsta lagi: Hvar er verðlagningin á viðskiptavild og stöðu þessa fyrirtækis? Hvar er hún? Hvar eru peningarnir sem eru borgaðir fyrir það að þetta er eina dreypilyfjaverksmiðja landsins sem hefur þar af leiðandi nokkuð öruggan markað hjá öllum sjúkrahúsum fyrir öll stungulyf? Einhver vildi sjálfsagt þiggja að komast í þá aðstöðu. Hvar sér þess stað í verðlagningunni á bréfunum? Hvergi, því þetta er ekki nema rétt tæplega, gengi bréfanna gerir ekki nema rétt rúmlega það að vega upp mismuninn sem er á nafnverði hlutabréfanna og eigin fé fyrirtækisins. Þannig er nú það. Ég fæ ekki séð annað en með því sé markaðsstaðan einskis metin, viðskiptavildin einskis metin, hún er gefin. Svo mikið fyrir þessa miklu snillinga sem hafa lagt mat á verð fyrirtækisins.

Það er kannski ekki rétt að skammast út í hæstv. fjmrh. fyrir það út af fyrir sig. Hann ber ekki faglega ábyrgð á niðurstöðu Verðbréfaþingsins eða framkvæmdanefndar um einkavæðingu, eða Kaupþing sem það hét víst þetta batterí sem þarna var á spenanum við að verðleggja fyrirtækið. En það er þá í öllu falli hlutverk fjmrh. að leggja pólitískt mat á hvort fýsilegt sé við þessar aðstæður að selja hlutinn og það tel ég orka mjög tvímælis.

Í öðru lagi eru þau kjör sem þarna bjóðast þegar lögð eru saman í fyrsta lagi lánskjörin sem þarna eru boðin, í öðru lagi sú staðreynd að menn eiga kost á skattafrádrátt út á hlutabréfakaupin og í þriðja lagi sú staðreynd að fyrirtæki getur síðan tekið til við að borga þessum nýju hluthöfum sínum arð strax frá byrjun, þá náttúrlega er alveg augljóst mál að það er verið að framkvæma útsölu á fyrirtækinu og ekkert annað vegna þess, eins og ég segi, að væntanlega helgar tilgangurinn meðalið.

Síðan er hér, hæstv. forseti, alveg kostulegt fylgiskjal, fskj. I, með þessu frv. frá framkvæmdanefnd um einkavæðingu. Þessum mikla snillingahópi sem ríkisstjórnin hefur hrúgað saman til þess að gefa fyrirtæki þjóðarinnar, koma þeim út með góðu eða illu eða einhvern veginn, selja þau á hálfvirði eða með einhverjum öðrum afslætti ef svo ber undir, eins og hæstv. fjmrh. hefur orðið heimsfrægur fyrir að taka sér í munn að geti verið réttlætanlegt. En þar eiga þeir náttúrlega að gleðjast yfir því og fagna þeim miklu tíðindum að það hefur orðið mikil eftirspurn eftir þessum bréfum og komast að þeirri stórkostlegu niðurstöðu í þessu fskj. að í fyrsta lagi sé ljóst að hin hagstæðu greiðslukjör höfðu hvetjandi áhrif á flesta kaupendur. Þetta kalla ég einhvern mesta salómonsdóm sem lengi hefur fallið og kemst næst þeim hinum fyrri og eina og sanna salómonsdóm. Að það sé líklegt að hin hagstæðu greiðslukjör hafi haft áhrif á kaupendurna, hvatt þá frekar til kaupanna en hitt. Þetta finnst mér mjög skarplega athugað og merkilegt að mennirnir skyldu ekki átta sig á því áður en þeir buðu upp á þessar hagstæðu greiðslur.

Í öðru lagi er talið að þetta sé til marks um að þarna hafi verið um áhugaverðar fjárfestingar að ræða og megi vænta góðrar arðsemi af hlutabréfunum. Hvers vegna skyldi það nú vera? Jú, það er vegna þess að fyrirtækið hefur verið rekið með 60–80 millj. kr. gróða að meðaltali um langt árabil og það er vegna stöðu sinnar á markaðnum nánast áskrifandi að þessum hagnaði. Það er náttúrlega ekki nema von að mönnum detti

í hug að þetta sé góð fjárfesting. En er þá ekki að sama skapi verið að selja verðmætan hlut? Jú, ég skildi halda það og það ætti þá að endurspeglast í söluverðinu. En því er ekki fyrir að fara því í raun og veru fær ríkið ekki nema rétt að nafninu til eigið fé út úr fyrirtækinu við að selja það eins og ég hef hér sýnt fram á. Því samkvæmt stofnefnahagsreikningi sem settur var upp fyrir hið nýja fyrirtæki, Lyfjaverslun Íslands hf., var eigið fé félagsins um 430 millj. kr. Þannig að sala á hlutafénu öllu á nafnvirði upp á 300 millj. á genginu 1,34 það getur hver reiknað það út fyrir sig að það lafir í því og tæplega þó að ríkið fái eigið féð út við söluna.

Síðan kemur í þriðja lagi enn meiri speki í niðurstöðu einkavæðingarnefndarinnar í fylgiskjali 1, þ.e. að *ljóst sé að fjölmargir hafi keypt bréfin í þeim tilgangi* að njóta skattafsláttar vegna hlutabréfakaupa á næsta ári. Þetta er mjög skarplega athugað og alveg örugglega rétt. Fjölmargir hafa áttað sig á því í landinu að þeir fái þennan skattaafslátt og það hefur ýtt undir þá að fá þarna 75 þús. kr. eða hvað það er, svona eins og hjálp við að eignast þessa eign. Auðvitað er þetta þannig, hæstv. forseti, að það er með miklum ólíkindum hvernig að þessum hlutum er staðið.

Í fjórða lagi er talið að kynningin hafi tekist mjög vel og *náð athygli fjölmargra einstaklinga*. Það er auðvitað alveg rétt, það er hvergi til sparað. Það er borið fé í þá sem að þessu vinna og helt fé í auglýsingar og kynningu vegna þess að tilgangurinn helgar meðalið. Þetta snýst ekki um það að ríkið geri góðan bissness, það er ekki aldeilis það sem þetta snýst um, að ríkið fái sem mest fé út úr þessu. Það liggur bæði fyrir í framkvæmdinni eins og að henni er staðið, það liggur fyrir í yfirlýsingum ráðherra á kjaftafundum, að tilgangurinn skuli helga meðalið, aðalatriðið sé að einkavæða bara til að einkavæða svo megi hitt mæta afgangi svo sem hvernig að því er staðið og hvað fyrir fyrirtækin fáist.

Þannig eru nú málin vaxin, hæstv. forseti, og er auðvitað með miklum ólíkindum. Það er þessi einkavæðingarkredda sem hæstv. ríkisstjórn lagði upp með með miklum og sverum yfirlýsingum bæði í stjórnarsáttmála og ræðum hér í byrjun kjörtímabilsins. Það átti að fara svo geyst í þetta að í fyrstu tveimur fjárlagafrv. hæstv. fjmrh. var gert ráð fyrir tekjum af einkavæðingu upp á 1.200 millj. kr., ef ég man rétt, eða a.m.k. milljarð, í fyrstu tvö skiptin. Ég held að niðurstaðan ... (**Gripið fram í:** 1.500 millj.) 1.500 millj. er hér upplýst, enn meira í fyrsta skipti. Ég held að niðurstaðan hafi orðið einhverjar 50–100 millj. (**Fjmrh.:** 1.100 millj. til að hafa þetta rétt.) Ja, þetta var einhvers staðar á bilinu 1–1,5 milljarðar í fyrstu tvö skiptin, hæstv. fjmrh. Það er nú ekki mikið *milli vina*. Það þætti a.m.k. ekki mikið ef það væri verið að gefa þann skiptamun við afhendingu ríkisfyrirtækis. (**JGS:** Ekki mikið á milli einkavina.) Það er ekki mikið á milli einkavina svona nokkur hundruð milljónir þegar þetta á í hlut.

En hver varð svo niðurstaðan? Hæstv. fjmrh. skóf upp einhverjar 50–100 millj. tvö fyrstu árin og er samtals að nálgast 800 millj. eða komin í 800 millj. á miðju þessu ári. Það eru nú öll afrekin. Þessum 800 millj. hefur verið náð með því meira og minna að afhenda fyrirtækin. Enda er þetta auðvitað orðið þannig að ríkisstjórnin er komin í mikla örvæntingu yfir því *að hún hafi litlum árangri náð í þessum efnum og nú* á að setja margfaldan kraft í útsöluna á síðustu mánuðum, halda brunaútsölu á öllum þeim fyrirtækjum sem hægt er að koma með einhverjum hætti út á markaðinn. Þannig að ég spái því að þær þyki ekki merkilegar áramóta- og nýársútsölurnar hjá versluninni hér í bæ þegar þær koma til og farið verður að reyna að selja afdankaðan jólavarning borið saman við útsölur hæstv. fjmrh. og brunaútsölur hans á ríkisfyrirtækjum á næstu mánuðum.

Síðan er það þannig, hæstv. forseti, að það er afar fróðlegt að fara hér ofan í skýrslu sem nýlega er komin út frá Ríkisendurskoðun um sölu á fyrirtækjum í eigu ríkisins á árunum 1991–1994. Og það er nú svo að eins og ónefndir menn lesa Biblíuna með mismunandi hætti þá geta menn greinilega lesið þessa skýrslu með mismunandi hugarfari. Hæstv. fjmrh. las út úr henni mikinn stuðning við sig og frammistöðu hæstv. ríkisstjórnar í einkavæðingarmálum, taldi þetta harla góða einkunn sem þarna væri gefin og glæsilega.

En við skulum þá líta aðeins nánar á það hvort þetta er allt þannig, að Ríkisendurskoðun í allri sinni hógværð, og kem ég nú betur að ummælum hæstv. ráðherra um þá stofnun síðar, telji þetta allt vera til fyrirmyndar. Ég held ekki. Ríkisendurskoðun er m.a. að undirstrika þau atriði sem leggja þurfi áherslu á. Hún er væntanlega ekki að því að ástæðulausu. Við framkvæmd á þessum hlutum þar er í raun og veru um lítt dulbúna harða gagnrýni á frammistöðu ríkisstjórnarinnar að ræða vegna þess að Ríkisendurskoðun sér að þessara sjónarmiða hefur ekki verið gætt. Til að mynda þess sem hún nefnir fyrst, að áður en sala eigi sér stað þurfi að liggja skýrt fyrir hver séu markmiðin með sölunni, til hvers er verið að þessu, en það hefur verið gert í fæstum ef nokkrum tilvikum hjá hæstv. ríkisstjórn vegna þess að það eru engin skilgreind efnisleg markmið á ferðinni á bak við einkavæðinguna. Þetta er bara kredda, þ.e. af því bara. Af því bara að Margrét Thatcher og hennar fylgifiskar í íhaldskreddunni fundu það út að það ætti að einkavæða þá ætlar ríkisstjórn Davíðs Oddssonar og hæstv. fjmrh. Friðrik Sophusson líka að gera það. Auðvitað, því það er hugmyndafræðin fengin að láni. Þetta sér Ríkisendurskoðun og lýsir eftir markmiðunum með því að selja fyrirtæki eða selja það ekki.

Margt fleira mætti þarna nefna í helstu niðurstöðum stofnunarinnar en ég ætla að víkja aðeins að eins og *þremur dæmum um það hvernig* staðið hefur verið að sölu eða málum í sambandi við einkavæðinguna hjá hæstv. ríkisstjórn. Það fyrsta nefndi reyndar hæstv. fjmrh. sjálfur, þ.e. söluna á Íslenskri endurtryggingu hf. Það óvenjulega gerðist að undir dagskrármáli sem hæstv. fjmrh. var að mæla fyrir þá hljóp hæstv. fjmrh. yfir í skýrslu sem alls ekkert er hér á dagskrá í raun og veru og fór að verja hendur sínar vegna ummæla

um sölu Íslenskrar endurtryggingar. Að sjálfsögðu er ég tilbúinn í þá umræðu undir þessum dagskrárlið, það er bara alveg sjálfsagt mál.

Þar segir nú í fyrsta lagi að það sé skoðun Ríkisendurskoðunar að eignarhluta ríkisins í fyrirtækjum beri undantekningarlaust að auglýsa áður en þeir eru seldir. Það var ekki gert þegar þessi afhending á Íslenskri endurtryggingu fór fram til tryggingarfélaganna.

Í öðru lagi segir að útreikningar bendi til þess að líklegt upplausnarvirði fyrirtækisins í árslok 1992 hafi verið 144 millj. kr. hærra en hið endanlega söluverð þess. Þá fer hæstv. fjmrh. út í hvað hér? Út í það að fara út í langa þvælu um að það sé ekki sanngjarn mælikvarði, upplausnarverðið. En hann horfir fram hjá niðurstöðunni sem Ríkisendurskoðun dregur af þessu mati sem er: „...að miðað við þessa forsendu og reyndar fleiri sem eru tilgreindar, sýnist engu að síður sem hagsmunum ríkisins hefði verið betur gætt með því að selja hlut ríkissjóðs í fyrirtækinu ekki að svo stöddu." Þannig var besta hagsmunagæslan fyrir ríkið, þ.e. hætta við söluna, eiga fyrirtækið áfram. En það kom ekki til greina vegna þess að tilgangurinn helgar meðalið. Þó það liggi fyrir að það sé ekki hagstætt ríkinu að selja við tilteknar aðstæður þá skal það samt gert þó það kosti útsölu, þó það kosti minna endurgjald. Ég held að þetta dæmi með Endurtrygginguna sem engin knýjandi nauðsyn af neinu tagi lá til að selja og augljóslega hefði verið betra annaðhvort að leysa upp eða eiga áfram þá var það samt valið að selja hana og það með þessum hætti. Það segir allt sem segja þarf um það hvað hér er á ferðinni.

Í öðru lagi er ákaflega fróðlegur en því miður stuttur kafli um fyrirtækið Rýni hf. Það er sennilega dregið af sögninni að rýna, þegar menn rýna í eitthvað, ætla að sjá eitthvað sem er í skugga. En þannig er, hæstv. forseti, að eitt af þjóðþrifafyrirtækjunum sem hæstv. ríkisstjórn stofnaði var hlutafélagið Rýni hf., sem var stofnað í kjölfar ákvörðunar stjórnvalda um að færa eftirlit með framleiðslu sjávarafurða frá Ríkismati sjávarafurða til skoðunarstofa í einkaeign. Með öðrum orðum, stofnun Rýnis hf. var holdgetið skilgetið afkvæmi einkavæðingarbröltsins í eftirlitsiðnaðinum. En það er eins og kunnugt er einhver blómlegasti iðnaður á Íslandi um þessar mundir og eiginlega eina greinin í íslenskum iðnaði sem dafnar, það er eftirlitsiðnaðurinn, sem þessi ríkisstjórn hefur verið með afbrigðum dugleg við að þenja út með stofnun skoðunarstofa og fiskistofa og alls konar eftirlitsbattería, í einkarekstri að sjálfsögðu ef nokkur kostur er, þá hefur eftirlitsiðnaðurinn þanist þannig út að í honum hafa skapast mörg hundruð störf og það er kannski jákvætt í sjálfu sér eins og hæstv. ríkisstjórn hefur að öðru leyti leikið atvinnulíf landsmanna. En sem sagt þetta fór nú svona og svona með Rýni hf. Þetta varð ekki mikil ferð til fjár þessi fyrirtækjarekstur hæstv. ríkisstjórnar. Þannig fór, eins og segir á bls. 13, með leyfi forseta, í skýrslu Ríkisendurskoðunar:

„Það kom hins vegar fljótlega í ljós að ýmsar forsendur sem gengið var út frá stóðust ekki. M.a. af þeim sökum var tekin ákvörðun um að selja fyrirtækið enda töldu stjórnvöld ekki ástæðu til að hafa með höndum þann rekstur sem einkaaðilar væru færir um að sinna."

En til hvers var þá fyrirtækið stofnað, hæstv. fjmrh.? Til þess að selja það aftur? Er þetta til þess að fá fleiri prik í einkavæðingunni, stofna fyrirtæki til að geta svo selt þau? Það er auðvitað ágætis aðferð ef menn eru alveg í vandræðum.

Niðurstaðan er sem sagt að með sölunni náði ríkið aðeins að endurheimta hluta þeirra fjármuna sem ráðstafað hafði verið til fyrirtækisins. Tap af rekstri og sölu Rýnis hf. nam þannig um 16 millj. kr. Það var nú allt sem ríkisstjórnin hafði upp úr krafsinu í þessu einkavæðingarbrölti að hún tapaði 16 millj. kr. á fyrirtækinu. Þetta er lítil en fróðleg saga um það út í hvaða ógöngur og vitleysu ríkisstjórnin hefur leiðst í þessu brölti sínu, þó hitt sé auðvitað miklu mun lakara að viðskiptavinir eftirlitsfyrirtækjanna eru að borga það dýrum dómum að þessi einkavæðing eftirlitsbransans hefur reynst mjög dýr og vitlaus og þjóðin ber það í hærri skoðunargjöldum á bifreiðum, í hærri gjöldum fyrir sjávarútveginn og útflutningsgreinarnar í sambandi við eftirlit, vottanir, skoðunarstofur og hvað sem það nú heitir allt saman og margfalt kerfi í staðinn fyrir einfalt áður. Þannig er það. Það er t.d. þannig hjá fiskeldisfyrirtækjum að þau þurfa í raun og veru í aðalatriðum þreföld vottorð til að koma framleiðslu sinni á markað þar sem einföld vottorð dugðu áður, með tilheyrandi kostnaði. Það er afraksturinn af bröltinu, einkavæðingunni í eftirlitsiðnaðinum.

Í þriðja og síðasta lagi, hæstv. forseti, langar mig til að nefna SR-mjöl. Langþyngsti og harðasti áfellisdómurinn sem ríkisstjórnin verður fyrir er í umfjöllun Ríkisendurskoðunar um SR-mjöl. Um það hefur auðvitað komið út alveg sérstök skýrsla og það er rétt, hæstv. fjmrh., að Ríkisendurskoðun hefur ekki séð ástæðu til að draga álit sitt og niðurstöður sínar þar til baka. Svo kemur hæstv. fjmrh. hér og harmar það. Er hæstv. fjmrh. virkilega með þessum hætti að reyna að blanda sér í störf Ríkisendurskoðunar, reyna að hafa áhrif á það að hún standi ekki á niðurstöðum sínum? Hvað fólst í orðum hæstv. ráðherra hér áðan? Fyrir furðuleg ummæli hans um stofnunina hér, þegar hæstv. ráðherra í skjóli þinghelgi skýtur sér hér á bak við ummæli einhverra ráðuneytisstjóra, gagnmerkir sem þeir mega vera, og fer með lítt dulbúnum dylgjum á hendur Ríkisendurskoðun og segir að stofnunin sé svo ung, nánast bara eins og óviti, að hún sé væntanlega ekki fullmeðvituð um gerðir sínar því hún sé svo ung undir Alþingi. Síðan sagði hæstv. ráðherra að það kæmu þar af leiðandi upp aðstæður sem yrði að afsaka. Ég leyfi mér að halda því fram að það sé ekki hlutverk hæstv. fjmrh. hér í þessum ræðustól að vera að biðjast afsökunar á Ríkisendurskoðun. Ég leyfi mér að halda því fram að það sé hlutverk fjmrh. að vera maður til að taka niðurstöðum Ríkisendurskoðunar og rökræða þær þá en ekki fara að biðjast afsökunar á þeim fyrir hönd stofnunarinnar. Það eru aðrir sem fara með málefni Ríkisendurskoðunar, fyrst og fremst stofnunin sjálf í anda

þess óhæðis sem hún verður að búa yfir til að geta sinnt starfi sínu. En ég verð að segja alveg eins og er að þessi ummæli hæstv. fjmrh. hér fundust mér einhver þau kúnstugustu sem ég hef lengi heyrt, þessi ummæli um Ríkisendurskoðun, og það er mín trú að þeirra muni lengi minnst. Að ráðherra sem liggur undir þungri gagnrýni, ráðherra í ríkisstjórn sem hefur sætt ámæli og ítrekuðum aðfinnslum vegna framgöngu sinnar í málum af þessu tagi, að hann bregðist við með þessum hætti, það var mjög sérkennilegt. Það er að sjálfsögðu allt annað mál þó að hæstv. fjmrh. sé ekki sáttur við einhverjar ályktanir eða niðurstöður hjá Ríkisendurskoðun. Menn hafa að sjálfsögðu þann rétt að hafa sína skoðun á málinu og vera ósammála henni í einstökum atvikum ef svo ber undir. Það er allt annar hlutur en að umgangast stofnunina með þeim hætti sem hér var gert.

Hæstv. forseti. Ég tel að niðurstaðan sé ein og hin sama hvort sem heldur er þessara þriggja dæma, sem ég hef tekið úr skýrslu Ríkisendurskoðunar, um afhendingu og útsölur á ríkisfyrirtækjum, sem er náttúrlega réttnefni á plagginu, eða hvort við lítum á það hvernig Ríkisendurskoðun hefur staðið að þessu með Lyfjaverslun ríkisins, nú Lyfjaverslun Íslands. Niðurstaðan er sú að tilgangurinn helgar meðalið. Hún er sú að það skipti ríkisstjórn Sjálfstfl. og Alþfl. meira máli að þjóna kreddunni. Og hvar eru kratarnir hér í dag, hæstv. forseti, fyrir utan þann sem er bundinn í forsetastóli? Það eru ekki margir hér til að svara fyrir þátttöku Alþfl. í málinu. Það væri fróðlegt að fá að sjá þó ekki væri nema eins og einn krata hér í dag fyrir utan hæstv. forseta sem eðli málsins samkvæmt getur ekki geisað mikið inn í umræðuna nema fá einhvern til þess að leysa sig af. Ég lýsi eftir því: Er Alþfl. sáttur við það hvernig ríkisstjórnin hefur staðið að þessu? Niðurstaðan er sú að ríkisstjórnina skiptir meira máli að þjóna kreddunni, að halda útsölu á fyrirtækjunum, að afhenda bara einhvern veginn eigur almennings hvað sem fæst fyrir þær heldur en í fyrsta lagi verðið. Verðið er aukaatriði borið saman við hitt, bara að einkavæða, af því bara, af því að Thatcher gerir það. Í öðru lagi er starfsemin sem í hlut á aukaatriði, (**Gripið fram í:** Er ekki Thatcher hætt þessu?), Thatcher er að vísu hætt af því að hún var felld. Þannig endaði nú hennar ganga í þessum ósköpum. Það voru þakkirnar í Bretlandi fyrir afrekin í einkavæðingu, hún var felld. Í þriðja lagi skiptir starfsfólkið hæstv. ríkisstjórn engu máli. Það er algert aukaatriði. Tímans vegna hef ég lítið komist í að ræða þann þátt málsins en ég geri það kannski síðar í umræðunni. Framkoma ríkisstjórnarinnar við starfsfólk í þessum málum er fyrir neðan allar hellur enda eru í gangi dómsmál út af því hvernig ríkisstjórnin hefur einhliða svipt opinbera starfsmenn réttindum í tengslum við einkavæðinguna.

Sem sagt, allt þetta er aukaatriði í augum ríkisstjórnarinnar. Verðið sem fæst fyrir eignirnar, starfsemin sem í hlut á, fólkið sem vinnur þar. Nei, það er kreddan, það er af því bara. Einkavæða af því bara sem skiptir öllu máli. Það er meginniðurstaðan.

Auðvitað er það svo, hæstv. forseti, að maður tekur ekki nema mátulega alvarlega að hæstv. ríkisstjórn sé að burðast við að koma með þessi mál inn í desembermánuði þegar 5–6 vikur eru eftir af þinghaldinu og er þó næsta einkavæðingarmál hér á eftir af sama toga, Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins sem á að eyðileggja. Ég bind svo sannarlega vonir við að nú verði punkturinn settur yfir i-ið og ekki verði um frekari einkavæðingar að ræða sem Alþingi heimili, a.m.k. á þessu kjörtímabili, og síðan komist heilbrigðari viðhorf að í þessum að í þessum efnum á hinu næsta. Auðvitað er það svo að verkaskipting ríkis, sveitarfélaga og einkarekstrarins á á hverjum tíma að vera til endurskoðunar og endurmats. Sumar af þeim breytingum, sem gerst hafa á þessu kjörtímabili, gætu frá því sjónarmiði séð verið fullkomlega eðlilegar og ég gæti stutt þær. Ég tel til að mynda að það hafi í sjálfu sér verið allt í besta lagi að einkaaðilar tækju við rekstri eins og Gutenberg, ríkisprentsmiðjunnar sálugu, og Jarðborana sem ríkið átti með Reykjavíkurborg. Allt í góðu lagi fyrir mig og ég er fullkomlega tilbúinn til að ræða það enda sé þá þannig að því staðið að í fyrsta lagi fáist sanngjarnt og raunhæft verð fyrir fyrirtækin þannig að hin opinbera eign, eign almennings í landinu sé ekki gefin, ekki fyrir borð borin. Í öðru lagi skaðist starfsemin ekki og í þriðja lagi sé um þetta gott samkomulag við starfsfólk. En ýmsir aðrir þættir í þessu ofstæki ríkisstjórnarinnar eru mun alvarlegri þegar í hlut á viðkvæm starfsemi og þegar þessum þáttum er ekki sinnt eins og ég hef þegar gert grein fyrir, verðinu og högum starfsfólksins.

Ég held að lokum, hæstv. forseti, að það megi verða þeim mönnum umhugsunarefni sem trúðu á að hægt væri að gera málamiðlun eða semja við þessa ofstækismenn í einkavæðingu sem hér eru á ferð í ríkisstjórninni eins og í raun og veru fólst í afgreiðslu frv. hér í fyrra. Ég held að menn ættu að hugsa sig um. Það er ekki mikið komandi nálægt mönnum sem standa þannig að málum eins og hér ber raun vitni. Ég vona að eitthvað hafi fokið í þá framsóknarmenn við þá framkomu sem þeim er sýnd nokkrum mánuðum eftir að þeir voru ginntir til að standa að afgreiðslu þessa *máls með ríkisstjórninni um að selja helming fyrirtækisins* en ekki nema helming, þá er hér flutt frv. blygðunarlaust í kjölfar útsölunnar um að halda útsölu á hinum helmingnum. Ég óska hverjum þeim til hamingju sem ætlar að ganga í það verk með ríkisstjórninni að halda þessa brunaútsölu á leifunum af Lyfjaverslun ríkisins. Veskú segi ég bara.

[15:06]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Á bls. 14 í skýrslu Ríkisendurskoðunar segir að Ríkisendurskoðun hafi talað við ýmsa þá sem starfa í fyrirtækjum sem áður voru ríkisfyrirtæki og þar segir að nefnd hafi verið þessi atriði til sögunnar:

Meiri ábyrgðartilfinning stjórnenda og starfsmanna í sambandi við rekstur og afkomu fyrirtækisins sem þeir starfa hjá. Skjótvirkari ákvarðanataka. Stjórnendur einkavæddra fyrirtækja, sem rætt var við, töldu að

ríkisfyrirtæki hefðu liðið fyrir seinvirka ákvörðunartöku sem hefði m.a. valdið stöðnun og leitt til úreltra vinnubragða. Nokkuð var um að stjórnarmenn í ríkisfyrirtækjum væru taldir hræddir við að taka áhættu.

Meiri sveigjanleiki í starfsmannavali ásamt því að geta umbunað starfsmönnum fyrir vel unnið verk, annaðhvort í formi hærri launa eða annarra hlunninda.

Allt er þetta talið upp sem árangur þess að menn hafi farið í einkavæðingu á tilteknum fyrirtækjum og þegar lesið er um áhrif og árangur og það sem sagt er í þessari skýrslu eins og t.d. um einkavæðingarnefndina sjálfa á bls. 7 þar sem segir: „Að mati stofnunarinnar eru þessar reglur [sem einkavæðingarnefndin starfar eftir] vel til þess fallnar að stuðla að vönduðum framgangsmáta þegar kemur að sölu á fyrirtækjum í eigu ríkisins.“ Þegar þetta er haft í huga ætla ég að spyrja hv. þm. sem er þekktur andstæðingur einkavæðingar, einn af fáum sem er fullur af heilagri vandlætingu þegar um er að ræða einkavæðingu: Er hann sammála þessum viðhorfum sem þarna koma fram? Er hann sammála þeim viðhorfum sem koma fram í skýrslunni að í megindráttum hafi einkavæðingarstefnan gengið vel og skilað árangri eins og þarna er sagt og víðar í skýrslunni?

[15:07]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hér er vitnað með þeim hætti í skýrsluna af hálfu hæstv. fjmrh. að engu tali tekur. Hér er eingöngu verið að fjalla um einn afmarkaðan átt málsins sem er hin stjórnunarlega hlið í fyrirtækjunum. Auðvitað er ljóst að forstjórar vilja gjarnan hafa sem frjálsastar hendur. Þeir vilja til að mynda geta haft launamuninn í fyrirtækjunum eins mikinn og þeim sýnist. Ég skil vel að þeir óski eftir slíku frelsi, vilji ekki vera bundnir þeirri jafnlaunastefnu, ef svo skyldi kalla, sem felst í hinu opinbera launakerfi. Hvað er verið að segja þarna? Það er verið að segja að þeir muni geta borgað toppunum enn hærra kaup en væntanlega þeim á gólfinu enn þá lélegra kaup. Þannig vilji þessir snillingar, sem þarna hefur verið talað við, hafa það. Ég gef ekki mikið fyrir þá filósófíu, það segi ég alveg eins og er. Og ég gef ekki mjög mikið fyrir þessi rök. Ég tel að fjölmörg mjög vel rekin ríkisfyrirtæki afsanni þessi rök í sumum tilvikum. Þau geti átt við í öðrum. Ég leyfi mér að lýsa eftir því einkafyrirtæki sem er til að mynda í heildina tekið miklu betur rekið en Póstur og sími sem er að skila ríkissjóði 840 millj. í hagnað og sem er að byggja upp mjög fullkomið fjarskiptakerfi í landinu, sem heldur uppi nútímalegum og góðum fjarskiptum á Íslandi á einhverju lægsta verði sem þekkist í Evrópu við þær aðstæður sem hér er við að glíma í þeim efnum, fámenna þjóð í stóru landi. Mér er sem ég sjái allar silkihúfurnar í einkaframtakinu gera það betur og eru þar ekki að klúðra málum og lenda ekki í afbrotum líka. Svona röksemdafærsla, að það sé eitthvert lögmál að einkarekstur sé alltaf betri en ríkisrekstur, að menn hugsi alltaf skýrara ef hf. stendur fyrir aftan, ég gef bara ekkert fyrir það, ekki neitt. Þetta veltur á þeim mönnum sem þarna bera ábyrgð, hvernig þeir stjórna, hversu vel þeir eru starfi sínu vaxnir. Við höfum séð skandala og hneyksli í einkarekstri ekkert síður en í opinberum rekstri. Auðvitað er þar líka misjafn sauður í mörgu fé. Þetta eru engin rök í sambandi við frammistöðu hæstv. ríkisstjórnar í þessum efnum. Hér er að vísu eingöngu verið að ræða um einn afmarkaðan þátt málsins sem er stjórnunarhliðin þannig að þessi tilvitnun hæstv. fjmrh. var algerlega út í loftið.

[15:10]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ákvað að spyrja hv. þm. til þess að leiða það í ljós að grundvallarafstaða hans er gegn einkavæðingu. Nú er það svo að um heim allan hafa þjóðir, ríkisstjórnir reynt að gera það sem þær geta til þess að koma á einkavæðingu. Í raun er það svo að á vegum stofnunar eins og IMF er sagt að þær þjóðir sem eru að reyna mest að einkavæða séu þær þjóðir þar sem lífskjörum hefur farið mest fram.

Hv. þm. sagði hér að hann vonaðist til þess að sjá á næsta kjörtímabili heilbrigðari viðhorf, eins og hann orðaði það, en einkavæðingarviðhorfin. Ég held að full ástæða sé til þess að leiða þetta hérna fram vegna þess að þeir sem skilja að einkavæðing getur verið af hinu góða vita að það er gagnlegt að fá fólk til þess að gerast þátttakendur í atvinnulífinu með því að eignast hlut og einmitt á slíkum grundvelli og á markaðskerfinu hafa lífskjörin batnað. Það hefur heldur betur farið fram hjá hv. þm. ef það hefur farið fram hjá honum að á undanförnum árum og á síðasta áratug reyndar og fram á þennan dag hafa einmitt þau kerfi sem hafa byggt mest á miðstýringu, kerfi sem ég veit að hv. þm. er reyndar mjög hrifinn af, hafa verið að fara yfir um vegna skilningsleysis á því að það á að reyna að koma fyrirtækjum til almennings og gera almenning ábyrgan fyrir því sem er að gerast og reyna að knýja fram atvinnulífið með þeim hætti. Þetta hafa flestallir skilið, jafnt í hægri sem vinstri stjórnum í Vestur-Evrópu. Þetta skildu ekki gömlu kommúnistarnir í Moskvu en nú hafa nýir valdhafar tekið við og um allan heim hefur vaxið skilningur á því að þetta er nauðsynleg forsenda þess að við getum bætt lífskjörin.

Hér uppi á Íslandi stendur einn þingmaður Alþb. upp, 4. þm. Norðurl. e., og segist bíða eftir heilbrigðari viðhorfum. Þetta þurfti að koma fram. Þetta hefur komið fram í umræðunni og ég tel að það sé afar gott og brýnt að það hafi gerst.

[15:12]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég verð að segja að ég kann afar vel við vin minn hæstv. fjmrh. í þessum ham þegar hann er kominn aftur á kaldastríðsárin og málefnaleg rökræða af hans hálfu er í þessu formi sem hún var hér áðan. Vitnaleiðslur hæstv. fjmrh., eins og hann þurfi sérstaklega að standa í yfirheyrslum á vitninu Steingrími J. Sigfússyni til þess að fá fram hversu fornaldarlegar skoðanir hann hafi í viðhorfum til opinbers rekstrar og einkarekstrar, þær eru harla kostulegar. Staðreyndin er sú, hæstv. fjmrh., að ég hef hingað til getað talað fyrir mig sjálfan og ekki þurft hjálp til,

hvorki frá hæstv. fjmrh. né öðrum. Ég leyfi mér að stinga upp á þeirri verkaskipting hér eftir sem hingað til að hæstv. fjmrh. svari fyrir sig og ég fyrir mig, hæstv. fjmrh. reyndi að verja sínar gerðir og ég standi fyrir mínum skoðunum. Það skal ég gera.

Staðreyndin er auðvitað sú að það er kjaftæði að ég hafi verið einhver sérstakur andstæðingur einkavæðingar sem slíkrar. Ég tók m.a. fram í næstu ræðu á undan þeirri heimskulegu sem hæstv. fjmrh. hélt hér áðan að ég hefði ekkert athugavert séð við það að viss fyrirtæki væru einkavædd eins og Jarðboranir og Gutenberg og Ferðaskrifstofa Íslands þess vegna. Það hef ég margsagt og það liggur fyrir. Þetta eru því ekki merkileg vísindi sem hæstv. fjmrh. uppgötvar hér. En ég hef spurt í hverju tilviki, til hvers? Ég tel að það ráðist af eðli starfseminnar hvort skynsamlegt sé að hún sé rekin af einkaaðilum í ágóðaskyni eða ekki. Ég er á móti einkavæðingu í velferðarþjónustunni, það er rétt. Ég mun ekki samþykkja að t.d. einkaaðilum verði hleypt inn í viðkvæma þjónustu við almenning í velferðarkerfinu til þess að græða á því. Það stríðir gegn lífsskoðunum mínum. Það á ekkert skylt við einhvern afdankaðan kommúnisma eða miðstýringu „a la" Evrópubandalagið eða eitthvað því um líkt. Það er bara mín grundvallarskoðun að ekki eigi að gera sér slíka hluti eins og heilbrigði fólks eða menntun að féþúfu. Og það skulum við ræða á þeim grunni og með rökum, hæstv. fjmrh., en ekki þessari afdönkuðu Heimdallarútúrsnúningatækni sem hér var uppi áðan hjá hæstv. fjmrh.

Svo bið ég um orðið, hæstv. forseti, því ég hef mikinn hug á því að ræða þetta frekar við hæstv. fjmrh.

[15:14]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Það kemur nokkuð á óvart að hér skuli vera komið á dagskrá strax á þessu haustþingi frv. um Lyfjaverslun Íslands hf. þar sem eitt síðasta málið sem við afgreiddum á vorþinginu var heimild til ríkisstjórnarinnar að breyta Lyfjaverslun ríkisins í Lyfjaverslun Íslands hf., breyta fyrirtækinu í hlutafélag og með fylgdi heimild til þess að selja helming hlutafjárins á almennum markaði.

Þetta segi ég, virðulegi forseti, í tilefni orða hæstv. fjmrh., lokaorða í hans ræðu áðan þegar hæstv. ráðherra var með brýningarorð til þess sem hér stendur, formanns efh.- og viðskn., að sjá nú til þess að þetta fengi skjóta og góða afgreiðslu. (Gripið fram í.) Hæstv. ráðherra hlýtur að hafa tryggt að hann hefði stjórnarmeirihluta fyrir þessu máli og þurfi þar af leiðandi ekkert að vera upp á stjórnarandstöðuna kominn með framgang þess og ekki skal ég þvælast fyrir eðlilegri afgreiðslu málsins. Ég held hins vegar, virðulegur forseti, að miðað við forsögu málsins hefði hæstv. ráðherra átt að spara sér þessi frýjunarorð — og nú vænti ég þess að hæstv. ráðherra sjái sér fært að hlýða á mál mitt. Ég held, virðulegur forseti, að miðað við forsögu málsins hefði hæstv. ráðherra átt að spara sér þessi frýjunarorð.

Ég vil leyfa mér að minna eilítið á það hvernig það mátti til koma að þetta mál komst fram í tímaþröng. Það komst fram með því að við framsóknarmenn sömdum um það að styðja þetta mál því við skildum rökin fyrir því að breyta fyrirtækinu í hlutafélag. Við féllumst á að styðja málið þar sem við komum því inn að það yrði einungis helmingurinn af hlutafénu seldur án þess að til kæmi heimild frá Alþingi. Á þeim tíma datt mér ekki í hug að samkomulag við hæstv. fjmrh. og hæstv. ríkisstjórn væri ekki meira virði en nú er að koma í ljós því ég geri engan greinarmun á því hvort þetta er selt í einu lagi með því móti að það hefði allt verið sett í sölu 17. nóv. eða helmingurinn þá og síðan eigi að koma og biðja um lagaheimild fyrstu daga í desember til þess að klára alla söluna fyrir áramót. En það mun vera hugsunin á bak við þetta að klára að selja þetta að fullu fyrir áramót. Ég tel að þarna sé bæði verið að koma aftan að þeim sem studdu þetta mál á síðasta vori og sömuleiðis sé ekki verið að gæta hagsmuna ríkisins.

Það eru vægast sagt furðuleg rök sem stundum koma upp hjá hæstv. ríkisstjórn þegar rætt er um sölu á eignum ríkisins. Það veitti ekkert af að það kæmi einn og einn inn í þinglið Sjálfstfl., ég tala nú ekki um inn í ráðherrahópinn sem hefði einhvern snefil af viti á því hvernig kaupin ganga á eyrinni hjá fyrirtækjum sem eru á almennum markaði. Það vekur eilitla athygli þegar litið er á einkavæðingarnefndina, þar eru gegnar og góðar persónur, en ég spyr: Hvaðan hafa þeir einstaklingar reynslu af hinum almenna markaði utan úr atvinnulífinu íslenska? Enga. Ekki nokkra. Ég tel reyndar að tillögur og málflutningur ráðgjafa ríkisstjórnarinnar og reyndar þá ríkisstjórnarinnar sjálfrar mótist mjög af þessu.

Ég endurtek það sem ég sagði áðan að við framsóknarmenn skildum rökin fyrir því að breyta Lyfjaversluninni í hlutafélag, m.a. vegna þeirra samstarfsverkefna sem Lyfjaverslun ríkisins og nú Lyfjaverslun Íslands hf. er að fara í og er komin í á erlendri grundu.

Ég vil til viðbótar við þetta segja að það er mín skoðun að lyfjaverslun hafi eilitla sérstöðu vegna þess að það er einu sinni þannig að 70% af andvirði allra lyfja sem eru í verslun hér á landi eru greidd af ríkinu. Þess vegna tel ég að það beri að skoða hvort ekki sé æskilegt að ríkið eigi áfram ítök í einu fyrirtæki á þessum markaði. Ég hef að vísu kynnt mér það um þau álitamál sem uppi voru í fyrra varðandi birgðahald á dreypilyfjum og birgðahald fyrir almannavarnir að um þau mál hefur verið samið og ég tel að þau séu eftir atvikum komin í eðlilegt horf. En ég ítreka það, virðulegur forseti, að ég kann ekki við þessi vinnubrögð hjá hæstv. ríkisstjórn, hjá hæstv. fjmrh., og vitna til þess aftur og enn á hvern hátt hæstv. ráðherra kom þessu máli í gegn á vorþinginu. Ég vitna til þess líka að það var með stuðningi okkar framsóknarmanna að Áburðarverksmiðju ríkisins var breytt í hlutafélag á síðasta vori og fyrir því taldi ég og tel enn að séu full rök og séu í raun meiri líkur fyrir því að það takist að halda þeirri starfsemi hér á landi áfram eftir að sú breyting var komin í gegn.

Virðulegur forseti. Ég vil síðan fara nokkrum orðum um þau sjónarmið sem ég hef sett fram varðandi einkavæðingu. Ég viðurkenni þau rök að í mörgum tilfellum er æskilegt að breyta um rekstrarform þannig að reksturinn sé í sama formi og annar rekstur í landinu. Það er hins vegar mín skoðun og hún er staðfest í skýrslu Ríkisendurskoðunar að það hafi vantað skýrari markmið hjá stjórnvöldum um það hvaða tilgangi breyting á fyrirtækjum í eigu ríkisins á að þjóna. Þetta dæmi sem við stöndum frammi fyrir núna sýnir að þar er engu að treysta. Það var búið að ná fram því markmiði að breyta rekstrarformi Lyfjaverslunarinnar. Hún hafði þar af leiðandi alla möguleika til þess að vinna á almennum markaði. Eignaraðildin var orðin það dreifð með sölu helmingsins að hún komst inn á almennan markað þannig að það var ekki það sem þurfti á að halda.

Ég vil leyfa mér að fullyrða að eftir þær viðtökur sem salan á hlutabréfunum fékk í síðasta mánuði mundi ekki nokkur maður úti á hinum almenna markaði ákveða það að selja samstundis afganginn af fyrirtækinu á sama verði. Hvað þýðir það? Hvað þýðir þessi mikla eftirspurn eftir hlutabréfum í fyrirtækinu? Að mínu mati þýðir hún m.a. að það er verið að selja á undirverði. Ef eftirspurnin er svona mikil þá hljóta að vera yfirgnæfandi líkur á því að á eftirmarkaði hækki verðgildi þessara hlutabréfa.

Ég veit ekki hvað yrði gert og hvaða örlög stjórnandi einkafyrirtækis fengi sem ryki út í aðgerðir sem þessar. Ég er nánast viss um það að hann fengi fyrirmæli frá sinni stjórn um það að bíða og sjá til hvaða verð þessi bréf mundu taka á almennum markaði. Og með því, ef það er einlægur vilji og trú hæstv. ráðherra að það eigi að selja þetta, þá væri hægt að ganga úr skugga um það hvort ekki fengist fyrir bréfin hærra verð.

Virðulegur forseti. Ég ætla að leyfa mér að vitna óbeint í skýrslu sem var verið að kynna fyrir helgina um fjárreiður ríkisins, Ný uppbygging ríkisreiknings og fjárlaga. Í henni eru margar nýjungar sem ég tel vera til bóta. Í stuttu máli snýst málið um það að færa uppsetningu á ríkisreikningi og allri fjármálameðferð ríkisins nær því sem gerist á hinum almenna markaði og á því tel ég vera fulla þörf. Ég ætla m.a. að setja það inn í það samhengi varðandi einkavæðingu núv. ríkisstjórnar þar sem það hefur verið sett inn í fjárlög hvort sem það eru 1.100 millj. eða 1.500 millj., við skulum halda við okkur 1.100 millj., fjmrh. (**Fjmrh.:** 1992.) 1.100 millj. árið 1992. (**Fjmrh.:** 1.500 millj. árið 1993.) 1.500 árið 1993. (**Fjmrh.:** 500 árið 1994.) Já. Þá eru markmiðin upp á 3,1 milljarð á þessum þremur árum. Þá er dæmið sett þannig upp að ef þetta hefði náðst þá hefði verið hægt að lækka ríkissjóðshallann sem þessu næmi, þ.e. 1.100 millj. eitt árið, 1.500 annað og 500 það þriðja. En hvernig liti þetta út ef um hefði verið að ræða fyrirtækið ríkissjóð, ef hann hefði lotið sömu lögmálum og önnur fyrirtæki á hinum almenna markaði? Ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. fjmrh. að því.

Ef ríkissjóður lyti sömu uppgjörsreglum og hin almennu fyrirtæki hefði hæstv. ráðherra þá getað sett þetta upp á þennan hátt og skráð það inn á rekstrarreikning fyrirtækisins ríkissjóður það ár sem salan fór fram? Nei, það hefði ekki verið hægt. Og þarna komum við að veilunum í þessu öllu saman að það er ekkert horft á annað en fjárlög og niðurstöður fjárlaga. Það er ekkert horft á hvað þetta þýðir gagnvart þeim eignum sem Alþingi og ríkisstjórn bera ábyrgð á. Þannig getur ríkissjóður verið að selja fyrirtæki, selja eignir í raunverulegu bullandi tapi, langt undir því sem búið var að leggja í viðkomandi fyrirtæki eða eign en slegið því svo upp í fjárlögum að af þessu sé einhver hundruð milljón króna gróði. Þetta mundi ekki gerast svona í almennu fyrirtæki. Það yrði skoðað í hverju eignin stæði í efnahagsreikningi og ef það væri verið að selja undir því verði þá kæmi ekki inn á rekstrarreikninginn andvirði sölunnar heldur kæmi tapið sem næmi því hvað salan væri lægri heldur en bókfært verð eignarinnar.

Þetta held ég að sé eitt af stóru vandamálunum í meðferð á opinberu fé og opinberum eigum í dag að það er ekki horft á það hvernig menn fara með eignirnar. Þess vegna finnst mér það kannski stóra gatið í þessum tillögum sem voru lagðar fram í síðustu viku að þar eru ekki settar fram nógu góðar tillögur að mínu mati um samhengi annars vegar eignabreytinga og eigna ríkisins og hvernig það síðan kemur fram í rekstrarreikningi ríkisins.

En í þessu máli eins og öðrum, og það á við varðandi sölu þessara ríkisfyrirtækja á þessu kjörtímabili, þá hefði ekkert veitt af því að sjónarmiða utan úr hinum almenna rekstri hefði gætt meira við þessa vinnu. Það er athyglisvert að í þeim flokki sem gjarnan á góðri stund telur sig vera málsvara atvinnulífsins, Sjálfstfl., skuli vera jafnlítið um slík sjónarmið innan búðar og þar skuli vera jafnfátæklegt af mönnum með almenna reynslu úr atvinnulífinu og raun ber vitni.

Ég ætla, virðulegur forseti, að koma að skýrslu Ríkisendurskoðunar um sölu á fyrirtækjum í eigu ríkisins. Ég byrja á að vitna óbeint í ræðu hæstv. fjmrh. áðan. Þar kom greinilega fram það sjónarmið sem hefur að undanförnu endurspeglast í ummælum hæstv. ráðherra um skýrslu Ríkisendurskoðunar. Hæstv. ráðherrum þykir gott að vitna í það sem kemur þeim vel en gagnrýna síðan harðlega allt annað. Ég held, virðulegur forseti, að það sé ekki svo að bara það sé rétt í þessum skýrslum sem kemur viðkomandi ráðherra vel en hitt sé allt gagnrýni vert. Ég trúi því reyndar að ríkisendurskoðandi og hans fólk vinni þessar skýrslur samviskusamlega. Það var afar athyglisvert að heyra fjmrh. lýsa eiginlega yfir hneykslun sinni yfir því áðan á því að Ríkisendurskoðun skyldi ekki vera búin að draga til baka skýrslu sína um sölu á SR-mjöli. Ég held að framkvæmdarvaldinu væri nær að sýna þessari stofnun þó ung sé eilítið meiri virðingu en kemur fram í þessum orðum. Ég get hins vegar tekið undir það með hæstv. ráðherra að það gengur ekki ef einstakir ráðherrar ætla að nota Ríkisendurskoðun til að gefa syndaaflausn. Það hefur aldrei verið hlutverk hennar.

Það var einnig athyglisvert að heyra þá skoðun hæstv. ráðherra áðan að Ríkisendurskoðun ætti ekki að leggja mat á neitt annað en tölulegar upplýsingar og tölulegar staðreyndir sem ég skildi þannig að hæstv. ráðherra væri að gagnrýna Ríkisendurskoðun þar sem hún leggur huglægt mat og/eða kallar eftir pólitískri stefnumörkun sem Ríkisendurskoðun finnst ekki vera skýr. Það er einmitt það sem kemur fram í þessari skýrslu ef ég má vitna í skýrsluna, með leyfi forseta. Hér stendur:

„Það sem að mati Ríkisendurskoðunar hefur helst torveldað framkvæmd þessara mála er að markmiðssetning stjórnvalda hefði mátt vera skýrari. Þetta á ekki síst við um það atriði hvort hámarka skuli tekjur af sölu eða hvort önnur sjónarmið, ósamrýmanleg þessu, eigi að hafa meira vægi."

Þetta er nokkuð hörð gagnrýni af hálfu Ríkisendurskoðunar. Ríkisendurskoðun er að segja með þessari setningu að markmið einkavæðingar ríkisstjórnarinnar sé óljóst. Undir það tek ég eins og ég sagði fyrr í minni ræðu.

Það er ekki hægt að treysta hæstv. ríkisstjórn í þessum málum vegna þess að hún grautar öllu saman. Það er allt í sama potti hvort sem ástæðurnar eru þær eins og var með Lyfjaverslunina að það var augljóslega nauðsynlegt að breyta henni í hlutafélag. Það er hins vegar annað mál og óskylt að hve miklu máli á að selja hana. Þessu hefur ríkisstjórnin öllu grautað saman og tilraunum, eins og við framsóknarmenn gerðum á síðasta ári, til að koma einhverju viti í þetta er umsvifalaust klúðrað. Það eru ekki traustvekjandi vinnubrögð. Þeir aðilar sem svona vinna eru langt frá því að mínu mati að vera traustvekjandi samstarfsaðilar í pólitík. Ég verð nú bara að segja það.

Ef ég held síðan aðeins áfram og vitna í þessa skýrslu af handahófi þá segir á bls. 11, með leyfi forseta, þar sem rætt um Þróunarfélag Íslands hf.:

„Að mati Ríkisendurskoðunar vekur þessi sala upp þá spurningu hvort stundum sé of hratt farið í sakir við sölu fyrirtækja í eigu ríkisins. Í sumum tilvikum kann að vera skynsamlegra að bíða með sölu í þeirri von að hærra verð kunni að bjóðast síðar."

Hér er Ríkisendurskoðun að segja að í þessu tilfelli hafi menn flýtt sér svo mikið við söluna að væntanlega hafi menn ekki fengið það fyrir þessa eign sem hægt hefði verið að öðrum kosti.

Ef ég held áfram þá kem ég að Íslenskri endurtryggingu hf. Þar segir, með leyfi forseta:

„Miðað við þessa forsendu sýnist engu að síður sem hagsmuna ríkisins hefði verið betur gætt með því að selja hlut ríkissjóðs í fyrirtækinu ekki að svo stöddu."

Hér kemst Ríkisendurskoðun að þeirri niðurstöðu að betra hefði verið að selja ekki og þannig hefði hagsmuna ríkissjóðs verið gætt sem best.

Þriðja tilvitnunin sem ég ætla að grípa hér niður í, með leyfi forseta, er um SR-mjöl hf.:

„Samanburður á mati tilboðsgjafa á framtíðartekjuvirði SR-mjöls hf. og mati Verðbréfamarkaðar Íslands hf. benti til að verðmæti fyrirtækisins hafi verið hærra en nam söluverði bréfanna."

Hér er bara sagt beinum orðum: Fyrirtækið var selt á undirverði.

Ég ætla þá næst, virðulegur forseti, að leyfa mér að vitna í þessa skýrslu á öðrum stað og kannski er þar sem hæstv. ríkisstjórn svíður undan. Ríkisendurskoðun gerist svo ósvífin, sjálfsagt að mati ríkisstjórnarinnar, að vitna í hvítbók ríkisstjórnarinnar. Þar stendur, með leyfi forseta, og tekur Ríkisendurskoðun það beint upp úr hvítbókinni, Viðeyjarsáttmálanum:

„Markmið þessara ráðstafana [hér er verið að ræða um einkavæðinguna] er að breyta hagkerfi okkar í nútímahorf og losa það úr viðjum pólitískrar ofstjórnar. Þær miða einkum að því að farið sé vel með það fé sem þjóðin leggur í sameiginlegan sjóð."

Nú, virðulegur forseti, ætla ég að leyfa mér að endurtaka þessa setningu: „Þær miða einkum að því að farið sé vel með það fé sem þjóðin leggur í sameiginlegan sjóð. Þannig veitist stjórnvöldum raunverulegt svigrúm til að sinna af kostgæfni þeim félagslegu markmiðum sem þau hafa sett sér."

Þetta er í hvítbókinni og því betur tilheyrir þetta sögunni von bráðar. En hver er svo reyndin? Hvað segir Ríkisendurskoðun? Hvað segja þær tilvitnanir sem ég las upp áðan? Þær segja allar þrjár að ríkisstjórnin brást því hlutverki sínu að varðveita eigur ríkissins. Í öllum þessum þrem tilfellum kemst Ríkisendurskoðun að þeirri niðurstöðu að hagsmuna ríkisins hefði verið betur gætt með öðrum hætti en þarna var gert. Í tveim tilfellunum að bíða með söluna og í því þriðja að menn fóru fram með svo miklu offorsi fyrir síðustu áramót að það láðist að verðmeta og setja raunverulegan verðmiða á SR-mjöl. Því var ruslað út á nokkrum dögum fyrir síðustu áramót. Sem síðan sýndi sig nokkrum vikum seinna og hlýtur að hafa komið algerlega í bakið á hæstv. sjútvrh., að allur hamagangurinn að koma þessu út fyrir áramótin byggðist á því að nýju eigendurnir þurftu að nota hagnað frá árinu 1993, skipta honum upp með sér til þess að borga með fyrir fyrirtækið. Minnir þetta á fræga sölu á Olís fyrir nokkrum árum.

Að mínu mati er þessi ferill ekki mjög glæsilegur.

Það er athyglisvert að lesa upp úr þessari hvítu bók, með leyfi forseta:

„Markmið þessara ráðstafana er að breyta hagkerfi okkar í nútímahorf og losa það úr viðjum pólitískrar ofstjórnar."

Hvenær skyldi þetta hafa verið skrifað? Ætli það hafi verið í byrjun viðreisnar? Var þetta á þeim tíma eða kannski enn þá fyrr? Nei, þetta var skrifað árið 1991, þegar búið var næstu ár á undan að gera grundvallarbreytingar á okkar fjármálakerfi og okkar hagkerfi þannig að á þeim tíma stóð ekkert það eftir sem gaf ástæðu til að gefa út yfirlýsingu af þessari stærðargráðu. Staðreynd málsins er nefnilega sú að umfang ríkisrekstrar hér á landi umfram það sem er hið lögboðna hlutverk ríkisins og snýr að þeirri samhjálp sem nánast allir eru sammála um að halda uppi er ekkert mikið og var í upphafi ferils þessarar ríkisstjórnar mun minna en í til að mynda löndum eins og Frakklandi. Maður skilur eiginlega ekki þessa stóru yfirlýsingu. Það voru engin þau tilefni til hinnar stóru einkavæð-

ingar hér á landi. Enda kom í ljós að það stóð ekkert á bak við fyrirheit sem gefin hafa verið í fjárlögum um stóra sölu á ríkiseignum.

Málið liggur allt þannig fyrir að mínu mati að hér er sígandi lukka best. Það ætti að eiga við í því máli sem hér er til umræðu að nú þegar búið er að selja helminginn og þau bréf komin út á frjálsan markað þá væri langsamlega skynsamlegast bæði út frá framtíðarhagsmunum fyrirtækisins og út frá hagsmunum ríkisins að doka nú við, leyfa þessum bréfum að taka verð á almennum markaði og sjá síðan til með framhaldið. Að mönnum gefist tóm til að velta því fyrir sér hvort ástæða sé til að ríkið hverfi að fullu og öllu út úr fyrirtækjarekstri með lyf og framleiðslu á lyfjum. En eins og ég sagði fyrr þá er hægt að færa fyrir því rök að það geti verið skynsamlegt að ríkið sé þar að einhverju leyti inn í einfaldlega vegna þess, eins og ég sagði áður, að greiðsla fyrir lyf kemur 70% úr ríkissjóði.

Virðulegur forseti. Það mætti síðan í framhaldi af þessu vitna í umræðu um aðra hluti, til að mynda einkavæðingu ríkisbankanna. Ég gríp aftur niður í gögn frá núv. ríkisstjórn. Í framsöguræðu hæstv. forsrh. á Alþingi hinn 6. des. 1991, vegna frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum 1992, segir m.a., með leyfi forseta:

„Undirbúin verði sala á hluta ríkisins í Ferðaskrifstofu Íslands, Bifreiðaskoðun Íslands, Endurvinnslunni hf., Gutenberg hf. og Sementsverksmiðjunni. Búnaðarbanka Íslands verður breytt í hlutafélag í upphafi næsta árs og hafin sala á hlut ríkisins í honum." (**Gripið fram í:** Hvaða ár var það?) Þetta er 6. des. 1991. Þar segir hæstv. forsrh. að Búnaðarbankanum verið breytt í hlutafélag í upphafi næsta árs, væntanlega þá í ársbyrjun 1992 og sala hlutabréfa hafin. Saga einkavæðingar ríkisstjórnarinnar er því afar skrautleg.

Það sama á við um ríkisbankana og reyndar Póst og síma hvað mín sjónarmið snertir að ég get séð full rök fyrir því að breyta um rekstrarform á þessum fyrirtækjum, gera þau öll að hlutafélögum. Ég er hins vegar algjörlega andvígur því að þau séu seld og sé engin rök fyrir því. Að fenginni reynslu mundi ég ekki treysta mér til að vinna að þessum málum undir forustu ráðherra í núv. ríkisstjórn þar sem tilgangurinn helgar meðalið. Þar sem tilgangurinn er ekki sá að gera þessi fyrirtæki sveigjanlegri og hæfari til rekstrar heldur þar sem tilgangurinn er sá að selja þau.

Ég hef sagt áður að ég gæti alveg hugsað mér að sjá nýtt rekstrarform sem héti ríkishlutafélag og væri hlutafélag sem lyti öllum sömu lögmálum og hlutafélög en hefði það í sínum samþykktum og markmiðum að vera áfram að fullu í eigu ríkisins. Ég held að reynsla okkar nágranna sýni að ríkið kemst ekkert undan ákveðinni ábyrgð á fjármálamarkaðnum og miðað við aðstæður í okkar litla þjóðfélagi þá held ég að skynsamlegt væri að ríkið ætti þessa banka áfram. Það er síðan aftur álitamál og skoðunarmál hvort það ætti að sameina þá í einn ríkisbanka, en ég ætla ekki að fara út í þá umræðu hér.

Virðulegi forseti. Ég ætla að nefna hér eitt mál sem kom mér eilítið á óvart hjá hv. 4. þm. Norðurl. e. Hann sá ekkert athugavert við það að Jarðborunum ríkisins væri breytt í hlutafélag. Ég sé í sjálfu sér ekkert athugavert við það en ég sé ýmislegt athugavert við framkvæmd þess máls. Þar gerðist það að fyrirtækinu var breytt í hlutafélag og hefur með aðstoð ríkisins eftir að sú breyting átti sér stað náð algerri einokunarstöðu hér á landi. Ég fylgdist eilítið með því þegar núv. ríkisstjórn beitti áhrifum sínum, þegar forsrn. beitti áhrifum sínum inni í Byggðastofnun sem hafði eignast eina samkeppnistækið sem til var í landinu og gat veitt Jarðborunum ríkisins einhverja samkeppni, þegar formaður einkavæðingarnefndar beitti sér fyrir því, væntanlega í umboði forsrh., að Byggðastofnun seldi Jarðborunum ríkisins eina tækið sem var til í landinu og gat keppt við þá, bor sem hafði unnið á vegum einkaaðila í nokkur ár og m.a. í upphafi haft veruleg áhrif á verðlagningu á jarðboran hér og reyndar á varanlegan hátt en ríkisfyrirtækið, á seinni stigum orðið hlutafélag, beitti afli sínu með ósæmilegum undirboðum og að lokum beitti ríkið afli sínu til þess að afhenda þessu einkafyrirtæki sínu eina tækið sem til var í landinu og gat keppt við það. Þarna finnst mér að sé um að ræða dæmi þar sem einkavæðing hefur algerlega snúist yfir í andhverfu sína. Ég átta mig reyndar ekki á því hvort hægt hefði verið að bregðast við þessu í dag með nýjum samkeppnislögum en þau munu væntanlega ekki hafa verið komin í gildi þegar Byggðastofnun var nánast þvinguð til þess að selja Jarðborunum ríkisins þetta tæki. Það eru því ýmsar hliðar á þessu máli, virðulegi forseti.

En að lokum segi ég það sem mína skoðun að það verður að vera algerlega á ábyrgð hæstv. ríkisstjórnar og þess meiri hluta sem styður hana að koma málum hér áfram varðandi breytingu á lögum um Lyfjaverslun ríkisins miðað við forsögu málsins. Miðað við það samkomulag sem við framsóknarmenn töldum okkur hafa gert við hæstv. fjmrh. á síðasta vori þá endurtek ég það sem ég sagði í upphafi ræðu minnar: Ég mundi ekki í sporum hæstv. ráðherra vera með þau frýjunarorð sem hann var með hér áðan.

Ég get hins vegar sagt það hér og nú að að sjálfsögðu mun ég ekki sem formaður nefndarinnar þvælast fyrir afgreiðslu málsins. En hæstv. ráðherra verður að eiga það við sína menn og ég verð að segja alveg eins og er að miðað við hvernig samstarf gengur á því heimili, stjórnarheimilinu, þá finnst mér afar litlar líkur á að þetta mál komist fram og raunar afar lítil rök til þess að vera að taka þetta mál í vinnu þingsins fram yfir skattafrumvörpin ef og þegar þau koma fram.

[15:49]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil taka það skýrt fram vegna orða hv. síðasta ræðumanns að ég kannast ekki við það, ég skal ekki útiloka að það sé einhver misskilningur af minni hálfu, að ég hafi rofið samkomulag eða farið í bakið á einhverjum þegar ég legg þetta frv. fram sem hér er til umræðu. Ég rakti það í minni framsögu-

ræðu að í umræðum sem urðu, bæði á þingi og eins á milli manna, var á það fallist að frv. var breytt í nefnd, frv. var breytt á þann veg að ekki var heimilt að selja allan hlut ríkisins heldur skyldi ráðherra vera heimilt að selja helming hlutabréfanna strax en til þess að selja síðari helminginn yrði að leita samþykktar Alþingis. Hugmyndin var í upphafi að gera það þannig að setja það í 6. gr. fjárlaga eins og venja er til um og skýrt kemur fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar að oft hefur verið gert. Það var og gert. Það kom fram í því frv. eins og eðlilegt má teljast.

Ástæðan fyrir því að nú er lagt fram sérstakt frv. er sú að salan gekk betur en nokkur þorði að vona og það er niðurstaða þeirra sem um þessi mál hafa fjallað að það sé heppilegt að nota tækifærið núna þegar markaðurinn er með þessum hætti til þess að selja seinni partinn. Ég kannast ekki við það að ég hafi nokkurn tíma gert samkomulag, hvorki við framsóknarmenn né aðra, um að lofa því að koma ekki með frv. þessa efnis fyrr en eftir einhvern tiltekinn tíma. Það mál vel vera að það hafi verið í huga einhverra framsóknarmanna eðlilegt og eðlileg niðurstaða, en ég kannast ekki við það að ég hafi gert það samkomulag. Af því að ég hafði heyrt þetta þá talaði ég við einn fulltrúa Sjálfstfl. í nefndinni, reyndar fyrrum formann nefndarinnar. Hann kannaðist ekki við að slíkt samkomulag hefði verið gert og vann hann í nefndinni að þessu máli eins og menn vita.

Hér er áreiðanlega um einhvern misskilning að ræða og það var alls ekki meiningin að fara í bakið á einum eða neinum. Þetta vil ég taka skýrt fram.

[15:52]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Nú talar hæstv. ráðherra um misskilning. Ég vísa því algerlega til föðurhúsanna og spyr á móti: Hver skildi þetta þannig að það gæti komið upp sú staða að lögð yrði fram beiðni um að selja seinni hlutann af fyrirtækinu samhliða því að salan á fyrri hlutanum færi fram? Það datt bara ekki nokkrum manni slíkt í hug. (**Fjmrh.:** Það hefur ekki verið gert.) Það hefur ekki verið gert, segir hæstv. ráðherra. Að sjálfsögðu hefur það verið gert og ég geri engan greinarmun á því þó að það gerist tveim vikum eftir að sala fer fram. Það er verið að tala um það að selja fyrirtækið allt saman núna á því verði sem sett var á fyrri hlutann. Og rökin eru að mínu mati að hluta til fjarstæðukennd. Rökin eru þau þar eð fyrri hluti fyrirtækisins rauk út á þessu verði þá eigi að selja það allt á því verði.

Nú bið ég hæstv. fjmrh. að fara út á hinn almenna markað, inn í fyrirtæki sem eru að sýsla við og selja eigur sínar, og athuga hvort einhverjum manni þar dytti í hug að gera þetta.

Hvers vegna seldust bréfin svona vel? Ef við lítum á það út frá markaðssjónarmiðum, sem ég vil trúa að ráði, þá er það vegna þess að menn álita að þau séu boðin á góðu verði. Það hníga öll rök að því miðað við þessa skjótu og snöggu sölu að þau séu á undirverði. Allir þeir sem væru að huga að að fara vel með sínar eigur vildu bíða og sjá hvaða verð þessi bréf tækju á almennum markaði áður en rokið yrði til þess að selja afganginn. Það á ekki við um ríkið. Vegna þess að útsalan gekk vel á 50% þá á að selja hin 50% líka. Þetta kalla ég, virðulegi forseti, hundalógík.

[15:54]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég kom hér í ræðustólinn til þess að segja það og ætla að endurtaka það að ég kannast ekki við að gert hafi verið neitt samkomulag um að ekki mætti leggja fram frv. um að selja síðari hluta bréfanna fyrr en eftir einhvern tiltekinn tíma, það kannast ég ekki við. Það er rangt að halda því fram að það sé verið að selja eitthvað samhliða þegar ljóst er að fyrri hlutinn, þ.e. helmingurinn sem má selja samkvæmt lögum, hefur þegar verið seldur fyrir nokkrum vikum. Það er ekki samhliða sala. Það er sala sem hefur þegar átt sér stað.

Það getur vel verið að verðið á hlutabréfunum hækki eða lækki innan tíðar, það er eðli markaðarins sem bara ræður því. En það er áreiðanlega víst að á þessari stundu er mjög heppilegt að selja bréf í þessu fyrirtæki. Það eru margir sem vilja fá bréf, m.a. vegna þess að fá bréf eru á boðstólum og þess vegna vill fólk kaupa þessi bréf. Það er engin trygging fyrir því að ríkið fái betra verð þótt síðar verði.

Í öðru lagi, og það er líka mikilvægt í þessu sambandi, þá varð um það samkomulag, gott samkomulag hélt ég, að það ætti að reyna að hafa sem víðtækasta eignaraðild að þessu fyrirtæki til að freista þess að það lenti ekki í höndum keppinautanna. Ég tel það svo mikils virði að nota þetta markaðsástand núna að ástæða sé til að koma inn með þetta frv.

Það sem hins vegar hefur ruglað þessa umræðu og ég ætla ekkert að kvarta undan því, það er ekkert óeðlilegt, er að um sama leyti kemur fram skýrsla Ríkisendurskoðunar um allt aðra hluti, þ.e. það er hvergi minnst á sölu þessara bréfa í þeirri skýrslu. Umræðan hérna snýst að langmestu leyti um það. Það er svo allt annað mál og það verður auðvitað að taka sinn tíma og hefði tekið tíma þótt þetta frv. hefði ekki komið fram. Það eru engin frýjunarorð af minni hendi að óska eftir því að málið fái snögga afgreiðslu. Það er þvert á móti nauðsynlegt ef frv. er einhvers virði. Ef frv. nær ekki fram fyrir jól þá er alveg eins gott að styðjast við heimildina í 6. gr. fjárlagafrv.

[15:56]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Um það hvernig bar að skilja þá brtt. sem samþykkt var við frv. í fyrra. Auðvitað ber að skilja það þannig að fyrir henni hafi verið efnisleg rök, að það væri ekki ástæða til að selja fyrirtækið allt í einu. Það sem er hins vegar verið að gera núna og ríkisstjórnin stefnir að er að hefja sölu fyrirtækisins seinni hluta nóvembermánaðar 1994 og hafa lokið henni fyrir áramót. Sem sagt selja það allt saman í einu. Það eru staðreyndir málsins.

Að sjálfsögðu voru fyrir því efnisleg rök að við sem studdum frv. töldum að það væri ekki skynsamlegt að selja fyrirtækið allt í einu, m.a. þau að tryggja að það

félli ekki í hendur samkeppnisaðila. Ef hæstv. ráðherra er svona mikið í mun að tryggja það, þá er ein pottþétt aðferð til þess og það er að hætta við frekari sölu á fyrirtækinu og láta standa eftir 50% eignaraðild ríkisins. Það er hin eina trygging sem hægt er að setja fyrir þessu og ég sé í sjálfu sér ekkert sem mælir á móti því að svo væri nú um sinn. Öðrum markmiðum um að breyta rekstrarforminu, gera það sveigjanlegra, gera það hæft til þess að taka þátt í erlendu samstarfi hefur verið náð og það voru þau markmið sem ég lagði höfuðáherslu á varðandi framlagningu þessa máls.

En nú, virðulegi forseti, er þetta mál komið inn í það að þetta er orðinn hluti af trúarbrögðunum. Nú helgar tilgangurinn meðalið. Það á að selja sölunnar vegna.

Umræðu frestað.

Útbýting þingskjala:

Framleiðsla og sala á búvörum, 175. mál, nál. landbn., þskj. 311.

Sameining Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda, 174. mál, nál. landbn., þskj. 310.

Tilraunastöð í jarðrækt á Reykhólum, 104. mál, nál. landbn., þskj. 309.

Lyfjalög, 2. umr.

Frv. heilbr.- og trn., 221. mál (lyfsala dýralækna, eftirlit, hámarksverð o.fl.). — Þskj. 256.

[16:00]

Frsm. heilbr.- og trn. (Gunnlaugur Stefánsson):

Hæstv. forseti. Þar sem þetta mál er flutt af hálfu hv. heilbr.- og trn. var samkvæmt þingsköpum ekki gerð tillaga um að málið færi til nefndar að lokinni 1. umr. og um það var mjög gott samkomulag.

Í framsögu minni fyrir málinu og í umræðum um málið við 1. umr. gerði ég ítarlega grein fyrir efni þessa frv. Ástæðulaust er að fara yfir það aftur núna. Ég vil samt geta þess að þetta mál hefur nú verið rætt á tveimur fundum hv. heilbr.- og trn. eftir að 1. umr. lauk þrátt fyrir að málinu hafi ekki verið vísað þangað formlega. Ég vil láta það koma fram að þeir hv. þm. sem standa að flutningi frv. með fyrirvara hafa ítrekað fyrirvara sinn þar í þeim umræðum sem þar hafa farið fram. Samt hefur ekkert það komið fram í umræðum og vinnu nefndarinnar sem gefur tilefni til að breyta um innihald frv. Því vænti ég að áfram geti verið góð samstaða að afgreiða þetta frv. sem lög frá Alþingi. Hér er stórt og alvarlegt vandamál við að etja sem verður að finna lausn á. Þetta er flókið mál en það sem er haft að leiðarljósi er að staðfesta í megindráttum þá skipan sem hefur gilt hér á landi um langt árabil um sölu dýralyfja á vegum dýralækna. Ég bind því vonir við að sú skipan, sem frv. kveður á um og við höfum góða reynslu af, og frv. til lyfjalaga í upphafi á síðasta þingi síðasta vetur gerði ráð fyrir, megi verða að lögum að lokinni 3. umr.

Virðulegur forseti. Ég hef ekki meira um þetta mál að segja að sinni en óska eftir að að lokinni 2. umr. verði málinu vísað til 3. umr.

[16:02]

Sigríður A. Þórðardóttir:

Virðulegi forseti. Frv. það sem hér er til umræðu er flutt af heilbr.- og trn. vegna vandkvæða, sem fram hafa komið í kjölfar nýrra lyfjalaga, og snerta framkvæmd laganna um afgreiðslu og sölu dýralyfja og þjónustu dýralækna við bændur í þeim efnum.

Sú sem hér talar, nefndarmaður í heilbr.- og trn., er með fyrirvara hvað þetta frv. varðar, bæði hvað varðar að gera dýralækna að lyfsölum með þeim hætti sem frv. gerir ráð fyrir og einnig að það standist samkeppnislög.

Við umræðu um lyfjalögin sl. vor kom fram í máli ráðherra að gert væri ráð fyrir að dýralæknar fengju heimild til að kaupa lyf í heildsölu til að nota í sjúkravitjunum en ekki einungis héraðsdýralæknar eða apótek eins og var í eldri löggjöf. Gert væri ráð fyrir að þeir hefðu síðan heimild til að selja dýralyf á allt að hámarksútsöluverði sem ákveðið væri af lyfjagreiðslunefnd.

Ein meginregla við setningu nýrra lyfjalaga var að skilja á milli hagsmunatengsla þeirra aðila sem vísa á lyf og þeirra sem selja þau. Þetta frv., sem hér er til umræðu, gerir dýralækna að lyfsölum og þar með er brotið gegn þeirri meginreglu. Þann ágreining sem upp hefur komið um túlkun laganna milli ráðuneytis og dýralækna og bitnað hefur harkalega á bændum tel ég að eðlilegast hefði verið að leysa með undanþágu frá meginreglunni en ekki með þeim hætti sem hér er gert ráð fyrir. Túlkun ráðuneytis á 30. gr. gildandi lyfjalaga er eftirfarandi samkvæmt bréfi dags. 2. nóv. 1994 og ég leyfi mér að vitna í það, með leyfi forseta:

„Hvað varðar lækna, tannlækna og dýralækna er átt við þau lyf sem þessir aðilar þurfa nauðsynlega á að halda vegna læknisverka sinna. Hér er átt við lyf sem sjúklingur er meðhöndlaður með eða fær afhent af lækni, tannlækni, dýralækni á eigin stofu eða í sjúkravitjunum. Um er að ræða lyf sem eru notuð þegar hefja verður meðferð tafarlaust, t.d. í sjúkravitjunum, og sjúklingur fær fáeina skammta af lyfi til að nota þar til mögulegt er að fá lyfið afhent úr lyfjabúð. Þessi heimild nær einnig til bóluefna og annarra forvarnarlyfja, svo sem flúortaflna og flúorlausna til tannverndar. Viðkomandi læknir, tannlæknir eða dýralæknir eða yfirlæknir heilsugæslustöðvar ber ábyrgð á slíkum lyfjakaupum í heildsölu auk þess sem þau eru háð eftirliti Lyfjaeftirlits ríkisins.

Í 30. gr. lyfjalaga nr. 93/1994 segir að þóknun fyrir lyfjaafhendingu dýralækna skuli ákveðin af lyfjaverðlagsnefnd í samráði við yfirdýralækni, sbr. 40. gr. Þar sem tilvísuð 40. gr. heyrir undir þann kafla sem frestað hefur verið til 1. nóv. 1995 telur ráðuneytið að allir dýralæknar hafi leyfi til að kaupa lyf í heildsölu til notkunar á eigin stofum og í sjúkravitjunum, sbr. 30. gr., og að þóknun dýralækna fyrir lyfjaafhendingu sé fram til 1. nóv. 1995, sú álagning sem lyfjaverðlagsnefnd ákveður, sbr. 33. gr. lyfjalaga, nr. 108/1984,

sbr. bráðabirgðalög nr. 112/1994, um breytingu á lyfjalögum, nr. 93/1994.

Nokkur ágreiningur hefur verið í sumar um túlkun laganna. Dýralæknar hafa þannig viljað túlka lögin mjög þröngt og hafa viljað líta þannig á að þeir gætu nánast enga lyfjaþjónustu veitt bændum að því er virðist til þess að hleypa málinu upp og ná þannig fram breytingu á lögunum. Dýralæknar hafa einnig haldið því fram að þeir geti ekki sent þau lyf til bænda sem þeir telja að þeir þurfi nauðsynlega á að halda. Ráðuneytið hefur hins vegar verið þeirrar skoðunar að nauðsynlegar heimildir til dýralækna væru til staðar í nýju lyfjalögunum."

Hinn fyrirvari minn lýtur að því að frv. standist samkeppnislög. Í áliti Samkeppnisstofnunar til heilbr.- og trn. segir svo, með leyfi forseta:

„Það fyrirkomulag að dýralæknum sé heimilt að selja lyf í smásölu hefur að mati Samkeppnisstofnunar þann ókost í för með sér að sami aðili gefur út lyfseðil og selur lyf. Að hluta til er þessum hagsmunaárekstri mætt með því að mælt er fyrir um að lyfjaverðsnefnd ákvarði hámarksverð á öllum dýralyfjum í smásölu. Eftir sem áður geta dýralæknar haft fjárhagslega hagsmuni af sölu lyfjanna. Sýnist þetta ekki samrýmast þeirri hugsun sem er að baki meginreglu 2. mgr. 21. gr. lyfjalaga, nr. 93/1994, um að læknar, tannlæknar og dýralæknar megi ekki vera eigendur, hluthafar eða starfsmenn lyfjabúða. Þetta fyrirkomulag er til þess fallið að vekja tortryggni og óheppilegt út frá almennum hæfiskröfum. Auk þess gerir þetta dýralæknum erfiðara fyrir að rækja starfa sinn af fyllstu óhlutdrægni og samviskusemi. Samtímis getur þetta fyrirkomulag orðið til þess að lyfsalar njóti ekki samkeppnislegs jafnræðis við dýralækna. Í því sambandi skal vakin athygli á að skv. 24. gr. lyfjalaga, nr. 93/1994, er lyfsölum skylt að hafa á boðstólum lyf, sem selja má hér á landi, og hæfilegar birgðir miðað við ávísanir m.a. dýralækna sem starfa á viðkomandi svæði. Samkeppnisstaða dýralækna og lyfsala verður með öðrum orðum ekki jöfn og því stríðir frv. eins og það liggur fyrir gegn markmiðum samkeppnislaga. Á hinn bóginn kunna að vera til rök fyrir þessari skipan mála, svo sem á grundvelli byggðasjónarmiða. Samkeppnisstofnun tekur ekki afstöðu til slíkra sjónarmiða. Stofnunin telur þó réttara að þeim verði mætt beint í formi undantekningar frá meginreglunni um að sami aðili skuli ekki gefa út lyfseðla og selja lyf. Í því sambandi væri unnt að mæla fyrir um að dýralæknum væri heimilt að selja lyf frá starfsstofu sinni í þeim umdæmum þar sem ekki er lyfjabúð eða lyfjaútibú á staðnum."

Ég vil að þessir fyrirvarar mínir komi fram við umfjöllun málsins og tel raunar að það hefði þurft lengri umfjöllun í hv. heilbr.- og trn. til að ná um það fullri sátt og þá hefðu hv. nefndarmenn væntanlega getað staðið að málinu án fyrirvara. Hins vegar er brýnt að leysa þetta mál til þess að ágreiningur um túlkun laganna milli dýralækna og heilbrrn. bitni ekki á þeim sem eiga að njóta þjónustunnar.

[16:10]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Eins og kom fram við 1. umr., er ég einn þeirra þingmanna sem hef fyrirvara við þetta frv. sem hv. heilbr.- og trn. flytur hér. Ég vil aðeins ítreka þá fyrirvara mína sem að stærstum hluta eru samhljóða þeim fyrirvörum sem fram komu hjá þeim ræðumanni sem var að ljúka ræðu sinni. Við vorum fjórir hv. þm. sem skrifuðum undir frv. með fyrirvara. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu, ég vísa aðeins í þá ræðu sem ég flutti við 1. umr. um málið. Fyrirvararnir eru fyrst og fremst gagnvart því að ekki liggur fyrir svo óyggjandi sé að þetta frv. standist grundvallaratriði samkeppnislöggjafar og einnig að lausasölulyfin, sem samkvæmt úrskurði heilbr.- og trmrn. eiga að vera óháð verðlagsákvæðum, ef þau eiga að standast EES-samninga sem Alþingi hefur samþykkt, skuli nú eiga að lúta verðlagsákvæðum. Vissulega er það öryggisatriði og sett þannig fram til þess að hægt sé að stýra verðlagningu á lausasölulyfjum og til þess að mæta þeirri umræðu sem varð innan nefndarinnar um það að verð dýralyfja gæti orðið mjög hátt, sérstaklega lausasölulyfja, ef breytt væri því fyrirkomulagi sem núgildandi lyfjalög kveða á um. Til þess að mæta því og setja undir þann leka eins og það var orðað eiga lausasölulyfin að vera háð verðlagsákvæðum.

Samkvæmt þeim upplýsingum sem við fengum í vor stangast það á við EES-samninginn því að lausasölulyf fyrir menn máttu ekki vera undir verðlagsákvæðum og ég get ekki séð að önnur ákvæði gildi varðandi lausasölu dýralyfja. Ég hef reyndar leitað eftir því á milli umræðna hvort svo sé og ekki fengið það staðfest. Ég hef hvergi getað fengið það staðfest að heimilt sé að láta lausasölulyf ef þau eru fyrir dýr vera háð verðlagsákvæði, en lausasölulyf ef þau eru fyrir menn, þá séu þau fyrir utan verðlagsákvæði.

Ég ítreka fyrirvara mína gagnvart frv. og hefði talið skynsamlegast að beitt væri undanþáguákvæði og meginreglan væri sú að lyf yrðu seld í lyfjabúð. Það var nánast eina atriðið sem nefndin varð sammála um við umfjöllun um lyfjalög á síðasta þingi og ekki kom fram nein gagnrýni við umræður á að lyfjasalan færi fram í lyfjaverslunum. Það færi ekki saman að ávísa og selja lyf. Þar var þó eitt grundvallaratriði sem við vorum sammála um og ég hefði gjarnan viljað sjá því grundvallaratriði haldið í lyfjalögunum, en því miður, svo verður ekki við samþykkt þessa frv. Engu að síður til þess að leysa þann hnút sem hefur myndast tókum við þá ákvörðum sem höfum þennan fyrirvara að standa að samþykkt frv. því að önnur leið virtist ekki fær.

[16:14]

Sólveig Pétursdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil leyfa mér að taka undir ýmsar þær athugasemdir sem hafa komið fram hjá þeim sem hafa fyrirvara um þetta mál. Ég ætla hins vegar ekki að fjalla efnislega frekar um þetta frv., enda var ég fjarstödd endanlega afgreiðslu málsins úr hv. heilbr.- og trn. en varamaður sat þá fyrir mig hér á hinu háa Alþingi. Ég hlýt þó að segja að mér finnst

afar sérstakt að fjórir nefndarmenn séu með fyrirvara í frv. sem nefndin sjálf flytur. Enn fremur finnst mér það nokkuð sérstakt og hef ekki raunar séð það fyrr að þessir fyrirvarar komi fram í greinargerð frv. en þar segir í lok greinargerðar, með leyfi virðulegs forseta:

„Guðrún J. Halldórsdóttir, Lára Margrét Ragnarsdóttir, Margrét Frímannsdóttir og Sigríður A. Þórðardóttir gera fyrirvara við frv. þetta og munu gera grein fyrir þeim við umræður um málið."

Mér skilst að þetta hafi verið nokkurt umhugsunarefni hjá nefndadeild hvernig ætti að leysa úr þessu máli og hvernig með skyldi fara, með þessa fyrirvara þar sem Alþingi starfar nú í einni deild og því bara ein deild sem fjallar um heilbrigðis- og tryggingamál. Ég held að það væri kannski rétt að skoða þetta betur og athuga hvort ekki væri hægt að viðhafa önnur vinnubrögð.

[16:16]

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Við þessa umræðu hafa talað þeir hv. þm. sem voru með fyrirvara við það frv. sem hér er til umfjöllunar. Mér þykir því rétt að gera grein fyrir því hvaða ástæður liggja að baki að ég sem einn af nefndarmönnum í hv. heilbr.- og trn. skrifaði undir þetta frv. án fyrirvara. Mér finnst mikilvægt að því sé líka haldið til haga hér við þessa umræðu. Fyrir því eru fjórar meginástæður.

1. Ég held að allir nefndarmenn hafi verið sammála um að nauðsynlegt væri að tryggja sambúð bænda og dýralækna þannig að þeir sem þurfa á þjónustunni að halda geti búið við hana og þeir sem þjónustuna eiga að veita treysti sér til að veita hana. Svo var komið eins og gildandi lög eru nú að við þessar aðstæður treysti hvorugur aðilinn sér lengur við að búa, þ.e. hvorki bændur né dýralæknar.

2. Önnur ástæðan er sú að með þeim breytingum sem boðaðar eru og gerðar eru með þessu frv. eins og það liggur hér fyrir er gerð grundvallarbreyting á gildandi lyfjalögum. Sú grundvallarbreyting snýr að dýralæknunum þannig að það er ekki gert ráð fyrir að þar eigi nein samkeppni að ríkja eins og menn vilja halda fram að sé í gildandi lyfjalögum og það sé andi laganna. Það er hins vegar tómur misskilningur og ég ætla ekki við þessa umræðu að færa aftur rök fyrir því. Það gerði ég hér við 1. umr. Það er ekkert sem heitir að hægt sé að koma við samkeppni á þessum markaði. En þessi grundvallarbreyting er gerð þannig að það á ekki að ríkja samkeppni um lyfsölu dýralækna og það verða menn að hafa í huga þegar menn eru hræddir um að það sé verið að brjóta einhvern anda í þeim lögum sem til staðar eru. Það er verið að breyta þessu ákvæði að þessi samkeppni á ekki að vera til staðar um sölu dýralyfja.

3. Af þessum sökum eiga ekki lengur við þær viðvaranir sem Samkeppnisstofnun var með er sneru að því að þetta gengi hugsanlega gegn anda laganna vegna þess að það er ákveðið að verð dýralyfja skuli fara eftir ákvörðun lyfjaverðsnefndar. Þetta er enn ein undirstrikunin á því að það á ekki að vera nein samkeppni um sölu dýralyfja.

Í öðru lagi kemur það líka skýrt fram í áliti Samkeppnisstofnunar að þarna sé um svo sérstakan markað að ræða að byggðasjónarmið eigi og verki mjög sterkt á samkeppnissjónarmiðið væri það til staðar þannig að það eru auðvitað rök fyrir þessu líka.

4. Þá tel ég að breytingin sem gerð er á lyfjalögunum með þessu frv. og snýr að dýralæknum og lyfsölu þeirra eigi ekki að skapa fordæmi varðandi þá einstöku heilsugæslulækna sem nú hafa með hendi lyfsölu í landinu úti í hinum dreifðu byggðum vegna þess að í gildandi lögum eru úrræði til sem tryggja að hægt sé að halda áfram dreifingu á lyfjum á þeim stöðum eftir 1. nóv. 1995 þegar heilsugæslulæknarnir missa lyfsöluna úr sínum höndum. Þá er gert ráð fyrir að stjórnir heilsugæslustöðvanna geti séð um þessa sölu áfram þannig að þarna er ekki verið að skapa neitt fordæmi og það er ekki með neinum hætti verið að útbúa ástand sem aftur geti komið upp er snýr að þessum heilsugæslulæknum.

Þetta eru þessi fjögur atriði sem mér þykir rétt að halda hér til haga í þessari umræðu. Þegar flestir hv. þm. þeirrar nefndar sem flytur þetta frv. eru að gera grein fyrir sínum fyrirvörum, þá finnst mér líka rétt að þeir þingmenn sem skrifa undir frv. án fyrirvara geri grein fyrir því hvers vegna þeir skrifa undir frv. án nokkurs fyrirvara. Telji hins vegar Samkeppnisstofnun það vera hlutverk sitt þegar þetta hlutverk hefur orðið að lögum sem ég vonast til að það verði að þurfa að kanna þennan þátt sérstaklega af því að um svo mikla hagsmunaárekstra sé að ræða, þá vil ég benda þeirri ágætu stofnun á, sem ég tel að hafi mjög mikilvægu hlutverki að gegna, að snúa sér nú að örlítið stærri málum áður en þessi smámál verði tekin til skoðunar, en það eru þau atriði er snúa að þeim hagsmunaárekstrum sem augljóslega eru til staðar í dag milli lækna og lyfsala bara hér í höfuðborginni og skoða hverjir eru eigendur þess húsnæðis sem stór hluti lækna er nú með til afnota og eru í nábýli við þær lyfsölur sem viðkomandi lyfsalar eiga.

[16:23]

Guðmundur Hallvarðsson:

Virðulegi forseti. Örstutt athugasemd vegna þessa máls sem hér er til umfjöllunar. Ég er einn af þeim sem undirrita þetta mál án nokkurs fyrirvara og tel því að ég þurfi ekki að gera langa grein fyrir máli mínu, en nokkuð hefur komið fram það sem um var rætt í heilbr.- og trn. En það er nú kannski svo að þegar þetta mál kom til umræðu og fulltrúar bænda komu m.a. á fund hv. heilbr.- og trn. þá lá það í augum uppi að lyfjalögin höfðu verið sett þannig að þau voru ekki aðlæg að bændum eins og þau hljóðuðu og með það í huga að við erum kannski oftar en ekki hér á hinu háa Alþingi að setja lög sem ekki eru aðlæg að fólkinu en eru ætluð til þess að hið gagnstæða sé, þá hef ég þó verið þeirrar skoðunar að sú breyting sem hér er verið að gera á lyfjalögum sé þess eðlis og af hinu góða og séu því aðlæg að bændum og þeirra starfsháttum. Það er í hæsta máta óeðlilegt þegar dýralæknir kemur til bónda og þarf að skoða hans búfénað og skrifar lyfseðil að bóndi þurfi að aka á eftir dýralækni 70 eða

100 km til þess að ná í þau lyf sem dýralæknir hefði annars getað haft í fórum sínum. Þannig hefur þetta verið í gegnum árin og ég sé ekki neina ástæðu til breytinga þar á til óhagræðis fyrir bændur og þess vegna skrifaði ég undir þetta álit heilbr.- og trn. án nokkurs fyrirvara.

[16:25]

Guðrún J. Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég gerði grein fyrir mínum fyrirvörum við síðustu umræðu svo að ég ætla ekki að ítreka það mjög, en ég vildi samt undirstrika það að orsökin fyrir því að ég skrifaði undir eða var fús til þess að skrifa undir þetta frv. og vera með því var sú að ég taldi mig vera vissa um það að þetta væri ósk neytendanna og ég álít að frumvörp eigi fyrst og fremst að þjóna þörfum fólksins, þ.e. hins almenna neytanda, en ekki einhverra annarra. Þess vegna var ég fús til að standa að þessu frv.

Ég hef þegar rætt mína fyrirvara á þessu, en ég vil aðeins undirstrika enn aftur sem ekki hefur verið komið inn á af öðrum. Ég álít að það þurfi að standa a.m.k. í reglugerð með þessu frv. hvaða skilyrði dýralæknirinn þarf að uppfylla um geymslu, vörslu og afgreiðslu dýralyfjanna. Það verða að vera skýr ákvæði um það að ekki sé farið verr með eða á annan hátt með þessi lyf heldur en lyf sem gefin eru okkur tvífætlingunum sem erum að setja þessi lög.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Áætlun um að draga úr áfengisneyslu, fyrri umr.

Þáltill. JHelg o.fl., 131. mál. — Þskj. 137.

[16:27]

Flm. (Jón Helgason):

Hæstv. forseti. Á þskj. 137 flyt ég ásamt þm. Birni Bjarnasyni, Petrínu Baldursdóttur, Önnu Ólafsdóttur Björnsson og Jóhanni Ársælssyni eftirfarandi till. til þál. um áætlun um að draga úr áfengisneyslu:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera nú þegar markvissa áætlun um hvernig megi ná markmiði Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar sem ríkisstjórnin samþykkti árið 1986, um að draga úr áfengisneyslu um 25% frá þeim tíma til ársins 2000."

Á fundi ríkisstjórnarinnar 20. mars 1986 var eftirfarandi tillaga Ragnhildar Helgadóttur þáv. trmrh. um íslenska heilbrigðisáætlun samþykkt en hún hljóðaði þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstjórnin samþykkir að vinna að landsáætlun í heilbrigðismálum með hliðsjón af stefnu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar sem nefnd er heilbrigði allra árið 2000 í þeim tilgangi að stórauka forvarnir gegn sjúkdómum og slysum ásamt örorku og ótímabærum dauðsföllum af þeirra völdum. Áætlunin skal taka mið af vörnum gegn langvinnum sjúkdómum og því að búa hinn vaxandi fjölda aldraðra undir gott heilsufar í ellinni. Forgangsverkefni í áætluninni skuli miðast við íslenskar aðstæður. Áhersla verður lögð á að kynna og efla heilbrigða lífshætti eftir því sem unnt er með stjórnvaldsaðgerðum og er óskað samstarfs við önnur ráðuneyti um framkvæmd verkefnisins. Heilbrrh. mun leggja drög að áætluninni fram í ríkisstjórninni innan tíðar."

Hér samþykkti þáv. ríkisstjórn að vinna að heilbrigðismálum á grundvelli stefnu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, en eins og áður hefur komið fram var eitt af grundvallaratriðum hennar að stefna að því að draga úr áfengisneyslu um 25% frá því ári og fram til ársins 2000.

Í framhaldi af þessari samþykkt ríkisstjórnarinnar skipaði þáv. heilbr.- og trmrh., Ragnhildur Helgadóttir, starfshóp til þess að gera tillögur um aðgerðir sem væru aðkallandi og svo kostnaðarlitlar að unnt væri að hrinda þeim í framkvæmd mjög fljótlega. Á grundvelli þeirra tillagna lagði ráðherra fram skýrslu um íslenska heilbrigðisáætlun fyrir þinglok árið 1987. Þessi skýrsla var ekki lögð fram í formi þáltill. en sett fram þau markmið sem ríkisstjórnin taldi að rétt væri að stefna að í fyrsta áfanga. Þar er m.a. fjallað um skaðleg áhrif áfengis og segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Enda þótt heildarnotkun áfengis á Íslandi sé minni en í flestum löndum er það staðreynd að óæskileg heilsufarsleg áhrif áfengisneyslu eru mikil á Íslandi. Þess vegna verður að vinna að því að minnka heildaráfengisneyslu og útrýma ofneyslu."

Síðan var í lok næsta kjörtímabils, á þingi 1990–1991, lögð fram og samþykkt þingsályktun um íslenska heilbrigðisáætlun. Þessi samþykkt var gefin út árið eftir, 1992, til dreifingar fyrir almenning og segir svo í 9. tölul. þessarar heilbrigðisáætlunar, með leyfi hæstv. forseta:

„Draga þarf úr almennri neyslu áfengis og útrýma ofneyslu.

Leggja skal sérstaka áherslu á upplýsingastarfsemi og hefja áróður gegn slæmum drykkjusiðum.

Upplýsa þarf um heilsufarslegar afleiðingar áfengisnotkunar og auka ráðgjöf, m.a. til að greina áfengisvanda á byrjunarstigi.

Stofna þarf til samvinnu milli heilbrigðisyfirvalda og félagasamtaka með það að markmiði að draga úr áfengisneyslu.

Verð áfengra drykkja ætti að hækka stig af stigi næstu fimm ár umfram almennar verðhækkanir."

Í þessu plaggi eru einnig upplýsingar um ástand mála þá, í júlí 1992, og þar segir m.a., með leyfi hæstv. forseta:

„Margt má betur fara.

Kannanir sýna að um 30% fullorðinna Íslendinga reykja samanborið við 40–50% fyrir fáum áratugum og um 80% neyta áfengis." Og enn fremur: „Sjúkrahús landsins eru um 40 talsins og þar eru rúm fyrir 3.700 manns. Ár hvert dveljast um 70 þúsund manns á sjúkrahúsum og meðallegutími eru 18 dagar. Eru þá ekki meðtalin um 950 rúm á áfengismeðferðarstofnunum og stofnunum fyrir þroskahefta."

Ég veit ekki af hverju þarna eru teknar saman áfengismeðferðarstofnanir og stofnanir fyrir þroska-

hefta, en sennilega mun rúmafjöldi skiptast nálægt því til helminga þar á milli, a.m.k. lágu fyrir upplýsingar um það fyrir nokkrum árum að fjöldi rúma á áfengismeðferðarstofnunum væri a.m.k. 400. En það á ekki síður við í dag en 1992 það sem stendur í yfirskriftinni að margt megi betur fara í þessum málefnum. Það ætti ekki að þurfa að fara mörgum orðum um það við hv. alþm. því að í svo mörgum myndum blasir það slæma ástand við. Því kynnast m.a. þeir þingmenn sem sitja fundi fjárln. því að á hverju hausti koma fulltrúar margra félagasamtaka þangað, fulltrúar sem hafa á stefnuskrá sinni að hjálpa þeim sem minna mega sín í þjóðfélaginu eða hafa orðið undir í lífsbaráttunni. Erindi þeirra er að óska eftir misjafnlega háum upphæðum frá ríkisvaldinu til stuðnings því mikla sjálfboðastarfi sem þeir vinna fyrir hugsjónir sínar. Og þar er stór hópur þeirra sem á einhvern hátt er að glíma við afleiðingar áfengis- og fíkniefnaneyslu.

Það gera sjálfsagt ekki nærri allir sér grein fyrir því hversu margþættar þær afleiðingar eru. Væri fróðlegt, og nauðsynlegt reyndar, að taka saman glöggt yfirlit yfir þær og jafnframt það fórnfúsa sjálfboðaliðastarf sem unnið er til bjargar. Það bætist við þá opinberu starfsemi sem unnin er m.a. í þeim fjölda á sjúkra- eða meðferðarstofnunum sem ég nefndi áðan.

En ef dregin væri upp nægilega skýr mynd af þessum raunveruleika, þó erfitt sé sjálfsagt að koma honum fyrir í samþjöppuðu formi, þá væri ótrúlegt að margir hefðu kjark til að halda því fram að það væri bara gróði fyrir þjóðfélagið að auka áfengisneysluna. Þegar bent er á hinar geigvænlegu afleiðingar sem blasa við í þjóðfélaginu, svo sem vaxandi ofbeldi, margvísleg slys með limlestingum á öllum stigum og jafnvel dauðsföllum, upplausn heimila, sundruð hjónabönd þar sem afleiðingarnar bitna þyngst á börnum, þá segja flestir: Auðvitað viljum við gera allt sem við getum til þess að draga úr þessum voða, en því miður varir það hjá of mörgum aðeins þangað til kemur að því sem mestu máli skiptir, þ.e. að sýna þann vilja sinn í verki.

Það hljóta allir að viðurkenna að börnin ráða því ekki í hvaða heim þau eru fædd eða alin upp á bernsku- og unglingsárum. Að sjálfsögðu eru það foreldrarnir sem skapa hið nánasta umhverfi barnsins og unglingsins. Því miður virðist það vera mikill meiri hluti foreldra sem telur það allt of mikla fórn fyrir börnin sín að sýna þeim í verki að þeir telji áfengisneyslu til tjóns með því að neyta þess ekki. En reyndar er það ekki einhlítt að foreldrar geri slíkt. Það kom m.a. fram hjá ungum manni sem kom fyrir skömmu á fund fjárln. og lýsti þar þrautagöngu sinni vegna áfengisneyslu í fáum orðum. Foreldrar hans neyttu ekki áfengis en samt sökk hann svo djúpt af neyslu vímuefna að hann var á barmi örvæntingar. Hann sagðist auðvitað hafa byrjað á áfengi en síðan tóku önnur vímuefni við líka og allar tilraunir til að losna varanlega undan því oki urðu árangurslausar þangað til trúin kom honum til hjálpar.

Í þessu sambandi er fróðlegt að geta þess að það eru ekki aðeins fíkniefni sem fylgja í kjölfar áfengisneyslu barna og unglinga. Í könnun sem gerð var í 8.–10. bekk 49 grunnskóla í nóvember 1991 kom fram að það reykja aðeins 1% þeirra nemenda sem aldrei drekka áfengi, 7% þeirra sem örsjaldan drekka, 28% þeirra sem drekka við og við og 54% þeirra sem drekka vikulega. Þessi skýra staðreynd sýnir hvern þátt aukin drykkja barna og unglinga síðan bjórsalan hófst á í vaxandi reykingum þeirra.

Að sjálfsögðu er það fleira en meðferð áfengis á heimilum sem hefur áhrif á afstöðu barna og unglinga til þess. Utan heimilis er það félagsskapurinn sem þau lenda í og er gjarnan mótaður af tíðarandanum. Það kemur m.a. fram í nýlegri könnun sem gerð var á vegum skólarannsóknarstofnunar. Og fáum blandast hugur um að dýrkun áfengisneyslu er mikil í samfélaginu. Fjölmiðlarnir ganga oft svo langt að segja að þeir séu að skemmta sér sem lenda í þeirri ógæfu að fremja voðaverk, enda er tíðarandinn gjarnan sá að það sé ekki hægt að koma saman á mannamót, hvort sem þau eru fámenn eða fjölmenn, án þess að áfengi leiki þar aðalhlutverkið. Frá upphafi til loka þarf það að vera í boði.

Það munu líka allir hafa orðið varir við það að þeir sem neyta áfengis vilja að aðrir geri það einnig og oft býr líka gróðasjónarmið og hagnaðarvon að baki áróðri og sölumennsku. Það virðist ekki hafa mikil áhrif til varnaðar þó skýrt komi fram að áfengisneyslan fer ekki í manngreinarálit þegar um er að ræða hverjir verða þar undir. Við sjáum oft myndir í blöðum af frægum leikurum og öðrum listamönnum sem sagt er að hafi beðið þar lægri hlut með sundruðum hjónaböndum og margháttuðum slysum og sama gildir einnig um aðra á öllum stigum þjóðfélagsins. Það er því óhætt að fullyrða að ekkert eitt sem í mannlegu valdi stendur að hafa áhrif á veldur eins miklum þjáningum og neysla áfengis og annarra vímuefna sem í kjölfarið fylgja.

En hvað er þá til ráða? Eigum við að gefast upp og segja að áfengisneyslan sé aðeins eins og hvert annað náttúrulögmál sem við getum engin áhrif haft á? Fáum eða engum mun detta í hug að með lagasetningu þýði að banna áfengisneyslu. Hins vegar getur komið fram í lagasetningu á margvíslegan hátt hvort ríkisvaldið vill að einstaklingar taki þátt í þeirri rússnesku rúllettu sem áfengisneysla tvímælalaust er þar sem allt of margir verða sárir eða falla í valinn.

Á síðustu árum hefur víða risið svonefnd heilsubylgja þar sem fólk er í vaxandi mæli að hugsa um áhrif þess sem neytt er á heilsu sína. Hérlendis er líka farið að tala um að þarna gefist okkur nýir möguleikar með framleiðslu hollra afurða og möguleikar á að bjóða fólki að koma hingað til endurnæringar á lífi og sál.

Það er með þessum rökum sem ég hef nú nefnt sem þáltill. um að minnka áfengisneyslu er flutt og í þeim tilgangi gert að Alþingi lýsi yfir vilja sínum til að draga með öllum tiltækum ráðum úr þeirri vá sem vímuefnin valda hvort sem það markmið næst að áfengisneyslan árið 2000 verði 25% minni en árið 1986 eins og þá var sett fram.

Ég legg svo til að að lokinni þessari umræðu verði

tillögunni vísað til síðari umr. og hv. heilbr.- og trn.

[16:43]

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Bara rétt aðeins innskot. Ég get tekið undir það með hv. flm. að það er þarft verk að berjast gegn ofneyslu áfengis. Ég held að það hljóti að vera markmiðið fyrst og fremst og það held ég að eigi að gera með stöðugri fræðslu en ekki með fordómum. En ég var svona að glugga í greinargerðina undir ræðu frsm. og mig langar til að gleðja hann með ákveðnum upplýsingum sem ég fyrir tilviljun hafði á borði mínu. Það kemur fram í greinargerðinni þar sem rætt er um könnun sem Ása Guðmundsdóttir og dr. Tómas Helgason stóðu fyrir og rituðu síðan grein, en um það segir í greinargerðinni, með leyfi forseta:

„Það sem veldur áhyggjum er hversu mjög drykkja þeirra sem neyta áfengis hefur aukist eftir að bjórsalan var leyfð. Gagnstætt vonum jókst neysla sterkra drykkja verulega."

Af því að ég var með þetta á borði mínu, upplýsingar um sölu á áfengi á Íslandi fyrstu níu mánuði ársins, þá get ég sagt að þetta er fullyrðing sem ekki stenst vegna þess að á fyrstu níu mánuðum og þá er maður að horfa til sterku drykkjanna, það eru drykkir sem eru yfir 22% að styrkleika, þá t.d. fer koníak og brandí niður um 5%, viskí fer niður um 0,5%, brennivín fer niður um 24,5%, vodka fer niður um 8,7%, gin fer niður um 5%, sjénever fer niður um tæp 13%, romm fer niður um rúmlega 7%. Það er því ljóst að neysla sterkra drykkja er á mikilli niðurleið og tel ég að það ætti að gleðja þá sem vilja berjast gegn of mikilli neyslu sterkra drykkja.

Á hinn bóginn verður að viðurkenna að sala á áfengu öli hefur farið mjög vaxandi. Til að gæta sannmælis jókst salan í bjór á þessu sama tímabili um 28% sem er auðvitað veruleg aukning.

Þetta vildi ég að kæmi hér fram. Mig langar einnig að spyrja um tvö önnur atriði í greinargerðinni. Á bls. 2 segir í efstu línu, með leyfi forseta:

„Seljendur sterkra drykkja hafa síðan runnið á peningalyktina og hafið að auglýsa vöru sína sumir hverjir."

Ég óska eftir skýringum á þessu. Ég hef orðið var við það að seljendur bjórs, sterks öls, hafi snúið á kerfið í þessum málum, en ég kannast hvorki við það að umboðsmenn sterkra drykkja né léttra heldur hafi farið þá leið, einungis umboðsmenn þeirra sem selja bjór. Síðan segir hér í lokin á bls. 3, þar sem rætt er um markvissar aðgerðir sem gætu m.a. falist í eftirfarandi. Þar segir í lið 1 að þess megi geta að í Frakklandi þar sem áfengisframleiðsla er mikilvægur atvinnuvegur er bannað að heimila veitingastöðum við hraðbrautir að selja áfengi. Þetta vil ég bara segja að er beinlínis rangt vegna þess að þetta þekki ég af eigin raun, ég hef ferðast töluvert þarna um, ekið mikið um og stoppað mikið á þessum stöðum, meira að segja gist á þessum stöðum og þetta stenst engan veginn þann veruleika sem ég hef upplifað á hraðbrautum í Frakklandi.

[16:47]

Flm. (Jón Helgason) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Að sjálfsögðu tek ég undir með hv. 5. þm. Reykv. að það er gleðilegt að eitthvað dregur úr áfengisneyslu. En því miður hafa komið of margar fréttir um það að ekki muni öll áfengisneysla koma fram í skýrslum. Það var athyglisvert sem kom fram í sambandi við þá könnun, sem ég var að tala um að hefði verið gerð á neyslu unglinga, að unglingar sumir hverjir eru ekki farnir að telja áfengt öl sem áfengi. Þegar það stendur í ísskápnum við hliðina á mjólk og öðrum matvörum hættir það að verða í augum þeirra sem áfengi. Það hafði komið fram að sumir hverjir litu ekki lengur á áfenga bjórinn sem áfengi.

Um auglýsingarnar vil ég aðeins segja að ég held að það fari ekki fram hjá neinum að mjög mikið birtist á prenti um áfengi. Það er æ algengara að í blöðum og tímaritum komi lýsingar á því hvaða áfengi eigi að nota og jafnvel gefnar út bækur með leiðbeiningum um það. Auðvitað eru þetta allt saman auglýsingar um áfengi þannig að það fer ekki á milli mála, hversu mikinn þátt sem umboðsmennirnir eiga í þessum útgáfum, að þetta er auðvitað allt í þeirra þágu.

[16:49]

Ingi Björn Albertsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í greinargerðinni segir að umboðsmenn, seljendur, hafi runnið á peningalyktina varðandi auglýsingar á sterkum drykkjum. Í svari hv. þm. kemur fram að hann á við það þegar rætt er um mataruppskriftir og mælt með ákveðnu víni sem passar við tiltekinn mat, þetta við kæfu, annað við fisk og hitt við kjöt og eitthvað slíkt. Hann nefndi einnig bækur og væntanlega hefur hann þá hugann við blöð líka. Ég get engan veginn séð hvernig menn ætla að komast fyrir þessa hluti. Þetta er eðlileg fræðsla hjá fólki og það var einmitt það sem ég hóf mál mitt á hér áðan að það ætti einmitt að fræða fólk um það hvernig það á að nota áfengi. Auðvitað er ekki hægt að stöðva það að hér séu skrifaðar upplýsandi greinar t.d. um sögu ákveðinna drykkja. Þetta er bara fræðsluefni, þetta er kennt hér í t.d. í veitingaskólunum og á auðvitað ekki að vera nokkrum manni skaði að því að kynna sér slíka hluti. Ég held að á þennan hátt komumst við aldrei fram hjá því sem ég vil kalla fræðslu og hætta fordómum gegn áfengi heldur kenna fólki frekar hvernig það á að umgangast áfengi.

Auðvitað er rétt hjá hv. þm. að þær tölur sem Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins gefur út um neyslu eru bara tölur um selt áfengi á Íslandi og reyndar vantar töluvert upp á það því að það vantar það sem er selt til sendiráða t.d. og til skipanna. En það er líka rétt hjá hv. þm. að inn í þessa tölu vantar stóran lið sem er auðvitað brugg og annan lið sem er smygl. Þetta tvennt eru stórir þættir og þess vegna er myndin, sem dregin er upp af neyslunni, auðvitað ekki rétt. En það er líka athyglisvert að á sölu- og neyslutölum frá ÁTVR er miðað við aldur sem er langt undir lögaldri hvað varðar áfengisneyslu. Það er auðvitað íhugunarefni hvaðan þeir fá þá slíkar tölur.

[16:52]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég kem hér til þess að lýsa yfir stuðningi við tillöguna eins og hún er sett fram þó að mér finnist ýmislegt í greinargerðinni orka tvímælis. Mér finnst tillgr., og það er hún sem skiptir máli, vera þess efnis að það er sjálfsagt og eðlilegt að styðja hana. Ég vil meina það að þó að e.t.v. sé hægt að sporna gegn áfengisneyslu eða minnka neysluna með því að fækka útsölustöðum eða veitingahúsum með vínveitingaleyfi sé það e.t.v. ekki rétta leiðin. Það er ekki rétta leiðin að auka boð og bönn, heldur fyrst og fremst fræðslu. Forvarnastarfið og fræðslan, 3. liðurinn sem nefndur er á bls. 3 í greinargerð finnst mér skipta langmestu máli því að áfengið sjálft er ekki endilega bölvaldur ef farið er með það á réttan hátt. Það er hins vegar með hvaða hætti við neytum áfengis og þær drykkjuvenjur sem tíðkast meðal unglinga og fullorðinna sem eru vandamálið.

Fyrir skömmu heimsótti ég stofnun sem er hvorki stór né viðamikil, því miður kannski, en ég held að hún eigi eftir að vinna mjög gott og þarft verk ef Alþingi veitir stuðning til þess, það er Fræðslumiðstöð um fíkniefnavarnir sem staðsett er á Grensásvegi. Þar er unnið að því að skipuleggja forvarnastarf og fræðslu um skaðsemi vímuefna ýmiss konar. Ég kom þarna í fyrsta skipti og fannst starfsemin afar áhugaverð. Við höfum sett tiltölulega litla peninga í forvarnastarf. Mig minnir að áfengisvarnanefnd eða áfengisvarnaráð hafi fengið í kringum 20 millj. Það getur skakkað einhverjum milljónum til eða frá, en það er eitthvað nálægt því. Það segir sig sjálft að ef áfengisvarnaráð á að sinna forvarnastarfi m.a. í skólum landsins verður ekki mikið gert fyrir þessa upphæð enda hefur reynslan orðið sú að foreldrar hafa tekið höndum saman, myndað samtök eins og samtökin Vímulaus æska. Stöðvum unglingadrykkju, átakið sem þar er farið í gang, er að langstærstum hluta fjármagnað eftir öðrum leiðum en með framlögum frá ríkinu. Mér skilst að það sé þannig að t.d. við átakið Stöðvum unglingadrykkju sé einn starfsmaður og hann verði að sjá alfarið um það sjálfur að afla tekna til þess að hægt sé að greiða laun eða greiða fyrir auglýsingar eða annað sem þetta átak lætur frá sér fara.

Ýmis félagasamtök eins og templarasamtökin hafa fengið einhverja smástyrki á hverju ári og auðvitað önnur æskulýðsfélög, sem hafa unnið mjög gott starf í forvarnastarfinu og í fræðslu um skaðsemi áfengis og annarra fíkniefni. Ég held að við ættum að einbeita okkur að því að setja þessa starfsemi alla á einn stað t.d. hjá Fræðslumiðstöð um fíkniefnavarnir, skipuleggja starfsemina um allt land þannig að hægt sé að afla þeirra upplýsinga sem til þarf. Þær liggja ekki fyrir og hefur reynst afar erfitt að fá að vita hvert raunverulegt ástand er. Hefur drykkja meðal unglinga aukist mjög mikið á undanförnum árum? Eru einhverjar tölur til? Eru einhverjar skýrslur til? Og þá byrjar gangan á milli stofnana til þess að fá þessar upplýsingar staðfestar og það er afar erfitt. Starfsmenn fræðslumiðstöðvar sögðu mér að það sem þeir væru að gera núna og hefðu verið að gera sl. ár væri fyrst og fremst að safna saman þeim upplýsingum sem liggja á hinum ýmsu stöðum m.a. um áfengis- og fíkniefnaneyslu unglinga.

Ég tek undir tillöguna og tel hana mjög þarfa. Úr þessu verður líklega ekki hægt að afgreiða hana fyrir afgreiðslu fjárlaga en það þarf jafnframt að taka ákvörðun um að setja fjármagn í forvarnastarfið, í fræðslustarfið, því ef við byrjum strax að fræða unglingana og vinna með þeim held ég að þetta verði ekki það vandamál sem áfengið er í dag. Við höfum eytt gífurlegum fjármunum og þó ekki nærri nógu miklum í meðferðarstarfið á undanförnum árum og það sýnir okkur hve vandamálið er stórt. Til þess að koma í veg fyrir að vandamálið stækki enn meira og helst að það verði minna ættum við að leggja fyrst og fremst áherslu á að fræða unglingana og veita til þess fjármagn. Sem betur fer, og mig langar bara til að segja það hér þó að ég telji það aldeilis ekki til fyrirmyndar, ég tek það fram, af því að hv. flm. var að segja frá því að ekki mætti selja vín við hraðbrautir í Frakklandi, þá kom mér það mjög á óvart er ég var í Danmörku nú í haust og kom inn á bensínstöð að þar fór fram kynning á rauðvíni. Um leið og menn voru að taka bensín á bifreiðar sínar gátu þeir fengið að smakka rauðvín. Þá hugsaði ég einmitt að þó að við séum alltaf mjög óánægð með ástandið eins og það er hér er það ekki orðið svona slæmt og þetta er náttúrlega ekki til fyrirmyndar. En þessir siðir virðast vera uppi hjá nágrannaþjóðum okkar og alls ekki til fyrirmyndar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lyfjaverslun Íslands hf., frh. 1. umr.

Stjfrv., 242. mál. — Þskj. 283.

[17:15]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Eins og fram kom í kynningu hæstv. forseta þá er hér til umræðu frv. til laga um heimild til sölu hlutabréfa ríkissjóðs í Lyfjaverslun Íslands hf. og það felur í sér að fjmrh. sé veitt heimild til þess að selja það sem eftir er af hlutabréfunum í Lyfjaverslun Íslands, þ.e. þau hlutabréf sem eru í eigu ríkisins.

Ég vil aðeins í upphafi ræðu minnar rifja upp aðdraganda málsins þó að það hafi reyndar verið gert hér áður en það gerðist í meðferð málsins á síðasta þingi að ég tók þá ákvörðun að snúast gegn því að breyta Lyfjaverslun ríkisins í hlutafélag. Sú afstaða mín réðist fyrst og fremst af annars vegar starfsmannamálum og öllu því sem óljóst var í þeim efnum og hins vegar af skýrslu Ríkisendurskoðunar og þeirri miklu umræðu sem varð um söluna á SR-mjöli. Ég hef ekki breytt skoðun minni á þessum málum.

Ég get ítrekað það enn einu sinni að ég tel að einkavæðing eigi vissan rétt á sér. Ríkisvaldið á ekki að

vera í atvinnurekstri þar sem um er að ræða samkeppni við hugsanlegan fjölda fyrirtækja eða í rekstri sem ekki snertir beinlínis almannahag og aðrir geta sinnt en einstaka sinnum kann að vera nauðsynlegt að ríkisvaldið sjái til þess að samkeppni sé til staðar. Við hljótum að velta því fyrir okkur varðandi þá einkavæðingu sem hér hefur átt sér stað hvort hún hafi orðið til þess að skapa aukna samkeppni eða hvort þar sé í raun verið að færa einokunaraðstöðu til annarra. Nú er sala þessara fyrirtækja með ýmsu móti. Hér var fyrr í umræðunni nefnt dæmi um það að Jarðboranir, sem hétu Jarðboranir ríkisins á sínum tíma, væru komnar með algjöra einokunaraðstöðu á markaðnum. Þetta getur auðvitað ekki verið tilgangurinn með einkavæðingu. Einkavæðingarmarkmiðin hljóta í fyrsta lagi að vera þau að draga úr ríkisumsvifum þar sem það á við og hins vegar að bæta samkeppni á markaði og ég ætla að fara á eftir ofan í þessi einstöku dæmi sem nefnd eru í skýrslu Ríkisendurskoðunar.

Við hljótum að velta fyrir okkur alveg sérstaklega markmiðunum með einkavæðingu. Hvaða markmið hefur ríkisstjórnin sett sér með einkavæðingu og hafa þau markmið náð fram að ganga? Ég vil sérstaklega vitna til skýrslu Ríkisendurskoðunar á bls. 8 þar sem segir, með leyfi forseta:

„Marka þarf ákveðna stefnu varðandi breytingar sem gera þarf á fyrirtækjum áður en þau eru seld enda ekki sjálfgefið að ríkisfyrirtæki séu að óbreyttu góð söluvara."

Ég vil meina að þessu hafi ekki verið framfylgt og ég spyr: Hvaða markmið settu menn sér varðandi Lyfjaverslun ríkisins og hvaða markmið er hæstv. fjmrh. að setja varðandi þessa seinni sölu sem á að fara fram? Hvaða markmiðum á að ná? Hvaða stefnu er verið að marka með þessari sölu?

Nú efast ég ekki um eftir reynsluna af sölunni á fyrri helmingi hlutabréfanna í eigu ríkisins að Lyfjaverslun Íslands eins og hún heitir sé nokkuð góð söluvara þó að auðvitað vakni spurningar um það hvort þarna hafi átt hlut að máli fólk sem var að ná sér í hlutabréf til þess að fá skattafslátt. Ég get tekið undir það sem hér hefur komið fram að ég held að það væri réttara að bíða með söluna, sjá hvernig þróunin verður, sjá hvort hugsanlega megi fá meira fé fyrir hlutabréfin og sjá hvað gerist eftir áramót. Ætlar fólk að losa sig við þessi bréf? Því að auðvitað á ríkið að reyna að fá sem allra mest fyrir þessar eignir sínar.

Varðandi þau atriði sem snerta þetta mál sérstaklega, Lyfjaverslun Íslands, þá er fyrsta spurningin sem vaknar sú hvort það verð, hvort það mat sem lagt hefur verið á fyrirtæki sé rétt og hvort þar hafi verið nógu vel að verki staðið. Því er haldið fram í frv. og hæstv. fjmrh. hefur haldið því fram að þar hafi verið staðið vel að verki en það er erfitt að átta sig á því þegar svona skammt líður á milli og þegar svona mikil harka er í því að selja fyrirtækið þá er erfitt að átta sig á því hver þróunin er varðandi verðið á þessum hlutabréfum.

Það stendur í núgildandi lögum um Lyfjaverslun Íslands að það eigi að leggja skýrslu fyrir Alþingi varðandi birgðastöðu fyrirtækisins og það var jú eitt það mikilvægasta í tengslum við umræðuna um lyfjaverslunina hvað yrði um öryggishlutverkið sem lyfjaverslunin átti að sinna. Ég hlýt að spyrja um það hér hvernig þeim málum er nú háttað. Hafa verið gerðir samningar við fyrirtækið eða við önnur lyfjafyrirtæki varðandi þetta öryggishlutverk? Það kom fram í umræðunni fyrr í dag að slíkir samningar hefðu verið gerðir. Ég hef ekki heyrt um það og vildi gjarnan að hæstv. fjmrh. upplýsti okkur um það.

Síðan er kannski ein af stóru spurningunum varðandi þessa breytingu sú hvað hefur orðið um starfsfólkið. Hvað hefur orðið um kjör starfsfólksins? Hefur starfsfólki fækkað? Hafa laun lækkað við þessa breytingu? Því var haldið fram af fulltrúum stéttarfélaga og fulltrúum starfsfólks að kjörin mundu rýrna við það að starfsfólkið yrði að ganga í önnur stéttarfélög.

Við vitum að það eru málaferli í gangi á vegum BSRB út af fyrri einkavæðingarmálum og ég ítreka það hér að mér finnst rétt að staldra við og bíða eftir úrslitum í þeim málaferlum varðandi starfsfólkið áður en lengra er haldið því að sá dómur sem væntanlega mun falla gildir auðvitað alveg jafnt um starfsmenn Lyfjaverslunar Íslands eins og um starfsfólk SR-mjöls. Þetta er jú einn stóri þátturinn í þessu máli öllu saman, hvaða áhrif hefur einkavæðingin haft. Það segir á bls. 14 í skýrslu Ríkisendurskoðunar að velta þeirra 10 fyrirtækja sem ríkisstjórnin hefur þegar selt hafi numið um 4,6 milljörðum kr. síðasta árið sem þau voru í ríkiseign og að þar hafi starfað liðlega 340 manns. Mér þætti fróðlegt að vita það hversu margir starfa núna hjá þessum fyrirtækjum. Hefur það komið fram sem spáð var að þetta þýddi að það væri verið að vísa fólki út í atvinnuleysi og versnandi kjör?

Það er í rauninni athyglisvert miðað við þá miklu áherslu sem núv. ríkisstjórn hefur lagt á einkavæðingu hversu illa hún hefur gengið. Ég hef margoft rifjað þá sögu upp hér, þau miklu áform sem hæstv. fjmrh. og ríkisstjórnin hafði í þeim efnum og vitnaði til í skýrslunni þar sem m.a. er vitnað í það í ræðu hæstv. fjmrh. þar sem hann taldi að það væri hægt að selja fyrirtæki fyrir allt að 2 milljarða kr. á ári. Þetta kemur fram á bls. 17 í skýrslu Ríkisendurskoðunar, með leyfi forseta.

Þetta sýnir hvað þessi einkavæðingaráform voru óraunhæf enda kom það fram strax á fyrsta ári að þetta gekk ekki eftir. Það var áætlað á þessum þremur árum sem liðin eru af kjörtímabilinu að selja ríkisfyrirtæki fyrir 2,1 milljarð kr. ef tekið er mið af fjárlagafrv. en samkvæmt skýrslu Ríkisendurskoðunar hefur salan skilað ríflega 800 millj. kr. Þetta er mjög slælegur árangur og það er ýmislegt sem veldur. Það er ekki það að menn hafi endilega staðið það slælega að verki heldur hafa aðstæður ráðið þar um margt.

Það er mjög athyglisvert að lesa skýrslu Ríkisendurskoðunar þar sem hún fer í gegnum þessa einkavæðingu lið fyrir lið en Ríkisendurskoðun er fyrst og fremst að leggja mat á hina fjárhagslegu hlið þó að reyndar sé komið inn á stöðu starfsmanna og þau vandamál sem upp hafa komið í því sambandi, t.d.

varðandi lífeyrisréttindi, biðlaun, stéttarfélagsaðild og fleira, þá er það fyrst og fremst hin fjárhagslega hlið sem Ríkisendurskoðun er að leggja mat á. Þar er kannski ekki síst áhugavert að líta á hin minni dæmi sem hér eru tekin því þessi einkavæðingardæmi eru afar mismunandi stór. Langstærsta málið er salan á Síldarverksmiðjum ríkisins sem líka er jafnframt það mál sem hefur verið gagnrýnt hvað harðast, fyrst og fremst hvernig að því var staðið af hálfu ríkisstjórnarinnar og af hálfu nefndarinnar, einkavæðingarnefndar ríkisstjórnarinnar. En ég fór sérstaklega að skoða mál sem við höfum rætt töluvert mikið á hinu háa Alþingi, t.d. söluna á Menningarsjóði sem var afar umdeilt mál. Og þá vaknar spurningin: Hvað hefur orðið um þjónustuna sem þessi fyrirtæki áttu að veita? Er veitt sama þjónusta? Hafa aðrir tekið við henni eða hvernig er þeim málum háttað? Hefur þessi einkavæðing í raun og veru breytt einhverju, hefur hún einhvers staðar orðið til þess að bæta þá þjónustu sem ríkið veitti áður?

Eins og ég sé t.d. Menningarsjóð, sem ég endurtek að er lítið dæmi í þessu öllu saman, þá fæ ég ekki séð að það hafi nokkur tekið við hlutverki hans. Hann veitir núna smástyrki til bókaútgáfu en á sama tíma hefur ríkisstjórnin ráðist mjög harkalega að bókaútgáfu í landinu með 14% virðisaukaskatti þannig að í rauninni er þarna um tvöfalda árás að ræða. Ég get ekki séð að þarna hafi þjónusta á nokkurn hátt verið bætt við almenning í landinu. — Hæstv. fjmrh., ég var að velta fyrir mér því hvað orðið hafi um þá þjónustu sem ríkið veitti í gegnum sum af þessum fyrirtækjum sem það hefur selt.

Ég vil nefna annað af þessum minni dæmum sem er hönnunardeild Húsnæðisstofnunar. Ég vil taka það fram að ég var algjörlega sammála því að leggja hana niður. Ég held að þar hafi verið um óeðlilegan rekstur að ræða og þess verið dæmi að menn sátu beggja vegna borðsins, voru annars vegar að hanna hús og selja sínar teikningar og hins vegar í sömu stofnun að fylgjast með framkvæmd á byggingum þeirra húsa sem þar höfðu verið hönnuð. Mér þætti forvitnilegt að fá að vita hvort eitthvað hefur í rauninni breyst. Teiknistofan var seld og starfsfólkið keypti og ég spyr: Hefur Húsnæðisstofnun eitthvað breytt starfsháttum sínum? Leitar hún til annarra arkitekta? Það væri fróðlegt að fá að vita það og þar með fylgir auðvitað sú spurning: Hefur einkavæðingin breytt einhverju í þessu efni? Við hljótum eins og ég nefndi áðan að spyrja okkur að því hver markmiðin eru og hverju einkavæðingin skilar. Það er ekki bara tilgangurinn að ná inn einhverjum peningum í ríkissjóð sem reyndar er mjög umdeilanlegt hvort hafi skilað því sem átti að skila. Það hljóta líka að vera spurningar um þjónustuna og um það hvort einkavæðingin breytir einhverju í raun og veru.

Ég ætla ekki að fara djúpt í önnur dæmi vegna þess að margt af þessu tel ég hafa verið eðlilegt eins og söluna á hlutabréfunum í Gutenberg og Ferðaskrifstofu Íslands svo að dæmi séu tekin. En því er ekki að leyna að það kemur fram býsna hörð gagnrýni af hálfu Ríkisendurskoðunar á það hvernig staðið hefur verið að málum og ekki bara varðandi SR-mjöl heldur fleiri mál. T.d. er gagnrýnt hér að sala hafi ekki verið auglýst, t.d. á Ferðaskrifstofu Íslands á sínum tíma. Það kemur víða fram og sú krafa er gerð, sem er reyndar komin inn í verklagsreglur ríkisstjórnarinnar, að ávallt beri að auglýsa sölu hlutabréfa. Það kemur líka fram að stundum hefur verið selt undir því sem átti að vera markmiðið að ná fram eins og þegar bréfin í Þróunarfélagi Íslands voru seld. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar á bls. 11 segir einmitt, með leyfi forseta:

„Að mati Ríkisendurskoðunar vekur þessi sala [þ.e. sala á Þróunarfélagi Íslands] upp þá spurningu hvort stundum sé of hratt farið í sakir á sölu fyrirtækja í eigu ríkisins. Í sumum tilfellum kann að vera skynsamlegra að bíða með sölu í þeirri von að hærra verð kunni að bjóðast síðar."

Þetta er einmitt spurningin sem við stöndum frammi fyrir núna varðandi Lyfjaverslun Íslands hvort ekki sé rétt að bíða og sjá hver þróunin verður.

Það atriði sem fær langsamlega mesta umfjöllun og mesta gagnrýni í þessari skýrslu eins áður er auðvitað salan á SR-mjöli. Hæstv. fjmrh. eyddi nokkrum tíma í það í sinni ræðu að rifja það mál upp og þá gagnrýni sem reynt var að svara af hálfu ríkisstjórnarinnar en auðvitað er augljóst að með því að endurtaka gagnrýni sína hér er Ríkisendurskoðun að leggja áherslu á það að hún hefur ekkert tekið til baka af gagnrýni sinni á þá málsmeðferð. Ég held einmitt að það mál hafi verið til þess að herða á verklagsreglum og menn hafa eflaust gætt því betur eftir það. En það er ekki síst það mál og bæði það hvernig staðið var að verðmati á fyrirtækin og svo sölunni sem veldur auðvitað mikilli tortryggni gagnvart þessum einkavæðingaráformum.

Það er kannski ekki ýkja mikið meira um þetta að segja. Ég vil aðeins draga það fram aftur að mér finnst mjög mikilvægt að við reynum að átta okkur á áhrifum einkavæðingarinnar og þá ekki aðeins á ríkissjóð eða rekstur ríkisins því að í sjálfu sér hefur salan á þessum tíu fyrirtækjum haft afar lítil áhrif á rekstur ríkisins. Það eru kannski helst Ríkisskip sem voru rekin með miklu tapi sem munar eitthvað um en þar á móti kemur auðvitað sú spurning sem ég hef nokkrum sinnum nefnt hér í ræðu minni hvað orðið hefur um þjónustuna, hvort þjónustan sérstaklega við landsbyggðina hefur ekki versnað í kjölfar þessarar sölu. Mér hefur nú heyrst landsbyggðarþingmenn halda því fram hér. Síðan er það sú hlið sem snýr að starfsfólkinu. Ég held að við hljótum að verða að átta okkur á því hvaða áhrif einkavæðingin hefur haft og ég spyr hæstv. fjmrh. hvort hann hafi séð einhverjar tölur eða hvort hann hafi látið gera úttekt á því hver starfsmannaþróun hefur orðið hjá þeim fyrirtækjum, sem hafa verið seld, því að það hlýtur að vera nauðsynlegt að fá slíkar upplýsingar til þess að hægt sé að leggja mat á einkavæðinguna. Ég er ekki búin að lesa skýrslu Ríkisendurskoðunar frá orði til orðs en ég hef farið nokkuð í gegnum hana og ég hef hvergi rekist á þessar upplýsingar. Það hefur ekki verið kannað hvað gerst hefur í fyrirtækjunum eftir að þau voru seld sem hlýtur auðvitað að vera stór spurning í þessu öllu saman.

Varðandi sjálft frv. vil ég aðeins segja að mér finnst

vera farið hér allt of hratt í þessa sölu og ég er ekki hissa á því að framsóknarmenn sem ákváðu í vor að styðja frv. eftir að samkomulag hafði náðst um það einmitt að deila sölunni með þessum hætti, þ.e. selja fyrst helminginn og bíða síðan átekta og koma til Alþingis og leita heimildar. Ég held að ekki hafi nokkur maður búist við því að það yrði farið svona hratt. Menn yrðu hreinlega að átta sig betur á stöðunni og vega það og meta hvenær væri hægt að fá sem mest fé fyrir þessar eignir. Hér er auðvitað um eignir almennings að ræða sem ber að fara með af fyllstu gát. Ég legg því til að hæstv. fjmrh. hægi nú á sér. Ég skil það auðvitað vel að hann vilji fá peninga í ríkiskassann. Ekki er staðan góð, en hér er um verðmætar eignir að ræða. Hér er um mikilvægt fyrirtæki að ræða og þessi mál snúa auðvitað bæði að starfsfólki og almenningi og ég ítreka þá spurningu mína hvað gert hefur verið vegna öryggishlutverks þessa fyrirtækis.

[17:38]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég mun geyma flest atriði þar til síðar en það er eitt sem ég kýs að koma með í umræðuna nú þegar og það snertir það öryggi sem hv. þm. ræddi um og samninga milli fjmrn. og Lyfjaverslunar Íslands. Sá samningur var gerður 21. október á grundvelli laganna og liggur fyrir og hann tryggir að það liggi ætíð fyrir þriggja mánaða birgðir af sérstökum lyfjum sem tiltekin eru. Í öðru lagi skuldbindur Lyfjaverslunin sig til að haga framleiðslugetu fyrirtækisins þannig að unnt sé að starfrækja verksmiðjuna á vöktum allan sólarhringinn komi til neyðarástands. Í þriðja lagi er hægt að starfrækja bakvaktakerfið vegna almannavarna og í fjórða lagi tekur Lyfjaverslunin þátt í neyðaræfingum. Fyrir þetta borgar ríkið 2,9 millj. kr. á ári og samningurinn er uppsegjanlegur með eins árs fyrirvara af beggja hálfu. Undir samninginn rituðu fulltrúar Lyfjaverslunar Íslands, fulltrúar fjmrn. og vottar voru fulltrúar Almannavarna annars vegar og heilbr.- og trmrn. hins vegar. Ég tel því að þetta sé í mjög góðum farvegi og ég skal ganga eftir því að samningurinn verði sendur nefndinni þegar málið verður tekið fyrir þar.

[17:40]

Guðmundur Bjarnason:

Hæstv. forseti. Það er sannarlega ýmislegt sem ég tel að þurfi að taka til umræðu í tengslum við það frv. sem er nú til umræðu um heimild til sölu á hlutabréfum ríkissjóðs í Lyfjaverslun Íslands hf. Ég vil fyrst segja það almennt að ég tel að það sem menn verði að huga að og horfa til þegar ríkisfyrirtæki eru seld eða fyrirtæki í eigu opinberra aðila sé að menn hafi skýra markmiðssetningu í því efni og það sé alveg ljóst hvert stjórnvöld stefna, hvað þau ætla sér þegar fyrirtækin eru seld ef menn telja á annað borð að það sé skynsamlegt að gera það.

Við framsóknarmenn höfum fjallað og ályktað um það sem oft hefur verið kallað einkavæðing. Við gerðum það á flokksþingi okkar og þar mótmæltum við m.a. þessum fljótfærnislegu ákvörðunum ríkisstjórnarinnar sem hafa einkennt að verulegu leyti málsmeðferð hennar, hæstv. ríkisstjórnar, við einkavæðingu á þessu kjörtímabili. Hins vegar teljum við að einkavæðing geti verið réttlætanleg og geti átt sér stað sé markmiðssetningin skýr og séu aðstæður þannig í þjóðfélaginu að þær leyfi að ríkisfyrirtæki séu seld.

Eitt af því sem við teljum að þurfi sérstaklega að hafa í huga í því sambandi þegar gengið er til slíkrar einkavæðingar er að hagsmuna þjóðarheildarinnar sé gætt sérstaklega og þess sé einnig gætt að allir aðilar njóti sambærilegrar þjónustu. Mig langar í sambandi við það að nefna sérstaklega það sem ríkisstjórnin hóf sína einkavæðingu á, ef hægt er að kalla einkavæðingu, að leggja niður Skipaútgerð ríkisins og hæstv. fjmrh. hældi sér nokkuð af hér áðan og taldi það hafa gefist vel. Náttúrlega er fyrst til að taka í því sambandi að við sölu á þeim eignum sem urðu eftir á rústum þess fyrirtækis þegar búið var að leggja það niður stóðu eignirnar ekki einu sinni fyrir skuldbindingunum og þeim skuldum sem á þessum eignum hvíldu sem ríkið þurfti að fá inn í kassann við þá einkavæðingu.

Auk þess sýnist mér samkvæmt skýrslu Ríkisendurskoðunar að út af standi um 90 millj. kr.

Í öðru lagi ræddi hæstv. fjmrh. um það hér áðan þegar hann mælti fyrir frv. í upphafi að það væri gríðarlegur sparnaður af hálfu ríkisins að losna við þann kostnað sem ríkið hefði auðvitað haft af rekstri skipaútgerðarinnar á ári hverju eða greitt með þeirri starfsemi. Þá má auðvitað segja það eins og með svo margt annað í opinberum rekstri að hægt er að spara með því að leggja niður þjónustu. Auðvitað er hægt að spara í skólum með því að loka þeim. Það er hægt að spara á sjúkrahúsum með því að loka eða hætta þjónustunni. Gott dæmi er um það núna í sambandi við sparnaðaraðgerðir hæstv. ríkisstjórnar í sjúkrahúsamálunum þar sem menn hæla sér af því að það náist líklega að reka St. Jósefsspítalann í Hafnarfirði með halla upp á 6–7 millj. í staðinn fyrir 17 eða 20 eða jafnvel 30 sem áætlað var í ársbyrjun. Og hvernig er það gert? Það er með því að hætta starfseminni, með því að banna læknum að vinna. Það er auðvitað ákaflega einfalt að hagræða og spara í opinberum rekstri með því móti. Þetta dæmi er raunhæft varðandi sjúkrahúsin og liggja fyrir skjalfestar upplýsingar um það hjá fjárln. að þannig hafi sparnaðurinn t.d. náðst í sjúkrahúsinu í Hafnarfirði að draga úr þjónustunni.

Aftur að Skipaútgerðinni. Þar er náttúrlega alveg ljóst að þjónusta hefur gerbreyst og þjónusta hefur minnkað við þá landshluta sem áður nutu þjónustu Skipaútgerðarinnar. Mig langar aðeins að nefna sem dæmi um það að á norðausturhorninu þar sem Skipaútgerðin veitti nokkrum smærri stöðum mjög góða þjónustu hefur þjónustan flust til. Hún hefur flust af sjónum á vegina. Þar er nú mikill þungaakstur stórra vöruflutningabíla sem flytja vörur til og frá útflutningshöfnunum. Það þýðir náttúrlega að vegirnir eru að eyðileggjast. Þá hefði kannski verið rétt að nota eitthvað af þessum sparnaði sem hæstv. fjmrh. er að hæla

sér af til þess að laga svolítið vegakerfið svo að það geti tekið við þessari þjónustu. En það er ekki heldur svo. Við erum í þeirri klípu að við stöndum frammi fyrir gífurlegum kröfum um uppbyggingu þjóðvegakerfisins. Sparnaðurinn er því ekki alveg einsýnn ef það þýðir að þjónusta er verri á einhvern annan hátt eða dregið er úr henni og þá ekki heldur mætt þeim nýju vinnubrögðum sem á að nota í staðinn fyrir þá þjónustu sem áður var veitt.

Ég tel að þetta sé það sem við þurfum að huga fyrst að þegar gengið er til einkavæðingarinnar eða að því að selja opinberar stofnanir, að fyrir þeim sjónarmiðum sem ríkið hefur tekið að sér og verið að þjóna með rekstri þessara stofnana áður sé sæmilega vel séð áfram. Við þurfum líka að gæta að því að nægjanleg og eðlileg samkeppni sé fyrir hendi á hinum frjálsa markaði. Það hafa svo sem vaknað spurningar varðandi sölu á því fyrirtæki sem hér er til umræðu um hvernig séð yrði fyrir þjónustunni og samkeppninni og hvort það yrði tryggt að Lyfjaverslun ríkisins færi ekki í hendur þeirra aðila, einstaklinga eða fyrirtækja, sem hafa verið samkeppnisaðilarnir á markaðinum áður.

Í þriðja lagi höfum við framsóknarmenn lagt áherslu á það í okkar ályktunum að starfsfólkinu séu gefnir möguleikar á því að gerast eignaraðilar að þeim fyrirtækjum sem ríkið er að selja eða losa sig við og í fjórða lagi að markaðsaðstæður séu þannig að eðlilegt verð fáist fyrir eignirnar og sem minnst röskun verði á annarri atvinnuuppbyggingu. Það er kannski stóra spurningin núna. Eru í þjóðfélaginu í dag, eins og við vitum að ástandið hefur verið á undanförnum árum, markaðsaðstæður og aðstæður einstaklinga og almennings til þess að gerast eignaraðilar að slíkum fyrirtækjum réttar eða eru þær fyrir hendi eins og þær skyldu bestar vera? Ég leyfi mér að efast um að svo sé og ég leyfi mér að óttast það líka að þeir aðilar sem geta keypt ríkisfyrirtæki, ég tala nú ekki um þegar kaupverðið er farið að skipta mörg hundruðum millj. kr., sé ekki almenningurinn, séu ekki starfsmennirnnir, séu ekki einstaklingarnir í þessu þjóðfélagi heldur tiltölulega fámennur hópur sterkra fyrirtækja eða fjársterkra einstaklinga. Í því felst einkavæðingin sem við stjórnarandstæðingar höfum stundum leyft okkur að kalla einkavinavæðingu hæstv. ríkisstjórnar.

Þetta eru dæmi um nokkur atriði sem ég tel að þurfi að vera undirstöðuatriðin og lögð til grundvallar þegar rætt er um einkavæðingu eða sölu ríkisfyrirtækja.

Ef lesið er og gluggað í hvítbók hæstv. ríkisstjórnar, stefnuyfirlýsingu hennar, þá eru markmiðin sem ríkisstjórnin setti sér í upphafi fyrst og fremst að bæta afkomu ríkissjóðs og bæta skuldastöðuna, draga úr skuldunum. Kannski hefur það tekist að einhverju leyti með sölu á Ríkisskipum þó að það dygði samt ekki til þess að losna við allar skuldirnar og ríkið stæði uppi með halla í því uppgjöri þegar öllu var til skila haldið. Það eitt að bæta afkomuna er náttúrlega ekki merkilegt markmið ef það er gert á þann hátt sem ég var að lýsa áðan að fyrst og fremst er dregið úr þjónustu en ekki þá séð fyrir því að þjóðfélagsþegnarnir búi við sambærileg skilyrði eftir sem og áður og að hagsmunum þjóðarheildar sé gætt.

Síðan virðist það koma inn í forsendur hæstv. ríkisstjórnar þegar haldið er áfram að vinna við þessa sölu ríkisfyrirtækjanna að það sé meginmarkmiðið að ríkið dragi sig út úr atvinnurekstri og það beri að dreifa eignaraðildinni eða koma fleiri aðilum að þessum fyrirtækjum. Það kann að vera gott markmið líka út af fyrir sig ef gætt er heildarsjónarmiðanna. En það er ekki endilega sjálfgefið og nauðsynlegt að ríkið eigi að draga sig út úr atvinnurekstri, það sé prinsippið ef ekki eru önnur sjónarmið höfð í heiðri sem ég hef drepið á hér á undan.

Ríkisstjórnin og sú nefnd sem unnið hefur að einkavæðingunni setti sér verklagsreglur og í þeim er út af fyrir sig ýmislegt gott að finna. Þar eru ákveðin markmið sett fram og heitið ákveðnum vinnubrögðum til þess að fylgja við sölu fyrirtækjanna en spurningin er hins vegar sú: Hefur þessum verklagsreglum verið fylgt og hvenær voru þær settar? Ætli það hafi ekki verið búið þá þegar að selja æðimörg af þeim fyrirtækjum sem nú þegar hafa verið seld þegar verklagsreglurnar voru settar og samþykktar í ríkisstjórninni 12. okt. 1993? Það er ekki fyrr en þá sem hæstv. ríkisstjórn staðfestir þessar reglur sem eiga að vera viðmiðið og eru m.a. eitt af því sem Ríkisendurskoðun gagnrýndi í sinni skýrslu og öðrum skýrslum sem Ríkisendurskoðun hefur frá sér sent um sölu einstakra fyrirtækja, að verklagsreglurnar hafi ekki verið skýrar og kannski ekki alltaf farið nægjanlega vel eftir þeim.

Síðan má einnig nefna að það virðist svo sem á stundum sé hrapað nokkuð skyndilega að því að selja fyrirtækin og þá ráði meira einhverjar dagsetningar en það markmið að fá út úr fyrirtækinu það mesta fé og þá bestu skilmála sem ríkið ætti að sætta sig við. Okkur virðist að hægt sé að finna ýmis dæmi þess, ekki kannski síst söluna á SR-mjöli hf. Þá hafi dagsetningar, t.d. áramótadagsetningar, skipt máli til þess að geta staðið við einhver stefnumið ríkisstjórnarinnar um að geta sagt að svo og svo mikið hafi náðst að einkavæða á viðkomandi ári og sé þá fyrst og fremst selt sölunnar vegna en ekki með það að í huga að gæta sem ýtrast hagsmuna ríkissjóðs og þá auðvitað hagsmuna skattgreiðendanna og almennings í landinu. Það er að sjálfsögðu óásættanlegt að standa þannig að málunum.

Nú virðist því miður einu sinni enn eiga að hrapa að sölu. Nú er uppi eitthvert ógurlegt kapphlaup um að það sé lífsspursmál að selja, helst fyrir áramót, það sem óselt er af hlutabréfum ríkisins í Lyfjaverslun Íslands hf. Langar mig þá aðeins að koma nánar að því frv. sem hér er til umræðu.

Ég hefði, virðulegi forseti, gjarnan viljað að hæstv. fjmrh. gæfi sér tíma til þess að fylgjast með þessum umræðum þó að ég viti að hann hefur sjálfsagt í mörgu að snúast, en ef honum er svo mikið kappsmál eins og virðist vera og hæstv. ríkisstjórn að losna við þetta fyrirtæki og selja þau hlutabréf sem ríkissjóður á eftir í Lyfjaversluninni, þá finnst mér að hann ætti að sýna þeim hv. þm. sem eru að ræða þessi mál og hafa skoðanir á þeim og hafa kannski athugasemdir fram að færa við það hvernig að málum er staðið þann heiður að

hlýða á mál okkar. Ég vænti þess, hæstv. forseti, að ráðherra komi skjótlega í salinn aftur. Ég sé reyndar að hann er hér í hliðarherbergi.

Ég ætla þá aðeins að ræða um þetta frv. nánar og efnisatriði þess. Hér er því t.d. haldið fram og fullyrt í greinargerð að gengi hlutabréfanna væri 1,34, það var sú viðmiðun sem hlutabréfin skyldu seld á. Ef tekið er tillit til þess hvernig salan fór fram og hvernig skilmála ríkið veitti þeim sem voru að kaupa, þá skilst mér að segja megi að gengið sé nær því að vera 1,20 en ekki 1,34 því að um það bil 90% þeirra sem keyptu þau hlutabréf sem boðin voru til kaups fengu þau á skilmálum þar verulegur hluti kaupverðsins var lánaður á vaxtalausum lánum sem hlýtur að þýða að þetta gengi hlutabréfanna, sem var þó gert ráð fyrir í verðmætamati Kaupþings, skilar sér ekki. Mig langar að spyrja hæstv. fjmrh. um það hvort hann telji að þeir einstaklingar sem eru að leggja fjármuni í kaup á Lyfjaverslun ríkisins séu endilega með það að markmiði að efla og styrkja atvinnulífið og að þetta sé gert af áhuga fólksins til að taka þátt í atvinnurekstri og hvort nauðsynlegt sé að hvetja svo til sölu á hlutabréfum í fyrirtæki sem menn telja kannski að geti haft nokkra hagnaðarvon í för með sér að ástæða sé til þess að gefa þeim einstaklingum sem þarna eru að kaupa kost á skilmálum af því tagi sem þarna var boðið upp á. Ég leyfi mér að efast um að það sé almennt ásættanlegt að lána kaupverð hlutabréfa með þessum hætti til tveggja ára án vaxta. Það á alveg eins við um söluna á SR-mjöli sem mér skilst að hafi verið hliðstæð. Þar var, ef ég man rétt, einnig meginhlutinn af söluandvirðinu lánaður til allt að tveggja ára vaxtalaust og hæstv. fjmrh. leiðréttir mig þá ef það er rangt munað hjá mér að þannig hafi verið að því máli staðið.

Síðan aðeins nánar um málsmeðferðina þegar verið var að fjalla um breytinguna á Lyfjaverslun ríkisins í hlutafélag og afstöðu okkar framsóknarmanna til þess máls. Ég lýst því yfir við 1. umr. um málið að út af fyrir sig værum við tilbúnir til þess að taka þátt í þessari umræðu og vinna að því að fyrirtækið yrði gert að hlutafélagi ef tilteknum ákveðnum skilyrðum yrði fullnægt. Við yrðum fullvissaðir um að staðið yrði við þann öryggisþátt, sem hæstv. fjmrh. var reyndar að lýsa áðan, að gert yrði samkomulag um það við þetta fyrirtæki hvernig það gegndi sínum skyldum og uppfyllti þær kröfur sem við höfðum áður gert til þess og það héldi áfram að vera þátttakandi í því að tryggja t.d. lyfjaafgreiðslu á tímum þegar Almannavarnir þyrftu að grípa inn í og það gegndi áfram sínu mikilvæga hlutverki á því sviði. Einnig að þetta fyrirtæki næði ekki einokunaraðstöðu gagnvart t.d. sjúkrahúsunum í landinu varðandi framleiðslu á lyfjum sem það framleiddi eitt og ekki önnur fyrirtæki. Síðar kom svo upp reyndar hugmynd um að hugsanlega mætti breyta starfsemi Lyfjaverslunarinnar þannig að það væri aðeins hluti af henni seldur eða lagður niður, þ.e. sá þátturinn sem var beinlínis í samkeppni við aðra aðila á lyfjamarkaðinum. Það varð hins vegar ekki niðurstaðan heldur var ákveðið að breyta fyrirtækinu í hlutafélag eins og menn þekkja og raun ber vitni og lögin um það samþykkt með ákveðnum skilyrðum sem við framsóknarmenn töldum vera grunn að því að við gætum stutt söluna. Það var m.a. að ekki yrði seldur nema helmingur hlutafjárins öðruvísi en leita samþykkis Alþingis fyrir sölunni að nýju. Einnig var ákvæði til bráðabirgða í lögunum sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Ráðherra skal leggja fyrir Alþingi skýrslu um hvernig birgðahaldi fyrir Almannavarnir ríkisins, sem Lyfjaverslun ríkisins annaðist, verði háttað eftir stofnun hlutafélagsins skv. 1. gr. þannig að fullnægjandi öryggissjónarmiða sé gætt."

Hæstv. ráðherra gerði reyndar grein fyrir því hér áðan að það hefði þegar verið gerður samningur við fyrirtækið nýlega, núna í októbermánuði sl., en þinginu ekki enn verið gerð grein fyrir því og hefði það þó verið eðlilegt, en vonandi verður úr því bætt og þá komi skýrt fram hvað þar var á ferðinni og hvort Alþingi eða þeir sem studdu frv. með þessum skilyrðum telji að fullnægjandi sé frá því gengið.

Reyndar var það nú svo að sumum þingmönnum sem tóku til máls um þetta mál í vor fannst að þó að frv. hefði e.t.v. skánað aðeins í meðferðinni þá væri svo sem ekkert tryggt um framhaldið og gæti verið að fljótlega yrði ráðist í það að selja afganginn af fyrirtækinu eða seinni helming hlutafjárins. Hv. þm. Páll Pétursson lét m.a. þau orð falla í umræðum í vor að ekki væri ólíklegt að því yrði lætt inn í 6. gr. fjárlaga kannski þegar um næstu jól og virðist hv. þm. hafa tekist að spá nokkuð um framtíðina hvað það varðaði að hæstv. fjmrh. hugsaði sér að gera aðra herferð að málinu. En það var alveg örugglega ekki skilningur okkar sem að þessu máli stóðum og leyfi ég mér að vitna m.a. til ræðu hv. 1. þm. Austurl., Halldórs Ásgrímssonar, sem hann flutti við 2. umr. um frv. í vor þar sem hann sagði, með leyfi forseta:

„Gengið var til móts við þær skoðanir að ekki væri rétt að selja meira en helming hlutabréfa í fyrirtækinu og að frekari sala væri háð samþykki Alþingis. Ég vil taka það skýrt fram að ég skil það svo og vildi gjarnan heyra útskýringar hæstv. fjmrh. í því sambandi að engin frekari áform séu um það á þessu stigi að leita eftir heimildum Alþingis til frekari sölu."

Síðar í ræðu sinni nefndi hann að rætt hefði verið um að við mundum sjá til um nokkurn tíma hvernig til tækist og hvernig hinu nýja félagi mundi vegna eftir sölu þess hluta hlutafjárins sem heimilað var samkvæmt gildandi lögum og reynsla yrði fengin á starfsemina áður en lengra yrði gengið. Með þessu frv. sem hér er flutt teljum við að nokkuð hafi verið gengið á svig við þessi viðhorf og þetta sjónarmið sem kom skýrt fram hjá ýmsum þingmönnum í umræðunni í fyrra og m.a. í þessari ræðu sem ég var að vitna til. Við hljótum því að verða að lýsa því yfir hér og nú að við urðum fyrir miklum vonbrigðum með það hvernig hæstv. fjmrh. hugsar sér að standa að málinu núna og getum ekki lýst yfir stuðningi við þessa málsmeðferð eins og hún er sett fram í ljósi þess sem við sögðum í fyrra og vonuðumst til að staðið yrði við af hálfu hæstv. fjmrh. og hæstv. ríkisstjórnar.

Virðulegur forseti. Mig langar þá að fara örfáum orðum um skýrslu Ríkisendurskoðunar um sölu á fyrirtækjum í eigu ríkisins sem ég er reyndar aðeins búinn að nefna áður í ræðu minni og hefur verið nefnt af nokkuð mörgum hv. þm. sem tekið hafa til máls á undan mér. Var boðað af okkar hálfu að við mundum gjarnan vilja að þau mál yrðu rædd einnig í tengslum við þetta frv. Ég verð að segja að ég get ekki alveg verið sammála hæstv. fjmrh. um að skýrsla þessi sé fyrst og fremst stimpill á það hversu vel hafi tekist til við einkavæðingu hæstv. ríkisstjórnar þó svo að kannski sé ekki sagt að allt sé ómögulegt og allt hafi gengið miður hvað það varðaði en vissulega er hér að finna ýmsar athugasemdir við framkvæmd málsins og við framkvæmd á sölu einstakra fyrirtækja.

Ég hef þegar farið nokkrum orðum um söluna á Ríkisskipum, það var nú reyndar ekki sala á fyrirtækinu sem slíku heldur reyndar sala á eignum þess fyrirtækis eftir að rekstur þess hafði verið lagður niður og langar að nefna nokkur önnur dæmi hér sem eru dregin fram þar sem ég tel að ekki hafi verið staðið að málinu eins og æskilegt hefði verið og í samræmi við þær verklagsreglur sem ríkisstjórnin samþykkti þó seint væri eða í október 1993. Þar má t.d. nefna Þróunarfélag Íslands. Það er getið um að þar var alls ekki náð þeim hugmyndum um verðlagningu fyrirtækisins sem menn höfðu ímyndað sér og meira að segja framkvæmdanefndin sjálf hugsaði sér að verð gæti verið á bilinu 135–140 millj. kr., fyrirtækið er metið á 150–165 millj. en söluverðið ekki nema 130 millj.

Það má kannski segja að þetta sé bitamunur en ekki fjár, hér sé ekki um stórar upphæðir að ræða sem ber í milli en þó er í verklagsreglunum talað um það varðandi söluna að meta skuli hvert tilboð og hafna þeim tilboðum sem ekki eru talin fullnægjandi og hlýtur það að verða að skoðast í hvert skipti hvort eignaraðilarnir þá og ríkisstjórnin sem fer með það umboð geti sætt sig við það og geti réttlætt það fyrir þjóðfélagsþegnunum, fyrir eigendum þessara fyrirtækja, að þau séu seld á því verði sem um er að ræða hverju sinni.

Mig langar einnig að fara örfáum orðum um fyrirtækið Íslenska endurtryggingu hf. sem Ríkisendurskoðun gerir nokkrar athugasemdir við hvernig staðið var að málsmeðferð þar. Ég vil láta það koma hér skýrt fram að þegar frv. um að breyta Íslenskri endurtryggingu í hlutafélag var til umræðu á hv. þingi þá gerði ég grein fyrir því að ég gæti fylgt þeirri stefnu að gera fyrirtækið að hlutafélagi og þá þar með að gera það markaðshæft. Ég lýsti því einnig yfir að ég hefði fylgst með málinu í gegnum stjórnarmenn í því fyrirtæki. Hitt vil ég láta koma skýrt fram að í þeirri umræðu var engin umræða uppi um sölu þess fyrirtækis eða að fyrirtækið hefði þá þegar verið selt og kemur það skýrt fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar. Ég hef ekki sjálfur farið yfir þau gögn eða lesið mér til í þingtíðindum en það kemur skýrt fram að það hafi ekki verið rætt um það þegar verið var að samþykkja lögin í aprílmánuði 1993 að sölusamningur hafi þá þegar verið gerður, að vísu með fyrirvara um það að lögin yrðu staðfest.

Ég hef í dag aflað mér upplýsinga úr gögnum heilbr.- og trn. um það mál. Þar kemur ekki heldur fram að það hafi nokkurn tímann komið fram í nefndarstarfinu að búið væri að selja fyrirtækið, með þó þessum fyrirvörum, áður en lögin voru samþykkt. Í umsögnum sem nefndinni bárust um málið sem flestar voru jákvæðar og tóku undir að það væri eðlilegt að breyta þessu fyrirtæki í hlutafélag er hvergi nokkurs staðar minnst á það að búið sé að selja fyrirtækið og eru þó þessar umsagnir allar skrifaðar í mars og apríl 1993 en fyrirtækið var selt í desember 1992. Svoleiðis að þó að hér í umræðunni hafi verið lýst fylgi við þá skoðun og þá stefnu að gera þetta að hlutafélagi og þá síðar trúlega að selja það á markaði, þá var það hvergi komið fram að það kynni að vera uppi álitamál um það hvernig að sölunni var staðið og ágreiningur um verð eða a.m.k. uppi mikið álitamál um það verð sem fyrir þetta fyrirtæki fékkst.

Þetta vildi ég láta koma fram, virðulegi forseti, og eyða í örfáum mínútum vegna þess að ég tók þátt í þeirri umræðu og lýsti stuðningi við að fyrirtækið yrði gert að hlutafélagi og er það út af fyrir sig alveg í samræmi við það sem ég sagði í upphafi ræðu minnar að við framsóknarmenn höfum í ýmsum tilvikum fylgt því að ríkisstofnanir væru seldar. Við teljum að það sé ekki aðalmálið heldur það hvernig staðið er að slíkri sölu og þeirri tímasetningu sem valin er til þess að selja ríkisfyrirtækin.

Þá má auðvitað einnig fara nokkrum orðum um söluna á SR-mjöli þó það sé e.t.v. að bera í bakkafullan lækinn því svo oft áður hefur verið rætt um það ágæta fyrirtæki í þingsölum. Mig langar þó að bæta við þá umræðu aðeins því að eftir að dómur féll í málinu fór Ríkisendurskoðun yfir dóminn og bar hann saman við þær athugasemdir sem Ríkisendurskoðun hafði á sínum tíma látið frá sér fara og fengið alvarlegar ákúrur fyrir hjá hæstv. fjmrh. sem, m.a. í umræðum á Alþingi, lýsti því yfir að hann hefði áhyggjur af trúverðugleika stofnunarinnar og teldi jafnvel að stofnunin hefði með þeirri skýrslu skaðað sig verulega eða stórkostlega eða hvernig sem hann tók nú til orða á þeim tíma. En þá er það nú svo að æðimörgum athugasemdum Ríkisendurskoðunar er fylgt eftir og þær eru í raun staðfestar í þeim dómi sem féll um málið í Héraðsdómi Reykjavíkur vegna þessarar sölu. Ég ætla ekki á þessu stigi, virðulegur forseti, að eyða tíma í að lesa það upp en er með skjal fyrir framan mig sem Ríkisendurskoðun sendi Alþingi 6. júní 1994 og dró þar einmitt saman þær athugasemdir sem hún hafði gert við söluna og málsmeðferð og hvernig að því var staðið og bar þær saman við niðurstöður dómsins.

Ég vil aðeins að lokum leyfa mér að árétta það aftur að ég held að það sé afar mikilvægt þegar við stöndum frammi fyrir svokallaðri einkavæðingu eða sölu á ríkisfyrirtækjum að þá sé þess gætt að unnið sé samkvæmt almennum sanngjörnum leikreglum og þess sé gætt, sem reyndar kemur hér fram í verklagsreglum ríkisstjórnarinnar og einkavæðingarnefndarinnar, að fyrirtækin séu ávallt auglýst, almennar aðferðir séu viðhafðar við söluaðferðina, að sölu sé ekki skilyrðis-

laust tekið hvernig svo sem verðið er og markmiðið sé ekki að selja eða einkavæða, markmiðið sé að gera betur en áður hafi verið gert og markmiðið sé að þjónusta betur þjóðfélagsþegnana og að við veljum réttan tíma þegar svona einkavæðingaráform eru viðhöfð. Veljum þá þann tíma þegar við teljum að aðstæður séu bestar í þjóðfélaginu.

Ég leyfi mér að efast um það að það ástand hafi ríkt nú að undanförnu að fjármunum fjármagnseigenda í þjóðfélaginu hafi alltaf verið best varið með því að kaupa ríkisfyrirtækin. Þeim hefði e.t.v. verið betur varið með því að efla ýmsa aðra atvinnustarfsemi og skapa ný og fleiri atvinnufyrirtæki í landinu.

[18:14]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er fyrst og fremst eitt atriði sem ég vil nefna og ítreka enn á ný. Það varðar skilning á því hvenær og hvernig mátti breyta lögum til þess að ná fram heimild til sölu á helmingi hluts í Lyfjaverslun Íslands sem eftir stóð þegar búið var að selja fyrri hlutann.

Í svari mínu sem hv. þm. nefndi sagði ég að á þeirri stundu sem það svar var gefið hefðu engin áform verið uppi um sölu á fyrirtækinu, hvorki fyrri partinum né síðari partinum. Ég hygg að ég hafi endurtekið þetta síðar í annarri ræðu af sama tilefni því ég hef lesið þessar umræður. Það er hins vegar rétt að hv. þm. Halldór Ásgrímsson orðaði sína hugsun en þótt hann segi það hér í ræðustól má ekki skilja það svo að ég sé bundinn af henni og það hefði orðið einhver samningur á milli okkar um það að ég hafi skuldbundið mig til þess að ríkið ætti fyrirtækið í tiltekinn tíma. Það var ekki hugmyndin. Mitt svar laut eingöngu að því að segja: Við samþykkjum að leita eftir heimild Alþingis þegar selja þarf síðari hlutann og það eru engin áform uppi um það hvernig að þeirri sölu, né fyrri hlutanum, verður staðið, enda hefði ég ekki talið það vera siðlegt að það hefði legið fyrir á þeim tíma án þess að ég segði nákvæmlega frá því.

Varðandi dóm héraðsdóms vil ég eingöngu segja þetta: Í þeim dómi, sem fjallaði reyndar um sérstakt deilumál á milli tveggja aðila, er eingöngu vikið að einu atriði af átta sem gerðar voru athugasemdir við vegna skýrslu Ríkisendurskoðunar. Það sem ég segi er þetta: Ég tel að Ríkisendurskoðun skuldi einkavæðingarnefndinni og sölunefndinni skýringar á ýmsu því sem fram kom í þeirri skýrslu hennar og þess vegna var ég hissa á að sjá niðurstöðuna óbreytta í þessari nýju skýrslu.

[18:16]

Guðmundur Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Út af ummælum hv. 1. þm. Austurl. hér í vor þegar frv. var afgreitt sem lög, þá er mér það ljóst að skilningur eða skoðun einhvers einstaks hv. þm. hér í ræðustól getur ekki bundið hendur hæstv. ráðherra eða hæstv. ríkisstjórnar til lengri tíma. En hér var fyrst og fremst skilningur hv. þm. á því og skýring á því af hverju hann léði þessu máli sinn stuðning og Framsfl. reyndar allur eða þingmenn hans í hv. þingi studdu frv. eins og það var endanlega afgreitt hér, en með ákveðna skoðun eða ákveðin sjónarmið að leiðarljósi. Það var það sem lá að baki hjá okkur og við teljum að það sé ekkert nú í stöðunni sem réttlæti það eða geri það að verkum að eðlilegt sé að fara fram með því offorsi sem okkur virðist hæstv. fjmrh. og hæstv. ríkisstjórn nú fara varðandi einkavæðingu á þessu fyrirtæki eða sölu á helmingi af hlutafé fyrirtækisins og getum þess vegna ekki veitt málinu nú þann stuðning sem við gerðum þó í vor með ákveðnum skilyrðum sem okkur finnst nú ekki vera staðið við.

Varðandi síðan skýrslu Ríkisendurskoðunar þá leyfir ekki tími í örstuttu andsvari að fara yfir þau atriði sem ég var hér að nefna áðan eða tæpa á, að ég teldi að dómurinn eins og hann liggur hér fyrir hafi í raun stutt, og ég styðst þar við þetta bréf eða erindi Ríkisendurskoðunar til Alþingis, skýrslu Ríkisendurskoðunar og álitaefni sem hún setti fram í upphafi í veigamiklum atriðum.

[18:18]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Annað atriði sem ég vil gera athugasemd við í ræðu hv. þm. snertir sölu á hlut ríkisins í Íslenskri endurtryggingu. Ég trúi því að sjálfsögðu sem hv. þm. sagði um bækur hv. heilbr.- og trn. en það kemur mér mjög á óvart að ekki skyldi liggja fyrir vitneskja í nefndinni um sölu fyrirtækisins þegar um söluna höfðu farið fram blaðaskrif í desember strax og salan átti sér stað og skýrslur lágu fyrir um þetta efni. Það segir mér kannski fyrst og fremst að menn hafi ekki fylgst nægilega með því hvað var að gerast og það undrar mig reyndar stórkostlega að nefndin skuli ekki hafa spurst fyrir um það því að auðvitað var stjórnarmönnunum öllum, ráðuneytinu sem fór með málið, heilbr.- og trmrn., og einkavæðingarnefndinni og öllum sem stóðu að frv. ljóst að búið var að selja fyrirtækið rétt fyrir jól og í stóru viðtali við Morgunblaðið er þetta eitt af helstu atriðunum sem þar kemur fram að það sé búið að selja fyrirtækið og það var reyndar gert með vitneskju Ríkisendurskoðunar því formaður einkavæðingarnefndar hringdi í ríkisendurskoðanda og það er allt til skjalfest frá báðum aðilum og ræddi við hann um það hvernig hægt væri að ganga frá sölunni áður en Alþingi hefði samþykkt frv. Þess vegna kemur mér þetta mjög á óvart þó ég rengi alls ekki hv. þm.

[18:20]

Guðmundur Bjarnason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég get auðvitað svo sem ekkert fullyrt um það af því að ég á ekki og ég átti ekki sæti í hv. heilbr.- og trn. hvað þar kann að hafa verið rætt á fundum. En í þeim gögnum sem fyrir liggja hjá nefndinni og eftir nefndarstarfið er hvergi að finna neina umræðu um það að fyrirtækið hafi þá þegar verið selt. Það er ekki í umsögnunum sem ég hef allar hér fyrir framan mig og eru dagsettar, eins og ég sagði áðan, í mars og apríl 1993 þó að fyrirtækið hafi verið selt í desember 1992. Einnig staðfestir umræðan í hv. þingi

það að þingmönnum hefur a.m.k. ekki verið það ofarlega í huga að búið væri að selja fyrirtækið ef það er enginn þingmaður sem tekur þátt í umræðunni þegar verið er að samþykkja frv. og gera það að lögum sem lætur það koma fram í sínu máli að fyrirtækið hafi þá þegar verið selt.

Það skiptir kannski ekki öllu máli, hæstv. forseti, hvernig um þetta hefur verið fjallað í nefndinni. En það sem ég vildi draga fram í máli mínu áðan var að þó að ég hafi þá áður lýst stuðningi við það að einkavæða þetta fyrirtæki eða selja það, gera það að hlutafélagi og selja hlutaféð, þá var, a.m.k. þegar umræðan fór fram hér, það ekki í mínum huga og kom ekkert fram í umræðunni þá um verðlagninguna á fyrirtækinu eða hvernig skyldi staðið að sölunni. Það er auðvitað það sem Ríkisendurskoðun er að gagnrýna í sinni skýrslu og mér sýnist að megi taka undir ýmislegt af því sem þar kemur fram, að þar hafi kannski verið staðið að sölu með öðrum hætti en æskilegast hefði verið. Þar er um að ræða framkvæmdaatriði og alveg óskylt því sem ég hef margoft sagt áður hér í umræðunni og umræðum um hliðstæð mál, að ég geti verið fylgjandi því að selja einhver ríkisfyrirtæki.

[18:22]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Einkavæðingin er á stefnuskrá þessarar ríkisstjórnar og skyldi nú engan undra sem man fáein ár aftur í tímann þegar bókin Uppreisn frjálshyggjunnar kom út og margir af þeim sem eiga aðild að þessari ríkisstjórn og styðja hana skrifuðu greinar sínar í þá bók. Einkavæðingin er út af fyrir sig kannski ekki aðalátakaefni þessa máls sem hér liggur fyrir heldur finnst mér það meira vera hvernig þessi hæstv. ríkisstjórn hefur staðið að þeirri einkavæðingu sem hún hefur staðið fyrir. Ég tel að þar hræði sporin mikið. Mer finnst að þessi hæstv. ríkisstjórn hafi einskis svifist í því að reyna að koma einhvers konar einkavæðingu í framkvæmd og þar hafa meðulin svo sem ekki verið valin kostgæfulega stundum.

Mér sýnist að þar á bæ sé ekki t.d. haft í heiðri það sem ég tel að eigi að liggja til grundvallar því hvort það sé verið að einkavæða rekstur eða fyrirtæki, þ.e. hvort um sé að ræða starfsemi sem hafi einhvers konar einokun á markaðnum. Það getur verið með ýmsum hætti, bæði vegna fjarlægðar landsins og líka vegna smæðar markaðarins og það er það sem ég held að í mörgum tilfellum þurfi að hafa í huga þegar verið er að velta því fyrir sér hvort það eigi að einkavæða starfsemi. Ég hef ekki á móti því að rekstur af flestu tagi sé í höndum einkaaðila, en það þarf auðvitað að vera hægt að tryggja að sá rekstur sé þá rekinn í einhverju eðlilegu starfsumhverfi þar sem aðrir einstaklingar eða fyrirtæki hafa möguleika til þess að bjóða fram sína þjónustu á sambærilegum grundvelli og sá aðili sem veitir þessa þjónustu hefur.

Hæstv. forseti. Þegar rætt var um Lyfjaverslun ríkisins 14. apríl á þessu ári, þá sagði ég eftirfarandi orð, með leyfi forseta, og ég sé ástæðu til þess að endurtaka þau hér:

„Ég kem í þennan ræðustól fyrst og fremst í þeim tilgangi að láta það koma fram að ég er andvígur þessu frv. til laga um stofnun hlutafélags um Lyfjaverslun ríkisins. Aðalástæðan fyrir því að ég er andvígur þessu frv. er sú að ég treysti ekki þessari ríkisstjórn fyrir húshorn með hf. upp á vasann í neinu félagi. Reynslan af einkavæðingu hæstv. ríkisstjórnar er með þeim endemum að það er ekki hægt að halda áfram nema það verði einhvers konar stefnubreyting hjá ríkisstjórninni og að það verði algerlega ljóst og klárt með hvaða hætti eigi að standa að einkavæðingu á hennar vegum."

Ég endurtek þessi orð hér vegna þess að ég sé ekki að hæstv. ríkisstjórn hafi breytt vana sínum í þessum efnum. Og þó að hér láti hæstv. fjmrh. af þeim verklagsreglum sem einkavæðingarnefnd ríkisstjórnarinnar hefur komið sér upp og að þær eigi að tryggja að farið sé skynsamlega að við einkavæðingu fyrirtækja, þá minni ég á það að þessar verklagsreglur höfðu verið samþykktar af hæstv. ríkisstjórn þegar einkavæðing Síldarverksmiðja ríkisins fór fram. Og mig undrar það nú ekki þó að það ergi hæstv. fjmrh. að Ríkisendurskoðun skuli vera við sama heygarðshornið með gagnrýni sína á sölu á því fyrirtæki vegna þess að auðvitað braut hæstv. ríkisstjórn og ráðherrar hennar þessar verklagsreglur í mörgum atriðum þegar salan á SR-mjöli fór fram.

Það er ástæða til þess að rifja það upp að þegar salan á SR-mjöli hf. stóð til þá var að tillögu stjórnar SR-mjöls, þá skipaði hæstv. sjútvrh. með bréfi dags. 13. október starfshóp til að annast undirbúning og sölu á hlutabréfum í félaginu. Í skipunarbréfi til starfshópsins sagði m.a. um verkefni hans: „Skal hópurinn standa að undirbúningi í samræmi við tillögur stjórnar og með hliðsjón af verklagsreglum við framkvæmd einkavæðingar."

Þarna var því skýrt komið á framfæri að það ætti að hafa þessar einkavæðingarreglur eða verklagsreglur um einkavæðingu til hliðsjónar við einkavæðingu SR-mjöls hf. En það var auðvitað ekki gert og Ríkisendurskoðun er að benda á það hér á bls. 7 í sinni skýrslu, þar segir nefnilega: „Ríkisendurskoðun er sammála þeim sjónarmiðum sem fram koma í verklagsreglum um framkvæmd einkavæðingar sem samþykktar voru af ríkisstjórn sl. haust. Að mati stofnunarinnar eru þessar reglur vel til þess fallnar að stuðla að vönduðum framgangsmáta þegar kemur að sölu á fyrirtækjum í eigu ríkisins."

Síðan koma áherslur Ríkisendurskoðunar sem flestar fara saman við þær áherslur sem eru í verklagsreglum einkavæðingarnefndarinnar og Ríkisendurskoðun er í raun og veru að snupra hæstv. ríkisstjórn og hæstv. fjmrh. með því að leggja málin fyrir með þessum hætti.

Ég tel að það sé einsýnt og hljóti að vera augljóst hverjum þeim manni sem hefur fylgst með sölunni á SR-mjöli hf. að þarna var ekki farið að þeim reglum sem þarna eru settar fram, enda spyr ég hæstv. fjmrh.: Er hann tilbúinn að halda því fram að það eigi að standa að einkavæðingu ríkisfyrirtækja með sama hætti og gert var þegar salan fór fram á SR-mjöli? Mér þætti

vænt um að fá það hér staðfest úr því að hæstv. fjmrh. hristir höfuð sitt yfir því sem ég er hér að segja. Það væri þá a.m.k. skýrt í hugum þeirra sem hlýða á þessa umræðu að hæstv. fjmrh. telji að það hafi allt verið með felldu í sambandi við söluna á SR-mjöli hf.

Ég vil aðeins fara yfir það mál vegna þess að ég tel að það sé eitt af allra stærstu málum sem hér hafa raunverulega verið til afgreiðslu á hv. Alþingi á undanförnu kjörtímabili. Þetta stóra fyrirtæki sem var búið að vera í eigu ríkisins í 63 ár var selt fyrir fáeinar krónur um síðustu áramót og með þeim eindæmum að það er ekki vafi á því að enginn einkaaðili hefði nokkurn tímann látið sér detta til hugar að selja fyrirtækið með þeim hætti sem gert var. Geti hæstv. fjmrh. komið því heim og saman hvernig staðið var að því að selja þetta fyrirtæki við verklagsreglur sem hér hafa verið til umræðu frá einkavæðingarnefndinni og ríkisstjórnin hefur lagt blessun sína yfir þá segi ég nú bara að óhætt sé að fleygja þeim verklagsreglum á haugana því þær gera þá ekki það gagn a.m.k. að tryggja Íslendingum að það sé farið með eðlilegum hætti með eigur þeirra sem seldar eru frá ríkinu.

Það er hverjum manni ljóst sem hefur fylgst með stöðu fyrirtækisins SR-mjöls hf. að þar varð viðsnúningur algjör á rekstri fyrirtækisins og það var mikill hagnaður af rekstri fyrirtækisins á árinu 1993. Á fyrri hluta ársins var reksturinn í góðu jafnvægi en á síðari hluta ársins var mikill gróði af rekstri fyrirtækisins, yfir 220 millj. Fyrirtækið hafi verið rekið, eins og ég sagði áðan, í 63 ár í eigu ríkisins og hafði auðvitað gengið á ýmsu eins og gengur í sjávarútveginum en ríkið hafði aldrei lagt peninga til þessa fyrirtækis. Það hafði aldrei verið gert. Hins vegar tók hæstv. ríkisstjórn þá ákvörðun þegar hún ákvað að selja fyrirtækið að það þyrfti að leggja því til peninga svo það væri hægt að selja það. Það tel ég að hafi verið rangt mat á stöðu fyrirtækisins. En aðalatriðið að mínu viti var þó það að það var mjög heimskulegt af eigendum fyrirtækis eins og SR-mjöls hf. að fara í það að selja það einmitt á þeim tíma sem það var að byrja að skila hagnaði eins og raunin var, eftir langt erfiðleikatímabil þar sem ekki hafði mátt veiða loðnu og verð á mörkuðum hafði líka verið lágt.

Hæstv. ráðherra talaði áðan um það í sambandi við umfjöllun um SR-mjöl að það væri ástæða til þess að gleðast yfir því að menn fengju skatta af fyrirtækjum sem ríkið væri búið að selja, m.a. ætti að reikna sér gróðann af því. Mig langar til að spyrja hæstv. fjmrh. hvort hann hafi nokkuð reynt að átta sig á því hvað hann fái mikinn skatt af rekstri SR-mjöls á næstunni. Honum hlýtur að vera kunnugt um að til þess að hann fái einhverja aura frá SR-mjöli þá þarf að vera a.m.k. 100 millj. kr. hagnaður af því fyrirtæki á hverju ári. Fyrr kemur ekki peningur í ríkissjóð frá því fyrirtæki á næstu árum.

Það svo sem ærir kannski óstöðugan að fara aftur yfir þá hluti hér, þ.e. stöðu SR-mjöls þegar það var selt en ég læt mér nægja að benda á örfá atriði sem skipta máli í þeirri umræðu en það er það að fyrirtækinu voru lagðar til 520 millj. frá ríkinu. Þetta fyrirtæki var í miklum hagnaði eins og ég sagði áðan á þessum tíma og þá var hagnaður á fyrirtækinu upp undir 230 millj. á ársgrundvelli. Þegar fyrirtæki er selt um áramót þá eru raunskuldir fyrirtækisins ekki nema u.þ.b. 542 millj. Eigið fé fyrirtækisins er þá talið vera um 1.311 millj. og hafði vaxið um yfir 300 millj. á fimm mánuðum en það hafði vaxið úr 23 millj. um næstu áramót á undan í þessar 1.311 millj. sem fyrirtækið var komið í þarna um áramótin 1993. Þannig að það hljóta allir menn að sjá að þarna var á ferðinni mjög athyglisverð þróun hjá þessu fyrirtæki og það að þetta fyrirtæki skyldi eiga varasjóð um áramótin upp á 660 millj. kr. og að raunskuldir fyrirtækisins væru ekki nema rúmlega hálfur milljarður hlýtur að vera sönnun um það að þarna hafi menn farið illa með fé sem ríkið átti. Það er fleira sem bendir til þess sem ég er hér að segja.

Það var nú þannig að það voru nokkrir aðilar sem höfðu áhuga á að kaupa SR-mjöl þegar það var til sölu og það voru líklega 14 aðilar sem sendu inn tilboð um það að taka þátt í að kaupa fyrirtækið. Niðurstaðan af því var að með miklum hraða var þetta afgreitt um áramótin og þeim aðilum sem höfðu áhuga á að kaupa fyrirtækið var ekki gefið tækifæri nema einum til samningagerðar. En það var slíkur hraði á afgreiðslu málsins að það þurfti greinilega að afgreiða það fyrir áramótin eins og ég sagði áðan og ríkisstjórnin hefur lagt einhvers konar ofuráherslu á að það yrði hægt að skrifa einkavæðingarreikninginn fyrir árið 1993 en ekki 1994. Það tókst hins vegar ekki vegna þess að það var af tæknilegum ástæðum ekki hægt að ganga frá málinu með fullnægjandi hætti.

En hvað gerist síðan í framhaldi af þessu? Það gerist að einn af þeim sem bauð í fyrirtækið, þ.e. Andri hf., kærði meðferð málsins. Í þeirri kæru er sem sagt verið að kæra ýmislegt í meðferð þessa máls en kærunni var síðan hafnað og sá sem rekur fyrirtækið, Haraldur Haraldsson, sem höfðaði þetta mál til riftunar á kaupsamningnum vísaði þessu máli áfram í dómskerfinu en síðan var fallið frá áfrýjun málsins. — Nú tel ég að sé ástæða fyrir hæstv. fjmrh. að hlusta á mál mitt vegna þess að mig langar til að spyrja hann álits á því hvers vegna Andri hf. féll frá málsókn á hendur ríkinu í þessu máli. Skyldi það geta verið að það hafi eitthvað tengst öðru máli sem SR-mjöl sótti á hendur Andra hf. og var fallið frá á sama tíma og dregin til baka kæra í því máli líka? Ég tel að það geti verið. Forsaga málsins er sú að Síldarverksmiðjur ríkisins tóku þátt í rekstri fyrirtækis sem hét Ísmjöl hf. Þetta fyrirtæki var samstarfsfyrirtæki um það að flytja út mjöl frá Íslandi. Andri hf. tók að sér að reka þetta fyrirtæki, Ísmjöl hf., fyrir eigendurna. Andri hf. stóð ekki við þá samninga sem höfðu verið gerir um rekstur fyrirtækisins og þess vegna hófust málaferli við Andra hf. út af þessu máli. Þegar síðan Andri hf. ákveður að taka þátt í því að byggja loðnuverksmiðju á Austfjörðum þá var hann allt í einu kominn í öðruvísi aðstöðu heldur en áður. Þá þurfti hann á friði að halda. Hann þurfti að fá að byggja verksmiðju fyrir austan til þess að fara í samkeppni við SR-mjöl hf. Og af einhverjum ástæð-

um varð það að samkomulagi milli þessara tveggja aðila að fella niður málshöfðanir hvor á hendur öðrum. Skyldi það geta verið að sjútvrn. ætti einhvern hlut að þessu máli? Ég spyr hæstv. fjmrh. einfaldlega vegna þess að Andri hf. hefur auðvitað þurft á að halda velvild í sjútvrn. vegna aðstöðu sinnar. (**GunnS:** Hver á hlut að framförum á Fáskrúðsfirði, ekki stjórnarandstaðan?) Ég vil biðja hv. frammíkallanda að gera mér það ekki upp að ég sé að velta því fyrir mér hvort menn séu í stjórn eða stjórnarandstöðu þegar er verið að ræða þetta mál. Þetta mál er miklu stærra heldur en svo að ég geti verið að hugsa á þeim nótum. Ég tel að þetta sé eitthvert stærsta mál sem hefur verið á ferðinni hjá hæstv. ríkisstjórn og hefur verið rætt í Alþingi á þeim tíma sem ég hef setið á þingi. Ég tel að í þessu máli hafi mönnum skotist svo illa með meðferð fjármuna ríkisins að það sé vítavert að það skuli vera þegar upp er staðið niðurstaðan að ríkið fái sem svarar á milli 100 og 200 millj. fyrir eigur sínar í þessu stóra ríka fyrirtæki sem SR-mjöl er, það er niðurstaða sem hlýtur að vekja mikla athygli og verða til umhugsunar fyrir kjósendur þessa lands þegar þeir ganga næst að kjörborðinu.

Mér finnst, hæstv. forseti, að það sé ástæða til þess að taka það fram að umræðan sem hefur farið fram á nýliðnu hausti um það hvort bera eigi fram vantraust á einstaka ráðherra hafi gert gott að því leytinu til að hún hefur a.m.k. sannfært mig um að það voru mistök bæði mín og annarra sem gagnrýndu þessa sölu á sl. vetri að leggja ekki fram vantraust á þá ráðherra og ríkisstjórnina fyrir hvernig hún stóð að þessu máli því þar tel ég að hafi verið farið verst með fjármuni ríkisins, a.m.k. af þeim málum sem ég þekki til.

Eins og ég sagði áðan þá lýsti ég því yfir í fyrra við umræðuna um sölu á Lyfjaverslun ríkisins að ég treysti hæstv. ríkisstjórn ekki fyrir húshorn með hf. upp á vasann vegna þeirrar reynslu sem var af þessu máli. Ég endurtek það hér að ég tel að það sé engin ástæða til þess að gefa hæstv. ríkisstjórn leyfi til að selja afganginn af hlutabréfunum í þessu fyrirtæki. Ekki bara vegna þess að það sé ekki hægt að treysta hæstv. ríkisstjórn til að standa að þessari sölu, við vitum nokkurn veginn hvernig meiningin er að standa að henni, heldur líka vegna þess að þetta fyrirtæki hefur verið lengi í eigu ríkisins og ég sé ekki að það sé nein ástæða til þess að flýta sér um of við að selja fyrirtækið að öllu leyti. Við getum alveg beðið um svolítinn tíma og séð hvernig það reynist að reka þetta fyrirtæki sem hlutafélag og við skulum láta ríkið halda áfram að eiga það mikinn hlut í þessu fyrirtæki að það sé hægt að skipta sér af rekstri þess og taka þátt í breytingum á honum ef til þarf að koma.

Nú hefur komið frá ríkisstjórninni tillaga um það að selja það sem eftir er af eigum ríkisins í Bifreiðaskoðun Íslands. Það er eitt af þessum hörmungarmálum sem staðið hefur verið að á hv. Alþingi og það er þó ekki þessi hæstv. ríkisstjórn sem byrjaði þann leik heldur var það sú ríkisstjórn sem sat þar á undan og henni skaust nú heldur betur, því miður, við undirbúning þess máls. En sú hv. ríkisstjórn sem nú situr hefur ekki bætt um betur. Ríkisstjórnin hefur nú ákveðið að selja síðari hlutann af þeim hlutabréfum sem ríkið átti í þessu fyrirtæki. En hvernig er staða þess fyrirtækis? Staðan er sú að þetta fyrirtæki hefur einokunaraðstöðu á markaðinum og það eru litlar líkur, því miður, mjög litlar líkur á því að það sé að breytast. Hvað hefur það þá í för með sér? Það hefur það í för með sér að þessu fyrirtæki er sleppt lausu á neytendur, þ.e. bifreiðaeigendur í landinu með þessa einokunaraðstöðu. Spor þess fyrirtækis hræða nú þegar þrátt fyrir að ríkisstjórnin eigi að geta haft áhrif á rekstur fyrirtækisins og ákvarðanir enn þá en það hefur ekki dugað til.

Nú eru hugmyndir ríkisstjórnarinnar að selja það sem eftir er af hlutabréfunum, og hvað mun það þýða? Mun það ekki þýða það að þetta fyrirtæki mun halda áfram að ganga þá götu sem það hefur gert, að leggja niður þjónustuna út um allt land því að það eina sem þetta fyrirtæki virðist vera að hugsa um er hvað verður mikið eftir af gróða í kössum þess. Það hefur engu máli skipt þó að mönnum hafi verið boðið upp á að aka jafnvel hundruð kílómetra til þess að geta farið með bílana sína í skoðun. Ég tel að það sé ekki rétt að selja hlut ríkisins í því fyrirtæki nú eins og ástatt er öðruvísi en það sé þá séð til þess að með einhverjum hætti verði hafin samkeppni við þetta fyrirtæki eða þá að þessu fyrirtæki verði gert með einhverjum hætti að veita eðlilega þjónustu. Hugmyndir á þessum bæ eru með ólíkindum. Það var t.d. ætlast til þess að Vestmanneyingar færu með bílana sína upp á Hellu til þess að láta skoða þá. Það hefur verið ætlast til þess að allir Snæfellingar og íbúar langleiðina vestur á firði keyrðu til þess að láta skoða bílana sína í Borgarfirði og allt annað hefur verið eftir þessu. Ég tel að það sé full ástæða til þess að hafa áhyggjur af því ef menn ætla að halda áfram einkavæðingu þar sem menn taka ekki tillit til möguleika viðkomandi reksturs til þess að fá á sig einhvers konar samkeppni og ég tel að það sé full ástæða til þess að fresta því að selja hlut ríkisins í þessu fyrirtæki beinlínis af þeim ástæðum að menn hafa ekki séð hver árangurinn verður af þessari breytingu á rekstrinum og ég held að það sé full ástæða til þess vegna þeirra mála sem hafa verið uppi á undanförnum árum að fylgjast með grannt hvernig rekstur þessa fyrirtækis breytist og leyfa samkeppnisaðilunum að fá tækifæri til þess að sýna sína möguleika til að keppa við þetta fyrirtæki áður en það verður endanlega selt og ríkið hættir að eiga möguleika til þess að hafa áhrif á rekstur þess.

[18:47]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel rétt að láta það koma fram hér og nú í þessu andsvari mínu að það er aldeilis rangt sem látið var að liggja í ræðu hv. þm. að eitthvert samband væri á milli þess að Andri hf. hætti við að áfrýja máli sínu gagnvart ríkinu og þess að sjútvrn. eða fjmrn. hefði beðið um slíkt eða að einhver fyrirgreiðsla lægi þar að baki. Þetta er algerlega á ábyrgð og algerlega ákvörðun fyrirtækisins sjálfs. Það kann að sjálfsögðu að vera og ég kannast við það að það geta

verið aðstæður á milli þessara tveggja fyrirtækja sem hafa ráðið einhverju um það, þ.e. SR-mjöls annars vegar og Andra hins vegar, en að opinberir aðilar eins og sjútvrn. eða fjmrn. blandist inn í það mál, svo er ekki. Það veit ég og við höfum aðeins fengið að fylgjast með þessu máli þegar okkur var skýrt frá því bréflega að Andri hefði ákveðið að áfrýja ekki málinu þannig að það er aldeilis rangt til getið að halda að ákvörðun Andra byggist á því að sjútvrn. hafi beðið um slíkt eða haft áhrif á þetta og svo eigi að hygla fyrirtækinu með einhverjum hætti síðar. Það er algerlega úr lausu lofti gripið ef skilja má hv. þm. ræðumann með þeim hætti sem ég hef hér gert.

[18:49]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tel að það sé einsýnt að það geti ekki verið annað en einhvers konar samband á milli þess þegar þessi tvö fyrirtæki draga málshöfðanir sínar til baka hvort gegn öðru og það hljóti að vera einhvers konar samkomulag um það að berjast á markaðnum en ekki með lagakrókum, en hvaða hlut eða hvort ráðuneytið á einhvern hlut að þessu máli, það ætla ég ekkert að dæma eitt né neitt um. Auðvitað var ráðuneytið og hæstv. sjútvrh. og auk þess hæstv. fjmrh. eða forsrh. í hans forföllum alveg í kafi á því að afgreiða þessi mál á sínum tíma og við vitum það að Andri hf. tekur ákvörðun um það að fara í það að byggja þessa verksmiðju sem segir ekki lítið um það hvers virði í raun og veru SR-mjöl hf. er með sínar fjórar verkmsiðjur að menn skuli leggja út í að byggja nýja verksmiðju upp á heilan milljarð króna til þess að fara í þessa samkeppni. Það segir ekki lítið um það hvaða fjármuni menn hafa haft þarna á milli handanna og selt fyrir litla peninga.

[18:51]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég sé ástæðu til þess að ítreka það enn á ný að það er ekkert samband á milli þessa máls og einhvers konar aðildar að sjútvrn. eða fjmrn. að einhverri fyrirgreiðslu fyrir SR-mjöl annars vegar eða Andra hins vegar. Við vitum að það er samkomulag á milli þessara aðila um ýmis mál og við vitum að ákvörðun Andra um að aðhafast ekkert og fara ekki í áfrýjun með mál sitt gagnvart ríkinu kann að tengjast því en það þýðir engan veginn það að sjútvrn. eða fjmrn. hafi haft afskipti af því máli eða séu með einhverjar skuldbindingar. Síður en svo. Það er mjög umhendis fyrir fyrirtæki að standa í málaferlum við ríkið, ekki síst þegar það er haft í huga að ríkið er líklegt til þess að vinna málið eins og kom fram í þessu máli sem snerti Andra og ríkisvaldið. Ég tek það skýrt fram, það er mjög erfitt að halda slíkum málaferlum úti, það kann að vera dýrt og ég hygg að það hafi fyrst og fremst ráðið afstöðu Andra hf. þó að það sé annarra en mitt að segja til um það. Hitt get ég staðhæft að það er ekkert sem ég þekki til, hvorki hjá sjútvrn. né fjmrn. sem hægt er að bendla við þetta mál eins og hv. þm. virðist enn á ný ætla sér að gera.

[18:53]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Málaferli Andra hf. gengu út á það að fá það dæmt að það hefði verið ólöglega staðið að öllu þessu máli og á hverjum hefði sá áfellisdómur þá hrinið? Hefði það ekki verið á hæstv. ríkisstjórn og ráðherrum hennar? Ég held það. Það er þess vegna engin spurning að það að draga þetta til baka, þessi málaferli, og að Andri hf. skyldi um leið fá dregin til baka málaferli á hendur sér vegna Ísmjöls hf. hlýtur að verða að leggjast út með þeim hætti og skiljast að Andri hf. hafi átt töluverða möguleika á því að fá dæmt sér í vil í þessu máli því að fyrir hvað voru menn að kaupast á um? Ég get ekki skilið þessi mál öðruvísi og ríkið er náttúrlega aðili að málinu með beinum hætti og hagsmunir ríkisins eða ríkisstjórnarinnar hljóta að liggja beint á þessu borði í þessum málaferlum við Andra hf. Og þegar Andri hf. síðan nær samkomulagi við SR-mjöl um það að báðir falli frá sinni málssókn þá segir það býsna skýra sögu um það hvað er á ferðinni. [Fundarhlé. — 18:56]

[20:35]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Þegar verið var að ræða fyrir þinglok sl. vor og samþykkja frv. til laga um að breyta Lyfjaverslun ríkisins í hlutafélag voru það ákveðin atriði sem voru rædd í þeim umræðum sem urðu til þess að samkomulag náðist og það voru fleiri en stjórnarliðar sem ákváðu að samþykkja það frv. Þau atriði hafa verið rifjuð nokkuð upp í umræðunni og er alveg greinilegt að ekki á að fara eftir því sem þar var talað um. Mér finnst rétt að rifja aðeins upp að það koma m.a. fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar um sölu á fyrirtækjum í eigu ríkisins nokkur atriði sem Ríkisendurskoðun bendir á að þurfi að vera til staðar þegar verið er að einkavæða og selja ríkisfyrirtæki.

Ég ætla aðeins að taka nokkur atriði úr þeim ábendingum sem mér finnst skipta mestu máli og ég vil biðja hæstv. fjmrh. að hlusta eftir því og vita hvort hann telur að við þeim atriðum sé orðið með þessu frv. Með leyfi forseta, segir hér:

„Áður en sala á sér stað þarf að liggja skýrt fyrir hver séu markmiðin með sölunni þannig að hægt sé að ganga úr skugga um með óyggjandi hætti hvort þau hafi náðst."

Í öðru lagi að lögfesta þurfi reglur sem kveða í meginatriðum á um hvernig standa beri að sölu á eignum ríkisins.

Þriðja sjónarmiðið sem ég tel rétt að nefna er að gefa þarf hæfilega rúma tímafresti þegar fyrirtæki eru boðin til sölu og nauðsynlegt er að eftir hverja eignasölu sé útbúið uppgjör sem sýnir söluverð og ráðstöfun eigna, uppgjör skulda og kostnað samfara sölunni.

Því er ég að nefna þessi atriði hér sérstaklega að ég tel að þegar ákveðið var að stofna hlutafélag um Lyfjaverslun ríkisins þá hafi markmiðið eða tilgangur frv. fyrst og fremst verið að einkavæða, sem sagt fyrst og fremst verið að breyta Lyfjaversluninni í hlutafélag og afla heimilda fyrir sölu. En markmiðið í sjálfu sér,

hvert var markmiðið fyrir ríkið, hvert var markmiðið til hagsbóta fyrir íbúa landsins? Ég tel ekki að það hafi komið nægilega skýrt fram.

Í öðru lagi að lögfesta reglur sem kveða í meginatriðum á hvernig standa beri að sölu á eignum ríkisins.

Það var að vísu búið að setja verklagsreglur sem ríkisstjórnin setti sér en það kemur fram í þessari skýrslu Ríkisendurskoðunar um það hvernig staðið hefur verið að sölu á fyrirtækjum að eftir þeim verklagsreglum hefur ekkert alltaf verið farið eftir að þær voru settar og nægir þar að nefna SR-mjöl.

Það er því spurning og ég vil beina þeirri spurningu til hæstv. ráðherra hvort það sé ekki í bígerð að fara eftir því sem hér er kveðið á um að mjög eðlilegt sé að lögfesta reglur um hvernig eigi að standa að sölu á eignum ríkisins.

Nú er það svo að fasteignir ríkisins, jarðir og fasteignir, eru aldrei seldar nema samkvæmt lögum en það er ekki mikið sem kveður á um það hvernig skuli standa að sölu á hlutabréfum þannig að þarna þarf greinilega að gera betur.

Það er einnig þessi ábending að gefa hæfilega rúma tímafresti. Ég tel að það hafi ekki alltaf verið gert og mér þætti ágætt ef hæstv. ráðherra svaraði því hvort hann telur að það hafi alltaf verið gert og nægir þar einnig að nefna SR-mjöl.

Síðan í fjórða lagi að það sé nauðsynlegt eftir hverja eignasölu að útbúa uppgjör sem sýnir söluverð og ráðstöfun eigna, uppgjör skulda og kostnað samfara sölunni. Það hefur að vísu verið metið nokkuð í þessari skýrslu Ríkisendurskoðunar en ég hefði talið mjög eðlilegt í þessu máli sem við erum að ræða núna um Lyfjaverslun Íslands að það væri metið eftir einhvern tíma, t.d. 2–3 ár, hvernig til hefur tekist með þá sölu sem þegar er búin að fara fram áður en ákveðið væri að fara að selja það sem eftir er.

Einnig kom fram í 4. gr. frv. um hlutafélag um Lyfjaverslun Íslands sem var rætt í fyrra að við sölu hlutabréfanna skuli þess gætt að samkeppni verði tryggð á sviði dreifingar og framleiðslu lyfja. Það átti að vera eitt af þeim markmiðum sem sett voru í lögunum.

Það er kannski rétt að rifja það aðeins upp sem ég spurði um áðan í andsvari mínu við ræðu hæstv. ráðherra í upphafi þessa máls hvort hann teldi að það yrði hægt að gæta þess að samkeppni væri tryggð, þ.e. hvort hann héldi að það yrði áfram dreifð eignaraðild eða hvort þeir sem núna eru að fjárfesta í þessum hlutabréfum mundu selja þau mjög fljótlega aftur. Eftir því sem af svari hans mátti ráða þá fannst honum það ekki trúlegt að það mundi verða selt mikið aftur og ekki mikil hætta á því þó að hann gæti auðvitað ekki spáð fyrir um það með neinni vissu.

Það er því kannski rétt að rifja líka upp eina ábendingu í skýrslu Ríkisendurskoðunar þar sem segir svo um hvernig hafi farið með sölu á fyrirtækjum og þátttöku almennings í þeim kaupum í Bretlandi, en oft er vitnað til þess lands þegar verið er að einkavæða fyrirtæki. Það segir svo í skýrslu Ríkisendurskoðunar, með leyfi forseta:

„Í Bretlandi, þar sem mikil áhersla var lögð á þátttöku almennings í hlutafjárkaupum þegar ríkisfyrirtæki voru einkavædd, hafa vaknað efasemdir um árangurinn. Ýmsar aðgerðir sem var ætlað að hvetja smærri fjárfesta til að kaupa hlutabréf eru mjög dýrar og það hefur komið í ljós að þessir aðilar hafa selt bréfin fljótlega aftur. Að meðaltali var þriðjungur bréfanna seldur fyrsta mánuðinn eftir kaupin og tæpur þriðjungur næstu mánuði á eftir. Árið 1989 áttu einstaklingar 20% breskra hlutabréfa samanborið við yfir 50% í upphafi sjöunda áratugarins. Meiri hluti hlutabréfa þar í landi er nú í eigu ýmissa fjármálastofnana."

Þannig er full ástæða til þess að efast um það að því markmiði verði náð sem segir hér í 4. gr. að við sölu hlutabréfanna skuli þess gætt að samkeppni verði tryggð á sviði dreifingar og framleiðslu. Það er sem sagt mikil hætta á því að þó að hugsanlega verði dreifð eignaraðild núna þegar verið er að selja þessi hlutabréf þá geti þau fyrirtæki sem eru ráðandi á lyfjamarkaðinum fest kaup á þessu eða einhver sterk fjármálafyrirtæki. Og þá er nú það sjónarmið farið fyrir bí sýnist mér.

Það er því ekki nema eðlilegt að það gæti nokkurrar tortryggni þegar verið er að ræða hér um að selja það sem eftir er af þessum hlutabréfum svo fljótlega eftir að búið er að selja helminginn af þeim og ekki mjög langt síðan þetta fyrirtæki var stofnað eða breytt í hlutafélag þannig að enn hefur ekkert sést um það hvernig þessari eignaraðild verður háttað og hvernig áhrifin verða af þessu í framtíðinni. Það hefði því, eins og ég sagði áðan, verið mjög eðlilegt að bíða með eins og reiknað var með raunar í umræðunni í fyrra að það yrði ekki seldur nema helmingurinn af þessum bréfum.

Það er líka hægt að rifja það upp sem skrifað var í apríl sl. um einkavæðingu fyrirtækja en það sagði í leiðara DV 6. apríl sl. þar sem verið er að ræða einkavæðingu og fyrst nefnt að ríkissjóður hafi selt sinn hlut í SR-mjöli. Síðan er því haldið fram að það sé gagnrýni á þetta vegna þess að það séu fullyrðingar um að forréttindamönnum hafi verið hyglað í þeirri sölu sem ég held að margir efist nú reyndar ekkert um.

„En hvað sem þeirri fullyrðingu líður" — segir hér, með leyfi forseta, „þá blasir það við að SR-mjöl hefur verið rekið með hagnaði og raunar var arður greiddur út skömmu eftir að sala átti sér stað. Í hópi kaupenda voru fjársterkir aðilar sem nú þegar eru eigendur að mörgum af sterkustu fyrirtækjum landsins."

Það var óneitanlega merkilegt þegar staðið var að þessari sölu því nokkrum dögum síðar var það upplýst að hægt var að greiða allmikinn arð af þessu fyrirtæki. Sama gerðist einnig með söluna á Þormóði ramma sem fór fram sl. vor að arður af hlutabréfunum var greiddur nokkrum dögum eftir sölu.

Það er því greinilegt að það hefur verið búið að reikna það vel út áður en þeir aðilar keyptu þetta að þeir gætu fengið þetta greitt aftur sem út var lagt í bili a.m.k. með þeim arði sem greiddur yrði nokkru síðar.

Nú var það auðvitað fyrirhugað að selja þessi fyrirtæki til þess að minnka yfirbyggingu ríkisins, eða ég

geri fastlega ráð fyrir því, ég ætla ekki hæstv. fjmrh. annað en að hann hafi þarna verið að huga að eða a.m.k. ekki ætlað sér annað en að huga að rekstri ríkisins og gera hann hagstæðari en það er hægt að velta því fyrir sér í sambandi við söluna á SR-mjöli hvort svo verður í raun og veru. Því er einnig hægt að velta fyrir sér í framhaldi af þessu frv. sem hér liggur frammi.

Hingað til hafa SR-verksmiðjurnar sjálfar verið með þau hafnarmannvirki sem þær hafa þurft á að halda. Það hefur hins vegar komið í ljós að þeir aðilar sem nú standa að rekstri SR-verksmiðjanna úti um landið líta svo á að þeir þurfa ekki lengur að reka sín hafnarmannvirki sjálfir heldur leita þeir nú á náðir Alþingis með það að komast inn á hafnaáætlun til þess að fá framlag til nýrra bryggja í sambandi við sín fyrirtæki.

Samkvæmt því sem við höfum fengið upplýsingar um í fjárln. þá er fyrirhugað að leggja fram framlag til löndunarbryggju á Siglufirði og einnig framlag til löndunarbryggju á Seyðisfirði í tengslum við verksmiðjur SR. Þannig að það er alveg greinilegt að ríkið var nú ekki að koma því af sér að sjá um allt sem til þurfti í kringum þessar verksmiðjur því þær sáu sjálfar um þessar framkvæmdir og gátu staðið undir því. Ríkið þurfti ekki að leggja þessu til en nú er aftur á móti ætlast til þess að það sé inni í hafnaáætlun að byggja bryggjur sem þarf við þessar verksmiðjur.

Virðulegi forseti. Ég taldi rétt að vekja athygli á því í þessari umræðu hvort þau markmið sem hafa verið sett eða áttu að vera með þessum einkavæðingarmálum hafi náðst. Hefur það virkilega náðst að það sé einhver sparnaður fyrir ríkið að losna við þessi fyrirtæki? Það er nú ekki hægt að segja að þau hafi verið seld með neinum gróða því þau hafa nánast flest verið gefin, það kemur fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar að heildarsala á þessum fyrirtækjum á þessu kjörtímabili er eitthvað í kringum 800 millj. kr. allt í allt sem búið er að hafa upp úr þessu þennan tíma þannig að ekki eru það stórar upphæðir. Í sumum tilfellum hefur ríkið ætlað sér að einkavæða til að þurfa þá ekki að standa í atvinnurekstri en mér er spurn hvort það hefði nokkuð skaðað þó að ríkið hefði staðið áfram í þessum atvinnurekstri, a.m.k. ekki farið mjög skarpt í einkavæðingu heldur skoðað það mál hvað væri hagstæðast til lengri tíma litið og hvað væri betra, ekki bara út frá því að einkavæða einkavæðingarinnar vegna heldur vegna þess að þetta væri hagstætt bæði fyrir ríkið og íbúa landsins. Ég tel að þeirra sjónarmiða hafi ekki verið gætt.

Virðulegi forseti. Eins og ég sagði í upphafi þá tel ég að hér hafi ekki verið hugsað nægilega vel um hag ríkisins og landsmanna allra. Þessi fyrirtæki mörg hver sem hafa verið seld hafa ekki verið neinn baggi á ríkinu, síður en svo. Þau hafa skilað ágætum hagnaði á undanförnum árum og nægir að minna á það fyrirtæki sem við erum að ræða sem hefur skilað um 60 millj. kr. árlega.

Virðulegi forseti. Ég hef komið því á framfæri sem ég taldi rétt að bæta inn í umræðuna og ég vænti þess að hæstv. ráðherra geti svarað því að einhverju leyti.

[20:53]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það eru eitt eða tvö atriði sem mig langar til að svara strax í þessu andsvari. Í fyrsta lagi efast hv. þm. um að samkeppnin sé tryggð og ég verð að viðurkenna að ég get ekki gefið neina ábyrgðartryggingu fyrir því að svo verði ekki vegna þess að bréfin verða að sjálfsögðu til sölu, en ég vil hins vegar andmæla því að það séu rök í málinu sem gerst hefur í Bretlandi vegna þess að í Bretlandi hefur það gerst sem réttilega er sagt í skýrslunni að bréf hafa lent í höndunum á fjármálastofnunum. Það er oft þannig að stór fyrirtæki og fyrirtæki sem eiga í mikilli samkeppni eru í eigu fjármálastofnana og með því er hægt að tryggja fyllilega samkeppni því að aðalatriðið var að þessi bréf lentu ekki í höndum keppinautanna, þ.e. fyrirtækja sem væru í sömu grein. Þótt að því drægi að fjármálastofnanir keyptu einhver bréf þá er engin hætta í því fólgin. Þvert á móti og reyndar var um það hugsað í upphafi hvort ástæða væri til að selja kannski í heilum pakka ef ekki hefði náðst svona dreifð sala og bjóða þá stóran hluta til fjármálastofnana sem oft er gert þegar svona háttar til, t.d. lífeyrissjóða. Á þetta vildi ég benda.

Þegar rætt er um hagnað og skatta og þess háttar mega menn ekki gleyma því að í sumum tilvikum er um stórkostlegan sparnað að ræða eins og margoft hefur verið sagt þegar minnst er á Ríkisskip í því sambandi, en á 10 ára tímabili lagði ríkið til í beinhörðum peningum sem svarar 1 milljón á dag alla daga, jafnt virka sem helga eins og áður kom fram í þessari umræðu.

[20:55]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hefði talið eins og ég sagði áðan réttara að fylgja þessu eftir með því að vera ekki að selja þetta allt saman í einu heldur skoða hvaða áhrif það hefði þegar búið er að selja núna helminginn af fyrirtækinu og reyna þannig að tryggja það að fyrirtækið skilaði því verkefni sem því er ætlað að gera. Ég tel að það sé engan veginn hægt með því að flýta sér svo mjög við að selja þetta eins og nú er fyrirhugað með þessu frv.

Hvað varðar Skipaútgerð ríkisins þá er það rétt að hún var rekin með miklum halla en hún þjónaði líka ákveðnum byggðarlögum sem núna standa uppi þannig að þau eiga að treysta á samgöngur á landi. Nægir þar að nefna eitt hérað úr mínu kjördæmi sem er Árneshreppur úr Ströndum þar sem vegasamgöngur eru þannig að á þær er ekki að treysta nema kannski 3–4 eða mesta lagi 5 mánuði yfir árið. Síðan Ríkisskip hætti að starfa hefur verið Vegagerðin styrkt frá mánuði til mánaðar eina ferð í mánuði til þess að halda þarna uppi flutningum, en það er ekkert tryggt í þeim efnum og þeir sem þarna búa vita ekkert hversu lengi því verður við haldið og lítið sem ekkert er gert í því að bæta þann veg sem núna á að koma í staðinn fyrir þær samgöngur sem Skipaútgerðin hélt uppi.

[20:57]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þegar rætt er um sölu á þessu fyrirtæki, þ.e. síðari hluta hlutabréfanna, þ.e. þeirra sem eftir eru í eigu ríkisins, þá verður að hafa það í huga að ákvörðun ríkisstjórnarinnar að freista þess að fá þetta frv. fram byggist á því að nú séu góð og hagstæð markaðsskilyrði af því að fá bréf séu í boði og þess vegna sé almenningur tilbúinn til að kaupa þessi bréf og því mun fleiri sem vilja gera það, þeim mun betra því að þá verður dreifðari eignaraðild. Þetta er hugmyndin að baki þessu frv. Það stóð alltaf til að reyna að selja afganginn á næsta ári eins og fram kemur í fjárlögum.

Vegna fyrirspurnar í aðalræðu hv. þm. um samantekt á tillögum um ábendingu Ríkisendurskoðunar, sem kemur fram á bls. 43 í skýrslunni, þá vil ég láta það koma fram sem mitt álit af því að spurt var að að langmestu leyti eru þetta atriði sem ég tel sjálfsagt að hafa að leiðarljósi og eru reyndar höfð að leiðarljósi í flestum tilvikum. Um það hvort eigi að lögfesta reglur finnst mér það vel koma til greina og ég tel að flestallt sem kemur fram í upptalningunni á bls. 43 séu atriði sem hiklaust eigi að taka og nota til hliðsjónar við frekari störf í einkavæðingu enda hefur starfsemi einkavæðingarnefndarinnar og sala ríkiseigna sem fer fram á vegum hennar og fjmrn. stöðugt farið fram. Það er sífellt verið að taka upp nýjar og betri reglur, ný og betri vinnubrögð.

[20:58]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. fjmrh. segir að nú sé hagstætt að selja bréf og þess vegna vilji ríkisstjórnin halda áfram þessari sölu. Ég held að ég hafi séð það í Morgunblaðinu í dag að það væri nokkuð truflandi fyrir hlutabréfamarkaðinn að ríkið væri að beita sér fyrir svona sérstökum ákvæðum við sölu hlutabréfa. Það nánast ruglaði markaðinn vildi forsvarsmaður Landsbréfa halda fram. Hann taldi að þetta ylli miklum sveiflum í sölu hlutabréfa og gæti haft þau áhrif að verðið félli jafnvel mjög mikið eftir áramótin. Ég hefði haldið að það væri ekki það sem hæstv. ríkisstjórn væri að vinna að, að koma í veg fyrir að stöðugleiki ríkti á þessum markaði og hún vildi helst að stöðugleiki ríki í þjóðfélaginu, en það virðist ekki vera samkvæmt því sem forstöðumenn þessara hlutabréfasjóða álíta nú. Þeir álíta að þetta hlutabréfaútboð verði til þess að stöðugleikinn minnki og jafnvel að þessi hlutabréf muni síðan lækka snögglega og jafnvel önnur líka.

[21:00]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Það er eitt gott við þetta frv. Það er leitað opinskátt eftir heimild Alþingis til þess að selja þessi hlutabréf og það er út af fyrir sig lofsvert. Alþingi veitir sennilega þessa heimild. Meiri hlutinn hefur þingræðislegan rétt til þess að hafa rangt fyrir sér og þar af leiðandi hefur ríkisstjórn sem styðst við þingmeirihluta náttúrlega góða von um að koma frv. eins og þessu í gegnum þingið. Þó að það væri svo að efi læddist að einhverjum af stuðningsmönnum ríkisstjórnarinnar þá reikna ég með því að það færi fyrir þeim eins og þegar þeir létu hafa sig til þess að taka ábyrgð á öllum ráðherrum ríkisstjórnarinnar með því að vísa frá vantrausti á þá. Þetta er orðið agað lið nema rétt einstaka maður.

Einkavæðingarsaga hæstv. ríkisstjórnar er í sannleika sagt alveg hroðaleg. Ráðherrar hafa purrkunarlaust afhent útvöldum eignir almennings á spottprís og oft án þess að leita heimildar Alþingis. Ég hef leyft mér að flytja á þskj. 247 frv. til laga um bann við sölu á eignum ríkisins án lagaheimilda. Þar segir í 1. gr. að fjmrh. eða viðkomandi ráðherra sé óheimilt að selja eftirtaldar eignir ríkissjóðs, ríkisstofnana eða sjóða í ríkiseign nema samkvæmt heimild í almennum lögum eða fjárlögum: a. fasteignir, b. hlutabréf eða eignarhluti í félögum, c. skip eða flugvélar, d. listaverk, listmuni eða söfn sem geyma menningarverðmæti, e. aðrar eignir sem hafa verulegt verðgildi.

Þetta frv. er byggt á 40. gr. stjórnarskrárinnar en þar segir, með leyfi forseta:

„Engan skatt má á leggja né breyta né af taka nema með lögum. Ekki má heldur taka lán, er skuldbindi ríkið, né selja eða með öðru móti láta af hendi neina af fasteignum landsins né afnotarétt þeirra nema samkvæmt lagaheimild."

Nú eru þær sölur sem viðgengist hafa á undangengnum árum án lagaheimilda náttúrlega miklu stórfelldari en þó einhverjar fasteignir séu afhentar þannig að það er sannarlega þörf á þessu lagafrv. Ég vonast eftir að það verði gert að lögum í vetur. Því er hins vegar ekki til að dreifa eins og ég sagði um þetta frv. Hæstv. fjmrh. er sá maður að leita eftir lagaheimild í sérstökum lögum til að mega selja þessi hlutabréf. Enda var náttúrlega svo frá gengið við lagasetninguna í fyrra að fjmrh. yrði að leita samþykktar Alþingis ef hann vildi selja meira en helming af bréfunum. Ég bjóst reyndar við að þessi heimild yrði fengin á 6. gr. fjárlaga í ár. Ég vitna til Alþingistíðinda frá 26. okt. 1993. Eins og hæstv. 1. þm. Norðurl. e. rifjaði upp þá fór ég um það nokkrum orðum að ég byggist við að sjá á heimildargreininni annað haust heimild til að selja þessi bréf, þrátt fyrir það að stjórnarandstaðan hleypti þessu lagafrv. í gegn í trausti þess að þessi bréf yrðu áfram í eigu ríkisins. Ég þekkti nefnilega vinnubrögð hæstv. ríkisstjórnar. Þau ganga í stuttu máli fyrir sig með þeim hætti að fyrst er ríkisfyrirtæki breytt í hlutafélag. Það er ekki gert til að fá betri stjórn á hlutafélagi, nei það er síður en svo þó að stundum sé látið að því liggja með mjög ósæmilegum hætti af hálfu hæstv. ráðherra og talsmanna þessarar einkavinavæðingar að stjórnendur verði eitthvað betri ef þeir eru stjórnendur hlutafélags heldur en ríkisfyrirtækis. Þar með er náttúrlega ráðist með mjög ómaklegum hætti á fjölmarga ágæta forstöðumenn ríkisfyrirtækja sem hafa stjórnað þeim með mikilli prýði og þeim er gert það að þeir séu svo eigingjarnir og sérgóðir að ef þeir eigi hlut í fyrirtækinu sjálfir eða séu stjórnendur hlutafélags þá fari þeir að stjórna miklu betur. Þetta eru kaldar kveðjur til ágætra og prýðilegra stjórnenda.

Nei, þegar ríkisstjórnin er að breyta ríkisfyrirtækjum í hlutafélög þá er það í fyrsta skrefi einkum gert til þess að stjórnarflokkarnir geti yfirtekið stjórnarsætin, ráðið stjórnum fyrirtækjanna alfarið. Í öðru skrefi eru hlutabréfin seld sérvöldum gæðingum hæstv. ríkisstjórnar og oftast á spottprís og síðan er ráðist á næsta fyrirtæki.

Það hefur verið gerð skýrsla af Ríkisendurskoðun um sölu á fyrirtækjum í eigu ríkisins. Hæstv. fjmrh. var nú bara nokkuð ánægður með þessa skýrslu hér fyrr í dag í ræðu sinni. Þetta er nú svona ámóta og þegar hæstv. fyrrv. heilbrrh., Guðmundur Árni Stefánsson, var að skoða skýrslu Ríkisendurskoðunar um sitt siðferði og sín mál, þá var hann bara prýðilega ánægður með hana. Þetta eru nú menn sem kunna að bera sig vel. Auðvitað er þessi skýrsla, þó hún sé hógværlega orðuð hjá Ríkisendurskoðun, samfelldur áfellisdómur á framkvæmd einkavæðingar á vegum ríkisstjórnarinnar. (**Gripið fram í.**) Já, litlu verður Vöggur feginn.

Reynslan af einkavæðingunni er náttúrlega hroðaleg. Það er að vísu ekki eingöngu við núv. hæstv. ríkisstjórn að sakast. Það hafa verið gerð tilhlaup til einkavæðingar fyrr, m.a. af ríkisstjórnum sem ég hef stutt og það er ekkert til að vera stoltur af. Ég nefni einkavæðingu Útvegsbankans. Það var nú ansi fjármálalega sniðug aðgerð fyrir ríkið hjá hæstv. fyrrv. viðskrh., Jóni Sigurðssyni. Ég nefni einkavæðingu Bifreiðaeftirlitsins. Ansi hefur það nú komið vel út fyrir fólkið í landinu að einkavæða Bifreiðaeftirlitið. Ég nefni söluna eða öllu heldur gjöfina á Þormóði ramma sem gerðist skömmu fyrir síðustu kosningar og Ríkisendurskoðun gerði um ágæta og sannverðuga skýrslu. Það er ekki til þess að vera stoltur af eða hvetja til frekari einkavæðingar.

Hér hefur borið á góma Skipaútgerð ríkisins. Að vísu slapp ríkið væntanlega við einhver fjárútlát upp í taprekstur Skipaútgerðar, en jafnframt var líka minnkuð þjónustan, jafnframt var líka aukið álagið á þjóðvegakerfi landsins. Ég er ekkert viss um að það hefði verið óskynsamlegra fyrir samfélagið að borga ofurlítið með strandsiglingum Ríkisskipa heldur en að eyðileggja Skipaútgerðina. En einn aðili hagnaðist á því að leggja Ríkisskip niður og það var Eimskipafélag Íslands og það má kannski meta það nokkurs fyrir ríkisstjórnina.

Það var ráðist á Síldarverksmiðjur ríkisins. Hér liggur fyrir okkur skýrsla um sölu ríkisins á SR-mjöli. Það væri náttúrlega efni í langa ræðu að fjalla um hvernig farið var að í því máli og það er ljót saga og sýnir hvað ranglátir ráðsmenn ríkisins geta farið illa að ráði sínu. Ég nefni Rafmagnseftirlitið, ég man ekki hvort nokkur hefur tekið Rafmagnseftirlitið til umræðu hér í dag. (**Gripið fram í:** Það hefur alveg gleymst.) Þar var farið að hjálpa einkaframtakinu. Rafmagnseftirlit ríkisins var lamað og sett upp skoðunarstofa til að menn gætu þénað á að skoða rafföng og sinna hluta af því starfi sem Rafmagnseftirlitið átti að sinna og sinnti áður. Með þessu tókst að lama Rafmagnseftirlitið í landinu þannig að það hefur skapast af því raunverulega stórhætta. Svona getur einkavæðingarbrjálæðið gengið langt.

Ég man ekki hvort menn hafa minnst á skipasölur hér í dag. Nýverið var afhent skip, Geir goði, með alveg einstökum kjörum á Suðurnesjum. Þar var útvalinn viðtakandi sem fékk skipið fyrir ekkert eða svo gott sem. Það fylgdi því töluverður kvóti. Menn hafa verið að tala hér um endurtrygginguna og málefni dagsins er náttúrlega Lyfjaverslun ríkisins.

Ég sagði áðan að ég hefði séð það fyrir í fyrra og látið þess getið við 1. umr. málsins um Lyfjaverslun ríkisins hvernig mundi fara, þ.e. að heimildar yrði leitað fyrir næstu áramót til að selja það sem eftir væri af bréfunum. En það var eitt sem ég hafði ekki hugarflug til að sjá, ímyndunarkrafturinn var ekki nægur til þess að sjá fyrir mér greiðslukjörin, söluskilmálana. Það er nánast borgað með þessum bréfum. Það er út af fyrir sig ekkert undarlegt þó þau seljist þegar ríkið lánar fyrir þeim með þeim hætti sem gert var um daginn og það er nánast að það sé borgað með þessum bréfum. Þó er þarna um arðbæra eign að ræða sem hefur verið lagt í stórfé af almannafé að byggja upp á síðustu tímum.

Mér leikur nokkur forvitni á að vita hvað eignir kolkrabbans hafa vaxið á stjórnartíma hæstv. ríkisstjórnar, ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar. Ég hygg að þar sé ekki um neinar smásummur að ræða og það kann að vera að það væri rétt að leggja vinnu í að að rifja það upp. Sjálfsagt eru aðstandendur kolkrabbans ánægðir með þessa ríkisstjórn og tilbúnir að leggja einhverja aura í kosningasjóð fyrir þá ríkisstjórn sem hefur fóðrað þá svona vel.

Hæstv. fjmrh. er nú lífsreyndur maður og þegar hann var að ryðja sér til rúms í íslenskri pólitík þá talaði hann um ekki einasta leiftursókn gegn lífskjörunum heldur vildi hann líka bæknið burt og enn er hann við kolann. Hann var svona á sinn máta nokkuð eins og Jóhannes skírari, hann var svona fyrirrennari og upphafsmaður að þessu með ... (**Gripið fram í:** Ekki hálshöggvinn enn.) nei, en hver veit nema ... Ja, hét hún ekki Salome sem dansaði? og þá kynni nú að verða hálsliðum hætt hjá hæstv. fjmrh.

En það sem ég var að segja var það að Jóhannes skírari var svona fyrirrennari meistarans og kannski koma enn þá svakalegri menn í stól fjmrh. á næstunni, þó ég voni að svo fari ekki. (**Gripið fram í:** Ekki bera þá saman við Messías.) Ja, nei, en báðir boða trúarbrögð, báðir eru trúarbragðahöfundar, og sækja af mikilli hörku að útbreiða sína trú. Ég er ekki að spá því að Hannes Hólmsteinn lektor lendi í hlutverki meistarans.

En ég legg sem sagt til, frú forseti, að þetta frv. verði ekki afgreitt á þessu þingi. Að vísu, eins og ég sagði í upphafi, þá hefur meiri hlutinn þingræðislegan rétt til þess að hafa rangt fyrir sér. En ég held að það væri öllum fyrir bestu að þetta frv. dagaði uppi á þessu þingi, hér kæmi ný ríkisstjórn með vandaðri viðhorf til þess sem henni er trúað fyrir, sem færi betur með eignir almennings heldur en þessi gerir. Og ég reikna ekki með því, ef sú lukka væri yfir okkur, að þannig ríkisstjórn yrði mynduð hér í landi að hún mundi ganga til að selja það sem eftir er af hlutabréfum ríkisins í

Lyfjaverslun Íslands, því ég tel það mjög skynsamlegt að ríkið hafi einhver tök á lyfjaverslun í landinu.

[21:17]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það eru kannski tvö atriði sem ég vildi nefna, sem komu fram í ræðu hv. þm., en hann er nú reyndar sérfræðingur í því að tala um það sem kemur ekki málinu við. Annað atriðið er þetta. Hv. þm. heldur því fram að það hafi engan tilgang að breyta opinberum fyrirtækjum í hlutafélög nema þá að ætlunin sé að selja þessi fyrirtæki. Þetta er rangt. Ég get nefnt dæmi t.d. um bankana sem eru í samkeppni við aðra banka, að það hefur þýðingu að vera í hlutafélagsformi því hlutafé er skráð á höfuðstól með þeim hætti að það hefur skattalega þýðingu. Í öðru lagi þá hefði þetta komið sér ákaflega vel við sameiningu Landsbankans og Samvinnubankans því þá hefði ekki þurft að losa um fé í Landsbankanum til að kaupa Samvinnubankann, það hefði verið hægt að sameina að nokkru leyti bankana og skilja eftir fjármuni í bankanum.

Í öðru lagi hélt hv. þm. því fram að sala á Geir goða væri einhver einkavæðing, öðru nær. Það hefur komið mjög skýrlega fram og það veit ég að hv. sessunautur hans getur staðfest, en hann er í fjárln., að þetta mál hefur verið skýrt mjög rækilega fyrir fjárln. Þetta er innheimtumál. Ríkið fékk hverja einustu krónu sem ríkið átti hjá þessum aðilum sem var verið að ná í peninga hjá, sem skulduðu opinber gjöld. Það var ekkert markmið að taka skip eða kvóta af þessum eigendum, þetta voru fyrri eigendur og núverandi eigendur skipsins. Það hefði verið gagnrýnisvert ef ríkið hefði afhent eða selt öðrum jafnvel utan byggðarlagsins kvótann og skipið. Þetta var innheimtumál og það var staðið að því eins og hverju öðru innheimtumáli, þótt fréttamaður Ríkisútvarpsins sæi ástæðu til þess að taka þetta mál upp í pólitíska horninu og reyna að gera það ótrúverðugt. Leiðrétting hefur komist til skila og m.a. til nefndarinnar og ég veit að hv. sessunautur hv. þm. getur sagt honum hvernig sú leiðrétting var.

[21:20]

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Frú forseti. Fyrst þetta með Geir goða. Þar var verið að mata gæðinga. Þar var verið að afhenda skip, sem komið var í eigu ríkisins, á miklu lægra verði heldur en verðmæti þess og kvótans sagði til um. Það er það sem skiptir máli í þessu sambandi. Það er svo sem ágætt ef þessi kvóti verður eftir í byggðarlaginu ef hann þá verður þar eftir. Hann er að vísu á ráðstöfunarrétti núverandi eigenda. Ég held að megintilgangurinn með að breyta í hlutafélag, hæstv. fjmrh., sé sá að komast hjá því að þingið kjósi stjórnina og koma fyrirtækjunum alfarið undir flokksstjórn sjálfstæðismanna og e.t.v. fær að dingla þar með einn og einn krati.

[21:21]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er svona spurning hvort það tekur því að koma hér í stólinn og reyna að koma sannleikanum til skila þegar hv. frændi minn þingmaðurinn á í hlut. En ég ætla að endurtaka það og segja það skýrum orðum að það er að mínu viti ekkert athugavert við það hvernig farið var með innheimtumálið sem snerti Geir goða og eigendur þess skips, akkúrat ekkert. Þvert á móti ef hefði verið farið öðruvísi að þá hefði það verið aðfinnsluvert. Þetta vil ég segja í fyrsta lagi. Þetta er venjulegt innheimtumál. Ríkið fékk sitt, fyrri eigendur sátu uppi með skipið eðlilega og skip og kvóti eru á sínum stað.

Í öðru lagi um hlutafélag. Ég ætla að reyna einu sinni enn. Það er alveg ljóst að það hefur þýðingu fyrir sum opinber fyrirtæki að vera í hlutafélagsformi vegna samkeppninnar. Svo segir hv. þm. að hann haldi að tilgangurinn sé að ríkisstjórnin eða ákveðnir ráðherrar vilji koma gæðingum sínum inn í stjórnir þessa hlutafélags. Það er einu sinni þannig að það eru til hlutafélög á Íslandi sem ríkið á aðild að og sem þingið kýs stjórn í. Það er því ekkert útilokað að þingið kjósi í stjórn hlutafélags sem er rekið alfarið í nafni ríkisins og í eigu ríkisins eða að hluta til í eigu ríkisins, hvort tveggja þekkist. Það er meira að segja þannig að þegar um sameignarfélög er að ræða eins og t.d. Landsvirkjun þá kýs þingið í stjórn Landsvirkjunar. Meira að segja hv. þm. hefur verið kosinn í stjórn Landsvirkjunar þó hann hafi ekki stutt þá ríkisstjórn sem þá var við völd.

Þetta ætti kannski hv. þm. aðeins að hugsa um þegar hann lætur aðra eins vitleysu koma út úr sér og hann gerði í svari við andsvari.

[21:23]

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er áreiðanlega hentugt fyrir hæstv. fjmrh. að vera svona viss um sannleikann. Ekki var Pílatus alveg með hann á hreinu en hæstv. fjmrh. er alveg með hann á hreinu. Hann heldur því fram að það hafi ekkert verið athugavert við söluna á Geir goða og það er hraustlega mælt.

Það er rétt hjá hæstv. ráðherra að þau hlutafélög eru til í landinu þar sem er þingkjörin stjórn, en ekki hefur það verið línan hjá hæstv. núv. ríkisstjórn. Það er kannski rétt að taka það fram að þegar ég tók fyrst sæti í stjórn Landsvirkjunar þá sat hér að vísu ríkisstjórn sem ég studdi.

[21:24]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég lofaði hæstv. fjmrh. því að ég skyldi ekki svíkja hann um almennar umræður um einkavæðingarmál úr því að hann hóf þær fyrr í umræðunni í dag og tók sér m.a. fyrir hendur að lýsa inn í minn hugarheim og tala fyrir mína hönd og mínar skoðanir í þeim efnum. Ég er bæði þakklátur fyrir það og feginn að fá þetta tækifæri til að ræða þessi mál lítillega á almennum nótum við hæstv. fjmrh. um leið og við ræðum áfram þetta mál um einkavæðingu og út-

sölu á eftirstandandi 50% eignarhlut í Lyfjaverslun Íslands.

Þannig er nú að það var hæstv. fjmrh. sem kom með þennan kaldastríðstón inn í umræðuna og stillti þessu upp í gamalkunnar andstæður austurs og vesturs, lýðræðissinna og einræðissinna, frjálslyndrar hugsunar og þröngsýnnar o.s.frv. og var að sjálfsögðu sólarmegin í öllu saman sjálfur að eigin mati, en sá sem hér talaði sérstakur fulltrúi afturhaldsins í þessum efnum. Í grófum drættum var þessi einfalda og notalega heimsmynd hæstv. fjmrh. svona. Nú má hann hafa hana í friði og vera sæll með hana fyrir sér enda hefur hann upplýst þjóðina um það í sjónvarpsviðtali að hann sé í góðu skapi þrátt fyrir alla erfiðleikana, verkföll og óáran af ýmsu tagi og er það vel. Í stuttu máli sagt varðandi mín viðhorf til þessara mála, þó að þau hafi reyndar oft komið fram í umræðum áður, þá hef ég sjálfur átt þátt í því og stutt í einstökum tilvikum frumvörp til breytinga á fyrirtækjum sem áður hafa verið í eigu hins opinbera og ekkert talið athugavert við það þegar eðli þeirrar starfsemi eða breyttar aðstæður hafa kallað á slíkt. Þessu til sannindamerkis gætu menn flett upp í þingtíðindum bæði þegar breytingar á Ferðaskrifstofu ríkisins og fleiri mál voru hér til umræðu.

Ég hef hins vegar verið ófeiminn við það, jafnvel þegar mesta tískubylgjan í einkavæðingarfárinu gekk yfir, að krefjast þess að menn rökstyddu sín sjónarmið í þessum efnum, menn færðu fram einhver haldbær rök fyrir því að breyta eignarhaldi eða rekstrarformi fyrirtækja en gæfu sér það ekki fyrir fram á grundvelli einhverrar kreddu að það væri ævinlega og alltaf og alls staðar rétt og betra að fyrirtæki hyrfu úr eigu hins opinbera án tillits til mikilvægis eða eðlis þeirrar starfsemi sem þau hefðu með höndum. Ég skrifa með öðrum orðum ekki upp á einkavæðingu af því bara, bara af því að það eigi að einkavæða út í bláinn og út í loftið og held að margt sé enn sem komið er a.m.k. á þann veg farið hjá okkur Íslendingum í okkar tiltölulega og litla einangraða hagkerfi og miðað við okkar sérstöku aðstæður að við þurfum að hafa vitið fyrir okkur í þessum efnum og ekki ana áfram í einhverri blindri trú á erlendar kennisetningar um einkavæðingu. Mér finnst einkavæðingarkreddan bera hæstv. fjmrh. ofurliði iðulega. M.a. teldi ég skynsamlegt að fara mjög gætilega í breytingar á rekstrarformi þessa fyrirtækis sem hér á í hlut, Lyfjaverslunar ríkisins. (**Fjmrh.:** Íslands.) Íslands sem nú heitir, hf. meira að segja. Hitt er svo annað og öllu verra ef ofstækið ber menn svo algerlega ofurliði við framkvæmd málsins, menn stytta sér svo hrikalega leið hvað vönduð vinnubrögð snertir að ríkið verður af stórkostlegum fjármunum í þeim efnum og menn sitja eftir með hálfvirði fyrir fyrirtækin og niðurstaðan orðin í raun og veru sú að menn hafa haldið útsölu á eigum almennings í landinu til að þjóna þeirri kreddu sinni um að koma fyrirtækjum úr ríkiseigu og með þeim rökstuðningi eða á þeim grundvelli að tilgangurinn helgi meðalið. Það er auðvitað óskaplega nöturlegt, hæstv. forseti, en það er það sem blasir hér við og Ríkisendurskoðun er að segja í harkalegri gagnrýni sinni á ríkisstjórnina fyrir frammistöðu hennar í mörgum málum sem hér eiga í hlut.

Í öðru lagi, hæstv. forseti, geta menn náttúrlega ekki verið að fjalla um dóm reynslunnar með þeim hætti að tína bara út það sem þeim er jákvætt. Auðvitað má segja að það sé lofsverð viðleitni hjá hæstv. fjmrh. að reyna að lesa stuðning við sig út úr þessari skýrslu Ríkisendurskoðunar. Enn hreystilegra var það þegar hæstv. fyrrv. heilbrrh. eða félmrh. las siðferðisvottorð út úr úttekt Ríkisendurskoðunar á sínum embættisferli þannig að margt má reyna í þessum efnum. En ég tel samt að reynslan sé ólygnust í þessu og menn eigi að skoða það hlutlægt og fordómalaust hvernig þessi einkavæðing hafi gefist þar sem hún hefur farið fram. Staðreyndin er sú að einkavæðingarfárinu er að slota alls staðar í heiminum nema hér. Meira og minna er þetta þannig. Í Bretlandi er það t.d. almenn viðtekin niðurstaða í breskum stjórnmálum sem menn deila ekki lengur um að Bretar hafi á köflum farið algeru offari í ofstæki Thatchers-tímans í þessum málum. Það hafi bakað breska ríkinu og breskum almenningi stórkostlegt tjón hvernig menn stóðu þar að málum í sumum tilvikum. Ég meira að segja leyfi mér að efast um að nokkur einasti íhaldsmaður í Bretlandi mundi lengur mæla með því að farið yrði út í einkavæðingu og einokunarstarfsemi eins og var gert þegar verst lét, þegar menn fóru út í það að einkavæða t.d. veitufyrirtæki sem eru með þá haganlegu aðstöðu að þau eiga einu lagnirnar í einu tilteknu byggðarlagi og enginn annar getur komið vatni í hús eða rafmagni inn fyrir veggi nema sá sem á dreifikerfið, en samt var sú starfsemi einkavædd og sú aðstaða sett í hendur einkaaðilum sem voru að reka sína starfsemi í hagnaðarskyni, að mjólka peninga út úr því. Sama mætti segja um einkavæðingu sums staðar á sviði fjarskipta þar sem hún hefur illa til tekist að yfirburðaaðstaða, markaðsráðandi eða einokunaraðstaða fyrirtækja á því sviði býður einfaldlega ekki upp á að slík starfsemi sé einkavædd. Í öllu falli er alveg ljóst að taka verður þá upp mjög strangt og stíft eftirlit með þeim sem í þá aðstöðu komast.

En hæstv. ríkisstjórn Íslands, ríkisstjórn Davíðs Oddssonar, hefur ekki verið að hafa áhyggjur af því. Nei, heldur skal bara einkavæða af því bara að það var ákveðið hér áður fyrr að svo skyldi gera og niðurstaðan er auðvitað ömurleg.

Ég tel að það sé mikill skaði, hæstv. forseti, að ríkisstjórnin skuli nudda áfram með þessi mál á þessum grunni og ekki fást til málefnalegrar umræðu um það hvað er skynsamlegt að gera í þessum efnum og hvað ekki. Ríkisstjórnin er að hluta til þegar komin á flótta með sum sín áform. Það hefur ekkert orðið úr breytingu á ríkisbönkunum sem betur fer. Þar hafa menn þó haft vit á því að hætta við vitleysuna, fara ekki út í ógöngur eins og þær meðan hæstv. fjmrh. var í vandræðum með að svara því hver ætti að kaupa eitt stykki Búnaðarbanka á 10 milljarða eða hvað það nú væri, þá væri svo sem ekkert að því að selja hann bara á hálfvirði ef ekki vildi betur til, það yrði bara að hafa það. Menn hættu við að einkavæða Þvottahús Ríkisspítalanna. Það er frægt mál sem hér var flutt þing eftir

þing, með endemum vitlaust frv., og fram á það var sýnt aftur og aftur af mönnum sem þekktu þar til og höfðu komið nálægt stjórn þeirra mála að það væri hreinasta óráð að láta sér detta í hug að afhenda einkaaðilum þá starfsemi, þá aðstöðu að komast í einokunaraðstöðu gagnvart því að þvo þvottinn af spítölum ríkisins. Og menn sem betur fer vitkuðust og hættu við það, en ég spyr: Hvers vegna má þá ekki taka fleiri slík einkavæðingaráform til endurskoðunar og vega það og meta í rólegheitum hvað hafi vel tekist og hvað ekki og leita jafnvel að einhverri pólitískri samstöðu um hvað sé skynsamlegt að sé áfram á hendi ríkisins en hvað geti orðið samstaða um að setja í hendur einkaaðila?

Það er alveg greinilegt að þessi hæstv. ríkisstjórn með framgöngu sinni, m.a. í þessu máli, er að hafna öllu samstarfi við þá sem hafa verið svo auðtrúa, liggur mér við að segja, að halda að það væri hægt að gera við hana eitthvert samkomulag um þá hluti eins og Framsfl. sem lét á síðasta þingi hafa sig í að trúa því að ríkisstjórninni væri alvara með þeirri málamiðlun að selja bara helminginn af Lyfjaversluninni og sjá svo til. En hvað var svo gert? Það var haldin brunaútsala á þessum 50% sem lagaheimildir voru til að koma út, haldin brunaútsala á þeim með því í fyrsta lagi að fyrirtækið var metið lágt. Í öðru lagi standa mönnum vaxtalaus lán til boða, fá skattafrádrátt og allt þetta og svo er óðara rokið til með frv. um að fá að halda útsölu á hinum helmingnum. Og svo segja þessir snillingar, hæstv. ráðherrar og aðrir talsmenn stjórnarliðsins, að það sé verið að gera þetta að almenningshlutafélagi. Ég held það sé rangnefni. Ég held að það sem samkvæmt minni málvitund kallast almenningur á Íslandi í dag sé ekki sá sem hagnast á þessum kostaboðum ríkisstjórnarinnar. Það eru þeir sem eiga peninga sem eru að fá enn meiri peninga út úr þessum kostagjöfum sem ríkisstjórnin er að afhenda mönnum. Það eru ekki verkamenn og láglaunafólk á Íslandi sem eru að njóta þessara gylliboða, sem labba sig hér inn og kaupa hlutabréf fyrir 500 þús. kr. sisona þó að 250 þúsund kall sé lánaður á góðum kjörum. Það fólk sem mest þyrfti á því að halda að fá góð kjör af hálfu ríkisstjórnarinnar er ekki að fá þannig kveðju frá henni. Nei, en það gæti verið að einn og einn maður, sem er að fá þá sendingu frá ríkisstjórn Davíðs Oddssonar að það verði felldur niður á honum hátekjuskatturinn á næsta ári, gæti nýtt sér þetta tilboð. Skyldi það nú ekki vera að kratarnir væru að stuðla að slíkum hlutum í þágu þessara sérkennilegu jafnaðarstefnu sem rekin er í þeirra nafni og er ábyggilega orðin heimsmet og mannkynssagan á vonandi ekki eftir að ala sér annað eins eintak af krataflokki og þetta sem við sitjum með uppi á Íslandi, þ.e. það brotið sem er undir forustu hæstv. utanrrh. Jóns Baldvins Hannibalssonar um þessar mundir.

Það er með miklum endemum, virðulegur forseti, hvernig að þessum hlutum hefur verið staðið. Staðreyndin er líka sú að ætla að fara í umræðu um þessi mál á þeim grunni sem hæstv. fjmrh. gerir, að fara að draga upp einhverja svart/hvíta pólitíska mynd af viðhorfum manna til þessara hluta, ja, það væri hægt að ræða talsvert um það, hæstv. fjmrh. Hvernig er það ef farið er yfir söguna í þessum efnum? Hefur Sjálfstfl. verið eitthvað meiri einkavæðingarflokkur en aðrir flokkar á Íslandi? Hvað meinar hann í raun og veru þegar hann er í aðstöðu til þess þar sem honum eru hagsmunirnir kærir? Hann hugsar náttúrlega um sig og sína, sínar valdastofnanir í þjóðfélaginu, sín fyrirtæki, sínar fjölskyldur. Það er fínt að einkavæða hluti ef það er hægt að koma þeim yfir til réttra aðila. En ef þeir eru að mati íhaldsins á góðum stað, t.d. hjá Reykjavíkurborg, þá er ekki verið að rjúka upp til handa og fóta. Staðreyndin er t.d. sú að Reykjavíkurborg hefur rekið meiri opinbera starfsemi og opinber umsvif í fjölmörgum greinum í samkeppni við einkaaðila en flest ef ekki öll önnur sveitarfélög í landinu undir stjórn íhaldsins hörmulega lengi eins og allir vita þangað til núna að loksins var brotið í blað í annað skiptið og borgin tekin af íhaldinu. Það var frægt að hér rak íhaldið pípugerðir og tryggingafélög og guð má vita hvað sem mörg önnur sveitarfélög höfðu lagt niður og látið einkaaðila sjá um undir traustri forustu þáv. borgarstjóra, núv. hæstv. forsrh. Davíðs Oddssonar og datt ekki í hug að einkavæða það á meðan hann réði þar ríkjum. Þannig að við gætum út af fyrir sig rætt hvað er í nösunum á mönnum og hvað ekki í þessum efnum, hæstv. forseti, ef út í það væri farið.

Sama á við um fyrirtæki sem oft er dregið inn í þessa umræðu af einhverri furðulegri áráttu, Skipaútgerð ríkisins. Gæti það ekki hugsast að einn og einn hæstv. ráðherra sem það fyrirtæki heyrði undir á fyrri tíð hafi komið úr Sjálfstfl.? Jú, ætli það sé ekki hugsanlegt, m.a. að þeir hafi ráðið ríkjum í samgrn. um alllangt árabil á fyrri áratug og ekki hróflað við Skipaútgerð ríkisins. Samt er málum stillt upp eins og það sé eitt af hinum miklu tímamótaafrekum Sjálfstfl. að hafa lagt niður það fyrirtæki með margvíslegum afleiðingum sem ekki eru allar góðar eins og hér var minnt á af síðasta ræðumanni, m.a. þeim að fjölmörg byggðarlög búa við stórskerta þjónustu, eru komin 50 eða 75 ár aftur í tímann hvað snertir samgöngur á sjó. Þó svo það spari eitthvert fé, hæstv. fjmrh., og þar hafi þurft að taka til varðandi rekstur og var reyndar búið að gera heilmikið í þeim efnum, eins og m.a. sást á þeim tölum sem hæstv. ráðherra las upp. Borið saman við hallann á skipaútgerðinni sl. 10 ár, sem að stórum hluta var á ábyrgð ráðherra Sjálfstfl., var búið að ná heilmiklum árangri á síðustu árum. En það er ekki aðalatriðið heldur hitt að menn verða að skoða alla myndina, hæstv. fjmrh., ekki bara velja sér það úr textum eða úr safni sögunnar sem er þeim hagstætt og sleppa öllu hinu. Á það var bent að það væri hreystilega gert af hæstv. fjmrh. að lesa þessa skýrslu þannig að út úr henni kæmi sérstakur stuðningur við hann. Ég tók þrjú dæmi um hið gagnstæða í dag og vitna til þess.

Hæstv. fjmrh. var líka að tala um áhrif og árangur af einkavæðingu í því formi að það kæmi til svo miklu betri stjórnun í fyrirtækjunum. Gott ef það átti ekki að skilja hann svo í andsvari áðan að svo mundi lýðræðið hreinlega stóraukast eða hvað? Staðreyndin er nátt-

úrlega sú að hæstv. ríkisstjórn hefur staðið að þessu í andstöðu við stjórnarandstöðuna sem í hvert skipti hefur lagt til að ef stórt fyrirtæki væri gert að fyrirtæki sem áður hefði verið ríkisfyrirtæki og lotið þingkjörinni stjórn þá yrði því áfram kjörin stjórn. En hvað hefur meiri hlutinn gert? Hann hefur fellt allar slíkar hugmyndir og valið þá leið að láta ráðherra viðkomandi flokks, gjarnan Sjálfstfl., handvelja hina nýju stjórn þannig að þangað væri hægt að raða flokksbræðrum og einkavinum. Það er nú móverkið sem Sjálfstfl. er að reisa í kringum þessa einkavæðingu, það er öll dreifingin. Það eru valdir fimm sjálfstæðismenn, stundum eru það fjórir sjálfstæðismenn og einn krati sem eru settir í það að stjórna fyrirtækjunum, handvaldir af viðkomandi ráðherra, gjarnan hafður þar a.m.k. einn ættingi svona til að fjölskyldan fái nú sitt og þar með er réttlætinu fullnægt að mati þessara manna. (Gripið fram í.) Jú, að vísu er það rétt að einn og einn framsóknarmaður hefur slæðst inn í þessar stjórnir. Sennilega er það til að halda aðeins í pínulitlar leifar af helmingaskiptakerfinu og hugsanlega gæti það komið sér vel ef þannig blési í ból íhaldsins eftir kosningar að þeir vildu lappa upp framsóknarmaddömuna til stjórnarþátttöku eina ferðina enn. Þá væri kannski sniðugt að vera með einn og einn framsóknarmann á víð og dreif í hinum nýju handvöldu stjórnum. En annars hafa þetta fyrst og fremst verið flokksgæðingarnir, frændurnir og vinirnir. (**Gripið fram í:** Hvað með Geir Gunnarsson?) Við verðum að gera greinarmun á því sem kosið er til á þinginu, hv. framkvæmdarvaldi, og hinu sem ráðherrarnir handvelja.

Ég vil aðeins láta það sjónarmið mitt koma hér fram, hæstv. forseti, að ég tel ekki lýðræðislega framför í því fólgna að breyta fyrirtæki sem rekið hefur verið sem ríkisfyrirtæki, er þar með á stjórnsýslulega ábyrgð viðkomandi ráðherra, yfir í hlutafélag og handvelja því svo stjórn. Að kasta burt þingkjörnum stjórnum þar sem allir flokkar áttu möguleika á að eiga aðild að fyrirtækinu, fá upplýsingar um rekstur þess en taka um leið þátt í og bera ábyrgð á stjórn þess fyrirtækis, að kasta því út og handvelja einhverja menn þar í staðinn. Fyrirtæki eins og Sementsverksmiðja ríkisins, Áburðarverksmiðja ríkisins, eru þær betur staddar í dag með einlitum flokksstjórnum stjórnarflokkanna þó einn og einn framsóknarmaður kunni að hafa slæðst þar með? Ég spyr. Væri kannski ekki þeim fyrirtækjum betur borgið, til að mynda Áburðarverksmiðjunni sem horfir núna inn í mjög óvissa framtíð og væntanlega verður slegin af á næstu missirum, það er einn fórnarkostnaðurinn af EES-samningunum, ætli væri ekki frekar unnt að slá einhverri skjaldborg um hana og byggja upp samstöðu í þjóðfélaginu og á þingi um að verja þau störf sem þar eru í hættu ef á bak við stæði þverpólitísk samstaða um fyrirtækið. En slíka samstöðu vill ekki hæstv. núv. ríkisstjórn, hún vill eyðileggja allt slíkt, henda því út, offorsið er slíkt að koma sínum gæðingum á jötuna.

Hæstv. forseti. Ég held í ljósi þess að nú er eftir virkur starfstími á þessu þingi fáeinar vikur að við höfum margt og raunar flest þarfara að gera en það að eyða kvöldum og nóttum í þessi vitlausu einkavæðingarfrv. ríkisstjórnarinnar. Og ég hvet, hæstv. ríkisstjórn, hæstv. fjmrh. sem er ekki alls varnað eins og kunnugt er, að hugsa nú vel sinn gang og velta því nú fyrir sér: Er ekki tíma þingsins betur varið í það að taka til við að ræða og afgreiða þau mál sem þarf að afgreiða væntanlega eins og fjárlögin, eins og tekjuöflunarfrv. ríkisstjórnarinnar? Ætli það verði ekki nógur starfi þó við séum ekki að eyða tíma okkar í vitleysu af þessu tagi?

Ég held að frammistaða ríkisstjórnarinnar varðandi útsöluna á Lyfjaverslun Íslands hafi ekki verið slík að það sé uppörvandi að veita henni heimild til að gefa afganginn af fyrirtækinu. Ég segi nú alveg eins og er að mér finnst það jaðra við ósvífni, hæstv. forseti, að láta sér ekki nægja að halda útsölu á helmingnum af hlut ríkisins í þessu fyrirtæki þó hitt þurfi ekki að fylgja í kjölfarið nokkrum mánuðum síðar. Ég vona svo sannarlega, hæstv. forseti, að menn geti náð samkomulagi um að þingið hafi annað og mikilvægara við tíma sinn að gera en að eyða vinnu í þessi frv. umfram það þó, sem er rétt og skylt, að ræða þau sem þau eru hér fram komin en þá sé rétt að vísa þeim til nefndar í fullkomnu samkomulagi um að þau megi þar sofa svefni hinna réttlátu og vakna seint og vonandi aldrei til lífsins, að minnsta kosti ekki í því formi sem þau eru nú og alla vega að ekki verði um frekari einkavæðingaraðgerðir að ræða á kjörtímabili þessarar ríkisstjórnar sem vonandi og næsta örugglega, hæstv. forseti, teygir senn upp tærnar.

[21:44]

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég skil alveg hæstv. fjmrh. þó hann vilji eyða nokkrum tíma þingsins á þessum tíma í að ræða eitt einkavæðingarfrv. það er nefnilega ekkert annað við tímann að gera vegna þess að þingið er starfslaust. Það er starfslaust vegna þess að hæstv. ríkisstjórn kemur sér ekki saman um neitt. Þá er jafngott á meðan ekki koma fram nein fylgifrv. við tekjuhlið fjárlaga og tímanum ágætlega varið í að ræða eitt minni háttar einkavæðingarfrv. sem er lagt fram til að bæta við afrekaskrá hæstv. fjmrh. og Sjálfstfl. í þeim efnum sem er nú ekki beysinn það sem af er og heldur skrautlegur er þessi ferill orðinn allur.

Það var satt að segja farið af stað með miklu brambolti í þessum efnum og væri hægt að tala langt mál um þau fögru fyrirheit sem hæstv. fjmrh. og ráðherrar Sjálfstfl. hafa gefið sínum mönnum því nú skyldu þeir selja ríkisfyrirtæki sem aldrei fyrr. Það náðust reyndar góðir áfangar í þessu og góðar gjafir hafa verið gefnar, m.a. SR eins og rakið hefur verið í umræðum á undan. En margt hefur líka farið úrskeiðis og mörg áform hafa farið út um þúfur í þessu efni, t.d. þau áform að selja bankana sem voru fróm áform um en ekki náðist samkomulag um í ríkisstjórninni frekar en margt annað. Hér er sem sagt tímanum eytt þegar fer að nálgast jólin í það að reyna að koma í gegn frv. um að selja afganginn af hlutabréfunum í Lyfjaverslun ríkisins, helst fyrir jól.

Það hefur margoft verið rakið í þessum umræðum

í dag að með sölu ríkisfyrirtækja verði að vera ákveðið markmið. Ég tek undir að það skiptir miklu máli að ákveðið markmið sé um það hvaða tilgangur er með sölunni. Það er svo að Framsfl. hefur þá stefnu að ríkið eigi ekki endilega að (**SJS:** Hefur hann stefnu?) vasast í rekstri fram yfir það sem nauðsynlegt er og það sé ekki útilokað að selja ríkisfyrirtæki ef þau eru í samkeppni á almennum markaði. Við höfum markað okkur ákveðna stefnu í þessum efnum, að það sé réttlætanlegt að selja fyrirtæki ef ákveðin skilyrði eru uppfyllt. En þó er tvennt efst í mínum huga í þessu efni. Það er í fyrsta lagi að hagsmuna ríkissjóðs sé gætt við þessar sölur. Það á að selja ríkisfyrirtæki en ekki gefa þau, það er grundvallaratriði. Trúarbrögð um einkavæðingu eiga ekki að vera drifkraftur og gerandinn í þessum málum. Það liggur ekki svona mikið á í þessum efnum þó við framsóknarmenn útilokum ekkert að ríkisfyrirtæki skipti um eigendur, langt frá því. En flokkurinn hefur markað sér ákveðna stefnu í þessum málum. Hún er í fyrsta lagi sú að það verði að gæta hagsmuna þjóðarheildarinnar við söluna og allir njóti sambærilegrar þjónustu og næg samkeppni sé fyrir hendi á hinum frjálsa markaði ef selt er, að starfsfólk eigi möguleika á að gerast eignaraðilar og að markaðsaðstæður séu þannig að eðlilegt verð fáist fyrir þessar eignir. Þetta eru lykilatriði sem verður að gæta varðandi þessi mál. Þess vegna þarf að gefa sér tíma í þessum efnum og fara eftir fyrir fram settum reglum, slíkt er höfuðnauðsyn.

Í umræðum hér í dag hefur borið á góma hvað eftir annað skýrslu Ríkisendurskoðunar um sölu á fyrirtækjum í eigu ríkisins frá 1991 til 1994. Hæstv. fjmrh. gerði þessa skýrslu að umræðuefni í dag og satt að segja finnst mér að hæstv. fjmrh. vilji hlusta á Ríkisendurskoðun og taka mark á álitum hennar þegar það kemur ríkisstjórninni og hans ráðuneyti vel en þegar það kemur honum ekki vel og ríkisstjórninni þá séu þessar álitsgerðir lítils virði.

Mér finnst hæstv. fjmrh. lesa þessa skýrslu á nokkuð sérstakan hátt. Það er rétt að það sem kemur honum vel er það sem jákvætt er í henni varðandi hans ráðuneyti og hans embættisfærslur, það er gott í skýrslunni. Það sem er neikvætt er ekkert að marka. Það er tekið skýrt fram í þessari skýrslu að markmið með einkavæðingu eigi að vera skýrt mörkuð. Það stendur á bls. 8 í skýrslunni, með leyfi forseta:

„Ljóst má vera að framkvæmdanefnd um einkavæðingu hefur unnið ötullega að framkvæmd á stefnu stjórnvalda í einkavæðingarmálum. Það sem að mati Ríkisendurskoðunar hefur helst torveldað framkvæmd þessara mála er að markmiðssetning stjórnvalda hefði mátt vera skýrari. Þetta á ekki síst við um það atriði hvort hámarka skuli tekjur af sölu eða hvort önnur sjónarmið, ósamrýmanleg þessu, eigi að hafa meira vægi."

Þetta er fínt orðað í skýrslu Ríkisendurskoðunar. Hér er auðvitað verið að ýja að því að þessi fyrirtæki hafi verið seld við vægu verði og önnur sjónarmið en að gæta hagsmuna ríkisins hafi ráðið meiru. Ef þetta er lesið eftir orðanna hljóðan þá er ekkert hægt að lesa annað út úr þessu. Það brýtur í bága við það grundvallaratriði sem ég nefndi áðan að það á að gæta hagsmuna ríkisins við þessar sölur. Það getur verið réttlætanlegt að hafa önnur sjónarmið í huga um atvinnuuppbyggingu, rekstraröryggi og aðra slíka hluti en það er í engu tilfelli réttlætanlegt að setja þessi fyrirtæki á útsölu og selja þau fyrir slikk ef svo má að orði komast.

Það eru fleiri tilvitnanir í þessari skýrslu sem er auðvitað áfellisdómur yfir vinnubrögðum við þessar sölur þó að hæstv. fjmrh. beri sig vel og segi að þessi skýrsla sé góð og telji að einkavæðingarnefnd hafi unnið verk sitt ötullega. Hún hefur vissulega gert það. Einkavæðingarnefnd hefur rótast í þessum málum og gert ýmis tilhlaup, sum hafa farið út um þúfur, önnur ekki. Það hefur í sumum tilfellum tekist að selja þessi fyrirtæki ákveðnum aðilum og það hefur orðið nýtt orð til eða nýtt orð náð vinsældum sem er „einkavinavæðing". Það hefur orðið til í tengslum við þessar sölur á ríkisfyrirtækjum. Hér er t.d. á bls. 9 rætt um sölu á Ferðaskrifstofu Íslands hf. og þar segir: „Hlutabréf ríkisins í fyrirtækinu voru seld starfsmönnum þess á tæpar 19 millj. kr. ... Bréfin voru ekki boðin öðrum aðilum til kaups þar sem forkaupsréttarákvæði voru talin rýra sölugildi þeirra á almennum markaði og stjórnvöld höfðu áhuga á að starfsmenn eignuðust allt fyrirtækið."

Síðan segir: „Það er mat Ríkisendurskoðunar að réttara hefði verið að auglýsa bréfin opinberlega til sölu eins og verðbréfafyrirtækið sem hafði með þetta mál að gera virðist hafa gengið út frá. Forkaupsréttur sem starfsmönnum var lögum samkvæmt tryggður hefði átt að nægja til að gæta hagsmuna þeirra við sölu fyrirtækisins."

Það er einnig á bls. 11 rætt um sölu Þróunarfélags Íslands. Hér stendur, með leyfi forseta:

„Að mati Ríkisendurskoðunar vekur þessi sala upp þá spurningu hvort stundum sé of hratt farið við sölu fyrirtækja í eigu ríkisins. Í sumum tilfellum kann að vera skynsamlegt að bíða með sölu í þeirri von að hærra verð kunni að bjóðast síðar."

Ég veit ekki hvað er hægt að kveða skýrar á um flumbruganginn í þessum málum heldur en hér er gert af Ríkisendurskoðun. En þetta er sjálfsagt eitt af því sem flokkast að mati hæstv. fjmrh. undir að vera vitleysa.

Það hefur einnig verið rakið hér af næsta ræðumanni sem talaði á undan mér um Þvottahús Ríkisspítalanna sem var gert tilhlaup til að selja, rætt um við fjárlagagerð hér ítrekað að selja þetta fyrirtæki en allt í einu rann upp ljós fyrir einkavæðingarnefnd að þetta væri óráð og var hætt við slíkt.

Ég ætla ekki að halda langa ræðu um söluna á SR-mjöli. Það mál hefur verið rakið og ég ætla ekkert að vera að tefja tímann með því að endurtaka það. Það stendur í þessari skýrslu á bls. 13, með leyfi forseta:

„Samanburður á mati tilboðsgjafa á framtíðartekjuvirði SR-mjöls og mati Verðbréfamarkaðar Íslandsbanka (VÍB) benti til að verðmæti fyrirtækisins hafi verið hærra en nam söluverði bréfanna."

Hér er náttúrlega sagt svo ekki verður um villst að þetta fyrirtæki hafi verið selt undir verði.

Hér er einnig talað um söluna á Þormóði ramma á Siglufirði og það bregður svo við þegar rætt er um þá sölu þá telur hæstv. fjmrh. að Ríkisendurskoðun hafi lög að mæla.

Ég ætla ekki að leggja dóm á það mál, það var rætt hér á sínum tíma, en ég vil ítreka það að salan á Þormóði ramma er undir sömu sök seld og aðrar sölur hér að það þarf að gæta hagsmuna ríkissjóðs þegar farið er með eigur almennings og þær boðnar til sölu að fá fyrir þær eðlilegt verð.

Ég ætla ekki að hafa um þetta mörg fleiri orð. Ég held að það væri ráð fyrir hæstv. ríkisstjórn að gera hlé á og hugsa sig um, fresta þessum áformum, því þessi ferill er allur orðinn með eindæmum. Ég ætla ekki að rekja mál eins og sölu Skipaútgerðar ríkisins. Þar var rokið til og sala Skipaútgerðar ríkisins hefur það í för með sér að nokkur byggðarlög úti á landsbyggðinni eru komin svona 50 ár aftur í tímann í samgöngumálum. Það kann að hafa sparað ríkinu eitthvert fé en hins vegar er það fólkið úti á landsbyggðinni sem þarf að borga það fé til baka. Í sumum tilfellum í hærra vöruverði.

Ég held því að það ætti að setja punkt aftan við þennan feril, leggja þetta frv. til hliðar, það er nóg að gert í bili og það er nógur tíminn til þess að leggja þetta mál undir dóm kjósenda. En ég skil hæstv. fjmrh. að því leyti að hann þarf að friða frjálshyggjuliðið í Sjálfstfl. með einhverju og þetta er svona smábiti í viðbót sem hann hyggst rétta þeim áður en gengið verður til kosninga í vor. En ég held að það sé engin ástæða til þess að rétta þetta fram til þeirra, hvorki nú né síðar og það eigi að endurmeta þessi áform, gera eins og sagt er í skýrslu Ríkisendurskoðunar, setja skýrari reglur um þessi mál, greina markmiðin með þessum sölum betur. Það liggur ekkert á því að afgreiða þetta frv. og það má vel liggja og bíða nýrrar ríkisstjórnar hver sem hún verður nú. Það var nú svo að það var mikið tilhugalíf í umræðum nýlega hjá hv. 9. þm. Reykv. og hv. 3. þm. Reykv. þar sem hæstv. utanrrh. talaði um, eins og sagt er í sveitinni, að væru tilhleypingar á ferð þannig að enginn veit nú hver samfylgdin verður eftir kosningar í þessum efnum. Það getur alveg farið svo að það verði flokkur hv. 4. þm. Norðurl. e. sem verður í sænginni hjá Sjálfstfl. eftir kosningar. Ég hygg nú að svo geti farið. (**KÁ:** Hvað hefur þingmaðurinn fyrir sér?) Ég hef fyrir mér ýmsar orðræður í umræðum um málið og ég hef fyrir mér ýmsar meldingar sem hafa farið fram um slíka hluti. Það er nú svo að þó að hv. 4. þm. Norðurl. e. segi að það séu framsóknarmenn í stjórnum ýmissa ríkisfyrirtækja og segir frá því með nokkurri öfund þá hefur ýmsum ýmsum verið hent út úr þessum stjórnum og m.a. hefur þeim verið hent út sem hafa verið kallaðir framsóknarmenn í Sjálfstfl. eins og hv. 3. þm. Austurl. sem var hent út úr stjórn Áburðarverksmiðjunnar (**Gripið fram í:** Mikið hneyksli.) og var mikið hneyksli á heitum sumardögum í sumar þegar honum var hent út eftir dygga þjónustu þar og lögfræðingur hér í bæ settur sem stjórnarformaður í staðinn, lögfræðingur eins og hæstv. fjmrh. Ég ber mikla virðingu fyrir þeirri stétt að sjálfsögðu, en ég er ekki viss um að hv. 3. þm. Austurl. hafi verið eins ánægður með þetta eða borið eins mikla virðingu fyrir þessari ráðstöfun. (**KÁ:** Hann samþykkti þetta nú samt.) Þessar sölur ríkisfyrirtækja eru auðvitað einn þáttur í því að treysta valdastöðu ýmissa aðila hér í þjóðfélaginu, treysta valdastöðu Sjálfstfl. Það er alveg ljóst. Og þó að kannski hafi fyrir slysni einhverjir framsóknarmenn slæðst inn í einhverjar stjórnir þá skiptir það ekki sköpum í þessum efnum.

En mergurinn málsins er að þetta frv. má liggja að skaðlausu. Það er nóg gert í einkavæðingunni í bili og örugglega hefur ríkissjóður ekki hagnast á henni, það hafa einhverjir aðrir gert.

[22:07]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð, atriði sem ég gleymdi í dag. Ég get tekið undir það með hv. síðasta ræðumanni að mál er að linni í einkavæðingaráformum ríkisstjórnarinnar og það hefur komið fram hjá mörgum ræðumönnum. En annað af því sem hefur náttúrlega vakið athygli okkar hér í þessari umræðu er hin algera þögn Alþfl. sem hér ríkir og við hljótum að spyrja hver sé afstaða Alþfl. (**JónK:** Hvar er hann?) Ja, það væri fróðlegt að vita, það sést ekki einn einasti alþýðuflokksmaður. (Gripið fram í.) Nei, þeir eiga enn þá nokkra fulltrúa hér á þingi þó svo að ekki horfi vel í þeim efnum fyrir þá, en við hljótum að spyrja. Hér hefur farið fram ítarleg umræða um einkavæðingu ríkisstjórnarinnar á þessu kjörtímabili sem Alþfl. hefur samþykkt hingað til, það er alveg ljóst að hann hefur samþykkt það hingað til, þar með talinn hv. 12. þm. Reykv., Jóhanna Sigurðardóttir. Ekki minnist ég þess að hafa heyrt hana andmæla hér nokkru sinni eða nokkurn tíma einkavæðingu eða einkavæðingaráformum þó hún þykist ekki hrifin af þeim áformum núna. En það væri afar fróðlegt að fá hér fram sjónarmið Alþfl. En þess er víst ekki að vænta.

En hitt atriðið sem ég ætlaði aðeins að gera að umtalsefni er atriði sem hæstv. fjmrh. kom inn á í ræðu sinni í dag varðandi áhrif og árangur af einkavæðingu eins og þau atriði eru skýrð í skýrslu Ríkisendurskoðunar og það er nefnilega mjög athyglisvert sem þar kemur fram. Ríkisendurskoðun talaði við aðila sem hafa tekið við þessum fyrirtækjum sem hafa verið seld og þar koma fram atriði sem hljóta að vera umhugsunarverð fyrir ríkisstjórnir og stjórnendur ríkisstofnana. Nú ætla ég ekki að draga í efa að menn hafi látið í ljós þessar skoðanir við fulltrúa Ríkisendurskoðunar. Hér segir á bls. 14, með leyfi forseta, — ég ætla að beina spurningu til hæstv. fjmrh. — að hjá þessum aðilum hafi komið fram að þær breytingar sem orðið hafi hafi m.a. komið fram í meiri ábyrgðartilfinningu stjórnenda og starfsmanna í sambandi við rekstur og afkomu fyrirtækisins sem þeir starfa hjá og í öðru lagi skjótvirkari ákvarðanatöku. Stjórnendur einkavæddra fyrirtækja sem rætt var við töldu að ríkisfyrirtæki hefðu liðið fyrir seinvirka ákvarðanatöku sem hefði

m.a. valdið stöðnun og leitt til úreltra vinnubragða. Nokkuð var um að stjórnarmenn í ríkisfyrirtækjum væru taldir hræddir við að taka áhættu. Þetta þykja mér afar athyglisverðar fullyrðingar og umhugsunarverðar fyrir ráðherra og stjórnendur ríkisstofnana og ég mundi halda að nú væri það hlutverk fjmrh. og annarra ráðherra að gera úttekt á þessu. Er það virkilega þannig að ríkisfyrirtæki líði fyrir seinvirka ákvarðanatöku og þau séu stöðnuð og stundi úrelt vinnubrögð? Þetta er ekki fallegur dómur yfir ríkisfyrirtækjum og þetta kallar auðvitað á ítarlega skoðun. Er það virkilega svo að þessi fyrirtæki sem sum hver voru rekin með dágóðum hagnaði, þar hafi gætt stöðnunar og seinvirkra vinnubragða. Eru þær stjórnir, sem Alþingi er að kjósa yfir ýmsar ríkisstofnanir, seinvirkar til ákvarðana? Hvað er eiginlega verið að fullyrða hér? Þetta eru engar smáfullyrðingar sem koma hér fram þegar maður rýnir betur í þetta. Ég held að þetta sé mjög umhugsunarvert reyndar bæði fyrir Alþingi og eins og ég hef nefnt hér ráðherra og stjórnendur ríkisstofnana og væri mikil þörf á að kanna þetta betur.

Nú hafa menn mikið rætt um gæðastjórnun og hæstv. fjmrh. hefur staðið fyrir ráðstefnum um stjórnun ríkisfyrirtækja og eftir því sem ég best veit hefur fjmrn. undirbúið endurbætur í þessum efnum og þetta er eins og ég nefni hér mjög til þess að skoða betur ef þetta reynist satt. Mér finnst þetta reyndar að mörgu leyti ótrúlegt vegna þess að við vitum að margar ríkisstofnanir eru mjög vel reknar og skila miklum ágóða inn í ríkissjóðs og hér hefur t.d. verið nefndur Póstur og sími sem dæmi um slíkt en mér þætti ástæða til þess að skoða þetta betur.

Ég vil líka benda á það að á sömu blaðsíðu þar sem Ríkisendurskoðun er að tala um áhrif og árangur af einkavæðingu, þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Bein þátttaka hins opinbera í atvinnurekstri hefur aldrei verið mjög víðtæk hér á landi" og ég tek það sem svo að þetta er skoðun Ríkisendurskoðunar að væntanlega í samanburði við aðrar þjóðir er ekki hægt að segja sem svo að þátttaka ríkisins í atvinnurekstri sé mikil. Víða er hún væntanlega meiri og við þekkjum það að í ýmsum löndum fóru menn þá leið að þjóðnýta t.d. námur, járnbrautakerfi og ýmislegt annað. Það var á tímabili á 2., 3. og 4. áratug þessarar aldar sem það gekk yfir mikil þjóðnýtingaralda og menn sögðu sem svo að þessar auðlindir væru þjóðareign og að flutningakerfi ætti að reka í þágu almennings og þau ættu að vera í eigu almennings en einkavæðingn hefur nú m.a. beinst að þessum sviðum atvinnulífsins. En mér þætti fróðlegt að vita hvort hæstv. fjmrh. er sammála þessari fullyrðingu vegna þess að hann hefur verið og var talsmaður þess að báknið viki burt og hefur beitt sér fyrir einkavæðingu. Maður spyr sig auðvitað að ef það er svo að atvinnurekstur hins opinbera á Íslandi sé lítill miðað við það sem gerist hjá öðrum þjóðum, er þá einhver ástæða til þess að vera að einkavæða? Ég tók það fram í dag að mér finnst að finna í þessari skýrslu ýmis dæmi um einkavæðingu sem fyllilega á rétt á sér en mergurinn málsins er sá að menn þurfa að greina milli þess hvenær ríkið er í óeðlilegri samkeppni við aðila úti í þjóðfélaginu eins og mér finnst t.d. að embætti húsameistara ríkisins sé og nefni ég þá stofnun enn einu en það er einhvern veginn þannig að á þeirri stofnun má alls ekki snerta. Það er ekki hróflað við þeirri stofnun og væri nú fróðlegt að fá skýringu á því hvernig á því stendur. En hins vegar eru svo fyrirtæki, sem þjóna öllum almenningi, fyrirtæki sem eru þau einu sinnar tegundar á landinu og slík fyrirtæki er eðlilegt að reka í ríkiseign og ég vil nefna þar sem dæmi Sementsverksmiðju ríkisins sem er sú eina sinnar tegundar og er ekki í neinni samkeppni og hvers vegna á þá að vera að einkavæða? Er þá ekki eðlilegt að ríkið reki slík fyrirtæki sem þjóna öllum almenningi á landinu?

Ég vildi aðeins bæta þessu hér við umræðuna, virðulegi forseti, og vænti þess að fá svör við þessum atriðum frá hæstv. fjmrh.

[22:16]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Fáein orð í viðbót í þessari umræðu. Í fyrsta lagi vil ég koma því að hér að ástæðan fyrir því að hér var nefnt í frammíkalli að framsóknarmenn fengju stundum að vera með í vinahópnum þegar verið væri að skipa í þessar stjórnir sem handvalið er í frá hendi ríkisstjórnarinnar er sú að það vakti athygli mína og fleiri að bæði í stjórn SR-mjöls hf. og líka í stjórn Sementsverksmiðju ríkisins voru valdir framsóknarmenn en ekki menn úr öðrum flokkum nema ríkisstjórnarflokkunum. (**JGS:** Það er bara hæfni þeirra.) Hæfni framsóknarmanna er alkunn og nær auðvitað yfir öll mörk þannig að skýringin er þar fyrir hendi. (Gripið fram í.) Já, ég tel reyndar að það séu mörg spor aftur á bak að fara út í það að skipa stjórnir ríkisfyrirtækja með þeim einhæfa hætti sem þessi hæstv. ríkisstjórn hefur gert.

Mig langar aðeins til þess að nefna það sem kemur fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar um sölu á fyrirtækjum í eigu ríkisins á bls. 14 sem reyndar síðasti ræðumaður kom að áðan en þó dálítið með öðrum hætti. Það er nefnilega sagt að Ríkisendurskoðun hafi kannað hvað stjórnendur fyrirtækjanna teldu að hefði breyst og það hefur komið fram í þessum viðtölum, stendur hér í bókinni, að sala á fyrirtækjum hafi leitt til ýmiss konar breytinga og m.a. voru eftirtalin atriði nefnd til sögunnar sem voru hér lesin upp áðan um meiri ábyrgðartilfinningu stjórnenda og starfsmanna í sambandi við rekstur og afkomu fyrirtækisins sem þeir starfa hjá, skjótvirkari ákvarðanatöku, stjórnendur einkavæddra fyrirtækja sem rætt var um, töldu að ríkisfyrirtæki hefðu liðið fyrir seinvirka ákvarðanatöku sem hefði m.a. valdið stöðnun og leitt til úreltra vinnubragða o.s.frv. Nú ætla ég ekki að lesa þetta allt saman en mig langar til þess að spyrja hæstv. fjmrh. sem hér er staddur hvort hann sé þeirrar skoðunar að Sementsverksmiðja ríkisins hf., sem er alfarið í eigu ríkisins og hefur ekkert hlutafé í henni verið selt, hvort það sé mjög seinvirk ákvarðanataka og hvort það sé einhver sérstök ástæða til þess að stjórna fyrirtækinu öðruvísi heldur en hefur verið gert á undanförnum missirum. Þar hefur farið fram verulega mikil hagræð-

ing og það hefur ekki verið skirrst við það að láta það koma mjög hart niður á starfsmönnum fyrirtækisins þannig að þeim hefur mörgum verið sagt upp og þeir látnir hætta og ég tel að það sé fráleitt að halda því fram að sú stjórn hafi ekki látið ákvarðanirnar ganga fyrir sig þrátt fyrir að þetta fyrirtæki hafi ekki verið selt og sé í eigu ríkisins. Mig langar til þess að heyra í hæstv. ráðherra með það hvort hann telji að það hafi verið hægt að gera betur en þarna hefur verið gert og hvort hann sjái ástæðu til þess að það hefði verið gengið lengra en stjórn fyrirtækisins hefur þó gert á undanförnum missirum til hagræðingar.

Síðan gleymdi ég einu í ræðu minni áðan og það var það að ég ætlaði að spyrja hæstv. ráðherra um það og biðja hann að útlista það betur fyrir þeim hv. þm. sem fylgjast með umræðunni hvernig standi á því ósamræmi sem mér finnst vera í málflutningi hæstv. ráðherra og því sem stendur í helstu niðurstöðum Ríkisendurskoðunar í þessari bók sem við höfum hér undir höndum. Bókin er bara frá því í nóvember í ár en þar heldur Ríkisendurskoðun því fram að það séu u.þ.b. 800 millj. kr. sem ríkissjóður hefur haft upp úr krafsinu af einkavæðingu fram að þessu. Ég heyrði ekki betur en hæstv. ráðherra nefndi miklu hærri tölu áðan og ég bið hann að endurtaka þá tölu eða koma mér með öðrum hætti í skilning um það að samræmi sé milli þess sem hann talar um í þessu sambandi og því sem stendur í skýrslunni. Ég held að ástæða sé til þess að það komi fram ef þarna er einhver mikill ágreiningur á ferðinni milli hæstv. ráðherra og Ríkisendurskoðunar um það sem ríkið hefur haft upp úr krafsinu við að selja ríkisfyrirtæki á þessum tíma.

Mig langar síðan til þess að nefna svolítið söluna á Rýni hf. Það er eitthvert allra mesta met í hagræðingu sem hefur líklega nokkurn tímann verið slegið. Það er þessi halarófuhagræðing sem ríkisstjórnin gekkst fyrir í sjávarútveginum sem fólst í því að koma á stofn sjö eða átta skoðunarstofufyrirtækjum og starfsmenn þessara skoðunarstofufyrirtækja keyra í halarófu allt í kringum landið og skoða bæði skip, báta, frystihús og fiskvinnslustöðvar um allt heila landið. Auðvitað benti stjórnarandstaðan ítrekað á það þegar þessi mál voru til umfjöllunar að þetta mundi verða glötunarleið sem þarna væri verið að fara, þetta mundi kosta miklu meira fyrir þá sem þurfa á þjónustunni að halda og að lokum kæmi að því að við yrðum að setja upp ríkisfyrirtæki til þess að fylgjast með þessum skoðunarstofum til þess að erlendir aðilar mundu sætta sig við stimpla okkar og eftirlit með framleiðslu afurðanna. Hvað hefur komið á daginn? Þegar hafa komið athugasemdir frá erlendum aðilum um að þessi einkavæddu fyrirtæki væru ekki nægileg trygging fyrir erlendu kaupendurna fyrir því að þessi vara væri nægilega vel skoðuð og menn heimta sem sagt og vilja að opinberir aðilar taki ábyrgð á eftirliti með framleiðslu sjávarafurða sem verið er að kaupa frá Íslandi. Sem sagt, menn eru komnir þarna í hring og nú þarf að fara að setja aftur upp ríkisstofnun til þess að hafa eftirlit með þeirri einkavæðingaruppfinningu sem þarna er á ferðinni.

Þetta var auðvitað skelfileg glötunarbraut sem þarna var gengin. Hverjir verða svo að borga? Það verður aldrei gengið til baka að öllu leyti í þessu. Ég geri ekki ráð fyrir því að það verði þannig að menn leggi niður þessa einkavæddu starfsemi. Ég á ekki von á því. Ég á von á því að það verði frekar á hinn veginn að einu apparatinu í viðbót verði bætt við á vegum ríkisins til þess að fylgjast með og búið verði að auka þennan kostnað um helming eða meira þegar upp verður staðið og allt verða þeir aðilar auðvitað að borga sem þurfa á þjónustunni að halda.

Síðan er kapítuli út af fyrir sig hvernig ríkið fór síðan út úr því að stofna þetta fína fyrirtæki sem það ætlaði að reka í samkeppni við einkaaðilana og ævintýrið kostaði litlar 16 millj. bara í útlögðum peningum sem þarna kemur fram. Auðvitað glataðist allt hitt líka sem ríkið var búið að byggja upp í því að reka þessa starfsemi ár eftir ár og lá auðvitað í þjálfun starfsmanna og þekkingu á öllu þessu sviði. Þetta er allt glatað og er ekki reiknað til verðs í skýrslunni.

En nú er einkavæðingareftirlitsnefnd ríkisstjórnarinnar í gangi og væri gaman að því ef hæstv. ráðherra gæti sagt okkur eitthvað frá því hvar þessi mikla athugun stendur á svokölluðum eftirlitsiðnaði í landinu. Það er nefnd í málinu sem hæstv. forsrh. skipaði og hæstv. starfandi forsrh., sem hefur hlaupið í skarðið á meðan hæstv. forsrh. er í Kína og öðrum löndum að bjarga heiminum, hlýtur að geta sagt okkur hvernig gangi að endurskoða eftirlitsiðnaðinn í landinu og hvort við eigum von á einhverjum nýjum hugmyndum um það hvernig eftirlitsiðnaðinum verði best borgið. Kannski fáum við að sjá einhverja nýja halarófuhagræðingarhugmynd sem kannski eykur hagvöxtinn eitthvað svipað og þessi sem við höfum fylgst með frá því að þessi frv. voru lögð fyrir þingið á sínum tíma.

Mig langar svo að lokum að nefna dálítið betur en ég gerði í ræðu minni í dag hvernig þessum málum lauk, þ.e. SR-mjöls málinu og þeim lokum málsins sem snúa að Andra hf. Ágreiningurinn var um söluna, stendur á bls. 19 í því skjali sem við höfum hér, sem leiddi til þess að Haraldur Haraldsson höfðaði mál til riftunar á þeim kaupsamningi sem gerður var. Héraðsdómur kvað upp dóm í málinu þann 3. júní 1994. Dómurinn taldi að jafnræðisreglu stjórnsýslulaga hefði ekki í öllum atriðum verið gætt sem skyldi. Hins vegar þótti ekki hafa verið sýnt fram á að frávikin hvert fyrir sig eða í heild sinni hefðu verið svo alvarleg að þau ættu að leiða til ógildingar á söluferlinu. Var því dómkröfum stefnanda hafnað.

Síðan kemur í lokin: Fallið hefur verið frá áfrýjun málsins.

Það var ekkert einhlítt í dómsniðurstöðunni sem þarna er verið að segja frá. Mörg atriði voru athugaverð að mati dómsins og forráðamenn Andra áfrýjuðu málinu. Hvað gerðist síðan í framhaldinu? Forráðamenn í Andra sömdu um það við forráðamenn SR-mjöls, sem voru orðnir nýir eigendur SR-mjöls, að falla frá þessum málarekstri. Hvers vegna? Ætli það þurfi að segja nokkrum lifandi manni það að þarna hafi ekki verið kaup kaups með einhverjum hætti? Hvor

aðilinn hljóti að hafa fengið eitthvað fyrir sinn snúð? Það þarf ekki að segja mér það a.m.k. Um hvað snerist málið? Það snerist um það hvort það væri hægt að rifta þeirri sölu sem þarna var á ferðinni. Nú er ég ekki að halda því fram að forráðamenn Andra hf. hafi verið eitthvað vissir um það að málinu fengist riftað. Síður en svo. Þeir gátu náttúrlega ekki verið vissir um það úr því að Héraðsdómur féll þeim ekki í vil en þeir höfðu ástæðu til að halda að vafi væri í málinu eftir dóm Héraðsdóms. Málið sneri bæði að þessum nýju eigendum, SR-mjöli hf., sem töldu hagsmunum sínum ógnað ef salan yrði ógilt, og ríkinu og hæstv. ráðherrum sem tóku þá ákvörðun að selja eigendum SR-mjöls fyrirtækið. Ef Hæstiréttur hefði fellt þann dóm að gjörningurinn hefði allur verið ólöglegur hefði það verið mikill áfellisdómur yfir ráðherrunum og hæstv. ríkisstjórn. Mér er nær að halda að sá dómur hefði ekki orðið hæstv. ríkisstjórn í vil. A.m.k. finnst mér allt ferli málsins vera með þvílíkum eindæmum að ekki hefði átt að geta gerst að Hæstiréttur hefði talið að þarna hefði verið í lagi með hlutina.

Ég geri þá játningu að lokum að ég tel að bæði ég og aðrir sem fjölluðum um þetta mál á hv. Alþingi höfum brugðist í því að bera ekki fram vantraust á ríkisstjórnina og ráðherra hennar, a.m.k. þá sem áttu beina aðild að því að málið fór með þessum hætti, salan á SR-mjöli hf. (Gripið fram í.) Ég tel að við höfum ekki borið fram vantraust á ríkisstjórnina af þessu tilefni sérstaklega og ég tel að það hefði átt að bera fram vantraust á einstaka ráðherra sem tóku þátt í þessum gerningi. Reyndar skrifuðu tveir hæstv. ráðherrar undir þennan gerning. Það voru hæstv. forsrh., Davíð Oddsson, fyrir hönd fjmrh., þeir ganga í verkin á víxl, og hæstv. sjútvrh. En auðvitað tók ríkisstjórnin öll ákvörðun um að selja fyrirtækið á gamlársdag og spurningin er hvort ekki hefði átt að bera fram vantraust á hana alla vegna málsins. En mér finnst að með þvílíkum eindæmum hafi verið farið með eigur almennings í landinu með sölunni á SR-mjöli hf. að ég tel að ekkert orð sé of mælt til að koma því á framfæri við þjóðina að þarna hafi ekki verið rétt að staðið.

Ef hæstv. ráðherra væri nú svo vænn að svara spurningu minni frá því í dag um það hvort hann telji virkilega að verklagsreglum einkavæðingarnefndarinnar hafi verið fylgt við söluna á SR-mjöli hf. þá þætti mér mjög vænt um að fá það svar vegna þess að sé það skoðun hæstv. ráðherra þá held ég að það þurfi að skoða mjög vandlega verklagsreglurnar eða skoða hæstv. ráðherra vandlega.

[22:32]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Mig langar í lok umræðunnar að víkja að nokkrum atriðum sem komið hafa fram. Ég skal játa að ég tel að umræðan hafi verið gagnleg í alla staði. Hún hefur reyndar ekki fjallað eingöngu um frv. sem liggur fyrir heldur ekki síður og kannski frekar um skýrslu Ríkisendurskoðunar og út af fyrir sig harma ég það ekki. Ég tel að sú skýrsla eigi það skilið að hún sé rædd hér og ekkert að því. Kannski er ástæða til þess í upphafi máls að ræða örlítið um Ríkisendurskoðun og Alþingi, rétt aðeins til að ég geti komið á framfæri skoðun minni á því hvernig verklagsreglur Alþingis eiga að vera. Menn hafa rætt nokkuð um verklagsreglur einkavæðingarnefndar og ég hygg að flestir séu sammála Ríkisendurskoðun að þær séu mjög til fyrirmyndar. En við veltum kannski of sjaldan fyrir okkur verklagsreglum Alþingis, ekki síst þegar rætt er um endurskoðun og hlutverk Ríkisendurskoðunar í störfum Alþingis. Mín skoðun er sú, og ég held að ríkisendurskoðandi sé henni sammála, að tími sé kominn til að breyta háttum og verklagi Alþingis með þeim hætti að það starfi fastanefnd, kosin nefnd, á Alþingi sem fari yfir skýrslur Ríkisendurskoðunar og gefi út álit til þingsins um skýrslurnar. Það álit gæti verið í ábendingarformi, tilmælum, til stjórnvalda til framkvæmdarvaldsins. Það gæti verið í formi þingsályktana, í formi laga eða réttara sagt frv., í formi ábendinga eða tilmæla til annarra nefnda þingsins o.s.frv.

Þessi háttur er reyndar viðhafður í Noregi og var tekinn þar upp þegar þingið þar féll frá því að hafa svokallaða yfirskoðunarmenn ríkisreikninga en það er stjórnarskrárbundið ákvæði að halda í það form sem er reyndar afgamalt og ég held að öllu leyti úrelt. Ég nefni þetta hérna vegna þess að ég held að það hafi talsverða þýðingu að það skapist hér ákveðin hefð og að þeir sem hafi það verkefni með höndum af hálfu Alþingis að fara yfir þessar skýrslur geti með eða móti eða með sín sjónarmið komið með þingskjöl sem byggjast á áliti þeirra á skýrslunum og rætt þess vegna skýrslurnar með þeim hætti hér í sölum Alþingis. Þetta nefni ég hér vegna þess að það ríkir ávallt sú óvissa þegar skýrslan er lögð fram hvernig eigi að taka því sem þar stendur. Ríkisendurskoðandi getur ekki komið hér í þingsali og varið sitt mál, hvorki sótt né varið reyndar, svo að ég hygg að það sé full ástæða til þess fyrir forseta þingsins og reyndar fyrir okkur öll sem störfum hér á hinu háa Alþingi að kanna hvort þetta sé hin rétta aðferð, hin rétta verklagsregla þegar fyrir liggja skýrslur á borð við þessa hér. Auðvitað kann að vera að ekki þurfi að ræða með sama hætti allar skýrslur, sumar skýrslur eru umbeðnar af hálfu viðkomandi ráðherra og það kann að vera að það eigi að fara öðruvísi með slíkar. Ég nefni þetta hér vegna þess að mér finnst stundum við ekki sjá fyrir í okkar kappi þegar við erum að takast á um efni þessarar skýrslu þá tölum við svona um þessar skýrslur eins og guðfræði eins og þegar prestar eru að rífast um hvað standi í hinni helgu bók. Í raun og veru er ekki sá sem skrifaði skýrsluna viðstaddur hann er einhvers staðar svona óræður einhvers staðar fyrir utan og ofan Alþingi og segir ekki neitt, þ.e. ríkisendurskoðandi, einhvers konar guðleg ára sem fylgir þessu embætti. Ég held að það sé kominn tími til þess að hverfa frá þessum háttum. Ég held að það sé kominn tími til að taka upp nútímahætti eins og tíðkast annars staðar, þessar skýrslur séu teknar fyrir af hálfu þingmanna, ríkisendurskoðendur, þeir sem þar starfa, komi á fund nefndanna og standi fyrir sínum málum þannig að það sé hægt að gefa út álit með eða á móti þeim skýrslum sem liggja fyrir og spyrja þá út úr.

Þetta nefni ég hér í upphafi vegna þess að umræðan í dag er dæmigerð umræða fyrir skýrslur Ríkisendurskoðunar og ég segi: Ég tel að þessi skýrsla sé vitnisburður um að vel hafi verið staðið að einkavæðingu ríkisstjórnarinnar. Ég tel að þessi skýrsla sé til merkis um að það hafi orðið miklar framfarir í því að selja eignir ríkisins miðað við það sem áður tíðkaðist. Það eru auðvitað undantekningar frá því. Það er eðli endurskoðunar, jafnt Ríkisendurskoðunar sem annarrar endurskoðunar, að fyrst og fremst fletta upp þeim atriðum sem má gera athugasemdir við. Það er auðvitað eðli slíkrar skoðunar. En ég bendi á að flestallt sem stendur í þessari skýrslu rennir stoðum undir það að einkavæðingarnefndin hafi staðið sig vel, hún hafi markað góða stefnu og í raun og veru væri þessi skýrsla ekki jafngóð og hún er nema vegna þess að einkavæðingarnefndin heldur bókhald, færir bækur með þeim hætti að það er auðvelt verk að tína upp þau efnisatriði sem hér eru hvert og eitt. Á þetta vil ég benda hér í upphafi til umhugsunar fyrir okkur öll. (**GJH:** Er ekki eðlilegt að hún haldi bókhald yfir gerðir sínar?) Jú það er mjög eðlilegt í ljósi þess sem hefur verið að gerast. Fyrir örfáum árum síðan var staðið að sölu fyrirtækja með þeim hætti að jafnvel ráðherrar sjálfir eða aðstoðarmenn þeirra seldu það yfir borðið án auglýsinga án þess að nokkuð væri fært um það í bækur neins staðar. (**GJH:** Enda er það vítavert.) Það er ég sammála hv. þm. um en ég er að benda á að nú er öldin önnur. (**Gripið fram í:** Hvaða mál eru þetta?) Ég nefni til að mynda Þormóð ramma og skýrslu sem Ríkisendurskoðun skrifaði um það fyrirtæki á sínum tíma. Ég nefni það bara hér til sögunnar umbúðalaust.

Það hefur nokkuð verið rætt hér um Rýni hf. Ég skal viðurkenna það fúslega að þetta fyrirtæki þekki ég nánast ekki neitt. Þetta fyrirtæki var stofnað til að tryggja samkeppni skoðunarstofa og að vinnsluleyfishafar í sjávarútvegi ættu aðgang að óháðum skoðunarstofum, fleiri óháðar skoðunarstofur voru hins vegar stofnaðar og töpuðu þær allar nokkrum fjármunum. Þessi sala leiddi til sameiningar á fyrirtækjum í þessari grein. Ég bendi á að þáttur þessa fyrirtækis er ekki hluti af vinnu einkavæðingarnefndarinnar. Það eru til bréfaskipti á milli fyrirtækisins eða sjávarútvegsins og einkavæðingarnefndar en einkavæðingarnefndin kom ekki að sölu þessa fyrirtækis eða stofnun fyrirtækisins. Á þetta vil ég benda.

Ég get út af fyrir sig, þegar rætt er um þetta fyrirtæki, tekið undir að það er full ástæða til að taka á eftirlitsiðnaðinum eins og hann leggur sig og sjálfsagt berum við öll nokkra sök í þeim efnum að hafa sífellt aukið eftirlit, bæði opinbert eftirlit og annað. Oft er það þannig þegar um eftirlitsstofnun er að ræða þá skapast hjá okkur falskt öryggi því að besta eftirlitið er auðvitað eftirlitið sem felst í því að hver og einn hafi eftirlit með því sjálfur sem hann er að gera eða hafi þann aga við sín störf sem t.d. markaðurinn gefur. Það er alltaf besta eftirlitið þegar menn starfa þannig að þeir geta mælt sinn árangur sjálfir og fá umbun verka sinna eða að þeir fá refsingu þegar þeir hafa svikist um, það er alltaf besta eftirlitið hvar sem er. En stundum viljum við hafa þetta með þeim hætti að einhver stofnun sé sett á laggirnar til að sjá um að það sé í lagi, venjulega er það gert með stikkprufum, en það er engin allsherjartrygging fyrir því að hlutirnir séu gerðir vel.

Það var sett á fót nefnd til að taka eftirlitsiðnaðinn fyrir og gera tillögur þar að lútandi. Ég hef séð bráðabirgðaskýrslu frá þessum hópi en ég held að ég fari rétt með að það liggi ekki frv. fyrir, ég skal þó athuga það mál því ég get ekki svarað því sérstaklega hér. Ég ætla ekki heldur að ræða það sem ég mundi nú vilja kalla þráhyggju varðandi Andra hf. og SR-mjöl hf. og að það séu einhver afskipti ráðuneyta af því máli. Ég hef sagt það hér áður að þetta er í besta falli misskilningur, í besta falli misskilningur. Það geta náttúrlega verið einhver viðskiptaleg sjónarmið sem ráða því að niðurstaðan varð sú að hverfa frá áfrýjun en það er ekki gert að undirlagi ráðuneytanna. Hins vegar veit ég til þess af því að ég fékk að fylgjast með þessu máli að það voru send til mín bréf og það var gert vegna þess að viðkomandi aðilar vildu segja opinberum aðilum frá því hvað þeir voru að gera. Það var ekkert frumkvæði af hálfu fjmrn. og ég hef kannað að svo var ekki heldur af hálfu sjútvrn. Ég þori nú ekki að nefna orðið dylgjur en mér dettur það stundum í hug þegar svonalagað er sagt þegar verið er að reyna að gefa eitthvað annað í skyn en raunveruleikinn er.

Hv. 3. þm. Vesturl. spurði um það hvers vegna mismunandi tölur séu uppi um tekjur af einkavæðingunni. Ég skal aðeins fjalla um það. Ríkisendurskoðun segir að sala ríkisfyrirtækja hafi skilað ríkissjóði 826 millj. kr. Einkavæðingarnefndin heldur því fram að í heild hafi sala ríkisfyrirtækja skilað 1.904 millj. og þá er talið með söluandvirði eigna Ríkisskipa, Menningarsjóðs og þau hlutabréf í Lyfjaverslun ríkisins sem þegar hafa verið seld, þegar hafa verið seld upp á 200 millj. kr. Þar fyrir utan er ekkert reynt að meta það í þessum tilvikum t.d. hvað hefur sparast í raun í rekstri ríkisins vegna þess að fyrirtæki hafa verið leyst upp eða seld og enn einu sinni nefni ég nafn Skipaútgerðar ríkisins. Þetta veldur þessum mun og ég kemst vonandi síðar að því að ræða þetta örlítið nánar.

Hv. þm. Jóhannes Geir Sigurgeirsson, 6. þm. Norðurl. e., ræddi nokkuð um nýlega skýrslu um fjárreiður ríkisins sem hefur inni að halda nýskipan í ríkisrekstri þar sem verið er að taka á ríkisreikningi og skyldum efnum. Ákaflega merkileg skýrsla að mínu viti sem kemur til með að hafa áhrif hér á næstu árum og er til skoðunar og verður til skoðunar í nefndum þingsins einkum fjárln. og efh.- og viðskn. Það sem hann sagði var að það gæti breytt einhverju þar um ef þau vinnubrögð væru nú viðhöfð sem þar koma fram einkum vegna þess að þar á að líkja eftir fyrirtækjum, setja upp efnahagsreikning. Ég held að ég verði að hryggja hv. þm. með því að ég tel að það mundi ekki verða mikil breyting vegna færslu á tekjum af eignum. (**JGS:** Það sagði ég líka í ræðu minni.) Gott, þá hef ég misskilið hv. þm. En staðreyndin er nefnilega sú að samkvæmt niðurstöðum ríkisreikninganefndar verður erfitt að setja eignir ríkisins upp í efnahagsreikning

eins og hjá fyrirtæki og bókfærðar tekjur af þeim hlutafélögum sem ríkissjóður hefur selt, það er munur á söluverði og bókfærðu verði. Þannig hefur þessi nýja framsetning ríkisreiknings engin áhrif á bókfærðar tekjur af sölu hlutafélaga. Það gerist ekki. En vissulega væri æskilegt að slíkt hefði getað gerst ég skal taka undir það.

Hv. þm. minntist á ræðu forsrh. hinn 6. des. 1991 þegar rætt var um þá upphæð og um Búnaðarbankann. Það er alveg rétt það fór heilmikil vinna fram um Búnaðarbankann og hvernig breyta mætti Búnaðarbankanum í hlutafélag. Því sleppir Ríkisendurskoðun alveg í sinni skýrslu og mér finnst það vera miður vegna þess að ég held að það væri gagnlegt fyrir hv. þm. að hafa þá umræðu í skýrslunni þó ekkert hafi orðið úr sölunni og verði væntanlega ekki á þessu kjörtímabili jafnvel þótt frv. komi fram um það að breyta bankanum í hlutafélag.

Hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir spurðist fyrir um það hvert væri markmiðið með sölu Lyfjaverslunar Íslands. Ég skal reyna að svara þeirri fyrirspurn eins og ég sé þessi markmið. Í fyrsta lagi eru markmiðin að ná breiðri eignaraðild með sölunni, koma þessu fyrirtæki í hendur á sem flestum, reyna að koma í veg fyrir að samruni verði milli fyrirtækja í þessari grein þannig að eðlileg samkeppni sé tryggð, að reyna að ná nýju fjármagni inn í fyrirtækjarekstur á Íslandi frá almenningi og stækka hlutabréfamarkaðinn. Allt eru þetta markmið með þessari sölu. Það er ekkert eitt markmið öðru æðra en auðvitað höfum við það að leiðarljósi að fá sem mest í hlut ríkisins þó það sé eitt og sér ekki eina markmiðið. Það er ekkert leyndarmál að við ætluðum að bjóða síðari hluta bréfanna út á útboðsgrunni með því hreinlega að bjóða út og biðja um hæsta tilboð jafnvel í öll bréfin eða í einhver bréf, nokkra pakka. En vegna þess hve vel tókst til með fyrri hlutann töldum við rétt að halda þessu áfram til að tryggja að eignaraðildin yrði dreifð. Þetta vil ég taka fram.

Það var líka spurt um það hvernig stæði á því að ég hefði nefnt á sínum tíma 2 milljarða á ári. Það er vegna þess að erlendir og innlendir aðilar sem komu að málinu töldu það og gáfu álit sitt um að það væri hægt með því að skoða opinber fyrirtæki og það fjármagn sem er í umferð og væri til ráðstöfunar til kaupa á hlutabréfum, þar á meðal fjármagn frá lífeyrissjóðunum. Þá var gert ráð fyrir að þeir mundu fylgja þeirri reglu að 5% gæti gengið til hlutabréfakaupa en einmitt formaður Framsfl. gerði það að stórmáli, stórmáli á landsþingi flokksins fyrir skömmu að nota ætti þetta fjármagn til að byggja upp atvinnulífið. Þá segi ég að það gildir einu hvort um er að ræða kaup á ríkisfyrirtækjum eða hvort það er verið að byggja upp ný fyrirtæki, frá mínum sjónarhóli er það svo.

Hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir spurði hvað hefði orðið um þjónustuna og starfsfólkið. Ég get því miður ekki gefið hér neinar upplýsingar um hvort jafnmargir starfa hjá þessum fyrirtækjum, ég býst við að sums staðar sé fleira fólk, annars staðar færra, og hvar er þjónustan? Ég nefni dæmi í því sambandi. Ég hygg og það hefði einhver orðið hissa fyrir nokkrum árum að heyra mig segja það að þjónusta Máls og menningar sé betri en þjónusta Menningarsjóðs. Ég held að svo sé. Og það var spurt um Húsnæðisstofnun. Ég get ekki heldur svarað þeirri fyrirspurn öðruvísi en svo að sannarlega hefur verið sparað hjá Húsnæðisstofnun vegna þeirra aðgerða sem þar fóru fram. (**KÁ:** Það var ekki spurningin.) Nei, ég veit að það var ekki spurningin en ég get því miður ekki svarað spurningunni eins og ég var búinn að taka fram.

Hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir fletti í síðari ræðu sinni upp á bls. 14 í skýrslu Ríkisendurskoðunar þar sem haft er eftir fyrrv. starfsmönnum ríkisins, nú starfsmönnum, aðallega stjórnendum fyrirtækja sem áður voru í eigu ríkisins, og þeir komust að þeirri niðurstöðu m.a. að hjá opinberum fyrirtækjum væri ákvarðanataka seinvirk o.s.frv. Síðan var spurt út frá því.

Ég held að þetta sé umhugsunarvert og þetta er ekkert sérislenskt fyrirbæri, þetta kemur fram í skoðunum alls staðar þar sem slíkar breytingar hafa átt sér stað. Í raun og veru höfum við í fjmrn. einmitt verið að taka á þessum málum. Við höfum kallað það nýskipan í ríkisrekstri. Einn þátturinn er þessi einkavæðing. Annar þáttur er að fjölga og auka útboðsstarfsemina. Í þriðja lagi höfum við skoðað rækilega einingarkostnað hjá ýmsum opinberum fyrirtækjum og í fjórða lagi höfum við gert svokallaða þjónustusamninga sem byggjast á því að það er ekki einungis skammtað fé til fyrirtækja og stofnana heldur er jafnframt ákveðið hvað við viljum fá út úr þessum fyrirtækjum, hvert er markmiðið með þeim. Til hvers erum við að reka þessi fyrirtæki og til hvers ætlumst við af starfsfólki og stjórnendum. Síðan er gerður samningur um það að þessu sé skilað og fyrirtækin, starfsfólk og stjórnendur, fá tiltekið frelsi til þess að ná þessum markmiðum. Þetta er gert vegna þess að svona hagar markaðurinn sér venjulega, fyrirtæki á almennum markaði, og við teljum að opinber fyrirtæki geti lært heilmikið af því. Með því er ekki verið að segja að stjórnun í öllum opinberum fyrirtækjum sé ómöguleg en það má líka bæta hana og fyrirtæki á almennum markaði geta ýmislegt lært af opinberum fyrirtækjum.

Ég er sammála því sem kemur fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar að afskipti hér á landi af atvinnulífinu hafa í reynd verið lítil miðað við það sem annars staðar hefur gerst. Íslensk fyrirtæki hafa verið smá og dreifð og aðallega í frumgreinum eins og landbúnaði og sjávarútvegi. Iðnbyltingin heimsótti okkur mjög seint, hér er ekki um stóran iðnrekstur að ræða eins og var t.d. í Bretlandi o.s.frv. þannig að afskiptin voru önnur, öðruvísi og minni. En afskiptin voru þó komin upp t.d. í verslun og það er skrýtið að segja að fyrir örfáum árum stóðum við í því á Alþingi að afnema einkaleyfi ríkisins á sölu á eldspýtum. Á meðan hvaða verslun eða innflytjandi gat flutt inn kveikjara var bannað að flytja inn eldspýtur nema ef ríkið gerði það. Við hlæjum að þessu núna. Það eru örfá ár síðan menn stóðu í mikilli baráttu að reyna að koma þessu í gegn. Karl Steinar hældi sér af því og ég held að hann hafi komist á þing a.m.k. tvö kjörtímabil út á þetta.

Það var spurt um húsameistara ríkisins. Ég get tekið undir það að ekki sé ástæða til þess að á vegum ríkisins sé verið að teikna hús enda tel ég að húsameistari ríkisins eigi ekki að teikna hús. En það getur verið ástæða til þess að hafa aðila hjá ríkinu til að sjá um þessi mál og láta síðan aðra teikna húsin.

Það var spurt um Sementsverksmiðjuna og reyndar gerðu það fleiri aðilar. Í fyrsta lagi vil ég segja að Sementsverksmiðjan er í samkeppni. Hún hefur bara þá yfirburðastöðu að vera með betra verð en þeir sem geta flutt inn. Það er enginn sem bannar innflutning á sementi. Enginn. Það getur hver sem er flutt inn sement og það er gert. En Sementsverksmiðjan er það vel rekin að það getur enginn keppt við hana af neinni alvöru. Þannig að hún starfar í raun á venjulegum markaðslögmálum ef frá er skilinn jöfnuður á flutningi um landið sem auðvitað gildir jafnt fyrir innflutt sement eins og sement framleitt á Akranesi. (**JGS:** En Jarðboranir ríkisins?) Ég þekki ekki þá sögu sem hv. þm. kom hér með um það og er því öllu ókunnugur sem hann minntist á í sinni ræðu.

Hv. þm. Jóhann Ársælsson sagði að það væri verið að snupra fjmrh. í þessari skýrslu Ríkisendurskoðunar. Ég mótmæli því. Það sem snýr að fjmrn. í þessari skýrslu er fyrst og fremst Gutenberg, Þormóður rammi, Framleiðsludeild ÁTVR og Lyfjaverslun Íslands. Ég hef ekki séð neinar athugasemdir gerðar við þessar sölur í skýrslunni sem hér hefur verið til umræðu.

Hv. þm. Jón Kristjánsson sagði að við værum með útsölu, við værum að selja ríkiseignir á slikk. Má ég benda hv. þm. á það að verðmatið sem liggur til grundvallar t.d. sölu á því fyrirtæki sem hérna á að vera að ræða er tvöfalt. Það er í fyrsta lagi verðmat Kaupþings. Í öðru lagi er farið yfir það af Handsali hf. Þetta eru fyrirtæki sem eru vön því að verðleggja þessa hluti.

Það hefur auðvitað takmarkaða þýðingu að vera að tala um hlutafé og eigið fé. Það virðist vera hinn ríkjandi misskilningur í umræðunni að þetta hafi alla þýðingu um verðmæti fyrirtækisins. Við skulum taka dæmi. Ef við lítum á hlutaféð í Lyfjaverslun Íslands þá eru það 300 millj. Eigið fé eru 450 millj. Gengi hlutabréfanna er 1,34. Það þýðir að ef við seljum öll hlutabréfin á því gengi þá eru það 402 millj. sem fást fyrir það, fyrirtæki sem er með eigið fé upp á 450 millj., þ.e. 0,93 er hlutfallið.

Tökum Flugleiðir sem er ágætt fyrirtæki líka. Þar var hlutfallið í upphafi ársins 0,5 og er núna 0,8 eða eitthvað þar um bil. Þetta eru upplýsingar sem ég aflaði mér í dag. Þetta segir okkur þetta hlutfall en þetta segir okkur ekkert um verðmæti fyrirtækjanna einfaldlega vegna þess að þegar litið er á verðmæti fyrirtækjanna þá er það framtíðartekjuvirðið fyrst og fremst sem menn eru að leita að sem eru fjárfestar í fyrirtækjum. Þessu er vandlega lýst af hálfu einkavæðingarnefndarinnar og í raun er orðabók með þessari skýrslu sem ég hygg að við hv. þm. ættum kannski að lesa til þess að átta okkur betur á þessu.

Hv. þm. Jón Kristjánsson las síðan um markmiðin, hver væru markmiðin, þau væru ekki skýr. Ég ræddi það í fyrstu ræðu minni hver markmiðin væru og svaraði þessari spurningu þá. Síðan fletti hann upp á bls. 9 og las, og reyndar efst á bls. 10, og var að fjalla um Ferðaskrifstofu Íslands og sagði:

„Það er mat Ríkisendurskoðunar að réttara hefði verið að auglýsa bréfin opinberlega til sölu eins og verðbréfafyrirtækið sem hafði með þetta mál að gera viðist hafa gengið út frá. Forkaupsréttur sem starfsmönnum var lögum samkvæmt tryggður hefði átt að nægja til að gæta hagsmuna þeirra við sölu fyrirtækisins.“ — Og áfelldist síðan einkavæðingarnefndina fyrir að hafa ekki gert þetta.

Sannleikurinn er einmitt sá að þetta var lögbundið, að starfsmennirnir gætu keypt fyrirtæki, búið að vera í lögum langa lengi. En flettið núna upp á bls. 63 því þar kemur skýring hjá sjálfri Ríkisendurskoðun um þetta tiltekna atriði, og ég ætla að lesa það, með leyfi forseta:

„Reyndar má ætla, þó svo á það hafi ekki reynt, að sú staðreynd að fyrir hendi væri í fyrirtækinu tiltölulega fámennur og samstæður meiri hluti, hafi að vissu leyti takmarkað sölumöguleika á hlutabréfum til utanaðkomandi aðila.“

Þetta er staðreynd málsins og ég veit að þetta skilur fyrrv. samgrh. sem hafði á sínum tíma nokkur afskipti og kynntist þessu máli, að auðvitað getur það verið erfitt að selja einhverjum minni hluta í fyrirtæki þar sem starfsmennirnir hafa meiri hluta. Og vegna þeirrar staðreyndar var gengið í málið að þessu leyti. Ég er ekkert að segja að það hefði kannski átt að auglýsa fyrirtækið, ég er ekkert á móti því, en ég er að benda á að það er ekki hægt að lesa bara á bls. 9 en fletta ekki síðan upp í heildartextanum. Það er ekki góður málflutningur.

Virðulegi forseti. Ég hef rætt hér vítt og breitt um ýmislegt af því sem hefur komið fram. Ég veit að mér tekst ekkert að sannfæra alla um gildi einkavæðingar né um hitt að einkavæðingarnefndin og ríkisstjórnin hafi staðið sig vel enda væri til of mikils ætlast af mér ef það væri. Ég vil þó segja það í lokin sem er mitt álit að það getur ekki farið fram hjá nema blindum manni hverjar breytingar hafa orðið í tíð núv. ríkisstjórnar við sölu á fyrirtækjum. Gífurleg bylting í verklagsreglum hefur orðið og hvernig hefur verið gengið að þessum málum með skipulögðum hætti. Það er ekki hægt að líta á Ríkisendurskoðunarskýrsluna öðruvísi en sem vott um einmitt þetta.

Auðvitað eru gerðar athugasemdir og auðvitað hefði verið hægt að gera margt betur. En það sem skiptir máli er að það er sífellt verið að reyna að gera þetta betur og betur og það er það sem ég held að þessi skýrsla sýni fyrst og fremst.

Ég leyfi mér svo að lokum, af því að það er búið að fjalla nokkuð ítarlega um heimildina til að selja þennan hluta í Lyfjaverslun Íslands hf. að vonast til þess að nefndin skoði þetta mál og ég hef ekkert á móti því að nefndin skoði í leiðinni rækilega aðra þætti. Ég mun senda hv. nefnd samninginn sem gerður var við ráðuneytin og Almannavarnir og vonast til þess að það liðki til við afgreiðslu málsins.

[23:02]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér finnst hæstv. ráðherra sífellt víkja sér undan því að svara þeirri spurningu hvort hann telji að það hafi verið staðið að sölu SR-mjöls hf. í samræmi við verklagsreglur einkavæðingarnefndarinnar.

Ég hef ítrekað spurt að þessu og hef ekki fundið að hæstv. ráðherra hafi svarað. Ég ætla að reyna að endurtaka þessa spurningu einu sinni enn og biðja hæstv. ráðherra að segja okkur það hvort hann telji að það hafi veri fari að reglunum við söluna á SR-mjöli hf. Hæstv. ráðherra er yfir sig ánægður með það hvernig hafi tekist að þróa einkavæðinguna á tíma ríkisstjórnarinnar og það hlýtur að vera hægt að fá þá a.m.k. álit hans á einu máli af því sem hæstv. ríkisstjórn hefur staðið að á þessu tímabili og hann getur útlistað það fyrir okkur hvort þar hafi líka vel tekist til. Hann talar um gífurlega byltingu í verklagi og verklagsreglurnar eru það sem ég er að spyrja um. Ég bið hæstv. ráðherra að víkja sér ekki unda því að svara þessu því ég tel að þetta sé stærsta málið sem hefur verið glímt við og það sé full ástæða til þess að hæstv. ráðherra geri grein fyrir því hvort hann telji að þarna hafi verið vel og eðlilega staðið að hlutunum.

[23:03]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er alveg hárrétt hjá hv. þm. að ég svaraði ekki þessari fyrirspurn einfaldlega vegna þess að ég hygg að henni hafi verið svarað, a.m.k. hafi verið reynt að svara henni í mjög langri umræðu um skýrslu Ríkisendurskoðunar um SR-mjöl á sínum tíma. Það var farið vandlega í gegnum þetta mál þá og því var lýst hvernig upphaf þessa máls um SR-mjöl mátti rekja aftur fyrir þann tíma sem reglurnar voru settar í ríkisstjórninni. Ég get alveg viðurkennt það að ég hefði kosið að sjútvrh. hefði afhent einkavæðingarnefndinni þetta mál til frekari úrvinnslu. Niðurstaðan varð hins vegar sú að hann kaus að setja sérstaka sölunefnd yfir þetta mál og hafa forræði málsins enn frekar í sinni hendi heldur en ella hefði orðið og þess skal getið að auðvitað hafa viðkomandi ráðherrar forræði mála yfir þeim fyrirtækjum sem þeim er trúað fyrir samkvæmt stjórnsýslureglum og ýmsum lögum. Ég hefði kosið það og ég tel að það hefði orðið affarasælla vegna þess að í einkavæðingarnefndinni og á hennar vegum eru starfandi aðilar sem höfðu þá ýmsa reynslu. Hins vegar voru í sölunefndinni menn sem höfðu ágæta reynslu af þessum málum og ég held að eftir á að hyggja sé hægt að segja að tiltölulega vel hafi tekist til um þessa sölu. En ég er alls ekki að halda því fram að hvert og eitt einasta tilvik hafi verið með þeim hætti að við mundum endurtaka það nákvæmlega eins í dag. Við erum að læra í þessum efnum. Hver einasta sala, ekki síst stór sala eins og þarna átti sér stað, verður þess valdandi að við fáum nýja reynslu, reynslu sem við söfnum í sarpinn og myndar enn betri verklagsreglur morgundagsins.

[23:06]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það kom að því að hæstv. fjmrh. svaraði og svarið var skýrt og greinilegt. Hæstv. sjútvrh. fór ekki að vilja hæstv. fjmrh. í þessu máli. Hæstv. sjútvrh. hafði málið á sínu borði og hélt hjá sér. Það er hæstv. sjútvrh. sem ber ábyrgðina á því hvernig farið var að og þetta er ný reynsla fyrir hæstv. fjmrh. sem hann ætlar fyrst og fremst að nýta til framtíðarinnar til að gera hlutina öðruvísi í framtíðinni heldur en hæstv. sjútvrh. stóð fyrir að gera við einkavæðinguna á SR-mjöli hf. Ég held að þetta séu út af fyrir sig svör sem ég geti sæmilega við unað að fá. Ég tel að það sé mjög gagnlegt og þinginu sérstaklega mikilvægt að vita það að hæstv. fjmrh. vill standa betur að einkavæðingunni en gert var í sambandi við SR-mjöl málið og ég vona sannarlega að hæstv. fjmrh. fái þá að ráða því í framtíðinni, a.m.k. í þeirri litlu framtíð sem hann á eftir í stóli hæstv. fjmrh. að það verði ekki farið að með líkum hætti og gert var við söluna á SR-mjöli hf.

[23:07]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Í tilefni andsvarsins vil ég taka fram að það lá ekki í mínum orðum að hæstv. sjútvrh. hefði á þessum tíma farið gegn mínum vilja. Það sem ég sagði einungis var: Ég tel og hefði talið að það hefði verið betra að einkavæðingarnefndin fengist við þetta mál heldur en að sjútvrh. setti upp sérstaka sölunefnd. Það hef ég sagt. Í því felast engar ávirðingar á hæstv. sjútvrh. heldur einungis mitt álit sem er það og það er reyndar álit Ríkisendurskoðunar einnig að það sé heppilegt og eðlilegt að einum aðila séu falin þessi mál. Og ég skil Ríkisendurskoðun þannig að þegar hún segir að það eigi að leita eftir sérfræðingum innan kerfisins til að sjá um söluna þá sé hún fyrst og fremst að hugsa um einkavæðingarnefndina. Mitt álit byggist á því og ég held að ég sé sammála Ríkisendurskoðun ef ég skil hana rétt að það sé heppilegast að láta þennan aðila og hver sem hann verður í framtíðinni sem hefur yfir þessari sérfræði að búa sjá um eignasölur á borð við þá sem þarna fór fram.

[23:09]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tek nú undir það að þetta er orðin allmikil og að mörgu leyti merk umræða. Ég vil í fyrsta lagi taka undir það með hæstv. fjmrh. að ég tel út af fyrir sig þarft að það verði skoðað hér í rólegheitum hvernig rétt sé að fara með samskiptin við Ríkisendurskoðun og meðferð þeirra mála sem frá Ríkisendurskoðun koma hér á þingi. Gjarnan má það skoðast í samhengi við umræður sem uppi eru um hugsanlega breytingu eða niðurlagningu embætta yfirskoðunarmanna ríkisreikninga. Ég held að það væri að mörgu leyti eðlilegra heldur en sá háttur sem hér hefur verið hafður á að hinar einstöku skýrslur koma með mismunandi hætti til umræðu eða ekki o.s.frv., að hér væri föst nefnd starfandi sem fengi allt það efni sem frá Ríkisendurskoðun kemur til skoðunar og eftir atvikum

gerði síðan grein fyrir áliti sínu eða mati af þeim niðurstöðum og legði tillögur fyrir þingið. Þannig að ég vil taka undir að það sé þarft að skoða.

Í öðru lagi þá kom það fram sem reyndar hefur áður legið fyrir að ríkisstjórnin hefur sett á fót eftirlit með eftirlitsiðnaðinum sem hefur blómgast mjög í hennar tíð og verður fróðlegt að sjá nefndarálit þeirrar nefndar.

Í þriðja og síðasta lagi hlýt ég að gera athugasemdir við þennan draumaheim sem hæstv. fjmrh. hefur búið sér til að lifa í að í niðurstöðum skýrslu Ríkisendurskoðunar felist einhver glæsileg fyrsta einkunn til handa hæstv. ríkisstjórn fyrir frammistöðuna í einkavæðingarmálum. Ég get með engu móti lesið þá einkunnargjöf út úr þessari skýrslu og mundi miðað við mína tilfinningu sem manns, sem hef þó prókúru í kennslu- og uppeldisfræðum, telja að þetta væri slök önnur einkun í mesta lagi sem ríkisstjórnin fengi.

[23:11]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vil þakka hv. þm. fyrir þetta andsvar því samkvæmt einkunnabók sem hann var að gefa út þá hefur þó ríkisstjórnin náð prófinu og það er nú umfram allt að ná prófi, svoleiðis að ég get verið honum þakklátur fyrir þennan dóm sem hann hefur látið falla. Ég er ekki sammála honum, ég tel að ríkisstjórnin eigi að fá hærri einkun, en ég hlýt samt að segja að þegar jafnharður prófdómari og hv. þm. á í hlut þá hlýtur viðkomandi ríkisstjórn að vera nokkuð sæl með niðurstöðuna.

[23:12]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það fer nú fyrst og fremst eftir því hversu rismikill metnaður manna er hvað þeir sætta sig við að fá í einkunn. Ekki væri ég ánægður með það farandi með vandasamt mál af þessu tagi að rétt skríða á prófinu. Og hæstv. ráðherra veit nú hvað það þýðir ef ríkisstjórn fær falleinkunn. Það er tæplega til nema einn lýðræðislegur skilningur á því hvað gerist ef ríkisstjórn fellur á prófi, þá fer hún frá. Enn sem komið er hefur nú þjóðinni ekki hlotnast sú gæfa að ríkisstjórnin hyrfi frá.

Ég hins vegar tel að það sé út af fyrir sig ekki ástæða til að þrátta um það að menn séu eitthvað að reyna að læra af reynslunni. Ég ætla ekkert að gera lítið úr því í sjálfu sér að ríkisstjórnin sé eftir ítrekaðar ákúrur og harða gagnrýni vegna þess hvernig hún hefur staðið að mörgum málum að reyna að betrumbæta þau vinnubrögð. Ég segi nú bara skárra væri það nú, skárra væri það nú þó menn reyndu að láta ekki hluti gerast eins og þá sem áttu sér stað í sambandi við söluna á SR-mjöli og fleiri slík mál sem hér hafa verið til umræðu. Þannig að ég ætla að sjálfsögðu ekki að gera lítið úr því eða vefengja það að ríkisstjórnin sé með þessum verklagsreglum og öðru slíku á grundvelli athugasemda og aðfinnslna frá Ríkisendurskoðun og fleiri aðilum að reyna að lappa upp á vinnubrögðin í þessum málum. Ég segi bara skárra væri nú, ég endurtek það. Ég vek athygli á því að í raun og veru er verið að reyna að smíða þá hluti eftir á. Fyrst er vaðið af stað í einkavæðingarvitleysuna, að vísu ná menn litlum árangri, svo reka menn sig á veggina, stanga þá, og verða uppvísir að því að vinnubrögðin eru engan veginn nógu vönduð og þá er eftir á farið úr í það að reyna að búa til einhverjar verklagsreglur, setja sér markmið og enn þarf að bæta þar ýmislegt eins og Ríkisendurskoðun bendir á í sínum athugasemdum. Þannig að ég veit ekki hvort það er hægt að segja ríkisstjórn til hróss að hún sé undir lok kjörtímabils á síðustu lífdögum sínum sem betur fer að reyna að taka sig eitthvað saman í andlitinu í þessum efnum. Ég tel það ekki mikið til að hæla sér af.

[23:14]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. þm. heldur því fram að litlu sé Vöggur feginn að una við slaka aðra einkunn að hans áliti. Af því að ég veit að hv. þm. er búinn að tala sig dauðan í málinu og að auki er ekki hægt að koma hér aftur upp til andsvara því að þeim er lokið þá getur hann beðið með svar við minni spurningu þar til honum gefst kostur á að svara því sem síðar verður örugglega þegar við ræðum áfram um einkavæðingarmálin en það er spurningin um það hvaða einkunn hann gefur fyrrv. ríkisstjórn og þá einkum fjmrh. fyrir söluna á Þormóði ramma og Siglósíld.

[23:15]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Ég verð að segja að síðustu orð hæstv. ráðherra fundust mér afar ómakleg gagnvart 4. þm. Norðurl. e., því eins og við vitum hefði hann hefði hann haft nokkur tök á viljað eiga tækifæri á að verja sinn formann og fyrrv. fjmrh. Þannig að hér var ómaklega að málum staðið, hæstv. ráðherra. (**Gripið fram í:** Við bíðum spennt eftir nýju tækifæri.) Já, tækifærin koma væntanlega. Eitt vil ég upplýsa þá hv. þm. Alþb. sem hafa talað um handskipaða stjórnarmenn framsóknarmanna í stjórnum núv. ríkisstjórnar að það hefur væntanlega farið fram hjá þeim, mér er óhætt að segja það hér held ég, ég held að það sé ekkert leyndarmál að Geir Gunnarsson var handskipaður í vor í stjórn Áburðarverksmiðjunnar eftir að henni var breytt í hlutafélag svo að ekki eru það nú eingöngu framsóknarmennirnir tveir sem hafa fengið að fljóta þarna með. Enda maðurinn þekktur af því að vera hæfur fjármálamaður og góður stjórnandi þannig að það var ósköp eðlilegt að hann fengi að fljóta með.

En það voru nokkur atriði í ræðu hæstv. fjmrh. sem ég vildi gera athugasemdir við. Það er fyrst þegar hæstv. ráðherra fór því betur, það sýnir að hann fylgist með, að vitna í flokksþing okkar framsóknarmanna og í þá atvinnustefnu sem við settum þar fram. Þar sem málið er þeim sem hér stendur nokkuð skylt þar sem ég stýrði þeirri nefnd sem vann að þessu á flokksþinginu þá langar mig til að fá nánari útskýringar hjá hæstv. ráðherra á því sem hann átti við. Hæstv. ráðherra sagði að það gilti einu ef lífeyrissjóðirnir færu nú að verja hugsanlega einhverjum 5% af sínu ráðstöfun-

arfé til kaupa á hlutafé þá gilti einu hvort þeir keyptu ríkisfyrirtæki sem ríkið væri að selja eða hvort þeir fjármunir færu í uppbyggingu á nýrri atvinnustarfsemi. Ég vil eiginlega gera þarna eilítinn greinarmun á milli og spyr þá hæstv. ráðherra hvort hann hugsi dæmið þannig ef þetta skiptir engu að þeir fjármunir sem ríkissjóður mundi þá spara á sínum rekstrarreikningi samkvæmt þeim uppgjörsreglum sem við búum enn við og munum því miður búa við áfram, hvort þeim fjármunum yrði þá varið beint til nýsköpunar í atvinnulífinu. Á hann við það að þeir mundu þá koma til nýsköpunar í stað þess sem annars kæmi frá lífeyrissjóðunum? Ég geri mér að vísu fulla grein fyrir því að þarna losnar um ákveðna peninga en ég hef nú skilið hæstv. ráðherra þannig að þá fjármuni hafi ráðherra ætlað sér að nota til að spara í ríkisrekstrinum og það sé ekkert gefið að þeir peningar sem þannig sparast færu allir óskiptir í nýsköpun. Ég skildi því eiginlega ekki samhengið þarna á milli að fullu eða hvort trúin á einkavæðinguna er svona algjör.

Aðeins varðandi Ríkisendurskoðun og þegar hæstv. ráðherra ræddi um að hér töluðu menn um Ríkisendurskoðun eins og guðlega áru. Það gerum við nú ekki hér. Mér hefur hins vegar fundist að hæstv. ráðherra hafi lesið upp úr áliti Ríkisendurskoðunar og lagt út af því eins og menn leyfa sér stundum að leggja út af guðspjöllunum. Hæstv. ráðherra lagði út af áliti Ríkisendurskoðunar út af þeim þáttum sem voru honum þóknanlegir. Svo ef einhverjir falla í þessa gryfju hér þá á hæstv. ráðherra það alveg sammerkt með þeim. Því miður hefur það gerst dálítið varðandi viðhorf ríkisstjórnar og einstakra ráðherra til álita Ríkisendurskoðunar að það hefur verið á þessa bókina lært að það eru gripnir upp einstaka kaflar sem eru þeim þóknanlegir úr skýrslunum og þeim er hampað og sagt það er í lagi og gott en annað er slæmt. Og á öðru ætti Ríkisendurskoðun nánast að biðjast afsökunar.

En það sem varð aðallega þess valdandi að ég kom hér upp voru orð hæstv. ráðherra í þá veru að það væri blindur maður sem sæi ekki að á þessu kjörtímabili hefði verið breyting varðandi vinnubrögð við sölu ríkisfyrirtækja. Það væri illa komið fyrir hæstv. ríkisstjórn ef ekki hefði orðið á breyting einfaldlega vegna þess að á þessum árum höfum við verið í sameiningu á Alþingi að betrumbæta og smíða upp á nýtt þau tæki sem þurfa að vera til í þjóðfélaginu til þess að einkavæðing geti farið fram á þann hátt sem hæstv. ráðherra var að ræða um, hér væri einhver fjármagnsmarkaður fyrir hendi sem gæti gert það að verkum að hlutabréf tækju verð á almennum markaði. Þetta er ekkert nýtt í tíð núv. hæstv. ríkisstjórnar. Grunnurinn að þessu mestöllu var lagður af hálfu fyrri ríkisstjórna. Það hefðu því verið meiri ósköpin ef núv. hæstv. ríkisstjórn hefði ekki getað fikrað sig eftir þeirri braut áfram. Það var eitt af meginverkefnum efh.- og viðskn. Alþingis á tveimur fyrri árum þessa kjörtímabils að smíða upp á nýtt allar verklagsreglurnar um verðbréfamarkaðinn og Kaupþingið og allt þetta bixerí. Það væri illa komið fyrir ríkisstjórninni ef ekki hefði verið ákveðin þróun hvað þetta snertir á þessum árum. (**Gripið fram í:** Að ógleymdum samkeppnislögunum.) Að ógleymdum samkeppnislögunum.

En það sem upp úr stendur er að ríkisstjórnin hefur nánast ekki náð nokkru af þeim markmiðum sem hún setti sér í upphafi kjörtímabilsins varðandi einkavæðingu. Ég segi kannski því betur vegna þess að því miður hefur það orðið eins og ég sagði í dag og kemur fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar að ríkisstjórninni hefur algjörlega mistekist að skilja á milli þeirra tilfella þar sem væri ástæða til að selja ríkisfyrirtæki og þeirra þar sem væri ástæða til að breyta forminu, gera það nútímalegra og sveigjanlegra sem hefur gert það að verkum að hæstv. ríkisstjórn er ekki treyst í málinu.

Allir stóru þættirnir standa eftir sem þó hafa verið einhvern tímann á kjörtímabilinu höfð um stór orð um að breyta. Þar nefni ég ríkisbankana, Póst og síma og fjárfestingarlánasjóðina. Um allt þetta hafa hæstv. ráðherrar, einstakir ráðherrar og forsrh., haft uppi stór orð að ætti öllu saman að breyta í hlutafélag, þeir hafa að vísu sjaldnast verið sammála, ráðherrar ríkisstjórnarinnar, og að selja allt bixerið líka. Það eru stóru mistök hæstv. núv. ríkisstjórnar, að hafa ekki náð að gera skörp skil, eins og ég sagði áðan, á milli þess sem eru fullar efnislegar ástæður til að selja og hins sem geta verið fullar efnislegar ástæður til að breyta rekstrarformi á en vera þó ekkert að flýta sér með sölu, hafa það í huga að ríkið ætti þær stofnanir áfram. Þær þeirra sem menn teldu að ætti að einhverju leyti að selja, að því á að standa þannig að mínu mati að byrja á því að setja lítinn hluta af bréfum í viðkomandi fyrirtækjum á markað og láta þau mynda verð. Nægilega mikið magn samt til þess að þau nái að mynda verð á markaði og þá komumst við fram hjá þessari stöðugu deilu um það hvort það sé verið að gefa eigur ríkisins.

Það er alveg rétt hjá hæstv. ráðherra að það er á stundum einföldun að taka nafnverð hlutabréfa versus eigin fé. En ef menn vilja fá hið raunverulega verð þá er ekkert annað til ef menn trúa, sem ég reyndar geri, að hér þróist verðbréfamarkaður eða hlutabréfamarkaður en að láta þau mynda þar verð. Þá komast menn fram hjá þessum stöðugu deilum. Í því máli sem hér er verið að ræða er það mín bjargfasta skoðun að hagsmunum allra aðila sé best gætt með því að láta staðar numið, láta duga að selja helminginn, og því betur er það mjög dreifð eignaraðild, og sjá síðan til í framhaldinu hvaða verð þessi bréf fá á markaðinum og gefa sér þá um leið tíma til að átta sig á því hvort ástæða er til, sem ég tel reyndar nokkur rök fyrir, að ríkið eigi áfram í einu lyfsölufyrirtæki innan lands. Það væru verklagsreglur sem mér fyndist að væri fullur sómi að. Ekki það að hella sér út í að selja allt saman núna bara vegna þess að fyrri helmingurinn seldist vel sem getur, eins og ég sagði í fyrri ræðu minni í dag, gefið vísbendingar um það, í það minnsta eru það hin venjulegu tákn sem menn telja sig sjá að góðar viðtökur, mikil sala og biðröð eftir bréfum þýði að hægt væri að selja viðkomandi eign á hærra verði. En í stað þess á að hella sér út í það einn, tveir og þrír að selja afganginn.

[23:26]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það sem ég átti við þegar ég sagði að það gilti einu hvort fólk keypti opinber fyrirtæki eða lífeyrissjóðir og aðrir settu peninga í fyrirtæki til þess að stofna til atvinnu og búa til störf var að það skiptir mjög miklu máli að fjölga eigendum fyrirtækjanna. Það má ekki gleyma því að það er hægt að nýta fé sem ríkið fær af sölunni til nota fyrir atvinnulífið eins og gert er að hluta til við þá fjármuni sem fást inn núna. Þeir eru notaðir til rannsóknar- og þróunarstarfsemi. Þar kannski þarf einmitt að eiga sér stað vöxtur til þess að byggja upp það atvinnulíf sem við ætlum síðan að láta færa okkur bætt lífskjör.

Ég tek undir það, ef ég skil hv. þm. rétt, að það er full ástæða til þess að breyta mörgum opinberum fyrirtækjum í hlutafélög og það er engin ástæða til að selja þau. Við höfum ekki selt Sementsverksmiðjuna, við höfum ekki enn þá selt Áburðarverksmiðjuna. En ég bendi á að á Norðurlöndum starfa yfirleitt öll opinber fyrirtæki, sem eru fyrirtæki eins og þau sem eru á markaði, í hlutafélagsformi. Það er auðvitað ekki út í bláinn sem það er gert, það er gert vegna þess að það hefur þýðingu.

Þetta vildi ég að kæmi fram sem andsvar ef það má kalla andsvar við því sem kom fram í ræðu hv. þm.

[23:28]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hæstv. ráðherra sagði að ef ríkið væri að selja sín fyrirtæki og þau væru til sölu á almennum markaði og þaðan kæmi fjármagn, m.a. frá lífeyrissjóðunum, þá gerði það það að verkum að ríkið gæti þá lagt eitthvað til nýsköpunar í staðinn. Það er alveg rétt. Hann nefndi þróunarstarf. — Virðulegur forseti. Ef ég man rétt þá voru það fyrirheit ríkisstjórnarinnar að 10% af ..., var það ekki? (Gripið fram í.) Já, markmiðið var 20% en það markmið byggðist á óraunhæfum væntingum um sölu ríkisfyrirtækja. Það kann rétt að vera. En markmiðið var, ef ég skil og veit rétt, að afgangurinn færi beint til þess að laga stöðu ríkissjóðs þannig að það hefur ekki farið í nýja uppbyggingu í atvinnulífinu.

Varðandi það sem hæstv. ráðherra sagði einnig um að í nágrannalöndunum væru flest opinber fyrirtæki sem væru í samkeppni á markaði í formi hlutafélaga. Það er væntanlega rétt en í því kristallast það sem ég sagði í ræðu minni áðan, að hæstv. ríkisstjórn hefur algjörlega mistekist að leiða þetta sjónarmið fram því öllum hugmyndum um að breyta í hlutafélag, nánast öllum hugmyndum, hafa fylgt hugmyndir jafnharðan um sölu. Hæstv. samgrh. fékk sérfræðinga til landsins til að gæla við það á hvað væri hægt að selja Póst og síma ef búið væri að breyta því í hlutafélag. Hæstv. ríkisstjórn talaði alltaf um það í sama orðinu að breyta ríkisbönkunum í hlutafélög og selja í það minnsta annan þeirra.

Þetta segi ég hér því ég held að það hafi efnislega þýðingu í umræðunni að ríkisstjórninni hefur mistekist að greina á milli þessara þátta einkavæðingarinnar: sölu á einstökum þáttum ríkisrekstrarins og hins að í ákveðnum tilfellum væri gott að breyta um rekstrarform.

[23:30]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það má vera að ríkisstjórninni hafi mistekist ýmislegt sem hún hefur ætlað sér en ég held að í flestum tilvikum hafi þó gengið vel í einkavæðingunni en ég býst ekki við að ég sannfæri hv. þm. um það. En það er einn mjög mikilvægur munur á einkavæðingu hérlendis og víða í nágrannalöndunum og hann er sá að víðast hvar hefur einkavæðing verið notuð til þess að ná erlendu fjármagni til viðkomandi landa. Þetta kynnti ég mér mjög rækilega. Ég hef heimsótt mjög mörg verðbréfa- og fjármagnsfyrirtæki í nágrannalöndunum, Bretlandi sérstaklega, og þeir voru alltaf jafnundrandi þegar ég sagði að þetta væri ekki markmiðið. Markmiðið væri hins vegar að koma upp markaði hér á landi m.a. og vissulega væri verðbréfamarkaður mikilvægt tæki til þess að fá síðan erlenda fjárfesta inn í atvinnulífið og við þurfum vissulega á því að halda. En það var ekki meginmarkmið beint að fá erlenda eignaraðild inn í þau fyrirtæki sem hið opinbera var að selja í fyrsta umgangi. Hins vegar gæti slík sala örvað hlutabréfamarkaðinn, verðbréfamarkaðinn, gert hann þannig úr garði að það væri kominn mælikvarði á verðmæti fyrirtækjanna sem gerði þau kannski spennandi kost, ekki eingöngu þau sem eru opinber heldur þau sem kannski lengi hafa verið á einkamarkaði fyrir erlenda fjárfesta því okkur veitir ekki af því að fá erlent áhættufjármagn inn í landið.

[23:32]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég get tekið undir það að okkur veitir ekkert af því að fá erlent áhættufé inn í atvinnureksturinn. Annað fannst mér athyglisvert hjá hæstv. ráðherra. Hann tók eiginlega undir einn af meginköflunum í ræðu minni áðan um að það væri eðlilegt að bréf í svona fyrirtækjum sem væri verið að selja næðu að mynda verð á verðbréfamarkaði. En það er einmitt það, virðulegur forseti, sem núv. hæstv. ríkisstjórn hefur aldrei þolinmæði til að bíða eftir. Hún hafði það ekki í SR-mjöl málinu. Hún hefur það ekki í lyfjaverslunarmálinu. Hún hefur aldrei þolinmæði til þess að bíða eftir því því það liggur svo mikið á að selja.

Þar sem hæstv. ráðherra nefndi ferðir sínar til annarra landa og eina landið sem hann nefndi var Bretland, þá er alveg rétt þar hafa menn verið með miklar æfingar í einkavæðingu í opinberum rekstri og viðurkenna nú orðið sjálfir, og það meira að segja forkólfar Íhaldsflokksins, að þar hafi menn gengið lengra en nokkurn tímann var skynsemi í.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tilkynning um dagskrá.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Þá hyggst forseti taka fyrir 3. og 4. dagskrármál sameiginlega en um það hefur komið fram beiðni frá hæstv. fjmrh. (**JHelg:** Um fundarstjórn forseta.) Um það að taka þetta sameiginlega? (**JHelg:** Um fundarstjórn forseta.) Forseti hyggst afgreiða það mál fyrst að 3. og 4. dagskrármál verði tekin sameiginlega á dagskrá. Það er enginn sem hreyfir andmælum við því ...(**SJS:** Jú, ég óska eftir því að fá að athuga málið.) (**JHelg:** Má ég ekki koma minni athugasemd á framfæri?) Jú, en forseti hafði hugsað sér að afgreiða þetta mál fyrst.

Um fundarstjórn.

Stjórnarfrumvörp um innflutning og sölu á áfengi.

[23:34]

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Ég vil mótmæla því að þessi frumvörp, hvort sem væri annað eða bæði verði tekin á dagskrá nú. Það er vegna þess að ég tel að þessir pappírar sem hér hafa verið lagðir fram af hæstv. fjmrh. séu alls ekki umræðuhæfir. Ég man ekki eftir því að hafa séð svona pappíra lagða hér fram. Í fylgiskjali sem fylgir með 255. máli segir: „Með frv. þessu eru gerðar breytingar á lögunum um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf sem fela í sér afnám á einkarétti ríkisins til innflutnings á áfengi."

Þetta er alrangt. Að vísu fer ekkert á milli mála hvað ríkisstjórnin vill gera ef við lesum þessa ófullkomnu greinargerð sem fylgir frv. En í 1. gr. þess stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Eftirfarandi breytingar verða gerðar á 1. gr.:

a. 1. mgr. orðast svo:

Innflutningur til landsins á vínanda og áfengi, sem í er meira en 2,25% af vínanda að rúmmáli, fer eftir ákvæðum áfengislaga, nr. 82/1969."

Í þeim lögum segir um þetta atriði í 3. gr. þeirra, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstjórninni einni er heimilt að flytja hingað til lands áfenga drykki eða áfengisvökva, hverju nafni sem þeir nefnast."

Hér fer ekkert á milli mála að samkvæmt áfengislögum er þetta algjörlega bannað. Það er því ekki nokkur stafur fyrir því að með þessu frv. sé verið að afnema einkarétt. Hér er annaðhvort um vísvitandi blekkingar að ræða eða einhverja klæki til þess að koma þessu áfram.

Sama gildir um hitt frv. en þar segir svo í athugasemdum, með leyfi hæstv. forseta:

„Þessi breyting kemur í kjölfar afnáms á einkaleyfi ÁTVR til innflutnings á áfengi."

Jafnvel þó þetta frv. væri samþykkt þá væri ekki búið að afnema einkarétt ÁTVR á áfengi. Hér er því algjör vitleysa í frv. Ég hlýt að mótmæla því að fara að ræða svona frv. hér um miðja nótt.

[23:37]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Hv. þm. vitnaði til kostnaðarmats fjmrn., það er auðvitað mat sem er lagt á kostnaðinn á frv. Það er ekki hægt að taka það mat og segja að það sem þar er sagt sé efnisatriði frv. Það er hárrétt hjá hv. þm., það þarf meira til en þessi frumvörp. Það liggur í hlutarins eðli og það hefur margoft verið sagt og komið fram og liggur fyrir hér að það þarf að leggja þriðja frv. fram. Það er bara þannig að fjmrh. fer ekki með það mál, það er dómsmrn. sem fer með það mál. Það sem þar á sér stað er einfaldlega það að lögum sem hv. þm. vitnaði til er breytt til samræmis við þá stefnu sem kemur fram í þessum frv.

Það skal tekið fram að sú þriggja manna nefnd sem vann að þessum málum — ég heyri að allir bindindismenn ætla að ræða þetta mál í kvöld og ég fagna því að sjálfsögðu, en vil þó taka fram að í frv. er um enga breytingu að ræða á áfengisstefnunni, ekki nokkra breytingu.

Ég vil einungis segja að þeir sem komu að samningu þessara þriggja frv. voru fulltrúar úr dómsmrn. og fjmrn. og forstjóri Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins. Að sjálfsögðu er gengið út frá því að þriðja frv. komi en það frv. get ég ekki flutt einfaldlega vegna þess að það er í lögsögu dómsmrh. og það veit ég að hv. þm. skilur því hann var sjálfur eitt sinn dómsmrh. Það er ekki hægt að gera þetta öðruvísi.

Ég vil eingöngu segja það, virðulegi forseti, að menn geta haft skoðun á því hvenær sólarhringsins menn vilja fást við áfengismál. Mér finnst ekkert fara illa á því að takast á við slík mál að kvöldi til. Ekki síst vegna þess að í dag kvartaði stjórnarandstaðan yfir því að það vantaði mál frá stjórninni til að ræða. Klukkan er að verða tólf að kvöldi, við höfum rætt eitt lítið frv. sem er upp á tvær greinar, önnur greinin var gildistökugrein. Við erum búin að vera allan daginn að því og nú loksins þegar á að fara að ræða annað frv. dagsins þá standa allir upp og neita að ræða frv. Hvar eru þessir hv. þm. sem í dag heimtuðu fleiri frv. til að ræða og koma svo að kvöldi til og segja: Við erum ekki tilbúnir til að ræða stjórnarfrv. Hvers konar framkoma er þetta eiginlega?

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Forseti vill taka fram að það hafa ekki margir þingmenn staðið upp enn þá til þess að mótmæla að málið verði tekið fyrir.

[23:39]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég verð að taka undir það að mér finnst voðalega stutt taugin í hæstv. fjmrh. Hér stendur upp einn þingmaður og gerir gilda efnislega athugasemd við það með hvaða hætti þessi mál eru fram borin, bendir á augljósan galla í framsetningu málsins og í greinargerðum beggja frv. Það er beinlínis villandi eins og þetta er fram sett, en þá rýkur hæstv. fjmrh. upp og gefur sér það að menn ætli sér unnvörpum að fara að standa í einhverju ströggli gegn þessu máli. Mér finnst þetta óþarflega bráðræðislegt allt saman hjá

hæstv. fjmrh. og eins og hann væri hálfpirraður á því að hafa fengið mikla umræðu um það mál sem hann var með á dagskrá næst á undan. Ég hefði kallað það ágætt dagsverk að búið er að útkljá 1. umr. um það mál.

Ég leyfi mér að óska eftir því, hæstv. forseti, að umræðu um þessi stóru mál verði frestað og hún verði tekin fyrir á nýjum degi á eðlilegum fundartíma og ég vil færa fyrir því nokkur rök. Hér er á ferðinni stórmál. Það er alveg augljóst mál í mínum huga að um þessi mál hljóta að verða miklar umræður vegna þess að þau koma inn á grundvallaratriði í sambandi við stefnumótun í áfengismálum. Alla vega er það ljóst af minni hálfu að ég mun nýta mér ræðutíma minn til þess að fjalla um þessi mál og ég vek athygli á því að óskað hefur verið eftir tvöföldum ræðutíma um fyrra dagskrármálið eða jafnvel þau bæði. Við þær aðstæður tel ég óeðlilegt að slengja þeim saman í umræðu. Ég tel eðlilegt að sá tími sem óskað hefur verið eftir að fá til að ræða málið nýtist til að ræða fyrra málið, sem er grundvallarmálið, hitt er meira eins og afleiðing af því, frv. til laga um að leggja á sérstakt gjald við innflutning.

Ég óska þess vegna eftir því að forseti hagi þessu þannig að hinn tvöfaldi ræðutími verði nýttur í umræðu um 3. dagskrármál og það verði rætt fyrst og sérstaklega. Í öðru lagi að sú umræða fari fram á nýjum fundi á eðlilegum fundartíma.

Í þriðja lagi, hæstv. forseti, þá óska ég eftir því að þegar sú umræða fer fram þá verði hæstv. heilbrrh. viðstaddur umræðuna. (**Gripið fram í:** Og dómsmrh.) Og út af fyrir sig hæstv. dómsmrh. einnig. Ég tel að áfengisvarnamálin og áfengismálin sem heilbrigðisvandamál standi mjög nálægt verksviði hæstv. heilbrrh. Þó svo að forvarnastarfið og áfengislögin sem slík heyri undir dómsmrh. þá tel ég að báðir þessir hæstv. fagráðherrar þurfi að vera viðstaddir umræðuna til að hægt sé að eiga við þá orðastað um afleiðingar af því að fara út í þær skipulagsbreytingar sem er verið að boða í frv.

Mín ósk er fyrst og fremst, hæstv. forseti, að fundinum verði frestað eða umræðum um þessi mál. Í öðru lagi að þau verði rædd sitt í hvoru lagi og í þriðja lagi að þessir tveir hæstv. ráðherrar verði viðstaddir þegar og ef umræðan fer fram.

Skyldi það verða niðurstaða forseta, sem ég hef enga trú á, að það verði haldið áfram með þessa umræðu nú þá óska ég eftir því að þessir tveir ráðherrar verði sóttir.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Forseti hefur tekið þá ákvörðun að taka þessi mál ekki á dagskrá í kvöld og vonast þá til að hv. þm. sem hafa óskað eftir að ræða fundarstjórn forseta falli frá orðinu.

Virðisaukaskattur, 1. umr.

Stjfrv., 257. mál (skráningarskylda, endurgreiðsla, álag o.fl.). — Þskj. 300.

[23:43]

Finnur Ingólfsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég lít svo á að hæstv. forseti hafi ákveðið að taka þessi tvö mál af dagskrá vegna þeirra efnislegu athugasemda sem fram komu hjá hv. þm. Jóni Helgasyni. Málið var ekki og er ekki þannig búið að hægt sé að taka þessi frv. til umræðu. Ég lít svo á að forseti þingsins hafi tekið þessa ákvörðun á grundvelli þeirra athugasemda.

Þegar forseti þingsins hélt fund með formönnum þingflokka á hádegi í dag var gengið út frá því að það gæti orðið kvöldfundur í kvöld. Nú er klukkan að verða 12. Það stefnir í að verða næturfundur ef menn ætla að halda áfram umræðu í þinginu. Það kom skýrt fram á þessum fundi hjá forseta að það stæði aðeins til ef komið yrði fram yfir kvöldmat þegar það kæmi að því að ræða önnur mál en Lyfjaverslun Íslands og þau áfengislagafrv. sem hérna hefur verið talað um þá yrðu þau ekki tekin til umræðu. Ég held að þeir hv. þm. sem þetta vissu hafi ekki undirbúið sig undir umræðuna um virðisaukaskattinn sem nú stendur til að taka til umræðu og því mótmæli ég því.

[23:45]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Það er nokkuð sérkennilegt þegar maður hefur í huga þær umræður sem fóru fram í dag þar sem kvartað var undan því að ekki væru komin fram stjórnarfrv. þegar menn segjast nú að kvöldi til ekki vera tilbúnir til að ræða þau frv. sem hafa legið fyrir þinginu í nokkra daga. Þetta er þeim mun furðulegra þegar þessi frv. eru skoðuð því helsta efnisatriði í því frv. sem nú átti að fara að ræða er að koma til móts við óskir bænda sem hafa kvartað yfir því að í virðisaukaskattslögum sé ekki heimild til þess að draga frá skatt við kaup á aðföngum vegna skógræktar. Þetta hefur verið stórmál sem hefur verið tekið upp í þinginu og aftur og aftur hamrað á því að ríkisstjórnin hafi ekkert gert í málinu. Þetta er stærsta efnisbreytingin.

Að öðru leyti er verið að lina þjáningar þeirra sem hafa þurft að sætta sig við það að borga mjög háa dráttarvexti. Það er verið að lækka dráttarvexti af því að verðbólgan hefur lækkað. Allt eru þetta ívilnandi ákvæði að öðru leyti en því að það er ein formleg breyting, þ.e. tæknileg breyting vegna þess að Hagstofan hefur breytt um greiningu.

En ég skil það svo að það sé vilji hv. þm. Framsfl. og það sé formaður þingflokksins sem í kvöld lýsir því yfir að hann vilji ekki ræða þetta frv. og það eru vissulega kaldar kveðjur til bænda.

[23:50]

Ingi Björn Albertsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég vil gjarnan inna eftir því vegna þeirra tveggja mála sem voru tekin út af dagskrá, 3. og 4. mál, hvort ekki megi skilja úrskurð forseta á þann

veg að þessi mál verði fyrst á dagskrá fundarins á morgun.

Í öðru lagi vil ég segja að ég skil ekki þessar áhyggjur manna af að gefa innflutning frjálsan sérstaklega í ljósi þess að innflutningur á áfengi til landsins er í dag frjáls. Það geta allir flutt inn áfengi í dag til Íslands.

(**Forseti** (VS)**:** Forseti vill benda á að nú er hv. þm. kominn út í efnislega umræðu um frv. Það á að ræða fundarstjórn forseta.)

Ég vil líka segja það vegna þess sem hv. þm. Jón Helgason sagði áðan og vitnaði til fylgiskjals með frv. að þá leyfði sá hv. þm. sér sjálfur að leggja fram þáltill. í dag með algjörlega villandi og röngum upplýsingum í. Svo kemur hann hér upp stórhneykslaður út af stjórnarfrv. með sama galla, að því er hann metur, og var á hans eigin máli.

Ég vil að lokum segja það, hæstv. forseti, að ef stjórnarandstaðan er að kvarta undan því og hefur áhyggjur af því daglega að það sé orðið stutt til jóla og lítill tími eftir til umræðu, af hverju notum við þá ekki tímann núna og förum í þessar umræður? Hvað hafa menn að hræðast?

[23:52]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum. Þetta er 257. mál þingsins á þskj. 300.

Ég vísa til athugasemda með frv. og mun gera örstutta grein fyrir hverri grein fyrir sig og mun fara mjög fljótt yfir sögu.

1. gr. frv. er ætlað að ná til þeirra tilvika þegar langur tími líður frá því að aðföng eru keypt og þar til að uppskorið er í atvinnurekstri. Ástæðan fyrir því að þessi tillögugrein er í frv. eru óskir sem hafa komið fram um það frá bændum að lögum verði breytt vegna úrskurðar sem féll hjá skattstjóranum á Egilsstöðum þess efnis að ekki mætti draga frá virðisaukaskatt af plöntum til skógræktar sem innskatt á móti útskatti. Með þessu orðalagi sem er sett í lögin telur fjmrn. að komið sé til móts við sjónarmið bænda og annarra þeirra sem kaupa með virðisaukaskatti aðföng til starfsemi þótt mjög langur tími líði þar til útskattur fæst á þeim tilteknu vörum sem framleiddar eru með þeim aðföngum sem nefnd eru.

Í 2. gr. er verið að útvíkka reglu sem sett var í þessi lög á síðasta þingi og ná þau nú til tryggingafélaga þar sem heimilt er að ákvarða skattverð með þeim hætti sem áður var ákveðið um bíla sem seldir eru af bílaleigu.

3. gr. er um sama efni.

Í 4. gr. er lækkað álag sem fellur á skuld vegna vangoldins virðisaukaskatts en í dag er álagið 2% á hverjum degi sem líður fram yfir eindaga og síðan allt að 20%. Í frv. er lagt til að sett verði reglan 1% fyrir hvern dag og hæst 10%. Ástæðan er sú að verðbólga er nú mun minni en hún var þegar lögin voru sett og ekki ástæða til þess að hafa álagið jafnmikið og raun ber vitni, nægilegt sé að miða við 10% til að hvetja gjaldendur til að standa skil á lögbundnum greiðslum á gjalddaga.

Í 5. gr. er vísað til atvinnuvegaflokkunar Hagstofunnar en engin efnisbreyting á sér stað þótt þessari tilvísun sé breytt. Eins og sumir vita hefur farið fram breyting á flokkun Hagstofunnar þegar verið er að breyta virðisaukaskattslögum. Nú nýverið flutti ég framsöguræðu þegar vísað var til nefndar frv. til laga um breytingar á lögum um tryggingagjald þar sem fjallað var um sama efni og veit ég að hv. þm. í hv. efh.- og viðskn. kannast við að þar var eingöngu verið að breyta lögum vegna þess að flokkun Hagstofunnar hafði breyst. Þetta ákvæði er um sama atriði.

Í 7. gr. er verið að leggja til að tekið verði tillit til þeirra sem fóru í fjárfestingu á árinu 1993 vegna gistirýmis en samkvæmt lagareglu sem samþykkt var rétt fyrir jól á síðasta þingi var heimilað að leggja 75 millj. kr. til að greiða virðisaukaskatt af fjárfestingu gistirýma sem voru utan við kerfið á nokkrum umliðnum árum. Hér er verið að leggja til að 10 millj. bætist við vegna ársins 1993 þar sem nokkur vandkvæði hafa komið upp varðandi þessi atriði. Þetta eru helstu atriði þessa frv.

Ég skal viðurkenna, virðulegur forseti, að ég fer ekki nákvæmlega ofan í saumana á hverju atriði fyrir sig en það er vegna þess að ég hef týnt framsöguræðu minni og hafði hana ekki handbæra þegar ég tók hér óvænt til máls í þessu máli. En eitt er ljóst að meginatriðin í þessu frv. eru til ívilnunar fyrir þá sem greiða skatt og auk þess er um að ræða tæknilega breytingu á tilvísun vegna breytinga á flokkun Hagstofunnar á atvinnuvegum landsmanna. Þetta vona ég, virðulegur forseti, að skýri þetta mál sem ég hélt að væri beðið eftir og ég lýsi ánægju minni með það að virðulegur forseti skuli taka það hér á dagskrá og vænti þess að hv. þm. geti lokið umræðunni hér á stuttum tíma.

Ég legg til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

[23:59]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Að öllu venjulegu hefði það ef til vill ekkert komið að sök þótt hæstv. ráðherra hefði týnt ræðu sinni, að minnsta kosti ekki ef málið hefði verið lagt fram með þeim fyrirvara að sú nefnd sem á að fjalla um málið hefði haft einhvern tíma til að skoða það. En óneitanlega í þeirri tímaþröng sem er svona rétt fyrir jólin og virðist ætla að verða verri núna en nokkru sinni fyrr, og ég ítreka það sem ég sagði í umræðunni um störf þingsins í dag, er það algjör vanvirðing ríkisstjórnar við Alþingi hvernig staðið er að framlagningu mála sem tengjast tekjuhlið fjárlaga. Þessi mál hafa á umliðnum árum verið að komast í skárra horf með útgjaldahliðina, fjárlögin sjálf, en það sígur alltaf á verri hlið með tekjuöflunarhliðina og breytingarnar á skattalögunum. Það bara verður að verða á þessu breyting. Það er hvorki hægt að bjóða Alþingi né þeim hagsmunaaðilum úti í þjóðfélaginu sem við þurfum að kalla til og þurfa eðli máls samkvæmt að fjalla um þetta, það er ekki hægt að bjóða þessum aðilum upp á þessi vinnubrögð lengur. Hér

verða, virðulegur forseti, að verða grundvallarbreytingar á starfsháttum Alþingis.

Ég lagði fram í frumvarpsformi í fyrra að það yrði að leggja skattafrumvörp fram á Alþingi minnsta sex mánuðum áður en þau tækju gildi sem þýddi í raun að breytingar sem ætti að gera um áramót yrði að vinna á vorþingi á undan en ekki í síðustu vikunni fyrir jól. Þá hefðu þingmenn haustþingið fyrst og fremst til að fjalla um útgjaldahliðina og laga hana að þeim tekjuramma sem þá væri til staðar. Hvort þetta sé eina leiðin sem hægt er að setja fram vil ég ekkert segja um en ég ítreka það að þarna verður að verða á breyting. Og að við skulum síðan standa frammi fyrir því hér að hæstv. *ráðherra hafi ætlað að fara að taka þennan tíma sem* enginn er orðinn rétt fyrir jólin til að mæla fyrir tveim frv. um breytingar á innflutningi á áfengi þar sem ljóst lá fyrir að það var ekkert hægt að afgreiða málin öðruvísi en að þriðja frv. frá dómsmrh., sem er erlendis, kæmi fram líka. Við vitum ekkert um það hvort það kemur til með að verða lagt fram fyrir jól. Og að vera að fara svona með tíma Alþingis þessa síðustu daga fyrir jól það er nú, virðulegur forseti, alveg til þess að setja kórónuna á þessa vitleysu. Auðvitað hefðum við átt í dag í síðasta lagi að vera að ræða um fylgifrv., tekjujöfnunarfrv. sem eiga að fylgja fjárlögum. En eins og nú stefnir þá verður það ekki fyrr en einhvern tímann um eða upp úr miðri næstu viku, hugsanlega svona einum eða tveimur dögum áður en Alþingi átti að fara heim samkvæmt starfsáætlun. Þetta vil ég að komi fram af því að hér kemur eitt frv. sem er þó ekki beint *eitt af tekjuöflunarfrv. ríkisstjórnarinnar en sem frv. um* breytingu á skattalögum þá er væntanlega talið eðlilegt og æskilegt að það afgreiðist fyrir áramót til þess að það komi inn með öðrum þeim breytingum sem þar verða.

Ég ætla ekki að fara efnislega í þetta frv. grein fyrir grein. Útskýringarnar á greinunum hverri fyrir sig er væntanlega að finna í týndri ræðu hæstv. fjmrh. og vonandi kemst hún til skila einhvern tímann í þingtíðindin eða þá efnisatriðin til okkar í hv. nefnd. En mér sýnist þó við fljótan yfirlestur að hér sé verið að leiðrétta ýmis af þeim atriðum, sumum ekki mjög stórum, sem hafa rekið á fjörur okkar í vinnu nefndarinnar. Í 4. gr. er að vísu rætt um lækkun á viðurlögum eins og hæstv. ráðherra sagði vegna lækkunar á verðbólgu, það er kannski hluti af skýringunni. Hins vegar er ljóst að þetta voru afar há viðurlög sem þarna voru fyrir og *vandséð hvaða tilgangi þau þjónuðu eins og þau eru* þar sett fram.

Við höfum heyrt um virðisaukaskattinn á skógarplöntur sem skattstjórar hafa neitað að taka innskatt til greina á og í frv. eru fleiri leiðréttingaratriði í þessa veru. Vonandi fáum við eitthvert tækifæri til að skoða þetta í nefnd. Þó vil ég vekja athygli á því, virðulegur forseti, að samkvæmt starfsáætlun Alþingis núna á þessum drottins degi — og ég hef ekki séð henni breytt formlega enn þá og öll þessi frv. bíða eftir afgreiðslu og bíða eftir að komast hér inn í þingið og síðan að verða afgreidd út úr nefndinni — þá er eftir samkvæmt starfsáætlun þingsins tveir reglulegir fundartímar til jóla, samtals góðir fjórir klukkutímar. Ég býst að vísu við að efh.- og viðskn. muni bregðast við eins og við höfum gert og talið skyldu okkar í þessari stöðu í umliðnum jólatörnum að vinna í hverri lausri stund sem finnst. En það stendur eftir að samkvæmt starfsáætluninni núna þegar öll þessi mál eru óafgreidd og ekki einu sinni komin inn í þingið þá eru eftir sem nemur rúmum fjórum klukkutímum af nefndarstarfi á þessu haustþingi.

[00:06]

Ingi Björn Albertsson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég sé mig knúinn til að inna aftur eftir því sem ég spurðist fyrir um hér fyrir nokkrum *mínútum síðan.* Það var um þau mál sem hér voru tekin út af dagskrá, mál nr. 3 og 4, hvort það megi ekki skilja úrskurð hæstv. forseta á þá lund að þessi mál *verði tekin á dagskrá á morgun, þau verði fyrstu mál* á dagskrá fundarins á morgun? Ég fékk engin svör við þessu hjá hæstv. forseta áðan en ég óska eftir svörum við þessu.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti stefnir að því við fyrsta tækifæri að taka mál á dagskrá sem ekki hafa verið á dagskrá í dag. Það verður farið yfir það að loknum þessum fundi hér hvaða mál verða sett á dagskrána. Öðruvísi er ekki hægt að svara því.

[00:07]

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Þetta frv. sem hér um ræðir eru ákvæði um leiðréttingar varðandi innheimtu virðisaukaskatts, ýmis ákvæði sem hafa komið fram í framkvæmdinni að séu ófullnægjandi og þarf leiðréttingar á. *Ég held að hér sé tekið á og hér sé um að ræða rétt*lætismál, m.a. varðandi endurgreiðslu á aðföngum til skógræktar þar sem er réttlætismál sem þarf fram að ganga. Ég vil lýsa stuðningi mínum við þetta frv. og tel nauðsynlegt að það nái fram að ganga ásamt öðrum frv. auðvitað sem varða tekjuhlið fjárlaga eða ríkissjóðs.

Ég vil einnig taka fram að það er náttúrlega alveg út í hött hjá hæstv. fjmrh. að hafa í hótunum og telja að það sé einhver sérstök árás Framsfl. á bændur landsins þótt formaður þingflokks Framsfl. fari fram á að farið sé eftir samningum við þingstörf, það er auðvitað langt í frá. Þetta frv. á ekki að vera neitt deilumál og auðvitað á að vera hægt að afgreiða það og koma því til nefndar með skikkanlegum hætti. Ég vil lýsa stuðningi mínum við ákvæði þessa frv. Hér er um leiðréttingar að ræða og sumar af þeim eru áríðandi *leiðréttingar á misræmi og óréttlæti sem átt hefur sér* stað í innheimtu virðisaukaskatts. Ég vona að frv. nái fram að ganga en allar hótanir í tengslum við þetta eru óþarfar og það vil ég láta koma fram við þessa umræðu.

[00:09]

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Ég verð eiginlega að furða mig á úthaldsleysi stjórnarandstöðunnar. Öðruvísi mér áður brá með þessa ágætu þingmenn sem enn eru hér í salnum.

Það var nú meiri kraftur í þeim og er nú oftast heldur en hér í kvöld. Ég hefði haldið eins og sagt var hér rétt áðan að það væri kannski tími til kominn að menn færu að æfa sig. Við höfum ekki verið með kvöldfundi í langan tíma en þegar loksins kemur að því þá brestur blessaða hv. þm. úthaldið. En það skortir samt ekki að hér komi þingmenn upp, t.d. hv. þm. Jóhannes Geir talaði fyrir nokkrum mínútum síðan og kvartaði nánast alla ræðuna undan því hvað það væri lítill tími eftir, lítill vinnutími eftir í þinginu. Rétt áður var hörð barátta um það að taka mál út af dagskrá því menn treystu sér ekki í umræður. Rökin voru einhverjir formgallar sem eru ekki staðfestir af hæstv. ráðherra að séu á frv. en sá sem bar fram þá kvörtun hafði klukkutíma eða tveim tímum áður mælt fyrir þáltill. þar sem var farið með gjörsamlega rangt mál. Þetta er auðvitað málflutningur sem er fyrir neðan allar hellur og ekki einu sinni stjórnarandstöðunni samboðið. Síðan er ætlast til þess og ekki hægt að mati stjórnarandstöðunnar eða hv. þm. Jóhannesar Geirs að mæla fyrir 3. og 4. dagskrármáli vegna þess að það vantar frv. frá hæstv. dómsmrh. Ég hef ekki séð það fyrr að tveir ráðherrar geti staðið hér á sama tíma í ræðupúlti Alþingis og mælt fyrir málum en það er einhver ný aðferð sem hv. þm. Framsfl. eru væntanlega að boða.

Ég ítreka það að mér finnst úthald hv. stjórnarandstæðinga ákaflega lítið í dag og man þá tíma sem þetta þótti snemmt hjá þeim. (Gripið fram í.) Já, úthaldið er greinilega lítið og það ætti kannski að hefja æfingar.

En ég er hins vegar ekkert hissa á því að hv. þingflokksformaður Framsfl. skyldi hafa komið hér upp og reynt að tefja framgang þessa máls sem hér er á dagskrá vegna þess að það þekkja auðvitað allir afstöðu Framsfl. til virðisaukaskattskerfisins sem er nú við lýði. Þetta er flokkurinn sem berst fyrir því að koma matarskattinum á aftur svo að um leið og flokkurinn heyrir orðið virðisaukaskattur þá má hann ekki einu sinni vera að því að líta á frv., hann hleypur upp í ræðustól og mótmælir. Og hverju mótmælir hann svo? Hann mótmælir leiðréttingu og hann mótmælir því að hagsmunum bænda sé borgið. Svo mikið liggur þeim á, blessuðum hv. þm. Framsfl., í æðiskastinu gegn virðisaukaskattinum, þeim er svo umhugað um það að koma matarskattinum á að þeir gjörsamlega gleyma sér. Þessi líka bændaflokkur. Hér er frv. sem er fyrir hagsmuni bænda en þeir bara gleyma sér. (**SJS:** Þetta er rosalegt.) Þetta er rosalegt, hv. þm., en það verður enn þá verra fyrir þá hv. kjósendur sem lenda í því ef þjóðin verður fyrir því óláni að Framsfl. komist til valda að lenda í því að matarverð muni hækka í landinu eftir yfirlýsta stefnu formanns Framsfl. héðan úr stól Alþingis, að hann mundi koma á aftur einu þrepi í virðisaukaskatti. Það eru auðvitað afar slæm tíðindi. Á sama tíma er haldið landsþing eða landsfundur eða hvað sem flokkurinn kallar þetta nú þar sem meginþemað á landsfundinum er bág staða heimilanna í landinu. Á sama tíma boða þeir hækkað matvælaverð. Á sama tíma er fulltrúi þeirra í borgarstjórn Reykjavíkur að koma á holræsaskatti. Þetta er nú aðstoð Framsfl. við bágstöddu heimilin. Þetta er glæsilegt. Ég bara vara þá við sem hugsanlega eru að hlusta á þessa umræðu, kjósið ekki Framsfl., því ef lítið er í buddunni í dag þá verður ekkert ef þeir komast til valda. Nákvæmlega ekki neitt.

Hæstv. forseti. Ég vil fagna sérstaklega 4. gr. frv. sem hér er til umræðu því það álag sem lagt hefur verið á virðisaukaskattsgreiðendur sem einhverra hluta vegna hafa ekki getað greitt á gjalddaga hefur verið slíkt að hér á árum áður hefði verið kallað okurvextir og einhverjir aðilar úti í bæ hefðu verið kærðir fyrir. 2% á dag og upp í 20% er ekkert annað en okurvextir. Ég fagna því auðvitað þegar menn taka skref í áttina að réttlætinu þó að mér þyki þetta í rauninni ekki nóg því 1% á dag eru líka okurvextir og þekkjast hvergi nokkurs staðar annars staðar en hjá íslenska ríkinu. Hvergi nokkurs staðar. Hvers vegna í ósköpunum á að refsa mönnum með þessum hætti? Af hverju má ekki almennt vaxtastig í landinu gilda þarna? En ég fagna því engu að síður að menn eru að taka skref í þessa átt og ég vona að hv. nefnd muni íhuga það hvort ekki megi taka aðeins stærra skref og fara t.d. niður í 0,5% og verðum við samt vel yfir vaxtastiginu í landinu.

Í öðru lagi þá sakna ég þess reyndar að hafa ekki hæstv. fjmrh. hér vegna þess að úr því að við erum að gera breytingar á virðisaukaskattslögunum þá vildi ég gjarnan sjá fleiri breytingar á þeim en mér þykir svolítið erfitt að bera fram spurningar í þá veru án þess að hæstv. fjmrh. sé viðstaddur. Á meðan ég doka eftir hæstv. fjmrh. þá er rétt að geta þess varðandi þau mál sem áttu að vera á dagskrá og þann furðulega málflutning sem kom fram hjá hv. þm. Jóni Helgasyni, eins og ég byrjaði að tala um rétt áðan, að innflutningur á áfengi til Íslands er frjáls. Því verða menn að átta sig á. Hann er frjáls í dag. Í dag getur hver einasti maður sem á annað borð hefur leyfi til að flytja inn og jafnvel fleiri flutt inn áfengi inn í tollvörugeymslu og selt það þaðan inn í veitingahús til einstaklinga. Að vísu í gegnum ÁTVR en það má flytja það inn. Þannig að það er alveg furðulegt að menn skuli vera með þessi miðaldasjónarmið enn þann dag í dag og það var ágætt dæmi sem hæstv. fjmrh. tók hér fyrr á fundinum um eldspýturnar. (**SJS:** Hvar koma þær inn í virðisaukaskatt?) Það er tekinn virðisaukaskattur af eldspýtum. Skilur hv. þm. það ekki? Þannig að það er alveg augljóst að það kemur inn í þetta mál. Sá sem selur eldspýtur og ekki greiðir á gjalddaga hann þarf að borga 2% á dag. (**SJS:** Þetta er sérstaklega alvarlegt með eldspýturnar.) Já, það er mjög alvarlegt mál.

Hæstv. forseti, ég fagna komu hæstv. fjmrh. Ég ætlaði að segja það, hæstv. ráðherra, að úr því að verið er að breyta lögunum um virðisaukaskatt þá vildi ég sjá fleiri breytingar gerðar þar á. Það sem ég er með í huga er að þeir aðilar sem greiða virðisaukaskatt eigi að fá að greiða hann þegar greiðsla berst. Í dag er það þannig að aðilar selja vöru á lánskjörum t.d., það getur verið í sex mánuði, eitt ár, eða eitthvað slíkt. En þeim ber að skila virðisaukaskattinum innan tiltekins tíma. Án þess að þeir hafi fengið peningana frá kaup-

andanum þá ber þeim engu að síður að leggja út þessa fjármuni fyrir hönd kaupandans til ríkissjóðs þannig að ríkissjóður er með allt á hreinu. Nú getur það farið þannig að það verða aldrei skil, það verði aldrei gert upp af hálfu kaupandans, engu að síður ber seljandanum að greiða til ríkissjóðs þessa fjárhæð. Þetta er atriði sem ég vil að sé litið á og mun óska eftir því í hv. efh.- og viðskn. að menn taki til skoðunar. Það er auðvitað ekkert réttlæti í því að seljandi þurfi að reiða af hendi fjármagn til ríkissjóðs sem kaupandi á að reiða af hendi. (**JÁ:** Þú átt bara ekkert að lána kaupandanum virðisaukaskattinn.) Ég hef áður heyrt annarleg sjónarmið hv. þm. Jóhanns Ársælssonar úr viðskiptaheiminum þannig að þetta innskot frá þingmanninum kemur mér ekki mjög á óvart og skil ég það ósköp vel að hann hefur kosið það að vera þingmaður frekar en t.d. kaupmaður enda er hann ágætis þingmaður.

[00:20]

Finnur Ingólfsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þessi ræða hv. 5. þm. Reykv., Inga Björns Albertssonar, var um margt svo þokukennd, a.m.k. sá þáttur ræðunnar sem sneri að stefnu Framsfl. í virðisaukaskattsmálinu að ég hefði vel getað haldið að menn hefðu verið komnir langt af stað í þessari brennivínsumræðu sem átti að fara fram í kvöld. Auðvitað er það hart fyrir hv. þm. Inga Björn sem lofaði kjósendum því fyrir síðustu alþingiskosningar að Sjálfstfl. ætlaði að lækka skatta alveg stórkostlega. Fara með tekjuskattinn niður úr 39,79% í 35% eða um 9.150 millj. kr. en nú er hann kominn upp í 42%. Það hefur ekki staðið til af hálfu Framsfl. og um það var mótuð og mörkuð skýr stefna á flokksþingi flokksins í lok nóvember að hækka virðisaukaskatt á matvæli. Framsfl. er hins vegar tilbúinn til að taka upp samstarf við aðila vinnumarkaðarins um endurskoðun á skattkerfinu, m.a. með það að markmiði að lækka jaðarskattana. Þessi ríkisstjórn, sem hv. þm. hefur stutt, hefur komið hlutunum þannig fyrir að núna er jaðarskattur meðal launafólks í landinu, unga fólksins sem tiltölulega nýlega hefur lokið námi, nýlega hefur komið þaki yfir höfuðið, er orðið 75%. Það er von að hv. þm. vilji ekki ræða um þessa hluti en rugli um þetta virðisaukaskattsmál sem kemur þessu máli ekkert við og Framsfl. hefur markað skýra stefnu um á sínu flokksþingi og það þarf hv. þm. að kynna sér áður en lengra er haldið í umræðunum.

[00:22]

Ingi Björn Albertsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Finnur Ingólfsson talaði um *að ræða mín hefði verið þokukennd um stefnu Framsfl.* í virðisaukaskattsmálum. Það má vel vera að honum hafi þótt það, það er stundum sárt þegar komið er við kaunin í mönnum. En stefna Framsfl. í virðisaukaskattsmálum var ekkert þokukennd hér þegar hv. þm. Halldór Ásgrímsson, formaður flokksins, lýsti því yfir að það væri hans stefna og hans vilji að það yrði eitt þrep í virðisaukaskatti. Nú segir hv. þm. að það eigi ekki að hækka virðisaukaskattsþrepið og þá hlýtur að eiga að lækka hitt til móts við þá stefnu sem hv. formaður flokksins hefur að hafa bara eitt þrep og það er þá athyglisvert ef svo er. Þá held ég að Framsfl. sé farinn að lofa heldur betur upp í ermina á sér.

Ég vil biðja hv. þm. að færa orðum sínum stað hvar ég lofaði skattalækkun. Ég er ansi hræddur um að hv. þm. hafi hlustað oft á hv. þm. Ólaf Ragnar Grímsson þegar hann er að vitna í eitthvert blað sem gefið var út í prófkjörsslagi Sjálfstfl. í Reykjavík fyrir síðustu kosningar. Þar voru spurningar um skattana og hvort að þingmenn ætluðu að lækka þá skatta sem vinstri stjórnin hafði sett á. Það voru tveir þingmenn sem svöruðu því á þann hátt, annars vegar ég og hv. þm. Geir Haarde, að við það yrði ekki ráðið. Þannig að ég óska eftir því að hv. þm. færi orðum sínum stað.

Það er ekki við mig að sakast þó að hv. þingmenn séu svolítið ruglaðir í þessari virðisaukaskattsumræðu. Ég skil það ósköp vel. En ég fæ þær upplýsingar héðan úr ræðustól að landsþing eða landsfundur Framsfl. hafi sennilega komið vitinu að þeirra mati fyrir formann flokksins í þessum málum vegna þess að það muna það allir sem hér eru hvaða yfirlýsingu hann gaf um virðisaukaskattinn. Hún var alveg skýr.

[00:25]

Finnur Ingólfsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég býst við því og gef mér það að hv. þm. hafi ekki fyrir kosningarnar 1991 sagt skilið við Sjálfstfl. því það er klárt að Sjálfstfl. mótaði þá stefnu á landsfundi sínum þá að fara með tekjuskatt einstaklinganna niður í 35%. Og það að ganga fram undir merkjum Sjálfstfl. í þeirri kosningabaráttu með loforð frá landsfundi hlýtur auðvitað að merkja það að hv. þm. hafi ætlað að standa við gefin loforð sem einn af þingmönnum flokksins þegar inn á Alþingi væri komið.

Ég vil benda hv. þm. á það að það sem skiptir höfuðmáli þegar menn eru að ræða um skatta og skattastefnu þá getur menn greint á um það hvernig skuli beita skattkerfinu til tekjujöfnunar. Við framsóknarmenn *teljum að það eigi að beita því til tekjujöfnunar* þannig að það aðstoði þá sem við erfiðustu og lökustu kjörin búa. Það lá fyrir í desember í fyrra úttekt frá Þjóðhagsstofnun á því að sú leið sem við framsóknarmenn vildum fara þá skilaði þeim sem verst voru settir meiri kaupmætti en sú leið sem valin var. Nú er það hins vegar staðreynd að sú leið sem við framsóknarmenn vildum fara var ekki farin og sett tvö þrep í virðisaukaskattinn og það er ekki okkar tillaga nú að hækka virðisaukaskattsþrepið aftur. Aftur á móti viljum við núna leita annarra leiða í gegnum vaxtabótakerfið, barnabótakerfið, skattleysismörkin til þess að *jafna lífskjörin í landinu* og höfum mótað skýra stefnu um það.

[00:27]

Ingi Björn Albertsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ef hv. þm. veit það ekki enn þá, þá ritar hann undir eiðstaf þegar hann gerist þingmaður. Þegar hann gerir það þá sver hann þess eið að hann muni fylgja samvisku sinni. Hv. þm. var að lýsa því yfir áðan að samviskan gilti engu heldur væri það fyrst og fremst það sem væri samþykkt á landsfundi hans

flokks. (**JGS:** Það getur farið saman.) Það hlýtur að vera nákvæmlega það sem hv. þm. var að segja. Það getur farið saman, segir hv. þm. Jóhannes Geir, og það má vel vera að svo sé. (**FI:** Oftast ...) Nú segir hann oftast. Það má sem sagt velja um hvenær fer eigi eftir samviskunni og hvenær eftir flokkslínunni. Þetta er afar athyglisverð stefna en hún er reyndar mjög kunnugleg. Þetta eru mjög fallegir og fínir frasar sem Framsfl. ber fram en það býr ekki mikið meira á bak við þá og ég er ansi hræddur um að kjósendur muni sjá í gegnum það.

Varðandi þær leiðir sem Framsfl. vildi fara í virðisaukaskattskerfinu þá vil ég spyrja hv. þm.: Hvernig hefðu barnlausar fjölskyldur komið betur út úr því? Hvernig hefðu sjúkir komið betur út úr því? Hvernig hefðu aldraðir, hvernig hefðu einstæðir komið betur út úr því? Hvernig hefðu þeir yfirleitt sem eiga ekki börn til að mynda komið betur út úr slíkum hlutum? Ég held að tillögur Framsfl. höfði til tiltekins afmarkaðs hóps en eins og þetta var gert kemur matarskatturinn öllum til góða. Því ef framsóknarmenn vita það ekki þá er það einu sinni þannig að enn þann dag í dag kaupa allar fjölskyldur mat til þess að nærast á.

[00:28]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alveg stórmerkilegt með hv. 5. þm. Reykv. að hann skuli tryllast ef það er í fyrirsögn frv. eitthvað um áfengismál. Þá tryllist hann hér og fer hamförum í ræðustól út í Framsfl. og virðisaukaskatt. Ég vil benda hv. þm. á af því að hann hefur haldið lærðar ræður um Framsfl. og stefnu hans hér í kvöld og loforð sín og viðureignina við samvisku sína fyrir kosningar að hann hefur stutt ýmsar aðgerðir í þessari ríkisstjórn sem hafa komið fremur illa við láglaunafólk svo ekki sé meira sagt, t.d. að lækka skattleysismörkin. Það má náttúrlega hrópa hér í ræðustól um aldraða og sjúka en ég veit ekki betur en hv. þm. hafi samþykkt hér alls konar þjónustugjöld á þetta fólk, gjöld sem við framsóknarmenn höfum reyndar verið á móti en hann hefur ekki verið neitt samviskumórauður af því að samþykkja þessar álögur á þá sem minna mega sín í þjóðfélaginu. Það hefur ekki skort slíkar tillögur hjá þessari hæstv. ríkisstjórn sem hv. þm. hefur stutt í flestum tilfellum þó að hann sé nú búinn að taka þá ákvörðun að fara ekki í framboð aftur undir hennar merkjum. Þá ákvörðun skil ég vel í sjálfu sér.

[00:30]

Ingi Björn Albertsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Jón Kristjánsson telur það að ég tryllist um leið og er minnst á áfengi og ég fari að ræða um áfengismál undir frv. um virðisaukaskatt. Ég vil minna hv. þm. á að sá hv. þm. sem á undan mér talaði heitir Jóhannes Geir Sigurgeirsson og hann eyddi hluta ræðu sinnar einmitt í þau mál og ég varð ekki var við það að hv. þm. gagnrýndi flokksbróður sinn fyrir það. Eða eru, hv. þm., til séra Jónar og Jónar hjá yður? Ég spyr.

Ég spyr hv. þm. af því að hann er að tala um þjónustugjöldin og annað slíkt og það er í anda þeirra framsóknarmanna: Ef Framsfl. kemst til valda og ætlar að beita sér með þeim hætti sem hann hefur lýst í virðisaukaskatti ætlar hann þá að afnema þessi þjónustugjöld? Ætlar hann að hækka skattleysismörkin? Ætlar hann að lækka tekjuskattsprósentuna? Ég spyr þá menn sem svona tala: Ætla þeir að gera þetta? Ætla þeir að leiðrétta allt þetta ranglæti sem hefur verið sett á? (**Gripið fram í:** Að sjálfsögðu.)

Og ég vil líka biðja hv. þm. um það áður en hann sakar mig um stuðning við hin og þessi mál að skoða nú aðeins atkvæðagreiðslurnar því að það hefur komið fyrir, hv. þm., að sá sem hér talar hefur ekki stutt öll þau mál sem til álaga eru á almenning og láglaunafólkið í landinu. (**JGS:** Og í hvort skiptið réð samviskan?) Ég hef alla tíð, hv. þm., og það er auðvitað ykkur framsóknarflokksmönnum líka ókunnugt, farið eftir minni samvisku og ég ætla að leyfa mér að gera það áfram. (Gripið fram í.) Nei, það var það sem þið sögðuð sjálfir, hv. þm.

(**Forseti** (SalÞ): Ekki ávarpa beint, forseti vill benda á það. Ekki tala beint til þingmanna í salnum.)

[00:33]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Að sjálfsögðu munum við framsóknarmenn ef við komumst til áhrifa í næstu ríkisstjórn leitast við að leiðrétta margs konar ranglæti sem hefur verið samþykkt í löggjöf á þessu kjörtímabili. (**IBA:** Það var spurt beint um þrjú atriði.) Þar er af nógu að taka og m.a. hef ég enga trú á öðru en við munum leiðrétta þá afspyrnu vitlausu ráðstöfun sem það var að lækka skattleysismörkin. Við munum líka leitast við að taka á skattsvikurunum í landinu og ná inn tekjum frá þeim (**IBA:** Hvað með þjónustugjöldin?) til þess að leiðrétta m.a. þjónustugjöld og hækka skattleysismörkin á ný. Það munum við vissulega gera. Og ég fagna því ef við eigum stuðning hv. 5. þm. Reykv. í því efni því að hann er á lausu og kannski er von í honum, að hann krossi við réttan stað í vor a.m.k. (**Gripið fram í:** Er ekki laust sæti í Reykjavík?) Ég vil ekki taka mér það vald. Þó að hér séu gefnar ýmsar yfirlýsingar þá vil ég ekki taka svo djúpt í árinni. En hins vegar er honum velkomið að krossa við annan staf heldur en hann hefur gert.

[00:35]

Ingi Björn Albertsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. gott boð að leyfa mér að krossa við á réttum stað. Ég tel mig hafa gert það hingað til og ég hygg að ég muni gera það áfram.

Þetta var svolítið athyglisvert svar hjá hv. þm. Nú erum við að berjast við ríkissjóðshalla upp á milljarða og aftur milljarða og þá koma hv. þm. Framsfl. upp og segja: Þegar við komumst til valda þá gerum við þessar leiðréttingar í virðisaukaskattskerfinu, við ætlum að hækka skattleysismörkin, við ætlum að lækka þjónustugjöldin og hvernig ætla þeir svo að taka á halla ríkissjóðs? Ja, það skiptir bara engu máli. Það er nákvæmlega kominn þessi kosningabragur í hv. þm. Nú er bara lofað og nú er bara lofað og nú er bara lofað. Skattleysismörkin, jú, jú, upp með þau. Þjónustugjöld-

in, niður með þau. Við ætlum að ná í skattsvikarana sem enginn hefur getað náð í núna og við ætlum að fjármagna þetta allt með því. Hugsið ykkur málflutninginn. Og hvað ætla þeir svo að gera með ríkissjóðshallann? (Gripið fram í.) Hvað ætla þeir að gera við hann? Lækkar hann með þessum hætti?

Ég segi aftur eins og ég sagði hér fyrr: Guð hjálpi þjóðinni ef Framsfl. kemst til valda. Ég er ansi hræddur um að það verði nú aldeilis flór til að moka úr þegar þeir fara aftur frá með þessa stefnu sem hér er boðuð. Nei, hæstv. forseti. Ég verð að segja það að ég skil ekki málflutning hv. þm. í kvöld. (**Gripið fram í:** Það segja fleiri.) Það segja fleiri. Það er gott að eiga skoðanabróður í því. (**JGS:** Þetta er allt að verða það sama hjá ykkur öllum.) Mér þykir afar merkilegt að hv. þingmenn Framsfl. skuli hér trekk í trekk koma um leið og sá sem hér stendur í það minnsta minnist á virðisaukaskattinn og þeir eru svo fullir iðrunar að það er með ólíkindum og þeir eru í slíkum vandræðum með að koma sér út úr þessari flækju að sá sem hér stendur skilur ekkert í því.

[00:37]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég verð að segja það að sú umræða sem hér á sér stað að næturlagi er þinginu til lítils sóma. Hér er um alvarlegt mál að ræða sem reyndar skortir allar skýringar á og okkur er boðið upp á það að hæstv. fjmrh. fer á hundavaði í gegnum þetta frv. og fann ekki ræðu sína og mér finnst þetta sannast að segja til lítils sóma.

Það hefur verið kvartað yfir því að við þingmenn stjórnarandstöðunnar höfum borið því við að það væri málaskortur í þinginu. Það er ekki vegna þess að við séum endilega að biðja um einhverja vitleysu úr ríkisstjórninni inn á okkar borð heldur vitum við hvað það er sem þarf að afgreiða fyrir jól og það er áhyggjuefni þegar skattafrumvörpin líta ekki dagsins ljós og þegar við vitum það, við sem eigum sæti í efh.- og viðskn. og reyndar það fólk sem situr í fjárln., hversu skammt sú vinna er komin og nú ætti hv. 5. þm. Reykv. að hlusta því að þetta er mergurinn málsins. (**IBA:** Ég er að hlusta.) Ég vil líka koma því á framfæri við þennan hv. þm. að mér voru borin þau skilaboð fyrr í kvöld að gert hefði verið samkomulag um það að hér yrði kvöldfundur, ekki næturfundur. Að mínum dómi erum við komin inn í nóttina og þess vegna er það mitt mat að verið sé að ganga á það sem þingflokksformenn höfðu ákveðið. Ég kannast ekki við annað en þessi hv. þm. hafi oft tekið undir það að vinnutími í þinginu væri eðlilegur. Hann hefur oft farið hér í ræðustól þegar það hefur gerst að fundir hafa teygst inn í nóttina. Þetta er ekki eðlilegur vinnutími og það er engin ástæða til að vera að ræða þetta mál að næturlagi. Það er nægur tími til þess t.d. á morgun. Til þess að hægt væri þá að fá einhverjar skýringar á frv.

Ég vil benda á að með þessu frv. fylgir engin umsögn frá fjármálaskrifstofu fjmrn. eins og venjulega fylgir frumvörpum og ég spyr bara: Hvað þýðir þetta? Hvað kostar þetta? Og ég ætla að fara hérna aðeins í gegnum það. Það er verið að gera ákveðnar breytingar á virðisaukaskattskerfinu og samkvæmt því sem ég hef séð þá sýnist mér þær vera fremur eðlilegar og að hér sé verið að ganga til móts við ýmsa aðila, en hvað kostar þetta? Hvað þýðir þetta? Það er ekki svo auðvelt að sjá það í frv.

Það kemur fram í athugasemdum við lagafrv. að í fyrsta lagi er verið að leggja til að rýmkaðar verði heimildir til að endurgreiða virðisaukaskatt aðilum sem selja notuð ökutæki í atvinnuskyni. Hvað er þarna um háa upphæð að ræða, hæstv. fjmrh.?

Í öðru lagi er lagt til að álag vegna vangreiðslu á virðisaukaskatti verði lækkað. Hversu mikið álag er þetta? Hversu miklir peningar eru það sem koma inn í ríkissjóð vegna vangreiðslu og hvað þýðir það ef álagið er lækkað? Ég er ekki að draga í efa þann tilgang frv. að aðlaga þessa prósentulækkun verðbólgu en hvað er þetta mikið? Hvað þýðir þetta?

Sama gildir um aðrar greinar. Hvaða aðilar eiga hér í hlut? Það kemur fram í athugasemdum við 1. gr. að innihald hennar geti t.d. átt við þá sem stunda fiskeldi og skógrækt og að hér sé verið að lögfesta skýringarreglur sem hafa verið í framkvæmd við innheimtu virðisaukaskatts. Ég spyr: Eru fleiri aðilar og hvaða aðilar eru það sem þarna um ræðir? Eru það fyrst og fremst bændur eða á þetta við um aðra?

Varðandi framkvæmd greinarinnar þá segir í athugasemdunum að þeir aðilar sem eiga að fá þessa rýmkun þurfi að uppfylla ákveðin skilyrði sem eru tíunduð í frv. Síðan er sagt: „Gert er ráð fyrir að aðili sýni fram á að hann uppfylli framangreind skilyrði svo sem með rekstraráætlun." Hvernig er þetta hugsað í framkvæmd? Ef við tökum bændur sem dæmi, hvar eiga þeir að leggja fram þessa rekstraráætlun? Eiga þeir að leggja þetta inn til skattyfirvalda eða hvernig er framkvæmdin á þessu?

Mér finnst að það vanti allar skýringar og hugsanlega voru einhverjar skýringar í þeirri ræðu sem við fengum ekki að heyra. Ég skal ekki um það segja. En *sannleikurinn er nú sá, virðulegur forseti, að þetta frv.* hefði vissulega gefið tilefni til að ræða nokkuð um virðisaukaskattskerfið, stöðu þess og þær breytingar sem hafa verið gerðar á því og það hvaða afleiðingar þær breytingar hafa haft hingað til, hverju þær hafa skilað í ríkissjóð og hverju þær hafa valdið í tekjumissi. Ég hugsa þar ekki síst um þann virðisaukaskatt sem var lagður á bækur og tímarit og bókaútgefendur kvarta sáran undan. Hverju hafa þær breytingar sem við gerðum á sl. ári, bæði á virðisaukaskatti á matvæli og það sem sneri að gistingu og slíku, skilað og hvernig virkar kerfið? Ég hefði gjarnan viljað fá upplýsingar um þetta og talið ástæðu til að ræða þessi mál nokkuð ítarlega í tengslum við þetta frv. en aðalatriðið er þó að skilja hvað í þessu frv. felst og um hvað er þarna verið að tala og hversu mikið þessar breytingar kosta ríkissjóð.

En ég ætla nú að hlífa þeim fáu þingmönnum sem eru í húsinu við lengri ræðuhöldum og ekki síst ráðherranum sem mér sýnist þurfa á hvíld að halda. En ég vil að endingu mótmæla því, virðulegur forseti, að umræða um jafnalvarlegt mál og virðisaukaskatt skuli fara

hér fram að næturlagi. Látum nú vera ef umræðan hefði byrjað í dag eða að við værum að reyna að ljúka 2. umr. eða eitthvað slíkt, en að byrja umræðu eftir miðnætti um mál af þessu tagi finnst mér ekki vinnubrögð sem sæma hinu háa Alþingi. Ég get ekki annað en lýst yfir vanþóknun minni á þessum vinnubrögðum.

[00:45]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Það verða af minni hálfu ekki mörg orð um þetta frv. Það má til sanns vegar færa og ég get tekið undir það sem hv. síðasti ræðumaður gerði að umtalsefni, að málið hefði kannski mátt koma betur útbúið fyrir þingið með upplýsingum og öðru slíku. Ég geri þó að því leyti greinarmun á þar sem hér á í hlut frv. sem er, að ég held í öllum greinum eða a.m.k. flestum, ívilnandi gagnvart þeim sem í hlut eiga. Ber þá kannski fremur skylda til að taka viljann fyrir verkið en endranær þó smíðin sé ekki fullkomin.

Ég vil til að mynda láta það koma strax fram að ég tel að sú lagfæring sem gerð er á 5. gr. virðisaukaskattslaganna með 1. gr. þessa frv. sé þörf og reyndar sjálfsögð í því tilviki sem mér er nú efst í huga þar sem er sú furðulega staða sem upp kom þegar af því fréttist að skattstjóri Austurlandsumdæmis hefði fellt úrskurð um að skógarbændur á Héraði fengju ekki að draga virðisaukaskatt af aðföngum frá rekstrarkostnaði sinna búa. Satt best að segja lét ég segja mér, ég segi nú ekki þrisvar eins og Njáll en að minnsta kosti tvisvar þó, að þetta væri virkilega svona vegna þess að ég fæ með engum móti komið því heim og saman að hægt sé að flokka þá atvinnustarfsemi sem þar er á ferðinni, samanber lög sem um hana eru, þ.e. lög um Héraðsskóga, þannig að hún fullnægi ekki kröfum um atvinnurekstur eins og hann er skilgreindur í skattalögum. Ég leyfi mér að halda fram að menn hafi ekki athugað mjög vandlega lögin um Héraðsskóga og aðdraganda þess máls þar sem er algjörlega skýrt og hefur verið frá upphafi að um nytjaskógrækt í atvinnuskyni væri að ræða að sjálfsögðu. Lögin kveða m.a. rækilega á um það hvernig með hagnað af starfseminni skuli farið þegar til afrakstursins kemur og hvernig honum verði ráðstafað o.s.frv.

En þetta virðist engu að síður vera niðurstaðan að þarna hafi menn með einhverjum, mér óskiljanlegum, hætti ákveðið að þetta væri ekki atvinnustarfsemi af því tagi að hún fullnægði kröfum um að draga mætti aðföng frá rekstrarkostnaði. Hvort sem það á þá að þýða að skatturinn líti svo á að menn séu að þessu af hugsjónamennsku án þess að ætla sér nokkurn ábata eða eitthvað af því tagi þá breytir það svo sem engu. Ef þetta er framkvæmdin skattalega séð þá stendur Alþingi frammi fyrir því, sem ég tel ekki leika vafa á að var ótvíræður vilji manna, að ganga frá þessari löggjöf sem og reyndar tel ég allri nytjaskógrækt sem t.d. er styrkt sem slík einnig undir öðrum ákvæðum. Þá á ég við þá nytjaskógrækt á bújörðum sem styrkt er með framlögum frá Skógrækt ríkisins. Þó um hana séu ekki sérstök lög eins og í tilviki Héraðsskóga þá tel ég ósköp einfaldlega að Alþingi hljóti að lögfesta þann vilja sinn að þetta sé atvinnustarfsemi eins og önnur slík þó lengri tími líði í þessu tilviki frá því að til uppskerunnar er stofnað þangað til að hún fellur til og afraksturinn kemur fram í formi verðmæta en í kannski mörgum eða flestum öðrum tilvikum þar sem í hlut á nytjaskógrækt á Íslandi, það er út af fyrir sig ljóst.

Ég veit ekki betur en þegar sé viðurkennt að þetta ferli getur hlaupið á allt frá dögum, vikum, mánuðum og upp í mörg mörg ár. Í ýmsum tilvikum í dag er það svo að fyrirtæki fá að draga frá virðisaukaskatt vegna aðfanga eða fjárfestinga eða útgjalda sem leiða ekki til verðmæta í formi endurseljanlegrar vöru fyrr en mörgum árum seinna. Mér fannst þetta því auðvitað og finnst enn alveg ótrúlegur úrskurður.

Ég treysti því að orðalag 1. gr. sé þá fullnægjandi gagnvart þessu og ég tel að það þurfi að vera alveg ljóst og þurfi að undirstrika í nál. þegar þetta verður afgreitt að með þessu er Alþingi að lögfesta með ótvíræðum hætti að þessi frádráttur megi falla til.

Þá er eitt eftir enn í sambandi við þetta mál sem ég vil vekja athygli á. Ég er kannski ekki að krefjast efnislegra svara hjá hæstv. fjmrh. nú en það er að ég tel ekki ganga annað en að heimila eftiráuppgjör á þessum virðisaukaskatti sem fallinn er til til að mynda hjá skógarbændum á Héraði með mjög sambærilegum hætti og menn hafa gert þegar virðisaukaskattur var gerður upp nokkur ár aftur í tímann hjá gistiþjónustu þegar hún fékk á sig virðisaukaskatt. Ég sé ekki af gildistökuákvæðum frv. að það sé gert ráð fyrir öðru en að þetta öðlist gildi um næstkomandi áramót og gæti þá þýtt, sýnist mér, að eingöngu sá virðisaukaskattur á aðföngum sem til fellur frá og með gildistökunni yrði síðan frádráttarbær. Það tel ég algjörlega ófullnægjandi niðurstöðu í þessu máli og að það verði að fara yfir það a.m.k. þannig að eftir að umfang þessarar nytjaskógræktar varð umtalsvert á síðustu 3–4 árum geti menn fengið þennan virðisaukaskatt endurgreiddan uppsafnaðan eða a.m.k. innan einhverra marka þannig að það verði ásættanlegt.

Í tilviki ferðaþjónustunnar var valin sú leið að uppsafnaður virðisaukaskattur vegna fjárfestinga sem stofnað hafði verið til á árunum 1990 til og með gildistöku, eins og það átti reyndar að vera, þó nú þurfum við að bæta árinu 1993 við, var viðurkennd. Allar fjárfestingar á árunum 1990–1992, að báðum árum meðtöldum, mynduðu stofn til endurgreiðslu á þessum uppsafnaða virðisaukaskatti. Ég tel lágmark að þetta yrði sambærilegt gagnvart skógarbændunum og mun fylgja því eftir í efh.- og viðskn. að þannig verði frá málinu gengið. Þetta eru alls ekki stórar fjárhæðir því plöntukaupin þarna eru kannski af stærðargráðunni 20–30 millj. í heild í Hérðasskógaátakinu og velta þessa verkefnis um 50 millj. á ári eða svo og þar af stór hluti vinnulaun eðli málsins samkvæmt. Það skekkir því ekki mikið heildardæmið þó þetta sé gert upp með þessum hætti.

Síðan vil ég jafnframt að lokum, hæstv. forseti, taka fram að ég tel að sú breyting sem er lögð til í 7. gr. sé eðlileg og alveg sjálfsögð. Það gæti ekki komið til álita að það yrði gat á árinu 1993. Úr því að menn heimil-

uðu endurgreiðslu þessa uppsafnaða virðisaukaskatts í ferðaþjónustunni fyrir árabilið 1990–1992 þá gengi náttúrlega ekki að standa síðan þannig að þessu að árið 1993 dytti hins vegar niður en fjárfestingar á yfirstandandi ári mynda að sjálfsögðu með eðlilegum hætti stofn til frádráttar við uppgjör virðisaukaskatts eftir að skattlagning er komin á greinina. Það þarf að lagfæra þetta og ég treysti því að menn séu að tala um sæmilega rýmilega fjárhæð sem þarna eru lagðar til, 10 millj. kr. ef ég hef tekið rétt eftir. Að öðru leyti, virðulegur forseti, ætla ég ekki með tilliti til aðstæðna að fjölyrða frekar um þetta mál. En ég tek undir það sem fleiri hafa sagt að vissulega er svo margt í sambandi við virðisaukaskattsmál og álagningu, innheimtu og annað sem fullkomin ástæða væri til að ræða hér og verður þá að treysta því að til þess gefist tækifæri þegar þetta mál og eða önnur skattafrv. sem eiga eftir að koma verða til umfjöllunar á næstu dögum eða vikum.

[00:54]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegur forseti. Ég þakka þá umræðu sem hér hefur farið fram. Ég tel að frv. sem er til umræðu sé alls ekkert óskýrt. Ég get alls ekki fallist á það. Eftir að hafa lesið framsöguræðu mína, sem hefur fundist, þá er þar bara vísað til athugasemdanna og ef maður les ... (***Gripið fram í:*** *Misstum við ekki af neinu?*) Nei, ég held að hv. þm. hafi ekki misst af mjög miklu. Það er ljóst af 1. gr. í frv. að málið snýst um skráningarrétt og skráningarskyldu. Það er eitt af grundvallaratriðunum í íslenskum rétti í sambandi við virðisaukaskatt að þeir sem eru með það sem kallað er neikvæðan virðisauka fá ekki að skrá sig. Lítill angi af þessu dæmi er t.d. dæmið sem hv. 5. þm. Reykv. hefur stundum nefnt, þegar menn kaupa einhverja vöru og selja hana á lægra verði og hirða síðan náttúrlega meiri innskatt heldur en útskatt og taka þess vegna frá ríkinu. Það er eiginlega sama hugmyndin sem liggur hér að baki. Lögin eru raunar að sjá við því að það sé verið að svindla á kerfinu. Út á það gengur þetta og þetta er ekkert sérlslensk smíð, þetta er líka svona í nágrannalöndunum.

Vandamálið kemur hins vegar upp þegar verið er að kaupa aðföng sem geta hvort heldur verið til nytja í framtíðarrekstri eða til annarra nota sem venjuleg heimili gera, þ.e. að koma sér upp einhverjum trjálundi sér til skemmtunar og öðrum til yndis. Þetta hefur valdið þessum erfiðleikum og hér er verið að reyna að finna reglu svo hægt sé að taka inn í kerfið þá aðila sem geta sýnt fram á að þeir ætli að stunda ákveðinn rekstur í ábata- og atvinnuskyni. Þetta á sérstaklega við í iðnrekstri, í fiskirækt, ræktun alls konar þar sem framleiðslan tekur mjög langan tíma. Málið er auðvitað sér í lagi viðkvæmt þar sem mjög auðvelt er að blanda þessu saman við venjuleg heimilisnot, heimilisiðju og slíkt, eins og ég nefndi áðan.

Það sem er síðan talið upp í athugasemdunum við 1. gr. eru þau skilyrði sem verið er að setja, þ.e. að þetta sé atvinnustarfsemi, þetta sé eðlilegt starfsins vegna og að fjárfestingin standi í beinum tengslum við væntanlega sölu hans á skattskyldri vöru og þjónustu. Síðan er gert ráð fyrir því að með rekstraráætlun sé sýnt fram á það að þetta sé alvaran sem standi á bak við skráninguna og þar með heimildina til að taka innskattinn og fá hann greiddan. Þetta er ekki flóknara en það og ég veit að þeir bændur sem ætla að stunda nytjaskógrækt á Íslandi munu að sjálfsögðu hafa einhverjar rekstraráætlanir um það hvenær þeir munu upp skera með sínu skógarhöggi. Meiningin er nú í sjálfu sér ekki flóknari en þessi. Það er sjálfsagt að líta á hvert atriði fyrir sig.

Vandamálið varðandi það sem hv. 4. þm. Norðurl. e., Steingrímur J. Sigfússon, nefndi um það hvort þetta ætti að virka aftur fyrir sig, er og mér finnst sjálfsagt að líta á það, en vandamálið er það að ég hugsa að ríkissjóður hafi lagt kannski mestan part fjármagnsins til svo að staðan gæti verið þannig. Ég ætla ekki að fullyrða neitt að þeir bændur sem eru að snúa sér að skógrækt, a.m.k. sums staðar, hafi fengið bein framlög frá opinberum aðilum en síðan er tekinn virðisaukaskattur sem þeir hafa þurft að borga sjálfir. Það kann að vera hluti af þeirri skýringu að menn hafi ekki haft alveg fulla samúð með því að geta síðan tekið virðisaukaskattinn og fengið hann endurgreiddan af því að þarna var keypt fyrir opinber framlög. Auðvitað á það í sjálfu sér ekki að skipta öllu máli, en ég er að nefna þetta af því að þá þarf auðvitað að taka tillit til þess hvernig á hefur verið haldið hingað til og ég bið hv. nefnd og nefndarmenn um að skoða það í leiðinni.

Í sambandi við 2. og 3. gr. þá er það nú ekki flókið mál því það er einungis verið að bæta tryggingafélögunum við þá sérreglu sem þingið samþykkti í fyrra, þeir hv. þingmenn sem hér sitja, um bílaleigurnar, þ.e. það megi reikna 19,5% rúmlega af söluverði bílanna. Þannig er fundinn út sá hluti söluverðsins sem kalla má virðisaukaskatt, sem í raun og veru skiptir ekki máli þegar um einstaklinga sem eru ekki skráningarskyldir er að ræða því að þeir bera endanlega skattinn, en hefur þýðingu þegar um er að ræða fyrirtæki eins og tryggingafélög og bílaleigu sem stunda viðskipti með bíla og þá þarf að vera ljóst að virðisaukaskatturinn sé hluti af söluverðinu og það þarf að finna það út. Þetta er ekki flóknara en það.

4. og 5. gr. held ég að séu nú auðskiljanlegar og 7. gr. er, eins og við höfum áður fjallað um, eingöngu til að bæta nýju ári og nýrri upphæð við. Þetta er bráðabirgðaákvæði sem verið er að breyta með þessum hætti.

Þegar spurt er um kostnaðinn þá er það nú venjulega svo að það er kannski tiltekin einhver tala í almennum athugasemdum, en ég skal reyna að gera mitt besta. Það er ekki verri ágiskun en annarra. Ég geri það og finnst sjálfsagt að reyna það hér. Í 1. gr. er náttúrlega ómögulegt að segja nákvæmlega hver kostnaðurinn er. Það hefur lítið á þetta reynt. Þetta er ný starfsemi. Sjálfsagt kostar þetta ríkissjóð einhverja peninga, en þá þarf eiginlega að mæla það til hvers hefðu peningarnir ella verið notaðir. Þannig að ég held að það sé ekki á vísan að róa, en það er sjálfsagt tiltölulega auðvelt að finna hvað þetta eru mikil kaup. Ég

held að þetta séu ekki mjög stórar og miklar upphæðir og ljóst er að þetta mun skila sér síðar, þó eftir kannski 10, 20, 30 ár og þá mun koma í ríkiskassann og veitir sjálfsagt ekkert af fyrir þá sem þá verða hér á hinu háa Alþingi.

Ég tel að það sé enginn kostnaður í sjálfu sér af 2. og 3. gr. og þegar litið er á 4. gr. um lækkun á álaginu þá verðum við að meta það hvort þeir sem láta yfir sig ganga að fá álag upp í 20% séu þeir sem borga endanlega virðisaukaskattinn eða hvort þeir eru hreinlega farnir á hausinn og borga aldrei hvorki skattinn né álagið. Sem betur fer hefur ríkinu tekist á undanförnum mánuðum að rukka dálítið inn af þessu þannig að þetta álag hefur skilað sér, en ég held að það væri ekki rétt af okkur að reikna alltaf með því í okkar reikningum að menn séu vanskilamenn. Sjálfsagt getur þetta skipt einhverjum nokkrum milljónum króna en ekkert sem er orð á gerandi.

Varðandi 7. gr. þá skal þess getið að þar eru 10 milljónirnar alveg tilteknar og við getum álitið sem svo að þær fari allar út, það má búast við því. Þannig að það er örugg tala í þessu. Ef við lítum síðan á 6. gr. þá kann að vera að þar séu einhverjar upphæðir sem þarf að nefna. Þetta er fyrst og fremst gert fyrir ferðaútveginn, þ.e. að útlendingar geti fengið frádrátt frá virðisaukaskatti af þjónustu sem þeir fá hér á landi eftir tilteknum reglum, enda taki þetta eingöngu til virðisaukaskatts af þeim aðföngum sem virðisaukaskattsskyldir aðilar geta talið til innskatts. Þetta er auðvitað gert til þess að hjálpa til við ráðstefnuhald útlendinga hér á landi, svo að ég taki eitt dæmi. Það má segja að við verðum auðvitað fyrir einhverju tekjutapi, en því aðeins verðum við fyrir tekjutapi af þessu að fólkið hefði komið hvort heldur skatturinn er tekinn eða honum skilað. Og við búumst við því að það verði verulegur vöxtur af þessari þjónustu sem ætti þá að skila sér í meiri tekjum annars staðar því að þetta fólk er ekki undir venjulegum kringumstæðum hluti og starfsemi þeirra hluti af íslensku efnahagslífi.

Því miður get ég ekki frekar nálgast kostnaðinn við þetta, en það er sjálfsagt að nefndin kalli til sín fólk úr fjmrn. og fái fyllri upplýsingar um þessi atriði.

Ég vil einungis segja hér að lokum að ég er þakklátur fyrir það að þessi umræða gat átt sér stað og málið kæmist til nefndar, en skal viðurkenna það að þetta er frv. sem aðrir hafa fyrst og fremst ýtt á og er frá skattalegu og innheimtulegu sjónarmiði ekki frv. sem ég er að troða í gegnum þingið vegna þess að þetta sé hluti af tekjuáætlun ríkissjóðs og ég sé að afla nýrra tekna, heldur þvert á móti má búast við því að það renni einhverjir peningar úr ríkissjóði. Þess vegna, fyrr í kvöld, sagði ég að mín vegna hefði þetta mátt frestast, en ég held að það sé öllum til góðs að fá þetta mál til nefndar og láta hana skoða það og ég þakka fyrir ágæta samvinnu hér við 1. umr. málsins.

[01:05]

Ingi Björn Albertsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég bar fram eina spurningu til hæstv. fjmrh. sem sneri að skilum á virðisaukaskatti og hún var efnislega á þá leið hvort ráðherrann treysti sér til þess að beita sér fyrir því að skil á virðisaukaskatti yrðu gerð samhliða því sem greiðsla bærist fyrir vöru eða þjónustu. Mér þætti vænt um að fá svar við þeirri spurningu.

[01:05]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég skal reyna að svara þessari fyrirspurn. Ég er nú ekki sérfræðingur í þessum efnum en ég hygg að svarið liggi í því að grundvallaratriðið er það að skattinn á að greiða um leið og afhending vörunnar á sér stað en ekki þegar greiðslan kemur. Hugmyndin er auðvitað einnig sú að fyrsta greiðslan sé þá skattgreiðsla og það eigi ekki að vera í valdi þeirra sem eiga viðskipti saman að geta frestað greiðslu á skatti sem á að lenda hjá ríkissjóði. Þannig að ég tel að það sé ekkert óeðlilegt við það að menn verði skattskyldir um leið og varan er afhent til þess aðila sem á að nota hana þótt greiðslan fari fram síðar, enda er ætlast til þess að skattlagningin eigi sér stað um leið og afhendingin á sér stað. Ég býst við að þetta séu rök þeirra manna sem semja skattalögin, en skal viðurkenna að ég er ekki fræðimaður á því sviði.

[01:06]

Ingi Björn Albertsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er ekki alveg sammála þessu. Ég tel að þetta sé skattlagning sem þeim sem selja vöru eða veita þjónustu er gert að innheimta fyrir ríkissjóð. Fyrir mér er þetta réttlætismál. Innflytjandinn eða sá sem selur vöru eða þjónustu á auðvitað að fá sína greiðslu, en það sem hann tekur að sér að innheimta fyrir ríkissjóð á auðvitað að koma frá kaupandanum. Þess vegna finnst mér eðlilegt að skilin á virðisaukaskatti fari fram þegar greiðsla komi fram en að seljandinn sé ekki að leggja út fyrir kaupandann þá fjármuni sem virðisaukaskattinum nemur. Ég veit að vísu ekki hvernig þetta er í öðrum löndum og ég veit ekki hvort hæstv. ráðherra veit það, en það væri athyglisvert að heyra það ef hann vissi það.

En þetta er, eins og ég segi, réttlætismál og hefur oft verið rætt innan verslunar sérstaklega, að þessu ætti að breyta með einum eða öðrum hætti og ég tel að það sé reyndar ekki flókið mál. Ég skil auðvitað afstöðu skattyfirvalda í málinu, en ég tel þau ekki rétt. Ég tel að það eigi að vera kaupandinn sem greiðir þennan skatt en ekki seljandinn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 3., 4., 7. og 8. mál.

Fundi slitið kl. 01:08.

51. FUNDUR

miðvikudaginn 7. des.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.
2. Lyfjalög, frv., 221. mál, þskj. 256. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
3. Áætlun um að draga úr áfengisneyslu, þáltill., 131. mál, þskj. 137. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
4. Lyfjaverslun Íslands hf., stjfrv., 242. mál, þskj. 283. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Virðisaukaskattur, stjfrv., 257. mál, þskj. 300. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Þróunarsjóður sjávarútvegsins, stjfrv., 258. mál, þskj. 303. — 1. umr.
7. Samsettir flutningar o.fl. vegna EES, stjfrv., 251. mál, þskj. 294. — 1. umr.
8. Tilraunastöð í jarðrækt á Reykhólum, stjfrv., 104. mál, þskj. 107, nál. 309. — 2. umr.
9. Sameining Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda, stjfrv., 174. mál, þskj. 191, nál. 310. — 2. umr.
10. Framleiðsla og sala á búvörum, stjfrv., 175. mál, þskj. 192, nál. 311. — 2. umr.
11. Átak í málefnum barna og ungmenna, þáltill., 45. mál, þskj. 45. — Fyrri umr.
12. Menntun á sviði sjávarútvegs og matvælaiðnaðar, þáltill., 76. mál, þskj. 76. — Frh. fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Geir H. Haarde, 8. þm. Reykv.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 13. þm. Reykv.,
Petrína Baldursdóttir, 11. þm. Reykn.,
Sólveig Pétursdóttir, 6. þm. Reykv.

Útbýting þingskjala:

Flutningsráð ríkisstofnana, 265. mál, frv. EMS, þskj. 314.

Framkvæmd grunn- og framhaldsskólalaga síðustu þrjú ár, 267. mál, beiðni EMS o.fl. um skýrslu, þskj. 316.

Réttur til veiða í efnahagslögsögu Íslands, 264. mál, frv. TIO o.fl., þskj. 313.

Stefnumótun á sviði fullorðinsfræðslu, 266. mál, fsp. EMS, þskj. 315.

Þingsköp Alþingis, 263. mál, frv. JGS, þskj. 312.

Lagt fram á lestrarsal:

Erindi frá leigubifreiðastjórum.

Varamenn taka þingsæti.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Borist hefur eftirfarandi bréf, dags. 6. des. 1994:

„Þar sem Sighvatur Björgvinsson, heilbr.- og trmrh., er farinn til útlanda í opinberum erindum og getur því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska þess að þar sem 1. varaþm. Alþfl. í Vestfjarðakjördæmi getur ekki vegna sérstakra anna tekið sæti á Alþingi taki 2. varaþm., Björn Ingi Bjarnason fiskverkandi, Hafnarfirði, sæti á Alþingi í fjarveru hans.

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegi forseti.
Sigbjörn Gunnarsson, formaður þingflokks Alþfl.

Þá er hér annað bréf, dags. 6. des. 1994 til forseta Alþingis:

„Vegna sérstakra anna sé ég mér ekki fært að taka sæti Sighvatar Björgvinssonar heilbr.- og trmrh. næstu tvær vikur sem 1. varaþm. Alþfl. í Vestfjarðakjördæmi.

Virðingarfyllst,
Pétur Sigurðsson."

Björn Ingi Bjarnason hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðinn velkominn til starfa.

Þá er hér bréf, dags. 2. des. 1994:

„Þar sem ég vegna annarra aðkallandi starfa get ekki setið lengur á Alþingi í forföllum Össurar Skarphéðinssonar, 17. þm. Reykv., fer ég fram á að 1. varaþm. Alþfl. í Reykjavík, Magnús Jónsson veðurfræðingur, taki nú sæti á Alþingi.

Þetta er yður hér með tilkynnt, hæstv. forseti.
Valgerður Gunnarsdóttir, 2. varaþm. Alþfl. í Reykjavík.

Magnús Jónsson hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðinn velkominn til starfa.

Tilkynning um breytingar í nefndum.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Þá er hér bréf til forseta Alþingis, dags. 6. des.:

„Á fundi félmn. í dag var Gísli S. Einarsson kjörinn formaður nefndarinnar í stað Rannveigar Guðmundsdóttur sem látið hefur af formennsku að eigin ósk.

F.h. félagsmálanefndar,
Þorsteinn Magnússon,
starfandi ritari félmn."

Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.

Verkfall sjúkraliða.

[13:37]

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég beini máli mínu til hæstv. fjmrh. og fyrirspurn mín er stutt og einföld. Nú hefur verkfall sjúkraliða staðið vikum saman og stefnir í hreint óefni á sjúkrastofnunum landsins. Ég spyr: Hvað ætlar hæstv. fjmrh. að gera til þess að leysa þetta mál?

[13:38]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Það er hárrétt sem kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda að verkfall sjúkraliða hefur staðið ærið lengi og nokkuð um það fjallað hér á hinu háa Alþingi. Þetta verkfall er auðvitað viðkvæmt, ekki síst vegna þess að það hlýtur að bitna á sjúklingum. Það er nú einu sinni þannig að þegar tveir deila þá er ekki hægt að segja að annar aðilinn eigi kost á því að leysa málið einn og þess vegna þarf auðvitað að hafa það í huga að beina þarf tilmælum til beggja aðila. Það hafa verið haldnir líklega 39 samningafundir. Samninganefnd ríkisins hefur tvívegis komið fram með tilboð og fyrir liggja nú, því miður seint, nokkuð skýrar kröfur af hálfu Sjúkraliðafélagsins.

Í hádeginu í gær ræddi ég við formann Sjúkraliðafélagsins og í framhaldi af þeim viðræðum ákvað ég að kalla samninganefnd ríkisins til mín. Það verður gert á morgun og sömuleiðis á ég von á því að formaður Sjúkraliðafélagsins tali við þá aðila sín megin sem sjá um samninga og við munum að sjálfsögðu freista þess að láta hjólin fara að snúast meira en gert hefur verið í þessum samningaviðræðum.

Ég vil hins vegar staðhæfa það hér og nú að ríkisstjórnin, fjmrh. og samninganefnd ríkisins hafa að sjálfsögðu gert allt sem í þeirra valdi stendur til að leysa þessa deilu með eðlilegum hætti.

[13:39]

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir svör hans. Ábyrgð ríkisstjórnarinnar í þessu máli er mikil. Þetta mál verður að leysa. Við vitum öll að sjúkraliðar hafa búið við þau launakjör sem eru undir öllu velsæmi. Hæstv. forsrh. hefur hvað eftir annað gefið í skyn að nú sé hagur landsmanna á slíkum batavegi að það verði svigrúm til þess að bæta kjörin. Þess vegna er tími núna til þess að leysa þetta mál. Það er beinlínis á ábyrgð hæstv. ríkisstjórnar að neyðarástand skapist ekki frekar en þegar er orðið á sjúkrastofnunum landsins. Það er mikil ábyrgð að þetta verkfall, sem er svo sannarlega réttlætanlegt, skuli bitna á þeim sem allra síst þola slíkt og ég treysti því og vona að hæstv. ríkisstjórn gangi nú í það með hæstv. fjmrh. í broddi fylkingar að leysa þetta mál nú í vikunni.

[13:41]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Við munum að sjálfsögðu gera það sem í okkar valdi stendur til að leysa þessa deilu. Það er ekki markmið okkar að halda verkfallinu gangandi nema síður sé.

Ég ætla ekki heldur að dæma um það hvort sjúkraliðalaunin eru há eða lág miðað við önnur laun í landinu en ég vil þó láta það koma hér skýrt fram að launaþróun hjá sjúkraliðum hefur ekki verið lakari heldur en hjá öðrum stéttum. Hins vegar hefur það tafið þetta mál að það hefur verið gerður samanburður við samninga við Hjúkrunarfélag Íslands en sá samningur var fyrir marga hluti ákaflega sérstæður og ég held að því fyrr sem við áttum okkur á því og reynum að leysa þetta mál á grundvelli almennrar þróunar í launamálum þeim mun betra. Við verðum að hafa það í huga að þessi samningur sem við erum að vinna að að gerður verði hlýtur að hafa fordæmisgildi fyrir aðra samninga. Þess vegna er ekki hægt að líta eingöngu til þessa eina kjarasamnings þegar rætt er um þetta mál.

Húsaleigubætur og búsetaréttur.

[13:42]

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég beini spurningu til hæstv. félmrh. Við lokaumræður um húsaleigubætur á Alþingi þann 6. maí sl. gaf fyrrv. félmrh. þá yfirlýsingu fyrir hönd ríkisstjórnarinnar að málefni Búseta verði skoðuð alveg sérstaklega áður en lögin um húsaleigubætur taki gildi um nk. áramót. Í þeim lögum eru ákvæði um það að þeir sem eigi rétt á vaxtabótum öðlist ekki rétt á húsaleigubótum. Samkvæmt þessu munu eigendur að búsetarétti ekki njóta neinna húsaleigubóta og í reynd ekki vaxtabóta heldur þar sem vaxtabæturnar ná ekki nema til eignarhlutans. Ég spyr því hæstv. félmrh.: Hvar standa þessar viðræður? Hvað miðar þeim? Verður þeim lokið fyrir áramót og verður komin vissa í þessi mál fyrir þetta fólk þegar húsaleigubæturnar taka gildi? Og í öðru lagi þó að það sé ekki beinlínis á vettvangi hæstv. fémrh. en þó kemur það þessu máli við, hvort frv. um skattfrelsi húsaleigutekna upp að 300 þús. kr. muni sjá dagsins ljós hér á næstunni. Það er tengt þessu máli líka og gengu líka yfirlýsingar um það við afgreiðslu húsaleigubóta á sl. vori.

[13:44]

Félagsmálaráðherra (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Já, það er rétt að þegar var verið að vinna húsaleigubæturnar var lögð áhersla á stöðu Búseta í þessu kerfi. Ég minni á þar sem ég var fulltrúi í efh.- og viðskn. að þegar Búseti lagði svo mikið ofurkapp á að fá aðgang að vaxtabótum þegar það frv. var til umfjöllunar í efh.- og viðskn. þá var ég mjög andvíg því einmitt með tilliti til þess að ef Búseti fengi inn ákvæði um vaxtabótagreiðslur á þennan litla eignarhluta sem felst í búsetaréttaríbúðunum þá væri hann að rýra sig möguleikanum á því að eiga rétt á húsaleigubótum. Það kom svo í ljós þegar frv. um húsaleigubætur hafði verið lagt fram að Búseti sótti það mjög fast að fá að falla undir þau lög og til þess að það gæti orðið þarf að fella út ákvæði um rétt til

vaxtabóta. Þetta hefur verið skoðað. Ég hef ekki nýverið átt fund með fulltrúum Búseta. Ég mun gera það og það stendur til. Þessi mál eru í skoðun og jafnframt skattfrelsi húsaleigubóta sem hefur verið rætt í tengslum við húsaleigubætur og þetta mun skýrast á næstu dögum.

[13:45]

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. svörin og vona að það gangi eftir að það náist niðurstaða í þetta mál á næstu dögum því að það er alveg sama hvað svo sem hefur verið rætt þegar vaxtabótakerfið var tekið upp að varðandi Búseta þá var einfaldlega ekki séð fyrir endann á því máli og þetta varð niðurstaðan í vor þegar lögin um húsaleigubætur voru afgreidd að ganga í þetta mál og koma því á hreint. Þess vegna vil ég leggja á það mikla áherslu að það náist niðurstaða varðandi þetta til þess að þessir aðilar, þetta fólk sem hér um ræðir geti notið húsaleigubóta þegar þær taka gildi.

[13:46]

Félagsmálaráðherra (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Fyrst vil ég leiðrétta orð mín hér áðan. Ég nefndi skattfrelsi húsaleigubóta. Það var vissulega mismæli því að um er að ræða skattfrelsi húsaleigutekna upp að 300 þús. kr. eins og fyrirspyrjandi nefndi. En þess vegna nefndi ég þessa umfjöllun í efh.- og viðskn. fyrir ári síðan vegna þess að einmitt baráttan fyrir því að fá inn þetta ákvæði þar flækti málið gagnvart húsaleigubótunum núna og ég tek undir það með fyrirspyrjanda að það er mjög mikilvægt að leysa þetta mál og það þarf að ganga í það en það hafa nú einhvern veginn verið þeir atburðir í gangi að undanförnu varðandi félmrn. og stjórn mála þar að það eru ansi mörg mál sem við höfum verið að ganga í að undanförnu sem afleiðing annarra atburða. Ég mun gera mitt besta til að þessi mál verði komin á hreint áður en þingið fer í jólaleyfi.

[13:47]

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég treysti hæstv. félmrh. til þess að láta hendur standa fram úr ermum í þessu máli og hef ekki ástæðu til þess að vantreysta því og vona að það náist niðurstaða. Ég hef hins vegar fullan skilning á að hér hafi hlutirnar dregist. Það er ekkert sérstakt um félmrn. í því efni. Það gengur ekkert hjá þessari ríkisstjórn (Gripið fram í.) og það er þar sem hnífurinn stendur í kúnni sem ég veit að er orðalag sem hv. 3. þm. Austurl. skilur, að ríkisstjórnin er verklaus, hún kemur engu frá sér. Það gengur ekkert á þeim bæ, hvorki þetta né annað en ég vona að hæstv. félmrh. sem er nýkominn í þann félagsskap láti hendur standa fram úr ermum í þessu efni.

Flutningur leikskóla Heyrnleysingjaskólans.

[13:49]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil beina spurningu til hæstv. menntmrh. Í frv. til fjárlaga fyrir árið 1995 kemur fram að það á að lækka fjárveitingar til Heyrnleysingjaskólans þar sem leikskóladeild skólans færist nú til dagvistar barna í Reykjavík eins og segir hér í frv. Þarna er um einhliða ákvörðun menntmrn. að ræða, að sjálfsögðu í samræmi við gildandi lög en það vill svo til að þarna er um mjög sérhæfða þjónustu að ræða fyrir heyrnarskert og heyrnarlaus börn þar sem verið er að skapa þeim táknmálsumhverfi, eins og það heitir, sem hefur mjög mikið að segja fyrir allan þeirra málþroska og yfirleitt alla framtíð. Þetta málefni er til skoðunar hjá dagvist barna í Reykjavík og mér heyrist að stjórn Dagvistar barna vilji fresta þessu máli og mér þykir reyndar eðlilegt að þessum flutningi verði frestað, flutningi á þessum forskóla verði frestað þar til grunnskólinn fer til sveitarfélaganna.

Í þeim lögum sem voru í gildi um Heyrnleysingjaskólann og ég held að hafi verið afnumin 1990 var regla sem kvað á um skólaskyldu heyrnarlausra barna frá fjögurra ára aldri þannig að það er alveg ljóst að þarna er verið að veita mjög sérstaka þjónustu. Spurning mín til hæstv. menntmrh. er sú: Er ráðherrann tilbúinn til þess að fresta þessum flutningi og leggja til nauðsynlega fjárveitingu til reksturs skólans, hann kostar tæplega 4 millj. kr. á ári, og bíða þess að grunnskólinn verði fluttur til sveitarfélaganna svo að hægt verði að skoða þetta mál í samhengi við framtíðarrekstur Heyrnleysingjaskólans?

[13:51]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Þetta mál hefur verið til endurathugunar í menntmrn. Það er samkvæmt gildandi lögum sem ákvörðun var tekin um að þessi starfsemi skyldi færast til dagvistar barna í Reykjavík. Það liggur ekki fyrir endanleg ákvörðun um þetta í ráðuneytinu. Það hefur að vísu ekkert sérstakt komið fram sem okkur hefur þótt kalla á að þessu verði frestað en ég er reiðubúinn að skoða það enn og aftur hvort það sé skynsamlegt að fresta málinu þar til grunnskólinn flyst að fullu og öllu yfir til sveitarfélaganna. Það þarf að vísu ekki endilega að setja þetta mál í samhengi við flutning grunnskólans en ég er reiðubúinn að athuga þetta frekar.

[13:52]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka ráðherranum fyrir góðar undirtektir. Málið snýst um það að stjórn Dagvistar barna í Reykjavík er nokkuð hugsandi yfir framtíð þessa leikskóla og tengslum við skólastarfið. Þarna eru á ferðinni mismunandi hugmyndir um það hvernig eigi að reka leikskóla fyrir fötluð börn, hvort það eigi að vera um sérskóla að ræða eða blöndun og menn vilja einfaldlega fá meiri tíma til þess að skoða þetta. Auðvitað er Reykjavíkurborg í mun að fá þarna í sinn hlut nýjan leikskóla en það mundi eflaust kalla á mjög

breyttan rekstur og það er um svo mikilvægt starf að ræða að það má ekki flýta sér hratt í þessu máli. Ég vona svo sannarlega að við fáum það í gegn hér fyrir áramót að hækka fjárveitinguna og menn bíði með þessa ákvörðun þar til gefist hefur tími til þess að skoða allt málið í heild.

[13:53]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Ég tek undir það með hv. þm. að hér er um sérstakt mál að ræða. Við þekkjum mismunandi skoðanir á blöndun eða rekstri sérskóla. Ég hef látið þá skoðun í ljós áður að það gildi alveg sérstakt einmitt um Heyrnleysingjaskólann, að það sé kannski sá af sérskólunum sem helst er réttlætanlegt að verði áfram rekinn sem slíkur. Og ég ítreka það enn og aftur að ég er reiðubúinn að kanna þetta mál til hlítar.

Verkfall sjúkraliða.

[13:54]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Um leið og hæstv. forsrh. er boðinn velkominn til landsins þá er óhjákvæmilegt að bera fram til hans nokkrar spurningar varðandi verkfall sjúkraliða. Mín fyrsta spurning er hvort hæstv. forsrh. sé sammála þeirri yfirlýsingu hæstv. heilbrrh. sem hann gaf út fyrir nokkru síðan að það beri að hækka laun sjúkraliða sérstaklega. Þau laun séu það lág að það sé óhjákvæmilegt að hækka þau sérstaklega. Þessa yfirlýsingu gaf hæstv. heilbrrh. út fyrir nokkru síðan skýrt og afdráttarlaust.

Í öðru lagi vil ég spyrja hæstv. forsrh. að því hver er afstaða hans til þess að meðan hann var í burtu frá þingi og þjóð var það upplýst á Alþingi í svari hæstv. fjmrh. að þær launahækkanir sem samninganefnd ríkisins gerði fyrir hönd ríkisstjórnarinnar við hjúkrunarfræðinga fyrr á þessu ári fela í sér um það bil 15% hækkanir umfram það sem sjúkraliðar hafa fengið. Hver er afstaða hæstv. forsrh. til þess að einni stétt í heilbrigðisþjónustunni sé veitt launahækkun af þessari stærðargráðu sem annarri stétt sem sannanlega er mun lægra launuð er neitað um þessar mundir?

Í þriðja lagi vil ég spyrja hæstv. forsrh. að því hvort það sé ekki alveg skýrt og ótvírætt að samninganefnd ríkisins starfar fyrir hönd ríkisstjórnarinnar og í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar vegna þess að hæstv. fjmrh. hefur verið að gefa það í skyn síðustu daga að samninganefndin sé eitthvert sjálfstætt apparat sem hafi sjálfstæðan vilja sem sé eitthvað annað en afstaða hæstv. fjmrh.

Að lokum vil ég spyrja hæstv. forsrh. hvað hann hyggst gera nú þegar til þess að greiða fyrir lausn þessarar deilu því fram hefur komið síðustu daga að hún sé farin að hafa áhrif á líðan og öryggi sjúklinga á heilbrigðisstofnunum.

[13:57]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti. Vegna þessarar fyrirspurnar þá er erfitt fyrir mig að svara nokkru þeirra atriða sem þarna komu fram. Það er verið að vitna í yfirlýsingar sem ég hef ekki heyrt og reyndar kæmi mér á óvart ef sumar hverjar fengju staðist, en meginatriðið er það að ég er sammála því með hvaða hætti fjmrh. heldur á máli þessu og styð hann fyllilega í þeim efnum. Það kemur fram, vegna spurningar um það hvort ég sé sammála því að hækka beri laun sjúkraliða, að samninganefnd ríkisins hefur lagt fram tilboð sem felur í sér hækkun á launum sjúkraliða. Varðandi það atriði hins vegar hvort samninganefnd ríkisins starfi sjálfstætt og ekki í umboði fjmrn. eða ríkisstjórnarinnar þá er það alveg ljóst eins og fyrirspyrjandi þekkir manna best sem fyrrv. yfirmaður slíkrar nefndar að nefndinni er auðvitað falið tiltekið verkefni og á að gæta þess sérstaklega að þeir kjarasamningar sem hún gerir eða undirbýr fyrir hönd fjmrh. séu í samræmi við almenna launastefnu í landinu og séu ekki til þess fallnir að raska þeim hlutum eða grafa undan efnahagsstefnu þeirri sem ríkisstjórnin fylgir. Það er auðvitað meginviðmiðunin sem samninganefnd jafnan hefur. En frá degi til dags er það alveg ljóst að menn eru ekki að skipta sér af verkum samninganefndar ríkisins. Ég býst ekki við að hv. fyrirspyrjandi hafi gert það í sinni fjármálaráðherratíð. Meginlínurnar hljóta að vera ljósar og síðan er nefndinni falið að vinna samkvæmt því og meta stöðuna samkvæmt því.

[13:58]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. forsrh. fyrir að staðfesta að samninganefnd ríkisins starfar í fullu umboði og í samræmi við stefnu hæstv. ríkisstjórnar. Það er mjög mikilvægt að sú yfirlýsing liggi afdráttarlaust fyrir í ljósi orða fjmrh. síðustu daga.

Hæstv. forsrh. sagði að samninganefndin gerði samninga í samræmi við almenna launastefnu. Nú hefur það verið upplýst á Alþingi, hæstv. forsrh., að í svari fjmrh. við fyrirspurn minni í síðustu viku að samninganefnd ríkisins gerði fyrr á þessu ári samninga við hjúkrunarfræðinga sem fela í sér um það bil 15% launahækkun umfram það sem sjúkraliðar hafa fengið. Þannig er það ómótmælanleg staðreynd að þessi samninganefnd fyrir hönd ríkisstjórnarinnar hefur gert slíkan samning. Það tók hins vegar allt of langan tíma að fá þetta staðfest og þurfti sérstaka fyrirspurn á Alþingi til þess að fá það fram. Þess vegna er mjög mikilvægt að hæstv. forsrh. segi það alveg skýrt þegar hann hefur kynnt sér málið — og ég skal fúslega veita honum tíma til þess, en hann er nýkominn til landsins, — hvort ekki gildir það sama um þá stétt heilbrigðisstéttanna sem tvímælalaust er lægri í launastiganum en hjúkrunarfræðingar. (Forseti hringir.)

Hitt þykir mér öllu verra að hæstv. forsrh. svaraði hvorki spurningu minni um yfirlýsingu hæstv. heilbrrh. (Forseti hringir.) Ég er að ljúka máli mínu, virðulegi forseti. Ef það hefur farið fram hjá hæstv. forsrh. þá er mikilvægt að hann kynni sér það sérstaklega. Hin spurning mín var á þá leið hvort hæstv. forsrh. hygðist gera eitthvað allra næstu daga til þess að reyna að greiða fyrir lausn deilunnar.

[14:00]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti. Vegna þessarar fyrirspurnar vil ég taka það fram að ég tel engin efni til þess að ég grípi með nokkrum hætti fram fyrir hendurnar á fjmrh. í máli þessu sem hefur forsvar málsins þannig að það er svar mitt við þeirri spurningu.

Varðandi hina spurninguna um launahækkanir til hjúkrunarfræðinga og afleiddar launahækkanir til sjúkraliða þá kom fram hér fyrr á fundinum í svari hæstv. fjmrh. að ef launabreytingar sjúkraliða væru skoðaðar, þá væri þar ekki um slík frávik að ræða að sjúkraliðar hefðu dregist aftur úr. Vandamálið í slíkum samanburði er alltaf viðmiðun, frá og með hvaða tíma eru menn að gera viðmiðun? Eru menn að bæta hjúkrunarfræðingum upp það sem sjúkraliðar hafa fengið frá einhverjum öðrum tíma o.s.frv. þannig að viðmiðunarþátturinn er erfiðari.

Að öðru leyti mun ég halda mig við að kynna mér þær yfirlýsingar sem hæstv. fjmrh. hefur gefið.

[14:01]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Það orðalag sem hæstv. fjmrh. notaði fyrr á þessum fundi var í samræmi við það sem hann reyndi að nota fyrir nokkrum vikum síðan. Þegar hins vegar upplýsingarnar voru lagðar á borðið í þinginu eftir að fjmrh. og samninganefndin hafði neitað í nokkrar vikur að leggja það fram þá var ekki hægt að halda áfram að skjóta sér á bak við það orðalag sem fjmrh. er að gera enn. Þessar upplýsingar komu fram sl. föstudag og hvorki fjmrn. né samninganefnd ríkisins hefur treyst sér til þess að vefengja þá túlkun þessarar niðurstöðu á þeim dögum sem liðnir eru síðan að þær sýna ótvírætt 15% launahækkun til einnar stéttar í heilbrigðisþjónustunni umfram þá stétt sem einna lægst er launuð á þessu starfssviði. Það er ekki, hæstv. forsrh., hægt að réttlæta það með einhverjum sérstökum aðgerðum. Það er einfaldlega ekki hægt þannig að ég vil eindregið hvetja hæstv. forsrh. til að kynna sér þetta mál rækilega næstu sólarhringa og kynna sér jafnframt þá merku yfirlýsingu sem hæstv. heilbrrh. gaf út um málið.

Framlag til vegamála.

[14:03]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég vil beina máli mínu til hæstv. fjmrh., gera tilraun til þess að fá fram skilning á orðalagi í fjárlögunum, þ.e. í greinargerð með fjárlögunum á bls. 342 en þar er talað um framlag til vegamála og þar er talað um 275 millj. kr. lægri fjárhæð en markaðir tekjustofnar eru taldir gefa. Í fjárlögunum 1994 nam samsvarandi skerðing 370 millj. kr. og lækkar því um 100 millj. kr. milli ára. Og nú kemur það sem ég vil gjarnan fá skýringu á. Skerðingunni er m.a. ætlað að standa undir útgjaldaaukningunni á þessu og síðasta ári vegna hins sérstaka framkvæmdaátaks í atvinnumálum. Þegar farið var af stað með átakið var gert ráð fyrir að því yrði mætt með skerðingu vegafjár á næstu árum. Hér er skýrt tekið til orða að það eigi að nota þetta vegna þessarar útgjaldaaukningar af framkvæmdaátakinu. Ég hef aftur á móti orðið var við það að menn greinir á um hvað þetta þýðir og ég tel mikilvægt að hæstv. fjmrh. skýri það nákvæmlega hvað er átt við með þessu orðalagi, hvort það eigi ekki að skilja það eins og orðin standa til, þ.e. að þessa skerðingu sem fer í ríkissjóð eigi að draga frá þeim upphæðum sem teknar voru að láni vegna framkvæmdaátaks í vegamálum.

[14:05]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Á bls. 342 er fjallað um vegamálin eins og hv. fyrirspyrjandi gat um. Það er rétt sem kemur fram hjá honum að skerðing á tekjum til vegamála er 275 millj. kr. í fjárlagafrv. Þess ber að geta þegar um þetta er rætt að á yfirstandandi ári munu bætast við 350 millj. kr. til Vestfjarðaganga í fjáraukalögum og ríkisstjórnin hefur samþykkt að bæta við á næstu fjórum árum 3.500 millj. kr. sem er sérstakt átak í vegamálum. Þar af koma inn 1.250 millj. kr. útgjöld á næsta ári. Allt eru þetta vegaframkvæmdir umfram það sem ella hefðu orðið og vegáætlun mun verða lögð fram innan tíðar af hálfu samgrh. þar sem nánar er gerð grein fyrir þessu.

Varðandi það hvernig endurgreiða skuli vegna átaks umliðinna ára þá hefur það margoft komið fram að hugmyndin var sú að það kæmi til frádráttar síðar. Það hefur aldrei verið sagt nákvæmlega hvenær það yrði en við það hefur verið miðað að það gerðist þegar betur áraði og efnahagur landsins batnaði. Það ber að skilja orðalagið á bls. 342 í ljósi þessa.

[14:07]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Þetta orðalag á bls. 342 í fjárlagafrv. verður ekki skilið með þessum hætti. Það hlýtur þá að hafa verið einhver misskilningur hjá þeim sem samdi þessa klausu sem olli því að svona var til orða tekið. Skerðingunni er m.a. ætlað að standa undir útgjaldaaukningunni á þessu og síðasta ári vegna hins sérstaka framkvæmdaátaks í atvinnumálum. Ég tel að það sé varla hægt að misskilja þetta. Þessi skerðing átti sem sagt að dragast frá upphæðinni sem tekin var að láni vegna framkvæmdaátaksins. Það er mjög mikilvægt að þessi skilningur verði staðfestur og hæstv. ráðherra sé ekki að víkja sér undan því að staðfesta það sem hér stendur. Hann verður þá a.m.k. að lýsa því yfir að þarna hafi verið einhver misskilningur á ferðinni þegar menn sömdu plaggið.

[14:08]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég er að sjálfsögðu ekkert að víkja mér undan því að segja hvað þarna stendur. Það geta allir lesið. Það hefur verið þannig á undanförnum árum, ekki eingöngu í ár eða í fyrra heldur mörg undanfarin ár, svo mörg nánast sem ég man, að svokallað vegafé hefur verið skert og runnið í ríkissjóð. Og það var hygg ég gert allt síðasta kjörtímabil svo að ég taki dæmi enda hafa vegaframkvæmdir á þessu kjör-

tímabili verið þær langmestu sem menn muna í Íslandssögunni, að svo mikil áhersla hefur verið lögð á vegaframkvæmdir. En það er hárrétt að það má skoða þessar skerðingar sem þarna koma fram eins og hér segir sem uppígreiðslur ef menn vilja nota það orð upp í það sérstaka átak sem varð í samvinnu við aðila vinnumarkaðarins og lauk á yfirstandandi ári.

[14:09]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir hans síðustu orð. Ég held að það sé full ástæða til að taka eftir því að hann sagði að það mætti líta þannig á að þessi skerðing þarna væri greiðsla upp í það sem framkvæmt hefur verið á vegum framkvæmdaátaksins og það er mjög mikilvægt að þannig sé litið á málið. Ég er sammála hæstv. ráðherra um að þannig eigi að líta á málið. Allar skerðingar á mörkuðum tekjustofnum til Vegasjóðs hljóta að eiga að dragast frá þeim lántökum sem þarna hefur verið talað um.

Lyfjalög, frh. 2. umr.

Frv. heilbr.- og trn., 221. mál (lyfsala dýralækna, eftirlit, hámarksverð o.fl.). — Þskj. 256.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:11]

1. gr. samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, BBj, BIB, DH, EH, EMS, EKJ, FrS, GE, GuðjG, GB, GHall, GJH, GHelg, GunnS, HBl, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JBH, JHelg, JónK, KÁ, KE, MJ, MB, ÓE, ÓRG, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StB, TIO, VS, VE, ÞurP.

21 þm. (ÁJ, ÁMM, EgJ, EKG, FI, GHH, GÁS, GÁ, HÁ, JGS, JVK, KHG, LMR, MF, PP, PBald, PBj, SP, StG, SJS, SvG) fjarstaddur.

2. gr. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, BBj, BIB, DH, EH, EMS, EKJ, FI, FrS, GE, GuðjG, GB, GHall, GHelg, GunnS, HBl, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JBH, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, MJ, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBj, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StB, TIO, VS, VE, ÞurP.

19 þm. (ÁJ, ÁMM, EgJ, EKG, GHH, GÁS, GÁ, GJH, HÁ, JGS, JVK, LMR, MF, PBald, RA, SP, StG, SJS, SvG) fjarstaddir.

3. gr. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, BBj, BIB, DH, EH, EMS, EKJ, FI, FrS, GE, GuðjG, GB, GHall, GJH, GHelg, GunnS, HBl, IBA, IP, JÁ, JE, JBH, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, MJ, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBj, RA, RG, SalÞ, SigG, StB, TIO, VS, VE, ÞurP.

1 þm. (SAÞ) greiddi ekki atkv.

18 þm. (ÁJ, ÁMM, EgJ, EKG, GHH, GÁS, GÁ, HÁ, JóhS, JGS, JVK, LMR, MF, PBald, SP, StG, SJS, SvG) fjarstaddir.

4. gr. samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, BBj, BIB, DH, EH, EMS, FI, FrS, GE, GuðjG, GB, GHall, GHelg, GunnS, IBA, IP, JÁ, JE, JBH, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, MJ, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBj, RA, RG, SalÞ, SigG, StB, TIO, VS, VE, ÞurP.

1 þm. (SAÞ) greiddi ekki atkv.

21 þm. (ÁJ, ÁMM, EgJ, EKG, EKJ, GHH, GÁS, GÁ, GJH, HÁ, HBl, JóhS, JGS, JVK, LMR, MF, PBald, SP, StG, SJS, SvG) fjarstaddur.

5. gr. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, BBj, BIB, DH, EH, EMS, EKJ, FI, FrS, GE, GuðjG, GB, GHall, GJH, GHelg, GunnS, HBl, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JBH, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, MJ, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBj, RA, RG, SalÞ, SigG, StB, TIO, VS, VE, ÞurP.

1 þm. (SAÞ) greiddi ekki atkv.

17 þm. (ÁJ, ÁMM, EgJ, EKG, GHH, GÁS, GÁ, HÁ, JGS, JVK, LMR, MF, PBald, SP, StG, SJS, SvG) fjarstaddir.

6. gr. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, BBj, BIB, DH, EH, EMS, EKJ, FI, FrS, GE, GuðjG, GB, GHall, GJH, GHelg, GunnS, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JBH, JHelg, JónK, KHG, KE, MJ, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBj, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StB, TIO, VS, VE, ÞurP.

19 þm. (ÁJ, ÁMM, EgJ, EKG, GHH, GÁS, GÁ, HÁ, HBl, JGS, JVK, KÁ, LMR, MF, PBald, SP, StG, SJS, SvG) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, BBj, BIB, DH, EH, EMS, EKJ, FI, FrS, GE, GuðjG, GB, GHall, GJH, GHelg, GunnS, HBl, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MJ, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBj, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StB, TIO, VS, VE, ÞurP.

16 þm. (ÁJ, ÁMM, EgJ, EKG, GHH, GÁS, GÁ, HÁ, JGS, LMR, MF, PBald, SP, StG, SJS, SvG) fjarstaddir.

Áætlun um að draga úr áfengisneyslu, frh. fyrri umr.

Þáltill. JHelg o.fl., 131. mál. — Þskj. 137.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:15]

Till. vísað til síðari umr. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, BBj, BIB, DH, EH, EgJ, EKG, EMS, EKJ, FI, FrS, GE, GuðjG, GB, GHall, GJH, GHelg, GunnS, HBl, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MJ, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBj, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StB, TIO, VS, VE, ÞurP.

14 þm. (ÁJ, ÁMM, GHH, GÁS, GÁ, HÁ, JGS, LMR, MF, PBald, SP, StG, SJS, SvG) fjarstaddir.

Till. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Lyfjaverslun Íslands hf., frh. 1. umr.

Stjfrv., 242. mál. — Þskj. 283.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:15]

Frv. vísað til 2. umr. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, BBj, BIB, DH, EH, EgJ, EKG, EMS, EKJ, FI, FrS, GE, GuðjG, GB, GHall, GJH, GHelg, GunnS, HBl, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MJ, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBj, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StB, TIO, VS, VE, ÞurP.

15 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, GHH, GÁS, GÁ, HÁ, JGS, LMR, MF, PBald, SP, StG, SJS, SvG) fjarstaddir.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Virðisaukaskattur, frh. 1. umr.

Stjfrv., 257. mál (skráningarskylda, endurgreiðsla, álag o.fl.). — Þskj. 300.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:16]

Frv. vísað til 2. umr. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, BBj, BIB, DH, EH, EgJ, EKG, EMS, EKJ, FI, FrS, GE, GuðjG, GB, GHall, GJH, GHelg, GunnS, HBl, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MJ, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBj, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StB, TIO, VS, VE, ÞurP.

14 þm. (ÁJ, ÁMM, GHH, GÁS, GÁ, HÁ, JGS, LMR, MF, PBald, SP, StG, SJS, SvG) fjarstaddir.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Þróunarsjóður sjávarútvegsins, 1. umr.

Stjfrv., 258. mál (innflutningur úreltra skipa). — Þskj. 303.

[14:17]

Jóhann Ársælsson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Var ekki rétt skilið hjá mér að hér ætti að ræða um breytingar á lögum um Þróunarsjóð sjávarútvegsins?

(**Forseti** (SalÞ): Það er rétt skilið að það er verið að taka fyrir 6. dagskrármál fundarins.)

Þá fer ég fram á, hæstv. forseti, að hæstv. sjútvrh. verði viðstaddur umræðuna. Ég tel að það sé mjög mikilvægt að hæstv. sjútvrh. sé viðstaddur umræðu um þetta mál vegna þess að nú er að birtast hér ein tillaga um breytingu á þeim fiskveiðistjórnunarlögum sem sett voru í fyrra. Ég tel að full ástæða væri til að ræða við hæstv. sjútvrh. um það hvort ekki væri ástæða til þess að leggja fram ýmsar aðrar og meiri breytingar á lögum um stjórn fiskveiða og Þróunarsjóð en hér er verið að leggja fram. Þess vegna tel ég algerlega óviðunandi að hæstv. sjútvrh. sé ekki til staðar þegar umræðan um Þróunarsjóð fer fram.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Starfandi sjútvrh. er á fundinum en hæstv. sjútvrh. Þorsteinn Pálsson er utan þings eins og er.

[14:19]

Jóhann Ársælsson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Er ekki von á að hæstv. sjútvrh. birtist aftur innan skamms? Verður hann mjög lengi erlendis? Ég tel að þessu máli hasti ekki svo að ekki sé hægt að bíða eftir hæstv. ráðherra til þess að honum gefist tækifæri til að gera grein fyrir stefnu ríkisstjórnarinnar í þessum málum sem full ástæða er til. Með fullri virðingu fyrir hæstv. starfandi sjútvrh. mun hann ekki geta komið algerlega í stað hæstv. sjútvrh. í þessari umræðu til að ræða stefnu ríkisstjórnarinnar í málunum.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Eins og forseti hefur áður nefnt er hæstv. sjútvrh. utan þings eins og er og situr varamaður fyrir hann á þinginu. Starfandi sjútvrh., hæstv. samgrh. og landbrh., *flytur þetta mál og þetta er 1. umr. málsins og því* eingöngu um það að ræða að koma máli til nefndar. Væntanlega gefst tækifæri til að tala við hæstv. sjútvrh. á síðari stigum málsins.

[14:20]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Ég vil fyrst segja að það kemur mjög mikið á óvart að það litla frv. sem hér liggur fyrir skuli fá athugasemdir af því tagi sem komu fram hjá hv. 3. þm. Vesturl., Jóhanni Ársælssyni. Hér er um mál að ræða sem varðar vitanlega skipaskráningu og hvaða skilyrði við gerum annars vegar til þess að lagðir séu fram styrkir til úreldingar á skipum og hins vegar hvernig með skuli farið í sambandi við skipskráninguna, hvort heimilt skuli að skráð skuli hér á landi á nýjan leik, skip sem veittur hefur verið styrkur til að *hverfi úr landi eða verði eyðilögð.* Þetta mál veit því jöfnum höndum að samgrh. eins og sjútvrh. og má þess vegna segja að það sé matsatriði með hvaða hætti rétt sé að bera frv. fram og kemur auðvitað fyllilega til álita um leið og málið verður afgreitt frá Alþingi ef vilji Alþingis stendur þá til þess að setja jafnframt inn ákvæði þessa efnis í lögum um skipaskráningu. Hér er

ekki verið að ræða mál sem varðar almennt stefnu ríkisstjórnarinnar í sjávarútvegsmálum en vitaskuld er rétt hjá hv. þm. að það er hægt að taka slíkar umræður upp nánast um hvaða efni sem menn kjósa ef mönnum svo sýnist. Ég minnist þess frá árum áður vegna þess að hv. þm. er frá Akranesi að á sínum tíma var þaðan annar þingmaður og í stjórnarandstöðu og ræddi hann um að það væri erfitt að hengja upp fisk í maímánuði vegna flugunnar þegar verið var að fjalla um breytingar á grunnskólalögum. Auðvitað er hægt að ræða um þessi mál öll út frá ýmsum sjónarhornum og ekkert við því að segja þó þingmenn telji að óhjákvæmilegt sé að ræða sjávarútvegsmálin sérstaklega í heild sinni þegar Þróunarsjóð sjávarútvegsins ber á góma.

Með frv. er lagt til að óheimilt verði að flytja inn að nýju og skrá aftur hér á landi skip sem úrelt hafa verið með styrk frá Þróunarsjóði sjávarútvegsins. Núgildandi ákvæði 2. mgr. 8. gr. laga nr. 92/1994, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, þykja ekki veita nægа tryggingu fyrir því að skip sem úrelt verða með styrk frá sjóðnum hverfi varanlega úr íslenska skipaflotanum. Sá möguleiki er fyrir hendi að óbreyttum lögum að fiskiskip verði flutt inn aftur og skráð að nýju á skipaskrá. Því þykir nauðsynlegt að leggja til við Alþingi að samþykkja þessa breytingu á lögunum til að tryggt verði að skip hverfi í raun varanlega úr íslenska skipaflotanum.

Eitt meginhlutverk Þróunarsjóðs sjávarútvegsins er að stuðla að fækkun fiskiskipa. Gerir sjóðurinn það með greiðslu styrkja vegna úreldingar. Eru styrkir þessir tiltekið hlutfall af húftryggingarverðmæti fiskiskips allt að 45% og aldrei hærri fjárhæð en nemur 90 millj. kr. fyrir hvert skip. Að fengnum tillögum sjóðstjórnar ákvað sjútvrh. að hámarksstyrkhlutfalli vegna úreldingar yrði beitt á yfirstandandi ári. Mikil eftirspurn hefur verið eftir styrkjum til að úrelda fiskiskip síðan sjóðurinn hóf störf á síðasta sumri. Stjórn Þróunarsjóðs hafði veitt loforð fyrir 211 úreldingarstyrkjum að fjárhæð 2,7 milljarðar kr. 28. nóv. sl. Á síðasta stjórnarfundi lágu fyrir 15 óafgreiddar umsóknir. Frá síðasta stjórnarfundi sjóðstjórnar, sem haldinn var 28. nóv. sl., hafa sjóðnum borist til viðbótar 11 nýjar umsóknir. Ekki er unnt að meta styrkfjárhæð óafgreiddra og nýrra umsókna þar sem þær eru vegna opinna báta en samræmt mat á húftryggingarverðmæti þeirra liggur ekki fyrir.

Forsenda fyrir greiðslu úreldingarstyrks er sú að skipið sem úrelda skal verði tekið af skipaskrá og endurnýjunarréttur þess falli niður. Er augljóst að styrkveitingar vegna úreldingar fiskiskipa ná ekki tilgangi sínum nema fulltryggt sé að viðkomandi skip hverfi varanlega úr íslenska skipaflotanum. Er skv. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 92/1994 óheimilt að greiða úreldingarstyrki fyrr en fyrir liggur vottorð Siglingamálastofnunar um afskráningu skipsins af skipaskrá og fallið hafi verið frá úreldingarrétti. Jafnframt þarf umsækjandi að undirrita yfirlýsingu þar sem hann heitir því að stuðla ekki að því að hið úrelta skip verði flutt inn á ný. Loks eru í gildandi lögum ákvæði um að óheimilt sé að veita skipi, sem úreldingarstyrkur hefur verið greiddur vegna, leyfi til veiða í atvinnuskyni.

Í ljós hefur komið að 2. mgr. 8. gr. í þróunarsjóðslögunum veitir ekki þá tryggingu fyrir að lögin séu ekki sniðgengin sem ætlað var við setningu laganna. Þannig er vel hugsanlegt að skip sem hlotið hefur úreldingarstyrk verði flutt inn í landið að nýju og beðið verði um skráningu þess, t.d. í því skyni að nota skipið til veiða utan lögsögu, til tómstundaveiða eða til annarra nota. Eins og þróunarsjóðslögunum og lögum um skráningu skipa er nú háttað er ekkert sem bannar skráningu skipsins á skipaskrá á ný. Þurfi skipið ekki leyfi til veiða í atvinnuskyni vegna þeirra verkefna sem því eru ætluð verður Þróunarsjóðurinn í hverju einstöku tilviki að sanna að skyld tengsl séu milli þess sem styrk þáði á sínum tíma og þess sem nýskráningar beiðist nú, að styrkurinn sé endurkræfur. Er augljóst að sú sönnun verður í mörgum tilvikum örðug. Sýnist nauðsynlegt að koma með virkum hætti í veg fyrir að skip sem styrkur hefur veri veittur til að afmá af skipaskrá verði ekki skráð á ný. Er því lagt til að óheimilt verði að flytja slík skip inn að nýju og skrá hér á landi

Hæstv. forseti. Þetta er í stuttu máli efni þessa frv. Eins og ég sagði áður mundi framkvæmd laganna um Þróunarsjóð verða auðveldari og ná fremur tilgangi sínum ef þetta frv. verður samþykkt. Ég legg til að frv. verði vísað til 2. umr. og sjútvn.

[14:27]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég held að hægt sé að segja að það sé útúrsnúningur að tala um að breytingar á lögum um Þróunarsjóð sjávarútvegsins heyri alveg eins undir samgrn. Ég held að varla geti vafist fyrir hæstv. ráðherra að auðvitað heyrir þetta mál undir hæstv. sjútvrh. og sjútvrn. og um það hefur verið fjallað með þeim hætti líka hér í hv. Alþingi.

Ég tel að út af fyrir sig sé líka athugavert að ekki skuli hafa fengist að fresta umræðunni þangað til hæstv. sjútvrh. er hér til staðar. Hann þarf auðvitað ekki að vera kominn til þings sem slíkur. Hann getur mætt hér til umræðna á Alþingi ef hann er kominn til landsins og ég hef ekki fengið svar við því hvort það sé langt í það. Ég tel að það hefði verið ástæða til þess að hæstv. ráðherra yrði viðstaddur umræðuna en við skulum sjá til. Það kann vel að vera að hæstv. starfandi sjútvrh. geti leyst úr þeim spurningum sem koma fram við umræðuna.

Í fyrsta lagi held ég að menn þurfi að spyrja sig grannt að því hvort sú breyting sem er hér á dagskránni sé einhvers virði og hvort það sé einhver þörf á því að gera hana. Um hvað snýst breytingin sem verið er að leggja til að verði gerð á lögunum? Hún snýst um það að óheimilt verði að flytja inn skip og skrá aftur á landinu sem hafa verið úrelt vegna fjármuna úr Þróunarsjóði. En nú er það þannig að við höfum leyft innflutning á notuðum skipum og leyft að skrá þau hér þó þau hafi engar veiðiheimildir. Það má sem sagt í framtíðinni flytja inn gamla dalla einungis ef þeir hafa ekki áður átt heima á Íslandi. Þá skiptir engu máli hversu gamlir eða ónýtir þeir eru. Ef þeir hafa ekki einhvern tíma verið í sveit á Íslandi má flytja þá inn.

Sum af þeim skipum sem Þróunarsjóður hefur verið að úrelda, og ástæða er fyrir hæstv. ráðherra að gera sér grein fyrir því, eru góð skip sem hafa verið smíðuð og útbúin fyrir íslenskar aðstæður og það er ekkert meiri ástæða til þess að banna innflutning á þeim skipum heldur en einhverjum öðrum skipum, nema síður væri. Það er þess vegna algjör óþarfi að flytja þetta frv.

Ástæðan fyrir frumvarpsflutningnum virðist vera sú þráhyggja þeirra sem ráða hér málum að það þurfi að ná aftur fjármununum sem hafa verið lagðir til úreldingar skipanna ef skipin koma aftur inn í landið. En nú er þannig frá málum gengið að komi skip, hvort sem það er nýtt eða notað, til landsins þá skal úrelda annað í staðinn. Þannig að það er fyrir þessu gert. Það er síðan kapítuli út af fyrir sig hvernig staðið hefur verið að þessum málum. Ég held að það ætti að vera mikið umhugsunarefni og það er það m.a. sem ég vildi ræða við hæstv. sjútvrh., hvort það eigi ekki að viðurkenna þau mistök sem verið er að gera í úreldingarmálunum með þessum Þróunarsjóði og taka á fleiri málum heldur en hér er lagt til að verði gert. Það sem er að gerast núna er það að verið er að úrelda fjöldann allan af góðum skipum og það meira að segja nýjustu skipin úr flotanum í sumum tilfellum. Til hvers í ósköpunum? Ég þekki menn sem eru búnir að sækja um úreldingu fyrir skipin sín og fá hana og eru að husla þessa báta, dragandi á flot miklu eldri skip til að róa þeim og ætla að halda áfram með þeim hætti. Þannig virkar þessi stefna sem hæstv. ríkisstjórn og stuðningsmenn hennar hafa komið á flot frá hv. Alþingi.

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra: Finnst honum að það sé eðlilegt að við séum í gegnum þennan úreldingarsjóð að borga 90 millj. til að úrelda skip sem er búið að vera nánast veiðiheimildarlaust við þetta land og var flutt inn fyrir örfáum árum? Að við séum að borga 90 millj. fyrir að úrelda það skip?

Ég held að það sé margt sem mætti skoða í þessu sambandi. Það hefur nú þegar verið sótt um yfir 200 úreldingar úr þessum sjóði og er nú þegar komið í kringum 2 milljarða það sem verið er að sækja um að úrelda eða var fyrir réttum mánuði síðan. Síðan hafa sjálfsagt bæst við fleiri umsóknir.

Það er líka annar þáttur þessa máls sem ég tel ástæðu til þess að spyrja hæstv. ráðherra um. Er ekki ástæða til þess að endurskoða það að það skuli ekki mega skrá skip sem skemmtiskip eða einhvers konar vinnuskip sem verið hafa fiskiskip hér og eru úrelt með þessum hætti? Ef menn ætla að halda áfram þessari úreldingarstefnu þá held ég að það sé full ástæða til að ræða þau mál betur. Það er t.d. verið að kasta á glæ stórkostlegum verðmætum, menningarlegum og atvinnusögulegum verðmætum. Það er stærsti hópurinn af síðustu tréskipunum sem voru byggð í landinu sem er núna verið að úrelda og fleygja á haugana og skipa mönnum að eyðileggja. Menn hafa gengið milli ráðuneyta og reynt að fá leyfi til þess að það verði ekki eyðilögð skip sem hafa virkilega sögulegt gildi. Það hefur ekki verið hægt að verða við því vegna þess að menn eru svo hugfangnir af þessum hugmyndum sínum um það að minnka flotann. Það virðist ekki skipta neinu máli í augum þeirra sem þarna ráða ferðinni hvort skipin eru tekin úr umferð sem fiskiskip, sem ég hefði haldið að væri aðalatriði málsins. Ég tel að þetta sé fráleitt, auk þess sem það er fullkomlega í ósamræmi við það sem Alþingi hefur að öðru leyti gert.

Þegar lögin um stjórn fiskveiða voru til umfjöllunar á sl. vori þá voru gerðar breytingar á lögunum til þess að það væri hægt að skrá skip á íslenska skipaskrá sem hefðu ekki veiðiheimildir í íslenskri landhelgi. Hvers vegna mega þá ekki skip sem búið er að úrelda vera áfram skráð á Íslandi ef þau hafa ekki veiðiheimildir í íslenskri landhelgi? Hvað er svona hættulegt við það?

Ég held að þeir sem bera fram þessa litlu breytingu á lögunum um Þróunarsjóð þurfi að svara svona spurningum. Ég spyr líka hvernig stendur á því að menn skilja ekki sínar eigin hugmyndir betur heldur en þetta? Nú er það þannig að skip sem skráð er áfram í landinu, þó það hefði verið úrelt með þessum hætti, getur ekki eignast úreldingarrétt aftur. Það er útilokað. Það getur ekki gerst nema með þeim hætti að úrelt verði annað skip fyrir það og það borgi í þrjú ár í Þróunarsjóð áður en að því kæmi að það væri hægt að úrelda það aftur og þar með þýddi það að Úreldingarsjóður væri búinn að úrelda það sem svarar til stærðar skipsins og hefði ekki verið snúið á hann með neinum hætti þrátt fyrir að svona væri staðið að málum. (**Samgrh.:** Það er erfitt að fá dánarbætur nema einu sinni nema fyrir köttinn sem hefur níu líf.) Það er greinilegt að hæstv. ráðherra skilur ekki sín eigin hugarfóstur því það skiptir engu máli hvort skip hefur verið úrelt á Íslandi, flutt til næsta lands, er flutt aftur til landsins eða annað skip gamalt úr því landi hefði verið flutt til Íslands og síðan úrelt eftir þrjú ár. Það getur ekki verið munur á þessu tvennu. Ef hæstv. ráðherra skilur það ekki og þarf að fara að vitna í köttinn sinn þá held ég að það sé ekki mikil von í honum í þessari umræðu.

Ég tel að það hefði verið full ástæða til þess að ræða við hæstv. sjútvrh. um lögin um stjórn fiskveiða og um Þróunarsjóð sjávarútvegsins vegna þess að þessi mál fylgdust að í gegnum þingið í fyrra og þegar hæstv. ríkisstjórn sér ástæðu til þess að fara að taka upp annað málið þá held ég að það sé full ástæða til að minna á að það eru stórkostleg vandamál í gangi vegna laganna um stjórn fiskveiða og það þarf að taka þau mál upp líka og það hlýtur að verða gert á hv. Alþingi í vetur. Þó svo að tíminn sé naumur, þá verða menn að taka á ýmsum þeim vanda sem lögin um stjórn fiskveiða hafa skapað. Ég bendi bara á það að vandi smábáta með aflareynslu er mjög mikill. Þeir eru m.a. stærsti hlutinn af þeim aðilum sem hafa verið að sækja um úreldingu sinna skipa til Þróunarsjóðsins og ef það verður ekkert gert í þeirra málefnum núna í vetur þá þýðir það það að menn eru að leggja þetta niður, leggja niður útgerð smábáta með aflamarki. Forsvarsmenn þeirra mættu á fund með sjútvn. í morgun og voru að benda á það óréttlæti sem þeir urðu fyrir við breytingar á lögunum um stjórn fiskveiða í fyrravetur,

að þeir skyldu ekki hafa fengið að sitja við sama borð og félagar þeirra á jafnstórum skipum undir 6 tonnum. En þingið felldi hér tillögur um að það skyldi gilda það sama um alla þessa báta og þó voru þær tillögur þannig fram settar að það hefði ekki kostað einum ugga meira heldur en að búið var að ákveða að bátar í þessum flokki fengju að veiða. Það er satt að segja óskiljanlegt ef menn eru ekki tilbúnir til að endurskoða þessa hluti núna því annars er verið að leggja þessa útgerð niður og þvinga þessa aðila til þess að henda sínum bátum líka á áramótabrennuna.

Síðan hefur það gerst á þessu síðasta ári, frá því að lögin um stjórn fiskveiða voru sett, að aldrei meira en nú hafa sögur gengið um það að menn séu að henda fiski í sjóinn. Er það virkilega meiningin að láta sögur sem þær sem vind um eyrun þjóta og gera ekkert í málinu? Ég held að það þurfi að gera eitthvað í því máli og að hv. Alþingi geti ekki látið það hjá líða að taka með einhverjum hætti á því núna í vetur. Þær sögur eru með þvílíkum ólíkindum og ég veit að það getur varla verið nokkur þingmaður sem hefur ekki fengið sögur frá mönnum sem hafa sjálfir tekið þátt í því að fleygja fiski í sjóinn eða orðið vitni að því. Ég get a.m.k. rakið hér margar sögur sem ég hef beint frá mönnum sem hafa fylgst með og tekið þátt í því að henda fiski í sjóinn vegna kerfisins. Hvað er það sem rekur menn til þess að gera þetta? Svarið er einfaldlega: Ef við eigum að lifa af þetta tímabil sem nú er þá verðum við að haga okkur svona. Það er ekki nema um tvo kosti að velja og þeir eru báðir vondir. Annars vegar að ganga svona um auðlindina, hins vegar að gefast upp og láta útgerðina sína fara á hausinn.

Síðan eru auðvitað fjölmörg önnur atriði sem halda áfram að vera vandamál. Á t.d. ekki að taka á því að enn þá er hægt að kaupa fullvinnsluskip til landsins? Það er enn þá hægt að halda áfram að flytja atvinnuna út á sjó þrátt fyrir að við séum löngu búnir að fá allt of mörg af þessum skipum. Tillögur um þetta voru felldar í fyrra. Nú er hæstv. sjútvrh. farinn að láta heyra í sér og m.a. vildi ég fá hann til þess að staðfesta það hér að það þurfi kannski að fara að taka á þessu vandamáli þó hann hafi tekið þátt í því að fella tillögur um það í fyrra. Hann hefur líka viðurkennt opinberlega núna að það sé orðið vandamál að fiski sé hent í sjóinn. Það er alveg nýtt. Fiskistofa viðurkennir þetta núorðið líka sem vandamál. Ætla menn að fara af þessu þingi nú án þess að gera neitt í þessum vandamálum? Þetta eru ekki lítil vandamál. Þetta eru nefnilega mjög stór vandamál.

Við höfum líka séð hálfkákið og vitleysuna í kringum kvótakerfið að öðru leyti í vetur. Hæstv. sjútvrh. er búinn að vera að auka rækjukvótann. Hvers vegna var hann að því? Vegna þess að kaupskapurinn og braskið er að eyðileggja útgerðina. Mönnum er gert að greiða upp í 30 kr. fyrir það að fá að veiða kíló af rækju. Þeir sem fá úthlutað kvótanum eru ekkert að veiða sjálfir, þeir eru bara að braska, bíða eftir að verðið hækki og hæstv. sjútvrh. bregst síðan við með því að bæta við rækjukvótann og gefa mönnum meira tækifæri á að braska og selja. Sama er með síldina. Það eru alveg sömu aðferðir notaðar. Auðvitað þarf að endurskoða þetta. Auðvitað þurfa að koma hér fram tillögur í hv. Alþingi til breytinga á lögunum um stjórn fiskveiða líka, ekki bara þessi litla tillaga um Þróunarsjóðinn jafnvitlaus og hún er. Það þarf að endurskoða þessi mál öll sömul. Þau hafa öll mistekist og það hefur sannast.

Ég held að það hafi þess vegna verið full ástæða til þess að ég fór fram á það að hæstv. sjútvrh. yrði viðstaddur þessa umræðu. Ég hef aftur á móti ekkert á móti því að hæstv. landbrh. og ráðherra samgöngumála sérstaklega taki þátt í þessari umræðu og segi frá sinni skoðun á þessum málum. Ég man ekki eftir því á þessu kjörtímabili sem ég er búinn að vera á þinginu að hann hafi tekið þátt í umræðum um Þróunarsjóð sjávarútvegsins eða sjávarútvegsmálin yfirleitt. Ég held þess vegna að það sé nýnæmi að því og gott að fólk fái að heyra hans afstöðu til málanna. Ég held t.d. að það sé mjög þarft að hann geri grein fyrir því hvort honum finnist það bara sjálfsagt að menn brjóti í spón og eyðileggi þau verðmæti sem liggja í fiskibátunum sem Þróunarsjóður sjávarútvegsins er að borga út núna milljarða fyrir. Og hann er ekkert að borga meira fyrir þessi skip heldur en þau eru að virði, það skulu menn gera sér grein fyrir. Það er þess vegna verið að eyðileggja, kasta á glæ stórkostlegum verðmætum og það á auðvitað aldrei að haga sér með þeim hætti. Þó það sé ekki annað heldur en af þeim ástæðum þá eiga menn ekki að sýna frv. eins og þetta hér þar sem er bókstaflega verið að reyna að tryggja það með öllum tiltækum ráðum að það sé örugglega gengið í það verk að brjóta og eyðileggja það sem sjóðurinn er að borga út.

Ég skyldi svo sem viðurkenna að það væri einhver ástæða til að koma með frv. ef markmið sjóðsins næðist ekki með öðrum hætti. En það er nú öðru nær. Þessi skip fá ekki að veiða í íslenskri landhelgi eftir að búið er að úrelda þau nema önnur skip verði þá úrelt í staðinn. Þannig að markmiðið sem sjóðurinn hefur hlýtur þá að nást. Hvers vegna eru menn þá að standa í þessum ósköpum?

Ég held að hæstv. ráðherra ætti að skoða þessi mál svolítið betur og af því að hann er líka í hlutverki hæstv. samgrh. þá held ég að það væri rétt að spyrja hann að því hvort honum finnist ekki eðlilegt að menn hafi leyfi til þess að eiga skemmtibáta af öllum stærðum og gerðum við þetta land og skrá þá undir íslenskt flagg? Og á þá að skipta máli hvort þessi skip hafi einhvern tíma verið á Íslandi eða verða menn endilega að kaupa skip sem hafa aldrei áður átt sveitfesti á Íslandi ef það mega vera skemmtibátar? Finnst hæstv. ráðherra ekkert athugavert við það að það skuli standa til að eyðileggja menningarsöguleg verðmæti með þeim hætti sem hér er verið að gera? Þetta er hlutur sem aldrei hefur fyrr gerst á Íslandi að menn hafi kastað verðmætum með þessum hætti í jafnmiklum mæli. Og ég spyr: Mundi nokkrum manni detta það í hug að bera fram þá tillögu hér þó að í Reykjavík hafi verið byggt of mikið af iðnaðarhúsnæði og það standi autt að brjóta þessi hús niður bara af því að það er ekki hægt að

koma af stað iðnaði í þessum húsum? Og hvernig skyldi standa á því að Þróunarsjóðurinn sem átti líka að úrelda fiskvinnslustöðvar hefur ekki tekið ákvörðun um að úrelda eina einustu fiskvinnslustöð. Hefur hæstv. ráðherra einhverja skýringu á þessu? Getur hann gefið hv. Alþingi skýringu á því hvers vegna hin miklu áform um að úrelda fiskvinnslustöðvar eru ekki komin til framkvæmda sem voru þó eitt af aðaláhugamálum hæstv. ríkisstjórnar? Ég held að það væri gott að fá svör við því. — Ég spyr hæstv. forseta, er tími minn búinn með þessu?

(**Forseti** (VS): Já.)

Þá læt ég máli mínu lokið en ég vona að þau orð sem ég hef látið hér falla hafi a.m.k. útskýrt það hvers vegna ég hef óskað eindregið eftir því að hæstv. sjútvrh. sé líka viðstaddur þessa umræðu.

[14:47]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Jóhann Ársælsson, 3. þm. Vesturl., var frsm. minni hluta sjútvn. þegar þetta mál var í þinginu sl. vor, frv. til laga um Þróunarsjóð sjávarútvegsins. Í þeim lögum segir í 8. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Skilyrði fyrir veitingu loforðs um styrk vegna úreldingar fiskiskips er að eigandi þess lýsi því yfir að skipið verði tekið af skipaskrá, að réttur til endurnýjunar þess verði ekki nýttur og enn fremur að allar veiðiheimildir skipsins verði sameinaðar aflaheimildum annarra skipa.

Óheimilt er að greiða úreldingarstyrki fyrr en fyrir liggur vottorð Siglingamálastofnunar ríkisins um afskráningu skipsins af skipaskrá og yfirlýsing frá Fiskistofu um að allar aflaheimildir skipsins hafi varanlega verið sameinaðar aflaheimildum annarra skipa og fallið hafi verið frá rétti til endurnýjunar skipsins. Þá er óheimilt að veita skipi leyfi til veiða í atvinnuskyni ef Þróunarsjóður hefur greitt styrk vegna úreldingar þess."

Ég hef verið að lesa ræðu hv. þm. við 2. umr. málsins. Mér hefur ekki unnist tími til þess síðan hann tók til máls að ljúka þeirri lesningu sem er athyglisverð fyrir margra hluta sakir en ég skal þess vegna ekki segja hvort hann hefur vikið að þessari grein sérstaklega í framsöguræðu sinni þá. En hitt liggur fyrir að hv. þm. greiddi ekki atkvæði gegn þessari grein sem ég las upp hér áðan, 8. gr. laganna, við 2. umr. Sú grein var samþykkt samhljóða hér á Alþingi með 28 atkv. og hv. þm. neytti ekki atkvæðisréttar. Þau sjónarmið sem hv. þm. lýsir svo fáránleg nú hafa því ekki verið honum ofarleg í huga þegar hann greiddi atkvæði um lögin hinn 11. maí sl. ef ég fer rétt með.

[14:49]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Eins og hæstv. ráðherra sagði áðan þá voru það einungis 28 alþm. sem treystu sér til að greiða atkvæði með þessu frv. til laga um Þróunarsjóð og það var samdóma álit stjórnarandstöðunnar að þetta frv. væri arfavitlaust og það álit var stutt hverju einasta áliti sem sjútvn. fékk í hendur frá aðilum vinnumarkaðarins og þeim sem mestra hagsmuna eiga að gæta í sambandi við sjávarútveginn. Við greiddum þess vegna í raun og veru atkvæði gegn frv. í heild og ég tel að það hafi varla átt að fara á milli mála að við vorum alfarið andvíg þessu þróunarsjóðsfrv. eins og það lá fyrir.

Síðan geta verið einhverjir hlutir í þessu frv. sem eru út af fyrir sig kannski skiljanlegir í ljósi þess að menn eru að semja frv. af þessu tagi. En hæstv. ráðherra gætti sín ekki á því í ræðu sinni hér áðan að þegar hann les upp 8. gr. að þá er ekkert í henni sem fyrirskipar að það megi ekki skrá að nýju skip á Íslandi sem hafa verið úrelt, skrá þau sem skemmtibáta eða annað því um líkt. Þess vegna er hæstv. ráðherra að bera fram þetta frv. til að koma í veg fyrir að það sé hægt að koma í veg fyrir þetta menningarsögulega slys sem ég var að nefna hér áðan að menn megi eiga sér til skemmtunar eða til einhverra annarra nota heldur en fiskveiða skip sem áður hafa verið fiskiskip við Ísland. Það er alveg ótrúlegt hvað hæstv. ráðherra hefur látið plata sig út í með því að fara að flytja þetta frv. Ég get ekki ímyndað mér að málið hafi verið mikið rætt í hæstv. ríkisstjórn.

[14:51]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er svo ef farið er yfir atkvæðagreiðsluna að hv. þm. greiddi atkvæði gegn ýmsum greinum frv. sem hann vildi leggja sérstaka áherslu á ásamt flokksbræðrum sínum en hann greiddi ekki atkvæði gegn þessari grein sem sýnir glögglega að hv. þm. hefur ekki verið svo andsnúinn efni greinarinnar þegar það var til atkvæðagreiðslu í þinginu á sl. vori. Hitt er svona hálfbroslegt að hv. þm. segir að það hafi verið sín hugsun þegar frv. var til meðferðar að sérstaklega hafi verið óskað eftir því að fyrir lægi vottorð Siglingamálastofnunar ríkisins um afskráningu skipsins af skipaskrá þegar úreldingarstyrkurinn var veittur til þess að nýir eigendur gætu daginn eftir haft ánægju af því að skrá skipið að nýju, að þetta hafi verið leikaraskapur, að Alþingi hafi sett þetta ákvæði inn bara að gamni sínu, af leikaraskap, og það sé merkingarlaust. Auðvitað er það ekki rétt. Auðvitað veit hv. þm. að hugsunin á bak við 7. og 8. gr. laganna um Þróunarsjóð sjávarútvegsins var sú að skipin færu varanlega af skipaskrá. Annars hefðu þessi ákvæði aldrei verið sett inn í lögin. Það hefði verið útúrsnúningur, það hefði verið í fullkominni andstöðu við góðar þingvenjur og almenna mannasiði að setja slíkt ákvæði inn í lögin ef menn meintu ekkert með því og er næsta furðulegt að heyra alþingismenn koma hingað upp og reyna að halda því fram að svo ströng ákvæði sem um getur í 8. gr. hafi bara verið af því að menn hafi verið hér í einhvers konar bófahasar eða feluleik á hinu háa Alþingi. Auðvitað meintu þingmennirnir það sem þeir sögðu með atkvæðagreiðslu sinni. Auðvitað meintu þingmennirnir það sem þeir sögðu þegar þeir sátu hjá á sl. vori að þeim þótti það ekki út í hött að lagagreinin er orðuð eins og hún er orðuð.

[14:53]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það varð samstaða í stjórnarandstöðunni um það að flytja ekki brtt. við þetta frv. um

Þróunarsjóðinn. Hvers vegna var sú samstaða? Það var vegna þess að menn voru alfarið á móti Þróunarsjóðnum eins og hann var lagður fram. Annars hefðu þeir komið fram með brtt. við einstakar greinar. En það var þannig að hv. stjórnarþingmenn hlustuðu ekki á eitt eða neitt sem stjórnarandstaðan sagði í þessum málum. Það er þess vegna sem eru að koma upp öll þessi sömu vandamál og menn hafa haft við að glíma í sambandi við lögin um stjórn fiskveiða og Þróunarsjóðinn sem bent var á í þessari umræðu. Ég held að þó svo það geti vel verið að ég hafi setið hjá við þessa grein, ég hef nú bara ekki gáð að því, þá er kannski á það að líta líka að hæstv. ráðherra er nú að bera fram brtt. einmitt við þessa grein. Hvers vegna? Til þess að koma í veg fyrir að það sé með nokkru móti hægt að leyfa Íslendingum að eiga skip sem Þróunarsjóður hefur úrelt. Í hvaða tilgangi er þetta? Er þetta meinbægni eða er þetta af því að menn hafi hugsað málið? Ég tel að þarna sé á ferðinni reginmisskilningur og því miður er þarna í uppsiglingu menningarsögulegt slys vegna þess að mönnum er gert skylt að eyðileggja verðmæti sem eru mikils virði í atvinnusögu þjóðarinnar. Það er verið að gefa fyrirskipun um það að fleygja á áramótabálið síðustu skipunum sem byggð voru t.d. úr tré á Íslandi.

[14:55]

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að taka upp umræður um sjávarútvegsmál almennt. Við bíðum með það þangað til hæstv. sjútvrh. kemur en ég efast ekki um að starfandi hæstv. sjútvrh. geti svarað þeim spurningum sem liggja fyrir um breytingar á lögum um Þróunarsjóð sjávarútvegsins.

Það vekur auðvitað athygli að nú þegar er talin ástæða til að breyta þessum nýju lögum um Þróunarsjóðinn. Um þetta frv. um Þróunarsjóðinn varð mikil umræða á sl. þingi. Það er eðlilegt að það hafi verið því að hér voru miklar breytingar boðaðar og þar var verið að taka fyrsta skrefið varðandi auðlindaskatt. Hv. þm. stjórnarandstöðunnar bentu á marga þá vankanta sem þegar hafa komið í ljós á lögunum um Þróunarsjóðinn sem ég ætla ekki að rekja hér, en menn geta lesið um það í þingtíðindum. Það eru margar síður um það í þingtíðindum og ég sé að hæstv. starfandi sjútvrh. er þegar byrjaður á því og farinn að vitna í þær ræður.

Á þessi lög þó ung séu er komin nokkur reynsla og hefur fiskiskipum nú þegar fækkað nokkuð. 87 eigendur fiskiskipa hafa nú þegar fengið grænt ljós á úreldingu og 49 eigendur fiskiskipa bíða eftir að fá grænt ljós á slíka úreldingu. En það hefur komið fram að það eru ýmsir vankantar á þessari þróun. Það hefur nefnilega komið í ljós að það er öfug þróun varðandi þennan Þróunarsjóð.

Hér er boðuð sú breyting að sé skip á annað borð selt úr landi þá muni það aldrei koma hér aftur á íslensk mið. Það er verið að loka fyrir þá smugu sem menn sáu að það sé mögulegt að kaupa þessi skip aftur inn til landsins. Nú langar mig að spyrja hæstv. starfandi sjútvrh. af því að ég veit það ekki: Eru dæmi þess að skip sem selt var úr landi og greiðsla fékkst úr Þróunarsjóði fyrir úreldingu hafi komið aftur til landsins? Mig langar að fá vitneskju um það. En aftur á móti er það alveg hárrétt sem hv. þm. Jóhann Ársælsson sagði áðan að það er náttúrlega einkennilegt að loka alveg fyrir þá möguleika að kaupa aftur skip til landsins sem hafa verið úrelt á sama tíma og verið er að kaupa ryðkláfa, kvótalausa ryðkláfa til að fara í Smuguna, eldgömul stór fiskiskip.

Já, það er ýmislegt annað sem veldur því að menn eru ekki sáttir við þessi lög eins og þau koma fyrir og hafa reynst og ég benti á að það er öfugþróun sem hefur átt sér stað og sérstaklega sú öfugþróun að það er ekki verið að úrelda gömul skip þó það sé til í dæminu, þá er fyrst og fremst verið að úrelda glæný skip. Það er verið að úrelda skip sem eru 3–4 ára gömul vegna þess að eigendur þessara skipa eru í miklum vandræðum og eina ráðið sem þeir finna út úr sínum fjárhagsörðugleikum er að úrelda þessi skip. Það er auðvitað óskapleg sóun svo að ekki sé nú meira sagt að það sé verið að eyðileggja glæný fiskiskip í stórum stíl og menn geta ekki sætt sig við það. Mig langar að spyrja hæstv. starfandi sjútvrh.: Finnst honum að það sé öfugþróun að taka gjald af útgerðinni til að úrelda glæný skip? Ég er ekki í vafa um að fyrst á annað borð er búið að opna fyrir það að breyta þessum nýju lögum um Þróunarsjóð sjávarútvegsins þá verða lagðar fram í hv. sjútvn. fleiri breytingar sem eru nauðsynlegar á þessum lögum vegna þess að það getur ekki verið eðlilegt að miða eingöngu við vátryggingarverð skipanna þegar verið er að úrelda. Það hljóta að þurfa að koma fleiri þættir inn í það mál. Það hlýtur að þurfa að líta á fleiri þætti þannig að ekki sé eingöngu verið að úrelda lítil og ný skip að heldur komi líka til úreldingar á stærri og gömlum skipum. En ég hef þegar lagt fram spurningu til hæstv. starfandi sjútvrh. og vænti svara.

[15:01]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér er ljúft að svara því. Eins og skráningarlögin eru nú þá er ekkert sem bannar að unnt sé að skrá skip á nýjan leik þó svo að þau hafi hlotið styrk úr Úreldingarsjóði. Það hefur komið fram beiðni um slíkt sem ég veit ekki hvort hefur verið afgreidd en hún hefur komið fram. Við stöndum frammi fyrir því hvort það er fær leið að reyna að minnka skipaflotann með úreldingu fiskiskipa. Um það snýst þetta mál í raun og veru. Það er gagnslaust að hugsa sér að greiða fé úr Úreldingarsjóði til að fækka skipum ef þau eru jafnharðan skráð hér á landi aftur. Það er laukrétt hjá hv. þm. að það er ekkert því til fyrirstöðu að ný og glæsileg skip fái fé úr Úreldingarsjóði en það er takmarkað og maður hlýtur að ætla ef skipin eru svo góð að unnt sé að fá eitthvert verð fyrir þau erlendis að ekki komi til þess að þau verði eyðilögð eða þeim tortímt. Hitt er miklu sennilegra að það eigi fyrst og fremst við um gömlu skipin og hin lélegu. Það sjónarmið hefur komið fram að það sé menningarlegt slys ef þessi leið verði farin. Menn verða annaðhvort að halda eða sleppa, menn geta ekki bæði sett sér það

markmið að taka skipin af skipaskrá, hjálpa mönnum til að úrelda þau og láta þau hverfa og haldið því svo opnu að menn geti í sömu andránni sett skipin á nýjan leik inn á skrána. Ég held að menn verði að gera það upp við sig hvað þeir meina með úreldingu flotans og hvernig þeir vilja að því standa. Hér er bent á að það er glufa í lögunum sem nauðsynlegt er að fylla upp í.

[15:03]

Ingibjörg Pálmadóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég er sammála hæstv. ráðherra um að það er mjög óeðlilegt að greiða úr Úreldingarsjóði fyrir úreldingu ef skipið kemur síðan innan tíðar aftur á skrá nema það fáist kvóti fyrir það. Ef það fæst kvóti fyrir það þá hlýtur það að verða skoðað. Engu að síður hefur það verið skoðað hingað til að kaupa einhverja gamla ryðkláfa kvótalausa og gefa leyfi fyrir því.

Hann svaraði því ekki áðan en mig langar að endurtaka þá spurningu mína hvort honum finnist ekki þurfa að breyta viðmiðunarreglunum um greiðslu varðandi úreldingu og hvort hann búist við því að það verði greidd úrelding til að úrelda fiskvinnsluhús.

[15:04]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hef ekki komið að því að athuga hvort þörf sé á því að endurmeta úreldingarreglurnar eða þá viðmiðun sem tekin er í sambandi við þær. Ég er þeirrar skoðunar að það verði greitt út á fiskvinnsluhús.

[15:05]

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að taka undir að það þarf að hafa ákveðnar aðgerðir í gangi til að stuðla að fækkun fiskiskipa eins og talað er um í athugasemdum við lagafrv. Það sem ég geri hins vegar eins og fleiri athugasemdir við er hvernig að því er staðið. Ég minni á að það var einhugur um að reyna með einum eða öðrum hætti að létta á þeirri biðröð sem hafði skapast vegna þess að menn voru í nokkurri biðstöðu fram að samþykkt frv. um Þróunarsjóð sjávarútvegsins sem ég þarf ekki að minna á að um stóðu mjög miklar deilur. En ég held að ekki sé ágreiningur um að einhverra aðgerða er þörf til að stuðla að fækkun fiskiskipa og að úrelding á fullan rétt á sér en ég get ekki sætt mig við það hvernig framkvæmdin hefur reynst, hvað hefur komið á daginn og ég tel að allir, starfandi sjútvrh. sem aðrir, verði að taka málið til athugunar út frá þessu sjónarmiði.

Ég sá ekki þá þróun fyrir sem hefur orðið. Hins vegar loka ég ekki augunum fyrir því að hér og nú er verið að taka úr umferð og eyðileggja glæný og góð fiskiskip vegna þess að menn hafa ekki síst vegna kvótasamdráttar orðið að draga svo saman, ekki tekist að selja skip sín eða báta úr landi og einfaldlega orðið að úrelda með þeim hætti sem gerð er krafa um. Að vísu hafa menn komið auga á þá smugu sem verið er að reyna að loka með þessu frv. Mér finnst að það væri réttast að breyta lögunum og taka ábyrga pólitíska afstöðu til þess að þetta ástand komi ekki upp. En alla vega fyrr en menn sættast á það þá tel ég ekki verjanlegt að gera þær breytingar á lögum sem hér eru lagðar til.

Á það hefur verið bent í þessari umræðu að á sama tíma er heimilt að kaupa fullvinnsluskip til landsins. Það hefur einnig verið bent á að ýmiss konar undarlegir dallar hafa verið keyptir til landsins vegna þess að það er ekki bannað. Þetta er atriði sem ber vott um ákveðinn tvískinnung. Í rauninni er verið að banna að ákveðinn hópur skipa komi aftur inn í landið en á sama tíma er greið leið annarra skipa. Ég skil ekki hver sú geigvænlega hætta er nákvæmlega af þeim skipum umfram önnur sem koma til landsins og þá væntanlega sem ný skip. Ég ætla ekki að hætta mér út í það myndmál sem sumir hafa notað og fara að tala um einhvers konar nýbúaskip. Alla vega finnst mér að við eigum ekki að skoða málið út frá öðru en þessum staðreyndum sem liggja fyrir. Þetta eru staðreyndir og þessu verður ekki á móti mælt.

Ég tel líka að það sé verið að sýna ákveðna skammsýni. Ég get ekki séð annað en núna með samdrætti í atvinnulífi hafi komið upp margar snjallar hugmyndir varðandi nýtingu þeirra verðmæta sem fyrir liggja, m.a. í ferðaþjónustu. — Ég vona að hæstv. samgrh. og starfandi sjútvrh. sé ekki að fara langt því ég tel að mín orð eigi erindi við hann. Ég treysti mér alveg til að halda áfram ræðu minni sem verður ekki ýkjalöng með einhverjum smáhléum. — Það sem mér finnst fyrst og fremst skipta máli er að t.d. á Siglufirði hafa menn í auknum mæli farið með ferðalanga. Víða um landið eru sömu möguleikar kannaðir og allt er þetta gert sem ákveðin nýsköpun, í þessu felst vaxtarbroddur og kannski mun þetta smátt og smátt fylla í þá eyðu sem alla vega nú um stundir er vegna minnkaðs afla.

Ég get heldur ekki séð að það sé mikil vá ef einhver af þessum skipum fara á utankvótaveiðar. Það er eitt af því sem hefur verið hugsað sem úrræði. Ég held að það sé alveg sjálfsagt að ýta undir nýsköpun af því tagi svo framarlega sem við göngum ekki nærri okkar auðlindum. Ég vil líka vekja athygli á því að á þeim skipum sem hafa verið að koma hingað til lands og eru ný og þar af leiðandi þóknanleg stjórnvöldum hefur stundum verið skipt og á öðrum skipum og þau stundum stundað ósambærilegar veiðar. Það hafa verið að koma til landsins núna fullvinnsluskip sem því miður í sumum tilvikum alla vega leiðir til verri umgengni við auðlindina og sögur sem hafa gengið um fisk sem hent er í sjóinn eru mjög alvarlegar og þar þarf að taka á, ég tek undir það. Ég gerði þetta raunar að umræðuefni í smábátaumræðu fyrr í vetur og vonaðist satt að segja eftir ákveðnum viðbrögðum en þau hafa ekki komið fram. Ég hef reynt að taka þetta upp á fleiri en einum vettvangi en enn sem komið er höfum við ekki borið gæfu til að gera neitt af viti í þessum málum. Á meðan eru hugsanlega gífurleg verðmæti að fara í sjóinn engum til gagns en öllum til armæðu. Það er því ýmislegt sem er brýnna að laga í lögunum um stjórn fiskveiða og þróunarsjóðslögum, þessum skrýtnu tvíburum sem voru keyrðir hér í gegn í vor. Ég held að það væri nær að fara að huga að þessum málum.

Í sjútvn. tókum við í morgun á móti fulltrúum hugsanlega nokkuð ólíkra sjónarmiða hjá smábátamönnum. Þar varð að mínu mati mjög gagnleg umræða um þann vanda sem þar er við að etja. Það er alveg ljóst að sumir þeirra sem núna berjast í bökkum, sérstaklega þeir sem eiga smábáta undir sex tonnum á aflamarki, eru með sína báta á leið í úreldingu. Sumir eru nýir sumir eru skuldsettir, þetta eru menn sem vilja hafa sjómennsku sem sína atvinnu, þeir geta ekki fyllt upp í með því að fara á sínum litlu bátum í Smuguna, það er alveg ljóst. Það þarf að taka sérstaklega á þeirra málum. En á meðan klukkan tifar fara sífellt fleiri af þessum bátum í þessa hít og verða þar sóun að bráð sem ég get ekki varið.

Ég vænti þess að hæstv. ráðherra geti tekið undir þessi sjónarmið. Ég held að það þjóni ekki nokkrum tilgangi að velta því fyrir sér hvað menn sáu fyrir í vor. Við vitum alla vega hvað er staðreynd nú á miðjum vetri eða snemma vetrar eftir því hvað menn eru bjartsýnir á að vorið fari að koma. Ég held að við verðum einfaldlega að taka okkar ákvarðanir miðað við þann raunveruleika sem við búum við. Það getur enginn neitað því að nú þegar hafa orðið slys þar sem mönnum er gert að eyða heilum og góðum skipum.

[15:14]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hlýt aftur að láta í ljós undrun mína yfir því að þessi hv. þm. skyldi ekki hafa greitt atkvæði á móti 8. gr. þegar þetta mál var til atkvæðagreiðslu í vor eins alvarleg og efnisatriði þessarar greinar eru nú og hafa það jafnvel í för með sér að undarlegir dallar eru fluttir til landsins. Ég hef nú að vísu gaman af því þegar verið er að persónugera skip, sum skip hafa sál og ég er síður en svo á móti því.

Annars snýst þetta mál einfaldlega um það hvort við erum að tala um úreldingu á fiskiskipum og úreldingu á skipum og markmiðið sé að taka skipin af skrá hér á landi eða ekki. Ef hugmyndin er ekki sú að taka skipin af skrá þá er verið að tala um sérstakan styrk, sérstakar greiðslur til þeirra útgerðarmanna sem selja allan sinn kvóta. Það er um þetta þrennt að ræða. Auðvitað er hægt að hætta þessum styrkgreiðslum og mér heyrist á hv. þm. að þeir hafi nokkurn áhuga á því. Í öðru lagi er hægt að gera eins og lögin kveða á um, að ætlast til þess að skipin verði tekin af skrá og þetta verði úreldingarstyrkur. Í þriðja lagi er hægt að taka ákvörðun um það að greiða öllum þeim sem selja sitt aflamark styrk. Það er það sem fyrir hv. þm. vakir, að verja þessum fjármunum ekki til þess að minnka flotann heldur til þess að verðlauna þá sem vilja halda skipunum áfram til haga innan lands til sportveiði og ýmissa annarra hluta en þeir eigi það þó sammerkt að hafa selt kvótann sinn og skuldbundið sig til að kaupa ekki kvóta á nýjan leik til sama skips. Um þetta snýst málið.

[15:16]

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Andsvar hæstv. ráðherra bar vott um undarlega blöndu af því að hann hafi hlustað ljómandi vel á ræðu mína og alls ekki eða misskilið hana.

Í fyrsta lagi tók ég fram að það ætti að fækka fiskiskipum og ég tók undir þau sjónarmið. Ég tel hins vegar að hægt sé að gera það með því að þau séu skuldbundin til þess að hafa ekki kvóta áfram.

Í öðru lagi gerði ég grein fyrir því að ég hafði ekki, kannski ein þingmanna í salnum, kannski ein af mörgum, séð fyrir þá þróun sem varð. Ég hafði ekki séð fyrir að þetta mundi leiða til slíkrar úreldingar sem varð. Ég geri ráð fyrir því að það hafi fleiri en ég vonað að það yrði meiri kvóti til ráðstöfunar og ekki yrði eins mikil pressa á menn að losa sig úr sínum fjárhagskröggum með því að hætta útgerð. Ég sé ekki að það sé neitt því til fyrirstöðu að taka höndum saman um að fækka fiskiskipum, úrelda þau en leyfa jafnframt ef mögulegt er þessum verðmætum að nýtast á annan hátt. Það eru til leiðir. Ég gerði grein fyrir því og hefði greinilega átt að hafa lengra mál um að það eru til leiðir til nýtingar slíkra báta, m.a. með því að fara með ferðamenn þar sem ferðaþjónusta er, og hæstv. ráðherra ætti að vita það mætavel, vaxtarbroddur hér og það sem einkum hefur verið tekið til núna í ferðaþjónustu er að við höfum nóga gistingu, nóg af veitingahúsum en okkur vantar afþreyingu. Okkur vantar það að geta haft ofan af fyrir því fólki sem kemur hingað hugsanlega í annað eða þriðja sinn.

[15:18]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það var auðheyrt af hv. þm. að hann heldur sig við að það eigi að greiða sérstaklega fyrir það að kvóti fiskiskipa sé allur seldur og þá gegn því að annar verði ekki keyptur í staðinn og skuldbinding um það. En á hinn bóginn sé ekkert við það að athuga að hið sama skip verði notað til fiskveiða utan lögsögunnar þá í samkeppni við önnur íslensk fiskiskip. Skipið verður með öðrum orðum áfram fiskiskip. Eða þá að það verði notað í ferðaþjónustu og þá sem sportveiðiskip fyrir sjóstangaveiði og annað því um líkt. (**AÓB:** Það voru ekki mín orð.) Það voru ekki mín orð, segir hv. þm. Hvernig á skipið að nýtast til ferðaþjónustunnar ef ekki á að vera heimilt að nota það til sportveiði og sjóstangaveiði og annarra slíkra hluta? Auðvitað verður að vera heimild til þess ef skipið á að nýtast til ferðaþjónustunnar. Þá er einungis verið að tala um sérstakar uppbætur á þann kvóta sem seldur er ef hann er allur seldur. Þá erum við, eins og ég sagði, ekki að tala um að minnka flotann, þá erum við ekki að tala um úreldingu, þá erum við að tala um annars konar aðgerðir. Hv. þingmenn geta verið þeirrar skoðunar að það sé skynsamlegt að gera það. Það eru sjónarmið út af fyrir sig en þá erum við ekki að tala um úreldingu og þá erum við heldur ekki að tala um ráðstafanir til að minnka flotann. Auðvitað kemur það í bakið á þeim trillumönnum sem menn þykjast bera svo mikla umhyggju fyrir nú ef sú leið yrði farin sem hv. þm. eru að tala um.

[15:20]

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef óendanlega þolinmæði til þess að útskýra fyrir hæstv. ráðherra ef hann hefur ekki

enn skilið hvað ég á við. Ég er ekki að tala um sportveiðiskip þegar ég er að tala um ferðaþjónustu. Gefi hann sér að það sé eina ráðið til þess að gera út einhvers konar báta sem hafa misst kvóta þá erum við ekki á sama máli og það er ekkert athugavert við það. En ég tek enn og aftur fram að það þarf að vera skýrt að það er ekki verið að færa þessum bátum kvóta og þau skilyrði ættu þá að duga þeim mönnum sem hugsa til hreyfings í þessu til þess að taka skynsamlega ákvörðun og fara ekki út í slíkt nema þeir treysti sér til þess að gera út bát á öðrum forsendum. Það hlýtur markaðurinn að segja til um en ekki við hér.

Annað sem ég vil sérstaklega taka fram er það að mér þykir það alveg ótrúlegur tvískinnungur ef það er eitthvað hættulegra að þeir bátar sem eru úreltir fari til nýsköpunar en að verið sé að flytja inn önnur skip. Ég get alveg skilið þau sjónarmið sem hæstv. ráðherra var að koma á framfæri en ég held að það verði að leysa ef þarna er um einhverja mismunun að ræða. Ef einhverjir hafa möguleika á því að fara með betri kjörum í utankvótaveiðar og ýmiss konar nýsköpun þá verður bara hreinlega að leysa það en ekki loka fyrir það. Það er verðmætasóunin sem ég er að tala um og ég ítreka að ég stend við orð mín um að ég tel að ákveðin fækkun þurfi að eiga sér stað í okkar flota á meðan árar eins og gerir nú.

[15:22]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi máls míns taka undir þau tilmæli sem komu fram áður en umræðan hófst frá hv. þm. Jóhanni Ársælssyni um að hæstv. sjútvrh. yrði viðstaddur umræðuna og henni þá frestað þar til svo gæti orðið ef hann hefur ekki tök á að vera við hana núna. Ég get ekki fallist á þau rök forseta að starfandi sjútvrh. sé til staðar og því sé ekki ástæða til að verða við þessari ósk. Það er eðlilegt að hæstv. sjútvrh. sé fenginn til að vera í forsvari fyrir því máli sem hann flytur og til andsvara við málflutningi þingmanna og til svara við spurningum. Af eðlilegum ástæðum er hæstv. landbrh. ekki besti maðurinn til þess að svara þeim spurningum og taka þátt í umræðu um Þróunarsjóðinn en óhjákvæmilega mun umræðan leiðast út í að fjalla um önnur atriði í löggjöfinni en það eina sem hér er lagt til að verði breytt.

Ég bendi á að þó að hæstv. ráðherra hafi hér inni varaþingmann sinn um stund þá hefur ráðherra seturétt á þingi þótt að hann hafi ekki atkvæðisrétt um tíma og ekkert sem hindrar það að hann geti verið hér til að mæla fyrir máli og taka þátt í umræðum. Mér finnst að það hafi verið í hæsta máta eðlilegt að verða við þessari frómu ósk þingmannsins. En ég tek undir þau orð hans líka að ég sé ekkert athugavert við það þó hæstv. landbrh. taki þátt í umræðunni og segi sína skoðun og ég hef mjög gaman að fylgjast með framgöngu hans í þessari umræðu og röksemdafærslu en ég held að frammistaða hans réttlæti frekar en áður að það er nauðsynlegt að fara fram á að hæstv. sjútvrh. verði viðstaddur sitt eigið mál.

Hins vegar undrar mig svolítið að hæstv. sjútvrh. skuli flýja af hólmi og hverfa frá því og fela öðrum að mæla fyrir þessu máli sínu. Mér hefði fundist að hann ætti að hafa þann manndóm í sér að standa sjálfur fyrir því að mæla fyrir breytingum á vitlausri löggjöf sem hann barðist fyrir og láta það vera að etja hæstv. landbrh. á foraðið þó að hann sé duglegur að stunda sitt skemmtiskokk milli ráðherrastóls og ræðupúlts.

Virðulegi forseti. Eins og fram hefur komið í máli hv. þm. Jóhanns Ársælssonar er full ástæða til að fara yfir efnisatriði í þeirri löggjöf sem í Þróunarsjóðnum felst. Fyrir það fyrsta er ástæða til að minna á það að stjórnarflokkarnir hafa með þessari löggjöf lagt út á þá braut að taka erlent lán upp á marga milljarða, allt að 4 milljarða kr., í því skyni að eyðileggja verðmæti. Ekki aðeins í því skyni að taka úr umferð fiskiskip þannig að þau hætti að vera fiskiskip heldur líka til þess að eyðileggja skip, brenna þau eða brjóta niður. Það er sérstaklega athyglisvert í ljósi þess að Sjálfstfl. hefur ekki hingað til viljað láta kenna sig við öskuhaugahagfræði af þessu tagi og hann barðist mjög hart gegn löggjöf, sem þó var ekki af þessum toga, fyrri ríkisstjórnar sem fól í sér lántöku til þess að endurreisa atvinnulíf á landsbyggðinni. Það fannst Sjálfstfl. vont mál að menn skyldu eyða peningum til þess að endurreisa atvinnulíf á landsbyggðinni, m.a. í kjördæmi hæstv. landbrh. En Sjálfstfl. finnst það gott mál að taka milljarða króna að láni erlendis til þess eins að eyðileggja verðmæti sem fyrir eru upp á miklu hærri upphæðir. Það hefur aldrei, svo mér sé kunnugt, nokkur flokkur í Íslandssögunni gengið jafnlangt í að ástunda öskuhaugahagfræði þá sem Sjálfstfl. aðhyllist og mælir hér fyrir þing eftir þing með löggjöf og málflutningi. En það er nauðsynlegt að menn átti sig á því og sérstaklega landsbyggðarþingmenn og landsbyggðarkjósendur að það er Sjálfstfl. sem hefur forgöngu um það að úrelda atvinnutækifæri landsbyggðarinnar. Það er grundvöllurinn í þeirra hagfræði sem liggur að baki þessum lögum um Þróunarsjóð sjávarútvegsins. Það er engin ástæða til þess að hlífa Sjálfstfl. við því að svara fyrir þessa vitlausu löggjöf, að láta hann svara fyrir það og rökstyðja hvernig hann metur að slík löggjöf verði til þess að styrkja landsbyggðina enda hafa þeir svo sem þegar svarað því á þann hátt að þetta sé ófullnægjandi og meira en það og það þurfi að setja sérstök lög um einstaka landshluta til þess að koma í veg fyrir að algjört hrun verði.

Ef við lítum á málið eins og það er rökstutt í frv. þá er um ákveðinn misskilning að ræða að það sé yfir höfuð þörf á því að flytja þetta frv. því lögin um Þróunarsjóð sjávarútvegsins leiða af sér að þau skip sem hafa fengið styrk til úreldingar eru ekki lengur fiskiskip og stunda þar af leiðandi engar fiskveiðar. Samkvæmt þessari hagfræði sem menn hafa verið með sem grundvöll að löggjöfinni þá er búið að fækka þeim skipum sem stunda fiskveiðar og bæta stöðu hinna sem eftir eru. Þetta liggur alveg ljóst fyrir og það er ekki verið að fara fram hjá þessum anda laganna enda nefnir frv. ekki að neinir meinbugir séu á framkvæmd núverandi laga hvað það varðar.

Í öðru lagi hafa þessi skip sem eru þar af leiðandi ekki lengur fiskiskip ekki atvinnuleyfi til veiða og það

breytist ekkert. Þrátt fyrir það að þau séu seld úr landi og síðan flutt inn aftur fá þau hvorki leyfi sem fiskiskip né sérstakt atvinnuleyfi. Vandamálið er því ekki fyrir hendi. Ástæðan virðist mér vera bara einfaldlega þráhyggja í hæstv. sjútvrh., sem finnst ekki nóg að það sé búið að kaupa skip til að hætta að vera fiskiskip heldur vill hann líka að þau séu eyðilögð. Það virðist vera alveg sérstakt markmið Sjálfstfl. að skip, jafnvel nýleg skip, séu brotin í spón eða brennd til ösku. Þetta er nú öskuhaugahagfræði sem hæstv. landbrh. er hér að standa fyrir. Mér heyrist honum ganga illa að rökstyðja það hvers vegna sé þörf á slíku. Eða hver er hættan þó að skip sé flutt úr landi og síðan inn aftur og komist þannig á skipaskrá fyrir fiskveiðiskipin hin? Hún er ekki nokkur því þetta skip sem kæmi inn til landsins þannig hefur engar veiðiheimildir. Það er ekki á skrá yfir fiskiskip og hefur ekki leyfi til veiða. Þannig að ávinningurinn er enginn. Það er ekkert að því þó Íslendingar eigi skip sem hægt er að nota til annarra hluta en að fara til veiða. En Sjálfstfl. finnst það greinilega vont að Íslendingar geti átt skip sem þeir sigli á um höfin eða sjóinn. Það er greinilegt að Sjálfstfl. er það mikill þyrnir í augum að Íslendingar geti átt skip. Það er eins og það sé bara eitthvað voðalega vont. Það séu bara útlendingar sem megi eiga fyrrverandi fiskiskip, ekki Íslendingar. Það þurfi að flytja sérstakt lagafrv. til að koma í veg fyrir að Íslendingar eigi skip sem einhvern tímann í gamla daga var fiskiskip en er það ekki lengur. Það getur verið í góðu standi og það er hægt að sigla á því milli hafna jafnvel frá Austfjörðum til Reykjavíkur en þetta finnst Sjálfstfl. alveg ómögulegt. Menn á þeim bæ mega ekki til þess hugsa að Íslendingar hafi það frjálsræði að geta keypt sér skip. Þá fer maður nú að spyrja: Hvenær kemur að því að hæstv. samgrh. flytji frv. sem takmarkar það að menn megi eiga bíla? Það hlýtur að verða næsta skref í þessari forræðishyggjupólitík sem ráðherrann er að mæla fyrir.

Ég vil skora á hæstv. ráðherra því ég veit að hann á eftir að koma aftur í þennan ræðustól í þessari umræðu, og jafnvel mjög oft, að leggja niður fyrir sig rökin fyrir því hvers vegna Íslendingar mega ekki eiga fyrrverandi fiskiskip heldur bara útlendingar? Biðja hann um að svara því svona eins og einu sinni í þeim ræðum sem hann á eftir að halda í umræðunni. Koma þeirri röksemdafærslu að sem er væntanlega grundvöllur þess að málið er flutt. Hvað er það sem er svo vont við það að Íslendingar eigi skip sem þeir geti siglt á milli staða innan lands sem erlendis ef það skip hefur einhvern tímann áður verið fiskiskip? Ég næ því ekki og það hefur ekki komið fram neinn rökstuðningur fyrir því að þetta sé eitthvað slæmt, það er í dag. Ég vænti þess að hæstv. landbrh. verði ekki skotaskuld úr því að réttlæta ráðstjórnarhagfræðina sem hann mælir fyrir enda væntanlega vel sjóaður úr sínu ráðuneyti.

Ég vil benda ráðherranum á það áður en hann svarar að í 10. gr. laganna um Þróunarsjóð sjávarútvegsins er fjallað um heimild sjóðsins til að kaupa fasteignir eða kaupa fiskvinnsluhús og gera þau að fyrrverandi fiskvinnsluhúsum. Hvað segir svo í niðurlagi 10. gr. um það hvað eigi að gera við þessi fiskvinnsluhús sem eru hætt að vera fiskvinnsluhús en eru áfram fasteignir? Skyldi eiga að brenna þau eða brjóta þau? Það ætti að vera ef það væri samsvörun milli úreldingar á fiskiskipum og fiskvinnslustöðvum. Ég vil, með leyfi forseta, lesa upp lokamálsgrein 10. gr. frv. en hún er svohljóðandi:

„Stjórn sjóðsins skal leitast við að selja fasteignir, sem sjóðurinn eignast, til óskyldrar starfsemi."

Það eru ekki fyrirmæli um að brenna húsið, það eru ekki fyrirmæli um að brjóta það heldur er gert ráð fyrir því að fasteignin fái að vera áfram fasteign og meira að segja er mælst til þess að menn leitist við að búa svo um hnútana að fasteignin verði að einhverju gagni á öðru sviði af því að það þjónar hugmyndafræðinni um úreldingu úr atvinnugreininni. Því spyr ég hæstv. ráðherra: Af hverju þjónar það ekki hagsmunum þeirra sem vilja hafa úreldingu fiskiskipa að leiðarljósi að fiskiskip geti gert eitthvað annað en að vera fiskiskip? Af hverju má það ekki? Að vísu má það ef það er útlendingur sem á fiskiskipið en það má ekki vera Íslendingur. Þetta er nú vandamálið sem hæstv. sjútvrh. stendur frammi fyrir að reyna að sannfæra sjálfa sig hygg ég og okkur hin um að það sé nauðsynlegt að gera þessa breytingu á lögunum sem er lögð er til.

Virðulegur forseti. Þetta er nú eitt það allra vitlausasta frv. sem ég hef séð frá hæstv. ríkisstjórn og hafa nú mörg verið skrýtin og sérlega skrýtið var nú þetta frv. sem síðar varð að lögum um Þróunarsjóð sjávarútvegsins. En það er svo sem annað mál en það er makalaust af hæstv. ríkisstjórn að flytja þingmál eins og þetta sem er fullkomlega órökstutt. Fullkomlega órökstutt. Ég hygg að þingheimur hafi annað við tímann sinn að gera en að koma vitinu fyrir ríkisstjórnina í þessu máli þó það verði auðvitað að gerast fyrst málið er komið fram. Tímanum hefði verið betur varið í eitthvað annað þarfara.

Virðulegur forseti. Ég held að ekki sé ástæða til að eyða fleiri orðum að þessum málflutningi ríkisstjórnarinnar sem hæstv. landbrh. hefur tekið að sér að mæla fyrir og verja enda öðrum færari um það, væntanlega besti fulltrúi ríkisstjórnarinnar í þessari öskuhaugahagfræði og forræðishyggju sem felst í málinu.

[15:37]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er eins um þennan hv. þm. og hina fyrri að hann var hér í þingsalnum þegar sú grein sem hann telur nú mjög fáránlega var samþykkt hér samhljóða og var ekki að sjá að hann léti neitt sérstaklega til sín taka þegar lögin voru hér til afgreiðslu.

Ég vil annars segja að eins og hv. þm. flutti mál sitt er tvennt ljóst af hans ummælum. Annað er að hann er þeirrar skoðunar að það sé — ja hann kallar það öskuhaugahagfræði að gera ráðstafanir til að minnka fiskiskipaflotann. Hann kallar það öskuhaugahagfræði og vill halda sig við að úr Úreldingarsjóði verði greitt fé þeim sem taka ákvörðun um að selja kvóta sinn. En ekki gat ég heyrt ananð en að þeir mættu eftir sem áður athafna sig innan íslenskrar efnahagslögsögu og ekki gat ég heyrt annað en hv. þm. fyndist eðlilegt að

þeir mættu einnig fiska utan fiskveiðilögsögunnar, þeir mættu með öðrum orðum bleyta veiðarfæri í sjó ef það væri áhugamennska o.s.frv. Þá má auðvitað velta fyrir sér hvort menn telji rétt að verja fjármunum með þessum hætti ef þetta er hin almenna afstaða.

Hv. þm. segir að það sé öskuhaugahagfræði að koma til móts við þá trillumenn sem nú eru í erfiðleikum vegna sinna skuldbindinga fyrir vestan. Það sé öskuhaugahagfræði að horfast í augu við þá staðreynd að ýmsir trillumenn, sem hafa misst sinn fiskveiðikvóta, m.a. vegna löggjafar sem var lögfest í tíð síðustu ríkisstjórnar, að þessir menn sem nú eiga í erfiðleikum skuli geta úrelt gömlu trillurnar sínar, fengið eitthvað til baka af því sem þeir hafa áður aflað í þágu þjóðfélagsins, það sé öskuhaugahagfræði. Það er virðing hv. þm. fyrir ævistarfi sjómanna sem hafa róið einir á sínum bátum, m.a. frá Bolungavík.

[15:39]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er rétt að fara yfir grundvallaratriðin hægt og rólega fyrir hæstv. landbrh. Fyrir það fyrsta þá lagði stjórnarandstaðan til að frv. um Þróunarsjóð sjávarútvegsins yrði vísað til ríkisstjórnarinnar. Það vona ég að hæstv. ráðherra hafi alveg skýrt. Í öðru lagi er ráðherrann að leggja til breytingu á 8. gr. laganna vegna þess að ráðherrann er ekki ánægður með greinina eins og hún er. Eini aðilinn hér í þingsölum sem hefur tekið til máls sem er óánægður með núv. 8. gr. laganna er hæstv. ráðherra. Það er vegna þess að honum er ekki nóg að það sé hægt að úrelda fiskiskip með því að taka það af skipaskrá, taka af því atvinnuleyfið, heldur vill hann gera meira. Hann vill setja það skilyrði að báturinn fari á bálið. Hann er að flytja hér frv. um að það verði ófrávíkjanlegt skilyrði að bátar sem fái úreldingu verði brenndir eða brotnir í spón. Það er öskuhaugahagfræði hæstv. landbrh. Af því að hann getur ekki til þess hugsað að Íslendingar megi eiga þessi skip og hafa þau til annarra nota en sem fiskiskip. Þess vegna kalla ég þetta öskuhaugahagfræði, virðulegur forseti. Hæstv. landbrh. er að vísu nokkuð fróður um þá hagfræði, ég viðurkenni það og hann er líklega fremstur meðal jafningja í Sjálfstfl. í þeim fræðum. En ég frábið mér það að hann ætli að koma þessari forræðishyggju og öskuhaugahagfræði yfir þingheim.

[15:41]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vil ítreka það sem ég sagði áður að það er fjöldi trillumanna um allt land sem á í erfiðleikum. Þeir hafa horft til þess að geta fengið stuðning úr Þróunarsjóði til að úrelda sín skip. Þetta er hv. þm. vel kunnugt. Honum er einnig vel kunnugt að trillusjómönnum og okkur öllum stafar mikil hætta af því ef sportveiðibátum fjölgar úr hófi fram. Það gæti haft alvarlegar afleiðingar og það er óhjákvæmilegt að líta á málin í réttu samhengi.

Það má vera að það sé öskuhaugahagfræði að taka alvarlega umleitanir trillusjómanna, líta á þeirra kjör eins og þau raunverulega eru, það má vera að hv. þm. kalli það öskuhaugahagfræði. Ég vil á hinn bóginn segja að mér finnast það vera hálfgerð öskuhaugasjónarmið sem hann hreyfir hér að við skulum gera hvort tveggja í senn, greiða mikla fjármuni úr ríkissjóði til þess að minnka flotann, leyfa jafnframt að skipin séu áfram í flotanum en gera svo ekkert með lögin. Fleygja þeim á öskuhaugana, gera ekkert með lögin og venja okkur við að lagastafurinn sé einskis virði.

[15:43]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Mér heyrist að hæstv. landbrh. sé orðin rökþrota í málinu þannig að ég vil ekki kvelja hann mikið meira. En hann mætti gjarnan reyna að útskýra fyrir okkur hvers vegna hann getur aðeins samþykkt að útlendingar eigi fyrrverandi fiskiskip. Hvers vegna aðeins útlendingar megi eiga fyrrverandi fiskiskip hér á landi en ekki Íslendingar því það er það sem hann er að ráðast gegn. Hann er að amast við því að Íslendingar geti keypt inn til landsins skip sem einu sinni var fiskiskip á Íslandi. (**Samgrh.:** Það er engin að tala um að úrelda fyrir útlendinga. Hver er að tala um það?) Hann vill banna að Íslendingar geti það. Hann er með þessu einungis að ganga erinda útlendinga sýnist mér. Ég sé ekki annan tilgang með þessu. (**Samgrh.:** Hver er að tala um að úrelda fyrir útlendinga?) Ja, það var það sem ég vildi gjarnan fá hæstv. landbrh. til að rökstyðja fyrir okkur hvers vegna Íslendingar mega ekki eiga skip sem einu sinni var fiskiskip hér á Íslandi? Af hverju hann amast svona mikið við því? Af hverju mega menn ekki eiga sín skip hvort sem þau eru stór eða smá og nota þau í þeim tilgangi sem þeir vilja eins og t.d. að gera þau að skemmtiferðaskipum? Af hverju má það ekki? Það er það sem hæstv. landbrh. er að leggja til. Hann er að segja: Við skulum bæta við því skilyrði að þessi skip verði brennd. Annað má ekki gerast þó þau séu nýleg og mikil verðmæti í þeim og þó menn fallist á að þau séu ekki notuð til veiða það er ekki nóg fyrir ráðherra, hann vill líka brjóta þau og brenna þau. Það er ekki bara að það eigi að taka þau úr umferð sem fiskiskip, það nægir honum ekki. Það skil ég ekki og bið hann endilega að reyna að útskýra það fyrir okkur hvers vegna hann þurfi að flytja þessa öskuhaugahagfræði sína í frumvarpsformi.

[15:45]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Það er óneitanlega nokkuð sérkennilegt að það frv. sem hæstv. ríkisstjórn telur mesta þörf á að leggja fyrir Alþingi Íslendinga og varðar sjávarútvegsmál á þessum vetri skuli vera þessi sérkennilegi bastarður hér um breytingar á ákvæðunum um svokallaðan Þróunarsjóð sjávarútvegsins.

Ég hef áður lýst mínum viðhorfum til þessa sjóðs bæði í blaðagreinum og umræðum á þinginu og ég hef gefið honum nafnið „samdráttarsjóður sjávarútvegsins". Í raun gengur þessi sjóður út á það að bera fé á útgerðarmenn til þess að draga saman í sjávarútvegi, minnka tekjur, fækka störfum og draga úr veltu í íslenskri útgerð.

Staðreyndin er sú að ég held að það sé leitun að jafnóvísindalegu og illa rökstuddu fyrirbæri og þessi

svokallaði Þróunarsjóður er. Hér eru á ferðinni blind uppkaup á tonnum út úr íslenska flotanum og er þá á engan hátt spurt að því hvaða veiðar viðkomandi skip stunda, hvort þörf sé á því að minnka sókn á viðkomandi sviði í viðkomandi tegundir eða viðkomandi stærðarflokka skipa. Allt er lagt að jöfnu, frystitogarar, trillur, nótaskip, dagróðrarbátar og svo framvegis.

Enn sérkennilegra er það þegar í ljós kemur nú að það hefur verið ætlun að því er virðist hæstv. ríkisstjórnar að ekki sé nóg að viðkomandi skip séu svipt veiðileyfi í íslenskri landhelgi og af þeim sé tekinn allur kvóti, nei heldur skulu þau einnig hverfa af yfirborði jarðar. Það megi með öðrum orðum alls ekki nýta þau til nokkurs hlutar, hvorki sem skemmtiskip eða til að veiða á þeim á fjarlægum miðum á íslenskri skráningu undir íslenskum fána. Ég tel þessa niðurstöðu málsins alveg kostulega sem hér er að birtast. Í fyrsta lagi er náttúrlega þessi broslega hræðsla hæstv. ríkisstjórnar við það að þó að nokkur stykki eða nokkrir tugir smábáta án veiðileyfa og án veiðiheimilda yrðu skráðir á Íslandi vegna þess að fólk vildi eiga sér bátskel til þess að leika sér á að það setji sjálft fiskveiðistjórnunarkerfið í uppnám. Þetta er náttúrlega næsta broslegt. Verða menn þá ekki, ef þeir ætla að vera sjálfum sér samkvæmir, að taka skrefið til fulls og banna alla skemmtibátaútgerð á Íslandi af því að hún sé hættuleg, geti stofnað kvótakerfinu í hættu? Ég held að það þýði þá engin hálfvelgja í þessu úr því að þetta er svona stórhættulegt að hugsanlega yrðu nokkrar trillur skráðar sem skemmtibátar.

Hitt finnst mér miklu alvarlegra að ég hefði talið það rétt að með sama hætti og ákveðið var á Alþingi sl. vetur að leyfa íslenska skráningu skipa sem misstu veiðileyfi í lögsögu Íslands við það að þau hyrfu út fyrir endurnýjun ætti það sama að gilda um þau skip sem væru úrelt í þeim skilningi að þau væru úrelt út úr fiskiskipaflotanum innan íslensku landhelginnar eða efnahagslögsögunnar. En það kemur í ljós að svo er ekki. Hæstv. ríkisstjórn virðist ætlast til þess að þarna sé gerður greinarmunur á. Svo tekið sé dæmi þannig að menn átti sig alveg á því hvað hér er á ferðinni, ef gamall ísfisktogari er endurnýjaður þá má samkvæmt lögunum eins og gengið var frá þeim í fyrra skrá hinn gamla togara á íslenska skipaskrá veiðileyfalausan í íslensku lögsögunni og hann má fara til veiða í Smugunni, á Reykjaneshrygg eða öðrum fjarlægum miðum. En ef eigandi skips ákveður að nýta sér kauptilboð Úreldingarsjóðs án þess að endurnýja, fá annað skip í staðinn, þá má hann ekki gera það og fara með sitt skip út úr landhelginni til verkefna þar. Nei, það er bannað. Mér finnst þetta í raun og veru svo furðuleg niðurstaða í málinu að engu tali tekur að gera þennan greinarmun þarna á.

Ef það er í lagi að kannski verði innan tíðar 10, 20, 30 skip í íslenska flotanum skráð á Íslandi sem hverfa út úr íslensku lögsögunni vegna endurnýjunar en eru þá að veiðum hér umhverfis, hvers vegna mættu þá ekki vera 5 eða 10 í viðbót sem notuð væru til slíkra veiða og væru að hverfa út úr íslenska flotanum vegna úreldingar en ekki endurnýjunar? Ég sé bara ekki rökin fyrir að gera þarna þennan greinarmun á og verð að segja það alveg eins og er að mér finnst það næsta broslegt að þetta skuli vera það eina sem hæstv. ríkisstjórn hefur fram að færa um sjávarútvegsmál á þinginu. Það er ekki verið að taka á vanda bátaútgerðarinnar sem er öll ein rjúkandi rúst. Sá hluti bátaflotans sem háðastur er þorskveiðum, smábátar á aflamarki og bátar á aflamarki upp í 20, 30, 50 tonn sem litla sem enga möguleika hafa til annarra veiða en bolfiskveiða þeir eru að hrynja, sú útgerð er að hrynja, enda eru þeir stærstu viðskiptavinir Úreldingarsjóðsins. Það er ekki verið að sinna því hér. Nei, það er þetta atriði sem þarf endilega að rjúka til og breyta að hugsanlega gæti einn og einn smábátur, nýlegur bátur sem menn sæju eftir að henda á haugana farið til útlanda á skráningu og komið svo aftur heim. Það sé slík vá fyrir dyrum að það verði að stoppa.

Einnig er það þannig, hæstv. forseti, að alla heildstæða stefnumótun vantar á bak við þessa úreldingarvitleysu alla saman. Reksturinn á þessum samdráttarsjóði sjávarútvegsins byggir á sandi vegna þess að það liggur ekki fyrir nein mótuð stefna um það, t.d. hvað mikið eigi að draga úr afkastagetu í íslenska flotanum. Hvað þá heldur hvaða tegundir skipa eigi að reyna að kaupa út. Staðan er sú í dag að íslenski nótaskipaflotinn er að flestra manna mati orðinn hættulega lítill og það hefur skilað því að við höfum ekki náð að nýta að fullu veiðiheimildir í loðnu og síld undanfarin ár. En úreldingarapparatið er rekið þannig að það kaupir jafnt upp nótaskip sem togara og trillur. Þess vegna getur það alveg eins gerst á morgun að tveir eða þrír eigendur, kannski nýjustu og skuldugustu nótaskipanna, ákveða að úrelda þau og það dregur þar með sem því nemur úr afkastagetu loðnuflotans. Er einhver heil brú í því? Ég segi nei. Það væri auðvitað þvílík endileysa í ljósi þeirra aðstæðna sem við búum við að engu tali tekur. Ef menn eru til að mynda sammála um að ísfisktogaraflotinn sé of stór eða togskipaflotinn þá ættu menn a.m.k. að skilgreina það og segja að við ætlum okkur að kaupa 10–15% afkastagetunnar í þeim skipaflokki. En að reka þetta svona blint eins og það er að tonnin eru keypt upp án tillits til þess hvaða skip eiga í hlut, það er náttúrlega algjör della.

Hér hefur einnig verið á það bent að þeir bátar sem mest eru að hverfa út úr flotanum núna eru smábátarnir og gjarnan yngstu árgangarnir. Jafnskynsamlegt og það er. Ég held að það sjái og skilji hver heilvita maður að það er eitthvað að kerfi sem sóar verðmætum með þeim hætti að nýlega smíðuð fiskiskip eru keypt út og þeim hent. Ef menn vilja draga úr afkastagetu í flotanum af hverju er þá ekki reynt að hafa hvata til þess í því kerfi að elstu og óhagkvæmustu skipin hverfi? Það er ekki. Nei, nei, nei. Það er lagt að jöfnu að kaupa út nýtt skip, vel útbúið, þar sem fer vel um mannskapinn, sem hefur mikla afkastagetu og góðan búnað til veiða og eldgömul hró sem hvort sem er yrði hætt að gera út innan fárra ára. Það er lagt að jöfnu. Er það skynsamlegt? Ég segi nei. Það er ekki heil brú í því heldur. Það er ekki heil brú í þessu kerfi. Ég verð að segja alveg eins og er að ég skil það ekki

að forsvarsmenn sjávarútvegs á Íslandi skuli láta þetta yfir sig ganga ár eftir ár jafnvitlaust og það er.

Svo er það sérkennilegt, hæstv. forseti, að sá flokkur sem ber þetta mál hér fram skuli vera Sjálfstfl. Ef eitthvað er forræðishyggja í íslensku atvinnulífi í dag þá er það þetta. Eru íslenskir útgerðarmenn ekki dómbærir á það sjálfir hvaða skip er skynsamlegt að gera út miðað við þá veiðimöguleika og þá löggjöf sem gildir um fiskveiðistjórnun á Íslandi? Er kvótinn ekki nóg? Eru fiskveiðistjórnunarlögin ekki nóg? Eru veiðileyfin í íslensku lögsögunni ekki nóg? Nei. Til viðbótar skal borið fé á menn til þess að fá þá til að hætta í útgerð. Eru þeir sem sagt ekki dómbærir á það sjálfir, mennirnir, hvort skynsamlegt sé að halda tiltekinni útgerð áfram eða ekki?

Það er furðulegt að Sjálfstfl. sem hefur kennt sig við frjálst framtak og einstaklingsfrelsi skuli ganga fram fyrir skjöldu með þessum hætti, lýsa yfir opinberu vantrausti á útgerðina í landinu, hún hafi ekki vit á því hvað megi gera út stóran flota á Íslandi og hvað ekki. Það eru ekki rekstrarforsendurnar, það eru ekki veiðimöguleikarnir, það eru ekki aðstæðurnar í greininni sem eiga að ráða þeim. Nei, það er forræðishyggja Sjálfstfl. sem á að ákveða það fyrir útgerðina á Íslandi. Ætli þeim köppunum sem þóttust hafa vit á sjávarútvegsmálum í Sjálfstfl. fyrr á öldinni, Ólafi Thors og öðrum slíkum, liði ekki illa ef þeir væru á dögum núna gagnvart svona vitleysu. Og að Sjálfstfl. skuli standa fyrir þessu er með miklum ólíkindum.

Vinnubrögðin í sambandi við þetta mál eru einnig ámælisverð. Til að mynda sú hótun sem nú er látin liggja í loftinu að úreldingarprósentan verði lækkuð um áramót. Með því er verið að reyna að hóta og þvinga menn til þess að stökkva til og úrelda núna því þeir geti átt það á hættu að prósentan lækki um áramótin. Það er verið að þvinga fram þróun í þessum efnum, öfugþróun sem ég kalla svo, sem að mínu mati er mjög ámælisverð. Auðvitað væri þá lágmark að úreldingarprósentan væri ákveðin og fastsett á einhverju árabili þannig að menn gætu gengið út frá tilteknum aðstæðum við sína ákvarðanatöku og þyrftu ekki að rjúka til á einhverjum örfáum mánuðum og taka um það kannski ákvörðun lífs síns um það hvort þeir eigi að hætta í útgerð eða ekki.

Staðreyndin er líka sú, og það er að mínu mati það sem er einna lakast við þetta kerfi, að það er búið að mynda þröskuld sem hver einasti útgerðarmaður í landinu sem ætlar sér að endurnýja sitt fiskiskip verður að borga, yfirstíga og borga, vegna þess að maður sem er að endurnýja sinn bát hann keppir alltaf við kauptilboð Þróunarsjóðs, samdráttarsjóðsins. Hann verður að vega það og meta ef hann er með 100 tonna stálskip sem hann ætlar annaðhvort að endurnýja eða úrelda: Get ég náð það miklu út úr þeim rekstri ef ég kaupi nýjan bát að það til viðbótar 50 millj. sem ég fengi úr Úreldingarsjóði ef ég hætti komi jafn vel út? Er það ekki nokkuð auðskilið? Með þessu fyrirkomulagi er búið að búa til keppinaut sem menn verða að yfirstíga í hvert einasta skipti sem þeir taka ákvörðun um að endurnýja fiskiskip á Íslandi. Sá tollur sem útgerð sem ætlar að endurnýja stóran togara þarf að kaupa út í dag í hvert skipti vegna tilboðanna á móti frá Úreldingarsjóði eru 70–100 millj. kr., 70–80 millj. þegar stór skip eiga í hlut, 30–50 millj. þegar bátar eru á ferðinni.

Hæstv. forseti. Hitt er svo að vísu enn alvarlegra til lengri tíma litið og það er að með úreldingunni í flotanum er verið að kaupa í burtu hvatann til þess að leita nýrra verkefna, sækja í vannýttar tegundir, sækja á ný mið. Eða halda menn að íslenski flotinn hafi t.d. á árunum eftir 1983 þegar kvótinn kom á og svörtu skýrslurnar birtust og þorskveiðiheimildir voru skornar niður, fært sig í jafnmiklum mæli yfir í rækjuna og gert hana á fáum árum að næststærstu útflutningsgrein í íslenskum sjávarútvegi ef sú umframafkastageta sem þar myndaðist hefði allan tímann verið úrelt? Auðvitað ekki. Og ástæðan var sú að það voru ekki úreldingartilboð sem kepptu við þá möguleika sem rækjuveiðarnar gáfu sem gerðu það að verkum að sú verðmætasköpun fór vaxandi ár frá ári. — Það þýðir ekkert að hrista hausinn, hæstv. landbrh., þetta er svona. (**Samgrh.:** Mikil vanþekking.) Skip sem hverfa út úr flotanum fara ekki til annarra verkefna. (Gripið fram í.) Er það já. Heldur hæstv. ráðherra að þeir togarar og þau skip, sem nú á að úrelda tugum saman, muni fara til veiða á Reykjaneshrygg á næsta ári? Heldur hæstv. landbrh. að þau sæki í Smuguna skipin sem verða brennd eða skorin í sundur í kjölfar úreldingar Þróunarsjóðs eins og hún er að ganga yfir núna? Ætli það nú. Ætli þeir sigli langt á næsta ári bátarnir sem verða brenndir eða brotnir í þessu úreldingaræði núna.

Við getum auðvitað deilt um það hversu skynsamlegt það sé að hafa í gangi einhverja umframafkastagetu í flotanum þó mér leiðist sú tugga. Og hver ætlar að finna hina réttu stærð og hina réttu formúlu í þeim efnum? Ekki treysti ég mér til þess. En reynslan sýnir okkur það að ef skip eru fyrir hendi sem vantar verkefni þá leita útgerðarmennirnir að möguleikum í vannýttum tegundum og á fjarlægum miðum. Það hefur gerst aftur og aftur innan íslenskrar útgerðar núna á undanförnum árum. Hvar værum við í dag ef ekki væru komin til 15–20 milljarða verðmæti út úr rækjuiðnaðinum og 6–9 milljarða verðmæti vegna veiða utan landhelginnar? Við munum ekki ná slíkum verðmætum nema hafa til þess skip að veiða þau og skip sem búið er að úrelda, sökkva, brenna, saga í sundur, þau fara ekki til veiða, hæstv. landbrh.

(**Forseti** (VS)**:** Forseti vill ónáða ræðumann. Nú er klukkan 4 og kominn tími þingflokksfunda en hv. þm. á eftir 5 mínútur af sínum ræðutíma. Það er augljóst að umræðunni lýkur ekki þar sem það er einn hv. þm. á mælendaskrá. Vill hv. þm. ljúka ræðu sinni?)

Ef ég mætti gera það, já. Það eru fáar mínútur. Það er kannski hreinlegra að gera það þannig að maður þurfi ekki að byrja á nýjan leik, ekki nema ég fái fullan ræðutíma að nýju?

(**Forseti** (VS)**:** Nei.)

Nei, það er ekki tilboð af hálfu forseta þannig að ég kýs að ljúka þessum mínútum af núna sem ég á.

Hæstv. forseti. Ég er að reyna að rökstyðja að það vanti allan grundvöll undir rekstur sjóðsins. Þetta er í

mínum huga að mestu leyti smámál sem hér er á ferðinni og ekki stórt atriði. Ég held að það sé miklu þarfara að ræða og spyrja um hvort einhver glóra er í því kerfinu. Ég hefði viljað spyrja hæstv. ráðherra, hæstv. sjútvrh. sem er fjarstaddur, mun vera að kenna þeim kvótakerfið í Chile ef ég veit rétt. Blessaðir veri þeir í Chile að fá kvótakerfið og kannski gengur það þá eitthvað svipað með lýsinginn þar og hefur gengið með þorskinn hér þegar fram líða stundir. Ég hefði viljað spyrja t.d. hæstv. ráðherra: Er búið að taka um það einhverja ákvörðun hvað langt eigi að ganga? Ef helmingurinn af íslensku bátaútgerðinni gefur sig upp við Þróunarsjóð á næstu mánuðum og segir: Það er ekki til lengur rekstrargrundvöllur fyrir okkur, við ætlum að hætta þessu, ætla menn þá að kaupa? Ætla menn kannski að setja þarna einhverja 20 milljarða í að úrelda hálfan íslenskan bátaflotann svo að dæmi sé tekið? Hvar ætla menn að draga mörkin? Hafa menn eitthvað velt því fyrir sér hversu mikla afkastagetu, hve mörg tonn þeir ætla að kaupa út? (**Gripið fram í:** Nei.) Svarið er ekki. Engin stefnumörkun liggur á bak við, engin hugsun önnur en sú að einhverjir spekingir hafa tuggið það í 10 ár að íslenski flotinn sé of stór. Það eru orðin trúarbrögð, kennisetning, og á þeim grundvelli er þetta móverk reist að verið er að minnka íslenska flotann. Þá verða allir hamingjusamir og öllum líður vel og peningar standa út úr eyrunum á öllum bara ef við minnkum flotann, ef við minnkum veltuna, drögum saman, fækkum störfunum, þá gengur í garð gullöld og gleðitíð.

Ég held að þetta sé mikill misskilningur. Með því er ég ekki að segja að upp að einhverju marki hafi ekki verið óhjákvæmilegt og skynsamlegt að draga úr afkastagetu í sókn þegar lægðir hafa komið í mikilvæga fiskstofna eins og þorskinn. En ég leyfi mér að minna á það aftur — og er þá alveg sama hversu oft hæstv. landbrh. hristir sitt gráa höfuð — að skip sem búið er að eyðileggja og úrelda fara ekki á sjó. Þau fara ekki til þess að sækja í vannýtta stofna. Þau leita ekki verkefna á fjarlægum miðum. Ýmsir telja að við eigum vaxandi möguleika í gegnum samstarfsverkefni til veiða, jafnvel í efnahagslögsögum annarra ríkja. Íslendingar hafa sem betur fer verið að ná fótfestu við strendur Afríku og Suður-Ameríku og víðar. Gæti ekki hugsast að eitthvað af þessum skipum gætu fengið þar verkefni? Er þetta ekki dálítil þráhyggja að endilega þurfi að eyðileggja þau, sóa þeim verðmætum sem í þeim eru? Það sé ekki bara nóg að svipta þau veiðileyfi og kvótum.

Ég spyr að lokum: Er þetta ekki lýsandi vantrú á að það fiskveiðistjórnunarskömmtunarkerfi sem hér er við lýði muni halda á komandi árum? Ef kvótakerfið væri nóg og ef leyfisbinding veiða í íslensku efnahagslögsögunni væri nóg, hvers vegna þurfa menn þá að hafa áhyggjur af stærð flotans sem hér er skráður? Ég spyr. Hvers vegna er það? Ekki getur annað legið á bak við en óttinn við að kerfið muni hrynja einhvern tíma í komandi framtíð og þá óttist menn að hér yrði skráður of stór floti. Ég sé engin lagaleg eða tæknileg vandkvæði á því að gera að lögum svo skýran greinarmun annars vegar á þeim skipum sem hafa veiðileyfi í íslensku efnahagslögsögunni og hins vegar öllum hinum sem eru skráð hér án veiðileyfa hvort sem þau eru fiskiskip, skemmtiskip eða hvað það nú er. Það mega bara vera hvaða skip sem vera skal mín vegna, að menn þurfi að óttast að ekki verði áfram hægt að gera þarna greinarmun á. Þetta er að mínu mati alveg furðulegt þegar betur er að gáð.

Svo er það að lokum, hæstv. forseti, sérkennilegast að heyra hæstv. landbrh. koma með þá málsvörn hér í vandræðum sínum að í raun og veru sé úreldingarsjóðskerfið fyrst og fremst bjargræði við trillusjómenn. Þá er varla hægt að skilja orð hæstv. landbrh. áðan öðruvísi en þannig að þessi snilld hafi sérstaklega verið fundin upp til þess að hjálpa bágstöddum trillusjómönnum og við værum vondir menn sem leyfðum okkur að gagnrýna það bjargræði.

Umræðu frestað.

Útbýting þingskjals:
Áfengislög, 269. mál, stjfrv., þskj. 318.

Út af dagskrá voru tekin 7.–12. mál.

Fundi slitið kl. 16:06.

---

52. FUNDUR

fimmtudaginn 8. des.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Framkvæmd grunn- og framhaldsskólalaga síðustu þrjú ár, beiðni um skýrslu, 267. mál, þskj. 316. *Hvort leyfð skuli.*
2. Lyfjalög, frv., 221. mál, þskj. 256. — 3. umr.
3. Tilraunastöð í jarðrækt á Reykhólum, stjfrv., 104. mál, þskj. 107, nál. 309. — 2. umr.
4. Sameining Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda, stjfrv., 174. mál, þskj. 191, nál. 310. — 2. umr.
5. Framleiðsla og sala á búvörum, stjfrv., 175. mál, þskj. 192, nál. 311. — 2. umr.
6. Þróunarsjóður sjávarútvegsins, stjfrv., 258. mál, þskj. 303. — Frh. 1. umr.
7. Samsettir flutningar o.fl. vegna EES, stjfrv., 251. mál, þskj. 294. — 1. umr.
8. Verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf, stjfrv., 255. mál, þskj. 298. — 1. umr.
9. Gjald af áfengi, stjfrv., 256. mál, þskj. 299. — 1. umr.

10. Áfengislög, stjfrv., 269. mál, þskj. 318. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
11. Átak í málefnum barna og ungmenna, þáltill., 45. mál, þskj. 45. — Fyrri umr.
12. Menntun á sviði sjávarútvegs og matvælaiðnaðar, þáltill., 76. mál, þskj. 76. — Frh. fyrri umr.
13. Bann við atvinnurekstri einstaklings vegna afbrota, frv., 87. mál, þskj. 87. — 1. umr.
14. Leiðtogafundur á Þingvöllum árið 2000, þáltill., 183. mál, þskj. 205. — Fyrri umr.
15. Stjórnarskipunarlög, frv., 212. mál, þskj. 240. — 1. umr.
16. Stjórnlagaþing, frv., 213. mál, þskj. 241. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:
Geir H. Haarde, 8. þm. Reykv.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 13. þm. Reykv.,
Sólveig Pétursdóttir, 6. þm. Reykv.,
Svavar Gestsson, 9. þm. Reykv.

Útbýting þingskjala:
Flutningsjöfnunargjald á olíu, 271. mál, fsp. GHall, þskj. 320.
Útvarpslög, 270. mál, stjfrv., þskj. 319.

Framkvæmd grunn- og framhaldsskólalaga síðustu þrjú ár.

Beiðni EMS o.fl. um skýrslu, 267. mál. — Þskj. 316.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:36]
Beiðni leyfð með 34 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DH, EgJ, EKG, EMS, FI, GE, GuðjG, GÁS, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, IBA, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MJ, PJ, PBald, PBj, SigG, SJS, StB, VS.
29 þm. (ÁJ, BIB, EH, EKJ, FrS, GHH, GB, GHall, GJH, GHelg, JE, JóhS, JBH, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, RA, RG, SalÞ, SAÞ, SP, StG, SvG, TIO, VE, ÞurP) fjarstaddir.

Lyfjalög, 3. umr.

Frv. heilbr.- og trn., 221. mál (lyfsala dýralækna, eftirlit, hámarksverð o.fl.). — Þskj. 256.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:36]
Frv. samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DH, EKG, EMS, FI, GE, GuðjG, GÁS, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, IBA, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MJ, PJ, PBald, PBj, SigG, SJS, StB, VS.
30 þm. (ÁJ, BIB, EH, EgJ, EKJ, FrS, GHH, GB, GHall, GJH, GHelg, JE, JóhS, JBH, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, RA, RG, SalÞ, SAÞ, SP, StG, SvG, TIO, VE, ÞurP) fjarstaddir.

Frv. afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 322).

Tilraunastöð í jarðrækt á Reykhólum, 2. umr.

Stjfrv., 104. mál. — Þskj. 107, nál. 309. [10:37]

Frsm. landbn. (Egill Jónsson):
Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir áliti landbn. Alþingis sem er á þskj. 309. Undir nál. hafa ritað nöfn sín auk mín Guðni Ágústsson, Gísli S. Einarsson, Kristín Ástgeirsdóttir, Eggert Haukdal og Jóhannes Geir Sigurgeirsson. Aðrir nefndarmenn voru ekki viðstaddir afgreiðslu nefndarinnar og er þeim það ekki láandi, svo ómerkilegt sem þetta málefni er.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:40]
1. gr. samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DH, EgJ, EKG, EMS, EKJ, FI, GE, GuðjG, GÁS, GÁ, GunnS, HBl, IP, JÁ, JGS, JHelg, JVK, KHG, KÁ, MJ, PJ, PBald, SigG, SJS, StB, VS, ÞurP.
1 þm. (JónK) greiddi ekki atkv.
31 þm. (ÁJ, BIB, EH, FrS, GHH, GB, GHall, GJH, GHelg, HÁ, IBA, JE, JóhS, JBH, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, PBj, RA, RG, SalÞ, SAÞ, SP, StG, SvG, TIO, VE) fjarstaddur.

2. gr. samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DH, EgJ, EKG, EMS, EKJ, FI, GuðjG, GÁS, GÁ, GunnS, HBl, IP, JÁ, JGS, JHelg, JVK, KHG, KÁ, KE, MJ, PJ, PBald, SigG, SJS, StB, VS, ÞurP.
1 þm. (JónK) greiddi ekki atkv.
31 þm. (ÁJ, BIB, EH, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GJH, GHelg, HÁ, IBA, JE, JóhS, JBH, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, PBj, RA, RG, SalÞ, SAÞ, SP, StG, SvG, TIO, VE) fjarstaddur.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 34 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DH, EgJ, EKG, EMS, FI, GE, GuðjG, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MJ, PJ, PBald, SigG, SJS, StB, TIO, VS, ÞurP.
1 þm. (EKJ) greiddi ekki atkv.
28 þm. (ÁJ, BIB, EH, FrS, GHH, GB, GHall, GJH, HÁ, IBA, JE, JóhS, JBH, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, PBj, RA, RG, SalÞ, SAÞ, SP, StG, SvG, VE) fjarstaddir.

Sameining Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda, 2. umr.

Stjfrv., 174. mál. — Þskj. 191, nál. 310.

[10:41]

Frsm. landbn. (Egill Jónsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir áliti landbn. um frv. til laga um sameiningu Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda. Málið var lagt fram á þskj. 191 og álit landbn. er á þskj. 310.

Ég vísa til framsöguræðu hæstv. landbrh. um þetta mál en þar kom fram, eins og kunnugt er, að þessi samtök landbúnaðarins munu sameinast um næstu áramót en til þess að svo geti orðið þarf að gera þær lagabreytingar sem frv. kveður á um.

Landbn. gerir ekki neinar tillögur til breytinga á frv. og þeir nefndarmenn sem voru viðstaddir afgreiðslu málsins leggja til að það verði afgreitt óbreytt en þeir eru auk mín Gísli S. Einarsson, Kristín Ástgeirsdóttir, Eggert Haukdal, Jóhannes Geir Sigurgeirsson og Guðni Ágústsson.

Ég vil sérstaklega taka það fram að fjarvera þeirra þriggja nefndarmanna sem ekki undirrita þetta nefndarálit var til komin vegna þess að þeir voru að sinna öðrum störfum og ber ekki á nokkurn hátt að líta á það sem lítilsvirðingu við bændur landsins.

Ég legg til að málinu verði vísað til 3. umr.

[10:44]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég býst við að þetta sé mál sem nefndin hefur verið sammála um þar sem hér er verið að leggja til að Búnaðarfélag Íslands og Stéttarsamband bænda séu sameinuð. Um það hafa þessi samtök verið sammála. En það sem mig langar til að spyrja hv. formann nefndarinnar er hvort með þessari breytingu muni nokkuð frekar verða tryggð áhrif kvenna í þessu sambandi en verið hefur.

[10:45]

Frsm. landbn. (Egill Jónsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta frv. fjallar einvörðungu um samskipti ríkisvaldsins og landbúnaðarins að því er þessar breytingar varðar. Það er að sjálfsögðu í valdi þessara samtaka hvernig þau skipa sínum málum og það verður eftir sem áður í valdi bænda og húsmæðra í landinu að ráða fram úr því hver sest við stjórnvöl í þessum nýju samtökum. Það er ekki Alþingis að lögbinda neitt í þeim efnum.

[10:46]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þar sem ég veit að hv. formaður landbn. hefur verið mjög ánægður yfir því að konur hafi á seinni árum setið í hv. landbn. þá hélt ég e.t.v. að hann mundi beita sér fyrir því að hafa einhver áhrif þarna. Nú hafa konur ekki verið mjög virkar í búnaðarfélögum, fyrst og fremst vegna þess að þeir tveir aðilar sem standa að búunum hafa báðir þurft að greiða gjald til búnaðarfélaganna og fólk hefur verið að spara sér þann kostnað. En hugsanlega væri hægt að gera eitthvað til þess að tryggja frekar áhrif bændakvenna í þessum samtökum. Mér er kunnugt um að bændakonur hafa af því áhyggjur að þarna verði enn meiri og stærri karlasamkoma en verið hefur.

[10:47]

Frsm. landbn. (Egill Jónsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er hárrétt sem fram kom hjá síðasta ræðumanni að ég er afskaplega þakklátur og reyndar stoltur af þátttöku fulltrúa Kvennalistans í landbn. og störf hennar þar eru vissulega með þeim hætti að það ætti frekar að verða til þess að auka áhuga fyrir því að auka hlutdeild kvenna í starfi bændasamtakanna í framtíðinni.

[10:48]

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Ég þakka landbn. fyrir afgreiðslu þessa máls en fyrst og fremst kom ég hér upp vegna ábendingar frá hv. 1. þm. Vestf. um þátttöku kvenna í hinum nýju samtökum og ég vil sannarlega taka undir það að ég tel mjög mikilvægt að þær láti þar til sín taka. En eins og fram kom hjá frsm. nefndarinnar, hv. 3. þm. Austurl., þá byggist það auðvitað á þessum félagasamtökum og þá fyrst og fremst á grunninum, þ.e. þeim aðildarfélögum sem mynda heildarsamtökin. Ég tel að það sé eitt af brýnustu verkefnum hinna nýju samtaka að auka almenna félagsþátttöku bænda í þessum samtökum og þá ekki síður kvenna en karla því það er svo að bændur geta ekki frekar en aðrir vænst þess að aðrir hjálpi þeim nema þeir reyni að hjálpa sér sjálfir. Það byggist að sjálfsögðu á því að standa vel að sínum samtökum og nota þau vel.

Ég vildi að gefnu þessu tilefni nota tækifærið og undirstrika þetta atriði.

[10:49]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég vil fyrst og fremst nota þetta tækifæri til að fagna því að þessi endurskoðun á félagskerfi landbúnaðarins er nú að verða að veruleika á því formi að til eru að verða ein heildarsamtök bænda eða landbúnaðarins. Ég held að það sé að mörgu leyti mjög merkilegt að þrátt fyrir allt, ýmsa erfiðleika og hindranir sem menn hafa þurft að yfirstíga í þessu ferli er nú að hilla undir þennan veruleika og mættu að mínu mati margar aðrar atvinnugreinar taka sér það til fyrirmyndar. Landbúnaðurinn hefur mætt breyttum aðstæðum og ýmsum erfiðleikum m.a. með því að fara í gegnum umræðu og skoðun á því hvernig hann gæti styrkt stöðu sína með því að endurskipuleggja sitt félagskerfi eða sín samtök þannig að úr yrðu ein heildarsamtök fyrir greinina.

Ég vil þá líka taka það fram í leiðinni af því að okkar nefndarmaður var fjarstaddur afgreiðslu málsins í nefndinni að Alþb. styður að sjálfsögðu þetta frv. og hefur reyndar lengi gert og lengi hvatt til sameiningar bændasamtakanna.

Ég velti því líka fyrir mér hvort ekki væri ástæða til þess að ýmsar aðrar greinar tækju þetta fordæmi til íhugunar. Mér verður hugsað til málefna sjávarútvegsins þar sem mörg samtök gæta hagsmuna hinna einstöku aðila í greininni og er þá skiptingin ekki einvörðungu faglegs og stéttarlegs eðlis eins og átti við

um landbúnaðinn heldur beinlínis þannig að mörg samtök mismunandi hagsmunahópa innan greinarinnar eru starfandi með þeim afleiðingum sem óþarft er að rekja fyrir hv. þm. að oft hefur gengið misvel að ná mönnum þar öllum saman.

Ég vil líka fagna þessu sérstaklega vegna þess að landbúnaðinum mun ekki veita af öllum sínum styrk á komandi árum til þess að mæta þeim óvissutímum sem hann stendur frammi fyrir.

Að lokum er það svo ljóst, hæstv. forseti, að þessar breytingar kalla á endurskoðun á allri löggjöf landbúnaðarmálanna og ég vænti þess að hv. landbn. hafi að einhverju leyti velt því máli fyrir sér. Ég tel mjög mikilvægt að því verði komið í farveg að einhver taki að sér að hafa forgöngu um þau mál. Að mörgu leyti væri eðlilegast að mínu mati að skipuð yrði sérstök nefnd í það verkefni en aðalatriðið er þó að einhver beri ábyrgð á því verki og skili því hingað inn í formi frumvarpa sem þurfa að koma og lúta að heildstæðri endurskoðun á löggjöf landbúnaðarins í framhaldi af þessum breytingum.

Hæstv. forseti. Að öðru leyti er ekki ástæða til að fjölyrða um þetta mál. Þó það gæti vissulega gefið tilefni til að ræða ýmislegt í stöðu landbúnaðarins þá mun ég ekki gera það að svo stöddu en fyrst og fremst endurtaka það að ég fagna því að þessi sameining samtaka landbúnaðarins er að verða að veruleika.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:55]

1. gr. samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, BBj, DH, EgJ, EKG, EMS, EKJ, FI, GE, GuðjG, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, IBA, IP, JÁ, JGS, JHelg, JVK, KHG, KÁ, KE, MJ, MF, PP, PBald, SigG, SAÞ, SJS, StB, VS, ÞurP.

28 þm. (ÁJ, ÁMM, BIB, EH, FrS, GHH, GB, GHall, GJH, HÁ, JE, JóhS, JBH, JónK, LMR, MB, ÓE, ÓRG, PJ, PBj, RA, RG, SalÞ, SP, StG, SvG, TIO, VE) fjarstaddir.

2.–5. gr. samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, BBj, DH, EgJ, EKG, EMS, EKJ, FI, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, IBA, IP, JÁ, JGS, JHelg, JVK, KHG, KÁ, KE, MJ, MF, PP, PBald, SigG, SAÞ, SJS, StB, VS, ÞurP.

27 þm. (ÁJ, ÁMM, BIB, EH, FrS, GHH, GB, GJH, HÁ, JE, JóhS, JBH, JónK, LMR, MB, ÓE, ÓRG, PJ, PBj, RA, RG, SalÞ, SP, StG, SvG, TIO, VE) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, BBj, DH, EgJ, EKG, EMS, EKJ, FI, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, IBA, IP, JÁ, JGS, JHelg, JVK, KHG, KÁ, KE, MJ, MF, PP, PBald, SigG, SAÞ, SJS, StB, VS, ÞurP.

27 þm. (ÁJ, ÁMM, BIB, EH, FrS, GHH, GB, GJH, HÁ, JE, JóhS, JBH, JónK, LMR, MB, ÓE, ÓRG, PJ, PBj, RA, RG, SalÞ, SP, StG, SvG, TIO, VE) fjarstaddir.

Framleiðsla og sala á búvörum, 2. umr.

Stjfrv., 175. mál (skipan Framleiðsluráðs). — Þskj. 192, nál. 311.

[10:56]

Frsm. landbn. (Egill Jónsson):

Virðulegi forseti. Frv. til laga um breytingu á lögum um framleiðslu og verðlagningu á landbúnaðarvörum var lagt fram á þskj. 192 og nál. landbn. er á þskj. 311. Breyting á búvörulögunum sem hér er lögð til að verði kemur til af þeirri breytingu sem rædd var undir síðasta lið dagskrárinnar vegna sameiningar bændasamtakanna. Þar með breytist skipan Framleiðsluráðs landbúnaðarins en eins og kunnugt er þá starfar Framleiðsluráð landbúnaðarins á grundvelli búvörulaganna.

Efnislega var frv. skýrt við 1. umr. og er vísað til skýringa hæstv. landbrh. á tilurð þessa frv.

Landbn. gerði tvær smávægilegar breytingar við frv. sem í rauninni skýra sig sjálfar. Þær eru við a- og b-lið 1. gr. en þar er lagt til að í 2. mgr. falli niður orðið „nýrra“ og verði þar talað um stjórn heildarsamtaka bænda því það kemur náttúrlega að því að þau samtök verða ekki alltaf ný. Eins er í 3. mgr. gerð tillaga um að brott falli „frá og með 1. apríl ár hvert“ þar sem verið er að kveða á um ... (**SJS:** Á að leggja 1. apríl niður eða hvað?) Ástæðan fyrir því er sú að það er gert ráð fyrir því að bændasamtökin haldi sitt búnaðarþing í marsmánuði og þar með liggur það að sjálfsögðu ljóst fyrir að Framleiðsluráð verður kjörið á því þingi og tekur til starfa þegar kjör þess hefur átt sér stað.

Landbúnaðarnefndarmenn eru sammála um afgreiðslu þessa máls en fjarverandi voru Árni M. Mathiesen, Einar K. Guðfinnsson og Ragnar Arnalds og höfðu þeir allir fjarvistarleyfi.

Ég legg til hæstv. forseti að þessu máli verið vísað til 3. umr.

[11:00]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Ég vil mælast til þess við hv. formann landbn. að brtt. verði dregin aftur til 3. umr.

[11:01]

Frsm. landbn. (Egill Jónsson):

Virðulegi forseti. Þetta er ekki svo stórbrotin ósk að ég geti ekki orðið við henni. Þess vegna get ég fallist að tillagan verði dregin til baka þar til við 3. umr. Hins vegar saknaði ég þess að ekki skyldi koma fram skýring á þessari ósk hæstv. landbrh. En við þessari beiðni er hins vegar hér með orðið.

[11:01]

Kristín Einarsdóttir:

Frú forseti. Formaður landbn. er búinn að skýra frá nefndarálitum landbn. í þrem málum. Fyrsta málið var talið mjög ómerkilegt sem ég átti erfitt með að skilja en síðan hefur hann skýrt ágætlega afstöðu nefndarinnar og í þessu síðasta máli þá skýrði hann mjög vel út af hverju hv. landbn. kom með þessa brtt. Ég fylgdist ákaflega vel með og skildi mjög vel rök landbn. fyrir því að koma með þær brtt. sem eru á nál. Síðan kemur hæstv. landbrh. upp og óskar eftir að þessi brtt. verði dregin til baka sem ég skil alls ekki og tel að hæstv. landbrh. skuldi okkur skýringu á því. Það getur vel verið að formaður landbn. vilji draga þessa brtt. til baka en ég vil benda á að það er ekkert sem mælir gegn því að aðrir taki þær brtt. upp. Ég get ekki skilið af hverju landbn. eða formaðurinn fyrir hennar hönd dregur þessar brtt. til baka og ég vil fá skýringar á því.

[11:03]

Frsm. landbn. (Egill Jónsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það kom greinilega fram í ræðu hv. síðasta ræðumanns að skilaboð mín til þingsins við umræðuna hafa komist rétt til skila. Ég hef hins vegar kannski ekki tekið það nógu skýrt fram að ég dró einungis þessa tillögu til baka til 3. umr. Tillagan kemur þá til afgreiðslu hér og liggur þannig alveg ljóst fyrir að hún er ekki dregin til baka fyrir fullt og allt.

Svo ég árétti það sem ég sagði í framsöguræðu minni þá er gerð tillaga um að þessi tímasetning, 1. apríl, falli niður vegna þess að Framleiðsluráð hverju sinni verður væntanlega kjörið í mars að afloknu þingi þessara nýju heildarsamtaka bænda og auðvitað tekur það til starfa þá en ekki 1. apríl eins og tillagan gerir ráð fyrir.

[11:04]

Kristín Einarsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég fékk enga skýringu á því hvers vegna formaður landbn. ákveður að draga þessar tillögur til 3. umr. Ég lít svo á að það verði að fást skýring á því líka. Hæstv. landbrh. skýrði það heldur ekki. Ég vil benda á að í 2. gr. stendur að í ákvæði til bráðabirgða bætist við að nýtt Framleiðsluráð skuli taka til starfa 1. apríl 1995. Það gengur alveg að hafa þetta eins og landbn. gerði ráð fyrir, þ.e. að það sé til eins árs í senn, eins og formaður landbn. skýrði hér áðan. Þetta var mjög skýrt og ég tel að við þurfum að fá skýringu á því hvers vegna óskað er eftir því að þessar tillögur séu dregnar til baka. Það hefur ekki komið fram enn.

[11:05]

Frsm. landbn. (Egill Jónsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tók það skýrt fram að hér væri ekki lögð fram svo viðamikil ósk að ekki væri eðlilegt að verða við henni. Ástæðan fyrir því er að ég hef fallist á að kippa þessari tillögu aftur um eina umræðu er bara þessi hógværa ósk og meðfætt lítillæti formanns landbn.

[11:06]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Þetta eru allt hin merkilegustu mál. Jafnvel hin ómerkilegu sem verða merkileg með þeim ummælum hv. formanns landbn. að hann lái mönnum ekki þó þeir nenni ekki að mæta eða vera viðstaddir afgreiðslu á slíkum pappírum eins og átti sér stað fyrr á fundinum. Ég verð að segja eins og er að mér fundust þetta nokkuð óvenjuleg samskipti milli hæstv. ráðherra og hv. formanns landbn. Hér eru á ferðinni brtt. sem samstaða er um frá nefnd, afar einfaldar í efninu, svo kemur hæstv. ráðherra hér upp og óskar eftir að þær séu dregnar til baka án þess að gefa á því nokkrar skýringar og þegir svo þunnu hljóði þegar umræður fara fram um það hvað liggi að baki óskum hans.

Ég held að hæstv. ráðherra eigi nú að upplýsa við 2. umr. hvað honum gengur til þannig að menn viti það áður en þessari umræðu lýkur af hvaða ástæðu þessi ósk er fram borin. Ef einhver efnisleg rök eru fyrir þessari frestunarbeiðni hæstv. ráðherra þá tel ég alveg tvímælalaust skylt að þau rök komi hér fram. Þetta hlýtur að leiða til þess að málið fari aftur til nefndar, það er óhjákvæmilegt. Úr því að hér er kölluð til baka brtt. að ósk ráðherra þá hlýtur það að þýða sjálfkrafa að landbn. komi á nýjan leik saman til að fjalla um þetta mál. Og ég tel að til þess að það megi verða á eðlilegum grundvelli þá eigi hæstv. ráðherra að gefa skýringar á því af hvaða ástæðum beiðnin er fram borin.

Það hefur verið upplýst að það er ekki eins og mér fannst kannski fyrst miðað við framsöguræðu formanns að það sem leiddi af breytingunni á 3. mgr. væri að 1. apríl ár hvert væri lagður niður. Það mun ekki vera svo heldur á að hætta við það fyrirkomulag að binda gildistíma skipunar Framleiðsluráðs við 1. apríl ár hvert þannig að þeir aðilar sem tilnefna í Framleiðsluráð hafi það í sínu valdi að ákveða hvenær ársins nýtt ráð tekur við. Fyrir því eru ýmis rök. Ef tilnefnt er í nýtt ráð á fundi heildarsamtaka landbúnaðarins, sem tilnefnir ef ég man rétt alla fulltrúana nema þá sem landbrh. tilnefnir, t.d. í febrúar eða mars, er rétt að það nýja ráð taki í beinu framhaldi til starfa með endurnýjað umboð. Nú vilja menn kannski gera breytingar, það verða breytingar á fulltrúum sem koma frá landssamtökum einstakra faggreina og þá er eðlilegt að þær breytingar gangi eins fljótt og við verður komið fram en menn sitji ekki uppi með útelta skipan sem kannski er ekki lengur í takt við þá mönnun sem orðin er í einstökum búgreinum einhverja mánuði í viðbót að óþörfu, einn eða tvo eins og þetta gæti verið.

Ég held að efnislega séð sé breytingin mjög eðlileg og sömuleiðis sú sjálfsagða að fella út þessi orð „nýrra heildarsamtaka" sem er nú bara hugsunarleysi að hafa inni og augljóst mál að þessi samtök munu eldast eins og önnur fyrirbæri og að því mun koma að lokum að þau teljast ekki ný samkvæmt málvenju.

Hæstv. forseti. Ég óska eindregið eftir því að hæstv. landbrh. gefi okkur skýringar á þessari beiðni sinni.

Svo er það annað, hæstv. forseti, sem ég hefði haft áhuga á að fá svolítla umræðu um af því að við höfum góðan tíma og daginn fyrir okkur eins og sagt er. Það er ósköp einfaldlega að ég fengi svolitlar upplýsingar um það hver sé stefna núv. ríkisstjórnar í málefnum landbúnaðarins og þá sérstaklega hvað varðar hlutverk Framleiðsluráðs landbúnaðarins. Mér finnst það satt að segja nokkuð athyglisvert í ljósi ýmissa ummæla sem til að mynda hæstv. landbrh. hefur á köflum haft og ekki síður í ljósi þeirra viðhorfa sem Alþfl. hefur haft til landbúnaðarmála á Íslandi og stundum farið mikinn í þeim efnum að hér skuli koma fram stjórnarfrv. sem staðfestir óbreytt hlutverk Framleiðsluráðs landbúnaðarins inn í framtíðina. Því hér eru ekki gerðar neinar breytingar á ákvæðum um hlutverk og tilgang Framleiðsluráðs landbúnaðarins.

Hvers vegna er það athyglisvert? Jú, það er athyglisvert vegna þess að stundum hafa sumir hverjir talsmenn þeirra látið þannig að þeir vildu meira og minna breyta þessu öllu og henda, afnema framleiðslustjórnun í landbúnaði o.s.frv. Hæstv. landbrh. hefur jafnvel haft við orð að hann vilji heimila bændum að selja framleiðsluna heima á sínum bújörðum og leiðir af sjálfu að það jafngilti ákvörðun um að afnema alla framleiðslustýringu því hún yrði gjörsamlega óvinnandi vegur og óframkvæmanleg við þær aðstæður.

Nú er að vísu afar illa mætt hjá Alþfl. í þingsölum, þ.e. ekki í þeim skilningi að þær fáu hræður sem tilheyra þeim flokki og hér eru séu ekki hinir ágætustu þingmenn heldur eru þeir fremur fáir eins og þeir eru reyndar út í þjóðfélaginu líka samkvæmt skoðanakönnunum, alþýðuflokksmenn. Hér eru engir hæstv. ráðherrar Alþfl. þannig að ég veit ekki hvort flokkurinn er þess vanbúinn að gefa einhverjar upplýsingar um viðhorf sín til þessara mála en mér finnst það vera fullkomið tilefni, hæstv. forseti, til að óska eftir því að fulltrúar stjórnarflokkanna a.m.k. upplýsi hér og svari því: Jafngildir þetta frv. um óbreytt hlutverk og óbreytta skipan Framleiðsluráðs landbúnaðarins inn í framtíðina yfirlýsingu um það af hálfu núv. stjórnarflokka að þeir séu ánægðir með þetta fyrirkomulag og þeir ætli sér að standa vörð um það til frambúðar? Má ganga út frá því sem gefnu í kjölfarið að Alþfl. hafi skrifað upp á þetta framleiðslustjórnunarkerfi og það hlutverk sem Framleiðsluráð landbúnaðarins hefur. Staðreyndin er sú að ef ekki kæmi til það hlutverk sem Framleiðsluráðið hefur fyrst og fremst í tengslum við stjórn framleiðslunnar, það lögbundna hlutverk þess að fylgjast með framleiðslunni á hverjum tíma og reyna að stuðla að því að hún sé fullnægjandi í samræmi við þarfir landsmanna, þá hygg ég að að flestu leyti væri eðlilegra að koma öðrum þáttum starfseminnar annars staðar fyrir, svo sem þeirri upplýsingasöfnun og ýmsu öðru sem þarna fer fram, án þess að ég sé að segja að það sé mín stefna eða mín viðhorf að leggja eigi niður Framleiðsluráð landbúnaðarins, nei, þvert á móti. Ég tel það hina þörfustu stofnun og hafa þjónað mikilvægum tilgangi. En hitt finnst mér athyglisvert að stjórnarflokkarnir skuli vera hér með á ferðinni stjórnarfrv. um óbreytt hlutverk og óbreyttan tilgang og í raun og veru óbreytt fyrirkomulag þessara mála.

Við höfum jafnan af því mikla ánægju þingmenn, ekki satt, hæstv. forseti, þegar stjórnarflokkarnir ræða um landbúnaðarmál sín í milli og út á við. Ég teldi þess vegna tilefni til að fá að heyra aðeins um viðhorf ríkisstjórnarinnar í þessum málum og þá nýju stefnumótun sem hér er þá á ferðinni. Fyrst og fremst óska ég eindregið eftir því að þessari umræðu ljúki ekki öðruvísi en að hæstv. landbrh. geri grein fyrir sinni ósk um frestun á því að þessar brtt. komi til atkvæða.

[11:15]

Frsm. landbn. (Egill Jónsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér þykir vert af því tilefni sem hefur gefist vegna ræðu síðasta hv. þm. um að ekki felist neinar pólitískar vendingar í þessari lagasetningu, þ.e. breytingunum á hlutverki Framleiðsluráðs landbúnaðarins, þá vil ég einungis taka það fram að þessi frv. eru flutt til að samræma lögin þeim breytingum sem verða við það að Stéttarsamband bænda og Búnaðarfélag Íslands sameinast.

Þannig vill nú til að við þá sameiningu eru ekki gerðar neinar breytingar nema sem leiða af því formi sem verður tekið upp. Það verða ný samtök sem ákveða skipan þeirra mála og það gildir alveg sama um lagabreytingarnar að ekki eru lagðar til neinar aðrar breytingar en þær sem leiða af þessari breyttu skipan bændasamtakanna. Þess vegna segir þessi tillöguflutningur ekkert fyrir um það hverjar skoðanir menn kunna að öðru leyti að hafa á skipan þessara mála.

[11:17]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér er það að sjálfsögðu ljóst að tilefni þessa frumvarpsflutnings er það að þessi sameiningarmál eru að ganga í gegn. En það liggur náttúrlega í hlutarins eðli að þegar stjfrv. birtist um breytingar á tilteknum lögum, þá mundi sami aðili, sama hæstv. ríkisstjórn væntanlega gera aðrar þær breytingar sem hún sæi ástæðu til að gera, nota tækifærið. Það liggur nokkuð í hlutarins eðli. Mörkin eru gjarnan dregin við það hvort viðkomandi lög eru opnuð upp til breytinga eða ekki. Ég leyfi mér að vekja athygli á því að samkvæmt þessu virtust núv. stjórnarflokkar ekki sjá ástæðu til þess að gera neinar breytingar á því fyrirkomulagi sem ríkt hefur um Framleiðsluráð landbúnaðarins. Með öðrum orðum, Alþfl. til að mynda er þar með að skrifa upp á það fyrirkomulag.

Ég verð þó að biðja forláts, hæstv. forseti, á því að hafa kannski verið fulldómharður hér um mætingu Alþfl. Mér er tjáð að hér séu nú á svæðinu a.m.k. fjórir kratar, fimm hv. þm. Alþfl. Það er tveimur fleira heldur en flokkurinn mundi fá í kosningum nú samkvæmt skoðanakönnunum þannig að miðað við það held ég að verði að segja að hér sé bara nokkuð vel mætt hjá Alþfl.

[11:18]

Frsm. landbn. (Egill Jónsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það liggur náttúrlega í hlutarins eðli að hvorki ríkisstjórnin né neinn sá sem hefur hér rétt og möguleika á því að flytja sitt mál hefur kastað

neinum slíkum tækifærum fyrir róða þó að þessar breytingar hafi verið gerðar á búvörulögunum sem við höfum fjallað um. Það er að sjálfsögðu grundvallarmisskilningur og mér finnst heldur miður að menn skuli vera að teygja afgreiðslu þessara mála með sama hætti og hv. síðasti ræðumaður gerði inn á einhvern pólitískan vettvang.

[11:19]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta voru nú steinar úr glerhúsi. Það sem fyrst og fremst veldur því að hér hefur upphafist nokkur umræða eru náttúrlega samskipti þingmanna Sjálfstfl., þ.e. sú sérkennilega og óvænta beiðni hæstv. landbrh. að óska eftir því að hér verði kallaðar til baka breytingartillögur sem fluttar eru af landbn. án ágreinings og síðan þau viðbrögð hv. formanns að gefast upp fyrir hæstv. ráðherra og kalla tillögurnar til baka án þess að gefa á því nokkrar skýringar hvers vegna það er gert og hvorugur þeirra hefur gefið neinar skýringar á þessari óvæntu uppákomu. Það er í framhaldi af því sem nokkrir þingmenn hafa kvatt sér hljóðs. Það lá náttúrlega beint við að spyrja þá aðeins frekar um stöðu landbúnaðarmálanna í þessari ríkisstjórn. Eins og kunnugt er hafa það verið hin mestu harmkvæli allt saman hvernig þeim málaflokki hefur reitt af í tíð þessarar ríkisstjórnar og staðreynd mála og almannarómur að þessi ríkisstjórn hefur verið óstarfhæf í þessum málaflokkum eins og mörgum fleirum, allan tímann, allt kjörtímabilið (**Gripið fram í:** Formaður landbn. veit af því.) vegna linnulausra illdeilna. Ja, ég læt það nú allt vera. Ég tel að formaður landbn. hafi á köflum látið Alþfl., þennan litla flokk, ráða allt of miklu í þessum málum. En það kemur ekki til greina að það verði fleiri kjörtímabil, samanber það sem ég sagði áðan í andsvari og vitnaði þá til skoðanakannana um væntanlegt brautargengi þess flokks í næstu kosningum. En ég vísa því til föðurhúsanna að það sé óeðlilegt að við nokkrir þingmenn höfum blandað okkur inn í þessar umræður í kjölfar þessarar óvæntu uppákomu og ég þarf ekki að sitja undir einhverjum áburði frá hv. þm. Agli Jónssyni varðandi það að ég hafi verið eða sé að reyna að tefja framgang sameiningarmála heildarsamtaka landbúnaðarins. Ég á þvert á móti minn þátt í þeim aðdraganda sem þar er á ferðinni og þeim undirbúningi eins og hv. þm. ætti að vita þannig að ég get held ég með fullum rökum vísað slíku til föðurhúsanna. Ég sem landbrh. á mínum tíma hvatti til og beitti mér fyrir ýmsu sem liggur í aðdraganda þess máls eins og hv. þm. ætti að vita.

[11:22]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það var hárrétt hjá hv. 4. þm. Norðurl. e. að stöðugar illdeilur stjórnarflokkanna á þessu kjörtímabili um landbúnaðarmál hafa gert það að verkum að í raun hefur sá málaflokkur og framgangur hans meira og minna legið niðri. Þess vegna er það mín skoðun að vegna mikilvægis þessa máls að koma nauðsynlegum lagabreytingum á framfæri til þess að tryggja sameiningu þessara samtaka þá væri skynsamlegast að koma þessu frv. í gegnum Alþingi með sem minnstum atbeina stjórnarflokkanna því að það væri vísasti vegurinn til þess að málið kæmist ekki fram ef ætti að fara að taka upp efnislegar umræður milli stjórnarflokkanna um landbúnaðarmál.

Við þekkjum það að það eru fleiri málaflokkar þannig, þeir eru í raun strand. Þannig er til að mynda með reglugerðarsetningu varðandi jöfnunargjöld við útflutning, fleiri þjóðþrifamál landbúnaðarins eru strand vegna ósamkomulags stjórnarflokkanna þannig að ég held að það væri nú skynsamlegt í þessu tilfelli að Alþingi sem slíkt leiddi þá hjá sér og viðurkenndi þá staðreynd sem liggur fyrir að flokkarnir sem slíkir sameiginlega, stjórnarflokkarnir, eru ófærir um að taka á málefnum landbúnaðarins.

[11:23]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er alveg hárrétt, það er nauðsynlegt að greiða götu þessara sameiningarmála í gegnum þingið. Það tel ég reyndar að sé verið að gera samanber að það var afgreitt hér áðan með örstuttri umræðu sjálft sameiningarfrv. og hefði nú kannski einhvern tíma þótt ástæða til þess að af því spryttu nokkrar umræður í þingsölum, jafnmiklum tímamótum og í því felast. En svo var ekki og ég lít svo á að hér hafi legið á bak við m.a. það að þingmenn vildu greiða götu þess máls.

Það er síðan í öðru lagi hárrétt að stjórnarflokkunum er náttúrlega til einskis treystandi í landbúnaðarmálum, það hefur reynslan sýnt þannig að auðvitað væri það ekki til bóta að fara að láta þá sem slíka hafa meiri eða minni afskipti af þessu. En ég leyfi mér að segja að þessi litla breyting hér á frv. eða lögunum um Framleiðsluráð er í raun og veru svona afleidd breyting sem engum sköpum skiptir að gangi í gegn meira að segja. Um leið og sjálft sameiningarfrv. er orðið að lögum þá liggur það þannig að hin nýju heildarsamtök landbúnaðarins taka við öllum réttindum og skyldum þeirra aðila sem þar eru að sameinast. Það liggur í hlutarins eðli og leiðir reyndar líka af ákvörðun laganna, það er tekið sérstaklega fram með jákvæðum hætti þannig að af því mundu í sjálfu sér ekki hljótast nein vandræði þó að til að mynda orðalagsbreyting á ákvæðunum um Framleiðsluráð í búvörulögum biði betri tíma vegna þess að það mundi sjálfkrafa verða þannig að ný búnaðarsamtök tækju yfir hlutverk Stéttasambandsins sem hefur tilnefnt í Framleiðsluráð og þar af leiðandi er þetta meira svona lagasnyrting ef svo má að orði komast að breyta orðalaginu þannig að heildarsamtök bænda komi í stað þess þar sem áður stóð Stéttarsambandið í ákvæðinu um Framleiðsluráð landbúnaðarins í búvörulögum. Það er ekki efnisbreyting í reynd vegna þess að hin nýju samtök taka við þessu hlutverki. Að því leyti til mætti svo sem verða umræða um þetta mál svo fremi sem sameiningarfrv. sjálft verði að lögum og það þarf auðvitað að gerast nú fyrir jól til þess að hin nýju samtök geti hist í byrjun næsta árs.

[11:26]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég bendi á að sameiningarfrv.

sem slíkt er ekki orðið að lögum og minni neisti en það hefur oft orðið til þess að hleypa öllu í bál og brand milli stjórnarflokkanna þegar landbúnaðarmál eru annars vegar þannig að ég held að við ættum að ganga í það að afgreiða þessi mál.

[11:26]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér hefur lítið mál valdið nokkurri umræðu og þar á auðvitað hæstv. landbrh. sök á og ég hlýt að ítreka þá spurningu sem borin hefur verið fram við hann að hann skýri fyrir okkur í þessari umræðu hvers vegna hann er að vísa málinu aftur til nefndar því að það er auðvitað það sem hann er að gera með þessari beiðni. Við þurfum að halda aftur fund í landbn. til þess að fara yfir þessar brtt. og þá væntanlega fá skýringu á því þar hvers vegna hann er að tefja málið. En ég held að það hafi ekki komið nægilega skýrt fram í umræðunni að þessar breytingartillögur eru komnar fram að beiðni bændasamtakanna. Það var fulltrúi bændasamtakanna, Haukur Halldórsson, sem lagði það til við nefndina að þessar tvær breytingar yrðu gerðar. Þær eru mjög auðskiljanlegar. Annars vegar verða heildarsamtök bænda ekki ný nema í örstuttan tíma og þess vegna er þetta orð óþarft inni í lagatextanum og hins vegar er það atriði að það sé ákveðinn sveigjanleiki varðandi það hvenær kosið skuli í Framleiðsluráð, það sé ekki bundið fastri dagsetningu eins og hér er gert. Það er ljóst að það mun gerast einhvern tímann á þessu tímabili í kringum mánaðamótin mars/apríl en það var tillaga bændasamtakanna að þetta yrði ekki bundið með þessum hætti og það kann að vera að það þurfi einhvern sveigjanleika varðandi það að kalla saman fundi til þess að þessi kosning fari fram.

Ég ítreka það að ég vona að hæstv. landbrh. skýri þessa beiðni sína fyrir okkur. Ég held að þarna sé um einhvern misskilning að ræða af hans hálfu og það væri eðlilegt að við gætum afgreitt þetta mál hér, enda er það lítið og sjálfsagt mál að afgreiða.

[11:28]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Þetta hafa nú verið mjög fróðlegar og efnisríkar umræður. Ég vil í fyrsta lagi segja við hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur, 15. þm. Reykv., að ég kannast ekki við það þótt þess sé óskað að menn fái að athuga einhverjar breytingartillögur við frv. á milli 2. og 3. umr., að það sjálfkrafa kalli á það að nefnd sé kölluð saman. Þetta er ekki þingvenja svo að ég viti til og er auðvitað alveg fullkomlega út í hött að kalla nefndir saman ef ekkert hefur gerst sem gefur tilefni til þess. Þetta er *því mikill misskilningur á störfum* þingsins og hefur ekki verið um það beðið.

Ég vil líka segja við hv. þm. Steingrím J. Sigfússon, 4. þm. Norðurl. e., að það frv. sem hér liggur fyrir er mjög einfalt í sniðum og gefur ekki tilefni til einhverra dýpri ályktana eða útúrsnúninga. Það sem málið snýst um er að því er slegið föstu í 1. gr. eins og frv. liggur fyrir að Framleiðsluráð skuli skipað frá og með 1. apríl ár hvert. Þar sem ég hafði ekki séð brtt. áður þá rétt hvarflaði að mér hvort það væri rétt að setja einhver ákveðin tímamörk því að það er ekki talað um það að stjórn Framleiðsluráðs skuli kjörin á aðalfundi nýrra bændasamtaka eins og mér skildist á hv. þm. að þeim hefði fundist, heldur er gert ráð fyrir því að stjórn nýrra heildarsamtaka skipi 14 menn í ráðið. Þetta er ekki hitamál fyrir mér. Ég hafði einungis ætlað mér að ræða við formann landbn. á milli 2. og 3. umr. hvort það væri rétt að hafa einhver tímamörk í sambandi við skipan nýs Framleiðsluráðs. Mér er ekki fast í hendi þó frv. fari svo fram með þeim breytingum sem nefndin lagði til og get alveg fallist á það en ég ítreka það sem ég sagði að þetta undarlega upphlaup hér, þó efnisríkt væri, kom mér algerlega í opna skjöldu og ástæðan fyrir því að ég hafði ekki rætt við formann landbn. var einungis að ég hafði ekki séð þessa brtt. Málið er í mínum huga ekki stórmál en lýsir með nokkrum hætti hvikulu geði sumra þingmanna til þess að finna hið minnsta tækifæri til þess að standa uppi í þessum stól og láta ljós sitt skína. (Gripið fram í.) Nú grípa þrír hv. þingmenn fram í og fallegust er nú röddin í hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni enda má kannski segja að svona ef maður lítur út frá fegurðarsjónarmiðum einum og tísku megi vel vera að hann taki sig betur út á mynd í þessum stól heldur en ég.

[11:32]

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég get tekið undir það með hæstv. landbrh. að þetta er ákaflega efnisrík og sérkennileg umræða. Það er kannski sérkennilegast að hæstv. ráðherra skuli ekki hafa kynnt sér þær brtt. sem koma frá nefnd eftir meðferð á hans eigin frv. Ég hélt að menn hefðu nú ekki annað að gera í ráðuneytum en að fylgjast með framgangi þingmála sem hæstv. ráðherrar leggja fram. En við lærum allaf eitthvað nýtt og sjáum hér á hinu háa Alþingi.

En það er ástæða til að vekja athygli á því að það eru fleiri mál sem hæstv. ráðherra hefur neyðst til að biðja um að flyttust til 3. umr. og hér mun á morgun verða á dagskrá frv. til fjáraukalaga og þar hygg ég að ráðherra komi einnig ef hann hefur ekki frétt af hvernig fjáraukalögin líta út og óski eftir frestun til 3. umr. vegna þess að til þess að fullnægt sé framlögum til jarðræktarlaga og framlögum til þess að framkvæma búvörusamning muni ósköp einfaldlega vanta í fjáraukalögin 600–700 millj. Mér er sagt að í nefndaráliti hv. landbn. sem væntanlegt er, en held ég hefur ekki verið lagt fram enn þá, muni þetta verða staðfest. (**EgJ:** Það liggur fyrir.) Því hefur ekki verið dreift. (**EgJ:** Jú, í nefndinni.) Já, en ekki á hinu háa Alþingi, á ég við. (**EgJ:** Já.) Það er *því fleira sem* verður að fara til 3. umr. og sýnir náttúrlega svo að ekki verður um villst að landbúnaðarmálin eru í kreppu svo að vægt sé til orða tekið og þess vegna mikill hroki af hæstv. ráðherra að koma hér í ræðustól og heimta að málum sé frestað, jafnvel smámáli eins og hér er um að ræða án skýringa. Og ef það mætti verða hæstv. ráðherra til upplýsingar þá held ég að ég verði sem fyrrv. forseti þessa þings að upplýsa að óski ráðherra eftir breytingu eða frestun á breytingartillögum nefnd-

ar þá leiðir það af sjálfu að nefndin er kölluð saman aftur. Það hlýtur að vera einhver skýring á þessari ósk hæstv. ráðherra. Varla þarf hann marga daga til að horfa á tvær litlar línur. Það hlýtur því að krefjast meðhöndlunar í nefndinni og yfirferðar aftur svo að þetta er allt saman með hinum mestu ólíkindum. En ég vildi aðeins vekja athygli á því sem menn eiga von á þegar frv. til fjáraukalaga kemur fram.

[11:35]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er að vísu rétt að hv. þm. Guðrún Helgadóttir var um eitt skeið forseti Alþingis. Ég hygg að sú staðreynd breyti engu um þingvenjur. Það sem hún sagði um það að mál sé dregið til baka til 3. umr. kallar ekki ósjálfrátt á að nefnd komi saman, þetta er misskilningur, enda gat hv. þm. ekki vitnað til þingskapagreinar í því sambandi. Það stendur í gömlu kvæði:

Annars eins maður og Oliver Lodge
fer ekki með neina lygi.

Því miður kemur stundum fyrir að annar eins maður og Oliver Lodge fari ekki rétt með.

[11:36]

Guðrún Helgadóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í þingsköpum er gert ráð fyrir því að leyfilegt sé að taka mál aftur til nefndar milli umræðna en auðvitað leiðir það af sjálfu þegar sjálfur hæstv. ráðherra óskar eftir að samhljóða brtt. nefndar hljóti ekki afgreiðslu við 2. umr. heldur verði frestað til hinnar 3., þá hlýtur að vera einhver ástæða fyrir því og sú ástæða hlýtur að kalla á umfjöllun nefndarinnar. Þetta segir sig sjálft þannig að ég held að hæstv. ráðherra geti ekki mótmælt því að slíkt erindi verði til þess að kalla nefndina saman nema ráðherrann þurfi a.m.k. sólarhring til að lesa eftirfarandi orð, með leyfi hæstv. forseta:

„Við 1. gr.

a. Orðið „nýrra“ í 2. málsl. 2. efnismgr. falli brott.

b. Orðin „frá og með 1. apríl ár hvert“ í 1. málsl. 3. efnismgr. falli brott.“

Ég held að þetta hljóti að vera fljótlesið og varla ástæða til að óska eftir að málinu verði frestað til 3. umr. aðeins til að brjótast í gegnum þessar tvær línur.

[11:38]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég sé það og heyri að hv. þm. hefur ekki verið í þingsalnum þegar ég talaði hér áðan. (**GHelg:** Jú, jú.) Þá hefur hv. þm. ekki hlustað. Ég gerði þar í fyrsta lagi grein fyrir því hvernig stóð á því að ég bað um þetta og það voru einungis vangaveltur um það hvort það væri rétt að hafa tímamörk á því hvenær Framleiðsluráð skyldi skipað eftir fund heildarsamtaka bænda vegna þess að það er stjórnin sem gerir það eins og ég sagði en Framleiðsluráðið er ekki kosið á slíkum fundi.

Í öðru lagi tók ég skýrt fram að það væri mér ekki fast í hendi þó málið gengi fram við 2. umr. þannig að þessi hávaði allur saman í hv. þm. var eiginlega of seint fram kominn. Ég sé það og heyri að þingmanninum er það mikið áhugamál að fá að greiða atkvæði um þessa brtt. Þetta er ekki ógnarlegt mál í mínum huga. Ég var einungis að velta fyrir mér hvort það væri rétt að hafa þar einhverja viðmiðun. Það var nú ekki stærra mál. Þetta er mál sem þingmenn eru sammála um og vilja auðvitað að það sé þannig úr garði gert að það tryggi örugga framkvæmd og ég skil satt að segja ekki þennan hávaða.

[11:39]

Guðrún Helgadóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Engan hávaða hef ég haft í frammi um þetta mál. Ég undraðist hins vegar þessa málsmeðferð. Það var hæstv. ráðherra sem upphaflega kom með allnokkrum þjósti og óskaði þess án skýringa að þessari brtt. yrði frestað til 3. umr. Nú hafa menn rætt málið og komist að þeirri niðurstöðu að þetta sé fullkomlega ástæðulaust og ég skil hæstv. ráðherra svo að málið fari einfaldlega í gegnum atkvæðagreiðslu á hinu háa Alþingi og þá er þetta mál leyst eins og vera ber í málefnalegum umræðum. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir að sjá að sér og samþykkja það að þetta mál gangi ósköp einfaldlega til atkvæða eins og vera ber.

[11:41]

Steingrímur J. Sigfússon *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég vil einfaldlega fá að vita það hvort þessar brtt. verða bornar upp til atkvæða eða ekki. Sá maður sem kallaði þær aftur verður þá annaðhvort að falla frá þeirri ákvörðun sinni að kalla tillögurnar aftur eða einhver annar þingmaður að gera tillögurnar að sínum. Ég get út af fyrir sig orðið til þess ef það er tæknilegt vandamál hér að enginn vilji taka upp tillögurnar á nýjan leik, þá má það vera í mínu nafni, en ég óska eftir því að hv. formaður landbn. geri grein fyrir því hver staða málsins er. Heldur hann við ákvörðun sína um að kalla tillögurnar aftur eða ekki?

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Forseti mat það svo að þar sem hv. formaður landbn. hafði ekki tekið aftur þá beiðni sína að atkvæðagreiðsla um breytingartillögurnar fari ekki fram fyrr en við 3. umr., þá mun hún ekki fara fram nú.

[11:41]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég vil ítreka það sem ég sagði áður. Það er mjög óvanalegt út af orðalagi sem lýtur einungis að skipulagi málefna eins og Framleiðsluráðs landbúnaðarins að þingmenn skuli sjá sérstaka ástæðu til þess að vera með upphrópanir í því sambandi. Það er ekki efnislegur ágreiningur í þessu máli. Það eina sem ég var að velta fyrir mér eins og ég sagði áðan var hvort rétt væri að hafa einhver tímamörk í sambandi við skipan nýs ráðs og ætli hv. þm. Steingrímur Sigfússon hafi ekki tekið til máls fjórum eða fimm sinnum um þetta litla atriði. Það lýsir með sínum hætti hvernig hann stendur að þingsköpum nú á þessu þingi.

[11:42]

Frsm. landbn. (Egill Jónsson) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Það er hárrétt hjá hæstv. forseta að ég hef ekki breytt þeirri ósk minni að þessar brtt. komi til atkvæða við 3. umr. Þær hafa ekki að öðru leyti verið teknar til baka enda mundi ég ekki taka neina tillögu til baka öðruvísi heldur en nefndin í heild sinni fjallaði um það atriði og legði blessun sína yfir slíka ákvörðun. Hins vegar felst það í því að hafa forræði fyrir málinu í þinginu að það er að sjálfsögðu ekkert óeðlilegt við það þó að ég leiti eftir því að tillögurnar verði afgreiddar við 3. umr. Ég hef ekki breytt þeirri ósk minni til forsetans að þær komi til umræðu og afgreiðslu við 3. umr.

[11:44]

Steingrímur J. Sigfússon *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Fyrir mér vakti eingöngu þetta að fá það alveg upplýst og fá það á hreint hvort tillögurnar ættu að koma hérna til atkvæða eða ekki áður en umræðunni lyki. Nú hefur hv. formaður landbn. upplýst að hann haldi við þá ákvörðun sína að kalla breytingartillögurnar aftur og þá til 3. umr. eða hann hyggst þá væntanlega endurflytja þær eða landbn. við 3. umr. miðað við það sem hann sagði hér síðast. En það mátti ráða af orðum hæstv. landbrh. sem er í vondu skapi á þessum ágæta degi og er alveg ástæðulaust og heldur leiðinlegt að hann væri hættur við þá beiðni, fallinn frá þeirri beiðni að tillögurnar yrðu kallaðar aftur. Eins og kunnugt er var það sem kom máli þessu af stað upphlaup hæstv. landbrh. hér sjálfs sem kom snúðugur í stólinn og krafðist þess að brtt. yrðu kallaðar aftur án þess að gefa þeirri ósk sinni nokkrar skýringar. Það setti umræðu þessa í gang eins og kunnugt er og dugar ekki fyrir hæstv. landbrh. að reyna að komast hjá því.

(**Forseti** (VS)**:** Forseta finnst nú að hv. þm. sé með málalengingar varðandi þessa atkvæðagreiðslu sem fer fram eftir örstutta stund. Það liggur fyrir að hv. 3. þm. Austurl. dregur ekki til baka þá beiðni sína að breytingartillögurnar komi ekki til afgreiðslu nú.)

Það lá fyrir í svari hv. þm. áðan, hæstv. forseti, og mér er ekki kunnugt um annað en ég hafi þrjár mínútur til að tjá mig um fundarstjórn og fer vinsamlegast fram á það við hæstv. forseta að ég fái nokkurn veginn að ráða þeim ræðutíma sjálfur.

(**Forseti** (VS)**:** Það þarf þá að vera um fundarstjórn.)

Já, hæstv. forseti. Ég er að þakka fyrir að það skuli hafa verið upplýst hér að hv. formaður landbn. hefur ákveðið að halda við þá ákvörðun sína að kalla tillögurnar aftur og ég ætla þá ekki að taka þær upp því að ég tel eðlilegast að landbn. fari áfram með málið. Ég tel að það leiði af sjálfu að landbn. hljóti að koma saman milli 2. og 3. umr. og fara yfir það hvort einhver ástæða er til að breyta þessum tillögum og ef svo er ekki, að taka ákvörðun um að endurflytja þær við 3. umr. og þá koma þær til atkvæða. Ég get prýðilega sætt mig við þá afgreiðslu á málinu, sérstaklega í ljósi þess að hæstv. landbrh. hefur nú upplýst að það voru eingöngu vangaveltur og vanhugsun sem komu honum til að stökkva hér upp og óska eftir því að tillögurnar yrðu kallaðar aftur. Það er nú upplýst sem og hitt að málið verður þá meðhöndlað svona að tillögurnar koma aftur á dagskrá við 3. umr. og verða þá væntanlega samþykktar.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Forseti vill að gefnu tilefni taka það fram að samkvæmt þingsköpum geta aðrir hv. þm. ekki tekið upp við 2. umr. breytingartillögur sem dregnar hafa verið til baka til 3. umr. af flutningsmönnum.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:50]

Brtt. í nál. 311 kölluð aftur til 3. umr.

1. gr. samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, BBj, BIB, DH, EgJ, EMS, FI, GE, GHall, GÁ, GJH, GHelg, HBl, IBA, IP, JÁ, JGS, JHelg, JVK, KÁ, KE, MJ, MF, PP, PJ, PBald, PBj, SigG, SAÞ, SJS, TIO, VS, ÞurP.

30 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, EH, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁS, GunnS, HÁ, JE, JóhS, JBH, JónK, KHG, LMR, MB, ÓE, ÓRG, RA, RG, SalÞ, SP, StG, StB, SvG, VE) fjarstaddir.

2.–3. gr. samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, BBj, BIB, DH, EgJ, EMS, FI, GE, GHall, GÁ, GJH, GHelg, HBl, IBA, IP, JÁ, JGS, JHelg, JVK, KÁ, KE, MJ, MF, PP, PJ, PBald, PBj, SigG, SAÞ, SJS, TIO, VS, ÞurP.

30 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, EH, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁS, GunnS, HÁ, JE, JóhS, JBH, JónK, KHG, LMR, MB, ÓE, ÓRG, RA, RG, SalÞ, SP, StG, StB, SvG, VE) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, BBj, BIB, DH, EgJ, EMS, FI, GE, GHall, GÁ, GJH, GHelg, HBl, IBA, IP, JÁ, JGS, JHelg, JVK, KÁ, KE, MJ, MF, PP, PJ, PBald, PBj, SigG, SAÞ, SJS, TIO, VS, ÞurP.

30 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, EH, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁS, GunnS, HÁ, JE, JóhS, JBH, JónK, KHG, LMR, MB, ÓE, ÓRG, RA, RG, SalÞ, SP, StG, StB, SvG, VE) fjarstaddir.

Þróunarsjóður sjávarútvegsins, frh. 1. umr.

Stjfrv., 258. mál (innflutningur úreltra skipa). — Þskj. 303.

[11:52]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Það fóru fram nokkrar umræður um þetta mál í gær og ég ætla ekki að lengja þær umræður mikið en ég trúi því að eftir þá umræðu hafi allir þeir sem með henni fylgdust séð að þetta er mjög heimskuleg tillaga sem hér hefur verið lögð fram. Það

er kannski gott að hún kemur fram til þess að útskýra það fyrir almenningi í landinu hvers konar stefna það er sem er rekin í þeim málum sem hér eru til umræðu.

Það var nefnilega þannig að þegar fara átti að framkvæma úreldingarstefnu hæstv. ríkisstjórnar kom í ljós að Siglingamálastofnun ríkisins hafði hugsað sér að leyfa skráningu á skipum aftur á skipaskrá eins og eðlilegt er þó svo að þau hefðu verið úrelt sem fiskiskip. Viðkomandi skip hefðu þá verið skráð svipað og þau sem menn kalla núna vinnubáta eða skemmtibáta og eru skráð hjá Siglingamálastofnun ríkisins. Stjórn Þróunarsjóðs taldi þetta vera hina verstu ósvinnu af hvaða ástæðum svo sem það er því ekki áttu þessi skip að fá að vera við veiðar í íslenskri landhelgi heldur einungis að vera til annarra nota eða skemmtunar. Þess vegna er þetta mál er hér fram komið.

Ég held að það verði að láta reyna á það hvort ekki er vilji fyrir því á hv. Alþingi að breyta lögunum um Þróunarsjóð þannig að það fari ekki á milli mála hvað hv. Alþingi vill að framkvæmdarvaldið geri í þessum efnum. Ég held að það hafi ekki verið vilji á hv. Alþingi fyrir því að það þyrfti að eyðileggja öll þau verðmæti sem liggja í fiskiskipaflotanum sem nú er verið að úrelda heldur hafi vilji Alþingis fyrst og fremst staðið til þess að fækka þeim skipum sem væru að veiðum í landhelginni. Það er líka mjög til umhugsunar að þær reglur sem er verið að framkvæma skuli vera í slíku ósamræmi sem nú er. Þar á ég við það að annars vegar ef skip er úrelt þannig að annað skip er smíðað í staðinn, þá er leyfilegt samkvæmt þeim reglum sem nú eru í gildi að skrá fyrra skipið undir íslenskt flagg án veiðiheimilda og nú þegar eru nokkur skip skráð án veiðiheimilda við Ísland. Séu skip aftur á móti úrelt eða greidd út af þessum sjóði sem við eru hér að ræða um, þá ætlast framkvæmdarvaldið til þess að þau skip verði eyðilögð eða flutt úr landi og að aldrei megi flytja þau til Íslands aftur, hvorki sem skemmtiskip, vinnubáta né til veiða í landhelginni þrátt fyrir að önnur skip séu úrelt fyrir þau. Hvaða skynsemi er í þessu? Að mínu viti er engin skynsemi í þessu.

Ég ætla ekki að endurtaka þá hluti sem ég sagði um þetta hér í gær, en ég bendi á að það er nauðsynlegt að gera breytingu á lögunum til þess að stöðva framkvæmdarvaldið á þeirri óheillabraut sem það er á. Ég tel að það eigi að gera þá breytingu að fella úr 8. gr. laganna þann boðskap að það sé óheimilt að veita skipi leyfi til veiða í atvinnuskyni ef Þróunarsjóður hefur greitt styrk vegna úreldingar þess. Ég tel að þau skip sem búið er að taka úr umferð sem fiskiskip eigi einfaldlega að færast yfir í þann flokk skipa sem hafi ekki veiðiheimildir á Íslandsmiðum. Og ef einhver útgerðarmaður síðan vil úrelda sitt fiskiskip og telur hagkvæmara að skipta því út fyrir eitthvert skip sem ekki hefur leyfi til veiða í landhelginni þá á það að vera í hans valdi að velja það skip sem hann telur henta best til þess. Það getur einmitt verið skip sem hefur á sínum tíma verið útbúið sérstaklega til veiða í íslenskri landhelgi en öll þau skip sem nú er verið að úrelda út úr flotanum eru sérstaklega framleidd eða keypt og breytt til veiða í íslenskri landhelgi.

Þetta er breyting sem ég tel að eigi að gera og ég tel nauðsynlegt að hv. Alþingi geri framkvæmdarvaldinu það skilmerkilega ljóst að það sé ekki hugmyndin með lögunum um Þróunarsjóð að það eigi að kasta á haugana eða brenna öll þeim skip sem stendur til að taka út úr þeim flota sem hefur leyfi til veiða.

Þetta er ástæðan fyrir því, hæstv. forseti, að ég taldi ástæðu til þess að taka aftur til máls. Ég trúi því satt að segja eftir þá umræðu sem fór hér fram og eftir að hafa kynnt mér málið dálítið betur að það sé mögulegt að ná samstöðu í Alþingi sem verði til þess að þessari óheillastefnu sem hæstv. ríkisstjórn og framkvæmdarvaldið hefur staðið fyrir frá því að lögin um Þróunarsjóð voru sett verði breytt og að það verði tekið á þessum málum með eðlilegum hætti.

Ég vil minna á það að lokum að þó ekki væri annað en bjarga þeim verðmætum sem þarna eru til staðar og þeim menningarverðmætum sem liggja í síðustu tréskipunum sem voru smíðuð á Íslandi, þá er full ástæða til að taka þetta mál til endurskoðunar.

[11:58]

Pétur Bjarnason:

Virðulegi forseti. Ég velti fyrir mér hvað þetta frv. eigi eiginlega að þýða. Ég hef verið að lesa greinargerð með þessu frv. til laga og sé ekki í þeirri greinargerð að það komi fram hver vandinn er, af hverju nú er talin brýn nauðsyn til að setja ákvæði um að óheimilt sé að flytja inn skip að nýju. Ég vænti þess að það komi fram hver vandinn er, af hverju þetta kemur fram og hvort einhver brögð hafi verið að þessu svo taki um að tala.

Hins vegar langar mig til þess að ræða aðeins um Þróunarsjóð sjávarútvegsins og ýmsar breytingar sem hann hefur haft í för með sér. Þróunarsjóður sjávarútvegsins er að sögn til þess að stuðla að aukinni arðsemi í sjávarútvegi og sú arðsemi fæst með því að úrelda skip og fiskvinnslustöðvar. Skipin eru úrelt og ýmist seld úr landi eða söguð sundur eða brennd á báli. Það liggur fyrir núna samkvæmt greinargerð með frv. að það var búið að lofa 87 úreldingarstyrkjum að fjárhæð 1,5 milljarðar kr. 7. nóv. sl., 1,5 milljarða til að eyðileggja skip. Þetta er allmikill peningur. Þar að auki liggja fyrir 63 nýjar óafgreiddar umsóknir og 34 þeirra skipa eru að úreldingarverðmæti um 413 milljarðar og þar að auki eru önnur 29 skip sem ekki liggur fyrir mat á. Hér er því greinilega um að ræða á þriðja milljarð króna til að saga og brenna skip. Maður hlýtur að velta fyrir sér hvers konar þjóðfélag er það sem stendur að eyðingu verðmæta á þennan hátt.

Í svari hæstv. sjútvrh. nýlega við fsp. hv. þm. Petrínu Baldursdóttur um Þróunarsjóð sjávarútvegsins kom fram yfirlit yfir þau skip sem hafa verið úrelt. Ég vil vekja athygli á því að fiskiskip eru nokkuð varanleg eign. Það er hægt að róa báti býsna lengi og hafa af honum öll þau not sem til er ætlast. Tíu ára gamall bátur er kallaður nýr eða nýlegur, hann er talinn vera það. Á þessum lista yfir úreldingu skipa sem á að eyða að mestu leyti eru 43 skip tíu ára og yngri sem ríkissjóður er að kaupa til að eyðileggja. Og það sem meira

er að 12 skip eru fimm ára og yngri. Fimm ára fiskiskip er glænýtt fiskiskip, þar af er eitt 160 tonna skip. Það hlýtur að vera ástæða til að menn spyrji hvort svona ráðslag sé það sem kallað er þjóðhagslega hagkvæmt. Ég get ekki með nokkru móti séð að það sé þjóðhagslega hagkvæmt að taka ný atvinnutæki og þar að auki rándýr atvinnutæki til að saga þau í sundur eða senda þau á bálið.

En hvað leiðir menn út í þessar úreldingar? Hverjir eru það sem eru að úrelda? Mikið af þessum bátum eru aflamarksbátar sem fengu á sínum tíma úthlutað kvóta. Það var byggt á reynslu þeirra sem aflamanna. Ef við lítum á skiptinguna á sínum tíma milli þeirra sem tóku aflamark og þeirra sem tóku krókaleyfið þá er mjög ljóst hjá þeim sem til þekkja að þeir sem tóku aflamark voru mennirnir sem höfðu fiskað, sem höfðu róið, sem höfðu aflað. Þeir tóku aflamarkið og þeim var reyndar gefið ákveðið fyrirheit um að það væri vænlegra fyrir þá, þeir fengju að halda sinni reynslu, þeir fengju að nýta afrakstur af sinni vinnu. Þeir tóku því aflamarkið en ekki krókaleyfi. Nú er staðan sú eins og margoft hefur verið bent á hér að þeir sem tóku aflamarkið eru með um fjórðung þess sem þeir fengju í upphafi. Sá sem var við hliðina á þeim og tók krókaleyfið á nú orðið mun betri möguleika á að bjarga sér en aflamarksbáturinn.

Með stigminnkandi aflahlutfalli minnka að sjálfsögðu tekjur manna af þessu. Flestir þeir sem tóku aflamark eru einyrkjar, þ.e. mjög margir þeirra sem eru á minni bátum eru einir með bátana sína. Þeir höfðu af þessu tekjur sem dugðu þeim og þeirra heimilum til framfærslu. Þegar fjórðungur er eftir af þeim tekjum sem þeir höfðu við upphaf kvótaúthlutunar þá segir það sig sjálft að þeir geta ekki lifað af þessu. Þeir geta ekki fengi krókaleyfi. Nauðvörnin hjá þeim er að selja bátinn, þ.e. úrelda bátinn, horfa á nýtt fiskiskip kannski fimm ára gamalt sagað í sundur eða brennt og þeir verða að leita sér að annarri vinnu. Þetta er það sem hefur knúið þessa menn til að fara út í úreldingu bátanna. Ég velti því fyrir mér hvort það geti verið að þetta stuðli að aukinni arðsemi í sjávarútvegi. Ég velti því líka fyrir mér hvort þetta sé atvinnustefna ríkisstjórnarinnar, að láta smíða skip til að greiða síðan fyrir að eyða því. Ef það er atvinnustefna þá er hún með því vitlausasta sem hægt er að hugsa sér.

Sem betur fer tókst að koma í veg fyrir tillögur tvíhöfða nefndar á sínum tíma um að aflamark yrði sett á alla báta. Ég er hræddur um að 2–3 milljarðar hefðu dugað skammt þegar aflamarkið síðan fór að rýrna og reyndar var það svo lítið sem hugsað var í upphafi að það hefði engum dugað til framfæris. Þá hefði verið mikið sagað og mikið brennt.

Ég get ekki með nokkrum móti séð að sú stefna sem birtist í frv. um Þróunarsjóð sjávarútvegsins sé hagkvæm fyrir þjóðfélagið. Ég fæ ekki séð að þetta sé stefna sem geti skilað okkur áleiðis í því að fá arðsemi í sjávarútvegi.

Svo ég víki aftur að aflamarksbátunum. Hefði ekki verið skynsamlegra í stað þess að knýja menn til þess að afhenda bátana á bálið eða undir sögina að nota eitthvað af þessum fjármunum til að auka arðsemi í sjávarútvegi þannig að þessir menn héldu vinnunni, byggðarlögin héldu þeim afla sem þeir náðu og kaupa af t.d. frystitogurunum, þessum stóru skipum sem eiga möguleika á að sækja út fyrir landhelgina, kvóta og afhenda þessum mönnum til þess að þeir ættu þá möguleika á að bjarga sér?

Ég held að menn ættu mjög að skoða hvernig þessum 2 milljörðum er varið, hvort það er hagkvæmt fyrir þjóðarbúið og hvort þetta sé í reynd aðgerð sem stuðlar að aukinni arðsemi í sjávarútvegi. Ég leyfi mér mjög að efast um það og ég ítreka þá spurningu: Hvernig stendur á því að þetta frv. er komið fram? Hafa verið brögð að því að skip hafi verið flutt inn og skráð hér á landi eða eru menn að búast við að það sé einhver stór vá fyrir dyrum í þeim efnum?

[12:07]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég verð að lýsa því yfir eins og margir sem hafa rætt þetta mál í morgun og í gær að mér finnst þetta alveg furðuleg breyting sem á að gera á lögum um Þróunarsjóð sjávarútvegsins. Ég get ekki séð að nein þörf sé á því að vera að setja þessa grein í lögin. Mér fannst líka mjög athyglisvert það sem hv. þm. Jóhann Ársælsson upplýsti um áðan, að sé nýtt skip byggt þá má hið fyrra vera áfram á skipaskrá án veiðiheimilda hér við land, þ.e. ef verið er að byggja nýtt og taka annað úr rekstri þá má það eftir sem áður vera áfram á skipaskrá. Það má líka í því sambandi minna á að á þinginu í fyrra voru tekin á skipaskrá gömul skip sem höfðu verið flutt til landsins frá Kanada um það bil einu ári eða nokkrum mánuðum áður. Þau voru skráð á skipaskrá eftir að þau voru flutt til landsins til að stunda veiðar en höfðu ekki neinn kvóta í íslenskri lögsögu.

Þróunarsjóður sjávarútvegsins var settur á til þess að hagræða og skapa betri aðstöðu fyrir þá sem eru í sjávarútveginum og hann tók við af Úreldingarsjóði fiskiskipa sem áður var. Lögin um þann úreldingarsjóð voru fyrst og fremst hugsuð til þess að aðstoða þá sem þurftu nauðsynlega að fara að endurnýja sín fiskiskip. Þá var orðið um gömul og nokkuð úrelt fiskiskip að ræða og nafnið á sjóðnum var í raun og veru réttnefni þannig að það þurfti að taka þessi skip úr rekstri og fá önnur nýrri og hagkvæmari, búin betri tækjum, í staðinn. Á þeim forsendum var Úreldingarsjóður fiskiskipa fyrst og fremst áður fyrr. Það er hins vegar allt annað hlutverk sem Þróunarsjóður sjávarútvegsins hefur því hann á að taka úr rekstri skip, hvort sem þau eru ný eða gömul og ekkert síður ný skip eins og hér hefur komið fram. Það má líka vekja athygli á því að í greinargerð segir að stjórn Þróunarsjóðs hafi veitt loforð fyrir úreldingarstyrkjum upp á 1,5 milljarða króna og umsóknir liggi fyrir um allt að 0,5 milljörðum í viðbót. Þetta er 45% af húftryggingarverðmæti þeirra skipa sem hér um ræðir. Það er því alveg óhætt að tvöfalda þessa tölu og rúmlega það þegar við erum að tala um verðmæti þeirra skipa sem hér er verið að eyðileggja ef þetta gengur eftir og raunar er verið að framkvæma þessi lög. Þá er verðmæti þessara skipa á

fimmta milljarð króna. Í mörgum og kannski flestum tilfellum er um að ræða nýleg skip sem eru í fullum rekstri.

Ég tel að sú stefna að Þróunarsjóður greiði styrki vegna úreldingar í þessu skyni sé svo fáránlegur, ef hægt er að segja svo, að við ættum ekki að ljá máls á því að ræða einu sinni þetta frv. á Alþingi. Frv. um Þróunarsjóðinn fékk sl. vor mikla umfjöllun og það voru mikil mótmæli við því að það frv. færi hér í gegn og það er sannarlega til þess að rifja þetta allt upp aftur að leggja fram þessa brtt. Ég sé alls ekki hvaða tilgangi hún þjónar. Væri ekki betra að þau skip sem á annað borð er verið að úrelda samkvæmt lögum sem í gildi eru um Þróunarsjóðinn væru þá nýtt til einhverra þeirra hluta sem hægt væri í stað þess að brenna þau eða saga í sundur. Það er hörmung til þess að vita hvernig stjórnvöld hafa staðið að þessu máli.

Enn og aftur vil ég vekja athygli á því sem ég sagði í upphafi að það er búið að taka á skipaskrá skip sem voru flutt hingað sem ekki eru með fiskveiðiheimildir, gömul úrelt skip sem kannski duga ekki nema örfá ár í viðbót. Þar á ég við þau sem hafa fyrst og fremst verið keypt til veiða í Smugunni, en á meðan er verið að brenna og henda og má alls ekki skrá ný skip sem gætu vel þjónað ýmsum hlutverkum í framtíðinni.

[12:14]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég hefði gaman af að vita, hæstv. forseti, hvar hæstv. sjútvrh., 1. þm. Suðurl., er á vegi staddur. Það er nú svo að þó að maður taki því, með fullri virðingu að sjálfsögðu, að annar starfandi ráðherra fari með þau mál í fjarveru hæstv. ráðherra þá væri það að mörgu leyti mjög æskilegt ef hæstv. sjútvrh., 1. þm. Suðurl., gæti verið viðstaddur einhvern hluta þessarar umræðu og svarað fyrir um þau mál þannig að ég vil byrja á því að leyfa mér að spyrja forseta hvort eitthvað sé hægt að upplýsa um það.

(**Forseti** (SalÞ): Að því er forseti veit best þá mun hæstv. sjútvrh., Þorsteinn Pálsson, vera erlendis í opinberum erindum.)

Og ekki væntanlegur heim á næstunni? (**Gripið fram í:** Hann kemur í dag.) Hæstv. forseti. Ég vissi að hæstv. sjútvrh. hafði verið erlendis því það kom fyrr fram í umræðunni að hæstv. sjútvrh. væri að kenna Chilemönnum á kvótakerfið en ég hafði ástæðu til að ætla að hann væri á heimleið því síðan fréttist af honum í Brussel og ég verð að segja það alveg eins og er að ég hefði að mörgu leyti ... (**Gripið fram í:** Búinn að útskrifa þá í Chile.) Það er búið að útskrifa þá í Chile í öllum klækjum kvótakerfisins og guð veri með lýsingnum og öðrum stofnum sem þeir veiða þar. En hitt væri að mörgu leyti mjög þénugt ef hæstv. sjútvrh. gæti orðið viðstaddur því í sjálfu sér er það þannig að það gefast e.t.v. ekki önnur tækifæri til að ræða stöðu þessara mála, þar með talið framkvæmdina á þessum úreldingarmálum við hinn eina og sanna sjútvrh. Og tek ég þá skýrt fram að þetta ber ekki að skoða sem vantraust á nokkurn hátt á starfandi sjútvrh. en ef hitt væri í vændum að sjávarútvegsráðherraskipti (**Samgrh.:** Það eru nýmæli.) færu fram í dag þá hefði það auðvitað verið æskilegt.

Hæstv. forseti. Þetta frv. til laga um breytingu á lögum um Þróunarsjóð er alveg ótrúlegt frv., arfavitlaust frv. satt best að segja. Þó að það sé í sjálfu sér ómerkilegt og e.t.v. ekki ástæða til að gera úr því stórt mál þá er það fyrst og fremst alveg ævintýralegt að þetta skuli vera það sem hæstv. ríkisstjórn telur mesta þörf á að leggja fyrir þingið um málefni sjávarútvegsins. Það er einhver taugaveiklun út af því að það er hugsanlegt að fáeinar trillur kynnu að verða á íslenskri skipaskrá sem hefur verið borgað fyrir úr Úreldingarsjóði gegnum það að menn mundu skrá þær í Færeyjum í smástund og síðan kaupa þær hingað aftur. Það er slík vá fyrir dyrum í sjávarútvegsmálum að ríkisstjórnin rýkur upp til handa og fóta og flytur sérstakt frv. um þá ósvinnu. Svo þegar er spurt hvort að þessu séu mikil brögð þá er lítið um svör. Að vísu er e.t.v. um að ræða eitt tilvik að mér skilst, þ.e. að það liggi ein beiðni fyrir um skráningu á báti. Það er allt og sumt. En þá grípur um sig slík taugaveiklun og hræðsla að það má ekki minna kosta en að hingað komi inn sérstakt stjórnarfrv. um það mál.

Það sem hins vegar vekur sérstaka athygli er það að með þessu er verið að lýsa því yfir að ríkisstjórnin ætli ekki að grípa til neinna ráðstafana eða breyta í einu eða neinu reglunum um úreldingu eða stefnu sinni á þessu sviði. Nú liggur það fyrir samkvæmt gögnum sem hér hefur verið dreift á þinginu að í raun og veru er fyrst og fremst verið að úrelda bátaflotann og smábátaflotann og þeir skipta hundruðum bátarnir sem eru að hverfa úr íslenska flotanum þessa mánuðina og er þá alls ekki ólíklegt að eftir sé skriða umsókna sem lagðar verði inn fyrir áramótin. Því miður er það svo, hæstv. forseti, eins og afkoman er í þessari grein og ástandið er í báta- og smábátaútgerðinni þá er alls ekki hægt að útiloka það að skriða umsókna sé væntanleg inn núna fyrir áramótin m.a. vegna þeirrar hótunar sem stjórn Þróunarsjóðs lætur hanga í loftinu að úreldingarprósentan, greiðsluprósentan, verði lækkuð á næsta ári.

Hæstv. forseti. Eins og ég vakti athygli á fyrr í umræðunni þá er það þeim mun sérkennilegra að þetta skuli eiga að halda svona áfram sem það liggur fyrir að ríkisstjórnin hefur algjörlega gefist upp við að móta nokkra stefnu um þessi mál. Það er engin stefna um skráningu skipa, fiskiskipa á Íslandi. Hún er eins handahófskennd og vitlaus og nokkuð getur verið, þ.e. samkvæmt lögum er enn bannað að flytja inn fiskiskip og skrá þau hér þótt veiðileyfalaus séu að sjálfsögðu önnur en þau sem búið var að gera kaupsamninga um fyrir 30. apríl sl. Eins og kunnugt er afgreiddi þingið það mál þannig á sl. vori til að bjarga þeim málum sem þá lágu fyrir að þau skip má skrá á íslenskan fána, svonefnt hentifánaskip sem keypt höfðu verið til landsins á mánuðunum og missirunum þar á undan. En þar var dregið við strik í trausti þess að hæstv. ríkisstjórn mundi síðan móta einhverja stefnu í framhaldinu um það mál. Það hefur ekki verið gert. Það liggur ekkert fyrir um það. Svo að til að mynda aðilar sem núna

vilja kaupa 16 ára gamalt mjög vel búið og öflugt *frystiskip til veiða á Reykjaneshrygg eða til veiða í* fjarlægum heimsálfum í samstarfsverkefnum við aðra en á íslenskum fána geta það ekki. Hins vegar geta þeir íslenskir útgerðarmenn, sem eru að endurnýja skip sín, skráð gömlu skipin sem missa veiðileyfið fyrir hið nýja skip á Íslandi. Þannig getur í sjálfu sér orðið til á næstu mánuðum eða árum þess vegna býsna stór floti íslenskra skipa sem verður á íslenskum fána, skráður á Íslandi en án veiðileyfa í íslensku efnahagslögsögunni. Hugsum okkur að þannig komi til til að mynda til viðbótar við þau skip sem nú þegar geta gert þetta, bæði þau sem hafa komið úr íslenska flotanum á undanförnum árum og eins hin sem keypt voru til landsins erlendis frá fyrir 30. apríl sl. Og gefum okkur nú að innan tveggja ára verði komin í þennan útgerðarflokk veiðileyfalausra skipa í skilningnum íslenska efnahagslögsagan svona 30–40 skip. Það eru engar takmarkanir á því. Þess vegna gætu orðið endurnýjaðir hér á *næstu tveimur árum 20–30 ísfisktogarar, stór nóta*skip eða jafnvel frystiskip og öll fengið skráningu áfram á Íslandi en án veiðileyfa í íslensku lögsögunni. En hver er þá orðinn munurinn á því að leyfa einhverjum úreltum skipum að vera sömuleiðis á þessari skrá? Ég leyfi mér að spyrja: Hver er þá orðinn munurinn? Hann er auðvitað enginn annar en sá að í öðru tilvikinu hefur verið borgað fé úr Úreldingarsjóði fyrir skipin en í hinu tilvikinu ekki. Ef til að mynda um er að ræða það sem því miður blasir við að í mörgum tilvikum er úreldingarsjóðurinn að borga fyrir nýleg skip og sú þróun er auðvitað alveg áberandi í smábátunum að menn eru að úrelda nýjustu skipin þá er þetta náttúrlega enn fáránlegra eins og menn geta séð í þessu skriflega svari við fyrirspurn um þá báta sem hafa sótt um eða fengið úreldingu á undanförnum árum. Þar úir og grúir af bátum frá árunum 1987, 1988, 1989 og 1990. Það eru sem sagt nýir bátar sem þarna er verið *að úrelda í stórum stíl. Þá er þetta auðvitað ekki* þannig að það sé skynsamleg hagræðing í gangi í þeim skilningi að elstu og óhagkvæmustu skipin séu að hverfa úr flotanum, nei, öðru nær. Það er neyðin sem er að reka eigendur jafnvel nýjustu bátanna til að úrelda þá og henda þeim og eyðileggja þá en síðan halda menn áfram að gera út gamla báta. Mér er meira að segja kunnugt um dæmi þar sem menn hafa úrelt tiltölulega nýlegan bát, þriggja, fjögurra ára bát og sett í gang á nýjan leik 35 ára gamalt hró til að róa á. Af hverju gera þeir þetta? Af því að þeir fá miklu meira út úr úreldingunni á nýja skipinu. Er nú einhver glóra í þessu? Halda menn að það væri ekki gáfulegra að veiðileyfið væri tekið af gamla hróinu og borgað fyrir að koma því úr rekstri en nýrra og hagkvæmara skip sem mikil verðmæti liggja í gæti haldið áfram?

Niðurstaðan er sú að af þessu klúðri öllu saman í sambandi við endurskoðun fiskveiðistefnunnar og málefni þessa úreldingar- eða samdráttarsjóðs, afturfararsjóðs sjávarútvegsins að smábáta- og bátaútgerð á Íslandi er í stórum stíl að þurrkast út, veiðiheimildirnar flytjast á frystiskip á haf út og það er að verða þarna breyting á samsetningarmynstrinu í íslenskum sjávarútvegi sem að mínu mati er stórháskaleg. Fram hjá þessum hlutum sem þarna eru að gerast ætla menn sem sagt algjörlega að horfa og hafa ekkert annað þarfara við tímann að gera en að eyða honum í umræður um arfavitlaust frv. af þessu tagi sem hér á í hlut. Þetta er sem sagt innlegg hæstv. ríkisstjórnar til málefna sjávarútvegsins á þessum vetri.

[12:25]

Jóhann Ársælsson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég vil lýsa yfir mikilli óánægju minni með það að í gær þegar þessi umræða hófst þá fór ég fram á það að henni yrði frestað þar til hæstv. sjútvrh. yrði viðstaddur. Það var ekki orðið við þeirri ósk og það gefið til kynna að sjútvrh. væri í útlöndum og ég a.m.k. skildi það þannig að þetta væri löng ferð og ekki von á sjútvrh. á næstunni og af þeim ástæðum væri ekki hægt að fresta umræðu um þetta stórmerkilega mál sem hér er á dagskrá. Það kemur síðan í ljós að hæstv. sjútvrh. mun vera að koma til landsins *í dag* og a.m.k. hefur hann boðað fund með þingmönnum Suðurlands á morgun þannig að það hefði verið hægt að hafa hæstv. sjútvrh. við þessa umræðu með því að fresta henni ekki mjög lengi. Það hefur sýnt sig í umræðunni að hæstv. sjútvrh. hefði átt að vera hér því hæstv. starfandi sjútvrh. skilur greinilega ekki upp eða niður í þessu máli. Svör hans og umræða sem hann hefur tekið þátt í hér um þetta mál hefur a.m.k. sannfært mig um það að hann skilur ekki tilganginn í því að úrelda skip út úr fiskiskipastólnum. (**SJS:** Lái honum hver sem vill.) Hann leggur það að jöfnu, virðist vera, hvort skipið hefur veiðileyfi við Ísland eða ekki. Það virðist engu máli skipta í hans augum. Ég a.m.k. hefði vonast til þess að hæstv. sjútvrh. skildi muninn á þessu tvennu og þess vegna hefði verið ástæða til bara af þeim ástæðum að hann hefði verið hér til staðar til að ræða þetta mál. Það verður ekki úr þessu, ég geri ekki ráð fyrir að þessi umræða standi *það lengi að hæstv. sjútvrh. verði kominn til hennar en* ég get ekki annað en látið koma fram óánægju mína við hæstv. forseta vegna þess að hann neitaði því að fresta þessari umræðu vegna þess að þetta liggur fyrir og ég geri ráð fyrir því að hæstv. ráðherrar láti hæstv. forseta vita af ferðum sínum hversu lengi þeir eru fjarri ættlandinu þannig að það sé hægt að taka tillit til þess við stjórn þingsins.

[12:27]

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Það er niðurstaðan að halda þessari umræðu áfram að hæstv. *sjútvrh. fjarstöddum.* Ég verð að segja það að þetta er ekki mikil virðing fyrir því máli sem hér er um að ræða. Málefni Þróunarsjóðs sjávarútvegsins eru auðvitað stórmál og það hefði verið full þörf á því að taka umræðu um stöðu þeirra mála í tengslum við þetta frv. Ég skil nú satt að segja ekki miðað við gang þingmála hér hvað knýr stjórn þingsins og hæstv. ráðherra til þess að halda þessu máli til streitu í dag. Ég veit ekki betur en hæstv. sjútvrh. sé að koma til landsins og það hefur verið þannig að það hefur verið pláss á dagskrá hér í þinginu það sem af er til að ræða mál. E.t.v. munu sjá dagsins ljós á næst-

unni tekjuöflunarfrumvörp ríkisstjórnarinnar, þau hafa nú ekki gert það enn þá, en það er nú svo að á mánudaginn kemur fyrsti jólasveinninn, Stekkjarstaur, hann mun kannski vera með þessi tekjuöflunarfrumvörp í poka sínum og þá verður náttúrlega þröngt á dagskrá og ekki hægt að ræða málefni Þróunarsjóðs sjávarútvegsins. En hins vegar er það svo að þingið hefur verið meira og minna og ríkisstjórnin óstarfhæf í haust og verklítil vegna þess að ráðherrar hafa yfirleitt verið í útlöndum, langtímum saman. Það er auðvitað misjafnt. Sumir hafa verið heima en aðrir ekki. Ég er ekki að gera lítið úr því að erindi ráðherra til útlanda geti verið brýn, ég er ekkert í þeirra hópi sem telja að öll erindi til útlanda séu einhverjar lystireisur, langt í frá. Það er mikilvægt að sinna þeim samskiptum. En ég tel algjöran óþarfa að halda til streitu að ræða þetta frv. í dag, rétt áður en hæstv. sjútvrh. kemur. Ég skil það alveg þó að hæstv. landbrh. geti ekki staðið í svörum fyrir þessi flóknu mál sjávarútvegsins, ég tel það eðlilegt og ekkert við því að segja og ég vil lýsa óánægju minni með þetta.

Eitt af meginhlutverkum Þróunarsjóðs sjávarútvegsins er að stuðla að fækkun fiskiskipa og í umræðunum hefur verið rakið að þróunin er mjög alvarleg um þessar mundir. Erfiðleikar bátaflotans eru mjög miklir í landinu og heimildir þeirra eru orðnar mjög af skornum skammti. Þar á ég ekki eingöngu við smábáta eða báta undir 10 tonnum heldur allan bátaflotann. Það er alveg ljóst að þróunin hefur orðið sú að skip eru úrelt tiltölulega ný og hent vegna þessara erfiðleika. Það er þannig og því verður ekki á móti mælt að ekki hefur verið unnið að því sem skyldi að færa á milli heimildir í flotanum miðað við þær aðstæður sem eru uppi hverju sinni. Ekki er mjög langt síðan að sú ráðstöfun var gerð að láta loðnuflotann hafa heimildir í þorski vegna þess að það voru vandræði í loðnuveiðum og loðnubrestur og við þær aðstæður þótti það eðlilegt. Nú hefur sá floti t.d. haft úr miklu meira að spila á undanförnum vertíðum en áður en þessi ráðstöfun hefur eigi að síður verið látin standa. Ég held að þessi mál þurfi að skoða miklu betur og það hefði getað haft áhrif á þá þróun sem ég var að nefna hér.

Ég held að sú þróun að bátaútvegur leggist af sé neikvæð fyrir sjávarútveg í landinu og auðvitað er hrein sóun að úrelda tiltölulega ný skip og henda þeim. Auðvitað hefði þurft að taka þessi mál til umræðu í tengslum við þetta frv. en sökum þess að hér er ekki hægt að skiptast á skoðunum við ráðherra um þessi mál hefur það kannski ekki mikið upp á sig. En ég vil enn einu sinni fara fram á að umræðunni verði frestað og hún verði tekin upp aftur þegar hæstv. sjútvrh. mætir á staðinn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samsettir flutningar o.fl. vegna EES, 1. umr.

Stjfrv., 251. mál. — Þskj. 294.

[12:35]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Tilgangur frv. er að fullnægja skyldum samkvæmt samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði og afla nauðsynlegra lagaheimilda til að lögfesta ýmsar gerðir á sviði samsettra flutninga sem geta haft áhrif hér á landi. Með samsettum flutningum er átt við flutning vöru með ólíkum samgöngutækjum á vegum, járnbrautum og skipgengum vatnaleiðum.

Á síðasta þingi var lagt fram sérstakt frv. til laga um flutning með járnbrautum, skipgengum vatnaleiðum og fleira vegna aðildar Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu. Það frv. náði til ýmissa gerða XIII. viðauka um flutningastarfsemi, einkum þess hluta sem fjallar um flutninga á landi og vegum, járbrautum og skipgengum vatnaleiðum. Frv. náði ekki fram að ganga.

Nú hefur Eftirlitsstofnun EFTA fallist á að Ísland þurfi ekki að taka upp í landsrétt þær gerðir er lúta að flutningum með járnbrautum og skipgengum vatnaleiðum. Hins vegar er Íslendingum skylt að lögfesta aðrar gerðir svo sem á sviði samsettra flutninga sem geta haft áhrif hér á landi og fyrir íslensk fyrirtæki sem vilja hasla sér völl á þessum vettvangi á Evrópska efnahagssvæðinu. Með frv. þessu er lagt til að svo verði gert.

Ég sé ekki ástæðu til að tíunda hvaða gerðir hér er um að ræða heldur vísa í því efni til ítarlegrar greinargerðar með frv.

Ég legg til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. samgn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 12:37]

Útbýting þingskjala:

Atvinnuréttindi útlendinga, 165. mál, nál. félmn., þskj. 323; brtt. félmn., þskj. 324.

Brú yfir Jökulsá eystri í Skagafirði, 272. mál, frv. StG, þskj. 321.

Jöfnun verðlags, 268. mál, frv. RA o.fl., þskj. 317.

Tilkynning um dagskrá.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Eins og komið hafði fram sl. þriðjudag var það ósk hæstv. fjmrh. að fram gæti farið sameiginlega umræða um 8. og 9. dagskrármál. Forseti ætlar að bera það undir fundinn að nýju hvort fallist er á að umræða fari fram sameiginlega en það hefur borist bréf frá þingflokki framsóknarmanna þess efnis að umræðutími verði tvöfaldur.

[13:34]

Steingrímur J. Sigfússon *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég kem hingað til að ítreka þá afstöðu *mína að ég tel óeðlilegt að rætt sé um meira en* eitt mál í einu við þessar aðstæður. Þegar óskað er eftir auknum ræðutíma til að fjalla um mikilvægt mál, þegar heill þingflokkur leggur fram slíka beiðni, liggur að sjálfsögðu á bak við sá vilji viðkomandi að hafa rýmri tíma til þess að ræða það mál sem beiðnin beinist að. Við þær aðstæður tel ég óeðlilegt að öðru dagskrármáli sé hnýtt þar aftan við. Ég geri að sjálfsögðu ráð fyrir því að þegar ítarleg umræða hefur farið fram um aðalmálið, það fyrsta sem kemur fyrir af þessum tveimur eða reyndar þremur frv. sem nú hefur verið dreift og tengjast málinu verði að sama skapi styttri umræður um hin. En ég er ekki sammála því að þessi háttur verði hafður á og vænti þess að forseti taki það til greina. Ég hef skilið þetta ákvæði svo að því sé fyrst og fremst beitt þegar algjör samkomulagsmál eru á ferð sem enginn gerir ágreining við að séu rædd samtímis en ekki þegar um er að ræða stórmál sem ágreiningur kann eða er líklegur til að verða um og alls ekki þegar svo háttar til að þingflokkur hefur borið fram ósk um að ræðutíminn verði tvöfaldaður eða ákveðið að nýta sér rétt sinn sem ég, ef ég man rétt, er fyrst og fremst um að ræða að menn eigi þann rétt að fá tvöfaldan umræðutíma ef eftir því er leitað bréflega af hálfu eins þingflokks. Þannig að ég fer fram á það að umræðan verði venjubundin og ræðutíminn tvöfaldur eins og óskað hefur verið eftir.

[13:36]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég mun að sjálfsögðu ekki grípa fram fyrir hendur á stjórn fundarins og virði óskir hv. þingmanna. En ég vil þó benda á að hér eru á ferðinni þrjú frv., tvö þeirra eru flutt af fjmrh., eitt af dómsmrh. Frv. eru í sjálfu sér sáraeinföld og þau tvö sem átti að ræða í dag eru efnislega um nákvæmlega sama málið og annað frv. er í raun og veru bara leiðrétting á lögum sem afleiðing af hinum. Það að hafa tvöfaldan ræðutíma, jafnvel í málunum báðum í dag, er nánast misþyrming á þessum rétti sem um getur í þingsköpum. Ástæða þess að í þingsköpum er heimilt að taka saman mál í einni umræðu er að málin séu af nákvæmlega sama stofni og séu svo náskyld að varla verði hægt að tala um þau nema saman. Ég bendi á, virðulegi forseti, máli mínu til stuðnings að í fyrrakvöld, held ég að það hafi verið, ræddum við hvort taka skyldi á dagskrá þessi mál og ástæðan þess að ekki var hægt að ræða þessi tvö mál þá var að menn töldu að þriðja málið væri svo náskylt að það yrði að liggja fyrir þegar hin tvö væru tekin fyrir til umræðu. Ég féllst á það vegna þess að í raun er þetta allt saman eitt mál byggt á sömu stefnunni og breytingarnar eru afleiddar vegna þeirrar stefnu, þær koma fram í frumvörpunum þess vegna.

Ég mælist þess vegna eindregið til þess að hv. þm. endurskoði afstöðu sína til þessa máls og leyfi umræðunni að fara fram í einu lagi og skal góðfúslega taka undir að það er ekkert nema sjálfsagt að það sé tvöfaldur ræðutími um málið ef það er rætt á þennan hátt. En auðvitað, virðulegi forseti, er þetta mál í höndum forseta.

[13:39]

Steingrímur J. Sigfússon *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Það liggur þannig að það hefur eingöngu verið sett fram ósk um það að ræðutími sé tvöfaldur við umræðuna og ef þannig er að henni staðið að fyrra dagskrármálið sé tekið sér gildir sú beiðni um það. Því þyrfti að koma til önnur ósk ef fara ætti fram á að það yrði jafnframt tvöfaldur ræðutími um hið seinna mál. Ég held að málið liggi þannig. Mér vitanlega hefur hún ekki komið fram og hún mun ekki koma fram af minni hálfu því ég tel að það sé út af fyrir sig alveg fullnægjandi að fá rúman ræðutíma til að ræða aðalmálið sem er fyrsta málið sem kemur fyrir þar sem sjálf kerfisbreytingin er innleidd og þá geti síðan orðið tiltölulega stutt umræða um seinna málið.

Hitt er líka ljóst að frv. eru sitt hvað þar sem í öðru þeirra, því fyrra, felst í raun og veru kerfisbreytingin og sú stefnumótun sem í því felst að hverfa frá því fyrirkomulagi sem verið hefur. Í hinu síðara felst síðan tæknileg útfærsla og lagaákvæði sem varða álagningu gjaldanna með þeim hætti sem verður ef farið yrði að taka tekjur af áfengissölu gegnum tollun áfengisins inn í landið. Þess vegna er að mörgu leyti eðlilegt að þetta tvennt sé rætt aðskilið. Ef fyrra frv. næði fram að ganga er hitt að sjálfsögðu afleiðing af því, hin tæknilega útfærsla málsins. En ég vísa til þess sem ég hef áður sagt og rökstutt að ég tel að það sé eðlilegra að haga þessu svona þegar á ferðinni er mál sem ágreiningur er um og ósk hefur komið fram um að tvöfalda ræðutíma séu ekki forsendur fyrir því að hnýta fleiri málum aftan í. Sú ákvörðun sem er í vændum kann að vera fordæmisgefandi vegna þess að mig rekur satt best að segja ekki minni til þess að áður hafi staðið þannig á að menn hafi farið fram á að það yrði ekki spyrt saman málum í umræðum og þess vegna bið ég forseta að íhuga vel úrskurð sinn sem ég veit auðvitað að forseti gerir og vona að hann falli á þann veg að við höfum venjubundna röð.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Þar sem því er andmælt að umræða fari fram sameiginlega um 8. og 9. dagskrármál þá mun forseti að sjálfsögðu taka tillit til þess og tekur nú fyrir 8. dagskrármál.

[13:42]

Jón Helgason *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hæstv. forseta fyrir þennan úrskurð sem ég tel vera eðlilegan eftir að beiðni kom fram frá hv. 4. þm. Norðurl. e. að ræða málin aðskilin þannig að þá verður tvöfaldi ræðutíminn um fyrra málið.

Ég óskaði eftir því í fyrrinótt að umræðum um þessi tvö mál yrði frestað þar sem þau eru þannig uppbyggð að þau voru eiginlega meiningarlaus þangað til þriðja frv. kemur í ljós sem hæstv. fjmrh. sagði að vísu að væri væntanlegt. Nú er það frv. komið en ég verð nú

samt að segja að mér finnst þessi röðun á dagskrá röng því raunverulega er það frv. frá dómsmrh. sem er grundvallarmálið. En ég ætla ekki að gera athugasemd við þessa röðun en að sjálfsögðu kallar það þá á tvöfalda umræðu um málið. Þannig að þegar það síðara mál kemur til umræðu þá verður það auðvitað rætt líka.

Verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf, 1. umr.

Stjfrv., 255. mál. — Þskj. 298.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Forseta hefur borist bréf, sem dags. er 6. des. 1994, og vekur athygli á því að það var þann dag sem 8. dagskrármál var fyrst á dagskrá Alþingis. Bréfið hljóðar svo:

„Ég vil fyrir hönd þingflokks framsóknarmanna og með vísan til 55. gr. 3. mgr. þingskapa Alþingis óska eftir því að umræður í dag, þriðjudag, um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf, verði lengdar, þ.e. að ræðutími þingmanna verði tvöfaldaður.

Fyrir hönd þingflokks framsóknarmanna,
Finnur Ingólfsson, formaður."

Forseti verður við þessari beiðni og er því ræðutími tvöfaldur.

[13:44]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf, með síðari breytingum.

Þetta frv. er eitt þriggja frv. sem lögð eru fram um sama efni og byggjast á sömu ákvörðun og sömu stefnumörkun hæstv. ríkisstjórnar. Hin frv. tvö eru annars vegar 256. mál þingsins þar sem er um að ræða frv. til laga um gjald af áfengi og hins vegar frv. til laga um breytingu á áfengislögum sem hæstv. dómsmrh. hefur lagt fram fyrir hönd ríkisstjórnarinnar og er 269. mál Alþingis. Mér er ljóst að það kann að vera erfitt í umræðunni að gera mun á þessum frv. öllum og það verður að líta á þau í einni heild. Þess hefur verið beiðst að haga umræðunni þannig að einungis verði rætt um þetta eina frv. og til þess er ætlaður tvöfaldur ræðutími. Ég vonast til þess, virðulegur forseti, að sú ákvörðun verði til að flýta fyrir umræðunni í hinum málunum tveimur. Ég vil einnig láta þess getið að það er ekki ætlun ríkisstjórnarinnar úr því sem komið er að fá þetta mál afgreitt fyrir jól. Þeir sem hafa áhyggjur af því að þeim gefist ekki ráðrúm til að kynna sér málið geta vænst þess að fá að gera það yfir jólahátíðina og þar til þing kemur saman á nýjan leik. Þetta frv. tengist með engum hætti fjárlagagerð eða lánsfjárlögum heldur byggist á öðrum sjónarmiðum. Þess skal strax getið að það er ekki ætlunin að þetta frv. dragi úr tekjum ríkisins. Hér er einungis um að ræða tilfærslu þannig að í stað þess að tekjurnar myndist hjá Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins myndast tekjur ríkisins með sérstöku gjaldi sem lýst er í frv. til laga um gjald af áfengi en það er 256. mál þingsins. Þeir sem hafa kynnt sér þetta mál sjá að hér er ekki um verulega efnisbreytingu að ræða hvað þetta snertir. Ég vil einnig taka fram að ekki verður um breytingu að ræða á smásölu þannig að ÁTVR mun áfram stunda sína smásölu eins og hingað til hefur verið gert og einnig þeir aðilar sem hafa vínveitingaleyfi og er því engin breyting á smásölunni frá því sem nú er í gildandi lögum.

Þess vegna, ég legg ríka áherslu á það, er ekki um að ræða breytingu á áfengisstefnu, sem svo hefur verið kölluð, og reyndar hefur íslenska ríkisstjórnin til að mynda lýst því yfir og það oftar en einu sinni og síðast í tengslum við EES-samninginn að Íslendingar teldu sér skylt og rétt að fylgja þeirri áfengisstefnu sem hingað til hefur verið fylgt og er hluti af heilbrigðis- og félagsstefnu íslenska lýðveldisins og víðtæk samstaða væri um. Þessi yfirlýsing var gerð í sambandi við EES-samninginn og gerð einnig af hálfu ríkisstjórna annarra Norðurlanda.

Þess ber einnig að geta að þær ríkisstjórnir a.m.k. tvær þeirra, sú finnska og sú sænska, hafa breytt sinni stefnu með svipuðum hætti og hér er verið að gera og ég veit ekki betur en að ætlunin sé að gera slíkt hið sama í Noregi. Ég tel því að hér sé ekki um að ræða breytingu á áfengisstefnu, það lækkar ekki verð á áfengi frá því sem nú er og það verða ekki til nýir smásölustaðir þótt þetta eigi sér stað, áfram munu gilda nákvæmlega sömu lög um þau atriði.

Þetta frv. sem ég er að mæla fyrir fjallar um, eins og komið hefur fram, breyting á lögum nr. 63/1969, um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf, með síðari breytingum. Það var á ríkisstjórnarfundi hinn 26. júlí sl., að ríkisstjórnin samþykkti að leggja fram tillögur um breytingu á löggjöf sem snerta innflutning og sölu á áfengum drykkjum. Tillögur þessar eru liður í margvíslegum breytingum á áfengissölu sem unnið hefur verið að á undanförnum árum. Hafa þær miðað að því að setja skýrar reglur um vöruval og innkaup hjá ÁTVR, bæta þjónustu við neytendur og draga úr tilkostnaði, m.a. með útboði á rekstri útibúa. Þetta er í samræmi við fyrirheit í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um að draga úr ríkisumsvifum þar sem þess er kostur. Í samræmi við þetta og vegna breyttra aðstæðna er með þessu frv. lagt til að einkaréttur ríkisins til innflutnings á áfengi verði afnuminn.

Þau sjónarmið sem færð voru fyrir einkarétti ríkisins til innflutnings og heildsölu á áfengi voru að með þeim hætti mætti afla ríkissjóði tryggra tekna í formi vínandagjalds af vörum þessum auk þess sem líklegar þótti að þetta fyrirkomulag tryggði betur en ella hagstæðari innkaup á vörum þessum til landsins. Einnig hefur verið á það bent að með einkaréttinum væri mun auðveldara að annast eftirlit með innflutningi á áfengi þar sem honum mætti aðeins einn aðili sinna með löglegum hætti.

Telja verður að framangreind sjónarmið eigi ekki lengur við um innflutning og heildsölu þessara vara.

Afla má ríkissjóði sömu tekna og hann hefur af vínandagjöldum þessum með öðrum hætti en þeim að ríkið hafi einkarétt á innflutningi og dreifingu umræddra vara í heildsölu. Tekna þessara má einfaldlega afla með innflutningsgjöldum og sambærilegum gjöldum af innlendri framleiðslu sé um hana að ræða á sama hátt og tíðkast varðandi innheimtu annarra óbeinna skatta. Möguleikar til eftirlits með ólögmætum innflutningi og sölu þessara vara verða ekki síðri eftir þessa breytingu. Jafnframt þessu má benda á að óþarft er fyrir ríkið að vera í rekstri sem einkaaðilar eru færir um að leysa af hendi eða annist slíkan innflutning fyrir einkaaðila einkum þegar haft er í huga að ekki skiptir máli fyrir ríkissjóð hvor hátturinn er hafður á.

Í frv. til laga um gjald af áfengi sem flutt er samhliða þessu frv. og ég hef áður minnst á er gerð grein fyrir því að þessi breyting muni ekki hafa áhrif á tekjur ríkissjóðs af áfengi. Gjöld af áfengi breytast úr vínandagjaldi sem er ákveðið í dag af fjmrh. í áfengisgjald sem verður bundið í lögum og verður innheimt við tollafgreiðslu.

Að því er einstakar greinar þessa frv. varðar er það að segja að frv. gerir ráð fyrir því að felld séu úr gildi öll ákvæði er varða einkarétt ríkisins til innflutnings á áfengi. Jafnframt skilgreinir frv. hverjir hafa heimild til að endurselja það áfengi sem flutt er til landsins.

Í 1. gr. frv. er opnað fyrir þann möguleika að aðrir aðilar en Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins geti flutt til landsins áfengi. Samkvæmt greininni fer það eftir ákvæðum áfengislaga hverju sinni hvernig heimild til innflutnings á áfengi er.

Gert er ráð fyrir því að öllum verði heimilt að flytja til landsins áfengi en hins vegar verði einungis heimilt að endurselja það til ákveðinna aðila. Þeir sem mættu kaupa áfengi sem flutt er til landsins væru Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, veitingastaðir sem hafa rétt til að selja áfengi, læknar og lylfsalar sem hafa rétt til lyfsölu.

Í 2. og 3. gr. frv. eru lagðar til breytingar sem miða að því að afnema einkarétt Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins til að flytja inn áfengi til sölu innan lands og til endursölu til þeirra sem hafa vínveitingarleyfi eða hafa leyfi til að framleiða áfengi innan lands.

Skv. 4. gr. frv. verður ekki lengur gerð sú krafa að allar vörur sem Áfengis- og tóbaksverslunar selur séu merktar með nafni verslunarinnar eða merki hennar. Þetta kemur þó engan veginn í veg fyrir að Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins taki ákvörðun um að vörurnar séu merktar með einhverjum hætti.

Samkvæmt gildandi lögum er Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins skylt að taka við áfengi sem framleitt er í heimildarleysi, þ.e. bruggi og gambra. Í 5. gr. frv. er lagt til að þessi skylda verði afnumin enda fellur það ekki að annarri starfsemi Áfengisverslunarinnar að annast geymslu á slíkum varningi fyrir lögregluyfirvöld. Það er að sjálfsögðu lögregluyfirvalda að annast þá geymslu og koma slíkum varningi fyrir kattarnef.

Ég ítreka það, virðulegur forseti, að hér er ekki um að ræða breytingu á áfengisstefnunni sem slíkri. Þetta er hins vegar eðlilegt framhald af breyttum viðskipta-háttum sem hafa verið að mótast á undanförnum árum, reyndar nokkrum undanförnum árum, hjá Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins og hófust með svokölluðum sérpöntunum sem nú viðgangast. Það hefur gerst að undanförnu í verslun og innflutningi áfengis að Áfengis- og tóbaksverslunin hefur sett fram skrifaðar reglur sem öllum eru sýndar og opnar um það hvaða vörur eru valdar til sölu í verslunum Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins. Á grundvelli stjórnsýslulaga þótti rétt að setja fastari reglur um þetta til þess að hægt væri að kæra til ráðuneytisins úrskurði sem byggðust á reglum Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins þannig að ekki væri verið að gera upp á milli innflytjenda. Lög sem Alþingi samþykkti hafa gert það að verkum að skyldur eru lagðar á Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins umfram það sem áður var. Fyrir vikið er fyrirsjáanlegt að mjög erfitt er fyrir Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins að standa að innflutningi á áfengi eitt fyrirtækja og miklu líklegra til árangurs á grundvelli þessarar lagaþróunar er að innflutningurinn verði opnaður en það breytir ekki því hverjir geta keypt vín af heildsölum því þar er ekki um neina breytingu að ræða samkvæmt frv.

Virðulegi forseti. Ég vona að þetta skýri meginhugmyndirnar. Þetta er þróun sem átt sér stað á meðal þjóða sem eru skyldastar okkur eins og ég nefndi áðan, Finnlandi og Svíþjóð. Þetta er eðlileg þróun sem hlýtur að eiga sér stað vegna þess að verslun með þennan varning hefur verið að breytast en undir engum kringumstæðum er hér verið að breyta meginkjarnanum í áfengisstefnunni sem auðvitað er sá að halda uppi verði á áfengi.

Ég vil taka fram að á undanförnum árum hefur sú stefnubreyting orðið hjá ÁTVR að nú eru boðnar út áfengisútsölur úti á landsbyggðinni. Þetta hefur þróast mörg undanfarin ár. Áður en ég kom í ráðuneytið var þessi þróun hafin. Nú hafa verið opnaðar að ég best man þrjár áfengisverslanir með þessu sniði en að sjálfsögðu er þó skylt að sá sem ber ábyrgð á versluninni sé í starfi sem opinber starfsmaður og það er engin breyting á frá því sem áður var. (Gripið fram í.) Blönduósi, Stykkishólmi og Borgarnesi, þar var um útboð að ræða. En áður höfðu verið opnaðar áfengisverslanir í Höfn á Hornafirði og Neskaupstað þar sem ríkið stóð með svipuðum hætti að versluninni þótt ekki hefði verið í þeim tilvikum alltaf um útboð að ræða. Engin slík breyting á sér stað með þessu frv. heldur einungis verið að opna fyrir innflutninginn.

Eitt til viðbótar, virðulegi forseti, vil ég nefna og það er að með lögum og reglum um frísvæði er miklu auðveldara að fást við þennan innflutning því að nú geta erlendir framleiðendur átt varning hér á landi á frísvæðum og hægt er að færa það inn í landið í þeirri merkingu, tollalegri merkingu þegar þurfa þykir. Þannig hafa viðskiptahættir verið að undanförnu samkvæmt svokölluðu sérpantanakerfi en nú er verið að taka þetta skref í takt við eðlilega viðskiptaháttu.

Virðulegi forseti. Ég tel ekki ástæðu til þess að fjalla frekar að sinni um það frv. sem hér er til umræðu en að svo mæltu legg ég til að frv. verði að lok-

inni 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

[14:00]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er merkileg ábending um forgangsröðunina hjá hæstv. ríkisstjórn á sama tíma og öll helstu mál sem tengjast afgreiðslu fjárlaga, fjáraukalaga og skattalaga koma ekki til umræðu í þinginu skuli hæstv. fjmrh. knýja á um að þessi frv. séu tekin til umræðu.

Það er rangt hjá hæstv. fjmrh. að hér sé ekki um að ræða breytingu á þeirri áfengisstefnu sem fylgt hefur verið í landinu. Það er alveg skýrt að það er verið að breyta henni með þessum frv. vegna þess að verið er að heimila verulega samkeppni innflytjenda gagnvart veitingarekstri og annarri slíkri sölu áfengis fram hjá því kerfi sem verið hefur til þessa. Það er því verið að opna frjálsa samkeppni á þeim hluta áfengismarkaðarins sem tengist veitingarekstri af einhverju tagi. Það er auðvitað afdráttarlaus stefnubreyting hér á landi.

Það er líka rangt hjá hæstv. fjmrh. að þessi frv. séu í samræmi við þau fyrirheit sem voru gefin af íslenskum stjórnvöldum þegar Ísland gerðist aðili að EES-samningnum. Þau fyrirheit fólu í sér að það yrði óbreytt skipan á þessum málum.

Ég vil þess vegna spyrja hæstv. fjmrh. hvort hann er ekki reiðubúinn til þess að geyma þessa umræðu þar til eftir áramót og mönnum hafi gefist tími til að undirbúa sig undir það. Ég vil í því sambandi nefna sérstaklega að mér og nokkrum öðrum þingmönnum hefur borist greinargerð frá starfsmannafélagi ÁTVR þar sem vakin er athygli á mörgum þáttum í þessu frv. Ég vil spyrja hæstv. fjmrh. hvort þetta frv. hafi verið kynnt starfsmannafélagi ÁTVR og hvort leitað hafi verið álits þeirra eða forstjóra ÁTVR á málinu. Ef hvorugt hefur verið gert finnst mér óeðlilegt að 1. umr. sé að fara hér fram án þess að þingmenn hafi tækifæri til þess að kynna sér þau gögn sem ég og ýmsir aðrir þingmenn og kannski fleiri þingmenn hafi verið að fá frá starfsmannafélagi ÁTVR. Þar sem málið er ekki brýnt, eins og hæstv. fjmrh. sagði áðan, vil ég spyrja hann að því hvort hann er ekki reiðubúinn til þess að láta fresta umræðunni að lokinni ræðu sinni og við höfum tækifæri til að undirbúa umræðuna betur.

[14:02]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil í fyrsta lagi taka það skýrt fram að ég sagði hvergi í minni ræðu að frv. væri flutt vegna fyrirheita sem hefðu verið gefin í EES-samningnum. Það sagði ég hvergi. (Gripið fram í.) Þetta frv. er algjörlega flutt vegna stefnu ríkisstjórnarinnar og það er alveg ljóst hver fyrirvari Íslands var í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Þetta fer hvorki í bága við fyrirvarana né heldur við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Það er hins vegar rétt að ESA, Eftirlitsstofnun EFTA, hefur gert athugasemdir um innflutninginn en við höfum svarað því til og bent til fyrirvarans sem við gerðum þegar samningurinn var undirritaður. Þetta frv. er auðvitað fyrst og fremst flutt vegna þess að við teljum það skynsamlega ráðabreytni.

Ég bendi enn fremur á að nú þegar er samkeppni í sérpantanakerfinu sem er heldur óþjált þannig að það er ekkert nýtt að það sé samkeppni milli innflytjenda um að koma vörum sínum til vínveitingahúsanna.

Ég vil beita mér fyrir því að þetta frv. fái góða og vandaða meðferð í nefnd og ég tel að nefndin eigi að kanna málið frá öllum hliðum og vildi fallast á það ef menn tækju 1. umr. ef málið færi til nefndar og fengi þar gagnlega umfjöllun.

Að því er ég best veit hefur ekki verið talað við starfsmannafélagið að svo stöddu en forstjóri fyrirtækisins er einn þriggja aðila sem sömdu frv. Hinir tveir eru Snorri Olsen, lögfræðingur í fjmrn., og Ari Edwald, aðstoðarmaður dómsmrh. Þeir ásamt Höskuldi Jónssyni eru þeir þremenningar sem kallaðir voru til og hafa samið þau þrjú frv. sem fyrir liggja þannig að forstjóri Áfengis- og tóbaksverslunarinnar hefur að sjálfsögðu komið að málinu.

[14:05]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Við sem höfum starfað með forstjóra Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins vitum mjög vel að hann sinnir auðvitað embættisskyldum sínum ef fjmrh. biður hann að fara í nefnd til að undirbúa frv. af þessu tagi. Það breytir því ekki að hann getur haft skoðanir sem forstjóri Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins á efnisþáttum frv.

Það hefur verið staðfest hér að ekkert hefur verið rætt við starfsmannafélag ÁTVR um frv. Engu að síður hefur starfsmannafélagið að eigin frumkvæði sent til nokkurra þingmanna veigamiklar athugasemdir við frv. Í þeim athugasemdum er m.a. bent á að hagsmunaárekstrar kunni að vera milli formanns þeirrar nefndar sem fjmrh. skipaði til þess að skoða rekstur ÁTVR sem jafnframt var formaður stjórnar Tollvörugeymslunnar því ljóst er að framkvæmd þessa frv. mun styrkja rekstrarstöðu Tollvörugeymslunnar. Það má vel vera, hæstv. ráðherra, að það sé misskilningur. Ósk mín um það að umræðunni verði frestað byggðist á því að ég tel nauðsynlegt að við þingmenn fáum tíma til þess að skoða þau álit, m.a. frá starfsmannafélagi ÁTVR, sem okkur hafa borist þannig að umræðan geti verið eðlileg og efnisleg. Við höfum áhuga á að ræða málið. Mikil og breið samstaða hefur verið um það í þjóðfélaginu að breyta ekki þeirri áfengisstefnu sem hér hefur verið í framkvæmd og fyrrv. ríkisstjórn gaf skýra yfirlýsingu um að henni yrði ekki breytt þó Íslendingar yrðu aðilar að EES.

Auðvitað er alveg ljóst eins og ég les frv., hæstv. fjmrh., að verið er að breyta samkeppnisháttum á vínveitingasölu gagnvart veitingahúsum hvað það snertir að salan verður beint frá umboðsaðilum til veitingahúsanna, ef ég skil frv. rétt. Hæstv. fjmrh. getur þá leiðrétt það ef það er eitthvað rangt en ég ítreka ósk mína til ráðherrans að hann veiti okkur þingmönnum tækifæri til þess að búa okkur þannig undir 1. umr. að hún geti verið eðlileg.

[14:07]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Frv. var lagt fram fyrir nokkrum dögum og það átti að taka það til umræðu fyrir tveimur dögum. Þá varð beiðni um að fresta umræðunni og að sjálfsögðu hefur nægur tími gefist til þess að undirbúa hana. Ég tek fram að sérpantanakerfið byggir auðvitað á samkeppni milli aðila nú þegar en það er umhendis að þurfa að fara í gegnum Áfengis- og tóbaksverslunina þegar ljóst er að hægt er að taka gjöldin af áfenginu strax og síðan þarf ekki að þjóna þeim sem flytja áfengi til vínveitingahúsanna.

Í öðru lagi er rangt að formaður nefndarinnar hafi verið formaður tollvörugeymslunnar. Formaður þessarar nefndar var Snorri Olsen sem samdi frv. Hér er verið að rugla því saman að á árinu 1991 starfaði hópur sem skoðaði málið og skilaði áliti strax á því ári og formaður þeirrar nefndar sem skilaði áliti fyrir þremur árum síðan var Júlíus S. Ólafsson, fyrrv. formaður stjórnar Tollvörugeymslunnar þannig að þetta stenst ekki.

Auðvitað er sjálfsagt að tala við starfsmenn Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins og ég mæli mjög með því að nefndin geri það þegar hún tekur málið fyrir og eins við forstjóra. Mér finnst það alveg sjálfsagt. En ég sé ekki nokkur rök til þess að verið sé að tefja málið nú við 1. umr. Ég hef lýst því yfir að nefndin hafi góðan tíma og fái góðan tíma til þess að fara í gegnum frv., væntanlega fram í janúarlok eða febrúar. Ég bið hv. þm. um að vera ekki að leggja steina í götu frv. til þess að þeir geti lesið heima þann heimalestur sem þeir áttu fyrir löngu að vera búnir með því frv. var á dagskrá fyrir tveimur dögum.

[14:09]

Ólafur Ragnar Grímsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Þegar fer að líða að jólum þá eru yfirleitt tekin til meðferðar þau mál sem þurfa að fá afgreiðslu fyrir jólahlé. Fjmrh. hefur sjálfur lýst því yfir að ekkert liggi á að afgreiða þetta mál. Hann var að enda við að segja það að menn gætu fengið góðan tíma til þess að fjalla um málið. (Gripið fram í.) Í nefnd segir hagsmunaaðili að málinu á fremsta bekk. Þannig að það er auðvitað ekki það sem hér er verið að tala um. Málið er tiltölulega nýtilkomið fram í þinginu. Og það er dálítið sérkennilegt að ráðherrann leggur svona mikið kapp á það að reyna að húrra því í gegnum 1. umr., kannski til þess að koma í veg fyrir að það fái skoðun. Engu að síður er það þannig að frá því að óskað var fyrir tveimur dögum síðan að málið kæmi ekki til umræðu hefur borist hér minnisblað frá starfsmannafélagi ÁTVR, minnisblað sem ég fékk í mitt hólf í dag og ég reikna með að einhverjir aðrir þingmenn eftir því sem mér var sagt hafi líka fengið og mér var tjáð núna fyrir rúmri klukkustund síðan að starfsmannafélag ÁTVR hefði áhuga á því að senda öllum þingmönnum þetta minnisblað sitt þannig að þingheimur gæti fengið tækifæri til þess að kynna sér skoðanir starfsmannafélagsins. Og ef málið er ekki brýnna en svo að það er allt í lagi af hálfu ráðherrans að það fái að liggja hér fram yfir jól, þá skil ég ekki í því hvers vegna ráðherrann vill ekki leyfa þingmönnum, öllum þingmönnum að kynna sér álit starfsmannafélags ÁTVR áður en 1. umr. fer fram. Er ráðherrann eitthvað hræddur um það að frv. þoli ekki álitsgerð starfsmannafélags ÁTVR áður en 1. umr. fer fram? Og hann vilji frekar að sú umfjöllun fari fram á lokuðum nefndarfundum þar sem hvorki fjölmiðlar né aðrir hafa aðgang að því? Það eru ekki nokkur vinnubrögð að haga sér þannig.

Ég vil þess vegna fara fram á það við forseta, fyrst hæstv. ráðherra vildi ekki verða við þeirri sjálfsögðu ósk að bíða með áframhald umræðunnar, hann er búinn að fá að mæla fyrir frv., að því leyti hefur þingið komið til móts við ráðherrann, það er ekkert sem liggur á að afgreiða málið, það er ósk um það að þingmenn fái að kynna sér lykilgögn frá starfsmannafélagi fyrirtækisins og það á að koma í veg fyrir það að þingmenn geti fengið að kynna sér þau gögn þegar 1. umr. fer fram. (**IBA:** Ósköp lestu hægt.) Ósköp lestu hægt, segir hagsmunaaðilinn hérna á fremsta bekk. Ég get vel skilið að hann vilji hraða afgreiðslu málsins.

(**Forseti** (VS): Hv. 5. þm. Reykv.)

Ég skil það ósköp vel að hv. þm. Ingi Björn Albertsson vilji hraða afgreiðslu málsins. Hins vegar var ég ekki að rugla saman neinum nefndum, hæstv. fjmrh. Ég var eingöngu að vísa í það að það hefði verið nefnd til að fjalla um rekstrarform ÁTVR sem forstjóri Tollvörugeymslunnar hefði verið formaður í og ég hugsa nú að ræturnar að þessu frv. sem verið er að ræða hér liggi í því áliti.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Forseti vill vegna orða hv. þm. segja það að það er hlutverk nefnda hv. Alþingis að grandskoða þau mál sem hér eru tekin fyrir og þess vegna sér forseti ekki ástæðu til þess að fresta þessari umræðu.

[14:13]

Jóhann Ársælsson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég vil vegna orða hæstv. ráðherra um það að menn hefðu haft nógan tíma til þess að kynna sér þessi mál segja það að þegar þessi mál voru fyrst á dagskrá fyrir sólarhring síðan eða tveimur, þá voru þessi mál einungis tvö og það var auðvitað fundið að því að í þessum tveimur málum sem fram höfðu verið lögð var gert ráð fyrir breytingum sem byggðust á því að eitthvert lagafrv. kæmi, hið þriðja, og því frv. hefur nú verið dreift í þinginu. Menn hafa ekki haft langan tíma til þess að skoða það frv. en það er á dagskrá núna og ég tel auðvitað eðlilegast og getur ekki hjá því farið að allir þurfi að ræða þessi mál í samhengi sem hér eru lögð fram því að þau hanga öll saman. Þess vegna tel ég að það sé með ólíkindum að menn skuli fyrtast við þó að hér sé beðið um frest til þess að skoða þessi mál betur. Og það þýðir auðvitað ekkert að segja að hér sé ekki á ferðinni stefnubreyting í áfengismálum. Hvernig í ósköpunum dettur mönnum í hug að tala um þetta eins og það sé ekki stefnubreyting í áfengismálum? Það er t.d. gert ráð fyrir því í þessum frumvörpum að hver einasti einstak-

lingur á Íslandi geti flutt áfengi frá útlöndum til einkanota. Það er ekkert talað um það í hve miklu magni megi flytja þetta áfengi til einkanota til landsins eða með hvaða hætti.

(**Forseti** (VS): Halda sig við fundarstjórn forseta.)

Ja, ég er að segja það, hæstv. forseti, að hér er á ferðinni veruleg stefnubreyting. Hér eru á ferðinni frumvörp sem hafa veruleg áhrif á áfengisstefnuna sem hefur verið rekin til breytinga og það er þess vegna fullur rökstuðningur fyrir því að þingmenn fái tækifæri til þess að undirbúa sig undir þessa umræðu.

[14:15]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Það er náttúrlega hreinn útúrsnúningur þegar það er sagt í tilefni orða minna um það að ég sé tilbúinn til þess að nefndin geti grandskoðað þetta frv. og hafi til þess tíma fram í janúarlok, þá jafngildi það því að það þurfi ekki að taka málið hér til 1. umr. af því að þingmenn þurfi að skoða málið. Auðvitað er það svo eins og hæstv. forseti sagði réttilega hér áðan að nefndir grandskoða mál. 1. umr. er almenn, um almenn atriði, frumvörpin hafa legið fyrir í tiltekinn tíma, þau hafa verið áður á dagskrá það hefur verið fallist á að fresta umræðunni og nú átti hún að fara fram í dag.

Í öðru lagi vil ég taka fram að forstjóri Áfengis- og tóbaksverslunarinnar var í hópi þeirra sem sömdu þessi frumvörp og það er sjálfsagt að hann komi til nefndarinnar og gefi skýrslu. Mér finnst, virðulegi forseti, alveg bráðnauðsynlegt að það verði ekki komið í veg fyrir það sem er verið að reyna að gera hér að þetta mál fái efnislega umfjöllun í dag og ég krefst þess að þeir menn sem hafa komið hér á mælendaskrá fái tækifæri til þess a.m.k. í klukkutíma eða svo að flytja efnislega ræðu í málinu því að nú hefur verið haldin framsöguræða og mér finnst eðlilegt að önnur sjónarmið fái að koma fram.

Ég skal í trausti þess að það verði þá gott samkomulag um það að þetta mál verði rætt þótt síðar verði nú fyrir jól og komi til nefndar fallast á það, ef það getur verið til samkomulags að umræður fari hér fram í einn klukkutíma eða svo þannig að önnur sjónarmið komist fram og síðan geta þeir sem hafa ekki enn séð sér fært að lesa þessi frumvörp, lesið frumvörpin og fengið til þess nokkra daga. Ég geri þetta að tillögu minni, virðulegi forseti, í trausti þess að það sé hægt að ná samkomulagi um það að ræða efnislega stjórnarfrumvörp sem fram eru komin og ég vísa því algerlega á bug að minni hluti á þingi geti staðið hér upp og komið í veg fyrir efnisumræður sem þurfa að fara fram um þetta frv. eins og önnur frumvörp hvort sem þau eru frá ríkisstjórn eða hv. stjórnarandstöðuþingmönnum.

[14:18]

Ingi Björn Albertsson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég vil leyfa mér að mótmæla þeirri tillögu sem hæstv. fjmrh. bar fram áðan að umræðan standi aðeins í klukkutíma. Ég er einn af þeim sem eru á mælendaskrá og ég óska eftir því að fá að ræða þetta mál þannig að ég fer fram á það að umræðan fari fram og hún verði klárud.

Aðeins vegna orða hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar undir liðnum störf þingsins eða fundarstjórn forseta, þá kallaði hann mig í tvígang hagsmunaaðila, hagsmunaaðila sem sæti á fremsta bekk. Nú hef ég ekki orðið var við það hjá þessum hv. þm. að hann hafi komið hér í ræðustól þegar verið er t.d. að ræða mál landbúnaðarins. Hér sitja margir bændur á þingi og maðurinn, þessi hv. þm., Ólafur Ragnar Grímsson, hefur þá aldrei tekið sér þessi orð í munn og eru þá ekki margir hagsmunaaðilar hér inni á þingi. Eða varðandi sjávarútveginn, ætli það sé ekki ósköp svipað.

(**Forseti** (VS): Forseti vill biðja hv. þm. að ræða ekki þetta mál undir liðnum fundarstjórn forseta.)

Hv. þm. skýtur sér á bak við það að hann hafi fengið bréf frá starfsmannafélagi ÁTVR og ég skaut því hér inn í umræðuna hvort hann væri svona seinn að lesa og ég held að það verði þá að taka undir það lesendabréf sem birtist núna í Dagblaðinu í dag þar sem fyrirsögnin er: „Lestrarkennsla á Alþingi", en það bréf endar á þessa leið:

„Væri ekki annars bráðsnjallt að hafa lestrarkennslu á Alþingi fyrir treglæsa?"

Ég held að ég verði að fara að taka undir þá tillögu.

[14:20]

Ólafur Ragnar Grímsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Orðið hagsmunaaðili í mínum munni er nú ekkert neikvætt, það er einfaldlega lýsing á staðreyndum, tiltölulega hlutlaust orð en lýsir hins vegar ákveðnum staðreyndum. Og það er út af fyrir sig gott að hv. þm. Ingi Björn Albertsson hefur með svo skýrum hætti eins og hér kom fram í hans ræðu viðurkennt það að hann sé hagsmunaaðili í málinu.

Erindi mitt hins vegar upp í þennan ræðustól var nú að fagna því að hæstv. fjmrh. sýnir vilja til þess að þingmenn fái tækifæri til þess að skoða þetta mál og reyndar þessi mál öll því að þetta er ekki bara eitt frv., hæstv. fjmrh. Ég er fyrir mitt leyti alveg reiðubúinn til þess að taka því tilboði að menn fái að tala hér í klukkutíma sem telja sig vera búnir að undirbúa sig undir það en umræðunni verði síðan að öðru leyti frestað í einhverja daga og menn hafi þá tækifæri til þess að skoða þetta mál betur og búa sig undir það þannig að mér finnst það vera viðleitni af hálfu hæstv. fjmrh. að setja fram hugmynd af þessu tagi.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Forseti hafði þegar kveðið upp þann úrskurð að umræðunni verður haldið áfram.

[14:21]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegur forseti. Ég vil að sjálfsögðu ekki setja mig neitt upp á móti því að þetta mál sem hér er komið fram fái umræðu í þinginu. Ég hefði hins vegar, virðulegur forseti, haft eilítinn áhuga á að vita hver eru áform stjórnarmeirihlutans varðandi þetta mál áfram. Nú er það svo að hér er um að ræða (**Fjmrh.**: Ég hef

sérstaklega tekið það fram, en hv. þm. var ekki við.) (**Gripið fram í:** Það var sagt að ekkert lægi á að afgreiða þetta frv.) Já, það er ágætt að það komi hér fram. (**Fjmrh.:** Það er röng frásögn.)

(**Forseti** (VS): Ekki samtal í þingsalnum.)

Virðulegur forseti. Við skulum gefa hæstv. fjmrh. tækifæri til þess að lýsa því þá yfir, (Gripið fram í.) en það er alveg ljóst að það er ekki nokkur smuga á að fara í vinnu í þessu máli í nefndum fyrir jól. Efh.- og viðskn. er öll af vilja gerð og er búið að leggja upp plan að funda flesta daga fram að jólum þannig að ég hefði nú, virðulegi forseti, álitið að það væri mun nær að hér væri verið að mæla fyrir og ræða um þau mál sem nauðsynlega þarf að afgreiða fyrir jól, en við sjáum hvorki tangur né tetur af.

Útbýting þingskjala:

Fjáraukalög 1994, 66. mál, nál. meiri hluta fjárln., þskj. 325; brtt. meiri hluta fjárln., þskj. 326.

[14:23]

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Þessi mál voru á dagskrá í fyrradag og þegar komið var undir miðnætti aðfararnótt miðvikudags átti að hefja umræðu. Eins og áður hefur komið fram óskaði ég eftir því að þeirri umræðu yrði þá frestað þar sem frv. um breytingu á áfengislögunum sem hæstv. fjmrh. boðaði að mundi koma og augljóslega var undirstaðan eða forsendan fyrir hinum frumvörpunum, var þá ekki komið fram. Nú kom það fram seint á fundi í gær og er sett hér á dagskrá með afbrigðum og sýnir það að það hefur ekki legið hér lengi. En mér fannst athyglisvert að í næturumræðunni í fyrrinótt sagði hæstv. fjmrh. að það færi vel á því að ræða þessi mál að nóttu til, á þeim tíma sólarhrings. Ég vil fyllilega taka undir það viðhorf hans að þessi mál séu þess eðlis og kannski heppilegast fyrir þá sem að þeim standa að þau fái ekki allt of mikla birtu. Ég benti þá á að í frv. því sem hér er nú til umræðu, frv. til laga um breyting á lögum nr. 63/1969, um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf, með síðari breytingum, kæmi fram í fylgiskjalinu í upphafi umsagnar fjármálaskrifstofu fjmrn., með leyfi forseta:

„Með frv. þessu eru gerðar breytingar á lögum um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf, sem fela í sér afnám á einkarétti ríkisins til innflutnings á áfengi."

En eins og frv. hljóðar er um misskilning að ræða sem mér fannst að hæstv. fjmrh. teldi að bæri ekki að taka mjög alvarlega, sá misskilningur væri aðeins í umsögn frá fjárlagaskrifstofu. Ég vil nú bera virðingu fyrir því öllu starfsliði sem þar vinnur og taka alvarlega orð þeirra eins og annarra. En hæstv. ráðherra hefur ekki séð ástæðu til þess að láta leiðrétta þetta eða laga en allur frágangur þessara frv. ber þess ekki vitni að þau hafi fengið vandlega skoðun eða að ríkisstjórninni hafi gefist mikill tími til að ganga frá þeim. Það hlýtur að vekja athygli að athugasemdir við lagafrv., sem nú eru á dagskrá, eru eiginlega nákvæmlega þær sömu og þær voru við frv. til laga um breytingar á áfengislögunum og segja harla lítið um efni frv. að öðru leyti en því að þar kemur náttúrlega skýrt fram hver er stefna og markmið ríkisstjórnarinnar með þessum frv. Að því leyti virðist mér að það eigi ekki við um þessi frv. sem Ríkisendurskoðun sagði að markmið með einkavæðingu ríkisstjórnarinnar væru ekki nógu ljós.

Hæstv. fjmrh. hefur ítrekað hvað eftir annað í framsöguræðu sinni og svörum að ekki væri um að ræða stefnubreytingu frá hæstv. ríkisstjórn. Það getur vel verið að ríkisstjórnin hafi alltaf haft þá stefnu sem kemur fram í frv. Við minnumst þess sjálfsagt öll að fyrir nokkru sagði hæstv. dómsmrh. að hann gæti ekki komið á því frelsi í viðskiptum með áfengi sem hann vildi því að á Alþingi væru menn sem væru að þvælast fyrir honum. En hitt fer ekkert milli mála eins og hér hefur reyndar verið bent á að frv. fela í sér gjörbreytta stefnu miðað við það sem áfengislögin kveða á um. Í 1. gr. áfengislaganna segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Tilgangur laga þessara er sá að vinna gegn misnotkun áfengis í landinu og útrýma því böli sem henni er samfara."

Þetta er 1. gr. frv. um tilgang laganna sem markar áfengisstefnuna og þarna kemur skýrt fram að tilgangurinn er sá einn að vinna gegn misnotkun áfengis í landinu og útrýma því böli. Síðan eru talin upp þau atriði sem stefnan er byggð á og í næsta kafla við eftir að búið er að skilgreina hvað er áfengi er kaflinn um innflutning áfengis. Hann hefst svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstjórninni einni er heimilt að flytja hingað til lands áfenga drykki eða áfengisvökva hverju nafni sem nefnast. Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins annast innflutning."

Hér er alveg skýrt kveðið á um að eitt grundvallaratriði núverandi áfengisstefnu samkvæmt lögum er einkaleyfi ríkisins á innflutningi. Eða getur nokkur haldið því fram að ekki sé ástæða til þess nú ekki síður en áður og jafnvel miklu frekar en áður að þessi lög miði við það að vinna gegn misnotkun áfengis í landinu og útrýma því böli sem henni er samfara. Hæstv. fjmrh. sagði að vísu áðan að aðstæður hefðu breyst. Ég trúi því ekki að mat hans sé þannig að aðstæður hafi breyst á þann veg að það sé síður ástæða til að vinna gegna misnotkun áfengis og því böli sem sú misnotkun veldur.

Hæstv. forseti. Ég ætla þá að leyfa mér að lesa upphaf athugasemda við lagafrv. þar sem mörg athyglisverð atriði koma fram og þá ekki síst stefna ríkisstjórnarinnar. Þannig segir í hinum almennu athugasemdum með lagafrv., með leyfi hæstv. forseta:

„Í samræmi við fyrirheit í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um að draga úr ríkisumsvifum þar sem þess er kostur og vegna breyttra aðstæðna er með þessu frumvarpi lagt til að einkaréttur ríkisins til innflutnings á áfengi verði afnuminn.

Þau rök, sem voru færð fyrir einkarétti ríkisins til innflutnings og heildsölu á áfengi, voru að með þeim hætti mætti afla ríkissjóði tryggra tekna í formi vínandagjalda af vörum þessum auk þess sem líklegt þótti að slíkt fyrirkomulag tryggði betur en ella hagstæðari

innkaup á vörunum til landsins. Einnig var á það bent að með einkaréttinum væri mun auðveldara að annast eftirlit með innflutningi á áfengi þar sem honum mætti aðeins einn aðili sinna með löglegum hætti.

Telja verður að framangreind rök eigi ekki lengur við um innflutning og heildsölu áfengis. Afla má ríkissjóði sömu tekna og hann hefur af vínandagjöldum með öðrum hætti en þeim að ríkið hafi einkarétt á innflutningi og dreifingu umræddra vara í heildsölu. Teknanna má einfaldlega afla með innflutningsgjöldum og sambærilegum gjöldum af innlendri framleiðslu, sé um hana að ræða, á sama hátt og tíðkast varðandi innheimtu ýmissa annarra óbeinna skatta. Möguleikar til eftirlits með ólögmætum innflutningi og sölu áfengis verða ekkert síðri við þessa breytingu. Jafnframt má benda á að óþarft er fyrir ríkið að vera í rekstri sem einkaaðilar eru færir um að leysa af hendi eða annast slíkan innflutning fyrir einkaaðila, einkum þegar haft er í huga að ekki skiptir máli fyrir ríkissjóð hvor háttur inn er á hafður.

Í frumvarpi til laga um gjald af áfengi, sem flutt er samhliða frumvarpi þessu, er gerð grein fyrir því að þessi breyting mun ekki hafa áhrif á tekjur ríkissjóðs af áfengi. Gjöld af áfengi breytast úr vínandagjaldi, sem er ákveðið í dag af fjármálaráðherra, í áfengisgjald sem verður bundið í lögum og verður innheimt við tollafgreiðslu.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að felld séu úr gildi öll ákvæði er varða einkarétt ríkisins til innflutnings á áfengi. Jafnframt skilgreinir frumvarpið hverjir hafa heimild til að endurselja það áfengi sem flutt er til landsins. Með vísan til þessa þykir ekki ástæða til að fjölyrða frekar um efni þess, en hins vegar er vísað til frumvarps um gjald af áfengi."

Það er athyglisvert að áhersla er lögð á það að ekki er ástæða að mati hæstv. fjmrh. til að fjölyrða frekar um efni þessa frv. En eins og menn hafa heyrt er í athugasemdunum við frv. eingöngu fjallað um þetta málefni út frá viðskiptalegu sjónarmiði. Hvernig hægt sé að afla ríkissjóði tekna og hvað það sé miklu betra að láta einkaaðila annast þetta og allt eftirlit verði einfaldara. Hins vegar er ekkert minnst á heilbrigðisþáttinn, áfengisneysluna, áfengisvandamálið eða félagslega þáttinn. Ég mun víkja að því síðar ef tími verður til en þetta eru þau atriði sem fyrirvarinn í EES-samningnum byggðist á. Þ.e. að áfengi skapaði heilbrigðisvandamál og því væri hér einkasala og tilgangur hennar væri ekki fyrst og fremst sá að afla ríkissjóði tekna heldur reyna að draga úr þeim afleiðingum sem áfengisneyslan hefur í för með sér. Ef hæstv. ríkisstjórn snýr nú alveg við blaðinu eins og gert er í þessu frv. og leggur eingöngu áherslu á að hér sé um viðskiptamál að ræða eins og aðrar vörur verða afleiðingarnar að sjálfsögðu alvarlegar. Ef ríkisstjórnin hættir að halda því fram, t.d. fyrir samkeppnisnefnd EFTA og EFTA-dómstólnum, að þetta sé ekki heilbrigðismál heldur aðeins viðskiptamál er hætt við að það sé auðvelt fyrir hana að fá þá niðurstöðu sem fellur að stefnu ríkisstjórnarinnar að telja að áfengiseinkasala eigi engan rétt á sér.

Að leggja eingöngu áherslu á viðskiptaþáttinn setur líka fram það viðhorf að hér sé um venjulega verslunarvöru að ræða sem sé eðlilegt að sé inni í öðrum verslunum eins og við vitum að mikill þrýstingur hefur komið fram um hjá ýmsum kaupmönnum sem sjá hag sinn af því að fá þetta inn í hinar almennu verslanir og áskorun hefur komið fram um frá þeim til ríkisstjórnar. Hér er því að sjálfsögðu um algera stefnubreytingu að ræða að mínu mati með því að minnast ekki á heilbrigðis- eða félagslega þáttinn sem getur haft gífurlegar afleiðingar.

Ég sagði að mér fyndist að þessar athugasemdir með frv. ófullkomnar að öðru leyti en að setja fram stefnu hæstv. ríkisstjórnar. Þó ég hafi reynt að lesa frv. þá eru ærið mörg atriði óljós í mínum huga. Ég hlýt því að biðja hæstv. fjmrh. að upplýsa það nú í þessari umræðu.

Ég er með nokkrar spurningar um það hvernig innflutningurinn á að fara fram. Til þess að ég geti haldið áfram umræðunni síðar ef henni á að ljúka hér þarf ég að fá svör við þessu frá hæstv. ráðherra. Það getur vel verið að eitthvað af þeim svörum sé að finna í greinargerð frá starfsfólki ÁTVR sem ég var að fá í hendur um leið og ég kom hér upp í ræðustólinn. Ég get fúslega viðurkennt að ég er ekki svo hraðlæs að ég hafi haft tök á að lesa hana og finna út efni þeirra mörgu blaðsíðna á þeim tíma. Því vil ég óska eftir því að hæstv. ráðherra væri hér til að svara þessum spurningum.

(**Forseti** (SalÞ): Forseti hefur nú þegar komið áleiðis skilaboðum, hann hefur eitthvað brugðið sér frá hér til hliðar.)

(**Fjmrh.:** Hér er ég.) Þakka fyrir, hæstv. ráðherra. Ég var að segja að þó ég hefði nú reynt að lesa þetta frv. um verslun með áfengi og finna út úr því hvað í því fælist þá væru ýmist atriði enn þá óljós. Í því segir að innflutningur áfengis sé öllum heimill til einkaneyslu og endursölu til þeirra sem leyfi hafa til áfengissölu í smásölu. Hvernig er ætlast til að koma þeirri verslun fyrir? Ekki er minnst einu orði á það hér. Þeir sem eru nú þegar umboðsaðilar eða vilja fá sér ný umboð og hefja innflutning, þeir flytja sjálfsagt þessa vöru inn í tollvörugeymsluna. Þeir mega eftir þessu afgreiða þá þaðan sjálfsagt til þeirra sem hafa leyfi til að neyta eða selja öðrum áfengi. (Gripið fram í.) Nú er heimilt að flytja inn áfengi til einkanota. Því vil ég spyrja hve mikið magn mega menn flytja inn til einkanota? Það er ekkert skilgreint í þessu. Er það ekki ótakmarkað? (**Fjmrh.:** Eins og í dag.) Er hleypt inn í landið í dag ótakmörkuðu magni áfengis til einkanota? Mig langar að fá skýringar á þessum.

(**Forseti** (SalÞ)**:** Ekki samtöl úr ræðustól.)

Það er ekki hægt að svara þessu svona. Það er sem sagt ljóst að möguleiki er fyrir innflytjendur að flytja inn og geyma í tollvörugeymslu. Þaðan geta þeir afgreitt til þeirra sem hafa smásöluleyfi en þeir hljóta líka að hafa leyfi til að fara með þetta í sínar geymslur og dreifa þaðan, það er a.m.k. ekki minnst á það hvernig það eigi að vera. Það er möguleiki að dreifingarstöðvar áfengis verði býsna víða út um hvippinn

og hvappinn. Hvernig á þá að hafa eftirlit með slíkum dreifingarstöðvum? Ég get ekki skilið þá fullyrðingu sem er í frv. og greinargerð og kom fram hjá hæstv. ráðherra að einfaldara sé að hafa eftirlit þegar innflytjendurnir skipta kannski hundruðum en þegar áfengisverslunin ein er með innflutninginn. Ég sé ekkert í frv. hvernig með á að fara.

Mér finnst þó alveg augljóst að með því að taka upp það skipulag sem hér er sett fram muni síðar verða sagt: Áfengisverslun er orðin út um allt og það eru svo margir sem annast þetta. Það hlýtur að vera erfitt að neita því að þetta sé þá stigsmunur en ekki eðlis að smásalan fylgi með. Ég held því að óhætt sé að fullyrða að sú breyting, sem hér er gert ráð fyrir, að vísu fyrst og fremst í frv. um breytingu á áfengislögunum, sem hæstv. dómsmrh. mun síðar mæla fyrir, verði afdrifarík og verði notuð til þess að leysa endanlega upp Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins. En síðan er þá spurningin af hverju er ástæða til að koma í veg fyrir það. Hæstv. fjmrh. sagði að þær breytingar, sem hefðu verið gerðar á verslun síðustu ára, hefðu haft í för með sér *aukna samkeppni um sölu áfengis. Mér virtist hann* nota það sem rök fyrir því að áfram yrði haldið á þeirri braut. En hverjar eru ástæðurnar gegn því? Það er að sjálfsögðu það sem stendur í 1. gr. áfengislaganna um að ástæða sé til að vinna gegn ofneyslu áfengis og afleiðingum hennar.

Fyrir nokkrum árum var gerð breyting á áfengislögum þar sem heimiluð var sala á áfengu öli. Um það urðu harðar umræður og skiptar skoðanir. En allir sögðu að þeir vildu ekki með þeirri breytingu að áfengisneysla og misnotkun áfengis ykist í landinu. Því miður hefur reynslan orðið sú að það hefur farið á annan veg, fyrst og fremst það sem síst skyldi. Ég er með í höndunum smápésa sem er sérprentun úr Læknablaðinu, fréttablaði lækna, 9. tölublaði 1993. Þar er fjallað um könnun á áfengisneyslu unglinga frá því áður en sala á bjór var leyfð og síðan á eftir. Fyrsta könnunin var gerð 1988, *hálfu ári áður en farið var að selja* áfengan bjór, önnur könnunin var gerð ári síðar eða þegar bjórinn hafði verið seldur í um það bil hálft ár og sú þriðja var síðan gerð haustið 1992, þremur og hálfu ári eftir að bjórsala var lögleidd. Það voru 800 einstaklingar sem könnunin náði til. Niðurstaðan sem fram kemur úr þessum könnunum kemur fram í þessum orðum hér, með leyfi hæstv. forseta:

„Það sem veldur áhyggjum er hversu mjög drykkja þeirra sem neyta áfengis hefur aukist eftir að bjórsala var leyfð. Gagnstætt vonum jókst neysla sterkra drykkja verulega. Aukningin varð mest fyrsta árið en hefur haldið áfram síðan. Eins og mynd ber með sér, sem hér fylgir, með hefur heildarneysla pilta 16–19 ára aukist nærri um 80% eftir að sala áfengs öls var leyfð hér á landi. Rúmlega þriðjungur af þessari aukningu er vegna þess að piltar drekka nú verulega meira magn af sterku áfengi samanborið við það sem þeir gerðu áður. Neysla stúlkna á þessum aldri hefur hins vegar staðið í stað. Neysla þeirra sem eru á aldrinum 13–15 ára og drekka áfengi á annað borð hefur rúmlega tvöfaldast eftir að bjórinn var leyfður. Þessi hópur drekkur nú tvisvar sinnum meira af sterku áfengi en áður og í honum drekka stúlkurnar meira en piltar fyrst og fremst af sterku áfengi. Mest hefur verið drukkið af sterku áfengi bæði meðal unglinga og fullorðinna. Unglingar drukku *bjór áður en sala hans var leyfð hér á landi þótt í litlu* magni væri. Neysla unglinga á bjór hefur margfaldast eftir að sala hans var leyfð og neysla á sterku áfengi hefur aukist verulega. Enn er mest af áfengi drukkið í formi sterkra drykkja.

Hin mikla aukning sem hefur orðið á áfengisneyslu unglinga, einkum pilta 16–19 ára, vekur ýmsar spurningar. Hugsanlegt er að umræðan sem varð um áfengi á þeim tíma, sem verið var að hefja sölu á áfengum bjór, hafi haft áhrif á áfengisneyslu unglinganna. Það er þó varla eina skýringin því neysla þeirra hefur haldið áfram að aukast en ekki minnkað aftur eins og skráð sala áfengis í landinu. Hlutfallslegur fjöldi neytenda í eldri aldurshópnum er óbreyttur en hefur minnkað í yngri aldurshópnum. Vaxandi drykkja unglinga sem neyta áfengis er verulegt áhyggjuefni. Nauðsynlegt er að finna leiðir til að draga úr henni til þess að koma í *veg fyrir alvarleg vandamál sem fylgja vaxandi áfeng*isneyslu."

Þetta eru örfá atriði úr niðurstöðu úr þessari könnun sem unnin var af rannsóknarstofu geðdeildar Landspítalans, síðast á árinu 1992 og þau sem gerðu það voru Ása Guðmundsdóttir og Tómas Helgason.

Ég bendi á þetta hér vegna þess að það er auðvitað sorglegt dæmi um það hvaða afleiðingar það hefur í för með sér að auka framboð á áfengi. Þá verða sífellt fleiri sem neyta þess en sérstaklega að neyslan vex. Mér finnst að alþingismenn þurfi að taka tillit til þess og hugsa um hina mannlegu hlið á þessu máli. Hvernig fer fyrir einstaklingunum og fjölskyldunum sem neyta þessarar vöru og að leggja þar eingöngu mælikvarða gróða og hagnaðar, það finnst mér heldur kaldranalegur mælikvarði.

Hæstv. fjmrh. sagði áðan að ekki væri gert ráð fyrir *því að breytingin drægi úr tekjum ríkissjóðs.* En spurningin er sú hvernig dæmið verður þegar gerð er upp afkoma ríkissjóðs. Hvað skyldi þegar hafa kostað þjóðfélagið og ríkissjóð mikið sú aukning sem varð á neyslu áfengis hjá unglingum á því árabili sem ég nefndi áðan? Sem betur fer hefur verið komið upp fjölmörgum stofnunum til þess að vinna að því að bjarga þeim sem eru illa farnir vegna áfengisneyslunnar og þar er unnið mikið sjálfboðastarf. En skaðinn og útgjöldin eru að sjálfsögðu mikil samt sem áður, bæði fyrir ríkissjóð og þjóðfélagið í heild.

Á hverjum degi eða a.m.k. um hverja helgi berast váleg tíðindi um slys og ofbeldi sem ískyggileg eru í þjóðfélagi okkar og sem betur fer segja allir að þurfi að vinna gegn. En það verður þungur róður að eiga við slíkt þegar sífellt er aukinn vandinn. Ég veit ekki hversu mörgum hv. alþm. kemur sú spurning í hug er þeir líta yfir barnahóp, t.d. nemendur í skólum, hversu mörg þessara ungu barna verða búin að bíða skipbrot áður en fullorðinsaldri er náð. Því miður er það ekki stór hópur sem hefur ekki innan sinna vébanda einhvern sem mun eiga eftir að lenda í meiri og minni

vandræðum miðað við það ástand eins og er í dag. Ég get því ekki lagt of mikla áherslu á það af minni hálfu að ríkisvaldið breyti áfengisstefnu sinni eins og hún hefur verið í verki á síðustu árum og geri allt sem í valdi þess stendur til þess að draga úr afleiðingum hennar. Það verður að sjálfsögðu aðeins gert með einu móti, þ.e. að minnka neysluna.

Að sjálfsögðu bera foreldrarnir mesta ábyrgð á sínum börnum og heimilum og vissulega er þar allt of víða pottur brotinn. Ég minnist þess fyrir allmörgum árum sagði þáverandi fangaprestur við mig að því miður væri ástandið þannig hjá sumum foreldrum að þegar þau eignuðust börn væri hægt að fullyrða að innan 20 ára yrðu þau búin að lenda innan veggja fangelsa. Við hljótum að vilja reyna taka höndum saman og breyta þessu ástandi. Það verður ekki gert með því að stinga höfðinu í sandinn og neita þeim staðreyndum að auðvitað veldur áfengisneyslan þessu. Hún er undirrótin að ofbeldi í allt of mörgum tilvikum. Eins og áður hefur komið hér fram eru skýrslur um það að börn í efstu bekkjum grunnskóla, sem neyta ekki áfengis, reykja ekki heldur, aðeins 1% þeirra barna reykir í efstu bekkjum grunnskóla. Hins vegar reykir meira en helmingur þeirra sem neyta áfengis að staðaldri. Sífellt kemur betur í ljós hversu alvarlegar afleiðingar reykinga hafa en það er þó ekki nema hluti af afleiðingunum. Segja má að alls staðar þar sem fjallað er um önnur vímuefni en áfengi, hin ólöglegu vímuefni, hefst neysla þeirra hjá þeim sem neyta áfengis.

Ég veit ekki hvort nokkur könnun hefur farið fram á því hversu mikil sú áfengisneysla þarf að vera, t.d. hjá unglingum til þess að fara að hafa áhrif á aðra vímuefnaneyslu. Ég óttast að hún þurfi ekki að vera ýkjamikil því að dómgreindin er fljót að sljóvgast og þá mótstaðan gegn því að leggja út á þá hættulegu braut.

Ég hef vikið að nokkrum atriðum sem mér eru efst í huga í sambandi við það frv. sem er nú á dagskrá. Eins og ég sagði í spurningum mínum til hæstv. fjmrh. finnst mér að við þurfum að fá langtum skýrari mynd af því hvernig þetta áfengisflæði verður ef sú breyting yrði gerð sem frv. um breytingu á lögum um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf kæmi til framkvæmda. Ég mun að sjálfsögðu reyna nú að nota tímann og lesa þá greinargerð sem, eins og ég sagði áður frá, starfsfólk áfengisverslunarinnar sendi og ég var að fá í hendurnar en hef ekki haft tíma til áður. Ég vænti þess að sú rækilega skoðun, sem nefndir munu inna af hendi við þessi frumvörp þegar þeim hefur verið vísað þangað, muni leiða til þess að menn munu hverfa frá þessari óheillabraut.

[15:05]

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Varðandi frv. hefur þegar komið fram að deilt er um það og má sjálfsagt deila um það hvort hér sé mikil stefnubreyting á ferðinni. Hitt er annað mál og að mínu mati ekki nokkur vafi að frændþjóðir okkar á Norðurlöndum, sem hæstv. fjmrh. gat reyndar um, sem hafa þegar breytt lögum sínum í sömu átt, þ.e. Svíar og Finnar, hafa haft áhyggjur af því ekki einasta að þessar breytingar hafi haft í för með sér neikvæð áhrif heldur einnig að annað muni fylgja á eftir. Út frá því vil ég fjalla um málið að þessu sinni.

Ég held að hafi gleymst mjög í þessu og hv. seinasti ræðumaður, 2. þm. Suðurl., gat reyndar um og það er það að ekki er minnst á að hér sé um heilsufarslegt mál að ræða heldur einungis fjárhagslegt mál. Ég hafna þeirri skilgreiningu að hægt sé að einangra fjárhagsleg mál eða skipulagsleg mál sérstaklega og tengja þau ekki afleiðingum sem þau kunna að hafa á heilsufar fólks.

Það sem fyrst og fremst skiptir máli er það hvort sú breyting sem hér er lögð til og er í þeim þremur frumvörpum sem eru til umræðu og eru öll sama eðlis, þ.e. að gefa heildsölu og innflutning á áfengi frjálst, er í rauninni spurning um áfengisstefnu fyrst og fremst. Það sem hér er verið að opna fyrir er aukin samkeppni í innflutningi á áfengi og að það séu ákveðnir hagsmunir sem að sjálfsögðu öllum innflytjendum ber að gæta. Þar af leiðandi má búast við því að meiri þrýstingur muni verða á þá aðila sem dreifa áfengi því að það er ekki bara samkvæmt þessu frv. að Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins sé með smásöluna. Eins og segir í frv. um breytingar á áfengislögum verður einnig hægt að flytja inn til áfengi einkanota en í þessu felst það einnig að það sé til Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins, veitingastaða og lækna. Ég geri ekki athugasemd við 3. liðinn, til lækna og lyfsala eða lækna með lyfsöluleyfi og lyfsala en það eru veitingastaðirnir, sem geta flutt beint inn. Samkvæmt því frv. sem liggur fyrir til áfengislaga sem við munum ræða hér síðar og dómsmrh. mun mæla fyrir er líka verið að tala um að hægt sé að flytja inn áfengi til einkanota. Það er í rauninni gífurlega mikil breyting og ég get ekki skilið þá röksemd að hér sé í rauninni ekki um stefnubreytingu að ræða. Um það snýst þetta mál fyrst og fremst. (Gripið fram í.) Ég heyri að hæstv. ... (Gripið fram í.) Já, ég veit að hv. 5. þm. Reykv. vill gjarnan halda í það mismæli sem mér varð á, að hann væri hæstvirtur en því miður er það ekki í mínu valdi að úthluta slíkum titlum þannig að ég verð að hafa hann háttvirtan svo sem þingsköp leyfa.

Varðandi reynslu nágrannaþjóða okkar kom réttilega fram hjá hæstv. fjmrh. í framsögu hans að fyrir ákveðinn þrýsting sem deilt er um hvort réttur sé vegna EES-undirritunar ákváðu Finnar og Svíar að breyta sínum reglum og koma á þeirri tilhögun sem hér er lögð til að verði, þ.e. að innflutningurinn sé gefinn frjáls þó að smásalan sé enn í höndum Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins. Þetta taldi hann að hefði ekki haft neitt neikvætt í för með sér en það er hins vegar ekki rétt. Þetta er mál sem margir á Norðurlöndum hafa haft verulegar áhyggjur af og ef ég grip niður í eina grein sem fjallar einmitt um nákvæmlega þetta mál og birtist í sænska dagblaðinu 8. mars sl. þá segir þar, með leyfi hæstv. forseta, og í lauslegri endursögn minni: Nú þegar hefur EES-samningurinn takmarkað mjög möguleika okkar á því að móta stefnu við innflutning á áfengisvörum og vörum sem eru

tengdar áfengi þrátt fyrir að á þjóðþinginu hafi fyrir samþykkt EES-samningsins verið gefið fyrirheit um það og tryggingar fyrir því að svo yrði ekki.

Í umræðunni hefur komið að í Noregi hyggja menn ekki á breytingar, þeir eru með sömu tilhögun og við og þar af leiðandi virðast hæstv. ráðherrar hér vera að ganga á lagið og nýta sér það færi sem þeir þykjast sjá í skjóli EES-samningsins, færi sem er allsendis óvíst að þeir þurfi yfir höfuð að nýta sér.

Ég veit að um þetta er deilt og e.t.v. mun ekki fást niðurstaða í málinu nema fyrir þeim eftirlitsstofnunum og dómstól sem EES-samningurinn heldur enn í gangi. Mér finnst nokkuð skjótráðið af hæstv. ráðherrum að stökkva fram með slíkt frv. á meðan ekki einu sinni er komin niðurstaða í málið. Það er ljóst að af þeim þremur Norðurlandaþjóðum, sem stóðu með okkur að EES-samningunum, þá hafa tvær valið þá leið að opna fyrir innflutninginn en það þriðja ekki.

Nú ætla ég ekki að gefa mér hver niðurstaðan gæti orðið ef það yrði látið á þetta reyna en ég held að það sé ekki ofmælt að taka það upp hér sem skoðun hæstv. dómsmrh., sem bagalegt er að skuli ekki vera við þessa umræðu svo nátengd sem þessi þrjú frv. eru, að hann hefur ítrekað lýst þeirri skoðun sinni að hann vilji gefa sölu á alla vega áfengi og ef mig misminnir ekki einnig tóbaki sem allra frjálsasta. Þetta er algjörlega úr takt við öll þau heilsufarsmarkmið sem sett voru með áætluninni „Heilbrigði allra árið 2000" þar sem sérstaklega var sett það fróma markmið að draga um 25% úr áfengisneyslu innan hvers aðildarríkis að þessari áætlun fyrir sig á þessu tímabili fram að aldamótum. Ég sé ekki annað en að verið sé að fara nákvæmlega í öfuga átt með þeirri stefnumótun sem kemur fram í þessum þremur frv.

Það er alveg augljóst mál að það er mat þeirra sem vinna að áfengisvarnarmálum innan Norðurlanda að með því skrefi, sem hér er stigið, og með rýmkun á áfengislöggjöfinni er verið að kalla yfir sig bæði fleiri slys, sjúkdóma og önnur vandamál sem beinlínis tengjast áfengi. Ég held að það sé varla nokkur, sem fjallar með ábyrgðartilfinningu um þessi mál, sem tekur ekki að einhverju leyti mark á slíku áliti.

Það er augljóst að með þessari lagabreytingu er opnað fyrir ýmiss konar niðurboð á áfengisinnkaupum og það er athyglisvert sem fram kemur í einni af þeim greinum sem ég hef aðgang að varðandi þessi málefni sérstaklega að það er algjörlega hægt að sýna fram á bein tengsl milli áfengisverðs annars vegar og þess heilsufarsskaða sem áfengið veldur hins vegar.

Ef ég tek bara dauðsföll af lifrarsjúkdómum í grein sem er að finna í riti um Evrópusambandið og áfengisstefnu sem heitir Sannanir og afleiðingar þá kemur þar sérstaklega fram að Ísland hefur verið með einna hæsta áfengisverð þeirra landa sem þar eru nefnd, það eru OECD-löndin sem þar eru tekin til, og það eru reyndar langfæst tilfelli hér á landi af lifrarskaða vegna áfengisneyslu. Þarna er beinlínis hið háa verðlag, sem hefur verið haldið hér og ég mæli ekki gegn, sem hefur reynst bein tenging á milli þessara tveggja þátta, verðlagsins og þessara dauðsfalla. Það er aðeins eitt af þeim heilsufarsvandamálum sem þekkt eru varðandi áfengisneyslu og er alveg áreiðanlega hægt að taka einhver fleiri dæmi um aðra sjúkdóma.

Í frv. er því verið að stíga stærra skref en hæstv. ráðherra vildi vera láta og samanlagt eru þessi þrjú frv. algjör stefnubreyting og sú stefnubreyting er því miður til hins verra.

Við höfum horft upp á það núna, raunar í kjölfar EES-samningsins, að farið er að auglýsa lyf sem ekki eru lyfseðilsskyld í tímaritum og raunar að hvetja til neyslu þeirra. Ég er ekki að segja að það sé líklegt, alla vega að svo stöddu, að opnað verði fyrir aðrar áfengisauglýsingar en þær sem því miður berast til landsins núna með erlendum tímaritum og víðar. Við höfum ekki verið reiðubúin og ég get ekki út af fyrir sig mælt því bót að við hættum að flytja inn tímarit þrátt fyrir áfengisauglýsingarnar en ég verð að viðurkenna að þær eru mér þyrnir í augum. Hitt er annað mál að lesmál sem er á erlendum tungumálum berst yfirleitt ekki í hendurnar á þeim hópi sem okkur ber fyrst og fremst skylda til að gæta hagsmuna fyrir en það er unga fólkið og a.m.k. í þeim unglingablöðum sem koma inn á mitt heimili, og ég er móðir 15 og 17 ára gamalla unglinga, eru slíkar auglýsingar sem betur fer ekki, en það eru m.a. ýmis poppblöð, íþróttablöð og fleira. Ég held að sú takmörkun sem er á áfengisauglýsingum sé að sjálfsögðu af hinu góða. Hitt er annað mál að óbeinar auglýsingar með ýmsum hætti, prýstingur, kynningar og eitt og annað svoleiðis lagað er nú þegar orðið nokkuð áberandi. Ég býst við því að ef samkeppni í innflutningi yrði aukin og meira frjálsræði yrði í þeim viðskiptum sé verið að opna fyrir það að það verði aukinn þrýstingur á slíkar óbeinar auglýsingar, kynningar og áróður af ýmsu tagi og að sjálfsögðu frá sjónarhóli innflytjenda er það eðlilegt.

Niðurstaða mín er sú að ekki séu nein knýjandi rök fyrir því að stíga þetta skref. Að mati nágrannaþjóða okkar og þeirra sem gerst þekkja þar til er það varasamt að gera það. Ekki er verið að þjóna hagsmunum neinna nema að sjálfsögðu þeirra innflytjenda sem hafa mjög þrýst á um þetta og ég held einfaldlega að við verðum að taka meiri hagsmuni fram yfir minni hagsmuni. Ég held að þau séu meiri hagsmunir að gera það sem í okkar valdi stendur til þess að takmarka áfengisneyslu og ekki síst áfengisneyslu unglinga. Þeir eru því miður sá markhópur sem mikið er höfðað til og það er fleira sem bent hefur verið á sem getur verið gildra í því frv. sem hér er. Hæstv. ráðherra kom að því í máli sínu að það væri kannski ekki svo ýkja mikið vandamál að fara út í merkingar á áfengi en í minnisblaði frá starfsmannafélagi Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins, sem barst í hólfin í dag og vitnað hefur verið til, benda starfsmenn ÁTVR sérstaklega á það að í dag sé allt áfengi sem selt er veitingahúsum sérstaklega merkt og hægt sé að merkja áfengið hverju húsi fyrir sig. Þetta sé gert í samráði við lögreglu og skattyfirvöld og sé mjög gott aðhald varðandi smygl og brugg. Þessu eftirliti á að hætta eftir gildistöku frumvarpanna og þær merkingar sem hæstv. ráðherra talaði um að væri mögulegt að setja í staðinn eru bara

einfaldlega — ég sé ekki stafkrók um hvernig á að standa að því þannig að það er alveg opin leið að vera ekki með neinar merkingar. Ég held að það þjóni ekki einu sinni hagsmunum innflytjenda að opna þarna smugu. Þetta hlýtur að vera í versta falli gert af hreinu kæruleysi og í skásta falli hefur þetta bara hreinlega verið yfirsjón og ég held að við verðum einfaldlega að líta á þessi rök líka vegna þess að mínu mati er um að ræða mjög sérkennilega vanrækslu eða yfirsjón og ræða hæstv. ráðherra sannfærði mig ekki um að það væru nein úrræði þar um.

Umræðu frestað.

Átak í málefnum barna og ungmenna, fyrri umr.

Þáltill. JVK o.fl., 45. mál. — Þskj. 45.

[15:25]

Flm. (Jóna Valgerður Kristjánsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég hef leyft mér að bera fram till. til þál. um sérstakt átak í málefnum barna og ungmenna. Flm. ásamt mér eru aðrar þingkonur kvennalistans. Þáltill. er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela félagsmálaráðherra að láta gera fjögurra ára framkvæmdaáætlun um úrbætur í málefnum barna og ungmenna. Áætlunin verði byggð á lögum um vernd barna og ungmenna, barnalögum og lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga."

Þau atriði sem ég tel helst þurfa að hafa í huga við gerð slíkrar framkvæmdaáætlunar eru tilgreind í greinar gerð og eru t.d. eftirfarandi:

Koma á fót skipulegri foreldrafræðslu sem m.a. væri liður í forvarnastarfi.

Styðja við starfsemi áhugahópa sem starfa að íþrótta- og æskulýðsmálum.

Huga sérstaklega að stöðu þeirra barna þar sem foreldrar eða forsjármenn hafa búið við langvarandi atvinnuleysi.

Nýta sem best starf nefnda á vegum sveitarfélaga, t.d. með sameiningu félagsmálanefnda og barnaverndarnefnda í eina nefnd þar sem það á við og einnig að stækka umdæmi þeirra.

Koma á markvissu eftirliti með útleigu myndbanda með ofbeldismyndum og sýningum ofbeldiskvikmynda í sjónvarpi og kvikmyndahúsum.

Huga að málsmeðferð og úrlausn á kynferðisbrotamálum gagnvart börnum.

Koma í veg fyrir útbreiðslu barnakláms hér á landi.

Koma á skilvirkari og hraðari afgreiðslu dómsmála sem snerta börn og ungmenni.

Samræma aðgerðir til að stemma stigu fyrir áfengis- og vímuefnaneyslu barna og unglinga og auka forvarnir.

Kannski rétt að geta þess í framhjáhlaupi að það frv., sem hér var verið að mæla fyrir áðan, er ekki beint í takt við þessa síðustu grein.

Nú er það svo að hér tel ég upp allmörg atriði sem gætu verið liður í slíkri framkvæmdaáætlun. Ég geri mér ljóst að hér er um viðamikið starf að ræða ef af því yrði. Það er líka hugsanlegt að ekki sé hægt að taka öll þessi atriði í einu og það er í sjálfu sér eðlilegt. En þau atriði, sem hér eru nefnd, tel ég mjög brýnt að skoða. Segja má að ýmislegt af því sem nefnt er sem áhersluatriði eins og að styðja við starfsemi áhugahópa um íþrótta- og æskulýðsmál sé ástundað af hálfu opinberra aðila en spurning er hvort það starf sé samræmt, hvort ekki sé of mikið um að menn séu að gera sömu hlutina í mörgum félögum og samræmi vanti hugsanlega í starfið.

Barnafjölskyldur eru hlutfallslega fleiri á Íslandi en annars staðar á Norðurlöndum. Heimili með börn eru rúmlega 38 þús. samkvæmt athugun sem gerð var fyrir tveimur árum af um 62 þús. kjarnafjölskylduheimilum. Af þeim eru reyndar einhleypir foreldrar um 8 þús., eða 13%. Og yfir 90% einstæðra foreldra eru konur. Hér á landi er fólk yfirleitt yngra þegar það byrjar barneignir en á Norðurlöndunum. Það bendir til þess að þegar foreldrar eiga sitt fyrsta barn eru þeir tiltölulega skammt á veg komnir í lífsferlinum, bæði hvað varðar menntun, atvinnu og húsnæði. Það hefur síðan áhrif á aðbúnað barnanna og hefur þau áhrif að ungar barnafjölskyldur eru viðkvæmari fyrir kjarasveiflum en aðrar fjölskyldur. Það er því augljóst að þessi fjölskylduhópur þarf oft verulegan stuðning frá þjóðfélaginu. Við höfum reynslu af því í dag að ástand hjá foreldrum ungra barna og sérstaklega einstæðum foreldrum er vægast sagt mjög bágborið víða og dæmi um að þeir foreldrar sjái nánast enga leið út úr því fari sem þeir eru fastir í. Ekki bætir úr skák að miðað við fullt starf eru meðaltekjur kvenna um 40% lægri en karla og eins og áður sagði eru konur í meiri hluta einstæðra foreldra. Af þessum ástæðum er m.a. nauðsynlegt að auka foreldrafræðslu og huga sérstaklega að stöðu þeirra barna þar sem foreldrar hafa búið við langvarandi atvinnuleysi.

Eitt af því sem ég nefni er að stækka umdæmi barnaverndarnefnda. Um það eru ákvæði í lögum að heimilt sé að gera. Hins vegar hefur það víða ekki verið framkvæmt. Í dreifbýlinu er mikil nauðsyn á að barnaverndarnefndir séu ekki bundnar við fámenn sveitarfélög þar sem allir þekkja svo hver annan að varla er hægt að taka á erfiðum málum. Til þess þarf utanaðkomandi aðila. Þess vegna ætti að gera barnaverndarnefndum kleift að ráða sér starfskraft með fagþekkingu til að sinna þeim málum sem upp kunna að koma. Þetta er mál sem samtök sveitarfélaga gætu látið til sín taka.

Undanfarin ár hafa nánast engin lög verið virk um eftirlit með kvikmyndum. Nú nýlega var mælt fyrir frv. um eftirlit með ofbeldiskvikmyndum og tölvuleikjum og undir þetta má einnig flokka eftirlit með klámmyndum og ekki síst barnaklámi sem skilyrðislaust ætti að banna innflutning og framleiðslu á.

Þá vil ég nota tækifærið og benda á að auglýsingar kvikmynda þarf líka að skoða í þessu sambandi. Þær eru oft á besta sjónvarpstímanum, rétt fyrir fréttir, þegar fjölskyldan er sest fyrir framan sjónvarpið og börn-

in þá auðvitað líka. Þær hörmulegu fréttir um ofbeldi barna gagnvart börnum má oftlega rekja til áhrifa af slíkum auglýsingum og kvikmyndum. Hér eigum við að byrgja brunninn áður en barnið er dottið ofan í. Við getum verið eins viss um það eins og tveir og tveir eru fjórir að þessara áhrifa gætir ekkert síður hér á landi en annars staðar. Hér eru börn líka oftar ein heima vegna langs vinnudags foreldra og því ekki alltaf hægt að hafa eftirlit með því af hálfu foreldra á hvað börnin eru að horfa.

Ný barnalög, nr. 20/1992, og lög um vernd barna og ungmenna, nr. 58/1992, ásamt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, hafa að geyma fyrirmæli um skyldur foreldra og stjórnsýsluhafa hvað varðar aðbúnað barna og ungmenna. Þar eru ýmis ákvæði sem skylda opinbera aðila til að gæta hagsmuna og velferðar barna og ungmenna í hvívetna. Í fyrra var samþykkt frv. um umboðsmann barna sem orðið er að lögum og nú er búið að ráða starfsmann í það embætti.

Alþingi hefur ítrekað sýnt vilja sinn til þess að sinna betur þörfum barna og ungmenna en gert hefur verið. Um það ber setning nýrra barnalaga og barnaverndarlaga glöggt vitni. Þá má einnig minna á að þingsályktunartillögu um foreldrafræðslu, sem þingkonur Kvennalistans lögðu fram á síðasta löggjafarþingi, var mjög vel tekið. Ýmsar þingsályktanir hafa kveðið á um sérstakar aðgerðir til verndar börnum.

Hagsýsla ríkisins gerði úttekt á heildarskipan þess málaflokks sem snertir börn og unglinga og skilaði skýrslu í október 1993. Skýrslan var gerð að beiðni félagsmálaráðuneytisins og er þar að finna margar gagnlegar ábendingar og tillögur um markvissara skipulag og leiðir til úrbóta. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Meginvandi barna- og unglingamála er skortur á samhæfingu, ómarkviss stjórnsýsla, lítill sveigjanleiki og léleg nýting fjármuna. Úrbætur krefjast samstillts átaks allra sem starfa að málefnum barna og unglinga."

Ég tel því að margt hafi verið gert á undanförnum árum. Þau lög sem ég nefndi hér áðan eru vissulega spor í rétta átt. Reyndar kom fram hér fyrir nokkru síðan að jafnvel lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga væri ekki fylgt nægilega vel eftir. En ýmislegt hefur verið gert bæði með lagasetningu og margar og merkar skýrslur um málefni barna og ungmenna hafa verið unnar. Ég tel því að það starf hafi verið vel unnið sem hingað til er búið að vinna. Nú finnst mér hins vegar að tími skýrslugerða sé liðinn og það sé tímabært að taka á málinu með því að gera áætlun um framkvæmdir í anda þeirra ábendinga sem koma fram í skýrslunum.

Þau lög sem gilda um þessi mál og nefnd eru í tillögugreininni eru um margt ágæt. En pottur er brotinn um framkvæmdina sums staðar eins og ég nefndi um félagsþjónustu sveitarfélaga. Því held ég að það ætti nú og sé fyllilega tímabært að gera áætlun til fjögurra ára til að styrkja stöðu barna í þjóðfélaginu og vernda þau frá óæskilegum áhrifum. Til þeirrar áætlunar væri síðan varið sérstökum fjármunum á fjárlögum næstu fjögurra ára eða þriggja ára eftir því hvað áætlunin tæki yfir langan tíma. Enn þá er ár fjölskyldunnar þó það sé nú langt liðið á það og ég tel að ár fjölskyldunnar væri vel til þess fallið að koma á fót slíkri framkvæmdaáætlun. Ég legg því til að Alþingi lýsi yfir vilja sínum þar að lútandi með þessari till. til þál. sem ég hef nefnt.

Ég hef nokkuð nefnt hér að við séum komin skemmra á veg en nágrannaþjóðirnar og m.a. hef ég hér undir höndum áætlun í barna- og fjölskyldumálaráðuneyti Noregs sem hófst á árinu 1991 og átti að ljúka um árslok 1993–1994. Ég hef ekki undir höndum úrtak á því hvernig það tókst en skýrsluna yfir það hvernig þetta gekk árið 1991 og 1992 og áætlunina 1993 hef ég hér í höndum og það var áætlun um það að flýta allri málsmeðferð bæði hvað snertir dómsmál, flýta allri meðferð barnaverndarmála og vera með ákveðið forvarnastarf í gangi. Ég tel eins og ég sagði áðan alveg tímabært að við förum að láta verkin tala.

Virðulegi forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til síðari umræðu og félmn.

Útbýting þingskjala:

Bráðabirgðasamkomulag eftir að EFTA-ríki hafa gerst aðilar að Evrópusambandinu, 182. mál, nál. utanrmn., þskj. 330.

Hönnun og viðgerðir á vegum ríkisins, 273. mál, fsp. KÁ, þskj. 327.

Niðurgreiðsla og afsláttur til húshitunar, 275. mál, fsp. EKG, þskj. 329.

Ráðstafanir vegna erfiðleika loðdýrabænda, 274. mál, fsp. EKG, þskj. 328.

[15:38]

Félagsmálaráðherra (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Sú þáltill. sem hér er til umræðu er vissulega allra góðra gjalda verð og ég fagna henni. Hún er í sama anda og það frv. til laga um breytingar á lögum um vernd barna og ungmenna sem ég mælti fyrir í þinginu fyrir skömmu að því leyti að tilgangur hennar er að efla verulega barnaverndarstarf og umönnun barna í landinu. Það má alveg segja að full ástæða sé til að gera átak í þessum efnum enda þótt nú sé unnið ötullega að málunum.

Ég hef verið óþreytandi í umræðu um mál af þessum toga að tala um hversu brýnt það sé að stjórnvöld setji sér fjölskyldustefnu og á sínum tíma þegar unnin var löggjöf um félagsþjónustu sveitarfélaga leit ég á það sem fyrsta skref í aðgerðum af þeim toga að horfast í augu við að í sveitarfélögum væri útfærð markviss fjölskyldustefna. Í þessari þál. er vísað til norskra aðgerða og er ástæða til að nefna að þær aðgerðir hafa verið unnar eins og kemur fram í greinargerð með frv. af barna- og fjölskylduráðuneytinu norska. Ég vil líka nota tækifærið til að nefna það að mér finnst það mjög áhugavert sem Norðmenn hafa gert, að setja upp slíkt sérstakt ráðuneyti og er alveg sannfærð um að það er góður hlutur og mögulegt að hrinda í framkvæmd einmitt aðgerðum í þessum málaflokki með því að leggja áherslu á fjölskyldumálin.

Mig langar líka að nefna það hér af því að ég átti kost á að ræða þessi mál við norska barna- og fjölskylduráðherrann Grete Berget. Hún sagði mér í umræðu um fjölskyldumál að þegar hún lagði fram framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum á þinginu fyrir ári var hún sökuð um að þetta væri ekki jafnréttisáætlun sem hér væri lögð fram, þetta væri fjölskyldustefna. En þegar upp var staðið og þessi áætlun var samþykkt í þinginu stóðu allir flokkar að henni. Þetta finnst mér áhugavert.

Markmið barnaverndar er að tryggja börnum viðunandi uppeldisskilyrði. Það eru auðvitað fyrst og fremst foreldrar sem bera ábyrgð á börnum sínum en sveitarfélögin bera ábyrgð á því að börnunum sé ekki hætta búin í umhverfi sínu, hvort heldur er innan veggja heimilisins eða utan. Barnaverndarnefndum eru lagðar ákveðnar skyldur á herðar. Þeim er skylt að aðstoða foreldra við að gegna foreldraskyldum og grípa til úrræða ef nauðsyn ber til. Þegar frv. sem ég gat um áðan um vernd barna og ungmenna, sem nú er til meðferðar í nefnd í þinginu, var undirbúið voru settar á laggirnar fjórir vinnuhópar sem tóku að sér mismunandi verkefni. Einn hópur skoðaði sérstaklega barnaverndarstarf á landsbyggðinni og skilaði skýrslu sem fékk nafnið Bætt barnavernd og aukin félagsþjónusta sveitarfélaga. Sá hópur kom sér saman um að hafa eftirfarandi markmið að leiðarljósi í allri umfjöllun sinni og undir þau get ég mjög vel tekið:

Að raunhæf félagsþjónusta og barnavernd verði veitt í nálægð við fjölskyldur og öflugt barnaverndarstarf verði í öllum landshlutum.

Að barnafjölskyldur þurfi ekki að leita til margra aðila vegna félagslegra eða sálrænna erfiðleika.

Að félagsþjónustan og barnaverndarstarf verði skipulagt svæðisbundið með þátttöku a.m.k. þúsund manna samfélags sem gefi möguleika á að starfsmaður verði ráðinn.

Að starfsmenn hafi menntun og reynslu til að skipuleggja og veita félagslega þjónustu.

Það er alveg ljóst að víða um landið standa barnaverndarnefndir ekki undir nafni. Þær veita börnum ekki þá lögbundnu vernd sem þeim ber og e.t.v. ekki alltaf að tilkynningaskylda sé virt þar sem þeir sem búa yfir upplýsingum treysta hreinlega ekki barnaverndarnefndunum til að meðhöndla þær á þann hátt sem ætlast er til. Þar getur annars vegar verið fámennið sem stendur að baki hverri barnaverndarnefnd og hins vegar skortur á fagþekkingu. Þess vegna er samstarf barnaverndarnefnda við þá, sem starfs síns vegna kynnast börnum náið, fóstrur, starfsfólk skólanna, heilsugæslustarfsmenn, oft og tíðum af skornum skammti og þarf að efla það.

Það er afar mikilvægt að minni sveitarfélögin sameinist um þessi verkefni og tillögur um nýbreytni og eflingu þjónustu byggjast fyrst og fremst á samvinnu og samstarfi.

Auðvitað verða yfirvöld að vera reiðubúin til að leggja fram aukið fjármagn til barnaverndar svo markvisst barnaverndarstarf og nútímafélagsþjónusta verði að raunveruleika í dreifðum byggðum landsins og það er þarna sem hefur kannski gengið örlítið hægt. Eins og kemur fram í þessari þáltill. veitir núgildandi íslensk löggjöf okkur svigrúm til að gera átak í þessum efnum og má minna á meginþætti barnaverndarstarfs, samanber barnaverndarlögin, þ.e. forvarnir, eftirlit og leitarstarf og sérstök úrræði sem nánar eru skilgreind í V. og VI. kafla laganna. Hugtakið barnavernd er ekki hægt að taka og einangra bara innan ramma laganna um vernd barna og ungmenna og til þess að barnavernd njóti sín í sveitarfélagi þarf umhverfið gjarnan að vera fjölskylduvænt. Það er líka nauðsynlegt að hafa það í huga að barnavernd er í öllum tilvikum samþætt annarri félagslegri þjónustu og vinnuhópurinn sem ég gat um áðan hefur litið á barnavernd og félagsþjónustu sem órjúfanlega heild.

Ég vil gjarnan í örfáum orðum nefna hér markmið félagsþjónustu sveitarfélaga en það er:

Að tryggja fjárhagslegt og félagslegt öryggi og stuðla að velferð íbúa á grundvelli samhjálpar með því að bæta lífskjör þeirra sem standa höllum fæti.

Að tryggja þroskavænleg uppeldisskilyrði barna og ungmenna.

Að veita aðstoð til þess að íbúar geti búið sem lengst í heimahúsum, stundað atvinnu og lifað sem eðlilegustu lífi og að grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir félagsleg vandamál.

Ég vil að lokum vekja athygli á tveimur atriðum í tengslum við þetta mál. Annað er að ég tel að við megum ekki vanmeta þann árangur sem náðst hefur í tíð núverandi ríkisstjórnar í barnaverndarmálum. Ég læt nægja að nefna að á sl. tveimur árum hafa fjárframlög til barnaverndarmála aukist um 60–80 millj. kr. og þar munar að sjálfsögðu mest um að það hafa verið tekin í notkun ný meðferðarheimili sem vissulega hafa skipt miklu máli. Hitt atriðið sem ég vil nefna er að forsenda þess að átak í barnaverndarmálum á borð við það sem þáltill. boðar er ekki einungis fjármunir heldur ekki síður góð skipulagning. Til þess að það gangi eftir verðum við að hafa aðila sem getur tekist á hendur slíka vinnu. Fram til þessa höfum við ekki haft neina stofnun sem faglega og starfslega hefur getað tekist á við slíkt verkefni. En í því frv., sem ég hef áður vísað til og er til meðferðar í félmn., eru lagðar til breytingar á barnaverndarlögum til að gera ráð fyrir slíkri stofnun, barnaverndarstofu. Það er afar þýðingarmikið að þetta frv. nái fram að ganga á yfirstandandi þingi. Það væri vel við hæfi að meðal fyrstu verkefna fyrirhugaðrar barnaverndarstofu væri að hrinda í framkvæmd sérstöku átaki í málefnum barna og ungmenna eins og þessi þáltill. gerir ráð fyrir.

[15:46]

Drífa Hjartardóttir:

Virðulegi forseti. Ég fagna þeirri till. til þál. sem hér liggur fyrir um sérstakt átak í málefnum barna og ungmenna. Í greinargerðinni segir að fjölskyldan hafi vissulega verið hornsteinn bændasamfélagsins og ég vil taka undir að hún er það enn þann dag í dag. Það er ekkert dýrmætara en að koma börnum og ungmennum vel til manns því að okkar eigin velferð byggist á því hvernig við hugum að þeim málum því það eru svo

sannarlega þau sem eiga að erfa landið.

Miklar breytingar hafa orðið í samfélaginu og aðgreining aldurshópa birtist í því að allir eru settir í ákveðin hólf. Það er byggt sérstakt húsnæði fyrir aldraða og umönnun barna fer í æ ríkari mæli fram annars staðar en á eigin heimilum. Þjóðfélagið er á margan hátt orðið þannig að vinnandi fólk er á einum stað, aldraðir á öðrum, börn á þeim þriðja og unglingar á hinum fjórða. Breytt þjóðfélag birtist að mörgu leyti í breyttu heimilislífi. Eitt einkennið er þátttökuleysi barna í atvinnulífi og umræðum á heimilunum. Það er helst til sveita og í fámennum samfélögum að börn og fullorðnir gangi saman til starfa.

Þá er einnig að því er virðist að eftirtekt foreldra varðandi börn og vitneskja þeirra hafi minnkað sem er eðlilegt vegna þess hve samvera við þau er minni og minnkandi aðhald foreldra. En það eru fyrst og fremst foreldrar eða uppalendur sem bera mesta ábyrgð á uppeldinu og mega aldrei velta því alfarið yfir á samfélagið.

Þau alvarlegu ofbeldismál sem upp hafa komið bæði í Noregi og Svíþjóð núna í haust, og samfélag okkar og menning er af svipuðum toga, hafa vakið marga til umhugsunar um málefni barna og ungmenna hér á landi miklu meira en oft hefur verið. Aukin umræða er um ofbeldi gagnvart börnum sem birtist í mörgum myndum og ég vil taka undir með flm. till. um þær úrbætur sem þar eru lagðar til. Nauðsynlegt er að koma á markvissu eftirliti með útleigu myndbanda með ofbeldismyndum og sýningum á ofbeldismyndum í sjónvarpi og kvikmyndahúsum. Að ég tali nú ekki um tölvuleikina en þar er óhugnanleg þróun á ferðinni. Þessar myndir eru taldar vera fyrirmyndir margra þeirra hræðilegu ofbeldisverka sem ungmenni hafa framið nú á síðustu missirum. Þá er einnig nauðsynlegt að koma í veg fyrir barnaklám hér á landi. Ég vil minna á að hæstv. menntmrh. hefur lagt fram á Alþingi frv. til laga um skoðun kvikmynda og bann við ofbeldiskvikmyndum. Enn fremur vil ég minna á að eftir síðustu sveitarstjórnarkosningar hefur barnaverndarnefndum fækkað mjög til muna og t.d. í Rangárvallasýslu þar sem áður voru ellefu barnaverndarnefndir eru núna aðeins tvær svo það er til mikilla bóta. Eins og flm. gat um geta lítil samfélög átt erfitt með að taka á erfiðum málum.

Síðasta vetur var birt rannsókn sem sýnir jákvætt samband milli íþróttaiðkunar, námsárangurs og bindindis. Því er rétt að benda á að nausðynlegt er að efla íþróttaiðkun barna og ungmenna. Vegna ótvíræðs forvarnahlutverks í íþróttastarfsemi er nauðsynlegt að opinberir aðilar eins og ríki og sveitarfélög veiti verulega styrki til þeirrar starfsemi. Einnig er nauðsynlegt að gæta þess við uppbyggingu íþróttamannvirkja að þau verði fjölnota og bjóði upp á möguleika á að leggja stund á fjölskylduíþróttir.

Árið 1994, árið sem nú er senn liðið, hefur verið tileiknað fjölskyldunni. Nefndin sem unnið hefur á vegum félmrn. hefur vakið marga til umhugsunar um málefni fjöskyldunnar í samfélaginu og hefur komið mörgu til leiðar. Barátta fyrir réttindum barna ætti að vera forgangsverkefni allra þjóða. Barnasáttmálinn er ein mikilvægasta samþykkt Sameinuðu þjóðanna og engin samþykkt Sameinuðu þjóðanna hefur hlotið jafnskjótan stuðning og þessi. Barnasáttmálinn gengur langt í að tryggja öllum börnum rétt til lífs, rétt til þróunar og öryggis og rétt til að lifa mannsæmandi lífi frjáls og í friði. Sáttmálinn gengur einnig langt í að vernda þau réttindi sem sérhver einstaklingur fæðist til og samkvæmt honum er það skylda hverrar þjóðar að tryggja möguleika til lífs.

Enn vantar nokkuð á að þessum markmiðum sé náð hér á landi. Það ætti því að vera okkur metnaður að vinna að því. Hæstv. félmrh. hæstv. greindi frá því hve mikill áhugi er í ráðuneyti hennar fyrir þessum málum og er henni vel treystandi fyrir þeim. Það á að vera okkur metnaður að vinna að því að samþykktir Sameinuðu þjóðanna um réttindi barna taki gildi alls staðar og nái í raun til allra barna því að börnin eru undirstaða velferðar í framtíðinni.

[15:52]

Guðrún J. Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér hafa verið haldnar fróðlegar og merkar ræður um þessa þáltill. og ég vildi gjarnan bæta örlitlu þar við. Í þáltill. eru efndir 8 þús. einstæðir foreldrar og eru fjölmargir þeirra kornungir. Þess vegna held ég að það sem hæstv. ríkisstjórn þyrfti að gera sérstaklega til að styðja þá foreldra sé ekki eingöngu fræðsla sem við erum að fjalla um þó hún sé mjög mikilvæg. Það er nefnilega mjög mikilvægt að efla forvarnastarf með því að efla foreldrafræðslu eða fræðslu um fjölskylduna og ábyrgðarhlut hvers manns í samfélaginu snemma á lífsleiðinni og miklu fyrr en ungmennið er orðið foreldri. En það er áberandi hversu margar einstæðar mæður hafa átt sín fyrstu börn snemma. Það þarf líka að gera ýmislegt fleira til að bæta aðstöðu einstæðra foreldra. Fjölmargir einstæðir foreldrar eru í láglaunahóp vegna þess að þau hafa snemma eignast börn og þá hrökklast úr námi og ekki haft möguleika á því að öðlast þá menntun sem til þarf til að fá starf sem veitir laun svo nokkru nemi. Þess vegna er eitt af því sem gera þarf að styðja foreldrana á ýmsan hátt til að þeir geti stundað nám til að bæta stöðu sína. En fræðsla bæði um varnir gegn barneignum og þá ábyrgð sem foreldrar eru að takast á hendur þarf að vera miklu meiri en verið hefur.

Í greinargerðinni er fjallað um stöðu þeirra barna þar sem foreldrar eða forsjármenn hafa búið við langvarandi atvinnuleysi. Allir þeir sem að þessum málum hafa komið vita að atvinnuleysi foreldra hefur geysileg áhrif á börnin. Þeim hættir til að flosna upp úr skóla því að um leið og sjálfsmynd foreldranna hrynur þá hrynur sjálfsmynd barnanna. Þetta er hlutur sem við gerum okkur ekki alltaf nógu vel grein fyrir en þau fara að forðast skólann því þau eru með stimpilinn „pabbi þinn og mamma eru atvinnulaus“ og kannski er heldur ekki alltaf til nógu mikið af mat heima til að halda uppi þrekinu svo börnin geti stundað skólann. Ég vildi sérstaklega benda á þessa þörf að styðja sérstaklega við þessi börn sem þarna eiga sameiginlegan vanda með foreldrum sínum.

Fjölmörg börn foreldra sem lenda í skilnaði, kenna sér sjálfum um skilnaðinn, þau fara að leita að skýringu og ósjálfrátt kenna þau sjálfum sér um það og þau lenda oft í miklum vanda sem ég held að sé mjög oft ekki tekið á. Þeim er ekki hjálpað til þess skilnings að það sem skeð hefur er ekki þeim að kenna á nokkurn hátt. Mér er ekki kunnugt að það sé til neitt slíkt kerfi sem tekur sérstaklega á þessum vanda en það ætti að vera í rauninni nokkuð auðvelt að gera það.

Hæstv. félmrh. nefndi hér að við þyrftum nýja eflda fjölskyldustefnu. Ég vil breyta þessu og segja að við þurfum nýja þjóðlífsstefnu. Við þurfum þjóðlífsstefnu sem byggist á öðrum gildum en hingað til hefur verið. Íslensk þjóð hefur ekki efni á því bruðli sem hún hefur búið við og þeim gildum sem við höfum haft í heiðri, þau gildi að leðursófasett sé meira virði en dagur uppi í sveit með barninu sínu og þau gildi að því fínni sem bíllinn er þeim mun mikilvægari séu menn í samfélaginu, þessi gildi þurfa að hverfa. Þau gildi þurfa að koma í staðinn í samfélaginu í heild að það sé mikilvægast að standa undir sínum skyldum og standa undir þeirri ábyrgð sem maður tekur sér á hendur og að njóta þess sem við höfum allt í kringum okkur.

Því miður hefur það verið stefna í vestrænum samfélögum, ekki bara Íslands heldur í fjöldanum öllum af öðrum vestrænum samfélögum að það sé mikilvægast að kaupa, eyða og kaupa upp á nýtt. Þessi sífellda hringrásarstefna sem hefur verið í gangi hefur eyðilagt fjölmörg heimili því að fólkið hefur ekki getað staðið undir því að eyða og kaupa stanslaust og fá þannig á sig stimpil hinnar velmegandi fjölskyldu og börnin hafa fyrst og fremst orðið að líða fyrir þetta því að vinnudagurinn hefur sífellt lengst út á þetta. Þar við bætist svo láglaunastefna sem í landinu hefur verið og við þurfum því ekki bara að hugsa okkur upp nýja fölskyldustefnu heldur breytta launastefnu og breytt gildismat í heild. Hæstv. ríkisstjórn núverandi, næstkomandi og allar ríkisstjórnir þurfa að halda uppi fræðslu og jafnvel áróðri til þess að breyta þessum gildum sem því miður tröllríða íslensku þjóðlífi og raunar mörgum öðrum samfélögum en þó held ég að íslenska samfélagið sé einna verst komið í þessum efnum.

Það væri sjálfsagt hægt að segja miklu meira um einstaka þætti þessarar greinargerðar, t.d. áfengisvandamál sem sífellt er vaxandi og hefur nú verið rætt hér í dag, en mér finnst gott að þessi tillaga skuli koma fram núna einmitt til að undirstrika það að þau tvö frumvörp sem átti að ræða um í dag, um áfengissölu og líðkun á áfengisútsölum, því að mér skilst að áfengisútsalan hafi verið svo stirð í vöfum eftir því sem hæstv. fjmrh. sagði, að þetta skuli koma fram um leið til að benda á að það er allt annað sem við þurfum í dag heldur en líðkun á áfengissölu. Við þurfum breytta þjóðlífsstefnu og breytta stefnu gagnvart fjölskyldunum og börnunum í landinu.

[16:00]

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Það er nú eins og svo oft áður e.t.v. dálítið meiningarlaust að tala um þessa hluti einmitt þegar fæstir þingmanna eru á þingfundi. Hér er auðvitað hreyft grundvallaratriði í íslensku þjóðlífi. En því er hreyft á þann hátt, ef ég má segja það, og mér þykir hann a.m.k. harla óvenjulegur þegar hv. 6. þm. Vestf. á í hlut því að við höfum svo oft áður sambykkt tillögur á borð við þessa. Ég er hrædd um að ef hér sæti hópur barna og ungmenna og hlustaði á umræður og læsi þessa till. til þál. þá vissu blessuð börnin ekkert um hvað við værum að tala því að þetta eru bara orð og væntanlega enn ein þál. sem hefur svo sem engar breytingar í för með sér til eða frá.

Hér er vægast sagt talað heldur yfirborðslega um fjögurra ára framkvæmdaáætun um úrbætur í málefnum barna og ungmenna. Hvað í ósköpunum þýðir nú þetta? Jú, hér eru tíunduð nokkur atriði svo sem að huga sérstaklega að stöðu þeirra barna sem foreldrar eða forsjármenn hafa búið við langvarandi atvinnuleysi. Ef við tökum nú í burtu vandamálin, börn sem eiga í verulegum erfiðleikum og þau eru því miður ákaflega mörg, þá langar mig aðeins að víkja talinu að venjulegum börnum á venjulegum heimilum. Og hvað er það sem við gerum fyrir þetta fólk? Við greiðum stórum hópum landsmanna laun sem ekki er viðlit að lifa af. Strax þegar farið er að tala um erfiðleika fjölskyldnanna er farið að tala um einstæða foreldra. Skoðun mín er sú að einstæðir foreldrar geti verið alveg eins góðir uppalendur og fólk í sambúð. En erfiðleikarnir liggja í því að það þarf tvennar tekjur til að reka heimili. Vandi hins einstæða foreldris er fyrst og fremst peningaleysi og það er nú einu sinni þannig að til þess að gera fjölskyldunni vært í þessu landi svo að hún eigi einhvern afgang handa börnunum sínum til að veita þeim eitthvert andlegt uppeldi, þá verður fólk auðvitað að búa við meira öryggi í fjármálum en fólk gerir á Íslandi.

Það er oft sagt að Íslendingar séu eyðslusamir, fólk leggi út í fjárfestingar sem það ráði ekki við. En menn gleyma því að þó að fólk hafi skipulagt áætlun sem það hélt að það gæti staðið við, þá hafa stjórnvöld aftur og aftur komið í bakið á fólki og sent þessa skipulagningu alla út og suður. Menn hafa keypt sér íbúðir og reiknað nákvæmlega út greiðslugetu sína með þessum og þessum vöxtum, þessum og þessum afborgunum og þetta gat gengið upp. En áður en hendi er veifað eru komnar einhverjar gersamlega nýjar reglur sem gera þetta allt að engu. Og öll þekkjum við þetta fáránlega fyrirkomulag að í þau fáu skipti sem launþegar í landinu fá einhverja launahækkun, þá þjóta skuldirnar að sama skapi upp úr öllu valdi. Þetta er ekki sá grundvöllur sem góðri fjölskyldu á að vera búinn.

Það er nú einu sinni þannig að fólk sem vinnur allt of langan vinnudag hefur ekki mikinn afgang handa börnunum sínum þegar heim er komið fyrir nú utan að svo hefur þjóðfélagið á engan hátt komið til móts við fólk sem er að ala upp ung börn. Fólk hefur ekki efni á að annað foreldrið sé heima hjá börnunum sem auðvitað er æskilegast fyrstu árin hvað sem hver segir og er mér þá sama hvort það er faðir eða móðir. Þess í stað eru börnin meira eða minna á eigin vegum heilu og hálfu dagana og við þetta ráða ekki lítil börn. Það

getur vel verið að við höfum haft minna fé milli handanna þegar við vorum að alast upp, en það var þó alltaf einhver heima. Við vorum ekki að reyna að hafa ofan af fyrir okkur í reiðileysi heilu og hálfu dagana. Það var hlýtt í eldhúsunum þó að það væru ekki miklir peningar til.

Ég geri mér grein fyrir að ég verð fljót að eyða þeim 8 mínútum sem ég hef hér. En vissulega hefur ýmislegt gott verið gert af hálfu stjórnvalda og ég vil benda á eitt og það er ungbarnaeftirlitið, a.m.k. hér í Reykjavík, sem er til hreinnar fyrirmyndar. Þó var það nú svo að hæstv. ráðherra Alþfl. lét sér detta í hug að draga úr þeirri starfsemi á þessu kjörtímabili. Við björguðum því fyrir horn sem betur fer. En ég vil fullyrða að sú starfsemi er eins góð og hún getur verið og er dæmalaust góður stuðningur við unga foreldra. En þar má líka segja að ljúki. Síðan tekur við allt of stutt fæðingarorlof sem rekur mæðurnar og feðurna aftur út á vinnumarkaðinn. Vandræðagangur með dagvistarpláss, allt of stuttur skólatími og skortur á fæðu tekur við því það er nú einu sinni þannig að börn sem eru að vaxa þurfa að fá heitar máltíðir, enda hefur komið í ljós og þess er getið hér réttilega að kannanir hafa sýnt t.d. hér í Reykjavík að skólabörn eru beinlínis vannærð. Og ég segi fyrir mig, ég skammast mín fyrir að vera þingmaður á Íslandi og hafa ekki burði til að lagafæra þetta. Og svo er hægt að semja alls konar orðaflóð um fjögurra ára áætlanir. Hér er t.d. talað um það sem helst er haft fyrir börnunum þegar þau eru að ráfa ein heima. Hér er talað um að koma á markvissu eftirliti með útleigu myndbanda. Veit þingheimur að þegar lögin um vernd barna og ungmenna voru samþykkt fyrir einu eða tveimur árum þá féll kvikmyndaeftirlitið út? Það er ekkert kvikmyndaeftirlit starfandi og ég bar fram fyrirspurn um þetta á síðasta þingi og þá lofaði hæstv. menntmrh. að úr þessu yrði bætt. Ég held að hann sé á leiðinni með frv., ég hef ekki alveg fylgst með því hvort það er komið fram, en hann lofaði því, það er líklega komið fram, en þannig er nú þetta. Og auðvitað er ég alveg sammála því að það efni sem börnum er boðið og leigt blygðunarlaust er undir öllu velsæmi og ætti ekki að sjást á nokkru heimili.

Það getur vel verið að mönnum þyki þetta svartagallsraus. En við höfum heyrt þessar lausnir allar áður. Menn segja: Íþróttir, íþróttir, þær eru allra meina bót á meðan börnin eru að alast upp. Það fer nú allt eftir því hvernig sú starfsemi er rekin. Það fer líka dálítið eftir því á hverju foreldrarnir hafa efni vegna þess að það kostar peninga að taka þátt í íþróttum. En það er fleira til en íþróttir. Það eru til tónlistarskólar. Það eru til dansskólar, hitt og þetta, það er bara enn þá dýrara.

Nú hringir forsetinn og ég sé ekki betur en ég sé tilneydd að ljúka ræðu minni í seinni leyfilegum tíma. En ég vil bara að lokum segja þetta, hæstv. forseti: Hættum að gera skýrslur, hættum að semja þingsályktanir, við skulum fara að gera eitthvað í málefnum fjölskyldunnar á Íslandi.

[16:09]

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Ég get í sjálfu sér tekið undir nánast alla ræðu hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur og alveg sérstaklega þann kafla í ræðunni þar sem hún ræddi um stöðu heimilanna í landinu í dag. Það voru vissulega orð í tíma töluð og ég tek undir þau.

En ástæðan fyrir því að ég kem hér upp er fyrst og fremst sú að lýsa stuðningi við þá tillögu sem hér er borin fram en ekki síður til þess að benda hv. flm. á það sem alla vega sá sem hér talar hefur haft sem reglu þegar hann leggur fram slíkar tillögur þar sem farið er fram á eitthvert ákveðið starf, það er að tímasetja þær þannig að sú áætlun sem hér á að framkvæma, það verði sett sem skilyrði að henni verði lokið fyrir einhvern tiltekinn tíma þannig að þetta sé ekki galopið og framkvæmdarvaldið geti verið að draga málið á langinn þess vegna. Þess vegna tel ég eðlilegt, ef hv. frsm. er mér sammála, að hann leggi það til við nefndina að einhverjum tímamörkum verði bætt við þetta.

Ég hef farið aðeins yfir þau atriði sem nefnd eru og ættu að vera í framkvæmdaáætluninni. Ég stoppa aðeins við 2. lið þar sem stendur, með leyfi forseta:

„Styðja við starfsemi áhugahópa sem starfa að íþrótta- og æskulýðsmálum."

Ég tek auðvitað heils hugar undir þetta en ég harma það að á sama tíma og við 63 þingmenn, sem hér sitjum, tölum sýknt og heilagt um gildi íþrótta og hversu mikilvægar þær eru í forvarnastarfi og hvaða nafni sem ber að nefna meinum við á sama tíma nákvæmlega neitt með okkar orðum. Þetta er náttúrlega ljóst þegar menn fletta fjárlögunum. Niðurskurður til íþrótta í landinu hefur verið árviss og nú er svo komið að íþróttasjóður er lagður af. Ég hlýt þá að ætlast til þess að þeir hv. þm. sem koma núna upp styðji okkur sem erum að reyna að berjast fyrir því að íþróttasjóðurinn verði ekki lagður af. Ég mun flytja brtt., sem verður mjög á hógværu nótunum, og þar verður farið fram á að sjóðurinn fái að halda sér í sínu horfi sem eru 14 millj. kr. og hefur þó verið hraustlega skorið niður undanfarin ár. Ég fagna enn einu sinni að menn sýna íþróttunum áhuga og óska þá eftir stuðningi við það að hugur fylgi máli.

Íþróttir eru auðvitað afar mikilvægar. Ég veit ekki hvort þingmenn hafa fengið senda þá könnun sem prófessor Þórólfur Þórlindsson stóð fyrir og íþróttanefnd ríkisins um gildi íþrótta fyrir ungt fólk. Ef þingmenn hafa ekki fengið könnunina mælist ég til þess að þeir verði sér úti um hana vegna þess að þar er mikill fróðleikur um gildi íþróttanna. Þar kemur fram að bein tengsl eru milli íþróttaiðkana og tóbaksnotkunar, áfengisnotkunar, vímuefnanotkunar, árangurs í skóla, heilsu, hugleiðinga um sjálfsmorð og allt slíkt. Þar er í einu riti slíkur rökstuðningur fyrir gildi íþrótta að það er hrein gullnáma enda hefur önnur eins könnun aldrei farið fram hér á landi og þykir mjög merkileg víða um heim og nú er eftir því sem ég best veit verið að þýða hana til að senda úr landi. Auðvitað vita þeir sem það vilja vita að það starf sem fram fer í íþróttunum er það starf sem er mjög mikilvægt núna og er mikill skortur á. Þá á ég ekki síst við það agaleysi sem komið er í íslenskt þjóðfélag. Það eru akkúrat íþróttafélögin og skólarnir sem geta tekið á þeim þætti. Hvar annars

staðar í dag læra krakkar t.d. stundvísi? Hvar læra þeir tillitssemi? Hvar læra þeir snyrtimennsku? Hvar læra þeir að taka tillit hvert til annars? Hvar læra þeir að starfa í hópi og þar fram eftir götu? Ég held að rökin séu svo massív fyrir því að styðja hraustlega við bakið á íþróttunum að það eigi að gera þá kröfu til þingmanna að hugur fylgi máli. Það er deginum ljósara. M.a. í þessari tillögu hér tala menn um áfengisneyslu og vímuefnaneyslu og það er deginum ljósara að það er ekkert til sem er betri forvörn gegn þessu en íþróttastarf í landinu. Þá má auðvitað útvíkka það því að hér er talað um æskulýðsmál. Það má taka skáta og aðrar slíkar hreyfingar inn í. Það er nákvæmlega ekkert sem er mikilvægara. Ég óska eftir því að þingheimur styðji okkur sem vilja hag íþróttanna sem mestan.

Mér finnst kannski vanta aðeins inn í upptalninguna samstarf við skóla og foreldrafélög. Ég held að það væri að ósekju að hafa þann lið þarna inn í fyrir þá nefnd sem skoðar þetta.

Hæstv. forseti, eins og ég segi kom ég fyrst og fremst upp til þess að lýsa stuðningi við þetta mál og ég vona að að fái framgang, en ég ítreka það að ég teldi æskilegt að tímamörk yrðu sett þannig að við sæjum þetta fyrr en seinna inni í þinginu.

[16:15]

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég vék í fyrri ræðu minni að ósköp venjulegum börnum og venjulegum fjölskyldum í þessu landi okkar. Mér er það jafnljóst að þar fyrir utan eru því miður allt of margar fjölskyldur sem eiga við verulega erfiðleika að etja og eru fyrir því ýmsar ástæður, ekki síst atvinnuleysi sem við sjáum nú í stórum stíl sem við höfum ekki þekkt svo mikið til áður. Síðan er vitað að afleiðing af alls kyns erfiðleikum getur auðvitað birst í óreglu foreldranna og heldur óskemmtilegu lífi. Við sjáum því miður vaxandi ofbeldi í landinu, við sjáum vaxandi vímuefnanotkun barna og unglinga og hvers kyns erfiðleika sem við höfum kannski haldið að við gætum verið laus við í þessu litla landi.

En sannleikurinn er sá að ég held að Íslendingum hætti til að fegra sjálfa sig svolítið fyrir sér. Sannleikurinn er sá að íslenskt samfélag er harla miskunnarlaust. Þetta er samfélag samkeppninnar sem lýsir sér í mikilli eftirsókn eftir veraldlegum gæðum og það er alveg rétt sem hér kom fram hjá hv. 18. þm. Reykv. að maður heyrir lítil börn meta fólk eftir því hvernig bíl það á og þá er auðvitað eitthvað að ef þetta eru fyrstu uppeldisáhrif. Síðan sér maður í barnaskólunum að fylgst er með því hvaða merki eru á fötunum sem börnin ganga í og það er auðvitað eins og hv. þm. kom réttilega inn á algerlega galið gildismat í einu samfélagi. Það er kannski það sem ég kynni að vera ofurlítið hrædd við þó ég sé sammála hv. 5. þm. Reykv. um gildi íþróttaiðkunar að dálítið af þessari hörðu samkeppni einkenni of mikið íþróttastarfið á Íslandi. Ég er satt að segja ekkert sérstaklega hrifin af því að ungir drengir hafi þær fyrirmyndir að þegar þeir verði stórir verði þeir keyptir eins og kvikfé, gangi kaupum og sölum milli stórra íþróttasambanda. Ég er ekki viss um að það sé óskaplega hollt að hafa það að markmiði.

Það sem ég hef áhyggjur af er einnig þetta: Ég held að íslensk æska sé ekkert sérstaklega vel upplýst. Ég veit að kennarar gera allt sem þeir geta til þess að reyna að koma börnunum til að lesa, til að fylgjast með því sem er að gerast. Ég held að þetta takist ekki sérlega vel.

Ég hitti töluvert af unglingum öðru hverju og ég hef áhyggjur af því hvað þeir virðast uppteknir af fáum hlutum og heldur illa að sér um ýmsa hluti. Ég held t.d. að öll listiðkun í landinu sé á afar slæmu stigi í grunnskólanum. Ég hef áður margsinnis innt eftir kennslu í handmennt sem er nú eiginlega búið að eyðileggja eins og ýmsir hafa verið mér sammála um hér, bæði samherjar og pólitískir andstæðingar. Ég held að það sé mjög slæmt vegna þess að það er eitt frumskilyrði fyrir góðu mannlífi að manneskjan sé fær um að hafa ofan fyrir sér, að hún láti sér ekki leiðast, að hún geti haft ofan af fyrir sjálfri sér. Fyrsta skilyrðið til þess er að fólk kunni eitthvað fyrir sér og geti notað á sér hendurnar þó ekki væri nú annað. Ég held að þetta sé markvisst verið að eyðileggja.

Við gætum samþykkt endalaust þingsályktanir um alls kyns áætlanir í málefnum barna og unglinga. Ættum við þá ekki aðeins að líta til hvað við erum búin að gera við afa þeirra og ömmur. Er það nú endilega mjög hollt uppeldi að börnunum sé innprentað að það sé eðlilegt að þau séu í einhverjum háhýsum fyrir gamalt fólk og í besta falli heimsótt annan hvern sunnudag svona eins og til þess að sýna smákurteisi. Engum dettur í hug að það geti verið gaman að búa með afa og ömmu og þau geti verið lifandi fólk og skemmtilegt. Það eru á þessu svo ótal margir fletir.

Ég held nefnilega að þessi litla kjarnafjölskylda sé ekkert sérstaklega holl. Það segir sig sjálft að þegar vandamál koma upp í fjölskyldu mæða þau öll á tveimur herðum, stundum bara einum. Það var stundum svolítið gott að fara í þriðju herðarnar og þær fjórðu og aflasta svolítið og fá nýtt sjónarmið í árekstrum við foreldrana. Sannleikurinn er sá, hæstv. forseti, að við hv. þm. vitum ekkert hvað við erum að gera í þessum málum, ekki neitt. Við erum stefnulaus í fjölskyldumálum og við eyðum ekki neinum peningum í að gera líf fjölskyldnanna bærilegt í þessu landi. Við vitum auðvitað og það vita náttúrlega börnin og unglingarnir líka að stór hópur í þjóðfélaginu kemur sér blygðunarlaust hjá því að taka þátt í að reka samfélagið. Það skyldi nú aldrei vera að börnum þessa fólks finnist þetta bara alveg eðlilegt og kannski bara þó nokkuð sniðugt. Ætli þau vilji ekki einmitt lifa svona þegar þau verða stór að njóta þess sem samfélagið hefur upp á að bjóða en leggja ekkert til þess. Þetta er ekki það þjóðfélag sem við eigum að reka á Íslandi. Ef svo væri ekki þá væru ekki hér stórir hópar í verkföllum til þess að fara fram á grundvallarlaunahækkun svo að möguleiki sé á að hægt sé að lifa af launum.

Þegar vandamálin eru orðin er náttúrlega gott að hafa barnaverndarnefndir og meðferðarheimili. En ef ég væri ungt foreldri í dag væri barnaverndarnefnd ekki það sem ég liti helst til með börnin mín. Ég mundi óska þess einlæglega að þurfa aldrei við það

fólk að tala. Ég geri mér grein fyrir að það er gott að hafa það ef allt um þrýtur. En ætli flestir íslenskir foreldrar vildu nú ekki hafa tíma til að ala börnin sín vel og fallega upp, hafa tíma til að veita þeim eitthvað annað en merkjaföt og peninga sem er auðvitað flóttinn þegar enginn tími er til annars. Ég held að börnin yrðu glaðari yfir því en fínu merkjunum.

Ég er alveg sammála hv. 5. þm. Reykv. Börnin eru agalaus vegna þess að það er enginn til að kenna þeim neinn aga. Það gera ekki örþreyttir foreldrar sem koma heim milli kl. 6 og 7 á kvöldin og ætla að veita sér þann munað að horfa á kvöldfréttirnar. Ekki verður mikið um agakennslu á slíku heimili og það er ekki af því að þetta séu vondir foreldrar. Þeim er bara ekki búinn neinn möguleiki til þess að ala upp börnin sín. Þess vegna held ég að við ættum frekar að byrja á byrjuninni, reyna að gera þetta þjóðfélag þannig að maður sjái ekki beinlínis langar leiðir hvaða börn eru vanhirt og hver ekki því að það er að myndast hér, hæstv. forseti, allstór hópur sem ber þess merki að verða kannski undir í samfélaginu.

[16:23]

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Aftur er ég sammála hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur þegar hún ræðir um fjölskylduna og þá hörmung að ekki einu sinni tvenn laun duga til þess að framleyta venjulegri vísitölufjölskyldu, hvað þá stærri fjölskyldu og þegar hún talar um að enginn sé heima og hversu slæmt það sé. Ég held að málið sé ekki fyrst og fremst launin. Ég held að málið sé fyrst og fremst það hvers lags skattastefna er rekin. Ég held að það sé höfuðmálið í dag og menn geta farið yfir það, við þurfum að borga vel yfir 40% í tekjuskatt og reyndar borgum við síðan lífeyrissjóðsgjald og einhver smágjöld önnur. Hvað verður þá eftir? Við förum út og kaupum matinn okkar og einn fjórði af því verði eru skattar. Virðisaukaskattur er 24,5% þannig að það er augljóst að fyrst og síðast kemur skattastefnan í veg fyrir að einhver sé heima til að taka á móti börnunum. Það held ég að sé fyrst og fremst málið. Menn þurfa hugsanlega að líta örlítið til þess.

Aðeins vegna þess að hv. þm. kom inn á það í fyrri ræðu sinni og mér vannst ekki tími til þess í fyrri ræðu minni þegar hún var að ræða um íþróttirnar. Það er hárrétt sem hv. þm. sagði að íþróttir og íþróttaástundun er orðin er allt, allt of dýr. Hún er orðin það dýr að fjölmargir krakkar hafa hreinlega ekki efni á að stunda íþróttir og það er auðvitað afar slæmt. Þar sem hugsanlega er hægt að stunda eina íþróttagrein verða börnin að sjá af öðrum. Einstakar greinar eru stundaðar yfir sumarið og aðrar yfir vetur en hin venjulega fjölskylda hefur tæpast efni á einni hvað þá tveimur greinum þannig að þetta er auðvitað orðið íhugunarefni.

Það má auðvitað spyrja sig: Af hverju er slíkt? Ég held að það sé m.a. vegna þess að stuðningur hins opinbera við íþróttahreyfinguna hefur farið hraðminnkandi eins og ég sagði fyrr í ræðu minni. Það þýðir að meira og meira af þessum litlu tekjum sem íþróttafélögin hafa verða að fara til innra starfs. Því miður er það svo. Hins vegar lýsti hv. þm. því hér yfir í fyrri ræðu sinni að hún væri kannski ekki svo spennt að styðja íþróttir sem hefðu það að takmarki að búa til afreksmenn sem síðan gengju kaupum og sölum. Ég held að það megi ekki rugla þessu saman vegna þess að við erum að tala hér um uppeldisþáttinn. Þegar að slíku kemur að menn eru að fara út í atvinnumennsku eða aðra slíka hluti uppeldisþættinum lokið. Það er auðvitað bara sáralítið brot af þeim einstaklingum, sem stunda íþróttir, sem eru svo heppnir ef það má segja svo að komast lengra og geta haft þetta sem atvinnu sína. Það má því ekki rugla uppeldisgildi íþróttanna saman við það hvort einhverjir ná árangri síðar meir þannig að það er alveg jafnmikilvægt sem fyrr.

Ég minntist aðeins á agaleysi og hv. þm. tók undir það. Ég vil einnig segja að agaleysið er orðið allverulega mikið og mikið áhyggjuefni í skólum landsins. Þegar ég var í barnaskóla, sem heitir grunnskóli núna, var allt annar agi. Ég man það að við fengum ekki að fara inn af skólalóðinni fyrr en allir voru komnir í tvöfalda röð og búið að jafna bilið. Og ef einhvern einn vantaði þá stóðu allir hinir. Þetta er hluti af aga. Sem annað dæmi má nefna að nemendur fóru ekki í leikfimi nema í hvítum buxum og berfættir og urðu að fara í bað á eftir. Þetta er liðin tíð. Nú koma menn í alls konar druslum og hlaupa sveittir beint heim til sín á eftir. Þetta er allt liður í því að skapa agaleysi.

Síðan er ég ekki sammála því að kennarar geri allt það sem þeir geta. Vissulega gerir mikill hluti þeirra það. En þeir eru ákaflega misjafnir og þau plögg sem börnin koma með heim úr skólunum eru alveg hræðileg. Þeim er jafnvel ætlað að svara einhverjum spurningum sem er ekki hægt að lesa, bæði vegna þess að það er orðið svo dauft, það er búið að fjölrita það svo oft og það er orðið skakkt og það er hreinlega ekki hægt að lesa spurningarnar. Börnin reikna heima og það er ekki farið yfir. Þetta þekki ég af því að ég á enn þá það ung börn. Ég get borið það saman, maður sér það á börnunum sínum hverjir hafa góðan kennara og hverjir hafa slæman þannig að það þarf líka að taka til hendinni í skólum landsins. Við höfum ekki það sem erlendar þjóðir hafa. Þær hafa t.d. her og miklu meiri aga í skólunum þannig að ég held að menn ættu að taka á þessu.

En ég vil taka undir með hv. þm. að það er auðvitað og hlýtur að vera enn þá baráttumál að ein fyrirvinna dugi. Hvernig í ósköpunum við náum því héðan af er erfitt að sjá. Það má ekki vera slíkt kerfi að það ýti fólki hreinlega út af heimilinu og ætlist til þess að stofnanirnar ali upp börnin fyrir okkur. Svo kemur þetta fólk fram og fólk kvartar og kvartar yfir börnunum sínum. Það verður að koma í veg fyrir þetta og það verður að sjá til þess að stefna komi sem er á þann hátt að annað foreldrið geti verið heima og mér er þá alveg sama hvort það er karl eða kona. Það verður að vera. Og fyrr kemst ekki þetta eðlilega heimilislíf á eins og hv. þm. var hér að lýsa rétt áðan og saknaði mjög mikið og ég tek undir.

Þessu vildi ég, hæstv. forseti, bæta inn í þessa umræðu.

[16:29]

Félagsmálaráðherra (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Þetta hefur verið ágæt umræða og vissulega þörf. Það er athyglisvert að þegar við ræðum málefni fjölskyldunnar eru oftast örfáir þingmenn viðstaddir. Mér finnst miður að hv. 14. þm. Reykv. skuli vera horfinn af vettvangi vegna þess að ég er algerlega ósammála henni að þáltill. séu bara orð á blaði og börnin mundu ekkert skilja það sem við værum að tala um hér. Það er ekki spurningin um hvort börnin skilji það. Það er spurningin um hvort fullorðna fólkið skilur það og það er aldrei gagnslaust að hefja umræður því að eins og orð verða til alls fyrst er það þannig hér á Alþingi að stundum þarf að ýta við málum aftur og aftur áður en þau komast til framkvæmda. Ég minni á frv. um umboðsmann barna. Það frv. var flutt mörg þing en nú er það mál í höfn og við höfum fengið umboðsmann barna svo að ég harma það að hún skuli hafa farið úr sal áður en við lukum þessari umræðu. (**Gripið fram í:** Það má ná í hv. þm.) Þess vegna er ég að nefna að þingmál verður aldrei einungis orð á blaði, ekki einu sinni þó að þau nái ekki fram að ganga eitt þing, tvö þing.

Mér finnst það mjög athyglisvert sem hefur verið rætt hér að við séum komin í þá stöðu að við hólfum fjölskylduna í börn og aldraða og mætti nefna fleira til. Það hefur verið talað um það sem horfið er með samskipti stórfjölskyldunnar og ágætar ábendingar um skort á tillitssemi og hvar börnin læri það sem áður kom sjálfkrafa inn í stóra systkinahópnum, í stóru fjölskyldunum sem við þekktum, þ.e. tillitssemi hvert við annað og læra hvert af öðru og læra um skyldur og hvað maður gerir bara alls ekki. Þetta er eitt af því sem börn skortir mjög í dag. Ég ætla líka að nefna það að foreldra skortir mjög aga og foreldrar eru orðnir allt of eftirlátssamir við börn sín af einhverjum misskilningi að mínu mati vegna þess að börn og unglingar vilja aðhald og börn og unglingar kalla eftir aðhaldi af hálfu foreldra, aðhaldi sem þau fá oft ekki af því að foreldrarnir halda að þau verði að leyfa börnunum það sem börnunum í næsta húsi er leyft. Ég hef oft lent í hörðum umræðum um þessi mál á sl. 20 árum og það er ekkert sem er gerast bara í dag þó að það hafi aukist.

Mér finnst líka mjög gott að heyra þau orð að við þyrftum að læra nýja þjóðlífsstefnu og ég tek undir orðin um bruðl og röng gildi. Ég tek undir það. Það er mjög athyglisvert hjá okkur hvert við erum komin í þeim efnum og þegar talað er um hvernig hlutirnir voru þegar við, fólk á mínum aldri, var að alast upp. Það var vissulega minna fé en það voru líka aðrar kröfur og það er ekki alltaf að tekjur skorti eða af litlum efnum sem fjölskyldulífið er á þann veg sem það er í dag hjá fjölskyldum og jafnvel ungum fjölskyldum, það er oft af kolröngum kröfum og því að það er verið að eltast við mjög röng gildi.

Í tilefni af því sem hv. 18. þm. Reykv. nefndi að mikilvægt væri að hjálpa börnum sem búa við erfiðar aðstæður vil ég geta þess að í einni af þeim breytingum sem við erum að vinna að í félmrn. varðandi þennan málaflokk er verkefni þar sem ráðuneytið hefur stuðlað að því að sameiginlegri fjölskyldumeðferðarstofnun verði komið á fót á höfuðborgarsvæðinu og rekin af öllum sveitarfélögum. Ráðuneytið bauðst til að leggja fram 13 millj. kr. á tveimur árum gegn svipuðu framlagi sveitarfélaga. Það er nokkuð ljóst að Reykjavíkurborg muni koma á fót slíkri ráðgjöf en því miður verður að segja eins og er að önnur sveitarfélög hafi verið treg til að taka þátt í þessu verkefni þó að ekki sé hægt að gera alveg útslagið um það á þessari stundu.

Vissulega hefur verið farið víða yfir í umræðunni en alls staðar er verið að huga af því sem snýr að fjölskyldunni og börnunum: Ofbeldismyndir, tölvuleikir, sá harði heimur sem börnin hafa verið að kynnast í gegnum þessa miðla.

Ég nefni það hér að ég hef beitt mér fyrir því í þeirri nefnd sem ég hef veitt forstöðu á öðrum vettvangi, menningarmálanefnd, að þau úrræði eigi að nýta betur sem verið er að setja í gang og heita forgangsmál. Á norrænum vettvangi er forgangsmál að stuðla að norrænni menningu og þar er líka forgangsmál að styðja norræna kvikmyndasjóðinn. Nefndin hefur verið með tillögu til umfjöllunar sem snýr að því á jákvæðan hátt að hafa áhrif á börn í þessum efnum og vinna gegn hlutum eins og eiturlyfjanotkun, ofbeldi, einelti og öðru slíku sem er hinn harði heimur barnanna, að draga fram réttsýni, virðingu fyrir öðrum, skilning og annað það sem við teljum að séu hin norrænu gildi og hin norræna samsömun. Sú áhersla og það fjármagn sem fyrir liggur sé nýtt til að búa til myndbönd, fræðsluefni inn í skólana, venjulegar unglingamyndir með jákvæðu efni, að nota það sem við höfum til að koma með hið jákvæða fram í stað þess að láta fljóta yfir sig hvað sem er.

Virðulegi forseti. Ég ætla í lokin á máli mínu aðeins að nefna það að í tillögu flm. var vísað í átak sem Norðmenn hafa gert og það er ekki lítið verkefni sem Norðmenn hafa sett sér. Stórþingið hefur ákveðið að veita 500 millj. norskra króna til að efla það svið sem hefur verið vísað til á þremur árum. Þetta eru um það bil 1.500 millj. norskra króna á þremur árum í þessu augnamiði. Þetta er mjög metnaðarfullt átak og vissulega er ástæða til að horfa til slíkra hluta. Ég held að ekkert annað ríki hafi hleypt af stokkunum svo miklu átaki. Þetta er öðrum hvatning og þó hlutir gerist ekki strax og e.t.v. ekki núna, við höfum búið við erfiðar aðstæður. Við verðum að vera bjartsýn um að hagir breytist og við getum gert hlutina sem við hefðum kannski þurft að halda í við okkur. Ég vil geta þess að ef við mundum heimfæra þetta á okkur er verið að tala um að veita 90 millj. á þremur árum, ef við tækjum mið af mannfjölda, 30 millj. á ári. Ég vil líka segja það að við erum ekki stefnulaus eins og kom fram hjá einum þingmanni. Við erum ekki stefnulaus í þessum málum. Við erum að setja okkur stefnur í afmörkuðum þáttum ýmissa mála sem snúa að fjölskyldunni. En ég hef vakið athygli á því aftur og aftur að engin ríkisstjórn hefur sett sér fjölskyldustefnu og ég vildi óska að mér gæfist tími til að setja fram slíkt mál.

[16:38]

Flm. (Jóna Valgerður Kristjánsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka þær umræður sem hér hafa orðið. Þær hafa verið mjög málefnalegar og ég vil þakka hæstv. félmrh. fyrir það hvernig hún tók undir þetta. Hæstv. félmrh. nefndi frv. um breytingu á lögum um vernd barna og ungmenna í þá veru að koma á fót barnaverndarstofu. Það væri mjög verðugt hlutverk þeirrar barnaverndarstofu ef að lögum verður að hún mundi hrinda af stað slíku átaki sem hér hefur verið nefnt í þessari þáltill.

Ég er vissulega ekki heldur með þessari þáltill. að vanmeta þann árangur sem hefur náðst. Ég nefndi það áðan að ég teldi að þetta átak gæti byggst á þeim lögum sem eru í gildi og þá einnig með þeim úrræðum sem koma fram í breytingunum sem nú liggja fyrir þinginu. Ég held því að við höfum allar forsendur til þess að gera slíkt átak eins og hér er lagt til og eigum að horfa til þeirra laga og reglugerða sem við höfum í þessum málum.

Það er leitt til þess að vita að hv. 14. þm. Reykv., Guðrún Helgadóttir, skuli ekki vera hér stödd lengur því mér fannst ákveðinn misskilningur koma fram í hennar máli sem benti til þess að hún hefði ekki hlustað á framsöguræðu mína og m.a. það að hér þyddi ekki endalaust að vera að koma með ályktanir og skýrslur, heldur að gera eitthvað, því að það voru einmitt lokaorð mín í framsöguræðu minni að ég teldi að bæði lög og reglugerðir væru til. Búið væri að gera margar og miklar skýrslur um þessi mál og nú þyrftum við að láta verkin tala. Ég held að hún hafi misskilið þetta að einhverju leyti.

Það má einnig minna á að það er vissulega til fullt af skýrslum og beiðnum um ýmsar athuganir og m.a. var hv. 14. þm. Reykv. aðili að beiðni um skýrslu sem nokkrar konur báðu um á 110. löggjafarþingi sem var um félagslega þjónustu við foreldra vegna barneigna, uppeldis og umönnunar barna. M.a. voru þarna allar þingkonur Kvennalistans ásamt hv. þm. og fleirum. Það er vissulega rétt að það hafa verið gerðar margar skýrslur og ályktanir um þessi mál, en ég held að við verðum samt sem áður að halda áfram að halda þessum málum vakandi, ýta á það að eitthvað sé gert og ég mótmæli því að hér sé bara einhver orðaflaumur á blaði. Það er það ekkert frekar en í þeim málum sem hv. þm. hefur beitt sér fyrir eins og málefni um umboðsmann barna sem hún flutti hér ár eftir ár og er orðið að lögum núna. Ég held einmitt að það þurfi aftur og aftur að tala um þessi mál og mér finnst tilvalið að gera það núna á þessu ári sem er ár fjölskyldunnar eins og ég nefndi áðan. Það er mjög líklegt að með því að halda einmitt áfram að tala um þetta mál aftur og aftur verði það til þess að eitthvað verði gert.

Hv. þm. Ingi Björn Albertsson nefndi að það væri eðlilegt að setja tímamörk um þetta. Ég hafði hugsað mér að þetta framkvæmdaátak næði yfir fjögur ár. Ég nefndi einnig að Norðmenn hafa gert mikið í þessum málum og sett sér framkvæmdaáætlun til þriggja ára þannig að vissulega erum við að tala um einhver tímamörk. Ég vildi ekki setja fram í þessari tillögu að við ættum að byrja þetta átak kannski 1. júní eða 1. jan. á tilteknu ári heldur yrði þetta að hafa eðlilegan framgang og ég held að samt sem áður muni verða hægt að setja sér svona markmið sem gildir ákveðinn tíma.

Hv. þm. nefndi einnig agaleysi í skólum og það hafa reyndar fleiri komið inn á. Ég er ekki með það sérstaklega í þessum tilmælum sem ég nefndi. Það er aldrei hægt að taka tillit til allra hluta í svona tillögu, en ég tek undir það með þeim sem hafa nefnt þetta og ég held að því miður hafi tilhneiging verið til þess undanfarið af hálfu foreldra að ýta þessum málum frá sér, ýta ábyrgðinni yfir á skólana. Það eru alltaf skólarnir og kennararnir sem eiga að sjá um það að kenna börnunum aga í skólum og foreldrarnir vilja frýja sig sjálfa ábyrgð á því. Það er líka oft vegna þess, eins og hv. 14. þm. Reykv. nefndi, að þau hafa hreinlega ekki haft tíma til að sinna uppeldi barna sinna. Ég vil í þessu sambandi minna á þá tillögu sem við kvennalistakonur höfum lagt fram um foreldrafræðslu. Þar held ég að nokkuð sé tekið á þessu. Og síðan get ég nefnt að ég hef undir höndum fréttabréf Fræðslumiðstöðvar í fíknivörnum þar sem talað er um ákveðnanámskeið fyrir foreldra. Þar er einmitt nefnt að margir foreldrar séu svo hræddir við að gera mistök í uppeldi barna sinna að þeir eigi erfitt með að gera það upp við sig hvað megi og megi ekki og hvernig þeir eigi að halda á agamálum í sambandi við börn. Ég held að það sem veldur agaleysi í skólunum fyrst og fremst sé að aginn kemur ekki með börnunum að heiman. Þetta á sér margar og flóknar skýringar, m.a. í ýmsum uppeldisstefnum sem hafa verið í gildi sl. 20 ár og er of langt mál að fara út í að ræða hér, en ég held að skólarnir geti auðvitað í samráði við foreldrana tekið á þessu máli líka, en fyrst og fremst tel ég að það sé foreldranna að leita þessara leiða og hugsanlega þurfa þeir aðstoð og fræðslu til þess að geta tekið á málinu.

Ég vil að lokum þakka aftur þessar umræður sem hafa orðið hér. Það sýnir sig að það er mikill og vaxandi áhugi fyrir því á Alþingi að ræða um málefni barna og ungmenna og fjölskyldunnar í heild. Ég held að þessi tillaga geti hugsanlega orðið til þess að það verði gert eitthvað meira en fá skýrslur og gera ályktanir um einhver tiltekin atriði.

[16:45]

Guðrún Helgadóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég viðurkenni að að það fer mér ósköp illa að vera að andmæla máli sem hv. 6. þm. Vestf., Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, er 1. flm. að. Venjulega erum við sammála um þessa hluti og ég er heldur ekki ósammála tillögu hennar og mun að sjálfsögðu styðja hana. En ég vil þó aðeins segja vegna orða hv. þm. um embætti umboðsmanns barna að ég get ekki neitað því að mér finnst það raunhæfari tillaga en t.d. eins og hér segir: að samræma aðgerðir gegn notkun áfengis og vímuefna. Þetta er óskaplega almennt orðalag og erfitt að sjá hvað við eigum að samræma og það var kannski það sem ég gerði að inntaki ræðu minnar að það þyrfti að samræma margt í okkar samfélagi áður en við gætum búist við að eiga heilbrigð, hraust og sterk börn úr góðum fjölskyldum.

Ég held að flestir íslenskir foreldrar vilji vera góðir við börnin sín og veita þeim gott uppeldi, en ég held að þjóðfélagið geri þeim það ærið erfitt. Það segir sig sjálft að á heimilum sem eru tröllriðin fjárhagsáhyggjum og þurfum við ekki að líta lengra en til vanskila við Húsnæðisstofnun ríkisins, þegar svo er komið að fjárshagsáhyggjurnar verða öllu yfirsterkari, þá víkur gleðin og það þarf gleði og ást til að ala upp börn svo að þau verði gott fólk. Það á ekki að vera andrúmsloft þar sem allt snýst um að skrapa saman eins mikla peninga og mögulegt er með allt of mikilli vinnu til þess að eiga fyrir lífsnauðsynjum eins og þaki yfir höfuðið og einhverju að borða.

Að öðru leyti vil ég auðvitað þakka hv. 6. þm. Vestf. fyrir flutning þessarar tillögu, en ég skora, frú forseti, á hv. þingheim að taka nú höndum saman og leggja fjármuni í að búa íslensku fjölskyldunni sómasamlegt líf.

[16:48]

Flm. (Jóna Valgerður Kristjánsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. 14. þm. Reykv. nefndi að það væri of fljótandi orðalag að samræma aðgerðir til að stemma stigu við áfengis- og vímuefnaneyslu barna og unglinga. Við vitum að þessi vandi er alveg gífurlegur í þjóðfélaginu í dag. Það eru margir aðilar að reyna að takast á við þetta vandamál og það eru margar og mismunandi aðgerðir í gangi. Það er líka í gangi samstarf ýmissa félaga til að taka á þessu máli. En ég held samt að það þurfi að gera enn betur. Það þurfi að samræma þær aðgerðir sem eru í gangi enn betur og hugsanlega gæti það tengst því að gera slíka framkvæmdaáætlun. Mér er alveg ljóst að það þarf ákveðna stýringu á slíka framkvæmdaáætlun.

En ég held að það sé ekki rétt hjá hv. þm. að þetta sé svo fljótandi að það viti enginn hvað hér sé átt við. Eins og ég segi þarf að gera alveg gífurlega mikið og það þarf helst að samræma það.

[16:49]

Ingi Björn Albertsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég veit ekki hvort hv. þm. Jóna Valgerður Kristjánsdóttir misskildi mig, en eins og tillagan er núna þá er hún einfaldlega um að láta gera fjögurra ára áætlun um úrbætur í málefnum barna og ungmenna, en það er ekkert um að hrinda henni síðan í framkvæmd. Ég var að tala um tímamörk. Ég tel að það fari ákveðinn tími í að gera þessa áætlun og ég vildi tímasetja það að sú nefnd, eða hverjir sem það verkefni fá, hafi til þess tiltekinn tíma og síðan ætti að tímasetja það hvenær ætti að hrinda áætluninni í framkvæmd. Það var þetta sem ég var að tala um, ekkert annað. Ég held að hv. þm. hafi misskilið mig þannig að ég vildi tala aðeins skýrar núna.

[16:50]

Flm. (Jóna Valgerður Kristjánsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er í sjálfu sér ekkert ósammála því að sett séu einhver tímamörk á þetta og dagsetningar. En ég vil samt aftur minna á það sem stendur hér í tillögunni. Það segir að Alþingi álykti að fela félmrh. að láta gera fjögurra ára framkvæmdaáætlun, ekki bara áætlun heldur sem sagt framkvæmdaáætlun og þá áætlun á auðvitað að framkvæma og hún á að framkvæmast á fjórum árum. En mér finnst það ekki skipta höfuðmáli hvort hún byrjar endilega 1. júní eða 1. jan. heldur að þetta séu framkvæmdir sem eigi að gera.

[16:51]

Ingi Björn Albertsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekkert að elta ólar við þetta. Þetta var bara ábending frá mér að fenginni reynslu í glímu við framkvæmdarvaldið. Mér finnst óþarft að gefa þeim jafnopna heimild og þarna er verið að gera. Það þýðir að þetta geti dregist von úr viti og menn hafi engin tök á málinu. Þess vegna hefur það verið mín reynsla að það sé heillaráð að setja slíka hluti inn í til þess að tryggja að málið verði unnið á einhverjum tilteknum tíma en dragist ekki von úr viti í kerfinu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Bann við atvinnurekstri einstaklings vegna afbrota, 1. umr.

Frv. FI o.fl., 87. mál. — Þskj. 87.

[16:52]

Flm. (Finnur Ingólfsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um tímabundið bann við atvinnurekstri einstaklings vegna afbrota. Frv. þetta er á þskj. 87 og er 87. mál þingsins. Flutningsmenn ásamt mér eru hv. þm. Guðmundur Bjarnason, Halldór Ásgrímsson, Guðni Ágústsson, Jón Kristjánsson, Páll Pétursson og Stefán Guðmundsson.

Það frv. sem hér er mælt fyrir er að nokkru leyti tímamót í íslenskri lagasetningu ef það verður að lögum. Með frv. er verið að leita úrræða til þess að hafa hendur í hári skattsvikara sem með skipulögðum hætti hafa farið þá leið með breytingu á stofnun hlutafélaga, breytingu á kennitölum hlutafélaga, að svíkja undan skatti. Á undanförnum árum hafa ýmiss konar afbrot í atvinnurekstri færst í aukana. Það mætti nefna mörg dæmi eða af fyrirtækjum og einstaklingum sem gróflega hafa brugðist skyldum sínum í atvinnurekstri og þar með brotið gegn almennum hegningarlögum, ýmsum lögum um opinber gjöld og bókhaldslög. Rekja má slóð sömu einstaklinga í gegnum hvert gjaldþrota fyrirtækið af öðru þar sem skuldum hefur verið safnað og fyrirtækin síðan gerð gjaldþrota. Þannig hafa fjölmargir grandalausir lánardrottnar tapað stórfé. Þannig er hægt að rekja langa slóð og oftast slóð sömu einstaklinga sem skipulega hafa svikið lánardrottna sína og jafnvel dregið sjálfum sér fé.

Fyrir fáum dögum birtist frétt í Morgunblaðinu þar sem sagt var frá einstaklingum sem stofnað höfðu hlutafélag, selt síðan hlutafélagi þjónustu sína svo að hundruðum milljóna kr. skipti. Þjónustan var með virðisaukaskatti, virðisaukaskattinum var ekki skilað heldur safnaðist hann upp í fyrirtækinu og síðan var gerð krafa á ríkissjóð um endurgreiðslu virðisaukaskatts sem

fékkst endurgreiddur upp á 47 millj. kr. Þannig hafði þessi einstaklingur með sviksamlegum hætti náð peningum út úr ríkissjóði.

Slík dæmi væri hægt að nefna önnur en þetta. Þetta frv. gerir ráð fyrir því að komið sé í veg fyrir hluti sem þessa. Í íslenskum lögum eru takmarkaðar heimildir til að stöðva þá menn sem stunda þessa iðju skipulega eða að minnsta kosti hafa þau úrræði sem til eru lítið verið notuð. Tilburðir stjórnvalda á undanförnum árum til að koma í veg fyrir slíka háttsemi hafa verið þó nokkrir. Árið 1985 skipaði dómsmrh. nefnd til að gera tillögur um greiðari meðferð efnahagsbrota í dómskerfinu. Í framhaldi af því nefndarstarfi var stofnuð sérstök deild við Rannsóknarlögreglu ríkisins til að rannsaka efnahagsbrot. Í íslenskri löggjöf eru takmörkuð ákvæði um sviptingu starfsréttinda og heimildir til að svipta menn leyfum til að stunda atvinnurekstur. Í 2. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga er einungis gert ráð fyrir því að hægt sé að svipta einstakling leyfum til að stunda starfsemi vegna afbrota og þá fyrst og fremst ef dómur hefur gengið í málinu. En 2. mgr. 68. gr. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Nú er maður dæmdur sekur um brot og má þá í dómi í opinberu máli á hendur honum svipta hann heimild, er hann hefur öðlast, til að stunda starfsemi sem opinbert leyfi, löggildingu, skipun eða próf þarf til að gegna, enda gefi brotið til kynna að veruleg hætta sé á því, að sakborningur muni fremja brotið í stöðu sinni eða starfsemi. Þegar brot er stórfellt má einnig svipta mann ofangreindum rétt ef hann telst ekki framar verður til að rækja starfann eða njóta réttindanna."

Lögaðilar verða ekki sviptir rétti til að stunda starfsemi samkvæmt þessari grein. Réttarsvipting einstaklings samkvæmt greininni takmarkast við þá starfsemi þar sem opinbert leyfi eða löggildingu þarf til eða próf þarf til að stunda starfsemina.

Í íslenskri löggjöf eru víða ákvæði um að menn þurfi að uppfylla ákveðin almenn skilyrði og í sumum tilfellum að hafa ákveðin próf til að mega sinna störfum á viðkomandi sviði eða stunda ákveðna starfsemi. Auk þess er í mörgum tilfellum, auk almennra skilyrða, gerð krafa um að til þess að mega sinna starfi eða stunda ákveðna starfsemi þurfi leyfi viðkomandi stjórnvalda.

Skilyrði þess að menn verði sviptir réttindum skv. 2. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga eru tvenns konar. Í fyrsta lagi að þeir séu dæmdir fyrir refsiverðan verknað og brotið gefi til kynna að veruleg hætta sé á að sakborningur muni fremja það öðru sinni. Hugsunin er sú að tengsl séu á milli afbrots og starfsemi þeirra sem sviptingin lýtur að. Þrátt fyrir þessa aðalreglu eða að tengsl séu á milli afbrots og þeirrar starfsemi sem sviptingin lýtur að er þó talið að sviptingin geti komið til greina vegna afbrots sem ekki er í tegslum við starfsemi ef veruleg hætta er á að það gerist aftur. Í öðru lagi er heimilt að svipta mann réttindum skv. 2. mrg. 68. gr. ef brot er stórfellt og viðkomandi telst ekki framar verður til að rækja starfann eða njóta réttindanna.

Í 1. gr. þess frv. sem ég mæli fyrir er gert ráð fyrir því að hvern þann sem gróflega bregst skyldum sínum í eigin atvinnurekstri eða í atvinnurekstri lögaðila sem hann er í forsvari fyrir megi með dómi útiloka frá frekari atvinnurekstri um tiltekinn tíma samkvæmt þessu. Það ber að undirstrika að þá nær atvinnurekstrarbannið einungis til einstaklingsins en þarna er gert ráð fyrir að skilja atvinnureksturinn sjálfan frá þeim sem brotlegur gerist. Svo væri t.d. í mörgum tilfellum um atvinnurekstur hlutafélags. Hlutafélagið gæti haldið áfram sinni atvinnustarfsemi en einstaklingur sá sem er í forsvari fyrir atvinnureksturinn og hefur brotið af sér er dæmdur í atvinnurekstrarbann. Þetta er gert til að hægt sé að halda atvinnurekstrinum áfram gangandi og koma þannig í veg fyrir að atvinnureksturinn sem slíkur þurfi að líða fyrir það að í forsvari hafi verið óvandaðir menn.

Í 2. gr. frv. er skilgreint með hvaða hætti maður telst hafa brugðist gróflega skyldum sínum í atvinnurekstrinum en það er með því að hafa brotið gegn almennum hegningarlögum eða framið annað meiri háttar afbrot. Að hafa brotið meiri háttar gegn lögum um opinber gjöld og bókhald eða framið önnur meiri háttar efnahagsbrot. Í 2. mgr. greinarinnar er tilgreint hvað skuli hafa til hliðsjónar við mat á því hvort brot er meiri háttar eða ekki.

Í 3. mgr. 2. gr. er sérregla um gjaldþrot. Þar er gert ráð fyrir því að dæma megi mann í atvinnurekstrarbann sem hefur í sjálfstæðum atvinnurekstri orðið gjaldþrota enda hafi hann í atvinnurekstrinum gerst sekur um stórlega ámælisverða háttsemi gagnvart lánardrottnum sínum. Sama gildir um einstakling sem hefur í störfum sínum sem forsvarsmaður lögaðila er verða gjaldþrota gerst sekur um stórlega ámælisverða háttsemi gegn lánardrottnum.

Í 3. gr. frv., sem nær einungis til atvinnurekstrar lögaðila, er lýst hverja af forsvarsmönnum atvinnurekstrarins megi dæma í atvinnurekstrarbann nema þeir sýni fram á að þeir hafi hvorki vitað né mátt vita um hina ólögmætu háttsemi. En þetta eru: Sameigendur í sameignarfélagi, félagsmenn með ótakmarkaða ábyrgð í sameignarfélagi, stjórnarformenn og framkvæmdastjórar hlutafélaga, stjórnarformenn og forstöðumenn hvers kyns annars konar lögaðila með fjárhagsleg markmið, sá sem í raun veitir atvinnurekstri lögaðila forstöðu eða hefur komið fram sem slíkur út á við.

Í 4. gr. er fjallað um tímalengd atvinnurekstrarbanns. Bannið skal standa í þrjú ár hið skemmsta og í fimm ár hið lengsta. Þessi tímalengd er í samræmi við það sem tíðkast í sambærilegri norrænni löggjöf.

Í 5. gr. frv. er fjallað um þær hömlur sem settar eru á hvern mann sem dæmdur hefur verið í atvinnurekstrarbann. Viðkomandi er óheimilt að stunda sjálfstæðan atvinnurekstur, gangast undir ótakmarkaða ábyrgð á rekstri hvers kyns félags annars lögaðila með fjárhagsleg markmið, óheimilt vera í stjórn eða varastjórn hvers kyns félags eða lögaðila með félagsleg markmið, óheimilt að vera framkvæmdastjóri, staðgengill framkvæmdastjóra eða veita í raun forstöðu atvinnurekstri lögaðila sem hefur fjárhagsleg markmið.

Í 6. gr. frv. er reynt að koma í veg fyrir að hægt sé

að fara í kringum atvinnurekstrarbannið. Í 1. mgr. kemur fram að manni sem dæmdur hefur verið í atvinnurekstrarbann er ekki heimilt að starfa við atvinnurekstur tilgreindra venslamanna sinna. Í 2. mgr. er fjallað um að manni í atvinnurekstrarbanni sé meinað að starfa við eða taka að sér reglubundin verkefni í sams konar starfsemi og hann braut af sér í.

Í 7. gr. frv. er tekið á hvernig megi úrskurða mann í atvinnurekstrarbann til bráðabirgða. Sé brotið mjög gróft og augljóst má úrskurða mann í atvinnurekstrarbann til bráðabirgða. Því þykir rétt að koma í veg fyrir að maður sem augljóslega og gróflega hefur brotið af sér fái að halda áfram starfsemi sinni á meðan mál hans er fyrir dómi.

Í 8. gr., en hún skýrir sig að mestu leyti sjálf, er gert ráð fyrir því að úrskurð um atvinnurekstrarbann til bráðabirgða sé hægt að kæra til Hæstaréttar.

Um 9. gr. frv. er það að segja að eins og fram kemur í 1. gr. frv. nær atvinnurekstrarbannið aðeins til einstaklinga en ekki til lögaðila. Er það gert til þess að takmarka tjón samfélagsins af stöðvun atvinnurekstrarins. Því er brotlegum samkvæmt þessari grein veittur ákveðinn frestur til að koma í veg fyrir að atvinnureksturinn líði undir lok, t.d. með því að selja hann. Brotlegur verður þó við þessar ráðstafanir að njóta aðstoðar lögmanns eða löggilts endurskoðanda og fara þær fram undir umsjón skiptaráðanda í viðkomandi umdæmi. Haganlegt þykir að hafa þann hátt á því ætla má að nokkur skyldleiki sé með þessum ráðstöfunum og meðferð þrotabús og greiðslustöðvun.

Í 10. gr. frv. er kveðið á um viðurlög við brotum við atvinnurekstrarbanni og að þá sem það brjóta megi dæma í allt að tveggja ára fangelsi. Sé brotið hins vegar minni háttar megi dæma þá sem það brjóta til varðhalds eða til greiðslu sektar. Brot gegn atvinnurekstrarbanni skuli að lágmarki leiða til þess að sá tími sem menn hafa verið dæmdir í atvinnurekstrarbann tvöfaldist. Samanlagður tími atvinnurekstrarbannsins og brots gegn því má þannig aldrei fara fram úr fimm árum.

11. gr. frv. skýrir sig að öllu leyti sjálf. Svo er einnig með 12. gr. frv.

Annars staðar á Norðurlöndum hafa á undanförnum árum færst í aukana heimildir til leyfissviptinga og jafnvel að mönnum almennt hefur verið meinuð þátttaka í atvinnurekstri vegna brots í atvinnurekstrinum. Tilgangur þess er ekki síst sá að koma í veg fyrir að sömu einstaklingar brjóti ítrekað af sér.

Eins og meginákvæði íslenskrar löggjafar um heimildir til sviptingar starfsréttinda vegna brota eru nú og lýst hefur verið að framan fullyrði ég að ólíklegt sé að brotlegir atvinnurekendur leiði hugann að öðru en sektum í gildandi lögum. En refsivist kemur sjaldan til nema brot sé þeim mun alvarlegra. Stæðu brotamenn hins vegar frammi fyrir hugsanlegri sviptingu réttinda til atvinnurekstrar eins og frv. þetta gerir ráð fyrir má ætla að þeir hugsi sig betur um í atvinnurekstrinum. Þannig gengur frv. þetta lengra en nokkurt gildandi lagaákvæði sem aðeins heimilar sviptingu réttinda samkvæmt útgefnum stjórnvaldsleyfum.

Það má auðvitað deila um hvaða leiðir eigi að fara í þessum efnum. Nú er til meðferðar í hv. efh.- og viðskn. frv. til laga um hlutafélög. Þar er gert ráð fyrir því sem refsingu, þó ekki samkvæmt refsilögunum, að hægt sé að útiloka þá einstaklinga sem verða gjaldþrota og bera ábyrgð á rekstri fyrirtækja í tvígang frá því að gerast framkvæmdastjórar eða sitja í stjórn í viðkomandi félögum eða í öðrum hlutafélögum. Ég er þeirrar skoðunar að það eigi ekki að fara þá leið í hlutafélagalögunum heldur eigi fyrst og fremst að hafa þetta sérlög eins og það frv. sem er mælt fyrir af þeirri ástæðu að áður en mönnum er vísað frá í atvinnurekstrinum þarf að vera genginn dómur í máli þeirra.

Virðulegur forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Leiðtogafundur á Þingvöllum árið 2000, fyrri umr.

Þáltill. JHelg o.fl., 183. mál. — Þskj. 205.

[17:08]

Flm. (Jón Helgason):

Hæstv. forseti. Á þskj. 205 flyt ég ásamt þingmönnunum Ólafi Ragnari Grímssyni og Kristínu Einarsdóttur, eftirfarandi till. til þál., um leiðtogafund á Þingvöllum árið 2000.

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera ítarlega athugun á raunhæfum möguleikum á fundi þjóðar- og trúarleiðtoga á Þingvöllum um framtíðarhorfur mannkynsins árið 2000, m.a. með ráðstefnu um þessa hugmynd í samvinnu við þá sem hafa sett hana fram."

Í greinargerð tillögunnar kemur fram að hugmynd þessi er komin frá bandaríkjamanni að nafni Gerald O. Barney. Þegar Carter var forseti Bandaríkjanna 1976–1980 fékk hann Barney til að fjalla um framtíðarhorfur mannkynsins til ársins 2000. Skilaði Barney greinargerð sinni árið 1980, sem hann nefndi Global 2000. Í framhaldi af því kom Barney ásamt fleirum á fót stofnun sem nefndist aldamótastofnunin. Er hún í Virginíafylki í Bandaríkjunum og hefur hún fjallað áfram um þetta áhugaverða málefni.

Aldamótastofnunin endurskoðaði ritið sem Barney hafði gert fyrir Carter og gaf það þannig út snemma á síðasta ári. Var það gert í tilefni og til undirbúnings alþjóðlegrar samkomu trúarleiðtoga sem haldin var í Chicago fyrir ári síðan. Í þessu endurskoðaða riti er skyggnst lengra fram í tímann um framtíðarhorfur mannkynsins og verður þá myndin sem þar er dregin upp mjög dökk eða reyndar kolsvört þegar fer að líða á 21. öldina. Haldi mannkyninu áfram að fjölga með sama hraða og nú muni þess bíða ragnarök þegar kemur fram yfir miðja næstu öld vegna óviðráðanlegrar mengunar og annarra aðstæðna. T.d. muni allt ræktanlegt land jarðarinnar ekki nægja til að fæða fjölda mannkynsins ef hann tvöfaldast frá því sem nú er eins og mundi gera á fyrri hluta næstu aldar, ef fjölgunin

yrði sú sama og hún er í dag, 90 millj. manna á ári. Eina vonin sé að allar þjóðir og einstaklingar geri sér grein fyrir ábyrgð sinni á verndun umhverfisins og taki höndum saman um að snúa þróuninni til betri vegar. Tímann fram að aldamótum sé því afar brýnt að nota til að undirbúa þá hugarfarsbreytingu sem þarf svo að um aldamót taki allir þjóða- og trúarleiðtogar höndum saman við að snúa mannkyninu frá villu síns vegar og bjarga því. Í því skyni gera Barney og félagar hans tillögu um að allir trúar- og þjóðarleiðtogar komi til fundar á Þingvöllum árið 2000 til þess að undirrita sáttmála um þetta málefni.

Í viðaukanum með þáltill. sem eru níu síðustu blaðsíður þessa fyrrnefnda rits er fjallað um Þingvallafundinn og þar kemur fram af hverju Barney telur að Þingvellir henti best til þessa fundar. Þar segir hann m.a., með leyfi hæstv. forseta:

„Ísland er einstakur staður. Ísland er ekki aðeins eitt af fáum löndum sem mundi fagna öllum þjóðaleiðtogum heims, heldur einnig eitt fárra landa í heimi sem allir þjóðhöfðingjar gætu með góðri samvisku sótt heim.

Á Þingvöllum er einfaldlega mjög fagurt um að litast. Náttúrulegt ráðstefnusvæði neðan klettanna, sléttan þar sem hundruð manna geta auðveldlega komið saman, tær og blá Öxará, hrífandi himinhvolfið, einföld en glæsileg reisn þeirra fáu húsa sem standa á svæðinu og sterkt, táknrænt gildi þess að þarna mætast austur- og vesturálfur heimsins. Sannarlega er þetta sá staður sem heldur jarðarkringlunni saman. Allt er fullkomið, nákvæmlega eins og á að vara.

Íslandi er eini staðurinn sem við vitum um á jörðinni þar sem þegar ákvarða á eitthvað raunverulega mikilvægt eða minnast einhvers sem er mikilvægt, er þinghald flutt úr manngerðu umhverfi þinghússins út í náttúrlegt umhverfi Þingvalla, upprunastaðar elsta þings heims. Þessi hefð er mikilvæg fyrir fundinn árið 2000. Ef mannkynið ætlar að komast klakklaust gegnum 21. öldina verða menn að ná sáttum við náttúrulegt umhverfi sitt og táknrænt gildi leiðtogafundar í náttúrulegu umhverfi kynni að beina okkur á rétta braut.

Á Þingvöllum ríkir hefð sáttagerðar og fórnarlundar sem verður mannkyninu afar mikilvæg í framtíðinni.

Á Þingvöllum er hefð fyrir umburðarlyndi í trúmálum. Sú saga er tiltölulega lítt kunn þegar Íslendingar tóku kristna trú árið 1000, en hún er gott dæmi.

Mikilvægust er þó sú hefð sem á sér meira en þúsund ára sögu að Þingvellir eru griðastaður þar sem jafnvel óvinir geta komið saman. Eins og Íslendingar árið 930, er þeir áttu í ættarerjum, þarf heimurinn nú griðastað þar sem jafnvel óvinir geta komið saman. Með því að deila Þingvöllum og hefðum þeirra með heiminum getur Ísland fært heiminum gjöf sem engin önnur þjóð á til að gefa, sannarlega ómetanlega gjöf."

Sjálfsagt finnst okkur flestum að hér sé fast að orði kveðið hjá þessum ágætu hugsjónamönnum. Í greinargerð þáltill. er tekið fram að með flutningi hennar er ekki lagður neinn dómur af flutningsmanna hálfu á það hvort þessi hugmynd er framkvæmanleg. Hins vegar hefur Barney haldið ótrauður áfram að afla hugmyndinni stuðnings og kynna sér aðstæður hér og athuga þær nánar. Síðast nú fyrir nokkrum vikum kom hann hingað og átti viðræður við allmarga aðila eins og þá kom fram í fjölmiðlum, m.a. í viðtali við hann.

Að mati flm. þáltill. er Þingvallanefnd ekki sá aðili sem ræður við að fjalla um þetta verkefni eins og tillaga er gerð um hjá Barney, heldur verður það að vera verkefni ríkisstjórnarinnar. Það er óafsakanlegt tómlæti ef ríkisstjórnin tekur ekki tillögu Barneys og félaga hans til alvarlegrar athugunar og efnir til viðræðna við þessa hugsjónamenn. Það hlýtur að vera okkur mikið fagnaðarefni þegar erlendir gestir meta land og þjóð svo mikils. Það eitt að halda ráðstefnu um svo jákvætt viðhorf til landsins með fulltrúum annarra þjóða gæti vegið margfalt á við árangur af þeim krónum sem við verjum til landkynningar, væri hugsað um að vekja eftirtekt á slíkum viðræðum og ráðstefnum á alþjóðavettvangi. En fyrst og fremst gæti á þann hátt og með öðrum viðræðum komið skýrt í ljós hvort hægt er að gera hugmyndina að veruleika, hvort svo stórir þröskuldar eru þar í vegi að yfir þá verði ekki komist eða gæti verið hægt með aðstoð annarra að komast yfir þá, ef eftir þeirri aðstoð yrði leitað. En jafnvel þótt við gætum ekki færst svo mikið í fang gæti í viðræðum komið í ljós eitthvert annað jákvætt verkefni sem við réðum þá betur við. En hver sem niðurstaðan yrði þá ætti slík umfjöllun að geta aukið trú okkar á landi og þjóð og getu til að takast á við mikilvæg verkefni ef rétt verður á málum haldið. En það gerist að sjálfsögðu ekki með því að sitja með hendur í skauti og þora ekki að takast á við gullin tækifæri ef þau gefast.

Að lokinni þessari umræðu legg ég til að þáltill. verði vísað til síðari umr. og allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stjórnarskipunarlög, 1. umr.

Frv. JóhS, 212. mál (stjórnlagaþing). — Þskj. 240.

og

Stjórnlagaþing, 1. umr.

Frv. JóhS, 213. mál. — Þskj. 241.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Hv. 12. þm. Reykv. hefur óskað eftir að fá að tala sameiginlega fyrir 15. og 16. dagskrármáli. Þau eru bæði til 1. umr. og forseti hefur fallist á að leyfa þetta og byggir þann úrskurð á 3. mgr. 63. gr. þingskapa þar sem segir svo:

„Forseti getur heimilað, ef ósk berst um það frá flutningsmanni eða flutningsmönnum og enginn þingmaður andmælir því, að umræður fari fram um tvö eða fleiri dagskrármál í einu ef þau fjalla um skyld efni

eða það þykir hagkvæmt af öðrum ástæðum.“ Og nú spyr forseti: Hefur nokkur hv. þm. athugasemdir að gera við þennan úrskurð? Svo virðist ekki vera.

[17:19]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til stjórnarskipunarlaga um breytingu á stjórnarskránni á þskj. 240 en samhliða því frv. er flutt frv. til laga um stjórnlagaþing. Þar sem um skyld mál er að ræða hef ég óskað eftir því við forseta að mæla fyrir báðum þessum frv. við þessa umræðu og hefur virðulegur forseti fallist á það.

Í frv. til stjórnarskipunarlaga er lagt til að nýtt ákvæði bætist við stjórnarskrána sem gilda skal um stundarsakir en ákvæðið hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Við stjórnarskrána bætist nýtt ákvæði um stundarsakir, svohljóðandi:

Efna skal til stjórnlagaþings til að endurskoða stjórnarskrá lýðeldisins Íslands. Um skipan þingsins og störf fer samkvæmt sérstökum lögum. Þingið skal koma saman eigi síðar en 1. júní 1995.

Þegar þingið hefur afgreitt frv. til nýrra stjórnarskipunarlaga skal bera það undir atkvæði allra kosningabærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar. Meiri hluti atkvæða ræður úrslitum málsins. Nái tillagan samþykki skal hún staðfest af forseta lýðveldisins og er hún þá gild stjórnarskipunarlög.“

Eins og hv. þingmenn vita, þá skilaði stjórnarskrárnefnd á árinu 1983 þingflokkunum skýrslu um störf sín en hún hafði þá starfað frá 1978. Nefndin skilaði af sér tillögum að nýrri stjórnarskrá þar sem tekið var á öllum þáttum stjórnarskrárinnar nema kjördæmaskipuninni. Frá ýmsum þáttum var þó ekki gengið í skýrslu nefndarinnar sem nefndin taldi sig þurfa að fjalla ítarlegar um eins og eignarréttarákvæði og mannréttindi sem ágreiningur var um innan nefndarinnar. Á þessu ári eða í aprílmánuði skilaði nefndin tillögum til þingflokkanna um endurskoðun á mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar en enn hefur nefndin ekki lokið umfjöllun um ýmis önnur atriði eins og eignarréttarákvæði.

Í raun má segja, virðulegi forseti, að endurskoðun stjórnarskrárinnar hafi staðið yfir í rúma fimm áratugi en nefndin sem sett var á laggirnar árið 1978 er sú fimmta í röðinni sem unnið hefur að endurskoðun stjórnarskrárinnar frá því að ákveðið var að slíta sambandinu við Danmörku og stofna lýðveldi 1944. Ljóst er því að áratugum saman hefur heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar vafist fyrir þingmönnum og er það í raun orðið til vansa fyrir Alþingi að þingið skuli ekki geta tekið á grundvallarþáttum í stjórnskipan landsins eins og stjórnarskránni og jafna atkvæðavægi landsmanna. Ég hygg að flestir viðurkenni að sú breyting sem gerð var á kosningareglum hafi í raun mistekist enda tóku reglurnar meira mið af afstöðu einstakra þingmanna þar sem sjónarmið um hvort þeir væru inni eða úti samkvæmt reglunum vó þyngra en að jafna atkvæðavægi landsmanna.

Með því frv. sem hér er mælt fyrir er lagt til að efnt verði til stjórnlagaþings sem hafi það verkefni að vinna að heildarendurskoðun á stjórnarskránni. Það er margt sem mælir með því að sérstakt stjórnlagaþing fjalli um heildarendurskoðun á stjórnarskránni, þar með talið kosningalög og reglur. Ekki einasta er að marga áratugi hefur tekið Alþingi að fjalla um þetta mál án nokkurrar skynsamlegrar niðurstöðu, heldur hlýtur á margan hátt að teljast eðlilegra að stjórnlagaþing skipað öðrum en alþingismönnum fjalli um málið. Með því væri komið í veg fyrir að alþingismenn fjölluðu um mál sem vörðuðu þá sjálfa, t.d. ákvæði stjórnarskrárinnar um kosningaskipan og reyndar einnig ráðherraábyrgð sem frv. þetta gerir ráð fyrir að stjórnlagaþing fjalli einnig um. Um þetta eru reyndar fleiri sammála en nokkur umræða varð um endurskoðun stjórnarskrárinnar 1983 í kjölfar niðurstöðu nefndarinnar sem fjallaði um stjórnarskrármálið.

Þá birtist greinaflokkur sem nefndist „Um stjórnskipun og stjórnarskrá,“ en greinarhöfundar voru Halldór Guðjónsson, Jónas Gíslason, Páll Skúlason, Vilhjálmur Árnason, Sigurður Líndal og Þórður Kristinsson. Þettar greinar birtust sem þskj. með frv. þingmanna Bandalags jafnaðarmanna 1983 um þjóðfund um nýja stjórnarskrá. Þó það frv. væri að efni til að fela öðrum en alþingismönnum að fjalla um stjórnarskrána þá varð það á ýmsan hátt frábrugðið þessu frv. sem hér er til umræðu. M.a. átti hlutverk sérstaks þjóðfundar sem fjalla átti um nýja stjórnarskrá ekki að vera eins víðtækt og meðferð málsins frábrugðin því sem hér er lagt til.

Í þeim greinum sem birtust í DV og ég áður vitnaði til, kemur m.a. fram eftirfarandi með leyfi forseta, en ég tel að það sem þar birtist styðji einmitt þau rök sem hér eru sett fram fyrir flutningi þessa frv. en þar sagði m.a. í grein sem birtist 28. mars 1983:

„Umræða um stjórnarskrá er ekki einangrað efni, hún snertir alla þætti þjóðlífsins, en ekki einungis svonefnd „bráðabirgðalög“ eða það sem menn kalla „kjördæmamál“ svo dæmi séu tekin. Hún er ekki einkamál þingmanna og á aldrei að vera tilefni hagsmunatogstreitu milli stjórnar og flokka. Ráðamenn flokkanna eiga ekki þjóðina og hafa engan siðferðilegan rétt til að versla með sameiginleg mál hennar sem væru þau séreign þeirra.“

Enn fremur segir: „En það sem vekur athygli er að þeir ágallar sem birtast í stjórnmálastarfinu og í stjórnsýslunni og eiga sér rætur í stjórnarskránni 1944 eru að miklu leyti látnir óáreittir í uppkastinu frá 1983.“ Og með leyfi forseta segir enn fremur í þessari grein:

„Ríkið birtist í senn sem ágengt og vanmáttugt ferlíki og það hefur gert villu sem enginn er kallaður til ábyrgðar á. Af þeim sökum gerir þjóðin sér óljósa grein fyrir eiginlegu eðli og hlutverki ríkisins.“

Í grein sem birtist 25. apríl 1983, sem kallaðist „Réttarríkið“ kemur fram eftirfarandi með leyfi forseta, en það er kafli sem fjallar um löggjafann og stjórnarskrána. Þar segir:

„Það er enn annað sem veldur því að hinn almenni löggjafi er ekki líklegur til að setja góða stjórnarskrá

og að hver sú stjórnarskrá sem hann setur verður tortryggileg. Löggjafinn á að starfa undir ákvæðum stjórnarskrárinnar og leita samræmis við hana í öllum gerðum sínum. Af þessum sökum á hann sjálfur mestra hagsmuna að gæta í mótun stjórnarskrárinnar. Hann verður því, ef hann setur stjórnarskrána sjálfur, dómari í eigin sök. Því blasir við honum sú freisting að haga stjórnarskránni sjálfum sér í hag og setja sig, meðlimi sína, hagsmuni sína og hagsmuni þeirra ofar *lögum og hugmyndum og hugsjónum sem* að baki þeim búa. Slík aðstaða gengur greinilega gegn hugmyndum manna um réttarríki."

Enn fremur segir í þessari sömu grein: „...hvatinn til þess að breyta stjórnarskránni nú [er] einkum sá að koma fyrir innan hennar eða með henni nákvæmlega tilteknum og tímabundnum hagsmunum; þ.e. hagsmunum landshluta og stjórnmálaflokka. Hér eru hagsmunir líðandi stundar látnir móta það hvernig taka megi hagsmuni saman í óvissri framtíð.

Löggjafinn, mennirnir sem hann skipa og flokkarnir sem að honum standa hafa í tillögum sínum um breytingar fyrst og fremst hugsað um eigin hag. Það sem greinilega skiptir mestu máli í umræðum stjórnmálamanna um kjördæmamálið er að þeir og flokkarnir vilja tryggja núverandi aðstöðu sína. Með þessu er hversdagsleg stjórnmálabaráttа, sem á að lúta stjórnarskránni, sett ofar henni."

16. maí undir birtist þessum greinaflokki líka eftirfarandi: „Nú þegar umræður fara fram hér á landi um stjórnarskrá íslenska lýðveldisins og breytingar á henni gætir langmest umræðna um einstök atriði hennar, minna hefur gætt umræðu um heildarinnihald stjórnarskrárinnar. Þessi umræða þarf svo sem ekki að koma mikið á óvart. Þegar breytingar hafa verið gerðar á íslensku stjórnarskránni í fortíðinni hefur umræðan einmitt á sama hátt snúist mest um einstök atriði, einkum um kosningafyrirkomulag og kjördæmaskipan. Oftast hefur kveðið mest að alþingismönnum og öðrum fulltrúum stjórnmálaflokkanna sem eiga þar beinna hagsmuna að gæta umfram aðra menn."

Enn fremur segir í þessari sömu grein frá 16. maí: „Það hlýtur að valda vonbrigðum að núverandi tillögur um breytingar á íslensku stjórnarskránni eru miðaðar við það í grundvallaratriðum að gera enn breytingar á þeirri stjórnarskrá sem okkur var færð af Danakonungi fyrir rúmri öld. Enn virðast menn ekki hafa gefið sér tóm til þess að setjast á rökstóla og hugsa málið frá grunni út frá gerbreyttum forsendum í íslensku þjóðlífi. Vart er við því að búast að stofninn frá 1874 dugi enn við þjóðfélagsaðstæður nútímans og því miður virðist stefna í sama far og jafnan áður er breytingar hafa verið gerðar á stjórnarskránni, að mestur tími og áhugi hefur farið í eitt atriði hennar: kosningafyrirkomulag og kjördæmaskipan. Og það eru einmitt fulltrúar stjórnmálaflokkanna sem hafa alfarið haft þessa endurskoðun með höndum."

Í grein 8. júní 1983 kemur í þessu sama greinaflokki eftirfarandi fram: „Mönnum virðist ríkið og hið opinbera almennt vera íþyngjandi í öllu starfi og athöfnum. Það eykur enn á þennan óþokka að opinber þjónusta er stirfin og óskilvirk. Siða- og lagareglur — einkum í viðskiptum — eru allt aðrar en þær reglur sem ríkið skipar einstaklingum að lúta. Flestir virðast líta á hið opinbera sem andstæðing sinn, ódælan og illan viðureignar eða sem ríkt flón sem sjálfsagt er að blekkja og reyna að hafa gott af. Ágangurinn hefur leitt til þess að flestir hafa sett sig úr siðum við ríkisfélagið og margir nánast sagt sig úr lögum eins og sjá má af skattsvikum og smygli. Og vegna þess að kröfur og kvaðir *hins opinbera* eru ítarlegar og umfangsmiklar hafa siðareglur og óbókfestanlegar skyldur borgaranna við ríkið og samfélagið orðið að engu."

Í lok þessa greinaflokks 13. júlí 1983 kemur eftirfarandi fram: „Í stjórnarskráruppkastinu 1983 er það til umbóta að hlutverk forseta Íslands er betur skýrt og skilgreint en verið hefur og svo hlutverk dómstóla en þessar úrbætur verða þó tæplega taldar knýjandi. Á hinn bóginn er ekki sjáanleg nein viðleitni til að skipta glögglegar verkum milli handhafa löggjafarvalds og framkvæmdarvalds en nú er gert né heldur að reynt sé að fella athafnir stjórnmálaflokka og aðila vinnumarkaðarins undir stjórnlög.

Ástæður virðast augljósar: Hér eiga þeir í hlut sem vilja ekki hlíta föstum leikreglum. Fyrirgreiðslu- og úthlutunarstjórinn sem mest fer nú fyrir á sviði stjórnmálanna vill hvorki sleppa tökum á sviði löggjafar né framkvæmdarvaldi og baráttutæki sitt, stjórnmálaflokkinn, vill hann nota að vild og geðþótta."

Í lokin segir, virðulegi forseti: „Stjórnarskráruppkastið 1983 sýnir svo glögglega sem frekast má vera að starfandi stjórnmálamenn leysa ekki þann stjórnskipunarvanda sem heitast brennur á þjóðinni. Ástæðan er augljós: Þeir eru sjálfir mesta vandamálið sakir þess hve rígbundnir þeir eru í ríkjandi stjórnarháttum."

Hér lýkur tilvitnunum í þennan greinaflokk sem er eins og heyra má af mínu máli nokkuð harðorður og þó að ég taki ekki undir allt sem þarna kemur fram, þá eru rökin sem þarna eru sett fram um margt ekki ósvipuð því sem sett er fram í frv.

Samkvæmt frv. sem ég mæli fyrir er hlutverk stjórnlagaþings að endurskoða stjórnarskrána í heild sinni og sérstaklega er þar til að taka kosningareglur og mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar, en tillögur stjórnarskrárnefndar um mannréttindaákvæði hennar frá 5. apríl sl. hafa sætt gagnrýni og mörgum þykir þær ekki nógu skýrar. Ég tók eftir því í blaðagreinum nýverið að formaður þingflokks Sjálfstfl. gagnrýnir stjórnlagaþing með þeim rökum að með því sé verið að koma í veg fyrir mikilvægar stjórnarskrárumbætur sem í lofti liggur að ná megi samkomulagi um á yfirstandandi þingi. Einnig nefnir þingmaðurinn að ég sé með frv. um stjórnlagaþing að hlaupa frá samþykktinni sem gerð var á Þingvöllum í sumar þar sem kveðið var á um að stefnt skyldi að því að ljúka endurskoðun VII. kafla stjórnarskrárinnar og ég sé að leggjast gegn því að eðlilegar lagfæringar á vægi atkvæða milli kjördæmanna nái fram að ganga sem fyrst.

Auðvitað er þetta fjarstæða. Í fyrsta lagi hef ég rökstutt að heppilegra sé að aðrir en þingmenn fjalli um breytingar á stjórnarskránni og kosningareglum. Í öðru

lagi að þó að Alþingi stæði við samþykktina á Þingvöllum í sumar og uppfyllti þar með loforð sitt um það, þá er ekkert óeðlilegt að stjórnlagaþing fjalli um stjórnarskrána í heild sinni, þar með talin mannréttindaákvæði hennar og ekki óeðlilegt að ætla að mannréttindaákvæði hennar yrðu enn betur úr garði gerð, en margir hafa orðið til að gagnrýna þær tillögur sem fram hafa komið um þetta efni.

Í þriðja lagi hef ég litlar vonir um að nokkuð vitrænt komi út úr því á þessu þingi að jafna atkvæðavægi landsmanna og tel stjórnlagaþing betur fært um að taka á því máli en alþingismenn.

Í fjórða lagi á stjórnlagaþing að fjalla um ýmis ákvæði stjórnarskrárinnar sem ekki verður séð að Alþingi ætli að taka á, eins og aukinn rétt fólks til þjóðaratkvæðagreiðslu og ákvæðin um bráðabirgðalög og þingrof og um ráðherraábyrgð.

Í greinargerð með þessu frv. kemur fram að rétt sé að fela stjórnlagaþingi að skoða sérstaklega æskilegar breytingar á stjórnkerfinu, svo sem skýrari skil milli framkvæmdar- og löggjafarvalds, en þar er átt við atriði eins og hvort ráðherra eigi jafnframt að vera þingmaður og hvort afnema skuli aukafjárveitingar. Jafnframt því skal stjórnlagaþing fjalla um hvort rétt sé að breyta og setja skýrari ákvæði um þingrofsréttinn, hvort tekin verði upp sú skipan sem í gildi er í Noregi þar sem þingrofsheimild er ekki fyrir hendi og hvort rétt sé að huga að ákvæðum stjórnarskrárinnar um setningu bráðabirgðalaga í ljósi þess að nú situr Alþingi allt árið.

Stjórnlagaþing á einnig að fjalla um ákvæði stjórnarskrárinnar um ráðherraábyrgð og að taka til umfjöllunar þær skráðu og óskráðu reglur sem í reynd ríkja um embættisfærslur í opinberri stjórnsýslu, einkum varðandi embættisveitingar í æðstu störf og ráðstöfun opinberra fjármuna og það hvort rétt sé að draga úr opinberum afskiptum í sjóða- og bankakerfinu. Um þetta atriði vil ég fara nokkrum orðum.

Segja má að lýðræðislegt þjóðfélag byggi í grundvallaratriðum á tvenns konar reglum: Annars vegar leikreglum sem sett eru í löggjöf af kjörnum fulltrúum á Alþingi og skráðum reglum sem handhafar framkvæmdarvaldsins setja. Hins vegar óskráðum reglum sem treysta á siðferðisvitund og ábyrgð þeirra sem trúað er og treyst fyrir að reka hina opinberu stjórnsýslu, hvort sem um er að ræða opinbera embættismenn eða kjörna fulltrúa þjóðarinnar. Allar óskráðar siðareglur hljóta að byggja á þeirri frumskyldu opinberra embættismanna og kjörinna fulltrúa að vinna í þágu almannahagsmuna í samræmi við það vald sem þeim er trúað fyrir. Sé það vald misnotað í eigin þágu eða annarra sérhagsmuna brýtur það í bága við hagsmuni og siðferðisvitund þjóðarinnar.

Um langt skeið hefur borið á nokkrum trúnaðarbresti milli þjóðarinnar og handhafa stjórnsýsluvalds. Þessi trúnaðarbrestur hefur smám saman með árunum komið skýrar í ljós, ekki síst í tengslum við embættisveitingar og ráðstöfun opinberra fjármuna, svo og stjórnmálaleg afskipti í sjóða- og bankakerfinu. Ýmsar embættisfærslur af þessum toga hefur þjóðin litið á sem löglegar en siðlausar. Varðandi ráðstöfun opinberra fjármuna var m.a. haft eftir Sigurði Þórðarsyni ríkisendurskoðanda nýverið í Morgunblaðinu að stundum valdi það vanda að skortur sé á skráðum reglum um meðferð opinberra fjármuna og að illa skilgreindar starfsvenjur séu oft hafðar til hliðsjónar og verk unnið eftir hefð sem skapast hefur í áranna rás.

Af þessu, virðulegi forseti, má sjá að ríkisendurskoðandi tekur raunar undir það sem hér er lagt til, að það sé skoðað hvort skortur sé á skráðum reglum um meðferð á opinberum fjármunum.

Ég geri mér grein fyrir að ýmsum vanda geti verið bundið að setja reglur eða lög um þær skráðu og óskráðu reglur sem í reynd hafa ríkt um ýmsar embættisfærslur í opinberri stjórnsýslu. Engu að síður tel ég eðlilegt að það sé sérstaklega skoðað af stjórnlagaþingi því það er nokkuð alvarlegt mál þegar tortryggni ríkir um störf í stjórnsýslunni og kappkosta verður að eyða þeirri tortryggni með öllum tiltækum ráðum.

Stjórnlagaþing mun að sjálfsögðu auk þeirra atriða sem hér hafa verið skilgreind taka stjórnarskrána til endurskoðunar í heild sinni.

Eins og fram kemur í tillögugreininni er gert ráð fyrir að þegar stjórnlagaþing hefur afgreitt frv. til nýrra stjórnarskipunarlaga skuli bera það undir atkvæði allra kostningabærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar. Meiri hluti atkvæða ræður úrslitum málsins. Nái tillagan samþykki skal hún staðfest af forseta lýðveldisins og er hún þá gild stjórnarskipunarlög.

Eins og fram kemur í greinargerð með tillögunni tel ég eðlilegt að stjórnlagaþing setji ákvæði í hina nýju stjórnarskrá um að eftir að hún hefur verið staðfest af forseta lýðveldisins skuli Alþingi rofið og efnt til kosninga þegar næsta haust samkvæmt þeirri kosningaskipan sem hin nýja stjórnarskrá kveður á um. Vera má að sumum þyki nokkuð stuttur tími gefinn fyrir stjórnlagaþing til að taka á svo viðamiklu og þýðingarmiklu verkefni. Um það er það að segja að fyrir liggur mikið af gögnum frá þeim nefndum sem unnið hafa á undanförnum árum og áratugum við að endurskoða stjórnarskrána sem ætti að auðvelda stjórnlagaþingi sitt verkefni.

Í annan stað hygg ég að þegar hagsmunatengsl þingmanna og kosningalög eru rofin með því að þeir taki ekki þátt í ákvörðun á stjórnlagaþingi þá muni það verulega flýta verkefninu og gera stjórnlagaþingið skilvirkara og markvissara í þessu efni en sagan segir okkur að sé reynslan þegar þingmenn fjalla um þetta mál.

Virðulegi forseti. Á þskj. 241 er flutt sérstakt frv. um stjórnlagaþing sem er fylgifrv. með frv. til stjórnarskipunarlaga. Í 1. gr. er kveðið á um að efnt skuli til stjórnlagaþings eigi síðar en 1. júní 1995 sem skal hafa lokið störfum fyrir 15. sept. 1995. Í frv. er kveðið nánar á um reglur um skipan og starfshætti þingsins.

Í 2. gr. er mælt fyrir um hlutverk stjórnlagaþings. Í greininni eru talin upp atriði sem stjórnlagaþing skal skoða sérstaklega og ég hef áður gert grein fyrir.

Í 3. gr. er lagt til að stjórnlagaþing verði skipað 41 þjóðkjörnum fulltrúa. Lagt er til að þeir verði kosnir persónukosningu. Með persónukosningu er átt við að

þeir sem gefa kost á sér til setu á þinginu geri slíkt sem einstaklingar en séu ekki bornir fram sem fulltrúar tiltekinna samtaka. Mælt er um að frambjóðendur hafi tilskilinn fjölda meðmælenda á bak við sig enda mikilvægt að til þingsins veljist einstaklingar er njóti góðs trausts samborgara sinna. En slík krafa er einnig í samræmi við 27. gr. laga um kosningar til Alþingis en þar er kveðið á um tiltekinn fjölda meðmælenda með hverjum framboðslista. Þá er gert ráð fyrir í 3. gr. að fulltrúar á stjórnlagaþingi verði kjörnir í núverandi kjördæmum landsins en við skiptingu fulltrúa á kjördæmin hefur verulega verið tekið mið af fjölda íbúa í kjördæmi og þannig reynt að jafna vægi atkvæða mun meira en nú er. Þó er gert ráð fyrir að hvert kjördæmi kjósi eigi færri en þrjá fulltrúa á þingið. Kjörgengir verða þeir sem eru kjörgengir til Alþingis aðrir en alþingismenn.

Um kosningar að öðru leyti fari eftir lögum um kosningar til Alþingis og má þar nefna ákvæði um kosningarrétt, fresti og frekari framkvæmd kosninga.

Í 4. gr. er gert ráð fyrir að stjórnlagaþing starfi í einni málstofu og þingsköp Alþingis gildi sem fundarsköp eftir því sem við á. Þá er kveðið á um að forseti þingsins skuli leggja fram tillögu um nefndaskipan og aðra vinnutilhögun og að slík tillaga komi fram í byrjun þingsins þannig að hægt sé að skipa nefndir er fjalli um einstaka þætti stjórnarskrármálsins, en vinna þeirra yrði lögð til grundvallar því frv. til stjórnarskipunarlaga sem þingið mun síðar fjalla um.

Í 5. gr. er lagt til að frumkvæði að framlagningu frv. til stjórnarskipunarlaga verði hjá forseta þingsins og að frv. verði rætt þrisvar sinnum og verði það samþykkt skal bera það undir þjóðaratkvæði. Verði frv. einnig samþykkt skal það borið undir forseta lýðveldisins til staðfestingar en ákvæði um það er í stjórnarskrárfrv. Um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslunnar fari eftir lögum um kosningar til Alþingis eftir því sem við getur átt.

Í 6. gr. er kveðið á um að stjórnlagaþing skuli haldið í húsakynnum Alþingis og þó þannig að ef þannig vildi til að Alþingi yrði kallað til starfa á þeim tíma sem stjórnlagaþingið starfaði mundu störf Alþingis ganga fyrir og störf stjórnlagaþings flutt í önnur húsakynni.

Að lokum er kveðið á um í 7. gr. að ekki þyki óeðlilegt að laun fulltrúa stjórnlagaþings miðist við þingfararkaup alþingismanna þar sem gert er ráð fyrir að seta á stjórnlagaþingi sé fullt starf.

Virðulegi forseti. Ég hef lokið framsögu um þessi tvö frumvörp sem ég hef hér mælt fyrir. Ég legg til að að lokinni umræðunni verði frumvörpunum vísað til 2. umr. Ég vísa einnig í 42. gr. þingskapalaga þar sem segir að lagafrv. er felur í sér tillögur um breytingar á stjórnarskránni eða viðauka við hana skuli vísa til sérnefnda skv. 32. gr. og með vísan til þeirrar greinar legg ég til að þessum frumvörpum verði vísað til sérnefndar.

[17:41]

Björn Bjarnason:

Hæstv. forseti. Hér eru til umræðu mikilvæg mál, annars vegar frv. til stjórnarskipunarlaga um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins og hins vegar frv. til laga um stjórnlagaþing. Í frv. til stjórnarskipunarlaga er gert ráð fyrir viðbótarákvæði um stundarsakir, eins og það er orðað, við stjórnarskrána. Það viðbótarákvæði felur einmitt í sér að efna skuli til stjórnlagaþings til að endurskoða stjórnarskrá lýðveldisins Íslands og að þetta þing eigi að koma saman eigi síðar en 1. júní 1995 og ljúka störfum fyrir 15. september 1995. Síðan er í frv. til laga um stjórnlagaþing lagt á ráðin um það hvernig eigi að kjósa menn á þingið og einnig er mælt fyrir um það um hvað þingið á að fjalla. Það á að fjalla um ákvæði stjórnarskrárinnar um mannréttindi, kosningar og kjördæmaskipan, þingrof, setningu bráðabirgðalaga og ráðherraábyrgð. Einnig á þingið að fjalla um skil löggjafarvalds og framkvæmdarvalds og loks á það að taka afstöðu til þjóðaratkvæðagreiðslna.

Flm. hefur flutt framsögu sína og ég verð að segja að ég er fullur efasemda um að þessi mál séu flutt af heilum hug, að það vaki fyrir hv. flm. að þessi mál nái fram að ganga á þeim skamma tíma sem er til stefnu á hinu háa Alþingi sem auk þess hefur ákveðið að fjalla sérstaklega um mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar auk þess sem sett hefur verið niður nefnd á vegum stjórnmálaflokkanna til þess að fjalla um kosningar og kjördæmaskipan. Mér finnst að tillögurnar beri þess nokkur merki að verið sé að drepa þessu mikilvæga máli á dreif og það geti varla verið að hugur fylgi máli, að við því sé að búast að þetta nái fram með þeim hætti sem hér er lagt á ráðin um. Auk þess verð ég að segja það sem skoðun mína að það er mikil spurning hvort hægt er að bæta nýju ákvæði við stjórnarskrána um stundarsakir án þess að þá fari fram þrennar kosningar ef þetta verður samþykkt og kosningar fari fram og nýtt Alþingi, sem er kosið, taki afstöðu til málsins og komi saman áður en þetta komi til framkvæmda. Síðan er ætlunin að kjósa til þessa stjórnlagaþings og ætlunin er að það ljúki störfum fyrir 15. september og þá verði kosið að nýju að því er mér skilst. Á næsta ári eru því ráðgerðar þrennar kosningar samkvæmt þessu: Það er í fyrsta lagi til Alþingis, sem komi saman og staðfesti þetta fyrirkomulag, síðan eftir að því er lokið verði efnt til kosninga til stjórnlagaþingsins, stjórnlagaþingið komist að niðurstöðu fyrir 15. september og síðan verði kosið í þriðja sinn á komandi ári um þetta mál.

Hv. flm. hefur auk þess gerst talsmaður ýmissa annarra umbóta í þjóðfélaginu sem eru mjög brýnar og nauðsynlegar að ræða og taka á. Ég held að það að verja öllu næsta ári undir þetta mál sem hér er til umræðu verði ekki til þess að flýta fyrir því að stjórnmálamenn setjist niður til þess að taka á málum sem eru brýnni og sem eru auk þess á dagskrá þess þings sem nú situr varðandi mannréttindamálin og einnig kosningar og kjördæmaskipan. Til ákvæða um þingrof verður að sjálfsögðu hægt að taka afstöðu á þessu þingi núna þegar rætt er um stjórnarskrármálið. Setning bráðabirgðalaga er deilumál eins og við vitum. Hvað varðar spurninguna um ráðherraábyrgð liggur hér fyrir sérstök till. til þál. um það að kjörin verði nefnd til

þess að taka á því máli þannig að þingið fjallar í raun og veru um öll þessi mál.

Skil löggjafarvalds og framkvæmdarvalds. Hvað felst í þessu? Þarf stjórnlagaþing að koma saman til þess að fjalla um þetta mál sérstaklega og taka á því og hvernig er við því að búast að á því þingi verði fjallað um það með þeim hætti að einhver niðurstaða fáist? Umræður um þjóðaratkvæðagreiðslur hafa verið á þingi á þessu kjörtímabili, menn hafa tekið afstöðu til þess á þinginu á kjörtímabilinu, afgreitt tillögur um breytingar á stjórnarskránni sem snerta það mál. Ég segi fyrir mitt leyti, hæstv. forseti, að ég get varla tekið þessar tillögur og ályktað sem svo að hugur fylgi máli, að það vaki virkilega fyrir hv. flm. að þær nái fram að ganga.

Í sjálfu sér er hugmyndin um stjórnlagaþing ekki ný. Hún hefur oft verið rædd, sérstaklega í hópi lögfræðinga og þar hafa menn komið fram með það sjónarmið að eins og er nú vikið að í greinargerðinni að endurskoðun stjórnarskrárinnar hafi tekið mjög langan tíma og ekki sé endilega við því að búast að þingmenn komist að skynsamlegustu niðurstöðunni um kjördæmamálið og kosningalögin þar sem það snertir mjög hagsmuni þeirra sjálfra og þess vegna sé nauðsynlegt að kalla saman annan hóp manna til þess að taka ákvarðanir um það efni. Gott og vel. Við getum rætt það og velt því fyrir okkur en við höfum þó sett okkur það hér á síðustu mánuðum þingsins að fara ofan í það mál og skoða það. Það er því fullur vilji til þess hjá öllum flokkum að líta á það með umbætur í huga. Reynslan hefur einnig sýnt okkur að það hefur þó tekist frekar að breyta þeim ákvæðum stjórnarskrárinnar sem fjalla um kosningar og kjördæmaskipan en önnur ákvæði. Þegar við erum komin með breytingar á mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar eins langt og raun ber vitni í umræðum innan þingsins þá finnst mér að það sé rétt hjá hv. þm. Geir H. Haarde sem hefur bent á það að með þessu sé hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir að hlaupast undan þeirri samþykkt sem gerð var á Alþingi við hátíðlega athöfn á Þingvöllum 17. júní sl. þar sem við sameinuðumst um það í atkvæðagreiðslu að taka þessi mál til sérstakrar skoðunar. Hins vegar er hér lagt til að við gefumst upp við það starf og vísum því máli til sérstakrar stofnunar, stjórnlagaþings, sem á að koma á fót með þessum hraða sem hér hefur verið lýst.

Ég ítreka þá skoðun mína að þetta er ekki trúverðugur málflutningur og ég trúi því í raun og veru ekki að hv. þm. sem vill láta mikið að sér kveða í íslensku stjórnmálalífi um þessar mundir sjái sér hag í því að flytja slíkar tillögur sem eru augljóslega óframkvæmanlegar og þar að auki algerlega óþarfar miðað við þau störf sem hafa verið á þinginu og eru fram undan á þinginu þar til gengið verður til kosninga.

[17:49]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Hér er hreyft stórum málum. Ég get að nokkru leyti tekið undir það sjónarmið sem kom fram hjá síðasta ræðumanni, hv. 3. þm. Reykv., að sumt af þessu sem hér er tekið fyrir er þegar á dagskrá Alþingis og m.a. mannréttindakaflinn sem var samþykkt að ganga í.á hátíðarfundi á Þingvöllum. Ég var þá ekki óskaplega bjartsýnn á að Alþingi hefði manndóm í sér til þess að fylgja því verki eftir á þessu þingi. Við vorum hins vegar að fara yfir það mál eins og það stendur í þingflokki framsóknarmanna í gær. Ég get sagt það sem mína skoðun að ég hef nokkuð breytt um afstöðu til þessa máls og er eftir þá yfirferð nokkuð bjartsýnn á að okkur takist í vetur að koma fram nokkuð heildstæðum mannréttindakafla þannig að mér sýnist að sá þáttur sé í nokkuð góðu horfi núna.

Hv. 3. þm. Reykv. nefndi nýbreytni varðandi kosningalög og kjördæmaskipan sem einnig sé í gangi vinna á þessu þingi. Ég er ekki eins bjartsýnn á að þar tali menn sig fram til lausnar og óttast að þar séu menn búnir að þrengja málið svo að sé að við séum komin þar á ákveðið einstigi sem verður mjög erfitt að feta sig út úr og gæti í versta falli leitt okkur í enn verri ógöngur en þau kosningalög og kjördæmaskipan sem við búum við í dag. Því miður sé ég ekki miklar líkur á því að það mál verði klárað fyrir þinglausnir í vetur. Er það í raun mjög miður því að ég hygg að almenn samstaða sé um það að þarna þurfi að verða á breytingar. Ég nefni að á nýafstöðnu flokksþingi Framsfl. var stjórnarályktun samþykkt í þá veru að Framsfl. væri tilbúinn til þess að ganga til breytinga á kosningalögum og kjördæmaskipan með það að markmiði að einfalda kosningakerfið, jafna atkvæði og auka persónukjör. Þetta eru atriði sem eru að mínu mati fyllilega samrýmanleg. Auk þess ályktuðum við annars staðar varðandi sveitarstjórnarmál að það bæri að stefna að frekari valddreifingu, að færa frá ríkisvaldinu og til byggðanna eða til sveitarfélaganna. Það hef ég alla tíð frá því að umræðan kom upp á þessu kjörtímabili sagt að væri lykillinn að því að menn næðu einhverri ásættanlegri lausn varðandi kjördæmamálið að þetta gerðist samhliða. Ég ætla ekki að rifja þau mál upp hér. Ég hef gert það áður úr þessum ræðustól. En ég óttast hins vegar hitt að búið sé að þrengja málið núna þannig að menn séu enn á ný komnir á einstigi. Menn hafa ekki viljað horfast í augu við málið að mínu mati í því ljósi sem það er í dag, í því ljósi að búið er að jafna að fullu milli stjórnmálaafla hlutfallslega í kosningum til Alþingis. Ég er ekkert endilega viss um að það sé það eina rétta hvað það snertir en að því hefur engu að síður verið unnið í áföngum á þessari öld og komið á fullri jöfnun við síðustu breytingu. Mér sýnist menn í raun búnir að beygja sig fyrir því að frá því verði ekki vikið. Þar með eru komnar út af borðinu ýmsar hugmyndir eins og til að mynda einmenningskjördæmi og í raun líka það sem menn hafa viljað kalla þýsku leiðina þar sem annars vegar eru fámenniskjördæmi og hins vegar landið allt eitt kjördæmi eða einn landslisti. Eins og ég sé það mál núna er það komið í mjög þröngan farveg sem maður sér ekki fyrir endann á. Það er mín skoðun að þó að okkur takist og vonandi tekst okkur giftusamlega að koma með nýjan mannréttindakafla í stjórnarskrána núna á þessu þingi þá hilli því miður ekki undir það að menn séu komnir í þær stellingar að það sjái fyrir endann á

nýjum kosningalögum og nýrri kjördæmaskipan.

[17:55]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka tveimur síðustu ræðumönnum fyrir að taka þátt í þessari umræðu. Ég get alveg fullvissað hv. 3. þm. Reykv. um það að þessi mál sem hér eru til umræðu eru flutt af heilum hug og það fylgir hugur máli varðandi þau mál sem ég mæli hér fyrir. Ég hef rökstutt það í minni framsöguræðu og það er rökstutt í greinargerðinni af hverju þessi mál eru flutt. Það hefur tekið ótrúlega langan tíma að fjalla um breytingar á stjórnarskránni og margar nefndir hver á fætur annarri verið settar til þess að skoða þessi mál og starfað í fjóra eða fimm áratugi án þess að það hafi komið mikið út úr því starfi. Ég vitnaði líka til þess að það væri eðlilegra að aðrir en alþingismenn fjölluðu um þetta mál, ekki síst kosningareglurnar og kosningalögin og vitnaði þar til nokkurra prófessora og fræðimanna við háskólann sem skrifuðu mikið um þetta fyrir um tíu árum síðan og drógu fram ýmis rök um að það væri óeðlilegt að þingmenn fjölluðu um mál sem snerti svo mikið hagsmuni þeirra sjálfra. Þessi tvíþættu rök, annars vegar hve langan tíma, marga áratugi, það hefur tekið hjá þingmönnum sjálfum að fjalla um þetta og færa þjóðinni nýja stjórnarskrá og hitt atriðið líka að þarna eru kannski það miklir hagsmunir sem snerta þá sjálfa að eðlilegra sé að aðrir fjalli um eru í mínum huga alveg nægjanleg rök fyrir því að við setjum þetta mál í annan farveg og kjósum sérstakt stjórnlagaþing til þess að fjalla um það.

Og af því að hv. 3. þm. Reykv. gerði mikið úr því að þetta væri óframkvæmanlegt á svo stuttum tíma, þá vil ég um það segja að það kom fram í minni framsöguræðu að ég viðurkenndi að tími væri skammur fyrir stjórnlagaþing til þess að fjalla um þessi mál en það eru til mikið af gögnum og skýrslum sem ætti að auðvelda stjórnlagaþinginu verk sitt og einnig hefur það verið nákvæmlega skoðað að þetta mundi ganga upp í þeirri tímaröð sem hér er gefin fyrir stjórnlagaþing að starfa.

Það er ljóst að yrðu þessi frumvörp samþykkt í þinginu fyrir febrúarlok þá yrði þing rofið og kosningar yrðu í apríl og þá kæmi Alþingi væntanlega saman um miðjan apríl til að staðfesta nýju stjórnarskrána. Síðan tæki stjórnlagaþing til starfa í sumar, frá maí og kannski fram í september. Þá yrði þjóðaratkvæðagreiðsla og að henni lokinni, kannski í októbermánuði, yrði Alþingi kallað saman til þess að samþykkja kosningalög og reglur í samræmi við stjórnarskrána. Síðan væri hægt að rjúfa þing og boða til kosninga. Út af fyrir sig gengur þetta alveg upp í tíma þó að vissulega sé skammur tími, og skal það viðurkennt, fyrir stjórnlagaþing til þess að fjalla um svo viðamikið verkefni.

Varðandi það að ég sé að hlaupast undan samþykktinni sem gerð var á Þingvöllum varðandi mannréttindaákvæðin eða VII. kafla stjórnarskrárinnar, þá er það alveg rangt og ég vísa því á bug. Í fyrsta lagi getur Alþingi alveg staðið við það fyrirheit sem það gaf á Þingvöllum með því að fjalla um mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar og samþykkja þau á þessu þingi. Engu að síður gæti stjórnlagaþing fjallað um þau einnig. Ég minni á að það eru margir sem hafa gagnrýnt þau ákvæði sem hafa komið fram frá nefndinni sem um þetta fjallaði og mörgum þykja þau ekki nógu skýr þannig að stjórnlagaþing gæti tekið það mál fyrir líka. Fyrir utan það eru mörg önnur verkefni eins og fram kom í mínu máli og einnig hjá hv. 3. þm. Reykv. sem þetta stjórnlagaþing á að fjalla um og þá ekki síst að jafna atkvæðavægi landsmanna, kosningalögin og kjördæmaskipan. Ég get alveg tekið undir það með hv. 6. þm. Norðurl. e. að það eru harla litlar líkur á því að þinginu takist á þessum stutta tíma að samþykkja breytingar á kjördæmaskipaninni og alveg hárrétt hjá hv. þm. að þetta hefur verið sett í mjög þröngan farveg.

Ég held að ef menn eru að tala um að þetta frv. tefji fyrir framgangi þessara mála, breytingum á mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar og kosningalögunum, þá sé það alrangt. Eins og ég hef lýst hér, þá er einmitt gert ráð fyrir því að á næsta hausti verði hægt að kjósa samkvæmt nýjum kosningalögum þar sem stjórnlagaþingið hefur það veganesti að jafna verulega atkvæðavægi landsmanna og þá væri hægt að kjósa að tæpu ári liðnu samkvæmt nýjum kosningalögum. Ég hygg að jafnvel þó að það tækist að breyta kosningareglunum núna á þessu þingi, sem ég held að lítil von sé til, hvenær yrði þá kosið samkvæmt þessum nýju kosningalögum? Yrði það fyrr en að fjórum árum liðnum? Hvenær tækju þessi nýju ákvæði um mannréttindakafla stjórnarskrárinnar gildi jafnvel þó að hann yrði samþykktur á þessu þingi eins og hugmyndin er um?

Að öllu samanlögðu tel ég að þetta seinki alls ekki málinu, flýti frekar fyrir því ef farið yrði í þetta ferli eins og ég hef lýst því. Fyrir utan það að ég tel í alla staði eðlilegt að setja þetta mál með þeim rökum sem ég hef hér flutt inn í annan farveg en það hefur verið í. Ég tel því langt í frá og vísa því á bug að með þessu sé verið að drepa málinu á dreif. Þvert á móti er verið að setja málið í þann farveg sem ég tel farsælast fyrir þjóðina að þetta mál fari og það er tilgangurinn með flutningi þessara mála.

[18:02]

Björn Bjarnason:

Hæstv. forseti. Ef það er ekki verið að drepa málinu á dreif með þessum tillögum, þá er a.m.k. verið að einfalda mjög veruleikann og það er einnig verið að skjóta sér undan því að taka þátt í þeim störfum sem fram undan eru á þinginu varðandi endurskoðun stjórnarskrárinnar, bæði að því er varðar mannréttindi og kosningar og kjördæmaskipan. Og mér finnst það mjög miður að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir vilji ekki vera virkur þátttakandi í því starfi sem nú er unnið á þinginu varðandi endurskoðun á mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar og breytingar á kosningalögunum og kjördæmaskipaninni, heldur kjósi að skjóta sér undan þátttöku í því starfi með því að flytja þessa tillögu og lýsa því yfir að þessi mál séu betur komin í höndum annarra en Alþingis. Mér finnst ekki gott, sérstaklega með hliðsjón af því að svo virðist sem hv. þm. njóti

töluverðs stuðnings meðal kjósenda, að hún skuli ekki leggja sig fram um þátttöku í þessu endurskoðunarstarfi sem fer fram núna á vettvangi Alþingis, en vilji frekar vísa þessum málum til annarra en okkar sem kjörnir erum til þess að sinna þessum málum eins og okkar stjórnskipun er háttað. Okkar stjórnskipun gerir ráð fyrir því að Alþingi sinni þessum málum, taki afstöðu til þeirra og ljúki þeim og ég tel að það sé borin von að vænta þess að hópur manna, sem er kjörinn eftir þeim lögmálum sem mælt er fyrir um og rakin eru í greinargerð um 3. gr. frv., komi sér saman um það á tímabilinu frá því fyrir 1. júní 1995 fram til 15. sept. 1995 að ljúka öllum þessum málum sem hér eru talin.

Samkvæmt lagafrv. á að kjósa þennan hóp manna, 41 fulltrúa, persónukosningu með því fyrirkomulagi að frambjóðendum á að raða í stafrófsröð á kjörseðil og síðan á kjósandi að merkja við jafnmarga frambjóðendur og kjósa skal í kjördæmum, það er tekið fram að með persónukosningu sé átt við að þeir sem gefa kost á sér til setu á þinginu geri það sem einstaklingar en séu ekki bornar fram sem fulltrúar tiltekinna samtaka og að slíkt fyrirkomulag gefi kjósendum tækifæri til að velja menn á þingið án tillits til hvaða flokki eða samtökum þeir tilheyra og þannig geti kjósandi valið fulltrúa með mismunandi pólitískar skoðanir. Auðvitað er hægt að velja menn með mismunandi pólitískar skoðanir þótt þeir komi úr einhverjum ákveðnum hópum eða hafi einhverja hópa á bak við sig. Mér finnst ákaflega sérkennilega að þessu staðið og það eigi að vísa málinu í þá miklu óvissu sem raunverulega er um að ræða þegar við lítum á þetta og brjótum það til mergjar sem hér er lagt til því að það verður að horfa á þau orð sem fyrir framan okkur eru sett þegar þetta mál er rætt. Þá kemur í ljós að fyrst hugur fylgir máli og ekki er verið að drepa málum á dreif með tillöguflutningum, þá er verið að einfalda veruleikann. Það er verið að draga upp mynd af atburðarás sem ég trúi ekki að hv. þm. með sína reynslu af þátttöku í stjórnmálum trúi að nái fram að ganga. Ég endurtek þá skoðun mína.

Varðandi það að hv. þm. sagði að það væri allt í óvissu hvenær nýr mannréttindakafli stjórnarskrárinnar tæki gildi ef Alþingi afgreiddi málið frá sér á þessum vetri, það er engin óvissa um það. Ef það yrði klárað hér fyrir kosningar þá mundi þing sem kæmi saman strax að kosningum loknum staðfesta málið og þá tæki hinn nýi kafli gildi. Það væri enginn vafi um það. Hið sama mundi gilda varðandi breytingar á kosningalögum og kjördæmaákvæðum stjórnarskrárinnar. Nýtt þing mundi koma saman og samþykkja þær, þá hefði það tekið gildi. Síðan færi það eftir því hvað það þing sæti lengi hvenær yrði kosið samkvæmt þeim reglum. Það væri hægt að rjúfa það þing að sjálfsögðu eða það gæti setið í allt að fjögur ár eins og við vitum þannig að um gildistöku þeirrar ákvarðana sem teknar yrðu á þessu þingi er enginn vafi. Það gæti allt tekið gildi á næsta ári með hliðsjón af okkar stjórnarskrá því að kosningar eiga að fara fram, eins og við vitum, í síðasta lagi 8. apríl nk. og stjórnarskrárbreytingar taka gildi á nýju þingi eftir kosningar eins og við reyndum á þessu þingi þegar það kom saman í maí 1991 og samþykkti breytingar á skipan Alþingis og við þurfum ekki að rekja það. Við þekkjum það öll sem hér erum.

Ég árétta það, hæstv. forseti, að mér finnst þessar tillögur óraunhæfar og ég skora á hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur að taka virkan þátt í því starfi sem nú er unnið hér á vettvangi Alþingis varðandi endurskoðun á mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar og varðandi breytingar á kosningalögum og kjördæmaskipan. Ég er ekki haldinn þeirri svartsýni að ég útiloki samkomulag um báða þessa þætti. Það kann að verða erfiðara að ná samkomulagi um síðari þáttinn en mannréttindakaflann, en ég útiloka ekki að við náum samkomulagi um skynsamlegar breytingar í þessum mikilvægu málaflokkum sem hvorir tveggja að mínu mati snerta mannréttindi. Frá mínum bæjardyrum séð er fráleitt að ræða um endurskoðun á mannréttindaákvæðum stjórnarskrár íslenska lýðveldisins án þess að kosningarétturinn komi þar til álita. Í mínum huga hafa þessi mál alltaf verið nátengd og ég tel að ekki sé hægt að skilja þau í sundur nú á lokastigum mála á Alþingi.

[18:08]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Mér fundust athyglisverð síðustu orð hv. síðasta ræðumanns. Hann sagði það alveg skýrt að það væri ekki hægt að skilja í sundur breytingar á kosningalögum og kosningareglum og mannréttindaákvæðin. Það hlýtur að þýða að þetta eigi að fylgjast að hér í þinginu og eigi að afgreiðast samhliða. Auðvitað verður með því fylgst hvort svo verður en mér finnst nær sú skoðun sem hv. þm. Jóhannes Geir Sigurgeirsson setti fram að tíminn sé orðinn svo þröngur, það er nýbyrjað að ræða þessi mál þannig að harla litlar líkur séu á því að það nái fram að ganga á þessu þingi.

Hv. þm. taldi að ég væri að einfalda veruleikann. Ég er ekkert að einfalda veruleikann. Veruleikinn blasir við okkur og hver er veruleikinn? Að á Alþingi hefur ekki orðið niðurstaða þrátt fyrir það að nefnd eftir nefnd hefur fjallað um stjórnarskrármálið og mannréttindaákvæðin í fjóra eða fimm áratugi. Það er sá veruleiki sem við blasir. Ég er langt í frá að skjóta mér undan að taka þátt í því starfi sem nú stendur yfir og er fram undan varðandi bæði mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar og hugsanlegar breytingar á kosningalögum og reglum. Mér hefur ekki verið boðið sæti í nefndum sem fjalla um þessi mikilvægu mál. Ég gekk á eftir því við starfandi forsrh. meðan hæstv. forsrh. var erlendis og hann taldi eðlilegt að ég biði eftir forsrh. til þess að bera fram ósk mína um að ég fengi sæti í þeim nefndum sem fjalla um þetta. Ég hef ekki enn þá náð í forsrh. þó að ég hafi reynt það bæði í gær og í dag. Af þessu sér hv. þm. að meðan þetta mál er til umfjöllunar og í þessum farvegi hjá þinginu, þá mun ég taka virkan þátt í því eins og kostur er og eins og ég hef færi á. En eins og er hef ég ekki fengið heimild til að sitja í nefndum sem fjalla um kosningalögin.

Hv. þm. nefndi að okkar stjórnskipan eins og hann

orðaði það gerir ráð fyrir að Alþingi sinni þessum málum. Það er alveg rétt, okkar stjórnskipan gerir ráð fyrir því en Alþingi hefur bara ekki sinnt þessu máli nægjanlega. Við erum fyrst núna að fjalla um af einhverri alvöru breytingu á mannréttindaákvæðunum sem ég ítreka að sumir eru óánægðir með og telja ekki nægilega skýr. Hér var gerð breyting á kosningalögum og reglum fyrir nokkrum árum sem flestir viðurkenna að hafi mistekist. Og af hverju hafa þær reglur mistekist? Af því að það vita það margir að ýmsir voru hér að reikna sig út og inn og samþykktu tillögurnar miðað við hvar þeir stæðu í þeim útgáfum sem voru settar fram á breytingum á kosningareglunum. Það sannar það sem ég hef verið að halda fram og sett fram sem rök fyrir mínu máli og vitna í, eins og ég sagði, nokkra prófessora og fræðimenn sem hafa tekið undir þetta, að hér eru þingmenn að fjalla um hagsmuni sem snerta þá sjálfa og því er eðlilegra að stjórnlagaþing fjalli um þetta. Ég vísa þess vegna á bug þeim rökum sem hv. þm. hefur sett hér fram. Í fyrsta lagi að ég sé að einfalda veruleikann og hafi ekki sett þessi mál fram af heilum hug vegna þess að hvort tveggja er rangt og tel ég mig hafa fært rök fyrir því. Í annan stað er ég hvorki að hlaupast frá þeirri samþykkt sem var gerð á Þingvöllum né frábiðja mér að fjalla um málið ef það er á annað borð til umfjöllunar á Alþingi. Þvert á móti hef ég sagt að ég hef einmitt verið að ganga á eftir því að fá sæti í þeim nefndum sem eru núna þessa dagana að fjalla um þetta mál.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 9., 10. og 12. mál.

Fundi slitið kl. 18:13.

---

53. FUNDUR

föstudaginn 9. des.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Þróunarsjóður sjávarútvegsins, stjfrv., 258. mál, þskj. 303. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Samsettir flutningar o.fl. vegna EES, stjfrv., 251. mál, þskj. 294. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Átak í málefnum barna og ungmenna, þáltill., 45. mál, þskj. 45. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
4. Bann við atvinnurekstri einstaklings vegna afbrota, frv., 87. mál, þskj. 87. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Leiðtogafundur á Þingvöllum árið 2000, þáltill., 183. mál, þskj. 205. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
6. Stjórnarskipunarlög, frv., 212. mál, þskj. 240. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Stjórnlagaþing, frv., 213. mál, þskj. 241. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
8. Tilraunastöð í jarðrækt á Reykhólum, stjfrv., 104. mál, þskj. 107. — 3. umr.
9. Sameining Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda, stjfrv., 174. mál, þskj. 191. — 3. umr.
10. Framleiðsla og sala á búvörum, stjfrv., 175. mál, þskj. 192, brtt. í nál. 311. — 3. umr.
11. Atvinnuréttindi útlendinga, stjfrv., 165. mál, þskj. 179, nál. 323, brtt. 324. — 2. umr.
12. Bráðabirgðasamkomulag eftir að EFTA-ríki hafa gerst aðilar að Evrópusambandinu, stjtill., 182. mál, þskj. 204, nál. 330. — Síðari umr.
13. Fjáraukalög 1994, stjfrv., 66. mál, þskj. 66, nál. 325 og 333, brtt. 326. — 2. umr.

Fjarvistarleyfi:

Geir H. Haarde, 8. þm. Reykv.,
Guðmundur Bjarnason, 1. þm. Norðurl. e.,
Guðrún J. Halldórsdóttir, 18. þm. Reykv.,
Svavar Gestsson, 9. þm. Reykv.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.,
Valgerður Sverrisdóttir, 3. þm. Norðurl. e.

Útbýting þingskjala:

Fjáraukalög 1994, 66. mál, nál. minni hluta fjárln., þskj. 333.

Húsnæðisstofnun ríkisins, 276. mál, frv. AÓB o.fl., þskj. 332.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Pálmi Jónsson):

Borist hefur svofellt bréf, dags. 18. nóv. 1994:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér með vísan til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska þess að 1. varaþingmaður Samtaka um kvennalista í Reykjaneskjördæmi, Kristín Sigurðardóttir framkvæmdastjóri, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta tilkynnist yður hér með, virðulegi forseti.

Anna Ólafsdóttir Björnsson,
9. þm. Reykn."

Kristín Sigurðardóttir hefur áður tekið sæti á Alþingi á þessu kjörtímabili og er boðin velkomin til starfa.

Tilkynning um utandagskrárumræðu.

Forseti (Pálmi Jónsson):

Áður en gengið verður til dagskrár fara fram umræður utan dagskrár um skuldastöðu heimilanna. Máls-

hefjandi er hv. 5. þm. Suðurl., Guðni Ágústsson, en hæstv. félmrh. verður til andsvara. Umræðan fer fram skv. 2. mgr. 50. gr. þingskapa. Samkomulag hefur orðið um það milli þingflokka, sbr. 2. mgr. 72. gr. þingskapa, að umræðan standi í allt að tvær og hálfa klukkustund. Umræðutími skiptist þannig að hver þingflokkur hefur 25 mínútur, þingflokkur málshefjanda og félmrh. þó 5 mínútum meira eða samtals 30 mínútur. Enn fremur er samkomulag um að hv. 12. þm. Reykv., Jóhanna Sigurðardóttir, utan flokka, hafi allt að 12 mínútur.

Athugasemdir um störf þingsins.

Fyrirkomulag utandagskrárumræðu.

[10:36]

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Þegar hér fór fram umræða ekki fyrir löngu síðan utan dagskrár um skattlagningu á blaðburðarbörn var haft svipað fyrirkomulag og þá lýsti ég því yfir að þingflokksformaður Sjálfstfl. hefði ekki umboð til þess að semja af mér málið. Ég óska því eftir að fá að taka til máls undir því máli sem nú á að fara að ræða utan dagskrár og óska eftir svörum forseta hvort svo muni ekki geta orðið.

Forseti (Pálmi Jónsson):

Það samkomulag sem fyrir liggur um ræðutíma þingflokka er í samræmi við ákvæði þingskapalaga. Hv. fyrirspyrjandi, hv. 5. þm. Reykv., hefur fullt vald á því að hafa um það samkomulag við formann þingflokks Sjálfstfl. hvort hann taki til máls í þessari umræðu af hálfu Sjálfstfl. eða ekki og vísast að öðru leyti til þess samkomulags sem gert hefur verið.

[10:37]

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Eins og ég var að segja rétt áðan, þá hef ég lýst því yfir að hv. þm. Geir H. Haarde eða staðgengill hans hefur ekki umboð til þess að semja málfrelsi frá mér þannig að ég óska eftir því að þessi niðurstaða verði endurskoðuð. Ég bendi á þingskapalögin þar sem gert er ráð fyrir því að þetta sé eingöngu samkomulag milli þingflokka og ef ætti að túlka það mjög skýrt þá ætti t.d. hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir ekki að fá að ræða málin í þessum umræðum þar sem hún hefur ekki þingflokk á að skipa. En ég óska eftir því að ég verði settur á mælendaskrá.

[10:37]

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Það er alltaf erfitt að þurfa að ganga til samkomulags um það að takmarka ræðutíma við umræður utan dagskrár. Ég tek undir það með hv. þm. Inga Birni Albertssyni. Við óskuðum eftir þessari umræðu um skuldastöðu heimilanna fyrir nokkuð löngu síðan og eru margar ástæður sem liggja að baki því að hún hefur ekki getað farið fram fyrr en í dag. M.a. af þeirri ástæðu tókum við þá ákvörðun að ganga til samkomulags um að takmarka ræðutíma við umræðuna, ekki síst í ljósi þess að það er mikið að gera í þinginu þrátt fyrir að þetta mál sé mjög brýnt. Það er alveg skýrt í þingskapalögum að formenn þingflokka geta fyrir hönd sinna þingflokka samið um ræðutíma, um framkvæmd umræðunnar. Aftur á móti geta einstakir þingmenn, það er alveg rétt hjá hv. 5. þm. Reykv., óskað eftir því að vera ekki aðilar að því samkomulagi. Ég sé ekkert því til fyrirstöðu, a.m.k. ekki frá sjónarhóli okkar framsóknarmanna, að hv. 5. þm. Reykv., Ingi Björn Albertsson, sé einn af ræðumönnum Sjálfstfl. í þessari umræðu. En auðvitað er það ekki okkar að ákveða það hverjir verða ræðumenn Sjálfstfl. Fyrst og fremst held ég að hv. þm. þurfi að eiga það við sinn þingflokk. Ég vil a.m.k. ekki skilja hv. þm. Inga Björn Albertsson þannig að hann sé með ræðu sinni áðan að segja sig frá þingflokki sjálfstæðismanna og ætli að fá sama ræðutíma við umræðuna eins og gert er ráð fyrir í þingsköpum að þingmenn utan flokka geti fengið. Eða er það svo?

[10:39]

Páll Pétursson:

Herra forseti. Hv. 11. þm. Reykv. tók að vissu leyti af mér ómakið. Það liggur náttúrlega alveg ljóst fyrir að ef hv. þm. Ingi Björn Albertsson er í þingflokki sjálfstæðismanna þá á hann rétt á að taka þátt í þessum umræðum fyrir hönd þingflokks sjálfstæðismanna. Ef hv. þm. Ingi Björn Albertsson er ekki í þingflokki sjálfstæðismanna þá hlýtur hann að njóta sama réttar og verður að fá að njóta sama réttar og hv. 12. þm. Reykv., Jóhanna Sigurðardóttir. Mér finnst að úr þessu verði hv. 5. þm. Reykv. að leysa sjálfur. Ef hann er í þingflokki sjálfstæðismanna þá talar hann á kvóta Sjálfstfl. Ef hann er ekki í þingflokki sjálfstæðismanna, hefur gengið úr honum, þá á hann sama rétt og hv. 12. þm. Reykv., Jóhanna Sigurðardóttir.

[10:40]

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Það er litlu við þetta að bæta annað en að hressa aðeins upp á minni hv. þm. Framsfl. því undanfarin mörg ár hefur setið hér gagnmerkur þingmaður þeirra sem heitir Ólafur Þ. Þórðarson og kom ítrekað hér upp í ræðustól og lýsti því yfir að þingflokkur framsóknarmanna hefði ekki heimild til að semja fyrir hans hönd um þátttöku í umræðum. Þetta held ég að væri hollt fyrir hv. þm. Framsfl. að rifja upp þegar þeir tala með þeim hætti sem þeir hafa gert hér.

Ég vil einnig fá að benda hv. þm. Finni Ingólfssyni á það að í þingsköpunum, að ég hygg í 72. gr. þar sem fjallað er um umræður og utandagskrárumræður, er ekki gert ráð fyrir utanflokkaþingmönnum. Það er ekki minnst á það einu orði. Það er eingöngu talað um samkomulag þingflokka.

[10:42]

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Ég ætla aðeins að vitna í 72. gr. þingskapa, 2. mgr. Þar segir, með leyfi forseta:

„Enn fremur skal forseti hafa samráð við formenn þingflokka um fyrirkomulag umræðna um mikilvæg mál ef ætla má að umræður verði miklar. Forseti getur þá með samþykki allra þingflokka ákveðið að ræðu-

tími skuli vera annar en ákveðið er í 44., 48. og 50. gr. og hve lengi umræðan má standa. Um slíka ákvörðun skal þó leita samþykkis þingfundar ef a.m.k. þrír þingmenn krefjast þess."

Það er alveg ljóst að ef þrír þingmenn krefjast þess og mótmæla því að ræðutími skuli vera eins um hefur samist þá er hægt að leita eftir samþykki þingsins í þeim efnum. Þess vegna held ég, hæstv. forseti, og um það var rætt meðal þingflokksformanna að það kæmi ávallt skýrt fram í upphafi þingfunda og áður en slík umræða færi fram ef takmarka ætti ræðutíma og að forseti gerði þinginu rækilega grein fyrir því að um þetta hefði verið samið. Ef einstakir þingmenn sætta sig ekki við að um það hafi verið samið fyrir þá, þá er hægt að leita eftir áliti þingsins á því hvort þetta samkomulag standist eða ekki.

Varðandi þingmenn utan flokka þá er það rétt hjá hv. þm. en sú hefð hefur skapast að ef þingmaður stendur utan flokka, þá sé ræðutími viðkomandi þingmanns helmingur af ræðutíma þingflokks.

[10:43]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er alveg rétt sem hér hefur komið fram að skv. 72. gr. þingskapa hafa formenn þingflokka rétt til þess að koma fram fyrir hönd sinna þingflokka og semja um ræðutíma. Hins vegar kom það fram á fundi formanna þingflokka þegar um þetta var rætt að að sjálfsögðu þyrftu formenn þingflokka að hafa um þetta allt saman samráð við sína þingmenn. Það er því nærtækt að spyrja að því hvort formaður þingflokks Sjálfstfl. hafi látið alla sína þingmenn og þar á meðal hv. þm. Inga Björn Albertsson vita af þessu samkomulagi. En það er alveg skýlaust að þetta er heimild þingflokksformanna að semja um þetta og hv. þm. Ingi Björn Albertsson hefur að mér skilst verið í þingflokki sjálfstæðismanna þannig að hann verður að hlíta þeim samningum sem þingflokksformenn hafa gert um þetta mál ef hann er í þingflokknum. Hins vegar ber einnig að spyrja að því hvort formaður þingflokks sjálfstæðismanna hafi ekki látið sína menn vita um þetta.

Forseti (Pálmi Jónsson):

Forseti vill nú fara fram á það við hv. alþingismenn að umræða um þennan þátt mála varðandi stjórn þingsins verði nokkuð takmörkuð. Tveir eru á mælendaskrá.

[10:45]

Ragnar Arnalds:

Virðulegi forseti. Á fundi þingflokksformanna sl. þriðjudag kom þetta mál til umræðu. Ég vakti þá sérstaklega athygli á því að hér kynni að verða umræða um fundarstjórn forseta út af nákvæmlega þessu vandamáli sem er verið að ræða. Það er enginn vafi á því að samkvæmt þingsköpum eru formenn þingflokka réttir aðilar til þess að semja um slík mál fyrir hönd sinna þingflokka og það er enginn vafi á því að í tilvikum sem þessum breytist meginreglan á þann veg að í staðinn fyrir það að einstakir þingmenn kveðja sér hljóðs þá eru það flokkarnir sem bjóða fram sína talsmenn í umræðunni líkt og gerist í útvarpsumræðum eða sjónvarpsumræðum. Það verður sú eðlisbreyting við það að samkomulag er gert um málið. Þess vegna var um það rætt á þessum fundi að málið yrði sérstaklega kynnt enn einu sinni innan þingflokkanna og gengið úr skugga um að menn ættu þess kost að biðja um orðið innan sinna flokka og vera talsmenn þeirra þegar þar að kæmi. Ég sakna þess eins úr þessari umræðu að ekki komi hér upp einhver fulltrúi fyrir þingflokk Sjálfstfl. Formaður þingflokksins var ekki mættur á þessum fundi en það var annar í hans stað og ég sakna þess eins að við fáum að vita hvernig mál hafa gengið fyrir sig hjá þingflokki Sjálfstfl. vegna þess að viðkomandi þingmaður sem vakti máls á vandræðum sínum á þetta mál fyrst og fremst við þingflokk Sjálfstfl. og ef hann vill ekki una því, þá verður hann að segja sig úr þeim þingflokki og tala hér sem utanflokkamaður.

[10:46]

Páll Pétursson:

Herra forseti. Það er rétt hjá hv. þm. Inga Birni Albertssyni að hv. 2. þm. Vestf., Ólafur Þ. Þórðarson, fann iðulega að störfum mínum sem þingflokksformanns á sínum tíma. En hann tók hins vegar alltaf fullan þátt í störfum þingflokksins og sagði sig aldrei úr honum og endaði alltaf með því að lúta þeim niðurstöðum sem urðu. Úr því að hans nafn hefur verið nefnt hér þá get ég sagt ykkur þær góðu fréttir að Ólafur Þ. Þórðarson er á ágætum batavegi. Hann átti afmæli í gær, ég heimsótti hann og hann er óðum að komast í sitt fyrra form.

En hv. þm. Ingi Björn Albertsson getur ekki bæði sleppt og haldið. Hann getur ekki verið bæði með uppistand og heimtað einhver sérkjör sem þingmaður Sjálfstfl. Ef hann er utan flokka þá á hann sama rétt og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir. Ef hann er ekki lengur í þingflokki sjálfstæðismanna þá er sjálfsagt að veita honum 12 mínútur eins og hv. 12. þm. Reykv.

[10:48]

Björn Bjarnason:

Herra forseti. Það kemur mér á óvart að hér skuli þetta vera lagt upp sem sérstakt vandamál að hv. þm. Ingi Björn Albertsson geti ekki talað í umræðunum nema hann fái einhverja sérmeðferð. Þetta mál hefur ekki verið rætt á vettvangi þingflokks sjálfstæðismanna með þeim hætti að hv. þm. geti ekki talað í þeim tíma sem Sjálfstfl. hefur verið úthlutað. Það var tilkynnt um þetta í þingflokki sjálfstæðismanna og það liggur alveg ljóst fyrir að þingflokkurinn hefur 25 mínútur til umráða hér og hv. þm. Inga Birni Albertssyni er heimilt að nota mínútur af þeim tíma til að koma sínum sjónarmiðum á framfæri og er það meinalaust af hálfu þingflokksins að sjálfsögðu.

Umræður utan dagskrár.

Skuldastaða heimilanna.

[10:51]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Þetta mun vera í fjórða sinn á tveimur árum sem við þingmenn Framsfl. óskum eftir umræðu um þá alvarlegu skuldastöðu sem heimilin í landinu búa við. Okkur þykir illa ganga hjá núv. ríkisstjórn að móta aðgerðir eða skapa þann vilja sem þarf til þess að koma til móts við þetta erfiða verkefni.

Hæstv. forseti. Fullyrða má að lánastefna og svik á forsendum til íbúðakaupenda af hálfu stjórnvalda sé þess eðlis að íslenska þjóðin er og hefur verið á hraðri Færeyjaleið undanfarin ár. Í engri verðbólgu eru skuldir heimila að vaxa hvorki meira né minna en um 1 milljarð á mánuði. Skuldsetning heimilanna er ógnvænleg. Fram kom í greinargerð frá Seðlabankanum í nóvember sl. eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Skuldir heimila við lánakerfið hafa vaxið hröðum skrefum á undanförnum árum. Í lok júlí á þessu ári er áætlað að lán til heimila hafi numið um 264 milljörðum og aukist á síðustu 12 mánuðum um 11,3 milljarða eða svipaða fjárhæð og á 12 mánaða tímabili þar á undan. Skuldir heimila námu í árslok 1993 um 64% af landsframleiðslu, en voru rúm 13% af landsframleiðslu á árinu 1980 og hafa því tæplega fimmfaldast að tiltölu við landsframleiðslu á þessu tímabili."

Enn fremur segir: „Jafnframt hafa skuldir heimila að tiltölu við ráðstöfunartekjur þeirra vaxið verulega á þessu tímabili eða úr röskum 25% í um 115% af ráðstöfunartekjum. Þessi mikla eftirspurn heimila eftir lánsfé hefur sett mark á vaxtaþróunina á undanförnum árum og m.a. stuðlað að því háa vaxtastigi sem verið hefur hér á landi frá því að vextir voru gefnir frjálsir."

Þessi lýsing er uggvænleg en ég sakna þess að Seðlabanki Íslands skuli ekki greina betur hvar þessar skuldir verða til og hvers vegna.

Eftir að ég hef farið allvel yfir það hvar skuldir heimilanna eru að vaxa virðist mér að ekki sé það síst í húsnæðislánakerfinu og þar eru fyrir hendi gífurleg vanskil. Ef ég grip niður í svar hæstv. fjmrh. við fyrirspurn frá hv. þm. Finni Ingólfssyni frá 25. okt. sl. kemur fram þegar spurt er um heildarútlán í húsbréfakerfinu að þar eru útlánin samtals 57 milljarðar kr. Húsnæðisstofnun telur alvarleg vanskil koma til sögunnar eftir þrjá mánuði og með þriggja mánaða vanskil eru nú 3.400 lántakendur eða með um 700 millj. Þá segir enn fremur í fyrirspurninni þegar spurt er um almenna húsnæðiskerfið að þar er fjöldi lántakenda 16.504. Með þriggja mánaða vanskil eða eldri eru 1.661 lántakandi eða 337 millj. í vanskilum. Þar segir enn fremur um útlán í vanskilum frá kerfinu 1. sept. 1986. Þar er fjöldi lántakenda 30 þús. Með þriggja mánaða vanskil eða eldri eru 1.727 lántakendur eða með 175 millj. kr. Í Byggingarsjóði verkamanna er fjöldi lántakenda 5.400. Með þriggja mánaða vanskil eða eldri eru 1.299 lántakendur með 371 millj.

Það er því ljóst að milli 8 og 9 þúsund einstaklingar eru með sín lán í vanskilum í dag. Mér finnst staða þessara mála það alvarleg að það er eins og stór hluti þjóðarinnar hafi hreinlega orðið undir strætisvagni. Sá strætisvagn er auðvitað efnahagsstefna ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar. Á sama tíma og heimilin auka skuldir sínar um 1 milljarð á mánuði eru fyrirtækin í landinu að minnka sínar skuldir, enda hefur núverandi ríkisstjórn lækkað og flutt skatta af stórgróðafyrirtækjum yfir á fólkið í landinu. Á sama tíma og hæstv. forsrh. segir að hægt sé að bæta kjörin er barist gegn öllum kjarabótum til láglaunafólks af hálfu ríkisstjórnarinnar. En ríkisstjórnin áformar að fella niður hátekjuskatt og skerða bætur til öryrkja og atvinnulausra eins og fjárlagafrv. segir til um.

Samkvæmt úttekt sem ég lét vinna voru heildarútlán í Húsnæðisstofnun á núvirði í lok síðasta árs komin í 182 milljarða og höfðu aukist um 80 milljarða á fjórum árum. Á sama tíma höfðu skuldir einstaklinga við banka og sparisjóði vaxið úr 46 milljörðum í 55 milljarða eða vaxið um 9 milljarða. Lán námsmanna höfðu vaxið um 5 milljarða á þessu tímabili, eru 32 milljarðar í lok árs 1993. Þar að auki eru skuldir einstaklinga við lífeyrissjóði og kortafyrirtæki. Mér sýnist þó að þar sé ekki um mjög mikinn vöxt að ræða.

Enginn vafi er á því að ástæður þessarar þróunar eru margar. Ein þeirra er samdráttarstefna og gjaldþrotaleið ríkisstjórnarinnar sem leitt hefur af sér alvarlegasta atvinnuleysi í áratugi. Kaupmáttur launa hefur hrapað á síðustu árum, yfirvinna dregist saman, skattastefnu breytt, tekjuskattur hækkaður jafnt og þétt af launatekjum, jaðarskattar auknir, skattleysismörk lækkuð o.s.frv. Mér sýnist þó að höggið sem verst lék heimilin séu brostnar vonir og svikin fyrirheit og að auki galopið lánakerfi þar sem rangar forsendur réðu því að ungt fólk fékk há lán til að fjárfesta án þess að eiga nokkurt eigið fé á forsendum greiðslumats sem iðulega hefur reynst opin svikamylla.

Svikamyllan birtist m.a. í því að vaxtabætur hafa verið lækkaðar. Afföllin sem áttu lítil eða engin að vera urðu óbærileg, fóru allt upp í það að 1 milljón af 4 fóru í afföll en þau urðu hæst 25% í september 1991. Þau voru ekki reiknuð inn í dæmið, töldust ekki vextir og skiluðu ekki vaxtabótum. Getur hæstv. félmrh. upplýst hver var hagnaður þess fjármagnseiganda á u.þ.b. tveimur árum sem keypti húsbréf í september 1991 og seldi þau aftur með núll afföllum þegar vextir voru lækkaðir með handafli fyrir ári síðan?

Ég vil spyrja hæstv. félmrh. um tvennt. Það gekk eftir sem margir óttuðust. Vaxtabætur hafa verið skertar stórlega. Hversu mikið hafa þær verið skertar frá upphafi og hvað telur hæstv. ráðherra að slík skerðing sé mikil ástæða fyrir vandræðum margra einstalinga?

Vaxtabætur voru í upphafi þungamiðja húsbréfakerfisins. Raunvextir meðaltekjufólks áttu aldrei að vera hærri en 2–3% eftir skatt. Hefur það staðist, hæstv. ráðherra, og hverju munar?

15. mars 1989 sagði fyrrv. félmrh., Jóhanna Sigurðardóttir, í Morgunblaðinu, með leyfi forseta, um afföllin sem ekki síst hafa fitað lífeyrissjóðina:

„Fullyrðingin um að húsbréf muni seljast með afföllum er að hluta byggð á misskilningi."

Enn fremur sagði hv. þm. og þáv. ráðherra Jóhanna Sigurðardóttir: „Byggingarsjóður ríkisins og Seðlabanki Íslands verða viðskiptabakar fyrir húsbréfin og munu sjá til þess að þau verði ávallt hægt að selja.“ — og þá væntanlega án mikilla affalla.

Ég spyr hæstv. ráðherra: Hvað brást? Var það Seðlabankinn, Byggingarsjóður ríkisins eða voru fullyrðingar fyrrv. félmrh. hreinlega rangar á þessum tíma? Voru þær blekking sem kölluðu marga inn í þetta kerfi og hafa svikið þá? Enn fremur spyr ég: Telur hæstv. ráðherra að greiðslumatið hafi verið allt of frjálslegt og lánsupphæðir of háar?

Hluti þessara erfiðleika bitnar mjög á sveitarfélögunum. Vegur þar atvinnuleysið þyngst eða þessi skuldastaða heimilanna. Fram kom á fjármálaráðstefnu sveitarfélaga á dögunum að fjárhagsaðstoð sveitarfélaga til einstaklinga hafi á aðeins tveimur síðustu árum aukist um 80%. Fjárhagsaðstoð Reykjavíkur, Kópavogs, Hafnarfjarðar og Akureyrar til fólks í neyð á þessu ári nemur hvorki né minna en 660 millj. Hér er því um milljarðaaðstoð sveitarfélaganna að ræða við fólk í neyð. Hefur hæstv. ráðherra fyrirhugað viðræður við sveitarfélögin um þessi mál eða ætlar hæstv. félmrh. að styðja hæstv. fjmrh. í því að skattleggja þau sérstaklega með lögreglu- og/eða feðraskatti? Á sömu ráðstefnu sagði Jón Björnsson, félagsmálastjóri á Akureyri, eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Hvort sem einhverjum ofbýður það eða ekki, þá verð ég að segja að hjá sæmilegri félagsmálastofnun fær fólk núna einfaldlega hærri tekjur í fjármagnsaðstoð heldur en af margri vinnunni, 8 tíma á dag.“

Ég tel að láglauna- og samdráttarstefnan sé að taka stærri og stærri hóp af fóki hreinlega úr umferð. Það getur engan þátt tekið í þjóðfélaginu. Þetta er hagfræði hellisbúa. Þessi hagfræði er áfellisdómur yfir atvinnulífi og verkalýðshreyfingu og ekki síst þessari ríkisstjórn. Andsvar við þessari hagfræði er að mínu viti að lögbinda lágmarkslaun í landinu. Ríkisstjórnin hefur ástundað millifærslustefnu frá almenningi til fárra útvaldra. Við sjáum afleiðingarnar.

Ég tel reyndar, hæstv. félmrh., að ein meginástæðan fyrir skuldavanda heimilanna sé meingallað peningakerfi í landinu. Skuldir fólks koma að mestu frá þremur aðilum: Húsnæðisstofnun, lífeyrissjóðum og bankakerfi. Fram undir þetta hafa þessar stofnanir fyrst og fremst spurt um veð í steinsteypu. Minna hirt um: Fæ ég greitt? Stendur einstaklingurinn undir skuldinni? Ræður hann við lánin? Afleiðingarnar eru svo greiðsluvandi, gjaldþrot og hjónaskilnaðir sem bitna á nánustu ættingjum og börnum og veldur upplausn í þjóðfélaginu. Hér vantar stýriaðila sem í flestum löndum er bankinn sem þjónar fólki frá vöggu til grafar. Ég tel að ábyrgðin eigi að vera sem mest á milli tveggja aðila, einstaklingsins og viðskiptabankans.

Hvað segir hæstv. ráðherra um þá lánskjaravísitölu sem við búum við? Ég óttast að sú breyting sem gerð var að kröfu verkalýðshreyfingarinnar 1989 um að launaliður vegi þar mjög þungt valdi því að mörg mál eru komin í vítahring. Krafan var: Lán eiga að hækka í takt við laun en ekki framfærslu.

Hin minnsta launahækkun nú veldur því að skuldir margfaldast. Þetta höfum við séð. Ég tel að skoða verði betra form sem geri greiðslubyrði jafnari. Núverandi vísitala þolir enga verðbólgu því að þá þyngjast skuldir mjög í framtíðinni. Ég held að það henti Íslendingum betur að skuldabyrðin léttist þegar frá líður vegna þess að lífsstíllinn er sá að taka nýja og nýja eyðslu inn í reikninginn.

Hæstv. forseti. Félagslega húsnæðislánakerfið er einn umskiptingurinn sem hlýtur að koma inn í þessa umræðu um skuldastöðu heimilanna. Kaupleiguíbúðir og verkamannabústaðir standa auðir um allt land, annaðhvort vegna þess að fólkið er flúið út eða það fékkst ekki til að fara inn í þessar íbúðir. Þessar íbúðir eru einfaldlega of dýrar, byggðar eftir stöðlum sem ekki standast og algengt að íbúðir sem fullnægja kröfum fólks séu 25–30% ódýrari á almennum markaði. Getur hæstv. félmrh. upplýst hversu margar íbúðir í félagslega kerfinu standa auðar og hefur hæstv. ráðherra íhugað breytingar á þessu kerfi?

Skuldastaða heimila og þróun þeirra er mikill áfellisdómur um stjórn félagsmála í landinu á síðustu árum. Við framsóknarmenn teljum að þegar verði að grípa til aðgerða. Það er ekki hægt að bjarga öllum, svo alvarleg er staðan. En svo alvarleg er þó staðan að við teljum að fram verði að fara skuldbreyting aldarinnar.

Hv. þm. Finnur Ingólfsson mun í þessari umræðu fara yfir helstu áhersluatriði flokksþings Framsfl. sem fjallaði mjög sterkt um þetta málefni og gerði kröfur um úrbætur.

Ég spyr, hæstv. forseti: Liggur nokkuð á? Já, líf, heill og hamingja þúsunda heimila ungs fólks um allt land veltur á skjótum aðgerðum. Húsnæðisstofnun, lífeyrissjóðir og bankar verða að lengja lán og skuldbreyta. Alþingi verður að gera ráð fyrir peningum í fjárlögum í þessar aðgerðir. Ríkisstjórn ásamt aðilum vinnumarkaðarins verður að gera strax nýja þjóðarsátt sem hjálpar fólki í þessum vanda. Málið þolir enga bið. Það verður að leysa fyrir kosningar. Það verður að ganga í þetta verk strax. Það verður að leysa það í vetur.

[11:10]

Félagsmálaráðherra (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Sú umræða sem hér er hafin endurspeglar strax á hvern hátt fjallað hefur verið um fjármál heimilanna og þó ég geri ekki lítið úr vandanum þá staðhæfi ég að umræðan, eins og stjórnarandstaðan hefur sett hana fram að undanförnu, er fullkomlega á villigötum. Það er talað um að skuldastaða heimilanna sé skelfileg og alvarlegast sé að hún muni aukast enn á næsta ári. Það er staðhæft að það þurfi að grípa til aðgerða til að stöðva gjaldþrot heimilanna og afstýra neyðarástandi í húsnæðismálum hjá þúsundum heimila. Það er staðhæft að mesta skuldbreyting Íslandssögunnar þurfi að koma til og því er meira að segja haldið fram að helmingur þjóðarinnar sé undir hungurmörkum. Tal af þessu tagi er fullkomlega óábyrgt. Ég geri ekki lítið úr vanda þeirra sem lent hafa í erfiðleikum vegna breyttra aðstæðna og þeim

sem lent hafa í atvinnuleysi, veikindum eða alvarlegum tekjumissi. En að halda því fram að þjóðin öll sé á vonarvöl er að misbjóða því fólki sem alltaf hefur staðið við sínar skuldbindingar, þeim sem oft við lítil efni hafa komið sér þaki yfir höfuðið, fólki sem haldið hefur að sér höndum við aðrar fjárfestingar eða eyðslu en stendur í skilum. Margir geta verið með miklar skuldir vegna húsnæðiskaupa þótt þeir séu ekki með þunga greiðslubyrði og hópurinn sem á liðnum árum hefur fengið úthlutað íbúðum í félagslega íbúðakerfinu skiptir þúsundum. Þar eru lánin há en til langs tíma og langflestir með viðráðanlega greiðslubyrði þó þar séu vissulega hópar sem lent hafa í erfiðleikum.

Á þessu ári verða veitt húsbréfalán sem nema um 15 milljörðum kr. og til félagslegra íbúða verður varið um 5 milljörðum kr. Á næsta ári er reiknað með að húsbréfalán verði rúmir 13 milljarðar og lán til félagslegra íbúða tæplega 5 milljarðar. Þetta þýðir að á þessum tveimur árum aukum við skuldir heimilanna í gegnum húsnæðislánakerfið eingöngu um næstum 38 milljarða. Menn hafa uppi stór orð um hver skuldastaðan sé og hversu mikil hún verði á næsta ári án þess að staldra við þessa þætti. Á að halda því fram að þau lán sem ég hér nefni séu af hinu illa? Telja hv. alþingismenn að ekki eigi að veita þessa fyrirgreiðslu til fjölskyldnanna í landinu af því að það auki skuldastöðu heimilanna í landinu? Sé svo er ég því fullkomlega ósammála. Ég minni á að í hvert skipti sem sveitarfélag hefur úthlutað 100 félagslegum íbúðum þá er bætt hátt í 6 milljörðum við skuldastöðu heimilanna í landinu. Og ég nefni aðra afar athyglisverða staðreynd sem er að þáttur húsnæðisskulda í skuldum heimilanna hefur lækkað og þetta vita alþingismenn því að þetta hefur komið fram í þeirri skýrslu sem ítrekað er vísað til. Það segir okkur að aðrar neysluskuldir hafa verið að aukast og það hefur að sjálfsögðu áhrif á stöðuna, það bætir hana ekki en það segir okkur hins vegar ákveðna sögu. Það eru vanskilin og of þung greiðslubyrði sem við eigum að beina kastljósinu að en ekki skuldastaðan sem slík.

Við skulum reyna að leggja raunsætt mat á stöðuna við þessa umræðu. Annað er til vansa fyrir þann hóp sem hér situr. Hér hafa verið bornar fram spurningar um forsendur sem ég mun leitast við að svara. Ég ætla að víkja fyrst að húsbréfunum.

Húsbréfakerfið hefur ekki brugðist eins og oft er staðhæft. Hins vegar er ljóst að fólk var orðið svo bundið af biðraðahugsanaganginum að allir flýttu sér að komast að og nýta þessa ágætu lánafyrirgreiðslu. Sú innbyrðis aðlögun sem hefði við venjulegar aðstæður átt að verða, það að halda að sér höndum þegar of mikil eftirspurn var eftir húsbréfum varð ekki. Fólk tók húsbréf þótt afföll væru orðin yfir 25%. Í sumum tilfellum átti fólk ekki annars úrkosti en í mörgum tilfellum hefði verið skynsamlegt og viðkomandi að meinalausu að bíða þar til eftirspurn minnkaði og afföllum létti. Þetta var einmitt megininntak þess kerfis þegar það var sett á laggir.

Við skulum staldra við vanskilin hjá Húsnæðisstofnun ríkisins. Ef borin eru saman vanskil á árunum 1990 og 1994 þá kemur í ljós að í Byggingarsjóði ríkisins var hlutfall þriggja mánaða vanskila af gjaldföllnum greiðslum um 25,9% árið 1990 en 20,2% það sem af er 1994 sem er talsvert lægra hlutfall. Í Byggingarsjóði verkamanna voru þessi sömu vanskil 41,7% árið 1990 en eru 37,7% á þessu ári sem er líka lægra hlutfall. Í húsbréfadeild er þetta hlutfall 25,3%. Það hvarflar ekki að mér að það geri vanskil heimilanna í dag léttbærari að gera þennan samanburð en fyrir okkur er brýnt að draga fram staðreyndir.

Hjá Húsnæðisstofnun ríkisins voru á árunum 1985–1990 veitt greiðsluerfiðleikalán sem voru bein peningalán. Þá bárust um 7.000 umsóknir en um 5.700 lán voru veitt, samtals um 3,3 milljarðar kr. á núvirði. Á árinu 1991 var stofnuninni heimilt að kaupa fasteignaveðbréf af íbúðareigendum í greiðsuerfiðleikum og greiða fyrir með húsbréfum. Um 1.900 umsóknir bárust og 1.100 fasteignabréf voru keypt samtals að fjárhæð um 3 milljarðar kr. Þetta var árið 1991. Frá 1. okt. 1993 hefur hjá Húsnæðisstofnun ríkisins verið veitt aðstoð til þeirra íbúðareigenda sem eru í greiðsluerfiðleikum sökum lækkunar tekna ef rekja má þær til atvinnuleysis, minnkandi atvinnu eða veikinda. Stofnunin hefur heimild til að skuldbreyta vanskilum af lánum hjá Byggingarsjóði ríkisins og húsbréfadeild. Um 350 millj. kr. eru til ráðstöfunar til þessara skuldbreytinga.

Þann 1. nóv. sl., þ.e. rúmu ári síðar, höfðu 1.250 umsóknir borist um aðstoð og samtals 956 umsóknir verið afgreiddar. Af þeim var samþykkt að skuldbreyta hjá 573 umsækjenda. Samtals hafði 369 umsóknum verið synjað, aðallega vegna þess hve erfiðleikar þeirra voru miklir. Þó var þeim umsækjendum veitt aðstoð við skuldbreytingar hjá öðrum lánastofnunum eða leiðbeint á annan hátt. Það er unnt að skipta umsækjendum um aðstoð vegna greiðsluerfiðleika nú í þrjá svo til jafnstóra hópa. Það er líklegt að um þriðjungur umsækjenda fái úrlausn erfiðleika sinna, úrlausn sem getur verið varanleg ef ekkert óvænt kemur upp. Annar þriðjungur á möguleika á að halda íbúðum sínum ef úr rætist hvað varðar laun, þ.e. ef greiðslugeta þeirra verður fljótlega svipuð og hún var þegar viðkomandi keypti húsnæði.

Hins vegar fær um það bil síðasti þriðjungur umsækjenda ekki skuldbreytingu hjá stofnuninni í flestum tilvikum vegna þess að engu verður bjargað. Athygli vekur hve fáir hafa nýtt sér þá aðstoð sem er í boði varðandi greiðsluerfiðleika íbúðareigenda. Einungis rúmlega 1% af heimilum í landinu hefur á einu ári sótt um aðstoð hjá Húsnæðisstofnuninni. Af því má þó ekki draga þá ályktun að greiðsluerfiðleikarnir séu minni en af er látið. Ekki er vitað hversu margir hafa sótt um aðstoð vegna greiðsluerfiðleika hjá bönkum og sparisjóðum án þess að þær umsóknir berist til stofnunarinnar en lánastofnanir eru að afgreiða slíkar umsóknir á hverjum degi.

Það hafa verið gerðar breytingar á greiðslumatinu í húsbréfakerfinu. Hlutfallsleg greiðslubyrði af heildarlaunum hefur verið lækkuð úr 30% í 18% í vinnureglum við greiðslumat og það er skilyrði fyrir húsbréfa-

láni að öll lánafyrirgreiðsla umsækjenda liggi fyrir staðfest og að sala lausafjármuna hafi átt sér stað áður en lán er samþykkt. Íbúðarkaupendur sem missa vinnu eða lækka verulega í launum af öðrum sökum geta lent í greiðsluerfiðleikum óháð því hvers konar húsnæðislánakerfi er starfrækt hér á landi. Þetta á jafnt við um breyttar forsendur fyrir kaupum sem rekja má til utanaðkomandi aðila sem og til sumra íbúðarkaupenda sjálfra. Íbúðarkaupendur sem festu kaup á íbúðarhúsnæði fyrir 2–3 árum sáu ekki fyrir minnkandi atvinnu á árinu 1993 og 1994. Það er vandamál sem óháð er því lánakerfi sem starfrækt er.

Virðulegi forseti. Það eru ekki húsnæðislánin hjá Húsnæðisstofnun ríkisins sem eru fyrst og fremst að sliga þau heimili sem eru í vanda stödd. Í greiningu Þjóðhagsstofnunar kemur fram eins og fyrr er vikið að að hlutfall annarra skulda en húsnæðislána hefur farið vaxandi á liðnum árum. Það gefur vísbendingar um að greiðsluvandinn sé miklu margþættari en oft áður. En það segir okkur jafnframt að neyslulán frá bönkum og sparisjóðum vega sífellt þyngra í vanskilum og greiðsluerfiðleikum fólks. Þess vegna dugar ekki að einblína á greiðsluerfiðleikalán eða skuldbreytingar hjá Húsnæðisstofnun ríkisins í þessum efnum heldur verðum við að ná víðtækri samstöðu á meðal allra lánastofnana, banka, sparisjóða og lífeyrissjóða í því skyni að gera sérstakt átak til að bregðast við þessum vanda. Það var gert haustið 1993. Það var gert samkomulag milli félmrn., Húsnæðisstofnunar, Búnaðarbanka, Íslandsbanka og Sambands ísl. sparisjóða í samstarfi við samtök lífeyrissjóða um aðgerðir til að leysa greiðsluvanda fólks sem á í erfiðleikum með að standa í skilum með lán til íbúðarkaupa vegna tekjulækkunar sem stafar af langvarandi atvinnuleysi, veikindum eða öðrum óviðráðanlegum ástæðum eins og ég gat um hér áður. Þetta samstarf hefur gengið vel og áætlað er að hver banki hafi veitt á bilinu 300–400 greiðsluerfiðleikalán eða skuldbreytingar vegna greiðsluvanda að auki við það sem hefur verið gert hjá Húsnæðisstofnun. Bankarnir hafa þjálfað upp starfsfólk til að veita liðsinni og ráðgjöf vegna greiðsluvanda og búa því yfir enn frekari möguleikum á að glíma við þetta verkefni. Þetta samstarfsverkefni lánastofnana þarf að þróa áfram og dýpka og fleiri aðilar að koma að því.

Ég hef nú þegar stigið fyrstu skrefin í þessa veru. Í gær átti ég fund með fulltrúum þeirra sem eru aðilar að þessu samkomulagi. Á þeim fundi voru jafnframt fulltrúar frá Alþýðusambandi Íslands, frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, frá Neytendasamtökunum og Sambandi ísl. sveitarfélaga. Á þessum fundi áttum við mjög gagnlegar viðræður um ástand mála og ekki síður ýmsar þær leiðir sem koma til greina. Niðurstaða þessar fundar var sú að þessir aðilar lýstu sig reiðubúna til að koma sameiginlega að þessum vanda. Ég mun fljótlega fara þess á leit með formlegum hætti að skipaður verði samstarfshópur þessara aðila til að gera tillögur um samræmdar aðgerðir vegna greiðsluerfiðleika og ráðgjöf um fjármál heimilanna. Ráðgjöf um fjármál heimilanna er ekki minnsta atriðið í því sem við ræðum hér í dag.

Ég vil hér gera grein fyrir nokkrum þeim atriðum sem lögð er áhersla á af hálfu þeirra sem vinna mest með fólki í greiðsluvanda og þekkja því best til þeirra haga. Í fyrsta lagi vil ég draga fram þá staðreynd að verulegur hluti vandans felst í því hversu seint fólk bregst við vandanum og leitar sér hjálpar. Sérfræðingar bankanna, sparisjóðanna, lífeyrissjóðanna, Húsnæðisstofnunar og Neytendasamtakanna bentu á mikilvægi þess að gripið sé miklu fyrr inn í vanda einstaklinganna. Það er hægt að gera með ýmsum hætti. T.d. er unnt að koma á þeirri vinnureglu að senda þeim sem eru komnir í vanskil strax persónulegt bréf, bjóða þeir fjármálalega ráðgjöf. Það þekkja allir hve kostnaður er fljótur að vinda upp á sig þegar lán eru komin í verulega vanskil, dráttarvextir og innheimtukostnaður getur verið óheyrilegur og það er einkenni allra greiðsluerfiðleikamála hve stór hluti vandans er kostnaður af þessu tagi.

Aðstoð af þessu tagi þekkist víða annars staðar, t.d. á öðrum Norðurlöndum, svonefnd „ambúlantþjónusta", en meginatriði hennar er að veita einstaklingum ráðgjöf áður en allt er komið í óefni. Þetta hefur verið rætt sérstaklega innan Húsnæðisstofnunar, að efla þurfi ráðgjafardeild hennar sem gegnir mjög veigamiklu hlutverki. Húsnæðisstofnun getur aðstoðað íbúðareigendur við að hefjast fyrr handa við að finna þær lausnir á greiðsluerfiðleikum sem fyrir eru. Þetta mætti enn fremur gera með auknum upplýsingum um það hvaða afleiðingar það getur haft í för með sér að lenda í vanskilum. Stofnunin er raunar að undirbúa slíka auglýsingaherferð á næstunni. Það er mín skoðun að bankar og aðrar lánastofnanir geti sömuleiðis lagt mikilvægt lóð á vogarskálarnar í þessum efnum.

Þá kem ég að öðru atriðinu sem rík áhersla er lögð á en það er einmitt ráðgjöfin sjálf. Hún þarf að vera í sem mestri nálægð við einstaklingana þannig að þeir eigi greiðan aðgang að henni. Eins og ég nefndi fyrr hafa bankar og lánastofnanir á að skipa fólki sem hefur hlotið fræðslu og þjálfun í fjármálaráðgjöf. Reyndar er þetta einn veigamikill þáttur í því greiðslumati sem nú fer fram innan bankakerfisins vegna húsbréfakerfisins. Ég álít það mikilvægt að þessi fjármálaráðgjöf lánastofnana verði gerð sýnilegri, hún kynnt betur fólki heldur en hingað til hefur verið.

Á þeim fundi sem ég vitnaði til og haldinn var í gær varpaði ég fram þeirri hugmynd að efnt yrði til sérstaks átaks í fjármálaráðgjöf sem stæði t.d. í eina viku. Um viðtækt samráðsverkefni yrði að ræða þar sem bankar, sparisjóðir, lífeyrissjóðir, Húsnæðisstofnun og jafnvel Neytendasamtökin, stéttarfélög og félagsmálastofnanir kæmu að. Markmiðið væri að vekja fólk til vitundar um þá þjónustu sem stendur til boða en því miður allt of fáir þeirra sem eru í greiðsluvanda færa sér í nyt í tæka tíð. Átaksvika í fjármálaráðgjöf á borð við það sem ég hef lýst hér gæti borið þann árangur að ísinn væri brotinn og fólk færði sér þessa þjónustu í nyt í auknum mæli.

Þriðja veigamikla atriðið sem kom fram á þessum fundi, sem vert er að gefa sérstaklega gaum að, er hversu litlar upplýsingar liggja fyrir um vanskil og

greiðsluerfiðleika. Slíkar upplýsingar eru hins vegar afar þýðingarmiklar í því skyni að meta hvaða viðbrögð eru líklegust til að skila árangri. Við vitum ekki í dag hve margir eru í erfiðleikum með að standa í skilum, á hvaða aldri þeir eru eða ástæður vandans. Það er mikilvæg forsenda fyrir raunhæfum aðgerðum að þekkja vandann.

Þá vil ég láta athuga möguleika á því að rannsóknastofnanir háskólans, Hagfræðistofnun eða Félagsvísindastofnun, geri kannanir á aðstæðum þeirra sem eru í greiðsluerfiðleikum. Þið bregðist e.t.v. þannig við að það sé engin lausn að skoða og skoða en ég fullyrði samt sem áður að við verðum að öðlast betri vitneskju um eðli vandamálsins ef okkur á að lánast að finna áhrifaríka lausn á því. Þetta gerðu Norðmenn áður en þeir tóku með kerfisbundnum hætti á þessum vandamálum hjá sér. En hvaða lausnir eru í sjónmáli? Í lögum um Húsnæðisstofnun eru ákvæði er heimila stofnuninni að aðstoða íbúðareigendur í greiðsluerfiðleikum með því að fresta greiðslum við sérstakar aðstæður. Ákvæði þessi eru mismunandi eftir því hvort um er að ræða Byggingarsjóð verkamanna annars vegar eða Byggingarsjóð ríkisins og húsbréfadeild hins vegar eins og ég hef áður vikið að. Ég vil vekja á því athygli að stofnunin hefur ekki heimild til að veita greiðsluerfiðleikalán til greiðslu á vanskilum umsækjenda hjá öðrum lánastofnunum og þar liggur talsverður vandi. Stofnunin skuldbreytir einungis vanskilum af lánum umsækjenda hjá henni. Það eru hins vegar grundvallaratriði að finna lausn á vanda þeirra sem eru í alvarlegum vanskilum hjá lánastofnunum öðrum en Húsnæðisstofnun og þess vegna er fyrirhuguð rannsókn sem ég vék að fyrr svo þýðingarmikil.

Margir hafa bent á þýðingu þess að fjölga gjalddögum lána þannig að fólki sé gert kleift að borga reglulega af lánum sínum og þannig verði komist hjá uppsöfnuðum greiðslum sem geta komið fólki á kaldan klaka. Það væri eitt af mínum fyrstu verkum í félmrn. að setja reglugerð um fjölgun gjalddaga á húsnæðislánum úr 4 í 12 á ári. Þessi breyting tekur gildi frá og með 1. janúar á næsta ári. Ég vænti þess að þegar til framtíðar er horft skili þessi breyting sér í minni vanskilum. Ég mun jafnframt beita mér fyrir því að þessi breyting geti orðið hjá öðrum lánastofnunum, einkum lífeyrissjóðum, en bankarnir hafa nú flestir þennan hátt á. Á þeim samráðsfundi sem ég vísaði til fyrr var lögð áhersla á að kanna hvort vaxtabætur gætu orðið samtímagreiðslur. Í því felst að bætur kæmu samtímis vaxtagreiðslum.

Ég hef látið kanna sérstaklega hvaða áhrif það hefði að Húsnæðisstofnun byði upp á breytilegan lánstíma í húsnæðiskerfinu. Stofnunin hefur lagt mat á hvaða áhrif það hefði á ávöxtunarkröfu á verðbréfamarkaði og hver afföllin yrðu ef í boði væri mismunandi lánstími fasteignaverðbréfa og húsbréfa. Niðurstöður þeirrar athugunar eru í grófum dráttum að lenging lánstíma úr 25 árum t.d. í 40 ár fæli í sér verulega hækkun ávöxtunarkröfu og afföll bréfanna gætu aukist úr um það bil 8,8% í um 16,5%. Ef þetta er rétt held ég að þessar niðurstöður bendi afdráttarlaust til þess að lenging lánstíma sé alls ekki ásættanleg lausn fyrir þá sem eiga erfiðast með að standa undir greiðslubyrði lána sinna þó það verði að sjálfsögðu skoðað nánar. Það má reikna með að greiðsluaðlögun sem er í undirbúningi á vegum nefndar á vegum félmrn. gæti haft jákvæð áhrif á lánamarkaðinn ef samþykkt yrði að taka hann upp. Í greiðsluaðlögun felst að skuldari sem á í verulegum fjárhagserfiðleikum leitar fjármálaaðstoðar og á Norðurlöndunum er meðferðin og fjármálaráðgjöfin ýmist veitt af sveitarfélögum eða dómstólum og sýslumönnum. Framkvæmd og réttaráhrif eru að nokkru sniðin að löggjöf um nauðarsamninga og greiðslustöðvun.

Norsku lögin byggjast á tvískiptingu. Fyrst kemur til frjáls greiðsluaðlögun. Ef hún tekst ekki tekur við þvinguð greiðsluaðlögun og hún er byggð á úrskurði dómstóla. Mikil áhersla er lögð á að virkja skuldara sjálfa til að vinna sína greiðsluáætlun undir umsjón og með aðstoð. Ef skuldameðferð er heimiluð samkvæmt norsku lögunum hefst þriggja mánaða tímabil á meðan greiðsluaðlögun er undirbúin. Lögin gera ráð fyrir 5 ára greiðsluaðlögunartímabili þar sem skuldara er gert að lifa spart og selja eignir á meðan grynnkað er á skuldum. Að því loknu má fella niður eftirstöðvarnar ef skuldarinn hefur uppfyllt skilyrði greiðsluaðlögunar.

Það er ólíklegt að greiðsluaðlögun mundi leysa úr greiðsluerfiðleikum íbúðareigenda almennt en kæmi hins vegar hluta þeirra sem illa eru á vegi staddir að gagni og mundi hugsanlega leiða til öruggari lánveitinga í lánakerfinu almennt.

Virðulegi forseti. Greiðsluvandi heimilanna á sér margar ástæður og er flókið úrlausnarefni. Skuldirnar eru víða og alls ekki einvörðungu vegna íbúða. Aukning skulda heimilanna hér landi sem og víða erlendis tengist auknu frjálsræði á fjármagnsmörkuðum og fleiri tilboðum um neyslulán. Það eru ekki mörg ár síðan fólk þurfti að heimsækja bankastjóra ef kaupa átti ísskáp eða sófasett. Nú er allt hægt með raðgreiðslum eða alls konar greiðslufresti. Tilboðin eru hreint ótrúleg. Bifreiðaumboð býður myndbandsupptökutæki í kaupbæti ef keyptur er notaður bíll og útborgun ýmist sáralítil eða engin. Meira að segja ríkisvaldið tekur þátt í þessum darraðardansi við sölu hlutabréfa í ríkisfyrirtæki og innan um jólaauglýsingar heyrum við eftirfarandi: Látið ekki fjárhagsáhyggjur spilla jólagleðinni. Raðgreiðslur létta róðurinn. Þetta er nokkuð dæmigert fyrir það umhverfi sem við búum við í dag.

Virðulegi forseti. Ég vil segja þetta að lokum: Ég hef ekki boðað í þessari ræðu aukin fjárframlög til greiðsluerfiðleikalána eða skuldbreytinga. Ég vil þó áskilja mér rétt til slíks tillöguflutnings ef sú lausn reynist nauðsynleg. Þær rannsóknir, athuganir og samráð sem fram undan eru munu svara þeirri spurningu.

Ég vil líka árétta að það er sjónarmið félagshyggjuflokka að venjulegar fjölskyldur eigi rétt á lánafyrirgreiðslu til húsnæðisöflunar og til menntunar, að hún sé til langs tíma og viðunandi, að ekki þurfi að hlaupa á milli lánastofnana til að eiga slíka möguleika. Þegar þessi sjónarmið hafa ráðið ferð um langt árabil er

undarlegt að magn skulda sé gert að meginatriði. Við deilum öll sjónarmiðinu um líf og heill fjölskyldnanna í landinu.

[11:33]

Vilhjálmur Egilsson:

Virðulegi forseti. Það er eðlilegt að mál sem þetta komi til umræðu á hinu háa Alþingi. Vandamálið er til staðar og hvílir þungt á afar mörgum heimilum. Við höfum séð hvernig skuldir heimilanna í heild hafa aukist og hvað margar fjölskyldur eiga raunverulega um sárt að binda vegna fjárhagslegra erfiðleika.

Það eru margar ástæður fyrir því hvernig staðan er orðin og að sjálfsögðu spilar það inn í að íslenskt efnahagslíf hefur verið í kyrrstöðu frá árinu 1987. Það hefur að sjálfsögðu haft sitt að segja að þær væntingar sem fólk hefur venjulega haft um það að tekjur gætu batnað og hækkað hægt og hægt og fólk gæti tekið á sig skuldbindingar í þeirri von að geta greitt þær með hærri tekjum þegar tímar liðu hafa ekki staðist. Síðan hefur hið slæma efnahagsástand og sérstaklega minni yfirvinna og meira atvinnuleysi orðið til þess að gera þetta ástand enn þá erfiðara.

Í annan stað hafa orðið miklar breytingar á okkar þjóðfélagi á undanförnum árum. Lánsfé er í dag ekki skammtað eins og var fyrir 10–15 árum. Nú hafa allir aðgang að lánsfé ef þeir á annað borð treysta sér til þess að greiða það til baka. Það er að mörgu leyti framför í sjálfu sér en það þýðir líka að fólk verður að ganga hægt um gleðinnar dyr í þeim efnum og reisa sér ekki hurðarás um öxl þegar það tekur lán. Við höfum tekið eftir því t.d. að húsnæðislánakerfið hefur gerbreyst að þessu leyti. Nú fær fólk mikil lán og getur þess vegna lagt út í fjárfestingar og framkvæmdir sem var ekki hægt áður vegna þess að lánin voru ekki til staðar. Það náttúrlega gerir líka auknar kröfur til þess að fólk hugsi sinn gang, hvort það er að byggja of stórt, hvort það er að taka á sig of mikla greiðslubyrði miðað við þær tekjur sem það getur búist við að hafa.

Lánasjóður ísl. námsmanna hefur líka breyst á þessum árum og þá er ég að tala um 10–15 ár. Núna getur námsmaður fengið stórt séð þau lán sem þarf til þess að fara í gegnum langt nám, kannski 6–8 ára framhaldsnám og það gerir líka kröfu til greiðslna þegar námi er lokið.

Í þriðja lagi hafa breyst alls kyns lán sem einstaklingar geta fengið, svo sem eins og innleiðing greiðslukortanna og sú hjálp sem það veitir fólki sem vill taka lán. Að mörgu leyti hafa kreditkortin verið til bóta vegna þess að þau hefur dregið úr alls kyns skuldabréfum á einstaklinga sem gefin voru út í viðskiptum með stærri hluti sem neytendur gjarnan áttu viðskipti með, svo sem bíla eða sjónvarp eða önnur heimilistæki eða húsgögn eða því um líkt.

Það sem ég tel að skipti mestu máli er að horfa til framtíðarinnar og reyna að átta okkur á því hvernig best verði tekið á þeirri stöðu sem upp er komin. Ég held að það hljóti að þurfa að gerast þannig að allir hjálpist að við að taka á þeim erfiðleikum sem einstakar fjölskyldur hafa lent í. Það á við alla þá sem hafa lánað fólki hvort sem það eru bankar, sparisjóðir, lífeyrissjóðir eða opinberir aðilar. Þessir aðilar verða að vinna saman og það verður að taka á hverju einstöku tilfelli fyrir sig þegar fólk getur ekki staðið í skilum.

Það þarf líka að gera ýmsa aðra hluti. Það verður að byggja upp meiri trú í þjóðfélaginu á gildi sparnaðar, að fólk reisi sér ekki hurðarás um öxl í fjármálum þegar það þarf í þessum aukna mæli að bera ábyrgð á eigin gerðum og ákveður sjálft meira og meira hvað það tekur að láni. Það verður að byggja upp innlent fjármagn í landinu og við höfum séð hvernig lífeyrissjóðakerfið hefur verið að byggjast upp á undanförnum árum. Ég tel að það sé lykilatriði í okkar hagkerfi þegar til lengri tíma er litið að lífeyrissjóðirnir komi í auknum mæli inn í atvinnulífið og byggi það upp með því að kaupa hlutabréf og leggja atvinnulífinu til eigið fé vegna þess að það er líka undirstaðan undir því að tekjur fólks geti batnað og atvinnulífið geti styrkst og að dragi úr atvinnuleysinu. Þetta held ég að skipti miklu máli.

Þá má líka velta því fyrir sér hvort jaðarskattarnir, þ.e. skattprósenturnar, séu ekki orðnar of háar vegna þess að fólk sem lendir í skuldabasli á alltaf í meiri og meiri erfiðleikum með að auka tekjur sínar með vinnu og með því að leggja á sig til þess að greiða niður skuldir. Við þurfum líka að velta því fyrir okkur hvernig skattalög taka á áhættu vegna þess að fjölmargir af þeim sem eru í fjárhagslegum erfiðleikum hafa lent í því vegna þess að þeir hafa með einum eða öðrum hætti verið að taka þátt í atvinnulífinu. Fyrirtæki hafa orðið gjaldþrota og það hefur þá lent á heimilunum sem hafa staðið að þeim atvinnurekstri. Þá á ég við hvort þeir einstaklingar sem tapa hlutafé eða þurfa að taka á sig ábyrgðir vegna atvinnurekstrar eigi að fá einhverja ívilnun í skattalögum hvað það snertir.

Ég tel til bóta að hafa einhvers konar löggjöf um greiðsluaðlögun eins og félmrh. fór yfir áðan. Það hefur kannski fyrst og fremst þau áhrif að það leiðir til þess að lánardrottnar taka fyrr á vandamálum þegar þau koma upp og reyna að leysa þau og greiða úr þeim áður en í óefni er komið. Ég tel líka nauðsynlegt að taka upp gagnrýnna greiðslumat í sambandi við húsnæðislán þannig að það sé gert erfiðara fyrir fólk að skrúfa upp greiðslumatið og áætlað greiðslugetu þegar verið er að taka húsnæðislán. Ég tel líka að það þurfi að bæta það hvernig skólakerfið stendur að þessum málum. Ég tel æskilegt að koma einhvers konar menntun um persónuleg fjármál fólks inn í skólakerfið og helst sem fyrst í skólakerfinu þannig að börn læri það frá upphafi að ekki megi eyða um efni fram og það borgi sig að spara.

Ég tel líka til bóta ef þeir aðilar sem eru að lána fólki peninga, bankar, sparisjóðir, húsnæðislánakerfið, lánasjóðurinn og aðrir, ynnu á þeim grundvelli að lána fólki ekki peninga nema þessir aðilar séu jafnframt með heildaryfirsýn yfir fjármál fólks, þ.e. að alltaf sé allt uppi á borðinu í einu, hvað fólk á og hvað það skuldar, hverjar tekjurnar eru o.s.frv. þannig að ekki sé verið að lána fólki hér og þar án þess að heildaryfirsýn sé yfir stöðuna.

Ég tel líka að það þyrfti að gilda það sama varðandi ábyrgðarmenn. Þegar bankar eru að taka skuldabréf af einstaklingum þá eru þau gjarnan með ábyrgðarmönnum og ábyrgðarmönnum ætti að vera ljós heildarstaðan í fjármálum þess sem skrifað er upp á hjá. Margt af þessum hlutum eru hlutir sem ekki er beinlínis hægt að setja í lög og ekki æskilegt að setja í lög en væri æskilegt að ynnist upp í breyttum vinnubrögðum þeirra aðila sem í hlut eiga.

Að lokum held ég að það sé rétt að vekja athygli á því að mikið af þessu er líka uppeldislegt atriði hjá foreldrum í landinu. Það er athyglisvert að þegar maður talar t.d. við skólastjóra í framhaldsskólum þá benda þeir einmitt oft á það að foreldrar halda úti eyðslugetu hjá unglingunum með því að hjálpa þeim í gegnum skóla og veita þeim aðstoð sem er í rauninni langt umfram það sem þessir unglingar geta síðan staðið undir þegar þeir þurfa sjálfir að standa á eigin fótum í atvinnulífinu eftir að þeir eru búnir að ljúka námi. Það er ekkert grín fyrir ungt fólk sem er að byrja að vinna fyrir sér með kannski 4–5 millj. á bakinu í námslán, eiga eftir að kaupa sér íbúð og er með tvær hendur tómar að fara út í lífið, kannski búið að venja sig á að eyða töluvert miklum peningum með aðstoð foreldra og annarra og fara síðan út í lífið með slíkt veganesti. Þetta er líka uppeldislegt atriði. Þetta er langtímamál sem ég held að allir í þjóðfélaginu þurfi að taka á. Það breytir ekki því að það er fullt af fólki, allt of margt fólk sem er í fjárhagslegum erfiðleikum af mjög mörgum ástæðum. Það þarf að taka á þessum málum og því fagna ég þessari umræðu hér.

[11:44]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Þegar fjallað er um svo viðamikið efni og skuldastöðu heimilanna er eðlilegt að menn þurfi að gefa sér nokkurn tíma til þeirrar umræðu og í ljósi þess að húsnæðisskuldir eru uppistaðan í þeim skuldum er líka eðlilegt að umræðan snúist að mestu leyti um þann þátt skuldanna. Ég tel hins vegar rétt að undirstrika að skuldastaða heimilanna er ekki einvörðungu vegna húsnæðismála og rétt er að minna á að það er fleira sem þar kemur að málum. Þar vil ég nefna námslán sem eru sívaxandi hluti í skuldum heimilanna almennt. Sjá má í skýrslu Þjóðhagsstofnunar sem kom út á sl. vori um skuldastöðu heimilanna að námslán eru orðin liðlega 31 milljarður kr. um síðustu áramót sem nema um 12–13% af öllum skuldum heimilanna og meira en helmingurinn af þeim skuldum sem ekki eru vegna húsnæðismála eru vegna Lánasjóðs ísl. námsmanna.

Það sem skiptir máli í þessu er ekki bara að ræða um húsnæðismál, en það vil ég þó gera að meginefni erindis míns, heldur koma að öðrum þáttum sem ég vil að gleymist ekki í þessari umræðu.

Það er í fyrsta lagi að leggja áherslu á að til framtíðar litið hafi stjórnvöld og stjórnmálamenn í huga að það er nauðsynlegt að viðhafa stöðugleika í ákvörðunum, að ákvarðanir sem teknar eru um þá löggjöf og skilyrði sem lántakendur eiga að búa við fái að standa um einhvern tíma en ekki sé sífellt verið að breyta þeim ákvörðunum með síðari lagasetningu eins og er iðulega gert t.d. í skattamálum, vaxtamálum og fleiri atriðum.

Í öðru lagi er nauðsynlegt að menn hafi það hugfast að það þarf að vera samræmi milli greiðslubyrði og greiðslugetu. Þegar það hefur raskast þannig að fólk sem áður gat staðið undir sínum skuldbindingum getur það ekki lengur, þá þarf að vera til lögbundinn farvegur fyrir fólk til þess að ná jafnvægi á nýjan leik. Þetta vantar algerlega í íslenska löggjöf.

Í þriðja lagi þarf að minu viti að takmarka verðtryggingu skuldbindinga gagnvart ýmsum skattaáhrifum, en það þekkja menn í dag að menn eru að auka skuldir heimilanna með ýmsum tekjuöflunarsamþykktum ríkisstjórnar og Alþingis á hverjum tíma. Nýlegasta dæmið er bensínhækkun sem fjmrh. greip til fyrir fáeinum dögum, hún mun hækka skuldir heimilanna. Ég sé ekki að það sé réttlætanlegt að verðtryggingin sé svo altæk að venjuleg skattheimtuaðgerð valdi því að skuldir hækki. Það ættu að vera nóg áhrif af þeirri aðgerð að menn borgi hærri skatt þar sem hann á við eða á þá vöru sem hann er lagður en menn séu ekki þar að auki skattlagðir sérstaklega ef þeir skulda, hvort sem það er í Húsnæðisstofnun eða í bönkum.

Í fjórða lagi og kannski það sem skiptir mestu máli er að stjórnvöld, stjórnmálamenn og launþegahreyfing, þarf að endurmeta launastefnuna sem gildir í landinu. Mér fannst mjög athyglisvert að hæstv. félmrh., talsmaður ríkisstjórnarinnar í málinu, vék ekki einu orði að því að launastefna skipti máli. Það er vegna þess að núverandi ríkisstjórn hefur rekið markvissa láglaunastefnu sem lýsir sér í því að fjölmargir hafa svo lág laun að jafnvel þó að þeir vinni fullan 8 stunda vinnudag, þá hafa þeir ekki nærri því nógar tekjur fyrir það til að framfleyta sér og sinni fjölskyldu og standa undir greiðslum af húsnæðinu. Ég get nefnt sem dæmi að á þessu ári metur Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar að um 3.500 einstaklingar muni þurfa fjárhagsaðstoð og verulegur hluti þar af er fólk sem er í vinnu og jafnvel í fullri vinnu. En ef menn taka með fjölskyldur þeirra einstaklinga, þá er þar um að ræða allt að 10 þúsund manns í höfuðborginni einni sem hefur úr svo litlu að spila, m.a. vegna láglaunastefnunnar, að menn hafa ekki ofan í sig og á. Allar aðgerðir að mínu viti til þess að snúa vörn í sókn í þessum efnum verða að taka á þeirri launastefnu sem rekin hefur verið í landinu á undanförnum árum.

Ég minni á það að í skýrslu Þjóðhagsstofnunar kemur það fram að það er láglaunafólkið sem skuldar mest, fólkið sem hefur lægstu tekjurnar skuldar mest. Þess vegna þarf það að fá kauphækkun, hærri tekjur til þess að geta borið sína bagga.

Ég vil nefna líka nokkrar orsakir þess hvernig komið er, en ég get ekki verið sammála hæstv. félmrh. sem telur það einna helst þurfa að gera nú um mundir að hefja einhverja kennslu í meðferð fjármuna. Þó að það geti verið gott og menn eigi að gera það að mínu viti, þá finnst mér fráleitt að það eigi að vera uppistaðan í varnarræðu fulltrúa ríkisstjórnarinnar að menn eigi að taka upp kennslu í slíku.

Það sem m.a. hefur gert það að verkum að margir eru komnir á hnén með sínar skuldir, standa ekki lengur undir þeim böggum sem þeir bera þótt þeir hafi áður gert það, eru m.a. margvíslegar aðgerðir af hálfu ríkisstjórnarinnar á undanförnum árum. Þar má nefna hækkun skatta, þar má nefna lækkun persónuafsláttar, þar má nefna lækkun bóta sem beinlínis voru ætlaðar til þess að gera mönnum kleift að standa undir þeim skuldum sem menn höfðu tekið, þar með talið lækkun vaxtabóta og lækkun barnabóta. En það má nefna hækkun kostnaðar sem ríkisstjórnarflokkarnir hafa haft alveg sérstakt dálæti á og sérstaklega alþýðuflokksmenn. Þeim finnst þjóðin greinilega vera hálfvönkuð og þurfi að efla kostnaðarvitund hennar, t.d. með hækkun lyfja og annars kostnaðar, en þessi flokkur ásamt samstarfsflokki sínum hefur lagt sérstaka áherslu á að auka kostnað fjölskyldna af þessum þáttum. Auðvitað eru þetta peningar sem annars voru ætlaðir til annarra hluta, m.a. til að standa undir skuldbindingum.

Það má líka nefna breytingar á lánakerfi í húsnæðismálum, breytingar sem Alþfl. beitti sér fyrir öðrum fremur, breytingar sem leiddu það af sér að lánshlutfall var lækkað úr 70% í 65%, breytingar sem leiddu það af sér að lánstíminn var styttur úr 40 árum í 25 ár og breytingar sem leiddu það af sér að vextir voru hækkaðir úr 3,5% upp í 6% lágmark en allt að 9,5% þegar hæst var. Þetta var markaðsvæðing húsnæðiskerfisins sem Alþfl. hefur beitt sér fyrir og hefur enn trú á að sé hið eina rétta í þjóðfélaginu, að markaðsvæða þetta lánakerfi sem að mínu viti á hins vegar ekki að lúta lögmálum markaðarins heldur að vera einn þátturinn í þeirri félagslegu aðgerð sem stjórnvöld beita sér fyrir og viðurkenna sem grundvallarþátt í lífsafkomu hverrar fjölskyldu.

Fleira má nefna sem hefur raskað þeim forsendum sem giltu þegar fólk gekkst undir sínar skuldbindingar og er m.a. skýringin á því að menn margir hverjir ráða ekki við afborganir af sínum lánum. Það má nefna hringlið í félagslega húsnæðiskerfinu, m.a. um hækkun á fyrningarprósentu og hækkun á vöxtum. En það má líka nefna almennar aðgerðir stjórnvalda eins og vaxtafrelsið á sínum tíma og miðstýring launa og verðlags sem menn eru enn að súpa seyðið af.

Önnur atriði sem eru orsakavaldur í þessu að mínu mati er atvinnustigið sem hefur breyst mjög til hins verra. Það eru miklu fleiri atvinnulausir en voru áður og þeir sem hafa atvinnu hafa margir hverjir miklu minni atvinnu og þarf af leiðandi miklu minni tekjur en áður. Þar af leiðandi hefur raskast geta þeirra til að standa undir skuldum.

Þriðji þátturinn sem ég vil nefna er það sem beinlínis má kalla brostin loforð stjórnvalda. Minni ég á fyrirheit fyrrv. félmrh. um að ekki yrði um afföll að ræða í húsbréfakerfinu sem málshefjandi rifjaði upp. Ég rifja líka upp loforð gagnvart því fólki sem var í svokallaðri biðröð í 86-kerfinu fyrir síðustu alþingiskosningar og töldu sig hafa fengið loforð hjá páv. félmrh. um að fá aðgang að því kerfi. Síðan brást það eftir þær kosningar þegar sá sami félmrh. settist að nýju í stólinn en nú í kompaníi með Sjálfstfl.

Þetta eru auðvitað atriði sem höfðu áhrif á fjárhag og fjárhagsgetu þessara einstaklinga.

Virðulegi forseti. Ég vil nefna nokkrar tillögur sem mér finnst að eigi erindi inn í þessa umræðu og menn eigi að hafa í huga og séu þess virði að menn velti vöngum yfir þeim og hugleiði þær.

Það er fyrst að snúa við af þeirri leið sem verið hefur frá því að verðtrygging var tekin upp því að hún hefur ævinlega verið látin gilda í þá átt að hækka skuldir. Ef við gerðum stórfellda breytingu á skattheimtustefnu ríkisstjórnarinnar þannig að við færðum skattheimtuna úr óbeinum sköttum yfir í beina skatta, þá mundi það leiða af sér lækkun á verðlagi sem aftur leiddi af sér lækkun á skuldum. Þetta geta menn gert og ég held að menn eigi að gera þetta.

Í öðru lagi tel ég að að því loknu eigi menn að breyta verðtryggingu skulda. Það er ótæk sú altæka verðtrygging sem skuldirnar njóta. Þær eru m.a. verðtryggðar fyrir bensínhækkunum fjmrh. og þær eru m.a. líka verðtryggðar fyrir uppskerubresti á kaffi í Brasilíu. Það er ekki hægt að hafa verðtryggingakerfi þar sem skuldaeigendur búa í sérheimi óháðir afkomu og sveiflum í þjóðarbúi innlendis sem erlendis.

Í þriðja lagi verður að lögbinda með klárlegum hætti leiðir fyrir fólk til þess að geta aðlagað greiðslugetu sína að greiðslubyrði þegar breyting verður á og veruleg röskun.

Í fjórða lagi verða menn að taka upp breytilegan lánstíma. Það er afleiðing þess ef menn setja sér það í lög að reyna að hafa samræmi á milli greiðslugetu og greiðslubyrði.

Í fimmta lagi tel ég að menn ættu að íhuga að greiða niður vexti með öðrum hætti en nú er gert í dag með vaxtabótum sem eru greiddar beint út til lántakenda fjórum sinnum á ári. Ég varpa fram þeirri hugmynd að tekinn yrði upp vaxtastyrkur fyrstu fjögur árin og hann notaður til þess að greiða niður vexti af viðkomandi láni en yrði ekki greiddur út til viðkomandi lántakenda þannig að við mundum leggja af núverandi útgreiðslukerfi vaxtabóta og miða þennan vaxtastyrk einvörðungu við lán úr Húsnæðisstofnuninni eða húsnæðislánum.

Þá tel ég að almennt vaxtastig í húsnæðislánum ætti ekki að vera hærra en sem nemur vöxtum á langtíma ríkisskuldabréfum þannig að menn ættu að draga sig út úr hinu fjrálsa markaðskerfi með húsnæðislánin og a.m.k. að þessu stigi sem ég nefni hér.

Þá vil ég leggja til líka þá hugmynd sem Alþýðusamband Íslands gerði að sinni kröfur fyrir tveimur árum að endurgreiða afföll af fyrstu íbúð. Þá tel ég að endurfjármagna ætti lán, og það ætti að vera liður í því að lækka greiðslubyrði og laga hana að greiðslugetu sem hefur breyst, t.d. ættu menn að endurfjármagna þau fasteignaveðlán sem í dag eru með 6% vöxtum þannig að fólk gæti víxlað þeim út fyrir önnur sem nú eru með 5,1% vöxtum.

Í áttunda lagi legg ég til að menn geri breytingar á félagslega kerfinu, m.a. lækki afskriftaprósentu í því húsnæði og lækki vexti. Það er fagnaðarefni að sjá það

að í nýlegri skýrslu um það efni er einmitt lagt til að menn lækki afskriftaprósentuna og þar með viðurkennt að það voru mistök á sínum tíma að gera þá breytingu sem hefur haft mjög mikil áhrif.

Virðulegi forseti. Ég hef ekki tíma til að fara ítarlega yfir einstök atriði í þeim tillögum sem ég hreyfi hér, en ég vil að lokum vísa til málflutnings okkar alþýðubandalagsmanna fyrr um þessi mál. Við fluttum fyrir tveimur þingum sérstakt lagafrv. einmitt til að taka á þessum vanda sem var þá að byrja að koma í ljós í verulegum mæli og fluttum frv. til laga um greiðslufrest fasteignaveðlána vegna fjárhagserfiðleika. Því miður náði það frv. ekki fram að ganga, m.a. vegna andstöðu páv. félmrh. sem beitti sér mjög gegn því og stóð fyrir því að efnisatriði þess frv. voru felld í atkvæðagreiðsu í þinginu.

Ég vil líka minna á að við höfum flutt till. til þál. sem liggur fyrir á þessu þingi um greiðsluaðlögun húsnæðislána og er framhald af fyrri málflutningi en breyttur í ljósi þess að þessar tillögur okkar nutu ekki stuðnings. Við teljum því nauðsynlegt að leggja málið fram með öðrum hætti en reynum að ná sambærilegum áhrifum.

Loks vil ég minna á samþykktir miðstjórnar Alþb. frá því í síðasta mánuði einmitt um húsnæðismál sem hafa vakið mikla athygli og aðrir stjórnarmálaflokkar tekið upp í meginatriðum og á ég þar við Framsfl. og Kvennalistann.

[12:04]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Á síðustu dögum þings í vor fóru fram ítarlegar umræður um skuldastöðu heimilanna og var þungt hljóð í mönnum, enda lá þá fyrir ný skýrsla þar sem skuldastaðan var greind og þar var margt sem kom á óvart og sýndi okkur hve alvarleg þessi staða er. Síðan eru liðnir nokkrir mánuðir og enn sígur á ógæfuhlið.

Nú líður að jólum og þessa dagana liggur straumur fólks til þeirra hjálparstofnana sem veita fjölskyldum aðstoð. Það birtist frétt í Tímanum nú fyrr í vikunni þar sem þess er getið að 500 fjölskyldur hafi fengið aðstoð frá áramótum hjá mæðrastyrksnefnd og það er búist við að það verði allt að 1.300 fjölskyldur sem fá aðstoð frá þessari hjálparstofnun kvenna, sem einkum beinir sjónum að einstæðum mæðrum, áður en árið verður allt.

Hjá Félagsmálastofnun Reykjavíkur hefur líka heldur betur sigið á ógæfuhlið því að á tveimur árum hefur sú aðstoð sem Reykjavíkurborg veitir tvöfaldast. Aðstoð Reykjavíkurborgar hefur tvöfaldast á tveimur árum og er talið að hún verði nú í árslok 530 millj. kr.

Þetta eru engar smáupphæðir. Félagsmálastjóri Akureyrar hefur lýst því að meðal hans skjólstæðinga verði vart við það sem hann skilgreinir sem fátækt og lýsir sér m.a. í því að fólk á ekki einu sinni fyrir mat.

Það verður auðvitað að geta þess, virðulegi forseti, að það hafa alltaf verið til einstaklingar sem hafa ekki getað séð sér farborða, en okkur er öllum ljóst að ástandið hefur versnað mjög á undanförnum árum og kemur fram í atvinnuleysi, félagslegum vandamálum og þeirri erfiðu skuldastöðu heimilanna sem við erum að ræða hér. Við höfum fengið í hendur nýrri tölur en þær sem birtar voru í vor og samkvæmt þeim upplýsingum sem fram koma í því frv. sem hér liggur frammi til fjárlaga þá voru skuldir heimilanna í júní 1994 282,5 milljarðar kr. Þessar skuldir dreifast á ýmsa aðila, bankakerfið, Lánasjóð ísl. námsmanna, húsnæðiskerfið og fleiri.

Menn hafa mjög beint sjónum að húsnæðiskerfinu sem vonlegt er vegna þess að þaðan hafa borist fréttir um sífellt vaxandi vanskil. Ég fagna því að hæstv. félmrh. hefur þegar brugðist við þessu að nokkru leyti með því m.a. að fjölga gjalddögum og gengur það í gildi upp úr næstu áramótum, en spurningin er hvort það dugar. Við hljótum að reyna að greina þær orsakir sem liggja að baki þessum miklu skuldum og þessum miklu vanskilum sem vart hefur orðið við í húsnæðiskerfinu, bæði húsbréfakerfinu og félagslega kerfinu. Ég tel reyndar að þar sé annars vegar að leita orsaka í þeim samdrætti sem hér hefur orðið, því atvinnuleysi sem hefur vaxið ár frá ári og þar með samdrætti í tekjum fólks, en það verður líka að bæta við stefnu ríkisstjórnarinnar á undanförnum árum sem hefur lagt auknar skattálögur á fólk með beinum sköttum og með alls konar þjónustugjöldum.

Ég hlýt líka að vekja sérstaklega athygli á stöðu námsmanna og að þar munu verða vaxandi erfiðleikar á komandi árum. Það er þáttur í skuldakerfinu sem á eftir að vaxa gríðarlega á næstu árum vegna aukinnar greiðslubyrði námslána. Það þarf ekki annað en skoða þær töflur sem birtust í skýrslu félmrh. sl. vor um það hve námsskuldir hafa aukist gríðarlega til að sjá hver þróunin er og hún mun halda mjög mikið áfram. Hins vegar ber að fagna því að lánastofnanir, hvort sem um er að ræða í bankakerfinu eða sjóðir hins opinbera, hafa brugðist við. Þeir hafa veitt ákveðna aðlögun, m.a. Lánasjóður ísl. námsmanna og húsnæðiskerfið. Mál eru ekki send til innheimtu jafnsnemma og áður var gert og það er reynt að aðstoða fólk við það að greiða upp lánin enda fylgir því gríðarlegur kostnaður að senda þessi lán í innheimtu og gerir enn þá erfiðara að standa í skilum.

Annars vegar erum við með þann hóp fólks sem hefur orðið fyrir mikilli tekjuskerðingu og vaxandi erfiðleikum sé fólk þó svo heppið að halda vinnu, en hins vegar erum við að súpa seyðið af eyðslu undanfarinna ára. Það er staðreynd að fólk á afskaplega erfitt með að rifa seglin, með að draga saman og ég býst við að þingmenn þekki það eins og aðrir að það er erfitt að skera niður og koma sér upp nýjum lífsstíl. En eins og hæstv. félmrh. rakti áðan þá erum við Íslendingar eyðslusöm. Neysla hér á landi er margföld á við það sem þekkist á Norðurlöndum og við höfum hreinlega verið alin upp í því að eyða og spenna í stað þess að spara og nú þegar samdrátturinn er sem allra mestur þá kemur þetta okkur í koll. Það er alveg augljóst af þeim tölum sem við höfum í höndunum að sá efnahagsbati sem alla vega sumir ráðherrar ríkisstjórnarinnar eru að boða er ekki kominn fram hjá heimilunum. Hann er heldur ekki kominn fram hjá sveitarfélögunum. Það

sést m.a. á þeim tölum sem ég var hér að lýsa að félagsleg aðstoð sveitarfélaganna vex statt og stöðugt. Þetta vekur þá spurningu hvaða afleiðingar þessi skuldastaða heimilanna muni hafa. Og ég vil þá vitna til orða bankastjóra Seðlabankans, Steingríms Hermannssonar, sem rakti þessa þróun og fékk bágt fyrir, en hann var að benda á hliðstæðu þess sem gerðist á Norðurlöndum þar sem bankar lentu í miklum erfiðleikum fyrst og fremst vegna skuldastöðu heimilanna. Það voru skuldir heimilanna sem áttu þar drjúgan hlut að máli, en menn hafa einmitt verið að taka á þeim málum þar. Það er nú orðið nokkuð um liðið síðan þeir voru í sem dýpstri lægð á Norðurlöndunum og við getum eflaust lært mikið af því hvernig þar var brugðist við.

Ég vil líka geta þess að ég tel að í húsbréfakerfinu hafi menn verið nokkuð rúmir í mati á greiðslugetu fólks. Ég þekki sjálf dæmi þess, þarf svo sem ekki að fara ítarlegar út í það en það má ekkert út af bera til þess að fólk lendi í vanskilum þegar boginn hefur verið spenntur til hins ýtrasta. Það er líka afar merkilegt að skoða þær upplýsingar sem koma úr félagslega húsnæðiskerfinu og grein var gerð fyrir í Morgunblaðinu fyrir nokkrum dögum, að sjá það hve vanskil eru mjög svo vaxandi þar vegna þess að þar er um að ræða lán bæði til miklu lengri tíma og afborganir hafa verið lágar, en það er auðvitað sama sagan að það fólk sem býr í félagslega húsnæðiskerfinu hefur orðið fyrir samdrætti eins og allir aðrir.

Ég minnist þess frá þeim dögum þegar ég sat í stjórn verkamannabústaðanna í Reykjavík að þá var allnokkuð um það að iðnnemar fengu íbúðir í félagslega kerfinu. Það var ekki síst þeirra vegna sem það kom fram sú tillaga við endurskoðun á lögum um félagslega húsnæðiskerfið að það væri til heimild til þess að hækka vexti vegna þess að þarna var um hóp að ræða sem menn vissu að mundi mjög bæta stöðu sína að loknu námi. En nú er staðan sú að einmitt þessi hópur hefur ekki síst orðið fyrir tekjuskerðingu. Það hefur orðið mikill samdráttur, m.a. í byggingariðnaði, og það kemur niður á þessu fólki.

Í þessu sambandi vek ég athygli á tillögu sem Anna Ólafsdóttir Björnsson hefur lagt fram og ég hygg að hafi verið dreift í dag þar sem hún leggur til að það verði heimilt að endurskoða vexti í félagslega kerfinu niður á við. Að mál þeirra sem hafa fengið vaxtahækkun vegna vaxandi tekna verði heimilt að skoða upp á nýtt og hugsanlega að lækka vextina aftur. Skoða þarf hvernig þetta kæmi út í framkvæmd en við kvennalistakonur höfum fengið á okkar borð dæmi um fólk sem fékk á sig vaxtahækkun vegna aukinna tekna, en stendur nú frammi fyrir miklum tekjumissi og reyndar atvinnuleysi og getur engan veginn staðið í skilum en gæti það hugsanlega ef vextir yrðu lækkaðir að nýju. Málið er einfaldlega það, virðulegi forseti, að öll okkar hugsun hefur gengið út frá því að hér væri nægjanleg vinna og að við mundum ekki lenda í því að hér yrði jafnvíðtækt atvinnuleysi og raun ber vitni. En nú er það staðreyndin og við þurfum að hugsa alla okkar félagslegu aðstoð út frá þeirri staðreynd.

Að lokum, virðulegi forseti, vil ég koma aðeins inn á aðgerðir við þessum mikla vanda sem við eigum við að glíma og vil taka undir það sem hér hefur komið fram. Ég held að það sé mjög brýnt að auka alla fræðslu um fjármál og að taka þar á í skólakerfinu. Það hefur verið samþykkt þáltill. þess efnis en mér vitanlega hefur henni verið heldur slælega framfylgt. Þessi staða sem við stöndum frammi fyrir brýnir einmitt það fyrir okkur að það verði tekið rækilega á þessu máli í skólakerfinu og þá ekki síst í framhaldsskólum landsins.

Það þarf að koma á lögum um greiðsluaðlögun og það þarf líka að skoða ábyrgðarmannakerfið sem reyndar hefur verið minnst á hér. Við kvennalistakonur höfum lagt fram tillögu um það að þetta kerfi verði einfaldlega afnumið eða úr því dregið. Það sé ekki verið að draga einstaklinga til ábyrgðar heldur eigi bankarnir að taka á sig áhættu. Þeir eigi að taka miklu meiri áhættu og meta greiðslugetu fólks betur en þeir nú gera. Þá þarf að stórauka ráðgjöf til fólks, bæði innan bankakerfisins og hjá þeim stofnunum sem lána peninga þannig að hægt sé að fara rækilega í gegnum málin. Nú veit ég að bankarnir sinna ráðgjöf, misjafnlega mikið auðvitað, en það þarf að auka hana, það þarf að aðstoða fólk við að leita leiða og einfaldlega að fólk skilji sitt dæmi. Það hefur verið mjög ríkur hugsunarháttur hér á landi að bara ana áfram og segja: Þetta reddast einhvern veginn, ég bjarga þessu einhvern veginn, en það gengur ekki lengur.

Virðulegi forseti. Við stöndum hér frammi fyrir miklum vanda og ef svo heldur fram sem horfir þá geta vaxandi vanskil valdið miklum vandræðum í bankakerfinu og hjá stofnunum hins opinbera þannig að það er mjög brýnt að bregðast við. Hér hafa komið fram tillögur um það hvernig beri að bregðast við, en það sem er mikilvægt er ekki síst að breyta hugsunarhætti og koma þeirri hugsun sterkt til skila að við verðum að bera ábyrgð á okkur sjálfum. Ég veit ekki hvort sú tillaga framsóknarmanna að stofna sérstakan lánasjóð heimilanna gengur í þá átt. Mér finnst hún ýta svolítið undir þá hugsun að þegar allt um þrýtur þá komi nú ríkið og bjargi málunum, en það kann að vera upp runnin sú stund að það verði að gera eitthvað slíkt. Það þarf að leggja mikla áherslu á ábyrgð einstaklinganna, en auðvitað er aldrei hægt að koma í veg fyrir það að fólk verði fyrir skakkaföllum.

Síðast en ekki síst, virðulegi forseti, þá er eitt mál umfram önnur sem þarf að taka á og það er launastefnan og launamálin í landinu, þar sem við höfum horft upp á það árum saman að launum stórra hópa og þá ekki síst kvennastétta er haldið svo grimmilega niðri að þær hafa staðið í ströngum verkföllum, hver stéttin á fætur annarri. Ég get ekki annað en notað þetta tækifæri, virðulegi forseti, þó tíma mínum sé að ljúka, til þess að benda á það að sú launastefna sem hér ríkir getur ekki gengið lengur. Það verður að koma á réttlæti í launamálum, það verður að stokka upp launakerfi ríkisins. Þessi launastefna sem hefur leitt til þess að fólk er nú búið að tæma alla sína sjóði hefur leitt til vanskila og mikilla erfiðleika og þetta gengur ekki

lengur. Og ég vil brýna hæstv. félmrh., sem ég veit að er mikill jafnréttissinni, til þess að beita sér í þágu þess að hér komist á eitthvert réttlæti í launamálum.

[12:17]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Ég fagna þeirri umræðu sem hér fer fram um skuldastöðu heimilanna og mér finnst sú umræða sem hefur farið fram í morgun þó nokkuð málefnaleg vegna þess að það er mjög mikilvægt að menn skilgreini þann vanda sem við er að glíma út frá réttum forsendum til þess að hægt sé að taka á honum. Mér hefur fundist, t.d. í vetur, að þegar skuldastaða heimilanna hefur verið rædd þá beina menn spjótum sínum að húsnæðiskerfinu eingöngu og telja það orsök alls vandans en mér finnst sú umræða sem hér hefur farið fram hjá allflestum ræðumönnum vera miklu málefnalegri, bæði við að greina skuldastöðuna, út af hverju hún sé svona, og eins að menn koma fram með tillögur um úrlausnir.

Auðvitað er það svo að húsnæðisskuldir eru stór hluti af skuldum heimilanna. Það er líka eðlilegt af því að það er stærsti útgjaldabaggi heimilanna að koma sér upp húsnæði. En engu að síður er það svo að þróunina á síauknum skuldum heimilanna má rekja allt til ársins 1980, það vitum við, þá þurfti að fara út í það t.d að endurfjármagna allt húsnæðiskerfið þegar tekin var upp verðtryggingin — stór hluti af fólki hafði búið við neikvæða vexti, verðbólgan sá um að greiða upp lánin — og þegar verðtryggingin var tekin upp, þá þurfti að fara út í það að endurfjármagna húsnæðið í landinu.

Við höfum líka meðvitað eins og hæstv. félmrh. kom reyndar inn á tekið ákvarðanir sem hafa aukið skuldastöðu heimilanna eins og það að fjölga hér félagslegum íbúðum. Fleira má nefna, t.d. Lánasjóð ísl. námsmanna eins og hér hefur komið fram. Við höfum farið út í það að lengja lánstímann hjá fólki verulega. Hann var miklu styttri hér fyrir nokkrum árum síðan og þegar við lengjum lánstímann þá greiðast skuldir heimilanna hægar niður. Í Finnlandi er t.d. skuldastaða heimilanna ekki eins slæm og hér. Þar er lánstíminn miklu styttri en þar af leiðandi greiðslubyrði heimilanna miklu þyngri. Þetta eru því meðvitaðar ráðstafanir sem við höfum farið í og t.d. tekið ákvarðanir um á Alþingi. Það sem hefur gert vandamálið erfiðara viðureignar hér en víða annars staðar er hvað valkostir hafa verið fáir í húsnæðismálum. Séreignastefnan hefur verið hér ríkjandi þannig að fólk hefur þurft að fara út í það að koma sér upp húsnæði þó það hafi kannski átt erfitt með það. En sem betur fer hefur þetta nokkuð breyst og valkostir fólks hafa aukist.

Það er alveg ljóst að hluti af skýringunni er líka að aldurssamsetning þjóðarinnar hefur verulega breyst og ungt fólk hefur komið inn á húsnæðismarkaðinn sem þjóðhagsstofnun metur að skýri um 20% af skuldaaukningu heimilanna.

Það er alveg ástæða til þess að skoða húsnæðismálin eins og aðra þætti sem auki skuldir heimilanna, en menn verða þá að greina þær út frá réttum forsendum. Sumir hafa verið að reyna að benda á að húsbréfakerfið sem slíkt sé ónýtt og það þurfi bara að taka hér upp nýtt húsnæðiskerfi en ég held að þá sé ekki verið að tala um málið út frá réttum forsendum. Við getum, eins og hefur verið bent á, eins spurt okkur, af því að vanskil eru að aukast við ýmsar opinberar stofnanir eins og Hitaveituna eða Gjaldheimtuna, hvort þau kerfi séu þá ónýt. Það er umhverfi fólksins eins og hér hefur komið fram sem er mjög mikil orsök á þeim vanda sem við er að glíma. Tekjur fólks hafa lækkað verulega. Við höfum búið við atvinnuleysi og það er rétt sem hér hefur verið nefnt, t.d. af síðasta ræðumanni, að lág laun eru líka veigamikil skýring á þeim vanda sem við er að glíma.

Það er alveg rétt þegar menn hafa verið að skoða greiðslumatið að forsendur hjá fólki hafa líka breyst, en við skulum athuga það að kannski er Húsnæðisstofnun og það kerfi sem var tekið upp með húsbréfakerfinu með greiðslumati eina lánastofnunin sem sérstaklega skoðar greiðslugetu fólks. Hvað hafa bankar gert á umliðnum árum? Þeir hafa fyrst og fremst skoðað það hvort veðhæfni eignar sé í lagi, hvort ábyrgðarmenn séu traustir, en það er ekkert verið að skoða neitt greiðslugetu hjá fólki. Það er því líka rétt sem kom fram hjá einum ræðumanni að lánastofnanir hafa enga heildaryfirsýn haft yfir greiðslugetu fólks og það er fyrst með greiðslumatinu, þó að það sé alls ekki fullkomið, sem hefur verið viðleitni í þessa átt.

Það er ýmislegt í umhverfinu líka sem hefur breytt forsendum hjá fólki, t.d. skattahækkanir. Það er alveg rétt, lækkun á vaxtabótum og barnabótum, það ber að viðurkenna. Hvaða ákvarðanir er verið að taka núna? Það er verið að taka ákvörðun á Akureyri um að hækka útsvar. Auðvitað hefur þetta áhrif á greiðslugetu fólks og minnkar möguleika þess til að standa í skilum varðandi húsnæðismál. Bensíngjald sem verið er að taka upp núna breytir auðvitað umhverfi og fjárhagslegri getu fólks til þess að standa í skilum. Og ég verð að segja að það veldur mér miklum vonbrigðum að stór sveitarfélög eins og Akureyri, Keflavík, Akranes og fleiri sveitarfélög, eins og Akureyri sem er t.d. að hækka skatta á fólki, skuli ekki taka upp húsaleigubætur sem er viðurkennt að muni auka ráðstöfunartekjur einstæðra foreldra um 17% og hjóna um 10%. Það er því ýmislegt í umhverfinu sem þarf að skoða betur.

Það er líka alveg ástæða til að nefna það því mér finnst framsóknarmenn stundum hafa svolítið hátt um skuldastöðu heimilanna og þeir kannski einkum og sér í lagi beina spjótum sínum að húsnæðiskerfinu, að á árunum 1985–1987, þegar við þó bjuggum við góðæri og ráðstöfunartekjur heimilanna jukust um 40%, þurfti að fara út í mjög víðtæka greiðsluaðstoð við heimilin í landinu. Og líka í kjölfar þess að tekið var upp 86-kerfið. Nú höfum við þó á sl. sjö árum búið við miklar efnahagsþrengingar og tekjufall hjá heimilum í landinu þannig að þegar það er haft til samanburðar þá verða menn að taka það með í myndina líka.

Menn hafa rætt hér um félagslega kerfið, íbúðir standi auðar. Hver er skýringin á því? Þær eru marg-

þættar. Er það kerfinu að kenna? Það má vissulega lagfæra það og ég fagna því sem fram kemur í skýrslu frá félmrh. um breytingar. Það þarf að breyta fyrningunni. Það þarf að lækka hana og það þarf líka að hafa þá möguleika opna eins og síðasti ræðumaður nefndi og ég veit að kemur fram í skýrslu ráðherra um að hægt sé að lækka vexti líka alveg eins og hækka þá. Ég minni á í því sambandi að þessi tvö atriði sem menn eru hér að gagnrýna að það var í nefnd þar sem áttu sæti bæði fulltrúar Framsfl., Alþb. og Kvennalistans þar sem ákvörðun var tekin um að hækka fyrninguna, um að hækka vextina, það mætti hækka þá ef tekjur færu yfir ákveðið mark og hækka vextina í félagslega kerfinu. Þessu verða menn líka að standa frammi fyrir. Ég veit það t.d. með fyrninguna að það er eðlilegt og rétt að breyta henni. Það má út af fyrir sig skoða það að það hefði ekki átt að fara út í það að hækka fyrninguna. Menn geta verið vitrir eftir á í því, en það voru margir aðilar sem komu að því máli, m.a. ASÍ og BSRB. Þetta var samdóma álit. Ég fór eftir niðurstöðu nefndar þar sem sæti áttu fulltrúar þeirra flokka sem sæti áttu þá í ríkisstjórn og aðilar vinnumarkaðarins. En ég held að allir séu sammála um að breyta því og það er mikilvægast að ná samstöðu um það.

Þegar íbúðir standa auðar þá skulum við líka horfa á framkvæmdina í félagslega kerfinu. Hefur það verið framkvæmt eins og lög segja til um? Nei. Og framkvæmdaaðilar eiga þar sinn hlut að máli eins og sveitarfélög. Af hverju eru sveitarfélögin víða um land að byggja íbúðir fyrir 10 og 12 millj. þegar íbúðir eru á lausu í viðkomandi sveitarfélagi þar sem hægt er að kaupa þær fyrir helmingi minna fjármagn, 4 eða 5 millj.? (Gripið fram í.) Já, halda uppi atvinnu, segirðu. En það á ekki að nota félagslega kerfið við slíkt. Bæði eykur það greiðslubyrði hjá fólki og setur hengingaról um háls á sveitarfélögunum sjálfum. Nú þurfa þeir að innleysa íbúðirnar fyrir helmingi hærra verð en ef þeir hefðu keypt íbúðir sem voru á lausu í sveitarfélaginu.

Þetta er ein skýringin og auðvitað er líka skýring umhverfið sem við höfum verið að tala um. Einhæfni atvinnulífsins úti á landi er ekki félagslega kerfinu að kenna og það er ekki félagslega kerfinu að kenna að fólk hefur ekki treyst sér í það úti á landi að byggja sjálft íbúðir eftir almenna kerfinu. Það er af því að fólk hefur ekki treyst sér í það miðað við stöðuna úti á landsbyggðinni. Síðan hafa framkvæmdaaðilar ekki farið að lögum sem segja að það eigi að lána fólki 100% í kaupleigukerfinu eins og þessi 10% sem sveitarfélög eiga að lána til allt að 15 ára. Þau hafa fæst gert það. Og þegar við skoðum samanburð á greiðslubyrði þá væri hún ef farið væri eftir þessu atriði og miðað við 8 millj kr. íbúð um 22 þús. á fyrsta ári. Síðan færi greiðslubyrðin í 30 þúsund á mánuði, en ef sveitarfélögin krefja fólkið um þessi 10%, sem þau eiga ekki að gera, þá er greiðslubyrðin um 46 þúsund á mánuði ef viðkomandi þarf að taka þessi 10% í bankakerfinu.

Við skulum því skoða líka hvernig framkvæmdin hefur verið á félagslega kerfinu þegar við erum að gagnrýna þó að ég skuli viðurkenna það, eins og fram hefur komið í skýrslu félmrh., að við þurfum líka að taka okkur þar á og bæta þar ýmislegt til þess að lækka skuldabyrði hjá fólki. Það er alveg ljóst að ef félagslega kerfið væri rétt framkvæmt, rétt staðið að því varðandi byggingu á þessum íbúðum eða kaup, ef framkvæmdin skilaði sér að fullu, þá væri greiðslubyrði fólks lægri.

Það er alveg rétt sem kom fram hjá hæstv. félmrh. að það er hlutfall annarra skulda sem hefur fyrst og fremst aukist á umliðnum árum eins og neysluskuldir og þau tilboð sem hæstv. ráðherra nefndi sem eru í gangi hér. Það hefur verið aukinn aðgangur fólks að lánastofnunum, að alls konar boðum í verslun og viðskiptum. Það því vandinn í víðu samhengi sem þarf að skoða í þessu efni.

Varðandi aðgerðir þá hafa verið nefndir hér margir hlutir, bæði af hæstv. ráðherra og fleirum, sem ég tel að eigi að koma til skoðunar í þessu efni. Ég held að allir séu sammála um að það eigi að taka á þessum vanda. Greiðsluaðlögun tel ég að allir séu sammála um og það þarf bara að koma því máli inn í þingið þannig að við getum rætt það og reynt að ná samstöðu um það fyrir þinglok. Hæstv. ráðherra hefur nefnt lengingu lánstíma. Það er vafamál hvort rétt sé að taka það upp. Ég nefni hækkun á lánshlutfalli í húsbréfakerfinu. Ég vil nefna að það þarf að víkka út þær skuldbreytingar sem eru til staðar þannig að vanskilum hjá þeim sem verst eru staddir yrði skuldbreytt og þau t.d. greidd að loknum lánstíma eins og heimilt er nú hjá þeim sem eru í vanskilum og eru atvinnulausir.

Tími minn er búinn þannig að ég get ekki rætt fleiri atriði, en nefni það að ég tek undir það sem hæstv. ráðherra sagði um vaxtabæturnar. Ef það væri annaðhvort hægt að hafa þær sem samtímagreiðslur eða beinlínis að þær gengju upp í skuldir, eins og hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson sagði, teldi ég til bóta. En það hefur ýmislegt verið gert í þessu. M.a. eru bankar nú farnir út í það að skuldbreyta til allt að 15 ára hjá fólki. Það var gert í samstöðu við Húsnæðisstofnun, sem ekki hefur verið gert áður.

[12:29]

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Þrátt fyrir að hæstv. núv. félmrh. og fyrrv. félmrh., hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, neiti að horfast í augu við þær staðreyndir sem blasa við mörgum heimila í landinu, þar sem þúsundir fjölskyldna eru að verða gjaldþrota, þá er það bara svo því miður að það blasir við neyðarástand á mörgum heimilum í landinu og það neyðarástand mun skapa margvísleg félagsleg vandamál. Það mun leggja auknar byrðar á félagsmálastofnanir, það mun auka örvæntingu einstaklinganna og það mun skapa sár í þjóðfélaginu sem seint munu gróa. Fyrir þessu ástandi eru tvær meginástæður:

Í fyrsta lagi eru það húsnæðismálin sem birtast í göllum húsbréfakerfisins, styttri lánstími, hærri vextir og aukin greiðslubyrði. Hæstv. fyrrv. félmrh., núv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, hækkaði vexti í félagslega íbúðarlánakerfinu um 140%. Og í almenna húsnæðis-

lánakerfinu um tæp 70%. Að halda því svo fram að þetta hafi engin áhrif og það séu bara einhverjar nefndir sem hafi lagt hitt og þetta til, auðvitað verður hv. þm. að axla þá ábyrgð sem hann tók á sig í ráðherratíð sinni með því að hækka vextina um 140% og 70%. Ábyrgðin er fyrrv. félmrh. í þessum efnum. Og að halda því einnig fram að breytingin á fyrningunni úr 1% í 1,5% sé bara tilkomin út af einhverri nefnd, það var hæstv. þáv. fémrh. Jóhanna Sigurðardóttir sem ákvað að hækka fyrninguna og nú er það svo að fólk í félagslega íbúðarlánakerfinu er að borga í sex ár af lánum sínum en eignast ekki eina einustu krónu. (**JVK:** Í 19 ár.) Reyndar í sex fyrstu árin eignast fólk ekki eina einustu krónu.

Í öðru lagi er það atvinnuleysið. Það eru stórhækkaðir skattar. Það eru auknar álögur í formi þjónustugjalda, lækkun barna- og vaxtabóta og vaxandi kjaraskerðing. Hvenær í tíð hæstv. félmrh. í ríkisstjórn Davíðs Oddssonar greiddi hv. núv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir atkvæði gegn þessum aðgerðum? Aldrei. Hv. þm. greiddi atkvæðum með öllum þessum aðgerðum í tíð sinni sem félmrh. í ríkisstjórn Davíðs Oddssonar, öllum þessum aðgerðum: Lækkun vaxtabótanna, lækkun barnabótanna, hækkun skattanna. Hv. þm. ber ábyrgð á þessu. Þetta ástand og þeir erfiðleikar sem núna hafa skapast eru gróðrarstía fyrir fólk til að hugsa sig um hvort ekki sé rétt að skapa nýja stjórnmálaflokka, fá vantrú á þeim sem fyrir eru. En það er stórfurðulegt að fólki skuli detta það í hug að stofna stjórnmálaflokk í kringum stjórnmálamann sem ber ábyrgð á öllum þessum aðgerðum. Það er auðvitað stórfurðulegt.

Á flokksþingi framsóknarmanna var skuldastaða heimilanna eitt stærsta umfjöllunarefni þingsins. Það er tvennt sem við viljum leggja til í núverandi stöðu:

1. Þríhliða samning um lífskjarajöfnun.
2. Ráðgjafar- og endurreisnarstöð heimilanna.

Þríhliða samningur um lífskjarajöfnun felur það í sér að við þurfum að ganga strax til kjarasamninga ríkisvalds og aðila vinnumarkaðarins. Við framsóknarmenn eru tilbúnir til að beita okkur fyrir því að hægt sé að setja 3 þús. millj. kr. til að ná slíkum kjarasamningum. Við höfum líka verið með tillögur um það hvernig þessar 3 þús. millj. kr. skuli fjármagnaðar. Með því að skattleggja peningalegar eignir. Með hátekjuskattinum. Með því að taka upp samninga við aðila vinnumarkaðarins um nýtt skattkerfi sem lækkar jaðarskattana en eykur skattekjur ríkissjóðs og breytir skattbyrðinni. Með stórátaki í skattsvikamálum þar sem allur ágóði ríkisvaldsins af viðbótartekjunum inn í ríkissjóð mun fara til lífskjarajöfnunar og til þess að styrkja velferðarkerfið. Þessar 3 þús. millj. kr. viljum við nota til þess að hækka skattleysismörk, að gera persónuafslátt hjóna millifæranlegan að fullu, að hækka vaxtabætur og þær komi fyrr út í greiðslu og hækka barnabætur og leita leiða til þess að lækka vexti í bankakerfinu. Staðreyndin er sú að í bankakerfinu eru einstaklingar ekki að borga 5% raunvexti, 6%, allt upp í 10% raunvexti sem einstaklingarnir verða að greiða í bankakerfinu. Við viljum breyta Húsnæðisstofnun ríkisins í endurreisnar- og ráðgjafarmiðstöð heimilanna þar sem hlutverkið verði að vera með félagslega íbúðarlánakerfið og það að taka á þeim gríðarlegu skuldavandamálum sem blasa við heimilunum. Með samstilltu átaki aðila vinnumarkaðarins, lífeyrissjóðanna, bankakerfisins þar sem skuldirnar eru í samfélaginu og Húsnæðisstofnunar fari þessir einstaklingar í greiðsluaðlögun og hreint og beint í mörgum tilfellum í nauðasamninga þar sem komi til greina að vextir séu lækkaðir, hluti af skuld sé felldur niður, lánstími sé lengdur þannig að greiðslubyrðinni sé aflétt að stórum hluta af mörgum heimilunum.

En til þess að þetta sé hægt þarf að breyta Húsnæðisstofnun ríkisins í þessa endurreisnar- og ráðgjafarmiðstöð. Það erum við framsóknarmenn tilbúnir að gera. 1983 var flotinn stopp. Þá komum við til valda í sjútvrn. og bárum ábyrgð á því að koma flotanum af stað. Nú eru heimilin strand og framsóknarmenn eru tilbúnir til þess að koma heimilunum aftur á flot. (**GÁS:** Það gerðist meira 1983.) (**Gripið fram í:** Það var nú ekki seinna vænna.)

[12:36]

Gísli S. Einarsson:

Frú forseti. Ef stiklað er á helstu orsökum slæmrar stöðu heimila og gjaldþrota í mörgum tilvikum er nærtækast að nefna að versnandi atvinnustig á ríkan þátt í þeim vanda sem heimilin standa frammi fyrir. Margar fjölskyldur réðust í húsnæðiskaup þegar næg atvinna og eftirspurn eftir vinnuafli gerði fólki kleift að leysa vandann með ótakmarkaðri vinnu. Þrátt fyrir atvinnuleysi hefur aðgengi að lánsfé verið þannig að fólk hefur offjárfest í von um að e.t.v. muni allt bjargast seinna. Upplýsingaleynd lánastofnana kemur í veg fyrir heildaryfirsýn og einnig hefur hún valdið því að margir hafa ekki kunnað fótum sínum forráð. Það þarf ekki að taka dæmi um heimilið sérstaklega í því efni. Fyrirtækin hafa offjárfest og farið á hausinn, ríkið tekið of mikil lán, sveitarfélögin mörg sökkt sér á kaf í skuldir og lent í gjörgæslu. Og eftir höfðinu dansa limirnir. Hvað höfðingjarnir hafast að, hinir ætla sér leyfist það. Vandi heimilanna er reyndar óhugnanlegastur þar sem hann lýsir sér í upplausn heimila, skilnaði hjóna og fjölskyldur tvístrast.

Eina lausnin sem ég sé er sú að gripið verði snarlega í taumana með lagasetningu um greiðsluaðlögun. En mér finnst, virðulegur forseti, reyndar með ólíkindum málflutningur Framsóknar sem ók undir stjórn hershöfðingja Framsóknar með valtara yfir íbúðarkaupendur og fjölskyldur á árunum 1983–1984 þegar laun voru skert um 25% og raunvextir þrefaldaðir eða hækkaðir um 300%. Launajöfnun verður að eiga sér stað. Lægstu laun þarf að setja í 55 þús. kr. og hæstu laun í 250 þús. kr. Hækkun í prósentum verði mest á lægstu laun og engin hækkun á 250 þús. kr. sem ættu að vera hæstu laun. Grundvallaratriði er uppstokkun alls kerfisins þar sem nær óframkvæmanlegt er í öllu bótaruglinu að komast að niðurstöðu um það hvað hver einstaklingur ber úr býtum eða fjölskyldan í heild. Það þarf að meta framfærslukostnað fjölskyldu að nýju. Og ef menn komast að því að lágmarksþörf fjögurra manna fjölskyldu eigi að vera 500 þús. kr. á mann, þá

á að tryggja fjölskyldunni þær tekjur. Vísitölugrunnur framfærslu er vitlaus þegar t.d. brennivín er einn af grunnþáttunum. Það þarf að afnema lánskjaravísitölu eða tengja launavísitölu.

Lífeyrissjóðasukkið verður að lagfæra ef lífskjarajöfnun á að nást. Lífeyrissjóðakerfið verður aldrei lagfært nema með lagasetningu. Skynsemi og stefnufesta verður að ráða. Það ber nauðsyn til að allir stjórnmálaflokkar nái sátt um að stöðva vanda heimila sem því miður er staðreynd. Leikrænir tilburðir, lúðrablástur og brjóstbarningur einstakra þingmanna leiðir ekki til lausnar heldur samvinna, samstaða og framkvæmd.

[12:39]

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hv. frummælanda fyrir það að hafa tekið þetta mál upp og það er vissulega þarft að ræða skuldastöðu heimilanna.

Það eru vissulega margar orsakir fyrir því og hér hafa húsbréf gjarnan verið nefnd og auðvitað get ég tekið undir að þau eru stór orsakavaldur í þessu máli. Menn hafa minnst hér á afföllin sem hafa farið upp fyrir 20%, menn hafa minnst á lækkandi vaxtabætur og menn hafa minnst á rangt greiðslumat. Um þetta ætla ég ekki að fjalla. Ég vil hins vegar fjalla um þessa stöðu út frá öðru, þeirri þjóðfélagsmynd sem við búum við í dag.

Það er auðvitað fráleitt í landi eins og Íslandi þar sem allir eiga að hafa nóg og enginn á að þurfa að líða skort að það skuli vera komin hér upp fátækt í fyrsta sinn síðan á stríðsárunum. Hún hefur því miður tekið sér bólfestu og erum við þó í slíku landi að hér ætti ekki nokkur maður að þurfa að líða skort.

Við horfum upp á það að barnafjölskyldur, ekkjur og ekklar, sjúkir og aldraðir líða skort. Þá er ekki nema von að menn spyrji sjálfa sig: Við hvers konar þjóðfélagsaðstæður búum við í dag? Hvernig er það þjóðfélag sem við erum að skapa? Við erum að skapa þjóðfélag þar sem fólk líður skort eins og ég var að segja. Við erum að skapa þjóðfélag þar sem launabilið er eins og raun ber vitni. Við erum að skapa þjóðfélag þar sem skilningsleysi á þörfum þegnanna er algert. Við erum að skapa þjóðfélag þar sem foreldrar verða að vinna myrkranna á milli rétt til þess að skrimta. Við erum að skapa þjóðfélag þar sem fólk missir nánast daglega eignir sínar og fjölskyldur flosna upp. Við erum að skapa þjóðfélag þar sem listar og biðraðir hjá félagsmálastofnunum lengjast dag frá degi. Við erum að skapa þjóðfélag þar sem skatta- og gjaldaáþján er slík að hún ýtir fólki út í skattsvik. Og við erum að skapa þjóðfélag þar sem skjólstæðingum mæðrastyrksnefndar fjölgar dag frá degi.

Þetta er sú mynd sem ég dreg upp af íslensku þjóðfélagi í dag. (**Gripið fram í:** Vinir Davíðs.) Og hver sem vill mótmæla því, ég skora á hann að koma hér upp og gera það. Síðan heyrir maður í lokaorðum hæstv. ráðherra þar sem hann sagði: Við deilum öll áhyggjum af lífi og heill fjölskyldnanna í landinu. Ber þessi mynd sem ég var að draga upp vott um það? Ég tel að svo sé ekki. Og ég spyr hæstv. ráðherra og bið hann að koma hér og segja þjóðinni frá því hvernig á að lifa á lágmarkslaunum í landinu? Hvernig á að lifa af 70 þús kr. launum, svo að maður tali nú ekki um lægri laun sem víða þekkjast? Ég bið um kennslustund í þessu, hvernig fólk á í raun og veru að framfleyta sér, hin venjulega vísitölufjölskylda. Það þýðir ekkert að koma hér upp og segja: Við deilum öll áhyggjum af velferð þegnanna, og koma ekki með neinar lausnir og ætla þeim að lifa á þessum sultarlaunum sem ég veit að hér eru.

Það er mín skoðun að vandamálið sé fyrst og fremst launa- og skattastefna. Hér er launum haldið niðri en sköttum haldið uppi. Telja t.d. ríkisstarfsmenn réttlætanlegt að launabilið sé frá eitthvað 50 til 70 þús. kr. upp í yfir millj. kr. á mánuði? Finnst mönnum þetta réttlætanlegt? Eru menn tilbúnir að taka launakerfi íslenska ríkisins og skera það upp? Ég held að það verði að gera, embættismenn, ríkisstarfsmenn og aðrir, launabilið inni í því kerfi er allt, allt of mikið. Og meðan menn taka ekki á þessum hlutum, þá meina menn nákvæmlega ekkert með því sem þeir segja.

Síðan er skattaáþjánin, ef menn vilja fara aðeins yfir það. Við erum með um 42% tekjuskatt. Við borgum auðvitað í lífeyrissjóði. Við borgum af því sem eftir er þegar við erum búnir að borga eignarskatta og alla þá litlu skatta sem fylgja þarna ofan á og gera þetta enn stærri hlut, þá borgum við einn fjórða af því sem eftir er í neysluskatta, í virðisaukaskatt. Og ég spyr þá enn: Hvernig í ósköpunum á fólk að lifa af þessum launum? Og þegar slík stefna er við lýði þá hlýtur skuldabyrði heimilanna að vaxa enda kom hæstv. ráðherra inn á það hér áðan að neyslulán í bönkum fara dagvaxandi.

Síðan upplifum við það að hér er komin á heilmikil keppni milli ríkis og sveitarfélaga um það hvor getur nú lagt meiri álögur á fólkið, hvor geti gert það, R-listinn eða fulltrúar þeirra flokka. Einn situr hér í ríkisstjórn, aðrir í stjórnarandstöðu. Hvað gerir hann í þessari miklu samkeppni? Jú, hann kemur með holræsagjald upp á 15–30 þús. kr. á hvert einasta heimili í Reykjavík. Og svo vogar þetta fólk sér að tala um skuldastöðu heimilanna. Og hvað gerir þá ríkisstjórnin í þessari miklu keppni? Jú, hún flýtir sér auðvitað að setja bensíngjald á sem átti að koma í tveim skömmtum og byrja um áramótin. Þetta er slík keppni að það hræðir mann.

Það sem verður auðvitað að gera er það að jafna skattana, það þarf bæði að hækka og lækka skatta. Það þarf að lækka þá á þeim sem ekki þola þær byrðar sem þeir bera núna í dag og það þarf að hækka þá á þeim sem geta borið þær byrðar. Það verður að gera. Það verður að skera upp skattkerfið líka. En það verður að gera meira. Það þarf að kveikja hér elda í atvinnulífi. Það þarf að skapa hér atvinnutækifæri og leiðin til þess fyrst og fremst er að skapa það rekstrarumhverfi að það sé hægt að bjóða erlendum fjárfestum að koma til Íslands og setja hér á stofn fyrirtæki. Það sem við gerum í dag er að við fælum erlenda fjárfesta frá vegna þess að Ísland er ekki aðlaðandi kostur fyrir þá að fjárfesta í eða setja upp fyrirtæki. Þetta er ekki eingöngu

spurning um lengingu lána eða skuldbreytingu. Málið snýst um það að skilja eftir meira hjá fólkinu, auka atvinnu og lækka álögur og fá frekar auknar tekjur í gegnum neysluna. Þetta er sú stefna sem verður að taka upp. En allt blaður um það að menn skilji hin og þessi vandamál en eru svo ekki tilbúnir að taka á þeim, það er náttúrlega orðin tóm.

Ég vil aðeins í lokin, hæstv. forseti, af því að hér eiga fleiri eftir að tala fyrir hönd Sjálfstfl. taka undir að það verður að reka hér ábyrga lánastefnu. Það verður að gera fólki grein fyrir því hvort það rís undir þeim lánum sem það óskar eftir að taka, hvort greiðslubyrðin sé því um megn eða ekki.

[12:47]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég verð að lýsa yfir undrun minni á því að hér hafa nokkrir hv. þm. og hæstv. ráðherra talað um þennan vanda heimilanna eins og einhvers konar uppeldisvandamál. Það var reyndar kallað það af einum hv. þm. og að vandinn fælist í því að fólk fengi of mikið af lánum. Ég held að ef menn eru svo fjarri raunveruleikanum að þeir þurfi að tala á þessum nótum þá verði ekki gert mikið af viti í þessum málum enda hefur mér ekki fundist að hugmyndirnar væru margar hverjar þannig að það væri mikið af viti.

Hvað er hið opinbera að tala um að gera? Það er verið að tala um að fjölga gjalddögum húsnæðislána. Hverju bjargar það? Engu. Það mun einungis valda því að fólk þarf að borga bönkunum 7 þús. kr. á ári fyrir að innheimta skuldina einu sinni í mánuði í staðinn fyrir þrisvar eða fjórum sinnum. Ég hef kannað það mál. Það er miklu betra fyrir fólkið sem á að borga þessi lán að láta bankana greiða þessi lán fyrir sig með því að taka af launum einu sinni í mánuði heldur en þessu kerfi verði komið á því að bankarnir hirða þessi innheimtulaun. Ég held að það væri betra að semja þá a.m.k. við bankana um að það verði ekki alla vega farið svona að með húsnæðislánin. Bankarnir innheimta sínar skuldir með þessum hætti. Það gæti kannski einhverjum dottið í hug að það væri til þess að auka tekjur bankanna en ekki endilega til þess að koma til móts við fólkið sem hefur þessi lán í þeim.

Það sem þarf að vera mest til umræðu hér er að það þarf að taka á þessum vandamálum og reyna að koma til móts við fólk sem skuldar of mikið, að leyfa því að greiða lánin með þeim hætti að það geti staðið undir þeim. En það verður aldrei þannig að fólk geti borgað skuldir sem eru langt umfram greiðslugetu þess. Þannig er nú dæmið að við erum að sækja okkur viðmiðanir í löndin allt í kringum okkur í hinum ýmsu málum, t.d. þegar við erum að bera saman orkuverð, bensínverð, svo ég nefni dæmi. Þegar verið er að tala um skatta og þegar verið er að tala um vexti þá tölum við um löndin hér í kringum okkur og sækjum okkur viðmiðanir. En þegar við tölum um launin, hvert sækjum við þá viðmiðanirnar? Ekki í löndin hérna í kringum okkur, það er a.m.k. alveg klárt mál. Íslensku launafólki er ætlað að standa undir álíka skuldum og jafnvel enn þá hærri skuldum en fólkinu sem verið er að bera saman við í löndunum hérna í kringum okkur á miklu lægri launum en þar gerist. Þetta dæmi gengur ekki upp. Og það var auðvitað í þessu umhverfi gersamlega út í bláinn að taka upp húsbréfakerfið, hvað sem má segja um kerfið sem slíkt að það geti gengið. Það passar ekki fyrir íslenskt almúgafólk einfaldlega af þeim ástæðum að það var verið að tengja greiðslubyrði fólksins, tengja stærstu fjárfestingu fólksins við ávöxtunarkröfu á peningum í þjóðfélaginu og það hefur valdið þessum miklu vandamálum að stórum hluta. Það þýðir hvorki fyrir núv. hæstv. félmrh. né þann fyrrverandi að koma og halda því fram að húsnæðislánaskuldirnar hafi ekki aukist. Þær hafa aukist á tíma þessarar ríkisstjórnar um um það bil 75 milljarða og þær jukust á síðasta ári um 20 milljarða þannig að það þýðir lítið að halda því fram að húsnæðislánin hafi ekki aukist og reyna að slá ryki í augu fólks með því að segja að húsnæðisskuldirnar hafi ekki aukist í hlutfalli af heildarskuldum. En þá verða menn að gá að því hvað þeir eru að tala um þegar heildarskuldir á meðalverðlagi voru 46 milljarðar 1980 en eru núna 252 milljarðar. Svona þýðir ekki að tala. Ef menn eru að tala svona þá eru þeir í raun og veru að plata fólkið í landinu. Það getur ekki verið öðruvísi. Það á ekki að gera það.

Það eru þúsundir fólks í landinu orðin gjaldþrota vegna þessarar stefnu. Þá komum við að því hvernig eigi að koma fram við þetta fólk sem verður ekki hægt að bjarga og ég segi alveg eins og er: Það er óþolandi óréttlæti og misrétti í þjóðfélaginu gagnvart aðilum sem t.d. lenda í greiðsluerfiðleikum eða verða gjaldþrota. Verði menn gjaldþrota vegna reksturs fyrirtækis þá geta þeir átt von á því að geta byrjað upp á nýtt eftir einhvern tíma og reynt að bjarga sér og verða þjóðfélagsþegnar sem hafa sambærilega möguleika á við hina. En verði menn persónulega gjaldþrota þá er þetta ekki hægt. Það er hægt að elta menn í heil 10 ár samkvæmt lögum frá 1905. Í heil 10 ár er hægt að vera að elta menn sem verða persónulega gjaldþrota. Það verður að breyta þeim lögum og ég a.m.k. ætla mér að reyna að koma fram með tillögu í því efni á þinginu í vetur.

Það er með eindæmum að gerðar hafi verið breytingar á lögum fyrir stuttu á hv. Alþingi sem varða gjaldþrot fyrirtækjanna og það skuli ekki hafa verið endurskoðuð þess lög sem varða gjaldþrot einstaklinga.

Mér finnst að það sé reyndar aðalatriði þessa máls að það eigi að koma til móts við fólkið í landinu, eigi að bjarga heimilunum frá gjaldþrotum og eigi að koma á einhverju réttlæti í þessu þjóðfélagi, þá verður að endurskoða launastefnuna í landinu, það verður að endurskoða launastefnu þessarar ríkisstjórnar.

Mér þótti gaman að heyra einn hv. þm., hv. 4. þm. Vesturl., koma hér og leggja fram hugmyndir um verulegar hækkanir á launum og reyndar líka um hámarkslaun. Og ég verð að segja það alveg eins og er að mig langar til að spyrja þann hv. þm., ég veit að hann getur ekki svarað í þessri umræðu: Er þetta stefna Alþfl.? Ef þetta er stefna Alþfl., hvers vegna heldur þá sjúkraliðaverkfallið áfram? Það er prófsteinn á launastefnu

þessarar ríkisstjórnar. Hún ætlar að halda við þessa launastefnu til enda. Það er ótrúlegt að menn skuli ekki gera sér grein fyrir því í hæstv. ríkisstjórn að ríkið er að borga sjúkraliðum úti á landi hærri laun en kröfur sjúkraliða sem núna eru í verkfalli standa til hækkana. Það er misrétti og fáránlegt af ríkinu að halda úti verkfalli við starfshóp þar sem fólk með sömu menntun úr sömu starfsstétt fær peninga úr ríkissjóði sem eru hærri en kröfurnar um hækkun eru frá þeim sem eru í verkfallinu. Þannig er þetta og það er búið að vera þannig í sjö ár að sjúkraliðar úti um land víða eru með svona miklu hærri laun en hér á höfuðborgarsvæðinu. Ég tel að það sé ábyrgðarhluti frá hendi ríkisins að halda úti þessu verkfalli og ég lýsi ábyrgð á hendur ráðherrum þessarar ríkisstjórnar fyrir það að ganga ekki í þetta mál og leysa það á grundvelli þeirra samninga sem voru gerðir af sveitarfélögunum fyrir hönd ríkisins við sjúkraliða fyrir sjö árum síðan.

[12:55]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Á þeim stutta tíma sem ég hef hér eftir af þessum ræðutíma sem samið var um ætla ég aðeins að taka nokkur atriði.

Ég tel að það séu fyrst og fremst þrjú atriði sem valda því að við stöndum frammi fyrir þeirri skuldastöðu heimilanna sem við erum hér að ræða í dag. Það er í fyrsta lagi húsnæðiskerfið, hvernig það hefur farið með skuldir hjá heimilunum eða hvernig það hefur farið með einstaklinga. Það er í öðru lagi launastefnan í landinu og það eru í þriðja lagi verðtryggingarákvæði og vísitölubindingar.

Það er staðreynd að vanskil í húsbréfakerfinu eru núna 25%, þ.e. fjórði hver lántakandi er í vanskilum. Og hvort það er ákveðið hlutfall af skuldum heimilanna eða ekki, það skiptir í raun og veru ekki máli í þessu sambandi. Það er fjórði hver lántakandi í húsbréfakerfinu sem er í vanskilum.

Hvað varðar launastefnuna í landinu þá hefur það sýnt sig og hér margir komið inn á það, hv. ræðumenn hér á undan mér, hversu ónýtt kerfi við búum við í launamálum í landinu. Sú launastefna sem hefur verið rekin hefur byggst á því að halda niðri lágmarkslaunum og það virðist ekkert hafa skipt máli þó aðrir sem hærri hafa launin í þjóðfélaginu hafi fengið umtalsverðar hækkanir. Það verður umfram allt af hálfu stjórnvalda að halda niðri lágu launanum.

Síðan það sem ég nefndi í þriðja lagi: verðtryggingarákvæði og vísitölubindingar. Það hefur líka alveg geysileg áhrif á skuldastöðu heimilanna. Skuldirnar vaxa og vaxa vegna vísitölubreytinga. Það virðist vera alveg sama þó að verðbólgan sé hér í algeru lágmarki. Hún er hvergi lægri í löndunum í kringum okkur. Hún mælist nánast 0% á þessu ári. Það virðist enn þá þurfa að hafa allar þessar vísitölur í gangi sem settar voru fyrir mörgum árum sumar hverjar og þær eiga að ráða því hvaða breytingar verða á lánum í landinu, á skuldum heimilanna. Það er stór spurning hvort sá grunnur sem notaður er í samsetningu t.d. lánskjaravísitölunnar sé réttlátur.

Það er hægt að nefna það að þjónustugjöld bankanna sem hækkuð voru í sumar, og olli það talsverðum deilum, hækkuðu framfærsluvísitöluna í þeim mánuði sem þau voru sett á eiginlega eingöngu, það var engin hækkun á framfærsluvísitölunni í þeim mánuði nema vegna þjónustugjalda bankanna. Síðan hafa þjónustugjöld bankanna áhrif inn í lánskjaravísitöluna þannig að bankarnir tryggja sig í bak og fyrir með þjónustugjöldum.

Maður veltir því fyrir sér þegar það liggur ljóst fyrir að lánskjaravísitalan er þannig samsett að þar virkar launavísitalan að einum þriðja. Í framfærsluvísitölunni eru launin í kringum 20%. Í byggingarvísitölunni eru launin í kringum 50%. Samanlagt gerir þetta, þ.e. launin í landinu, þau gera ríflega helminginn með beinum og óbeinum áhrifum á lánskjaravísitöluna og það hækkar auðvitað skuldirnar þegar lánskjaravísitalan vex. Það er búið að binda svo launin í landinu inn í lánskjaravísitöluna að það er eins og staðan er núna allt bundið rígfast. Það er ekkert hægt að gera ef við ætlum að halda þessum grunni í vísitölunum og ekki hvað síst í lánskjaravísitölunni, þá er ekki hægt að gera nokkurn skapaðan hlut í launamálum. Við höfum heyrt umræðuna undanfarið um það að ef launin hækka um einhverja þúsundkalla á mánuði þá hafi það margföld áhrif í hækkun skulda heimilanna. Ég vil nú beina þeirri spurningu bæði til hv. þm. og hæstv. ríkisstjórnar hvort það sé ekki kominn tími til að beita sér fyrir því að endurskoða grunn vísitalna í landinu og þá ekki hvað síst lánskjaravísitölunnar.

Hér hefur nokkuð verið rætt um húsnæðiskerfið og ég kom inn á það hérna áðan að það væri eitt af þeim atriðum sem við þyrftum að skoða sem yki skuldir heimilanna. Það er staðreynd líka að þær breytingar sem gerðar hafa verið í félagslega húsnæðiskerfinu, t.d. afskriftaprósentan sem hækkuð var úr 1% í 1,5%, gera það að verkum að skuldirnar aukast vegna þess að fólk er ekki að eignast neitt. Það er að borga vexti og það er að borga afföll í afskriftum af húsnæðinu sem það er að kaupa í félagslega kerfinu. Áður en afskriftaprósentan var hækkuð þá var fólk ekkert að eignast í sex ár eins og hv. þm. Finnur Ingólfsson nefndi hér áðan. En samkvæmt þeim breytingum sem gerðar voru á afskriftaprósentunni er neikvæð eiginfjárstaða í félagslega kerfinu í 19 ár. Í 19 ár er fólk í félagslega kerfinu ekki að eignast nokkurn skapaðan hlut, heldur minnkar það framlag sem það lagði í húsnæðismál sín í félagslega kerfinu ef það keypti verkamannaíbúð. Það er ekki að eignast nokkurn skapaðan hlut í 19 ár. Skuldirnar alltaf að vaxa. Og t.d. á landsbyggðinni þar sem félagslega íbúðarkerfið er í engu samræmi við íbúðarmarkaðinn þar sem íbúðir á almennum markaði eru á allt að helmingi lægra verði en íbúðir í félagslega kerfinu, þá hefur það auðvitað áhrif að fólk geti frekar keypt í almenna kerfinu íbúð á kannski 5–6 millj. en í félagslega kerfinu fyrir 9–10 millj. Þegar upp er staðið þá er það sjálfsagt ekkert ódýrara að búa í þessu félagslega kerfi ef við tökum allt inn í dæmið. Eftir 20 ár stendur það þó kannski uppi með einhverja eign á almenna markaðnum en enga eign í félagslega kerfinu.

Ég vil benda á að það er ýmis úrræði hægt að finna og ég ætla aðeins að nefna hér örfá atriði. Ég er búinn að nefna að það þurfi að endurskoða grunn lánskjaravísitölunnar. Það þarf að breyta þessari afskriftaprósentu í félagslega íbúðarkerfinu aftur. Það verður að lækka hana aftur. Það er óraunhæft að hækka hana þarna um 50%. Það þarf líka að vera hægt að gera nauðasamninga við þá einstaklinga sem eru komnir í þá stöðu að það er ekkert sem liggur fyrir nema gjaldþrot. Það er raunverulega ekkert hægt að gera. Það er hægt að gera nauðasamninga við fyrirtæki en það er ekki í dag hægt að gera neina nauðasamninga við einstaklinga. Það er auðvitað það sem þarf að vera hægt svo að fólk geti þó staðið upprétt eftir að það horfir fram á að það getur ekki greitt sínar skuldir upp.

Ráðgjöf um fjármál heimilanna er eitt af því sem er líka nauðsynlegt að gera og það er langtímaverkefni. Það skilar sér ekkert fyrir þá sem í dag standa frammi fyrir þessum erfiðleikum. Og svo vil ég að lokum nefna það sem ég held að menn hljóti að komast að raun um eftir þessa umræðu í dag og það er að tími er kominn til að lögbinda lágmarkslaun svo að fólk geti lifað í þessu þjóðfélagi.

[13:05]

Pétur Bjarnason:

Virðulegi forseti. Það þætti gráglettni svo ekki sé meira sagt ef til manns kæmi maður í nauð, peningalaus, skuldugur og vonlítill um framtíðina, að rétta honum kaðalspotta með rennilykkju á endanum. Ég reikna með því að hann skildi þetta svo að honum bæri að hengja sig, annaðhvort strax eða síðar. Það væru þó alla vega skýr skilaboð, en hann ætti val.

Á fyrstu árum húsbréfakerfis hv. þm. páv. félmrh. Jóhönnu Sigurðardóttur var þetta í raun gert við fjölmarga þeirra sem lentu í greiðsluerfiðleikum með miklar skammtímaskuldir, m.a. vegna þess að greiðsluloforð sem gefin höfðu verið drógust árum saman vegna fjársveltis Húsnæðisstofnunar til almennra lána þegar verið var að fjármagna húsbréfakerfið í upphafi. Þeim var veitt greiðsluerfiðleikalán sem einungis var hengingaról. Síðan jókst þessi vandi vegna samdráttar í atvinnu sem var í anda þeirrar stefnu ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar í upphafi og hún kallaði hóflegt atvinnuleysi. Þessi hagstjórn ríkisstjórnarinnar í anda thatcherismans snerist síðan hrikalega í höndum hennar. Hún fól í sér samdrátt og flýtti fyrir kreppunni sem í hönd fór og atvinnuleysi með tilheyrandi fjárhagsþrengingum hefur verið hér meira en núlifandi menn muna eftir. Og það sem verra er, stjórnarflokkarnir eru farnir að líta á það sem eðlilegt ástand hér á landi.

Ég vitna til ræðu hv. þm. Inga Björns Albertssonar varðand nánari lýsingu á því þjóðfélagi sem ríkisstjórn Davíðs Oddssonar skilar af sér núna í lok kjörtímabilsins. Ræðan var mjög fróðleg á að hlýða og var reyndar flutt í ræðutíma Sjálfstfl. og er vert að minna á það en ég trúi því að þetta sé rödd úr herbúðum þeirra sem vert er að hlusta á.

Ég sagði áðan að mönnum hefði verið rétt snaran þegar greiðsluerfiðleikarnir voru samþykktir inn í húsbréfakerfið. Þetta eru stór orð en sannast best á því að um 60% þess fólks sem fékk greiðsluerfiðleikalán 1991 er nú í alvarlegum vanskilum með húsbréf sín. Hvernig má þetta vera? Mig langar til að nefna dæmi til að skýra þetta.

Maður sem lenti í greiðsluerfiðleikum fyrir þremur árum upp á 3,5 millj. fékk fyrirgreiðslu gegnum húsbréfakerfið á þann hátt að bankarnir voru látnir meta skuldirnar og yfirlit var sent til Húsnæðisstofnunar. Síðan var gefið út skuldabréf og húsbréf send til bankanna til að gera upp skuldina. En það er ekki svo einfalt að til þess að greiða hverja milljón komi til milljón í húsbréfum, þar sem bankinn hafði fullreiknað alla vexti, vaxtavexti, þóknanir og önnur gjöld sem honum bar. Á þeim tíma voru afföll slík af bréfunum að fyrir hverja milljón í húsbréfum fengust einungis 800–850 þús. í peningum og síðar jafnvel minna eins og kom fram hér í ræðu áðan. Því þurfti hátt í 1.200 þús. til að borga hverja milljón og skuldarinn varð þar að auki að greiða lántökugjald og önnur gjöld til Húsnæðisstofnunar þannig að hann skuldar eftir þetta uppgjör sem átti að bjarga honum þó nokkuð á fimmtu milljón og hann situr eftir með greiðslubyrði upp á 90 þúsund þriðja hvern mánuð. Reikni nú hver sem vill hvernig hann klípur það af Dagsbrúnarlaunum eða Iðjutaxta eða kennaralaunum eða jafnvel sjúkraliðalaunum. Það er því ekki að undra að þessi hópur er nú meðal þeirra sem ráða ekki við skuldir sínar. Þetta kalla ég að rétta mönnum snöruna, og það sem meira er, henni er smeygt yfir höfuðið. Síðan verður atvinnustefna stjórnar Davíðs Oddssonar til þess að sparka stólnum undan og þá er verkið fullkomnað. Þetta er staða allt of margra heimila í dag og það þarf engan að undra þótt formaður Framsfl. og nýafstaðið flokksþing hafi boðað skuldbreytingu aldarinnar til að freista þess að koma fólki til bjargar á varanlegan hátt. Hér hefur verið gerð grein fyrir þeim aðgerðum og ég tíunda þær ekki frekar.

Hins vegar vil ég undirstrika að ef ekki kemur til skuldbreytinga ásamt því að gera átak í atvinnumálum og útrýma böli atvinnuleysisins, þá blasir við fjöldagjaldþrot heimila í landinu. Komi til þess án aðgerða vil ég lýsa ábyrgð á hendur ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar og þeirrar atvinnustefnu sem hún hefur rekið og þeirrar stjórnar félagsmála sem hér hefur verið rekin á undanförnum árum undir stjórn hv. þm., páv. hæstv. félmrh., Jóhönnu Sigurðardóttur.

[13:10]

Þuríður Pálsdóttir:

Hæstv. forseti. Sú umræða sem fram hefur farið um skuldastöðu heimilanna hefur orðið mér ærið umhugsunarefni. Hv. þm., frummælandi, Guðni Ágústsson kom fram með margar af helstu orsökum skuldasöfnunar þjóðarinnar, sem sé hundruð milljarða lántökur fólksins í landinu. Húsnæðislán eru ætluð til 25–40 ára svo að væntanlega er gert ráð fyrir því að lánin greiðist upp á þeim tíma og fólk skuldi þar af leiðandi peningana meðan þessi tími líður. Það var dálítið athyglisvert að heyra hv. þm. Guðna Ágústsson tala um að lánafyrirgreiðslan væri pólitík hellisbúans. Það er ágætt að rifja það upp nú að Alexander Stefánsson, fram-

sóknarmaður, (**GÁ:** Launastefnan.) Allt í lagi, með leyfi forseti, Alexander Stefánsson framsóknarmaður var félmrh. á undan hæstv. fyrrv. félmrh. Jóhönnu Sigurðardóttur. Þegar lánaskriðan fór af stað var Framsfl. lengst af í forustu í íslenskri pólitík svo að væntanlega ber Framsfl. stærsta ábyrgð á þeirri þróun.

En ég tek undir margt af því sem hér hefur komið fram og enginn veit betur um erfiðleika yngri kynslóða en við sem eigum börn og barnabörn. Engu að síður langar mig til að ræða þetta mál út frá svolítið öðru sjónarhorni.

Í skýrslu fyrrv. hæstv. félmrh., Jóhönnu Sigurðardóttur, frá því í vor á þskj. 1170 koma fram athyglisverðar upplýsingar og tölur sem gefa nokkuð glögga mynd af ástæðum skuldasöfnunar heimilanna. Í þeirri skýrslu kemur fram að hún og félmrn. hafi skipað nefnd til að vinna að úrlausnum fyrir fólk í greiðsluerfiðleikum með sérstakri greiðsluaðlögun. Skömmu síðar hvarf hæstv. félmrh. úr embætti. Í haust gerir svo hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir fyrirspurn til þáverandi hæstv. félmrh. Guðmundar Árna Stefánssonar um málið sem hún hljóp frá.

Það sem vekur sérstaka athygli mína við lestur þeirrar umræðu er að bæði hún og hv. þingmenn Guðmundur Árni Stefánsson og Guðni Ágústsson tala um það sérstaklega að eignum og skuldum sé mjög ójafnt skipt milli aldurshópa og, með leyfi forseta, ætla ég að lesa hér tilvitnun úr ræðu hæstv. fyrrv. félmrh. um þá skýrslu:

„Og það sýnir vel kynslóðabilið og aðstöðumun fólks á hinum ýmsu tímum í sambandi við lífskjör og afkomu að í könnun Félagsvísindastofnunar 1988 kom fram að 67% íbúðareignar væru í eigu 50 ára og eldri sem höfðu greitt upp öll sín íbúðarlán.“ Og síðar í ræðu hæstv. þáv. félmrh., Jóhönnu Sigurðardóttur, með leyfi forseta: „Ég tel því ástæðu til og félmrn. vinnur að því að láta fara fram sérstaka athugun sem leiðir frekar í ljós þann mun sem virðist vera milli kynslóða með tilliti til lífskjara, skulda, eigna og afkomumöguleika. ... og þann aðstöðumun í kjörum og aðbúnaði sem hinir ýmsu aldurshópar hafa búið við.“

Já, það er áhugavert að bera saman kjör og aðstöðumun þess fólks sem hóf að framleiða börn fyrir og um 1950 sem er ártal sem hv. þm. Guðni Ágústsson miðar við að séu þau sem þyngstu skuldabyrðina bera og ykkar, hv. þingmenn, sem eruð það sem kalla má lýðveldiskynslóðin. En þið eruð fyrsta kynslóðin í Íslandssögunni sem er alin upp í sæmilegri velmegun í 11 hundruð ára sögu þessa harðbýla lands. Og það er ekki síst því að þakka að kynslóðin sem fæddi af sér lýðveldiskynslóðina lagði allt í það að byggja upp þjóðfélag sem þið hafið fengið að njóta.

Unga fólkið sem horfði björtum augum til framtíðar eftir lýðveldisstofnunina 1944 ætlaði sér að brjótast út úr þeirri fátækt og aðstöðuleysi sem það sjálft ólst upp við. Það fólk sem hóf að byggja upp úr stríðslokum var ekki alið upp í neysluþjóðfélagi. Það var vant því að hafa lítið, fara vel með og kunni að nýta það sem til féll. Þá voru yfirleitt engin lán í boði, lán til húsnæðiskaupa engin, námslán engin, ekkert Visa, Euro, engir fæðingarstyrkir, engar barnabætur, vaxtabætur, húsaleigubætur. Nei, þessi öfundsverða kynslóð sem stóð að stofnun lýðveldisins fékk eiginlega sáralítil lán til að fjármagna sínar framkvæmdir og þá aðallega í formi bankavíxillána. Þetta fólk varð að fjármagna allt með vinnu og útsjónarsemi og það lagði fyrst og fremst þá peninga sem það fékk í það að borga sínar skuldir.

En á móti kom það að ef fólk vildi og nennti að leggja sig fram þá hafði það tækifæri til að njóta afraksturs erfiðis síns. Sjálfsbjargarviðleitnin fékk að njóta sín og sömuleiðis séreignastefnan, hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, sem var beinlínis forsenda þess að fólk legði á sig ómælda vinnu og erfiði við að koma sér upp húsnæði og er hverjum einasta Íslendingi í blóð borin hvort sem hann er til vinstri eða hægri.

Þá bjó það einnig við skattakerfi sem var auðvitað allt öðruvísi. Kostnaður við húseignir og viðhald var frádráttarbær frá skatti og það borgaði sig að vinna mikið. En það er til danskt máltæki sem segir: „Man må hyle med de ulve man lever iblandt.“ Og það verður hver kynslóð að taka á sínum vandamálum. Í dag því miður borgar sig ekki eða hjálpar fólki að vinna mikið. En það var fróðlegt og hrikalegt að skyggnast inn í þann frumskóg úrræða sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir taldi upp til að bjarga málunum.

Í dag blasir sá veruleiki við þessari kynslóð að fólk hefur aðgang að alls konar lánsfé og það sem verra er, það lifir samkvæmt því. Húsbréf, námslán, afborgunarlán til að njóta neyslunnar áður en greitt er fyrir hana. Og fólk hefur einfaldlega ekki tekjur til að standa straum af stórum lánum og það er auðvitað sú staðreynd sem við búum við í dag eins og mikið hefur verið farið inn á, það er launastefnan í dag og ég ætla ekki að gera að mínu máli núna en ég vil þó taka það fram að það fólk, sem fær lán fyrir stærstum hluta húseigna sinna strax við kaup, skuldbindur sig til að borga af þessum skuldum í 25–40 ár. En verðmæti íbúðarhúsnæðisins hlýtur að vera samsvarandi skuld. Eins og fram kemur í fyrrnefndri skýrslu fyrrv. hæstv. félmrh., Jóhönnu Sigurðardóttur, þá eru peningalegar eignir heimila 190 milljarðar í lok ársins 1992 en skuldir 256 milljarðar í lok árs 1993. Og húsnæðisskuldir heimilanna eru metnar á 38,4% af þjóðarauði íbúðarhúsnæðis.

Virðulegi forseti. Víst er að sú eignatilfærsla sem átti sér stað í tíð mikillar verðbólgu og óverðtryggðra lána hafi haft í för með sér að eignum og skuldum væri ójafnt skipt milli aldurshópa en ég vil þó taka fram að hv. þm. Guðni Ágústsson sem telur að fólk 45 ára og yngra beri þyngstu byrðarnar á hverjum einasta tíma hljóta allar kynslóðir 45 ára og yngri að bera þyngstu skulda- og framfærslubyrði.

[13:18]

Eggert Haukdal:

Virðulegi forseti. Við þinglok í vor var rætt um skuldastöðu heimilanna út frá skýrslu félmrh. og þessi umræða er tekin hér upp að nýju og ég fagna því. Við umræðuna í vor gerði ég grein fyrir að ég hefði flutt frv. um afnám lánskjaravísitölu sl. 8 ár. Það er verð-

tryggingin og lánskjaravísitalan sem er orsök þess vanda sem við glímum við í dag. Ég rakti hvernig þetta frv. hefur ár eftir ár verið í þingsölum, nefnd hefur ekki skilað því frá sér inn þannig að hv. alþm. geti greitt atkvæði, já eða nei, um þetta mál. Það er furðulegt hvernig legið er á þessu máli og það sýnist enn vera gert. Það var lagt að nýju fram í haust, ég var upphaflega einn flm. að frv., síðan hefur flutningsmönnum fjölgað, eru nú úr öllum flokkum. Það er meiri hluti fyrir þessu máli hér á hv. Alþingi og er óeðlilegt að enn skuli það ekki koma til atkvæða.

Upprunalegur tilgangur laganna um lánskjaravísitölu var að verðtryggja bæði lán og laun. Kaupgjald var hins vegar fljótlega tekið úr sambandi. Það var hætt að verðtryggja kaup en verðtrygging fjármagns hélt áfram og til þessa dags.

Síðan var lánskjaravísitölunni breytt þannig að hin minnsta kauphækkun t.d. lágtekjufólks veldur hækkun lána að sama skapi. Auðvitað á annaðhvort að verðtryggja allt eða ekkert. Hver fann upp þetta kerfi sem við notum og er óhæft? Er þetta til að hjálpa hinum minni máttar? Er þetta hægt, Matthías? var einhvern tíma spurt.

Það er lánskjaravísitalan sem er rót þess vanda sem við ræðum hér í dag. Hún er rót vanda heimilanna, að verðtryggja fjármagn en ekki kaup. Það er þarna sem á að taka á til að koma í veg fyrir rót þessa meins. Að þessu meginmáli hafa ræðumenn títt komið í umræðunni.

[13:20]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Ég vil við lok þessarar umræðu þakka málefnalega umræðu, þakka hvernig menn lögðu sig fram um að greina vandann og þakka fyrir það að menn voru málefnalegir og voru með hugmyndir og tillögur. Ég harma það hins vegar að ég hafði gefið hæstv. félmrh. langan tíma til þess að koma hér og segja að hún væri búin að vinna að ýmsum atriðum innan ríkisstjórnarinnar sem mundu gera það að verkum að menn gætu sest yfir þennan stórkostlega vanda. Því miður henti það hæstv. félmrh. að gera lítið úr þessari umræðu í upphafi, henda að stjórnarandstöðunni þeim setningum að umræða stjórnarandstöðunnar væri á villigötum. Ég get ekki heyrt að umræða stjórnarandstöðunnar sé á villigötum, hún er heiðarleg og heilbrigð í þessu máli. Við gerum kröfu til þessarar ríkisstjórnar þó við styðjum hana ekki að hún leiti samstarfs um það í þjóðfélaginu við aðila vinnumarkaðarins, við banka, lífeyrissjóði og Húsnæðisstofnun, að það verði sest yfir þennan vanda og hann leystur. Þess vegna fannst mér skaði að hæstv. ráðherra svaraði í engu þeirri spurningu sem ég lagði fyrir hana og kom ekki fram með neinar tillögur, gerði lítið úr greiðsluaðlögun og sagði að auki að hún hefði ekki ætlað að beita sér fyrir því að í fjárlögum væri gert ráð fyrir neinu í þessum efnum. Þetta harma ég.

Ég hef ekki lengri tíma til þess að fara yfir þetta mál. Ég vænti þess eins að þingheimur og þjóðin sameinist í því að setjast yfir þetta mál. Við þurfum bæði að keyra á háum ljósum og lágum. Við þurfum að leysa skammtímavanda og við þurfum að horfa til framtíðarinnar ekki síst með það að leiðarljósi sem hv. þm. Þuríður Pálsson minntist hér á áðan að (**Gripið fram í:** Hún er Pálsdóttir.) Pálsdóttir, minntist hér á áðan. — Fyrirgefðu, hv. þm. Karl og kona eru nú sem betur fer jafningjar og það er enginn dauður þótt rangt sé með farið. — En ég vona og tek undir það með henni að það verði svo í framtíðinni að við sköpum hér þjóðfélag sem fer vel með alla hluti. Og það er engin gæfa yfir því að hafa of miklar skuldir eða hafa fyrirgreiðsluna of opna eins og ég tel að hún hafi verið.

Ég tel að hv. þm. Ingi Björn Albertsson hafi ekki síst skýrt hér vel frá því sem hefur verið að gerast á síðustu tveimur árum. Það er auðvitað hrikalegt að menn skuli sitja aðgerðalausir þegar skuldir heimilanna hækka í hverjum einasta mánuði um einn milljarð. Skuldir fyrirtækjanna eru að lækka og menn halda launanum niðri og menn gera fólki ekki kleift að lifa eða standa við sínar skuldbindingar.

Hæstv. forseti. Ég vænti þess að ríkisstjórnin, þó ráðherrabekkirnir hafi nú verið þunnskipaðir undir þessari umræðu, taki þetta mál til íhugunar og óska hæstv. félmrh. velfarnaðar í sínum störfum og veit og vona að hún leggi sig fram, ekki síst í þessu máli.

[13:25]

Félagsmálaráðherra (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka málshefjanda góðar óskir í minn garð og mun vissulega leggja mig fram um að finna lausnir í þessu mikilvæga máli. Ég vil geta þess þar sem málshefjandi nefndi það að hann hefði gefið mér langan tíma til að finna lausn að ég hef ekki enn þá náð mánuði á stóli félmrh. og þess vegna finnst mér mikið til þess að hann skuli hafa reiknað með að ég kæmi hér með fullskapaðar aðgerðir á þessum degi. Ég vil líka geta þess út af orðum hans hér um að skuldir heimilanna hækki um einn milljarð á mánuði að í svörum mínum hér áðan kom það fram að á þessu og næsta ári hækka skuldir heimilanna um 36 milljarða í gegnum húsbréf og félagslegar íbúðir og gerði því mjög vel skil.

Ég svaraði einnig mjög mörgum spurningum þingmannsins bæði varðandi forsendur, varðandi hvort húsbréfakerfið hefði brostið og varðandi spurningar hans og nokkurra annarra um þátt sveitarfélaganna, m.a. varðandi Byggingarsjóð verkamanna. Þar var bæði komið inn á vexti, fyrningar og fleiri atriði sem skipta máli í félagslega húsnæðiskerfinu. Ég mun bráðlega leggja fram frv. um félagslega húsnæðiskerfið. Það er nú komið til ríkisstjórnar til skoðunar. Skatta á sveitarfélögin ræðum við síðar.

Ég vil líka gjarnan nefna það út af orðum hv. 12. þm. Reykv. um hækkun á lánshlutfalli í húsbréfakerfi t.d. til kaupenda fyrstu íbúðar. Mér finnst mjög mikilvægt til að átta sig að greina fyrst hvort það er sá hópur sem er í vanda. Það liggur ekkert fyrir um það og ég mun ekki gera tillögur um slíka hluti fyrr en það er ljóst.

Það er líka athyglisvert út af orðum hv. 11. þm.

Reykv. sem nefndi að 1983 hafi hans flokkur komið flotanum af stað að árið 1983 varð jafnframt gífurleg eignaupptaka og ég þarf bara að minna á Sigtúnshópinn svokallaða og misgengishópurinn fékk ekki fullkomna lausn þótt vissulega hafi það verið til góðs að byrja með greiðsluerfiðleikalánin 1985.

Hv. 5. þm. Reykv. sem hefur verið samherji minn í efh.- og viðskn. spurði mig hvernig ætti að lifa af launum í landinu. Hann sagði: Það þýðir ekki að koma hér og tala um velferð. Ég ætla að deila óskum þingmannsins um það að þeir sem munu ráða ferð í komandi kjarasamningum beri einmitt velferð þeirra sem lægst hafa launin fyrir brjósti í þeim samningum, að það verði staðið við stóru orðin allra um að það séu þeir sem minnst beri úr býtum sem fái lausnir. En það er ríkið sem hefur komið með jöfnunaraðgerðirnar og við höfum setið saman í meiri hluta, ég og þessi þingmaður, bæði yfir skattamálum og öðrum jöfnunaraðgerðum og rétt upp hönd saman.

Ég hef ekki gert lítið úr hinum raunverulega vanda. Það er útúrsnúningur að segja að ráðgjöf og aðstoð sé ekki mikilvæg og alvarlegt líka að gera vandann stærri eða öðruvísi en hann er og það er engum til góðs. Auðvitað aukast húsnæðisskuldir þegar hlutfall lána Húsnæðisstofnunar ríkisins er aukið í lánum til húsnæðisöflunar. Það liggur í hlutarins eðli. Og það sem ég hef gagnrýnt er talið um skuldastærð eins og kemur fram hjá mönnum, ekki síst hjá Alþb., þá spyr ég bara: Er t.d. Alþb. að fara fram á að réttur fólks sé skertur til hinna löngu lána?

Virðulegi forseti. Tími minn er senn á þrotum. Þó vil ég geta um þetta: Það eru ekki endilega þeir sem eru á lágum launum og með litlar eignir sem eiga í mestum vanda. Það var gerð úrtakskönnun hjá Húsnæðisstofnun ríkisins, og ég er ekkert að segja að hún sé fullkomin, en í úrtaki 50 umsækjenda kom í ljós að meðaltekjur þeirra á árinu í fyrra og í ár voru 178 þús. og 167 þús. Í þessu felst að stór hluti hefur verulega hærri tekjur en það sem við höfum verið að reikna með þar sem hér er um meðaltal að ræða. Meðalstærð íbúða sem þessi hópur á er einnig 132 fermetrar. Þetta eru atriði sem skipta máli og einnig það að meðalfjárhæð brunabótamats lá á bilinu 10–11 millj. kr. Þetta eru mjög mikilvægar upplýsingar og þá ekki síst það, sem verða lokaorð mín, virðulegi forseti, að til fróðleiks má geta þess þar sem kjör einstæðra mæðra hafa einnig verið til umræðu að einungis 10% þeirra sem sótt hafa um greiðsuerfiðleikalán eru einstæðar mæður.

Ég vil taka undir þakkir þeirra sem hafa tjáð sig um þessa umræðu. Hún hefur verið málefnaleg og það hefur komið fram hjá flestum vilji til þess að taka raunhæft á málum og þeim vilja deili ég.

[Fundarhlé. — 13:30]

Tilraunastöð í jarðrækt á Reykhólum, 3. umr.

Stjfrv., 104. mál. — Þskj. 107.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Sameining Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda, 3. umr.

Stjfrv., 174. mál. — Þskj. 191.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Atvinnuréttindi útlendinga, 2. umr.

Stjfrv., 165. mál (heildarlög). — Þskj. 179, nál. 323, brtt. 324.

[13:55]

Frsm. félmn. (Gísli S. Einarsson):

Frú forseti. Ég mæli hér fyrir nál. félmn. um frv. til laga um atvinnuréttindi útlendinga. Undir nál. rita hv. þm. Gísli Einarsson, Eggert Haukdal, Guðjón Guðmundsson, Jón Helgason, Jón Kristjánsson, Sigbjörn Gunnarsson, Guðrún J. Halldórsdóttir. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, sem var fjarstaddur vegna samgönguerfiðleika, og Einar K. Guðfinnsson, sem var í önnum í fjárln., gátu ekki verið viðstaddir. Álitið er svohljóðandi:

„Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk á sinn fund til viðræðna um málið Gylfa Kristinsson frá félagsmálaráðuneytinu, Halldór Grönvold og Ara Skúlason frá Alþýðusambandi Íslands og Jón Steindór Valdimarsson og Ólaf Helga Árnason frá Samtökum iðnaðarins. Þá studdist nefndin við umsagnir sem félagsmálaráðuneytinu höfðu borist um frumvarpið frá ýmsum aðilum þegar það var á vinnslustigi.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingum sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali. Breytingarnar eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að í stað orðsins manntalsskrifstofa í a-lið 13. gr. komi skráningaryfirvald. Breytingin byggist á því að hætt er að nota orðið manntalsskrifstofa og er það í samræmi við ákvæði annarra laga og samninga.

2. Lögð er til sú breyting á 14. gr. að sérhæfðum starfsmönnum, ráðgjöfum og leiðbeinendum, sem vinna að samsetningu, uppsetningu, eftirliti eða viðgerð tækja, verði heimilað að vinna á Íslandi í allt að fjórar vikur á ári án atvinnuleyfis. Frumvarpið hafði miðað við að þessum útlendingum væri heimilt að vinna hér allt að 10 daga á ári. Það er mat nefndarinnar að í mörgum tilvikum séu 10 dagar of stuttur tími fyrir

þessa útlendinga til að ljúka sínum verkefnum."

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Bráðabirgðasamkomulag eftir að EFTA-ríki hafa gerst aðilar að Evrópusambandinu, síðari umr.

Stjtill., 182. mál. — Þskj. 204, nál. 330.

[13:57]

Frsm. utanrmn. (Björn Bjarnason):

Hæstv. forseti. Álit utanrmn. er á þskj. 330.

Nefndin mælir með samþykkt tillögunnar. Undir álitið rita allir nefndarmenn, en Lára Margrét Ragnarsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Þróunarsjóður sjávarútvegsins, frh. 1. umr.

Stjfrv., 258. mál (innflutningur úreltra skipa). — Þskj. 303.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:59]

Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DH, EH, EgJ, EKG, EKJ, GE, GÁ, GHelg, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JónK, JVK, KHG, KS, MJ, MF, PBald, PBj, RG, SalÞ, SigG, SP, StB, ÞurP.

31 þm. (EMS, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GJH, GunnS, HÁ, HBl, JGS, JBH, JHelg, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, RA, SAÞ, StG, SJS, SvG, TIO, VS, VE) fjarstaddur.

Frv. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Samsettir flutningar o.fl. vegna EES, frh. 1. umr.

Stjfrv., 251. mál. — Þskj. 294.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:00]

Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DH, EH, EgJ, EKG, EKJ, GE, GÁ, GHelg, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JónK, JVK, KHG, KS, MJ, MF, MB, PJ, PBald, PBj, RG, SalÞ, SigG, SP, StB, VE, ÞurP.

28 þm. (EMS, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GJH, GunnS, HÁ, HBl, JGS, JBH, JHelg, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, PP, RA, SAÞ, StG, SJS, SvG, TIO, VS) fjarstaddir.

Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Átak í málefnum barna og ungmenna, frh. fyrri umr.

Þáltill. JVK o.fl., 45. mál. — Þskj. 45.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:00]

Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DH, EH, EgJ, EKG, EKJ, GE, GÁ, GHelg, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JónK, JVK, KHG, KS, MJ, MF, MB, PJ, PBald, PBj, RG, SalÞ, SigG, SP, StB, VE, ÞurP.

28 þm. (EMS, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GJH, GunnS, HÁ, HBl, JGS, JBH, JHelg, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, PP, RA, SAÞ, StG, SJS, SvG, TIO, VS) fjarstaddir.

Till. vísað til félmn. án atkvgr.

Bann við atvinnurekstri einstaklings vegna afbrota, frh. 1. umr.

Frv. FI o.fl., 87. mál. — Þskj. 87.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:01]

Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, BIB, DH, EH, EgJ, EKG, EKJ, GE, GÁ, GHelg, IBA, IP, JE, JóhS, JónK, JVK, KHG, KS, MJ, MF, MB, PJ, PBald, PBj, RG, SalÞ, SigG, SP, StB, VE, ÞurP.

30 þm. (ÁJ, EMS, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GJH, GunnS, HÁ, HBl, JÁ, JGS, JBH, JHelg, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, PP, RA, SAÞ, StG, SJS, SvG, TIO, VS) fjarstaddir.

Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Leiðtogafundur á Þingvöllum árið 2000, frh. fyrri umr.

Þáltill. JHelg o.fl., 183. mál. — Þskj. 205.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:02]

Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DH, EH, EgJ, EKG, EKJ, GE, GÁ, GHelg, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JónK, JVK, KHG, KS, MJ, MF, MB, PJ, PBald, PBj, RG, SalÞ, SigG, SP, StB, VE, ÞurP.

28 þm. (EMS, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GJH, GunnS, HÁ, HBl, JGS, JBH, JHelg, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, PP, RA, SAÞ, StG, SJS, SvG, TIO, VS) fjarstaddir.

Till. vísað til allshn. án atkvgr.

Stjórnarskipunarlög, frh. 1. umr.

Frv. JóhS, 212. mál (stjórnlagaþing). — Þskj. 240.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:03]
Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DH, EH, EgJ, EKG, EKJ, GE, GÁ, GHelg, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JónK, JVK, KHG, KS, MJ, MF, MB, PJ, PBald, PBj, RG, SalÞ, SigG, SP, StB, VE, ÞurP.
28 þm. (EMS, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GJH, GunnS, HÁ, HBl, JGS, JBH, JHelg, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, PP, RA, SAÞ, StG, SJS, SvG, TIO, VS) fjarstaddir.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):
Samkvæmt 42. gr. þingskapa ber að vísa frv. þessu til sérnefndar og leggur forseti til að kosningu sérnefndar verði frestað um sinn.

Stjórnlagaþing, frh. 1. umr.

Frv. JóhS, 213. mál. — Þskj. 241.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:03]
Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, BIB, DH, EH, EgJ, EKG, EKJ, GE, GÁ, GHelg, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JónK, JVK, KHG, KS, MJ, MF, MB, PJ, PBald, PBj, RA, RG, SalÞ, SigG, SP, StB, VE, ÞurP.
28 þm. (ÁMM, EMS, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GJH, GunnS, HÁ, HBl, JGS, JBH, JHelg, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, PP, SAÞ, StG, SJS, SvG, TIO, VS) fjarstaddir.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):
Forseti telur eðlilegt að því verði frestað að vísa máli þessu til nefndar um sinn eins og hinu fyrra.

Tilraunastöð í jarðrækt á Reykhólum, frh. 3. umr.

Stjfrv., 104. mál. — Þskj. 107.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:04]
Frv. samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DH, EH, EgJ, EKG, EKJ, GE, GÁ, GHelg, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JónK, JVK, KHG, KS, MJ, MF, MB, PJ, PBald, PBj, RA, RG, SalÞ, SigG, SP, StB, VE, ÞurP.
27 þm. (EMS, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GJH, GunnS, HÁ, HBl, JGS, JBH, JHelg, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, PP, SAÞ, StG, SJS, SvG, TIO, VS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 341).

Sameining Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda, frh. 3. umr.

Stjfrv., 174. mál. — Þskj. 191.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:05]
Frv. samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DH, EH, EgJ, EKG, EKJ, GE, GÁ, GHelg, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JónK, JVK, KHG, KS, MJ, MF, MB, PJ, PBald, PBj, RA, RG, SalÞ, SigG, SP, StB, VE, ÞurP.
27 þm. (EMS, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GJH, GunnS, HÁ, HBl, JGS, JBH, JHelg, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, PP, SAÞ, StG, SJS, SvG, TIO, VS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 342).

Atvinnuréttindi útlendinga, frh. 2. umr.

Stjfrv., 165. mál (heildarlög). — Þskj. 179, nál. 323, brtt. 324.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:06]
1. gr. samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DH, EH, EgJ, EKG, EKJ, GE, GÁ, GHelg, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JónK, JVK, KHG, KS, MJ, MF, MB, PJ, PBald, PBj, RA, RG, SalÞ, SigG, SP, StB, VE, ÞurP.
27 þm. (EMS, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GJH, GunnS, HÁ, HBl, JGS, JBH, JHelg, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, PP, SAÞ, StG, SJS, SvG, TIO, VS) fjarstaddir.

2.–12. gr. samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DH, EH, EgJ, EKG, EKJ, GE, GÁ, GHelg, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JónK, JVK, KHG, KS, MJ, MF, MB, PJ, PBald, PBj, RA, RG, SalÞ, SigG, SP, StB, VE, ÞurP.
27 þm. (EMS, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GJH, GunnS, HÁ, HBl, JGS, JBH, JHelg, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, PP, SAÞ, StG, SJS, SvG, TIO, VS) fjarstaddir.

Brtt. 324,1 samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, BIB, DH, EH, EgJ, EKG, EKJ, GE, GÁ, GHelg, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JónK, JVK, KHG, KS, MJ, MF, MB, PJ, PBald, PBj, RA, RG, SalÞ, SigG, SP, StB, VE, ÞurP.

28 þm. (ÁMM, EMS, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GJH, GunnS, HÁ, HBl, JGS, JBH, JHelg, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, PP, SAÞ, StG, SJS, SvG, TIO, VS) fjarstaddir.

13. gr., svo breytt, samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DH, EH, EgJ, EKG, EKJ, GE, GÁ, GHelg, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JónK, JVK, KHG, KS, MJ, MF, MB, PJ, PBald, PBj, RA, RG, SalÞ, SigG, SP, StB, VE, ÞurP.
27 þm. (EMS, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GJH, GunnS, HÁ, HBl, JGS, JBH, JHelg, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, PP, SAÞ, StG, SJS, SvG, TIO, VS) fjarstaddir.

Brtt. 324,2 samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DH, EH, EgJ, EKG, EKJ, GE, GÁ, GHelg, IBA, IP, JÁ, JóhS, JónK, JVK, KHG, KS, MJ, MF, MB, PJ, PBald, PBj, RA, RG, SalÞ, SigG, SP, StB, VE, ÞurP.
28 þm. (EMS, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GJH, GunnS, HÁ, HBl, JE, JGS, JBH, JHelg, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, PP, SAÞ, StG, SJS, SvG, TIO, VS) fjarstaddir.

14. gr., svo breytt, samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DH, EH, EgJ, EKG, EKJ, GE, GÁ, GHelg, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JónK, KHG, KS, MJ, MF, MB, PJ, PBald, PBj, RA, RG, SalÞ, SigG, SP, StB, VE, ÞurP.
28 þm. (EMS, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GJH, GunnS, HÁ, HBl, JGS, JBH, JHelg, JVK, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, PP, SAÞ, StG, SJS, SvG, TIO, VS) fjarstaddir.

15.–23. gr. samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DH, EH, EgJ, EKG, EKJ, GE, GÁ, GHelg, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JónK, JVK, KHG, KS, MJ, MF, MB, PJ, PBald, PBj, RA, RG, SalÞ, SigG, SP, StB, VE, ÞurP.
27 þm. (EMS, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GJH, GunnS, HÁ, HBl, JGS, JBH, JHelg, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, PP, SAÞ, StG, SJS, SvG, TIO, VS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 36 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DH, EH, EgJ, EKG, EKJ, GE, GÁ, GHelg, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JónK, JVK, KHG, KS, MJ, MF, MB, PJ, PBald, PBj, RA, RG, SalÞ, SigG, SP, StB, VE, ÞurP.
27 þm. (EMS, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GJH, GunnS, HÁ, HBl, JGS, JBH, JHelg, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, PP, SAÞ, StG, SJS, SvG, TIO, VS) fjarstaddir.

Bráðabirgðasamkomulag eftir að EFTA-ríki hafa gerst aðilar að Evrópusambandinu, frh. síðari umr.

Stjtill., 182. mál. — Þskj. 204, nál. 330.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:10]
Tillgr. samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DH, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GE, GÁ, GHelg, IBA, IP, JE, JóhS, JónK, KHG, MJ, MF, MB, PJ, PBald, PBj, RA, RG, SalÞ, SigG, SP, StB, VE, ÞurP.
29 þm. (EMS, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GJH, GunnS, HÁ, HBl, JÁ, JGS, JBH, JHelg, JVK, KÁ, KE, KS, LMR, ÓE, ÓRG, PP, SAÞ, StG, SJS, SvG, TIO, VS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DH, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GE, GÁ, GHelg, IBA, IP, JE, JóhS, JónK, KHG, MJ, MF, MB, PJ, PBald, PBj, RA, RG, SalÞ, SigG, SP, StB, VE, ÞurP.
29 þm. (EMS, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GJH, GunnS, HÁ, HBl, JÁ, JGS, JBH, JHelg, JVK, KÁ, KE, KS, LMR, ÓE, ÓRG, PP, SAÞ, StG, SJS, SvG, TIO, VS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 344).

Fjáraukalög 1994, 2. umr.

Stjfrv., 66. mál. — Þskj. 66, nál. 325 og 333, brtt. 326.

[14:11]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Sigbjörn Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir áliti meiri hluta fjárln. um frv. til fjáraukalaga ársins 1994. Frv. var lagt fram á Alþingi 10. okt. sl. og vísað til nefndarinnar eftir 1. umr. þann 19. sama mánaðar. Nefndin hefur kynnt sér frv. í einstökum atriðum og í því skyni leitað skýringa hjá fjmrn. og fagráðuneytum varðandi beiðnir um auknar fjárheimildir frá fjárlögum. Þá hafa forstöðumenn ýmissa ríkisstofnana komið fyrir nefndina, lagt fram upplýsingar um tiltekin verkefni og önnur erindi. Í ljósi þeirra skýringa hefur meiri hluti nefndarinnar fallist á þær tillögur um fjárheimildir sem fram koma í frv.

Ýmis mál voru athuguð sérstaklega í ráðuneytum á meðan nefndin hafði frv. til umfjöllunar. Þau mál hafa nú verið leidd til lykta, í sumum tilvikum með skriflegu samkomulagi milli aðila. Þá hafa ýmis önnur ný útgjaldatilefni komið í ljós. Af þeim ástæðum gerir fjárln. 23 brtt. við frv. sem samtals nema 196,8 millj. kr.

Í töflu sem birt er á fyrstu síðu álits meiri hluta nefndarinnar koma glöggt fram þær breytingar sem lagt er til að verði gerðar á heimildum gildandi fjárlaga. Annars vegar samkvæmt frv. og hins vegar samkvæmt brtt. meiri hluta nefndarinnar. Yfirlitið sýnir að nýjar greiðsluheimildir sem sótt er um vegna ársins 1994 liggja mjög nærri áætlun um útkomu í árslok sem birt var í frv. til fjárlaga næsta árs, en sú fjárhæð nemur um 117,7 millj. kr. Í töflunni kemur einnig fram að gert er ráð fyrir að flytja heimildir sem nema um 1,9 milljörðum kr. frá árinu 1993 til þessa árs í samræmi við reglur þar um.

Til að fyrirbyggja misskilning varðandi þessar tölur minni ég á að þótt samþykktar greiðsluheimildir ársins 1994 verði þannig alls um 119.6 millj. kr. má gera ráð fyrir að sambærilegar heimildir færist milli áranna 1994 og 1995. Greiðsluútkoman í árslok verður þannig væntanlega í samræmi bæði við nýjar fjárheimildir sem þingið hefur samþykkt vegna ársins 1994 og endurskoðaða áætlun.

Nefndin hefur lokið umfjöllun sinni um frv. til fjáraukalaga ársins 1994 og mælir meiri hlutinn með samþykkt frv. með breytingum sem flutt er tillaga um á þskj. 326. Undir álit meiri hlutans rita Sigbjörn Gunnarsson, Sturla Böðvarsson, Einar K. Guðfinnsson, Gunnlaugur Stefánsson, Árni Johnsen og Árni M. Mathiesen

Virðulegi forseti. Ég mun nú gera grein fyrir einstökum brtt. meiri hluta nefndarinnar.

1. brtt. er vegna umboðsmanns Alþingis. Málum og fyrirspurnum sem berast embættinu hefur farið fjölgandi og mun fjárveiting ársins 1994 ekki nægja til rekstrarins. Af þeirri ástæðu er lagt til að framlagið verði hækkað um 1 millj. kr.

2. brtt. varðar Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi. Gerð er tillaga um 2,3 millj. kr. viðbótarheimild til að grynnka á rekstrarhalla síðustu ára. Tillagan miðar að því að greiða fyrir því að nýjum forstöðumanni stofnunarinnar takist að draga úr útgjöldum þannig að starfsemin rúmist framvegis innan þeirra marka sem fjárlög ákvarða.

3. brtt. varðar Námsgagnastofnun. Þegar ákveðið hafði verið að leggja 14% virðisaukaskatt á innlendar bækur frá miðju ári 1993 var fyrirsjáanlegt að geta stofnunarinnar til að úthluta bókum til grunnskóla mundi skerðast af væntanlegum útskatti á framleiðsluna. Fjárln. gerði því brtt. við 2. umr. fjárlaga fyrir árið 1993 um hækkun framlags til stofnunarinnar sem næmi væntanlegri skattlagningu á síðari helmingi ársins 1993. Í fjárlögum ársins 1994 var fjárveiting til bókaframleiðslu hins vegar ekki aukin miðað við skattinn sem stofnunin verður að standa skil á fyrir heilt rekstrarár. Af þeim sökum er lagt til að fjárheimild stofnunarinnar verði hækkuð um 10 millj. kr. í ár. Jafnframt er gert ráð fyrir að sambærileg breyting verði gerð í frv. til fjárlaga næsta ár.

4. brtt. snýr að Lánasjóði ísl. námsmanna. Eins og fram kemur í greinargerð með frv. til fjárlaga ársins 1994 miðast framlag ríkisins við að það nemi 54% af lánveitingum sjóðsins. Þegar sett voru ný lög um lánasjóðinn á árinu 1992 og úthlutunarreglum breytt var talið að þessi hlutdeild ríkisins mundi duga til þess að sjóðurinn gæti viðhaldið óskertri eiginfjárstöðu. Þar sem lánveitingar sjóðsins lækka um 120 millj. kr. frá fjárlögum samkvæmt endurskoðaðri áætlun sem lögð hefur verið fyrir nefndina er nú lagt til að ríkisframlagið lækki um 65 millj. kr. í samræmi við styrkhlutfallið. Sýnt þykir að endurmeta þurfi styrkhlutfallið að fengínni reynslu af nýjum lögum og úthlutunarreglum og hefur menntmrh. þegar skipað starfshóp og falið og honum það verkefni.

5. brtt. tekur til Veiðimálastofnunar. Alþingi samþykkti í vor breytingar á ákvæðum laga nr. 66/1970, um lax- og silungsveiði, sem tóku gildi hinn 1. júní sl. Með þeirri lagabreytingu var gert ráð fyrir auknum útgjöldum vegna eftirlits með ólöglegri sjávarveiði en á móti mundi kostnaður vegna eftirlits við ár færast til veiðiréttareigenda. Í framhaldi af þessum áherslubreytingum er fyrirhugað að efla frekar eftirlit með ólöglegum veiðum í sjó og er gerð tillaga um 2,5 millj. kr. viðbótarframlag til stofnunarinnar af þeirri ástæðu. Í frv. til fjárlaga næsta árs hefur verið gerð sambærileg hækkun.

6. og 7. brtt. eru báðar af sama toga og varða annars vegar Skógrækt ríkisins og hins vegar Héraðsskóga. Tildrög málsins eru að Skógræktin fékk fram til ársins 1992 endurgreiddan virðisaukaskatt af aðföngum til plöntuframleiðslu og vegna nytjaskógræktar bænda. Sama gilti um Héraðsskóga. Nú hafa bæði ríkisskattstjóri og yfirskattanefnd úrskurðað að ekki sé lengur heimilt að reikna innskatt af slíkum aðföngum og gert viðkomandi aðilum að endurgreiða innskattinn fyrir tímabilið 1992–1994.

Lagt er til að fjárheimild Skógræktar ríkisins hækki um 6 millj. kr. til þess að úrskurðurinn leiði ekki til skerðingar á þessu ræktunarstarfi stofnunarinnar. Af sömu ástæðum er lagt til að fjárveiting Héraðsskóga verði aukin um 5 millj. kr.

8. brtt. er vegna málefna fatlaðra á Vesturlandi. Akranesbær hefur frá árinu 1983 rekið verndaðan vinnustað með starfsleyfi frá félmrh. Ríkissjóður hefur greitt laun forstöðumanns, leiðbeinenda og fatlaðra starfsmanna en annar rekstrarkostnaður hefur verið fjármagnaður með sértekjum. Talsverður halli er nú orðinn á rekstrinum, annars vegar vegna þess að markaðir fyrir framleiðsluvörur vinnustaðarins hafa dregist saman og hins vegar vegna þess að fötluðum starfsmönnum hefur fjölgað. Félmrn. hefur lagt vinnustaðnum til sérstakt 4 millj. kr. viðbótarframlag í ár en sýnt þykir að það muni ekki duga til. Gerð er tillaga um 2 millj. kr. hækkun fjárheimildar til að leysa úr þeim vanda. Í þessu sambandi er rétt að geta þess að fyrirhugað er að gera samning um rekstur vinnustaðarins þar sem árlegt framlag ríkissjóðs verði fastbundið en útgjöld umfram það ráðist af sértekjum og öðrum framlögum.

9. brtt. tekur til Brunamálastofnunar ríkisins en þar hefur verið ráðið í stöðu skólastjóra til að undirbúa starfrækslu brunamálaskóla í tengslum við starfsemi stofnunarinnar. Lagt er til að framlag stofnunarinnar

hækki um 1 millj. kr. í þessu skyni.

10. og 11. brtt. snúa báðar að rekstrarhalla sjúkrahúsa undanfarin ár, annars vegar á Akranesi og hins vegar í Neskaupstað. Heilbr.- og trmrn. hefur haft fjárhagsvanda sjúkrahúsanna til athugunar og hefur nú í báðum tilvikum verið undirritað samkomulag við stjórnendur þar sem kveðið er á um aðgerðir til að koma böndum á reksturinn og hvernig brugðist verði við ef vanhöld skyldu verða á tilskildum árangri. Þessir samningar miðast við að leitað verði eftir viðbótarframlögum til að mæta stærstum hluta uppsafnaðs rekstrarhalla og greiða þannig fyrir því að áætlanir nái fram að ganga. Í 10. brtt. er af þessum ástæðum gerð tillaga um 28 millj. kr. framlag til Sjúkrahússins á Akranesi og í þeirri 11. er á sama hátt gerð tillaga um 23 millj. kr. framlag til Fjórðungssjúkrahússins í Neskaupstað.

12. brtt. er vegna Ríkisspítalanna. Heilbr. og trmrn. hefur ásamt fjmrn. unnið að athugun á fjárhagsvanda spítalanna síðan frv. til fjáraukalaga var lagt fram. Þeirri vinnu er nú lokið með skriflegu samkomulagi sem gengið hefur verið frá milli ráðuneytanna og Ríkisspítala. Með hliðsjón af þessari niðurstöðu er gerð tillaga um aukna heimild að fjárhæð 242 millj. kr. Þessu til viðbótar eru 86 millj. kr. á liðnum Launa- og verðlagsmál hjá fjmrn. ætlaðar til að mæta kostnaði við launahækkanir hjúkrunarfræðinga og annarra heilbrigðisstétta á árinu.

Í frv. hafði hins vegar þegar verið gert ráð fyrir 52 millj. kr. viðbótarheimild til Ríkisspítala í þessu sama skyni. Hækkun fjárveitinga frá fjárlögum verða samkvæmt þessu alls 294 millj. fyrir utan þær 86 millj. sem ætlaðar eru til launahækkana heilbrigðisstétta eins og ég gat um hér áður. Með þessari tillögu er gert ráð fyrir að Ríkisspítalar leysi að öðru leyti úr fjárhagsvanda sínum í ár sem ætla má að nemi um 70 millj. kr.

13. brtt. snýr að Borgarspítalanum. Í frv. til fjáraukalaga 1994 er gert ráð fyrir 87 millj. kr. viðbótarheimild til spítalans. 80 millj. kr. vegna ofáætlunar sértekna og 7 millj. kr. vegna sérstakra álagsgreiðslna til lækna. Uppsafnaður fjárhagsvandi Borgarspítalans er hins vegar talinn verð mun meiri eða um 350 millj. kr. á þessu og síðasta ári. Hefur verið leitað leiða til að taka á þeim vanda í tengslum við fyrirhugaða sameiningu við St. Jósefsspítala Landakoti. Niðurstaða þeirra athugana varð sú að samhliða samningi um sameiningu spítalanna gerðu heilbr.- og trmrh. og fjmrh. samkomulag við Reykjavíkurborg um að beita sér fyrir hækkun fjárveitingar um 125 millj. í fjáraukalögum í ár og launabóta og um 100 millj. kr. í fjárlögum næsta árs. Á hinn bóginn er bráðabirgðastjórn hins nýja Sjúkrahúss Reykjavíkur ætlað að ná fram 180 millj. kr. sparnaði með aðhaldsaðgerðum á árinu 1995.

14. brtt. er vegna Hjúkrunarheimilisins Garðvangs í Garði. Á árinu 1993 fór fram starfsmat hjá hjúkrunarheimilinu sem hafði í för með sér nokkra aukningu launakostnaðar. Heilbr.- og trmrn. hefur tekist að útvega fjármagn til að mæta stærsta hluta kostnaðaraukans á árinu 1993 og jafnframt hefur verið tekið tillit til hans í frv. til fjárlaga fyrir komandi ár. Eftir stendur að fé skortir til að mæta hluta kostnaðar frá 1993 og alls ársins 1994. Af þeirri ástæðu er lagt til að fjárheimild stofnunarinnar verði hækkuð um 3 millj. kr.

Með 15. brtt. er lagt til að fjárheimild liðarins „Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum" verði aukinn um 12 millj. kr. Í 6. gr. gildandi fjárlaga, lið 5.13 er heimild til fjmrh. sem er svohljóðandi:

„Að greiða sérstakar bætur til bænda sem verst hafa orðið úti vegna harðæris vorið og sumarið 1993."

Nefnd sem falið var að gera tillögur í þessum efnum hefur lagt til að hin almenna deild Bjargráðasjóðs fái 12 millj. kr. framlag sem síðan verði veitt til bænda í samræmi við fyrri úthlutun sjóðsins fyrr á árinu. Auka þarf greiðsluheimild fjárlagaliðarins til þess að gera þetta kleift.

16. brtt. varðar vaxtagjöld ríkissjóðs en lagt er til að sú fjárheimild lækki um 300 millj. kr. Útkoma fyrstu 10 mánaða ársins sýnir að vaxtagjöld ríkissjóðs lækka enn frekar en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Stafar það einkum af lækkun vaxtastigs innan lands sem kemur fram bæði í skammtímabréfum eða ríkisvíxlum og ríkisbréfum og í langtímabréfum eða spariskírteinum. Á móti vegur að vextir og lántökukostnaður erlendra lána er nokkuð hærri en áætlað var í fjárlögum.

17. brtt. tekur til launa- og verðlagsmála. Eins og fram kemur í greinargerð með frv. til fjáraukalaga 1994 ríkti nokkur óvissa um fjárvöntun vegna kjarasamninga hjúkrunarfræðinga þar sem ekki var fengin endanleg niðurstaða í málið í vinnuhópi fjmrn. og heilbr.- og trmrn. Þeirri athugun er nú lokið og gerð tillaga um 70 millj. kr. hækkun heimildar á þessum lið í samræmi við þær niðurstöður.

Hækkunin frá frv. skýrist einkum af því að áður hafði verið gert ráð fyrir að með kjarasamningum yrðu felldar niður allar yfirborganir og einstaklingsbundin ráðningarkjör hjá sjúkrahúsum. En nú er fyrirhugað að það samkomulag komi til framkvæmda um áramótin.

18. brtt. varðar aðalskrifstofu samgrn. Gerð er tillaga um 4 millj. kr. hækkun þar sem gera þurfti breytingar í starfsmannahaldi og starfslokasamning vegna veikinda hjá aðalskrifstofunni.

19. og 20. brtt. fela í sér millifærslur fjárveitinga að fjárhæð 8 millj. kr. frá hafnarmannvirkjum til sjóvarnargarða. Framlagið er ætlað til að byggja flóðvarnargarð við Vík í Mýrdal og kemur til viðbótar framlagi til sama verkefnis á fjárlagalið Landgræðslu ríkisins í frv. Heildarfjárheimild fjárlagaliðarins verður óbreytt eftir sem áður.

21. brtt. er vegna Flugmálastjórnar. Í greinargerð frv. til fjáraukalaga 1994 er þess getið að þegar það var lagt fram var ekki að fullu lokið við athugun á kostnaðarauka A-hluta stofnunarinnar í kjölfar dóms um kjarasamning flugumferðarstjóra. Nú er komið í ljós að 5 millj. kr. skortir til viðbótar þeim 80 millj. sem gert var ráð fyrir í frv. til að mæta launahækkuninni. Lagt er til að fjárheimild stofnunarinnar hækki sem þessu nemur. Rétt er að nefna í þessu sambandi að launahækkun flugumferðarstjóra sem starfa að þjónustu við millilandaflug fellur undir B-hluta stofnunar-

innar og kemur hún til með að verða greidd með hækkun sértekna frá Alþjóðaflugmálastofnuninni.

22. brtt. varðar framlög til iðju og iðnaðar. Lagt er til að þau hækki um 5 millj. kr. Aðdragandi málsins er sá að þegar námaleyfi Kísiliðjunnar hf. var endurnýjað var stofnaður sérstakur sjóður sem ætlað er að fjármagna undirbúning aðgerða til að efla annað atvinnulíf í Mývatnssveit. Tekjur sjóðsins voru ákveðnar 20% af námagjaldi verksmiðjunnar til ársins 2001 og síðan 68% til 2010. Tekjur sjóðsins nema nú einungis innan við 1 millj. kr. á ári. Af þeirri ástæðu er nú fyrirhugað að efla sjóðinn enn frekar með því að hann fái jafnframt allt að 20% af tekjum ríkissjóðs sem hluthafa í Kísiliðjunni hf. Reiknað er með að þetta framlag sjóðsins geti orðið 5 millj. kr. í ár miðað við að arðgreiðsla verksmiðjunnar til ríkissjóðs verði 25 millj. kr. Gert er ráð fyrir að á næstunni verði lagt fram frv. til breytinga á lögum nr. 80/1966, um kísilgúrverksmiðju við Mývatn, þar sem þetta fyrirkomulag verði lögfest.

23. brtt. varðar framlög til ýmissa orkumála. Gerð er tillaga um 15 millj. kr. hækkun í framhaldi af samþykkt ríkisstjórnarinnar um að beita sér fyrir fjármögnun og athugun á hagkvæmni sinkverksmiðju í samstarfi við bandaríska aðila. Gert er ráð fyrir mótframlögum til verkefnisins.

Virðulegi forseti. Í lokin er rétt að geta þess að við umfjöllun málsins í nefndinni voru nokkur fleiri atriði rædd en frestað til 3. umr. að taka ákvörðun um. Meðal þeirra eru mál er varða Byggðastofnun, mál er varða Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og málefni sem varða jarðræktarframlög.

Að lokum, virðulegur forseti, legg ég til að málinu verði vísað til 3. umr.

[14:31]

Frsm. minni hluta fjárln. (Jón Kristjánsson):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir áliti minni hluta fjárln. um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1994.

Eftir afgreiðslu þessa frv. liggur það fyrir í skýrari dráttum en áður var hver hin raunverulega afkoma ríkissjóðs verður á yfirstandandi ári. Fjárlög hverju sinni þegar þau eru afgreidd byggjast á ákveðnum forsendum um atvinnustig, verðlagsmál og þjóðarframleiðslu og útgjöld koma til síðan á árinu sem ekki var gert ráð fyrir. Starfsemi sem kostuð er af ríkissjóði fer fram úr áætlun. Það er fjárln. að meta þær beiðnir sem berast um viðbótarútgjöld hvort þær eru réttlætanlegar og leggja þær til afgreiðslu Alþingis.

Ríkisfjármál eru einn þyngsti prófsteinn á efnahagsstefnu stjórnvalda hverju sinni. Þessi fjáraukalög eru því þáttur í efnahagsstefnu ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar. Síðustu þrjú ár einkennast af miklum halla ríkissjóðs og þetta ár verður ekki nein undantekning.

Eftir afgreiðslu frv. til fjáraukalaga, sem nú liggur fyrir, stefnir rekstrarafkoma ríkissjóðs á árinu 1994 í að vera neikvæð um 10,9 milljarða kr. Þó aukast tekjur samkvæmt frumvarpinu um 2,6 milljarða kr. Tekjuaukinn er vegna utanaðkomandi áhrifa sem valda því að þjóðartekjur aukast um 1,7% milli ára. Þarna vega þyngst, eins og oft hefur komið fram í umræðum hér á Alþingi, góð loðnuvertíð og auknar úthafsveiðar, einkum í Barentshafi og á Reykjaneshrygg.

Hins vegar er það svo að þessi tekjuauki hverfur allur í útgjaldaauka og meira til og fjáraukalagafrumvarpið sýnir að útgjaldaáætlun fjárlagafrumvarpsins fyrir árið 1994 var röng í stórum dráttum í veigamiklum atriðum. Gjaldahlið frumvarpsins fer 3,9 milljörðum kr. fram úr fjárlögum. Því er ljóst að efnahagsbatinn á árinu, vegna happdrættisvinninga í sjávarútvegi, kemur ekki fram í batnandi afkomu ríkissjóðs og sá vandi ríkisfjármálanna, sem stafar af samdrætti og vaxandi atvinnuleysi, er óleystur.

Fjáraukalagafrumvarpið sýnir að ýmis áform, sem ríkisstjórnin kynnti til sparnaðar við fjárlagagerð 1994, hafa ekki gengið eftir. Á það einkum við um ýmsa liði í heilbrigðisráðuneytinu, svo sem í rekstri sjúkrahúsa og sjúkratryggingakerfinu. Samkvæmt fjáraukalagafrumvarpinu og breytingartillögum meiri hluta fjárlaganefndar eru heimildir ráðuneytisins auknar um 1,9 milljarða kr.

Í sjúkratryggingum hafa áform um sparnað í lyfjum upp á 300 millj. kr., í þjónustu lækna um 300 millj. kr. og í kostnaði við hjálpartæki upp á 100 millj. kr. og aðrar sparnaðaraðgerðir upp á 100 millj. kr. ekki náð fram að ganga. Á þetta benti minni hlutinn rækilega við afgreiðslu fjárlaga á síðasta ári. Sama gildir um rekstur sjúkrahúsanna í landinu. Bent var á að ýmis sparnaðaráform þar mundu ekki ná fram að ganga og rekstrarfjárveitingar til stærstu sjúkrahúsanna dygðu ekki til að halda óbreyttum rekstri. Frumvarpið sýnir svo ekki verður um villst að öll þessi gagnrýni var á rökum reist.

Frumvarpið gerði ráð fyrir viðbótarútgjöldum sjúkrahúsanna upp á 320 millj. kr. Í meðförum fjárlaganefndar hefur komið í ljós að þetta var vanáætlað og enn frekari fjárveitinga var þörf. Hvorki var gert ráð fyrir að mæta útgjaldaauka vegna kjarasamninga né öðrum rekstrarútgjöldum sjúkrahúsanna. Þessi viðbót nemur 548 millj. kr.

Minni hlutinn benti einnig á að sjá hefði mátt fyrir fleiri útgjaldaþætti, svo sem svokallaðar eingreiðslur á vegum almannatryggingakerfisins, útgjöld sem afleiðingu kjarasamninga sem voru lausir um síðustu áramót og útgjöld vegna 6. gr. fjárlaga.

Breytingartillögur meiri hlutans gera ráð fyrir lækkun heimilda á einstökum liðum. Mestu munar þar um vaxtagjöld sem áætlað er að lækki um 300 millj. kr. Þá er framlag ríkissjóðs til Lánasjóðs íslenskra námsmanna lækkað um 65 millj. kr. Minni hlutinn telur það afleiðingu þess hversu hert hefur verið á útlánareglum sjóðsins. Þær aðgerðir hafa orðið til þess að fækka fólki í námi, einkum þeim sem eru með börn á framfæri.

Eins og fram kom í ræðu hv. formanns meiri hluta fjárln. er hann mælti fyrir meirihlutaálitinu, þá eru þrátt fyrir þessa útgjaldaaukningu afgreidd nokkur stórmál sem krefjast viðbótarútgjalda ef á að afgreiða þau á annað borð með jákvæðum hætti. Ég mun koma örlítið að þessum málum síðar.

Ég mun nú víkja nánar að nokkrum tilteknum at-

riðum sem koma fram í áliti minni hluta fjárln. Er þá fyrst til þess að taka að sá tekjuauki sem orðið hefur á árinu hefur allur farið til þess að mæta auknum útgjöldum. Gjaldahið fjárlaga fer því um það bil 4 milljarða kr. fram úr áætlun. Það má geta þess að hér eru ekki öll kurl komin til grafar. Eins og kom fram í framsöguræðu formanns fjárln. þá er miklum útgjaldamálum frestað fram til 3. umr. Þetta vekur allt saman spurningar um það hvort útgjaldaáætlun frv. er byggð á raunsæi eða hvort verið er að fresta augljósum útgjöldum sem sýnt er að komi til á árinu til fjáraukalaga hverju sinni. Það er skoðun minni hluta fjárln. að fjárlög eigi að vera raunsæ og þar eigi að draga upp veruleikann eins og hann er hverju sinni. Við teljum að nokkuð hafi skort á það við síðustu fjárlagagerð og heilbrigðis- og tryggingamálin eru sláandi dæmi þar um.

Ég minnist þess og það er reyndar skjalfest hér í þingtíðindum að hv. 1. þm. Norðurl. e. benti rækilega á við 3. umr. fjárlaga síðasta ár hvað þessar aðgerðir sem fyrir lágu í heilbrigðismálum þá og sparnaðaráform voru illa grundaðar enda hefur nú allt komið á daginn sem hann sagði þá.

Hér segir hann, með leyfi forseta, við 3. umr. fjárlaga fyrir ári síðan:

„Mun ég fyrst snúa mér að því að ræða nokkuð um heilbrigðismálin vegna þess að þar sýnist mér að forsendurnar sem fjárlagafrv. gengur út frá, nú þegar komið er að lokaafgreiðslu þess og við erum að ræða það við 3. umr., séu allar á mjög veikum grunni reistar."

Síðan rekur hann í ræðu sinni lið fyrir lið þær áætlanir sem fyrir lágu frá páv. heilbrrh. um sparnað og nú er þetta allt komið fram eins og það leggur sig. Það sýnir sig í því að viðbótarheimildir fyrir heilbr.- og trmrn. eru hvorki meira né minna en 1.915 millj. kr. og enn stendur út af hallarekstur ýmissa sjúkrahúsa og hefur ekki fengið afgreiðslu enn. Hins vegar vil ég geta þess að það hafa verið gerðir samningar um vanda nokkurra sjúkrahúsa sem er tekið á í þessu fjáraukalagafrv. og er það merki um það að meiri hluti fjárln. og ríkisstjórnin hafa nú loks horfst í augu við veruleikann í þessum efnum. Má þar nefna sjúkrahúsin í Reykjavík og eins hefur verið tekið á gömlum vanda á Akranesi og í Neskaupstað og ber að geta þess. En það er skoðun minni hluta fjárln. að í þessum rekstrarmálum sjúkrahúsanna verði að horfast í augu við veruleikann eins og hann er hverju sinni en ekki velta málum á undan sér.

Það eru í þessu fjáraukalagafrv. ákvæði sem gera ráð fyrir lækkun á útgjaldaheimildum. Þar er gert ráð fyrir lækkun vaxta um 300 millj. kr. Þessi lækkun sýnir það eitt hve vaxtamálin eru gríðarlega mikilvægur þáttur, fyrir ríkissjóð eins og aðra aðila í þjóðfélaginu. Vaxtagjöld ríkissjóðs eru komin yfir 10 milljarða kr., þannig að hin minnsta hreyfing á vöxtum niður á við hefur afar mikla þýðingu fyrir afkomu ríkissjóðs eins og sést á því að útgjöld lækka um 300 millj. kr. vegna vaxtalækkunar á innanlandsmarkaði eins og formaður fjárln. rakti. Hins vegar eru ýmis sólarmerki sem benda til þess að hér geti veður öll verið válynd fram undan og kem ég örlítið að því síðar.

Ég vil aðeins fara nokkrum orðum um þá lækkun á heimildum sem frv. gerir ráð fyrir vegna Lánasjóðs íslenskra námsmanna.

Í minnisblaði sem fjmrn. sendi frá sér þann 5. des. til fjárln. er fjallað um þessi mál og segir svo þar, með leyfi forseta, þar sem rætt er um Lánasjóð íslenskra námsmanna:

Í fjárlögum var framlag til sjóðsins ákvarðað 1.550 millj. kr. og við það miðað að það þyrfti að nema 54% af lánveitingum til að sjóðurinn gæti viðhaldið óbreyttri eiginfjárstöðu. Endurskoðuð áætlun sjóðsins um lánveitingar í ár bendir til að þær verði 120 millj. kr. lægri en áætlað var við setningu fjárlaga. Er því lagt til að ríkisframlagið lækki tilsvarandi í samræmi við styrkhlutfallið eða um 65 millj. kr. Reynslan af nýjum lögum og úthlutunarreglur sjóðsins bentu til að unnt væri að lækka þetta hlutfall enda hefur þegar verið skipaður starfshópur til að endurmeta hlutdeild ríkissjóðs í fjármögnun sjóðsins. Það ætti út af fyrir sig að vera fagnaðarefni þegar heimildir eru lækkaðar en ég verð að segja fyrir mig að ég finn ekki til mikillar ánægju yfir þessari afgreiðslu. Málefni Lánasjóðs íslenskra námsmanna eru með þeim hætti að við hv. þm. ættum ekki að vera stoltir af þeim. En það sem verra er er að það er ekki annað að finna en hæstv. ráðherrar sem fjalla um þessi mál og forráðamenn Lánasjóðs íslenskra námsmanna sumir hverjir séu ánægðir með þetta ástand. Sannleikurinn er sá að þessi lækkun stafar af því að það hefur verið hert á reglum um úthlutun lána úr Lánasjóði íslenskra námsmanna þannig að námsfólk hefur hrakist frá námi í stórum stíl.

Í bréfi frá lánasjóðnum, sem barst til fjárlaganefndar 24. nóv. sl., er gerð grein fyrir fjölda lántakenda hjá sjóðnum. Þar kemur fram að árið 1992 eru þeir 5.609 en árið 1994 eru þeir 4.048. Þarna munar hvorki meira né minna en 1.600, það eru 1.600 færri lántakendur og forráðamenn sjóðsins hafa einfalt svar við því. Þeir segja: Það eru svona miklu færri lántakendur af því að fólk tekur ekki lán og þarf ekki á lánum að halda. Ég held því miður og hef í rauninni gögn um það undir höndum að hér sé um blekkingar að ræða. Það er nú svo að jafnvel þótt hægt sé að ímynda sér að einstaka námsmaður á höfuðborgarsvæðinu flytji í foreldrahús og hætti að taka námslán þegar lögum um lánasjóðinn er breytt þá getur þessi skýring á fækkuninni ekki gilt um barnafólk né stúdenta af landsbyggðinni. Það ætti að vera alveg óumdeilt að þessir hópar þurfa á öllum lánum sínum að halda og vel það. Lánasjóður íslenskra námsmanna hefur gefið frá sér þær tölur sem ég vitnaði í hér. En mér hafa borist tölur frá Stúdentaráði Háskóla Íslands um heildarfjölda íslenskra námsmanna. Þar kemur fram að heildarfjöldi íslenskra námsmanna í námi árið 1993–1994 er 11.478 námsmenn eða 3,8% fjölgun en ef þessi þróun hefði verið með svipuðum hætti og var þá ætti þessi fjöldi að vera 12.915 námsmenn miðað við 4% fjölgun árlega. Það er því ekki um að villast að þessi lækkun á framlögum til lánasjóðsins, þessi lækkun á heimildum, stafar af því

að námsmenn hafa hrakist frá námi í vaxandi mæli vegna hertra reglna um lánasjóðinn. Það hefði verið nær að nota þetta fjármagn til að styrkja stöðu hans og slaka á þessum reglum sem m.a. koma fram í því að nemendum á fyrstu önn er vísað í bankakerfið til að fjármagna sitt nám.

Ég hef undir höndum minnisblað um hvað þetta getur þýtt fyrir námsmenn. Ég held að það væri fróðlegt fyrir hv. þm. að hlýða á það. Yfirskriftin er, með leyfi forseta: Hvað verður um þá sem taka nokkur hundruð þúsund króna yfirdráttarlán í banka sér til framfæris út á námsloforðið frá LÍN?

1. Einn hópur, hann er vonandi stærstur, nær prófum á tilskildum tíma og fær lánað fyrir áætluðum vaxtakostnaði frá sjóðnum. Heildarkostnaður LÍN vegna þessara vaxtabóta er ekki undir 40 millj. kr. á ári. Fjörutíu millj. kr. milliliðakostnaður sem rennur beint til bankanna.

2. Annar hópur fellur eða frestar jóla- og jafnvel einnig vorprófum. Ástæður fyrir slíku geta verið margbreytilegar eins og allir annaðhvort þekkja eða geta ímyndað sér. Afdrifum þessa hóps má skipta í tvennt. Í fyrsta lagi þeim sem ná prófum um haust. Þeir einstaklingar þurfa að bera á bilinu 20–50 þús. kr. vaxtabyrði á bankareikningum á ári. Einstæðir foreldrar hæst því þeir fá hæstu lánin. Þessi hópur greiðir tugþúsundir í vexti til bankastofnana þó að hann skili 100% *námsframvindu á ársgrundvelli*. Þessi hópur hefði ekki lent í neinum vandræðum í gamla kerfinu. Í öðru lagi þeir sem falla á haustprófum. Þeir fá ekki afgreidd nein námslán. Þessi hópur getur verið með á bilinu 367 þús., sem er meðalnámslán á ári hjá námsmanni, allt að 813 þús. kr. fyrir einstætt foreldri með tvö börn á framfæri.

Hvað gerir einstaklingur sem er með mörg hundruð þús. kr. bankalán á bakinu á yfirdráttarvöxtum *tékkareikninga sem nú er um 10% auk verðbóta*? Ég held að þetta ætti að vera þeirri nefnd sem vitnað er til í áliti meiri hlutans og virðist starfa eftir því fororði að lækka ríkisframlagið til lánasjóðsins, ég held að þessi nefnd ætti að hafa þessar staðreyndir í huga.

Eins og kom fram í ræðu hv. formanns fjárln. þá eru óafgreidd nokkur stórmál hjá hv. fjárln. og það liggur ekkert fyrir um það hvort þessi mál fái jákvæða afgreiðslu eða ekki. Ekki orð annað en það að þeim *hefur verið frestað til 3. umr.*

Þá ber að nefna málefni Innheimtustofnunar sveitarfélaga og þau vanskil sem hafa myndast í stofnuninni vegna hækkunar barnsmeðlaga. Það hefur verið rakið í umræðum á Alþingi að það eru sveitarfélög undir 3.000 íbúum sem bera þessi vanskil. Þetta mál var leyst með aukafjárveitingu á síðasta ári upp á 250 millj. kr. Samkvæmt gögnum sem ég hef undir höndum eða bréfi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dags. 6. des., segir svo, með leyfi forseta:

„Óviðunandi er að aukin vanskil barnsmeðlaga vegna ákvarðana ríkisstjórnarinnar skuli bitna á sveitarfélögum með innan við 3.000 íbúa. Því er lagt til að sá vandi sem Jöfnunarsjóður sveitarfélaga stendur nú frammi fyrir verði leystur með nákvæmlega sama hætti og á síðasta ári. Enda hafa engar forsendur breyst frá þeim tíma. Sú málsmeðferð er í samræmi við tillögu nefndar er félmrh. skipaði til að fjalla um málefni meðlagsgreiðenda og meðlagsmóttakenda en nefndin skilaði tillögum sínum í október sl."

Enn fremur segir í þessum minnispunktum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga:

„Nauðsynlegt er því að inn á fjáraukalög ársins 1994 komi framlag til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga að fjárhæð 160 millj. kr. Með þeirri ráðstöfun gæti Jöfnunarsjóðurinn sinnt sínu hlutverki og greitt þjónustuframlög til viðkomandi sveitarfélaga að fullu, þótt greiðslur sjóðsins af eigin ráðstöfunarfé hækkuðu úr 300 millj. kr. árið 1993 í 360 millj. kr. árið 1994."

Þarna eru sveitarfélögin að rétta fram höndina og bjóðast til að greiða 60 millj. kr. umfram það hámark sem var ákveðið á sínum tíma. En viðbrögðin hafa ekki verið önnur en þau að fresta málinu fram til 3. umr. En ég vil samt að þetta komi fram við þessa umræðu þannig að þingheimur geti gert sér sem ljósasta grein fyrir þessu máli. Eins og kom fram þá eru það sveitarfélög með undir 3.000 íbúum sem greiða þessar fjárhæðir. Þetta geta verið verulegar upphæðir eins og skrá yfir þessi sveitarfélög sýnir. Þar kemur fram að fyrir bæjarfélag eins og Borgarnes er þessi upphæð 5,2 millj. kr., 5,2 millj. kr. fyrir Siglufjörð, 2,5 millj. kr. fyrir Eyjafjarðarsveit, 4,7 millj. kr. fyrir Neskaupstað og þannig mætti lengi telja. Þetta eru upphæðir fyrir sveitarfélögin sem liggja á bilinu frá nokkur hundruð þúsund upp í yfir 5 millj. kr., sem munar um einmitt nú þegar sveitarfélögin eru að gera sína fjárhagsáætlanir. Einnig má geta þess að framtíðin í þessum málum er alveg jafnóviss því þetta er aðeins yfirstandandi ár sem hér er um að ræða.

Í tillögum og greinargerð nefndar sem skilaði af sér til félmrh. 19. okt. er lagt til í fyrstu tillögu að ríkissjóður greiði á árinu 1994 aukafjárveitingu til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að sjóðurinn geti sinnt hlutverki sínu. Aukafjárveitingin nemi sömu upphæð og fjárvöntun Innheimtustofnunar sveitarfélaga umfram 300 millj. kr.

Ég trúi ekki öðru en að ríkisstjórn og meiri hluti fjárln. muni taka jákvætt á þessu máli milli 2. og 3. umr. þegar þetta mál kemur til umræðu.

Annað mál sem er frestað til 3. umr. er málefni Byggðastofnunar. Það er tekið inn í fjáraukalagafrv. fjárveiting til Byggðastofnunar vegna Vestfjarðaaðstoðar sem var samþykkt sl. vor. Það eru fleiri samþykktir sem liggja fyrir og Byggðastofnun átti að taka þátt í og það er þáttur hennar í búvörusamningnum sem var gerður árið 1991. Þar er viðauki um stuðningsaðgerðir við að Byggðastofnun verði úthlutað fjármagn og að Byggðastofnun verði útvegað fjármagn til að greiða fyrir annarri atvinnuuppbyggingu á þeim stöðum sem viðkvæmastir eru fyrir samdrætti í sauðfjárframleiðslu. Við þetta fyrirheit hefur ekki verið staðið en reiknað var með því að á árinu 1992 yrðu veittar 100 millj. í þessu skyni, 100 á árinu 1993, 50 á árinu 1994, 50 á árinu 1995, 50 1996 og 50 á árinu 1997. Á árinu 1993 fékk stofnunin 20 millj. kr. fram-

lag sem aukafjárveitingu vegna búvörusamningsins en það vantar 230 millj. kr. upp á að við þetta ákvæði hafi verið staðið.

Það er því afar brýnt að taka á þessu máli því auðvitað er það ekki vansalaust þegar gerðir eru samningar og við þá er svo ekki staðið. Það er alveg sama hvort hér er um að ræða sauðfjárbændur eða sveitarfélög, það er náttúrlega ekki viðunandi að ríkisvaldið geri samninga og ætli sér svo ekki að standa við þá og allar aðgerðir miði að því að horfast ekki í augu við veruleikann, velta þessum samningum á undan sér og reyna að komast hjá því með öllu móti að halda þá. Þess vegna verður að taka á þessu máli.

Sama er að segja um jarðræktarframlögin sem er hin mesta hörmungarsaga. Síðan ég hóf störf í fjárln. Alþingis hefur þessum jarðræktarframlögum verið velt á undan sér ár eftir ár og eru þó skýr ákvæði í lögum um að þessi framlög eigi að greiða samkvæmt ákvæðum fjárlaga hverju sinni. Þessar framkvæmdir hafa verið teknar út og bændur hafa framkvæmt í þeirri trú að þeir væru í fullum rétti. Í þetta mál verður að nást niðurstaða og gera hreint borð og koma þessum málum á þann grundvöll að þessar framkvæmdir séu gerðar upp eins og lög gera ráð fyrir. Um þetta gildir ákveðin löggjöf og það er náttúrlega alveg útilokað að ríkisvaldið reyni að koma sér undan því að standa við sitt í þessu efni.

Því hefur verið haldið fram að hér sé um lítil frávik frá fjárlögum að ræða sem þessi fjáraukalög sýna. Þessar staðhæfingar koma m.a. hér fram þar sem rætt er um afkomu ríkissjóðs og í fjárlagaræðu vegna ársins 1995 hjá hæstv. fjmrh. þá segir hann að þáttaskil hafi orðið í efnahagsmálum hér á landi. Hann rekur árangur efnahagsstefnunnar og stefnu ríkisstjórnarinnar sem hann telur að hafi komið glöggt í ljós og segir eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Í stað stöðnunar og jafnvel samdráttar undanfarinna ára birtast æ fleiri vísbendingar um að efnahagslífið sé að rétta úr kútnum og hagvöxtur sé tekinn að glæðast á nýjan leik. Engin merki eru þó um þenslu og verðbólga lítil og nánast engin samkvæmt nýjustu upplýsingum frá Hagstofu Íslands. Afgangur er á viðskiptajöfnuði og erlendar skuldir fara því lækkandi. Vextir hafa því lækkað og atvinnuleysi er minna hér en annars staðar. Loks eru horfur á að afkoma ríkissjóðs á árinu 1994 verði nær markmiðum fjárlaga en verið hefur um langt árabil."

Þessar fullyrðingar verða að skoðast í ljósi þess sem ég gat um hér í upphafi að efnahagsbatinn er ekki vegna aðgerða ríkisstjórnarinnar, heldur er hann vegna þess að jákvæðir þættir hafa verið í sjávarútvegi, góð loðnuvertíð, mikil verðmætasköpun í loðnufrystingu, mikil veiði á úthafinu en að öðru leyti hafa aðgerðir ríkisstjórnar ekki komið hjólum atvinnulífsins til að snúast og sá tekjuauki sem verið hefur á árinu hefur farið í aukin útgjöld og meira en það og eru þó ekki öll kurl komin til grafar eins og hér hefur verið rakið. Þar að auki eru ýmsar blikur á lofti. Það er nú svo að lánsfjárþörf ríkissjóðs samkvæmt fjáraukalagafrv. vex um rúmlega 8 milljarða kr. Þar veldur mestu um að markaðurinn hefur ekki tekið við húsnæðisbréfum á þeim vöxtum sem krafist hefur verið. Það er merki um að þau öfl sem markaðnum ráða sem eru orðin virt mælieining hér á landi treysta ekki efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar og ýmis teikn eru á lofti um það að vextir geta farið upp á ný. Þetta er alvarlegt aðvörunarmerki sem bætist við það að afkoma einstaklinganna í landinu er í voða eins og rætt hefur verið um hér á þessum morgni og rakið vel í utandagskrárumræðum. Verðmætasköpunin er í óvissu, hjól atvinnulífsins hafa ekki snúist á fullu, atvinnuleysið heldur áfram að vera um 5%. Vandinn sem fylgir því er einn mesti vandi ríkisfjármálanna. Ríkisfjármálin eru í vítahring vegna þess að það hefur ekki tekist að vinna bug á atvinnuleysinu og auka verðmætasköpunina til jafns við það sem er í nágrannalöndunum. Meðan svo er, þá er ekki ástæða til að hæla sér mikið, hvorki fyrir hæstv. ráðherra né aðra hv. stjórnarliða, af framvindu efnahagsmála. Veruleikinn er nefnilega allt annar og hann kemur m.a. fram í þessu fjáraukalagafrv. þar sem eru ekki öll kurl komin til grafar.

Fjárlög og fjáraukalög, sem eru afleiðing af fjárlögum og í rauninni hluti af þeim ef grannt er skoðað, eru einn veigamesti þátturinn í efnahagsstefnu ríkisstjórnar á hverjum tíma. Minni hluti fjárln. getur ekki tekið ábyrgð á efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar né stefnu hennar í ríkisfjármálum. Þó að hér sé um leiðréttingar að ræða sem nauðsynlegar eru í frv., þá getur minni hlutinn ekki samþykkt frv. heldur mun sitja hjá við frv. í heild en áskilur sér rétt til að flytja eða fylgja brtt. sem fram kunna að koma.

Ég hef lokið við að gera grein fyrir áliti minni hluta fjárln. en undir það skrifa Jón Kristjánsson, Guðmundur Bjarnason, Guðrún Helgadóttir, Jóna Valgerður Kristjánsdóttir og Margrét Frímannsdóttir.

Útbýting þingskjals:

Ráðstafanir í ríkisfjármálum 1995, 278. mál, stjfrv., þskj. 345.

[15:11]

Guðni Ágústsson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég verð að gera athugasemd við það hér að þegar þetta mál er rætt, þá er enginn ráðherra viðstaddur, ekki eins einasta málaflokks. Ég verð að segja það þegar ég sé þær brtt. sem lagðar eru fram með þessu fjáraukalagafrv., svo ég víki beint að sjúkrahúsunum, þá er þar verið að leiðrétta vanda hjá aðeins þremur stofnunum úti á landi. Það tengist allt því að þingmenn úr Sjálfstfl. og Alþfl. eru í fjárln. úr þessum kjördæmum en það á að svelta litlu sjúkrahúsin önnur um allt land og þetta er ábyrgðarhlutur og ég geri kröfu um að hæstv. heilbrrh. komi hér og helst fjmrh. einnig til þess að gera grein fyrir þessum atriðum. Það er svo sem gott að hafa hv. þm. Sturlu Böðvarsson, hv. þm. Gunnlaug Stefánsson og hv. þm. Árna Mathiesen í fjárln. sem ganga svo heim, berja á brjóst sér og segja: Við leiðréttum allt hjá okkur en okkur varðar ekkert um hina. Þá varðar ekkert um Ísafjörð, Selfoss, Akureyri eða Blönduós þannig að mín krafa er sú, hæstv. forseti, að heilbrrh. komi hér og segi hvern-

ig hann ætlar að bjarga vanda hinna sjúkrahúsanna. Hér í þessari brtt. er verið að leiðrétta við örfá sjúkrahús upp á 500 millj. Ég tek undir það með hv. þm. Jóni Kristjánssyni að það eru ekki öll kurl komin til grafar. Það eru einhver hundruð millj. í viðbót sem liggja í vanda hjá öðrum sjúkrahúsum sem á ekki að sinna í gegnum þetta fjáraukalagafrv.

(**Forseti** (SalÞ): Tala um fundarstjórn.)

Hæstv. forseti. Það er ljóst hvað ég er að biðja um: að hæstv. heilbrrh. verði við umræðuna.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Nú hefur forseti verið upplýstur um að hæstv. heilbrrh. sé í erindum erlendis en forseti hefur gert ráðstafanir til að láta kanna hver sé staðgengill hans. Hæstv. fjmrh. er hér í húsinu og honum hefur verið gert viðvart.

[15:13]

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Hv. 5. þm. Suðurl. tók af mér ómakið með ræðu sinni hér áðan. Það er auðvitað óviðunandi að við séum að ræða hér fjáraukalög án þess að nokkur hæstv. ráðherra sé viðstaddur. Það eru þeir sem við þurfum að eiga orðastað við og ég vil ítreka að ég vil helst ekki hefja mál mitt fyrr en hæstv. fjmrh. er kominn í þingsal. — Má ég spyrja hæstv. forseta, tekur það langan tíma að ná í hæstv. ráðherra?

(**Forseti** (SalÞ): Nú getur forseti ekki svarað hve langan tíma það tekur, en eins og forseti hefur áður nefnt, þá mun hæstv. fjmrh. vera í húsinu og forseti hefur gert ráðstafanir til þess að gera honum viðvart og væntir þess að hann komi hér í salinn.)

Ég veit að þetta er erfitt fyrir hæstv. forseta og skal því hefja mál mitt en það er auðvitað ekki nokkur mynd á þessari umræðu að hér skuli ekki vera formenn helstu nefnda og ríkisstjórnin öll, það af henni sem er hér á landi. Auðvitað virðum við ef menn eru að skyldustörfum erlendis en það er alveg lágmark að menn taki þátt í umræðu um fjárhagsstöðu eigin málaflokka.

Hv. 2. þm. Austurl. hefur annast framsögu fyrir nefndaráliti minni hlutans og ég ætla ekki að þreyta hv. þingmenn með því að endurtaka það sem hann sagði. Við í minni hlutanum erum sammála um það sem þar kom fram en ég ætla að víkja að ýmsu því sem honum vannst ekki tími til að gera skil.

Fyrst ætla ég að segja að það er átakanlegt að við skulum enn standa frammi fyrir 10 milljarða halla þó að tekjur ríkissjóðs hafi aukist um nær 3 milljarða á yfirstandandi ári og ósýnt er hver hallinn verður á endanum þegar gengið verður frá lokun fjárlaga ársins 1995. Hér í morgun fór fram merkileg umræða um ástandið í fjármálum heimilanna og við skyldum ætla að þau hljóti að vera nátengd því sem við erum að gera hér. Þar blasir við slíkur vandi að ég hygg að þegar við afgreiðslu fjárlaga næsta árs hljótum við að taka það ástand alvarlega til athugunar áður en hálf þjóðin verður beinlínis gjaldþrota. En gallinn er sá að þessi hæstv. ríkisstjórn er málefnalega gjaldþrota og rétt í þessu var verið að leggja á borð okkar frv. til laga um aðgerðir í ríkisfjármálum og það er ekki fögur sjón sem þar blasir við því að enn á að herða sultarólina, þ.e. fólkið í landinu á að herða sultarólina. Ég fæ ekki séð hvernig þetta ástand endar og það var ekki að ófyrirsynju að hv. 5. þm. Suðurl. tók það mál upp utan dagskrár á þessum morgni.

Það hefur áður komið fram að þetta frv. til fjáraukalaga er gervifrv. að því leyti að frestað er til 3. umr. viðamiklum málaflokkum sem samkomulag er ekki um innan ríkisstjórnarinnar og verður því að bíða þeirrar umræðu til að sjá hver niðurstaðan verður úr því. En einn er sá málaflokkur sem menn hafa ekki þrek til að takast á við og það eru menntamálin í landinu. Þar er haldið áfram að skera niður og það blasir við að frá 1991 hafa framlög til menntamála lækkað um 2,1 milljarð. Enn stendur til að fresta, samkvæmt frv. sem liggur á borðum okkar um aðgerðir í ríkisfjármálum, öllu því sem til bóta átti að verða í grunnskólamálum og verður það auðvitað rætt seinna. En alvarlegast er e.t.v. ástandið í Háskóla Íslands. Þar vantar beinlínis 300 millj. til þess að halda uppi þeirri kennslu sem háskólinn hefur tekið að sér og í nývígða Þjóðarbókhlöðu vantar umtalsvert fé til þess að hægt sé að koma henni af stað svo að sómi sé að. Ég fæ því ekki séð hvernig við getum haldið svona áfram. Jöfnunarsjóð sveitarfélaga vantar á yfirstandandi ári allt að 300 millj. kr. og þannig mætti lengi halda áfram. Ég held að hæstv. ríkisstjórn þyrfti að setjast niður og reyna að gera sér grein fyrir hvert hún er í raun og veru að fara.

Nú er ég viss um að hún á ekki ein sök á öllum óförum í ríkisfjármálum og — hvað er nú orðið af hæstv. ráðherra? (Gripið fram í.) Hæstv. ráðherra er að tala í síma, en hefur e.t.v. hæfileika til að hlusta með hinu eyranu á það sem fram fer hér. En ég held að hæstv. ríkisstjórn þurfi að setjast niður og reyna að gera sér grein fyrir hvert er verið að fara með þetta þjóðfélag. Við erum að afgreiða frv. eins og þetta þó að við vitum að það vanti í það gífurlegar fjárhæðir og við erum farin að afgreiða frv. sem þetta bara til þess að afgreiða það. Þetta nær auðvitað ekki nokkurri átt. Hvorki hæstv. ríkisstjórn né hæstv. fyrri ríkisstjórnir hafa t.d. tekið í alvöru á samstarfi sveitarstjórnarmanna og Alþingis. Stundum er ekki laust við að okkur finnist að þar spili menn einleik sem ekki er alltaf í þágu þjóðarinnar með góðri aðstoð þeirra sem aðstöðu hafa innan hv. fjárln. Það er alveg hárrétt sem kom fram hjá hv. 5. þm. Suðurl. Það er engin tilviljun hvaða sjúkrahús fá fjárskortinn bættan. Þannig á auðvitað ekki að vinna. En því miður hefur það ekki tekist sem lagt var upp með í upphafi kjörtímabilsins eftir fræga Noregsferð nefndarmanna úr hv. fjárln. til þess að kynna sér hvernig aðrar þjóðir vinna að gerð fjárlaga, því miður virðast menn ekki hafa neitt af því lært þó að annað kæmi fram í skýrslu sem skrifuð var. Þar hefur meiri hlutinn alvald og hlustar lítt á minni hluta og þess vegna er frv. sem þetta ekki á ábyrgð minni hlutans. Við fáum þar hvergi nærri að koma og má segja að seta okkar þar sé kurteisisskyldurækni við þingið sem til þess hefur kosið okkur en ákvarðanir

okkar vega þar ekkert og þess vegna er þetta algerlega á ábyrgð meiri hlutans.

Ég sé ekki betur en það hljóti að verða að vinna að öðru frv. til fjáraukalaga sem allra fyrst vegna þess að hér er vandinn á engan hátt leystur og hallinn á eftir að hækka umtalsvert þannig að ég sé ekki ástæðu til að vera að fara ofan í það í smáatriðum. Það er auðvitað ekki haus eða sporður á stjórn ríkisfjármála og það er ekki annað sýnt en það haldi hér áfram. Við alþýðubandalagsmenn munum að sjálfsögðu sitja hjá við afgreiðslu þessa frv. og vonum að sem fyrst verði reynt að vinna frv. til fjáraukalaga sem eitthvert mark er takandi á.

[15:23]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Það liggur fyrir við 2. umr. um fjáraukalög fyrir árið 1994 að forsendur fjárlaga stóðust ekki frekar en endranær. Breyting frá fjárlögum er að tekjur verða samkvæmt því sem nú er áætlað 2,6 milljörðum kr. hærri en áætlað var en það dugar þó ekki til að halda sama halla og var í fjárlögum yfirstandandi árs því að gjöldin hækka einnig um 3,9 milljarða kr. samkvæmt frv. og síðan koma breytingartillögur til viðbótar frá meiri hluta fjárln. sem eru í kringum 200 millj. kr. Áætlun gerir því ráð fyrir að mismunurinn verði a.m.k. 1,5 milljarðar kr. ef þessar breytingartillögur eru teknar með í reikninginn.

Það liggur einnig fyrir samkvæmt því sem hv. formaður fjárln. sagði í framsögu sinni um nefndarálit meiri hlutans að enn er eftir að taka á nokkrum atriðum sem ekki hefur verið ákveðið hvernig verða afgreidd. Þau vandamál eru nokkuð stór og ef við leggjum gróft saman þær upphæðir sem þar er um að ræða þá er það um einn milljarður kr. og mundi fjárlagahallinn hækka sem því næmi ef við því yrði orðið. Með öðrum orðum, þá hækkar fjárlagahallinn líklegast í ár um upp undir 5 milljarða kr. svo að hann verður engan veginn 9,6 milljarðar kr. eins og áætlað var í fjárlögum heldur líklega 5 milljörðum kr. hærri.

Það eru auðvitað ánægjulegar fréttir að tekjurnar skyldu hafa orðið hærri en fjárlög ársins gerðu ráð fyrir en því miður eru slæmu tíðindin þau að lánsfjárþörfin eykst, hún hækkar. Hrein lánsfjárþörf hækkar úr 11,7 milljörðum kr. í 20 eða um 8,8 milljarða kr. og heildarlánsfjárþörfin hækkar meira að segja allmikið frá því sem Ríkisendurskoðun gerði ráð fyrir þegar hún gerði skýrslu um afkomuhorfur ríkissjóðs á miðju ári. Þá var gert ráð fyrir því að lánsfjárþörfin yrði í kringum 31 milljarður kr. en núna lítur út fyrir að lánsfjárþörfin sé 36,5 milljarðar, heildarlánsfjárþörfin. Með leyfi forseta ætla ég að taka hér upp úr athugasemdum með frv. til fjáraukalaga þar sem mér finnst það ekki hafa komið nægilega skýrt fram hér, en mér finnst stærsta málið þegar við erum að ræða um fjárlög ársins vera lánsfjárþörf ríkissjóðs, hvað hún eykst í framhaldi af þeim halla sem ævinlega verður á hverju ári. Með leyfi forseta er í athugasemdum við frv. talað um lánahreyfingar:

„Í fjárlögum 1994 var hrein lánsfjárþörf ríkissjóðs áætluð 11,8 milljarðar. Að viðbættum afborgunum eldri lána var heildarlánsfjárþörf ríkissjóðs talin vera 27,7 milljarðar kr. Hrein lánsfjárþörf er nú áætluð 20,6 milljarðar kr. og heildarlánsfjárþörfin því 36,5 milljarðar kr." eða eins og ég sagði áðan um 8,8 milljörðum kr. hærri en fjárlög gerðu ráð fyrir. Það er ekki nóg svo að ég bæti því við, það er ekki nóg að hallinn hafi hækkað núna um 3,9 milljarða kr. og bætist e.t.v. einn milljaður við í viðbót, heldur hefur lánsfjárþörfin hækkað um 8,8 milljarða kr. (**Fjmrh.:** Skýringin kemur fram.) Sú aukning skýrist að vísu, hæstv. fjmrh., af því að ríkissjóður hefur þurft að hafa milligöngu um 7 milljarða kr. lántöku fyrir Húsnæðisstofnun ríkisins þar sem innlend lánsfjáröflun stofnunarinnar hefur ekki gengið sem skyldi.

Það er líka rétt að benda á það að ríkissjóður hefur þurft að fjármagna lán fyrir húsnæðiskerfið og það kemur m.a. til af því að fjmrn. hefur neitað að selja húsnæðisbréf á þeim kjörum sem markaðurinn krefst. Það hefur því ekki verið hægt að selja bréfin á þeim kjörum. Þar með hefur auðvitað safnast upp mikil skuld hjá ríkissjóði og ríkissjóður orðið að fjármagna húsnæðiskerfið.

Síðan má bæta því við að það hækka einnig lánveitingar til Þróunarsjóðs sjávarútvegsins um hálfan milljarð kr. samkvæmt fjáraukalagafrv. Við vorum að ræða í gær um Þróunarsjóð sjávarútvegsins. Þar kom fram að búið væri að úthluta úr honum 1,5 milljörðum og stefndi í að það væru líklega 2 milljarðar kr. sem úthlutað væri úr Þróunarsjóðnum til þess að úrelda skip og eyðileggja. Þannig er þeim fjármunum varið.

Virðulegi forseti. Mér finnst það nokkuð athyglisvert þegar við erum að skoða tekjuöflun ríkissjóðs á yfirstandandi ári að þrátt fyrir það að virðisaukaskattur á matvælum var lækkaður niður í 14% úr 24,5%, þá hefur orðið aukning í þeim sköttum og mér finnst eðlilegt að varpa þeirri spurningu fram hvort það sanni þá kenningu að þegar skattar lækka, þá verði meiri umsvif og velta í kjölfarið. Það er líka athyglisvert að tekjur af bifreiðum og bensíni verða lægri samkvæmt því sem nú er áætlað, lægri heldur en fjárlög gerðu ráð fyrir, en þar voru einmitt miklar hækkanir ákveðnar um síðustu áramót. Og þrátt fyrir það að þessar hækkanir hafi verið ákveðnar sem áttu að skila meiri tekjum til ríkissjóðs þá verða tekjurnar af þessum gjöldum, þ.e. bifreiðagjaldi og bensíni, lægri en gert var ráð fyrir. Í raun og veru sýnir það að boginn hefur verið spenntur nokkuð hátt. Það er ekki alltaf þannig að hækkanir sem eiga að skila auknum tekjum skila sér vegna þess að þá eru hlutirnir einfaldlega orðnir svo dýrir að fólk minnkar við sig notkun og kaup á þessum hlutum og þarna kemur það fram í því að fólk kaupir t.d. síður nýja bíla en það hefur gert á undanförnum árum þegar kaupmáttur var meiri hjá fólki, enda hefur dregist mjög mikið saman innflutningur og ekki síst í nýjum bílum.

Sala eigna skilar einnig minna og enn þá einu sinni lægri tekjum heldur en fjárlög hafa gert ráð fyrir og það er eiginlega athyglisvert, ég held að ég muni það rétt að í fjárlagafrv. fyrir árið 1995 er ekki gert ráð

fyrir neinum tekjum af sölu eigna og sýnir það nú að menn eru loks að átta sig á því að sala eigna skilar ekkert miklum tekjum í ríkissjóð, enda er oft og tíðum nánast um gjöf að ræða.

Það er einnig rétt að vekja athygli á því að núna er farið að hafa þann háttinn á að yfirfæra heimildir á milli ára og skekkir það nokkuð myndina um afkomu ríkissjóðs. Um síðustu áramót, 1993–1994, var yfirfærsla á heimildum vegna rekstrar og stofnkostnaðar tæpir 2 milljarðar kr. sem kemur þá inn í tekjurnar á þessu ári eða til framkvæmda á þessu ári. Síðan er aftur fært á milli um næstu áramót en það stefnir þó í að það verði ekki sama upphæð þannig að þetta rúllar nú ekki sjálfkrafa í gegn heldur verður sennilega um minni upphæð að ræða næsta árið sem verður færð á milli. En þarna eru tveir milljarðar kr. sem ekki voru nýttir á síðasta ári og koma inn til framkvæmda og reksturs á þessu ári.

Það er freistandi að gera hér nokkuð grein fyrir örfáum liðum í fjáraukalagafrv. eins og það er núna. Því miður var ég ekki hér við 1. umr. um þetta frv. en eftir því sem ég gat séð í þeim umræðum sem komnar eru út í þingtíðindum þá hefur ekki mikið verið farið í að skoða einstaka liði í því fjáraukalagafrv. sem liggur frammi og síðan hafa bæst við fleiri liðir í brtt. meiri hluta fjárln. Það verður þá fyrst fyrir að skoða að það kemur fram á ýmsum liðum að lýðeldishátíðin í sumar fór allmikið úr böndum og það er auðvitað ámælisvert að það skuli ekki hafa verið meira að marka þá áætlun sem gerð var um þann kostnað. Og það koma hér aukaframlög bæði hjá Alþingi, forsrn. og dómsmrn. vegna þessa máls. Það er auðvitað ekkert við því að gera úr því sem komið er. Það verður að standa við þær greiðslur sem búið er að efna til en það er ámælisvert að áætlunin skuli hafa farið svo mikið úr böndum sem greinilegt er að hún hefur gert.

Ég get ekki látið hjá líða að nefna Byggðastofnun sem reyndar er enn óafgreidd hjá hv. fjárln. og mun verða rætt í 3. umr. hvort Byggðastofnun muni fá viðbótarframlag vegna búvörusamninga sem hún telur sig enn vanta. Ég ætla ekki að gera það sérstaklega að umræðuefni þar sem hv. formaður fjárln. hefur lýst því yfir að þetta verði skoðað fyrir 3. umr. En í fjáraukalagafrv. núna er viðbótarframlag að fjárhæð 300 millj. kr. og skýringin á því er að það sé vegna erfiðleika í atvinnulífi á Vestfjörðum og þar sé átt við þau lög sem samþykkt voru í vor um Vestfjarðaaðstoð. Mér finnst alveg fullkomin ástæða til að geta þess hér sem mér finnst hafa verið mjög rangfært oft og tíðum úti í þjóðfélaginu að hér er ekki um framlag, ekki um aðstoð sem beint framlag að ræða. Þetta er víkjandi lán. Þetta víkjandi lán á að greiða aftur eftir framleiðnihæfni þeirra fyrirtækja sem í hlut eiga. Það er líka ástæða til þess að árétta það að þetta lán hefur ekki enn, svo mér sé kunnugt um, verið greitt til nokkurra fyrirtækja. Ég legg enn og aftur áherslu á það að hér er um lán að ræða fyrir utan 15 millj. kr. sem áttu að fara til sérstakrar atvinnusköpunar, nýsköpunar, og er að ég held verið að úthluta eða a.m.k. komnar tillögur um úthlutun á því. En þau lán sem áttu að fara til fyrirtækjanna eru held ég ekki enn komin til greiðslu og jafnvel ekki enn búið að ákveða hverjir fái þau.

Ég vil þá aftur minna á það að við vorum að ræða um áðan að Þróunarsjóður sjávarútvegsins fengi 500 millj. kr. til viðbótar í þessu fjáraukalagafrv. og það er ekki talin ástæða til þess að skýra það nema með einni línu í fjáraukalagafrv. og það verða alveg örugglega ekki jafnmiklar umræður um það hverjir fái þær 500 millj. kr. eins og búið er að verða um þessar 300 millj. kr. í víkjandi láni til Vestfjarða.

Það er lítils háttar aukning til utanrrn. sem er einnig vert að vekja aðeins athygli á. Til hvers skyldi það nú vera? Prentun og útgáfa á gerðum og viðaukum í tengslum við EES-samninginn upp á tæpar 9 millj., þýðingarmiðstöð 14 millj. og síðan aukinn ferðakostnaður ráðuneytisins vegna formennsku Íslands í EFTA. Alls eru þetta í kringum 30 millj. kr. og kemur raunar ekki á óvart enda kostnaður við framkvæmd EES-samningsins, undirbúning og framkvæmd víða falin í ýmsum liðum í ráðuneytunum.

Það hefur komið hér fram og ég nefndi það áðan að það er eftir að afgreiða ýmsa liði sem bíða til 3. umr. og er hægt að nefna það hér en ég ætla ekki að gera að sérstöku umtalsefni, það gefst tækifæri til þess í 3. umr. og það er um Innheimtustofnun sveitarfélaganna, þ.e. um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga sem þarf framlag vegna Innheimtustofnunar sveitarfélaganna. Hv. frsm. minni hluta nefndarinnar gerði vel grein fyrir því hér áðan.

Það vantar einnig framlag til Byggðastofnunar vegna búvörusamnings og síðan jarðræktarframlög.

Hvað Lánasjóð ísl. námsmanna varðar sem hér er gerð tillaga um að lækki um 65 millj. kr. þá hefur það komið fram að það er vegna þess að sjóðurinn hefur sett sér ákveðna reglu um hvað mikið ríkissjóður leggi fram af því fjármagni sem sjóðurinn þarf á að halda og það er 54%, minnir mig, af því sem sjóðurinn þarf á að halda í lántöku.

Það er alveg staðreynd að lánasjóðurinn hefur sett sér þannig reglur við úthlutun lána að það kemur þannig út að lánþegum sjóðsins fækkar og þar af leiðandi eru framlög lægri sem þarf til úthlutunar.

Það er einnig hægt að minna á það að enn þá hefur lánasjóðurinn ekki sett sér þær reglur að veita neina beina styrki eins og gert er í lánasjóðskerfum annarra þjóða. Hér á landi eru engir beinir styrkir heldur aðeins þau lán sem hægt er að fá í lánasjóðnum sem eru háð stífum reglum og oft og tíðum óréttlátum reglum, vil ég segja. Mér hefði fundist eðlilegra að hækka þá heldur hlutfallið og stuðla að því að lánasjóðurinn liðkaði til þessar reglur og gæti þá notað það fjármagn sem hann átti upphaflega að hafa.

Það kemur einnig fram í þessu frv. og ásamt því sem Ríkisendurskoðun gerði grein fyrir um framkvæmd fjárlaga fyrir sex mánuði þessa árs að atvinnutryggingardeild Byggðastofnunar hefur fengið niðurfellingu upp á rúman milljarð króna sem kemur inn í þennan heildarpakka. Niðurfellingu um rúman milljarð króna, 1 milljarð og 32 millj. kr. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra, ef hann heyrir mitt mál, hverjir fengu

þá niðurfellingu? Hvað er verið að fella niður af lánum hjá atvinnutryggingardeild Byggðastofnunar? Þarf ekki að ræða það svona álíka eins og víkjandi lán til Vestfjarða?

Það væri hægt að fara mörgum orðum um þann kafla sem tilheyrir heilbr.- og trmrn. en af því að hv. frsm. minni hluta fjárln. hefur gert mjög vel grein fyrir því í sínu nál. þá ætla ég ekki að endurtaka það en vil aðeins minna á að í fjáraukalagafrv. núna er farið fram á 400 millj. kr. aukafjárveitingu vegna lífeyristrygginga. Síðan kemur það fram í fjárlagafrv. fyrir næsta ár að það á enn að leika sama leikinn í næstu fjárlögum, þ.e. það á að draga úr framlögum til lífeyristrygginga og síðan er alltaf komið með fjáraukalagafrv. sem sýna að það verður að bæta við þetta. Það er svolítið merkileg ein setning í fjárlagafrv. fyrir næsta ár. Það á að takast að draga úr lífeyristryggingum með því að skerða bætur þeirra lífeyrisþega sem fá húsaleigubætur á næsta ári. Það verður athyglisvert að fylgjast með því hvernig á að framkvæma það. Hvernig eiga húsaleigubæturnar að hafa áhrif á það og er hægt að gera það algjörlega án lagabreytinga? Við vorum að fá rétt áðan á borð hjá okkur frv. til ráðstafana í ríkisfjármálum. Ég gat ekki séð að þar væri neitt tekið á neinum lögum sem tilheyrðu lífeyristryggingum þannig að það er spurning hvort það á að breyta þessum réttindum bara með reglugerðarbreytingum í heilbrrn., rétt eins og oft hefur verið gert og síðast á miðju sumri í sambandi við tekjutryggingu ekkna og örorkulífeyrisþega.

Í fjmrn. er farið fram á 300 millj. kr. aukafjárveitingu til kaupa á húseigninni Rauðarárstíg 25 af Byggðastofnun og Framkvæmdasjóði og utanrrn. er að flytja þangað. Mér er spurn hvort ekki hefði verið hægt að gera þetta á einhvern ódýrari hátt heldur en að kaupa hús upp á 300 millj. kr. og svo er kannski eftir — maður getur slegið fram 50–100 millj. til að breyta þessu húsnæði svo utanrrn. geti flutt inn í það eða kannski er það flutt inn í það án þess að mér sé kunnugt um það. En það er alla vega verið að fara fram á 300 millj. kr. aukafjárveitingu vegna þessara kaupa.

Síðan langar mig til að gera að umtalsefni brtt. hv. meiri hluta fjárln. Ég get samþykkt að mörgu leyti þær breytingar því mér sýnist að þar sé verið að leiðrétta ýmislegt sem ekki var tekið tillit til við gerð fjárlaga þrátt fyrir ábendingar okkar í minni hluta fjárln. og allmargra hv. þm. á Alþingi. Það er vissulega til bóta margt af því sem verið er að gera nema eins og ég segi að ég er mjög ósátt við það að það skuli verið að skerða eða lækka framlagið til Lánasjóðs ísl. námsmanna.

Í iðnrn. er verið að óska eftir í brtt. 15 millj. kr. fjárveitingu til markaðsskrifstofu iðnrn. og Landsvirkjunar og því á að verja til að fjármagna athugun á sérstökum kostum í orkufrekum iðnaði og m.a. verður athuguð hagkvæmni af rekstri sinkverksmiðju í samstarfi við bandaríska aðila.

Það væri nokkuð fróðlegt að vita það hvað markaðsskrifstofa iðnrn. og Landsvirkjunar hefur notað mikið fjármagn á undanförnum árum til þess að athuga sérstaka kosti í orkufrekum iðnaði og hversu mikið af því ætli hafi skilað sér í því að fyrirtæki hafi komið hingað eða orðið hér til. Hins vegar tók ég eftir því að í frv. sem liggur á borðum okkar um ráðstafanir í ríkisfjármálum á að skerða Atvinnuleysistryggingasjóð um framlag sem hann hefur fengið til þess að veita fólki til atvinnusköpunar til þess að vera á launum við að stofna til nýrra fyrirtækja. En það virðist vera allt í lagi að veita 15 millj. kr. til markaðsskrifstofunnar til þess að gera meiri athuganir á orkufrekum iðnaði.

Mér liggur nú við að spyrja, en ég veit ekki til hverra ég ætti að beina þeirri spurningu þar sem hæstv. samgrh. er ekki hér staddur en helst hefur heyrst að þetta sé mikið áhugamál hans eða landbrh. öllu heldur vegna þess að hér er um að ræða sinkverksmiðju sem hann hefur hug á að tengja Áburðarverksmiðju ríkisins.

Ég velti því fyrir mér hvort það sé það hagstæðasta fyrir okkur þó auðvitað þurfum við á öllum ráðum að halda í sambandi við ný atvinnutækifæri, hvort það sé það ráðlegasta fyrir okkur á sama tíma og landbúnaðurinn er að reyna að einbeita sér að því að vera sem allra vistvænastur, gera landið að hreinni ímynd fyrir vistvænan landbúnað og framleiðslu þá skuli hæstv. landbrh. vera að beita sér fyrir því að reyna að koma hér inn sinkverksmiðju sem ég held að bæti ekki þá ímynd því mér skilst að það sé verksmiðja sem flestar þjóðir vilji losna við að hafa starfandi í sínu landi. Ég hef miklar efasemdir um að þessu fjármagni sé vel varið með því að veita það til markaðsskrifstofu iðnrn. og Landsvirkjunar.

Virðulegi forseti. Ég hef komið þeim athugasemdum á framfæri sem mér fannst nauðsynlegt að gera í þessari umræðu og vekja athygli á því sem helst hefur vakið athygli mína í þeirri afgreiðslu sem ég hef tekið þátt í núna síðustu daga. Ég tel að þetta frv. sanni það enn og aftur að fjárlögin voru óraunhæf, að fjárlagahallinn verður ekki 9,6 milljarðar heldur verða gjöldin líklega 5 milljörðum kr. hærri en gert var ráð fyrir. Og það að hallinn verði hugsanlega ekki nema 12–13 milljarðar er fyrst og fremst vegna þess að tekjurnar urðu meiri sem hæstv. ríkisstjórn hafði heldur ekki gert ráð fyrir. En það sýnir, eins og ég sagði enn og aftur, að fjárlagagerðin er í skötulíki og ekki nægilega marktækt unnin.

[15:52]

Sturla Böðvarsson:

Virðulegi forseti. Ég vil við þessa umræðu um fjáraukalög fyrir árið 1994 koma inn á nokkur atriði, en hv. formaður fjárln. hefur gert grein fyrir þeim breytingartillögum sem meiri hluti fjárln. hefur lagt fram og eru til umræðu. Áður en ég kem að því að ræða einstaka liði þeirra breytingartillagna vil ég aðeins út af ræðum hv. stjórnarandstæðinga segja að það er eðlilegt að stjórnarandstaðan geri athugasemdir við að það sé halli á ríkissjóði. Það er áhyggjuefni okkar allra og hefur verið undirstrikað mjög rækilega í þingsölum af hv. þm. stjórnarliðsins. En vandi okkar liggur í því að tekjur hafa fremur lækkað en hækkað og í mörgum til-

vikum er erfitt að koma böndum á útgjöld einstakra stofnana og þróunin hefur verið sú að það hefur verið leitað eftir auknum útgjöldum á flestum sviðum ríkisrekstrar má segja.

Þess er skemmst að minnast og vil ég, hæstv. forseti, nota tækifærið og nefna það að 1. des. var tekið í notkun glæsilegt hús fyrir Landsbókasafn – Háskólabókasafn og Þjóðarbókhlaðan tekin í notkun með hátíðlegri athöfn. En það liðu ekki nema nokkrir dagar þangað til byrjað var að kvarta undan því af stjórnendum þeirrar stofnunar að það vantaði stórkostlega fjármuni, það yrði kotungsbragur á búskap í því glæsilega húsi. Hæstv. forseti. Ég má til með að nefna þetta vegna þess að ég undraðist mjög þennan málflutning forstöðumanns Landsbókasafnsins og tel það ekki vænlegt til þess að skapa skilning hjá almenningi þegar þannig er gengið fram strax á fyrstu dögum án þess að það liggi nokkuð fyrir hvernig Alþingi ætli að afgreiða framlög til þeirrar stofnunar sem vissulega er mikilvæg. Þetta vildi ég að kæmi fram í upphafi máls míns vegna þeirra orða hv. stjórnarandstæðinga sem töluðu um að víða þyrfti að auka útgjöldin en gagnrýndu um leið að halli væri á ríkissjóði.

Í tillögum meiri hluta fjárln. er m.a. tillaga um hækkun á framlögum til rekstrar vegna umboðsmanns Alþingis. Það er ekki há upphæð, það er 1 millj. kr. Af þessu tilefni vil ég segja að ég tel að vísu að þessi stofnun sé prýðilega rekin og þarna fari fram mjög mikilvæg starfsemi, en það er umhugsunarefni fyrir okkur hv. þm. að það skuli þurfa jafnumfangsmikla starfsemi og fer fram hjá umboðsmanni Alþingis til þess að sinna athugasemdum sem koma fram við einstakar stofnanir ríkisvaldsins. Það er nauðsynlegt og afar mikilvægt að reyna að hemja vöxt slíkra stofnana, að það sé ekki algerlega sjálfvirkt hvernig útgjöld geti þar aukist.

Undir menntmrn. er gerð tillaga um hækkun á framlögum til Námsgagnastofnunar upp á 10 millj. kr. Þetta er viss leiðrétting vegna virðisaukaskattsgreiðslna en ég vil undirstrika það, og það kemur reyndar fram í greinargerð með brtt. meiri hluta fjárln., að gert er ráð fyrir því að samsvarandi leiðrétting fari fram á frv. til fjárlaga fyrir árið 1995. Af því tilefni vil ég segja að ég tel að Námsgagnastofnun sé mjög mikilvæg stofnun og sinni grunnskólunum ágætlega og það þurfi að gæta þess að hún geti sem best sinnt þeirri þjónustu. Grunnskólarnir eru mjög mikilvægir í okkar menntakerfi og Námsgagnastofnun tengist því að sjálfsögðu. Ég vildi nefna þetta alveg sérstaklega.

Undir landbrn. er gerð tillaga um hækkun á framlagi til Veiðimálastofnunar. Þetta tengist veiðieftirliti vegna laxveiða. Það hefur komið í ljós að það þarf að herða eftirlit með laxveiðum. Samfara fjölgun hafbeitarstöðva og auknu laxeldi hefur að því er virðist þörfin aukist fyrir þetta eftirlit. Það er mjög mikilvægt vegna þeirra sem eru með laxveiðiár og með ræktun lax í ám að það sé tryggt að ekki sé stunduð ólögleg laxveiði. Þess vegna vil ég undirstrika það og leggja áherslu á að þetta framlag er nauðsynlegt og raunar mikilvægt.

Það eru hér fleiri liðir. Ég heyrði það á hv. þm. Guðna Ágústssyni áðan þegar hann ræddi um stjórn fundarins að hann hefur áhyggjur af því að meiri hluti fjárln. hefur nú gert tillögur um að leiðrétta framlög til tiltekinna sjúkrastofnana, en samkvæmt brtt. meiri hluta fjárln. er gert ráð fyrir því að hækka framlög til Sjúkrahússins á Akranesi um 28 millj. kr., Fjórðungssjúkrahússins í Neskaupstað um 23 millj. kr. og framlög til Garðvangs um 3 millj. kr. auk þess sem Ríkisspítalar og Borgarspítali fá leiðréttingu á framlögum sem er upp á mjög háar fjárhæðir.

Vegna orða hv. 5. þm. Suðurl., Guðna Ágústssonar, þá vil ég segja það og minna hann á að verulegur hluti þessa uppsafnaða vanda er frá tíð þeirrar ríkisstjórnar sem hann studdi sl. kjörtímabil. Við umræðu um fjárlög þessa árs kom það fram að meiri hluti fjárln. hafði óskað eftir því að heilbrrn. gerði úttekt á rekstri þessara stofnana og að gerð yrði tillaga um með hvaða hætti þessum uppsafnaða halla yrði mætt og niðurstaða hafi fengist. Það hafi verið gerðir samningar við þessi tvö sjúkrahús sérstaklega og einnig við Ríkisspítala og Borgarspítala og niðurstaðan liggur fyrir í formi tillagna. Ég tel að hv. þm. hefði fremur átt að fagna þessu en að nota þetta tækifæri til þess að skapa sér tilefni til umræðu um stjórn fundarins sem var mjög undarleg satt að segja. En þessar tillögur eru mjög mikilvægar og sýna að þarna var uppsafnaður vandi sem heilbrrn. hafði því miður ekki fallist á eða viðurkennt, vonandi áttað sig á en ekki komið neinni niðurstöðu frá sér. Hún er fengin núna og því ber að fagna.

Hins vegar vil ég taka það fram að það eru eftir sem áður óleyst viðfangsefni eins og jafnan er gagnvart ýmsum sjúkrastofnunum en vonandi tekst að ná endum saman og gera tillögur sem leysa þann vanda. En samt sem áður vil ég taka það fram, hæstv. forseti, að við þurfum að beita aga og aðhaldi gagnvart ríkisstofnunum, ekki bara í heilbrigðiskerfinu heldur sem víðast og í raun alls staðar og ég held að sú ríkisstjórn sem nú situr að völdum og stjórnarmeirihlutinn hefur beitt sér mjög fyrir því að efla aga í ríkiskerfinu og það hefur borið árangur. Hins vegar stöndum við frammi fyrir því að kröfurnar um þjónustu hafa aukist og við þingmenn verðum að velja og hafna, forgangsraða og sýna sanngirni. Ég tel mjög mikilvægt að við lítum yfir landið allt og reynum að tryggja að ekki síst þær stofnanir sem sinna heilbrigðisþjónustunni fái sanngjarna meðferð í afgreiðslu fjárlaga.

Undir fjmrn. er hér brtt. sem lýtur að minni vaxtaútgjöldum. Því ber að fagna en ég sá ekki að þeir hv. þm. sem töluðu hér af hálfu stjórnarandstöðunnar legðu mjög mikið upp úr því að draga þá staðreynd fram að vextir hafa lækkað.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu. Þó vil ég aðeins nefna, ekki síst vegna orða hv. 6. þm. Vestf. sem vakti athygli á brtt. meiri hluta fjárln. um framlög undir liðnum Ýmis orkumál, 15 millj. kr., vegna undirbúnings og markaðsleitar vegna stóriðju, að þessu ber að fagna alveg sérstaklega. Ef það eru tækifæri í augsýn sem þarf að skoða betur, þá

tel ég afar mikilvægt að nýta og leggja nokkra fjármuni til undirbúningsvinnu vegna þess. Það skiptir okkur afskaplega miklu máli að allra leiða sé leitað til þess að koma hér upp stóriðjurekstri sem nýtir þá orku sem við höfum þegar virkjað og er ekki nýtt í dag. Því fagna ég þessu. Það var ánægjulegt að heyra hv. þm. vekja sérstaka athygli á því að landbrh. hefði beitt sér í þessu máli og því ber svo sannarlega að fagna.

Varðandi þá þætti sem nefndir hafa verið hér, bæði af hv. formanni fjárln. og eins þeim sem hér hafa talað, um að óleyst séu mál sem snúa m.a. að Innheimtustofnun sveitarfélaga og Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna slakrar innheimtu barnsmeðlaga þá vil ég segja að að þessu máli þarf að vinna. Þetta er ekkert einfalt mál, en ég tel að það þurfi að leita ásættanlegrar niðurstöðu hvað þetta mál varðar. Þarna er vissulega um vanda að ræða vegna þess að þetta snýr að útgreiðslum úr jöfnunarsjóði en samkvæmt lögum ber Jöfnunarsjóður sveitarfélaga ábyrgð á því að Innheimtustofnunin hafi fjármuni til að standa skil á sínum greiðslum. Þetta verður hins vegar að skoða og ég vona að fyrir 3. umr. hafi fengist einhver niðurstaða sem aðilar geti orðið ásáttir um.

Varðandi önnur atriði svo sem það sem nefnt var um byggðastjórnun og jarðræktarframlög ætla ég ekki að hafa mörg orð um. Það kemur í ljós hvaða niðurstaða verður þar.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þessar brtt. sem meiri hluti fjárln. flytur. En ég vænti þess að það takist að ljúka afgreiðslu fjáraukalagafrv. Það er mikilvægt að því megi ljúka sem allra fyrst þannig að það verði hægt að fara að vinna grundvelli þess.

[16:07]

Frsm. minni hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. 1. þm. Vesturl. talaði um það í ræðu sinni að stjórnarandstæðingar í fjárln. krefðust aukinna útgjalda en gagnrýndu jafnframt halla á ríkissjóði. Ég lét í ljós þá skoðun í minni ræðu að það ætti að nota svigrúmið hjá Lánasjóði ísl. námsmanna til að rétta hag námsmanna. Ég krafðist aukinna útgjalda að því leyti. En hitt vil ég segja að halli ríkissjóðs er nátengdur atvinnustefnunni í landinu. Ég er þeirrar skoðunar að menn ráði ekkert við halla ríkissjóðs vegna þess að þjónustuþörfin er mikil eins og hv. 1. þm. Vesturl. sagði nema að ná tökum á atvinnuþróuninni í landinu. Það er mál númer eitt ef svo má segja og tvö og þrjú. Því að eins og ég gat um í ræðu minni þá er þessi atvinnuvandi jafnframt mesti ríkisfjármálavandinn og drjúgur hluti af halla ríkissjóðs stafar einmitt af ástandinu í atvinnumálum. Þessu má ekki gleyma.

[16:09]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Vegna orða hv. 2. þm. Austurl. vil ég segja að við fjöllum ekki á Alþingi um úthlutunarreglur Lánasjóðs ísl. námsmanna. Stjórn Lánasjóðs ísl. námsmanna hefur komist að niðurstöðu um úthlutunarreglur og á grundvelli þeirra úthlutunarreglna hefur komið í ljós að það þarf ekki að nýta þá fjármuni sem fjárlagaheimildir höfðu gert ráð fyrir. Við erum að fella þá staðreynd að fjárlögum.

Hvað varðar atvinnustefnuna þá er ég alveg sammála hv. þm. um að það hefur verið og er vandi í okkar atvinnulífi sem endurspeglast síðan í tekjum ríkissjóðs. Ég held að okkur sé báðum ljóst að við leysum það ekki með því að hækka skatta og enn síður að auka ríkisútgjöldin. Staða ríkissjóðs og staða atvinnuveganna eru nátengdar en sem betur fer þá blasir við betri tíð að því er virðist. Það er vöxtur í atvinnulífinu og svo sannarlega ber að vona að hann verði varanlegur og komi í ljós og ríkissjóður verði var við þann bata þó það gerist ekki í neinum stökkum. Við verðum að fara varlega, við verðum að gæta þess að verðbólgan fari ekki á skrið og við missum tök á þeim stöðugleika sem hefur verið einkenni þeirrar stjórnarstefnu sem hér hefur verið við lýði síðustu ár.

[16:11]

Frsm. minni hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er rétt að fjárln. fjallar ekki um úthlutunarreglur Lánasjóðs ísl. námsmanna. Hins vegar er forustuhlutverk menntmrn. ótvírætt í þessu efni. Sjóðurinn heyrir undir það ráðuneyti. Ég mælti þessi aðvörunarorð vegna þess að hér segir: „Reynslan af nýjum lögum og úthlutunarreglum sjóðsins benti til að unnt væri að lækka þetta hlutfall, þar af leiðandi ríkisframlagið til sjóðsins. Enda hefur verið skipaður starfshópur til að endurmeta hlutdeild ríkissjóðs í fjármögnun sjóðsins."

Það á sem sagt að nota tækifærið af því að úthlutunarreglurnar hafa fækkað fólki við nám til að lækka framlag til sjóðsins. Það er stefnumörkunin sem í þessu felst. Það er stefnumörkunin frá menntmrn., frá ríkisstjórninni og sem meiri hluti hv. fjárln. tekur undir.

[16:12]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Eitthvað passar þetta allt illa saman hjá hv. þm. vegna þess að í dag er það þannig að það hefur aldrei verið meiri aðsókn að framhaldsskólum og okkar háskólum. Ég sé ekki betur en að ungmenni þessa lands eigi greiðan aðgang að námi sem sést m.a. á því að vandi háskólans felst í því að það eru svo margir sem leita eftir að komast í þann skóla. Við höfum stofnað háskóla á Akureyri, við höfum eflt Kennaraháskólann, við höfum eflt Tækniskólann og þannig mætti lengi telja. Sem betur fer. Það er grundvöllur þessarar þjóðar að sem flestir geti stundað langskólanám og eflt þannig menntun í landinu og þá möguleika sem við höfum til að efla atvinnulífið og menningu í landinu.

[16:13]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. 1. þm. Vesturl. furðaði sig á því að ég skyldi ekki fagna því að það væri tækifæri í augsýn með einhverja stóriðjukosti í sambandi við þær 15 millj. sem veita á til markaðsskrifstofu iðnrn. Ég vil bara benda á það eins og ég gerði áðan að ég tel

að hér sé um mengandi stóriðju að ræða. Við kvennalistakonur erum ekki á móti stóriðju, enda höfum við lagt fram frv. um vetnisframleiðslu sem er stóriðja, en við erum á móti mengandi stóriðju. Ég efast um að sinkverksmiðja sé eitthvað annað en mengandi stóriðja, a.m.k. hefur hún verið það í öðrum löndum.

Í öðru lagi þá held ég að þeim 15 millj. kr. væri betur varið til að styrkja ýmis atvinnufyrirtæki sem eru að þreifa sig áfram í nýsköpun og nýrri atvinnu hér á landi en að veita því til markaðsskrifstofunnar í þessu skyni. Það er fyrst og fremst það sem ég átti við með þessari athugasemd hér áðan.

Hv. 1. þm. Vesturl. gerði einnig athugasemd við það að við stjórnarandstæðingar hefðum ekki haft á orði þann gleðiboðskap að vextir hefðu lækkað á þessu ári. Það er vissulega rétt að vextir lækkuðu framan af árinu en þeir hafa bara því miður verið að hækka núna seinni hluta ársins. Það stefnir í að þeir muni halda því áfram.

[16:15]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það væri fróðlegt að heyra það hjá hv. 6. þm. Vestf., hvort Kvennalistinn muni greiða atkvæði gegn því komi fram frv. hér á þinginu um að reisa sinkverksmiðju. Það væri fróðlegt að fá það klárt fram. Þá liggur það fyrir og þingið getur unnið að málinu í ljósi þess.

[16:16]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það væri náttúrlega mjög ánægjulegt ef við kvennalistakonur, sem erum ekki nema fimm í þinginu, hefðum eitthvert vald á að ráða því hvaða frv. eru lögð fram af hálfu stjórnarinnar. Ég vildi að svo væri í fleiri málum. En hvort við munum greiða atkvæði gegn því ef hugsanlega kemur fram frv. um sinkverksmiðju er ekkert hægt að segja á þessu stigi málsins. Það fer alveg eftir því hvernig sú verksmiðja væri og hvort hún væri mengandi þegar allt kæmi til alls. Hins vegar benti ég á að sinkverksmiðjur hafa yfirleitt þótt mjög mengandi starfsemi í öllum öðrum löndum.

[16:17]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er oft þannig þegar rætt er um stóriðju þá er vakinn upp sá draugur að hún sé mjög mengandi. Sinkverksmiðja hefur verið til umræðu og vegna þess flutti hv. þm. Hjörleifur Guttormsson fyrirspurn í þinginu um það. Þar segir, með leyfi forseta: „Ef svo er hvert er þá álit ráðuneytisins á umhverfisþáttum er tengjast slíkri verksmiðju.“

Í svari ráðuneytisins segir, með leyfi forseta: „Þau gögn sem Zink Corporation of America hefur lagt fram til þessa gefa til kynna að mengun frá umræddri vinnslu sé innan þeirra almennu marka sem sett eru í mengunarvarnareglugerð.“

Það hlýtur að vera aðalatriði málsins að mengun sé innan þeirra reglna sem við setjum. Ef mengun fer hins vegar út fyrir þær reglur þá hljóta stjórnvöld að grípa til aðgerða. En niðurstaðan er sú og það hefur komið fram í þinginu í svari til hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar að mengun er talin innan þeirra marka sem sett eru.

[16:18]

Gunnlaugur Stefánsson:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Sigbjörn Gunnarsson, formaður fjárln., hefur gert rækilega grein fyrir frv. til fjáraukalaga sem hér er til umræðu. Það hefur einnig varaformaður nefndarinnar, hv. þm. Sturla Böðvarsson, gert og vil ég taka undir það sem þeir hafa sagt í umræðunni. Það hefur tekist gott samkomulag milli stjórnarflokkanna um þetta frv. til fjáraukalaga og mér sýnist að það taki á ýmsum vanda sem nauðsynlegt var að sinna að þessu sinni. Eins og kunnugt er þá hefur ríkissjóður átt í hremmingum og þrengingum um alllangt skeið. Hann hefur verið rekinn með halla um meira en tíu ára skeið og það veldur sannarlega áhyggjum þegar svo gerist ár eftir ár. En það er einnig kunnugt að staða þjóðarbúsins hefur verið erfið núna sl. þrjú ár. Það þarf ekki að rekja þá sögu. Þá sögu þekkja allir og finna allir fyrir þeim þrengingum sem hafa átt sér stað í þjóðfélaginu. Auðvitað setja slíkar þrengingar sitt mark á ríkisfjármálin og gera það að verkum að svigrúmið er þrengra og að grípa verður til harðari aðgerða á sviði sparnaðar og aðhalds en ella þyrfti þegar um góðæri er að ræða.

Það vekur sannarlega athygli að á síðasta áratug, þegar hér ríkti mikið góðæri í landinu, þá var ríkissjóður eigi að síður rekinn með allmiklum halla og væri sannarlega ástæða til þess að skoða þau mál betur, þó ég ætli ekki að gera það að þessu sinni. Þó er eitt sem hefur vakið athygli mína og það var ræða hv. þm. Guðna Ágústssonar, sem ég leit svo á að væri dulbúið andsvar við ræðu flokksbróður hans, hv. þm. Jóns Kristjánssonar, þó sú ræða væri flutt hér undir fororði þess að verið væri að ræða stjórn hæstv. forseta. Þar var hv. þm. Guðni Ágústsson að gera athugasemdir við að hér væri tekið á málefnum sjúkrahússins á Norðfirði og hins vegar Sjúkrahússins á Akranesi. Skuldasaga sjúkrahússins á Norðfirði er nefnilega táknræn fyrir skuldasögu ríkisfjármála sl. ár og sl. mörg ár og kann að vera að við sjáum í þeirri skuldasögu í hnotskurn hvernig staðið hefur verið að rekstri ríkisfjármála um langt skeið. Það vill svo til, hv. þm. Guðni Ágústsson, að hér er verið að taka fyrst og fremst á uppsöfnuðum vanda frá árinu 1987–1991. Í bréfi frá Fjórðungssjúkrahúsinu á Norðfirði er einmitt tekið saman hvernig skuldirnar hafa hlaðist upp og það er athyglisvert að á árunum 1987–1991 þá söfnuðust þar upp skuldir er námu tæpri 21 millj. kr. Hvernig var þessi rekstrarhalli fjármagnaður hjá sjúkrahúsunum? Ég efast um að hv. þm. Guðni Ágústsson hafi haft af því miklar áhyggjur á góðærisárunum 1987–1991 að það væri sjúkrahús á landsbyggðinni sem ætti við slíkan rekstrarvanda að stríða. Hvernig ætli þessi fjárlagahalli hafi verið dulinn? Hjá ríkissjóði? Nei, ekki hjá ríkissjóði. Hjá sjúkrahúsinu sjálfu? Kann að vera í lánum í sparisjóðnum á Norðfirði, en að stærstum hluta hjá sveitarfélaginu. Það var enginn annar til þess gerður aðili tilbúinn til að koma þar til hjálpar nema sveitarfélagið í Neskaupstað. Og er það vitnisburður um

mikla stjórnvisku á góðærisárum þegar allt blómstrar, þjóðartekjur eru miklar og allt leikur í lyndi, að geta þá ekki einu sinni staðið í skilum við sjúkrahús á landsbyggðinni, að geta þá ekki einu sinni staðið í skilum við heilbrigðisþjónustuna í landinu. Og koma svo nú með stórar yfirlýsingar og mikil orð og tala um að hæstv. ríkisstjórn bregðist með því að hafa ekki tök á að standa að meiri fjárveitingum til mikilvægra stofnana í landinu. (**Gripið fram í:** Hverjir voru eiginlega í stjórn þarna þetta ár?)

Já, það er rétt að hv. þm., 3. þm. Austurl., vakti einmitt athygli á því hér, sem ég hafði gleymt, hver það var sem fór með stjórn heilbrigðismála á þessum tíma. Hver var hæstv. heilbrrh. á þessum árum? Það var enginn annar en flokksbróðir hv. þm. Guðna Ágústssonar, (**Gripið fram í:** Hver var fjmrh.?) hv. þm. Guðmundur Bjarnason, fyrrv. heilbrrh., sem fór með ábyrgð og stjórn þessara mála. Og ég veit að hæstv. fjmrh. hefur án efa farið að tillögum hæstv. heilbrrh. á þeim tíma hvað varðar fjárveitingar í þessum efnum. A.m.k. er mér ekki kunnugt um það að hv. þm. Guðmundur Bjarnason, páv. heilbrrh., hafi vakið athygli á því að hann ætlaði að skilja þetta sjúkrahús eftir í skuld. Ég minnist þess heldur ekki að hv. þm. Guðni Ágústsson hafi þá vakið rækilega athygli á því að þeir hefðu ákveðið það að skilja þetta sjúkrahús eftir í skuld þrátt fyrir góðæri í landinu. (Gripið fram í.)

Að koma svo hér og tala með stórum orðum um fjármálastjórn og að það vanti fjárveitingar hingað og þangað, það er ekki trúverðugt, a.m.k. á ég mjög erfitt með að taka mark á slíkum yfirlýsingum. Enda ræddi hv. þm. Jón Kristjánsson, sem þekkir þessi mál mjög vel, hefur kynnt sér þau mjög vel, hefur reynt að leggja sitt af mörkum til að leiðrétta þetta ófremdarástand, hann kom ekki inn á þetta í ræðu sinni. Þess vegna var ræða hv. þm. Guðna Ágústssonar ekkert annað en dulbúið andsvar við ræðu hv. þm. Jóns Kristjánssonar. Auðvitað leggjum við okkur fram, bæði ég og hv. þm. Jón Kristjánsson, í því að leiðrétta óráðsíuna frá árunum 1987–1991. Það var einmitt það sem gerir okkur enn erfiðara um vik að takast á við ríkisfjármálin, hin gamla skuldasöfnun þegar kreppir að, að þurfa að vera með skuldir frá góðærisárunum. Að vera með skuldir frá góðærisárunum. Þessi skuld við sjúkrahúsið á Norðfirði er táknræn fyrir þessa skuldasögu og ættum við hv. þm. að hafa þessa sögu okkur að leiðarljósi svo hún þurfi ekki að endurtaka sig.

Ég vildi gera þetta að umræðuefni, hæstv. forseti, vegna þess að það var gefið tilefni til þess. Ég get líka rakið fleiri dæmi úr mínu kjördæmi frá þessum árum, einmitt frá heilbrigðisstjórn Framsfl. Við erum enn að takast á við skuldir frá þessum árum vegna bygginga Sundabúðar á Vopnafirði. Enn stendur eftir 24 millj. kr. skuld á hjúkrunarheimilinu á Hulduhlíð á Eskifirði frá þessum árum. Því miður þá hef ég orðið þess áskynja í starfi mínu í fjárln. að það eru allt of mörg dæmi frá góðærisárunum þar sem skuldasöfnun hefur orðið og því miður þá gerði þessi skuldasöfnun þessara ára okkur enn erfiðara um vik að takast á við ríkisfjármálin þegar að kreppti. Þetta vita kjósendur, þetta veit fólkið í landinu. Þess vegna þýðir ekki að bera á borð fyrir okkur hér úr þessum ræðustól yfirlýsingar eins og þær sem við höfum heyrt hér t.d. frá stjórnarandstöðunni, um það að nú sé svigrúm til þess að standa að fjárveitingum, til þess að standa undir auknum kröfum um aukna þjónustu. Það vilja það allir en svigrúmið er þröngt.

Hæstv. forseti. Ég trúi því ekki að það hafi verið vilji Framsfl. á þessum árum að standa með þeim hætti sem ég hef lýst að rekstri sjúkrastofnana á landsbyggðinni. Við höfum verið að leitast við í fjárlagastarfinu sl. þrjú ár að takast á við þessa skuldasöfnun, greiða hana upp, gera samkomulag við sjúkrastofnanir um reksturinn til framtíðar til þess að hann megi standa á eigin fótum til að svona ástand þurfi ekki að endurtaka sig. Að Sjúkrahúsið á Akranesi og að sjúkrahúsið á Norðfirði séu nú í röðinni, þá vil ég benda hv. þm. og sérstaklega hv. þm. Guðna Ágústssyni á að það voru fleiri sjúkrahús tekin fyrir við frv. til fjáraukalaga í fyrra og í hittiðfyrra. Þannig hefur skipulega verið unnið að því að treysta rekstur sjúkrahúsanna og heilbrigðisstofnana á landsbyggðinni þannig að þeim verði skilað inn á næsta kjörtímabil á rekstrargrunni sem geti haldið. Það er ábyrg fjármálastjórn og hefði betur, og ég segi það í fullri vinsemd, hefði betur að Framsfl. hefði staðið með þeim hætti að fjármálastjórn í heilbrigðisþjónustunni á síðasta kjörtímabili.

[16:31]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Hér var flutt mikil siðbótarræða í prestlegum stíl yfir þingheimi og leið mér ekkert illa undir þeim lestri. Hins vegar er mín skoðun sú að ég undra mig á því hvernig þessir fjárlaganefndarmenn geta setið yfir því blekkingarstarfi sem þeir ástunda. Fjáraukalögin eins og þau eru lögð hér fram eru fyrst og fremst blekking. Mér þætti vænt um — já, hæstv. fjmrh. er hér viðstaddur. Hallakóngur um svo langa tíð á rekstri ríkisins. (Gripið fram í.) Þannig að ég er feginn að hafa hann hér við þessa umræðu. En ég álít að þau fjáraukalög sem hér eru lögð fram séu blekkingarleikur. Ég ætla að vekja hér athygli á hluta af þeim blekkingarleik.

Hér sagði einn hv. þm., Jón Kristjánsson, fyrr í dag að auðvitað væri það svo að það væru ekki öll kurl komin til grafar. Auðvitað er það svo að þessi ríkisstjórn, kannski eins og margar aðrar, þrátt fyrir fagra ræðu hv. þm. Gunnlaugs Stefánssonar, skilur mikið eftir í pípunum til framtíðarinnar og leysir ekki vanda margra ríkisfyrirtækja sem af ýmsum ástæðum hafa farið fram úr fjárlögum og sitja uppi með sinn geymda vanda fyrir þetta ár og fyrir síðasta ár, hv. þm. Ég vil vekja athygli hv. þm. Gunnlaugs Stefánssonar á því að með ríkisfjármálin fór 1987–1988 hæstv. núv. utanrrh. Hann var hæstv. fjmrh. á þeirri tíð. Það þýðir ekkert að tala hér eins og sakleysingi.

Hvað varðar það sem þingmaðurinn fór hér yfir þá kann það að vera af ýmsum ástæðum sem sveitarstjórn á Norðfirði hefur setið uppi með vanda. Ég þekki ekki þá sögu og viðurkenni það vel, en ég þekki auðvitað margar sögur sem eru mér nær um mikinn vanda sem

hefur verið að hrannast upp núna sem ekki er tekið tillit til í þessu fjáraukafrv. og er þó til staðar. Þannig að siðbótarræðan var líka blekking og þar fór hv. þm. að eins og sá sem þvær hendur sínar. En það er ljótt að þvo hendur sínar og vita af því í samvisku sinni að það er sama staðan, hvort sem hún er frá skemmri eða lengri tíma, á fjölda annarra sjúkrahúsa og það sem snýr núna beint að þjóðinni er þetta: Fjárlaganefndarmenn, eða meiri hlutinn, hafa því miður oft og tíðum horfið frá því að fara eftir almennum reglum og hika ekki við að misnota sína aðstöðu. Ég sé það í þessum fjáraukalögum og þeirri brtt. sem hér er komin fram, og ég hef ekki tækifæri til þess, hæstv. forseti, að ræða það mál við hæstv. heilbrrh. eins og ég hef vakið athygli á að það var verið að leiðrétta málefni hjá örfáum sjúkrastofnunum í landinu og ekkert hirt um margar aðrar sem er svipað ástatt fyrir. Stærstu sjúkrahúsin eru að fá leiðréttingu upp á 600 millj. í þessu frv. og síðan fylgja litlu mýsnar með sem er Sjúkrahúsið á Akranesi, sjúkrahúsið á Norðfirði og Garðvangur í Garði. Af hverju eru einmitt þessi þrjú tekin út úr þegar ég hef gögn í höndunum um að hjá mörgum öðrum sjúkrahúsum um allt land er sams konar vandi og þarna er verið að leysa. Skyldi það vera svo að þetta stolt sem yfirleitt fylgir meirihlutamönnum í fjárln. byggist á því að segja þegar komið er heim: Við leystum okkar mál. Þetta gerði ég. Hverjir sitja þarna?

Ég hef fyrr séð eins og á Vesturlandi að brugðið er út af almennri reglu og sérmál leyst fyrir það kjördæmi af því að hv. 1. þm. Stykkishólms, Sturla Böðvarsson, situr í nefndinni.

(**Forseti** (PJ): Hv. 1. þm. Vesturl.)

Fyrirgefðu hæstv. forseti. Hér ruglaðist ég á kjördæmi hv. þm. og heimastað. Hann býr í Stykkishólmi, hv. þm., og er 1. þm. Vesturl. Ég biðst velvirðingar á því.

En ég hef líka tekið eftir því að hv. þm. Árni Mathiesen situr í fjárln. Garðvangur er leystur. Og eins og hér hefur komið fram situr í fjárln. hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson og vandamál Fjórðungssjúkrahússins í Neskaupstað eru leyst.

Nú ætla ég að vekja athygli á því af því að ég er hér með í höndunum vandamál frá einu landsbyggðarsjúkrahúsi sem ekki er leyst í gegnum þessi fjáraukalög. Það er sjúkrahúsið á Selfossi. Ég þekki þar mjög grannt til og það er vel rekið sjúkrahús og hefur verið um mjög langa hríð. Menn hafa reynt að láta enda ná saman á því sjúkrahúsi. En í gögnum sem ég hef í höndunum, með leyfi hæstv. forseta, þar segir að heildarveltan á þessu tímabili, sem er þá 10 mánaða tímabil þessa árs, sé 215,9 millj. kr. Rekstrarhallinn er 16 millj. kr. eða 7,42%. Rekstrarhallinn var á sama tíma í fyrra 848 þús. kr. eða 0,40%. Framlag til Sjúkrahúss Suðurlands lækkar milli ára um 2,13% eða 4,5 millj. kr. Ástæður rekstrarhallans eru m.a. vegna hækkandi launakostnaðar á milli ára sem er 7,81% hærri en fyrra ár eða 11,6 millj. kr. Í þessari upphæð eru samningsbundnar hækkanir hjúkrunarfræðinga, ljósmæðra og meinatækna sem ekki hafa fengist bættar og eru um 7 millj. kr. allt árið.

Önnur ástæða er vegna lyfjakostnaðar sem hækkar milli ára um 50,91% eða 4,8 millj. kr. og er ástæðan aukin umsvif og aðgerðir með fleiri læknum starfandi á stofnuninni þetta ár. Ljóst er að framlag stofnunarinnar er allt of lágt miðað við þau umsvif og aukningu sem orðin er á Sjúkrahúsi Suðurlands. Aukning starfseminnar liggur ekki síst í því að það fæðast fleiri börn svo að dæmi séu nefnd og hér er rakið á öðrum stað og fyrir utan hitt að reynt er að veita þar þjónustu fyrir íbúa kjördæmisins.

Þetta liggur hér fyrir að þarna hefur safnast upp mikill vandi sem fæst ekki viðurkenndur og auðvitað vekur það athygli hvers vegna sum sjúkrahúsin eru skilin eftir þegar verið er að veita öðrum heildarlausn á sínum málefnum eins og stóru sjúkrahúsunum í Reykjavík. Og síðan fylgja eins og ég hef rakið önnur smærri með. Hvers vegna eru þau skilin eftir? (**Gripið fram í:** Á að leggja þau niður?) Ja, skyldi það vera, hv. þm., að ríkisstjórnin sé að gera það upp við sig hvaða sjúkrahús skulu fá starfsleyfi í framtíðinni? Eða er það blekkingarleikur af því að hæstv. fjmrh. þolir ekki öllu meiri halla en kominn er fram? Á að geyma þann halla sem ekki er upplýstur hér handa næstu ríkisstjórn að glíma við? Auðvitað eru þessi vinnubrögð meiri hlutans fyrir neðan allar hellur og þess vegna segi ég að það er ábyrgðarhluti fyrir þingmenn að horfa upp á slík vinnubrögð sem mér finnst að fjárln. ástundi.

Hér kemur það fram í þessari greinargerð sem ég var að lesa að það er ágreiningur um launin. Sjálfstfl. hefur ástundað mjög mikinn tvískinnung, finnst mér, um langa hríð í vinnubrögðum sínum, í ábyrgðarleysi sínu vil ég segja á mörgum sviðum og skiptir sér oft í hópa til þess að leika hlutverk hins ábyrga og hins kröfuharða, þess sem gerir harða hríð að fyrirgreiðslu o.s.frv. Mönnum er skipt upp í hópa til þess að leika leikrit. En það stendur á því hjá mörgum sjúkrahúsum landsbyggðarinnar að fá viðurkenndan launalið sem búið er að semja um. Nú vill svo til að Sjálfstfl. ber mikla ábyrgð á því ástandi sem nú er í sjúkrahúsunum. Hann ber mikla ábyrgð á því að launastefnan er að bresta. Sjúkraliðarnir eru í verkfalli og kannski ber Sjálfstfl. þar höfuðábyrgð vegna þess að hann hefur hagað sér ómerkilega, ekki síst fyrir kosningar.

Ég hygg að það sé öllum ljóst að upphaf þeirrar deilu má rekja til þess að Sjálfstfl. háði harða hríð til þess að reyna að halda borginni sl. vor og páv. borgarstjóri, Árni Sigfússon, var formaður Borgarspítalans. Hvað var gert til þess að reyna að vinna fólk til fylgis við sig þegar þeir sáu að borgin var að fara? Það voru gerðar stórkostlegar kauphækkanir við hjúkrunarfræðinga sem hér eru raktar á sérstöku þskj. sem komið er í þingið við fyrirspurn Ólafs Ragnars Grímssonar þar sem laun einnar hjúkrunarstéttar voru hækkuð um 20–30% en nú berjast menn gegn því að önnur hjúkrunarstétt fái sams konar hækkun. En á þessu ber auðvitað Sjálfstfl. fulla ábyrgð. Það er stjórn Borgarspítalans sem gengur þessa leið til þess að reyna að halda borginni síðasta vor með Árna Sigfússon borgarstjóra í broddi fylkingar.

Og hvað gerist svo? Auðvitað er það svo, hæstv. fjmrh., að samninganefnd ríkisins viðurkennir að þetta sé orðin staðreynd, þessir samningar hjúkrunarfræðinga, og þeir ganga síðan yfir línuna. Auðvitað urðu þessir samningar hjúkrununarfræðinga að fara út á öll sjúkrahúsin, og það var viðurkennt. En síðan stendur stríðið yfir og við þekkjum hvernig það er við sjúkraliða. Þess vegna spyr ég: Er ekki full ástæða til þess í þessu efni að líta á fleiri sjúkrahús og vanda þeirra hvort sem hann er skammtímavandi eða langtímavandi eins og þeir á Akranesi, Norðfirði og í Garðvangi — eða hvað það heitir, já, Garðvangur í Garði. (**ÁMM:** Gott nafn.) Ágætt nafn, hv. þm. Mín staða hér uppi í dag er ekkert að rífast um fortíðina. Það upphefst alltaf hjá íhaldinu þetta rosalega rifrildi um fortíðina ef minnst er á eitthvert mál. Fortíðin geymir sína sögu. (**GunnS:** Þú átt að læra af henni.) Það er ágætt að læra af fortíðinni. En menn sem eru að leysa mál verða að reyna að gera það á almennum grundvelli og þar njóti hver stofnun og hver einstaklingur sannmælis. Það held ég að sé aðalatriðið. Ég held að það sé úrelt pólitík sem Sjálfstfl. stundar hér í fyrirgreiðslupólitík að stelast í gegn með eitthvað sem þeim þykir sérlega gott til að afla atkvæða í sínum kjördæmum en gleyma svo öðrum. (Gripið fram í.) Mín skoðun á fyrirgreiðslupólitík gengur út á það, hún þarf að vera þannig að menn búi við almennar reglur. Það er mikilvægt í fjárlagagerð þar sem peningar eru að fólk og fyrirtæki viti sinn rétt og þar sé ekki nein mismunun viðhöfð þannig að ég hygg að við getum verið sammála um það, hv. þm. Einar Guðfinnsson.

Í mínum huga, hæstv. fjmrh., er þetta stórmál og mikilvægt við þessa umræðu eða 3. umr. að fá upplýst hver vandi hinna sjúkrahúsanna er og hvernig hæstv. ráðherrar, þá heilbrrh. og hæstv. fjmrh., hyggjast leysa þann vanda því að hann er sannarlega fyrir hendi hjá mörgum stofnunum úti um land.

Hér hefur verið farið í almenna umræðu af nokkrum hv. þingmönnum og ég verð að segja það að ríkisstjórnin hæstv. ber mikla ábyrgð á því ástandi og þeim tekjuvanda sem ríkissjóður stendur frammi fyrir. Ég held því hiklaust fram að í landinu sé fyrst og fremst kreppa af manna völdum. Hæstv. ríkisstjórnin sem nú situr ber alla ábyrgð á því ástandi sem ríkir í landinu. Það er stefna hennar í meginatriðum sem hefur búið út þessa stöðu. Það er samdráttarstefnan, það er gjaldþrotaleiðin, það er atvinnuleysið sem hefur fylgt í kjölfarið. Sex til sjö þúsund manns án atvinnu. Níu þúsund einstaklingar með öll sín húsnæðislán í vanskilum. Launastefnan, eins og hér hefur komið fram, er auðvitað hluti af þessum stóra vanda. Þannig að fyrst og fremst er það stefna ríkisstjórnarinnar sem veldur vandræðum í þjóðfélaginu.

Ég heyri það stöðugt úr þessum ræðustól, hæstv. forseti, að stjórnarliðar eru að eigna ríkisstjórninni að hér er verðbólgulaust land. Ég skal að vísu viðurkenna að þeir hafa varðveitt það fjöregg í gegnum þetta tímabil um leið og þeir hafa brotið önnur atriði sem voru mikilvæg. Það var fyrst og fremst ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar sem náði því afreki að hér varð þjóðarsátt 1990. Þar náðist samkomulag með aðilum vinnumarkaðarins sem tryggði þessa stöðu.

Ég heyrði hér að hv. þm. Sturla Böðvarsson fór eina ferðina enn að tala um að ríkisstjórnin hefði náð miklum árangri í vaxtamálum. Auðvitað gerði hún það fyrir einu ári síðan. En helköld staðreynd er hitt að 1991 var það hennar fyrsta verk að hækka alla útlánsvexti um tugi prósenta sem gerði það að atvinnulífið og einstaklingarnir í þjóðfélaginu fóru í það horf sem er í dag. Það er ekkert almenn kreppa á Íslandi í dag, það er góðæri hjá fjölda einstaklinga og fyrirtækja. Það eru sumir að gera það mjög gott og það hafa sumir það bara gott og þeir eru vildarvinir þeirrar stefnu sem þessi ríkisstjórn hefur keyrt eftir. Þannig að það er það sem menn verða að gera sér grein fyrir.

Hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson gerði mikið úr góðærisárunum 1987–1991. Ég hygg þó að flestir minnist þess að það voru ekkert alfarið góðærisár. Menn glímdu þá við ýmsa erfiðleika. Ég minnist þess sem þingmaður á mínu fyrsta og öðru ári 1987–1988 undir forsæti Þorsteins Pálssonar, þáv. forsrh., að ég var ekki alsæll því þá stefndi í mikla kreppu. Þá var það atvinnulífið, röng gengisskráning og mig minnir að þá hafi margir sjálfstæðismenn talið að atvinnulífið væri komið á heljarþröm og þar yrði að snúa snöggt við. Og við framsóknarmenn réðum ekki við það nema steypa þeirri ríkisstjórn í rauninni. Við tók má segja viðreisnarstjórn Steingríms Hermannssonar sem fór í margháttaðar aðgerðir til að bjarga atvinnulífinu frá gjaldþroti. Það tókst á árunum 1989 til 1991, svo sögunni sé haldið til skila, hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson. Ég geri mér grein fyrir því að Alþfl. hefur nú á þessu tímabili verið miklu bundnari yfir því að létta skuldum af stórgróðafyrirtækjum með Sjálfstfl. og færa byrðar yfir á fólkið í landinu. Enda kom það fram í umræðu í morgun að fyrirtækin eru að minnka við sig skuldir á síðustu mánuðum og missirum á meðan fólkið í landinu eykur skuldir sínar um 1 milljarð með hverjum mánuði sem líður. Þetta er ekki sú alþýðuflokksstefna sem gamli Alþfl. hafði hér áður fyrr.

Hæstv. forseti. Ætli ég sé þá að rekja þetta öllu lengra. (**GunnS:** Hvenær varð það nýr Alþfl.?) Þessi nýi? Ég hélt nú að hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson þekkti nýsköpun Alþfl. Hann hófst með vegferðinni og stóru spurningunni: Hverjir eiga Ísland? Nú hefur Alþfl. tekið þátt í því með Sjálfstfl. að gefa í rauninni nokkrum útvöldum allt sem til er á Íslandi. Þessi stefna kom með nýjum foringja, hæstv. utanrrh. Jóni Baldvini Hannibalssyni.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa ræðu mína öllu meira. Mér er það talsvert mál að það verði farið betur yfir stefnu sjúkrahúsanna í heild sinni og auðvitað mun ég leita eftir því við fulltrúa Framsfl. hvernig þessi fjáraukalög eru til komin. Ég hygg að þau séu á mörgum sviðum með þeim hætti sem sagt hefur verið að það er í mörgum málaflokkum sem enn vantar að öll kurl séu komin til grafar. Það eru víða vandamál sem fyrirtæki ríkisins hafa verið að glíma við sem ekki eru viðurkennd í þessum fjáraukalögum og stendur ekki til að viðurkenna því að hæstv. fjmrh. þol-

ir ekki meiri halla en þegar blasir við að mér sýnist vera um 12 milljarðar á síðasta ári.

Forseti (Pálmi Jónsson):

Þrír hv. alþm. hafa óskað eftir að veita andsvar og verður þá að stytta ræðutíma þó þannig að leyfður verður fullur tími eða tvær mínútur í fyrri umferð en einungis ein mínúta í þeirri síðari ef af verður. Sama regla gildir um væntanleg svör hv. 5. þm. Suðurl.

[16:57]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hér var rétt í þessu að ljúka ákaflega sérkennilegri ræðu. Ræðu hv. 5. þm. Suðurl. sem virðist lesa fjáraukalagafrv. þannig að hann ímyndar sér að það sé þannig búið til að nokkrir þingmenn stjórnarliðsins í fjárln. komi saman, bruggi saman gríðarlegt samsæri, sem gengur út á það að rétta hlut stofnana í kjördæmi hvers annars. Síðan segir hv. þm.: Það á ekki að vinna samkvæmt einhverjum lögmálum fyrirgreiðslupólitíkur heldur á að vinna eftir almennum reglum. Þetta var mjög ánægjuleg og athyglisverð yfirlýsing vegna þess að ef hv. þm. hefði nú lagt það á sig að lesa þessa greinargerð, nál. meiri hluta fjárln., þá hefði hann séð að hér er einmitt verið að vinna eftir almennum reglum. Hér er ekki verið að taka út úr einstaka sjúkrahús nema þau sem rúmast innan þessarar almennu reglu. Hver er hún? Hún er sú að áður en málefni þessara sjúkrahúsa voru afgreidd þá var kafað ofan í mál þeirra, vandi þeirra skoðaður, gert um það sérstakt samkomulag á milli ráðuneytisins og viðkomandi sjúkrastofnunar og að því búnu var gengið til þess verks að ljúka vanda þeirra með því að veita þeim aukafjárveitingu á fjáraukalögum. Það er einfaldlega þannig ef hv. þm. mundi nú vilja gera það að lesa í gegn þetta nál. þá blasir það alls staðar við, alls staðar, að undangengnu skriflegu samkomulagi, það er það sem einkennir þessi sjúkrahús. Og það sem er um að ræða varðandi sjúkrahúsið á Suðurlandi er það að slíkt skriflegt samkomulag hefur einfaldlega ekki legið fyrir. Þess vegna er auðvitað ekki hægt að fara út í einhverja svona almenna pólitíska fyrirgreiðslu af því tagi sem hv. þm. þóttist í öðru orðinu vera að mótmæla og taka hér inn sjúkrastofnanir þar sem ekki er búið að ganga frá þessu samkomulagi. Ég nefni sem dæmi að hér eru auðvitað stærstu málin Ríkisspítalar og Borgarspítali. Hvernig gengur það upp í huga hv. þm. í þessari miklu samsæriskenningu að það er enginn stjórnarliði úr Reykjavík í fjárln.?

[17:00]

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér fannst lítið koma út úr þessari ræðu hv. þm. Ég hef ekki verið að fara fram á annað en almenna reglu og vandi sjúkrahúsanna í heild væri skoðaður. Ég hef vakið athygli á því að í gegnum þessi fjáraukalög eru þó þrjár stofnanir í sitt hverju kjördæminu sem fá heildarfyrirgreiðslu á meðan vandi annars staðar, sem er ógnþrunginn, og endar auðvitað með miklum erfiðleikum, lendir í strandi. Ég hefði miklu fremur viljað sjá að málefni sjúkrahúsanna á landsbyggðinni og sjúkrahúsanna í landinu yrðu leyst eftir því sem hægt væri. Ég er ekkert á móti skriflegu samkomulagi og tel það eðlilegt eins og þingmaðurinn benti á að þannig verði farið að. Mín krafa var því fyrst og fremst sú, hv. þm., að sjúkrahúsin í landinu sætu við sama borð. Ég óttast það þegar stóru sjúkrahúsin í Reykjavík og þessar þrjár eða fjórar stofnanir til viðbótar hafa fengið sína fyrirgreiðslu að það verði mjög erfitt hjá mörgum öðrum landsbyggðarsjúkrahúsum að fá sambærilega leiðréttingu og þau muni á næstu mánuðum glíma við gríðarlegan vanda nema fjárveitingavaldið gangi til samninga við þau. Það er það sem ég er að reyna að fá fram í þessari umræðu.

[17:01]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er einmitt kjarni málsins sem hv. 5. þm. Suðurl. sagði hér í máli sínu rétt áðan. Það þarf að ganga skipulega til verks. Það var nákvæmlega það sem verið var að gera. Það var gengið skipulega til verks, það var gengið til samkomulags við sjúkrastofnanir. Það var komist að niðurstöðu. Sjúkrastofnanirnar tóku í öllum tilvikum á sig hagræðingarkröfu, greinilega t.d. á Ríkisspítölum, Borgarspítalanum og einnig á öðrum sjúkrastofnunum. Að loknu skriflegu samkomulagi var hins vegar lögð fram beiðni um sérstaka aukafjárveitingu á fjáraukalögum sem væntanlega fær síðan eðlilega afgreiðslu. Það er nákvæmlega það sem hv. þm. segir í öðru orðinu sem er það sem við erum að sjá í þessum tillögum meiri hluta fjárln. vegna fjáraukalaga fyrir árið 1994. Ég er alveg sammála því að ekki er búið að leysa öll vandamál landsins með þessum fjáraukalögum sem við erum væntanlega að fara að afgreiða núna. En vinnubrögðin eru hins vegar skipuleg og þess vegna erum við hv. þm. sammála. Ég held þess vegna að það sýni að ræða hv. þm. áðan var einn stór misskilningur.

[17:03]

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hef litlu við að bæta. Það er fullyrðing hv. þm. að ræða mín hafi verið misskilningur. Ég vakti þó athygli á að bara hjá einu sjúkrahúsi sem ég þekki til er skuldavandi þegar upp á 16 millj. kr. Auðvitað spyrja þeir sem reka það sjúkrahús: Eigum við að loka, hvað á að gera við okkur? Við fáum ekki fjármagn og við fáum ekki skuldir okkar viðurkenndar, þó eru þær í mörgum tilfellum út af launakjörum og fleiri atriðum sem viðurkennd eru. Þess vegna ítreka ég það sem ég sagði, ræða mín fyrr var ekki neinn stór misskilningur, hún byggðist á þeim rökum að mér finnst það eðlileg vinnubrögð að málefni sjúkrahúsanna í landinu verði öll í heildarpakka og að það komi lausn sem varir og eðlilegar rekstrarskuldir séu teknar til greina.

[17:04]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Sigbjörn Gunnarsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér fannst mjög miður hvernig hv. 5. þm. Suðurl. brigslaði meirihlutamönnum í fjárln. um það að hygla sínum kjördæmum. Það vill nú

þannig til, hv. þm., að öll kjördæmi landsins eiga fulltrúa í fjárln. nema Norðurl. v. þannig að það er afar auðvelt að fara yfir allar afgreiðslur fjárln. og benda á að þarna sé einhver fjárlaganefndarmaður sem hafi komist með puttana í málið með óviðurkvæmilegum hætti. Það er hárrétt sem hv. þm. Einar K. Guðfinnsson sagði áðan að það hefur einmitt verið unnið að þessu með þeim hætti að samningar hafa verið gerðir til þess að leysa vanda þessara sjúkrastofnana. Þannig á að vinna, það eru hin faglegu vinnubrögð. Það eru hins vegar ekki hin faglegu vinnubrögð að koma upp í ræðustól og óska eftir einhverri slíkri fjárveitingu sem ekki hefur borist beiðni um frá stjórn Sjúkrahúss Suðurlands — ég tek það fram, sem ekki hefur borist til fjárln. frá stjórn Sjúkrahúss Suðurlands. Það barst eitt erindi til fjárln. varðandi Sjúkrahús Suðurlands og það var frá Samtökum sveitarfélaga á Suðurlandi um það að bregðast við örlítilli lækkun sem gerð er á milli ára í fjárlögum og frv.

Fjárln. heimsótti Suðurland sl. sumar og átti m.a. fund með bæjaryfirvöldum og stjórn sjúkrahússins. Þar kom ekkert fram um neinar óskir um að bæta halla sem á rekstri sjúkrahússins væri. Þar komu fram óskir um að stækka sjúkrahúsið. Ég vil enn fremur geta þess að í því fjáraukalagafrv. og þeim brtt. sem fyrir liggja er gert ráð fyrir að launaliðir verði leiðréttir og munu þannig, eftir því sem ég kemst næst, vera u.þ.b. 5,3 millj. til Sjúkrahúss Suðurlands.

[17:07]

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er hárrétt hjá hv. þm. að við teljum fulla þörf á Suðurlandi að stækka sjúkrahúsið á Selfossi og höfum í allmörg ár lagt verulega áherslu á það. Þannig að ég vænti að fjárlaganefndarmenn skoði það vandlega.

Hvað stöðuna varðar hef ég bréf í höndum frá stjórninni um þann rekstrarvanda sem blasir við eftir þetta ár. Það er afrit, sem þingmönnum var sent, af bréfi til hæstv. heilbrrh. sem er komið á hans borð, þannig að þær tölur sem ég hef farið með eru staðreyndir.

Auðvitað kann það að vera að í því sé heilmikil fullyrðing af minni hálfu, að menn hafi misnotað aðstöðu sína. Ég skal ekkert halda því í sjálfu sér til streitu að svo sé. Hins vegar vakna grunsemdir og það er gott og vel ef menn halda áfram þeirri vinnu sem þeir eru í og fara þá áfram yfir málefni sjúkrahúsanna, láta því starfi ekki lokið. Ég vil þá spyrja hv. þm. hvort fjárln. og þá ekki síst meiri hlutinn, muni halda áfram því starfi að fara yfir þennan rekstrarvanda sem virðist vera hjá mörgum sjúkrahúsanna.

[17:08]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Sigbjörn Gunnarsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það vakti athygli mína hjá hv. 5. þm. Suðurl. að hann óskaði sérstaklega eftir því að meiri hluti fjárln. færi yfir vanda sjúkrahúsanna í landinu. En það er nú ekki svo sem unnið er í fjárln. heldur situr nefndin öll og vinnur að þessum málum og hefur gert og gerir, á þeim tíma sem ég hef starfað í nefndinni, með allgóðri einingu og góðri samvinnu og það ber að virða.

Það er hlutverk fjárln. að fylgjast með fjármálum ríkisins, fjármálum hins opinbera og fjárln. öll, ekki einungis meiri hlutinn, mun halda því starfi áfram eins og hingað til.

[17:09]

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Sigbjörn Gunnarsson svaraði ekki spurningu minni um hvert yrði framhaldið í starfi nefndarinnar, hvort hún færi yfir stöðu hinna sjúkrahúsanna sem sárlega kvarta yfir sinni rekstrarstöðu.

Ég minntist á meiri hlutann. Ég þykist vita hvernig fjárln. vinnur. Ég treysti minni hlutanum fullkomlega til að standa að þeim málefnum sem ég hef rætt um. En mér finnst mikilvægt að meiri hlutinn og ekki síst í samráði við ráðherra ríkisstjórnarinnar, hæstv. heilbrrh. og hæstv. fjmrh., fari vandlega yfir þetta með heildarlausn í huga.

[17:10]

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Guðni Ágústsson taldi sér henta í ræðu sinni hér áðan að gera tortryggilega 3 millj. kr. fjárveitingu til hjúkrunarheimilisins Garðvangs í Garði. Fjárveitingu sem er komin til vegna hækkunar á launakostnaði vegna starfsmats. Starfsmats sem byggt er á samningi milli starfsmanna og viðlíka stofnana frá 1988. Suðurnes voru seinust í þessu starfsmati og lauk ekki starfsmatinu fyrr en haustið 1993. Þannig að ekki er hægt að saka fjárln. um fljótræði í því að ákvarða þessa fjárveitingu.

Ég þekki vel vinnubrögð og hugarfar hv. þm. Guðna Ágústssonar þegar kemur að því að útdeila fé hjá hinu opinbera. Ég tel að hv. núverandi fjárlaganefndarmenn þurfi ekki að skammast sín í þeim samanburði, nema síður væri, og ég tel að þingmanninum fari afar illa að standa hér í ræðustól og vera með dylgjur til hv. fjárlaganefndarmanna, hvort sem þeir sitja í meiri hluta eða minni hluta, og honum væri nær að líta í eigin barm og sjá hvort ekki væri eitthvað þar sem laga mætti.

[17:12]

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Nú kann svo að vera að ýmis fleiri elliheimili og hjúkrunarstofnanir eigi við svipaðan vanda að etja. Ég hef ekki annað um ræðu hv. þm. að segja en að þar hjó sá er hlífa skyldi. Sem betur fer hef ég ekki ráðið yfir miklu af opinberu fé til að útdeila og ég hygg að hann geti ekki borið þær ásakanir á þann er hér stendur. Þar hef ég aldrei, að ég viti, misnotað mína aðstöðu. Ég hef reynt að vinna sem þingmaður og gert jafnan kröfur um að reglur væru skýrar og farið væri vel með fé og því væri útdeilt eftir almennum reglum. Ef hann er að vega að starfi mínu í Búnaðarbanka Íslands skýtur hann nú langt. Þar hef ég að vísu gegnt formennsku, en það er fyrst og fremst eftirlitsstarf. Þar hef ég aldrei og hef enga sjóði til að útdeila. Þannig að ræðu hv. þm. skildi ég ekki og vil að hann finni orðum sínum stað, við hvað hann átti.

[17:14]

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Seinni hluti ræðu hv. þm. Guðna Ágústssonar var afar fallegur og ég verð að segja af því tilefni að það eiga auðvitað allir þingmenn að starfa af fullri hlutlægni við það að útdeila fé almennings. En ég skal fullyrða það og fullvissa hann um það að ég var ekki að ýja að störfum hans í bankaráði Búnaðarbanka Íslands. Ég vil hins vegar minna hann á það að við höfum saman starfað að því að gera tillögur um útdeilingu á almannafé þegar um er að ræða fé til vetrarsamgangna, sem tillögur hafa borist fjárln. frá samgn., og ætla ég að nú muni rifjast upp fyrir honum hvað ég átti við með þeim orðum mínum hér á undan.

[17:15]

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Enn hendir það hv. þm. að vera dularfullur eins og andatrúin og reyna að segja bæði þingi og þjóð að eitthvað hafi þessi maður saknæmt unnið. Þetta er ómerkilegur málflutningur, hv. þm. Árni Mathiesen, (Gripið fram í.) og það kann að vera að slíkur málflutningur Gróu á Leiti komi síðar í bakið á mönnum. (**ÁMM:** Gættu að þínum málflutningi.) Kjósendur kunna ekki við svona málflutning. Ég hef unnið í samgn. og hygg ég að ef menn fara yfir þá stöðu, sem eðlilegt er, að Suðurland hafi ekki mikið verið inni í vetrarsamgöngum nema þegar Herjólfur var þar til umræðu. Hins vegar var það svo þegar ég kom þar að ég minnist þess t.d. að Vestur-Skaftafellssýsla var þar inni í liðum og svo hefur haldist en þó verið verulega skorið niður í gegnum tíðina vegna bættra samgangna, hæstv. forseti.

Útbýting þingskjals:

Listmenntun á háskólastigi, 277. mál, stjfrv., þskj. 334.

[17:16]

Frsm. minni hluta fjárln. (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég fór ítarlega yfir nál. minni hluta fjárln. í ræðu minni fyrr í dag og þarf í rauninni ekki að bæta svo ýkja miklu við. Í framhaldsumræðum urðu nokkur orðaskipti um Lánasjóð ísl. námsmanna og þá þróun sem verið hefur varðandi breyttar lánareglur í sjóðnum. Hv. 1. þm. Vesturl. staðhæfði að það væri allt í góðu lagi í þeim efnum og námsmönnum væri að fjölga og lánþegum. Ég hef tölur undir höndum um þessi mál og þær sýna að frá árinu 1992 hefur lánþegum fjölgað eilítið í Reykjavík og nágrenni en sú fækkun sem hefur orðið annars staðar á landinu hefur haldið sér. Þetta er sú mynd sem blasir við í þessum efnum, einfaldlega að hertar reglur lánasjóðsins hafa gert landsbyggðarmönnum og, eftir því sem upplýsingar eru um frá stúdentum, gert barnafólki erfiðara að stunda nám.

Það kemur einnig fram í tölum að árin 1992 og 1993 eru 11.059 námsmenn í lánshæfum íslenskum skólum, en miðað við eðlilega fjölgun hefðu þeir átt að vera 12.419. Þetta eru tölur sem fyrir liggja um þessi efni.

Varðandi svo aftur þá spurningu sem alltaf heyrist í umræðum um þessi mál um minni hluta fjárln., að minni hlutinn krefjist aukinna útgjalda en hirði minna um tekjurnar, þá er það nú svo að minni hluti fjárln. hefur mér vitanlega ekki flutt mikið af útgjaldatillögum og engar brtt., hvorki við fjáraukalög eða fjárlög. Minni hlutinn hefur unnið af heilindum að þessum málum og ég tek undir það að það þarf að vera aðhald í ríkisútgjöldum. Minni hlutinn hefur unnið í þeim anda, en þar með er ekki sagt að hann sé algjörlega gagnrýnislaus á það sem fram fer.

Auðvitað skiptir tekjuhlið ríkissjóðs einnig miklu máli þegar litið er til þess sem er úr að spila. Varðandi tekjuhliðina eru tvö mál sem standa upp úr. Það er alveg ljóst að skattsvik í landinu eru gríðarlega mikil. Skattsvikin eru talin um 11 milljarðar kr. og opinberar skýrslur greina frá því að athuganir sýni það að neðanjarðarhagkerfið sé af þessari stærðargráðu í landinu. Þarna þarf að gera mikið átak og reyna að ná þessum tekjum inn í ríkissjóð.

Ég er enginn skattlagningarpostuli og tel að skattheimtunni verði að stilla í hóf en þó held ég að þeir sem hafa breiðari bökin verði að leggja sitt af mörkum til launajöfnunar í landinu og skattkerfið eigi að nota í því skyni. Það væri fróðlegt, af því að það ber svo vel í veiði að hæstv. fjmrh. sýnir okkur þá virðingu, ef svo má segja, að vera viðstaddur þessa umræðu, að inna hann eftir því hvort það sé komið samkomulag um tekjuhlið fjárlaga næsta árs. Við heyrum af því að það sé verið að ræða í Stjórnarráðinu á löngum kvöldfundum tekjuhlið fjárlaga fyrir árið 1995 enn þá. Örfáum dögum fyrir jól. Það væri fróðlegt af því að við erum hér með frv. sem er nátengt fjárlögum, sem eru fjáraukalög fyrir árið 1994, að vita hvort það sé komin niðurstaða í þessu efni um skattlagninguna á næsta ári og hvernig horfurnar eru.

Varðandi þá umræðu sem hér hefur orðið um heilbrigðismál og vanda sjúkrahúsanna þá treysti ég því að áfram verði litið á þau erindi sem berast frá öðrum sjúkrahúsum en þeim sem hafa fengið úrlausn. Ég treysti því að það verði gert á milli 2. og 3. umr. ef einhver erindi eru sem ekki hafa borist til nefndarinnar. Ég treysti því að það verði gert. Að öðru leyti er dálítið sérkennileg þessi fortíðarumræða sem hér var upp tekin um ástand mála á árinu 1987 og 1988 og til 1991. Það skiptir auðvitað mestu máli að koma málefnum sjúkrahúsanna á hreint og strax sé brugðist við þeim vandamálum sem upp koma. Hafi það ekki verið gert í fortíðinni þá er það ekki til fyrirmyndar og væntanlega hefur það þá verið vegna þess að það hefur ekki fengist fjármagn til þess á sínum tíma að bregðast við því. Mér finnst skipta mestu máli í ríkisfjármálum yfirleitt að ýta ekki vandanum á undan sér heldur leysa mál strax og þau koma upp því alltaf verður þetta óviðráðanlegra eftir því sem árin líða og flóknara og tekur meiri vinnu.

Mér finnast sérkennilegar umræður um stjórn heilbrigðismála einhvern tímann í fortíðinni af þingmönnum Alþfl. þegar heilbrrn. er að fá um 2 milljarða kr. í viðbótarfjárveitingar. Hins vegar er vissulega jákvætt

að það hefur fengist og ég ætla ekki að leggjast á móti því. Þessir fjármunir eru til að bregðast við vandamálum sem eru uppi, til að bregðast við aðgerðum sem hafa verið áformaðar í flýti og skyndingu og ekki gengið eftir eins og minni hluti fjárln. hefur varað við á yfirstandandi kjörtímabili. Það er komið fram að þær aðvaranir hafa haft við rök að styðjast.

Varðandi sjúkrahúsin í landinu, ef almennt er talað um starfsemi þeirra, þá er það nauðsynlegt að fara yfir verkaskiptingu þeirra, bregðast við breyttum aðstæðum, reyna að draga verkefni til sjúkrahúsanna úti á landi þannig að þau geti sinnt hlutverki sínu. Sú skýrsla sem kom um sjúkrahúsin í landinu og var til umræðu á síðasta þingi er ekki glæsilegt framtíðarplagg og á ekki að vinna í anda hennar. Það á að vinna í þveröfugum anda og reyna að draga út á landsbyggðina aðgerðir, auka verkaskiptingu, þannig að það létti á heilbrigðisstofnunum í borginni sem eru yfirhlaðnar. Ég geri mér alveg grein fyrir því að tæknin vex á sjúkrahúsum og hátækni í lækningum verður ekki komið við nema á sérhæfðum og stórum sjúkrahúsum. En það er margt annað sem sjúkrahúsin úti á landsbyggðinni geta átt við.

Þetta er stórmál sem verður ekki leyst við þessa umræðu en ég vildi eigi að síður fara nokkrum orðum um þetta af því að vandi sjúkrahúsanna kom til umræðu.

Varðandi verklag fjárln. vil ég segja það að fjárlög hverju sinni eru meira og minna á ábyrgð þeirrar ríkisstjórnar sem situr og fjárln. skiptist kannski fremur en margar aðrar nefndir þingsins í minni hluta og meiri hluta vegna þess hve fjárlögin eru nátengd efnahagsstefnu ríkisstjórnar hverju sinni. Það liggur nokkuð í hlutarins eðli. Þannig að oft finnst okkur minnihlutamönnum við standa frammi fyrir gerðum hlut en ég vil þó segja að samstarfsandinn í nefndinni er í sjálfu sér góður svo langt sem hægt er að búast við slíku því þarna er tekist á um stefnu og fjárlög hverju sinni eru, eins og ég hef tekið fram, þáttur í efnahagsstefnu þeirrar ríkisstjórnar sem situr og meiri hluti á hverjum tíma þarf að hafa samstarf við fagráðuneytin um hverju verður komið fram. Ég geri mér alveg grein fyrir því. En stundum finnst okkur minnihlutamönnum eigi að síður við standa frammi fyrir nokkuð gerðum hlutum varðandi fjárveitingar.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð öllu fleiri að sinni. Það kom fram í minni fyrri ræðu að hér eru ekki öll kurl komin til grafar og það eru stór mál og erfið viðureignar sem bíða 3. umr., öll samskiptin við sveitarfélögin, málefni jöfnunarsjóðs og Innheimtustofnunar bíða sem er stórmál og samskiptin við sveitarfélögin á næsta ári eru óleyst varðandi fjárlagagerðina. Nú er farið að líða að jólum þannig að það má áreiðanlega halda á spöðunum ef þessi mál eiga að klárast fyrir jólin. Það verður a.m.k. að nást niðurstaða í það hvaða tekjum er verið að skipta en það liggur ekkert fyrir um það enn þá. Við fjárlaganefndarmenn stöndum frammi fyrir því að skipta útgjöldum í tvo og hálfan mánuð og fáum svo að vita það tveimur, þremur dögum fyrir jól hvaða tekjur við höfum til að mæta þessum útgjöldum. Þetta hefur ekkert breyst. Einhvern tímann verður þetta að breytast.

[17:31]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. hélt því fram að ríkisstjórnin héldi kvöldfundi til að reyna að jafna ágreining á milli stjórnarflokkanna um framlagningu frumvarpa. Það er ekki rétt. Hins vegar höfum við haldið fundi að degi til en það þarf að koma fram að dimmir fljótt á daginn og eðlilegt er að syfjaðir hv. þm. rugli saman síðdeginu og kvöldinu um háskammdegið.

Það er rétt að frumvörp koma nokkuð seint fram en það er sérstaða nú miðað við það sem hefur oftast gerst áður. Hún felst í því að þess er ekki að vænta að inn á Alþingi komi frumvörp til íþyngingar í sköttum. Það stendur þannig á að einungis er verið að ræða um hvort það eigi að hliðra til sköttum en ekki að hækka skatta. Þessi sérstaða gerir það að verkum að ég treysti því að það verði auðvelt að koma fram leiðréttingarfrumvörpum þótt þau komi seint fram. En tek undir það sem hv. þm. sagði að auðvitað hefði verið heppilegra að slík frv. kæmu fram fyrr.

Ríkisstjórnin ásamt formanni og varaformanni fjárln. hafa einnig rætt um frágang fjárlagafrv. á næsta ári og ég sé ekki að þar séu óyfirstíganleg vandamál á ferðinni.

Þá vil ég loks taka fram að frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum hefur komið fram, sem mér þótti eðlilegt áður en til 2. umr. fjárlaga kemur. Það frv. liggur frammi og verður til umræðu fljótt eftir helgi.

Loks vil ég vara hv. þm. Framsfl. við því, nú sem áður, að draga of miklar ályktanir af niðurstöðutölum í fjáraukalögum því á undanförnum árum hefur komið í ljós að hallinn hefur í raun orðið minni en þeir spáðu, sem betur fer.

[17:33]

Frsm. minni hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég bið hæstv. fjmrh. forláts á því að hafa borið á hann að sitja hér á kvöldfundum. Það má vel vera að þeir hafi verið seinni part dags en niðurstaðan á þessum fundum skiptir mestu máli en ekki hvenær þeir eru haldnir. Ef ég hef skilið hann rétt var yfirlýsing hans á mæltu máli þannig að það sé ætlunin að taka upp einhverja nýja skattheimtu og lækka aðra skatta í staðinn. Þá spyr ég hvort það sé á mannamáli að það eigi að taka upp hátekjuskatt og fjármagnstekjuskatt og lækka einhverja aðra skattprósentu í staðinn og hvort um það sé verið að takast á.

[17:35]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. spurði og fær svör í fyllingu tímans.

[17:35]

Frsm. minni hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú er hæstv. fjmrh. orðinn dularfull-

ur eins og andatrúin, svo ég taki orð hv. 5. þm. Suðurl. og geri þau að mínum. Auðvitað þýðir þetta að það er ekkert samkomulag enn þá í stjórnarflokkunum þó komið sé fram að jólum. Það verður ekkert samkomulag um þessi mál fyrr en í fyllingu tímans, hvenær sem sú fylling tímans verður nú. (Gripið fram í.) Og hvaða tími sem það er nú. Hins vegar finnst mér hæstv. fjmrh. bjartsýnn ef hann heldur það virkilega að niðurstaða fjáraukalaga fyrir þetta ár, sem væntanlega verða lögð fram á næsta ári, verði lægri en niðurstöðutölur sýna núna. Það eru einfaldlega ekki öll útgjaldamál komin fram og fjárln. á enn þá eftir að fjalla um stór útgjaldamál. Það þýðir þá ekki annað en að það á hafna öllu sem eftir er. Þá held ég að fari nú að hvessa a.m.k. hjá sveitarstjórnarmönnunum ef það á ekki að sinna Innheimtustofnuninni neitt svo eitt dæmi sé tekið.

Útbýting þingskjala:

Hálkuvarnir á þjóðvegum, 279. mál, fsp. EMS, þskj. 346.

Heilbrigðisþjónusta, 280. mál, frv. heilbr.- og trn., þskj. 347.

[17:37]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu mikið en einu máli finnst mér ekki hafa verið gerð nægileg skil við þessa umræðu þó það hafi nú verið nefnt hér en það eru samskipti við sveitarfélögin sem eru með slíkum eindæmum hjá þessari ríkisstjórn að slíkt held ég að hafi aldrei fyrr gerst í sögunni. Nú standa mál þannig að þau sveitarfélög sem hafa færri íbúa en 3.000 fá ekki greidd út sín þjónustuframlög vegna þess að þeim er haldið eftir upp í barnsmeðlög. Þetta er náttúrlega aðferð sem er algerlega ósamboðin opinberum aðilum að standa að. Það er með miklum ólíkindum að það sé slíkur vanmáttur hjá hinu opinbera gagnvart málum sem koma upp af þessu tagi að það skuli ekki vera hægt að leysa þau. Nú er mér kunnugt um að forráðamenn sveitarfélaganna hafa verið í viðræðum við ráðherra ríkisstjórnarinnar um þessi mál og ég tel að það sé kannski full ástæða til þess að hv. Alþingi sé gerð grein fyrir því á hvaða stigi þessar viðræður eru og hvort það er von til einhverrar samstöðu á næstunni um niðurstöðu í málinu. En það sem ég er hræddastur við er að það sé verið að blanda inn í samskiptin við sveitarfélögin öðrum deilumálum. Það sé kannski verið að kaupa sveitarfélögin til þess að fallast á eitthvað af því sem ríkisstjórnin hefur ætlað að reka ofan í kokið á þeim með því að svíkja samkomulagið frá því í desember í fyrra sem hæstv. fjmrh. skrifaði undir ásamt hæstv. félmrh. sem þá var. En þá var sveitarfélögunum lofað því að þau þyrftu ekki að taka þátt í fjármögnun Atvinnuleysistryggingasjóðs með sama hætti og árið 1994 ef þau lofuðu að setja peninga í Atvinnuleysistryggingasjóð með sérstökum hætti sem um var samið. Í þeirri yfirlýsingu sem hæstv. ráðherrar skrifuðu undir var sérstök grein, sem var síðasta greinin í þessu plaggi, og í henni stendur: „Aðrar breytingar en að ofan greinir stendur ekki til að gera á verkaskiptingu og fjárhagslegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga í tengslum við fjárlagagerðina 1994.“ Þetta segir náttúrlega meira en öll önnur orð um að það að hæstv. ráðherra skyldi síðan skrifa sveitarfélögunum og fara fram á að þau settu peninga í þessa hluti var auðvitað ekki boðlegt frá hendi ríkisstjórnarinnar. Það kann vel að vera að það hafi verið óskynsamlegt að lofa þessu. Ég held því ekki fram að það megi ekki segja það en úr því að menn lofuðu því þá áttu menn auðvitað að standa við það. Ég spyr: Er það tilfellið að það sé verið að reyna að pína sveitarfélögin í ljósi þeirrar stöðu sem nú er vegna þeirra vandamála sem sveitarfélögin sem eru með minna en 3.000 íbúa eru komin í af því að þau fá ekki sín þjónustuframlög? Það eru engir smáaurar sem eru á ferðinni og skipta auðvitað miklu máli fyrir sveitarfélögin sem eiga þarna hlut að máli. Ég ætla að nefna eitt sveitarfélag sem standur efst á því blaði sem þingmenn fengu í hendur frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um þetta en það er Grindavík. Það á ógreiddar núna 3.182 þús. kr., bara þetta eina sveitarfélag. Önnur sveitarfélög eiga viðlíka greiðslur ófengnar vegna stöðu þessara mála. Svo eru öll önnur sveitarfélög sem eru með fleiri íbúa. Það hefur verið staðið við allt sem jöfnunarsjóður á að gera fyrir þau. Ég held að það væri ástæða til þess að hæstv. ráðherra gerði þinginu grein fyrir því hvort hann er að komast að samkomulagi, hæstv. ráðherra, við forráðamenn sveitarfélaganna um þetta stóra mál. Því það er kominn í dag, hvað 11. des. (**Fjmrh.:** Nei, það er 25. held ég.) Nú er það já. Hæstv. ráðherra er kominn fram að jólum og ég fer þá að skilja að hann sé órólegur í sætinu og vilji komast heim til sín ef hann stendur í þeirri meiningu að í dag sé 25. des. En við skulum nú vona að við verðum ekki hér þann dag. En það horfir alla vega ekki vel með verkefni hæstv. ríkisstjórnar því þetta er stórt mál og það eru ekki margir dagar til stefnu til að leysa það. Þess vegna tel ég að það sé full ástæða til þess að það komi skýrara fram en gerst hefur við þessa umræðu í dag hvernig og hvenær menn fá einhverja vitneskju um niðurstöðu þessa máls.

[17:43]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Í dag mun vera 9. des. og víst ekki hægt að flytja brtt. um það hér á hinu háa Alþingi til hækkunar. En ég vek athygli á því að samningurinn sem hv. þm. vitnaði til var dagsettur 10. des. fyrir ári síðan þannig að það má búast við að á næstu dögum megi takast samkomulag milli ríkis og sveitarfélaganna. Reyndar hefur samstarf á milli þessara aðila verið ágætt. Ég vek athygli á því að í fjárlagafrv. stóð einungis: Áformað er að leita eftir samkomulagi við sveitarfélögin um áframhaldandi 600 millj. kr., og það voru engar skuldbindingar sem hvíldu á sveitarfélögunum um það. Á sama hátt er engin skuldbinding á ríkisvaldinu til þess að leggja jöfnunarsjóðnum lið með beinum framlögum. Í fyrra féllust ríkisstjórnin og Alþingi á með sínu samþykki að leggja 250 millj. kr. á fjáraukalögum þess árs til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Þetta mál verður til áframhaldandi viðræðu á milli ríkis og sveitarfélaganna. Ég vek athygli á því að halli á Innheimtustofnun sveitarfélaga er ekki eingöngu tilkominn vegna breytinga á lögum. Það kemur hins vegar fram í samkomulaginu sem vitnað var til og hv. þm. nefndi, dags. 10. des. í fyrra, að ríkisvaldið tók að sér að vinna að því ásamt samtökum sveitarfélaganna að finna lausn á vanda Innheimtustofnunar og um leið Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga með því að breyta lögum þannig að ekki þyrfti að koma til þessi halli sem myndast á jöfnunarsjóðnum og Innheimtustofnun sveitarfélaga en það er gert ráð fyrir því samkvæmt lögum að hallinn sé greiddur eftir vissum reglum af Jöfnunarsjóði sveitarfélaganna og þar með bitnar hann á þeim sveitarfélögum sem fá greitt úr jöfnunarsjóðnum sem oftast eru smæstu sveitarfélögin. Þannig að þessi mál eru til umræðu á milli aðila og ég á von á farsælli lausn innan tíðar.

[17:45]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Já, það er ár á morgun síðan síðast var skrifað undir samkomulag. Það er sannarlega ástæða til að vonast til þess að það verði skrifað undir annað samkomulag hvort sem það verður á morgun eða annan dag og það verði að minnsta kosti staðið betur við það en þetta samkomulag sem þarna var skrifað undir og er að verða ársgamalt því hvorki hefur nú gengið né rekið fram að þessu við það sem hæstv. ráðherra var að lýsa hér áðan að hefði staðið til að gera og hefði verið lofað. Síðan hefur hæstv. ráðherra ásamt sínum félögum lagt í einn slaginn enn við sveitarfélögin um þá hluti sem stóðu í þessu plaggi. Ég veit ekki betur en hæstv. ráðherra hafi skrifað sveitarfélögunum bréf í þeim tilgangi að fá þau til að leggja áfram peninga í það sem lofað var að þau þyrftu ekki að setja peninga í. Þannig að ég held að það sé full ástæða til þess að menn gangi nú hægar og stilltar um í samskiptunum við sveitarfélögin og ég legg til að hæstv. ráðherra geri það nú heldur en gert hefur verið á undanförnum árum. Því ferill hæstv. ríkisstjórnar er satt að segja ekki til fyrirmyndar og það mun taka langan tíma fyrir þær ríkisstjórnir sem taka við af þessari að koma samskiptum við sveitarfélögin í eðlilegt horf eftir þetta kjörtímabil.

[17:46]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Sú var tíðin meira að segja í tíð ríkisstjórnar sem flokkur hv. þm. studdi og var í að það tíðkaðist að skerða fjármagn til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og til sveitarfélaganna. Sá tími er liðinn. Allt samstarf við sveitarfélögin hefur verið með mjög góðum hætti. Það hefur verið gert á grundvelli samninga. Það var hvergi bannað að ríkisvaldið leitaði hófanna um að sveitarfélögin legðu fram fjármagn enn á ný á næsta ári til að koma í veg fyrir atvinnuleysi. Það var hvergi bannað að gera það. Ekkert frekar en að það var bannað að leita eftir því vegna yfirstandandi árs þótt í desember 1993 hefði verið sagt að ekki væri ráðgert að gera það á því ári. Það fer allt eftir samningum á hverjum tíma. Þetta vil ég benda á. Við þennan samning sem hv. þm. vitnaði til hefur verið staðið. Það eina sem hefur gerst er að við höfum farið fram á að ná nýjum samningum og viðræður standa yfir. Ég vildi vekja athygli á þessu því þetta eru breytt vinnubrögð. Þetta eru vinnubrögð sem ekki tíðkuðust áður þegar ríkisvaldið með einhliða hætti réðist að sveitarfélögunum og tók af þeim fjármagn án þess að spyrja kóng eða prest úr þeirra röðum. Þannig að ég held að áður en hv. þm. ræðst á ríkisstjórnina aftur fyrir það að ráðast að sveitarfélögunum ætti hann að kynna sér sögu málsins og rifja upp hvernig hans eigin flokkur, þegar hann var í ríkisstjórn, stóð að málum eins og þessum.

[17:48]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég verð að segja alveg eins og er að mig undrar hve kokhraustur hæstv. ráðherra er. Svo mikið hefur nú heyrst frá sveitarstjórnarmönnum í landinu á kjörtímabilinu að það er ekki öllu gleymt býst ég við um þessi samskipti. Þar hafa farið fremstir flokksmenn hæstv. ráðherra sem hafa lýst því yfir að þessi samskipti gangi ekki. Ég býst við að það þurfi ekki að rifja þau orð upp. Það er auðvitað rangtúlkun hjá hæstv. ráðherra að það sé ekki verið að svíkja samkomulagið frá því í fyrra. Það stendur hér og ég ætla bara að lesa aftur síðustu greinina: „Aðrar breytingar en að ofan greinir stendur ekki til að gera á verkaskiptingu og fjárhagslegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga í tengslum við fjárlagagerð fyrir árið 1994." (**Fjmrh.**: Það er fyrir næsta ár.) Við fjárlagagerð fyrir árið 1994, þá var verið að tala um sl. ár og sveitarstjórnarmenn hafa marglýst því yfir að þeir telji að framgangur hæstv. ríkisstjórnar og fjmrh. hæstv. í broddi fylkingar sé brot á þessu samkomulagi. Ég er ekki að finna það upp. (**Fjmrh.**: Það er næsta ár, við erum að tala um 1995.) Ég er ekki að finna það upp sem sveitarstjórnarmenn hafa verið að segja á undanförnum vikum og mánuðum um samskiptin við ríkið að það sé brot á þessu samkomulagi. Ég hef bæði hlustað á framkvæmdastjóra og líka aðra forráðamenn þessara samtaka sem hafa lýst því yfir að þeir telja þetta brot á samkomulaginu og ég ætla að láta það verða mín síðustu orð hér. Ég vonast til þess að hæstv. fjmrh. átti sig á því að það er mikilvægara heldur en það megi offra því eins og hæstv. ríkisstjórn hefur gert, samkomulagið við sveitarfélögin í landinu.

[17:50]

Frsm. minni hluta fjárln. (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég get ekki að mér gert að koma inn í þessa umræðu varðandi samskipti ríkis og sveitarfélaga vegna þess að mig undrar nú alveg á því að hæstv. fjmrh. skuli lýsa því yfir að samskipti ríkis og sveitarfélaga hafi verið með miklum ágætum á kjörtímabilinu. Það finnst mér alveg makalaus yfirlýsing. Það er alveg rétt sem hæstv. fjmrh. sagði, svo vitnað sé til fortíðarinnar, að það tíðkaðist að skerða Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Ég ætla ekki að þræta við hæstv. fjmrh. um það, mér er það mjög í minni. Það voru stanslaus átök við sveitarstjórnarmenn út af þessum

málum þegar ég kom hér fyrst inn á Alþingi og kynntist þessum málum. Ég dreg enga fjöður yfir það. Hins vegar urðu þáttaskil í þessum málum árið 1989 þegar lögum um tekjustofna sveitarfélaga var breytt og verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og þessir tveir lagabálkar voru samþykktir. Það ríkti friður í þessum málum í tvö ár en ófriðurinn hófst aftur þegar núv. ríkisstjórn komst til valda og þvingaði upp á sveitarfélögin svokölluðum nefskatti til að standa undir löggæslumálum. Það var afskaplega óvinsæll skattur og ófriðarbálið hófst aftur milli ríkis og sveitarfélaga. Síðan hefur þessi skattur lifað en heitir núna greiðsla sveitarfélaganna í Atvinnuleysistryggingasjóð vegna átaksverkefna upp á 600 millj. kr.

Það hefur verið margreynt af forustumönnum sveitarfélaganna að semja þessa greiðslu út af borðinu og þeir komust svo langt fyrir ári síðan að fá það inn í yfirlýsingu sem er undirrituð af hæstv. fjmrh. og hæstv. fyrrv. félmrh. og flokksbróður fjmrh., Vilhjálmi Þ. Vilhjálmssyni, formanni Sambands íslenskra sveitarfélaga, og Þórði Skúlasyni að ekki væri gert ráð fyrir að framhald verði á greiðslu sveitarfélaga í sjóðinn á árinu 1995. Nú standa enn þá yfir samningar um þetta sama mál sem var samið um fyrir ári síðan. Það eru alltaf teknir upp samningar aftur og aftur um sama málið. Það hefur verið rakið hér og ég rakti rækilega í minni fyrri ræðu í dag hvernig mál standa varðandi Innheimtustofnun sveitarfélaga. Forsvarsmenn Sambands íslenskra sveitarfélaga geta sætt sig við það að leysa þetta mál með 160 millj. kr. og leggja 60 millj. úr jöfnunarsjóðnum í þennan pakka. Það hefur komið fram. Þannig að með þeirri fjárveitingu mundi þetta mál leysast fyrir yfirstandandi ár þannig að það gæfist tóm til þess eins og hæstv. fjmrh. tók fram að breyta lögum þannig að vinna bug á þessu vandamáli sem upp hefði komið varðandi innheimtu barnsmeðlaga. Það liggur fyrir viðamikið nál. um þau mál en ég tel að yfirstandandi ár verði að leysa og það sé alveg óviðunandi að láta þennan vanda liggja á nokkrum sveitarfélögum í landinu. Það er ekki réttlátt og það er engin leið að una því að það séu aðeins fáein sveitarfélög sem taka þennan vanda á sig því það er auðvitað ekki hlutverk þeirra að taka þennan vanda á sig fyrir öll hin.

Ég ætla ekkert að orðlengja um þetta frekar því þetta á eftir að koma til umræðu í nefndinni og þessum málum hefur formlega verið slegið á frest til 3. umr. en eigi að síður, af því að hæstv. fjmrh. fór að gefa hér yfirlýsingar um hina góðu sambúð ríkis og sveitarfélaga á kjörtímabilinu þá gat ég ekki annað en bætt nokkrum orðum við um þetta.

Það má einnig geta þess að hér hefur verið mikið prógramm í gangi um sameiningu sveitarfélaga og nýja verkaskiptingu á síðasta kjörtímabili en það voru gefin mikil fyrirheit frá ríkisstjórninni varðandi þessa sameiningu, um framlög Byggðastofnunar til atvinnumála, vegagerð í sameinuðum sveitarfélögum og fleira. Ég býst við að fjárlaganefndarmenn, hvort sem þeir tilheyra meiri eða minni hluta af stjórnarliðum eða stjórnarandstæðingum í fjárln. geti vitnað um það að sveitarstjórnarmenn hafa komið froðufellandi og kallað eftir efndum á þessum yfirlýsingum. Þetta ber ekki vott um þessa ástríku sambúð sem hæstv. fjmrh. gat um.

Ég hef þá lokið umræðu um fjáraukalög frá minni hálfu vegna þess að ég hef notað minn þriðja ræðutíma hér, en auðvitað áskil ég mér rétt til þess að fara nánar yfir þau mál sem upp kunna að koma við 3. umr. málsins, hvenær sem hún verður.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá var tekið 10. mál.

Fundi slitið kl. 17:58.

54. FUNDUR

mánudaginn 12. des.,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

Fjáraukalög 1994, stjfrv., 66. mál, þskj. 66, nál. 325 og 333, brtt. 326. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

Fjarvistarleyfi:

Guðrún J. Halldórsdóttir, 18. þm. Reykv.,
Jón Baldvin Hannibalsson utanrrh.,
Margrét Frímannsdóttir, 4. þm. Suðurl.,
Ólafur Ragnar Grímsson, 8. þm. Reykn.,
Páll Pétursson, 1. þm. Norðurl. v.,
Sólveig Pétursdóttir, 6. þm. Reykv.,
Valgerður Sverrisdóttir, 3. þm. Norðurl. e.

Aðalmenn taka sæti á ný:

Davíð Oddsson forsrh.,
Þorsteinn Pálsson sjútvrh.

Útbýting þingskjala:

Atvinnuréttindi útlendinga, 165. mál, þskj. 343.

Dreifikerfi Ríkisútvarpsins, 160. mál, svar menntmrh., þskj. 338.

Fræðsla í fjármálaumsýslu í skólum, 202. mál, svar menntmrh., þskj. 340.

Greiðslur úr Atvinnuleysistryggingasjóði til fiskvinnslufólks, 217. mál, svar félmrh., þskj. 331.

Kostnaður við dagskrárgerð í Ríkisútvarpinu, 162. mál, svar menntmrh., þskj. 337.

Lífræn landbúnaðarframleiðsla, 281. mál, stjfrv., þskj. 348.

Niðurfelling afnotagjalda af útvarpi, 161. mál, svar menntmrh., þskj. 335.

Rekstur svæðisstöðva Ríkisútvarpsins, 159. mál, svar menntmrh., þskj. 336.

Skólar fyrir fatlaða, 226. mál, svar menntmrh., þskj. 339.

Tekjuskattur og eignarskattur, 282. mál, stjfrv., þskj. 349.

Lagt fram á lestrarsal:

Erindi frá stjórn Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum.

Erindi frá Landssambandi vörubifreiðastjóra.

Fjáraukalög 1994, frh. 2. umr.

Stjfrv., 66. mál. — Þskj. 66, nál. 325 og 333, brtt. 326.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:07]

1. gr. samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁS, GunnS, HBl, IBA, JÁ, LMR, MJ, ÓE, PJ, PBald, PBj, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SJS, StB, TIO, ÞorstP.

13 þm. (FI, GB, GÁ, IP, JóhS, JGS, JónK, JVK, KHG, KÁ, KS, RA, StG) greiddu ekki atkv.

18 þm. (DO, EMS, GE, GJH, GHelg, HÁ, JE, JBH, JHelg, KE, MF, MB, ÓRG, PP, SP, SvG, VS, VE) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GÁS, GunnS, HBl, IBA, LMR, MJ, ÓE, PJ, PBald, PBj, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StB, TIO, ÞorstP.

16 þm. (FI, GB, GÁ, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JónK, JVK, KHG, KÁ, KS, RA, StG, SJS) greiddu ekki atkv.

18 þm. (DO, EMS, GE, GHall, GJH, GHelg, HÁ, JBH, JHelg, KE, MF, MB, ÓRG, PP, SP, SvG, VS, VE) fjarstaddir.

Brtt. 326,1–3 samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GunnS, HBl, IBA, IP, JE, JónK, KHG, LMR, MJ, ÓE, PJ, PBald, PBj, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StB, TIO, ÞorstP.

11 þm. (FI, JÁ, JóhS, JGS, JVK, KÁ, KS, RA, StG, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

17 þm. (DO, EMS, GE, GÁ, GJH, GHelg, HÁ, JBH, JHelg, KE, MF, MB, ÓRG, PP, SP, VS, VE) fjarstaddir.

Brtt. 326,4 samþ. með 29:9 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁS, GunnS, HBl, IBA, LMR, MJ, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StB, TIO, ÞorstP.

nei: FI, JÁ, JVK, KHG, KÁ, KS, RA, SJS, SvG.

9 þm. (GB, GÁ, IP, JE, JóhS, JGS, JónK, PBj, StG) greiddu ekki atkv.

16 þm. (EMS, EKJ, GE, GJH, GHelg, HÁ, JBH, JHelg, KE, MF, MB, ÓRG, PP, SP, VS, VE) fjarstaddir.

2 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:09]

Pétur Bjarnason:

Virðulegi forseti. Hér er um að ræða lækkun heimilda til Lánasjóðs ísl. námsmanna að upphæð 65 millj. Lækkun heimilda til lánasjóðsins er tilkomin vegna þess að lántökur hafa dregist saman. Eftir nýjum reglum eru þær til þess fallnar að draga úr jafnrétti til

náms í landinu. Ég tel að reglunum þurfi að breyta svo að námsmenn geti nýtt sér þær til að lagfæra stöðu sína en að óbreyttum reglum núna 1994 mun þetta fjármagn ekki nýtast. Því mun ég sitja hjá við atkvæðagreiðsluna.

[15:10]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég get tekið undir það sem kom fram í skýringu með greininni áðan. Verið er að lækka fjármagn til lánasjóðsins í stað þess að gefa svigrúm til þess að leiðrétta þær óréttlátu reglur sem stjórn lánasjóðsins hefur sett sér við úthlutun á fjármagni og það hefði getað komið námsmönnum til góða. Þess vegna erum við á móti því að lækka framlag til lánasjóðsins um þetta.

Brtt. 326,5–23 samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GunnS, HBl, IBA, IP, JónK, LMR, MJ, ÓE, PJ, PBald, PBj, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StB, TIO, ÞorstP.

12 þm. (FI, GÁ, JÁ, JE, JóhS, JGS, JVK, KHG, KÁ, KS, StG, SJS) greiddu ekki atkv.

16 þm. (EMS, GE, GJH, GHelg, HÁ, JBH, JHelg, KE, MF, MB, ÓRG, PP, SP, SvG, VS, VE) fjarstaddir.

3. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁS, GunnS, HBl, IBA, LMR, MJ, ÓE, PJ, PBald, PBj, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StB, TIO, ÞorstP.

17 þm. (FI, GB, GÁ, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JónK, JVK, KHG, KÁ, KS, RA, StG, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

15 þm. (EMS, GE, GJH, GHelg, HÁ, JBH, JHelg, KE, MF, MB, ÓRG, PP, SP, VS, VE) fjarstaddir.

4. gr. samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁS, GunnS, HBl, IBA, LMR, MJ, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StB, TIO, ÞorstP.

19 þm. (EKJ, FI, GB, GÁ, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JónK, JVK, KHG, KÁ, KS, PBj, RA, StG, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

15 þm. (EMS, GE, GJH, GHelg, HÁ, JBH, JHelg, KE, MF, MB, ÓRG, PP, SP, VS, VE) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GunnS, HBl, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JónK, JVK, KHG, KÁ, KS, LMR, MJ, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SJS, StB, SvG, TIO, ÞorstP.

3 þm. (PBj, RA, StG) greiddu ekki atkv.

16 þm. (EMS, GE, GJH, GHelg, HÁ, JBH, JHelg, KE, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, SP, VS, VE) fjarstaddir.

Fundi slitið kl. 15:13.

---

55. FUNDUR

mánudaginn 12. des.,
að loknum 54. fundi.

Dagskrá:

Til forsætisráðherra:

1. Stuðningur Byggðastofnunar við atvinnumál í sameinuðum sveitarfélögum, fsp., 68. mál, þskj. 68.

Til menntamálaráðherra:

2. Reglur Lánasjóðs íslenkra námsmanna, fsp., 241. mál, þskj. 282.

Til samgönguráðherra:

3. Varaflugvöllur á Egilsstöðum, fsp., 243. mál, þskj. 284.

Til fjármálaráðherra:

4. Aukatekjur ríkissjóðs og gjaldtaka ríkisstofnana, fsp., 253. mál, þskj. 296.

Til dómsmálaráðherra:

5. Skyndiskoðanir Landhelgisgæslunnar, fsp., 259. mál, þskj. 304.

Til viðskiptaráðherra:

6. Flutningsjöfnunargjald á olíu, fsp., 271. mál, þskj. 320.

Stuðningur Byggðastofnunar við atvinnumál í sameinuðum sveitarfélögum.

Fsp. JónK, 68. mál. — Þskj. 68.

[15:13]

Fyrirspyrjandi (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Á þskj. 68 flyt ég fsp. til forsrh. um stuðning Byggðastofnunar við atvinnumál í sameinuðum sveitarfélögum. Spurningin er á þessa leið:

„Með hverjum hætti er Byggðastofnun ætlað að framkvæma yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá síðasta hausti um stuðning við atvinnuuppbyggingu í sameinuðum sveitarfélögum?“

Sú yfirlýsing, sem átt er við, er í tengslum við það átak sem var í sameiningarmálum sveitarfélaga og kemur fram í tilkynningu frá félmrn. 27. sept. 1993. Þar segir í 4. lið, en yfirskriftin er að ríkisstjórnin hafi fallist á eftirfarandi tillögur félmrh.:

„Á svæðum þar sem erfiðleikar eru í atvinnumál-

um mun ríkisstjórnin fela Byggðastofnun að beita sér fyrir tillögu um sérstakar aðgerðir í atvinnumálum í tengslum við sameiningu sveitarfélaga, einkum hvað varðar fjárfestingar og hagræðingar í rekstri."

Ekki er að sjá á fjárframlögum til Byggðastofnunar í fjárlögum eða í fjárframlögum til Byggðastofnunar í tengslum við búvörusamning sem tengist auðvitað málinu á ýmsum svæðum sem hafa sameinast þar sem sauðfjárbúskapur er uppistaðan í atvinnulífinu. Það er ekki að sjá á þessum framlögum að Byggðastofnun sé ætlað mikið fjármagn til að standa við þessar yfirlýsingar. Því er þessi spurning fram borin til hæstv. forsrh.

[15:15]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti. Hv. 2. þm. Austurl. hefur borið fram svohljóðandi fyrirspurn:

„Með hverjum hætti er Byggðastofnun ætlað að framkvæma yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá síðasta hausti um stuðning við atvinnuuppbyggingu í sameinuðum sveitarfélögum?"

Þegar ríkisstjórnin mótaði stefnu um sameiningu sveitarfélaga sneri hluti hennar að Byggðastofnun og aðgerðum hennar í atvinnumálum. Henni hafa ekki verið ætlaðir fjármunir sérstaklega í þessu sambandi. Ekki hefur komið til greina að stofnunin brygðist að eigin frumkvæði við þessum tilmælum til þess að hvetja sveitarfélög til sameiningar vegna þess að sameining sveitarfélaga nýtur mjög takmarkaðs stuðnings í stjórn stofnunarinnar. Hins vegar hefur stofnunin brugðist við eftir því sem til hennar hefur verið leitað eftir að sameining hefur átt sér stað og í einu tilviki sýnt frumkvæði. Hér verður í örstuttu máli reynt að gera grein fyrir aðgerðum hennar í þeim sameinuðu sveitarfélögum.

Í Dalabyggð hefur stofnunin um langan tíma stutt atvinnuþróunarstarf. Í fyrstu var sérstakur atvinnumálafulltrúi starfandi en síðan var ráðist í átaksverkefni sem stóð í rúm tvö ár. Eftir að því lauk hefur staðið yfir framhaldsverkefni um eflingu ferðaþjónustu á svæðinu. Þessi verkefni hafa náð yfir Dalasýslu og Reykhólasveit.

Beiðni um að gera athugun á stöðu atvinnulífs á því svæði sem nú heitir Snæfellsbær barst stofnuninni frá þingmönnum Vesturlands áður en búið var að sameina það í eitt sveitarfélag. Stofnunin fékk atvinnufulltrúa Snæfellsness til að gera úttekt á stöðu helstu fyrirtækja og hefur síðan verið í sambandi við hina nýju sveitarstjórn. Það síðasta sem gerst hefur í þeim málum er að gerð hefur verið athugun á vilja sjávarútvegsfyrirtækja til að taka þátt í uppstokkun í atvinnugreininni í þeim tilgangi að styrkja stöðu hennar á erfiðum tímum. Ekki er á þessari stundu hægt að segja fyrir um hver niðurstaðan verður.

Atvinnumál þess svæðis sem nú heitir Vesturbyggð hefur verið mjög stórt og kostnaðarsamt verkefni fyrir Byggðastofnun á undanförnum árum. Eru fá svæði á landinu jafnumfangsmikil. Áhætta stofnunarinnar á þessu svæði er og mjög mikil. Hún hefur tapað þar verulegum fjármunum. Enn er haldið áfram á þeirri braut að reyna að verja atvinnulífið fyrir hruni.

Að beiðni forsrn. vann Byggðastofnun á fyrra og þessu ári athugun á stöðu sjávarútvegs á Vestfjörðum. Ein af niðurstöðum þeirrar athugunar var að vandi sveitarsjóða og atvinnufyrirtækja væri samofinn. Hann stafaði að sumu leyti af varnarbaráttu sveitarstjórna í atvinnulífinu og væri þröskuldur í vegi fyrir sameiningu sveitarfélaga. Endanleg niðurstaða ríkisstjórnar og síðan Alþingis var að grípa til sérstakra aðgerða til stuðnings sjávarútvegi á Vestfjörðum með því að veita 300 millj. kr. til svæðisins. Þessi stuðningur er bundinn við þau sveitarfélög sem eru að sameinast eða ætla að gera það.

Af ofangreindum aðgerðum var stofnuninni heimilt að verja allt að 15 millj. kr. til að efla nýjungar í atvinnulífi Vestfirðinga með styrkveitingum. Stjórn stofnunarinnar ákvað að bjóða Vestur-Barðstrendingum að kosta starf atvinnuráðgjafa fyrir svæðið í eitt ár af þessari fjárveitingu. Heimamenn hafa samþykkt að ráða atvinnuráðgjafa en ekkert hefur enn orðið af framkvæmdum.

Byggðastofnun hefur varið töluverðu fé til að styrkja atvinnulíf í Hornafjarðarbæ. Þá hefur stofnunin veitt styrk til að kanna nýtingu gabbrós. Til tals hefur komið að ráða sérstakan atvinnuráðgjafa fyrir Austur-Skaftafellssýslu.

Flestar aðrar sameiningar sem fram hafa farið að undanförnu eru fámennir sveitahreppar sem sameinast þéttbýli. Slíkar sameiningar gefa sjaldnast tilefni til sérstakra aðgerða. Þá hafa sveitarfélög á Suðurnesjum sameinast án þess að til hafi komið sérstakar aðgerðir af hálfu stofnunarinnar þess vegna. Stofnunin hefur hins vegar stutt nýjungar í atvinnulífi á Suðurnesjum. Má þar nefna nýtingu Bláa lónsins og nú síðast vatnsverksmiðju.

Að endingu vil ég minna á að samkvæmt sérstöku samkomulagi ríkisins við Samband ísl. sveitarfélaga er gert ráð fyrir að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga veiti 300 millj. kr. á árunum 1995–1998 eða allt að 75 millj. kr. árlega til að jafna skuldastöðu sveitarfélaga sem sameinast. Þessum gjöldum jöfnunarsjóðs verður mætt að hluta með sérstöku framlagi úr ríkissjóði í jöfnunarsjóð að upphæð 140 millj. kr. árin 1995–1998 eða allt að 35 millj. kr. árlega.

Í fimmta lið samkomulagsins lýsa aðilar sig sammála um að beina því til stjórnar Lánasjóðs sveitarfélaga að skuldbreyta lausaskuldum viðkomandi sveitarfélaga.

[15:19]

Fyrirspyrjandi (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir svörin og vona að ég hafi náð þeim öllum en hæstv. forsrh. er svo hraðlæs að maður á fullt í fangi með að nema allt sem hann segir. En það er ljóst af þessum svörum að þessi yfirlýsing á sínum tíma hefur ekki verið mjög mikils virði vegna þess að Byggðastofnun vantar alla peninga til þess að standa við hana. Ég veit að Byggðastofnun hefur látið fara fram ýmsar athuganir og staðið að ýmsum átaksverkefnum sem er hennar hlutverk. En ég hygg að sveitarstjórnarmenn hafi

staðið í þeirri meiningu að það stæði eitthvað meira á bak við þessa yfirlýsingu á sínum tíma.

Þetta Vestfjarðaátak á síðasta ári var ekki eingöngu í tengslum við sameiningu sveitarfélaga á svæðinu þó að það væri tengt því. Var það umdeilt mál á sínum tíma, allsherjarátak á stöðu sjávarútvegs á svæðinu. Fyrirspurnin er borin fram vegna þess að sveitarstjórnarmenn hafa kallað mjög, m.a. í viðræðum við fjárln., eftir efndum á þessum yfirlýsingum síðan í fyrrahaust. Sameiningarmálin voru rekin af mjög miklu kappi og gefnar út ýmsar yfirlýsingar í fleiri liðum en þessum þó að fyrirspurnin beinist að þessu afmarkaða atriði.

Það eru í sjálfu sér engin tíðindi þó að það séu athuganir á hinu og þessu. Það er hlutverk Byggðastofnunar að athuga og skoða atvinnumál og gera áætlanir. En hún getur ekki hrundið þessum athugunum í framkvæmd nema fjármunir fylgi.

Reglur Lánasjóðs íslenskra námsmanna.

Fsp. KÁ, 241. mál. — Þskj. 282.

[15:22]

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Virðulegi forseti. Fyrir nokkrum vikum barst mér neyðarkall frá háskólanemendum í London vegna þeirrar ákvörðunar stjórnar Lánasjóðs ísl. námsmanna að hækka ekki þak á skólagjöldum sem nemendur verða að greiða í Bretlandi. Þessi ákvörðun kom mjög illa við hóp nemenda, að vísu fámennan hóp nemenda, sem er í þann mund að ljúka námi, í sumum tilfellum doktorsnámi, og sáu ekki fram á annað en verða að hætta námi þar sem þessi ákvörðun stjórnar lánasjóðsins raskaði öllum þeirra áformum. Af þessu tilefni vöknuðu spurningar um það hvaða reglur gilda hjá Lánasjóði ísl. námsmanna um greiðslu skólagjalda sem eru afar mismunandi eftir löndum. Það er einkum í Bandaríkjunum og í Bretlandi sem á þau reynir gagnvart lánasjóðnum. Ég hef því beint eftirfarandi spurningum til hæstv. menntmrh. á þskj. 282:

„1. Hvaða reglur gilda um lán til námsmanna erlendis til greiðslu á skólagjöldum?

2. Hvaða skýringar eru á því að nokkrum námsmönnum á lokastigi í námi erlendis (Bretlandi) er ekki lánað að fullu fyrir skólagjöldum?

3. Eru fyrirhugaðar breytingar á reglum Lánasjóðs íslenskra námsmanna um greiðslu skólagjalda í skólum erlendis?"

[15:24]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Í fyrsta lagi er spurt hvaða reglur gilda um lán til námsmanna erlendis til greiðslu á skólagjöldum. Svarið við þeirri spurningu er svohljóðandi:

Almenn lán til greiðslu skólagjalda erlendis eru einungis veitt til framhalds háskólanáms. Námsmönnum í grunnháskólanámi og sérnámi erlendis standa til boða sérstök lán á markaðskjörum vegna skólagjalda. Á námsárunum 1991–1992, 1992–1993 og 1993–1994 gilti sú regla hjá Lánasjóði ísl. námsmanna að samanlögð lán til námsmanna vegna skólagjalda máttu ekki nema hærri upphæð en 27 þús. Bandaríkjadölum. Við endurskoðun úthlutunarreglna fyrir yfirstandandi námsár, þ.e. námsárið 1994–1995, var þessu hámarki breytt þannig að frá og með því námsári mega samanlögð lán námsmanna vegna skólagjalda nema mest 31 þús. Bandaríkjadölum.

Í öðru lagi er spurt hvaða skýringar séu á því að nokkrum námsmönnum á lokastigi í námi erlendis, þ.e. Bretlandi, er ekki lánað að fullu fyrir skólagjöldum. Skýringarnar eru þær að í einstaka tilvikum, í tveimur eða þremur tilvikum að mér er sagt, vildu námsmenn í Bretlandi fá lán til skólagjalda í samræmi við þá hækkun sem ákveðin var námsárið 1994–1995 og sem ég var að greina frá. Sú ákvörðun lánasjóðsstjórnarinnar er hins vegar ekki afturvirk, þ.e. þeir námsmenn sem fengu skert lán á fyrra námsári fá lán samkvæmt þágildandi reglu. Þeir námsmenn geta hins vegar fengið frekara lán vegna skólagjalda á námsárinu 1994–1995 eins og ég hef greint frá. Þetta er skýringin.

Í þriðja lagi er svo spurt hvort fyrirhugaðar séu breytingar á reglum Lánasjóðs ísl. námsmanna um greiðslu skólagjalda í skólum erlendis. Því er til að svara að úthlutunarreglur Lánasjóðs ísl. námsmanna eru endurskoðaðar árlega af stjórn sjóðsins. Skv. 7. gr. reglugerðar nr. 210/1993, um Lánasjóð ísl. námsmanna, skulu reglurnar gefnar út fyrir 1. júní ár hvert. Þar sem vinna við endurskoðun reglnanna fyrir námsárið 1995–1996 er ekki hafin er of snemmt að segja til um það hvort reglum um lán fyrir skólagjöldum verður breytt fyrir það námsár.

[15:27]

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir hans svör. Mér sýnist á þessu og þeim gögnum sem ég hef fengið frá viðkomandi námsmönnum að þarna hljóti að vera um einhvers konar misskilning að ræða milli umsækjenda um lán og sjóðsins, þ.e. nemandinn hafi reiknað með því að fá námsgjöld greidd nokkurn veginn að fullu en niðurstaðan hjá viðkomandi námsmanni varð sú að það vantaði 1.662 pund upp á námsgjöld sem hún hafði reikna með að fá lánað fyrir. Samkvæmt bréfi frá þessari stúlku virðist svo sem lánasjóðurinn hafi ekki haft réttar upplýsingar um skólagjöldin frá viðkomandi skóla sem er London School of Economics.

Það er auðvitað álitamál hvort sjóðurinn eigi að hafa einhvern sveigjanleika þegar um skólagjöld er að ræða eða hvort það eigi að vera hámark. Ég verð að viðurkenna að þetta eru býsna háar tölur sem lánasjóðurinn miðar við og spurning hvort við höfum efni á því að styðja fólk til náms í mjög dýrum skólum, en í þessu tilviki er um mjög viðurkenndan skóla að ræða.

Ég held, virðulegi forseti, að ég verði að skoða þetta mál nánar og jafnvel í samráði við hæstv. menntmrh. Mér sýnist, eins og ég segi, að hér hafi eitthvað farið á milli mála, að nemandinn hafi reiknað með því í sínum fjárhagsáætlunum að fá sín skólagjöld greidd

að fullu en þegar til kom reyndist svo ekki vera. Þarna er spurningin ef um svo fá tilvik er að ræða, hvort hugsanlegt væri að lánasjóðurinn veitti einhverja tilhliðrun þegar um það er að ræða að fólk er á síðasta ári í námi.

[15:30]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Við vorum áðan að greiða atkvæði um það hvort ætti að lækka framlag til Lánasjóðs ísl. námsmanna. Reglur lánasjóðsins eru oft og tíðum þannig að þær eru heldur ekki í samræmi við þá námsframvindu sem framhaldsskólar og háskólar setja sér. Skólar setja sér ákveðnar reglur um námsframvindu og viðurkenna nemendur í fullu námi með þeim reglum en það eru aftur á móti ekki reglur sem lánasjóðurinn viðurkennir. Þarna stangast því á að skólarnir segja: Námsmenn eru í fullu námi og eiga rétt á því að fá lánið, en síðan kemur lánasjóðurinn og setur sér reglur sem eru þvert á það sem skólarnir hafa ákveðið um námsframvindu. Þó að hér sé verið að ræða um skólagjöld, þá er það á fleiri sviðum sem reglur lánasjóðsins eru ekki í samræmi við þá námsframvindu sem skólarnir setja sér.

[15:31]

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Varðandi þá umræðu sem hér fer fram um lánasjóðinn er rétt að minna á að það stendur í athugasemdum í fjáraukalagafrv. að nefnd sé að störfum við að endurskoða útlánareglur lánasjóðsins og það sem hún eigi einkum að athuga sé hvort hægt sé að lækka ríkisframlagið til lánasjóðsins frá því sem nú er. Ég held að að væri betra verkefni, a.m.k. jafnframt, fyrir þessa nefnd að snúa sér að því að lagfæra ýmsa agnúa á reglunum, bæði á þeim sem hér hafa verið taldar og öðrum sem of langt yrði upp að telja í þessum fyrirspurnatíma.

Þetta vildi ég láta koma fram við þessa umræðu.

[15:32]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Hv. fyrirspyrjandi taldi að hér kynni að vera um einhvern misskilning að ræða milli umsækjenda sem um ræðir og sjóðstjórnarinnar. Ef svo er þá held ég að engin spurning sé um það að málið verði leiðrétt, ef um einhvern misskilning er að ræða. Það er sjálfsagt að biðja stjórnina um að skoða það sérstaka mál alveg til hlítar.

Spurning um sveigjanleika. Jú, það er alltaf spurning um hvort unnt sé að hafa reglur þannig að það sé einhver sveigjanleiki í þeim. Ég held að það sé samdóma álit lánasjóðsins að sveigjanleiki í þessum tilvikum sé býsna vafasamur. Allar ákvarðanir lánasjóðsstjórnarinnar hafa fordæmisgildi og geta haft mjög mikil útgjöld í för með sér. Þess vegna eru reglurnar mjög stífar og gefa ekki kost á miklum sveigjanleika.

Hv. þm. Jóna Valgerður Kristjánsdóttir sagði að reglur lánasjóðsins væru ekki í samræmi við þær reglur sem hinir ýmsu háskólar setja sér. Þetta er ný frétt í mínum eyrum. Ég held einmitt að lánasjóðsstjórnin hafi farið eftir þeim reglum sem hinir einstöku háskólar gefa út, þ.e. hversu langan tíma nám eigi að taka. Hitt er annað mál að það er vitað að í mörgum tilvikum eru reglur hinna einstöku háskóla þannig að nemendur geta ekki lokið námi á þeim tíma sem háskólinn segir. Þetta hefur verið til sérstakrar athugunar hjá lánasjóðsstjórninni, sérstaklega að því er varðar nemendur í Þýskalandi. Ég held þess vegna að það sé ekki rétt sem hv. þm. sagði að lánasjóðsstjórnin fari eftir einhverjum öðrum reglum heldur en háskólarnir gefa út. En mismunurinn er sá að háskólarnir hafa gefið út reglur sem eru of stífar fyrir nemendurna og það er það sem lánasjóðsstjórnin hefur sérstaklega verið að kanna.

Varaflugvöllur á Egilsstöðum.

Fsp. JónK, 243. mál. — Þskj. 284.

[15:35]

Fyrirspyrjandi (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Á þskj. 284 flyt ég fyrirspurn til samgrh. um varaflugvöll á Egilsstöðum. Hún er á þá leið:

„Eru ráðstafanir í undirbúningi til þess að Egilsstaðaflugvöllur geti þjónað hlutverki sínu að fullu sem varavöllur fyrir millilandaflug? Hvenær má vænta þess að það geti orðið?"

Forsaga þessa máls er að við undirbúning og hönnun Egilsstaðaflugvallar á sínum tíma var gert ráð fyrir að hann þjónaði hlutverki sem varavöllur fyrir millilandaflug og allur undirbúningur og uppbygging miðaðist við það. Nú berast fréttir um að ekki sé enn hægt að gera áætlanir fyrir þennan völl sem var þó forsendan og sparnaðarráðstöfun fyrir Flugleiðir, svo dæmi sé tekið, sem rekur farþegaflug til lands vegna þess að það vanti vaktir og veðurspár einkum á völlinn. Nú berast einnig fréttir af því að búið sé að leggja til í flugráði að skera niður fjárframlög sem fyrirhuguð voru á næsta ári til byggingar flugstöðvar á vellinum sem er einnig forsenda fyrir því að hann geti þjónað þessu hlutverki. Ég spyr því: Hvenær má vænta þess að völlurinn geti þjónað þessu hlutverki sínu og eru ráðstafanir í undirbúningi til þess? Þetta flugstöðvarmál er komið til eftir að þessi fyrirspurn var lögð fram á sínum tíma, en það er ástæða til þess líka að inna eftir áformum um hvort meiningin sé að slá þeirri byggingu á frest en það er ein forsenda fyrir því að völlurinn geti þjónað hlutverki sínu og aðstaða sé þar boðleg fyrir farþega.

[15:38]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Samkvæmt fjárlagafrv. eins og það liggur nú fyrir er gert ráð fyrir því að þjónusta verði tekin upp á Egilsstaðaflugvelli til þess að nýta hann sem varaflugvöll frá miðju sumri og að flugvöllurinn verði þá útbúinn til þess að þjóna flugvélum fyrir millilandaflug. Áætlað er að rekstrarkostnaður vegna þessarar auknu þjónustu verði á næsta ári 4,8 millj. kr. en hálfu meiri á árinu 1996. Það er gert ráð fyrir að ráða þurfi fjóra starfsmenn, tvo flugvallareftirlitsmenn

og tvo flugvallarradíómenn.

Ég er nokkuð undrandi á þeim ummælum hv. þm. að hann skuli meta það svo að ekki sé hægt að nota flugvöllinn sem varaflugvöll þó svo að dragist um eitt ár að ljúka við flugstöðvarbygginguna á Egilsstöðum. Það hefur raunar komið fram oft áður við umræður að hv. þm. hefur talið að það skorti mjög á að Austfirðingar hafi fengið sinn hlut á síðustu árum í sambandi við fjárveitingar til Egilsstaðaflugvallar þó svo að þær fjárhæðir sem veittar hafi verið til hans séu af allt annarri stærð en til annarra valla hafa gengið. Ég er því satt að segja hálfundrandi á því þegar reynt er að vekja óánægju með það mikla átak sem þar hefur verið gert og spyr þingmenn í öðrum kjördæmum hvað þeir hugsi og hvernig þeir meti það ef þessum tóni eigi að halda svo áfram.

[15:40]

Stefán Guðmundsson:

Virðulegur forseti. Það er sjálfsagt að verða við ósk hæstv. samgrh. og svara því hvað þingmönnum úr öðrum kjördæmum finnst í sambandi við framkvæmdafé til flugmála. Ég svara því að ég er mjög óánægður með framkvæmdafé til flugmála og ég vil spyrja hæstv. samgrh. úr því að hann spyr aðra þingmenn: Hver er það sem hefur tekið sér það vald, hæstv. samgrh., eftir að flugmálaáætlun var samþykkt 6. maí í vor, þá var samþykkt þáltill. um flugmálaáætlun 1994–1997 þar sem kveðið er skýrt á um ákveðið framkvæmafé til ákveðinna flugvalla, hver er það sem tekur þá ákvörðun að við þá áætlun er ekki staðið og það framkvæmdafé sem Alþingi hefur samþykkt að verja til ákveðinna flugvalla og til ákveðinna verkþátta á viðkomandi flugvöllum hefur ekki fengist?

[15:41]

Gunnlaugur Stefánsson:

Hæstv. forseti. Ég fagna þeirri yfirlýsingu hæstv. samgrh. að frá miðju næsta sumri verði Egilsstaðaflugvöllur orðinn fullgildur varaflugvöllur og þá búið að uppfylla allar þær kröfur sem verður að gera til slíks flugvallar þannig að hann geti gegnt hlutverki sínu. Það er mjög mikilvægt að þessi ákvörðun liggi fyrir vegna þess að þarna er þegar orðin mjög góð aðstaða og þess vegna ber að fagna því að það sé komin lausn á þessu máli og við getum horft fram til þess að starfsemin á flugvellinum verði komin í eðlilegar skorður ekki seinna en eftir mitt næsta sumar.

[15:42]

Fyrirspyrjandi (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. fyrir svör hans, þann hluta ræðunnar sem voru svör, og fagna því að það er ætlunin á miðju ári að bæta hér úr. Hins vegar undrast ég þau hortugheit sem einkenna málflutning samgrh. þegar flugmál á Austurlandi berast í tal. Ég hef aldrei opnað munninn um flugmál á Austurlandi án þess að vera borinn þeim sökum af hæstv. samgrh. í fyrsta lagi að vera vanþakka það sem kemur til Austurlands í þessum framkvæmdum og í öðru lagi að vera að vekja ýfingar milli kjördæma um málið. Ég mótmæli þessu og þetta eru hortugheit sem eiga ekki við í þingsölum. Ég hef aðeins rætt um það hér að það hefur verið ákveðið að byggja upp flugvöllinn á Egilsstöðum. Það hefur verið góð samstaða um það á Alþingi og góð samstaða um það meðal Austfirðinga og ég mótmæli slíkum hortugheitum í svörum og sit ekkert undir því. Ég mótmæli því einnig að teknar séu ákvarðanir um það að fresta þessum framkvæmdum og hafa flugstöðina hálfkaraða og tel að varavöllur standi ekki undir nafni nema aðstaða fyrir farþega sé þar fyrir hendi.

[15:44]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Ég átta mig ekki alveg á óróleika hv. þm. Það hefur verið staðið mjög myndarlega að uppbyggingu flugvallarins á Egilsstöðum og það hefur ekki vantað upp á að vilji hafi staðið til þess að reyna að flýta þeirri framkvæmd að þar geti komið fullgildur varaflugvöllur. Það er síður en svo að reynt hafi verið að standa á móti því. Það sem ég sagði hér áðan og ítreka er að flugvöllurinn mun nýtast að fullu sem varaflugvöllur frá miðju næsta ári og óþarfi er að gera lítið úr því. Hitt veit hv. þm. og er mjög kunnugt um að kemur oft fyrir að fé er fært milli flugvalla þegar svo ber undir ef það þykir rétt og skyndileg mál koma upp. Reynt er að haga því með þeim hætti að viðkomandi byggðarlög geti vel við unað. Hv. þm. er kunnugt um það að óhjákvæmilegt er að skera nokkuð niður flugmálaáætlun og má vera að honum þyki réttara að sá niðurskurður komi á flugvöllinn við Hornafjörð og er sjálfsagt að ræða það við þingmenn Austurlandskjördæmis.

Aukatekjur ríkissjóðs og gjaldtaka ríkisstofnana.

Fsp. JÁ, 253. mál. — Þskj. 296.

[15:46]

Fyrirspyrjandi (Jóhann Ársælsson):

Hæstv. forseti. Ég ber fram fsp. til hæstv. fjmrh. um aukatekjur ríkissjóðs og gjaldtöku ríkisstofnana. Fyrirspurnin er í tveimur liðum og fyrri liðurinn er svohljóðandi:

„Hverjar hafa aðgerðir ráðuneytisins verið til að framkvæma þann vilja Alþingis sem lýst var í þingsályktun um aukatekjur ríkissjóðs og gjaldtöku ríkisstofnana frá 8. maí 1993?"

Seinni liðurinn hljóðar svo: „Hefur gjaldtöku ríkisstofnana verið breytt til samræmis við samþykkt Alþingis? Ef svo er ekki, hvenær verður þá af því?"

Eins og öllum er kunnugt hefur hæstv. ríkisstjórn þjónustugjaldanna tekið upp þann sið að innheimta mikið af þjónustugjöldum. Það er mjög mikilvægt að gerð sé grein fyrir þeim þjónustugjöldum, sem innheimt eru, á reikningum til þeirra sem borga. Það felst í þeirri samþykkt Alþingis, sem hér var nefnd, að gera eigi skýran greinarmun á sköttum og þjónustugjöldum og að þjónustugjöld skulu ævinlega miðast við framlagða þjónustu en ekki vera hærri í neinum tilfellum. Því miður hefur verið þannig hjá ríkinu í mörgum til-

vikum að slumpað hefur verið á gjaldskrár og óeðlilega há gjöld verið innheimt fyrir þjónustu frá hendi ríkisins. Þá eru líka dulbúnar skattgreiðslur sem eru settar óeðlilega fram frá ríkinu — það er ekki rétt að kalla þær dulbúnar, það eru skattgreiðslur, t.d. að taka stimpilgjöld af lánum og annað slíkt sem er í andstöðu við þá reglu að skattar eigi að koma almennt niður á þegnum landsins. Allt þetta er í raun og veru hluti af þeirri stefnumörkun sem kom fram í þeirri þáltill. sem ég bar fram á 116. löggjafarþingi og var samþykkt. Mér er auðvitað kunnugt um að hluti af því sem var innifalið í þáltill. komst í framkvæmd á síðasta vetri þegar breytingar á lögum um aukatekjur ríkissjóðs voru samþykktar en mér sýnist að lítið hafi gengið með síðari hluta þeirrar samþykktar sem ég er að tala um, þ.e. þingsályktunar Alþingis og þess vegna er fyrirspurnin borin fram.

[15:50]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem hv. þm. spyr þessara fyrirspurna og má reyndar vísa til svara sem komu fram á síðasta þingi, nánar tiltekið 11. október 1993. Hlutir hafa þó breyst frá þeim tíma sem hér skal rakið: Fyrst vil ég þó segja frá því að auðvitað er munur á þjónustugjöldum og sköttum. Við höfum tekið þá umræðu áður. Það hafa verið gerðar athugasemdir við sum þjónustugjöld þegar talið er að gjaldið svari ekki til þeirrar þjónustu sem menn fá. Athugasemdir hafa m.a. komið fram, ég man eftir einni frá umboðsmanni Alþingis varðandi sölu á tollskýrslum og frá því var fallið af hálfu ráðneytisins. Þegar ég kom í fjmrn. voru aukatekjur ríkissjóðs heimtar inn án lagaheimildar. Það byggðist á reglugerð og eitt af mínum fyrstu verkum var að flytja frv. til laga þannig að tryggt yrði að aukatekjurnar væru heimtar inn á grundvelli laga enda er óheimilt að fara öðruvísi að.

Stimpilgjöld eru að sjálfsögðu skattar en ekki þjónustugjöld og viðurkennd sem skattar. Það liggur fyrir þó að hluti þeirra geti verið eins konar þjónustugjöld því að auðvitað er umsýslukostnaður þegar verið að stimpla skjöl.

Ég vík nú að merg málsins. Ríkisreikningsnefnd hefur nýlega skilað skýrslu sinni um fjárreiður ríkisins og í henni er sett fram mótuð stefna um hvernig haga skuli bókhaldi ríkisins, uppsetningu ríkisreikninga og fjárlaga í framtíðinni. Í skýrslunni er beinlínis gert ráð fyrir að í bókhaldi ríkisins verði gerður greinarmunur á þjónustutekjum annars vegar og sköttum hins vegar. Að gera greinarmun á þessu tvennu getur verið erfitt þar sem ekki er sjálfgefið hvernig meta eigi til verðs ýmsa þjónustu sem hið opinbera veitir. Það verður ekki gert nema með samræmdum hætti og því var ákveðið að bíða afraksturs starfs ríkisreikningsnefndar áður en farið yrði í umfangsmikla vinnu í þessu efni. Á næstu mánuðum verður unnið úr tillögum ríkisreikningsnefndar og er gert ráð fyrir að frv., sem byggt verður á hugmyndum nefndarinnar, verði lagt fram til kynningar á Alþingi áður en þingstörfum lýkur í vor. Þar verður væntanlega lagður grunnur undir þá vinnu sem nauðsynlegt er að leggja í til að hrinda í framkvæmd hugmyndum um sundurgreiningu þjónustutekna og skatta. Ég er með þessa þykku skýrslu, unnin í mörg ár um fjárreiður ríkisins. Þetta er atriði sem fulltrúar hinna ýmsu stofnana, þar á meðal fjmrn. og ríkisstofnana, hafa komist að sameiginlegri niðurstöðu um. Þar er fjallað um brúttó- og nettófærslur og um þjónustutekjur og sértekjur og hvernig hugmyndin er að setja upp tekjur ríkisins með nokkuð breyttum hætti og enn fremur um gjöld sem verða líka sett upp nokkuð breytt. Í þessum tilvikum er gert ráð fyrir að minna verði um nettófærslur en hingað til hefur verið, bæði gjalda- og tekjuhlið.

Þrátt fyrir þá biðstöðu, sem hefur orðið vegna þessa máls hér sem heldur þó áfram, og hér hefur vissulega mikilvægur áfangi náðst, hefur gjaldtöku ríkisins á afmörkuðu sviði verið breytt til lækkunar og er þá skemmst að minnast breytinga sem hv. þm. minntist á í sinni ræðu og kom fram í frv. sem samþykkt var á síðasta þingi. Þegar á heildina er litið tel ég því að skipulega sé unnið og vel að því að fylgja eftir þeirri þingsályktun sem Alþingi samþykkti á sínum tíma og málið sé í eðlilegum farvegi.

[15:54]

Fyrirspyrjandi (Jóhann Ársælsson):

Hæstv. forseti. Það er rétt, það er ekki í fyrsta skipti sem ég ber fram fyrirspurn um þetta efni. Ég hafði áhyggjur af því á sl. hausti að lítið miðaði í því að framkvæma þann vilja Alþingis sem kom fram í þáltill. en síðan kom fram það frv. sem áðan var nefnt. Ég fagna því að hæstv. ráðherra boðar það að frv. verði lagt fram til kynningar í vor þar sem verður reynt að gera fullkomlega skil á milli skatta og þjónustugjalda. Þessi mál eru því í farvegi sem ég get út af fyrir sig sætt mig bærilega við en ég tel að sé samt þannig að það hefði verið hægt að vinna skipulegar eftir þeim anda sem var í þáltill., þ.e. með því að gefa stofnunum ríkisins fyrirmæli um það að breyta gjaldskrám sínum í áttina við það sem andi þáltill. er. Það er gersamlega óverjandi að opinberar stofnanir séu að innheimta þjónustugjöld og setja fram kröfur um endurgreiðslur án þess að gerð sé fullkomlega grein fyrir því hvað stendur á bak við þjónustuna og jafnvel að innheimta þjónustugjöld sem eru mun hærri en sá kostnaður sem liggur þar á bak við.

Ég fagna því samt að málið er í réttum farvegi og vona að við sjáum þetta frv. og hef enga ástæðu til þess að halda að það verði ekki.

Skyndiskoðanir Landhelgisgæslunnar.

Fsp. GHall, 259. mál. — Þskj. 304.

[15:56]

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Hallvarðsson):

Virðulegi forseti. Ég hef lagt fram fsp. á þskj. 304 sem er í þremur liðum til dómsmrh. um skyndiskoðanir Landhelgisgæslunnar. Nú er að ganga í hönd sá tími þegar veður eru mjög válynd á miðum í kringum landið og oftar en ekki vaknar upp hjá mönnum spurn-

ingin um öryggi sæfarenda og einkum þá hvernig staðið er að öryggismálum sjómanna. Þau mál eru engum óviðkomandi og vissulega þurfa þau sífellt að vera í brennidepli ef menn eiga að halda vöku sinni um öryggismál sjómanna almennt. En fyrirspurnin er í þremur liðum eins og er svohljóðandi:

„1. Hvað hafa starfsmenn Landhelgisgæslunnar farið um borð í mörg íslensk skip á miðunum frá ársbyrjun 1992 til þessa dags?

2. Hvaða helstu athugasemdir hafa komið fram við þessar skoðanir

a. um öryggisbúnað,

b. um lögskráningu,

c. um athugun á veiðarfærum?

3. Eru dæmi um að sama skip hafi fengið áminningu eða því verið stefnt í land oftar en einu sinni og ef svo er hve oft og þá hve mörg skip?"

[15:58]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Í bréfi Landhelgisgæslunnar kemur fram að á þessu tímabili framkvæmdu varðskipin skyndiskoðanir í samtals 1.054 íslenskum skipum. Rannsóknir leiddu til athugasemda í 77% tilfella, þar af 11% eingöngu vegna aflasamsetningar en í 66% tilfella vegna skoðana á veiðarfærum og búnaði auk réttinda og skráningar. Skoðanir skiptust í 652 aflaskoðanir, þar af 254 með athugasemdum, 691 veiðarfæraskoðun, þar af 60 með athugasemdum, 900 búnaðarskoðanir, þar af 432 með athugasemdum, 924 vegna réttinda og skráningar, þar af 549 með athugasemdum.

Vegna búnaðarskoðana voru gerðar athugasemdir sem hér segir:

35 sinnum vegna eftirlitsbókar,

236 sinnum vegna björgunarhringja,

5 sinnum vegna olíudagbókar,

40 sinnum vegna umdæmisbókstafa,

93 sinnum vegna siglingaljósa,

18 sinnum vegna skipaskrárnúmers,

117 sinnum vegna hlustvörslu á neyðarbylgjum,

12 sinnum vegna mjög slæmrar umgengni,

59 sinnum vegna skorts á nýliðafræðslu.

Vegna athugunar á réttindum og skráningu voru gerðar athugasemdir sem hér segir:

113 sinnum vegna lögskráningar þar sem ýmist var að skráðir skipverjar voru ekki um borð í skipinu, jafnvel skipstjórinn sjálfur eða skipverjar voru ekki lögskráðir.

316 sinnum vegna réttinda þar sem menn voru ýmist réttindalausir eða gátu ekki fært sönnur á réttindi sín.

Af 60 athugasemdum vegna skoðunar á veiðarfærum voru 17 vegna möskvastærðar, en aðrar vegna ýmiss konar útbúnaðar veiðarfæra.

Af 565 skipum sem voru áminnt, ýmist vegna veiðarfæra, búnaðar eða réttinda og skráningar voru 84 skip aðvöruð oftar en einu sinni, þar af 14 skip þrisvar, þrjú skip fjórum sinnum og eitt skip fimm sinnum. Af þessum skipum var 18 vísað til hafnar einu sinni hverju.

[16:01]

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Hallvarðsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka dómsmrh. fyrir svör. Það er athyglisvert að heyra það að Landhelgisgæslan hefur að meðaltali farið um borð í eitt skip á dag frá ársbyrjun 1972 og er það vissulega athyglisvert og af hinu góða. Við lestur dómsmrh. áðan fannst mér umhugsunarefni hvort ekki væri nauðsynlegt að efla enn frekar eftirlit á miðunum. Ég verð að segja það að ég hefði ekki átt von á því — ég segi kannski ekki að ólestur væri svo mikill sem raun ber vitni um — heldur að vandamálin væru slík sem hér voru upp talin eins og t.d. það að athugasemdir eru gerðar vegna búnaðarskoðunar, 236 sinnum eru athugasemdir vegna björgunarhringja og 117 sinnum eru gerðar athugasemdir um að sjómenn hlusti ekki á neyðarbylgjuna.

Þá er líka annað athyglisvert og það er varðandi lögskráninguna þar sem ýmsir skráðir skipverjar voru ekki um borð í skipinu og skipstjórinn sjálfur, sá lögskráði, var ekki um borð. Þetta er með slíkum ólíkindum að ég tel að hér þurfi virkilega að taka á, ekki eingöngu Landhelgisgæslan heldur sjómenn sjálfir. Þeir eiga að taka á þessum öryggismálum því að þeir geta ekki ætlast til þess að aðilar í landi passi þá og fylgist með þeim. Þeir verða að gera það sjálfir. Og að það skuli koma fyrir að 84 skip séu aðvöruð oftar en einu sinni og 14 skip oftar en þrisvar sinnum finnst mér með ólíkindum. Það setur að manni ugg að öryggismál skuli ekki vera betur við höfð og í heiðri höfð af sjómönnum en raun ber vitni. En ég vil að öðru leyti þakka ráðherra fyrir gott svar.

[16:03]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Það er rétt hjá hv. fyrirspyrjanda að þessar tölur sýna að eftirlit Landhelgisgæslunnar er mjög virkt og kemur glögglega fram að Gæslan hefur með ágætum gegnt eftirlitshlutverki sínu. Hitt er áhyggjuefni sem ég er sammála hv. þm. í hversu mörgum tilvikum Gæslan hefur þurft að gera athugasemdir og allt of oft ítrekaðar athugasemdir. Þær tölur sem hér liggja fyrir eiga að vera hvatning til sjómanna og skipstjórnarmanna að gera á bragarbót því að slíkur fjöldi athugasemda er óeðlilegur.

Flutningsjöfnunargjald á olíu.

Fsp. GHall, 271. mál. — Þskj. 320.

[16:04]

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Hallvarðsson):

Virðulegi forseti. Á þskj. 320 er ég með fyrirspurn til viðskrh. um flutningsjöfnunargjald á olíu. Hinn 11. maí 1994 var samþykkt á Alþingi breyting á lögum í sambandi við flutningsjöfnunarkostnað á olíu. Eftir því sem ég veit best, þá er flutningsjöfnunargjald t.d. á gasolíu tæp 1 kr. Þessi fyrirspurn mín kemur til vegna þess að við höfum orðið varir við það að oftar en ekki sigla fram hjá erlend skip sem að öllu jöfnu hefðu komið hér við t.d. til þess að taka olíu. Það eru dæmi

um að þau hafa farið til Færeyja til þess að taka olíu vegna þess að verðlagning á olíu hér er of há. En þegar skip koma í höfn leiðir af sér að einhver viðskipti mundu fara fram. Þau mundu taka hér vatn og vistir og jafnvel yrði um einhverjar viðgerðir á skipum að ræða eða annað því um líkt sem mundi enn örva þau viðskipti sem því miður hafa farið hér fram hjá okkur vegna flutningsjöfnunargjalds á olíu.

Í 1. gr. laganna sem breytt var á Alþingi á vordögum kemur einmitt fram að jöfnun á flutningskostnaði nær til flutnings á bifreiðabensíni, gasolíu eða öðrum olíum og blöndun til brennslu, flugvélabensíni og flugsteinolíu til innanlandsflugs, þó ekki á olíum ætluðum til útflutnings, svo sem millilandasiglinga, millilandaflugs, erlendra skipa og erlendra flugvéla. Af þessu tilefni hef ég lagt fram fyrirspurn til viðskrh.:

„1. Hve mikið magn af gasolíu hefur verið selt um borð í skip samkvæmt undanþáguákvæði 2. mgr. 1. gr. laga nr. 103/1994, um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara, frá því að þau lög tóku gildi?

2. Hvernig er sölu til millilandaskipa og erlendra skipa samkvæmt framangreindu undanþáguákvæði háttað í framkvæmd?

3. Falla skip, sem gerð eru út af íslenskum aðilum en sigla undir erlendum fána, undir þetta undanþáguákvæði laganna?

4. Falla íslensk fiskiskip, sem gerð eru út á úthafsveiðar, undir framangreint undanþáguákvæði?"

[16:07]

Viðskiptaráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Frú forseti. Hv. þm. spyr í fyrsta lagi: Hve mikið magn af gasolíu hefur verið selt um borð í skip samkvæmt undanþáguákvæði 2. mgr. 1. gr. laga nr. 103/1994, um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara, frá því að þau lög tóku gildi?

Lögin tóku gildi 1. sept. sl. og hefur heildarsala olíufélaganna þriggja til erlendra skipa og skipa sem sigla undir hentifánum numið 2,6 millj. lítra sem er um 5% af heildarsölu olíufélaganna á gasolíu.

Í öðru lagi spyr hv. þm.: Hvernig er sölu til millilandaskipa og erlendra skipa samkvæmt framangreindu undanþáguákvæði háttað í framkvæmd? Olíufélögin hérlendis annast sölu til millilandaskipa og erlendra skipa með afgreiðslutækjum sínum. Skipin eru ýmist afgreidd frá olíuleiðslu, olíubifreið, olíuskipi eða olíupramma. Erlend skip og íslenskt fraktskip í millilandasiglingum, þar á meðal íslensk fiskiskip sem sigla með aflann til útlanda úr íslenskri höfn, eru undanþegin flutningsjöfnun á olíuvörum taki þau olíu innan lands.

Í þriðja lagi spyr hv. þm.: Falla skip sem gerð eru út af íslenskum aðilum en sigla undir erlendum fána undir þetta undanþáguákvæði laganna? Svarið við þeirri spurningu er að skip sem sigla undir erlendum hentifánum teljast vera erlend skip og falla því undir undanþáguákvæðið.

Í fjórða lagi spyr hv. þm.: Falla íslensk fiskiskip sem gerð eru út á úthafsveiðar undir framangreint undanþáguákvæði? Svarið við því er að samkvæmt lögunum, sem Alþingi sjálft setti, eru íslensk fiskiskip sem taka olíu í íslenskri höfn eða innan 12 mílna landhelgi ekki undanþegin flutningsjöfnun á olíuvörum. Taki íslensk fiskiskip olíu utan 12 mílna landhelgi telst það ekki sala innan lands og er því undanþegin flutningsjöfnun.

[16:09]

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Hallvarðsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. viðskrh. fyrir þessi svör. Það sem ég hnaut um er þessi mismunun sem er á fiskiskipaflotanum hvað áhrærir skip undir hentifána sem eru gerð út af íslenskum aðilum.

Varðandi aðra spurningu mína um hvernig sölu til millilandaskipa og annarra erlendra skipa samkvæmt framangreindu undanþáguákvæði er háttað í framkvæmd er það að segja að sjálfsögðu eru það fiskiskip undir íslenskum fána sem fara í siglingu. Ég hélt að kannski kæmi þá fram í svarinu að eðlilega yrðu þessi skip að leggja fram annaðhvort tollpassa eða eitthvað því um líkt. Hvernig yrði t.d. farið með ef skip mundi hætta við siglingu, þ.e. söluferð, hefði fengið olíu ódýrar en önnur skip vegna þess að það ætlaði í siglingu sem ekkert varð af? Í sjálfu sér er þetta ekki mikið atriði.

Ég vildi draga fram hverju þetta ákvæði veldur, þ.e. mismununin sem verður innan útgerðarinnar þegar skip eru t.d. send á fjarlæg mið, eru t.d. að veiða í Smugunni. Þangað fara skip sem eru að veiða hlið við hlið og jafnvel sömu eigendur að en annað siglir undir þægindafána og hitt undir íslenskum fána hafa lent í því að mismunandi verðlagning er á olíunni er kaup fóru fram hér innan lands.

Það er af hinu góða að verðið á olíunni skuli vera orðið með þessum hætti. Ég ætla það og þykist hafa orðið var við það að nú þegar hafi nokkur erlend skip komið hér við og tekið olíu sem þau hefðu ella ekki gert hefði þessum lögum ekki verið breytt og olíuverð lægra sem nemur flutningsjöfnun.

[16:11]

Viðskiptaráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Það er alkunna í viðskiptum þjóða, þó að það sé ekki til fyrirmyndar heldur langt í frá, að þjóðir beiti hver aðra viðskiptahindrunum. Ég held að það séu hins vegar ekki mörg dæmi um það að þjóð beiti sjálfa sig viðskiptahindrunum en það er nákvæmlega það sem íslenska þjóðin hefur gert með ákvörðunum Alþingis um hvernig haga skuli verðjöfnun á olíu. Það er nefnilega alveg laukrétt sem hv. þm. sagði að erlendir aðilar njóta hagkvæmari kjara í olíuviðskiptum á Íslandi en Íslendingar sjálfir. Ég varaði mjög við þessu ákvæði þegar það var ákveðið af Alþingi að hafa þetta svona og spurði hvers íslenskir sjómenn og íslenskir útgerðarmenn ættu að gjalda að fá ekki í íslenskum olíuhöfnum að kaupa olíu til rekstrar fiskiskipa sinna á jafnlágu verði og útlendingar og hvort Íslendingar ætluðu virkilega að fara að beita sjálfa sig óeðlilegum viðskiptahömlum með þessum hætti. En Alþingi komst að þeirri niðurstöðu að þetta skyldi gert svona. Og afleiðingin verður sú sem hv. þm. benti á að það er misrétti á milli útgerðaraðila sem

koma í íslenska höfn eftir því hvort þeir eru Íslendingar eða útlendir aðilar eða útlend hentifánaskip gerð út af Íslendinum og sá mismunur er Íslendingum í óhag í þeirra eigin landi.

Það er líka ástæða til þess að staðnæmast við það sem hann benti réttilega á að þessi breyting á viðskiptakjörum með olíuvörur hefur þó áorkað því að skip eru að koma til íslenskra hafna til þess að versla þar með olíu og þau versla ekki bara með olíu heldur versla þau um leið með ýmsa aðra þjónustu, svo sem kost og viðgerðarviðfangsefni þannig að þessi aðgerð hefur örugglega orðið til þess að hvetja erlenda útgerðaraðila til viðskipta í íslenskum höfnum og er það af hinu góða.

Fundi slitið kl. 16:14.

---

56. FUNDUR

mánudaginn 12. des.,
að loknum 55. fundi.

Dagskrá:

1. Atvinnuréttindi útlendinga, stjfrv., 165. mál, þskj. 343 (sbr. 179). — 3. umr.
2. Framleiðsla og sala á búvörum, stjfrv., 175. mál, þskj. 192, brtt. í nál. 311. — 3. umr.
3. Ráðstafanir í ríkisfjármálum 1995, stjfrv., 278. mál, þskj. 345. — 1. umr.

Atvinnuréttindi útlendinga, 3. umr.

Stjfrv., 165. mál (heildarlög). — Þskj. 343 (sbr. 179).

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:19]

Frv. samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HBl, IBA, JÁ, JE, JóhS, JGS, JónK, JVK, KÁ, KS, MJ, ÓE, PBald, RA, SalÞ, SJS, StB, TIO.

30 þm. (ÁRÁ, EMS, FrS, GE, GÁS, GJH, GHelg, GunnS, HÁ, IP, JBH, JHelg, KHG, KE, LMR, MF, MB, ÓRG, PP, PJ, PBj, RG, SigG, SAÞ, SP, StG, SvG, VS, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 352).

Ráðstafanir í ríkisfjármálum 1995, 1. umr.

Stjfrv., 278. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 345.

[16:20]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum vegna ársins 1995. Frv. þetta tengist nokkrum útgjaldaþáttum fjárlagafrv. Ég leyfi mér að fara nokkrum orðum um einstök efnisatriði þessa frv.

Í 1. og 2. gr. er lagt til að enn verði frestað að hrinda í framkvæmd nokkrum útgjaldaskapandi ákvæðum í grunnskólalögum. Frestað er framkvæmd ákvæðis um að nemendur skuli eiga kost á málsverði á skólatíma. Þetta snýr að vísu að sveitarfélögunum en ekki að ríkissjóði. Engu að síður þótti rétt að létta þessari skyldu af sveitarfélögum tímabundið. Þá er frestað að lengja kennslutíma í grunnskólum eins og gildandi lög segja fyrir um. Hins vegar hefur á næsta skólaári verið bætt við aftur þeim 12 vikulegu kennslustundum sem fækkað var um haustið 1992. Fækkun nemenda í bekkjum er einnig skotið á frest.

Ég tek fram að stefnt hefur verið að því að afgreiða grunnskólafrv. á þessu þingi. Nái það fram að ganga verður ekki þörf á ákvæðum 1. og 2. gr. þessa frv. og verða þær felldar á brott með nýjum grunnskólalögum.

Í 3. gr. frv. er fjallað um heimild til að verja hluta af ráðstöfunarfé Framkvæmdasjóðs fatlaðra á árinu 1995 til tiltekinna rekstrarverkefna. Á undanförnum árum hefur átt sér stað hröð uppbygging á stofnunum fyrir fatlaða. Tilkoma Framkvæmdasjóðs fatlaðra markaði tímamót í þessu efni og hefur hann verið mikil lyftistöng í þeim framkvæmdum. Þessi uppbygging kallar hins vegar á umfangsmikinn rekstur. Því verður að teljast rétt að leggja meiri áherslu á að sinna rekstrarumfanginu sem þessari uppbyggingu fylgir og gæta þannig jafnvægis milli nýframkvæmda og rekstrar. Því er lagt til í 3. gr. að allt að 40% af ráðstöfunarfé Framkvæmdasjóðs fatlaðra verði varið til tiltekinna verkefna, þ.e. liðveislu, félagslegrar hæfingar og endurhæfingar, til greiðslu kostnaðar við starfsemi stjórnarnefndar um málefni fatlaðra, til greiðslu rekstrarkostnaðar á sambýlum og þjónustu stuðningsfjölskyldna mikið fatlaðra barna. Alls er ætlað að 124 millj. kr. verði varið til umræddra verkefna.

Í 4. gr. er gert ráð fyrir að ekki verði heimilt að stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs veiti styrki til þróunarverkefna á árinu 1995. Þó æskilegt kunni að hafa sýnst að sjóðurinn veiti styrki til atvinnuskapandi þróunarverkefna er það engu að síður svo að með slíkum styrkveitingum mismunar sjóðurinn samkeppnisstöðu einstakra fyrirtækja þannig að sum fá styrk til að hafa fólk í vinnu og önnur ekki. Þá á sú gagnrýni einnig nokkurn rétt á sér að fyrirtæki gætu misnotað sér þetta fyrirkomulag til að segja upp fólki í því skyni að afla sér styrkja. Með þessu ákvæði er ætlað að spara um 30 millj. kr.

Síðari mgr. 4. gr. kveður svo á að heimilt verði að

greiða þeim er þegið hafa atvinnuleysisbætur í fjóra mánuði eða lengur á 12 mánaða tímabili sambærilega uppbót og kjarasamningar aðila vinnumarkaðarins gera ráð fyrir. Þetta ákvæði er í samræmi við ákvæði ríkisstjórnarinnar frá því í sumar. Greiðslur slíkra bóta yrðu þá sambærilegar við það sem gerist í kjarasamningum og er hér verið að leita lögfestinga við þessum þætti bóta á þessu ári og er áætlað að það muni kosta 160–180 millj. kr.

Í 5. gr. er gert ráð fyrir að leggja niður sérstök embætti héraðslækna og skipa einn heilsugæslulækni í hverju héraði til að gegna störfum héraðslæknis. Í dag eru starfrækt sjálfstæð embætti héraðslækna í tveim héruðum, Reykjavík og Norðurlandi eystra. Einnig er heimild fyrir skipun sérstaks héraðslæknis í Reykjaneshéraði en hún hefur aldrei verið notuð enda ekki fengist fjárveiting til þess.

Þeim verkefnum sem nú er komið fyrir hjá þessum embættum verður áfram gegnt af héraðslæknum eða komið fyrir á annan hátt, m.a. með því að fela þau heilsugæslustöðvum eða embætti landlæknis. Með þessu móti er ætlað að hægt verði að spara 8 millj. kr. á næsta ári.

Í 6. gr. er gert ráð fyrir að hægt verði að færa einstakar heilsugæslustöðvar milli umdæma en ráðherra gerir svo að höfðu fullu samráði við viðkomandi sveitarstjórnir. Er þetta gert með tilliti til sameiningar sveitarfélaganna. Ekki er gert ráð fyrir að beinn sparnaður hljótist af þessu í upphafi en breytingunni er ætlað að leiða til meiri skilvirkni í útgjöldum til heilsugæslustöðva er fram í sækir.

Eins og kunnugt er hafa lengi verið uppi áform stjórnvalda þess efnis að sameina tvö af þremur sjúkrahúsum í Reykjavík. Meira en áratugur er liðinn frá því að heilbrigðisþjónustan hófu að leita máls á þessu. Hugmynd þessi mætti mikilli andstöðu í fyrstu en eftir því sem á leið varð æ ljósara að betri skilvirkni fengist í starfsemi sjúkrahúsanna á Reykjavíkursvæðinu ef þau sérhæfðu sig frekar. Síauknar kröfur um dýra hátækni gerir það illkleift og óráðlegt að halda úti þremur sjúkrahúsum á Reykjavíkursvæðinu sem hvert um sig vill vera búið besta tækjakosti og geta veitt fullkomna þjónustu á sem flestum sviðum.

Fyrir þremur árum hófust umræður milli forráðamanna Borgarspítalans og Landakots um samvinnu og endanlega sameiningu þessara tveggja stofnana. Þótt deildar meiningar hafi verið uppi í fyrstu um slíka skipan skal segja það forráðamönnum beggja stofnananna til lofs að þeir settu ávallt markmiðið um góða heilbrigðisþjónustu ofar allri hagsmunagæslu fyrir eigin stofnanir og þannig hefur að lokum náðst raunhæft samkomulag um sameiningu Borgarspítala og St. Jósefsspítala, Landakots. Því er í 7. gr. þessa frv. lagt til að skipuð verði sérstök bráðabirgðastjórn fyrir Sjúkrahús Reykjavíkur, hið sameinaða sjúkrahús Borgarspítala og Landakots. Stjórnin vinnur að sameiningu spítalanna, þar með talið tilfærslu verkefna og gerir tillögur að framtíðarstjórnkerfi Sjúkrahúss Reykjavíkur. Ekki verður gert ráð fyrir því í þessu fjárlagafrv. að sérstök gjaldalækkun hljótist af þessu lagaákvæði. Þó skal bent á að ef þessar tvær stofnanir hefðu haldið áfram að starfa óbreyttar hvor í sínu lagi hefði kostnaður við þær á næsta ári orðið talsvert meiri en gert var ráð fyrir nú. Með tímanum leiðir sameiningin tvímælalaust til þess að fjármagn til heilbrigðisþjónustu nýtist betur og skili betri þjónustugæðum.

Í 8. og 9. gr. er gert ráð fyrir að breyta lögum nr. 31 1987, um flugmálaáætlun, á þann veg að tekjur af flugvallargjaldi og eldsneytisgjaldi verði framvegis notaðar til að fjármagna rekstur flugvalla jafnt sem framkvæmdir. Svo sem fram kemur í greinargerð frv. er ætlunin að verja 70 millj. kr. á næsta ári af þessum tekjum til reksturs flugvalla en í heild er áætlað að gjaldið gefi tæpar 400 millj. kr. í tekjur. Hér gildir það sama sjónarmið og víða annars staðar í fjárlögum að ekki verði ráðist í dýrar fjárfestingar án þess að gert verði ráð fyrir fjármagni til reksturs þeirra.

Í 10.–29. gr. er lögð til skerðing á sjálfvirkum framlögum til ýmissa aðila og verkefna sem bundin eru í sérlögum. Samtals nemur gjaldalækkun af þessum sökum 1.135 millj. kr. og er það í samræmi við markmið fjárlagafrv. að sú lækkun nái fram að ganga.

Virðulegi forseti. Ég hef nú gert grein fyrir helstu þáttum frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1995 og legg til að málinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti verður að biðjast velvirðingar á að það láðist að tilkynna, áður en umræðan hófst, að óskað hafði verið eftir tvöföldum ræðutíma og verður að sjálfsögðu orðið við því. Forseti sendi hæstv. forsrh. nótu í ræðustólinn þannig að hann vissi um það meðan hans ræða stóð yfir.

[16:28]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Hér er kominn gamall kunningi þar sem um er að ræða frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum sem venjulegast gengur undir nafninu bandormurinn. Er þetta frv. að miklu leyti í svipuðu formi og hefur verið undanfarin ár. Það er haldið áfram að skerða lögbundin fjárframlög til grunnskóla m.a. og síðan er langur listi í mörgum liðum yfir lagabálka sem eru skertir á nokkuð hefðbundinn hátt. Það þarf ekki að rekja frekar að þetta er gert til þess að standa við þau markmið sem búið er að setja í fjárlög.

Af hálfu Framsfl. munu nefndarmenn í einstökum fagnefndum fara yfir þessa þætti. Mér finnst hins vegar tilhlýðilegt þar sem það ber nánast upp á sama dag að bandormurinn, þ.e. frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1995, er lagður fram og ríkisstjórnin gefur út yfirlýsingu um aðgerðir til að stuðla að aukinni atvinnu, stöðugleika og kjarajöfnun, og þær aðgerðir snúa að verulegu leyti að ríkissjóði, þá finnst mér eðlilegt og raunar ekki hægt og ekki fært að ræða um ráðstafanir í ríkisfjármálum án þess að taka þessa yfirlýsingu inn í þá umræðu. Virðulegur forseti, ég hlýt að reikna með að hæstv. forsrh. hafi reiknað með því þar sem þetta fellur alveg saman og þessi yfirlýsing hefur ekki á nokkurn hátt verið kynnt fyrir Alþingi að

þetta kæmi til umræðu samhliða ráðstöfunum í ríkisfjármálum. Ég sagði ekki kynnt fyrir Alþingi. Það er ekki alls kostar rétt því að beiðni okkar þingmanna stjórnarandstöðunnar í fjárln. og efh.- viðskn. þá var þessi yfirlýsing kynnt og skýrð út fyrir okkur á fundum í morgun. Það verður því miður að segjast alveg eins og er að það sem manni datt fyrst í hug var dæmisagan um nýju fötin keisarans. Því að þessi yfirlýsing virðist vera þannig til komin að það hefur verið safnað saman ýmsum loforðum sem búið var að gefa í tengslum við kjarasamninga. Þarna hafa verið sett inn atriði sem tengjast forsendum fjárlaga. Þarna er lofað að hætta að svíkja samninga við sveitarfélögin og auk þess svona venjubundnar yfirlýsingar um lækkun húshitunarkostnaðar, aðhald í ríkisfjármálum, samstarf um lausn á greiðsluvanda vegna húsnæðislána, svo eitthvað sé tínt til. En því miður sannast sagna þegar farið er að skoða þetta þá sér maður nánast ekkert nýtt í þessum pakka og hlýtur eiginlega að undrast það og spyr hvernig komið er samstarfi stjórnarflokkanna ef það er rétt sem hefur heyrst í fjölmiðlum og reyndar staðfest af forustumönnum í það minnsta annars stjórnarflokksins að út af þessu plaggi hafi hrikt svo í stjórnarsamstarfinu að við hafi legið stjórnarslitum. Þá verð ég nú að segja að það eru ekki miklir bjórar eftir í slíkri ríkisstjórn.

Ég ætla, virðulegur forseti, að hlaupa hér aðeins á einstökum atriðum í þessari yfirlýsingu. Það er fyrst átak í vegamálum. Þar er því lýst yfir að ríkisstjórnin hafi samþykkt að verja 3,5 milljörðum kr. til öflugs átaks í vegamálum á næstu fjórum árum. Þar af er reiknað með að af 1.250 millj. kr. komi á næsta ári. Þar er reiknað með fjáröflun á móti upp á 300 millj. kr. með sérstöku bensíngjaldi sem er búið að leggja á og er í rauninni það eina sem er fram komið í þessu máli. Þannig að samkvæmt því þá þýðir þetta um 950 millj. kr. aukin útgjöld fyrir ríkissjóð á næsta ári.

Í þessu sambandi er vert að taka það fram að áður var ríkisstjórnin búin að skerða framlög til vegamála, framkvæmdaféð, um 600 millj. kr. á ári með því að taka flóabátana þar inn.

Í öðru lagi í þessari yfirlýsingu er afar sérstæð yfirlýsing þess efnis að ríkisstjórnin ætli að hætta að svíkja samninga við sveitarfélögin. Það var vonum seinna að slík yfirlýsing væri gefin út. Því sannast sagna, og það þekkja allir, hafa samskipti þessarar ríkisstjórnar og sveitarfélaganna í landinu verið þannig að þau hafa verið vörðuð illdeilum alveg frá fyrsta ári ríkisstjórnarinnar. Það eru ófáar ferðirnar sem fulltrúar sveitarfélaganna hafa komið á fundi einstakra þingnefnda með klögumál þess efnis að ríkisstjórnin standi ekki við samninga og leggi álögur á sveitarfélögin þvert á samkomulag sem þau töldu að væri fyrir hendi. En samkvæmt þeim upplýsingum sem við höfum fengið þá kostar þessi liður vegna aukinna framlaga í Atvinnuleysistryggingasjóð hugsanlega 400–500 millj. kr.

Næsti liður fjallar um nýsköpun í atvinnulífinu og markaðssókn. Okkur er sagt þegar á er gengið að þessi liður eigi ekki að kosta ríkissjóð neitt. Þegar á er gengið hvað það þýði og hvað eigi að felast í þessu frv. um nýsköpun í atvinnulífinu sem á að greiða fyrir vöruþróun og markaðssókn erlendis þá er því svarað að þarna eigi að breyta Iðnþróunarsjóði þegar við Íslendingar eignumst hann á miðju næsta ári og láta arðinn af eigin fé hans renna til nýsköpunar í atvinnulífinu. Það er út af fyrir sig góðra gjalda vert og þetta hefði ríkisstjórnin þess vegna getað lesið upp úr flokksþingssamþykkt okkar framsóknarmanna frá því fyrir þremur vikum síðan en þar var þessi punktur einmitt tekinn upp.

Síðan er fjórði liður um örvun fjárfestingar. Eftir því sem ég sé best þá var engin ný yfirlýsing gefin út á laugardaginn var hvað þetta snertir því annars vegar er þarna um að ræða atriði sem mun hafa verið rætt um í gerð kjarasamninga í vor um að auka flýtifyrningu hjá fyrirtækjum væntanlega upp í um 30% til að örva fjárfestingu 1994 og 1995. Manni finnst að vísu nokkuð seint komið fram með frv. til þess að örva fjárfestingar á árinu 1994 núna á síðustu vikum ársins. (**Gripið fram í:** Það eru flugeldarnir.) Það eru flugeldarnir er kallað hér utan úr sal. Það kann rétt að vera að þarna eigi að vera einhver flugeldasýning. (**Gripið fram í:** Og kínverjar.) Flugeldar og kínverjar væntanlega. Er það vel við hæfi miðað við allar Kínaferðir bæði valdhafa og forustumanna í atvinnulífinu. En ég hygg hins vegar að öllu gamni slepptu og þegar að er spurt þá er sagt að atvinnulífið hafi reiknað með þessu eftir samningana í vor og því hagað sínum fjárfestingum með tilliti til þessa. Þá sjá menn nú hvað mikið er nýtt í yfirlýsingunni frá því á laugardaginn ef þetta átti allt saman að hafa legið fyrir frá því á miðju ári og atvinnulífið unnið eftir því síðan þá.

Varðandi seinna atriðið í þessu „jafnframt verði einstaklingum sem leggja fé í fjárfestingu með hlutabréfakaupum áfram veittar sérstakar skattívilnanir" þá er þetta enn eitt dæmið um hringlandaháttinn hjá núv. ríkisstjórn. Hvað er verið að gera þarna? Það sem verið er að gera er að ríkisstjórnin er að taka til baka breytingu sem hún kom á fyrir einmitt tveimur árum síðan en þá knúði ríkisstjórnin það hér í gegn og setti upp áætlun um að lækka þessa frádráttarliði sem næmi 20% á ári þannig að þessi frádráttarliður mundi deyja út á fimm árum.

Við fulltrúar Framsfl. í efh.- og viðskn. vöruðum sérstaklega við þessu og töldum að ef eitthvað væri þá þyrfti að örva fjárfestinguna í atvinnulífinu, fjárfestingu einstaklinga en ekki að letja hana. Nú tveimur árum seinna virðist ríkisstjórnin hafa áttað sig á þessu og gefur út yfirlýsingu um að þessu eigi að breyta í fyrra horf.

Síðan kemur sérstakur kafli um styrkari fjárhag heilbrigðisstofnana sem virðist ganga út á það að ríkisstjórnin sé búin að átta sig á því að hún hafi kannski ekki gengið um þessa sali sem skyldi á umliðnum árum og ætli sér á síðustu vikum síns ferils að breyta þar nokkru um. Þetta er okkur sagt að geti kostað á næsta ári um 350 millj. kr., þ.e. 250 millj. í rekstur og 100 millj. vegna kjarasamninga. Mér láðist að geta þess áðan að samkvæmt þeim upplýsingum sem við höfum fengið í nefndinni þá getur þessi liður Örvun

fjárfestingar kostað 220–250 millj. kr. í lækkuðum tekjum.

Síðan kemur afar sérstakur liður sem heitir Samstaða um skattlagningu fjármagnstekna. Eftir því sem okkur er sagt þá var það á þessum lið sem munaði engu að ríkisstjórnin spryngi. Þó er ekkert gert þarna annað en að fela næstu ríkisstjórn að framkvæma það sem stóð í hvítbókinni og núv. ríkisstjórn hefur nú heykst á að framkvæma því að þarna er, virðulegur forseti, verið að leggja það til að það sé sett á laggirnar nefnd sem á að koma með tillögu um skattlagningu fjármagnstekna og að þessi skattur eigi að taka gildi um áramótin í ársbyrjun 1996. Hvernig sem allt fer og þó svo þetta eigi kannski að túlka sem yfirlýsingu um að núverandi stjórnarflokkar ætli sér að vinna áfram, sem ég hef nú reyndar enga trú á að þeir hafi umboð til eftir næstu kosningar, þá er það alveg ljóst að með þessum 6. lið er það endanlega staðfest að núv. ríkisstjórn ætlar ekki að koma á fjármagnstekjuskatti á meðan hún situr. Það er endanlega staðfest að það verður ekki staðið við það ákvæði í hvítbókinni sem þingmenn Alþfl. hafa gumað mikið af og formaður fjárln. sagði síðast í sjónvarpinu fyrir helgina að þetta hefði verið tíundað í hvítbókinni og að sjálfsögðu mundu menn standa við það en hér liggur það endanlega fyrir að svo verður ekki.

Það er leitað eftir samstarfi við stjórnarsandstöðuflokkana um nefndaskipun. Að sjálfsögðu verður slíkt tekið til vinsamlegrar athugunar hjá þingflokki Framsfl. en ég hygg að við viljum vita eitthvað nánar hvað hangir á spýtunni áður en að því kemur að við tökum þátt í slíku starfi. En þetta er vægast sagt afar sérstök málsmeðferð en þó ekki einsdæmi að í stórum málum vísi sitjandi ríkisstjórn þeim til þeirrar sem kemur næst.

Í 7. lagi er talað um að fella niður ekknaskattinn. Í því sambandi vil ég minna á að í heildstæðum tillögum sem 1. minni hluti efh.- og viðskn. lagði til í tengslum við skattamál í fyrravetur, en sá minni hluti samanstóð af fulltrúum Framsfl. og Kvennalistans í nefndinni, var m.a. lagt til að leggja ekknaskattinn af og hvernig ætti að fjármagna það á móti, þ.e. að fyrsta skref í að skattleggja fjármagn væri að leggja eignarskatt á fjármagnseign eins og aðrar eignir. Þannig að þetta hefði getað verið sótt út af fyrir sig þessi punktur í smiðju til okkar framsóknarmanna en það er nú reiknað með annarri tekjuöflun á móti.

Afnám tvísköttunar — þessi liður finnst mér ekki nógu skýrt settur upp hvernig á að — og gengur nú hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson fyrir framan stólinn um leið og ég nefndi afnám tvísköttunar hvort sem það var nú tilviljun eða ekki. (**Gripið fram í:** Já, það var það.) En það er reiknað með að þetta geti kostað ríkissjóð um 200–300 millj. kr. í lækkuðum tekjum.

Síðan kemur 9. liðurinn sem var að því er okkur skilst hinn brotapunkturinn í stjórnarsamstarfinu um helgina að það hrikti svo í út af þessu atriði með fjármagnstekjuskattinum sem ekki verður lagður á að við hafði legið stjórnarslitum. Hér er ákveðið samkvæmt þessu að framlengja hátekjuskattinn en þó útþynntan þannig að þessi merki skattur og þessi tekjuöflun á í staðinn að gefa 400 millj. kr. eins og áður var að gefa 300 millj. kr. og hlýt ég nú eiginlega að óska Alþfl. sérstaklega til hamingju með þennan stórsigur sem þeir hafa náð í þessu máli að það skuli á næsta ári vera lagðar á 300 millj. sem sérstakur skattur á mjög háar tekjur og rís nú Alþýðuflokkurinn, Jafnaðarmannaflokkur Íslands undir nafni.

Síðan er í þessu plaggi almenn yfirlýsing um aðgerðir gegn skattsvikum og gæti út af fyrir sig verið ályktun frá nánast hvaða pólitíska félagi sem væri í landinu en er ekki mjög rismikill sem hluti af yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar.

Í ellefta lagi kemur svo nokkuð athyglisverður punktur sem er hækkun skattleysismarka. Hér stendur að um mitt næsta ár verði búið að hækka þau sem jafngilti 2.150 kr. og fari úr 57.228 kr. upp í 59.300 kr. Í fréttaflutningi af þessu skildist mér að um þetta hafi verið tekin sérstök ákvörðun á laugardaginn var. Þess vegna kom það mjög spánskt fyrir sjónir þegar við í efh.- og viðskn. í morgun spurðum fulltrúa fjmrn. hvað þetta kostaði ríkissjóð, hvað þetta breytti miklu varðandi forsendur fjárlaga fyrir næsta ár. Svörin sem við fengum voru afar sérstök. Þetta breytti engu, sögðu þeir. Og það var ekki hægt að skilja á annan hátt en þann að á laugardaginn var hafi ekki verið tekin nein ný ákvörðun um hækkun skattleysismarka. Við fórum því að spyrja nánar og þá er okkur sagt, og það er vissulega hægt að lesa þegar maður les forsendur fjárlaga, að þar er reiknað með að viðmiðunartölur fjárlaga, m.a. skattleysismörkin, taki sömu breytingum á næsta ári og verðlagsþróunin. Síðan sögðu fulltrúar fjmrn. að þeir hefðu ætlað borð fyrir báru í forsendum fjárlaga þannig að þetta mundi ekki kosta nema í mesta lagi 400 millj. kr. svo að líka hvað þennan punkt snertir er engin ný ákvörðun tekin varðandi þessa yfirlýsingu á laugardaginn heldur er, eins og ég sagði í upphafi míns máls, verið að safna saman á einn stað ýmsum ákvörðunum sem hafa verið teknar áður, ýmist í tengslum við kjarasamninga, forsendur fjárlaga, sérstakar úrbætur í vegagerð svo að það stendur nánast ekkert eftir. Það var endanlega ákveðið að þessi ríkisstjórn legði ekki á fjármagnstekjuskatt þannig að það er ekki mikið sem stendur eftir í þessari yfirlýsingu.

Samstarf um lausn á greiðsluvanda vegna húsnæðislána. Um það eru afar loðin svör hvað þetta þýðir og er sagt að það þýði ekkert í aukin útgjöld fyrir ríkissjóð. Það er helst að skilja þetta svo að þarna ætli ríkisstjórnin að leiða saman banka, Húsnæðisstofnun og fleiri aðila með einhvers konar skuldbreytingu að leiðarljósi en það er mjög óljóst.

13. liðurinn um lækkun húshitunarkostnaðar er eins. Þar vita menn ekki hvað þetta þýðir í rauninni, segja að menn verði að fá einhverja heimildargrein í fjárlög til þess að hægt sé að vinna að þessu máli áfram.

Síðan er 14. liðurinn sem er svona almennt snakk um aðhald í ríkisfjármálum. Þetta er allt innihald þessa plaggs. Ég var spurður að því af fréttamanni í morgun, þegar ég var rétt búinn að lesa þetta yfir, hvað væri í þessu plaggi og mín fyrstu viðbrögð áður en ég var

búinn að hafa tækifæri til þess að fara yfir það með embættismönnum voru þau að þetta væri svona almennt snakk og bæri þess nokkur merki að hafa verið unnið í tímahraki og undir hótunum um stjórnarslit. Og ég vil leyfa mér að segja það, virðulegur forseti, eftir að hafa farið yfir þetta plagg með embættismönnum ríkisstjórnarinnar að ég held að mér hafi ratast satt orð á munn um þetta plagg eftir fyrsta yfirlestur í morgun. Eftir nánari yfirlestur þá stendur nánast ekkert eftir í þessu og nánast ótrúlegt að þetta plagg skuli vera kynnt sem sérstök yfirlýsing ríkisstjórnarinnar um aðgerðir til að stuðla að aukinni atvinnu, stöðugleika og kjarajöfnun.

Spurningin er síðan sem við höfum ekki fengið svarað endanlega hvað þetta þýði í útgjöldum fyrir ríkissjóð, hvað þetta þýði varðandi breyttar forsendur fjárlaga. En eftir því sem ég kemst næst og upplýsingar þær sem embættismenn ráðuneytisins gáfu okkur í morgun þá muni þessi pakki í heild auka halla ríkissjóðs á næsta ári um 2,5 milljarða kr. og nú verð ég að spyrja hæstv. forsrh. hvort hann geti staðfest þá tölu og væntanlega annaðhvort staðfestir hann eða hafnar henni hér á eftir. En við fórum yfir þetta lið fyrir lið hvað einstakir liðir þýddu í auknum útgjöldum og hvað aðrir þýddu í minni tekjum eða tekjuöflun og mér sýnist að þetta þýði það að fjárlagahallinn muni aukast um 2,5 milljarða kr. og var það kannski það sem við þurftum síst á að halda við þær aðstæður sem nú eru í okkar þjóðlífi.

Virðulegi forseti. Ég hef farið nokkrum orðum um það frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum sem hér liggur fyrir og sömuleiðis hlaupið á yfirlýsingunni um aðgerðir til að stuðla að aukinni atvinnu, stöðugleika og kjarajöfnun sem við hljótum að skoða í þessu samhengi því að annað plaggið, þ.e. frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum á að stuðla að því að ná þeim markmiðum sem sett voru varðandi fjárlagafrv. um ríkissjóðshalla en hitt plaggið svo gott eða illt sem það er sýnist mér að taki það allt saman til baka og gott betur. Það kom reyndar fram hjá embættismönnum fjmrn. í morgun að þeim sýndist að með þeim ráðstöfunum sem þarna væru og öðrum þeim sem væru í farvatninu milli umræðna um fjárlagafrv. þá mundi útgjaldahliðin aukast um 3,5 milljarða kr. Það á að vísu eftir að koma einhver tekjuöflun á móti en það er þó ljóst að hér eru menn að missa ríkissjóðshallann upp svo að skiptir milljörðum.

[16:56]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Hér er kominn á dagskrá bandormur einn mikill, leiðindabandormur eins og stundum áður hafa sést hér. Því miður virðist það vera að nálgast fasta hefð að lögum sé breytt þannig að það séu teknar kippur af lagaákvæðum úr mismunandi áttum og slengt saman í eitt frv. Hér eru á ferðinni breytingar á jafnóskyldum þáttum og lögum um málefni grunnskólans, flugmálaáætlun, málefni fatlaðra, atvinnuleysistryggingar o.s.frv.

Satt best að segja er það harla merkilegt, hæstv. forseti, að vera með þetta frv. í höndunum til 1. umr. á Alþingi 12. des. 1994 þegar klukkuna vantar þrjár mínútur í fimm sökum þess að samkvæmt starfsáætlun þingsins átti 2. umr. fjárlaga að vera búin og satt best að segja áttu þinglok að verða innan fjögurra daga ef ég veit rétt. Þá er að koma til 1. umr. frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum sem að mestu leyti er uppfylling á þegar ákveðnum skerðingum og ráðstöfunum samkvæmt forsendum fjárlagafrv. sem lá þó á borðum 1. okt. sl. Og auðvitað er það þannig, hæstv. forseti, að vinnubrögð hæstv. ríkisstjórnar í þessum efnum nú upp á síðkastið eru alveg dæmalaus. Hér eru til að mynda að koma fram og sumpart ekki komin fram tekjuöflunarfrumvörp eða frumvörp sem varða álagningu gjalda á næsta ári og eru mikilvægar forsendur tekjuöflunar ríkissjóðs. Samkvæmt starfsáætlun liggur það þannig að efh.- og viðskn. á að veita umsögn sína um tekjuhlið fjárlagafrv. á góðum tíma áður en það er afgreitt. Hvernig á að standa að því starfi þegar forsendurnar sjálfar, frumvörpin sem liggja eiga til grundvallar álagningunni eru ekki komin fram?

Sl. laugardag kynnti ríkisstjórnin svokallaðar nýjar ákvarðanir í efnahagsmálum sem eru nú þegar betur er að gáð ekki merkilegar nýjar ákvarðanir nema í fæstum tilvikum. En það sem er kannski enn merkilegra er að þar er verið að taka ákvarðanir um málefni sem varða forsendur fjárlagagerðarinnar, álagningu skatta og gjalda á næsta ári svo seint sem þarna raun ber vitni. Þetta er með miklum endemum, hæstv. forseti, og ekki til þess fallið að greiða fyrir skipulegum vinnubrögðum á þinginu eða vönduðum frágangi fjárlaga o.s.frv.

Margir þessir þættir í frv. á þskj. 345 eru hlutir sem eru endurtekning til að mynda á skerðingum sem gerðar hafa verið á grunnskólalögum í tíð þessarar ríkisstjórnar. Hæstv. menntmrh. situr uppi með það komast hvorki lönd né strönd í því að uppfylla ákvæði grunnskólalaga eða ná nokkru því fram sem til framfara horfir í skólamálum. Satt best að segja er þetta að verða einn snautlegasti og ömurlegasti ferill sem einn hæstv. menntmrh. hefur nokkurn tíma upplifað að þurfa að flytja ár eftir ár skerðingarákvæði af þessu tagi þar sem öllum úrbótum í málefnum grunnskólans er slegið á frest ár eftir ár eftir ár. Og svo er hæstv. menntmrh. hissa á því þó að samtök uppalenda og foreldra í landinu telji hann ekki vera sérstaklega vel klæddan í þessum málaflokki ef svo má að orði komast. Ég segi alveg eins og er að ég er ekki hissa á því eftir þá endemis frammistöðu sem m.a. 1. gr. í I. kafla þessa frv. er staðfesting á að á sínu síðasta ári sem menntmrh., það af því sem hæstv. menntmrh. kemur til með að sitja e.t.v. ef stjórnin verður ekki fallin fyrir áramót, er niðurstaðan þessi að skólamáltíðum er slegið á frest, öllu er frestað sem varðar lengingu kennslutíma og samfelldur skóladagur er þar af leiðandi jafnlangt úti í hafsauga og hann hefur verið. Því er frestað að koma upp skólaathvörfum og því er frestað að fækka í bekkjardeildum o.s.frv. Þetta er nú uppskeran sem hæstv. menntmrh. hefur eftir þetta kjörtímabil að hann er enn aðili að málinu með þessum hætti í þessum bandormi.

Í öðru lagi er hér í 3. gr., hæstv. forseti, fjallað um breytingu á lögum um málefni fatlaðra og það verð ég að segja alveg eins og er að það finnst mér býsna ískyggileg þróun sem þar er boðið upp á að á skömmum tíma er svo komið að verja á um 40% af ráðstöfunarfé Framkvæmdasjóðs fatlaðra í rekstur á þessu sviði. Framkvæmdasjóðurinn sem settur var á fót til uppbyggingar í þessum málaflokki er nú á tveimur eða þremur árum sem sagt sogaður inn í reksturinn í þetta ríkum mæli. Út af fyrir sig held ég að menn hafi ekki verið endilega andvígir því að þessi tekjustofn myndaði að einhverju leyti grunn til rekstrar á þessu sviði þegar menn teldu að uppbyggingu væri svo vel komið að réttlætanlegt væri að fara að færa þarna fé á milli. En að það skuli gerast í svona stórum skrefum og í svona stóru hlutfalli, það má vera mönnum umhugsunarefni m.a. varðandi 2. lið sem kemur hér aftar í frv. og er sambærileg skerðing á framkvæmdafé í flugmálum yfir í rekstur því að þar er að sjálfsögðu byrjað mjög nett, þar er byrjað með lága prósentu. Og þó má deila um það hvort það sé ekki talsverður biti að taka strax í fyrsta skrefi 70 millj. kr. af framkvæmdafé í flugmálum yfir í rekstur. En hér er svo komið að á fáeinum árum er þetta hlutfall orðið 40% sem tekið er af því fé sem aflað er sérstaklega tekna til og átti að renna til framkvæmda í málefnum fatlaðra og er þó auðvitað víðs fjarri því að uppbyggingunni þar sé á þann veg komið að mönnum sé ekki eftirsjá í því fé sem þarna hverfur úr framkvæmdum og yfir í rekstur. Það má víða bera niður á þessu sviði þar sem þörfin er ærin og kemur manni m.a. í hug hlutir eins og aðgengi fatlaðra og margt því um líkt.

Til samræmis við þessa stórhækkuðu prósentu er verið að færa undir þennan lið fjölmörg ný verkefni sem kosta á af þessum 40%. Þetta var í byrjun tiltölulega þröngt skilgreint þannig að það voru algjörlega afmörkuð verkefni sem sjóðurinn gat tekið þátt í að kosta með sínu framkvæmdafé en hér er verið að víkka verulega út þá skilgreiningu og taka inn undir þetta fjölmarga þætti sem áður voru kostaðir beint af ríkinu.

Þetta held ég, hæstv. forseti, að sé óhjákvæmilegt að nefna sem eitt af því sem mönnum á náttúrlega að vera umhugsunarefni og hvers yrði að vænta að ári eða að tveimur árum liðnum ef svo héldi sem horfði þá yrði sjálfsagt meiri hluti eða a.m.k. helmingur af þessu farinn í rekstur ef þróunin yrði eins og hún hefur verið undanfarin ár.

Í 4. gr. er breyting á lögum um atvinnuleysistryggingar og það er nokkuð sérkennilegt að það skuli þurfa að taka inn sérstaka lagabreytingu til þess að framkvæma jafnsjálfsagðan hlut og þann að heimilt sé að greiða þeim uppbætur, sambærilegar við þær sem aðilar vinnumarkaðarins hafa samið um, sem atvinnulausir eru og þiggja atvinnuleysisbætur og þar af leiðandi hafa þá viðmiðun við laun á vinnumarkaði sem lögin gera ráð fyrir. Auðvitað ætti þarna að gera varanlega lagabreytingu að mínu mati þannig að þetta leiddi af sjálfu. Það liggur í eðli hlutanna að með því sem atvinnuleysisbæturnar og elli- og örorkulífeyrir er miðaður við tilteknar launaforsendur þá eiga svona umsamdar uppbætur að sjálfsögðu að koma sjálfkrafa á bæturnar og það á bara að vera inni í lögunum ótímabundið ákvæði sem heimilar slíkt. Þetta er að mínu mati slóðaskapur eða sóðalegt að hafa þetta svona að því þurfi að breyta með bráðabirgðaákvæði en hér er eingöngu tekin inn heimild til að inna af hendi þessar greiðslur á árinu 1995 sýnist mér.

Í 5. og 6. gr. eru breytingar á ferðinni, hæstv. forseti, á lögum um heilbrigðisþjónustu. Það verð ég að segja, hæstv. forseti, að þar er eitt afar metnaðarlítið ákvæði á ferðinni þar sem er sú háreista ákvörðun hæstv. ríkisstjórnar að leggja niður embætti héraðslæknanna eða ég kalla það jafngilda því að leggja það niður að gefast upp við að leggja þá tiltölulega mjög takmörkuðu fjármuni sem í það hafa farið á undanförnum árum að byggja upp þennan litla þátt stjórnsýslunnar í heilbrigðismálum úti um landið. Það er satt best að segja alveg með ólíkindum að aumingjaskapur manna skuli vera slíkur að í þessum stóra málaflokki, heilbrigðismálunum, sem hefur verið mjög miðstýrður, fyrst og fremst stjórnað af mjög stóru ráðuneyti í Reykjavík og stórri stofnun við Hlemm, að sá litli vísir að stjórnsýslu á þessu sviði, sem hefur byggst upp undanfarin ár og átti að gera ekki síst í gegnum héraðslæknaembættin, er nú skorinn af. Auðvitað hverfa ekki þau verkefni sem þar voru unnin. Þau verða þá að vinnast af öðrum, væntanlega færast þau á nýjan leik undir ráðuneyti og landlæknisembætti. Og af því að hæstv. heilbrrh. var eitthvað að vomast hér áðan, hæstv. forseti, þá væri spurning hvort ekki mætti kanna hvar hann væri staddur því ég tel að það sé eðlilegt að þeir ráðherrar sem fara með málaflokka sem hér eru undir í bandorminum séu viðstaddir umræðuna og ekkert of góðir til þess. Þannig að ég óska eftir því að hæstv. heilbrrh. komi hér. Mér þykir það satt best að segja harla snautlegt og ég leyfi mér að nefna það þó það eigi ekki að skipta máli að hæstv. ráðherra kemur úr landsbyggðarkjördæmi: Telur hann þetta vera í samræmi við rembing ríkisstjórnarinnar varðandi það að hún vilji dreifa verkefnum og valdi út um landið? Að sníða af þennan litla anga sjálfstæðrar stjórnsýslu í heilbrigðismálum sem samkvæmt lögum átti að byggja upp úti í kjördæmunum þar sem eru héraðslæknaembættin. Mér finnst þetta alveg með eindæmum aumingjalegt. Þetta snýst um fáeinar milljónir króna að skapa þeim mönnum, sem þarna hafa tekið að sér stjórnsýslustörf á þessu sviði, starfsaðstæður. Þetta voru í fæstum tilvikum nema hlutastörf hjá viðkomandi læknum og í einum tveimur tilvikum var verið að reyna að byggja upp stöðugildi, þ.e. á Norðurlandi og Reykjanesi fyrir utan Reykjavík. Ég fullyrði það þar sem ég þekki til að héraðslæknaembættið á Norðurlandi eystra sem nú síðustu 2–3 árin hefur verið fullt starf, það hefur breytt heilmiklu fyrir þennan málaflokk á því svæði að hafa starfandi mann við það sem héraðslæknaembættunum er ætlað að sinna. Það er auðvitað ekki hægt, hæstv. forseti, að taka mikið mark á tilburðum manna í stjórnsýslunni ef það er sífellt þannig að vinstri höndin hafi ekki hugmynd um hvað sú hægri er að gera. Hæstv. forsrh. skipar nefnd um að

flytja stofnanir og verkefni út á land og hún skilar miklum skýrslum og þar er talað fjálglega um að það beri að dreifa verkefnum og dreifa valdi og það ber að reyna að byggja stjórnsýsluna þannig upp að sem mest sé unnið úti á meðal fólksins. Og hvað er svo gert? Í næsta fjárlagafrv. er sniðinn af þessi litli angi af uppbyggingu stjórnsýslu heilbrigðisþjónustunnar úti um landið. Þetta er alveg ömurlegt og ég hvet hæstv. ríkisstjórn til að hugleiða milli umræðna hvort þetta sé ekki einum of metnaðarlaust.

Hæstv. forseti. Hvernig er það t.d. með þá hæstv. forsrh. og hæstv. heilbrrh.? Eru þeir mjög tepptir einhvers staðar annars staðar en hér í þingsalnum?

(**Forseti** (PJ): Forseti er að láta kanna það hvort hæstv. heilbrrh. getur ekki verið við umræðuna. Hæstv. forsrh. hefur verið hér. Hann hefur gengið eitthvað frá nú. Væntanlega kemur hann hið fyrsta aftur.)

Mér finnst satt best að segja, hæstv. forseti, að það sé lágmark að einhver ábyrgðaraðili málsins, annaðhvort viðkomandi fagráðherra eða hæstv. forsrh. séu viðstaddir þegar verið er að ræða þetta. Ég geymi mér þá að fjalla frekar um þetta með lögin um heilbrigðisþjónustu en tek það kannski upp aftur ef hæstv. heilbrrh. skyldi láta svo lítið að koma í þingsalinn.

Þá er nú eiginlega komið, hæstv. forseti, að hæstv. samgrh. því ég ætlaði að fara nokkrum orðum um breytingu á lögum nr. 31/1987, um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum, og hefði þá reyndar verið ákaflega æskilegt að einnig hefði verið viðstaddur á þingfundi hv. 1. þm. Vestf. Matthías Bjarnason og hæstv. fyrrv. samgrh. á einni tíð því þannig er að málið er kannski nokkuð skylt hv. 1. þm. Vestf. Þannig er að það var í ráðherratíð hv. þm. Matthíasar Bjarnasonar sem lögin um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum voru sett og hv. þm. beitti sér myndarlega fyrir því að koma á þeim tekjustofni sem þarna hefur staðið undir framkvæmdum á þessu sviði. Ég hefði gjarnan viljað spyrja hv. 1. þm. Vestf. hvort hann ætli að styðja þessa skerðingu og það kynni nú ekki að vera að það a.m.k. vantaði eins og eitt atkvæði eða kannski yrði óvænt fjarverandi einn stjórnarsinni þegar þetta yrði borið upp til atkvæða.

Ég á satt best að segja ákaflega bágt með að trúa því að til að mynda hv. 1. þm. Vestf. ætli að styðja þetta ráðslag hæstv. ríkisstjórnar. (**Forsrh.**: Hvað er það?) Það er varðandi flugmálaáætlunina, hæstv. forsrh. Því þannig var að þegar frá þessu var gengið á sínum tíma þá var sett upp 10 ára áætlun um framkvæmdir í flugmálum og það var satt best að segja þó nokkur hvinur þegar þessir skattar voru lagðir á, annars vegar á eldsneyti í flugi og hins vegar á farþega til þess að afla tekna í flugmálum, en þeir sem beittu sér fyrir þessu og eða studdu það eins og ég gerði á sinni tíð þó að það væri kannski ekki endilega vinsælt, einmitt þegar hækkanirnar voru að ganga í gegn, var náttúrlega bent á það að þetta mundi gjörbreyta aðstæðum í flugi á tiltölulega skömmum tíma eða þessu 10 ára tímabili ef þetta fengi að vera í friði. Síðan er það að vísu svo að þessi tekjustofn hefur ekki nýst eins vel og ætlað var til framkvæmda m.a. vegna þess að ýmsar fjárfrekar framkvæmdir lentu inn á þennan lið sem ætlunin var að halda þar utan við svo sem eins og uppbyggingin á Egilsstöðum, uppbygging á Reykjavíkurflugvelli og fleira sem samkvæmt hinni metnaðarfullu flugmálaáætlun átti að halda utan við og fjármagna sérstaklega. En látum það nú vera, menn fengu þó þennan tekjustofn ósnertan til framkvæmda þó að fleira yrði tekið undir heldur en ætlunin var. En þeim framkvæmdum er náttúrlega hvergi nærri lokið. Það vantar fimm ár eða svo a.m.k. með þessum tekjum að fullu inni til þess að hægt sé að segja að markmiðum 10 ára flugmálaáætlunarinnar verði náð. En þá er gripið til þess ráðs sem ég tel ákaflega ámælisvert að krukka í þennan tekjustofn til þess að fara að standa undir rekstri á þessu sviði. Það er m.a. sérstaklega ámælisvert vegna þess að það liggur alveg fyrir að þetta er ekki hyggilegur skattstofn og langt frá því sanngjarn, að leggja hann ofan á þann mikla kostnað sem þeir bera nú þegar sem mikið nota sér þjónustu flugsins. Það er landsbyggðin sem alveg sérstaklega ber þennan skatt. Þannig að í gegnum þessa aðferð er verið að leggja sérstakan landsbyggðarskatt á, það er alveg ljóst, og að mínu mati mjög ósanngjarnan.

Það liggur fyrir að hér er gert ráð fyrir skerðingu upp á 70 millj. kr. og þá verða breyttar forsendur varðandi flugmálaáætlun sem því nemur. Það er líka mjög mikið umhugsunarefni að menn skuli umgangast ákvarðanir Alþingis þannig að sl. vor, ætli það hafi ekki verið eitthvað komið fram í maímánuð sl., þegar endurskoðun núgildandi flugmálaáætlunar var afgreidd til næstu ára, til áranna 1994 til og með væntanlega 1997, og þar er gert ráð fyrir framkvæmdum að ákveðnum mörkum, en síðan nokkrum mánuðum seinna kemur þessi skerðing eins og ekkert sé og þar með er ógild gerð sú ákvörðun sem Alþingi hafði réttilega að lögum tekið í maímánuði sl. Það má segja að auðvitað gangi hún ekki endanlega í gegn fyrr en Alþingi hefur samþykkt þessa breytingu eða þessa skerðingu en til hvers voru menn þá að puða við þetta sl. vor að skipta peningum samkvæmt flugmálaáætlun ef nokkrum mánuðum seinna er farið svona með þá ákvörðun?

Þetta er mjög ömurlegt, hæstv. forseti, að sjá hvernig þarna er staðið að málum. Síðan er það ákvörðun út af fyrir sig hvar þetta kemur niður. Mér skilst að það sé talað um það sem ákvörðun að ráðherrarnir hafi þegar ákveðið hvar þetta skuli koma niður, það eigi að níðast alveg sérstaklega á Egilsstaðaflugvelli, væntanlega með blessun og stuðningi hv. 3. þm. Austurl. og síðan að krukka dálítið í framkvæmdir á Sauðárkróki og Húsavík, hvaða vísindi sem liggja nú á bak við það að taka þessa flugvelli sérstaklega út úr. En einhvers staðar kemur þetta niður, það er alveg á hreinu. Það er kannski ekki aðalatriði málsins heldur hitt að ég tel það mikið feigðarflan og óráð að fara út á þessa braut, að taka til við að skerða þennan tekjustofn strax inn í rekstur Flugmálastjórnar. Þetta er óréttlátur tekjustofn til rekstrar af þessu tagi. Það er hægt að réttlæta það og verja með vísan til mjög brýnna hagsmuna á sín-

um tíma að afla tekna til uppbyggingar í flugmálum með þessum hætti en að fara út á þá braut að gera þessar tekjur upptækar í ríkissjóð, því úr ríkissjóði hefur þessi kostnaður verið greiddur hingað til, það er geysilega ranglátt, hæstv. forseti. Ég mótmæli þessu mjög harðlega og hvet þingmenn hvar í flokki sem þeir standa til þess að hugsa sinn gang mjög vandlega áður en þeir samþykkja þetta. Sjálfsagt verður það með þetta eins og skerðinguna í rekstur á Framkvæmdasjóði fatlaðra sem hv. 12. þm. Reykv., Jóhanna Sigurðardóttir, sem félmrh. lét yfir sig ganga sem ráðherra á sínum tíma, auðvitað þannig að í byrjun var um mjög litla skerðingu að ræða til vel skilgreindra verkefna. En hvað er svo gert? Svo er gengið á lagið. Nú er þessi tala komin upp í 40% og ég skýt því hér að í leiðinni: Ætlar hv. 12. þm. Reykv., Jóhanna Sigurðardóttir, að styðja það að skerðingin verði hækkuð upp í 40% í rekstur? Og ætla hv. þm. stjórnarliðsins, hv. þm. Matthías Bjarnason, höfundur flugmálaáætlunar, og hv. 3. þm. Austurl., Egill Jónsson, 3. þm. Austurl., að styðja þessa skerðingu á flugvallartekjum?

Hæstv. forseti. Síðan langar mig til að gera að umtalsefni fáeina skerðingarliði í „þrátt fyrir kaflanum" sem manni er tamt að kalla svo, þ.e. í II. kafla frv. en þar er langur listi frumvarpsgreina sem allar byrja á orðunum „þrátt fyrir ákvæði" einhvers og einhvers o.s.frv. Þessi ákvæði voru lengst af vistuð í lánsfjárlögum og þótti svo sem ekkert mikill sómi að þeim að þannig væri að málum staðið að menn settu sér metnaðarfull áform í sérlögum um einstaka málaflokka en byggju svo út langan lista í lánsfjárlögum þar sem útgjalda- eða tekjuákvæði þeirra laga væru gerð óvirk í einhverjum mæli. En það verður að segjast alveg eins og er að þetta er æðisundurleitur hópur skerðingarákvæða. Sumt er kannski fremur réttlætanlegt en annað með tilliti til aðstæðna og breyttra tíma og flokkast þá auðvitað undir spurningu um það hvort ekki sé nauðsynlegt orðið að endurskoða viðkomandi lög og henda út ákvæðum sem þar eru í raun orðin tóm endileysa í ljósi breyttra aðstæðna. Það er t.d. hálfannkannalegt að ár eftir ár séu felld niður með öllu framlög til einhverra mála sem styrkt voru hér fyrr á öldinni en ekki hefur verið gert um árabil, en annað er öllu lakara, hæstv. forseti, og í öðru eru kannski meiri pólitísk álitamál. Þar vil ég nefna sérstaklega einar fjórar greinar.

25. gr. er um skerðingu á mörkuðum tekjum til ferðamála. Það er satt best að segja alveg ömurlegt að sjá það þar að fjárveitingar til Ferðamálaráðs standa í stað fjórða árið í röð. Í tíð fyrri ríkisstjórnar var þetta hækkað á hverju ári í takt við vaxandi mikilvægi þessa málaflokks og aukin verkefni sem fylgja vaxandi fjölda ferðamanna, svo sem eins og á umhverfisverndarsviðinu, en í tíð þessarar stjórnar hefur þetta staðið í stað í krónutölu öll árin og þar af leiðandi rýrnað umtalsvert þrátt fyrir mikla fjölgun ferðamanna og þrátt fyrir að það sé viðurkennt að þörfin er æpandi á fjölmörgum sviðum þar sem Ferðamálaráði er ætlað hlutverk sem samræmingaraðila, sem umsjónaraðila með ýmsum ferðamannastöðum o.s.frv.

Staðreyndin er sú að Ferðamálaráð rétt á fyrir föstum útgjöldum, þ.e. rekstri landkynningarskrifstofanna erlendis og föstum rekstri Ferðamálaráðs, aðalskrifstofunnar, og getur í raun sáralítið meira gert. Þannig versnar í raun og veru ástandið ár frá ári. Nú er það svo að tekjustofninn sem þarna átti að koma til, 10% af bruttósölu fríhafna í landinu, hefur vaxið gríðarlega á undanförnum árum, þannig að ríkið er að skerða þarna til sín stóraukið fé á milli ára. Þess vegna er það mjög ósanngjarnt að Ferðamálaráð skuli ekki fá einhverja hlutdeild af þessum stórauknu umsvifum í ferðamálunum. Það stefnir í hreint óefni, hæstv. forseti, og er eins og ég segi algerlega til skammar að svona skuli vera að þessu staðið ár eftir ár.

Í 26. gr. er ákvæði um að skerða tekjur Vegasjóðs í ríkissjóð upp á 275 millj. kr. Satt best að segja er það nú slíkur skollaleikur orðinn með þessi samskipti ríkissjóðs og Vegasjóðs að maður veit eiginlega ekki hvað maður á að segja um það. Það eru annars vegar skertar lögbundnar og beinar tekjur Vegasjóðs í ríkissjóð og hins vegar koma peningar úr ríkissjóði í sérstök framkvæmdaátök í vegamálum. Þannig er þetta orðin þvílík endileysa að engu tali tekur, hæstv. forseti. Auðvitað ætti að fella þessa upphæð niður, það væri hið minnsta, og það mætti þá lækka framlögin úr ríkissjóði til vegamála sem því næmi. En samkvæmt því sem sem ég hef skilið þá eiga líklega einar 950–1.000 millj. að fara úr ríkissjóði á næsta ári í framkvæmdir í vegamálum. Hvers konar færslur á peningum eru þetta þá fram og til baka? Hvaða tilgangi á þetta eiginlega að þjóna, hæstv. forsrh.? Er þetta einhver sérstök snilld í lagasetningu að hafa þetta svona? Er þetta bókhaldslegt atriði að færa þarna út og inn tekjur fram og til baka? (**Gripið fram í:** Þetta lítur vel út.) Þetta lítur kannski vel út. Er þetta til að geta montað sig af einthvað hærri tölu í einthvert sérstakt framkvæmdaátak í vegamálum? Það er alveg með ólíkindum, hæstv. forseti, hvernig skollaleikur þarna er á ferðinni.

Sama má auðvitað segja um 27. gr. Þar er merkilegt ákvæði á ferðinni og umhugsunarefni fyrir menn hvað er verið að gera þar. Það er verið að skerða splunkuný ákvæði nýsettra hafnalaga sem Alþingi gekk hér frá á síðasta vetri, á þessu ári. Í 27. gr. segir, með leyfi forseta: „Þrátt fyrir ákvæði 3. tölul. 31. gr. laga nr. 23/1994, hafnalaga, skulu 113 millj. kr. af tekjum Hafnabótasjóðs af sérstöku vörugjaldi mæta framlögum ríkissjóðs til hafnarmannvirkja."

Þarna eru sem sagt nýsett lög, nýsett hafnalög, tekjustofn Hafnabótasjóðs skertur strax á sama árinu og lögin eru sett. Þetta er náttúrlega alveg neðan við allar hellur, hæstv. forseti, og í raun og veru þannig að manni fallast hendur gagnvart því að standa frammi fyrir svona vinnubrögðum. Það er varla von að menn beri orðið mikla virðingu fyrir þeim bókstaf sem á lögin fer þegar Alþingi vinnur svona að málum, að lögin ná því ekki að verða ársgömul áður en þau eru gerð ónýt með ákvæðum af þessu tagi.

Hins vegar er það mjög merkt nýmæli, hæstv. forseti, í þessu frv., svo aðeins sé nú farið á léttari nótur, að það er búið að umorða hið merka ákvæði um leit

að tófugrenjum þannig að það er óþekkjanlegt frá því í fyrra. Nú finn ég hvergi hið heimsfræga ákvæði um að ríkissjóður muni ekki taka þátt í kostnaði við leit að áður óþekktum tófugrenjum sem varð frægt að endemum hér í fyrra heldur hefur einhver orðhagur maður á vegum ríkisstjórnarinnar farið í að endursemja þessa grein og nú er þetta mjög skýrt og skilmerkilegt eða hitt þó heldur fyrir alla sem vilja. En það eru þarna miklar formúlur um það hvað ríkið greiði og hvað ekki af kostnaði við minkaveiðar, grenjaleit og grenjavinnslu á tilteknum svæðum o.s.frv. Eiginlega er ekki hægt að ræða þetta af neinu viti, hæstv. forseti, nema hafa hæstv. yfirumhvrh. viðstaddan í landi, þó einhver gegni sjálfsagt fyrir hann þessa dagana, því þetta er nú slík munkalatína að það skilja sennilega fáir nema með handleiðslu hans. En í öllu falli er þetta þannig að búið er að umorða þetta fræga ákvæði um tófugrenin.

Hæstv. forseti. Ég sé ekki í sjálfu sér ástæðu til að fara öllu fleiri orðum um þetta frv. Þetta er að mínu mati leiðindabandormur eins og ég sagði hér í byrjun. Í honum eru sumpart gömul ákvæði sem eru svo sem kunnugleg en jafnslæm fyrir því, eins og þessar árlegu skerðingar ákvæða grunnskólalaganna. En annað er miklu verra og það sem er kannski lakast er að sjá hér koma inn ný ákvæði af því tagi sem á við um flugmálaáætlunina og þetta metnaðarleysi gagnvart héraðslæknunum, sem ég gerði hér svolítið að umræðuefni, hæstv. heilbrrh., áður en hæstv. ráðherra gekk í salinn. *Mér finnst það alveg óskaplega lítill metnaður af hálfu* hæstv. heilbrrh. að ætla að sníða af þennan litla vísi að stjórnsýsluuppbyggingu út um landið sem þarna var á ferðinni. Og ég spyr hæstv. ráðherra að því, sem fer með útgjaldafrekasta málaflokk landsins, hvort hann geti nú ekki endurskoðað hug sinn til þess að þetta er ekki sú matarhola að upp úr því sé mikið að hafa. Það sem ég hefði þvert á móti viljað sjá gerast var að embætti héraðslæknanna í öllum kjördæmum yrðu byggð upp og þeim sýndur sá sómi sem vert er og þannig yrði reynt að fikra sig áfram á þeirri braut að dreifa stjórnsýslunni í þessum mikla málaflokki út um landið. Það er auðvitað alveg furðulegt að í þessum lang*útgjaldafrekasta málaflokki landsmanna, þar sem eru* gífurlega stórar stofnanir og mikil útgjöld og vaxandi verkefni á komandi árum, eins og við vitum, á sviði umönnunar við aldraða og ýmislegt slíkt, þá skuli stjórnsýslan vera jafnhrikalega miðstýrð og raun ber vitni. Og það sem ég sakna sérstaklega í þessu er að það skuli ekki reynt að skipta þessu þannig upp að til yrðu einhvers konar heilbrigðisskrifstofur í kjördæmunum þar sem í raun og veru væri farið með forræði þessa málaflokks að slepptri kannski yfirstjórn stærstu heilbrigðisstofnananna út í kjördæmunum, á þeim svæðum þar sem fólkið býr sem á að njóta þjónustunnar. Hvaða vit er í því að reka bákn af tagi heilbrrn. og Tryggingastofnunar hér í Reykjavík varðandi framkvæmd heilbrigðismála á Vestfjörðum eða annars staðar? Það er nóg pláss í sumum stóru sjúkrahúsunum til að taka þar inn einhverjar stjórnsýsludeildir er mér sagt, til að mynda á Ísafirði. Ég veit ekki annað en að þeir hafi verið í vandræðum með að finna brúk fyrir heilar hæðir þar þannig að trúlega gæti hæstv. heilbrrh. leyst þar mörg vandamál í einu með því að taka alveg gjörbreyttan pól í hæðina og dreifa frekar þessum verkefnum heldur en að fara svona að ráði sínu.

Hæstv. forseti. Að lokum vil ég segja að það er alveg furðulegt að standa frammi fyrir þessum vinnubrögðum hæstv. ríkisstjórnar hvað varðar ríkisfjármálin og efnahagsmálin yfirleitt og að þetta skuli vera svona seint fram komið sem raun ber vitni. Það er auðvitað ekki til þess fallið að hér séu ástunduð vönduð vinnubrögð og neðan við allar hellur. Það er að vísu upplýst að hæstv. ríkisstjórn hafi legið eina banalegunna enn á laugardaginn var og það hafi verið kominn á pappír þingrofstexti þegar loksins tókst að afstýra andlátinu, illu heilli, og afsagnarræður ráðherranna tilbúnar í löngum röðum. Því miður fór nú svo að einu sinni enn var blásið lífsanda í nasir stjórnarinnar og hún höktir áfram, en það voru líka mikil harmkvæli sem af því hlutust. Svo gerðist sá furðulegi atburður að ríkisstjórnin boðaði til blaðamannafundar, mér skilst að það hafi verið kl. hálfsex síðdegis á laugardag, og kynnti að eigin sögn miklar og merkar ráðstafanir í ríkisfjármálum. Yfirlýsingu um aðgerðir til að stuðla að aukinni atvinnu, stöðugleika og kjarajöfnun. Þetta var að sjálfsögðu allt drifið út í fréttir um kvöldið og menn gleyptu þetta hrátt og gagnrýnislaust sem þarna var á ferðinni. En hvað kemur svo á daginn þegar farið er að skoða innihald þessa pakka betur? Þetta eru hreinar blekkingar, hreinar blekkingar sem hér eru á ferðinni, þannig að mér er til efs að meiri ósvífni hafi í annan tíma verið sett á blað af einni ríkisstjórn. Þessi pakki er þannig að það er með endemum hvernig þetta er látið fara frá æðstu embættismönnum þjóðarinnar.

Það er til að mynda þannig að að miklu leyti til er þarna um að ræða gömul loforð, gömul vanefnd loforð sem ríkisstjórnin er að selja mönnum sem nýjar fréttir líklega svona í þriðja sinn, t.d. átakið vegamálum. Ætli það sé ekki í þriðja skiptið sem ríkisstjórnin selur það að hún ætli í sérstakt átak í vegamálum sem eigi aðallega að vera hér á höfuðborgarsvæðinu. Það er svipað og með leiðina norður sem hæstv. samgrh. er *búinn að opna þrisvar á tveimur árum. Búinn að klippa* þrisvar á borða í tilefni af því að það sé komið bundið slitlag milli Akureyrar og Reykjavíkur. Einu sinni í fyrra og tvisvar í ár. (**Gripið fram í:** Einn minnisvarða.) Já, svo er búið að reisa einn minnisvarða í viðbót. Þetta kalla ég gjörnýtingu tækifæranna til að koma sér á framfæri við að klippa. Það er alveg eins með átakið í vegamálum. Það er búið að gjörnýta það. Það er selt hér í þriðja sinn.

Sama má segja um annan lið í þessu plaggi. Hann er náttúrlega kostulegur. Hvað stendur í honum? Það stendur að ríkisstjórnin hafi ákveðið að hætta við að svíkja samkomulag sem hún gerði við sveitarfélögin í *fyrra um að greiðslum þeirra í Atvinnuleysistryggingasjóð* lyki á þessu ári. Er það jákvætt innlegg og framlag af hálfu ríkisstjórnar að hætta við að svíkja samkomulag sem hún hafði áformað að gera samkvæmt fjárlagafrv.? Þetta eru auðvitað mikil tíðindi. (Gripið fram í.) Ja, ekki er það neikvætt. Ég segi bara, litlu

verður Vöggur feginn, ef það er orðinn alveg sérstakur greiði við menn að ríkisstjórnin ætlar að hætta við að svíkja undirritað samkomulag sem hún hefur gefið. Það segir þá meira um þessa ríkisstjórn en flest annað, að það sé alveg sérstök gæska af hennar hálfu að brjóta ekki undirrituð loforð, sem það eigi bara að fara á knén og þakka henni fyrir. Eiga menn ekki bara að færa ríkisstjórninni blómvönd af því að hún ætlar ekki að svíkja þetta samkomulag? Það skyldi nú ekki vera.

En það sem að mínu mati er nú alvarlegast, hæstv. forseti, það eru blekkingarnar hér í sambandi við hækkun skattleysismarka. Það er alveg með ólíkindum að frá ríkisstjórn landsins skuli koma texti af þessu tagi, vísvitandi, gagngert settur þannig fram að menn hljóta að blekkjast til að halda að hér sé á ferðinni ívilnandi aðgerð, skattalækkun umfram það sem búast hefði mátt við. En hver er mergurinn málsins, hver er niðurstaðan? Hún er sú að þær tölur sem hér eru settar á blað um skattfrelsismörk eru ekkert annað en eðlilegur framreikningur þessara grunnfjárhæða. Þær eru það, hæstv. forsrh. (**Forsrh.:** Ekki eins og Ólafur Ragnar reiknaði það.) Við skulum fara vandlega yfir þetta, hæstv. forsrh. Það gleður mig að hæstv. forsrh. vill fara í umræður um þetta. Undanfarin ár hefur það verið þannig að upphæðir grunnfjárhæða í skattkerfinu, þær bótafjárhæða persónufrádráttar sem gefur síðan skattleysismörkin, hafa fylgt launaþróun en ekki verðlagsþróun. Hvað þýðir það, hæstv. forsrh.? Það þýðir að í ástandi undangenginna ára hafa skattarnir í raun þyngst vegna þess að launin hafa hækkað minna en verðlagsþróun nemur. Þetta er svona, hæstv. forsrh. Ef skattprósentur eða skattfrelsismörk hefðu fylgt verðlagsþróun í fyrra og hittiðfyrra þá hefðu þau hækkað meira en þau gerðu vegna þess að þau voru bundin við launaþróunina og launin hækkuðu minna en verðlag. Hvað segir ríkisstjórnin svo núna? Hún segir í þessum texta að hún hafi ákveðið að hafa þetta óbreytt, þetta eigi áfram að fylgja launaþróun. Eru það þá einhver tíðindi, er það eitthvert framlag af hálfu ríkisstjórnarinnar? Auðvitað ekki. Ég segi nú bara þakka skyldi það þó nú yrði ekki snúið við blaðinu og farið að fylgja verðlagsþróuninni þegar von er til þess að launin hækki hugsanlega örlítið umfram verðlag.

Mér sýnist að hér sé á ferðinni fyrst og fremst það að persónuafslátturinn á að hækka um áramótin og aftur um mitt næsta ár þannig að það jafngildi þegar seinni hækkunin er komin fram 2.150 kr. lyftingu á skattleysismörkum sem eru um 3,5% hækkun eða um það bil sem menn eru að búast við að launaþróunin verði á milli ára. Hvert er þá framlag ríkisstjórnarinnar, hæstv. forseti, í þessum efnum? Ekkert. Nákvæmlega ekki neitt annað en það að miða upphæðir persónufrádráttarins og þar með skattfrelsismörkin við sömu forsendur á næsta ári og undanfarin ár. Það er allt og sumt sem hér er á ferðinni. Og að slá því upp sem einhverri skattalækkun, einhverri sjálfstæðri, sérstakri ákvörðun af hálfu ríkisstjórnar er náttúrlega með endemum, enda kom það fram á fundi efh.- og viðskn. í morgun þegar gengið var á fjármálaráðuneytismenn að þeir viðurkenndu að í þessu felast í raun og veru sáralítil eða engin viðbótarútgjöld umfram það sem gert er ráð fyrir í fjárlagafrv. af því að í forsendum fjárlagafrv. gerðu menn eðlilega ráð fyrir því að þetta yrði óbreytt eins og verið hefði, að þessar grunnupphæðir tækju áfram mið af sömu verðlagsforsendum, þ.e. fylgdu líklegri launaþróun eins og undanfarin ár. Ég verð að segja alveg eins og er, hæstv. forseti, að mér finnst það miður að menn skuli hafa látið glepjast af þessum blekkingaáróðri hæstv. ríkisstjórnar til þess að halda að í vændum væri einhver sérstök skattalækkun af þessum sökum á næsta ári.

Það var hins vegar einn hópur sem fær raunhækkun skattleysismarka á næsta ári. Það eru þeir sem borguðu hátekjuskatt. Þar á að lyfta skattfrelsismörkunum úr 200 í 225 þús. kr. hjá einstaklingum, úr 400 í 450 þús. kr. hjá hjónum. Þar fann ríkisstjórnin ástæðu til að hækka skattfrelsismörkin þannig að um fjórðungur af hátekjuskattinum tapast. Hann mun samkvæmt þessum nýju viðmiðunarmörkum gefa 300 millj. en hefði gefið 400 millj. ella. Ég fæ mig ekki til þess, hæstv. forseti, með nokkru móti að þakka ríkisstjórninni fyrir það að hætta við þessa sérstöku skattalækkun á hátekjufólk. Það hefði verið svo fráleit aðgerð við núverandi aðstæður að ég tel að það sé ekki mikið þakkarefni þó að ríkisstjórnin láti nú loksins undan þrýstingi og sjái að sér í þeirri villu en að hún skuli þó gera það þannig að búa til sérstaka hækkun á skattfrelsismörkum þessa hátekjuhóps, það fer auðvitað alveg eftir öðru.

Nei, hæstv. forseti. Það var alveg óhjákvæmilegt að gera þessa sérstöku yfirlýsingu að nokkru leyti að umræðuefni hér í tengslum við þetta ríkisfjármálafrv. en að öðru leyti bíður það auðvitað betri tíma að ræða það þegar efni þess koma hér inn, en satt best að segja er þetta harla ömurlegt áróðurs- og blekkingaútspil af hálfu hæstv. ríkisstjórnar.

[17:36]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Vegna þess sem hv. þm. nefndi að þessir þættir sem tengjast fjárlögum væru seint á ferðinni þá má út af fyrir sig segja að það hefur oft gerst. Í tíð hv. þm. sem ráðherra og formanns hans sem fjmrh. varð að fresta fundum í fjárveitinganefnd í 3–4 daga milli 2. og 3. umr. vegna þess að beðið væri eftir tillögum ríkisstjórnarinnar. Þá var þessi seinkun miklu alvarlegri heldur en nú er og það þekkir hæstv. fyrrv. ráðherra því að hann tók þátt í því sjálfur. En það er út af fyrir sig alþekkt.

Ég verð að viðurkenna það að ég saknaði þess í ræðu hv. þm. sem lagðist gegn öllum sparnaðartillögum sem hér komu fram og voru kynntar að hann kom hvergi með neina tillögu um sparnað á móti og þó býst ég við að hv. þm. sé á móti því að við aukum ríkissjóðshallann. Ég tel að flestir hv. þingmenn átti sig á því að mikill langvarandi hallarekstur ríkissjóðs er auðvitað hættulegur. Þess vegna sárnaði mér nú það að hv. þm. skyldi ekki í öllum andmælum sínum við hvers kyns sparnaði koma þá með einhvern sparnað á móti.

Vegna þess sem hv. þm. nefndi í þriðja lagi, og

reyndar sá ræðumaður sem talaði á undan honum áðan, að legið hefði við borð að ríkisstjórnin færi frá og efnt yrði til kosninga þá hefur það verið haft eftir áreiðanlegum heimildum að sagt er í fjölmiðlum að annar stjórnarflokkurinn hafi hótað kosningum og þingrofi. En hafi það gerst þá hefur þeim ágæta flokki ekki tekist að koma þeim sjónarmiðum á framfæri við mig því þetta hef ég aldrei heyrt fyrr nema þá í fjölmiðlunum.

[17:38]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það hlýtur einmitt að eiga að skilja svar forsrh. þannig að það hafi ekki verið Sjálfstfl. sem hótaði stjórnarslitunum úr því að hæstv. forsrh. hefur ekki af því heyrt. Hann hlyti náttúrlega að vita um það ef það hefði verið hans eigin flokkur sem hefði verið með þær hótanir uppi.

Ekki ætla ég að hafa miklar áhyggjur af því, hæstv. forseti, hver hefur hótað hverjum og um hvað. En það sem hæstv. forsrh. nefndi hér um að málin hafi oft verið seint fram komin, þá held ég nú að það hljóti að teljast mjög óvenjulegt að ekkert af þeim frumvörpum sem tengjast álagningu skatta eða breyttum forsendum varðandi tekjuhlið fjárlagafrv. hafi legið fyrir fyrr en daginn áður en 2. umr. fór fram um fjárlög. Ég minnist þess aldrei. Það má auðvitað fara í skjöl og bækur út af slíku en ég hef nú starfað í efh.- og viðskn. flest þau ár sem ég hef verið stjórnarandstæðingur núna upp á síðkastið og síðan þekki ég þetta náttúrlega frá hinni hliðinni áður og ég man aldrei eftir því að þær aðstæður hafi verið uppi að menn hafi verið að taka til 1. umr. fyrsta frv. af nokkru sem væntanlega þarf að afgreiða hér fyrir jól sem varða tekjuforsendur fjárlagafrv. og álagningu skatta og gjalda á næsta ári og það var meiningin að ljúka þingi á föstudaginn kemur. Ég held, hæstv. forsrh., að það hljóti nú að liggja í hlutarins eðli að þetta sé ekki góð staða.

Í öðru lagi er það þannig að það liggja fyrir brtt. Alþb. t.d. frá í skattamálunum í fyrra um verulega tekjuöflun í ríkissjóð til þess einmitt að fara í tekjujafnandi aðgerðir og fara ekki í sumt af þessum skerðingum. Ég get bara nefnt að lækka ekki tekjuskattsprósentu af hagnaði fyrirtækja eins og nú hefur gerst. Ég get nefnt að hafa raunverulegan hátekjuskatt upp á 8% miðað við önnur tekjumörk í stað 5% og ég get nefnt fjármagnstekjuskatt sem við höfum lengi barist fyrir (**Forsrh.**: Miðað við hvaða tekjur?) og fleira af þessu tagi. — Ja, alla vega ekki hækkað þau eins og hæstv. ríkisstjórn er að gera núna sem er náttúrlega ótrúleg hugkvæmni að finna þar hóp sem þurfi á sérstökum stuðningi halda, þ.e. fjölskyldutekjur á milli 400 og 450 þús. og einstaklingstekjur á milli 200 og 225 þús. Ég hélt nú, hæstv. forseti, ...

(**Forseti** (GunnS): Ég verð að benda hv. þm. á að ræðutíma hans er lokið.)

Já, já, ef forseti truflar mig ekki, þá mundi ég bara ljúka með einu orði.

(**Forseti** (GunnS): Forseti truflar ekki hv. þm. fyrr en ræðutíma hans er lokið.)

[17:40]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Eins og vera ber á síðustu dögum fyrir jól erum við komin á kaf í ríkisfjármálin þó að ég verði að taka undir það sem fram kom hjá síðasta hv. ræðumanni að það er mjög langt í land til þess að við séum komin með einhverja yfirsýn yfir ríkisfjármálin og það er sannast að segja óhugnanlegt til þess að hugsa hvað við eigum gríðarlega mikla vinnu eftir til þess að ná því dæmi saman.

Við vöktum máls á því í síðustu viku hvað liði stjfrv. og bentum þá á hve mikið væri eftir. Við erum í rauninni í sömu sporum nema hvað það frv. sem hér er til umræðu um ráðstafanir í ríkisfjármálum er fram komið. Ég vil rifja það upp að við eigum enn þá eftir 2. og 3. umr. um fjárlögin, við eigum eftir 3. umr. um aukafjárlög þessa árs og eins og fram hefur komið, þá var nokkrum stórum málum frestað til 3. umr. Við eigum enn þá eftir 2. og 3. umr. um lánsfjárlögin og vorum reyndar rétt að byrja þá vinnu í efh.- og viðskn. að fara í gegnum það frv. og stóðum þar frammi fyrir því að það væri von á fleiri breytingum þannig að við urðum einfaldlega að leggja málið til hliðar.

Síðan er það að nefna, virðulegi forseti, að sjálft skattafrv. eða skattafrumvörpin hvort sem þau verða nú í einum bandormi eða í fleiri frumvörpum eru ókomin enn ef frá er talið lítið frv. um skatt á tekjur barna sem dreift var í dag. Það er því ekki hægt annað en benda á hve gríðarlega mikil vinna er eftir við allt ríkisfjármáladæmið.

Þar við bættist svo þessi nýja yfirlýsing sem birt var á laugardaginn eftir langar og strangar umræður sem er innlegg í þessa umræðu um ríkisfjármálin og það verður ekki hjá því komist að fara í gegnum það plagg því að það tengist óneitanlega þeim málum sem við erum að ræða um.

Í upphafi yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar segir, með leyfi forseta:

„Margt bendir til þess að nú hafi orðið ákveðin þáttaskil í efnahagsmálum hér á landi.“ Það er ekki í fyrsta skipti sem við heyrum þessa fullyrðingu um efnahagsbatann sem ríkisstjórnin er að gera út á núna fyrir þessi jól og ætlar að gera út á fram að kosningum en það vill svo til að í Morgunblaðinu í gær birtist forustugrein þar sem stórlega er varað við því að reikna með þessum efnahagsbata. Það var reyndar bent á það í 1. umr. umræðu fjárlaga hve forsendurnar væru veikar. Það ræðst annars vegar af því að það er reiknað með ákveðnum loðnuafla sem nú lætur lítið á sér bera. Það er reiknað með svipuðum afla úr Smugunni og veiðst hefur á þessu ári en hvort tveggja er þetta sýnd veiði en ekki gefin. Og þá er í þessari forustugrein Morgunblaðsins bent á þá miklu óvissu sem ríkir í kjarasamningum þessa dagana. Það ríkir mikil óánægja í röðum opinberra starfsmanna. Sjúkraliðar eru í verkfalli og eru að komast á fimmtu viku verkfalls og sér ekki fyrir endann á því. Kennarar hafa sett fram sínar kröfur og eins og bent er á hér í þessari forustugrein, þá virðist vera mun minni samstaða milli ASÍ og VSÍ en við höfum orðið vitni að á undanförnum árum.

Óvissan er því mikil, bæði hvað varðar tekjuöflun ríkisins og útgjöld. Ég hlýt að benda á að sú fullyrðing sem kemur fyrst í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er afar hæpin og menn ættu að fara varlega í því að fullyrða að við stöndum frammi fyrir efnahagsbata.

Þá er ekki hægt annað en að vitna í þriðju setninguna í þessu dæmalausa plaggi þar sem segir, með leyfi forseta: „Einörð stefna ríkisstjórnarinnar og ábyrg afstaða launafólks og atvinnurekenda hefur tryggt meiri festu í efnahagslífinu en verið hefur um áratuga skeið."

Hafi stefna þessarar ríkisstjórnar verið einörð þá verður að segjast alveg eins og er, virðulegi forseti, að þar hefur heldur betur slakað á klónni. Það verður að segjast eins og er að það er áhyggjuefni hvernig ríkisstjórnin hefur tekið ákvörðun um að slaka út milljörðum króna án þess að það komi nokkur tekjuöflun á móti. Verið er að taka ákvarðanir um ríkisútgjöld upp á 3–3,5 milljarða kr. að því er fulltrúar fjmrn. sögðu okkur. Það er nokkuð svipað og gert var í fyrra þegar ákveðið var að lækka matarskattinn en hér kemur nánast engin tekjuöflun á móti. Það er reiknað með 300 millj. kr. í bensíngjald og síðan hefur verið tekin sú ákvörðun að halda áfram með hátekjuskattinn, þó með nokkrum breytingum, sem skila ríkissjóði 300 millj. kr. Það eru því afar litlar tekjur sem koma til móts við þau útgjöld sem hér er verið að leggja til.

Það er ekki svo að ég sé í sjálfu sér á móti því sem hér er verið að leggja til. Hér er ýmislegt gott að finna en það er mikið áhyggjuefni að verið er að auka hallann á ríkissjóði og ekki er leitað leiða til tekjuöflunar. Ég ætla að koma betur að því síðar.

Ef ég fer ofan í einstakar greinar þessarar yfirlýsingar þá er þar fyrst að nefna átakið í vegamálum og er allt gott um það að segja að ríkisstjórnin skuli taka ákvörðun um að efla vegagerð í landinu og þar með atvinnusköpun. Þetta hefur svo sem verið í farvatninu um langt skeið, það er langt síðan þessu var lofað og hefur reyndar staðið á efndum þeirra loforða. En ég hlýt að benda á að það sem hér er á ferð er fyrst og fremst atvinnusköpun sem kemur karlmönnum til góða. Meðan við stöndum frammi fyrir þeirri staðreynd að atvinnuleysi er meira í röðum kvenna en karla er eina aðgerðin sem bólar á hjá ríkisstjórninni til atvinnusköpunar vegaframkvæmdir. Fulltrúar fjmrn. sögðu okkur að hugsanlega yrði þetta til þess að skapa um 400 störf og auðvitað hlaða svona framkvæmdir utan á sig í skrifstofuhaldi og einhverri þjónustu í kringum starfsemina en þetta er atvinnusköpun sem fyrst og fremst kemur körlum til góða. Ég hlýt að benda á þetta og ég sakna ráðstafana sem beinast að konum, sérstaklega þar sem atvinnuleysið er mest.

Hér er komið inn á samstarfið við sveitarfélögin og ríkisstjórnin er að bakka frá fyrri áformum þar sem hún gaf sér þá forsendu í fjárlögum að fá 600 millj. kr. frá sveitarfélögunum. Sveitarfélögin hafa mótmælt þeim áformum harðlega en hér á að fara þá leið að reyna að ná samningum við sveitarfélögin þannig að Atvinnuleysistryggingasjóði verði tryggt nægjanlegt fjármagn eins og segir í yfirlýsingunni. En ég hlýt að benda á það sem sveitarfélögin hafa verið að segja hvert á fætur öðru að þangað er ekkert að sækja. Það er ekkert að sækja til sveitarfélaganna og ég get þar bent á mjög erfiða stöðu stórra sveitarfélaga eins og Reykjavíkur, Hafnarfjarðar, Kópavogs, þessara stóru sveitarfélaga þar sem atvinnuleysið er mest fyrir utan það hve sveitarfélögin eru óánægð með framkvæmd þessara mála. Þau hafa lagt mikla peninga til ríkisins inn í Atvinnuleysistryggingasjóð en fengið miklu minna til baka en þeim ber. Því er allt óljóst um það hvernig þessum málum verður háttað og ekki er hægt að gera út á sveitarfélögin eins og ríkisstjórnin hefur verið að gera. Ég ætla reyndar að koma aðeins betur inn á það þegar ég kem að skólamálunum á eftir.

Þá víkur sögunni að ýmsum áformum um nýsköpun í atvinnulífi, markaðssókn, örvun fjárfestingar o.s.frv. sem eru nú fyrst og fremst loforð og fyrirætlanir sem segja okkur harla lítið en þó er hér ákvæði um það að fyrirtæki fái að njóta sérstakra flýtifyrninga til skatts. Í sjálfu sér er ekkert nema gott um það að segja en ég vil þó benda á það að þetta kostar ríkissjóð á milli 100 og 150 millj. kr. að mati starfsmanna fjmrn.

Þá kemur alveg dæmalaus kafli í yfirlýsingunni sem heitir „Styrkari fjárhagur heilbrigðisstofnana". Þar segir í byrjun kaflans, með leyfi forseta:

„Ríkisstjórnin hefur lagt áherslu á stöðugt bætta heilbrigðisþjónustu með því að gera stærstu sjúkrahúsunum kleift að nýta sem best þær miklu framfarir sem átt hafa sér stað á sviði læknavísinda að undanförnu."

Það liggur við að maður tárist við að heyra þessa fögru lýsingu en langt er síðan ég hef séð aðra eins — ég vil helst ekki nota orðið lygi í ræðustólnum en þetta er blekking, þetta er algjör blekking. Við höfum fengið heimsóknir frá fulltrúum sjúkrahúsanna og fyrir skömmu bauð Borgarspítalinn okkur þingmönnum Reykjavíkur í heimsókn þar sem starfsmenn voru í örvæntingu sinni, virðulegi forseti, að lýsa því ástandi sem ríkir á stofnun eins og Borgarspítalanum, þar sem búið er að skera niður og hagræða eins og hægt er og þeir segja einfaldlega: Við getum ekki meir. Það vita allir að þjónusta hefur versnað á sjúkrahúsunum, álag á starfsfólk hefur stóraukist. Og að halda því svo fram að ríkisstjórnin hafi lagt áherslu á stöðugt bætta heilbrigðisþjónustu. Hvers konar áróður er þetta? Þetta er auðvitað ekkert annað en áróður. Þetta er innantómt lýðskrum.

Þessi liður í áætlununum gerir ráð fyrir því að veittar verði um 250 millj. kr. til sjúkrahúsanna í Reykjavík, þ.e. Landspítalans eða Ríkisspítalanna, og svo hins sameinaða spítala, Borgarspítala og Landakots, meðan starfsfólk Borgarspítalans sagði okkur að 360–370 millj. kr. vanti til þess að hægt væri að reka spítalann á næsta ári. Það á að veita 250 millj. til allra sjúkrahúsanna og hugsanlega 100 millj. vegna launahækkana. Hér er auðvitað enn einu sinni verið að leika þennan blekkingaleik, talnaleik og síðan koma menn með aukafjárlög og biðja um frekari upphæð vegna þess að þetta stenst ekki. Þetta er enn einu sinni sami blekkingaleikurinn.

Í kaflanum um fjárhagsvanda sjúkrahúsanna er tal-

að um nauðsynlega hagræðingu í rekstri. Búið er að hagræða og hagræða og hagræða eins og hægt er. Það verður ekki lengra gengið nema þannig að þjónustan versni verulega og að íslensk sjúkrahús veiti þjónustu sem er miklu verri en þeir telja sig geta gert. Þetta er auðvitað algjörlega óviðunandi.

Ég ætla að reyna að fara hraðar yfir sögu, virðulegi forseti. Það er mikið um þessar tillögur að segja. Enn eitt árið er verið að fresta áformum um að leggja á fjármagnstekjuskatt og málinu er enn einu sinni vísað í nefnd, enn ein nefndin á að setjast yfir þetta mál. Það liggja fyrir a.m.k. tvær skýrslur frá þessu kjörtímabili og ef ég man rétt ein frá hinu fyrra. Auðvitað er verið að fresta þessu máli enn eitt árið.

Ég fagna því að menn ætla að skoða ekknaskattinn. Skatturinn hefur verið mjög óréttlátur skattur en það getur ekki verið takmarkið að létta sköttum af stóreignafólki. Takmarkið hlýtur að vera að hér sé ekki óréttlæti og að t.d. fullorðnar konur, sem búa einar í íbúðum, borga ekki háa eignarskatta þegar þær geta ekki flutt og þær eiga auðvitað ekkert að vera að flytja af heimili sínu. Þetta hefur verið óréttlátur skattur og hann þarf að skoða en það þarf auðvitað að skoða hann í samhengi við tekjur og eignir.

Það sama gildir um afnám tvísköttunar á lífeyrisgreiðslur. Það er auðvitað gott mál en það þarf líka að skoða þá útfærslu sem hér er.

Ég fagna því líka að hátekjuskatturinn skuli vera framlengdur. Mér finnst að við þær aðstæður sem ríkja í þjóðfélaginu hefði á engan hátt verið réttlætanlegt að fella niður þann skatt og við kvennalistakonur sögðum það þegar þessi skattur var settur á að viðmiðunin væri of lág. Mér finnst ekki langt gengið í að hækka aðeins viðmiðunina. Þetta hefur m.a. bitnað á fólki sem er að koma sér þaki yfir höfuðið en þetta kostar ríkissjóð 100 millj. kr.

Þá ætla ég að minnast aðeins á hækkun skattleysismarkanna sem er kannski mesta blekkingin sem er að finna í plagginu. Þegar við fórum yfir þetta mál í efh.- og viðskn. í morgun kom mér verulega á óvart að komast að því að þetta er ekkert annað en verðlagshækkun, hækkun milli ára, þ.e. í stað þess að auka skattbyrðina hefur verið tekin ákvörðun um það að halda óbreyttri skattbyrði. Að vísu aðeins að auka við og það eru u.þ.b. 400 kr. eftir því sem fulltrúar fjmrn. töldu. Það er því langt í frá að ríkisstjórnin sé að færa launafólki einhvern jólapakka. Þetta þýðir einfaldlega að sama skattbyrðin helst milli ára.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að gera fleiri atriði þessa plaggs að umræðuefni hér. Við förum væntanlega betur ofan í þetta þegar skattafrumvörpin koma fram. En ég hélt sannast að segja að ríkisstjórnin hefði ákveðið að fara í jólasveinabúning og færa þjóðinni nokkrar gjafir og m.a. til þess að liðka fyrir kjarasamningum en þegar betur er að gáð kemur í ljós að þetta er jólakötturinn sem leikur hér lausum hala og í pakkanum er nánast ekki neitt. Hér er um sáralitlar úrbætur að ræða, hér er hins vegar um töluverð útgjöld fyrir ríkissjóð að tefla án þess að leitað sé leiða til tekjuöflunar á móti.

Ég ætla þá að víkja að því frv. sem er til umræðu og kem fyrst að grunnskólanum. Enn eitt árið stöndum við frammi fyrir því að ríkisstjórnin framlengir skerðingar á ákvæðum grunnskólalaga. Enn einu sinni er því frestað að sveitarfélögunum sé skylt að koma á máltíðum í skólum. Það er ekki einu sinni svo að sveitarfélögin geti valið um það hvort þau vilja koma á þessum máltíðum. Því er frestað að lengja kennslutíma eins og kveðið var á um í lögunum en eins og fram kemur í fjárlagafrv. fyrir árið 1995 er þó stigið skref til baka miðað við þá miklu skerðingu sem hér varð snemma á kjörtímabilinu.

Í þriðja lagi er frestað ákvæðum um fækkun nemenda í bekkjum sem fyrst voru tekin í lög í byrjun árs 1992. Það er því í þriðja skiptið í röð kveðið á um þessi atriði í lögum. Það er afar sérkennilegt að velta því fyrir sér hvernig ríkisstjórnin sker stöðugt niður í skólamálum, jafnvel það sem sveitarfélögin eiga að leggja fram á sama tíma og fyrir liggur frv. til laga um grunnskóla þar sem gengið er út frá því að grunnskólinn verði færður yfir til sveitarfélaganna og lagðar stórfelldar álögur á sveitarfélögin. Gert er ráð fyrir því að ýmis góð ákvæði gangi í gildi um rekstur grunnskólans og þjónustu við börn og foreldra sem munu valda stórauknum kostnaði í grunnskólakerfinu. Það er allt í lagi að velta þessum stóra bagga yfir á sveitarfélögin, án þess að það sé nokkuð ljóst hvernig þau eiga að standa undir því, en ríkið er sjálft að skera niður ár eftir ár til skólamála. Þetta er sérkennileg pólitík, hæstv. heilbrrh. Þó að þetta heyri ekki undir heilbrrn. þá er þetta ekki heilsusamleg pólitík fyrir grunnskólabörnin eða foreldra þeirra. Og það er ástæða til þess enn einu sinni að mótmæla þessum aðgerðum og hefði verið nær að stíga eitt skref í áttina til þeirra breytinga sem vonandi eru nú fram undan í grunnskólum landsins.

Þá er það ákvæðið sem snýr að málefnum fatlaðra þar sem verið er að stíga sömu skrefin og menn hafa tekið varðandi málefni aldraðra, þar sem verið er að ganga í framkvæmdasjóðina og taka þá undir rekstur af ýmsu tagi. Og hér gerist það að það er verið að hækka prósentuna úr 25% í 40%, þ.e. 40% af ráðstöfunarfé sjóðsins verður varið til ýmissa verkefna. Þetta er hættuleg braut sem við erum þarna að fara inn á vegna þess að þetta dregur úr framkvæmdum, en auðvitað þarf að skoða þetta í samræmi við þarfir, þörfina fyrir framkvæmdir og þann fjölda fatlaðra sem þarf á þjónustu að halda.

Ég ætla að geyma mér atvinnuleysistryggingamálin þar til síðar en koma aðeins inn á málefni héraðslæknanna og þær breytingar sem hér er verið að gera á lögum um heilbrigðisþjónustu. Okkur þingmönnum Reykjavíkur hefur borist bréf frá heilsugæslustöðvum í Reykjavík þar sem þessum breytingum er mótmælt og bent á það að héraðslæknir sinni fjölmörgum verkum í heilbrigðisþjónustu sem óljóst er hvar á þá að vista og ég vildi gjarnan beina spurningu til hæstv. heilbrrh. ef hann er hér nærri. Virðulegi forseti, gæti forseti séð til þess að hæstv. heilbrrh. kæmi hingað?

(**Forseti** (GunnS): Nú hefur forseti gert ráðstafanir til þess að á hæstv. heilbrrh. verði kallað.)

Málið er það, virðulegi forseti, að það er bent á ýmis verkefni sem héraðslæknar hafa sinnt, alla vega héraðslæknirinn í Reykjavík. Ég þekki ekki hvernig þessum málum er háttað úti á landi, en það segir hér í bréfinu, með leyfi forseta:

„Héraðslæknir sinnir fjölmörgum verkefnum í heilbrigðisþjónustunni, svo sem vegna geðsjúkra, drykkjusjúkra og fíkniefnaneytenda og vegna sóttvarna. Hann annast rannsóknir á dauðsföllum utan sjúkrahúsa og skyld mál, auk þess sem hann veitir upplýsingar, umsögn og sker úr um ýmis málefni sem ekki er fyrir séð hverjir muni sinna framvegis."

Og mín spurning til hæstv. heilbrrh., ef hann sýnir sig, er auðvitað sú: Hvernig á að koma þessum verkefnum fyrir? Hvernig geta heilsugæslustöðvar sinnt þessu og sá læknir sem væntanlega er staðsettur á heilsugæslustöð og á að taka við hlutverki héraðslæknis, hvernig er þetta hugsað? Það segir hér í lögunum:

„Ráðherra skipar einn af starfandi heilsugæslulæknum héraðsins sem héraðslækni til fjögurra ára í senn."

Er þetta sérstök staða? Er þetta hlutastaða eða hvernig er þetta hugsað? Vegna þess að það er meiningin að spara. Það á að spara peninga með þessum ráðstöfunum þannig að það hlýtur að vakna sú spurning hvernig þessu verði fyrir komið. Það bólar ekkert á heilbrrh., en ég kem þá að þessu aftur ef hann lætur svo lítið að sýna sig hér.

Ég ætla þá að koma að nokkrum þrátt-fyrir-ákvæðum, þ.e. II. kafla þessara laga, þar sem er um að ræða skerðingarákvæði, þ.e. þar sem ríkisvaldið leyfir sér að krukka í gildandi lög og skera niður lögbundin framlög. Þar verður fyrstur fyrir mér Kvikmyndasjóður. Kvikmyndasjóður hefði átt að fá 121 millj. kr. en fær ekki nema 80 millj., þ.e. hann er skorinn niður um tæplega 41 millj. kr. Ég hlýt að gagnrýna þetta vegna þess að það vill svo til að kvikmyndagerð á Íslandi fylgir heilmikil atvinnusköpun. Íslenskar kvikmyndir vekja athygli á landi og þjóð erlendis. Þær eru menningarauki og þarna er um merka listgrein að ræða sem hefur verið að feta sig áfram og á að mínum dómi allt gott skilið. Ég held að þetta sé mjög misskilinn sparnaður sem hér er á ferð og þýðir það að menn verða einfaldlega að draga saman seglin.

Ég nefni líka þjóðarbókhlöðskattinn sem að hluta til verður nú tekinn til rekstrar Landsbókasafns-Háskólabókasafns, en eftir því sem ég best veit þá dugar þetta hvergi nærri til þess að endar nái saman og það mætti jafnframt spyrja hæstv. menntmrh. hvernig fyrirhugað er að nýta þennan skatt. Hann fer að öllum líkindum til endurbóta á ýmsum menningarbyggingum eins og Þjóðminjasafninu og jafnvel fleiri byggingum. En það er auðvitað spurning hvort hér er verið að fara rétta leið með því að taka hluta af þessum skatti til reksturs Þjóðarbókhlöðunnar og er það meiningin að halda áfram með þessum hætti, halda áfram að innheimta þennan skatt og taka svo hluta af honum í rekstur safnsins? Ég held að menn verði einfaldlega að horfast í augu við það hvað kostar að reka Landsbókasafn-Háskólabókasafn og að safnið fái fjárveitingar í samræmi við það. Ég veit að vísu að fjárln. er eitthvað að fást við þetta dæmi. Það komu mjög skýr skilaboð frá stjórn safnsins þess efnis að þær fjárveitingar sem gert er ráð fyrir í fjárlögum duga hvergi nærri og þarna verða auðvitað að koma til ráðstafanir.

Þá er það listskreytingasjóðurinn sem samkvæmt frv. er skorinn niður um 19 millj. kr. Ég vil beina þeirri spurningu til hæstv. menntmrh. hvort hann hyggist enn standa við þessi áform um að skerða listskreytingasjóðinn með þessum hætti og hvað á þá að verða um þá starfsemi sem hann hefur sinnt? Er komin af stað einhver vinna til þess að endurskoða hlutverk sjóðsins og það hvernig þessum málum verður háttað, því ég á ekki von á því að þessi ríkisstjórn ætli að afnema algerlega listskreytingar í opinberum byggingum.

Þá vil ég nefna framkvæmdasjóð Ríkisútvarpsins sem enn einu sinni er hirtur með húð og hári í ríkissjóð, og minni þar á þá skýrslu sem við í menntmn. fengum frá útvarpsstjóra og framkvæmdastjóra Ríkisútvarpsins í fyrra þar sem í ljós kom að Ríkisútvarpið er í mikilli þörf fyrir fé til framkvæmda og að þar ríkir um margt erfitt ástand. En við eigum eftir að kalla þessa aðila á okkar fund í efh.- og viðskiptanefnd og þá fáum við væntanlega frekari fregnir af því hvernig málin standa.

Þá er það húsfriðunarsjóður sem skorinn er niður um hvorki meira né minna en 28,1 millj. kr og ég vil þar enn einu sinni nefna þá miklu þörf sem er til húsafriðunar hér á landi og þá jafnframt að þarna er um að ræða vinnu sem er mjög atvinnuskapandi. Viðgerð á gömlum húsum kallar á allmikinn mannskap og það er mjög atvinnuskapandi að veita fé til húsafriðunar jafnframt því sem þarna er um mikilvæg menningarverðmæti að ræða.

Virðulegi forseti. Ég ætla nú að reyna að hraða þessari yfirferð, enda styttist tíminn. Hér er kominn inn nýr liður sem ekki var eða ég hef ekki séð áður í frv. af þessu tagi, þ.e. 24. gr. þessa frv., þar sem kveður á um það að Lánasýsla ríkisins skuli eigi verja hærri fjárhæð en nemur 225 millj. kr. af innheimtu áhættugjaldi á árinu 1995, samkvæmt 4. gr. laga nr. 37/1961, um ríkisábyrgðir, til að standa straum af kostnaði við starfsemi Lánasýslu ríkisins. Ég vil nú spyrja: Hvað þýðir þetta? Það er ekki um neinar skýringar að ræða hér í frv. Það kemur þó fram að hér er verið að skerða framlög til Lánasýslunnar um 125 millj. kr. og ég gef mér að það sé verið að taka þessar 125 millj. í ríkissjóð. Og hvað þýðir þetta fyrir Lánasýsluna, hæstv. forsrh.? Hvað þýðir þetta? Er þarna með einhverjum hætti verið að takmarka starfsemi Lánasýslunnar eða hvað þýðir þetta?

Þá vil ég nefna enn einu sinni þessa undarlegu pólitík sem hér tíðkast, að skera niður lögbundin framlög til ferðamála í landinu, en gera svo ferðamálayfirvöldum það að þurfa að fara út á lánamarkaðinn til þess að afla sér fjár til starfsemi sinnar. Þetta er sérkennileg pólitík, en svo þurfa viðkomandi sjóðir að taka lán til að borga lán. Það er ekki mikil speki sem felst í svona fjármálastjórnun.

Sama gildir um framlög til vegamála. Það eru samþykkt lög um sérstaka fjáröflun til vegamála, síðan er klipið af því í ríkissjóð en svo er lagður á sérstakur skattur til þess að ná inn peningum til vegamála aftur. Þannig að þarna er nátturlega orðið um margfalda skattlagningu að ræða eins og oft hefur verið bent á.

Virðulegi forseti. Það er ýmislegt fleira sem hér mætti nefna. Enn einu sinni er verið að skipta sér af refa- og minkaveiðum og ríkið vill nú ekki borga mikið fyrir það, sem kannski vonlegt er. Við þurfum að athuga það betur hvað þetta þýðir því að það er oft svo að þegar farið er dýpra ofan í þessar greinar þá kemur ýmislegt í ljós sem ekki blasir við við fyrstu sýn.

En til þess að draga nú aðeins saman, virðulegi forseti, það sem ég hef hér bent á, þá stöndum við frammi fyrir því hér á Alþingi að niðurstaða fjárlagadæmisins er býsna óljós enn þá og það sem við höfum séð hér af tillögum ríkisstjórnarinnar bendir allt til aukins halla á ríkissjóði. Hallinn er stöðugt að aukast meðan lítið bólar á tillögum til sparnaðar, uppstokkunar í ríkiskerfinu og frekari tekjuöflunar. Ég held að þegar horft er til framtíðar þá náum við ekki verulegum árangri í ríkisfjármálunum, þ.e. í því efni að draga úr halla ríkissjóðs, öðruvísi en að fara út í verulega uppstokkun á ríkiskerfinu. Að draga úr yfirbyggingunni, fækka ráðuneytum eins og ég hef nú stungið upp á áður, og ekki síst að endurskipuleggja heilbrigðisþjónustuna og áherslur í heilbrigðisþjónustunni sem er sá liður ríkisfjármála sem kallar á langsamlega stærst framlög. Það er mjög augljóst af öllum þessum frv. sem hér eru til umræðu, komnum og ókomnum, við höfum þó fengið svolitla mynd af því sem ókomið er með þessari yfirlýsingu sem ég hef gert hér að umræðuefni, að ríkisstjórnin er mjög að hægja á sinni ferð, það er verið að slaka mjög á í ríkisfjármálunum enda kosningar í nánd. Það er verið að reyna að skapa hér eitthvert andrúmsloft fyrir kjarasamninga en þegar betur er að gáð þá felst harla lítið í þessum tillögum. Hér er um litlar umbætur til launafólks að ræða og ég hygg að það sem við sjáum hér muni ekki skapa mikinn frið í samfélaginu. Hér hefur óréttlæti verið að aukast mjög á undanförnum árum. Launabilið hefur vaxið og við sjáum það m.a. í þeirri miklu óánægju sem ríkir hjá kvennastéttum að þetta óréttlæti verður ekki lengur þolað og það þýðir ekkert fyrir ríkisstjórnina að bjóða upp á svona galtóma jólapakka. Þegar á reynir verður spurt hvað þetta þýðir í raun og veru og á endanum gefst tækifæri til að gera upp við þessa ríkisstjórn og stefnu hennar með vorinu.

[18:18]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í andsvari vil ég reyna að svara örfáum spurningum sem hv. þm. beindi til mín.

Í fyrsta lagi var það varðandi endurbótasjóð menningarbygginga, hvernig hann yrði nýttur og hvort ætti að verja honum áfram til að reka Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn. Það er ekki ætlunin að nýta sjóðinn svo um alla framtíð, alls ekki. Sá rekstrarkostnaður sem fallið hefur á Þjóðarbókhlöðu til þessa hefur verið greiddur af endurbótasjóðnum og það þótti eðlilegt að á fyrsta heila starfsári hins nýja safns yrði varið nokkrum hluta af endurbótasjóðnum til rekstrar eða 40 millj. kr. Yfir þessum sjóði er sérstök stjórn og hún mun ræða það að sjálfsögðu í samráði við ríkisstjórnina hvernig tekjum sjóðsins verður varið á næstunni, þar er af ýmsu að taka. Það eru margar byggingar sem þarfnast framlaga úr þessum sjóði.

Varðandi listskreytingasjóðinn þá hef ég áður svarað því hér á hv. Alþingi að það er ekki með þessu ákvæði verið að leggja sjóðinn niður. Hann fær hins vegar ekki framlög á fjárlögum þessa árs. Það hefur ekki verið settur sérstakur starfshópur til að endurskoða lögin um listskreytingasjóð en málið hefur verið rætt innan ráðuneytisins. Ég bendi á í þessu sambandi að ég svaraði fyrirspurn hv. þm. Einars K. Guðfinnssonar skriflega um ráðstöfun listskreytingasjóðs á árunum 1991–1994, á þskj. 252. Þar kemur í ljós hvernig sjóðnum hefur verið varið á undangengnum árum.

[18:20]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegur forseti. Inn í þessar umræður um ráðstafanir í ríkisfjármálum hafa nokkuð blandast þær aðgerðir sem ríkisstjórnin boðar eins og hún orðar það „til að stuðla að aukinni atvinnu, stöðugleika og kjarajöfnun". Það er að vonum að þær aðgerðir sem þar eru boðaðar blandist nokkuð inn í þessar umræður um ríkisfjármálin vegna þess að aðgerðin tengist töluvert ráðstöfunum í ríkisfjármálum.

Ég ætla þó, virðulegur forseti, að geyma mér að ræða þessar aðgerðir og yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar þar til frv. um það kemur til umfjöllunar á hv. Alþingi. En ég verð þó að segja, eins og fram hefur komið reyndar hjá fleirum, að mér finnst mjög lítið fara fyrir kjarajöfnun í þeim tillögum sem ríkisstjórnin boðar og það veldur vissulega vonbrigðum. Það er alveg ljóst að þær aðgerðir, sem eru boðaðar t.d. varðandi breytingu á persónuafslætti og hækkun skattleysismarka, munu ekki gera ýkja mikið til að þyngja pyngju láglaunafólks en eins og fram hefur komið í þessari umræðu og fram kom á nefndarfundi í morgun hjá efh.- og viðskn. þá er einungis um að ræða 400–600 kr. til viðbótar við það sem var gert ráð fyrir í fjárlögum sem einungis skýrist af verðlagsbreytingum og breytingu á skattvísitölu. Þannig að þarna er harla lítið gert í þessu efni.

Út af fyrir sig var líka upplýst að þetta kostar töluverða peninga, um 1.500–1.600 millj. kr. að hækka skattleysismörkin um 2.000 kr. í heild sinni þó einungis 400 kr. af því séu umfram verðlagsbreytingar. Því hefði verið ástæða að mínu viti fyrir ríkisstjórnina að skoða hvort þeim 1.500 millj. sem í þetta er varið hefði ekki verið hægt að ráðstafa með öðrum hætti þannig að það skilaði sér þá alfarið til láglaunaheimilanna. Hér er um það að ræða að hækkunin á skattfrelsismörkunum fer upp allan launastigann, líka til þeirra sem hafa 500 þús. eða 1 millj. kr. í tekjur á ári þannig að spurning er hvort ekki hefði verið hægt að finna leið til þess að hækka þá enn meira skattfrelsis-

mörk hjá láglaunahópunum og láta þessa upphæð alfarið til þeirra. Það ræðum við betur þegar þessar aðgerðir verða til umræðu á hv. Alþingi. Ég sakna þess líka þar og hefði þurft að koma hér til umræðu og þá í tengslum við fjárlög um lækkun á húshitunarkostnaði en þar eru engar fjárhæðir settar inn. Eins finnst mér umdeilanleg sú útfærsla sem gerð er á afnámi á tvísköttun á lífeyrisgreiðslum sem ég vil bíða betri tíma að ræða um.

Það eru nokkur atriði sem ég vil gera að umtalsefni varðandi frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Þær snerta m.a. Atvinnuleysistryggingasjóð og Framkvæmdasjóð fatlaðra. Í fjárlagafrv. var ráðgert að lækka útgjöld Atvinnutryggingasjóðs um 200 millj. kr. með endurskoðun á fyrirkomulagi og reglum um úthlutun bóta eins og þar stóð. Þar kom einnig fram í greinargerð með fjárlagafrv. að með áformum um sparnað var ráðgert að endurskipuleggja og samræma störf úthlutunarnefnda og lengja og tekjutengja biðtíma eftir bótum. Ég sé að hér er gert ráð fyrir því að stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs er ekki heimilt að veita styrki samkvæmt 3. tölul. 2. mgr. 36. gr. laganna. Þetta er raunverulega eina ákvæðið sem varðar skerðingu hjá Atvinnuleysistryggingasjóði og því vil ég spyrja hæstv. forsrh., sem flytur þetta frv.: Liggur þá ekki fyrir að þetta sé það eina sem gert verður, að það hafi þá verið fallið frá því að tekjutengja biðtíma eftir bótum eins og fram kom í fjárlagafrv.? Vil ég fagna því ef svo er. Þannig að þær 200 millj. sem átti að spara, það er spurning hvernig á að ná þeim. Næst það með því að endurskipuleggja og samræma störf úthlutunarnefndanna sem ég vil draga í efa? En þá er eiginlega spurning mín hvort það sé þá fallið frá því að lækka útgjöld um 200 milljónir til atvinnuleysistryggginga. En ég verð að segja það, virðulegur forseti, að ég skil ekki af hverju verið er að fella brott ákvæði sem er í 3. tölul. 2. mgr. 36. gr. sem ég tel að sé mjög mikilvægt og hafi skilað mjög miklu. En það kveður á um að veita styrki til þróunarverkefna til varanlegrar atvinnusköpunar. Í þetta hefur verið veitt um 30 millj. kr. á ári sem ég tel að hafi skilað verulegu þannig að ég raunverulega finn ekki rök fyrir því að vera að fella niður þetta heimildarákvæði.

Síðan eru eingreiðslur til atvinnulausra sem kemur fram að eru einungis miðaðar við árið 1994 sem segir okkur þá að líkt og með eingreiðslur til elli- og örorkulífeyrisþega þá virðist ekki vera meiningin að greiða eingreiðslur á árinu 1995, hvorki til atvinnulausra né elli- og örorkulífeyrisþega og verður að harma það ef svo er. Ef það er meiningin að greiða það þá er náttúrlega alveg ljóst að það vantar 600–800 millj. kr. inn í fjárlögin. Það væri því gott að fá það upplýst þar sem hér er þetta eingöngu miðað við árið 1994 hvort alveg sé fallið frá því á árinu 1995 að greiða eingreiðslur til atvinnulausra elli- og örorkulífeyrisþega.

Varðandi Framkvæmdasjóð fatlaðra þá er ýmislegt um það að segja sem hér birtist varðandi framkvæmdasjóðinn. Í fyrsta lagi var gripið til þess á árinu að heimila að 25% af ráðstöfunarfé sjóðsins gengju til greiðslu á liðveislu og átti það að vera aðgerð sem væri bara á þessu ári. Hér er ekki bara um það að ræða að ákvæðið sé framlengt heldur er gengið lengra og er þetta nú orðið 40% af ráðstöfunarfé sjóðsins sem fer til rekstrar og tilfærslu verkefna. Hér er bætt við ýmsum verkefnum sem ekki voru áður inni í sjóðnum og komu fram bara á fjárlögum til rekstrar eins og að greiða kostnað vegna stuðningsfjölskyldna. Mér finnst nokkuð furðulegt að það er heimilað að greiða rekstur á sambýlum vegna útskriftar á Kópavogshæli og samtals er þetta því orðið 75% af sjóðnum sem fer í rekstur. Þannig að af 310 millj. kr. framlagi virðast einungis vera 77 millj. eftir í stofnkostnað og er það nú ansi langt gengið að mínu viti. Ég vil spyrja, ég veit ekki hvort það er hæstv. forsrh. sem hér er til svara eða hæstv. félmrh., en það mál sem ég ræði heyrir nú undir hæstv. félmrh. Það hefur lengi staðið til að útskrifa Kópavogshæli, það er rétt, og það hefur verið áætlað að það væru 100 til 120 manns sem gætu nýtt sér sambýli en það hefur ávallt verið áætlað og út frá því gengið að stöðugildi mundu fylgja, þau stöðugildi sem fyrir eru á Kópavogshæli, þegar væri farið í þessar útskriftir. En nú virðist hafa orðið sú breyting á að það á að fjármagna reksturinn af Framkvæmdasjóði fatlaðra.

Síðan er annað sem ég tel að þurfi að skoðast af þeirri nefnd sem fær þetta mál til umfjöllunar. Það er alveg skýrt kveðið á um það í lögum um málefni fatlaðra að framkvæmdasjóðurinn eigi að hafa til ráðstöfunar óskertar tekjur Erfðafjársjóðs, það segir í 39. gr. laganna. Á þessu ári var, ef ég man rétt, gert ráð fyrir 300 millj. kr. í erfðafjárskatti en samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef þá hafði erfðafjárskatturinn skilað sér í nóvember upp á 335 millj. og er gert ráð fyrir ef miðað er við fyrri reynslu að það innheimtist um 14% í desembermánuði. Ef það gengur eftir þá ættu skil á Erfðafjársjóði á þessu ári að vera 380–390 millj. kr. sem þýðir að það vantar í sjóðinn að ríkissjóður skili Framkvæmdasjóði fatlaðra kannski um 70–90 millj. Það er a.m.k. í nóvember komið 35 millj. yfir það sem fjárlög á þessu ári gerðu ráð fyrir. Á umliðnum árum hafa ekki verið sett þessi skerðingarákvæði í bandorminn eða frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum þannig að ég fæ ekki betur séð en að ríkissjóður þurfi að skila aftur þessum erfðafjárskatti til Framkvæmdasjóðs fatlaðra. Ég tel að nefndin sem fær þetta til umfjöllunar hljóti að taka það til athugunar þegar hún fjallar um þetta.

Síðan er ástæða til að spyrja um atriði sem ég sé ekki í frv. og má vel vera að það eigi að flytja um það sérstakt frv. en ég sakna þess þegar verið er að taka allt saman sem snýr að ráðstöfunum í ríkisfjármálum og kallar á lagabreytingar og tengist fjárlagafrv. að ekki sé gert ráð fyrir í frv. ákvæði, sem var samkomulag um þegar húsaleigubætur voru teknar upp, að húsaleigubætur skerði ekki bótagreiðslur almannatryggginga. Vel má vera að ríkisstjórnin eða hæstv. félmrh. hugsi sér að flytja sérstakt frv. um það en það er nauðsynlegt að samþykkja það frv. fyrir áramótin. Maður hefði kannski talið eðlilegt að það mundi fylgja með í

þessu frv. Því spyr ég um það sérstaklega.

Mér þykir slæmt að hæstv. fjmrh. skuli ekki vera viðstaddur af því að það er eitt atriði sem ég hefði gjarnan viljað spyrja hæstv. fjmrh. um og það er um greiðslur til stuðningsfjölskyldna sem var ákveðið að skattleggja fyrir tveimur árum og félmrn. beitti sér fyrir með margítrekuðum skrifum til fjmrn. og viðtölum við fjmrn. að það yrði sérstaklega skoðað að falla frá skattgreiðslum á stuðningsfjölskyldur. Landssamtökin Þroskahjálp hafa einnig margítrekað skrifað fjmrn. út af þessu en engin breyting virðist vera þar á. Ég held að hér sé um að ræða eina ódýrustu þjónustuna við fatlaða sem eru stuðningsfjölskyldur en greiðslur til þeirra eru um 2.400 kr. fyrir sólarhringinn og eru það mjög lágar greiðslur. Það er alveg ljóst að það hefur dregið úr því að stuðningsfjölskyldur hafi fengist til að veita þessa þjónustu eftir að greiðslan var skattlögð og það er alveg ljóst að það mun einungis, ef ekki verða breytingar á, skila sér í dýrari úrræðum í þjónustu við fatlaða. En það virðist seint ganga að fá svör hjá fjmrn. um þetta efni.

Í fjárlagafrv. voru ýmis ákvæði sem lutu að því að draga úr útgjöldum heilbrrn. eins og lækkun á útgjöldum lífeyristrygginga um 250 millj., endurskoðun á heimildarbótum og almenn endurskoðun á bótakerfinu, lækkun útgjalda vegna sjúkraþjálfunar um 50 millj. og fleiri ákvæði. Ég hefði haldið að þessi útgjaldaskerðing, sem var upp á að mig minnir 850 millj. í lífeyristryggingunum, hefði kallað á einhverjar lagabreytingar ef það ætti á annað borð að framkvæma skerðinguna og að heilbrrh. hefði ekki frjálsar hendur með það með reglugerðarsetningu að útfæra þetta heldur hlyti þetta að koma til kasta Alþingis ef á annað borð ætti að fara í þessa skerðingu. Það kemur ekki fram í þessum bandormi og því er ástæða til að spyrja hvort fallið sé á einhvern hátt frá þeirri skerðingu sem var boðuð í fjárlögunum.

Það er líka ástæða til að spyrja um tvennt í lokin. Í fyrsta lagi varðandi meðlagsgreiðslur. Það er alveg ljóst að það hefur orðið veruleg útgjaldaaukning hjá Innheimtustofnun og Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Það var áætlað að um 550 millj. kr. kæmu á Jöfnunarsjóð sveitarfélaga í staðinn fyrir 300 millj. sem ráðgert var. Það var samkomulag um það á sínum tíma milli fjmrn. og félmrn. að miða við að ekki kæmu meira en 300 millj. til kasta Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Það er því ástæða til að spyrja um hvað því líður og hvort gerðar hafi verið einhverjar ráðstafanir til þess að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga fái þetta framlag og hvort það sé einhver hætta á því, og ég spyr: Er einhver hætta á því að þessi útgjaldaaukning vegna meðlagsgreiðslna skerði þjónustuframlögin í jöfnunarsjóðnum? Þess vegna spyr ég hæstv. félmrh. hvort það liggi eitthvað fyrir um það til hvaða ráða verði gripið til þess að brúa þá fjárvöntun sem skapaðist með breytingum á meðlagsgreiðslunum.

Eitt atriði sem lýtur að breytingum á lögum um grunnskóla — skyldi það svo vera að hæstv. menntmrh. sé í hliðarsal eða kannski hæstv. forsrh.?

(Forseti (GunnS)**:** Forseta er ljúft að upplýsa hv. þm. um að forseti hefur veitt hæstv. menntmrh. fjarvistarleyfi.)

En er hæstv. forsrh. í hliðarsal?

(Forseti (GunnS)**:** Hæstv. forsrh. er í Alþingishúsinu og nú mun forseti gera ráðstafanir til þess að hann verði viðstaddur ræðu hv. þm. ef hv. þm. óskar þess.)

Virðulegur forseti. Ég hef tækifæri til þess við 2. umr. og væntanlega þegar málið fer í nefnd að skoða þann þátt sem lýtur að 1. gr. frv. þannig að það fáist svör við því. Mér finnst þetta mjög sérkennilegt eins og það er orðað í frv. Við erum að fjalla um skerðingarákvæðin sem hafa verið í gildi tvö eða þrjú síðustu ár og þau á að framlengja en hér er talað um að þessi ákvæði laganna komi ekki til framkvæmda á fyrri hluta ársins 1995 og ekki á skólaárinu 1995/1996 sem þýðir að ef ríkisstjórnin stendur við áform sín um að flytja grunnskólann til sveitarfélaganna í ágúst á næsta ári, sem ég sé engar líkur á, þá er áfram gert ráð fyrir skerðingu varðandi þessi ákvæði og væri fróðlegt að fá að vita hvort það þýði þá að ríkisstjórnin ætli ekki að bæta sveitarfélögunum þetta upp í auknum tekjum. Mér fannst á máli hæstv. forsrh. og það var ástæðan til þess að ég taldi rétt að hann svaraði því að hann nefndi það að ef sveitarfélögin tækju þetta yfir fyrr þá gæti þetta breyst. Þá er spurning hvað hæstv. forsrh. meinar með því. Eiga sveitarfélögin að taka yfir þessi ákvæði í grunnskólalögunum bótalaust án viðbótartekna og hvað býr að baki því að þetta gæti breyst ef þetta yrði yfirtekið fyrr af sveitarfélögunum? Mér finnst reyndar þegar sett er inn í 1. gr. að þessi skerðing eigi að gilda líka á skólaárinu 1995/1996 það bera merki þess að ríkisstjórnin hafi gefist upp við það að flytja grunnskólann yfir til sveitarfélaganna í ágúst á næsta ári.

Virðulegur forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa fleiri orð um það frv. sem er til umfjöllunar um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Það eru nokkur atriði sem ég hefði gjarnan viljað fá svör við, ekki síst að því er varðar Framkvæmdasjóð fatlaðra og ákvæði sem lúta að atvinnuleysistryggingum. Fáist þau svör ekki við þessa umræðu þá er tími til þess að skoða þau við umfjöllun málsins í nefnd eða við 2. umr.

[18:43]

Félagsmálaráðherra (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Hér hafa farið fram ágætar umræður og að mestu málefnalegar. Þó ekki sé við því að búast að yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar um aðgerðir til að stuðla að aukinni atvinnu, stöðugleika og kjarajöfnun mæti eingöngu gleði stjórnarandstöðunnar vegna eðlis stjórnar og stjórnarandstöðu þá er ég samt hissa á því hversu mikið menn hafa fundið þessari yfirlýsingu til foráttu miðað við hversu góðir þættir eru þar. En ég ætla að geyma mér að koma inn á yfirlýsinguna, virðulegi forseti, og byrja á því að nýta hinn skamma tíma til að svara nokkrum fyrirspurnum sem til mín hefur verið beint varðandi það mál sem hér liggur fyrir.

Ég ætla þá fyrst að svara spurningum sem bárust mér frá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni, m.a. að það væri ískyggilegt að rekstur væri tekinn í svo ríkum

mæli inn í Framkvæmdasjóð fatlaðra og að með sama áframhaldi færi framkvæmdasjóðurinn í rekstur. Einnig vil ég koma inn á önnur atriði sem bárust frá hv. 12. þm. Reykv., Jóhönnu Sigurðardóttur, varðandi bandorminn.

Það er vissulega þannig að úr Framkvæmdasjóði fatlaðra er hugsað að veitt séu framlög til framkvæmda fyrst og fremst þó svo að áður hafi verið búið að samþykkja heimild til þess að 25% af ráðstöfunarfé væri veitt til reksturs. Ég vil fyrst segja að það er einmitt á samdráttartímum eins og hafa verið núna hin síðustu ár sem er ljóst að við komum að þeim punkti að það er e.t.v. meiri möguleiki að veita til framkvæmda og byggja en að ná þeim rekstri sem svo mikilvægur er til þess að framkvæmdirnar sem slíkar nýtist. Það hefur orðið líka talsverð stefnubreyting í málaflokki fatlaðra. Sú stefnubreyting kom fram í lögunum um málefni fatlaðra sem voru sett fyrir þremur árum og einnig er að verða önnur þróun sem verður að staldra við, m.a. sú þróun að í auknum mæli er sótt á um að fatlaðir eigi möguleika á að dvelja í eigin íbúðum og e.t.v. eigi að staldra við um hríð varðandi byggingu sambýla.

Í því efni vil ég gjarnan nefna það að í skýrslu sem var skilað hluta sumars um húsnæðismál og íbúðarmál fatlaðra er lögð mjög mikil áhersla á það að auka þann möguleika að fatlaðir geti búið í eigin íbúðum og þar er lagt til að staldrað sé við með byggingu sambýla og hugað að byggingu íbúða, t.d. svokallaðra æviíbúða þannig að ýmsir geti búið í íbúðunum við mismunandi aðstæður, bæði fatlaðir, aldraðir og ófatlaðir, að það séu sérstakar íbúðir sem séu í boði. Þessi skýrsla kom til ráðuneytisins fyrri hluta sumars og ég býst við að annar fyrirspyrjandinn þekki þá skýrslu mjög vel og þær tillögur sem í henni eru, m.a. að staldra við með byggingu sambýla. Ég er ekki að leggja það til hér og er ekki búin að taka afstöðu til þess hvort það séu réttar tillögur. En það er mjög mikilvægt samkvæmt lögunum sem samþykkt voru um málefni fatlaðra að auka liðveislu skv. 25. og 29. gr. Sú liðveisla er m.a. til þess að auðvelda fötluðum að búa í eigin íbúðum og sú liðveisla er til þess að fatlaðir geti verið á vinnumarkaði, aðstoð við fatlaða á vinnumarkaði.

Fyrir utan þá liði sem þarna eru nefndir og eru hefðbundnir frá fyrra ákvæði um heimild til að ráðstafa fé til rekstrar, þá er tilgreint í e-lið að heimilt sé að greiða kostnað við þjónustu stuðningsfjölskyldna mikið fatlaðra barna. Þetta er afar mikilvægt atriði. Það er nefnilega þannig að þessi lága greiðsla sem vísað var til áðan hefur gagnast mjög vel til stuðningsfjölskyldna sem eru að taka að sér börn. Það eru gjarnan mikið fötluð börn sem fá ekki þessa aðstoð. Og það er mikilvægt að heimila sjóðnum að gera undanþágu og koma til móts við fjölskyldur mikið fatlaðra barna því góð stuðningsfjölskylda getur verið miklu meira virði en þó að byggðar séu skammtímavistanir. Þetta er þróun sem er að verða núna og mjög mikilvægt a.m.k. að heimila þetta.

Ég vil líka nefna varðandi það ákvæði að heimila greiðslu kostnaðar vegna sambýla sem hafinn er rekstur á eftir 1. jan. 1995 og það er vísað til Kópavogshælis. Það er hárrétt sem hér hefur komið fram að það hafa staðið til útskriftir mjög lengi á Kópavogshæli og það hefur gengið allt of hægt að koma til móts við þörfina sem þar er. Og það eiga að fylgja stöðugildi með. En það er talið nokkuð víst að á geti skort. Þarna eru fatlaðir einstaklingar af þeirri gerð að það þarf e.t.v. þyngri rekstur. Það er fyrst og fremst verið að heimila að koma til móts við með e.t.v. einu eða tveimur stöðugildum sambýli sem er opnað af þessu tagi. Það er einmitt verið að gera vel við þá sem lengst hafa beðið og mest þurfa á því að halda að tekið sé á í útskriftum og fólk á þessari stofnun komist á sambýli.

Ég vil líka fyrst verið var að gera þetta atriði tortryggilegt nefna það að þegar lögin um málefni fatlaðra voru sett var lögð mikil áhersla á það að íbúarnir á Kópvogshæli fengu ekki þjónustu samkvæmt lögunum. Þó það væru ekki sjúklingar bara ef þeir byggju á Kópavogshæli þar sem um heilbrigðisstofnun er að ræða. Og þá óskaði félmn. Alþingis eftir því að sett yrði í gang vinna á milli ráðuneyta og starfshópur og tillaga um hvernig hann yrði samansettur til að stuðla að því að aðgerðir yrðu hafnar á Kópavogshæli til að íbúarnir þar ættu rétt á þjónustu samkvæmt lögunum. Sú nefnd var aldrei skipuð en ég er að bæta úr því þessa daga með því að koma henni á þó það sé þremur árum of seint. Hér er verið að taka á málefnum fatlaðra á Kópavogshæli og ég tel að það sé gott mál, meira að segja mjög gott mál.

Ég hef getið hér um þá stefnubreytingu sem hefur verið að þróast og ég vil einnig geta þess að það er eðlilegt að það komi fram breytt stefna í málefnum fatlaðra. Hún endurspeglast í þessu breytta hlutverki framkvæmdasjóðs sem ég hef reynt að greina frá. Það var heimilað fyrir ári síðan að það væri greitt úr framkvæmdasjóðnum til tiltekinna verkefna á sviði stoðþjónustu, einkum ef þessi viðfangsefni væru til þess fallin að draga úr þörf fyrir byggingu stofnana og þessar breytingar eru einmitt af því tagi.

Ég býst við að þetta svar mitt hafi skýrt nægjanlega það sem snýr að ákvæðum um framkvæmdasjóðinn og málefni fatlaðra. Hér er ekki verið að taka stórstíg skref til þess að fara að eyða framkvæmdasjóðnum í rekstur.

Ég vil aðeins víkja að athugasemd um hækkun skattfrelsismarka. Ég skildi hv. 12. þm. Reykv. svo að hún hefði talið að það fjármagn sem færi til að hækka þessi mörk hefði nýst betur á annan veg. Ég veit ekki hvort ég hef skilið þetta rétt en hafi svo verið er ég mjög ósammála því. Ég stóð að því fyrir 2–3 árum að lækka skattfrelsismörkin um 380 kr. á einstakling og það er einhver sú versta aðgerð sem ég hef staðið að og rétt upp höndina með. Þetta er því eitt af þeim ákvæðum sem ég er mjög fegin að eiga þátt í að ýta á rétta braut.

Aðeins varðandi Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Þar er einmitt nefnt að það hafi skort á um 500 millj. að Innheimtustofnun gæti staðið fyrir sínu hlutverki. Það er alveg rétt að það var gert samkomulag í fyrra um að það yrði að vinna að því og gera úrbætur í málefnum

Innheimtustofnunar þannig að útgjöldin yrðu undir 300 millj. kr. Það hafa komið margar athugasemdir að undanförnu um að þessi mál hafi ekki verið til lykta leidd. Þannig er með þessi mál Sambands sveitarfélaga og félmrn. að það er búið að vinna mjög mikið í þeim á undanförnum vikum og í dag var undirrituð ákveðin yfirlýsing fjmrn., félmrn. og fulltrúa Sambands ísl. sveitarfélaga. Hún lýtur að því að þessum aðilum hafði verið gert að greiða 600 millj. kr. í Atvinnuleysistryggingasjóð og þessu hafa sveitarfélögin mótmælt. Það hefur verið talsvert unnið í þessu málum að undanförnu og hvernig þau verði leyst. Í morgun var fjallað um þessi mál á samstarfsfundi ríkis og sveitarfélaga og svohljóðandi yfirlýsing undirrituð sem ég ætla að að lesa, með leyfi forseta:

„Átaksverkefni sveitarfélaga til að draga úr atvinnuleysi.

Ríkisstjórnin mun hverfa frá áformum fjárlagafrv. 1995 um að sveitarfélögin greiði framlög í Atvinnuleysistryggingasjóð en beita sér fyrir því að sjóðurinn hafi áfram ótvíræðar heimildir til að styrkja átaksverkefni sveitarfélaga með sambærilegum hætti og á þessu ári.

Samband ísl. sveitarfélaga beinir því til sveitarfélaga að á árinu 1995 haldi þau áfram samstarfi við Atvinnuleysistryggingasjóð um átaksverkefni fyrir fólk á atvinnuleysisskrá til að draga úr atvinnuleysi. Stefnt verði að því að slík verkefni verði eigi minni að umfangi en á árinu 1994. Jafnframt verði sveitarfélögin hvött til þess að efna til annarra atvinnuskapandi aðgerða til að draga úr atvinnuleysi á árinu 1995. Til að stuðla að framkvæmd átaksverkefna sveitarfélaga í samstarfi við Atvinnuleysistryggingasjóð, svo og sérstökum aðgerðum í þágu langtímaatvinnulausra, verði komið á fót nefnd fulltrúa fjmrn., félmrn., stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs og Sambands ísl. sveitarfélaga. Nefndin fylgist jafnframt með öðrum atvinnuskapandi aðgerðum sveitarfélaganna."

Og það verð ég að segja að ég ber fullt traust til þess að ekki dragi úr þeim verkefnum sem sveitarfélögin muni stuðla að. Það hefur komið fram á fundi með þeim að þau hafa fullan hug á því að gera sitt til þess að vinna að atvinnuleysi og vera með atvinnuskapandi aðgerðir og telja að það sé jafnmikið verkefni. Þá hafa sveitarfélögin verið leyst undan því að greiða 600 millj. til ríkisins sem þau voru skyldug til á síðasta ári svo það hefur ekki allt versnað með breyttu mannahaldi í félmrn.

Virðulegi forseti. Varðandi Innheimtustofnun sveitarfélaga og þá mun ríkisstjórnin beita sér fyrir lántökuheimild til handa Innheimtustofnun sveitarfélaga fyrir allt að 150 millj. kr. í því skyni að unnt sé að draga samsvarandi úr framlagi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til stofnunarinnar á þessu ári. Ég ætla ekki að fara ítarlegar í þetta mál, þ.e. tillögur sem fylgja þessari bókun, vegna þess að tími minn er orðinn mjög naumur en þetta er gert í fullri sátt. Sveitarfélögin eru losuð undan greiðslu til ríkisins, í Atvinnuleysistryggingasjóð. Og búið er að leysa a.m.k. um sinn þann vanda sem er varðandi þjónustuframlög til hinna litlu sveitarfélaga sem borið hafa þungann af greiðsluvanda Innheimtustofnunar.

Virðulegi forseti. Ég var einnig spurð um húsaleigubætur og að þau skerði tryggingabætur og hvers vegna það mál sé ekki í bandorminum. Ég ætla að svara því til að það ákvæði er í lögum um húsaleigubætur og ég hef talið það duga að ákvæðið væri þar. Hins vegar hef ég leitað eftir því við fjmrn. hvort þurfi að setja þetta ákvæði í bandorm og var talið að það þyrfti ekki. Það er enginn ágreiningur um að þetta gildi. Ef ákvæði þarf að koma þarna inn verður það skoðað og þá mun ég beita mér fyrir því að það geti komið inn í meðförum nefndar. Það er ekki verið að víkja frá því að tryggt sé að þessir hlutir skerðist ekki, síður en svo. Ef þarf að skerpa á því þá verður það skoðað.

Varðandi ýmislegt það sem áætlað er að sparist í Atvinnuleysistryggingasjóðnum þá á að taka á ýmsum reglum og öðrum atriðum en styrkjum til þróunarverkefna. Ég viðurkenni að ég valdi það, þar sem ég erfði þá kvöð að þurfa að spara í Atvinnuleysistryggingasjóði, að fella út styrki til þróunarverkefna enda má um það deila hvort slíkir styrkir eigi að vera annars staðar og að verkefni stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs eigi að vera allt annað en að reyna að átta sig á hvar þróunarstyrkir eigi að vera.

Virðulegi forseti. Ég ætla að ljúka ræðu minni með tilliti til orða forseta. Ég get þó ekki annað en nefnt það að í þessari yfirlýsingu eru margir góðir hlutir. Ég vísa í 2. lið um samstarf við sveitarfélög um atvinnuskapandi aðgerðir og hef hér lesið yfirlýsingu okkar ráðherra fjármála og Sambands sveitarfélaga þar um. Ég vil líka leggja áherslu á það hversu mikilvægt er að það hafi náðst samstaða um skattlagningu fjármagnstekna og vísa því á bug að þetta skipti ekki miklu máli. Sömuleiðis vil ég sérstaklega hafa orð um að sérstakur hátekjuskattur sé framlengdur. Ég skil það vel að ýmsir þeir þættir sem eru tilgreindir í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar séu ekki til þess fallnir að stjórnarandstaðan klappi fyrir því en sum okkar gera það.

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):

Fimm hv. þm. hafa óskað eftir því að veita andsvar við ræðu hæstv. félmrh. og mun forseti verða við því fyrir matarhlé. Forseti vill taka fram að það verður ein mínúta sem hver hv. þm. hefur í hverri umferð.

[18:59]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. félmrh. sakaði okkur stjórnarandstæðinga sem hér höfum talað um að vera neikvæðir í garð þessara pakka ríkisstjórnarinnar. Ég vil segja það fyrir mitt leyti að þó að þar séu vissulega brúklegir hlutir á ferð og enginn hafi haldið öðru fram þá var það sem ég gagnrýndi sérstaklega og tel ámælisverðast í framgöngu ríkisstjórnarinnar allrar þær blekkingar sem eru ástundaðar með framsetningu skjalsins eins og það er og vísvitandi voru látnar ganga til fjölmiðla og étnar þar hráar upp í gær og fyrradag.

Það tel ég mjög ámælisvert, svo sem eins og blekkingarnar um hækkun skattfrelsismarka sem eru engar raunhækkanir. Hæstv. félmrh. verður því miður að fresta því um sinn að gleðjast yfir því að með ákvörðunum ríkisstjórnarinnar á laugardaginn hafi verið teknar ákvarðanir um að lækka skatta. Svo er ekki. Það felast engar raunhækkanir skattleysismarka í ákvörðun ríkisstjórnarinnar frá því á laugardaginn.

[19:01]

Félagsmálaráðherra (Rannveig Guðmundsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er ánægð að heyra að það hafi komið fram hér að það væri ýmislegt gott í þessari yfirlýsingu. Varðandi það að það felist engar raunhækkanir skattleysismarka í þessari lækkun þá býst ég við að á sl. ári hefði mönnum fundist að það hefði verið komin ástæða til þess fremur að hækka skattleysismörk en að lækka þau. Ég var að vekja athygli á því hér við hv. 12. þm. Reykv. að við hefðum tekið þátt í því fyrir tveimur, þremur árum að lækka þessi mörk um 380 kr. og það var mér mjög erfitt, hvort sem í þessu felast þær raunhækkanir sem ég tel að séu einhverjar eða ekki þá er allavega verið að lagfæra það slæma sem gert var þá. En ég tel að hluti af þessari lækkun sé raunhækkun, virðulegi þm., þó ég geri mér fulla grein fyrir því að hluti af henni er samkvæmt verðlagsbreytingum.

[19:02]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Staðreyndir þessa máls eru þær að þegar núv. ríkisstjórn tók við þá voru skattleysismörkin rúmar 65.000 kr. Þau hafa síðan á þessum tíma, á kjörtímabilinu, lækkað niður í þær 57.228 kr. sem þau eru núna og það að hækka þau nú í rúmar 59.000 kr. gerir ekki betur en að vega upp verðlagsbreytingar mældar á mælikvarða launa milli ára. Með öðrum orðum, raunskerðing skattfrelsismarkanna á kjörtímabili þessarar ríkisstjórnar helst óbreytt við álagningu tekjuskatts á næsta ári miðað við þá ákvörðun sem ríkisstjórnin virðist hafa tekið á laugardaginn, sem er þar með engin ákvörðun, nema það kallist ákvörðun að halda skattbyrðinni óbreyttri. Það er það sem hér er á ferðinni. Skerðingin upp á þessar tæpar 8.000 kr. sem orðin er á skattfrelsismörkunum helst óbreytt. Það er niðurstaðan. Yfir því er ekki hægt að gleðjast, hæstv. félmrh., jafnvel þó að viljinn sé mikill.

[19:03]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Út af orðum hæstv. félmrh. vil ég segja að ég var ekki að reyna að gera ákvæðið varðandi sambýli og flutning fólks af Kópavogshæli yfir á sambýli tortryggileg heldur var ég einungis að vekja athygli á því hvort það yrðu flutt stöðugildi með sem ávallt hefur verið inni í myndinni. Hæstv. ráðherra staðfesti það og því fagna ég. En ákvæðið hefði mátt skilja svo að það ætti að fjármagna alfarið reksturinn á sambýlunum úr Framkvæmdasjóði fatlaðra.

Varðandi húsaleigubætur og að þær skerði ekki bætur almannatrygginga þá var farið yfir þetta af lögfræðingum heilbrrn. og félmrn. þegar húsaleigubótalögin voru samþykkt. Samdóma álit þeirra var að það þyrfti að breyta lögum um almannatryggingar og það yrði gert á þessu hausti. Ég er ekkert að efast um að við þetta verði staðið, en ég vil vera örugg á því að það sé lagagrundvöllur fyrir því og að það sé skoðað sérstaklega. Ég hef ekkert fyrir mér í því efni nema álit lögfræðinga sem skoðuðu þetta á sínum tíma, sem sögðu að það yrði að breyta lögum um almannatryggingar vegna þessa.

Síðan vil ég vekja athygli á því, af því að hæstv. ráðherra nefndi það ekki, að mér sýnist að það þurfi að koma í Framkvæmdasjóð fatlaðra um 50–70 millj. á þessu ári (Forseti hringir.) ef það á að fara að lögum.

Forseti (GunnS): Forseti verður að benda hv. þm. á að ræðutíma hans er lokið.)

Já, ég vík úr ræðustól.

[19:05]

Félagsmálaráðherra (Rannveig Guðmundsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er mjög gott að heyra það að ég hef í óþarfa tekið það sem gagnrýni að það væri heimilað að taka þátt í greiðslu rekstrarkostnaðar vegna sambýla til þess að greiða fyrir útskrift af Kópavogshæli. En ég lagði einmitt áherslu á það að í umsögn um 3. gr. væri þessi skýring, að heimildin næði til þess að auðvelda eða greiða fyrir útskriftum af Kópavogshæli því það er mjög brýnt mál. En það er ekki verið að tala þarna um að setja á stofn sambýli og að allur rekstur fari á sjóðinn og ég held að engum hafi dottið það í hug.

Varðandi aðra þætti og lagasetningu varðandi það að húsaleigubætur skerði ekki bætur almannatrygginga þá var ég búin að kanna það hvort það væri ástæða til þess að það færi inn í þennan bandorm. Það var talið að það þyrfti ekki. Ef annað kemur í ljós þá verður það skoðað.

[19:06]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Af því að hæstv. félmrh. sagði áðan að það yrði áfram reynt að veita styrki úr Atvinnuleysistryggingasjóði til uppbyggingar átaksverkefna eða til þess að koma til móts við átaksverkefni sveitarfélaga þá vil ég spyrja hvort það sé samt sem áður ekki gert ráð fyrir því í 4. gr. þessa bandorms. Þar stendur að það sé ekki gert ráð fyrir því að Atvinnuleysistryggingasjóður veiti styrki til þróunarverkefna til varanlegrar atvinnusköpunar á árinu 1995. Þess vegna vil ég spyrja hæstv. ráðherra: Á þá bara að veita styrki til átaksverkefna sem hugsanlega standa aðeins skemmman tíma en ekki til þróunarverkefna sem mundi þá verða varanleg atvinnusköpun?

[19:07]

Félagsmálaráðherra (Rannveig Guðmundsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Eins og kunnugt er þá var það þannig að það voru greiddar 600 millj. af sveitarfélögunum inn í Atvinnuleysistryggingasjóð og aðrar 600 voru hugsaðar að kæmu á móti þannig að það væri hægt að veita allt að þessari upphæð í átaksverkefni sem unnin væru á vegum sveitarfélaga og þá að kostn-

aðarhlutdeild Atvinnuleysistryggingasjóðs væri sem næmi bótagreiðslum. Sveitarfélögin gagnrýndu það einmitt að sá stuðningur sem þau fengu var langt innan þess sem þau greiddu inn í sjóðinn. Það er rétt að það á að halda áfram þessum átaksverkefnum og það er fullkomin samstaða um það milli sveitarfélaganna og félmrn. sem og fjmrn. að áfram verði unnið að þessum verkefnum. En það er ákveðinn liður í lögunum um Atvinnuleysistryggingasjóð, að óháð þessu og slíku samstarfi, eins og það er hugsað, að afstýra því að fólk sé á bótagreiðslum, að þeir sem eru atvinnulausir, sérstaklega langtímaatvinnulausir, séu annaðhvort (Forseti hringir.) í vinnu, í fræðslu eða átaksverkefnum, þá er þarna verið að fella út heimildina til að vera með beina styrki til atvinnuleysis.

(**Forseti** (GunnS): Forseti verður að benda hæstv. ráðherra á að ræðutíma hans er lokið.)

Forseti. Ég hef lokið máli mínu.

[19:09]

Finnur Ingólfsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ef ég hef skilið hæstv. félmrh. rétt hér áðan þá kom það fram að það stæði ekki til að láta húsaleigubætur skerða bætur almannatrygginga. Nú er það svo að bætur almannatrygginga eru: grunnlífeyrir, ellilífeyrir, tekjutrygging, heimilisuppbót, sérstök heimilisuppbót fyrir þá sem hennar njóta og svo enn önnur uppbótin sem kemur til móts við þá sem við erfiðustu aðstæðurnar búa. Það er fólkið sem hefur mest útgjöld af lyfjakostnaði og það fólk sem hefur mest útgjöld af háum húsaleigukostnaði, hvort sem það er í eigin húsnæði eða í leiguhúsnæði. Það er alveg ljóst í fjárlagafrv. að það stendur til að skerða bætur almannatrygginga um 200 millj. kr. vegna húsaleigubótanna. Því spyr ég hæstv. ráðherra: Er ekkert að marka það sem stendur í þessu fjárlagafrv.?

[19:10]

Félagsmálaráðherra (Rannveig Guðmundsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er þannig að það er ákveðin upphæð sem hugsuð er greidd frá almannatryggingum til þeirra sem eru tekjulitlir og eins og þingmaðurinn lýsti hér og hafa fengið bætur til húsaleigu. Á sínum tíma þegar verið var að undirbúa lögin um húsaleigubætur þá var gert ráð fyrir að þessir aðilar fengju einnig húsaleigubætur eftir hinni nýju leið og þar með væri hægt að fella niður og fella inn í þann kostnað þær bætur almannatrygginga sem lytu einmitt að húsaleigustyrknum. Ég hef hins vegar fengið að heyra að það sé þannig með þessar greiðslur að þær hefðu komið til fólks sem er með svo litla afkomu að það nær ekki að fá þessar hámarkshúsaleigubætur sem láglaunafólki eru hugsaðar. Þetta þarf vissulega að skoða. En ég vil líka geta þess (Forseti hringir.) að það er um 70–80% af upphæðinni sem þarf vegna þess að það eru ekki öll sveitarfélög sem tóku þetta upp ...

(**Forseti** (GunnS): Forseti verður að biðja hæstv. ráðherra að ljúka máli sínu.)

... og afgangurinn að ganga til baka til viðkomandi þátta sem lögðu fjármagn inn í þetta.

[19:12]

Finnur Ingólfsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í frv. til laga um húsaleigubætur, sem var lagt hér fram á 117. löggjafarþingi, kemur skýrt fram í grg. frv. á bls. 15: „Húsaleigubótum er ekki ætlað að skerða bætur bótaþega frá Tryggingastofnun ríkisins." — Ekki ætlað að skerða bætur bótaþega. Þetta er náttúrlega miklu afdráttarlausara heldur en ég átti von á vegna þess að það er hægt að túlka uppbótina sem innifelur í sér húsaleigubæturnar sem bótaþegar fá núna sem hluta af félagslegri aðstoð. En það er alveg ljóst að bótaþegarnir fá bætur sínar frá almannatryggingum. Síðan segir, með leyfi forseta: „Gert er ráð fyrir því að lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, verði breytt til samræmis við það markmið."

Það er ekkert í þessum ráðstöfunum í ríkisfjármálum sem gerir ráð fyrir því að almannatryggingalögunum verði breytt sem gangi til móts við þetta sem hér er stefnt að. (Forseti hringir.) Því hér er þá auðvitað um marklausar tillögur að ræða um 200 millj. kr. niðurskurð í lífeyristryggingum.

[19:13]

Félagsmálaráðherra (Rannveig Guðmundsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef einmitt útskýrt það að þessar bætur eiga ekki að skerða almennar bætur almannatrygginga. Það var þessi eini þáttur sem lýtur að húsnæðisaðstoð við aldraða og öryrkja, þá sem eru bótaþegar og hafa litla afkomu, sem var reiknað með að yrði betri stuðningur í gegnum húsaleigubótalögin og því væri ekki eðlilegt að halda uppi ákveðinni fjárhæð inni í almannatryggingum til að standa undir þeim kostnaði, sá kostnaður yrði í gegnum húsaleigubætur. Það er fyrst og fremst þetta sem hv. 12. þm. var að spyrja um. Að öðru leyti áttu húsaleigubætur ekki að skerða bætur almannatrygginga.

[19:14]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. félmrh. kynnti hér samkomulag við sveitarfélögin varðandi Innheimtustofnun sveitarfélaga og greiðslur í Atvinnuleysistryggingasjóð. Ég vil að það komi fram við þessa umræðu að samkomulagið varðandi Innheimtustofnun sveitarfélaga er í þá átt að taka lán og velta því fram yfir kosningar og leggja 70 millj. á jöfnunarsjóðinn í vanskilunum því vanskilin eru 220 millj. en ætlunin er að taka að láni 150 millj. til þess að greiða jöfnunarframlögin. Sveitarfélögin báðu um að lágmarki 160 millj. í aukafjárveitingu við fjáraukalög en nú er í samræmi við annað búið að velta þessu fram á næsta ár og framtíðin er öll óráðin í þessu efni.

[19:15]

Félagsmálaráðherra (Rannveig Guðmundsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Nefnd var skipuð af félmrh. til að fjalla um málefni meðlagsgreiðenda og meðlagsmóttakenda og fjárhagsvanda Innheimtustofnunar sveitarfélaga og hún skilaði tillögum 19. október. Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir því og það er einnig í þeirri

yfirlýsingu, sem ég vísaði í áðan að tillögur nefndarinnar er lúta að réttarstöðu krafna, skuldajöfnun og samningum við skuldara komi til framkvæmda sem fyrst til að bæta skil við stofnunina. Þá verður komið á fót nefnd félmrh., heilbr.- og trmrh., fjmrh. og Sambands ísl. sveitarfélaga til að vinna að því að taka aðrar tillögur nefndarinnar til athugunar. Nefndin leggi fram tillögur til úrbóta í málefnum meðlagsgreiðenda og meðlagsmóttakenda sem miði varanlega að því að fjárvöntun Innheimtustofnunar sveitarfélaga verði undir 300 millj. kr. á ári til þess að ekki þurfi framar að taka lán vegna óinnheimtra meðlaga og að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga geti sinnt hlutverki sínu í framtíðinni.

Virðulegi forseti. Ég vil geta þess að á sama tíma og verið er að koma til móts við sveitarfélögin með því að fella niður 600 millj. kr. greiðslu sem lá fyrir að þau mundu greiða taka þau á sig að taka lán fyrir Innheimtustofnun til þess að jafna þessa hluti.

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):

Þá hafa andsvör staðið yfir í 15 mínútur og gott betur og forseta er ekki heimilt samkvæmt þingsköpum að leyfa umræður um andsvör lengur og því er andsvörum lokið.

[Fundarhlé. — 19:17]

[20:31]

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Það frv. til laga, sem liggur fyrir um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1995, er framhald eftir efninu á einstæðum ferli hæstv. ríkisstjórnar á árinu. Eins og áður hefur komið fram í umræðunni er um gamlan kunningja að ræða og slík ákvæði sem hér eru hafa vissulega sést áður en það sem er sérkennilegt við málið er sú leiksýning sem var sett upp núna á laugardaginn við svokallaða yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um aðgerðir til að stuðla að aukinni atvinnu, stöðugleika og kjarajöfnun. Fregnir berast af því í dagblöðum núna eftir helgina að við hafi legið að slitnað hafi upp úr stjórnarsamstarfinu vegna þessarar yfirlýsingar og mikil dramatík sett í kringum þetta mál allt saman. Að vanda var haft það mikið við stjórnarandstöðuna að fjölmiðlum var send yfirlýsingin fyrst áður en hún var kynnt stjórnarandstöðunni og minni hlutinn í fjárln. fékk með herkjum fund í morgun í nefndinni með fulltrúum ráðuneytisins til þess að kynna okkur málið. Satt að segja var undrunin mikil þegar plaggið barst loks í hendurnar á okkur eins og ég kem aðeins að síðar.

Ég vil drepa á fáeinum atriðum í frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Það kveður m.a. á um að fresta ákvæðum grunnskólalaga varðandi skólamáltíðir og einsetningar í skólum. Á eftir verður gerð nánari grein fyrir því máli en þetta er auðvitað stefnumörkun um að sveitarfélögin, ef þau fá grunnskólann og rekstur hans, eiga þau að taka við honum eins og hann er núna. Þá er verið að afhenda þeim það verkefni að framkvæma grunnskólalögin eins og þau eru núna og nýju grunnskólalögin. Það er auðvitað merki til sveitarfélaganna að þetta liggur fyrir og þá er engum blöðum um það að fletta hver er ætlun hæstv. menntmrh. og ríkisstjórnarinnar í þessu efni. Það er athyglisvert í ljósi þess að einmitt í dag var verið að ganga frá enn einum samstarfssamningnum við sveitarfélögin en það er nú orðinn fastur liður að undirskrifa samninga á jólaföstunni um þokkaleg samskipti ríkis og sveitarfélaga þar sem á næstu jólaföstu verður allt allt í háa lofti út af því að þessir samningar hafa verið brotnir. Vonandi hafa orðið umskipti á næstu jólaföstu og þessi ríkisstjórn farin frá og önnur ríkisstjórn komin í staðinn svo að við þurfum þá ekki að ganga í gegnum þessar æfingar varðandi sveitarfélögin enn einu sinni. Ég kem örlítið nánar að þessu samkomulagi á eftir sem hæstv. félmrh. kynnti áðan í ræðu sinni fyrir kvöldmatarhlé.

Í II. kafla frv. eru nokkur skerðingarákvæði sem er fastur liður um árabil að flytja í frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum og ef ég man rétt fylgdi þetta áður frv. til lánsfjárlaga hér en þetta er einfaldlega ákvæði um það að standa ekki við þá löggjöf sem Alþingi hefur samþykkt um fjárframlög til ýmissa stofnana og sjóða. Þetta er fastur liður og mörg ákvæðin hafa verið mjög lengi inni og það vekur spurningu um hlutverk Alþingis og hvort verjandi sé fyrir þingmenn og þessa stofnun að setja löggjöf, vekja væntingar, ákveða tekjustofna sem eru síðan skertir á hverju ári. Hins vegar eru ákvæði í 10 gr. í II. kafla frv. um að framlag til Kvikmyndasjóðs skuli eigi vera hærra en 81 millj. kr. Það er svo með stjórnarliðið að hægri höndin veit ekki hvað sú vinstri gerir því að í fjárlaganefnd í gær var verið að ákveða að þetta framlag yrði 100 millj. kr. vegna þess að framkvæmdastjóri Kvikmyndasjóðs hafði litið þar inn. Ég var reyndar ekki þar viðstaddur en sagt var að í fjárln. væru eintómir sveitalubbar sem — ég þori nú ekki að hafa orðbragðið eftir í ræðustól Alþingis — væri sama um þetta borgarpakk sem væri að gera kvikmyndir. Meiri hlutinn í fjárln. hrökk illilega við og vildi ekki láta kenna sig við sveitina eða mykjulykt og hækkaði framlagið upp í 100 millj. eftir þessa heimsókn. Ég var að vísu ekki viðstaddur þá ágætu heimsókn en það hefði ekki bætt um þó að einn sveitamaðurinn enn hefði komið þarna því að ég er nú fæddur og upp alinn í sveit og hef verið töluvert í fjósum. Þessi gerð fjárln. virðist ekki hafa borist til eyrna þeirra sem gerðu frv. þannig að þarna þarf brtt. að koma til.

12. gr. frv. hljóðar svo: „Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 3. gr. laga nr. 71/1990, um listskreytingasjóð ríkisins, skal framlag ríkissjóðs falla niður á árinu 1995.“ Þarna er komið inn á mál sem hefur verið til umræðu einnig í fjárln. þar sem verið er að endurskoða lögin um listskreytingasjóð ríkisins og það er svo einkennilegt að þó að endurskoðunin standi yfir eða sé vart byrjuð er ákveðið að leggja fjárframlög til sjóðsins niður. Ég hef engar skýringar fengið á því þrátt fyrir eftirgrennslan í meðförum fjárln. af hverju þetta er og af hverju þessi sjóður fær aðra meðferð en t.d. Kvikmyndasjóður af því að nú er verið að hækka framlag til hans en kannski eru ekki eins aðsópsmiklar frúr sem eru í for-

svari fyrir þann sjóð og kveður ekki eins mikið að þeim þegar þær koma í heimsókn. Hins vegar hafa komið mótmæli frá ýmsum aðilum við því að leggja sjóðinn niður. Þau mótmæli hafa verið frá fleirum en myndlistarmönnum en þetta er mikilvægur sjóður fyrir myndlistina í landinu og hefur staðið undir ýmsum verkefnum myndlistarmanna og verið þarfur og sjást merki hans við ýmsar opinberar byggingar.

Eitt atriði enn ætla ég að nefna í frv., það er í 8. gr., en það málefni kom til umræðu í dag í fyrirspurnatíma og er um breytingu á lögum nr. 31/1987, um flugmálaáætlun og fjárveitingu til framkvæmda í flugmálum. Í 8. og 9. gr. er kveðið á um að tekjum af flugvallagjaldi skuli varið til reksturs að hluta og í athugasemdum frv. kemur fram að 70 millj. eru áætlaðar til reksturs flugvalla eða flugmálareksturs Flugmálastjórnar og það er tekið af framkvæmdaliðnum.

Fyrir nokkrum árum urðu þáttaskil í flugmálum með svokallaðri flugmálaáætlun og á undanförnum árum hefur verið mikið framfaraskeið í flugmálum og mikil uppbygging. Mikið hefur verið gert og vantar herslumuninn í þessum efnum þannig að allir aðalflugvellir landsins þjóni nútímaflugumferð. Þess vegna finnst mér meira en lítið hæpið að stoppa nú við og draga úr þessu einmitt á þessu tímaskeiði. Ég get vel skilið að á einhverjum tíma sé réttlætanlegt eftir því sem þessum framkvæmdum miðar að taka eitthvað af þessu fé til reksturs. Hins vegar er það svo að tæknin útheimtir miklar framkvæmdir við flugvelli jafnvel þó búið sé að leggja bundið slitlag á marga þeirra en það er nokkuð eftir. Þegar er búið að ákveða og gera tillögu um það í flugráði hvernig á að skera niður í framkvæmdum þessar 70 millj. og er áætlað að það bitni á þremur stöðum, Sauðárkróki, Húsavík og Egilsstöðum en mér finnst ekki heldur nógu góð vinnubrögð að skiptingin skuli ekki koma formlega til kasta Alþingis. Satt að segja er nokkur losarabragur á því að Alþingi fylgist nógu grannt með framkvæmd flugmálaáætlunar og þyrfti þar að bæta úr vegna þess að ekki eiga allir flokkar, sem eiga fulltrúa á Alþingi, einu sinni sæti í flugráði. Minn flokkur á það ekki þannig að aðstaða okkar framsóknarmanna til að fylgjast með þessum málum er að við höfum enga beina aðild að þessari tillögugerð, á frumstigi. En ég ætla ekki að ræða nánar um einstakar framkvæmdir í þessu efni. Ég tel mjög vafasamt svo að ekki sé meira sagt miðað við það sem liggur í framkvæmdum á flugvöllum að færa þessa upphæð yfir í rekstur á þessu stigi.

En svo víkur sögunni að leiksýningunni á laugardaginn var um yfirlýsingu hæstv. ríkisstjórnar um aðgerðir til að stuðla að aukinni atvinnu, stöðugleika og kjarajöfnun. Hér eru taldar upp nokkrar aðgerðir sem ríkisstjórnin hyggst beita sér fyrir. Í fyrsta lagi er þetta margumtalaða átak í vegamálum, sem hefur verið á dagskrá hér um nokkurn tíma, og fjölmiðlar, einkum sjónvarpsstöðin Stöð tvö, hafa birt fréttir af með reglulegu millibili. Núna fyrir helgina og kom stórfrétt um að ríkisstjórnin hygðist veita á næstu fjórum árum ef ég man rétt 30 milljarða kr. til vegamála. Þótti mörgum sem á horfðu þetta nokkuð mikil upphæð. Hér er sagt frá því að ríkisstjórnin hafi samþykkt að verja 3,5 milljörðum kr. til öflugs átaks í vegamálum á næstu fjórum árum. Þeir í hæstv. ríkisstjórn hafa reyndar gleymt því að kosningar eru í millitíðinni þannig að ég get ekki séð að það sé í þeirra valdi að ákveða aðgerðir til næstu fjögurra ára, ekki nema ætlunin sé að þeir vinni saman ef þeir fá til þess kraft eftir kosningar sem ég vona að ekki verði. Ekki er allt sem sýnist með þetta átak. Í frv., sem hér er til umræðu, eru ákvæði eins og komið hefur fram um að skera niður ríkisframlagið í Vegasjóð um 275 millj. kr. Í Vegasjóði eru 500–600 millj. kr. vegna ferjureksturs sem gleymist alltaf í umræðunni um átök til vegmála, þ.e. að Vegasjóður hefur tekið á sig rúmlega hálfan milljarð kr. sem er aldrei tíundaður í þessu sambandi. Hitt er svo annað mál að það er auðvitað jákvætt að gera þetta átak. Hins vegar kom fram í umræðum í fjárln. í morgun að það hefði verið skotið á að gildið 0,3% í atvinnuleysisprósentunni, þetta átak upp á 1.250 millj. kr. Að vísu var tekið fram að ekki væru mikil vísindi á bak við þetta en ég held að atvinnuþáttur átaksins sé oft og tíðum ofmetinn. Ekki það að hliðaráhrif stórframkvæmda í vegamálum eru allmikil en stórframkvæmdirnar sjálfar taka ekki til sín mörg ársverk en þær taka vissulega til sín vélakost og stór hluti fjármagnsins fer í vélavinnu. Ég held því að það verði að fara svolítið varlega í það þegar átak í vegamálum er talið leysa atvinnuvandann og ég er hissa á því ef verkalýðshreyfingin tekur slíkt gott og gilt. Hins vegar eru áhrif átaks í vegamálum mjög jákvæð. Ég ætla ekki að draga fjöður yfir það og auðvitað er ég og aðrir þingmenn jákvæðir gagnvart átaki í þessum efnum. Hins vegar má varast að ofmeta áhrif þeirra á atvinnustigið í landinu eða atvinnuleysisprósentuna. Ég get t.d. nefnt að á Austurlandi var góð framkvæmd í vegamálum í sumar, bygging brúar yfir Jökulsá í Dal og brúarbyggingar hafa oft þótt mannfrekar vegaframkvæmdir. Sú framkvæmd kostaði um 120–130 millj. kr. Hún hófst um mánaðamótin apríl/maí og lauk í lok september og við stórframkvæmdina unnu 10–15 menn þannig að framkvæmdirnar eru mjög jákvæðar en það má varast að ofmeta þessi áhrif.

Hins vegar er svo annað mál hvernig á að skipta vegafénu og heyrst hefur að það eigi að brjóta upp það samkomulag, sem verið hefur á Alþingi um skiptingu vegafjár milli kjördæma, og væri fróðlegt að heyra um það frá hæstv. forsrh. hvar það mál stendur. Síðan er ákvæði nr. 2 um að hætta við að brjóta loforð síðan í fyrra. Ekki er nema gott eitt um það að segja. Það er ágætisefni í yfirlýsingu til að fylla fyrstu blaðsíðuna af þessum pappír. Síðan kemur þriðja atriðið: „Til þess að treysta enn frekar undirstöður íslensks atvinnulífs og skapa fleiri störf mun ríkisstjórnin leggja fram frv. um nýsköpun í atvinnulífinu.“ Ekki er seinna vænna þegar einn mánuður er eftir af þingtímanum. Takið eftir, nú á að leggja fram frv. um nýsköpun í atvinnulífinu þegar einn mánuður er eftir af þingtímanum á kjörtímabilinu. Það þarf náttúrlega ekki að hafa mörg orð um þetta. Ég ætla að hafa orð um þetta allt í lokin. Síðan er talað um örvun fjárfestingar. Þar er talað um

að falla frá lagabreytingu, sem gerð var í hæstv. ríkisstjórn, og barin í gegn fyrir tveimur árum. Síðan þurfti hæstv. heilbrrh. að fá eitthvað inn og á undanförnum árum hefur verið mikill glundroði í rekstri sjúkrahúsanna í Reykjavík og reyndar deilur um hvort rétt sé að sameina stóru sjúkrahúsin í Reykjavík. Um það hafa verið skiptar skoðanir hvort rétt sé að sameina Landakotsspítala og Borgarspítalann og búa til tvo stóra spítala hlið við hlið og setja þá í samkeppni. Hins vegar er verið að ganga frá þessum málum núna og þetta er komið inn í yfirlýsinguna með fyrirsögninni „Styrkari fjárhagur heilbrigðisstofnana." Hann er nú ekki styrkari en það að búið er að fresta öllum málum sjúkrahúsanna til 3. umr. fjárlaga og á þessari stundu er ekki séð fyrir hvernig þessum málum verður skipað á næsta ári. Ég lít því á þetta sem eitthvað sem hæstv. heilbrrh. þurfti að fá inn frekar en að sérstaklega sé verið að greiða fyrir kjarasamningum eða viðhalda stöðugleika.

Síðan er verið að tala um hvað eigi að gera á næsta kjörtímabili með skattlagningu fjármagnstekna. Ég get sparað mér orð um það því að auðvitað væri æskilegt að ríkisstjórnin fengi ekki meiri hluta í kosningum og yrði farin frá og aðrir teknir við þegar þessi ákvæði eiga að ná fram að ganga. Síðan koma ákvæði nr. 7, 8 og 9 og eru þau til bóta og er verið að taka á ákveðnum skattamálum. Ég skal viðurkenna það sem rétt er. Þetta er skref í rétta átt. Þau eru að vísu ekki stór en eigi að síður eru þessi þrjú atriði jákvæð og raunverulegar aðgerðir í skattamálum og satt að segja er lítið meira sem yfirlýsingin inniheldur.

Ákvæði nr. 10 eru aðgerðir gegn skattsvikum. Hafa menn einhvern tíma heyrt áður talað um það? Ég hef heyrt talað um það áður en ég hef líka heyrt þær staðhæfingar að enn þá sé svarta atvinnustarfsemin og neðanjarðarhagkerfið um 11 milljarðar kr. þannig að mér finnst þetta lítið annað en orð og næsti kafli um hækkun skattleysismarka, sem er búið að fjalla hér um og ég ætla ekki að endurtaka, er blekking. Þá koma greinar nr. 12 og 13 sem eru um samstarf um lausn á greiðsluvanda vegna húsnæðislána. Þessu er ætlað að koma til mós við þann mikla vanda og vanskil sem heimilin í landinu standa frammi fyrir og hefur verið til umræðu á Alþingi. Það á að gera með þeim hætti að ríkisstjórnin mun beita sér fyrir viðræðum við fulltrúa lánastofnana og lífeyrissjóða um leiðir til að taka á greiðsluvanda þeirra íbúðaeigenda sem hafa orðið fyrir sérstökum skakkaföllum vegna samdráttar í tekjum. Þá hafa menn það. Núna nokkrum dögum fyrir jól, nokkrum mánuðum fyrir kosningar, á að taka upp viðræður um þann vanda sem hefur verið viðloðandi meiri hlutann af þessu kjörtímabili. Síðan á að hefja viðræður við orkusölufyrirtækin með það fyrir augum að efna til samstarfs um að lækka húshitunarkostnað á dýrustu svæðunum. Þetta er náttúrlega ekkert annað en kosningaplagg. Það er best að hafa það eina orð um það. Hinar einu raunverulegu aðgerðir í þessu eru þær að verið er að framlengja hátekjuskattinn, en það fékkst fram með herkjum, og auðvitað var mikil hagsmunagæsla í því. Ég trúi því að hitnað hafi í stjórnarsamstarfinu og Sjálfstfl. hafi staðið svona vel í ístaðinu en látið undan fyrir Alþfl. að lokum en reynt síðan að breiða yfir það með því að fá fram það sem þeir kalla leiðréttingu á því sem þeir kalla ekknaskatt. Þarna hafa farið fram viss kaup og er auðvelt að sjá hvernig þau hafa farið fram. En þetta eru raunverulegar ráðstafanir sem ég ætla ekki að leggjast á móti. Mér finnst þetta lagfæringar til bóta en þetta er líka það eina sem er í ráðstöfunum sem er í raun bitastætt fyrir utan átakið í vegamálum sem er jákvætt en alveg er eftir að greina frá því á Alþingi og leggja það fyrir hvernig það átak verður útfært. Ég er sannfærður um að þetta plagg dugir ekki til að ná farsælum kjarasamningum eða kjarajöfnum. Þetta plagg segir ekkert um það. Auðvitað á eftir að fjalla mikið um þetta enn þá áður en þessi ákvæði koma til framkvæmda þannig að ég læt hér staðar numið að sinni.

[21:01]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Það er í sjálfu sér ástæða til þess að það verði dálítil umræða um þetta frv. til laga um ríkisfjármál sem er í sjálfu sér gamall kunningi og segir svo sem ekki margar nýjar fréttir. Það sem ber nýjast við í málinu er þessi merka yfirlýsing ríkisstjórnarinnar um aðgerðir til að stuðla að aukinni atvinnu, stöðugleika og kjarajöfnun eins og hún heitir nú, hvorki meira né minna, og er satt að segja eins og maður hafi heyrt þessa fyrirsögn einhvern tíma áður fyrr á öldinni og síðar líka. Satt best að segja var það þannig að það vildi svo til að ég var einhvers staðar vant við látinn og skrúfaði frá útvarpinu þegar komið var fram í miðjan fréttatíma einn daginn og tók þá eftir því að það var verið að lesa upp niðurstöður um að það ætti að gera eitt og annað gott í þjóðfélaginu, það átti að örva fjárfestingu, afnema tvísköttun lífeyrisgreiðslna, berjast gegn skattsvikum, það átti að efna til samstarfs um lausn á greiðsluvanda vegna húsnæðislána, lækka húshitunarkostnað og það átti að beita aðhaldi í ríkisfjármálum og ég sagði við sjálfan mig eitt augnablik: Hvaða flokkur ætli hafi verið að samþykkja þessa ályktun, vegna þess að það hafa verið að dynja yfir landsmenn ályktanir að undanförnu, misjafnlega ábyrgar ályktanir. Ég held nú að þeir framsóknarmenn hafi komist einna lengst í því og er þá langt til jafnað, viðurkenni ég, að gera ályktanir um mikið milljarðasafn í alls konar útgjöldum en þetta minnti dálítið á svoleiðis tíðindi. Svo kom í ljós að þetta var hin ábyrga hæstv. ríkisstjórn sem hafði gert þessa ályktun. Ríkisstjórnin kom saman á fund og gerði ályktun og má segja að það sé nokkuð frumlegt í sjálfu sér að ríkisstjórnin, sem er fjölskipað stjórnvald, hittist og geri ályktun sem fjölskipað stjórnvald. (**Forsrh.:** Hún gaf yfirlýsingu ...) Það mun hafa verið þannig, hæstv. forseti, að það hafi hrikt verulega í samkvæmt þeim upplýsingum sem við höfum fengið. Ég hef heyrt að ... (Gripið fram í.) Nei, nei, nei, ég vil ekkert sjá þetta. Ég hef heyrt að Alþfl. hafi talið að hann ætti bara að rjúfa þing og efna til kosninga en áttað sig á því vonum seinna að hann fer ekki með þingrofsvaldið og kannski frétt af því líka að hann var með 4% at-

kvæða samkvæmt síðustu skoðanakönnun þannig að það var kannski ekki beint viðeigandi að hann væri að hóta í þeim efnum. (**Gripið fram í:** Af hverju afhendirðu forseta þetta?) Ég afhenti ritara þetta, þetta er til afgreiðslu. Þetta er ályktunin, hv. þm., fólk í fyrirrúmi, sem hefur verið uppnefnt með ýmsum hætti en verður ekki gert úr þessum ræðustól. Í rauninni verkaði þetta satt að segja sem frekar ábyrgðarlaust plagg, ég segi það alveg eins og er, þegar ég heyrði þetta skjal frá ríkisstjórninni og menn væru með almenn og fögur fyrirheit af ýmsu tagi.

Síðan kom í ljós að þarna fóru menn nokkuð glannalega satt best að segja með ýmsa hluti í orðalagi og gáfu meira í skyn en nokkur efni stóðu til. Þó stendur alveg upp úr í þeim efnum þessi setning, með leyfi hæstv. forseta: „Ríkisstjórnin hefur ákveðið að persónuafsláttur taki áfram mið af fyrirhugaðri launaþróun fremur en verðlagsþróun og hækki því meira en ella hefði orðið.“ Þessi setning þýðir á mæltu máli að ríkisstjórnin hafi gert ráð fyrir því að skattar yrðu hækkaðir og að skattleysismörk yrðu lækkuð en að ríkisstjórnin hafi komist að þeirri niðurstöðu að það væri skynsamlegt að láta það ekki gerast, skynsamlegt að hækka ekki skatta og skynsamlegt að miða við að skattleysismörkin verði óbreytt miðað við launaþróun því að það er það sem hér er á ferðinni. Þegar menn skoða þær tölur þá er ekki um að ræða nein önnur tíðindi en þau að ríkisstjórnin lýsir því yfir að hún ætlar ekki á kosningavetri að leggja lykkju á leið sína sérstaklega til að hækka skattana. Þakka skyldi. En það eru öll tíðindin. Ég tek eftir því að þessi setning hefur gefist nokkuð vel vegna þess að menn hafa talið að í þessu fælust efnisleg tíðindi en staðreyndin er sú að þetta er hrein blekkingastarfsemi og ekkert annað og það ber að gagnrýna hæstv. ríkisstjórn mjög harðlega fyrir að hafa uppi blekkingastarfsemi af þessu tagi núna í upphafi viðræðna um kjarasamninga.

Í þessu skjali að öðru leyti eru ýmis tíðindi sem hafa verið gerð ágæt skil en ég tel að þessi málflutningur varðandi skattleysismörkin standi alveg upp úr og og náttúrlega er það þannig að hæstv. ríkisstjórn finnur að skattleysismörkin hafa lækkað svo mikið að það er óhjákvæmilegt að taka á því og það er að verða, mér liggur við að segja, uppreisnarástand í þjóðfélaginu vegna þess að menn hafa keyrt skattleysismörkin svo mikið niður. Það er orðin gríðarleg óánægja með þá hluti út um allt þjóðfélagið og það er satt að segja dálítið merkilegt að það er nokkurn veginn sama hvar maður kemur á vinnustöðum eða annars staðar um þessar mundir að þegar menn eru að tala um hlutina þá er það kannski fyrst og fremst þetta. Það eru skattleysismörkin og hvað þau hafa hrunið niður í tíð Sjálfstfl. (**Forsrh.:** Nei, nei, það byrjaði með ykkur.) Já, þau byrjuðu vissulega ... (**Forsrh.:** Að stærstum hluta.) Að talsverðu leyti, það er alveg hárrétt en fyrir síðustu kosningar var því lýst yfir af Sjálfstfl. að tekjuskattar yrðu lækkaðir og skattleysismörkin yrðu hækkuð. Það er veruleikinn. Þáverandi stjórnarflokkar 1991 gáfu engar yfirlýsingar um að þeir ætluðu að standa þannig að málum en það gerði Sjálfstfl. og hefur svikið það lóðbeint allt saman eins og það leggur sig og haldið áfram að kýla niður skattleysismörkin allan þennan tíma. Niðurstaðan er núna þannig að ef skattastaðan er skoðuð miðað við það sem var í upphafi þegar staðgreiðslukerfið var tekið upp þá eru menn að borga sem eru með kannski 75 þús. kr. á mánuði 7–8 þús. kr. meira á mánuði í skatta en ella hefði verið vegna þess hvernig þetta hefur verið kýlt niður á þessum tíma. Og svo kemur þessi göfuga hæstv. ríkisstjórn og segir við þjóðina: Við ætlum að hætta núna. Við erum alveg staðráðnir í að hætta við að hækka skattana mikið meira. Það er nóg komið. Nú ætlum við að taka okkur sjálf í landhelginni og ekki hækka skattana um krónu meira. Og ég endurtek: Þakka skyldi. Þó þeir vakni upp a.m.k. á kosningavetri til þess að átta sig á þessum málum.

Varðandi önnur atriði sem hér koma fram þá er það býsna athyglisvert og þakkandi í sjálfu sér að ríkisstjórnin skuli vera hætt við að svíkja sveitarfélögin. Það er afskaplega göfugt og ég verð að segja óvænt framlag ríkisstjórnarinnar til þjóðmálaumræðunnar að hún skuli vera hætt við að svíkja sveitarfélögin. Niðurstaðan er sú þegar upp er staðið að hér er um að ræða sýnist mér að það er verið að auka hallann á ríkissjóði með þessum ráðstöfunum upp á 1,5–2 milljarða kr. eftir því hvernig menn skoða það nákvæmlega. Og aðaltilefni þess að ég ákvað að biðja um orðið eru þær geigvænlegu skuldir sem með þessum ákvörðunum er verið að ákveða að ríkið efni til, þær hrikalegu skuldir. Staðan er þannig að í lok ársins 1992 eru skuldir A-hluta ríkissjóðs 150 milljarðar kr. og hafa þá hækkað frá árinu 1991 úr 131 milljarði kr. eða um 18 milljarða á einu ári. Á árinu 1993 hækkuðu þessar skuldir líka líklega í kringum 20 milljarða kr. Ríkið, þjóðarbúið er þannig orðið skuldsett í lok síðasta árs upp á um það bil 170 milljarða kr. Og á þessu ári, 1994, hefur þessi skuldaaukning haldið áfram að hlaðast upp og er bersýnilegt að ef svo fer fram sem horfir og menn eru að gera tillögur um í þessum miklu yfirlýsingum sínum þá má gera ráð fyrir því að skuldir ríkissjóðs, bara A-hluta ríkissjóðs, á þessu ári og í byrjun næsta árs slá einhvern tíma á þeim tíma í um það bil 200 milljarða kr. Það eru skuldir sem við erum að velta af okkur yfir á framtíðina, yfir á þá sem þurfa að bera uppi ríkissjóð framtíðarinnar af sköttum sínum. Það er alveg augljóst mál að ef menn ætla sér að halda hér uppi sjálfstæðu þjóðfélagi á Íslandi, sem við ætlum að gera, þá verða menn að staldra hér mjög alvarlega við.

Auðvitað er það alveg augljóst mál að menn munu vera með hugmyndir af ýmsu tagi um veruleg útgjöld ríkisins á komandi árum, m.a. til félagslegra verkefna af margvíslegum toga. En það er alveg ljóst að í þeim efnum verða menn að skoða þann veruleika að við erum með tölu sem svarar um það bil tvöfaldri árseyðslu ríkissjóðs í skuldir A-hlutans eins. Mér er spurn: Ætla menn í þessari virðulegu stofnun, hvort sem það er stjórn eða stjórnarandstaða, að láta svo sem ekkert sé í þessum efnum? Vegna þess að þetta er hinn alvarlegi veruleiki, þ.e. hinar heiftarlegu skuldir ríkis-

sjóðs og hvernig þær hafa verið að þróast.

Ég nefni þetta ekki síst vegna þess, hæstv. forseti, að ég tók eftir því að formaður Alþfl., sem er einn af ráðherrunum í núv. ríkisstjórn eins og alþjóð veit, (**JGS:** Hver er það?) Jón Baldvin Hannibalsson, hæstv. utanrrh., hann er ekki hér í kvöld af einhverjum ástæðum, en hann tók tók það sérstaklega fram í fjölmiðlum að þessar tillögur og niðurstöður væru svo einstaklega ábyrgar. Hér væri ekki látið vaða á súðum svona rétt fyrir kosningar eins og hefði stundum hent áður. Hér væri ekki verið að breyta fjmrn. í kosningaskrifstofu, eins og ég held að hann hafi orðað það og var þá að tala um formann Alþb., fyrrv. hæstv. fjmrh. (**JGS:** Var það svo?) Þetta voru yfirlýsingar hæstv. utanrrh. í þessum efnum og var ekki nokkur leið að skilja hlutina öðruvísi en þannig að hér væri verið að nálgast málin með allt, allt öðrum hætti. En staðreyndin er sú, hæstv. forseti, að þegar hlutirnir eru skoðaðir þá verður að segja alveg eins og er, þó að hér sé mörgum góðum málum hreyft, að þetta er kosningaleg yfirlýsing svo að ég segi nú ekki meira. Það er ekki nokkur leið að neita því. Það er ábyrgðarleysiskeimur af þessari yfirlýsingu eins og hún lítur út og það er verið að stækka skuldina, skuld okkar við framtíðina og það er hlutur sem við ættum ekki að láta standa okkur að hér í þessari virðulegu stofnun.

Ég segi það þess vegna, hæstv. forseti, að ég hefði viljað sjá að ríkisstjórnin hefði í þessari yfirlýsingu tekið með einhverjum hætti á þessum vandamálum líka, ýmist með því að spara eða með því að auka tekjur að einhverju verulega marki nema hvort tveggja sé vegna þess að ríkisstjórn sem þorir ekki að takast á við þennan vanda er hætt að vera ríkisstjórn. Ríkisstjórnir eru til þess að taka á erfiðum vandamálum en ekki til þess að láta reka undan eins og menn eru nú að gera.

Núna næstu daga, hæstv. forseti, mun birtast í þingsölum ríkisreikningurinn fyrir árið 1993. Það verður mjög fróðlegt að fara yfir það hvernig skuldastaða A-hluta ríkissjóðs verður samkvæmt þeim reikningi. Það verður mjög fróðlegt að fara yfir það hvernig skuldirnar hafa vaxið á þessu kjörtímabili. Ég sé ekki betur en það stefni í að menn séu að tala um að skuldirnar hafi vaxið í kringum 40 milljarða króna á þessum tíma sem er nokkuð alvarlegur hlutur miðað við það að menn sögðu í upphafi kjörtímabilsins: Við ætlum að hætta að reka ríkissjóð með halla. Það er sama stjórnin sem situr núna og sú sem sagði: Við ætlum að hætta að reka ríkissjóð með halla. Þetta held ég að sé sá alvarlegi veruleiki sem við stöndum frammi fyrir. Í aðdraganda kosninganna ættu menn fyrst og fremst að vera að takast á um hvernig best er staðið að því að ná niður þessum vandamálum vegna þess að þessi vandamál framtíðarinnar eru örugglega alvarlegustu vandamálin sem íslenskt efnahagskerfi stendur frammi fyrir. Það eru skuldirnar við framtíðina sem menn eru hér að stórauka með margvíslegum hætti.

Ég tel reyndar líka, hæstv. forseti, að það séu skuldir við framtíðina að menn skuli ekki þora að forgangsraða í ríkiskerfinu. Að menn skuli ekki þora að taka um það ákvörðun að ákveðnir málaflokkar skuli hafa forgang umfram aðra málaflokka. Ég tel að það sé þannig að ef menn gera það ekki þá séu menn um leið að dæma sig til þess að útgjöldin þenjist út til allra málaflokka, hvort sem það eru menntamál, heilbrigðismál, vegamál, dómsmál eða hvað það nú er. Veruleikinn er sá að við Íslendingar erum á sumum sviðum í útgjöldum á vegum samfélagsins á svipuðum slóðum og aðrar þjóðir. Við erum það t.d. í heilbrigðismálum, að því er varðar hlutfall þjóðarútgjalda til heilbrigðismála þá erum við á svipuðum slóðum og grannþjóðir okkar. Þegar hins vegar kemur að öðrum málaflokkum eins og menntamálum þá er ljóst að þar erum við langt á eftir öðrum þjóðum. Langt á eftir öðrum þjóðum. Þegar við skoðum útgjöld Íslendinga til menntamála miðað við t.d. Svía eða Norðmenn eða Dani þá er alveg ljóst að þar munar mjög miklu. Ef við skoðum útgjöld Íslendinga til menntamála í samanburði við það sem gerist t.d. í Austur-Asíu, í hávaxtaríkjunum í Austur-Asíu sem við vorum að tala um hér um daginn, þá er alveg augljóst mál að Íslendingar eru þar langt á eftir. Auðvitað er það ljóst að um leið og menn tækju ákvörðun um að taka út úr segjum rannsóknir og þróunarverkefni, taka út úr menntamál og skóla og lyfta því þá eru menn að gera hvað? Menn eru að taka ákvörðun um að afla nýrra tekna eða skera annað niður. Vegna þess að það er augljóst mál að það er ekki hægt að ná þessu öllu upp í senn.

Ég held, hæstv. forseti, þegar grannt er skoðað og vel er farið yfir hlutina að málin séu þannig að það séu tveir þættir sem sé alvarlegast að vanrækja í nútímanum. Það er annars vegar að vanrækja að taka á þessum hrikalegu skuldavandamálum ríkissjóðs. Það tel ég alvarlegan hlut hvernig sem það er skoðað í okkar efnahagslífi. En hinn þátturinn sem við megum ekki vanrækja undir neinum kringumstæðum eru menntamálin vegna þess að þar er líka verið að stofna til skuldar við framtíðina. Ég hvet til þess að menn reyni að þróa efnahagsstefnu þar sem menn hafi þetta hvort tveggja í huga í einu. Annars vegar menntamálin og hins vegar þessar miklu skuldir.

Hæstv. forseti. Það sem ég ætlaði að fara aðeins yfir í frv. er tillagan um grunnskólann. Hún er ótrúlega sérkennileg þessi tillaga um grunnskólann. Hún er sérkennileg vegna þess að það er búið að vera að flytja hana allt kjörtímabilið, á hverju einasta þingi. Því var lýst yfir af hæstv. menntmrh. að það yrði aðeins einu sinni sem þessi tillaga yrði flutt en það er búið að flytja hana á hverju þingi. Þetta er alltaf sama tillagan. Það er alltaf verið að skera niður, alltaf verið að fresta þessari tímaaukningu í grunnskólanum, alltaf verið að fresta því að fækka eitthvað í bekkjum o.s.frv. En þetta er skrýtið á þessu þingi, hæstv. forseti, fyrst og fremst vegna þess að á þessu sama þingi er liggjandi fyrir frv. í menntmn. um að auka stórkostlega við tíma í grunnskólum og fækka jafnvel í bekkjum í grunnskólum. Alla vega eru menn að gera ráð fyrir verulega auknum útgjöldum til menntamála í því frv. til laga um grunnskóla sem liggur fyrir í menntmn. (**KÁ:** Einsetinn skóli.) Þar er verið að tala um einset-

inn skóla og skólamáltíðir og guð veit hvað. Nákvæmlega núna þessa daga erum við að fjalla um þetta mál í menntmn. Á sama tíma erum við í fyrsta lagi að fjalla um þetta frv. sem gerir ráð fyrir því að skera niður til grunnskólans frá því sem ella hefði verið á næsta ári um 180 millj. kr. Því það er gert ráð fyrir því að vikustundirnar verði 293 á vorönn í grunnskólum og 299 á haustönn. Það er verið að gera ráð fyrir að skera niður á næsta ári frá því sem ella hefði verið um 180 millj. kr. Þetta er eitt þingmálið.

Svo er annað þingmál sem verður rætt hér á morgun. Þar er gert ráð fyrir hverju? Gert ráð fyrir því að skera niður í grunnskólanum á næsta ári en samt aðeins minna en í þessu frv.

Í fjárlagafrv., sem verður fjallað um á morgun, er gert ráð fyrir því að auka við næsta haust um 26,2 millj. kr. með því að bæta við sex vikustundum í grunnskólanum, 26,2 millj. kr. En svo á að skera grunnskólann niður á móti þessu um 40 millj. kr. á næsta ári. Raunverulegur niðurskurður hjá grunnskólanum á næsta ári er 13,8 millj. kr. í staðinn fyrir 26,2 millj. kr. aukningu. Þetta er þingmál eitt.

Svo er þingmálið sem er grunnskólafrv., sem ég var að tala um áðan sem lofar öllum gulli og grænum skógum. Síðan kemur þetta frv. þar sem er enn um að ræða aðeins öðruvísi áherslur. Ég segi, hæstv. forseti, það er greinilegt að ráðuneytin sem standa á bak við flutning þessara frv. vita ekkert hvert af öðru því það stendur ekki það sama í þessum þremur stjórnarfrv. sem verið er að flytja hér. Það stendur eitt í fjárlagafrv., það stendur annað í frv. um ríkisfjármál og það þriðja stendur svo í grunnskólafrv. Ég held satt að segja að það sé algert lágmark að þeir sem eru að flytja málin, þ.e. ráðherrar í hæstv. ríkisstjórn, beri þá lágmarksvirðingu fyrir sjálfum sér að þeir reyni að láta hlutina nokkurn veginn ríma saman í þeim stjórnarfrv. sem verið er að flytja í þessari virðulegu stofnun.

Ég held, hæstv. forseti, að þessir þættir sem hér hafa verið gerðir að umtalsefni, annars vegar skuldir ríkisins og hins vegar skuldin við börnin með lakari skólum en þyrfti að vera, séu einhver alvarlegustu vandamál íslenskra stjórnmála í dag. Það að fá menn til að staldra við þetta er úrslitamál. Hér halda menn eins og gengur ræður um ýmsa hluti og flytja tillögur um ýmsa hluti og allt er gott um það að segja. Vandinn er hins vegar sá að menn fást ekki til þess að lýsa upp einstök svið umfram önnur. Af þeim ástæðum verður pólitíkin kannski ekki alveg eins spennandi og áhugaverð og hún þyrfti að vera því að pólitísk umræða er undirstaða lýðræðisins í landinu.

Svo að lokum þetta, hæstv. forseti, af minni hálfu. Það er dálítið umhugsunarvert að það skuli koma fyrir á hverju einasta þingi að menn séu svona seinir með þessi frv. Það er dálítið umhugsunarvert. Nú dettur mér ekki í hug fara að sýkna einn eða neinn í þeim efnum, ég geri það ekki, við eigum öll einhverja sök á því að hafa staðið að tillöguflutningi á þinginu allt of seint. Oft hefur þetta verið þannig í samsteypustjórnum hafa flokkar átt mjög erfitt með að koma sér saman um málin og það hefur tekið tíma. Oft hefur þetta líka verið þannig að þetta hafa verið heldur flókin verkefni sem menn hafa verið að taka á og þá hefur það tekið tíma og frv. komið á síðustu stundu og auðvitað verið til vansa hvernig ríkisstjórnir hafa ætlað þinginu að afgreiða hlutina.

En ég segi alveg eins og er, hæstv. forseti, að ég átta mig ekki alveg á því hvaða pólitísk atriði það eru í þessu frv. sem eru þannig að þau réttlæti hvað það kemur seint fram. Ég sé það ekki. Vegna þess að mig minnir að í fjárlagafrv. sjálfu og greinargerð þess, ég þykist muna það rétt að þessi mál séu öll meira og minna skráð þar. Menn hafa þannig í sjálfu sér þegar í lok september þegar var verið að semja fjárlagafrv. gert sér grein fyrir því að það þyrfti að flytja eitthvert svona frv. Að vísu er ekki hægt að segja það um tekjuhliðina vegna þess að það var tekið fram, ef ég man rétt, í lok semptember eða byrjun október að tekjuhliðin væri af hálfu ríkisstjórnarinnar ekki endanleg. En ég hélt satt að segja að þær forsendur sem var gert ráð fyrir á gjaldahliðinni væru allar inni og fátt eitt hafi bæst við sem réttlæti það að menn séu þetta seinir á ferðinni (**Forsrh.:** Það er dottið úr sumt.) með þetta frv. Sumt er dottið úr frá því í haust. Það er út af fyrir sig vafalaust rétt. Hitt held ég að hefði verið betra, og ég vil spyrja af hverju það var ekki gert, ef menn hefðu lagt þetta fram eins og það virtist eiga að verða í haust frekar en að draga þetta svona óskaplega lengi.

Hér hafa orðið nokkur orðaskipti, hæstv. forseti, með fyrrv. og núv. hæstv. félmrh. Ég ætla í sjálfu sér ekki að blanda mér í þá umræðu þeirra. Hún var mjög athyglisverð. Og sérstaklega að það kemur fram í bréfi sem okkur þingmönnum Reykvíkinga barst að ástandið í málefnum fatlaðra í höfuðborginni væri alveg sérstakt áhyggjuefni og þar þyrfti að taka dálítið mikið öðruvísi á en gert hefur verið á undanförnum árum. Ég tek eftir því að sá sem skrifar undir þetta bréf er framkvæmdastjóri svæðisskrifstofu málefna fatlaðra í Reykjavík, Ásta María Eggertsdóttir. Með fylgir bréf formanns svæðisráðs málefna fatlaðra í Reykjavík, Guðmundar Ragnarssonar. Þar fer hann nokkrum orðum um vandann í höfuðborginni sérstaklega. Í því bréfi segir, með leyfi forseta:

„Fyrsti liður þess bréfs hlýtur að standa hverjum þingmanni Reykvíkinga nærri. Þar er á áþreifanlegan hátt minnt á hversu höfuðborgin hefur orðið út undan í málaflokki fatlaðra. En það hefur viðgengist í mörg ár."

Síðan segir hér, með leyfi forseta: „Það er mikið áhyggjuefni hversu seint gengur að byggja íbúðir og hús fyrir fatlaða. Biðlisti eftir búsetu er langur hjá svæðisskrifstofu og lengist. Stöðugt hefur verið klipið af Framkvæmdasjóði fatlaðra og sífellt stærri hluti hans fer í rekstur. Svæðisskrifstofan skorar á þingmenn Reykvíkinga að beita sér fyrir því að Framkvæmdasjóður fatlaðra fari allur í stofnkostnað og að rekstrarverkefnum verði fundin önnur fjáröflunarleið."

Síðan segir, með leyfi forseta: „Við viljum vekja athygli á því að sérstök klausa í síðustu fjárlögum bannaði að stofnað yrði til nýrra verkefna sem út-

heimtu nýtt starfsfólk á því ári. Því hefur uppbygging stöðvast, ekki síst í búsetumálum fatlaðra þótt ýmsar tilfærslur hafi verið gerðar innan skrifstofunnar á árinu. Svo hlut Reykjavíkur verði borgið þarf því að fjölga störfum í málaflokknum í Reykjavík á ný."

Nú kann það að virðast undarlegt að einn þingmaður Reykvíkinga sem hefur auk þess sýslað með þennan málaflokk skuli alveg sérstaklega taka eftir þessu — sá sem hér stendur. En ástæðan er kannski einfaldlega sú að svæðisskrifstofa málefna fatlaðra í Reykjavík hefur aldrei tekið svona til orða í bréfi til okkar fyrr. Það er dálítið umhugsunarefni. Hvernig stendur á því að svæðisskrifstofa málefna fatlaðra í Reykjavík virðist allt í einu fá málið núna að því er þetta varðar nema það sé vegna þess að hún telji óhjákvæmilegt að vekja rækilega athygli á þessum málum einmitt um þessar mundir og það verði ekki lengur þagað? Það er fróðlegt, hæstv. forseti, að sjá það bréf sem formaður svæðisráðsins sendi okkur Reykjavíkurþingmönnum núna fyrir nokkrum dögum þar sem koma fram, mér liggur við að segja, hárreisandi lýsingar á aðstæðunum í kjördæminu að því er varðar þennan málaflokk. Þar er fullyrt aftur og aftur að þetta sé mikið lakara hér en annars staðar. Þetta hlýtur náttúrlega að vekja sérstaka athygli okkar þingmanna Reykvíkinga vegna þess að það hefur verið einn af okkur sem hefur haft með þennan málaflokk að gera nú um nokkuð langt skeið. Ég hef satt að segja ekki orðið var við það að félmrn. hafi talið ástæðu til þess að hafa sérstakar áhyggjur af þjónustuþætti fatlaðra í Reykjavík. Ég tel því að hér sé hreyft gríðarlega stóru og alvarlegu máli.

Í sjálfu sér er kannski ekki ástæða til þess fyrir mig að vera að setja á miklar ræður um þetta hér nema vegna þess að þessu máli er aðeins hreyft í frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum þar sem kannski er út af fyrir sig full ástæða til þess að fara yfir það. En ég verð að segja alveg eins og er að mér hnykkti við þegar ég sá í þessu bréfi hvað svæðisskrifstofa fatlaðra í Reykjavík tekur við sér í þessum málaflokki og segir við þingmenn Reykvíkinga: Gjörið svo vel og takið við ykkur og áttið ykkur á því hvernig staðan er í þessum málaflokki. Út af fyrir sig er ástæða til þess úr þessum virðulega ræðustól að þakka svæðisskrifstofunni sérstaklega fyrir að ýta við sínum þingmönnum eins og hér hefur verið gert.

Út af fyrir sig er kannski dálítið erfitt líka fyrir þingmenn að fara að blanda sér eitthvað í þá umræðu sem var á milli hæstv. félmrh. og fyrrv. hæstv. félmrh. og ég ætla ekki að gera það. Ég get þó ekki neitað því að það vakti nokkra athygli mína þegar fyrrv. hæstv. félmrh. gagnrýndi núv. hæstv. félmrh. fyrir það að hafa ekki fylgt eftir sem skyldi útskriftarstefnunni á Kópavogshæli. Útskriftarstefnan á Kópavogshæli var samþykkt í stjórnarnefnd Ríkisspítalanna fyrir þremur árum. Það hefur afskaplega lítið gerst í þeim málum núna undanfarin ár. Því miður. En það er dálítið magnað að hugsa til þess bara sem mynd af íslenskum stjórnmálum að það skuli vera þannig að þegar einn ráðherra hættir að vera það þá geti hann snúist gegn sjálfum sér með harðri gagnrýni úr þessum ræðustól og frammi fyrir þjóðinni allri vegna þess að allt hefur verið vanrækt sem viðkomandi persóna átti að gera þegar hún var í viðkomandi ráðuneyti. Þetta er dálítið umhugsunarefni um stjórnmálaumræðuna á Íslandi ef hlutirnir eru þannig að menn eru aldrei teknir upp í lexíunum og gáð hvað þeir kunna og hvað þeir hafa gert, heldur fá menn að geipa um hlutina rétt eins og þeir hafa aldrei komið nálægt þeim og séu fæddir í gær, í fyrsta lagi í fyrradag en ekki fyrir sjö árum. Ég tók þess vegna glöggt eftir því þegar verið var að gagnrýna núv. hæstv. félmrh. í sambandi við útskriftarstefnuna fyrir Kópavogsheimilið sem samþykkt var í stjórnarnefnd Ríkisspítalana fyrir mörgum árum.

Um það ætla ég í sjálfu sér ekki að fjölyrða sérstaklega hér og heldur ekki einstaka þætti í þessu frv. Ég átti leið í ræðustólinn fyrst og fremst af tveimur ástæðum. Í fyrsta lagi af þeirri ástæðu að mér stendur stuggur af þeirri ofboðslegu skuldasöfnun sem ríkissjóður stendur frammi fyrir upp á jafnvel í kringum 200 milljarða kr. um eða upp úr næstu áramótum. Það eru tveggja ára tekjur sem færu í það að borga skuldir ef við ætluðum að borga þær upp. Í öðru lagi þetta með skólana sem ég tel að sé sams konar vandamál því það er hvort tveggja skuld við framtíðina sem við erum að tala um.

Ég ætla að geyma mér það þangað til kemur að umræðum um ríkisreikninginn og fjárlögin hvernig þeir hlutir líta út vegna þess að það er makalaust að upplifa það aftur og aftur í þessari virðulegu stofnun að þær tölur sem menn eru með í fjárlögum á hverju ári eru ævinlega allt aðrar í ríkisreikningi. Það er ævinlega verið að taka um það ákvörðun hér að fjárlagahallinn megi alls ekki verða meiri en, segjum 10 milljarðar eða svo. En svo gerist það þegar ríkisreikningurinn er gerður upp að þá kemur venjulega upp allt önnur tala. Það er auðvitað vegna þess að ríkisreikningurinn er gerður upp á allt öðrum grunni en fjárlögin.

Það eru tvær tölur, hæstv. forseti, sem ég ætla aðeins að vekja athygli þingheims að lokum á þar sem skakkar um 4 milljörðum sjálfkrafa, án þess að ríkisstjórnin geri neitt til að hækka tölurnar. Þær bara munu hækka og það vita allir að þær munu hækka. Önnur er lífeyrisupphæðin í fjárlagafrv. Í fjárlögunum er lífeyrisupphæðin væntanlega í kringum 1 milljarð kr. eða þannig var hún í fyrra. Þegar upp var staðið samkvæmt ríkisreikningnum fyrir árið 1993 þá reyndist upphæðið vera miklu hærri eða þrisvar sinnum hærri. Vegna hvers? Jú, vegna þess að þá tóku menn inn í ríkisreikninginn allar áfallnar skuldbindingar en ekki bara það sem þurfti að borga út í lífeyri opinberra starfsmanna á því ári.

Eins er það líka með aðra tölu sem heitir „Lántökur ríkissjóðs". Hún er t.d. á árinu 1993 í kringum 10 milljarðar kr. En niðurstaðan í ríkisreikningi er ekki 10 milljarðar, hún er 13 milljarðar. Það er ekki vegna þess að ríkisstjórnin hafi ákveðið í millitíðinni að hækka skuldirnar um 3 milljarða. Það er ekki vegna þess heldur vegna þess að þegar ríkisreikningurinn er gerður upp þá eru teknar inn allar áfallnar skuldbindingar rík-

isins en ekki bara það sem þarf að svara út og borga vegna aukins halla ríkissjóðs. Það er því þannig, hæstv. forseti, að jafnvel þó að fjárln. og Alþingi rembist eins og rjúpan við staurinn við að koma saman sæmilegum fjárlögum á hverjum tíma þá er niðurstaðan alltaf sú í ríkisreikningnum að hann er mörgum milljörðum króna hærri af því að þar eru menn að tala um allt annan grunn en þann sem við erum með.

Þetta leiðir hugann að því að við erum núna nýlega búin að fá niðurstöður ríkisreikningsnefndar sem er einhver allra merkasta nefnd sem sögur fara af, hún er búin að starfa svo lengi. Ég bað um það að á síðasta þingi að við fengjum mynd af þeirri nefnd við tækifæri, helst litmynd, vegna þess að hún hefur verið svo lengi að komast að niðurstöðu. Nú er hún búin að komast að niðurstöðu og það er fagnaðarefni. Hún er búin að gera tillögur sem ég vona að verði farið eftir og ég vona að menn átti sig líka á því að það verður byltingarkennd breyting á ríkisreikningnum og fjárlögunum frá og með árunum 1997 eftir því sem tillögur ríkisreikningsnefndar eru. Þetta síðasta varðandi mismunandi grunn fjárlaga og ríkisreiknings er ég að nefna hér vegna þess að það sýnir vel hvað pólitíkin er að mörgu leyti erfið í þessu máli og ekki gagnsæ. Hlutirnir eru ekki ljósir, ekki gagnsæir sem gerir það að verkum að stjórnmálamenn eru oft að tala um allt aðra hluti en liggja í efni málsins. Það er slæmt, ekki bara fyrir stjórnmálamennina heldur líka fyrir pólitíkina í heild.

Hitt voru hins vegar aðalatriðin sem ég vildi nefna hér, hæstv. forseti, varðandi heildarskuldir ríkisins og menntamálin sem ég tel að séu af sama toga spunnin, hvort tveggja eru skuldir við framtíðina. Það er það versta við þá niðurstöðu sem liggur fyrir í þessu frv. og yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar að það er ekki tekið á þeim vandamálum að neinu leyti.

[21:39]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér líkaði ágætlega sá kafli í ræðu hv. þm. sem vék að því að skuldsetja framtíðina og þess hefði ekki verið nægilega gætt af þeirri ríkisstjórn sem nú situr að gæta sín að gera það ekki úr hófi fram. Það er ekki allt sem sýnist í þeim efnum. Það er ekki eingöngu það sem menn ákvarða við fjárlög sem ræður því hvernig við skuldsetjum framtíðina. Tökum eitt sláandi dæmi frá þeim tíma þegar hv. þm. var ráðherra, til að mynda, 1980–1983. Þá slá menn lán erlendis sem á að borga í einu lagi í upphafi næstu aldar. Það lán er með föstum vöxtum upp á 14%, þ.e. 11% raunvextir á ári þegar raunvextir nú af lánum erlendis og hérlendis eru í kringum 5%, meira en helmingi hærri raunvextir á ári. Þetta eru skuldbindingar sem vefja upp á sig og enginn maður fær við ráðið. Þarna er um að ræða efnahagslega ráðstöfun sem virkilega bindur framtíðina í fjötra. Þetta er umhugsunarefni.

Líka þegar við horfum á færslur á skuldum og framúrakstri, sem svo er kallaður. Hvern á að draga til ábyrgðar til að mynda þegar 1.700 millj. vegna Framkvæmdasjóðs Íslands eru færðar til gjalda sem ekki hefur verið hugsað fyrir? Þá sem ráku sjóðinn eða þá sem færðu til gjalda? Sama má segja um skuldir Atvinnutryggingarsjóðs. Hvern á að kalla til ábyrgðar? Þá sem settu sjóðinn á stofn, án þess að hugsa sitt mál til enda, eða þá sem þurfa að bera ábyrgð á greiðslunum og þurfa að færa til gjalda.

Ég er hv. þm. algjörlega sammála um það að menn verða að fara varlega, þessi ríkisstjórn eins og aðrir, en það er ekki, eins og hv. þm. sagði, allt sem sýnist.

[21:41]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst satt að segja ekki aðalatriðið í þessu máli, ef við setjum hlutina í það samhengi sem ég var að reyna að gera, hvernig hlutirnir hafa verið í einstökum atriðum heldur að setjum okkur það að búa til stjórntæki, bæði varðandi uppsetningu fjárlaga og ríkisreiknings, sem eru með þeim hætti að það séu alvöru stjórntæki og að við sjáum hvað við skuldum og til hvaða skulda við stofnum. Ég tel að það eigi líka við um stofnun eins og t.d. Framkvæmdasjóð og Atvinnutryggingasjóð. En menn geta í sjálfu sér að því er varðar hina pólitísku ábyrgð farið yfir þá hluti og ég geri ekki ráð fyrir því að við náum neinni samstöðu um þá, ég og hæstv. forsrh. í þessum andsvaratíma enda tel ég í sjálfu sér ekki efni til þess. Ég bendi hins vegar á varðandi þá lántöku sem hæstv. forsrh. var að tala um frá árunum 1980–1983 að það er augljóst mál að ef við þá hefðum verið búin að koma upp því kerfi í ríkisfjármálum, sem m.a. var komið upp í tíð síðustu ríkisstjórnar með fjáraukalögum og reglulegum ríkisreikningum, þá hefðu menn séð þessa lántöku og afleiðingar hennar birtast strax, ef þær eru eins og hæstv. forsrh. rakti áðan. Ég kann út af fyrir sig ekki að svara fyrir því ég þekki málið ekki í einstökum atriðum.

Munurinn á ríkisreikningsmálunum núna og fjáraukalagamálunum núna og því sem var um skeið er eins og svart og hvítt og ég tel að í síðustu ríkisstjórn hafi þáv. hæstv. fjmrh. tekið mjög myndarlega á því að breyta þeim hlutum úr margra ára óreiðu, sem er alveg öruggt mál að Sjálfstfl. kom einhvern tímann nálægt.

[21:43]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Það hefðbundna frv. sem hér er komið fram um ráðstafanir í ríkisfjármálum er endurtekning að sumu leyti á því sem við höfum áður séð. Það ber þá fyrst nefna breytingar á lögum um grunnskóla sem hefur verið árvisst og virðist einnig vera gert ráð fyrir því að ekki verði um flutning grunnskólans að ræða til sveitarfélaganna samkvæmt því sem hér stendur.

Það er dálítið einkennilegt til þess að vita að það skuli alltaf þurfa að fresta þessum ákvæðum, jafnvel þó að þau séu þess eðlis að þau eigi ekki að hafa áhrif á fjárhag ríkisins.

Í öðru lagi er hér breyting á lögum um málefni fatlaðra þar sem verið er að hækka það hlutfall sem verja má til reksturs úr 25% í 40%. Það hefur verið rætt hér

allnokkuð á hvaða braut ríkisstjórnin er með því að hækka sífellt það framlag sem notað er í rekstur, bæði í lögum um málefni fatlaðra og eins í öðrum lögum þar sem sífellt er verið að seilast lengra í sjóði sem eiga að vera til framkvæmda og taka stærri og stærri hluta til rekstrar.

Þá finnst mér einnig mjög athyglisvert þetta með breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar þar sem stendur í 4. gr. að ekki sé gert ráð fyrir því að stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs veiti styrki til þróunarverkefna til varanlegrar atvinnusköpunar á árinu 1995. Það kom fram í ræðu hæstv. félmrh. fyrir stundu að hún reiknaði með því að Atvinnuleysistryggingasjóður mundi áfram veita styrki til átaksverkefna og er nokkuð merkilegt að það skuli samt sem áður eiga að halda áfram en ekki til þróunarverkefna sem ég hefði talið að væri sterkari leikur.

Í öðrum greinum eru síðan hefðbundnar skerðingar og ég ætla að gera að umtalsefni breyting á lögum um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum. Það segir í 6. gr. laga um flugmálaáætlun sem hér er verið að breyta, með leyfi forseta:

„Flugmálastjórn annast innheimtu sérstaks gjalds skv. 5. gr. og skal tekjum af því einungis varið til framkvæmda í flugmálum samkvæmt flugmálaáætlun."

Nú á 6. gr. að vera svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Flugmálastjórn annast innheimtu sérstaks gjalds skv. 5. gr. og skal tekjum af því einungis varið til rekstrar flugvalla og framkvæmda í flugmálum samkvæmt flugmálaáætlun."

Það sama er að gerast með 14. gr. Þar er kveðið á um að tekjum af flugvallargjaldi skuli einungis varið til framkvæmda í flugmálum en með þessum breytingum er þeim varið til rekstrar flugvalla einnig.

Hér er um 70 millj. kr. að ræða sem nú á að taka af framkvæmdum í flugmálum og verja til rekstrar. Það mun hafa þau áhrif að flugmálaáætlun sem var samþykkt á síðasta þingi, rétt fyrir þinglok, mun breytast í veigamiklum atriðum og verður ekki hægt að fara í þær framkvæmdir sem þar var ákveðið.

Í 6. gr. frv. segir að ráðherra geti í samráði við hlutaðeigandi sveitarstjórnir ákveðið breytingar á framkvæmd einstakra málsliða og er vitnað til sameiningar sveitarfélaga, að ráðherra geti sett reglugerð og fært þannig heilsugæslustöðvar á milli umdæma.

Um 6. gr. segir að í henni sé skýrt nánar hvað felist í heimild ráðherra. Þó er það raunverulega ekki skýrt að neinu ráði nánar heldur aðeins sagt að vegna sameiningar sveitarfélaga sé nauðsynlegt að leiðrétta starfssvæði einstakra heilsugæslustöðva. Ég mundi vilja spyrja hæstv. forsrh. hvaða stöðvar hér er verið að tala um. Eru ekki einhverjar hugmyndir um það hvaða stöðvar er verið að færa á milli heilsugæsluumdæma og sameina, skv. 6. gr. frv.? Eitthvað hlýtur að búa á bak við það.

Síðan er endurteknar ákveðnar skerðingar á ýmsum lögum í II. kafla og vil ég nefna listskreytingasjóð sem samkvæmt fjárlagafrv. á ekki að fá eina einustu krónu en ætti að hafa í lögbundnu framlagi 19 millj. kr. Þetta er sjóður sem listamenn hafa getað sótt í til þess að skreyta ýmsar opinberar byggingar og þeir hafa komið á fund fjárln. og kvartað mjög yfir því að hann sé nú aflagður.

Húsafriðunarsjóður er einnig skertur um 28 millj. og er það mjög slæmt mál til þess að vita því það er atvinnuskapandi að vinna að verndun og endurbyggingu gamalla húsa. Ég held að eitthvað annað hefði mátt skerða ef nauðsyn var á að skerða eitthvað en þennan sjóð.

Hvað varðar Bjargráðasjóð þá á að skerða hann einnig niður í núll og það er nokkuð athyglisvert að í fjáraukalögum sem við vorum að ræða nýlega þá þurfti að leggja fram 12 millj. kr. til Bjargráðasjóðs til þess að aðstoða bændur en á sama tíma er verið að leggja hér til að hafa engin framlög í sjóðinn á fjárlögum. Líklega þarf að leggja til eitthvað í fjáraukalögum á næsta ári í sjóðinn að nýju.

Ferðamálaráð fær einnig sína hefðbundnu skerðingu og í þetta skipti er skerðingin reiknuð 130 millj. kr. þannig að ráðið fær aðeins 68 millj. af sínum lögbundna tekjustofni af tekjum Fríhafnarinnar. Mun þá skerðingin á framlagi til Ferðamálaráðs vera orðin í kringum 1 milljarður kr. frá upphafi og hefði verið hægt að gera sitthvað við það framlag ef það hefði fengist. Ekki hvað síst þegar það er skoðað að ferðaþjónusta er orðin annar stærsti atvinnuvegur þjóðarinnar hvað varðar tekjur og hefur verið mjög vaxandi á síðustu árum og skilar næstmestum tekjum í þjóðarbúið á eftir sjávarútvegi. Það hefði því hugsanlega verið jafnvel hægt að byggja ferðaþjónustu enn betur upp ef Ferðamálaráð hefði haft sína lögbundnu tekjustofna og þá líklega mundi þetta skila allt að helmingi meiri tekjum í ríkissjóð í dag ef ekki hefði verið eins og hér er lagt til.

Þetta var um bandorm, hlaupið í fljótu bragði á þeim lagagreinum sem hér eru nefndar en ég tel víst að efh.- og viðskn. muni fjalla ítarlega um frv. og skoða hvaða áhrif það hefur á hag almennings og hag ríkissjóðs að sjálfsögðu líka. Ég vona að hv. efh.- og viðskn. taki sér góðan tíma í að skoða hvaða áhrif þetta hefur því stundum hefur því miður verið of mikill hraði á afgreiðslu skattamála á Alþingi. Það hefur þá komið okkur í koll nokkrum vikum seinna þegar þurft hefur að breyta aftur lögum um skattamál sem samþykkt hafa verið í of miklum flýti.

Það er ekki hægt að ræða svo þennan bandorm að nefna ekki yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um aðgerðir til að stuðla að aukinni atvinnu og kjarajöfnun, eins og þar stendur. Það hefur verið rakið af þeim sem hafa talað á undan mér og kannski ekki miklu við það að bæta. Ég ætla að gera að umtalsefni afnám tvísköttunar lífeyrisgreiðslna sem er rætt um og á að kosta ríkissjóðs líklega 200–300 millj. kr. ef það verður framkvæmt á sama hátt og áætlað er hér.

Ég vil vara við því að farin verði sú leið að setja á þetta eitthvað sérstakt þak vegna útgreiðslu á lífeyri. Það er miklu réttlátara að gera það á þann hátt sem við kvennalistakonur höfum lagt til í frv. sem hefur verið flutt þrisvar sinnum á Alþingi, að þessi frádráttarliður sé þegar fólk greiðir sitt 4% framlag í lífeyrissjóð. Þá

kemur það réttlátar niður en ef farið er að meta um 15% af þeim lífeyri sem fólk á að fá til greiðslu og hafa einhver skattleysismörk á því. Þá verður það mjög misjafnt eftir því hvað mikið fólk fær úr lífeyrissjóði og mun koma þeim mest til góða sem hæstan hafa lífeyrinn en ekki þeim sem lægstar hafa tekjurnar af sínum lífeyri. Ég held að þarna sé ekki verið að fara í réttlætisátt heldur miklu fremur að hygla þeim sem hafa hærri lífeyri en hinum sem berjast í bökkum og hafa lægstan lífeyri.

Það er líka nokkuð einkennilegt að meta þetta sem 15% af útborguðum lífeyri og að framlag atvinnurekenda sé 22%, restin sé síðan vaxtatekjur lífeyrissjóðsins.

Ég ætla líka að nefna hækkun skattleysismarka sem er talað um að eigi að skila 2.150 kr. hækkun á skattleysismörkum einstaklings á mánuði og mun hafa í för með sér að persónuafsláttur hækkar um 867 kr. á mánuði. Það hefur verið rakið í umræðum að þetta sé ekki annað en það sem megi búast við ef farið er eftir eðilegum verðlagsbreytingum sem persónuafslátturinn á að taka mið af. Það má kannski minna á það líka sem kom reyndar einnig fram í ræðu hæstv. félmrh., að hún hefði ásamt öðrum í ríkisstjórn og meiri hluta Alþingis staðið að því að lækka persónuafsláttinn um tæpar 400 kr. Ef hér er verið að tala um hækkun sem er bara vegna verðlagsákvæða um 1.700 kr. þá eru 400 kr. til viðbótar upp í þessar 2.100 kr. sú hækkun sem tekin var, þ.e. það sem persónuafslátturinn var lækkaður um fyrir einu ári. Það er allt sem verið er að bæta fólki að nafninu til með hækkun persónuafsláttar.

Til enn frekari áréttingar þá er nefnt í skýrslu Ríkisendurskoðunar um áhrif skattbreytinga samkvæmt lögum nr. 122/1993, með leyfi forseta:

„Í byrjun árs 1988 var tekin upp staðgreiðsla tekjuskatts og útsvars hér á landi. Við upptöku kerfisins var persónuafsláttur ákveðinn það ríflegur að tryggt var að ekki var greiddur skattur af tekjum sem jafngilda tæplega 71.000 kr. ef tekið er tillit til breytinga á meðaltalsframfærsluvísitölu milli áranna 1988 og 1993. Frá 1988 hafa skattleysismörk hins vegar lækkað verulega enda persónuafsláttur ekki fylgt verðlagi á þann hátt sem gert var ráð fyrir í upphafi. Frá árinu 1988 hefur skatthlutfall í staðgreiðslu [þ.e. tekjuskattur og útsvar] breyst fimm sinnum og verið hækkað úr 35,2% á árinu 1988 í 41,84% á árinu 1994. Persónuafsláttur lækkaði hins vegar úr 299 þús. kr. á árinu 1988 í 285 þús. kr. á árinu 1993.“ — Þetta er allt miðað við hækkun meðaltalsframfærsluvísitölu. — „Skattleysismörkin 1988, reiknuð með sama hætti, voru því 851 þús. kr. en 690 þús. kr. á árinu 1993.“

Lækkunin á milli þessara ára er 19%. Það er búið að breyta því sem upphaflega var ákveðið þegar staðgreiðsla tekjuskatts og útsvars var sett á á árinu 1988 og það er búið að lækka skattleysismörkin um 19%.

Í einum lið yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar er talað um lækkun húshitunarkostnaðar. Þar segir, með leyfi forseta:

„Ríkisstjórnin mun hefja viðræður við orkusölufyrirtækin með það fyrir augum að efna til samstarfs um að lækka húshitunarkostnað á dýrustu svæðunum umfram það sem þegar hefur verið gert af hálfu stjórnvalda með niðurgreiðslum og yfirtöku skulda orkufyrirtækja.“

Nú ætlar ríkisstjórnin að hefja viðræður við orkusölufyrirtækin til að reyna að efna til samstarfs um að lækka húshitunarkostnað. Ríkisstjórnin hæstv. er búin að vera með þetta á sinni stefnuskrá alveg frá því að hún hóf sitt starf árið 1991. Samkvæmt því sem hæstv. iðnrh. skrifar nýlega í Morgunblaðið þá telur hann að tekist hafi að lækka húshitunarkostnað á köldu svæðunum svokölluðu þannig að niðurgreiðslur ríkisins hafi aukist um allt að 80%. Það er bara hvorki meira né minna en 80%, segir hæstv. iðnrh. Það væri vert að vita hvort hæstv. iðnrh. er í húsinu því það er tilvalið að spyrja hann að því hvort inni í þessari 80% hækkun á framlagi til niðurgreiðslu á húshitun sé ekki 14% virðisaukaskatturinn sem lagður var á húshitun. Ef hann er talinn með í þessari upptalningu þá er hægt að segja að niðurgreiðsla hafi aukist vegna þess að fyrst eru álögurnar hækkaðar og síðan er niðurgreiðslan aukin til að greiða hækkunina niður aftur. Ef hæstv. iðnrh. er í húsinu þá væri rétt að spyrja hann um hvernig þessi niðurgreiðsla, sem hann hefur reiknað svona út, sé tilkomin. Virðulegur forseti, er ...

(**Forseti** (SalÞ): Það er verið að athuga það, annars situr hæstv. iðnrh. ekki á þingi eins og er.)

Því hefur áður verið haldið fram að verði reynt að fá Landsvirkjun og orkusölufyrirtækin, dreifingarfyrirtækin, til að koma til móts við ríkisstjórnina um að lækka húshitunarkostnaðinn. Það hefur eitthvað smávegis áunnist í sambandi við Landsvirkjun en hún hefur venjulega tekið það aftur með taxtahækkunum annaðhvort á undan eða eftir. Á þessum tíma hefur Landsvirkjun hækkað taxta sína a.m.k. þrisvar sinnum og venjulega um 5% í hvert skipti.

Virðulegur forseti. Það virðist ganga seint að ná í hæstv. iðnrh. Er hann ekki í húsinu?

(**Forseti** (SalÞ): Að því best er vitað er hæstv. iðnrh. í húsinu og það er verið að gera honum viðvart.)

Á meðan hæstv. iðnrh. lætur á sér standa ætla ég aðeins að nefna eitt í frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum sem mér láðist að nefna áðan. Það er að í 29. gr. Þar segir:

„Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. 12. gr. og 3. mgr. 13. gr. laga nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum, skal framlag ríkissjóðs til refa- og minkaveiða eigi nema hærri fjárhæð en 27 millj. kr. á árinu 1995.“

Síðan eru nokkrar nánari skýringar þar sem stendur að ríkissjóður endurgreiði ekki á árinu 1995 kostnað við refa- og minkaveiðar í sveitarfélögum þar sem íbúar eru fleiri en 2.000 miðað við íbúafjölda 1. des. 1994.

Nú vil ég gera það nokkuð að umtalsefni að á síðasta ári hefur talsvert verið unnið að og komið til framkvæmda sameining sveitarfélaga. Ég get nefnt nokkur dæmi úr mínu kjördæmi þar sem t.d. Snæfjallahreppur var sameinaður Ísafjarðarkaupstað. Nú vill svo til að Snæfjallahreppur nær yfir nokkuð stórt svæði en þó

honum sé bætt við Ísafjarðarkaustað þá hefur ekki fjölgað um mjög marga íbúa en þeir eru þó yfir 2.000. Hins vegar hefur svæðið stækkað allmikið og á þessu svæði er þó nokkuð mikið um refi og minka. Það virðist því vera samkvæmt þessu ákvæði að í þeim sveitarfélögum þar sem íbúar eru fleiri en 2.000, eins og núna í stækkuðum Ísafjarðarkaupstað, þá verði ekki framvegis endurgreiddur kostnaður við refa- og minkaveiðar í því sveitarfélagi. Þetta tel ég jafnvel vera gert af vangá því það eru fleiri dæmi um svona atriði þar sem sveitarfélög hafa verið stækkuð og ná þá kannski rúmlega 2.000 íbúum en innan þeirra eru þá fyrrverandi dreifbýlissveitarfélög þar sem áður hefur þurft að sinna þessu starfi allverulega og verið treyst á framlag ríkissjóðs til þess.

Ég sé að hæstv. iðnrh. er kominn í salinn og vil þakka fyrir það. Ég ætla að spyrja hann um 13. liðinn í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar þar sem talað er um lækkun húshitunarkostnaðar. Ég kom inn á það að nýlega skrifaði hann grein í Morgunblaðið þar sem hann telur upp að ríkissjóður hafi aukið framlög sín um allt að 80% á tímabilinu og nefnir tölur í því sambandi. Nú vil ég spyrja hann hvort inni í þeim tölum og prósentureikningum sé ekki einnig niðurgreiðslan á 14% virðisaukaskattinum sem lagður var á húshitun um síðustu áramót og hvort það sé ekki reiknað með í þessari 80% aukningu á niðurgreiðslu húshitunarkostnaðar. (**Iðnrh.:** Það er ekki.) Það er ekki, segir hæstv. ráðherra. Ég hefði óskað að hann svaraði mér í ræðustól á eftir þar sem það er nokkuð mikið sem hann fullyrðir í greininni að þessi niðurgreiðsla hafi aukist um og þá sé ekki langt í það takmark sem ríkisstjórnin hafi sett sér árið 1991 um að ná því að kostnaður við húshitun á vísitöluhúsnæðinu væri aldrei meira en sem svaraði 60 þús. kr. á ári. En það væri ágætt ef hæstv. ráðherra vildi svara því nánar. Þar sem ég hef nú lokið við að fara yfir þetta frv. og það sem ég vil sérstaklega spyrja um í sambandi við þessa yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar þá hefur hann tækifæri til þess.

[22:10]

Iðnaðarráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í þeim tölum sem ég nefndi er meðtalinn afsláttur raforkufyrirtækja en ekki sú tilfærsla sem gerð var með upptöku virðisaukaskattskerfisins. En það er bara einfaldlega staðreynd að niðurgreiðslur og afsláttur vegna húshitunar hefur aukist um 81% á kjörtímabili þessarar ríkisstjórnar. Það er hins vegar ekki nóg til að ná því markmiði sem orkujöfnunarnefnd setti sér árið 1991. Ástæðan er m.a. sú að orkufyrirtækin, og þá fyrst og fremst Landsvirkjun, hafa ekki fylgt ríkisvaldinu eftir með afslátt sinn eins og orkuverðsjöfnunarnefndin gerði ráð fyrir. Með öðrum orðum hefur ríkið stigið fleiri skref til jöfnunar orkuverðs með niðurgreiðslum en orkufyrirtækin, og þá einkum og sér í lagi Landsvirkjun, hafa gert með afslætti á gjaldskrá. Þó er eitt orkufyrirtæki sem hefur staðið við sitt, ef svo má segja, það er Orkubú Vestfjarða, enda munar nú ekki nema nokkrum þúsundum á því að kyndingarkostnaður vísitöluhússins á svæði Orkubús Vestfjarða sé sá sami og sá meðaltalskyndingarkostnaður sem orkuverðsjöfnunarnefndin miðaði við sem er í dag 68.300 kr. á vísitöluíbúðina, miðað við verðið 1991 60 þús. kr. eru það í dag 68.300. Ég þori ekki að fullyrða það, virðulegi forseti, en ég man ekki betur en þessi mismunur sé nú eitthvað á milli 3.000 og 4.000 kr. sem betur þyrfti að gera til að þessari viðmiðun væri náð á svæði Orkubús Vestfjarða en mun meira þarf hins vegar að gera á svæði Rariks.

[22:12]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er í raun sammála hæstv. ráðherra um að það hefur verið gert nokkuð mikið í þessa veru á svæði Orkubús Vestfjarða því þeir hafa jafnvel tekið á sig hækkanir Landsvirkjunar án þess að láta það koma fram í verðlaginu.

En til frekari skýringar á þeim upphæðum sem hæstv. ráðherra er að nefna og nú kemur það fram, sem ég gat ekki séð í grein hans í Morgunblaðinu, að þarna væri einnig reiknað með afslætti og þátttöku orkufyrirtækjanna þá vildi ég spyrja hann að því hvort inni í þessum 80% sem hann nefnir sé einnig sú lækkun sem Orkubú Vestfjarða t.d. hefur tekið á sig í formi hækkaðra afskriftareglna, þ.e. að afskriftirnar nái yfir lengra tímabil og komi þá því til góða að lækka orkuverðið og hvort þessar afskriftabreytingar séu einnig reiknaðar með í þessu og hvort ekki sé þá hægt að beita sér fyrir því að Landsvirkjun taki svipað á málinu og hækki afskriftatíma sinna virkjanna.

[22:13]

Iðnaðarráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta er ekki rétt hjá hv. þm. Það er einmitt sérstaklega tekið fram í greininni sem hv. þm. vitnar í að þarna sé verið að ræða um samanlögð áhrif niðurgreiðslna ríkissjóðs og afslátta sem veittir hafa verið frá gjaldskrám. Hv. þm. hefur einfaldlega ekki lesið greinina nægilega vel.

Um það hvort þau efni séu tekin með sem hv. þm. spurði um þá vil ég benda hv. þm. á að þarna eru t.d. ekki meðtalið áhrifin af yfirtöku ríkisins á skuldum orkufyrirtækjanna sem hafa gert þeim fært að lækka sína gjaldskrá. Ríkið á mun stærri hluta í þessu heldur en fram kemur í greininni því hv. þm. mætti bæta við allri yfirtöku ríkisins á skuldum bæði Orkubús Vestfjarða og Rarik sem greitt hafa fyrir þessu máli. Hlutur ríkisins er því vantalinn en ekki oftalinn í þessu sambandi.

Hvort ekki sé hægt að gera þá kröfu til Landsvirkjunar að hún fylgi ríkisvaldinu í þessu efni og hækki sinn afslátt til samræmis við hækkun á niðurgreiðslum ríkisins er það að segja að ég hef mælst til þess skriflega við stjórn Landsvirkjunar að það verði gert. Það gerði ég þegar ég tók ákvörðun um það á sl. vori að auka niðurgreiðslurnar í átt við það sem Alþingi samþykkti við afgreiðslu fjárlaga. Landsvirkjun er hins vegar sjálfstæð stofnun, sameignarstofnun ríkisins, Akureyrarbæjar og Reykjavíkurborgar. Hún tekur sínar sjálfstæðu ákvarðanir og ráðherra hefur ekki skipun-

arvald yfir henni eins og hann hefur t.d. yfir Rafmagnsveitum ríkisins þrátt fyrir að þar sitji stjórn. Stjórn Landsvirkjunar tók ekki tillit til óska minna og varð ekki við beiðni minni um að hækka afslætti Landsvirkjunar hlutfallslega jafnmikið og ríkið jók afslátt sinn eða jók niðurgreiðslur sínar.

Landsvirkjun gekk til móts við okkur en hún varð ekki við tilmælum mínum.

[22:16]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hefði talið að ríkisvaldið gæti beitt sér til þess að hafa áhrif á stjórn Landsvirkjunar þar sem ríkisvaldið á fulltrúa í stjórn Landsvirkjunar og á helming í þeirri stofnun. Það ætti því að vera hægt að beita sér fyrir því að Landsvirkjun geti ekki alltaf hagað sér eins og hún sé eitthvert ríki í ríkinu. (**Iðnrh.**: Ríkið á innan við helming.)

[22:16]

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum fyrir árið 1995 er að mörgu leyti nokkuð frábrugðið fyrri frv. sem hafa komið inn á Alþingi um þetta leyti á undanförnum fjórum árum. Það er að því leyti frábrugðið að það felur ekki í sér að mínu viti eins róttækan niðurskurð og breytingar og mörg fyrri frv. hafa gert. En það sem hefur verið öllum þessum frv. sameiginlegt er að menn hafa alltaf ætlað að spara. Tilgangurinn hefur alltaf verið sá að menn hafa verið að leggja í fjárlagafrv. grunninn að stórkostlegum sparnaði ár eftir ár og alltaf hafa þessi frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum verið flutt til þess að tryggja að sparnaðurinn næðist eins og hann er settur fram í fjárlagafrv.

Ég tek undir að það getur verið afskaplega mikilvægt að spara. Þó skiptir höfuðmáli hvernig menn ná fram sparnaði hverju sinni.

Á bls. 324 í fjárlagafrv., þar sem fjallað er um heilbr.- og trmrn., er sagt að í reikningi ársins 1991 hafi útgjöld heilbr.- og trmrn. verið 50 milljarðar 446 millj. kr. Í frv. ársins 1995 er áætlað að útgjöldin geti orðið 45 milljarðar 376 millj. kr. og þannig hefur, að ég hygg, hæstv. heilbrrh. lýst því yfir að lengst af í tíð hans sem hæstv. ráðherra hafi ríkisstjórninni tekist að spara 5 milljarða á föstu verðlagi. En þegar menn líta örlítið betur á þetta og velta því fyrir sér hvernig fjárlagafrv. hafi staðist og hvernig þær ráðstafanir sem ríkisstjórnin hefur gert á hverjum tíma á grundvelli þeirra laga, sem hafa verið samþykkt um ráðstafanir í ríkisfjármálum, hafi gengið eftir þá fullyrði ég að þessi sparnaður, ef menn miða við árið 1991 hafi alls ekki tekist heldur þvert á móti hafi útgjöldin aukist og fyrir því ætla ég að færa nokkur rök.

Ef við göngum út frá því, sem ég veit að er rétt, að ríkisreikningur frá 1991 sé réttur og skoðum svo þá óskhyggju sem kemur fram í frv. til fjárlaga fyrir árið 1995 og göngum út frá því að á þessum tölum sé 5 milljarða kr. munur þá vorum við við 2. umr. fjáraukalaga í dag fyrir árið 1994 að samþykkja viðbótarútgjöld í fjárlögum ársins 1994 upp á 2 milljarða kr. Þá eru ekki eftir nema 3 af þessum 5 milljörðum kr. því það þýðir auðvitað ekkert að setja bara tölur á blað og segja að þetta sé svona. Menn verða því og sem betur fer að horfast í augu við raunveruleikann.

Til viðbótar þessu kom ráðuneytisstjórinn í heilbr.- og trmrn. á fund heilbr.- og trn. þar sem fjárlagafrv. fyrir 1995 var til umfjöllunar og þar fullyrti ráðuneytisstjórinn og það kemur fram í áliti minni hluta heilbr.- og trn. að 2 milljarða kr. vantaði í fjárlagafrv. fyrir árið 1995 til þess að forsendur þess stæðust. Það hefur verið svo að stjórnarandstaðan hefur haft rétt fyrir sér um það hvað kæmi út úr fjárlögum þegar upp væri staðið og nú leggst á sveif með stjórnarandstöðunni í þessum efnum hvorki meira né minna en ráðuneytisstjórinn í heilbr.- og trmrn.

Gangi þetta eftir er ekki eftir nema 1 milljarður af þeim stórkostlega sparnaði sem ríkisstjórninni hefur tekist bara í þessum stærsta málaflokki ríkisins að spara á kjörtímabilinu. Skoðum aðeins hvernig sá milljarður, sem menn hafa kannski náð að spara, er tilkominn. Sköttum og gjöldum hefur verið velt yfir á notendur þjónustunnar. Fullyrða má að 750 millj. kr. af lyfjakostnaði ríkisins hafi verið velt beint yfir á þá sem kaupa lyf með því að hækka hlutfall þess sem kaupir og notar úr 18% eins og það var árið 1991 upp í 32% eins og það er nú, fyrir utan það að með sífellt fleiri lyfjum, sem koma utan greiðsluþátttöku almannatryggginga, eru menn að velta álögunum yfir á einstaklingana. Þarna eru 750 millj.

Aðgangurinn sem menn þurfa að kaupa sér að heilsugæslustöðvunum er 350 millj. kr. miðað við 600 kr. greiðslu fyrir hverja komu inn á heilsugæslustöð.

Í sérfræðilæknishjálpinni hafa menn líka velt útgjöldum ríkisins yfir á einstaklingana sem nemur 500 millj. kr. Bara þessar upphæðir eru 1.600 millj. kr. og tel ég þá ekki tannlækna og fleiri þætti í heilbrigðis- og tryggingamálunum sem velt hefur verið yfir á einstaklingana hér með. Því má hiklaust færa rök fyrir því, virðulegur forseti, að a.m.k. hafi útgjöldin aukist um 600 millj. kr. en sparnaðurinn sé ekki til staðar. Auðvitað er ekki hægt að tala bara um sparnað út frá því sem menn setja á blað og hafa áhuga fyrir að ná. Menn verða að horfa á raunveruleikann og sjá hverjar eru niðurstöðutölurnar þegar menn líta á ríkisreikninginn í lok hvers árs.

Það eru nokkur atriði í fjárlagafrv. sem maður hefði getað búist við að ætti að tryggja með lagabreytingum í því frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum sem liggur nú fyrir á hinu háa Alþingi. Gert er ráð fyrir því að spara 850 millj. kr. í lífeyristryggingum. 600 millj. kr. af þessum 850 millj. eru þær hækkanir eða útgjöld vegna eingreiðslna, láglaunabóta, desemberuppbótar og orlofsuppbótar. Yfirlýsing ríkisstjórnarinnar um að ekki eigi að greiða þessar eingreiðslur á árinu 1995 er yfirlýsing af hálfu ríkisstjórnarinnar um að ellilífeyrisþegar og öryrkjar eigi ekki að njóta þeirra kjarabóta sem samið verður um í komandi kjarasamningum eða að menn ætli að greiða út 600 millj. kr. og séu þannig í raun og veru að blekkja með því að segja að hallinn á ríkissjóði sé 600 millj. kr. minni en hann er í raun og veru. Það er um þetta tvennt að ræða af hálfu ríkis-

stjórnarinnar. Annars vegar að ætla ekki að láta ellilífeyrisþegana og öryrkjana njóta þess sem kemur út úr kjarasamningum eða að menn eru að blekkja.

200 millj. kr. á að spara af þessum 850 millj. með því að skerða uppbótina sem elli- og örorkulífeyrisþegar eru að fá en eins og ég hef sagt áður eru kannski fimm meginbótaflokkar sem ellilífeyrisþegar fá greitt eftir. Það er sjálfur grunnurinn, tekjutryggingin, heimilisuppbótin, sérstaka heimilisuppbótin og svo uppbót til þess fólks sem býr við erfiðustu aðstæðurnar, er með mesta húsnæðiskostnaðinn og er með þyngstan kostnað vegna lyfja og læknishjálpar.

Í mörgum tilfellum fær fólk greitt, bæði ellilífeyrisþegar og öryrkjar, út úr almannatryggingunum þessar uppbætur fyrir mikinn húsnæðiskostnað þó þeir séu ekki í leiguhúsnæði heldur einfaldlega í eigin húsnæði. 200 millj. kr. á að taka af þessu fólki þrátt fyrir að komi fram í lagafrv. þessarar sömu ríkisstjórnar og ber þetta fram nú sem var lagt fram á 117. löggjafarþinginu, frv. til laga um húsnæðisbætur. Á þskj. 869 á bls. 15, segir svo, með leyfi forseta: „Húsaleigubótum er ekki ætlað að skerða bætur bótaþega frá Tryggingastofnun ríkisins."

Það er alveg klárt hvað bótaþegi er. Bótaþegi er sá aðili sem þiggur bætur frá Tryggingastofnun ríkisins en hér í fjárlagafrv. er í raun og veru gert ráð fyrir því að skerða eigi, bara vegna húsaleigubótanna einna, bætur og greiðslur til ellilífeyrisþega og öryrkja um 200 millj. kr. þrátt fyrir að annað komi fram í frv. ríkisstjórnarinnar þegar verið var að samþykkja húsaleigubæturnar.

50 millj. kr. á að ná með almennri endurskoðun á bótum almannatrygginga. Hvað átt er við með þessum 50 millj. kr. getur maður í raun og veru ekki gert sér grein fyrir en ef gera ætti einhverjar breytingar á einstökum bótaflokkum hlyti ríkisstjórnin að koma fram með tillögur um slíkar breytingar í því frv. sem er til umræðu um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Því held ég að meiningin sé sú að um mitt ár 1995 eigi svo að lækka viðmiðunartekjur þær sem notaðar eru við útreikninga á tekjutryggingu til ellilífeyrisþega og öryrkja að þar geti sparast 50 millj. kr. Sé það gert er auðvitað öllum þessum 850 millj. kr. velt beint yfir á ellilífeyrisþegana og öryrkjana í landinu. Í fyrsta lagi með því að ætla ekki að láta þá njóta þess sem kemur út úr kjarasamningum. Í öðru lagi með því að skerða um 200 millj. kr. hjá þeim sem við erfiðustu aðstæðurnar búa. Í þriðja lagi með því að skerða til viðbótar um 50 millj. kr. um mitt árið 1995 þegar nýtt tekjuviðmið verður ákveðið.

Í sjúkratryggingum er gert ráð fyrir að spara í lyfjum 200 millj. kr. Það hefur komið fram hjá hæstv. heilbr.- og trmrh. fyrr í þessum þingsal að 200 millj. kr. er áætlað að ná með því að flýta gildistökuákvæðum nýsamþykktra lyfjalaga er snýr að lyfsölu, lyfjadreifingu og verðlagningu lyfja. Ég spyr: Ef þetta er stefna ríkisstjórnarinnar, sem væri þá brot á því samkomulagi sem stjórnarflokkarnir gerðu við stjórnarandstöðuna sl. vor að setja ekki af stað fyrr en 1. nóv. 1995 þau ákvæði sem ég nefndi áðan í lyfjamálunum, en hæstv. heilbr.- og trmrh. hefur lýst því yfir að það eigi að flýta þessu til áramóta. Því spyr ég hæstv. ráðherra: Af hverju eru þau gildistökuákvæði ekki inni í þessu frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum eða er ríkisstjórnin hætt við að ná þessum 200 millj. kr. sparnaði?

Þá er eðlilegast, virðulegi forseti, að sá sparnaður verði strax settur út úr fjárlagafrv. sem þar er fyrirhugaður. 100 millj. kr. á að ná með tilvísanakerfi. Enginn um það að hæstv. heilbrrh. hefur fullt vald til þess að koma tilvísanakerfi á og hefur lagastoð til þess. En um leið og spara á 100 millj. kr. með því að auka aðsóknina að heilsugæslustöðvunum, sem óhjákvæmilega verður með því að koma á tilvísanaskyldu frá heimilislæknum til sérfræðinga, ætla menn að spara 50 millj. kr. í heilsugæslunni og líka að íþyngja heilsugæslustöðvunum með því að leggja niður héraðslæknisembættin og færa þau að stærri hluta til inn á heilsugæslustöðvarnar. Auðvitað hljóta allir að sjá að ekki stendur steinn yfir steini í þessum ráðstöfunum.

Það var ítrekað við lokaafgreiðslu fjárlagafrv. fyrir árið 1994 að 700 millj. kr. vantaði inn í rekstur sjúkrahúsanna á höfðborgarsvæðinu. Þegar menn hins vegar líta á hvaða ráðstafanir í rekstri sjúkrahúsanna á höfuðborgarsvæðinu voru samþykktar við 2. umr. fjáraukalaga í dag sjá menn að þær 700 millj. kr. sem stjórnarandstaðan hélt ítrekað fram við afgreiðslu fjárlaga að þyrftu til að koma til að sjúkrahúsin næðu endum saman voru þær 700 millj. kr. sem menn voru að samþykkja í dag við 2. umr. fjáraukalaga. Það er óhætt fyrir stjórnarliðið að taka mark á því sem stjórnarandstaðan segir í þeim efnum. Flestallt hefur gengið eftir og kannski má segja að oft og tíðum hafi stjórnarandstaðan verið svartsýn í þessum efnum en hversu svartsýn sem hún hefur verið þá má eiginlega segja að spárnar hafi gengið eftir, því miður segi ég því auðvitað væri gríðarlega mikilvægt að ná fram sparnaði í þeim stóra málaflokki sem heilbrigðis- og tryggingamálin eru.

Hræddur er ég um, virðulegi forseti, að menn séu nú með þeim samningi sem gerður hefur verið milli borgarstjórans í Reykjavík og heilbr.- og trmrh. um sameiningu Landakotsspítala og Borgarspítala í Sjúkrahús Reykjavíkur að stíga þar óheillaskref, hæstv. heilbrrh., nema til komi af hálfu ríkisvaldsins ákvörðun um það hvernig verkaskipting skuli vera milli þessara sjúkrahúsa. Með því að sameina þessi tvö sjúkrahús í hér um bil jafnstórt sjúkrahús og Landspítalinn er mun hefjast bullandi samkeppni milli þessara tveggja jafnstóru sjúkrahúsa um takmarkaða fjármuni sem við höfum úr að spila. Reynt verður að byggja upp sömu sérfræðiþjónustuna á báðum spítölunum. Menn fara að keppa um að ná tækjabúnaði inn á sjúkrahúsin þannig að bæði þessi jafnstóru sjúkrahús sem eru Sjúkrahús Reykjavíkur og Landspítalinn berjast fyrir því að ná sama tækjabúnaði inn á stofnanirnar. Þau berjast líka fyrir því að ná sömu sérfræðingunum í sömu sérgreinunum inn á þessar stofnanir og þannig hefst bullandi samkeppni um takmarkaða fjármuni milli þessara stofnana.

Samkeppnin sem sjúkrahúsin á Íslandi eiga að fá á að koma erlendis frá. Það höfum við sýnt og sannað í heilbrigðisþjónustunni að við stöndum þjóðum allt í kringum okkur fyllilega jafnfætis og framar á sumum sviðum og tek ég hjartaskurðlækningarnar sem dæmi þar sem við höfum náð ótrúlegum árangri og fleiri sérgreinar mætti nefna. Við eigum fyrst og fremst að fá samkeppnina inn í heilbrigðisþjónustuna erlendis frá en ekki að keppa innbyrðis um takmarkaða fjármuni sem við höfum úr að spila milli tveggja jafnstórra sjúkrahúsa.

Ég skal viðurkenna að hægt er að koma í veg fyrir þessa innbyrðissamkeppni taki ríkisvaldið rösklega á í þessum efnum og ákveði hvernig verkaskiptingin skuli vera milli sjúkrahúsanna og að sú verkaskipting verði tryggð. Það verða menn að gera með því að einn aðili taki ákvörðun um það hvaða sérfræðingur sé ráðinn inn á hvora stofnunina fyrir sig því sérfræðingur sem er ráðinn inn á viðkomandi stofnun kallar á tækjabúnað í sérgreininni. Það þarf líka að vera einn aðili sem ákveður hvaða tækjabúnaður skuli keyptur inn á viðkomandi stofnun vegna þess að þegar búið er að kaupa tækin kallar tækjabúnaðurinn á sérfræðing. Séu þessar ákvarðanir teknar af einum aðila á grundvelli þeirrar verkaskiptingar, sem ákveðin hefur verið milli þessara stofnana, trúi ég því að hægt sé að ná verulegum sparnaði í sjúkrahúsarekstrinum á höfuðborgarsvæðinu. Ég vonast auðvitað til að hæstv. heilbr.- og trmrh. beiti sér fyrir því af krafti að þeirri verkaskiptingu verði komið á þannig að okkur takist í raun að ná fram sparnaði í sjúkrahúsarekstrinum vegna þess að ég tel að mestu möguleikarnir til sparnaðar í dag séu í heilbrigðis- og tryggingamálunum.

Virðulegur forseti. Þá kem ég að yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um aðgerðir til að stuðla að aukinni atvinnu, stöðugleika og kjarajöfnun. Hæstv. forsrh. hefur setið ágætlega undir umræðunni en ég sé nú, virðulegi forseti, að hann hefur brugðið sér frá. Ég ætlaði í örfáum orðum að gera grein fyrir afstöðu minni til þessarar yfirlýsingar og um leið að spyrja hæstv. forsrh. nokkurra spurninga sem mér finnst rétt á þessu stigi þó svo auðvitað að flest af því sem þarna er lagt til — og nú er hæstv. forsrh. kominn í salinn, ég þakka fyrir það — muni auðvitað sjá dagsins ljós í lagafrv. sem koma inn í þingið.

Mér finnst megineinkenni þessarar yfirlýsingar vera að þar eru ítrekuð og endurtekin loforð sem áður hafa verið svikin. Í öðru lagi er verið að lögfesta hluti sem sú ríkisstjórn, sem nú er, ætlar ekki að bera ábyrgð á og ætlar ekki að sjá um að koma í framkvæmd. Í þriðja lagi finnst mér yfirlýsingin því miður bera allt of mikið með sér að hún sé fögur orð um allt of lítið og oft og tíðum hér um bil ekki neitt. Þó skal að viðurkennt að nokkur atriði eru í yfirlýsingunni sem mér finnst vert að gefa gaum og væri betur að þau kæmust í framkvæmd þó ég sé því miður af reynslunni hræddur um að svo verði ekki.

Í fyrsta lagi samstarf við sveitarfélög um atvinnuskapandi aðgerðir. Hjá fyrri ræðumönnum hefur komið fram að það á að hætta við að svíkja samninginn við sveitarfélögin um að skattleggja þau um 600 millj. kr. Í stað þess á að reyna að ná samningum við sveitarfélögin og svo ég skilji það örugglega rétt þá spyr ég hæstv. forsrh.: Er búið að ná slíkum samningi við sveitarfélögin að þau ætli að fara út í aðgerðir á sínu svæði sem nemi því sama og þau hafa verið að leggja inn í Atvinnuleysistryggingasjóð á undanförnum árum? Sé það niðurstaðan tel ég að menn séu á hárréttri leið í þessum efnum. Mér hefur alltaf fundist vera mjög einkennilegt að draga peninga frá sveitarfélögunum inn í ákveðinn sjóð og síðan eiga sveitarfélögin aftur að skrifa bréf og biðja um að fá þessa peninga aftur til baka. Náttúrlega felst ótrúleg miðstýring og forræðishyggja í þessu og af því að þetta hefur verið gert með þessum hætti held ég því miður að það hafi komið fyrir að sveitarfélögin hafi kannski ekki lagt oft og tíðum eins mikla áherslu á að halda uppi fullri atvinnu í sveitarfélögum sínum af því að menn hafa séð eftir þeim fjármunum sem þeir hafa sent suður í Atvinnuleysistryggingasjóðinn.

Það hefur verið afstaða okkar framsóknarmanna lengi að það væri röng sú leið sem valin hefði verið, sem mér sýnist að ríkisstjórnin sé núna að komast að niðurstöðu um og jafnvel búin en forsrh. svarar því á eftir, að ná samkomulagi um við sveitarfélögin þá hefur hún í samræmi við það frv. sem við þrír þingmenn Framsfl. fluttum á síðasta þingi um að þessum fjármunum skyldi ráðstafað á grundvelli þess sem sveitarfélögin sjálf kysu að hafa en hætt skyldi að draga þessa fjármuni inn í Atvinnuleysistryggingasjóð. Ég fagna því ef þetta er réttur skilningur.

Nýsköpun í atvinnulífi og markaðssókn. Þar segir, með leyfi forseta:

„Til þess að treysta enn frekar undirstöður íslensks atvinnulífs og skapa fleiri störf mun ríkisstjórnin leggja fram frv. um nýsköpun í atvinnulífinu."

Á fundi í efh.- og viðskn. í morgun kom fram að uppi væru hugmyndir um að gera breytingar á Iðnþróunarsjóði, og spyr ég forsrh. hvort ekki sé það rétt með farið hjá þeim mönnum er þar mættu. Ég held að þarna sé um skynsamlega hluti að ræða og vonast til að hugmyndin sé að breyta Iðnþróunarsjóði í nýsköpunarsjóð og fagna því að ríkisstjórnin skuli í hafa tekið beint upp úr flokksþingssamþykktum Framsfl. sem haldið var á Hótel Sögu 25.–27. nóvember sl. sem var undir yfirskriftinni „Fólk í fyrirrúmi" en þar segir, með leyfi forseta:

„Breytt hlutverk Iðnþróunarsjóðs. Í tengslum við þá breytingu sem stendur fyrir dyrum og eignarhald á Iðnþróunarsjóði þegar sjóðurinn færist alfarið á íslenskar hendur vill Framsfl. að Iðnþróunarsjóður hætti hefðbundnum lánveitingum en verji eigin fé sínu þess í stað til fjárfestingar í íslensku atvinnulífi. Þannig verði vaxandi og arðvænlegum fyrirtækjum gert kleift að takast á við ný verkefni, hefja nýja sókn. Iðnþróunarsjóður verði áhættufjármagnssjóður sem fjárfestir í innlendum fyrirtækjum, bæði starfandi og nýjum fyrirtækjum. Ríkið mun leggja fram hluta hagnaðar opinberra lánasjóða til að styrkja nýtt hlutverk Iðnþróunarsjóðs næstu fimm árin."

Nú spyr ég hæstv. forsrh.: Er það þetta sem ríkisstjórnin ætlar að gera? Sé svo, þá fagna ég því.

Síðar í greininni segir: „Jafnframt hefur ríkisstjórnin ákveðið sérstakar aðgerðir til þess að auka erlendar fjárfestingar hér á landi." Ég spyr hæstv. forsrh.: Hvaða aðgerðir eru það sem ríkisstjórnin ætlar að grípa til í þessu sambandi?

Afnám tvísköttunar lífeyrisgreiðslna. Það er reyndar spurning sem hefur kannski komið fram en hefur ekki verið svarað hvernig þau 15% af útborgun lífeyris eru fundin sem þarna er gert ráð fyrir að greiða út. Ég held og er þá ekki sammála hv. þm. Jónu Valgerði áðan að skynsamlegt sé að þetta bara í innskattinum. Ég held að það sé skynsamlegra að taka þetta í útskattinum og gera það með einhverjum þeim hætti sem hér er lýst. Ég ætla hins vegar ekkert að kveða upp úr um það hvort 15% sé nákvæmlega rétt hlutfall en spyr hæstv. forsrh. hvernig þessi 15% séu tilkomin og hvað það sé sem þar liggi að baki.

Hækkun skattleysismarka. Fleiri hv. þm. hafa gert það að umræðuefni. Þar er hrein og bein blekking á ferðinni, því miður vil ég segja, hæstv. forsrh., vegna þess nú nokkrum dögum fyrir áramót er því lýst yfir að það eigi að hækka skattleysismörkin um 2.150 kr. á árinu 1995 þegar í raun og veru lá fyrir í byrjun október þegar fjárlagafrv. kom fram að þessi hækkun kæmi og væri gert ráð fyrir henni. Enda hefur það verið svo að það hefur verið sjálfstæð ákvörðun þingsins um hver einustu áramót að ákveða hver skattleysismörkin skuli vera. Síðan hefur það hækkað sjálfkrafa um eitt ár. Það hefði auðvitað ekkert gengið fyrir sig með öðrum hætti nú nema að það hafi verið ákvörðun ríkisstjórnarinnar, hún hefði legið fyrir og það hefði verið hennar meining, að í raun og veru að lækka skattleysismörkin eins og gert var fyrir tveimur árum. Því trúi ég varla undir þessum kringumstæðum.

Hafi það verið tilgangurinn með því útspili, sem hér er sett á blað, að ætla nokkuð að rétta af skattastefnu ríkisstjórnarinnar og þá um leið skattastefnu Sjálfstfl. vil ég enn einu sinni rifja það upp að fyrir alþingiskosningarnar 1991 lofaði Sjálfstfl. þjóðinni og þeim sem kusu flokkinn og reyndar allri þjóðinni að kæmist hann til valda að afloknum kosningum 1991 þá skyldi tekjuskattsprósenta einstaklinga fara niður í 35%. (**Forsrh.:** Þetta er ósatt.) Það er ekki ósatt, hæstv. forsrh. Ég hef ítrekað vitnað í landsfundarsamþykkt Sjálfstfl. frá þessum tíma. Því miður er ég ekki með hana hér en ég skal gefa hæstv. forsrh. ljósrit af landsfundarsamþykktinni á eftir. Ég hef áður vitnað í hana undir svipuðum kringumstæðum og nú. Þetta er staðreynd, hæstv. forsrh., og mér þykir svakalegt ef hæstv. forsrh., formaður Sjálfstfl., veit ekki hvað stendur í landsfundarsamþykktum Sjálfstfl. Það væri mjög alvarlegt hafi hann gengið til alþingiskosninga í apríl 1991 án þess að átta sig á því hvað stæði í landsfundarsamþykktum Sjálfstfl. sem voru samþykktar í mars, nokkrum vikum áður. Þar stendur að tekjuskattsprósentan eigi að fara niður í 35% úr 39,79%. Nú er það svo að hún er komin upp í 42% og þá sjá menn hvernig þeir hafa staðið við þau kosningaloforð sem þarna voru gefin. Þetta eru ekki rangfærslur, hæstv. forsrh., ég skal koma ljósriti af þessari landsfundarsamþykkt til forsrh. á eftir. Þar stendur þetta svart á hvítu.

En fleiri stjórnmálaflokkar lofuðu að grípa til aðgerða til skattalækkana fyrir alþingiskosningarnar 1991 en Sjálfstfl. Það var Alþfl. Hann lofaði því að skattleysismörkin skyldu fara í 80 þús. kr. Þau hafa lækkað á kjörtímabili þessarar ríkisstjórnar. (Gripið fram í.) Því miður er það rétt, hv. þm., að allar yfirlýsingar hjá báðum stjórnarflokkunum, hvort sem þær voru gefnar á landsfundum Sjálfstfl., flokksþingum Alþfl., í kosningabaráttunni eða hjá þessum tveimur flokkum eftir að þeir komu í ríkisstjórn um hvað ætti að gera í skattamálum hafa allar verið sviknar. (**Gripið fram í:** Meira að segja einkavæðingin.) Síðan á, virðulegur forseti, að grípa til samstarfs um lausn á greiðsluvanda vegna húsnæðislána. Ég fagna því. Hér er óljóst orðalag um það hvað skuli gert en ég les það út úr orðalaginu að mér finnst við vera á réttri leið í þessum efnum. Það á að leita samstarfs við lánastofnanir og þá aðra aðila þar sem skuldir eintaklinganna verða til. Ég held að þarna séu menn á réttri leið. Við framsóknarmenn erum þeirrar skoðunar að breyta eigi Húsnæðisstofnun ríkisins í allsherjar skuldbreytingar- og endurreisnarstöð heimilanna sem hafi það hlutverk að sjá um félagslega íbúðalánakerfið og í raun líka að sjá um þessar skuldbreytingar, en hér er sagt:

„Gera verður sérstaka úttekt á greiðsluvanda heimilanna hjá lánastofnunum vegna húsnæðisöflunar og verður hún grundvöllur frekari ákvarðana."

Hér þarf engrar rannsóknar við. Það liggur alveg skýrt fyrir hverjar ástæður greiðsluerfiðleika heimilanna eru. Þær eru af tvennum toga spunnar. Í fyrsta lagi er það húsbréfakerfið sem þessi ríkisstjórn ber ekki bara ábyrgð á. Það gerði fyrri ríkisstjórn að stórum hluta til. Húsbréfakerfið eru stóru mistökin í þessu öllu saman þar sem lánstíminn er styttur, þar sem vextirnir eru hækkaðir og þar með þyngist greiðslubyrðin.

Í öðru lagi er það stefna ríkisstjórnarinnar. Það er atvinnuleysið, það eru skattahækkanirnar, það er lækkunin á vaxtabótunum, það er lækkunin á barnabótunum. Stefna ríkisstjórnarinnar bitnar einnig á mörgum einstaklingum sem eru það heppnir að hafa atvinnu og séu þeir það heppnir að geta aukið við vinnu sína er ríkisstjórnin búin að snúa skattkerfinu svo á haus í sinni tíð að af hverjum 100 kr. sem hver einstaklingur getur unnið sér inn til viðbótar við það sem hann hefur í dag borgar hann fyrst 75 kr. til Friðriks Sophussonar, hæstv. fjmrh., áður en hann heldur sínum 25. Hvaða einstaklingur hefur áhuga á að auka vinnu sína undir þessum kringumstæðum? Hættan er sú að menn vinni bara dagvinnuna og þegar henni lýkur fari menn því miður að vinna undir allt öðrum kringumstæðum og hjá þeim er hugsanlega ekkert gefið upp af því sem er verið að gera. Að útbúa skattkerfi sem býður upp á slíka hluti er alveg stórhættulegt. Þess vegna er auðvitað fyrsta verkið, sem þarf að stíga, 10. liðurinn í aðgerðum ríkisstjórnarinnar sem hún ætlar að beita sér fyrir, þ.e. aðgerðir gegn skattsvikum. En menn verða að byrja á því að breyta skattkerfinu ef þeir ætla að ná

árangri í þessum efnum.

Nú er því miður, virðulegi forseti, skammt eftir af tíma mínum en ég hefði í örfáum orðum í lokin viljað gera grein fyrir því hvernig við framsóknarmenn vildum og höfum lagt til að skattkerfið sé stokkað upp. Sjálfsagt vilja einhverjir hv. þingmenn koma upp og segja: Ja, er það ekki með því að leggja á matarskattinn, hækka matarskattinn úr 14% í 21, 22, 23%? Nei, það er ekki með þeim hætti. Það er skýr afstaða flokksþings framsóknarmanna að það verður ekki gert. Virðisaukaskattur á matvæli verður ekki hækkaður. (**Forsrh.:** Sat formaður flokksins fundinn?) Eins og hæstv. forsrh. varð vitni að fyrir ári flutti formaður flokksins gagnmerkar tillögur, og það gerðum við framsóknarmenn allir, um breytingar á skattkerfinu sem tóku á þeim þáttum að menn ætluðu að reyna að koma í veg fyrir skattsvik. Menn vildu ekki opna kerfið þannig að það byði upp á aukin skattsvik. Tillaga okkar var sú að færa virðisaukaskattinn allan niður og þeim fjármunum, sem þannig hefur sparast á því með því að fara með hann niður í 14% og öðrum aðgerðum sem gripið var til með eignarskattsálagningu á peningalegar eignir og þeim tekjum sem þannig hefðu komið inn, vildum við ráðstafa til þess að hækka barnabætur, hækka vaxtabætur og milljarður stóð þá eftir sem við hefðum getða notað til þess að hækka skattleysismörkin. Þá hefðum við auðvitað tekið tillit til þess að skattsvikin yrðu minni en í stefnir með þeirri leið sem valin var.

Niðurstaða Þjóðhagsstofnunar varð sú þegar þetta var kannað að þessar aðgerðir leiddu til meiri jöfnuðar milli þeirra í þjóðfélaginu, þeirra ríku og þeirra fátæku, þ.e. það var meiri kjarabót, sem fólst í þessum tillögum, en þeirri tillögu sem ríkisstjórnin ákvað fyrir það fólk sem verst var sett í þjóðfélaginu. Framsóknrmenn urðu hins vegar undir í atkvæðagreiðslum um málið á Alþingi. Við höfðum fyllilega gert okkur grein fyrir því að ekki þýðir að reyna undir þeim kringumstæðum nú að ætla að hækka virðisaukaskattinn. Við erum raunsæismenn og á þeim grunni ákváðum við á flokksþinginu að það skyldi ekki gert. En við viljum taka upp samstarf við aðra stjórnmálaflokka, við aðila vinnumarkaðarins um uppstokkun á skattkerfinu, sem dregur úr þeim háa jaðarskatti sem lýsti áðan, 70–75% jaðarskatti. Við viljum ná samkomulagi um þá hluti við aðila vinnumarkaðarins og aðra stjórnmálaflokka því það er knýjandi mál að koma því hér fram að við getum dregið úr eða lækkað þessa háu jaðarskatta og dregið þá um leið úr skattsvikum.

[22:55]

Iðnaðarráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vildi aðeins svara nokkrum atriðum sem sérstaklega var vikið að í ræðu hv. þm. Auðvitað geta menn endalaust deilt um tölur. Við höfum þar aðila til að skera þar úr um. Annar aðili fjallar um ríkisbúskapinn og heitir Ríkisendurskoðun. Úttekt Ríkisendurskoðunar á sparnaði hins opinbera í heilbrigðismálum frá því að þessi ríkisstjórn tók við liggur fyrir. Hv. þm. þarf ekki annað en rifja upp það sem þar segir til þess að ganga úr skugga um hver niðurstaðan hefur orðið fyrir ríkisvaldið. Í aprílmánuði sl. kom út skýrslan Úr þjóðarbúskapnum, sem var gefin út af Þjóðhagsstofnun. Þar leggur Þjóðhagsstofnun mat á samanlögð heilbrigðisútgjöld þjóðarinnar allrar. Þar segir Þjóðhagsstofnun að á árinu 1991 til ársins 1993 hafi heildarútgjöld Íslendinga til heilbrigðismála lækkað um á sjötta þúsund kr. á hvert mannsbarn á öllu landinu. Á sama tíma vorum við að taka í notkun 130 ný hjúkrunarrúm fyrir öldrunarsjúklinga, 6 nýjar heilsugæslustöðvar, við vorum að taka í notkun Sogn, við vorum að taka í notkun glasafrjóvgunardeild, við vorum að auka hjartaaðgerðir um 60%. Þ.e. að á sama tíma og þessi árangur náðist í heildarsparnaði fyrir þjóðina vorum við að auka mjög þjónustuframboð í heilbrigðiskerfinu. Ég ætla ekki að rífast við hv. þm. um þessi atriði. Ég bendi honum einfaldlega á að líta á úrskurði þeirra aðila sem gerst þekkja og um þessi mál fjalla og liggur nú fyrir og frekari deilur ætla ég ekki að hafa við hann.

Hvað varðar þau atriði er snerta afgreiðslu fjárlaga og hann spurðist fyrir áðan vísa ég einfaldlega til þess að verið er að afgreiða fjárlög. Það liggja fyrir tillögur til 2. umr. Innan skamms koma tillögur til 3. umr. Þar mun þeim spurningum sem hann lagði fram verða svarað, þau tengjast fjárlagaafgreiðslunni og þeim verður svarað á réttum stað og réttri stundu. Réttur staður er Alþingi Íslendinga, rétt stund er þegar fjárlagaafgreiðsla fer fram.

[22:57]

Finnur Ingólfsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Auðvitað verður að byggja á þeim gögnum sem menn hafa í höndum þegar menn tala um tölur, hæstv. heilbr.- og trmrh. Ég er með fjárlagafrv. ríkisstjórnarinnar og ég vonast til þess að hægt sé að taka mark á því en þar kemur fram á bls. 324 að samkvæmt reikningi 1991 séu heildarútgjöld heilbrigðis- og tryggingamálanna 50 milljarðar 446 millj. Frv. árið 1995 til fjárlaga gerir ráð fyrir 45 milljörðum 376 millj. Þetta gerir 5 milljarða og 70 millj. kr. Ég held að hæstv. heilbr.- og trmrh. hafi verið viðstaddur þá atkvæðagreiðslu þegar við samþykktum í dag viðbótarútgjöld fyrir heilbr.- og trmrn. upp á 2 milljarða kr. við 2. umr. Ég býst fastlega við að það frv. eigi að fara til 3. umr. og síðan til endanlegrar afgreiðslu þannig að þá sagði ég áðan: Þá eru ekki eftir nema 3 af þeim 5 sem menn hafa náð í sparnaði, 2 milljarðar kr. fullyrti ég á grundvelli þess sem ráðuneytisstjórinn í heilbr.- og trmrn. sagði á fundi heilbr.- og trn. að vantaði inn í fjárlagafrv. fyrir árið 1995. Ef það er rétt, sem við skulum ekki fara að deila um núna, og sjá til hver niðurstaðan verður þegar upp er staðið í lok næsta árs þá er einn milljaður sem er í sparnað og þessum eina milljarði fullyrti ég að þeir hefðu velt yfir á þá sem erfiðast eiga, sjúklinga, ellilífeyrisþega og öryrkja.

[22:59]

Iðnaðarráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Fjárlög eru spá um útkomu tíma

sem ekki er kominn. Úttekt Ríkisendurskoðunar og Þjóðhagsstofnunar er dómur um reynslu. Sá dómur liggur fyrir. Við getum endalaust deilt um það hvað framtíðin kann að bera í skauti sér en við getum ekki deilt um það hvað úrskurðaraðilar hafa sagt. Að láta sér detta í hug að bera saman einfaldar tölur og áætlun um ríkisútgjöld á næsta ári eða fjárlögum eða ríkisreikningi árið 1991 án þess að taka með í reikninginn þá fjölgun sem þar hefur átt sér stað á bótaþegum trygginga, án þess að taka þar með í reikninginn þá fjölgun sem átt hefur sér stað á þjónustutilefnum í heilbrigðismálum, sem taka til sín mikið aukið fjármagn, og halda því svo fram að ekki sé um sparnað á útgjöldum ríkisins að ræða eða halda því fram að verið sé að velta útgjaldasparnaði ríkisins yfir á einstaklingana þvert gegn því sem Ríkisendurskoðun og Þjóðhagsstofnun hafa dæmt um. Og að hv. þm. skuli halda því fram að hann hafi ekki með höndum þær upplýsingar sem komið hafa fram um þessi mál frá Ríkisendurskoðun og Þjóðhagsstofnun — síðast komu upplýsingar frá Þjóðhagsstofnun um þetta í apríl á þessu ári — sýnir bara eitt, virðulegi forseti, og það er að hv. þm. fylgist ekki með. Ef hv. þm. fylgist með og vinnur sitt starf eins og hann á að gera og ég vænti þess að hann geri trúi ég því ekki að hann hafi ekki kynnt sér niðurstöður Ríkisendurskoðunar sem fjallar um þessi mál og niðurstöður Þjóðhagsstofnunar sem fjallar um þessi mál líka og komst að þeirri niðurstöðu að þrátt fyrir stóraukna heilbrigðisþjónustu á Íslandi, þrátt fyrir að biðlistar eftir aðgerðum hafi styst, tókst að ná þeim árangri að spara í heildarútgjöldum íslensku þjóðarinnar á tveimur árum sem samsvaraði á sjötta þúsund kr. á hvert mannsbarn í landinu. Sá hv. þm. sem ætlar að skipta sér af heilbrigðismálum og þykist ekki vita þetta eða hafa þetta við höndina á mikið ólært.

[23:01]

Finnur Ingólfsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hygg að sá hæstv. heilbr.- og trmrh. sem veit ekki hvað er í í fjárlagafrv. eigin ríkisstjórnar eigi mikið ólært. Það er einfaldlega svo að ég tók tölur úr fjárlagafrv. hæstv. ríkisstjórnar og bar saman það sem var að gerast í dag og það sem stendur í fjárlagafrv. Ég hef ekki lagt neitt mat á það, hæstv. ráðherra, í ræðu minni og gerði ekki neitt óskaplega mikið úr þessum þætti málsins, ég hef ekki lagt mat á það hvort aðgerðum hafi fjölgað, hvernig fjármunirnir hafa nýst og fram eftir götunum. Heil umræða þyrfti að fara fram um það og spurning hvort öllum þeim fjármunum, sem þarna hefur verið varið, hefur verið skynsamlega varið. Ég vísa þá til þeirrar umræðu og hvort eigi að fara að verja þeim skynsamlega, eða þeirra orða minna áðan um það að mér fannst og finnst að það geti verið hættuleg braut sem ríkisstjórnin er að fara inn á með því að sameina sjúkrahúsin nema komið verði á skýrri afmarkaðri verkaskiptingu milli þessara sjúkrahúsa. Ég ítreka það. En tölurnar sem hér eru, hæstv. heilbr.- og trmrh., eru bara úr fjárlagafrv. eigin ríkisstjórnar. Ef Ríkisendurskoðun er með einhverjar allt aðrar tölur þá er eitthvað bogið við þetta.

Útbýting þingskjala:

Fjárlög 1995, 1. mál, nál. meiri hluta fjárln., þskj. 353; brtt. meiri hluta fjárln., þskj. 354.

[23:03]

Pétur Bjarnason:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1995 og einnig er mjög eðlilegt að rædd sé í sömu lotu að einhverju leyti yfirlýsing ríkisstjórnarinnar um aðgerðir til að stuðla að aukinni atvinnu, stöðugleika og kjarajöfnun.

Nú er það svo að mjög margir þingmenn fengu þessi skjöl í hendur í dag, einstöku fengu annað plaggið fyrir helgi og ekki hefur gefist mikill tími til þess að kynna sér þetta. Engu að síður ætla ég að ræða nokkra þætti málsins og byrja á að ræða svolítið um I. kafla og 1. og 2. gr. þessa frv. sem fjalla um skólamál.

Í 1. gr. segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Eftirtalin ákvæði laganna koma ekki til framkvæmda á fyrri hluta árs 1995 og ekki á skólaárinu 1995–1996:

a. 3. mgr. 4. gr.

b. 1. og 6. mgr. 46. gr."

Þetta eru ákvæði í grunnskólalögunum 1991 og áttu að koma til framkvæmda á næstu þremur árum samkvæmt ákvæðum til bráðabirgða en þeim hefur verið frestað æ ofan í æ.

3. mgr. 4. gr. fjallar um málsverð í skólum. Framkvæmd hennar hefur verið frestað ár frá ári en ég velti fyrir mér hvers vegna er verið að fresta þessari framkvæmd nú þegar hefur komið fram í umræðum um frv. til nýrra grunnskólalaga að í rauninni er engin þörf á því þar sem í greinargerð með frv. til laga um grunnskóla stendur um þessa málsgrein, með leyfi hæstv. forseta: „Þar er átt við að nemendur geti keypt mat í skólanum eða komið með nesti að heiman og hafi aðstöðu í skólanum til að neyta matar. Sveitarfélögum er ekki gert skylt að stofna og reka mötuneyti."

Ef þessi túlkun á ákvæðum núgildandi laga er svona skil ég ekki vegna hvers er yfirleitt verið að fresta þessu ákvæði því sé engin skylda á sveitarfélögum eftir nýju frv. til þess að stofna og reka mötuneyti er tæpast frekari skylda samkvæmt áliti sömu manna til þess að gera það af hálfu ráðuneytis. Mér finnst þetta vera svolítið sérkennilegt. Þessa túlkun hafði ég reyndar ekki heyrt fyrr en hún kom til tals við þessa umræðu en ef hún er í gildi þá er í rauninni ekkert sem þarf að gera annað en það sem verið hefur að nemendur koma með nesti sitt og borði það og greinin því í rauninni marklaus eins og hún hefur verið og jafnmarklaus í nýju frv. Á þetta var reyndar bent í þeirri umræðu.

Auk þessa er rætt um 1. og 6. mgr. 46. gr. Það er um vikulegan kennslustundafjölda. Samkvæmt núgildandi lögum um grunnskóla ætti vikulegur kennslustundafjöldi í grunnskóla að vera 314. Af þeim eru aðeins kenndar 293 á viku. Það vantar 21 vikustund upp á að þessum lögum sé framfylgt. Niðurskurði hefur verið beitt ár eftir ár síðan lögin voru sett og er enn beitt á sama tíma og í þinginu er frv. til nýrra grunnskólalaga þar sem á að gera miklum mun betur. Reyndar sýndi ég fram á í þeirri umræðu að í því frv. er svo-

lítill blekkingaleikur stundaður þar sem það er alls ekki gert ráð fyrir að ákvæði núgildandi laga komi til framkvæmda fyrr en á árinu 1997 því samkvæmt frv. er áætlað að bæta við sex stundum á næsta hausti, reyndar nákvæmlega sama og gert er ráð fyrir í fjárlagafrv. Á árinu 1996 er gert ráð fyrir að stundum fjölgi upp í 309. Eins og ég gat um áðan eru í núgildandi lögum 314 vikustundir þannig að ekki fyrr en árið 1997 fara vikustundir upp í 319 og þar með umfram ákvæði núgildandi laga.

Að vísu er tekið fram í greinargerð með frv. að nái frv. um ný grunnskólalög fram að ganga verður ekki þörf á þessum tveimur greinum og munu þær þá verða felldar niður.

Margt bendir til þess að menn hafi ekki mikla trú á því að nýtt frv. til grunnskólalaga verði samþykkt á þinginu og þar ber reyndar býsna margt til. Það er mjög stutt til næstu áramóta en þau tímamörk höfðu samtök sveitarstjórna sett til þess að uppfyllt væru ýmis skilyrði til að þau gætu fallist á gildistíma og gildistöku laganna 1. ágúst 1995. Ekkert bendir til að það mál sé komið miklu lengra en þegar frv. til grunnskólalaga var rætt í haust. Enn þá eru ófrágengin kjaramál kennara sem hlýtur að vera mjög stór hluti þessa pakka. Það hefur borið mjög á trúnaðarbresti milli sveitarfélaga og ríkisstjórnar. Enda þótt nú sé verið að reyna að berja í brestina er ljóst að ýmis brigðmæli, sem þarna hafa verið á, hafi farið fyrir brjóstið á sveitarstjórnarmönnum og þeir eru efins um að ríkisstjórninni sé treystandi.

Síðan er, eins og oft hefur verið bent á, ekkert ljóst hvað verður gert við allt stoðkerfi skólakerfisins sem hefur verið rekið af fræðsluskrifstofum víðs vegar um landið. Reyndar verð ég að bæta við, virðulegur forseti, upplýsingum, sem komu fram nýlega innan úr menntmn. frá fulltrúum menntmrn., og komu mér í opna skjöldu og ég tel víst að komi sveitarstjórnarmönnum í opna skjöldu. Þess vegna finnst mér rétt að greina frá þeim og jafnframt spyrjast fyrir um hvort sá skilningur sem fulltrúar ráðuneytisins færðu okkur sé réttur. En málið snýst fyrst og fremst um það að rætt hefur verið um að stoðþjónusta sú, sem fræðsluskrifstofur veita, verði veitt af sveitarfélögum við gildistöku nýrra laga um grunnskóla. Í allri umræðunni, sem ég hef tekið þátt í, og öll þau sjónarmið, sem ég hef heyrt sett fram um þessi mál, er reiknað með því — og ég man ekki betur reyndar en það hafi verið tekið fram í útreikningum um kostnað sem færa skyldi yfir — að allur kostnaður við fræðsluskrifstofur færist yfir til sveitarfélaganna til þess að þau geti síðan veitt samsvarandi þjónustu fyrir sína skóla. Rætt hefur verið um að skipuleggja þyrfti hvernig hún gæti farið fram, hvort sú þjónusta verður veitt af einstökum stórum sveitarfélögum eða af samlagi smærri sveitarfélaga og ég reikna með því að víðs vegar úti um land verði nauðsynlegt að svo verði gert. En á áðurgreindum fundi komu fram þau sjónarmið þegar rætt var um aukið hlutverk mennmrn., sem mun taka að sér miklu meira eftirlitshlutverk en áður er, mun verða að leggja mikla vinnu í samræmd próf, í úttektir og þróunarstarf í skólunum því það er gert ráð fyrir að allt að 40 grunnskólar verði í úttekt hvert ár. Þeir verði rannsakaðir fimmta hvert ár af hálfu ráðuneytis. Þegar spurt var um hvort þetta hefði ekki mikinn kostnað í för með sér, þ.e. hvort ekki þyrfti aukinn mannafla suður í ráðuneyti og hvort hér væri ekki um að ræða átak í miðstýringarátt var því borið við að e.t.v. mundi sá hluti af starfi fræðsluskrifstofanna sem sneri að eftirlitsstörfum með skólanum á vegum ráðuneytis, flytjast suður í ráðuneyti. Þetta finnst mér vera verulega alvarlegt mál ef rétt er og að mínu viti hefur ekki verið rætt um þetta í samningum milli ríkis og sveitarfélaga. Þess vegna er nauðsynlegt að fá úr því skorið hvort til stendur að hluta sundur hlut fræðsluskrifstofanna og skipta þeim milli sveitarfélaga og ríkis eða hvort það verður eins og rætt hefur verið um að fræðsluskrifstofupakkinn í heilu lagi færist yfir til sveitarfélaganna til þess að veita þar sambærilega þjónustu og veitt hefur verið af hálfu menntmrn. í gegnum fræðsluskrifstofur.

Síðan er það í sambandi við niðurskurðinn á grunnskólanum. Maður veltir fyrir sér hvernig á að skila grunnskólanum yfir til sveitarfélaga þegar og ef af því verður sem ég reikna reyndar með að verði þó að mín skoðun og trú sé að tímamörk séu löngu fallin og þetta verði líklega einu til tveimur árum síðar en stefnt hefur verið að, fyrst og fremst vegna þess að undirbúningsvinnan er svo skammt á veg komin.

Maður veltir fyrir sér hvort eigi að skila grunnskólanum svo aðþrengdum sem hann er nú og síðan þegar sveitarfélögin hafa tekið við þá verði lögin látin taka gildi. Þá er það sveitarfélaganna að borga brúsann og mér finnst það ekki verulega góð pólitík ef svo er. En ég endurtek að ég tel að flutningur grunnskólans til sveitarfélaga sé fallinn á tíma og mín skoðun er reyndar sú að grunnskólafrv. hafi verið of viðamikið. Í stað þess að taka fyrst og fremst á þeim þáttum sem sneru að flutningi grunnskólans, afmarka þá og skýra, var svo til hver hver einasta grein tekin og henni breytt. Það eru mjög margar nýjar áherslur og allt aðrar en verið hafa. Ég held að þetta valdi því ásamt öðru að grunnskólafrv. mun ekki fara í gegn, bara vegna tímaskorts, ekki vegna óvilja manna við þetta, heldur er breytingin svo viðamikil að það kostar mikla umræðu. Mín skoðun er sú að hefði verið tekið á þáttum sem voru nauðsynlegir hefði frv. náð afgreiðslu og það hefði ekki staðið á því.

Í 2. gr. er rætt um að í stað orðanna „1993 og 1994“ og „skólaárið 1994–1995“ komi: 1994–1995 og 1995–1996. Hérna er um að ræða eitt niðurskurðarákvæði til. Í lögunum stendur að meðalfjöldi í bekk skuli vera 24 að jafnaði í grunnskólum. Svo sem flestum er kunnugt er fjöldi í bekk núna miðaður við 28–29, það er heimild til að fjölga upp í 29 og reyndar eru dæmi um að fleiri nemendur séu í einstökum bekkjum. Auðvitað er þetta niðurskurður því að það að uppfylla ákvæðið kostar mun fleiri bekkjardeildir, fleiri kennarastöður og þar af leiðandi meira fjármagn. En þetta er skorið niður ásamt öðru og ekki þörf að hafa miklu fleiri orð um það. Áðan kom fram að niðurskurður í skólunum vegna kennslu er tæpar 200 millj.

Mig langar að fara nokkrum orðum um fleiri ákvæði þessa frv. og kem ég kannski næst að 3. gr. frv. um breytingu á lögum um málefni fatlaðra. Þar stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Þrátt fyrir ákvæði 40. gr. laganna, um hlutverk Framkvæmdasjóðs fatlaðra, er á árinu 1995 heimilt að verja allt að 40% af ráðstöfunarfé sjóðsins til eftirfarandi verkefna samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra" og það síðan talið upp.

Nú er það svo að hlutverk Framkvæmdasjóðs fatlaðra er og hefur lengst af verið að veita fjármagn sitt til uppbyggingar, til nýframkvæmda og það var ekki ætlað til reksturs. Mér sýnist að greinin beri með sér að ríkið telji sig ekki ráða við reksturinn og er að klípa þarna af tekjustofni sem er ætlaður til annarra hluta. Þetta er í samræmi við II. kafla þessa frv. „þrátt fyrir ákvæðin" öll. Mig langar aðeins til þess að ræða í þessu sambandi þá breytingu sem gerð var þegar svæðisstjórnir um málefni fatlaðra voru lagðar af og svæðisráð tekin upp í staðinn.

Það var ekki svo að hér væri um einfalda og litla nafnabreytingu að ræða, síður en svo. Svæðisstjórnir um málefni fatlaðra réðu ákveðnum þáttum í starfsemi svæðisskrifstofanna úti um landið. Þær gátu haft áhrif á ýmsa þætti. Ákvarðanir voru teknar heima. Svæðisstjórnir voru virkir þátttakendur í starfi, bæði þeirra stofnana sem undir svæðisstjórn heyrðu, í starfi svæðisstjórnar sjálfrar og í þeim ákvörðunum sem voru teknar. Með breyttum lögum var allt þetta vald tekið af svæðisstjórnum sem voru þá farin að heita svæðisráð, það var allt saman flutt suður til Reykjavíkur í félmrn. og nú verða svæðisskrifstofur að sækja öll sín ráð suður til Reykjavíkur. Svæðisráðin koma endrum og eins saman víðast hvar. Ég held að þau komi þó yfirleitt saman einu sinni, kannski tvisvar á ári og ég held að það sé gert ósköp lítið annað en að drekka kaffi og hlusta á skýrslur þeirra sem stýra svæðisskrifstofunum fyrir hönd félmrn. Þetta var afar vond þróun og var varað við henni á sínum tíma. Ekki var hlustað á það en reynslan hefur sýnt svo að ekki verður um villst að þetta eru nákvæmlega þau áhrif sem hafa orðið. Málefnum fatlaðra úti um landið er stýrt af svæðisskrifstofum sem verða að sækja öll sín ráð til félmrn. og því er um að ræða að hérna hafi verið fært mjög til miðstýringar og það þykir mér verulega miður.

Virðulegi forseti. Eins og ég gat um áður ber tvennt til, að þetta er fyrir skömmu komið á borð þingmanna og ég hef ekki haft tækifæri til að fara svo ítarlega í hverja grein eins og vert væri eða þurft hefði til þess að geta tjáð mig um þær allar enda hefur verið farið allrækilega í marga þætti í umræðunni í dag þannig að ég mun stikla nokkuð á stóru með þetta.

Mig langaði aðeins til þess að ræða um II. kafla frv. þar sem 20 lagabálkar eru gerðir ómerkir að meira eða minna leyti og það sem er samkvæmt lögum ákveðnir tekjustofnar sem eru nú skertir og hafa reyndar verið skertir ár frá ári. Ég nefni sem dæmi listskreytingasjóð, sem hér er á blaði, þar skulu framlög falla niður. Síðan eru skerðingar á ýmsum ákvæðum sem eru að mínu viti mjög þörf og svolítið sérstakt að skuli vera skert. Það eru ýmsar skerðingar til landbúnaðarins, það eru skerðingar samkvæmt þjóðminjalögum í Húsafriðunarsjóð og ég nefni t.d. 13. gr. um útvarpslög. Þrátt fyrir ákvæði um útvarpslög skulu tekjur vegna aðflutningsgjalda af innfluttum hljóðvarps- og sjónvarpstækjum ásamt fylgihlutum renna í ríkissjóð. Það er svolítið sérstakt að skerða sjálfstæðar tekjur stofnana til þess að láta það renna í ríkissjóð til þess að geta síðar úthlutað þeim aftur til þessara sömu stofnana. Það getur vel verið að það sé einhver æðri lógik á bak við þetta. Hún er þá göfugri en svo að ég nái að skilja hana, því miður, virðulegi forseti. En þetta hefur reyndar viðgengist ár eftir ár og virðist vera frekar vinsælt í þinginu, nokkuð sama hver er við völd. Það er ekki mikill munur á því. Sá siður hefur verið viðhafður og verður trúlega áfram þar sem þetta þykir allgóð regla, heyri ég marga telja.

Í 22. gr. er rætt um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra og framlag ríkissjóðs til Gæsluvistarsjóðs skal falla niður á árinu 1995. Þetta á sér vafalaust einhverjar haldbærar skýringar en maður hlýtur að velta aðeins fyrir sér að á sama tíma og þetta er gert er hér til umræðu í þinginu frv. um mjög aukið frjálsræði í innflutningi og sölu á áfengi þar sem sá aðili sem hefur annast það hefur talið sig skuldbundinn til þess að sjá jafnframt um afleiðingar áfengis og reynt að sjá til þess að verja einhverju af þeim tekjum sem af þessu fást til meðferðar og annars þess sem hlýst af þessu. Mér virðist að frv., sem er til umfjöllunar, sé ekki í þá veru að þeir sem flytji og selji áfengi eigi að bera þennan kostnað heldur muni það áfram verða á herðum ríkisins. Það er svolítið sérstakt að þetta framlag skuli vera fellt niður á sama tíma og verið er að auka þetta frjálsræði sem mun óhjákvæmilega leiða til meiri þarfa til meðferðar slíkra mála.

Ég get ómögulega látið hjá líða að nefna 25. gr. þar sem ég hef yfirleitt reynt að koma að þeim málum ef ég hef haft tækifæri til þess. Það er varðandi framlag ríkissjóðs til Ferðamálasjóðs. Ég get aldrei hætt að furða mig á þessu, virðulegi forseti. Sú atvinnugrein sem fyrir hverjar einustu kosningar er prísuð sem sú vænlegasta, bjargráð þjóðarinnar á krepputímum, mesta aukning sem fram undan er í atvinnumálum muni koma úr ferðageiranum, segja menn, og eru stoltir. Jafnframt lýsa þeir yfir því, sem er reyndar alveg hárrétt, að þetta er sú atvinnugrein í heiminum sem hefur mest aukist á undanförnum árum og mestrar aukningar er að vænta. Þetta vilja menn gjarnan að verði hér. Samt sem áður þegar lögin voru sett um framlag ríkissjóðs til Ferðamálasjóðs og sérstakra verkefna Ferðamálaráðs, sem er 10% af vörusölu í fríhöfninni voru rökin á bak við það að einmitt ef greinin fengi að eflast mundi hún færa ríkinu meiri tekjur. Menn töldu svo sem ekki óeðlilegt að greinin fengi 10% af þeirri aukningu sem hún sjálf skapaði. Menn voru sammála um þetta, ekki veit ég betur, þegar þessi lög voru sett. En ég man ekki hvort það var einu sinni eða tvisvar, það var alla vega ekki oftar, sem þessi tekjustofn rann óskertur til Ferðamálaráðs. Síðan hefur verið höggvið í hann og stöðugt meira og meira eftir því sem grein-

in hefur skilað betur í kassann og þá jafnframt þurft á meiri fjármunum að halda til þess að geta haldið uppi landkynningarstarfsemi sinni. Ég held að þetta sé fimmta árið. Hv. þm. Steingrímur Sigfússon ræddi um að þetta væri líklega fjórða árið í röð. Ég held að ég megi segja að þetta sé fimmta árið í röð sem sama upphæðin er til Ferðamálaráðs, 68 millj. En samkvæmt því sem fram kemur í greinargerð hér fyrir aftan hefði upphæðin núna átt að vera 198,5 millj. þannig að 130,5 millj. eru dregnar undan Ferðamálaráði til annarra nota á sama tíma og verið er að ræða um það að fá, ef ég man rétt 20 millj. til sérstakra landkynningaverkefna vegna HM 95 í stað þess að fela þeim aðila sem er sérhæfður í þessu, ætti að sjá um þetta og vantar fyrst og fremst tekjur vegna þess að ríkiskerfið fær æ ofan í æ þessi framlög. Mér finnst mjög nauðsynlegt að ræða þetta atriði og óhjákvæmilegt að gagnrýna þar sem þetta gerist ár eftir ár.

Ég velti aðeins fyrir mér 29. gr. um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum og einkum það sem stendur aftar í greininni, með leyfi virðulegs forseta:

„Umhverfisráðherra er heimilt, að fengnum tillögum veiðistjóra, að ákveða að ríkissjóður taki ekki þátt í kostnaði við minkaveiðar, grenjaleit og grenjavinnslu á tilteknum svæðum." Og nokkru síðar er þessi viðbót: „Sveitarstjórnum og stjórnum upprekstrarfélaga er heimilt á árinu 1994 að fella niður grenja- og minkaleitir á svæðum þar sem ríkissjóður tekur ekki þátt í kostnaði við veiðarnar og umhvrn. auglýsir skv. 4. málsl. þessarar greinar."

Nú veit ég ekki hvað er átt við með greininni þar sem verið er að spara endurgreiðslu til refa- og minkaveiða, hvort í því felst að það sé verið að friða þessar skepnur bændum til hagsbóta. Ég átta mig ekki alveg á því og væri gott að fá betri skýringu á því.

Ég hefði viljað aðeins koma nokkrum orðum að yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um aðgerðir er stuðla að aukinni atvinnu, stöðugleika og kjarajöfnun. Í inngangi þar er rætt um að tímabil stöðvunar og samdráttar virðist að baki og hægfara efnahagsbati í augsýn. Það er afskaplega gott að vita af þessu. Ég veit að launþegar vilja gjarnan heyra eitthvað svona og fá að njóta með öðrum.

„Einörð stefna ríkisstjórnarinnar... hefur hefur tryggt meiri festu í efnahagslífinu en verið hefur um áratuga skeið" — stendur hér, með leyfi hæstv. forseta. Ég veit svo sem ekki hvernig ber að skilja þetta. Hvort meiri festa í efnahagslífinu felst í því að fjárlagahalli er nokkuð fastur í um eða yfir 10 milljarða, það er viss festa í því. Ég sé ekki mikla festu í efnahagslífi þar sem gjaldþrot hafa á undanförnum árum verið meiri en menn muna um mjög langt skeið ef nokkru sinni. Ég sé heldur ekki festu í því þar sem víða ríkir atvinnuleysi sem er ástand sem við höfum ekki þekkt um áratuga skeið. E.t.v. ber að líta á það sem festu ef það er orðið landlægt og því verður viðhaldið. Ég leyfi mér að efast um að sú festa, sem tryggð hefur verið, sé raunhæf, að þessi yfirlýsing hafi við rök að styðjast. Ég get ekki samkvæmt mínum skilningi á því fundið það út, virðulegi forseti.

Hér er sagt að ríkisstjórnin hafi samþykkt að verja 3,5 milljörðum kr. til öflugs átaks í vegamálum á næstu fjórum árum. Það var tími til kominn að gera átak í þeim málum og ég fagna því. Yfirleitt fagna ég öllu átaki, sem gert er í vegamálum, því ég lít svo á að samgöngumál yfirleitt séu í rauninni landvarnarkostnaður okkar Íslendinga. Við verðum að taka það alvarlega að til að geta búið á þeim slóðum sem við búum þurfum við á verulega góðu samgöngukerfi að halda og því fagna ég þessu öfluga átaki. En þetta er á næstu fjórum árum og er gefið þegar ríkisstjórnin á rétt rúma þrjá mánuði eftir af starfstíma sínum svo að ég veit ekki reyndar hvað ber að taka þetta alvarlega. En það vekur spurningar hvað sé með bensínskattinn sem ég heyrði af í fjölmiðlum um daginn og verð reyndar var við á bensínstöðinni þegar ég fylli á bílinn minn. Ég verð að spyrjast fyrir um hvort þingmenn hafa fréttir af þeim skatti formlega. Það kann að vera að það hafi farið fram hjá mér. Ég hef ekkert séð um þetta á blaði. Ég veit í rauninni ekki hvað er um að ræða annað en vangaveltur sem fjölmiðlar hafa haft eftir því sem ég hef haft tíma til að fylgjast með þeim. Þess vegna spyr ég hvort þessu hafi verið dreift hérna og hvort þetta hafi þá farið fram hjá mér. Ég hefði þá gjarnan viljað að skoða þetta betur til að geta rætt um það. Það get ég ekki eins og sakir standa.

Þá velti ég líka fyrir mér: Er virkilega svo að heimildir séu til að hækka þessa hluti ótakmarkað að öðru leyti en því að menn reyna náttúrlega að vernda vísitölu og annað slíkt? Þetta kom afar snöggt og kom illa við býsna marga.

2. liður. Samstarf við sveitarfélög um atvinnuskapandi aðgerðir. Ríkisstjórnin mun leita eftir samkomulagi. Áðan var spurt hvort það væri samkomulag. Ég man ekki eftir að hafa heyrt svar við því, það kann þó að hafa farið fram hjá mér. Talað er um að átaksverkefni og atvinnuskapandi aðgerðir á vegum sveitarfélaga eigi að koma í stað beinna fjárframlaga þeirra til Atvinnuleysistryggingasjóðs, þessa fræga framlags, sem hefur verið deilt um í allt haust og hefur skapað verulega tortryggni sveitarfélaga í garð ríkisvaldsins. Ég held að átaksverkefni og atvinnuskapandi aðgerðir á vegum sveitarfélaga séu afskaplega ódýrt og vænlegt átak til þess að styðja við atvinnulífið og hefur reynst mjög vel þar sem það hefur verið gert. En ég velti fyrir því sem hér stendur: „...sem komi í stað beinna fjárframlaga." Er verið að tala um að þetta eigi að vera 600 millj. þannig að þessum 600 millj. eigi að ná af sveitarfélögunum hvað sem tautar? Ég spyr aftur: Er samkomulag eða hafa menn eitthvað fyrir sér í að það muni nást?

Margt hefur komið fram um þessar greinar og ég mun ekki taka tíma í að fara yfir þær allar en ég ætla aðeins að fara í 13. lið sem er um lækkun húshitunarkostnaðar. Þar er rætt um að hefja viðræður við orkusölufyrirtækin með það fyrir augum að efna til samstarfs um að lækka húshitunarkostnað á dýrustu stöðunum umfram það sem þegar hefur verið gert af hálfu stjórnvalda með niðurgreiðslum og yfirtöku skulda. Er

ekki nokkuð seint, virðulegur forseti, að koma með þetta á síðasta ársfjórungi þessa fjögurra ára valdatíma? Eins og margt í þessari yfirlýsingu finnst mér þetta bera verulegan keim af kosningaplaggi þar sem menn kaupa sér vinsældir með því að lofa aðgerðum sem annaðhvort koma til framkvæmda einhvern tímann á næsta kjörtímabili eða þá að ekki verður einu sinni búið að samþykkja þær áður en þessu kjörtímabili hæstv. ríkisstjórnar lýkur.

Mig langar til að minna á að bók sem heitir Velferð á varanlegum grunni, stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar, stendur, með leyfi virðulegs forseta: „Einnig mun ríkisstjórnin leita leiða til að jafna enn frekar húshitunarkostnað í landinu." Það eru að verða fjögur ár síðan þessi yfirlýsing var gefin og mér finnst býsna seint að taka þessa ákvörðun núna. (**Forsrh.:** Þetta er ekki byrjun, þetta er viðbót.) Þetta er viðbót, segir hæstv. forsrh. Ég reikna með því að þeim sem búa á köldu svæðunum og búa við rafhitun og fjarhitun við dýrustu orkuveitur finnist það sem gert hefur verið frekar lítið. (**Forsrh.:** Það eru 400 millj.) Þó það séu 400 millj. er munurinn svo himinhrópandi. Oft er búið að rifja upp söguna um Ísfirðinginn sem flutti hingað í sjö íbúða blokk og er hægt að gera það einu sinni enn. Það vildi svo til að það lenti í hans hlut að vera með hússjóðinn og þegar hitaveitureikningurinn kom borgaði hann hann glaður vegna þess að hann var ekkert hærri, reyndar lægri en hann var vanur. Það var ekki fyrr en nokkru seinna að hann komst að raun um að hann var að borga reikninginn fyrir allar sjö íbúðirnar, ekki bara fyrir sína. Þetta er því miður, virðulegi forseti, sá veruleiki sem blasir við þegar við tölum um jöfnun hitakostnaðar í landinu að hitakostnaður þar sem rafhitun er á köldustu svæðunum er margfaldur, hann er margfaldur á við það sem gerist hér. Að vísu skal tekið fram í þessu dæmi og mörgum háttar svo til að um miðja þessa öld og lengi síðan voru sambýlishús ekki byggð út á landi. Menn bjuggu í einbýlis- eða tvíbýlishúsum sem eru auðvitað dýrari í rekstri og dýrari í hitun. Sá samanburður, sem ég nefndi áðan, er kannski ekki fyllilega raunhæfur en hann varpar þó ljósi á hversu mikill munurinn er vegna þess að þrátt fyrir að menn búa ekki í sambýlishúsum heldur í einbýlis- eða tvíbýlishúsum enn þá mjög margir er það vegna þess að tiltölulega skammt er síðan þessi húsagerð, fjölbýli, komst á í kauptúnum og þorpum landsins. Það eru ekki nema um 20 ár eða innan við það. Allt er þetta lóð á þá vogarskál að óásættanlega mikill munur er á húshitunarkostnaði á lægstu gjaldsvæðunum og þeim hæstu. Enda þótt 400 millj. hafi verið notaðar í þetta á fjögurra ára kjörtímabili finnst mér það ekki vera nema lítið hænufet í þá átt sem þarna þarf að stefna. Og ég lít á þessa yfirlýsingu sem frekar ómerkilegt kosningaplagg. Reyndar má segja um yfirlýsinguna í heild að hún er afskaplega óljós ávísun á eitthvað sem kann að verða í framtíðinni.

[23:40]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. og reyndar fleiri þingmenn spurðu um hvort náðst hefði sátt við Samband ísl. sveitarfélaga. Það hefur náðst samningur og sátt við þá og í dag var undirrituð yfirlýsing um fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélag í framhaldi af viðræðum fjármrh. og félmrh. við fulltrúa Sambands ísl. sveitarfélaga. Yfirlýsingin tekur til átaksverkefnis sveitarfélaga til að draga úr atvinnuleysi annars vegar og um Innheimtustofnun sveitarfélaga hins vegar og hana undirrita fjmrh., félmrh., formaður Sambands ísl. sveitarfélaga og framkvæmdastjóri Sambands ísl. sveitarfélaga. Þetta er dagsett í dag þannig að full sátt er milli þessara aðila.

Aðeins vegna þess sem hv. þm. nefndi um Ferðamálaráð og að menn hefðu ekki áhuga á ferðamálum nema á tyllidögum eða fyrir kosningar af því að þeir stæðu ekki við framlög til Ferðamálaráðs. Hvort skyldi skipta meira máli að gera eins og núv. ríkisstjórn, að búa í haginn fyrir ferðaþjónustuna eins og gert hefur verið eða þeir aurar sem hv. þm. nefndi? Hvort skyldi skipta meira máli, að gengisskráningin skuli vera rétt í fyrsta skipti í langan tíma í þágu ferðaþjónustunnar, raungengi hagstætt ferðaþjónustunni í fyrsta skipti í langan tíma, að vinnufriður hefur verið í andinu og öryggi um bókanir, að vextir hafi verið lágir, að aðstöðugjaldi hefur verið létt af? Skyldu ekki þessir þættir sem í raun þýða ekki tugir heldur hundruð milljóna fyrir ferðaiðnaðinn í landinu, jafnvel milljarða, rétt gengisskráning án kollsteypu, engin verðbólga, vinnufriður og stöðugleiki skipta meira máli heldur en þeir aurar sem hv. þm. nefndi varðandi ferðaþjónustuna? Það er meira virði að ríkisstjórn standi svona að málum en hvort einstakar tölur í fjárlagafrv., óverulegar tölur, hækki um þessar krónurnar eða hinar.

[23:42]

Pétur Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég fagna því vissulega að samkomulag skuli vera um þessar atvinnuskapandi aðgerðir sem ég tel eins og ég gat um áðan mjög vænlegan kost til að koma á og mun betra en eins og verið hefur að Atvinnuleysistryggingasjóður hefur fyrst og fremst borgað fólki bætur fyrir að sitja heima. Það má reyndar segja að sú stefna, sem hefur verið tekin upp núna í fyrsta sinn að því er ég veit, og kom fram í svari félmrh. við fsp. hv. þm. Elínbjargar Magnúsdóttur, um greiðslur úr Atvinnuleysistryggingasjóði til fiskvinnslufólks þar sem fyrirtækjum er greitt fyrir að fólk vinni þar, sé lofsverð. Ég held að sú leið sé mjög vænleg og í rauninni ánægjulegt að hún skuli vera komin á.

En hvað snertir ferðaþjónustuna og Ferðamálaráð get ég ómögulega snúið aftur með það að mér finnst mjög fáránleg afstaða að svelta þá mjólkurkú sem eru ferðamálin og að búa ekki betur í haginn fyrir þau. Það getur vel verið að hæstv. forsrh. telji sig og ríkisstjórnina hafa búið vel í haginn fyrir ferðaþjónustuna, það er kannski með því að leggja virðisaukaskatt á ýmsa þjónustu sem ferðamálin varða, ég veit ekki hvort það er að búa í haginn. Það er kannski með því að halda ýmsum gjöldum á þessa grein svo háum að Ísland er með dýrari ferðamannalöndum, því miður. En

eftir stendur að Ferðamálaráð, þessi aflvaki ferðaþjónustunnar, er sveltur með peninga. Það stendur eftir og aldrei hefur verið rætt annað en það af hálfu ferðaþjónustuaðila en að það sé rangt að veita ekki meira fjármagn til ferðamála til þess að það ávaxti sig síðar meir í ferðamannastraumi innan lands.

[23:44]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. var seinheppinn að nefna virðisaukaskatt sérstaklega því að Framsfl. var andvígur því sem frægt er orðið um land allt að matarskatturinn skyldi lækkaður. Auðvitað hafði það mikla þýðingu fyrir ferðaiðnaðinn að matarskatturinn skyldi lækkaður. Mér fannst skorta yfirsýn og víðsýni hjá hv. þm. þegar hann áttar sig ekki á því að það skiptir margfalt meira máli hvort raungengið er rétt skráð sem munar um 20% eða hvort einhverjir aurar fara til Ferðamálaráðs sem ég geri ekki lítið úr. En það skiptir meira máli. Og þegar aðstöðugjöld eru lækkuð og matarskattur er lækkaður, þegar það er festa og stöðugleiki og vinnufriður þannig að ferðamenn séu óruggir með bókanir hér til landsins. Þetta skiptir miklu meira máli og nemur milljörðum króna. Því er alls ekki hægt að segja það og bera á borð að ríkisstjórnin sé ekki trú þeim sjónarmiðum sínum að vilja stuðla að styrkri ferðaþjónustu. Það hefur hún einmitt gert og ferðaþjónustan hefur vaxið og dafnað og skilað milljörðum í ríkissjóð til baka. Það er þetta sem skiptir máli.

Hv. þm. og stundum flokkur hv. þm. skilja ekki að það eru einmitt hinar almennu aðgerðir sem leggja hinn trausta grundvöll en ekki styrkir úr sjóðum og þess háttar hlutir sem eru að verulegu leyti hlutir fortíðarinnar. Það er hinn almenni grundvöllur sem lagður hefur verið réttilega sem skiptir meginmáli og það hefur gerst varðandi ferðaþjónustuna.

[23:45]

Pétur Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að það sem hefði verið vænlegast fyrir ferðaþjónustuna til þess að greiða fyrir því að ferðamenn gætu verið hér, væri að fella niður virðisaukaskatt af þeirri þjónustu sem þarf að veita þeim. Ég ætla ekki að gera lítið úr því að ferðaþjónustan hefur skilað milljörðum og við getum kannski tekið 13–14 milljarða í gjaldeyristekjur. Við getum farið með þessa tölu upp í 25–30 milljarða ef við erum að tala um ferðamál innan lands því það er líka atvinnuvegur. Hér er um að ræða geysilega stóran og þýðingarmikinn atvinnuveg og því segi ég: Af hverju gerir ríkisstjórnin ekki eitthvað fyrir þennan atvinnuveg svo stór sem hann er þegar hann fer að skipta tugmilljörðum eins og t.d. að fella niður ýmis gjöld þannig að við getum boðið ferðamönnum upp á viðunandi verðlag á þeim vörum sem við erum að bjóða fram og getum þá fjölgað þeim og fengið enn meiri tekjur? Ég segi það að ferðamálin hafa vaxið svona, ekki vegna þess að stjórnvöld hafi hlúð svo að þessari grein heldur þrátt fyrir að hún hafi ekki gert það. Það er það merkilega og ætti að verða mönnum lærdómsríkt til þess að þeir gætu notað sér þennan vöxt, stutt við hann í stað þess að herða alltaf að eins og hér er gert. Það getur vel verið að í huga hæstv. forsrh. séu þetta bara smáaurar. Það vill svo til að Ferðmálaráð er svelt með fjármuni og 130 millj. kr. eru ekki smáaurar, hæstv. forsrh., í höndum þeirra sem eru að skipuleggja ferðamál og kynna Ísland út á við. Það er mjög veigamikill þáttur í þeirri starfsemi sem ráðið á að reka og það er mjög nauðsynlegt að fá þessar tekjur þó að hæstv. forsrh. kjósi að kalla þetta smáaura.

[23:47]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Þetta frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum er athyglisvert að ýmsu leyti. Ég ætla ekki að endurtaka mikið af því sem menn hafa verið að fara yfir í sambandi við það en ég vil samt í upphafi mótmæla því sérstaklega að menn skuli ekki treysta sér til þess að láta meiri fjármuni til skólanna. Sérstaklega í ljósi þeirra yfirlýsinga að grunnskólarnir eigi að fara til sveitarfélaganna þá hefði ég talið fulla ástæðu til þess að reyna að koma fjármununum sem eiga að fara til skólanna í það horf sem þeir eiga að vera í í framtíðinni. Það er mjög mikið umhugsunarefni hvort það eigi virkilega að vera þannig að þegar sveitarfélögin taka við einhverjum verkefnum þá verði það hlutverk þeirra að hækka skattana til þess að geta staðið undir kröfunum og væntingunum sem gerðar eru til viðkomandi starfsemi sem verið er að færa til sveitarfélaganna. Ég vildi að þetta kæmi fram.

Síðan langaði mig aðeins að ræða um breytingu á lögunum um málefni fatlaðra. Ég tel að það stefni í mikinn vanda víða í þeirri starfsemi. Það eru á ferðinni miklar kröfur um þjónustu við fatlaða og við sjáum það að sú starfsemi sem er kominn af stað víða úti um landið virðist einhvern veginn vefja mjög hratt utan á sig. Það er alveg nýtt í sumum sveitarfélögum að það sé hægt að vera með fötluð börn. Þeir sem hafa átt fötluð börn hafa t.d. á undanförnum árum flutt þeirra vegna á höfuðborgarsvæðið og það er þess vegna mjög mikilvægt að menn láti ekki deigan síga í því að byggja upp þessa starfsemi því það er svo sveiflukennt hvernig fötluðum einstaklingum fjölgar úti um landið. Ég get bara nefnt sem dæmi að það hefur fjölgað um sjö fatlaða einstaklinga í Snæfellsbæ bara á sl. ári. Það þarf úrræði fyrir þessa fötluðu einstaklinga og þess vegna er það mikið umhugsunarefni og mikill vandi á ferðinni ef menn treysta sér ekki til þess að fylgja eftir með fjárframlögum þeim stofnunum sem búið er að koma á fót.

Annað sem ég vildi að kæmi hér fram, og það er líka hlutur sem þarf að fara betur yfir, þ.e. hvaða þjónustu á að veita á t.d. vernduðum vinnustöðum fyrir fatlaða. Mér þykja það ansi harðir kostir sem farið er að bjóða upp á sums staðar. T.d. hafa þær kröfur nú verið teknar upp á verndaða vinnustaðnum á Akranesi að það fær enginn að vinna þar sem er fatlaður nema hann sé a.m.k. 75% öryrki og þar fær enginn að vinna lengur en til 67 ára aldurs. Þetta þýðir að það er verið að senda fólk heim og það þýðir að menn ætla ekki að sinna þeim hópum sem ekki uppfylla þessi skilyrði. Ég held að það verði að fara yfir þessi mál að nýju

með það fyrir augum að það séu einhver úrræði handa þeim sem ekki uppfylla þessi skilyrði sem þarna eru sett.

Það hefur verið mikið talað um vegamál og í 26. gr. á bls. 4 í þessu plaggi er talað er um að þrátt fyrir ákvæði í lögum skuli framlög til vegamála verða skert um 275 millj. kr. Ríkisstjórnin og hennar forsvarsmenn koma varla í ræðustól á hv. Alþingi öðruvísi en að hæla sér að því mikla vegaátaki sem þeir hafa farið í á kjörtímabilinu og nú er nýtt átak boðað. Ég verð að segja það alveg eins og er að ég skil ekki hvernig á því stendur hjá hæstv. ráðherrum að þeir telji það eitthvert óskaplegt afrek sem hefur verið framið í vegamálum á kjörtímabilinu. Mig langar til að nefna fáeinar tölur í þessu sambandi sem hafa auðvitað sumar heyrst hér áður. En atvinnuátak í vegamálum hófst á árinu 1993 og þá voru settar 1.550 millj. í átakið. Á því ári voru markaðir tekjustofnar til vegamála skertir um 344 millj. og þá voru líka, sem var alveg nýtt, 330 millj. settar í ferjur og flóabáta af þessum tekjustofni. Á árinu 1994 er þetta komið upp í 550 millj. sem er sett í ferjur og flóabáta og framlagið skert um 370 millj. Ef við tökum þessi tvö ár sem þetta átak er búið að standa yfir og leggjum saman bara þessa tvo liði sem voru skertir af mörkuðum tekjustofnum og fé til vegamála þá gerir það 1.590 millj. Tæpar 1.600 millj. á tveimur árum. Ef við síðan skoðum hvað gerist á næsta ári þá eru 569 millj. teknar í ferjur og flóabáta og 275 millj., sem einmitt er verið að tala um í þessu plaggi, eru teknar í ríkissjóð, þá erum við komnir samtals upp í 2.434 millj. sem búið er að skerða þessa mörkuðu tekjustofna með þessum tveimur póstum. Það er þess vegna að vonum að menn þurfi að fara í sérstakt átak í vegamálum því ef það hefði ekki verið gert, ef það hefði ekki verið farið í sérstakt átak í vegamálum og alveg sérstaklega farið í fjáröflun vegna þess þá hefði hæstv. ríkisstjórn skilað vegamálunum af sér á núlli. Bara á núlli ef við tökum þessa mörkuðu tekjustofna sem ég var að lýsa hér áðan. Og meira að segja færi hún niður fyrir núllið ef við reiknuðum þessa hluti alveg frá upphafi kjörtímabils vegna þess að það var upphaf göngu hæstv. ríkisstjórnar í vegamálum að skerða vegaframkvæmdir frá því sem ætlað var á því ári sem hún tók við. Það er því með miklum ólíkindum hvernig hæstv. ráðherrar geta sífellt verið að hæla sér af þessu stórkostlega átaki í vegamálum. Það er ekki stærra í sniðum en þetta og ætti kannski að skoðast betur. Verði hins vegar staðið við þær fyrirætlanir um átak í vegamálum sem nú er boðað þá munu framkvæmdir í vegamálum aukast verulega á næsta ári. Það er engin spurning um það. En það er samt verið að halda áfram að skerða fé í Vegasjóð og það á að hafa sömu hundakúnstirnar við þetta. Annars vegar að taka lán og hins vegar að skerða fjármunina sem eiga að fara til vegamálanna. Það eru mjög merkilegar hundakúnstir sem þarna eru stundaðar sífellt. Ég veit eiginlega ekki hvaða tilgangi þetta á að þjóna.

Það er talað um að 1.250 millj. eigi að koma til framkvæmda á næsta ári og það er þess vegna, eins og ég segi, verulega mikið sem mun gerast í vegamálum á næsta ári en þetta átak sem hefur staðið yfir á kjörtímabilinu er ekki mjög merkilegt að mínu viti.

Það sem mig langaði síðan að spyrja um er um 29. gr. þar sem talað er um þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. 12. gr. og 3. mgr. 13. gr. laga nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, skuli framlag ríkissjóðs til refa- og minkaveiða eigi nema hærri fjárhæð en 27 millj. kr. á árinu 1995. Ég ætla að spyrja um þetta atriði vegna þess að ég átta mig ekki nákvæmlega á því hvað það er sem menn ætla sér. Það stendur hérna að ríkissjóður endurgreiði ekki á árinu 1995 kostnað við refa- og minkaveiðar í sveitarfélögum þar sem íbúarnir eru fleiri en 2.000. Síðan segir í þessari grein að umvhrn. skuli auglýsa fyrir 1. maí hvaða landsvæði ákvörðunin tekur til og hver séu mörk þeirra. Sveitarstjórn og stjórnum upprekstrarfélaga er heimilt á árinu 1994 að fella niður grenja- og minkaleitir á svæðinu þar sem ríkissjóður tekur ekki þátt í kostnaði við veiðarnar.

En það stendur, með leyfi forseta, í 12. gr. laganna um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum: „Þar sem umhvrh. ákveður, að fengnum tillögum veiðistjóraembættisins, að nauðsynlegt sé að láta veiða refi til þess að koma í veg fyrir tjón af þeirra völdum, sbr. 7. gr., er sveitarstjórn skylt" — ég endurtek — „sveitarstjórn skylt að ráða skotmann til grenjavinnslu og skal hann hafa með sér aðstoðarmann."

Ég get ekki betur séð en að ef þessi grein frv. verður samþykkt sé þeim sveitarstjórnum sem ekki ráða skotmann óheimilt að leyfa refaveiðar innan þess sveitarfélags, skv. 12. gr. laganna um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. Ég spyr þess vegna hæstv. starfandi umhvrh.: Verða sveitarfélögin sem eru með fleiri en 2.000 íbúa að ráða þennan skotmann til þess að það sé mögulegt að leyfa veiðar? Því refurinn er friðaður samkvæmt þessum lögum og það þarf að undanþiggja hann friðuninni. Það er greinilega alveg skýrt og klárt skilyrði að þá þurfi að ráða sérstakan skotmann.

Ég ætla síðan að ræða um fáein atriði í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Ég heyrði hæstv. utanrrh. lýsa því á laugardaginn var að þetta væri besti dagurinn í lífi ríkisstjórnarinnar og að mér skildist í lífi hans sjálfs þegar ríkisstjórnarflokkarnir náðu samkomulagi um þetta plagg. Ég verð að segja að eigi ég að taka mark á þeirri yfirlýsingu þá rennur mér kalt vatn milli skinns og hörunds vegna þess að þá hefur hæstv. utanrrh. ekki átt marga sæla daga í þessari ríkisstjórn ef þetta er sá skásti og hann telur árangurinn af ríkisstjórnarsamstarfinu hafi verið bestan á laugardaginn var því mér finnst þetta ekki vera það merkilegt plagg sem hér hefur verið lagt fram.

Ég var búinn að tala um átakið í vegamálum sem ég tel að hafi verið býsna mikið gert úr og meira en efni standa til. Hér kemur liður 3, Nýsköpun í atvinnulífi og markaðssókn. Þar skilst mér að sé verið að tala um að útdeila peningum úr lðnþróunarsjóði og ég get ekki sagt annað en allt gott um það. Hins vegar hefði mér þótt við hæfi að meira hefði verið sagt um það hvað

fælist í síðustu setningunni í þessum lið, þ.e.: „Jafnframt hefur ríkisstjórnin ákveðið sérstakar aðgerðir til þess að auka erlendar fjárfestingar hér á landi."

Ef það er búið að ákveða þessar sérstöku aðgerðir er þá ekki upplagt að menn segi bara frá því hvaða aðgerðir það eru svo menn geti glaðst yfir fyrirætlunum ríkisstjórnarinnar og velt fyrir sér hvaða árangri þær munu skila í aukinni hagsæld í landinu? Ég óska eftir því að það komi fram hjá hæstv. ráðherrum sem hér eru viðstaddir hvað það er sem þjóðin á von á í þessu sambandi.

Mig langar líka til að koma lítillega að lið 6. Þar er talað um samstöðu um skattlagningu fjármagnstekna. Þegar maður fer að lesa þennan lið þá er hann með miklum eindæmum ef við skoðum feril hæstv. ríkisstjórnar í samstarfi við stjórnarandstöðuna og ýmsa aðra aðila í þjóðfélaginu. Skattlagning fjármagnstekna sem er búin að vera á dagskrá hæstv. ríkisstjórnar á allt í einu að leysast í samstarfi við stjórnarandstöðuna og hún á að leysast úti í framtíðinni eftir að hæstv. ríkisstjórn er liðin, eftir að hún er örugglega farin frá, eftir að öndunarvélin hefur ekki einu sinni tækifæri til að vera í sambandi lengur. Þetta er einhver vesælasta uppgjöf sem hefur sést í málefnum sem hæstv. ríkisstjórn hefur ætlað að koma í framkvæmd, að fara þannig með það að ýta því langt inn í framtíðina og fela það einhverri nefnd sem á að starfa og skila af sér einhvern tímann eftir kosningar og síðan á einhver ríkisstjórn sem tekur við, hver sem það verður, að taka við þessum afrakstri. Auðvitað tekur engin ríkisstjórn við slíku, sú ríkisstjórn sem tekur við mun marka sína stefnu í þessum málum og fylgja henni fram. Þarna hefur greinilega orðið einhvers konar sátt um það að Sjálfstfl. fengi sínu fram, þ.e. að ýta fjármagnstekjuskattinum inn í framtíðina, koma honum út úr ríkisstjórnarsamstarfinu og yfir í framtíðina eins og Sjálfstfl. hefur sjálfsagt ætlað sér allan tímann.

Hér stendur í 7. lið: „„Ekknaskattur" felldur niður."

Ég segi það alveg eins og er að mér finnst það með miklum eindæmum að menn skuli hafa geta fest þetta nafn á þennan sérstaka eignarskatt sem skammaryrði, að hann kæmi eitthvað sérstaklega niður á ekkjum. Hann kemur auðvitað niður á fólki sem er ekki í sambúð kannski meira en öðrum ef það hefur misst maka sinn. Það kann vel að vera í vissum tilfellum geri hann það. En það eru þó á ferðinni verulegar eignir og töluverðar tekjur ef menn borga slíkan skatt sem þennan. Ég tel að það séu mikil mistök að vera að fella niður þennan skatt og það segir yfirleitt ekki neitt annað en það að sá andi sem svífur yfir vötnunum hjá þessari hæstv. ríkisstjórn er að það sé í sjálfu sér hægt að leggja töluvert á sig til þess að fella niður og lækka skatta og gjöld á þeim sem eiga eitthvað af peningum og mega sín einhvers en það megi ekki mikið leggja á sig til þess að koma til móts við þá sem minnst hafa í þjóðfélaginu. Ég tel að það hafi verið full ástæða til að halda þessari tekjuöflun áfram inni þangað til a.m.k. að búið væri að samræma skattlagningu á eignir og eignatekjur.

Síðan kem ég að afnámi tvísköttunar á lífeyrisgreiðslur og þar finnst mér þrettándinn þunnur. Ég verð að segja alveg eins og er að ég tel að sá rökstuðningur sem ég hef heyrt fyrir þessum 15% sem er talað um að eigi að draga af útborguðum lífeyri áður en skatturinn er lagður á sé alveg furðulegur. Mér er sagt það að menn hafi fundið það út að 60% af því sem ellilífeyrisþegar fá útborgað í lífeyrinum sínum séu tekjur af fjármagni, séu sem sagt vaxtatekjur og vaxtavextir af fjármagninu og að vísir menn hafi reiknað það út að það ætti að draga 15% frá áður en skatturinn er lagður á. Og þá spyr ég hæstv. forsrh.: Er það þá þannig að það hafi verið í gildi fjármagnstekjuskattur á lífeyrir? Ef 60% af því sem borgað er út sem ellilífeyrir eru tekjur af fjármagninu og fólkið sem hefur fengið útborgaðar þessar tekjur hefur þurft að borga af því fullan skatt eru menn þá ekki þar með að halda því fram að þarna hafi einn hópur í þjóðfélaginu borgað fjármagnstekjuskatt? (**EKJ:** Það botnar enginn í þessu.) Nei, það botnar enginn í þessu. Það er alveg rétt, hv. 4. þm. Reykv. Það skilur þetta ekki nokkur maður. En mér finnst að það sé a.m.k. ekki rétt að leggja fram tillögu eins og þessa því ég trúi því ekki að lífeyrisþegar verði ánægðir með þessa niðurstöðu og mér finnst ekki eðlilegt að þeir verði það. Ég tel að þarna sé á ferðinni sérkennilegur útreikningur og ég held að þetta mál þurfi að taka upp og reyna að ná betra samkomulagi um það en getur orðið um að menn fái einungis 15% dregin frá.

Svo er hér 9. liður. Sérstakur hátekjuskattur framlengdur — er fyrirsögnin. En auðvitað ætti fyrirsögnin að vera Sérstakur hátekjuskattur lækkaður. Það er einmitt það sem er verið að gera. Það er verið að lækka þennan sérstaka hátekjuskatt. Hann er búinn að vera ár og það er verið að lækka hann. Það er í stíl við það sem ég var að segja áðan að menn eru tilbúnir að lækka skatta á þeim sem eiga eitthvað og geta eitthvað en það er aftur á móti erfiðara að koma til móts við þá sem minna mega sín. Þarna er þó verið að lyfta hátekjuskattsþrepinu um 50 þús. kr. hjá hjónum og það munar töluvert um það. Ég verð að segja að ég get ekki skrifað upp á röksemdafærslu sem ég hef heyrt frá hæstv. ráðherrum. Ég hef heyrt bæði hæstv. fjmrh., hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh. tyggja upp þessa sömu tuggu að það séu sjómenn og húsbyggjendur sem verði sérstaklega fyrir barðinu á þessum skatti. Ég segi bara að það er mjög merkilegt ef það er alveg sérstaklega sjómenn og húsbyggjendur. Ég held a.m.k. að þeir sem eru komnir með um 5 millj. kr. tekjur eða 4,8 millj. í fjölskyldutekjur og eru að byggja sér hús standi a.m.k. það vel miðað við almenning í landinu að mönnum finnist það ekkert merkilegt þó að þeir þurfi að borga pínulítinn aukaskatt. Það er ekki hægt að vorkenna fólki sem hefur þær tekjur í þjóðfélaginu í dag á meðan menn treysta sér ekki til þess að lagfæra stöðu annarra sem standa virkilega illa. Ég tel þess vegna að þarna sé á ferðinni mjög rangur hlutur og það hefði átt að halda þessum tekjuskatti. Það hefði meira að segja átt að lækka þetta niður í 350 þús. því ég held að það hefði verið skynsamlegra að gera það og fá þannig peninga í ríkissjóð en að auka þann halla sem verður

á ríkissjóði. Við erum að tala um að auka halla ríkissjóðs og það er hluti af þessu öllu saman. Það er verið að viðurkenna halla á ríkissjóði til viðbótar upp á 2,7 milljarða eða eitthvað slíkt. Raunverulega er verið að gefast upp. Hæstv. forsrh. getur varla verið mjög kátur yfir því.

Síðan kemur 10. liður: Aðgerðir gegn skattsvikum. Það er eiginlega mestallur liðurinn sem fer í það að lýsa því sem er búið að gera en samt eigi að halda því áfram. Ég tel það góðra gjalda vert en ég hefði viljað sjá og ég vona að það sé innifalið í þessum lið að skattstjórum í landinu verði ekki bara leyfilegt heldur skylt að ráða sér starfsmenn til þess að sinna þeim störfum sem geta gefið árangur og þeir séu frjálsir að því svo framarlega sem þeir telji að þeir geti haft upp úr krafsinu handa ríkissjóði fyrir launum þeirra og rúmlega það. Það sem vantar númer eitt er starfsfólk til þess að vinna í þessum hlutum, fara yfir skattframtöl og láta menn skila nótum og öðru slíku.

Hækkun skattleysismarka ætla ég ekki að fara að ræða hér, menn hafa farið yfir það, það er bara blekking og sjónhverfingar þar sem útkoman er raunverulega núll. Það er ekki gott, held ég, fyrir hæstv. ríkisstjórn, það mun auðvitað koma henni í koll, að hafa verið að gera þetta að einhverju fjölmiðlamáli og reyna að slá sér upp á núllinu sínu.

Síðan ætla ég að lokum að ræða örlítið um lækkun húshitunarkostnaðar. Það er alveg stórkostlegt að sjá það að hæstv. ríkisstjórn sem lýsti því yfir í upphafi ferils síns að nú skyldi sannarlega verið tekið á lækkun húshitunarkostnaðar þar sem engu hefur miðað. Fólkið í landinu borgar enn þá jafnháa reikninga fyrir upphitun á húsum og það gerði í upphafi ferils þessarar ríkisstjórnar. Niðurgreiðslur hafa hækkað dálítið en Landsvirkjun hefur haldið áfram að hækka sínar gjaldskrár á móti og það hefur lítið miðað. Menn standa nákvæmlega í sömu sporum. Það eina sem hefur breyst eitthvað að ráði er það að húshitunarkostnaður á höfuðborgarsvæðinu hefur hækkað. Viðmiðunin við höfuðborgarsvæðið hefur breyst og það er vegna þess að menn settu virðisaukaskatt á húshitunina og það olli hækkun á húshitun á Reykjavíkursvæðinu. En það hefur ekki miðað neitt sem nemur í hinum mikla húshitunarkostnaði hjá fólki úti á landsbyggðinni.

Allra síðast vil ég segja það að ég hefði gjarnan viljað að hæstv. forsrh. hefði gert okkur hv. þm. grein fyrir því hvað sé innifalið í þessu nýja samkomulagi við sveitarfélögin. Mér skilst að það sé inni í því samkomulag um það átakamál sem hefur verið um jöfnunarsjóðinn og þá peninga sem sveitarfélögin hafa ekki fengið til sín í jöfnunarframlögum, þjónustuframlögum, vegna vanskila á meðlögum. Ég fagna því sannarlega ef ríkisstjórnin er búin að ná um þetta samkomulagi. Ég efast ekkert um að það hafi verið gert en það hefði verið, finnst mér, fróðlegt fyrir ... hæstv. forsrh. færir mér yfirlýsinguna og ég get lesið hana yfir á eftir. Ég ætla ekki að fara að lesa hana í ræðustólnum og læt máli mínu lokið og vonast bara til þess að þetta síðasta sem ég var að nefna muni halda og menn muni standa við það sem þeir hafa skrifað undir í samkomulagi við sveitarfélögin í þetta skipti.

[00:14]

Iðnaðarráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. spurði um túlkun umhvrh. á 29. gr. frv. Það vill nú svo til að ég gegni því starfi þó svo að ég hafi ekki komið nálægt samningu þess ákvæðis en ég tel að þetta ákvæði sé mjög skýrt í gildandi lögum um vernd, friðun og veiðar villtra fugla og villtra spendýra. Það er gert ráð fyrir því í 7. gr. *hvernig aflétta skuli friðun en meginreglan í lögunum* er friðun villtra dýra. Í ákvæðinu í 12. gr., sem fjallar nokkuð nánar um það hvernig fara skuli með veiðar á mink og ref sé friðun aflétt skv. 7. gr., er gert ráð fyrir því að þar sem umhvrh. veitir leyfi að fengnum tillögum veiðistjóraembættisins til veiða þá skuli viðkomandi sveitarfélagi skylt að ráða sér skotmann ásamt aðstoðarmanni. Þeim er heimilt að veiða á grenjatíma en hins vegar er gert ráð fyrir því að allir sem hafa til þess bær skotleyfi geti veitt utan grenjatíma. Þetta er almenna reglan í gildandi lögum.

Í 29. gr. frv. hins vegar er sett ákveðin takmörkun. Annars vegar takmörkun með fjárhæðum, 27 millj., og hins vegar frekari takmarkanir þar sem meginreglan er þessi: Í fyrsta lagi, þar sem eru fleiri í sveitarfélagi en 2.000 er eyðing refa og minka alfarið verk sveitarstjórnar, á verksviði hennar, þannig að taki ráðherra ákvörðun um að heimila þar veiðar þá er viðkomandi sveitarfélagi skylt að ráða skotmann og ríkissjóður tekur ekki þátt í greiðslu kostnaðar við eyðingu refa og minka heldur er það alfarið sveitarfélagsins. Þá er einnig annað takmarkandi ákvæði, þ.e. sé verið að ræða um svæði með færri en 2.000 íbúa, virðulegur forseti, þá er gert ráð fyrir því að hæstv. umhvrh. geti beitt þar tiltekinni reglu sem ég hef ekki tíma til að skýra en verð að skýra ef ég mætti veita annað andsvar á eftir svo ég geti varpað ljósi á það mál líka.

[00:17]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég heyri ekki betur en að hæstv. ráðherra sé að staðfesta það sem ég sagði áðan, að sá skilningur hljóti að verða á þessu máli að ef sveitarfélög sem hafa fleiri íbúa en 2.000 vilja ekki eða víkja sér undan því, og það geta þau, að taka ákvörðun um að láta veiða þessi kvikindi verður þar með ekkert af neinum veiðum og þetta virkar þá bara sem friðun. Ef ekki þá verða sveitarfélögin að ráða skotmenn og bera af því þennan kostnað. Það er það sem ég er að halda fram að ef þessi skotmaður er ekki ráðinn þá er ekki heldur leyfilegt að skjóta dýr utan grenjatíma. Það er það sem ég held að hefði þurft að fara yfir og skoða hvort ekki þurfi að tryggja með einhverjum hætti frjálsar veiðar, að þær séu leyfilegar utan grenjatíma.

[00:18]

Iðnaðarráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég er ekki sammála hv. þm. því í sérákvæðinu í 12. gr. segir: „Þar sem umhvrh. ákveð-

ur, að fengnum tillögum veiðistjóraembættisins, að nauðsynlegt sé að láta veiða refi til að koma í veg fyrir tjón af þeirra völdum er sveitarstjórn skylt að ráða skotmann til grenjavinnslu" o.s.frv. Ég tel því að sé ákvörðun umhvrh. tekin þá sé skylt að sjá til þess að eyðing minka og refa fari fram á þessu svæði. Sveitarstjórn sé skylt að ráða til þess skotmann en ríkinu sé ekki skylt að taka þátt í kostnaði.

Seinna atriðið sem ég vildi víkja að og var ekki búinn að útskýra að fullu vegna tímaskorts áðan er: Hvað varðar sveitarfélög þar sem íbúar eru færri en 2.000 er umhvrh. jafnframt heimilt að ákveða að ríkissjóður taki ekki þátt í kostnaði við minkaveiðar, grenjaleit og grenjavinnslu. Umhvrn. á að auglýsa fyrir 1. maí hvaða landsvæði þetta eru og þá er þessum litlu sveitarfélögum heimilt að fella niður grenja- og minkaleitir á svæðinu vegna þess að ríkissjóður tekur ekki lengur þátt í kostnaðinum þó svo að leyfi hafi verið veitt eða umhvrh. hafi áður ákveðið að eyðing skuli fara þar fram. Ég tel alveg ljóst að í sveitarfélögum með fleiri en 2.000 íbúa sé til þess ætlast, ef umhvrh. tekur ákvörðun um að þar skuli fara fram veiðar, að skotmaður sé ráðinn og að sveitarfélagið beri af því allan kostnað. Undantekningu sé hins vegar hægt að gera á svæðum sem umhvrh. tekur frekari ákvarðanir um, á landsvæðum utan við 2.000 íbúa mörkin og þar sé sveitarfélagi heimilt að fella niður skylduveiði. Þetta er minn skilningur á þessu ákvæði.

[00:20]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti. Þegar lok þessarar umræðu fara væntanlega að nálgast, þó hún kunni að lengjast eitthvað enn, þá vil ég færa mönnu þakkir fyrir þær umræður sem hér hafa átt sér stað. Það má segja að drýgri hluti umræðunnar hafi farið í umfjöllun um yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um aðgerðir til að stuðla að aukinni atvinnu, stöðugleika og kjarajöfnun en frv. sjálft sem til umræðu er. Er það ekki út af fyrir sig óeðlilegt þar sem málin eru samtengd og yfirlýsing ríkisstjórnarinnar hafði ekki komið til sérstakrar umræðu í þinginu og þetta var nánast fyrsta tækifærið til þess.

Ég hef áður gert grein fyrir þáttum sem víkja að frv. og svarað nokkrum atriðum í andsvörum þannig að ég ætla með sama hætti og hv. þm. að fara nokkrum orðum um það sem sagt hefur verið um yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar af hálfu einstakra þingmanna.

Eitt atriði vil ég byrja á að nefna sérstaklega því þar finnst mér hafa gætt misskilnings. Hv. þm. hafa sagt að við athugun hafi þeir komist að því að í raun væri næsta fátt nýtt í þessari yfirlýsingu. Margt af því sem þar væri á ferðinni hefði áður verið nefnt, jafnvel fyrir skömmu, annað hefði verið í umræðu alllengi o.s.frv. Ég vek athygli á því að langflestir þættir þessarar yfirlýsingar eru enn ófrágengnir að því leyti til að það er ekki fyrr en með lögfestingu fjárlaganna sem þessi yfirlýsing í einstökum atriðum fullkomnast. Það er því eðlilegt þegar fjárlög eru í undirbúningi að dregnir séu saman á einn stað ýmsir þeir þættir sem eru til þess líklegir að stuðla að aukinni atvinnu stöðugleika og kjarajöfnun. Ég vek athygli á því að í þeirri umræðu úti í þjóðfélaginu sem þegar hefur orðið um þessa yfirlýsingu hafa fjölmargir aðilar, ekki allir þeirra mjög elskir að ríkisstjórninni sérstaklega, tekið þessari yfirlýsingu vel, sagt að mjög margt í henni væri til þess fallið að bæta andrúmsloft og leggja grundvöll að umræðum um kjarasamninga þó vissulega, og úr því skal ég ekki draga, hafa ýmsir sagt sem svo að lengra mætti ganga í einstökum efnum en þar er gert. Ég tel að almennt megi segja að þeir aðilar sem ekki eru í hinu pólitíska dægurþrasi eins og eru örlög okkar hér hafi tekið þessum yfirlýsingum mjög málefnalega og talið þessa yfirlýsingu til þess fallna að vinna að sátt í þjóðfélaginu og stuðla að bættu andrúmslofti og leggja grunn að heilbrigðri umræðu um kjarasamninga. Það tel ég mikils virði að viðbrögð í þjóðfélaginu hafi orðið með þessum hætti. Mér fannst sjálfsagt og eðlilegt að þessir þættir sem svo eiga samleið séu dregnir saman eins og gert er í þessari yfirlýsingu. Menn hafa nefnt til að mynda átakið í vegamálum að það hafi verið sagt frá því nokkru fyrr en gert er hér í yfirlýsingunni. Ég vek athygli á því að Alþingi hefur ekki gengið frá þessu máli og það hafa heyrst raddir til að mynda meðal sumra öflugra talsmanna stjórnarandstöðunnar að þeir séu ekki alveg sáttir við það form og það fyrirkomulag sem hér er lagt til. En það er áríðandi fyrir fólk í þjóðfélaginu, fyrir aðila vinnumarkaðarins, sem leggja mikið upp úr þessu máli að hafa átt þátt í því að leggja grundvöll nákvæmlega að aðferðinni, að þeir sjái og reyni og skynji hvort um það geti tekist sæmileg sátt hér og menn fórni sérhagsmunum sínum til að skapa þennan grundvöll sem þeir hafa lagt mikla áherslu á eins og þeir vissulega hafa gert og eins og hefur ekki farið fram hjá hv. þm. Ég vek sérstaka athygli á þessu.

Í annan stað varðandi lið 2 í þessari yfirlýsingu þar kemur fram líka að sátt hefur tekist á milli Sambands ísl. sveitarfélaga og ríkisstjórnarinnar. Hér hefur verið sagt að menn voni að ríkisstjórnin muni ekki brjóta þetta samkomulag. Ríkisstjórnin hefur ekkert samkomulag við sveitarfélögin brotið. Það er hins vegar rétt og það vita hv. þm. að það var meiningamunur á túlkun milli hæstv. fjmrh. og forráðamanna Sambands ísl. sveitarfélaga hvernig túlka bæri það samkomulag sem þeir skrifuðu undir á sl. ári. Það samkomulag hefur ekki verið brotið. Hv. þm. gætu sagt ef fjárlög hefðu verið samþykkt í því fari sem þau voru að þá hefði það samkomulag verið brotið að mati Sambands ísl. sveitarfélaga, það hefur ekki verið gert. Sú ákvörðun sem er kynnt í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar sem og yfirlýsing hæstv. ráðherranna tveggja, fjármála og félagsmála, og forráðamanna Sambands ísl. sveitarfélaga dagsett í dag, tekur af tvímæli um að það eru engin slík brot á ferðinni, þvert á móti er sátt og samstaða. Þetta er enn einn þáttur í því að ríksstjórnin leggur grundvöll að því að þegar gengið er til kjarasamninga þá sé sátt og samstaða á þessu mikilvæga sviði sem sveitarfélagamálin í landinu eru.

Ég hef einnig fundið að þessari niðurstöðu er fagnað og jafnframt því að ríkisvaldið og sveitarfélögin hafa náð áframhaldandi samkomulagi með hvaða hætti

þeir vilja sameiginlega vinna annars vegar að þáttum til að draga úr atvinnuleysi og hins vegar að málum er varða Innheimtustofnun sveitarfélaganna. Þetta er afskaplega mikilvægt sem hér kemur fram.

Þá vil ég gjarnan, hæstv. forseti, víkja nokkuð að því sem hefur verið sagt um fjármagnstekjuskattinn. Þar hafa fallið allstór orð um það að ríkisstjórnin vísi málinu frá sér og yfir til annarra aðila, stjórnarandstöðunnar og annarra. Ríkisstjórnin hefur verið algerlega heil í því máli er varðar fjármagnstekjuskattinn. Það var gefin út yfirlýsing í október 1993 þar sem ákveðið var að grípa til sérstakra aðgerða til að knýja fram lækkun vaxta í framhaldi af því breytta efnahagslega umhverfi sem hafði tekist að skapa. Með þeirri yfirlýsingu sem þá var gefin var sagt, og var það að ráði Seðlabanka og viðskiptabanka og annarra slíkra aðila, að fjármagnstekjuskatti væri slegið á frest því það færi ekki saman um þær mundir að vinna að setningu hans og vaxtalækkunarátakinu. Og ég man ekki til þess, ég verð þá leiðréttur ef svo er, að stjórnarandstaðan hafi gert athugasemdir við það á þeim tíma. Enda hefur það verið viðkvæði í þjóðfélaginu að vexti bæri að lækka, raunvaxtastigið bæri að lækka þó það hafi ekki tekist um margra ára skeið, sennilega á annan áratug, fyrr en með þessum aðgerðum í október 1993. Þá segja menn, ja, ríkisstjórnin er að ýta þessu máli frá sér yfir til næstu ríkisstjórnar, og virðast telja það eitthvað óeðlilegt. Í fyrsta lagi er ríkisstjórnin ekki að ýta málinu frá sér heldur hefja undirbúning þess, hefur reyndar þegar hafið undirbúning þess en veit að það eru áhöld um með hvaða hætti þessu markmiði skuli ná og vill hafa sem víðtækasta samstöðu um það hvernig þessu markmiði skuli ná. Leggur því til að víðtæk samstaða skapist í landinu um málsmeðferðina og ríkisstjórnin veit að þetta hefur verið í hennar stjórnarsáttmála og hún hefur líka fylgst með ummælum hv. stjórnarandstæðinga um að þeir séu þess fýsandi að slíkur skattur sé á lagður. Þegar þannig er til stofnað þá er auðvitað fyllilega eðlilegt og sjálfsagður framgangsmáti að ná öllum þessum aðilum saman sem hafa marglýst því yfir að þeir vilji í þennan farveg koma málum.

Ég hlýt þó hins vegar að vekja athygli á því að þeir sem gagnrýna okkur, þá stjórn sem nú situr, fyrir að hafa ekki komið þessu máli fram sátu í stjórn á undan þessari. Látum nú vera ef þessi hugmynd hefði ekki komið upp þá en það var ætlun þeirrar ríkisstjórnar og margkynnt hér á Alþingi að koma fjármagnstekjuskattinum á. Það varð ekki. Sú grundvallarvinna sem nú hefur verið unnin lá ekki fyrir þá. Sú vinna mun auðvelda samstarfið í þeirri nefnd sem stjórnarflokkarnir eru að leggja til að fari af stað. En auðvitað munu menn fara yfir þessa þætti, kanna þá möguleika sem fyrir hendi eru og fara jafnframt yfir þá þróun sem er að gerast, til að mynda um alla Evrópu, varðandi fjármagnstekjuskattinn og gæta þess að við séum samsíða öðrum ríkjum í þeim hugmyndum sem þar eru nú að gerjast.

Hæstv. forseti. Þetta vildi ég að kæmi fram um þetta atriði sérstaklega.

Mér þótti athyglisvert að stjórnarsamstaðan er ekki samstiga varðandi ekknaskattinn sem svo hefur verið kallaður og veigamikil rök hafa verið færð fram til að kalla skattinn þessu nafni því svo illa hefur hann bitnað á þeim maka sem eftir lifir sem reyndar á Íslandi er oftar ekkjan en ekkillinn eins og vitað er. Framsfl. hefur áður lýst því yfir að hann sé fylgjandi því að þessi skattur sé lagður af og er það vel en talsmaður Alþb. hér áðan vill endilega hafa þennan skatt áfram. Það er athyglisvert og ég vona að fólkið í landinu taki eftir því, einkum ekkjurnar sem kannski sumar hverjar hafa kosið Alþb. óvitandi vits en munu ekki gera það framvegis ef þessi yfirlýsing kemst nægilega vel á framfæri. Þessi skattur var og er ósanngjarn og á að leggjast af og það er víðtæk samstaða um það í þinginu milli framsóknarmanna, sjálfstæðismanna, alþýðuflokksmanna og vonandi Kvennalistans, ég trúi ekki öðru, en Alþb. er þar eitt sér á báti.

Varðandi það sem nefnt var og hv. síðasti ræðumaður nefndi um afnám tvísköttunar lífeyrisgreiðslna og fannst þar undarlega að málum staðið af hálfu ríkisstjórnar. Hver er mergur þess máls? Hvert er óréttlætið í því máli? Það er tvísköttun sem er lykilorðið í þeim efnum. Nú þurfa menn að gá að því að engin slík tvísköttun hefur átt sér stað fyrr en fyrst árið 1988 því fram að því voru inngreiðslurnar í lífeyrissjóðina frádráttarbærar, bæði hjá einstaklingum og atvinnurekendum. Það er því aðeins á tímabilinu frá 1988 til þessa dags sem þessi tvísköttun, sem er lykilorðið í málinu, kann að hafa átt sér stað. Hvernig finna menn þá þessi 15%? Jú, menn vitna til þess að 60% af inngreiðslum í lífeyrissjóðina var frádráttarbær frá skatti. Líka á þessu tímabili. Rétt eins og öll greiðsla atvinnurekendamegin var á tímabilinu þar á undan frádráttarbær, frá 1988 til þessa dags. 40% voru ekki frádráttarbær. Þegar menn síðan taka þennan þáttinn og vaxtaþáttinn, sem menn ætlast til varðandi fjármagnstekjuskatt — menn eru að horfa til framtíðar — að verði ekki skattlagður, vaxtamyndun lífeyrissjóðanna verði ekki skattlögð, þar er því ekki um tvísköttun að ræða í því sambandi, lykilatriði í málinu, þá stendur aðeins eftir þessi hluti sem tvískattaður er, þessi 15%. Ef menn eru alveg sanngjarnir í málinu og vilja fara fram af sanngirni, líta á tvísköttunarþáttinn sem vandamál í málinu þá er þessi niðurstaðan.

Ég tel að þarna sé farið heiðarlega að málum.

Hátekjuskatturinn er nefndur og menn segja: Það var bara spursmál um að fella hann niður. Þetta er misskilningur og það vita hv. þm. Hátekjuskatturinn er fallinn niður. Það þarf sérstakan lagaatbeina Alþingis til að koma honum á á ný og það er einmitt það sem verið er að gera með þessari yfirlýsingu og þessu samkomulagi. Það er verið að koma honum á á ný. Hann er að vísu lagður á örlítið hærri tekjur en fyrr en það er verið að koma honum á á ný. Í því felst þetta samkomulag og þessi yfirlýsing. Ég vek líka athygli á því að meðan hér var vinstri stjórn þá var ekki lagður á slíkur hátekjuskattur. Það var um hann rætt fyrir kosningarnar þar á undan en hann var ekki á lagður af vinstri stjórninni. Það gerði hins vegar sú stjórn sem nú situr. Ég skal alveg viðurkenna að mér var það ekkert

létt um geð, hvorki að leggja hann á þá né leggja hann á aftur núna. Því það er nefnilega þannig að menn borga hærra skatthlutfall í núverandi kerfi eftir því sem tekjurnar eru hærri. Ekki bara greiðslan heldur skatthlutfallið eykst eins og menn vita ef tekjurnar eru hærri. Í þessu dæmi er um sérstaka ákvörðun að ræða því hátekjuskatturinn var niður fallinn sem var sérstök ákvörðun Alþingis. Hann gilti til tveggja ára og féll þá sjálfkrafa niður og því þurfti þess við að setja um *hann ný lög til þess að hann gæti gilt og hægt væri að* rukka hann inn í þágu ríkissjóðs.

Menn ræða um hækkun skattleysismarka og gefa til kynna að þar sé eitthvert sjónarspil á ferðinni vegna þess að menn hafi komið á fund efh.- og viðskn. og sagt að þessi aðferð mundi ekki hafa neinar breytingar í för með sér frá fjárlagafrv. En það er reyndar rétt eins og er um bandorminn, sem hér er ræddur, að lögfesting þeirra atriða sem þar eru hefur ekki breyting á fjárlagafrv. í för með sér vegna þess að fjárlagafrv. byggir á því að þetta náist fram með þessum hætti. Þannig var að þegar staðgreiðsluskatturinn var tekinn upp á sínum tíma þá var ráð fyrir því gert að þegar kaupmáttur lækkaði mundi skatturinn lækka. Þegar kaupmáttur ykist mundi skatturinn þyngjast. Því miður var þessi leið ekki farin og fjmrh. úr röðum Alþb., maður sem við metum öll mikils, dálítið misjafnlega mikils eins og gengur, ákvað að fara ekki þá leið sem mörkuð hafði verið þannig að skatturinn þyngdist þegar kaupið dróst saman og lækkaði. Og með þeirri stefnumörkun sem hafði verið ákvörðuð í upphafi þá hefði skatturinn áfram átt að þyngjast þegar kaupið hækkaði en það var ákvarðað nú að þrátt fyrir breytta efnahagsstöðu mundi dæminu ekki snúið við núna eins og það átti að gerast í upphafi ef hin leiðin hefði verið farin og skattleysismörkin mundu hækka með auknu kaupi og auknum kaupmætti sem Þjóðhagsstofnun gerir ráð fyrir og við væntum öll að geti orðið. Þannig að inni í fjárlagafrv. er ráð fyrir þessu gert.

Hæstv. forseti. Ég held að flest það sem hér hefur verið rætt og fundið að þessari yfirlýsingu eigi sér ekki stoð ef vandlega er að málinu hugað og af sæmilegri sanngirni skoðað. Ég held einmitt að það sem ég nefndi í upphafi, að ástæða þess að þeir aðilar í þjóðfélaginu sem ekki eru eins ofurseldir og við hv. þm. dægurþrasinu, mætti jafnvel segja útúrsnúningunum sem stundum verða hér á báða bóga, hafa tekið þessum tillögum vel og talið þær stuðla að sátt og samlyndi í þjóðfélaginu og leggja grundvöll að betra andrúmslofti til þess að vinna að gerð kjarasamninga. Og því hljótum við öll að fagna hvar í flokki sem við stöndum að ríkari sátt fáist í þjóðfélaginu og að greiðari grundvöllur til gerðar kjarasamninga sem tryggir stöðugleika, sem við höfum búið við núna undanfarið og við finnum að fólkið vill ekki missa, að slíkur grundvöllur náist fram.

[00:40]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. forsrh. var að verja yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar áðan og er ekkert nema gott um það að segja. Hann sagði í varnarræðu sinni að nú ríkti sátt og samstaða við sveitarfélögin og ekkert samkomulag hefði verið brotið. Það er rétt. Það slapp á elleftu stundu. Það var reynt til hins ýtrasta að brjóta samkomulag sem hljóðaði þannig orðrétt: „Ekki er gert ráð fyrir að innheimta 600 millj. kr. frá sveitarfélögum í Atvinnuleysistryggingasjóð á næsta ári."

Það var eingöngu fyrir hörð viðbrögð sveitarstjórnarmanna um allt land að þetta samkomulag var ekki brotið og núna um helgina náðist sankomulag um að *innheimta ekki* þessa upphæð. Það er nauðsynlegt að þetta komi fram og það er m.a. fyrir baráttu stjórnarandstöðunnar og sveitarstjórnarmanna sameiginlega að þetta er komið í höfn.

[00:41]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Því nefndi ég þetta að í umræðunum hér hafði verið sagt að ríkisstjórnin hefði brotið samkomulag en málið stendur nákvæmlega eins og hv. þm. sagði, og ég met það, að ekkert slíkt samningsbrot hafi átt sér stað. Það var meiningamunur um túlkun en nú liggur fyrir samkomulag undirritað af hæstv. fjmrh. og félmrh. og formanni og framkvæmdastjóra Sambands ísl. sveitarfélaga sem leggur ágætan grunn að áframhaldandi góðu samstarfi ríkisstjórnarinnar og sveitarfélaganna.

[00:42]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það mætti orða þetta þannig, svo að þessu sé lokið, að það hafi verið samkomulag í dag um að hætta við að brjóta samkomulag.

[00:42]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Sérstakur hátekjuskattur var lækkaður með þessari yfirlýsingu og sérstakur eignaskattur felldur niður. Ég endurtek að ég tel að það sé einmitt það sem ríkisstjórnin er að gera. Hún er að koma til móts við þá sem betur mega sín og hún ætlar ekki að gera nema það allra minnsta fyrir hina.

Síðan vil ég endurtaka það í sambandi við afnám tvísköttunar að það stendur í síðari hluta yfirlýsingarinnar: „Til að tryggja að þessi ákvörðun komi lífeyrisþegum strax til góða verður jafngildi lífeyrisframlags þeirra, eða sem nemur 15% af útborguðum lífeyri, undanþegið skatti þegar á næsta ári."

Það er verið að segja það beint út að einungis 15% af útborguðum lífeyri sé framlag lífeyrisþeganna sjálfra af því sem greitt er út úr lífeyrissjóðunum og það eigi sem sagt að draga það frá.

[00:44]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það var það sem ég nefndi, að lykilorðið í þessum þætti væri tvísköttunin og það er eingöngu sá þáttur sem hægt er að færa sönnur á að hafi búið við tvísköttun sem er breytt. (**Gripið fram í:** Eftir 1988.) Nákvæmlega eins og ég fór yfir áður, frá 1988 til 1994. (Gripið fram í.) Hann var styðja það og styrkja sem forsrh. sagði og er það vel metið.

[00:44]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að það hefði þurft að semja þessa yfirlýsingu svolítið skýrar og betur. Ég held að það geti enginn skilið þetta öðruvísi en svo að þarna sé verið að taka undan allt sem viðkomandi lífeyrisþegi hafi lagt í lífeyrissjóðina og það er ekki skattlagt en það er framsetning sem er óhafandi vegna þess að auðvitað hafa lífeyrisþegarnir lagt fram 40% í sína lífeyrissjóði en samkvæmt orðanna hljóðan þarna er talað um að jafngildi lífeyrisframlags þeirra sé 15% af útborguðum lífeyri.

[00:45]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta er misskilningur hjá hv. þm. vegna þess að við erum að hugsa um hinn útborgaða lífeyri og hluti af hinum útborgaða lífeyri kemur af vaxtamyndun og vaxtamyndunin er ekki skattlögð og verður ekki skattlögð með fjármagnstekjuskatti. Það er grundvallaratriði. Við erum að losa okkur við þann þáttinn þar sem tvísköttunin ein kemur til. Þetta er niðurstaðan.

[00:45]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. forsrh. var að ræða um ekknaskattinn áðan og virtist álíta að stjórnarandstaðan væri eitthvað ósammála um hann. Ég vil benda honum á það að við kvennalistakonur lögðum fram fyrir nokkrum árum frv. um breytingu á tekjuskattslögum þar sem var kveðið á um að eftirlifandi maki sem sæti eftir í stórri og hugsanlega skuldlausri húseign þyrfti ekki að greiða hærri eignarskatt en hjónin höfðu áður greitt sameiginlega eða verið skattlögð fyrir sameiginlega og þetta gilti svo lengi sem eftirlifandi maki byggi í viðkomandi húseign. Hins vegar tel ég að það sé engin sérstök ástæða til að afnema þennan sérstaka eignaskatt að öðru leyti, þ.e. ekki á stóreignafólki. En mér finnst þurfa að skoða þetta sérstaklega með tilliti til ekkna og ekkla.

[00:47]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég skildi þessa yfirlýsingu Kvennalistans sem kynnt var hér þannig að í meginatriðum mundi Kvennalistinn standa að því að ekknaskatturinn yrði felldur niður enda finnst mér að Kvennalistinn geti vart horft framan í sína umbjóðendur ef Kvennalistinn stendur ekki með þessari ákvörðun. Ég lít þannig á að Alþb. sé algjörlega einangrað í því að vilja vernda þennan ekknaskatt.

[00:47]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Það eru fyrst og fremst vegna þeirra orða sem hæstv. forsrh. lét falla um yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá því á laugardaginn var og taldi það mikinn misskilning að við hefðum leyft okkur að gera lítið úr sumum þáttum hennar og telja að þar væri ekki margt nýtt eða mjög merkilegt að finna í sjálfu sér og jafnvel fátt nýtt. En staðreyndin er sú, hæstv. forsrh., hér er á ferðinni mjög sérkennilegt sambland af þegar gefnum gömlum loforðum en vanefndum í mörgum tilvikum og innihaldslausu blaðri um hluti sem segir ekki neitt og þar sem ríkisstjórnin ætlar sjálf ekki að leggja nokkurn skapaðan hlut af mörkum. Þetta minnir mann helst á atvinnuátakið á Suðurnesjum sem Suðurnesjamenn áttu að borga úr eigin vasa. Ríkisstjórnin ákvað að láta 500 millj. í nýsköpun atvinnulífs á Suðurnesjum sem þeir áttu svo að borga sjálfir. Það var skínandi gott. Margt af þessu er ósköp svipað, hæstv. forsrh., t.d. um nýsköpun í atvinnulífi og markaðssókn. Okkur var sagt í morgun að þetta ætti að koma frá Iðnþróunarsjóði. Það ætti að gera upptækar vaxtatekjur Iðnþróunarsjóðs og láta hann standa undir einhverjum greiðslum í þessu sambandi. Það getur verið gott og blessað en það er ekki ríkisstjórn Íslands sem þar með er að leggja eitthvað af mörkum.

Í öðru lagi t.d. það sem sagt er um greiðsluvandann í húsnæðislánakerfinu. Hvað er þar á ferðinni? Ríkisstjórnin ætlar að hóa saman aðilum til viðræðna, hún ætlar ekki að leggja neitt sjálf af mörkum. Það var upplýst í efh.- og viðskn., ekki króna úr ríkissjóði í þetta.

Sama má segja um lækkun húshitunarkostnaðar. Upplýst var í efh.- og viðskn. í morgun, ekki króna úr ríkissjóði í þetta. Ríkisstjórninni dettur í hug að hóa í rafmagnsveiturnar og Landsvirkjun og kannski einhverjar hitaveitur og segja við þær: Viljið þið ekki lækka húshitunarkostnaðinn? Það stendur upp á okkur að efna loforð um að lækka húshitunarkostnaðinn. Við ætlum að vísu ekki að leggja neitt í það en það þarf endilega að gera eitthvað í þessu.

Þetta eru efndirnar þegar fjórir mánuðir eru eftir af kjörtímabilinu. Þá eru sett marklaus eða marklítil, skulum við segja til þess að hafa vaðið fyrir neðan okkur og taka vægt í árinni, marklítil orð á blað og þetta tölusett fínt og flott upp á 14 liði. En auðvitað er þetta ekkert sem þarna er á ferðinni. Ekki nokkur skapaður hlutur.

Ég óttast það mjög, hæstv. forsrh., og ég spái því að það eigi eftir að koma á daginn að ein ástæðan fyrir því að menn voru varkárir í yfirlýsingum og tóku þessu jafnvel vel sumir hverjir eða voru tiltölulega jákvæðir í sínum hófsömu ummælum, t.d. forustumenn í verkalýðshreyfingunni, hafi verið vegna þess að þeir létu blekkjast, því miður. Þeir létu blekkjast t.d. af því að í þessari villandi framsetningu varðandi skattleysismörkin væri verið að boða raunlækkun tekjuskatts en svo er ekki eins og kunnugt er og mun sannast. Ég spái því að þá muni breytast tónninn í mörgum úti í þjóðfélaginu þegar þessi blekking verður afhjúpuð sem væntanlega verður á næstu dögum þegar mönnum hefur gefist tóm til að skoða þetta málverk.

Eins er það auðvitað með þetta samkomulag við sveitarfélögin. Við þurfum ekkert að þrasa um það hér en það er alveg kostulegt að reyna að selja mönnum það sem einhvern sérstakan nýjan gleðiboðskap að ríkisstjórnin sé fallin frá því að svíkja undirritað samkomulag við sveitarfélögin og síðan er því slegið upp að í dag hafi verið undirritað samkomulag á nýjan leik um sama hlutinn. Ég spyr: Er það þá tölusett samkomulag tvö? Verður það þannig næst ef þessari rík-

isstjórn vinnst tími til þess að gera enn einu sinni samkomulag við sveitarfélögin um að svíkja ekki samkomulag sem hún hafði áður gert að það verður samkomulag þrjú? Hvers konar skollaleikur er þetta? Auðvitað er þetta þannig.

Varðandi það sem í þriðja lagi hefur verið sagt um fjármagnstekjuskattinn þá segir þessi niðurstaða allt sem segja þarf. Kjörtímabilið er liðið, hæstv. forsrh., og þetta loforð í stjórnarsáttmála er þar með að engu orðið, það kemst ekki til framkvæmda á kjörtímabilinu. Menn geta svo reynt að skjóta sér á bak við hitt og þetta, yfirlýsingar um vaxtalækkanir í nóvember 1993 eða hvað það nú er. En staðreyndin er sú að ríkisstjórnin hefur bráðum haft hartnær fjögur ár til þess að hrinda þessu og öðru í framkvæmd sem hún setti í sinn stjórnarsáttmála og auðvitað getur hún afsakað sig með ýmsum hætti. En þetta er niðurstaðan. Nú er það boðað að í fyrsta lagi um önnur áramót þegar ný og vonandi gjörbreytt ríkisstjórn hefur setið að völdum í eina átta mánuði, kannski næstum því níu ef menn yrðu snöggir til og mynduðu ríkisstjórn 9. apríl nk., þá geti hugsanlega hillt undir það að fjármagnstekjuskattur færi að skila tekjum.

Síðan verð ég að segja það, hæstv. forseti, að málflutningur hæstv. forsrh. áðan um hinn sérstaka stóreignaskatt og ummælin sem hann hafði um Alþb. í því sambandi eru alveg sérstök. Hér talar sá hæstv. forsrh. sem ber ábyrgð á ríkisstjórn sem hefur lagt þennan skatt á í þrjú ár og kemur svo og talar um það sem mikið hneykslunarefni að einhverjir menn í ræðum spyrji sig að því: Er það endilega það brýnasta sem þarf að gera í skattamálum á Íslandi að fella hann niður? Ef þessi skattur er svona óhæfa, hæstv. forsrh., ef það er svona svívirða að leyfa sér að spyrja sig að því hvort til að mynda ríkissjóður hafi ekki einhverja þörf fyrir þessar tekjur, hvort það séu e.t.v. ekki einhverjir aðrir sem eigi meira undir högg að sækja í íslensku samfélagi í dag en þeir sem eiga hreinar nettóeignir upp á tugi milljóna króna og hafa þó a.m.k. meira en 1 milljón og jafnvel 2 í tekjur á ári, þá kemur hér hæstv. forsrh. sem hefur lagt þennan eignarskatt á, þennan ekknaskatt á í þrjú ár og talar um það sem alveg sérstaka svívirðu að hugleiða það að hafa hann kannski áfram að einhverju leyti. En það var allt og sumt sem hér kom fram í máli okkar alþýðubandalagsmanna. Auðvitað er þessi tekjuöflun í ríkissjóð okkur ekki heilög og sjálfsagt mál að ræða það hvort hún megi endurskoðast í tengslum við skattabreytingar að öðru leyti. En að tala með þessum hætti þá er kominn í menn kosningahamur, hæstv. forsrh. Ég bið hæstv. forsrh. að hugleiða það að þau hörðu orð og þær miklu skammir sem hæstv. forsrh. tekur sér í munn um ekknaskattinn hitta hæstv. forsrh. sjálfan fyrir því hann hefur borið ábyrgð á ríkisstjórn sem hefur lagt hann á í þrjú ár. Hér inn á þing hafa komið sjálfstæðismenn sem fóru í fararbroddi fyrir áróðursherferðinni gegn fyrrv. hæstv. fjmrh. sem hafa síðan lyppast niður og greitt atkvæði með ekknaskattinum. Og allt heila liðið, allur Sjálfstfl., sem fann upp þetta áróðursheiti, ekknaskatturinn, í stjórnarandstöðu þáverandi og í harðri áróðursatlögu sem gerð var að þáv. ríkisstjórn og þáv. fjmrh. hefur síðan lagt hann á í þrjú ár. Óbreyttan, eins og hann var frá hendi fyrri ríkisstjórnar. Þetta er alveg kostulegur málflutningur að koma svo hér og ætla að fara að slá keilur á því að nú eigi að afnema hann.

Það sama, hæstv. forseti, á við um skattfrelsismörkin. Þegar hæstv. forsrh. reynir að skjóta sér bak við löngu liðna tíð og tilhögun mála í tíð fyrrv. fjmrh., fyrir næstum heilu kjörtímabili síðan, en horfir algjörlega fram hjá þeirri staðreynd að ríkisstjórn Sjálfstfl., að hæstv. fjmrh. Sjálfstfl. hefur notað þá aðferð við uppreikning skattfrelsismarka í þrjú ár samfellt að þau skyldu fylgja launaþróun á tíma sem það var bersýnilega óhagstætt launafólki vegna þess að launin héldu ekki í við verðlag. Og koma svo nú og ætlast til þess að menn knékrjúpi og þakki vegna þess að ríkisstjórnin hefur ákveðið að breyta þessu ekki er alveg kostulegur málflutningur og enn kostulegra að ætla sér að skýla sér á bak við störf fyrrv. fjmrh. í þeim efnum. Dæmi frá núv. fjmrh., hæstv. forsrh., er miklu nærtækara.

Það sem ég tel ámælisverðast af öllu í sambandi við framsetningu þessara tillagna frá hendi hæstv. ríkisstjórnar er orðalagið á bls. 4 í texta yfirlýsingarinnar um hækkun skattleysismarka vegna þess að það er verið að reyna að gefa til kynna að ríkisstjórnin hafi tekið nýja og sjálfstæða ákvörðun um að persónuafsláttur skuli taka mið af fyrirhugaðri launaþróun fremur en verðlagsþróun. Þetta er orðað þannig, með leyfi forseta:

„Ríkisstjórnin hefur ákveðið að persónuafsláttur taki áfram mið af fyrirhugaðri launaþróun fremur en verðlagsþróun ...“

Það er sett fram eins og ný ákvörðun hafi verið tekin. Það er t.d. ekki verið að hafa það í huga að forsendur fjárlagafrv. eru eðlilega þessar: óbreytt tilhögun. Síðan er bætt við: „...og hækki því meira en ella hefði orðið.“ — Þ.e. skattleysismörkin. Með því er verið að gefa í skyn að annað hafi staðið til.

Það er ofboðslega ósvífin blekking að setja málin fram með þessum hætti. Það er vísvitandi verið að reyna að gefa það í skyn í fyrra lagi að ríkisstjórnin hafi tekið nýja sjálfstæða ákvörðun með þessari yfirlýsingu og í öðru lagi að annað hafi staðið til en að skattfrelsismörkin yrðu færð upp í samræmi við áætlaða launaþróun og það er blekking. Það er blekking að setja hlutina fram með þessum hætti. Það er vísvitandi tilraun til blekkingar. Þetta orðalag er, hæstv. forsrh., mjög ámælisvert og það var það sem ég gerði í fyrri ræðu minni í dag sérstaklega að umtalsefni og gagnrýni langharðast. Það var þessi framsetning. Vegna þess að þegar t.d. grg. fjárlagafrv. er skoðuð, og það gerðum við á fundi efh.- og viðskn. í morgun, þá er með framsetningunni þar ekkert annað boðað en það að óbreytt tilhögun verði viðhöfð, að grunnfjárhæðir varðandi álagningu skatta og bóta fylgi sömu forsendum verðlags og launaþróunar og þær hafa gert. Það er ekkert annað gefið í skyn út af fyrir sig. Framsetning fjárlagafrv. er því eftir atvikum sæmilega skýr í þess-

um efnum en það er framsetningin á þessari yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar sem er hreinar tilraunir til blekkingar.

Það er, hæstv. forseti, mjög ámælisvert og ég óttast því miður að þær blekkingar hafi að hluta til gengið í gegn í fyrstu umfjöllun um þetta mál enda þannig að því staðið af hálfu hæstv. ríkisstjórnar að engum aðilum sem málið varðar var gefinn kostur á því að kynna sér þessa yfirlýsingu áður en fjölmiðlar fluttu af henni fréttir. Engum. Það er framkoma sem er fyrir neðan allar hellur. Auðvitað getur ríkisstjórnin hegðað sér svo sem hún vill í sínum áróðursleikjum en það er þá lágmark að það sem frá henni komi sé trúverðugt og þannig frá því gengið að það leiði menn ekki næstum að segja sjálfkrafa á villigötur í sinni umfjöllun. Auðvitað hefðu það verið mannasiðir af hálfu hæstv. ríkisstjórnar að senda til að mynda aðilum vinnumarkaðarins, verkalýðshreyfingunni og stjórnarandstöðunni, plaggið áður en það fór í fjölmiðla þó ekki væri nema vegna þess að þessum aðilum er ætluð aðild að málinu. Þeim á að bjóða að tilnefna í nefnd sem vinnur að tilteknum verkefnum samkvæmt þessari yfirlýsingu. Ég kannast ekki við að það teljist góðir mannasiðir að láta þá, sem ætlunin er að fá til samstarfs af þessu tagi, frétta það í gegnum fjölmiðla að ætlunin sé að þeir eigi hlut að máli.

Þó ekki hefði annað komið til en það að ríkisstjórnin hefur ákveðið þessa nefndarskipan, sem út af fyrir sig — ég vil taka fram að ég tel jákvætt skref það litla sem það er og sjálfsagt að taka með jákvæðum hætti til skoðunar en þá að sama skapi hefði ríkisstjórnin ef hún hefði viljað ástunda vönduð vinnubrögð eðlilega átt að hafa samband við þessa aðila. Ég segi ekki kannski að ganga úr skugga um það fyrir fram hvort þeir vildu taka þátt í starfinu en a.m.k. aðvara þá um að þeirra yrði getið í þessu útspili ríkisstjórnarinnar. Það eitt hefðu verið einhverjir mannasiðir, hæstv. forseti. En þessi áróðursmennska og kosningahamur sem þarna er kominn í hæstv. forsrh. og hæstv. ríkisstjórn segir mikla sögu um það hvernig þetta útspil er unnið og til hvers það er ætlað. Þannig er það að hæstv. ríkisstjórn hefur margnýtt flest tækifæri sem hún hefur fengið upp á síðkastið til þess að koma sér í fjölmiðla undir jákvæðu kastljósi og nýta sér slíkt í áróðursskyni.

Að öðru leyti, hæstv. forseti, hef ég ekki um þetta fleiri orð. Okkur mun gefast tækifæri til að ræða einstaka þætti þessara mála efnislega að svo miklu leyti sem þeir þurfa að koma fyrir þingið en ég dreg ekki til baka ummæli mín frá því í dag um ámælisverða framsetningu þessarar ríkisstjórnar, um það að þarna er að mörgu leyti villandi hrært saman gömlum og nýjum loforðum og margt af þessu er tiltölulega innihaldslítið orðagjálfur sem í sjálfu sér segir ekki nokkurn skapaðan hlut um, því miður, alvarleg málefni úti í okkar samfélagi eins og greiðsluerfiðleika í húsnæðislánum, lækkun húshitunarkostnaðar og annað því um líkt og hreinn áróðursbragur á þeirri framsetningu og það er ámælisvert.

[01:03]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég skil það út af fyrir sig vel að hv. þm. stjórnarandstöðunnar vilji gera eins lítið úr þessu plaggi og verða má en ég tel þó að sá málflutningur gangi ekki upp eins og ég hef reyndar sýnt fram á með allmörg atriði nú þegar. Ég tek eitt atriði til viðbótar. Eins og það sem hv. þm. nefndi varðandi þriðja liðinn. Hv. þm. sagði ef svo fer sem gefið hefur verið til kynna að arðurinn af eignum Iðnþróunarsjóðs verði notaður til þess að verða grundvöllur aðgerða í nýsköpun, þá hefur það ekkert með ríkissjóð að gera og er ekkert framlag. Þetta er mikill misskilningur hjá hv. þm. vegna þess að þegar Iðnþróunarsjóður lýkur hlutverki sínu á vormánuðum næsta árs þá mundu eignir hans ganga til ríkisins að öðru óbreyttu. Með þessari ákvörðun er því, ef málin takast til með þessum hætti, verið að fórna fjármunum ríkissjóðs til nýsköpunar. Það gefur auga leið. Ella gengju þessir fjármunir til ríkissjóðs og ríkissjóður væri því betur settur sem því næmi. Það er auðvitað skammsýni og vanhugsað að telja að málatilbúnaður af þessu tagi gagnist ekki fyrirtækjum og sé fyrir óbeinan a.m.k. og jafnvel fyrir beinan atbeina ríkissjóðs.

Sama má segja um fjármagnstekjuskattinn eins og ég hef áður sagt. Það var tekin ákvörðun um það í október 1993 að fresta honum ótímasett. Nú er tekin ákvörðun um það að hefjast handa um undirbúning þess að það mál geti farið í tiltekinn farveg og óskað eftir víðtækri samstöðu um það mál.

[01:05]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forsrh. Ég leyfi mér að taka aftur í munn það sem ég notaði fyrr í dag í umræðum: Litlu verður Vöggur feginn.

Það var athyglisvert að það var þetta gagnrýnisatriði sem hæstv. forsrh. reyndi að svara en ekki ýmsum öðrum sem voru miklu þungvægari. Varðandi Iðnþróunarsjóð er það sem ég var að benda á þar að orðalagið er aftur á þann veg að ríkisstjórnin er gerð aðalatriði þess máls eins og þetta er orðað: „Til þess að treysta enn frekar undirstöður íslensks atvinnulífs og skapa fleiri störf mun ríkisstjórnin leggja fram frv. um nýsköpun í atvinnulífinu og með því verður greitt fyrir vöruþróun og markaðssókn erlendis. Aðgerðir þessar munu ná til allra atvinnugreina. Jafnframt hefur ríkisstjórnin ákveðið sérstakar aðgerðir" o.s.frv.

Framsetningin á þessu er þannig að þeir sem læsu þetta og hefðu ekki þær upplýsingar sem við fengum í morgun mundu auðvitað halda að þetta væri allt saman af hálfu ríkisstjórnarinnar gert. Ég veit að vísu, hæstv. forsrh., að það er rétt að á því ári sem lýkur greiðslum Norðurlandanna til Iðnþróunarsjóðs þá eignast Íslendingar Iðnþróunarsjóð. Það er rétt. En sjóðurinn er sjálfstæð eining eftir sem áður og fjárhagur hans er ekki margnota í þeim skilningi að hann þarf að hafa sinn styrk. Vissulega er það góðra gjalda vert að þeir fjármunir séu nýttir til þarfra hluta. En það er að mínu mati ekki rétt framsetning á því máli að draga það undir formerki ríkisstjórnarinnar og ákvarðana hennar í

málum af því tagi sem hér er gert.

Í því fólst gagnrýnisþáttur minn gagnvart þessum atriðum en það er að sjálfsögðu ekkert stórmál og ég er síður en svo að leggjast gegn því að styrk Iðnþróunarsjóðs sé skynsamlegum beitt til framþróunar í atvinnumálum. En þetta snýr meira að því hvaða framsetning er valin. Ríkisstjórnin er í þessu litla atriði eins og öllum öðrum að fegra sinn hlut, gera sinn hlut í þessum þáttum sem mestan og greinilega vegna þess að hún telur sér ekki veita af.

[01:07]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég verð var við það í þessari umræðu í dag hve hv. stjórnarandstæðingar taka því illa að það skuli hafa tekist samkomulag milli ríkisstjórnarinnar og sveitarfélaganna í landinu. Ég vil enn fremur vísa því algjörlega á bug að það hafi verið reynt að svíkjast að sveitarfélögunum eins og þetta hefur verið orðað. Ég minni á að í fjárlagafrv. stendur að samstarf við sveitarfélögin um annars konar fyrirkomulag en að leggja peninga beint í Atvinnuleysistryggingasjóð kemur einnig til álita og þetta var skýrt tekið fram. Það stendur einnig skýrt í fjárlagafrv. að það eigi að leita samkomulags og það er grundvallaratriði. Það samkomulag hefur nú orðið og gengur út á það að í stað þess að leggja 600 millj. í sjóðinn verður samstarf Atvinnuleysistryggingasjóðs og sveitarfélaganna svipað áfram og hingað til. Þar fyrir utan lýsir sambandið því yfir eftir að hafa rætt þetta við sambandsstjórnina að sveitarfélögin eru hvött til þess að leggja fram fjármuni sem þeir hafa nú til ráðstöfunar umfram það sem var á yfirstandandi ári til atvinnuuppbyggingar og spara þannig fjármuni úr Atvinnuleysistryggingasjóði. Þetta er samstarf, samkomulag, sem auk þess var gert um aðra hluti sem nefndir hafa verið fyrr á hinu háa Alþingi og snúa að Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Þannig að nú þegar niðurstaða er fengin þá held ég að hv. stjórnarandstæðingar ættu að hætta þessu tali sem er úrelt orðið og halda ekki áfram eins og grammófónsplata að halda því fram að það sé verið að svíkjast að sveitarfélögunum. Það er ekki hv. stjórnarandstæðingum samboðið að halda slíkum röngum málflutningi fram.

[01:09]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er fullkomlega eðlilegt að hæstv. fjmrh. sé sár og reiður í þessu máli og í vondri stöðu og reynir að kljóra yfir frammistöðu sína í þessum efnum með harla ömurlegum hætti. Það liggur fyrir, hæstv. fjmrh., að þvert ofan í gert samkomulag tveggja ráðherra við sveitarfélögin á síðasta ári er lagt fram fjárlagafrv. í haust sem gerir ráð fyrir áframhaldandi greiðslum sveitarfélaganna upp á 600 millj. kr. til fjármögnunar Atvinnuleysistryggingasjóðs. Síðan er að vísu sagt að á móti eigi að koma sérstök átaksverkefni í einhverjum mæli. Útkoman úr því undanfarin ár er sú að sveitarfélögin greiða 600 millj. inn en ekki nema hluti þeirra fjármuna fer út aftur í gegnum einhver verkefni. Að stórum hluta til hefur þess vegna þarna átt sér stað einhliða fjármögnun sveitarfélaganna á Atvinnuleysistryggingasjóði. Þetta liggur fyrir og þetta vita menn. Þetta samkomulag frá því í fyrravetur milli hæstv. fjmrh. og félmrh. og sveitarfélaganna er alveg skýrt og hefði fjárlagafrv. gengið fram eins og ríkisstjórnin lagði það inn á borð þingmanna í krafti síns þingmeirihluta þá hefði í því falist brot á samkomulaginu við sveitarfélögin. Þetta er eins skýrt og nokkuð getur verið. Það er alveg sama hvernig ríkisstjórnin reynir aftur að klóra sig í land núna þegar hún er búin að gefast upp í málinu, þegar hæstv. fjmrh. er loksins búinn að berja höfðinu nógu oft við steininn og sér að hann kemst ekki upp með þetta. Þessar staðreyndir verða ekki þurrkaðar út.

Í fjárlagafrv. eins og það var lagt fram fólst áform um að brjóta samkomulagið við sveitarfélögin.

[01:11]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þessi furðulegi málflutningur verður í æpandi mótsögn við það sem stendur í fjárlagafrv. Það stendur ósköp einfaldlega í fjárlagafrv. á bls. 361, með leyfi forseta, :

„Áformað er að leita eftir samkomulagi við sveitarfélögin" o.s.frv.

Hvað þýðir þetta? Það þýðir að það eigi að leita samkomulags og það gerist ekki einhliða. Það er hins vegar rétt að í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir 600 millj. kr. í Atvinnuleysistryggingasjóð og þannig er fjárlagafrv. alltaf sett fram. Það eru áform og áætlanir. Það er skylt fyrir fjmrh. á hverjum tíma að setja áform og áætlanir fram, svo er það þingsins endanlega að ákveða hvað kemur inn í frv. þegar það verður að fjárlögum. Það hefur aldrei staðið annað til en að leita samkomulags og gera samkomulag. Þetta er nýlunda og hefur verið gerð í tíð núv. ríkisstjórnar, var ekki gert í tíð ríkisstjórna þar á undan og það hefur verið virt af báðum aðilum. Það var tekið fram í samkomulaginu sem gert var fyrir ári síðan að það yrði að leita samkomulags og við það hefur verið staðið. En það er ekkert að því og aldrei staðið annað til en að setja fram áform á báða bóga.

Gott dæmi þar um er einmitt það sem leystist líka í dag þegar ríkisstjórnin annaðist þá milligöngu að ná láni fyrir Innheimtustofnun sveitarfélaga til að hægt væri að standa við það sem jöfnunarsjóðurinn þarf að standa við. Það er gert í fullkomnu samkomulagi án þess að það hafi legið nokkrar skuldbindingar á ríkinu. Það eru dæmi um vinnubrögð sem sveitarfélög og ríkisvaldið vilja standa að og hefur verið til fyrirmyndar í þessari ríkisstjórn hverju sem hv. stjórnarandstæðingar reyna að halda fram í þessu efni.

[01:13]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Staðreyndin er sú að samskipti ríkisvaldsins við sveitarfélögin á þessu kjörtímabili hafa verið með endemum. Það er einmitt vegna þess að ríkisstjórnin hefur með þingmeirihluta sínum ítrekað beitt

valdi og níðst á sveitarfélögunum í landinu sem hafa lent í þeirri varnarstöðu sem raun ber vitni. Það stendur að vísu í grg. frv. að það sé áformað að leita eftir samkomulagi um þessar 600 millj. en þessar 600 millj. eru inni í tekjuforsendum frv. Það er gert ráð fyrir þeim til að fjármagna Atvinnuleysistryggingasjóð á næsta ári. Hver er það sem leggur fram fjárlagafrv., hæstv. forseti? Það er ríkisstjórnin í krafti þingmeirihluta síns sem hefur þar með lagasetningarvaldið í hendi sér. Reynslan frá undanförnum árum veldur því að þegar forsvarsmenn sveitarfélaganna sáu þetta plagg þá sögðu þeir: svik, vegna þess að það var áður búið að pína þá til greiðslu slíkra fjármuna, samanber lögguskattinn fræga. Þessu kemst hæstv. fjmrh. ekkert frá. Sveitarfélögin fóru þar af leiðandi út á þá braut eftir reynsluna af samskiptum sínum við ríkisstjórnina sem hafði ítrekað beitt valdi í þeim samskiptum að þau reyndu að semja þessa vá af höndum sér með samkomulaginu í fyrra. Þeim mun furðulegri var þessi framlagning fjárlagafrv. eins og það var. Auðvitað gat það ekki gerst að slíkt undirritað samkomulag yrði svo svikið, það hlaut að vera. Þannig að fjmrh. er gerður afturreka með áform sín um að ná þessum peningum af sveitarfélögunum. En sagan liggur fyrir og hvernig þessi samskipti hafa verið á þessu kjörtímabili og það er að snúa hlutunum algjörlega á haus að reyna að tala um það að þetta hafi verið alveg sérlega jákvæð og merkileg samskipti og í góðum anda allan þennan tíma. Ætli það sé ekki þannig að meira að segja sjálfstæðismanninum sem veitt hefur Sambandi sveitarfélaga forstöðu hefur reynst óhjákvæmilegt að nota býsna stór orð á köflum um samskipti sín einmitt við þessa ríkisstjórn?

[01:15]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Í upphafi varðandi þá umræðu sem hér hefur farið fram um samskipti ríkisstjórnar og sveitarfélaga þá veit ég ekki hvort hæstv. fjmrh. heyrði ræðu hæstv. forsrh. áðan en þá sagði hæstv. forsrh. nánast orðrétt á þessa leið: Ef fjárlögin hefðu gengið fram eins og fjárlagafrv. gerði ráð fyrir þá hefði samkomulagið við sveitarfélögin verið brotið að mati sveitarfélaganna.

Ég bið hæstv. forsrh. að mótmæla ef þetta er ekki rétt haft eftir. Ég held að þetta sé nánast orðrétt haft eftir. Þetta eru öll fyrirmyndarsamskiptin sem hæstv. fjmrh. ræddi um áðan. Við munum, í það minnsta við sem vorum í efh.- og viðskn., alla umræðuna um lögguskattinn og þegar sveitarstjórnarmenn af öllu landinu voru hringjandi nótt sem nýtan dag æfir yfir framferði ríkisstjórnarinnar. Það er ekki langt síðan formaður Sambands ísl. sveitarfélaga var á fundi með þingflokki okkar framsóknarmanna og það voru ekki par falleg orð sem þar féllu um samskipti þessarar ríkisstjórnar við sveitarfélögin. Það eru því að mínu mati nánast öfugmæli að tala um að þessi samskipti hafi öll verið til mikillar fyrirmyndar.

Varðandi yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar sem hér er hampað sem afar merku plaggi þá langar mig að spyrja hæstv. forsrh.: Hvenær var ákvörðun tekin um að gefa út þessa yfirlýsingu og hvert var tilefnið? — Ef hæstv. forsrh. heyrði ekki þá var spurningin: Hvenær var ákvörðun tekin um að gefa út þessa yfirlýsingu um aðgerðir til að stuðla að aukinni atvinnu, stöðugleika og kjarajöfnun og hvert var tilefnið?

Við sem fylgdumst með í þingsölum og erum í hringiðu stjórnmálanna gerum okkur að sjálfsögðu grein fyrir því að þessi yfirlýsing er sett saman til þess að reyna að breiða yfir mikinn ágreining sem var á milli stjórnarflokkanna um framlagningu fylgifrumvarpa með fjárlögum, breiða yfir ágreining sem var þess valdandi að fimm dögum áður en þinghlé átti að vera um jól þá voru þessi frv. ekki komin fram. Það var allt tilefnið. Og vegna þessa er búið til mikið málskrúð um aðgerðir til að stuðla að aukinni atvinnu, stöðugleika og kjarajöfnun. Þetta mun væntanlega vera ástæðan fyrir því að ekkert af þessu var kynnt fyrir aðilum vinnumarkaðarins, hvað þá stjórnarandstöðunni.

Það var rætt um það í fyrrahaust þegar vinnureglum var breytt í þinginu og stjórnarandstaðan tók við forustu í nokkrum nefndum að aðgerðir í efnahagsmálum og skattamálum sem ríkisstjórnin fyrirhugaði yrðu kynntar fyrir formanni efh.- og viðskn. í það minnsta jafnsnemma og fyrir fjölmiðlum. Við þetta hefur aldrei verið staðið og ég mun reyndar koma að þessum samskiptum ríkisstjórnar og Alþingis á eftir.

En mér þætti vænt um, virðulegi forseti, ef hæstv. forsrh. svaraði spurningum mínum um tilurð þessa plaggs hér.

Í öðru lagi langar mig til að spyrja nánar út í örfá atriði í þessari yfirlýsingu. Það er varðandi nýsköpun í atvinnulífi og markaðssókn. Hæstv. forsrh. segir að aðilar vinnumarkaðarins og ýmsir úti í bæ, sem ekki eru í þessu daglega pólitíska skæklatogi hafi tekið þessu vel. Það er rétt, menn tóku ákveðnum atriðum vel en ég veit ekki hvort menn áttuðu sig á hvað stóð á bak við. Varðandi t.d. nýsköpun í atvinnulífinu og markaðssókn þá ætla ég að lesa hér, með leyfi forseta:

„Til þess að treysta enn frekar undirstöður íslensks atvinnulífs og skapa fleiri störf mun ríkisstjórnin leggja fram frv. um nýsköpun í atvinnulífinu. Með því verður greitt fyrir vöruþróun og markaðssókn erlendis, m.a. á EES-svæðinu. Aðgerðir þessar munu ná til allra atvinnugreina."

Þarna er ansi mikið sagt. Þetta er það sem aðilar vinnumarkaðarins sáu. En hvað stendur á bak við þetta? Á bak við þetta stendur það þegar eftir er gengið að höfuðstóll Iðnþróunarsjóðs, þegar við eignumst hann að fullu, verði notaður til nýsköpunar og það er góðra gjalda vert. Þetta lögðum við framsóknarmenn m.a. til á okkar flokksþingi. En við bentum á að það þyrfti miklu meira til ef það ætti að vera eitthvað alvöruátak til nýsköpunar því hvað gefur þetta í tekjur? Þetta gefur rúmar 100 millj. á ári í tekjur. Þessar 100 millj. eiga að duga fyrir nýsköpun í öllum atvinnugreinum samkvæmt yfirlýsingunni. Þetta á að duga fyrir nýsköpun og markaðssókn erlendis í öllum atvinnugreinum. Og sér nú hver maður hvað verður til skiptanna.

Í öðru lagi segir, með leyfi forseta: „Jafnframt hef-

ur ríkisstjórnin ákveðið sérstakar aðgerðir til þess að auka erlendar fjárfestingar hér á landi."

Nú vil ég spyrja hæstv. forsrh.: Hvað hefur ríkisstjórnin ákveðið hérna? Hvaða aðgerðir eru það?

Við eigum heimtingu á því og þeir sem þetta snertir að vita hvað stendur á bak við þetta. Ég hef gengið eftir því á Alþingi í vetur við ráðherra ríkisstjórnarinnar hvort ekki stæði til að fara á þessu þingi ofan í lögin um erlenda fjárfestingu. Undir það tók hæstv. viðskrh. og sagði að það væru í gangi viðræður innan ríkisstjórnarinnar, milli hans og hæstv. sjútvrh., um breytingar þar á. Ég spyr hæstv. forsrh.: Er komin einhver niðurstaða úr þeim viðræðum og er það það sem verið er að boða hér?

Ef þessi yfirlýsing er jafngóð og hæstv. forsrh. segir þá eigum við heimtingu á að vita hvað stendur á bak við þetta. Ég er þeirrar skoðunar að það þurfi að gera breytingar á lögum um erlenda fjárfestingu. Eins og þau eru í dag en búið að opna fjármagnsmarkaðinn að fullu milli landa þá erum við í ákveðnum vanda og í raun miklu verri stöðu en við værum ef við fyndum nýja markalínu varðandi fjárfestingu í sjávarútvegi. En ég hef ekkert séð frá hæstv. ríkisstjórn um þetta og geng þess vegna eftir því hvað stendur á bak við þetta.

Svona getum við tekið hvern og einn punktinn og farið ofan í hann. Við eigum kröfu á því að fá skýringar á því hvað stendur á bak við þessa þætti.

Ég ætla ekki að fara mikið ofan í fjórða liðinn um örvun fjárfestinga en ég benti á í dag að helmingurinn af því sem þar er lagt til er að taka til baka breytingu ríkisstjórnarinnar frá því fyrir tveimur árum sem við fulltrúar Framsfl. í efh.- og viðskn. vöruðum stórlega við.

Virðulegur forseti. Síðan ætla ég að fara örfáum orðum við hæstv. forsrh. um vinnubrögð í þessu máli og samskipti við Alþingi. — Virðulegur forseti. Nú eru hæstv. ráðherrar á einkafundi þannig að ég doka við. (**Gripið fram í:** Við heyrum vel.) Þeir segjast heyra vel. Ég ætla að fara aðeins yfir vinnubrögð og samskipti framkvæmdarvaldsins við Alþingi. Ég hef gert það margsinnis á þessu kjörtímabili og get vitnað til þingtíðinda hvað það snertir. Ég minni á í þessu sambandi að hæstv. forsrh. hafði mörg orð í upphafi kjörtímabilsins um vinnubrögð á Alþingi sem hæstv. ráðherra fundust ekki til fyrirmyndar. Ég get út af fyrir sig tekið undir það að mörgu mátti breyta varðandi vinnubrögð Alþingis. — Virðulegur forseti. Ég vil gefa hæstv. ráðherrum tækifæri til þess að ljúka fundi sínum. Hæstv. ráðherrar segja að þeir heyri þetta allt saman en ég verð að segja alveg eins og er, virðulegi forseti, að það er afar hvimleitt að beina orðum til manna sem sýna þeim sem við þá ræða ekki meiri virðingu en svo að standa í samtölum í hliðarsölum. (**Forsrh.:** Ég hef verið innanhúss í dag, hv. þm. Ég hef varla brugðið mér frá.) Hæstv. ráðherra segist varla hafa brugðið sér frá, það kann rétt að vera.

En ég ætla að rifja það upp aftur sem ég byrjaði á að hæstv. forsrh. hafði mörg og stór orð um vinnubrögð á Alþingi þegar hann kom hér fyrst inn. Ég sagði að ég gæti á margan hátt tekið undir það. Ég tel reyndar að Alþingi hafi mjög tekið sig á á þessu kjörtímabili og hefur náðst samkomulag m.a. um nýja skipan á nefndarstörfum þingsins. Því sem hefur hrakað á þessu kjörtímabili er framkoma framkvæmdarvaldsins gagnvart Alþingi.

Ég er ekki mjög þingreyndur maður en þetta er þó fimmta haustþingið sem ég sit og á þeim tíma hefur það aldrei gerst áður að fylgifrv. fjárlaga komi eins seint fram. Það hefur aldrei gerst áður — hæstv. forsrh. hristir höfuðið. Það hefur aldrei gerst á þessum tíma að það hafi verið einungis þremur dögum, því skattafrv. kemur ekki fram fyrr en á morgun, (Gripið fram í.) áður en þing átti að fara heim sem frv. kemur fram. Ég hygg, hæstv. ráðherra, að ekki séu til verri dæmi þau ár sem ég er að nefna. Þetta eru náttúrlega vinnubrögð sem eru ekki sæmandi. Þetta er þvílík vanvirða við Alþingi. Því miður eru allt of fáir hér sem standa upp og mótmæla þessu. Kannski vegna þess hve framkvæmdarvaldið er dómínerandi í Alþingi. Það er ekki hægt að ætla þingmönnum sem vilja vinna samviskusamlega og ætla nefndum sem hafa sýnt það að þær vilja leggja vönduð vinnubrögð í mál að vinna með þessum hætti. Ég hefði gaman af því að þeir hæstv. ráðherrar sem hér eru staddir í dag skýri okkur frá því hvers vegna þetta þarf að vera eins og þetta er núna því nú segja hæstv. ráðherrar, og það er væntanlega rétt, að þau frv. sem eiga eftir að koma fram þau séu ekkert mjög flókin. Það sé ekkert um að ræða mjög miklar breytingar. Þess vegna verður það enn óskiljanlegra hvernig stendur á því að stöðugt þarf að síga í þetta horf. Vegna þess, virðulegur forseti, að við vitum það og við höfum um það mýmörg dæmi og þurfum ekki að leita nema til þessa kjörtímabils að þau vinnubrögð að mál koma svona seint fram, að stjórnarflokkar eru að semja um framgang mála á tveim, þrem síðustu dögum þings, gerir það að verkum að Alþingi verður stöðugt á handvömm í vinnubrögðum. Það gerðist síðast á síðasta vorþingi þar sem stjórnarflokkar voru að semja um til að mynda lyfjalögin á síðasta degi þings. Þau vinnubrögð gerðu það að verkum að ríkisstjórnin þurfti að setja bráðabirgðalög á miðju sumri til þess að bjarga klúðrinu.

Þetta mun gerast áfram. Á þessu verður engin breyting fyrr en framkvæmdarvaldið fer að sýna Alþingi eilítið meiri virðingu og gefa Alþingi tækifæri til þess að vinna sína vinnu. Að það haldi ekki áfram að frv. sé fleygt inn og Alþingi sé ætlað að setja stimpilinn á einum eða tveimur dögum.

Þetta held ég að hæstv. forsrh. ætti að hugleiða í samhengi við þá hörðu gagnrýni sem hæstv. ráðherra fékk á Alþingi á fyrsta þingi þessa kjörtímabils. Og eins og ég sagði var heilmikið til í þeirri gagnrýni og hæstv. forsrh. hugleiði hvor aðilinn það var sem hefur tekið sig á, Alþingi eða ríkisstjórn.

[01:33]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það vakti töluverða athygli þegar ákveðið var af hálfu stjórnarflokkanna á sl. ári að færa formennsku í einni áhrifamestu nefnd þingsins í hendurnar á fulltrúa stjórnarandstöðunnar. Ég tel að það

hafi tekist ákaflega vel og er góð samvinna þar á milli og ég vona að ég hafi ekki mátt skilja orð hv. þm., sem gegnir þessu þýðingarmikla hlutverki, að ástæða sé til að ætla að það samstarf verði lakara. Ég tel að reynslan af því hafi verið góð á sl. ári og vænti þess að svo verði einnig nú.

Varðandi hitt sem hv. þm. nefndi um tilefnið þá skal ég svara því í stuttu máli að þegar fjárlagafrv. var kynnt var skýrt frá því að allnokkrir þættir sem vörðuðu einkum tekjuhlið frv. væru enn til meðferðar hjá ríkisstjórnarflokkunum og fyrir þeim yrði gerð sérstök grein síðar. Það var gert með þessum hætti og síðan voru þeir þættir tengdir saman sem eru samofnir í eðli sínu og snúa að því að huga sérstaklega að grundvelli kjarasamninga nú þegar kjarasamningar almennt eru að renna út um áramótin. Ég held að það geti farið vel á því.

[01:34]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég get fullvissað hæstv. ráðherra um að hann þurfi ekkert að kvíða því að ekki sé eða verði gott samstarf með þeim sem nú gegnir formennsku í efh.- og viðskn. og þeim ráðherrum sem þurfa þar að koma málum í gegn og ég segi við hæstv. ráðherra að hann geti væntanlega fengið það staðfest hjá þeim ráðherrum.

En hæstv. forsrh. svaraði ekki nema hluta af þeim spurningum sem ég lagði fyrir hann. Hæstv. ráðherra svaraði ekki hvað fælist í punkti þrjú um nýsköpun í atvinnulífi og markaðssókn þar sem segir, með leyfi forseta: „Jafnframt hefur ríkisstjórin ákveðið sérstakar aðgerðir til þess að auka erlenda fjárfestingu hér á landi.“

Vænti ég þess að hæstv. ráðherra svari því í seinna andsvari sínu.

[01:35]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þarna er um að ræða stefnuyfirlýsingu en þannig er að það eru mörg mál af hálfu ríkisstjórnarinnar í undirbúningi. Ekki eingöngu það sem hv. þm. nefndi sérstaklega í ræðu sinni áðan varðandi fjárfestingu og þær viðræður sem hafa farið fram milli sjútvrh. og iðnrh. en ég á ekki von á öðru en að þar náist fullt samkomulag. Síðan eru ýmsir aðrir þættir í burðarlið og í undirbúningi hjá ríkisstjórn. Það er of fljótt að segja til um það nákvæmlega hvenær þeir hlutir skýrast en ég tel að betra sé að vera varkár í fullyrðingum í þeim efnum en að vera með sverar yfirlýsingar eins og var lenska hér fyrir nokkrum árum um væntanlegar fjárfestingar á hinum og þessum sviðum sem síðan varð ekkert af. Það er því margvíslegur undirbúningur í gangi af því tagi sem ég vona að muni skýrast fljótlega en að öðru leyti er þetta stefnuyfirlýsing.

[01:36]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það fór sem mig grunaði að bak við þetta stendur ekki mikið. Hæstv. forsrh. segir að varlegar sé að vera ekki með sverar yfirlýsingar og að ýmislegt sé í burðarliðnum og það muni koma í ljós í fyllingu tímans. En ég minni á, virðulegur forseti, að starfstími hæstv. ríkisstjórnar er að renna út þannig að við eigum þá heimtingu á að fá eilítið nánari skýringu á því hvað er að gerast. Hæstv. ráðherra segir að margt geti gerst á skömmum tíma. Það er alveg rétt. Reynslan sýnir hins vegar að ríkisstjórnin hefur þurft ótrúlega langan tíma til þess að koma hinum minnstu hlutum í framkvæmd, samanber hve lengi hefur bögglast fyrir henni að koma fram nauðsynlegum skattafrumvörpum sem eru ekki stór í sniðum. Ég hlýt því að gera kröfu til þess að þetta sé útskýrt eilítið betur.

[01:37]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. — Er hæstv. fjmrh. farinn? Meðan það er kannað langar mig til þess að fara örfáum orðum um sumt af því sem sagt hefur verið í kvöld. — Hæstv. fjmrh. er mættur á staðinn. Ég tel reyndar að ástæða sé til þess að fara einu sinni enn yfir samskipti hans og hæstv. ríkisstjórnar við sveitarfélögin. Mér finnst ekki koma til greina að hæstv. ráðherra komist upp með að halda því fram að þarna hafi allt verið með felldu og ég ætla að lesa fyrir hæstv. ráðherra og aðra sem hér eru fyrsta liðinn í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 10. des. í fyrra sem var sameiginleg yfirlýsing með fjmrh., félmrh., formanni Sambands ísl. sveitarfélaga og framkvæmdastjóra Sambands ísl. sveitarfélaga. En þar stendur:

„Fé til Atvinnuleysistryggingasjóðs og eflingar atvinnulífs á vegum sveitarfélaga. Samband ísl. sveitarfélaga mælir með því við sveitarfélögin að þau leggi 600 millj. kr. í Atvinnuleysistryggingasjóð á næsta ári og verði framlag miðað við íbúafjölda hvers sveitarfélags. Ekki er gert ráð fyrir að framhald verði á þessum greiðslum 1995.“

Svo sagði hæstv. fjmrh. áðan í ræðustól á hv. Alþingi að samkomulag hafi náðst við sveitarfélögin um að í stað þess að greiða 600 millj. kr. til atvinnuleysismálanna þá legðu þau peninga í atvinnuátaksverkefni. Hæstv. ráðherra talar um að þau hafi, í staðinn fyrir að borga það sem búið er að semja um að þau borgi, ekki fallist á að setja peninga í átaksverkefnið. Þannig liggur málið.

Það er bara þannig og best er að segja hlutina eins og þeir eru að hæstv. ráðherra og félagar hans í ríkisstjórninni hafa verið að snúa upp á handleggina á sveitarstjórnarmönnum undanfarna daga og vikur með því að koma ekki til móts við Jöfnunarsjóð sveitarfélaga vegna meðlagsskuldanna og hafa haldið því máli óleystu þangað til í dag. Þess vegna var samið um þessi mál í samhengi. Menn eiga auðvitað að viðurkenna hvernig hlutirnir standa. Svona er þetta. Það var verið að kvelja sveitarfélögin til þessa samkomulags með þessum líka þokkalega hætti eftir að hafa skrifað undir samkomulagið.

Hæstv. fjmrh. kemst ekki undan þessu. Það er óeðlilegt að haga sér með þessum hætti sem hefur verið gert og menn þurfa auðvitað að gera sér grein fyrir því að svona má ekki koma fram við sveitarfélögin. Ég held að betra væri upp á framtíðina að menn létu nótt sem

nemur í þessu og hétu sér því að standa betur að samkomulagi við sveitarfélögin en gert hefur verið.

Hæstv. forsrh. sagði einmitt í ræðu áðan að hæstv. fjmrh. og forráðamenn sveitarfélaganna hefðu reyndar túlkað samkomulagið hvor með sínum hætti. Það kann vel að vera að hann hafi haft aðra skoðun á því hvernig samkomulagið væri en forráðamenn sveitarfélaganna. En þeir voru sammála um að verið væri að svíkja það. Ég tel að það hafi verið nánast viðurkennt í ræðustól á hv. Alþingi að þá skoðun hafi ýmsir fleiri haft aðrir en þeir.

Ég ætla ekki að lengja ræðuna meira annað en það að ég vil aðeins koma að afnámi tvísköttunar aftur. Það er þannig að þetta mikla afrek, sem verið er að gera, mun ekki koma öllum ellilífeyrisþegum til mikils góða. Ég var að gamni mínu að gá að því hvað mundi koma út úr þessu og auðvitað kemur þó nokkuð út úr þessu fyrir þá sem hafa mjög háan ellilífeyri. Sá sem fengi t.d. 100 þús. kr. í ellilífeyri fengi u.þ.b. 6.000 kr. í lækkun skatta. En býsna margir fá lágan ellilífeyri úr lífeyrissjóði og ég gæti trúað því að meðalellilífeyrir verkamanna í dag væri ekki miklu meira 20.000 þús. kr. og slíkur ellilífeyrisþegi fær um 1.200 kr. í afslátt vegna afnáms tvísköttunar sem kallað er hér.

Ég endurtek það vegna þess að minn tími var svo stuttur áðan í andsvari að mér finnst með algjörum eindæmum að orða þetta með þeim hætti sem gert er í þessari yfirlýsingu. Hér stendur að til þess að tryggja að ákvörðunin komi lífeyrisþegum strax til góða verði jafngildi lífeyrisframlags þeirra eða sem nemur 15% af útborguðum lífeyri undanþegið skatti þegar á næsta ári.

Það er verið að segja það að lífeyrisþegarnir hafi sjálfir einungis lagt til 15% af ellilífeyrinum sínum. Mér finnst að þarna sé verið að falsa og leggja mat á framlag lífeyrisþeganna sjálfra sem er langt frá öllu lagi. Auðvitað hefur atvinna lífeyrisþeganna skapað verðmætin og auðvitað hafa verið peningarnir, sem þeir hafa borgað inn í lífeyrissjóðinn, skapað verðmætin. Hvað sem menn meintu með þessum setningum þá trúi ég því illa að menn hafi ekki skilið að sú setning sem hér stendur um það að þetta jafngildi lífeyrisframlagi þeirra verður ekkert skilin öðruvísi en þeir hafi einungis átt upphafið að 15% af lífeyri sínum. Ég held að menn þurfi að stíga varlega til jarðar þegar talað er um þessa hluti því að auðvitað er það afrakstur af vinnu þessara lífeyrisþega sem þeir lifa á í elli sinni. Það þurfa menn auðvitað að gera sér grein fyrir þegar verið er að tala um að afnema tvísköttun á lífeyri að lífeyrisþegarnir hafa gert sér miklu hærri hugmyndir um hvað þar væri á ferðinni en þessi 15% sem hér er verið að tala um. Vegna þessa ömurlega ástands, sem er í þjóðfélaginu, að hér eru skattlagðar svo lágar tekjur *að fólk hefur ekki einu sinni lífsframfæri af þeim, þá* hafa menn örugglega gert sér vonir um það að þegar yrði tekið á þessu máli mundi fólk, sem er á mjög lágum ellilaunum, ekki þurfa að borga skatta. Ég held að það væri til umhugsunar hvort ekki verður hreinlega að taka á þessu máli þannig að gefa ellilífeyrisþegum einhvers konar skattafslátt eins og reyndar er búið að gera í ýmsum sveitarfélögum í langa tíð. Þar eru ellilífeyrisþegar margir hverjir algjörlega undanþegnir útsvari og hefur verið um langa tíð. Ég held að það sé ástæða til þess að skoða þetta betur og velta því fyrir sér hvort ekki er hægt að finna einhverjar leiðir til þess að ganga lengra til móts við lífeyrisþegana en hér er gert.

Ég get nú ekki að því gert að nefna enn einu sinni þessa lækkun á húshitunarkostnaði því ég spyr bara hæstv. fjmrh.: Getur hann ekki útskýrt fyrir a.m.k. mér hvað það er sem á að gerast með þessari yfirlýsingu númer 13: „Ríkisstjórnin mun hefja viðræður við orkusölufyrirtækin með það fyrir augum að efna til samstarfs um að lækka húshitunarkostnað á dýrustu svæðunum" — og svo kemur: „umfram það sem þegar hefur verið gert af hálfu stjórnvalda með niðurgreiðslum og yfirtöku skulda orkufyrirtækja."

Ég verð bara að viðurkenna það að fyrir fram hef ég ákaflega litla trú á því að það komi nokkur skapaður hlutur út úr þessu. Ég held að ríkisstjórnin þurfi að taka betur á málinu en þetta. Það eina sem er hægt að segja jákvætt um þessa yfirlýsingu er að ríkisstjórnin er með henni að viðurkenna það að yfirlýsingar hennar í sambandi við orkumál í upphafi kjörtímabilsins hafi allt saman mistekist. Enda hefur það gert það, því miður. Þó niðurgreiðslurnar á fjárlögunum hafi lítillega hækkað þá hafa hækkanir Landsvirkjunar og orkufyrirtækjanna étið það meira og minna allt *saman upp aftur. Því miður, þannig* standa þessi *mál.* Það þyrfti svo sannarlega að taka þar betur til hendinni. Eina stóra afrekið sem eftir situr hjá hæstv. ríkisstjórn er það að hafa hækkað orkureikninginn á Reykjavíkursvæðinu með því að koma virðisaukaskattinum á húshitun. Það er út af fyrir sig hægt að taka eftir því því að samanburðurinn við Reykjavíkursvæðið hjá fólki á landsbyggðinni er ekki eins glannalegur og hann var áður en það huggar ekki meðan þeir eru að borga orkureikningana sína úti á landi því þeir eru jafnháir og þeir hafa verið.

[01:48]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég vil koma nokkrum orðum einmitt að því sem hv. 3. þm. Vesturl. var að ræða áðan. Það er í sambandi við þessa ótrúlega ómerkilegu yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Hún er svo uppfull af blekkingum og hálfsannleik að það er satt að segja engu líkt auk þess sem hún er illa skrifuð. Það væri fróðlegt að vita hver á höfundarétt að þessum texta.

En ég ætla aðeins að víkja að tölulið 13 sem heitir Lækkun húshitunarkostnaðar og sem hv. síðasti ræðumaður var aðeins að tala um. Hverju stöndum við frammi fyrir í þeim efnum? Við stöndum í fyrsta lagi frammi fyrir þessum texta: „... mun hefja viðræður við orkusölufyrirtækin með það fyrir augum að efna til samstarfs um að lækka húshitunarkostnað á dýrustu svæðunum umfram það sem þegar hefur verið gert af hálfu stjórnvalda með niðurgreiðslum og yfirtöku skulda orkufyrirtækja."

Hvað er hæstv. fjmrh. að segja hérna? Hann er að segja að það sé hægt að gera ráð fyrir því — ég ætla að hinkra, hæstv. forseti, aðeins eftir ráðherranum.

Hæstv. ráðherra er að segja með þessum texta að

hægt sé að gera ráð fyrir því að orkusölufyrirtækin, eins og Rafmagnsveitur ríkisins og Orkubú Vestfjarða, geti af eigin rammleik án sérstakra aðgerða umfram það sem þegar hefur verið gert stuðlað að enn frekari lækkun húshitunarkostnaðar.

Hvernig ætli staða þeirra mála sé í dag að því er varðar þessi fyrirtæki? Hún er t.d. þannig að því er varðar Rafmagnsveitur ríkisins að þar er um mjög alvarleg vandamál að ræða í rekstri fyrirtækisins sem hefur verið fjallað um í marga mánuði á vegum nefndar sem fjmrh. á fulltrúa í. Ég ætla að spyrja hæstv. ráðherra: Er þessi nefnd búin að skila af sér? Hefur hún kannski fundið einhverjar matarholur, nefndin sem var að fjalla sérstaklega um rekstrarvanda Rafmagnsveitna ríkisins? Og það að fjmrh. tekur þátt í starfsemi þessarar nefndar staðfestir það að hann viðurkennir þennan vanda. Hann segir í grg. fjárlagafrv., með leyfi forseta, á bls. 364:

„Iðnrh. hefur skipað fulltrúa iðn.- og viðskrn., fjmrn. og Rafmagnsveitna ríkisins í nefnd til þess að fara yfir málefni fyrirtækisins [þ.e. Rarik]. Umfangsmikil verkefni við endurnýjun rafdreifikerfis í sveitum eru fyrirliggjandi á næstu árum. Er því verkefni nefndarinnar að endurskoða umræddan samning í samræmi við stefnumótun um arðgreiðslu fyrirtækisins. Þess er vænst að niðurstöður nefndarinnar fáist fyrir afgreiðslu fjárlaga á Alþingi."

Við leituðum eftir því í hv. iðnn. að fá þessa niðurstöðu. Hún var ekki komin þá. Er hún komin núna? Er kannski á vísan að róa varðandi það nál. í þeim texta sem birtist í tölulið 13 í yfirlýsingu hæstv. ríkisstjórnar eða hvað er þar verið að tala um?

Staðreyndin er sú að það hefur verið staðið aldeilis ótrúlega að málum að því er varðar Rafmagnsveitur ríkisins. Fyrirtækinu hefur verið ætlað að greiða og standa undir sérstakri framlegðarhlutdeild upp á verulega fjármuni og auk þess er fyrirtækinu gert að borga arð í ríkissjóð upp á marga tugi milljóna króna. Í fjárlagafrv. sýnist mér að arðgreiðslan í ríkissjóð sé um 100 millj. Hún hækkar í 100 millj. en er í fjárlögum 1994 áætluð 50 millj. kr. Það er sem sagt verið að vinda þetta fyrirtæki og forráðamenn fyrirtækisins báru sig satt að segja afar illa þegar þeir komu á fund hv. iðnn.

Þetta vekur athygli á því að Rafmagnsveitur ríkisins búa við allt annan og að mörgu leyti þrengri kost að því er þetta varðar en t.d. Orkubú Vestfjarða sem er fyrirtæki sem er einnig að framleiða raforku til húshitunar. Það sama er að segja um ýmis önnur fyrirtæki. Ég nefni í því sambandi alveg sérstaklega Hitaveitu Suðureyrar og hvernig á þeim málum hefur verið tekið af hálfu fjmrn.

Þegar þessi mál eru skoðuð í heild þá er útilokað annað en að draga þá ályktun fyrir þann sem eitthvað þekkir til að þetta sé blekking. Þetta orðalag hér er blekking og það er vísvitandi blekking. Þetta er orðalag sem er sett á blað til að hafa eitthvað um húshitun, eins og það heitir. Af því að menn eru að fara í kosningar, m.a. er hæstv. iðnrh. að fara í kosningar vestur á fjörðum og þarf að geta sýnt eitthvað í yfirlýsingum af þessu tagi. En það er engin alvara á bak við málið. Það er grafalvarlegur hlutur að gera vísvitandi tilraunir til þess að blekkja fólk eins og hæstv. ráðherrar eru að gera í þessari yfirlýsingu að því er þetta atriði varðar.

Ég óska sem sagt eftir því og tek undir þær óskir sem fram komu hjá hv. þm. Jóhanni Ársælssyni að hæstv. fjmrh. geri grein fyrir því nákvæmlega við hverju fólk má búast að því er varðar lið 13 í yfirlýsingunni og geri líka grein fyrir því hvar nefndarvinnan stendur. Er nefndin að skila áliti, nefndin sem er með fulltrúum frá fjmrn., iðnrn. og viðskrn.?

Síðan er það þannig með þessa yfirlýsingu að öðru leyti að hún er náttúrlega alveg ótrúleg, hæstv. forseti. Alveg ótrúleg. Niðurlæging Alþfl. í þessu skjali er svo svakaleg að það er ekki skrýtið þó að þeir hafi ekki látið sjá sig hér í allt heila kvöld. Það hefur enginn krati sést í þinghúsinu í allt kvöld og það er kannski fyrirboði þess sem koma skal eftir næstu kosningar.

En veruleikinn er sá að það er svoleiðis snúið upp á handlegginn á Alþfl., svo að segja í hverju einasta máli, svo að segja hverri einustu línu í þessu plaggi, að það er alveg ótrúlegt. Ég hygg að sjaldan hafi einn flokkur verið niðurlægður eins ofboðslega í yfirlýsingu eins og Alþfl. einmitt í þessu plaggi enda reyndu menn sem höfðu áhyggjur af stöðu Alþfl. að leka því í DV og einhverja aðra fjölmiðla að Alþfl. hefði hótað slíta ríkisstjórninni. Og helst að rjúfa þing og efna til kosninga. Þetta lið sem ekkert getur og er á fjórum fótum með 4% atkvæða í skoðanakönnunum. Það er alveg ótrúlegt hugmyndaflug að láta sér detta í hug að það hrikti í stjórninni út af þessum flokki sem er guðs feginn hverjum ráðherrastól sem hann getur hangið á.

Í fyrsta lagi er ríkisstjórnin með átak í vegamálum. Þetta er í þriðja sinn sem það er selt. Í þriðja sinn sem það á að selja verkalýðshreyfingunni í landinu. Hér er alveg ótrúlega að hlutunum staðið vegna þess að þetta hefur lengi legið fyrir og það eru engin tíðindi í þessu af neinu tagi. Hérna er verið að reyna að skreyta sig með margnota fjöðrum og það er mjög athyglisvert hvernig að þeim málum er staðið.

Í öðru lagi er yfirlýsing um samstarf í sveitarfélögum um atvinnuskapandi aðgerðir þar sem hv. stjórnarandstæðingar hafa tætt af hæstv. fjmrh. svo að segja hverja spjör í þessu máli. Auðvitað lá það alveg fyrir að hann ætlaði að svíkja, krosssvíkja sveitarfélögin en hann komst ekki upp með það. Það er bara sá veruleiki sem hann stendur frammi fyrir að bæði var um að ræða ásetningssynd og hugrenningarsynd þó hann reyni að þvo hvort tveggja af sér núna með litlum árangri og er alveg hróplegt að sjá hvernig hæstv. fjmrh. hefur komið fram við flokksbróður sinn, formann Sambands ísl. sveitarfélaga, Vilhjálm Vilhjálmsson. Það er dálítið umhugsunarefni fyrir sveitarfélögin í landinu að vera með fjmrh. í samskiptum sem kemur svona fram við forustu Sambands ísl. sveitarfélaga. Spurningin er um það líka hvort það er gott fyrir Samband ísl. sveitarfélaga að vera með forustumenn úr Sjálfstfl. við þær aðstæður sem nú eru uppi þar sem hæstv. fjmrh. og varaformaður Sjálfstfl. lítillækkar með þeim hætti sem

hann hefur gert við Vilhjálm Vilhjálmsson aftur og aftur á undanförnum vikum og mánuðum.

Þetta er auðvitað svo dæmalaust og koma svo fram í fjölmiðlana og hrósa sér af því að það sé mikið afrek að hafa hætt við að svíkja sveitarfélögin og halda um sjálfa sig langar hólræður úr þessum virðulega ræðustól af því tilefni er alveg kostulegt og getur náttúrlega enginn nema þeir menn sem eru komnir í verulega kastþröng eins og núv. hæstv. ríkisstjórn.

Í þriðja lagi er það svo nýsköpunin í atvinnulífinu. Hvað sagði hæstv. forsrh. áðan? Jú, hann sagði að það væri ákveðið að nota þessa peninga í þágu iðnaðarins. *En ekki í hvað? Var það kannski eins og með sveitarfélögin?* Stóð til að svíkja þessa peninga Iðnþróunarsjóðs af iðnaðinum? Var það meiningin eða hvað? Stóð það til að þjóðnýta peninga iðnaðarins úr Iðnþróunarsjóði? Var það ætlunin hjá hæstv. fjmrh.? Orð hæstv. forsrh. komu einmitt upp um það, þeir ætluðu að hirða þessa peninga í ríkissjóð. Þessa peninga Iðnþróunarsjóðs átti að nota í ríkissjóð eða þá að henda þeim í Landsbankann. Það átti með öðrum orðum og menn voru að velta því fyrir sér af fullri alvöru að taka þessa peninga af iðnaðinum. Enda sagði hæstv. forsrh. hróðugur áðan: Það var ákveðið að setja þetta í þessi verkefni. Með öðrum orðum var ákveðið að hirða peningana ekki af iðnaðinum. Það var ákveðið að svíkja ekki sveitarfélögin og það var ákveðið að svíkja ekki iðnaðinn heldur og ákveðið að stela ekki þessum peningum af iðnaðinum.

Ég spyr líka: Hvaða sérstakar aðgerðir til þess að auka erlendar fjárfestingar hér á landi eru það sem ríkisstjórnin er með? Ég hef ekki orðið var við það. Er það sinkið? (**JÁ:** Það fæst ekkert svar við því.) Er það sinkið kannski sem landbrh. er með sem aukabúgrein af því að hann hefur yfirtekið hluta af iðnrn.? Er það sinkið? Um hvað eru menn að tala?

Síðan kemur þessi yfirlýsing um örvun fjárfestingar. Þannig munu fjárfestingarfyrirtæki á árunum 1994 og 1995 njóta sérstakra flýtifyrninga til skatts. Þetta mál er ekki merkilegt satt að segja fyrir hæstv. ríkisstjórn og ráðherra Sjálfstfl. vegna þess að þeir voru búnir að þrengja möguleika almennings til að fjárfesta í fyrirtækjum í landinu með því að skera niður tiltekin fríðindi sem menn hafa notið um skeið í þeim efnum. Það var alveg ljóst að Sjálfstfl. gat ekki komist í gegnum kosningarnar öðruvísi en að snúa þessu við. Hann var búinn að rispa svo ásjónu Sjálfstfl. að því er þetta varðar sem aðalflokk atvinnurekenda í landinu, sem þeir þykjast vera, að hann neyddist til að setja þetta út og það er ekkert afrek. Hann er bara að borga með sér smáupphæð úr ríkissjóði til þess að sleppa fyrir horn fyrir næstu kosningar. Þetta er allt afrekið og engin tíðindi að hann hefði þurft að henda þessu inn í fjárlagafrv. hvort eð var.

Í fimmta lagi er svo styrkari fjárhagur heilbrigðisstofnana. Jesús minn, hæstv. forseti. Ja, þvílíkt. Þvílíkur liður í þessu átaki, samkomulag um sameiningu Borgarspítala og Landakotsspítala. Ríkisstjórnin hefur lagt áherslu á stöðugt bætta heilbrigðisþjónustu, með leyfi forseta: „með því að gera stærstu sjúkrahúsunum kleift að nýta sér sem best þær miklu framfarir sem átt hafa sér stað á sviði læknavísinda að undanförnu.“ Ja, hérna, þeir eru miklir vísindamenn í ríkisstjórninni. Það verð ég að segja, með leyfi forseta. Það er auðvitað ótrúlegt að svona lagað skuli koma frá nokkurri ríkisstjórn vegna þess að er ekkert verið að segja annað en að ríkisstjórnin ætlar að halda því áfram að leggja inn í sjúkrahúsin þá peninga sem hún neyddist til að viðurkenna að hún yrði að gera samkvæmt fjáraukalögunum sem nú er verið að fjalla um. Hún hlaut að gera það þannig að þetta er alveg á sama hátt og næsti töluliður á undan texti sem er bara settur fram vegna þess að *menn eiga engra annarra kosta völ.* Verið er að reyna að búa hlutina í orð með þessum ótrúlega sérkennilega hætti.

Svo er samstaðan um skattlagningu fjármagnstekna. Það er botnlaus niðurlæging Alþfl. Ég veit ekki, hæstv. forseti, hvort mætti hugsa sér að sett verði aukaákvæði í lögin um dýravernd um það hvernig verst megi fara með krata. Satt að segja er ekki hægt að fara svona með nokkra menn. Þeir eru búnir að belgja sig út um það, hv. kratar, þingmenn Alþfl., að nú þurfi endilega að leggja á fjármagnstekjuskatt og allt það, halda um það fundi, skrifa leiðara og guð veit hvað um þessi mál. Hver er niðurstaðan? Hún er sú að málið er sett *í nefnd fram yfir næstu kosningar og allt er þetta* útbúið í svona ótrúlegt orðskrúð: „Ríkisstjórnin telur því nauðsynlegt að sem víðtækust samstaða geti tekist um lagasetningu skattlagningar fjármagnstekna og hefur í því skyni ákveðið að bjóða þingflokkum og aðilum vinnumarkaðarins að tilnefna fulltrúa í nefnd til að semja frumvarp um fjármagnstekjuskatt.“ Mikið er þetta göfugt lið að bjóða upp á þessi stórkostlegu tíðindi. Mega bara fara í nefnd. Það er alveg ótrúlegt, satt að segja, að ráðherrarnir skuli láta sjá sig undir umræðum af þessu tagi vegna þess að þetta er svo dæmalaust ósvífið, ómerkilegt og uppfullt af blekkingartilraunum og þær eru allar vísvitandi. Það er ekki þannig að þetta sé óvart. (**Gripið fram í:** Það tók fjögur ár að finna þetta út.) Og tók fjögur ár að finna þetta út, þó efast ég um að það sé að öllu leyti rétt því að það hefur sennilega tekið um fimm tíma að skrifa þetta og því hefur ekki enn þá verið svarað: Af hverju var þetta skrifað? Hvaða nauðsyn bar til að setja þetta á blað? Fróðlegt væri að fá um það einhverjar upplýsingar. Síðan kemur þetta með ekknaskattinn. Það er alveg dæmalaust. Það er eins og skrifað upp úr kosningavélum Sjálfstfl., bara sett á blað til þess að bera salt í sár Alþfl., líka á þessu sviði. Auðvitað lagði Alþfl. þennan skatt á með okkur hér forðum, alveg prýðilegan skatt miðað við allar aðstæður. Auðvitað verða menn að skattleggja eitthvað í landinu til þess að standa undir samneyslunni og skila ekki ríkissjóði með tuga milljarða halla eins og þessi hæstv. fjmrh. hefur gert því að hann hefur aukið skuldir ríkissjóðs sennilega um 40–50 milljarða kr. í sinni tíð. Það er því von að hann sé rausnarlegur þegar kemur að því að breyta skattalögum. En auðvitað er þetta fyrst og fremst til þess að kvelja Alþfl. en um leið að búa til smáflögg fyrir Sjálfstfl. út af stöðunni, alveg sérstaklega í Reykjavík.

Svo kemur afnám tvísköttunar lífeyrisgreiðslna. Hvar er það frv.? Hvernig á að gera þetta? Á að taka þetta með staðgreiðslu? Hvernig verður þetta unnið? Ég óska eftir upplýsingum um það. Ég hygg að tæknilegar upplýsingar um það hvernig þessu verði fyrir komið hafi ekki komið fram og ég verð að segja að ég fagna þessu að mörgu leyti. Sérstaklega fagna ég því að menn eru hættir að vera eins heilagir í sambandi við þetta staðgreiðslukerfi og þeir hafa verið. Það er fagnaðarefni að fjmrn. og fjmrh. og embættismennirnir þar skuli loksins hafa verið sveigðir eilítið af leið í sambandi við þetta staðgreiðslubindindi sem þeir hafa verið í á undanförnum árum og hefur staðið í framförum á Íslandi m.a. í atvinnulífinu fyrir þrifum af því að menn hafa ekki þorað að veita neina skattaafslætti út af nokkru hlut. Hér er tillaga um að skjóta eitt stærsta gat sem skotið hefur verið á staðgreiðslukerfið og það er fínt. Ég er feginn því að menn eru tilbúnir til þess að endurmeta þessa hluti.

Svo er smápartur fyrir Alþfl., 9. liður, sérstakur hátekjuskattur framlengdur. Hann er þó lækkaður um 25% og það eru vesalingarnir sem þarf alveg sérstaklega að passa í þjóðfélaginu. Það er fólkið, sem er með 450 þús. kr. í tekjur. Það þarf að passa alveg sérstaklega upp á það og ríkisstjórnin auðvitað stendur þá vakt og Alþfl., Jafnaðarmannaflokkur Íslands, hangir aftan í af því að hann verður auðvitað að hugsa um stólana sína af því að hann flýtur ekki á neinu lengur öðru. Hann á enga fleytu aðra en fjóra ráðherrastóla. Svo ætlar ríkisstjórnin að berjast á móti skattsvikum. Það er nefnilega það. Það er ástæða til þess, hæstv. forseti, af því að aðeins er liðið á nóttu að óska ríkisstjórninni alveg sérstaklega til hamingju með það að hún hefur ákveðið að berjast gegn skattsvikum. Eins og ég sagði fyrr í dag þegar ég heyrði þessa yfirlýsingu fyrst hélt ég að ég væri að hlusta á ályktun frá einhverjum stjórnmálaflokki sem væri með almenna yfirlýsingu um að það þyrfti að vera á móti skattsvikum. En nei, það reyndist vera ríkisstjórnin. Ríkisstjórnin hefur ákveðið að berjast á móti skattsvikum og er tími til kominn að hún gefi yfirlýsingu um það.

Þetta með skattleysismörkin hafa menn auðvitað tætt í sig vegna þess að í ljós hefur komið að þar er ekki um neina eiginlega breytingu að ræða, enga. Það kerfi á að vera óbreytt frá því sem verið hefur þó svo að reynt sé að gefa í skyn að verið sé að breyta því hér. Það er náttúrlega eins og hv. þm. Alþb. hafa fyrr rakið einhver ósvífnasta blekkingin í skjalinu.

Síðan ætlar ríkisstjórnin í tólfta lagi að efna til samstarfs um lausn á greiðsluvanda vegna húsnæðislána. Þar eru mjög alvarlegir hlutir vegna þess að þar er greinilega ákveðið að fresta a.m.k. fram yfir kosningar eða næsta fjárlagaár hugmyndum um að setja lög um greiðsluerfiðleika og greiðsluaðlögun lántakenda. Ég spyr hæstv. fjmrh.: Þýðir yfirlýsingin það að því máli sé algerlega slegið á frest? Hér stendur: „Gerð verður sérstök úttekt á greiðsluvanda heimilanna hjá lánastofnunum vegna húsnæðisöflunar og verður hún grundvöllur frekari ákvarðana.“ Ég skil þetta svo að menn ætli að fara í einhvern úttektarleiðangur og búið sé að slá á frest tillögum sem liggja fyrir í félmrn. um lög um greiðsluvanda heimilanna og greiðsluaðlögun.

Að lokum, hæstv. forseti, tilkynnir ríkisstjórnin í þessari yfirlýsingu að hún ætli að hafa aðhald í ríkisfjármálum. Það er ekki seinna vænna, eftir 50 milljarða sem hæstv. núv. fjmrh. hefur hækkað skuldir þjóðarinnar um, þ.e. ríkisins eða A-hluta ríkissjóðs. Til hamingju, hæstv. ráðherra.

[02:08]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ekki er hægt að koma við mörgum atriðum en þó er ástæða að segja frá því að nefnd, sem hefur starfað á vegum iðnrn. um málefni Rarik, hefur þegar starfað með þeim hætti að niðurstaða mun væntanleg um þetta leyti eins og kom fram í máli hv. þm. Ég get ekki skýrt frá því hvernig hún er en ég tel að hægt sé fyrir hv. nefnd að ganga eftir þeirri niðurstöðu um það leyti sem líður að 3. umr. fjárlaga.

Eins var spurt beinlínis um greiðsluvanda og greiðsluaðlögun almennings eða fjölskyldna í landinu. Í yfirlýsingunni er einungis tekið fram eins og hv. þm. gat um að ákvörðun verður tekin þegar niðurstaða liggur fyrir úr þeirri úttekt sem þar er minnst á en þar er auðvitað verið fyrst og fremst að hugsa um húsbyggjendur. Starf hefur farið fram á vegum beggja ráðuneytanna, fjármála og félagsmála, um greiðsluaðlögun og því starfi er að sjálfsögðu haldið áfram en ekki liggur fyrir endanleg niðurstaða í því máli þótt talsverð vinna hafi farið fram um það á vegum félmrn. á sínum tíma.

Ég taldi, virðulegi forseti, fulla ástæðu til þess að þetta kæmi fram í andsvari við ræðu hv. þm.

[02:10]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir svörin en ekkert var á þeim að græða. Ekkert kom fram um húshitunarmálin sérstaklega og ég endurtek spurningu mína um það mál: Hvað er í 13. tölul.? Hvað er verið að segja við fólk á þessum svokölluðu köldu svæðum? Ég vil fá að vita það. Hæstv. fjmrh. upplýsti það ekki með hálfu orði og þó hann hafi bara tvær mínútur hefur hann örugglega lag á því að koma því til skila ef það er eitthvað sem er í þessu. Ég held að það sé ekkert í þessu. En hvað er það?

Í öðru lagi nefndi hann greiðsluaðlögun heimilanna vegna erfiðrar skuldastöðu heimilanna. Ég fékk ekkert út úr þessu svari. En ég skil þetta þannig að verið sé að drepa málinu á dreif. Hæstv. ráðherra sagði reyndar áðan: fyrst og fremst húsnæðismál. Í yfirlýsingunni stendur að húsnæðismál séu nefnd sérstaklega og greiðsluerfiðleikar vegna þeirra. Það er ekki nógu gott. Sú yfirlýsing sem þar er getur falið það í sér að menn ætli að lána fólki í greiðsluerfiðleikum ný húsbréf á sömu kjörum og menn eru að kikna undan. Það leysir engan vanda. Þess vegna hlýt ég að spyrja: Er þess að vænta að niðurstaða úr þessu starfi fáist alveg næstu daga að því er varðar greiðsluaðlögun vegna skuldastöðu heimilanna? Ef það er ekki og ekki er hægt að koma einhverju átaki í þessu efni inn í fjár-

lögin fyrir árið 1995 eins og fyrrv. hæstv. félmrh. reyndar lýsti yfir eru menn að ganga á bak orða sinna að því er þessa hluti varðar einhvers staðar í ríkisstjórninni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá var tekið 2. mál.

Fundi slitið kl. 02:12.

---

57. FUNDUR

þriðjudaginn 13. des.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Ráðstafanir í ríkisfjármálum 1995, stjfrv., 278. mál, þskj. 345. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

2. Fjárlög 1995, stjfrv., 1. mál, þskj. 1, nál. 353 og 361, brtt. 354. — 2. umr.

Aðalmaður tekur sæti á ný:

Hjörleifur Guttormsson, 4. þm. Austurl.

Fjarvistarleyfi:

Hjörleifur Guttormsson, 4. þm. Austurl.,
Jóhann Einvarðsson, 7. þm. Reykn.,
Jón Baldvin Hannibalsson utanrrh.,
Margrét Frímannsdóttir, 4. þm. Suðurl.,
Ólafur Ragnar Grímsson, 8. þm. Reykn.,
Páll Pétursson, 1. þm. Norðurl. v.,
Sólveig Pétursdóttir, 6. þm. Reykv.

Útbýting þingskjala:

Aðstaða fatlaðra nemenda í Menntaskólanum við Hamrahlíð, 287. mál, fsp. SvG, þskj. 359.

Bókmenntakynningarsjóður, 286. mál, fsp. SvG, þskj. 358.

Endurgreiðsla virðisaukaskatts vegna kaupa skógarbænda á aðföngum, 59. mál, svar fjmrh., þskj. 350.

Fasteignamat ríkisins, 284. mál, fsp. JVK, þskj. 356.

Fjárlög 1995, 1. mál, nál. minni hluta fjárln., þskj. 361; brtt. JVK o.fl., þskj. 364.

Lánasjóður íslenskra námsmanna, 283. mál, frv. SvG o.fl., þskj. 355.

Málefni fatlaðra, 289. mál, skýrsla félmrh., þskj. 362.

Samþykktir Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, 288. mál, fsp. GHall, þskj. 360.

Samþykktir Sambands húsnæðisnefnda, 285. mál, fsp. SvG, þskj. 357.

Ráðstafanir í ríkisfjármálum 1995, frh. 1. umr.

Stjfrv., 278. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 345.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:37]

Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, GHH, GuðjG, GB, GHall, GunnS, HÁ, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JónK, JVK, KÁ, KE, KS, MJ, MB, PBald, PBj, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP.

23 þm. (ÁMM, FI, FrS, GE, GÁS, GÁ, GJH, GHelg, HBl, HG, JE, JBH, JHelg, KHG, LMR, MF, ÓE, ÓRG, PP, PJ, SP, StG, VE) fjarstaddir.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Fjárlög 1995, 2. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 1, nál. 353 og 361, brtt. 354 og 364.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. 361. — Afbrigði samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, GHH, GuðjG, GB, GHall, GunnS, HÁ, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JónK, JVK, KÁ, KE, KS, MJ, MB, PBald, PBj, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP.

23 þm. (ÁMM, FI, FrS, GE, GÁS, GÁ, GJH, GHelg, HBl, HG, JE, JBH, JHelg, KHG, LMR, MF, ÓE, ÓRG, PP, PJ, SP, StG, VE) fjarstaddir.

[13:39]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Sigbjörn Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Samkvæmt þjóðhagsáætlun sem lögð var fram á haustdögum má víða sjá batamerki í efnahagslífinu. Útflutningur vöru og þjónustu hefur aukist verulega á þessu ári. Afgangur er á viðskiptum við önnur lönd og umsvif í þjóðarbúskapnum fara vaxandi. Jafnframt ríkir stöðugleiki í verðlagsmálum og betur horfir í atvinnumálum en áður þótt þar sé enn við ramman reip að draga.

Batann má skýra með ýmsum ástæðum. Aukinn útflutningur sjávarafurða vegur þungt en víða annars staðar má einnig sjá vöxt. Þannig virðist útflutningsiðnaður vera að ná sér á strik, ferðaþjónusta er í örum vexti og ýmsar samkeppnisgreinar hafa sótt í sig veðrið á heimamarkaði. Vöxturinn kemur því fram á mörgum sviðum sem sýnir að hagstæð almenn skilyrði í þjóðarbúskapnum geta áorkað miklu. Þessi umskipti í almennum skilyrðum eiga sér bæði innlendar og erlendar skýringar. Betri tíð í alþjóðaefnahagsmálum skiptir miklu þar um. Eftirspurn og umsvif í helstu viðskiptalöndum Íslendinga hafa aukist verulega að und-

anförnu. Þetta kemur innlendum framleiðendum útflutningsvöru og ferðaþjónustu til góða. Ekki skiptir síður máli að stjórnvöld hafa fylgt aðhaldssamri efnahagsstefnu og aðilar vinnumarkaðarins hafa lagt raunsætt mat á þjóðhagsleg skilyrði. Þetta tvennt hefur skapað grundvöll fyrir stöðugleika í þjóðarbúskapnum.

Mikilsverður árangur hefur náðst á sviði efnahagsmála á undanförnum árum. Enginn vafi leikur á að höfuðviðfangsefni hagstjórnar á næstu árum verður að festa í sessi stöðugleikann og leggja um leið grunn að varanlegum framförum og hagvexti. Í því efni vegur þyngst að stjórn ríkisfjármála og peningamála stuðli að því að viðhalda jafnvægi í þjóðarbúskapnum og kjarasamningagerðin sem nú fer í hönd verði til lykta leidd á forsendum sem samrýmast þjóðhagslegum skilyrðum.

Það er tvennt öðru fremur sem þarf til varanlegs hagvaxtar hér á landi hvað sem líður íslenskri hagstjórn og erlendri. Annars vegar þarf aðgang að mörkuðum og hins vegar hagvöxt í markaðslöndum. Fyrra skilyrðið er nú betur uppfyllt en fyrr því að samningur um Evrópska efnahagssvæðið og GATT-samningur ættu að tryggja íslenskum útflytjendum greiðari aðgang að helstu mörkuðum og betri viðskiptakjörum en áður. Þessir viðskiptasamningar ná ekki einungis til viðskipta með vörur heldur einnig með þjónustu og til hreyfingar fjármagns og vinnuafls. Í þeim felst framhald þeirrar þróunar sem hófst á 6. áratugnum og hefur haft í för með sér öran vöxt frjálsra milliríkjaviðskipta og vaxandi samkeppni sem hefur borið uppi hagvöxt og batnandi lífskjör. Það er sérstaklega mikilvægt fyrir fámenn ríki eins og Ísland að þjóðaréttarsamningar séu í gildi á sviði efnahagsmála og viðskipta því að þau ná aðeins að njóta sín í krafti laga og réttar en ekki valds. Nú þegar nokkur aðildarríki EES, önnur en Ísland, eru á leið inn í Evrópusambandið er mikilvægt að Íslendingar kanni af yfirvegun og án tafar *alla kosti sem þeir eiga í þessari nýju stöðu*. Markmiðið hlýtur jafnan að vera að tryggja íslenskum þegnum sem best tækifæri til framfara og sjálfstæðrar tilveru, bæði efnahagslega og stjórnarfarslega. Við breyttar samgöngur og samskipti verða kjör fólks ekki tryggð nema með milliríkjasamstarfi.

Síðara ytra skilyrði til framfara á Íslandi, hagvöxtur í markaðslöndum, er ekki jafnaugljóslega uppfyllt ur um þessar mundir og hið fyrra. Þó bendir margt til þess að botni í þeirri efnahagslægð sem ríkt hefur í heiminum hafi víðast hvar verið náð annars staðar en í sumum löndum Austur-Evrópu.

Horfur virðast vera á um það bil 3% hagvexti í OECD-ríkjunum á komandi ári. Þjóðhagsáætlun fyrir Ísland gerir ráð fyrir 1,4% hagvexti. Það er einnig jákvætt fyrir efnahagsspár alþjóðastofnana um þessar mundir að búist er við því að verðbólga fari áfram hjaðnandi í flestum ríkjum. Eftir öllu þessu að dæma ætti efnahagslegt ytra umhverfi okkar Íslendinga að verða fremur hagstætt næstu árin. Því meira reynir á að hyggilega sé búið heima fyrir. Á líðandi ári gætir að *sjálfsögðu áhrifa aflatakmarkana í þorskveiðum en* ýmis önnur skilyrði hér heima hafa reynst hagstæð. Raungengi er lágt, vextir mun lægri en áður og skattar á fyrirtækjum eru einnig lægri. Allt ætti þetta að hvetja til aukinnar framleiðslu og útflutnings. Vissulega hafa þó síðustu daga verið svört teikn á lofti og á ég þá við mælingar á loðnustofni eða hvarf loðnunnar.

Óvissa ríkir um afla á fjarmiðum og landanir erlendra veiðiskipa. Það er þó engin ástæða til þess að búast við því að það verði með öðrum hætti á komandi ári en verið hefur á því ári sem nú er senn liðið. Þegar til lengri tíma er litið er þó mikilvægt að hvetja *til nýsköpunar, einkum í útflutningsgreinunum, eins* og ég vík nánar að síðar. Í því efni er ekki síst mikilvægt að halda opnum mörkuðum fyrir vöru og þjónustu og fjármagn. Að því má leiða sterk rök að lokaður fjármagnsmarkaður komi síður að sök meðan hagvöxtur byggist umfram allt á tiltölulega augljósum og auðteknum kostum við nýtingu náttúruauðlinda. Þegar kemur að nýtingarmörkum auðlinda og hagvöxtur verður að byggjast á hátækni og markaðssókn í alþjóðlegri samkeppni ættu aðstæður á markaði og viðskiptafrelsi hins vegar að skipta meira máli. Við Íslendingar stöndum einmitt við slík mörk um þessar mundir. Það er mikilvægt að umbótum á fjármagnsmarkaði verði haldið áfram. Opinn fjármagnsmarkaður er sérstaklega mikilvægur fyrir vaxtarskilyrði smárra og miðlungsstórra fyrirtækja sem helst gefa von um nýsköpun og hagvöxt á næstu árum. Takist þetta vel ættu Íslendingar að geta náð hagvexti á næstu árum a.m.k. til jafns við aðrar OECD-þjóðir þar sem víðast hvar er spáð um það bil 3% árlegum hagvexti til aldamóta.

Í ríkisfjármálum blasir það eðlilega verkefni við að eyða halla ríkissjóðs í áföngum á nokkrum árum. Halli í opinberum búskap þrengir að innlendum lánsfjármarkaði og verði hann viðvarandi mun hann leiða til hærra vaxtastigs en samrýmst getur viðunandi hagvexti. Þess vegna ber brýna nauðsyn til að ná jafnvægi í ríkisrekstri. Ég fór nokkrum orðum um nauðsyn þessa við 3. umr. fjárlaga fyrir réttu ári.

Með því frv. sem hér er til umræðu fylgir efnismikil greinargerð um þetta efni. Um það þarf ekki að hafa frekari orð að sinni.

Fyrir fáum missirum höfðu samtök launþega uppi spár um að yrði ekkert að gert mundi atvinnuleysi stefna í tveggja stafa tölu og fara jafnvel upp í um 20%. Því fer betur að þetta hefur ekki gengið eftir vegna þess að í samráði við aðila vinnumarkaðar hefur ríkisstjórnin gripið til aðgerða á undanförnum árum. Fyrirtæki búa við lægri skatta en verið hefur og fyrirtæki og almenningur búa við lægri vexti. Virðisaukaskattur var lækkaður á matvæli og aðstöðugjöld voru numin í brott. Auk þess hafa verið sérstök framlög til atvinnuskapandi verkefna og ýmissa verklegra framkvæmda og sumt af því hefur jafnframt verið í samvinnu og samráði við sveitarfélögin í landinu. Þannig mætti nokkuð áfram telja.

Vissulega hefur halli ríkissjóðs aukist með þessum aðgerðum umfram það sem ráð var fyrir gert. Hins vegar töldu stuðningsmenn ríkisstjórnar hér á hinu háa Alþingi að nauðsynlegt væri að bregðast við með þess-

um hætti til að koma í veg fyrir enn meiri vanda. Það hefur með réttu gjarnan verið sagt að það sé eitt af hlutverkum ríkisvaldsins að halda uppi atvinnu. Við erum hins vegar eflaust ekki öll sammála um á hvern hátt ríkisvaldið eigi að halda uppi vinnu. Í mínum huga á ríkisvaldið fyrst og fremst að halda uppi atvinnustigi með þeim hætti að skapa skilyrði til þess að atvinnulífið fái viðgengist með heiðarlegum og eðlilegum hætti og sömuleiðis á ríkisvaldið að stuðla ötullega að nýsköpun í samfélaginu.

Nú um helgina birtist yfirlýsing ríkisstjórnar um aðgerðir til að stuðla að aukinni atvinnu, stöðugleika og kjarajöfnun. Sú yfirlýsing hefur vakið mikla athygli, enda kannski merkasta pólitíska yfirlýsing í langan tíma hér á landi. Menn hafa fyrst og fremst í umræðum sínum um þessa yfirlýsingu rætt um tekjuþáttinn sem kannski verður að teljast eðlilegt. Miklar umræður hafa verið í samfélaginu nú á þessu ári þar sem samkvæmt lögum skyldi hátekjuskattur felldur niður. Í þessari yfirlýsingu kemur fram að snúið er til baka og samstaða meðal ríkisstjórnarflokkanna um að viðhalda hátekjuskatti.

Það hafa einnig orðið miklar umræður um fjármagnstekjuskatt sem ég hef marglýst yfir að ég telji mikið réttlætismál að komið verði á. Það er hins vegar ljóst að af því getur ekki orðið á komandi ári. Hins vegar tel ég að ekki leiki vafi á að fjármagnstekjuskatturinn muni verða við lýði þegar á árinu 1996. Til þess að vinna að því að fjármagnstekjuskatturinn verði settur á hefur þegar verið óskað eftir því við alla þingflokka og aðila vinnumarkaðar að tilnefna í nefnd til þess að vinna að þeim undirbúningi. Nú þegar eru til mikil gögn og miklar upplýsingar um útfærsluleiðir varðandi fjármagnstekjuskatt en víðast hvar í nágrannalöndum okkar er slík skattheimta við lýði.

Verkalýðssamtökin hafa mjög kallað eftir þessari skattlagningu svo og margir þeirra flokka sem nú starfa hér á hinu háa Alþingi. Ég er sannfærður um að þeir sem koma að þessu nefndarstarfi munu vinna fljótt og vel að því að þessum skatti, fjármagnstekjuskatti, verði komið á á árinu 1996 og ég tel engu þar um breyta hverjir koma til með að standa að ríkisstjórn eftir komandi kosningar.

Einn er sá kafli í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar sem vakti sérstaka athygli og ánægju mína. Það var 3. liðurinn sem var vissulega stuttur og ekki í langri útfærslu en fjallar um nýsköpun í atvinnulífi og markaðssókn. Þar segir, með leyfi forseta:

„Til þess að treysta enn frekar undirstöður íslensks atvinnulífs og skapa fleiri störf mun ríkisstjórnin leggja fram frumvarp um nýsköpun í atvinnulífinu. Með því verður greitt fyrir vöruþróun og markaðssókn erlendis, m.a. á EES-svæðinu. Aðgerðir þessar munu ná til allra atvinnugreina. Jafnframt hefur ríkisstjórnin ákveðið sérstakar aðgerðir til þess að auka erlendar fjárfestingar hér á landi."

Vissulega lætur þessi kafli ekki mikið yfir sér. Hins vegar ef innihald þessa texta er hugleitt þá tel ég að framtíð okkar sé í því fólgin að þarna takist vel til. Það hefur verið svo allt of lengi í okkar ágæta landi að allar okkar aðgerðir hafa stöðugt beinst að því að viðhalda því sem fyrir er. Nýsköpun og framfarir hafa mjög setið á hakanum. Ef til vill er það svo að íslensk þjóð, sem lifað hefur í velferðarsamfélagi, hefur verið sátt við sitt og e.t.v. þess vegna lítið skapandi og lítið gefin fyrir nýsköpun. Síðan þegar það gerist að samdráttur hefur orðið verulegur í fiskveiðum þjóðarinnar og samfara því tekjufall þá höfum við e.t.v. ekki haft að því að hverfa sem við gjarnan vildum óska. Þá hefur þjóðin skyndilega vaknað upp við vondan draum og áttað sig á að við höfum ekki nýtt það hráefni sem við höfum úr að vinna nægilega vel. Við höfum verið útflutningsþjóð fyrir hráefni en allt of lítið hugað að því að skapa aukin verðmæti úr þessu hráefni sem við höfum haft yfir að ráða. Ef til vill kann það að vera svo að sú tímabundna kreppa sem við erum vonandi að komast út úr, þ.e. að við sjáum örlítið bjartara fram undan í horfum í efnahagsmálum, en þessi kreppa muni kenna okkur að við getum ekki treyst á að viðhalda því velferðarstigi sem verið hefur í landinu með því að vera hráefnisútflutningsþjóð.

Vissulega hefur vel tekist á ýmsum sviðum iðnaðar og ég tala þá fyrst og fremst um iðnað sem tengist sjávarútvegi á einhvern hátt svo sem þeirri starfsemi sem Marel hf. hefur stundað og einnig hefur ýmsum öðrum iðnaði vaxið fiskur um hrygg. Þar hefur verið nýsköpun, þar hefur sú þekking sem þjóðin hefur yfir að búa verið nýtt til þess að skapa verðmæti.

Meginmarkmið nýsköpunarstefnu hljóta að vera á þessum nótum. Að styrkja samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja, bæði á alþjóðlegum og innlendum vettvangi og undirbúa þau sérstaklega til að nýta vel þau tækifæri sem þeim bjóðast með aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu.

Í öðru lagi að auka skilvirkni stuðningsaðgerða við nýsköpun, þróun og markaðssetningu þannig að þeir fjármunir sem hið opinbera ver til þessara mála megi nýtast betur nú en fyrr.

Í þriðja lagi að styðja viðleitni til nýsköpunarstarfs innan fyrirtækja.

Í fjórða lagi að stuðla að jöfnum aðgangi atvinnugreina, að stuðningsaðgerðum og til eflingar nýsköpunarstarfs.

Til þess að hrinda nýsköpunarstefnu í framkvæmd verður að tryggja aukið fé til nýsköpunarverkefna. Því hafa verið uppi hugmyndir innan ríkisstjórnar að iðnþróunarsjóði verði falið það verkefni að fjármagna nýsköpun í íslensku atvinnulífi og nafni hans breytt í Nýsköpunarsjóð atvinnulífs. Auk þess hefur eins og allir vita auknum fjármunum verið varið á þessu kjörtímabili til rannsóknastarfs og annarra slíkra þátta. Það er nauðsynlegt að stefna að því að aðgerðir sem slíkar nái til allra atvinnuvega.

Uppi hafa verið hugmyndir um að þessi nýsköpunarsjóður muni veita styrki til einstakra verkefna. Jafnframt er gert ráð fyrir að veruleg áhersla verði lögð á framlög í formi áhættufjármagns. Áhættufjármagn getur verið ýmiss konar, t.d. hlutafé eða annað framlag til eigin fjár, lán með skilyrtri endurgreiðsluskyldu, þ.e. áhættulán eða lán með rétti til að breyta því í hlutafé.

Það er eðlilegt að ætlast til ríflegrar ávöxtunar í formi vaxta eða arðs ef árangur verkefnis sem fénu er varið til leyfir. En á sama hátt má búast við að afskrifa verði framlagið að hluta eða öllu leyti ef verkefnið skilar ekki tilætluðum árangri.

Það má hins vegar ekki verða hlutverk Nýsköpunarsjóðs að viðhalda stöðnuðum eða hnignandi atvinnuvegum eða fyrirtækjum með styrkjum eða öðrum framlögum eða lánum. Þvert á móti er nauðsynlegt að gera ráð fyrir að hlutverk hans verði að styðja við bakið á nýjungum og framþróun í atvinnulífi.

Virðulegi forseti. Á stundum hefur mér fundist sem við Íslendingar séum alltaf að finna upp hjólið. Stöðugt berast af því fréttir að verið sé að styrkja ýmis rannsóknaverkefni. Nú má ekki skilja orð mín svo að ég sé andvígur rannsóknum. Ég hef stundum hins vegar leitt að því hugann hvort það geti verið að ýmislegt af þeim rannsóknum sem verið er að framkvæma hér heima hafi þegar verið unnar einhvers staðar annars staðar í henni veröld. Ég segi þetta hér vegna þess að ég hef dálítið kynnt mér það starf sem unnið hefur verið í Upplýsingaþjónustu háskólans og víðar þar sem virðist vera urmull aðgengilegra upplýsinga utan úr hinum stóra heimi. Þannig held ég að full ástæða sé til þess að leiða að því hugann og í mikilli alvöru hvort ýmsar af þeim rannsóknum sem menn hafa varið fjármunum til á undanförnum árum séu kannski þegar til staðar, hvort ekki sé auðveldara að nálgast þær og vinna úr þeim a.m.k. áður en lengra er haldið. Það má engan veginn verða svo að nýsköpunarsjóður eða nýsköpun í atvinnulífinu verði bundin við eilífar rannsóknir en aldrei komi til nokkurra framkvæmda.

Á undanförnum vikum hefur mikið verið talað um framlög til háskóla og háskólastarfsemi varðandi gerð þeirra fjárlaga sem við ræðum hér nú. Það hefur stundum vakið athygli mína og það ekki einungis hvað varðar háskólann heldur ýmsar af stærstu stofnunum landsins, m.a. í heilbrigðisþjónustu, hversu mér virðist að stjórnendur stofnana séu oft og tíðum ragir við að raða verkefnum í forgangsröð. Þannig held ég að menn hljóti að hugleiða mjög alvarlega til að mynda varðandi háskólann í hvaða átt skuli þróa þá stofnun. Nú veit ég að starfandi er þróunarnefnd innan háskólans og hefur mér skilist að sú nefnd muni skila af sér innan skamms. Ég hef ekki heyrt hvaða starf hefur þar verið unnið eða í hvaða átt kraftarnir hafa beinst, geri auðvitað enga kröfu heldur um það fyrr en þær niðurstöður liggja fyrir. Það má hins vegar velta því fyrir sér hvort skynsamlegt sé að bjóða upp á allar þær námsgreinar sem hér er boðið upp á. Ég nefni til að mynda tannlæknadeild þar sem fáir nemendur útskrifast árlega en ég hygg að rekstrarkostnaður við deildina sé sérlega hár. Það mætti jafnvel hugleiða hvort ekki væri einfaldlega auðveldara að semja við einhverja af nágrannaþjóðum okkar um menntun þeirra tannlækna eða annarra sem mönnum kynni að finnast skynsamlegt og verja í staðinn þeim fjármunum sem við það mundu sparast til öflugri menntunar í þeim deildum sem fyrir eru í háskólanum.

Ég tel að möguleikar okkar í útflutningsgreinum í framtíðinni séu að sjálfsögðu hvað mestir í sjávarútvegi. Við eigum að beita öllum ráðum sem við getum til þess að örva erlenda fjárfestingu í landinu og við eigum að mínu mati óhikað að taka það skref að leyfa erlenda fjárfestingu í sjávarútvegi hér heima. Hér hefur til langs tíma verið skortur á áhættufjármagni og við eigum að opna leiðir fyrir erlenda fjárfesta til fjárfestinga hér á landi.

Í sjávarútvegi er staða okkar að mörgu leyti sterkust þó að veik kunni að virðast um sinn. Þar er og verður vaxtarbroddurinn og þekkingin og við hljótum og verðum að vera móttækileg fyrir því að áhættufjármagn fáist inn í samfélagið. Til skamms tíma höfum við ekki litið við erlendu fjármagni nema við höfum fengið að greiða af því vexti. Þessi stefna hefur tafið fyrir framförum í atvinnugreinum hér á landi að mínu mati.

Á síðustu árum hafa umræður og aðgerðir í atvinnumálum verið fyrirferðarmiklar enda hefur ríkisstjórnin litið á það sem mikilvægt verkefni að hamla gegn vaxandi atvinnuleysi. Það hljóta þó að vera takmörk fyrir því hversu langt stjórnvöld eiga að ganga í þá átt að skapa atvinnu með fjárframlögum til einstakra verkefna eða atvinnugreina. Í því skyni er rétt að hafa í huga þau orð sem ég hef látið falla hér á undan varðandi nýsköpun. Það er efnahagslegur stöðugleiki sem er mikilvægasta forsenda framfaranna og nýsköpunar í atvinnulífi.

Önnur mikilvæg forsenda fyrir nýsköpun atvinnulífi er að hið opinbera sjái fyrir öflugu og fjölbreyttu menntakerfi. Í þeim efnum ber mikla nauðsyn til forgangsröðunar eins og ég vék hér að á undan.

Við umræðu sem ég var viðstaddur í Evrópuráðinu á dögunum þar sem áætlun og horfur í efnahagsmálum í OECD-ríkjunum voru til umræðu kom glögglega fram að menn bundu mestar vonir í baráttunni við aukið atvinnuleysi við að efla rannsóknir, vísindastarfsemi og nýsköpun. Á þá þætti er lögð nokkur áhersla í því fjárlagafrv. sem hér er til umræðu og ég er sannfærður um að mikið hefur skort á að við höfum á undanförnum árum varið jafnmiklum fjármunum og æskilegt hefði verið til eflingar rannsóknum og vísindastarfsemi.

Í þjóðhagsspá er gert ráð fyrir tæplega 5% atvinnuleysi á komandi ári. Það er á svipuðum nótum og atvinnuleysi hefur verið á því ári sem nú er senn liðið. Þess er þó að vænta að í endurskoðaðri þjóðhagsspá sem lögð verður fram á næstu dögum í tengslum við 3. umr. fjárlaga, komi fram að atvinnuleysi verði heldur minna en fyrr var ætlað. Engu að síður er atvinnuleysið verulegt og langt umfram það sem ásættanlegt er. Við höfum hins vegar flotið að feigðarósi, ekki verið á varðbergi. Við höfum verið ánægð með það velferðarkerfi sem við höfum búið við en tekjur hafa ekki dugað til að standa þar undir. Við höfum ekki verið því viðbúin að aflabrögð kynnu að bregðast með þeim hætti sem verið hefur síðustu ár.

Eins og kunnugt er er gert ráð fyrir að þorskafli á Íslandsmiðum verði einungis 155 þúsund tonn á því fiskveiðiári sem nú stendur yfir. Þar er um að ræða

23% samdrátt frá síðasta fiskveiðiári. Við því er ekki að búast að þorskafli Íslendinga á öðrum miðum aukist frá því sem verið hefur í ár og verður því samdráttur í heildarþorskafla Íslendinga líklega um 20%. Hins vegar hefur verið reiknað með að afli af öðrum botnfiski aukist um 25% og að botnfiskaflinn í heild dragist saman um rúmlega 7%.

Í þjóðhagsspá er gert ráð fyrir að loðnuaflinn verði 15% meiri á árinu 1995 en 1994 eða 1.150 þúsund tonn. Því miður er útlitið ekki gott á þessari stundu hvað loðnuafla varðar en við verðum að sjá til og binda vonir við að úr rætist.

Það er ljóst að málefni er tengjast úthafsveiðum verða fyrirferðarmikill þáttur í umfjöllun um sjávarútveg á komandi mánuðum. Eins og kunnugt er er nefnd að störfum sem verið hefur að endurskoða löggjöf um úthafsveiðar Íslendinga. Búist er við á næstunni að sú nefnd skili áliti og tillögur hennar komi til umfjöllunar á þessu þingi. Þá mun einnig draga til úrslita á næsta ári í því starfi við þróun þjóðréttarins varðandi úthafsveiðar sem unnið hefur verið að á undanförnum missirum á vettvangi ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna og fiskveiðinefndar FAO. Þarna er mjög nauðsynlegt að halda af festu á samninga- og samskiptamálum okkar Íslendinga og grannþjóða okkar varðandi nýtingu fiskstofna í Norður-Atlantshafi. Það á við um þorsk í Barentshafi, norsk/íslenska síldarstofninn, úthafskarfastofninn og þá stofna sem við eigum sameiginlega með Grænlendingum. Þessi mál eru flókin og hagsmunir Íslendinga margþættir. Ríkisstjórnin hefur sett á fót hóp embættismanna þriggja ráðuneyta til að undirbúa hugsanlega samninga um þessi mál en fram undan eru viðræður við Norðmenn og Rússa og til að undirbúa málflutning Íslendinga á úthafsveiðiráðstefnu Sameinuðu þjóðanna á næsta ári. Þarna er um verulega hagsmuni þjóðar vorrar að ræða og ber nauðsyn til að vel verði á málum haldið.

Skattsvik og aðgerðir gegn skattsvikum hafa verið mjög til umræðu í samfélaginu upp á síðkastið. Á undanförnum missirum hefur margt verið gert á sviði skatteftirlits og aðgerðir gegn skattsvikum hafa verið hertar að mun. Sérstakri skrifstofu hefur verið komið á fót hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins sem eingöngu starfar að rannsóknum á svarti atvinnustarfsemi og hefur henni orðið vel ágengt. Þetta hefur skilað sér á þessu ári í betri innheimtu skatta sem nemur hundruðum milljóna króna. Frekari aðgerðir gegn skattsvikum hafa verið boðaðar. Í fyrsta lagi hefur verið skipuð þriggja manna framkvæmdanefnd til að hafa yfirumsjón með aðgerðum sem snúa að skattsvikamálum. Nefndinni er falið að yfirfara tillögur skattsvikanefndar, fylgjast með framkvæmd þeirra ákvarðana sem teknar hafa verið á þeim grundvelli og gera tillögur um frekari aðgerðir. Tilgangur með skipan nefndarinnar er einnig sá að skapa samstarfsvettvang milli ráðuneytis og þeirra embætta og stofnana fjmrn. og annarra ráðuneyta sem fara með framkvæmd eftirlitsmálanna og viðurlaga við skattabrotum.

Veigamikill þáttur í ábendingum skattsvikanefndarinnar var að viðurlög við skattsvikum og refsingar við brotum á skattalögum og bókhaldslögum séu ófullnægjandi. Stefnt er að því að á þessu þingi verði lögfestar breytingar á ýmsum ákvæðum skattalaga og bókhaldslaga þar sem kveðið verður fastar á um refsingar og viðurlög en gert hefur verið. Enn fremur eru til athugunar ákvæði almennra hegningarlaga er taki til stórfelldra skattalagabrota.

Á síðustu árum hefur embætti ríkisskattstjóra staðið fyrir sérstökum átaksverkefnum við skatteftirlit og síðan samræmda framkvæmd þeirra. Hafa þessi verkefni komið til viðbótar við reglulegt eftirlit skattstofanna sem nú hefur verið eflt eins og greint hefur verið frá. Á grundvelli þessa starfs sem unnið hefur verið skal sérstaklega bent á tvö atriði: Annars vegar skal bent á nauðsyn þess að skattareglur séu skýrar og ljósar og í samræmi við aðstæður og viðskiptahætti á hverjum tíma. Hitt atriðið sem nefna ber er að starf þetta hefur leitt til endurálagningar á sköttum sem nemur umtalsverðum fjárhæðum. Má í því sambandi geta þess að á árinu 1993 voru endurákvarðaðir skattar að fjárhæð yfir 1.200 millj. kr. Þar af voru um 530 millj. vegna fyrirtækja og einstaklinga sem lentu í sérstöku eftirlitsátaki og 585 millj. í reglulegu eftirliti skattstofanna og um 116 millj. hjá eftirlitsskrifstofu ríkisskattstjóra.

Veruleg aukning hefur verið í endurálagningu á síðustu árum. Sem dæmi um það er að endurálagning skattstofanna að meðtöldu átaksverkefni og tekjuskatti lögaðila og einstaklinga var um 360 millj. kr. 1991 og 560 millj. 1992 og um 750 millj. á árinu 1993. Á næsta ári er fyrirhugað að fram fari úrtak atvinnugreina til sérstakrar skoðunar eins og undanfarin ár. Skipulagning þessa verkefnis er í höndum embættis ríkisskattstjóra. Jafnframt er áformað að standa fyrir sérstakri kynningu á og umfjöllun um skattsvik og svarta atvinnustarfsemi fyrir almenning.

Að undanförnu hefur töluverð umræða átt sér stað á opinberum vettvangi um ábyrgð stjórnvalda, ekki síst hvað varðar meðferð þeirra á almannafé. Telja má einsýnt að þetta sé til marks um að sífellt séu gerðar ríkari kröfur til þeirra sem bera ábyrgð á ráðstöfun opinbers fjár um að þeir fari vel með þá fjármuni sem þeim er trúað fyrir og gæti hagsýni og réttmætra sjónarmiða við ráðstöfun þeirra.

Þetta gefur tilefni til þess að hugleiða hvaða breytingar hafi átt sér stað á undanförnum árum sem skýrt geta þessa þróun. Nefna má í því sambandi nokkur atriði:

Í fyrsta lagi hefur skapast meiri festa hvað varðar útgjaldaheimildir. Um langt árabil tíðkaðist að ráðherrar heimiluðu aukafjárveitingar þegar stofnanir ríkisins höfðu farið fram úr fjárlögum. Þó svo fjárveitingavaldið sé í höndum Alþingis komu ákvarðanir um aukin fjárútlát ekki til þess kasta fyrr en jafnvel mörgum árum eftir að útgjöldin áttu sér stað. Á þessu hefur orðið mikil breyting. Óskir um auknar fjárveitingar miðað við fjárlög eru nú bornar undir þingið innan hvers fjárlagaárs og afgreiddar með fjáraukalögum. Á það er nú lögð mikil áhersla að stofnanir ríkisins virði þann fjárlagaramma sem þeim er settur. Vafalaust á

bætt fjárlagagerð og meiri stöðugleiki verðlags sinn þátt í því að þessi mál færðust til betra horfs. Í þessu sambandi má einnig bæta því við að t.d. frv. um fjárgreiðslur úr ríkissjóði, þó það hafi ekki enn þá orðið að lögum, gefur til kynna að vilji sé til þess að draga skýrari línur varðandi hlutverk og verkaskiptingu þings og ráðherra að því er varðar fjármál ríkisins.

Í annan stað eru gerðar meiri kröfur en áður um tímanlega upplýsingagjöf um ríkisfjármálin. Þannig er m.a. ætlast til þess að ríkisreikningur sé lagður fram mun fyrr en áður tíðkaðist. Í stað þess að reikningurinn lægi fyrst fyrir mörgum árum eftir að reikningsárinu lauk er það nú keppikefli að endurskoðaður reikningur komi út innan 12 mánaða frá lokum reikningsárs. Þetta markmið hefur náðst á undanförnum árum. Sú staðreynd að á hverjum tíma eru fyrir hendi áreiðanlegar upplýsingar um stöðuna í ríkisbúskapnum skapar óneitanlega bætt skilyrði til aðhalds og eftirlits með fjármálum ríkisins. Þessi breyting sýnir þó ef til vill ekki síður að menn eru farnir að nálgast fjár- og reikningshaldsmál ríkissjóðs af meiri alvöru en fyrr.

Í þriðja lagi má nefna að möguleikar Alþingis til þess að fylgjast með framvindu ríkisfjármála hafa aukist. Liður í því var m.a. sú ákvörðun að efla stöðu Ríkisendurskoðunar og gera hana að stofnun á vegum Alþingis. Óumdeilt er að við það hefur upplýsingagjöf til þingsins aukist, m.a. með reglulegum skýrslum um framkvæmd fjárlaga og um endurskoðun ríkisreikninga. Þá gefst forsetum Alþingis, þingnefndum og einstökum þingmönnum kostur á að leita beint til stofnunarinnar um athuganir og álit á ýmsum málum sem upp koma.

Stofnun embættis umboðsmanns Alþingis var einnig þáttur í að auka aðhald með framkvæmdarvaldinu. Reyndar er Alþingi sjálft að ýmsu leyti orðið betur í stakk búið til þess að rækja hlutverk sitt og nægir í því sambandi að nefna meiri skilvirkni við það að þingið starfar nú í einni deild.

Að lokum má nefna að stjórnkerfið er sífellt að verða opnara og þar af leiðandi erfiðara fyrir stjórnmálamenn að fela nokkuð fyrir umbjóðendum sínum. Stjórnvöld þurfa ætíð að vera reiðubúin að útskýra athafnir sínar fyrir almenningi og fjölmiðlum. Vafalaust má ætla að ýmislegt, sem fyrir nokkrum árum hefði ekki þótt tiltökumál, geti núna orðið viðkomandi stjórnmála- eða embættismönnum óþægilegur fjötur um fót. Þá er ekki ósennilegt að eftir því sem skattbyrðin hefur aukist og niðurskurði verið beitt í meira mæli á útgjöld ríkisins hafi sú krafa orðið almennari að vel sé farið með sameiginlega fjármuni landsmanna.

Án efa hafa fyrrnefnd atriði orðið til þess að skapa meira aðhald með stjórnvöldum en áður var. Segja má að eftirlit með stjórnsýslunni, hvort sem það er frá aðilum innan eða utan ríkiskerfisins, verði sífellt meira aðkallandi vegna þess hve hlutverk hins opinbera er orðið veigamikið í nútímasamfélagi og umsvif þess að sama skapi mikil. Stærð ríkisgeirans gerir það að verkum að skort getur á yfirsýn og að nauðsynlegs samræmis sé gætt við úrlausn mála. Þess vegna hlýtur virkt eftirlit með fjárhagsmálefnum ríkisins að skipta sköpum um árangursríka fjármálastjórn hins opinbera.

Það er svo annað mál hvort þetta eftirlit, eins og því er háttað í dag, sé nægjanlegt. Til þess að hægt sé að koma við árangursríku eftirliti þurfa að sjálfsögðu að vera fyrir hendi nægjanlega skýrar og yfirgripsmiklar reglur til þess að fara eftir. Slíkar reglur hljóta að teljast veigamikil forsenda vandaðra stjórnsýsluhátta. Ég hef t.d. bent á að nauðsynlegt væri að lögfesta reglur um ráðstöfun á ríkiseignum. Þetta er ekki einsdæmi því á mörgum sviðum opinberra fjármála gilda um margt mjög óljósar reglur og fyrirmæli. Þá þarf ekki síður að skilgreina vel hvaða viðurlög eigi að fylgja við broti á reglum. Ábyrgð þeirra sem að málum koma þarf að vera alveg ljós. Hér hefur löggjafinn verk að vinna.

Virðulegi forseti. Störf fjárln. við afgreiðslu frv. til fjárlaga fyrir árið 1995 hafa verið með hefðbundnum hætti. Nefndin hóf störf við undirbúning afgreiðslu fjárlaga 26. sept. sl. og átti viðtöl við fulltrúa sveitarfélaga alls staðar að af landinu sem gerðu grein fyrir sínum erindum. Samstarf fjárlaganefndarmanna við sveitarstjórnarmenn hefur nú sem fyrr verið ánægjulegt og sú yfirsýn sem nefndarmenn öðlast á fundum með sveitarstjórnarmönnum er afar mikilvæg við afgreiðslu fjárlaga. Þá hefur nefndin og kallað til fulltrúa margra stofnana og ráðuneyta.

Samkvæmt 2. mgr. 25. gr. þingskapa getur fjárln. vísað þeim þáttum fjárlagafrv. til þeirra fastanefnda sem um málasvið þeirra fjalla. Nefndin óskaði með bréfi dags. 19. okt. sl. eftir álitum fastanefnda þingsins um frv.

Nefndirnar hafa skilað álitum sínum og eru þau prentuð sem fylgiskjöl með þessu nefndaráliti eins og mælt er fyrir um í þingsköpum. Þetta er í þriðja sinn sem þessi skipan er viðhöfð við afgreiðslu fjárlagafrv.

Eftir að frv. til fjárlaga hefur verið lagt fram á Alþingi koma fjölmargir aðilar, sem eiga erindi við nefndina, til fundar.

Frá því nefndin hóf störf við undirbúning afgreiðslu frv. hefur hún haldið 34 fundi, auk þess sem undirnefndir hafa unnið að afgreiðslu einstakra málaflokka.

Nefndin hefur lokið afgreiðslu flestra þeirra erinda sem til hennar bárust, svo sem skiptingu allra fjárfestingarliða. Breytingartillögur þær sem hér eru til umræðu og birtast á þskj. 354 nema samtals 377,9 millj. kr. til hækkunar á 4. gr. frv.

Meiri hluti nefndarinnar vill þakka fulltrúum stjórnarandstöðunnar í nefndinni fyrir mjög gott samstarf. Þá hefur nefndin notið aðstoðar fjmrn. og einstök ráðuneyti hafa veitt nefndinni mikilvægar upplýsingar og aðstoð.

Venju samkvæmt bíða 3. umr. afgreiðsla á tekjuhlið frv., B-hlutinn og heimildir skv. 6. gr. Auk þess bíða 3. umr. ýmis verkefni, bæði smærri og stærri, sem nefndin hefur enn til umfjöllunar. Meðal þeirra ber helst að nefna sjúkrahúsin í Reykjavík, sjúkratryggingar, framlög vegna EES, framlag til Atvinnuleysistryggingasjóðs, framlög til háskólans og Landsbókasafns, Byggðastofnun, Vinnueftirlit ríkisins og auknar niðurgreiðslur á húshitunarkostnaði á köldum svæðum.

Undir nefndarálitið rita: Sigbjörn Gunnarsson, Árni Johnsen, Árni Mathiesen, Einar K. Guðfinnsson, Gunnlaugur Stefánsson og Sturla Böðvarsson.

Mun ég nú víkja að einstökum þáttum þeirra breytingartillagna sem meiri hlutinn leggur til og flytja við þær skýringar.

1. Æðsta stjórn ríkisins, liður 201. Lagt er til að framlag til Alþingis hækki um 33 millj. kr. en af þeirri fjárhæð eru 20 millj. ætlaðar til viðhalds á fasteignum. Hér er um að ræða húseignirnar að Kirkjustræti 8b og Kirkjustræti 10. Viðhald margra húsa þingsins er ábótavant og nauðsynlegt að ráða bót á því. Um 13 millj. kr. af hækkuninni sem hér er lögð til er til rekstrar og dreifist á nokkra liði.

2. Liður 610 Umboðsmaður Alþingis. Gerð er tillaga um að framlag til umboðsmanns Alþingis hækki alls um 8 millj. kr. en þar af eru 4,2 millj. ætlaðar til rekstrar. Fjöldi kvartana sem berast til embættisins eykst ár frá ári og aukning hefur einnig orðið á fjölda þeirra mála sem þarfnast umtalsverðar athugunar og úrvinnslu. Rétt er að taka fram að ekki er gert ráð fyrir fjölgun starfsmanna. Að auki eru ætlaðar 3,8 millj. kr. til innréttingar nýs húsnæðis og tölvulagna þar, en til stendur að embættið fari í nýtt húsnæði.

3. brtt. varðar lið 620, Ríkisendurskoðun. Tillagan um hækkun til Ríkisendurskoðunar byggist á rekstrarniðurstöðum ársins 1993 en án þessarar hækkunar hefði stofnunin orðið að draga saman í starfsemi sinni sem nemur tveimur stöðugildum. Meiri hluti fjárln. telur það ekki viðunandi og gerir tillögu um að fjárveiting verði hliðstæð fjárveitingu í fjárlögum yfirstandandi árs.

Forsætisráðuneyti.

4. brtt. varðar lið 101, forsrn., aðalskrifstofu. Ákveðið hefur verið að símakostnaður Stjórnarráðsins verði færður á aðalskrifstofu hvers ráðuneytis fyrir sig, auk nokkurra annarra stofnana, en ekki á einn lið undir fjmrn. Fram að þessu hafa öll skrefgjöld verið færð á þennan eina lið en frá og með áramótum verður símakostnaðinum skipt á ráðuneyti og því gert ráð fyrir að framsetning í fjárlögum fylgi þeirri breytingu. Vegna þessa eru rúmlega 30 millj. kr. millifærðar frá fjmrn. yfir á aðrar stofnanir en ekki er um hækkun heildarfjárhæða að ræða.

5. brtt. er vegna liðar 231, Norrænu ráðherranefndarinnar. Gerð er tillaga um að stofnað verði nýtt viðfangsefni á fjárlagalið norrænu ráðherranefndarinnar. Eins og kunnugt er fer Ísland nú með formennsku í norrænu samstarfi en um mánaðamótin febrúar/mars nk. verður þing Norðurlandaráðs haldið í Reykjavík. Fjárveiting sú sem hér er gerð tillaga um er ætluð til að mæta kostnaði við gestamóttöku og fleiri þætti vegna þessa þings. Þetta er því tímabundin fjárveiting sem fellur niður í fjárlögum 1996.

6. brtt. varðar fjárlagalið 241, Umboðsmaður barna. Í frv. til fjárlaga er 6 millj. kr. fjárveiting til nýstofnaðs embættis umboðsmanns barna. Eftir ítarlega skoðun forsrn. á fyrirhugaðri starfsemi þótti ástæða til að hækka framlagið um 1,5 millj. kr.

Menntamálaráðuneyti.

8. brtt. varðar fjárlagalið 201, Háskóla Íslands. Gerð er tillaga um 2 millj. kr. fjárveitingu til Upplýsingaþjónustu háskólans en hún hefur starfað frá árinu 1978 að því að afla upplýsinga fyrir einstaklinga, stofnanir og fyrirtæki á sviði nýsköpunar, rannsókna og þróunarstarfs. Hækkun fjárveitinga sem meiri hluti fjárln. leggur til er ætluð til þróunar sjálfsnámskerfis, þ.e. skipulagt sjálfsnám um atvinnumál.

Gert er ráð fyrir að fjárveiting til kennslu- og vísindadeilda verði hækkuð um 7,3 millj. kr. og er af tvennum toga.

Annars vegar hefur verið lagt til að ljósmæðranám flytjist til Háskóla Íslands frá heilbrrn. Nefnd um flutning ljósmæðramenntunar telur árlegan kostnað við ljósmæðranám vera 4,3 millj. kr. enda verði námið áfram í húsnæði Ljósmæðraskólans og Ríkisspítalar greiði laun nemenda á þjálfunartíma. Gert er ráð fyrir 2,4 millj. kr. fjárveitingu undir heilbrigðisráðuneyti til rekstrar Ljósmæðraskóla Íslands og er sá liður felldur niður með þessari breytingu. Nettó hækkun er því 1,9 millj. kr.

Hins vegar er lögð til 3 millj. kr. hækkun vegna stöðu rannsóknaprófessors á sviði eðlisfræði þéttefnis með áherslu á málma. Íslenska járnblendifélagið hefur kostað þessa stöðu undanfarin fimm ár en starfið er nú orðið svo víðfemt að ekki er hægt að gera ráð fyrir óbreyttri fjármögnun. Fjárveiting sú sem hér er lögð til miðar að því að háskólinn greiði grunnlaun prófessorsins en gera má ráð fyrir að járnblendifélagið og önnur atvinnufyrirtæki sýni rannsóknaverkefnum undir stjórn prófessorsins áhuga.

9. tillagan varðar lið 210, Háskólinn á Akureyri. Lagt er til að framlag til rannsóknastarfsemi Háskólans á Akureyri hækki um 4. millj. kr. Í 6. gr. fjárlaga 1994 var heimild til „að leggja fjármagn í vinnumatssjóð Háskólans á Akureyri í samræmi við kjarasamninga þegar reglur um vinnumatskerfi hafa verið afgreiddar". Í fjárlagafrv. er ekki gert ráð fyrir framlagi til vinnumatssjóðs þar sem reglurnar voru ekki frágengnar. Með þessari hækkun er ráðin bót á og eru alls ætlaðar 11,1 millj. kr. til rannsóknastarfsemi. Þar er um að ræða framlag til rannsóknastofnana, rannsóknaleyfa, rannsóknasjóðs og vinnumatssjóðs. Það er svo skólans að ákveða hvernig þessum fjármunum er ráðstafað milli ólíkra verkefna.

10. brtt. er vegna fjárlagaliðar 221, Kennaraháskóli Íslands. Lagt er til að framlag til Kennaraháskólans hækki um 10 millj. kr. Þar af eru 6 millj. kr. til rannsóknastarfsemi á sömu forsendum og framangreind hækkun til Háskólans á Akureyri. Þannig verður framlag til rannsóknastofnana, rannsóknaleyfa, rannsóknasjóðs og vinnumatssjóðs samtals 22,9 millj. kr. og það er skólans að ákveða hvernig þeirri fjárhæð er ráðstafað milli ólíkra verkefna. Að auki er lagt til að framlag til skólans hækki um 4 millj. kr. vegna fjarkennslu en nokkur reynsla er nú komin á fjarnámið og er eftirspurnin mikil. Fyrsti hópurinn á þessari námsbraut hóf nám vorið 1993 og útskrifast haustið 1996. Gert er ráð fyrir að nýir nemendur hefji nám næsta sumar sem lokið verður á fjórum árum.

11. brtt. er vegna fjárlagaliðar 299, Háskóla- og rannsóknastarfsemi. Gert er ráð fyrir 5 millj. kr. framlagi til Norrænu eldfjallastöðvarinnar og er það fært á háskólasafnlið menntmrn. Framlagið er vegna starfa tveggja sérfræðinga. Annar flyst af norrænu framlagi til íslenska ríkisins 1. jan. á næsta ári en hinn mun rannsaka jarðskorpuhreyfingar á Suðurlandi og verður hann að störfum fram til 1. ágúst á næsta ári.

Varðandi þennan fjárlagalið er rétt að taka fram að við gerð fjárlaga fyrir árið 1994 var þessi fjárlagaliður hækkaður um 1,5 millj. kr. Sú fjárveiting var ætluð Félagsstofnun stúdenta á Akureyri. Ekki er gerð tillaga um hækkun að þessu sinni en ætlast til að Félagsstofnun stúdenta á Akureyri fái fjárveitingu af þessum lið á komandi ári.

12. brtt. varðar fjárlagalið 318, Almennir framhaldsskólar, viðhald og stofnkostnaður. Lögð er til 23 millj. kr. hækkun til viðhalds og stofnkostnaðar framhaldsskóla og er skipting á kjördæmi að venju sýnd í sérstökum yfirlitum í breytingartillögum nefndarinnar. Með þessari hækkun er alls til ráðstöfunar til viðhalds og stofnkostnaðar 711 millj. kr. en því til viðbótar eru 9 millj. kr. ætlaðar til viðhalds herma og 19 millj. kr. til tækja- og búnaðarkaupa, þar á meðal tölvubúnaðar.

13. brtt. varðar lið 319, Framhaldsskólar, almennt. Meiri hluti fjárln. leggur til að veitt verði 500 þús. kr. framlag til Myndlistarskólans í Kópavogi en í fjárlögum síðustu ára hafa verið fjárveitingar til myndlistarskólanna í Reykjavík og á Akureyri. Myndlistarskólinn í Kópavogi er sjálfseignarstofnun sem rekinn er af skólafélagi Myndlistarskóla Kópavogs með námskeiðsgjöldum og styrkjum.

14. brtt. varðar fjárlagalið 506, Vélskóla Íslands. Gerð er tillaga um 1 millj. kr. hækkun til Vélskóla Íslands til endurnýjunar á tölvum í kennsluaðstöðu og minnisstækkun á kennslutölvum.

15. brtt. varðar lið 580, Samvinnuskólann á Bifröst. Framlag til kennsluliðar Samvinnuskólans á Bifröst er hækkað um 2 millj. kr. en sl. haust hófst kennsla og nám á 3. ári háskólastigs við skólann. Nemendur er hófu þetta nám munu útskrifast næsta vor með BS-gráðu í rekstrarfræðum. Menntmrn. veitti heimild til skólans til að hefja þetta nám en tekið er fram að heimildin miðist við þriggja ára tímabil og að gerð skuli ítarleg úttekt á starfsemi skólans í samvinnu við ráðuneytið áður en ákvörðun verði tekin um framhaldið. Framlag til skólans ákvarðast af samningi milli menntmrn. og skólans og tekur hann mið af nemendafjölda og fleiri þáttum. Framlagið er til viðbótar því sem samningurinn gerir ráð fyrir. Vænta má þess að samningurinn verði tekinn til endurskoðunar í ljósi reynslunnar af þessu nýja námi.

16. brtt. fjallar um lið 725, Námsgagnastofnun. Lagt er til að framlag til Námsgagnastofnunar hækki um 17 millj. kr. Að mati stofnunarinnar var á sínum tíma ekki að fullu tekið tillit til viðbótarkostnaðar vegna virðisaukaskatts á bókum sem lagður var á á miðju ári 1993. Einnig hafa greiðslur reynst meiri en áætlað hefur verið. Meiri hluti fjárln. tekur undir þetta sjónarmið og leggur því til framangreinda hækkun en með henni er kostnaður vegna virðisaukaskattsins að fullu inni í fjárveitingagrunni stofnunarinnar.

17. brtt. er vegna fjárlagaliðar 884, Jöfnun á námskostnaði. Meiri hluti fjárln. leggur til að framlag til jöfnunar námskostnaðar verði hækkað um 10 millj. kr. Hér er um að ræða hækkun á svokölluðum dreifbýlisstyrk til framhaldsskólanema.

18. brtt. er vegna fjárlagaliðar 902, Þjóðminjasafnið. Framlag til Þjóðminjasafns er hækkað um 3 millj. kr. og skiptist sú fjárveiting í tvennt. Annars vegar er staða minjavarðar og er áætlaður kostnaður 2 millj. kr. og hins vegar er ætluð 1 millj. kr. til endurskipulagningar á tækniminjadeild safnsins. Á næsta ári stendur til að gera úttekt á stöðu og framtíð deildarinnar og móta stefnu um söfnun, varðveislu, viðgerðir og sýningar tækniminja en kaupa þarf sérfræðiráðgjöf í því skyni.

19. brtt. varðar fjárlagalið 903, Þjóðskjalasafn. Tekinn er inn nýr liður undir Þjóðskjalasafn en hér er um að ræða 3 millj. kr. framlag til héraðsskjalasafna. Sveitarfélögum er skylt að skila skjölum til Þjóðskjalasafns en þau geta með samþykki safnsins stofnað héraðsskjalasöfn sem taka þá við því hlutverki Þjóðskjalasafnsins að varðveita skjöl viðkomandi sveitarfélaga. Með þessari fjárveitingu verður Þjóðskjalasafninu gert kleift að styrkja stofnun héraðsskjalasafna.

20. brtt. varðar fjárlagalið 974, Sinfóníuhljómsveitin. Samið hefur verið við hljóðfæraleikara Sinfóníuhljómsveitarinnar og er viðbótarkostnaður vegna þessara kjarasamninga metinn á um 6 millj. kr. á næsta ári. Sinfónían er B-hluta stofnun en B-hlutinn er að venju tekinn fyrir við 3. umr. fjárlaga og verður þá áætlun hljómsveitarinnar tekin til endurskoðunar til samræmis við þessa hækkun á launagjöldum.

Brtt. nr. 21 varðar fjárlagalið 981, Kvikmyndasjóð. Lagt er til að framlag til Kvikmyndasjóðs verði hækkað um 21,5 millj. kr. og verði 100 millj. kr. til að efla starfsemi sjóðsins.

22. tillagan er liður 989, Ýmis íþróttamál. Lagt er til að liðurinn Íþróttafélög, styrkir, verði tekinn inn að nýju að fjárhæð 14,5 millj. kr. Liður þessi er í fjárlögum þessa árs en var felldur niður við vinnslu fjárlagafrv. Fé þetta hefur verið notað til að styrkja íþróttafélög vegna framkvæmda við íþróttamannvirki og búnaðarkaupa vegna þeirra. Gerð er tillaga um að framlag verði óbreytt frá því sem nú er í fjárlögum.

Utanríkisráðuneyti.

24. tillagan varðar lið 190, Ýmis verkefni, Félag Sameinuðu þjóðanna. Tekið er upp 800 þús. kr. framlag til Félags Sameinuðu þjóðanna en framlag til félagsins var fellt niður í fjárlagafrv. Í fjárlögum þessa árs er framlag hins vegar 600 þús. kr.

25. brtt. varðar lið 390, Þróunarsamvinnustofnunin. Framlag til Þróunarsamvinnustofnunar er hækkað um 4 millj. kr. vegna tryggingagjalds. Stofnunin taldi að hún væri undanþegin þessu gjaldi og var leitað til ríkislögmanns um álit. Það var hins vegar mat hans að undanþágur frá greiðslu tryggingagjalds séu nánast engar og að stofnuninni beri að greiða gjaldið. Ekki

var gert ráð fyrir þessu í fjárhagsáætlun stofnunarinnar né við vinnslu fjárlagafrv. og er því nauðsynlegt að leiðrétta þetta við afgreiðslu Alþingis á fjárlögunum.

26. brtt. er vegna liðar 391, Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi — Háskóli Sameinuðu þjóðanna. Lögð er til hækkun til Jarðhitaskóla Sameinuðu þjóðanna til að gera skólanum kleift að halda óbreyttum nemendafjölda á næsta ári, þ.e. 16 styrkþegum. Að auki óskuðu forsvarsmenn skólans eftir aukinni fjárveitingu til að auka umfang Jarðhitaskólans en ekki hefur verið fallist á það.

27. brtt. varðar fjárlagalið 401, Ráðstefnan um öryggi og samvinnu í Evrópu. Lögð er til 1,8 millj. kr. hækkun til RÖSE en samkvæmt lokaákvörðun um fjárlög RÖSE hækka framlög aðildarríkjanna um fjórðung frá því sem fyrr var gert ráð fyrir. Framlag Íslands verður því tæpar 8,8 millj. kr.

Landbúnaðarráðuneyti.

29. brtt. er vegna fjárlagaliðar 190, Ýmis verkefni — NASCO. Framlag til Norður-Atlantshafslaxveiðinefndarinnar hækkar um 0,9 millj. kr. vegna leiðréttingar á föstu framlagi Íslands til nefndarinnar.

30. tillagan er vegna liðar 261, Bændaskólinn á Hvanneyri. Lagt er til að heimiluð verði ný staða aðalkennara á landnýtingarsviði við Bændaskólann á Hvanneyri og er kostnaður áætlaður 2,5 millj. kr. Með þessu er verið að efla svið rekstrar og skipulegrar landnýtingar í starfsemi skólans og er það hluti af endurskipulagningu búvísindanáms.

31. tillagan er liður 271, Bændaskólinn á Hólum. Gerð er tillaga um 10 millj. kr. hækkun til fasteigna Bændaskólans á Hólum og er framlag þá alls 15 millj. kr. Hækkunin er ætluð til endurbóta á elsta skólahúsinu á Hólum en hið lélega ástand hússins takmarkar mjög nýtingu þess.

Sjávarútvegsráðuneyti.

33. brtt. varðar lið 201, Fiskifélag Íslands. Framlag til Fiskifélags Íslands var fellt niður í fjárlagafrumvarpi en það var 6,8 millj. kr. í fjárlögum 1994. Meiri hluti fjárln. leggur til að liður þessi verði tekinn upp aftur og að framlag verði 5 millj. kr. Það er eingöngu ætlað til rekstrar tæknideildar en ekki til almenns rekstrar félagsins eða Fiskiþings. Rekstur tæknideildarinnar kostar um 13 millj. kr. en deildin aflar eigin tekna og að auki hefur Fiskveiðasjóður styrkt hana.

Dóms- og kirkjumálaráðuneyti.

35. brtt. varðar fjárlagalið 701, Biskup Íslands. Framlag til fjárlagaliðar biskups Íslands er hækkað alls um 8,6 millj. kr. Í fyrsta lagi er hækkun um 4 millj. kr. vegna starfa tveggja presta, í Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi og í Reykjavík. Samkvæmt lögum skal koma nýtt embætti í stað þeirra sem lögð eru niður í prófastsdæmum kirkjunnar. Þar sem eitt prestakall var lagt niður í Þingeyjarprófastsdæmi er hér gert ráð fyrir nýju starfi prests. Hin fjölmennu prestaköll, svo sem víða er í Reykjavík, þarfnast aukins fjölda starfsmanna og er hér gerð tillaga um nýtt starf í Reykjavík. Við það er miðað að kirkjan ráðstafi þeirri stöðu til sókna eftir því sem hún telur vera þörf á.

Í annan stað er tekinn inn nýr liður en það er framlag til kirkjumiðstöðvar á Austurlandi en kirkjumiðstöðin rekur margháttað starf á vegum þrjátíu safnaða á Austurlandi, m.a. sumarbúðastarf meðal barna og ungmenna, sumarbúðir fyrir fatlaða, orlofsdvöl o.fl.

Í þriðja lagi er lagt til að framlag til Hallgrímskirkju verði hækkað um 2 millj. kr. þannig að söknarnefnd hafi alls 6 millj. kr. til ráðstöfunar á næsta ári.

Að lokum er gerð tillaga um að framlag til Snorrastofu hækki um 1 millj. kr. þannig að það verði óbreytt frá fjárlögum yfirstandandi árs. Í ráði er að ljúka í vetur þeim hluta nýbyggingarinnar þar sem annast á móttöku ferðafólks á staðnum. Sú starfsemi fellur að mestu leyti undir verksvið Snorrastofu í framtíðinni.

Heilbr.- og trmrn.

38. brtt. er vegna fjarlagaliðar 301, Landlæknir. Framlag til landlæknis hækkar um 5 millj. kr. og er hækkunin ætluð slysavarnarráði og til verkefnisins Heilsuefling en það er samstarfsverkefni heilbrrn. og landlæknisembættisins. Markmið verkefnisins er að auka áhuga og þekkingu almennings á heilbrigðum lífsháttum. Frá því í byrjun þessa árs hefur verið unnið að því að styrkja starf á sviði heilsueflingar, m.a. með því að efna til samstarfs við nokkur sveitarfélög til reynslu.

39. brtt. er vegna fjárlagaliðar 353, Fjórðungssjúkrahúsið Ísafirði. Gert er ráð fyrir að ný deild taki til starfa við Fjórðungssjúkrahúsið á Ísafirði á komandi ári. Meiri hluta fjárln. þykir sýnt að þær fjárveitingar sem birtast í frv. til fjárlaga muni ekki duga til heils árs rekstrar.

Tillaga nr. 40 varðar lið 358, Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri. Fjárveiting til Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri er vegna öldrunarlækningardeildar í Kristnesi en til þeirrar starfsemi er stofnað samkvæmt samkomulagi sem gert var þegar fjórðungssjúkrahúsið yfirtók rekstur Kristnesspítala af Ríkisspítölum.

Brtt. 41 varðar lið 381, Sjúkrahús og læknisbústaðir. Lagt er til að stofnkostnaður sjúkrahúsa hækki um 25,5 millj. kr. og verði þá 268,2 millj. kr. Skipting á einstök verkefni er sýnd í breytingartillögum nefndarinnar. Í nefndaráliti kemur fram talnavilla og verður hún leiðrétt.

42. brtt. varðar lið 399, Heilbrigðismál, ýmis starfsemi. Lögð er til 2 millj. kr. hækkun til starfsemi Hjartaverndar en á vegum samtakanna er unnið mikið starf í sjálfboðavinnu og framlag samtakanna til forvarna og rannsókna á hjarta- og æðasjúkdómum er mikilsvert. Starfsemi Hjartaverndar hefur verið rekin með halla undanfarin ár en það er von meiri hluta fjárln. að með þessari hækkun náist að skapa jafnvægi í rekstri samtakanna. Tekinn er inn nýr liður undir þennan fjárlagalið en það er 12 millj. kr. framlag til Krýsuvíkursamtakanna vegna rekstrar vist- og meðferðarheimilis. Framlag til samtakanna hefur áður verið fært hjá landlækni og er fjárveiting á þessu ári 11 millj. kr.

Brtt. nr. 43 varðar fjárlagalið 400, St. Jósefsspítali, Hafnarfirði. Stjórnendur St. Jósefsspítala í Hafnarfirði hafa gert fjárln. grein fyrir þeirri starfsemi sem fram fer í sjúkrahúsinu og þeim fjárframlögum sem þarf til

rekstrarins og þykir einsýnt að sú fjárhæð sem frv. gerir ráð fyrir dugi ekki til rekstrarins. Því er lögð til hækkun að fjárhæð 11 millj. kr.

44. tillagan varðar fjárlagalið 401, St. Fransiskusspítali, Stykkishólmi. Stjórnendur sjúkrahússins gerðu nefndinni grein fyrir starfsemi þess. Vegna framkvæmda við gamla sjúkrahúsið og tengingu við nýbyggingu samkvæmt sérstökum samningi sem gerður var af heilbrigðis- og fjármálaráðuneyti hefur orðið samdráttur í starfsemi á undanförnum árum. Þeim framkvæmdum og endurbótum er að mestu lokið og því er lagt til að fjárveiting verði aukin um 6 millj. kr.

45. tillagan varðar fjárlagalið 422, Hlaðgerðarkot. Meiri hluti fjárln. leggur til að framlag til rekstrar Hlaðgerðarkots verði hækkað um 2 millj. kr. og verði þá samtals 37,8 millj. kr.

46. tillagan er liður 553, Heilsugæslustöðin Akureyri. Lagt er til að 700 þús. kr. verði veittar til Heimahlynningar Akureyrar en hún hefur verið starfrækt frá árinu 1989, áður undir nafninu Líknarhópur Akureyrar. Markmiðið með starfinu er að tryggja skjólstæðingum og fjölskyldum þeirra heildstæða og markvissa sólarhringsþjónustu. Í fyrstu var eingöngu um sjálfboðavinnu að ræða en á árinu 1993 var veitt heimild fyrir hálfu stöðugildi hjúkrunarfræðings við uppbyggingu heimahlynningar fyrir krabbameinssjúka.

Brtt. nr. 47 varðar lið 601, Ljósmæðraskóli Íslands. Eins og gerð var grein fyrir í umfjöllun um Háskóla Íslands er gert ráð fyrir að flytja ljósmæðranám frá heilbrrn. til menntmrn. Því fellur framlag til Ljósmæðraskóla Íslands undir heilbrigðisráðuneyti niður.

Í 48. og 49. brtt. er gert ráð fyrir launabótum á margar heilbrigðisstofnanir og rekstrarhagræðingu. Vegna endurmats á kjarasamningum við heilbrigðisstéttir eru færðar alls 6,2 millj. kr. á ýmsar stofnanir heilbrrn. Breytingarnar eru ýmist til hækkunar eða lækkunar en sundurliðun er sýnd í yfirliti í breytingartillögum nefndarinnar. Að auki hefur verið ákveðið að hafa 23,5 millj. kr. óskipta fjárveitingu á fjárlagaliðunum „Rekstrarhagræðing“ til þess að mæta óhjákvæmilegum leiðréttingum sem kunna að verða. Tillögur um launabætur til Ríkisspítala, Borgarspítala og Landakotsspítala munu koma fram við 3. umr. fjárlaga.

Fjármálaráðuneyti.

54. tillagan varðar lið nr. 999, Ýmislegt. Undir fjmrn. eru eingöngu lagðar til breytingar sem snerta millifærslur vegna símakostnaðar. Eins og greint var frá í umfjöllun um aðalskrifstofu forsrn. hefur verið ákveðið að símakostnaður Stjórnarráðsins verði færður á aðalskrifstofu hvers ráðuneytis fyrir sig, auk nokkurra annarra stofnana, en ekki á einn lið undir fjmrn. Vegna þessa lækkar fjárlagaliður Ýmislegt undir fjmrn. um 30,1 millj. kr. en hækkanir á aðalskrifstofum ráðuneytanna og nokkurra annarra stofnana hækkar um sömu fjárhæð samtals.

Samgönguráðuneyti.

56. brtt. varðar lið 330, Vita- og hafnamálastofnun. Gerð er leiðréttíng á framsetningu rekstrargjalda hjá Vita- og hafnamálastofnun en bæði gjöld og sértekjur voru ofmetin um 19,6 millj. kr. Sú leiðrétting hefur engar breytingar á heildarfjárhæðum í för með sér.

Þá gerir brtt. ráð fyrir að framlög til stofnkostnaðarviðfangsefnisins „Hafnamannvirki“ hækki um 139,8 millj. kr. Sú hækkun yrði fjármögnuð annars vegar með skerðingu framlags til Hafnabótasjóðs, samkvæmt ákvæði í væntanlegum lögum um ráðstafanir í ríkisfjármálum, og hins vegar með tilfærslu fjárveitingar að fjárhæð 45 millj. kr. frá sjóvarnargörðum. Jafnframt er gert ráð fyrir lítils háttar lækkun á fjárveitingu til hafnarmannvirkja í Sandgerði, eða sem nemur 1,4 millj. kr. og auknum tekjum af sérstöku vörugjaldi. Liðurinn Sjóvarnargarðar er hækkaður um 2 millj. kr. samkvæmt ákvörðun meiri hluta fjárln.

Brtt. nr. 59 varðar fjárlagalið 651, Ferðamálaráð. Þrjár breytingatillögur varða starfsemi Ferðamálaráðs. Í fyrstu lagi er tillaga um nýtt viðfangsefni á fjárlagalið Ferðamálaráðs en þar eru 5 millj. kr. ætlaðar til ferðamálasamtaka landshluta. Í öðru lagi lækkar á móti framlag til rekstrar Ferðamálaráðs um sömu fjárhæð og er því ekki um hækkun vegna þessa að ræða.

Að lokum er tekinn inn nýr liður sem ætlaður er til landkynningar í tengslum við heimsmeistaramót í handknattleik sem haldið verður hér á landi á næsta ári. Með keppni þessari munu opnast mikilvæg tækifæri til landkynningar og eflingar ferðaþjónustu. Ætlunin er að verja þessu fé til undirbúnings og kynningar utan lands og innan fyrir keppnina og meðan á henni stendur.

Iðnaðarráðuneyti.

62. tillagan varðar lið 299, Iðja og iðnaður, framlög. Lagt er til að framlag til Staðlaráðs verði hækkað um 1,2 millj. kr. þannig að heildarframlag verði 3,8 millj. Hækkunin er vegna þess að ráðinu bauðst að taka að sér framkvæmdastjórn Evrópunefndar um stafatækni. Þetta er mikið hagsmunamál fyrir Íslendinga en Staðlaráð hefur mótað þá stefnu að leggja megináherslu á þjóðlegar kröfur þannig að alþjóðastaðlar fullnægi þeim kröfum sem íslensk tunga og menning gerir til upplýsinga- og fjarskiptatækni.

Framlag til alþjóðlegs rannsóknarsamstarfs lækkar en á móti er tekið inn framlag vegna viðskiptafulltrúa í Moskvu. Á vegum iðnrh. var skipuð nefnd sem hafði það hlutverk að meta og gera tillögur um á hvern hátt unnt væri að auka innflutning á fiski frá rússneskum togurum til vinnslu hér á landi, auka sölu á vörum og þjónustu til erlendra veiðiskipa sem landa í íslenskum höfnum og auka útflutning vöru og þjónustu til Rússlands. Nefndin hefur skilað áliti og farið hafa fram viðræður milli iðnrh., utanrrh. og framkvæmdastjóra Útflutningsráðs um ráðningu viðskiptafulltrúa í Moskvu er hafi það verkefni að aðstoða íslenska útflytjendur og byggja upp viðskiptasambönd í Rússlandi.

Viðskiptaráðuneyti.

64. brtt. varðar fjárlagalið 190, Ýmis verkefni. Lagt er til að framlag til Neytendasamtakanna hækki um 0,7 millj. kr. og verði 3,5 millj. á næsta ári. Framlag í fjárlögum 1994 er 3 millj. en var lækkað í 2,8 millj. í fjárlagafrv. Að mati meiri hluta fjárln. er unnið mikilvægt

starf á vegum þessara samtaka og nauðsynlegt að styrkja rekstur þeirra.

Umhverfisráðuneyti.

67. till. varðar fjárlagalið 190, Ýmis verkefni, undirbúningur náttúrustofa. Framlag til undirbúnings náttúrustofa er hækkað um 1,3 millj. kr. og verður alls 2,3 millj. Af þessari hækkun eru 0,6 millj. kr. ætlaðar til undirbúnings að opnun náttúrustofu fyrir Vestfirði í Bolungarvík. Umhvrh. hefur ákveðið að hún skuli staðsett þar og um það er samkomulag á meðal sveitarstjórnarmanna á Vestfjörðum. Þar með er gert ráð fyrir að hlutdeild náttúrustofu í Bolungarvík af þessum fjárlagalið verði alls 0,8 millj. kr. Það sem eftir stendur af hækkuninni, um 0,7 millj., er ætlað til náttúrustofu fyrir Suðurland sem staðsett verður í Vestmannaeyjum og verði þá alls 1,5 millj. kr. af fjárlagaliðnum ætlaðar til hennar. Fyrirhugað er að hún hefji starf árið 1996 og við það er miðað að fjárveitingin sé þá til samræmis við fjárveitingu til náttúrustofu í Neskaupsstað á fjárlögum ársins í ár.

68. tillagan varðar fjárlagalið 201, Náttúruverndarráð. Framlag hækkar alls um 2,5 millj. kr. Launaliður hækkar um hálfa milljón vegna aukningar á starfshlutfalli fjármálastjóra við stofnunina. Framlag til þjóðgarða og friðlýstra svæða hækkar um 2 millj. kr. en fjölgun friðlýstra svæða hefur í för með sér aukinn rekstrarkostnað.

69. tillagan varðar fjárlagalið 210, Veiðistjóri. Lagt er til að rekstrarfjárveiting veiðistjóra verði hækkuð um 1,5 millj. kr. en í tengslum við þær áherslubreytingar sem eru að verða á stjórn veiða úr villtum dýrastofnum sem m.a. snúa að auknum rannsóknum á stofnstærð og vistfræði villtra dýra hefur verið talið mikilvægt að tengja betur rannsóknir veiðistjóraembættisins við rannsóknastarf Háskóla Íslands. Hefur því verið ákveðið að stofna kennslu- og rannsóknarembætti í stofnvistfræði spendýra við Háskóla Íslands og að þessi staða verði kostuð af fjárlagalið embættis veiðistjóra. Miðað er við að staðan verði stofnuð frá og með 1. júní 1995.

70. tillagan varðar fjárlagalið 401, Náttúrufræðistofnun Íslands. Gerð er tillaga um hækkun framlags til tækja- og búnaðarkaupa hjá Náttúrufræðistofnun Íslands. Hækkunin er ætluð til tölvu- og gagnakerfis en þörf er fyrir öflugan gagnabanka, m.a. til að halda utan um gagnasafn stofnunarinnar um flesta þætti íslenskrar náttúru.

Brtt. 71 varðar lið 403, Náttúrustofur. Lögð er til 1,4 millj. kr. hækkun til fjárlagaliðar náttúrustofa. Hækkunartillaga meiri hluta fjárln. miðar að því að auka framlag til öflunar húsnæðis, kaupa eða leigu, til áhalda og tækja o.s.frv. en ekki er gert ráð fyrir að auka við launalið.

72. tillagan varðar fjárlagalið 410, Veðurstofa Íslands. Lagt er til að veittar verði 5 millj. kr. til viðhalds á húsnæði Veðurstofunnar. Aðallega er um að ræða viðhald utan húss þar sem þak hússins lekur, sprungur eru á útveggjum og mála þarf húsið að utan. Að auki eru útitröppur nánast ónýtar og gera þarf við skemmdir innan húss vegna leka.

Að lokum er rétt að benda á nokkrar tæknilegar breytingar sem nefndin gerir tillögu um og gert er grein fyrir í lok nefndarálits. Hér er ekki um neinar efnisbreytingar að ræða og því ekki fluttar um þær breytingartillögur. Einungis er um leiðréttingar á heitum og gjaldategundum sem fjmrn. og önnur ráðuneyti hafa beðið um.

Virðulegi forseti. Fyrir hönd nefndarinnar vil ég þakka starfsmanni okkar, Sigurði Rúnari Sigurjónssyni, fyrir gott starf og eljusemi. Einnig ber að þakka Halldóri Árnasyni og Ásdísi Sigurjónsdóttur, starfsmönnum fjmrn. sérlega gott samstarf. Þá hefur nefndin notið góðrar liðveislu starfsfólks Ríkisendurskoðunar og ýmissa ráðuneyta. Starfsfólk Alþingis á heiður skilið og þá ekki síst starfsfólk sem starfar í Austurstræti 14, sem alltaf er tilbúið að leysa úr öllum málum, stórum sem smáum.

Samnefndarmönnum mínum þakka ég gott samstarf og þolinmæði en allir hafa þeir lagt sig fram um að störf nefndarinnar mættu ganga sem greiðast og hvergi hefur borið þar skugga á.

Eins og fyrr er getið er ýmsum málum vísað til 3. umr. Fyrir þá umræðu þarf að taka ýmsar ákvarðanir sem styrkja fjárlagafrv. Þá kunna ýmsar ákvarðanir að líta dagsljósið sem ekki valda miklum fögnuði. Það er hins vegar svo að fleira þarf að gera en gott þykir.

Viðulegi forseti. Ég hef nú lokið við að gera grein fyrir breytingartillögum meiri hluta fjárln. eins og þær liggja fyrir við 2. umr. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari afgreiðslu vísað til 3. umr. og að frv. verði samþykkt eftir 2. umr. eins og meiri hluti fjárln. leggur til.

Útbýting þingskjals:

Tekjuskattur og eignarskattur, 290. mál, stjfrv., þskj. 363.

[14:54]

Frsm. minni hluta fjárln. (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Nú þegar fjárlagafrv. hæstv. ríkisstjórnar fyrir árið 1995 er komið til 2. umr. í hv. Alþingi þá tel ég að ekki væri til of mikils mælst að hæstv. fjmrh. væri viðstaddur þessa umræðu, hlýddi á hana og þær athugasemdir sem fram kunna að koma, bæði varðandi frv. sjálft og afgreiðslu þá sem liggur fyrir. Auk þess fyndist mér eðlilegt að sumir aðrir hæstv. ráðherrar sem fara með útgjaldasama málaflokka væru einnig í fundarsal og hlýddu á umræðuna. Er nokkuð hægt að fá upplýsingar um t.d. hæstv. fjmrh.?

(**Forseti** (SalÞ): Hæstv. fjmrh. mun ekki vera í húsinu samkvæmt töflu í borði forseta en forseti mun gera ráðstafanir til að gera hæstv. fjmrh. viðvart.)

Ég þakka hæstv. forseta fyrir það og tel reyndar með ólíkindum að það skuli vera svo að hæstv. fjmrh. telji ekki ástæðu til þess að vera í hv. þingi og hlusta á 2. umr. fjárlagafrv. fyrir næsta ár. Hæstv. menntmrh. sýnir okkur þá virðingu að vera viðstaddur og ég hefði kannski síðar í ræðu minni haft áhuga á því að eiga orðastað bæði við hæstv. landbrh. og

hæstv. heilbr.- og trmrh. þó að ég að vísu þykist vita að hæstv. heilbr.- og trmrh. sé inni með varamann þannig að ég veit ekki hvort hann er viðlátinn, kannski ekki einu sinni á landinu.

Hæstv. forseti. Ég sný mér þá að því að ræða nokkuð um frv. og meðferð þess í hv. fjárln. á undanförnum vikum og mánuðum og vænti þess að hæstv. fjmrh. komi í hús innan tíðar.

Að venju hefur þetta verið mikil vinna og mikil fundahöld í fjárln. að fjalla um frv. Fjölmargir einstaklingar, fulltrúar sveitarfélaga, stofnana og samtaka hafa komið til viðræðu við nefndina og lagt fram sín erindi og fylgt þeim eftir með málflutningi sínum og mun ég kannski aðeins, ef mig langar síðar í ræðu minni, víkja örlítið að vinnubrögðum og vinnutilhögun í fjárln. en ég tel að það sé full ástæða til þess að ræða ofurlítið um það og hugsanlega að velta fyrir sér hvernig gera megi þetta nefndarstarf sem vissulega er mjög mikilvægt fyrir þingið og fyrir þjóðina hvernig til tekst með afgreiðslu fjárlaga hverju sinni að ræða ofurlítið um það hvernig nefndarstarf getur verið skilvirkast og best.

Meiri hlutinn flytur við þessa 2. umr. ýmsar breytingartillögur við frv. samkvæmt venju og minni hlutinn er að sjálfsögðu sammála ýmsum þeirra, enda tekið þátt í umfjöllun um þessar brtt. og hlýtt á málflutning þeirra gesta sem gengið hafa fyrir nefndina. Sjálfsagt má segja að sumar þessar breytingartillögur orki tvímælis en þó e.t.v. einkum vekja þær spurningu um það hvernig þær eru valdar, hverjar tillögurnar hafa forgang, hvaða mál eru tekin til skoðunar og af hverju breytingartillögur eru fluttar við þessa liði fjárlagafrv. en ekki aðra þar sem óskir hafa komið fram um breytingar og kannski ekki síður rökstuddar heldur en þær sem hér eru gerðar tillögur um. Samtals eru þessar brtt. ekki há upphæð eða tæplega 400 millj. kr. en eins og fram kom í lokaorðum hv. formanns fjárln., hv. þm. Sigbjörns Gunnarssonar, eru ýmis stór mál geymd til 3. umr. Þar má t.d. nefna umfjöllun um málefni Háskóla Íslands, stóru sjúkrahúsin í Reykjavík, almannatryggingakerfið, B-hluta stofnanirnar og vonandi einhver umræða um málefni landbúnaðar og væntanlega þá í kjölfar þess einhver lagfæring á fjárveitingum til þess málaflokks en í breytingartillögum sem nú liggja fyrir er ekki mikið að finna sem styrkir landbúnaðinn í þeim erfiðleikum sem hann sannarlega á við að glíma nú. Síðast en ekki síst á eftir að fjalla um tekjuhliðina í fjárlagafrv.

Við umfjöllun um tekjuhliðina skýrast að venju efnahagsforsendur nokkuð og breytast oft og tíðum frá því að lagt hefur verið upp í fjárlagafrv. á miðju ári og eðlilegt að ýmsar breytingar gerist á þeim tíma þar til kemur að afgreiðslu frumvarpsins. Þá á ég von á að fjárln. og þingið fái endurmetna þjóðhagsspá og forsendur fyrir tekjuöflun ríkissjóðs verði lagðar skýrar fram en hefur verið gert. Þær forsendur hafa síðan að sjálfsögðu áhrif á atvinnuþróun, á kjaramál, á verðlagsþróun og hugsanlega einnig á vaxtaþróun í landinu. Allt bíður þetta nánari umfjöllunar fyrir 3. umr.

Ég sagði að ég vænti þess að þetta ætti eftir að skýrast nokkuð fyrir 3. umr. umfram það sem þegar hefur verið lagt fyrir þing og þjóð þó svo að yfirlýsing ríkisstjórnarinnar, sem gefin var út um nýliðna helgi og rædd var ítarlega í þinginu í gær, beri hátíðlega yfirskrift en yfirlýsingin er talin vera um aðgerðir til að stuðla að aukinni atvinnu, stöðugleika og kjarajöfnun.

Enda þótt yfirskriftin sé stór og það mætti ímynda sér að þar væri að vænta mikils boðskapar þá finnst mér nú við yfirlestur að þar segi harla lítið að ekki sé meira sagt. Þetta var, eins og ég sagði áðan, hæstv. forseti, rætt ítarlega í gær og ekki ástæða til þess að fjalla miklu meira um það nú. Þó langar mig aðeins til að örfáum orðum fara um þessa yfirlýsingu því að auðvitað er verið að gefa ákveðin fyrirheit, ákveðnar væntingar, sem eru þó fyrst og fremst fyrirheit til framtíðar um eitthvað sem hæstv. ríkisstjórn hefði átt að vera búin að gera fyrir löngu hefði hún meint eitthvað með því sem hér er sett niður á blað.

Þar má t.d. nefna skattlagningu fjármagnstekna, það má nefna aðgerðir gegn skattsvikum, það má nefna greiðsluvanda vegna húsnæðislána, það má nefna nýsköpun í atvinnulífi og örvun fjárfestingar. Allt eru þetta brýn og mikilvæg mál og vissulega þörf að á þeim sé tekið en það verður að teljast harla seint til gripið hjá hæstv. ríkisstjórn að boða þetta nú þegar aðeins örfáar vikur eru eftir af líftíma hennar og ekki líklegt að mikið gerist í þingi þegar nálgast kosningar, það þekkja menn trúlega af fyrri reynslu.

Einn þátturinn í yfirlýsingunni hlýtur þó að vekja meiri undrun en aðrir en það er yfirlýsingin um hækkun skattleysismarkanna. Þar held ég að verði að segja að nánast sé um blekkingu að ræða. Ef textinn er lesinn verður hann ekki skilinn öðruvísi en svo. Með leyfi hæstv. forseta segir hér: „Undanfarin ár hefur ákvörðun um persónuafslátt fremur tekið mið af launaþróun en verðlagsþróun. Þetta hefur leitt til þess að persónuafsláttur hefur hækkað minna en ella. Á næsta ári er í forsendum fjárlaga gert ráð fyrir að laun hækki meira en nemur almennum verðlagsbreytingum og kaupmáttur aukist. Ríkisstjórnin hefur ákveðið að persónuafsláttur taki áfram mið af fyrirhugaðri launaþróun fremur en verðlagsþróun og hækki því meira en ella hefði orðið."

Þetta er ótrúlegur texti, virðulegur forseti, og felur kannski helst það í sér að verið sé að lofa því að lækka ekki skattleysismörkin enn frekar og þar með sé verið að segja að a.m.k. með þeim hætti eigi ekki að hækka skattana, af því að það eigi að halda áfram að reikna skattleysismörkin út með hliðsjón af launaþróun eins og gert hefur verið.

Ég held að það verði að segja um þessa yfirlýsingu að hún sé nánast yfirklór á síðustu stundu. Það er rétt eins og verið sé að reyna að skapa einhverja spennu í umræðunni í þjóðfélaginu, verið sé að reyna að láta líta svo út sem ríkisstjórnin sé eitthvað að gera, reynt er að ná athygli fjölmiðlanna og þar með almennings í landinu en þegar plaggið er skoðað nánar má helst líkja því við nýju fötin keisarans.

Nei, virðulegur forseti, vandinn sem nú er við að

glíma er fyrst og fremst sú efnahagsstefna sem hæstv. ríkisstjórn hefur rekið á undanförnum missirum eða í valdatíð sinni og dugleysi hennar við að takast á við þau viðfangsefni sem brýnast er að leysa, þ.e. fyrst og fremst að efla atvinnulífið í landinu. Varla er von á öðru en að dugleysi sé einkennandi og stöðnun í fari hæstv. ríkisstjórnar þegar ósamstaða er svo mikil og áberandi eins og a.m.k. hefur verið milli hæstv. ráðherra á undanförnum mánuðum og gjörólík stefna kemur fram hjá hæstv. ráðherrum, sérstaklega þó leiðtogum eða forsvarsmönnum ríkisstjórnarinnar, hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh., í veigamiklum málum sem varða framtíð þjóðarinnar.

Hv. fjárln. hefur orðið að styðjast við þær forsendur í störfum sínum, sem er að finna í fjárlagafrv., a.m.k. á meðan ekki hefur annað nýrra komið fram. Þar er gert ráð fyrir því að hagvöxtur á næsta ári verði um 1,4%, verðbólguspáin er 2,5%, atvinnuleysi er áætlað vera rétt tæp 5% eða 4,9 svo nákvæmlega sé nú tilgreint, og sagt er að reikna megi með að launaþróun verði í takt við almennar breytingar þjóðartekna á bilinu 2,5–3,5%.

Ég held að það verði að fullyrða að mikil óvissa sé í spánni. Hún er byggð á þeim forsendum að afli á fjarlægum miðum haldist og veitt sé úr minnkandi þorskstofni. Á móti hefur verð á sjávarafurðum að vísu farið nokkuð hækkandi. Minni hluti hv. fjárln. telur að forsendur fjárlagafrv. séu því afar veikar. Samningar eru lausir og hörð átök eru nú þegar á vinnumarkaði. Sú stefna að atvinnuleysið verði um 4,9% eða 5% er einnig hæpin í ljósi þess að fjárfestingar eru hér minni en í öðrum OECD-ríkjum. Fjárlagafrv. gerir ráð fyrir verulegum samdrætti í opinberum fjárfestingum og fjárhagsstaða sveitarfélaganna hefur því miður versnað og niðurskurður er í félagslega húsnæðiskerfinu. Ekki er við því að búast að fyrirtæki fjárfesti í stórum stíl eftir hallarekstur liðinna ára. Ætli þau muni ekki fyrst og fremst reyna að leita eftir því nú ef hagur þeirra vænkast eitthvað að grynnka á skuldunum? Auk þess hefur haustvertíð loðnu því miður brugðist og óvissa er um Smuguveiðarnar þar sem fram undan eru samningaviðræður við Norðmenn um þau mál.

Stöðugleiki er vissulega mikilvægur í þjóðfélaginu. Hann hefur í raun haldist frá því að svokallaðir þjóðarsáttarsamningar voru gerðir í tíð fyrri ríkisstjórnar. Með stöðugleikanum er auðvitað líka auðveldara að gera allar áætlanir bæði hjá fyrirtækjum í landinu og hjá ríkinu, hjá ráðuneytum og ríkisstofnunum enda hefur það sýnt sig að ríkisstofnanir hafa að undanförnu haldið sig betur við fjárlögin og þær fjárveitingar sem þeim hafa verið ætlaðar, í það minnsta þar sem fjárveitingarnar hafa verið raunhæfar. Auðvitað er hægt að nefna og benda á fjölmörg dæmi þar sem opinberum stofnunum hefur verið áætlað fjármagn eða fé til að starfa með sem hefur verið algjörlega óraunhæft og vonlaust að reka þau fyrirtæki eins og til hefur verið ætlast.

Stöðugleikinn má hins vegar ekki þýða stöðnun. Stöðnun hefur einkennt ástandið í tíð núv. hæstv. ríkisstjórnar. Hagvöxturinn er of lítill og fjárfestingarnar, eins og ég nefndi áðan, í lágmarki. Auk þess má benda á að viss tilhneiging er nú í þjóðfélaginu til vaxtahækkana þrátt fyrir að víða í greinargerð frumvarpsins sé að finna væntingar hæstv. ríkisstjórnar og hæstv. fjmrh. um að vextir muni lækka enn frekar þá er það svo að á undanförnum dögum og vikum hafa tilhneigingarnar verið til vaxtahækkunar í þjóðfélaginu. Kjarasamningarnir eru lausir um áramótin og þjóðarsáttin því miður vissulega í hættu miðað við ríkjandi aðstæður. Kannski má fyrst og fremst segja að það sé vegna þess að þolinmæði fólks er nú á þrotum. Eignatilfærslan hefur orðið gífurleg í þjóðfélaginu á undanförnum missirum og launabilið breikkar. Fátækt er því miður orðin staðreynd í þjóðfélagi okkar. Það eru í gangi hörð átök á vinnumarkaðinum. Þar á ég við kjaradeilur ríkisins við sjúkraliða sem sér ekki enn fyrir endann á. Auk þess má segja að þeir samningar, sem ríkið hefur gert á árinu við einstakar stéttir, einkum þó líklega heilbrigðisstéttir, leiði hugann að því hvort launakerfi hins opinbera eða launakerfi opinberra starfsmanna sé ekki í raun brostið. Er ekki í ljósi þessara samninga og þeirrar deilu, sem nú ríkir, nauðsynlegt að horfa á þetta í víðara samhengi og e.t.v. í nýju ljósi?

Ég heyrði nýlega sögu um auglýsingu á lausri stöðu við Háskóla Íslands sem vakti bæði athygli mína og þeirra sem um höfðu fjallað og greindu mér frá þessu. Um þessa stöðu komu reyndar sárafáar umsóknir þrátt fyrir það ástand sem nú er ríkjandi á vinnumarkaði og af þessum örfáu umsóknum var aðeins ein talin hæf. Þetta hlýtur að leiða hugann að því hvað er í raun að. Er það launakerfið, eru launakjörin óviðunandi? Er það það sem fælir einstaklingana frá því að sækja eftir vinnu, hugsanlega í þokkalega góðum stöðum hjá hinu opinbera? Hvers er að vænta í raun ef ekki fæst hæft starfsfólk til starfa t.d. í menntakerfinu okkar, í skólakerfinu okkar og auðvitað annars staðar í störfum hjá hinu opinbera? Við erum því miður stödd í vítahring stöðnunar og samdráttar og breytinga er varla að vænta í tíð hæstv. ríkisstjórnar enda styttist nú líftími hennar.

Ríkisvald þarf á hverjum tíma að beita öllum tiltækum ráðum til þess að örva atvinnulíf og auka hagvöxt. Ég get verið sammála ýmsum hugleiðingum sem komu fram í framsöguræðu hv. formanns fjárln. fyrir nál. meiri hlutans. Og reyndar einnig fögrum fyrirheitum sem eru í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar sem ég gat aðeins um áðan. En það er bara ekki nóg að vera nú með slíkar yfirlýsingar og fögur fyrirheit þegar sagan segir okkur að unnið hefur verið með öðrum hætti. Ríkisvaldið hefur ekki að undanförnu lagt þá áherslu sem nauðsynlegt er á að örva atvinnulífið. Það þarf að styrkja og samhæfa enn betur allar rannsóknir, allt þróunarstarf og markaðsmál. Það þarf að útvega nýjum atvinnugreinum og nýjum sprotum í atvinnulífinu styrki og áhættufé, m.a. með breytingum á starfsemi Byggðastofnunar og breytingum í starfsemi fjárfestingarlánasjóðanna. Það þarf að styrkja og styðja við útflutningsstarfsemina t.d. með eflingu Útflutningsráðs og í gegnum utanríkisþjónustuna, beita utanríkisþjónust-

unni meira á sviði utanríkisviðskipta. Það þarf að leita samninga við lífeyrissjóðina um að auka stuðning þeirra við atvinnuuppbyggingu í landinu, það þarf að leggja áherslu á að fjárveitingar og framkvæmdir af hálfu hins opinbera nýtist sem best öllu atvinnulífi og beita þeim þá t.d. á sviðum samgöngumála, á sviði upplýsingatækni og á sviði menntamála. Menntamálin og öflugt skólakerfi eru auðvitað undirstaða þess að við getum í framtíðinni byggt upp traust og öflugt atvinnulíf.

Samtillt átak ríkisvaldsins og aðila vinnumarkaðarins á þessum sviðum á að geta leitt til aukins hagvaxtar upp á 2–3% eða hliðstætt því sem er í nágrannalöndum okkar. Aðeins þannig tel ég að hægt sé að komast út úr ríkissjóðshallanum. Aðhald, sparnaður og ráðdeildarsemi í hvívetna er að sjálfsögðu nauðsynleg í opinberum rekstri og það er auðvitað uppi krafa um eðlilega hagræðingu og hún er bæði nauðsynleg og sjálfsögð. En hún má ekki snúast upp í andhverfu sína. Sú krafa má ekki þýða það að skólakerfið líði fyrir það, skólakerfið sé skorið niður, sparnaðar- og niðurskurðarkrafan sé svo sterk. Við fjöllum um það í nál. okkar í minni hluta fjárln. að grunnskólakerfið hafi verið skorið svo niður og kennslustundum fækkað og ekki staðið við skýr lagaákvæði að það horfi til óheilla. Verkmenntun er ekki sinnt sem skyldi, það þarf að tengja hana betur þörfum atvinnulífsins. Tækjavæðingu skólanna er ábótavant og er það þó mjög nauðsynlegt að skólakerfið okkar sé búið besta búnaði á hverjum tíma til þess að mennta gott fólk út úr skólunum til að takast á við líf og starf í þjóðfélaginu. En alvarlegasta tel ég þó umræðuna um háskólamenntunina vera ef það er svo að háskólamenntun í landinu sé raunverulega að hnigna og hún sé ekki lengur samkeppnisfær við erlenda háskóla. Vonandi verður það mál rætt frekar milli umræðna, milli 2. og 3. umr. í fjárln. um fjárlagafrv. og einhverjar úrbætur fáist til þess að rétta hlut háskólans.

Breyttar úthlutunarreglur hjá Lánasjóði ísl. námsmanna á undanförnum árum hafa og eru nú að ógna jafnrétti til náms sem hefur verið meginmarkmið íslenskra stjórnvalda um langt árabil. Það sýnir sig að fækkun nema á háskólastigi og í námi, sem er lánshæft af hálfu lánasjóðsins, að reglurnar hafa haft þau áhrif að minni ásókn er í þetta nám. Það tel ég að sé besta vísbendingin um það að þessu jafnrétti sé ógnað.

Aðrir félagar mínir úr minni hluta fjárlaganefndar munu ræða nánar um þessi mál og ætla ég ekki að fara ítarlega yfir menntamálin, en vil þó lýsa stuðningi við tillögur meiri hluta fjárlaganefndar um framlög til vinnumatssjóðs Kennaraháskólans og Háskólans á Akureyri. Mig langar þó aðeins að fara örfáum orðum um málefni Háskólans á Akureyri, en það er nýleg stofnun í mikilli og örri þróun og nú er komið að því að það verði að huga alvarlega að húsnæðismálum þeirrar stofnunar. Hugmyndir hafa verið uppi um að kaupa svokölluð Sólborgarhús eða húsnæði Sólborgar á Akureyri fyrir starfsemi skólans og hafa þær hugmyndir fengið jákvæð viðbrögð bæði hjá heimamönnum svo og í menntamrn. og ég hygg hjá hæstv. menntmrh. Skýrsla sem lögð hefur verið fram af hálfu Framkvæmdasýslu og Hagsýslu ríkisins er einnig mjög jákvæð hvað þetta varðar.

Mig langar aðeins til þess að vitna til þessarar skýrslu örfáum orðum, en þar er m.a. getið um það að fyrstu viðbrögð háskólans við því að fá framtíðarhúsnæði á þessu Sólborgarsvæði hefðu verið þau að þar væri um góðan kost að ræða, en því þarf auðvitað að fylgja að kennsluhúsnæði verði byggt fljótt í framhaldi af þessari ákvörðun, ef hún verður tekin, að flytja skólann á þetta svæði. Í skýrslunni sem ég vitnaði til er m.a. sagt, með leyfi forseta:

„Fyrir Háskólann á Akureyri virðist það á margan hátt vera álitlegur kostur að flytja á Sólborgarsvæðið. Kostirnir eru m.a. þessir:

a) sé litið til langs tíma, þ.e. áratugs eða áratuga, hentar Sólborgarsvæðið skólanum vel til uppbyggingar,

b) núverandi húsnæði á Sólborg hentar skólanum ágætlega fyrir stjórnsýslu skólans,

c) húsin á Sólborg virðast vera í góðu ásigkomulagi og hefur verið vel við haldið,

d) frá skipulagssjónarmiði er uppbygging skólans á Sólborgarsvæðinu hentug og

e) með flutningi skólans á svæðið er verið að nýta húsnæði ríkisins sem væntanlega mundi ekki seljast fyrir nema brot af nýbyggingarkostnaði."

Í lok þessarar skýrslu er að finna svohljóðandi í lokaorðum, með leyfi forseta: „Það er mat Framkvæmdasýslu og Hagsýslu ríkisins að lóð og húseignir að Sólborg geti hentað Háskólanum á Akureyri ágætlega. Ákvörðun um flutning skólans á Sólborgarsvæðið byggist þó ekki síst á því hvern veg menn ætla skólanum í framtíðinni og hve sýnilegur hann á að vera í bæjarfélaginu því Sólborgarsvæðið getur án efa orðið glæsilegt og áberandi háskólasvæði í sérstöku umhverfi og eitt af einkennum bæjarins er kemur fram á næstu öld."

Hér lýkur tilvitnun í þessa skýrslu, virðulegur forseti, en mér fannst ástæða til þess að geta hennar sérstaklega af því að það er mikilvægt að að þessum málum verði unnið af festu og jafnframt er nauðsynlegt að um leið og ákvörðun er tekin um það að kaupa þetta húsnæði eða flytja skólann þangað, ef það verður niðurstaðan, þá þarf að fylgja því fjárveiting eða fjármagn til lagfæringa og breytinga. Kostnaðaráætlun, sem þegar hefur gerð um nauðsynlegar breytingar, er upp á 70–80 milljónir, kann að vera að hana megi endurskoða og ekki þurfi alla þá upphæð strax í upphafi. En það þýðir ekki annað en að horfast í augu við þá staðreynd að húsnæðiskaupunum þurfa að fylgja fjárveitingar og þó svo þá er þetta tvímælalaust ódýrasti kosturinn sem nú er uppi um það að leysa málefni skólans.

Ég vil einnig lýsa stuðningi mínum við tillögur frá hv. meiri hluta fjárlaganefndarinnar um örlitla hækkun á framlagi til jöfnunar námskostnaðar. Ég tel að þar sé, þó ekki sé um stórupphæð að ræða, afar mikilvægt mál á ferðinni og þær upphæðir sem gengið hafa í

gegnum þennan fjárlagalið, jöfnun námskostnaðar til þess að styrkja sérstaklega nemendur úr dreifbýlinu til þess að sækja framhaldsnám, séu afar veigamikill þáttur í að tryggja það að þessir nemar geti yfirleitt stundað skólana.

Einnig er ástæða til þess að lýsa ánægju sinni með það að upp skuli aftur vera tekin fjárveiting til íþróttasjóðs ríkisins eða til ýmissa íþróttamála sem gerir ráð fyrir, þó litlar séu, litlum fjárveitingum til ýmissa verkefna sem varða uppbyggingu á íþróttamannvirkjum og ekki nokkur vafi á því að þær fjárveitingar nýtast vel, einkum hinum minni sveitarfélögum.

Ég sagði áðan, virðulegur forseti, að ég ætlaði ekki að fjalla öllu meira um menntamálin, en mig langar að fara örfáum orðum um landbúnaðarmál og ég hefði þá sannarlega haft áhuga á því að eitthvað færi nú að sjást til þessara hæstv. ráðherra, ef þeir hafa yfirleitt einhvern áhuga á því að fylgja þessum málum eftir. Það er í raun, eins og ég sagði hér í upphafi máls míns, óviðunandi að hæstv. fjmrh. skuli ekki sjá ástæðu til þess að vera í húsinu og hlýða á þessa umræðu. Spurning hvort ekki væri rétt að gera hlé á umræðunni þar til að hæstv. ráðherra gefur sér tíma til þess að vera hér viðstaddur.

(**Forseti** (VS): Hæstv. fjmrh. var hér staddur, hv. þm. hefur kannski ekki tekið eftir því, en hann mun hafa brugðið sér eitthvað frá. En óskar hv. þm. eftir hæstv. samgrh. og landbrh.?)

Ef hæstv. landbrh. er í húsinu þá hefði ég gjarnan viljað að hann væri hér. Mér hefur verið svo mikið niðri fyrir í ræðu minni áðan að ég hef ekki veitt því athygli að hæstv. fjmrh. var búinn að heiðra mig með nærveru sinni. Ég þakka honum fyrir það. En mér finnst það nú líka eðlilegt að hann sýni okkur þann heiður og þá sjálfsögðu kurteisi að hlusta á þessa umræðu um þetta mikilvæga frumvarp, því auðvitað er fjárlagafrumvarp ríkisstjórnar á hverjum tíma afar mikilvægt skjal og innlegg í efnahagsstefnu og efnahagsumræðu. Ég geri ekki kröfu til þess að hæstv. landbrh. sé sóttur um langan veg, en ef hann er í húsinu þá teldi ég eðlilegt að hann hlýddi hér á umræðu um hans málaflokk.

(**Forseti** (VS): Hæstv. landbrh. er ekki í húsinu.)

Ég ætla samt að fara um þennan málaflokk nokkrum orðum og vænti þess þá að bæði hv. fjárlaganefndarmenn í meiri hluta og svo hæstv. fjmrh. hlýði á það mál og taki vonandi eitthvert tillit til þess sem hér er fram sett og ég vitna þá til nál. okkar minnihlutafulltrúanna í hv. fjárlaganefnd. Það er ljóst að greiðslur til landbúnaðar hafa dregist mjög mikið saman á undanförnum árum eða í tíð núv. hæstv. ríkisstjórnar og trúlega meira en nokkurs annars málaflokks. Vafalaust má fullyrða að nánast allur sá sparnaður sem hæstv. ríkisstjórn hælir sér gjarnan af að hafa náð í ríkisútgjöldum sé einmitt niðurskurðurinn til landbúnaðarmála. Á árinu 1992 var til þess málaflokks veitt 10,1 milljarður kr. en samkvæmt fjárlagafrv., eins og það liggur nú fyrir, er aðeins um að ræða 5,7 milljarða og hefur þá niðurskurðurinn verið nær 4,5 milljarðar kr. á þessum árum. Og það er von að það komi einhvers staðar við.

Þessi niðurskurður eða sparnaður byggir að verulegu leyti á ákvæðum búvörusamnings frá 1991, en þeim búvörusamningi fylgdu hins vegar viðaukar sem gerðu ráð fyrir því að fjármunum yrði varið til ýmissa þátta annarra til þess að styrkja þennan atvinnuveg og aðstoða við þá breytingu sem fyrirsjáanleg var og e.t.v. nauðsynleg til þess að takast á við breytta tíma. Í þessum búvörusamningi var meðal annars viðauki sem kvað á um það að Byggðastofnun yrði útvegað fjármagn til þess að greiða fyrir annarri atvinnuuppbyggingu og þá einkum á þeim stöðum sem viðkvæmastir eru fyrir samdrætti í sauðfjárframleiðslu. Í þessum viðauka var gert ráð fyrir því að á árunum 1992 og 1993 væru 100 milljónir kr. settar í Byggðastofnun hvort ár og 50 milljónir kr. árið 1994 og 1995. Þetta hefði átt með fjárveitingum í því fjárlagafrv. sem hér liggur fyrir að vera orðnar 300 milljónir kr. Staðreyndin er hins vegar sú að Byggðastofnun hefur aðeins fengið 20 milljónir til þess að sinna þessu verkefni sem er afar mikilvægt og brýnt og standa því í raun 280 millj. kr. út af sem telja má að séu vanefndir á því að staðið hafi verið við þessi fyrirheit sem fylgdu búvörusamningnum.

Í hugmyndum Byggðastofnunar um ráðstöfun á þessu fé til þess að mæta þeim vanda sem fyrirsjáanlegur er vegna samdráttarins í sauðfjárframleiðslunni var m.a. nefnt að veittir yrðu styrkir til nýjunga í atvinnulífi á sauðfjárræktarsvæðunum. Þá var gert ráð fyrir því að verja fjármunum til fræðslustarfs eða endurmenntunar bænda sem hefðu hug á því að taka upp önnur störf. Í þriðja lagi var rætt um það að efna til sérstakra átaksverkefna á þessum svæðum og efla frumkvæði til nýjunga í atvinnulífi. Í fjórða lagi var gert ráð fyrir því að Byggðastofnun fengi framlag í afskriftareikning útlána sinna til þess að gera henni kleift að veita aðilum á sauðfjárræktarsvæðunum lán til ýmiss konar annarra framkvæmda. Þetta eru allt saman mikilvægir þættir og hefðu vissulega hjálpað til í þeim miklu erfiðleikum sem við blasa í þessari atvinnugrein, en því miður hafa efndirnar verið þær að ekkert eða nánast ekkert af þessu hefur verið hægt að framkvæma eða standa við svo sem ráðgert hafði verið.

Fleira má auðvitað nefna en fjárveitingarnar til Byggðastofnunar, sem ráð var fyrir gert að styrktu atvinnuþróunina eða breytingarnar í landbúnaðinum. Það var gert ráð fyrir því að verulegur hluti af ráðstöfunarfé Framleiðnisjóðs rynni til atvinnusköpunar. Þá hafa verið skert framlög til Lífeyrissjóðs bænda, það hefur ekki verið staðið við fyrirheit um framlög til landgræðslu og skógræktar og/eða fjárveitingar til Jarðasjóðs ríkisins, en jarðasjóðurinn átti auðvitað að auðvelda það að bændur gætu aðlagað sig að þessum breytingum. Þar var gert ráð fyrir að fjárveitingar til sjóðsins næmu 150 millj. kr. á árunum 1992–1993 en sú fjárveiting hefur aðeins orðið 21 milljón svoleiðis að þar er einnig um verulegar vanefndir að ræða.

Að lokum einn þátt enn sem mig langar að nefna í sambandi við landbúnaðarmálin sem er í raun alveg óviðunandi að sé í þeim farvegi sem nú er, en það er

uppgjör á jarðræktarframlögum. Við vitum það, hv. þingmenn, að ágreiningur er uppi milli fjmrn. annars vegar og ég hygg að segja megi landbrn. hins vegar um það hvernig standa eigi að þessu uppgjöri og/eða hvort að kröfur þær sem landbúnaðurinn telur sig eiga til þessara framlaga séu í raun gildar. Samkvæmt áliti og bréfum sem fyrir liggja hjá fjárlaganefnd frá landbrn. er skýlaust að ráðuneytið telur að óuppgerðar séu réttmætar kröfur frá árinu 1992 upp á 67,3 millj. kr. Einnig hafi á árinu 1993 skapast kröfur, réttmætar kröfur, að upphæð milli 70 og 80 milljónir og er þá enn ótalin skuld sem kann að hafa myndast vegna framkvæmda í ár. Það er algjörlega óviðunandi að ekki fáist niðurstaða í þessi mál og ég tel að enn sé nú hægt með breytingum á annað hvort fjárlagafrumvarpinu eða fjáraukalögum fyrir árið 1994, sem á eftir að taka hér til 3. umr., að laga þetta mál eða fá einhverja niðurstöðu í það sem sé viðunandi.

Fjölmargt fleira mætti nefna í sambandi við landbúnaðarmálin en ég ætla að leyfa mér, virðulegur forseti, að vísa í því sambandi til ítarlegs álits frá landbn., sameiginlegs álits landbn. allrar, sem barst fjárlaganefndinni um þann málaflokk en þar er drepið á fleiri atriði en þau sem ég hef hér gert að umræðuefni.

Þá langar mig til þess að fara nokkrum orðum um heilbrigðis- og tryggingamálin og langar einnig að spyrja hæstv. forseta hvort að nokkrar séu líkur á því að hæstv. heilbr.- og trmrh. sé staddur í þinghúsi. Ég veit að hann er með varamann í þinginu þannig að hann situr ekki í þingsölum en hann gæti hugsanlega, ef hann er í húsinu, komið hér og hlýtt á mál mitt. Mig langar til þess að byrja í því sambandi að rifja aðeins upp reynsluna frá því í ár af þeim hugmyndum sem uppi voru við fjárlagagerðina í fyrra og þeim umræðum sem fóru fram um sparnaðaraðgerðir sem þá voru boðaðar. Ég held að það megi í stuttu máli fullyrða að flestar ef ekki nánast allar hugmyndir um sérstakar sparnaðaraðgerðir á vegum heilbrn. náðu ekki fram að ganga. Þá átti t.d. að lækka lyfjakostnað umtalsvert, það átti að endurskoða greiðslur til lækna, það átti að hækka eða breyta greiðslum fyrir röntgenmyndatökur og rannsóknir, það átti að bjóða út tannlækningar og hjálpartæki, það átti að lækka erlendan sjúkrakostnað, sjúkradagpeninga og greiðslur fyrir sjúkraþjálfun. En fulltrúar minni hlutans í fjárln. töldu að hér væri um vanhugsaðar og reyndar illa undirbúnar tillögur að ræða og var það rakið ítarlega í umræðum í þinginu og verður ekki gert hér aftur. En það er skemmst frá því að segja að allt hefur þetta farið nánast eins og minni hlutinn lýsti og er það staðfest með þeim tillögum sem liggja fyrir í frumvarpi hæstv. ríkisstjórnarinnar til fjáraukalaga fyrir árið 1994 og breytingartillögum sem meiri hluti hv. fjárln. hefur þar að auki gert við það frv. Þar var óskað eftir, eins og segir orðrétt í greinargerð frv. til fjáraukalaga fyrir 1994, „800 millj. kr. vegna ýmissa sparnaðaráforma og aðhaldsaðgerða sem ekki hafa gengið eftir í sjúkratryggingum", orðrétt tilvitnun í greinargerðina. Og auk þess hafa svo fjárveitingar til sjúkrahúsanna verið hækkaðar um mörg hundruð milljónir kr.

(**Forseti** (VS)**:** Forseti vill upplýsa að hæstv. heilbr.- og trmh. er ekki í þinghúsinu.)

Ég þakka hæstv. forseta fyrir upplýsingarnar. Nú bregður svo við, virðulegur forseti, að í fjárlagafrv. sem nú er til umfjöllunar til fjárlaga fyrir árið 1995 er að finna nánast allar þessar sömu tillögur eða hliðstæðar tillögur. Þar er gert ráð fyrir því að spara í lyfjaútgjöldum, greiðslum til lækna, rannsóknum og kostnaði við sjúkraþjálfun 420 millj. kr. Er þá von að spurt sé hvort líklegt sé að þessar hugmyndir nái frekar fram á næsta ári en á því ári sem nú er að líða eða er hér um blekkingaleik að ræða.

Við fulltrúar minni hlutans teljum að sjálfsögðu gott ef hægt er að ná fram þessum sparnaði. Það er gott ef hægt er að ná fram umtalsverðum sparnaði í lyfjaútgjöldunum og ef hægt er að ná fram sparnaði í annarri heilbrigðisþjónustu. En það verður þá helst að gerast án þess að óeðlilega sé dregið úr þeirri þjónustu sem verið er að veita eins og stundum hefur brugðið við, a.m.k. hygg ég að það hafi reynst megininntakið í svokölluðum sparnaðaraðgerðum hæstv. ríkisstjórnar, þ.e. að láta einstaklingana borga meira fyrir þjónustuna sem verið er að veita. Það kalla ég ekki sparnaðaraðgerðir. Það tel ég ekki að sé raunhæfur sparnaður eða samdráttur í útgjöldum, þar er aðeins verið að færa skattbyrðina til, frá samneyslunni og tekjusköttunum okkar og virðisaukaskattinum og hvað það nú heitir, yfir í svokölluð þjónustugjöld sem er skattheimta með öðrum hætti.

Í grg. fjárlagafrv. er að finna þessa setningu, með leyfi forseta: „Þá er gert ráð fyrir því hér að þeir sem njóta þjónustunnar taki meiri þátt í kostnaði henni samfara."

Þessa setningu ræddum við hæstv. fjmrh. ofurlítið einmitt og skilning hans á henni við 1. umr. um fjárlögin. Þá svaraði hæstv. fjmrh. spurningu minni um það hvað þessi setning þýddi á þennan hátt, með leyfi forseta: „Það er til fólk í þjóðfélaginu sem betur fer sem getur borgað fyrir sína þjónustu í miklu stærri stíl en gert er í dag. Það á að leyfa því fólki að borga, jafnvel fólki sem er á sjúkrahúsum, í skólum, og tekur þjónustu frá hinu opinbera, þó það eigi að sjálfsögðu að sjá til þess að enginn missi af þeim rétti sínum að fá að njóta eðlilegrar læknishjálpar eða menntunar." Þetta var orðrétt svar hæstv. fjmrh. við spurningu minni um það hvað þessi setning þýði um að þeir sem njóta þjónustunnar eigi að taka meiri þátt í kostnaði henni samfara. Það á sem sagt að gera ráð fyrir því að þeir sem geta borgað fyrir sig greiði fyrir sjúkrahúsdvölina og fyrir skólavistina.

Mig langar til þess að spyrja hv. þm. Alþfl., Jafnaðarmannaflokks Íslands, hvort þetta sé það kerfi sem þeir vilja að tekið sé upp, hvort þeir séu sammála skýringu hæstv. fjmrh. á þessari tilvitnun í fjárlagafrv. Er það svo að þeir alþýðuflokksmenn sem enn þá kenna sig við jafnaðarmennsku, þrátt fyrir stuðning við þessa hæstv. ríkisstjórn séu fylgjandi því að tekið sé upp tvöfalt heilbrigðiskerfi? Heilbrigðiskerfi fyrir þá sem geta borgað annars vegar fyrir sjúkrahúsvist sína og heilbrigðisþjónustu að öðru leyti og hvort það eigi að taka

upp tvöfalt menntakerfi, annars vegar fyrir þá sem geta greitt fyrir það og hins vegar fyrir hina, einhverja hina, sem ekki hafa efni á því að greiða sérstaklega fyrir þessa þjónustu? Er það það form sem Alþfl. er sammála um að byggt verði upp, það menntakerfi og það heilbrigðiskerfi sem þeir sjá fyrir sér í okkar ágæta þjóðfélagi?

Þá langar mig að nefna aðeins og reyndar vara við þeirri hugmynd sem er gerð grein fyrir í greinargerð fjárlagafrv. að spara sérstaklega 50 millj. kr. með því að draga úr kostnaði við sjúkraþjálfun. Sjálfsagt er að skoða þennan útgjaldaþátt heilbrigðiskerfisins eins og alla aðra. Ef það er staðreyndin að þar megi ná fram hagræðingu upp á 50 millj. er ekki nema gott um það að segja. En hv. fjárln. hefur fengið bréf frá Félagi íslenska sjúkraþjálfara þar sem varað er við þessum hugmyndum og m.a. sagt í þessu bréfi, með leyfi forseta: „Það er ljóst að endurhæfing á göngudeild er mun ódýrari en innlögn á sjúkrahús. Meðferð á göngudeild heldur mörgum sjúklingum frá innlögn í lengri eða skemmri tíma. Endurhæfingin getur stytt veikindaforföll vegna slysa og sjúkdóma frá hreyfi- og stoðkerfi verulega. Á niðurskurðartímum hafa nágrannaþjóðir okkar á Norðurlöndum aukið útgjöld til endurhæfingar en ekki dregið úr þeim eins og hér stendur til að gera. Þar hefur verið sýnt fram á að með markvissum aðgerðum í endurhæfingu er hægt að gera fólk vinnufært mun fyrr eftir slys og erfið veikindi með markvissri þjálfun."

Ég segi aftur, ef hægt er að spara þessar 50 millj. án þess að það bitni á heilbrigðisþjónustunni okkar þá er það gott og ekkert við því að segja. En ef það þýðir að við séum að taka úr einum vasanum og færa í annan, þ.e. séum að spara á einum útgjaldalið en auka kostnaðinn á öðrum með lengri sjúkrahúsvist, dýrari þjónustu, hugsanlega með örorkubótum úr tryggingakerfinu, þá er ekki verið að fara í rétta átt. Því miður óttast ég að ýmsar af þeim sparnaðartillögum sem boðaðar eru og gripið hefur verið til á undanförnum árum hafi einmitt haft þá afleiðingu að við höfum fært úr einum vasanum í annan. Þó við höfum sparað á einum lið þá hefur það þýtt aukin útgjöld annars staðar.

Þá er uppi mikil hagræðingarkrafa til sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva. Þar á að spara um 400 millj. kr. Því miður er það eins með þetta og það sem ég hef áður nefnt að það er mjög óljóst um alla framkvæmd og þar með einnig um árangur. Það á að auka sértekjur vegna svokallaðra ferilverka um 100 milljónir en reyndar hefur þegar verið látið að því liggja að áætlanir um þessar sértekjur kunni að verða lagðar til hliðar eða a.m.k. endurskoðaðar. Ekkert hefur þó komið fram um það nákvæmlega í hv. fjárln. enn sem komið er. Í grg. fjárlagafrv. þar sem fjallað er um tillögur um sparnað á heilsugæslustöðvum að upphæð 50 millj. kr. er einnig sagt að þær tillögur verði lagðar fyrir fjárln. fyrir afgreiðslu fjárlaganna en ekkert hefur heyrst af því enn né heldur hvernig eigi að spara um 80 millj. kr. hjá öðrum stofnunum heilbr.- og trmrn. Varðandi sparnaðinn á heilsugæslustöðvunum mætti kannski spyrja: Er líklegt að tilvísanakerfið, sem hugsað er að taka upp til þess að spara í útgjöldum til læknisþjónustunnar, til þess að draga úr sérfræðikostnaði, muni leiða til sparnaðar á heilslugæslustöðvunum? Ég held reyndar þvert á móti. Ég held að tilvísunarkerfið, ef úr verður að taka það upp, þá muni það auka álag á heilsugæsluna og hugsanlega útgjöld þar þvert á móti því sem hér er lagt til ef gert er ráð fyrir því að hægt sé að spara í heilsugæslunni um 50 millj. kr. að auki.

Nú er sjálfsagt allt óvíst enn um tilvísanakerfið og hvort það verður tekið upp því að ég man ekki betur en að við 1. umr. um fjárlagafrv. hafi komið hörð andstaða frá einstökum hv. stjórnarþingmönnum við því að taka það upp.

Þá er einnig gert ráð fyrir því að spara 100 millj. kr. með aukinni hagræðingu hjá sjúkrahúsunum. Á sama tíma eru hins vegar boðaðar hækkanir á fjárveitingum til stóru sjúkrahúsanna og hlýtur þá að vera spurt hvort þessi 100 millj. kr. sparnaður eigi að nást hjá hinum minni sjúkrahúsum á landsbyggðinni. Er mögulegt að þau geti skorið niður enn frekar en orðið er um 100 millj. kr.? Má þá einnig nefna það að sum þessi sjúkrahús hafa þegar fengið nokkra lagfæringu á fjárveitingum sínum í tillögum hv. meiri hluta fjárln. þannig að vart hafa þau verið talin fær um að spara frekar.

Þá langar mig aðeins að nefna héraðslæknisembættin í Reykjavík og á Akureyri sem samkvæmt frv. er gert ráð fyrir að leggja niður. Starfræksla þessara embætta, sem eru einu héraðslæknisembættin þar sem læknar hafa starfað í fullu starfi að verkefnum héraðslæknanna, var hugsuð þannig að hægt væri að færa verkefni frá landlæknisembætti og ráðuneyti út til héraðanna og átti í þessu að vera fólgin valddreifing og hugsanlega að fjölga þessum embættum eða færa þeim verkefni á víðara sviði en bara í viðkomandi héraðslæknisumdæmum. Með þeirri breytingu sem hér er lögð til er hins vegar gert ráð fyrir því að færa þessi verkefni að verulegu leyti aftur í ráðuneytin eða til landlæknisembættisins og auka þannig á ný miðstýringu í þessum málaflokki. Ég tel að hér sé gengið í öfuga átt og hefði a.m.k. vonast til að það mál yrði skoðað eitthvað nánar áður en fjárlagaafgreiðslu lýkur.

Varðandi lækkun á heimilisuppbót um 200 millj. kr. í tillögum sem fylgja fjárlagafrv. og sagðar eru taka mið af húsaleigubótunum þá held ég að það sé mál sem þurfi að skoða einnig sérstaklega milli umræðna því að þeir einstaklingar sem njóta þessara sérstöku heimildarbóta eru þeir einstaklingar sem allra verst eru settir og ekki trúlegt að þó að einhverjir þeirra kynnu að eiga rétt á húsaleigubótum þegar þær hafa tekið gildi muni þær létta svo á byrði þessara einstaklinga að hægt sé að spara þar um 200 millj. kr. öðruvísi en það bitni alvarlega á þessu fólki sem sannarlega er verst sett. En eitthvað á eftir að fjalla nánar um almannatryggingar og tryggingakerfið okkar eða málefni Tryggingastofnunar fyrir 3. umr. svo að það verður látið bíða frekari meðhöndlunar.

Landlæknisembættið fær samkvæmt brtt. meiri hluta ans ofurlitla upphæð, 5 millj. kr., til heilsueflingar og slysavarnaráðs og tel ég að það sé þarft verkefni, verkefni sem landlæknisembættið hefur haft forgöngu um

og fylgt eftir og kemur vonandi að gagni þó að upphæðin sé ekki há. Í erindi sem landlæknir sendi fjárln. með fjárlagabeiðni sinni er drepið á ýmis atriði sem sannarlega eru umhugsunarverð og ástæða til þess að vekja athygli hv. alþm. á. Oft er um það talað að heilbrigðisþjónustan á Íslandi sé kostnaðarsöm, hún sé óskilvirk og þar megi betur gera og látlaust er gerð krafa til þessa kostnaðarsama en mikilvæga málaflokks til frekari sparnaðar. Ef ég má, með leyfi forseta, vitna til þessara upplýsinga frá landlæknisembættinu, þá segir svo:

„Oft heyrist því fleygt að við Íslendingar séum afkastaminni en nágrannaþjóðir. Einnig hefur orðið vart við, jafnvel á hæstu stöðum, að menn álíta sjúkrahús hérlendis betur mönnuð og jafnframt að afköstin séu minni en meðal nágrannaþjóða. Athuganir hafa leitt í ljós að fæstir heilbrigðisstarfsmenn á þúsund íbúa eru á Íslandi miðað við hin Norðurlöndin."

Landlæknir gerir síðan nokkra grein fyrir þessu nánar og gerir tilraun til þess að meta afköst sérhæfðra sjúkrahúsa á Íslandi miðað við svipuð sjúkrahús í Danmörku þó að slíkan samanburð þurfi auðvitað að taka með vissum fyrirvara um að um sambærilega þjónustu sé að ræða og sambærileg verkefni, en þetta hefur landlæknisembættið reynt að gera og í niðurstöðum embættisins segir svo, með leyfi forseta:

„Nær undantekningarlaust koma fleiri rúm á hendur starfsstétta á íslenskum sjúkrahúsum en dönskum. Sérstaklega kemur það í ljós meðal þeirra sem eiga beina aðild að lækningum, t.d. læknum og hjúkrunarfræðingum, og er munurinn talsverður. Rúmafjöldi á hvern starfsmann er sinnir sálrænni og félagslegri umönnum og lyfjamálum er þó færri á íslenskum sjúkrahúsum en dönskum.

Á 100 lækna og hjúkrunarfræðinga koma 71 rúm á dönskum sérgreinasjúkrahúsum en 124 rúm á þessa aðila á íslenskum sjúkrahúsum. Í hlut lækna, hjúkrunarfræðinga, sjúkraliða, meinatækna og röntgentækna koma fleiri útskriftir á íslenskum sérgreinasjúkrahúsum en í Danmörku."

Og að lokum, virðulegi forseti, með beinni tilvitnun:

„Á lækna og hjúkrunarfræðinga á íslenskum sjúkrahúsum koma 41,7 útskriftir en 32,3 á þessa aðila á dönskum sjúkrahúsum, þ.e. um 29% fleiri á Íslandi."

Ég læt hér með lokið tilvitnun í þetta skjal landlæknis um sjúkrahúsin en fannst full ástæða til þess að benda á það í ljósi þeirrar umræðu sem oft er uppi hér um skilvirkni heilbrigðiskerfisins. Landlæknir ræðir svo einnig um heilsugæsluna og talar um vinnuálag á heilbrigðisstarfsfólk á því sviði og mig langar að lesa örfáar línur upp úr þessari skýrslu, með leyfi forseta, en þar segir:

„Vinnuálag á heilbrigðisstarfsfólki hefur aukist mjög undanförnum árum. Ástæðan þess er fyrst og fremst sú að vegna þrengri fjárhagsramma stofnana er reynt að vista sjúklinga eins skamman tíma á sjúkrastofnun og nokkur kostur er. Það hefur leitt til þess að stærri hluti þeirra sjúklinga sem vistast á sjúkrastofnunum eru veikari en áður. Við það hefur álag t.d. í heimahjúkrun einnig aukist. Fjöldi starfsfólks hefur ekki aukist að sama skapi.

Ef borinn er saman fjöldi vitjana hjúkrunarfræðinga á nokkrum heilsugæslustöðvum milli áranna 1992 og 1993 má sjá verulega aukningu. Á heilsugæslustöð Hlíðarsvæðis varð 45% aukning, á Seltjarnarnesi 23%, í Álftamýri 43%, í Sólvangi í Hafnarfirði 22% og á heilsugæslustöðinni í Fossvogi 28%. Þetta sýnir okkur einnig að okkar ágæta heilbrigðisstarfsfólk er að leggja mikið á sig og reynir af fremsta megni að taka þátt í þeirri hagræðingu og þeim sparnaði sem krafa er gerð um til heilbrigðisstofnananna."

Samgöngumálum verða gerð nánari skil af öðrum fulltrúum minni hlutans í umræðum á eftir en mig langar þó með einni setningu eða svo að benda á þversögnina sem felst í framlögum til vegamála eins og þau hafa verið kynnt fyrir okkur. Þar er gert ráð fyrir því að viðbótarframlag í sérstöku átaki af hálfu ríkissjóðs verði um það bil 1 milljarður kr. á næsta ári en á móti má minna á það að nú er Vegasjóði gert að annast eða kosta rekstur ferja og flóabáta upp á 569 millj. og auk þess eru markaðir tekjustofnar Vegasjóðs skertir og það fjármagn látið renna í ríkissjóð, 275 millj. kr. Samtals er hér um að ræða breytingu upp á 844 millj. og verður þá að segja að lítið sé eftir af átakinu til að hæla sér af.

Áður en ég lýk máli mínu langar mig einnig að minna á heimild fjmrh. í 6. gr. fjárlaga fyrir árið 1994 til að aðstoða minni hitaveitur sem eru með þunga greiðslubyrði. Fyrir fjárln. hefur um tíma legið tillaga frá fjmrn. sem nefndin hefur þó ekki afgreitt og því ekkert gerst í þessu máli enn þá. Ég vænti þess að fyrir 3. umr. fjárlaganna eða fjáraukalaganna fáist einhver botn í þetta mál en annars er ekki ólíklegt að flutt verði brtt. við annaðhvort þetta frv. um fjárveitingu til þess að standa straum af þessum kostnaði ef ekki er hægt að ná samkomulagi um hvernig heimildagreinin verður nýtt.

Hæstv. forseti. Í lokin langar mig að víkja nánar að starfsháttum nefndarinnar. Hv. Alþingi hefur á þessu kjörtímabili starfað eftir nýjum þingsköpum en með þeim breytingum sem gerðar voru á störfum Alþingis með nýjum þingskapalögum var einnig gert ráð fyrir því að breyta nokkuð störfum nefnda. Fjárln. var t.d. ætlað að hafa meiri yfirsýn yfir fjármál ríkisins í heild sinni, þar með talið lánsfjármálin, og fagnefndum var ætlað að fjalla meira og ítarlegar um sína málaflokka. Hv. formaður fjárln. gerði grein fyrir þessari vinnutilhögun í ræðu sinni áðan og get ég verið honum um margt sammála, en tel þó að betur þurfi að huga að því hvernig þessum vinnubrögðum sé fyrir komið og leyfi mér reyndar að fullyrða að þetta hafi ekki gengið nákvæmlega eftir svo sem fyrirhugað var þegar breytingarnar voru gerðar. Það fer gríðarlega mikill tími af hálfu hv. fjárln. í viðtöl við ýmsa aðila, forsvarsmenn ráðuneyta og ríkisstofnana, sveitarstjórnarmenn og ýmsa aðra einstaklinga sem eru fulltrúar annarra stofnana eða félagasamtaka. Ég held því miður að þó að þessi samskipti séu alla jafnan góð og mjög mikilvægt fyrir hv. alþm. og hv. fjárlaganefndarmenn að

kynnast hinum fjölmörgu einstaklinga þá sé þessum einstaklingum í sumum tilfellum misboðið með þessum viðtölum. Ég hef oftar en einu sinni og oftar en tvisvar heyrt til þeirra nokkra óánægju með það að tíminn sem þeim er gefinn sé naumur og fyrirkomulagið á þessum viðtölum sé ekki nægjanlega gott því að menn ferðast oft um langan veg og leggja mikla vinnu í að undirbúa þessi viðtöl.

Svo er vitað mál að mál þeirra og erindi fá misgóða umfjöllun í nefndinni, því miður. Það stafar að hluta til af tímaleysi og af því að þeir hv. þm. sem þar sitja hafa kannski ekki skipulagt sína vinnu nægjanlega vel og afgreiðslan er í sumum tilfellum nánast merkt einstökum nefndarmönnum. Þetta þekkjum við líka, bæði til lengri og skemmri tíma litið. Það þarf ekki endilega að vera óeðlilegt vegna þess að nefndarmenn þekkja misvel til hinna einstöku erinda og áhugamál nefndarmanna eru líka misjöfn og því stundum afgreiðslan e.t.v. gædd persónulegum áherslum eða áhuga þeirra sem þarna eiga sæti.

En almennt talað held ég að nú þegar kjörtímabilinu er að ljúka og reynsla hefur fengist á störf nefnda þingsins almennt og árangur af þingskapalagabreytingunni þá þurfi að endurskoða starfshættina og fara gaumgæfilega yfir það hvernig betur megi standa að málum þannig að störf hv. þingnefnda, hv. þm. og þingsins alls séu skilvirkari.

Mig langar að þakka samstarfsmönnum í nefndinni fyrir samstarf og formanni fyrir góða og lipra fundarstjórn og einnig þeim starfsmönnum þingsins sem mest hafa unnið með nefndarmönnum fyrir ágætt samstarf.

Hæstv. forseti. Fjárlög markast af efnahagsstefnu þeirrar ríkisstjórnar sem við völd er hverju sinni. Það er nauðsynlegt að gæta ýtrasta aðhalds í ríkisrekstri, nýta skattfé borgaranna með sem skynsamlegustum hætti og markmiðið er auðvitað að ná hallalausum fjárlögum. Með framsækinni atvinnustefnu, öflugu atvinnulífi og auknum hagvexti á að vera hægt að ná hallalausum fjárlögum án þess að beita sársaukafullum niðurskurðaraðgerðum sem skerða menntakerfið og velferðarkerfið okkar og setja það í hættu. Stefna núv. hæstv. ríkisstjórnar hefur því miður ekki haft þessi markmið nægjanlega að leiðarljósi heldur niðurskurð og stöðnun sem hefur leitt til viðvarandi atvinnuleysis og fátæktar í þjóðfélaginu.

Minni hluti fjárln. hvorki getur né vill taka ábyrgð á slíkri stjórnarstefnu og mun því sitja hjá við afgreiðslu fjárlagafrv.

Útbýting þingskjala:

Fjárlög 1995, 1. mál, brtt. SJS, þskj. 365; brtt. SJS og JÁ, þskj. 366; brtt. SJS, þskj. 367; brtt. SvG o.fl., þskj. 368; brtt. SvG o.fl., þskj. 369; brtt. KÁ o.fl., þskj. 370; brtt. RA, þskj. 371; brtt. JÁ, þskj. 372; brtt. JÁ, þskj. 373; brtt. KÁ o.fl., þskj. 374; brtt. KÁ o.fl., þskj. 375; brtt. SvG, þskj. 377.

Framleiðsla og sala á búvörum, 175. mál, brtt. landbn., þskj. 376.

[15:59]

Sturla Böðvarsson:

Hæstv. forseti. Fjárlagafrv. ársins 1995 hefur verið til meðferðar í fjárln. síðustu mánuði og er nú komið til 2. umr. hér í þinginu. Formaður fjárln., hv. 7. þm. Norðurl. e., Sigbjörn Gunnarsson, hefur gert grein fyrir áliti meiri hluta nefndarinnar og þeim breytingartillögum sem meiri hlutinn leggur til. Mun ég því í minni ræðu fjalla um einstaka þætti breytingartillagna og almennt um ríkisfjármálin.

Fjárln. hóf vinnu sína við fjárlagafrv. ríkisstjórnarinnar fyrir næsta ár í lok septembermánaðar en þá hófust viðtöl við fulltrúa sveitarfélaganna. Hefur nefndin unnið nær óslitið síðan og lagt mjög mikla vinnu í að skoða einstaka þætti frumvarpsins. Vil ég þakka meðnefndarmönnum mínum samstarfið, svo og starfsfólki þingsins og fleiri sem unnið hafa með fjárln. að undirbúningi og gerð þeirra tillagna sem hér eru kynntar og lagðar fram.

Það sem af er þessu kjörtímabili hefur baráttan við atvinnuleysið verið forgangsatriði í mótun efnahagsstefnu stjórnvalda. Meira jafnvægi er nú í efnahagslífinu en verið hefur um áratuga skeið þrátt fyrir ýmis áföll síðustu ár vegna niðurskurðar aflaheimilda, erfiðs efnahagsástands í helstu viðskiptalöndum okkar og verðfalls á útflutningsafurðum. Á kjörtímabilinu hefur tekist að snúa meira en 20 milljarða kr. halla á viðskiptum við útlönd á árinu 1991 í afgang og horfur á næsta ári eru þær að afgangur verði þriðja árið í röð. Það langþráða markmið að stöðva erlenda skuldasöfnun hefur því náðst og raunskuldir fara nú lækkandi. Vaxtalækkun hefur haft mjög mikla þýðingu, bæði fyrir einstaklinga og fyrirtæki og einnig ríkissjóð en með lægri vöxtum fjárfesta fyrirtæki meira og líkur eru á því að fyrirtækin ráði til sín fleira fólk þegar vextir og þar með útgjöld við rekstur lækka. Með lækkun vaxtabyrði heimilanna eykst kaupmáttur sem vissulega er mjög mikilvægt við þær aðstæður sem við búum í dag.

Þrátt fyrir það að atvinnuleysi sé of mikið hér á landi þá hefur tekist að verjast því að atvinnuleysið komist á það stig sem er í nágrannalöndum okkar. Þennan árangur í baráttunni við atvinnuleysi má vissulega þakka ábyrgri afstöðu aðila vinnumarkaðarins en ekki síður markvissri stefnu og markvissum aðgerðum ríkisstjórnarinnar, bæði í peninga- og ríkisfjármálum. (**GÁ:** Hvaða ríkisstjórnar?) Trúverðug stefna í ríkisfjármálum er forsendan fyrir lægri vöxtum og eflingu atvinnulífs með auknum hagvexti og bættum lífskjörum. Ég tel að það sé vaxandi skilningur á mikilvægi þess að dregið sé úr halla ríkissjóðs, enda er flestum ljóst að hallarekstur í dag leiðir til skattahækkana á morgun. Og bætt kjör sem byggjast á skuldasöfnun eru skammgóður vermir og ávísun á verðbólgu.

Segja má að eitt helsta viðfangsefni ríkisstjórna og Alþingis við fjárlagagerð hvers árs sé að finna leiðir til þess að draga úr ríkisútgjöldum og minnka hallarekstur ríkissjóðs. Þegar litið er til þeirra óska sem berast fjárln. Alþingis frá stofnunum, félagasamtökum og sveitarfélögum má vissulega efast um það að nokkur einasta leið sé að draga úr ríkisútgjöldum. Samt sem

áður má telja fullvíst að enn megi ná talsverðum árangri með aukinni hagræðingu án þess að draga verulega úr þeirri þjónustu sem veitt er eða ganga til baka með þau markmið um framfarir í okkar ágæta landi.

Til þess að standa megi skynsamlega að ákvörðunum um skerðingu framlaga er nauðsynlegt að fyrir hendi séu aðferðir til þess að meta árangur af rekstri ríkisstofnana og fyrirtækja ríkisins. Slíka mælikvarða þarf að leggja til grundvallar við forgangsröðun verkefna og ákvarðanir um nýja útgjaldaliði. Þetta er eitt af allra mikilvægustu viðfangsefnum í ríkisbúskapnum. Í fjárln. er að sjálfsögðu lögð mikil vinna í að leggja mat á slíka hluti en það er alveg ljóst að það þarf að gera enn betur.

Það er mikilvægt að stofnunum ríkisins sé sett markmið um þjónustu og þróaðir verði mælikvarðar sem nota má til að meta árangur stofnana og starfsfólks þeirra. Mikilvægur liður í slíkum aðgerðum er samningsstjórnun sem ríkisstjórnin hefur bryddað upp á. Í undirbúningi er að gera samninga við tilteknar stofnanir og þegar hafa verið gerðir slíkir samningar um þjónustu og fjárhæðir á fjárlögum til rekstrar. Á grundvelli samningsstjórnunar hefur hver stofnun frelsi til þess að sinna þeirri þjónustu sem ákveðið er að hún sjái um á grundvelli fyrir fram gerðs samnings. Með slíkum aðferðum er reynt að láta stofnanir ríkisins nálgast þá aðferðafræði og þær vinnureglur sem viðgangast á hinum almenna markaði atvinnufyrirtækja þar sem framboð og eftirspurn ræður ferðinni og markaðurinn setur fyrirtækjum og þjónustustarfsemi fastar skorður. Að vísu er það svo að sjálfsögðu að ekki er í öllum tilvikum hægt að leggja að líku rekstur atvinnufyrirtækja sem selja framleiðslu og rekstur þjónustustofnana, svo sem í skólakerfi eða í heilbrigðisstofnunum þannig að það verður að miða við aðstæður og miða við þær kröfur sem gerðar eru til stofnana í hverju tilviki fyrir sig.

Í vinnu fjárln. síðustu mánuði og reyndar einnig á síðasta ári hefur komið í ljós að aukið aðhald í ríkisrekstrinum hefur verið að skila árangri. Stjórnendur ríkisstofnana hafa lagt mjög mikla áherslu á að ná árangri í stjórnun með hagræðingu og með markvissum vinnubrögðum, bæði við daglegan rekstur og undirbúning breytinga í rekstri stofnana og einnig við undirbúning framkvæmda. Þessu ber vissulega að fagna en sú hugarfarsbreyting sem ég vil nefna svo sem hefur orðið gagnvart hinum opinbera rekstri er e.t.v. vegna þess að með skipulegum hætti hefur undir forustu fjmrh. verið leitast við að beita faglegum vinnubrögðum við stjórnun á vegum ríkisins. Er rík ástæða til þess að vekja athygli á þeirri forustu sem hæstv. fjmrh. Friðrik Sophusson hefur haft í þessum efnum.

Það er mitt mat að hjá mörgum ríkisstofnunum megi finna stjórnun og stjórnunaraðferðir og hæfni starfsfólks sem er með því allra besta sem gerist meðal atvinnufyrirtækja í dag. Það eru fjölmargar ástæður sem valda þessu en meðal þess sem má nefna er krafa sem uppi hefur verið um aukna ábyrgð stjórnenda og um heimildir stofnana til þess að færa inneignir í rekstri á milli ára. Það má nefna útboðsstefnu ríkisvaldsins þar sem lögð er mikil áhersla á útboð, bæði við innkaup á rekstrarvarningi og einnig vegna framkvæmda.

Ég tel við þessa umræðu, hæstv. forseti, eðlilegt að draga þetta fram, að það hefur orðið árangur í ríkisrekstrinum. Okkur hefur tekist að draga úr ríkisútgjöldum þó að hvergi nærri hafi verið náð því markmiði að fjárlög væru hallalaus en það á sér aðrar skýringar sem ég hef farið yfir hér að framan og liggja fyrir, eins og minni tekjur.

Mikilvægur þáttur í fjármálastjórn ríkisins og þá um leið fjármálastjórn opinberra stofnana er að til staðar séu vönduð talnagögn um búskap hins opinbera. Lög um gerð fjárlaga og ríkisreiknings voru sett fyrir hartnær 30 árum. Kröfur til færslu ríkisreiknings og uppsetningu fjárlaga hafa breyst mikið á þeim tíma sem síðan er liðinn. Unnið hefur verið að endurskoðun þessara laga á síðustu missirum og hillir nú undir niðurstöður sem ástæða er til að gera hér að umtalsefni.

Það liggur fyrir að stöðugt meiri kröfur eru gerðar til þess að reikningshald hins opinbera lýsi sem best samhengi efnahagsmála og áhrifum opinberrar fjármálastjórnar. Þess er að vænta að tillögur svokallaðrar ríkisreikningsnefndar um fjárreiður ríkisins og um uppbyggingu ríkisreiknings og fjárlaga verði sem fyrst settar í búning frv. til laga um gerð fjárlaga og ríkisreiknings og ný lög taki sem allra fyrst gildi þannig að fjárlög og ríkisreikningur verði betur úr garði gert. Það auðveldar þingmönnum og öðrum sem þurfa að vinna með ríkisreikning og fjárlög að leggja mat á einstakar stærðir og breytingar frá einum tíma til annars.

Við 2. umr. fjárlaga fyrir árið 1994 gerði ég að umtalsefni mikilvægan þátt Ríkisendurskoðunar sem eftirlitsaðila með fjármálasýslu ríkisins. Ég tel að á þessu ári hafi það komið mjög glöggt í ljós hversu brýnt það er að Ríkisendurskoðun hafi sterka stöðu og sjálfstæða stöðu gagnvart framkvæmdarvaldinu og að Alþingi geti og megi sem best treysta framgöngu Ríkisendurskoðunar í því vandasama verki sem henni er með lögum ætlað. Ég vil endurtaka það sem ég sagði við þá umræðu að ég tel að staða Ríkisendurskoðunar sé sterk og tel að þingmönnum beri að standa vörð um það álit sem Ríkisendurskoðun verður að hafa en Alþingi ber jafnan að gera miklar kröfur um fagleg og vönduð vinnubrögð Ríkisendurskoðunar. Mikilvægur þáttur í sjálfstæði þingsins gagnvart framkvæmdarvaldinu er einmitt sterk ríkisendurskoðun, það vil ég sérstaklega undirstrika.

Þegar vinna hófst við yfirferð fjárlagafrv. fyrir árið 1995, sem lagt var fram af fjmrh. í byrjun október, var ljóst að meiri hluti fjárln. mundi gera tillögur til breytinga um ýmsa þætti þessa frv. Það er hinn eðlilegi gangur lýðræðisins og skiptingu valdsins milli þings og framkvæmdarvalds að Alþingi fari yfir frv. til fjárlaga og geri á því þær breytingar sem samkomulag verður um. Það er jafnan svo að breytingar verða á ýmsum forsendum fjárlagafrv. frá því að það er unnið og til þess tíma að það er afgreitt frá fjárln. og samþykkt í þinginu og áherslur þingsins geta að sjálfsögðu verið aðrar en ríkisstjórnar á hverjum tíma.

Hv. formaður fjárln. hefur gert grein fyrir nokkrum

þáttum sem ekki eru til endanlegrar afgreiðslu hér við 2. umr. og verða til lokaafgreiðslu við 3. umr. fjárlaga. Nokkur atriði vil ég nefna af þeim sem fjárln. gerir tillögur um að breyta frá frv. við 3. umr. Þar má nefna framlög til sjúkrastofnana, framlög til Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna þátttöku sveitarfélaga í þeim framlögum, framlög til Háskóla Íslands og til Byggðastofnunar. Ég mun hér á eftir gera grein fyrir afstöðu minni til nokkurra af breytingartillögum meiri hluta fjárln.

Fjárln. hefur lagt ríka áherslu á það að fara rækilega yfir greinargerðir sem stofnanir hafa sent inn til nefndarinnar og lagt mat á athugasemdir og óskir sem fyrir nefndina hafa verið lagðar. Það fer ekki á milli mála að stofnanir ríkisins, svo fjölmargar sem þær eru, eru misvel í stakk búnar til þess að draga úr starfsemi. Það er vaxandi krafa um þjónustu sjúkrastofnana. Það er vaxandi krafa um aukið námsframboð jafnt í grunnskólum, framhaldsskólum sem háskólum og það er vaxandi krafa um valkosti í þjónustu og vaxandi krafa um jöfnun á kostnaði þeirrar þjónustu sem neytendur hennar greiða. Má þar nefna orkuverð sem er gamalt deilumál og ágreiningsefni en sem betur fer hefur náðst verulegur árangur í því að jafna húshitunarkostnað þó að ekki hafi verið náð þeim markmiðum sem stjórnarflokkarnir hafa sett sér. Um það hefur fjárln. fjallað og mun gera tillögur um frekari aðgerðir í lækkun húshitunar í samræmi við yfirlýsingu stjórnarflokkanna nýverið.

Ég vil hér á eftir nefna nokkur atriði sem ég tel sérstaka ástæðu til að draga fram af þeim fjölmörgu tillögum sem meiri hluti fjárln. gerir hér og leggur fyrir þingið. Þar vil ég fyrst nefna þá tillögu að veittar verði 20 millj. kr. til viðgerða á húseignum Alþingis. Það hefur verið Alþingi til vansa að hafa látið gömlu húsin hér við hliðina á Alþingishúsinu drabbast niður eins og raun ber vitni um. Vissulega hafa verið uppi deilur um það og skiptar skoðanir hvort Alþingi ætti að endurbyggja þessi gömlu hús sem eru reist fyrir og um aldamót eða hvort ætti að byggja nýjar, stórar byggingar á lóð þingsins.

Tillaga forsætisnefndar þingsins var að fjármagn fengist til þess að gera við gömlu húsin svo að þau mætti nýta. Að öðru leyti er ekki tekin afstaða til áforma um byggingar á Alþingishússreitnum. Meiri hluti fjárln. gerir tillögu um að það verði varið nokkrum fjármunum eins og fyrr greinir á næsta ári og ég er sannfærður um að þessi hús verða borgarprýði hér í hjarta höfuðborgarinnar þegar þau hafa verið endurgerð eins og undirbúið hefur verið.

Undir lið Háskóla Íslands eru nokkrar breytingar, en umfjöllun fjárln. um málefni Háskóla Íslands er ekki að fullu lokið. Ljóst er að Háskóla Íslands er nokkuð þröngt sniðinn stakkurinn auk þess sem gera þarf nánari skoðun á fjárþörf hins nýja Landsbókasafns – Háskólasafns. Það er eðlileg krafa að Háskóli Íslands sé sjálfstæður. En jafnframt hljótum við að gera þá kröfu að þau fjárframlög sem veitt eru af fjárlögum til háskólans séu nýtt sem best en um það verða jafnan skiptar skoðanir.

Það fer samt ekki hjá því að mjög margar spurningar vakna þegar rekstur háskólans er metinn eins og eðlilegt er. Vegna þess að forsvarsmenn Háskóla Íslands hafa beint spjótum sínum mjög harkalega að ríkisstjórn og Alþingi er ekki óeðlilegt að spurt sé á móti þeirrar spurningar hvort háskólinn nýti í öllu falli þá fjármuni sem hann hefur yfir að ráða eins og best verður kosið.

Tengsl Háskóla Íslands og Landspítalans sem háskólaspítala eru eðlilega mjög náin. Forsvarsmenn stóru sjúkrahúsanna hafa vakið athygli á mikilli fjárþörf þessara mikilvægu stofnana sem veita svo mikla og sérhæfða þjónustu. Í málsvörn sinni hafa forsvarsmenn stóru sjúkrahúsanna með sama hætti og forsvarsmenn Háskóla Íslands vakið athygli á forgangsröðun fjárfestingar og framlaga á vegum ríkisins. Æðioft er af hálfu talsmanna háskólans og stóru sjúkrahúsanna vakin athygli á því að mikil fjárfesting hafi átt sér stað víða úti um land og er þá ekki sparað að nefna dæmi til þess að vekja tortryggni væntalega í þeim tilgangi að tefla fram röksemdum í þágu þeirra stofnana.

Því hafa vaknað margar spurningar af minni hálfu þegar ég hef fjallað um framlög til Háskóla Íslands, og reyndar stóru sjúkrahúsanna einnig, hvort ekki mætti forgangsraða með öðrum hætti en gert er, t.d. á vegum háskólans og Landspítalans. Ég vildi t.d. nefna það hvort skynsamlegt sé að reka tannlæknadeild með þeim hætti sem gert er á Íslandi. Í bréfi til fjárln. Alþingis frá rektor Háskóla Íslands koma fram eftirfarandi upplýsingar um rekstur tannlæknadeildar Íslands. Sú ágæta og mikilvæga deild er í 1.600 fermetra húsnæði. Kostnaðurinn við rekstur þeirrar deildar í ár er 44,6 millj. kr. Þar eru 49 nemendur í ár, það útskrifast sex nemendur frá tannlæknadeildinni í ár en þar eru 19,1 stöðugildi. Til samanburðar má nefna að við verkfræðideild háskólans, en hún fær 87 millj. kr. af fjárlögum háskólans á þessu ári á móti 44,6 millj. kr. tannlæknadeildarinnar, eru 247 nemendur. Auðvitað er mjög erfitt að bera saman framlög til einstakra deilda háskólans, það er nánast ógerningur, en samt sem áður er rík ástæða til þess að vekja athygli á því og ekki síst vegna þeirra umræðna sem hafa verið um Háskóla Íslands og þá spurningu: Er hægt að forgangsraða með öðrum hætti? Háskólinn verður að þola að um þetta sé fjallað og vakin sé athygli á því sem gerist innan veggja háskólans ekki síður en annars staðar í þjóðfélaginu og ég tel að ómaklega hafi verið að hæstv. menntmrh. vegið því hann hefur lagt mjög ríka áherslu á það að efla menntun í landinu og ekki síst við Háskóla Íslands. En það má eins og ég sagði áðan, virðulegi forseti, spyrja um það hvort ekki væri allt eins hagfellt, en auðvitað er alltaf mjög viðkvæmt að spyrja slíkra spurninga, fyrir okkur Íslendinga að leita eftir að kaupa þá þjónustu sem veitt er nemendum við tannlæknadeild háskólans hjá nágrannaþjóðum okkar og spara þann feiknalega kostnað sem fylgir því að halda úti tannlæknadeild við háskólann og nýta þá fjármuni til annarra deilda háskólans eða nýrra deilda sem eru mikilvægar.

Það má t.d. spyrja þeirrar spurningar: Hvers vegna

er rekin tannlæknadeild en hefur ekki verið byggð upp deild á sviði arkitektúr? Ég tel nauðsynlegt að fram fari opin og jákvæð umræða hvað skuli starfrækt á vegum þessara stóru stofnana okkar, bæði Háskóla Íslands og annars staðar.

Þetta er eitt af mörgum dæmum sem mætti taka, en ég tek hér af handahófi og tefli fram ef það mætti verða til einhverrar umhugsunar. Málefni Háskóla Íslands verða eins og ég gat um fyrr í ræðu minni tekin til frekari umfjöllunar við 3. umr. fjárlaga. Fjárln. er mætavel ljóst að Háskóli Íslands má ekki dragast aftur úr. Sanngjarnir menn úr Háskóla Íslands telja hann ekki vera á þeirri leið eða þurfi að vera á þeirri leið ef rétt er á málum haldið innan háskólans.

Meiri hluti fjárln. gerir tillögur um nokkra hækkun á framlögum til jöfnunar á námskostnaði. Þar er um að ræða um það bil 12% hækkun á þeim lið en það var mat meiri hluta fjárln. að vegna verri efnahags, sérstaklega í hinum dreifðu byggðum í sveitum landsins, væri ástæða til þess að létta undir með því námsfólki og þeim heimilum sem þurfa að senda unglinga til framhaldsnáms um langan veg og hafa af því mikinn kostnað. Þess er að vænta að með hækkun á framlagi sé nokkuð komið til móts við þær aðstæður sem þar eru.

Þjóðskjalasafn Íslands er mikilvæg menningarstofnun. Með lögum er henni ætlað að aðstoða héraðsskjalasöfn við varðveislu skjala og söfnun skjala. Meiri hluti fjárln. gerir tillögu um að 3 millj. kr. renni til þess verkefnis sérstaklega að veita héraðsskjalasöfnum stuðning við uppbyggingu skjalasafna.

Meiri hluti fjárln. gerir tillögur um hækkað framlag til Kvikmyndasjóðs frá því sem fjárlagafrv. gerði ráð fyrir og nemur hækkunin 21,5 millj. kr. þannig að framlag til sjóðsins verður á næsta ári 100 millj. kr. Viðbrögð forsvarsmanna Kvikmyndasjóðs hafa vakið nokkra athygli og í raun furðu en í ljósi þess að hér er um töluverða atvinnustarfsemi að tefla, sem getur ávaxtað allvel þau framlög sem ríkissjóður leggur sjóðnum til, er gerð tillaga um þessa hækkun og er ástæða til þess að undirstrika að gera verður kröfu til þess að stjórnendur Kvikmyndasjóðs og sú stjórn sem úthlutar úr sjóðnum gæti þess að efla íslenska kvikmyndagerð. Er þess að vænta að sú umfjöllun verði málefnalegri en talsmenn sjóðsins hafa haft uppi í málsvörn sinni fyrir sjóðnum.

Meiri hluti fjárln. gerir tillögu um að tekin verði upp framlög til íþróttasjóðs að upphæð 14,5 millj. kr. en í fjárlagafrv. var gert ráð fyrir því að fella niður framlög til sjóðsins og þar með framlög til íþróttafélaga. Íþróttasjóður hefur fyrst og fremst veitt styrki til minni íþróttafélaga sem hafa ekki notið sérstakra styrkja frá sveitarfélögunum. Eftir að hafa skoðað rækilega framlög úr sjóðnum síðustu ár má ljóst vera að sjóðurinn hefur styrkt framkvæmdir hjá íþróttafélögum og ungmennafélögum sem eiga ekki í önnur hús að venda og þess vegna vill fjárln. taka upp þennan lið að nýju.

Samvinnuskólinn á Bifröst hefur byggt upp mjög athyglisvert nám á háskólastigi. Á þessu hausti veitti hæstv. menntmrh. leyfi til þess að bæta einu ári við það námsframboð sem þar hefur verið fyrir hendi og er þar með um að ræða þriggja ára nám á háskólastigi. Endurskipulagning þessa skóla hefur vissulega vakið athygli og var mat meiri hluta fjárln. að rík ástæða væri til þess að styrkja þá viðleitni sem þar er í gangi við að efla fræðslu á sviði rekstrar og stjórnunar og gerir því tillögur um hækkun á framlagi til skólans.

Þrátt fyrir samdrátt í hinum hefðbundna landbúnaði hefur ekki dregið úr aðsókn að bændaskólunum tveimur sem eru á Hólum og Hvanneyri. Meiri hluti fjárln. gerir tillögu um nokkra hækkun á framlagi til Bændaskólans á Hvanneyri, þ.e. rekstrar, vegna nýrrar stöðu aðalkennara á landnýtingarsviði við búvísindadeild. Forsvarsmenn Bændaskólans á Hvanneyri gerðu fjárln. glögga grein fyrir þeim fyrirætlunum sem uppi eru um að leggja aukna áherslu á fræðslu á sviði umhverfismála, landnýtingar, sem tengist aukinni áherslu á gróðurvernd, og bætt umhverfi. Með þessu getur Bændaskólinn á Hvanneyri farið inn á mjög athyglisverða braut sem meiri hluti fjárln. taldi ástæðu til að ýta undir og styrkja. Með þeim hætti er hægt að skjóta sterkari stoðum undir rekstur þessarar mikilvægu og merku menntastofnunar en um leið leggja nýjar áherslur í námsframboði.

Meiri hluti fjárln. gerir hins vegar tillögu um nokkra hækkun á framlagi til endurbóta á gamla skólahúsinu á Hólum. Skólahúsið þarfnast mikilla viðgerða og er ljóst að það hús er meðal margra eigna ríkisins sem er ekki forsvaranlegt að láta dragast að leggja fjármuni til viðgerða á.

Meiri hluti fjárln. gerir tillögur um hækkun á framlögum til nokkurra minni sjúkrastofnana en við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1994 var farið rækilega yfir stöðu nokkurra sjúkrahúsa og í framhaldi af því voru gerðir samningar milli heilbrrn. og sjúkrahúsanna á Akranesi og Neskaupstað um fjárframlög til þess að greiða halla sem hafði safnast upp á mörgum undanförnum árum. Við umræðu um fjáraukalög fyrir árið 1994 var þetta sérstaklega tekið til meðferðar.

Eftir vandlega skoðun varð það niðurstaða meiri hluta fjárln. að sjúkrahúsin á Ísafirði, Akureyri, Stykkishólmi og St. Jósefsspítalinn í Hafnarfirði ásamt með Hlaðgerðarkoti þyrftu á hækkuðum framlögum að halda ef nýta ætti þá aðstöðu sem til staðar er á þessum sjúkrastofnunum. Án þess að ég vilji gera lítið úr þekkingu þeirra starfsmanna sem vinna í heilbrrn. við eftirlit með rekstri sjúkrastofnana er alveg ljóst að sú hætta er fyrir hendi að starfsmenn ráðuneyta meti með öðrum hætti fjárþörf stofnana sem eru í næsta nágrenni við ráðuneytin en fjárþörf þeirra stofnana sem eru í fjarlægð víðs vegar um landið. Ég tel að þróunin sem hefur orðið hjá ýmsum sjúkrahúsanna úti á landi beri merki þessa en engu að síður er alveg ljóst að á einhverjum hinna minni sjúkrastofnana þarf að huga að enn þá meiri hagræðingu og skipulagsbreytingu og formlegu samstarfi við stóru sjúkrahúsin á höfuðborgarsvæðinu sem hafa fengið alveg sérstaka skoðun og meðhöndlun hvað varðar fjármuni á þessu ári með fjáraukalögum og væntanlega í endanlegri gerð

fjárlaga fyrir næsta ár. Engu að síður var það niðurstaða meiri hluta fjárln. að óumflýjanlegt væri að verða við rökstuddum óskum fyrrgreindra sjúkrahúsa um nokkra hækkun á framlagi til rekstrar.

Í fjárlagafrv. var gert ráð fyrir verulegri lækkun á framlögum til hafnargerðar. Nam sú lækkun um 200 millj. kr. frá árinu 1994. Fjárln. stóð því frammi fyrir verulegum vanda þegar kom að því að skipta fjármagni til hafnargerðar. Niðurstaðan varð sú að höfð var hliðsjón af framlögum sem gert var ráð fyrir í drögum að hafnaáætlun, sem unnin var á vegum Hafnamálastofnunar, og voru þau framlög höfð til hliðsjónar við útdeilingu á framlögum til einstakra kjördæma. Vegna þess vil ég taka fram að ég tel að ekki sé ásættanlegur kostur að binda fjárframlög til hafnargerðar í landinu við einhverja óskilgreinda hundraðshlutaskiptingu á milli kjördæma. Ég tel að með vandaðri greiningu á hafnaþörfum þurfi að gera hafnaáætlun til fjögurra ára í senn. Ég tel að hafnaáætlun þurfi að leggja fyrir þingið á næsta ári og hana eigi að byggja á rækilegri úttekt á þörfum en ekki skiptingu á grundvelli tiltekins hluta heildarfjárveitinga til hafnargerðar á hvert kjördæmi. Með skiptingu eftir höfðatölu eða óskilgreindri skiptingu milli landshluta er hætta á því að ekki séu valin mikilvægustu verkefnin í hafnargerð hverju sinni. Þetta gildir raunar um allar framkvæmdir og einnig á öðrum sviðum.

Á því fjárlagaári, sem nú er senn að líða, var veitt sérstök fjárveiting til ferðamálasamtaka landshluta sem var inni í liðnum til Ferðamálaráðs. Vegna deilna sem spruttu milli Ferðamálaráðs og ferðamálasamtakanna varð niðurstaða meiri hluta fjárln. að 5 millj. kr. væru settar á sérstakan fjárlagalið og er ætlað til þeirra verkefna, sem ferðamálasamtök landshluta vinna að, en meiri hlutinn leggur ríka áherslu á að hægt sé að halda því starfi áfram. Ég vil af þessu tilefni leggja ríka áherslu á mikilvægan þátt ferðamálasamtakanna þó að ég vilji á engan hátt draga úr þýðingu Ferðamálaráðs sem þeirrar stofnunar sem á að vinna að landkynningu og eflingu ferðaþjónustu í landinu.

Hæstv. forseti. Ég hef hér að framan greint frá nokkrum þáttum í breytingartillögum fjárln. sem ég vildi sérstaklega undirstrika en að sjálfsögðu vísa ég til þess sem hv. formaður fjárln. hefur gert grein fyrir um einstaka þætti í breytingartillögum meiri hluta fjárln. sem ég hef ekki fjallað um.

Eins og ég gat um hér fyrr þá mun við 3. umr. fjárlaga verða gerð grein fyrir breytingartillögum við fjárlagafrv. en liggja ekki fyrir fullmótaðar á þessu stigi. Ég vil þó við þessa umræðu fagna því sérstaklega að samkomulag hefur náðst milli ríkisstjórnarinnar og Sambands íslenskra sveitarfélaga um með hvaða hætti málefni er lúta að Atvinnuleysistryggingasjóði og Innheimtustofnun sveitarfélaga verða leyst. Ég hafði fyrr í haust gert grein fyrir þeirri skoðun minni að ekki kæmi til greina að sveitarfélögin væru pínd til þess að greiða 600 millj. á næsta ári inn í Atvinnuleysistryggingasjóðinn. Ég vakti athygli á því að það væri eðlilegt að hafa þann hátt á sem nú hefur orðið niðurstaða um og sveitarfélögin beiti afli sínu á eigin forsendum og eftir aðstæðum á hverjum stað til þess að draga úr atvinnuleysi. Með því ætti að sparast þörf fyrir útgreiðslur úr Atvinnuleysistryggingasjóði og þannig mætti leysa þann vanda sem Atvinnuleysistryggingasjóðurinn annars lenti í.

Hvað varðar Innheimtustofnun sveitarfélaga þá er alveg ljóst að lausn varð að finna á þeim vanda sem Innheimtustofnunin stendur frammi fyrir vegna slæmrar innheimtu meðlagsgreiðslna. Lögin um tekjustofna sveitarfélaga eru að mínu mati nokkuð gölluð og þurfa endurskoðunar við. Jöfnunarsjóðurinn ber ábyrgð á framlögum til Innheimtustofnunar, en eins og þau lög eru kemur það ekki í hlut allra sveitarfélaga, eins og eðlilegt verður að teljast, að standa undir og bera ábyrgð á halla sem verða kann á Innheimtustofnuninni. Slík staða er ekki ásættanleg. Þess vegna var eðlilegt að forsvarsmenn sveitarfélaga gerðu athugasemd við þá framkvæmd. Að vísu er gert ráð fyrir því í samkomulagi við sveitarfélögin að Innheimtustofnun taki lán, en þess er að vænta að sá tími sem gefst með þeim fresti sem lántaka skapar verði notaður til þess að finna varanlega lausn á málefnum Innheimtustofnunar sveitarfélaganna. Vegna málefna þeirrar stofnunar skipaði fyrrv. félmrh. nefnd sem ætlaði að gera tillögur. Hún skilaði niðurstöðu sem er að mínu mati ekki ásættanleg og í raun leysir ekki á nokkurn hátt úr þeim vanda sem þar er fyrir hjá stofnuninni að öðru leyti en því að vísa auknum útgjöldum á ríkissjóð.

Eins og hv. formaður fjárln. gerði grein fyrir verður fjallað um Byggðastofnun við 3. umr. og mun ég ekki fara nánar út í fjárþörf þeirrar stofnunar. Það er alveg ljóst að það verður að beita mjög ákveðnum aðgerðum til þess að reyna að efla atvinnu á landinu á þeim svæðum þar sem mestur samdráttur hefur orðið, einkum í sauðfjárræktinni og það er óhjákvæmilegt og í raun eðlilegt að Byggðastofnun verði beitt til þeirra verka sem þar verður að takast á hendur. Þær aðgerðir verða bæði að beinast að því að styrkja afurðastöðvar og efla nýsköpun í atvinnustarfsemi.

Eins og fram kemur í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um aðgerðir til að stuðla að aukinni atvinnu, stöðugleika og kjarajöfnun, sem birt var 10. des. sl., hafa stjórnarflokkarnir orðið ásáttir um skipulegar aðgerðir til þess að tryggja þann árangur sem náðst hefur í efnahagsstjórn og ríkisfjármálum það sem af er þessu kjörtímabili.

Með yfirlýsingunni er haldið áfram á grundvelli þeirra markmiða sem ríkisstjórnin og stjórnarflokkarnir hafa sett sér um framvindu í ríkisfjármálum og viðleitni til þess að tryggja atvinnu og bæta kjör. Í þeirri yfirlýsingu koma fram mikilvægir þættir eins og átak í vegamálum, sem vissulega eykur ríkisútgjöldin, en er engu að síður mikilvægur þáttur í því að tryggja hér viðunandi stöðu á vinnumarkaði. Stofnun nýsköpunarsjóðs er veiti lán og styrki og nýti til þess eignir lðnþróunarsjóðs er afar mikilvægt verkefni sem ætti að geta orðið til þess að efla atvinnulífið enn frekar og skjóta stoðum undir margar atvinnugreinar. Þrátt fyrir mjög mikilvægar breytingar á skattalögum sem fyrirhugaðar eru, svo sem skattlagningu fjármagnstekna,

niðurfellingu svokallaðs ekknaskatts, afnáms tvísköttunar á lífeyrisgreiðslum, hækkun skattleysismarka og aðrar aðgerðir sem gerð er grein fyrir í fyrrnefndri yfirlýsingu, er ekki að mínu mati með nokkrum hætti hægt að halda því fram að stöðugleikanum í ríkisfjármálum sé stefnt í hættu. Vissulega hefði verið freistandi að ná meiri árangri í því að draga úr ríkisútgjöldum, en í ljósi þeirra markmiða um stöðu á vinnumarkaði, um að draga úr atvinnuleysi, er nauðsynlegt að ganga þann veg sem hér er gert ráð fyrir að ganga í ríkisfjármálum, en engu að síður að halda ríkisútgjöldunum innan þeirra marka að ekki ógni því mikilvæga markmiði að vextir lækki.

Hæstv. forseti. Fagnefndir þingsins hafa eins og þingskapalög gera ráð fyrir fjallað um fjárlagafrv. Fyrir liggja nefndarálit og hefur fjárln. að sjálfsögðu farið yfir þau og tekið tillit til þeirra eftir því sem við verður komið. Vegna nál. hv. landbn. vil ég taka fram að tillögur nefndarinnar hafa að sjálfsögðu verið til skoðunar og vil ég vísa annars vegar til endanlegrar afgreiðslu fjáraukalaga vegna ársins 1994 og síðan til 3. umr. um fjárlagafrv., en mun ekki á þessu stigi fjalla að öðru leyti nánar um þann þátt í þessu fjárlagafrv.

Um vanda landbúnaðarins mætti að sjálfsögðu mjög margt segja, en þær umræður vil ég geyma til umfjöllunar um fjáraukalög, eins og ég nefndi fyrr, og 3. umr. fjárlaganna.

Hæstvirtur forseti. Ég vil svo að lokum þakka meðnefndarmönnum mínum fyrir ágætt samstarf og þeim fjölmörgu sem hafa komið fyrir fjárln.

Útbýting þingskjala:

Fjáraukalög 1994, 66. mál, þskj. 351.

Hópuppsagnir, 124. mál, nál. félmn., þskj. 378.

[16:36]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Við höfum nú hlustað á framsöguræður þeirra stjórnarliða í meiri hluta fjárln. sem telja þetta allt saman vera orðið harla gott þó enn sé margt óafgreitt. Ég tel að forsendur fjárlagafrv. séu ekkert sterkari heldur en verið hefur. Þessi ríkisstjórn hefur alltaf sagst vera að lækka fjárlagahallann. Hún ætlaði upphaflega að ná honum niður á tveimur árum. Það náðist auðvitað ekki. Nú á aftur að stefna á næstu tvö ár.

Uppsafnaður fjárlagahalli í tíð núv. ríkisstjórnar er orðinn um 30 milljarðar kr. á árunum 1992–1994 og enn stefnir í að fjárlagahallinn á næsta ári verði líklega um 9 milljarðar kr.

Í ár hafa gjöld fjárlaga hækkað um 4 milljarða en á móti kemur að tekjurnar hafa aukist um 2,5 milljarða, eins og kom fram þegar við ræddum hér fjáraukalagafrv. fyrir nokkrum dögum. Þess vegna hækkar fjárlagahallinn í ár líklega ekki eins mikið og annars hefði verið. Þetta hefur orðið m.a. vegna aukinna úthafsveiða, vegna meiri tekna af ferðaþjónustu og vegna efnahagsbata í löndunum í kringum okkur. Það er vissulega stöðugleiki og lítil verðbólga sem ætti að gera það auðveldara að stjórna efnahagsmálunum, en það eina sem ríkisstjórnin getur sérstaklega þakkað sér er lækkun vaxta. Þar eru þó miklar blikur á lofti og hafa verið síðustu missiri. Vextir hafa verið að hækka erlendis og um áramót opnast hér alveg fyrir fjármagnsflutninga á milli landa sem getur haft þau áhrif að vextir hækki hér til þess að halda fjármagninu frekar í landi.

Atvinnuleysið hefur farið vaxandi í tíð þessarar ríkisstjórnar frá því að vera um 1% árið 1991 í það að vera tæp 5% í ár og í besta falli mun það standa í stað á næsta ári. Kjarasamningar eru lausir um áramót, verkföll standa yfir nú þegar og launafólk mun krefjast bættra kjara og það er raunar þegar ljóst að það er komin mikil harka í kjarasamninga.

Það hefur verið mikill uppsafnaður vandi á hverju ári hjá sjúkrastofnunum á höfuðborgarsvæðinu. Samt er enn áformað að lækka framlag til þeirra og taka ekki á þeim fjárlagahalla öllum sem þar er kominn og uppsöfnuðum vanda heldur á enn að auka kostnað sjúklinga og láta þá borga þjónustuna í auknum mæli sem njóta hennar. Sameining sjúkrahúsa í Reykjavík og hagræðing á landsbyggðinni á enn að skila einhverjum hundruðum milljóna sparnaði sem ég tel óraunhæft. Það er enn verið að höggva í sama knérunn með sparnaðinn á sjúkrastofnunum sem eru búnar að hagræða og spara eins og þær mögulega geta á undanförnum árum. Heimilin í landinu eru mörg hver illa stödd. Skuldir heimilanna hafa vaxið gífurlega á síðasta ári, enda hefur byrðunum af erfiðu efnahagsástandi verið skellt á almenning m.a. með hækkun á tekjuskatti. Ef eitthvað er að marka það að efnahagsbati sé fram undan og tekjur ríkissjóðs muni aukast þá er samt ekkert tekið á því að minnka almenna skattbyrði einstaklinga. Þær efnahagsaðgerðir ríkisstjórnarinnar sem tilkynnar voru nú um helgina eru sýndarmennska. Þar er sýnt fram á að skattleysismörk muni hækka um 2.100 kr. á mánuði. Það þýðir hækkun persónuafsláttar um 867 kr. En þegar grannt er skoðað er þetta aðeins sú hækkun sem reikna má með ef launahækkanir verða á árinu um 3–4% og lítið umfram það.

Það má líka minna á það að í síðustu fjárlögum yfirstandandi árs lækkaði ríkisstjórnin persónuafsláttinn um tæpar 400 kr. og það er því hér verið að skila þeirri lækkun til baka að nokkru leyti. Þetta er nú allt og sumt. Á sama tíma eru mörk hátekjuskatts reyndar hækkuð og munar þar um 100 millj. kr. tekjum fyrir ríkisstjórnina. Og enn á í raun að fresta því að taka upp fjármagnstekjuskatt þó að útbúið sé sýndarplagg um það að nú skuli stefnt að því að búa til frv. sem eigi að taka gildi árið 1996.

Ég tel að tilkynning ríkisstjórnarinnar um að nú eigi að setja á fót þessa nefnd sé í raun og veru hjóm eitt. Það er búið að vinna að athugun á þessu máli á undanförnum árum samkvæmt því sem fulltrúar fjmrn. hafa sagt á fundum fjárln. Það liggur því fyrir hvernig er hægt að framkvæma skattlagningu fjármagnstekna. Það sem vantar er vilji hjá ríkisstjórninni og sér í lagi hjá Sjálfstfl. Sá flokkur hefur aldrei viljað taka upp fjármagnstekjuskatt, enda styggir hann þá sína bestu fylgismenn.

Þá eru enn ekki komin fram tekjuáætlunarfrv. ríkisstjórnarinnar, þó ég haldi nú reyndar að þeim hafi verið dreift á borðin hjá okkur fyrir nokkrum mínútum. Það er mjög ámælisvert, bæði hjá þessari hæstv. ríkisstjórn og öllum þeim ríkisstjórnum sem þannig hafa hagað sér, að veigamikil skattafrumvörp skuli ævinlega vera lögð fram í tímahraki rétt fyrir jól og eiga síðan að taka gildi nokkrum dögum seinna. Við getum eiginlega ekki haldið áfram að bjóða fólki upp á svona vinnubrögð. Þær stofnanir þjóðfélagsins sem þurfa að vinna eftir þessum lögum og reglugerðum í framhaldi af því eiga oft mjög erfitt með að koma þeirri vinnu í gang á svo stuttum tíma. Það tekur líka tíma að kynna breytingarnar fyrir starfsfólki og almenningi sem þarf að fara eftir þessum lögum.

Það hefur færst í vöxt hjá núv. hæstv. ríkisstjórn að auka tekjutengingar bóta í almannatryggingakerfinu. Ég tel að tekjutengingar eigi í sumum tilfellum fullan rétt á sér, en þó ber að varast að tengja allar bætur sem fólk á rétt á og hefur unnið sér inn réttindi fyrir með ævistarfinu, það ber að varast að tengja það allt tekjum. Það getur líka orðið vinnuletjandi í sumum tilfellum og jafnvel hvatt til skattundandráttar og ég held að það sé ekki meiningin með tekjutengingunni. Þá er sú árátta stjórnvalda að færa tekjumarkið sífellt neðar, nema reyndar í hátekjuskattinum, því má ekki gleyma. Sú árátta hefur endurspeglast í gerðum þessarar ríkisstjórnar.

Þá vil ég enn gera að umtalsefni, virðulegi forseti, láglaunastefnuna í þessu landi. Þegar við erum að bera okkur saman við löndin í kringum okkur, t.d. Norðurlöndin, þá gleymist það oft að þar eru lægstu laun um það bil helmingi hærri en hér á landi. Sama máli gegnir um atvinnuleysisbætur. Bæði laun og atvinnuleysisbætur eru í engu samræmi við framfærslukostnað. Þessu verður að breyta. En undanfarin ár hefur launabilið í þjóðfélaginu sífellt aukist. Ég veit ekki í hvaða heimi þeir menn lifa sem halda að fólk geti lifað af þessum lágu launum. Svo er verið að fárast yfir því að skuldir heimilanna hækki og hækki. Það er auðvitað afleiðing af láglaunastefnunni. Hins vegar veit ég að þetta breytist svo sem ekki í einu vetfangi. En það verður að vera vilji til að breyta þessu. Hann finnst mér skorta hjá hæstv. ríkisstjórn. Sú vísitölubinding, sem tekin var upp á tíðum óðaverðbólgu, hefur löngu runnið sitt skeið á enda. Það er óréttlátt að þeir einu, sem geta tryggt sig í öllum tilfellum fyrir sveiflum, utan frá eru fjármagnseigendur. Þeir hafa allt sitt á hreinu vegna þeirra trygginga sem lánskjaravísitalan veitir og vegna breytilegra vaxta í bankakerfinu. Þeir sem taka lán geta ekki tryggt sig með neinu móti. Þeir verða í öllum tilfellum að sætta sig við þær ákvarðanir sem bankarnir taka hverju sinni.

Virðulegi forseti. Það er í raun ekkert mikið um fjárlagafrv. að segja því eins og kemur fram í áliti minni hluta fjárln. eru margir lausir endar enn þá, jafnvel enn fleiri en áður hefur verið. T.d. er ekki búið að ganga frá safnliðum, ekki framlagi til sjúkrastofnana á höfuðborgarsvæðinu, ekki frá málefnum háskólans, ekki B-hluta fjárlaga eða 6. gr. og allri tekjuhliðinni.

Ég ætla þá að taka fyrir nokkur atriði sem fram koma í áliti minni hluta fjárln. sem hv. framsögumaður nefndarinnar hefur reyndar gert mjög vel grein fyrir en mér þykir þó ástæða til að taka örfá atriði. Þar sem ég sit einnig í hv. samgn. finnst mér tilheyra að nefna nokkur atriði sem fram koma hér í nál. um samgöngumál. Með leyfi forseta ætla ég að lesa hluta úr kafla um samgöngumál:

„Veruleg lækkun er á heildarframlögum til samgöngumála eða um rúman einn milljarð kr. Lækkun er á framlagi til vegagerðar samkvæmt frumvarpinu. Þó hefur verið tilkynnt um nýjar framkvæmdir fyrir 3,5 milljarða á næstu fimm árum. Af því á að framkvæma fyrir 1.250 millj. kr. á næsta ári. Nú þegar hefur bensíngjald verið hækkað og er það liður í fjáröflun vegna þess átaks. Ekkert liggur fyrir um þetta í frumvarpinu og engar breytingartillögur um vegamál liggja enn fyrir. Það er orðin viðtekin venja hjá ríkisstjórninni að ganga fram hjá hefðbundnum verklagsreglum um skiptingu vegafjár. Nú er boðað að skipta eigi vegafé samkvæmt íbúatölu kjördæma án þess að nokkur umræða hafi farið fram um það á Alþingi.

Þá lækkar framkvæmdafé til vegagerðar einnig í raun um 569 millj. kr. þar sem rekstur ferja og flóabáta er nú alfarið fjármagnaður af vegafé.“ Þegar rekstur ferja og flóabáta var færður yfir til umsjónar hjá Vegagerðinni fyrir þremur árum var um það rætt að framlag til þeirra kæmi ekki af vegafé. Fyrsta árið var það framlag, sem þar var lagt fram, algerlega utan vegáætlunar. Á næsta ári fór það í rúmar 200 millj. kr. sem tekið var af vegafé og viðbótin kom í sérstöku framlagi. Nú er það orðið svo að á næsta ári á að taka algerlega allan rekstur ferja og flóabáta af vegafé. Og það gerir í fjárlagafrv. 569 millj. kr. Síðan segir:

„Skerðing á mörkuðum tekjustofnum Vegagerðar af bensíngjaldi og þungaskatti er um 275 millj. samkvæmt frumvarpinu og þannig er skerðing á framkvæmdafé orðin 844 millj. kr. samtals. Á sama tíma hælir ríkisstjórnin sér af að hún hafi ákveðið að viðbótarfé, sem nemur 1.250 millj. kr., komi í sérstöku framkvæmdaátaki.“

Það má einnig geta þess að fyrir tveimur árum ákvað ríkisstjórnin sérstakt framkvæmdaátak í vegagerð sem átti að vera rúmir 2 milljarðar kr. og af því var síðasti hlutinn 450 millj. sem átti að vera til framkvæmda á yfirstandandi ári. Nú fellur það niður. Það á ekki að nýta það framlag á þessu næsta ári heldur kemur nýtt framkvæmdaátak svokallað sem er upp á þessar 1.250 millj. kr.

Þannig er ríkisstjórnin að skerða það vegafé sem Alþingi ákveður skiptingu á en hyggst ákveða að eigin geðþótta hvernig verja á milljörðum króna í aðrar vegaframkvæmdir en eru á vegáætlun.

Þá hefur einnig sú breyting verið gagnrýnd mjög mikið sem er í fjárlagafrv. um flugmálaáætlun. Að skerða framkvæmdafé til flugvalla um 70 millj. kr. og fjármagna rekstur flugvalla þar með einnig af mörkuðum tekjustofnum flugmálaáætlunar.

Mér er kunnugt um að hv. 1. þm. Vestf. var m.a. einn af þeim sem stóðu að þessari lagasetningu um

framkvæmdir í flugmálum og hvernig fjár til þess skyldi aflað. Ég hef trú á því að hann sé ekki alveg sáttur við það að verið sé að breyta þessu og taka af þessu framkvæmdafé til rekstrar. Væri fróðlegt að heyra afstöðu hans á hinu háa Alþingi en því miður sýnist mér hann ekki vera viðstaddur. Það hlýtur að liggja fyrir í framhaldi af þessari breytingu, ef samþykkt verður, að það verði að taka upp á flugmálaáætlun, sem samþykkt var á síðasta þingi, og breyta þeim framkvæmdum sem þá voru ákveðnar.

Ferðamálin, virðulegur forseti, eru kapítuli út af fyrir sig. Þar er enn einu sinni skert lögbundið framlag sem er bundið tekjum Fríhafnarinnar og er það nú að gerast að ég held í sjöunda eða áttunda sinn. Raunar er ekki nema átta eða níu ár síðan lög voru sett um tekjur Ferðamálaráðs en það var aðeins á fyrsta árinu sem farið var eftir þeim lögum. Síðan hefur það framlag alltaf verið skert sem Ferðamálaráð átti að fá og mun framreiknuð upphæð, sem felst í skerðingunni, vera orðin í kringum milljarður kr. í dag. Skerðingin til Ferðamálaráðs er þeim mun óskiljanlegri þar sem ferðaþjónustan er orðin annar stærsti aðilinn í gjaldeyrisöflun þjóðarbúsins og þar er raunar einn helsti vaxtarbroddur nýrrar atvinnustarfsemi. Það virðist stjórnvöldum eiginlega ekki verið ljóst því þau hafa auk þeirrar skerðingar, sem ævinlega er ákveðin árlega, aukið álögur á þessa atvinnugrein með virðisaukaskatti. Þannig hefur sífellt verið hert að þeim sem stunda þessa atvinnu og reyna að byggja hana upp hér á landi því flestir þeir sem þurftu núna að leggja 14% virðisaukaskatt á þjónustu eins og gistiþjónustu hafa tekið það á sig án þess að hækka gjaldskrár sínar þar sem þeir töldu það naumast hægt án þess að það yrði til að draga úr þeirri aukningu í ferðaþjónustu sem þó hefur verið. Einnig má nefna að fjöldi erlendra ferðamanna, sem af er árinu, eru 166 þúsund talsins og það er 15% aukning frá sama tíma í fyrra. Áætlað er að fjöldi erlendra ferðamanna verði rúmlega 180 þús. á yfirstandandi ári. Þar með er einnig gert ráð fyrir að gjaldeyristekjur muni aukast um 9% á milli áranna 1993 og 1994 og verði í árslok um 16 milljarðar kr. Eins og ég sagði áðan gefur ferðaþjónustan næstmestu gjaldeyristekjur í ár á eftir sjávarútvegi sem er okkar helsti gjaldeyrisöflunaratvinnuvegur. Þarna munar raunar mest um aukningu í fargjaldatekjum. Þær hafa aukist um 20% frá sama tíma í fyrra. Hins vegar hafa gjaldeyristekjur af eyðslu ferðamanna hér á landi aukist lítið á milli ára og það bendir til þess að þeim ferðamönnum hafi fjölgað sem hafa stutta viðdvöl hér á landi en gjaldeyristekjur af ferðamönnum eru um 11% af útfluttri vöru og þjónustu.

Í umhverfismálum væri margt hægt að segja. Mér virðist á þeirri stuttu greinargerð, sem er með fjárlagafrv., að stefnumörkun vanti í umhverfismálum. Undanfarin ár hefur mikið verið rætt um að það þyrfti að gera átak í sorphirðumálum hér á landi og ekki hvað síst með tilliti til þess að bæta ímynd landsins út á við. En nú á samkvæmt fjárlagafrv. að lækka framlag til átaks í sorphirðumálum þó að öll sveitarfélög hafi skorað á ráðuneytið að beita sér fyrir auknum framlögum á því sviði. Þar er mikil þörf á úrbótum sem eru svo kostnaðarsamar að fá sveitarfélög ráða við það. Þó lokið sé úttekt á þessum málum sem ráðuneytið hefur reyndar unnið að í samvinnu við Samband ísl. sveitarfélaga er ekki nóg þegar ekki er hægt að fjármagna nauðsynlegar úrbætur. Það er ekki nóg að setja lög og vísa því ævinlega á sveitarfélögin að þau eigi að sjá um úrbætur án þess að þeim séu tryggðir tekjustofnar til þessara hluta. Má benda á að afkoma sveitarfélaga hefur versnað mikið undanfarin ár. Í fjármálum þeirra var jafnvægi árið 1990 en í fyrra var hallinn komin í 4,7 milljarða kr. og á þessu ári stefnir í svipaðan halla eða jafnvel nokkru meiri. Hallinn samsvarar í raun og veru 15% af tekjum sveitarfélaga og þetta er meiri halli en nokkurn tímann hefur þekkst hjá sveitarfélögunum um langt skeið.

Síðan er ákvörðun hæstv. umhvrh. um að færa veiðistjóraembættið til Akureyrar. Það er alveg óvíst að sú ráðstöfun muni leiða til einhvers sparnaðar fyrir umhvrn. eða til hagræðingar. Nú þegar hefur verið bætt við stöðugildum fyrir þá starfsmenn sem ætla ekki að flytja með embættinu. Annað er staðsett í Náttúrufræðistofnun og hitt í Háskóla Íslands. Þannig ætlar hæstv. umhvrh. að koma sér út úr þeirri klípu sem hann er kominn í vegna þeirra ákvarðana sem hann tók í sambandi við flutning veiðistjóraembættisins. Óneitanlega er svolítið einkennilegt á sama tíma og Háskóli Íslands er sveltur hvað varðar fjármuni að skuli stjórn háskólans fá bréf frá hæstv. umhvrh. sem býðst til að búa til eina stöðu við Háskóla Íslands til að taka við öðrum starfsmanni frá veiðistjóra. Það virðist ekki vanta peninga til þessa máls hvort sem það er eitthvað sem umhvrh. lúrir á eða hvort hann ætlar hugsanlega að nýta þá fjármuni sem hann fær fyrir veiðikortasölu, sem ákveðin var á síðasta þingi þegar samþykkt voru ný lög, svokölluð villidýralög, til að búa til þessa stöðu skal ég ekkert um segja en mér hafði skilist á umræðum um það frv. á sínum tíma að það fé yrði notað til þess að auka rannsóknir og vernda viðkvæma náttúru landsins fyrir þeim spjöllum sem hugsanleg ofveiði gæti valdið.

Það er fleira í umhvrn. sem athugavert er. Raunar bendir hv. umhvn. á það í sínu áliti til fjárln. að ýmsu sé ábótavant. Þar vanti fjármuni til ýmissa mála. Umhvn. bendir einnig á það að greinargerðin með fjárlagafrv. sé ekki nægilega skýr, það sé ekki gerð nógu vel gein fyrir einstökum málaflokkum með hliðsjón af stefnu og markmiðum stjórnvalda. Nefndin bendir m.a. á að *Hollustuvernd ríkisins sé fjársvelt.* Það sé bætt á hana auknum verkefnum og stefni í 3–4 millj. kr. halla á þessu ári. Miðað við fjárlagafrv. og óbreyttar forsendur í starfsemi Hollustuverndar eru horfur á því að hallinn aukist enn þá meira á næsta ári, jafnvel í 7–8 millj. kr. Í frv. er gert ráð fyrir aukningu á sértekjum en forsvarsmenn Hollustuverndar telja að ekki séu líkur á að þau áform nái fram að ganga. Forsvarsmenn Hollustuverndar benda einnig á að undanfarið hafi alþjóðlegum skuldbindingum verið gefinn forgangur umfram innlend verkefni en forsvarsmenn stofnunarinnar telja að það geti ekki gengið lengur og sé nauðsyn-

legt að framlag til stofnunarinnar verði aukið.

Þá er einnig bent á að það vantar fjárveitingar til Náttúrverndarráðs en þær hafa verið í lágmarki um margra ára skeið. Sérstaklega er bent á að ferðafólki í þjóðgarðinum í Jökulsárgljúfrum hafi fjölgað, t.d. um 102% á milli áranna 1993 og 1994, og landverðir hafa upplýst að það hafa orðið alvarlegar skemmdir og ófullnægjandi umhirða sé á viðkvæmum svæðum eins og t.d. við Leirhnjúk og Dettifoss. Einnig er bent á að engin landvarsla hafi verið á nokkrum friðlýstum svæðum á landinu og eru nokkur reyndar tiltekin. Það er því alveg augljóst mál að það ráðuneyti sem ég tel að hafi mjög mikilvægu hlutverki að gegna, þ.e. umhvrn., vantar bæði raunhæfa stefnumörkun og fjármagn til að fylgja stefnumörkun eftir og það er víða skortur á fjármagni til nauðsynlegra aðgerða í sambandi við verndun umhverfisins.

Gert er ráð fyrir að Veðurstofan, sem einnig fellur undir umhvrn., nái sér í 10 millj. kr. auknar tekjur á næsta ári en forsvarsmenn hennar telja að það verði 10–20 millj. kr. halli á þessu ári og svipað á næsta ári ef ekkert er tekið á því máli með brtt. Telur veðurstofustjóri raunar að ef ekki komi til hækkun um 20 millj. kr., segir í áliti umhvn., frá því sem gert er ráð fyrir þá sé fyrirsjáanlegt að draga þurfi saman starfsemi og segja upp starfsfólki. Það væri fróðlegt að heyra hvað hv. þm. Magnús Jónsson, sem er veðurstofustjóri og situr nú á Alþingi, hefur að segja um þessi málefni Veðurstofunnar.

Að lokum bendir minni hlutinn umhvn. á að það sé mikilvægt að fjárveitingar verði auknar en ekki haldið í slíku lágmarki sem er svo að það bitni ekki á náttúru landsins og markmiðum sem stjórnvöld hafa sett sér um þennan málaflokk í heild og að slík vanræksla geti valdið óbætanlegu tjóni.

Virðulegi forseti. Eitt er það sem ég hefði gjarnan viljað gera að sérstöku umtalsefni við 2. umr. um fjárlagafrv. en það eru atvinnumál kvenna. Við kvennalistakonur höfum leyft okkur að leggja fram brtt. við frv. til fjárlaga um að við 4. gr. 07-981 Vinnumál, Atvinnumál kvenna, að fyrir „20 millj. kr." komi 200 millj. kr.

Það má nefna að í sambandi við landkynningu vegna HM þá vafðist ekkert fyrir meiri hluta fjárln. að ákvarða 20 millj. kr. til þeirrar landkynningar í brtt. Það vafðist heldur ekkert fyrir þeim að leggja fram 15 millj. kr. á fjáraukalögum 1994 til markaðsskrifstofu iðnrn. og Landsvirkjunar sem ætlar að leita leiða til að koma á sinkverksmiðju. Þess vegna er ekki óeðlilegt að hækka þessar fáu millj. sem ætlaðar eru til atvinnumála kvenna allverulega. Það má líka minna á að í fjárlögum yfirstandandi árs var liðnum Atvinnumál kvenna á landsbyggðinni breytt í Atvinnumál kvenna, þ.e. fyrir allt landið. Það er út af fyrir sig ekkert nema gott um það að segja ef fjárlagaliðurinn hefði verið hækkaður eitthvað verulega. Hann hafði verið 50 millj. tvö undanfarin fjárlagaár en hann var einungis hækkaður um 5 millj. þó öllum konum á Stór-Reykjavíkursvæðinu væri bætt við myndina. Hann var 20 millj. og er 20 millj. á fjárlögum yfirstandandi árs. Ég tel að hér þurfi verulega að taka á og legg því til ásamt öðrum þingkonum Kvennalistans að þessi liður verði hækkaður í 200 millj. kr.

Það er óumdeilanlegt að þau framlög sem hafa farið af þessum lið á síðustu árum hafa haft mikið að segja. Það hefur orðið vakning í atvinnumálum kvenna um allt land. Það starf á Ísafirði t.d., sem nú hefur verið í rúmt ár, til að aðstoðar konum í atvinnusköpun hefur þegar á einu ári skilað einum sjö störfum auk þess sem sprottið hafa upp handverkshópar víða um land sem framleiða ýmsa vöru til sölu. Margt af því eru minjagripir en líka ýmsir nytjahlutir sem vel er hægt að hugsa sér að séu vísir að meiri framleiðslu í náinni framtíð. En það er enn eftir að vinna bug á tortryggni þeirra kerfiskarla sem líta með lítilsvirðingu á þessa viðleitni kvennanna. Þeir tala um að hér sé aðeins um tómstundastarf að ræða sem sé svo sem ágætt en skili engu í auknum störfum. Hjá þeim er það stóriðjan sem er það eina sem um má tala sem atvinnusköpun. Sinkverksmiðja, útflutningur raforku um sæstreng, nýtt álver og sitthvað fleira. Sú stóriðja sem við kvennalistakonur höfum lagt fram frv. um, vetnisframleiðslan, þar sem nýting raforkunnar væri innan lands og væri ekki mengandi fyrir umhverfið, þar sem aðeins væri verið að nýta vatn og raforku, fær lítinn hljómgrunn. Á meðan ekki er horft til framtíðar, viðurkennt að margt smátt gerir eitt stórt, þá er ekki við miklu að búast. Og á meðan umhverfisumræðan hér á landi er svo skammt á veg komin sem raun ber vitni að við tökum ákvarðanir í umhverfis- og atvinnumálum án þess að hugsa um afleiðingarnar fyrir framtíð landsins þá getur hvenær sem er komið að því að hér verði stórfellt umhverfisslys sem erfitt verði að bæta. Við ættum því að gera okkur það ljóst að við byggjum ekki þetta land nema í sæmilegri sátt við náttúru landsins eins og ég nefndi áðan í umhverfismálaumræðunni.

Virðulegi forseti. Ég veit ekki hvað ég á að halda áfram að rekja þau mál sem hægt er að tala um í fjárlagafrv. Það er ljóst að margir eiga eftir að taka til máls og koma þá sjálfsagt inn á fleira en mér hefur unnist tími til að ræða eða undirbúa mig undir. Ég vil að lokum segja þetta: Það er ljóst að það er mikil vinna enn þá eftir við fjárlagafrv. og það er ekkert hægt að segja um það á þessari stundu hvernig fjárlögin líta endanlega út. Það er ekki hægt að sjá hver hallinn verður endanlega í þeim brtt. sem hér liggja fyrir. Þar er reyndar aukning upp á rúmar 300 millj. kr. en tilkynning ríkisstjórnarinnar frá því á laugardaginn hefur ekki enn verið útfærð nánar en hún hlýtur að auka hallann um 1–1,5 milljarða a.m.k. Þá er raunar eftir að bæta við framlagi til Atvinnuleysistryggingasjóðs sem nemur 600 millj. kr. samkvæmt fjárlagafrv. og sveitarfélögunum var áður gert að greiða. Það getur ekki verið að þær bara hverfi rétt út í vindinn, einhvers staðar hlýtur að verða að finna þær milljónir til að leggja í Atvinnuleysistryggingasjóð því ekki er spáð minna atvinnuleysi á næsta ári en er núna.

Fleira mætti örugglega tína til en ég tel að því miður sé þetta fjárlagafrv. sett í fallegan búning til að slá ryki í augu landsmanna vegna komandi kosninga. Og

forsendur þess munu ekki standast.

[17:12]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Fjárlagafrv. er að venju það frv. sem lýsir best stefnu ríkisstjórnar á hverjum tíma og áformum hennar jafnframt sem í umræðu um það átta menn sig á því að ekki hefur kannski allt gengið eins og skyldi frá því á árinu á undan, samkvæmt þeim áformum sem menn lögð í umræðunni næst á undan og bera saman reynsluna og frv. og leiða líkur að því hvernig til muni takast.

Ég vil fyrst víkja að fjármálastefnu ríkisstjórnarinnar gagnvart ríkissjóði og rifja upp þau áform sem núv. stjórnarflokkar höfðu í þessum efnum og þá sérstaklega Sjálfstfl. Ég tel rétt að gera það þar sem hér er um að ræða síðasta fjárlagafrv. sem þessi ríkisstjórn mun flytja á Alþingi. Væntanlega mun hún ekki fá endurnýjað umboð til þess að halda áfram á sömu braut, eins og hún hefur nú skilað af sér gagnvart skattgreiðendum í landinu og ég mun víkja að síðar í ræðu minni.

Við skulum rifja upp hvernig að þessum málum var komið í upphafi kjörtímabilsins og í kosningabaráttunni. Sá flokkur sem hefur forustu með höndum í þessari ríkisstjórn, Sjálfstfl., lagði mikla áherslu á að gagnrýna þáv. ríkisstjórn og sérstaklega fjmrh. og gera hlut þeirrar ríkisstjórnar sem verstan og reyna með miklu málæði og áróðri að telja landsmönnum trú um að mönnum hefði tekist illa til í þeirri ríkisstjórn og skilað af sér slæmu búi til þeirrar ríkisstjórnar sem síðan tók við.

Ég vil rifja upp að í kosningastefnuskrá Sjálfstfl. var einmitt vikið mjög að því og fyrrv. ráðherrum sendur tónninn með óvenjulegum hætti. Satt best að segja þá hef ég ekki séð svona hrokagikkslegan málflutning í stjórnmálum og var þá einkenni Sjálfstfl. og nægir að minna á það sem stendur í kosningayfirlýsingu Sjálfstfl. frá þeim tíma og hv. þm. Egill Jónsson man glöggt en þar stendur t.d., með leyfi forseta, í palladómi flokksins um fyrri ríkisstjórn: „Í tíð ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar hefur siðgæði í stjórnmálum versnað. Sjálfbirgingsháttur og innantómar yfirlýsingar ráðherra í tíma og ótíma setja æ sterkari svip á þjóðmálaumræðuna."

Menn þurfa ekki að fara lengra aftur en til umræðunnar í gærkvöldi þegar verið var að afhjúpa yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar til að sjá að þessi lýsing á fyrst og fremst við þá sem settu hana fram. (**Gripið fram í:** Var það ekki mannúð og mildi?) Já, mannúð og mildi var bara fyrir kosningar. Það hefur lítið farið fyrir þeim einkunnarorðum Sjálfstfl. eftir konsingar. Hvorki mannúðin né mildin hafa fengið stórt pláss í stefnu stjórnarinnar né ræðum talsmanna hennar. (**Gripið fram í:** Það má breyta því.) Það er nokkuð seint að breyta því, hv. þm., á síðustu dögum kjörtímabilsins. En það er ljóst að stjórnarliðar gera sér grein fyrir því að staðan er erfið og það er nauðsyn á því að reyna að auka álit sitt gagnvart kjósendum og því grípa þeir til þess að setja fram með ólíkindum ómerkilegar yfirlýsingar eins og var verið að afhjúpa hér í gærkvöldi í umræðum um ráðstafanir í ríkisfjármálum.

Því nefni ég þetta dæmi um umræðurnar í gærkvöldi og yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar að það sannast á ríkisstjórninni að sú einkunn sem hún gaf öðrum hæfir fyrst og fremst henni sjálfri. Því miður verð ég að segja að ég held að engin dæmi séu um að menn hafi gerst svo ósvífnir eins og núv. fulltrúar ríkisstjórnarinnar þar sem þeir reyna að blekkja fólkið æ ofan í æ með framsetningu mála, t.d. varðandi skattleysismörkin eða þá að menn reyna ítrekað að telja fólki trú um að þeir séu að standa fyrir átaki í þörfum málum eins og vegamálum með því að veifa alltaf sömu krónunni, draga hana svo til baka þegar frá líður og veifa henni svo aftur þegar menn eru farnir að gleyma yfirlýsingunum sem fram voru settar. (**Gripið fram í:** Það er nokkuð til í þessu.) Það er nokkuð til í þessu. Já, ég veit að hv. stjórnarþingmenn viðurkenna að það er nokkuð til í þessu. Við getum rifjað t.d. upp vegamálin. Nú kemur ríkisstjórnin fram og segir eins og stendur í yfirlýsingunni, með leyfi forseta: „Ríkisstjórnin hefur samþykkt að verja 3,5 milljörðum kr. til öflugs átaks í vegamálum á næstu fjórum árum. Þar af kemur rúmlega þriðjungur, eða kr. 1.250 millj., til framkvæmda þegar á næsta ári."

Lítum aðeins á þetta. Ég nenni ekki að fara að gera að stórmáli textann í yfirlýsingunni en hann er mjög óvenjulegur, að segja eins og hér: „Ríkisstjórnin hefur samþykkt". Ég hélt að það væri Alþingi sem samþykkti vegáætlun. En í þessum texta er það ríkisstjórnin sem ákveður hlutina og hefur tekið þá að sér. Við skulum ekki gera stórmál úr því að sinni. En þessar 1.250 millj. sem er veifað framan í fólk um átak í vegamálum á næsta ári. Er það svo mikið átak þegar grannt er skoðað? Nei, því miður, því ég vildi gjarnan að menn eyddu verulegum peningum til vegamála, meira en menn hafa treyst sér til að gera. Það kemur fram í nál. minni hlutans að ríkisstjórnin er að taka af því fé sem ætlað er til framkvæmda í vegamálum 275 millj. beint í ríkissjóð. Þar að auki eru teknar rúmlega 500 millj. af því fé sem áður fór til framkvæmda í vegamálum og það er nýtt til þess að borga hlut ríkisins í rekstri og stofnkostnaði á ferjum og flóabátum. Þar er því samtals um að ræða um 840 millj. kr. sem menn eru búnir að skerða það fjármagn sem á að renna til vegamála.

Til viðbótar þessu þá er ríkisstjórnin að taka til baka þriðja og síðasta árið í framkvæmdaátakinu mikla í vegamálum. Það var nokkuð stór peningur sem var áformað að verja á næsta ári í það framkvæmdaátak. Mig minnir reyndar að það hafi verið um 450 millj. (**Gripið fram í:** Það passar.) Það er staðfest að það sé rétt munað. Og ef ég legg þá tölu við þær 840 millj. sem ég var áður búinn að leiða fram þá erum við komnir með ríflega þá upphæð sem nú er verið að ýta að fólki og segja mönnum að sé stórkostlegt átak í vegamálum. Þegar við greinum það mál þá stendur eftir að menn eru að setja sama fjármagn í framkvæmdir í vegamálum og hefði verið gert ef menn hefðu fylgt vegáætlun fyrri ríkisstjórnar. Átakið er því ekki neitt, því miður. Menn eru búnir að skerða þessa peninga með því að taka þá í önnur verkefni eða ríkissjóð og

koma síðan með viðbætur og kalla það átak en það gerir ekkert annað en rétt duga til að borga skuldirnar sem menn hafa myndað með þessum skerðingum sínum. Þetta er því einn allsherjar blekkingaleikur með vegamálin á næsta ári eins og verið er að draga fram. En því miður er það slæma í því að menn eru að breyta þeim verkefnum sem á að fara í. Ef menn hefðu ekki verið að krukka í þessa peninga eins og gert hefur verið þá hefði fénu verið varið til verkefna samkvæmt vegáætlun og samkvæmt skiptingu í henni. En menn eru núna að breyta því og setja aðrar framkvæmdir inn með annarri skiptitölu. Menn eru að taka fé sem hefði átt að fara til framkvæmda að nokkru leyti á landsbyggðinni og færa það yfir á höfuðborgarsvæðið. Það finnst mér ekki vel gert þegar samgöngur á landsbyggðinni eru að mörgu leyti svo slæmar víðast hvar eins og raun ber vitni, bæði að slitlag vantar á vegi og víða vantar vegi sem eru færir allt árið um kring. Ef menn ætla sér í framkvæmdaátak og taka fyrir einhver verkefni sem mega ekki bíða eftir að þeirra tími komi í vegáætlun þá eiga menn að gera það átak utan vegáætlunar. Menn eiga ekki að taka slík verkefni og nota þau til að riðla hefðbundinni skiptingu. Ég hlýt að mótmæla því, virðulegur forseti, að ríkisstjórnin er að níðast á landsbyggðinni með þessu háttalagi sínu þó ég sé á engan hátt að mæla gegn því að ýmis verkefni á höfuðborgarsvæðinu eru þörf og menn eiga að fara í þau. Ég er enginn úrtölumaður hvað það varðar. En ég tel að menn eigi þá að efna til átaks í þeim málum og fjáröflunar til að standa undir því átaki og halda því utan við hefðbundna skiptingu vegafjár og hefðbundna vegáætlun.

Í þessum efnum er ég verulega ósammála hæstv. ríkisstjórn eins og hún hefur vísvitandi sett fram þessi mál, núna síðast með yfirlýsingu sinni um átak í vegamálum sem birtist sl. laugardag. Menn eiga ekki, virðulegur forseti, að skrökva vísvitandi að fólki og mér finnst slæmt að hæstv. ríkisstjórn skuli hafa gert sér far um að reyna að blekkja fólk, þar með talið í samgöngumálum. Það eiga menn auðvitað ekki að gera. Telji stjórnarflokkar sig þurfa að skera niður fé, sem stundum getur verið réttlætanlegt ef aðstæður eru mjög erfiðar, þá eiga menn að segja það og færa fram sín rök og reyna að sannfæra aðra um það en menn eiga ekki að grípa til blekkingaleiks eins og talsmenn hæstv. ríkisstjórnar hafa gert í þessu efni. Það grátbroslega í þessu öllu er að ríkisstjórnin er ekki að gera annað í vegamálum en að setja það fé sem annars hefði verið sett samkvæmt vegáætlun fyrri ríkisstjórnar en hún er búin að bæta á nýjum skatti. Hún er búin að hækka bensíngjaldið sérstaklega til að standa undir óbreyttri framkvæmdagetu. Þetta hafa þeir ekki sagt, talsmenn ríkisstjórnarinnar. Og það ber að minna þá á það og hvetja þá til að viðurkenna að þeir hafi lagt sérstakan skatt á bílaeigendur til að standa undir óbreyttum framkvæmdum í vegamálum. Menn verða að kannast við það þegar á það er bent. Og mér finnst það satt að segja ámælisvert að menn reyni að klæða málið í þann búning eins og gert er í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar svo ég nefni síðasta dæmi en alls ekki það eina.

Virðulegur forseti. Ég var í upphafi að tala um árangur ríkisstjórnarinnar í fjármálum á sínum ferli og rifja upp hvernig Sjálfstfl. hafði uppi miklar heitstrengingar í þessu efni. Ég vil sem dæmi vitna til þess að í áðurnefndri yfirlýsingu Sjálfstfl. frá 1991 segir, með leyfi forseta:

„Fjármál ríkisins verði tekin nýjum tökum. Fyrsta skrefið verði að hverfa frá skattahækkunarstefnu ríkisstjórnarinnar og ná jafnvægi í fjármálum ríkisins. Þensla í umsvifum ríkiskerfisins verði stöðvuð og raunverulegum sparnaði náð. Í framhaldi af því verði unnið að því að lækka skatta."

Nú skulum við rifja upp hvernig til hefur tekist. Hvernig hefur árangur ríkisstjórnarinnar verið mældur á afkomuna í fjárlögum? Ef menn leggja saman hallatölur fjárlaga þessarar ríkisstjórnar og ríkisreiknings þar sem hann liggur fyrir þá er halli ríkisstjórnarinnar á bilinu 35–40 milljarðar kr. eftir því hvernig menn reikna árið 1991, hversu mikið af halla þess árs menn ætla núv. ríkisstjórn. En það er ekki ósanngjarnt að ætla henni töluverðan hluta af þeim halla af því hún sat jú tvo þriðju af því ári. Þetta markmið Sjálfstfl. um jafnvægi í fjármálum ríkisins hefur þannig mistekist hrapallega. Aldrei fyrr í Íslandssögunni á lýðveldistímanum hefur ríkisstjórn mistekist jafnilla í þessum efnum. Það eru ekki dæmi um nokkra aðra ríkisstjórn sem hefur náð að safna jafnmiklum halla upp á sambærilegum tímum. Það verður því ekki annað sagt en að ríkisstjórninni hafi mistekist hrapallega í þeim efnum. Sjálfstfl. hlýtur að eiga það mál að miklu leyti því hann hefur tögl og hagldirnar í fjármálum ríkisins og fer með þau embætti í ríkisstjórninni sem mestu varða í efnahagsstjórninni þannig að árangursleysi í þessum efnum hlýtur að skrifast á hann meira og minna. Það er nöturlegt að horfa upp á það hve einum stjórnmálaflokki geta verið mislagðar hendur í stjórnarstefnu að svona skuli nú til takast.

Þetta var fyrsta markmiðið sem hefur fokið. Í öðru lagi geta menn nefnt tölur um skuldasöfnun hins opinbera á tímum núv. ríkisstjórnar. Það hefur áður verið rifjað upp úr þessum ræðustól. Það gildir það sama um skuldasöfnunina hjá hinu opinbera og ríkissjóði á tímum núv. ríkisstjórnar og ég gat um varðandi fjárlagahallann. Það hefur aldrei tekist á sambærilegum tíma að safna jafnmiklum skuldum og nú hefur verið gert. Núv. ríkisstjórn á Íslandsmet hvað það varðar rétt eins og hún á Íslandsmet í fjárlagahalla á sínum tíma.

Það er alveg ljóst fyrir hæstv. ríkisstjórn, sem hefur haft mjög sterka stöðu í þinginu og getað komið nánast öllu fram sem hún hefur viljað, ekki hefur samstarfsflokkurinn verið mikið til trafala því hann hefur að því er best verður séð fylgt sömu fjárlaga- og efnahagsstefnunni, þá er þetta ömurlegur dómur yfir stefnu Sjálfstfl. í ríkisfjármálum og bætist nú við þann ömurlega dóm sem sami flokkur kvað yfir sjálfum sér meðan hann fór með forustu í ríkisstjórn næst á undan þessari, þ.e. í ríkisstjórninni 1987–1988, þegar tókst á skömmum tíma að fara svo með efnahagsmálin úr böndunum að sjávarútvegurinn var settur algerlega á hnén þar sem menn hafa verið að berjast meira og

minna síðan með skuldir sem söfnuðust upp í tíð þeirrar ríkisstjórnar og að verulegu leyti vegna ákvarðana sem hún tók eins og fastgengisstefnunni, svo ég nefni það nú sérstaklega.

Þannig er nú, virðulegi forseti, að árangur af því að láta Sjálfstfl. fara með stjórn ríkisfjármála og stjórn ríkisstjórnar er afar slæmur. Það verður ekki önnur ályktun dregin en sú að þjóðin hefur ekki efni á því að hafa Sjálfstfl. við völd. Það kostar okkur, þjóðina, of mikið að láta Sjálfstfl. valsa um í Stjórnarráðinu og því fyrr sem menn átta sig á því og koma þeim flokki út úr Stjórnarráðinu þeim mun betra verður það fyrir þjóðina hvað þau atriði varðar sérstaklega sem ég hef verið að fjalla um.

En það getur líka verið betra fyrir þjóðina að öðru leyti og skal ég nú víkja að því. Menn meta líka ríkisstjórn út frá þeirri stefnu sem hún fylgir í skattamálum og við sjáum í þessu fjárlagafrv. mjög sterkar pólitískar áherslur, áherslur núverandi ríkisstjórnarflokka og sérstaklega Sjálfstfl. gagnvart launafólki. Við sjáum með hverjum hann stendur í þjóðfélaginu, hvort hann stendur með þeim sem hafa háar tekjur eða þeim sem hafa lágar tekjur og við sjáum það glögglega í þeim ákvörðunum sem kynnar eru í fjárlagafrv. hvort Sjálfstfl. stendur með þeim sem hafa mörg börn eða þeim sem hafa engin börn, með þeim sem eru að byggja eða kaupa húsnæði eða með þeim sem þurfa þess ekki heldur geta safnað peningum inn á bankabók. Við sjáum þetta nefnilega á mörgum sviðum og m.a. í áherslum gagnvart þeim sem eru atvinnulausir. Við skulum rifja upp nokkur atriði til þess að fólk geti glöggvað sig á þeirri pólitík sem Sjálfstfl. rekur og hefur rekið á þessu kjörtímabili með öflugum stuðningi Jafnaðarmannaflokks Íslands og nágrennis. Og við skulum rifja upp ... (**Gripið fram í:** Er það Kolbeinsey og eitthvað svoleiðis eða hvað?) Ja, það er nú synd og skömm, virðulegi forseti, að hér skuli ekki sjást nokkur alþýðuflokksmaður í salnum en það hefði vissulega verið ánægjulegt að hafa á sem flesta í salnum (**Gripið fram í:** Nei, það er það ekki.) en ég skil það vel að þeir flýi sem skjótast úr salnum þegar á að fara að rifja upp hvernig þeir hafa staðið sig í ríkisfjármálum og skattastefnu gagnvart fólkinu í landinu. (**StB:** Jóhanna Sigurðardóttir.) Hér er bent á einn jafnaðarmann að eigin sögn, (**GHall:** Í hjáleigunni.) en hann er nú búinn að segja sig úr þeim flokki, a.m.k. um sinn. Að vísu var það ekki vegna málefnaágreinings að sögn heldur vegna annarra ástæðna sem ég tel ekki þörf á að gera að umtalsefni í ræðu um ríkisfjármál.

Ef við lítum á beinu skattana, og þykir mér vænt um það að oddviti Sjálfstfl. skuli halda sig í salnum til þess a.m.k. að hlýða á mál mitt og ber það vott um nokkurn kjark af hans hálfu að leyfa sér það. Lítum á beinu skattana. Hvernig hafa þeir sýnt stefnu Sjálfstfl. gagnvart almenningi í landinu, gagnvart þeim sem eiga peninga og þeim sem ekki eiga peninga? Jú, við sjáum það gleggst í nýjasta útspili ríkisstjórnarinnar um hátekjuskattinn og skattleysismörkin. Ef við skoðun hvað ríkisstjórnin ætlar að gera til að lækka skattbyrði almennra launamanna og hvað hún ætlar að gera til að lækka skattbyrði þeirra sem hafa háar tekjur, þá sjáum við að ríkisstjórnin ætlar ekki að lækka skattbyrði þeirra almennu launþega sem um er að ræða. Áform um breytingu í skattleysismörkum er ekki meira en sem nemur áformaðri launaþróun þannig að menn eiga að borga sama háa skattinn og var. Það er tilkynning Sjálfstfl. til launþega á Íslandi. En þegar kemur að þeim sem hafa háar tekjur þá tilkynnir Sjálfstfl. að hann hafi hækkað skattleysismörkin um 25 þús. kr., hann ætli að hækka skattleysismörkin um 25 þús. kr. eða um 12,5%. Og ef um hjón er að ræða, þá hækkar hann skattleysismörkin um 50 þús. kr. Það er tilkynning Sjálfstfl. til landsmanna að hann ætli að hækka skattleysismörk þeirra sem hafa háar tekjur en hann geri ekki meira en að halda í við launaþróun þegar um er að ræða almenna skattlagningu tekna. Þarna er auðvitað um að ræða pólitíska áherslu sem ber að draga fram og staðfestir og er í eðlilegu samræmi við stefnu Sjálfstfl. hingað til í þessum efnum því að hann hefur ævinlega hugsað fyrst og fremst og litið á sig sem málsvara þeirra sem hærri hafa tekjurnar þannig að það kemur svo sem ekkert mikið á óvart. En alveg sérstaklega er hækkunin á skattleysismörkum hátekjuskatts athyglisvert og annað sem er athyglisvert í þeim efnum er að hátekjuskatturinn framlengdur bara í eitt ár svo að Sjálfstfl. ætlar að sjá til þess að sá skattur verði ekki á nokkurn hátt varanlegur af hans völdum. Sjálfstfl. leggur mikla áherslu á að þjóðin átti sig á því að hátekjuskatt vill hann ekki hafa og alls ekki nema í algerri neyð og þá til afmarkaðs tíma. Hins vegar er ekki það sama að segja um hækkun skatta á almennar launatekjur.

(**Forseti** (KE): Forseti vill inna hv. ræðumann eftir því hvort hann sé að ljúka ræðu sinni eða hvort hann sé kominn þar í ræðu sinni að hann geti gert örstutt hlé því að forseti hefur hug á að leita afbrigða vegna breytingartillagna sem fram hafa komið þannig að ég vildi athuga hvort ræðumaður getur gert hlé á ræðu sinni nú eða fljótlega.)

Já, virðulegi forseti. Ég hafði hugsað mér að reyna að klára þetta á nokkrum mínútum.

(**Forseti** (KE): Það er ágætt, þá lýkur ræðumaður ræðu sinni.)

Virðulegi forseti. Annað sem ég vildi nefna og dregur það sama fram og ég nefndi varðandi afstöðu ríkisstjórnarinnar og þá sérstaklega Sjálfstfl. til hátekjufólks, er fjármagnstekjuskatturinn. Það er ekki svo að Sjálfstfl. hafi í yfirlýsingu sinni sem kynnt var sl. laugardag, sem mikil tímamótayfirlýsing, ákveðið það að upp verði tekinn slíkur skattur. Nei, ef menn lesa yfirlýsinguna þá er það ekki gert. Og þrátt fyrir loforð um það í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar sem ber hið skrýtna nafn „Velferð á varanlegum grunni" og gæti sá titill verið tilefni til nokkurra ræðuhalda, á hins vegar að setja það mál í nefnd og svo á nefndin að dúlla með það alveg örugglega fram yfir kosningar og hún á alls ekki að skila neinu frv. fyrir kosningar þannig að menn þurfi ekki að eiga það á hættu að samþykktur verði einhver fjármagnstekjuskattur fyrir næstu

alþingiskosningar. Þarna sjáum við stefnu ekki bara Sjálfstfl. heldur líka Alþfl. sem þó hefur verið að reyna að segja fólki að hann vildi taka upp fjármagnstekjuskatt sem er ekki rétt því að hann hefur heldur staðið á móti því ef eitthvað er, enda var formaður Alþfl. afar ánægður sl. laugardag og lýsti því yfir að þetta hefði verið ánægjulegasti dagurinn hans í langan tíma, enda ekki á hverjum degi sem hann nær samkomulagi við Sjálfstfl. um að fresta fjármagnstekjuskatti fram yfir líftíma núv. ríkisstjórnar.

Það má líka, virðulegi forseti, rifja upp hvernig núv. ríkisstjórn hefur komið fram gagnvart launafólki, velt byrðunum æ þyngri á herðar þess, sérstaklega þess hluta launafólks sem er að kaupa sér húsnæði eða byggja húsnæði eða eiga börn. Ef maður skoðar þróunina á síðustu þremur árum, þá er það þessi hópur sem hefur mátt þola mestu auknar klyfjar af sköttum. Og það er varla hægt að finna annan þjóðfélagshóp sem hefur orðið fyrir jafnþungum klyfjum af hálfu ríkisstjórnarinnar en þennan hóp, barnafólk sem er skuldsett vegna íbúðakaupa.

Við getum nefnt að skattar á tekjur þess fólks hafa hækkað, ekki bara í krónum, prósentuálagning hefur hækkað. Persónuafslátturinn hefur lækkað sem líka hefur þyngt skattbyrðina. Í þriðja lagi hafa vaxtabætur verið ítrekað skertar sem reyndar hækka skattbyrðina ef við leggjum það saman. Í fjórða lagi hafa barnabætur verið skertar, ítrekað líka og í fimmta lagi getum við nefnt að ýmis þjónustugjöld sem fjölskyldufólk kemst ekki hjá að borga hafa verið stórhækkuð eða jafnvel ný tekin upp. Þarna hef ég nefnt nokkra þætti sem samanlegt hafa íþyngt fjölskyldufólki gríðarlega frá því sem var fyrir 3–4 árum. Þetta er nú myndarlegt framlag af hálfu ríkisstjórnarinnar á ári fjölskyldunnar að leita uppi þennan þjóðfélagshóp með tekjur um og innan við 200 þús. kr. og skattleggja hann nánast hvar sem hægt er og gæti ég nefnt fleiri dæmi um aukna skattbyrði sem þessi þjóðfélagshópur hefur orðið að þola á undanförnum árum. Menn verða, virðulegi forseti, að mínu mati að reka skattastefnu sem jafnar byrðunum meira en þessi stefna hefur leitt af sér og hún er að mínu mati fullkomlega óásættanleg.

Sem dæmi um eina breytinguna sem er breytingin á barnabótum þá reiknaði ég út hversu mikið barnabætur hefðu verið skertar hjá fjölskyldu með fjögur börn miðað við árið 1991 og svo aftur núna 1994 og miðað þá við að tvö af börnunum fjórum væru undir sjö ára aldri. Það kom í ljós að árið 1991 hefði þessi fjölskylda fengið 216.885 kr. í barnabætur á verðlagi þess árs. Aftur á þessu ári eru þær komnar niður í 152.120 kr. Það er skerðing um tæplega 65 þús. kr. eða um 35%. Það er veruleg skerðing. Það er ekki bara tilviljun heldur afleiðing af pólitískri stefnu. Og það er einmitt nauðsynlegt að draga þessi atriði fram þannig að stjórnarflokkarnir fái að standa frammi fyrir þessari stefnu sinni þegar kemur að því að fólkinu gefst kostur á að velja sér nýja ríkisstjórn.

Virðulegi forseti. Ég get nefnt margt fleira um afrek núv. ríkisstjórnar í skattamálum og ríkisfjármálum en ég hef þegar nefnt, t.d. þá áherslu að leggja niður sérstakt eignarskattsþrep eins og gerð er tillaga um og í stað þess að reyna þá að milda eignarskattsáhrifin á lægri eignarskattsstofninn. Ég hefði líka getað nefnt áformaðar breytingar sem ríkisstjórnin hefur núna í þessum fjárlögum um greiðslur úr Atvinnuleysistryggingasjóði, áformaðar breytingar á atvinnuleysisbótum til lækkunar og áformaðar breytingar á tryggingabótum líka til lækkunar, hvort tveggja upp á mjög stórar upphæðir. Það er auðvitað pólitísk stefna, virðulegi forseti, að grípa til þeirra áforma sem kynnt eru í fjárlagafrv. um að afnema eingreiðslur á atvinnuleysisbætur og ýmsar lífeyrisbætur.

En um þetta hefur verið fjallað áður. Við fulltrúar stjórnarandstöðunnar komum inn á þetta í 1. umr. málsins og það mun gefast kostur á að rekja þetta enn frekar við 3. umr. málsins ef ríkisstjórnin stendur þá enn við þessi áform sín. Ég mun því láta þetta nægja, virðulegi forseti, til þess að draga fram áherslur ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum og skattamálum og til þess að útskýra hvers konar stefnu ríkisstjórnarflokkarnir hafa verið að reka í þeim efnum gagnvart fólki.

Ég mun kannski taka til máls á nýjan leik síðar í þessari umræðu og víkja þá að öðrum atriðum sem ég læt þá liggja að sinni. En eitt get ég ekki látið hjá líða að nefna og það eru þau áform ríkisstjórnarinnar að hætta við að senda varðskip í Smuguna. Það verður ekki séð að í fjárlagafrv. sé gert ráð fyrir fjármagni til þess að unnt verði að senda varðskip þangað á næsta ári og verður ekki skilið öðruvísi en svo að ríkisstjórnin hafi ákveðið að það verði ekki gert. Það væri þá alla vega fróðlegt að fá fram leiðréttingu á því ef það er ekki rétt skilið af minni hálfu og þá væntanlega munu fulltrúar stjórnarliðsins beita sér fyrir því að fjárveiting fáist til þessa verkefnis svo og til þess að unnt verði að reka björgunarþyrlu á næsta ári en það er enn fremur engin fjárveiting til reksturs hennar á næsta ári.

[17:48]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil vegna ræðu hv. 5. þm. Vestf. mótmæla þeim málflutningi sem hann hafði hér uppi þegar hann spyr með hverjum Sjálfstfl. standi og reynir síðan að færa fyrir því rök að Sjálfstfl. hafi m.a. með því að styðja aðgerðir sem tengjast afgreiðslu fjárlaga og skattalagabreytinga staðið fyrir einhverri aðför að einhverjum sérstökum hópum í þjóðfélaginu. Það væri fróðlegt að heyra skýringar á því frá hv. þm. hvers vegna Alþb. meðan það hafði tækifæri til þess beitti sér ekki með meira afgerandi hætti í skattamálum, t.d. með því að tekjutengja bætur til þess að það væri þá hægt að láta þá greiða sem meiri og betri hafa kjörin og t.d. hvers hátekjuskattur væri ekki tekinn upp á vegum alþýðubandalagsráðherra þegar Alþb. hafði fjmrh. Það væri fróðlegt að heyra skýringar þingmannsins á því.

Síðan heldur hann því fram að Sjálfstfl. eigi Íslandsmet í skattahækkunum. Það Íslandsmet sem Sjálfstfl. stendur fyrir er það Íslandsmet að halda uppi þeim lífskjörum á Íslandi miðað við þær erfiðu að-

stæður sem við búum við í dag. Það er vissulega Íslandsmet sem verður ekki slegið alveg á næstunni. En það hefur verið mjög erfitt eins og þingmaðurinn veit mætavel að standa fyrir þeim aðgerðum sem hefur þurft að standa fyrir hér í þinginu til þess að tryggja hag láglaunafólksins og það er meginútgangspunktur þeirra aðgerða sem stjórnarliðið hefur staðið fyrir.

[17:50]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hygg að það sé á vitorði flestra hér inni og víðar að það var Alþfl. sem stöðvaði það í tíð síðustu ríkisstjórnar að upp væri tekinn hátekjuskattur og fjármagnstekjuskattur og ég held að þeir þræti heldur ekkert mjög fyrir það þegar það er nefnt þannig að það er rétt að þeir svari fyrir það sem þáv. samstarfsflokkur Alþb. Hins vegar finnst mér að hv. þm. Sturla Böðvarsson eigi ekkert að vera viðkvæmur fyrir því að bent sé á það fyrir hvaða þjóðfélagshópa Sjálfstfl. stendur. Það er alveg ljóst. Og menn sjá það að hann stendur fyrir það að tilkynna um óbreytta skattbyrði almennra launþega en hann stendur líka fyrir það samtímis að tilkynna um 12% hækkun á skattfrelsismörkum hátekjuskatts. Hann stendur fyrir það að Sjálfstfl. tilkynnir um það að hátekjuskattsþrepið er framlengt um aðeins eitt ár. Það er ekki sett á sem varanlegt skattþrep. Hann stendur fyrir það að afnumið er sérstakt skattþrep í eignarskatti á eignir yfir 10 millj. kr. þegar viðkomandi hefur samtímis þar ár tekjur yfir 2 millj. kr. á ári. Þessu stendur Sjálfstfl. fyrir og auðvitað veit hv. þm. Sturla Böðvarsson hverjar áherslur flokksins eru í þessum efnum og á ekkert að vera að reyna að þvo það af sér. Staðreyndirnar tala skýru máli í þessu efni.

[17:53]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er mjög athyglisvert þegar þm. Alþb., hv. 5. þm. Vestf., tekur til við að verja hinn svokallaða ekknaskatt og ræðst á Sjálfstfl. fyrir það að beita sér fyrir því að þessi löggjöf sem Alþb. stóð fyrir á árinu 1989 verði felld úr gildi svo að ekki sé talað um þá afstöðu sem kemur fram hjá þingmanninum að hann skuli sérstaklega mæla gegn þeirri hugmynd að hátekjur séu færðar úr því að vera taldar hjá einstaklingi 200 þús. kr. upp í það að verða taldar 225 þús. kr. Og það væri fróðlegt að heyra þingmanninn skýra það út fyrir kjósendum sínum á Vestfjörðum að það skuli alveg sérstaklega skattleggja, vegna þess að það séu hátekjur 225 þús. kr., með skatti sem alþýðubandalagsmenn treystu sér ekki til þess að fara út í en núverandi ríkisstjórn gerði. Þessi málflutningur ber þess auðvitað vitni að Alþb. veit ekki hvernig það á að bregðast við vegna þeirrar merku yfirlýsingar sem ríkisstjórnarflokkarnir hafa gefið um aðgerðir til þess að tryggja hag og jafna kjör í landinu.

[17:54]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er rétt að fara nokkrum orðum um þann skatt sem hv. þm. Sturla Böðvarsson kallar ekknaskatt til þess að útskýra það frekar að í reynd er um blekkingu að ræða af hálfu stjórnarliðsins þegar það heldur því fram að hann sé felldur niður. Staðreyndin er sú að því sem kalla mætti ekknaskatt er viðhaldið. Þannig er það, virðulegi forseti, að á eignarskattsstofn sem er undir 10 millj. kr. miðað við skattframtal og yfir 3,5 millj. kr. er lagður 1,2% eignarskattur, á eignir sem liggja á því bili. Hinn eiginlegi ekknaskattur er sá, virðulegi forseti, þegar hjón búa í venjulegu húsi, sem við getum kallað, og annað þeirra fellur frá að eftir fimm ár verður eignarskattsstofninn þannig að af því að aðeins einn býr í íbúðinni í stað tveggja áður, þá fer eignarskattsstofninn yfir þessi mörk og viðkomandi þarf að borga eignarskatt sem hann gerði ekki á meðan makinn var á lífi. Þessu er ekki breytt. Þetta er aðalskatturinn sem kalla mætti ekknaskatt. Það er ekki skatturinn á eignir sem eru yfir 10 millj. kr. Það er fjarri því, virðulegi forseti, að það sé hinn eiginlegi ekknaskattur því að þá þurfa menn líka samtímis að vera með tekjur sem eru yfir 2 millj. kr. Þá fyrst leggst á þetta sérstaka eignarskattsþrep þegar eignin er yfir 10 millj. kr. og tekjurnar yfir 2 millj. kr. svo að staðreyndin er sú að ríkisstjórnin viðheldur því sem gefa mætti þetta nafn sem hv. þm. notaði og ég hefði verið alveg til í að hjálpa ríkisstjórninni við að breyta þessu ákvæði.

Útbýting þingskjala:

Fjáraukalaög 1994, 66. mál, brtt. JóhS og KÁ, þskj. 380.

Fjárlög 1995, 1. mál, brtt. JóhS o.fl., þskj. 379.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 365, 366, 367, 368, 369, 370, 371, 372, 373, 374, 375, 377 og 379. — Afbrigði samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, EH, EgJ, EKG, FrS, GuðjG, GB, GÁS, GÁ, GJH, HÁ, HBl, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JónK, KHG, KE, KS, LMR, MJ, ÓE, PJ, PBald, PBj, SalÞ, SigG, StG, SJS, StB, TIO, VS, ÞorstP.

26 þm. (ÁJ, BIB, DO, EKJ, FI, GHH, GE, GHall, GHelg, GunnS, HG, JE, JBH, JHelg, JVK, KÁ, MF, MB, ÓRG, PP, RA, RG, SAÞ, SP, SvG, VE) fjarstaddir.

[18:00]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Þegar fjárlagafrv. var til 1. umr. var það gagnrýnt fyrir margt. Ég nefni hér aðeins fjóra mikilvæga þætti. Það var sýnt fram á að það hallamarkmið sem ríkisstjórnin setti sér, eða 6,5 milljarðar kr., stóð á brauðfótum og ýmislegt væri vanáætlað á útgjaldahlið sem í ljós kemur að staðfest er nú við 2. umr. málsins auk þess sem bent hefur verið á í umræðunni að ýmislegt virðist enn óljóst á útgjaldahlið sem einsýnt er að enn mun auka á útgjöldin.

Í annan stað var það gagnrýnt með fullum rökum að ríkisstjórnin hefði litla viðleitni uppi til að skila efnahagsbatanum, sem boðaður er, til láglaunaheimilanna sem þó hafa helst borið uppi hitann og þungann af stöðugleikanum og efnahagsbatanum því enn á síðasta

ári þessarar ríkisstjórnar virðist vera róið á sömu miðin og þrengt að kjörum láglaunaheimilanna, elli- og örorkulífeyrisþega og atvinnulausra sem og áframhaldandi niðurskurður í félags-, heilbrigðis- og menntamálum. Ríkisstjórnin sýnist því harla lítið ætla að gera ef marka má það sem fram hefur komið við 2. umr. fjárlaga að snúa af þeirri braut og virðist mér í þeim aðgerðum sem hafa verið boðaðar og koma fram í skattafrv. ríkisstjórnarinnar sem hér hefur verið lagt fram að það virðist harla litlu breyta varðandi kjarajöfnun.

Það var einnig gagnrýnt við 1. umr. málsins að forsendur fjárlaga og spá um atvinnulausa á næsta ári byggðist á harla veikbyggðum forsendum. M.a. var bent á að gert er ráð fyrir verulegum samdrætti í fjárfestingum hjá hinu opinbera eða 25% þannig að niðurskurður þar er um 3,3 milljarðar kr. sem gera má ráð fyrir að fækki verulega störfum. Hér er um að ræða niðurskurð sem nemur svipuðu og auknum fjárfestingum almennt í atvinnulífinu. Auk þess er nú ljóst að ríkisstjórnin hefur fallið frá kröfum um 600 millj. kr. framlög frá sveitarfélögunum í Atvinnuleysistryggingasjóð en á þessu og síðasta ári voru sköpuð hér um 3.300 heils árs störf vegna þessa sameiginlega átaks ríkis og sveitarfélaga sem og vegna þess að verulega var aukið fjármagn til viðhalds og vegaframkvæmda. Að auki hefur orðið veruleg búbót á þessu ári vegna Smuguveiðanna, líklega upp á 3–4 milljarða kr. sem ekkert er í hendi á næsta ári að skili sér með sama hætti. Það er því ekki einasta að fjárlagamarkmið ríkisstjórnarinnar sé í uppnámi, heldur virðist og margt benda til að spáin um tæplega 5% atvinnuleysi á næsta ári sé það einnig.

Ég nefni einnig að við 1. umr. þessa máls var það gagnrýnt að ýmislegt virðist óljóst hvernig ætti að framkvæma í niðurskurðaráformum ríkisstjórnarinnar eins og þau birtast í fjárlagafrv. og greinargerð með því. Virðist margt af því vera harla óljóst enn þá, t.d. áform um niðurskurð í útgjöldum til heilbrigðis- og tryggingamála. Virðist svo vera að vísa eigi framkvæmdinni á ýmsum niðurskurðarþáttum sem boðaðir eru til framkvæmdarvaldsins og þá reglugerðarsetningu hjá ráðherra. Þannig er Alþingi gert að taka afstöðu til veigamikilla áforma í niðurskurði á útgjöldum til heilbrigðismála með óljósa vitneskju um hvað það þýðir í reynd fyrir elli- og örorkulífeyrisþega, sjúklinga eða bótaþega almannatrygginga. Þannig koma ekki fram í frv. um ráðstöfun í ríkisfjármálum nein ákvæði um útfærslu á þessum niðurskurði og ýmislegt því óljóst um hvernig kemur niður á bótaþegum almannatrygginga eða sjúklingum. Líklegt er að ríkisstjórnin geri kannski lítið í því að útfæra það á næstu vikum fram að kosningum og það verður þá lagt í hlut nýrrar ríkisstjórnar að útfæra það. En á það hefur verið bent að útgjöld í heilbr.- og trn. á árinu 1994 stefni í að vera um 2.000 millj. kr. meiri en fjárlög ársins gerði ráð fyrir og þessa fjárhæð vantaði ef halda ætti óbreyttri starfsemi í stofnunum heilbrigðismála.

Í fjárlögum vegna næsta árs er gert ráð fyrir 800 millj. kr. niðurskurði í lífeyristryggingum, en af þeim er niðurskurðurinn 600 millj. kr. sem spara á vegna greiðslna sem elli- og örorkulífeyrisþegar hafa fengið vegna eingreiðslna eða launahækkana á vinnumarkaðnum. Það er fráleitt að gera ekki ráð fyrir fjármagni í þessar greiðslur og virðist það vera til þess eins gert að sýna minni fjárlagahalla því að ég trúi því ekki að stjórnarflokkarnir séu svo langt leiddir og kjarajöfnun sé svo fjarlæg í þeirra huga að þeir telji sig geta svipt elli- og örorkulífeyrisþega hækkunum á sínum bótum til samræmis við það sem gerist á vinnumarkaðnum. Sama á reyndar við um atvinnulausa en í bandorminum sem var ræddur í gær er einungis gert ráð fyrir að þær greiðslur komi til þeirra á yfirstandandi ári en ekki því næsta þannig að annaðhvort er að það á að svipta þessa vel settu hópa í þjóðfélaginu þessum greiðslum sem í heild nema um 800 millj. kr. eða ríkisstjórnin er vísvitandi að blekkja til að geta sýnt lægri tölur í fjárlagahalla í fjárlögum næsta árs.

Samkvæmt fjárlagafrv. á að lækka útgjöld lífeyristrygginga til viðbótar um 250 millj. kr., bæði með endurskoðun á heimildabótum og almennri endurskoðun bótakerfisins. Vitað er að 50 millj. kr. af þessu er fjárhæð sem flyst yfir í húsaleigubótakerfið vegna þeirra elli- og örorkulífeyrisþega sem leigt hafa á almenna húsaleigumarkaðnum en fá nú húsaleigustyrki í gegnum nýtt húsaleigubótakerfi. Þá vantar að skýra með hvaða hætti og hvernig eigi að ná 200 millj. kr. sem boðað er í fjárlagafrv. Hvernig á sá útgjaldasparnaður að bitna á bótaþegum almannatrygginga? Á að lækka elli- og örorkulífeyrisgreiðslur eða hvernig á að ná þessari fjárhæð?

Ég tel, virðulegi forseti, að það gangi varla að leyna Alþingi því hvernig spara eigi þessa fjárhæð og hæstv. heilbrrh. fái bara að valsa með það í reglugerð hvernig þessi útgjaldasparnaður bitnar á þessum hópum sem margir hverjir búa við lökustu kjörin í þjóðfélaginu og hvort og þá hve mikil kjaraskerðing felst í þessu fyrir aldraða og öryrkja og hvað með aukna gjaldtöku á sjúkrahúsum vegna ferliverka sem mig minnir að hafi átt að gefa um 100 millj. kr. Og maður spyr: Er ekki hér verið að stíga afdrifaríkt skref yfir til gjaldtöku á sjúklinga á sjúkrahúsum. Svipað virðist upp á teningnum varðandi sparnað í sjúkratryggingum sem allur virðist vera í vindinum og nánast með öllu óljóst hvernig ná eigi þeim sparnaði. Það er auðvitað spurning hvort það sé öruggt að með því að taka upp tilvísunarskyldu til sérfræðinga sparist 100 millj. kr. þegar á sama tíma er gert ráð fyrir svipaðri upphæð í sparnað á heilsugæslunni en með því að taka upp tilvísunarskyldu hlýtur það að kalla á að aukinn þungi muni leggjast á heilsugæsluna. Og hvernig á að lækka útgjöld til sjúkraþjálfunar um 50 millj. kr.? Hvort er það í formi þjónustugjalda eða með hvaða hætti á að ná þessum niðurskurði?

Ég held að það verði að segjast að það felist varla mikill sparnaður í því að lækka fjárveitingu til sjúkraþjálfunar eða endurhæfingar en markviss endurhæfing er forvarnaraðgerð sem skilar sér í minni útgjöldum til heilbrigðismála. Mér sýnist almennt að það virðist vera lítil heildaryfirsýn í niðurskurði til heilbrigðismála, fé-

lagsmála eða menntamála heldur finnst mér þetta byggjast fremur á svona handahófskenndum ákvörðunum og lítið virðist lagt upp úr forvarna- eða fyrirbyggjandi aðgerðum í velferðarkerfinu sem er vísasti vegurinn til sparnaðar í heilbrigðiskerfinu og á sjúkrahúsastofnunum. Ég tel að því sé orðið mjög brýnt að taka á því með þeim hætti að marka heildarstefnu í forvarna- og fyrirbyggjandi starfi svo að ég nefni t.d. á sviði barnaverndar eða slysavarna, endurhæfingar og vímuefnavarna en ég er sannfærð um að væri markvisst að því máli staðið sæjum við örugglega til lengri tíma litið mikinn sparnað í útgjöldum til heilbrigðismála. Enda sést í alþjóðlegum samanburði hve litlu við verjum til þessara mála almennt eins og forvarnastarfa, til félagsmála svo að ekki sé talað um til barnaverndarmála en eru síðan með há útgjöld samanborið við þessar þjóðir til heilbrigðismála sem skýrist að mínu viti mjög mikið af því að áherslurnar eru ekki rétt lagðar í þessu efni.

Að því hafa verið leiddar líkur og kemur reyndar fram í áliti minni hluta fjárln. að um verulega vanáætlun sé að ræða í sjúkrahúsrekstri svo að skipti hundruðum millj. kr. og það virðist ljóst að verði ekki þar breyting á þá blasi við niðurskurður í þjónustu á sjúkrahúsum landsins. En mér sýnist að þarna sé kannski enn einn feluleikurinn til að fela staðreyndir í þessu efni til að sýna minni fjárlagahalla og er ekki óvarlegt að áætla að hallinn sé í raun og sanni þegar upp er staðið kannski nálægt 10 milljörðum kr. eða þar yfir í stað 6,5 milljarða sem lagt var upp með þegar fjárlagafrv. var lagt fram. En það hefur verið boðað að við 3. umr. fjárlaga megi vænta að gerð verði einhver bót á þessu, bæði varðandi sjúkrahúsreksturinn og menntamálin, ekki síst framlög til háskólans, og ég held að það sé ljóst og flestir viðurkenni að öflugt menntakerfi sé forsenda fyrir nýsköpun og uppbyggingu í atvinnulífinu. Það má spyrja hvort enn eigi að halda við þann sparnað í menntakerfinu sem var boðaður og felur í sér að takmarka aðgang námsmanna að háskólanum. Að því hefur verið spurt af háskólaráði og fleiri hvort stefna stjórnvalda sé að gera Háskóla Íslands að annars flokks háskóla og flytja æðri menntun Íslendinga úr landi.

Ég hef, virðulegi forseti, við þessa umræðu leyft mér að flytja brtt. ásamt hv. þm. Svavari Gestssyni, Valgerði Sverrisdóttur og Guðrúnu Halldórsdóttur sem felur í sér að verja skuli 30 millj. kr. til að koma á fót *sumarmissiri við Háskóla Íslands. Sömu þingmenn hafa* flutt á Alþingi till. til þál. um þetta sumarmissiri við háskólann. Hér er um að ræða hugmynd sem stúdentaráð háskólans hefur kynnt að gerð verði tilraun með að koma á fót sumarmissiri við háskólann á næsta ári og í framhaldi af því verði lagt mat á það hvort það verði þá framhald á þeirri starfsemi. En markmiðið með því er að gera atvinnulausum námsmönnum kleift að stunda nám yfir sumartímann við háskólann og er einkum hugsað til stúdenta sem eru án vinnu og nýta vilja tímann til náms. Einnig nýtast sumarmissiri þeim stúdentum sem flýta vilja fyrir sér við námið og létta sér róðurinn seinna meir og taka sér þá frí frá vinnu á öðrum árstíma. Ég tel að þetta bjóði upp á marga möguleika og þannig opnist möguleikar fyrir barnafólk og aðra sem hafa átt erfitt með að mæta auknum kröfum LÍN um námsframvindu ný leið til þess að skila einingum til lokaprófs. Einnig hafa verið sett fram þau mikilvægu rök fyrir sumarmissiri að með því sé verið að hvetja stúdenta til að taka sér leyfi til vinnu á öðrum árstíma og mætti það einnig létta nokkru álagi af vinnumarkaðnum yfir sumartímann og koma í veg fyrir að þúsundir námsmanna þyrptust á sama tíma út í atvinnulífið yfir sumarmánuðina.

Hugmyndin er einnig sú að nýta mætti sumarmissiri fyrir aðra hópa sem eru án atvinnu en fyrir þá gæti verið um að ræða hluta af áætlun um endurmenntun fyrir atvinnulausa.

Við flutningsmenn þessarar tillögu teljum mjög brýnt að þessi hugmynd komist til framkvæmda á næsta ári og því flytjum við þessa brtt. við fjárlagafrv. um að varið verði 30 millj. kr. til þessa verkefnis en kostir sumarmissiris eru mjög miklir og þeir fjármunir munu vafalítið skila sér margfalt til baka, m.a. í minna atvinnuleysi auk þess að auðvelda stúdentum nám og endurmenntun.

Ég vil aðeins víkja hér að Framkvæmdasjóði aldraðra og fatlaðra. Í báðum þessum sjóðum hefur verið opnað fyrir heimildir til að þeir geti fjármagnað rekstur í málefnum fatlaðra og aldraðra. Báðir þessir sjóðir voru settir á laggirnar til þess að fjármagna stofnkostnað í þessum málaflokki en sérstaklega og einkum varðandi málefni fatlaðra þegar sjóðurinn var settur á laggirnar, þá höfðu þessi málefni dregist mjög aftur úr og því þurfti að gera átak við stofnun þessa sjóðs, en tilhneigingin hefur verið núna á síðari árum að nota fjármagn sjóðanna, ekki síst Framkvæmdasjóðs aldraðra, til að fjármagna rekstur í vaxandi mæli. Á tímum efnahagsþrenginga eins og hefur verið á umliðnum árum má að hluta til færa rök fyrir því að nýta megi einhvern afmarkaðan hluta þessa fjármagns í rekstur til að koma á fót brýnum stofnunum sem ella væri ekki hægt að hefja rekstur á. En þegar svo er komið að stærsti hluti fjármagnsins rennur í rekstur eins og virðist nú t.d. blasa við Framkvæmdasjóði fatlaðra þar sem þrír fjórðu hlutar fjármagsins renna til rekstrar þá er eiginlega hreinlega of langt gengið í þessu efni.

Ég fór nokkuð inn á þetta mál við umræður í gær um ráðstafanir í ríkisfjármálum og ætla ekki að endurtaka það hér. *Ég vil þó nefna eitt atriði í þessu sam*bandi og það eru tekjur Framkvæmdasjóðs fatlaðra. Samkvæmt lögum um málefni fatlaðra er gert ráð fyrir að sjóðurinn hafi til ráðstöfunar óskertar tekjur Erfðafjársjóðs. Í frv. til fjárlaga á yfirstandandi ári var gert ráð fyrir og áætlað að tekjur Erfðafjársjóðs yrðu á þessu ári um 300 millj. kr. en nú hefur komið í ljós að tekjur Erfðafjársjóðs verða mun meiri á þessu ári. Í nóvember var innheimtur erfðafjárskattur 335 millj. kr. eða 35 millj. kr. meira en gert var ráð fyrir í fjárlögum yfirstandandi árs og að meðaltali er um það að ræða að í desembermánuði innheimtist 14% af heildartekjum Erfðafjársjóðs þannig að það gæti stefnt í á

þessu ári að tekjur Erfðafjársjóðs yrðu 80–90 millj. kr. meiri en fjárlög ársins gera ráð fyrir. Það er alveg skýrt í lögum um málefni fatlaðra að óskertar tekjur Erfðafjársjóðs eiga að renna í Framkvæmdasjóð fatlaðra. Engin skerðingarákvæði eru í gildi um þennan sjóð á árinu og hefur verið á undanförnum árum og er ekki gert ráð fyrir á næsta ári. Ég vil því beina orðum mínum til formanns fjárln. þar sem hann er í þingsalnum að sérstaklega verði hugað að þessu efni vegna þess að engin rök eru fyrir því og lagagrundvöllurinn er alveg skýr. Ekki er hemilt að skerða þessar tekjur, ekki er heimilt að þetta renni í ríkissjóð heldur á þetta að renna í Framkvæmdasjóð fatlaðra. Ég hef leyft mér að flytja brtt. við fjáraukalögin sem ég tel eðlilegra að gera en við fjárlög 1995 þá núna við 3. umr. að 85 millj. bætist við Framkvæmdasjóð fatlaðra vegna yfirstandandi árs.

Ég tel reyndar að öll rök standi til þess, ekki síst þegar verið er að bæta viðamiklum verkefnum á sjóðinn í rekstri núna fyrir næsta ár þannig að þrír fjórðu hlutar hans renna í rekstur og því veitir auðvitað sjóðum ekki af því að fá allar þær tekjur sem hann á að fá lögum samkvæmt og gæti breytt verulega stöðu sjóðsins á næsta ári ef honum yrði skilað þessum tekjum sem hann sannarlega á inni til að standa undir þeim mjög svo auknu verkefnum sem eru nú sett á hann í þessu fjárlagafrv. og kom fram í frv. um aðgerðir í ríkisfjarmálum sem rætt var í gær.

Varðandi Byggingarsjóð verkamanna vek ég athygli á því að ekki er gert ráð fyrir því að framlag sjóðsins sé fært upp miðað við verðlag sem þó hefur verið gert á umliðnum árum. Vænti ég þess að það verði tekið til greina af hv. fjárln. við meðferð málsins við 3. umr. Einnig virðist hafa verið gengið lengra í skerðingu á honum núna fyrir næsta ár en nemur því sem ætlað var að verja til húsaleigubóta. Þá var miðað við 250 millj. kr. auk lækkunar á framlagi vegna lækkunar vaxta af lántökum sjóðsins sem gaf þá svigrúm til þess eða samtals 300 millj. en í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir 310 millj. auk þess sem ekki er gert ráð fyrir verðlagsuppfærslu nú í því sem fram kemur hjá meiri hluta fjárln. við þessa umræðu. Því ætti samtals að bæta inn í sjóðinn a.m.k. sem samsvarar verðlagsuppfærslunni sem er um 15 millj. kr. Það eru nokkrir peningar fyrir sjóðinn. Ríkisstjórnin sá ástæðu til þess að hækka ábyrgðargjald á húsbréfum sem skilaði 10–15 millj kr. sem var náttúrlega mjög sérkennileg aðgerð í ljósi þeirrar stöðu sem ýmis heimili eru í og eiga erfitt með að standa í skilum vegna atvinnuleysis og tekjufalls hjá fólki.

Ég nefni í lokin að í fyrsta lagi var gert ráð fyrir í fjárlagafrv. að lækka útgjöld Atvinnuleysistryggingasjóðs um 200 millj. kr. með endurskoðun á fyrirkomulagi og reglum um úthlutun bóta. Meðal áforma, sem boðað var í fjárlagafrv. um sparnað, var gert ráð fyrir að endurskipuleggja og samræma störf úthlutunarnefnda og tekjutengja biðtíma eftir bótum. Ég held að mjög nauðsynlegt sé að vita það meðan við fjöllum um fjárlagafrv. hvernig við eigum að ná þeim 200 millj. kr. sparnaði sem frv. gerir ráð fyrir. Í bandorminum, sem við ræddum um í gær um ríkisfjármálin, er sem betur fer ekki gert ráð fyrir þessu en maður spyr sig hvort eigi að fara einhverja bakdyraleið í þessu efni þegar þingið er farið heim og fjárlögum er lokið, þ.e. hvort hugmyndin sé að fara einhverja reglugerðarleið í því að ná sparnaðinum, um 200 millj. kr. Ég held að mjög nauðsynlegt sé að fá það upplýst við umræðuna.

Í annan stað er ástæða til þess að skoða þá við þessa umræðu eða við 3. umr. og sennilega fæst þá upplýst að spurning er hvernig á að leysa vanda Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna hækkunar á meðlagsgreiðslum. Þar stefndi í að skuldbindingar sjóðsins yrðu um 500 millj. vegna þessa en ekki 300 millj. sem er kannski ástæða til þess að hafa áhyggjur af nema það hafi þá verið leyst núna með öðrum hætti af ríkisstjórninni án þess að það hafi verið lagt fyrir Alþingi, að óttast að það geti bitnað á þjónustuframlögum úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaganna ef ekki fæst þarna leiðrétting á með einum eða öðrum hætti. Það er ljóst að meðlagsgreiðslurnar hafa bitnað með nokkrum þunga á Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og er ástæða til þess að skoða það sérstaklega og má vera að það hafi verð gert af hálfu ríkisstjórnarinnar.

Virðulegi forseti. Ég get farið að ljúka máli mínu. Ég hef lýst þeirri brtt. sem við nokkrir þingmenn flytjum um sumarmissiri við háskólann að fjárhæð 30 millj. og fært rök fyrir að feli í sér sparnað. Þó ástæða væri til þess að flytja ítarlegri brtt. bæði um útgjöld og tekjuhlið frv. sem bæði styrkti þá frv. en fæli í sér meiri kjara- og tekjujöfnun þá met ég það svo að það sé tilgangslaust við 2. umr. málsins og ég tel rétt að skoða hvernig það kemur fram þá við 3. umr. málsins frá hæstv. ríkisstjórn. Miðað við það sem ríkisstjórnin hefur lagt fram finnst mér þó líklegra að hún virðist staðráðin í því að láta það verða lokaverk sitt á kjörtímabilinu að heykjast á því að skila batanum til þeirra sem standa höllustum fæti í þjóðfélaginu.

[18:24]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vegna ræðu hv. 12. þm. Reykv. og þess sem hún sagði um Innheimtustofnun sveitarfélaga er rétt að upplýsa hv. þm. um að Samband ísl. sveitarfélaga og ríkisstjórnin hafa undirritað yfirlýsingu um það hvernig staðið verður að lausn málsins. Það er rétt hjá hv. þm. að ef mál Innheimtustofnunar leysast ekki þá skerðast þjónustuframlögin. Þjónustuframlögin ganga til sveitarfélaga sem eru af tiltekinni stærð þannig að þetta hefði ekki lent á öllum sveitarfélögum og er auðvitað ekki ásættanlegur kostur. Þetta mál hefur sem sagt verið leyst með því að gert er ráð fyrir því að heimila Innheimtustofnuninni að taka lán en tíminn síðan notaður til þess að ganga betur frá lögum um Innheimtustofnunina og tryggja það svo sem kostur er að þetta vandamál komi ekki upp. Hins vegar er meginvandinn auðvitað fólginn í slakri innheimtu barnsmeðlaga. Á því þarf einnig að taka en ég geri ráð fyrir því að hæstv. félmrh. leiti leiða í samstarfi við sveitarfélögin til þess að koma þarna á breyttri skipan.

Hins vegar, hæstv. forseti, vil ég nefna í þessu andsvari að ekki er eins mikill sannfæringarkraftur í ræðu hv. þm. eins og var fyrst eftir að þingmaðurinn gekk út úr Alþfl. og tilkynnti þjóðinni hvernig hún hygðist leysa vanda allra sem þess þyrftu með þannig að það er nokkuð annað yfirbragð í ræðustólnum hjá hv. þm. og væri fróðlegt að heyra skýringar á því.

[18:26]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég fagna því ef einhver niðurstaða er komin í það að tryggt sé að skerðingin á framlögunum í Jöfnunarsjóð vegna meðlaganna bitni ekki á þjónustuframlögum. Hver á að greiða af 250 millj. kr. lántökum? Það er ljóst að það verður að greiða af þeim lánum og þá verður það Jöfnunarsjóðurinn þannig að það er bara verið að fresta því að taka á vandanum.

Varðandi sannfæringarkraftinn. Ég hef alveg sannfæringu fyrir því að það sé vitavonlaust og gagnslaust að flytja nokkra brtt. til þess að bæta úr þeirri hrákasmíð sem fjárlagafrv. er. Þær verða stráfelldar og það eina sem þarf að gera, og það vita auðvitað allir, er það að koma ríkisstjórninni frá sem fyrst og þar vantar ekki sannfæringuna af minni hálfu.

[18:27]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er mjög athyglisvert að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hefur gefist upp og leggur ekki lengur í það að gera tillögur á Alþingi. Það er mjög fróðlegt og mjög athyglisvert í þeirri umræðu sem fram undan er.

En varðandi Innheimtustofnunina er auðvitað alveg ljóst að Innheimtustofnunin gegnir skyldum um það að sjá um innheimtu á barnsmeðlögum og út af fyrir sig er ekki ástæða til þess að gera ráð fyrir því að vandinn leysist ekki. Við skulum vona að innheimtan batni og þá greiðist lánið upp að sjálfsögðu af Innheimtustofnuninni sjálfri. Hins vegar er mikið atriði eins og ég sagði fyrr í andsvari mínu að þetta mál leysist þannig að það lendi ekki á þeim sveitarfélögum sem þjónustuframlög eiga að fá. Það er grundvallaratriði og út á það gengur samkomulag ríkisstjórnarinnar og Sambands ísl. sveitarfélaga.

[Fundarhlé. — 18:30]

[20:33]

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Hv. 1. þm. Norðurl. e. fór ítarlega yfir álit minni hluta fjárln. um frv. til fjárlaga í ræðu sinni fyrr í dag. Eigi að síður vildi ég bæta við nokkrum orðum varðandi álit minni hluta nefndarinnar og víkja þá einkum að þeim kafla sem fjallar um menntamál, dóms- og kirkjumál og félagsmál, en eins og fram hefur komið í ræðum formanns fjárln. og fleiri fjárlaganefndarmanna í dag, þá á að fresta veigamiklum málum til 3. umr. Þannig að 3. umr. málsins hlýtur að verða nokkuð fyrirferðarmikil þar sem hinum venjubundnu málum, svo sem B-hluta stofnunum og 6. gr., er frestað ásamt stórum málum, svo sem málefnum sjúkrahúsanna í Reykjavík. Sjúkratryggingar, Háskóli Íslands, safnliðir og umsögn um tekjuhlið bíða 3. umr. Það er því ærið verkefni fyrir höndum þó að það sé áfangi í starfi fjárln. í dag þegar málið er lagt til 2. umr. og þær brtt. sem nefndin gerir við einstaka liði sjá dagsins ljós.

Hv. formaður fjárln. og hv. varaformaður lögðu báðir á það áherslu í ræðum sínum hér í dag að nú væru hagstæð skilyrði í efnahagsmálum á Íslandi og það væri aðhaldssöm efnahagsstefna. Það var rætt um jafnvægi í ríkisbúskapnum. Það var rætt um hóflega kjarasamninga. Sannleikurinn er hins vegar sá að þetta fjárlagafrv. sýnir halla á ríkisbúskapnum fjórða árið í röð nú, þannig að þessari ríkisstjórn mun ekki takast að koma fjárlagafrv. í jafnvægi. Hallinn var 6,5 milljarðar þegar frv. var lagt fram. Nú er áformað að hann hækki um tæpar 400 millj. í meðförum fjárln., sem er ekki svo ýkja mikið, en síðan er það boðað að á næstu dögum muni sjá dagsins ljós ráðstafanir sem hækki þennan halla um a.m.k. 2 milljarða. Þá er hallinn kominn í tæplega 9 milljarða, en síðan eru eftir stóru málin eins og sjúkrahúsin í Reykjavík, Háskóli Íslands og fleiri mál sem verður að taka til meðferðar milli 2. og 3. umr. Ég væri því ekki hissa á því þó að fjárlagafrv. endaði eins og á fyrra ári í um það bil 10 milljarða kr. halla, það verði lendingin eftir þessa vegferð síðan í haust.

Hv. formaður og varaformaður fjárln. fóru með afrekasögu mikla um átaksverkefni, minnkandi atvinnuleysi og hv. formaður talaði um yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar sem sá dagsins ljós í gær og kallaði hana hvorki meira né minna en merkustu, pólitísku yfirlýsinguna í langan tíma. Ég skrifaði þetta niður eftir honum og ég verð nú að segja það að litlu verður nú Vöggur feginn, enda er von að hv. formaður fjárln. og fleiri stjórnarliðar og varaformaður þar með séu orðnir langeygir eftir aðgerðum frá ríkisstjórninni og líti þennan pappír stórum augum. Sannleikurinn er sá að þessi yfirlýsing er, eins og ég rakti í gær í ræðu minni um ráðstafanir í ríkisfjármálum, að mestu um ekki neitt. Hún er að mestu viljayfirlýsing um að ræða við aðila hingað og þangað um ákveðið mál og nú á samkvæmt yfirlýsinguni að taka á í nýsköpun. Nú rann upp ljós fyrir ríkisstjórninni, að það væri til sjóður sem héti Iðnþróunarsjóður, sem hefur verið mikið vandræðabarn og menn hafa verið að veltast með allt þetta kjörtímabil hvað eigi að gera við hann. Nú allt í einu rennur upp fyrir hæstv. ríkisstjórn ljós og er talið að vextirnir af þessum sjóði, höfuðstóll þessa sjóðs, muni geta leyst nýsköpunarmál í landinu, lagt fram áhættufjármagn og fleira og þetta eru hugmyndir sem eru auðvitað góðar og gildar. En það má spyrja sem svo: Því í ósköpunum rann þetta ekki upp fyrir hæstv. ríkisstjórn fyrr og hæstv. stjórnarliðum og formanni fjárln., sem telur þennan pappír sem kom í gær vera merkustu yfirlýsingu síðari tíma í stjórnmálum? Það má nú ekkert minna vera.

Ég hjó eftir því að hv. varaformaður fjárln. talaði um markvissa stefnu ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum og að hallarekstur í dag væri skattur á morgun, eins og hann sagði kotroskinn í ræðustól í dag. Þetta

eru mennirnir sem eru að skila ríkissjóði með upp undir 40 milljarða kr. halla á kjörtímabilinu. Ég kem að þessu aðeins nánar síðar, hversu markviss stefnan í ríkisfjármálum er.

Hv. varaformaður sagði líka að baráttan við atvinnuleysi væri forgangsatriði og lægri vextir þýddu meiri fjárfestingar og atvinnulífið mundi fjárfesta mjög grimmt á næsta ári. Ég rakti í ræðu minni við 1. umr. þessa máls þennan fjárfestingarþátt sem mér finnst vera mjög vafasamur í frv., svo að ekki sé meira sagt, vegna þess að það er reiknað með því að ríkið dragi saman fjárfestingar, þó að það eigi að setja örlítið í vegagerð til viðbótar. Sveitarfélögin eru rekin með halla núna, staða þeirra hefur versnað mjög, þannig að það er ekki að búast við að þau fjárfesti með auknum krafti á næsta ári og ég hef enga trú á öðru en að atvinnulífið noti batnandi hag, ef það verður batnandi hagur, til þess að bæta eiginfjárstöðu sína í stað þess að ráðast í miklar fjárfestingar. Þannig er nú staðan. Þar að auki er þetta frv. byggt á mjög hæpnum forsendum og bjartsýnum forsendum og það hefur komið fram hjá Þjóðhagsstofnun í viðræðum við fjárln. um hagvöxt á næsta ári. Það er vonandi að þær forsendur gangi eftir að úthafsveiðar haldist á næsta ári, við fáum góða loðnuvertíð og þar fram eftir götunum. Ég vona það svo sannarlega því að ekki veitir af. En þetta eru nú enn þá fuglar í skógi, það verður að segjast.

Ég vil víkja örlítið að störfum fjárln. þó að hv. 1. þm. Norðurl. e. hafi gert það í ræðu sinni í dag og farið yfir þau mál. Það er vissulega svo að ríkisstjórn hverju sinni ákveður ramma fjárlaga og hve miklu fé er varið til einstakra málaflokka og hve mikið fé hvert ráðuneyti hefur til þess að skipta. Þetta tilheyrir efnahagsstefnu hverrar ríkisstjórnar og efnahagsstefnunni hverju sinni. Ég geri enga kröfu til þess sem stjórnarandstæðingur, ég styð ekki þessa ríkisstjórn og geri enga kröfu til þess að hafa áhrif á það. Það er þáttur í stefnu ríkisstjórnarinnar. Hitt finnst mér oft í of ríkum mæli, að minni hluta nefndarinnar sé haldið frá ákvörðunum um skiptingu fjármuna á lokastigi og ég hef stundum sagt það svona í hálfkæringi við meðnefndarmenn mína að þeir sitji við að skipta herfanginu og tilkynni svo minni hlutanum niðurstöðuna. Ég held að þetta þurfi ekki að vera svona og nefndarmenn geti unnið í meira mæli saman heldur en gert er að skiptingu fjármunanna, þó að minni hlutinn geri enga kröfu til þess að hafa áhrif á efnahagsstefnuna. Ég held að það væri markvissara að vinna meira að því í sameiningu.

Ég sagði að ég mundi fara örfáum orðum um þann kafla frv. sem snýr að menntamálum, en ég veit að fleiri sem tala hér á eftir í þessari umræðu munu gera það einnig. Sannleikurinn er sá að þessi málaflokkur er afar mikilvægur, ekki síst eins og horfir nú í þjóðfélaginu. Það er nú svo að í okkar þjóðfélagi er framtíðin ekki síst undir því komin að menntun sé öflug og góð. Sveinbjörn Björnsson, rektor Háskóla Íslands, brautskráði kandídata þann 22. okt. sl. og í ræðu sem hann hélt við það tækifæri segir hann svo, með leyfi forseta:

„Til að þjóðir haldi velli í vaxandi samkeppni um takmörkuð lífsgæði er fátt vænlegra til árangurs en traust almenn menntun. Við þurfum góða grunnskóla og framhaldsskóla, nútímalega verkmenntun og fjölbreytta háskólamenntun sem veita þroska og yfirsýn og þjálfun til sérhæfðra starfa og rannsókna. Við skiljum nauðsyn þess að hvetja ungt fólk til náms og sjá starfandi fólki fyrir greiðum aðgangi að endurmenntun og viðbótarnámi svo að það geti tileinkað sér nýjungar og nýtt þær í atvinnulífi."

Undir þessi orð vil ég taka og þess vegna er ekki að ófyrirsynju að það sé skoðað með hverjum hætti þetta frv. rímar við þessi orð sem ég tek heils hugar undir.

Grunnskólinn á að flytjast til sveitarfélaganna eða öllu heldur laun kennara við grunnskóla eiga að flytjast til sveitarfélaga og þá rekstur grunnskóla að fullu á næsta ári. Það er ljóst með þeim ráðstöfunum sem hafa séð dagsins ljós í frv. til fjárlaga og í frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum að það á að flytja grunnskólann til sveitarfélaganna í því ástandi sem hann er nú. Viðbótarfjárveitingar í frumvarpinu eru aðeins vegna fjölgunar nemenda og auk þess er gerð hagræðingarkrafa til grunnskólanna í heild, sem nemur 40 milljónum, sem étur upp bróðurpartinn af hækkuninni vegna aukins kennslukvóta. Þannig er ástandið, þannig á að afhenda sveitarfélögunum grunnskólann.

Ég þarf í rauninni ekki að hafa mörg orð um þetta. Í frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum eru ákvæði um að fresta enn einu sinni lagaákvæðum um skólamáltíðir og einsetinn skóla, þannig að það er ljóst að sveitarfélögunum er ætlað að þróa grunnskólann og það á að afhenda hann eins og hann er og það er auðvitað ekkert ljóst að sveitarfélögin sætti sig við að taka við honum með þeim fjármunum sem til hans eru ætlaðir í þessu frv. Ég þarf ekki í rauninni að hafa fleiri orð um það á þessu stigi.

Hvað varðar framhaldsskólann þá vildi ég geta þess að það undrar mig dálítið, af því að það er mjög talað um verkmenntun í landinu, hvað ýmsir skólar sem eru tengdir atvinnuvegunum tala fyrir daufum eyrum þegar þeir fara fram á fjárveitingar til sinnar starfsemi. Ég nefni t.d. Stýrimannaskóla Íslands, Sjómannaskólann, Vélskólann og Fiskvinnsluskólann, sem er náttúrlega í þvílíku ástandi að það er ekki vansalaust. Ég horfði áðan, eins og fleiri þingmenn hafa sjálfsagt gert, á kvöldfréttirnar og horfði á fréttir af spástefnu þar sem ýmis atvinnufyrirtæki eða forsvarsmenn þeirra voru að spá um framtíðina og allir spáðu því að fullvinnsla í sjávarútvegi væri vaxtarbroddur í atvinnulífi númer eitt. Meðan svo er þá starfar Fiskvinnsluskólinn ekki og á ekki að starfa á vorönn vegna þess að málefni hans eru í nefnd. Þannig virðist stefnuleysið í þessum málum vera algert. Skólastjóri skólans kom á fund fjárln. og bað um 2 millj. kr. til að halda uppi einhverju námskeiðshaldi til þess að nýta kennslukrafta og þráðurinn slitnaði ekki. Það var ekkert hlustað á hann. Það var ekkert hlustað á beiðni Stýrimannaskólans um tækjabúnað til þess að kenna sjómönnum Íslands á siglingatæki og þar fram eftir götunum. Stefnuleysið í þessum málum virðist nefnilega

vera algert. Sama er að segja um Tækniskólann, en ég þarf ekki að orðlengja mikið um hann því að málefni hans eiga að takast upp á milli 2. og 3. umr. ásamt málefnum háskólans.

En þó að málefni háskólans eigi að bíða til 3. umr. þá var það nú svo að bæði formaður fjárln. og varaformaður viku að háskólanum hér í dag. Það hafa komið fram miklar áhyggjur forráðamanna háskólans yfir því að menntun þar sé að dragast aftur úr menntun frá háskólum nágrannalandanna. Síðan koma hér tveir stjórnarliðar upp í dag og tala báðir um að það geti komið til greina að leggja niður tannlæknadeild háskólans og kenna tannlæknaefnum erlendis. Ég hef ekkert heyrt talað um þetta úti í fjárlaganefnd og það hefur engin stefnumörkun um þetta komið frá ráðuneytinu. Ég tel það miklu heppilegra ef stjórnvöld sem nú ráða ríkjum eru búin að gefast upp á að reka háskólann eins og hann er að það komi þá tillögur um þetta frá menntmrn. og stefnumörkun í þessu efni í staðinn fyrir eitthvað almennt tal hér við 2. umr. fjárlaga. Það verður þá að vera ljóst að það sé ekki ætlunin lengur að bjóða upp á það námsframboð sem er boðið upp á núna í háskólanum og það er auðvitað betra að leggja niður einhverjar deildir heldur en að láta háskólann allan dragast aftur úr í námi, en ég er ekki enn þá búinn að missa vonina um að það sé hægt að reka það nám hér innan lands sem við rekum núna. Ég held að það sé spurning um stefnumörkun.

Það var einnig kvartað yfir því að háskólinn og forráðamenn skóla og stofnana væru tregir til að forgangsraða. Ég hef hér undir höndum, eins og aðrir fjárlaganefndarmenn, fjárlagabeiðnir háskólans. Þar er beðið um í fyrsta lagi 95 millj. kr., sem væri fyrsta skref í þá átt að kennsla væri sambærileg við það sem gerist á Norðurlöndum. Þetta er formleg beiðni og útreiknuð og rökstudd. Ég ætla ekki að eyða tíma að þessu sinni í að fara yfir þann rökstuðning. Í öðru lagi sækja þeir um aukningu vegna fjölgunar nemenda umfram áætlun í fjárlagatillögum, 60 millj. kr., og framlög í vinnumatssjóð og rannsóknasjóð sem hvetja til rannsókna, 45 millj. kr. Alls gerir það 200 millj. kr. sem háskólinn telur sig geta rekið sig með. Það kemur einnig fram að samanburður við aðra háskóla í Vestur-Evrópu sýni að kennslumagn við Háskóla Íslands er um 75% af því sem erlendis telst viðunandi og fjárveiting á nemanda í fullu námi hefur lækkað um þriðjung að raungildi á síðustu 7 árum. Þessu er ekki svarað að öðru leyti en því að í minnisblaði frá fjmrn. segir að hagræðing og nýting á húsnæði og kennslukröftum vaxi með fleiri nemendum, ef ég man rétt þeirra umsögn. Hún er á þann veg að það er eins og háskólinn sé nokkurs konar verksmiðja og eftir því sem fara fleiri þar í gegn því betri verður nýtingin.

Hér stendur í umsögn fjmrn. um fjárlagabeiðnir háskólans, með leyfi forseta: „Að svo komnu máli leggur fjmrn. til að fjárveiting til Háskóla Íslands verði óbreytt frá frv. til fjárlaga 1995 og skólanum verði gert að mæta fjölgun nemenda innan síns fjárlagaramma með aðhaldi, samdrætti í kennslumagni og með því að beita ýmsum heimildarákvæðum í kjarasamningum til að halda aftur af útgjöldum, sérstaklega úthlutun til rannsókna úr vinnumatssjóði. Það er athyglisvert að fjárveitingar til rannsókna úr vinnumatssjóði taka stærri og stærri hluta af fjárveitingum til skólans og það þá væntanlega á kostnað kennslunnar."

Þarna er bara talað umbúðalaust um það, þegar samanburður við aðra háskóla í Vestur-Evrópu sýnir að kennslumagnið er um 75% af því sem erlendis telst viðunandi, að draga saman kennslumagnið. Þetta er nú stefnumörkunin í málefnum Háskóla Íslands, en ég ætla ekki að hafa um þetta fleiri orð núna vegna þess að þessi mál eiga eftir að koma aftur til umræðu því að meiri hluti fjárln. hefur ekki treyst sér til að ryðja þessu út af borðinu enn þá a.m.k., hvað sem verður nú á næstu dögum.

Það eru fáein atriði hér undir menntmrn. sem ég vil minnast á og það er eitt verkefni sem heyrir undir Þjóðminjasafn Íslands sem ég vil sérstaklega minnast á, sem er húsafriðun og Húsafriðunarsjóður, sem sækir um framlag ríkissjóðs til Húsafriðunarsjóðs en Jöfnunarsjóður sveitarfélaga leggur þar á móti. Húsafriðun er hið þarfasta mál, en það er nú svo með húsafriðunina að hún er bæði menningarleg nauðsyn, að varðveita þann arð sem við eigum í byggingum, sem er nú ekki fjölskrúðugur miðað við aðrar þjóðir, og það hefur sýnt sig að þetta er nátengt ferðamannaiðnaðinum, ef svo má segja, í landinu og þar sem gömlum húsum hefur verið haldið til haga hefur það verið mikið aðdráttarafl fyrir ferðamenn. Ég kann dæmi um það að slík viðgerð á gömlum húsum hefur lyft heilum byggðarlögum og skapað þar miðpunkt.

En hér segir í umsókn húsafriðunarnefndar ríkisins: „Allt frá gildistöku þjóðminjalaga, nr. 88 1989, hefur framlag ríkissjóðs til Húsafriðunarsjóðs verið skorið niður á fjárlögum. Í þjóðminjalögum er kveðið á um að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga og ríkissjóður leggi jafnt framlag til Húsafriðunarsjóðs."

Hér kemur fram að framlög ríkisins hafa verið skert á þessum tíma um 123,6 milljónir undanfarin fimm ár og samkvæmt frv. til fjárlaga 1995 er gert ráð fyrir að ríkissjóður skerði framlag sitt og greiði aðeins 10,5 milljónir til Húsafriðunarsjóðs. Ég satt að segja á erfitt með að skilja að það skuli ekki vera betur gert í þessum málaflokki, ekki síst vegna þess hvernig atvinnustigið er í landinu. En það er nú svo með þessar framkvæmdir einmitt, viðhald og viðgerðir gamalla húsa, að þetta er eitthvað vinnufrekasta verkefni einmitt fyrir iðnaðarmenn sem skortir oft og tíðum vinnu, sérstaklega yfir vetrartímann, að vinna að þessum viðgerðum.

Ég dreg ekki úr því að það sé gott verkefni að fara í átak í vegamálum. Ég er mikill talsmaður þess að leggja vegi. En það er vegna þess að vegir skapa góðar samgöngur en vegagerð í dag er ekki mjög vinnuaflsfrek. En ýmis viðhaldsverkefni af þessu tagi, einkum viðhald gamalla húsa er verkefni sem útheimtir vinnuafl í ríkum mæli og ég er því hissa á því hvað er talað fyrir daufum eyrum í þessum efnum. Ég vildi líka minnast á þá ráðstöfun sem ég skil ekki og hef ekki fengið neinar skýringar á, þ.e. að fella niður framlag til

listskreytingasjóðs þó að verið sé að endurskoða lögin um hann. Auðvitað er stefnumörkun í því að klippa á starfsemi sjóðsins. Það hlýtur að gefa vísbendingu um að það eigi að leggja sjóðinn niður fyrir fullt og allt, a.m.k. hafa ekki aðrar skýringar verið gefnar á því af hverju þetta fjármagn er skorið af núna. Ég tel þetta einnig mjög miður. Það er mikil gróska í myndlist í landinu og myndlistarmenn hafa bæði komið til fjárln. og áskoranir hafa komið úr ýmsum áttum um að halda þessu fjármagni inni sem var ætlað til hans en allt hefur komið fyrir ekki. Meira að segja þegar frúin aðsópsmikla kom og það var...(**Gripið fram í:** Frúin ...) Það var frú vors hæstv. utanrrh. sem kom á fund nefndarinnar og fékk þá til að hækka framlög til Kvikmyndasjóðs um 20 millj. sem var þarft verk en listskreytingasjóður fékk ekki að fljóta með í þeirri hækkun.

Ég vil víkja örlítið að einni stofnun undir menntmrn. en það er Námsgagnastofnun. Fjárhagur hennar hefur verið afar bágborinn og þar vantar hundruð milljóna upp á að stofnunin hafi getað sinnt hlutverki sínu. Hún fékk að vísu 17 millj. kr. hækkun sem er þó í áttina en það er langt í frá að sú stofnun geti þjónað hlutverki sínu því að auðvitað þarf að vera samfella í útgáfu og námsefnið þarf að svara kröfum tímans. Ég hef það t.d. fyrir satt að það sé kennt enn þá í námsbókum í landafræði að Sovétríkin séu við lýði. Ég held að þetta standi í námsbókum í landafræði og hef það fyrir satt að það hafi ekkert breyst í því efni að Sovétríkin séu enn þá eins og þau voru. (**StB:** Það er allur varinn góður.) Það er allur varinn góður segir hv. varaformaður fjárln. Það er gott að vera varasamur en ég held að það mætti nú breyta þessu. Ég vona að ástandið verði ekki þannig aftur að ástæða sé til að láta þetta standa. Ég er hissa á því ef hv. varaformaður fjárln. vill láta þetta standa. Ég hélt að hann hefði ekki verið hallur undir það batterí sem þarna var fyrir austan. En lengi skal manninn reyna.

Ég vil víkja örlítið að félagsmálum og Framkvæmdasjóði fatlaðra sem hefur komið til umræðu fyrr í dag. Fulltrúar framkvæmdasjóðsins voru á fundi með félmn. í morgun og höfðu áhyggjur af því háa hlutfalli sem ákveðið er að fari til rekstrar af framkvæmdafé framkvæmdasjóðsins. Sannleikurinn er sá að ekkert hefur verið rætt við þessa aðila um þessi mál. Þessir fulltrúar fundu nú að því. Þeir útilokuðu ekkert í sjálfu sér að eðlilegt væri að það færi eitthvað til reksturs. En það er nú lágmarkið að ræða við og kalla fólk, sem stýrir þessum málum, til viðræðu um það hlutfall sem gengur til þessara mála. Ég hvet til þess að málið verði tekið upp milli 2. og 3. umr. og skoðað betur og ekki síst af því að skerðingin er í frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum sem er til meðferðar í hv. efh.- og viðskn. Þá hefur þingið tækifæri til að skoða þessar forsendur upp á nýtt. Ég vildi hvetja til þess að það yrði gert. Einnig komu fram hjá þessu fólki áhyggjur vegna húsaleigubótanna sem eiga að greiðast um áramót til öryrkja og skerðir hina svokölluðu uppbót þeirra og verður til þess að í raun fá öryrkjar 2.000 kr. á mánuð sem njóta húsaleigubóta og aðrir fá 7.000 þús. kr. á mánuði. Ég held að þetta mál verði Alþingi að taka til meðferðar. Ég get þess um þetta mál þar sem ég tel að það verði að fara nánar yfir málin því hér hafi löggjafanum yfirsést og verði að fara aftur yfir þessar forsendur.

Ég vil einnig nefna að felldur er niður liðurinn Vinnumál þar sem fjármagni hefur verið veitt til Alþýðusambands Íslands og aðila vinnumarkaðarins vegna ákveðinnar þjónustu sem þessir aðilar inna af hendi í almannaþágu. Þessum málum hefur einnig verið frestað til 3. umr. En ég nefni þetta vegna þess að ég tel að þetta málefni þurfi að lagfæra á milli 2. og 3. umr.

Hins vegar er komin enn ein yfirlýsingin í sveitarfélagamálunum varðandi Innheimtustofnun og Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, því að þessar yfirlýsingar sjá dagsins ljós reglulega á jólaföstunni svona um það leyti sem fyrsti jólasveininn kemur. Það er hætt við að svíkja loforðið frá síðasta ári um að hætta að innheimta gjald frá sveitarfélögunum í Atvinnuleysistryggingasjóð og það er auðvitað vel að það er horfið frá því. Þar með er búið að draga til baka þá ákvörðun sem var á sínum tíma tekin um lögguskattinn sem var harðlega mótmælt á Alþingi. Einnig er búið að leysa málið um þjónustuframlög sveitarfélaga í bili með lántöku og ýta því fram á næsta ár og fyrirheit um að endurskoða löggjöf um Innheimtustofnun sveitarfélaga og innheimtu barnsmeðlaga þannig að Jöfnunarsjóðurinn geti staðið við skuldbindingar sínar að þessu leyti. Það er mjög áríðandi að koma þessum málum á hreint svo þetta endurtaki sig ekki vegna þess að staða sveitarfélaganna er miklu verri en hún hefur verið. Sveitarfélögin standa orðið höllum fæti og staða þeirra hefur versnað um 2–3 milljarða kr. á undanförnum árum. En hagur þeirra batnaði mjög eftir tekjustofnalögin árið 1989 en nú hefur sigið aftur á ógæfuhliðina.

Varðandi dómsmálin vil ég minnast á eitt atriði þar sérstaklega sem ekki er hlustað á og ekkert er fyrirséð í fjárlagafrv. en það eru löggæslumál um land allt. Það er nokkuð sama hvar maður fer, a.m.k. í mínu kjördæmi og ég veit að það er víðar, að kvartanir um ófullnægjandi löggæslu eru mjög miklar. Mörg erindi liggja fyrir fjárln. um þetta mál um auknar heimildir fyrir stöðum fyrir löggæslumenn en þessu málefni hefur ekki verið sinnt. Við svo búið má ekki standa. Það er beinlínis öryggismál og þarf ekki að lýsa því að öflug löggæsla sé á þéttbýlisstöðum um allt land, ekki síður en í Reykjavík. Það getur beinlínis verið eitt af þeim atriðum sem ræður búsetu fólks hvernig búið er að í þessum efnum eins og öðrum. Það er mjög miður að ekki skuli vera hlustað á þessi erindi. Full þörf væri á því að setja sérstaka vinnu í þessi mál til að gera sér grein fyrir því hvernig má bæta hér úr brýnustu þörfinni. Ég veit að hún er fyrir hendi.

Í öðru lagi vildi ég minnast á málefni Landhelgisgæslunnar. Þar sem ekki er séð fyrir rekstri hinnar nýju og glæsilegu björgunarþyrlu sem loks kemur nú á þessu ári og er mikill og gleðilegur áfangi. Gæslunni er ætlað að skera niður annan rekstur á móti rekstri

þyrlunnar sem nemur 10 millj. á mánuði. Þetta er auðvitað óviðunandi því að Landhelgisgæslan þarf að vera öflug. Breyttar aðstæður í sjávarútvegi hafa gert það að verkum og raunar hefur alltaf verið mikil þörf fyrir öfluga landhelgisgæslu. Það kom einmitt fram í fyrirspurnatíma í gær hvað brýnt er að Landhelgisgæslan geti sinnt eftirlitshlutverki sínu á sjó eins vel og unnt er.

Eins og ég sagði í upphafi mun 3. umr. málsins verða allfyrirferðarmikil vegna þess hve mikið stendur út af enn þá í starfi nefndarinnar og hve mörgum stórum málum hefur verið ýtt til 3. umr. Ég hóf ræðu mína á því að segja að stjórnarliðar hefðu talað af mikilli bjartsýni í dag. Þeir eru nokkuð kotrosknir í ræðustól og hafa veifað merkustu pólitísku yfirlýsingu síðari tíma. Hins vegar verð ég að segja því miður að ég er ekki eins bjartsýnn varðandi þetta frv. og efnahagsmálin almennt. Mér finnst mál málanna nú vera afkoma heimilanna í landinu, avinnumál og kjaramál. Þetta frv. tekur engan veginn á þeim málum að neinu leyti. Það er einnig byggt á ótryggum forsendum um hagvöxt og atvinnustig, því miður. Þess vegna er ég ekki bjartsýnn á að þetta frv. reynist raunhæft. Þetta er ekki innlegg í þá kjarabaráttu sem fram undan er frekar en merkasta pólitíska yfirlýsing síðari tíma sem var kynnt á Alþingi í gær.

[21:16]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. 2. þm. Austurl. flutti hér ágæta ræðu að venju og var málefnalegur. En það var eitt sem vakti athygli mína og það var að hann vitnaði m.a. í ræðu mína fyrr í kvöld og að ég hefði bent á þá staðreynd að halli á ríkissjóði leiddi til skuldasöfnunar eins og alþekkt er. En á sama tíma og hann vakti athygli á þessu og gagnrýndi í rauninni mjög harkalega hallann á ríkissjóði þá taldi hann vanta fjárfestingu. Og hvernig skyldum við nú koma af stað fjárfestingu nema því aðeins að auka hallann á ríkissjóði og efna til meiri lántöku? Ég get því ekki séð, hæstv. forseti, að þetta komi heim og saman og vildi fá skýringu á þessu hjá hv. þm.

Einnig vildi ég nefna það sem fram kom hjá hv. 2. þm. Austurl. varðandi færslu grunnskólans. Það hefur komið fram hjá ýmsum að menn telja að vanti í fjárlagafrv. fyrir næsta ár færslu á grunnskólanum. Þetta er grundvallarmisskilningur. Það er ekki gert ráð fyrir því í fjárlögum að lækkuð séu framlög ríkisins til grunnskólans fyrr en lög hafa verið sett um þann flutning. Þess vegna er mjög óeðlilegt t.d. það sem hefur komið fram í gagnrýni samtakanna Heimili og skóli og hv. 2. þm. Austurl. að fjárveitingar eigi að vera til sveitarfélaga í því frv. til fjárlaga sem hér er til umfjöllunar. En ég vil að þetta komi hér fram. Það er ekkert óeðlilegt við það þó að í fjárlagafrv. fyrir næsta ár komi ekki fram lækkun á framlögum ríkisins vegna þess að grunnskólinn verði fluttur, það er misskilningur.

[21:19]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. 1. þm. Vesturl. undrast að ég skuli gagnrýna halla ríkissjóðs og biðja um leið um auknar fjárfestingar eins og hann orðaði það. Það er mergurinn málsins og ég kom reyndar inn á það við 1. umr. þessa máls að atvinnustefna ríkisstjórnarinnar hefur brugðist og þess vegna er atvinnuvandinn stærsti útgjaldavandi ríkissjóðs. Ef hjól atvinnulífsins mundu snúast þá mundi það létta undir með afkomu ríkissjóðs. Það er mergurinn málsins.

Við minnihlutamenn í fjárln., fulltrúar Framsfl., höfum ekki flutt útgjaldatillögur við þetta frv. Og ekki flutt brtt. um útgjaldamál sem við vitum að hv. stjórnarliðar muni fella í þinginu því það er búið að berja þá saman. Þeir ætla líklega að stjórna áfram. En atvinnustefnan er veigamesti þátturinn í þessu.

Varðandi grunnskólann þá sýnir frv. hvernig ríkið vill hafa grunnskólann og ráðstafanir í ríkisfjármálum sýna það. Það er þá sveitarfélaganna að efla grunnskólann. Það var það sem ég átti við. Ég geri mér alveg fullkomlega grein fyrir því að það verða ákveðnar fjárveitingar á sínum tíma. En stefnumörkunin liggur fyrir af hálfu ríkisvaldsins.

[21:21]

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Hvar er hinn margrómaða efnahagsbata að finna sem hæstv. forsrh. boðaði í sumar sem leið og hefur síðan verið endurtekið? — Nú réttir hæstv. fjmrh. upp höndina. Það er eitthvað nýtt ef það er að finna bata hjá honum varðandi fjármálin því það er ekki að heyra í þingsölum og ekki að finna í fjárlagafrv. En hver stjórnarliðinn af öðrum sem hér stendur upp magna upp batann í andanum en draga svo úr jafnharðan enda eðlilegt vegna þess að efnahagsbatinn er hvergi áþreifanlegur í þjóðfélaginu, því miður. Það má eiginlega segja að þessi uppsveifla sé aðeins á Austurvelli, hún nái ekki lengra. En með jöfnu millibili þá sveifla þeir sér upp hér ákveðnir hv. þm. og hæstv. ráðherrar. (**SJS:** Þeir eru svo léttir sumir.) Þeir eru svo léttir sumir, segir einn hv. þm. Já, með jöfnu millibili eru þeir léttir og þyngjast svo á milli þegar raunveruleikinn blasir við þeim.

Það var t.d. ekki mikinn bata að finna í nýja undrinu frá hæstv. ríkisstjórn sem birt var um helgina sem hv. formaður fjárln. sagði að væri merkasta pólitíska yfirlýsing um langan tíma og flokksbróðir hans, formaður Alþfl., hæstv. utanrrh., sagði daginn sem undrið fæddist hafa verið einn besta dag í lífi hans í þessu stjórnarsamstarfi. Það var ekkert minna. Þá fór maður að sjálfsögðu að hugsa: Óskaplega hafa þetta verið daprir dagar og erfiðir ef þetta lítilræði gat lyft þeim svona hátt í hæðir.

Það er knálega orðað þetta plagg: „Yfirlýsing ríkisstjórnarinnar um aðgerðir til að stuðla að aukinni atvinnu, stöðugleika og kjarajöfnun.“ Þetta er knálega orðað. En innihaldið er ekki alveg jafnknálegt. Að vísu eykur það fjárlagahallann um 2,5 milljarða ef þetta yrði nú keyrt í gang vegna þess að menn treysta sér ekki til að leggja á skatta á móti. Menn treysta sér ekki til þess. Þeir ætla að bíða eftir því að sjálfsögðu að stjórnarandstaðan í dag geri það enda eru þeir búnir að bjóða þeim sæti í þeirri nefnd sem á að semja lög varðandi

fjármagnstekjuskattinn. Nei, hæstv. fjmrh. treystir sér ekki til þess. Þetta á allt að gerast á næsta ári. Það er svolítið athyglisvert að okkur í stjórnarandstöðunni skuli allt í einu vera boðið að taka þátt í þessu því ekki var okkur boðið að taka þátt í endurskoðun sjávarútvegsstefnu og ekki endurskoðun á skólamálum almennt. En í þessu já, gjörið þið svo vel, þið megið taka þátt í þessu. Það er vegna þess að sjálfsögðu að stjórnin er hrædd við að leggja skatt á þessa aðila, fjármagnseigendur í landinu. Þeir treysta sér ekki til þess, að sjálfsögðu ekki. Með þessu plaggi er ríkisstjórnin að leggja 2,5 milljarða a.m.k. í aukinn fjárlagahalla.

Mig langar að taka einn punkt úr þessari yfirlýsingu sem var eiginlega upphaf ræðu hv. formanns fjárlaganefndar í dag. Það er úr 3. kafla í þessu merka plaggi um nýsköpun í atvinnulífi og markaðssókn og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Til þess að treysta enn frekar undirstöður íslensks atvinnulífs og skapa fleiri störf mun ríkisstjórnin leggja fram frumvarp um nýsköpun í atvinnulífinu. Með því verður greitt fyrir vöruþróun og markaðssókn erlendis, m.a. á EES-svæðinu. Aðgerðir þessar munu ná til allra atvinnugreina. Jafnframt hefur ríkisstjórnin ákveðið sérstakar aðgerðir til þess að auka erlendar fjárfestingar hér á landi."

Þetta var upphaf ræðu hv. formanns fjárln. Hann lagði út frá þessum orðum. Maður spyr sig: Voru þessir menn að vakna af dvala? Eru ekki tvö ár síðan að hér var samþykkt að ganga í hið Evrópska efnahagssvæði? Hvað hafa menn verið að gera allt þetta ár? Ég spyr. Jú, að sjálfsögu lögðu þeir 2 millj. kr. í sendiráðið í London einmitt í þessum tilgangi. Ég veit ekki í hvað það fór nákvæmlega en þeir geta kannski svarað því. Það er einmitt mál sem er í rannsókn um þessar mundir. En hvernig á maður að trúa því núna að það eigi að fara fram einhver sérstök aðgerð til að nota þau tækifæri sem við höfum á hinu Evrópska efnahagssvæði? Af hverju skyldum við trúa því í dag? Af hverju skyldum við trúa því akkúrat í dag að þessir aðilar ætli að fara af einhverjum krafti í nýsköpun?

Ég nefni dæmi. Í maí var samþykkt svokölluð Vestfjarðaaðstoð. Hvernig hefur það mál gengið fyrir sig? Sú ágæta aðstoð sem Vestfirðingar áttu að fá hefur nú verið til umræðu alllengi en þetta frv. sem varð að lögum í maí í ár hét Ráðstafanir til að stuðla að stækkun atvinnu- og þjónustusvæða á Vestfjörðum í kjölfar samdráttar í þorskafla. Það er fyrst í dag eftir allan þennan tíma sem verið er að úthluta smáhluta af þessum 300 millj. sem var nú ekki stór upphæð. Það var í dag sem Byggðastofnun var að gefa grænt ljós á 100 millj. kr. til þriggja fyrirtækja á þessu svæði. Það tók allan þennan tíma.

Ég nefni annað dæmi. Á sama tíma og því var lofað að Vestfirðingar fengju þessa aðstoð þá var því einnig lofað að sérstaklega yrði skoðað það svæði á utanverðu Snæfellsnesi sem nú heitir Snæfellsbær sem er líkt varðandi atvinnumál og á Vestfjörðum. Þessi skoðun hefur staðið yfir síðan í desember í fyrra. Henni er ekki lokið enn þá. Hún hefur staðið yfir í ár. Það er ekki af því að það séu svo mörg fyrirtæki á þessu svæði og ekki af því að atvinnulífið sé svo flókið. Það er vegna þess að ríkisstjórnin ætlar ekki að gera neitt í þessu máli. Hún hefur aldrei ætlað að gera neitt. Þess vegna þegar maður les þessar línur á bls. 2 þá trúir maður ekki orði og veit að það verður ekkert gert í þessu máli. Mig langar til að spyrja í þessu sambandi: Hvenær eigum við von á þessu frv. til laga um nýsköpun í atvinnulífi og markaðssókn? Er þetta frv. tilbúið hjá hæstv. ríkisstjórn? Hvenær fáum við að sjá þetta frv.?

Það er nú svo að þó þetta líti nú vel út þá eru fleiri liðir sem manni finnast harla ótrúlegir miðað við það sem við höfum upplifað síðustu þrjú ár. T.d. er í 13. lið í þessu sama plaggi um lækkun húshitunarkostnaðar og, með leyfi forseta, stendur hér:

„Ríkisstjórnin mun hefja viðræður við orkusölufyrirtækin með það fyrir augum að efna til samstarfs um að lækka húshitunarkostnað á dýrustu svæðunum umfram það sem þegar hefur verið gert af hálfu stjórnvalda með niðurgreiðslum og yfirtöku skulda orkufyrirtækja."

Hvað hefur gerst í þessu máli? Það var lagður virðisaukaskattur á alla orku í landinu. (**Gripið fram í:** Mishár.) Það er akkúrat það sem ríkisstjórnin hefur gert, að leggja virðisaukaskatt á alla orku í landinu. Það eru nú lækkunaraðgerðirnar. Og núna þegar þessi ríkisstjórn er að syngja sinn svanasöng þá vildi maður fá aðeins nánari útskýringar á hvernig þeir ætla að fara að því að lækka húshitunarkostnað á köldu svæðunum á landinu. Ég vildi óska að satt væri og þeir mundu drífa það af áður en þeir hverfa héðan á brott en ég hef enga trú á að það verði. Svona er ýmislegt í þessu plaggi.

Hvar er svo efnahagsbatann að finna í fjárlagafrv.? Hann er hvergi að finna þar. Ef ég tek heilbrigðismálin sérstaklega fyrir þá er enn boðaður niðurskurður í heilbrigðismálum og það er enn boðaður sérstakur skattur á sjúklinga. Þetta eru kallaðar sértekjur í fjárlagafrv. en heitir á mæltu máli bara einfaldlega sjúklingaskattur, nýjar álögur á sjúklinga. Þegar maður skoðar það hvernig þessar sértekjur hafa náðst á undanförnum árum á sjúkrahúsum þá hafa þær ekki náðst nema að litlu leyti. Þær hafa ekki náðst nema að litlu leyti og munu ekki nást nema að litlu leyti vegna þess að sjúklingar sem eru tekjulitlir geta ekki fjárhags síns vegna farið í aðgerðir sem kosta fleiri þúsund krónur. Það er ekki flóknara en svo.

Enn eru boðaðar nýjar sértekjur á sjúkrahúsunum sem þýðir einfaldlega það, einföld dæmi, að allar kviðspeglanir kosta eftir áramóti 14.000 kr. Einföld rannsókn mjög mikilvæg fyrir sjúklingana. Það þýðir að þeir sem eiga ekki þessar 14.000 kr. fara ekki í þessar rannsóknir sem þýðir að þeir fá ekki sjúkdómsgreiningu eins og þeir hefðu fengið áður meðan ekki var borgað fyrir þetta að fullu eins og nú á að gerast. Það mun kannski kosta þjóðfélagið enn þá meira til lengri tíma litið því þá geta blossað upp erfiðir sjúkdómar sem hægt er að finna við þessa einföldu rannsókn. Það gerist nefnilega alveg það sama og hefur gerst varðandi tannlækningar. Það hefur gerst hjá tann-

læknum að tekjulágt fólk fer ekki til tannlækna vegna þess að það hefur einfaldlega ekki efni á því.

En af því að ég er farin að tala um tannlækna og af því að ég sé að hæstv. menntmrh. er hér þá langar mig að spyrja hann að því sem var aðalfréttaefnið í kvöld að það væri réttast að leggja niður tannlæknadeildina við Háskóla Íslands, nú langar mig að heyra hvað hæstv. menntmrh. segir um það málefni. Er hann sammála því? Mér fannst það svolítið fróðlegt að hlusta á þá sem voru með þessar tillögur að þeir voru að tala um að þeim fyndist rétt að háskólinn nýtti peningana í eitthvað annað, t.d. í sjávarútvegsnám á háskólastigi. Nú er það tiltölulega ný námsgrein og ég held að það væri gott að það kæmi betri reynsla á það áður en menn spýttu miklu fjármagni til viðbótar þó það sé allra góðra gjalda vert eitt og sér. En það væri gaman að heyra hvað hæstv. menntmrh., fyrst hann er einn *fárra ráðherra í salnum*, segir varðandi þessa fyrirspurn.

Það er ýmislegt fleira varðandi heilbrigðismálin sem væri fróðlegt að spyrja hæstv. heilbrrh. um en hann er trúlega ekki í húsinu. Nei, hann er ekki hér í húsi, því miður. Ég sé nefnilega í fjárlagafrv. að áætlað er að þáttur sjúkraþjálfunar lækki um 50 millj. Mig langar að lesa bréf sem barst til hv. heilbr.- og trn. varðandi þetta mál og skýrir vel hve þáttur sjúkraþjálfunar er mikilvægur. Mér er alveg fyrirmunað að skilja hvernig er hægt að draga 50 millj. úr þessum mikilvæga þætti. Með leyfi forseta, stendur í þessu bréfi frá Félagi íslenskra sjúkraþjálfa:

„Ekki hafa fengist upplýsingar um forsendur niðurskurðarins frá heilbrrn. eða Tryggingastofnun ríkisins aðrar en þær að útgjöld til sjúkraþjálfunar hafa hækkað síðustu ár og við því þurfi að bregðast. Sjúkraþjálfarar hafa ítrekað bent á að þessi aukning er fyrst og fremst til komin vegna aðgerða heilbrigðisyfirvalda, m.a. styttri legutíma á sjúkrahúsum. Sjúklingar sem áður fengu endurhæfingu innan veggja sjúkrahúsanna þurfa nú að sækja meðferð á göngudeildir. Það var því viðbúið að þessi liður fjárlaga mundi aukast.

Hjálagt eru upplýsingar frá Tryggingastofnun ríkisins um kostnað vegna sjúkraþjálfunar. Eins og sést á yfirlitinu er það meðferð sjúklinga sem fá fría sjúkraþjálfun 100% sem hefur hækkað mest. Er það fólk sem hefur ævilangar fatlanir og langvinna sjúkdóma sem flokkast þar undir. Jafnframt má sjá af yfirlitinu að sjúkraþjálfun vegna íþrótta hefur aukist verulega. Engum hefur dottið í hug að skera niður þar enda sterkur hópur sem stendur vörð um íþróttamenn sem gildir því miður ekki um alvarlega sjúkt fólk og aldraða sem á sér ekki sterkan málsvara. Mörg dæmi eru til að um þennan mikla sparnað sem verður þegar endurhæfing er færð frá stofnun til göngudeildar. Eitt dæmi er að sjúklingur hefur verið í sjúkraþjálfun á göngudeild sl. þrjú ár. Sjúklingurinn hefur fengið að meðaltali 40 meðferðir á ári sem kostar þjóðfélagið 76 þús. kr. á ári. Áður en þessi háttur komst á með göngudeildarþjálfun þurfti þessi sami sjúklingur að liggja inn á stofnun í um 30 daga á ári sem kostar þjóðfélagið yfir 1 millj. kr. Þarna er augljós sparnaður.

Með niðurskurði á göngudeildarþjónustu er hætta á að snúið verði af þessari braut og fleiri sjúklingar komist ekki til endurhæfinga á göngudeild og verði því að leita dýrari úrræða. Félag íslenskra sjúkraþjálfara hefur átt í samningaviðræðum við Tryggingastofnun ríkisins í rúmlega ár um breytingar á samningi aðila. Helstu tillögur um niðurskurð sem komið hafa frá Tryggingastofnun ríkisins eru:

1. Að hækka hlutfall greiðslu sjúklinga úr 40 í 50%.
2. Að fækka þeim sem fá fría sjúkraþjálfun en það er fólk sem hefur ævilanga fötlun og langvinna sjúkdóma.
3. Að hætta að greiða fyrir ákveðna sjúkdómsflokka, svo sem vöðvabólgu.

Allar þessar tillögur koma hart niður á sjúklingum.

Á niðurskurðartímum hafa nágrannaþjóðir okkar á Norðurlöndum aukið útgjöld til endurhæfingar en ekki dregið úr þeim eins og hér stendur til að gera. Þar hefur verið sýnt fram á að með endurhæfingu er hægt að gera fólk vinnufært mun fyrr eftir slys og erfið veikindi. Með niðurskurði til sjúkraþjálfunar og með breytingum á reglum nr. 14/1993, um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu, sem tók gildi 1. okt. sl., er almenningi torveldað að fara í sjúkraþjálfun. Það er rétt að benda á að það kostar ekkert að fá lyfseðil hjá lækni en það kostar sjúklinginn 600 kr. að fá tilvísun til sjúkraþjálfara. Við óttumst því að sjúklingar leiti í auknum mæli eftir verkjastillandi og vöðvaslakandi lyfjum í stað sjúkraþjálfunar og hvað sparar það?"

Það er alveg augljóst að ef þessi liður verður ekki hækkaður þá verður þetta til þess að læknar munu í auknum mæli leggja þá sjúklinga sem í dag fá sjúkraþjálfun og geta verið heima hjá sér inn á sjúkrahús vegna þess að þeir geta ekki verið án þessarar meðferðar og það kostar ríkið miklu hærri upphæðir, þannig að það mun ekkert sparast við þetta, því miður, nema síður væri.

Það eru ýmsar aðrar spurningar sem brenna á vörum okkar sem erum í heilbr.- og trn. Það er mjög slæmt að hæstv. *heilbrrh. skuli ekki vera hér*. Við þurfum að fá svör við því hvernig á að spara 200 millj. kr. í lyfjakostnað. Við höfum ekki fengið nein svör við því. Við þurfum að fá svör við því hvernig á að spara 100 millj. í sérfræðiþjónustu. Á að taka upp tilvísunarkerfið? Þessar 100 millj. áttu að sparast með því. En það er alveg óljóst hvort það á að taka upp þetta tilvísunarkerfi. Svo rekst þetta hvert á annars horn því þó svo það eigi að spara 100 millj. í sérfræðiþjónustu þá á líka að draga 50 millj. kr. úr heilsugæsluþjónustu sem á þó að taka við af sérfræðingunum. Það er eiginlega alveg óskiljanlegt hvernig hægt er að fá þetta heim og saman. Þá á að draga 70 millj. kr. úr rannsóknalækningum. Ég vildi gjarnan fá svör við því hvernig á að fara að því. Og stóra málið sem við verðum að fá svör við er það hvernig á að spara 850 millj. í lífeyristryggingar? Við höfum áhyggjur af því að húsaleigubætur skerði annan lífeyri. Við því verðum við að fá skýr svör hvort það er tilfellið. Vonandi er þessi ótti ástæðulaus hjá okkur en við verðum að fá

svör við því hvernig á að ná þessum 850 millj. Er þetta bara plat?

Fulltrúar stærstu sjúkrahúsanna í landinu hafa komið til hv. heilbr.- og trn. og það er alveg ljóst að mörg stærri sjúkrahús geta ekki verið með óbreyttan rekstur ef fjárlagafrv. verður samþykkt eins og það er í dag. Tökum bara Ríkisspítalana eina og sér. Þeir eiga að spara 250–300 millj. kr. og auk þess eiga þeir, bara Ríkisspítalarnir einir, að ná inn 50 millj. kr. í nýjar sértekjur, sem ég er búin að lýsa hér að er útilokað að ná. Það er útilokað að ná þeim. En þar fyrir utan eiga þeir að spara 250–300 millj. kr. Það eru 337 þús. legudagar bara á Ríkisspítölunum og þeir hafa sparað og dregið saman á öllum deildum eins og hægt er. Það er ekkert nema eitt sem er eftir, þ.e. að loka deildum. Hvar í heila heiminum getur það gerst nema á Íslandi þar sem eru byggðar glæsilegar sjúkrastofnanir, þar sem er eitt langbest menntaða fólk í heilbrigðisstéttum í heiminum? Við erum afskaplega vel tækjum búin en við getum ekki rekið þessar stofnanir. Og við rekum ekki þessar stofnanir, mörg stór og myndarleg sjúkrahús, nema á hálfum snúningi. Ég nefni Sjúkrahús Akraness sem hefur alla möguleika til að gera flestar tegundir aðgerða en hefur ekki efni á því þrátt fyrir að sérfræðingarnir séu til staðar.

Þetta er ekki eðlilegt og því hlýt ég að taka undir með hæstv. heilbr.- og trmrh. þar sem hann sagði á fundi Ríkisspítala í dag að hann væri að skipa nefnd til að endurskoða hvernig nýta mætti þær 40 skurðstofur sem eru um allt land. Þetta er mikil fjárfesting og það er mikið hægt að nýta þessa fjárfestingu. Það þætti lélegur almennur rekstur í fyrirtækum ef það væri hagkvæmast að vinna sem minnst eins og er með þessi sjúkrahús ef þau eiga að ná endum saman. En sem betur fer sé ég í brtt. frá meiri hluta við fjárlagafrv. að það hafa komið fram nokkrar breytingartillögur um að rétta hag nokkurra sjúkrahúsa á landinu og með leyfi virðulegs forseta langar mig að lesa nokkrar breytingartillögur sem hér eru gerðar.

Gert er ráð fyrir því að Fjórðungssjúkrahúsið á Ísafirði fái 13 millj. kr. til viðbótar við það sem áður stendur í fjárlagafrv. og mig langar að spyrja nákvæmlega vegna þess að mér finnst að það þurfi að fara faglega yfir það þegar verið er að skerða sum sjúkrahús og auka við önnur, hvað býr nákvæmlega að baki. Mig langar að spyrja að því varðandi Fjórðungssjúkrahúsið á Ísafirði sem fær hæstu upphæðina: Hvaða nýjungar eiga þar að fara fram? Er þetta til að geta haft óbreyttan rekstur eða er þetta vegna nýjunga?

Ég sé hvað á að gera á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri sem gerð er tillaga um að fái 15 millj. kr. í aukafjárveitingu og er það vegna öldrunarlækningadeildar.

Á St. Jósefsspítalanum í Hafnarfirði er gert ráð fyrir 11 millj. kr. aukafjárveitingu og mér sýnist það vera til að bæta almennan rekstur. Ef það eru einhverjar nýjungar þar langar mig til að heyra um þær. Varðandi St. Fransiskusspítalann á Stykkishólmi býst ég við að það sé til að halda bara þeim almenna rekstri sem þar er uppi. En mig langar að spyrja: Hvað ætla menn að gera við stóru sjúkrahúsin sem geta ekki haldið upp þeim rekstri sem þau hafa gert undanfarin ár með óbreyttri fjárveitingu? Það er nauðsynlegt að skoða þessi mál í heild sinni.

Auðvitað eru mjög mörg málefni sem brenna á manni við þessa umræðu um fjárlagafrv. Gert er ráð fyrir í frv. að embætti héraðslækna falli út og mönnum hefur fundist þau störf fremur léttvæg sem héraðslæknar hafa innt af hendi en mig langar til að fræða hv. alþm. um það hvað héraðslæknum er ætlað. Í upphafi var tillaga um að héraðslæknar væru fimm að tölu, einn fyrir Reykjavík og einn fyrir hvern landsfjórðung. Embætti landlæknis átti að leggjast niður í upphafi. Í meðförum þingsins var því breytt í það horf sem enn er. Samtímis voru ýmsar embættisskyldur, sem áður hvíldu á heilsugæslulæknum, felldar niður. Embættin hafa alla tíð átt að vissu leyti erfitt uppdráttar vegna tregðu heilbrigðisyfirvalda að flytja verkefni heim í héruð. Miklar umræður hafa verið undanfarin ár um dreifingu valds í heilbrigðisgeiranum og að færa ábyrgð bæði fjárhagslega og faglega nær heilbrigðisstofnunum. Þannig var samþykkt á Alþingi árið 1991 þáltill. um héraðsskrifstofur heilbrigðismála sem þó hafa ekki leitt til neinna breytinga. En störf héraðslækna eru sem hér segir: Seta í heilbrigðismálanefnd, formennska í svæðisnefnd heilbrigðiseftirlits, seta í svæðisráði fatlaðra, umsagnaraðili fyrir þing og önnur yfirvöld, embættislækningar fyrir ýmis yfirvöld í héraði, t.d. í málum sem snerta vottorð geðsjúkra og mannskaðarannsóknir, kvörtunaraðili sem almenningur og starfsfólk í heilbrigðisþjónustu getur leitað til, seta í inntökuhópi fyrir verndaðan vinnustað og ýmis önnur tilfallandi störf og uppákomur.

Mér finnst nauðsynlegt að fram komi hver eru laun héraðslækna utan Reykjavíkur en þau eru 24.008 kr. á mánuði fyrir skatt. Við erum því ekki að tala um stór embætti. En ég tel að þessi embætti séu mjög mikilvægur tengiliður og að frekar eigi að efla þau en að þynna þau svona út. Þó svo í þessu frv. sé aðeins gert ráð fyrir að falli niður embætti héraðslæknis í Reykjavík og á Akureyri er þetta auðvitað skref til þess að leggja þetta alfarið niður. Í frv. er heilsugæslulæknum ætlað að taka þetta yfir en það hlýtur að verða að setja meiri peninga í landlæknisembættið ef það á að leggja niður bæði þetta embætti á Akureyri og eins í Reykjavík. Við sjáum það í fjárlagafrv. að gert er ráð fyrir aukinni starfsemi hjá landlækni. Það eru 5 millj. komnar aukalega sem er tilgreint nákvæmlega í hvað á að fara en ég tel það líka hljóti að vera að það sé til að dekka aukin verkefni.

Það er von að maður spyrji sig hvar efnahagsbata sé að finna. Það er alla vega ekki að finna mikinn efnahagsbata þegar maður les yfir fjárlagafrv. hvað varðar heilbrigðismál í landinu.

[21:51]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. 2. þm. Vesturl. spurði hvernig stæði á þeirri 13 millj. kr. viðbótarfjárveitingu sem gert er ráð fyrir í tillögum meiri hluta fjárln. vegna Fjórðungssjúkrahússins á Ísafirði. Því er til að svara að

ætlunin er á næsta ári að taka í notkun nýja hjúkrunarálmu á sjúkrahúsinu sem þegar er lokið byggingu við. Það er ljóst að ef þetta viðbótarfjárframlag kæmi ekki til yrði sú starfsemi í algeru skötulíki á næsta ári. Ef hv. þm. hefði lesið greinargerð fjárlagafrv. hefði hann séð að gert er ráð fyrir því að 27 millj. kr. viðbótarfjárveiting hefði komið til sjúkrahússins á næsta ári vegna hjúkrunarálmunnar en það hefði hins vegar ekki nægt til þess að sú starfsemi hefði getað farið eðlilega fram. Þess vegna varð niðurstaða í umfjöllun fjárln. eftir að haft hefur verið samráð við heimamenn, forustumenn sjúkrahússins og starfsmenn heilbrrn. að það þyrfti að koma til 13 millj. kr. viðbótarfjárveiting til þess að sú starfsemi gæti farið eðlilega fram.

Ég vil líka segja vegna ræðu hv. þm. sem hefði vissulega getað kallað á margvísleg andsvör að mér þótti hún skjóta illilega yfir markið þegar hún spurði áðan í ræðu sinni hvað hefði verið gert til þess að draga úr mismun á húshitunarkostnaði í landinu og svaraði sjálfri sér þannig: Það hefur verið lagður á virðisaukaskattur, og gaf þar með til kynna að ekkert hefði verið gert í þessum efnum nema það að íþyngja þeim sem eru að kaupa orku á dýrari svæðum landsins. Þetta er auðvitað hið mesta öfugmæli því að það sem hefur gerst þrátt fyrir allt á þessu kjörtímabili er að framlög hafa verið aukin til niðurgreiðslu á raforku og afsláttur Landsvirkjunar hefur verið aukinn vegna þessa en ætlunin með þeirri yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, sem hv. þm. vitnaði til, er að fara fram á að Landsvirkjun standi við sinn hlut og auki enn afslátt sinn vegna þessarar orkunotkunar vegna þess að það er einfaldlega þannig að það stendur upp á Landsvirkjun að efla sinn hlut sérstaklega í þeim efnum.

[21:53]

Ingibjörg Pálmadóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir svörin en vissi hann ekki nákvæmlega af því hvað orkukostnaður hækkaði við virðisaukaskattinn? Ég get sagt honum það t.d. að á svæði, sem er með hæstu hitaveitu í landinu, hækkaði húshitunarkostnaður um 5,5% við virðisaukann. Það virðist sem hann viti bara ekkert um það málefni.

En ég þakka honum fyrir svörin líka varðandi sjúkrahúsið á Ísafirði. Mér finnst mjög mikilvægt að fá þessi svör en það sem ég er að spyrja um nákvæmlega er þetta: Verður óbreyttur rekstur á sjúkrahúsinu á Ísafirði, annar rekstur en þessi nýi sem hér er boðaður? Ég spyr vegna þess að sjúkrahúsin um allt land eru að tilkynna okkur það að ef fjárlagafrv. verður afgreitt með þeim hætti sem það liggur fyrir verður ekki óbreytt starfsemi, ekki á Landspítalanum, ekki á Borgarspítalanum, ekki á sjúkrahúsinu á Akranesi, ekki á sjúkrahúsinu á Akureyri þannig að spurning mín er sú: Eru nokkur sjúkrahús sem geta haft óbreytta starfsemi? Ég var að spyrja um hvort þau sjúkrahús sem ég taldi upp gætu verið með óbreytta starfsemi frá því sem er í dag.

[21:55]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Sjúkrahúsið á Ísafirði eins og öll önnur sjúkrahús í landinu verður auðvitað að búa við aðhaldsaðgerðir eins og menn þekkja. Það er eins með þetta sjúkrahús eins og öll önnur að það fær enga sérstaka meðferð í þessum efnum. Það sem ég var hins vegar að vekja athygli á er að núna er verið að taka í notkun viðbótarstarfsemi við sjúkrahúsið. Það er sérstaklega verið að leggja til aukna fjárveitingu vegna þess. Að öðru leyti býr Sjúkrahúsið á Ísafirði við sama kost og aðrar sjúkrastofnanir í landinu í öllum grundvallaratriðum. Það mun hins vegar ekki leiða til þess að það verði neinar grundvallarbreytingar á starfsemi Sjúkrahússins á Ísafirði.

[21:56]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Ingibjörg Pálmadóttir spurði hver væri skoðun mín á þeirri hugmynd sem kom fram í ræðu hv. formanns fjárln. í dag að hætt yrði að kenna tannlækningar við Háskóla íslands. Ég verð fyrst að segja að það vakti nokkra undrun mína að þetta skyldi vera fyrsta frétt í Ríkisútvarpinu í kvöld og mér er ekki grunlaust um að hv. formaður fjárln. hafi líka orðið dálítið undrandi á því að það væri mat Ríkisútvarpsins að þetta væri það merkasta sem komið hefði fram í ræðu hans í dag.

Ég vil segja að ég tel vel koma til greina að hætt verði að kenna tannlækningar við Háskóla Íslands og ég deili þar skoðun með Háskóla Íslands vegna þess að hjá stjórnendum Háskóla Íslands hefur þessi hugmynd skotið upp kollinum. Hún hefur verið rædd en engin ákvörðun verið tekin. Ég mun ekki á nokkurn hátt beita mér í þessu máli. Ég tel þetta vera alfarið málefni Háskóla Íslands og það sé háskólans að ákveða hvort áfram verði kenndar tannlækningar við stofnunina. Það verður ekki að frumkvæði mínu að þeirri kennslu verði hætt.

[21:57]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Vegna ræðu hv. 2. þm. Vesturl. vil ég segja að þær spurningar sem hv. þm. bar upp um sjúkrahúsin vöktu nokkuð undrun mína, ekki síst vegna þess að heilbr.- og trn. hlýtur að hafa kynnt sér stöðu þessara mála betur en virtist koma fram í ræðu hv. þm. Ég vona að það sé misskilningur af minni hálfu að henni finnist ofgert í þeim tillögum um fjárveitingar sem meiri hluti fjárln. gerir og lúta að hinum minni sjúkrahúsum, sérstaklega úti á landi. Það liggur fyrir að gerð hefur verið ítarleg skoðun á rekstri þessara sjúkrahúsa. Forsvarsmennirnir hafa gert grein fyrir stöðu mála og þetta er niðurstaðan.

Ég vil einnig vekja athygli hv. þm. á því að tekið hefur verið á málum sjúkrahúsanna á Akranesi og Neskaupstað með sérstökum samningi og fjárlagatillögu í fjáraukalögum fyrir árið í ár og ég veit ekki betur en forsvarsmenn þeirra sjúkrahúsa hafi sætt sig bærilega við þá niðurstöðu.

Varðandi héraðslæknana er það rétt sem kom fram í máli hv. þm. að þarna er ekki um að ræða veigamikil verkefni og ég held að ekki muni mikil vandræði hljótast af því þó að þessi embætti verði aflögð. Ég tel

satt að segja ekkert óeðlilegt að heilsugæslulæknarnir á hverju svæði skipti með sér þessum verkefnum og ekki þurfi að hafa uppi sérstakt embætti til að sinna þeim verkefnum ef þau eru einungis þau sem hv. þm. las upp áðan.

[22:00]

Ingibjörg Pálmadóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var mikill misskilningur sem kom fram í svörum hv. þm. Sturlu Böðvarssonar þegar hann taldi að mér fyndist ofgert við sjúkrahúsin úti á landi. Það sem ég var að spyrja um var það hvort það væri hægt að hafa óbreyttan rekstur á þessum stofnunum og hann var hissa á því að ég skyldi ekki vita það nákvæmlega sem fulltrúi í heilbr.- og trn. Ég veit það ekki nákvæmlega, hv. þm., og það er greinilegt að hv. þm. veit það ekki heldur því að hann svaraði engu um það. Hann svaraði engu um það sem ég var að spyrja að hér áðan, hvort St. Jósefsspítalinn í Hafnarfirði gæti haldið uppi óbreyttum rekstri með þessari fjárveitingu. En ég tel það mjög mikilvægt að þessi sjúkrahús geti haldið uppi óbreyttum rekstri og er að benda á að það er fjöldi sjúkrahúsa sem geta það ekki með þeim fjárveitingum sem þeim eru veittar í þessu fjárlagafrv. Það er þetta sem ég var að spyrja um. Það kom líka fram hjá hv. þm. að hann gerir mjög lítið úr þessum héraðslæknaembættum. Honum finnst þau einskis virði og það var akkúrat það sem mér datt í hug, að það er verið að þynna þetta út og gera þetta akkúrat að engu með þessu fjárlagafrv. Það er nákvæmlega það sem er því hann sagði orðrétt: Ef það er bara þetta sem þessir aðilar gera þá skiptir þetta engu máli. Og það er ókunnugleiki hjá hv. þm. sem kemur fram í þessu svari.

[22:01]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Okkur þingmönnum Vesturlands er mjög vel ljóst hver verkefni héraðslæknis Vesturlands eru. Okkur var gerð grein fyrir því á fundi á Akranesi fyrir stuttu þannig að hv. þm. veit það eins vel og ég hvað þarna er um að ræða. En ég tel ekki ástæðu til þess að hafa fleiri orð um það. Ég hef komist að þeirri niðurstöðu og er sannfærður um það að það sé ekkert óeðlilegt að heilsugæslulæknarnir í hverjum landshluta skipti þessum verkefnum milli sín, en hins vegar þarf auðvitað að semja um það. Því fyrirkomulagi þarf að koma í fast form.

Varðandi spurningar hv. þm. um það hvort verkefni viðkomandi sjúkrahúsa sem gert er ráð fyrir að fái aukin framlög breytist eða aukist, þá liggur það fyrir að þetta eru mjög takmarkaðar fjárveitingar sem þarna er um að ræða. Það er gert ráð fyrir bæði í fjáraukalögum og væntanlega verður það við 3. umr. fjárlaga, að stóru sjúkrahúsin á höfuðborgarsvæðinu fá verulegar leiðréttingar sinna mála og ég tel að það verði vel viðunandi, enda er það sérstakur liður í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar að það verði tryggt að fjármunir gangi til sjúkrahúsanna þannig að þekking og sú aðstaða nýtist sem allra best í heilbrigðisþjónustunni sem fyrir hendi er. Hjá litlu sjúkrahúsunum er það þannig að varðandi Ísafjörð þá hefur hv. 3. þm. Vestf. svarað því. Varðandi Stykkishólm þá er, eins og hv. þm. veit, verið að taka í notkun hluta af húsinu sem var verið að endurbyggja og þess vegna þurfti viðbótarfjárveitingu. Í Hafnarfirði er það þannig að St. Jósefsspítalinn hefur ekki haft nægjanlegar fjárveitingar og það er gert ráð fyrir því að sú fjárveiting sem þarna bætist við komi mjög til móts við þann rekstur. Hins vegar er alveg ljóst að það þarf að hægja á, draga úr þjónustunni á þeim spítala.

[22:02]

Ingibjörg Pálmadóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það kom greinilega fram í svari hv. þm. að hann telur að embætti héraðslækna sé einskis virði og þess vegna sé best að búta þetta niður og semja um þetta í einhverjum bútum. Og þá er auðvitað búið að gera það sem ég sagði hér í ræðu minni áðan, þá er búið að eyðileggja þessi embætti og þau verða einskis virði. Og það er kannski ástæða til að menn leggi eyrun við það að menn telja þetta ekki vera þess virði að þau sé á vetur setjandi og þá er það bara þannig og hefur komið skýrt fram hjá hv. þm.

Ég er ánægð að heyra það að hann telur gott og rétt að tryggja fjármuni þannig að það komi að sem mestu gagni og það erum við þó sammála um að þarf að gerast og það hefur svolítið skýrst í umræðunni þó að það sé ekki nákvæmlega skýrt, það sem ég hef verið að spyrja um einfaldlega, ég veit um viðbótina hjá þessum sjúkrahúsum en ég var einfaldlega að spyrja: Þurfa menn enn þá að draga saman seglin á þeim stofnunum sem fá þessa aukafjárveitingu? Við því hef ég ekki fengið nein svör, en það mun að sjálfsögðu koma í ljós.

[22:04]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Ég vil hefja ræðu mína á því að þakka sérstaklega hæstv. menntmrh. fyrir það hversu vel hann hefur setið yfir þessari umræðu. Ég hef tekið eftir því fyrr að hann hefur sýnt þinginu meiri virðingu en flestir aðrir ráðherrar í þessari ríkisstjórn. Auðvitað er það svo að hæstv. fjmrh. ber að vera við þessa umræðu, en okkur stjórnarandstæðingum þykir eðlilegt að gera kröfu til þess að einstakir ráðherrar sem ekki síst fara með hina stóru málaflokka í fjárlögum séu hér viðstaddir umræðuna. Og eins og ég sagði, mér finnst það virðingarvert og þakka hæstv. menntmrh. hversu vel hann hefur hlustað hér á umræður í þetta sinn og ég hef tekið eftir því fyrr.

Jafnframt vil ég þakka honum fyrir það að inn í þessa 2. umr. hefur náðst sá áfangi að íþróttasjóður fær sama framlag og hann hafði á síðasta ári. Við stjórnarandstæðingar eða alla vega framsóknarmenn lögum mikla áherslu á það hér við 1. umr. að svo væri og ber að fagna þessu sérstaklega því að þessi sjóður, þó hann sé ekki stór, hefur gífurleg áhrif um allt land á uppbyggingu mannvirkja og stuðlar að heilbrigðu lífi æskufólks um allt land. Þannig að ég þakka hæstv. ráðherra og fjárlaganefndarmönnum að þessi bæn hefur verið tekin til greina. Hún mun skila sér aftur, það er klárt.

Ég vil jafnframt segja það, fyrst hæstv. menntmrh.

er hér staddur, að það kom mér mjög á óvart sú árás sem háskólinn varð fyrir hér við þessa umræðu. Fyrst er það svo hjá frjálshyggjunni, fyrst eyðileggur hún svo stofnanir, gengur jafnvel af þeim svo veikum að þær standa ekki og síðan heggur hún þær niður. Og hér komu fyrstu skoðanirnar um það að tannlæknadeildin skyldi falla erlendum mönnum í hendur. Metnaður Íslendinga er að hverfa undir þessari ríkisstjórn. Háskólinn hefur verið sveltur. Það er fullyrt að það hafi vantað 300 millj. til þess að hann geti staðist þá samkeppni sem hann býr við sem öflug menntastofnun þannig að það er alvarlegur hlutur. Auðvitað veikjast síðan stofnanir innan frá við eilíft fjársvelti og það endar auðvitað með því sem hér er komið fram að hugur bæði Alþfl. og Sjálfstfl. í þessari umræðu er sá að byrja að henda deildum út úr háskólanum og segja ungu fólki: Viljirðu fara í þetta fag, farðu þá úr landi. Þeir byrja að draga eina og eina tönn úr tanngarðinum. Það hefur verið siður þessara manna á kjörtímabilinu að fara þannig að við að rýra niður margar mikilvægar stofnanir í þessu landi. Svo blasa skörðin við og eftir stendur eyðimörk, því miður.

Ég gerði heilmiklar athugasemdir við vinnubrögð hv. fjárlaganefndarmanna í ræðu minni um fjáraukalög. Ég gerði það ekkert út í loftið. Nú hef ég sannfærst um að Alþingi þarf á endurskipulagningu að halda. Alþingi sjálfu er misboðið. Nefndadeild er misboðið vegna starfshátta fjárlaganefndarmanna. Menn bundu miklar vonir við breytt Alþingi í einni deild, þar sem sjálfstæði fagnefndanna yrði mikið og hér breyttust vinnubrögð. En því miður, þau eru verri en þau voru áður og leikaraskapur þeirra hv. þingmanna sem þarna sitja í meiri hlutanum er náttúrlega til skammar. Það er ekki bara að á ýmsum sviðum sé aðstaðan misnotuð heldur gera þeir púragrín að öðrum nefndum Alþingis.

Það var meiningin, hæstv. forseti, með breyttu þinghaldi að þannig yrði málum háttað að nefndirnar hver á sínu sviði köfuðu djúpt í mál og legðu fram tillögur og gerðu athugasemdir. Ég hef setið undir forustu eins mesta lýðræðissinna Alþingis, sem hefur borið meiri virðingu fyrir Alþingi kannski heldur en flestir aðrir. Þá á ég við hv. þm. Egil Jónsson og ég minnist þess að á fyrstu árum eftir breytt þinghald lögðum við okkur verulega fram í þessa vinnu, fara yfir þá liði sem snertu landbúnaðinn, fara um landið og hitta fólkið og kafa ofan í málefni byggðanna. Við skiluðum síðan þing eftir þing inn merkum tillögum til fjárln. sem að engu eru hafðar og fótum troðnar af virðingarleysi að mér finnst. Því miður, hæstv. forsrh., þá er það kannski verkstjórans að minna samráðherra sína oftar en gert er á virðingu alls Alþingis og halda þar uppi vinnubrögðum sem markast af almennum reglum og því sem menn ætluðu með breyttu þinghaldi. Þannig að ég fagna því að sjá hæstv. forsrh. hér.

Ég hef enn fremur rætt það hér og þakkað einum af hæstv. ráðherrum fyrir það að mér hefur alltaf fundist hæstv. menntmrh. sinna hlutverki sínu vel þegar hans málaflokkur er hér til umræðu, að sýna þingmönnum þá virðingu að vera viðstaddur umræðuna.

Ég ætla að fara ofan í nokkra liði, en ég ætla líka að finna orðum mínum stað sem ég hef hér sagt, sem kannski sýnist í svipinn að hafi verið gífuryrði gagnvart fjárlaganefndarmönnum. Við fjáraukalagaumræðuna gagnrýndi ég það sérstaklega að það væri engin tilviljun að ýmis ríkisfyrirtæki, spítalar og fleiri stofnanir í kjördæmunum þar sem meiri hlutinn ætti menn hefði notið sérstakrar fyrirgreiðslu. Í þeim efnum minntist ég Stykkishólms, ég minntist Neskaupstaðar, ég minntist Garðvangs og tengdi þetta nöfnum. Nú þegar ég fer yfir brtt. sem hér liggja fyrir þá vekur það óneitanlega athygli mína að sama rúllettan hefur verið í gangi við vinnubrögð nefndarmanna.

Ég hef nefnilega tekið eftir því, hæstv. forseti, mér hefur dottið í hug hreinlega að starfið færi fram með þeim einfalda hætti að þeir séu búnir að koma sér upp spjaldi eins og Ingvi Hrafn notar í þáttunum, þar sem hreinlega hjólinu er snúið og nöfnin sem eru inni á eru Ísafjörður, Stykkishólmur, Akureyri, Vestmannaeyjar (**Gripið fram í:** Norðfjörður.) og ég tala nú ekki um Austurland þar sem hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson situr. Hér á bls. 6 í brtt. tek ég eftir því að hvað brtt. varðar þá hefur St. Jósefsspítali í Hafnarfirði hækkað úr 249 millj. upp í 260 millj. Ég tek eftir því að St. Fransiskusspítali í Stykkishólmi hefur hækkað úr 108 millj. upp í 114. Ég tek eftir því að heilsugæslustöðin á Akureyri hefur hækkað úr 109 millj. upp í 110. Hefur þó hv. formaður fjárln. verið hógvær og kannski ekki víst að hann eigi von á þingsæti út á svo léleg störf.

Þá tek ég eftir því að til þess að vega á móti þessu hefur hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson náð nýjum 18 millj. yfir á Austurland, yfir á hjúkrunarheimili á Eskifirði og hjúkrunarheimili á Fáskrúðsfirði og nú spyr ég. Ég sé lítið hvað Suðurland varðar. Það er ekki víst að hv. þm. Árni Johnsen hafi verið við. Þó sé ég auðvitað það hér sem kemur mér ekki á óvart að ýmis mál sem við höfum lagt áhersla á eins og byggingu heilsugæslustöðvar í Laugarási er inni, og ber að þakka það, með 15 millj. En því spyr ég, hv. þm. og fjárlaganefndarmenn: Hvar eru hinir? Hvers vegna gerðist þetta með þessum hætti? Það er nákvæmlega sama leikritið og var í gær og er hægt að gera þetta grín með þessum hætti? Ég held að við verðum að gera þær kröfur, hv. alþm., að við vinnum eftir almennum reglum og að stofnanir ríkisins á sömu sviðum um allt land njóti sömu réttinda og fái sömu umfjöllun og meðferð hvað fjárlög hins háa Alþingis varðar. Þetta er mér talsvert alvörumál.

Það er ýmislegt sem hefur verið afgreitt við þessa umræðu. Ég vil minna á eitt atriði og ekki síst vil ég minna hv. þm. Árna Johnsen á það. Það snýr að litlum hitaveitum. (Gripið fram í.) Það er gott að minna hv. þm. Sturlu Böðvarsson á það atriði. Hann þekkir fyrirgreiðslu fyrir þremur árum til lítillar hitaveitu á Hvalfjarðarströnd og annarrar í Varmahlíð. Ríkisendurskoðun fór yfir réttlætismál fyrir Alþingi í þeim efnum og komst að þeirri niðurstöðu að það væru einar átta aðrar hitaveitur sem hlytu að eiga sama rétt til niðurfellingar á gömlum söluskatti. Það hafa verið gefin

fyrirheit tvö haust í röð um að þetta mál yrði afgreitt. Það komst inn á 6. gr. við síðustu fjárlagagerð en lengra hefur það ekki komist þannig að ég vænti þess að menn fari vel yfir þennan lið og skili honum hér inn. Þetta var ekki há upphæð. Það var niðurfelling á skuldum upp á 16 millj. og ég treysti á hv. þm. bæði meiri hluta og minni hluta að gleyma ekki þessu atriði.

Mitt stóra erindi hér upp er það fyrst og fremst að fara yfir landbúnaðarmálin sem ekki hafa átt marga áheyrendur í fjárln. að þessu sinni. Það virðist vera svo að hæstv. landbrh. hafi ekki fylgt þeim málaflokki eftir sem skyldi. Þar kem ég aftur að hinu sem ég hef fyrr rætt um að undir forustu hv. þm. Egils Jónssonar höfum við öll árin trúað á hið nýja þing og farið í verulega faglega vinnu um stöðu og réttindi landbúnaðarins og enn einu sinni lögðum við í það verkefni að setja það upp fjárlaganefndarmönnum til glöggvunar að svikin eru stór. Það eru brostin fyrirheit gagnvart þeirri atvinnugrein og mun ég fara yfir marga liði í þeim efnum.

Við höfum fundið það landbúnaðarnefndarmenn á ferðalögum okkar um landið, sem við höfum talið vera skyldu okkar við breytt þing, að bændur hafa trúað því að menn bæði vildu standa við búvörusamninginn og kannski við breyttar aðstæður opna nýjar leiðir og kannski væri einhver hugur í mönnum að verja byggðir þessa lands en því miður þegar kemur að því atriði sem öllu máli skiptir, peningunum sem þarf til þess þá vantar þá í spilið. Ég hygg að ekki sé fjarri lagi að við höfum komist að þeirri niðurstöðu að til þess að standa við, bæði lögum samkvæmt og samkvæmt samningum, þá vanti hátt í milljarð til landbúnaðarins í fjárlögum. Og ef 1 milljarður hefur ekki áhrif, þá er mér illa brugðið.

Þegar hv. formaður lagði álitið fyrir nefndina þá segir, með leyfi forseta, og sýnir að trúin á hið nýja Alþingi er að minnka, en það segir í álitinu: „Á undanförnum árum hefur landbn. farið mjög ítarlega yfir þennan hluta fjárlagafrv., rætt við forsvarsmenn hinna ýmsu stofnana eftir því sem við hefur átt hverju sinni og fengið í hendur skýringar og athugasemdir. Í álitum sínum til fjárlaganefndar Alþingis hefur nefndin jafnan lagt áherslu á að vissra breytinga væri þörf. Þótt við fjárlagagerð hafi jafnan verið komið að nokkrum leiðréttingum hefur það á engan hátt nægt til þess að rétta hlut landbúnaðarins."

Síðan segir: „Landbn. vekur sérstaka athygli á að greiðslur til landbúnaðar hafa dregist mikið saman á kjörtímabilinu. Árið 1992 námu þær um 10,1 milljarði, árið 1993 6,8 milljörðum, á þessu ári er áætlað að þær verði um 5,8 milljarðar og í fjárlagafrv. fyrir næsta ár er lagt til að þessar greiðslur nemi 5,7 milljörðum. Hér er um að ræða meiri niðurskurð á fjárveitingum en gagnvart nokkrum öðrum þætti í fjárlögum undanfarinna ára." Meiri niðurskurð en um getur gagnvart nokkurri atvinnugrein í landinu.

Nú geri ég mér grein fyrir því að auðvitað styðst þetta að miklu leyti við búvörusamning sem gerður var en því verri eru mannanna verk að samhliða slíkri aðgerð, sem var erfið, skuli ekki vera staðið við lög og skuli ekki vera staðið við samninga. Það er vont verk af hálfu þeirra sem nú ráða meiri hluta Alþingis. Staðreyndin er sú þegar hv. þm. Steingrímur Sigfússon stóð fyrir búvörusamningi og gerði hann við bændur þessa lands 1991 þá var tiltölulega bjart yfir í flestum byggðum. Þá blöstu við ýmis ný tækifæri. Það var næg atvinna. Meginkrafa búvörusamningsins var hagræðing og menn séu fyrir að margir mundu snúa sér að öðrum verkefnum. Staðan nú er sú að það er kreppa af manna völdum. Menn eiga ekki þau tækifæri sem þeir töldu sig eiga og bændur hafa áfram orðið að halda í réttinn þó þeir hefðu kosið að hætta framleiðslu. Þeir hafa ekki átt á þessu tímabili önnur tækifæri. Þetta er alvarlega staðan í málinu.

Hitt er svo auðvitað alvarleg staða sem enginn varaði sig á á þeim tíma. Hún er sú að þegar búvörusamningurinn var gerður, þá áttu bændur ekki von á því. Þeir vissu að það var ekki þjóðarsátt um að halda áfram þeim mikla útflutningi á lambakjöti sem hafði gengið mjög lengi. Þjóðin kaus að hverfa frá útflutningsbótum og samningurinn var að því leyti gallaður að hann lokaði menn inni í landinu. Útflutningsbætur voru afnumdar. En nú þremur árum síðar hefur það gerst í hinum breytta heimi að mannfólkið sjálft um víða veröld gerir nýjar kröfur um matvæli sín, hreinar, ómengaðar og vistvænar vörur. Á þremur árum hefur það því gerst að staðan gagnvart landbúnaðinum er sú að hann er lokaður af inni í landinu, býr ekki við sömu samkeppnisskilyrði hvað þetta varðar úti í Evrópu og í ofanálag er ekkert verið að gera í málinu.

Á fund hv. landbn. komu í morgun menn úr græna geiranum. Þar upplýsti talsmaður þess hóps landbn. um það að Norðmenn hefðu á þessum þremur árum lagt mikla vinnu í svokallaða vistvæna leið. Þeir, eins og Svíar, ætla að verða hreinasta land í veröldinni. Þeir ætla með sínar vörur að rétta milljónum manna um allan heim sína vöru fyrir gott verð og þeir hafa varið í þetta verkefni sitt hvorki meira né minna en milli 500 og 600 millj. íslenskra króna. Meðan höfum við ekki varið einni einustu krónu.

Þó skal það viðurkennt að landbúnaðurinn sjálfur, Búnaðarfélag Íslands, Stéttarsamband bænda, hefur áttað sig á þessum þremur árum en ríkisstjórnin og landbrn. láta ekkert í þetta verkefni renna. Bændasamtökin hafa sem betur fer ráðið færan mann sem vinnur að þessu verkefni, Baldvin Jónsson, og ég er sannfærður um að hann er búinn að vinna íslenskum landbúnaði og bændastéttinni mikið gagn. Mér finnst við þessar aðstæður þegar þetta blasir við í veröldinni og er miklu meiri samstaða um það hér og skilningur, þá verðum við að endurskoða þennan samning með það í huga að við séum ekki lokaðir af við þessar aðstæður.

Það eru mörg atriði sem ég verð því miður að gagnrýna undir þessum lið. Í áliti landbn. um búvörusamninginn kemur fram að landbn. lét 9. nóv. 1993 Ríkisendurskoðun kanna hvort framkvæmd núgildandi búvörusamnings væri í samræmi við ákvæði hans. Hinn 16. des. 1993 barst nefndinni svarbréf Ríkisendurskoðunar við þessari fyrirspurn. Þar koma fram mikilvægar upplýsingar um framkvæmd búvörusamningsins,

sem m.a. eru lagðar til grundvallar þessu áliti. Í greinargerðinni kemur fram að ágreiningur er um ýmis atriði. Hér segir:

„Ríkt áhersla er lögð á að aðilar að búvörusamningnum leysi þann ágreining."

Eru það nokkur vinnubrögð, hv. þm. Árni Johnsen, að í tvö ár hefur staðið ágreiningur um þetta mál? Eru það nokkur vinnubrögð af hæstv. ríkisstjórn að höggva ekki á þann hnút? Og við skulum átta okkur á því um hvað sá ágreiningur snýst. Hann snýst fyrst og fremst um það að bændasamtökin telja — ég fagna því að sjá hæstv. landbrh. við þessa umræðu. Ég var, hæstv. landbrh., að fara yfir ágreining um búvörusamning og segja það við hv. þm. að ég teldi ófært að slík deila hefur staðið í tvö ár. Hún skaðar íslenska bændur verulega, það hrannast upp birgðir. Þessi ágreiningur snýr að því að bændur telja að þegar kom að því atriði að þeir ættu sjálfir að bera ábyrgð á framleiðslunni þá gerðist það óvænt að ríkisstjórnin setur í gang mikla útsölu og nær miklum árangri við að selja lambakjöt þannig að birgðir voru sáralitlar þegar bændurnir tóku við ábyrgðinni en allar frystikistur fullar af kjöti þannig að sala næstu mánuði á eftir var sama og engin. Er nú vel að hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson er þingmaður margra dökkleitra byggða í þeirri skýrslu sem hér er rætt um. Hann er þingmaður á sauðfjársvæðum þar sem samdrátturinn veldur miklum skaða. Það er lágmark að ríkisvaldið reyni ekki við svona aðstæður að hirða, ég vil segja með óheiðarlegum hætti, markaðinn af sauðfjárbændum til þess að fría sig. Auðvitað var það svo, hæstv. ráðherra, að í þessu tilfelli hefði verið langeðlilegast að ríkisvaldið hefði flutt þetta magn af kjöti út. En í staðinn fyrir var því beint inn á innlandsmarkaðinn.

Ég vil ekki orðlengja þetta atriði meir. Ég treysti því að hæstv. ráðherra skeri úr um þessa deilu. Það á ekki að standa ágreiningur út af svona atriði.

Sama er að segja um Jarðasjóð ríkisins. Í áliti landbn. kemur fram: „Samkvæmt búvörusamningnum áttu fjárveitingar til jarðasjóðs að vera 150 millj. kr. árin 1992 og 1993. Þær hafa hins vegar reynst miklu lægri eða aðeins 21 millj. kr."

Eru þetta ekki svik á búvörusamningi? Og ég vil spyrja: Hversu margar jarðir hefur ríkissjóður keypt á þessu tímabili? Því var heitið að á ýmsum stöðum þar sem bændur seldu framleiðslurétt sinn þá gæti það gerst að Jarðasjóður leysti jarðirnar til sín en menn gætu setið þar áfram.

Það er líka hægt að minnast á stuðningsaðgerðir samkvæmt viðaukum við búvörusamninginn og það er hægt að minnast á Framleiðnisjóð landbúnaðarins sem átti samkvæmt búvörusamningi og breyttum áherslum 1985 að vera fyrst og fremst atvinnuskapandi sjóður í íslenskum sveitum. Nú hefur það gerst, því miður, síðustu árin að þessi sjóður hefur verið notaður eins og ríkissjóður og tekið þar fé til ýmissa verkefna sem hefði verið miklu eðlilegra að standa að í fjárlögum og þar með dregið úr því fjármagni sem hefur farið til atvinnuskapandi verkefna. Ég get nefnt hér til þess að menn glöggvi sig á því að framleiðnisjóður varð að leggja fram hlut ríkisins í bútæknihúsi á Hvanneyri. Framleiðnisjóður varð að leggja fram hlut ríkisins í nýju fjárhúsi á Hesti. Framleiðnisjóður varð að leggja fram hlut ríkisins í nýju fjárhúsi á Hólum og framleiðnisjóður varð að leggja fram peninga í stóðhestastöð í Gunnarsholti. Ég tek fram að allt voru þetta þörf og góð verkefni. Ég er ekki að gagnrýna þau. En ég er að gagnrýna það að menn skuli fara þessar leiðir að skerða þann sjóð í fyrsta lagi um fjármagn í hann og nota svo fjármagnið sem í hann fer í verkefni sem ættu að vera á fjárlögum hvers árs. Það er þetta sem ég gagnrýni, hæstv. landbrh., því að samfara búvörusamningnum og samdrættinum í landbúnaðinum urðu menn að standa klárir að því að hafa fjármagn til þess að byggja upp nýtt atvinnulíf á landsbyggðinni. Það var lykilatriði.

Það er ekki hægt að hugsa sér það fyrir Alþingi Íslendinga að hafa ekki meiri metnað en það að vísinda- og rannsóknarstarfsemin skuli ekki lengur fá framlög við gerð fjárlaga heldur þurfi að fara í sértæka sjóði sem eiga lögum samkvæmt að sinna öðrum verkefnum.

Þáttur Byggðastofnunar er svo kapítuli út af fyrir sig. Hann er búið að skerða á þessu tímabili þannig að hún hefur ekki haft magn til þess að koma til móts við mörg mikilvæg atriði sem hefðu skipt miklu máli. T.d. hagræðingu í sláturhúsum, t.d. markmið í útflutningsmálum. Það hefði því munað mikið um ef Byggðastofnun hefði ekki verið leikin jafngrátt á þessu tímabili og raun ber vitni um.

Það er svo, hæstv. ráðherra, að í áliti landbn. sjáum við að Ísland er skjöldótt. Við litum svört sauðfjársvæðin sem við teljum vera viðkvæmu svæðin, svæði þar sem samdrátturinn hefur leikið afkomu fólksins mjög grátt og því miður hefur það gerst í tíð núv. ríkisstjórnar vegna samdráttarins, vegna atvinnuleysisins, að menn hafa orðið að fara undir stjórn hæstv. ráðherra í flata skerðingu á bændur. Tekjuskerðing íslenskra bænda á 2–3 árum er frá 30% upp í 40% af launalið. Þetta er hin grafalvarlega staða málsins og samdrátturinn og tekjufallið er með þessum hætti. Og fyrir þessu höfum við landbúnaðarnefndarmenn fundið á okkar ferðum. Ég minnist þess á Ströndum þegar landbn. var þar á ferð, alla leið norður í Árneshreppi, þá sagði einn bóndinn: Samdrátturinn er búinn að leika okkur það grátt að í rauninni getur ekkert verra tekið við. Byggðin er að falla saman. Það er því mikil alvara, hæstv. ráðherra, í áliti landbn.

Áður en ég lýk þessum þætti, hæstv. forseti, vil ég minnast á, sem er kannski eini kaflinn sem ég ætla að ræða því að ég vil ekki taka of langan tíma, en það eru jarðræktarframlögin sem eru hrein svik að sé ekki staðið við.

Heilbrrn. hefur eðlilega, sem ég held að sé mikilvægt, gert kröfur á íslenska matvælaframleiðendur að þeir stæðust alla staðla og kröfur sem gerðar eru í nálægum löndum. Þannig hafa verið gerðar um byggingu haughúsa við fjós og nú er verið að gera miklar kröfur á kaldavatnsveitur um allt land. Það kemur í ljós að því miður er vatnið ekki nógu gott þar sem menn hafa

ekki komið upp vatnsveitum og þess vegna verða menn að snúa sér að því verkefni að fara í virkjanir á köldu vatni sem er afar dýrt. T.d. vinnur heilbrigðiseftirlit Suðurlands í samráði við hæstv. umhvrh., sem hefur sýnt góðan vilja í þessu máli, að því að gera Suðurland að hreinasta svæði í heiminum hvað þetta varðar. Það er verið að taka út kalt vatn og frárennsli á öllum sveitabæjum. Það kallar á dýrar virkjarnir á köldu neysluvatni og þá komum við að þessu með jarðræktarframlögin. Þar standa uppi stórkostlegar skuldir við bændur upp á nokkur hundruð milljónir. Og sumar greinar eins og kornræktin þurfa á styrkjum að halda til þess að standast samkeppni eru ekki hér heldur á blaði. Eins hygg ég að þegar við horfum til framtíðar þá ræður hver bóndi ekki við það verkefni að halda við því stórkostlega skurðakerfi sem var gafið í landinu fyrir áratugum síðan. Þeir eru fallnir sumir og ljótir í landslaginu og hættulegir. En ég held að það þurfi að halda þeim við eða grafa ofan í þá, hv. þm. Það er í sumum tilfellum hægt. En hér vantar peninga til þess að koma til móts við þessa þætti sem ég hef minnst á.

Við minnumst á loðdýraræktina. Ég er ekkert viss um að loðdýraræktin sé svo sjálfbjarga og tel fráleitt að minkarækt geti staðist það nú að menn hendi henni bara á rúmsjó og segi: Við veitum ekki fjármagn til niðurgreiðslu á fóðri. Stóri þátturinn, hæstv. ráðherra, í því máli er það að stjórnvöld í mörg ár, í gegnum 15 ára sögu og allir flokkar bera ábyrgð á nema kannski Kvennalistinn sem engu ber ábyrgð á, hefur aldrei tekið afstöðu til neins máls eða setið í ríkisstjórnum. En hinir flokkarnir bera þarna allir kalda ábyrgð. (**KE:** Hvers lags bull er þetta. Vitaskuld tökum við afstöðu.) Þið takið afstöðu já, það er hárrétt. En ábyrgðin hefur nú ekki verið á mörgum sviðum. (**GJH:** Við erum enn á bak við eldavélina.)

Það er auðvitað stórmál, hæstv. ráðherra, að standa við mörg fyrirheit. En ég vil segja það nú, bæði við fjárlaganefndarmenn og hæstv. landbrh.: Hvernig ætla menn að koma út á land til þess að bjóða sig fram í vor eftir öll þau svik sem blasa við í heilu nefndaráliti? Hvernig ætla menn að ganga um þessar svörtu byggðir? Það er ekki hægt að ganga um þær og segja: Ég stóð mig vel af því að ég skammaði hæstv. utanrrh. (**Landbrh.:** Það er nú viðleitni.) Það er hárrétt, hæstv. ráðherra. Það er viðleitni og oft átti hann það skilið og vann til þess. En hæstv. utanrrh. ber ekki ábyrgð, á öllu. (**Gripið fram í:** Sem betur fer.)

Ég vil því gera það að lokatillögu minni hér hvað landbúnaðinn varðar að menn reyni að sættast á að segja millileið í þessu máli. Vegna breyttra aðstæðna reyni menn að koma til móts við landbúnaðinn. Það er fullyrt að ef nefndaráliti landbn. væri fullnægt í fjárlögunum þá þýddi það milljarð. Ég ætla ekki að fullyrða að það sé svo hátt en mér þætti það engin ofrausn miðað við þá grafalvarlegu stöðu sem blasir við í sveitum landsins að menn sættist á einhverja millileið, kannski 25–30% við þessar aðstæður, 250–300 millj., hæstv. ráðherra. Ég hygg að það mundi skipta sköpum í mörgum tilfellum.

Síðan er náttúrlega hitt atriðið sem er mjög mikilvægt að menn gefi bændum Íslands sama tækifæri þegar framtíðin blasir við þeim, samkeppnin, að þeir séu ekki bara lokaðir af heldur hafi möguleika á að flytja afurðir sínar út í lönd. GATT-málið er nú orðið svo mikið feimnismál að hv. þm. Egill Jónsson neitar að taka það til umræðu í landbn. Ég skil vel að menn séu feimnir, GATT-samningarnir að skella á, jafnvel um næstu áramót. En íslenskir bændur einir allra bænda á Evrópska efnahagssvæðinu og í Evrópu allri vita ekkert við hvaða aðstæður þeir eiga að vinna. Svo halda þingmenn Sjálfstfl. að þeir geti kokhraustir gengið um landið og sagt: Við stóðum okkur vel af því að við vorum svo duglegir að skamma hæstv. utanrrh. Þeir verða bara að ljúka við það verkefni að móta stefnu og starfsskilyrði landbúnaðarins. Það er mjög mikilvægt.

Ég er farinn að tala lengra mál en ég ætlaði mér í upphafi og hef komið inn á æðimörg atriði. Ég vil í lokin minnast á þá yfirlýsingu sem ríkisstjórnin sendi frá sér um aðgerðir til að stuðla að aukinni atvinnu, stöðugleika og kjarajöfnun í gær eða fyrradag. Mér finnst sú yfirlýsing hlægileg. Það er eins og gamanleikur í 14 þáttum með plati og fyrirheitum sem næsta ríkisstjórn verður að vinna úr. Fallegur texti um nákvæmlega ekki neitt, því miður. Menn mega ekki láta sér detta í hug að þessi texti gangi í íslenska þjóð. Hún gerir kröfu um vandaðri vinnubrögð og hún sér í gegnum þennan blekkingaleik sem er settur á blað í 14 liðum. Eins og það atriði, svo að ég taki bara eitt atriði út úr, að samstaða um skattlagningu fjármagnstekna á að taka gildi 1996. Þessi ríkisstjórn hefur lokið störfum sínum 8. apríl og það dettur engum manni í hug að hún starfi einn einasta dag eftir það. Í fyrsta lagi fær hún ekki meiri hluta til þess. Þar verða nýir menn að taka við.

Hæstv. forseti. Ég hef komið að mörgum atriðum í ræðu minni og vænti þess að milli 2. og 3. umr. verði tekið tillit til margra þátta. Ég heiti á hv. fjárlaganefndarmenn að skoða álit landbn. vel og reyna að ná samstöðu um það eins og ég sagði þó ekki væru nema 25–30% sem kæmu í þetta sinn. Ég sé að hv. formaður fjárln. jánkaði þessari tillögu (**SigG:** Ég jánkaði ekki einu né neinu.) Það er vert að geta þess að það hefur gerst að landbn., sem er skipuð fólki úr öllum flokkum, hefur náð algerri samstöðu um þetta álit. (**EKG:** Ekki algerri.) Að vísu skrifa hv. þm. Einar Guðfinnsson og Árni Mathiesen undir með fyrirvara en hv. þm. Gísli Einarsson, þingmaður Alþfl., tekur undir hvert einasta atriði og það er enginn vafi á því að verði ekki tekið tillit til og komið eitthvað til móts við þessar mikilvægu óskir sem skipta landbúnaðinn öllu máli þá mun það gerast að menn úr öllum flokkum munu flytja brtt. og þá verða hv. þm. Sjálfstfl. að hætta að vera í leikritinu og segja það hvaða skoðun þeir hafa.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Fimm hv. þm. óskað eftir að veita andsvar. Hámark ræðutíma hverju sinni eru tvær mínútur og það verður aðeins leyfð ein umferð.

[22:55]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Vegna ræðu hv. þm. Guðna Ágústssonar vil ég segja að ég undrast mjög þær árásir sem hann hafði uppi á hv. þm. fjárln. og verð því miður að segja að slíkur málflutningur, mjög ómerkilegur málflutningur, kom mér satt að segja gersamlega í opna skjöldu. Ég hélt að hv. þm. beittu ekki slíkum málflutningi gagnvart þingfélögum sínum. Brigslyrði á borð við þau sem hv. þm. hafði uppi eru mjög óvenjuleg í þingsölum.

Að öðru leyti vil ég segja um málflutning þingmannsins að ég gat þess í dag við 2. umr. fjárlaga að fjárln. fór að sjálfsögðu mjög rækilega yfir nefndarálit landbn. Þar eru mjög margar merkilegar ábendingar en hins vegar verð ég að segja að það er misskilningur ef það er hald einhverra að fjárlagavaldið eða vald til þess að gera tillögur á sviði fjárlaga hafi verið fært til landbn. Það er alger misskilningur ef hv. þm. heldur að svo hafi verið.

Að lokum vil ég segja það, hæstv. forseti, að ég undraðist málflutning þingmannsins mjög og að hann skyldi draga nefndadeild þingsins inn í fullyrðingar sínar og tala um að henni væri misboðið undrast ég mjög og vildi heyra úr hvaða átt það kemur að nefndadeildin hafi fjallað með einhverjum hætti um vinnubrögð fjárln. og væri ágætt að þingmaðurinn gerði grein fyrir því. En að öðru leyti vil ég segja það, hæstv. forseti, að að sjálfsögðu verður fjallað um landbúnaðarmál við endanlega afgreiðslu fjárln. um fjárlög að þessu sinni.

[22:58]

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það kallast nú flest árásir. Ég rökstuddi mitt mál nokkuð við þessa umræðu. Ég bar það saman við málflutning minn frá deginum áður við fjáraukalögin. Ég hafði ekki uppi nein brigslyrði en menn gátu fundið á mér mikinn sársauka því að það er svo að margir þingmenn finna það að sú breyting sem gerð var með Alþingi í eina málstofu og sterkar nefndir á hverju málefnasviði hefur brugðist. Þar er ekki landbn. ein um þá skoðun. Við viljum verja þingræðið og halda hér uppi sterku starfi sem ekki síst byggir á faglegri úttekt og ég hygg að Alþingi væri sterkara einmitt með því að nefndirnar hverjar á sínu sviði kynni sér í botn þau málefni sem þeim eru falin og eiga því að vera marktækar þegar þær skila frá sér áliti til fjárln. Mín skoðun er sú að breytist ekki störf fjárln. þá sé þingið í nokkurri hættu. Ég ítreka það og sá er vinur sem til vamms segir. Hér verður orðið að vera frjálst og menn verða að segja sína meiningu jafnvel þótt fjárln. eigi hlut að máli.

[23:00]

Gunnlaugur Stefánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Alþingi misboðið vegna starfshátta fjárln., vinnubrögð til skammar, fjárln. misnotar aðstöðu sína og leikaraskapur. Þetta voru orð sem hv. þm. Guðni Aústsson viðhafði hér um starfshætti og vinnubrögð hv. fjárln. Máli sínu til stuðnings dró hann fram fjárframlög til Eskifjarðar upp í skuld, 3 millj. kr., framlag til byggingar hjúkrunarheimilis á Fáskrúðsfirði, 15 millj. og framlög til sjúkrahúsa í Hafnarfirði, Stykkishólms, Ísafjarðar og Akureyrar. Ekki trúi ég því að hv. þm. Guðni Ágústsson hafi með þessum málflutningi verið að boða það að Framsfl. muni greiða atkvæði gegn þessum tillögum er meiri hluti fjárln. og fjárln. öll hefur samþykkt að leggja fyrir hv. Alþingi. Því trúi ég ekki. En ef það var málflutningurinn eins og mátti skilja af orðum hv. þm., þá er rétt að hann staðfesti það beint.

Hvað varðar framlög til landbúnaðarins þá er það rétt að sauðfjárbændur eiga um þessar mundir mjög í vök að verjast og eiga við erfiðleika að stríða og þau málefni hafa verið til umræðu í fjárln. Ég vil í þessu sambandi einnig vekja athygli á annarri stétt manna sem ekki síður á við mikil vandamál að stríða og verður að huga að en það eru smábátaeigendur á aflamarki. Það er kannski sú stétt sem hefur farið verst út úr hremmingum síðustu ára og er við það að missa atvinnutæki sín í stórum stíl. Að þessum hópi þarf líka að huga í sambandi við atvinnumál þjóðarinnar um þessar mundir.

[23:02]

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég get tekið undir síðari hluta ræðu hv. þm., bæði hvað sauðfjárbændur varðar og ekki síður smábátaeigendur og ég get bætt því við að því miður hafa núverandi meirihlutaflokkar á Alþingi breytt kvótakerfinu með þeim hætti að það er að bætast enn einn hópur við sem eru sjálfstæðir útgerðarmenn sem hafa rekið vertíðarbáta frá 25 upp í 150 tonn. Þess vegna er kannski spurning vegna þess að maður sér þennan samdrátt í öllum höfnum hvort ástæða sé til að láta alla þessa peninga í hafnirnar ef skipin er verið að höggva og brenna vegna þeirrar stefnu sem ríkisstjórnin setti á.

Ég get vísað í fyrri ræðu mína hvað fjárln. og störf Alþingis varðar. Ég held að við þurfum, hv. þm., að taka starf okkar af miklu meiri alvöru en við höfum gert. Fjárln. á mínum upphafsferli sem þingmaður naut hér mikillar virðingar fyrir að mér fannst vönduð vinnubrögð. Það sem ég legg áherslu á er að fyrirtæki ríkisins og landshlutarnir búi við almenna og réttláta reglu hvað fjárlögin varðar og það verði fyrst og fremst í samráði við nefndir þingsins ákveðið hvernig niðurskurði er hagað og nefndirnar eigi að hafa þau áhrif sem þeim var ætlað með breytingunni á þingsköpum. Því miður, hæstv. forseti, hefur það ekki gerst.

[23:04]

Árni Johnsen *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. þm. Guðni Ágústsson á það til að vera allgjárífur og blæs hann þá gjarnan af öllum áttum í einu. Slíkt telst ekki til þess að fjalla um rök heldur rakaleysi og flokkast fremur undir spjall og auðvitað var það tónninn í ræðu hv. þm. áðan um störf meiri hluta fjárln.

Ótti hv. þm. Guðna Ágústssonar við alþjóðasamninga, viðskiptasamninga sem Íslendingar eru að gera skýtur svolítið skökku við og er ástæða til að vekja at-

hygli á að það er allt annað mál með alþjóðlega viðskiptasamninga milli þjóða en almenna vopnasölusamninga á erlendum markaði sem sumir hafa kannski meiri reynslu af. En það er ekki til umfjöllunar hér.

Hv. þm. Guðna Ágústssyni er líka svolítið tamt að sjá eilífan vetur fram undan en málið er ekki svo einfalt. Það vorar og ég veit að það mun vora í sinni hv. þm. með bjartari tíð fram undan enda er hann í höndum góðrar ríkisstjórnar sem færir hann fram á veg og vinnur honum áleiðis fet fyrir fet eins og vonir standa til.

Hv. þm. Guðni Ágústsson þarf hvorki að minna mig á málefni Sunnlendinga né málefni annarra kjördæma. Í fjárln. reynum við öll að mínu mati að vinna með hag heildarinnar í huga og á það bæði við um meiri hluta og minni hluta fjárln. Önnur vinnubrögð þekki ég ekki þar þó auðvitað sé álitamál um marga hluti en engin ástæða til að minna okkur sérstaklega á það.

Hv. þm. Guðna Ágústssyni er tamt, virðulegi forseti, að vorkenna stíft. Það er virðingarvert.

[23:07]

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég veit að veturinn er fram undan en það var ekki vetur í mínum málflutningi. Í mínum málflutningi bjó vonin. Ég rakti tækifærin og staðreyndirnar ef menn stæðu við þau fyrirheit sem blasa við séu menn menn. Ég veit að þessi ríkisstjórn fer frá 8. apríl og þá tekur ný ríkisstjórn við, vonandi daginn eftir, og þá blæs vonandi byr í seglum og þá verður farið í þá vinnu sem nú hefur ekki verið sinnt.

Hvað alþjóðasamningana varðar þá er það ekkert sniðugt að koma með glannalegt bros hér eins og hv. þm. gerði þegar það blasir við að ríkisstjórnin núverandi fórnaði garðyrkjunni í EES-samningunum og ríkisstjórnin núverandi er með hendurnar í vösum gagnvart GATT-samningunum sem taka jafnvel gildi nú um áramótin. Íslenskir bændur einir allra bænda í Evrópu búa við það að þeir vita ekki hver starfsskilyrði þeirra verða næsta árið. Ég rakti það áðan að Noregur hefur varið 600 millj. kr. til þess að vinna að vistvænni leið, til þess að taka á móti fólki sem vill hreinar vörur. Þessa möguleika eigum við ef við viljum vera menn. Þó að ég blási af öllum áttum, hæstv. forseti, þá var það svo í þetta sinn sem oft áður að í þeim blæstri öllum studdist ég við rök og staðreyndir.

[23:09]

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Guðni Ágústsson hefur áhyggjur af starfsháttum Alþingis og hv. fjárln. Ég hef áhyggjur af málflutningi hv. þm. Guðna Ágústssonar. Brtt. hv. meiri hluta fjárln. eru í 72 greinum og hv. þm. vogar sér að koma hér upp og tiltaka sex dæmi úr tillögunum sem tengjast kjördæmum þeirra þingmanna sem meiri hlutann mynda. Er þetta einhver list? Eru þetta einhverjar röksemdir? Hvers konar tillögur væru þetta ef ekki fyndust tillögur um öll þessi kjördæmi á sama hátt og það finnast tillögur í þessu plaggi um öll átta kjördæmin? Þetta er enginn málflutningur hjá hv. þm. Guðna Ágústssyni. Það er verið að brigsla mönnum um mismunun að ástæðulausu.

Hv. þm. Guðni Ágústsson gerði sérstaklega að umræðuefni St. Jósefsspítalann í Hafnarfirði og taldi að þar hefði ég komið eitthvað nálægt málum. Ég skal fúslega viðurkenna það að ég hef komið nálægt þeim málum. Ég hef lagt áherslu á að þessi spítali fengi auknar fjárveitingar og það er ekki bara á þessu þingi sem ég hef gert það heldur á öllum þeim þingum sem ég hef setið. Það þarf því ekki að koma neinum á óvart. Það sem helst mætti gagnrýna mig fyrir er það að ég fylgdi málinu ekki nægilega fast eftir og fjárveitingar til St. Jósefsspítalans eins og þær munu væntanlega liggja fyrir þegar þessar brtt. hafa verið samþykktar séu ekki nægilega háar.

Það var mikill munur á málflutningi hv. þm. Guðna Ágústssonar og hv. þm. Ingibjargar Pálmadóttur fyrr í kvöld þar sem hún var að gagnrýna hv. meiri hluta fjárln. fyrir gera ekki tillögur um hærri fjárveitingar til St. Jósefsspítalans en raun ber vitni.

[23:12]

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Það er nú létt í munni og vasa að hafa áhyggjur af mínum málflutningi. Hitt stendur þó eftir óhaggað að ég rakti mig hér eftir dæmum bæði í kvöld í brtt. og ekki síður í fjáraukalagagerðinni frá deginum áður þar sem ég fór yfir það sérkennilega atriði að þetta virtist tengjast nöfnum manna sem sitja fjárln. Hvar eru hinar stofnanirnar? Hvers vegna eru þær ekki með? (**ÁMM:** Laugarvatn, Hella.) Þetta eru sértækar aðgerðir sem ég hef rakið hér. Af einhverjum sérstökum ástæðum hafa þessar stofnanir notið þess að fá fyrirgreiðslu í þetta sinn þegar nákvæmlega sams konar vandi og hér er leystur blasir við öðrum víða um land. Ég stend því við það.

Ég hygg nú að hv. þm. séu svolítið breiðir þegar þeir koma heim í kjördæmin og segja frá afrekum fjárln. En burt með það þótt þetta hafi hent í þetta sinn, ég hef þó varað við þessum vinnubrögðum og krafið fjárln. um það að þeir beri meiri virðingu fyrir fagnefndum þingsins en þeir hafa gert og taki meira tillit til þeirra tillagna. Ég hika ekki við að bera það hér fram að við verðum með einhverjum hætti að styrkja starf fjárln., að þar sé mikil ábyrgð og samstarf milli meiri og minni hluta og samstarf við fagnefndirnar eins og ég hef rakið. Það held ég, hæstv. forseti, að forsætisnefndin ætti að íhuga því að það verður ekki friður um fjárlagagerðina í framtíðinni verði hún unnin með þessum hroðvirknislega hætti.

[23:14]

Egill Jónsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það hafa farið hér fram umræður um landbúnaðarmál og stöðu landbúnaðarins og m.a. hefur verið fjallað um álit landbn. sem gengið var frá í mikilli eindrægni í landbn. Fjárln. hefur fengið þetta álit. Hún var beðin um svar við þessa umræðu. Það svar liggur enn ekki fyrir. Það hefur verið talað um það í landbn. að á grundvelli þeirrar niðurstöðu sem fengist í fjárln., á grundvelli þess álits sem liggur nú fyrir og hefur raunar vakið mikla eftirtekt, bæði í þinginu og meðal þjóðarinnar, þá mundi landbn. ræða málin á nýjan leik. Og ég vona að landbn. gefist gott

ráðrúm til þess að fjalla um þau mál og taka sínar ákvarðanir á næstu dögum.

[23:16]

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Agli Jónssyni fyrir það að hann boðar hér að á milli 2. og 3. umr. muni hann kalla landbn. saman og fara yfir það og ég vænti þess að það verði til þess að bæði stjórnarandstaða og meiri hlutinn nái samstöðu um einhverjar tillögur ef það gerist ekki í stjórnarflokkunum. Við verðum að svara kalli tímans og vera menn til þess að svíkja ekki svo bugaða stétt sem á von í dag. Við þurfum að vinna með bændastéttinni og um leið landsbyggðinni og til þess þarf peninga því að þeir eru afl þeirra hluta sem gera þarf.

Útbýting þingskjals:

Fjárlög 1995, 1. mál, brtt. JÁ o.fl., þskj. 381.

[23:18]

Kristín Einarsdóttir:

Frú forseti. Ég ætlaði ekki að fara mörgum orðum um þetta fjárlagafrv. Hv. 6. þm. Vestf., Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, hefur gert grein fyrir frv. fyrir hönd Kvennalistans og mælt m.a. fyrir einni brtt. sem við kvennalistakonur flytjum á þskj. 364. Við flytjum aðeins örfáar brtt. við þetta frv. þó að svo sannarlega vildum við að þetta frv. væri í veigamiklum atriðum allt öðruvísi en hérna kemur fram.

Vegna þeirra umræðna sem fóru fram rétt á undan um sjúkrahúsin langar mig til að minnast á eitt atriði. Það sem vekur athygli þegar verið er að skoða brtt. og þetta fjárlagafrv. sem við höfum nú fyrir framan okkur er staða stóru spítalanna. Það kom fram í máli hv. formanns fjárln. að það ætti að skoða málefni sjúkrahúsanna m.a. í Reykjavík milli 2. og 3. umr. Ég vil leggja verulega áherslu á það að hér hefur aðeins verið talað um sjúkrahús og heilsugæslustöðvar úti á landi. Það hefur lítið verið fjallað um spítalana hér í Reykjavík. Þetta þykir mér ófullnægjandi. Það er mjög erfitt að gera sér grein fyrir stöðunni í Reykjavík, sem er vægast sagt mjög slæm, þegar eingöngu eru tekin fyrir núna við þessa umræðu minni sjúkrahúsin og landsbyggðin.

Það eru ekki margar vikur liðnar síðan ég fór ásamt fleiri þingmönnum Reykjavíkur í heimsókn á Borgarspítalann. Þar er verulega mikill rekstrarvandi. Ég geri ráð fyrir að fjárln. hafi fengið heimsókn frá forsvarsmönnum spítala og m.a. Borgarspítala og sjálfsagt annarra spítala á Reykjavíkursvæðinu þar sem rekstrarvandinn er gífurlega mikill og horfir til stórvandræða. Ég vil leggja verulega áherslu á það og vil raunar fá það staðfest að það verði tekið á rekstrarvanda spítalanna hér í Reykjavík þannig að ekki horfi í stórkostleg vandræði. Ég hef ekki fyrir framan mig tölur varðandi Borgarspítalann en ég hef þær í næsta húsi en ætla ekki að þreyta þingið á því að vera að lesa þær allar upp en það verður svo sannarlega gert við 3. umr. ef ekki verður tekið þarna verulega á. Vil ég inna hv. formann fjárln., hv. 7. þm. Norðurl. e., hvort ekki er ætlunin að taka á sama hátt á sjúkrahúsum í Reykjavík.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um sjúkrahúsin þar sem ég vildi bara leggja áherslu á þetta og leggja áherslu á að í Reykjavík fer fram gífurlega mikilvæg þjónusta fyrir allt landið. Það er ekki bara fyrir Reykjavík heldur fyrir allt landið. Við erum því ekki bara að tala um Reykvíkinga eða höfuðborgarsvæðið í þessu sambandi og ég vona að þarna verði tekið verulega á.

Í meirihlutaáliti fjárln. kemur fram álit umhvn. á bls. 39. Ég ætla ekki að gera annað en að vísa til þessa álits en vil þó benda á atriði sem ég vona að verði litið á milli 2. og 3. umr. Í álitinu er sérstaklega tekið fram varðandi Hollustuvernd ríkisins að hún eigi að afla ákveðinna sértekna. Það kom fram í máli þeirra sem komu á fund nefndarinnar að það væri útilokað fyrir Hollustuverndin að auka sértekjur sínar með þeim hætti sem þarna væri gert ráð fyrir því þá þyrfti að leggja álögur sérstaklega á sveitarfélögin sem nota þjónustu Hollustuverndar. Það mundi frekar verða til þess að sveitarfélög leituðu síður til Hollustuverndar um þjónustu. Ég tel að sú þjónusta sem Hollustuvernd ríkisins veitir sveitarfélögum sé svo mikilvæg að það verði að líta sérstaklega til þess að ekki verði þannig farið að að Hollustuvernd ríkisins geti ekki veitt þá þjónustu sem ég tel mjög nauðsynlega.

Ég bendi einnig á að álögur á Hollustuvernd ríkisins hafa verið auknar verulega m.a. vegna EES-samningsins og annarra verkefna og þess vegna tel ég rétt að fjárln. líti til þessa þáttar milli umræðna. Það er kannski ekki síst fyrir okkur í umhvn. Við erum í fyrsta skipti að fjalla um Hollustuvernd ríkisins vegna þess að hún var flutt frá heilbr.- og trmrn. til umhvrn. á síðasta vetri. Við teljum því að það verði að gæta þess að þessi stofnun falli ekki á milli.

Ég vil minnast á DMA-kortagerð en í fyrra veitti Alþingi fjármuni í þá kortagerð Landmælinga Íslands. Þetta er samvinnuverkefni við landmælingastofnun varnarmálaráðuneytis Bandaríkjanna sem hefur gert kort hér á landi og það er mjög mikilvægt að við stöndum þannig að málum að kortin verði íslenskuð og gerð þannig að við getum notað þau hér á landi. Ég vil minna á þetta því að ég tel að við verðum að veita fé til þessa verkefnis þannig að það geti haldið áfram. Það má alls ekki láta þetta detta á milli. Mér er kunnugt um að Bandaríkjamenn hafa óskað eftir því að hraða þessum málum og það væri mjög mikill skaði ef við gætum ekki staðið við okkar hlut í þessu verkefni.

Ég vildi gjarnan fjalla um bæði Náttúruverndarráð, Náttúrannsóknastöðina við Mývatn og fleiri þætti sem við minnumst á í okkar áliti. Ég ætla bara að vísa til þess. Við í minni hluta umhvn. bendum á það í okkar áliti að það þurfi að auka fjárveitingar til allra þessara þátta og bendum raunar á mikilvægi þess að fjárveitingar til umhverfismála verði auknar en þeim verði ekki haldið í því lágmarki sem þær hafa verið í bæði nú og undanfarin ár, því miður. Það er mikil hætta á því að þetta fari að bitna á náttúru landsins og getur haft óbætanlegt tjón í för með sér.

Það er einn þáttur sem ég vil spyrja sérstaklega um

og þá beini ég aftur máli mínu til hv. formanns fjárln. Það er varðandi Veðurstofu Íslands. Eins og kunnugt er urðu miklar kjaradeilur á Veðurstofunni fyrir nokkuð mörgum mánuðum sem eru landsmönnum í fersku minni. Það kom fram í máli fulltrúa Veðurstofunnar sem kom á fund umhvn., ég býst við að það komi einnig fram í gögnum sem fjárln. hefur undir höndum, að rekstrarvandi stofnunarinnar er verulegur og byggist fyrst og fremst á þessum kjarasamningi. Því vil ég spyrja: Hvers vegna er ekki tekið tillit til þessa kjarasamnings í tillögum fjárln. nú? Það var ekki tekið tillit til þess varðandi fjárlagatillögurnar og það virðist ekki vera svo að fjárln. hafi heldur tekið tillit til þess að um aukningu á útgjöldum Veðurstofunnar væri að ræða vegna þessa kjarasamnings. En ég tek hins vegar eftir að það er gert annars staðar. Það er t.d. tekið til þess varðandi Sinfóníuhljómsveit Íslands og það er líka tekið tillit til þess varðandi sjúkrahúsin og kannski víðar. Ég hef ekki kembt þetta svo vel að ég geti sagt til um það. En það er greinilegt að í sumum tilvikum hefur fjárln. tekið tillit til kjarasamninga. Því spyr ég aftur: Hvers vegna er ekki tekið tillit til þess varðandi Veðurstofu Íslands?

Ég bendi einnig á það sem kom fram hjá forsvarsmönnum Veðurstofunnar að Veðurstofunni er ætlað að afla nokkurra sértekna sem fulltrúar hennar töldu mjög vafasamt að væri hægt og mundi það koma niður á stofnununni. Þetta bið ég einnig hv. fjárln. að athuga hvort ekki sé hægt að veita einhverja úrlausn.

Þá kem ég að einu atriði enn sem ég vildi spyrja um. Það er varðandi atriði sem kom fram í máli hv. formanns fjárln. þegar hann gerði grein fyrir áliti meiri hlutans. Það er varðandi 69. tölul. tillagna meiri hluta fjárln. sem heitir Veiðistjóri. Það er við 4. gr. 14-210 101 þar sem segir: Fyrir 39.600 kemur 41.100, þ.e. hækkun um 1,5 millj. kr. Í skýringum hv. formanns nefndarinnar er þessi hækkun vegna þess að stofna á kennslu- og rannsóknarstöð við Háskóla Íslands varðandi villt spendýr á Íslandi og væri talið eðlilegt, ef ég man rétt, að þessi staða væri greidd af lið veiðistjóra.

Það kom mér á óvart að sjá í fyrsta lagi að það væri eðlilegt að þetta væri á þessum lið og ekki síst kom mér á óvart að þarna skyldi einungis vera um 1,5 millj. kr. hækkun að ræða. Þetta virðist vera staða í hálft ár því að það kom fram einnig að það væri miðað við að þessi staða væri veitt frá 1. júlí að telja. Ég á ákaflega erfitt með að sjá það að ný staða við Háskóla Íslands skuli ekki kosta meira en 1,5 millj. kr. vegna þess að það hlýtur að vera um að ræða laun fyrir prófessor auk þess sem hverri prófessorsstöðu fylgir heilmikill kostnaður, bæði stofnkostnaður sem og kostnaður fyrir mannskap. Ég vil því spyrja hvernig þessi tala er tilkomin.

Að lokum, frú forseti, vildi ég gera örstutta grein fyrir þeim tveim brtt. í viðbót sem við kvennalistakonur hugsum okkur að flytja við þessa umræðu fjárlaga. Þær eru á þskj. 374 og 375. Það er annars vegar um nýjan lið um Háskóla Íslands, kvennarannsóknir, 10 millj. kr. Kvennarannsóknastofnun háskólans hefur verið starfandi um nokkurt skeið og hefur starfað mjög vel og hefur vakið mikla athygli, bæði hér á landi og reyndar erlendis líka. Nú hafa þær óskað eftir því að sett yrði á stofn prófessorsstaða í kvennarannsóknum. Þetta fyrirkomulag er víða erlendis, þ.e. sérstakar rannsóknastöður í kvennarannsóknum og hefur gefist mjög vel og tel ég mjög mikilvægt að við styðjum þá starfsemi sem þarna hefur farið fram og setjum nýjan lið, 10 millj. kr., um kvennarannsóknir.

Hin brtt. er líka um nýjan lið sem heitir styrkir til kvennaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Peking, 5 millj. kr. Eins og fram hefur komið tekur ríkisstjórn Íslands undir forustu utanrrn. þátt í kvennaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Peking en ýmis félagasamtök, bæði Kvenfélagasambandið, Kvennréttindafélagið og fleiri hafa hug á að sækja þessa ráðstefnu en jafnframt ríkisstjórnarráðstefnunni er einnig ráðstefna almannasamtaka og það tel ég mjög mikilvægt og Kvennalistinn að það verði tekin frá ákveðin fjárveiting á fjárlögum til þess að hægt sé að styrkja almannasamtök til að senda fulltrúa á ráðstefnuna þannig að íslenskar konur geti þar átt fulltrúa á ráðstefnunni fyrir almannasamtök í Peking.

Ég læt þetta duga, virðulegi forseti, þó að vissulega væri hægt að fara mjög mörgum fleiri orðum um þetta fjárlagafrv. og þær breytingartillögur sem hér eru og vænti þess að ég fái einhver svör við þeim spurningum sem ég hef borið fram.

[23:32]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Sigbjörn Gunnarsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vegna orða hv. þm. Kristínar Einarsdóttur vil ég leitast við að reyna að svara henni eins rösklega og ég get í andsvörum.

Í fyrsta lagi er spurt um stóru sjúkrahúsin í Reykjavík. Það kom glögglega fram í máli mínu í dag að frestað er til 3. umr. að gera tillögur um stóru spítalana í Reykjavík. Það kom einnig fram í ræðu minni við 2. umr. fjáraukalaga, þar komu verulegar upphæðir inn á þessa stóru spítala en eins og kunnugt er og komið hefur fram í fréttum hefur verið gert samkomulag við stjórnendur spítalanna af ráðuneytunum og þessar tölur munu birtast. Ekki vannst tími til þess fyrir 2. umr. að ganga frá þeim, því miður. Auðvitað hefði það verið æskilegt en þannig var nú þetta.

Í öðru lagi var Hollustuverndin nefnd og í þriðja lagi DMA-kortagerð Landmælinga. Vissulega er það svo að ef farið væri að ýtrustu óskum sem fram koma, þá þyrftum við eitthvað meira úr að spila en þessa 115–116 milljarða sem eru á gjaldahlið frv. Það væri fróðlegt að velta fyrir sér eða slá tölu á allar þær óskir sem berast. Ég hugsa að við gætum farið langleiðina í 200 milljarða þannig að eitthvað verður undan að láta. Vissulega er hægt að hafa samúð með mörgu og kannski flestu. Mál eru yfirleitt vel fram sett en vandi okkar í fjárln. er sá að við þurfum að spila úr því sem við höfum handa á milli.

Í þriðja lagi var spurt um Veðurstofuna. Ég ætti kannski að geyma það til annars andsvars.

[23:35]

Kristín Einarsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. formanni fjárln. fyrir þau svör sem hann gat komið að á þessum tveimur mínútum sem hann hefur til að svara mér. Ég skil mjög vel að hann geti ekki komið öllu að en ég vil þó leggja áherslu á það varðandi t.d. DMA-kortagerðina, að þegar við erum í samstarfsverkefni við erlenda aðila að við verðum ekki af meiri fjármunum. Það skiptir mjög miklu máli. Og það skiptir mjög miklu máli, t.d. varðandi þetta, að við getum kannski fyrir litla peninga, ef ég má orða það svo, þetta eru engar smáupphæðir samt sem áður, en fyrir tiltölulega litla peninga getum við sparað okkur verulegar fjárhæðir á næstu árum strax og það er þess vegna sem ég tek þetta atriði út úr vegna þess að ég sá einnig fjárlagabeiðni t.d. Landmælinga Íslands og það voru mörg fleiri atriði en ég tek þetta út úr sérstaklega. Það voru að vísu fleiri atriði sem t.d. Norðmenn vildu koma inn í ákveðið verkefni og borguðu að hluta til. Þess vegna verðum við stundum að horfa á þætti út frá því að við erum ekki að spara í raun og þess vegna bendi ég einmitt á þetta atriði um DMA-kortagerðina. Hv. 7. þm. Norðurl. e., formaður fjárln., talaði einnig um Hollustuvernd ríkisins og gat svona rétt bara skautað yfir það. Ég er ekki að ætlast til þess að mér sé svarað nákvæmlega heldur að þetta sé skoðað milli umræðna, það sé athugað bæði varðandi sértekjur að það þýðir ekkert að vera að tala um að það eigi að afla sértekna ef það er ekki hægt. Það er kannski fyrst og fremst það. Við verðum þá bara að horfast í augu við það að á næsta ári verða að koma aukafjárveitingar og það þykir mér ófullnægjandi ef við vitum fyrir fram að það er ekki hægt að gera þetta og svo þurfum við að koma aftur hérna og samþykkja aukafjárveitingar fyrir stofnanirnar.

[23:37]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Sigbjörn Gunnarsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það hefur allt miðast við að draga úr því að aukafjárveitingar væru veittar og á því hefur orðið mikil bót á síðustu árum eins og kom fram í ræðu minni í dag. En aðeins út af DMA-kortagerðinni, við í fjárln. erum voðalega veikir fyrir svona bisness sjónarmiðum. Þau eru hins vegar ansi mörg þessi bisness sjónarmið. Það er víða hægt að benda á sparnað með því að veita fjármuni í einhver ákveðin verkefni. Við höfum þessi atriði í huga. Það var gert allvel í þessum efnum á sl. ári en það er skoðun mín að verkið sé ekki hættu af þeim sökum að það skorti fé. Hins vegar væri kannski hægt að gera meiri bisness með meiri peningum og það er nú gjarnan svo.

Örlítið út af veiðistjóra, sem minnst var á, þá sagði í skýringu minni fyrr í dag að þetta væri í tengslum við þær áherslubreytingar sem verða á stjórn veiða úr villtum dýrastofnum. Hvernig þessi tala væri tilkomin, þá er hún einfaldlega komin þannig til að beiðni barst um þessa tölu og það er talið og okkur er tjáð að hún muni duga til að mæta þessum kostnaði. Við höfum ekki rengt það og höfum ekki lagt okkur sérstaklega í líma við að hækka þá tölu þar sem fullyrt er að hún dugi og farið er eftir þeirri beiðni sem barst.

Út af Veðurstofunni er það nú svo að raunar barst okkur ekki á þessu ári erindi þarna um. Hins vegar minnist ég þess frá sl. hausti að við ræddum þetta mál við veðurstofustjóra. Hv. þm. Kristín Einarsdóttir rakti örlítið aðdragandann að tilurð þessa máls og þarna var um það að ræða að gerður var samningur innan Veðurstofunnar af páv. veðurstofustjóra. Sá samningur var ekki gerður af viðkomandi ráðuneytum og þess vegna hafa aðilar talið að það væri rétt að stofnunin bæri þetta en ég lofa hv. þm. að ég skal líta til þessa máls á milli umræðna.

[23:39]

Kristín Einarsdóttir *(andsvar)*:

Aðeins varðandi liðinn veiðistjóra upp á 1,5 millj. kr. sem á að fara í rannsóknarstöð í háskólanum, þá kemur mér það mjög á óvart og þykir mér fróðlegt að vita hvernig í ósköpunum er hægt að stofna prófessorsstöðu fyrir þá upphæð og væru margir ánægðir ef það væri hægt og held ég að það væri þá athugandi fyrir fjárln. að skoða hvort það sé ekki verið að biðja þá um allt of háar upphæðir annars staðar (**SigG:** Lækka til háskólans.) því að það er mjög sérkennilegt að 1,5 millj. eigi að duga fyrir heilli stöðu. En ekki ætla ég að fara að ásaka og allra síst hv. fjárlaganefndarmenn fyrir að koma ekki með nóg.

En ég vil bara lýsa ánægju minni með að fjárln. muni líta til þessara þátta sem ég hef nefnt milli 2. og 3. umr. og ekki síst til Veðurstofunnar og horfi aðeins mér til vinstri handar á hv. þm. Magnús Jónsson sem jafnframt er veðurstofustjóri. (**MJ:** Ég er í leyfi.) Hann hefur leyfi svo að það er þannig að ég vona að það verði litið til þessa þáttar en ég skora á fjárln. að líta einnig til annarra þátta sem ég hef nefnt.

[23:41]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Í fjárlagafrv. eru auðvitað mjög mörg atriði sem ástæða er til að fara yfir, en ég ætla að byrja á að staldra hér við eitt mál sem er óafgreitt í fjárlagafrv. og er satt að segja býsna skuggalegt mál. Það snertir mjög mikilvæg tæki í búnaði Landspítalans. Þannig háttar til að þar eru tæki, annars vegar kóbalttæki og hins vegar línuhraðall, sem eru komin svo til ára sinna að aðgerðir eða meðferð sem unnin er við þessi tæki og með þeim eru komin á það stig að það verður að teljast varhugavert að nýta þessi tæki eins og þau eru.

Ég er hér með í höndum, hæstv. forseti, upplýsingar um þessi tæki þar sem það kemur fram, t.d. í sambandi við kóbalttækið, í bréfi til forstjóra Ríkisspítalanna, með leyfi forseta, „að notkun hleðslunnar í tækinu er ekki réttlætanleg nema nokkra mánuði til viðbótar þar eð meðferðartími lengist stöðugt og veldur þá auknum geislalíffræðilegum aukaverkunum hjá sjúklingum. Kóbalttækið hefur löngu skilað því sem ætla má af slíku tæki", stendur hér. Og síðan segir hér að lokum, með leyfi forseta:

„Brýnt er að heimild til kaupa fáist eins fljótt og kostur er á nýju tæki, ekki síst vegna þess aukna tíma

sem nú fer í útboð og innkaup samkvæmt reglum EES-svæðisins."

Það er lögð á það áhersla að þegar í stað verði sem sagt tekin um það ákvörðun að kaupa 4–6 megavolta, MV, línuhraðal í stað kóbalttækisins sem nú er orðið 25 ára gamalt.

Ég er einnig með bréf undir höndum um þessi mál frá 1. nóv. 1993 þannig að það er ekki nýtt að um þetta sé fjallað, en hitt bréfið sem ég var að lesa er frá 1. nóv. 1994 og er reyndar frá Þórarni Sveinssyni sem er yfirlæknir krabbameinslækningadeildar Landspítalans og hv. þm. þekkja margir vel til og er virtur vísindamaður í sinni grein. Í bréfi sem skrifað var 1. nóv. 1993 um þessi tæki, ástand kóbalttækis krabbameinslækningadeildar Landspítalans, segir svo, með leyfi forseta:

„Kóbalttækið var keypt á árinu 1969 og hefur þjónað á Landspítala í meira en tvo áratugi. Síðustu árin höfum við fengið ábendingar og ráðleggingar frá framleiðandanum varðandi hættur af notkun svo gamals tækis, enda hafa orðið alvarleg slys annars staðar í heiminum með svipuð tæki vegna slits á þeim."

Ég hef einnig undir höndum bréf sem er hluti af skýrslu stjórnarnefndar Ríkisspítalanna sem var lagt til fjárln. Alþingis í nóvember 1994 um sama mál en þar segir svo, með leyfi forseta:

„Ítrekað hefur verið bent á vanda Ríkisspítala vegna ónógra fjárveitinga til tækjakaupa undanfarin ár. Til þess að halda í horfinu þarf árleg fjárveiting að vera á bilinu 240–340 millj. kr. Af þeirri fjárhæð sem þarf til Landspítalans á næsta ári eru um 60 millj. kr. áætlaðar til kaupa á línuhraðli fyrir krabbameinslækningadeild. Um er að ræða endurnýjun á um það bil 25 ára gömlu kóbalttæki."

Í skýrslu Ríkisspítalanna sem dreift var á ársfundi spítalanna í dag er fjallað um þessi mál mjög ítarlega og mjög fróðlega og ég hvet hv. alþm. til þess að lesa þá skýrslu að því er þetta varðar þar sem það kemur fram í fyrsta lagi hvað þessi tæki eru mikilvæg og í öðru lagi hvað ástandið á tækjunum er orðið hættulegt. Og ég held þess vegna að það sé óhjákvæmilegt að spyrja þá hv. þm. úr fjárln. sem hér eru: Verður tekið á þessum málum varðandi línuhraðal fyrir krabbameinslækningadeild Landsspítalans í fjárlögunum fyrir árið 1995? Tækið eins og það er núna er að mati allra aðila stórhættulegt og ég er með eins og ég sagði upplýsingar um það mál frá Þórarni Sveinssyni lækni, sem er yfirlæknir á krabbameinslækningadeildinni, og Garðari Mýrdal sem er forstöðumaður geislaeðlisfræðideildar Landspítalans. Ég vil því sérstaklega spyrja þá hv. þm. úr fjárln. sem hér eru hvort á þessum málum verður ekki örugglega tekið.

Nú þegar er tilbúin útboðslýsing á þessum línuhraðli sem hér er um að ræða, 6 MV línuhraðli, og það er beðið eftir heimild stjórnvalda til að senda þessa útboðslýsingu Ríkiskaupum til útboðs. Sem sagt útboðslýsingin hefur verið til þó nokkurn tíma en það hefur ekki fengist heimild til að senda hana Ríkiskaupum til útboðs og auðvitað væri það mikilvægt innlegg í málið að mínu mati ef heimildin til kaupa á tækinu yrði sett inn á 6. gr. fjárlaga vegna þess að hér er um að ræða pöntun og afgreiðslu sem tekur mjög langan tíma. Hún tekur satt að segja talsvert mikinn hluta af árinu 1995. Ef útboðslýsingin eða útboðið væri heimilað t.d. núna þá má gera ráð fyrir því að þá þurfi tíma talsvert fram eftir næsta ári til þess að komast til botns í málinu og menn eru að tala um að tækið verði tilbúið til uppsetningar í síðasta lagi í ársbyrjun 1996 með hliðsjón af því hvernig staðan er og hvað þetta hefur dregist. Og eins og ég sagði áðan, hæstv. forseti, þá kæmi þetta tæki í stað kóbalttækis sem var keypt árið 1969 og hefur verið notað nú í aldarfjórðung.

Ástæðan til þess að menn eru að tala um að kaupa þennan línuhraðal í staðinn fyrir kóbalttækið er aðallega sú að það er ekki lengur tryggt að varahlutir fáist í kóbalttækið og hefur framleiðandi varað við áframhaldandi notkun þessa tækis m.a. vegna slysahættu. Ég er hér með bréf undir höndum frá framleiðendum kóbalttækisins þar sem þeir segja sem svo: Við erum hættir að framleiða varahluti í þetta tæki og við vörum við því að tækið verði notað eða reynt verði að nota tækið áfram.

Geislahleðsla sú sem notuð er núna í þessu kóbalttæki var keypt árið 1988 og hún er núna komin ár, ég endurtek, heilt ár fram yfir venjulegan notkunartíma. Línuhraðallinn sem var keyptur 1988 er fullnýttur og hann kostar, ef hann væri keyptur nýr, um 120 millj. kr. og mundi endast í 9 ár enn, sá sem nú er hér, ef unnt væri að hlífa honum með minni línuhraðli sem gæti nýst í 80% tilvika. En það sem verið er að tala um hér, hæstv. forseti, er fjármagn til tækjakaupa á næsta ári upp á 25–30 millj. kr., þ.e. helminginn af kostnaðinum við kaupin á línuhraðlinum.

Ég er hér með undir höndum, hæstv. forseti, bréf sem framleiðendur kóbalttækisins sendu Landspítalanum og ég mun koma í hendur hv. fjárlaganefndarmanna. Ég er einnig með bréf þar sem fram kemur að þessir framleiðendur ráðleggja Landspítalanum að hætta að nota þetta tæki því að framleiðandinn taki enga ábyrgð á því. Og ég er síðan með frétt úr erlendu fréttatímariti um geislafræðileg málefni, Radiology and Imaging Letter, þar sem það kemur m.a. fram að ef menn nota svona tæki of lengi þá er veruleg hætta á slysum og hér er nefnt í þessu riti eitt dæmi um mjög alvarlegt slys að ekki sé meira sagt sem hlotist hefur af því að menn hafa notað svona tæki of lengi.

Ég tel ekki við hæfi, hæstv. forseti, að ég lýsi því mikið nánar sem fram kemur í þessum pappírum. En það er augljóst mál að það verður að taka á þessu máli. Landspítalinn er sem vísindastofnun og sem lækningamiðstöð hér á Íslandi, hjartað í heilbrigðisþjónustu landsmanna að mörgu leyti, hann er í hættu ef ekki verður á þessu máli tekið og ég fer fram á það við hv. þm. úr fjárln. sem hér sitja á þessum fundi að þeir taki á þessu máli alveg sérstaklega.

Hæstv. forseti. Ég nefni þetta hér með Ríkisspítalana vegna þess að mér skilst að stóru spítalarnir séu eftir, það sé eftir að fara yfir þá, þess vegna ákvað ég að flytja engar breytingartillögur sérstaklega um þetta

mál en vildi koma því hér á dagskrá í umræðunni sjálfri.

Í öðru lagi langar mig til að nefna hér annað mál sem ég tel að sé ekki nægilega afgreitt og ég hef miklar áhyggjur af og það er þjónustumál fatlaðra hér í Reykjavík alveg sérstaklega. Það er satt að segja nokkurt umhugsunarefni að við Reykvíkingar höfum verið svo heppin að hafa haft einn af þingmönnum okkar í félmrn. nú um langt árabil. Það hefur vafalaust oft verið tekið mjög vel til hendinni þar í þágu málefna fatlaðra í þessu byggðarlagi. Þeim mun meira undrandi verður maður á því að lesa grein sem birtist í Morgunblaðinu 7. des. sl. þar sem fjallað er um neyðarbiðlista fatlaðra og ég ætla að leyfa mér að lesa upp úr þessari grein örfá orð, með leyfi hæstv. forseta:

„Nú er svo komið að hér í höfuðborginni eru um 200 manns á biðlistum um búsetu hjá Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra og þar af eru á neyðarbiðlista um 30 manns." Ég vona að hv. þm. þekki það vel til að þeir viti hvernig er komið fyrir því fólki sem er sett á neyðarbiðlista um þjónustu fyrir fatlaða. Þar er yfirleitt um að ræða mjög alvarleg tilvik sem ekki aðeins bitna á þeim einstaklingum sem þar um ræðir heldur gjarnan líka fjölskyldum þeirra, oft á tíðum með mjög alvarlegum hætti. Síðan segir hér áfram, með leyfi forseta: „Til að mæta þörfum þeirra sem á neyðarbiðlistanum eru þarf a.m.k. að byggja sex ný heimili fyrir fatlaða. Ekki er að sjá í síðustu ársskýrslu Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra í Reykjavík fyrir árið 1993 að þetta ástand valdi starfsmönnum þar á bæ miklum áhyggjum. Svæðisáætlun fyrir árin 1994–1996 er í raun ósköp metnaðarlaus miðað við ástand mála og ekki verður séð að langt muni þokast á næstu tveimur árum. Reyndar gagnrýnir Svæðisráð Reykjavíkur áætlunina vegna þessa og telur óvíst að hægt verði að leysa vanda allra þeirra sem á neyðarbiðlista hafa verið lengi.

Framkvæmdastjóri svæðisskrifstofunnar slær taktinn fyrir sitt fólk í viðtali við Fréttablað Styrktarfélags vangefinna sem út kom í síðasta mánuði. Þar segir hann m.a.: „Stundum er minna fé til aflögu en að mínu mati er eins vel gert við þennan málaflokk og hægt er."

Ég er hrædd um að foreldrar fatlaðra sem bíða eftir framtíðarúrlausn í húsnæðismálum sínum, mörg hver á neyðarbiðlista, séu ekki sama sinnis. Þessi skoðun framkvæmdastjórans skýrir kannski að einhverju leyti af hverju Reykjavík hefur orðið útundan í fjárveitingum undanfarinna ára í búsetumálum fatlaðra, þótt valdið sé að sönnu hjá félagsmálaráðherra og Alþingi."

Og síðan segir enn fremur í þessari grein í Morgunblaðinu 7. des. sl., greinin er eftir Ágústu Bragadóttur og hún á 18 ára son sem er á þessum neyðarlista.

„Í umsögn um áðurnefnda svæðisáætlun, sem Svæðisráð málefna fatlaðra í Reykjavík sendi til félmrn. í mars á þessu ári, kemur m.a. fram að í Reykjavík, þar sem búa um 40% landsmanna, er hlutfall fatlaðra mun hærra en í öðrum sveitarfélögum. Rúmlega 51% þeirra sem fá greiddan örorkulífeyri frá Tryggingastofnun eru búsettir í Reykjavík. Hins vegar hafa fjárveitingar til málefna fatlaðra í Reykjavík á vegum félmrn. undanfarið einungis verið um 30% af heildarframlaginu. Þetta er mikið umhugsunarefni og sú spurning vaknar hvort Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra í Reykjavík telji það vera sitt hlutverk að draga úr kröfum og metnaði þegar harðnar í ári fremur en að standa með skjólstæðingum sínum, gera áætlanir og setja sér markmið í anda laganna um málefni fatlaðra.

Undirrituð fór á fund ráðherra félagsmála í sumar, sem þá var annar af þeim þremur sem setið hafa á yfirstandandi kjörtímabili, með skriflegt erindi þar sem vakin var athygli á því neyðarástandi sem ríkir í búsetumálum mikið fatlaðra í Reykjavík og spurði ég m.a. hvort vænta mætti aukinna framlaga á fjárlögum 1995 til að tryggja rekstur nýrra heimila fatlaðra í Reykjavík. Ráðherra hefur enn ekki svarað erindinu formlega," — þ.e. 7. desember, — „en hins vegar er ljóst samkvæmt frv. til fjárlaga 1995 að ekki er gert ráð fyrir neinum nýjum rekstri í öllum málaflokki fatlaðra. Þetta þýðir m.a. að ekkert nýtt heimili fyrir fatlaða verður tekið í notkun á næsta ári ef þetta frumvarp nær fram að ganga."

Ég lýk hér lestri úr þessari grein eftir Ágústu Bragadóttur um neyðarlista fatlaðra og ég vil leyfa mér að spyrja þá fjárlaganefndarmenn sem hér eru: Er hægt að gera ráð fyrir því að það verði tekið sérstaklega á þessum málum í fjárlagafrv. varðandi búsetumál fatlaðra, betur en gert er núna?

Ég ætla að nefna þá, hæstv. forseti, að í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir því að starfsemi verði að Árlandi, heimili fyrir fatlaða, á næsta ári. Það er augljóst mál að þeir fjármunir sem ætlaðir eru til starfseminnar á Árlandi á næsta ári eru ekki nægilegir. Þannig að ef svo fer fram sem horfir að þá verða menn að draga mjög verulega úr rekstri þar og þar með verður Árland ekki sú eining fyrir fatlaða sem hún þyrfti að vera. Ég vil sem sagt leyfa mér að spyrja um það, hæstv. forseti, hvort á þessum málum verður tekið frekar við meðferð málsins hér í þessari virðulegu stofnun. Ég ákvað að flytja ekki tillögu um þessi sérstöku mál sem lúta að málasviði fatlaðra vegna þess að ég vildi fyrst fá það fram í umræðunni hvaða hugmyndir væru uppi um málið og hlustaði grannt eftir því sem fram kom hjá hv. talsmanni fjárln., las nál. fjárln. og spurðist fyrir um það sem fram hafði komið í máli hans sem ég hafði misst af og það kom í ljós að á þessu máli, að því er varðar fatlaða, var því miður ekki tekið og þess vegna nefni ég það hér. En ég hef grun um að menn hafi hugsað sér að líta þannig á að málinu væri lokið með frumvarpinu eins og það lítur út og brtt. og það er ekki hægt, hæstv. forseti. Ef niðurstaðan er sú að menn sjái ekki lausn á þessu máli með öðrum hætti þá verður Alþingi að sameinast um að skera eitthvað annað niður til þess að tryggja peninga í þetta verkefni. Það er ómögulegt að hafa þetta svona. Það er alveg ómögulegt, hæstv. forseti.

En ég verð að segja hins vegar að auðvitað er það hugsanlegt að eitthvað af því sem hér hefur verið sagt af mér eða þeim greinarhöfundi sem ég vitnaði til sé á misskilningi byggt og þá verður það væntanlega leið-

rétt og vissulega verð ég að játa það að ég sakna vinar í stað þar sem er hv. 12. þm. Reykv. sem er því miður fjarri þessa umræðu og hefði vafalaust getað frætt mig um eitt og annað á þessu sviði. En athyglisvert er að hún kom nálægt þessu ráðuneyti um nokkra hríð, sat þar satt að segja líklega lengur en nokkur annar einstaklingur í sögu félmrn. ef ég man rétt. Ég hygg að það sé svo, hæstv. forseti, svo ég rifji upp eina sögulega staðreynd á síðkvöldi þegar menn eru greinilega mjög brattir í þessum sal eða hitt þó heldur.

Varðandi málið að öðru leyti, hæstv. forseti, þá ætlaði ég að víkja aðeins að brtt. sem við þingmenn minni hlutans í menntmn. flytjum, og það er þá fyrst Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, þ.e. Þjóðarbókhlaðan, og þar erum við einfaldlega með tillögu um að Þjóðarbókhlaðan fái þá peninga sem var gert ráð fyrir að hún fengi þegar við vorum að fjalla um þjóðarbókhlöðulögin í fyrra. Og ég ætla að spyrja hæstv. menntmrh., úr því að hann heiðrar okkur með nærveru sinni — og ég tel ástæðu til að þakka honum fyrir það að sitja hér undir þessari umræðu og er það til fyrirmyndar, mættu aðrir ráðherrar gjarnan taka hann sér til fyrirmyndar á þessu sviði, ég ætla að spyrja hæstv. menntmrh. að því hvort hann sjái fram á það að Þjóðarbókhlaðan fái eitthvað meira í rekstur á næsta ári. Ég sé ekki betur en það verði að loka henni í september ef þetta verður svona. Mér þætti það klént að henni yrði lokað í september og ég veit að hæstv. ráðherra er sammála mér um það og ég vil þess vegna spyrja hann um málið og jafnframt leggja fram þessa brtt. fyrir hönd okkar stjórnarandstæðinga í hv. menntmn.

Í öðru lagi flyt ég tillögur sem lúta að grunnskólunum þar sem ég geri ráð fyrir því að frv. sem nú liggur fyrir í sambandi við grunnskólana verði framkvæmt á næsta ári með því að breyta og hækka liðinn Grunnskólar, óskipt en þar er gert ráð fyrir því að fjölga vikustundum í grunnskólunum um 6 á viku frá hausti 1995 og það er talið að það kosti 26,2 millj. kr. Ég geri sem sagt ráð fyrir því að það verði stigið aðeins lengra í þessum efnum með hliðsjón af því frv. sem hæstv. ráðherra hefur sjálfur lagt fyrir þessa virðulegu stofnun til afgreiðslu og samþykktar.

Í öðru lagi flyt ég tillögu um listskreytingasjóð og ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. ráðherra hvort meiningin sé að taka eitthvað á málum listskreytingasjóðs hér á lokastigi málsins. Þetta er nú þannig að þeir menn sem hafa setið undir frýjuorðum í fjárln. og verið kenndir við vissa landshluta umfram aðra hafa nú hrokkið til og ákveðið að leggja stóraukið fé í Kvikmyndasjóð. Þó að ýmsum þyki það ekki nóg þá tek ég eftir því að menn hafa brugðið hart við þeim ákúrum sem birst hafa frá miðstöð Kvikmyndasjóðs og þykir mér það náttúrlega athyglisvert. Hins vegar hafa forráðamenn listskreytingasjóðs sent frá sér ýmsar yfirlýsingar sem hafa verið prúðar og forráðamenn listskreytingasjóðs hafa ekki í sínum yfirlýsingum kosið að kenna fjárlaganefndarmenn meiri hlutans við ákveðna landshluta frekar en aðra, þ.e. sveitir landsins, hvers sem sveitirnar eiga nú að gjalda að vera endilega að troða þessum ágætu þingmönnum upp á sveitirnar, og auk þess hafa þeir listskreytingasjóðsmenn rætt við mjög marga, birt málefnalegar greinar en í rauninni bara sagt sem svo: Er ekki rétt að halda þessu áfram þangað til búið er að endurskoða lögin en ekki höggva fyrst og svo endurskoða þau? Ég vil spyrja hæstv. ráðherra, af því að hann er svo vinsamlegur að vera hér, hvort ekki sé hugsanlegt að endurmeta þetta mál varðandi listskreytingasjóðinn og rausnast til að smella þarna inn einhverri upphæð hér að lokum, þó það væri ekki fyrr en við 3. umr., en eins og kunugt er þá eru það jafngóðir peningar sem koma við 3. umr. og við 2. þegar upp er staðið. Það þekkja þeir sem hafa verið hérna lengi.

Ég vil spyrja hv. varaformann fjárln. um þetta mál með listskreytingasjóð því að ég veit að honum er örugglega umhugað um það ekki síður en öðrum hv. þm. að á þessu máli verði tekið. Þessi listskreytingasjóður hefur oft gert mikið gagn og það hafa verið sett upp listaverk á ýmsum stöðum að tilhlutan sjóðsins. Ég get þó alveg sagt það að ég hef ekki að öllu leyti verið ánægður með þá hluti persónulega, en í raun og veru er það ekki mitt mál að hafa skoðun á því sem þingmanns heldur er það annarra og betra að aðrir en þingmenn véli um smekksatriði eins og það hvernig myndverk líta út.

En ég vil sem sagt spyrja að því hvort menn ætla að láta hér staðar numið varðandi listskreytingasjóð. Ég tel að þessum sjóði nokkurn menningarauka satt að segja og ég tel eftirsjón að honum og ég held að ef sjóðnum verður slátrað núna, þá komi hann ekki aftur í bráð þannig að ég vil biðja um það að menn líti til hans með velvild og spyr: Er ekki ætlunin að gera það þrátt fyrir allt?

Þá vil ég loks geta þess að ég flyt ásamt öðrum þingmönnum stjórnarandstöðunnar í hv. menntmn. tillögu varðandi Háskóla Íslands og ég vil einnig spyrja um málefni háskólans. Er ekki eftir að afgreiða þau að einhverju leyti? Mér hefur skilist að svo væri svo að í sjálfu sér ætla ég ekki að fara mörgum orðum um það. Það liggur fyrir beiðni frá háskólanum upp á um 200 millj. kr. Það er rökstutt með þremur þáttum. Það er í fyrsta lagi að framlög í vinnumatssjóð og rannsóknarsjóð séu 45 millj. kr. Í öðru lagi aukning vegna fjölgunar nemenda umfram áætlun í fjárlagatillögum um 60 millj. kr. og síðan fyrsta skref í á átt að kennsla verði sambærileg við það sem gerist á Norðurlöndum, 95 millj. kr. þannig að ég mundi leggja á það mikla áherslu að það verði tekið á þessum málum af velvild og þætti vænt um ef hæstv. ráðherrar eða hv. þm. í fjárln. gætu gefið í skyn a.m.k. á þessu stigi málsins hvernig ætlunin er að taka á málinu.

Ég vil aðeins segja varðandi háskólann að mér heyrðist satt að segja menn hafa komist að þeirri niðurstöðu, einhverjir í fjárln. Það þarf nú ekki að vera að það hafi verið gerð um það ályktun beint í nefndinni að það væri rétt að breyta háskólanum núna í óvin Alþingis og fjárln. og hjóla í háskólann. Og það væri alveg sérstaklega til tannlæknadeild sem væri mikið vandamál. Það var haft svo mikið við að menntmrh. var spurður: Á að loka tannlæknadeild? Og ráðherr-

ann svaraði því ágætlega fyrir sitt leyti. Hann sagði eins og er: Það má svo sem alveg athuga það. Þessi yfirlýsing um það að það eigi að loka tannlæknadeild er hvorki ný eða frumleg vil ég taka fram, hæstv. forseti. Ég hygg að þetta sé í fimmta sinn á mínum þingmannsferli að ég heyri þessa hugmynd. Hún er ævinlega sett fram þegar menn hafa ekkert annað að segja í sparnaðarskyni. Þetta er eins og með Alþfl. sem hafði lengi uppi þá hugmynd þegar hann var spurður: Hvað vill Alþfl. spara nákvæmlega í ríkisfjármálum? Þá sagði Alþfl.: Holdanautastöðina í Hrísey. Nákvæmlega eins er þetta með tannlæknadeildina. Staðreyndin er sú að þetta er til marks um það að menn hafa í raun og veru ekkert að segja, dettur allt í einu í hug að grípa þetta hálmstrá, tannlæknadeildina, frekar en ekki neitt.

Vandinn við þetta mál er ósköp einfaldlega sá að í fyrsta lagi þurfum við að hafa tannlækna. Við þurfum að gera ráðstafanir til þess að við getum haft þá og það gerum við kannski með því að semja við aðra háskóla og fyrir það getum við þurft að borga peninga. Í öðru lagi er það þannig að við erum með þó nokkuð af grænjum og húsakynnum á vegum háskólans fyrir tannlæknanám sem ekki er víst að nýttist öðruvísi en gæti þó nýst öðruvísi. Og þarna komum við að þeim vanda og því verkefni sem kannski er flóknast í þessu samhengi og í sambandi við allan sparnað í ríkisfjármálum. Það er að það þarf að taka ákvörðun um hann með mjög löngum fyrirvara ef hann á að skila árangri. Menn þyrftu í raun og veru að vera að fjalla hér um þriggja til fimm ára fjárlagaramma ef vel ætti að vera án þess að menn væru að binda sig á það í einstökum atriðum. Sparnaður eins og t.d. væri fólginn í því að spara eitthvað í rekstri háskólans, t.d. með því að leggja niður tannlæknadeild eða taka á einhverjum öðrum hlutum, slíkur sparnaður skilar sér ekki nema á mjög löngum tíma og þess vegna gef ég satt að segja ekki mjög mikið fyrir tón af því tagi sem mér fannst gæta í máli formanns fjárln. í garð Háskóla Íslands. Ég held satt að segja að háskólinn eigi það ekkert skilið af okkur að menn breyti honum í óvin Alþingis á þessum skammdegisnóttum. Ég held að okkur veiti ekkert af því að eiga góðan háskóla. Ég held að við þurfum að gera okkur grein fyrir því að Háskóli Íslands er einn þátturinn í því að við getum talist halda hér uppi myndarlega sjálfstæðu þjóðlífi og við eigum að vera stolt af háskólanum og reyna að halda þannig á málum að hann sé samkeppnisfær við aðrar hliðstæðar stofnanir í kringum okkur.

Virðulegi forseti. Ég vildi síðan að allra síðustu nefna atriði varðandi menntmrn. sem ég flutti enga tillögu um en ég spyr um. Það er fiskvinnsluskólinn. Er það sem sagt alveg járnslegin niðurstaða að það eigi að loka honum bara alveg og það eigi ekki að setja neitt meiri pening í hann? Ég held að það sé mjög nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því að þessi mál eru í uppnámi. Það hefur ekki verið tekið á þessum málum í samhengi. Ég man ekki betur en það hafi verið þannig fyrir allmörgum árum að menntmrn. ákvað að efna til samstarfs um fiskvinnslunám við Menntaskólann á Ísafirði í samvinnu við bæjarstjórnina í Bolungarvík. Ég man ekki betur en þessir hlutir væru komnir á þó nokkurn rekspöl þegar tilkynning barst um það sunnan úr menntmrn. að það ætti að slá þetta af. Og nú er verið að halda þannig á málum að því er varðar Fiskvinnsluskólann í Hafnarfirði, fiskvinnsluskóla sem var þó nokkuð miklu kostað til í upphafi, að hann er í raun og veru að lognast út af. Það liggur ekkert fyrir um það hvað á að koma í staðinn. Það eina sem maður heyrir um hvað á að koma í staðinn er að það eigi að hafa meiri sjávarútvegsfræði í Háskóla Íslands heldur en áður þannig að það má segja að það sé nokkuð snjöll nálgun hjá leiðtoga fjárln. að slá af sjávarútvegsnám á framhaldsskólastigi til þess að geta tekið það upp á háskólastigi. Það má segja að það sé mjög athyglisverð skólamálapólitík sem fram kemur hjá hv. 4. þm. Norðurl. e. sem er því miður fjarverandi eins og er, (**SJS:** Ha, nei, ekki 4. þm. Norðurl. e.) þ.e. 7. (**SJS:** Já, í guðs bænum.) Já, í guðs bænum, ég segi það nú líka. Ég held því að það sé alveg nauðsynlegt að spyrja hæstv. menntmrh. í hvaða samhengi hann sér þessa hluti að því er varðar sjávarútvegsnám og fiskvinnslunám og má kannski nefna það af því að ég var að tala um hv. 4. þm. Norðurl. e. að fyrir ekki alllöngu var fjallað um það í þessari virðulegu stofnun að Akureyrar- og Eyjafjarðarsvæðið yrði eins konar miðstöð fyrir sjávarútvegsnám í landinu og á háskólastigi í raun og veru líka. En nú virðist þetta allt vera í uppnámi og ég skil ekki alveg af hverju menn geta ekki tekið afgerandi ákvarðanir um einhverja þróunarstefnu í sjávarútvegsfræðum í landinu og mér þætti vænt um ef hæstv. menntmrh. sæi sér fært að fara um það nokkrum orðum hvernig hann sér þau mál fyrir sér.

Hæstv. forseti. Ég hef þá lokið við að fjalla um þau atriði sem ég er með sérstakar breytingartillögur um eða vil nefna sérstaklega en vil svo að lokum nefna eitt atriði sem ég vil beina til hæstv. fjmrh. og spyrja hann um. En þannig er að á þessu ári eru veittar ég held 60 millj. kr. í jöfnunaraðstoð til skipasmíðaiðnaðarins. Það hefur verið ákveðið að gera það í tvennu lagi, tveimur lotum. Skipasmíðafyrirtæki hafa fengið svokallaða jöfnunaraðstoð til að vega upp erfiða samkeppnisstöðu gagnvart erlendum niðurboðum á skipasmíðum. Það hefur verið skoðun mjög margra aðila og m.a. hæstv. iðnrh. og ég held fjmrh. jafnvel líka að þetta í rauninni borgaði sig fyrir ríkissjóð að leggja þessa peninga inn því að þó að það væri borgað eitthvað með þessum verkefnum þá þýddi það aftur meiri tekjur fyrir ríkissjóð og minni atvinnuleysisbætur. Og allt hygg ég að það hafi verið rétt í rauninni hvernig á þeim málum hefur verið haldið og hvernig með þau mál hefur verið farið og ég tel ástæðu til þess að bera hrós á það fólk sem hefur staðið að þeim málum, m.a. af hálfu iðnrn.

Ég vil sem sagt spyrja hæstv. fjmrh. að því hvort meiningin er að taka þetta mál fyrir í fjárlögum ársins 1995 en það hlýtur að vera komið inn í fjáraukalögin. Ég reikna með því að menn séu búnir að taka þau inn í fjáraukalög ársins 1994 og mér þykir þess vegna mikilvægt að spyrja: Er ætlunin að taka jöfnunaraðstoð til skipasmíðaiðnaðarins inn í fjárlög ársins 1995? Til

þess að minna á það mál hef ég flutt brtt. varðandi það verkefni því að ég tel að þetta sé ódýr og einföld leið til þess að bjarga atvinnutækifærum fyrir þúsund manns í landinu. Það liggur alveg í augum uppi að skipasmíðaiðnaður getur þrifist og braggast og dafnað vel í landinu. Það þarf aðeins að hjálpa honum yfir hjallann núna á næstunni. Núna hefur verið tekin um það ákvörðun að framlengja styrkjatímabil Evrópusambandsins vegna skipasmíða, því miður, og þar stöndum við frammi fyrir áframhaldi þessa vanda sem við höfum kynnst á undanförnum árum. Við vorum að gera okkur vonir um það að Evrópusambandið legði þessa styrkjapólitík niður en hún hefur nú verið framlengd um sinn af einhverjum ástæðum og þess vegna er nauðsynlegt að framlengja jöfnunaraðstoðina líka. Og þó að menn vilji halda utan um hlutina í sambandi við ríkisfjármál sem sýnist reyndar vera allur gangur á í seinni tíð þá held ég að við eigum að átta okkur á því að hérna er um mikið mál að ræða fyrir íslenskt atvinnulíf. Hér er um að ræða mörg hundruð atvinnutækifæri. Hér er um að ræða þróunarverkefni, t.d. fyrir verkmenntun í landinu, þar sem skipasmíðarnar eru svo að ég fer fram á að menn líti til þessarar brtt. okkar að því er varðar jöfnunaraðstoðina með velvild.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti mun stytta síðari ræðutíma hvers ræðumanns vegna þess að það eru fjórir sem hafa beðið um að fá að veita andsvar.

[00:14]

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. þm. Svavari Gestssyni fyrir að vekja athygli okkar á málefni kóbalttækisins og línuhraðalsins hjá Ríkisspítölum. Það er hins vegar ekki svo að við könnumst ekki við þetta mál.

Ég vil þá vísa til þess sem hv. formaður fjárln., Sigbjörn Gunnarsson, sagði í andsvari við ræðu hv. þm. Kristínar Einarsdóttur fyrr í kvöld um málefni stóru spítalanna í Reykjavík eins og það er orðað, að þau eru ekki afgreidd enn sem komið er en munu koma fram við 3. umr. Ég vil hins vegar í því sambandi nefna að í frv. er gert ráð fyrir 6 milljörðum 363 millj. kr. til Ríkisspítalanna og er það um 4% hækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs. Þar að auki er gert ráð fyrir 300 millj. tæpum í aukafjárveitingu á fjáraukalögum eins og þau liggja nú fyrir hv. Alþingi. Mér finnst því líklegt miðað við þessar tölur að það geti fundist eitthvert fjármagn til þess að leysa þetta mál ef það er talið eins brýnt af yfirmönnum spítalans eins og hv. þm. vill meina að það sé.

Hv. þm. Svavar Gestsson nefndi einnig til sögunnar málefni fatlaðra í Reykjavík og lagði mikla áherslu á að þau væru skoðuð. Einnig nefndi hann til sögunnar sérstaklega Árland og í því sambandi sagði hann að ef ekki fyndist fjármagn til þess að leysa þann vanda þá þyrfti Alþingi að sameinast um sparnaðartillögur til þess að koma til móts við þennan vanda því að það mál gæti ekki staðið eins og það er eins og hann orðaði það. Hv. þm. tók fram að hann hefði ekki flutt þessa tillögu um þetta atriði.

[00:17]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir svörin í sambandi við línuhraðalinn. Ég skil það þannig að það verði tekið á því máli og varðandi það sem hv. þm. ætlaði að fara að segja um það að stjórnarandstaðan hefði flutt ýmsar tillögur þá vil ég nefna það í þessu samhengi að það er nauðsynlegt fyrir okkur að vekja athygli á ýmsum málum sem við teljum brýnt að leggja áherslu á og að því er varðar tekjuhliðina á þessum málum og fjárlögunum yfir höfuð þá hlýtur það mál að koma til skoðunar af okkar hálfu eftir því hvernig hlutirnir þróast við 2. umr. fjárlaganna. Þannig hefur það ævinlega verið.

[00:18]

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Eins og ég ætlaði að reyna að segja áðan, þá eru tillögur hv. fjárln. upp á 380 millj. kr. til breytingar á frv. en hv. þm. Svavar Gestsson er aðili að tillögum upp á breytingar sem nema um 450 millj. kr. og þingflokkur hans stendur að tillögum upp á 820 millj. kr. Er hann tilbúinn að fórna einhverju af þessum tillögum fyrir málefni fatlaðra og fyrir kóbalttækið og línuhraðalinn?

[00:18]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Svarið er já. Auðvitað er það þannig ef hlutirnir þyrftu að leggjast upp með þeim hætti þá tel ég að hér sé um að ræða í alvöru mjög brýnt forgangsverkefni þar sem línuhraðallinn er og ég væri tilbúinn til þess að taka á því máli eftir mætti með hv. þingmönnum.

Varðandi það að við höfum flutt breytingartillögur, þá er það rétt og það má leggja þær saman og fá út úr þeim einhverjar tölur. En ég bendi á að það birtust hér breytingartillögur á föstudaginn var frá ríkisstjórninni. Sagði hún ekki sjálf að þær kostuðu 2 milljarða?

[00:19]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Svavar Gestsson gerði málefni Þjóðarbókhlöðu að umtalsefni og spurði hvort líklegt væri að bætt yrði við fjárframlag til hennar. Það mál bíður 3. umr. og ég get ekki sagt annað en það að ég geri mér vonir um að einhver viðbót fáist en treysti mér að sjálfsögðu ekki á þessari stundu til að fara nánar út í það.

Þá gerði hv. þm. málefni listskreytingasjóðs að umræðuefni. Ég hef áður hér á hv. þingi svarað fyrirspurnum varðandi listskreytingasjóð. Ég legg áherslu á það að þótt ekki sé fjárveiting til hans í frv. til fjárlaga þá er ekki verið að fella úr gildi lögin um listskreytingasjóð heldur aðeins framlagið til hans á þessu stigi. Hvort hv. fjárln. ætlar að taka málefni hans til sérstakrar athugunar, eins og Kvikmyndasjóðs núna við 2. umr., það get ég heldur ekki sagt um.

Mál Háskóla Íslands bíða einnig til 3. umr. og ég hef ástæðu til þess að ætla að á þeim málum verði sérstaklega tekið af hv. fjárln.

Um fiskvinnsluskólann vil ég aðeins segja það að það er ekki verið að loka honum fyrir fullt og allt og í athugasemdum við frv. til fjárlaga segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Starfandi er nefnd sem er ætlað að endurskoða sjávarútvegsnám í heild sinni, þar með talin starfsemi fiskvinnsluskólans og er því ekki gert ráð fyrir starfrækslu hans á vorönn 1995. Hins vegar er fjárveiting til rekstrar á haustönn á næsta ári og miðast hún við núverandi rekstur þar sem niðurstaða nefndarinnar liggur ekki enn fyrir."

Nú liggur niðurstaða nefndarinnar fyrir og er til athugunar í menntmrn. og í nefndarálitinu er beinlínis gert ráð fyrir að Fiskvinnsluskólinn verði efldur.

[00:21]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir svörin og vil sérstaklega víkja að listskreytingasjóði og þeim svörum sem fram komu. Ég tel að það sé gagnslítið að halda lögunum ef engir peningar eru í sjóðnum þannig að það er kannski aðalatriðið að sjóðurinn sé til með einhverjum peningum og það skipti kannski meira máli en allt annað í tengslum við hann.

Ég held að þessi sjóður eigi miklu fleiri vini en menn kannski almennt gera sér ljóst í þessari stofnun og ég tel að menn eigi að fara mjög varlega í að slátra honum alveg eins og hér er gert ráð fyrir því að þó að lögin verði látin standa en sjóðurinn tómur þá held ég að því ferli sem listskreytingasjóður hefur staðið fyrir sé þar með lokið þannig að ég teldi allt betra en ekkert, allt betra en núll í sambandi við listskreytingasjóð og fer fram á það að menn skoði með velvild í fyrsta lagi tillögu mína um það að veita sömu upphæð í sjóðinn á næsta ári og veitt yrði á þessu ári en í öðru lagi teldi ég að jafnvel þó að sú tillaga yrði ekki samþykkt heldur kannski einhver minni upphæð sett í sjóðinn þá er það betra en ekki neitt því að það væri verulegur skaði að því að missa þennan sjóð því að að honum er menningarauki þó að skiptar skoðanir séu um margt sem frá honum hefur komið.

[00:23]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. 9. þm. Reykv. fyrir þær athugasemdir sem hann hefur borið fram og vissulega er ástæða til þess að skoða sumt af því.

Varðandi listskreytingasjóð eru ekki uppi nein áform innan meiri hluta fjárln. eins og er að taka upp framlög til sjóðsins. Ég tel að það þurfi að finna betri farveg fyrir styrki vegna listskreytinga en ég tek undir það með honum að það þarf hins vegar að tryggja það að við höfum fjármuni til þess að veita styrki til þess að koma upp myndverkum.

Um Árland og málefni fatlaðra vil ég segja að fulltrúar sveðisnefndar fatlaðra í Reykjavík komu til fjárln. og gerðu grein fyrir þeirri stöðu, einnig fulltrúar úr félmrn. og niðurstaðan varð sú að það ætti að vera tryggt að starfsemi í Árlandi yrði með þeim hætti sem forstöðufólk þess heimilis telur að þurfi að vera þannig að ráðuneytið fullvissaði fjárln. um að svo yrði og við munum að sjálfsögðu ganga eftir því.

Varðandi Háskóla Íslands vil ég segja það, hæstv. forseti, að ég hef ekki hjólað í Háskóla Íslands eins og hv. þm. komst að orði. Ég hef vakið athygli á því að það er nauðsynlegt að forgangsraða í háskólanum eins og annars staðar í þjóðfélaginu og ég tók sem dæmi að það hlyti að vekja athygli yfirstjórnar Háskóla Íslands þegar kostnaður við einstakar deildir er jafnmismunandi og raun ber vitni og ég tók tannlæknadeildina sem dæmi og spurði. En ég var ekki með neinar tillögur eða meiningar um að það ætti að leggja niður einstakar deildir. En ég tel að þessi deild hljóti að vera til umfjöllunar hjá háskólanum sem ræður þessu að sjálfsögðu sjálfur.

[00:25]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. 1. þm. Vesturl. fyrir þær upplýsingar sem fram komu í hans máli. Ég vil fara fram á það að þessi málefni fatlaðra hér í Reykjavík verði skoðuð á nýjan leik. Ég tel að þær upplýsingar sem fjárln. hefur fengið séu allrar athygli verðar en ég satt að segja er ekki viss um að þær séu tæmandi og ég vísa á þessa blaðagrein sem ég var að lesa upp úr áðan, sem ég get afhent þingmanninum ef hann óskar eftir því, þar sem fram kemur að það eru 30 einstaklingar á neyðarlistum fyrir fatlaða í Reykjavík. Og þeir sem eru á neyðarlistum fyrir fatlaða er fólk sem er illa á sig komið að ekki sé meira sagt.

Varðandi Háskóla Íslands held ég að samanburðurinn á annars vegar t.d. húmanísku greinunum og hins vegar tannlæknadeildinni segi bara ekki neitt og menn eigi að vara sig á svoleiðis samanburðarfræðum. Ég held að starfsemin í Háskóla Íslands sé ódýr. Það hafa komið fram upplýsingar um það að kostnaður við Háskóla Íslands á hverja vinnueiningu er lægri en gerist í sambærilegum háskólum erlendis og það er í fyrsta sinn núna á þessu ári sem menn hafa verið að tala um það að háskólinn væri jafnvel að lenda á því stigi að hann væri ekki talinn samkeppnisfær við aðra skóla hér í grannlöndum okkar. Það er hættulegt merki og ég skora á hv. fjárln. að endurskoða það mál frekar.

[00:27]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tel að það sé afskaplega hættulegur leikur sem hefur verið leikinn á þessu hausti m.a. af hálfu sumra talsmanna Háskóla Íslands að reyna að draga fram þá fullyrðingu að háskólinn sé á vonarvöl eða hann sé í samanburði við aðra háskóla mjög illa settur. Ég tel að þetta skaði fyrst og fremst Háskóla Íslands.

Hins vegar verðum við þingmenn að velta því mjög rækilega fyrir okkur hvaða stefnu við viljum taka í málefnum háskólans og við eigum að leggja ríka áherslu á það að Háskóli Íslands njóti þeirra fjármuna sem við teljum að hann þurfi til þess að geta staðið undir nafni sem Háskóli Íslands. Og ég vil lýsa því hér yfir að ég er reiðubúinn til þess að eiga viðræður við fulltrúa háskólans hvenær sem er og taka rökum og upplýsingum sem þeir geta reitt fram ef þeir geta sýnt

fram á það að háskólinn sé mjög illa settur. En ég sagði í ræðu minni hér í dag, hæstv. forseti, og er að ljúka þar með máli mínu, að ég hef rætt við fulltrúa og starfsmenn Háskóla Íslands sem halda því fram að þessar fullyrðingar um stöðu háskólans séu ekki réttar, m.a. vegna þess að þeir hinir sömu telja að það mætti forgangsraða með öðrum hætti en gert er í Háskóla Íslands og það vil ég að háskólinn skoði rækilega sjálfur.

[00:29]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það kemur mér satt að segja algerlega á óvart að þessi sjónarmið hafi komið fram í háskólanum. Við höfum í menntmn. þingsins heyrt fulltrúa háskólans lýsa fjárhagsástandi stofnunarinnar á mjög ítarlegum fundum. Við höfum farið í gegnum margs konar pappíra um þetta mál. Menntmn. hefur mætt út í háskóla og hv. fjárln. hefur líka fengið upplýsingar frá háskólanum þannig að ég verð að segja alveg eins og er að þetta kemur mér alveg á óvart. Og ef þessi sjónarmið eru rík innan háskólans, þá segi ég alveg eins og er að ég undrast það mjög að þeir menn sem halda þeim sjónarmiðum fram skuli ekki hafa komið þeim fram innan háskólans og þannig tryggt að þau fengju málefnalega meðhöndlun.

[00:29]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. 9. þm. Reykv. spurði hér aðeins varðandi málefni fatlaðra og spurði hvort það væri ætlun fjárln. að taka þau mál upp sérstaklega milli 2. og 3. umr. eða fyrir 3. umr. Við höfum litið svo á að almennri umfjöllun nefndarinnar um málefni fatlaðra væri lokið fyrir 2. umr. Mér er hins vegar mætavel ljóst að það kunna að vera einstök álitamál uppi sem gæti verið tilefni fyrir nefndina að skoða, en almennri umfjöllun nefndarinnar um málefni fatlaðra hafði verið lokið að okkar mati þegar við gengum til 2. umr. og þess vegna hafði ekki verið sérstaklega á dagskrá okkar að taka þau mál almennt upp.

Ég vek athygli á því að á undanförnum árum hefur sem betur fer auðnast að byggja mjög mikið upp í málaflokknum um málefni fatlaðra í landinu. Sú uppbygging hefur átt sér stað alls staðar úti um landið, víða algerlega frá grunni og það sem hefur jafnframt gerst er að þjónustan hefur verið að færast frá stofnununum út í héruðin til þeirra sem á henni hafa þurft að halda. Þetta hefur auðvitað kostað fé en hefur um leið gerbreytt stöðu þess fólks sem hefur þurft á þjónustunni að halda. Þess vegna er gert ráð fyrir því í fjárlagafrv. núna að framlengd verði heimildargrein, sem var í fjárlögum ársins í ár um hlutdeild Framkvæmdasjóðs fatlaðra í rekstri á sviði málefna fatlaðra, og raunar að auka þær heimildir og styrkja þar með rekstur málefna fatlaðra í landinu. Gert er ráð fyrir því að Framkvæmdasjóður fatlaðra geti þess vegna komið að almennt um kostnað um málefni fatlaðra vegna frekari liðveislu og vegna kostnaðar starfa stjórnarnefndar um málefni fatlaðra. Í frv. er því gert ráð fyrir að halda áfram á svipaðri braut, að auka þennan mikilvæga þátt og styrkja hann enn þá með því að Framkvæmdasjóðurinn komi ríkar inn í sjálfan reksturinn.

[00:32]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta gengur náttúrlega ekki vegna þess að alltaf er verið að tala um hvernig á að nota þennan hluta af Framkvæmdasjóðnum og ég get svo sem tekið undir ýmis sjónarmið í sambandi við gagnrýni í þeim efnum að taka þetta fé í rekstur. Ég ætla ekki að gera það hér en ég bendi á að verið er að vísa á þessa sömu peninga til að fjármagna útskriftarstefnuna á Kópavogshælinu.

Vandinn er einfaldlega sá að af einhverjum ástæðum hefur það verið þannig að 51% þeirra sem fá greiddan öryrkjalífeyri frá Tryggingastofnun ríkisins eiga heima í Reykjavík. Hins vegar hafa fjárveitingar til málefna fatlaðra í Reykjavík á vegum félmrn. undanfarin ár verið um 30% af heildarframlaginu. Auðvitað er ljóst að hluti af þeim mismun ræðst af því að uppbygging fór síðar af stað í dreifbýli. En hitt held ég að sé alveg ljóst þegar maður horfir á tölur um neyðarlistana, eins og ég rakti áðan, að það er bersýnilega nauðsynlegt að á þessum málum verði tekið og þó að hv. fjárlaganefndarmenn telji að þeir hafi kannski lokið málinu bið ég þá um það í allri vinsemd að líta á þessa alvarlegu ábendingu sem kom fram í blaðagreininni 7. des. Þar er um alvöruvandamál að ræða og fari svo að ekkert verði á því tekið í þessari stofnun mót mínum vonum núna fyrir áramót þá er ég alveg viss um að menn muni ekki létta fyrr en hefur verið tekið á málinu. Hér er um algerlega óþolandi stöðu að ræða hjá því fólki sem býr við það ástand að þar búi einstaklingur sem er á neyðarlista vegna fatlaðra.

[00:34]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er auðvitað alveg rétt sem hv. 9. þm. Reykv. sagði að áherslan í uppbyggingu málefna fatlaðra hefur verið úti á landsbyggðinni einfaldlega vegna þess að þar var þörfin svo mikil af því að þar var nánast ekki til nein þjónusta af því tagi sem við kjósum að kalla svo áður en til þessarar uppbyggingar var gripið fyrir nokkrum árum.

Ég er alveg sammála því mati sem kom fram í máli hv. 9. þm. Reykv. Nú hlýtur að koma að því að beina kröftunum alveg sérstaklega að Reykavík vegna þess að það verða allir sanngjarnir menn að viðurkenna að vandinn er orðinn stærri hér af ýmsum ástæðum sem við öll þekkjum.

Ég sagði það í máli mínu áðan að fjárln. hefði lokið umfjöllun sinni almennt um málefni fatlaðra. Hins vegar er mér ljóst að það kunna að vera veikleikar í ýmsum þáttum sem sjálfsagt er að skoða sérstaklega en almennt höfðum við lokið umræðunni þó að vitaskuld sé það alltaf þannig að þegar ábendingar koma fram við 2. umr. fjárlaga tekur fjárln. nokkuð oft upp hjá sjálfri sér að skoða þau mál sérstaklega milli umræðna.

[00:35]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. 3. þm. Vestf. fyrir

þau svör sem hann veitti í síðara andsvari sínu.

[00:35]

Ragnar Arnalds:

Virðulegi forseti. Að sjálfsögðu væri full ástæða til þess að fara ítarlega í fjárlagafrv. og ýmislegt það sem vekur athygli þar. En hv. 5. þm. Vestf., Kristinn Gunnarsson, hefur gert grein fyrir sjónarmiðum okkar alþýðubandalagsmanna varðandi fjárlagafrv. almennt. Ég ætla því að láta nægja einkum og sér í lagi tímans vegna þar sem klukkan er nú langt gengin í eitt að fjalla lítillega um tvær brtt. sem ég flyt á þskj. 371.

Önnur brtt. snýr að Kvikmyndasjóði. Ég geri þar tillögu um að framlag til Kvikmyndasjóðs sé hækkað verulega frá því sem er í frv. eða um tæpar 40 millj. Nú kann að vera að einhverjum þyki lítil þörf á tillögu af þessu tagi þar sem fyrir liggur tillaga frá hv. fjárln. um það að framlag til Kvikmyndasjóðs sé hækkað úr 80 millj. í 100 millj., þ.e. um 20 millj. og það sé nóg að gert. Ég flyt tillöguna bæði til þess að ná fram leiðréttingu og einnig til þess að vekja athygli á því að þrátt fyrr þessa hækkun fjárln. á framlögum til Kvikmyndasjóðs er áfram um stórfelldan niðurskurð að ræða á framlögum til sjóðsins.

Ég minni á í þessu samhengi að ef fylgt væri lögum um framlög til Kvikmyndasjóðs ætti að ganga til sjóðsins 121 millj. í lögbundnum framlögum. Síðan bætast við skuldbindingar sem menntmrn. hefur lagt á sjóðinn en hann ber enga skyldu til að sinna en það eru framlög til alþjóðlegra stofnana sem Ísland er aðili að eins og framlög til Evrópska kvikmyndasjóðsins og til Norræna kvikmyndasjóðsins. Eðlilegast væri að þau framlög væru sérstakir fjárlagaliðir og kæmu ekki af fé Kvikmyndasjóðs. Þannig hygg ég að þetta sé í öllum nálægum löndum og þannig var þetta hugsað í upphafi. En fyrir nokkrum árum voru þessi framlög lögð á herðar Kvikmyndasjóðs, að inna þau af hendi, og þetta varð til að rýra ráðstöfunarfé sjóðsins. Þarna eru a.m.k. 3 millj.

Síðan gerðist það við fjárlagaafgreiðsluna fyrir einu ári að Kvikmyndasafn Íslands hvarf út úr fjárlögunum sem sérstakur fjárlagaliður og var fellt undir Kvikmyndasjóð og Kvikmyndasjóði var ætlað að kosta alfarið rekstur safnsins. Í þessu samhengi er rétt að minna á að framlög til Kvikmyndasafnsins höfðu verið um 8–9 millj. á hverju ári á árunum 1991–1993 og ég hygg að samsvarandi upphæð sé í dag rétt tæpar 10 millj. kr. Þegar þessi kostnaður er lagður á Kvikmyndasjóð er auðvitað verið að rýra ráðstöfunarfé sjóðsins til framleiðslu íslenskra kvikmynda. Þegar allt þetta er lagt saman má segja að óskert framlag til þessara mála, þ.e. til Kvikmyndasjóðs, til erlendra kvikmyndasjóða og til kvikmyndasafnsins nemi fjárhæð sem er einhvers staðar nálægt því að vera 134 millj. kr. ef fylgt væri því sem upphaflega var gert ráð fyrir og miðað er við í lögum um Kvikmyndasjóð. En sem sagt, nú er stefnt að því að upphæðin sé samanlagt 100 millj. og niðurskurðurinn er því eins og hér hefur komið fram í kringum 34 millj.

Afleiðingin hefur auðvitað orðið sú að einkum og sér í lagi Kvikmyndasafnið hefur verið skorið sérstaklega niður við trog í öllum rekstrinum og starfsemi þess líður mjög fyrir þann niðurskurð sem þarna hefur átt sér stað en þar að auki hafa framlög til íslenskrar kvikmyndagerðar dregist mjög saman á þessu ári og mundu gera það áframhaldandi á næsta ári ef fer sem horfir.

Ég minni á það að íslensk kvikmyndagerð er einn merkasti vaxtarbroddurinn í íslensku menningarlífi og auðvitað er alveg sérstök nauðsyn á því þegar erlent menningar- og afmenningarefni af ýmsu tagi flæðir yfir þjóðina að efla íslenska kvikmyndagerð. En þar að auki er nokkuð ljóst að íslenskar kvikmyndir eru einhver árangursríkasta landkynning, sem völ er á, og hefur átt stóran þátt í því að auka ferðamannastraum til landsins og afla þannig þjóðinni tekna beint og óbeint.

Í þriðja lagi má á það benda að íslensk kvikmyndagerð eykur verulega þjóðartekjur vegna þess að með hverri milljón sem lögð er í íslenska kvikmyndagerð hafa fylgt 4–5 milljónir úr erlendum kvikmyndasjóðum og þannig hefur íslensk kvikmyndagerð orðið til þess að beina fjárstreymi að utan inn í þjóðlífið. Tekjur hafa aukist, veltan hefur aukist og þar með að sjálfsögðu skatttekjur ríkissjóðs. Því er auðvelt að sýna fram á það að framlög í Kvikmyndasjóð skila sér aftur beint og óbeint og því er ákaflega óskynsamlegt að skera þær niður.

Ég kemst ekki hjá því að nefna það í þessu samhengi að úthlutanir úr Menningarsjóði útvarpsstöðva hafa líka skipt miklu máli fyrir íslenska kvikmyndagerð og það eru einkum og sér í lagi heimildarmyndir sem hafa notið framlaga úr Menningarsjóði útvarpsstöðva. Nú stendur svo á að fyrir hálfu ári var auglýst eftir umsóknum í Menningarsjóð útvarpsstöðva en úthlutun hefur enn ekki farið fram og ég hlýt að spyrja hæstv. menntmrh. hvenær verði úthlutað úr Menningarsjóði útvarpsstöðva. Úr því að auglýst var eftir umsóknum, þá virðist manni útilokað með öllu að einhver úthlutun eigi sér ekki stað en það hefur orðið langur frestur á því. Þess vegna hljóta menn að fara að verða nokkuð langeygir eftir því að sjá fjármagn koma úr þeim sjóði. Ég veit að ráðherrann hefur átt í miklum samningaviðræðum við fjmrn. út af málinu en ég trúi því ekki að hann hafi komið algerlega tómhentur frá því samningaborði. Ég sé að vísu að í nýju útvarpslagafrv. er gert ráð fyrir því að Menningarsjóður útvarpsstöðva verði lagður niður og í stað hans verði stofnaður annar sjóður sem beri nafnið dagskrárgerðarsjóður útvarpsstöðva. En þetta frv. er ekki orðið að lögum. Menningarsjóður útvarpsstöðva er enn til og úthlutun fyrir árið 1994 hlýtur að eiga sér stað inna skamms. Þetta vil ég spyrja ráðherrann nánar út í.

Síðan vil ég nefna hina brtt. sem ég flyt á þskj. 371. Þar legg ég á það áherslu að framlag til jöfnunar á námskostnaði sé verulega aukið. Jöfnun á námskostnaði hefur einkum og sér í lagi verið fólgin í því að nemendum í framhaldsskólum hefur verið veittur svokallaður dreifbýlisstyrkur. Sá styrkur nam á þessu ári 36 þús. kr. á nemanda og síðan hefur verið veittur húsnæðisstyrkur sem numið hefur 13 þús. kr. á höfuð-

borgarsvæðinu en 11 þús. kr. annars staðar á landinu. Auk þessa hefur verið veittur ferðastyrkur og hefur algengasta styrkupphæðin verið 2–8 þús. kr. á einstakling en örfáar undantekningar munu hafa verið um hærri styrki allt upp í 20–30 þús. kr.

Af þessu má ráða að dreifbýlisstyrkir hafa getað numið 47–49 þús. kr. á einstakling nema í örfáum undantekningartilvikum að þeir hafa verið hærri vegna dýrari ferðalaga. Hins vegar er það svo að það er býsna dýrt fyrir fátækar fjölskyldur að kosta nemendur til náms í framhaldsskólum. Ég vil upplýsa það hér að fæði í framhaldsskólum er víða í kringum 70 þús. kr. á önn, sjö daga fæði, en til viðbótar kemur heimavistargjald sem víða nemur í kringum 7 þús. kr. á önn þannig að nemendur hafa greitt í kringum 168 þús. kr. á vetri fyrir heimavistardvöl. Upp í þennan kostnað, 168 þús., hafa ekki komið nema, eins og ég nefndi áðan, tæpar 50 þús. kr., 47–49 þús. kr. eftir því hvernig það er reiknað. Þarf þá ekki að útskýra það frekar að þarna er um mjög verulegan kostnað að ræða fyrir mörg heimili í landinu, einkum og sér í lagi ef fjölskyldan á marga nemendur í framhaldsskólum. Ef við tökum dæmi af fjölskyldu með þrjá nemendur í framhaldsskóla mundi þar vera um að ræða liðlega 500 þús kr. kostnað yfir veturinn og fjölskyldan fær síðan upp í þann kostnað 150 þús. kr. Mismunurinn er 350 þús. Ég þarf ekki að segja neinum það hér að fyrir tekjulitlar fjölskyldur er þetta nánast óbærileg byrði. Í mörgum tilvikum verða menn að hugsa sig tvisvar um hvort þeir geta sent börn sín í framhaldsskóla miðað við að ekki sé veitt meiri aðstoð en þetta. Auðvitað horfir þetta allt öðruvísi við á þeim stöðum þar sem framhaldsskólar eru. Það er miklu ódýrara að gera út börn í framhaldsskóla ef þau geta verið í heimahúsum og þegið þar fæði og gistingu. Það þarf ekki að útskýra það þannig að þar er vandinn miklu minni en þetta á auðvitað fyrst og fremst við þau heimili þar sem langt er að sækja í framhaldsskóla.

Ég tel bráðnauðsynlegt að stórhækka þessi framlög. Ég tek eftir því að hv. fjárln. hefur gert tillögu um að þessi liður verði hækkaður um 10 millj., eða úr 86,5 millj. í 96,5 millj., sem vissulega er góðra gjalda vert og engin ástæða til að vanþakka það en aðalatriði málsins er að þarna er um allt of lágar upphæðir að ræða og mikinn vanda hjá viðkomandi fjölskyldum. Mín tillaga er því sú að þessi upphæð sé hækkuð um 50% og að til þessa verkefnis verði varið 130 millj. í staðinn fyrir 96,5 millj. sem yrðu ef tillaga meiri hluta fjárln. verður ofan á.

Virðulegi forseti. Ég hef gert grein fyrir þeim tveimur tillögum sem ég flyt við við 2. umr. fjárlaga að þessu sinni en ítreka spurningu mína til hæstv. menntmrh.

[00:51]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrst varðandi Kvikmyndasjóð örfá orð. Það er ekki nýtt að Kvikmyndasjóður hafi orðið fyrir skerðingu. Ég nefni aðeins í því samhengi að á þriggja ára tímabili fyrri ríkisstjórnar var sjóðurinn skertur meira en á fjórum árum þessarar ef tekið er tillit til þess sem ráðgert er á næsta fjárlagaári og ný verkefni sjóðsins breyta í raun engu um.

Hv. þm. spurði hvenær úthlutað yrði úr Menningarsjóði útvarpsstöðva. Því er til að svara að það verður ekki úthlutað úr Menningarsjóði útvarpsstöðva nema peningar séu fyrir hendi og þeim hefur verið eytt fyrir fram. Skuld sjóðsins við fjmrn. nam verulegum upphæðum. Við höfum verið í viðræðum undanfarna mánuði. Niðurstaðan verður væntanlega sú að sjóðurinn þarf að greiða fjmrn. 145 millj. kr. Þeir peningar eru fyrir hendi í sjóðnum eða verða það væntanlega um áramót og þegar þessi skuld hefur verið gerð upp verður hægt að úthluta úr sjóðnum.

Það er mín skoðun að það hafi verið mistök hjá sjóðsstjórninni að auglýsa eftir umsóknum þegar hún mátti vita að skuldir væru meiri en eignir sjóðsins. En þessu verður sem sagt komið í lag núna um áramót og þá ætti að vera hægt að úthluta úr sjóðnum á næsta ári, hvenær þori ég ekki að segja um. Árlegar tekjur Menningarsjóðs eru um 80 millj. kr. en framlagsskylda til Sinfóníuhljómsveitarinnar má ætla að verði um það bil 50 millj. Til ráðstöfunar eru þá um 30 millj.

[00:53]

Ragnar Arnalds *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir svörin. Ég hygg að þegar samanburður er gerður á framlögum þessarar ríkisstjórnar til Kvikmyndasjóðs og svo þeirrar sem var starfandi á undan þeirri sem nú situr þá megi ekki aðeins líta á skerðingartölurnar heldur verði líka að taka inn í dæmið þær aukafjárveitingar sem veittar voru á sama tíma. Ég minnist þess að í tíð síðustu stjórnar voru veittar allháar aukafjárveitingar vegna norræna verkefnisins sem þá var á ferðinni. Það held ég að breyti töluvert þeim samanburði sem hæstv. ráðherra hafði uppi.

Í sambandi við Menningarsjóð útvarpsstöðva þá var því lýst yfir af ráðherranum að ekki yrði úthlutað á því ári sem er að líða þrátt fyrir að auglýst hafi verið eftir umsóknum. Þetta eru auðvitað mjög ill tíðindi fyrir kvikmyndagerðarmenn í landinu. Vissulega geta það talist mikil mistök hjá stjórn sjóðsins að auglýsa án þess að hafa fé á hendi en gæti ekki verið að sjóðstjórnin hafi staðið í þeirri meiningu að hún mundi fá eitthvert ráðstöfunarfé á árinu? Satt best að segja finnst mér að hæstv. ráðherra hefði átt að beita sér fyrir því að svo hefði getað orðið og að honum hefði borið skylda til að útvega eitthvert fé þannig að hægt væri að úthluta að einhverju leyti á árinu þó að það hefði kannski orðið minna en áður var.

[00:55]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi aukafjárveitingar sem veittar voru Kvikmyndasjóði vegna norræna verkefnisins þá kom það í hlut núv. ríkisstjórnar að greiða, ég held ég muni rétt, 14 millj. kr. á árinu 1991 með sérstakri aukafjárveitingu á fjáraukalögum. Ég man ekki hvort fyrsta greiðsla var 1990. Sennilega hefur það verið og þá sama upphæð. Það breytir því ekki þeirri staðreynd

að á þessu kjörtimabili hefur Kvikmyndasjóður haft til muna meiri fjárupphæðir til ráðstöfunar en í tíð fyrri ríkisstjórnar. Ég hygg að það muni um 100 millj kr. en ég hef að vísu ekki þá tölu nákvæmlega við höndina.

Varðandi skyldu mína til þess að útvega fé til þess að hægt yrði að úthluta núna þá ítreka ég að fé Menningarsjóðs hefur ekki orðið fyrir neinum niðurskurði. Það hefur allt runnið til þeirra viðfangsefna sem það var ætlað til, aðeins greitt fyrir fram þannig að þeir sem njóta þessa sjóðs hafa einfaldlega notið hans fyrr en kannski eðlilegt mátti telja. Það liggur ekki endanlega fyrir niðurstaða í þessum viðræðum en ég geri ráð fyrir að felldar verði niður um að bil 30 millj. kr., það er svolítill meiningarmunur um það hver skuldin er en sjóðurinn verður látinn njóta vafans þannig að um 30 millj., sem ætla má að hann skuldi umfram þær 145 millj. sem ég nefndi, verði felldar niður. En mér finnst í sjálfu sér ekkert óeðlilegt við það að skuldareigandi krefjist þess að skuldin sé greidd en ekki verði haldið áfram að úthluta. Ég tel skynsamlegra að strika undir þessar syndir núna þannig að hægt sé að byrja starfið á næsta ári með eðlilegum hætti.

[00:57]

Ragnar Arnalds *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. menntmrh. talar um að hér sé um að ræða syndir stjórnar Menningarsjóðs útvarpsstöðva. (**Menntmrh.:** Fyrri stjórna.) Fyrri stjórna. Þær syndir ættu þá að hafa verið drýgðar á árunum 1992 og 1993. (**Menntmrh.:** Löngu fyrr.) Jafnvel fyrr. Ég hef aðeins komið við í menntmrn. og reyndar líka í fjmrn. og ég verð að játa það að mér kemur mjög á óvart að hægt sé að drýgja syndir af því tagi að menn geti úthlutað úr sjóði miklu hærri fjárhæðum en eru þar til ráðstöfunar. Það er illskiljanlegt að slíkt geti átt sér stað. Ég held að það hljóti að hafa verið eitthvað einkennilegar leiðbeiningar sem viðkomandi stjórnir fengu til að fara eftir ef þær hafa farið að ráðstafa miklu meiri fjármunum en þær réðu yfir. Tími minn leyfir ekki að fara út í smáatriði í þessu samhengi en ég hef fengið í hendur upplýsingar frá hæstv. menntmrh. sem ég mun skoða og þakka fyrir. En ég ítreka það sem ég hef þegar sagt að ég tel að úr því að auglýst var eftir umsóknum á þessu ári þá hefði átt að úthluta einhverju fé úr Menningarsjóði útvarpsstöðva. Það er mikið áfall fyrir íslenskan kvikmyndaiðnað að svo verður ekki. Ég harma það.

[01:00]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég ætlaði að gera lítillega grein fyrir nokkrum breytingartillögum sem ég er flm. að eða meðflm. og víkja að nokkrum öðrum þáttum í þessu fjárlagafrv. og/eða brtt. sem fram eru komnar við það. Það er fyrst ástæða til að staldra við þá staðreynd, hæstv. forseti, að í þessu frv. og þeim breytingaáformum ríkisstjórnar sem fram eru komin, eða þingmeirihluta hér, þá felst endanleg staðfesting á þeirri hrikalegu uppgjöf í ríkisfjármálum sem einkennir þetta kjörtímabil. Það er kunnara en frá þurfi að segja að í þessum efnum eins og fleirum lagði hæstv. ríkisstjórn af stað með háleit markmið og miklum fyrirgangi og gaf út frægar yfirlýsingar um hvernig vandinn yrði leystur varðandi hallarekstur ríkissjóðs, sem nokkur brögð höfðu verið að undanfarin ár eins kunnugt er, og það átti nánast að taka þennan óvin á klofbragði og dengja honum í jörðina á einum, tveimur árum. Hæstv. fjmrh. Friðrik Sophusson var m.a. mjög frægur fyrir það að lofa mönnum tekjuafgangi á ríkissjóði, rekstrarafgangi strax á þessu kjörtímabili. Ég hygg, ef rétt er munað, að á þessu ári sem nú er senn að líða hafi átt að reka ríkissjóð nokkurn veginn á sléttu samkvæmt þessum áætlunum og síðan ætti að verða umtalsverður tekjuafgangur á árinu 1995. Þannig voru áformin sem hæstv. fjmrh. lagði upp með.

Nú er staðan sú að svona eftir því sem næst verður komist þá stefnir í um 8–10 milljarða halla við frágang þessa fjárlagafrv. sem hér er til umræðu og hallinn á kjörtímabilinu, sá hluti fjárlagahallans á þessu árabili sem hæstv. fjmrh. Friðrik Sophusson ber ábyrgð á, stefnir í 40–50 milljarða kr. og er þar með auðvitað algert Íslandsmet. Enginn einn fjmrh. hefur í sögunni skilað jafnhrikalegri niðurstöðu í þessum efnum. Svo mikið fyrir hin fögru orð um mikla ábyrgð og festu og mikinn árangur á þessu sviði.

Þetta er auðvitað mikið umhugsunarefni og mikið alvöruefni, hæstv. forseti, ekki síst vegna þess að raunskuldir ríkissjóðs hafa verið að vaxa verulega og skuldabyrðin er náttúrlega orðin veruleg. Það er því miður allt of stutt í það að ríkissjóður nánast lokist af í skuldagildru þannig að sífellt meiri hluti tekna fari í það eitt að halda niðri skuldunum án þess að ráða við að borga þær niður og auðvitað er þar á ferðinni stórháskaleg þróun. Mönnum er tamt að mæla gjarnan hinar erlendu skuldir og síst skal lítið úr því gert að það er mikið áhyggjuefni fyrir þjóðarbúið hversu miklar þær eru, en það er líka rétt að hafa í huga að frá sjónarhóli ríkisrekstrarins og samneyslunnar þá er skuldabyrði ríkissjóðs sem slík, sem hlutfall af tekjum eða hvernig sem það nú er mælt og hvort sem heldur þær skuldir liggja innan lands eða erlendis, einnig mikið áhyggjuefni. Það hlýtur öllum a.m.k. að vera ljóst sem einhverjar áhyggjur hafa af starfrækslu velferðarkerfisins hér á Íslandi að við svo búið má náttúrlega ekki standa. Svona getur þetta ekki gengið áfram. Það verða engin töfrabrögð dregin fram úr erminni til þess að leysa þennan vanda með einhverjum öðrum aðferðum en þeim sem eru þekktar og menn verða að reyna að nota í dag, þ.e. að ná saman endum, afla tekna þannig að þær standi a.m.k. undir útgjöldum og helst betur því að auðvitað þarf að stefna að því að ná þessum skuldum eitthvað niður. Sífellt stærri hluti þessara skulda og nánast allar þessar skuldir nú á síðari árum fara í rekstur og það er ekki lengur svo, eins og var í árdaga, að langtímalántaka ríkissjóðs í formi útgáfu ríkisskuldabréfa eða annarra slíkra hluta sé öll sérstaklega merkt framkvæmdum.

Auðvitað er það þannig, hæstv. forseti, að með þessu erum við, núverandi kynslóð í landinu, sú sem er á dögum á þessum árum, einfaldlega að taka með vissum hætti lífskjör okkar að láni hjá komandi kynslóðum. Það er ekkert annað sem hér er að gerast. Með

hallarekstri af þessu tagi, sem er orðinn jafnstöðugur og viðvarandi og hann er á þessu kjörtímabili, haggast í raun og veru ekki neitt. Þetta eru svipaðar tölur öll fjögur árin sem hæstv. fjmrh. stendur hér að afgreiðslu fjárlagafrumvarpa, einhvers staðar á bilinu 6, 7 og upp í 10 milljarða kr., þó niðurstaðan sé að vísu kannski eitthvað breytileg eftir því hvernig hlutir hafa þróast og alveg ljóst til að mynda að ríkisreikningur fyrir árið 1993 stefnir í að verða harla ljótur. En svona, hæstv. forseti, getur þetta auðvitað ekki gengið.

Þess vegna vekur það talsverða athygli að ríkisstjórn með þennan feril að baki og þessi áform stendur síðan að málum með þeim hætti sem hæstv. ríkisstjórn Davíðs Oddssonar gerði hér sl. laugardag, að sprengja púðurkerlingar, standa fyrir mikilli flugeldasýningu, blekkingaleik, sem þegar betur er að gáð og grannt er skoðað er í raun og veru fyrst og fremst afar óábyrgt kosningaáróðursútspil, þar sem á ferðinni eru að vísu nokkrar ívilnandi aðgerðir en allri tekjuöflun á móti er vísað á framtíðina svo heitið geti. Þá óveru sem framlenging á útþynntum hátekjuskattinum er samkvæmt þessari samþykkt er ekki hægt að kalla í raun og veru neina tekjuöflun sem nái máli. Og það var alveg hlálegt er garpurinn hæstv. utanrrh. fór svo mikinn í fjölmiðlum, taldi þetta vera einhvern besta dag í sögu stjórnarsamstarfsins og manni verður á að spyrja: Hvernig eru þá slæmu dagarnir úr því að þetta var alveg sérstakur sæludagur hjá krötum, þessi laugardagur? (Gripið fram í.) Þeir hljóta að vera harla nöturlegir sæludagarnir á þessu stjórnarheimili, þ.e. slæmu dagarnir úr því að þetta var einhver mesta sælustund ríkisstjórnarinnar þegar hún sauð saman þessa moðsuðu og þennan blekkingavef sem yfirlýsingin á laugardaginn var.

En hæstv. utanrrh. fór mikinn og gumaði af þeim mikla árangri sem þarna væri að nást og alveg sérstaklega hvað þetta væri allt ábyrgt, alveg einstaklega ábyrgt. Nú væri aldeilis uppi öldin önnur en áður hefði verið og í tíð fyrrv. fjmrh. þegar menn hefðu látið vaða á súðum og sýnt mikið ábyrgðarleysi í aðdraganda kosninga. Hæstv. utanrrh. nefndi að vísu ekki að hann sat í þeirri ríkisstjórn og bar auðvitað fulla ábyrgð á öllum hennar gerðum, en honum hentar að haga þessu svona í sínum rismikla málflutningi núna. En nú ætti sem sagt aldeilis að brjóta í blað, nú skyldu reikningarnir ekki sendir framtíðinni, nei, það væri aldeilis ekki.

En hvað er þessi yfirlýsing? Hún er í raun og veru fyrst og fremst ákvörðun um að auka hallann á ríkissjóði á næsta ári um einhverja 2 milljarða kr. a.m.k. sýnist manni fljótt á litið og velta þeim vanda á framtíðina að afla tekna þar á móti. Það er auðvitað voðalega fínt að slá um sig með því að lækka skatta, aðallega á hátekjufólki og stóreignafólki. Það er von að það sé mikill sæludagur hjá Alþfl. þegar þessi einstaki árangur næst fram, að sérstakt álag á hátekjuskatt fólks með yfir 2 milljónir í laun er fellt niður, hefur lengi verið baráttumál Sjálfstfl., vegna þess að þeir í stjórnarandstöðu gripu til þess ráðs að finna upp nafngiftina ekknaskatt á þennan skatt þó að það sé morgunljóst að sá eignarskattur sem lagður er á almennt er auðvitað miklu meiri ekknaskattur ef út í það er farið heldur en þessar álögur sem koma eingöngu á stærstu eignir og hæstu tekjur. En svona er þetta nú. Svona getur Alþfl. snúið hlutunum á haus eins og kunnugt er af mikilli kúnst, að aðgerðir í ríkisfjármálum, ef aðgerðir skyldi kalla, sem fela það í reynd í sér að auka hallann um milljarða kr. eru kallaðar alveg einstaklega ábyrgar og það er sæludagur, alveg einstakur hátíðisdagur í sögu Jafnaðarmannaflokks Íslands, sem svo skreytir sig með nafngift, að þynna út hátekjuskatt og lækka sérstaklega skatta á hátekjufólki og stóreignafólki. Ja, mikil eru þau endemi, hæstv. forseti.

Ég hygg að þegar betur verður að gáð, hvort sem einhverjir nenna nú að skoða þá hluti ofan í kjölinn af einhverri samviskusemi hér á næstu dögum, en þegar frá líður þá mun mönnum þó a.m.k. verða ljóst að þetta útspil á laugardaginn var var einhver allra mesta púðurkerling, eitthvert mesta prump sem hér hefur lengi heyrst, hæstv. forseti, og satt best að segja harla ömurlegt hvernig menn í fyrstunni létu taka sig í bólinu gagnvart þessum blekkingaleik ríkisstjórnarinnar því að það mátti svo sem vita það hvers væri að vænta úr þeim herbúðum eftir endurteknar uppákomur af því tagi. Og samskipti hæstv. ríkisstjórnar við bæði fjölmiðla, almenning í landinu og stjórnarandstöðuna, verkalýðshreyfinguna og aðra slíka aðila eru náttúrlega alveg makalaus í þessu sambandi. Það er t.d. athyglisvert að þegar ríkisstjórnin er að kynna eitthvað af þessum áróðursupphlaupum sínum þá er tíminn til blaðamannafunda gjarnan valinn svona milli hálfsex og sjö á kvöldin þannig að það sé alveg öruggt mál að áróðursútspilið sé svo nýkomið í hendur fréttamanna og fjölmiðlamanna að þeir eigi eiginlega engan kost á því að sannreyna neitt sem í því stendur fyrir aðalfréttatíma fjölmiðlanna að kvöldi. Og mönnum verður það á, og lái svo sem mönnum hver sem vill, að taka það sem þarna er sett á blöð trúanlegt og fara með það í fréttir sem einhvern sannleik. Síðan kemur annað á daginn en þá gengur oft eins og verða vill misjafnlega að koma þeim leiðréttingum að. Auðvitað hafa allir áttað sig á því nú hversu gífurlegar blekkingar voru fólgnar í orðalagi plaggsins um t.d. skattfrelsismörkin, en ég er alveg sannfærður um að hálf þjóðin trúir því eðlilega vegna áhrifanna af fyrstu fréttunum að henni hafi verið afhent þarna alveg sérstök skattalækkun, alveg sérstök greiðasemi af hálfu hæstv. ríkisstjórnar, þegar staðreyndin er sú, eins og allir sjá, að allt og sumt sem fólst í ákvörðun ríkisstjórnarinnar var í raun og veru að standa við það sem þegar hafði verið ákveðið með fjárlagafrv. að hækka ekki skattana, hækka þá ekki sérstaklega núna um áramótin. Svona er nú hægt að snúa hlutunum á haus, hæstv. forseti, kannski ekki á Austurlandi en alla vega hér í Stjórnarráðinu.

Ég ætlaði síðan, hæstv. forseti, að gera lítillega að umtalsefni eina tvo málaflokka. Það eru annars vegar landbúnaðarmál sem ég sé ástæðu til að gera hér lítillega að umtalsefni varðandi þessa afgreiðslu fjárlagafrv. og það er af tvennu tilefni sem mér finnst óhjá-

kvæmilegt að nefna hér við þessa umræðu. Hið fyrra er sú staðreynd sem uppi er og hefur svo sem verið bent á og ég hef áður gagnrýnt og varað við, að hæstv. ríkisstjórn væri í raun og veru með mjög grófum hætti að svíkja samninga við bændur, brjóta svonefndan búvörusamning þannig að við það verður ekki unað. Það er ljóst og um það vitnar m.a. ágætt nefndarálit landbn. sem hefur farið yfir landbúnaðarhluta fjárlagafrv. eins og vera ber samkvæmt hinu nýja skipulagi hér, að fagnefndir skoði þá málaflokka sem undir þá heyra í frv. Þar er ósköp einfaldlega fullyrt, komist að þeirri niðurstöðu eftir nokkuð vandaða að því er virðist yfirferð á því máli að það vanti mikið upp á að efndir ríkisstjórnarinnar á búvörusamningnum séu eins og ákvæði hans gefa tilefni til. Og það á við um fjölmarga þætti sem fylgdu búvörusamningnum, stuðningsákvæði samningsins og ákvæði í viðauka og það verður að segja alveg eins og er að það er óvenju bíræfið, það er óvenju ósvífið af hæstv. ríkisstjórn að svíkja svona þennan samning, sérstaklega í ljósi þess að það liggur fyrir, það er ekki um það deilt, að tilkoma þessa samnings hefur sparað ríkissjóði meiri útgjöld en nokkur önnur einstök aðgerð í ríkisfjármálum um langt, langt árabil.

Það er nú svo merkilegt, hæstv. forseti, þegar Alþfl. er að monta sig af því að hann sé ábyrgur flokkur í ríkisfjármálum og jafnvel ýmsir aðrir flokkar, Sjálfstfl., eru að glenna sig eitthvað upp með það, þá er horft fram hjá þeirri staðreynd að sú einstaka aðgerð sem skilað hefur að þessu leytinu til langmestum árangri á undanförnum árum er gerð búvörusamningsins sem sparar ríkissjóði nú á hverju ári útgjöld sem nema líklega um 3,5–4 milljörðum kr. miðað við það sem var áður en samningurinn leit dagsins ljós. Þeim mun ósvífnara er það auðvitað, hæstv. forseti, að það skuli staðið þannig að framkvæmd samningsins að stuðningsákvæði hans, sem áttu að koma til móts við bændur og sveitirnar vegna þeirrar erfiðu aðlögunar að breyttu aðstæðum sem í búvörusamningnum felast, skuli svo vera svikin, skuli svo vera vanefnd. Þar eru ekki á ferðinni stórar upphæðir borið saman við þann gríðarlega ávinning sem ríkissjóður hefur af þessari breytingu. Og ég segi alveg eins og er að ég trúi því ekki að menn verði svo lánlausir eftir að þessar upplýsingar eru komnar fram með þeim hætti sem nú liggur fyrir að loka hér fjárlagafrv. án þess að sýna einhverja viðleitni í þá átt að efna þennan samning.

Við þingmenn Alþb. höfum beðið um skýrslu, mjög ítarlega eða sundurliðaða skýrslu, um stöðu búvörusamningsins og framkvæmdina á honum, þar með talin öll þessi atriði og reyndar mörg fleiri sem hér er fjallað um og varða efndir á viðaukum og bókunum með samningum og auðvitað er það ámælisvert, hæstv. forseti, að svar skuli ekki vera komið við þeirri skýrslu, við þeirri beiðni, því hún var lögð fram strax í haust. Lægi það gagn fyrir þá hefði verið hægt að ræða þetta kannski út frá meiri þekkingu og í meiri smáatriðum heldur en nú er, en við því er í sjálfu sér ekkert að gera og út af fyrir sig alveg ljóst að hér liggja fyrir nægjanlega ítarleg gögn til þess að ekki þarf að deila um það að þarna eru á ferðinni stórkostlegar vanefndir t.d. varðandi fjárveitingar til Byggðastofnunar, til uppbyggingar í staðinn fyrir þann samdrátt sem þarna er á ferðinni. (Gripið fram í.) Ég verð að segja alveg eins og er — já, þetta er ágætur félagsskapur, hv. þm, ég kvarta ekkert undan því. Einn krati og nokkrir framsóknarmenn og svo ræðumaður, það er ágætis hópur.

Ég vil láta það koma skýrt fram, hæstv. forseti, varðandi þessi framlög til Byggðastofnunar, að það lá alveg ljóst fyrir frá byrjun og við undirritun búvörusamningsins að þar var verið að tala um framlög, enda hefði engum manni dottið í hug að fara að setja á blað einhver markmið um að Byggðastofnun ætti að veita eitthvert lítilræði að láni í þessu sambandi. Það er augljóst mál að slíkt hefði ekkert gagn gert. Nei, það var frá því gengið og ég get alveg upplýst það hér að þegar verið var að ganga frá viðaukum og stuðningsákvæðum búvörusamningsins í Rúgbrauðsgerðinni að kvöldlagi líklega sólarhring áður en skrifað var undir samninginn, leggja þar síðustu hönd á það verk, þá var það sameiginlegur skilningur okkar sem þar vorum að festa hluti á blað að auðvitað hlytu þetta að þurfa að vera framlög eins og annað sem þarna er. Þannig að ég vil að a.m.k. að minn skilningur á því, sem þáv. landbrh. sem undirritaði þennan samning, liggi fyrir, að ég taldi mig vera að ganga þarna frá því að þarna yrði um framlög að ræða.

Reyndar verð ég svo að segja það alveg eins og er að ég spyr mig svolítið að því af hverju láta samningsaðilarnir það líðast að samningurinn sé brotinn. Af hverju höfða bændur ekki mál? Mér finnst það svolítið linkulegt, satt best að segja, af forustu bænda, sem á fyrir þeirra hönd að annast framkvæmd þessa samnings, að halda ríkinu ekki betur við efnið því á því er ekki nokkur minnsti vafi að bændur geta sótt þennan rétt sinn að lögum. Það er ekki nokkur vafi á því. Samningurinn er löggerningur eins og aðrir slíkir. Hann er skuldbindandi fyrir ríkið. Á því er ekki nokkur minnsti vafi því hann er undirritaður af tveimur ráðherrum og er gerður með lögformlegum og lögmætum og réttum hætti á grundvelli heimilda í lögum og staðfestur ítrekað eftir á af Alþingi. Þannig að samningurinn er sem slíkur algerlega skothelt plagg og ríkið er skuldbundið af þessum samningi gagnvart þessum greiðslum. Í raun og veru er það því ekkert nema bjálfagangur að láta það líðast að svona ákvæði séu vanefnd. Það hlýtur auðvitað að gerast að þau verði greidd og að mínu mati þá með vöxtum eins og um væri að ræða vangoldnar bætur eða greiðslur aðrar af slíku tagi sem eðlilegt er að beri vexti frá gjalddaga. Þannig að þessi svik ríkisstjórnarinar, þessar vanefndir á framkvæmd búvörusamningsins, á ekki að þola, hvorki hér á Alþingi og ekki heldur nein ástæða til þess að samningsaðilarnir, mótaðilarnir, bændur í landinu eða bændasamtökin geri það.

Auðvitað er það ljóst að þarna er grundvallarmunur á annars vegar samningsákvæðunum sjálfum og viðaukum við samninginn og hins vegar bókunum. Þar er meira um svona stefnumarkandi viljayfirlýsingar að

ræða, en varðandi þá viðauka sem fela í sér fjárútlát þá eru þeir undirritaðir af bæði landbrh. og fjmrh. á sinni tíð og eru þar af leiðandi alveg óumdeilanlega og óvefengjanlega skuldbindandi fyrir ríkið.

Hitt, hæstv. forseti, sem ég ætlaði aðeins að ræða varðandi landbúnaðarmálin er þessi ótrúlega staða sem aftur er komin upp með jarðræktarframlögin, þessi ótrúlega staða. Auðvitað er voðalegur skaði að ræða þetta hér, þetta helsta hugðarefni í lífi hv. 3. þm. Austurl., skurðgröftinn, án þess að hann sé hér viðstaddur. En við vitum náttúrlega að hv. 3. þm. Austurl. er örugglega mjög önnum kafinn við önnur skyldustörf og ég ætla þá ekkert að fjargviðrast út af því að hann geti ekki verið hér viðstaddur, en ég vona að hann geri mér þá þann heiður að lesa þingtíðindin þegar þau koma á prent og fái meðtekið mín sjónarmið í þessum efnum gegnum þau.

En staðreyndin er sú að það er ekki hægt að skiljast svo við þessa skuldasöfnun sem á nýjan leik er hafin í sambandi við jarðræktarframlög að rifja þar ekki upp pínulitla sögu. Hún er ekki löng. En þannig er, hæstv. forseti, að þegar ríkisstjórnarskipti urðu á haustinu 1988 og farið var að athuga stöðu mála á ýmsum fjárlagaliðum og ýmsum liðum sem undir landbrn. heyra, þá kom í ljós að að einu leyti til var staðan alveg afbrigðilega slæm og hroðaleg og það var varðandi liðinn jarðræktarframlög. Það var í hnotskurn þannig að skuld, sem sjálfsagt að núvirði væri vel yfir hálfan milljarð kr., sjálfsagt einhvers staðar á bilinu 500–750 millj., mig minnir að tölurnar hafi verið nálægt 500 millj. þarna á haustdögum 1988, lá bara óafgreidd í óreiðu og það sem verra var, það var enginn vafi á því að bændur áttu rétt á þessum styrkjum samkvæmt lögum. Lögin voru þannig úr garði gerð að í raun fólst í þeim sjálfkræfur réttur bænda til styrkja út á allar þær framkvæmdir sem þeir réðust í og voru teknar út. Með öðrum orðum, upphæð þeirra skuldbindinga sem ríkið gat lent í vegna þessara mála réðst eingöngu af því hversu mikið af skurðum og hversu mikið af túnum og hversu mikið af kjöllurum bændur kusu að ráðast í að framkvæma. Þannig hafði verið um nokkurt árabil að þessi sjálftökuákvæði laganna héldust óbreytt, menn voru ekki menn til þess að breyta þeim úr því að ekki var lengur lagt fé til þess gera þau upp, heldur létu lögin halda gildi sínu en skuldirnar hlaðast upp. Það tók alveg steininn úr á síðasta eina til eina og hálfa árinu fyrir þessi stjórnarskipti. Þá komst hæstv. þáv. landbrh. Jón Helgason hvorki lönd né strönd því í fjmrn. sat hæstv. núv. utanrrh., illu heilli, Jón Baldvin Hannibalsson, og neitaði með öllu að borga nokkurn skapaðan hlut af þessum jarðræktarframlögum og styrkjum, bara algerlega. Og hæstv. þáv. landbrh., hv. núv. 2. þm. Suðurl., Jón Helgason, komst hvorki fetið fram né aftur. (Gripið fram í.) Já, það væri betur.

Þannig var nú ástandið, hæstv. forseti. Þetta var nú ekki mjög björgulegt satt best að segja og ekki sérlega skemmtileg uppákoma að þarna lágu í óreiðu margra ára ógreiddir styrkir sem enginn vafi lék á að bændur áttu rétt á samkvæmt þeim ákvæðum sem voru í lögum. Og hvað varð þá að gera? Hvað varð að gera? Jú, það var að taka á þessum gríðarlega fortíðarvanda. Einhver varð að gera það. Það kostaði heilmikil átök og heilmikil læti og það auðvitað þýddi að m.a. varð að skera mjög harkalega niður þessa styrki á næstu árum þarna á eftir til þess að ráðast í það að borga upp þessar skuldir. Það var gert með tvennum hætti. Það var gert annars vegar með því að ég lagði fram frv. og fékk samþykkt hér á Alþingi frv. sem afnam þessa sjálftöku styrkjanna og breyttu þessu yfir á það form að menn verða nú að sækja um og fá viðurkenndar og samþykktar umsóknir áður en þeir eiga rétt á styrkjum. Þannig er hægt að stjórna því hve mikið fer út og þetta er ekki lengur sjálftaka. Að hinu leytinu náði landbrn. loks, eftir nokkuð ströng og stíf fundahöld satt best að segja, samningum við fjmrn. um að gera þessar skuldir upp á nokkrum árum. Það var m.a. gert með útgáfu skuldabréfa sem bændur fengu og komu til greiðslu á þriggja eða fjögurra ára tímabili. Það að gera upp skuld upp á 500, 600, 700 millj. kr. plús það að greiða þá þó að vísu væru miklu minni styrkir á árunum sem á eftir fóru var auðvitað gríðarlegt átak en það tókst. Það tókst að vinna upp þessar skuldir þannig að þegar núv. ríkisstjórn tók við þá var að koma til greiðslu síðasta árið af afborgunum þessara skuldabréfa. Með öðrum orðum, það var búið að hreinsa borðið. En hvað hefur gerst síðan? Sagan er að endurtaka sig. Hinir ábyrgu snillingar í núv. ríkisstjórn sem hafa talað meira en flestir aðrir um fortíðarvanda, hvað eru þeir að gera? Þeir eru að mynda aftur skuld af því tagi sem þeir skildu við sig þegar þeir fóru síðast úr Stjórnarráðinu, sjálfstæðismenn. (**Gripið fram í:** Lögunum var breytt.) Lögunum var breytt. Hvað um það, hv. framm\íkallandi. Þá er að myndast skuld aftur af jarðræktarframlögunum. Nei. Er það ekki það sem landbn. fullyrðir hér í sínu nefndaráliti samhljóða, þar á meðal þingmenn Sjálfstfl. í þeirri nefnd, mesti spekingur Sjálfstfl. um allar aldir í landbúnaðarmálum, hv. 3. þm. Austurl. Ekki er verið að vefengja „átorítet" hans hér í landbúnaðarmálum, er það, hv. 1. þm. Vesturl. Ég trúi því ekki. Þau stórtíðindi geta ekki verið að gerast hér að það sé verið að setja hinn óopinbera varalandbrh. Sjálfstfl. af, hv. þm. Egil Jónsson, og það fjarri góðu gamni. Það bara getur ekki verið.

Staðreyndin er sú að ég var búinn að fá af þessu nokkrar fregnir, hæstv. forseti, að þessi ótrúlegu tíðindi væru að gerast á nýjan leik, að það væri komið upp sambærilegt klúður þó tölurnar séu að vísu enn þá minni og farinn að myndast á nýjan leik hali gagnvart þessum lið. Og það er alveg ótrúlegt, það er með endemum að það skuli vera að gerast því nú er auðvitað búið að minnka þannig umfang þessa liðar og var búið að breyta þannig lögum að það átti að vera búið að ná algerlega utan um það að þarna gæti orðið um nokkra sjálftöku að ræða. Þannig var lögunum breytt í tíð fyrri ríkisstjórnar. Hér hefur því átt sér stað mikið klúður sem óhjákvæmilegt er að gagnrýna mjög harðlega og auðvitað eru þessi samskipti ekki á nokkurn hátt í skaplegu formi eins og þau hafa hér verið af hálfu hæstv. ríkisstjórnar og við bændurna.

Þegar þetta tvennt er skoðað og auðvitað mætti fleira nefna, þá finnast mér nú fjaðrirnar vera farnar a.m.k. að sviðna dálítið á hæstv. landbrh. sem hefur komist í býsna mikil metorð úti í sveitum fyrir þá einföldu ástæðu að hann var svo heppinn að kratarnir fóru að hamast á honum í landbúnaðarmálum. Það gerði náttúrlega hæstv. landbrh. umsvifalaust vinsælan í sveitum landsins að Alþfl. fór að ráðast á hann. En það verður auðvitað að skoða verkin, þau sýna merkin og þarna, a.m.k. í þessum tveimur greinum, þar sem núv. ríkisstjórn tók við hreinu borði, það var búið að koma þeim málum í lag, eru menn búnir að falla algerlega á prófinu varðandi framkvæmd búvörusamningsins að öðru leyti og hins vegar þetta með jarðræktarframlögin og styrkina sem ég hef hér verið að nefna.

Auðvitað er það þannig að þegar maður fer að hugsa um þetta þá verður þetta tal hæstv. forsrh. um fortíðarvandann þeim mun hlægilegra sem maður hugsar til þess að fyrri ríkisstjórn kom að margs konar vanda af þessu tagi, arfleifð Sjálfstfl. sem þurfti að gera upp. Það vill nú svo til að þegar stjórnarskiptin urðu haustið 1988 þá var Sjálfstfl. búinn að sitja í ríkisstjórn samfellt í fimm og hálft ár. Eða a.m.k. eitthvað á sjötta ár. Ekki rétt munað, hæstv. forseti? Að hann hafi skreiðst inn í Stjórnarráðið á vordögum 1983 þegar aumingja ræfils Framsfl. var svo ógæfusamur að mynda með honum einhverja verstu ríkisstjórn sem hér hefur setið um langt skeið, m.a. þá ríkisstjórn sem beitti sér fyrir misgenginu í húsnæðismálunum eins og frægt er, einhverri grimmustu og ljótustu kjaraskerðingu sem lengi hefur verið ráðist í, á vordögum 1983. En hvað um það, um það verður alla vega ekki deilt að Sjálfstfl. hafði þá setið í ríkisstjórn í á sjötta ár haustið 1988. En hann skildi eftir sig óráðsíu af ýmsu tagi eins og þá sem ég hef verið að nefna. Sama mætti t.d. nefna um skuldir ríkisins sem þá höfðu hlaðist upp á löngu árabili í Reykjavíkurborg vegna vegaframkvæmda. Það er ágætt fyrir þingmenn Reykv., en hér situr a.m.k. einn, að vita í hvaða horfi þau mál voru þegar ríkisstjórnin tók við 1988. Þá lá afvelta skuld ríkisins eða Vegagerðarinnar við Reykjavíkurborg upp á á annan milljarð kr. sem hinir miklu snillingar í Sjálfstfl., sem farið höfðu með samgöngumál og ríkisfjármál að hluta til, það æfðu sig ýmsir í fjmrn. í tíð ríkisstjórnar Sjálfstfl. og Framsfl., 1983–1987, eins og kunnugt er með misjöfnum árangri í tengslum við stólaleik Sjálfstfl. og allt það. En afraksturinn af því var nú sá þegar sjálfstæðismenn höfðu stjórnað öllum þremur apparötunum, fjmrn., samgrn. og Reykjavíkurborg, að þeir skildu eftir sig skuld við borgina upp á talsvert á annan milljarð kr. Það kom einmitt í hlut þessarar sömu fyrri ríkisstjórnar að gera upp þá skuld, sópa upp fortíðarvandann eftir íhaldið. Þeim málum var komið í lag með samningum við borgina áður en kosningar fóru fram árið 1991. Nú er hins vegar hafin á nýjan leik svona skuldasöfnun í vegamálum eins og kunnugt er því að stór hluti af framkvæmdum á þessu kjörtímabili eins og menn guma mjög af hafa verið teknar að láni.

Það er þannig, hæstv. forseti, að ég ætlaði svo lítillega að nefna einnig samgöngumálin. Ég hef reyndar gert það áður og við önnur tækifæri þannig að ég ætla ekki að fara mörgum orðum um þau efnislega en mér finnst óhjákvæmilegt að nefna það hér eins og reyndar er ágætlega gert í nál. minni hluta fjárln. að það er orðinn hreinn skrípaleikur hvernig hæstv. ríkisstjórn hefur staðið að uppsetningu þess málaflokks og framkvæmd á kjörtímabilinu. Ég hef margsagt það hér og ég get endurtekið það einu sinni enn að ég tel að framganga hæstv. ríkisstjórnar í vegamálum með hinum sérstöku framkvæmdaátökum sem svo eru kölluð og eru fyrst og fremst aðferð til að koma talsverðum hluta vegafjárins til hliðar út úr vegáætlun, út úr vinnu Alþingis og skipta þeim að geðþótta við ráðherraborðið, að þetta sé skýlaust brot á 10. gr. vegalaga, það er það. Það sjá það allir menn sem lesa þá grein. Þar stendur á eins ágætri íslensku og nokkuð getur verið að með vegaframkvæmdir skuli farið þannig — gleður mig stórkostlega að hv. 1. þm. Vesturl. er nú vel vaknaður hér úti í salnum og hefur beðið um orðið í andsvari. Hann ætlar vonandi að reyna að verja hendur Sjálfstfl. í þessum vegamálum. (**StB:** Ég hef vakað lengi og vel.) Það er nú gott að heyra. En þannig er þetta, hæstv. forseti, að í 10. gr. vegalaganna eða a.m.k. þeirra gömlu vegalaga sem ég kunni nokkuð vel, nú er sennilega búið að breyta því númeri með nýafgreiddum lögum í fyrra. Þá stóð, og þau ákvæði eru efnislega óbreytt í nýju vegalögunum, algerlega skýrum stöfum að með vegaframkvæmdir skuli fara þannig að vegamálastjóri undirbýr tillögu til þál. um vegáætlun og leggur fyrir samgrh. sem aftur leggur hana fyrir Alþingi. Alþingi ákveður síðan í umfjöllun sinni skiptingu vegafjárins niður á einstaka framkvæmdaliði, einstök verk. Þetta stendur í lögum. Það eru algerlega skýr og afdráttarlaus fyrirmæli um það hvernig skuli ráðstafa fjármunum til vegagerðar á Íslandi: Í gegnum vegáætlun og með ákvörðunum Alþingis. Þannig að það sem hér hefur gerst í tíð þessarar ríkisstjórnar er skýlaust lögbrot. Auðvitað geta menn sagt að með því að leita heimildar eftir á þá séu þeir að reyna að bjarga sér fyrir horn. Það er að minnsta kosti alveg ljóst að þegar framkvæmdaátakið fór af stað og framkvæmdir hófust á því sumri sem ákvörðunin var tekin og við þau verk sem ríkisstjórnin ákvað við sitt borð áður en málið kom til kasta Alþingis þá átti sér stað lögbrot, á því er ekki nokkur vafi. Auðvitað er Sjálfstfl. í þvílíkri mótsögn við sjálfan sig í því máli vegna fyrri afstöðu sinnar að það skyldi nú ekki eiga að vera að einhvern tímann eigi það nú eftir að koma fram á spjöldum sögunnar.

Þannig var nefnilega að þegar einhvern tímann átti fyrr á öldinni að fresta vegaframkvæmdum í einhverju sparnaðarkasti sem greip menn á árinu 1989 um heilar 35 millj. kr. og ég lagði tillögu fyrir ríkisstjórnina síðla árs 1989 um hvaða framkvæmdum skyldi frestað, hverjir urðu þá vitlausir aðrir en þingmenn Sjálfstfl.? Þeir stóðu grenjandi í þessum ræðustól hver á fætur öðrum, hv. þm. Pálmi Jónsson, 1. þm. Norðurl. v., og fleiri slíkir og sögðu: Lögbrot, lögbrot, lögbrot. Sam-

grh. og ríkisstjórn eiga ekkert með það að vera að fresta framkvæmdum sem búið er að ákveða á Alþingi og vegáætlun gerir ráð fyrir. Það er sko lögbrot, hneyksli, svívirða. Var þó ekki verið að tala um að fella þær framkvæmdir niður eða hætta við það heldur eingöngu að fresta þeim og var að sjálfsögðu alltaf ætlunin að leita heimildar Alþingis á því hausti, fyrir þeirri frestun áður en árið yrði úti. En þeir töldu þetta svo heilagt að það skyldi ráðast í framkvæmdirnar um sumarið og það væri algerlega óheimilt að bíða með að hefja þær þangað til að það hefði verið borið undir Alþingi hvort Alþingi féllist á að fresta þeim. Svona var heilagleiki Sjálfstfl. á þessum árum gagnvart því að það mætti ekki fara í hinu minnsta eða smæsta á svig við það forræði sem Alþingi með sinni vinnu og sinni skiptingu á grundvelli vegáætlunar hefði. Þetta mál stóð svo í stappi á haustmánuðum og það var alveg ljóst að það hafði ekkert lögbrot farið fram fyrr en árið væri þá liðið. Niðurstaðan varð sú að það náðist samkomulag um meðferð þessa máls hér á þingi og í samskiptum milli ríkisstjórnar, meiri hluta og minni hluta, og málinu var lokið þannig í sæmilegri sátt fyrir áramót. Það er a.m.k. alveg ljóst að það hlýtur að vera nokkuð snúið fyrir hv. þm. Sjálfstfl. sem þekkja þessa forsögu málsins og m.a. arfleifð síns eigin flokks að ætla að koma hér upp ef einhverjir þeirra skyldu ætla að gera það og halda því fram að þetta hafi verið í lagi eins og að þessu hefur verið staðið af hálfu hæstv. ríkisstjórnar núna. Það er nú svo, hæstv. forseti.

Ég vil svo að lokum varðandi þessi samgöngumál vegna þess að um vegamálin hefur áður verið ítarlega fjallað og þann skípaleik sem þar er í gangi að skerða vegatekjur í ríkissjóð og færa síðan aftur út úr ríkissjóði peninga í eitthvað sem kallað eru sérstök framkvæmdaátök. Þegar upp er staðið er í raun og veru framkvæmdagildi fjárveitingar til vegamála ekkert meira en það hefur verið um árabil. Það er allt saman pótemkin-tjöld, það er allt saman skrípaleikur, það eru svona færslur fram og til baka eins og Bör Börson og ýmsar slíkar sögupersónur kváðu hafa verið nokkuð góðar í, svona froðufærslur eins og það heitir víst á máli bókhaldara, fram og til baka. Þegar upp er staðið þá er niðurstaðan sú að framkvæmdagildi fjárveitinga í vegamálum hefur verið minna en mörg undanfarin ár vegna þess að að hluta til hafa þarna verið á ferðinni lántökur. En ráðstöfunarfé hefur verið allbærilegt, það hef ég alla tíð viðurkennt. En megingallinn er sá að því hefur að hluta til verið haldið uppi með lántökum. En þessi skrípaleikur fram og til baka með færslurnar á þessu er neðan við allar hellur. Sennilega er það þannig að ef þeir sjálfstæðismenn koma hér upp og verja þessa tilhögun þá gætu menn freistast til að taka það gilt að hérna væri verið að innleiða nýja samskiptahætti í þessum efnum. Næsta ríkisstjórn, ef hún leggst þá svo lágt að fara í sama farið, velur væntanlega þetta verklag líka. Hún tekur stóran hluta vegafjárins til hliðar þannig að hin venjubundna umfjöllun á þingi og ákvörðun um skiptingu kemst hvergi að og ákveður það á hnjánum eða við ráðherraborðin hvernig og í hvað þetta skuli fara. Auðvitað er það öllum til bölvunar að innleiða slík vinnubrögð hér, að spilla þeirri samstöðu sem einkennt hafði um alllangt árabil meðferð þessa málaflokks. Ég segi það alveg eins og er, hæstv. forseti, í fullri einlægni að ég harma hvernig ríkisstjórnin hefur staðið að þessum málum. Það er mjög slæmt, mjög miður, og ég óttast að það geti dregið leiðindadilk á eftir sér í samskiptum manna á þessu sviði á komandi árum.

Varðandi svo flugmálin að lokum undir þessum samgöngulið þá hef ég líka gagnrýnt það áður að þar skuli eiga að fara út á þá braut að taka til við að skerða hina mörkuðu tekjustofna flugmálaáætlunar og láta þá að hluta til standa undir rekstri á flugmálasviðinu. Ætlunin er sem sagt að taka 70 millj. kr. af hinum mörkuðu tekjum flugmálaáætlunar sem eiga samkvæmt gildandi lögum að renna eingöngu til uppbyggingar og framkvæmda og ráðstafa þeim í rekstur. Ég tel þetta sérstaklega ámælisvert vegna þess að flugreksturinn í landinu er ekki atvinnugrein sem skynsamlegt er að fara að nota sem skattstofn í þessum skilningi, það er mjög vitlaust. Flugið borgar verulegar álögur og þjónustugjöld sem renna í þann rekstur í formi lendingargjalda og ýmissa þjónustugjalda, skoðunargjalda, gjalda til loftferðaeftirlits og slíkra aðila, þannig að það eru fyrir verulegar álögur á fluginu, flugrekendum og farþegum sem auðvitað borga það að lokum. En samt sem áður létu menn sig hafa það á sínum tíma 1987 að leggja viðbótarskatta á bæði flugfarþegana og flugrekendurna í formi eldsneytisgjalds til þess að kosta uppbyggingu á þessu sviði og eingöngu uppbyggingu. Ég tel það mikið ógæfuskref að fara út í það að gera nú þessa mörkuðu tekjustofna að skattstofni fyrir ríkissjóð því það er ekkert annað sem þarna er verið að gera, 70 millj. í ár, hvað verður það næsta ár? Rekstur flugvallanna umfram tekjur kostar um 180 millj. kr. á ári. Það er hægt að hugsa sér að hækkanir á komandi árum verði réttlættar með því að það þurfi meira í reksturinn og áður en við er litið verður kannski stór hluti þessa tekjustofns búinn að sogast þarna upp í rekstur og hægir á bráðnauðsynlegri uppbyggingu á þessu sviði sem því nemur. Þetta er mjög dapurlegt og ömurlegt, hæstv. forseti. Ég verð að segja að lengi getur mann undrað og komið manni á óvart metnaðarleysi ýmissa hv. þm. stjórnarliðsins að láta svona yfir sig ganga. Það tókst hér með mjög öflugum þrýstingi og mjög harðri baráttu í fyrra að berja til baka og niður áform um að leggja virðisaukaskatt á fólksflutninga innan lands og þá auðvitað ekki síst innanlandsflugi. Sú ákvörðun sem hér á að fara að taka er síst skárri að mínu mati, síst skárri en það hefði verið að leggja virðisaukaskatt á flugfarseðlana innan lands. Vegna þess að þarna eru á ferðinni miklir peningar sem augljóslega munu festast í sessi ef menn einu sinni gefast upp fyrir þessu og enda sem hreinn skattstofn á þennan flugrekstur og á farþegana. Þar með líka fyrst og fremst landsbyggðarskattur. Ég óska þeim miklu snillingum hér, þingmönnum stjórnarliðsins á landsbyggðinni sérstaklega, til hamingju með jólagjöfina sem þeir ætla að taka með sér heim til kjósenda sinna, t.d. á Vestfjörðum og Austfjörðum, landshluta sem eru

sérstaklega háðir flugi. Það hlýtur að vera gaman fyrir þá að fara heim með þessa jólagjöf eða hitt þó heldur.

Nei, það hefur sjálfsagt ekki mikið upp á sig að vera hér um hánótt að reyna að ræða það hvort ekki sé einhver grundvöllur eða forsenda til að endurskoða þessi áform. En ég verð að segja alveg eins og er að mér finnast þetta mikil og sár vonbrigði að sjá þennan lið svona leikinn.

Ég hef áður lýst eftir því hvernig hv. 1. þm. Vestf. líði við þessar aðstæður. Hann er nú upphafsmaður að þessari flugmálaáætlun og þeirri gjaldtöku sem hér er á ferðinni. Ég verð að segja alveg eins og er að það þykja mér harla dapurleg örlög ef það á yfir hann að ganga að greiða atkvæði með þessu á sínu síðasta þingi, það verð ég að segja alveg eins og er. En e.t.v. verður það nú ekki. E.t.v. kemur eitthvað til sem breytir þessu eða þá að hv. 1. þm. Vestf. rífur sig lausan og greiðir einfaldlega atkvæði á móti þessu sem hann væri náttúrlega fullsæmdur af því að hann á að láta sína betri vitund ráða í þessum efnum en ekki handjárn ríkisstjórnarinnar.

Þetta er hálfgert óhæfuverk, hæstv. forseti, sem á að fara að vinna í þessum málaflokki. Það segir mér því miður svo sannarlega hugur um. Við erum einmitt sömu dagana að ræða það hvernig menn hafa á örfáum árum gengið á lagið varðandi til að mynda skerðingu á tekjum Framkvæmdasjóðs fatlaðra og Framkvæmdasjóðs aldraðra fyrir einhverjum árum síðan í einhverjum vandræðum og klúðri brugðu menn á það ráð að heimila að taka pínulítið af þeim peningum í viðhald mannvirkja. Hvað gerðist svo næst? Jú, það var ákveðið að fara með smáprósentu í rekstur. Og hvað gerist þar næst? Sú prósenta er hækkuð úr 25% í 40% þannig að áður en við er litið er kannski meiri hluti þessa tekjustofns, sem átti að ganga til uppbyggingar á þessu sviði, horfinn inn í reksturinn, orðinn skattstofn því að þessi útgjöld hafði ríkissjóður áður greitt.

Þá, hæstv. forseti, ætlaði ég að rekja aðeins þær brtt. sem ég er flm. að. Nú stendur svo illa á að ég er ekki með þær í höndunum. Þá er spurning hvort hægt sé að hjálpast að við það í þingsalnum að fara í eitthvert samstarfsverkefni um það að koma þeim í mínar hendur. (**Gripið fram í:** Átaksverkefni.) Það væri upplagt átaksverkefni, ég veit ekki í sjálfu sér ekki hvort það er sérstaklega atvinnuskapandi. Það væri til hægðarauka því þó að ég muni eitthvað af tillögunum í grófum dráttum þá er vissara upp á upphæðirnar að hafa tillögurnar í höndunum.

Ég hafði hugsað mér í fyrsta lagi að leggja til breytingartillögur á samgöngumálasviðinu. (**Gripið fram í:** ... tillögu Jóhönnu?) Nei, hv. frammíkallandi. Ég er heldur tregur til að fara út í það. Ég ætlaði að mæla sérstaklega fyrir tillögu á þskj. 367 um breytingar á nokkrum liðum sem falla undir samgrn. eða samgöngumál.

Það fyrsta er gamall kunningi. Það er að settur verði inn nýr fjárlagaliður upp á 5 millj. kr. til undirbúnings, rannsókna og framkvæmda, við að styrkja útsker það í norðri sem Kolbeinsey heitir. Þannig er að ræðumaður hefur um nokkurt skeið verið mikill áhugamaður um það að við a.m.k. látum það ekki eftir baráttulaust að missa þann grunnlínupunkt sem Kolbeinsey er og stækkar íslensku efnahagslögsöguna um 9.600 ferkílómetra og munar um minna. Nú geta menn deilt um hversu réttarstaða okkar veikist eða versnar við það að Kolbeinsey breytist úr ey í útsker og hverfi síðan en þó er alveg ljóst hygg ég að samkvæmt ákvæðum grunnlínukafla alþjóðahafréttarsáttmálans þá veikist okkar réttarstaða til mikilla muna ef eyjan hverfur þó að ljóst sé að við eigum í ágreiningi við sumar okkar nágrannaþjóðir út af grunnlínum á þessu svæði.

Nú kann vel að vera að máttarvöldin og náttúruöflin reynist okkur mönnunum, fáum og smáum, uppi á Íslandi yfirsterkari og því verði að lokum ekki forðað að Kolbeinsey hverfi í hafið nema þau hin sömu náttúruöfl haldi áfram smíðinni og láti gjósa myndarlega á svæðinu þannig að upp komi ný eyja sem væri jarðfræðilega hugsanlegt en kannski ekki líklegt að við verðum svo heppin í okkar tíð að það gerist því að hinn jarðsögulegi tímakvarði er dálítið annar en okkar mannanna eins og kunnugt er og þarf mjög mikla þolinmæði til að mynda til þess að bíða eftir atburðum á mælikvarða jarðsögunnar. (**Gripið fram í:** Það er ólíklegt að það gerist milli 2. og 3. umr.) Já, það mundi sennilega vera nokkuð langt liðið á þessa umræðu ef við ættum að bíða eftir ýmsum atburðum sem lúta hinum jarðsögulega tímakvarða.

Ég hef sagt að þó ekki væri nema við gætum seinkað því um 30–50 ár að Kolbeinsey hyrfi þá gæti það skipt miklu máli og verið nokkurra peninga virði. Í öllu falli finnst mér aumingjalegt að láta það stranda á fáeinum milljónum króna að unnt sé gera og ljúka þeim rannsóknum, athugunum og könnunum, bæði á staðnum sem og þjóðréttarlegs eðlis, sem að mínu mati þurfa að fara fram til að ganga úr skugga um það annars vegar hvort það er tæknilega viðráðanlegt að gera þarna eitthvað sem gæti skipt máli og hins vegar að reyna að fá eins glögga mynd af því þjóðréttarlega séð og hægt er hve miklu máli þetta kynni að skipta okkur. Því verður að vísu sjálfsagt aldrei svarað fyrr en fyrir dómi og það er einmitt mergurinn málsins, hæstv. forseti, að svo kann vel að fara að Íslendingar verði dregnir fyrir dómstóla á næstu árum vegna ágreinings um þetta mál. Danir hafa staðið í löngum og harðvítugum málaferlum fyrir hönd Grænlendinga við Norðmenn út af miðlínu milli Jan Mayen og Grænlands. Nú er dómur nýlega fallinn því máli, að vísu nokkurs konar salómonsdómur en ég hef það eftir áreiðanlegum heimildum frá Danmörku að Danir hafi síðan haft í undirbúningi eða séu a.m.k. með í athugun að stefna í kjölfar á Íslendingum vegna ágreinings varðandi grunnlínupunktana Kolbeinsey og Hvalbak þegar þeir hafa lokið sínu uppgjöri við Norðmenn á þessu sviði. Þá kynni einmitt að skipta máli að við hefðum gert allt sem í okkar valdi stendur til að styrkja okkar stöðu. Það er mjög leiðinlegt ef við erum svo illa komin í þessum efnum að við getum ekki kostað einhverjum smávegis fjármunum til til að verja hugsanlega jafn-

gríðarlega hagsmuni og þarna eru á ferðinni, jafngríðarlega hagsmuni og þarna geta verið á ferðinni, þessa 9.600 ferkílómetra af íslensku efnahagslögsögunni og ýmis framtíðarréttindi sem gætu hangið á spýtunni og við vitum ekki endilega í dag hver eru, svo sem ýmis hafsbotnsréttindi sem þarna gætu fylgt. Þetta er 1. liður brtt., hæstv. forseti, og ekki fleiri orð um það.

Annar liður tillögunnar á þskj. 367 er um framkvæmdir þær á flugvöllum sem ég hef gert að umtalsefni. Ég legg til að 70 millj. kr. skerðing á framkvæmdafé flugmálaáætlunar verði felld niður. Yrði það samþykkt við atkvæðagreiðslu eftir 2. umr. leiddi af sjálfu að menn mundu þá fella í hinum óþverralega bandormi ríkisstjórnarinnar þau lagaákvæði sem lúta að því að heimila þessa skerðingu og málið væri þar með úr sögunni. Verði einhverjar vonir til þess að þetta mál verði skoðað er ég fús að kalla þessa brtt. aftur til 3. umr. en ef ekki þá tel ég a.m.k. rétt að láta hana koma til atkvæða þannig að stjórnarliðar hafi ekkert að skýla sér á bak við í þeim efnum ef þeir ætla virkilega að axla ábyrgðina af því að standa svona að málum.

Þriðji og síðasti töluliður á brtt., hæstv. forseti, varðar Ferðamálaráð. Ég legg þar til nokkra hækkun á almennum lið Ferðamálaráðs úr 68 millj. í 90. Þessar 68 millj. hafa staðið óbreyttar að krónutölu í þrjú eða jafnvel fjögur ár og er afar bagalegt þegar ljóst er að verkefnin eru vaxandi ár frá ári. Ég vil þess vegna meina að þarna sé á ferðinni tiltölulega hófleg krafa um lítils háttar hækkun, má eiginlega segja, og ljóst að þarna er hvergi nærri skilað eftir sem áður öllum tekjum til Ferðamálaráðs sem því ber lögum samkvæmt að fá sem eru 10% af brúttóvörusölu Fríhafnarinnar á Keflavíkurflugvelli. Það mun láta nærri að það væri um 180–190 millj. kr. ef Ferðamálaráð fengi allar þær tekjur. Menn geta e.t.v. haft þá skoðun að það væri fullrausnarlegt en í öllu falli er mikill munur á því að sitja uppi með sömu krónutöluna ár eftir ár eftir ár sem sníður Ferðamálaráði svo þröngan stakk að það getur rétt aðeins haldið úti sínum hefðbundna rekstri á landkynningarskrifstofunum erlendis í Frankfurt og New York og getur sáralítið annað gert.

Í öðru lagi, hæstv. forseti, vil ég mæla fyrir brtt. á þskj. 366 sem ég flyt ásamt hv. 3. þm. Vesturl., Jóhanni Ársælssyni. Þar er á ferðinni afar einföld tillaga um að hækka lítillega, leyfi ég mér að segja, í raun og veru afar hógvær tillaga, liðinn Styrking dreifikerfis í sveitum og á þar við dreifikerfi rafmagns. En slíkur er metnaður stjórnarliðsins í þessum efnum að þarna fundu stjórnarliðar matarholu til að skera sérstaklega niður, þ.e. að lækka um, ég hygg, einar 6 millj. kr. þennan rausnarlega fjárlagalið, styrking dreifikerfis í sveitum, sem var um 20 millj. en þeir ætla að lækka niður í 14,6 á næsta ári. Er það þó væntanlega þekkt af einhverjum fleirum en ræðumanni sem eitthvað fara um sveitir landsins endrum og sinnum, kannski gerir hv. 1. þm. Vesturl. það. Hann hlýtur a.m.k. að aka af og til í gegnum Borgarfjörðinn á leið sinni vestur í Stykkishólm og jafnvel hugsanlegt líka að hv. þm. Einar K. Guðfinnsson slæðist inn á einn og einn sveitabæ á Vestfjörðum. Og það skyldi nú ekki vera að bændur hafi einmitt kvartað yfir því að eitt af því sem hái þeim mjög í nútímabúrekstri og t.d. gagnvart því að tæknivæða sinn búskap, þeir sem á annað borð eru í einhverjum færum til slíks, sé einmitt lélegt dreifikerfi og vöntun á þrífösun á rafmagni í sveitum sem háir mönnum stórkostlega miðað við nútímakröfur og aðstæður. Það til að mynda að hafa ekki þriggja fasa rafmagn er viðbótarútgjaldaliður upp á hundruð þúsunda kr. þegar verið er að kaupa inn dýr rafmagnstæki í súgþurrkunarmótora og annað því um líkt. Þetta veit ég að hv. þm. þekkja sem eitthvað vita um aðstæður í landsbyggðarkjördæmunum og þess vegna hlýtur þá að taka nokkuð sárt að leika þennan fjárlagalið upp á 14,6 millj. kr. með þessum hætti.

Við leggjum til í fyrra lagi að þetta verði hækkað í 25 millj. en til vara, skyldi það nú vera fellt, að hækkunin verði þær 6 millj. rúmar sem ríkisstjórnin eða meiri hlutinn leggur til að þetta verði lækkað um samkvæmt fjárlagafrv. og færi þá í 19,2 millj. og væri það engin ofrausn held ég þó að þetta væri látið eftir. Sama á við um þetta að væri einhver von til þess að á þetta yrði litið milli umræðna þá væri ég fús til þess að kalla það aftur til 3. umr.

Að lokum eitt áhugamál, hæstv. forseti, sem ég hef gjarnan minnt á við þessar umræður að vísu fyrir vægast sagt daufum eyrum svo ekki sé meira sagt og er það nokkur lífsreynsla í sjálfu sér að hafa starfað hér í 11 ár, átt sér ákveðið áhugamál af þessu tagi og reynt að koma því hér að og til einhvers framgangs á undangengnum árum og hafa ekki haft meiri uppskeru en raun ber vitni. Ég á hér við framlög okkar Íslendinga til þróunarsamvinnu, til þróunarhjálpar í heiminum. Ég verð að segja það alveg eins og er að mér finnst afar skammarlegt að Íslendingar verandi í hópi ríkustu þjóða heimsins skuli vera með þeim allra öftustu, á borð við alveg niður undir þriðja heims ríki hvað varðar framlög til þróunarsamvinnu. Við af mikilli eigingirni skerum okkur algerlega úr hvað varðar þjóðir á Vesturlöndum, svo ekki sé talað um hin Norðurlöndin sem öll gera nokkuð vel í þessum efnum hvað varðar það að við ráðstöfum miklu, miklu lægri hluta af okkar þjóðartekjum til þessara verkefna hafandi þó tekið þátt í að samþykkja það á alþjóðavettvangi að stefnt skuli að því að 1% af þjóðartekjunum eða framleiðslunni miðað við tilteknar viðmiðunarforsendur renni til svona verkefna. Var það gjarnan hugsað að kannski tveir þriðju hlutar þess kæmu frá ríki og afgangurinn frá einkaaðilum. Þennan lið þyrfti að vísu að hækka um nokkur hundruð prósent til þess að koma upp á einhvert það plan sem væri hægt að sýna og standa kinnroðalaust frammi fyrir erlendis en ég legg hér til að liðurinn verði hækkaður um liðlega 20 millj. kr. og er svo sem ekki mikið en mundi þó lyfta því svolítið og einhverjir gætu þó a.m.k. glaðst yfir því að við værum aðeins á réttri leið í þessum efnum. Það er þó sannarlega ekki svo, því miður, hæstv. forseti, að verkefnin séu eitthvað á undanhaldi úti í hinum stríðshrjáða og hungraða heimi þar sem barist er við offjölgun, sjúkdóma og önnur slík vandamál. Þvert á móti er það þannig að neyðarköllin úr ýmsum áttum

hafa aldrei verið háværari en einmitt nú. Þannig að því er ekki fyrir að fara að við getum réttlætt frammistöðu okkar á þessu sviði með því að það sé batnandi ástand í þessum efnum í heiminum.

Ég geri mér alveg grein fyrir að það er sjálfsagt afar lítill áhugi á þessu málefni hér og fáir sem nenna að hlusta á ræðuhöld um miðja nótt um þetta efni og sjálfsagt borin von að það takist að óbreyttu að ná þessu hlutfalli nokkuð upp. Þess vegna vil ég minna á gamla hugmynd sem áður hefur svo sem verið sett fram, bæði af mér og fleirum, að e.t.v. ætti með einhverjum hætti að bera það upp og jafnvel undir þjóðina hvort hún vildi taka á sig sérstaka gjaldtöku til að standa undir framlögum á þessu sviði. Það væri hægt að hugsa sér einhvern veginn þannig að það væri tekjutengt eða þannig fyrir komið að það teldist að bestu manna yfirsýn sæmilega sanngjarnt. Síðan mætti hugsa sér að það hækkaði í áföngum á einhverju árabili þannig að þessi framlög kæmust upp í það horf að við Íslendingar gætum kinnroðalaust sýnt okkar frammistöðu á alþjóðavettvangi. Ég get mjög vel hugsað mér að láta bera slíkt undir þjóðaratkvæði í tengslum við almennar kosningar og mundi ekki kosta mikið þó að í tengslum við almennar kosningar væri þjóðin jafnframt beðin að tjá hug sinn til þess hvort hún vildi til að mynda gagnvart þessu sérstaka verkefni samþykkja á sig skattheimtu af einhverju slíku tagi sem kæmi í áföngum og yrði tekjustofn helst, liggur mér við að segja, stjórnarskrárvarinn til að ganga til þessa verkefnis.

Þá ekki fleiri orð um það, hæstv. forseti, enda finnst sjálfsagt einhverjum nóg um, en ræðumaður er nú þeirri undarlegu ástríðu haldinn að ég hef leyft mér að segja það sem ég tel mig þurfa að segja um þessi mál án tillits til þess hvað klukkan er. Það er stundum ætlast til þess að menn segi ekki það sem þeim býr í brjósti eða afsali sér málfrelsi ef klukkan er farin að ganga eitt eða tvö eða eitthvað slíkt að næturlagi en ég hef aldrei látið það hafa mikil áhrif á mig satt best að segja. Ég held að við hljótum að ræða hér mál og skiptast á skoðunum eins og við teljum okkur skylt og rétt og taka okkur í það þann tíma sem nauðsynlegur er og þó svo það megi sjá á einum og einum manni að menn eru farnir að þreytast sem skiljanlegt er, þá held ég að við verðum að láta þau alvarlegu viðfangsefni sem við erum með í höndunum ganga fyrir og taka þau til umræðu.

Það er, hæstv. forseti, satt best að segja afar fátt til þess að gleðjast yfir við 2. umr. um fjárlög á þessum ágæta desemberdegi eða nóttu eins og nú er víst orðin og lítið tilefni til fagnaðarláta satt best að segja þegar yfir þetta plagg, fjárlagafrv., er farið og þau áform sem síðan hafa verið kynnt um meðferð þess. Auðvitað er það ekki þannig að ég efist í sjálfu sér um ágætan vilja hv. stjórnarliða í ýmsum greinum til þess að gera betur en menn telja sér sjálfsagt þröngur stakkur skorinn í þessum efnum og ég viðurkenni að það verður ekki gert allt fyrir alla, ekki í þessum efnum frekar en öðrum. Þó verð ég að segja það alveg eins og er að ég mundi una mikið skár við margt af því sem hér er á ferðinni ef hæstv. ríkisstjórn og stjórnarliðar hefðu sýnt a.m.k. einhvern umtalsverðan lit á því að afla þá ríkissjóði tekna á móti þeim verkefnum og þeim halla sem verið er að kljást við þessi árin. Þegar upp er staðið finnst mér það mesti aumingjadómurinn í þessum efnum öllum. Það á svo sem ekki bara við um þá ríkisstjórn sem nú situr, langmesti aumingjadómurinn og mesta pólitíska hugleysið sem viðgengst á Íslandi í dag er aumingjadómurinn gagnvart því að manna sig upp í að afla tekna til að standa undir þeim útgjöldum sem menn í reynd viðurkenna að þeir telja að verði að vera vegna þess að þrátt fyrir tal um niðurskurð og niðurskurð og sparnað og sparnað, þá loka menn ár eftir ár eftir ár eftir ár fjárlagafrv. með tilteknum útgjöldum, með tilteknum rekstri í velferðarþjónustunni og þá verða menn að manna sig upp í það að gera það sem því fylgir, að afla tekna til þess að endar nái saman. Það, hæstv. forseti, tel ég lakast af öllu í þessu sambandi hversu skammt mönnum miðar og í raun og veru ekki neitt í þeim efnum og ef eitthvað er jafnvel heldur aftur á bak í tíð hæstv. núv. ríkisstjórnar.

[02:05]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er langt liðið á nóttu og vissulega er það svo að það er nokkur hætta á því að þegar lagt verður af stað heim geti farið svo að þingmenn fæli burt þá jólasveina sem hafði verið vænst að yrðu á ferðinni við mitt heimili og áttu að koma færandi hendi en það verður að taka því sem að höndum ber í þeim efnum.

Ég hafði, hæstv. forseti, hug á því að vekja athygli á því vegna ágætrar ræðu hv. 4. þm. Norðurl. e. að það hafa verið gerðar breytingar á jarðalögum. Hv. þm. gaf okkur ágætt sögulegt yfirlit yfir jarðræktarframlögin og þá löggjöf og þær skyldur sem bændur telja að felist af hálfu ríkisins í jarðræktarlögunum. En með lögum nr. 1/1992 voru gerðar breytingar til viðbótar við þær breytingar sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon stóð fyrir á sínum tíma til þess að reyna að hemja útgjöld vegna þessa liðar. Í þeim lögum segir, með leyfi forseta, í 4. gr. þessa bandorms en þar er breyting við 12. gr. laganna um jarðræktarframlög:

„Allur réttur til framlaga samkvæmt lögum þessum er háður fjárveitingu Alþingis."

Á þessu kann að vera mismunandi skilningur en sá skilningur hefur verið uppi að svo lengi sem ekki er fjárveiting þá er enginn réttur.

Á þetta vildi ég benda hv. þm. Að vísu veit ég að ýmsir hafa annan skilning á þessu en þann að það sé ekki uppi réttur til þess að fá styrki úr ríkissjóði en þessi lög eru að mínu mati alveg klár og skýr.

[02:07]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hef út af fyrir sig heyrt þetta áður og það er rétt tilvitnað í þetta orðalag. En hitt stendur svo fyrir sínu að að öðru leyti gera jarðalögin ráð fyrir því að menn sæki um framlög og styrki og fái þeir samþykktar þær umsóknir þá er það skilningur bænda að þeir hafi fengið viðurkenningu á því að þeir megi ráðast í tiltekna framkvæmd og eigi rétt á styrkj-

um. Sú lagatúlkun sem gengur gegn þeirri sem hv. 1. þm. Vesturl. var með er væntanlega á þá leið að fjárveitingar Alþingis þó að þær nægi ekki á því yfirstandandi ári sem í hlut á eigi þá að koma til síðar til að gera upp þau framlög sem voru samþykkt.

Spurningin er hins vegar sú: Liggja þá ekki mistökin í því að samþykkja nokkurn tíma meira af umsóknum en svo að fjárveiting yfirstandandi árs dugi til að gera þau upp? Ég ímynda mér að í hnotskurn sé deilan um þetta. Í öllu falli er ljóst að þarna er uppi ágreiningur og ekki minna „átorítet" í þessum málum en sameinuð landbn. Alþingis telur að þarna séu vangoldin framlög upp á annars vegar 67 millj. kr. vegna ársins 1992 og hins vegar 70 millj. vegna ársins 1993. Það gengur ekki til lengdar að láta standa í stappi um þetta atriði. Þetta verður þá bara að útkljá ef menn vilja fara alla leið á enda með það. Ég veit ekki hvernig það yrði þá best gert, hvort bændur verða að höfða mál til þess að láta reyna á rétt sinn í þessum efnum eða hvernig það verður gert ef ekki er hægt að ná um það samkomulagi. En það hlýtur að þvælast fyrir einhverjum stjórnarsinnum, þar á meðal hv. 1. þm. Vesturl., að landbn. Alþingis skuli sameinuð í nefndaráliti sínu, sem er umsögn um útgjöld til landbúnaðarmála samkvæmt fjárlagafrv., vera þessarar skoðunar.

[02:10]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er rétt til getið hjá hv. þm. að þessi niðurstaða hv. landbn. hefur vakið athygli mína og að sjálfsögðu þarf að skoða þessi mál og fá úr því skorið. En að mínu mati gerist það ekki nema með einum hætti, þ.e. að Alþingi afgreiði framlög á fjárlögum til þessara hluta. Hins vegar kom það fram í viðtölum fjárln. við fulltrúa úr landbrn. að af hálfu ráðuneytisins hefur verið lögð á það áhersla að bændum væru kynnt þessi ákvæði í jarðræktarlögum þannig að það væri ekki verið að gefa bændum falskar vonir um styrki sem e.t.v. væru og yrðu ekki til staðar.

Einnig má á það líta að það kann að vera að einstaka bændum sé þetta ljóst og hafi verið ljóst, öðrum ekki og þeir sem þetta hafi verið ljóst hafi ekki ráðist í framkvæmdir sem kynnu að vera styrkhæfar. En síðan voru veitt framlög til þeirra sem höfðu þrátt fyrir þessi ákvæði og þrátt fyrir aðvaranir ráðist í framkvæmdir og fengið þá bætur þannig að þetta er mjög erfitt og flókið og viðkvæmt úrlausnarefni sem ég held að sé afar mikilvægt að fá úr skorið hvernig eigi með að fara. Ég vænti þess að Alþingi geti nú fyrir þinglok tekið á þessu máli.

Að öðru leyti, hæstv. forseti, get ég ekki komið að fleiri athugasemdum við ágæta ræðu hv. þm. en það sló mig þegar hann talaði um að höfð væru í frammi lögbrot vegna þess að ekki væri farið að vegáætlun. Því vil ég minna hv. þm. á að athugasemdirnar árið 1991 eða 1990 sem hann nefndi um að framkvæmdir í vegamálum beindust að því að þá var verið að seinka framkvæmdum en nú snýst allt um það að við höfum verið að flýta framkvæmdum í vegamálum. (**Gripið fram í:** Hvaða framkvæmdum?)

[02:12]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. og varaformanni fjárln. fyrir þessar upplýsingar um jarðræktarlögin. Ég held að það sé alveg hárrétt að þessu máli verði að koma í einhvern farveg. Það er algerlega ómögulegt og óþolandi að hafa þetta svona. Og það er hárrétt sem hv. þm. nefndi að það sem er verst við þetta mál er að sagan er að endurtaka sig gagnvart því að í þessu ástandi felst stórkostleg hætta á grófri mismunun innbyrðis milli bænda. Það liggur í hlutarins eðli ef þannig er að sumir ráðast í framkvæmdir en aðrir draga það við sig vegna þess að þeir taka kannski fullt mark á aðvörunum um að ekki sé nægilegt fé veitt á fjárlögum o.s.frv., þá er verið að bjóða heim mismunun og óþolandi ástandi. Sá dráttur, sem svo verður á því að þeir sem síðan ráðast í framkvæmdir í góðri trú eigandi von á stuðningi við þær fá svo ekki sínar greiðslur, er mjög bagalegur. Það lék marga bændur mjög grátt á árunum kringum 1988 þegar orðinn var margra ára hali á greiðslum þessara framlaga sem gátu skipt mjög miklu og verulegum fjárhæðum til að mynda þegar áburðarkjallarar undir búpeningshúsum áttu í hlut, kostnaður sem hlaupið gat á milljónum króna og munar um minna hjá mönnum sem eru að ráðast í erfiðar fjárfestingar.

Ég bara tek undir það og ítreka að það verður að koma botn í þetta mál. Það er algerlega óþolandi að sagan fari að endurtaka sig með þessum hætti. Það má ekki gerast og ég heiti á hv. þm., varaformann fjárln., og aðra góða menn að ganga í það.

[02:14]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel nauðsynlegt að halda til haga lokaorðum hv. 4. þm. Norðurl. e. þegar hann hvatti mjög til þess að menn yrðu duglegri við það að afla tekna fyrir ríkissjóð. Hv. þm. talaði um það áðan alveg sérstaklega og lagði mjög ríka áherslu á það að það væri, eins og hann orðaði það, sérstakur aumingjadómur að afla ekki tekna á móti þeim útgjöldum sem menn væru að stofna til í fjárlagafrv. og fjárlögunum hverju sinni. Þetta er nauðsynlegt að við höfum í huga og það er út af fyrir sig alveg rétt að það verður að reyna að ná því markmiði að ná meira samræmi á milli útgjalda og tekna. Hins vegar vil ég segja að ég held að það sé farið að reyna svo mjög á þanþol almennings, skattborgaranna í landinu, að við getum ekki gengið mikið lengra en við höfum gert.

Nú veit ég að menn hafa oft uppi þessar almennu hugleiðingar um að það sé hægt að redda þessu öllu með því að leggja skatta á ríka fólkið og fjármagnseigendurna og það allt saman en sannleikurinn er nú samt sem áður sá að þegar farið er yfir þessi mál þá komum við alltaf að því sama að þessir vinsælu skattstofnar sem menn halda að komi eiginlega ekki við neina nema einhverja örfáa menn í landinu hafa ekki reynst gefa þær miklu fúlgur sem menn hefðu kannski trúað. Þess vegna varð það niðurstaðan, og það er kannski mikilvægt innlegg í þessa umræðu, í fjármálaráðherratíð hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar að mik-

ilvægasta verkefnið í því sambandi væri fyrst og fremst það að stemma stigu við ásókn manna í þjónustu ríkisins og það væri best gert með því að auka þjónustutekjur og hvers konar gjöld af því taginu til þess bæði í senn að afla fjár fyrir ríkissjóð og draga úr þörfinni fyrir þessa þjónustu. Kannski var það það sem hv. 4. þm. Norðurl. e. var að hvetja til, að menn gengju lengra í því að afla þjónustutekna fyrir ríkissjóð til þess að standa undir þessum útgjöldum.

[02:16]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tel að ég hafi flutt áðan nokkuð málefnalega ræðu og forðast eins og heitan eldinn að vera í einhverjum útúrsnúningum eða skætingi og m.a. lýsti ég mínum sjónarmiðum mjög hreinskilnislega gagnvart því að ég teldi það mikinn aumingjaskap að reka ríkissjóð ár eftir ár með halla, taka lífskjör núverandi kynslóðar í landinu að láni hjá komandi kynslóðum, börnum okkar og barnabörnunum, og ég tel að heiðarleg og hreinskilin ummæli af því tagi verðskuldi ekki útúrsnúninga af því tagi sem hv. síðasti ræðumaður var hér með. Ég ýjaði hvergi að því og hv. þm. hefur enga ástæðu til þess að lesa það út úr mínum orðum að ég hafi verið að boða einhverja sérstaka hækkun á þjónustugjöldum. Skoðanir mínar í þeim efnum liggja alveg fyrir. Ég er ekki mikill stuðningsmaður þess, a.m.k. ekki þegar undirstöðuþættir velferðarkerfisins eiga í hlut. Ég tel að þá eigi að kosta úr sameiginlegum sjóðum og allir landsmenn án tillits til aldurs, kynferðis eða búsetu eigi að standa jafnir gagnvart því þannig að ég hef ekki verið talsmaður skólagjalda, gjaldtöku á heilsugæslustöðum, spítölum o.s.frv. svo að hv. þm. hafi það á hreinu.

Ég hef líka lýst mínum viðhorfum til tekjuöflunar, svo sem eins og með því að leggja á almennilegan hátekjuskatt, leggja á fjármagnstekjuskatt og skattleggja í ríkari mæli en nú er gert hagnað gróðafyrirtækja. Ég tel að þetta eigi að gera. En mikilvægasta aðgerðin er auðvitað sú að örva þannig efnahagsstarfsemina og atvinnulífið og verðmætasköpunina í landinu að við hreinlega styrkjum tekjugrundvöllinn í heild sinni. Við munum aldrei ráða við þetta vandamál með þeirri samdráttar-, niðurskurðar- og afskiptaleysispólitík sem þessi ríkisstjórn hefur rekið í þeim efnum. Til að mynda atvinnuleysið eitt er einhver mesta sóun sem nokkurt þjóðfélag getur búið við, bæði vegna þess að það veldur gífurlegum útgjöldum en það þýðir líka að menn verða af geysilegum verðmætasköpunarmöguleikum.

Ég er til í umræður við betra tækifæri við hv. þm. um þetta en ég frábið mér túlkun á mínum orðum eins og hann hafði uppi tilburði til áðan.

[02:19]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það voru engir útúrsnúningar af minni hálfu þegar ég vakti athygli á því að hv. þm. nefndi það í lok ræðu sinnar, sem var á margan hátt málefnaleg og ítarleg ræða, að hann teldi það aumingjadóm að afla ekki tekna fyrir þeim útgjöldum sem stofnað væri til í fjárlögum og fjárlagafrv. hverju sinni. Út af fyrir sig gerði ég engan ágreining um það. Ég var hins vegar að segja á móti að ég teldi að við værum komin að endimörkum á þeirri leið skattahækkana sem menn hafa farið fram undir þetta. Ég sagði jafnframt að ég teldi að í því væri fólgin einhver sjálfsblekking þegar menn töluðu í almennum frösum, liggur mér við að segja, um að það ætti að skattleggja einhverja hátekjumenn og fjármagnstekjur, og núna bætti hv. þm. við hagnaði gróðafyrirtækja, og ímynda sér að þetta eitt og sér mundi duga til þess að brúa þetta bil. Ég vakti á því athygli jafnframt að það var svanasöngur fjmrh. fyrrv. ríkisstjórnar að gefa út sérstakt rit þar sem hvatt var til þess að draga úr þörfinni fyrir þjónustu á vegum ríkisins með því að leggja á þjónustugjöld. Þetta var niðurstaða sameiginlegrar norrænnar vinnu fjmrh. á þeim tíma og var birt með sérstakri velþóknun til þess að vekja athygli á nauðsyn þess að þetta kerfi væri líka innleitt hér á landi. Ég hélt satt að segja í barnslegri trú minni að hv. þm., sem var í ríkisstjórn á þeim tíma, hefði eitthvað haft að gera með þessa stefnumörkun sem var sett fram í lok síðasta kjörtímabils sem sérstakt innlegg til framtíðar að þessu leytinu.

Ég segi varðandi hagnað gróðafyrirtækjanna sem svo eru kölluð að ég held að það sé fyrst og fremst áhyggjuefni fyrir okkur Íslendinga hversu hagnaður atvinnulífsins í landinu er lítill og það gerir það að verkum að atvinnugrundvöllurinn er ekki nægilega öflugur í landinu eins og mál standa nú.

[02:21]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég var réttilega að vekja athygli á því að menn gera ekki það sem þeir eru stundum að tala um, t.d. fyrir kosningar og er oft vinsælt, að þeir ætli bara að skera niður og spara. Það er ein aðferðin. En staðreyndin er sú að menn hafa ekki gert það, hv. þm., hvorki Sjálfstfl. né Alþfl. né út af fyrir sig aðrir flokkar þrátt fyrir stundum hákarlalegar yfirlýsingar um það, t.d. hæstv. utanrrh. Hann hefur oft tekið stórt upp í sig og þeir kratar og talað um að það væri lítið mál að spara svo og svo marga milljarða og skera niður. En hver er niðurstaðan? Núv. ríkisstjórn hefur t.d. haft fjögur ár til þess að ná einhverjum tökum á ríkisfjármálum með niðurskurði og sparnaði ef svo ber undir. En hver er niðurstaðan? Hver er útkoman? Hallarekstur á ríkissjóði á hverju einasta ári upp á marga milljarða og tugi milljarða. Og þá segi ég: Þá verða menn að horfast í augu við að það verður þá að fara a.m.k. að einhverju leyti hina leiðina, að afla tekna því þetta gengur ekki svona óbreytt um aldur og ævi, það vitum við öll. Það er mesti aumingjaskapurinn af þessu öllu að neita að horfast í augu við raunveruleikann og taka á vandamálinu. Það er að fá lífskjör sín að láni hjá komandi kynslóðum.

Ég er út af fyrir sig sammála hv. þm. um að leið skattahækkana, þ.e. skattahækkana á almenning, við erum komin meira en á endastöð í því máli. Það er vegna þess að núv. ríkisstjórn hefur aldrei séð nein önnur úrræði en að hækka skatta á almenningi og hefur flutt skattbyrðar svo nemur milljörðum kr. af at-

vinnulífi yfir á almenning. Ég tel að þar eigi að reyna a.m.k. að einhverju leyti að finna leið til baka í því formi að ná a.m.k. meiri þátttöku best stæðu fyrirtækjanna í kostnað af rekstri samfélagsins. Enda sýnir reynslan að þeir peningar leita lítið út til nýsköpunar í atvinnulífinu. Þessu má líka mæta með því að hafa hvata á móti í formi frádráttar til þeirra fyrirtækja sem standa í nýsköpun.

Að lokum er það ekkert sem skrifast á mína ábyrgð þó að einhver skýrsla hafi komið fram í fjmrn., einhverjar vangaveltur embættismanna um einhver þjónustugjöld. Ég ber bara enga ábyrgð á því.

[02:23]

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Ég hafði hugsað mér að halda nokkra ræðu um fjárlög en er nú eiginlega alveg fallin frá því þar sem það er orðið nokkuð áliðið. En í framhaldi af því sem var til umræðu síðast í andsvörum milli hv. 4. þm. Norðurl. e. og 3. þm. Vestf. þá má segja að flatur niðurskurður hefur verið ástundaður mjög í tíð þessarar ríkisstjórnar. Hún hefur ekki haft kjark til þess að forgangsraða og hún dýpkaði mjög þá kreppu sem óneitanlega var í efnahagslífinu á fyrri hluta kjörtímabilsins og er raunar enn með því að vera með úrtölur og mikið svartagallsraus og þannig urðu tekjur ríkissjóðs minni en ella hefði orðið. Ekki fleiri orð um það.

Það sem ég hafði fyrst og fremst ætlað mér að tala um eru ýmsir liðir sem heyra undir hæstv. menntmrh. sem er löngu horfinn úr þingsalnum og eru reyndar mál sem eru til athugunar á milli 2. og 3. umr. og ég leyfi mér að hafa enn þá þá von að hæstv. ríkisstjórn og hv. meiri hluti fjárln. beri gæfu til þess að taka á jákvæðan hátt á þeim málum. Þar má sérstaklega nefna Háskóla Íslands sem er mjög illa leikinn af hálfu hæstv. ríkisstjórnar. Við stjórnarandstaðan í hv. menntmn. flytjum brtt. við fjárlagafrv. um aukið framlag vegna þess að háskólinn er í kreppu og ekki er útséð um það hvort hann heldur velli sem æðsta menntastofnun þjóðarinnar og sem menntastofnun sem á að vera sambærileg við aðrar menntastofnanir í Evrópu á þessu sviði. Það hefur komið fram í umræðunni að Háskóli Íslands er til umfjöllunar á milli 2. og 3. umr. og ég boða þá frekar lengri ræðu við 3. umr. ef ekki verður orðið við því að bæta þar úr.

Ég tek undir það sem hefur komið fram hjá nokkrum hv. þm. varðandi tannlæknadeildina. Það er eitthvað sem hv. þm. stjórnarflokkanna datt í hug að mér finnst bara í morgun eða í gær að slá fram til þess að geta eitthvað sagt og til þess að geta eitthvað gagnrýnt. Það var greinilega áhugi á því hjá hv. þm. stjórnarflokkanna að gagnrýna háskólann og þarna sáu þeir einn möguleika sem þeir notfærðu sér og er hann ekki mjög frumlegur því að oft hefur þetta áður verið nefnt.

Annað var það sem ég ætla að gera að umræðuefni og það er Þjóðarbókhlaðan sem var opnuð með mikilli viðhöfn á fullveldisdaginn og má í sjálfu sér þakka hæstv. menntmrh. fyrir það að hann hefur sett svolítinn kraft í að ljúka því verki sem hafði dregist úr hömlu. En það er ekki nóg að opna þetta glæsilega hús því að eins og fjárlagafrv. lítur út þá vantar alveg stórlega fjármuni til þess að geta rekið safnið þannig að það geti þjónað því hlutverki sem því ber að gera. Og samkvæmt fskj. með frv. um Þjóðarbókhlöðu þegar það var til umfjöllunar í hv. Alþingi á síðasta vetri þá var gert ráð fyrir að það þyrfti 242 millj. til þess að reka safnið en samkvæmt frv. fær það 161 millj. kr. Munurinn, 81 millj., er hvergi sjáanlegur. En hæstv. menntmrh. tók það fram fyrr í kvöld að þetta væri eitt af þeim málum sem yrðu skoðuð milli 2. og 3. umr. og ég boða þá bara lengri ræðu við 3. umr. ef ekki verður orðið við því. Á þetta legg ég mjög mikla áherslu þar sem það verður strax við upphaf rekstrar þessa safns að reka það með þeim myndarbrag að það geti þjónað landsmönnum og þá sérstaklega stúdentum við háskólann. En opnunartíminn er ekki nógu langur eins og þetta er í dag og fleira mætti nefna.

Ég ætla ekki núna, hæstv. forseti, að fara út í skólamálin frekar en illa er staðið að grunnskólamálum og framhaldsskólum reyndar líka en þó alveg sérstaklega grunnskóla. Það er búið að vera þannig í tíð þessarar ríkisstjórnar árvisst og eru kannski orðnar nokkuð þreytandi þær ræður sem sú sem hér stendur hefur haldið um þau mál því að þær hafa allar verið á eina bókina lærðar.

Að síðustu langar mig að nefna listskreytingasjóð sem er alveg skorinn í frv. Þó að hæstv. menntmrh. væri að reyna að halda því fram áðan að það væri ekki verið að leggja sjóðinn niður heldur bara verið að leggja niður fjárframlög til hans þá gildir það einu að mínu mati. En ef það gerist núna árið 1995 að sjóðurinn fær ekkert framlag á fjárlögum þá verður erfitt að koma honum í gang aftur. Og það eru engin rök sem hafa verið færð fram fyrir því að gera þetta. Mér dettur í hug að sú aðferð sem hv. 5. þm. Suðurl. nefndi í kvöld að væri viðhöfð af hálfu stjórnarflokkanna varðandi niðurskurð hafi einmitt verið viðhöfð, þ.e. að það hafi verið notuð skífa og snúið eins og gert er stundum í einhverjum lottóum í sjónvarpinu og þannig fundið út hvar ætti að skera því listskreytingasjóður verður fyrir valinu án þess að nokkur rök hafi verið færð fyrir því hvers vegna. Ég segi um hann eins og fleira sem ég hef bryddað upp á að ég boða frekari umræðu um þann sjóð ef ekki verður bætt úr á milli 2. og 3. umr. Það mætti nefna húsafriðunarsjóð og fleira en aðrir hv. þm. Framsfl. hafa komið inn á þau mál.

Það er aðalerindi mitt hingað úr því að það er orðið svona áliðið að mæla fyrir brtt. á þskj. 370 frá hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur, Svavari Gestssyni, Pétri Bjarnasyni og þeirri sem hér stendur og er hún vegna Heyrnleysingjaskólans, að í staðinn fyrir 12,6 millj. komi 16,4 millj. Hér er um það að ræða að það eru uppi áform um að leggja niður leikskóla Heyrnleysingjaskólans og hann fari undir Dagvist barna í Reykjavíkurborg. Þetta mál hefur ekki verið undirbúið nægilega vel og við höfum áhyggjur af því að ef þetta verði gert bara sisvona um áramótin þá geti þetta haft mjög alvarlegar afleiðingar fyrir þau börn sem þarna eru vistuð og eru heyrnarlaus. Táknmálið er þeirra tungumál og það er óskaplega mikilvægt að þau

fái þá umönnun sem þeim ber til þess að þessir einstaklingar nái því að eiga tungumál. Við óttumst að það gæti farið svo að það yrði ekki ef þarna yrði á fljótvirknislegan hátt kastað teningi og leikskólinn fluttur yfir til borgarinnar án undirbúningsvinnu. Hæstv. menntmrh. kom inn á þetta mál í fyrirspurnatíma fyrir nokkrum dögum og opnaði á það að þessu mætti fresta, en til þess að svo geti orðið þarf að hækka framlag á fjárlögum um 3–4 millj. Til þess að sýna í verki vilja okkar í þessum efnum þá leggjum við fram þessa brtt.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um fjárlagafrv. á þessu stigi málsins en ítreka að þau mál sem ég hef nefnt eru mjög mikilvæg og heyra undir hæstv. menntmrh. og ég trúi því að það verði tekið á þessum málum milli 2. og 3. umr.

[02:34]

Guðrún J. Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Þótt nú sé liðið á nótt og ég tali fyrir alveg sárafáum eyrum, þá get ég ekki látið hjá líða að segja nokkur orð um þætti sem ekki hefur verið komið inn á í kvöld nema að litlu leyti en eru mjög mikils virði. Þessir þættir varða kjaramál fatlaðra og aldraðra en hlutur þeirra í fjárlagafrv. er ótrúlega skarður. Í fyrsta lagi er áætlað að aftengja, eins og það heitir í frv., sjálfvirka hækkun bótagreiðslna frá ófyrirséðum launahækkunum og miða þess í stað við forsendur fjárlaga hverju sinni eða verðlagsforsendur í þjóðhagsáætlun, eins og stendur á öðrum stað fjárlagafrv. Þessi ákvæði valda mér nokkrum ugg vegna þess að lífeyristekjur aldraðra og fatlaðra sem og atvinnuleysisbætur eru svo lágar að ekki er á bætandi. Fyrirséð er að launahækkanir verða á næsta ári því samningar eru lausir alls staðar. Hvað af þeim launahækkunum munu vera álitnar fyrirséðar hækkanir og hvað ófyrirséðar? Þarna á greinilega að skerða hlut bótaþega, það liggur ljóst fyrir.

Í annan stað á að afnema eingreiðslur til lífeyrisþega og atvinnuleysisbótaþega. Ég veit að hér er um að ræða allmikið fé, 600 millj. til lífeyrisþega og 430 til atvinnuleysisbótaþega. En ég veit líka að þó að þessar eingreiðslur séu lágar fyrir hvern þega fyrir sig þá eru þær tilhlökkunarefni bótaþegana og þeir treysta á þær tvisvar á ári þegar þær eru greiddar. Raunar er þessi meðferð á greiðslum til fatlaðra svo lágkúruleg að undrum sætir ef Alþingi Íslendinga lætur því ómótmælt. Á sama tíma og hæstv. ríkisstjórn er tilbúin til að lána peningafólki 200.000 kr. yfir áramótin til að kaupa hlutabréf svo að umrætt peningafólk geti fengið skattafslátt af fjármunum sínum á næsta ári, á sama ári eru eingreiðslurnar teknar af bótaþegum. Gæti ekki hv. fjárln. eða þær nefndir sem fjalla um fjárlögin að öðru leyti athugað hvort ekki er hægt að endurskoða þessar tillögur um eingreiðslurnar. Það að taka desemberuppbót af fólki er reglulega ljótt. Það er kannski ekki algengt að segja svona í ræðustól en þetta er ljótt. (**Gripið fram í:** Það er ljótt að taka peninga af fólki.) Það er ljótt að taka peninga af þeim sem eiginlega ekkert eiga, skerða fyrst og fremst hjá þeim. Ég get ekki látið hjá líða að segja það að ég er nýbúin að standa fyrir framan hóp af atvinnulausu fólki og segja: Þið fáið ekki desemberuppbót. Það er ekki gaman að gera það en það er kannski gaman að sitja í einhverri nefnd uppi á fjórðu hæð í einhverju húsi og ákveða það.

Enn eitt veldur undrun og nokkrum efa við lestur fjárlagafrv. Það virðist svo að við tilkomu húsaleigubóta eigi að skera niður 200 millj. í heimildabótum sem svo eru nefndar. Bótaþegar munu því verða einu þegnar þjóðfélagsins sem verða fyrir tekjurýrnun á móti þeirri kjarabót sem húsaleigubæturnar eiga að vera. Margir álíta að vísu að húsaleigubæturnar muni illa skila sér en ég vil benda á þessa þversögn sem kemur bótaþegum í opna skjöldu og ansi hart að alls staðar skuli vera skorið niður hjá einmitt þeim sem síst mega við því.

Það sker í augun að ætlunin er að skerða Framkvæmdasjóð fatlaðra. Hann er áætlaður vera 330 millj. og til hans rennur það fé sem innheimtist í erfðafjárskatti en að honum er mikið sneitt. Fyrst er það til að taka að 25% eiga að ganga til viðhalds og síðan 40% til rekstrar, þjónustu og breytinga, m.a. vegna þess að verið er að leggja Kópavogshælið niður. Eftir standa 35% til framkvæmda.

Húsakostur fyrir fatlaða úti á landsbyggðinni mun í allgóðu formi eftir því sem mér er tjáð, en á Reykjavíkursvæðinu ríkir mikil neyð og ég vona að þessi 35% bæti að nokkru úr en 35% eru aðeins 115 millj. og það er vafamál að allar þær milljónir komist á Reykjavíkursvæðið. E.t.v. er hæstv. ríkisstjórn að gera því skóna að meira fé muni berast í sjóðinn en gefið er upp. Fyrr í dag hefur a.m.k. verið á það bent að líkur eru á því að erfðafjárskattur verði í ár 60 millj. kr. hærri en gert er ráð fyrir í fjárlögum árið 1994, þ.e. 380 millj., og líka mun hærri en gert er ráð fyrir í fjárlögum fyrir 1995 svo kannski kemur þar eitthvert fé til viðbótar.

Framkvæmdasjóður aldraðra verður samkvæmt frv. 480 millj. kr. Þar af á að taka 175 millj. til rekstrar eða 36,5% af sjóðnum. Eftir standa 305 millj. Vistheimilamál aldraðra úti á landi eru að því er talið er í allgóðu lagi en öðru máli er gegnir á Reykjavíkursvæðinu. Þar ríkir mikið neyð þó að mikið hafi að vísu verið gert. Ég vil því hvetja til þess að hæstv. ríkisstjórn forðist að leita í sjóðinn eftir rekstrarfé og að hann sé notaður til framkvæmda þar sem mest þarf á að halda, þ.e. á Reykjavíkursvæðinu. Á það hefur verið bent í dag að í slíka framkvæmdasjóði er sífellt verið að leita og taka fé úr þeim til rekstrar og það eykst ár frá ári það sem notað er á þennan átt. Þetta er óheillaþróun.

Í dag hefur verið allmikið talað um hvort eigi að leggja niður tannlæknadeild háskólans. Ég veit ekki hvort hv. Alþingi gerir sér grein fyrir því að sú niðurlögn mundi einnig varða atvinnulausa og aðra þá sem eru mjög tekjulágir í landinu. Því er nefnilega þannig varið að í tannlæknadeild er hægt að fá tannviðgerðir fyrir lítið eða ekki neitt enda eru það nemar sem eru að æfa sig við tannlækningarnar. Þetta er því eina leiðin fyrir fátæka til að fá tannviðgerðir og má telja til sameiginlegra tekna þegnanna að fá þessa þjónustu. Það eru þar af leiðandi meiri tekjur af tannlæknadeildinni en í ýmsum öðrum deildum háskólans. Þetta gleymist

enda man enginn eftir þessu fólki sem minnst fé fær og minnst fé á. Kannski heldur fólk að það geti elt þetta til útlanda.

Ég vil að lokum taka undir tvær tillögur sem komið hafa fram í dag. Annað er sú tillaga sem hv. síðasti ræðumaður mælti fyrir. Það var tillaga til breytinga á fjárframlögum til Heyrnleysingjaskólans úr 12,5 millj. í 16,5 millj. Ég tel að þetta sé réttlætis- og nauðsynjamál og mikil þröngsýni ef þessi tillaga verður ekki samþykkt.

Ég vil einnig taka sérstaklega undir tillögu hv. þm. Ragnars Arnalds um hækkun á dreifbýlisstyrk. Ég veit það af eigin raun af störfum mínum úti í samfélaginu hversu mikils virði þessi dreifbýlisstyrkur er, ekki bara fyrir fjölskyldur úti á landi sem þurfa að senda börnin sín eða unglinga hingað heldur líka fyrir einstök ungmenni sem eru að berjast áfram í námi á eigin spýtur og eiga heima úti á landi þar sem erfitt er að ná til nokkurs náms en sækja þar af leiðandi um langan veg í skóla. Þetta unga fólk sem er mjög virðingarvert má ekki missa þennan styrk.

[02:44]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Það er nokkuð farið að líða fram á nóttina en mér finnst nú einhvern veginn að maður megi ekki láta það hafa áhrif á hvort maður ræðir eitthvað um mál eins og það sem er til umræðu. Ég ætla þess vegna að fara fáeinum orðum um þetta frv. til fjárlaga en að vísu lítið almennt vegna þess að félagar mínir í Alþb. hafa fyrr í dag gert grein fyrir afstöðu Alþb. til frv. Ég ætla þess vegna að taka frekar fyrir afmarkaðri hluta þess og einnig að mæla fyrir tveimur brtt. sem ég flyt við frv. Reyndar var hugmyndin að flytja þriðju brtt. en vegna þess hversu fámennt var orðið hér í kvöld treystu hv. forsetar sér ekki til þess að ná fram afbrigðum á þeirri tillögu þannig að við sem flytjum hana munum láta hana koma fram við 3. umr.

Það er fyrst að segja það að lokaorð í greinargerð með fjárlagafrv. voru eftirfarandi og það er umhugsunarefni þegar menn sjá þær brtt. sem hér eru komnar fram og hafa líka séð og heyrt nýjustu tillögur ríkisstjórnarinnar sem voru kynntar með pompi og prakt um síðustu helgi. Það stendur í lokaorðum í fjárlagafrv. í greinargerðinni:

„Boðskapur þessa fjárlagafrumvarps er skýr. Ekki verður hvikað frá þeirri aðhaldsstefnu í ríkisfjármálum sem ríkisstjórnin hefur fylgt. Nú þegar loksins rofar til í efnahagslífinu eftir erfiðleika og samdrátt undanfarin ár er afar mikilvægt að sá tekjuauki sem efnahagsbatinn skilar gangi til þess að minnka halla ríkissjóðs. Jafnvægi í ríkisbúskapnum er forsenda þess að treysta hagvöxt í sessi og bæta lífskjörin. Þetta er kjarni stefnunnar í ríkisfjármálum."

Svo mörg voru þau orð. Það verður harla hjákátlegt að bera þau saman við síðasta útspil hæstv. ríkisstjórnar sem kom fram á laugardaginn var og mun þýða að hallinn á ríkissjóði mun aukast frá því sem gert var ráð fyrir í fjárlagafrv. um eitthvað í kringum 2,7 milljarða kr. eftir því sem mér hefur verið sagt þó ég viti ekki hversu nákvæm vísindi eru á bak við þann útreikning. Það er þess vegna á ferðinni kannski á milli 9–10 milljarða kr. halli á fjárlagafrv. sem verið er að ræða við 2. umr. Það er kannski rétt að endurtaka þá setningu sem ég las reyndar hér áðan, hæstv. forseti: „Ekki verður hvikað frá þeirri aðhaldsstefnu í ríkisfjármálum sem ríkisstjórnin hefur fylgt." Menn eru sem sagt ánægðir með stöðuna og sjálfa sig og telja að þeir séu á réttum brautum. En lýsingin á því hverjar þær brautir eru er dálítið undarleg.

En úr því að ég er farinn að tala um þessa laugardagsyfirlýsingu sem gerði hæstv. utanrrh. svona hamingjusaman að það var besti dagur í lífi hans á tíma þessarar ríkisstjórnar þá verð ég að segja að mér finnst það dálítið dapurlegt að sjá það í fjölmiðlum að alla vega eins og stendur þá hafa þessar fréttir verið túlkaðar með þeim hætti að það er enginn vafi á því að almenningur í landinu trúir því líklega eftir að hafa lesið Morgunblaðið og hlustað á frásagnir af þessari yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar að það eigi t.d. að lækka skatta. Tekjuskattur lækkar um 8.400 kr. stendur í Morgunblaðinu t.d. á þriðjudeginum í þessari viku. Og það án þess að tillit sé tekið til tekna fólks. Þetta er það sem Morgunblaðið segir að þessar ákvarðanir ríkisstjórnarinnar þýði eða yfirlýsing um hvað hún hyggst láta gera á hv. Alþingi. Auðvitað er þetta blekking. Það er búið að fara yfir það og ég ætla ekki að fara að endurtaka það neitt sérstaklega, einungis að segja að vitanlega eru þessi áform miðuð við að tekjur ríkisins aukist vegna hækkaðra tekna fólks og að þess vegna muni það ekki hafa áhrif á tekjur ríkisins þó að hækki hjá fólki það sem það fær frádregið áður en það fer að borga skatt.

Það má segja að þetta sé svo sem í stíl við það sem hæstv. ríkisstjórn hefur verið að boða, aðaláhrifin af setu þessarar ríkisstjórnar eru auðvitað þau að hún hefur sett auðhyggjuna í öndvegi og hún hefur gert þá ríku ríkari og þá fátæku fátækrari. Það eru aðaláhrifin af setu þessarar ríkisstjórnar. Í upphafi boðaði hún afskiptaleysi af atvinnulífinu, engar sértækar aðgerðir og að einkavæðingin væri lausn á flestum vanda. Í ljósi stefnu sinnar og til þess að fullnægja henni var farið í að selja ríkisfyrirtæki svona eins og hægt var. Það gekk nú brösuglega á pörtum. En sumt seldist fyrir lítið þegar menn voru tilbúnir að selja og vildu koma sínum vörum út, þá seldust þær. SR-mjöl var selt fyrir lítið og það eru fleiri fyrirtæki ríkisins sem hafa verið seld fyrir lítið. Gróðinn af þessari sölu hefur verið lítill en ríkið er farið að tapa tekjum vegna sölu á sumum af þessum fyrirtækjum. Þingmenn fengu t.d. í hendur upplýsingar um það hvaða áhrif á tekjur ríkisins það hafði að selja framleiðslu áfengis frá Áfengisverslun ríkisins. Það er fróðlegt og segir svolítið um það hvað hæstv. ríkisstjórn hefur verið að gera í einkavæðingunni. Hún seldi framleiðsludeild ÁTVR fyrir 15 millj. kr., heilar 15 millj. sem hún fékk fyrir allt saman. Framleiðslurétt á áfengi, vélar og tæki. Það er fullyrt frá starfsmönnum Áfengisverslunar ríkisins að tekjutap áfengisverslunarinnar vegna þessarar sölu sé a.m.k. 17 millj. kr. á hverju ári. Það er 2 millj. kr.

mínus á fyrsta ári. Tekjutap ríkissjóðs er 17 millj. kr. á ári af því að hafa selt framleiðsludeildina. Þetta er nú gróðinn sem þessi einkavæðing færði í ríkissjóð að losa sig við áfengisframleiðsluna sem þarna var til staðar. Það uggir mig að ýmislegt af því sem menn hafa fært í fang og ekki svifist svo sem nokkurs í því að losa ríkið við eigur sínar að það muni koma á daginn að þar sé líka verið að selja frá sér tekjumöguleika. Og ekki bara tekjumöguleika heldur stórkostlegar eignir sem hafa verði látnar fara fyrir litla sem enga fjármuni. En kenniorðin sem hæstv. ríkisstjórn notar og hv. þingmenn hennar eru: einkavæðing, markviss hagræðing og eitthvað í þeim dúr og út úr því hefur síðan komið það sem við höfum séð og erum að sjá þessa dagana.

Byrðarnar voru fluttar af fyrirtækjunum yfir á almenning. Tekjutap ríkisins vegna þess flutnings er gífurlega mikið. Það eru skattalækkanir á fyrirtæki sem ríkissjóður er núna að líða fyrir. Það má auðvitað ræða það nokkuð lengi hvernig eigi að skattleggja fyrirtæki en ríkissjóð munar örugglega mikið um þann skatt sem hann verður af að fá nú t.d. vegna þeirra fyrirtækja sem hafa núna verulega miklu lægri skattprósentu og þurfa þess vegna ekki að borga í ríkissjóð töluvert stóran hluta af hagnaði sínum. Það eru ekki vesalingarnir sem græða á því, það eru stærstu og sterku fyrirtækin sem hafa mestan hagnaðinn sem græða á breytingum á tekjuskatti fyrirtækjanna. (Gripið fram í.) Þetta er auðvitað sannleikur, hv. 5. þm. Austurl. Þetta veit hv. þm. vel. Það er búið að lækka skattprósentuna á fyrirtækjunum niður í 32% eða eitthvað slíkt. Það munar ekki litlu. Það er orðinn slíkur munur á einkarekstri og fyrirtækjarekstri að einkarekstur mun heyra sögunni til þ.e. sá einkarekstur, sem hefur verið rekinn á fulla ábyrgð einstaklinganna á undanförnum árum, mun heyra sögunni til innan skamms tíma vegna þessara skattkerfisbreytinga. Því einkaaðilinn verður að borga hátt í 42% af sinni starfsemi ef hann er ekki með sinn rekstur í hlutafélagsformi en fyrirtækin borga auðvitað þessa lágu skattprósentu sem búið er að koma á núna. (Gripið fram í.) Ég held að það hefði mátt bíða að breyta þessu svona. Það var ekki réttur tími alla vega til að gera það þegar ríkissjóð vantaði svo sárlega fjármuni og þurfti á öllu að halda. Ég tel líka að það sé ekki réttur tími til þess að lækka hátekjuskattinn þegar svo sárlega vantar fjármuni í ríkissjóð. Það er ekki réttur tími til að lækka hátekjuskattinn þegar hæstv. ríkisstjórn boðar að það þurfi til að hengja saman fjárlög að bæta við hallann úr 6,5 milljörðum kr. upp í kannski 9,5 milljarða kr. eða hvað það verður þegar upp verður staðið. (**GunnS:** Alþb. fannst aldrei rétti tíminn til að leggja einu sinni á hátekjuskattinn.) Það er rangt hv. þm. að Alþb. hafi aldrei fundist réttur tími til að leggja á hátekjuskatt. Það veit hv. þm. betur en hann talar. Það voru fleiri sem tóku þátt í þeirri ríkisstjórn en Alþb. Það mun vera ríkisstjórn sem Alþfl. og Alþb. og Framsfl. tóku þátt í sem hv. þm. er að vísa til. Það mun hafa orðið niðurstaðan hvernig sem afstaða einstakra flokka var að það væri ekki hægt að leggja þennan skatt á meðan sú ríkisstjórn var við völd. Þannig að það mun vera sameiginlegur pyttur sem við hv. þm. sitjum í gagnvart hátekjuskattinum áður en þessi ríkisstjórn komst á. En ég tel alla vega að það hafi verið full ástæða til að viðhalda honum áfram og alls ekki að lækka hann. Ég þarf ekki að rökstyðja það með öðru en þeim halla sem hæstv. ríkisstjórn stefnir að að verði nú á fjárlögunum. (**GunnS:** Það var líka halli á síðasta kjörtímabili.) Það var auðvitað halli á síðasta kjörtímabili en ef við athugum núna og förum yfir kannski hluta af þeim ræðum eða minnumst þeirra ræðuhalda sem hæstv. ráðherrar Alþfl. sérstaklega, t.d. hæstv. viðskrh., og hv. þm. hafa haldið hér á kjörtímabilinu um að það ætti ekki að vísa eyðslu okkar yfir á framtíðina þá held ég að það ætti að skoða ummæli hv. þm. í ljósi þess.

Það er fleira sem hægt er að kalla blekkingariðju sem hæstv. ríkisstjórn hefur verið að stunda núna. Ég verð að segja það alveg eins og er að sú ró sem hv. þm. stjórnarliðsins og hæstv. ríkisstjórn hafa skreytt sig oftast með á þessu kjörtímabili og virðast ætla að hafa í barmi sínum alveg sérstaklega á næstunni og líklega í kosningabaráttunni það eru þessi átök í vegamálum. Það kann nú að vera að ég sé að slíta þeim stokk sem margir hafa gert áður með því að fara að tala um það. En vegna þess hve hv. þm. og hæstv. ráðherrar eru nú iðnir við að hæla sér af þessum afrekum sínum í vegamálum þá kemst ég ekki hjá því hér við umræður um fjárlögin einfaldlega vegna þess að það er auðvitað hluti af fjárlagagerðinni. Og ég ætla að fara hér yfir örfáar tölur og verð fljótur að.

Frá því að þetta stórkostlega framkvæmdaátak í vegamálum hófst, sem gerðist á árinu 1993, og fram á þennan dag þá hafa verið skertar tekjur í Vegasjóð og ég ætla að nefna bara tvö atriði. Það eru annars vegar þær tekjur sem eru skertar í Vegasjóðinn og hins vegar það sem Vegasjóður nú borgar, þ.e. reksturinn á ferjum og flóabátum eða kostnaðurinn sem fylgir þeim rekstri. Bara þessi tvö atriði vega upp allt átakið í vegamálum sem hæstv. ráðherrar og hv. þm. ríkisstjórnarflokkanna hafa verið að hæla sér af. Á árunum 1993–1995 eru bara þessir tveir liðir samanlagt 2 milljarðar 434 millj. kr. Lántakan vegna vegaframkvæmdanna sem búið er að fara í var nákvæmlega 2 milljarðar 450 millj. kr. Hvað skyldi þá vera eftir af þessu mikla vegaátaki? Það eru ekki mjög stórar upphæðir. Ég held að það sem hafi gerst og orðið til þess að hæstv. ríkisstjórn hljóp til og boðaði nýtt vegaátak hafi reyndar verið það að hv. þm. stjórnarflokkanna hafi áttað sig á því að það mundi auðvitað komast upp um þá í kosningabaráttunni þegar menn færu að fara yfir tölurnar þá yrði auðvitað sýnt fram á það að vegaátakið var bara blöff. Það var aldrei neitt vegaátak það var bara verið að færa fjármunina svona til og hræra í hlutunum í hvaða tilgangi sem það hefur nú verið gert. Kannski hugsanlega í þeim tilgangi að geta haft áhrif á það í hvaða röð framkvæmdir væru teknar. Alla vega á að halda áfram sömu brautina. Það er meiningin að hið nýja vegaátak sem á að hefjast á næsta ári eigi ekki að lúta sömu lögmálum við skiptingu vegafjár eins og gert hefur verið á undanförnum árum. Ég vek athygli

á því að samgn. skilar sameiginlegu áliti og kannski finnst sumum hv. þm. það skrýtið að við í samgn. skulum skrifa undir sameiginlegt álit, sem hér fylgir með brtt. meiri hluta fjárln., vegna þess hvernig staðið hefur verið að vegamálunum á undanförnum árum. En mín afstaða er sú og þess vegna skrifa ég undir þetta sameiginlega álit að ég bind við það ákveðnar vonir að meðhöndlun vegamálanna í vetur, vegáætlunar og þeirra mála sem tengjast henni, muni verða með þeim hætti í hv. nefnd að það verði reynt að færa ríkisstjórnarflokkana af þessum óheillabrautum og þetta vegaátak, sem menn ætla í núna, verði tekið inn í svipaðan farveg í sambandi við skiptingu á vegafénu eins og hefur verið við lýði á undanförnum árum og hefur verið góð samstaða um. Í þessu áliti sínu lýsir nefndin yfir áhyggjum sínum vegna samdráttar til helstu framkvæmdaflokka samgöngumála í frv. Þar eru einkum hafnamálin og flugmálin og ég vísa til þess sem hv. 4. þm. Norðurl. e. sagði um þá hluti og ætla ekki að fara að lengja umræðuna með því að endurtaka það.

Ég vildi að þetta kæmi fram sem ég hef verið að segja um þetta framkvæmdaátak í vegamálum. Sannleikurinn er sá að það kemur út á núlli ef við reiknum þessi ár inn í dæmið, þ.e. árin 1993–1995 sem átakið átti að standa yfir á, þá erum við nokkurn veginn á þessu sama róli eins og við hefðum verið ef Vegasjóður hefði mátt nýta sér tekjur sínar til að standa undir framkvæmdum í vegamálum.

Mig langar síðan sérstaklega að mótmæla því hvernig farið er með Byggðastofnun í þessu fjárlagafrv. Þar er enn verið að ganga á lagið og skerða framlög til byggðamálanna og það er alveg með eindæmum finnst mér að menn skuli voga sér að skerða núna framlögin til byggðamála frá þeirri ályktun sem gerð var með samkomulagi á hv. Alþingi. Þessi stefnumótandi byggðaáætlun fyrir tímabilið 1994–1997 sem var samþykkt er svikin strax og það vantar upp á 50 millj. kr. Ég verð að segja það alveg eins og er að ég tel að það sé full ástæða til að fara að tala um það í alvöru hvað á að gera eiginlega við þessa Byggðastofnun sem við eigum hér? Ég held að hún sé orðin með þeim skerðingum sem hæstv. ríkisstjórn hefur staðið fyrir á hennar möguleikum til að sinna sínu hlutverki eins og maður sem er í allt of stórum fötum og getur ekki gengið fyrir gallanum. Ég held að það sé orðið algjörlega ofvaxið yfirstjórnunarbattirí í Byggðastofnun ef hún á ekki að hafa meiri fjármuni til að deila út en hún gerir og hefur fengið hjá hæstv. ríkisstjórn. (**GunnS:** Var það landbúnaðurinn?) Ég er að tala um Byggðastofnun, hv. þm. Ég er að tala um Byggðastofnun sem þessi hæstv. ríkisstjórn er búin að leggja í rúst þannig að ég held að það séu fleiri og fleiri að komast á þá skoðun að ef ekki tekst að breyta út af þeirri stefnu þá verði að leggja þá stofnun niður. Ég held að það væri miklu betur komið sumt af hennar starfsemi úti í sveitarfélögunum, úti á landsbyggðinni, heldur en eins og nú er að þetta er nánast miðstýringarapparat sem hefur varla peninga nema til að snúast um sjálft sig. Ég held að það hljóti að verða eitt af verkefnum næstu ríkisstjórnar að fara yfir þau mál að nýju.

Síðan langar mig til að fara örfáum orðum um samskipti hæstv. ríkisstjórnar við sveitarfélögin, ég fór í þá umræðu fyrir sólarhring eða svo, en mig langar til að það komi fram í þessari umræðu að nú eru sveitarfélögin í landinu rekin með miklum halla. Það er ekki bara ríkissjóður sem er rekinn með halla, sveitarfélögin í landinu eru rekin á sl. ári með u.þ.b. 4,7 milljarða kr. halla. Það er auðvitað skelfilegt til framtíðar að horfa ef hið opinbera rekur alla sína starfsemi með stórkostlegum halla. Þetta þýðir einfaldlega að í nánustu framtíð verður framkvæmdageta sveitarfélaganna og ríkisins nánast engin. Ef ekki verður hægt að snúa við frá þessum brautum þá munum við upplifa atvinnuleysi sem leiðir af getuleysi sveitarfélaganna og ríkisins til að halda uppi starfseminni sem sveitarfélögin þurfa að halda uppi. Því að lokum verða sveitarfélögin auðvitað að skera niður sínar framkvæmdir ef þau þurfa að fara að borga sínar skuldir og þrengja þar með að framkvæmdaliðnum.

Það er búið að ræða svo mikið um hallarekstur ríkissjóðs sem hefur viðgengist á undanförnum árum að ég ætla ekki að bæta við þá umræðu öðru en því að þessi hallarekstur er í svo miklu ósamræmi við yfirlýsingar ríkisstjórnarflokkanna og hæstv. fjmrh. sérstaklega að það er mjög ámátlegt að sjá það að hann skuli þurfa að yfirgefa stól sinn í ráðuneytinu með ríkissjóðshalla sem er álíka mikill og þegar hann tók við því hæstv. ríkisstjórn og fjmrh. í broddi fylkingar lýsti því yfir að það ætti að ná niður halla ríkissjóðs á næstu tveimur árum og það hefur nú tekist með þessum hætti. Það verður því heldur ömurleg grafskrift sem hæstv. fjmrh. fer með úr sínum stól.

Ég ætla síðan að mæla fyrir, hæstv. forseti, tveimur tillögum. Í fyrsta lagi er það brtt. á þskj. 372 um niðurgreiðslu á rafhitun sem hljóðar svona:

„Við 4. gr. 11-399 115 Niðurgreiðsla á rafhitun. Fyrir „397.000“ kemur 497.000. kr.“ Þetta er í þús. kr.

Þarna er á ferðinni tilraun til þess að fá ríkisstjórnina til að standa við eitt af sínum fyrirheitum, sem var um það að lækka kostnað af húshitun á köldu svæðunum. Það var ein af yfirlýsingum og eitt af loforðum hæstv. ríkisstjórnar að gera það. Það hefur gengið heldur dapurlega. Hæstv. ríkisstjórn hefur að vísu í krónutölu hækkað dálítið niðurgreiðslurnar og ég hef hér tölur til að rifja upp fyrir þá hv. þm. sem hér eru viðstaddir umræðuna. Í ríkisreikningnum frá árinu 1991 kemur fram að á því ári voru greiddar 283 millj. kr. í þessar niðurgreiðslur. Í ríkisreikningnum 1992 kemur fram að þá voru greiddar 330 millj. kr. í þessar niðurgreiðslur. Þá var reyndar 341 millj. kr. í fjárlagafrv., ég er ekki alveg viss um hvernig þessar 11 millj. kr. duttu upp fyrir sem þarna vantar upp á en alla vega var þessi upphæð ekki hærri, 330 millj. kr. var hún. Á árinu 1993 var tillagan í fjárlagafrv. 347 millj. kr. Til viðbótar voru 80 millj. kr. sem voru sérstaklega til húshitunar. Þessi tillaga var eftir því sem ég man best samþykkt. Þar af leiðandi var nokkur hækkun á ferðinni í krónutölu alla vegana. En á árinu 1994, þ.e. á yfirstandandi ári, voru 347 millj., þ.e. nákvæmlega sama krónutala, í fjárlagafrv. Og þá hafði sem sagt þessi

húshitunarliður lækkað, þessar 80 millj. sem voru í fjárlagafrv. á undan voru fallnar út. Á þessu tímabili gerist það að tekinn er upp 14% virðisaukaskattur á rafmagn til húshitunar og síðan eitthvert flókið kerfi við það að deila á milli ákveðnum peningum sem ég ætla ekki að fara út í að útskýra hér. En niðurstaðan af þessu öllu saman er nú samt sú að kostnaður við húshitun á köldu svæðunum á landinu hefur bara lækkað afskaplega lítið ef þá nokkuð. Hins vegar kann að vera að samanburður á þessum kostnaði við húshitun á höfuðborgarsvæðinu hafi breyst nokkuð en það er af allt annarri ástæðu. Það er af þeirri ástæðu að virðisaukaskatturinn á húshitun á höfuðborgarsvæðinu kemur allur til þyngingar og hækkunar á gjöldum fólksins sem hér kaupir húskyndingu. Niðurstaða mín af þessum vangaveltum er sú að loforð hæstv. ríkisstjórnar í þessu efni hafi verið ansi lítils virði. Og í sjálfu sér viðurkennir hæstv. ríkisstjórn það með alveg sérstökum hætti núna á laugardaginn var með því að boða nýtt átak í lækkun á húshitunarkostnaði. Nú á það að gerast með einhverjum sérstökum samningum við orkufyrirtækin. Ég held að sú klausa sé ekki mikils virði heldur því miður. Það verður bara að segjast eins og það er að þessi loforð hafa verið svikin og það eru ekki miklar líkur á að það verði breyting á því.

Síðan flyt ég, hæstv. forseti, brtt. á þskj. 373 en hún er um að það komi nýr liður við 6. gr. fjárlaga sem hljóðar svo:

„Við 6. gr. Nýr liður: 5.6

Að endurgreiða kostnað af endurteknum kosningum um sameiningu sveitarfélaga og sveitarstjórnarkosningum sem leitt hafa eða munu leiða af mistökum við undirbúning að kosningum um sameiningu sveitarfélaga á síðastliðnum tveimur árum."

Þessi tillaga er flutt í þeim tilgangi að hæstv. fjmrh. hafi leyfi til þess og ekki bara leyfi heldur er þessi tillöguflutningur náttúrlega hugsaður í þeirri ekki bara von heldur vissu, að hæstv. fjmrh. muni greiða þann aukakostnað og viðbótarkostnað sem þau mistök hafa leitt af sér sem gerð hafa verið í félmrn. í tengslum við sameiningu sveitarfélaganna þar sem félmrn. hefur kveðið upp úrskurði sem hafa leitt til þess að fólkið í mörgum sveitarfélögum hefur þurft að standa í síendurteknum kosningu um sameiningu sveitarfélaganna og í sveitarstjórnarkosningum vegna ógildingar þeirra vegna þessara mistaka. Ég ætla ekki að fara að rekja þessa hörmungarsögu hér sem þetta er allt saman, ekki núna. Hv. þm. þekkja þessi vandamál og ég minni bara á að lögmaður eins af þeim aðilum sem þarna eiga hlut að máli heldur því fram að hæstv. félmrh., sem þá var, hefði þurft að hrekjast úr embætti ef þetta mál hefði komið upp á meðan hann sat í því sæti.

Ég trúi ekki öðru en að þessi tillaga verði samþykkt hér á hv. Alþingi því ég tel að ríkið sem slíkt hljóti að verða að bera ábyrgð á þessum starfsmanni sínum, hæstv. félmrh., og það sé óverjandi að láta sveitarfélögin sitja uppi með þennan kostnað. Ég veit að eitt af þessum sveitarfélögum hefur verið að sækja eftir því að fá greiddan kostnað sem varð af endurtekinni sveitarstjórnarkosningu og það hafa ekki fengist við þessu svör. Að vísu hefur ekki verið neitað að greiða þennan kostnað, en það hafa ekki fengist endanleg svör og ég tel að hv. Alþingi eigi að taka af öll tvímæli í þessu efni, að það verði að bæta þennan kostnað. (**Gripið fram í:** Verður ekki Þjóðvaki bara að borga það?) Ég ætla nú ekki að ræða það hér á hv. Alþingi hverjir ættu kannski að borga þetta. En því miður þá held ég að það sé nú ekki möguleiki á því að einkavæða þessa greiðslu sem þarna þarf að inna af hendi og ég tel að það geti enginn gert það nema ríkið.

Síðan var það hugmynd okkar, mín og hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar og Steingríms J. Sigfússonar, að flytja hér tillögu um hækkun á framlagi til Landhelgisgæslunnar en vegna þess að hér í þingsölum var svo fátt í kvöld þá varð ekki hægt að gera það vegna þess að það var ekki hægt að veita afbrigði fyrir þeirri tillögu og því verður hún flutt við 3. umr. Hún gengur út á að það verði veitt framlag sem geri það kleift að reka björgunarþyrluna sem nú er verið að útbúa fyrir Landhelgisgæsluna og er væntanleg innan skamms til landsins, en í þessu fjárlagafrv. eru engir peningar inni til að reka þessa þyrlu. Í þessari tillögu er einnig gert ráð fyrir að það verði peningar til staðar til að það sé hægt að halda úti varðskipi við gæslustörf í Barentshafi á næsta ári. Það er út af fyrir sig merkilegt að hæstv. ríkisstjórn gerir ráð fyrir að hluti af hagvextinum verði fólginn í því að menn dragi nú björg í bú úr Smugunni, en það er ekki gert ráð fyrir að veita neina þjónustu á þessu hafsvæði þó það hafi sannast, svo engin velkist í neinum vafa um það, að það var virkileg þörf á sendiför varðskipsins í Smuguna.

Ég ætla þá, hæstv. forseti, að fara að ljúka hér máli mínu, sem ég hefði nú kannski haft svolítið lengra, en vegna þessara aðstæðna, klukkan mun vera langt gengin í hálffjögur að morgni, þá ætla ég nú svo sem ekki að vera að lengja þessa ræðu mína. Ég get þá frekar reynt að kveða mér fyrr hljóðs næst þegar þetta mál verður á dagskrá, við 3. umr. En ég vek athygli hæstv. forseta á því að ég bað um orðið, ég held ég muni rétt, innan fimm mínútna frá því að umræður hófust í dag og það hefur liðið allur þessi tími þangað til að ég komst að til að halda mína ræðu og ég hleypti einungis einum ræðumanni fram fyrir mig. Þannig að ég tel að það sé umhugsunarefni hvort svona aðstæða sem þingmönnum er boðið upp á með þessum hætti er yfirleitt boðleg og hvort það væri ekki ástæða til þess þegar svona viðamikil umræða eins og þessi þarf að fara fram að gera þá ráð fyrir ríflegri tíma heldur en þessum, þ.e. á því sem maður getur kallað dagvinnutíma. Það mætti t.d. hugsa sér að hefja hér umræður alveg eins kl. átta á morgnana til að nota daginn í þetta frekar en næturnar, því ég sé að það eru margir þingmenn sem eiga ákaflega erfitt með að lengja vöku sína fram á nætur. Þeir hverfa þess vegna af vettvangi þegar fer að líða á kvöldið og maður talar nú ekki um þegar komið er fram yfir miðnætti þá fækkar mjög ört hér í sölum þingsins. Ég vil vekja athygli hæstv. forseta á þessu, hvort ekki muni vera hægt að hafa það í huga á næstu dögum, ef menn eru svona óskaplega að-

þrengdir með tíma, að hefja bara miklu fyrr umræður. Ég hef heyrt talað um að það eigi að hefja hér umræður kl. hálf ellefu í næstu viku en ég legg til að það verði endurskoðað. Ég fyrir mitt leyti mundi vera mjög ánægður með það ef umræður gætu hafist hér kl. átta á morgnana þann tíma sem lifir eftir fram að jólum.

[03:22]

Gunnlaugur Stefánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Jóhann Ársælsson gerði að umræðuefni húshitunarkostnað á köldu svæðunum á landsbyggðinni. Hann rakti hér tölur. Hv. formaður fjárln. lýsti því yfir í sinni ræðu að þessi mál yrðu til skoðunar og athugunar áfram í hv. fjárln. og á milli 2. og 3. umr. þannig að ekki er enn þá sýnt hvað út úr þeirri athugun kemur. En ég vil benda hv. þm. Jóhanni Ársælssyni á að í því fjárlagafrv. er hans flokkur lagði síðast fram eða átti aðild að hér síðast, fjárlög fyrir árið 1991, þá var gert ráð fyrir í því fjárlagafrv. 262 millj. kr. til niðurgreiðslna í húshitun. Núna, í þessu fjárlagafrv., erum við að leggja til við 2. umr. málsins, áður en til 3. umr. er komið, að það verði settar í niðurgreiðslur til húshitunar 397 millj.

Ég get tekið undir það að þessar 125 millj. kunna að hafa ekki skilað sér með nógu virkum hætti til lækkunar á hinu raunverulega verði sem neytendur eru að greiða á köldu svæðunum fyrir húshitunina. Hv. þm. sagði þó að verðið hefði lækkað, kannski afskaplega lítið, efaðist þó um stund að það hefði lækkað nokkuð, en hitt er ljóst að það hefur lækkað á meðan niðurgreiðslurnar hafa aukist um 81% á kjörtímabilinu og þar er vel að verki staðið.

Í sambandi við hátekjuskattinn, hæstv. forseti, þá er það alveg hárrétt hjá hv. þm. Jóhanni Ársælssyni að Alþb. tókst ekki að koma því máli fram í síðustu ríkisstjórn. Það tókst Alþfl. í þessari ríkisstjórn.

[03:24]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég veit nú ekki af hverju hv. þm. er að hæla sér svona mikið af þessum hátekjuskatti. Hann hefur nú greinilega orðið að gefa eftir af honum á laugardaginn var. Það hefði verið ástæða til að reyna að bogna ekki í því máli, a.m.k. á meðan verið er að auka halla ríkissjóðs eins og gert er núna. Og ég bara endurtek það í sambandi við umræðuna um þessa niðurgreiðslu á húshitun að það var tekinn upp 14% virðisaukaskattur á húshitunina og skyldi ekki vera að það væru töluverðir peningar sem koma af þeirri tekjuöflun? Ætli það sé nú ekki bara léttara fyrir ríkissjóð að borga þessar 397 millj. til niðurgreiðslu á húshitun heldur en það var að borga 262 millj. áður en virðisaukaskatturinn var tekinn upp? Skyldi það nú ekki vera fyrir hæstv. ríkisstjórn og hennar fylgjendur svolítið atriði að standa við þessar yfirlýsingar sínar sem voru gefnar, ekki bara í kosningabaráttunni heldur eftir að ríkisstjórnin var tekin við, um að það ætti nú aldeilis að taka á þessu máli? Og hv. fyrrv. þm., Eiður Guðnason, fór fyrir nefndinni, sem fór í það mál að vinna að því að koma niður húshitunarkostnaðinum. Þessi nefnd var sett á lappirnar í fyrri ríkisstjórn og það voru miklar fyrirætlanir fram undan um það að reyna að koma á einhverju réttlæti í húsahitun í þessu landi og lækka kostnað á landsbyggðinni. Það hefur bara ekki gengið betur en þetta. Ríkisstjórnin er auðvitað að viðurkenna þessa stöðu málsins með því sem stendur í yfirlýsingunni frá því á laugardaginn um að það þurfi að fara í viðræður við orkusölufyrirtækin um það að reyna að lækka þetta. Það er viðurkenning á því að þetta hefur ekki tekist.

[03:26]

Gunnlaugur Stefánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að deila við hv. þm. Jóhann Ársælsson um staðreyndir. Staðreyndirnar tala sínu máli. Staðreyndirnar eru þessar: Við höfum verið að hækka stórlega niðurgreiðslur á húshitunarverði á köldu svæðunum. Það er það sem við höfum verið að gera og tölurnar segja. Hitt er áhyggjuefni, ef það er rétt að niðurgreiðslurnar skili sér ekki nægilega vel í lækkun á húshitunarverðinu og þar er um hlut að ræða sem við hv. þm. kunnum að hafa ekki vald á, t.d. það verð sem Landsvirkjun býður, hvernig háttað er rekstri og starfsháttum Rariks. En þetta þarf allt saman að skoða núna. Og ég held að við ættum fremur að taka höndum saman um það að reyna að finna leiðir svo að þessir fjármunir sem við veitum til niðurgreiðslna á raforkunni á köldu svæðunum nýtist fullkomlega og verki meira að segja sem hvati á að aðrir taki þátt í þessu átaki sem hæstv. ríkisstjórn hefur hrint úr vör á yfirstandandi kjörtímabili. Þar hefur hæstv. ríkisstjórn staðið sig vel.

Í sambandi við hátekjuskattinn, enn eru það staðreyndir sem tala. Hv. þm. Jóhann Ársælsson getur ekki horft fram hjá þeim veruleika sem blasir við honum. Alþb. tókst ekki eða jafnvel stóð í vegi fyrir, vegna þess að þeirri spurningu er ekki enn svarað, að hátekjuskattur komst á í tíð síðustu ríkisstjórnar. Hann komst á í núv. ríkisstjórn og þar hafði Alþfl. frumkvæði eða var það Framsfl. sem stóð gegn setningu hátekjuskatts á síðasta kjörtímabili? Þetta eru staðreyndir málsins, við skulum horfast í augu við þær.

[03:29]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hef staðið í þeirri meiningu að það hafi ekki staðið á Alþb. að koma á hátekjuskatti og ég hef það staðfest frá einum af ráðherrum ríkisstjórnarinnar hér. Ég hef líka staðið í þeirri meiningu og veit ekki betur en það sé rétt, að hv. þm. Alþfl. í fyrri ríkisstjórn hafi staðið í vegi fyrir því að fjármagnstekjuskatturinn kæmist á. (**GunnS:** En skipt um skoðun þá?) Hafa kannski skipt um skoðun núna þá loksins, alla vega er ekki fjármagnstekjuskatturinn kominn á enn. En hátekjuskatturinn komst á og það var út af fyrir sig ágætt að það skyldi gerast. Ég tel að það hafi hins vegar verið veikleikamerki hjá hv. þm. Alþfl. að bogna núna á laugardaginn og lækka þennan hátekjuskatt. Hækka skattleysismörk hátekjumannanna um 50 þús. kr. fyrir eitt venjulegt heimili, en um einungis 4 þús. kr. fyrir heimili sem eru á lágu tekjunum. (Gripið fram í.) Og staðreyndirnar sem hv. þm. er að tala um í sambandi við niðurgreiðslurnar á húshitun eru auðvitað

þær að þetta hefur lítið miðað, það hefur orðið hækkun á heildsöluverði frá Landsvirkjun (**GunnS:** Rétt.) og ríkisstjórnin átti auðvitað að geta staðið betur að þessu en gert var. Og ef það kostaði meira, þá varð það bara að kosta meira. Menn hafa einungis verið að setja í þetta sem svarar virðisaukaskattinum til viðbótar við það sem hefur verið gert fyrir (**GunnS:** Meira til.) þannig að það hefur verið ósköp lítið sem hæstv. ríkisstjórn hefur komist áfram með þetta mál. En ég skal aftur á móti alveg hiklaust segja það hér: Auðvitað erum við tilbúin að taka höndum saman um það að reyna að taka á þessu máli því að það er ekkert réttlæti í því hvernig fólki í landinu er mismunað í þessu, ekki bara í orku til húshitunar heldur í símakostnaði og ýmsu fleiru á milli landshluta.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 03:31.

---

58. FUNDUR

miðvikudaginn 14. des.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Fjárlög 1995, stjfrv., 1. mál, þskj. 1, nál. 353 og 361, brtt. 354, 364, 365, 366, 367, 368, 369, 370, 371, 372, 373, 374, 375, 377 og 379. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
2. Framleiðsla og sala á búvörum, stjfrv., 175. mál, þskj. 192, brtt. í nál. 311, brtt. 376. — 3. umr.
3. Hópuppsagnir, stjfrv., 124. mál, þskj. 129, nál. 378. — 2. umr.
4. Heilbrigðisþjónusta, frv., 280. mál, þskj. 347. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Björn Ingi Bjarnason, 4. þm. Vestf.,
Jóhann Einvarðsson, 7. þm. Reykn.,
Jón Baldvin Hannibalsson utanrrh.,
Kristín Ástgeirsdóttir, 15. þm. Reykv.,
Ólafur Ragnar Grímsson, 8. þm. Reykn.,
Páll Pétursson, 1. þm. Norðurl. v.,
Sólveig Pétursdóttir, 6. þm. Reykv.,
Sturla Böðvarsson, 1. þm. Vesturl.

Útbýting þingskjals:

Endurskoðun á lánskjaravísitölu, 291. mál, þáltill. MJ, þskj. 382.

Lagt fram á lestrarsal:

Erindi frá undirbúningshópi alþjóðlegra baráttudaga gegn ofbeldi á konum.

Fjárlög 1995, frh. 2. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 1, nál. 353 og 361, brtt. 354, 364, 365, 366, 367, 368, 369, 370, 371, 372, 373, 374, 375, 377 og 379.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:36]

1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, GHH, GuðjG, GunnS, IBA, LMR, MJ, MB, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, TIO, ÞorstP.

21 þm. (FI, GB, GJH, HÁ, HG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KE, KS, PBj, RA, StG, SJS, SvG, VS) greiddi ekki atkv.

17 þm. (BIB, FrS, GE, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, HBl, JE, JBH, KÁ, MF, ÓRG, PP, SP, StB, VE) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 26 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, GHH, GuðjG, GunnS, HBl, IBA, LMR, MJ, MB, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, TIO, ÞorstP.

21 þm. (FI, GB, GJH, HÁ, HG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KE, KS, PBj, RA, StG, SJS, SvG, VS) greiddi ekki atkv.

16 þm. (BIB, FrS, GE, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, JE, JBH, KÁ, MF, ÓRG, PP, SP, StB, VE) fjarstaddir.

3. gr. samþ. með 25 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EH, EgJ, EKG, EKJ, GHH, GuðjG, GunnS, HBl, IBA, LMR, MJ, MB, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, TIO, ÞorstP.

21 þm. (FI, GB, GJH, HÁ, HG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KE, KS, PBj, RA, StG, SJS, SvG, VS) greiddi ekki atkv.

17 þm. (BIB, DO, FrS, GE, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, JE, JBH, KÁ, MF, ÓRG, PP, SP, StB, VE) fjarstaddir.

Brtt. 354,1–8.a samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GB, GJH, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KE, KS, LMR, MJ, MB, ÓE, PJ, PBald, PBj, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SJS, SvG, TIO, VS, ÞorstP.

17 þm. (BIB, FrS, GE, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, JE, JBH, KÁ, MF, ÓRG, PP, SP, StG, StB, VE) fjarstaddir.

Brtt. 369 kölluð aftur til 3. umr.

Brtt. 354,8.b samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, KHG, LMR, MJ, MB, ÓE, PJ, PBald, PBj, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SJS, SvG, TIO, VS, ÞorstP.
5 þm. (GJH, JVK, KE, KS, StG) greiddu ekki atkv.
13 þm. (BIB, GE, GÁS, GHelg, JE, JBH, KÁ, MF, ÓRG, PP, SP, StB, VE) fjarstaddir.
2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:39]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er um það að ræða að setja á fót stöðu prófessors við Háskóla Íslands sem er ekki liður í sérstökum beiðnum frá háskólanum. Ég tel að á meðan ekki er búið að afgreiða málefni háskólans og því er frestað formlega til 3. umr., þá sé ekki rétt að taka afstöðu til einhverra einstakra prófessorsstaða, sem háskólinn hefur ekki beðið um. Þess vegna munum við kvennalistakonur sitja hjá.

[13:40]

Sigbjörn Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Þarna er um tillögu að ræða sem er mjög mikilvæg fyrir nýsköpun og framfarir í okkar samfélagi og að sjálfsögðu er tillagan fram komin vegna þess og því ber að styðja þessa tillögu að mínu mati.

Brtt. 374 kölluð aftur til 3. umr.
Brtt. 379 kölluð aftur til 3. umr.

Brtt. 354,9–15 samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GJH, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KE, KS, LMR, MJ, MB, ÓE, PJ, PBald, PBj, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SJS, SvG, TIO, VS, ÞorstP.
15 þm. (BIB, EKJ, GE, GÁS, GHelg, JE, JBH, KÁ, MF, ÓRG, PP, SP, StG, StB, VE) fjarstaddir.

Brtt. 377,1 felld með 26:23 atkv. og sögðu
já: EgJ*, FI, GB, GÁ, GJH, HÁ, HG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KE, KS, PJ*, PBj, RA, SJS, SvG, VS.
nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, LMR, MJ, MB, ÓE, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, TIO, ÞorstP.
1 þm. (StG) greiddi ekki atkv.
13 þm. (BIB, GE, GÁS, GHelg, JE, JBH, KÁ, MF, ÓRG, PP, SP, StB, VE) fjarstaddir.
[*Þm. óska að geta þess að þeir studdu á rangan hnapp í atkvgr.; ætluðu að segja nei.]
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:42]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Í fjárlagafrv. fyrir árið 1995 er gert ráð fyrir því að skera niður framlög til grunnskóla um 40 millj. kr. sem er auðvitað í hróplegri andstöðu og mótsögn við þá stefnu grunnskólafrv. sem er annað frv. sem sama ríkisstjórn stendur að. Ég tel því nauðsynlegt að gera hvort tveggja í senn: að gefa kost á því að framkvæma stefnu grunnskólafrv. og að koma í veg fyrir niðurskurð fjárlagafrv. með því að gefa þinginu kost á því að fjalla um tillögu af þessu tagi og helst að samþykkja hana.

Brtt. 354,16 samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GJH, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KE, KS, LMR, MJ, MB, ÓE, PJ, PBald, PBj, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SJS, SvG, TIO, VS, ÞorstP.
16 þm. (BIB, EgJ, FI, GE, GÁS, GHelg, JE, JBH, KÁ, MF, ÓRG, PP, SP, StG, StB, VE) fjarstaddir.

Brtt. 370 kölluð aftur til 3. umr.

Brtt. 371,1 felld með 28:22 atkv. og sögðu
já: FI, GB, GÁ, GJH, HÁ, HG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KE, KS, PBj, RA, StG, SJS, SvG, VS.
nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, LMR, MJ, MB, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, TIO, ÞorstP.
13 þm. (BIB, GE, GÁS, GHelg, JE, JBH, KÁ, MF, ÓRG, PP, SP, StB, VE) fjarstaddir.

Brtt. 354,17–19 samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GJH, GunnS, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KE, KS, LMR, MJ, MB, ÓE, PJ, PBald, PBj, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SJS, SvG, TIO, VS, ÞorstP.
2 þm. (HÁ, StG) greiddu ekki atkv.
14 þm. (BIB, GE, GÁS, GHelg, JE, JGS, JBH, KÁ, MF, ÓRG, PP, SP, StB, VE) fjarstaddir.

Brtt. 368 kölluð aftur til 3. umr.

Brtt. 354,20 samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GJH, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KE, KS, LMR, MJ, MB, ÓE, PJ, PBald, PBj, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SJS, SvG, TIO, VS, ÞorstP.
14 þm. (BIB, GE, GÁS, GHelg, JE, JBH, KÁ, MF, ÓRG, PP, SP, StG, StB, VE) fjarstaddir.

Brtt. 377,2 kölluð aftur til 3. umr.

Brtt. 371,2 felld með 27:12 atkv. og sögðu
já: EKJ, GJH, HG, JÁ, JóhS, JVK, KHG, KE, KS, RA, SJS, SvG.
nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, LMR, MJ, MB, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, TIO, ÞorstP.
10 þm. (GB, GÁ, HÁ, IP, JGS, JHelg, JónK, PBj, StG, VS) greiddu ekki atkv.
14 þm. (BIB, FI, GE, GÁS, GHelg, JE, JBH, KÁ, MF, ÓRG, PP, SP, StB, VE) fjarstaddir.

Brtt. 354,21–23 samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, GJH, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KE, KS, LMR, MJ, MB, ÓE, PJ, PBald, PBj, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, SJS, SvG, TIO, VS, ÞorstP.
15 þm. (BIB, FI, GE, GuðjG, GÁS, GHelg, JE, JBH, KÁ, MF, ÓRG, PP, SP, StB, VE) fjarstaddir.

Brtt. 375 kölluð aftur til 3. umr.

Brtt. 354,24 samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, LMR, MJ, ÓE, PJ, PBald, PBj, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SJS, SvG, VS, ÞorstP.
6 þm. (GJH, JVK, KHG, KE, KS, StG) greiddu ekki atkv.
15 þm. (BIB, GE, GÁS, GHelg, JE, JBH, KÁ, MF, MB, ÓRG, PP, SP, StB, TIO, VE) fjarstaddir.

Brtt. 365 felld með 28:9 atkv. og sögðu
já: GJH, JóhS, JVK, KHG, KE, KS, RA, SJS, SvG.
nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, LMR, MJ, MB, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, TIO, ÞorstP.
11 þm. (GB, GÁ, HÁ, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, PBj, StG, VS) greiddu ekki atkv.
15 þm. (BIB, FI, GE, GÁS, GHelg, HG, JE, JBH, KÁ, MF, ÓRG, PP, SP, StB, VE) fjarstaddir.

Brtt. 354,25–36 samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GJH, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KE, KS, LMR, MJ, MB, ÓE, PJ, PBald, PBj, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, SJS, SvG, TIO, VS, ÞorstP.
13 þm. (BIB, GE, GÁS, GHelg, JE, JBH, KÁ, MF, ÓRG, PP, SP, StB, VE) fjarstaddir.

Brtt. 364 kölluð aftur til 3. umr.

Brtt. 354,37–58.a–b samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GJH, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KE, KS, LMR, MJ, MB, ÓE, PJ, PBald, PBj, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SJS, SvG, TIO, VS, ÞorstP.
14 þm. (BIB, GE, GÁS, GHelg, JE, JBH, KÁ, MF, ÓRG, PP, SP, StG, StB, VE) fjarstaddir.

Brtt. 367,1 felld með 28:11 atkv. og sögðu
já: GÁ, GJH, HG, JÁ, JóhS, JVK, KHG, KE, KS, SJS, SvG.
nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, LMR, MJ, MB, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, TIO, ÞorstP.
10 þm. (GB, HÁ, IP, JGS, JHelg, JónK, PBj, RA, StG, VS) greiddu ekki atkv.
14 þm. (BIB, FI, GE, GÁS, GHelg, JE, JBH, KÁ, MF, ÓRG, PP, SP, StB, VE) fjarstaddir.

Brtt. 354,58.c–d samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, KHG, LMR, MJ, MB, ÓE, PJ, PBald, PBj, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SJS, SvG, TIO, VS, ÞorstP.
6 þm. (GJH, JóhS, JVK, KE, KS, StG) greiddu ekki atkv.
13 þm. (BIB, GE, GÁS, GHelg, JE, JBH, KÁ, MF, ÓRG, PP, SP, StB, VE) fjarstaddir.

Brtt. 367,2 felld með 28:9 atkv. og sögðu
já: GJH, HG, JÁ, JVK, KHG, KS, RA, SJS, SvG.
nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, LMR, MJ, MB, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, TIO, ÞorstP.
12 þm. (FI, GB, GÁ, HÁ, IP, JóhS, JGS, JHelg, JónK, PBj, StG, VS) greiddu ekki atkv.
14 þm. (BIB, GE, GÁS, GHelg, JE, JBH, KÁ, KE, MF, ÓRG, PP, SP, StB, VE) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:53]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Hér er verið að greiða atkvæði um þá skerðingu á framkvæmdafé flugmálaáætlunar sem fjárlagafrv. gerir ráð fyrir og reyndar bandormur ríkisstjórnarinnar einnig. Það á að halda út á þá óheillabraut að skerða þennan markaða tekjustofn sem sérstaklega var lagður á og aflað tekna til með gjaldtöku á flug til að byggja upp flugsamgöngumannvirki hér í landinu. Áformin standa til að taka 70 millj. kr. af hinni mörkuðu fjárveitingu í þessu skyni á næsta ári. Ég tel þetta mikið óráð og glapræði og í raun og veru hrein svik við þá aðila sem stóðu að samkomulagi á

sínum tíma um að fjármagna flugmálaáætlunina með þeirri sérstöku gjaldtöku sem hér um ræðir. Ég legg því til að fallið verði frá þessu og framkvæmdaliður flugmálaáætlunar hækki sem því nemur, um 70 millj., og í kjölfarið mundu menn síðan fella út úr frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum þær greinar sem þessu tengjast þar.

Brtt. 354,59 samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JónK, JVK, LMR, MJ, MB, ÓE, PJ, PBj, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, TIO, VS, ÞorstP.
5 þm. (GJH, HG, KS, StG, SvG) greiddu ekki atkv.
18 þm. (BIB, GE, GÁS, GHelg, JE, JBH, JHelg, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, PP, PBald, SP, SJS, StB, VE) fjarstaddir.

Brtt. 367,3 felld með 28:11 atkv. og sögðu
já: GJH, HG, JÁ, JóhS, JVK, KHG, KE, KS, RA, SJS, SvG.
nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, LMR, MJ, MB, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, TIO, ÞorstP.
11 þm. (FI, GB, GÁ, HÁ, IP, JGS, JHelg, JónK, PBj, StG, VS) greiddu ekki atkv.
13 þm. (BIB, GE, GÁS, GHelg, JE, JBH, KÁ, MF, ÓRG, PP, SP, StB, VE) fjarstaddir.

Brtt. 354,60–62 samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, KHG, LMR, MJ, MB, ÓE, PJ, PBald, PBj, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SJS, SvG, TIO, VS, ÞorstP.
5 þm. (GJH, JVK, KE, KS, StG) greiddu ekki atkv.
12 þm. (BIB, GE, GHelg, JE, JBH, KÁ, MF, ÓRG, PP, SP, StB, VE) fjarstaddir.

Brtt. 377,3 kölluð aftur til 3. umr.

Brtt. 366, aðaltillaga, felld með 29:13 atkv. og sögðu
já: GJH, HG, IP, JÁ, JóhS, JHelg, JVK, KHG, KE, KS, RA, SJS, SvG.
nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁS, GunnS, HBl, IBA, LMR, MJ, MB, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, TIO, ÞorstP.
7 þm. (FI, GB, HÁ, JGS, JónK, PBj, VS) greiddu ekki atkv.
14 þm. (BIB, GE, GÁ, GHelg, JE, JBH, KÁ, MF, ÓRG, PP, SP, StG, StB, VE) fjarstaddir.

Brtt. 366,varatillaga, kölluð aftur til 3. umr.
Brtt. 372 kölluð aftur til 3. umr.

Brtt. 354,63–72 samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GJH, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KE, KS, LMR, MJ, MB, ÓE, PJ, PBald, PBj, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SJS, SvG, TIO, VS, ÞorstP.
13 þm. (BIB, GE, GHelg, JE, JBH, KÁ, MF, ÓRG, PP, SP, StG, StB, VE) fjarstaddir.

4. gr., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁS, GunnS, HBl, IBA, LMR, MJ, MB, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, TIO, ÞorstP.
22 þm. (FI, GB, GÁ, GJH, HÁ, HG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KE, KS, PBj, RA, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.
12 þm. (BIB, GE, GHelg, JE, JBH, KÁ, MF, ÓRG, PP, SP, StB, VE) fjarstaddir.

5. gr. samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁS, GunnS, HBl, IBA, LMR, MJ, MB, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, TIO, ÞorstP.
22 þm. (FI, GB, GÁ, GJH, HÁ, HG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KE, KS, PBj, RA, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.
12 þm. (BIB, GE, GHelg, JE, JBH, KÁ, MF, ÓRG, PP, SP, StB, VE) fjarstaddir.

Brtt. 373 kölluð aftur til 3. umr.

6. gr. samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁS, GunnS, HBl, IBA, LMR, MJ, MB, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, TIO, ÞorstP.
19 þm. (GB, GÁ, GJH, HÁ, HG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KE, KS, PBj, StG, SvG, VS) greiddu ekki atkv.
15 þm. (BIB, FI, GE, GHelg, JE, JBH, KÁ, MF, ÓRG, PP, RA, SP, SJS, StB, VE) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁS, GÁ, GJH, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KE, KS, LMR, MJ, MB, ÓE, PJ, PBald, PBj, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, SvG, VS, ÞorstP.
16 þm. (BIB, GE, GHall, GHelg, JÁ, JE, JBH, KÁ, MF, ÓRG, PP, SP, SJS, StB, TIO, VE) fjarstaddir.

Hópuppsagnir, 2. umr.

Stjfrv., 124. mál (uppsögn ráðningarsamninga einstakra starfsmanna). — Þskj. 129, nál. 378.

[14:00]

Frsm. félmn. (Guðrún J. Halldórsdóttir):

Virðulegi forseti. Það frv. til laga um breyting á lögum um hópuppsagnir sem hér um ræðir hefur verið til umfjöllunar í félmn. Frv. hefur verið flutt einu sinni áður og er endurflutt núna. Með frv. er fyrst og fremst verið að aðlaga ýmis atriði að þeim stöðlum sem EES-samningurinn kveður á um. Við höfum borið öll þessi atriði undir nokkuð marga aðila sem við álítum að séu hagsmunaaðilar í þessu sambandi og alls staðar fengið jákvæð svör þannig að svo virðist sem bæði vinnuveitendur og líka starfsfólk í hinum ýmsu félagasamtökum séu á þeirri skoðun að þessi atriði sem hér eru færð inn séu til bóta.

Um þetta frv. hefur áður verið fjallað hér í þinginu og ég ætla ekki að gera það í löngu máli. Í athugasemdum segir að verið sé að breyta núgildandi lögum. Í 1. gr. er tekið fram að uppsögn ráðningarssamnings einstakra starfsmanna skuli teljast með hópuppsögnum að því tilskildu að um minnst fimm uppsagnir sé að ræða.

Aðrar breytingar sem þetta frv. felur í sér eru ákvæði um upplýsingaskyldu og samráð sem eru gerð ítarlegri og það kemur fram í 2. gr. frv.

Meginbreytingin í þessu frv. felst samt sem áður í tilskipun sem snertir í minna mæli íslenskar aðstæður heldur en aðrar og miðar að því að koma í veg fyrir það að atvinnurekandi geti notað höfuðstöðvar eða dótturfyrirtæki erlendis sem afsökun fyrir því að geta ekki uppfyllt upplýsingaskyldu innan réttra tímamarka.

Við höfum lagt þetta frv. í dóm þeirra aðila sem getið er um í nál. og alls staðar fengið jákvæð svör og leggjum því til að frv. verði samþykkt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:05]

1. gr. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GJH, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JónK, KHG, KE, KS, LMR, MJ, MB, ÓE, PBald, PBj, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, SJS, SvG, TIO, VE, ÞorstP.

18 þm. (ÁMM, BIB, EgJ, GE, GÁS, GHelg, JE, JBH, JHelg, JVK, KÁ, MF, ÓRG, PP, PJ, SP, StB, VS) fjarstaddir.

2.–4. gr. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GJH, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JónK, KHG, KE, KS, LMR, MJ, MB, ÓE, PBald, PBj, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, SJS, SvG, TIO, ÞorstP.

18 þm. (ÁMM, BIB, GE, GÁS, GHelg, JE, JBH, JHelg, JVK, KÁ, MF, ÓRG, PP, PJ, SP, StB, VS, VE) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GJH, GunnS, HBl, HG, IBA, JÁ, JóhS, JGS, KHG, KE, KS, LMR, MJ, MB, ÓE, PBald, PBj, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SJS, SvG, TIO, ÞorstP.

22 þm. (ÁMM, BIB, GE, GÁS, GHelg, HÁ, IP, JE, JBH, JHelg, JónK, JVK, KÁ, MF, ÓRG, PP, PJ, SP, StG, StB, VS, VE) fjarstaddir.

Heilbrigðisþjónusta, 1. umr.

Frv. heilbr.- og trn., 280. mál (heilsuverndarstarf í Reykjavík). — Þskj. 347.

[14:06]

Frsm. heilbr.- og trn. (Gunnlaugur Stefánsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 86/1991, um breytingu á lögum nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, sbr. lög nr. 110/1992 og lög nr. 128/1993.

Í greinargerð með frv. segir:

„Samkvæmt ákvæðum til bráðabirgða í lögum nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, var gert ráð fyrir að frá og með 1. janúar 1991 yrði heilsugæslustarfi í Reykjavík og starfsemi Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur þannig háttað að lög nr. 44/1955, heilsuverndarlög, sbr. lög nr. 28/1957, yrðu óþörf og féllu því úr gildi. Hins vegar vannst ekki tími til að ganga frá nauðsynlegum breytingum á heilbrigðisþjónustulögunum varðandi starfsemi Heilsuverndarstöðvarinnar fyrir árslok 1991 og var því með lögum nr. 86/1991 veittur eins árs frestur til viðbótar því sem upphaflega var ákveðið í lögunum. Í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu er nú unnið að endurskoðun frumvarpsins, en fyrir liggur að ekki verður unnt að afgreiða það fyrir áramót. Því er með þessu frumvarpi lagt til að bráðabirgðaákvæði laganna um heilbrigðisþjónustu verði breytt á þann veg að veittur verði eins árs frestur til viðbótar til að ganga frá lögum um framtíðarhlutverk Heilsuverndarstöðvarinnar."

Að lokinni 1. umr. um þetta frv. legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:09]

Frv. vísað til 2. umr. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EKG, FI, FrS, GHH, GB, GHall, GJH, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, KHG, KE, KS, LMR, MJ, MB, ÓE, PJ, PBald, PBj, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SJS, SvG, TIO, ÞorstP.

21 þm. (ÁMM, BIB, EgJ, EKJ, GE, GuðjG, GÁS, GÁ, GHelg, JE, JBH, JVK, KÁ, MF, ÓRG, PP, SP, StG, StB, VS, VE) fjarstaddur.

Út af dagskrá var tekið 2. mál.

Fundi slitið kl. 14:09.

---

59. FUNDUR

fimmtudaginn 15. des.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Fjárlög 1995, stjfrv., 1. mál, þskj. 383, brtt. 381. — 3. umr. (sbr. 2. mgr. 25. gr. þingskapa).
2. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 290. mál, þskj. 363. — 1. umr.
3. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 282. mál, þskj. 349. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Einar K. Guðfinnsson, 3. þm. Vestf.,
Jóhann Einvarðsson, 7. þm. Reykn.,
Jón Baldvin Hannibalsson utanrrh.

Útbýting þingskjala:

Alþjóðasamningar um varnir gegn mengun sjávar og Siglingamálastofnun ríkisins, 294. mál, stjfrv., þskj. 386.

Hollustuhættir og heilbrigðiseftirlit, 293. mál, stjfrv., þskj. 385.

Fjárlög 1995, 3. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 383, brtt. 381.

[10:34]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Sigbjörn Gunnarsson) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Enda þótt frv. til fjárlaga fyrir árið 1995 sé nú tekið á dagskrá samkvæmt ákvæðum þingskapa þá hefur fjárln. ekki lokið athugun sinni á frv. Auk þess liggur að sjálfsögðu ekki fyrir álit hv. efh.- og viðskn. á tekjuhlið fjárlaganna þar sem eins og sjá má á dagskrá fundarins í dag að eftir er að mæla fyrir skattafrumvörpum og því vil ég óska eftir því við hæstv. forseta að þessari umræðu verði frestað til þess tíma sem hæstv. forseti telur hagkvæman til áframhaldandi umræðna um málið.

[10:36]

Halldór Ásgrímsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegur forseti. Ég vil af þessu tilefni spyrja hæstv. fjmrh. hvernig hann hefur hugsað sér að ljúka þessu máli. Ég man aldrei eftir því að breytingar á skattalögum hafi komið fram jafnseint og núna. Ég vil minna hæstv. fjmrh. á að sumt af þeim breytingum sem nú er verið að mæla fyrir og hann á eftir að mæla fyrir nú á eftir eru breytingar sem hæstv. fjmrh. boðaði í maí sl. vor. Í frv. til laga um tekjuskatt og eignarskatt er t.d. gert ráð fyrir því að heimilt verði að flýtifyrna vegna fjárfestinga á árinu 1994 til þess að hvetja til fjárfestingar. Reiknar hæstv. fjmrh. með því að mikið verði um fjárfestingar milli jóla og nýárs af þessum sökum? Og hvernig hugsar ríkisstjórnin sér almennt að auka hér atvinnu og hvetja til atvinnuþátttöku með svona vinnubrögðum?

Hæstv. fjmrh. segir að það sé verið að leggja fram frv. til tekjujöfnunar í landinu sem er alrangt og í Ríkisútvarpinu í morgun sagði hann frá því að það hefði verið ákveðið að leggja niður hátekjuskatt eftir eitt ár og það hefði líka verið ákveðið að taka upp fjármagnstekjuskatt eftir eitt ár. Og svo hefur hæstv. fjmrh. skrifað stjórnarandstöðunni bréf þar sem henni er boðin þátttaka í þessum ákvörðunum sem ríkisstjórnin er þegar búin að taka og það er vitað mál að núv. ríkisstjórn fer frá í vor.

Það er náttúrlega ekki hægt annað en gagnrýna mjög harðlega svona vinnubrögð. Það eru boðaðar hér skattabreytingar á vorin, það er komið með frv. um þær rétt fyrir jól í stað þess að leggja þau fram í upphafi þings og svo gengur ekkert né rekur í þinginu, þarf að fresta málum skipti eftir skipti út af þessum vinnubrögðum.

Ég hélt því fram fyrir nokkru að fjmrn. hefði verið eins og drusla í skattamálum. Mér fannst ég taka nokkuð mikið upp í mig en eftir að ég hef séð þessi frumvörp núna og þau vinnubrögð sem hæstv. fjmrh. stendur fyrir í þinginu þá tel ég að þetta hafi ekki verið ofmælt, (**GHH:** Síst ofmælt.) síst ofmælt eins og hv. þingflokksformaður Sjálfstfl. leiðrétti mig með.

Ég vildi, hæstv. forseti, nota þetta tækifæri til þess að gagnrýna þetta harðlega og ég sé því miður engin batamerki hjá hæstv. fjmrh. og ég held að það séu engar líkur til þess að þau muni koma fram áður en ríkisstjórnin fer frá.

Forseti (Kristín Einarsdóttir):

Forseti vill vekja athygli á því að óskað hafði verið eftir því að umræðum um fyrsta mál á dagskrá yrði frestað og hefur forseti hugsað sér að verða við þeirri beiðni og tekur því málið af dagskrá.

Umræðu frestað.

Um fundarstjórn.

3. umr. fjárlaga.

[10:40]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Það gerist ár eftir ár að samkvæmt þingsköpum á að hefja hér 3. umr. um fjárlög. Eins og segir í 25. gr. þingskapalaganna á efh.- og viðskn. að gera grein fyrir áhrifum skattalagabreytinga á tekjur ríkissjóðs fyrir 3. umr. Nú hef ég séð að það

liggja tvö skattalagafrumvörp fyrir hv. Alþingi. 1. umr. um annað þeirra er lokið en hitt skattalagafrv. var lagt fram í gær og 1. umr. um það á að fara fram í dag. Síðan er algerlega eftir að fjalla um það í efh.- og viðskn. og skila áliti til fjárln. Það er því alveg með eindæmum hvernig þessi vinnubrögð eru hér ár eftir ár og ég get tekið undir það með hv. þm. Halldóri Ásgrímssyni að ég held að það hafi aldrei verið verra en nú, þar sem það er ekki einu sinni byrjuð umræðan um skattalagafrumvörpin þegar 3. umr. um fjárlög á að fara fram. Ég lýsi yfir því að mér finnst að það hafi aldrei verið staðið jafnilla að málum og er það svo sem eftir öðru í ríkisstjórnartíð þessara flokka sem nú fara með stjórn landsins.

[10:42]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég hafði ætlað mér að veita andsvar við ræðu hv. 1. þm. Austurl. um fjárlög, 3. umr., sem hann flutti hér áðan. Það hefur áður komið fram í umræðum um stjórn forseta að hv. þingmönnum finnst frumvörp koma seint fram og ég skal taka undir það og hef reyndar gert það áður. Þess ber þó að geta að þau frumvörp sem liggja nú fyrir eru frumvörp til skattalaga þar sem um er að ræða tiltölulega einföld atriði, ívilnandi atriði, og að þessu leyti til eru skattafrumvörp ríkisstjórnarinnar allt annars eðlis en verið hefur á undanförnum mörgum árum. Hér er auðvitað um allt önnur vinnubrögð að ræða en stundum *hefur gerst áður og ég man frá fyrri tíð og ég veit að* hv. þm. Halldór Ásgrímsson, 1. þm. Austurl., man það að stjórnir sem hann studdi settu fram mjög seint á árinu frumvörp til skattalaga sem voru afturvirk, afturvirk en íþyngjandi. Það er rétt að um er að ræða ívilnandi frv. sem á að gilda fyrir yfirstandandi ár, þ.e. um flýtifyrningar. Það hefur legið fyrir frá miðju ári að ríkisstjórnin mundi flytja frv. á borð við þetta og þeim sem munu njóta þessa er það fullkunnugt, þannig að auðvitað er ekki verið að gera út á það. Það veit auðvitað hv. þm. að það er ekki verið að gera út á fjárfestingar milli jóla og nýárs. Það er auðvitað aumur útúrsnúningur þegar því er haldið fram því að þetta er búið að vera í umræðunni í hálft ár og öllum ljóst að til þessa átti að koma.

Það er rétt að Framsfl. hefur verið beðinn um að tilnefna mann í nefnd til að undirbúa frv. um breytingar á lögum til þess að koma á fjármagnstekjuskatti og ég hélt að það yrði gott samkomulag um það og reyndar kom ekkert annað fram í ræðu hv. þm. en að hann og hans flokkur mundi taka þátt í því starfi.

Það getur vel verið að hv. þm. telji það viðeigandi að kalla fjmrn. druslu. Það er hans mál og ég ætla ekkert að fara að kenna honum orðfæri. Hann er vanur siglari í sjó stjórnmálanna. Ég hygg þó að þegar grannt er skoðað komi í ljós að þær breytingar sem verið er að gera á skattalögunum eru einfaldar, þær eru ívilnandi og þær komu ekki fram í gær, þær komu fram í fyrradag svo að því rétta sé til haga haldið og þingmenn hafa að sjálfsögðu getað kynnt sér þessi atriði sem koma fram í frv. En ég skal taka undir það að lokum að það hefði verið æskilegt að frumvörpin kæmu fram fyrr og ég veit að þetta kemur ekki til með að tefja störf þingsins vegna þess að frv. er einfalt og ívilnandi.

[10:45]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Hæstv. fjmrh. segir að hér sé komið einfalt frv. Það sé í flestum tilfellum ívilnandi og Alþingi sé ekkert of gott til þess að setja sinn stimpil á þetta svona á eins og einum eða tveimur dögum. (**Fjmrh.:** Það voru ekki mín orð.) Hæstv. fjmrh. segir: Það eru ekki mín orð. En það eru þau vinnubrögð sem okkur þingmönnum er boðið upp á. Ég vil af þessu tilefni segja að í þessu einfalda frv. eru milli 50 og 60 atriði, hæstv. fjmrh., ef þú telur saman greinarnar og undirliðina þar og margir undirliðirnir eru í ...

(**Forseti** (KE)**:** Forseti vill benda hv. þm. á að ekki skuli ávarpa þingmenn eða ráðherra í 2. persónu.)

Virðulegi forseti. Ég biðst afsökunar á því en stundum er það einfaldlega þannig að manni er það ofboðið hér að manni verður fótaskortur á þeim reglum sem hér gilda og ég vil í sjálfu sér fara eftir.

Hér er um það að ræða eins og ég sagði áðan að hér eru milli 50 og 60 atriði og þar ægir öllu saman, einföldum tæknilegum breytingum, grundvallarbreytingum í skattkerfi og ívilnandi leiðréttingum. Og það er náttúrlega ekki hægt að bjóða Alþingi upp á það að þetta eigi bara að stimpla einn, tveir og þrír. Ég bendi hæstv. fjmrh. á að það er algerlega út í hött að vera að benda á vinnubrögð langt aftur í tímann því að það var einlægur vilji Alþingis síðustu tvö árin að breyta um vinnubrögð en þar hefur hæstv. ríkisstjórn algerlega brugðist og heldur áfram þessum vana sínum að keyra yfir Alþingi, að framkvæmdarvaldið keyri miskunnarlaust yfir Alþingi og sýni Alþingi algert virðingarleysi. Á þessu verður að vera breyting.

[10:48]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir það sem hefur komið fram um þessi vinnubrögð sem hér tíðkast og ég vil taka enn eitt dæmi.

Sl. mánudag, 12. des., var mælt fyrir frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum árið 1995 og hér er meira og minna um endurtekningar að ræða frá fyrri árum þó að hér séu einstaka ný atriði. Það er getið um nánast allt þetta í frv. til fjárlaga og maður spyr sig: Hvernig í ósköpunum stendur á því að frv. af þessu tagi er ekki lagt hér fram fyrr en um miðjan desember? Hvers konar vinnubrögð eru þetta? Hvaða skýring er á þessu, hæstv. fjmrh.? Er það skoðun fjmrh. að það tryggi hér einhverja stutta og snögga umræðu að leggja málin fram með þessum hætti? Er verið að reyna að koma í veg fyrir það að stjórnarandstaðan geti komið því til almennings hvað er verið að gera? Hvaða skýring er á þessu? Þetta er auðvitað algerlega óviðunandi og ef við tökum með daginn í dag þá eru 4–5 vinnudagar eftir í þinginu og við eigum eftir að afgreiða allan fjármálapakkann. Við erum í dag þegar 4–5 dagar eru eftir að byrja á skattafrumvarpi ríkisstjórnarinnar eða skattafrumvörpum, þau eru reyndar tvö, þar sem er um

fjölda atriða að ræða, bæði efnislegar og tæknilegar breytingar sem auðvitað þarf að skoða rækilega. Við þurfum að kalla til aðila. Ég vil bara leggja það til, virðulegi forseti, að menn taki sig á í þessum vinnubrögðum. Það er engin ástæða til að hafa þetta svona, en ástæðan er fyrst og fremst sá ágreiningur sem hefur verið innan ríkisstjórnarflokkanna og nú á að varpa hluta af þeim ágreiningi yfir til stjórnarandstöðunnar, kalla hana til. Þetta eru auðvitað alveg dæmalaus vinnubrögð.

[10:50]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég held að það sé alveg ljóst að mönnum er hér nokkur vandi á höndum um störf þingsins þessa daga fram að jólafríi og frammistaða hæstv. ríkisstjórnar hvað varðar það að koma þessum málum hér inn er auðvitað alveg hörmuleg. Eitt það versta við þessa stöðu er það að þetta leiðir til mikillar upphleðslu mála og mikillar upphleðsluvinnu hjá þeim nefndum þingsins sem um þetta fjalla, sérstaklega efh.- og viðskn. og fjárln. Þannig er það ljóst að þessi frumvörp sem ríkisstjórnin er hér nú að mæla fyrir lenda öll inni í efh.- og viðskn. á sama tíma og menn eiga þar að vera að veita umsögn um tekjuhlið fjárlagafrv. og ljúka fleiri störfum.

Ég hlýt svo einnig að mótmæla því sem hæstv. fjmrh. segir hér, að þetta skattafrv. sé bæði sérstaklega einfalt og líka ívilnandi. Það er að vísu rétt að það er ívilnandi að vissu leyti fyrir ákveðna aðila, en spurningin er fyrir hverja. En það er ekki einfalt. Í þessu frv. eru, það mikið er ég búinn að skoða það, flókin tæknileg álitamál sem í raun er hrein óhæfa að afgreiða nema fá á þeim útreikninga og dæmi um hvernig þau koma út. Ég nefni þar t.d. ákvæði 7. gr. um skuldajöfnun og útreikning vaxtabóta. Það eru mjög flókin tæknileg atriði sem vefjast fyrir jafnvel mestu sérfræðingum í þessum málum að útskýra og taka dæmi um.

Svo er það ekki heldur sæmandi hæstv. fjmrh. að segja við Alþingi: Vegna þess að mál er ívilnandi þá er ekkert mál að sulla því hér í gegn á nokkrum sólarhringum. Auðvitað er hæstv. fjmrh. að segja: Af því að í frv. felast lækkanir á sköttum, lækkanir til hátekjufólks og stóreignafólks, þá munu menn ekki þora að standa gegn því að afgreiða málin hér eða þora að taka sér tíma til að skoða þau að neinu ráði, heldur sulla þeim hér í gegn. Þetta er ósæmileg uppstilling mála, hæstv. fjmrh., og ég fer fram á að fjmrh. dragi þessi ummæli sín til baka. Það er ekki sæmandi að stilla Alþingi þannig upp við vegg.

[10:52]

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Hæstv. fjmrh. er nokkuð ánægður með sig, telur þetta allt saman vera eðlilegt og miklu betra en hjá fyrri ríkisstjórn sem ég mun hafa stutt. Ég held að það sé alrangt hjá hæstv. fjmrh. og mér finnst að hann ætti að taka hlutverk sitt alvarlegar en svo að vera að vitna í slíkt. Ég vil benda á það að hér er að hluta til verið að leiðrétta mistök sem áttu sér stað í fyrra. Hæstv. fjmrh. kom hér á síðustu stundu með mjög umfangsmiklar skattabreytingar í fyrra. Við vöruðum við því þá að gera breytingar á húsnæðisbótum sem voru mjög illa undirbúnar þá. Og hæstv. fyrrv. félmrh., Jóhanna Sigurðardóttir, ætti að geta staðfest það og alls konar klúður sem kom upp í þeim breytingum, m.a. að því er varðaði Búseta og við reyndum að leiðrétta eftir bestu getu.

Af hverju í ósköpunum var ekki reynt að leiðrétta þetta strax í upphafi þings? Af hverju kom hæstv. fjmrh. ekki með yfirlýsingarnar frá því í maí inn í þingið í byrjun október? Ég segi að það sé drusluskapur. Hæstv. fjmrh. er nokkuð ánægður með þetta og segir að það megi ekki nota það orð. Ég ætla ekki að taka það til baka. Hæstv. fjmrh. gat komið með megnið af þessu í byrjun október en gerði það ekki og það hlýtur að vera einhver ástæða fyrir því. Auðvitað er ástæðan ósamkomulag á stjórnarheimilinu vegna þess að það fara allir kraftarnir í það að rífast þar innbyrðis og menn koma engu í verk nema rétt fyrir jól.

[10:54]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Hæstv. fjmrh. telur að það sé lítið mál fyrir Alþingi að stimpla þetta frv. En ég vil vekja athygli á því að hér er um hápólitískt mál að ræða, þetta er hápólitískt frv. Það er að vísu ívilnandi en það ívilnar sumum meira en öðrum og það talsvert meir. Þetta er ekki jöfnunarfrv. Hátekjuskatturinn er lækkaður. Fjármagnsskattur er ekki tekinn upp. Því er frestað til 1996. Í fyrra var okkur sagt að hann yrði tekinn upp um þessi áramót. Ég man ekki betur en hann hafi verið boðaður í stjórnarsáttmála núv. ríkisstjórnar. En nú er farið að vísa á árið 1996 og allt aðra ríkisstjórn en nú situr.

Það er að vísu í þessu frv. verulegur afsláttur á skattinn á háu lífeyrisgreiðslurnar. Ríkisstjórnin hefur verið að deila um hve mikið ætti að auka ójöfnuðinn, ekki hvort það ætti að stefna í jöfnunarátt og þingið er búið að bíða í allt haust eftir ríkisstjórninni. Málið er náttúrlega það að ríkisstjórnin ræður ekki við verkefni sitt og það þarf að skipta um ríkisstjórn. Það verðum við að gera í vor og síðan verðum við að endurskoða frá grunni skattheimtu ríkisins og Framsfl. er að sjálfsögðu tilbúinn að leiða það verkefni.

Tekjuskattur og eignarskattur, 1. umr.

Stjfrv., 290. mál (eignarskattur, sérstakur tekjuskattur, lífeyrisgreiðslur s.fl.). — Þskj. 363.

Forseti (Kristín Einarsdóttir):

Varðandi þetta mál hefur forseta borist eftirfarandi bréf, dags. 15. des. 1994:

„Með vísan til 3. mgr. 51. gr. laga um þingsköp Alþingis leyfi ég mér að óska eftir því fyrir hönd þingflokka Alþb., Framsfl. og Samtaka um kvennalista að umræðutími við 1. umr. um frv. til laga um tekjuskatt og eignarskatt verði tvöfaldur vegna mikilvægis málsins.

Kristín Ástgeirsdóttir."

Forseti hefur ákveðið að verða við þessu og hefst þá umræðan.

[10:57]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum. Þetta frv. er í 18 greinum auk ákvæða til bráðabirgða. Ég tek fram að auk þessa frv. liggur fyrir þinginu frv. til laga um breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt sem fjallar sérstaklega um skatt barna og ungmenna og verður það til umræðu síðar í dag. Jafnframt er hugmyndin að leggja fram fyrir jólaleyfi frv. til laga um breytingar á þessum sömu lögum sem snerta refsiþátt skattalaganna, refsiramma og viðurlög en það er gert í tengslum við breytingar sem fyrirhugaðar eru á almennu hegningarlögunum, nánar tiltekið 262. gr. almennra hegningarlaga, og eins breytingum sem verið er að undirbúa og eru til umræðu í hv. efh.- og viðskn. á refsikafla eða viðurlagakafla laga um bókhald og ársreikninga. Þessi frumvörp eiga samleið. Þar er fjallað um svokölluð hvítflibbabrot en skattalagabrot er verulegur þáttur í svokölluðum hvítflibbabrotum. Með þeim frumvörpum er verið að koma til móts við kröfur sem eðlilegar eru og hafa komið fram af meiri þunga á undanförnum árum en það eru kröfur þess efnis að ríkisvaldið þurfi að taka fastar á svokölluðum skattsvikum.

Fyrir um það bil ári síðan skilaði skattsvikanefnd áliti og í því áliti kom fram að eitt virkasta meðalið til þess að ná fyrir rætur skattsvika væri að setja skýrari viðurlög og hækka botn refsirammans. Þetta frv. fjallar ekki um þau atriði, en í þessu frv. eru ýmsar breytingar allt frá minni háttar lagfæringum upp í atriði sem munu hafa verulega þýðingu fyrir framkvæmd skattalaga hér á landi.

Í fyrsta lagi er um að ræða breytingar í samræmi við yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar frá því í vor og má þar nefna yfirlýsingar vegna húsaleigubóta, flýtifyrningar og fjárfestingu manna í atvinnurekstri. Í öðru lagi eru þetta breytingar í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá því 10. des. sl. um lækkun eignarskatta, skattalega meðferð lífeyrisgreiðslna, framlengingu sértaks tekjuskatts og ýmislegt fleira. Í þriðja lagi eru á ferðinni ýmsar tæknilegar lagfæringar sem ástæða þykir að gera nú þegar fjallað er um þessi mál á hinu háa Alþingi.

Mér er það ljóst, virðulegi forseti, að frumvarpið er nokkuð seint fram komið. Það er þó vitað að mörg atriði sem í frumvarpinu eru hafa verið ljós um nokkurra mánaða skeið og þess vegna hefur almenningur í landinu — ekki síst snýr þetta að fyrirtækjunum — getað hagað verkum sínum með tilliti til þess að þetta frumvarp yrði flutt og það væntanlega gert að lögum í lok þessa árs. Önnur atriði í frumvarpinu eru þess efnis að í raun skiptir kannski ekki höfuðmáli hvort afgreiðsla fæst akkúrat núna á næstu dögum, þó væri það til bóta ef hv. efh.- og viðskn. telur að hún hafi tækifæri og tíma til þess að skoða þær brtt. verulega.

Í fyrsta lagi er ástæða til þess að nefna, sem efnislega breytingu í þessu frv., að svokallaður ekknaskattur er felldur niður, en með því heiti er verið að tala um hæsta þrep eignarskattsins svokallaða. Þessi ráðstöfun er talin kosta ríkissjóð í tekjutapi u.þ.b. 120 millj. kr. á ári og ástæðan er auðvitað sú að fyrirhugað er að taka upp fjármagnstekjuskatt í upphafi ársins 1996, en það hefur ávallt verið ráðgert að þegar það gerðist mundu eignarskattar lækka, enda er verið að breyta grundvallarviðhorfum í skattarétti með því að færa skattheimtuna af eignum yfir á eignatekjur og líkja þannig eftir skattheimtu í tekjuskattinum þar sem tekjur eru fyrst og fremst skattstofn en ekki eignir. Þetta eru sambærilegar breytingar við þær sem helst hafa verið að gerast í okkar nágrannalöndum á undanförnum árum og áratugum.

Í öðru lagi er lagt til í þessu frv. að svokölluð tvísköttun lífeyrisgreiðslna verði afnumin. Þetta mál er flókið, erfitt viðfangs og alls ekki einhlítt hvernig á að leysa það, en í frv. er farin ákveðin leið sem talin var sanngjörn, ekki síst vegna þess að þar er komið til móts við þarfir og kröfur og óskir þess fólks sem komið er á lífeyrisaldur og fær greitt út úr lífeyrissjóðum.

Ég vil taka það fram, virðulegi forseti, að það er umdeilanlegt hvort hægt sé að tala um yfir höfuð tvísköttun lífeyris, a.m.k. er ljóst að fram til ársins 1988 er ekki um tvísköttun að ræða. Á þeim tíma voru gerðar breytingar á skattalögum. Breytingin var þess efnis að ekki var lengur hægt að draga frá tekjum manna ýmsa liði sem áður voru frádráttarbærir, þar á meðal framlög einstaklinga í lífeyrissjóði. Í staðinn gerðist það að persónuafsláttur var aukinn, skattleysismörk hækkuð og þeir sem undirbjuggu þessar breytingar sögðu frá því með skilmerkilegum orðum í greinargerðum frumvarpa, að til þess væri ætlast að persónuafslátturinn dygði til að koma til móts við alla þá frádráttarliði sem áður voru í lögum. Þetta þarf að taka fram sérstaklega og þegar minnst er á lífeyrinn í þessu sambandi verða menn að rifja það upp að í gömlu skattalögunum var heimild til að draga lífeyrinn frá tekjum en jafnframt var hægt að velja þá leið að nota svokallaða 10% reglu, sem ég veit að ýmsir hv. þm. kannast við frá þeim tíma, en hún féll úr gildi um leið og nýju skattalögin tóku gildi.

Ef hægt er að tala um óréttlæti varðandi lífeyrisgreiðslur hygg ég að menn séu fljótir að koma auga á að vandamálið liggur kannski fyrst og fremst hjá einyrkjum, þ.e. atvinnurekendum sem starfa einir, þar sem skattar eru oft lagðir á eftir öðrum reglum, a.m.k. í staðgreiðslukerfinu, heldur en gengur og gerist og þar sem þessir einstaklingar greiða í lífeyrissjóði og verða að öllu leyti að standa sjálfir skil bæði á því sem talið er hjá öðrum vera framlag atvinnurekandans og lífeyrisþegans sjálfs eða launþegans.

Það háttar þannig til í skattalögunum að ekki hefur verið talið heimilt að draga þau 6% frá hjá þessu fólki sem aðrir hins vegar fá frádregið í því formi að atvinnurekandinn getur dregið frá tekjum í fyrirtækinu framlög atvinnurekandans til lífeyrissjóðs, sem lagt er inn í lífeyrissjóð fyrir viðkomandi launþega fyrirtækisins. Á þessu vandamáli er ekki tekið í þessu frv. Það hefur verið höfðað mál vegna þessa atriðis og enn er

ekki úr því skorið hverjar lyktir þess máls verða. Ég tek þetta hér fram vegna þess að það er alveg ljóst að þau 6% sem þessir aðilar greiða í lífeyrissjóð og fást ekki frádregin í rekstrinum, það má halda því fram með réttu að þar sé um tvísköttun að ræða. Ég tel hins vegar mikinn vafa á því að annars staðar sé um tvísköttun að ræða og þegar fjármagnstekjuskatturinn verður kominn á og verði það gert með þeim hætti að lífeyrissjóðunum verði hlíft við fjármagnstekjuskattinum tel ég að það sé hvergi um tvísköttun að ræða í lífeyriskerfinu og jafnvel eftir að sú breyting verður gerð sem hér er lagt til að þá sé frekar um ívilnun að ræða fyrir þá sem fá greitt úr lífeyrissjóðum. Þessi leið var farin vegna þess að hún var talin koma til móts við fjölmarga fullorðna aðila og eins vegna hins að þannig háttar til í almannatryggingakerfinu að um verulegar skerðingar á bótum er að ræða hjá þeim sem hafa tekjur, fyrst og fremst atvinnutekjur, en einnig tekjur úr lífeyrissjóðum, þó að viðmiðunarmörk séu ekki þau sömu í báðum tilvikum. Þetta verðum við að hafa í huga vegna þess að ýmsir þeir sem greiða skatta en eru komnir á fullorðinsár missa líka bótarétt. Það gildir hins vegar það sama hér eins og víða í tekjuskattslögunum að það er erfitt að ná til þeirra til jöfnunar sem ekki borga tekjuskattinn.

Vissulega er það svo varðandi barnabótaauka og fleira sem er til útborgunar að hægt er að ná til slíkra aðila. Það eru þeir verst settu sem fá útborgað en greiða ekki skatta, þannig að í raun og veru skilar skattkerfið þeim peningum umfram það sem borgað er í skatta, en aðrir aðilar sem ekki greiða tekjuskatta njóta að sjálfsögðu ekki þeirrar jöfnunar sem felst í skattkerfinu. Þetta er þekkt og þess vegna er ekki hægt að ná til þeirra einstaklinga í mörgum tilvikum sem eru undir svokölluðum skattleysismörkum. Alþýðusamband Íslands, launþegahreyfingin, hefur þess vegna lagt til að það sé náð til þessa hóps með öðrum ráðum og síðasta þekkta dæmið, sem mikið var rifist um hér á hinu háa Alþingi um þetta atriði, var lækkun svokallaðs matarskatts, en sú breyting hafði þann eiginleika að ná til fólks sem er undir skattleysismörkum í tekjuskattinum en það fólk ver hærra hlutfalli af launum sínum til matarkaupa heldur en hinir. Það er hins vegar rétt sem á hefur verið bent að það má gera ráð fyrir því að hátekjufólkið greiði fleiri krónur þegar farið er út í búð til að kaupa í matinn. Samt sem áður er þetta gert í nafni tekjujöfnunar. Á þetta minni ég nú í þessari ræðu minni sérstaklega vegna þess að nú virðist þessi aðgerð gleymd þegar lesin er gagnrýni Alþýðusambands Íslands á þær ráðstafanir sem ríkisstjórnin hefur boðað með yfirlýsingu sinni hinn 10. des.

Það er talið, virðulegi forseti, að afnám svokallaðrar tvísköttunar með þeirri aðferð sem hér er beitt kosti ríkissjóð 250 millj. kr. í tekjutap í tekjuskattskerfinu.

Þá er gert ráð fyrir því í þessu frv. að sérstakur tekjuskattur, sem stundum hefur verið kallaður hátekjuskattur, sé framlengdur um eins árs skeið, en skattleysismörk hækkuð úr 200 þús. í 225 þús. kr. á mánuði fyrir einstakling og úr 400 þús. í 450 þús. kr. fyrir hjón. Það skal tekið fram, sem öllum hv. þm. er ljóst, að þennan skatt átti að leggja niður um næstu áramót. Hefðu lögin verið óbreytt hefði skatturinn fallið niður. Það hefur verið kannað hverjir greiða þennan skatt og það kemur í ljós að að stórum hluta til er það ungt fólk, sjómenn, tekjuháir einstaklingar sem m.a. eru að byggja. Þetta hefur verið kannað úr skattframtölum, svo ég taki það enn einu sinni fram af því að menn virðast ekki trúa því, og það kemur í ljós að að stórum hluta til er þetta fólk sem ekki greiðir eignarskatt og oft fólk sem er greinilega að leggja á sig aukna vinnu til þess að koma sér þaki yfir höfuðið. Því miður er það svo að það geta ekki allir fengið slíka vinnu en það er til og það fólk lendir í þessum háa tekjuskatti. (**Gripið fram í:** 70% jaðarskatti.) Og til viðbótar, eins og hv. þm., formaður efh.- og viðskn., kallar fram í, að þá er um að ræða miklu hærri jaðaráhrif vegna þess að hátekjufólkið missir af bótum sem lágtekjufólkið fær, eins og t.d. barnabótaauka og vaxtabætur, svo minnst sé á bætur í skattkerfinu sem hátekjufólkið fær ekki.

Og það þarf að koma skýrt fram í þessari umræðu þegar talað er um kjarajöfnun hér á landi að líklega hefur Ísland sérstöðu í heiminum hvað kjarajöfnun snertir. Þjóðhagsstofnun hefur reiknað það út og birt það nýlega í sinni yfirlýsingu, að séu teknir 20%, fimmtungur af gjaldendum í tekjuskattskerfinu, sem greiða hæstan skatt, hafa hæstar tekjur og hinir sem hafa lægstar tekjurnar og hafa minnst á milli handanna og þessir hópar bornir saman kemur í ljós að margfeldið á milli þeirra, þegar búið er að taka tillit til skatta, eru 2,7. Ég hygg að það sé ekki hægt að finna nokkurt land í heiminum þar sem minni munur er á tekjum þeirra hæstu og lægstu þegar búið er að taka tillit til skatta. Þetta þarf að koma fram þegar menn tala um kjarajöfnun vegna þess að einkenni íslenska tekjuskattsins eru þau að persónuafslátturinn er mikill, en hins vegar er skatthlutfallið mjög hátt sem hefur m.a. þessi einkenni í för með sér. Allt of sjaldan er minnst á þetta í umræðunni, en það er t.d. athyglivert, vegna þess að ýmsir sem hér eru inni þekkja til Svíþjóðar, sumir hafa meira að segja lært þar, að munurinn á þessum hópum þar, í þessu landi jafnaðarmennskunnar, er miklu meiri heldur en á Íslandi. Þetta segi ég hér vegna þess að nokkuð hefur verið gagnrýnt að þessi ríkisstjórn sem nú starfar hafi ekki sinnt nægilega vel kjarajöfnun í sínu starfi. Má þó ekki gleyma því að það tókst samkomulag á milli ríkisstjórnarinnar og aðila vinnumarkaðarins fyrir u.þ.b. ári að lækka virðisaukaskatt á matvælum, en sú lækkun hefur skilað gífurlegum árangri, sannanlegum árangri, og komið sér best fyrir þær fjölskyldur sem hafa minnst á milli handanna en þurfa að verja stórum hluta launa sinna til matarkaupa.

Það er athyglivert þegar menn gagnrýna ráðstafanir ríkisstjórnarinnar að þá ganga menn út frá því að hátekjuskatturinn hefði átt að halda áfram. Og ég vitna til í þessu sambandi yfirlýsingar Alþýðusambands Íslands sem reiknar síðan út hverjir fái kjarabæturnar út úr ráðstöfunum með því að gera ráð fyrir því að skattur héldi

áfram sem alls ekki átti að halda áfram. Þannig er hægt að búa til falskan grundvöll til þess að bera saman við það sem þessar ráðstafanir raunverulega þýða.

Í frv. er ekki að finna ákvæði frekar en venjulega um hækkun skattleysismarka. Því hefur verið lýst hvernig sú hækkun fer fram og ætla ég ekki að fara mörgum orðum um það, en það er reyndar eitt af því fáa sem Alþýðusambandið telur þó ráðstöfunum ríkisstjórnarinnar til tekna.

Í frv. er gert ráð fyrir því að húsaleigutekjur verði að nokkrum hluta undanþegnar skatti eða frádráttarbærar frá tekjum einstaklinga sem leigja út með tilteknum skilyrðum. Þessi upphæð getur orðið allt að 300 þús. á ári eða sem nemur 25 þús. á mánuði, en sú leið er farin í þessu frv. að skattfrelsið nær eingöngu til 80% leiguteknanna. Ástæðan fyrir því að þessi leið er farin er sú að með þessu er reynt að koma í veg fyrir að búnir séu til gervileigusamningar til þess að freista þess að ná fjármagni úr opinberum sjóðum eins og t.d. Lánasjóði ísl. námsmanna. Ég vona að friður geti ríkt um þessa aðferð. En meginmarkmiðið með því að grípa til þessarar aðgerðar er auðvitað það að lækka leigu í landinu, að lækka húsaleigu í landinu, sem auðvitað kemur þeim best sem eru á leigumarkaðnum sem oft er lágtekjufólkið. Þetta kemur til viðbótar því að húsaleigubætur taka gildi um næstu áramót. Og það er furðulegt að hlusta á ýmsa sem koma nú fram og gagnrýna þessa ríkisstjórn fyrir það að hafa ekki stundað kjarajöfnun þegar á það er minnst að annars vegar hefur matarverðið verið lækkað og hins vegar er þessi ríkisstjórn að standa að húsaleigubótum. Skal þó sá sem hér stendur viðurkenna að hann var ekki mesti baráttumaður fyrir húsaleigubótunum og telur það reyndar vera gallagrip, en markmiðið er eigi að síður það að ná til þeirra sem verst eru settir, búa ekki í eigin húsnæði og geta þess vegna ekki notið þess m.a. að fá vaxtabætur út úr tekjuskattskerfinu. Það virðist vera gleymt þegar nú er verið að tala um það að hvergi sé að finna kjarajöfnun í ráðstöfunum ríkisstjórnarinnar.

Þá er í frv., virðulegi forseti, fjallað um flýtifyrningar. Hér er farin sú leið að þær fjárfestingar sem hafa orðið til á árunum 1994 og 1995 má flýtifyrna með þeim aðferðum sem lögin eða lagafrv. lýsir. Það er auðvitað umdeilanlegt og er þekkt í skattarétti og umfjöllun um skattamál hvort grípa eigi til flýtifyrninga eins og hér er gert. Það hefur þó verið gert við viss tilvik og mér sýnist í fljótu bragði t.d. að nýja sænska ríkisstjórnin grípi til slíkra aðgerða. Það er viðkvæmt að vera mikið að fikta í fyrningum, afskriftum í skattalögum og þróunin hefur ugglaust verið sú á undanförnum árum að gefa vissan sveigjanleika í fyrningum og afskriftum. En meginkjarninn í afskriftastefnu skattalaga yfir höfuð er að afskriftirnar séu valdar með tilliti til endingartíma eignanna, enda er hugmyndin sú að gjaldfærslur árlegar dugi fyrir þeirri endurnýjun. Það er auðvitað meginhugmyndin í lögum yfirleitt, en hér er farin þessi leið til þess að freista þess að hliðra til í því skyni að fyrirtækin fjárfesti frekar ef um þessa flýtifyrningu er að ræða á þessum árum þegar við mest þurfum á því að halda að skapa atvinnu fyrir þá atvinnulausu. Og það má ekki gleyma því þegar rætt er um þá atvinnulausu og aðgerðir ríkisstjórnarinnar, að einmitt það að stórauka framkvæmdir núna til vegamála er gert m.a. að ósk Alþýðusambandsins, að ósk aðila vinnumarkaðarins, til þess að búa til störf og koma þannig í veg fyrir að atvinnuleysi þrífist hér áfram eins og gerst hefur á undanförnum árum. Sem betur fer virðast tölur Þjóðhagsstofnunar sýna okkur að atvinnuleysið sé að minnka, það sé að draga úr atvinnuleysinu, kannski of hægt, en við erum þó á réttri leið þegar við skoðum tölur frá ári til árs nú um þessar mundir.

Í frv. er fjallað um eftirstöðvar svokallaðra rekstrartapa, yfirfæranlegra rekstrartapa í atvinnurekstrinum, og þá einkum og sér í lagi í tengslum við sameiningu fyrirtækja. Það hefur komið í ljós ákveðinn veikleiki á ákvæðum laganna, sérstaklega núna í dómsmálum og málum sem rekin hafa verið fyrir yfirskattanefnd og með þeirri reglu sem lýst er í frv. er reynt að festa í sessi reglu sem sníður af megingallana og reynt að fara þá leið sem við teljum að flestir geti orðið sammála um. Þessi regla er ekki ívilnandi en hún er sett fram til þess að geta skýrt frekar við hvað er átt þegar heimilt er að sameina fyrirtæki og njóta í sameiginlegu fyrirtæki uppsafnaðs rekstrartaps þess fyrirtækis sem á slíkt rekstrartap til góða og getur notað það til þess að lækka skatta á næstu árum. (**HÁ:** Er hún afturvirk?) Ég skal nú viðurkenna það vegna framíkalls hv. 1. þm. Austurl., sem er einn helsti sérfræðingur þingsins í skattalögum og reyndur endurskoðandi og reyndar kennari í þeirri grein, að ég treysti mér ekki til á þessari stundu að svara þeirri spurningu, en beini henni hins vegar til formanns hv. efh.- og viðskn. og bið hann um að hafa þessa fsp. hv. þm. í huga þegar nefndin tekur málið fyrir í sínum störfum. Vonast ég til þess að samgöngur á milli þeirra tveggja, hv. 1. þm. Austurl. og formanns nefndarinnar, séu það góðar að svarið geti borist innan tíðar.

Þá er í þessu frv. fjallað um frádrátt vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri. Það sem gert er í þessu frv. er að í stað þess að trappa niður frádráttarheimildir sem eru í núgildandi lögum, frádráttarheimildir sem eru á þann veg að fólk geti keypt hlutabréf og fengið skattafslátt eða frádrátt frá skatti vegna hlutabréfakaupa, hugmyndin var að taka þetta niður á fimm árum, þá er nú ákveðið að staðnæmast á því þrepi sem gildir í ár og það verður áfram hægt að draga frá skatti einstaklinga vegna hlutabréfakaupa, með þeim skilyrðum sem er að finna í lögum að sjálfsögðu, 80% af þeirri upphæð sem upphaflega var í lögunum, með þeim breytingum sem hafa orðið vegna vísitölubreytinga. Þetta atriði eins og flýtifyrningarnar voru atriði sem ríkisstjórnin lofaði að taka til athugunar í tengslum við kjarasamninga á sl. vori. Þá kom fram yfirlýsing frá ríkisstjórninni sem tók á þessum tveimur þáttum. Það var ekki loforð ríkisstjórnarinnar að leggja fram frv. heldur að taka þessi atriði til athugunar og til viðbótar var þar að finna atriði sem snerti töpuð hlutabréf og hvernig ætti að fara með það þegar fyrirtæki eiga í öðrum fyrirtækjum og tapa hlut sínum í þeim

fyrirtækjum ef um gjaldþrot er að ræða.

Í skattalögunum núna er að finna reglu sem er á þá leið að ef viðskiptaskuld, tapaðri viðskiptaskuld, er breytt í hlutabréf þá má fara með hlutabréfið eins og um tapaðar viðskiptaskuldir sé að ræða. Með öðrum orðum, að hlutabréf sem verða til með þeim hætti gegna sömu reglum eins og um tapaðar viðskiptakröfur sé að ræða. Það er flókið og erfitt að koma því við í skattalögum að heimilt sé fyrir fyrirtæki, venjuleg fyrirtæki, að draga frá tekjum sínum tap sem verður vegna þess að hlutabréf glatast í gjaldþrotum. Það er hæg leið og það hafa menn séð í skattalögum nágrannalandanna, að færa sér slíkt óhóflega í nyt og oft mjög erfitt að gera mun á eðlilegum afskriftum og þeim sem óeðlilegar gætu talist. Þetta atriði mun þurfa nánari skoðunar við og fjmrn. og lögfræðingar þess eru að kanna það með hvaða hætti og hvort hægt sé að breyta skattalögum á næstunni hvað þetta atriði varðar. En á það hefur verið réttilega bent af hálfu ýmissa sem starfa í atvinnurekstri að það sé ekki fallið til þess að örva fyrirtæki að setja fjármagn í ný fyrirtæki ef niðurstaðan er sú að ekki megi draga frá tekjum framlagsfyrirtækisins töp sem geta orðið þegar fyrirtæki lendir í gjaldþroti og eigendur fyrirtækjanna tapa öllu sínu. Þetta þarf að skoða betur en vissulega er þess virði að það sé athugað.

Virðulegi forseti, ég hef nú farið yfir helstu breytingarnar sem koma fram í þessu frv. Ég vil samt leyfa mér að fara yfir einstakar greinar. Það er ekki síður kannski í 1. umr. að fara mjög nákvæmlega yfir greinarnar, en ég tel það eðlilegt, a.m.k. að það komi fram í framsöguræðunni, ekki síst fyrst að menn vilja gefa sér mikinn tíma fyrir þessa umræðu, að segja um hvað greinarnar fjalla.

1. gr. frv. fjallar um það að það megi draga frá tekjum í atvinnurekstri smávinninga og happdrættisvinninga ýmiss konar sem fyrirtæki gefa gjarnan í einhvers konar auglýsingaskyni. Þetta er til þess að taka af allan vafa, en skattalögin eru tiltölulega fortakslaus í þessu sambandi. Það hafa komið upp tilvik eins og þau að útvarpsstöðvar hafa auglýst, gefið boli og þess háttar og ég held að það sé ástæðulaust að vera að eltast við slík atriði því að faktískt ætti að telja slíkt til tekna hjá viðkomandi og menn sjá að það er nokkuð erfitt að koma því við og kannski út í bláinn að ætlast til þess að fyrirtæki dragi þetta ekki frá tekjum í rekstri. Vandamálið kemur kannski sérstaklega upp þegar um er að ræða samkeppni þar sem annars vegar eru opinber fyrirtæki sem greiða ekki skatta og hins vegar einkafyrirtæki sem greiða skatta.

Í 2. gr. er fjallað um frádrátt frá tekjum manna, en þetta er grein sem breytir eða sem leggur til að breytt verði 30. gr. skattalaganna. Í a-liðnum er fjallað um staðaruppbót, en það er hugmyndin að staðaruppbót sé sett í skattmat þannig að einungis sé hún til frádráttar ef um sé að ræða sannanlegan kostnað. Í c-liðnum er fjallað um lífeyrismálið sem ég hef gert áður að umtalsefni og hefur verið kynnt í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Í d-liðnum er fjallað um hlutabréfafrádráttinn, þann sem var í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar sl. vor. Í e-liðnum er fjallað um húsaleiguna, en eins og ég hef sagt áður þá ætti slík breyting að stuðla að lækkun húsaleigu og jafnframt og vonandi til þess að þeir sem fá húsaleigutekjur gefi þær tekjur upp í stærri stíl en reyndin er og skal ég þó ekki fullyrða að hve miklu leyti slíkt er gert, því ef ég vissi þá mundi sjálfsagt vera reynt að koma betur í veg fyrir það heldur en gert hefur verið.

Í 3. gr. frv. er þess freistað í a-liðnum að ná til svokallaðra undirverktaka með því að skylda þá sem hafa slíka í samningum að skila inn svokölluðum verktakamiðum. Mér er það fullkomlega ljóst að þetta kann að vera flókið og erfitt. Ég bið hv. nefnd að kynna sér þetta með því að ræða við einstaka aðila en ástæðan fyrir því að þetta er tekið hér inn þó þetta hafi lítið með skatttekjur ríkissjóðs að gera er að undan því hefur verið kvartað að svokallaðir undirverktakar stæðu í sumum tilfellum, alls ekki öllum, hvorki skil á sköttum né greiðslum til verkalýðsfélaga o.s.frv. Síðan fara þeir á hausinn og koma svo aftur undir nýju nafni, sömu eigendur aftur og aftur. Það er ekki nóg með að þetta hafi slæm áhrif á sjóði verkalýðshreyfingarinnar, lífeyrissjóði og ríkissjóð heldur hefur þetta haft skemmandi áhrif fyrir þá starfsemi sem fer að lögum að öllu leyti, þá sem gefa allt upp og standa skil á öllum sínum greiðslum. Því þeir sem leyfa sér að að standa ekki skil á sínum greiðslum geta að sjálfsögðu undirboðið verk hinna. Með þessu er reynt að bæta úr þessu vandamáli en ég viðurkenni að á því kunni að vera erfiðleikar.

Í b-liðnum í 3. gr. er síðan fjallað um yfirfæranlegu rekstrartöpin, sem ég hef áður minnst á, sem nýta má til skattfrádráttar eftir sameiningu fyrirtækjanna.

4. gr. er einungis tæknileg lagfæring.

Í 5. gr. er fjallað um tækifærisgjafir og opnað fyrir möguleika fyrirtækja til að gefa tækifærisgjafir starfsmönnum og öðrum innan hóflegra marka.

6. gr. er tæknileg lagfæring.

En 7. gr., sem hefur verið gerð að umtalsefni fyrr í dag undir liðnum athugasemdir um störf þingsins, er lagfæring á bótaákvæðum vegna vaxtabóta. Það er hárrétt að sú tilhögun sem er í lögunum er mjög flókin og það eru margar girðingar í gangi. Það eru eignir, það eru tekjur, það er fjárhæð vaxta o.s.frv. Þarna er verið að leggja til að færa til girðingar. Ég segi við hv. nefnd: Ef þetta er svo flókið að menn ráða ekki við þetta á næstu dögum þá má þetta bíða mín vegna. Við töldum að þetta væri til bóta en þetta er ekki svo stórt mál að ástæða sé til þess að hlaupa til og breyta þessu ef mönnum þykir þetta vera afspyrnu flókið. Þetta vil ég taka fram vegna þess að þetta mál var sérstaklega rætt í þingskapaumræðum áður en umræðan hófst.

8. gr. er um eignarskattinn sem ég hef áður fjallað um.

9. gr. fjallar hins vegar um dánarbú. Hér er reynt að koma til móts við þá sem verða fyrir því að missa maka. Í núgildandi skattalögum ber á því að dánarbúum er jafnvel mismunað eftir því hvenær makinn fellur frá, eða arfleifandi réttara sagt fellur frá því hann getur verið arfleifandi án þess að vera í hjónabandi eða

sambúð. Þetta er kannski tæknileg breyting ekki stórvægileg en ætti að stuðla að meira jafnræði á milli aðila og gera ekki þann mun sem nú er á eftir því hvenær dauðsfall ber að höndum, hvort það er fyrri hluta eða síðari hluta árs. Skal ég ekki fara nánar út í þetta atriði sem ég tel vera réttlætismál en hefur kannski ekki stórpólitíska þýðingu né heldur breytir sköttum til hins opinbera í stórum stíl.

10. gr. er tæknileg breyting og hún er lögð fram og þarf að afgreiðast með hliðsjón af ákvæðum frv. til laga um bókhald og ársreikninga. Ég bið hv. nefnd um að láta þessa breytingu fylgja því frv. og taka mið af því frv. Verði það afgreitt fyrir áramót þarf að huga að þessari breytingu en ella er eðlilegt að hún sé látin bíða.

Í 11. gr. er fjallað um launa- og verktakamiða sem ég hef reyndar áður vikið að og er afleiðing þeirrar breytingar.

Í 12. gr. er verið að samræma kærufresti í lögum og þess vegna er kærufresturinn lengdur um einn dag.

13. og 14. gr. eru tæknilegar breytingar vegna þess að lagatilvísanir eru rangar.

15. gr. er líka reyndar tæknileg breyting. Það mátti misskilja lögin þótt ekkert hafi reynt á þetta. En með því að laga orðalag eins og gert er í 15. gr. þá er sagt að komið sé í veg fyrir að menn geti misskilið frádráttarbærnina og jafnvel haft hana tvöfalda eins og sumir hafa talið að mætti lesa úr núgildandi texta.

Í 16. gr. er verið að setja húsaleiguupphæðina undir skattvísitölu skattalaganna.

17. gr. þarf ekki að skýra, hún er gildistökugrein.

Í 18. gr. eru ákvæði til bráðabirgða. Fyrst flýtifyrningin og ég vísa þar til greinargerðar með lagafrv. á bls. 13 og 14. Síðan er hugmyndin að varasjóður falli niður sem ekki hefur áhrif á skatt fyrirtækjanna vegna þess að það hefur verið hægt að gjaldfæra á móti. En í þessari tillögu er gert ráð fyrir að varasjóður samkvæmt eldri skattalögum sé leystur upp. Þetta hefur ekki mikla þýðingu einfaldlega vegna þess að upphæðin í varasjóðnum hefur ekki fengist verðuppbætt.

Loks er í bráðabirgðaákvæðinu að finna sérstakan tekjuskatt, 5%-skattinn, sem framlengdur er í eitt ár, eða þar til fjármagnstekjuskatturinn tekur við.

Ég hef í bland í mínu máli nokkuð komið að yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar en jafnframt tekið nokkur atriði út úr gagnrýni Alþýðusambands Íslands. Mér finnst nokkuð bera á því þegar aðilar eru að gagnrýna ráðstafanir ríkisstjórnarinnar að það sé gefið í skyn að nú sé kjarajöfnun ekki á dagskrá o.s.frv. Ég vil leyfa mér að endurtaka það hér að ekki má gleyma því sem gert hefur verið. Matarskatturinn var lækkaður og það er ekki hægt að halda því fram að það að framlengja hátekjuskattinn í eitt ár sé engin breyting. Auðvitað var búið að ákveða og er í lögum að hátekjuskatturinn félli niður um næstu áramót. Það að framlengja þann hátekjuskatt er að sjálfsögðu breyting frá því sem er í lögunum. Og það er ekki sæmandi fyrir samtök finnst mér að bera það á borð að það sé engin breyting að hátekjuskatturinn sé áfram því hann hafi verið á þessu ári. Sömu aðilar sem aftur og aftur og aftur hafa lýst því yfir að ríkisstjórnin sé að ráðast á hina og þessa með því að leggja niður hátekjuskattinn.

Í öðru lagi má ekki gleyma því að það er gert ráð fyrir því í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar að fjármagnstekjuskattur verði tekinn upp um önnur áramót, eftir rúmt ár. Hvers vegna hefur það ekki verið gert fyrr? Jú, það er vegna þess að þegar vextir voru lækkaðir fyrir rúmu ári síðan mælti Seðlabankinn eindregið gegn því að fjármagnstekjuskatti yrði komið á um þau áramót og þess vegna var því frestað. Það eru fyrirliggjandi frv. um málið. Með yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar eru báðir stjórnarflokkarnir, bæði Sjálfstfl. og Alþfl., að lýsa því yfir að þeir séu tilbúnir að standa að því að fjármagnstekjuskattur verði tekinn upp um önnur áramót. Þeir eru að bjóða öðrum stjórnmálaflokkum sem eiga aðild á Alþingi um þessar mundir að taka þátt í að móta þær reglur ef t.d. það gerðist að eftir kosningar kæmu aðrir flokkar að stjórn landsins. Jafnframt er verið að bjóða upp á að aðilar vinnumarkaðarins sem hafa sýnt sig vera viðkvæmir fyrir öllum breytingum á sköttum, eðlilega, komi að þessu máli enda hefur það verið áhugamál Alþýðusambandsins að leggja á fjármagnstekjuskatt og það er vitað að báðir aðilarnir, Alþýðusambandið og Vinnuveitendasambandið, hafa margoft lýst því yfir að þeir vilja að vöxtum sé haldið niðri. Þess vegna er verið að biðja um að allir þessir aðilar komi að málunum. Við erum ekki að biðja um það til að varpa ábyrgð á einhverja aðra. Auðvitað eru stjórnarflokkarnir ábyrgir fyrir þessari stefnuyfirlýsingu. Við erum að gera þetta vegna þess að lögin taka ekki gildi fyrr en eftir að ríkisstjórnin fer frá. Svo tala menn um að það sé einsdæmi að slíkt gerist. Má ég minna á öll atriðin áður og fyrrum þegar sett voru lög sem tóku ekki gildi fyrr en eftir kosningar og hækkanir sem tóku ekki gildi fyrr en eftir kosningar. Ég man eftir því að sumar hækkanir komu ekki fram fyrr en eftir kosningar þegar ég kom inn í fjmrn. Þá allt í einu hækkuðu hlutir og ég spurði: Af hverju er þetta gert? Jú, það var vegna þess að þetta var ákveðið af fyrri ríkisstjórn, þar á meðal bensíngjald, svo ég rifji eitthvað upp fyrir þeim sem báru að einhverju marki ábyrgð á þeirri ríkisstjórn sem þá sat.

Það má ekki heldur gleyma húsaleigubótunum, ég hef minnst á það, sem voru settar á til kjarajöfnunar.

Að öllu samanlögðu, virðulegur forseti, þá er hér á ferðinni frv. sem gerir ráð fyrir nokkrum breytingum og breytingarnar eiga flestar það sammerkt að vera ívilnandi. Að því leytinu til er þetta frv. öðruvísi en mörg þau frv. sem ég hef þurft að flytja á Alþingi á undanförnum árum og aðrir fjmrh. á undan mér. Þess vegna og í trausti þess finnst okkur að tími sé til að afgreiða þessar tillögur þó ég viðurkenni fúslega og hafi gert það áður að auðvitað hefði verið betra að fá þessar tillögur fyrr fram í þinginu. (**Gripið fram í:** Af hverju komu þær ekki?) Mér er kunnugt um að hv. nefnd hefur aðeins litið á tillögurnar nú þegar og ég er þakklátur formanni nefndarinnar fyrir að hafa tekið málið til umræðu á fundi nefndarinnar í gær. En ég viðurkenni að það hefði verið betra að fá tillögurnar fram fyrr. Ugglaust er það rétt að það hefði verið hægt

að setja sumar þeirra fram strax í haust eða a.m.k. fyrr en það var von mín allan tímann að hægt væri að leggja þetta fram í einu frv. Það hefur dregist. Frv. er hins vegar komið fram og ég vonast satt að segja til þess að um þessi mál í frv. geti myndast tiltölulega víðtæk og breið samstaða.

Virðulegi forseti. Að svo mæltu legg ég til að frv. verði vísað til 2. umr. og jafnframt til hv. efh.- og viðskn.

[11:43]

Halldór Ásgrímsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hæstv. fjmrh. staðhæfði áðan að kjarajöfnun hér á landi væri mun meiri en gengur og gerist annars staðar. Það má vel vera að það sé að einhverju leyti rétt. En ég vil spyrja hæstv. fjmrh.: Er það ástæðan fyrir því að það er verið að draga úr kjarajöfnun núna? Það mátti skilja á hæstv. fjmrh. að hér hefði verið allt of langt gengið. Það er verið að lækka hátekjuskattinn hvað svo sem hæstv. fjmrh. segir og er með miklum vandræðagangi að reyna að útskýra það að að sjálfsögðu sé ekki verið að lækka hann vegna þess að áður hafi verið búið að ákveða að fella hann niður. Það er verið að lækka skatt hjá þeim sem fá hvað mestar lífeyrisgreiðslur, það liggur alveg fyrir. Það er verið að lækka eignarskatt þeirra sem eiga mestu eignirnar. Það er verið að draga úr kjarajöfnun. Og til þess að upplýsa hæstv. fjmrh. betur um þær aðgerðir sem hann stóð fyrir á sl. ári þá bið ég hann um að lesa skýrslu Ríkisendurskoðunar en þar stendur, með leyfi forseta:

„Þau gögn sem skoðuð hafa verið og útreikningar sem gerðir hafa verið ásamt öðrum athugunum, jafnt innlendum sem erlendum, sýna að þó aðgerðin auki kaupmátt ráðstöfunartekna almennings þá er hún ekki skilvirk leið til tekjujöfnunar í samanburði við aðrar aðgerðir. Útreikningar benda til þess að einungis um 16% af tekjutapi ríkissjóðs við aðgerðina skili sér til lágtekjuheimila."

Það liggur sem sagt fyrir hvort sem aðilar vinnumarkaðarins samþykktu þetta eða ekki að þar var valin röng leið til tekjujöfnunar. Það er nauðsynlegt að hæstv. fjmrh. upplýsi það hér hvort það er orðið sérstakt stefnumál þessarar ríkisstjórnar, sem ég tel að sé í reynd, að draga úr kjarajöfnun í landinu. Er það innleggið í kjarasamningana sem á að gera á næsta ári?

[11:46]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel að sjálfsögðu að það sé kjarajöfnun að finna í þessu frv. vegna þess að frv. er um að breyta skattalögunum, m.a. með því að halda áfram hátekjuskattinum og síðan taki fjármagnstekjuskatturinn við. Í því felst að sjálfsögðu kjarajöfnun. Síðan spyrjum við: Til hvers ætlum við að nota þessa peninga? Það er verið að lækka eða taka út eknaskattinn. Ég hélt að mörgum þætti það vera réttlætismál. Það er verið að leggja til að það sé meiri skattafsláttur hjá þeim sem eru orðnir fullorðnir og fá greitt úr lífeyrissjóðum. Ég heyri ekki betur á öllum fundum sem ég hef verið á með eldra fólki en að það þyki réttlætismál og það sé jafnvel til kjarajöfnunar. Að vísu er erfitt að beita tekjuskattinum til tekjujöfnunar fyrir þá sem ekki borga skatta. Um það hljótum við að vera sammála. En þegar hv. þm. fer síðan að ræða um það sem ég kalla stundum þráhyggju Framsfl., þ.e. að vera sífellt að atast út í það sem gerðist á síðasta þingi þegar Alþýðusambandið, Vinnuveitendasambandið og ríkisstjórnin og sumir stjórnarandstöðuflokkarnir tóku höndum saman og þar á meðal Alþb. og lækkuðu matarskattinn. Maður hlýtur að spyrja hv. þm.: Vill hann koma matarskattinum á aftur? Framsfl. verður að svara því hér. Er það virkilega það sem Framsfl. vill að koma matarskattinum á aftur? Er það það sem Framsfl. vill? Þessu verður hv. þm. að svara.

Svo þegar hátekjuskattinum er breytt þá gerist það núna þannig að mörkin eru hækkuð og það hefur meginþýðingu fyrir þá sem eru yngri og eru að berjast við að koma sér þaki yfir höfuðið. Það kemur nefnilega í ljós að sá hópur er á þessum mörkum, 200–225 þús. Þetta hefur komið fram og er auðvelt að sýna fram á.

[11:48]

Halldór Ásgrímsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég held það sé nauðsynlegt að lesa upp fyrir fjmrh. hans eigið fjárlagafrv. Þar stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Þyngst vegur að undanþágurnar eru fleiri en að var stefnt í upphafi. Horfið hefur verið frá því grundvallarmarkmiði að hafa aðeins eitt skattþrep, a.m.k. um sinn."

Síðan stendur:

„Þessar breytingar hafa óneitanlega dregið úr skilvirkni kerfisins og gert framkvæmdina erfiðari en ella. Það er óumdeilt að í skattalegu tilliti er eitt þrep og sem fæstar undanþágur æskilegasti kosturinn."

Af hverju geta menn ekki talað um þetta mál á málefnalegum grundvelli? Af hverju er ekki hægt að ræða það út frá því hvort um tekjujöfnun er að ræða eða ekki? Það er alltaf farið út í eilífa útúrsnúninga. Ég er þeirrar skoðunar og hef alltaf verði þeirrar skoðunar að eitt þrep sé æskilegasti kosturinn. Ég geri mér hins vegar grein fyrir að því verður ekki komið á aftur nema í bærilegum friði við verkalýðshreyfinguna og aðila vinnumarkaðarins fyrst það var asnast út í að gera þessa breytingu. Ég vil ekki fara út í hana í ófriði við þessa aðila. En það er hart við að búa að hvort sem það er ríkisstjórnin eða aðilar vinnumarkaðarins þá geta menn ekki rætt þetta mál út frá málefnalegum grundvelli. Og hæstv. fjmrh. gerir sig sekan um það hér að láta í það skína að ef það kæmi eitt þrep á nýjan leik þá væri verið sérstaklega að draga úr tekjujöfnun. Það er rangt. Hæstv. fjmrh. ætti að sjá sóma sinn í því að ræða þetta mál málefnalega og lesa skýrslu Ríkisendurskoðunar um það. Hér er ekki um neina þráhyggju að ræða.

En ég endurtek að það er ekki verið að fara út í kjarajöfnun í þessu frv. sem hæstv. fjmrh. er að mæla hér fyrir. Það eru möguleikar til að lagfæra hluta af þeim mistökum sem áttu sér stað á síðasta ári en það

er engin tilraun til þess gerð. T.d. er vel hægt að breikka eignarskattsstofninn og hækka barnabætur og vaxtabætur. Og hæstv. fjmrh. veit að hér er ekki um neina kjarajöfnun að ræða og hann ætti að reyna að kalla málið réttum nöfnum.

[11:50]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir þessa ræðu. Hann sagði nefnilega að hann ætlaði ekki að breyta matarskattinum í ófriði við aðila. Ég fagna þessari yfirlýsingu. Í henni felst að mínu mati líka sú viðurkenning, sem hefur komið fram af hálfu verkalýðssamtakanna hér á landi, að aðgerðin heppnaðist. Hún skilaði sér til þeirra sem eru undir skattleysismörkum og það er eitt af því sem var mjög mikilvægt í tengslum við þá aðgerð.

Það er alveg hárrétt hjá hv. þm. að það er auðvitað skilvirkast fyrir skattkerfið að hafa eitt þrep í öllum sköttum og engar undanþágur. Ég er honum hjartanlega sammála. En stundum þurfa menn að hverfa frá því sjónarmiði vegna þess að það þarf að ná til einhverra aðila sem ekki er hægt að laga til innan skattkerfisins. Um það náðist víðtækt samkomulag hér (**HÁ:** Það var hægt að gera það með öðrum hætti.) í lok sl. árs og í því samkomulagi tóku flestir þátt nema Framsfl. Ég tel eftir þessa ræðu sem hv. þm. flutti og sagðist ekki mundi breyta þessu aftur í ófriði við aðra þá ættum við að slíðra sverðin um þetta mál. Segja þetta mál var ákveðið fyrir ári síðan og taka það ekkert upp aftur fyrr en ljóst er að þess sé óskað. En ég get verið sammála hv. þm. um að það er ljóst að frá skattalegu sjónarmiði séð, frá ríkinu séð, er alltaf best að skattkerfið sé eitt þrep og engar undanþágur. En slíkt skattkefi er hvergi að finna, því miður.

[11:52]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Kjarajöfnun heitir það hjá hæstv. ráðherra en ASÍ og aðrir aðilar á vinnumarkaðnum eru búnir að fara yfir þessar tillögur og þeir telja að þetta sé ekki mikið til kjarajöfnunar. Hæstv. ráðherra er síðan að kvarta undan því að menn séu búnir að gleyma matarskattinum en það er nú bara liðin tíð. Síðan finnst honum að allir eigi að vera sammála því að vegna þess að það hafi verið í lögum að leggja niður hátekjuskattinn þá sé eðlilegt að tala um að taka hann upp aftur. Hvers vegna gleymir hæstv. ráðherra líka því atriði? Það eru nefnilega allir aðrir á annarri skoðun en hæstv. ríkisstjórn um þennan hátekjuskatt og það er þess vegna sem ríkisstjórnin hefur þurft að bogna í því máli þó hún hafi ekki bognað alveg.

Ég held að það sé greinilegt af orðum hæstv. ráðherra að hæstv. ríkisstjórn, eða a.m.k. sá hluti hennar sem Sjálfstfl. skipar, finnst nóg komið í kjarajöfnun. Og hæstv. ráðherra fór að tína hér fram einhverjar kannanir sem hefðu verið gerðar á því að á Íslandi væri orðin allt of mikil kjarajöfnun. Ég er hræddur um að það þurfi að skoða þessar tölur eitthvað betur sem hæstv. ráðherra var að nefna. Ég geri ekki ráð fyrir að það sé til huggunar fyrir þá sem lægstu hafa launin þó þeir séu ekkert voðalega margir sem hafa þau hæstu. Svona tölum eiga menn ekki að sletta fram öðruvísi en sýna allan reikninginn þannig að hægt sé að átta sig á því hvað verið er að tala um.

[11:54]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það sem ég var að reyna að koma til skila í ræðustól áðan var að mér finnst þegar verið er að gagnrýna ráðstafanir ríkisstjórnarinnar að menn sleppi því að nefna það sem ríkisstjórnin hefur gert á undanförnum árum. Þar á meðal er ekkert minnst á það núna af hálfu Alþýðusambandsins að matarskatturinn var lækkaður fyrir ári síðan. Ég segi að það sé alltaf gengið út frá því sem gefnu að eitthvað sé búið og þá þurfi ekkert að nefna það aftur. Meira að segja finna þeir að því þegar verið er að gera átak í vegamálum þá sé þetta í þriðja eða fjórða skiptið sem ríkisstjórnin minnist á það. Það er verið að finna að því. Það er eins og það megi ekki tala um það nema einu sinni þá sé það búið, gefið, komin forgjöf í málið. Síðan má ekki tala um það meir. Þegar ég var að tala um kjarajöfnun áðan þá var ég að benda á þá staðreynd sem er um kjarajöfnun hér á landi að samkvæmt útreikningum Þjóðhagsstofnunar þá er munurinn á 20 lægstu og 20 hæstu í tekjum á Íslandi mjög lítill á alþjóðlegan mælikvarða. Margfeldið er 2,7 sem er miklu minna en annars staðar, þ.e. þegar búið er að taka tillit til áhrifa skattsins í þessu. Ég býst við að þetta sé kannski fjórfaldur munur fyrir skatta en sé 2,7 eftir skatta. Í Bandaríkjunum hygg ég að launamunurinn sé ellefufaldur eða eitthvað þess háttar. Í Svíþjóð er hann enn þá meiri en hér á landi. Samt er alltaf talað um sænska réttlætisríkið og Skandinavíu. Það sem ég hef verið að segja er þetta: Skattkerfið eins og það er í dag er gífurlega tekjujafnandi. Ástæðan er sú að það er hátt skattþrep og mikill persónuafsláttur.

[11:56]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það réttlætir ekki óréttlætið þó það finnist eitthvað verra annars staðar. Mér finnst líka að ég þurfi að koma því að að þessi þula sem hæstv. ráðherra var með í sinni ræðu um það að sjómenn og húsbyggjendur yrðu sérstaklega fyrir barðinu á þessum hátekjuskatti er óþolandi. Það er verið að tala um heimilistekjur fólks sem voru 4,8 millj. eða meira. Og sjómenn eru líka með sjómannaafslátt þar ofan á. Það þarf ekki að segja venjulegu fólki á Íslandi að það sé fólk sem sé í vandræðum með að byggja yfir höfuðið á sér sem hefur slíkar tekjur. Sjómenn, þó svo að þeir eigi allt gott skilið, hafa sinn sjómannaafslátt og þeir þurfa ekki á því að halda að þurfa ekki að borga þessi 5% þegar þeir eru komnir í um 5 millj. kr. tekjur á ári eða fjölskyldur þeirra. Svona röksemdafærsla sem hæstv. ríkisstjórn hefur sett fram til þess að rökstyðja að það eigi að fella niður hátekjuskattinn er bara ekki tæk í umræðunni á meðan það er ekki hægt að koma til móts við lágtekjufólkið í landinu. Það er ekki hægt að semja við sjúkraliða t.d. um lífvænleg launakjör. Þó að ríkið sé að brjóta jafnréttislög á sjúkraliðum þá fæst

það ekki til þess að samþykkja hækkun launa. (**Gripið fram í:** Brjóta jafnréttislög?) Já, jafnréttislög vegna þess að ríkið borgar sjúkraliðum af öðru kyni hærri laun annars staðar á landinu en hér á Reykjavíkursvæðinu. Og það munar ekkert litlu, 6–10 þús. kr. Ég tel að þetta sé brot á jafnréttislögunum og hæstv. ráðherra ætti að lesa þau ef hann hefur ekki kynnt sér málið.

[11:58]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Jafnvel þótt tekjur sjúkraliða komi þessu máli sáralítið við þá er það kannski athyglisvert þegar ASÍ er að tala um lágu tekjurnar þá nefnir ASÍ alltaf 50 þús. og 60 þús., það er ekkert gert fyrir þetta fólk. Það kom fram í blaði um daginn hverjar eru meðaltekjur sjúkraliða. Á Landspítalanum, þar sem launin eru nú ekki há ef marka má ræðu hv. þm., eru heildarlaun þeirra 108 þús. kr. á mánuði. Þetta er meðaltalið, 108 þús. kr. á mánuði. Ég er ekki að segja að þetta sé hátt en menn eiga að nota réttar tölur.

Og varðandi hátekjuskattinn skal það tekið fram að aðeins sú breyting sem við erum að gera núna með því að hækka mörkin úr 200 í 225 þús. gerir það að verkum að þriðjungur einhleypra fer undir mörkin og 60% af þeim sem detta út er fólk undir 40 ára. Það er einmitt það fólk sem við erum að tala um. Það er nefnilega margt af þessu fólki sem skreið yfir þessi mörk. Bara sú breyting sem hér er gerð kemur til móts við þetta fólk sem er að berjast við að koma þaki yfir höfuðið og við höfum stundum verið að nefna.

Það má ekki heldur gleyma því, virðulegur forseti, þegar minnst er á íslenska skattkerfið að jaðaráhrifin eru orðin ansi mikil og þegar hátekjuskatturinn kemur til viðbótar þá mega menn ekki gleyma því að þetta fólk sem hefur tiltölulega háar tekjur hér á landi fær ekki vaxtabætur, það fær ekki barnabótaauka, það missir bótaréttinn. Þegar talað er um heildaráhrifin, bætur og skatta, þá geta jaðaráhrifin verið kannski 70% eða þar um bil. Þetta verða menn að hafa í huga þegar þeir ræða um kjarajöfnun og íslenska skattkerfið. Og ég ætla að endurtaka það enn einu sinni að í íslenska skattkerfinu felst mjög mikil kjarajöfnun.

[12:00]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Það hefur vakið nokkra athygli í ræðu hæstv. fjmrh. og andsvörum að hæstv. ráðherra er ekki í miklu jafnvægi og fer hér mikinn í málflutningi sínum. Það er kannski ekki mikið, virðulegur forseti, því nú er núv. ríkisstjórn að leggja fram í síðasta skipti breytingar á skattalögum. Hvað hefur síðan einkennt skattastefnu þessarar ríkisstjórnar? Hún hefur verið ómarkviss, flókinn og unnin í flýti. Hverjar eru afleiðingarnar? Afleiðingarnar eru þær að við erum komin með skattkerfi sem er með 70% jaðarskatt á til þess að gera lágar tekjur. Hún er ómarkviss í framkvæmd og hvetur til skattsvika. Þetta er sú leið sem núv. hæstv. ríkisstjórn hefur verið að feta. Það hefur ekki verið unnið eftir neinni markaðri heildarstefnu. Aðgerðirnar hafa verið handahófskenndar. Þær hafa komið fram á síðustu dögum fyrir jól og verið knúnar fram án þess að það hafi verið tækifæri til þess að skoða afleiðingarnar til hlítar.

Ég nefni aftur það sem ég nefndi áðan varðandi 70% jaðarskattinn. 70% jaðarskattur á tekjuhópa sem eru ekki með mjög háar tekjur, þar er orðið um að ræða skattlagningu sem gengur á grófan hátt og brýtur á grófan hátt á réttlætiskennd þegnanna. Skattheimta sem þessi er til þess fallin að brjóta niður virðingu þegnanna fyrir ríkisvaldinu, fyrir þörf ríkisvaldsins að leggja á tekjur og ráðstafa til sameiginlegra þarfa og á þann hátt að hvetja þegnanna til að skjóta sér undan því að greiða skattana.

Ég nefni aðra gjaldtöku sem ekki hefur verið rætt hér um í dag. Það eru bifreiðaskattar. Það eru kílóagjöld á bifreiðar, sem er skattlagning sem gengur á mjög grófan hátt út yfir réttlætiskennd gjaldendanna, auk þess að vera í mörgum tilfellum mjög óréttlát skattlagning. Þessi hækkun, sem var knúin fram á síðasta ári, var, eins og ég sagði hér áður, ekki framkvæmd samkvæmt neinni markaðri skattastefnu heldur var gripið til þess að hækka þetta gjald til að loka gati á fjárlögum. Þetta er því miður sú staða sem við stöndum frammi fyrir í dag.

Það er mín skoðun að skattastefna verði að byggja á ákveðnum grundvallarhugmyndum. Í mínum huga verður það alltaf ríkara og ríkara að það verði að byggja á því að skattheimtan gangi ekki út yfir réttlætiskennd gjaldþegnanna. Það verður einnig að fylgja því að öll meðferð á opinberu fé sé þannig að skattþegnarnir geti borið virðingu fyrir þeim sem ráðstafa fjármununum og því hvernig þeim er varið. Þetta eru að mínu mati grundvallaratriði varðandi að ná árangri hvað snertir skattsvik, en því miður þá hafa aðgerðir þessarar ríkisstjórnar nánast allar gengið í öfuga átt.

Það er alveg ljóst að það verða ekki gerðar neinar stórar eða róttækar breytingar hér eftir á skattastefnu eða stefnu núv. ríkisstjórnar í ríkisfjármálum. Ég vil þó í þessu samhengi og með tilliti til þeirrar umræðu sem hefur orðið hér um hversu seint mál koma fram benda á það að á síðasta ári þá fór fyrsta umræða um skattamálin fram 30. nóv., hálfum mánuði áður en frv. koma fram í ár. Það er alveg ljóst, hvað sem hæstv. ráðherra segir, að í þessu frv. sem hér liggur fyrir um breytingar á skattalögum eru fjölmörg atriði sem þarfnast skoðunar og tíma til að fara yfir og þarfnast þess, eins og hæstv. ráðherra sagði í sínu máli, að hagsmunaaðilar séu kallaðir til.

Það hefur verið nokkuð rætt hér í vetur um þá breytingu sem gerð var á síðasta ári varðandi virðisaukaskatt og hæstv. fjmrh. fór fram á það áðan að menn slíðruðu nú sverðin í þeirri umræðu og horfðust í augu við þá breytingu sem gerð var á síðasta ári. Ég get í sjálfu sér tekið undir þetta. En hverjir eru það sem draga sverðin stöðugt á loft í þessari umræðu hér í vetur? Það eru ekki við framsóknarmenn. Það hefur verið hæstv. fjmrh. og einstakir þingmenn Sjálfstfl. En, virðulegur forseti, ég vil minna hæstv. fjmrh. á það í þessu samhengi að hæstv. fjmrh. sagði það margsinnis úr þessum ræðustól í fyrravetur að hann væri sam-

mála sjónarmiðum okkar framsóknarmanna í málinu. Hann væri sammála. Og ég vil benda hæstv. ráðherra á það að bæði Ríkisendurskoðun og Þjóðhagsstofnun komust að samhljóða niðurstöðu þess efnis að þær tillögur sem við framsóknarmenn lögðum fram í fyrra vetur, sem voru heildstæðar og fólust m. a. í því að viðhalda öllum þeim endurgreiðslum sem voru á innlend matvæli, fólust m.a. í því að lækka almennu virðisaukaskattsprósentuna. Þessir aðilar voru sammála um að þær hefðu tryggt kjarajöfnun betur en það sem hér var knúið fram.

Ég ætla að öðru leyti ekki að fara fleiri orðum um þetta atriði og vænti þess að hæstv. fjmrh. taki mark á eigin orðum og slíðri nú sverðið í þessari umræðu.

Við framsóknarmenn lögðum fram í tengslum við skattafrv. í fyrra heildstæðar tillögur. Hugsunin á bak við þær tillögur var sú að við mundum ekki hafa tækifæri til þess að breyta skattastefnu eða ríkisfjármálum í neinum grundvallaratriðum en lögðum þó fram tillögur sem byggðust á því að fjárlagahallinn yrði sá sami en bentum á í nokkrum liðum hvernig hægt væri að færa til til tekjujöfnunar og í átt til réttlætis. Við munum hafa sama háttinn á varðandi afgreiðslu á þessum málum. Við gerum okkur grein fyrir því að þar verður ekki um það að ræða að við breytum niðurstöðum fjárlaga en við munum leggja fram tillögur sem felast í því að breikka eignarskattsstofninn, þ.e. taka fjármagnseignina þar inn, viðhalda sama hlutfallinu í hátekjuskattinum, nokkra aðra tekjuöflun og afla þannig tekna upp á 1,5–2 milljarða. Nota megnið af því til að leiðrétta nokkra verstu vankantana á skattkerfinu hvað snertir vaxtabæturnar, hvað snertir barnabæturnar, hvað snertir bifreiðaskattana og auk þess benda á hvernig væri hægt að leggja fram nokkuð aukið fjármagn til þess að berja í verstu brestina hvað snertir fjárframlög til menntamála og til jöfnunar á húshitunarkostnaði. Við teljum okkur geta sýnt fram á það að með til þess að gera einföldum hætti sé hægt að laga þarna atriði sem sannarlega eru réttlætismál.

Það er nú því miður þannig að þær breytingar sem hæstv. ríkisstjórn leggur hér til eru handahófskenndar. Það sem kemur fram í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá því á laugardaginn var og snýr að skattamálum er ekki mjög merkilegt né heildstætt. Ég nefni í því sambandi að það er mat okkar framsóknarmanna að það að afnema hæsta þrep á eignarskatti, svokallaðan ekknaskatt, sú aðgerð ein og sér, sé ekki mikið réttlætismál. Við höfum hins vegar bent á að ef hún er sett í það samhengi að um leið sé eignarskattsstofninn breikkaður, þ.e. fjármagnseignin tekin inn, og um leið sé frímark á eignarskatti hækkað um 1 millj. hjá hjónum þá getum við farið að líta á þetta sem heildstæða aðgerð og sem réttlætismál. Á því byggðust tillögur okkar framsóknarmanna í fyrravetur og við munum flytja þær aftur við 2. umr. í þessu máli nú í vetur.

Það er einnig að koma í ljós, eins og hæstv. fjmrh. viðurkenndi í ræðu sinni áðan, að sú aðferð sem hér er sett upp varðandi tvísköttun á lífeyri er fljótfærnislega unnin og aðilar ekki búnir að átta sig á því hvað þetta í raun þýðir. Og hvernig má það öðruvísi vera, virðulegur forseti, þegar sýknt og heilagt og stöðugt er verið að vinna flókin mál í flýti, vinna þau undir hótunum um stjórnarslit, eins og kom fram hjá einum af forustumönnum stjórnarflokkanna varðandi þessa vinnu um síðustu helgi. Það getur ekki farið öðruvísi en svo að slík vinnubrögð verði flaustursleg.

Virðulegur forseti. Ég mun hér fara nokkrum orðum um það frv. sem hér liggur fyrir og einstaka þætti þess. Vissulega er það svo að þarna er ýmislegt sem er til bóta og sem við í stjórnarandstöðunni höfum bent á. Ég vil í því samhengi benda á 2. gr., d-lið, sem snertir skattafslátt þeirra sem kaupa hlutafé. Þarna er verið að taka til greina margítrekaðar ábendingar okkar framsóknarmanna að við þær aðstæður sem nú eru, að okkur sárvantar meiri fjárfestingu í þetta þjóðfélag, þá hafi verið afar óskynsamlegt að ætla að trappa þennan skattafslátt niður á nokkrum árum eins og hæstv. ríkisstjórn knúði í gegn fyrir rúmu ári síðan. (Gripið fram í.) Fyrir tveimur árum. Já, væntanlega er það rétt, það var í árslok 1992. Vissulega bera að fagna því að þarna hefur ríkisstjórnin horfið frá villu síns vegar.

Það hlýtur einnig að teljast réttlætismál að taka upp þann skattafslátt sem tengist húsaleigutekjum sem hér er reiknað með. Nefndin hlýtur hins vegar að skoða nánar þá leið sem hér er lögð til.

Síðan eru nokkrar greinar sem ég ætla ekki að fara sérstökum orðum um. 5. gr. hygg ég að hafi verið sérstaklega sett þarna inn fyrir hv. þm. Vilhjálm Egilsson, varaformann efh.- og viðskn., sem hefur flutt langar og miklar ræður um það að skattstjórar ættu nú að eltast við eitthvað annað heldur en súkkulaðikassa og annað slíkt sem þeir gefi starfsmönnum sínum á litlu jólum og vonandi geta nú skattstjórar snúið sér að öðrum og þarfari verkefnum eftir að það er búið að setja það í lög að fyrirtæki megi gefa súkkulaði. (**Fjmrh.:** Sérstaklega konfekt frá Nóa og Síríus.) Sérstaklega konfekt frá Nóa og Síríus, segir hæstv. fjmrh.

7. gr. er nokkuð flókin og snýr að breytingum sem gerðar hafa verið á barnabótaauka og vaxtabótum og mér sýnist að þarna sé verið að reyna að leiðrétta klúður frá fyrri breytingu þessarar ríkisstjórnar. Hæstv. fjmrh. var nú ekki vissari í sinni sök um ágæti þessarar greinar, að hann taldi jafnvel að fyrra klúður væri betra heldur en að lögfesta það sem hér er lagt til og segir þetta kannski meira en margt annað um vinnubrögð þessarar ríkisstjórnar í skattamálum.

10. gr. fylgir síðan þeim breytingum sem nú er verið að vinna að hér í þinginu að nýjum lögum um bókhald og ársreikninga. Og því miður, virðulegur forseti, þá er varðandi þá vinnu allt á sömu bókina lært. Það er mikill vilji í efh.- og viðskn. að afgreiða þessi mál og það er fyrir nokkru síðan búið að fara yfir málið, búið að búa til breytingartillöguskjal eins og það lá fyrir og var lagt fram, en við höfum beðið þangað til núna fyrir þremur dögum síðan eftir að fá frá ríkisstjórninni tillögur um viðurlagakaflann. Og þá tekst svo hrapallega til að þær tillögur koma inn á sama tíma, sama annatímanum og öll skattmálin og ráðstafanir í ríkisfjármálum. Þetta er, virðulegur forseti, ég er margbúinn að segja þetta hér úr þessum ræðustól, bæði á þessum

vetri og fyrri, ekki hægt. Það er ekki hægt að bjóða Alþingi upp á þetta og þetta er vísasta leiðin til þess að hér verði slys, þetta er vísasta leiðin til þess að hér verði um að ræða subbuskap í lagasetningu.

Ég veit satt að segja ekki hvað þarf til til þess að á þessu verði breyting. Og því miður virðist það vera þannig að það eru einfaldlega allt of fáir hér í Alþingi sem eru tilbúnir til þess að standa upp og berjast fyrir rétti Alþingis gagnvart framkvæmdarvaldinu. Það virðist vera þannig að framkvæmdarvaldið eigi allt of greiða leið til þess að rúlla yfir Alþingi. Kannski er ástæðan sú hvað framkvæmdarvaldið er sterkt í hugum flestra alþingismanna. Kannski er ástæðan sú að við erum hér með í hópi alþingismanna 9–10 ráðherra og síðan 52–53 þingmenn sem eru í biðröð eftir því að verða ráðherrar. Og ég endurtek það sem ég sagði áðan að mér finnst að það vanti miklu fleiri í okkar hóp sem eru tilbúnir til þess að berjast fyrir stöðu Alþingis og eru tilbúnir til þess að líta á það eitt og sér að vera alþingismaður og sinna störfum Alþingis og reyna að gera það af kostgæfni, sem markmið í sjálfu sér. Þetta tengist náttúrlega umræðunni um þingræðið sem við búum við, en ég tel, virðulegi forseti, að við þurfum að taka um þetta mjög alvarlega umræðu þó að við þurfum að finna til þess annað tilefni og við verðum að gefa okkur tíma til þess að setjast niður og velta því fyrir okkur hvað við þurfum að gera til þess að bæta þessi vinnubrögð. Ég tel að nefndir Alþingis hafi sýnt til þess verulegan vilja á síðustu tveimur árum, en framkvæmdarvaldið hefur brugðist. Það hefur í raun hæstv. fjmrh. viðurkennt hér úr þessum ræðustól oftar en einu sinni. Og ég minni á það sem ég sagði áðan að það var þó það skárra á síðasta ári að þá var mælt fyrir þessum málum sem við erum að ræða um núna, skattalagabreytingunum, 30. nóvember. Og það hefur engin frambærileg afsökun komið fram fyrir þessum seinagangi núna í ár Það hefur engin frambærileg afsökun komið fram, væntanlega vegna þess að það er engin afsökun til. Ástæðan er sú að stjórnarflokkarnir komu sér ekki saman um til þess að gera einfalda hluti fyrr en á þessum krísufundi á laugardaginn var.

Þessi útúrdúr var nú vegna 10. gr. sem fjallar um og tengist viðurlagaköflunum við bókhalds- og ársreikningslaun. Það er enn einlægur vilji efh.- og viðskn. að afgreiða þessi mál, en það strandar núna á því og við vitum ekki hvort okkur tekst það, vegna þess að til þess að það megi verða þá verður að gera smávægilega breytingu á hegningarlögum og það frv. er ekki komið fram og mér skilst að það sé enn í vinnslu innan stjórnarflokkanna. (**Fjmrh.:** Það eru mistök.) Mistök, segir hæstv. ráðherra, að það er ekki komið fram, þannig að hér eru þá greinilega mistök á mistök ofan.

Virðulegur forseti. Síðan kemur kafli um flýtifyrningar og það er afar sérstætt að vera að setja það í lög núna á síðustu dögum ársins 1994 til þess að örva fjárfestingar á því ári. Þá komum við kannski að öðrum lesti í algengum vinnubrögðum stjórnvalda í dag og það er að semja um atriði. Að framkvæmdarvaldið er að semja um atriði við þriðja aðila, í þessu tilfelli voru það aðilar vinnumarkaðarins, á miðju ári, atriði sem ekki er hægt að framfylgja öðruvísi en að breyta lögum en koma síðan ekki fram með frv. til breytinga á þeim lögum sem breyta þarf. Þetta er angi af því sem ég nefndi áður í minni ræðu, virðingarleysi framkvæmdarvaldsins við Alþingi og, virðulegur forseti, er atriði sem verður að taka á.

Út af fyrir sig er það góðra gjalda vert að breyta hér reglum um fyrningar til þess að örva fjárfestingar, en að mínu mati þyrfti það að vera liður í mun víðtækari aðgerðum til endurreisnar atvinnulífsins og á slíku er tæpt í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá helginni sem leið, án þess að það sé nokkur hlutur útfærður nánar. Nægir þar, virðulegur forseti, að nefna 3. liðinn í þeirri yfirlýsingu, um nýsköpun í atvinnulífinu og markaðssókn, sem þegar að er spurt stendur ekkert á bak við nema óljós fyrirheit sem tengjast Iðnþróunarsjóði og aðgerðir varðandi erlenda fjárfestingu.

Virðulegi forseti. Ég ætla aðeins að tæpa á einu máli sem mun nú verða gert frekar í umræðunum seinna í dag og það er réttur Búseta, þeir sem hafa fjárfest í íbúðarhúsnæði í Búsetakerfinu. Það mál er orðið ein, má segja, sorgarsaga því að þarna er um að ræða form til þess að komast yfir húsnæði sem er sjálfsagt að hafa við hliðina á öðrum leiðum til þeirra. En það mál stendur enn þannig að þeir aðilar sem hafa fjárfest samkvæmt þessu kerfi eiga ekki nema mjög takmarkaðan rétt til vaxtabóta og komust ekki inn í húsaleigubótakerfið þó verið sé að reyna að bæta úr því hér. Það hefur hins vegar takmarkaða þýðingu því að því betur þá er þorri þeirra sem hafa fjárfest í húsnæði eftir þessu kerfi yfir tekjumörkum varðandi húsaleigubætur, en samt á sama tekjubili og fjöldi aðila sem á rétt á vaxtabótum ef fjárfest er í almenna kerfinu. Á þessu verður að mínu mati að taka og vonandi vinnst okkur tími til þess í þeirri vinnu sem nú er fram undan því að hér er ekki um að ræða mál sem snertir ríkissjóð stórlega varðandi tekjur, en þarna er um að ræða mál sem snýr að jafnræði þegnanna gagnvart lögum og við höfum hér undir höndum bæði minnisblað frá Búseta og eins greinargerð frá lögmönnum hvað þetta snertir.

Virðulegur forseti. Hæstv. fjmrh. ræddi nokkuð um tekjujöfnun í þjóðfélaginu og það var eiginlega ekki hægt að skilja hæstv. ráðherra öðruvísi en svo að honum þætti eiginlega nóg um, (**Fjmrh.:** Kjarajöfnun.) — kjarajöfnun, já, um kjarajöfnun — hvað þetta væri þröngt bil hér á landi milli þeirra tekjulægstu og tekjuhæstu. Það er þannig með meðaltölin að þau geta alltaf gefið ákveðna vísbendingu og hæstv. ráðherra var þarna með 20% ofan og neðan af launaskalanum og í sjálfu sér rengi ég ekki þær tölur sem hæstv. ráðherra bar þar fram. Í sjálfu sér rengi ég þær ekki. En ég bendi nú á það hvað meðaltölin geta verið fallvölt og segja stundum lítið og ég hygg að þetta mundi breytast verulega ef tekin yrðu 10%, ég tala nú ekki um 5%. Og það er náttúrlega staðreynd sem ekki verður á móti mælt að munur á kjörum þeirra lægst launuðu og hæst launuðu hefur stórvaxið á síðustu árum. Um það þarf ekkert að deila. Og það er einnig svolítið hættulegur þessi stöðugi samanburður milli landa. Við verðum að

átta okkur á því að við lifum ekki sem sjálfstæð þjóð, þessar rúmlega 250 þús. hræður hér úti í Atlantshafi, eftir sömu lögmálum og gildir í miklu stærri þjóðríkjum. Það verður aldrei liðið í okkar litla þjóðfélagi að kjaramunur verði eins hár og, eins og hæstv. ráðherra nefndi, til að mynda í Bandaríkjunum og til að mynda sem þekkist í sumum af nýkapítalisku löndunum í Austurlöndum sem ýmsir, og mér hefur nú fundist á stundum hinir furðulegustu aðilar, vilja líta til sem æskilegrar fyrirmyndar í efnahagsmálum. Þó svo ýmislegt hafi þar verið vel gert þá er annað í því formi sem ég hygg að við Íslendingar mundum aldrei vilja taka það upp þannig að ég vara við þessum samanburði. Við náum aldrei þeirri samstöðu, þessi fámenna þjóð, sem við þurfum ef við eigum að búa hér sem sjálfstæð þjóð öðruvísi en hafa kjör þannig að ekki sé allt of mikið gap á milli þeirra hæst launuðu og þeirra lægst launuðu.

Það eru að vísu til ýmsir mælikvarðar og stærsta hættumerkið sem ég sé í dag varðandi kjörin í landinu er það að á síðustu árum í tíð núv. ríkisstjórnar, hvort sem henni er um að kenna að öllu leyti eða ekki, þá hefur það gerst að sá hópur sem ekki getur framfleytt sér af því sem hann hefur handa í milli fyrir sína launavinnu eða þær bætur sem hann fær, sá hópur hefur farið stöðugt vaxandi. Það þarf ekki annað en ræða við félagsmálastofnanir stærstu sveitarfélaganna í landinu til að fá staðfestingu á þessu. Þar er fólk að kafna í verkefnum og sér ekki fram úr því hvernig hægt er að koma til móts við neyð þessa hóps. Og því miður er það að gerast núna allra síðustu árin að inn í þennan hóp eru að koma fjölskyldur sem eru í fullri vinnu en launakjörin eru á þeim nótum að þau duga engan veginn til framfærslu.

Virðulegur forseti. Ég hef farið nokkrum orðum um skattastefnu þessarar ríkisstjórnar og hvernig hún skilur við í lok síns kjörtímabils. Það er því miður ekkert allt of glæsileg yfirferð. Það er alveg ljóst að það verður eitt af brýnustu verkefnum nýrrar ríkisstjórnar að taka á þessum málum, koma með heildstæða skattastefnu. Það er mín skoðun varðandi beiðni hæstv. fjmrh. um að stjórnarandstöðuflokkarnir skipuðu fulltrúa í nefnd til þess að skoða hvernig koma eigi á fjármagnstekjuskatti að það væri miklu nær, og það lögðum við fulltrúar 2. minni hluta til við afgreiðslu skattamálanna í fyrra, að það yrði komið á nefnd allra þingflokka til þess að fara yfir skattakerfið í heild sinni og skoða hvernig við getum beitt því til tekjujöfnunar og um leið, eins og ég sagði fyrr í ræðu minni, gengið þannig frá hnútum að skattlagningin ofbjóði ekki réttlætiskennd gjaldþolanna en því miður hefur það gerst í tíð núv. ríkisstjórnar í allt of mörgum atriðum. Það gengur langt yfir réttlætiskennd skattborgaranna þegar svo er komið að einstakir hópar eru að borga 70% jaðarskatt af til þess að gera lágum tekjum.

Við hækkun á kílóagjaldi á bifreiðar á síðasta ári gekk núv. ríkisstjórn langt út yfir réttlætismörk. Svona getum við talið hvert dæmið á fætur öðru og þetta verður allt saman að skoða heildstætt. Það má kannski segja líka að það sé ákveðið lögmál að farið sé í það að skoða skattastefnu í heild, einfalda hlutina og síðan taki það viðkomandi stjórnvöld einhver ár, það kannski skiptir engu máli hvaða ríkisstjórn er við völd, að mola það niður stein fyrir stein þangað til menn verða að fara aftur í grunnvinnuna og að mínu mati er komið að því núna. Það gengur ekki lengur að umgangast skattakerfið eins og gamla, slitna flík og stagbætta og bæta bót ofan á bót. Við verðum að ganga í þá vinnu að endurnýja þá flík og koma á hér heildstæðu og skilvirku skattakerfi.

[Fundarhlé. — 12:37]

[13:31]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Við erum nú með til umræðu eitt af nokkrum skatta- og ríkisfjármálafrumvörpum hæstv. ríkisstjórnar sem eru loksins að komast á dagskrá rétt fyrir jólahaldið, svona rétt áður en Þorláksmessuskatan fer ofan í pottinn. Það er sjálfsagt byrjað að verka hana á einu og einu heimili og undirbúa hátíðina. Auðvitað er það dæmalaus seinagangur að vera að fá þessi mál fyrst inn núna og þeim mun verra sem sumt af þessu hefur legið lengi fyrir að þyrfti að koma til afgreiðslu. Ég ætla ekki að setja á langar ræður um það að einstakir þættir skattlagningar eða ríkisfjármála hafa oft verið hér seint á ferð en það réttlætir svo sem ekki þessi vinnubrögð að annað eins hafi einhvern tíma áður gerst. En það sem er hér að gerast að hluta til er að viðamikill pakki breytinga í ríkisfjármálum og varðandi skattlagningu sem sumpart hefur legið fyrir um margra mánaða skeið að ætti að afgreiðast er loksins að koma inn núna. Það væri eðlilegt að spyrja hæstv. fjmrh. í fyrsta lagi: Hvers vegna voru ekki lögð hér fyrir frumvörp með þeim atriðum sem lágu þó fyrir strax í haust eða frá því í fyrravor þannig að þessu væri þá a.m.k. skipt þannig og efh.- og viðskn. hefði getað farið að vinna að þeim þáttum og tæknilegum málum sem lá fyrir að þyrfti að breyta?

Þar má nefna hluti sem ríkisstjórnin lýsti yfir strax í fyrravor að hún mundi gera eins og breyttum fyrningarákvæðum, lagfæringum á húsaleigubótakerfinu, vaxtabótakerfinu o.fl. En að stofni til eru hér á ferðinni breytingar sem tengjast hinni margnefndu yfirlýsingu eða reyksprengju hæstv. ríkisstjórnar frá því á laugardaginn var og þau atriði hafa eðli málsins samkvæmt orðið hér mest að umtalsefni. Í þeirri yfirlýsingu er eins og menn vita blandað saman alls konar atriðum, gömlum loforðum vanefndum, yfirlýsingum frá því í maí og svo nýjum ákvörðunum um tilhögun skattlagningar á næsta ári eða komandi árum.

Ég ætla, hæstv. forseti, að renna yfir frv. eins og það kemur fyrir í þeirri röð sem liðirnir eru þar upp taldir og hleyp þar eingöngu á stærstu atriðunum því að tíminn leyfir ekki annað og út af fyrir sig er ekki ástæða til að fara ofan í þetta í einstökum smáatriðum.

Það sem ég vil fyrst staldra við, hæstv. forseti, er c-liður 2. gr. frv. en hann er um að við A-lið 1. mgr. 30. gr. laganna skuli bætast nýr töluliður sem orðist svo, með leyfi forseta:

„Frá tekjum manna sem eru 70 ára eða eldri má

draga 15% af greiddum lífeyri úr lífeyrissjóðum sem hafa hlotið staðfestingu fjmrn. skv. lögum nr. 55/1980."

Hér er margt að athuga, hæstv. forseti. Nú er út af fyrir sig ekki um það deilt að það hefur verið vilji manna um langt árabil, eða frá því að svonefnd tvísköttun lífeyris kom á með upptöku staðgreiðslukerfisins 1988, að breyta þessum reglum, enda ekki um það deilt að þær eru bersýnilega ósanngjarnar að því leytinu til a.m.k. að menn fái ekki þau 4% sem launamaðurinn greiðir af eigin launum frádreginn frá skatti. Hin svonefnda tvísköttun felst eingöngu í því að 4% greiðsla launamannsins eru skattskyldar tekjur og síðan telst hinn útgreiddi lífeyrir þegar þar að kemur einnig til skattskyldra tekna.

Nú er ljóst að væri sú leið valin að leiða það í lög að 4% iðgjöld til lífeyrissjóða eða önnur iðgjöld til lífeyrissjóða sem launamaður greiðir sjálfur teldust frádráttarbær eða ekki skattskyldar tekjur þá mundi það fyrst og fremst skila þeim lagfæringum sem eru að greiða í lífeyrissjóðinn og þar af leiðandi mundi sú breyting fyrst og fremst koma til með að hafa áhrif gagnvart þeim sem nú eru að greiða inn lífeyri og í tímans rás en ekki hafa nein bein áhrif á útgreiðslurnar eins og þær eru á líðandi stundu. Á þessu tvennu er grundvallarmunur. Staðreyndin er sú, ef ég hef áttað mig rétt á þessu, að allur þorrinn af þeim sem eru að fá lífeyristekjur í dag greiddar út varð ekki fyrir neinni tvísköttun. Það eru fyrst og fremst þeir sem hafa greitt í lífeyrissjóð eftir 1988, og hafa þá hugsanlega greitt inn í einhver fáein ár og síðan hafið töku lífeyris, sem verða þar fyrir einhverri tvísköttun í pínulitlum mæli. Hér er hins vegar lögð til sú aðferð að heimila 15% frádrátt á öllum lífeyristekjum þeirra sem fá greiddan út lífeyri. Þetta er allt önnur aðferð, allt önnur nálgun heldur en sú sem ég hefði talið að væri mest til umræðu, þ.e. að tryggja ósköp einfaldlega með inngreiðslureglunum að í því felist engin tvísköttun. Staðreyndin er sú að að svo miklu leyti sem inngreiðslurnar eru ekki skattskyldar tekjur þá á ég voðalega erfitt með að sjá og gera greinarmun á því að skattleggja lífeyristekjur og aðrar tekjur.

Ég hef verið talsmaður þess að taka upp fjármagnstekjuskatt, skattleggja tekjur sem menn fá vegna ávöxtunar fjármagns eins og aðrar tekjur. Ég hef aldrei skilið að ekki megi taka skatta af slíkum tekjum, að á sama tíma og launatekjurnar sem menn vinna fyrir hörðum höndum eru skattlagðar upp á 42%, þá skuli tekjur af fjármagni eða þess vegna tekjur af lífeyri vera algerlega skattfrjálsar.

Nú ætla ég ekki að segja að það gæti ekki verið góð ráðstöfun að undanþiggja lífeyristekjur manna a.m.k. að einhverju leyti fullri tekjuskattlagningu þó auðvitað hafi menn sinn persónufrádrátt og það gildi skattfrelsismörk gagnvart þessu eins og öðru. En mér hefði fundist vel koma til greina að beita þar einhverri annarri skattlagningu eins og reyndar er að hluta til þekkt þegar tekjutenging á í hlut, frá þeirri hlið þá eru lífeyristekjur stundum aðgreindar frá öðrum tekjum og þær vega minna í tekjutengingu eins og kunnugt er og ég veit að hæstv. fjmrh. áttar sig á. En gallinn við þessa aðferð sem hér er lögð til — og það sýnir í hvaða vandræðum menn eru með þetta mál að taka um þetta ákvörðun á einum laugardagsfundi — er sá að það virðist liggja sáralítill reikningslegur undirbúningur að baki vegna þess að þegar spurt er um forsendurnar og spurt: Hvers vegna 15%? Hvers vegna ekki 12, 18 eða 20? Þá verður fátt um svör. Það eru svona þumalputtahugmyndir um það að svo og svo stór hluti útgreidda lífeyrisins komi frá 4%, svo og svo stór hluti komi frá iðgjöldum atvinnurekendanna og svo og svo stór hluti séu vaxtatekjurnar eða ávöxtun fjármagnsins í lífeyrissjóðnum. En það eru slumpreikningar, þumalputtareglur. 15% þýða hins vegar að þeir sem hafa mjög góðan lífeyri fá þarna mjög mikil skattfríðindi.

Ég verð að segja alveg eins og er að ég held að það sé stórkostlegt álitamál hvort þetta er rétt aðferð. Ég hefði til að mynda talið að a.m.k. sem bráðabirgðaráðstöfun hefði verið miklu skynsamlegra að búa til ákveðið frítekjumark gagnvart lífeyristekjum sem hefði þá nýst öllum og verið tekjujafnandi aðgerð. Og er það ekki eitt af því sem menn eru sérstaklega að kvarta yfir í lífeyrissjóðakerfinu í dag, það er hvað staða sjóðanna er geysilega mismunandi og lífeyristekjur manna ólíkar? Við vitum að tekjur út úr mörgum almennu lífeyrissjóðunum eru mjög lágar enn sem komið er a.m.k. og réttindin rýr sem menn hafa þar. Fjöldinn allur af almennu verkafólki og hluti af sjómönnum og reyndar allir sjómenn að segja má, þó það sé svolítið mismunandi, búa við hörmulega lélegar lífeyristekjur vegna þess að nú hefur verið valin sú aðferð til að mynda gagnvart sjómönnunum að skerða réttindi þeirra sem því nemur að þeir hefja töku lífeyris fyrr en aðrar stéttir eða við 60 ára aldur. Það þýðir auðvitað að lífeyrir þeirra verður þeim mun lélegri, þessara útslitnu sjómanna sem eru að koma í land um sextugt. Þetta er ekki góð ráðstöfun gagnvart slíkum aðilum sem eru með lágar tekjur heldur þvert á móti.

Og ég segi alveg eins og er að ég vil hafa fullan fyrirvara á að styðja þessa útfærslu eins og hún er hér lögð til. Ég hefði viljað skoða annars vegar að það yrði lögfest sem langtíma varanleg aðgerð að afnema skattskyldu 4% inngreiðslu launamanna og hins vegar þá, ef menn vildu taka á þessu að einhverju leyti í útgreiðsluhliðinni, að það yrði gert með frítekjumarki fyrir lífeyri. Nóg um þetta atriði, hæstv. forseti.

Í öðru lagi vil ég nefna d-lið 2. gr. Þar er á ferðinni breyting þar sem hæstv. ríkisstjórn er að hverfa frá nýlegri stefnumótun sinni, tveggja ára gamalli stefnu, um að fella niður í áföngum frádrátt manna vegna hlutabréfakaupa. Þau stórótrúlegu tíðindi gerðust uppi á Íslandi að hér settist að völdum hægri stjórn, tók við af vinstri stjórn, eða a.m.k. stjórn sem hafði í sér ágæt vinstri „element". Sú stjórn hafði rýmkað reglur manna til að draga hlutafjárkaup frá skattskyldum tekjum. Það var gert með það að markmiði að reyna að örva þátttöku almennings í landinu í atvinnulífinu. En hvað gerðist þegar hægri stjórnin kom undir forustu hægri mannsins og frjálshyggjumannsins og fyrrverandi eimreiðarstjóra, hæstv. fjmrh. Friðriks Sophussonar? Hún ákvað að fella niður í áföngum frádráttarliði sem heim-

iluðu almenningi að kaupa hlutabréf. Það var nú svo kostulegt, svo ótrúlegt. En nú hefur að vísu ríkisstjórnin séð að þetta er hið mesta óráð og ákveður að hverfa frá þessu með tilteknum hætti eins og d-liður 2. gr. felur í sér. Sem sagt það að 80% reglan sem þetta átti að þrepast niður í á þessu ári er fest í sessi til frambúðar.

Ég verð að segja alveg eins og er að ég fagna þessu. Ég tel skynsamlegt að hafa einhverja ívilnandi eða örvandi aðgerð af þessu tagi í gangi í skattkerfinu. Ég hef að vísu verið þeirrar skoðunar að það ætti að gera þetta með margvíslegum hætti, m.a. með því að heimila fjárfestingarfrádrætti fyrirtækja og heimila þeim sérstaklega að leggja fé í markaðsöflun og nýsköpun af ýmsu tagi, en frá þeirri hliðinni einnig að auðvelda einstaklingum eða ýta undir það að einstaklingar leggi eitthvað af mörkum í þessu skyni. Ég tel það skynsamlegt og fagna því þess vegna að ríkisstjórnin hefur breytt um stefnu. Hún hefur horfið frá því að afnema þessa frádrætti frá tíð fyrri ríkisstjórnar og tekur nú upp stefnu ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar í þessu máli. Og batnandi mönnum er best að lifa að sjálfsögðu.

Þá vil ég í fjórða lagi um e-lið 2. gr. segja eingöngu það að ég tek undir og fagna því að þar er á ferðinni lagfæring varðandi tekjufærslu leigutekna af íbúðarhúsnæði. Mér sýnist fljótt á litið að það sé tvímælalaust til bóta að lögfesta það atriði.

Í fimmta lagi um 7. gr. frv. og vegna orða sem hæstv. fjmrh. lét falla í morgun, að á ferðinni væri mjög einfalt frv. sem væri auðvelt að afgreiða og menn þyrftu nú ekki að líta mikið á. Staðreyndin er sú að ég bið hvern þann sérfræðing í skattamálum sem hér er staddur að glöggva sig á því á augabragði hvað felst í 7. gr. frv. Hvað þýða t.d. orðin, með leyfi forseta: „Eftirfarandi breytingar verða á 69. gr. laganna: a) Í stað orðanna „tölul. A-liðar" í 2. málsl. 3. mgr. B-liðar komi: og 3. tölul. A-liðar og 2. og 3. og 4. tölul. B-liðar." Er einhver hér sem skilur þetta á augabragði og veit hvað þetta þýðir nákvæmlega í krónum og aurum? Gefi hann sig fram.

Auðvitað er hægt að hafa hér við höndina skattalögin og fara í þetta og bera þetta saman og glöggva sig á því hvað þetta þýðir. En ég leyfi mér að fullyrða, hæstv. fjmrh., þó að hér séu upp til hópa miklir sérfræðingar í skattarétti að það vefjist fyrir einum og einum manni að átta sig á því alveg á augnabliki hvað þarna er á ferðinni. Staðreyndin er sú að þessi grein til að mynda er býsna flókin. Þarna eru á ferðinni ákvæði sem fela í sér til að mynda hluti eins og skuldajöfnun bótagreiðslna upp í vangoldin gjöld, að meðlagsgreiðslur, ef ég hef skilið rétt, megi nú skuldajafna á því formi að skuld sem hefur myndast hjá Innheimtustofnun sveitarfélaga er tilkynnt til ríkisins, þó að þar sé um að ræða annan og óskyldan aðila, þ.e. Innheimtustofnun sveitarfélaganna, og það er heimilt að skuldajafna upp í þá skuld með bótagreiðslum sem menn eiga að fá við skattauppgjör.

Þetta er líka pólitískt álitamál. Er búið að fara í gegnum það og eru allir á því að það eigi að gera þetta svona? Þetta þýðir að meðlagsgreiðendunum verður enn minni miskunn sýnd en ella því að til viðbótar þeim innheimtuaðferðum og möguleikum sem hingað til hafa verið kemur nú að það verður hægt að taka af þeim upp í þær skuldir, ef þær hafa myndast, þessar greiðslur í gegnum skattkerfið.

Þá er nú e-liður 7. gr. ekki beinlínis auðskilinn sumum, hæstv. forseti. Um hvað er þessi e-liður? Hann er um það að sú breyting verði á 69. gr. tekjuskattslaganna að í stað 1. og 2. málsl. 3. mgr. C-liðar komi þrír nýir málsliðir er orðist svo: „Vaxtagjöld til útreiknings vaxtabóta skv. 4. mgr. miðast við fjárhæð vaxtagjalda, sbr. 2. mgr., hjá hverjum framteljanda en geta þó ekki orðið hærri en sem nemur 7% af skuldum sem stofnað hefur verið til vegna öflunar íbúðarhúsnæðis til eigin nota eins og þær eru í árslok." o.s.frv.

Og hvað þýðir nú þetta á mannamáli? Jú, eftir því sem ég kemst næst, og ég tek það fram að ég hef ekki haft mikinn tíma til að skoða þetta, þá þýðir þetta það hjá þessum miklu snillingum sem þar með eru að viðurkenna að frágangurinn á þessu máli í fyrra var ónothæfur, var ómögulegur, og taka undir það sem við sögðum, að þessi skamma skírn eða þessi aðferð við að breyta vaxtabótunum væri mjög illa ígrunduð, að 7% heildarskuldamarkinu sem var áður beitt gagnvart nettóvaxtakostnaði yrði nú beitt gagnvart brúttóvaxtakostnaði. Síðan drægjust vaxtatekjur frá á eftir en ekki á undan. Það þýðir á mannamáli að það er verið að skerða vaxtabætur með þessari breytingu. Eins og þetta er samkvæmt lögunum í dag, þó það kunni að vera gallað fyrirkomulag í framkvæmd, þá eru fyrst tekin brúttóvaxtagjöld. Frá þeim eru dregnar vaxtatekjur. Síðan myndar nettókostnaðurinn stofn til vaxtabóta þó þannig að hann má ekki vera hærri en 7% af heildarskuldum. Með öðrum orðum skerðir þessi breyting í mörgum tilvikum vaxtabótastofninn. Það hlýtur að vera þannig.

Og þá skulum við bara líta á það hvaða skerðing er hér á ferðinni og hvaða máli skiptir hún í peningum? Og því er ég að rekja þetta m.a., hæstv. forseti, að ég vil að menn átti sig á því að hér eru ekki einföld mál á ferðinni. Það eru engin dæmi til um það svo ég viti til hvað þessi breyting til að mynda kann að þýða. Því nú er það alveg öruggt mál að einhver hluti þeirra sem eru að fá vaxtabætur eru með vaxtagjöld sem nema meiru en þessum 7% og verða þess vegna fyrir skerðingunni eða rekast á þakið. En það vantar útreikninga á í hve mörgum tilvikum það er. Auk þess hef ég ekki miklar upplýsingar um það hvað algengt það er að slíkir aðilar hafi vaxtatekjur sem dragast frá. Þetta þurfum við að vita til þess að vita hvað við erum að tala um í formi peninga og í formi áhrifa á þolendurna. Það á ekki að afgreiða svona hluti á Alþingi nema menn viti hvaða áhrif það hefur á afkomu fólks. Það á ekki að gera það.

Hæstv. forseti. Þá er ég í sjötta lagi kominn að 8. gr. frv. Hún er afar einföld. Hún er svona, með leyfi forseta: „Lokamálsliður 83. gr. fellur brott." Punktur, amen. Og þetta kalla þeir núna, sjálfstæðismenn, að sé afnám á ekknaskattinum. Þetta er ekki nýyrði þetta

með ekknaskattinn. Það var mikið notað árið 1989 og reyndar alveg fram til 1991. Svo hvarf þetta orð úr málinu. Sjálfstfl. bar sér þetta ekki í munn í þrjú ár, hæstv. forseti. Í þrjú ár var orðið ekknaskattur ekki til í málinu hjá Sjálfstfl. Af hverju var það? Það var af því að Sjálfstfl. var að leggja hann á. Þess vegna hentaði ekki að tala mikið um ekknaskattinn, ekki 1991, ekki 1992 og ekki 1993. En frá og með síðasta laugardegi þá fann Sjálfstfl. allt í einu í safni sínu þetta gamla, góða orð, ekknaskattur, og hefur notað það óspart síðan. Það er af því að nú á að leggja hann af.

Og ég verð að segja alveg eins og er, hæstv. forseti, ég er búinn að liggja dálítið í útreikningum vegna þessa máls, að þeim mun meira sem ég skoða þetta þeim mun fráleitari finnst mér umræðan um þennan skatt og um þetta mál. Og þeim mun ömurlegra hversu lágt Sjálfstfl. leggst í þessum ómerkilegu áróðurstilburðum sínum varðandi þennan ekknaskatt. Enda vafðist þetta dálítið fyrir fjármálaráðuneytismönnunum, húskörlunum, þegar þeir komu í efh.- og viðskn. og voru ýmist að þvæla um álag á eignarskatt, stóreignaskatt og svo hnipptu þeir hver í annan og hrukku upp og sögðu: Nei, ekknaskatt, ekknaskatt. Það var af því að nú var búið að skipta um heiti á fyrirbærinu samkvæmt pólitískri forskrift.

Og hvernig er þetta með ekknaskattinn, hæstv. forseti? Ég er ekki viss um að ég noti ræðutíma minn hér betur með öðrum hætti en þeim að reyna að útskýra þetta mál pínulítið verði það einhverjum til hjálpar. Í sjálfu sér er sú lagagrein tekjuskatts- og eignarskattslaganna sem fjallar um álagningu eignarskatts eða eignarskattsútreikning afar einföld. Hún er ekki nema fimm línur og einni tölu betur. Og segir þar, með leyfi hæstv. forseta:

„Eignarskattur manna reiknast þannig: Af fyrstu 3,5 millj. kr. af eignarskattsstofni greiðist enginn skattur.“ — Ég rúnna hér af tölur til þess að menn nái þeim betur. — „Af eignarskattsstofni yfir 3,5 millj. kr. greiðist 1,2%. Af eignarskattsstofni yfir 9,8 millj. kr. greiðist að auki 0,75%, þó þannig að hjá þeim sem hafa tekjuskattsstofn undir 2 millj. kr. skal lækka reiknaðan eignarskatt samkvæmt þessum málslið, hlutfallslega þannig að hann falli að fullu niður ef tekjuskattsstofn er undir 1 millj..“

Þetta þýðir á mannamáli, hæstv. forseti, að allir sem eiga skuldlausar eignir, nettóeignir, umfram 3,5 millj. borga 1,2% af þeirri eign í eignarskatt á ári hverju, allir. Það er hinn almenni eignarskattur. En síðan var tekið upp tekju- og eignatengt álag á þennan skatt. Og hverjir bera það? Þeir sem bera það að fullu eru einstaklingar sem eiga meira en 9,8 millj. í hreina eign og hafa hærri tekjur en 2 millj. á ári. Það eru einstaklingar sem eru með yfir 167 þús. kr. í mánaðarlaun sem bera þetta álag að fullu og tvöfalt hjá hjónum því að þannig eru allar viðmiðanir eignarskattslaganna að þær tvöfaldast hjá hjónum.

Og það er svo furðulegt með það að núna talar hvorki Sjálfstfl. né aðrir um almenna eignarskattinn sem allir borga sem á annað borð komast upp fyrir mörkin. Ekkjur sem eiga eignir á bilinu 4, 5, 6, 7, 8, 9 og upp í 9,5 millj. kr. og borga fullan eignarskatt, það er ekkert talað um það. Það er ekki ekknaskattur.

Nei, en þetta álag á stóreignir hátekjufólks, það er ekknaskattur. Auðvitað er þetta alveg ofboðslegur málflutningur, hann er forkastanlegur. Þarna er á ferðinni lítils háttar álag á eignarskatt stóreignafólks með háar tekjur. Þessi skattur er horfinn út við 83 þús. kr. tekjur á mánuði. Þá eru menn hættir að borga hann. Þó að þeir eigi 20, 30, 40, 50 milljónir í skuldlausar eignir þá borga þeir þennan skatt ekki ef árstekjurnar eru undir einni milljón eða 83 þús. kr. á mánuði. Og er það þannig að hinn eiginlegi ekknaskattur í dag er sá eignarskattur sem ekkjur borga þúsundum saman vegna almennrar íbúðareignar, sem gjarnan er þá kannski á bilinu 4, 5, 6, 7, 8, 9 milljónir. Sárafáar ekkjur á Íslandi komast upp í þessi sérstöku álagsmörk eða svokölluð eignarskattsmörk eins og Sjálfstfl. kallar þau.

Það er t.d. þannig að af 3.200 aðilum sem komast í að borga eitthvað samkvæmt hærra þrepinu eru einungis 160 komnir á ellilífeyrisaldur. Á hvaða aldri er hitt fólkið? Ja, hvað halda hv. þm.? 45–60 ára, það er uppistaðan af þeim sem borga þennan skatt. Það er stórefnafólk með háar tekjur á besta aldri. Það er það sem lendir í þessu en ekki ekkjur á ellilífeyrisaldri, það er blekking, það er lygi, það er áróðursbragð. Ég skal að vísu viðurkenna það, hæstv. forseti, að ekknaskattsnafngiftin hjá Sjálfstfl. í stjórnarandstöðu á árinu 1989 var áróðurslega mjög snjöll, fín nafngift. Enda var blásið upp mikið ball út af því máli þá. Það leiddi nú reyndar til þess að sá skattur var bæði lækkaður og tekjutengdur, og er þar af leiðandi sem slíkur að mörgu leyti mjög góð tekjujöfnunaraðgerð í landinu, en nú á að fella hann niður.

Nei, hæstv. forseti, þetta er auðvitað alveg dæmalaust mál. Og þó ekki dæmalaust því að ég ætla að koma með nokkur dæmi um það hvernig þetta kemur út. Ég ætla að taka þrjú dæmi af ekkju eða einstaklingi. Í fyrsta lagi skulum við hugsa okkur ekkju með eina millj. kr. í tekjur á ári, 83 þús. á mánuði, hvort sem það eru nú launatekjur eða samtals lífeyrir og tekjur af einhverju tagi. Og þessi ekkja á 10 millj. kr. eign, nettóeign. Það eru þau framteljanleg verðmæti og skattskyld verðmæti sem hún á þegar búið er að draga frá skuldir, þegar búið er að draga frá hlutabréfaeign, þegar búið er að draga frá innstæður í bönkum, þegar búið er að draga frá fleiri hluti sem allir eru frádráttarbærir áður en til eignarskattsálagningar kemur. Og það eru sjálfsagt ekki allir sem hafa áttað sig á því að það er bara þessi nettóeign með öllum þessum frádráttarliðum sem er skattlögð.

Hvað borgar þessi ekkja í eignarskatt? Þá eru reglurnar þannig að það er tekin þessi 10 millj. kr. nettóeign, frá dragast 3.527.353 kr., eins og þetta var samkvæmt álagningu á síðasta ári. Eignarskattsstofninn eru þá 6.472 þús. kr. og af því er borgað 1,2% eða 77 þús. kr. Þessi ekkja, sem á 10 millj. kr. eign og hefur ekki nema eina milljón í tekjur, hún borgar 77 þús. kr. í hinn almenna eignarskatt. En það er ekki ekknaskattur, segir Sjálfstfl., nei, það er ekki ekknaskattur, nei nei.

Tökum þá aðra ekkju. Hún er líka með 1 millj. kr. í tekjur. En hún á 15 millj. kr. skuldlausa eign, nettóeign. Þá eru reglurnar þannig að það eru 15 milljónir mínus 3,5. Eignarskattsstofninn eru 11.472 þús. kr. og ekkjan borgar 137 þús. kr. í eignarskatt. Það er ekki ekknaskattur, segir Sjálfstfl., nei, það er ekki ekknaskattur. Við höfum lagt hann á um langan aldur og þetta er ekkert ekknaskattur þó þetta sé að vísu 137 þús. kr. Og þetta sé að vísu ekkja sem borgar þetta.

En við skulum þá segja að svo sé önnur ekkja sem búi hinum megin við stigaganginn og hún hefur 2 millj. kr. í tekjur. Hún er með 167 þús. kr. á mánuði. Hún er 100% betur sett en ekkjan sem borgar 137 þús. kr. Og hvað gerist þá? Jú, þá kemur þetta álag til sögunnar og bætir 38 þús. kr. við. Ekkjan sem hefur heilli milljón meira til að lifa af, hún þarf að borga 38 þús. kr. af því í viðbótarskatt. Það er ekknaskattur, segir Sjálfstfl. Það er skömm og svívirða. Það er ljótt mál, þ.e. núna, það var ekki sl. þrjú ár meðan við lögðum það á.

Þetta er nú málflutningurinn. Þetta er nú allur málflutningurinn, þetta er öll reisnin yfir Sjálfstfl. hér. Svona ómerkilegar og billegar æfingar, hæstv. forseti, verð ég nú að segja, er langt síðan maður hefur séð. Það er ekki bara síðan Sjálfstfl. var upp á sitt besta í stjórnarandstöðu hérna á síðasta áratug sem hann sýndi svona tilþrif. En þá brá hann oft undir sig betri fætinum eins og kunnugt er.

Ef við tækjum fjórða dæmið og segðum að þarna á næstu hæð fyrir neðan búi ein ekkjan enn. Hún er með 1,5 millj. kr. í tekjur, þá borgar hún 19 þús. kr. Og ég verð að segja alveg eins og er að miðað við þann eignarskatt, ótekjutengda eignarskatt sem lagður er á allar eignir yfir 3,5 millj. kr. og allar ekkjur borga, án tillits til tekna, þá er náttúrlega fjarri öllu lagi að tala um þennan smávægilega viðauka hér, þetta álag sem eitthvert sérstakt óréttlæti í þessum efnum. Það er að snúa hlutunum algjörlega við. Ef menn vorkenna ekkjunum núna, þó þeir hafi ekki gert það í fyrra og hittiðfyrra og árið þar áður, þá skulum við fara í það að laga eignarskattskerfið þannig að það veiti þeim einhverja úrlausn. Og ég er með tillögu í því máli. Ég legg til að í staðinn fyrir þennan fáránleika verði t.d. tekin upp sú regla að einstaklingur, sem missir maka sinn og verður þar af leiðandi fyrir því að í einu vetfangi helmingast allir frádráttarliðirnir, fái þrjú ár til þess að leysa sín mál áður en hann tekur að borga hinn tvöfalda eignarskatt. Það væri réttlæti. (**Gripið fram í:** Það er í lögum fimm ár.) Eða hvað þetta nú er. Nei, það er ekki þannig, hæstv. forseti. Það held ég nú ekki, ég held að hv. þm. verði að lesa þetta betur. (Gripið fram í.) Ja, það held ég að eigi nú bara við þegar verið er að gera upp dánarbúin og annað því um líkt. Þá eru þarna frádráttarreglur sem reyndar er verið að breyta. (**Fjmrh.:** Fimm ár.) Eru það fimm ár gagnvart þessu? (**Fjmrh.:** Fimm ár eins og um hjón væri að ræða.) Eins og um hjón væri að ræða? Jæja, þess þá heldur, þá sjá menn líka hversu mikið er að marka talið um ekknaskattinn, þá sjá menn það nú, þess þá heldur. Úr því að þetta er þetta rímilegt, sem ég ekki vissi. Þá þýðir það náttúrlega það að þessi skattur kemur hvergi við ekkjur, einstakling, nema þeir hafi himinháar tekjur og eignirnar séu gífurlegar, þ.e. tvöfaldar, fyrr en eftir fimm ár. Ég verð nú að segja alveg eins og er að enn síður gengur þetta tal um ekknaskattinn upp, enn síður gerir það það.

Hæstv. forseti. Það er auðvitað með ólíkindum hvernig um þessi mál er stundum fjallað. Og það lætur auðvitað að manni sá grunur að menn stilli hlutunum svona upp vísvitandi og viljandi til þess að þeir séu misskildir. Ég er alveg sannfærður um það að allur þorrinn af einstæðingum sem eru að borga þennan eignarskatt í dag, þennan almenna eignarskatt, þeir halda að nú eigi að lækka sérstaklega hjá þeim skattinn, allur þorrinn. En staðreyndin er sú að þetta mun verða í sárafáum tilvikum, vegna þess að allir sem borga almennu eignarskattsprósentuna gera það áfram að fullu. Það er ekkert verið að lagfæra stöðuna hjá þeim. Það er ekki verið að tekjutengja þær greiðslur eða gera neitt því um líkt, ekki neitt. Þannig, hæstv. forseti, er auðvitað þessi málflutningur alveg dæmalaus. En það getur vel verið að Sjálfstfl. hafi náð því út og talið mönnum trú um það að hann sé alveg sérstakur vinur ekknanna í landinu, eins og hægt sé nú að lesa það sérstaklega út úr skattkerfinu sem auðvitað er ekki hægt.

Ég tel að í raun og veru sé miklu nær að segja að 9. gr. frv. hún sé lagfæring gagnvart ekkjum. Hún er skynsamleg breyting varðandi uppgjör eða eignarskattsálagningu dánarbúa, sjálfsögð réttlætislagfæring. Ég skal taka undir að það sé aðgerð gagnvart fólki sem hefur misst maka sinn. En þannig hefur það verið samkvæmt lögunum að það hefur skipt máli fyrir fólk hvort makinn hefur fallið frá snemma eða seint á árinu. Og svo kaldranalegt sem það er að segja það þá hefur verið hagstæðara fyrir fólk ef makinn féll frá á fyrri hluta ársins heldur en seinni hluta í þessu skattalega tilliti, svo merkilegt sem það nú er, vegna þess að þá hefur gefist tími til að gera upp dánarbúið og forða því að það yrði skattlagt með sama hætti. Þetta er verið að lagfæra og það er auðvitað af hinu góða.

Varðandi aðra þætti þarna, hæstv. forseti, sem koma svo í viðaukunum eða bráðabirgðaákvæðum frumvarpanna þá er nú ekki margt um það kannski að segja nema þá helst það að varðandi fyrninguna eða flýtifyrninguna þá er það viðleitni sem er góðra gjalda verð. Það er viðleitni til þess að reyna að örva fyrirtæki til fjárfestinga og nýsköpunar og ég tek bara undir það. Það er sjálfsagt mál að reyna það. Ég hefði að vísu talið að það hefði mátt glíma við að reyna að skilgreina frádráttarliði sem beindust meira að raunverulegri nýsköpun, markaðsstarfi og öðru slíku. Það væri vel hægt að hugsa sér. En þetta er betra en ekki.

Síðan er í ákvæði til bráðabirgða III hinn margfrægi svokallaði hátekjuskattur. Og hvað verður hæstv. ríkisstjórn þá fyrir? Hún hækkar skattfrelsismörkin gagnvart hátekjuskattinum. Þar er hópurinn fundinn sem þarf nú að hlífa og skattfrelsismörkin á hátekjuskatti eru hækkuð úr 400 upp í 450 þúsund vegna hjóna. Ja-há, það er nefnilega það. Eru það heimilin í

landinu sem voru í sérstökum kröggum og erfiðleikum, hæstv. forseti? Heimilin þar sem fjölskyldutekjurnar voru akkúrat á bilinu 400–450 þús.? Þar þurfti skattalækkun. Og hver er ástæðan, hvað er borið hér á borð fyrir okkur? Jú, það er sagt: Þetta eru aðallega barnafjölskyldur og sjómenn. Og það er ekki hægt að vera að skattleggja slíka aðila, nei, nei, við verðum að hækka þetta.

Ég segi við þá ríkisstjórn sem hefur skert barnabætur en getur svo ekki lagt á hátekjuskatt af því að hann leggst á barnafólk: Farið og látið athuga heilsuna. Þetta er í þvílíkri mótsögn, þetta er svo fáránlegur málflutningur að sú sama ríkisstjórn sem hefur skert barnabótaauka og barnabætur upp á eitthvað á milli 500 og 1.000 milljónir kr. á kjörtímabilinu, kemur núna og segir: Nei, við getum ekki lagt á hátekjuskatt með sama hætti og áður af því hann leggst á barnafólk. (Gripið fram í.) Já, hæstv. fjmrh. Í fyrstu skerðingunni voru barnabæturnar skertar um yfir 500 millj. kr. og það hefur verið krukkað í þær í einu tilviki öðru í reynd. (Gripið fram í.) Nei, það er mismæli. 500 til 1.000 milljónir, það vildi ræðumaður alla vega sagt hafa. Þakka hæstv. fjmrh. fyrir aðstoðina. Hann er góður í þessu, hæstv. fjmrh., að leiðrétta menn svona, þó honum séu mislagðar hendur í sínu aðalstarfi. Kannski hann ætti að skipta um og gerast hér málfarsráðunautur. Það yrði alla vega ódýrara fyrir þjóðarbúið að hafa hann í því hlutverki.

Nei, auðvitað er svona málflutningur alveg út úr kú, hæstv. forseti. Að ríkisstjórn sem hefur skert barnabætur, notar síðan það sem rök til að hækka skattfrelsismörk hátekjuskatts að það hafi komið í ljós að hann leggist í sumum tilvikum á barnafjölskyldur. En ég segi: Hann leggst þó alla vega á þær barnafjölskyldur sem hafa yfir 400 þús. kr. heimilistekjur. En skerðing barnabótanna, við hvaða tekjumörk byrjar hún? Vita hv. þm. það? Um 118–120 þús. kr. Þarf þá ekkert að vorkenna því barnafólki, bara því sem er með yfir 400 þús.? Hvers konar málflutningur er þetta? Hv. þm. Ingi Björn Albertsson á slatta af börnum eins og kunnugt er, barnabótaaukarnir vegna hans fimm eða sex barna byrja að skerðast við 118 þús. kr. á mánuði. En hv. þm. er ekkert nálægt því að komast upp í hátekjuskatt eins og kunnugt er. Hátekjuskattsmörkin eru svo rúm að þó að tveir þingmenn giftist þá koma þeir ekki til með að borga hátekjuskatt. Nei, þau eru langt fyrir ofan það. Þó að ráðherra og þingmaður giftust þá efast ég um að þau slefuðu upp í það að borga hátekjuskatt, sennilega samkvæmt mörkunum eins og þau eru en ekki eftir hækkunina. Það er náttúrlega spurning hvort verið er að búa í haginn, að það standi til hjá einhverjum í ríkisstjórninni að giftast þingmanni og þar af leiðandi vilji menn nú trygga að það par lendi ekki í hátekjuskatti. (Gripið fram í.) Að þetta sé einhvers konar fjölskylduáætlun hjá ríkisstjórninni. En auðvitað er, hæstv. forseti, alveg skelfilegt að standa frammi fyrir þessu.

Að lokum, hæstv. forseti, hafði ég ætlað að víkja aðeins að skattleysismörkunum. Það hef ég svo sem gert áður í fyrri ræðum og tíma mínum er lokið þannig að ég mun ekki syndga neitt upp á náðina í þeim efnum, enda hefur sú blekking verið svo rækilega afhjúpuð að það ætti svo sem ekki að þurfa að gera betur.

[14:11]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Sl. mánudag urðu hér allítarlegar umræður í þingsalnum um yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar sem hún samdi um síðustu helgi og kostaði nokkur átök að því er gaf að skilja á fjölmiðlafréttum, þó að mönnum beri ekki saman um hversu alvarleg þau átök hafi verið. Við höfðum því fengið fregnir af þessum ráðstöfunum í skattamálum áður en sjálft frv. leit dagsins ljós. En nú er það komið og er hér til umræðu. Ég get nú ekki tekið undir þau orð hæstv. fjmrh. að þetta frv. sé sérstaklega einfalt í sniðum og það verði létt verk og löðurmannlegt að afgreiða það út úr efh.- og viðskn. því að hér eru ýmis atriði sem þarf að fara rækilega ofan í, t.d. þetta búsetamál, svo að ég taki nú dæmi, sem er nokkuð sérkennilegt mál að mínum dómi, vegna þess að í fyrra, á allra síðustu dögum þingsins, háði Búseti mikla baráttu fyrir því að komast inn í vaxtabótakerfið. Það var reynt að benda þeim á það að sú leið mundi skila þeim harla litlu en þeir stóðu fast við sitt og þeim var stillt upp gagnvart því að þeir yrðu að velja um annaðhvort vaxtabótakerfið eða húsaleigubætur. Nú er öldin önnur og þeir eru að leita eftir því að fá að vera með sitt fólk inni í báðum þessum kerfum og þetta mál þarf að skoða allrækilega.

Eins er með hinn svokallaða ekknaskatt eða stóreignaskattinn. Það er ekki allt sem sýnist í þessu máli og þarf auðvitað að skoðast allrækilega. Þannig að ég ætla hér enn einu sinni að harma það hversu mjög hefur dregist að þessi skattafrumvörp komi hér fram. Fyrir utan skattafrv. erum við með til meðferðar frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum, lánsfjárlögin. Við eigum eftir tekjugrein fjárlaganna og auk þessa erum við í hv. efh.- og viðskn. með mjög mikilvæg frumvörp til umfjöllunar um bókhald og ársreikninga, hlutafélög og einkahlutafélög. En það verður bara að koma í ljós á næstu dögum hvernig gengur að vinna þetta og jafnframt hvort við þurfum að kalla saman fundi á milli jóla og nýárs út af þessum málum. Það verður bara að koma í ljós og ekki stendur á okkur nefndarmönnum að vinna, en við getum auðvitað ekki annað en kvartað yfir þessum vinnubrögðum. Og eins og ég kom hér inn á þegar umræður urðu um störf þingsins í morgun, þá vekur það auðvitað furðu að mál eins og ráðstafanir í ríkisfjármálum, sem allt lá fyrir, það lá allt fyrir fyrir löngu hverju þyrfti að breyta, þá vekur það furðu hversu seint þetta kemur fram og ég bara skil ekki svona vinnubrögð.

Ef ég vík svo að frv. sjálfu þá er það augljóst þegar farið er í gegnum þetta frv. að hér er um litlar bætur að ræða til láglaunafólks. Það er rétt sem fram kom í máli hæstv. fjmrh. að hér er verið að slaka út hundruðum milljóna úr ríkissjóði en það er lítið um tekjuöflun á móti og það sem hér um ræðir eru atriði sem fyrst og fremst koma hátekjufólki og eignafólki til

góða. Nú er auðvitað spurning hvernig við skilgreinum hátekjufólk. Ég er ekki sammála því sem fram kom í máli hv. síðasta ræðumanns að þessi tekjuviðmiðun, 200–225 þús., séu eitthvað sérstaklega háar tekjur og ég hygg að í hópi þeirra sem borga hátekjuskatt séu t.d. allnokkrir opinberir starfsmenn sem vinna mikla yfirvinnu og þurfa að vinna þá vinnu. Hins vegar finnst mér að einhvers staðar þurfi að draga mörkin og það er spurningin hvar þau mörk eru. Í sjálfu sér fagna ég því að það skyldi fallið frá því að fella niður þennan skatt vegna þess að ástandið er einfaldlega þannig í málefnum þjóðarinnar og launamálum þannig háttað að það hefði horft afar sérkennilega við að fella niður hátekjuskattinn meðan verið er að skattleggja hrikalega lágar tekjur og mér finnst það í raun og veru vera stóra málið í þessu, að það skuli ekki vera komið hér til móts við láglaunafólk.

Sú breyting sem fyrirhugað er að gera á persónuafslætti gerir ekki meira en rétt að halda í horfinu þannig að skatthlutfall fólks verður mjög svipað því sem það er á þessu ári gangi þær launahækkanir eftir sem reiknað er með í forsendum fjárlagadæmisins. En það er svo sem ekkert sem segir að það gangi eftir.

Yfirlýsing ríkisstjórnarinnar ber yfirskriftina, með leyfi forseta: „Yfirlýsing ríkisstjórnarinnar um aðgerðir til að stuðla að aukinni atvinnu, stöðugleika og kjarajöfnun.“ Nú hefur ASÍ látið í ljós álit sitt á þessum aðgerðum og það verður ekki séð af þeim ummælum að þeir telji að hér sé um kjarajöfnun að ræða eða að þessar aðgerðir muni sérstaklega verða til þess að auka eða stuðla að frekari stöðugleika. Það eru mjög athyglisverð dæmi sem hagfræðingur Alþýðusambandsins tekur í sinni útlistun á þessum aðgerðum og bendir á m.a. að það að draga úr tvísköttun á lífeyri komi fyrrv. ráðherrum og þingmönnum til góða sem segir okkur auðvitað það að þessi aðferð sem hér er farin kemur fyrst og fremst þeim til góða eða kemur þeim meira til góða sem hafa hærri lífeyri. Það er því allt á sömu bókina lært í þessum aðgerðum.

Þeir benda á fleira í sinni umfjöllun. Það segir t.d. í frétt í Tímanum í dag, með leyfi forseta:

„Þannig hafa þessar tillögur að mati ASÍ engin áhrif á afkomu þeirra sem eru allra tekjulægstir og eignaminnstir. Hækkun persónuafsláttar um 500 kr. bætir ekki afkomu þeirra sem eru undir skattleysismörkum. Aftur á móti lækkar skattbyrðin með hækkandi tekjum og meiri eignum.

Sem dæmi þá fá einstaklingar með 250 þús. kr. tekjur á mánuði um 1.750 kr. minni skatta á mánuði. Ef þeir eiga 15 millj. kr. skuldlausa eign yrði skattalækkunin tæplega 4.900 kr. á mánuði. Gagnvart hjónum með 500 þús. kr. mánaðarlaun nemur skattalækkunin frá 3.500 til tæplega 9.800 kr. á mánuði. Sem hlutfall af ráðstöfunartekjum, þ.e. eftir skatt, vegur þessi skattalækkun 3% á mánuði en ekkert hjá þeim tekjulægstu.“

Það gefur auga leið, virðulegi forseti, að þetta álit og þessi úttekt Alþýðusambandsins, sem við í hv. efh.- og viðskn. munum að sjálfsögðu fara yfir og kalla til bæði fulltrúa Alþýðusambandsins og Vinnuveitendasambandsins, en þessar yfirlýsingar segja okkur auðvitað það að Alþýðusambandið sér ekki í þessum aðgerðum leið til kjarajöfnunar frekar en við hin sem höfum tjáð okkur hér um þessi mál. Þannig að hér er auðvitað verið að gera út á væntanlegan efnahagsbata sem engin vissa er fyrir að skili sér. Hér er verið að veita peningum frá ríkissjóði til hinna efnameiri og hér er auðvitað verið að halda áfram á þeirri braut sem einkennt hefur þessa ríkisstjórn að það er ekki horft á hagsmuni hinna lægst launuðu.

Á síðastliðnu ári var skattprósentan hækkuð og reyndar var virðisaukaskattur á matvælum lækkaður, en sú hækkun kemur þeim best sem eyða mestu í mat. Og vegna ummæla hæstv. fjmrh. hér fyrr í morgun, þá vil ég rifja það upp að það kom fram í skýrslunni um skuldastöðu heimilanna frá því í vor að skuldir og vextir vega svo ótrúlega þungt í útgjöldum láglaunaheimila. Og þegar við vorum að skoða þessi mál öll í fyrra, þá kom manni á óvart hvað einmitt matvæli vega létt í útgjöldum heimilanna. Ég held að við höfum ákveðnar ranghugmyndir um það í hvað tekjur heimilanna fara.

Eins og ég segi hér þá hefur skattastefna þessarar ríkisstjórnar gengið út á það að lækka skatta á fyrirtækjum og velta þeim yfir á almenning í landinu. Barnabætur hafa verið lækkaðar, vaxtabætur hafa verið skertar, það hefur verið komið á þjónustugjöldum og skólagjöldum o.s.frv., skattprósentan hækkuð og það er alveg ótvírætt að skattbyrðin liggur orðið mjög þungt á heimilunum í landinu. Það er ekki nokkur vafi. Það heyrir maður alls staðar, að sú aðgerð sem þurfi að grípa til sé að létta skattbyrði af heimilunum, en því miður er ekki farin sú leið hér. Hér er afar fátt sem kemur heimilunum til góða.

Ég vil aðeins koma inn á þessa fullyrðingu hæstv. fjmrh. frá því í morgun um launamuninn, um að launamunur hér á landi sé aðeins 2,7-faldur þegar allt hefur verið dregið frá. Mér finnst þetta alveg ótrúlegar tölur og mun óska eftir frekari upplýsingum um þetta í efh.- og viðskn. Ég veit ekki hvar þetta hefur komið fram, hvort þetta kom fram í því sem Þjóðhagsstofnun sendi frá sér um tekjur 1992 og 1993, held ég. Þetta eru alveg ótrúlegar tölur þegar maður veit að launamunur, heildarmunur á launum hér á landi er allt að tuttugufaldur. En þegar teknir eru svona hópar þá gefa meðaltölin ákveðna mynd. Og þetta eru mjög ótrúlegar tölur í ljósi þess hve mörg heimili eiga í vandræðum og í ljósi þess, eins og ég hef nefnt áður í þessum umræðum, að á tveimur síðustu árum hefur félagsleg aðstoð Reykjavíkurborgar tvöfaldast. Félagsleg aðstoð hefur tvöfaldast á tveimur árum og mun nema á þessu ári um 530 millj. kr. Þetta segir okkur auðvitað það hversu margir eiga í miklum erfiðleikum. Launin eru allt of lág og það hefur eins og við vitum dregið úr yfirvinnu og margir eiga við atvinnuleysi að stríða.

Áður en ég fer í einstakar greinar frv. þá vil ég beina þeirri spurningu til hæstv. fjmrh. hvað þetta skattadæmi kostar í heild. Hvað er verið að veita mikið út úr ríkissjóði? Við erum ekki eingöngu með þetta frv. hér, við erum líka með frv. um ráðstafanir í rík-

isfjármálum, við erum með frv. um barnaskattinn. Ég veit ekki hvort hæstv. fjmrh. hefur þessar tölur við höndina, en fyrir mér er það alls ekki ljóst hvað er verið að auka hallann mikið með þessum ráðstöfunum. Síðan eru auðvitað eftir ýmsar ákvarðanir í fjárln. og þar ýmis óleyst dæmi þannig að heildartalan er alls ekki ljós. En sem innlegg í þessa umræðu vildi ég gjarnan að hæstv. fjmrh. upplýsti okkur um það hver talan er á þessu augnabliki. Hvað kostar þetta og fyrir hvern er verið að gera þessar ráðstafanir? Það er stóra spurningin.

Ég vil að sjálfsögðu minnast á það að sú atvinnusköpun sem ríkisstjórnin ætlar að standa fyrir og hefur boðað fyrir lifandis löngu, einkum í vegagerð, er af hinu góða og ég tel það vera hlutverk og skyldu ríkisvaldsins að standa fyrir atvinnusköpun á erfiðum tímum. En auðvitað er áhyggjuefni að ekki er leitað leiða til þess að ná í tekjur á móti. Bensínskatturinn mun væntanlega skila um 300 milljónum á næsta ári en það er ekkert sem kemur á móti öllum þessum auknu útgjöldum og auðvitað er verið að auka hallann og skuldirnar, það er verið að velta yfir til framtíðar auknum vanda.

Ég ætla þá að víkja að sjálfu frv. Þar eru ýmis atriði sem vert er að velta fyrir sér og ég ætla ekki að vera að fara hér ofan í einstaka smáliði. En ég nefni sérstaklega eitt atriði sem er í 2. gr. c-lið sem kemur að tvísköttun lífeyris. Í þeirri kynningu sem við fengum í hv. efh.- og viðskn. voru menn mikið að velta fyrir sér því aldurstakmarki sem hér er sett, þ.e. 70 ára aldrinum, og hvort það sé í rauninni réttlætanlegt gagnvart þeim hópum sem byrja að taka lífeyri áður. Mig langar að spyrja hæstv. fjmrh. hvort það hafi verið skoðað að fólk fengi einfaldlega þessi 15% dregin frá greiddum lífeyri um leið og fólk byrjar að taka lífeyri. Þarna er um hópa eins og sjómenn að ræða, um opinbera starfsmenn sem eru á 95 ára reglunni. Hefur verið reiknað út hvað það mundi kosta? Þetta þurfum við að fá upplýst í hv. efh.- og viðskn. Eftir því sem fram kom á fundi efh.- og viðskn. munar tvísköttunin ríkissjóð um 200–300 millj. kr., þ.e. þetta er 200–300 millj. kr. tekjumissir, en það væri mjög forvitnilegt að fá að vita hvort menn hafi skoðað þann möguleika og reiknað út hvað það mundi þýða að allir þeir sem taka lífeyri fengju að beita þessari reglu.

Síðan vil ég taka undir d-liðinn í 2. gr. þar sem verið er að fresta eða hætta við að sinni að lækka afsláttinn vegna hlutafjárkaupa. Auðvitað orkar tvímælis hvort veita á afslátt og það er augljóst mál að sumir nota þetta til þess að lækka skattana sína frekar en til að ýta undir kaup á hlutabréfum. En það er staðreynd að það þarf að ýta undir fjárfestingu í atvinnulífinu og þessi leið er hvorki betri né verri en aðrar.

Það að leigutekjur verði að hluta til skattfrjálsar tengist því að koma á húsaleigubótum og á að verða til þess að hvetja eigendur íbúða til þess að leigja íbúðir sem þeir eiga og nota ekki sjálfir. Ég held að þetta sé til bóta en auðvitað verður að koma í ljós hvað þetta þýðir. Það eru ákveðnar áhyggjur af því að húsaleigubæturnar verði til þess að hækka húsaleigu en þetta atriði ætti að koma þarna aðeins á móti en auðvitað er ekki gott að átta sig á því hvað þetta þýðir þegar fram í sækir.

Í frv. er að finna ýmsar tæknilegar breytingar og breytingar sem skipta máli, eins og hvernig má nýta rekstrartap þar sem er verið að þrengja hjá fyrirtækjum sem hafa mátt nýta sér það og hefur að margra dómi verið farið heldur frjálslega með.

Þá kem ég aftur að Búsetamálinu og þeim breytingum sem verið er að gera á vaxtabótunum. Það verður að segjast eins og er, frú forseti, að hér er um ýmis tæknileg atriði að ræða sem við verðum að fara ofan í í hv. efh.- og viðskn. og erfitt er að átta sig á út frá þeim greinum hér hvað þýða. En auðvitað þarf að skoða málefni Búseta mjög vandlega og ekki er hægt að horfa fram hjá því að þar innan dyra er fólk í miklum greiðsluerfiðleikum, sérstaklega þeir sem hafa keypt sér íbúðir í almennri kaupleigu og eiga mjög erfitt með að standa þar skil. Ég heyri á forráðamönnum Búseta að þar eru komnar upp miklar áhyggjur yfir stöðunni. En hvort sú leið er fær sem þeir leggja til, þ.e. að greint verði á milli þeirra sem búa í félagslegri kaupleigu og hinna sem búa í almennri kaupleigu og annar hópurinn falli undir húsaleigubætur, hinn undir vaxtabætur, það verðum við einfaldlega skoða og ég óttast að sá tími sem við höfum til stefnu sé býsna stuttur.

Í greininni er einnig vikið að skuldajöfnun milli ýmissa bóta, þ.e. ef menn skulda meðlög eða skatta sé heimilt að gera bætur upptækar upp í þessar skuldir. Ég get nú ekki annað en sagt það, virðulegi forseti, að mér finnst að karlmenn, sem eru feður barna, sem þeir hafa ýmist eignast í lausaleik eða fráskildir karlmenn séu ekki of góðir til að borga með börnum sínum. Ég skil ekki þá vorkunnsemi, sem kemur alltaf upp þegar meðlagsgreiðslur koma til umræðu, þá rís hver þingmaðurinn upp á fætur öðrum fullur samúðar. Menn verða einfaldlega að vera ábyrgir gerða sinna. (Gripið fram í.) Nei, ég er ekki að tala um hæstv. fjmrh. enda er hann að leggja það til að það verði heimilt að taka t.d. barnabætur upp í meðlagsskuldir og við vitum það að þetta er mikið vandræðamál, það eru gríðarlegar meðlagsskuldir. (**Gripið fram í:** Það er ekki skulda ...) Þetta er víst hérna inni í frumvarpinu. (**Fjmrh.:** Nei, það er misskilningur.) Nú, fjmrh. heldur því fram að ég sé að misskilja greinina en þeir gerðu okkur nú grein fyrir þessu í gær. (**Fjmrh.:** Nei, það kemur væntanlega tillaga ...) Nei, hæstv. fjmrh., það segir í 7. gr. þar sem er verið að tala um barnabótaaukann: „Barnabótaauki skal ákveðinn með álagningu, sbr. X. kafla, og greiðist þá til framfæranda barns að teknu tilliti til skuldajöfnunar skv. 10. mgr.“ Þótt útfærslan á þessu sé ekki hér þá er þetta hér með komið inn í þessi lög og meiningin er að fara þessa leið og ég er að lýsa yfir stuðningi við það. Mér finnst að ástæða sé til þess að taka nokkuð hart á því ef menn greiða ekki meðlög. Því fylgir mikil ábyrgð að eiga börn og mönnum ber skylda til þess að framfæra börn sín og engin ástæða er til þess að vera með einhverja vorkunnsemi.

Þá kemur röðin að stóreignaskattinum. Samkvæmt upplýsingum sem ég hef frá fjmrn. greiddu 1.107 einstaklingar greiddu stóreignaskatt á síðasta ári. Annars vegar greiddu 649 einstaklingar skertan skatt og hins vegar greiddu 458 einstaklingar 0,75% skatt, þ.e. 458 einstaklingar sem hafa meira en 2 millj. kr. í árstekjur og eiga eignir yfir 10 millj. kr. Samkvæmt þessum sömu upplýsingum eru það rúmlega þúsund heimili þar sem um hjón er að ræða sem greiða þennan skatt, ýmist skertan eða 0,75% eignarskatt. Þarna er um dágóðan hóp að ræða sem á að létta af sköttum. Þegar maður horfir á tekjutenginguna held ég að menn ættu að fara sér hægt í þessum málum. Ég áskil mér allan rétt til þess að skoða þetta mál mjög rækilega og að við fáum betri sundurgreiningu á þessum tölum og reynum að átta okkur betur á því hvað er þarna um margar ekkjur að ræða, hvar er óréttlætið í skattlagningunni. Ég held nefnilega að með þeirri tekjutengingu, sem var sett inn á sínum tíma, sé ekki um svo mikið óréttlæti að ræða.

Ég ætla að hlaupa yfir allnokkur atriði og koma að ákvæðum til bráðabirgða þar sem er einmitt um að ræða ýmis af loforðum ríkisstjórnarinnar úr hinni frægu yfirlýsingu. Þar er ýmislegt gott að finna eins og flýtifyrningarnar sem ég held að sé ágætis mál, þ.e. að reyna að ýta undir fjárfestingar í atvinnulífinu, ekki veitir nú af. En ég get ekki látið hjá líða að minnast á það í því sambandi að náttúrlega hefur verið létt alveg gríðarlega miklum sköttum af fyrirtækjum í landinu. Það hefur verið meginstefna ríkisstjórnarinnar að létta sköttum af fyrirtækjum án þess t.d. að sveitarfélögunum hafi nú verið að fullu bætt það tekjutap, eins og Reykjavíkurborg svo dæmi sé tekið, sem hefur orðið fyrir gríðarlegu tekjutapi vegna þess að aðstöðugjaldið var lagt niður. Þarna er um skattlagningu að ræða og lækkun á sköttum algjörlega óháð afkomu fyrirtækjanna þannig að þetta hefur ekki síst komið til góða stórum fyrirtækjum sem skilað hafa miklum gróða. En þar kemur reyndar á móti að bætt afkoma fyrirtækjanna skilar síðan meiri skatttekjum inn í ríkissjóð eins og fjárlagafrv. ber með sér.

Ég minntist áðan á svokallaðan hátekjuskatt og ég fagna því að ríkisstjórnarflokkarnir hafi komist að samkomulagi um að halda honum áfram enda hefði það nú verið eins og köld vatnsgusa framan í launafólk í landinu að afnema hann, miðað við það að hér er ekki um neinar aðgerðir að ræða sem koma láglaunafólki til góða. En það er alveg með ólíkindum hvað þessi svokallaði hátekjuskattur skilar litlu. Það eru ekki nema 300 milljónir sem skatturinn skilar og segir okkur það að allur meginþorri launafólks er með tekjur á bilinu 70–80 þús. kr. og upp í 150–160 þús. kr. Og það er auðvitað sá stóri hópur sem borgar skatta í landinu.

Virðulegi forseti. Það hefur gefist afar skammur tími til þess að fara yfir frv. Eins og oft þegar farið er að kafa ofan í skattamálin kemur í ljós að ekki er allt sem sýnist. En þetta árið, fjórða ár hæstv. fjmrh. í sætinu í fjármálaráðuneytinu, er allt í einu söðlað um og nú er farið að veita stanslaust út úr ríkissjóði. (**Gripið fram í:** Góðir menn.) Já, góði ráðherrann, góði jólasveinninn sem veitir út úr ríkissjóði. En þar er sá hængur á að verið er að ausa peningum í þá sem eiga nóg fyrir. Það er ekki mikið réttlæti eða kjarajöfnun sem í þessu felst. Ég segi það enn og aftur að þetta er nokkuð merkilegur ferill þegar horft er á þessi fjögur ár í ríkisstjórninni. Hæstv. fjmrh. hófst handa með miklum niðurskurði. Hann kom á þjónustugjöldum og skólagjöldum. Hann lækkaði skattprósentuna, hann skerti barnabætur og vaxtabætur og hann hefur aukið skattheimtu, hann hefur aukið álögur á launafólk í landinu.

En nú bregður svo við að dæminu er að því leyti snúið við að í stað þess að reyna nú að sýna aðhald, þá er greinileg slökun á ferðinni og það mátti sjá strax í fjárlagafrv. að þar var lítil tilraun gerð til þess að halda utan um ríkisútgjöldin. Það er auðvitað ekki annað hægt í þessu samhengi en benda á þennan skollaleik sem hér fer fram ár eftir ár, þar sem það eru settar einhverjar tölur í fjárlagafrv. sem við bendum á að standist engan veginn og svo er auðvitað komið með lánsfjárlög og aukafjárlög þar sem þarf að ná þessum peningum inn sem aldrei var hægt að spara. Það var aldrei nokkur leið að spara þetta fé með þeim aðferðum sem ríkisstjórnin beitti. Það þarf ekki annað en skoða heilbrigðiskerfið og tölurnar sem þar er að finna þar sem enn einu sinni stöndum við frammi fyrir þessari hringavitleysu. Það kemur m.a. fram í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar að það á að sameina Borgarspítalann og Landakot og í það á að setja 250 millj. plús 100 millj. í launahækkanir meðan okkur berst neyðaróp frá Borgarspítalanum sem segir að það vanti 372 millj. til þess að geta haldið óbreyttum rekstri á næsta ári og að þessi sameining Borgarspítala og Landakots kosti tugi milljóna ef ekki hundruð milljóna. Þannig að hér er ósköp einfaldlega enn einu sinni verið að leika sama skollaleikinn. Nú á að kaupa sér frest fram yfir kosningar, en ég er ansi hrædd um að eftir þær stöndum við frammi fyrir mjög alvarlegum dæmum. Og ég get svo sannarlega tekið undir það sem fram kom í ræðu hv. þm. Svavars Gestssonar á mánudagskvöldið, þar sem hann fór yfir skuldir ríkisins og þá gríðarlegu skuldaaukningu sem hér hefur orðið á undanförnum 6–7 árum. Það er hægt að fara nokkuð langt aftur í tímann, en skuldir íslenska ríkisins eru orðnar mjög miklar á sama tíma og við stöndum frammi fyrir því að það er erfitt að finna leiðir til tekjuöflunar. Og það er auðvitað bara af því að það eru að koma kosningar sem ríkisstjórnin er svona brött í því að spá efnahagsbata. Auðvitað hefur orðið bati hjá fyrirtækjunum sem hefur verið létt af sköttum. Auðvitað er bati þar. En batinn er ekki hjá sveitarfélögunum, hann er ekki hjá heimilunum og það er ekki hægt að sjá annað en þessir spádómar um efnahagsbata séu því miður byggðir á sandi. Því miður er mikil hætta á því að hann sé byggður á sandi vegna þess hve lítið þarf út af að bregða. Þá er ég að vísa til Smuguveiðanna, til loðnuaflans, þessara happdrættisvinninga sem við höfum svo ótrúlega oft fengið inn í okkar þjóðarbú en er auðvitað ekki hægt að setja traust sitt á. Allt þetta dæmi er því afar ótraust og þar af leiðandi finnst mér orðið um ábyrgðarleysi að ræða af

hálfu ríkisstjórnarinnar, að vera að veita peningum til stóreignafólks, létta af stóreignafólki, en gera ekkert fyrir þá sem verst standa. Ég vona að fólk muni þetta þegar það kemur að kjörborðinu og það launi ríkisstjórninni lambið gráa.

[14:44]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Í því frv. sem hér er til umræðu koma m.a. fram þær aðgerðir sem ríkisstjórnin hefur nefnt aðgerðir til að stuðla að atvinnustöðugleika og kjarajöfnun. Ég verð að segja að í heildina tekið finnst mér lítið fara fyrir aðgerðum til kjarajöfnunar í frv. og mun koma inn á það í mínu máli.

Ég vil fyrst nefna tvö atriði sem koma fram í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, en ekki koma fram í því frv. sem hér er til umfjöllunar. Í fyrsta lagi er í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar rætt um að lækka húshitunarkostnað, en það er auðvitað nánast útilokað að átta sig á því hvað í þessu felst, enda upplýst í efh.- og viðskn. að ekki er gert ráð fyrir neinu fjármagni til þessara aðgerða. Einungis eigi að koma inn í heimildargrein í fjárlög, ef ég skil málið rétt, um að semja við orkufyrirtæki um lækkun húshitunarkostnaðar á köldu svæðunum. Hér er um mjög brýnt hagsmunamál að ræða fyrir landsbyggðina og ég fagna því mjög ef það á að taka á þessu máli, en ég held að Alþingi eigi kröfu á því að vita eitthvað nánar um það hvernig taka eigi á þessu máli. Í fyrsta lagi, hvenær má ætla að þessar aðgerðir skili sér til fólksins og í öðru lagi þarf að fá fram nánar í hverju þær munu hugsanlega felast, hvað á að verja til þess miklu fjármagni og hvað má ætla að þessar aðgerðir skili til að bæta stöðu fólks á köldustu svæðunum. Ég tel mjög alvarlegt ef gefa á einhverjar væntingar hér um sem svo þegar upp er staðið að aðgerðirnar skili sér seint og um síðir og kannski séu þá eitthvað sem ekki skipti miklu máli. En auðvitað læðist að manni sá grunur að hér séu bara sett einhver orð á pappír sem vísa á yfir á næstu ríkisstjórn og því tel ég brýnt að fá þessar upplýsingar, ef ekki nú fyrir jólahlé þingmanna þá að þær liggi fyrir áður en þingi er slitið, að við fáum það fram í hverju þessar aðgerðir felast, að öðru leyti verða þær að teljast marklausar. Það væri kannski ágætt ef hæstv. fjmrh. skýrði þetta nánar hér í umræðunni.

Ég vil nefna annað atriði sem fram kemur í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar en ekki í því frv. sem við ræðum hér og það er mjög óljóst hvað í því felst, enda er það upplýst að það er ekki gert ráð fyrir neinu fjármagni í þann lið. Þá á ég við það sem ríkisstjórnin kallar í sinni yfirlýsingu samstarf um lausn á greiðsluvanda vegna húsnæðislána. Það er rætt um að taka upp viðræður við fulltrúa lánastofnana og lífeyrissjóða um leiðir til þess að taka á greiðsluvanda þeirra íbúðareigenda sem orðið hafa fyrir sérstökum skakkaföllum vegna samdráttar í tekjum. Síðan segir, að ríkisstjórnin muni tryggja áframhaldandi skuldbreytingu vegna greiðsluerfiðleika lántakenda með sama hætti og verið hefur.

Nú er það svo að það voru veittar um 300 millj. kr. til þessara aðgerða fyrir nokkrum mánuðum síðan og eftir því sem ég kemst næst þá er mjög langt gengið á þessa upphæð. Þannig að það er alveg ljóst að það þarf að liggja fyrir hvernig á að tryggja fjármagn í þessar skuldbreytingar sem hér eru boðaðar af því að hér er greinilega verið að boða það að það eigi að gera þetta með sama hætti og verið hefur. Við höfum auðvitað gengið í gegnum það að taka upp viðræður við lánastofnanir og það hefur vissulega skilað sér. Það hefur skilað sér í því að bankarnir hafa farið út í skuldbreytingar til allt að 15 ára sem ég tel að hafi skilað miklu vegna þess að bankarnir hafa yfirleitt verið tregir í skuldbreytingar og yfirleitt ekki skuldbreytt nema til 2–4 ára. En þeir hafa farið í allt að 15 ára skuldbreytingar þannig að hvað er það þá nýtt sem felst í þessum viðræðum við bankana sem ekki hefur komið fram?

Mér finnst líka að þetta sé of þröngt skilgreint. Hér er bara verið að tala um að taka á greiðsluerfiðleikavanda vegna húsnæðislána. Við höfum margfarið yfir það í umræðum á hv. Alþingi að skuldavandi heimilanna er miklu víðtækari heldur en varðandi húsnæðislánin og mér sýnist á þessari yfirlýsingu eins og hún er orðuð að hér er eingöngu verið að miða þetta við húsnæðislánin. En ég spyr um það hvort ekki sé ætlað eitthvert fjármagn í það, ef ekki á fjárlögum þá á lánsfjárlögum. Við sjáum það sem um lánsfjárlögin höfum fjallað að þar er ætlað ákveðið fjármagn, um 700 millj., gegnum stofnlánadeildina í skuldbreytingar vegna greiðsluerfiðleika hjá bændum og mér skilst að þar verði lagðar fram tillögur um að meira en tvöfalda það fjármagn þannig að það verði um 1,5 milljarða að ræða. Maður spyr því: Á ekki með sama hætti að taka þá eitthvað inn í lánsfjárlögin varðandi lántökuheimildir fyrir Húsnæðisstofnun, ef ekki þá með beinum framlögum á fjárlögum, til þess að Húsnæðisstofnun geti þá staðið við þetta þannig að þetta sé þá ekki bara loforð sem kannski lítið er á bak við og sem gefur fólki einhverjar væntingar sem síðan er ekki staðið við? Mér finnst þetta mjög óljóst og ég spyr hvað raunverulega í þessu felst, hvort ekki eigi að tryggja þá gegnum lánsfjárlög eða fjárlög að við þetta sé hægt að standa.

Gott og vel, ef það á að fara í viðræður við bankana, en ég tel að það þurfi að taka á þjónustugjöldum í bönkunum vegna þess að það er alveg ljóst að þjónustugjöldin í bönkunum hafa mjög íþyngt greiðsluvanda heimilanna. Við sjáum hvernig komið er þar, að það var einn banki sem auglýsti fyrir einni til tveimur vikum síðan að verðlauna ætti fólk sem stendur í skilum með lækkun á vöxtum um 0,25%. Gott og vel. Það er ágætt út af fyrir sig, en það er þá fólkið sem er með öruggustu tryggingarnar og bestu greiðslugetuna. Og hvernig er það gert? Það er síðan gert með því að hækka vexti hjá þeim sem eru verst settir. Þannig að það er auðvitað ágætt út af fyrir sig að fara í viðræður við bankana og hvet ég hæstv. fjmrh. og þá hæstv. félmrh. að ganga á eftir því við bankana að það verði tekið á þessum þjónustugjöldum og reynt að lækka þjónustugjöld hjá bönkunum.

Svo ég víki mér nú að frv. sjálfu og þeim ákvæðum sem í því felast, þá sýnist mér eins og í fjárlaga-

frv. reyndar einnig, að kjarajöfnunin hér sé mjög óveruleg. Má í því sambandi vitna til þess sem fram hefur komið hjá ASÍ sem bent hefur á að fólk undir skattfrelsismörkum fær ekkert út úr þessum aðgerðum ríkisstjórnarinnar sem við erum hér að ræða, ekki krónu, fólk með tekjur undir 50 þús. kr. Síðan er bent á það að hjón sem eru með yfir 30 millj. í skuldlausri eign og eru með samtals 500 þús kr. tekjur á mánuði fá, upp úr þessum aðgerðum ríkisstjórnarinnar, 9.800 kr. á mánuði í skattalækkun. Fólk með 30 millj. kr. eign og 500 þús. á mánuði fær tæpar 10 þús. í skattalækkun frá ríkisstjórninni, en fólk undir skattfrelsismörkum er alveg sett hjá í þessum aðgerðum ríkisstjórnarinnar.

Ef við komum að hækkuninni á skattleysismörkunum. Það hefur komið fram að hækkun persónuafsláttar er óveruleg umfram það sem er lögbundið samkvæmt lánskjaravísitölu og gert er reyndar ráð fyrir í fjárlagafrv. og áformin eru að hækka persónuafslátt þannig að skattleysismörk hækki um 2.150 kr. og fari í 59.300 úr rúmlega 57 þús. kr. Þetta svarar til 900 kr. hækkunar á mánuði, en heildarkostnaður engu að síður við þessa breytingu er 1.500–1.600 millj. kr. og verulegur hluti af þessari hækkun kemur nú þegar fram í fjárlagafrv. þar sem gert er ráð fyrir hækkun persónuafsláttar um mitt ár vegna verðlagshækkunar eins og skattalög gera ráð fyrir. Og í reynd þá felst í þessari yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um 500 kr. raunhækkun á persónuafslættinum þannig að skattleysismörk hækka um 1.200 kr. á mánuði.

Ég hef sett fram þá skoðun að það væri skynsamlegra að ráðstafa þessu fjármagni, þessum 1.500–1.600 millj., sem á að fara til breytinga á persónuafslættinum, með þeim hætti að það gangi alfarið til tekjulægri hópanna. Menn eru alltaf að tala um að það þurfi að gera eitthvað sérstaklega fyrir tekjulægstu hópana í þjóðfélaginu og ef við meinum eitthvað með kjarajöfnun, af hverju skilum við þessum 1.500–1.600 millj. sem fara úr ríkissjóði í þetta ekki alfarið til tekjulægstu hópanna? En þetta er látið ganga upp allan launastigann, þessar 500 kr. eða 900 kr. í heildina, þannig að maðurinn með 1,5 millj. í tekjur fær líka þessar 500 eða 900 kr. sem og maðurinn með 70 þús. kr. Og þó að það sé eitthvað erfiðara í útfærslu þá hafa menn nú annað eins lagt á sig. Þannig að ef það væri einhver vilji á bak við raunverulega kjarajöfnun í þessu þjóðfélagi þá mundu menn skoða það að láta þetta ganga alfarið til láglaunahópanna. Ég hef látið Þjóðhagsstofnun skoða það fyrir mig hverju það mundi skila láglaunahópunum ef þessu fjármagni yrði alfarið ráðstafað til þess að bæta kjör þeirra og í þeim útreikningum kemur í ljós að hægt væri að rúmlega tvöfalda persónuafsláttinn hjá einhleypum og einstæðum foreldrum með tekjur undir 100 þús. kr. ef þessu fjármagni yrði alfarið ráðstafað til þess hóps. Þannig hækkaði persónuafslátturinn á mánuði í um 1.800 kr. í stað 900 kr. og skattleysismörkin hækkuðu úr liðlega 57 þús. í 62 þús. í stað tæplega 60 þús. kr. eða 59.600.

Í þessum útreikningum er gert ráð fyrir að þessi tvöfaldi persónuafsláttur, miðað við tillögu ríkisstjórnarinnar, skili sér að fullu til láglaunafólks með tekjur undir 100 þús. kr. en skerðist síðan hlutfallslega uns hann falli niður við 150 þús. kr. Þannig mundi lækkun á tekjuskatti og útsvari frá álagningu 1994 hjá þessum hópi verða tæp 23%, 23% lækkun á tekjuskatti og útsvari í stað rúmlega 11% í tillögum ríkisstjórnarinnar. Og ef það væri farið lengra upp launastigann og tekið dæmi um að skattleysismörk hækki eingöngu hjá þeim sem eru með tekjur undir 200 þús. kr., þá mundu þeir sem eru með 150 þús. kr. og undir fá liðlega 1.300 kr. á mánuði í stað 900 í persónuafslátt í tillögum ríkisstjórnarinnar, en í þessu dæmi er gert ráð fyrir að hann skerðist hlutfallslega eftir 150 þús. kr. og falli niður við 200 þús. kr. Af þessum útreikningum má því ráða að ef fjármagni því sem á að ráðstafa til hækkunar á persónuafslætti upp allan launastigann, þá gætum við í raun og sanni verið að tala um kjarajöfnun og að ráðstafa því fjármagni sem þó er til staðar til þeirra sem verst hafa kjörin og þeir sem hefðu 100 þús. kr. á mánuði fengju tvöfalt hærri fjárhæð í persónuafslátt og skattar þeirra lækkuðu um tæp 23% í stað rúmlega 11% í tillögum ríkisstjórnarinnar. Ég legg reyndar til að þessi leið verði skoðuð, að við gefum okkur tíma til að skoða hvort ekki verði hægt að ná samstöðu um að skila þessum 1.500–1.600 millj. kr. alfarið til þeirra tekjulægstu í þjóðfélaginu gegnum þessa leið sem ég nefni hér eða þá með öðrum hætti.

Ég vil spyrja hæstv. fjmrh. af því að við erum að ræða um persónuafslátt: Stendur til og er það fyrirhugað eða er það í undirbúningi af hálfu ríkisstjórnarinnar eða fjmrh. að heimila að ónýttur persónuafsláttur barna verði millifæranlegur með sama hætti eins og hann er millifæranlegur milli hjóna? Ég tel að það mæli öll sanngirni með því að t.d. einstæðir foreldrar fái að nýta sér ónýttan skattafslátt barna sinna með sama hætti og hjón geta gert. Og ég spyr: Er nokkuð í undirbúningi hjá hæstv. fjmrh. að skoða þessa leið? Þetta hlýtur eitthvað að hafa verið uppi á borði hæstv. fjmrh. þegar var verið að skoða breytingu á persónuafslættinum þannig að ég spyr um það hvort það megi vænta þess á þessu þingi að það verði stigið eitthvert skref í þessa átt að gera einstæðum foreldrum fært að nýta ónýttan persónuafslátt barna sinna.

Þá vil ég víkja næst að afnámi tvísköttunar á lífeyri og ég verð að segja að mér finnst þær forsendur sem menn gefa sér vægast sagt umdeilanlegar og vafasamar eins og reyndar hefur komið hér fram. Það er reiknað út að framlag launþegans samsvari 15% af útgreiddum lífeyri sem ég dreg í efa að standist en þessi hluti, sem ríkisstjórnin gerir ráð fyrir að sé 15%, á samkvæmt ákvæðinu sem við ræðum hér að vera skattfrjáls. Hér er enginn greinarmunur gerður á opinberum lífeyrissjóðum og almennu lífeyrissjóðunum þó að réttindaávinningurinn í opinberu sjóðunum sé mun meiri en í almennu sjóðunum. Lífeyrisgreiðslurnar eru mjög mismunandi eins og við þekkjum, bæði hjá hinu opinbera þar sem margir af æðstu embættismönnunum í stjórnsýslunni eru með margfaldan lífeyri, kannski nokkur hundruð þúsund á mánuði meðan hinn almenni opinberi starfsmaður er með miklu minni lífeyri og enn

eykst þetta bil þegar borinn er saman lífeyrir á almenna markaðnum og hjá hinu opinbera. Þannig má segja að þessi útfærsla færi þeim langmest í aðra hönd sem mestan hafa lífeyri fyrir, bankastjórum, forstjórum opnberra stofnana, ráðherrum og fleiri. Þetta er því alveg eins og með skattfrelsismörkin og fleiri þætti sem ég mun koma hér að að þeir hafa best út úr þessu sem mest hafa fyrir.

Skattfrelsi lífeyris úr lífeyrissjóðum með þeim hætti sem hér er lagt til mundi auka á þennan mun sem er á kjörum lífeyrisþega í hinum ýmsu lífeyrissjóðum. Mér sýnist að halli mjög á þá lífeyrisþega sem þiggja lífeyri úr almennu lífeyrissjóðunum ef sama hlutfall á að gilda fyrir alla, þessi 15%. Hér virðist farin sú leið að reikna út eitthvert meðaltal af ávöxtun iðgjaldanna sem miðast við 3,5% raunvexti sem í fyrsta lagi er hæpin leið vegna mismunandi réttindaávinninga í sjóðunum og í annan stað virðist ávöxtunin áfram vera skattlögð. Ég hefði talið eðlilegra að skattafslátturinn næði til sem svarar 40% af útgreiddum lífeyri í stað 15%. Til að skýra þetta nánar má benda á að allt til ársins 1978 voru iðgjöld til lífeyrissjóðanna undanþegin tekjuskatti en lífeyririnn hefur ætíð verið skattlagður. Lífeyririnn er í raun ekkert annað en iðgjald að viðbættri ávöxtun og er iðgjöldin voru ekki lengur frádráttarbær má segja að sama fjárhæð hafi verið skattlögð tvisvar. Og ef þessi lífeyrissparnaður er borinn saman við annan sparnað og skattlagningu hans þá má segja að ef maður leggur reglulega fyrir ákveðna fjárhæð af tekjum eftir skatt í banka og þegar sparnaðurinn er síðan tekinn út, er sú fjárhæð ekki skattlögð, hvorki höfuðstóllinn né ávöxtun hans. En þarna á áfram að skattleggja ávöxtunina af iðgjöldunum. Það er vissulega eðlilegt og rök fyrir því að þetta sé sagt hér meðan ekki er kominn á fjármagnstekjuskattur að hafa einnig ávöxtun iðgjaldanna skattfrjálsa en ekki aðeins þann hluta 15% eins og nú er ráðgert sem samsvarar iðgjaldahlutanum án ávöxtunar hans. Auðvitað hefði einnig átt að koma til skoðunar sú leið að iðgjaldahluti launþegans yrði skattfrjáls með sama hætti eins og nú er hjá atvinnurekendum. Tvísköttun eins og menn þekkja nú á aðeins við um iðgjaldahluta launþegans en ekki atvinnurekandans og væru launþeginn og atvinnurekandinn við sama borð í þessu efni þá væri ávinningur launþegans lægri tekjuskattur og hærri tekjutengdar bætur. En því er nú ekki að heilsa.

Þessi leið yrði vissulega miklu dýrari fyrir ríkissjóð. Það yrði dýrara fyrir ríkissjóð ef það væri iðgjaldahlutinn sem ekki yrði skattlagður en það ber að skoða í því ljósi að sú leið sem nú á að fara er ávísun á ríkissjóð um miklu hærri fjárhæðir í nánustu framtíð með breyttri aldurssamsetningu þjóðarinnar og mikilli fjölgun ellilífeyrisþega og þegar greiðslur lífeyris úr opinberum lífseyrissjóðunum fara að koma fram með miklum þunga. Og sjálfsagt mundu einhverjir tefla fram þeim rökum að með því að hætta að skattleggja iðgjaldahluta launþegans þá væri ekki afnumin tvísköttun hjá þeim sem nú eru komnir á ellilífeyrisaldur. Sjálfsagt mun fjmrh. halda fram þeim rökum og greiða ekki iðgjöld en taka lífeyri. Því er þá til að svara að fram til ársins 1978 voru iðgjöld til lífeyrissjóða undanþegin tekjuskatti og eftir það eða allt fram til ársins 1988 var hægt að velja um 10% frádrátt frá tekjum eða dregin voru frá iðgjaldagreiðslur og vaxtagjöld þannig að ætla má að a.m.k. stór hluti þeirra sem nú fá greitt úr lífeyrissjóði hafi ekki lent í þessari tvísköttun. Því hefði verið nær að skoða frekar að afnema skatt á iðgjaldahlutanum.

Mér finnst raunverulega varðandi þessa leið að ríkisstjórnin hafi alveg eins og varðandi skattfrelsismörkin ekki valið þá leið sem skilar sér best fyrir þá sem helst þurfa á því að halda og ég tel því að þessi aðgerð og forsendur og útreikningar sem hún byggist á séu vægast sagt hæpnir og þurfi raunverulega að skoða þetta frá grunni.

Það þarf varla að fara mörgum orðum um skattlagningu fjármagnstekna. Það er ljóst að ríkisstjórnin hefur endanlega heykst á því að koma á fjármagnstekjuskatt á þessu kjörtímabili og er það nokkuð dapurlegt fyrir Alþfl. sem á flokksþingi sl. sumar krafðist þess að eigi síðar en á sl. hausti yrði þeim skatti komið á. Og enn eina ferðina á að skipa nefnd í málið, nefnd sem er væntanlega þá sú þriðja á kjörtímabilinu og ávísa framkvæmdinni yfir á aðra ríkisstjórn. Þeir fjölmörgu sem eiga tugi milljóna í skattfrjálsum peningalegum eignum geta því áfram sofið rólegir því að til viðbótar því að fresta skattlagningu á peningalegar eignir þeirra, það eru til þó nokkur hundruð sem eiga skattfrjálsar peningalegar eignir upp á 50 millj., þá rausnast ríkisstjórnin líka til þess að afhenda þessu fólki sem áfram á að búa við skattfrelsi í tugum milljóna peningalegum eignum sem það hefur, þá á líka að rétta þessu fólki 900 kr. á mánuði í aukinn persónuafslátt eða sömu upphæð og láglaunamannsins með 60–100 þús. kr. mánaðartekjur. Þetta er öll kjarajöfnunin hjá þessari ríkisstjórn og hæstv. fjmrh. skyldi ekkert furða sig á því þó að hér komi hver ræðumaðurinn á fætur öðrum og tali um að það felist ekki mikil kjarajöfnun í þessum aðgerðum ríkisstjórnarinnar.

Ég verð að segja það líka að mér finnst hæpin sú leið sem ASÍ talar fyrir um 10% nafnvaxtaskatt. Ég verð að segja það alveg eins og er, mér finnst það vera skattur á venjulegan sparnað fólks, lítinn sparnað. Þar er ekkert frítekjumark þannig að ég hefði viljað sjá þegar við tækjum upp fjármagnstekjuskatt og hefði verið hægt að gera það með auðveldum hætti núna að breikka eignarskattsstofninn og taka peningalegar eignir inn í þann stofn en hafa þarna ákveðið frítekjumark.

Síðan er það svo að inn í þessi kaup stjórnarflokkanna um þennan skattabandorm, sem hér er til umræðu, hefur Alþfl. fengið framlengingu á útþynntum hátekjuskatti og Sjálfstfl. niðurfelldan svokallaðan ekknaskatt sem ég vil nú fara um nokkrum orðum. Þessi eignarskattsauki á stóreignir reiknast á eignir yfir 10 millj. kr. þó þannig að hjá þeim sem hafa tekjuskattsstofn undir 10 millj. kr. skal lækka reiknaðan eignarskatt hlutfallslega þannig að hann falli að fullu niður ef tekjuskattsstofn er undir einni millj. kr. Þannig eru það aðeins einstaklingar með tvær millj. kr. árstekjur eða hreina nettóeign yfir 10 millj. kr. og hjón

með 20 millj. kr. í hreina eign og með 4 millj. kr. í árstekjur sem greiða þennan skatt að fullu. Samkvæmt útreikningi um álagningu eignarskatts áttu 1.850 hjón nettóeign yfir 20 millj. kr. en á þennan hóp leggst eignarskattsaukinn. Einhleypir og einstæðir foreldrar sem áttu nettóeign yfir 10 millj. kr. voru 1.737. Af þessum 1.737 einstaklingum greiddu 630 ekki eignarskatt þar sem þeir höfðu tekjur undir einni millj. kr., 649 greiddu skertan eignarskatt þar sem þeir höfðu tekjur á bilinu 1–2 millj. kr. og 458 greiddu að fullu þennan eignarskattsauka og höfðu meira en 2 millj. kr. í árstekjur. Ákvæði eignarskattslaga kveða á um að eignarskattsstofni skuli skipta að jöfnu milli hjóna og reikna eignarskatt af hvorkum helmingi fyrir sig. Um er því að ræða 1.850 hjón eða 3.700 einstaklinga sem koma til álita varðandi eignarskattsstofninn en í mörgum tilvikum greiðir aðeins annar aðilinn þennan viðbótarskatt vegna tekjutengingarinnar. Af þessum 3.700 einstaklingum greiddu 1.573 ekki eignarskattinn vegna tekna undir einni millj. kr. og 1.876 greiddu skertan eignarskatt og 1.251 greiddu fullan eignarskattsauka, þ.e. giftir einstaklingar sem höfðu meira en 2 millj. kr. í árstekjur. Sé þetta dregið saman kemur þetta þannig út að það greiða samtals liðlega 1.700 manns fullan eignarskattsauka í hópi einstaklinga og hjóna, 1.700 greiða fullan eignarskatt með árstekjur yfir 2 millj. kr. á árinu 1993 og 1.525 skertan eignarskattsauka með tekjur á bilinu 1–2 millj. kr. Og það er mjög fróðlegt að skoða af því að menn eru að stagast á því að hér sé um ekknaskatt að ræða, en í raun og sanni erum við að tala um stóreignaskatt hjá stórum hluta af þessu fólki. Og þegar við rýnum nánar í þessar tölur, þennan 1.700 manna hóp sem greiðir fullan stóreignaskatt, ég ætla að kalla þetta stóreignaskatt, hvað kemur þá í ljós? Ef við skoðum hjón sem eru með 20 millj. kr. nettóeign, þá kemur í ljós að þeir sem eru með yfir 2,4 millj. kr. í tekjur eru 1.274 hjón. Við erum með 872 hjón sem eru með 3,6 millj. kr. og yfir eða 300 þús. kr. og yfir. Við erum með 168 hjón sem eru með 8,4 millj. kr. í árstekjur og yfir eða 700 þús. kr. á mánuði, 168 hjón með 8,4 millj. kr. í árstekjur. Og við erum hér að ræða um það að létta sköttunum af þessum hópi. Þetta er það sem menn hafa verið að kalla ekknaskatt og undir þeim formerkjum, undir þeim hatti á að afnema hann. Við erum hér með yfir 380 hjón sem eru með 6 millj. í árstekjur eða 500 þús. á mánuði sem borga þennan eignarskatt og eiga 20 millj. kr. í nettóeign, skuldlausa eign. Þetta eigum við að samþykkja hér á meðan við getum ekki rétt láglaunamanninum með 70 þús. kr. meira en 500 kr. í skattfrelsismörk.

Það er auðvitað hægt að fara dýpra ofan í þetta. Við getum skoðað að við erum með einstaklinga hér, 232 sem eru með 250 þús. kr. á mánuði sem á að létta af þessum stóreignaskatti. Ég vildi að við hefðum ráð á því að gera það. En meðan við höfum ekki ráð á því að rétta meira til þeirra sem höllustum fæti standa í þjóðfélaginu, þá spyr ég: Höfum við efni á því að létta af þessum skatti? Ég held að það hljóti að vera þannig að nefndin sem fær þetta til skoðunar fari ítarlega ofan í þetta mál.

Ég vil nefna í þessu sambandi af því að menn eru að tala um ekknaskatt að það er heimild fyrir því í lögum að falli maki frá þá sitji sá sem eftir lifir í óskiptu búi en er skattlagður áfram í 5 ár eins og um hjón væri að ræða. Þessu til viðbótar er ákvæði í skattalögunum sem lítið er nýtt sem er ástæða til þess að minna á undir þessari umræðu þegar við erum að tala um ekknaskatt. Það er heimilt í 80. gr. skattalaga að taka til greina umsókn manns um lækkun eignarskattsstofns þegar ellihrörleiki, veikindi, slys eða mannslát hefur skert gjaldþol viðkomandi af þeim sökum. Þegar síðasta ár er skoðað þá eru einungis sex einstaklingar á landinu öllu sem nýttu þetta ákvæði og maður spyr: Ef þetta eignarskattsákvæði er svona íþyngjandi fyrir þá sem það þurfa að bera af því að þeir eru með lágar tekjur, af hverju hefur ekki verið sótt um undanþágu eða lækkun á þessu samkvæmt þessu heimildarákvæði sem þegar er í lögum? Kannski er það vegna þess að fólk þekkir ekki þetta ákvæði, veit ekki um þetta ákvæði, en engu að síður er hægt að beita því gagnvart því fólki sem með einum eða öðrum hætti, sem ég held að séu tiltölulega fáir, fer illa út úr þessu. Við erum með þetta fimm ára ákvæði sem ég nefndi, við erum með þetta heimildarákvæði sem megi beita til þess að lækka eignarskatt hjá fólki sem hefur orðið fyrir því að gjaldþol hefur skerst verulega vegna mannsláts þannig að það er hægt að beita þessum ákvæðum gagnvart fólki sem sannarlega býr í stórum eignum og er með litlar tekjur. Og við erum líka með það ákvæði í skattalögum að þessum stóreignaskatti er ekki beitt gagnvart fólki, t.d. einstaklingi sem er með tekjur undir 2 millj. kr. En undir öllum þessum hatti er verið að afnema þennan svokallaða ekknaskatt sem er ekkert annað en stóreignaskattur. Og ég spyr enn einu sinni: Er ástæða til þess að létta af nokkur hundruð hjónum sem eru með 5, 6, 7 og 8 millj. kr. í árstekjur þessum stóreignaskatti? Það er ekki allt sem sýnist í þessu efni þegar verið er að flokka þennan skatt undir það að hér sé verið að skattleggja ekkjur sem búi í stórum eignum með litlar tekjur. Það er raunverulega undir því formerki verið að fela að það sé líka verið að létta sköttum af stóreignamönnum. Og ég man ekki betur, af því að Alþfl. stendur nú að þessu, en það væri helsta ráð formanns Alþfl. fyrir nokkrum árum að fara um landið og boða stighækkandi eignarskatt á verðbólgugróða hjá stóreignafólki, eins og það var orðað. Það var árið 1985 eða 1986. Þá vorum við þó ekki í þessari kreppu sem við erum nú í. En nú í þessari efnahagskreppu meðan við getum lítið gert til þess að bæta hlut láglaunahópanna þá ætlar Alþfl. að standa að því að afnema þennan skatt sem ég hef hér verið að lýsa sem er að stærstum hluta ekkert annað en stóreignaskattur.

Það má líka benda á að 1989 þegar þessum skatti var komið á, þá var hann hugsaður sem fyrsti áfangi í skattlagningu fjármagnstekna en nú hefur fjármagnstekjuskattinum verið frestað og alger óvissa reyndar hvenær hann verður tekinn upp en engu að síður á að fella þennan skatt, sem ég vil nú frekar kalla stóreignaskatt eins og ég hef rökstutt, strax niður jafn-

vel þó að við höfum ekki komið á þessum fjármagnstekjuskatti sem guð má vita hvenær verður komið á. Alla vega verður það ekki í tíð þessarar ríkisstjórnar, það er alveg ljóst.

Aðeins örfá orð hér í lokin, virðulegi forseti. Ég vil aðeins ræða hér rekstrartöp en það eru ákvæði í 3. gr. þessa frv. sem kveða á um að það eigi að herða að þeim ákvæðum í skattalögum sem fela í sér að það sé heimilt að nýta ónýtt rekstrartöp. Ég tel að hér sé allt of skammt gengið. Við höfum það fyrir okkur að ónýtt rekstrartöp á árinu 1994 eru 86 milljarðar kr. og þetta hefur hækkað um 20 milljarða kr. á síðustu tveimur árum og þetta er misnotað eins og margoft hefur komið fram. Það er verið að auglýsa töp til sölu sem fyrirtæki sem búa við mikinn hagnað eru að kaupa til þess að minnka greiðslur sínar til samfélagsins. Ég hef flutt frv. um breytingu á tekjuskattslögum sem herðir mun meira að þessu heldur en hér er gert og ég mun skoða það við meðferð þessa máls í þinginu að flytja þá brtt. við þetta frv. sem herðir meira á þessu en gert er í þessu frv.

Ég vil aðeins í lokin fara yfir það sem er í þessu frv. um húsaleigubætur. Hér er lagt til að leigusalar fái ákveðinn skattafslátt sem getur numið allt að 25 þús. kr. á mánuði eða um 300 þús. kr. á ári, en það er þó heimilt að draga frá allt að 80% frá þeim tekjum. Ég hefði nú viljað sjá þetta ákvæði án þess að þessi 80% væru inni þannig að þessar leigutekjur yrðu að fullu skattfrjálsar upp að þessu marki en þetta er skerðingarákvæði sem er hér sett inn sem ég hefði viljað sjá á burt. Ég hef orðið vör við að það er spurt: Af hverju eru húsaleigubætur ekki skattfrjálsar með sama hætti og vaxtabætur? Ég hef heyrt um það í fjölmiðlum nú nýlega. Mér finnst alveg full ástæða til þess að svara því við þessa umræðu. Ég lagði mikla áherslu á það þegar ég var félmrh. að húsaleigubætur yrðu skattfrjálsar. Um þetta var tekist á milli félmrn. og fjmrn. En niðurstaðan í því efni varð sú að 300 millj. kr. sem átti að ráðstafa til húsaleigubóta voru hækkaðar í 400 millj. kr. til þess að mæta þeim sköttum sem fólk fengi vegna húsaleigubóta þannig að greiðslur sem voru áformaðar 15 þús. kr. á mánuði hækkuðu í 21 þús. kr. á mánuði eða um 40% vegna þess að það átti að skattleggja þessar húsaleigubætur. Og húsaleigubætur vegna fyrsta barns hækkuðu úr 3.000 kr. í 4.500, með öðru barni úr 2.000 í 3.500 og þriðja barni úr 2.000 í 3.000 kr. Allar fjárhæðir voru því hækkaðar til þess að mæta því að ekki náðist samkomulag milli félmrn. og fjmrn. um að hafa húsaleigubætur skattfrjálsar. Og þeir sem græddu á því að þessi leið var farin, að skattleggja húsaleigubætur, er fólk undir skattleysismörkum sem ekki ber neina skatta en er í leiguhúsnæði og fær húsaleigubætur, þessi 40% sem hækkaði vegna þess að þetta samkomulag náðist ekki milli félmrn. og fjmrn. þeirra ávinningur er því meiri en ella. Ég held að á það verði líka að horfa að húsaleigustyrkir, sem sveitarfélög hafa greitt fram til þessa áður en húsaleigubætur voru teknar upp, hafa ávallt verið skattlagðir en engu að síður var farin sú leið að hækka verulega þessar fjárhæðir og heildarfjárhæð úr ríkissjóði sem fer til húsaleigubóta. Einnig er með húsaleigubótum sem ekki var gagnvart öðrum styrkjum sem fólk fær t.d. hjá Félagsmálastofnun — þá munu húsaleigubætur ekki skerða bætur almannatrygginga með líkum hætti eins og styrkir hjá Félagsmálastofnun því miður gera en ég sakna þess að við erum ekki enn farin að fá inn ákvæði um það á Alþingi vegna þess að það þarf lagabreyting til að koma í því efni.

Ég get farið að ljúka máli mínu, virðulegi forseti. Aðeins varðandi það ákvæði sem hér er um vaxtabæturnar þá er alveg ljóst að það er verið að þrengja nokkuð með þessu ákvæði, þ.e. hjá fólki sem hefur einhverjar vaxtatekjur. Ég hygg að flestir séu þannig staddir að þeir séu bara með vaxtagjöld en ekki vaxtatekjur en hjá þeim sem eru með einhverjar vaxtatekjur, t.d. í formi skuldabréfa, húsbréfa eða það sem gefur af sér vaxtatekjur, það er verið að herða að því fólki. Nú er ég hér með dæmi um hvað þessi breyting þýðir gagnvart t.d. fólki með 2,4 millj. í árstekjur og með hreina eign upp á 5 millj., ef það er með í vaxtatekjur um 80 þús. kr., þá fær það um 11–12 þús. kr. minna í vaxtabætur. Það er því alveg ljóst að þetta er íþyngjandi ákvæði varðandi vaxtabæturnar hjá þeim sem hafa vaxtatekjur og alveg ástæða til þess að skoða það vegna þess að það skal ég manna fyrst viðurkenna að það hefur verið gengið mjög langt í því að skerða vaxtabætur og var gert meðan ég sat í þessari ríkisstjórn en ég tel að það hafi þó verið komið í veg fyrir að þar yrði gengið enn lengra en þó átti að gera. Mér sýnist að enn sé áfram haldið í þessu en að vísu virðist þetta ákvæði sem hér um ræðir ekki koma að sök nema fyrir þá sem hafa einhverjar vaxtatekjur.

Ég get farið að ljúka máli mínu, virðulegi forseti. Ég tel að það hafi verið sýnt fram á það í þessari umræðu af þeim sem hér hafa talað og eins hefur það komið fram í mínu máli að þetta frv. sem hér er til umræðu er síður en svo til kjarajöfnunar í þjóðfélaginu og þau ákvæði sem þó er reynt að taka á eins og tvísköttun á lífeyri, eins og persónuafslátturinn, eins og stóreignaskattur, þetta kemur fyrst og fremst þeim betur settu í þjóðfélaginu til góða. Það er nú staðreynd málsins sem við stöndum frammi fyrir.

[15:22]

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Ég vil leyfa mér að spyrja um hæstv. fjmrh. Er hann ekki viðstaddur umræðuna?

(**Forseti** (KE)**:** Hæstv. fjmrh. er í húsinu og væntanlega skammt undan en forseti skal gera ráðstafanir til þess að láta vita að hans sé óskað í salinn.)

Mér skildist á hæstv. fjmrh. í morgun að hann teldi að það þyrfti að ljúka þessu frv. fyrir jól og það væri afar lítill tími til stefnu. Mér finnst lágmark að hæstv. fjmrh. sinni því að hlusta á þessar umræður þó að ég skilji það vel að honum finnist það ekki mjög þægilegt. En hann verður nú að gera sér það að góðu að vera hér.

Hæstv. fjmrh. Ég hafði ekki hugsað mér að halda mjög langa ræðu um þetta frv. Ég hef gagnrýnt það í morgun hvernig að því er staðið og hæstv. ríkisstjórn telur sér það mjög til tekna þessa dagana að hafa boð-

ið stjórnarandstöðunni upp á að taka þátt í nefndarstarfi um fjármagnstekjuskatt. Það er að vísu í fyrsta skipti sem ríkisstjórnin vill ræða við aðra flokka um skattamál og það er út af fyrir sig framför því að hingað til hefur hæstv. fjmrh. ekki einu sinni talið nauðsynlegt að láta okkur í té nauðsynleg gögn í málum eins og frægt var við skattalagaumræðuna á síðasta ári.

Nú ber svo við að ríkisstjórnin ákveður ráðstafanir í efnahagsmálum á laugardegi. Stjórnarandstaðan í landinu verður að búa við það að hlusta á það í fjölmiðlum og það er ekki haft fyrir því að koma viðkomandi gögnum til hennar jafnvel þótt vitað sé að auðvitað er leitað til stjórnarandstöðu á hverjum tíma um skoðanir á slíkum málum. En núv. ríkisstjórn hafði ekki fyrir því að koma gögnum til stjórnarandstöðunnar. Ég kynnti mér það hvort þeim hefði verið komið til formanns efh.- og viðskn. vegna þess að fjmrn. lofaði því meðan ég var formaður efh.- og viðskn. að gögnum yrði komið a.m.k. til formanns nefndarinnar og við það hefur ekki verið staðið. Síðan er allt í einu ákveðið að nú sé rétt að bjóða stjórnarandstöðunni og aðilum vinnumarkaðarins að taka þátt í nefndarstarfi um fjármagnstekjuskatt sem ríkisstjórnin hefur ákveðið, þ.e. núverandi stjórnarflokkar, að eigi að taka gildi í ársbyrjun 1996, en ákveðið um leið, eftir því sem hæstv. fjmrh. upplýsti í morgun, að um leið eigi að afnema hátekjuskatt. Þetta er sem sagt það vinnuumboð sem nefndin á að fá. Að taka upp fjármagnstekjuskatt og afnema hátekjuskatt.

Ég vil upplýsa hæstv. fjmrh. um það að minn flokkur er ekki tilbúinn til þess að ákveða það að hátekjuskattur skuli afnuminn í ársbyrjun 1996 og við tökum ekki þátt í starfi með slíku umboði. Það er náttúrlega lágmark, áður en slík nefnd er skipuð og beðið um tilnefningar, að það fari fram einhverjar umræður um það hvað nefndin á að gera. Ríkisstjórnin hefur ekkert fyrir því eða hæstv. fjmrh. Það er alveg opið af minni hálfu að taka þátt í breiðu samstarfi um kjarajöfnun og hvernig megi beita skattalögum til kjarajöfnunar í landinu, vegna þess að það er þörf á því og það er þörf á því að stjórnmálaflokkarnir og aðilar vinnumarkaðarins setji af stað slíkt starf á breiðum grundvelli. En að það sé eingöngu bundið við eitt atriði sem núverandi stjórnarflokkar geta ekki komið sér saman um kemur ekki til greina af minni hálfu.

Það liggur alveg fyrir að Alþfl. og Sjálfstfl. ætluðu að leggja á fjármagnstekjuskatt og það stóð í hinni frægu hvítu bók, þar sem ýmislegt ágætt er skrifað í skattamálum. Það bara vill svo til að það hefur ekkert verið farið eftir því. Þar stendur að fjármagnstekjuskattur verði forgangsverkefni ríkisstjórnarinnar og hann eigi að taka upp á fyrsta ári stjórnarinnar. Þetta veit hæstv. fjmrh. Og hann veit það jafn vel og ég að það eru ýmsir erfiðleikar því bundnir að taka upp fjármagnstekjuskatt og það eru ýmis rök fyrir því að það hefur ekki tekist. Ég geri mér mjög vel grein fyrir því að vaxtamarkaðurinn er viðkvæmur. En að mínu mati er það mjög einfalt að það sé fyrsta skrefið að breikka eignarskattsstofninn þannig að fjármagnseignir séu eignarskattsskyldar með sama hætti og aðrar eignir. Við framsóknarmenn lögðum það til á sl. ári og það var ekki tekið til greina. Ég veit ekki betur en Alþfl. hafi m.a. talað fyrir því að breikka eignarskattsstofninn, hækka skattfrelsismörkin í eignarskattinum um leið, en allar eignir væru jafnar að þessu leyti.

Nú er það svo að það eru ekki allar fjármagnseignir eignarskattsfrjálsar og það eru dæmi þess að aðilar sem eiga verulegar fjármagnseignir breyta þeim yfir í skattfrjálsar eignir um áramótin. Við búum við það opið kerfi á fjármagnsmarkaði að það er vandalaust að kaupa og selja verðbréf á frjálsum markaði og breyta þeim síðan yfir í ríkisskuldabréf eða aðrar skattfrjálsar eignir nokkra daga yfir áramótin. Og þar með hefur viðkomandi aðili öðlast skattfrelsi.

Ég held, hæstv. forseti, að það sé alveg nauðsynlegt a.m.k. að kenna fjmrh. eitthvað um þessi mál. Hann var að reyna að kenna okkur hér í morgun um það að það væru einhverjir bolir sem ekki væru frádráttarbærir og það var mjög ánægjulegt að hlusta á það að nú á að tryggja það að bolir sem menn eru í séu örugglega frádráttarbærir frá skatti. Það var mikilvæg kennslustund hjá fjmrh. En það vill bara svo til að ég tel þetta mál vera miklu mikilvægara og ég tel að hér sé um mikilvægt prinsippmál að ræða sem einhvern veginn hefur ekki komist í gegn hjá núverandi ríkisstjórn og það er alveg nauðsynlegt að tala um það. Það má vel vera að hæstv. fjmrh. geri sér grein fyrir því að menn eru farnir að spila á þetta kerfi. Og ef hæstv. fjmrh. gerir sér grein fyrir því að það er farið að spila á þetta kerfi í svo miklum mæli að aðilar sem í reynd ættu að greiða eignarskatt af fjármagnseignum sínum koma sér undan því með því að skipta um pappíra um hver áramót, þá er það lágmark að hæstv. fjmrh. komi með einhverjar tillögur til þess að koma í veg fyrir slíkar athafnir.

Ég fer ekki ofan af því að þær tillögur sem hér eru fluttar eru flestar ívilnandi, það er rétt, en þær eru fyrst og fremst ívilnandi til þeirra sem meira mega sín. Hér er t.d. ákvæði um það að 15% af greiddum lífeyri sé skattfrjáls ef menn eru orðnir 70 ára eða eldri og hæstv. fjmrh. heldur því fram að þannig sé búið að leysa þessi mál um tvísköttun á lífeyri. Það er ekkert verið að leysa það mál með þessum hætti. Það er miklu flóknara en hérna kemur fram. Og það má náttúrlega ekki ganga svo langt í ívilnunum í þessu sambandi að ekki sé gætt einhvers réttlætis. Er einhver ástæða til þess að aðilar sem fá úr lífeyrissjóðnum mun meira en þeir hafa greitt inn búi við skattfrelsi eins og t.d. opinberir starfsmenn? Það er vinsælt að tala um þingmenn og ráðherra í þessu sambandi en það eru ekkert einu aðilarnir sem fá meira. Ég hef miklar efasemdir um slíkt réttlæti. Hér er ekki sett neitt þak á það. Það skiptir engu máli hvað þessi lífeyrir er mikill. Hann skal bara vera skattfrjáls að 15%. Ef það hefði nú verið sett þak þannig að það mætti aldrei fara yfir einhver tiltekin mörk þá væri um réttláta aðgerð að ræða. En mér skildist á hæstv. fjmrh. í morgun að jöfnuður væri orðinn vandamál í þessu samfélagi, það væri búið að jafna svo mikið í þjóðfélaginu að það næði engri átt og það þyrfti að gera eitthvað í því til þess að íhalds-

menn hér á landi héldu höfði. Mér skildist á honum að hann skammaðist sín fyrir að hitta kollega sína í öðrum löndum vegna þess að þar væri jöfnuðurinn miklu minni og miklu þægilegra fyrir þá að mæta á sameiginlegum fundi íhaldsmanna. Og mér finnst að margt í þessu frv. bendi til þess að fjmrh. sé að reyna að koma sér frá slíkum óþægindum á alþjóðlegum fundum að geta talað við vini sína, íhaldsmennina, í hinum löndunum sem hafa náð miklu betri árangri og komið í veg fyrir allan þennan jöfnuð sem er fjmrh. til ama. Ég hef sem sagt verulegar efasemdir um þetta ákvæði.

Ég ætla þá að snúa mér að næsta ákvæði sem er frádráttur vegna kaups á hlutabréfum. Það vill nú svo til að ég er sammála því. Ég tel alveg nauðsynlegt að það sé heimilt að draga kaup á hlutabréfum frá skatti. En það er svo undarlegt með þessa ríkisstjórn að hún er alltaf að hringla í þessu máli fram og til baka. Í fyrra var ákveðið að afnema þetta. Það væri nú fróðlegt ef hæstv. fjmrh. reyndi að upplýsa okkur um það. Við skildum það aldrei í fyrra hvernig því stóð. Getur það verið að einhver ráðherra í þeirri ríkisstjórn sem jafnvel hefur með atvinnumál að gera og vinnumarkað hafi lagst svo á móti því að það hafi verið ákveðið? Og hvaða afleiðingar skyldi nú það hafa haft? Skapar óvissu á hlutabréfamarkaðnum og verður til þess að fjöldi fólks missir atvinnu sína. Ég trúi því ekki að slíkar ástæður hafi legið þar að baki. Mér finnst alveg nauðsynlegt að hæstv. fjmrh. upplýsi um þetta hringl. Hvernig stendur á því að fjmrh. hefur geð í sér til þess að koma eitt árið og leggja til afnám og koma svo ári seinna og segja: Þetta voru mistök. Nú þarf að laga þetta aftur. Og það væri líka fróðlegt að hæstv. fjmrh. upplýsti á Alþingi hvaða áhrif þetta hefur á hlutabréfamarkaðinn og hvaða eyðileggingar þetta hefur haft í för með sér.

Ég er þó þeirrar skoðunar að það þurfi breytinga við í þessu sambandi. Ég er ekki tilbúinn með þær brtt. vegna þess að ég tel að það verði að ræða það mjög ítarlega við lífeyrissjóðina. Mér skildist á hæstv. ríkisstjórn sl. vor að það stæði til. Við framsóknarmenn komum fram með þá hugmynd að hver og einn launþegi gæti dregið frá mánaðarlega kaup á hlutabréfum eða öðrum eignarhlutum í fyrirtækjum og sá frádráttur ætti að hækka ef lífeyrissjóður viðkomandi legði fram fjármagn á móti.

Ég tel þetta mjög mikilvægt mál við þær aðstæður sem nú eru þegar atvinnuleysi er mikið og þess vegna sé nauðsynlegt að styrkja þetta ákvæði og breyta því þannig að allur almenningur taki meiri þátt í atvinnustarfseminni í landinu. Það verði vakinn upp áhugi fleiri til þess að taka þátt í atvinnulífinu og það verði líka sett ívilnandi ákvæði sem hvetji lífeyrissjóðina til þess að taka mun meiri þátt í atvinnulífinu. Ef við fáum ekki almenning og lífeyrissjóðina til þess taka meiri þátt í atvinnulífinu hér í framtíðinni þá er framtíðin ekki björt því að það verður engin atvinna sköpuð nema með fjárfestingum. Og ríkisstjórn sem ekki skilur það á ekki að vera við völd, hvaða flokkar sem eiga þar hlut að máli. Þess vegna er það með ólíkindum ef það getur verið að það hafi verið ráðherra í ríkisstjórninni sem hafi stoppað allar framfarir á þessu sviði og náttúrlega alveg nauðsynlegt að það sé upplýst hér í þinginu.

Aðeins nokkur orð um húsaleigutekjurnar. Hér er verið að leggja til að húsaleigutekjur séu að nokkru leyti skattfrjálsar sem er í sjálfu sér ekki góð skattaleg regla. Það er ekki rétt að einhverjar ákveðnar tekjur séu skattfrjálsar. Alveg eins og það er rangt að vaxtatekjur séu í öllum tilvikum skattfrjálsar, þá er það líka rangt í prinsippinu að húsaleigutekjur séu skattfrjálsar. En við verðum því miður að viðurkenna það að skattsvikin eru svo mikil á þessu sviði að hér er verið að grípa til ráðstafana m.a. til þess að draga úr þeim. Það er vont að þurfa að viðurkenna það og gefast upp fyrir því. En ég skil hæstv. fjmrh. því að þarna tala ákveðnar staðreyndir. Það kemur fram í skýrslu skattsvikanefndar að þarna eru á ferðinni alveg gífurleg skattsvik. Hins vegar vil ég vara við því að sú hugsun verði almennt gildandi að eina leiðin til þess að fást við skattsvik sé að fella niður skatta því að það mun illa ganga að reka sameiginlegan sjóð landsmanna, ríkissjóð, jafnvel þó að við fáum betri fjmrh. sem ég skal ekkert segja um hvort maður getur verið svo bjartsýnn. En þó vil ég leyfa mér að vonast eftir því, þá mun það reynast erfitt þó við fáum einhverja kraftaverkamenn á því sviði án þess að innheimta einhverja skatta. Ég er ekki að segja þetta til þess að lýsa því yfir að ég sé andvígur þessu ákvæði en ég vildi aðeins hafa þessi varnaðarorð.

Þá er komið að 7. gr. sem ég vildi fara nokkrum orðum um. Þar er verið að leiðrétta að hluta til villur sem áttu sér stað í fyrra. Ég vil t.d. nefna c-liðinn þar sem stendur, með leyfi forseta:

„Orðin „þar með talin kaup á eignarhlut í íbúð skv. 76. gr. laga nr. 97/1993," í 1. mgr. C-liðar falla brott."

Síðan segir í athugasemd með greininni að það hafi orðið mistök við framsetningu frumvarpstextans og þar stendur enn fremur, með leyfi forseta: „Þá er og lagt til að aðilar að Búseta séu teknir út úr vaxtabótakerfinu þar sem ella er girt fyrir rétt þeirra til húsaleigubóta." Það var vitað mál þegar þetta var afgreitt hér í fyrra að þetta var algerlega þýðingarlaust ákvæði. Við í stjórnarandstöðunni reyndum að upplýsa hæstv. ríkisstjórn um það, og veitti ekki af, hvers konar rugl þetta væri. Það var alveg sama hvernig var talað við hæstv. ráðherra í þessu máli. Nei, ruglið skyldi lögfest og það voru settir upp neyðarfundir í þingflokkunum, sérstaklega í Alþfl., til þess að krefjast þess að þetta yrði inni. Og fyrrv. hæstv. félmrh. var svo reið yfir þessu öllu saman að það mátti alls ekki hætta við að lögfesta þessa vitleysu. Nú kemur hæstv. ríkisstjórn og biður hv. Alþingi um að lagfæra ruglið. Er nú von að maður hafi mikla trú á lagaundirbúningi ríkisstjórnarinnar á skattasviðinu þegar svona er unnið því það er vitað mál að búsetafólkið fengi ekkert út úr þessu og þetta yrði þeim til skaða. Ég sé ekki hvernig þær breytingar sem hér er verið að fara út í koma til móts við þarfir búsetafólksins. Það er að vísu rétt að það fólk sem býr í slíkum íbúðum fær einhvern rétt til húsaleigubóta. En það fólk sem býr í þeim íbúðum er mjög illa

sett í samanburði við aðra sem búa í íbúðum innan félagslega kerfisins þannig að þar er ekki jafnrétti og með þessu er ekki skapað jafnrétti. Og það verður náttúrlega ekki skapað neitt jafnrétti á þessu sviði nema ráðherrar í ríkisstjórninni skilji hvað verið er að fjalla um. En reynslan sýnir okkur það því miður að hæstv. ráðherrar skilja þetta ekki. Og ég sé ekki merki þess að þeir séu farnir að skilja þetta almennilega enn þá jafnvel þótt hæstv. fyrrv. félmrh. sé búinn að yfirgefa ríkisstjórnina sem ég hef fullan skilning á.

Síðan er hér líka ákvæði um vaxtabætur að öðru leyti. Ég tek undir að vaxtabæturnar hafa verið skertar um of og það er mikilvægt að skapa svigrúm til að hækka þær. Það er líka mikilvægt að skapa svigrúm til þess að hækka barnabætur ef ríkisstjórnin vill kjarajöfnun í þessu landi. Það er hægt að skapa þetta svigrúm ef menn vilja, m.a. með breikkuðum eignarskattsstofni. Það er tillaga sem við framsóknarmenn höfum verið með og við teljum alveg bráðnauðsynlegt, m.a. vegna þeirra kjarasamninga sem nú eru fram undan, að meiri jöfnuður verði skapaður í skattamálum.

Vil ég þá koma að því ákvæði þar sem er lagt til að sérstakur eignaskattur eða ekknaskattur verði felldur niður. Við framsóknarmenn lögðum það til við síðustu afgreiðslu skattalaga sl. haust að þessi skattur yrði lagður niður. Það var fellt af stjórnarliðinu eins og allar aðrar skynsamlegar breytingartillögur sem þá voru fluttar. En við lögum jafnframt til að eignarskattsstofninn yrði hækkaður og eignarskattsstofninn breikkaður um leið. Við værum tilbúnir til þess að taka þátt í slíkri breytingu en við teljum að þessi breyting ein og sér sé ekki réttlætanleg. Það þurfi að eiga sér stað víðtækari breytingar í eignarskattinum. Hins vegar vil ég taka undir það að eignarskattur í mörgum þrepum er óæskilegur. En við þurfum að sjálfsögðu að taka tillit til þess ástands sem nú er í þjóðfélaginu og þeirra miklu báginda sem margir þurfa að búa við. Og það er engin von til þess að skapa hér sátt og frið í samfélaginu á næstunni nema ríkisstjórn sýni þeim málum einhvern skilning en sá skilningur kemur ekki fram í þessu frv.

Ég vildi svo að lokum aðeins fara nokkrum orðum um flýtifyrningar. Það má segja að það sé enn eitt hringlið. Það var held ég á síðasta ári lagður niður fjárfestingarsjóður og ákveðið að hætta því sem var ekkert annað en leið til flýtifyrninga. Það var heimilt að draga frá tekjum ef lagt var í sérstakan sjóð sem síðan væri notaður til fjárfestinga og virkaði á margan hátt eins og flýtifyrningar. Það var fellt niður og nú eru teknar upp flýtifyrningar sem er út af fyrir sig leið til þess að örva fjárfestingar en mér finnst það óeðlilegt að í lok ársins 1994 skuli sett í lög að fjárfestingar á árinu 1994 megi flýtifyrna. Hæstv. fjmrh. sagði hér að ríkisstjórnin hefði lýst þessu yfir í vor. Ég er ekkert viss um að allir hafi svo mikið traust á þessari ríkisstjórn að þeir taki orð hennar sem lög jafnvel þó að skattalögum sé stundum breytt í beinni útsendingu í sjónvarpi, t.d. skattalögum um tekjur barna, eins og hæstv. forsrh. gerði og var alveg ný aðferð í skattalögum hér á landi, en mér sýnist að hæstv. fjmrh. hafi nú þurft að koma með frv. um það mál inn í þingið, þá hef ég miklar efasemdir um það að fyrirtæki og einstaklingar hafi starfað samkvæmt því á árinu 1994 að þetta yrði að veruleika. Það hafa sumir mikla trú á núverandi ríkisstjórn og trú á orðum hennar. En mér finnst það ekki eðlilegt að standa þannig að málum. Þá er það a.m.k. lágmark að slíkt frv. væri flutt í upphafi þings sem var ekki gert og því sé eðlilegt að þetta eigi við um eignir sem er fjárfest í á árunum 1995 og 1996. Þarna er á vissan hátt verið að hygla þeim sem hafa farið út í fjárfestingar en það má vel vera að ýmsir aðrir hefðu gert það ef þetta væri orðið að lögum. Og það þarf að skapa einhvern þann grunn sem menn geta byggt á og treyst á í stað þess að vera alltaf með þetta hringl eins og hlutabréfin eru besta dæmið um.

Virðulegur forseti. Ég sé ekki ástæðu við 1. umr. að fara frekari orðum um þetta mál. Við framsóknarmenn munum að sjálfsögðu vinna að þessu í nefnd og reyna að gera okkur grein fyrir málinu eftir því sem við best getum. Við hörmum það hvernig ríkisstjórnin hefur staðið að málinu og reynt að koma því þannig fyrir að við höfum nánast engan tíma til þess að vinna í málinu og gera okkur grein fyrir því. Ég tel að það liggi ekki mikill vilji á bak við ósk ríkisstjórnarinnar um nefndaskipun. Ég tæki það hins vegar alvarlega ef ríkisstjórnin hefði fyrir því að ræða um umboð og starf slíkrar nefndar fyrir fram en tæki ekki allar ákvarðanir strax og kæmi svo niður í Alþingi og segði við stjórnarandstöðuna: Svona ætlum við að láta vinna í þessu máli. Ríkisstjórn sem er að fara frá. Menn verða að hafa einhverjar samskiptareglur milli ríkisstjórnar og stjórnarandstöðu í svona málum. En þær hefur núv. ríkisstjórn á engan hátt virt. Hins vegar vil ég taka það fram að það er fagnaðarefni að það skuli þó almennt eiga að ræða þau mál við aðra flokka. Það er í fyrsta skipti sem ríkisstjórnin telur þörf á því. Ég vil gjarnan taka þátt í slíkri umræðu en við munum ekki taka þátt í því eingöngu á forsendum ríkisstjórnarinnar. Það verður að vera á forsendum allra en ekki eingöngu tveggja stjórnmálaflokka.

[15:52]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er aðeins eitt atriði sem mig langar til þess að ræða á þessu stigi málsins að öðru leyti mun ég svara þeim atriðum sem komu fram hjá hv. þm. síðar. Þetta atriði varðar nefnd þá sem ríkisstjórnin leggur til að sett verði á laggirnar til þess að móta reglur um fjármagnstekjuskatt sem fyrirhugað er að taka upp um næstu áramót, þ.e. önnur áramót. Ástæðan fyrir því að farin er þessi leið er m.a. sú eins og allir hljóta að sjá, að þá verður væntanlega komin ný ríkisstjórn og það er þess vegna eðlilegt að kalla til þá stjórnmálaflokka sem eiga sæti á Alþingi núna. Ég vil taka það fram að forskriftin er ekki mikil í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Það er sagt að hverju hefur verið unnið að undanförnu í samráði við aðila vinnumarkaðarins, engu slegið föstu. Það er einnig ljóst að kannaðar hafa verið þrjár aðferðir, tvær sem snerta fjármagnstekjuskatt og ein sem snýr að breikkun á

eignarskattsstofni sem reyndar er ekki fjármagnstekjueða eignatekjuskattur, sem er eignarskattur og gæti verið til bráðabirgða. Ég tel að það sé hægt og það séu til það mikil gögn í málinu að ljúka þessu starfi á vorþinginu. Auðvitað verður það að koma í ljós hvort það sé hægt.

Ég vil einnig segja það hér og nú að þótt í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar sé einungis gert ráð fyrir því að hátekjuskattur sé til eins árs þá þarf ekki að blanda þessum tveimur málum saman. Ég tel því að nefndin sem sett er á laggirnar hafi ágætt og víðtækt umboð til þess að starfa að þessu tiltekna máli og vil láta það koma hér fram strax því að ég tel að það sé mikið unnið með því að allir stjórnmálaflokkar á Alþingi taki þátt í þessu nefndarstarfi.

Þetta vildi ég, virðulegi forseti, segja strax í tilefni orða hv. 1. þm. Austurl.

[15:54]

Halldór Ásgrímsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vil endurtaka að við teljum að það sé nauðsynlegt að skapa hér samstarfsvettvang stjórnmálaflokka og aðila vinnumarkaðarins um leiðir til kjarajöfnunar. Að það sé ástæða til þess að þeir taki þátt í því við þessar aðstæður. M.a. vegna þess að það eru kosningar hér í vor. En ríkisstjórnin getur ekkert gengið út frá því að við þessar aðstæður sé stjórnarandstaðan tilbúin til að fara inn í slíkt starf á þeirra forsendum. Ef ríkisstjórnin er tilbúin til að ræða þær forsendur við okkur og komast þá að sameiginlegri niðurstöðu um þær þá erum við tilbúnir til að taka þátt í því starfi. En ég vona að hæstv. fjmrh. skilji það, sem mér fannst hann nú ekki skilja, að það er ekki eðlilegt að við þessar aðstæður séu forsendurnar ákveðnar af tveimur stjórnmálaflokkum án þess að tala um þær við hina. Þannig skapa menn ekki neina samstöðu. Það er ekkert annað en sýndarmennska. Það er ekkert annað en að reyna að fela ágreining milli stjórnarflokkanna. Og við höfum engan áhuga á því að gerast einhver söltunarstöð fyrir Alþfl. og Sjálfstfl. í þessu máli. Þeir vilja setja þetta mál í salt vegna þess að þeir koma sér ekki saman um það og það er staðreynd að ríkisstjórnin var næstum því sprungin á þessu. En ef það er hugmyndin að skapa breiða samstöðu um málið þá er a.m.k. nauðsynlegt að ræða það áður.

[15:57]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er að sjálfsögðu ekki verið að biðja hv. þm. að vera forstjóra einhverrar söltunarstöðvar. Þó ég viti að hann sé manna hæfastur til slíkra verka þá er ekki verið að fara fram á það. Það er verið að bjóða upp á samstarf til að hægt sé að samræma skattlagningu eigna og eignatekna með því að taka upp fjármagnstekjuskatt. Það er verið að benda á nauðsyn þess að víðtæk samstaða geti tekist um lagasetningu og það er miðað við að hægt sé að taka hana upp um önnur áramót. Þetta eru þau skilaboð sem koma fram í bréfi til hv. þm. undirrituðu af mér. Ég skil hv. þm. þannig að hann telji eðlilegt að þetta mál fari í slíkt samstarf enda er alls ekki verið að bjarga núv. stjórnarflokkum frá einu eða neinu. Þeir geta vel komið sér saman um þennan skatt, þeir geta komið sér saman um hvaða aðferð á að nota, en þeim þykir óeðlilegt að þeir séu að setja lög á vorþinginu sem eiga að taka gildi um önnur áramót þegar ný ríkisstjórn hefur tekið við völdum. Þess vegna er þessi leið farin. Ég vona að hv. þm. skilji að það er ekki verið að biðja hann um að hjálpa til við að salta þetta mál í tunnu og pækla, heldur þvert á móti að taka þátt í eðlilegum vinnubrögðum vegna þess að þessi skattur tekur ekki gildi fyrr en á tímabili nýrrar ríkisstjórnar.

Ég hef af því bitra reynslu frá því þegar ég tók við í fjmrn. að hafa fengið í arf skatta og gjöld sem ákveðin voru af fyrri ríkisstjórn og tóku ekki gildi fyrr en eftir að ég kom í fjármálaráðuneytið. Það voru skattar og gjöld sem voru ákveðin í tíð þeirrar ríkisstjórnar án alls samráðs við Sjálfstfl. Það viljum við helst ekki að endurtaki sig.

[15:59]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Svona í framhaldi af því sem síðast fór milli hæstv. ráðherra og hv. 1. þm. Austurl. þá held ég að það sé rétt að rifja upp hvað stendur í því plaggi sem hér er til umræðu um þetta atriði nákvæmlega, þ.e. hvaða skilyrði ríkisstjórnin er að setja fyrir stjórnarandstöðuna til að taka þátt í þessu starfi við að koma á þessum sérstaka skatti á fjármagn. Þar stendur, með leyfi forseta: „Til þess að fjármagna skattfrelsi, hluta af lífeyrisgreiðslum og niðurfellingu sérstaks eignarskatts, verður sérstakur tekjuskattur framlengdur í eitt ár þar til fjármagnstekjuskattur leysir hann af hólmi." Ég held að það fari ekkert á milli mála hvað menn eru þarna að segja. Menn eru að fullyrða það að þessi sérstaki tekjuskattur framlengdur, þ.e. þessi hátekjuskattur sem við höfum verið að tala um, eigi að falla niður um næstu áramót og það sé eitt af skilyrðunum fyrir því sem þessi nefnd ætti að fást við eða þetta samstarf stjórnarflokkanna og stjórnarandstöðunnar á að fjalla um. Hæstv. ráðherra getur ekki vikið sér undan því að þarna er verið að setja skilyrði fyrir þessu nefndarstarfi nema það sé ekkert að marka það sem stendur í þessu plaggi sem við erum að ræða.

Ég ætla ekki að halda langa ræðu um þetta frv. sem hér er til umræðu. Hv. 4. þm. Norðurl. e. talaði fyrir Alþb. fyrstur og fór yfir þetta mál ítarlega en ég ætla að ræða hér um örfá atriði. Fyrst langar mig að tala um það hvernig Sjálfstfl. sérstaklega hefur á undanförnum árum stundað að reyna að koma einhvers konar vondum stimpli á ákveðna skatta. Hér er um að ræða einn af þeim sköttum, þessi svokallaði ekknaskattur. Menn finna upp einhver orð á þessa skattheimtu til þess að gera þau að einhvers konar stimpli á skattheimtuna sem verði síðan til þess að menn muni frekar fást til að fella niður skattheimtuna. Þarna er á ferðinni hátekjuskattur og ég vísa til þess sem hv. 12. þm. Reykv. sagði hér áðan um þennan skatt. Hv. þm. fór mjög nákvæmlega yfir það hvernig sá skattur kemur niður og það hafa fleiri gert í þessari umræðu og það er svo langt frá lagi að það sé hægt að tengja þetta við ekkjur sérstaklega að það nær út af fyrir sig ekki

nokkru máli að menn skuli leyfa sér jafnvel að setja í þau plögg sem hér eru höfð handa þingmönnum til að fjalla um einhvers konar svona orð sem er hengt við, nánast uppnefni á þeim skatti sem þarna er á ferðinni. Það er fleira af þessu tagi sem hefur verið stundað á undanförnum árum. Þegar það var rætt um að koma á sérstökum fjármagnsskatti fyrir 4–5 árum síðan þá gekk mikið á í þjóðfélaginu og voru haldnir fundir um þetta hér í Reykjavík. M.a. man ég eftir fundi á Hótel Sögu og þar var aðalslagorðið það að þessi fjármagnsskattur sem var verið að tala um að setja á væri skattur sem mundi fyrst og fremst lenda á blaðsölubörnunum og sparnaði gamla fólksins. Það var eitt af aðalslagorðunum gegn fjármagnstekjuskattinum á þeim tíma hjá Sjálfstfl. Hver eru svo slagorðin gegn hátekjuskattinum sem hér er til umræðu? Það er að það séu sjómenn, húsbyggjendur og barnafólk sem verði fyrir barðinu á hátekjuskattinum. Þannig er leikurinn áfram leikinn að reyna að koma einhvers konar óorði á skattheimtu sem hefur ekki við nein rök að styðjast heldur er notaður markvisst í þeim tilgangi að losna við skattinn aftur. Það eru aðalrökin fyrir því að hátekjuskattinum er breytt og mörkin þar hækkuð að það séu sjómenn, húsbyggjendur og barnafólk sem verði fyrir barðinu á þessum hátekjuskatti.

Ég tel að það sé fáránlegt að bera þessi rök á borð fyrir fólk a.m.k. á meðan ekki er hægt að koma til móts við kröfur um það að fólk geti fengið lífvænlegar tekjur þannig að það sé möguleiki að framfleyta sér á verkamannalaunum í þessu landi þá tel ég að það nái ekki máli að fara að koma af tekjum hjá ríkinu með þessum hætti þegar við getum ekki gert betur en við gerum fyrir lágtekjufólkið. Það hefur komið fram í umræðunni og það kom fram áðan hjá hæstv. ráðherra í sambandi við þessi 15% sem lagt er til að megi draga frá vegna lífeyris ellilífeyrisþeganna að einyrkjar sérstaklega hefðu orðið fyrir barðinu á þessari tvísköttun. Það er sjálfsagt rétt. En þeir hafa orðið fyrir barðinu á þessari tvísköttun líka með öðrum hætti. Með þeim hætti að það er fjöldi af einyrkjum sem hafa verið með lítil fyrirtæki og rekið þau undir eigin nafni sem hafa ekki greitt í lífeyrissjóði. Ástæðan fyrir því er ekkert síst það að menn hafa orðið að greiða öll 10% í lífeyrissjóðina af skattpeningum. Það er auðvitað óréttlæti. Það er fleira sem einyrkjar hafa auðvitað þurft að búa við. Þeir hafa t.d. aldrei haft neinn möguleika á því að fá úr Atvinnuleysistryggingasjóði. Engar atvinnuleysisbætur hafa verið til staðar handa mönnum sem hafa unnið sjálfstætt. Það er ekki nýtilkomið, það hefur ævinlega verið þannig. Og nú eftir að tryggingagjaldið var tekið upp þá hefur það ekkert breyst. Einyrkjar greiða tryggingagjaldið af sínum launum eins og annarra sem vinna hjá fyrirtækinu en þeir hafa engan rétt á að fá endurgreitt neitt þó þeir verði atvinnulausir, jafnvel þótt þeir séu eini starfsmaður fyrirtækisins þá borga þeir í Atvinnuleysistryggingasjóð án þess að öðlast réttindi þar. Þetta er auvitað ekki boðlegt og þyrfti að taka á þessu máli. Það hefur margkomið fram í þessari umræðu, sérstaklega hjá hæstv. ráðherra að hann telji að þessi lagasetning sem hér er á ferðinni sé ívilnandi og það sé fullkomin ástæða fyrir því að það megi reka þetta mál hratt í gegnum þingið og afsökun fyrir því að það hafi verið sett seint fram á sem sagt að vera á þessum nótum að þetta sé ívilnandi og það sé þess vegna hægt að hraða því. Ég tel að þetta sé rangt. Einfaldlega er þetta skattafrv. hreint ekki ívilnandi nema til sumra. Það er ýmislegt í þessu sem er ágætt og þarf auðvitað að komast fram. Það eru leiðréttingar af ýmsu tagi og í sjálfu sér held ég að það muni nú ekki verða andstaða við að gera þær leiðréttingar en ég held að það sé margt í þessu sem þyrfti mjög nákvæma skoðun til að það verði ekki enn þá fleiri slys í kringum skattlagningarstefnu ríkisstjórnarinnar en hafa verið.

Ef ég byrja á því að ræða hér um hækkun skattleysismarkanna þá held ég að það hefði þurft að hækka skattleysismörkin með einhvers konar samkomulagi við launastéttirnar í landinu. Ég tel að það sé ekki lítill hluti af því að ná samkomulagi við launastéttirnar að ganga þannig frá skattastefnunni að við það sé unandi. Og þess vegna hefðu nú þessar 2.150 kr. sem þarna var ákveðið að gengju til hækkunar á skattleysismörkunum getað orðið einhver önnur tala vegna samninga sem aðrir legðu þá til grundvallar. Ég vil hins vegar segja um það sem hv. 12. þm. Reykv. sagði um þetta efni þar sem hv. þm. var að bera saman hvaða möguleikar væru til að koma til móts við láglaunafólk með því að nota þessa fjármuni öðruvísi en að hækka skattleysismörkin að mér finnst að þingmenn og ráðherrar og hæstv. ríkisstjórn sérstaklega sé orðin allt of upptekin af því að halda við þessari láglaunastefnu sem er í landinu. Hv. 12. þm. Reykv. var í raun og veru að tala út frá sama hugsunarhætti, að það eigi fyrst og fremst að nota millifærslukerfi til að draga úr sárasta sársaukanum vegna lágtekjustefnunnar sem er rekin en hún er komin á enda. Ég tel að það gangi ekki lengur að halda sig við þessa lágtekjustefnu sem hefur verið fylgt núna á undanförnum árum. Það er einfaldlega ekki lengur mögulegt og það er ekki einu sinni skynsamlegt frá hendi ríkisins. (**Gripið fram í:** Hver er 12. þm. Reykv.?) Hv. 12. þm. Reykv. er Jóhanna Sigurðardóttir ef ég man rétt. Ég verð þá leiðréttur sé ég ekki að fara með rétt mál í því. En það sem ég er að koma hér á framfæri er fyrst og fremst það að þessi lágtekjustefna sem búið er að reka svona lengi gengur ekki lengur. Það er komið að því að það verður að taka á með þeim hætti að hækka verulega lægstu laun í landinu. Ég sagði áðan að það væri ekki skynsamlegt af ríkinu að reka svona láglaunastefnu og það eru rök fyrir því að nú er hið opinbera, bæði ríkið og sveitarfélög, farið að taka þátt í að greiða til þeirra sem hafa þessi lágu laun alls kyns bætur sem menn eiga rétt á þó þeir séu að vinna fulla vinnu. Þess vegna eru menn komnir algjörlega á endapunkt í þessu. Ríki og sveitarfélög eru farin að greiða launin niður fyrir atvinnurekstrinn í landinu með þessum hætti. Það sjá allir menn að það er ekkert vit í því. Við erum þá að skekkja atvinnulífið hér, gefa atvinnurekendum falskar vísbendingar um hvað sé skynsamlegt að gera í þessu þjóðfélagi. Það er jafnvel hugsanlegt að menn

fari út í atvinnurekstur sem enginn raunverulegur grundvöllur er undir nema sá að það er hægt að fá vinnuaflið fyrir svo lítið af því að hið opinbera er farið að greiða niður vinnulaunin með ýmsum hætti og láglaunastefnunni skal haldið uppi hvað sem það kostar.

Síðan ræða menn hér um kjarajöfnun með alveg sérstökum hætti og nýjum. Hæstv. fjmrh. kynnti hér tölur í morgun sem komu ýmsum á óvart, þ.e. að það væri einungis 2,7 sinnum munur á því fólki sem væri á lægstu launanum í þessu landi og því fólki sem væri á hæstu launanum. Þetta eru sannarlega falskar tölur það held ég að hver maður sjái sem hefur eitthvað fylgst með launum í landinu, a.m.k. þeir sem eitthvað hafa tekið þátt í kjarasamningum og hafa síðan séð kjarasamninga hjá þeim sem eru tekjulágir og aðra hjá þeim sem eru betur settir. Það kann vel að vera að útreikningur með þessum hætti geti komið svona út ef tekin eru 20% þeirra sem lægst hafa launin og 20% þeirra sem hæst hafa launin. En hvaðan eru þá þær upplýsingar komnar um þá sem hafa hæstu launin? Það eru sjálfsagt úr skattskránum og það hlýtur nú að vera æðimikið tekjubil á milli þess sem hæstur er þarna og þess sem er neðstur í þessum 20% flokki. Ég ætla a.m.k. ekki að gefa mikið fyrir þessar upplýsingar fyrr en betur er ofan í þær farið af því að maður þekkir dæmin og við vitum að launamunur í þessu landi getur verið allt að 20-faldur. Þó svo jafnvel að það sé minni launamunur þegar heildirnar eru bornar saman þá er það engin afsökun fyrir því að halda uppi þessari lágtekjustefnu sem hér hefur verið haldið uppi í landinu.

Ég vona að í hv. nefnd verði nú farið vel yfir þetta mál, það verði reynt að finna samstöðu um að allt sem er í þessu frv. sem mögulegt er að samþykkja til ívilnunar og þá er ég að meina ívilnunar, ég er ekki að tala um einhvers konar breytingar sem ívilna kannski einhverjum litlum hátekjuhópum eins og raunverulega er verið að gera með mörgu af því sem hæstv. ríkisstjórn er hér að gera og hefur verið að boða á undanförnum dögum. Það er fyrst og fremst verið að koma til móts við þá sem betur mega sín, þá sem hafa hæstu tekjurnar og þá sem eiga mestu eignirnar. Síðan er lyft skattfrelsismörkum lágtekjufólks um 2.100 kr. og það þarf að gerast í tveimur áföngum til að það sé öruggt að það sé nokkurn veginn í takt við spána um hækkun launa svo það verði nokkurn veginn alveg víst að lágtekjufólkið fái ekki meira en svarar því sem ætti hvort sem er að hækka ef menn héldu sig við sömu forsendur og búið er að gera á undanförnum árum, þ.e. setutíma þessarar ríkisstjórnar um útreikning, á því hvar þessi mörk ættu að vera. Það er ekki mjög langt frá núllinu, það er a.m.k. öruggt mál, sumir hafa sagt að það gætu kannski verið 500 kr. í plús miðað við þær forsendur sem menn hafa verið að gefa sér. En auðvitað vita menn ekki hverjar þær verða fyrr en launasamningarnir liggja fyrir. En eitt er alveg víst a.m.k. í mínum huga að það verða hækkanir á launum í vetur. Það verða auðvitað hækkanir á lægstu launum í þessu þjóðfélagi. Kjarajöfnun hlýtur að verða hluti af þeirri þjóðarsátt sem þarf að gera. Og það verður að vera þjóðarsátt sem gengur ekki fyrst og fremst á launafólkið í þjóðfélaginu. Það verður að vera þjóðarsátt þar sem aðrir taka byrðarnar sem eiga betur möguleika á að bera þær. Mér finnst að það hafi komið fram bæði í þessum umræðum og öðrum umræðum undanfarna daga að það er víðtæk samstaða um að það verði að taka á í kjarajöfnun. En mér heyrist að það sé býsna misvísandi hvernig menn telja að eigi að gera það. Mér finnst bera allt of mikið á því að menn komi í ræðustól í hv. Alþingi og lýsi einhverju millifærslukerfi, einhverjum viðbótar millifærslum handa láglaunafólki.

Ég segi að það er fyrir neðan virðingu Alþingis að halda áfram þessari láglaunastefnu. Það er verið að svívirða fólk með þeim hætti að það séu skilaboðin, það sé boðskapurinn út í þjóðfélagið að vinna þess fólks sem hér um ræðir sé svo lítils virði að það þurfi að koma því til góða með öðrum hætti. Það þurfi að rétta því sveitarstyrkinn til þess að það geti lifað. Svona stefna, sem er auðvitað hluti af þeirri skattastefnu sem við erum að ræða hérna núna og hlýtur alltaf að verða því einhvern veginn verður að ná inn peningum til þess að nota í sveitarstyrkinn, finnst mér vera fyrir neðan virðingu hv. Alþingis. Mér finnst að menn séu komnir til enda og að menn verði að setjast niður í fullri alvöru yfir það að hækka lægstu launin í þjóðfélaginu en láta það ekki kosta það að hærri launin verði hækkuð. Svoleiðis kjarajöfnun er það sem þarf að standa að. Ekki einhverjar nýjar millifærsluæfingar sem verða einungis til þess að niðurlægja fólk enn þá meira en hefur verið gert á undanförnum árum og er þó nógu langt gengið fyrir löngu.

Útbýting þingskjals:

Vátryggingastarfsemi, 298. mál, frv. heilbr.- og trn., þskj. 390.

[16:19]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er búið að segja hér margt og mikið um þetta frv. og sjálfsagt hægt að halda því áfram lengur. Ég vil taka undir með þeim sem hér hafa verið að gagnrýna þennan afslátt sem á að veita af lífeyrisgreiðslum. Ég tel að það sé allt rétt sem hér hefur komið fram í þeirri gagnrýni að 15% af greiddum lífeyri úr lífeyrissjóðum er auðvitað fáránlegt til einhverrar tekjujöfnunar og til þess að ná því markmiði að hætta tvísköttun á lífeyrisgreiðslur. Eina raunhæfa og réttláta aðferðin til þess er að hafa það skattfrjálst þegar fólk greiðir sín 4%. Eins og raunar var í upphafi áður en staðgreiðslan var sett á. Hæstv. fjmrh. hefur nokkuð lýst því hér að þetta hafi verið tekið með í staðgreiðslunni þegar hún var sett á. Það er vissulega alveg rétt en á þeim tíma var staðgreiðsluhlutfallið ekki nema 35% og einnig var persónuafsátturinn að raunvirði miklu hærri heldur en hann er í dag. Þannig að það er margfalt búið að breyta þeim grunni sem notaður var til að reikna út að lífeyrisframlag launþega væri inni í staðgreiðslunni og inni í persónuafslættinum. Það er því engan veginn hægt að sætta sig við að þetta verði útfært með þessum hætti. Og ég vona að

hv. efh.- og viðskn. muni fara vel í þetta mál og það breytist í meðförum hennar.

Eitt vil ég gera að umtalsefni sem er tekið fram í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um aðgerðir til að stuðla að auknum atvinnustöðugleika og kjarajöfnun frá laugardeginum síðasta þar sem segir að ríkisstjórnin ætli að stuðla að lækkun húshitunarkostnaðar. Hún ætlar núna að hefja viðræður við orkusölufyrirtækin með það fyrir augum að efna til samstarfs um að lækka húshitunarkostnað á dýrustu svæðunum umfram það sem þegar hefur verið gert af hálfu stjórnvalda og er það svo sem í samræmi við hvítbókina sem ríkisstjórnin gaf út þegar hún tók við. Ég tel að þau markmið sem ríkisstjórnin hafi sett sér þá hafi engan veginn náðst. Hún setti sér það markmið að ná að jafna húshitunarkostnaðinn á tveimur árum. Hún byrjaði vel, byrjaði með því að jafna hann að því leyti að hún lagði 35 millj. kr. hinn 1. júní 1991 til þessarar jöfnunar. Og það kom fram á fundi hjá hv. fjárlaganefnd núna í morgun þegar þangað komu fulltrúar frá Rafmagnsveitu ríkisins að miðað við byggingarvísitölu þá væri þetta verð í dag mjög svipað, nánast það sama fyrir notandann eins og það var hinn 1. jan. 1991. Síðan hefði það lækkað lítils háttar hinn 1. júní 1992. Þannig að ef við tölum bara um þetta eins og þetta kemur fyrir sjónir hjá þeim sem þurfa að greiða þennan kostnað þá var kostnaðurinn lækkaður lítils háttar hinn 1. júní 1991 en síðan hefur sigið á verri veg þannig að það sem gert var þá hefur verið tekið aftur í formi annarra hækkana, hækkun frá Landsvirkjun sem síðan hefur komið fram í verði dreifiveitnanna og 14% virðisaukaskattur á húshitun sem þó er að nokkru leyti greiddur niður aftur. En það stendur eftir að í dag greiðir fólk nokkurn veginn það sama miðað við byggingarvísitölu eins og það greiddi hinn 1. jan. 1991. Það er því ekki undarlegt þó hæstv. ríkisstjórn setji sér það markmið að ætla að jafna og lækka húshitunarkostnaðinn á dýrustu svæðunum. Það er svo sannarlega kominn tími til enda kosningar í vor. Það er ekki nóg að segja að það hafi verið lækkað í krónutölu afsláttur og niðurgreiðsla ríkisins á þessu tímabili, það er ekki nóg að segja að þetta hafi verið lækkað í krónutölu um 81% því á sama tíma hefur Landsvirkjun þrisvar sinnum hækkað sína gjaldskrá. Hún hækkaði hana hinn 1. okt. 1991 um 4%, hækkaði hana 1. ágúst 1993 um 6% og hækkaði hana 1. jan. 1994 um 3%. Þetta hafa dreifiveiturnar orðið að taka á sig og láta koma út í sínu rafmagnsverði, hafa þó reynt að hamla á móti þessum hækkunum. En Landsvirkjun hefur á þessu tímabili, frá 1.1. 1991 til dagsins í dag, hækkað sína gjaldskrá mjög svipað, alla liði um 25%. Og svo hælir hæstv. iðnrh. sér af því að hann hafi lækkað í krónutölu niðurgreiðslur frá ríkinu og Landsvirkjun um 81% á þessu tímabili. Ég held að hann sé að spyrja þá notendur sem þurfa að greiða þetta hvort þeir finni það á rafmagnsreikningunum sínum eða hitunarreikningunum að það sé orðið lægra en það var.

Mér fannst mjög athyglisvert sem kom fram í ræðu hv. 12. þm. Reykv., Jóhönnu Sigurðardóttur, þegar hún ræddi um heimild til lækkunar á eignarskatti í sambandi við þá lækkun sem hér er verið að tala um á hærra þrepi eignarskattsins, sem hefur verið kenndur við ekknaskatt og er auðvitað rangnefni, en hún ræddi um heimild til lækkunar á eignarskatti vegna andláts, veikinda, slysa og ýmissa fleiri ástæðna. Þetta er vissulega í lögum um tekjuskatt og eignarskatt en það er ekki nema rúmt ár síðan þetta var gert og ég vil nú bara spyrja hæstv. fjmrh. hvort það hafi verið gerð einhver gangskör að því að auglýsa þetta eða hvort þetta hefur kannski bara komið fram í einhverjum sértímaritum eða sérblöðum um það að fólk gæti sótt um þetta því hv. 12. þm. Reykv. upplýsti það áðan að það hefðu aðeins komið sex umsóknir um þessa ívilnun. Nú veit ég að það geta oft komið upp þær aðstæður að fólk þurfi að sækja um þessa lækkun og þá er ég ekki að tala endilega bara um ekkjur eða ekkla heldur hjón eða einstaklinga sem lenda í því að eitthvað af þeim ástæðum sem tilteknar eru hér eru fyrir hendi. Það þarf ekki að vera annað en að fólk lendi í veikindum eða slysum sem þetta getur komið upp og þá gott fyrir fólk að vita um að það eigi rétt á þessu. Í öðru lagi er þetta heimild í skattalögunum. Ég vildi því spyrja hæstv. fjmrh. hvort þessi heimild sé eitthvað nýtt, þ.e. eru reglur um þessa heimild? Eru þær samræmdar á milli skattstofa? Fara allar skattstofur á landinu nákvæmlega eftir þessu? Er eitthvert eftirlit með því að þessar reglur séu virtar á sama hátt alls staðar? Ég hef grun um það og það hefur reyndar verið rætt að ekki væru alltaf virtar sömu reglur eftir því um hvaða skattstofu væri að ræða. Vonandi er það samt ekki rétt. En ég vildi samt sem áður spyrja hæstv. fjmrh. að því hvort eitthvert eftirlit sé með því að þessar reglur séu í heiðri hafðar hjá öllum skattstofum og þetta metið á þann hátt sem eðlilegt er.

Í þriðja lagi langar mig til að gera hér nokkuð að umtalsefni 5. gr. þessara laga. Ég hef alla vega ekki heyrt það í dag að margir hafi komið með umræður um hana. Í 5. gr. segir að það eigi að bætast við 52. gr. laganna um tekjuskatt og eignarskatt þar sem verið er að ræða það sem sé skattskylt af rekstrarkostnaði, þá segir hér: „Gjafir, þó ekki tækifærisgjafir í friðu til starfsmanna eða viðskiptavina þegar verðmæti þeirra er ekki meira en gerist um slíkar gjafir almennt.“ Mér finnst þetta vera mjög opið. Hvernig á að vera hægt að meta það að þetta sé undanþegið skatti, „tækifærisgjafir í friðu til starfsmanna eða viðskiptavina þegar verðmæti er ekki meira en gerist um slíkar gjafir almennt.“ Hvernig á að að meta það? Ég sá í útskýringum með þessari grein að þetta væri metið til verðmæti einnar bókar. Heftbundinnar bókar til jólagjafar t.d. er tekið hér sem merki. En það er nú mjög mismunandi verð á bókum og ekki hvað síst nú fyrir þessi jól. En að tala um heftbundna bók til jólagjafa getur auðvitað verið alveg á bilinu frá 2.000 og upp í 20.000 kr. a.m.k. Það fer auðvitað alveg eftir því hvaða bók er valin. Síðan segir hér um 5. gr., með leyfi forseta: „Með tækifærisgjöf í þessu sambandi er átt við jólagjafir til starfsmanna, gjöf í tilefni af stórafmæli starfsmanns eða meiri háttar starfsafmælis.“ Ég vil bæði í gamni og alvöru varpa þeirri spurningu til hæstv. fjm-

rh. hvort t.d. málverkagjöf til Jóhannesar Nordals, seðlabankastjóra mundi falla undir þessa grein. Þannig að þetta væri þá sem sagt hefðbundin gjöf í tilefni af stórafmæli. Ég held því að það sé dálítið erfitt að setja svona inn í skattalög þar sem ekki er þá kveðið á um einhverja sérstaka upphæð sem færi síðan eftir einhverjum verðvísitölum í framtíðinni.

Það er fleira sem hægt væri að spyrja um í þessu frv. Ég vil einnig spyrja um það hvernig eigi að leysa 12. liðinn í þessari yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar en þetta frv. sem hér liggur frammi er nú svona framhaldssaga við þessa yfirlýsingu. Í yfirlýsingunni segir að það eigi að efna til samstarfs um lausn á greiðsluvanda vegna húsnæðislána: Ríkisstjórnin ætlar að beita sér fyrir viðræðum við fulltrúa lánastofnana og lífeyrissjóða um leiðir til að taka á greiðsluvandanum. Ég hef hvergi séð neitt í þessu frv. eða öðru sem hér hefur komið á okkar borð um eitthvert framlag til að leysa þennan vanda. Mér dettur í hug að spyrja hæstv. ráðherra að því hvort þetta sé einhvers staðar inni í þessum tillögum hér eða hvernig hæstv. ríkisstjórnin hefur hugsað sér að leysa þennan vanda. Það hlýtur að þurfa einhverja fjármuni til þess að gera það. Það er örugglega ekki nóg bara að skipa nefnd, hún verður að hafa einhverja fjármuni til þess að leysa vandann þegar hún er búin að skilgreina hann.

Svo eru það flýtifyrningarnar sem hér er verið að tala um og mér finnst mjög sérkennilegt að fá yfirlýsingu um til þess að jafna kjörin í þjóðfélaginu ef það er eitthvað í sambandi við það því að flýtifyrningar hljóta einungis að koma þeim fyrirtækjum til góða sem hafa þá af einhverjum gróða að státa og þurfa að greiða tekjuskatt. Það er spurning og reyndar kemur það fram einhvers staðar í umsögnum um þetta frv. að ekki sé alveg víst að þetta muni skila sér til ríkisins þó að þarna sé verið að ívilna þessum fyrirtækjum í tekjuskatti því hér segir um þessa grein, með leyfi forseta:

„Líkur eru taldar á að fyrirtæki muni fremur ráðast í fjárfestingu á lausafjármunum með tiltölulega hátt fyrningarhlutfall en síður í mannvirkjum þar sem fjárfesting fellur jafnan til á lengri tíma."

Jafnframt segir einnig að það sé erfitt að áætla með nákvæmum hætti áhrif þessara áhrifa og ekki síður hvaða áhrif þau komi til með að hafa á fjárfestingar fyrirtækja. Þannig að það er engan veginn víst þó þeim fyrirtækjum sem á annað borð eru það vel rekin að þau skila ágóða, þó þeim gefist þarna tækifæri til að hafa enn meiri ágóða, að þau skili því til baka í raun og veru með því að ráðast í einhverjar fjárfestingar sem skili þá aukinni atvinnu eða aukinni veltu. Ég tel að þetta sé mjög umdeilanlegt hvort flýtifyrningar séu aðgerðir sem borgi sig að fara í.

Eins og ég sagði í upphafi voru þetta nokkur atriði sem ég vildi sérstaklega gera að umtalsefni en það væri hægt að fara í ýmislegt fleira eins og t.d. vaxtabætur sem hér á að breyta rétt einu sinni og fólk er varla búið að læra á það hvernig þessar breytingar á vaxtabótum eru þegar búið er að breyta þeim einu sinni enn. Væri nú fróðlegt að fá það upp gefið hjá hæstv. ráðherra hversu oft forsendum vaxtabóta hefur verið breytt á þessu tímabili sem hæstv. ríkisstjórn hefur verið við völd eða hefur það ekki verið gert árlega a.m.k.?

Útbýting þingskjala:

Launaflokkar og yfirvinna starfsmanna ríkisins, 300. mál, fsp. MJ, þskj. 392.

Radíóviti sem þjónar flugi til Önundarfjarðar og Súgandafjarðar, 299. mál, fsp. BIB, þskj. 391.

[16:37]

Kristín Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Hér eru til umræðu breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt sem er árviss viðburður í þingsölum. Ég vil gera það að örstuttu umtalsefni þó það hafi nú reyndar komið fram í máli fleiri hér á undan hversu undarlegt það er að þetta skuli ætíð bera upp á háannatíma þingsins þegar örfáir dagar eru til stefnu til að afgreiða þessi mál. Það er mitt mat að það væri mun heppilegra og farsælla fyrir þjóðfélagið allt að breytingar á skattalögum fengju betri umþóttunartíma, kæmu fyrr, helst fyrst að hausti, gætu hugsanlega verið afgreiddar endanlega rétt fyrir jól en fengið umfjöllun allt hausttímabilið en tækju síðan gildi ári síðar. Mér skilst að í öðrum löndum teljist það mjög óeðlileg vinnubrögð að vera sífellt að breyta skattalögum. Þetta leiðir til þess að skattalegt umhverfi okkar er mjög óöruggt og síbreytilegt og erfitt að gera áætlanir til langs tíma. Því það sem gilti í fyrra gildir næstum því örugglega ekki næsta ár. Ég mundi því leggja til að breytt vinnubrögð væru tekin hér upp hvað þetta atriði varðar.

Mig langar síðan að nefna nokkur atriði í þessu frv. sem hér er til umræðu og staldra fyrst við endurgreiðslu á lífeyri, þ.e. skattfrelsi 15% útborgaðs lífeyris. Að mínu mati er þetta mjög slæm aðferð. Við kvennalistakonur höfum ítrekað flutt frv. um afnám á tvísköttun lífeyris. Í fyrsta skipti haustið 1991. Þar lögðum við til að framlag launþega, 4%, væru skattfrjáls, þ.e. sama fyrirkomulag nánast og var í gamla skattkerfinu. Ástæðurnar fyrir því að þetta er eðlilegasta og réttlátasta leiðin eru ýmsar. Kannski er ástæða til að nefna nokkrar þeirra. Það er m.a. það að ekki munu allir þeir sem greiða í lífeyrissjóði njóta iðgjalda úr sjóðum, það ná ekki allir eftirlaunaaldri. Það er líka ákveðin hvatning til að byggja upp sjóðina. Það er ákveðin óvissa með lífeyrissjóðina og tilvist þeirra. Munu þeir verða til þegar það fólk sem er nú á besta aldri þarf á sínum lífeyri að halda? Um það þarf auðvitað að standa vörð. Síðan er það að tekjudreifing fólks eftir aldri er veruleg. Yngra fólk hefur hærri tekjur og því miður er það svo að langflestir eftirlaunaþegar og lífeyrisþegar njóta ekki mjög hás lífeyris þannig að flestir þeirra eru undir skattleysismörkum, því miður. Þar af leiðandi hefur þetta lítið gildi nema fyrir hina sem hafa háar lífeyrisgreiðslur úr sínum sjóðum. Þetta mundi einnig gagnast einyrkjum með viðbótarútfærslu en þeir eru margir hverjir eins og hér hefur komið fram áður ákaflega illa tryggðir hvað lífeyrisgreiðslur varðar. Hér er einnig lögð til framlenging á skattafslætti vegna fárfestinga í atvinnurekstri. Ég

tel að það sé jákvæð aðgerð og sjálfsagt að halda þessu áfram. Við Íslendingar þurfum að efla eiginfjárhlutfall í íslenskum atvinnurekstri, við þurfum að hvetja fólk til að fjárfesta í atvinnurekstri þannig að þessi framlenging er jákvæð og eðlileg. Eini gallinn á henni í upphafi var hversu fá fyrirtæki voru viðurkennd í þessa fjárfestingu fyrir þennan afslátt en þeim hefur nú fjölgað verulega.

Mig langar einnig að nefna síðan leigutekjur af húsnæði. Hér er tekin upp ný grein þar sem heimilað er að draga frá leigutekjur allt að 80% eða að hámarki 25 þús. kr. frá tekjum. Ég hef blendna skoðun á þessu. Mér finnst þetta skref í rétta átt en þó verður að muna eftir því að venjulegt fólk sem er að leigja sitt eigið húsnæði þarf að búa einhvers staðar annars staðar. Það leigir þá væntanlega ef það er ekki í þessu í hálfgerðu atvinnuskyni og það fólk á væntanlega ekki rétt á húsaleigubótum. Mér þætti eðlilegra að það væri einhvers konar jöfnunarregla þannig að það væri heimild til að jafna húsaleigutekjur og húsaleigugjöld þannig að fólk sem þarf að flytja sig vegna náms eða af atvinnuástæðum mundi ekki gjalda fyrir þetta.

Í þessu frv. er einnig breyting sem kölluð hefur verið niðurfelling á ekknaskatti sem felst í því að fella niður hærra skattþrepið í eignarskatti. Ég sé ekki mikla réttlætingu í þessu eða hagsbót fyrir ekkjur og fellst á þann málflutning sem hér hefur komið fram. Ég vil þó minna á að Kvennalistinn flutti fljótlega eftir að þessi breyting kom fram frv. sem flutt var af Kristínu Halldórsdóttur þar sem lagt var til að ekkjur eða ekklar fengju að búa áfram í því húsnæði sem hjónin bjuggu þá í við fráfall makans með óbreytta eignarskattsbyrði af því húsnæði. Að sjálfsögðu gilti það ekki um aðrar eignir. Þetta frv. náði ekki fram að ganga, því miður. Það hefði verið mun meiri og betri réttarbót heldur en það sem hér er lagt til.

Í þessu frv. er einnig grein sem fjallar um flýtifyrningar. Ég get ekki betur skilið þetta heldur en að þetta gagnist auðvitað fyrst og fremst þeim fyrirtækjum sem hafa hagnað. Ég sé ekki alveg af greininni hvort gert er ráð fyrir því að fyrirtækin myndi millifæranlegt tap með þessari flýtifyrningu og hef þar af leiðandi efasemdir um þessa útfærslu.

Hér er síðan haldið áfram með hátekjuþrep en mörkin eru rýmkuð heldur þannig að greiðsla á hátekjuþrepi kemur til síðar en áður var. Þarna munar einhverju fyrir hátekjufólk og er heldur verið að létta af því böggunum. Mér finnst þetta ekki að öllu leyti ósanngjarnt. Við erum með geysiháa skatta hér á landi og fólk er að borga mjög háa tekjuskatta og ég get ágætlega stutt það að þetta sé heldur rýmkað þó að þessi réttarbót eða jöfnun sé nú með dálítið öfugum formerkjum eins og ég skildi af þessari kynningu.

Þá er ég búin að hlaupa í fljótu máli yfir nokkrar greinar sem stungu mig svona sérstaklega í augu. Ég vil ítreka það hversu óheppileg ég tel að þessi vinnubrögð séu varðandi skattabreytingar og minna á þörfina á að skattalöggjöf þarf að vanda og vanda svo vel að það þurfi ekki í sífellu að vera að breyta þeim.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Þá tekur til máls hæstv. fjmrh. (**Fjmrh.:** Er umræðan búin?) Var ekki hæstv. ráðherra á mælendaskrá? (**Fjmrh.:** Jú.) Það eru ekki aðrir á mælendaskrá. (**Fjmrh.:** Tala ég ekki bara í 2. umr.?) (**KÁ:** Er ráðherrann að gefast upp?) Forseti hlýtur að óska eftir svari frá hæstv. ráðherra um hvort hann ætlar að ljúka umræðunni. (**Fjmrh.:** Ég hef engar sérstakar áætlanir þar um en ef það kostar einhver læti þá tala ég náttúrlega.) Fleiri hafa ekki kvatt sér hljóðs.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Um fundarstjórn.

Lok umræðu um skattamál.

[16:50]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegur forseti. Ég taldi mig hafa beðið um orðið áður en hæstv. forseti sleit þessari umræðu. Við erum að tala um mjög mikilvæg mál sem eru skattamálin og umræðan hefur staðið hér yfir frá því í morgun. Það hafa fjölmargir ræðumenn sem hingað hafa komið beint orðum sínum til hæstv. fjmrh. með ýmsar spurningar um ýmis atriði í þessu frv. og mér finnst það mjög óviðurkvæmilegt, sérstaklega þegar við höfum svo stuttan tíma til að fjalla um þetta mál, að hæstv. ráðherra reyni ekki að flýta fyrir málinu með því að veita svör við ýmsum mikilvægum spurningum sem hér hafa verið fram bornar. Mér finnst þetta því ansi klént að umræðunni sé lokið með þessum hætti og spyr hvort ráðherra hafi virkilega engin svör við því sem hér hefur verið fram borið?

[16:51]

Finnur Ingólfsson:

Virðulegur forseti. Ég held að það sé hárrétt að hæstv. forseti hafi verið búinn að slíta umræðunni áður en beðið var um orðið. Það er kannski ekkert við því að segja hjá stjórnarandstöðunni ef svo er komið að hæstv. fjmrh. hefur ekki svör við neinum af þeim spurningum sem hér hafa verið bornar fram í þessari umræðu. Ég tek undir það með hv. 12. þm. Reykv. að það mun auðvitað ekki greiða fyrir starfi í nefndinni því það hefur komið fram í hv. efn.- og viðskn. að það skortir mjög á að embættismennirnir sem þar hafa mætt hafi haft svör við öllum þeim spurningum sem þar hafa verið bornar upp. En við verðum því miður í stjórnarandstöðu að búa við það að ríkisstjórnin getur ekki svarað spurningum um það sem hér er borið fram og skiptir gríðarlega miklu máli þegar til afgreiðslu málsins kemur.

[16:52]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég skal játa það að ég hafði ekki beðið um orðið. Ég átti satt að segja von á því að umræðan yrði heldur lengri og nú sýnist mér vera heldur seint í rassinn gripið og ég ekki geta svarað mörgum framkomnum spurningum því það er búið að loka mælendaskrá. (**Gripið fram í:** Varstu ekki á mælenda-

skránni?) En ég skal — og vona að það flýti fyrir málinu — fara yfir umræðuna, sem ég skrifaði hjá mér mjög vandlega, með embættismönnum ráðuneytisins þannig að þeir geti svarað spurningum sem til mín var beint í nefndarstarfinu í þeirri von að það greiði fyrir þingstörfum. Ég skal játa það á mig að hafa ekki beðið um orðið af því að ég hélt að ekki væri komið að því. En ég skal undirstrika það að ég hef lagt það í vana minn í umræðum að svara yfirleitt alltaf fyrirspurnum þingmanna og ég vona að þeir sjái í gegnum fingur sér með það að þessu sinni að mér skuli hafa láðst að gera það upp á þau býti að ég fari yfir málin með mínum embættismönnum og þeir komi til nefndarinnar eins vel undir það búnir og kostur er.

Tekjuskattur og eignarskattur, 1. umr.

Stjfrv., 282. mál (tekjuskattur barna). — Þskj. 349.

[16:54]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegur forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum. Þetta frv. er enn einfaldara heldur en það frv. sem við vorum að ræða fyrr á þessum degi. Í raun er aðeins tekið á einu efnisatriði en það er tekjuskattur af tekjum barna sem um ræðir í 2. mgr. 65. gr. skattalaganna. Þar segir að 6% af öllum tekjum án persónuafsláttar skuli greiða í skatt, annars vegar í tekjuskatt og hins vegar í útsvar. Reyndar þarf að taka það fram strax í upphafi að annað frv. sem þarf að vera samferða þessu í gegnum þingið er frv. til laga um breytingar á tekjustofnum sveitarfélaga því að hluti af skattlagningu barna og ungmenna fer til sveitarfélaganna og í dag er hlutfallið þannig að 4% ganga til ríkisins en 2% til sveitarfélaganna. Ég veit ekki betur, virðulegur forseti, en að það mál hafi verið lagt fram á hinu háa Alþingi. Það er hæstv. félmrh. sem þarf að leggja það mál fram og mæla fyrir því og það er eðlilegt að þau séu samferða í gegnum þingið.

Í þessu frv., eins og hinu sem ég nefndi til sögunnar og væntanlega hefur verið lagt fram, er gert ráð fyrir því að settur verði sérstakur persónuafsláttur á tekjur barna og ungmenna þannig að fyrstu 75 þús. kr. sem þetta fólk vinnur sér inn á ári skuli njóta persónuafsláttar. Það er gert ráð fyrir að þetta frv. geti tekið gildi strax við upphaf næsta árs og komi þá til framkvæmda við álagningu á árinu 1996 á tekjur ársins 1995. Þetta þýðir að staðgreiðslan kemur strax til skila á næsta ári nema þar sem sú staðgreiðsla yrði undanþegin með reglugerð eins og heimilt er en það er ekki enn fullkannað hvernig að því yrði staðið. Það skal tekið fram að sérstök skattlagning á launatekjur barna og ungmenna hefur verið í lögum frá árinu 1980, samanber lög nr. 40/1978. Þau lög voru í gildi um tíu ára skeið eða þar til staðgreiðslulögin tóku gildi. Fram að þeim tíma var launatekjum barna og ungmenna bætt við tekjur foreldra sem auðvitað hafði þau áhrif að þeir foreldrar sem höfðu tekjur yfir skattleysismörkum, skattleysismörk voru afar lág í þann tíma, þurftu að greiða mismunandi háa skatta eftir því í hvaða skattþrepi tekjurnar voru og gat það verið breytilegt eftir tekjum foreldra. Þetta þótti ósanngjarnt því að þetta þýddi að tekjur barna voru stundum ekki skattlagðar en að öðrum kosti verulega skattlagðar og það fór allt eftir tekjum annars vegar barna og hins vegar foreldra. Árið 1978 var þessu breytt og það urðu talsverðar umræður hér á hinu háa Alþingi í framhaldi af þeirri breytingu. Þáv. fjmrh. lagði fram breytinguna en sá sem tók við breyttum lögum var núv. hv. þm. Ragnar Arnalds og þeir sem elstir eru hér á þingi muna að hann á sínum tíma var hundskammaður af ýmsum aðilum fyrir að vera að leggja á sérstaka barnaskatta. Einhvern veginn hefur það gerst í umræðunni að ýmsir hafa ekki áttað sig á því að um slíka skattlagningu er að ræða. Það kom reyndar mjög skýrt fram í umræðum sem urðu fyrir nokkru þegar Skattstofan í Reykjavík tók til athugunar skattframtöl einstakra útgefenda því þá kom í ljós að í gegnum tíðina hefur verið mismunandi framkvæmd á skattlagningu tekna þeirra sem bera út blöð, eru umboðsmenn fyrir blöð og selja blöð. Í sumum skattumdæmum hefur þetta fólk verið skattlagt annars staðar ekki. Mjög sérkennileg umræða varð um þetta efni þar sem m.a. fyrrv. fjmrh., hv. 8. þm. Reykn., lýsti því yfir að hann hefði beitt áhrifum sínum í fjmrn. til þess að þetta fólk, börn og unglingar, sem báru út blöð og seldu blöð yrðu ekki skattlögð. Enginn kannast við að slík fyrirmæli hafi verið gefin, hvorki í fjmrn. né í skattkerfinu. Þvert á móti er því haldið fram að allir hafi vitað um álagningu á tekjur barna og upplýst er að m.a. 1989, 1990 og 1991 svo ég taki þrjú ár sem voru fyrir starfstíma núv. ríkisstjórnar þá voru 9.500–10.600 einstaklingar sem greiddu skatta að upphæð frá 35–39 millj. kr. Þessar tölur hafa lítið breyst. Tekjurnar risu þó hæst 1992 en þegar gert var upp 1994 vegna 1993 kemur í ljós að 10.100 börn og ungmenni greiða skatta og álagningin eru 43,7 millj. kr. á að giska og í staðgreiðslu 35,5 millj. kr. Þetta þarf að koma hér fram því ég hygg að ýmsir hafi talið þegar umræðan hófst að börn og unglingar almennt greiddu ekki skatta og hér væri um einhverja nýja pólitíska ákvörðun að ræða. Það er að sjálfsögðu alrangt eins og ég veit að nú hefur verði leiðrétt dyggilega.

Við undirbúning þessa frv. þá bað ég embættismenn ráðuneytisins um að kanna vilja í efh.- og viðskn. og án þess að sá vilji væri bókaður eða bindandi á nokkurn hátt þá töldum við að aflokinni þeirri skoðun í nefndinni að ekki væri fært að veita undanþágu fyrir börn eftir hvaða atvinnu börnin stunduðu. Það væri nauðsynlegt ef menn vildu lækka skatta á börnum að láta skattinn lækka með sama hætti og gerist um annað fólk sem greiðir skatta, þ.e. að um einhvern persónuafslátt væri að ræða og þá mundi það gilda fyrir öll börn og öll ungmenni sem hefðu tekjur. Með öðrum orðum það væri ekki efni til þess að gera mun á því hvort ungt fólk ynni við sendilsstörf eða blaðburð. Það má heldur ekki gleyma því að þessi störf eru unn-

in af fólki á ýmsum aldri og það er ekki ætíð fólk innan 16 eða 17 ára aldurs sem vinnur við blaðburð. Í mörgum tilvikum er þar um að ræða fullorðið fólk sem að sjálfsögðu nýtur þá venjulegs persónuafsláttar eins og gildir um tekjur af annarri vinnu. Þar er enginn munur gerður á því hvort fólk vinnur við póstburð eða blaðburð. Það eru hinar venjulegu reglur skattalaganna sem gilda í báðum tilvikum.

Niðurstaðan varð hins vegar sú að leggja til að fyrstu 75 þús. kr. væru skattfrjálsar en síðan greiddist 6% skattur á það, 4% tekjuskattur og þá 2% útsvar eins og hingað til hefur verið gert.

Ég sé ekki ástæðu til þess, virðulegur forseti, að fara mörgum fleiri orðum um þetta mál. Ég tel að það sem hafi hafist sé dæmigert upphlaupsmál og endar í því að menn reyna þá að finna sanngjarna lausn á málinu. Það kann að vera eðlilegt og ég vona að hv. þm. finnist eðlilegt að þeir sem minnstar tekjurnar bera úr býtum þurfi ekki að greiða skatta en jafneðlilegt sé það að skattbyrðin sé jöfn, þá skipti ekki máli við hvað fólk vinnur, og það sé hollast fyrir okkur að ala upp börn og ungmenni með þeim hætti að sömu reglur gangi yfir alla vegna þess að að öðrum kosti gæti fólk haldið að það væri eðlilegt að stunda suma starfsemi án þess að skattur sé greiddur af henni. Það er uppeldislega rangt frá mínum sjónarhóli.

Ég skal taka það fram að það hefur verið nokkur ágreiningur milli manna, ég ætla ekki að nefna nein dæmi í því sambandi, en sumir hafa talið að það væri hægt að beita áhrifum fjármálaráðherrans, hann gæti einfaldlega hringt í skattstjórana og komið í veg fyrir að skattar séu lagðir á suma og ekki aðra. (**FI:** Hver er svona illa að sér?) Því hef ég mótmælt kröftuglega. En ég hef allan tímann sagt: Ef menn hafa áhuga á því að létta skattbyrðinni af börnum þá ber að gera það með þeim hætti að sú aflétting nái til þeirra sem starfa í öllum greinum en gildi ekki um einstakar atvinnugreinar eða störf sem í sumum tilvikum eru þannig að einungis er hægt að vinna þau störf á vissum stöðum á landinu því öllum er ljóst að fólk til sveita, ungt fólk til sveita hefur eðlilega minni líkur til þess að geta unnið við blaðburð eða blaðasölu.

Þetta vildi ég, virðulegi forseti, að kæmi fram til að skýra þetta mál. Málið er ekki flókið. Ég skal viðurkenna að það er alls ekki sjálfsagt heldur. En þetta varð niðurstaða vegna mjög mikillar gagnrýni sem kom fram í umræðunni á hinu háa Alþingi á fjmrh., fyrir það að hér skyldu vera lagðir skattar á börn og ungmenni. Ég veit að síðan hafa fjölmargir hv. þm. komið til mín og nánast sagt að þeir hafi ekki áttað sig á því hvernig staða málsins er í raun og þess vegna er tekið á málinu með þessum hætti. Ég bið hv. þm. í hv. efh.- og viðskn. að kanna þetta mál ítarlega með tilliti til þess sem hér hefur verið sagt. Ég tel að eftir að þetta frv. er komið fram sé varla hægt að snúa við, það verði að láta þetta lagafrv. ná fram að ganga jafnvel þótt ljóst sé að ríkissjóður verði af verulegum tekjum eða jafnvel 20–30 millj. kr. tekjum. Málið var þannig undirbúið og það var tekið á því með þeim hætti að ef Alþingi ætlaði að snúa við núna mundu ýmsir telja að einhvers konar brigð væru á ferðinni af hálfu stjórnvalda.

Ég vona, virðulegi forseti, að þetta skýri aðdraganda málsins og kannski kenni okkur hv. þm. að stundum borgar sig að hugsa aðeins um það hvaða afleiðingar það hefur þegar menn grípa til þeirra ráða að ráðast að einstökum ráðherrum fyrir það sem þeir eru að gera og eru að gera vegna þess að þeim ber skylda til þess að fylgja lögum.

[17:08]

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að lýsa yfir stuðningi við það frv. sem hér hefur verið lagt fram af hæstv. fjmrh. Það má auðvitað endalaust deila um það hver þau tekjumörk eigi að vera sem börnin eigi að hafa og hver sú upphæð eigi að vera sem menn geta haft áður en farið er að reikna skatt af tekjum. Það finnst mér að hv. efh.- og viðskn. verði að skoða. En ég tek undir það með hæstv. ráðherra að það er mjög mikilvægt að þessi skattbyrði sé jöfn, þ.e. það skipti ekki máli við hvað börnin eru að starfa og skatturinn leggist ekki á eftir því. Hins vegar átti ég von á allt öðru frv. frá Sjálfstfl. en þessu frv. Þegar ég segi það þá átti ég von á því að Sjálfstfl. væri stefnu sinni trúr.

Við sem eldri erum höfum þurft að búa við það skattkerfi sem Sjálfstfl. hefur verið að byggja upp í fjármálaráðherratíð hæstv. fjmrh. Friðriks Sophussonar þar sem flestum hlutum er í raun og veru snúið á haus því miður. Ég hef áður sagt það að Sjálfstfl. lofaði því fyrir kosningarnar í sinni stefnuyfirlýsingu frá landsfundi Sjálfstfl. frá því í mars 1991 að hann ætlaði að lækka skatta á einstaklinga úr 39,79% niður í 35%. Þetta er hér alveg skýrt orðað í landsfundarsamþykkt Sjálfstfl. frá þessum tíma. Nú er hins vegar skattprósentan komin upp í 42%. Það eru einnig fyrirheit í þessari landsfundarsamþykkt Sjálfstfl. um að hækka skattleysismörk. Barnabætur hafa verið lækkaðar, vaxtabætur hafa verið lækkaðar og þannig mætti lengi telja.

Við sem eldri erum höfum þurft að búa við það að flest af því sem Sjálfstfl. lofaði og ekki síst þeir sem flokkinn kusu í alþingiskosningunum 1991 hafa þurft að búa við svikin loforð í þessu efni og það er auðvitað slæmt. Það sem mér þykir þó langverst er að ef það er nú svo að einhver börn hafa lagt það fyrir sig að lesa landsfundarsamþykkt Sjálfstfl. frá því í mars 1991 og hafa litið á skattamálin, þó þau hafi ekki litið nema bara á fyrstu setninguna þá stendur þar, með leyfi forseta: „Tekjuskattur unglinga undir 16 ára aldri verði afnuminn.“ Ég trúi því að blessuð börnin hafi trúað því sem í þessari landsfundarsamþykkt stóð og kannski talað um það við pabba og mömmu að nú væri rétt að styrkja og styðja Sjálfstfl. í kosningum vegna þess að hann ætlaði að afnema skatt á unglingana. Börn eru auðtrúa, það er staðreynd. Og það er, hæstv. fjmrh., ekki gott núna rétt fyrir jólin að koma hér inn með frv. sem gerir ráð fyrir því að svíkja loforð Sjálfstfl. frá því í kosningunum 1991. Því vil ég svona að lokum taka undir orð forsrh. að svona gera menn ekki.

[17:12]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er ánægja mín að fjalla hér um skattamál og bera saman árangur þessarar ríkisstjórnar og þeirrar fyrri í skattamálum. Það er alveg hárrétt hjá hv. þm. að staðgreiðslan hefur hækkað en þó fyrst og fremst í seinni tíð vegna þess að útsvar hefur hækkað. Þegar litið er á skattbreytingar á ársgrundvelli hjá þessari ríkisstjórn sem nú situr við völd þá kemur í ljós, og þessar upplýsingar liggja hjá hv. nefnd, að skattar hafa lækkað á ársgrundvelli um 1 milljarð. Þetta þýðir að skattar á fyrirtækjum hafa lækkað um það sem nemur 2 milljörðum en hækkað á einstaklinga um 1 milljarð. Nettó hafa skattar lækkað á ársgrundvelli um 1 milljarð. Hvernig skyldi svo þessi samanburður líta út þegar borið er saman við þær breytingar sem gerðar voru hjá síðustu ríkisstjórn? Jú, reikningurinn sýnir að skattar hækkuðu um 11 milljarða kr. mældir með nákvæmlega sama hætti, 9 milljarða kr. hækkun á einstaklinga og 2 milljarðar kr. á fyrirtæki. Samtals 11 milljarðar kr. Á sama verðlagi reiknað með sama hætti þannig að út koma heildartekjur miðað við sambærilegan efnahag á heilu ári. Þetta er samanburðurinn. Og ég spyr: Er nokkuð eðlilegra en bæði börn og unglingar beri slíkt saman og segi, ef fólkið er á móti sköttum yfir höfuð og vill draga úr þeim: Við kjósum frekar þá sem lækka skattana heldur en hina sem hækka þá.

[17:14]

Finnur Ingólfsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að hæstv. fjmrh. hafi örlitið misskilið mig. Ég var ekki að bera saman skattastefnu fyrri ríkisstjórnar og núv. ríkisstjórnar. Ég var að bera saman kosningaloforð Sjálfstfl. fyrir alþingiskosningarnar 1991 og efndirnar. En það er alveg hárrétt hjá hæstv. fjmrh. að það kann vel að vera að menn vilji bara horfa á þetta út frá buddunni. Ég tek undir að það er auðvitað það sem skiptir máli. Hverjar eru ráðstöfunartekjurnar? Ætli fólk finni það ekki best í dag hversu miklu erfiðara er að lifa nú af launununum sem þeir hafa sem eru í vinnu heldur en það var um mitt ár 1991. Sjálfstfl. lýsir því yfir í þessari sömu landsfundarsamþykkt og ég hef gert hér að umræðuefni og vitna þar til hennar, með leyfi hæstv. forseta. „Skattbyrði heimilanna er nú með þeim hætti að ekki verður við unað. Svo mikil er skattbyrðin orðin að alþýðufjölskyldan hefur vart fyrir brýnustu nauðsynjum." Þetta var mat Sjálfstfl. í mars 1991. Hvert skyldi það vera í dag þegar þetta allt hefur farið á verri veg? Skattprósentan hefur hækkað, barnabæturnar hafa verð skertar, vaxtabæturnar hafa verið lækkaðar, álögurnar í heilbrigðisþjónustunni auknar á ellilífeyrisþegana og öryrkjana, álögurnar í skólakerfinu hafa verið auknar? Þegar þetta er allt saman metið saman, hæstv. fjmrh., þá held ég að þetta komi best fram í buddu alþýðufjölskyldunnar og hún finni í raun og veru fyrir því hvað það er erfiðara að lifa nú heldur en það var um mitt ár 1991. Ég tala nú ekki um sérstaklega fyrir þá sem ekki hafa atvinnu.

[17:16]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég skil vel að hv. þm. vilji ekki ræða samanburðinn á skattreikningi þessarar ríkisstjórnar og þeirrar sem áður sat. En ég vil gjarnan taka þátt í þessari umræðu sem hv. þm. bryddar á núna. Það hefur nefnilega verið gerður ítarlegur samanburður á fylgni þjóðartekna annars vegar og kaupmætti ráðstöfunartekna hins vegar á þessum tveimur tímabilum. Það kemur í ljós að kaupmáttur ráðstöfunartekna lækkaði verulega miklu meira frá 1988–1991 heldur en þjóðartekjurnar. Hins vegar hefur verið góð fylgni milli þjóðartekna og ráðstöfunartekna frá 1991 til dagsins í dag. Og það sem meira er er að á þessu ári, frá janúar til nóvember, sýna staðgreiðsluskil að það hefur orðið kaupmáttaraukning, með öðrum orðum, laun hafa hækkað umfram verðlag á þessu tímabili og þetta verður að sjálfsögðu skýrt betur á næstunni. Þetta þýðir að batnandi efnahagur íslensku þjóðarinnar kemur m.a. fram í því að kaupmáttur ráðstöfunartekna hefur verið að aukast á yfirstandandi ári. Það er þess vegna, virðulegur forseti, sem sjálfstæðismenn og þeir sem styðja þessa ríkisstjórn geta borið höfuðið hátt þegar um er að ræða samanburð á milli tveggja ríkisstjórna, þessarar sem nú situr og hinnar sem starfaði hér fyrir rúmum þremur árum og þar á undan. Þess vegna getum við óhræddir gengið til kjósenda og sagt: Berið þið saman okkar störf og störf hinna, við þolum þann samanburð mjög vel.

[17:18]

Finnur Ingólfsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð. Ég ætla ekki hér í þessu stutta andsvari og hér í lok þessa andsvarstíma að fara að reyna að bera saman skattastefnu núv. ríkisstjórnar og skattastefnu fyrrv. ríkisstjórnar. Til þess er allt of skammur tími. Endalaust má deila um það hvort ráðstöfunartekjurnar hafi aukist eða hvort þær hafi dregist saman. Það fer allt eftir því hvaða viðmiðun menn nota.

Hæstv. fjmrh. Ráðstöfunartekjurnar hafa ekki aukist hjá þeim sem engar tekjur hafa vegna atvinnuleysis og vegna þeirrar stefnu sem núv. ríkisstjórn hefur framfylgt og það held ég að við hæstv. fjmrh. hljótum að vera sammála um. Ráðstöfunartekjur geta ekki aukist hjá þeim sem engar tekjur hafa.

[17:19]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegur forseti. Það er alltaf jafnmerkilegt að hlusta á umræður um skattamál, sérstaklega þegar hæstv. fjmrh. fer í stólinn og hefur upp sína þulu sem við höfum heyrt margoft um það að skattar hafi ekki hækkað á þessu kjörtímabili.

Ég hef ekki fyrir framan mig neinn samanburð við fyrra kjörtímabil og það er auðvitað rétt sem fram kom hjá hæstv. fjmrh. að kaupmáttur dróst saman á síðasta kjörtímabili. En málið er það að hann hefur bara haldið áfram að dragast saman á þessu kjörtímabili. Í spá Þjóðhagsstofnunar fyrir næsta ár er því spáð að kaupmáttur haldi áfram að dragast saman. Þannig að sá

vandi sem við stöndum frammi fyrir er langvarandi samdráttur eins og hæstv. fjmrh. veit og skilur og viðurkennir. Langvarandi samdráttur. Það er talað um sjö ára samdráttartímabil. Þetta safnast auðvitað saman í sífellt erfiðari kjörum launafólks. Sú ríkisstjórn sem nú situr hefur alls ekki bætt þar um, alls ekki. Hún hefur hækkað skatthlutfallið, hún hefur komið á þjónustugjöldum sem þeir taka aldrei með. Þeir taka þjónustugjöldin aldrei inn í dæmið þegar þeir eru að bera saman skattaálögur á þessu kjörtímabili og því síðasta, hvað þá skólagjöld og annað sem fólk hefur orðið að taka á sig.

Við verðum því að horfa á þessa þróun í heild og það skiptir engu máli hvort það var þessi ríkisstjórn eða sú síðasta sem dró kaupmáttinn saman einu prósentinu meira eða minna. Staðreyndin er sú að við stöndum frammi fyrir mjög erfiðu ástandi launafólks sem m.a. kemur fram í ólgu á vinnumarkaðnum og verkföllum sem nú standa yfir.

Við stöndum frammi fyrir því að sveitarfélögin í landinu þurfa að veita sífellt meira fé til félagslegrar aðstoðar. Vanskil eru að aukast í húsbréfakerfinu, hjá félagslega húsnæðiskerfinu og í bönkunum og þetta er vandamál sem við þurfum að horfast í augu við. Ekki að vera í sífelldum samanburði um eitt eða hálft prósent meira eða minna, það er ekki málið, heldur það hvernig á að taka á þessum vanda og það er staðreynd sem hér kom fram hjá síðasta ræðumanni að Sjálfstfl. hefur ekki staðið við þau loforð sín að lækka skatta. Það er ósköp einfalt mál. Lái honum hver sem vill, það hefur ekki verið hér það ástand að það hafi boðið upp á skattalækkanir, ég verð nú bara að segja það. Hins vegar hefur ekki verið farin réttlát leið. Það hefur ekki verið réttlát sú leið að velta sköttum af fyrirtækjum yfir á almenning í landinu. En það voru að vísu flestir sem litu þannig á fyrir síðustu kosningar að það yrði unnt að hækka persónuafslátt og lækka skattleysismörk. Að mínum dómi þá hefði átt að gera það og fara þá leið að hækka skatta á hálaunafólki og að koma á fjármagnstekjuskatti sem þessi ríkisstjórn hefur frestað ár eftir ár og er enn að fresta. Þannig að menn verða nú bara að horfast í augu við þann veruleika.

Hér er eitt frv. til umræðu sem að mínum dómi horfir nú frekar í réttlætisátt. Það var mikið upphlaup út af skattamálum barna á sínum tíma og fjmrh. fékk blóðugar skammir fyrir það að ætla að fara að framfylgja lögum. Í þeirri umræðu sagði ég og segi enn að það sem skiptir mestu máli er að allir sitji við sama borð, að það gildi sama reglan um öll börn. Ég benti einmitt á þessa leið í umræðunni að einfaldlega heimila það að börn og unglingar hafi tekjur upp að einhverju vissu marki. Hvort þessar 75 þús. kr., sem hér er stungið upp á, er rétt tala eða ekki, það er auðvitað erfitt að átta sig á því. Maður þarf að hafa eitthvert yfirlit um tekjuöflun barna og unglinga til að átta sig á því. Ég held að það hafi komið fram í umræðunni þá hverjar eru meðaltekjur barna undir 16 ára aldri. Það verður að segjast eins og er að tekjutap ríkissjóðs af þessum sökum er eiginlega ótrúlega mikið. Ég hefði nú ekki ímyndað mér að þetta væri svona mikið, 30 millj. kr. áætla þeir hér í frv. Þetta er drjúgt og vekur auðvitað upp spurningar um vinnu barna.

Ég get ekki alveg tekið undir það sjónarmið sem hér kom fram í umræðunni um daginn að þessi mikla vinna barna og unglinga hér sé eitthvert himneskt uppeldistæki sem beri að varðveita. Það hefur verið bent á það að við göngum of langt í því að leyfa það að börn vinni og þau byrja ótrúlega ung að vinna fyrir sér. Ég get nefnt að ég þekki dæmi þess frá þeim tíma þegar ég var kennari í framhaldsskóla að þá voru þess dæmi að foreldrar litu þannig á að 16 ára gömul börn ættu einfaldlega að vinna fyrir skólagöngu sinni vegna þess að þau höfðu unnið á sumrin frá því að þau komust á unglingsár og foreldrar höfðu einfaldlega það sjónarmið að krakkarnir ættu bara að vinna og þau ættu að vinna með skóla. Þetta fannst mér afar sérkennilegt að heyra en þetta eru gömul viðhorf. Það eru ríkjandi hér mjög gamaldags viðhorf gagnvart börnum á margan hátt og þeim er gert að taka meiri ábyrgð í okkar samfélagi en tíðkast yfirleitt annars staðar. Ég held að það væri ástæða til þess að skoða vel hvaða kröfur eru hreinlega gerðar til barna og unglinga þegar vinna á í hlut. Ég er þeirrar skoðunar að það sé mikill kostur á íslensku samfélagi að unglingar kynnist vinnumarkaðnum og ég held að við getum öll litið í eigin barm hvað það varðar, hvað maður öðlaðist dýrmæta reynslu við það að vinna í fiski eða í búðum og á hótelum og allt þetta sem maður var að gera á sumrin. En það verða auðvitað að vera þar ákveðin takmörk á.

Mergurinn málsins er sá, virðulegur forseti, að ég styð þetta frv. Ég held að hér sé verið að fara rétta leið. Ég held að þetta muni einfalda mjög vinnuna varðandi þetta þó ég sjái ekki reyndar alveg fyrir mér hvernig þetta gerist. Tökum sem dæmi útgáfufyrirtækin, við skulum segja dagblað, samt sem áður hlýtur að verða að gera þær kröfur að tekjur barna séu gefnar upp, eða hvað, hæstv. fjmrh.? Það hlýtur að þurfa að gera þessu öllu skil eins og lög gera ráð fyrir. Það hafa blöðin ekki gert.

Þetta frv. kallar auðvitað á breytingar hjá þeim fyrirtækjum sem ráða börn og unglinga til starfa. En mergurinn málsins er sá að hér er verið að taka á þessum vanda og ég held að það sé réttlátt og það auðveldi framkvæmd þessa máls að leyfa þarna skattfrjálsar tekjur og við verðum bara að sjá hvernig þetta gefst.

[17:28]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Forsaga þessa máls í Alþingi og stjórnkerfinu er að mínu mati afar sérstæð. Ég man varla eftir því þau ár sem ég hef setið á þingi að hafa orðið vitni að því að sjá tvo jafnreynda þingmenn, sem báðir hafa gegnt fjármálaráðherraembættum, hlaupa eins illa á sig í einu máli og einni umræðu og hæstv. núv. fjmrh. og hv. 8. þm. Reykn., Ólaf Ragnar Grímsson, þegar þetta mál var tekið upp að frumkvæði hæstv. fjmrh. utan dagskrár fyrir nokkrum vikum. Ég verð að segja að ég skildi hvorki upp né niður um hvað málið snerist þá. Eins og ég sagði í þeirri umræðu þá lá þetta mál kristaltært fyrir. Allar tekjur barna

16 ára og yngri eru samkvæmt lögum í dag skattskyldar, eiga að bera 4% til ríkisins og 2% til sveitarfélaga. Þetta lá allt fyrir. Og ég sagði þá í þeirri umræðu líka að ef menn ætluðu að gera einhverjar breytingar á þessu þá væri ekki hægt að gera það öðruvísi en vera með eitthvert frítekjumark sem gengi yfir alla línuna. Það var náttúrlega fáránlegt að vera að einangra þessa umræðu við tekjur af blaðsölu. Það hefur og komið á daginn að þetta var eina leiðin sem hægt var að fara í þessu.

Ég tek undir með hv. þm. Finni Ingólfssyni að eins og þetta mál hefur þróast þá styð ég þetta frv. Það er svo aftur annað mál að mér finnst margt benda til þess að það hefði verið ástæða til að hafa þessi mál óbreytt og ég tel að það hafi ákveðið uppeldislegt gildi að börn 16 ára og yngri greiði lága prósentutölu af sínum tekjum í skatt til ríkisins.

En eins og þetta mál hefur þróast og eins og þessi umræða fór öll úr böndunum þá er sjálfsagt eina leiðin til að afgreiða þetta mál í þessu formi. Því málið sneri þannig að meira að segja hæstv. forsrh. sem hæstv. fjmrh. kallaði — hann talaði um suma hér áðan. Að sumir hefðu álitið að fjmrh. gæti ráðið þessu með tilskipunum. Það fór ekkert milli mála hverjir þessir sumir voru. „Sumir" voru hæstv. forsrh. sem gaf út tilskipun í sjónvarpi þess efnis að hæstv. fjmrh. skyldi sjá til þess að blaðsölubörn yrðu ekki skattlögð. Vitnaði þar í hliðstæð ummæli fyrir 20 árum síðan frá Bjarna heitnum Benediktssyni en opinberaði um leið vankunnáttu sína því hæstv. forsrh. virðist ekki hafa vitað að frá því að Bjarni heitinn Benediktsson gaf út sína tilskipun þá hafði sú breyting orðið að á þeim tíma áttu samkvæmt lögum tekjur barna að leggjast við tekjur foreldra og skattleggjast sem slíkar. En eins og hér hefur komið fram þá hefur þessi 6%-regla verið í gildi frá 1980. Það er með ólíkindum hvað sumir sluppu vel frá þessari yfirlýsingu. Kannski að hluta til vegna þess að fjölmiðlar höfðu ekki áhuga á þessu því þáttur fjölmiðla og sérstaklega DV í þessu máli er afar sérstæður. Því blaði ferst nú að mínu mati ekki vel að vera með siðferðispredikanir eftir þá umfjöllun þar sem blaðinu var beitt dag eftir dag af fullum þunga í þágu þrengstu eiginhagsmuna blaðsins því blaðið hafði árum saman farið fram hjá lögum og reglum og ekki gefið þessar tekjur upp. Það gilti einu hvort það voru blaðsölubörn, fullorðnir eða umboðsaðilar. Þannig að að mínu mati var margt afar sérstakt í þessari umræðu og kannski sérstaklega þáttur þessa fjölmiðils. Morgunblaðið sá þó sóma sinn í því að fara ekki offari í málinu.

Þannig kemur þetta mál nú fyrir frá mínum bæjardyrum séð. Og eins og ég sagði í upphafi míns máls þá styð ég það að þetta verði afgreitt þó svo að ég hefði séð fyrir því full rök að þetta hefði verið látið liggja óhreift. En forsaga málsins er sjálfsagt þannig. Það eru margir búnir að taka stórt upp í sig, m.a. hæstv. forsrh., og ég býst við að hæstv. fjmrh. vilji hlífa honum við rassskelli í málinu. Það að leggja á þessa lágu skattprósentutölu sem væri þá á allar tekjur barna hefur væntanlega átt að þjóna þeim tilgangi að gera þetta kerfi einfalt. Það væri lág skattprósentutala sem gengi yfir alla línuna. Það var í sjálfu sér ekkert í þessu sem kemur þeim á óvart, alla vega úti um land, sem hafa staðið fyrir einhverjum rekstri og staðið fyrir því að draga samviskusamlega þennan 6% skatt af tekjum barna.

Hæstv. fjmrh. var síðan hér með eilítinn talnaleik um skattastefnu þessarar ríkisstjórnar. Það má margt segja um hana og það hef ég gert fyrr í dag. Staðreyndir málsins eru náttúrlega þær að þegar þessi ríkisstjórn tók við þá var skattahlutfall í staðgreiðslu 39,79% en er nú 41,84%. Hæstv. fjmrh. sagði að það væri fyrst og fremst hækkun á útsvarinu. Það er að nokkru leyti rétt en breytingin á skatthlutfalli í staðgreiðslu, þ.e. tekjuskatturinn, er það að það hefur farið úr 32,8% upp í 33,15% þannig að það hefur vissulega orðið hækkun þar líka.

En það sem er alvarlegast í skattastefnu núv. ríkisstjórnar er að framkvæmdin hefur einkennst af því eins og ég sagði hér í dag að plokka fleiri og fleiri göt á þá flík. Síðan er tveim árum seinna komið með bót til að setja yfir gatið svo ég taki nú bara dæmið um breytinguna á afslætti vegna hlutafjárkaupa þar sem nú er verið að koma til þess að laga það gat sem sett var á fyrir tveim árum síðan. Það er þetta sem er það alvarlega. Og það er búið að hræra svoleiðis í vaxtabótum og barnabótunum án nokkurra markmiða að við erum komin með það eins og ég sagði hér í dag að jaðarskattar á til þess að gera lágar tekjur, alls ekki háar tekjur, eru komnir upp í 70%. Þetta er hrein ávísun á svarta atvinnustarfsemi. Þannig mætti telja fleiri þætti í skattastefnu þessarar ríkisstjórnar. Á þessa flík er búið að rífa gat eftir gat og í sumum tilfellum settar á bætur aftur og í einhverjum tilfellum bót á bót ofan. Ég endurtek því og ítreka það sem ég sagði í ræðu minni í dag að það hlýtur að vera verkefni nýrrar ríkisstjórnar að fara yfir skattastefnuna alveg frá grunni með það að markmiði að koma á skattakerfi sem sé til þess að gera einfalt og skilvirkt en þjóni samt tekjujafnandi hlutverki en það verði ekki haldið áfram þá leið að koma með breytingar að því er manni finnst stundum aðeins breytinganna vegna án þess að nokkur markviss stefna sé á því. Skýrt dæmi um það er samkomulag stjórnarflokkanna frá síðustu viku um afnám hins svokallaða ekknaskatts. Sú aðgerð ein og sér og ekki í samhengi við aðrar breytingar á skattlagningu eignatekna er algjörlega út úr kortinu. Við framsóknarmenn bentum á það á síðasta ári að það væri eðlilegt að gera þetta í tengslum við það að breikka eignarskattsstofninn, taka fjármagnseignirnar inn, hækka frítekjumarkið á hjón um eina milljón og afnema ekknaskattinn. Þá væri orðið um að ræða heildstæða aðgerð sem getur staðið sem slík og þar sem einn liður styður við annan en ekki eins og nú er gert að afnema eingöngu hærra þrepið og ekkert komi annað í staðinn.

Virðulegur forseti. Ég hef farið nokkrum orðum um þetta frv. sem liggur fyrir. Sömuleiðis nokkrum almennum orðum um skattastefnu þessarar ríkisstjórnar sem, eins og menn sjálfsagt skilja á mínum orðum, mér

finnst ekki burðug.

En það vakti athygli þegar þessi mál voru lögð fram að þetta mál um skatt af tekjum barna var lagt fram sem sérstakt frv., ekki með öðrum breytingum á skattkerfinu sem hér voru lagðar til. Ekki veit ég hvernig á að túlka þetta, hvort það ber að túlka þetta þannig að fjmrh. sé ekkert ósárt um þótt þetta litla mál liggi eftir þegar verið er að afgreiða skattamálin að öðru leyti.

[17:40]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég á frekar von á því að maður muni kannski styðja þetta frv. en ég verð að segja það að ég geri það ekki með neinni sérstakri ánægju. Ég tel að það þurfi að taka öðruvísi á þessu en gert er með þessu frv. Það er verið að viðurkenna það að persónuafsláttur barna og unglinga verði 6.250 kr. á mánuði. Það er allt og sumt. Ég er einn af þeim sem held því fram að persónuafsláttur fjölskyldna þurfi að koma til. Það þurfi að viðurkenna þörf fjölskyldnanna fyrir tekjur og þess vegna ættu auðvitað foreldrar eða forráðamenn barna að hafa leyfi til að nýta sér persónuafslátt þeirra í fjölskyldunni sem ekki hafa tekjur. Þannig ætti að vera hægt að tryggja fjölskyldum tekjur. Við getum bara séð það að eins og þetta hefur verið í framkvæmdinni þá er aðili sem er svo tekjulágur að hann borgar enga skatta og á kannski börn sem eru að reyna að hafa einhverjar tekjur til að vinna sér inn fyrir vasapeningum þá hafa börnin þurft að borga af þessum krónum skatt til ríkisins. Það er auðvitað í hæsta máta óeðlilegt og þetta skref er þó til bóta það sem það er. Vegna þess að ég sé ekki að það verði önnur skref tekin á næstunni þá held ég að það sé rétt að þessi breyting nái fram að ganga.

En ég tek undir að aðdragandi málsins er mjög sérkennilegur og hæstv. fjmrh. hefur nátturlega orðið fyrir verulegum skakkaföllum í meðferð þessa máls. Hann hljóp til, sem var einsdæmi hér í hv. Alþingi, og fór með mál sitt fram utan dagskrár hér til að vekja athygli á því að nú yrði að fara að innheimta skatt af börnum sem fyrirrennari hans hefði svikist um að skattleggja. En hann var hinn kotrosknasti og taldi sig hafa gefið einhver fyrirmæli um að það skyldi ekki elta uppi blaðsölubörn með skattheimtu. Ég verð nú að segja það alveg eins og er þó hæstv. fjmrh. hafi sagt það að engin fyrirmæli hafi verið gefin um að innheimta ekki skatta af blaðsölubörnum þá verður mér á að spyrja: Hver bar þá ábyrgð á því að þetta skyldi ekki verða innheimt? Er einhver í embættismannakerfinu sem treystir sér til að taka á sig þá ábyrgð að ekki hafi verið fylgt eftir þessum lögum? Ég hef ekki trú á því. Ég held þvert á móti að það hljóti að vera þannig að þetta hafi verið rætt meðal embættismanna og í ráðuneytinu hvernig að þessum hlutum væri staðið því það var búið að kæra svona mál og ræða það í ráðuneytinu þannig að einhverjir aðilar í ráðuneytinu hljóta að hafa borið ábyrgð á því að þetta mál var látið liggja.

Mér finnst síðan, hæstv. forseti, bölvað að það skuli hafa dottið svona botninn úr umræðunni um það mál sem var hér til umræðu á undan því að ég teldi að samkvæmt venju þá fengju menn tækifæri til að hlusta á útskýringar hæstv. fjmrh. og það mundi þá gefa tilefni til þess að gera athugasemdir og umræðan mundi þá lengjast og hefjast aftur því það er ýmislegt sem ég held að hefði getað skýrst betur.

Ég hafði t.d. haft í huga að bera upp spurningu til hæstv. fjmrh. eftir að ég væri búinn að heyra hvaða útskýringar hann gæfi á þeim spurningum sem til hans voru upp bornar í umræðunni áðan. En þetta þýðir að umræðan við aðra umræðu hlýtur að lengjast. Það þýðir líka að möguleikar á að ræða um breytingar á þessu frv. verða nú ekki miklir. Það finnst mér miður.

Um skattastefnu þessarar ríkisstjórnar vil ég segja það úr því að hæstv. ráðherra er nú farinn að gera tilraunir til þess, eins og hann hefur reyndar áður gert, að halda því fram að ríkisstjórnin hafi lækkað skatta í landinu að það er auðvitað hið mesta öfugmæli. Hún hefur hækkað skatta í landinu, það er ekki vafi. Því að skattbyrði einstaklinganna í landinu hefur ekkert lækkað í heildina séð. Þeir hafa breyst, það eru aðrir skattar sem eru innheimtir. Það er t.d. hærri skattur á húshitun. Ég nefni það bara sem dæmi og ætla ekkert að fara út í að nefna hér mörg dæmi. Ég held að skatturinn á húshitun sé út af fyrir sig ágætasta dæmi um skattastefnu þessarar ríkisstjórnar sem setti það í sitt plagg, hvítu bókina, að það ætti að greiða niður húshitun og lækka kostnað af húshitun á landsbyggðinni. Niðurstaðan er núll. Það hefur ekkert lækkað kostnaður fólks af húshitun á landsbyggðinni frá því þessi ríkisstjórn tók við á frá árinu 1991 til að verða 1995, nákvæmlega ekki neitt. En ráðherrarnir hæla sér af því að hafa hækkað framlögin um 80% og skyldi einhverjum þakkað það. Það var settur 14% virðisaukaskattur á húshitun og ríkissjóður tekur inn tekjur að húshitun í landinu að upphæð sem ég hef ekki hér milli handanna en ég veit að virðisaukaskattur bara af hitaveitunum, og þá er ég ekki að tala um virðisaukaskatt af rafkyntu svæðunum, er a.m.k. 750 millj. kr. á ári. Einhver hundruð milljóna bætast síðan við í tekjum sem ríkið fær af sölu raforku til húshitunar og öllum raforkugeiranum. Þannig hefur sú aðgerð ríkisstjórnarinnar að setja virðisaukaskatt á húshitun í landinu gefið ríkissjóði áreiðanlega helmingi hærri upphæð á ári en sett er í niðurgreiðslur á húskyndingu. Þetta er nú afrekið í því að jafna húshitunarkostnað í landinu og hluti af skattastefnu hæstv. ríkisstjórnar. En ég held að úr því að svona fór og þessi umræða lognaðist út af með þessum sviplega hætti, hæstv. forseti, þá sé kannski ekki mikið við því að gera enda flestir þingmenn horfnir á braut, þeir hafa ekki talið ástæðu til þess að sitja yfir þessum barnaskap sem hér er verið að leggja til að verði lögleiddur. Ég satt að segja get svo sem ekki áfellst menn fyrir það að vilja ekki sitja yfir honum. En ég tel að það hefði verið töluvert til bóta ef við hefðum nú fengið að klára umræðuna í dag.

[17:48]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil taka það fram að þegar tal-

að er um skattareikning þessarar ríkisstjórnar og hann borinn saman við skattareikning fyrri ríkisstjórnar þá er að sjálfsögðu meðtalinn virðisaukaskattur á húshitun í þeim reikningi. Það kemur í ljós að skattar þegar allt er saman lagt á ársgrunni hafa lækkað í tíð þessarar ríkisstjórnar. (**JÁ:** Bæði hjá sveitarfélögum og ríkinu?) Hjá ríkinu, ég er að tala um ríkissjóð í þessu sambandi, um sjálfsagt eitthvað tæplega milljarð, einhvers staðar um milljarð. Það er hins vegar ljóst að það eru álögur á almenning upp á 1 milljarð kr. en á fyrirtækjum hafa skattar lækkað um 2 milljarða kr. Til samanburðar þá hækkuðu skattar í tíð fyrri ríkisstjórnar á sama grunni, nákvæmlega eins reiknað á ársgrunni, um líklega 11 milljarða kr., þar af um 9 milljarða kr. á einstaklinga, 2 milljarða kr. á fyrirtæki. Þessi gögn eru fyrirliggjandi í hv. efh.- og viðskn. Svo finnst mér það nú eftir öðru þegar hv. þm. kemur hér upp og talar um þetta frv. sem við erum að ræða hér með þeim endemum að hann segir að nú séum við að lögleiða barnaskatta. Rétt eins og það hafi farið fram hjá honum að það sem hér er að gerast er einfaldlega það að það er verið að breyta lögum á þann veg að fyrstu 75 þús. kr. sem börnin og ungmennin vinna sér inn verða skattlausar. Það er eina breytingin sem verið er að gera á þessum lögum. Eins og margoft hefur komið fram þá eru í gildi lög og hafa verið í gildi frá 1978 þess efnis að börn og ungmenni skyldu borga skatta af þeim krónum sem þetta fólk vinnur sér inn. Þannig að það er ekki verið að gera neina breytingu aðra en þá að létta sköttum af þessu fólki upp að 75 þús. kr. á ári.

[17:50]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að það hafi komið alveg skýrt fram í mínu máli bæði að ég ætla að styðja þetta frv. og að þetta væri í sjálfu sér ekki nýtt að taka skatta af börnum og ungmennum. Auðvitað er þetta til bóta, ég sagði það líka áðan og get endurtekið það, það er til bóta að gera þetta svona en ég tel að það eigi að gera þessa hluti öðruvísi. Ég lýsti því hér áðan og ætla ekki að endurtaka það. En hins vegar vegna skattalækkunartalsins hjá hæstv. ráðherra þá held ég að það verði að muna eftir því að aðstöðugjaldið var lagt niður. Það var nú eitthvað í kringum 3–4 milljarða kr. sem þurfti að hækka útsvarið hjá sveitarfélögunum til að koma á móti þessu aðstöðugjaldi sem var lagt niður. Þannig að ef það er tekið með í dæmið þá er farið meira út heldur en hæstv. ráðherra var að tala um að hefði verið lækkað hjá ríkinu. Og hið opinbera sem heild hlýtur að koma út með verulega skattahækkun á þessu kjörtímabili. Það er vegna ákvarðana ríkisvaldsins. Það er engin spurning um að það er vegna ákvarðana ríkisvaldsins sem þessar álöguhækkanir hafa orðið. Mér finnst ekki ástæða til að þræta um þá hluti. Og ég geri ráð fyrir að það séu alveg réttar tölur sem hæstv. ráðherra var að nefna hér í sambandi við hækkun á sköttum í tíð fyrri stjórnar. En mér heyrðist nú í aðdraganda síðustu kosninga að a.m.k. sjálfstæðismenn þeir sem ég heyrði í hefðu talið að þar væri allt of langt gengið og það þyrfti nú að snúa við á þessari óheillabraut með skattahækkanir en almennar hækkanir álaga á þessu kjörtímabili eru greinilega verulega miklar og ég held að það þurfi ekki út af fyrir sig að þræta um þá hluti.

[17:52]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þegar rætt er um skattbreytingar þá er ávallt erfitt um samanburð. En ég vil aðeins ítreka að þegar við tökum ríkissjóðsskatta, skatta sem fólk og fyrirtæki borga til ríkissjóðs, þá stendur það sem ég segi að á kjörtímabilinu, ef við lítum á árið 1991 annars vegar og 1995 hins vegar, nú sjáum við nokkuð vel hvaða breytingar verða gerðar á sköttum á þessu tímabili, þá munu skatttekjur ríkisins mældar með nákvæmlega sama hætti, þ.e. á ársgrundvelli, lækka. En það er rétt að þær lækka um 2 milljarða á fyrirtækjum en hækka á einstaklinga um það bil um 1 milljarð svona nokkurn veginn. Það er auðvitað stundum erfitt að greina á milli.

Ég mótmæli því svo hins vegar að ríkið beri ábyrgð á því að skattar hjá sveitarfélögunum hafa hækkað einfaldlega vegna þess að það er ekki af ríkisins völdum sem útsvar hefur hækkað umfram þá lækkun sem varð eða niðurfellingu á aðstöðugjaldinu. Það eru önnur sjónarmið sem hafa ráðið því hjá sumum sveitarfélögum að þau hafa kosið að nýta útsvarið meira en áður hefur verið gert. Og nýtt holræsagjald í Reykjavík er ekkert vegna aðgerða ríkisstjórnarinnar. Það er mikill misskilningur. Það er sérstök ákvörðun sem er tekin af borgarstjórninni í Reykjavík vegna framkvæmda sem eiga sér stað í Reykjavík og hafa ekkert með ríkisstjórnina að gera. (Gripið fram í.)

[17:54]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta síðasta sem hæstv. ráðherra sagði var mjög merkilegt. Það er eins og hann hafi ekki áttað sig á því að ákvarðanir ríkisstjórnarinnar hafa skert tekjur Reykjavíkurborgar gífurlega mikið. Aðstöðugjaldið kom hvergi verr við nokkurn aðila annan en borgarsjóð í Reykjavík. Hæstv. fjmrh. hlýtur nú að muna eftir því og skyldi nú ekki virðisaukaskatturinn af húshitun líka koma dálítið við Reykvíkinga? Nákvæmlega þessi tvö atriði hljóta að hafa komið verst niður á Reykvíkingum af öllum, einfaldlega vegna þess að þeir fá ekki að njóta neinna niðurgreiðslna hvað varðar húshitun. Ég er ekki að segja að það hafi þurft á því að halda en ég vil að menn hafi hlutina rétta þegar verið er að tala um þetta.

Mig langar í framhaldi af því sem hæstv. ráðherra var að tala um og kallar skattalækkanir þegar flutt eru gjöld til sveitarfélaganna vegna þess að það eru lögð niður gjöld — ríkið stendur fyrir að leggja niður aðstöðugjaldið. Ætla menn virkilega að halda því fram að það séu skattalækkanir ef grunnskólinn verður fluttur yfir á sveitarfélögin og þar með þarf að hækka skatta hjá sveitarfélögunum um 5 milljarða? Það eru líka af ýmsum ástæðum hækkanir hjá sveitarfélögunum og hæstv. ráðherra verður að viðurkenna það vegna ríkisstjórnarinnar. Hefur ekki ríkisstjórnin verið að beina

þeim tilmælum til sveitarfélaganna að gera atvinnuátök? Setja peninga í atvinnulífið og annað því um líkt og sveitarfélögin hafa brugðist við því og allt er þetta eðlilegt. En hæstv. ráðherra getur ekki komið í ræðustól og haldið því fram að ákvarðanir ríkisstjórnarinnar hafi ekkert að gera með hækkanir á sköttum sveitarfélaganna.

Umræðu (atkvgr.) frestað.

Útbýting þingskjals:
Stjórnarskipunarlög, 297. mál, frv. GHH o.fl., þskj. 389.

Fundi slitið kl. 17:56.

---

60. FUNDUR

föstudaginn 16. des.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Kosning sérnefndar um stjórnarskrármál.
2. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 290. mál, þskj. 363. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 282. mál, þskj. 349. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Listmenntun á háskólastigi, stjfrv., 277. mál, þskj. 334. — 1. umr.
5. Hópuppsagnir, stjfrv., 124. mál, þskj. 129. — 3. umr.
6. Heilbrigðisþjónusta, frv., 280. mál, þskj. 347. — 2. umr.
7. Vátryggingastarfsemi, frv., 298. mál, þskj. 390. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
8. Lífræn landbúnaðarframleiðsla, stjfrv., 281. mál, þskj. 348. — 1. umr.
9. Hollustuhættir og heilbrigðiseftirlit, stjfrv., 293. mál, þskj. 385. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
10. Alþjóðasamningar um varnir gegn mengun sjávar og Siglingamálastofnun ríkisins, stjfrv., 294. mál, þskj. 386. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

Fjarvistarleyfi:
Jóhann Einvarðsson, 7. þm. Reykn.,
Kristinn H. Gunnarsson, 5. þm. Vestf.

Útbýting þingskjala:
Tjáningarfrelsi, 295. mál, þáltill. SvG o.fl., þskj. 387.
Viðmiðun lágmarkslauna, 296. mál, þáltill. KS o.fl., þskj. 388.

Umræður utan dagskrár.
Flugsamgöngur til Sauðárkróks og Siglufjarðar.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):
Nú fer fram utandagskrárumræða. Málshefjandi er hv. þm. Ragnar Arnalds og beinir hann máli sínu til hæstv. samgrh. Umræðan fer fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa, hálftíma umræða. Efni umræðunnar er flugsamgöngur til Sauðárkróks og Siglufjarðar.

[10:35]

Ragnar Arnalds:
Virðulegi forseti. Ég hef óskað eftir því að fá að ræða utan dagskrár við hæstv. samgrh. í tilefni af því að Íslandsflug, sem haldið hefur uppi áætlunarflugi milli Siglufjarðar og Reykjavíkur nú um skeið, hefur boðað að Siglufjarðarflugi verði hætt um næstu áramót þar sem flugleiðin sé rekin með tapi. Jafnframt hefur Íslandsflug sett fram þrjá kosti til úrbóta.

Í fyrsta lagi er sá möguleiki nefndur að félagið fengi leyfi til millilendinga á Sauðárkróki til að taka farþega og vörur en Flugleiðir hafa nú sérleyfi til flugs á Sauðárkrók og gildir það til 1997.

Í öðru lagi er sá möguleiki nefndur að Íslandsflug fengi hlutdeild í farþegaflutningum milli Reykjavíkur og Akureyrar á leið sinni til og frá Siglufirði. Flugleiðir hafa eitt félaga leyfi á Akureyrarleiðinni en þó ekki sérleyfi. En ráðherra mun vera heimilt að veita öðrum flugfélögum 15% hlutdeild í áætluðum flutningum milli Reykjavíkur og Akureyrar frá næstu áramótum.

Þriðji kosturinn er sá að opinberir aðilar veittu Íslandsflugi styrk til Siglufjarðarflugs en það skal tekið fram að bæjaryfirvöld á Siglufirði hafa ekki reynst reiðubúin til styrkveitinga í þessu skyni.

Fyrsti kosturinn, sem hér var nefndur, er að minni hyggju tvímælalaust ákjósanlegastur. Flugfélag Norðurlands hefur annast flug milli Siglufjarðar og Akureyrar og því þarf að sjálfsögðu að halda áfram. En leiðin yfir Skagafjörð til Reykjavíkur er verulega miklu styttri og öruggari og liggur beinlínis yfir Sauðárkróksflugvöll. Við þetta bætist svo hitt að bæjarstjórn Sauðárkróks og ferðamálasamtök svæðisins hafa eindregið óskað eftir því að flugleiðin milli Sauðárkróks og Reykjavíkur verði opnuð öðrum flugfélögum og styðja því ósk Íslandsflugs mjög eindregið.

Skagfirðingar hafa vaxandi áhyggjur af þróun Sauðárkróksflugs en þangað er nú flogið átta sinnum í viku, þar af sjö sinnum með viðkomu á Húsavík í annarri ferðinni en það hentar farþegum mjög illa og lengir ferðalagið verulega. Auk þess er aðeins flogið tvívegis í viku hverri tvisvar á dag sem kemur sér afar illa fyrir þá sem ekki geta verið nema einn dag í burtu. Því er það staðreynd að flugferðum til Sauðárkróks hefur farið fækkandi á seinni árum og nýlega lét forstjóri Flugleiða í ljós þá skoðun sína að óvíst væri um áframhald flugs til Sauðárkróks þegar göng undir Hvalfjörð hefðu verið grafin. Ef Sauðárkróksflugið er ekki látið drabbast niður hægt og þétt á næstu árum heldur þvert á móti endurskipulagt í tengslum við Siglufjarð-

arflug er enginn vafi á að þessi flugleið á mikla framtíð fyrir sér þrátt fyrir að þjóðvegurinn norður í land kunni brátt að styttast.

Vandinn í Sauðárkróksfluginu er bersýnilega sá að Fokkervélar Flugleiða eru of stórar og dýrar í rekstri fyrir það flug en með minni vélum mætti vafalaust auka flugtíðnina og þar með farþegafjöldann. Sameining áætlunarflugs til Sauðárkróks og Siglufjarðar mundi síðan stórauka hagkvæmni í rekstri þessara flugleiða.

Sá kostur að opna flugleiðina til Akureyrar um næstu áramót fyrir allt að 15% farþegafjöldans hlýtur vissulega að koma einnig til álita enda er það ljóst að 1997 verður innanlandsflug orðið frjálst á þeim áætlunarleiðum sem hafa fleiri en 30 þúsund farþega. Fyrir Siglfirðinga og Skagfirðinga er þó fyrri leiðin ákjósanlegri. Ég vil því spyrja hæstv. ráðherra um það hvort ekki komi til greina að hann óski eftir sérstökum viðræðum við Flugleiðir hf. um þetta mál í heild sinni. Öllum er ljóst að Flugleiðir hafa sérleyfi á Sauðárkróksflugi til ársloka 1997 en það sérleyfi verður að skoða í ljósi breyttra aðstæðna og í máli þessu verður að leita samkomulags en til þess þarf frumkvæði ráðherra. Að því leyti er samningsstaða ráðherrans gagnvart Flugleiðum svo sterk að líklegt er að Flugleiðir vilji frekar slá af kröfum sínum til Sauðárkróksflugs en sæta samkeppni á Akureyrarleiðinni frá næstu áramótum.

Kjarni málsins er sem sagt sá að vanda ber að höndum í flugmálum Siglfirðinga, breyttar aðstæður kalla á breytt skipulag í flugi til Sauðárkróks og Siglufjarðar og þar þarf að hafa hagsmuni fólksins, hagsmuni farþeganna, efst í huga og þá að sjálfsögðu byggðanna sem þarna eiga í hlut.

[10:40]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Það vekur ekki undrun eða er kannski ekki óeðlilegt að efnt sé til umræðu utan dagskrár um þetta efni. Það liggur fyrir að Íslandsflug hefur skrifað samgrn. bréf þar sem það lýsir áhyggjum sínum yfir því hvort félagið treystir sér til að halda áfram áætlunarflugi milli Reykjavíkur og Siglufjarðar. Það liggur ekki fyrir á þessari stundu hvort til þess komi en það er rétt að Íslandsflug hefur skrifað samgrn. bréf þar sem farið er fram á að fá styrk til flugsins annars vegar, ella að fá heimild til að millilenda á Sauðárkróki.

Nú er það svo þegar Flugleiðir endurnýjuðu flugvélar sínar fyrir fjórum árum að það voru skrif milli fyrrv. samgrh. Steingríms Sigfússonar og Flugleiða þar sem Flugleiðir spurðust fyrir um hvaða tryggingu þær hefðu fyrir þeim leiðum sem Flugleiðir höfðu þá sérleyfi á og fékk frá samgrh. Steingrími Sigfússyni mjög skýr svör um það að ráðuneytið mundi að sínu leyti styðja að því að Flugleiðir réðust í þau flugvélakaup. Jafnframt liggur það fyrir eins og hv. þm. er kunnugt að forveri minn, Steingrímur Sigfússon, úthlutaði sérleyfum til flugs á sínum tíma og það hefur ekki verið endurnýjað síðan ég kom í sæti samgrh. enda hafa ekki efni staðið til þess þar sem sérleyfin hafa verið bundin svo að af þeim ástæðum er auðvitað ekki ástæða til þess að taka þessi mál upp.

Í annan stað liggur það fyrir að hinn 1. júlí 1997 verður allt áætlunarflug á Íslandi frjálst hverjum sem er þó að heimild verði til þess að gefa sérleyfi í undantekningartilvikum til jaðarbyggða. Maður getur hugsað sér kannski Árneshrepp, Grímsey eða eitthvað því um líkt í því sambandi. En það er alveg ljóst að flugleiðir eins og Sauðárkrókur, Siglufjörður, Akureyri — svo að þær þrjár séu teknar — yrðu frjálsar.

Það liggur líka alveg ljóst fyrir að eins og nú standa sakir er samgrh. ekki heimilt að veita nýjum flugrekstraraðilum sérleyfi eða einkaleyfi til flugs á ákveðna staði. Þetta er hv. þm. jafnkunnugt og mér og þetta er Íslandsflugi jafnkunnugt og mér þannig að ráð af því tagi eru ekki fyrir hendi. Ef opnað yrði fyrir flugleiðina Sauðárkrókur–Reykjavík og hún gefin frjáls þá geri ég ráð fyrir því að Íslandsflug mundi fúst til þess að segja öðrum sínum sérleiðum lausum, ef til slíks kæmi, eins og Siglufjarðarleiðinni og þá væri auðvitað ekki um það að ræða ef einhverjir fengju á þeirri leið sérstakt flugleyfi.

Þetta er sem sagt kjarni málsins. Flugleiðir hafa sérleyfi á leiðinni Reykjavík-Sauðárkrókur alveg með sama hætti og Flugleiðir hafa sérleyfi til Húsavíkur og með sama hætti og Flugleiðir hafa leiðina milli Reykjavíkur og Akureyrar og ekki undir 90% eins og nú standa sakir er sú skuldbinding sem forveri minn gaf.

Nú er aftur spurningin hvernig fara eigi með hinar smærri leiðir. Ef við horfum til þess að eðlilegt sé að Íslandsflug fái heimild til þess að millilenda á Akureyri eða Sauðárkróki til þess að styrkja sig í sessi er jafnaugljóst að óhjákvæmilegt er að veita Flugfélagi Norðurlands sömu heimildir varðandi Vopnafjörð–Raufarhöfn–Grímsey. Það hefur ekki komið til þess og raunar er ég skuldbundinn að veita slíkt ekki í sambandi við Akureyri. En á hinn bóginn liggur það fyrir að Íslandsflug fékk heimild til millilendingar á Egilsstöðum til að styrkja flugleiðina til Neskaupstaðar.

Ég hef rætt við forsvarsmenn Íslandsflugs. Við munum hittast eftir helgina. Það liggur jafnframt fyrir að það hefur komið upp og hafa verið viðræður milli bæjarstjórnarinnar og Flugfélags Norðurlands og það eru ekki horfur á því að flug til Siglufjarðar leggist niður.

[10:46]

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka þessa umræðu og hún er þörf. Mér er það ljóst eins og sjálfsagt flestum hér inni að hér er um býsna snúið mál að ræða. Það liggur fyrir að tap Flugleiða er á innanlandsfluginu og ég hygg að það sé svo að þeir tapi á nánast öllum leiðum nema þeim fjórum höfuðleiðum sem eru Ísafjörður, Akureyri, Egilsstaðir og Vestmannaeyjar svo að okkur er ljóst að Flugleiðir hljóta að hugsa mjög grannt um það hvernig með þessi mál verður farið.

Ég sé það einnig fyrir mér að umræður þurfa að fara fram og verða að fara fram um uppbyggingu flugflotans, hvernig þessum smærri flugleiðum verður þjónað. Það veldur mér áhyggjum að þjónustu hjá

þessum sérleyfishöfum við fólk sem á þessum stöðum getur verið hagað á þann hátt að sætanýtingin falli mjög niður. Og það sem verst er að mér sýnist við lestur flugmálaáætlunar og þeirrar áætlunar sem nú er á dagskrá í samgrn. í flugmálum vera orðin sú breyting á að menn séu þegar farnir að taka mark á þessu og miða framkvæmdafé til flugvalla við það hvernig sætanýting hefur fallið vegna þess hve þjónustu hefur hrakað við þessa staði. Það er alvara málsins. Umræður verða að fara fram um sérleyfið og þjónustuþáttinn og samgrn. verður að hafa forustu um að sú umræða fari fram. Og slík umræða má alls ekki einskorðast við eitthvert tveggja manna tal hæstv. samgrh. og forstjóra Flugleiða eða Íslandsflugs. Það er auðvitað algerlega út úr kortinu og það hlýtur að vera skýlaus krafa að þeir verði einnig kallaðir til viðræðu um þessi mál sem þurfa að búa við þjónustu þessara aðila. Það er fólkið á landsbyggðinni. Við hljótum að gera þá kröfu að það fái einnig að setjast að því borði þegar um flugrekstrarleyfin verður samið.

[10:48]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég get ekki annað en verið óánægður með svör hæstv. ráðherra. Hér er um mjög mikilvægt byggðamál að ræða og það er að skapast alveg óviðunandi ástand.

Flugleiðir hafa eins og fram hefur komið þjónað Sauðárkróki illa á undanförnum árum og sætanýting þangað hefur dottið niður vegna þess að fólk gerir sér það ekki að góðu að þurfa að taka þennan krók til Húsavíkur. Ég tel að það séu fullkomin efni til þess að afnema einokun Flugleiða á flugi til Sauðárkróks og ég tel að hæstv. samgrh. verði að ganga í málið. Það er hægt að slá tvær flugur í einu höggi. Ég aðhyllist langfrekast fyrsta kostinn af þeim sem Íslandsflug setti fram til úrbóta, þ.e. að heimila þeim að millilenda á Sauðárkróki og taka þar farþega og vörur.

Fyrir nokkrum árum síðan var það skipulag innleitt að Íslandsflug fékk að fljúga líka til Vestmannaeyja og ég veit ekki betur en það skipulag hafi gefist vel og sætanýting batnað. Einokun í sjálfu sér er úrelt og það verður að opna þetta og gefa frjálsræði og það ætti að vera metnaðarmál hinum mikla sjálfstæðismanni, hæstv. samgrh., að beita sér fyrir því. Ástandið er sem sagt óviðunandi. Það er ómögulegt að hafa þessar byggðir í gíslingu Flugleiða og ráðherra verður að beita áhrifum sínum til þess að lagfæra þessi mál.

[10:50]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. frsm. fyrir að hreyfa þessu máli hér. Það liggur fyrir að hæstv. samgrh. hefur heimild til þess að opna flugleiðir upp í 15% og það var 10% um síðustu áramót þannig að hann hefur heimild núna til þess að hafa opnar flugleiðir um 25% af farþegafjölda eða flutningsgetu. Það liggur einnig fyrir og það hefur verið rætt hér einmitt í sambandi við Sauðárkrók og Siglufjörð að þjónustan er ekki nógu góð á Sauðárkróki. Ég get nefnt fleiri dæmi um það og bara úr mínu kjördæmi t.d. Patreksfjörð sem er þjónað jafnvel með millilendingum við Ísafjörð. En aftur á móti á þeim tíma þegar verið var að vinna meira við Patreksfjarðarflugvöll, þá þjónaði Íslandsflug Patreksfirði og fór þá auðvitað miklu fleiri ferðir og jafnframt var miklu meiri sætanýting og farþegafjöldinn jókst held ég um helming við það að Íslandsflug þjónaði þessari leið. Þetta er því líka spurning um hvaða þjónustu á að halda uppi við þessa staði og er það rétt á þessum tímum þegar hæstv. samgrh. og hæstv. ríkisstjórn virðast vera að opna alla skapaða hluti upp á gátt þá skuli vera ríghaldið í þetta einkaleyfi Flugleiða alveg fram að þeim tíma sem það á að falla niður. Það er heimild fyrir því að liðka þetta núna og ég held að hæstv. samgrh. ætti að beita sér fyrir því að gera það og koma þannig til móts við óskir um þá þjónustu sem fólkið er að biðja um.

[10:52]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Vegna þeirrar umræðu sem hér hefur orðið um innanlandsflugsamgöngur og þeirrar stefnumótunar sem ákveðin var í þeim efnum á sínum tíma og hefur nokkuð komið við sögu í þessari umræðu og reyndar umræðum úti í þjóðfélaginu að undanförnu þá vil ég láta það viðhorf mitt koma fram að ég tel mjög sérkennilegt að hæstv. núv. samgrh. skuli ekki hafa staðið við eða framfylgt þeirri stefnu sem mótuð var um að innleiða í áföngum aukið frjálsræði í flugmálum á Íslandi. Það að snúa málinu þannig á haus að segja að hendur núv. hæstv. ráðherra séu bundnar af ákvörðunum forvera hans eins og mér skilst að hæstv. ráðherra hafi borið við er sérkennilegt þegar sá hinn sami núv. samgrh. nýtir ekki nær heimildir til að innleiða aukna samkeppni á mikilvægustu flugleiðum sem eru fólgnar í þeirri stefnumörkun. En það er eins og kunnugt er ákveðið að taka þessi skref eitt í einu inn í aukið frjálsræði í þessum efnum frá þeirri algeru einkaleyfisbindingu sem þar hafði verið og það var byrjað á Vestmannaeyjum. Menn reyndu að skoða niðurstöðuna af því og hvernig það gæfist. Það gafst vel. Þá var opnað fyrir Húsavík til að prófa minni flugleið og ég tel að það hafi einnig gefist vel. Og það eru engar ástæður til þess, það liggja engar ástæður í reynslunni frá Vestmannaeyjum eða Húsavík að mínu mati sem gera það að verkum að ekki sé til að mynda tímabært að opna upp samkeppni á stórri flugleið eins og Akureyri eins og leyfishafinn, Flugleiðir, hefur mátt ganga út frá að yrði gert. Það er því alveg sérstök vernd sem þarna er verið að veita umfram það sem efni standa til.

Ég tel það líka rangt að nota ekki tímann fram til 1997 til að undirbúa frjálsræði sem þá kemur með flugpakka Evrópusambandsins einmitt með því að byrja þessa samkeppni í áföngum á þeim tíma. Og ég tel að það ætti að veita minni flugfélögunum hlutdeild í þessu og undirbúa þar með framtíðina.

[10:55]

Ragnar Arnalds:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. samgrh. fyrir svör hans. Það var út af fyrir sig allt rétt sem fram kom í máli hans áðan um stöðu málsins í heild og þá

sérstaklega það sem hann sagði að allt áætlunarflug verður frjálst orðið árið 1997. En hér hafa fleiri en ég spurt að því hvort ekki sé nú tímabært að hefja undirbúning að þessari þróun með því að taka einhver skref í þá áttina nú þegar. Árin fram til 1997 eru mjög mikilvæg og ef flug á einstökum flugleiðum er látið drabbast niður á næstu árum þá getur orðið mjög erfitt að ná því aftur upp þegar kemur að árinu 1997.

Ég spurði ráðherrann að því hvort ekki yrði um að ræða viðræður við Flugleiðir um þetta mál. Ég heyrði að hann nefndi það og boðaði viðræður við Íslandsflug en ég held að þetta verði að vera miklu víðtækari viðræður og Flugleiðir hljóti að koma inn í þá samningalotu. Og eins og hér var nefnt áðan af hv. 1. þm. Norðurl. v. þá hljóta heimamenn líka að fá að segja sitt um þetta mál.

Ég vek á því athygli að í lögum um loftferðir frá 1964, í 2. mgr. 85. gr., er einmitt gert ráð fyrir því að ríkinu sé áskilin heimild til innlausnar á sérleiðum. Það er auðvitað þannig hugsað að ef aðstæður breytast sé það eðlilegt og sjálfsagt og ég hvet ráðherrann eindregið til að taka þetta mál föstum tökum og endurskoða það með opnu og jákvæðu hugarfari.

[10:57]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Ég er nú svolítið undrandi á því sem hv. þm. sagði síðast um innlausn á sérleyfum og ég hygg að ef rólega yrði farið í það með lögfræðingum þá mundi sú staða sem nú er á Sauðárkróki ekki eiga við í þessum efnum.

Ég vil líka segja við hv. þm. Steingrím Sigfússon að það er auðvitað laukrétt að hann markaði ákveðna stefnu í flugmálum en hún er ekki skuldbindandi fyrir mig. En á hinn bóginn veitti hann sérleyfi til Sauðárkróks meðan hann var samgrh. og í því sérleyfi er ekki gert ráð fyrir því að önnur flugfélög geti komist að fluginu á Sauðárkróki þannig að það átti ekki við um það sem hann sagði almennt um Húsavík, Vestmannaeyjar eða Egilsstaði heldur er sérleyfið þvert á móti bundið við Flugleiðir á Sauðárkróki.

Ég verð líka að láta í ljósi undrun mína yfir því þegar hv. þm. Páll Pétursson segir að nú sé að skapast óviðunandi ástand á þessum flugleiðum. Ég veit ekki betur en búið sé að leggja bundið slitlag á flugvöllinn á Siglufirði en á undanförnum árum hefur það oft raskað flugi að aurbleyta hefur verið á þeim flugvelli þannig að það er alls ekki að skapast óviðunandi ástand. Þvert á móti hefur öll flugaðstaða batnað. Og hið sama vil ég segja við hv. þm. Stefán Guðmundsson þegar hann er að tala um það að við séum núna að leggja drög að því að flug til Sauðárkróks leggist niður. Þvert á móti er gert ráð fyrir því að leggja bundið slitlag á flugvöllinn á Sauðárkróki svo að það er ómögulegt að segja annað en þetta mál sé rekið af miklu kappi hér í þingsölum.

Ég vil að lokum aðeins taka það fram að við erum í viðræðum um þessi mál. Flugleiðir og Íslandsflug hafa verið í viðræðum með Flugfélagi Norðurlands um innanlandsflugið í heild sinni en þær viðræður hafa ekki leitt til neinnar ákveðinnar niðurstöðu.

[10:59]

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Ég hafði nú satt að segja vænst þess að hæstv. samgrh. gæfi úr þessum ræðustól fyrirheit um það sem ég fór fram á og finnst full sanngirni í að heimamenn, þeir sem þjónustunnar njóta, verði einnig kallaðir til þegar þær umræður fara fram sem ég vænti að samgrh. beiti sér fyrir að verði teknar upp. Hann getur ekki einu sinni fallist á slíkt. Þegar samgrh. kemur hér upp til þess að gorta af framkvæmdum við flugvelli og segir svo að það sé eitt að gera á Sauðárkróki, að lengja flugbrautina. Hvers lags málflutningur er þetta? Ég er með afrit af ummælum formanns flugráðs, sem hann viðhafði í útvarpinu fyrir örfáum dögum, og með leyfi, hæstv. forseti, langar mig til þess að lesa það upp. Formaður flugráðs, Hilmar Baldursson, ágætismaður, segir: „Upp á vantar Sauðárkrókur 30 millj. og Húsavík 10 millj." Þá er búið að tala um Egilsstaði.

Það eru bílastæði og lóð á Húsavík. Bundið slitlag sem verður skorið niður á Sauðárkróki, þ.e. fyrirhugað var að fara í 1.600 metra bundið slitlag á Sauðárkróki. Það verður farið niður í 1.200 metra og ýmsar frágangsframkvæmdir verða skildar eftir og bílastæði og lóð á Sauðárkróksflugvelli verða sömuleiðis skilin eftir. Hvers lags málflutningur er þetta, hæstv. ráðherra? Auðvitað er verið að skera stórlega niður framkvæmdafé til þessa flugvallar og það byggist m.a. á því hversu Sauðárkróki hefur verið illa sinnt. Sætanýting hefur hrapað vegna þess. Hvað halda menn að sú breyting Flugleiða kosti að fljúga mestan part og nánast ætíð síðdegis? Íbúar þessa svæðis eru komnir til Reykjavíkur að kvöldi til þess að reka erindi daginn eftir og fara beinustu leið inn á hótel. Hvað er sá aukakostnaður mikill? Auðvitað rýrnar sætanýtingin við þetta, hæstv. ráðherra, Halldór Blöndal.

[11:02]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég sé ekki betur en hæstv. samgrh. sé nú einu sinni en dottinn í hagsmunagæslu fyrir Flugleiðir. Það er óviðunandi ástand ef áætlunarflug leggst af til Siglufjarðar og þá er byggðarlagið meira og minna einangrað. Það er alveg rétt hjá hæstv. samgrh., það er búið að setja ágætt bundið slitlag á völlinn á Siglufirði og þar hefur verið byggð viðunandi flugstöð og það er ákaflega óskynsamlegt að nýta ekki þessi mannvirki. Það er eiginlega hörmulegt að hugsa til þess ef þessi ágætu samgöngumanvirki verða ekki nýtt bara fyrir þvermóðsku í hæstv. ráðherra. Heimamenn eru einhuga um það eftir því sem ég best veit að óska eftir því að Íslandsflug fái að millilenda á Sauðárkróki, þetta mál er svo einfalt. Það gengur náttúrlega ekki að þrjóskast við með þeim hætti sem hæstv. ráðherra hefur gert.

[11:03]

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Inn í þessar umræður um sérleyfi til Siglufjarðar hafa blandast almennar umræður um framkvæmdir í flugmálum. Ég vil nota tækifærið og geta þess að mér finnst það gersamlega óviðunandi og

skökk ráðstöfun eftir það framkvæmdaskeið sem hefur verið í uppbyggingu flugmála undanfarin ár og hófst með flugmálaáætlun á sínum tíma, mörkuðum tekjustofnum, að nú sé tækifærið notað og skorið á framkvæmdir á Norður- og Austurlandi sem eru hálfkaraðar. Ég skil ekki þá ráðstöfun af því að í rauninni vantar herslumuninn í þessum málum til að gera meginflugvelli landsins nokkuð góða. Það hefur verið mikið uppbyggingarskeið í þessum málum þannig að ráðstöfunin, sem birtist á síðustu dögum þingsins í niðurskurði til þessara mála, er algerlega óskiljanleg og ástæðulaus og málinu mundi skipa mjög á veg ef nú yrði haldið áfram og kné látið fylgja kviði í þessum efnum.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):
Fyrst vill forseti geta þess að hálftími er nú liðinn frá því að þessi umræða hófst og er henni nú lokið.

Um fundarstjórn.

Fyrirkomulag utandagskrárumræðu.

[11:05]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):
Hæstv. forseti. Það er mjög sérkennilegt þegar hálftíma umræða er um ákveðið efni eins og í þessu tilviki, flug til Siglufjarðar, að þingmenn skuli standa upp eftir að ráðherra hefur ekki möguleika til andsvara til þess að koma með allt önnur árásarefni og aðfinnsluefni en umræðan snýst um eins og hv. þm. Jón Kristjánsson gerði hér áðan.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):
Ef hæstv. ráðherra var að finna að fundarstjórn forseta hvað þetta varðar þá er það svo að þessi umræða má standa yfir í hálftíma og forseti getur ekki annað en gefið hv. þm. orðið sem biðja um það áður en sá hálftími er liðinn.

Kosning sérnefndar um stjórnarskrármál.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):
Á 53. fundi 9. des. sl. var tveimur málum, 212. og 213. máli, vísað til 2. umr., þ.e. frv. til stjórnarskipunarlaga og frv. til laga um stjórnlagaþing sem mælt var fyrir sameiginlega af flm., hv. 12. þm. Reykv., Jóhönnu Sigurðardóttur. Vísun málanna til nefndar var frestað þar sem 42. gr. þingskapa mælir svo fyrir um að frumvörpum til laga um breytingar á stjórnarskránni skuli vísa til sérnefndar. Það liggur því fyrir að kjósa sérnefnd um stjórnarskrármál og fer sú kosning nú fram.

Fram komu tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosin væru án atkvæðagreiðslu:

Geir H. Haarde (A),
Páll Pétursson (B),
Matthías Bjarnason (A),
Halldór Ásgrímsson (B),
Guðmundur Árni Stefánsson (A),
Sólveig Pétursdóttir (A),
Ragnar Arnalds (B),
Tómas Ingi Olrich (A),
Kristín Einarsdóttir (B).

Frv. til stjórnarskipunarlaga, 212. máli, og frv. til laga um stjórnlagaþing, 213. máli, var vísað til ofangreindrar sérnefndar án atkvgr.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 1. umr.

Stjfrv., 290. mál (eignarskattur, sérstakur tekjuskattur, lífeyrisgreiðslur o.fl.). — Þskj. 363.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:09]
Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, BBj, BIB, EH, EgJ, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁ, GHelg, HG, IBA, JÁ, JBH, JVK, KE, KS, MJ, MF, ÓE, PP, PBald, PBj, RA, RG, SigG, SJS, TIO, VS, VE, ÞorstP.
28 þm. (ÁJ, ÁMM, DO, EKG, GHall, GÁS, GJH, GunnS, HÁ, HBl, IP, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, LMR, MB, ÓRG, PJ, SalÞ, SAÞ, SP, StG, StB, SvG) fjarstaddir.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 1. umr.

Stjfrv., 282. mál (tekjuskattur barna). — Þskj. 349.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:10]
Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, BBj, BIB, EH, EgJ, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁ, GHelg, HBl, HG, IBA, JÁ, JGS, JBH, JVK, KE, KS, MJ, MF, ÓE, PP, PBald, PBj, RA, RG, SigG, SJS, TIO, VS, VE, ÞorstP.
26 þm. (ÁJ, ÁMM, DO, EKG, GHall, GÁS, GJH, GunnS, HÁ, IP, JE, JóhS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, LMR, MB, ÓRG, PJ, SalÞ, SAÞ, SP, StG, StB, SvG) fjarstaddir.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Of skammt var liðið frá útbýtingu 7., 9. og 10 dag-

skrármáls. — Afbrigði samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, BBj, BIB, EH, EgJ, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁ, GHelg, HBl, HG, IBA, JÁ, JGS, JBH, JVK, KE, KS, MJ, MF, ÓE, PP, PBald, PBj, RA, RG, SigG, SJS, TIO, VS, VE, ÞorstP.

26 þm. (ÁJ, ÁMM, DO, EKG, GHall, GÁS, GJH, GunnS, HÁ, IP, JE, JóhS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, LMR, MB, ÓRG, PJ, SalÞ, SAÞ, SP, StG, StB, SvG) fjarstaddir.

Listmenntun á háskólastigi, 1. umr.

Stjfrv., 277. mál. — Þskj. 334.

[11:11]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um listmenntun á háskólastigi. Tilgangur frv. er annars vegar að heimila með lögformlegum hætti að á Íslandi fari fram kennsla í listgreinum á háskólastigi og hins vegar að heimila menntmrh. að gera samning við lögaðila, félög eða stofnanir um að annast þessa menntun að fullnægðum þeim kröfum sem gerðar eru af hálfu menntmrn. til slíkrar menntunar.

Með frv. þessu er brotið blað í sögu listmenntunar í landinu en nauðsyn þess að breyta skipulagi listmenntunar hér á landi á langan aðdraganda. Veigamikil þróun hefur átt sér stað í þeim skólum sem menntað hafa nemendur í hinum ýmsu listgreinum. Er svo komið að tilteknir skólar sem skilgreindir eru hér lögum samkvæmt á framhaldsskólastigi mennta nemendur sína til jafns við það sem háskólar gera með öðrum þjóðum. Það hefur haft alvarlegt misrétti í för með sér, bæði fyrir nemendur og kennara.

Í mjög mörgum tilvikum hafa nemendur, sem farið hafa til framhaldsnáms erlendis, fengið nám sitt metið sem háskólamenntun en í öðrum tilvikum ekki. Það er í þeim löndum þar sem einungis er litið svo á að námið sé á framhaldsskólastigi í samræmi við skilgreiningu hér á landi.

Þá hefur staða listaskólanna bitnað harkalega á kennurum þeirra. Vegna þess að listaskólarnir eru skilgreindir á framhaldsskólastigi samkvæmt lögum falla þeir undir lög um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra, nr. 48/1986. Því hafa margir okkar færustu listamanna og sérfræðinga í listum mátt una við að geta ekki notað starfsheitið kennarar og hafa ekki fengið fastráðningu við þessar stofnanir sem slíkir þar sem menntun þeirra er ekki í samræmi við kröfur sem gerðar eru til kennara í grunnskóla og framhaldsskóla. Þá hefur það mjög torveldað samskipti þeirra við sambærilegar stofnanir á erlendum vettvangi. Við slíkt verður ekki unað lengur. Losa þarf listaskólana úr þeirri úlfakreppu sem þeir eru komnir í.

Frv. nýtur eindregis stuðnings Bandalags ísl. listamanna, skólastjóra viðkomandi listaskóla og nemenda þeirra. Þannig hefur stjórn Bandalags ísl. listamanna lýst yfir ánægju sinni með það samstarf sem verið hefur með ráðuneytinu um fyrirhugaðan listaskóla og lýst yfir þeirri von að frv. hljóti afgreiðslu á yfirstandandi þingi. Eins og fram hefur komið er þörf fyrir lagalega heimild til að hefja kennslu í listgreinum á háskólastigi hér á landi því löngu orðin brýn þar sem inntökuskilyrði og námskröfur æðra listnáms á Íslandi eru sambærilegar því sem gerist um annað háskólanám í landinu og við æðri menntastofnanir í fjölmörgum löndum sem Íslendingar hafa náin samskipti við og víða erlendis er nám á efstu stigum frá íslenskum listaskólum viðurkennt að fullu sem háskólanám.

Staða listaskólanna hefur haft ýmsa erfiðleika í för með sér sem erfitt er að leysa á grundvelli gildandi laga. Í þessu sambandi er vert að vekja athygli á því að lögin um Myndlista- og handíðaskólann eru frá árinu 1965 eða 29 ára gömul. Það hefur margt breyst í menntamálum íslensku þjóðarinnar á þeim tíma.

Á undanförnum árum hafa ítrekaðar tilraunir verið gerðar til að heimila kennslu í listgreinum á háskólastigi en þær hafa allar misheppnast. Ég ætla ekki að rekja alla þá sögu hér en vil þó nefna nokkra þætti. Árið 1984 var lagt fram á Alþingi frumvarp til laga um Myndlistaháskóla Íslands en það varð ekki útrætt. Nefnd, sem skipuð var árið 1987, skilaði tillögum að frumvarpi til laga um Leiklistarháskóla Íslands en frumvarp var ekki lagt fram. Árið 1988 skilaði nefnd drögum að frv. um myndlistaháskóla en það var ekki heldur lagt fram. Frv. til laga um tónlistarháskóla Íslands var lagt fram á Alþingi 1988 en varð ekki útrætt. Nefnd, sem skipuð var árið 1988, var falið að undirbúa frv. til laga um Listaháskóla Íslands með hliðsjón af tillögum sem lágu fyrir um listnám á háskólastigi og getið er hér á undan. Nefndin var skipuð þremur fyrrverandi menntamálaráðherrum og samdi hún frumvarp sem fól í sér sameiningu þriggja listaskóla í einn listaháskóla. Nefndin skilaði drögum að frv. til menntmrn. og þetta frv. var prentað sem handrit og sent ýmsum aðilum til umsagnar. Að umsögnum fengnum voru tillögur nefndarinnar endurskoðaðar í ráðuneytinu og í endurskoðaðri mynd sendar þingmönnum til kynningar. Þessi drög að frumvarpi fengu góðar viðtökur en aðalfarartálmi fyrir framgangi málsins á þingi var fyrirsjáanlegur umtalsverður útgjaldaauki fyrir ríkissjóð.

Í apríl 1991 var skipuð nefnd til að undirbúa framkvæmd listgreina- og listfræðakennslu á háskólastigi. Skilaði nefndin ítarlegri skýrslu í janúar 1992 sem m.a. fól í sér skilgreiningu á háskólamenntun í listum; lýsingu á núverandi námsframboði í listgreinum, mat á listnámi og tillögur um að stofnaður yrði sérstakur listaháskóli sem yrði sjálfstæð kennslu- og rannsóknastofnun innan vébanda Háskóla Íslands, með sérstakri stjórn og eigin rektor. Skýrsla þessi var send Háskóla Íslands til umsagnar. Af hálfu háskólaráðs var tillögu nefndarinnar um tengsl Listaháskóla Íslands og Háskóla Íslands hafnað.

Meginástæða þess að enn hefur ekki verið sett löggjöf um listmenntun á háskólastigi hér á landi er sú að

fyrirsjáanlega hefði slík breyting eftir hefðbundnum leiðum haft í för með sér umtalsverðan útgjaldaauka fyrir ríkissjóð.

Vegna þess öngstrætis sem málið var komið í ákvað ég í nóvember 1992 að skipa nefnd til að gera tillögur um skipulag og rekstrarform stofnunar er veitti æðri menntun í listum. Var nefndinni m.a. falið að kanna kosti þess og galla að mynduð yrði sjálfseignarstofnun til að annast menntun í listum á háskólastigi. Nefndin var þannig skipuð: Björn Bjarnason alþingismaður, formaður, Bjarni Daníelsson skólastjóri, Margrét Theódórsdóttir skólastjóri, Jón Nordal tónskáld, Gunnar Eyjólfsson leikari og Snævar Guðmundsson viðskiptafræðingur. Með nefndinni starfaði Þórunn J. Hafstein, deildarstjóri í menntmrn. Nefndin skilaði tillögum sínum til ráðuneytisins með skýrslu í maí 1993. Í ljósi upplýsinga sem nefndin aflaði sér um þróun listmenntunar í nágrannalöndunum, einkum í Danmörku, Svíþjóð og Hollandi, svo og þeirri reynslu sem fengist hefur við Verslunarskóla Íslands og Samvinnuskólann á Bifröst kannaði hún sérstaklega kosti þess og galla að æðri menntastofnun á sviði listmennta yrði rekin sem sjálfseignarstofnun. Var nefndin einhuga um að slíkt rekstrarform mundi henta til þess að ná eftirtöldum markmiðum:

Að veita aukið sjálfstæði í kennslu, stjórnun og rekstri,

að auka gæði, hagkvæmni og skilvirkni í rekstri stofnunarinnar,

að í rekstri stofnunarinnar fari saman ábyrgð og ákvörðunarvald stjórnenda,

að stofnunin hafi frjálsar hendur við þróun listmenntunar og nýtingu hinna bestu starfskrafta á því sviði,

að stofnunin fái svigrúm til þess að halda eftir eigin tekjum, styrkjum og óráðstöfuðum fjárveitingum til uppbyggingar, hagræðingar og þróunar á eigin starfsemi,

að hvetja til virkrar þátttöku einstaklinga og fyrirtækja í starfsemi stofnunarinnar.

Frv. það sem hér er lagt fram byggir í meginatriðum á tillögum nefndarinnar frá því í maí 1993.

Í 1. gr. frv. er almennt ákvæði um heimild til menntmrh. að gera samning við lögaðila, félög eða stofnanir um að annast menntun á háskólastigi í listum, menntun sem fram fari á vegum sjálfstæðrar stofnunar.

Tilefni lagasetningar er fyrirhuguð stofnun Listaháskóla Íslands sem sjálfseignarstofnunar og við það miðað að sá skóli annist þessa menntun. Ákvæðið getur hins vegar átt við í öðrum tilfellum, t.d. kemur til greina að fela öðrum listaskólum með samningi ákveðin verkefni á þessu sviði, einum eða í samstarfi við Listaháskóla Íslands.

Í 2. gr. eru ákvæði um að við gerð samninga milli menntmrn. og Listaháskóla Íslands eða annarra lögaðila verði kveðið á um fjölda nemenda í hverri listgrein og kostnað við menntun þeirra miðað við skilgreindar námskröfur. Kostnaður verði miðaður við skilgreint verksvið stofnunar sem annast háskólamenntun í listum. Væntanlega verður námi í hverri listgrein skipt í skilgreinda áfanga sem verða lagðir til grundvallar við kostnaðarútreikninga og samið um kostnað áfanga hvers nemanda í hverri listgrein. Samningur, sem þannig er gerður, getur stuðlað að faglegu og fjárhagslegu sjálfstæði einstakra deilda Listaháskólans. Gerð samninga af þessu tagi er ekki nýlunda í íslenska menntakerfinu. Vísa má til reynslu af samningum ráðuneytis við Verslunarskóla Íslands og Samvinnuháskólann á Bifröst.

Í greininni er einnig tekið fram að fyrir lok fyrsta samningstímabils skulu óháðir sérfræðingar fengnir til að gera úttekt á starfsemi viðkomandi stofnunar í heild og að skýrsla um niðurstöður útektarinnar skuli lögð fyrir Alþingi.

Í 3. gr. eru ákvæði um að verði heimild í 1. gr. nýtt muni Listaháskóli Íslands líka taka að sér samkvæmt samningi menntun þeirra nemenda er við upphaf samningstímabilsins stunda nám í Leiklistarskóla Íslands, í sérdeildum Myndlista- og handíðaskóla Íslands og í ákveðnum deildum Tónlistarskólans í Reykjavík. Samkvæmt þessu ákvæði frestast framkvæmd laga um Leiklistarskóla Íslands og Myndlista- og handíðaskóla Íslands þannig að hægt verður að veita það fjármagn sem annars yrði varið til reksturs nefndra skóla til greiðslu á umsömdum kostnaði við rekstur Listaháskóla Íslands.

Frv. fylgja fjögur skjöl. Í fyrsta lagi umsögn fjárlagaskrifstofu fjmrn. um kostnað. Þar er m.a. bent á að samþykkt frv. feli ekki í sér neinar kostnaðarskuldbindingar fyrir ríkissjóð. Löggjafinn muni fjalla um málið á ný áður en til þess kemur, sbr. ákvæði í 2. gr. þar sem kveðið er á um að fjárframlög úr ríkissjóði skuli háð fjárveitingu í fjárlögum. Fyrr geti samningur um að veita háskólamenntun í listum á háskólastigi ekki tekið gildi.

Fjmrn. bendir einnig á að fjármunir ríkissjóðs ættu að nýtast betur þegar gerður er sérstakur rekstrarsamningur milli stjórnvalda og ríkissjóðs og einhver hagræðing ætti að nást með því að fela einum aðila að annast tiltekna menntun í stað þriggja eins og nú er. Á móti kemur að með því að færa kennsluna á háskólastig er líklegt að kostnaður á hvern nemanda aukist.

Í öðru lagi fylgja drög að skipulagsskrá fyrir Listaháskóla Íslands sem voru upphaflega samin af listaháskólanefnd sem skilaði tillögum sínum í maí 1993. Þessi drög voru síðan endurskoðuð í samráði við fulltrúa úr stjórn Bandalags íslenskra listamanna og athugasemdum bætt við þau til frekari skýringa. Í drögunum er hlutverk væntanlegs listaháskóla skilgreint, fjallað um stjórn hans, skipulag og rekstur.

Samkvæmt hugmyndunum að baki skipulagsskránni er ein meginhugmyndin varðandi stofnun og uppbyggingu listaháskóla sem sjálfseignarstofnunar að hann skuli vera í eigu almenningsfélags. Lagt er til að stofnað verði félag áhugafólks um rekstur og viðgang skólans og skuli það hafa meiri hluta í stjórn. Sérstakar samþykktir munu gilda fyrir félagið og virðist eðlilegt að Bandalag íslenskra listamanna hafi forgöngu um stofnun þess.

Í drögum að skipulagsskrá er gert ráð fyrir að skólinn geri samninga við menntamálaráðuneyti og Reykjavíkurborg um greiðslu rekstrarkostnaðar. Einnig er í skipuriti yfir Listaháskóla Íslands gert ráð fyrir að þrír aðilar, menntmrn., Reykjavíkurborg og Félag um Listaháskóla Íslands, standi að stofnun sjálfseignarstofnunar um rekstur listaháskólans og tilnefni þeir fulltrúa í stjórn.

Ég tek skýrt fram að ekki hefur verið samið um aðild Reykjavíkurborgar að væntanlegum listaháskóla. Frv. það sem hér er flutt hefur verið kynnt borgarstjóra og einnig fyrrv. borgarstjóra en á vegum borgarinnar mun ekki hafa verið tekin afstaða til málsins.

Í drögum að skipulagsskrá er gert ráð fyrir að Listaháskóli Íslands fái til afnota húsnæðið að Laugarnesvegi 91. Húsið afhendist fullbúið til fyrirhugaðra nota. Húsaleiga, sem greiðist í ríkissjóð, taki mið af húsaleigu sem ákveðin er af Fasteignum ríkissjóðs fyrir sambærilegt húsnæði.

Fullbúin aðstaða í Listaháskólahúsinu í Laugarnesi er ein meginforsenda þess að Listaháskóli Íslands geti starfað á raunhæfan og hagkvæman hátt. Ákvæði um húsaleigu er í samræmi við það sem gildir um ríkisstofnanir í eigin húsnæði. Gert er ráð fyrir að húsaleigugreiðslur renni til viðhalds fasteignarinnar sjálfrar. Ég tek fram að enn er mikið verk óunnið áður en húsið við Laugarnesveg getur talist tilbúið til notkunar og framkvæmdir við frágang hússins eru vitanlega háðar fjárveitingum í fjárlögum.

Í þriðja lagi eru drög að samþykktum fyrir félag um Listaháskóla Íslands lögð fram með frv. Það verður vitanlega á valdi félagsmanna í Félagi um Listaháskóla að semja endanlega og samþykkja reglur fyrir félagið. Drögin eru einungis sett fram sem sýnishorn af hugsanlegum samþykktum fyrir slíkt félag.

Í fjórða lagi er svo rekstraráætlun Listaháskóla Íslands 1995 borin saman við núverandi rekstrarkostnað listaskólanna 1994.

Í þessari áætlun eru vitanlega margir óvissuþættir og erfitt að áætla kostnað við rekstur þegar ekki hefur verið stofnað félag um reksturinn eða samið um hann.

Hæstv. forseti. Að lokum vek ég athygli á því að þegar skýrsla listaháskólanefndar kom út 1993 voru tillögur hennar kynntar og í febrúar 1994 gekkst Bandalag ísl. listamanna fyrir mjög fjölmennri ráðstefnu um listaháskólamálið. Í framhaldi af ráðstefnunni voru drög að skipulagsskrá fyrir sjálfseignarstofnun um listaháskóla endurskoðuð í menntmrn. í samvinnu við stjórn Bandalags ísl. listamanna og bætt við þau athugasemdum til frekari glöggvunar. Bandalag ísl. listamanna hefur sýnt máli þessu mikinn áhuga og stuðning sem ég þakka alveg sérstaklega fyrir. Einnig hafa skólastjórar listaskólanna og nemendur þeirra hvatt mjög til þess að frumvarp þetta næði fram að ganga. Frv. felur í sér heimildarákvæði og vissulega eru margir þættir óljósir hvað framkvæmdina varðar. En við getum ekki staðið aðgerðalaus og horft á listaskólana nánast veslast upp á grundvelli úreltra laga á meðan listmenntun annarra þjóða tekur stórstígum framförum.

Hæstv. forseti. Ég legg til að þessu frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til hv. menntmn.

Útbýting þingskjals:

Framleiðsla og sala á búvörum, 175. mál, brtt. landbn., þskj. 393.

[11:30]

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að segja að mér finnst frv. vera eins og gullmoli innan um allar tölurnar sem við erum að fjalla um þessa dagana, bæði í fjárlögum, fjáraukalögum og öðrum slíkum málum því hér er um gott mál að ræða að mínu mati og ég þakka hæstv. menntmrn. fyrir að koma með það fram. Aldrei þessu vant get ég glatt hann með því að ég var nánast sammála öllu sem hann sagði og finnst mér vera orðið nokkuð langt síðan svo hefur verið. En það er, eins og kom fram í máli hans, mikið atriði að breyta menntun á listsviði hér á landi og sú umræða hefur verið lengi í gangi. Ég fagna því sérstaklega núna að á síðustu stigum hefur þetta mál verið unnið í samvinnu við Bandalag íslenskra listamanna sem var skortur á á fyrri stigum undirbúningsins. Það hefur kannski nokkuð með það að gera að nú er málið komið í þann búning að mér sýnist að það sé orðið gott. En auðvitað þarf að vinna það í hv. menntmn. og leita umsagna og eflaust er þar eitthvað sem má bæta enn.

Eins og kom fram eru lög um Myndlista- og handíðaskólann gömul og á þeim þurfti að taka og er sérstaklega ánægjulegt að það skuli vera gert einmitt í þessu formi. En ég geri mér líka vel grein fyrir því, hæstv. forseti, að björninn er ekki unninn þó svo þetta frv. komi fram og verði samþykkt sem lög vegna þess að eins og kom fram í máli hæstv. menntmrh. eru fjárveitingar háðar samþykktum fjárlaga hverju sinni. Eins þarf að leggja mikið fjármagn í húsið sem er við Laugarnesveg og er hugsað fyrir þessa starfsemi. Þó húsin í menningarlífinu skipti ekki öllu máli skipta þau að sjálfsögðu miklu máli og þessi starfsemi þarf að fara fram undir þeim kringumstæðum að húsnæðismál séu í lagi. Ég leyfi mér til þess að vera örlítið kvikindisleg að nefna Þjóðarbókhlöðuna í þessu sambandi. Þar höfum við glæsilegt hús sem tekið var í notkun 1. des. en því miður eins og fjárlagafrv. lítur út í dag virðist þar ekki vera séð fyrir fjárveitingu til þeirrar stofnunar þannig að starfsemin geti farið fram með sóma. Þetta nefni ég í tengslum við þetta mál bara til þess að minna á að björninn er ekki alltaf unninn þó samþykkt séu lög frá Alþingi því það þarf fjárveitingar til rekstrar til að starfsemi geti farið fram með sóma. Það er aftur önnur ákvörðun sem er fyrst og fremst háð vilja ríkisstjórnar hverju sinni þótt það sé formlega séð hv. Alþingi sem samþykkir fjárlög.

Ég lýsi ánægju með að málið hefur breyst nokkuð frá því skilagrein var dreift á síðasta ári. Mér fannst hún vera gölluð og gerði það að umtalsefni á hv. Alþingi og vildi hæstv. menntmrh. þá ekki viðurkenna að eitthvað hefði verið að en hann hefur greinilega tekið mið af því sem þar fór fram vegna þess að málið hefur breyst nokkuð. Mér finnst í sambandi við ráðningu

rektors — kannski er ég ekki búin að lesa málið nægilega vel en mig langar að spyrja hæstv. ráðherra að því — mér sýnist eins og það sé reiknað með í skipulagsskránni að það eigi að starfa dómnefnd varðandi stöður deildarforseta og finnst mér það mjög gott. En mér hefði fundist að það hefði átt að vera líka varðandi ráðningu rektors. Stjórnin kemur til með að ráða rektor eins og þetta lítur út hér. Ég vil spyrja hæstv. menntmrh. hvort það er svo að ekki sé hugmyndin að ráðning rektors fari fyrir umsögn dómnefndar. Ég held að það hefði verið rétt. Að öðru leyti, hæstv. forseti, tel ég ekki ástæðu til að vera með málalengingar um þetta ágæta mál og tel að það verði unnið að því eins og lög gera ráð fyrir af hv. menntmn.

[11:35]

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég lýsi ánægju minni með að þetta frv. skuli fram komið. Ég held að það sé góður áfangi í menningar- og listalífi landsins. Það er hins vegar alveg rétt sem hæstv. ráðherra minntist á að það eru óneitanlega margir lausir endar í þessu frv. Persónulega hef ég ekkert á móti því að hér sé um sjálfseignarstofnun að ræða og tel að það sé mikilvægt að slík stofnun hafi sjálfstæði á allan hátt. En það eru örfá atriði sem ég held að hv. nefnd sem fær málið til meðferðar verði að skoða ofurlítið betur. Ég vil t.d. nefna hlutdeild Reykjavíkurborgar í kostnaði við stofnunina. Vissulega tók hæstv. ráðherra fram að það mál væri óuppgert við Reykjavíkurborg en ég bendi á að við búum í fleiri bæjarfélögum á suðvesturhorninu en í Reykjavík. Það segir sig sjálft að Seltjarnarnes, Garðabær og Hafnafjörður hlytu auðvitað að koma þarna til leiks líka, jafnvel Akureyri og önnur stærri bæjarfélög í landinu þar sem að sjálfsögðu yrði um að ræða skóla sem sinnti kennslu í listgreinunum á landsvísu. Þetta held ég að verði að hnýta betri hnútum svo ekki komi upp ágreiningur síðar meir.

Ég hlýt að lýsa undrun minni að lesa það í greinargerð að Háskóli Íslands skuli hafa alfarið hafnað allri þátttöku í þessu skólahaldi. Það sýnir satt að segja á svolítið kaldranalegan hátt það viðhorf sem hefur færst í aukana í Háskóla Íslands að meta nám í svokölluðum hagnýtum greinum meira en í humaniora sem einu sinni þótti undirstaða háskólamenntunar. En það verður að vera þeirra vandi og það er ánægjulegt að til skuli vera fólk í þessu landi sem skilur eðli sannrar menntunar.

Með þessu frv. fylgja góð gögn og er það satt að segja ekki allt of venjulegt. Það er ánægjulegt að fá m.a. drög að skipulagsskrá fyrir Listaháskóla Íslands. Þar hnýt ég um í annarri grein orðalag sem greinilega er nú tekið upp úr, hygg ég, plöggum Háskóla Íslands. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta: „Listaháskóli Íslands er miðstöð æðri mennta á sviði tónlistar, myndlistar, leiklistar og annarra listgreina sem uppfylla kröfur sem gerðar eru til kennslu og rannsókna á háskólastigi.“ Ég held að þessa setningu þyrfti aðeins að endurskoða. Ég geri ráð fyrir að hlutverk skólans yrði kannski ekki að uppfylla kröfur um rannsóknir á þessum efnum. Auðvitað yrði það starf unnið líka en ég hygg nú að listaháskóli hljóti að vera byggður dálítið öðruvísi upp. En þetta eru atriði sem má ræða seinna. Aðalatriðið er að það er loksins einhver gangur í þessu máli og skilningur á því að við þurfum að efla listkennslu í landinu.

Það er talað um tónlist, myndlist og leiklist og vissulega talað um aðrar listgreinar. Ég vil biðja menn einnig um að muna eftir að fleiri listgreinar eru til. Þar vil ég minna á kornabarnið okkar, danslistina, sem við höfum ekki búið góð skilyrði gegnum árin og ýmislegt fleira. Ég held líka að við eigum að huga að kynningu á íslenskri list. Ég minni á frv. sem við höfum flutt hér og fyrsti flm. er hv. 9. þm. Reykv., Svavar Gestsson, um að skipulega verði unnið að kynningu á íslenskri list erlendis. Ég held að við eigum að horfast í augu við að við eigum hóp af góðum listamönnum sem við eigum að búa öll hin bestu skilyrði og að sjálfsögðu gera okkur gildandi meðal annarra þjóða, við höfum alveg efni til þess.

Ég tek undir með hv. 3. þm. Norðurl. e. að auðvitað er ekki nóg að samþykkja lög ef ekki fylgir hugur máli og fjárln. hins háa Alþingis stendur síðan ekki vörð um þessa stofnun og leggur henni fjármagn því vissulega þarf fjármagn til, því megum við ekki gleyma. Ég sæi heldur ekkert athugavert við það að leitað yrði til félagasamtaka og einstaklinga í þjóðfélaginu. Ég vil minna á samtök launamanna, verkalýðshreyfinguna, hún væri rétt til að koma inn í þessa stofnun og leggja henni nokkurt fé. Víðar mætti leita fanga, t.d. í stórum fyrirtækjum sem hafa einkaleyfi, svo ekki sé meira sagt, á ýmsum þáttum samfélagsins. Nægir að minna á samgöngumálin sem hér voru til umræðu í morgun, og margt fleira. En aðalatriðið er auðvitað að hér sé vandað vel til, ráðið fólk sem við treystum og getur byggt upp þessa stofnun sem er mikið fagnaðarefni að fá og síðan að hið háa Alþingi tryggi að reksturinn megi blómgast og dafna öllum til farsældar og heilla. Ég vona að málinu fylgi ekki áralangt sleifarlag eins og við létum viðgangast varðandi Landsbókasafn. Það er ánægjulegt að sjá fyrir endann á byggingu þess og við í hv. fjárln. munum reyna að sjá til þess að sá rekstur verði með sóma. Ég vil því upplýsa hv. 3. þm. Norðurl. e. að áhyggjur hennar af rekstrarfé til stofnunarinnar eru óþarfar og hún getur verið áhyggjulaus. Ég held að fjárln. sé einhuga í því að sá rekstur fari fram með þeim sóma sem stofnuninni hæfir.

Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir að leggja þetta frv. fram. Ég vona að það fái vandaða meðferð í hv. menntmn. og lýsi því yfir, hæstv. forseti, að það koma þau augnablik að það er svolítið gaman að taka þátt í rekstri þjóðfélagsins.

[11:43]

Svavar Gestsson:

Virðulegur forseti. Ég tel að hér sé hreyft miklu máli og þýðingarmiklu. Ég vissi ekki alveg af því að þessi umræða væri akkúrat núna þannig að því miður hef ég ekki kost á því að taka þátt í henni ítarlega eins og ég vildi vegna þess að ég þarf að sinna öðrum þingskyldum eftir fáeinar mínútur en á kost á því að ræða

þetta mál í hv. menntmn. og tel það út af fyrir sig þar með tryggt að ég geti komið að málinu með einhverjum hætti og mínum sjónarmiðum að.

Það eru nokkur meginatriði sem ég tel að við þurfum að taka fyrir og nokkrar spurningar sem við þurfum að leggja fyrir okkur í tengslum við mál af því tagi sem hér liggur fyrir.

Í fyrsta lagi: Hver er fagleg staða þessarar stofnunar miðað við aðra háskóla? Það er spurning sem við hljótum að spyrja okkur númer eitt, bæði að því er varðar kennslukrafta, forustu þessarar stofnunar og annað faglegt umhverfi í heild. Ég held að það sé mjög mikið mál að myndarlega sé að því staðið þannig að hér sé um að ræða og verði um að ræða, traustan, virtan alvöruháskóla á listasviði. Það er mjög mikilvægt að menn leggi af stað með metnaðarfullar kröfur í þessum efnum þannig að það sé algerlega tryggt að það verði undir engum kringumstæðum hægt að líta á þessa stofnun sem annars flokks stofnun af neinu tagi. Hún þarf helst að vera myndug háskólastofnun sem nýtur viðurkenningar svo að segja hvar sem er frá fyrsta degi sinnar tilveru. Þess vegna er auðvitað mjög mikilvægt að stofnunin hafi skipulega samvinnu við Háskóla Íslands. Auðvitað er ekki hægt að láta háskólann komast upp með að neita því eins og virðist vera gert hér í þessum pappírum og afgreitt í hálfri setningu í greinargerð. Háskóli Íslands getur auðvitað ekki neitað þátttöku í þessu máli, hann verður að koma að því. Menntmrh. á að sjá til þess og aðrar háskólastofnanir á Íslandi og aðrar stofnanir á Íslandi eins og Kennaraháskóli Íslands þurfa auðvitað að eiga góða samvinnu við þessa stofnun vegna þess að hún hlýtur líka að verða þátttakandi í því að mennta listgreinakennara í landinu með einhverjum skipulegum hætti. Þess vegna hlýtur Kennaraháskólinn líka að koma inn í þessa mynd ef skynsamlega er á hlutunum haldið. Ég tel því ekki hægt að slá því föstu að háskólinn komi hér hvergi nærri heldur eigi þvert á móti að slá því föstu að við ætlumst til þess af hæstv. menntmrh. að hann tryggi það að Háskóli Íslands og Kennaraháskólinn komi nærri þessari stofnun með skipulegu samstarfi, helst strax frá fyrsta degi.

Ég minni á það að í minni menntamálaráðherratíð lét ég gera slíkan samning milli Háskóla Íslands og listaskólanna. Það var samningur sem skipti mjög miklu máli og hefur hjálpað til við að þróa þetta mál áfram og ég minni á það sem sjálfsagt flestir vita að í rauninni fer hér þegar fram listnám á háskólastigi í landi okkar sem ótrúlega fáir virðast gera sér grein fyrir. Hér er því að nokkru leyti um það að ræða með þessu frv. að menn eru að staðfesta veruleika sem hefur verið til um alllangt skeið en menn hafa ekki fengist til að horfa á í samhengi.

Í öðru lagi hljóta menn svo að spyrja í þessari umræðu um kostnað og m.a. um aðild annarra aðila eins og Reykjavíkurborgar. Reykjavíkurborg er sérstaklega nefnd vegna þess að hún hefur átt aðild að Myndlista- og handíðaskólanum og fleiri listaskólum í landinu og auðvitað á að tryggja það að hún hafi það áfram. En það er líka rétt sem hv. 14. þm. Reykv. sagði áðan að önnur sveitarfélög eiga að koma hér til ef kostur er á því. Í því sambandi nefni ég kannski sérstaklega Myndlistarskólann á Akureyri, að ég held að eigi að hafa það í huga með hvaða hætti er hægt að styrkja hann og efla án þess að ég sé að segja og ég tek það sérstaklega fram, ég er ekki með þessu að segja að öll listmenntun í landinu eigi undir öllum kringumstæðum að vera það sem kallað er á háskólastigi. Ég held að menn þurfi að gera mjög glöggan greinarmun á þeirri listmenntun sem er á háskólastigi annars vegar og annarri listmenntun af margvíslegu tagi sem einnig er mikilvæg hins vegar.

Í tengslum við þetta þurfa menn síðan að horfa á kostnaðinn í heild og þar á meðal skólagjöldin. Ég sé ekki betur en að það sé reiknað með mjög háum skólagjöldum í þessum áætlunum. Það er gert ráð fyrir því að skólagjöld í þessari áætlun, í fskj. 4 á bls. 13 í frv., séu talsvert há og ég held að það sé mál sem þarf líka að skoða, það verði að setja þak á skólagjöldin og ég tel að það þak sem gert er ráð fyrir í textanum sé ekki nægilega skýrt þannig að það sé hætta á því að hérna verði nemendum gert að greiða hærri skólagjöld en í öðru háskólanámi á Íslandi og þar með yrði þetta háskólanám ekki sambærilegt við annað háskólanám. Þar með væri þeim sem stunda listnám á háskólastigi gert að búa við aðrar aðstæður og önnur kjör en öðrum háskólanemum í þessu landi og það teldi ég óviðunandi. Þar með teldi ég að það væri verið að gefa það í skyn að hér væri um að ræða einhvern annan flokk af háskóla en við erum með að öðru leyti í landinu.

Ég vil síðan segja í sambandi við hitt atriðið sem er spurningin um sjálfseignarstofnun að ég tel það út af fyrir sig alveg geta komið til greina, ég útiloka það ekki neitt að það verði sett upp slík stofnun enda verði hún í góðum tengslum við íslenska skólasamfélagið að öðru leyti. Þessi stofnun getur ekki verið eyland heldur verður hún að vera í tengslum við íslenska skólasamfélagið að öðru leyti en mín vegna má þetta heita sjálfseignarstofnun ef menn telja það eitthvað betra og það getur haft vissa kosti í för með sér. Það er ekki hægt að neita því. Þannig að ég held að það eigi að skoða það en um leið eigi að gera mjög strangar, faglegar kröfur til þeirra sem þarna eru starfsmenn, bæði kennara og annarra forstöðumanna.

Ég legg sem sagt á það áherslu að þetta þarf að vera myndarleg háskólastofnun strax frá byrjun með mikinn faglegan metnað.

Ég tek eftir því að það er gert ráð fyrir því að þessi stofnun fái til afnota húsnæðið að Laugarnesvegi 91 sem keypt var fyrir nokkrum árum og hefur verið notað nokkuð, þó í litlu sé í seinni tíð, en þarf auðvitað að búa áfram þannig að það geti verið umgjörð um þessa starfsemi. Ég tel að fáir staðir séu í raun og veru hentugri til þessarar starfsemi þarna í grennd við Laugarnestangann í nágrenni við Listasafn Sigurjóns Ólafssonar og alls konar möguleika á Laugarnestanganum þannig að ég held að í Reykjavík sé varla hægt að hugsa sér betri stað fyrir þessa stofnun í framtíðinni.

Ég held því að hér sé hreyft prýðilegu máli, ég tel hins vegar að það sé sjálfsagður hlutur að fara vel yfir

málið í hv. menntmn. og eins og ég sagði áðan þá mun ég taka þátt í því sem nefndarmaður þar en vildi koma þessum almennu athugasemdum við frv. á framfæri þó að út af fyrir sig mætti hafa uppi ýmsar pólitískar athugasemdir eins og þær að það er auðvitað dálítið athyglisvert að ríkisstjórn sem opnar Þjóðarbókhlöðuna og á ekki peninga til að reka hana nema fram í september á næsta ári, að því er starfsliðið segir, það talar um að það þurfi að loka Þjóðarbókhlöðunni í september ár hvert miðað við þau fjárlög sem nú er gert ráð fyrir. Ég ætla ekki að fara að skattyrðast um það mál á þessu stigi en segi bara að peningar eru afl þeirra hluta sem gera skal, líka í menningarmálum. Það verður ekkert fram hjá því horft, það er veruleiki sem menn verða að viðurkenna. Líka í frv. um listmenntun á háskólastigi en ekki bara í fjárlagafrv.

[11:52]

Björn Bjarnason:

Hæstv. forseti. Ég hafði þá ánægju að vera formaður í þeirri nefnd sem lagði drögin að þessu frv. sem hér liggur fyrir og vil þakka fyrir þær undirtektir sem málið hefur fengið í þessum umræðum og tel mjög brýnt að það nái fram að ganga á þessu þingi þannig að það góða samstarf sem tókst innan nefndarinnar og síðan eftir að nefndin skilaði áliti sínu á vettvangi listamanna skili þeim árangri að þetta komist í höfn áður en þingi lýkur á þessum vetri. Mér heyrist á undirtektum þingmanna að miklar líkur séu á að það takist.

Varðandi þær athugasemdir sem hér hafa komið fram, sérstaklega hjá hv. síðasta ræðumanni, hv. 9. þm. Reykv., þá finnst mér þær taka nokkurt mið af því að hann hafi ekki kynnt sér málið til hlítar, sérstaklega þegar hann heldur að við getum með fyrirmælum frá Alþingi gefið þessari stofnun fyrirmæli um það hvernig hún hagar sinni starfsemi eða samskiptum við aðrar skólastofnanir í landinu. Eins og frá þessu máli er gengið hér er gert ráð fyrir því að stofnunin sé sjálfstæð og fari sínu fram við þróun sína og mótun á kennslu og starfsemi en lúti ekki fyrirmælum opinberra aðila að öðru leyti en snýr að gæðamati og eftirliti með því að kennslan sem veitt er standist þær kröfur sem menn setja sér og gert er ráð fyrir í þeim samningi sem ætlunin er að gera á milli ríkisvaldsins og skólans eins og menn geta kynnt sér í þessum gögnum sem fyrir okkur liggja.

Það er sérstaklega ánægjulegt finnst mér með hliðsjón af því starfi sem unnið hefur verið eftir að nefndin skilaði áliti sínu, en í nefndinni var algjör einhugur um það skipulag sem hér er um rætt, hve mikil samstaða hefur tekist um málið á vettvangi listamannanna sjálfra og innan listaskólanna og hve mikill áhugi hefur komið fram á því að hrinda málinu í framkvæmd. Þegar við vorum að ganga frá þessum tillögum þá lögðum við til að stofnað verði sérstakt félag um listaháskólann sem verði hans bakhjarl, bæði rekstrarlegur bakhjarl og einnig menningarlegur bakhjarl og allt sem lýtur að starfsemi skólans. Við höfðum ekki uppi fastmótaðar tillögur um það hvaða aðilar það yrðu í þjóðfélaginu sem beittu sér fyrir stofnun slíks félags en eins og fram kemur í grg. þá hefur Bandalag ísl. listamanna tekið frumkvæðið í því máli og mun beita sér fyrir því ef þetta nær fram að ganga að gengið verði til verka með þeim hætti sem hér er lagt til og er það ákaflega mikilvægt að sú forusta sé þar í góðum höndum og að bandalagið hafi tekið af skarið með þessum hætti og raunverulega tel ég að með því hafi björninn verið unninn varðandi þessi skipulagsmál og framkvæmd þeirra ef við samþykkjum þessi lög.

Síðan er hér lagt á ráðin um það hvernig eigi að ganga til verks við fjármögnun skólans og annað slíkt og það er líka gleðilegt finnst mér að það kemur fram í umsögn fjmrn. mjög jákvæð afstaða til málsins og það er ljóst að fjmrn. telur að sú skipan sem hér er mælt með falli vel að hugmyndum á vettvangi ráðuneytisins um breytingar í ríkisrekstri. Það má því segja að allir aðilar sem hafa komið að málinu eftir að það var kynnt og lagt fram hafi tekið því með jákvæðum hætti. Nefndin leit ekki þannig á að hún hefði í tillögum sínum komið með eitthvert fullmótað plagg sem ekki mætti hrófla við og hefur ekki gert neinar athugasemdir við þær breytingar sem gerðar hafa verið og telur þær raunar allar til bóta þar sem þær stuðla að því að þetta mikilvæga mál komist til framkvæmda.

Varðandi það sem hér kom fram og hefur verið rætt, við nefndarmenn höfum tekið þátt í kynningarfundum á þessu máli í skólum og fyrir nemendur og stjórnendur skólanna og á vettvangi listamanna, þá hefur verið minnst á ýmislegt af því sem vakið hefur verið máls á í umræðunum, m.a. varðandi skólagjöldin og annað slíkt, en það eru málefni sem stjórn skólans og skólinn sjálfur á lokaorðið um þegar þetta kemst til framkvæmda.

Það er náttúrlega alrangt að halda því fram að þeir sem stunda listnám greiði ekki há skólagjöld, t.d. þeir sem stunda tónlistarnám, þeir greiða mjög há skólagjöld. Og nemendur á listasviði hafa sýnt það með áhuga sínum og fjárframlagi að þeir hafa stundað sitt nám með miklum ágætum þrátt fyrir að skólarnir sem þeir starfa í séu komnir í ákveðið öngstræti eins og hér hefur komið fram og aðstæður þeirra allar séu með því móti að ekki verður við unað. Þess vegna var það algjört skilyrði af hálfu nefndarinnar sem skilaði áliti til menntmrn. samkvæmt umboði þess að skólinn fengi húsið á Laugarnestanga fullbúið í sínar hendur og það felst í þessum tillögum að ríkisvaldið mundi standa straum af því að gera húsið starfhæft fyrir skólann og það verði síðan skólans að greiða fyrir leigu, leigugjald fyrir afnot af húsinu en húsið verði fullbúið afhent skólanum og á kostnað ríkissjóðs. Þannig er frá þessu máli gengið og eins og fram kom í máli hæstv. menntmrh. tekur hann undir þessa tillögu nefndarinnar og við höfum heyrt í umræðum þegar í dag að allir þingmenn gera sér þetta ljóst. Ég sjálfur tel að nú þegar framkvæmdum við Þjóðarbókhlöðuna er loks lokið þá ættu menn að setja sér það markmið að næsta stórbygging í þágu lista sem yrði fullbúin á vegum ríkisins væri þessi skólabygging á Laugarnestanga þannig að þessi skóli fengi viðunandi húsnæði.

Varðandi samstarfið við Reykjavíkurborg og önnur sveitarfélög þá er það rétt sem fram hefur komið að

meginástæðan fyrir því að Reykjavíkurborg er nefnd hér er sú að Reykjavíkurborg hefur lagt fram fjármagn til starfsemi þessara skóla og í nefndinni, eins og hún var skipuð þegar þetta var samið, sat fulltrúi Reykjavíkurborgar og það var náið samráð við ráðamenn borgarinnar á þeim tímum og ég vona að það jákvæða viðhorf sem þar kom fram til þess að Reykjavíkurborg yrði þátttakandi í þessum skóla hafi ekki breyst og það muni takast að ná viðunandi samningum við Reykjavíkurborg um fjárframlög til skólans.

Varðandi þá spurningu hvort fleiri sveitarfélög eigi að koma að málinu þá er stjórn skólans í sjálfsvald sett hvernig hún stendur að fjármögnun skólans fyrir utan þessa samninga við þessa tvo stóru aðila sem eru nefndir og þar koma að sjálfsögðu fleiri sveitarfélög til álita og hver annar félagsskapur manna í landinu sem vill leggja þessum skóla lið með hvaða hætti sem það er. Ég sé í sjálfu sér ekkert því til fyrirstöðu að þótt skólinn verði til húsa í Reykjavík þá geti hann ekki rekið deildir annars staðar á landinu eins og t.d. á Akureyri og þar geti sveitarfélag komið að málum ef starfsemi þar og menntun þar er með þeim hætti að hún uppfylli þær ströngu kröfur sem gera skal til menntunar innan skólans. Menn verða að átta sig á því að þetta form sem hér er sett upp er mjög frjálslegt fyrir stjórn skólans sjálfs og það er stjórn skólans og forusta hans, félagið sem á bak við hana er og þeir sem starfa við skólann sem geta mótað hann að öllu leyti en þeir hafa þá öruggistryggingu sem felst í þessum samningi sem ætlunin er að ríkissjóður geri við skólann um fjárframlög.

Hæstv. forseti. Ég vil ítreka þakkir mínar fyrir þær góðu undirtektir sem þetta mál hefur almennt hlotið hér og með hliðsjón af þeim þá kvíði ég því ekki að við í menntmn. þingsins getum ekki komist að niðurstöðu um málið þannig að það hljóti afgreiðslu fyrir þinglok.

[12:01]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég get eins og aðir sem hafa tekið til máls tekið undir að það er vissulega ánægjulegt að sjá slíkt frv. komið fram í mestu önnunum þegar við erum að ræða um fjárlög og fjáraukalög, lánsfjárlög og hvað sem heitir.

Lengi hefur verið unnið að undirbúningi þessa frv. Það segir hér í geinargerð að frv. til laga um myndlistaháskóla Íslands hafi fyrst verið lagt fram árið 1984 en nú sjáum við árangur þar sem verið er að leggja til listmenntun á háskólastigi sem tekur til fleiri greina en myndlistar.

Það má minna á það að úti um allt land er alls konar listsköpun í gangi og tónlistarskólar hafa starfað á landsbyggðinni, sprottið upp nánast í hverju sveitarfélagi og eru sumir orðnir allt að 40–50 ára gamlir. Þeir hafa haft gífurleg áhrif á menningarlíf sinna staða og verður það seint þakkað eins og vert er.

Í sveitarfélögunum og alls staðar úti um landið, einnig á höfuðborgarsvæðinu, fer fram undirbúningur þeirra nemenda sem síðan eiga að sækja sitt nám í listaháskólanum.

Það eru ekki bara í gangi tónlistarskólar úti um allt land heldur einnig listaskólar og hin allra síðustu ár hafa sprottið upp listaskólar í öllum landsfjórðungum og síðast á Ísafirði fyrir einu ári var stofnaður listaskóli. Hann hefur raunar, eins og tónlistarskólarnir, þegar sannað tilverurétt sinn því að mikil aðsókn hefur verið að honum, allar þær menningaruppákomur, sem þar hafa farið fram, hafa verið mikið sóttar og þau námskeið sem þar hafa verið í gangi.

Það er sama á Akureyri. Þar hafa listamenn tekið sig saman og stofnað til listaskóla og ég hygg að þar hafi einnig verið sú reynsla sem ég var að lýsa hér.

Af því að ég var að ræða listnám í grunnskólum vildi ég einnig koma því hér að að ég tel að í nýjum grunnskólalögum sé alveg nauðsynlegt að samþykkja að í grunnskólunum fari einnig fram listkynning, þ.e. þar geti listamenn komið og kynnt verk sín og lýst þeim fyrir nemendum og vakið þannig áhuga þeirra og það er liður í uppeldi nemenda. Það hefur sýnt sig að uppeldi í tónlist kennir börnum að meta tónlist, meta sígilda tónlist og læra að hlusta og tileinka sér hana, fá áhuga fyrir henni og síðar að iðka hana. Ég held að við þyrftum að huga betur að listkynningu í grunnskólum en verið hefur.

Eins og ég sagði fagna ég því að þetta frv. er fram komið og nú skuli verða farið að nýta þetta hús á Laugarnestanga sem mér finnst vera verðugur rammi utan um listaháskóla. En þó vek ég athygli á því að mér finnst undarlegt að í fskj. 1 frá fjmrn. segir að samþykkt frv. feli ekki í sér neinar kostnaðarskuldbindingar fyrir ríkissjóð. Það finnst mér nokkuð undarlegt ef þessi samþykkt felur ekki í sér einhverjar kostnaðarskuldbindingar og ég spyr hæstv. ráðherra að því hvernig það getur átt sér stað. Enda þótt 1. umr. um málið fari nú fram eru undirtektir þannig í salnum að búast má við því að frv. þetta gæti orðið að lögum á þessu þingi. En ég held að til þess að koma því á laggirnar, svo sem verðugt er, hljóti að þurfa að vera einhverjar kostnaðarskuldbindingar þar á bak við.

Að öðru leyti geri ég fastlega ráð fyrir því að hv. menntmn. Alþingis fjalli um málið vinsamlega. Það er greinilegt að það verður gert. En af því að ég mismælti mig og nefndi efh.- og viðskn. gæti farið svo að efh.- og viðskn. eða fjárln. yrðu einnig að fjalla um þau fjárframlög sem til þessara mála þurfa. Af því að ég nefni þetta vil ég einnig koma að einu atriði í viðbót í sambandi við fjármuni sem eru á bls. 2 í greinargerðinni, þar segir, með leyfi forseta: „Meginástæða þess að enn hefur ekki verið sett löggjöf um listmenntun á háskólastigi hér á landi svo lengi sem hefur verið stefnt að er sú að fyrirsjáanlega hefði slík breyting haft í för með sér umtalsverðan útgjaldaauka fyrir ríkissjóð."

Hér stangast hlutirnir nokkuð á og væri fróðlegt að heyra hvaða svör hæstv. menntmrh. hefur við því.

[12:08]

Pétur Bjarnason:

Virðulegi forseti. Eins og aðrir sem hér hafa komið þá vil ég fagna því að þetta mál er komið á dag-

skrá. Ég átti ekki kost á að fylgjast með undirbúningi þessa máls á síðasta ári og í annríki undanfarinna daga hef ég afskaplega lítið getað skoðað þetta frv. þannig að ég mun nota tækifærið þegar þetta mál kemur til umræðu hv. menntmn. að kynna mér það og mun reyna að styðja framgang þess eftir því sem mér er unnt og ætla því aðeins að hafa fáein orð um þetta frv. nú.

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir því í frv. að þetta verði sjálfstæð stofnun en hafði áður verið gert ráð fyrir því að stofnaður yrði sérstakur listaháskóli innan vébanda Háskóla Íslands. Ég verð að lýsa vonbrigðum mínum á því að það skyldi ekki geta hafa orðið og vil spyrjast fyrir hjá hæstv. menntmrh. á hvaða forsendum þessu hafi verið hafnað. Ástæðan fyrir því að mér finnst þetta verri leið er að með því hefði í upphafi málið verið komið í mjög traustan farveg innan virtrar stofnunar á háskólastigi og mér sýnist að með núverandi fyrirkomulagi geti verið allmikil vinna fram undan til þess að þessi stofnun nái þeirri stöðu sem henni ber og hún verði virt sem háskólastofnun. E.t.v. kann að vera á þessu annar flötur, að með auknu sjálfstæði stofnunarinnar gefist henni kostur á að fara nýjar brautir og þetta sjálfstæði hennar geti þá styrkt hana að öðru leyti. Eins og ég gat um áðan hef ég ekki haft tækifæri til að kynna mér þetta mál nægilega til þess að geta metið þetta en mun gera það.

Hér hefur komið fram hjá hæstv. menntmrh. að listaskólar hafa nánast veslast upp á grundvelli úreltra laga. Það kann vel að vera að það sé einn þátturinn í því að þeir hafa verið að veslast upp en ætli fjárveitingar hafi nú ekki komið þar við sögu. Ég tek undir það sem hv. 6. þm. Vestf. sagði áðan að hér er einmitt sagt í grg. að meginástæðan fyrir því að þessi löggjöf er ekki sett fyrr er sá kostnaðarauki sem var fyrir séður. Jafnframt er sagt að frv. muni ekki hafa kostnaðarauka í för með sér svo mig vantar svolítið samræmi þarna á milli, ég átta mig ekki á því.

Ég velti fyrir mér hver verður staða kennara og starfsmanna þessa skóla. Þetta verður ekki innan vébanda Háskóla Íslands, þetta verður ekki ríkisstofnun, þetta verður sjálfseignarstofnun sem þýðir að kennarar sem eru að kenna ýmist við Háskóla Íslands, Kennaraháskólann eða aðrar stofnanir og síðan þennan skóla eru annars vegar að starfa sem ríkisstarfsmenn og hins vegar hjá stofnun sem ekki er á vegum ríkisins. Það sem maður veltir fyrir sér kannski í þessu eru ýmsir þættir eins og lífeyrisréttur og margt fleira. Þetta er hlutur sem ég held að þurfi að skoða.

Hv. þm. Björn Bjarnason sagði að þessi skýrsla væri ekki fullmótað plagg og ég heyri á þeim sem að þessu standa að það er mikill vilji til að standa vel að þessu máli. Ég hef trú á því að menn geri ekki ágreining um það og að þetta sé mál sem menn geta sameinast um að vinna. Það sem kannski yrði erfiðast að sameinast um í þessu yrðu peningamálin. En til þess að þetta geti orðið meira en orðin tóm þá verður að fylgja þessu fjárframlag.

Mér fannst mjög ánægjulegt að heyra það að hugmyndir nefnarinnar voru að afhenda þetta hús fullbúið til skólans og þá er náttúrlega spurning sem maður ber fram, hvenær menn telja að það geti orðið. Þetta verður auðvitað að fylgjast nokkuð að að þessi skóli sé stofnaður og að hann fái möguleika á að fá húsnæði til að starfa í.

Hér var aðeins vikið að listkynningu í grunnskólum. Það er mál sem vissulega þarfnast skoðunar. Listkynning hefur átt sér stað í grunnskólum á undanförnum árum á mjög mörgum sviðum. En það er nú einu sinni svo með grunnskólann að að honum er kreppt hvað snertir tímafjölda og hvert einasta nýtt atriði sem inn í grunnskólann kemur verður að takast af þeim ramma sem þar er fyrir. Sú listkynning sem þar hefur farið fram hefur m.a. verið í formi leiksýninga og ýmissa kynninga á þeim vettvangi. Sömuleiðis hefur tónlistarfræðsla og eitt og annað því tengt komið oft inn í skólana. Myndlistarfræðsla í skólunum hefur kannski í minna mæli komið inn í skólana en aftur á móti hefur verið allöflugt starf í því að skólarnir hafa farið kynningarferðir á söfn og ýmsar slíkar stofnanir þar sem þessi þáttur hefur verið tekinn upp. Þannig að það er ekki svo að listkynning sé ekki til í grunnskólanum, síður en svo. En e.t.v. og vafalaust mætti auka hana mjög mikið.

Hér hefur verið rætt um þátt Reykjavíkurborgar og það er auðvitað vel að Reykjavíkurborg er tilbúin að styðja og styrkja þetta starf enda er Reykjavík okkar höfuðborg og gegnir margvíslegum skyldum fyrir hönd okkar landsbyggðarmanna. En ég vil minna á að það er nauðsynlegt að inn í þetta komi að menn meti það starf sem verið er að vinna víðs vegar um landið. Ég minni á það sem hér hefur verið áður nefnt, Myndlistarskólann á Akureyri og starfsemi Listagilsins þar og ekki síður það merka framtak á Ísafirði, Listaskóla Rögnvaldar Jónssonar sem er tekinn til starfa og hefur nú þegar hafið þróttmikið starf sem við bindum mjög miklar vonir við að verði listum til framdráttar á því svæði.

Virðulegi forseti. Að lokum er þáttur sem ég vildi aðeins velta fyrir mér og spyrjast fyrir um. Ég hef svolitlar áhyggjur af töflunni sem er á bls. 13 í fskj. þar sem kemur fram kostnaður nemenda. Eins og nú er háttað með myndlistarskóla, leiklistarskóla og tónlistarskóla eru samtals 440 nemendur sem borga tæpar 15 millj., eða 14 millj. 893 þús. kr., í skólagjöld. Samkvæmt þessari rekstraráætlun er gert ráð fyrir að 300 nemendur — mér sýnist fljótt á litið að 140 nemendur verði áfram í námi á framhaldsskólastigi þannig að það fækkar verulega þeim nemendum sem bera þessar byrðar en þeir eiga að bera 18 millj. og 100 þús. Þarna virðist mér vera mjög veruleg hækkun. Nú veit ég ekki hversu há gjöld þessir 140 hafa borið, bara að þetta kemur fram. En ég get ekki séð annað en að svona líti þetta út samkvæmt þessu blaði. Núverandi skólagjöld eru tæpar 15 millj. en það er gert ráð fyrir að þau verði rúmar 18 millj. þrátt fyrir það að nemendum fækki úr 440 í 300. Mér hefði þótt vænt um að fá skýringar á því hvort hér er um að ræða mjög verulegar hækkanir eða hvort eitthvað annað skýrir þetta mál. Hækkun skólagjalda í háskólanámi yfirleitt er

mjög mikið áhyggjuefni. Þegar hátt í 100 millj. af rekstri Háskóla Íslands koma af skólagjöldum þá er það orðið mjög alvarlegt mál og mér sýnist að veruleg hætta sé á að þessi háu skólagjöld geti hindrað starfsemi skóla af þessu tagi og hugsanlega mismunað þeim sem þarna vildu njóta náms.

Virðulegi forseti. Að lokum vil ég ítreka það að ég fagna mjög frv. og vona að það sé upphafið á mjög verulegri sókn í þessa átt og ég mun skoða þetta betur þegar til nefndar kemur.

[12:17]

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er tvennt. Í fyrsta lagi varðandi það sem ég sagði um skýrslu nefndarinnar sem ég veitti formennsku þá kemur fram á bls. 3 í grg., með leyfi hæstv. forseta: „Tillögurnar voru kynntar þegar skýrslan kom út og í febrúar 1994 gekkst Bandalag ísl. listamanna fyrir mjög fjölmennri ráðstefnu um listaháskólamálið. Í framhaldi af ráðstefnunni hafa drög að skipulagsskrá fyrir sjálfseignarstofnun um listaháskóla verið endurskoðuð í menntmrn. í samvinnu við stjórn Bandalags ísl. listamanna og bætt við þau athugasemdum til frekari glöggvunar."

Það var þetta sem ég var að vísa til og ég tel að hér liggi fyrir sem fylgiskjöl með frv. plöggin eins og þau líta út eftir að ráðuneytið og Bandalag ísl. listamanna hafa farið yfir okkar tillögur. Að því leyti er hér um annan og má segja fastmótaðri texta að ræða en við gerðum tillögur um.

Varðandi spurningar eins og hv. þm. nefndi um réttindi kennara, lífeyrismál og annað slíkt þá verða menn að átta sig á því að það er ekki Alþingis að ákveða það í þessu tilviki. Alþingi ákveður ekki kjör manna við þennan skóla heldur er það skólinn sjálfur sem gerir samninga við sína starfsmenn á grundvelli samnings sem hann gerir og samnings ríkisins við skólann. Ég bið menn að fara ekki að blanda óskyldum málum inn í þetta. Ef þeir vilja að skólinn sé þannig að það sé ríkisvaldsins og Alþingis að ákveða þetta þá eru þeir að tala um annað en felst í þessu frv.

[12:19]

Pétur Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. þessi svör enda var ég svo sem ekki að gagnrýna þetta. Ég tel að það sé ekki alveg óskylt mál í sjálfu sér hvernig rekstrarformið er. Ég var að spyrjast fyrir um forsendur þess að háskólinn hafnaði því að hafa þetta innan sinna vébanda og benda aðeins á mismun þess án þess að ég væri að tala um að nefndin hefði svo sem mikið með það að gera. En hins vegar vil ég ítreka það að ég trúi því og treysti að þessi nefnd, eins og hv. þm. gat um, hafi haft samráð og samvinnu við allar þessar stofnanir. Ég trúi því og treysti að það verði gert áfram og tel reyndar einsýnt að þingmenn muni sameinast um þetta mál að veita því framgang hvar í flokki sem þeir standa og það held ég að sé mjög ánægjuleg þróun.

[12:20]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð varðandi þetta mál. Því miður missti ég af ræðu menntmrh. og reyndar ýmsum öðrum ræðum þar sem ég var upptekin annars staðar og þar af leiðandi kann ég að endurtaka eitthvað af því sem hefur komið fram og spurningar sem hér hafa verið bornar upp og verður þá bara að hafa það.

Ég vil eins og aðrir fagna því að hreyfing skuli komin á þetta mál. Það hefur lengi verið umræða um það hvernig listmenntun skuli háttað í okkar landi og við vitum að listaskólarnir hafa verið fjársveltir eins og reyndar annað skólastarf í landinu og það er löngu tímabært að móta stefnu varðandi það hvernig listmenntun skuli háttað. Það var keypt stórt og mikið hús undir listaskólana fyrir nokkrum árum og það hefur því miður staðið meira og minna autt þó það hafi verið nýtt að einhverju leyti. Það er óþolandi fyrir nemendur og kennara þessara fjögurra skóla, sem væntanlega á að sameina undir einu þaki hvort sem húsnæðið dugar svo þegar til kemur, að vita af þessu húsi standa þarna autt og sjá lítið gerast í málunum. En þarna er verið að fara inn á nýja braut, bæði hvað varðar rekstur þessa skóla og eins þá hugmynd að sameina fleiri listaskóla undir einu þaki. Þar sem ég þekki til erlendis eru listaskólar yfirleitt einir og sér og hafa þróast þannig og verður því spennandi að sjá hvort þetta gengur upp og hvernig það gengur upp. En ég óttast að skólinn verði fljótur að sprengja utan af sér húsnæðið.

Það sem er áhyggjuefni fyrir okkur þingmenn og ekki síst þá sem hafa áhuga á að efla hér menningu og listir er hvort þessi nýja stofnun fái það fjármagn sem hún þarf. Eftir að hafa horft á aðgerðir núv. ríkisstjórnar í þau tæplega fjögur ár sem hún hefur setið og þann niðurskurð sem m.a. hefur átt sér stað í skólamálum er ekki hægt annað en að hafa nokkrar áhyggjur af því hvort staðið verður við þær fjárveitingar sem þessi skóli þarf að fá. Nú kemur það væntanlega í hlut nýrrar ríkisstjórnar en það er alveg augljóst mál að það þarf að kosta miklu til, bæði til innréttingar á skólahúsinu og eins til rekstrarins.

Ég var að glugga í frv. til fjárlaga fyrir árið 1995 og mér sýnist að þessir fjórir skólar, þ.e. Tónlistarskólinn í Reykjavík, leiklistarskólinn, Myndlista- og handíðaskóli Íslands og listdansskólinn fái núna frá ríkinu 161,2 millj. kr. En það er alveg ljóst að hinn nýi skóli kostar miklu meira enda er gert ráð fyrir að hann fái fjármagn úr öðrum áttum. Það verður okkar á Alþingi að sjá til þess að hann fái það fjármagn.

Ég hygg að spurning hafi verið borin upp til hæstv. ráðherra um samskipti við Háskóla Íslands en það vekur athygli í grg. að Háskóli Íslands skuli hafa hafnað hugmyndum um tengsl við listaháskóla. Nú er ég ekki endilega að segja að einhvers konar tengsl þarna á milli sé hin eina rétta leið en fróðlegt væri að fá að heyra hvaða rökstuðningur lá að baki þessarar niðurstöðu háskólaráðs. Nú er það svo að háskólinn hefur yfir mikilli þekkingu og reynslu, tækjakosti og öðru slíku að ráða en kannski hefur það ekki verið í samræmi við hans forgangsröð að taka við verkefnum af þessu tagi. En ég held sannast að segja að happasælla

sé að hafa þennan skóla sem sjálfstæða stofnun.

En meginerindi mitt í ræðustólinn, virðulegi forseti, er það að mig langar að koma því sjónarmiði á framfæri að annars vegar þegar við förum að skilgreina allt listnám á háskólastigi þá vaknar sú spurning: Hvar á að leggja grunninn og hvernig á að leggja grunninn? Auðvitað háttar misjafnlega til varðandi listgreinar. Ef ég tek dans sem dæmi þá verður það svo að nemendur verða teknir mjög ungir inn í þennan skóla. Það gefur auga leið að jafnöguð listgrein og dans krefst mikils og góðs undirbúnings og þar verður að vera samfella. En þegar kemur t.d. að myndlist og tónlist er grunnurinn lagður annars staðar. Það væri fróðlegt að fá að vita hvernig menn hugsa sér samhengi milli grunnnáms og hvort þessi skóli á að bjóða upp á grunnnám eða hvernig menn hugsa sér það. Það er hægt að hafa fornámsdeildir og fleira slíkt en hvernig hugsa menn þetta því þarna er komin ný skilgreining á listnámi.

Hitt sem ég vil vekja athygli á er það sjónarmið að þó að við komum nýju skipulagi á listnám í landinu þá má það ekki verða til þess að draga úr möguleikum nemenda til þess að geta stundað listnám erlendis. Ég held að það sé svo gríðarlega mikilvægt fyrir íslenskar listir að við getum sótt strauma til annarra landa í öllum listgreinum og það að við fáum skóla á háskólastigi má ekki verða til þess að koma í veg fyrir þá strauma. Þarna koma inn í samskipti við Lánasjóð ísl. námsmanna og hvernig menn huga að því samhengi. Við megum ekki loka leiðum. Nú veit ég það að í öðrum námsgreinum gildir sú regla að ef menn geta stundað grunnnám hér á landi, þ.e. nám til BA-prófs eða BS-prófs, þá eru takmörk á því hvað menn fá í námslán ef þeir fara til útlanda og mér leikur hugur á að vita hvernig menn hugsa það dæmi í tengslum við þennan skóla.

Aðeins að lokum, virðulegi forseti, varðandi þá hugmynd sem kom fram hjá hv. þm. Birni Bjarnasyni að nú væri hægt að fara að nýta bókhlöðuskattinn til þess að veita honum í það að innrétta húsið í Laugarnesi þá eru fleiri þar um hituna. Þjóðminjasafnið bíður eftir peningum, Þjóðskjalasafnið bíður eftir peningum og ýmsar byggingar þarfnast viðhalds þannig að menn verða að hafa það í huga að einhvern veginn verður að skipta þeim peningum en vissulega tek ég undir það sjónarmið að það er mjög mikilvægt og brýnt að lokið verði við að innrétta skólann og koma honum í gagnið. Við megum ekki láta það henda að það sama gerist með listaháskólann og gerðist með Þjóðarbókhlöðuna, að það taki áratugi að ljúka við að innrétta og því skal ég og við kvennalistakonur gera mitt til að stuðla að því að þessi skóli fái þau fjárframlög frá ríkinu sem hann þarf.

[12:29]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að þakka þeim hv. þm. sem hér hafa talað og lýst mjög eindregnum stuðningi við þetta frv. Það er mikilvægt að fá slíkar yfirlýsingar fram strax við 1. umr. málsins. Það er vissulega gott til þess að vita líka að hv. þm. líta á þetta frv. sem gullmola í öllu talnaflóðinu sem við erum að sýsla með einmitt núna þessa dagana.

Það eru örfáar spurningar sem hefur verið beint til mín sem ég skal reyna að svara eftir bestu getu. Í fyrsta lagi nefndi hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir ákveði um dómnefndir sem þurfa að koma að verki þegar um er að ræða ráðningu deildarforseta og spurði hvort það ætti ekki einnig að gilda varðandi ráðningu rektors en um það atriði væru ekki sjáanleg ákvæði í frv. Um það er það að segja að það er auðvitað sjálfstæð ákvörðun stjórnar skólans hver verður ráðinn rektor og það þarf ekki að vera svo að rektor þurfi að uppfylla sömu skilyrði og einstakir kennarar hinna ýmsu listgreina. Það er út af fyrir sig eðlilegt að ekki séu sett ákveðin skilyrði um dómnefnd til þess að velja rektor.

Hv. þm. Guðrún Helgadóttir, sem lýsti eins og aðrir eindregnum stuðningi við frv., ræddi aðeins um hlutdeild Reykjavíkurborgar og nefndi að hér væru jú fleiri sveitarfélög í nágrenninu og reyndar kæmi til greina að leita út fyrir höfuðborgarsvæðið með stuðning við þennan skóla. Það má út af fyrir sig rétt vera en ég bendi bara á að það er ekkert óeðlilegt þó Reykjavíkurborg hafi ekki enn tekið afstöðu til þessa máls. Það verður að sjálfsögðu kannað frekar í meðförum hv. menntmn. Sveitarfélög hafa ekki, hvorki Reykjavíkurborg né önnur, tekið þátt í rekstri skóla á háskólastigi. Hins vegar hafa sveitarfélög tekið þátt í bæði kostnaði við tónlistarskóla og myndlistarskóla. Það er þeirra viðfangsefni og hlutdeild Reykjavíkurborgar í þessum rekstri til þessa hefur stafað af því að þeir eru ekki á háskólastigi. Mér þykir það hins vegar ekkert útilokað þótt þessi skóli fari á háskólastig og sérstaklega miðað við það form sem honum er ætlað, sjálfseignarstofnunarformið, að einstök sveitarfélög, Reykjavíkurborg eða fleiri, kæmu þarna inn með beina þátttöku. Það verður kannað frekar.

Það gætir nokkurs misskilnings og ég hef kannski gefið tilefni til þess eða orð í athugasemdum með frv. að Háskóli Íslands hafi hafnað þátttöku í þessum skóla. Misskilningurinn er sá að nefndin sem samdi þetta frv. leitaði ekki til Háskóla Íslands vegna þess að það lá fyrir áður vegna skýrslunnar sem skilað var í janúar 1992, sem var ekki skýrsla þeirrar nefndar sem samdi þetta frv., að háskólinn hefði hafnað þeirri hugmynd sem þar hafði komið fram um að listaháskóli yrði deild í Háskóla Íslands eða í náinni samvinnu við Háskóla Íslands. Þá voru menn ekki með þá hugmynd uppi að þessi skóli yrði rekinn sem sjálfseignarstofnun heldur sem venjulegur skóli á háskólastigi á vegum ríkisins. Það var sem sagt það sem Háskóli Íslands hafnaði. En það var ekki leitað til hans í sambandi við þetta frv. af eðlilegum ástæðum. Þannig að því sé til skila haldið að háskólinn hefur þarna engu hafnað.

Ég vil líka taka fram að þótt hér sé talað um myndlistarskólann, leiklistarskólann og tónlistarskólann þá hafa fleiri fylgst með þessu máli. Fyrir utan Bandalag ísl. listamanna, sem ég hef gert grein fyrir að hefur fylgst mjög náið með þessu máli öllu, hafa komið þarna til funda fulltrúar frá listdansskólanum og frá

Arkitektafélagi Íslands. Mér þykir mjög líklegt að þeir aðilar komi á einum eða öðrum tíma að þessum skóla einnig.

Hv. þm. Svavar Gestsson spurði hver fagleg staða þessarar stofnunar yrði. Ég held að það þurfi ekki að hafa áhyggjur af því að fagleg staða þessarar stofnunar verði ekki nægilega metnaðarfull. Það er beinlínis tekið fram í 1. gr. frv. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta: „Sá aðili, sem með samningi skv. 1. mgr. veitir menntun í listum á háskólastigi, ákveður inntökuskilyrði nemenda enda svari inntökuskilyrði og námskröfur jafnan til þess sem tíðkast í viðurkenndum listaháskólum erlendis.“ Ég held því að það verði alveg tryggt að þarna muni fulls metnaðar verða gætt.

Hv. þm. Svavar Gestsson nefndi einnig skipulega samvinnu við Háskóla Íslands og vildi leggja þá kvöð á menntmrh. að sjá til þess að sú samvinna yrði í lagi. Menntmrh. segir að sjálfsögðu ekki Háskóla Íslands fyrir verkum um það hvort hann eigi að starfa með einum eða öðrum. Hins vegar þykir mér ekki óeðlilegt að ætla að einhvers konar samvinna takist með þessum skólum en það þarf ekki að verða fyrir einhverjar fyrirskipanir frá menntmrh.

Ég hef komið aðeins inn á þátttöku sveitarfélaga í kostnaði við þennan skóla og sérstaklega Reykjavíkurborgar. Hv. þm. Svavar Gestsson nefndi einnig Myndlistarskólann á Akureyri í því samhengi. Ég ítreka að myndlistarskólarnir, eins og tónlistarskólarnir, eru styrktir af sveitarfélögunum. Það eru aðeins Myndlistarskólinn á Akureyri og Myndlistarskólinn í Reykjavík sem eru styrktir með ríkisfé auk þess raunar sem Myndlistarskólinn í Kópavogi hefur notið lítils háttar styrks frá menntmrn. með samþykki fjárln. Annars eru þeir skólar sem sagt styrktir af sveitarfélögum.

Varðandi skólagjöldin og það sem hefur komið fram í máli fleiri en eins hv. þm. að hætta sé á að þarna verði hærri skólagjöld en eru á háskólastiginu almennt skal ég ekki fullyrða. Það verður skólans að ákveða skólagjöldin. Stjórn skólans mun hafa þar ákvörðunarvaldið og ég bendi á það, sem raunar hefur komið fram hjá hv. þm. Birni Bjarnasyni, að skólagjöld í hinum ýmsu skólum, ekki síst á sviði listmenntunar, eru há og til muna hærri en á háskólastiginu sem rekið er af ríkinu.

Menn hafa líka gert að umtalsefni húsnæðið að Laugarnesvegi 91 þar sem þessum skóla er ætlað að vera. Það er gengið út frá því í nál. og frv. að þetta húsnæði fullbúið verði heimanmundurinn sem ríkið leggur af mörkum. Ég get ekki svarað því á þessari stundu hvenær það húsnæði kann að verða fullgert en það er að sjálfsögðu ætlunin að endurbótasjóðnum verði varið til þess að kosta innréttingar við húsnæðið. En það er rétt sem hér hefur líka komið fram að það bíða mörg viðfangsefni endurbótasjóðsins eins og hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir nefndi, Þjóðminjasafnið, Þjóðskjalasafnið, Þjóðleikhúsið. Allt sem byrjar á þjóð er töluvert vandamál hjá okkur og lausleg áætlun segir okkur að það vantar nokkra milljarða kr. til þess að ljúka þessum framkvæmdum öllum. En endurbótasjóðurinn gefur u.þ.b. 350 millj. á ári. Yfir endurbótasjóðnum er sérstök stjórn sem mun að sjálfsögðu fjalla um það hvernig sjóðnum skuli varið en það er einnig að sjálfsögðu gert í samráði við ríkisstjórn og Alþingi á hverjum tíma eins og raunar var gert um endurbótasjóðinn varðandi Þjóðarbókhlöðuna, að honum skyldi varið alfarið til hennar þar til því verkefni yrði lokið, sem nú er en hluta sjóðsins hefur þegar verið ráðstafað á næsta ári vegna Þjóðarbókhlöðunnar. En að þeirri skuld greiddri þá þarf að taka ákvörðun um hvernig sjóðnum verður varið og raunar kemur til ákvörðunar um það þegar á næsta ári því nokkuð stendur eftir af tekjum sjóðsins á næsta ári.

Hv. þm. Jóna Valgerður Kristjánsdóttir nefndi það sem segir í fylgiskjalinu og kemur frá fjárlagaskrifstofu fjmrn., að frv. feli ekki í sér kostnaðarskuldbindingar fyrir ríkissjóð. Það sem þarna er átt við er að þessi skóli sem aðrir er háður ákvörðun fjárveitinga hverju sinni en eins og kemur fram í töflunni á bls. 13 í fskj. 4 er ekki talið að stofnun þessa skóla muni í sjálfu sér leiða til kostnaðarauka fyrir ríkisvaldið.

Fækkun nemenda stafar af því að þeir nemendur sem eru í dag í Myndlista- og handíðaskólanum og tónlistarskólanum mundu ekki allir færast á háskólastigið. Það er ástæðan fyrir fækkun nemenda. Miðað við það að Reykjavíkurborg og ef til vill önnur sveitarfélög mundu koma sem beinir aðilar að rekstri skólans þá felur það ekki í sér kostnaðarauka fyrir ríkissjóð. Það er það sem þarna er átt við.

Ég er búinn að svara því sem Pétur Bjarnason spurði um varðandi Háskóla Íslands. Hann spurði eins og áður hafði komið fram hjá öðum hv. þm. á hvaða forsendum Háskóli Íslands hefði hafnað þátttöku. Ég er búinn að skýra að það var vegna hugmyndanna sem höfðu komið fram hjá hinni fyrri nefnd sem skilaði áliti í janúar 1992. Það sem ég sagði og hv. þm. gerði að umræðuefni var að listaskólarnir hefðu verið að veslast upp vegna úreltra laga og taldi hv. þm. að kynni að vera vegna ónógra fjárveitinga. Það má vera en ég átti ekki við það heldur hitt að vandamálin stöfuðu af því að skólarnir eru skilgreindir á framhaldsskólastigi og falla þess vegna undir lög um lögverndun á starfheiti og starfsréttindum grunnskólakennara og framhaldsskólakennara og það hefur valdið vandræðunum að kennararnir hafa ekki getað fengið fastráðningu. Það var ástæðan.

Ég vil svo að lokum, hæstv. forseti, ítreka þakkir mínar fyrir góðar undirtektir þeirra hv. þm. sem hér hafa talað. Ég þykist vita að þeir hafi talað í nafni fleiri. Ég nota líka tækifærið til að þakka nefndinni sem vann málið og starfaði undir forustu hv. þm. Björns Bjarnasonar fyrir mjög vel unnin störf og aðstoð við að kynna málið þeim aðilum sem við þetta frv. eiga að búa verði það að lögum. Að sjálfsögðu verður þetta frv. athugað vandlega í hv. menntmn. Ég treysti því að frv. verði samþykkt á þessu þingi og raunar trúi því með hliðsjón af þeim undirtektum sem hafa orðið við 1. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Hópuppsagnir, 3. umr.

Stjfrv., 124. mál (uppsögn ráðningarsamninga einstakra starfsmanna). — Þskj. 129.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Heilbrigðisþjónusta, 2. umr.

Frv. heilbr.- og trn., 280. mál (heilsuverndarstarf í Reykjavík). — Þskj. 347.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vátryggingastarfsemi, 1. umr.

Frv. heilbr.- og trn., 298. mál. — Þskj. 390.

[12:45]

Frsm. heilbr.- og trn. (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga frá heilbr.- og trn. um breytingu á lögum nr. 60/1994, um vátryggingastarfsemi. Frv. er á þskj. 390.

Frv. er svohljóðandi: 1. gr. Í stað dagsetningarinnar „1. júlí 1994“ í síðari mgr. 100. gr. laganna kemur: 1. júlí 1995.

2. gr.: Á eftir ártalinu „1994“ í 1. mgr. í ákvæði til bráðabirgða í lögum kemur: og 1995.

3. gr. Lög þessi öðlast þegar gildi.

Í greinargerð kemur m.a. fram: „Fyrir liggur að ekki reynist unnt að ljúka smíði reglugerða um reikningsskil vátryggingafélaga, þannig að þær öðlist gildi 1. jan. 1995 eins og stefnt var að þar sem verkið hefur reynst umfangsmeira en í fyrstu var talið. Þá er óvíst hvenær sett verða ný lög um bókhald og ársreikninga fyrirtækja sem taka verður tillit til við samningu reglnanna.“

Virðulegi forseti. Ég geri það að tillögu minni að að lokinni umræðu verði þessu frv. vísað til 2. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lífræn landbúnaðarframleiðsla, 1. umr.

Stjfrv., 281. mál. — Þskj. 348.

[12:47]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um lífræna framleiðslu landbúnaðarvara. Fyrstu hugmyndir um lífrænan landbúnað má rekja aftur til fyrri hluta þessarar aldar þegar menn eins og dr. Steiner komu fram með þær skoðanir að heilbrigði mannsins væri betur tryggt með neyslu grænmetis þar sem ekki væri notaður tilbúinn áburður eða önnur tilbúin varnarefni við framleiðsluna.

Á seinni árum hefur framleiðsla lífrænna landbúnaðarafurða aukist víða um heim og talið er að um það bil 3% grænmeti sem er neytt í nágrannalöndum okkar sé lífræn framleiðsla og hefur farið vaxandi. Eins er spáð vaxandi eftirspurn eftir slíkum vörum á heimsmarkaði. Hér á landi hefur framleiðsla lífrænna landbúnaðarafurða átt sér stað hjá fáeinum bændum um nokkurra ára skeið en aðeins í litlum mæli. Fyrst með stofnun félags bænda í lífrænni framleiðslu á fyrri hluta ársins 1993 og með frekari umræðum á ráðunautafundi Búnaðarfélags Íslands og Rannsóknarstofnunar landbúnaðarins komst skriður á almennar umræður hvernig íslenskur landbúnaður geti hagnýtt sér þennan nýja og vaxandi geira innan landbúnaðarins.

Einnig má minna á alþjóðaráðstefnu um umhverfismál og sjálfbæra þróun, lykilhlutverk bænda, sem haldin var hér á landi 1991 og vakti marga til umhugsunar um þessi mál.

Þessar hugmyndir um lífræna framleiðslu falla mjög vel að áhuga um umhverfisvernd og þróun svokallaðrar grænnar hugmyndafræði. Jafnframt er hér stefnt að sjálfbærum búskap í sátt við náttúruna eins og sett er fram í dagskrá 21 frá umhverfis- og þróunarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Ríó 1992.

Hér á landi eru á margan hátt ákjósanleg skilyrði til framleiðslu lífrænna landbúnaðarafurða og eins og nefnt er hér að framan hafa fáeinir bændur nú þegar aðlagað búskap sinn að þessari framleiðsluaðferð og margir sýna henni áhuga. Hér hefur skort reglur um þessi efni en slíkar reglur eru algengar víða um lönd.

Snemma á þessu ári skipaði ég nefnd til að hefja samningu reglugerðar um íslenska lífræna landbúnaðarframleiðslu er tryggi að slíkar vörur séu framleiddar á viðurkenndum, lífrænum býlum og markaðssettar undir ákveðnum opinberlega viðurkenndum lífrænum vörumerkjum. Nefnd þessi er undir formennsku Brynjólfs Sandholts yfirdýralæknis og skipuð fulltrúum hagsmunaaðila og fagstofnana. Verki þessu miðar vel áfram en reglugerðin verður mjög ítarleg og mun fjalla um öll framleiðslustig, allt frá jarðvegi og búfé sem og vinnslu, dreifingu og eftirlit. Tilgreindar verða lágmarkskröfur til lífrænna búskaparhátta innan grunnreglna alþjóðasamtaka lífrænna landbúnaðarhreyfinga og í samræmi við reglugerð Evrópusambandsins nr. 2092/91. Þannig hafa verið hafðar í huga kröfur bandarískra heilbrigðisyfirvalda varðandi framleiðslu á búfjárafurðum án notkunar fúkalyfja eða hormóna. Til hliðsjónar eru jafnframt hafðar reglur um lífræna framleiðslu frá Norðurlöndum, Bretlandi og Norður-Ameríku.

Lífrænar vörur eru í flestum tilfellum greiddar hærra verði en almennt gerist enda lögð mikil áhersla á umhverfisvernd við framleiðsluna og markaðssetningu hæstu gæða á verðflokkum. Því er óhætt að fullyrða að það er bæði hagur framleiðenda og neytenda að við-

urkenndar reglur um lífræna landbúnaðarframleiðslu taki gildi hér á landi sem fyrst.

Við könnun á margvíslegum gögnum um lífrænan landbúnað, svo sem ýmsum erlendum reglugerðum og stöðlum, er niðurstaðan sú að setning reglugerðar um þessi efni sé vænlegasta leiðin til að tryggja stöðu þessara nýju framleiðsluaðferða hér á landi en til þess skortir lagastoð. Því er þetta frv. flutt. Frv. er samið í landbrn. Samhliða samningu reglna um lífræna landbúnaðarframleiðslu hef ég látið gera faglega úttekt á skilyrðum og stöðu þessarar framleiðslu hér á landi og vil ég sérstaklega nefna nafn Ólafs Dýrmundssonar í þessu sambandi en hans áhugi og sérfræðileg aðstoð hefur verið ómetanleg í þessu starfi öllu.

Frv. það sem hér er lagt fram hefur ekki að geyma ítarlegar reglur um framleiðslu lífrænna landbúnaðarafurða heldur aðeins nauðsynleg ákvæði sem verða nánar útfærð með reglugerð eins og áður hefur komið fram. Gert er ráð fyrir að opinbert eftirlit með þessari framleiðslu verði sem einfaldast í sniðum, en þó nægilega traust til að standast fyllstu kröfur innan lands sem utan. Fjárlagaskrifstofa fjmrn. hefur fengið frv. til umsagnar og telur hún að kostnaðarauki ríkissjóðs verði óverulegur þar sem allur kostnaður við vottun og faggildingu samkvæmt frv. muni greiðast af framleiðendum.

Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa um þetta frv. fleiri orð, hæstv. forseti, en legg til að málinu verði vísað til 2. umr. og landbn. Ég veit að áhugi þingmanna fyrir þessu máli er mjög mikill og ríkur og hlýt að láta í ljósi þá von að það takist að afgreiða frv. á þessu þingi.

[12:52]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Ég hlýt að fagna því að frv. í þessa veru kemur hér fram þó ég hljóti um leið að vara við því að menn álíti að með einfaldri lagasetningu sé leiðin greið fyrir útflutning á lífrænum eða vistvænum búvörum. Við eigum vissulega ákveðna möguleika en það þarf bæði mikla og markvissa vinnu og til viðbótar verulegt fjármagn til þess að við komumst að því hvaða möguleika við eigum á þessu sviði.

Ég vildi kannski, virðulegur forseti, bera fram eina eða tvær spurningar til hæstv. ráðherra. Það er þá fyrst hvaða möguleika við höfum á að taka upp okkar eigin staðla og hvort við eigum möguleika á að fá þá skráða hjá alþjóðlegum stofnunum, þ.e. staðla yfir íslenska gæðabúvöruframleiðslu. Þetta er atriði sem ég held að sé mikilvægt að við áttum okkur á.

Í öðru lagi: Hvað vantar mikið upp á það að við getum uppfyllt þá alþjóðlegu staðla sem nú eru í gangi varðandi einstakar búgreinar þannig að við gætum farið að tala um hugsanlega mjólkurframleiðsluna í heild eða kindakjötsframleiðsluna í heild þannig að þær falli undir ákveðna gæðastaðla?

Ég hef alltaf í umræðu um þetta gert greinarmun á annars vegar því sem ég kalla nánast kreddubundna lífræna ræktun en það er alveg ljóst að ef menn ætla að fara með alla matvælaframleiðslu út í svo strangar kröfur þá mundi mannkynið hætta að brauðfæða sig. Um leið er afar mikilvægt að við náum að setja okkur staðla sem takmarki notkun tilbúins áburðar og með tímanum koma alveg í veg fyrir notkun hormóna og eiturefna. Það eru að vísu efni sem við höfum ekki notað hér og hlýtur að teljast til tekna fyrir okkur.

Þá vil ég segja sem mína skoðun varðandi möguleika í útflutningi að það er afar mikilvægt að þar taki allir aðilar höndum saman, að þeir sem hafa verið að vinna að útflutningi á landbúnaðarvörum nái samstarfi við þá öflugu aðila sem eru í matvælaútflutningi á vettvangi sjávarafurða. Þar tel ég að við eigum ákveðna möguleika m.a. í réttum sem eru blandaðir úr sjávarfangi og vörum frá landbúnaði.

Að lokum, virðulegi forseti, ítreka ég það sem ég sagði í upphafi að þetta kostar allt saman mikla vinnu ef við ætlum að ná árangri og þar af leiðandi fjármuni. Ég minni á það að ég var 1. flm. ásamt nokkrum þingmönnum Framsfl. í fyrra að þáltill. um útflutningssjóð búvara þar sem hugmyndafræðin var sú að ríkið og hagsmunaaðilar legðu saman krafta sína í þessum málum. Ég hef ekki endurflutt þá tillögu vegna þess að þetta mál hefur verið í gangi á vegum allra þingflokka sem hluti af þjóðhátíðargjöf okkar og ég hlýt að lýsa þeirri von minni að sú vinna skili þeim árangri að áður en við förum heim samþykki Alþingi vísi að útflutningssjóði búvara.

[12:57]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. vék að tveim atriðum, annars vegar hvaða möguleika við Íslendingar hefðum á því að taka upp okkar eigin staðla. Því er til að svara að fyrsta skrefið er að fá viðurkenningu á þeim grunnreglum sem við setjum okkar, að þær séu innan þess ramma sem erlendis er, alþjóðasamtaka lífrænna landbúnaðarhreyfinga og annarra slíkra hreyfinga. Síðan getum við auðvitað á grundvelli þess sett okkur frekari reglur. Ekki er hægt að kveða upp úr um það hversu mikið skorti á að einstakar starfsgreinar landbúnaðarins uppfylli þá staðla sem hér er talað um enda er viðurkenningin ekki veitt heilum búgreinum heldur bónda eða jörð.

[12:58]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er alveg rétt og því gerði ég mér grein fyrir að viðurkenningin er einungis veitt einstökum bónda eða framleiðslustöð. En það kemur ekki í veg fyrir að við getum sett okkur markmið um það að framleiðslan öll sem slík falli undir slíka staðla þó að vissulega verði hin endanlega vottun að koma á hvern einstakan framleiðanda.

[12:59]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég fagna þessu frv. og tel gott og virðingarvert að það skuli koma fram. Það þarf óhuggulega að vinna að því á öllum vígstöðvum að Íslendingar geti tekið þátt í framleiðslu þeirra búvara sem eru seldar undir merkjum lífræns landbúnaðar. Ég tel reyndar að það sé mikil spurning hvernig eigi að skilgreina lífrænan landbúnað. Mér finnst að það megi

ekki vera allt heilagt í því að ekki megi nota nein tilbúin efni heldur tel ég að einhvers konar skilgreiningar þyrftu að verða til þar sem það hefði verið rannsakað til hlítar hvaða efni hefðu engin óæskileg áhrif á lífkeðjuna og menn þyrftu þess vegna ekki að neita sér um að nota þau hjálparefni sem ekki hafa nema jákvæð áhrif á framleiðsluna. Það er út af fyrir sig hægt að segja það að við sumar aðstæður er nánast útilokað að framleiða landbúnaðarvörur öðruvísi en notuð séu bæði efni til að verjast sníkjudýrum og öðrum þvílíkum hlutum. Þess vegna held ég að það verði seint hægt að setja í gang einhvern landbúnað sem getur staðið undir nafni og framleitt vöru sem mögulegt er að selja ef menn mega ekki nota þá þekkingu og tækni sem fyrir hendi er nema að mjög litlu leyti. Þarna verður að stíga mjög varlega til jarðar og draga línurnar með mikilli kostgæfni og velta þessum hlutum fyrir sér. Ég held þó að lyf og eiturefni sem sannað er að hafa áhrif á lífkeðjuna og eru til óþurftar þurfi auðvitað að vera útilokuð frá notkun í líffrænum landbúnaði. En ég hvet mjög til þess að það verði ekki slegið af í því að reyna að rannsaka hvaða möguleika er hins vegar hægt að nýta sér og hvaða tækni er ástæðulaust að neita sér um í þessu efni.

En það var líka eitt sem mig langaði að ræða hér. Það er eftirlitsþátturinn sem er m.a. fjallað um í 3. gr. frv. Þar er greinilega gert ráð fyrir því að nota svipaðar aðferðir við eftirlit með framleiðslunni og búið er að setja upp í fiskiðnaðinum. Því miður hefur breytingin sem hefur þar orðið með skoðunarstofunum orðið til þess að framleiðendur þurfa að borga miklu hærri fjárhæðir fyrir eftirlitið. Ég ætla satt að segja að vona að menn beri gæfu til þess að standa öðruvísi að þessu gagnvart landbúnaðinum því þar þurfa menn virkilega að halda utan um pyngjuna og passa upp á að hlutirnir kosti ekki meira en nauðsynlegt er. Það væri hið versta slys ef þessi halarófuhagræðing sem varð í eftirlitinu með sjávarafurðum flæddi yfir í landbúnaðinum líka. Ég hef svo sem engin ráð að gefa hvernig megi koma í veg fyrir það ef hér verður farið að eins og lagt er til, að öllum verði heimilt að stofna þessar eftirlitsstofnanir sem talað er um í frv. Þær eru kallaðar vottunarstofur. Í 3. gr. er talað um að einstaklingum, sjálfstæðum stofnunum og sjálfstæðum stofum sé heimilt að stofna vottunarstofur. Reyndar kemur það síðan fram í umsögn um 3. gr. að þar er eingöngu talað um einstaklinga og fyrirtæki en í sjálfri lagagreininni er talað um stofnanir líka. Mig langar til að spyrja hæstv. ráðherra: Hvers konar stofnanir þarna er verið að tala um? Eru það ekki opinberar stofnanir sem er átt við í 3. gr.? Er haft í huga að hugsanlega verði það ein stofnun sem sjái um þetta sem verði þá opinber stofnun?

Ég ímynda mér að besta aðferðin við eftirlitið sé sú að einungis einn aðili hefði eftirlit með þessum hlutum og það yrði ekki farið út í það að auka kostnaðinn með því að það væru fleiri aðilar sem stæðu í því að sjá um þetta eftirlit.

Að öðru leyti ætla ég ekki að gera athugasemdir við frv. Ég tel að þetta sé út af fyrir sig mjög þarft mál og gott og gott að það er komið hér fram en ég óska eftir því að hv. nefnd taki á þessu til að reyna að koma í veg fyrir þann aukna kostnað sem leiðir af því að ef fleiri aðilar verða til þess að bjóða upp á þetta eftirlit.

Mig langar í leiðinni til þess að spyrja hæstv. ráðherra um frv. til laga um eftirlitsstarfsemi hins opinbera sem lagt var fram seinast á þinginu á síðasta vori. Mér skildist nú á þeim tíma að þá væri meiningin að reyna að samræma og skipuleggja þennan eftirlitsiðnað, sem sumir hafa leyft sér að kalla svo, sem hefur vaxið og dafnað undir forustu hæstv. ríkisstjórnar alveg sérstaklega. En þetta mál er að vísu á þeim lista sem hæstv. forsrh. kynnti í sinni stefnuræðu en það hefur ekki komið fram enn í þinginu og það er að líða að jólum og þinghald mjög stutt eftir áramótin þannig að ég vil spyrja hæstv. landbrh. hvort það sé kannski ekki meiningin að það frv. komi til afgreiðslu í þinginu í vetur.

[13:06]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Um það frv. sem þingmaðurinn gat um í lokin hef ég ekki annað að segja en að það er ásetningur ríkisstjórnarinnar að það frv. verði lagt fram. Ég vil líka taka það sérstaklega fram að ég er með í athugun þær stofnanir sem falla undir mín ráðuneyti og hafa eftirlitsstörf með höndum, hvort ekki sé hægt að draga þar úr kostnaði.

Út af hinni fyrirspurninni sem lýtur að vottunarstofum þá er gert ráð fyrir því að um einstaklinga eða fyrirtæki verði að ræða. Það er að vísu opnaður möguleiki fyrir því ef mönnum kann að sýnast svo síðar að rétt sé að fela stofnun í einhverjum einstökum tilvikum eftirlit eða ef það er áskilið e.t.v. í einhverjum löndum að opinber stofnun komi að málinu þá er sjálfsagt að halda þeim möguleika opnum. En hér er fyrst og fremst gert ráð fyrir því að þessi starfsemi verði í höndum faggiltra vottunarstofa og ég hygg að það sé til bóta ef þær yrðu fleiri en ein til þess að samkeppnin tryggi það að kostnaður sé í lágmarki og eins verðum við að halda þeim möguleika opnum að slíkar stofur starfi á mismunandi sviðum. Ég get tekið sem dæmi að mér finnst ekki óeðlilegt þó við Íslendingar stefnum að því að vera í forustu t.d. í sambandi við líffræna framleiðslu á eldisfiski, svo ég taki dæmi, og getum sett okkur þar staðla sem aðrar þjóðir hafa ekki treyst sér til.

Það er gallinn við það að vera með staðlaða framleiðslu sem hlítir ströngum reglum að óhjákvæmilegt er að fylgja framleiðslunni eftir með því að einhver viðurkennir að rétt sé að staðið. Til þess eru vottunarstofurnar og það hefur einhvern kostnað í för með sér.

[13:08]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er einmitt vandinn að samkeppnin hefur ekki tryggt að kostnaður sé í lágmarki. Það hefur sannast átakanlega í halarófuhagræðingunni sem varð í eftirliti með sjávarafurðum því þar urðu fyrirtækin allt of mörg sem fóru af stað í þetta eftirlit og

það hefur vitanlega orðið til þess að kostnaðurinn er margfaldur. Það er hver eftirlitsmaðurinn að keyra á eftir öðrum í halarófu í kringum landið til þess að fylgjast með á sömu stöðunum. Þetta hefur að vísu aðeins haft tilhneigingu til að lagast núna í seinni tíð en er þó þannig enn þá að það eru margar skoðunarstofur með starfsemi í sömu fiskibæjunum í kringum landið. Það tryggir vitanlega ekki lágmarkskostnað að þannig sé staðið að þessum málum. Ég er ekki að halda því fram að það eigi að snúa til baka út úr þessu, það er mjög erfitt að gera það, en það er a.m.k. ástæða til að velta því fyrir sér hvort hægt er að koma þessum málum þannig fyrir í eftirliti með landbúnaðarframleiðslunni að það spretti ekki upp allt of margir aðilar sem verði veikburða og geti illa sinnt sínu hlutverki en þurfi á að halda verulega háum gjaldskrám til að geta haldið starfseminni uppi. Það er nefnilega ekki alltaf þannig að samkeppnin tryggi lægsta verð, hæstv. ráðherra.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Hollustuhættir og heilbrigðiseftirlit, 1. umr.

Stjfrv., 293. mál. — Þskj. 385.

og

Alþjóðasamningar um varnir gegn mengun sjávar og Siglingamálastofnun ríkisins, 1. umr.

Stjfrv., 294. mál. — Þskj. 386.

[13:11]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér, með leyfi forseta, fyrir tveimur málum sem styðst við þau rök að þessi mál eru innbyrðis tengd. Hið fyrra er frv. til laga um breytingu á lögum nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, ásamt síðari breytingum. Seinna málið er frv. til laga um breytingu á lögum nr. 14/1979, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd þrjá alþjóðasamninga um varnir gegn mengun sjávar af völdum olíu, lögum nr. 20/1986, um Siglingamálastofnun ríkisins, og lögum nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar.

Fyrra frv. sem ég mæli fyrir um breytingu á lögum nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, ásamt síðari breytingum, var samið í umhvrn. og tengist breytingum sem urðu á yfirstjórn hollustuháttamála er þau færðust frá heilbrrn. til umhvrn. frá og með 1. júní sl., breyttri yfirstjórn Hollustuverndar ríkisins og flutningi á starfsemi mengunardeildar Siglingamálastofnunar ríkisins yfir til Hollustuverndar ríkisins.

Með breytingum á lögum nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, sbr. lög nr. 54/1994, er öðluðust gildi 1. júní sl., var yfirstjórn hollustuháttamála og heilbrigðiseftirlits færð frá heilbrrn. til umhvrn. Þegar stofnað var til sérstaks umhvrn. árið 1990 voru mengunarvarnir á landi samkvæmt hollustuháttalögum fluttar yfir til umhvrn. og þar með sú starfsemi sem Hollustuvernd ríkisins og heilbrigðisnefndir sveitarfélaga önnuðust á því sviði. Frá þeim tíma og til 1. júní sl. var yfirstjórn mála samkvæmt lögum þannig skipt milli tveggja ráðuneyta, annars vegar heilbrrn., þegar um er að ræða heilbrigðiseftirlit og matvælaeftirlit, og hins vegar umhvrn. þegar um var að ræða mengunarvarnir.

Starfsemi Hollustuverndar ríkisins var skipt með sama hætti. Þar sem þessi mál voru öll í höndum heilbrigðiseftirlits sveitarfélaganna í framkvæmd og Holustuverndar ríkisins var sú ákvörðun tekin með lögum nr. 54/1994, og áður eru nefnd, að fela umhvrn. yfirstjórn þeirra í stað þess að skipta forræðinu milli tveggja ráðuneyta enda slík skipting óæskileg verði hjá því komist. Með þeirri breytingu sem átti sér stað 1. júní sl. er málaflokkurinn því óskiptur undir yfirstjórn umhvrn. Þótt tekin væri ákvörðun að flytja yfirstjórn málaflokksins var lögunum að öðru leyti ekki breytt og er því nauðsynlegt að breyta þeim nú, m.a. til þess að laga lögin að breyttri yfirstjórn.

Í desember 1991 skipaði heilbr.- og trmrn. í samráði við umhvrn. nefnd sem falið var að gera tillögur að endurskoðuðum lögum og skilaði nefndin áliti í janúar 1993 í búningi lagafrv. Þar sem þá höfðu komið fram þau sjónarmið að æskilegt væri að sameina yfirstjórn málaflokksins í einu ráðuneyti var ákveðið að bíða með framlagningu frv. og það er því fyrst nú að tekin er afstaða til tillagna nefndarinnar að breyttum lögum.

Í frv. nefndarinnar voru gerðar tillögur um viðamiklar breytingar á lögunum sem ekki er þó talin ástæða til að leggja fram að svo stöddu nema hvað snertir stjórn og starfsemi Hollustuverndar ríkisins auk ýmiss konar lagfæringa í ljósi fenginnar reynslu.

Helstu breytingar varðandi stjórn og starfsemi Hollustuverndar ríkisins eru þær að lagt er til að fækkað verði í stjórn stofnunarinnar úr sjö í þrjá og að umhvrh. skipi stjórnina í samræmi við breytta yfirstjórn. Breytingin er gerð með hliðsjón af þeirri reynslu sem fengin er af störfum þriggja manna framkvæmdastjórnar sem í reynd hefur farið með stjórn stofnunarinnar í samræmi við 3. tölul. 14. gr. gildandi laga. Þannig hefur rekstur stofnunarinnar verið að mestu í höndum framkvæmdastjórnar og framkvæmdastjóra og hafa þannig skapast nánari tengsl milli stjórnar og stofnunar auk þess sem einfaldara og árangursríkara er að starfa á grundvelli stjórnskipulags sem ekki er of stórt í sniðum.

Þar að auki ber að hafa í huga að þótt sú stjórn sem lög kveða á um og skipuð er sjö mönnum, þar af sex tilnefndum af hinum ýmsu hagsmunaaðilum, hafi verið æskileg þegar fyrstu lög um Hollustuvernd ríkisins tóku gildi 1. ágúst 1982 á það ekki lengur við þegar festa er komin á starfsemina. Gert er ráð fyrir því að í þriggja manna stjórn stofnunarinnar sitji tveir fulltrúar sem umhvrh. skipar án tilnefningar og einn tilnefndur af Sambandi ísl. sveitarfélaga en stofnunin fer með yfirumsjón með heilbrigðis-, matvæla- og meng-

unareftirliti sem framkvæmdalega er þó í höndum sveitarfélaga, þ.e. heilbrigðisnefnda og heilbrigðisfulltrúa, með örfáum undantekningum þar sem Hollustuvernd ríkisins er falið beint eftirlit. Með þessu er í reynd verið að staðfesta fyrirkomulag sem meira og minna hefur verið við lýði frá síðustu heildarendurskoðun laganna frá 1988 og hefur gefist vel.

Enn fremur er lagt til að í stað framkvæmdastjóra komi forstjóri. Gert er ráð fyrir að forstjóri annist framkvæmdastjórn stofnunarinnar í umboði stjórnar, móti starf fagsviða í samvinnu við forstöðumenn þeirra og taki ákvarðanir í veigamiklum málum samkvæmt stefnu stjórnar hennar í stað þess að annast aðeins rekstrarstjórn eins og er samkvæmt gildandi lögum.

Enn fremur er lagt til að hin lögbundna skipting og skilgreining fagsviða hollustuverndar verði felld niður og að stjórn stofnunarinnar verði falið að ákveða skiptingu fagsviða og verksvið þeirra að fengnu samþykki ráðherra. Í dag eru lögboðin fjögur fagsvið innan stofnunarinnar sem ekki er lengur raunhæft því áherslur hafa breyst frá því sem áður var og kunna að breytast frekar á næstu árum. Því er einfaldast að ákvarðanir um fagsvið séu ólögbundnar enda hefur slíkt fyrirkomulag viðgengist hjá öðrum stofnunum og má þar nefna sem dæmi Vinnueftirlit ríkisins. Rétt er að geta þess að þegar Hollustuvernd ríkisins var stofnuð árið 1982 var hún byggð á stofnunum sem þá voru við lýði, þ.e. heilbrigðiseftirliti ríkisins, matvælarannsóknum ríkisins og geislavörnum ríkisins, auk þess sem bætt var við nýju sviði, mengunarvarnasviði. Síðar var lögunum breytt og geislavarnir teknar undan stofnuninni og settar undir sérstaka stofnun, Geislavarnir ríkisins, árið 1985 og árið 1988 var bætt við eiturefnasviði.

Gerð er tillaga um að allt starfslið stofnunarinnar að forstjóra og forstöðumönnum frátöldum verði ráðið af forstjóra en ráðning er nú ýmist á vegum stjórnar, framkvæmdastjóra eða forstöðumanna. Enn fremur er gert ráð fyrir því að stjórn stofnunarinnar ráði forstöðumenn einstakra fagsviða eftir því sem fagsvið verða ákveðin. Gert er ráð fyrir venjulegu ráðningarformi en ekki eins og í dag, sex ára ráðherraskipan. Gert er ráð fyrir því að ráðherra skipi forstjóra til fjögurra ára í senn að fengnum tillögum stjórnar og er það í samræmi við gildandi lög um framkvæmdastjóra stofnunarinnar.

Enn fremur eru lagðar til breytingar á ýmsum greinum laganna eða að þær verði felldar niður og byggist það á fenginni reynslu liðinna ára eða að um óþarfa sé að ræða. Sem dæmi um slíkt má nefna að lagt er til að ákvæði um að rekið skuli bókasafn við Hollustuvernd ríkisins verði fellt niður enda um sjálfsagðan hlut að ræða.

Sama er að segja um skyldur Hollustuverndar ríkisins vegna upplýsinga og tilkynninga til fjölmiðla en ekki þykir ástæða til að hafa slíkt í lögum þar sem starfsmenn Hollustuverndar ríkisins falla undir lög um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Einnig er lagt til að fellt verði niður ákvæði sem kveður á um að eftirlit sveitarfélaga skuli starfrækt frá heilsugæslustöð sé hún á sama stað og eftirlitsmenn hafa aðsetur. Þetta helgaðist m.a. af því að áður ráku sveitarfélögin heilsugæsluna en í dag er hún í höndum ríkisins auk þess sem ekki er sama ástæða til að tengja þennan málaflokk starfsemi heilsugæslunnar því gæta þarf fleiri atriða og til starfa á vegum heilbrigðiseftirlitsins hafa m.a. komið tæknimenntaðir menn.

Í frv. er lögð til breyting vegna tilflutnings mengunardeildar Siglingamálastofnunar ríkisins yfir til Hollustuverndar ríkisins, en um það er samkomulag í ríkisstjórn. Þegar stofnað var til sérstaks umhvrn. 1990 var þessi starfsemi Siglingamálastofnunar sett undir umhvrn. þannig að stofnunin hefur síðan heyrt undir tvö ráðuneyti, annars vegar samgrn. og hins vegar umhvrn. Í samræmi við það sem áður segir um skiptingu Hollustuverndar ríkisins og reynslu af skiptingu stofnana milli ráðuneyta er hér lagt til að öllum mengunarvörnum verði sinnt af sömu aðilum og að verkefnið verði Hollustuverndar ríkisins og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaganna þannig að ekki verði munur á því hvort um er að ræða mengunarvarnir á landi eða sjó.

Lagt er til að eftirlit með mengunarvörnum á sjó verði í höndum Hollustuverndar ríkisins með sama hætti og stofnunin hefur beint eftirlit með starfsemi sem getur haft í för með sér meiri háttar mengun. Eftir því sem heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirliti sveitarfélaga vex fiskur um hrygg ætti að vera hægt að færa mengunarvarnir á sjó út til sveitarfélaganna með sama hætti og mengunarvarnir á landi. Þau atriði bíða heildarendurskoðunar laganna sem væntanlega fer fram innan fárra ára.

Þótt ekki séu gerðar tillögur um breytingar á fyrirkomulagi og starfsemi heilbrigðiseftirlitsins í landinu að öðru leyti en áður greinir er lagt til að skipting heilbrigðisnefnda innan heilbrigðiseftirlitssvæða, sem eru 13 í landinu, verði ákveðin í reglugerð og fylgja drög að slíkri reglugerð með frv. á sérstöku skjali. Í ákvæði til bráðabirgða er hins vegar gert ráð fyrir því að núverandi skipan haldist óbreytt þar til reglugerð verður sett. Ástæðan fyrir þessari breytingu er fyrst og fremst sú að sveitarfélögin hafa í auknum mæli sameinast á undanförnum árum og fyrirsjáanleg er enn frekari sameining. Slíkar breytingar og fækkanir sveitarfélaga leiða til þess að breyta þarf umdæmum með reglugerð og er því æskilegt að hafa skiptinguna ekki lögbundna þótt það hafi verið svo og verið nauðsynlegt þegar ný lög á þessu sviði öðluðust gildi 1. ágúst 1982 og teknar voru ákvarðanir um grundvallaratriði í framkvæmd heilbrigðiseftirlits í landinu. Með þessu sparast og mikill lagatexti og lögin styttast verulega. Reglugerð um skiptingu heilbrigðisnefnda og heilbrigðiseftirlitssvæði og aðild sveitarfélaga að heilbrigðisnefndum verður að sjálfsögðu sett að höfðu samráði við sveitarfélögin þegar þar að kemur.

Virðulegi forseti. Ég legg til að frv. verði vísað til hv. umhvn. að lokinni 1. umr. og fer þess á leit að nefndin hraði störfum enda brýnt að frv. nái fram að ganga á yfirstandandi þingi.

Að því er varðar seinna málið, frv. til laga um breytingar á eldri lögum um varnir gegn mengun sjáv-

ar o.fl., og ég mæli hér fyrir þá má segja að það sé hliðarfrv. með frv. til laga um breytingu á lögum nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, sem ég hef þegar mælt fyrir. Það tengist flutningi á starfsemi mengunarvarna Siglingamálastofnunar ríkisins yfir til Hollustuverndar ríkisins og að Siglingamálastofnun ríkisins annist eftirlit með mengunarvarnabúnaði skipa en samkomulag er um að Siglingamálastofnun ríkisins annist það eftirlit áfram enda aðrir ekki í stakk búnir að sinna því.

Ég sé ekki ástæðu til að fara frekari orðum um þetta frv. en vísa til þess sem ég hef áður sagt varðandi frv. til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Virðulegi forseti. Ég legg til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. umhvn. að lokinni þessari umræðu og að fjallað verði um það samtímis frv. til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Útbýting þingskjala:

Dreifing sjónvarps og útvarps, 301. mál, þáltill. StG o.fl., þskj. 394.

Flutningur tónlistar og leikhúsverka í sjónvarpi, 302. mál, fsp. StG, þskj. 395.

Tekjustofnar sveitarfélaga, 303. mál, stjfrv. (félmrh.), þskj. 396.

Fundi slitið kl. 13:24.

---

61. FUNDUR

laugardaginn 17. des.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Listmenntun á háskólastigi, stjfrv., 277. mál, þskj. 334. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

2. Hópuppsagnir, stjfrv., 124. mál, þskj. 129. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)

3. Heilbrigðisþjónusta, frv., 280. mál, þskj. 347. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

4. Vátryggingastarfsemi, frv., 298. mál, þskj. 390. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

5. Lífræn landbúnaðarframleiðsla, stjfrv., 281. mál, þskj. 348. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

6. Hollustuhættir og heilbrigðiseftirlit, stjfrv., 293. mál, þskj. 385. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

7. Alþjóðasamningar um varnir gegn mengun sjávar og Siglingamálastofnun ríkisins, stjfrv., 294. mál, þskj. 386. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

8. Framleiðsla og sala á búvörum, stjfrv., 175. mál, þskj. 192, nál. 311, brtt. 376 og 393. — 3. umr.

9. Tekjustofnar sveitarfélaga, stjfrv., 303. mál, þskj. 396. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

Fjarvistarleyfi:

Björn Bjarnason, 3. þm. Reykv.,
Gísli S. Einarsson, 4. þm. Vesturl.,
Jón Baldvin Hannibalsson utanrrh.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 13. þm. Reykv.

Útbýting þingskjala:

Ábyrgð á norrænum fjárfestingarlánum til verkefna utan Norðurlanda, 237. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 408.

Brunatryggingar, 240. mál, nál. heilbr.- og trn., þskj. 397.

Einkahlutafélög, 97. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 400.

Evrópsk fjárhagsleg hagsmunafélög, 98. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 403.

Hlutafélög, 96. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 400.

Samningur um breytingar á tilteknum samningum EFTA-ríkjanna, 304. mál, stjtill. (utanrrh.), þskj. 409.

Stjórn fiskveiða, 292. mál, frv. JÁ og SJS, þskj. 384.

Veiting ríkisborgararéttar, 128. mál, nál. allshn., þskj. 398; brtt. allshn., þskj. 399.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. 396. — Afbrigði samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BIB, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GHelg, HÁ, HG, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, KS, MJ, MF, ÓE, PP, PJ, PBald, PBj, RA, RG, SalÞ, SJS, StB, SvG, VS, VE.

25 þm. (BBj, DO, EH, FI, GE, GÁS, GÁ, GJH, GunnS, HBl, IBA, IP, JE, JóhS, JBH, KHG, LMR, MB, ÓRG, SigG, SAÞ, SP, StG, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Listmenntun á háskólastigi, frh. 1. umr.

Stjfrv., 277. mál. — Þskj. 334.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:39]

Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BIB, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GHelg, HÁ, HG, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, KS, MJ, MF, ÓE, PP, PJ, PBald, PBj, RA, RG, SalÞ, SJS, StB, SvG, VS, VE.

26 þm. (BBj, DO, EH, EgJ, FI, GE, GÁS, GÁ, GJH, GunnS, HBl, IBA, IP, JE, JóhS, JBH, KHG, LMR, MB, ÓRG, SigG, SAÞ, SP, StG, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

Hópuppsagnir, frh. 3. umr.

Stjfrv., 124. mál (uppsögn ráðningarsamninga einstakra starfsmanna). — Þskj. 129.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:39]

Frv. samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BIB, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, HÁ, HG, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, KS, MJ, MF, ÓE, PP, PJ, PBald, PBj, RA, RG, SalÞ, SJS, StB, SvG, VS, VE.

1 þm. (GHelg) greiddi ekki atkv.

25 þm. (BBj, DO, EH, FI, GE, GÁS, GÁ, GJH, GunnS, HBl, IBA, IP, JE, JóhS, JBH, KHG, LMR, MB, ÓRG, SigG, SAÞ, SP, StG, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 410).

Heilbrigðisþjónusta, frh. 2. umr.

Frv. heilbr.- og trn., 280. mál (heilsuverndarstarf í Reykjavík). — Þskj. 347.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:40]

1. gr. samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BIB, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GHelg, HÁ, HG, JÁ, JGS, JHelg, JónK, KÁ, KE, MJ, MF, ÓE, PP, PJ, PBald, PBj, RA, RG, SalÞ, SP, SJS, StB, VS, VE.

27 þm. (BBj, DO, EH, FI, GE, GÁS, GÁ, GJH, GunnS, HBl, IBA, IP, JE, JóhS, JBH, JVK, KHG, KS, LMR, MB, ÓRG, SigG, SAÞ, StG, SvG, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BIB, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GHelg, HÁ, HG, JGS, JHelg, JónK, KÁ, KE, MJ, ÓE, PJ, PBald, PBj, RA, RG, SalÞ, SP, SJS, StB, SvG, VS, VE.

29 þm. (BBj, DO, EH, FI, GE, GÁS, GÁ, GJH, GunnS, HBl, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JBH, JVK, KHG, KS, LMR, MF, MB, ÓRG, PP, SigG, SAÞ, StG, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BIB, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GHelg, HÁ, HG, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, KS, MJ, MF, ÓE, PP, PJ, PBald, PBj, RA, RG, SalÞ, SP, SJS, StB, SvG, VS, VE.

24 þm. (BBj, DO, EH, FI, GE, GÁS, GÁ, GJH, GunnS, HBl, IBA, IP, JE, JóhS, JBH, KHG, LMR, MB, ÓRG, SigG, SAÞ, StG, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Vátryggingastarfsemi, frh. 1. umr.

Frv. heilbr.- og trn., 298. mál. — Þskj. 390.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:40]

Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BIB, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GHelg, HÁ, HG, JGS, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, KS, MJ, MF, ÓE, PP, PJ, PBald, PBj, RA, RG, SalÞ, SP, SJS, StB, SvG, VS, VE.

25 þm. (BBj, DO, EH, FI, GE, GÁS, GÁ, GJH, GunnS, HBl, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JBH, KHG, LMR, MB, ÓRG, SigG, SAÞ, StG, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Lífræn landbúnaðarframleiðsla, frh. 1. umr.

Stjfrv., 281. mál. — Þskj. 348.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:42]

Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BIB, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GHelg, HÁ, HG, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, KS, MJ, MF, ÓE, PP, PJ, PBald, PBj, RA, RG, SalÞ, SP, SJS, StB, SvG, VS, VE.

24 þm. (BBj, DO, EH, FI, GE, GÁS, GÁ, GJH, GunnS, HBl, IBA, IP, JE, JóhS, JBH, KHG, LMR, MB, ÓRG, SigG, SAÞ, StG, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. vísað til landbn. án atkvgr.

Hollustuhættir og heilbrigðiseftirlit, frh. 1. umr.

Stjfrv., 293. mál. — Þskj. 385.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:42]

Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BIB, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GHelg, HÁ, HG, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, KS, MJ, MF,

ÓE, PP, PJ, PBald, PBj, RA, RG, SalÞ, SP, SJS, StB, SvG, VS, VE.

24 þm. (BBj, DO, EH, FI, GE, GÁS, GÁ, GJH, GunnS, HBl, IBA, IP, JE, JóhS, JBH, KHG, LMR, MB, ÓRG, SigG, SAÞ, StG, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. vísað til umhvn. án atkvgr.

Alþjóðasamningar um varnir gegn mengun sjávar og Siglingamálastofnun ríkisins, frh. 1. umr.

Stjfrv., 294. mál. — Þskj. 386.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:42]

Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BIB, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GHelg, HÁ, HG, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, KS, MJ, MF, ÓE, PP, PJ, PBald, PBj, RA, RG, SalÞ, SP, SJS, StB, SvG, VS, VE.

24 þm. (BBj, DO, EH, FI, GE, GÁS, GÁ, GJH, GunnS, HBl, IBA, IP, JE, JóhS, JBH, KHG, LMR, MB, ÓRG, SigG, SAÞ, StG, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. vísað til umhvn.

Framleiðsla og sala á búvörum, 3. umr.

Stjfrv., 175. mál (skipan Framleiðsluráðs). — Þskj. 192, nál. 311, brtt. 376 og 393.

[10:43]

Frsm. landbn. (Egill Jónsson):

Virðulegi forseti. Eins og hv. þm. mun væntanlega vera í minni, þá var eftir því leitað að landbn. tæki þetta mál aftur til umfjöllunar á milli umræðna og hefur hún orðið við því. Eftirtaldar breytingar liggja því fyrir við afgreiðslu málsins:

1. Á þskj. 311 stendur a-liðurinn óhaggaður frá því sem var við 2. umr. en b-liðurinn er kallaður aftur.

2. Á þskj. 376 er lögð fram tillaga við breytingu á 1. málsl. 3. efnismgr. 1. gr. frv. sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Framleiðsluráð skal skipað til eins árs í senn frá og með 1. apríl ár hvert.“ Í staðinn er lagt til að komi, eins og segir í brtt., að 1. málsl. orðist þannig: Framleiðsluráð skal skipað árlega við lok hvers reglulegs búnaðarþings.

Það er þá alveg skýrt að nýtt Framleiðsluráð tekur til starfa þegar að loknu fyrsta búnaðarþingi og hefst þá kjörtímabil þess ráðs.

Með sama hætti er lagt til að gerð verði breyting á 2. gr. sem er sama efnis með því að þar falli niður síðasti málsliðurinn og í staðinn komi það orðalag sem brtt. kveður á um.

Það er augljóst mál að það var full ástæða til að fara nákvæmar yfir málið og að ábendingar hæstv. landbrh. voru í tíma talaðar.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:47]

Brtt. í nál. 311, a-liður, samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BIB, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GB, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, KS, MJ, MF, ÓE, PP, PJ, PBald, PBj, RA, RG, SalÞ, SP, SJS, StB, SvG, VS, VE.

29 þm. (BBj, DO, EH, FI, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JE, JóhS, JBH, KHG, LMR, MB, ÓRG, SigG, SAÞ, StG, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. í nál. 311, b-liður, kölluð aftur.

Brtt. 376 samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BIB, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GB, GHelg, HG, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, KS, MJ, MF, MB, ÓE, PP, PJ, PBald, PBj, RA, RG, SalÞ, SP, SJS, StB, SvG, VE.

27 þm. (BBj, DO, EH, FI, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GJH, GunnS, HÁ, HBl, IBA, IP, JE, JóhS, JBH, KHG, LMR, ÓRG, SigG, SAÞ, StG, TIO, VS, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 393 samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BIB, EKG, EKJ, FrS, GHH, GB, GHelg, HG, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, KS, MJ, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBald, PBj, RA, RG, SalÞ, SP, SJS, StB, SvG, VS, VE.

27 þm. (BBj, DO, EH, EgJ, FI, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GJH, GunnS, HÁ, HBl, IBA, IP, JE, JóhS, JBH, KHG, LMR, MF, SigG, SAÞ, StG, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BIB, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GB, GHall, GHelg, HG, JÁ, JGS, JHelg, JónK, KÁ, KE, KS, MJ, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBald, PBj, RA, RG, SalÞ, SP, SJS, StB, SvG, VS, VE.

25 þm. (BBj, DO, EH, FI, GE, GuðjG, GÁS, GÁ, GJH, GunnS, HÁ, HBl, IBA, IP, JE, JóhS, JBH, JVK, KHG, LMR, SigG, SAÞ, StG, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 411).

Tekjustofnar sveitarfélaga, 1. umr.

Stjfrv., 303. mál (útsvar af tekjum barna). — Þskj. 396.

[10:48]

Félagsmálaráðherra (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breyting á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 90/1990, með síðari breytingum. Frv. er á þskj. 396.

Frv. þetta er lagt fram samhliða frv. til laga um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum. Í því frv. er gert ráð fyrir að tekjuskattur verði ekki lagður á launatekjur barna og ungmenna undir 75 þús. kr. á ári.

Með frv. því sem hér er mælt fyrir er lagt til að sams konar undanþága verði á útsvarsgreiðslum barna og ungmenna vegna launa undir ofangreindum tekjumörkum. Að öðru leyti vísast til athugasemda með fyrrgreindu frv. um tekjuskatt og eignarskatt.

Í 1. gr. er tekið fram að börn og ungmenni, sbr. 2. og 3. mgr. 63. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, þurfi ekki að greiða útsvar af tekjum sem eru innan við það lágmark sem tilgreint er í 2. mgr. 67. gr. sömu laga. Gert er hins vegar ráð fyrir að áfram verði að greiða 2% útsvar af tekjum umfram tiltekið lágmark.

Að lokum er lagt til að hin breytta skattlagning barna og ungmenna komi til framkvæmda vegna tekna á árinu 1995.

Eins og fyrr segir var mælt fyrir frv. um breytingu á tekjuskattslögunum sl. föstudag. Það hefði verið eðlilegt að þetta frv. um breytingu á útsvari hefði fylgt því þá en það voru mistök að að kom ekki inn í þingið á föstudaginn. Það er mikilvægt að þetta frv. verði afgreitt samhliða þannig að það skapist ekki misræmi í skattlagningu.

Ég legg til að frv. verði vísað til 2. umr. og félmn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:52]

Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BIB, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GB, GHall, GHelg, HG, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KE, KS, MJ, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBald, PBj, RA, RG, SalÞ, SP, SJS, StB, SvG, VS, VE.

25 þm. (BBj, DO, EH, FI, GE, GuðjG, GÁS, GÁ, GJH, GunnS, HÁ, HBl, IBA, IP, JE, JóhS, JBH, KHG, KÁ, LMR, SigG, SAÞ, StG, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Útbýting þingskjala:

Ársreikningar, 73. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 406; brtt. efh.- og viðskn., þskj. 407.

Bókhald, 72. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 404; brtt. efh.- og viðskn., þskj. 405.

Einkahlutafélög, 97. mál, brtt. efh.- og viðskn., þskj. 402.

Hlutafélög, 96. mál, brtt. efh.- og viðskn., þskj. 401.

Fundi slitið kl. 11:00.

---

62. FUNDUR

laugardaginn 17. des.,
að loknum 61. fundi.

Dagskrá:

1. Heilbrigðisþjónusta, frv., 280. mál, þskj. 347. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
2. Vátryggingastarfsemi, frv., 298. mál, þskj. 390. — 2. umr. *Ef leyft verður.*
3. Veiting ríkisborgararéttar, stjfrv., 128. mál, þskj. 133, nál. 398, brtt. 399. — 2. umr. *Ef leyft verður.*
4. Brunatryggingar, stjfrv., 240. mál, þskj. 281, nál. 397. — 2. umr. *Ef leyft verður.*
5. Ársreikningar, stjfrv., 73. mál, þskj. 73, nál. 406, brtt. 407. — 2. umr. *Ef leyft verður.*
6. Bókhald, stjfrv., 72. mál, þskj. 72, nál. 404, brtt. 405. — 2. umr. *Ef leyft verður.*
7. Hlutafélög, stjfrv., 96. mál, þskj. 99, nál. 400, brtt. 401. — 2. umr. *Ef leyft verður.*
8. Einkahlutafélög, stjfrv., 97. mál, þskj. 100, nál. 400, brtt. 402. — 2. umr. *Ef leyft verður.*
9. Evrópsk fjárhagsleg hagsmunafélög, stjfrv., 98. mál, þskj. 101, nál. 403. — 2. umr. *Ef leyft verður.*
10. Ábyrgð á norrænum fjárfestingarlánum til verkefna utan Norðurlanda, stjfrv., 237. mál, þskj. 278, nál. 408. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

Afbrigði um dagskrármál.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Samkvæmt þeirri dagskrá sem útbýtt hefur verið þarf að leita afbrigða um að öll tíu dagskrármálin megi koma á dagskrá og til umræðu, þar sem of skammt er liðið frá síðustu umræðu og/eða útbýtingu nefndarálita, og verður nú þeirra afbrigða leitað.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Afbrigði samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, BIB, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GB, GHall, GHelg, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, KS, MJ, MB, ÓRG, PP, PJ, PBald, PBj, RA, RG, SalÞ, SP, SJS, SvG, VS, VE.

28 þm. (ÁJ, BBj, DO, EH, GE, GuðjG, GÁS, GÁ, GJH, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JE, JóhS, JBH, KHG, LMR, MF, ÓE, SigG, SAÞ, StG, StB, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Heilbrigðisþjónusta, 3. umr.

Frv. heilbr.- og trn., 280. mál (heilsuverndarstarf í Reykjavík). — Þskj. 347.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:03]

Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, BIB, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GB, GHall, GHelg, JGS, JHelg, JónK, MJ, MB, PP, PJ, PBald, PBj, RA, RG, SalÞ, SP, SJS, VS, VE.

5 þm. (JÁ, KÁ, KE, ÓRG, SvG) greiddu ekki atkv.

30 þm. (ÁJ, BBj, DO, EH, GE, GuðjG, GÁS, GÁ, GJH, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JE, JóhS, JBH, JVK, KHG, KS, LMR, MF, ÓE, SigG, SAÞ, StG, StB, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 412).

Vátryggingastarfsemi, 2. umr.

Frv. heilbr.- og trn., 298. mál. — Þskj. 390.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:04]

1. gr. samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, BIB, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GHelg, HG, JÁ, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, KS, MJ, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBald, PBj, RA, RG, SalÞ, SP, SJS, StB, SvG, VS, VE.

24 þm. (ÁJ, BBj, DO, EH, GE, GÁS, GÁ, GJH, GunnS, HÁ, HBl, IBA, IP, JE, JóhS, JGS, JBH, KHG, LMR, SigG, SAÞ, StG, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

2.–3. gr. samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BIB, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GHelg, HG, JÁ, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, KS, MJ, MF, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SP, SJS, StB, SvG, VS, VE.

25 þm. (BBj, DO, EH, GE, GÁS, GÁ, GJH, GunnS, HÁ, HBl, IBA, IP, JE, JóhS, JGS, JBH, KHG, LMR, MB, PBj, SigG, SAÞ, StG, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BIB, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GHelg, HG, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, KS, MJ, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBald, PBj, RA, RG, SalÞ, SP, SJS, StB, SvG, VS, VE.

23 þm. (BBj, DO, EH, FrS, GE, GÁS, GÁ, GJH, GunnS, HÁ, HBl, IBA, IP, JE, JóhS, JBH, KHG, LMR, SigG, SAÞ, StG, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Veiting ríkisborgararéttar, 2. umr.

Stjfrv., 128. mál (fyrra stjfrv.). — Þskj. 133, nál. 398, brtt. 399.

[11:05]

Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. allshn. um frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar, en nál. er á þskj. 398 og brtt. á þskj. 399.

Nefndin hefur fjallað um málið og var umfjöllun hennar með svipuðu sniði og undanfarin ár. Formaður og einn nefndarmanna fóru yfir allar umsóknir um ríkisborgararétt sem borist hafa nefndinni til að kanna hvort þær uppfylltu þau skilyrði sem allshn. hefur sett fyrir veitingu ríkisfangs, sbr. þskj. 910 frá 112. löggjafarþingi. Við afgreiðslu á frv. um veitingu ríkisborgararéttar, sem er væntanlega hið fyrra á þessu löggjafarþingi, hefur nefndin haft að leiðarljósi fyrrgreindar reglur um veitingu ríkisfangs. Umsóknir sem ekki hljóta afgreiðslu nú bíða þar til síðara frv. verður afgreitt á vorþingi en þá koma allar óafgreiddar umsóknir aftur til skoðunar.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þskj. Fjarstaddur afgreiðslu málsins var Björn Bjarnason, en Sólveig Pétursdóttir, Eyjólfur Konráð Jónsson, Ingi Björn Albertsson, Jón Helgason, Guðmundur Árni Stefánsson, Pétur Bjarnason og Kristín Sigurðardóttir undurrituðu nál.

[11:07]

Kristín Einarsdóttir:

Frú forseti. Ég kem ekki í ræðustól til þess að gera neinar athugasemdir við þá brtt. sem hér er eða störf hv. allshn. í þessu máli. Ég býst við að þetta sé allt vel unnið eins og venjulega. Ég kem hér fyrst og fremst eins og ég hef reyndar gert áður til þess að gera athugasemdir við uppsetningu þingskjalsins.

Ég hef nokkrum sinnum áður gert athugasemd við það að ekki skuli vera fylgt íslenskri hefð við uppsetningu þskj. og ég kem hér aftur vegna þess að mér finnst enn þá meiri ruglingur í þessu máli en oft áður. Ég skil ekki af hverju sumir eru flokkaðir eftir fornöfnum og aðrir eftir eftirnöfnum. Þetta fólk er að sækja um íslenskan ríkisborgararétt og það hefur væntanlega átt heima á Íslandi í þó nokkur ár og það hefur örugglega vanist því að skrifa nafnið sitt samkvæmt íslenskri venju. Hérna er þeirri venju ekki fylgt heldur eru eftirnöfnin oftast sett á undan, þó ekki alltaf. Við

getum tekið sem dæmi að nr. 41 stendur Kristín Birna Porter. Það er ekki íslenskt eftirnafn. Samt er hún flokkuð samkvæmt fornafni. Síðan kemur nr. 53 Róbertsson, skrifað alveg eftir íslenskri hefð og svo kemur erlent fornafn. En svo koma nöfn, eins og t.d. Sigurður Smári Hergeirsson og skrifuð eftir íslenskri hefð. Ég ítreka það að ég tel að við eigum að fara eftir íslenskri nafnahefð þegar við setjum upp þskj. og langar þess vegna til að spyrja eftir hvaða reglu er farið við uppsetningu þskj. og hvort það er hv. allshn. sem ákveður þetta eða hvort það er nefndadeildin eða hver það er sem ákveður uppsetninguna. Og ég endurtek aftur, ég er ekki að gera neina athugasemd við störf nefndarinnar heldur eingöngu við uppsetningu þskj. Ég tel að þeir sem þarna eru að biðja um íslenskan ríkisborgararétt vilji gjarnan að það sé farið eftir íslenskri nafnahefð, þessir nýju borgarar sem við erum þarna að veita íslenskan ríkisborgararétt, ég tel að það sé mjög eðlilegt og þeir hafi örugglega ekkert á móti því að nöfn þeirra séu sett upp með þeim hætti.

[11:09]

Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Virðulegi forseti. Hv. þm. hefur áður gert athugasemd í þessa veru og við þessa uppsetningu og allshn. hefur rætt það í sínum hópi en hefur ekki þótt ástæða til þess að breyta þessari uppsetningu. Það er nefndadeildin sem ákveður uppsetningu þskj. og byggir þar á langri hefð en ég skal að sjálfsögðu koma þessum athugasemdum aftur á framfæri þannig að hægt sé að ræða það við næstu afgreiðsluumsókn.

[11:10]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Mér þykir líklegt að sú athugasemd sem gerð var eigi stuðning hér í þingsal. Ég tel að hún sé réttmæt og ofur eðlileg og mér finnst alveg ástæðulaust að vera að draga það til næsta þings að breyta uppsetningu á þskj. Ég vil hvetja formann nefndarinnar til að stuðla að því að skjalið komi hér með öðrum hætti fyrir þingið til lokaafgreiðslu.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:12]

Brtt. 399 (ný 1. gr.) samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BIB, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GHelg, HG, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, KS, MJ, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, PBald, RA, RG, SalÞ, SP, SJS, StB, SvG, VS, VE.

24 þm. (BBj, DO, EH, GE, GÁS, GÁ, GJH, GunnS, HÁ, HBl, IBA, IP, JE, JóhS, JBH, KHG, LMR, PJ, PBj, SigG, SAÞ, StG, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

2.–3. gr. samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BIB, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GJH, GHelg, HG, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, KS, MJ, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SP, SJS, StB, VS, VE.

23 þm. (BBj, DO, EH, GE, GÁS, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, IBA, IP, JE, JóhS, JBH, KHG, LMR, PBj, SigG, SAÞ, StG, SvG, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BIB, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GJH, GHelg, HG, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, KS, MJ, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SP, SJS, StB, SvG, VS, VE.

22 þm. (BBj, DO, EH, GE, GÁS, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, IBA, IP, JE, JóhS, JBH, KHG, LMR, PBj, SigG, SAÞ, StG, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Ársreikningar, 2. umr.

Stjfrv., 73. mál. — Þskj. 73, nál. 406, brtt. 407.

[11:13]

Frsm. efh.- og viðskn. (Jóhannes Geir Sigurgeirsson):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti á þskj. 406 og brtt. á þskj. 407 um frv. til laga um ársreikninga. Ég vil í upphafi taka það fram að nefndin hefur að nokkru leyti litið á þetta frv. og frv. um bókhald, hlutafélög og einkahlutafélög sem eina heild og þau hafa nokkuð fylgst að í starfi nefndarinnar, í raun allt frá síðasta vetri þegar þau komu þar inn og það var unnið að þeim í sumar og síðan núna í haust.

Það er skoðun nefndarinnar að sem heild marki þessi löggjöf tímamót varðandi þá umgjörð sem íslenskt atvinnulíf starfar eftir. Helsta breytingin verður sú að allt viðskiptaumhverfið verður gegnsærra og aðilar í atvinnulífinu geta gengið að mun betri og samræmdari uppýsingum um sína viðskiptaaðila. Þetta á að mati nefndarinnar að leiða til betra viðskiptasiðferðis og almennt til meira trausts á þeim sem standa í atvinnurekstri.

Síðar þegar búið verður að lögfesta viðurlagakafla við bókhalds- og ársreikningslögin, sem væntanlega verður gert fljótlega upp úr áramótum, er það skoðun nefndarinnar að framkvæmdarvaldið og dómstólar séu komnir með öll þau tæki í hendurnar sem þarf til þess að hægt sé að hefja markvissa baráttu gegn auðgunarbrotum í viðskiptalífinu sem oft og tíðum hafa gengið undir nafninu hvítflibbabrot.

En ef ég vík aðeins nánar að nefndarálitinu eins og það liggur fyrir þá er það undirritað fyrirvaralaust af öllum nefndarmönnum enda er hér um að ræða mál sem er mjög tæknilegs eðlis og ekki mörg pólitísk úrlausnarefni við vinnslu þess þannig að ég sé ekki ástæðu til þess að lesa nefndarálitið eða brtt. frá orði til orðs en vitna til þskj. 406 og 407 og þar mun þetta fara inn í þingtíðindi.

Ég tel ástæðu til við þessa framsögu að nefna sérstaklega eitt atriði, svokölluð verðbólgureikningsskil,

sem hafa verið viðhöfð hér á landi, ef ég man rétt, frá því fyrir 1980. Þetta er í raun séríslenskt fyrirbæri og var sett á á sínum tíma til þess að aðlaga viðskiptaumhverfið þeirri miklu verðbólgu sem hér var. Í samþykktum Evrópska efnahagssvæðisins, sem þessi lagabreyting byggist að nokkru leyti á, er það meginregla að verðbólgureikningsskil séu ekki viðhöfð en það var ákveðið við setningu laganna hér að viðhalda þessu enda eru til þess heimildir í þeim samþykktum sem vísað er til. Nefndin ræddi þetta nokkuð á fundum sínum og það er skoðun nefndarinnar að þó að þessu sé ekki breytt nú við þessa lagabreytingu þá sé full ástæða til þess að í framhaldinu verði það skoðað hvort ekki væri æskilegt og eðlilegt að taka slíkt upp.

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa fleiri orð um þetta nefndarálit á þessu stigi, var reyndar að fá hér í hendurnar uppprentun á brtt. þar sem hafði orðið víxlun í prentun og því verður dreift í réttu formi á borðin eftir augnablik.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Bókhald, 2. umr.

Stjfrv., 72. mál (heildarlög). — Þskj. 72, nál. 404, brtt. 405.

[11:19]

Frsm. efh.- og viðskn. (Jóhannes Geir Sigurgeirsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti á frv. til laga um bókhald á þskj. 404 og brtt. á þskj. 405. Hér er um að ræða mál sem eru nátengd frv. til laga um ársreikning sem var mælt fyrir nál. í hér næst á undan. Undir nál. skrifa fyrirvaralaust allir nefndaraðilar þannig að ég sé ekki ástæðu til þess að hafa um þetta frekari orð en vísa til þskj. 404 og 405.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Hlutafélög, 2. umr.

Stjfrv., 96. mál (aðlögun að ákvæðum EES-samnings). — Þskj. 99, nál. 400, brtt. 401.

og

Einkahlutafélög, 2. umr.

Stjfrv., 97. mál. — Þskj. 100, nál. 400, brtt. 402.

[11:21]

Frsm. efh.- og viðskn. (Jóhannes Geir Sigurgeirsson):

Virðulegur forseti. Ég bendi á að nál. á þskj. 400 er um hlutafélag með síðari breytingum og frv. til laga um einkahlutafélög svo að þetta er sameiginlegt nál. fyrir bæði málin. Því fylgja síðan brtt. á þskj. 401 sem tengist hlutafélögunum og 402 sem tengist einkahlutafélögunum.

Nefndin hefur fjallað um þetta mál á fundum sínum frá því í fyrravor. Þá var mælt fyrir þessum frv. að nýjum lögum um hlutafélög og einkahlutafélög. Nefndin fjallaði síðan um málið á fundum í sumar og síðan aftur í haust og fékk Jón Ögmund Þormóðsson, skrifstofustjóra í viðskiptaráðuneytinu, Skúla Eggert Þórðarson skattrannsóknarstjóra og Jónas Fr. Jónsson, lögfræðing hjá Verslunarráði Íslands, á fundi til sín. Þá bárust nefndinni umsagnir um málin frá ASÍ, Árna Vilhjálmssyni prófessor, BHMR, Guðmundi Guðbjarnasyni, formanni nefndar er vann að frumvörpum til laga um bókhald og ársreikninga, Íslenskri verslun, Lögmannafélagi Íslands, Neytendasamtökunum, Samtökum iðnaðarins, Vinnumálasambandinu og loks mjög ítarleg umsögn frá Verslunarráði og VSÍ sameiginlega.

Það er skemmst frá því að segja að nefndin lauk störfum sínum um málið í gær og undir nál. skrifa allir nefndarmenn en með fyrirvara skrifa Steingrímur J. Sigfússon, Kristín Ástgeirsdóttir og Ingi Björn Albertsson.

Hér hafa verið lagðar fram brtt. sem eru alls í 39 liðum. Megnið af þessum brtt. er tilkomið þannig að það var verið að samræma orðanotkun og hugtakanotkun á milli frv. um ársreikning og bókhald og félagalaganna. Þar er ekki um að ræða í raun efnisbreytingar heldur eingöngu samræmingu. Eins og ég nefndi í framsögu um lögin um ársreikninga þá hafa þessi mál fylgst að og við lítum á þau í raun sem eina heild.

Virðulegur forseti. Ég held að ég hafi ekki tekið það nógu skýrt fram í framsögu fyrir nál. um þau mál og vil fara örlítið fleiri orðum um viðurlagakaflana sem tengjast lögunum um ársreikninga og bókhald og ekki vannst tími til að vinna sem skyldi. Nefndin er tilbúin til þess strax að loknu jólaleyfi að flytja þá kafla í frumvarpsformi og til þess að flýta fyrir framgangi þess máls. En nefndin treystir sér ekki til þess að taka það inn sem brtt. núna svo skömmu fyrir jól, m.a. vegna þess að þessum breytingum verða einnig að fylgja breytingar á hegningarlögum og frv. að þeirri breytingu var ekki komið fram í þinginu.

Ég ætla að fara örfáum orðum um eina brtt., þ.e. 10. liðinn, breyting við 54. gr. sem í vinnu nefndarinnar gekk undir vinnuheitinu gjaldþrotaákvæðið. Í frv. var ákvæði þess efnis að stjórnarmaður í félagi eða framkvæmdastjóri í hlutafélagi sem hefði tvisvar orðið gjaldþrota í hliðstæðum rekstri á tveimur árum hefði ekki heimild til þess að taka sæti í stjórn hlutafélags í hliðstæðum rekstri næstu þrjú ár á eftir. Nefndin var sammála þeirri hugsun sem á bak við þetta var sem er sú að reyna að stemma stigu við því að aðilar geti nánast notað gjaldþrot sem rekstrartæki og hlaupið frá sínum rekstri síendurtekið og stofnað ný félög.

Nefndarmenn voru hins vegar ekki sammála um hvaða áhrif ákvæðið mundi hafa eins og það var sett fram í frv. og það var skoðun hluta nefndarmanna að eins og það var þar sett upp þá gæti það virkað þannig að það væri erfitt að fá hæfa einstaklinga til þess að taka að sér stjórnarstörf í félögum sem væru í erfið-

um rekstri og það væru ekki æskilegar afleiðingar. Það var nefnt sem dæmi að menn gætu lent í því, til að mynda sveitarstjórnarmenn í minni plássum, að þurfa að taka að sér stjórnarsetu í tveim félögum sem tengdust útgerð og fiskvinnslu sem yrðu bæði gjaldþrota, þá væri viðkomandi einstaklingur útilokaður frá frekari stjórnarsetu á næstu árum í hliðstæðum félögum þó svo að allir væru sammála um að þar væri aðili sem gæti lagt mikið til málanna við endurreisn á atvinnulífi á viðkomandi stað.

Það kom einnig fram í umfjöllun nefndarinnar að gjaldþrot sem slíkt er ekki refsivert. Löggjafinn og umhverfi atvinnulífsins gerir ráð fyrir gjaldþrotum og það tengist takmarkaðri ábyrgð í hlutafélögum þannig að niðurstaðan varð sú að við erum komin með brtt. sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Stjórnarmenn eða framkvæmdastjórar skulu vera lögráða, fjár síns ráðandi og mega ekki á síðustu þremur árum hafa hlotið dóm vegna atvinnurekstrar fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum eða lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld."

Sú leið sem nefndin fór var að herða hin almennu hæfnisskilyrði og það er skoðun nefndarmanna að með þessu eigi að vera hægt að stöðva einstaklinga sem hafa farið fram ógætilega varðandi sinn rekstur og að í nánast öllum tilfellum sem um slíkt sé að ræða þá sé um að ræða refsiverð athæfi sem tengist brotum á einhverjum þeim lögum sem hér eru nefnd.

Það orkar nokkuð tvímælis að setja inn í þessa upptalningu lög um gjaldþrot vegna þess að í lögum um gjaldþrot eru engin refsiákvæði, þar er bara vísað til refsiákvæða í almennum hegningarlögum. Það var hins vegar skoðun meiri hluta nefndarmanna að æskilegt væri miðað við forsögu málsins og upphaflegu tillöguna, að laga um gjaldþrot væri einnig getið í þessari upptalningu til þess að minna á það að upphaflega hugsunin á bak við þetta ákvæði, þegar hún var sett inn í frv., var að koma í veg fyrir síendurtekin gjaldþrot.

Virðulegur forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að lesa upp allar skýringarnar með brtt. eða nál. í heild. Ég vísa til þess í þskj. 400, 401 og 402.

Ég vil að lokum geta þess að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og lýsir sig samþykka áliti þessu nema breytingum á þeim ákvæðum frv. er fjalla um réttindasviptingu vegna ítrekaðra gjaldþrota þar sem hún telur eðlilegra að upphaflega skilyrðið hefði staðið óbreytt.

[11:32]

Kristín Einarsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Það gildir um þetta frv. sem og önnur frv. sem hér hefur verið mælt fyrir að þau koma mjög seint fram svo að þingmenn eiga ákaflega erfitt með að gera sér grein fyrir þeim breytingum sem fram hafa komið af hálfu nefndarinnar en mér heyrist að það sé í flestum tilvikum um tæknilegar breytingar að ræða og verðum við væntanlega að treysta þeim nefndarmönnum sem þarna eru og geri ég það fullkomlega. En það er þó eitt atriði sem mig langar til að spyrja um núna sem varðar það sem hv. 6. þm. Norðurl. e. sagði, frsm. nefndarinnar, að nefndin hefði ekki treyst sér til að taka inn brtt. varðandi viðurlagakaflann. Ég held að við þurfum að fá aðeins skýringu á því. Ég sá ekki neina brtt. hér á borðum þingsins þannig að það þyrfti aðeins að fá betri skýringu á því hvað þarna er á ferðinni til þess að við áttum okkur á hvers vegna það er ekki tekið inn ef það hefur legið eitthvað á borðum nefndarinnar. Það er aðeins þetta atriði núna sem ég vildi fá að vita. Ég býst við að við fáum að vita hvers vegna fyrirvarar annarra nefndarmanna eru við frv. á eftir.

[11:34]

Frsm. efh.- og viðskn. (Jóhannes Geir Sigurgeirsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það var ákveðin ónákvæmni hjá mér eða réttara sagt gleymska. Ég var reyndar að taka þarna fyrir atriði sem tengdust meira lögunum um bókhald og ársreikninga. En í frv. þar, eins og við fengum þau, voru ekki nýir kaflar um viðurlög og refsingu. Þá kafla var verið að semja og við fengum þá ekki inn til nefndarinnar fyrr en um miðja þessa viku. Hugmyndin var, ef tími hefði unnist til, að taka þá inn sem brtt. nefndarinnar. En nefndin treysti sér ekki til þess, m.a. vegna þess að þessu hefði þurft að fylgja bæði breytingar á refsiákvæðum skattalaga og breytingar á almennum hegningarlögum. Frv. um breytingu á hegningarlögunum var ekki komið fram og hefði ekki komið fram fyrr en eftir helgi þannig að það var eiginlega orðið útséð um að hægt væri að koma þessu með inn.

Þetta er hins vegar afar mikilvægt fyrir framgang þessara mála og til þess að þessi löggjöf öll um félögin og um bókhald og ársreikninga verði heildstæð. Nefndin hefur lýst sig fúsa til þess að flytja þessa kafla sem frv. eftir áramót strax þegar þing kemur saman en öðruvísi er ekki hægt að koma þeim inn hér eftir. Við höfum getað komið þeim inn sem brtt. meðan á vinnu málsins stóð. En það þótti mjög mikilvægt að lögfesta frv. fyrir áramót. Ef það hefði dregist fram yfir áramót þá þýddi það að það hefði dregist um eitt ár að menn hefðu getað farið að vinna eftir nýjum lögum um ársreikninga og bókhald.

[11:36]

Kristín Einarsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka þessar skýringar og tel þær vera nauðsynlegar því auðvitað er mikilvægt að þessir kaflar sem hv. formaður nefndarinnar minnist á fylgi með. Ég vil lýsa ánægju minni með að það skuli vera ætlun nefndarinnar að vinna að þessum málum strax eftir áramót því ég held að þetta sé nauðsynlegur hluti af slíkum lögum sem við samþykkjum væntanlega fyrir áramót en ég skil vel að það skuli þurfa að taka þennan þátt fyrr fyrir þau fyrirtæki sem eiga að vinna eftir lögunum. En þar sem mér fannst þetta nokkuð illa skýrt þá vildi ég fá skýringu á þessu. Hún er hér komin og ég vil bara hvetja nefndina til þess að vinna að málinu þó tíminn eftir áramót sé frekar skammur en ég býst þá við að nefndin muni ganga í það af krafti.

[11:37]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegur forseti. Þau mál sem eru á dagskrá þessa fundar og eru komin til 2. umr. frá efh.- og viðskn. eru öll mikil að vöxtum, þ.e. fjögur þeirra, frumvörpin um bókhald, ársreikninga, hlutafélög og einkahlutafélög. Hér er loksins verið að afgreiða langþráðar breytingar á ýmist mjög gömlum lögum eða lagabálkum sem voru farnir að kalla á miklar breytingar.

Vegna þeirrar umræðu sem fór fram milli hv. 10. þm. Reykv. og formanns efh.- og viðskn., þá er rétt að taka það fram að í þessari viku komu á fund nefndarinnar fulltrúar þeirrar nefndar sem hafði verið að fara í gegnum viðurlög við ýmsum skattalagabrotum, bókhaldsbrotum og fleiru slíku. Þeir kynntu fyrir okkur allviðamiklar breytingar sem nefndin hafði unnið og við stóðum einfaldlega frammi fyrir því að annaðhvort yrði að fresta afgreiðslu þessara stóru frv. eða láta þennan viðurlagakafla bíða. Við ákváðum að fara þá leið að halda þeim viðurlögum sem nú þegar er að finna í gildandi lögum og í þeim breytingum sem hér er verið að gera en að fara í það strax eftir áramót að kanna og fara í gegnum þær breytingar sem nefndin leggur til. Þær eru einfaldlega svo viðamiklar að það hefði ekki verið forsvaranlegt að taka þær inn í brtt. við frv. án þess að þær hefðu fengið einhverja umfjöllun úti í samfélaginu, án þess að okkur hefði gefist kostur á að kalla til ýmsa þá aðila sem málið snertir.

Virðulegur forseti. Aðalerindi mitt í þennan ræðustól okkar er að gera grein fyrir fyrirvara sem ég hef við frv. um hlutafélög en hann varðar 54. gr. Það er það atriði sem nefndin ræddi einna mest og vafðist mjög fyrir okkur og minn fyrirvari snýr að því að ég er ekki alveg sátt við þá breytingu sem er verið að leggja til frá frv. Ég held að breytingin nái ekki alveg þeirri hugsun sem er í frv. sem er sú að koma í veg fyrir að menn leiki þann leik að fara í gjaldþrot aftur og aftur. Það er nú svo að það þarf ekki að vera lögbrot þar að baki. Hugmyndin með tillögunni eins og hún er í frv. var sú að setja skilyrði. Ef menn hefðu lent í gjaldþrotum þá yrðu menn að bíða í þrjú ár frá uppkvaðningu síðasta gjaldþrotaúrskurðar áður en þeir gætu gerst stjórnarmenn eða framkvæmdastjórar í öðru fyrirtæki. En það varð samkomulag með fyrirvara um að fara aðra leið og þrengja hæfnisskilyrðin en ég held samt sem áður að þetta sé atriði sem þurfi að skoða og við verðum þá bara að sjá hvernig þetta ákvæði reynist. En ég óttast að eins og það er nú orðið þá nái það ekki þeim tilgangi sem ætlunin var í upphaflegu frv.

Að öðru leyti eru eins og hv. þm. sjá margar brtt. við frv. Ýmist eru þær til samræmingar eða þetta eru ýmsar tæknilegar breytingar. Það hefur verið lögð mikil vinna í þessi frv. bæði af hálfu nefndarinnar og þeirra sérfræðinga sem við höfum haft okkur til aðstoðar. Þetta eru, eins og ég nefndi í upphafi, langþráðar breytingar, þetta eru langþráð lög sem hér er verið að samþykkja og þau eru til mikilla bóta.

[11:42]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég skrifa undir nál. við þetta frv. með fyrirvara og vil með svipuðum hætti og síðasti ræðumaður gera grein fyrir því í hverju sá fyrirvari minn felst. Í heildina tekið tel ég að þetta frv. sem og þau sem eru því samferða séu til bóta og tvímælalaust er það skynsamlegt að mínu mati að velja þá leið að skipta ákvæðum um hlutafélög upp í tvenns konar löggjöf þar sem annars vegar séu hlutafélagalög fyrir stærri hlutafélög og hins vegar löggjöf um einkahlutafélög sem henta betur því formi sem smærri fyrirtæki og einyrkjar í atvinnurekstri velja sér. Ég held því að ekki þurfi um það að deila að það er mikil framför fólgin í því að taka þessa löggjöf til endurskoðunar með þeim hætti sem hér er á dagskrá. Sömuleiðis eru þau frv. önnur sem þessu eru samferða, um ársreikninga og bókhald, einnig á margan hátt nútímalegri og betur úr garði gerð en gildandi lagaákvæði. Þar vil ég líka taka undir það sem kom fram hjá hv. framsögumanni efh.- og viðskn. að viðurlagaákvæði, sem ekki vannst tími til að hafa samferða afgreiðslu meginmáls frv., þarf að koma til viðbótar á næsta ári.

Fyrirvari minn er í fyrsta lagi og aðallega, hæstv. forseti, fólginn í því að ég er andvígur 2. lið brtt. efh.- og viðskn. sem talinn er upp í nál. á þskj. 400, þ.e. 5. tölul. brtt. á þskj. 401. Þar varð það niðurstaða meiri hluta efh.- og viðskn. að hverfa frá þeirri breytingu er frv. gerir ráð fyrir að verði á þeim mörkum sem fylgja því að hlutafélög skuli afnema allar hömlur á viðskiptum með hluti, þ.e. að talan lækki úr 200 hluthöfum í 100. Í reynd var núgildandi ákvæði hlutafélagalöggjafarinnar standa óbreytt. Ég er á hinn bóginn stuðningsmaður þess að tekið verði skref í þá átt að lækka þennan þröskuld og færa þessa tölu úr 200 í 100. Nú má auðvitað lengi um það deila hver séu hin einu réttu mörk í þessum efnum og sjálfsagt liggja ekki nein nákvæm vísindi á bak við það að ákveða að það skuli frekar vera 100 en 200. En ég er fyrst og fremst stuðningsmaður þeirrar hugsunar sem ég tel vera á bak við brtt. eins og frv. gerir ráð fyrir henni, þ.e. að ýta undir það að hlutafélög afnemi hömlur af þessu tagi og hafi ekki sérstakar girðingar í vegi fyrir viðskiptum með hluti. Ég tel það liggja í hlutarins eðli að þessi ákvæði séu til að vernda stöðu minni hluthafa í félögunum, tryggja það að fáir stórir aðilar í almenningshlutafélögum geti ekki í krafti stærðar sinnar og forkaupsréttarákvæða, ef þau eru fyrir hendi og undir þessum mörkum, tryggt um allan aldur yfirburðastöðu sína í fyrirtækjunum. Þess vegna er ég andvígur þeirri brtt. sem meiri hluti efh.- og viðskn. ákvað að flytja að fella þetta ákvæði frv. út og þar með standi ákvæði gildandi laga um að þessi mörk miðist við 200 hluthafa í staðinn fyrir 100. Úr því að frv. gerir ráð fyrir því á annað borð að hrófla við þessum mörkum þá vil ég standa við það.

Það eru, hæstv. forseti, nokkuð sérkennileg örlög fyrir mig, stjórnarandstæðinginn, að vera einn fárra ef ekki kannski einasti stuðningsmaður stjfrv. í óbreyttri mynd. En svo merkilegt sem það nú er þá var þetta

ekki í fyrsta og ekki í eina skiptið sem ég var sérstakur talsmaður þess að láta ákvæði stjfrv. standa óbreytt. En það var eins og stjórnarliðar hefðu meira og minna gufað upp þegar kom að því að verja þetta ákvæði stjfrv. sem mér var ekki kunnugt um annað en að væri lagt fram og flutt án fyrirvara af hálfu stjórnarflokkanna. En svona er þetta nú samt, hæstv. forseti, og hlýtur þá náttúrlega efni málsins að ráða en ekki formsatriði af þessu tagi. En stjórnarliðar sem og hv. formaður efh.- og viðskn. leggja sem sagt til að þetta ákvæði falli brott úr frv. og lögin gildi óbreytt og því er ég andvígur.

Í öðru lagi, hæstv. forseti, vil ég lítillega vekja athygli á því að í 8. tölul. brtt. á þskj. 401 er lögð til breyting á orðalagi 51. gr. frv. sem varðar kosningar í hlutafélög, þ.e. með hvaða hætti skuli kosið til stjórna. Það varð niðurstaða nefndarinnar að leggja þar til allmiklar breytingar í framhaldi af umsögn Verslunarráðs og Vinnuveitendasambands og fleiri aðila sem lögðu eindregið til að inn í lögin yrðu tekin mjög nákvæm fyrirmæli um það hvernig kosningu skyldi haga. Ég held að það sé að mörgu leyti skynsamlegt að hafa sem nákvæmust fyrirmæli í lögum um þetta atriði. Um það má auðvitað lengi deila hvernig þau eigi að vera en hinu verður ekki á móti mælt að það ætti að vera fyrirbyggjandi ráðstöfun gagnvart deilum og átökum í félögum sem fordæmi eru fyrir að lagaákvæðin um þetta efni séu skýr. En reynar tel ég merkilegasta og mikilvægasta ákvæði 51. gr. vera b-liðinn, sem ekki er lögð til nein brtt. við af hálfu nefndarinnar, en það er það ákvæði að í 47. gr. hlutafélagalaganna skuli koma ákvæði um að allir stjórnarmenn í stjórn félags skuli kosnir í einu. Ég vil nota þetta tækifæri, hæstv. forseti, til að fagna því alveg sérstaklega að þetta ákvæði komi inn í íslenska félagalöggjöf. Ég tel það alveg óumdeilanlega vera mikið framfaraskref og tryggja með mjög marktækum hætti rétt og stöðu minni hluta í félögum sem á köflum hefur verið fyrir borð borinn, alveg sérstaklega með ákvæðum um að einungis hluti stjórnar sé kosinn á hverjum fundi sem hefur verkað þannig að tiltölulega naumur meiri hluti í félögum hefur getað tryggt sér yfirburðastöðu í stjórn út á það ákvæði.

Hæstv. forseti. Að síðustu vil ég svo nefna það ákvæði sem hv. formaður efh.- og viðskn. gerði nokkuð að umtalsefni og varðar gjaldþrot. Það ákvæði frv. sem fól í sér réttindasviptingu í tengslum við ítrekuð gjaldþrot, þ.e. að framkvæmdastjórar og stjórnarmenn sem ítrekað hefðu orðið fyrir því að fyrirtæki sem þeir stóðu að annaðhvort sem framkvæmdastjórar eða stjórnarmenn í hefðu verið tekin til gjaldþrotaskipta. Nefndin varð að lokum sammála um að leggja til breytingu á þessu ákvæði og kunna ýmsir að túlka það svo að þar hafi verið tekið skref til veikingar á þeim ákvæðum sem frv. fól upphaflega í sér gagnvart því að takmarka möguleikana til þess að standa ítrekað að fyrirtækjarekstri eftir að hafa orðið aðilar að gjaldþrotum. Ég vil fyrir mitt leyti taka það skýrt fram að það er ekki til marks um það að efh.- og viðskn. hafi skort vilja til þess að reyna að taka á þessu máli, hins vegar varð það niðurstaðan eftir mjög vandaða skoðun að það væri vandasamt að ganga frá þessu með þeim hætti sem frv. hafði upphaflega gert ráð fyrir og í því gætu falist refsikennd ákvæði sem ekki ættu sér stoð í formi neinna afbrota, þ.e. þegar gjaldþrot væru af óumflýjanlegum orsökum og ekki væri neitt saknæmt á ferðinni. Vissulega er það rétt að slík tilvik eru fjölmörg og vonandi fleiri en hin þar sem gjaldþrotin eru í kjölfar einhverrar refsiverðrar háttsemi. En kannski snýst þetta mál fyrst og fremst um það hvort menn líta á takmörkunina sem slíka, þ.e. að menn geti ekki eftir aðild að gjaldþrotum verið stjórnarmenn eða framkvæmdastjórar fyrirtækja, sem refsingu eða takmörkun.

Ég hef tilhneigingu til að líta á það sem takmörkun í þágu almannahagsmuna, í þágu góðrar reglu í viðskiptum og atvinnulífi í landinu og að slík ákvæði séu ekki refsikennds eðlis og með vísan til slíks væri að mínu mati fullkomlega réttmætt að lögleiða takmörkun af því tagi sem frv. óbreytt gerði ráð fyrir. En um þetta má sjálfsagt lengi deila og það af lögfróðari mönnum en þeim sem hér stendur. Ég fellst á að það sé varkárari niðurstaða sem hér er lögð til af hálfu nefndarinnar sem fjallað er um í 5. tölul. nál. á þskj. 400.

Í trausti þess að með þeirri breytingu sé a.m.k. tekið skref í þessa átt og það er óumdeilanlega svo að 54. gr. hlutafélagalaganna verður miklu nákvæmari og ítarlegri hvað það varðar hvaða skilyrði þurfa að vera fyrir hendi til þess að menn geti staðið að fyrirtækjarekstri, verið þar stjórnarmenn eða framkvæmdastjórar. Með vísan til þess og sérstaklega að lögin um gjaldþrot eða gjaldþrotaskipti eru talin upp í brtt. þá tel ég að eftir atvikum sé ásættanlegur frágangur á því máli.

Nefndin hefur svo talsvert rætt það hvort ekki væri rétt að vinna frekar að þessu máli og ég vil láta það koma fram fyrir mitt leyti að ég er stuðningsmaður þess og fýsandi því að það verði áfram unnið að því að reyna að lögfesta og ganga frá ákvæðum sem tryggja það að menn geti ekki ítrekað leikið þann leik að standa fyrir atvinnurekstri, gera fyrirtæki gjaldþrota og stofna síðan til atvinnurekstrar á nýjan leik og nýjan leik undir nýjum formerkjum, með nýrri kennitölu o.s.frv. En það er hins vegar vandasamt mál að ganga þannig frá því að á hinn bóginn sé ekki takmarkaður með óþörfum eða óréttmætum hætti réttur borgara til þess að stunda atvinnustarfsemi.

Það sem er kannski sérstaklega álitamál í sambandi við brtt. eins og þær eru fram bornar af hálfu nefndarinnar, þ.e. að þessi ákvæði skuli eingöngu eiga við þegar refsiverð háttsemi í kjölfar dóms hefur orðið uppvís, þá liggja utan við það öll mál sem leidd eru til lykta með sektarákvæðum, til að mynda afbrot skattalegs eðlis sem yfirskattanefnd leiðir til lykta með sektum. Það er álitamál hvort það ætti að einhverju leyti að reyna að taka slíka hluti einnig inn í þetta samhengi að slíkt geti leitt til takmarkana á því að menn geti endurtekið stofnað til atvinnurekstrar. En það á við það eins og fleira að það er talsvert vandasamt mál að

ganga þannig frá því að öllu réttlæti sé fullnægt og í trausti þess að þetta mál hverfi ekki af dagskrá heldur verði unnið með það áfram þá er ég eftir atvikum sáttur við frágang málsins eins og hann er í brtt. á þskj. 401.

Hæstv. forseti. Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta. Ég held að þessi pakki sem hér er á ferðinni, ef svo má að orði komast, þ.e. hlutafélagafrv. bæði og frv. um ársreikninga og bókhald séu tvímælalaust til bóta og það heildarsamhengi sem þar er verið að draga upp, það sé skynsamlegt að standa þannig að málum að þetta sé allt saman afgreitt sem ein heild og í kjölfarið komi svo inn þeir viðurlagakaflar sem hér hefur verið rætt um og gerð grein fyrir.

[11:56]

Félagsmálaráðherra (Rannveig Guðmundsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mig langar í fyrsta lagi að lýsa yfir ánægju minni með hvað efh.- og viðskn. hefur staðið vel að málum og unnið sameiginlega að þessum frv. sem hér eru rædd. Ég þekki það hvernig sú nefnd starfar saman og vil nota þetta tækifæri til þess að geta þess að mér finnst sérstaklega jákvætt hvernig vinnubrögðin eru þar. En ég kem hér upp út af 54. gr. Það var nýmæli að takmarka rétt manna til að sitja sem stjórnarmenn og framkvæmdastjórar í hlutafélögum við ákveðnar aðstæður, ítrekað gjaldþrot hlutafélags og/eða einkahlutafélags. Það er mín skoðun að niðurstaða nefndarinnar gerir það að verkum að virknin verði ekki jafnmikil af ákvæðinu eins og það situr eftir og það sem sett var fram. Ég vil geta þess vegna gjaldþrotanna, sem hafa verið nefnd hér, að í 54. gr. var sagt að hlutafélagaskrá gæti veitt undanþágu frá þessu skilyrði ef sérstaklega stendur á og það ákvæði átti við þá tegund gjaldþrota þegar verið var að reyna að bjarga fyrirtækjum en tókst ekki. En ég geri mér alveg grein fyrir því hversu mikilvægt það er að ná samstöðu um og góðri niðurstöðu í mál af þessu tagi og ég tel að þessi grein, eins og hún eftir stendur, sé mjög til bóta og er líka ánægð með að haldið var inni í greininni sem sagt þetta „bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld". Ég held að þetta sé mjög mikilvægt.

En ég er ánægð með afgreiðsluna á þessu máli en vildi samt árétta að þetta er eitt af þeim tækjum sem við höfum til að taka á þeirri ógætni sem oft er í meðförum almannafjár, sem oft er í skilum á sköttum og öðru slíku og síendurteknu gjaldþrotum með þann fylgifisk að skattar skila sér ekki. Það er eitt af því sem þarf að taka á og ég býst við að þetta frv. verði til þess.

[11:59]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er að sjálfsögðu hárrétt hjá hæstv. félmrh. að efh.- og viðskn. er hin mætasta nefnd og vinnur vel og samviskusamlega. Ég held að við höfum reynt eftir atvikum að leggja alla þá vinnu í þetta vandasama ákvæði sem við höfðum möguleika til og það varð sem sagt niðurstaðan að ganga frá því með þessum hætti. Ég held að gagnvart því sem hæstv. félmrh. sagði varðandi það hlutverk sem hlutafélagaskrá, sem er í sjálfu sér ekki stór stofnun í lýðveldinu, hefði verið ætlað með óbreyttum ákvæðum laganna hefði náttúrlega leitt af sjálfu, að ef sú stofnun hefði átt að sjá um þetta hlutverk og rækja það þá hefði orðið að gjörbreyta hennar starfssviði og auka til muna möguleika hennar á því að sinna sínu hlutverki. Það er mín tilfinning að það hefði orðið niðurstaðan að hlutafélagaskrá eða þeir aðilar sem þá hefðu fjallað um þetta hefðu orðið að veita undanþágu í öllum tilvikum sem um það hefði verið beðið þegar aðilar sem tengst hefðu gjaldþrotum þó ítrekað væri hefðu óskað eftir því að fá undanþágur ef um ekkert saknæmt eða ámælisvert hefði verið að ræða í þeim tilvikum. Það hefði varla getað orðið önnur niðurstaða en að hlutafélagaskráin hefði þá orðið að veita öllum sem ekki hefðu orðið uppvísir að eða dæmdir fyrir neinn refsiverðan verknað í tengslum við gjaldþrotin undanþágu ef þeir hefðu óskað eftir því að fá að setjast í stjórnir félaga eða gerast framkvæmdastjórar. Þá er auðvitað spurning hvort ekki sé í reynd heppilegra að snúa ákvæðunum við og ganga þannig frá málinu að það sé einungis í þeim tilvikum sem takmörkunin gildir. Ég er orðinn þeirrar skoðunar að þrátt fyrir allt sé það sennilegra heppilegra fyrir utan það, eins og ég segi, að það hefði þá orðið að gjörbreyta möguleikum hlutafélagaskrár til þess að rækja sína starfsemi ef þetta hefði átt að standa svona.

[12:01]

Félagsmálaráðherra (Rannveig Guðmundsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er erfitt að dæma um það hvort rétt er hjá hv. 4. þm. Norðurl. e. að ákvæðið hefði ekki verið til þess gagns sem það var hugsað en tillagan eins og hún kemur frá efh.- og viðskn. er mjög ásættanleg og ég mun vissulega styðja hana. En ég tek líka undir þau orð að að sjálfsögðu munum við fylgjast með hvernig þetta virkar og taka á málum í kjölfarið ef þurfa þykir og nýta þá reynslu sem fæst með þeim lögum sem hér verða til.

[12:02]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil að lokum bæta því við að ég held að það sé tvímælalaust til bóta að lögfesta ákvæði af þessu tagi og það skipti kannski í sjálfu sér meira máli en nákvæmlega hvernig frá því er gengið að staðfestur verði sá vilji löggjafans að takmarka möguleika manna í þessum efnum. Hvernig sem á það er litið þá hlýtur að felast í því visst aðhald frá því sem nú er að það séu þó fyrir hendi ákvæði í lögum sem geta komið til og takmarka möguleika manna til þess að standa endurtekið í því að gera fyrirtæki gjaldþrota og hverfa frá þeim málum þannig og stofna til rekstrar á nýjan leik.

Það sem vakti sérstaklega fyrir efh.- og viðskn. var auðvitað það að ganga frá þessu þannig að það stæði í lögunum. Það var rætt í nefndinni hvort kannski væri skynsamlegra að fresta því með öllu að reyna að taka á þessu máli og vinna það betur, m.a. með vísan til

þess að frv. liggur fyrir þinginu um allt öðruvísi aðferð í þessu sambandi, þ.e. að setja upp sérstakt kerfi til þess að dæma menn í atvinnurekstrarbann ef þeir hafa misnotað aðstöðu sína með einhverjum hætti. En menn urðu sammála um það í nefndinni að það væri mikilvægt að fella þetta ákvæði ekki út úr frv. því þau skilaboð vildu menn að sjálfsögðu ekki senda út í þjóðfélagið að menn felldu út úr frv. þá tilraun sem í því fólst til þess að taka eitthvað á því máli. Ég held að það sé kannski að lokum mergurinn málsins að það er staðfestur vilji til þess að taka á þessu. Það má svo lengi deila um hvernig það er best gert.

[12:04]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér eru komin fimm stór mál fyrir þingið með mjög stuttum fyrirvara og mér þykir það mjög leitt að þau skuli vera rædd núna þegar eru ekki nema 15 mínútur síðan þeim var dreift á borð þingmanna, bæði brtt. við öll þessi mál og nál. Það er ekki nokkur einasti tími til þess að fara í gegnum brtt., sem eru mjög margar, við þessi mál og skoða hvað hér er verið að gera fyrir utan það að þessi frumvörp sem hér um ræðir eru öll upp á margar blaðsíður.

Ég vil hins vegar fagna því að það sé verið að afgreiða þessi mál að einhverju leyti vegna þess að það var orðið mjög tímabært að taka á því hversu gömul mörg þessi lög eru, t.d. lögin um bókhald eru frá árinu 1968 og það hefur mjög margt gerst á þeim tíma sem löngu var orðið tímabært að taka á. Öll aðstaða hvað varðar bókhaldsvinnu hefur breyst og framkvæmd bókhaldslaga og ársreikninga hefur í raun og veru ekkert verið í takt við þau lög sem hafa gilt.

Síðan var einnig orðið nauðsynlegt að breyta lögum um hlutafélög og einkahlutafélög því að þarna þurfti að samræma ýmsar reglur og lög Evrópustöðlum og þó að þetta hafi hér komið meira til vegna samningsins um hið Evrópska efnahagssvæði, þá hefði þetta orðið að koma til hvort sem hann var samþykktur eða ekki því að það var orðið nauðsynlegt að samræma þessi lög því sem gildir í löndunum í kringum okkur. Upphaflega voru lögin um hlutafélög sniðin eftir dönsku lögum og síðan þróuðust dönsku lögin mjög til samræmis við þau sem giltu innan Evrópusambandsins svo að við vorum komin langt úr takt við tímann og það sem er að gerast.

Ég vil taka undir það sem hér hefur verið sagt um 54. gr. frv. til laga um breytingu á hlutafélagalögunum þar sem í stjfrv., sem við erum að ræða, hefur verið tekið nokkuð vel á því máli að menn sem eru stjórnarmenn í félagi sem verður gjaldþrota geti ekki farið og stofnað annað félag. En reyndar þekkjum við það einnig að ef umræða í þjóðfélaginu er þannig að menn telja sig ekki geta farið að stofna nýtt félag um leið og annað er orðið gjaldþrota, þá er nú kannski farið fram hjá lögunum með því að setja á einhvern kunningja, eiginkonu, son eða einhvern annan í staðinn fyrir sig þannig að það er þá hægt að fara fram hjá þessu þó svo að þetta hefði verið samþykkt óbreytt í þessari 54. gr. eins og hér segir. Hins vegar held ég að það hefði þó verið meira aðhald en kemur fram í brtt. sem hér er verið að ræða vegna þess að í upphaflegu tillögunni er talað um gjaldþrotaúrskurð sem hafi verið kveðinn upp oftar en einu sinni. En brtt. gerir ráð fyrir að menn hafi hlotið dóm til þess að þarna sé verið að stemma stigu við að menn geti stofnað ný og ný félög.

Það má auðvitað segja að enginn sé sekur fyrr en dómur hafi verið upp kveðinn en það er alveg óneitanlega staðreynd samt sem áður að þessi leikur hefur verið leikinn úti í þjóðfélaginu og á einhvern hátt þarf að taka á því.

Eins og ég sagði í upphafi þá vil ég leggja áherslu á það að ég tel að þessar breytingar á lögum og þessi frumvörp, sem við erum að ræða, séu til mikilla bóta vil ég segja, en samt sem áður hefði ég óskað eftir því að við hefðum haft aðeins meiri tíma til þess að skoða þau og skoða þær breytingartillögur sem koma inn til þess að hægt væri að fjalla um þau á málefnalegan hátt. Til þess gefst hins vegar ekki tími þegar svona stutt er liðið frá útbýtingu brtt.

Eitt atriði vildi ég spyrja um og ég vænti þess að hv. formaður efh.- og viðskn. geti svarað því. Þó að við séum nú hér að ræða hlutafélagafrv. þá tel ég þetta nú tengjast allt saman og ég vil spyrja hann um frv. til laga um bókhald, þ.e. það er 32. gr. um skoðun reikninga og þar segir, með leyfi forseta:

„Skoðunarmenn skulu uppfylla hæfisskilyrði 11. gr. laga nr. 67/1976, um löggilta endurskoðendur. Uppfylli skoðunarmaður ekki lengur skilyrði til starfans og enginn varamaður er til að koma í hans stað skal stjórn félagsins annast um að valinn verði nýr skoðunarmaður eins fljótt og unnt er og skal hann gegna því starfi þar til kosning getur farið fram.

Ef félagið kýs endurskoðanda í stað skoðunarmanns skulu ákvæði laga um löggilta endurskoðendur eiga við um starf hans."

Síðan segir aftur í 34. gr.:

„Með áritun sinni á ársreikning skulu skoðunarmenn staðfesta að þeir hafi yfirfarið hann" o.s.frv. en svo kemur aftur fram hér í umsögninni með þessu að skoðunarmaður þurfi ekki að hafa bókhaldskunnáttu. Og mér finnst það svolítið undarlegt að það segir hér um III. kaflann:

„Með skoðunarmanni er átt við þann sem ekki hefur hlotið löggildingu til endurskoðunarstarfa" og það er sem sagt verið að taka það út „en valinn er af félagsmönnum eða stjórn félagsins til að yfirfara bókhald og ársreikning. Ekki er gerð krafa um sérstaka bókhaldskunnáttu skoðunarmanns."

Geta menn farið yfir reikninga og tekið ábyrgð á því með undirskrift sinni að þetta sé allt saman rétt fært og rétt gert, bæði tekjur og gjöld, eignir og skuldir, ef ekki er gerð nein krafa um bókhaldskunnáttu? Á þessu vildi ég fá skýringar frá hv. formanni efh.- og viðskn.

Síðan í öðru lagi með viðurlögin. Það var rætt um það að fresta umfjöllun um viðurlög við brotum á þessum lögum þar til í janúar. Það kom fram í ræðu formanns efh.- og viðskn. og ég vil leggja mikla áherslu á að það verði gert, það gleymist nú ekki og detti ekki niður að ræða þann kafla og ég vænti þess að það

verði alveg örugglega tekið upp í janúar og þessi viðurlagakafli tekinn fyrir. Hugsanlega verði þá ef eitthvað annað yfirsést vegna þessarar hröðu yfirferðar nú rétt fyrir jól á þessum stóru málum, þá sé tækifæri til þess að taka það upp við þær breytingar sem þá eru fyrirhugaðar á þessum lögum.

[12:13]

Frsm. efh.- og viðskn. (Jóhannes Geir Sigurgeirsson):

Virðulegur forseti. Það er fyrst varðandi skoðunarmennina. Í öllum stærri rekstri eru orðnir löggiltir endurskoðendur sem hafa þekkingu á bókhaldi. Skoðunarmennirnir eru taldir duga í minni félögum og klúbbum og hlutverk þeirra er kannski öðru fremur að athuga hvort ekki hefur verið farið eftir samþykktum félagsfunda og aðalfundar varðandi alla meðferð á fjármunum félagsins þannig að það eru ekki gerðar þar eins miklar kröfur og til endurskoðendanna sem verða að starfa eftir lögum um löggilta endurskoðendur.

En varðandi það sem hér hefur komi fram í umræðunni, þá er það kannski tvennt sem ég vildi koma að. Það er fyrst það sem hv. 4. þm. Norðurl. e. ræddi um töluna 100 eða 200, þ.e. hvenær mætti ekki takmarka meðferð á hlutafé. Það er 200 í núgildandi lögum. Frv. gerði ráð fyrir að fara niður í 100, en við lögðum til að það yrði áfram 200. Um þetta er það að segja að frá því að þetta var sett í lög 1978 hafa orðið verulegar breytingar og í raun allt annað starfsumhverfi. Af því að hv. þm. nefndi sérstaklega almenningshlutafélög, almenningshlutafélög eru ekki til sem lögheiti, en samkvæmt íslenskri málvenju er almenningshlutafélag félag sem er á almennum markaði með sitt hlutafé, er skráð á verðbréfaþingi og það liggur fyrir að um leið og hlutafélög eru skráð inn á verðbréfaþing og það skilyrði fylgir líka ef kaupum á hlutafé á að fylgja skattafsláttur þá er takmörkun á meðferð hlutafjár sjálfkrafa afnumin þannig að það kom m.a. upp það sjónarmið í nefndinni að hugsanlega væri þá skynsamlegast að afnema þetta ákvæði með öllu.

Það kom líka upp það sjónarmið að það geta verið fullgildar ástæður fyrir því að nokkuð fjölmenn félög sem eru starfrækt um sérhæfða hagsmuni, þar hafi menn heimildir til þess að takmarka meðferð hlutafjár. En meginmálið í þessu er það að mínu mati að það er búið með því einu að viðkomandi félög fara út á almennan markað að afnema allar hömlur á meðferð hlutafjár.

Síðan varðandi það sem hér hefur verið rætt um 54. gr. og gjaldþrotaákvæðið, þá vil ég ítreka það sem ég sagði í minni framsögu í upphafi við bókhaldslögin að meginmálið hvað þetta snerti er þessi nýja heildarlöggjöf og hvað hún er miklu gegnsærri en áður með nýjum ákvæðum um bókhald og ársreikninga og þegar viðurlagaákvæðin koma þar inn þá á þessi nýja heildstæða löggjöf í sjálfu sér að hafa jákvæð áhrif og takmarka það að menn séu að fara með gjaldþrot eins og rekstrartæki og að gjaldþrotið verði, eins og löggjafinn reiknaði með frá upphafi, eðlilegur og því miður stundum óhjákvæmilegur hluti af rekstri þar sem rekstur er kominn í þrot miðað við það sem menn hefðu ætlað og lagt fram sem áhættufé í viðkomandi rekstur.

Ég vil einnig nefna í þessu sambandi að mönnum er oft tíðrætt um þá sem í hliðstæðum rekstri fara hvað eftir annað í gjaldþrot. Þeir eru komnir með nýja kennitölu nánast um hæl og, virðulegur forseti, enginn má skilja mig þannig að ég sé að afsaka slíka starfsemi. En mér finnst að menn gleymi stundum í þeirri umræðu þriðja aðilanum. Það eru þeir sem hleypa þeim af stað í rekstur aftur. Það eru oft og tíðum fjármálastofnanir, það eru stórir heildsalar og fleiri aðilar og það að þeir eru komnir þar með viðskipti aftur og komnir af stað gerir það að verkum að síðan eru það fleiri aðilar sem glepjast í viðskipti við þá. Oft og tíðum eru þeir sem hleypa þeim af stað búnir að tryggja sig sérstaklega með öðrum ábyrgðum en það sem nemur bara nýju hlutafé í viðkomandi fyrirtæki en það eru svo fleiri nýir aðilar sem fara í viðskipti við þessa sífbrotamenn sem ég vil kalla svo sem verða fyrir skellinum. Að mínu mati verðum við því að skoða þetta í samhengi og gera kröfu til fleiri aðila en við gerum í dag og þessi nýja löggjöf sem við erum hér að ganga frá á að gera mönnum betur kleift en áður að skoða stöðu þeirra aðila sem menn eru í viðskiptum við. Allur aðgangur að reikningshaldi og öðru slíku á að vera miklu betri en áður var.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Evrópsk fjárhagsleg hagsmunafélög, 2. umr.

Stjfrv., 98. mál. — Þskj. 101, nál. 403.

[12:22]

Frsm. efh.- og viðskn. (Jóhannes Geir Sigurgeirsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá efh.- og viðskn. á þskj. 403 um evrópsk fjárhagsleg hagsmunafélög. Nefndin hefur fjallað um málið og fékk á fund sinn Jón Ögmund Þórðarson skrifstofustjóra í viðskrn. Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá BHMR, samtökum iðnaðarins, Verslunarráði Íslands og VSÍ.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með þeirri breytingu að 2. mgr. 2. gr. falli brott og í því felst að ráðherra getur ekki ákveðið að vissir flokkar einstakra lögaðila geti ekki eða geti aðeins að takmörkuðu leyti átt aðild að hagsmunafélögum heldur verði það að koma með atbeina Alþingis.

Undir þetta skrifa allir nefndarmenn fyrirvaralaust.

[12:23]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Það er nú ekki alveg 100% nákvæmt hjá formanni að undir þetta skrifi allir fyrirvaralaust. Ég kaus að undirrita nefndarálitið með fyrirvara. Það er í sjálfu sér ekki vegna þess að ég sé efnislega andvígur neinum einstökum ákvæðum frv. en hér er verið að lögfesta tiltekna reglugerð Evrópusam-

bandsins, nr. 2137 frá 1985, ef einhver hefur áhuga á því. Ég taldi ástæðu til að hafa fyrirvara almennt séð á þeirri tengingu inn í íslenska löggjöf sem í þessu felst samkvæmt þeirri venju sem við alþýðubandalagsmenn höfum fylgt í tengslum við afgreiðslu á málum af þessu tagi.

Í öðru lagi varpaði ég fram þeirri spurningu í nefndarstarfinu hvort ástæða væri til að tengja eða binda þessi ákvæði sérstaklega við Evrópu og hvort ekki væri þá í reynd jafngilt eða eðlilegra að setja hér einfaldlega löggjöf um fjárhagsleg hagsmunafélög sem gætu þá átt við í samskiptum við aðra en aðila að Evrópusambandinu eða Evrópska efnahagssvæðinu. Það kann vel að vera að það sé í raun eðlilegast að lögfesta þetta með þessum hætti og með þessu heiti, þ.e. að þýða beint yfir á íslenskuna heiti ákvæðanna eins og þau eru í hinum evrópska rétti og heita þar evrópsk fjárhagsleg hagsmunafélög, jafnfallega eins og það nú hljómar en í sjálfu sér er ég almennt séð þeirrar skoðunar að þegar við erum að taka upp í okkar löggjöf ákvæði, þá eigum við að láta það ráða hvort þau séu í eðli sínu efnislega skynsamleg eða ekki og ef þau eru það, ef við teljum þau vera til bóta og skynsamlega löggjöf í sjálfu sér, þá sé eðlilegt að lögfesta hana sem almenna reglu en ekki bara að því marki sem við erum skuldbundin til þess gagnvart öðrum aðilum að Evrópska efnahagssvæðinu. Fyrirvari minn sem sagt lýtur aðallega að þessum tengslum málsins við íslenska löggjöf.

[12:26]

Frsm. efh.- og viðskn. (Jóhannes Geir Sigurgeirsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég biðst afsökunar á því að hafa ekki tekið eftir því hér á þskj. Ég taldi við afgreiðsluna í gær að þetta hefði verið fyrirvaralaust en það er nú komið fram að hv. 4. þm. Norðurl. e. hafði fyrirvara um málið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ábyrgð á norrænum fjárfestingarlánum til verkefna utan Norðurlanda, 2. umr.

Stjfrv., 237. mál. — Þskj. 278, nál. 408.

[12:26]

Frsm. efh.- og viðskn. (Jóhannes Geir Sigurgeirsson):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti á þskj. 408 um frv. til laga um ábyrgð á norrænum fjárfestingarlánum til verkefna utan Norðurlanda frá efh.- og viðskn. Í tengslum við þetta mál fékk nefndin á fund sinn Magnús Pétursson ráðuneytisstjóra í fjmrn.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt án breytinga og nú get ég sagt að allir nefndarmenn hafi skrifað undir fyrirvaralaust. En þessi ábyrgð tengist sameiginlegu verkefni Norðurlandanna í Eystrasaltslöndunum. Norðurlöndin hin eru öll búin að samþykkja ábyrgðir gagnvart þessu og þessu þarf að vera lokið fyrir áramót. Með samþykkt þessara laga geta Íslendingar tekið fullan þátt í þessum verkefnum með hinum Norðurlandaþjóðunum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Brunatryggingar, 2. umr.

Stjfrv., 240. mál (umsýslugjald o.fl.). — Þskj. 281, nál. 397.

[12:28]

Frsm. heilbr.- og trn. (Gunnlaugur Stefánsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frv. til laga um breytingu á lögum um brunatryggingar, nr. 48/1994, fyrir hönd hv. heilbr.- og trn.

Nefndin lagði mikla vinnu í þetta mál og kallaði til sín á sinn fund fjölmarga aðila sem gerð er grein fyrir í nefndarálitinu. Ég vil sérstaklega gera grein fyrir breytingu er hv. nefnd var sammála um að leggja til við hv. Alþingi.

Á eftir lokamálsl. 2. gr. komi nýr málsl. er orðist svo:

„Rísi ágreiningur um bótafjárhæð skal málinu skotið til gerðardóms sem ráðherra setur nánari ákvæði um í reglugerð, sbr. 5. gr. laga þessara."

Þannig hljóðar brtt. Hér er lagt til að kveðið verði á um að ef vátryggjanda og vátryggingataka greini á um bótafjárhæð í þeim tilvikum sem vátryggjandi telur brunabótamat greinilega hærra en markaðsverð húseignar þá verði málinu skotið til gerðardóms. Á grundvelli 5. gr. laga nr. 48/1994, um brunatryggingar, hefur heilbr.- og trmrh. sett reglugerð, nr. 484/1994, um lögboðna brunatryggingu húseigna. Kveðið er á um gerðardóm í 4. mgr. 11. gr. reglugerðarinnar sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Rísi ágreiningur um brunabótamat eða bótafjárhæð má skjóta málinu til gerðardóms. Gerðardómur skal skipaður tveimur mönnum sem héraðsdómur í umdæmi því sem húseign er í tilnefnir hverju sinni. Skal annar þeirra fullnægja skilyrðum til að gegna starfi héraðsdómara. Fyrir kostnað vegna gerðardóms skal greiða samkvæmt gjaldskrá sem ráðherra vátryggingarmála setur. Kostnað við gerðardóm ber að jafnaði sá sem gerð gengur á móti."

Nefndin vill leggja áherslu á að regla 2. gr. frv. er undantekningarreglan og þau tilvik sem fallið gætu undir hana hafa að jafnaði verið 2–3 á ári samkvæmt upplýsingum frá Vátryggingafélagi Íslands. Reglur um brunatryggingar húseigna byggjast á þeirri meginreglu að eign sé endurbyggð og að húseigandi fái fullar bætur byggðar á brunabótamati. Undantekningarreglan kemur einungis til greina ef vátryggingataki ákveður að endurbyggja ekki heldur fá andvirði húseignar sinnar greitt. Nefndin telur hins vegar nauðsynlegt að í lögum sé regla sem heimilar frávirk frá brunabótamatsviðmiðun og bendir á að reglur um brunatryggingar húseigna hafi að ýmsu leyti sérstöðu innan vátryggingasviðsins. Í því sambandi má m.a. nefna að um er að ræða lögbundnar vátryggingar og grundvöllurinn,

brunabótamatið, er metið af þriðja aðila. Þá bendir nefndin á að regla 2. gr. frv. er í samræmi við meginreglur vátryggingarsamningalaga, nr. 20/1954, sem fela í sér að vátryggður fái raunvirði hlutar bætt miðað við þann tíma sem tjón verður.

Þá vill nefndin taka fram að með tilkomu umsýslugjalds Fasteignamats ríkisins, sem kveðið er á um í 1. gr. frv., mun stofnunin hætta að innheimta gjöld vegna afhendingar vottorða. Auk þess er stefnt að því að bæta þjónustu við viðskiptavini Fasteignamats ríkisins og endurbæta skráningarkerfi fasteigna. Nefndin leggur áherslu á að framangreind atriði eru forsenda fyrir álagningu umsýslugjaldsins.

Talsverð umræða varð um það í nefndinni hvort orðin „að jafnaði" í a-lið 1. gr. frv. ættu rétt á sér og fram kom það sjónarmið að orðalagið væri óskýrt. Nefndin leggur ekki til breytingu á ákvæðinu þar sem talið er nauðsynlegt að lögin geri ráð fyrir því svigrúmi þannig að unnt verði í vissum tilvikum að fela dómkvöddum matsmönnum að annast fyrstu virðingu. Á það ekki síst við í hinum dreifðu byggðum landsins. Á hinn bóginn telur nefndin rétt að meginreglan verði sú að Fasteignamat ríkisins annist fyrstu virðingu þannig að samræmd vinnubrögð mótist á þessu sviði.

Ég vil taka það fram, hæstv. forseti, að undir þetta álit rita allir hv. þm. heilbr.- og trn., Gunnlaugur Stefánsson, Lára Margrét Ragnarsdóttir, Guðmundur Hallvarðsson og Sigríður A. Þórðardóttir, en eftirtaldir hv. þm. skrifa undir nefndarálitið með fyrirvara: Hv. þm. Ingibjörg Pálmadóttir, hv. þm. Margrét Frímannsdóttir, hv. þm. Guðrún J. Halldórsdóttir og hv. þm. Finnur Ingólfsson.

Hæstv. forseti. Að lokinni 2. umr. legg ég til að málinu verði vísað til 3. umr.

[12:33]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Eins og fram kom hjá hv. formanni heilbr.- og trn. þá ritar minni hluti nefndarinnar undir þetta nál með fyrirvara og fyrirvari okkar byggist fyrst og fremst á því að það kom fram í þeim viðræðum sem við áttum við þá aðila sem komu á fund nefndarinnar að reglugerð sem sett hefði verið m.a. vegna umsýslugjaldsins hefði ekki haft lagastoð og frv. væri flutt m.a. til þess að taka af öll tvímæli þess efnis. Það komu fram miklar gagnrýnisraddir á að verið væri að setja reglugerðir sem ekki ættu sér ábyrga stoð í lögum og eðlilega. Minni hluti eða stjórnarandstaðan í hv. heilbr.- og trn. hefur tekið undir þessa gagnrýni og fyrirvari okkar byggist fyrst og fremst á því.

Að öðru leyti erum við sammála frv. eins og fram kemur í nefndarálitinu og töldum að það væru komnar fram fullnægjandi skýringar á t.d. umsýslugjaldinu þar sem Fasteignamati ríkisins er heimilt að taka svokallað umsýslugjald eins og kveðið er á í 1. gr. frv. en þá mun stofnunin hætta að innheimta gjöld vegna afhendingar vottorða eins og viðgengist hefur. Umsýslugjaldið á að dekka allan þann kostnað sem neytendur hafa fram undir þetta þurft að greiða við afhendingu ýmissa vottorða sem farið hefur verið fram á hjá Fasteignamati ríkisins. Eins og kemur fram í nefndarálitinu höfum við lagt áherslu á að framangreint atriði er forsenda fyrir álagningu umsýslugjaldsins og forsenda þess að við föllumst á það. En ég vil ítreka þau vinnubrögð sem voru viðhöfð hjá ráðuneyti, ekki af hálfu hv. heilbr.- og trn. heldur ráðuneytis sem setti reglugerð sem átti að byggja á lögum um brunatryggingar, nr. 48/1994, en það kom mjög skýrt fram hjá flestum þeim sem komu á fund nefndarinnar að þessi reglugerð hefði ekki átt stoð í lögum þrátt fyrir að annað kæmi fram frá heilbr.- og trmrn. Það að ráðuneytið taldi nauðsyn á að flytja þetta frv. staðfestir að þarna var um afar veika lagastoð að ræða sem reglugerðin byggði á.

[12:37]

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Eins og kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni, þá var fyrirvari okkar sem skipum minni hlutann í heilbr.- og trn. einmitt sá sem hún lýsti mjög vel að hér er verið að tryggja raunverulega eftir á. Það var sett reglugerð sem ekki átti sér lagastoð og nú er verið að tryggja að sú reglugerð fái þá lagastoð sem þarf.

Í þessu frv. um breytingu á lögum um brunatryggingar koma fram ýmsar breytingar, kannski ekki stórvægilegar en þær sem eru boðaðar hér eru til bóta að því leytinu til að nú verður landskrá fasteigna sett á laggirnar sem ég tel vera mjög mikilvægt, en það fylgir sá böggull skammrifi að um leið er verið að boða hér nýja skattlagningu á húseigendur sem er í heildina um 30–40 millj. kr. Fyrir hvern húseiganda mun þetta gjald vera svona í kringum 250–300 kr. á ári og á að innheimtast á hverju ári. Í staðinn verður ekki tekið gjald fyrir vottorð sem fólk þarf að fá vegna fasteignamatsins en þetta umsýslugjald er nýtt og nú mun Fasteignamat ríkisins að öllu jöfnu eins og stendur í frv. annast fyrstu virðingu fasteigna.

Það er önnur nýbreytni í frv. varðandi 2. gr. Hún lýtur að því að hafi ákvörðun verið tekin um að veita undanþágu frá byggingarskyldu og telji vátryggjandi brunabótamats húseignar greinilega hærra en markaðsverð húseigna, þá er vátryggjanda heimilt að miða bótafjárhæð við markaðsverð viðkomandi húseignar. Okkur fannst í nefndinni að þetta væri of ákveðið svona og þess vegna liggur fyrir brtt. um að það sé hægt að vísa málinu til gerðardóms. Um það náðist samkomulag sem ég tel vera til bóta.

Hingað til hefur það verið þannig að brenni húseign t.d. á afskekktum stað þar sem lítið fæst fyrir eignina hefur ekki verið mikið svigrúm fyrir eigandann að fá að byggja annars staðar. Annaðhvort byggir hann á þessum stað og fær þá greitt eins og kostar að byggja upp á nýtt eða ekki neitt. En með þessu frv. ef að lögum verður getur eigandi og vátryggjandi ákveðið að byggja ekki á þeim stað sem húsið var á og fær þá viðkomandi greitt markaðsverð mínus 15% og getur þá byggt á þeim stað sem hann telur hagkvæmast. Í þessu eru því líka vissar bætur fyrir þá sem tryggja.

Ég þarf ekki að hafa fleiri orð um þetta mál. Það

eru ekki aðrar breytingar boðaðar í frv.

[12:40]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér hefur verið gerð grein fyrir þeim fyrirvara sem nokkrir hv. þm. hafa við þetta frv. Ég vil koma með eina athugasemd sem mér finnst ekki hafa komið nógu skýrt fram í umræðunum. Það er í 2. gr. frv. en þar segir, með leyfi forseta:

„Hafi ákvörðun verið tekin um að veita undanþágu frá byggingarskyldu og telji vátryggjandi brunabótamat húseignar greinilega hærra en markaðsverð húseignar þá er vátryggjanda heimilt að miða bótafjárhæð við markaðsverð viðkomandi húseignar."

Þegar við erum að tala um markaðsverð viðkomandi húseignar þá hlýtur það að vera mjög misjafnt eftir því hvar á landinu húseignin er staðsett. Markaðsverð húseignar er mjög mismunandi við brunabótamat. Er þá meiningin með þessu ákvæði að ef vátryggjandi metur það svo að markaðsverð húseignar sé ekki nema helmingur af brunabótamati þá skuli ekki greiða honum nema helminginn af brunabótamatinu bara vegna þess að hann ætli sér að byggja húsið upp á einhverjum öðrum stað? Er þá verið að hegna mönnum fyrir það að þeir hafi fyrir einhverjum árum eða áratugum síðan byggt hús á viðkomandi stað en sjá síðan þegar það kemur upp á að hús þeirra brennur eða skemmist af einhverjum ástæðum að ekki sé ástæða til þess miðað við aðstæðurnar á þeim tíma að byggja húsið upp á sama stað og vill heldur byggja það á öðrum? Það kostar það sama að byggja hús hvort sem byggt er á Ísafirði, Neskaupstað, Reykjavík, Reykjanesi eða hvar sem er. En markaðsverð húseignar getur verið allt annað og á þá ekki að greiða húseigandanum nema markaðsverð húseignar t.d. á Neskaupstað, Reyðarfirði eða Þórshöfn ef hann ætlar að byggja einhvers staðar annars staðar á landinu þar sem byggingarkostnaðurinn hlýtur að vera nokkurn veginn svipaður?

Þetta vildi ég að kæmi fram því að ég tel mjög athugavert að greiða atkvæði með 2. gr. þar sem markaðsverð húseignar er tiltekið til að miða bótafjárhæð við.

Það segir einnig á bls. 2 í nál., rétt fyrir ofan fyrstu greinarskil:

„Þá bendir nefndin á að regla 2. gr. frv. er í samræmi við meginreglur vátryggingarsamningalaga, nr. 20/1954, sem fela í sér að vátryggður fái raunvirði hlutar ..."

Hvernig ætlum við að meta raunvirði hlutar? Er raunvirði hlutar markaðsverð, t.d. á landsbyggðinni? Er það raunvirði hlutanna? Ég held að það sé ekki alltaf raunvirði hlutanna. Og hvernig ætla menn að meta hvað sé raunvirði þessara hluta sem verið er að bæta? Ég vil fá skýringar á þessu, hv. formaður heilbr.- og trn.

[12:44]

Kristín Einarsdóttir:

Frú forseti. Þingmönnum er nokkur vandi á höndum þegar mál er lögð fram með svona stuttum fyrirvara auk þess sem maður er boðaður á fundi í hliðarsali þannig að það er svolítið erfitt að fylgjast með en ég hef örlitlu við að bæta það sem hv. 6. þm. Vestf. sagði áðan varðandi frv. Ég tel að þarna sé mjög mikið athugunarefni og við þurfum að kanna þetta sérstaklega og tek undir hennar orð og ætla ekki að endurtaka það.

En það sem ég er líka að velta fyrir mér varðandi þetta atriði er að menn viti hvar þeir standi. Við getum bara tekið sem dæmi iðgjald. Hvað með iðgjaldið ef menn eru kannski búnir að borga gjald vegna brunatrygginga í svo og svo langan tíma og miða við eitthvert ákveðið fasteignaverð sem er brunabótamat og svo skyndilega brennur hús þeirra, við skulum segja, eins og hér hefur verið tekið fram, á Ísafirði eða Höfn í Hornafirði eða hvar sem er? Þá halda menn að þeir fái greitt í samræmi við það iðgjald sem þeir hafa greitt. Þú getur ekki metið neitt annað. Það gildir reyndar fyrir mitt hús líka þar sem ég bý uppi í Árbæ. Ég veit ekki annað í dag en að ég greiði iðgjald miðað við brunabótamat og ég veit ekki hvað gerist á morgun eða eftir tvö, þrjú eða fimm ár, hvers virði mitt hús er. Þá finnst mér lágmarkskrafa ef þetta er samþykkt að það sé metið á hverjum tíma af hálfu vátryggingafélaganna þannig að fólk borgi ekki hærra iðgjald en sem nemur því sem það á rétt á ef upp kemur.

Þetta er atriði sem ég get ekki séð í frv. og mér finnst sem ég geti ekki staðið að samþykkt frv. sem þessa nema þetta sé a.m.k. algerlega á hreinu.

Ég vildi spyrja hvort nefndin hafi ekki tekið þetta til athugunar vegna þess að ég get ekki séð það í nál. Ef það hefur ekki verið gert þá finnst mér eðlilegt að þetta sé skoðað og málið sé ekki tekið til endanlegrar afgreiðslu fyrr en þetta liggi ljóst fyrir þannig að þingmenn hafi a.m.k. hugmynd um hvað þeir eru að samþykkja og að fólk sem er að brunatryggja viti hvar það stendur. Það er lágmarkskrafa að við séum ekki að samþykkja eitthvað sem við vitum ekki hvað hefur í för með sér. Og ég er fyrst og fremst að hugsa um fólk úti á landsbyggðinni. Ég hugsa að fyrir okkur sem búum í Reykjavík sé þetta miklu minna mál, að brunabótamatið sé miklu nær markaðsverði en t.d. víða úti á landi.

[12:47]

Frsm. heilbr.- og trn. (Gunnlaugur Stefánsson):

Hæstv. forseti. Allar þær spurningar sem hér hafa komið fram í máli hv. þm. Kristínar Einarsdóttur og í máli hv. 6. þm. Vestf. komu fram í hugum hv. nefndarmanna heilbr.- og trn. við umfjöllun málsins. Við lögðum mikla vinnu í það að skoða þetta ákvæði sérstaklega, þessa síðustu málsgrein 2. gr., til þess að reyna að komast til botns í svörum við þeim spurningum sem vöknuðu í hugum okkar og eins og skiljanlega hafa vaknað í huga hv. þm. við umræðu um málið. Þegar málið hafði allt verið unnið héldum við sérstakan fund í hv. heilbr.- og trn. til þess að fjalla einvörðungu um síðustu málsgrein 2. gr. þar sem segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Hafi ákvörðun verið tekin um að veita undanþágu frá byggingarskyldu og telji vátryggjandi brunabótamat húseignar greinilega hærra en markaðsverð hús-

eignar þá er vátryggjanda heimilt að miða bótafjárhæð við markaðsverð viðkomandi húseignar."

Í fyrsta lagi eins og kom fram í máli mínu er ég mælti fyrir nál. þá er hér um undantekningarákvæði að ræða. Við spurðum tryggingafélögin um það hvað þessi tilfelli væru mörg á ári og fengum upplýsingar um að þau kynnu að vera tvö til þrjú á ári. Við fengum upplýsingar um það að grundvallarregla í tryggingarmálum er sú að trygging eigi að bæta sannanlegt tjón. Það er ekki markmið og tilgangurinn með tryggingastarfsemi að einn eða neinn eigi að hagnast, hvorki tryggingafélagið né tryggingatakinn, af tjóni ef upp kemur. Um það eru allir sammála. Þess vegna er jafnan leitast við að tjónþoli fái greitt það tjón sem hann sannanlega hefur orðið fyrir.

Þetta ákvæði er felst í síðustu setningu 2. gr. byggist á þessum grundvelli m.a. En til þess að tryggja enn betur rétt tryggingartakans varð niðurstaðan í starfi hv. heilbr.- og trn. sú, að loknum þeim fundi sem ég vitnaði til áðan, að bæta í þá brtt. sem hér liggur fyrir ákvæðinu um gerðardóminn til þess að taka af öll tvímæli um að hér sérstaklega væri það gerðardómur sem gæti fengið málið til úrskurðar sem ég tel afar mikilvægt.

Í sambandi við spurningu hv. þm. Kristínar Einarsdóttur varðandi iðgjaldið af brunabótamatinu þá er réttur tryggingartakans sá að biðja um endurmat á brunabótamatinu einu sinni á ári. Tryggingartakinn getur jafnan óskað eftir því að brunabótamatið sé endurskoðað og það sé í samræmi við raunvirði eignarinnar. Þar er því um rétt tryggingartakans að ræða þannig að hann greiðir iðgjald er nemur raunvirði eignarinnar. En ég vil leggja áherslu á að það sem við erum að ræða eru fyrst og fremst undantekningartilfelli þegar um það er að ræða að tjónþoli byggir ekki upp sitt hús á sama stað. Í langflestum tilfellum þegar um bruna er að ræða er hús endurbyggt á sínum stað og þá er tjón borgað að fullu er nemur þeim kostnaði að byggja húsið upp þannig að allir sitja við sama borð. Þarna er einvörðungu um undantekningarákvæði að ræða. Þegar ekki er um það að ræða að húsið verði byggt upp á sama stað þá verður tjónið metið eins og það er sannarlega samkvæmt raunvirði og það er grundvöllur tryggingastarfseminnar.

Ég vona að þetta hafi svarað spurningunum. Ég vil aftur ítreka það að þessar spurningar komu allar upp í huga okkar og þess vegna vildum við leggja sérstaka vinnu í að skoða þetta nákvæmlega. Það var sameiginlegt mat okkar allra hv. nefndarmanna í hv. heilbr.- og trn. að hér væri eðlilega að verki staðið eftir að við höfðum skoðað málið ofan í kjölinn.

[12:54]

Kristín Einarsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Aðeins örstutt. Ég fékk ekki svar við minni spurningu að því er varðaði iðgjaldið. Þó að húseigandi geti óskað eftir endurmati á brunabótamatinu þá var ég ekki að tala um það því að brunabótamatið er miðað við endurbyggingarverð. En þegar um er að ræða að það geti verið breyting á þessu þá finnst mér að það verði að vera mjög ótvíræður réttur þeirra sem eru úti á landi, og það gildir reyndar um Reykjavík líka, að þeir séu ekki að borga há iðgjöld í langan tíma og síðan fá þeir ekki þá upphæð miðað við það iðgjald sem þeir hafa greitt. Það er það sem ég er að tala um. Ég er ekki að tala um að brunabótamatið sé ekki í sjálfu sér rangt eða það sé einhver ágreiningur um það vegna þess að ég hugsa að það sé yfirleitt nokkurn veginn í samræmi við endurbyggingarmat hússins eins og það er á hverjum stað. Auðvitað getur verið misbrestur á því eins og alltaf er en það á að vera meginreglan. Ég er ekki að tala um það heldur að fólki sé ljóst að það er að greiða iðgjald sem getur verið svo og svo hátt en er ekki í samræmi við það sem það fær ef um tjón verður að ræða. Og að það séu tvö til þrjú tilvik á ári sem þetta getur átt við um þykir mér nokkuð mikið. Ég veit ekki hversu mörg hús brenna á ári og þetta gæti hugsanlega átt við um en það þætti mér fróðlegt að vita því að mér finnst tvö til þrjú tilvik nokkuð hátt því að ég veit ekki til að það sé svo algengt að hús brenni. Tvö til þrjú tilvik geta verið há prósenta ef út í það er farið.

[12:56]

Frsm. heilbr.- og trn. (Gunnlaugur Stefánsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil aftur ítreka það að hér er verið að tala um undantekningarreglu í þeim tilfellum sem tjónþoli óskar sjálfur eftir því að ekki verði byggt upp hús á sama stað eftir brunatjón heldur óskar eftir því að fá andvirði eignar sinnar greitt út. Samkvæmt þeim upplýsingum er nefndinni bárust frá tryggingafélögunum þá er hér um að ræða fá tilfelli á ári eða tvö til þrjú. Í langflestum tilfellum er hús byggt upp og sá kostnaður er greiddur af tryggingafélaginu og þar er ekki um neinn ágreining að ræða.

Þá vil ég einnig vekja athygli aftur á gerðardómsákvæðum er við gerum brtt. um til þess að tryggja enn betur rétt tjónþolans í þessu sambandi. Rísi ágreiningur um bótafjárhæð skal málinu skotið til gerðardóms sem ráðherra setur nánari ákvæði um í reglugerð skv. 5. gr. laganna. Þannig hljóðar brtt. Ef tjónþolinn telur sig órétti beittan, m.a. með tilliti til þess að hann fái ekki raunvirði eignarinnar greitt út og m.a. með tilliti til þess að hann hafi verið að greiða of hátt iðgjald samkvæmt brunabótamati um langt skeið, þá kunna það að vera efni að mati tjónþolans til þess að gera ágreining við viðkomandi tryggingafélag og vísa málinu til gerðardóms.

[12:58]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. formaður heilbr.- og trn. segir að brtt. sé til bóta. Það má vel vera að sú brtt. sé aðeins til bóta sem er komin fram en ég vil samt ítreka að ég tel 2. gr. frv. mjög ósanngjarna. Mér finnst ekki hægt að sætta sig við það að brenni hús eða farist af öðrum ástæðum og fólk eigi að fá það bætt samkvæmt brunabótamati sem það hefur borgað sín tryggingaiðgjöld af alla sína tíð þá fái það ekki bætt samkvæmt þeim ákvæðum sem það hafði verið tryggt fyrir. Það er búið að borga nákvæmlega það sama hvort sem það býr á Þórshöfn eða Kópaskeri eða hvar það býr eins og

ef það byggi í Reykjavík. Iðgjaldið fer ekki eftir mati á því hvar fólkið býr. Hvort það ætlar síðan að byggja upp aftur á sama stað eða annars staðar á ekki að skipta máli, það á ekki að hegna fólki á einn eða neinn hátt fyrir það.

Mér er sagt að hér hafi það einnig komið til tals að samhliða hús geti verið þar sem annar aðilinn hafi lent í bruna og ætli síðan að byggja upp á öðrum stað. Sá sem býr við hliðina á ætlar að selja og flytja líka á sama staðinn. Þeir fá sitt hvort verðið fyrir húseignina. Annar selur kannski langt undir brunabótamati en hinn sem lendir í því að hús hans brennur ætti að fá að mínu mati fullt verð fyrir sína húseign eins og hann hefur tryggt hana. Það má segja að það sé óréttlæti í gangi gagnvart þeim sem er að selja sína húseign en við bætum ekkert það óréttlæti með því að koma á enn þá meira óréttlæti í sambandi við greiðslu á tryggingafé vegna brunabóta.

[13:01]

Matthías Bjarnason:

Virðulegi forseti. Í 1. gr., a-lið, þessa frv. segir:

„Á eftir 3. mgr. komi ný málsgrein sem verður 4. mgr. svohljóðandi:

Með reglugerð er heimilt að ákveða að húseigendur greiði árlegt umsýslugjald af brunabótamati húseignar til Fasteignamats ríkisins. Viðkomandi vátryggingafélag innheimtir þetta gjald og skilar til Fasteignamatsins. Umsýslugjald þetta skal aldrei vera hærra en 0,03‰ (prómill) af brunabótamati húseignar."

Ég spyr: Er hér um nýjan skatt að ræða á húseigendur í landinu? Fasteignamatið metur fasteignir, jarðir og hlunnindi til fasteignamats og eigendur greiða það til viðkomandi sveitarfélags. Þarf endilega að bæta ofan á það að þeir sem greiða þessa skatta eigi að greiða til Fasteignamatsins? Er ekki fyrst og fremst verið að meta þetta í þágu þeirra sem fá þessar tekjur? Erum við ekki alltaf að tala um að vera ekki að koma alltaf með nýja skatta eða ný gjöld? Það er verið að reyna að halda niðri verðlagi eins og hægt er og hefur tekist með miklum ágætum, að við erum í staðinn fyrir að vera eitt mesta verðbólguþjóðfélag heims að verða með þeim allra lægstu og því held ég að Alþingi verði að halda vöku sinni að standa ekki að því að leggja nýjar kvaðir á einstaklingana.

Við skulum líka muna eftir því að það er ekki allur atvinnurekstur sem stendur með blóma og fasteignir atvinnufyrirtækjanna eru miklar. Heimilin standa ekki allt of vel að vígi og hér eru fluttar svo að segja daglega hjartnæmar ræður um stöðu heimilanna og það þurfi að bæta úr henni. Verðum við ekki að hafa það inni í myndinni, þó að þetta sé ekki hár eða mikill skattur, að hlaupa ekki alltaf til hvað sem kemur frá einhverju kerfisfólki utan úr bæ?

Svo vil ég koma inn á það sem hér hefur verið gert að umræðuefni og það með fullum rétti að í frv. segir að 2. mgr. 3. gr. verði svohljóðandi: „Vátryggjanda er heimilt að veita undanþágu frá byggingarskyldu að höfðu samráði við skipulagsyfirvöld gegn því skilyrði að 15% dragist frá bótafjárhæðinni."

Ég spyr: Ef við tryggjum innbú þá ráðum við sjálf og tryggingafélagið skoðar það ef það telur upphæðina of háa eða of lága. Ef hún er of lág þá bendir það yfirleitt viðskiptamanni sínum á að þetta sé lágt metið hjá honum. Ef innbúið brennur, ef bíllinn brennur eða vélar sem eru tryggðar og áhöld verða fyrir brunatjóni þá eru tjónbætur greiddar eftir vátryggingaskírteini. Engin skilyrði eru um að ef þau eru í einhverju sérstöku húsi eða á einhverjum sérstökum stað þá sé skylt að draga 15% frá. Ég segi fyrir mitt leyti að ef einstaklingur eða félag eða hver sem er greiðir iðgjald af ákveðinni vátryggingafjárhæð þá get ég ekki séð að það réttlæti þennan frádrátt þó þetta hafi verið með nokkuð líku sniði lengi í lögum. Það á að vera algerlega á valdi þess sem verður fyrir brunatjóninu hvort hann ætlar að byggja aftur eða ekki. Ef hann ætlar ekki að byggja aftur þá á stóri bróðir ekki að geta sagt: Ef þú ekki byggir aftur þá tökum við af þér 15%. En hins vegar á sú skylda að hvíla á viðkomandi að hann verður að jafna brunarústir við jörðu og ganga þannig frá lóðinni ef hann fær fullt vátryggingamat að viðkomandi skipulagsyfirvöld í viðkomandi sveitarfélagi hafi ekkert út á það að setja.

Það eiga ekki að vera svona frádráttarákvæði finnst mér eins og er eingöngu varðandi húseignir þegar það er hvergi annars staðar. Ég er ekkert að gagnrýna nefndina en mér finnst að þessi mál fái ekki nægilegan tíma. Það er svo mikið sem hvílir á þessum nefndum þannig að fólk sem er í þeim fær ekki nægilegan umhugsunartíma til að leggja niður fyrir sér hvað er rétt og hvað er rangt, hvað þarf að bæta og hvað þarf ekki að bæta. Þess vegna vil ég vara við þessu fyrir mitt leyti.

[13:07]

Frsm. heilbr.- og trn. (Gunnlaugur Stefánsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Spurningin um það hvort hér sé um nýjan skatt að ræða þá er það rétt að þetta gjald það er 25 kr. á hverja milljón í brunabótamati og á að gefa Fasteignamati ríkisins tekjur upp á 35–40 millj. Við getum verið að tala um fjárhæðir á meðalíbúð upp á 250 kr. Á móti kemur að Fasteignamat ríkisins hefur tilkynnt hv. heilbr.- og trn. að hún muni leggja niður gjaldtöku fyrir ýmis vottorð er Fasteignamatið gefur út og einnig reyna að bæta þjónustuna eins og kostur er.

Í sambandi við hugleiðingar hv. þm. Matthíasar Bjarnasonar um að þessi skattur muni kannski leggjast á atvinnureksturinn og þá í sjávarútvegi þar sem víða er við erfiðleika að etja þá leituðum við álits hjá Samtökum fiskvinnslustöðva og fulltrúi þeirra kom m.a. á fund nefndarinnar og skilaði einnig skriflegu erindi til nefndarinnar um þetta efni. Þar segir m.a., með leyfi hæstv. forseta:

„Samtök fiskvinnslustöðva gera ekki athugasemdir við frv. að öðru leyti en því að lagt er til að 2. mgr. 3. gr. falli brott en hún hljóðar þannig ..." o.s.frv. Svo segir m.a. í þessu áliti: „Þar sem mat hefur farið fram á viðkomandi húseign og það verið samþykkt af báðum aðilum og iðgjald verið greitt miðað við matsupphæðina er sú málsmeðferð sem hér er gert ráð fyrir óeðlileg og óþörf."

Þeir gera með öðrum orðum athugasemd m.a. við síðustu málsgrein 2. gr. en ekki við gjaldtökuna sjálfa og fella sig við hana. Ég ætla ekki að ræða frekar um þá hlið málsins, síðustu málsgrein 2. gr., það hef ég gert og tel að við það sé ekki frekar að bæta.

[13:10]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Hér hefur verið fjallað um mörg og stór mál í morgun. Eins og ég sagði í ræðu minni áðan um nokkur þeirra þá hafa þau verið að koma á borð okkar þingmanna síðustu mínúturnar. Nú á samkvæmt því sem hæstv. forseti hefur tilkynnt að fara fram atkvæðagreiðsla um þessi mál. Ég tel þessi mál mörg hver vera það stór og mikil og hér hefur verið ágreiningur í gangi sérstaklega um síðasta málið sem rætt var. Ég fer því fram á það við virðulegan forseta að það verði gefið hálftíma hlé til að þingmenn hafi tækifæri til að skoða þetta betur áður en atkvæðagreiðsla fer fram.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill benda hv. þm. á að það er möguleiki fyrir hv. þm. að kynna sér mál betur á milli 2. og 3. umr. og vill beina því til hv. þm. hvort það væri ekki lausn á málinu.

[13:12]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(um fundarstjórn)*:

Virðulegur forseti. Ég tel engan veginn fullnægjandi þó að 3. umr. um þetta mál eigi eftir að fara fram. Það er mikill vinnutími fram undan í þinginu og mörg mál eftir að afgreiða. Ég teldi miklu eðlilegra að tími gæfist til að fara yfir allar brtt. núna áður en til atkvæðagreiðslu kemur. Þar að auki eru eins og ég sagði bæði fyrirvarar á nál. og ýmis ágreiningur í gangi þar um og mér finnst of seint að skoða þau mál við 3. umr.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill benda hv. þm. á að það verður ekkert gert meira við 2. umr. því henni er lokið. Það er einungis eftir atkvæðagreiðsla. Það er ekki hægt að ræða málið frekar við 2. umr.

[13:13]

Jón Kristjánsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Mér kemur það mjög á óvart ef virðulegur forseti neitar fundarhléi til að fara yfir atkvæðagreiðslur og að gefa þingmönnum tækifæri til að fara yfir málin eftir umræðuna áður en kemur til atkvæðagreiðslu við 2. umr. Það er altítt og það er allt of seint að fara að skoða þau mál á milli 2. og 3. umr. Ef það kemur ósk frá formanni þingflokks um slíkt þá finnst mér að það eigi að verða við því.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Ef verið er að óska eingöngu eftir að fresta þessari atkvæðagreiðslu eða gera hlé á fundinum vegna atkvæðagreiðslu þá sér forseti ekkert athugavert við það og getur gert hlé á fundinum ef um það er beðið. Forseti hefur þá misskilið hv. þm. sem var að óska eftir að þessu mál yrði frestað. Forseti gerir fundarhlé í 15 mín. Forseti telur að það hljóti að duga því þetta eru ekki margar atkvæðagreiðslur sem um er að ræða.

[Fundarhlé. — 13:15]

Útbýting þingskjala:

Fjárlög 1995, 1. mál, þskj. 383.

Framkvæmd reglna er lúta að siglingamálum, 305. mál, fsp. GHall, þskj. 414.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ársreikningar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 73. mál. — Þskj. 73, nál. 406, brtt. 407.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:33]

1. gr. samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, BIB, EgJ, FI, GHH, GuðjG, GHall, GJH, GHelg, GunnS, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KS, MJ, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBald, PBj, RA, RG, SalÞ, SAÞ, SJS, VS, VE, ÞorstP.

24 þm. (ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FrS, GE, GB, GÁS, GÁ, HÁ, JE, JBH, KHG, KE, LMR, SigG, SP, StG, StB, SvG, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 407,1 samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, BIB, EgJ, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GHall, GJH, GHelg, GunnS, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, KS, MJ, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBald, PBj, RA, RG, SalÞ, SAÞ, SJS, VS, ÞorstP.

23 þm. (ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, FrS, GE, GB, GÁS, GÁ, HÁ, JE, JBH, KHG, LMR, SigG, SP, StG, StB, SvG, TIO, VE) fjarstaddir.

2. gr., svo breytt, samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, BIB, EgJ, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GHall, GJH, GHelg, GunnS, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, KS, MJ, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBald, PBj, RA, RG, SalÞ, SAÞ, SJS, VS, VE, ÞorstP.

22 þm. (ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, FrS, GE, GB, GÁS, GÁ, HÁ, JE, JBH, KHG, LMR, SigG, SP, StG, StB, SvG, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 407,2–14 samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, BIB, EgJ, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GHall, GJH, GHelg, GunnS, HBl, HG, IBA, IP, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, KS, MJ, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBald, PBj, RA, SalÞ, SAÞ, SJS, VS, VE, ÞorstP.

24 þm. (ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, FrS, GE, GB, GÁS, GÁ, HÁ, JÁ, JE, JBH, KHG, LMR, RG, SigG, SP, StG, StB, SvG, TIO) fjarstaddir.

3.–85. gr., svo breyttar, samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, BIB, EgJ, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GHall, GJH, GHelg, GunnS, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, KS, MJ, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBald, PBj, RA, RG, SalÞ, SAÞ, SJS, VS, VE, ÞorstP.
22 þm. (ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, FrS, GE, GB, GÁS, GÁ, HÁ, JE, JBH, KHG, LMR, SigG, SP, StG, StB, SvG, TIO) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 40 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, BIB, EgJ, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GHall, GJH, GHelg, GunnS, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, KS, MJ, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBald, PBj, RA, RG, SalÞ, SAÞ, SJS, VS, VE, ÞorstP.
23 þm. (ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, FrS, GE, GB, GÁS, GÁ, HÁ, HBl, JE, JBH, KHG, LMR, SigG, SP, StG, StB, SvG, TIO) fjarstaddir.

Bókhald, frh. 2. umr.

Stjfrv., 72. mál (heildarlög). — Þskj. 72, nál. 404, brtt. 405.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:36]
1. gr. samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, BIB, EgJ, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GHall, GJH, GHelg, GunnS, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, KS, MJ, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBald, PBj, RA, RG, SalÞ, SAÞ, SJS, VS, VE, ÞorstP.
23 þm. (ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, FrS, GE, GB, GÁS, GÁ, HÁ, HBl, JE, JBH, KHG, LMR, SigG, SP, StG, StB, SvG, TIO) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, BIB, EgJ, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GHall, GJH, GHelg, GunnS, HG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, KS, MJ, MF, MB, ÓE, PP, PJ, PBald, PBj, RA, RG, SalÞ, SAÞ, SJS, VS, VE, ÞorstP.
25 þm. (ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, FrS, GE, GB, GÁS, GÁ, HÁ, HBl, IBA, JE, JBH, KHG, LMR, ÓRG, SigG, SP, StG, StB, SvG, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 405,1 samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, BIB, EgJ, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GHall, GJH, GHelg, GunnS, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, KS, MJ, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBald, PBj, RA, RG, SalÞ, SAÞ, SJS, VS, VE, ÞorstP.
23 þm. (ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, FrS, GE, GB, GÁS, GÁ, HÁ, HBl, JE, JBH, KHG, LMR, SigG, SP, StG, StB, SvG, TIO) fjarstaddir.

3. gr., svo breytt, samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, BIB, EgJ, EKJ, FI, GHH, GHall, GJH, GHelg, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, KS, MJ, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBald, PBj, RA, RG, SalÞ, SAÞ, SJS, VS, VE, ÞorstP.
25 þm. (ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, FrS, GE, GuðjG, GB, GÁS, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, JE, JBH, KHG, LMR, SigG, SP, StG, StB, SvG, TIO) fjarstaddir.

4.–6. gr. samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, BIB, EgJ, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GHall, GHelg, GunnS, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, KS, MJ, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBald, PBj, RA, RG, SalÞ, SAÞ, SJS, VS, VE, ÞorstP.
24 þm. (ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, FrS, GE, GB, GÁS, GÁ, GJH, HÁ, HBl, JE, JBH, KHG, LMR, SigG, SP, StG, StB, SvG, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 405,2–11 samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, BIB, EgJ, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GHall, GJH, GHelg, GunnS, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, KS, MJ, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBald, PBj, RA, RG, SalÞ, SAÞ, SJS, VS, VE, ÞorstP.
22 þm. (ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, FrS, GE, GB, GÁS, GÁ, HÁ, JE, JBH, KHG, LMR, SigG, SP, StG, StB, SvG, TIO) fjarstaddir.

7.–32. gr., svo breyttar, samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, BIB, EgJ, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GHall, GJH, GHelg, GunnS, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, KS, MJ, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBald, PBj, RA, RG, SalÞ, SAÞ, SJS, VS, VE, ÞorstP.
22 þm. (ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, FrS, GE, GB, GÁS, GÁ, HÁ, JE, JBH, KHG, LMR, SigG, SP, StG, StB, SvG, TIO) fjarstaddir.

33.–38. gr. samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, BIB, EgJ, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GHall, GJH, GHelg, GunnS, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, KS, MJ, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBald, PBj, RA, RG, SalÞ, SAÞ, SJS, VS, VE, ÞorstP.
22 þm. (ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, FrS, GE, GB, GÁS, GÁ, HÁ, JE, JBH, KHG, LMR, SigG, SP, StG, StB, SvG, TIO) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 41 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, BIB, EgJ, EKJ, FI, GHH, GHall, GJH, GHelg, GunnS, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, KS, MJ, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBald, PBj, RA, RG, SalÞ, SAÞ, SP, SJS, VS, VE, ÞorstP.

22 þm. (ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, FrS, GE, GuðjG, GB, GÁS, GÁ, HÁ, JE, JBH, KHG, LMR, SigG, StG, StB, SvG, TIO) fjarstaddir.

Hlutafélög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 96. mál (aðlögun að ákvæðum EES-samnings). — Þskj. 99, nál. 400, brtt. 401.

[13:39]

Eyjólfur Konráð Jónsson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég held að þessi liður mætti gjarnan bíða. Þetta eru einhver viðkvæmustu mál í sögu viðskipta í heiminum allt frá því að hlutafélög urðu að veruleika í Hollandi, Bretlandi og víðar fyrir þremur, fjórum öldum. Þetta er mál sem fjallað hefur verið um mjög rækilega í þessu virðulega húsi og ég held að það sé alveg sjálfsagt að gefa mönnum betra tóm til þess að ræða þetta mál. Ég vona að enginn hneykslist þó hann viti af því að ég lærði þetta töluvert í Bandaríkjunum og Evrópulöndum. 1972 kom algjörlega ný íslensk löggjöf og henni hefur verið breytt margsinnis síðan, ekki til bóta að ég held en alla vega er þetta mjög merkileg löggjöf og það má gjarnan bíða að hræra í henni, skulum við segja. Ég held að löggjöfin sé mjög góð eins og hún er en alla vega er engin þörf á því að flýta neinu í því efni.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Þetta mál er búið að afgreiða frá efh.- og viðskn. og þar er algjör samstaða um málið og það hefur farið fram umræða hér í dag um málið. (**EKJ**: Er búið að ræða málið?) Já, það hefur farið fram ítarleg umræða um málið hér í dag og komið að atkvæðagreiðslunni þannig að forseti getur því ekki orðið við þessari ósk hv. þm.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:40]

Brtt. 401,1 samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, BIB, EgJ, FI, GHH, GHall, GJH, GHelg, GunnS, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, KS, MJ, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBald, PBj, RA, RG, SalÞ, SAÞ, SP, SJS, VS, VE, ÞorstP.

23 þm. (ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FrS, GE, GuðjG, GB, GÁS, GÁ, HÁ, JE, JBH, KHG, LMR, SigG, StG, StB, SvG, TIO) fjarstaddir.

1. gr., svo breytt, samþ. með 41:1 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, BIB, EgJ, FI, GHH, GuðjG, GHall, GJH, GHelg, GunnS, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, KS, MJ, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBald, PBj, RA, RG, SalÞ, SAÞ, SP, SJS, VS, VE, ÞorstP.

nei: EKJ.

21 þm. (ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, FrS, GE, GB, GÁS, GÁ, HÁ, JE, JBH, KHG, LMR, SigG, StG, StB, SvG, TIO) fjarstaddur.

2.–3. gr. samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, BIB, EgJ, FI, GHH, GuðjG, GHall, GJH, GHelg, GunnS, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, KS, MJ, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBald, PBj, RA, RG, SalÞ, SAÞ, SP, SJS, VS, VE, ÞorstP.

22 þm. (ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FrS, GE, GB, GÁS, GÁ, HÁ, JE, JBH, KHG, LMR, SigG, StG, StB, SvG, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 401,2 samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, BIB, EgJ, FI, GHH, GuðjG, GHall, GJH, GunnS, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, KS, MJ, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBald, PBj, RA, RG, SalÞ, SAÞ, SP, SJS, VS, VE, ÞorstP.

24 þm. (ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FrS, GE, GB, GÁS, GÁ, GHelg, HÁ, JE, JGS, JBH, KHG, LMR, SigG, StG, StB, SvG, TIO) fjarstaddir.

4.–5. gr., svo breyttar, samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, BIB, FI, GHH, GuðjG, GHall, GJH, GHelg, GunnS, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, KE, KS, MJ, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBald, PBj, RA, RG, SalÞ, SAÞ, SP, SJS, VS, VE, ÞorstP.

25 þm. (ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GE, GB, GÁS, GÁ, HÁ, JE, JBH, JVK, KHG, KÁ, LMR, SigG, StG, StB, SvG, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 401,3–4 samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, BIB, EgJ, FI, GHH, GuðjG, GHall, GJH, GHelg, GunnS, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, KS, MJ, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBald, PBj, RA, RG, SalÞ, SAÞ, SP, SJS, VS, VE, ÞorstP.

22 þm. (ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FrS, GE, GB, GÁS, GÁ, HÁ, JE, JBH, KHG, LMR, SigG, StG, StB, SvG, TIO) fjarstaddir.

6.–16. gr., svo breyttar, samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, BIB, EgJ, FI, GHH, GuðjG, GHall, GJH, GunnS, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, KS, MJ, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBald, PBj, RA, RG, SalÞ, SAÞ, SP, SJS, VS, VE, ÞorstP.

24 þm. (ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FrS, GE, GB, GÁS, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, JE, JBH, KHG, LMR, SigG, StG, StB, SvG, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 401,5 samþ. með 27:8 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, BIB, EgJ, FI, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IP, JGS, JHelg, JónK, MJ, MB, ÓE, PP, PJ, PBald, PBj, RG, SalÞ, SAÞ, SP, VS, VE, ÞorstP.

nei: GHelg, HG, IBA, JÁ, MF, ÓRG, RA, SJS.

6 þm. (GJH, JóhS, JVK, KÁ, KE, KS) greiddu ekki atkv.

22 þm. (ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FrS, GE, GB, GÁS, GÁ, HÁ, JE, JBH, KHG, LMR, SigG, StG, StB, SvG, TIO) fjarstaddir.

5 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:45]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Eins og kom fram í ræðu minni fyrr í dag þá erum við þingmenn Alþb. andvíg því að breyta þessu ákvæði frv. Við teljum að frv. sé ágætt eins og það er og var flutt af hæstv. ráðherra og stjórnarliðum sem stjfrv., þ.e. að mörkin gagnvart því hvenær fyrirtæki megi leggja hömlur á viðskipti með hlutabréf færist niður í töluna 100, þ.e. ef hluthafar eru 100 eða fleiri sé ekki heimilt að leggja hömlur á með viðskiptin. Satt best að segja er það nokkuð sérkennileg staða ef hv. stjórnarliðar ætla að standa að því að fella ákvæði stjfrv. en við stjórnarandstæðingar að styðja það. Ég hvet menn til þess að skoða það hvort ekki sé rétt að hafa frv. óbreytt og fella þar með 5. tölul. brtt. á þskj. 401.

[13:46]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Sjónarmið okkar sem töldum að það væri eðlilegt að þetta ákvæði stæði óbreytt frá núgildandi lögum, þ.e. að ekki væri heimilt að hefta viðskipti með hlutabréf ef hluthafar væru fleiri en 200, er það að við teljum að frá því að þetta var sett í lög 1978 hafi aðstæður gjörbreyst hvað það snertir að öllum stærri hlutafélögum, öllum þeim hlutafélögum sem kalla sig almenningshlutafélög og fara út á almennan markað með sölu bréfa sinna, er ekki heimilt að hafa nokkrar hömlur varðandi meðferð hlutafjár. Hvað þetta snertir hafa því aðstæður gjörbreyst og því ekki ástæða til þess að gera þarna breytingu. Það hefði þvert á móti alveg eins og frekar mátt hugsa sér að þetta ákvæði mætti falla algjörlega úr lögum eftir að svo er komið að öll stærri félög, öll þau félög sem eru á almennum markaði hafa engar hömlur á viðskiptum með hlutabréf.

[13:47]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Eins og fram hefur komið hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni þá er það að gerast í þingsalnum að þingmenn Sjálfstfl., Framsfl. og Alþfl. eru að samþykkja meiri hömlur á markaðsviðskipti með hlutabréf en lagt er til í frv. Það er alveg nauðsynlegt að sérstök athygli sé vakin á því hvað hér er að gerast. Hér gangast þingmenn undir próf um það hverjir vilja auka markaðsfrelsi með hlutabréf á Íslandi sem lið í nútímavæðingu íslensks atvinnulífs og hverjir vilja halda áfram því lokaða hagsmunagæslukerfi sem því miður hefur einkennt íslensk hlutafélög of lengi. Það verður lengi munað eftir þessari atkvæðagreiðslu og vitnað í hana.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill benda mönnum á að það er verið að gera grein fyrir atkvæði sínu.

[13:48]

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Ég ætla að gera grein fyrir atkvæði mínu. Þannig er að ef hlutafélög ætla að fara út á hinn almenna hlutabréfamarkað þá er þeim gert skylt samkvæmt lögum að afnema allar hömlur með viðskipti á hlutabréfum. Hins vegar er ekki verið að fjalla um þann þátt við þessa umræðu. Því var þetta útúrsnúningur hjá hv. 8. þm. Reykn.

[13:49]

Vilhjálmur Egilsson:

Virðulegi forseti. Kinnroðalaust, hv. þm., styð ég þessa brtt. nefndarinnar. Það hafa komið fram ágætisrök hjá formanni hennar, hv. þm. Jóhannesi Geir Sigurgeirssyni, og málið er einfaldlega að þessi ákvæði í hlutafélagalögunum eru orðin meira og minna akademísk og óþörf og þar að auki skapa þau viss vandræði þegar fjöldi hluthafa rokkar upp og niður fyrir þau mörk sem þarna eiga í hlut þannig að líklega hefði verið best að fella ákvæðin algjörlega úr lögunum. En fyrst þau eru þarna mega þau standa óbreytt frá því sem er í gildandi lögum og ekki ástæða til að breyta því. Ég hygg að við hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson getum alveg tekið undir og stutt allar þær breytingar í frjálsræðisátt sem ég sé að honum er svo annt um og koma fram í þessum lögum og mörgum öðrum sem verða til umfjöllunar á hinu háa Alþingi.

17. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, BIB, EgJ, FI, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IP, JGS, JónK, MJ, MB, ÓE, PP, PBald, RG, SalÞ, SAÞ, SP, VS, VE, ÞorstP.

14 þm. (GJH, GHelg, HG, IBA, JÁ, JóhS, JVK, KÁ, KE, KS, MF, ÓRG, RA, SJS) greiddu ekki atkv.

25 þm. (ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FrS, GE, GB, GÁS, GÁ, HÁ, JE, JBH, JHelg, KHG, LMR, PJ, PBj, SigG, StG, StB, SvG, TIO) fjarstaddir.

18.–27. gr. samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, BIB, EgJ, FI, GHH, GuðjG, GHall, GJH, GHelg, GunnS, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, KS, MJ, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, PBald, PBj, RA, RG, SalÞ, SAÞ, SP, SJS, VS, VE, ÞorstP.

23 þm. (ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FrS, GE, GB, GÁS, GÁ, HÁ, JE, JBH, KHG, LMR, PJ, SigG, StG, StB, SvG, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 401,6–9 samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, BIB, EgJ, FI, GHH, GuðjG, GHall, GHelg, GunnS, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, KS, MJ, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, PBald, PBj, RA, RG, SalÞ, SAÞ, SP, SJS, VS, VE, ÞorstP.

25 þm. (ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FrS, GE, GB, GÁS, GÁ, GJH, HÁ, JE, JóhS, JBH, KHG, LMR, PJ, SigG, StG, StB, SvG, TIO) fjarstaddir.

28.–53. gr., svo breyttar, samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, BIB, EgJ, FI, GHH, GuðjG, GHall, GJH, GHelg, GunnS, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, KS, MJ, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, PBald, PBj, RA, RG, SalÞ, SAÞ, SP, SJS, VS, VE, ÞorstP.

24 þm. (ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FrS, GE, GB, GÁS, GÁ, HÁ, JE, JGS, JBH, KHG, LMR, PJ, SigG, StG, StB, SvG, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 401,10 samþ. með 33:5 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, BIB, EgJ, FI, GHH, GuðjG, GHall, GHelg, GunnS, HBl, HG, IBA, IP, JGS, JónK, MJ, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBald, PBj, RA, RG, SalÞ, SAÞ, SP, SJS, VS, VE, ÞorstP.

nei: GJH, JVK, KÁ, KE, KS.

2 þm. (JÁ, JóhS) greiddu ekki atkv.

23 þm. (ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FrS, GE, GB, GÁS, GÁ, HÁ, JE, JBH, JHelg, KHG, LMR, SigG, StG, StB, SvG, TIO) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:53]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegur forseti. Hæstv. viðskrh. og fleiri stuðningsmenn, það eru fleiri sem reyna að standa vörð um þau frv. sem hann leggur fram. Ég er þeirrar skoðunar að eins og 54. gr. lítur út í frv. sé hún betri en sú brtt. sem hér er lögð fram. Með þeirri breytingu, sem hér er gerð, næst ekki utan um þá aðila sem lenda í gjaldþroti hvað eftir annað án þess að lögbrot sé tengt því. Ég held að því miður hafi ekki tekist að ná nógu vel utan um þau atriði sem snúa að gjaldþrotum. Ég vil reyndar taka fram eins og kom fram í umræðunni í morgun að við eigum eftir að fara yfir viðurlögin við brotum á bókhaldslögum, ársreikningum og fleiri lögum, hlutafélagslögunum og fleiri lagabálkum þannig að tækifæri gefst til að skoða þetta í heild. En ég greiði atkvæði gegn þessari brtt. vegna þess að ég tel frv. betra eins og það er.

[13:54]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Þetta ákvæði var mikið rætt og skoðað í efh.- og viðskn. og niðurstaðan varð að sæmileg sátt tókst um það að ganga svona frá málinu á þessu stigi eins og 10. tölul. brtt. gerir ráð fyrir. Ég lét koma fram í máli mínu í morgun að í trausti þess að áfram yrði unnið að því að skoða hvernig best væri að ganga frá ákvæðum í löggjöf, sem settu því skorður að menn gætu ítrekað og endurtekið leikið þann leik að setja fyrirtæki á hausinn og stofna til atvinnurekstrar á nýjan leik, tel ég að í öllu falli sé ekki vafi á því að ákvæðið er til bóta svo langt sem það nær. Efnislegar röksemdir komu gegn því að það gætu verið meinbugir á því að lögfesta ákvæði frv. óbreytt og í ljósi þeirra aðstæðna þá tel ég að skynsamlegt sé að standa að samþykkt 10. tölul. og mun greiða honum atkvæði.

[13:55]

Vilhjálmur Egilsson:

Virðulegi forseti. Ég styð þá brtt. sem efh.- og viðskn. hefur lagt fram. Ég tel að það sé grundvallaratriði í íslenskum rétti að mönnum sé ekki refsað eða réttindi þeirra takmörkuð að ástæðulausu. Eins og ákvæðið var voru gjaldþrot sem slík gerð refsiverð eða höfðu afleiðingar í för með sér fyrir þá einstaklinga sem í hlut áttu. Ég tel því að með því ákvæði sem hér er komið inn sé það gert að skilyrði að mönnum sé ekki refsað nema þeir hafi gert eitthvað af sér sem er refsivert og því tel ég eðlilegt að greinin verði eins og hér er lagt til.

54. gr., svo breytt, samþ. með 33:1 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, BIB, EgJ, FI, GHH, GuðjG, GHall, GHelg, GunnS, HBl, HG, IBA, IP, JGS, JónK, MJ, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBald, PBj, RA, RG, SalÞ, SAÞ, SP, SJS, VS, VE, ÞorstP.

nei: EKJ.

5 þm. (JÁ, JóhS, JVK, KÁ, KS) greiddu ekki atkv.

24 þm. (ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, FrS, GE, GB, GÁS, GÁ, GJH, HÁ, JE, JBH, JHelg, KHG, KE, LMR, SigG, StG, StB, SvG, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 401,11–32 samþ. með 41:1 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, BIB, EgJ, FI, GHH, GuðjG, GHall, GJH, GHelg, GunnS, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, KS, MJ, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBald, PBj, RA, RG, SalÞ, SAÞ, SP, SJS, VS, VE, ÞorstP.

nei: EKJ.

21 þm. (ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, FrS, GE, GB, GÁS, GÁ, HÁ, JE, JBH, KHG, LMR, SigG, StG, StB, SvG, TIO) fjarstaddur.

55.–131. gr. (verða 55.–121. gr.), svo breyttar, samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, BIB, EgJ, FI, GHH, GuðjG, GHall, GJH, GHelg, GunnS, HBl, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, KS, MJ, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBald, PBj, RA, RG, SalÞ, SAÞ, SP, SJS, VS, VE, ÞorstP.

23 þm. (ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FrS, GE, GB, GÁS, GÁ, HÁ, HG, JE, JBH, KHG, LMR, SigG, StG, StB, SvG, TIO) fjarstaddir.

132. gr. (verður 122. gr.), svo breytt, samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, BIB, EgJ, FI, GHH, GuðjG, GHall, GJH, GHelg, GunnS, HBl, HG, IBA, IP, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, KS, MJ, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBald, PBj, RA, RG, SalÞ, SAÞ, SP, SJS, VS, VE, ÞorstP.

23 þm. (ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FrS, GE, GB, GÁS, GÁ, HÁ, JÁ, JE, JBH, KHG, LMR, SigG, StG, StB, SvG, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 401,33 (ný grein, verður 123. gr.) samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, BIB, EgJ, FI, GHH, GuðjG, GHall, GJH, GHelg, GunnS, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, KS, MJ, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBald, PBj, RA, RG, SalÞ, SAÞ, SP, SJS, VS, VE, ÞorstP.
22 þm. (ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FrS, GE, GB, GÁS, GÁ, HÁ, JE, JBH, KHG, LMR, SigG, StG, StB, SvG, TIO) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 41 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, BIB, EgJ, FI, GHH, GuðjG, GHall, GJH, GHelg, GunnS, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, KS, MJ, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBald, PBj, RA, RG, SalÞ, SAÞ, SP, SJS, VS, VE, ÞorstP.
22 þm. (ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FrS, GE, GB, GÁS, GÁ, HÁ, JE, JBH, KHG, LMR, SigG, StG, StB, SvG, TIO) fjarstaddir.

Einkahlutafélög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 97. mál. — Þskj. 100, nál. 400, brtt. 402.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:02]
Brtt. 402,1 samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, BIB, EgJ, EKJ, GHH, GuðjG, GHall, GHelg, GunnS, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, KÁ, KE, KS, MJ, MF, MB, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, PBj, RA, RG, SalÞ, SAÞ, SP, SJS, VS, VE, ÞorstP.
25 þm. (ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, FI, FrS, GE, GB, GÁS, GÁ, GJH, HÁ, JE, JBH, JVK, KHG, LMR, PP, SigG, StG, StB, SvG, TIO) fjarstaddir.

1. gr., svo breytt, samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, BIB, EgJ, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GHall, GJH, GHelg, GunnS, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, KS, MJ, MF, MB, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, PBj, RA, RG, SalÞ, SAÞ, SP, SJS, VS, VE, ÞorstP.
24 þm. (ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, FrS, GE, GB, GÁS, GÁ, HÁ, HBl, JE, JGS, JBH, KHG, LMR, PP, SigG, StG, StB, SvG, TIO) fjarstaddir.

2.–3. gr. samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, BIB, EgJ, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GHall, GJH, GHelg, GunnS, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JHelg, JónK, KÁ, KE, KS, MJ, MF, MB, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SAÞ, SP, SJS, VS, VE, ÞorstP.
25 þm. (ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, FrS, GE, GB, GÁS, GÁ, HÁ, JE, JGS, JBH, JVK, KHG, LMR, PP, PBj, SigG, StG, StB, SvG, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 402,2–39 samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, BIB, EgJ, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GHall, GJH, GHelg, GunnS, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, KS, MJ, MF, MB, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, PBj, RA, RG, SalÞ, SAÞ, SP, SJS, VS, VE, ÞorstP.
22 þm. (ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, FrS, GE, GB, GÁS, GÁ, HÁ, JE, JBH, KHG, LMR, PP, SigG, StG, StB, SvG, TIO) fjarstaddir.

4.–160. gr. (verða 4.–135. gr.), svo breyttar, samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, BIB, EgJ, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GHall, GJH, GHelg, GunnS, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, KS, MJ, MF, MB, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, PBj, RA, RG, SalÞ, SAÞ, SP, SJS, VS, VE, ÞorstP.
22 þm. (ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, FrS, GE, GB, GÁS, GÁ, HÁ, JE, JBH, KHG, LMR, PP, SigG, StG, StB, SvG, TIO) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 42 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, BIB, EgJ, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GHall, GJH, GHelg, GunnS, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, KS, MJ, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBald, PBj, RA, RG, SalÞ, SAÞ, SP, SJS, VS, VE, ÞorstP.
21 þm. (ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, FrS, GE, GB, GÁS, GÁ, HÁ, JE, JBH, KHG, LMR, SigG, StG, StB, SvG, TIO) fjarstaddur.

Evrópsk fjárhagsleg hagsmunafélög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 98. mál. — Þskj. 101, nál. 403.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:03]
1. gr. samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, BIB, EgJ, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GHall, GHelg, GunnS, HBl, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JónK, JVK, KÁ, MJ, MF, MB, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, PBj, RA, RG, SalÞ, SAÞ, SP, SJS, VS, VE, ÞorstP.
1 þm. (KE) greiddi ekki atkv.
26 þm. (ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, FrS, GE, GB, GÁS, GÁ, GJH, HÁ, HG, JE, JBH, JHelg, KHG, KS, LMR, PP, SigG, StG, StB, SvG, TIO) fjarstaddir.

Brtt. í nál. 403 samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, BIB, EgJ, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GHall, GJH, GHelg, GunnS, HBl, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JónK, JVK, KÁ, MJ, MF, MB, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, PBj, RA, RG, SalÞ, SAÞ, SP, SJS, VS, VE, ÞorstP.
1 þm. (HG) greiddi ekki atkv.

25 þm. (ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, FrS, GE, GB, GÁS, GÁ, HÁ, JE, JBH, JHelg, KHG, KE, KS, LMR, PP, SigG, StG, StB, SvG, TIO) fjarstaddir.

2. gr., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, BIB, EgJ, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GHall, GHelg, GunnS, HBl, IBA, IP, JóhS, JGS, JónK, KÁ, MJ, MF, MB, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, PBj, RA, RG, SalÞ, SAÞ, SP, SJS, VS, VE, ÞorstP.
4 þm. (GJH, HG, KE, KS) greiddu ekki atkv.
25 þm. (ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, FrS, GE, GB, GÁS, GÁ, HÁ, JÁ, JE, JBH, JHelg, JVK, KHG, LMR, PP, SigG, StG, StB, SvG, TIO) fjarstaddir.

3.–10. gr. samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, BIB, EgJ, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GHall, GHelg, GunnS, HBl, IBA, IP, JóhS, JGS, JónK, KÁ, MJ, MF, MB, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, PBj, RA, RG, SalÞ, SAÞ, SP, SJS, VS, VE, ÞorstP.
4 þm. (GJH, HG, KE, KS) greiddu ekki atkv.
25 þm. (ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, FrS, GE, GB, GÁS, GÁ, HÁ, JÁ, JE, JBH, JHelg, JVK, KHG, LMR, PP, SigG, StG, StB, SvG, TIO) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 40 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, BIB, EgJ, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GHall, GJH, GHelg, GunnS, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, KÁ, KE, KS, MJ, MF, MB, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, PBj, RA, RG, SalÞ, SAÞ, SP, SJS, VS, VE, ÞorstP.
23 þm. (ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, FrS, GE, GB, GÁS, GÁ, HÁ, JE, JBH, JVK, KHG, LMR, PP, SigG, StG, StB, SvG, TIO) fjarstaddir.

Ábyrgð á norrænum fjárfestingarlánum til verkefna utan Norðurlanda, frh. 2. umr.

Stjfrv., 237. mál. — Þskj. 278, nál. 408.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:06]
1. gr. samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, BIB, EgJ, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GJH, GHelg, GunnS, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, KS, MJ, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBald, PBj, RA, RG, SalÞ, SAÞ, SP, SJS, VS, VE, ÞorstP.
20 þm. (ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, FrS, GE, GÁS, GÁ, HÁ, JE, JBH, KHG, LMR, SigG, StG, StB, SvG, TIO) fjarstaddir.

2.–3. gr. samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, BIB, EgJ, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GJH, GHelg, GunnS, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, KÁ, KS, MJ, MF, MB, ÓE, PP, PJ, PBj, RA, RG, SalÞ, SAÞ, SP, SJS, VS, VE, ÞorstP.
24 þm. (ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, FrS, GE, GÁS, GÁ, HÁ, JE, JBH, JVK, KHG, KE, LMR, ÓRG, PBald, SigG, StG, StB, SvG, TIO) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 41 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, BIB, EgJ, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GJH, GHelg, GunnS, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, MJ, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBald, PBj, RA, RG, SalÞ, SAÞ, SP, SJS, VS, VE, ÞorstP.
22 þm. (ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FrS, GE, GÁS, GÁ, HÁ, JE, JBH, KHG, KS, LMR, SigG, StG, StB, SvG, TIO) fjarstaddir.

Fundi slitið kl. 14:07.

63. FUNDUR

mánudaginn 19. des.,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Stjórnarskipunarlög, frv., 297. mál, þskj. 389. — 1. umr.
2. Brunatryggingar, stjfrv., 240. mál, þskj. 281, nál. 397. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
3. Vátryggingastarfsemi, frv., 298. mál, þskj. 390. — 3. umr.
4. Veiting ríkisborgararéttar, stjfrv., 128. mál, þskj. 413. — 3. umr.
5. Ársreikningar, stjfrv., 73. mál, þskj. 415. — 3. umr.
6. Bókhald, stjfrv., 72. mál, þskj. 416. — 3. umr.
7. Hlutafélög, stjfrv., 96. mál, þskj. 417. — 3. umr.
8. Einkahlutafélög, stjfrv., 97. mál, þskj. 418. — 3. umr.
9. Evrópsk fjárhagsleg hagsmunafélög, stjfrv., 98. mál, þskj. 419 (sbr. 101). — 3. umr.
10. Ábyrgð á norrænum fjárfestingarlánum til verkefna utan Norðurlanda, stjfrv., 237. mál, þskj. 278. — 3. umr.
11. Samningur um breytingar á tilteknum samningum EFTA-ríkjanna, stjtill., 304. mál, þskj. 409. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Halldór Ásgrímsson, 1. þm. Austurl.,
Jón Baldvin Hannibalsson utanrrh.

Útbýting þingskjala:

Ársreikningar, 73. mál, þskj. 415; brtt. efh.- og viðskn., þskj. 432.

Bókhald, 72. mál, þskj. 416.

Einkahlutafélög, 97. mál, þskj. 418; brtt. JóhS og KÁ, þskj. 425; brtt. efh.- og viðskn., þskj. 430.

Evrópsk fjárhagsleg hagsmunafélög, 98. mál, þskj. 419 (sbr. 101).

Fjárlög 1995, 1. mál, brtt. SAÞ o.fl., þskj. 426.

Forfallaþjónusta í sveitum, 105. mál, nál. landbn., þskj. 422; brtt. landbn., þskj. 423.

Hlutafélög, 96. mál, þskj. 417; brtt. JóhS og KÁ, þskj. 427; brtt. efh.- og viðskn., þskj. 431.

Köfun, 309. mál, stjfrv., þskj. 429.

Mælingareglur skipa, 306. mál, stjfrv., þskj. 420.

Skattskylda innlánsstofnana, 307. mál, frv. efh.- og viðskn., þskj. 421.

Útflutningur hrossa, 209. mál, nál. landbn., þskj. 424.

Vegáætlun 1995–1998, 308. mál, stjtill., þskj. 428.

Veiting ríkisborgararéttar, 128. mál, þskj. 413.

Athugasemdir um störf þingsins.

Afgreiðsla þingmála fyrir jólahlé.

[15:06]

Guðmundur Bjarnason:

Virðulegur forseti. Ég kveð mér hljóðs um störf þingsins í tilefni af því að samkvæmt áætlun, sem nýlega var dreift í þingflokkunum um afgreiðslu mála fyrir jólahlé, er gert ráð fyrir að ljúka þingstörfum á miðvikudag, meira að segja fyrri hluta miðvikudags, og að fjáraukalög 1994 og fjárlög fyrir árið 1995 ættu að vera til 3. umr. á morgun, þriðjudag. Mér sýnist nokkuð ljóst, virðulegi forseti, eins og mál standa í augnablikinu að erfitt verði að koma því við. Ég vil í fyrsta lagi geta þess að fjárln. hefur ekki lokið störfum sínum. Að vísu er boðaður fundur þar síðar í dag og þar á enn eftir að fjalla um ákveðna þætti gjaldahliðar fjárlaganna fyrir utan að við höfum lítið fengið enn að sjá um þær breytingar sem hugsanlegar eru og hljóta reyndar að verða á tekjuhliðinni. Gjaldahliðin hefur oftast nær verið klár fyrr en örfáum klukkustundum áður en 3. umr. á að hefjast og er þó búið að láta liggja að því að þar kunni að verða um breytingar að ræða sem skipta hundruðum millj. ef ekki milljörðum kr. Ég hygg að það skipti milljörðum kr. sem þegar liggur fyrir að gjaldahliðin muni breytast.

Þetta vinnulag getur ekki flýtt fyrir þingstörfum, virðulegi forseti, og verður varla sakast við stjórnarandstöðuna um það hvernig mál ganga hér fram. Það eru ekki stór ágreiningsmál uppi sem hafa haldið þinginu gangandi fram á nætur eins og stundum áður fyrir jól, þvert á móti. Þingfundir hafa verið óvenjustuttir og lítið um að vera í þingsölum og því miður held ég að það hafi fremur lítið verið líka um að vera í nefndunum sem þyrftu að vinna af fullum krafti, bæði fjárln. og efh.- og viðskn. Að minnsta kosti hefur það ekki mætt mjög á okkur stjórnarandstæðingum og við höfum ekki tafið fyrir þinghaldi. Ég held að fyrst og fremst sé um að ræða ráðleysi og ósamkomulag stjórnarflokkanna sjálfra og þeirra sem eiga að leiða vinnuna í gegnum Alþingi af þeirra hálfu. Ég spyr því, virðulegi forseti: Er líklegt að þessi áætlun geti staðist? Ég leyfi mér að setja fram mínar efasemdir um að það gangi upp.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Eins og hv. þm. nefndi hafði verið gerð áætlun um hvernig þingstörfin mættu ganga fyrir sig og á fundi með formönnum þingflokka og forseta fyrir helgi var gert ráð fyrir því að hægt yrði að ljúka störfum á miðvikudag, annaðhvort fyrri part miðvikudags eða síðari hluta miðvikudags eftir atvikum. Ljóst er að erfitt verður að koma þessu í kring eins og málin standa nú. Forseti hefur haldið fund með formönnum og varaformönnum efh.- og viðskn. og fjárln. í morgun ásamt hæstv. fjmrh. og einnig með formönnum þingflokka en þar sem núna eru komnar upp athugasemdir, sem hv. 1. þm. Norðurl. skýrði frá, mun forseti boða til annars fundar með formönnum þingflokka síðar í dag eða eftir að þessum fundi lýkur sem er áætlað að verði um eða upp úr kl. 5.

[15:10]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég held að nauðsynlegt sé að menn átti sig á hversu óvenjulegar aðstæður er við að glíma í þinginu og þær stafa af nokkrum ástæðum. Það hefur komið fram að stjfrv. voru mjög seint fram komin að þessu sinni sem varða skattamál o.fl. Í öðru lagi er áberandi að ágreiningur milli ráðherra hefur tafið störf þingnefnda undanfarna sólarhringa og jafnvel bréfaskriftir milli ráðherra um einstök deilumál eru harla fátíðir atburðir en um slíkt eru dæmi. Í þriðja lagi eru ýmsar upplýsingar afar seint fram komnar eins og nýjar þjóðhagsforsendur og það hefur tafið að efh.- og viðskn. gæti látið frá sér fara álit á tekjuhlið fjárlagafrv. að nýjar þjóðhagsforsendur hafa fyrst verið að birtast síðustu sólarhringa. Þess vegna er mín skoðun, hæstv. forseti, og ég vil beina því til hæstv. forseta þegar fundir fara fram um þessi mál hér á eftir að menn taki það til alvarlegrar skoðunar að málefnum verði forgangsraðað hér í afgreiðslu þingsins næstu sólarhringana. Ég held að það sé augljóst mál að ekki er tími til að afgreiða fyrir jólahlé og í raun og veru ekki fyrir áramót annað en það sem óhjákvæmilegt er vegna fjárlaga og álagningargjalda um næstu áramót. Og það ber að taka það til skoðunar að fresta afgreiðslu á öðrum frumvörpum sem ekki eru beinlínis nauðsynleg eða hægt er að geyma fram í janúar. Þar eiga við ýmis frestunarákvæði og breytingaákvæði, t.d. í svonefndum bandormi. Þar á við lánsfjárlög og fleiri slík mál sem tæknilega er gerlegt að fresta og hefur reyndar oft áður verið gert við sambærilegar aðstæður. Ég hvet því hæstv. forseta til þess að taka af raunsæi upp skoðun á því að málum verði forgangsraðað með þessum hætti og reynt að ljúka afgreiðslu á því sem nauðsynlegt er að afgreiða fyrir jól eða áramót en hinu frestað.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti getur upplýst hv. þm. um að málum hefur nú þegar verið forgangsraðað með þeim hætti sem hann talaði um eða svo til.

[15:12]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Ég held að það liggi orðið ljóst fyrir að einkum þrennt hefur gert það að verkum að nú eru mál komin í það horf sem nú er. Það er í fyrsta lagi sleifarlag við framlagningu stjfrv. sem tengjast fjárlagafrv. Það er í öðru lagi að stjórnarmeirihlutinn í mikilvægum nefndum þingsins, eða þeir sem standa þar að, virðast ekki geta komið sér saman um hvernig á að standa að afgreiðslu málanna. Í þriðja lagi virðist það gerast að eftir að búið er að gera samkomulag um hvernig framganga mála á að vera komist þau skilaboð ekki til formanna í nefndum þingsins. Þess vegna eru boðaðir nefndafundir hver ofan í annan og það sem sagt er einn daginn um vinnulagið þann næsta stendur ekki stundinni lengur. Því miður eru þetta þau vinnubrögð sem núna eru viðhöfð.

Ég vil í þessu sambandi vitna til þess að efh.- og viðskn. hefur ekki getað afgreitt bandorminn, þ.e. ráðstafanir í ríkisfjármálum, vegna þess að ekki liggur fyrir hvernig stjórnarmeirihlutinn ætlar að standa þar að málum. Ég man að minnsta kosti ekki eftir því þau ár sem ég hef verið hér að nefndinni berist bréf frá fjmrh. þar sem afgreiðslu einnar fagnefndar, þ.e. heilbr.- og trn., er mótmælt þar sem hún leggur samhljóða til í umsögn sinni um breytingar á frv. Daginn eftir kemur bréf undirritað af fjmrh. til nefndarinnar þar sem því er lýst yfir að þetta eigi ekki við nokkur rök að styðjast. Meðan mál eru svona er ómögulegt að afgreiða þau út úr nefndinni. Við verðum að gera á kröfu til stjórnarmeirihlutans að hann komi sér saman um og viti yfir höfuð hvað hann ætlar að afgreiða fyrir jól.

[15:15]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég vil fyrst taka það fram að sú áætlun sem gerð var um þinglok fyrir jól var gerð þegar öll þingmál lágu fyrir þannig að þá var öllum ljóst hve snemma eða hve seint þingmálin komu fram í þinginu. Því miður hefur áætlunin ekki gengið eftir af ýmsum ástæðum og ég tek sérstaklega fram að ekki er hægt að kenna stjórnarandstöðunni um það með neinum hætti. Ég tel að stjórnarandstaðan hafi gert sitt til þess að greiða fyrir málum og ég vona satt að segja að í dag á fundi forseta með þingflokksformönnum takist þingflokksformönnunum að ná nýju samkomulagi um afgreiðslu mála fyrir jólahlé. Ég treysti á það að allir aðilar reyni sitt besta til þess að hægt sé að koma fram nauðsynlegum málum fyrir jólaleyfi.

Varðandi það mál sem hér var sérstaklega nefnt af hálfu síðasta hv. ræðumanns tek ég fram að bæði heilbrrh. og fjmrh. hafa farið yfir þetta mál og sameiginleg niðurstaða liggur fyrir. Misskilningur olli því að málið fór með þessum hætti frá heilbrn. til efh.- og viðskn. en nú hefur sá misskilningur verið leiðréttur þannig að þau bréfaskipti sem annars vegar fóru frá hv. heilbr.- og trn. til efh.- og viðskn. og hins vegar frá fjmrh. til sömu nefndar ættu ekki að þurfa að tefja störf í hv. efh.- og viðskn.

Hæstv. forseti. Ég vona að þetta skýri málið og treysti því að hægt verði að komast að niðurstöðu um framhald þingsins fram að jólaleyfi.

[15:17]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er nokkuð sérkennileg umræða sem fer núna fram um störf þingsins því að í þetta skipti getur hæstv. ríkisstjórn ekki kennt stjórnarandstöðunni um það að hún hafi haldið uppi einhverju málþófi og tafið mál fyrir þinghlé. Málin eru svo seint fram komin og það er m.a. vegna þess að ríkisstjórnin hefur ekki komið sér saman um málin, m.a. vegna þess að ráðherrar hafa ekki verið við, þeir hafa verið í ferðalögum út um allan heim, samanber hæstv. forsrh., utanrrh. og nú heilbrrh., og þar af leiðandi er ekki búið að ákveða hvernig afgreiðslu mála verður háttað.

Ég get nefnt að í fjárln. vorum við í viðbragðsstöðu alla helgina, tilbúin að mæta á fund nánast hvenær sólarhringsins sem var, en það var bara ekki hægt vegna þess að meiri hlutinn og ríkisstjórnin hafði

ekki komið sér saman um málin. Mér sýnist ljóst að það verður mjög erfitt að ljúka þinghaldi núna fyrir jól og væri miklu eðlilegra að gera hlé á störfum þingsins mjög fljótlega. Ég minni á að samkvæmt dagskrá þingsins áttum við að hætta störfum á laugardaginn var og það er komið fram yfir þann tíma. Ég held að það væri miklu eðlilegra að gefa nú jólahlé og sjá til hvort ríkisstjórnin og þeir samstarfsflokkar sem þar eru að vinna saman mundu nú ekki láta jólaboðskapinn hafa svolítil áhrif á sig svo þeir næðu nú aðeins saman fyrir jólin og þá geti þetta gengið vel á milli jóla og nýárs.

[15:18]

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Þingstörfin eru dálítið sérkennileg núna. Tekjuhlið fjárlaga hefur ekkert verið rædd í fjárln. enn þá, fulltrúar fjmrn. hafa ekki komið enn þá til að skýra fjárln. frá tekjuhliðinni, efh.- og viðskn. á að skila áliti um tekjuhliðina í dag og hún er ekki búin að fjalla um þau skattafrumvörp sem liggja fyrir nefndinni. Þetta er ekki hv. nefndarmönnum að kenna. Þetta er fyrir það að stjórnarkerran, ef svo má segja, er pikkföst og hefur verið pikkföst í rúmlega viku. Hæstv. forsrh. kom í salinn en hann er á leið út aftur og hann er sjálfsagt eins og vörubílstjórinn í Kristnihaldi undir Jökli sem var lagstur undir kerruna að morgni dags og farinn að mixa. (**Fjmrh.:** Við erum að ljúka þessu.) Ég hygg að hæstv. forsrh. sé nú að mixa og ég held að það sé best að bíða eftir því að þessi kerra komist í lag og hún komist upp úr pyttinum sem hún er í núna.

[15:20]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Auk þess sem hefur komið fram er tvennt sem krefst þess að fjallað sé nokkuð ítarlega um áður en þingið getur farið í jólaleyfi. Annað er sú staða sem smátt og smátt er að koma í ljós varðandi fjármögnun ríkissjóðs, þann brest sem virðist vera á markaðnum gagnvart verðbréfum ríkissjóðs, sérstaklega spariskírteinum ríkisins og horfurnar sem eru í þeim málum á fyrstu mánuðum næsta árs þar sem verulega stór hluti kemur til innlausnar. Satt að segja er það þannig að staða ríkisverðbréfanna á markaði virðist nánast vera hrunin. Það er í mjög mikilli mótsögn við yfirlýsingar hæstv. forsrh. í stefnuræðunni í byrjun þings og yfirlýsingar fjmrh. í haust. Ég vil þess vegna fara fram á það að í tengslum við þessi dagskrármál geri hæstv. fjmrh. mjög ítarlega grein fyrir því hvernig staðan er varðandi sölu ríkisverðbréfa nú á undanförnum mánuðum og horfurnar á næstu mánuðum.

Í öðru lagi, virðulegi forseti, verður að fjalla um sjúkraliðaverkfallið. Það er auðvitað alveg óhjákvæmilegt að ríkisstjórnin svari því í þingsalnum áður en þingið fer í jólaleyfi hvað stjórnin hyggst gera til að leysa þetta verkfall, eða hvort það er virkilega afstaða ríkisstjórnarinnar að láta jólin ganga í garð og hátíðahöldin sem eru fram undan án þess að einhver alvarleg tilraun sé gerð af hálfu ríkisstjórnarinnar til þess að leysa verkfallið. Ég óska eftir því sérstaklega að utandagskrárumræða fari fram við hæstv. forsrh. sem fulltrúa ríkisstjórnarinnar í þessu máli varðandi sjúkraliðaverkfallið og aðgerðir ríkisstjórnarinnar til að leysa það á næstunni.

Að lokum, virðulegi forseti, skil ég starfsskrá þingsins þannig að ekki sé ætlunin að afgreiða GATT-samninginn fyrir áramót og það eru auðvitað töluverð tíðindi fyrst svo er vegna þess að á fundi formanna þingflokka og forseta í dag kom fram að GATT-málið er ekki á verkefnaskrá þingsins fyrir áramót.

[15:22]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er ýmislegt á ferð í þingstörfum sem þarfnast skýringar. Ég fékk þau skilaboð frá þingflokksformanni mínum fyrr í dag að efh.- og viðskn. og fjárln. ættu að hafa algeran forgang í störfum þingsins. Nú hafa mér borist fundarboð bæði á fund í landbn. kl. 8.15 í fyrramálið og í menntmn. kl. 10.15 auk þess sem ég á sæti í efh.- og viðskn. Þetta eru reglulegir fundatímar þessara nefnda en auðvitað þarf að liggja ljóst fyrir hvernig á að haga hér þingstörfum og nefndastörfum þessa næstu daga því það er augljóst mál að ekki er hægt að vera á mörgum stöðum í einu.

Auk þess vil ég benda á varðandi þær áætlanir sem liggja fyrir að það verður að gefa okkur tíma til þess að vinna nefndarálit, okkur sem erum í stjórnarandstöðu og höfum margt við stjórnarfrumvörpin að athuga. Við þurfum líka tíma til þess að skrifa nefndarálit og því á ég afar erfitt með að sjá hvernig þetta á allt að ganga upp á næstu 2–3 dögum. Ég vil fá niðurstöðu í því hvort meiningin sé að efh.- og viðskn. og fjárln. hafi forgang í nefndastarfi eða er ætlast til þess að aðrar nefndir séu að störfum á sama tíma?

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti getur svarað því strax: Já. Það er meiningin að efh.- og viðskn. og fjárln. hafi forgang á þessum síðustu klukkustundum sem við erum að reyna að ljúka störfum fyrir jól.

[15:24]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Það hefur komið fram í umræðunni að frú forseti ætlar að efna til fundar með formönnum þingflokka og hæstv. fjmrh. er að vona að formönnum þingflokka takist að komast að samkomulagi á þessum fundi. Það er auðvitað mjög huggulegt fyrir formenn þingflokka að hitta frú forseta. En það er alveg gersamlega þýðingarlaust að vera að efna til fundar með þeim í þessari stöðu. Frú forseti ætti að efna til fundar með forsrh. og utanrrh. Það eru þeir sem halda öllu föstu. Það eru þeir sem bera ábyrgð á því að þingið er búið að vera verklaust í marga daga vegna þess að flokkar þeirra, ríkisstjórn Davíðs Oddssonar kemur sér ekki saman, hún klárar ekki sína heimavinnu. Það er það sem er að. Það tefur þingstörfin. Ef frú forseti getur fengið niðurstöðu hjá þessum mönnum, hæstv. ráðherrum, er hægt að taka málin til umræðu á þingi og afgreiða þau eða fella eftir atvikum.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti reynir að starfa samkvæmt þingsköpum og ber að hafa samráð við formenn þingflokka.

Stjórnarskipunarlög, 1. umr.

Frv. GHH o.fl., 297. mál (mannréttindaákvæði). — Þskj. 389.

[15:26]

Flm. (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til stjórnarskipunarlaga um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum. Flutningsmenn eru formenn eða fulltrúar allra þingflokka á Alþingi. Ég vil þegar í upphafi máls míns þakka þeim hv. þingmönnum, sem málið flytja, fyrir ánægjulega og góða samvinnu um þetta mál, svo og öðrum sem að því hafa komið á undirbúningstíma þess. Sú samvinna hefur öll verið með miklum ágætum. Er það raunar sérstakt fagnaðarefni að þingflokkar á Alþingi skuli hafa náð samstöðu um þetta frv. sem ég tel að sé án efa langmerkasta mál þessa þings.

Í frv. þessu er fjallað um grundvallarréttindi, þau réttindi sem talin eru helgust hverjum borgara landsins og sem við viljum tryggja ofar almennri löggjöf með því að binda í stjórnarskipunarlög. Þetta eru grundvallarréttindi á borð við trúfrelsi, jafnræði allra þegna fyrir lögunum, skilyrði frelsissviptingar og mörk refsinga, rétt manna til að fá úrlausn mála sinna fyrir dómstólum, friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu, friðhelgi eignarréttarins, skoðanafrelsi, tjáningarfrelsi, félagafrelsi, atvinnufrelsi og félagsleg réttindi ýmiss konar. Einnig sérstök ákvæði um réttarvernd barna, bann gegn afturvirkum lögum, bæði skattalögum og refsilögum og ákvæði um stöðu sveitarfélaga.

Með því að setja í stjórnarskrá ákvæði sem vernda mannréttindi eru þjóðir að taka ákvarðanir um að veita þessum réttindum sérstaklega ríka vernd. Verndin felst fyrst og fremst í því að ekki er unnt að afnema hana með venjulegum lögum. Til þess þarf breytingar á stjórnarskrá sem jafnan eru þyngri í vöfum en venjulegar lagabreytingar.

Með mannréttindaákvæðum eru leidd í lög almenn ákvæði, sem m.a. virka sem leiðarvísir eða, ef menn vilja heldur, grundvöllur undir almenna löggjöf. Kostur slíkra almennra ákvæða er m.a. sá að þar sjá menn allan skóginn í stað þess að einblína á einstök tré í skóginum. Þegar við t.d. verndum tjáningarfrelsi með almennri reglu erum við jafnt að vernda frelsi til að tjá vinsælar og óvinsælar skoðanir. Ef ekki er í gildi almenn regla sem verndar tjáningarfrelsi er hætt við að frelsinu yrði úthlutað í hlutfalli við vinsældir þess málsstaðar sem til stendur að tjá. Má segja að grundvöllur réttarríkisins hvíli á þessu, þ.e. að fyrir sé mælt um réttindi manna með almennum reglum en ekki með úthlutun réttinda hverju sinni. Þegar grundvallarréttindin eiga í hlut viljum við veita þeim sérstaklega ríka vernd með stjórnarskrárákvæðum sem ekki verður breytt jafnauðveldlega og almennum lögum.

Ástæða er til að leggja ríka áherslu á að ákvæðin í mannréttindakafla stjórnarskrárinnar eru ekki síður þýðingarmikil fyrir stjórnskipun ríkisins en þau ákvæði stjórnarskrár, sem fjalla um skipulag og starfsemi helstu valdastofnana þess, sem fara með löggjafarvald, dómsvald og framkvæmdarvald. Fyrirkomulagið í stjórnskipun okkar er að við felum ákveðnum valdastofnunum meðferð ríkisvaldsins en segjum um leið að þessar stofnanir megi ekki skerða þau grundvallarréttindi sem við veitum sérstaka vernd með mannréttindaákvæðum. Það kemur síðan í hlut dómstóla að túlka þessi ákvæði þegar á þau reynir í dómsmálum og þá að kveða á um efni þeirrar verndar sem þau veita borgurunum í einstökum tilvikum. Við þetta starf dómstólanna mega þeir að sjálfsögðu hvergi bogna undan þrýstingi sem kann að stafa frá öðrum valdastofnunum þjóðfélagsins heldur ber þeim að tryggja borgurum hiklaust verndina sem að er stefnt með mannréttindaákvæðunum. Það er því brýnt verkefni á hverjum tíma að leitast við að tryggja í verki þá sjálfstæðu stöðu dómstólanna sem að er stefnt í V. kafla stjórnarskrárinnar. Er raunar að finna reglu í 8. gr. þessa frv. sem ætlað er að stuðla að hinu sama.

Endurskoðun stjórnarskrárinnar hefur verið á döfinni lengi og raunar allar götur síðan lýðveldið var stofnað á Þingvöllum árið 1944. Þegar leið að því að minnast skyldi 50 ára afmælis lýveldis á Íslandi kom upp sú hugmynd að vel færi á því að Alþingi samþykkti *nýja stjórnarskrá af því tilefni á hátíðarfundi* sínum á Þingvöllum. Það varð að ráði sl. vor að einbeita sér fremur að því að endurskoða mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar af þessu tilefni. Þess vegna tók núverandi stjórnarskrárnefnd undir forustu hv. 1. þm. Vestf., Matthíasar Bjarnasonar, að vinna að því og sendi stjórnarskrárnefndin þingflokkunum drög að nýjum mannréttindaákvæðum 5. apríl sl. Niðurstaða þess máls varð sú ályktun sem Alþingi gerði á hátíðarfundinum 17. júní sl. á Þingvöllum og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar, í tilefni 50 ára afmælis lýðveldis á Íslandi, að stefna beri að því að ljúka endurskoðun VII. kafla stjórnarskrárinnar, nr. 33 17. júní 1944, með síðari breytingum, fyrir næstu reglulegu alþingiskosningar.

Miðað verði m.a. að því að færa ákvæði kaflans til samræmis við þá alþjóðlegu sáttmála um mannréttindi sem Ísland hefur gerst aðili að. Við endurskoðunina *verði höfð hliðsjón af tillögum stjórnarskrárnefndar frá* 5. apríl 1994."

Eins og fram kemur í þessum ályktunartexta er lögð áhersla á að mannréttindaákvæðin verði endurskoðuð með hliðsjón af alþjóðlegum sáttmálum um mannréttindi sem Ísland á aðild að. Þar er fyrst og fremst um að ræða mannréttindasáttmála Evrópu og alþjóðasamninginn um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi, svo og alþjóðasamning um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi og enn fremur má nefna félagsmálasáttmála Evrópu.

Eftir þingfundinn á Þingvöllum ákváðu formenn

þingflokka að fá virta lögfræðinga sem hafa sérþekkingu á stjórnskipunarrétti og mannréttindum til að vinna að málinu með hliðsjón af tillögum stjórnarskrárnefndar. Enn fremur var þörf á því að bæta við tillögur stjórnarskrárnefndar nýjum ákvæðum um aðra þætti í VII. kaflanum en þá sem fjalla um mannréttindi en þar er m.a. um að ræða ákvæði um skipan skattamála, um málefni sveitarfélaga og ríkisborgararétt. Loks kom til athugunar að taka trúfrelsisákvæði VI. kafla til athugunar enda eru þau af sama meiði og mannréttindaákvæðin í VII. kafla.

Frv. sem hér liggur fyrir er í stórum dráttum og efnislega sambærilegt við tillögur stjórnarskrárnefndarinnar að því er mannréttindaákvæðin varðar. Þær hafa þó tekið ýmsum breytingum og eru ítarlegri og ná til fleiri atriða heldur en tillögur stjórnarskrárnefndarinnar gerðu.

Sú niðurstaða sem fengist hefur í málið er í góðri sátt milli þingflokka að langmestu leyti. Þó eru að sjálfsögðu nokkur atriði sem taka þarf til nánari athugunar í þeirri nefnd sem fær málið til umfjöllunar. Það var mat okkar formanna þingflokka að til mikils væri að vinna að koma frv. fram áður en Alþingi fer í jólahlé og vísa því til nefndar til þess að það fengi nokkra umfjöllun þar og úti í þjóðfélaginu áður en það yrði tekið til endanlegrar afgreiðslu, væntanlega í febrúar.

Greinargerð með frv. þessu er vönduð og ítarleg. Er því ekki þörf á því að fara í þessari framsöguræðu mjög nákvæmlega yfir einstök efnisatriði frv. heldur vil ég vísa til bæði hinnar almennu greinargerðar svo og athugasemda við einstakar greinar.

Ég mun þó í stuttu máli fara yfir helstu atriði frv. en við endurskoðunina hafa verið höfð að leiðarljósi einkum þrjú atriði: Í fyrsta lagi að styrkja og samræma ákvæðin í kaflanum þannig að þau gegni betur því hlutverki sem þeim er ætlað, þ.e. að vera vörn almennings í samskiptum við þá sem fara með ríkisvald.

Í öðru lagi að reyna að færa ýmis ákvæði til nútímalegra horfs. Þetta er jafnframt mikilvægt atriði vegna þess að landsmenn eiga að geta lesið út úr stjórnarskránni auðskiljanlegan texta sem stendur þeim nærri, ekki texta sem er til marks um tíðaranda síðustu aldar. Eins og kunnugt er eru núverandi mannréttindaákvæði að stofni til frá 1874 og mörg hver býsna framandi að orðalagi og orðavali.

Í þriðja lagi var haft að leiðarljósi, eins og áréttað hefur verið, að taka mið af þeim þjóðréttarlegu skuldbindingum sem íslenska ríkið hefur gengist undir gagnvart alþjóðlegum mannréttindasáttmálum.

Uppbygging frv. er sú að í stað greinanna í VII. kafla koma jafnmargar nýjar greinar og enn fremur er tveimur greinum VI. kafla breytt þannig að skipulag stjórnarskrárinnar, ef svo má að orði komast, raskast ekki.

Ég legg áherslu á að það þótti ekki ráðlegt að reyna að taka upp í stjórnarskrána með tæmandi hætti og í ítarlegu máli öll réttindi sem fram koma í alþjóðasáttmálum, enda getur það leitt til hættu á að gagnályktað yrði af ákvæðunum. Þess í stað er ráðgert í frv. að bæta við ákveðnum mikilvægum grundvallarréttindum og er þá leitast við að skrá og skilgreina öll óskráð réttindi sem óumdeilanlega hafa verið og eru áfram talin sjálfsagðar undirstöðureglur í allri íslenskri stjórnskipan þótt nokkrum slíkum réttindum sé bætt við. Að þessu leyti er þannig haldið við stefnu núgildandi mannréttindaákvæða sem einkennast af knöppum og kjarnyrtum stíl á framsetningu grundvallarreglna. Allri nánari útfærslu er sleppt en ætlast er til að hún birtist í almennri löggjöf sem byggð er á þessum grundvallarreglum.

Í mörgum tilvikum þar sem lagt er til að bæta við nýjum mannréttindaákvæðum eru fyrir ákvæði í almennri löggjöf þar sem þessi réttindi eru vernduð. Það þykir þó vera tryggara í ljósi mikilvægis þeirra að orða kjarna þeirra sérstaklega í stjórnarskipunarlögum ásamt öðrum grundvallarréttindum. Í nokkrum tilvikum hefur þó jafnframt verið tilefni til að skilgreina ítarlega réttindi sem þegar njóta stjórnarskrárverndar.

Ég mun nú, virðulegi forseti, rekja helstu breytingar frv.

Í 1. og 2. gr. þess eru gerðar tillögur um orðalagsbreytingar á núgildandi 63. og 64. gr. stjórnarskrárinnar sem eru í VI. kafla hennar. Hér er ekki um efnislegar breytingar að ræða heldur rýmkað orðalag því til áréttingar að þótt hér sé kristin þjóðkirkja í landinu þá hafi menn frelsi til að iðka aðra trú. Í 2. gr. vaknar það álitamál hvort maður utan trúfélaga skuli greiða gjöld til Háskóla Íslands eða hugsanlega annarrar menningar- eða líknarstarfsemi. Tel ég eðlilegt að þingnefndin velti því atriði betur fyrir sér.

Í 3. gr. eru tillögur um nýja 65. gr. Í henni er sett fram almenna jafnræðisreglan þar sem kveðið er á um að allir skuli vera jafnir fyrir lögunum. Þessi regla hefur að sjálfsögðu verið talin til óskráðra undirstöðuréttinda í íslenskri stjórnskipan en það er mikilvægt að festa hana í stjórnarskránni. Ég vek athygli á því í þessu sambandi að með lögfestingu þessarar reglu er núgildandi 78. gr. stjórnarskrárinnar ofaukið en þar er kveðið á um að sérréttindi sem bundin eru við aðal, nafnbætur og lögtign megi ekki taka í lög. Er gengið út frá því að almenna jafnræðisreglan í 3. gr. feli tvímælalaust í sér sömu reglu.

Í 4. gr. eru nokkur nýmæli í tillögu um nýja 66. gr. stjórnarskrárinnar. Þar eru í 1. mgr. reglur um skilyrði fyrir því maður missi íslenskan ríkisborgararétt og einnig sett fram reglan um að útlendingi verði aðeins veittur ríkisborgararéttur samkvæmt lögum. Ákvæði 2. og 3. mgr. 66. gr. eru um hvernig mönnum verður neitað að koma til og frá landinu svo og um brottvísun úr landi en einnig um almennt ferðafrelsi og frelsi til að ráða dvalarstað sínum innan lands sem ekki hafa áður verið bundin í stjórnarskrá.

Í þessu sambandi vil ég vekja athygli á því að samkvæmt greininni á Alþingi val um það hvort sú skipan sem verið hefur á veitingu ríkisborgararéttar verði til frambúðar, þ.e. að sá réttur verði veittur tilteknum einstaklingum með lögum einu sinni til tvisvar sinnum á hverju þingi eða að veiting ríkisborgararéttar verði færð yfir til framkvæmdarvaldsins. Í því tilviki yrði að setja í lög nákvæmar reglur um það hvenær út-

lendingur ætti rétt á ríkisborgararétti. Að mörgu leyti væri sú leið til bóta að mínu mati og væri það þá stjórnvaldsákvörðun á grundvelli skýrra lagaskilyrða hver hlyti ríkisborgararétt og hver ekki.

Í 5. gr. frv. er fjallað um nýja 67. gr. og reglur sem varða frelsissviptingu. Meginefni þessarar greinar hefur fram að þessu komið fram í ákvæðum laga um meðferð opinberra mála. Eins og áður var tekið fram er ástæða til að árétta mikilvægi þessara reglna um réttarstöðu frelsissviptra manna með því að stjórnarskrárbinda þær. Núgildandi reglur um rétt handtekins manns er að finna í 65. gr. stjórnarskrárinnar en það er nýmæli í 5. gr. frv. að í fyrsta lagi að mælt er fyrir um að engan megi svipta frelsi nema samkvæmt heimild í lögum. Í öðru lagi kemur skýrlega fram í 2. mgr. að hver sá sem er sviptur frelsi eigi rétt á að fá að vita tafarlaust um ástæður þess. Í 3. mgr. koma fram reglur sem eru sambærilegar við 65. gr. núgildandi stjórnarskrár en er lítils háttar breytt að orðalagi. Í 4. mgr. er svo skýrlega kveðið á um rétt manns sem hefur verið sviptur frelsi af öðrum ástæðum en vegna gruns um refsiverða háttsemi, til að dómstóll kveði á um lögmæti þess svo fljótt sem verða má.

Loks er fjallað um rétt manns til skaðabóta hafi hann verið sviptur frelsi að ósekju. Allt eru þetta mjög mikilvæg réttindi sem rétt er að binda traustlega í stjórnarskrá.

Í 6. gr. frv. er tillaga um að sú grundvallarregla verði tekin upp að engan megi beita ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu og að engum verði gert að leysa af hendi nauðungarvinnu. Sambærileg regla er ekki í núgildandi stjórnarskrárákvæðum. Þótt þessi regla hafi fram til þessa verið álitin sjálfsögð, þá þykir tryggara að hún komi hér fram í stjórnarskrártexta með skýrum hætti.

Í 7. gr. er gerð tillaga um efni nýrrar 69. gr. Í greininni er mælt fyrir um bann við afturvirkni refsilaga og bann við að heimila í lögum dauðarefsingu. Bann við afturvirkni refsilaga er reyndar í almennum hegningarlögum, en rétt þykir að binda þetta grundvallaratriði í stjórnarskrá. Fortakslaust bann við dauðarefsingum þykir eðlilegt og í samræmi við íslenska réttarvitund enda var heimild til dauðarefsinga numin úr lögum þegar árið 1928 og hafði þá ekki verið beitt í marga áratugi.

Í 8. gr. er fjallað um efni nýrrar 70. gr. en þar er fjallað um lágmarksskilyrði þess að maður geti talist njóta réttlátrar málsmeðferðar í einkamálum og opinberum málum fyrir dómstólum. Regla af þessu tagi er ekki í gildandi stjórnarskrárákvæðum en atriðin sem eru talin í þessari grein koma öll með einum eða öðrum hætti fram í gildandi réttarfarslöggjöf.

Í 9. gr. frv. eru reglur um friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu. Í núgildandi ákvæðum stjórnarskrárinnar er aðeins mælt fyrir um friðhelgi einkalífs. Þrátt fyrir þetta leiðir ákvæði 9. gr. ekki til teljandi efnisbreytinga ef tekið er tillit til viðurkenndra óskráðra grunnreglna samhliða núverandi 66. gr. Ákvæðin í 9. gr. eru þó að ýmsu leyti ítarlegri um friðhelgi heimilisins en núgildandi reglur eru, t.d. um hvers konar þvingunaraðgerða megi grípa til eftir dómsúrskurði eða sérstakri lagaheimild.

Ég vil geta þess í þessu sambandi að það kom mjög til umræðu við undirbúning frv. að nauðsynlegt væri að tryggja með einhverjum hætti að reglur um friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu væru ekki notaðar sem skálkaskjól fyrir ofbeldisverk inni á heimilum. Flutningsmenn telja mikilvægt að það sé tryggt að ekki sé unnt að misnota hin mikilvægu réttindi í þessari grein til þess að fremja í skjóli þeirra ofbeldisverk á heimilum, t.d. á börnum. Það er skýringin á þeim ákvæðum sem fram koma í lokamálsgrein 9. gr. og eru vissulega undantekning frá mikilvægri reglu.

Í 10. gr. frv. eru tekin upp óbreytt gildandi ákvæði stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttarins en bætt er við nýrri málsgrein þar sem tekið er fram að með lögum megi takmarka rétt annarra en íslenskra ríkisborgara til að eignast fasteignaréttindi eða hlut í atvinnufyrirtækjum hér á landi. Ég legg áherslu á í þessu sambandi að hér er einungis um almenna heimild að ræða, ekki fyrirmæli til löggjafans um að takmarka rétt annarra ríkisborgara til að eignast fasteignaréttindi eða hlut í atvinnufyrirtækjum heldur ákvæði til að tryggja það að löggjafinn hefði til þess heimild ef það væri á annað borð talið æskilegt. Vitaskuld er löggjafinn bundinn af ýmsum alþjóðlegum samningum sem takmarka slíkt og nefni ég EES-samninginn í því sambandi. Rétt er að þingnefndin kanni til hlítar þau atriði sem hér gæti verið um að tefla með tilliti til alþjóðlegra skuldbindinga Íslands.

11. gr. frv. er á margan hátt dæmigerð fyrir þær breytingar sem nú er verið að gera á stjórnarskránni. Í núgildandi 72. gr. stjórnarskrárinnar segir að hver maður eigi rétt á að láta í ljós hugsanir sínar á prenti. Þó verði hann að ábyrgjast þær fyrir dómi en ritskoðanir eða aðrar tálmanir á prentfrelsi megi aldrei í lög leiða.

Eins og öllum er kunnugt hefur mikil breyting orðið á sviði fjölmiðlunar frá því þessi ákvæði voru sett. Nauðsynlegt er að tryggja skoðanafrelsi og tjáningarfrelsi á sem flestum sviðum. Þess vegna er í 11. gr. tillaga um að þessi grein stjórnarskrárinnar sem verður 73. gr. orðist með talsvert öðrum hætti en nú, þ.e. að allir séu frjálsir skoðana sinna og sannfæringar. Hver maður eigi hins vegar rétt á að láta í ljós hugsanir sínar en ábyrgjast verði hann þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar sambærilegar tálmanir á tjáningarfrelsi megi aldrei í lög leiða.

Enn fremur er gert ráð fyrir undantekningarreglu sem að hluta til á stoð í öðrum ákvæðum stjórnarskrárinnar, þ.e. að þessum rétti megi setja skorður í þágu allsherjarreglu, öryggis ríkisins eða til verndar heilsu eða siðgæði manna eða mannorðs annarra.

Í 12. gr. er fjallað um efni nýrrar 74. gr. sem er ætlað að ná til félagafrelsis og fundafrelsis en þessi réttindi njóta verndar í núgildandi 73. og 74. gr. stjórnarskrárinnar. Ástæða er til að vekja sérstaka athygli á því að hér er lagt til að svokallað neikvætt félagafrelsi verði nú bundið í stjórnarskrá. Hæstiréttur hafði á árinu 1988 komist að þeirri niðurstöðu að núgildandi ákvæði 73. gr. stjórnarskrárinnar fæli slíkt ekki í sér.

En eins og kunnugt er taldi Mannréttindadómstóll Evrópu þetta stangast á við mannréttindasáttmála Evrópu í dómi frá 1993. Því er nauðsynlegt að breyta þessari grein stjórnarskrárinnar m.a. til að tryggja samræmi að þessu leyti milli þessa sáttmála sem við eigum aðild að og höfum lögfest og stjórnarskrárákvæðanna.

Ég vek athygli á því sem segir í 2. mgr. 12. gr. Þar segir, með leyfi forseta:

„Engan má skylda til aðildar að félagi. Með lögum má þó kveða á um slíka skyldu ef það er nauðsynlegt til að félag geti sinnt lögmæltu hlutverki vegna almannahagsmuna eða réttinda annarra."

Félagaskyldu verður samkvæmt þessu eingöngu hægt að binda við félög sem hafa lögmæltu hlutverki að gegna í þágu almannahagsmuna eða félög sem til er stofnað vegna sameiginlegra réttinda manna sem mælt er fyrir um í lögum. Eru þar t.d. höfð í huga húsfélög, veiðifélög og annar sambærilegur félagsskapur.

Því er við að bæta að þegar skylda til aðildar að félagi kann að verða lögð á menn skv. 2. mgr. 12. gr. frv. er vitaskuld þýðingarmikið að tryggt sé með lögum að félagið sinni eingöngu þeim verkefnum sem talin eru réttlæta félagsskylduna. Svo dæmi séu tekin þarf að tryggja að veiðifélög sinni aðeins verkefnum sem varða nýtingu þeirra veiðiréttinda sem eru grundvöllur félagsskyldunnar og húsfélag fjalli aðeins um málefni sem varða sameign í húsi. Þessum félögum má ekki vera heimilt að starfa á öðrum sviðum þar sem menn njóta félagafrelsis. Það fengi t.d. ekki staðist að húsfélag gerði ályktanir um stjórnmál. Í þessu samhengi þarf að hafa í huga að það er þýðingarmikill þáttur í félagafrelsi að geta sagt sig úr félagi ef félag vinnur að málefnum sem viðkomandi félagsmaður hvorki vill né þarf skv. lögum að taka þátt í. Sé réttur inn til úrsagnar tekinn af mönnum hlýtur það að fela í sér takmarkanir á því hvaða málefnum félag megi sinna. Orðalagi 2. mgr. 12. gr. frv. er ætlað að tryggja þetta.

Í 13. gr. frv. er fjallað um atvinnufrelsi. Tillaga er gerð um nokkuð breytt orðalag frá gildandi stjórnarskrárákvæðum en réttindin sem ætlað er að vernda eru augljóslega þau sömu og áður. Við er bætt mikilsverðu nýmæli um að rétti manna varðandi vinnu og orlof skuli skipað með lögum. Er með þessu gert ráð fyrir að auka við fyrirmæli stjórnarskrárinnar um efnahagsleg og félagsleg réttindi en eins og öllum er kunnugt eru í lögum margvísleg ákvæði um þessi atriði þannig að ekki er víst að þau hafi neinar efnisbreytingar í för með sér.

Í 14. gr. er mælt fyrir um félagsleg réttindi sem svara að nokkru leyti til þeirra reglna sem nú eru í 70. og 71. gr. stjórnarskrárinnar og ég hef áður minnst á. Í 3. mgr. vek ég sérstaka athygli á ákvæðum um að tryggja skuli börnum í lögum þá vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst. Þetta tel ég vera mikilsvert nýmæli í frv.

Í 15. gr. frv. er gerð tillaga um nýja 77. gr. þar sem er fjallað um skattamálefni. Í greininni er tekið af skarið með ákveðnum hætti um að löggjafinn megi ekki framselja til stjórnvalda ákvörðun um hvort skattur verði lagður á, honum breytt eða hann afnuminn. Mikilsvert atriði er einnig bann við afturvirkni skattalaga. Í síðari mgr. segir svo með leyfi forseta:

„Enginn skattur verður lagður á nema heimild hafi verið fyrir honum í lögum þegar þau atvik urðu sem ráða skattskyldu."

Þannig yrði komið í veg fyrir að unnt væri t.d. að breikka skattstofn, hækka hann eða leggja á önnur gjöld eftir álagningu ellegar leggja á einhvers konar nýjar álögur með afturvirkum hætti. Afturvirk ívilnun eða skattalækkun yrði hins vegar að sjálfsögðu heimil.

Loks er í 16. gr. fyrirmæli um rétt sveitarfélaga til að ráða sjálf málefnum sínum. Hér er ekki um efnisbreytingu að ræða en tekið sérstaklega fram að tekjustofnar sveitarfélaga skuli ákveðnir með lögum. Rétt er að þingnefndin kanni sérstaklega hvort þessi ákvæði ættu að vera ítarlegri.

Að lokum vil ég taka fram að með frv. er ráðgert að tvö núgildandi ákvæði í VII. kafla stjórnarskrárinnar verði felld niður. Annars vegar áðurnefnt ákvæði í 78. gr. um að sérréttindi bundin við aðal, nafnbætur og lögtign megi aldrei í lög leiða. Hef ég þegar útskýrt það atriði. Hins vegar er um það að ræða að fella niður 75. gr. um skyldu sérhvers vopnfærs manns að taka sjálfur þátt í vörn landsins eftir því sem nánar kunni að verða fyrir mælt með lögum. Telja verður að ákvæði þetta hafi tæpast raunhæft gildi. Ég legg þó mikla áherslu á að ekki má draga þá ályktun af brottfalli þessarar greinar að varnarskyldu verði ekki við komið um ókomna framtíð. Slíkri skyldu verður að sjálfsögðu unnt að koma á með almennum lögum eftir sem áður ef þær aðstæður sköpuðust að slíkt yrði talið nauðsynlegt. Ekki er talin þörf á að mæla fyrir í stjórnarskrá um þessa skyldu manna.

Ég verð að viðurkenna, virðulegi forseti, að mér finnst nokkur eftirsjá af báðum þessum gömlu ákvæðum. Ég tel rétt að þingnefndin hugi nánar að báðum þessum greinum og kanni hvort þeim megi koma fyrir með góðu móti í textanum.

Virðulegi forseti. Ég hef nú í stórum dráttum gert grein fyrir efni þessa frv. og skal ekki lengja mál mitt enda er greinargerð með því, eins og ég hef þegar sagt, mjög vönduð og ítarleg. Ég vil að síðustu enn á ný þakka samstarfsmönnum mínum, formönnum hinna þingflokkanna, fyrir mjög ánægjulegt samstarf um þetta mál, svo og öðrum þeim sem unnið hafa fyrir þennan hóp. Loks vil ég þakka stjórnarskrárnefndinni sem vissulega lagði mikið til þess máls sem hér er mælt fyrir.

Að svo mæltu legg ég til, virðulegi forseti, að frv. verði vísað til 2. umr. og þeirrar sérnefndar um stjórnarskrármál sem kosin hefur verið.

[15:48]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég vil í upphafi þakka hv. þm. og frsm. Geir H. Haarde ítarlega framsögu fyrir þessu máli og jafnframt þakka honum samstarf á fyrri stigum við undirbúning þess.

Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands er ekki stór bók en

hún er merkilegt ritverk. Hún setur með nokkrum hætti ramma um líf okkar, hún setur skorður um breytni, setur stjórnvöldum hömlur og leggur löggjafanum starfsreglur. Ég tel að okkur beri að hafa stjórnarskrána í heiðri og virða hana í hvívetna.

Breytingar á stjórnarskrá þarfnast mjög vandaðs undirbúnings og þar má ekki hrapa að neinu. Í okkar reglum er það að breytingar á stjórnarskrá þarfnast þess að vera samþykktar á tveimur þingum og fari fram kosningar á milli þannig að raunverulega gengur breytingin á stjórnarskránni með óbeinum hætti undir þjóðaratkvæðagreiðslu. Þetta tel ég rétt að hafa í heiðri. Það má ekki vera það auðvelt að breyta stjórnarskrá, svo miklum grundvallarlögum sem hér er um að ræða, að það freisti ákafamanna í valdabaráttu eða fljótræði.

Hér er til umræðu svokallaður mannréttindakafli stjórnarskrár, þ.e. VII. kafli stjórnarskrárinnar. Nú er það svo að við höfum búið við mannréttindi hér á Íslandi. Það má enginn skilja það svo að þau séu ófullkomin og ég er ekki sammála því sem fram kom hjá hv. frsm. að orðalagið væri fornt og hugsunin gamaldags í þeim ákvæðum sem standa í gildandi stjórnarskrá um þetta efni. Ég held að þau séu auðskiljanleg og orðuð með viðunandi hætti. Þessi mannréttindaákvæði sem við höfum búið við í gildandi stjórnarskrá hafa að flestu leyti skapað góð skilyrði fyrir borgarana og þar fyrir utan er svo guði fyrir að þakka að siðferðiskennd okkar flestra býður okkur að fara eftir skráðum eða óskráðum reglum um þetta efni.

En þrátt fyrir viturleg ákvæði í stjórnarskrá hafa komið fram athugasemdir við einstaka ákvæði og þetta frv. er tilraun til þess að bæta þar úr eða skýra nánar einstök ákvæði. Um þetta var eins og menn muna ályktað á hátíðarfundi á Þingvöllum 17. júní 1994.

Í 1. og 2. gr. er nokkuð breytt orðalag frá gildandi stjórnarskrá og ég tel að það sé til bóta en hv. frsm. er búinn fara svo nákvæmlega yfir þær breytingar sem gerðar eru á frv. að ég sleppi því að mestu leyti. Mjög mikilvæg í þessu frv. er jafnréttis- eða jafnræðisreglan. Hún á að vera leiðarljós í löggjöfinni og það er mjög mikilvægt.

Í 3. gr. frv. er lagt til að 65. gr., upphafsgreinin, verði svohljóðandi:

„Allir skulu vera jafnir fyrir lögum án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti."

Þessu er ég mjög sammála. Hitt er svo annað mál að þetta gefur manni tilefni til að velta vöngum yfir ýmsum atriðum í löggjöf okkar. Á dagskrá þessa fundar man ég ekki betur heldur en sé t.d. ný lagasetning um brunamál. Í því frv. sem gert er ráð fyrir að afgreitt verði í dag er kannski ekki farið alveg nákvæmlega eftir þessari jafnréttisreglu. Það er ekki sama hvar maður missir eign sína í eldi, það er ekki sama samkvæmt þessu. Ef hann missir hana í sveitarfélagi eða á stað þar sem fasteignamat er lágt, þá fær hann ekki bætur með sama hætti eins og ef hann yrði fyrir tjóni þar sem fasteignaverð er hátt. Þetta gefur manni tilefni til verulegrar umhugsunar. Þó að um sams konar eign sé að ræða þá eru menn ekki jafnsettir til bóta. Nóg um það, frú forseti. En ég vek athygli á þessu þar sem þetta ber upp á sama daginn, þessar tvær afgreiðslur. Bótarétturinn er sem sagt samkvæmt því frv. sem við væntanlega samþykkjum hér síðar í dag misjafnt eftir því hvar menn búa.

Það er mjög mikilvægur kafli í þessu frv. sem varðar frelsissviptingu, friðhelgi einkalífs, friðhelgi eignarréttar. Í 10. gr. frv. segir í seinni mgr.:

„Með lögum má takmarka rétt annarra en íslenskra ríkisborgara til að eignast fasteignaréttindi eða hlut í atvinnufyrirtæki hér á landi."

Hér er um að ræða nýmæli. Ég er ekki alveg viss um að þetta sé fullkomið orðalag. Ég tel að nefndin sem fær málið til meðferðar þurfi að velta því fyrir sér hvort þessi málsgrein sé nákvæmlega rétt orðuð. Mér finnst að það gæti komið til greina að orða hana eitthvað á þann hátt: „Með lögum má takmarka rétt annarra en íslenskra ríkisborgara til að eiga eða eignast fasteignaréttindi eða hlut í atvinnufyrirtæki hér á landi."

Nú getur það verið þannig að íslenskur ríkisborgari eignist eign hér á landi en flytji síðan úr landi og gerist e.t.v. ríkisborgari í öðru landi, þá finnst mér að það eigi að gilda það sama um eignarhaldið og ef erlendur ríkisborgari væri að eignast fasteignaréttindi eða hlut í atvinnufyrirtæki. Þetta legg ég hér inn í þessa umræðu hv. þm. til umhugsunar.

Í þessu frv. er samhjálparhugsun og það tel ég mjög mikilvægt. Ég vitna sérstaklega til 14. gr. frv. og ég tel að það sé mikilvægt að við höfum það í huga í okkar grundvallarlögum að við komum hvert öðru við og berum með vissum hætti ábyrgð hvert á öðru. Svo best verður hér síðað samfélag að menn hafi þetta ætíð í minni. Ég tel að það sé til bóta að banna afturvirkni skatta og skýra nokkuð rétt sveitarfélaga.

Ég tel, frú forseti, að við samningu þessa frv. hafi yfirleitt ráðið góðviljuð hugsun og réttlætiskennd, hugsun samhjálpar og samvinnu og þar af leiðir að ég tel að það sé fengur að því að breyta stjórnarskránni með þeim hætti sem hér er lagt til.

[16:00]

Ragnar Arnalds:

Virðulegi forseti. Eins og öllum er kunnugt þá hefur dregist æðilengi að fram fari heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar. Vissulega hefði verið æskilegt og eðlilegt að þessu verki hefði verið lokið á sl. sumri þegar þjóðhátíð var haldin á Þingvöllum. Þetta var hægt og átti auðvitað að gera en tókst ekki og þýðir ekki að sakast um það frekar. Staðreyndin er sú að að þessu máli hefur verið unnið æðilengi og tvær stjórnarskrárnefndir hafa starfað samfellt frá árinu 1973 og í sjálfu sér unnið býsna gott verk og lagt fram margvíslegar tillögur, þar á meðal mjög ítarlegar tillögur á árinu 1982, en það hefur staðið upp á stjórnmálaflokkana að fjalla um málið og taka afstöðu til þeirra tillagna sem nefndin hefur sent frá sér. Það verður sem sagt ekki skrifað á reikning stjórnarskrárnefndar hvað þetta hefur tekið langan tíma. Það eru stjórnmálaflokkarnir og Alþingi sem verða að axla þá ábyrgð.

Stundum heyrist sagt að stjórnarskráin hafi ekki verið endurskoðuð í 120 ár. Það er kannski nokkuð mikið sagt því að auðvitað er það svo að I. og II. kafli stjórnarskrárinnar voru endurskoðaðir við stofnun lýðveldis 1944, þeir hlutar hennar sem fjalla um skiptingu valdsins í okkar þjóðfélagi og um forsetaembættið. Síðan hefur III. kafli stjórnarskrárinnar, um kosningar til Alþingis, margoft verið endurskoðaður, seinast árið 1983, og IV. kaflinn, um störf Alþingis, var endurskoðaður árið 1991 þegar þingið var gert að einni málstofu. Það eru því fyrst og fremst V.–VII. kafli stjórnarskrárinnar sem aldrei hafa gengið í gegnum neina raunverulega endurskoðun.

Ég hafði gert mér vonir um það að í þessum áfanga yrði reynt að endurskoða einmitt þann hluta stjórnarskrárinnar sem aldrei hefur hlotið neina sérstaka meðhöndlun og var að því leyti óánægður með niðurstöðu stjórnarskrárnefndar á sl. vori þar sem sendar voru tillögur sem eingöngu vörðuðu mannréttindaákvæðin. En nú hefur orðið bragarbót vegna þess að hér er verið að endurskoða miklu stærri hluta stjórnarskrárinnar heldur en var uppi á borðum okkar á sl. vori, þ.e. hér er undir allur VI. og VII. kaflinn, um trúfrelsi, mannréttindi og önnur ákvæði sem þar er að finna. Það má því segja að það séu í raun og veru eingöngu ákvæðin um dómendur í V. kaflanum sem verða út undan og má auðvitað spyrja sig að því hvort ekki hefði verið ástæða til að líta á þau ákvæði einnig í framhjáhlaupi þar sem ég hygg að þau þarfnist líka endurskoðunar, í öllu falli viss ákvæði þeirra.

En sem sagt, hér liggur fyrir samkomulag sem allir þingflokkar standa að og ég tel að sé á margan hátt mjög vel viðunandi. Það er búið að vinna vel í þessu máli frá því í vor að málið var til umræðu milli þingflokkanna og það hafa orðið verulegar breytingar á frv. og ég tel að við getum fagnað því að hér hefur verið vel unnið.

Ég hef ekki tíma til þess að fara í einstök ákvæði en ætla þó að víkja örfáum orðum að nokkrum ákvæðum frv. Í 3. gr. frv. er svonefnd jafnræðisregla sem segir:

„Allir skulu vera jafnir fyrir lögum án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti."

Ég vil láta þess getið hér að vissulega gat komið til álita að þessi upptalning væri ítarlegri en þarna er og það gat komið til greina að fötlun væri nefnd í þessu samhengi. Það er svo að þegar litið er á nýjustu gögn um stjórnarskrármál þá er að finna t.d. í stjórnarskrá Kanada, sem er nýlega sett, ákvæði þar sem orðið fötlun er tekið inn í þessa upptalningu og vissulega hefði það getað komið til greina. En ekki var það nú samt niðurstaðan í þessum umræðum og það verður þá til nánari umfjöllunar í stjórnarskrárnefnd sem fær málið til skoðunar. Það er líka fjallað um þetta í greinargerðinni, að vissulega verði að líta svo á að orðin „og stöðu að öðru leyti" geti átt við fleiri tilvik heldur en þau sem eru berum orðum talin upp í greininni og þar eru menn auðvitað m.a. með í huga fötlun. Einnig vil ég benda á svonefndan barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna þar sem einmitt er upptaling af þessu tagi, en þar er fötlun m.a. skilgreind. Þetta þarf kannski að skoða aðeins betur í viðkomandi nefnd, en ég vek athygli á því að þarna gat verið um álitamál að ræða.

Ég vil líka taka það fram að ég sakna þess að ekki eru tekin hér upp þau ákvæði sem stjórnarskrárnefndin gerði að tillögu sinni árið 1982 og fjölluðu um rétt til útivistar, um þjóðareign og um þjóðaratkvæði. Ég vil nefna þessi ákvæði hér vegna þess að þau eiga heima í þessu samhengi en eru ekki með í frv. eins og það liggur hér fyrir. Í fyrsta lagi var það tillaga stjórnarskrárnefndar 1982 að inn í stjórnarskrána kæmi svofellt ákvæði, með leyfi forseta:

„Fjórðungur alþingiskjósenda getur óskað eftir því að fram fari ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðsla um einstök málefni. Um framkvæmd slíkrar þjóðaratkvæðagreiðslu skal nánar fyrir mælt í lögum. Rétti íbúa sveitarfélags til þess að óska eftir atkvæðagreiðslu um málefni sveitarfélagsins skal og skipað með lögum."

Þetta er ákvæði sem ég flokka undir mannréttindi og hefði gjarnan viljað sjá í okkar stjórnarskrá, en um það var ekki samkomulag.

Í öðru lagi gerði stjórnarskrárnefndin 1982 svofellda tillögu, með leyfi forseta:

„Náttúruauðlindir landsins skulu vera ævarandi eign Íslendinga. Auðlindir hafs og hafsbotns innan íslenskrar lögsögu eru þjóðareign. Eignarrétti að öðrum náttúruauðæfum skal skipað með lögum."

Þarna er um að ræða ákvæði sem tvímælalaust ætti heima í stjórnarskrá okkar, en ekki varð samstaða um að það yrði tekið hér inn í þetta frv.

Loks er að nefna ákvæðið um útivist, en það var svohljóðandi:

„Vernda skal náttúru landsins og auðlindir þess svo að ekki spillist líf eða land að nauðsynjalausu. Landsmönnum öllum skal tryggður réttur til eðlilegrar nýtingar landsins til útvistar. Nánar skal fjallað um rétt þennan í lögum."

Þarna er vikið að máli sem mjög reynir á í nútímaþjóðfélagi og ég tel að slíkt ákvæði hefði sannarlega átt heima í okkar stjórnarskrá, en um það var sem sagt ekki samkomulag.

Ég tel hins vegar óhjákvæmilegt að nota þetta tækifæri sem hér gefst til að vekja athygli á því að þarna getur ýmislegt vantað sem mönnum finnst að ætti að vera inni í þessu frv. en er þar ekki og þar á meðal eru þessi ákvæði sem ég hef hér nefnt.

Ég tel það ágætt að tekið er af skarið í þessu frv. um hvernig skilja beri félagafrelsi. Eins og kunnugt er eru ákvæði í núverandi stjórnarskrá um félagafrelsi og gert er ráð fyrir því að svo verði áfram og það verði sagt í stjórnarskránni:

„Rétt eiga menn á að stofna félög í sérhverjum löglegum tilgangi án þess að sækja um leyfi til þess" o.s.frv. Síðan kemur hér inn nýmæli sem skapar mönnum rétt til þess að standa utan félaga og nefnt hefur verið neikvætt félagafrelsi. En það segir hér í 2. mgr. 12. gr.: „Engan má skylda til aðildar að félagi." Þetta held ég að eigi fullan rétt á sér í nútímasamfélagi og dómar Mannréttindadómstólsins sýna að okkur Íslend-

ingum er þörf á að skilgreina þennan rétt einstaklingsins. Hins vegar vara ég menn mjög við því að draga rangar ályktanir af þessari tillögugerð og ég vek á því athygli að t.d. í Morgunblaðinu í gær er það gert þar sem slegið er upp í blaðinu frétt undir fyrirsögninni „Skylduaðild félaga og dauðarefsing bönnuð." Þar er lítillega að þessu vikið í viðtali við hv. þm. Geir Haarde og sagt að meðal nýmæla í frv. sé bann við afturvirkni skattalaga og eins og segir hér í greininni, með leyfi virðulegs forseta: „Bannað verður að skylda menn til aðildar að félögum." Síðan ekkert meira en þetta.

Þetta er auðvitað hálfur sannleikur og eins gott að víkja að þessu hér þannig að ekki komi upp alvarlegur misskilningur um efni þeirra breytinga sem hér eru á ferðinni því að staðreyndin er auðvitað sú að í frumvarpsgreininni er meira sagt en þetta. Það segir nefnilega, með leyfi virðulegs forseta, til viðbótar því að engan megi skylda til aðildar að félagi:

„Með lögum má þó kveða á um slíka skyldu ef það er nauðsynlegt til að félag geti sinnt lögmættu hlutverki vegna almannahagsmuna eða réttinna annarra."

Sem sagt, það er ekki fortakslaust bann við því að skylda menn til aðildar að félagi sem þarna er á ferðinni. Það er alls ekki. Það er þvert á móti gert ráð fyrir því að það megi skylda menn til að eiga aðild að félagi, en gengið út frá því að það sé þá gert með lögum og að í viðkomandi lögum sé skilgreint til hvers það sé gert, hvert sé lögmætt hlutverk skyldunnar og að það sé vegna almannahagsmuna eða réttinda annarra. Til þess að skýra þetta ögn betur má nefna, eins og hv. þm. Geir Haarde gerði hér áðan, að þarna getur verið átt við húsfélög eða veiðifélög. Það getur líka verið nauðsynlegt að skylda menn til aðildar að stéttarfélögum og sem dæmi um það get ég nefnt Lögmannafélagið. Það gegnir almennu hlutverki í þjóðfélagi okkar með því að hafa eftirlit með lögmönnum og því er talið nauðsynlegt að skylda alla lögmenn til að vera í þessu félagi. Þar er um lögmælt hlutverk að ræða og nauðsyn að þeir séu í þessu félagi og þar af leiðandi á skylduaðild rétt á sér í slíku tilviki.

Annað dæmi um þetta eru lögin um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, en þar segir í 2. gr.:

„Öllum launamönnum og þeim sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi er rétt og skylt að eiga aðild að lífeyrissjóði viðkomandi starfsstéttar eða starfshóps, enda starfi lífeyrissjóðurinn samkvæmt sérstökum lögum eða reglugerð sem staðfest hefur verið af fjmrn."

Hérna er einmitt um að ræða lögmælt hlutverk félags sem heimilt er að skylda menn til að eiga aðild að. Að öðru leyti vil ég segja það hér að almenna reglan er sú að menn eru ekki skyldugir til þess að vera í verkalýðsfélögum og ef einhverjum dettur það í hug að hér sé um að ræða eitthvað sem stríði sérstaklega gegn hagsmunum verkalýðshreyfingarinnar að þessu leyti þá er það misskilningur vegna þess að það er ekki um að ræða skylduaðild að verkalýðsfélögum í okkar löggjöf. Aftur á móti er um það að ræða að stéttarfélögin reyni að tryggja lágmarkskjör og það er sem sagt öllum skylt að lúta þeim lágmarkskjörum sem verkalýðshreyfingin gerir samninga um, en það er dálítið annar handleggur. Þannig segir t.d. í lögunum um starfskjör launafólks:

„Laun og önnur starfskjör sem aðildarsamtök vinnumarkaðarins semja um skulu vera lágmarkskjör fyrir alla launamenn í viðkomandi starfsgrein á svæði því er samningurinn tekur til. Samningar einstakra launamanna og atvinnurekenda um lakari kjör en hinir almennu kjarasamningar ákveða skulu ógildir."

Þarna er löggjafinn að krefjast þess að samningar séu haldnir og þeir gildi um alla. En það er dálítið annað en hitt að skylda menn til þess að vera í verkalýðsfélögum eða stéttarfélögum. Það getur átt við í einstaka tilviki, eins og ég hef þegar rakið, en er alls ekki almenna reglan. Hitt er svo annað mál að það hefur verið innheimt svokallað stéttarfélagsgjald hvort sem menn eru í viðkomandi stéttarfélagi eða ekki og það er mál út af fyrir sig sem þarf auðvitað nánari skoðunar við, en þar er um að ræða vinnuréttargjald sem menn greiða fyrir það að félögin tryggja þeim lágmarkslaun.

Ég vil svo segja það að endingu að það eina sem vantar á við undirbúning og meðferð þessa máls er að það sé rækilega kynnt fyrir landsmönnum öllum. Ég tel að vísu að Alþingi hafi haft þar góða forgöngu þegar það tók þetta mál upp sem eitt aðalmál sitt á hátíðarfundinum á Þingvöllum í sumar og það má segja að þáltill. sem þá var kynnt var kynning á málinu, en meira þarf til. Það er ekki aðeins að þetta mál þurfi nú rækilega skoðun í nefnd og að safna verði umsögnum frá aðilum í þjóðfélaginu heldur þarf líka að kynna málið rækilega og fá um það almenna umræðu í þjóðfélaginu.

[16:21]

Flm. (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil nýta mér andsvarsréttinn hér vegna þess að hv. síðasti ræðumaður nefndi nafn mitt í máli sínu, í tilefni af stuttu fréttaviðtali sem var í Morgunblaðinu í gær. Ég held að það sé alveg ástæðulaust að upp komi einhver misskilningur um þetta atriði. Ég held að allir sem hlýddu á mál mitt áðan geri sér ljóst hvert efni þessarar greinar er, 2. mgr. 12. gr. frv. Ég held að það sé enginn misskilningur milli okkar hv. síðasta ræðumanns um það efni, enda held ég að þau dæmi sem hann tók um annars vegar húsfélög og hins vegar Lögmannafélagið séu því til staðfestingar. Ég kann hins vegar ekki skýringar á því af hverju fyrirvarinn eða undantekningin réttara sagt féll brott í þessu viðtali, en auðvitað er það þannig að í frv. er gert ráð fyrir því að engan megi skylda til aðildar að félögum, þó með þeirri undantekningu sem 2. málsl. 2. mgr. gerir ráð fyrir. Þannig að um þetta þarf ekkert að deila eða búa til neinn misskilning út af.

Ég vil síðan taka undir það sem hv. ræðumaður sagði um nauðsyn þess að málið fái kynningu í þjóðfélaginu. Það var einmitt það sem fyrir okkur vakti, okkur báðum og öðrum flutningsmönnum, með því að reyna að koma þessu máli inn í þingið fyrir jól og til nefndar. Það var einmitt að skapa svigrúm fyrir slíka kynningu í þjóðfélaginu þannig að allir sem láta sig

þessi mál varða hafi svigrúm í einhverjar vikur til þess að fjalla um málið áður en það kemur hér til endanlegrar meðferðar í þinginu.

[16:22]

Ragnar Arnalds *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil taka það fram að ég var ekki á nokkurn hátt að áfellast hv. þm. Geir Haarde fyrir það viðtal sem hér er um að ræða. Það væri miklu frekar að ég gæti áfellst fréttaritarann sem sló þessu máli upp í blaðinu fyrir að láta sér sjást yfir það að tillgr. er miklu lengri en þetta og það er ekki um það að ræða að það sé verið að banna skylduaðild félaga, heldur er þvert á móti gert ráð fyrir því í þessari stjórnarskrárgrein, fyrirhuguðu, að það megi kveða á um skylduaðild í félögum með nánar tilgreindum skilyrðum eins og þar kemur fram. Þannig að það er fyrst og fremst framsetningin í blaðinu sem var ekki alveg nógu nákvæm. Ég dreg þetta fram núna í umræðunni fyrst og fremst vegna þess að ég hef orðið var við það að þessi litli uppsláttur í blaðinu hefur valdið töluverðum misskilningi. Menn reka upp stór augu og segja: Getur það verið að þetta sé svona, að nú sé bara skylduaðild félaga alfarið bönnuð? En það er ekki og þess vegna hef ég rætt þetta hér, að ég vil reyna að tryggja það að ekki verði um þetta einhver verulegur misskilningur.

[16:24]

Flm. (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að misskilningnum sé nú eytt. Aðalatriðið er það sem segir í 2. málsl. þessarar málsgreinar, að til þess að skylda megi menn til aðildar að félagi verður að liggja fyrir í lögum ákvörðun löggjafans um það atriði, en þó þannig að hlutverkið sé tiltekið í lögunum og það sé annaðhvort í almannaþágu eða vegna réttinda annarra. Annaðhvort vegna almannahagsmuna eða vegna réttinda annarra. Þetta held ég að sé alveg skýrt. Það verður að liggja fyrir af hálfu löggjafans að hann feli einhverju tilteknu félagi slíkt hlutverk.

[16:25]

Ragnar Arnalds *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get ekki annað en tekið undir það sem hv. þm. sagði hér. Það er alveg hárrétt sem hann sagði, að þannig er það að þetta þarf fyrst og fremst að vera skilgreint í lögum. Ég vildi bara fá að bæta því við til skýringar að meginbreytingin frá núverandi löggjöf yrði þá sú að það væri skýrt tekið fram í stjórnarskránni að það væri ekki hægt að skylda menn til aðildar að félagi með t.d. útgáfu reglugerðar af hálfu ráðherra. Það hefur hins vegar komið fyrir og það var einmitt það sem gerðist í hinu fræga Framamáli, sem var vísað til Mannréttindadómstólsins, að skylduaðildin byggðist á reglugerðarákvæði. Það var reyndar fleira sem þar kom við sögu að sjálfsögðu, málið var flóknara en það. En ég vildi fyrst og fremst koma því á framfæri að ég skil málið þannig að þessi skilgreining á skylduaðild felur það í sér að það er ekki lengur hægt að leyfa eða kveða á um skylduaðild að félagi eingöngu í reglugerð heldur verður Alþingi að fjalla um það með lögum og skilgreina til hvers það er gert og hvert er hlutverk lagasetningarinnar.

[16:26]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Frá því að sögur hófust eru þekkt dæmi um fólk sem ekki sættir sig við valdníðslu, ríkjandi gildismat og þær skorður sem lög og reglur settu mannlífinu. Þrællinn Spartakus, Jesús frá Nazaret, Jóhanna af Örk, Jóhann Húss og fleiri og fleiri fyrr á öldum gerðust boðberar nýrra hugmynda eða foringjar þeirra sem mótmæltu og urðu að gjalda fyrir með lífi sínu.

Það var ekki fyrr en á síðari hluta 17. aldar og í upphafi hinnar 18. sem andans menn og heimspekingar í Englandi og Frakklandi settu á blað nýjan skilning á uppruna valdsins og rétti einstaklinganna. Skilning sem átti nokkra samsvörun við hugmyndir hinna fornu Grikkja í Aþenu. Það var svo komið í Evrópu að konungar, keisarar, aðall og klerkar, sem þóttust hafa vald sitt frá guði, höfðu sölsað undir sig miklar eignir sem sumar hverjar höfðu áður talist til almenninga. Þeir réðu skattlagningu, dómstólum og löggjöf, nutu skattfrelsis og höfðu forgang til allra embætta og menntunar. Forréttindaaðallinn hafi vald til að senda blóma ungra karlmanna í hverja styrjöldina á fætur annarri þar sem gífurlegt mannfall átti sér stað vegna fáránlegrar herstjórnar sem ekkert tillit tók til nýrra vopna og mannslífa. Þeir sem í Frakklandi kölluðust fyrsta og önnur stétt lifðu í vellystingum praktuglega og stóðu öllum framförum fyrir þrifum. Almenningur var réttindalaus og gamalgróin þing sem rætur áttu að rekja til miðalda voru nánast valdalaus. Réttur einstaklinganna til að tjá skoðanir sem ekki féllu valdhöfum í geð var lítill sem enginn, hvort sem í hlut áttu kirkja eða konungar. Menn gátu ekki sótt rétt sinn fyrir dómstólum, allt vald var í höndum þeirra sem ríktu í krafti arfs og titla í skjóli hervalds. Pyndingum og líflátum var miskunnarlaust beitt, jafnt gegn eigin þegnum sem svokölluðum óvinum.

Styrjaldir, skattpíning, ríkisskuldir og misrétti skapaði smátt og smátt þá óánægju og valdabaráttu sem leiddi til aftöku Karls konungs I. í Englandi árið 1649. Í kjölfar hennar og þess umróts sem á eftir fylgdi setti heimspekingurinn John Locke fram hugmyndir sínar um náttúruréttinn, rétt hvers manns til frelsis, lífs og eigna sem felur í sér takmörkun á rétti valdhafa til að ráðskast með einstaklingana. Franski heimspekingurinn Montesquieu benti á hættuna sem fylgt getur samþjöppun ríkisvaldsins og hann setti fram kenninguna um þrígreiningu ríkisvaldsins í framkvæmdarvald, löggjafarvald og dómsvald þar sem hvert valdsvið hefði eftirlit með öðru og tryggði þannig að vald væri ekki misnotað í þágu ákveðinna hópa. Loks setti Frakkinn Rousseau fram hugmyndina um þjóðfélagssáttmálann sem segir að í gildi sé óskráður sáttmáli milli stjórnvalda og fólksins. Valdið kemur frá fólkinu og almannahagur skal hafður að leiðarljósi við stjórnun samfélagsins. Brjóti stjórnendur sáttmálann sé það réttur þjóðarinnar að losa sig við vonda stjórnendur eða hinn svokallaði uppreisnarréttur, „usus rebellionis“. Hér má bæta við hugmynd enska heimspekingsins Bent-

hams þess efnis að hlutverk löggjafans sé að tryggja sem mesta hamingju fyrir sem flesta einstaklinga.

Allar þessar hugmyndir eru skjalfestar í sjálfstæðisyfirlýsingu Bandaríkjanna frá 1776 og stjórnarskránni sem fylgdi í kjölfarið, svo og yfirlýsingum og stjórnarskrám frönsku byltingarinnar frá tímabilinu 1789–1793. Allir menn eru bornir frjálsir og þeir skulu njóta skilgreindra mannréttinda er inntak þessara merku yfirlýsinga sem samdar voru fyrir rúmum 200 árum og stjórnarskrár og mannréttindasáttmálar nútímans byggjast á.

En mannréttindaskilningurinn var sérkennilegur, bæði í Bandaríkjunum og Frakklandi á þessum miklu umrótatímum eins og reyndar bæði fyrr og síðar. Hver taldist maður og hverjir áttu að njóta réttinda? Bandaríkin voru þrælasamfélag og á meðan verið var að semja stjórnarskrána var hart deilt um það hvort þrælarnir skyldu taldir til íbúa hins nýja ríkis. Það skipti miklu máli vegna skiptingar þingsæta í fulltrúadeildinni á milli fylkja. Mannréttindin voru fyrst og fremst bundin við hvíta karlmenn sem áttu eignir. Fátæklingar og konur nutu takmarkaðra réttinda, mannréttindi komu þeim lítið við og tók næstu 150 árin að leiðrétta þann skilning. Í Frakklandi var gengið lengra. Þar náðu mannréttindi til meginþorra karlmanna, en þegar kvennahreyfing frönsku byltingarinnar setti fram mannréttindayfirlýsingu kvenna 1791 voru forustukonurnar handteknar og settar undir fallöxina.

Þessar gömlu stjórnarskrár og sú uppreisn sem í þeim fólst gegn ríkjandi þjóðfélagskerfum markaði tímamót í sögu Vesturlanda. En gagnvart einstaklingunum sem þau áttu að verja höfðu þær mismunandi merkingu. Þær reyndust þó síðar meir þau vopn sem dugðu í mannréttindabaráttu jafnt svartra manna sem kvenna og hinna fátæku. Þannig geta stjórnarskrár verið innantóm orð ef hugsunin á bak við þær er ekki sú að tryggja rétt allra eða ef samfélagið ræður ekki yfir tækjum til þess að tryggja framkvæmdina.

Í Sovétríkjunum var samþykkt þessi líka fína stjórnarskrá árið 1936 á tíma Stalíns sem í orði tryggði allt milli himins og jarðar en í verki var hún ekki pappírsins virði. Því miður er sömu sögu að segja um mörg ríki heims sem á undanförnum áratugum hafa undirritað mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna, sáttmálann um afnám alls misréttis gegn konum og barnasáttmálann auk mannréttindasáttmála Evrópuráðsins en einmitt þessa dagana vekur virðingarleysi tyrkneskra dómstóla fyrir skoðanafrelsi þingmanna af kúrdískum uppruna hneykslan víða um heim.

Samkvæmt skýrslum Amnesty International eru gróf mannréttindabrot nú framin í 152 ríkjum heims en sem betur fer er Ísland ekki að finna á þeirri skrá.

Virðulegi forseti. Það er erfitt að tímasetja upphaf mannréttindaumræðu á Íslandi og að hvaða marki slíkar hugmyndir voru til umræðu áður en Baldvin Einarsson setti kröfu á blað upp úr 1830 en svo mikið er víst að umrótið í Danmörku 1848 og danska stjórnarskráin, grundloven, sem gekk í gildi 5. júní 1849 kom mikilli hreyfingu á sjálfstæðisbaráttu Íslendinga. Í kjölfarið setti sjálfstæðishreyfingin fram kröfur um að ná hinu þrískipta valdi inn í landið jafnframt kröfum um prentfrelsi og fundafrelsi. Danir höfnuðu kröfum Íslendinga að sinni en þar kom að árið 1874 að Kristján konungur IX. heimsótti landið með stjórnarskrá fyrir Ísland í farteskinu. Þar með kom löggjafarvaldið, fjárveitingavaldið og skattlagningavaldið í landið, reyndar með þeim annmörkum að samþykki konungs þurfti til að lög öðluðust gildi. Í fyrsta sinn var kveðið á um trúfrelsi, prentfrelsi og ýmis önnur mannréttindi í íslenskum lögum, mannréttindi í anda bandarísku og frönsku stjórnarskrárinnar.

Það hefur eflaust verið hátíðleg stund á Þingvöllum þegar stjórnarskráin var kynnt 1874 rétt eins og það var hátíðlegt í rigningunni 1944 þegar henni var breytt í þá veru að afnema með öllu áhrif hins danska konungsvalds sem hér hafði ríkt um aldir. Eins var það hátíðleg stund 17. júní í sumar, rétt eftir að svanirnir flugu sitt oddaflug yfir völlunum við Öxará, að samþykkja endurskoðun á mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar sem flest hver hafa staðið óbreytt frá því að Kristján konungur IX. kom með „frelsisskrá í föðurhendi" eins og þjóðskáldið Matthías Jochumsson komst að orði í kvæði af því tilefni.

Virðulegi forseti. Endurskoðuninni er nú lokið að öðru leyti en því sem kann að gerast í stjórnarskrárnefnd Alþingis og ég hygg að við sem komið höfum að verkinu séum harla ánægð. Ég get tekið undir með 1. flm. frv. til stjórnarskipunarlaga á þskj. 389 sem sagði að þetta frv. yrði sennilega með merkari málum þessa kjörtímabils. Með þeim breytingum sem hér eru lagðar til er verið að treysta stöðu einstaklinganna gagnvart valdhöfum, það er verið að binda í lög reglur sem gilt hafa í raun og það er verið að leiða í lög ný ákvæði í samræmi við þá alþjóðlegu mannréttindasáttmála sem við erum aðilar að. Ég vil nú gera grein fyrir þeim nýmælum sem ég tel einna merkust í þeim breytingum sem lagðar eru til á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, en frsm. gerði ítarlega grein fyrir þeim breytingum sem frv. felur í sér.

Ég vil þá fyrst nefna 1. gr. þessa frv. þar sem kveðið er á um trúfrelsi og verið að færa þessa grein til nútímahorfs í samræmi við það sem gerst hefur í trúarmálum á undanförnum árum.

Í 2. gr. er kveðið á um það að enginn megi neins í missa af borgaralegum og þjóðlegum réttindum fyrir sakir trúarbragða sinna né heldur megi nokkur fyrir þá sök skorast undan þegnskyldu. Ég hef nokkuð velt því fyrir mér, virðulegi forseti, hvað þetta þýðir og hvað menn eiga við með þegnskyldu en eftir því sem ég best veit er ekki mikið um það að Íslendingar séu kallaðir til til að sinna þegnskyldu. Ég held að nefndin þurfi aðeins að velta fyrir sér hvað í þessu felst.

Í sömu grein er ákvæði sem haldið er í stjórnarskránni þess efnis að þeir sem eru utan trúfélaga skuli greiða gjald til Háskóla Íslands. Þetta ákvæði er auðvitað barn síns tíma og nefndin þarf að velta því fyrir sér hvort það beri að gera einhverja breytingu á þessu ákvæði. En mikilvægasta grein þessa frv. er 3. gr. þar sem kveðið er á um að allir skulu vera jafnir fyrir lögum án tillits til kynferðis o.s.frv. Hér þarf

einnig að athuga hvort það beri að telja upp fleiri atriði, en vegna þess sem fram kom í máli hv. þm. Ragnars Arnalds þegar hann nefndi fötlun þá eru ákaflega skiptar skoðanir um það meðal þeirra sem sinna málefnum fatlaðra hvort það sé rétt að vera að telja þá sérstaklega með, hvort þeir eru ekki einfaldlega meðal allra þeirra sem skuli vera jafnir fyrir lögum. Ég lít svo á að þessi grein kveði á um jafnan rétt og hún feli ekki sér að einhvers konar jákvæð mismunun, eins og það hefur verið kallað, sé bönnuð, þ.e. ákvæði sem kveða á um það að jöfnum rétti skuli náð.

Ég vil þá víkja aðeins að 6. gr. frv. Hér í milli er kveðið á um rétt manna sem sviptir eru frelsi og hvernig með þau mál skuli farið. Vil ég reyndar nefna að í 5. gr. er nýtt ákvæði sem kveður á um að hafi menn verið sviptir frelsi að ósekju skuli þeir eiga rétt til skaðabóta.

Í 6. gr. er um mjög mikilvæg atriði að ræða þar sem verið er að vísa til ómannúðlegrar eða vanvirðandi meðferðar eða refsingar og ég lít svo á að í þessari grein felist m.a. hvers kyns bann við pyndingum. Svo og er kveðið á um bann við nauðungarvinnu. Þessi ákvæði eru í samræmi við alþjóðlega sáttmála.

Í 7. gr. er vert að nefna það, sem ég vil lýsa sérstakri ánægju yfir og ég held að verði okkur Íslendingum til mikils sóma, að kveðið er á um það að í lögum má aldrei mæla fyrir um dauðarefsingu. Ég vil geta þess hér að fyrir tilviljun lenti ég á fundi úti í garði í Bandaríkjunum þar sem hópur fólks var að ræða aðgerðir til þess að afnema dauðarefsingu í Pennsylvaníufylki í Bandaríkjunum en dauðarefsingar eru þar afar umdeilt mál. Þegar ég sagði þeim að dauðarefsingu hefði ekki verið beitt á Íslandi frá 1830 þá vakti það mikla athygli og menn sögðu að þarna væri greinilega siðmenntuð þjóð á ferð. Ég held að þetta ákvæði í íslensku stjórnarskránni geti reynst öðrum stuðningur í baráttu gegn dauðarefsingu.

Varðandi 9. gr. vil ég taka undir það sem fram kom í máli frsm. að hér er um mjög mikilvæga grein að ræða þar sem kveðið er á um friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu en það sem segir síðar í greininni felur í sér að ekki er allt leyfilegt innan veggja heimilisins og að með sérstökum lagaheimildum er heimilt að grípa inn í ef verið er að brjóta réttindi á öðrum.

Þá er að nefna 11. gr. þar sem kveðið er á um skoðanafrelsi og tjáningarfrelsi. Þar er jafnframt um takmarkandi ákvæði að ræða sem felur það í sér að löggjafinn getur gripið inn í ef um háttsemi er að ræða sem brýtur í bága við siðgæði eða annað sem mönnum líkar illa. Þetta ákvæði minnir okkur á umræðu sem átti sér stað úti í Svíþjóð þar sem menn sögðu að ákvæði sænsku stjórnarskrárinnar kæmu í veg fyrir að hægt væri að banna barnaklám og ofbeldismyndir sem sannanlega væru samfélaginu skaðlegar.

Ég ætla ekki að fara út í umræðu um félagafrelsið. Ég hygg að menn muni þurfa að skoða þá grein mjög vandlega og hvort við höfum fundið hið rétta orðalag en ég held að það hafi verið nauðsynlegt að kveða á um þetta í íslenskum lögum í samræmi við alþjóðlega sáttmála og hér sé verið að fara þá leið að þau félög sem hafa lögmæltu hlutverki að gegna geti skyldað þá sem undir þau heyra til aðildar.

Í 14. gr. er líka afar merkilegt ákvæði sem ég hygg að sé ekki að finna í mörgum stjórnarskrám en á rætur að rekja til barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Ég held einmitt að það sé mjög mikilvægt og merkilegt að í íslensku stjórnarskránni skuli vera minnst sérstaklega á börn og réttindi barna, en þar segir, með leyfi forseta: „Börnum skal tryggð í lögum sú vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst.“ Á grundvelli þessa ætti að vera hægt að búa vel að börnum en auk þessa höfum við samþykkt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Virðulegi forseti. Að lokum vil ég taka undir það sem hér hefur komið fram að það eru einstök atriði í þessu frv. sem nefndin þarf að skoða sérstaklega. Jafnframt tek ég undir að það er nauðsynlegt að þetta frv. fái ítarlega og góða umfjöllun úti í þjóðfélaginu. Það er ástæðan fyrir því að þeir sem unnu að frv. reyndu að hraða þeirri vinnu svo sem kostur er til þess að unnt mætti vera að koma málinu til umræðu út í þjóðfélagið.

Það eru ýmis ákvæði önnur í stjórnarskránni sem vert hefði verið að athuga og ég nefni þar sérstaklega ákvæði um þjóðaratkvæði og jafnframt vil ég minnast á þær tvær greinar sem ákveðið var að gera tillögu um að fella út úr stjórnarskránni. Ég hef ekki sömu skoðun á þessum málum. Mér finnst viss missir að 78. gr. þar sem kveðið er á um sérréttindi. Þó 3. gr. nái yfir þetta þá er það skemmtilegt í íslenskum lögum að kveðið skuli á um að sérréttindi séu bönnuð og er nú forvitnilegt gagnvart öðrum þjóðum sem tíðka mjög titlatog og ýmis heiti á mönnum sem eiga sér gamlar rætur en það verður að teljast afar ólíklegt að nokkrum manni skuli detta í hug að leiða slíkt í lög hér að taka upp hertogadæmi eða greifadæmi eða eitthvað slíkt þannig að ég held að 3. gr. nái yfir þetta. Hins vegar er ég afar fylgjandi því og vann reyndar mjög að því að fella niður 75. gr. um að sérhver vopnfær maður sé skyldur til þess að taka þátt í vörn landsins eftir því sem nákvæmar kann að vera mælt fyrir um með lögum. Ég tel þessa grein úrelta og að hún eigi ekki við þar sem um vopnlausa þjóð er að ræða. Jafnframt hef ég ýmsar efasemdir varðandi þetta mál þar sem ýmsar þjóðir hafa verið að leiða í lög réttindi manna til þess að víkja frá herskyldu, m.a. af trúarástæðum eða samviskuástæðum. Ég held að það sé okkur til sóma að afnema þetta þó að, eins og fram kemur í greinargerð, ekkert mæli gegn því að ef nauðsyn krefur þá yrði hægt að koma upp einhvers konar vörnum en þessi grein er ekki í samræmi við nútímavopnabúnað.

Að lokum, virðulegi forseti, vil ég segja það að ég tel að hér sé um afar mikilvæga og merkilega löggjöf að ræða. Það er von mín að það náist góð samstaða um afgreiðslu málsins fyrir þinglok því að nái þessar breytingar á stjórnarskránni fram að ganga þá felst í þeim merk réttarbót sem tryggir mannréttindi betur en áður og færir samfélag okkar nær stjórnarháttum sem fela í sér jafnan rétt þjóðfélagsþegnanna.

Útbýting þingskjals:
Löggjöf um aðgang almennings að upplýsingum hjá stjórnvöldum, 310. mál, skýrsla forsrh., þskj. 433.

[16:47]

Jóhanna Sigurðardóttir:
Virðulegi forseti. Það er ástæða til þess að fagna því að komið er fram frv. um breytingar á mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar og þar með framfylgt þeirri ályktun Alþingis frá 17. júní sl. að ljúka endurskoðun á VII. kafla stjórnarskrárinnar á þessu þingi. Frv. er að vísu seint fram komið þannig að lítill tími gefst til umfjöllunar um það ef ljúka á þingi nú í febrúarmánuði nk. En það er alveg ljóst af ákvæðum þessa frv. að það er mikið fagnaðarefni að tekið er á ýmsum mikilvægum og brýnum þáttum í mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar sem fyrir löngu var orðið tímabært að taka á.

Það er mjög mikilvægt, eins og hér hefur reyndar fram komið, að ýmsum aðilum í þjóðfélaginu gefist kostur á að tjá sig um ákvæði þessa mikilvæga frv. og gefa álit á því en vonandi tekst það á þeim tíma sem eftir lifir af þinginu. Ég hef ekki átt þess kost að koma að undirbúningi þessa máls og er að sjá þessar tillögur núna í fyrsta sinn eftir umfjöllun formanna þingflokkanna um málið og umræður í þingflokkunum. Ég vil því bíða með að tjá mig í heild efnislega um einstök ákvæði þessa frv. þar til við 2. umr. en mun koma þeirri ósk á framfæri að ég fái aðild sem áheyrnarfulltrúi að þeirri nefnd sem fær þetta mikilvæga mál til skoðunar og umfjöllunar. Ég vil þó nefna örfá atriði við þessa umræðu. Ég tel mjög mikilvægt, eins og reyndar bent er á í greinargerð með frv., að við endurskoðun á mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar sé höfð hliðsjón af þeim alþjóðlegu sáttmálum til verndar mannréttindum sem Íslendingar hafa gerst aðilar að og má þar nefna alþjóðlega mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna, svo sem alþjóðasamning um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi, samning um réttindi barna, samning um afnám allrar mismununar gagnvart konum, samning um afnám kynþáttamisréttis og samning um bann við misþyrmingu fólks og mannréttindasáttmála Evrópu og barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Ég hef ekki haft tök á að bera saman þessa alþjóðlegu sáttmála til verndar mannréttindum sem við erum aðilar að við þessi ákvæði frv. en ég tel mjög mikilvægt að bæði mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar og löggjöf verði aðlöguð að þeim sáttmálum.

Ég vil líka taka undir það sem reyndar kom fram hjá hv. 3. þm. Norðurl. v. að ég hefði viljað sjá fleiri ákvæði í þessu frv. til stjórnskipunarlaga og get tekið undir ýmislegt sem hann nefndi en vil þó sérstaklega taka undir að það hefði verið rétt að fella undir þessi mannréttindaákvæði aukinn rétt fólks til þjóðaratkvæðagreiðslu í mikilvægum málum eins og nefndin frá 1982 gerði reyndar tillögu um.

Á þeim stutta tíma sem ég hef haft til þess að skoða þetta frv. þá sýnist mér að sum af þessum atriðum þurfi nánari skoðunar við og mér finnst það reyndar hafa komið fram hjá flm. sjálfum að það þurfi að skoða ýmis ákvæði nánar, t.d. í 3. gr. frv. sem ég tel mjög mikilvæga. Mér finnst reyndar sum ákvæðin mjög opin og segja lítið en ég vil þó taka fram að ég tel mjög til bóta hve ítarlegar lögskýringar fylgja með hverri grein fyrir sig til að átta sig á hvað að baki býr í knöppum lagatextanum sjálfum sem ég tel í sumum tilvikum mjög ófullnægjandi. Ég vil aðeins fjalla um tvær eða þrjár greinar þessa frv. við þessa umræðu og ég nefni 3. gr. Þar er um eitt mikilvægasta ákvæði þessa frv. að ræða sem, og get tekið undir það með síðasta hv. ræðumanni, að ég tel verulega skorta á að hún sé fullnægjandi eða nægilega skýr.

Ég nefni í fyrsta lagi að ég sakna þess að í þessu ákvæði sem kveður á um jafnan rétt allra fyrir lögum án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernis, uppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags og ætternis skuli ekki einnig vera tiltekin fötlun í upptalningunni, eins og sumir hafa reyndar komið inn á, og jafnvel aldur og sumir hafa einnig nefnt búsetu. Þetta eru atriði sem mér finnst að þurfi að skoða frekar.

Þeir sem hér hafa tjáð sig telja að um skiptar skoðanir sé að ræða hjá samtökum fatlaðra um þetta efni hvort yfirleitt þurfi að taka þetta sérstaklega fram í stjórnarskránni. Ég hef ekki heyrt annað en samtök fatlaðra séu þessu mjög hlynnt og ég er reydnar með ályktun frá fulltrúaráðsfundi Landssamtakanna Þroskahjálpar sem var haldinn í septembermánuði sl. en þar segir, með leyfi forseta:

„Í ályktuninni um mannréttindi er skorað á Alþingi að tryggja með afgerandi hætti mannréttindi fatlaðra til jafns við aðra þegar mannréttindaákvæði íslensku stjórnarskrárinnar verða endurskoðuð."

Það má vera, eins og hér hefur komið fram, að um þetta séu skiptar skoðanir en ég fyrir mitt leyti tel mjög mikilvægt að þetta komi inn. Þó að tiltekin séu í 3. gr. orðin „stöðu að öðru leyti" og tekið fram í skýringum við greinina að undir það geti fallið bæði heilsufar og líkamlegt ástand þá eru þó atriðin sem helst er lögð áhersla á tekin fram í upptalningunni. Ég tel að jafnrétti fatlaðra á við ófatlaða í þjóðfélaginu eins og kostur er sé grundvallaratriði sem ég tel tvímælalaust að eigi einnig að vera tryggt í stjórnarskránni með eigi minni rökum en önnur þau tilvik sem sérstaklega eru tiltekin í 3. gr. frv.

Þá vil ég koma að ákvæðum um jafnrétti kynjanna sem ég tel vægast sagt mjög rýr og tel að það þurfi mun meira vægi í mannréttindakafla stjórnarskrárinnar en hér er lagt til. Við þekkjum það vel að þrátt fyrir að lög eftir lög hafi verið sett á umliðnum áratugum um jafnrétti kynjanna þá eru jafnréttislögin langt frá því að vera virt og í rauninni þverbrotin í gegnum árin. Því tel ég mikilvægt að tryggja með afgerandi og öruggari hætti en hér er gert þau grundvallarmannréttindi sem eru jafnrétti kynjanna. Í frv. stendur einungis að allir skuli jafnir fyrir lögum án tillits til kynferðis. Hvað segir þetta? Ég býst við að flestir geti sagt að jafnrétti kynjanna sé bærilega tryggt í lögum en það sem á skortir er að því sé fylgt í framkvæmd. Ákvæði í alþjóðasamningi um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi eru miklu markvissari en þar segir í 3. gr.:

„Ríki þau sem aðilar eru að samningi þessum takast á hendur að ábyrgjast jöfn réttindi til handa körlum og konum til þess að njóta allra þeirra borgaralegu og stjórnmálalegu réttinda sem sett eru fram í samningi þessum."

Reyndar má líka benda á samninginn um afnám allrar mismununar gagnvart konum sem við erum aðilar að. Með tilliti til þeirra ákvæða sem þar koma fram þar sem m.a. er kveðið á um að setja grundvallarregluna um jafnrétti kvenna og karla í stjórnarskrána og það sé tryggt þá tel því ekki fullnægt með ákvæði eins og því birtist í 3. gr.

Varðandi mannréttindasáttmála Evrópu sem við höfum lögbundið vantar skýr ákvæði um jafnrétti kynjanna. Að því er þó unnið að setja slík ákvæði inn í þann sáttmála en ákvæðin um það sem nú eru til umfjöllunar kveða á um að yfirvöld skuli grípa til aðgerða til að tryggja raunverulegt jafnrétti karla og kvenna og að réttur karla og kvenna til jafnréttis verði tryggður á öllum sviðum þjóðlífsins. Ég tel því að þetta ákvæði þurfi að fá ítarlega umfjöllun og vildi sjá þar breytingu sem kveði á um skyldu stjórnvalda til að ábyrgjast jöfn réttindi karla og kvenna sem bundin eru í íslenskum lögum og það komi skýrar fram en hér er gert að konur og karlar eigi jafnan rétt á öllum sviðum. Ég tel að þetta sé langt frá því að vera fullnægjandi eins og það er sett í þessa grein frv. og vænti að það fái ítarlega skoðun og umfjöllun í nefnd.

Ég vil aðeins víkja að 14. gr. frv. sem er mjög mikilvæg og kveður á um félagsleg réttindi. Þar er upp talið í hvaða tilvikum allir sem þess þurfi eigi rétt á aðstoð. Tilvik sem nefnd eru eru sjúkleiki, örorka, elli, atvinnuleysi og sambærileg tilvik. Hér virðist vera um tæmandi upptalningu að ræða ef undan er skilið að bætt er inn ákvæði þar sem stendur: „og sambærilegra atvika eftir því sem nánar er ákveðið í lögum." Í núgildandi ákvæði stjórnarskrárinnar er sérstakt ákvæði vegna þeirra sem ekki geta séð fyrir sér og sínum eins og það er orðað, en í skýringu um þessa grein í frv. er einmitt vitnað til þessa ákvæðis í 70. gr. stjórnarskrárinnar og sagt að ákvæði 14. gr. frv. svari að nokkru til núgildandi reglu í 70. gr. stjórnarskrárinnar. Þessi grein frv. er vissulega ítarlegri því að það eru tilteknar hvers konar ástæður þurfi að vera fyrir hendi til að njóta aðstoðar og því er erfitt að sjá af hverju ákvæði um framfærsluaðstoð eru ekki með í upptalningunni eins og það birtist í frv. Mér finnst skýringin sem gefin er um þessa grein um margt mjög óljós og tel að með tilvikum sem sérstaklega eru upp talin eins og sjúkleiki, örorka, elli og atvinnuleysi eigi að bæta inn í framfærsluaðstoð eða framfærsluþörf eða hvaða orð menn vilja nota til þess að ná utan um þennan mikilvæga þátt málsins sem ég tel mjög slæmt að falli út og tel að þetta sé ákvæði sem þurfi að skoða mun betur.

Í 14. gr. þar sem kveðið er á um aðstoð vegna sjúkleika, örorku o.s.frv. þá verður að segja að lokaorð greinarinnar gera þau nokkuð bitlaus og sama gildir um 2. mgr. um menntun því að hnýtt er aftan við það „eftir því sem er nánar ákveðið í lögum." Þannig er hægt að draga til baka aðstoð vegna sjúkleika, örorku, elli eða atvinnuleysis í almennum lögum. Miklu eðlilegra væri að segja að þetta skuli tryggt í lögum og þannig yrði greinin miklu markvissari ef fram kæmi að allir sem þess þurfa skuli eiga rétt á aðstoð vegna sjúkleika, örorku, elli, atvinnuleysis og þá framfærsluþarfar eins og ég nefndi og sambærilegra atvika og skal það tryggt í lögum. Skal það tryggt í lögum er miklu skýrara en eins og hér kemur fram „eftir því sem er nánar ákveðið í lögum." Og þetta á reyndar einnig við um 2. mgr. varðandi menntun.

En ég tel ástæðu til þess að fagna sérstaklega ákvæðinu í 3. mgr. 14. gr. sem kveður á um að börnum skuli tryggð í lögum sú vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst og er þessi grein mun afdráttarlausari og skýrari en hinar tvær málsgreinarnar varðandi menntun og félagslega aðstoð og ég tel að þetta sé með merkustum nýmælum í þessu frv. til stjórnarskipunarlaga.

Ég tel ekki ástæðu til þess að fjalla frekar um þetta. Ég ætlaði að fara nokkuð inn á ákvæðin um félagafrelsi en það hefur verið gert skýrt með hvaða hætti það er hugsað hér og tel ekki ástæðu til þess að eyða tíma í það. Þetta verður væntanlega skoðað í nefnd og fjallað um þetta aftur við 2. umr. En eins og ég sagði í upphafi míns máls hefur mér ekki gefist nægur tími til að fara ítarlega yfir frv. þannig að ég mun geyma mér að fjalla um önnur ákvæði þar til við 2. umr. málsins en ég mun eins og ég sagði áður óska eftir að fá áheyrnaraðild að þeirri sérnefnd sem fjallar um þetta frv.

[17:00]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég ákvað að biðja um orðið fyrst og fremst vegna þess að mér hefur verið þetta mál nokkuð hugleikið lengi en ekki vegna þess að ég hefði neinar athugasemdir að gera við það sem þeir hv. þingmenn hafa sagt sem hér hafa talað og get ég í meginatriðum tekið undir það sem fram kom í þeirra máli, ekki síst í máli hv. 3. þm. Norðurl. v. og þeirra útskýringa sem hann hafði hér uppi.

Það sem ég vil aðeins drepa á eru örfá atriði og þá fyrst að ég vildi gjarnan halda því til haga vegna þess að það hefur ekki verið nefnt hér til þessa að ein myndarlegasta atlagan að endurskoðun stjórnarskrárinnar sem ég tel að hafi verið unnin er sú endurskoðun sem birtist í starfi stjórnarskrárnefndar þeirrar sem var undir forustu Gunnars heitins Thoroddsens, fyrrv. hæstv. forsrh., sem birtist Alþingi í skýrslu sem lögð var fyrir 1983 í ársbyrjun að mig minnir og mér finnst engin ástæða til þess að slá striki yfir. Mér finnst nauðsynlegt að halda því til haga sem vel er gert. Þar var afskaplega vel á málum haldið og myndarlega og það er satt að segja ekki þannig að það sé ástæða til að vera sérstaklega stoltur yfir þessari sögu allri síðan því þar var verulegt tilhlaup gert til þess að endurskoða stjórnarskrána með mjög myndarlegum og afgerandi hætti.

Í annan stað vil ég nefna það og vil biðja hv. nefnd sem fær þetta til meðferðar að íhuga eitt atriði sem er satt að segja óskylt þessu máli og ég hef velt fyrir mér

og hafði ég rætt það aðeins við hv. 2. þm. Norðurl. v. að flytja um það sjálfstætt frv. en það lýtur að ákvæðum stjórnarskrárinnar um yfirskoðunarmenn ríkisreikninga. Það segir í stjórnarskránni að þeir skuli kosnir til eins árs í senn eða á hverju þingi. Ég held að þetta séu úrelt ákvæði og það sé eðlilegra að kveða á um það að með ríkisreikninginn fari eftir ákvæðum í sérstökum lögum og að þetta mál sé einfaldlega flutt inn í almenn lög, lögin um Ríkisendurskoðun t.d. og að einhverju leyti lögin um þingsköp Alþingis, þar sem kveðið verði á um það með hvaða hætti farið verði með ríkisreikninginn í þessari virðulegu stofnun, hvort sem það er á vegum forsætisnefndar eða fagnefnda eða sérstakrar nefndar sem mundi fjalla um það mál og gæti þá e.t.v. líka fjallað um stjórnarskrármál þegar þau koma upp á hverjum tíma því að það líður aldrei svo þing að ekki sé flutt tillaga um breytingar á stjórnarskránni þó að þær nái yfirleitt ekki fram að ganga nema í örfáum tilvikum. Ég vil því nefna hvort ekki er hugsanlegt að hv. sérnefnd um stjórnarskrármálið fjalli um þetta atriði varðandi yfirskoðunarmenn ríkisreikninga því að eins og þetta ákvæði er núna þá þjónar það ekki tilgangi að mínu mati og ég teldi líka að það væri skynsamlegt að leyfa því að fljóta með í svona endurskoðun. Ég tel að þetta ákvæði hafi gleymst við stjórnarskrárendurskoðanir undanfarinna ára, jafnvel áratuga, en ekki það að menn hafi með ráðnum hug ákveðið að halda þessu ákvæði inni óbreyttu. Þetta vildi ég hér nefna í öðru lagi.

Í þriðja lagi langar mig svo til að fara yfir nokkrar greinar í frv. og lýsa skoðun minni á þeim og ég vil sérstaklega nefna hér 9. gr. varðandi breytingu á 71. gr. þar sem tekið er með sérstökum hætti á málum er lúta að misbeitingu valds á heimilum. Ég tel að það sé mjög mikilvægt atriði að það skuli koma fram í lagafrv. og koma fram í greinargerð frv. og koma fram með þeim hætti sem það gerði áðan í framsöguræðu hv. 8. þm. Reykv. Ég tel mikilvægt að taka undir það að ég tel að þau ákvæði séu til fyrirmyndar og í raun og veru skipti miklu meira máli en menn kannski í fljótu bragði átta sig á þegar allt kemur til alls.

Í öðru lagi langaði mig hér til að gera að umtalsefni sérstaklega 11. gr., þ.e. prentfrelsis- og tjáningarfrelsisgreinina. Og ég vil þakka fyrir greinargerðina, bæði greinina sjálfa og svo greinargerðina um þann texta. Ég verð að segja það um greinargerðina að ég kann vel að meta nákvæma greinargerð í svona máli. Ég tel að það hefði komið til greina að vera hér með nokkuð lengri ræðutíma til þess að menn hefðu getað farið mjög rækilega yfir þessa greinargerð vegna þess að í henni koma mjög víða fram skoðanir og ábendingar. Ég hef ekki rekist á neitt sem ég er ósammála í sjálfu sér en mér finnst greinargerðin vera til fyrirmyndar og hún vera með þeim hætti að hún hefði verðskuldað ítarlega umræðu í þessari virðulegu stofnun.

Að því er varðar 11. gr. er verið að útvíkka hugtakið prentfrelsi sem er bara einn angi af tjáningarfrelsinu og í 11. gr., væntanlegri 73. gr., er verið að taka á tjáningarfrelsi í heild og ég tel að það sé fagnaðarefni hvernig á þessu máli er tekið.

Spurningin er þá sú, hæstv. forseti, hvað um þær reglur og þær greinar í lögum sem gilda um þessi mál? Standast þær í öllum tilvikum ákvæði þessarar greinar? Hefur það verið kannað sérstaklega hvort ákvæði hegningarlaga, t.d. um meiðyrði, t.d. um aðdróttanir að opinberum starfsmönnum, t.d. 108. gr. hegningarlaganna standist eftir að þetta væri orðið stjórnarskrárákvæði sem talað er um í þessari grein? Ég vil fara fram á það við hv. þingnefnd að það verði kannað hvort það er öruggt að þessi ákvæði, sem hér eru á ferðinni, eru ekki á þann veg að þau kalli óhjákvæmilega á endurskoðun þeirra ákvæða hegningarlaga sem lúta að tjáningarfrelsi og takmörkun á tjáningarfrelsi. Ég tel að það sé mjög mikilvægt að menn geri sér grein fyrir því sem fram kemur hér í greinargerðinni að þær takmarkanir á tjáningarfrelsi sem gera má samkvæmt textanum eru með þeim hætti að þær má aldrei gera nema þær séu í þágu skilgreindra markmiða. Það má gera það í þágu allsherjarreglu eða öryggis ríkisins. Það má gera það til verndar heilsu eða siðgæði manna eða vegna réttinda eða mannorðs annarra. Og það er nákvæmlega farið yfir það í greinargerð frv. hvernig þessa texta beri að skilja og ég tel út af fyrir sig að það séu ágætar útskýringar þó að ég hefði gjarnan í þessu tilviki viljað fá aðeins ítarlegri útskýringar á þessu með hliðsjón af þeim ákvæðum hegningarlaganna sem lúta að tjáningarfrelsinu. Þetta var sem sagt það þriðja. Ég vildi biðja hv. þingnefnd um að skoða þetta atriði sérstaklega.

Enn fremur vil ég í þessum þætti ræðu minnar víkja aðeins að 12. gr., þ.e. verðandi 74. gr. og ég vil gera útskýringar hv. 3. þm. Norðurl. v. í þeim efnum algerlega að mínum varðandi stéttarfélög og stöðu þeirra og orða það þannig. Ég tel ekki að greinin eins og hún er mundi breyta á neinn hátt stöðu stéttarfélaganna frá því sem hún er nú. Og ég held að það sé mjög mikilvægt að þetta liggi fyrir eins og það er reyndar útskýrt mjög rækilega í greinargerð með frv. hér einkum á bls. 39, en þar segir, með leyfi forseta:

„Í 2. mgr. 12. gr. er lagt til að ákvæðið um rétt manna til að standa utan félaga verði sett fram með þeim hætti að í byrjun sé mælt fyrir um þá meginreglu að engan megi skylda til aðildar að félagi, en í kjölfarið verði nefndar tvenns konar undantekningar frá meginreglunni. Samkvæmt orðalagi ákvæðisins yrði heimildin til undantekninga í báðum tilvikum háð þeim skilyrðum að um hana yrði að vera mælt í lögum og skyldan til félagsaðildar yrði að vera nauðsynleg til að viðkomandi félag gæti sinnt hlutverki sem því væri ákveðið með lögum. Að fullnægðum þessum almennu skilyrðum mætti annars vegar skylda mann til aðildar að félagi vegna almannahagsmuna. Viðmiðunin um almannahagsmuni getur óneitanlega virst vera nokkuð teygjanleg. Ástæða er þó til að taka sérstaklega fram að ætlast er til að litið verði á þetta hugtak sem nokkurs konar samnefnara hér fyrir þau atriði sem eru talin upp í 2. mgr. 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu og geta heimilað að vikið verði frá meginreglu þeirrar greinar um félagafrelsi. Hins vegar er ráðgert að

skylda til félagsaðildar geti að fullnægðum fyrrnefndum skilyrðum verið felld á menn vegna réttinda annarra. Með þessu er einkum haft í huga að við ákveðnar aðstæður geta tengsl á milli hagsmuna manna orðið svo náin að nauðsynlegt þyki að leggja skyldu á þá til að virða hagsmuni hvor eða hver annars með því að standa að sameiginlegu félagi í því skyni. Dæmi um þetta má m.a. finna þegar litið er til húsfélaga og veiðifélaga þar sem eigendum fasteignar eða veiðiréttar er gert að standa að sameiginlegu félagi vegna þeirra nánu tengsla sem eru á milli hagsmuna þeirra. Er niðurlagsorðum 2. mgr. 12. gr. frumvarpsins einmitt beint að aðstæðum eins og þessum."

Þessu vildi ég halda hér til haga af minni hálfu við þessa umræðu, hæstv. forseti. En ég vil sérstaklega endurtaka þetta varðandi 108. gr. hegningarlaganna vegna þess að nýlega hefur verið gefið út nefndarálit um það mál.

Fyrir tveimur árum eða svo, held ég, flutti hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson og hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir frv. til laga um að fella niður 108. gr. hegningarlaganna. Og niðurstaðan varð sú að allshn. eða meiri hluti allshn. lagði til, ef ég man rétt, að málinu yrði vísað til ríkisstjórnarinar eða alla vega tók ríkisstjórnin málið upp. Dómsmrh. skipaði nefnd til þess að fjalla um þetta mál sérstaklega og nefndin var undir forustu Ragnhildar Helgadóttur, fyrrv. alþm. og ráðherra. Þessi nefnd hefur nú komist að niðurstöðu um það hvort þessa grein þarf að fella út vegna dómsins í máli Þorgeirs Þorgeirssonar sem féll í Mannréttindadómstóli Evrópu og upp var kveðinn 25. júní 1992. Og spurningin sem þessi nefnd stóð frammi fyrir er sú: Þarf að fella niður 108. gr. vegna dómsins yfir Þorgeiri Þorgeirssyni? Svar nefndarinar er þannig að hún skilar ekki neinu heildaráliti. Nefndin svarar í raun og veru engu. Þar eru skiptar skoðanir um málið. En einn nefndarmaður, Ragnar Aðalsteinsson hæstaréttarlögmaður, kemst að þessari niðurstöðu, með leyfi forseta:

„Því er lagt til að 108. gr. almennra hegningarlaga í heild verði afnumin með þeim rökum að hún sé til þess fallin að takmarka frelsi borgaranna til að tjá sig um málefni sem geta varðað almenning mjög miklu. Hún samræmist ekki þeirri grundvallarreglu að allir skulu jafnir fyrir lögunum og eiga rétt á sömu lagavernd. Þrátt fyrir afnám greinarinnar sé löggæslumönnum og öðrum opinberum starfsmönnum við framkvæmd starfa sinna veitt næg lagavernd."

Hér er í raun og veru uppi grundvallargreiningur í landinu um mjög mikilvægt, lögfræðilegt atriði, þ.e. hvort þessi grein stenst aðild okkar að mannréttindasáttmálanum eða ekki. Og ég held að það sé mjög nauðsynlegt um leið og við afgreiðum breytingar á stjórnarskránni og mannréttindakafla stjórnarskrárinnar að við eyðum óvissu, ef kostur er, að því er þetta atriði varðar. Ég fer fram á það að hv. þingnefnd skoði þetta mál sérstaklega en sú nefnd sem ég talaði um hefur nú nýlega skilað áliti með bréfi sem sent var til hæstv. dómsmrh. fyrir nokkrum dögum og þetta nefndarálit hefur verið sent hygg ég Alþingi til skoðunar með bréfi sem er dags. í dómsmrn. 9. des. 1994. Þetta ákvæði varðandi 108. gr. hegningarlaganna tel ég að þurfi að fjalla um sérstaklega.

Ég vil einnig nefna það, hæstv. forseti, að þetta mál sem við erum með á sér þegar nokkurn aðdraganda í þessari virðulegu stofnun. Þó það komi fyrst til umræðu núna þá hefur það verið lengi hér til meðferðar með einum eða öðrum hætti. Ég leyfi mér að benda á till. til þál. á þinginu 1992 sem við fluttum, ég ásamt hv. þm. Jóni Helgasyni og Kristínu Einarsdóttur, um aðild Alþingis að 50 ára afmæli lýðveldisins þar sem við hvöttum til þess í greinargerð að ákvæði stjórnarskrárinnar önnur en kosningalagaákvæðin yrðu tekin til sérstakrar endurskoðunar í tilefni af 50 ára afmæli lýðveldisins. Og í umræðum um þetta mál í þessari stofnun nefndum við sérstaklega mannréttindaákvæðin þar sem segir svo t.d. í framsöguræðu 1. flm., með leyfi forseta:

„Að við göngum í það verk með myndarlegum hætti með fulltrúum frá öllum flokkum að endurskoða stjórnarskrána í heild, ekki síst mannréttindaákvæði hennar og að við í því skyni látum ekki nægja að setja niður stjórnarskrárnefnd eða framlengja umboð þeirra sem nú situr heldur ákveðum að halda sérstakt stjórnlagaþing sem tekur fyrir stjórnarskrána eina og ekkert annað og tekur ekki kosningalagaþáttinn."

Þetta nefni ég hér, virðulegi forseti, m.a. til þess að halda á lofti svo sem vert er afrekum flm. en líka til þess að vekja athygli á því að hugmyndin um stjórnlagaþing, sem mér sýnist vera hér á dagskránni stundum, það er ekki alveg nýtt að henni sé hreyft og reyndar minnir mig að hv. 2. þm. Vestf., Ólafur Þ. Þórðarson, hafi mjög oft nefnt það mál og flutt um það tillögur í þessari virðulegu stofnun.

Þegar við ræddum þetta mál á sínum tíma, þá tók til máls hv. 2. þm. Reykn., hæstv. forseti Alþingis, og tók undir hugmyndirnar um það að tekið yrði á þessum málum sem lúta að stjórnarskránni sérstaklega, þ.e. mannréttindaþættinum. Hv. þm. Páll Pétursson, 1. þm. Norðurl. v., komst þannig að orði:

„Þrátt fyrir að mér finnist stjórnarskráin góð tel ég réttmætt að leggja nokkra vinnu í endurskoðun hennar eða athugun á því hverju þurfi að breyta. Þar vantar t.d. nútímaleg ákvæði um mannréttindi."

Og í ræðu hv. þm. Kristínar Ástgeirsdóttur sem tók til máls um þetta sagði svo, með leyfi forseta:

„Það verk hefur dregist allt of lengi [þ.e. að endurskoða stjórnarskrána] og þó að margt sé gott í hinni íslensku stjórnarskrá, þá er því ekki að leyna að í hana vantar ýmis mannréttindaákvæði sem betur mætti kveða á um."

Síðan tók til máls í þessari umræðu hæstv. þáv. viðskrh. Jón Sigurðsson sem talaði greinilega þar fyrir hönd Alþfl. og tók undir þær hugmyndir sem þarna voru uppi og hæstv. forsrh. Davíð Oddsson komst þannig að orði að á þessu máli þyrfti að taka og það væri umhugsunarefni, sagði hæstv. forsrh. reyndar, hvort ekki væri rétt að kjósa nýja stjórnarskrárnefnd í tilefni af þessum umræðum. Af því varð ekki eins og kunnugt er en ég nefni þetta hér, hæstv. forseti, til að undirstrika það að um þetta mál, þ.e. þegar í upphafi

árið 1992 fyrir liðlega tveimur árum, var gríðarlega góð samstaða í þessari stofnun.

Og svo að lokum, hæstv. forseti, held ég að það sé alveg nauðsynlegt að farið verði í kynningarátak á þessu máli. Ég veit ekkert hvernig væri best að gera það en ég tel að það ætti að nota tímann í það að fara í kynningarátak. Eini gallinn við það að fara í kynningarátak núna er sá að það er svo stutt til alþingiskosninga, að þeir sem færu í að kynna málið litu kannski út eins og frambjóðendur í leiðinni og það er galli við málið vegna þess að þetta er fyrst og fremst mál Alþingis, allra þeirra sem hér hafa setið og sitja á þessu kjörtímabili, en ég tel að það sé mjög nauðsynlegt að fara í víðtækt kynningarátak og ég teldi alveg koma til greina að forsætisnefnd Alþingis ræddi það sérstaklega hvernig á að fara í þetta kynningarátak og það verði gert með skipulegum hætti, talað við fjölmiðla og beitt alls konar nútíma aðferðum sem til eru til þess að koma umræðum og hugmyndum á framfæri. Ég skora á hv. 1. flm. að beita sér fyrir því líka í starfi þeirrar nefndar sem mun fá málið til meðferðar.

[17:20]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Hér er á ferðinni afar þýðingarmikið *málefni og það hefur oft verið minna tilefni til* umræðu á hv. Alþingi Íslendinga en um þetta efni sem varðar stjórnarskrána og þann grundvöll sem hún veitir. Og þó að hér sé aðeins verið að leggja til breytingar á tilteknum köflum stjórnarskrárinnar en ekki á stjórnarskránni í heild sinni þá er hér vikið að mjög merkum atriðum og undir eru tveir kaflar í stjórnarskrá okkar, sá VI. og VII., sem farið hefur verið yfir í heild.

Eins og aðrir hér á hv. Alþingi sem hafa tjáð sig hér í umræðunni geri ég ráð fyrir að flutningur málsins á vegum allra þingflokka endurspegli það, ánægður með það verk sem hér liggur fyrir, þ.e. að það skuli hafa tekist að leggja fyrir Alþingi tillögur sem samstaða hefur tekist um. Það felur að sjálfsögðu ekki í sér að menn sjái hér allar þær áherslur sem hver og einn hefði viljað, hvorki hver og einstakur þingflokkur hvað þá einstakir alþingismenn, heldur er hér um samstöðumál að ræða að ræða af hálfu þingsins í heild sinni sem þó á eftir að fá meðferð í sérstakri þingnefnd og þannig hugsanlega taka nokkrum breytingum í frekari málsmeðferð í þinginu. Það hefur oft verið lýst eftir því að þörf sé á að endurskoða stjórnarskrána og þar á meðal þá kafla sem hér eru undir og því eru þetta ákveðin þáttaskil á nokkuð löngum ferli að hér liggja þessar tillögur fyrir.

Ég tel að greinargerð sem fylgir með þessum tillögum sé gagnmerk og mjög þarfleg og þörf lesning fyrir þá sem fjalla um málið og reyndar almenning einnig og það tengist þörfinni á að kynna þetta mál fyrir almenningi og skapa umræðu um þessi efni. Ég vil m.a. vekja athygli á þeim miklu álitamálum sem tengjast annars vegar hinum borgaralegu og stjórnmálalegu réttindum sem eru grunnurinn í mannréttindayfirlýsingum sem stjórnarskrár margra Evrópuríkja sækja sitt til og eru byggðar á og hins vegar spurningunni um hin efnahagslegu réttindi þegnanna sem eru af öðrum toga og eru heldur að sækja á við þessa endurskoðun hér. Þó að það sé að finna í gildandi stjórnarskrá ákveðin atriði sem varða hin efnahagslegu réttindi, þá er verið að styrkja þau hér með þeim breytingum sem lagðar eru til. Það eru kannski álitaefnin sem snerta þetta, annars vegar afskiptaleysi ríkisvaldsins sem varðar hið fyrra, þ.e. hin borgaralegu og stjórnarfarslegu réttindi sem af mörgum er talið að megi helst ná fram með afskiptaleysi ríkisins og auðvitað er það afar þýðingarmikið að ríkið seilist ekki um of inn á vettvang einstaklingsins og ekki lengra en þörf er talin á og almennt sammæli er um en til þess að ná hinum efnahagslegu markmiðum, jafnréttismarkmiðum sem við stundum köllum svo, þá verður stundum ekki hjá því komist að hið almenna félag, ríkið, hlutist til um málefni þegnanna. Þar komum við inn á kjarna að baki hinni pólitísku umræðu hérlendis og víða um heim hversu langt á að seilast, hversu sterkt á ríkið að vera í þessum efnum, hversu langt á að ganga í að reyna að tryggja hið efnahagslega jafnræði meðal þegnanna. Og þó að hér sé um að ræða í tilteknum greinum, þar á meðal í 14. gr., að verið sé að auka við ákveðna þætti sem lúta að hinum efnahagslega þætti og möguleikum á að jafna þar á milli þegnanna, þá er það nú engan veginn svo að það sé hinn rauði þráður í þróun samtímans þegar litið er til Evrópu og reyndar um heim allan að það sé verið að tryggja það með löggjöf eða samningum, þar á meðal alþjóðasamningum, að efnahagslegur jöfnuður sé einhver allsherjarmælikvarði eða almennur mælikvarði.

Ég ætla, virðulegur forseti, ekki að fara langt út í þau efni hér í umræðunni en vek bara athygli á þessu viðfangsefni og þessum kjarna að baki þeirrar endurskoðunar og þeirra þátta stjórnarskrárinnar sem hér er um rætt, annars vegar það sem lýtur að hinum almennu borgaralegu réttindum og hins vegar að hinu efnahagslega jafnræði.

Ég neita því ekki að ég hefði viljað sjá gengið mun lengra í mörgum atriðum að því er varðar hið efnahagslega jafnræði og að því hefur verið vikið hér í umræðunni áður og að fram hafi komið tillögur sem ganga lengra í þá átt við tilraunir til að endurskoða stjórnarskrána á fyrri stigum. Hv. 3. þm. Norðurl. v., Ragnar Arnalds, fór nokkuð inn á þau efni að rekja tillögur sem lágu fyrir 1982 sem afurð frá stjórnarskrárnefnd þáverandi til þess að taka inn nýja þætti sem að mínu mati hefðu átt erindi inn í stjórnarskrána eins og varðandi þjóðaratkvæðagreiðslu, um náttúruauðlindir landsins, að því verði slegið föstu að þær væru í þjóðareign og eins varðandi náttúruvernd eða umhverfisvernd og útivist sem þar var gerð sérstök grein fyrir af hálfu stjórnarskrárnefndar á þeim tíma. Því miður er þessi ákvæði ekki að finna í þessum sameiginlega texta frá fulltrúum þingflokkanna en það verður þá væntanlega viðfangsefni framtíðarinnar því að engin gerð er þannig að hún fái staðist til mjög langs tíma ef vel á að vera og það fer eftir almennri þróun auðvitað hvað verður sammæli um að taka inn

í stjórnarskrá viðkomandi lands.

Ég held t.d., virðulegur forseti, að það sem snýr að verndun umhverfis eigi eftir að sækja á vegna þess hversu takmarkandi spjöll á umhverfi eru fyrir einstaklinginn og hve rík nauðsyn er á að vernda umhverfið og kveða þar skýrt á og reyna að ná þar sammæli bæði innan þjóðlanda og eins á alþjóðlegum vettvangi. Og sú hugmynd sem uppi var 1982 um þessi efni var mjög góðra gjalda verð.

Ég held líka, virðulegi forseti, að það eigi eftir að koma þótt síðar verði til frekari umfjöllunar spurningin ekki aðeins það sem er að finna hér í 13. gr. tillagnanna að því er snertir réttinn til að stunda atvinnu þar sem segir, með leyfi forseta:

„Öllum er frjálst að stunda þá atvinnu sem þeir kjósa. Þessu frelsi má þó setja skorður með lögum, enda krefjist almannahagsmunir þess.

Rétti manna varðandi vinnu og orlof skal skipað með lögum."

Þetta er efni 13. gr. Hér er verið að slá því föstu að öllum sé frjálst að stunda þá atvinnu sem þeir kjósa og skipa í réttindi varðandi vinnu með lögum. En það er ekki fjallað um það sívaxandi vandamál nútímasamfélags að tryggja öllum atvinnu, tryggja öllum réttinn til atvinnu sem mér er ekki kunnugt um að hafi verið tekið upp í stjórnarskrár Evrópuríkja. En ég vek hins vegar athygli á því að í atvinnuleysinu, hinu sívaxandi böli í hinum svokölluðu þróuðu ríkjum heimsins er kannski að finna eina sárustu mismununina í okkar samfélög og sem ekki sér fyrir endann á miðað við það gangverk sem okkar samfélög fylgja og ekki hefur tekist að finna lausn á og enginn kann í rauninni nein algild svör við hvernig eigi við að bregðast. En mér kæmi það ekki á óvart þó að þetta vandamál sem er rætt í auknum mæli vegna þess að það er að verða sífellt stærra, þ.e. atvinnuleysið, yrði viðfangsefni. Vonandi verður það viðfangsefni einnig við setningu stjórnarskrár í framtíðinni. Á því væri þörf.

Enn eitt atriði sem ekkert er á minnst hér en er hins vegar farið að vekja spurningar sem hljóta að tengjast grundvallarsáttmálum. Það er spurningin um hversu langt eigi að ganga tæknilega séð gagnvart lífverum, þar á meðal gagnvart manninum sjálfum, spurningin um erfðabreytingar þar sem Alþingi Íslendinga hefur því miður afskaplega lítið farið inn á að reyna að móta reglur um þau flóknu efni þó að það hafi aðeins verið gert í tilteknum greinum í sambandi við svokallaðar glasafrjóvgangir, svo nefnt sé dæmi um slíkar aðgerðir. En ég er kannski meira að vísa til þess sem varðar bein inngrip í grundvöll lífs með breytingum á erfðaeigindum. Þarna er stórt svið sem varðar grundvallarréttindi og grundvallarreglu sem þörf væri á að taka í okkar grundvallarsáttmála, siðferðilegar spurningar sem er óhjákvæmilegt að leitað verði svara við fyrr en seinna og ég tel að þar séu menn í rauninni staddir á mikilli hættuslóð í því efni.

Ég ætla, virðulegur forseti, að víkja aðeins að fáeinum greinum sem ég vildi koma að við 1. umr. málsins og snúa mér að því. Varðandi 2. gr. frv. þar sem kveðið er á um borgaraleg og þjóðleg réttindi þá er að því vikið að enginn megi undanskorast þegnskyldu og síðan er vikið að gjöldum til trúfélaga og réttindi til að standa utan trúfélaga. Frsm., hv. 8. þm. Reykv., vék að því, ef ég hef tekið rétt eftir, að í þessari grein væri að finna atriði sem þyrfti að gaumgæfa og ég tel að það sé þörf á því. Það er t.d. síðasta efnisgreinin í greininni þar sem vikið er að gjöldum þeirra sem utan trúfélaga standa og vísað sérstaklega til Háskóla Íslands sem eigi að vera þiggjandi að þeim greiðslum. Það koma svo upp þær spurningar: Á hvaða grundvelli er þessi gjaldtaka? Á hvaða grunni er hún? Tengist hún ákvæði 3. gr. um að allir skuli jafnir fyrir lögum án tillits til trúarbragða eins og þar segir? Mér sýnist að greinargerðin svari því ekki með fullnægjandi hætti á hvaða grundvelli þessi tillaga er reist sem er vissulega ekki ný heldur aðeins smávægileg breyting frá því sem er í gildandi stjórnarskrá um þessi efni en ég tel þörf á að líta á hana og gaumgæfa hvernig rétt verði fyrir komið. Ég er ekki með tillögu í því efni en ég tek undir það sem ég held að ég hafi skilið hjá frsm. frv. að þörf væri á að líta á þetta sérstaklega.

Ég kem ekki sérstaklega að atriðum sem ástæða er til að fagna. Það eru margar af þessum breytingum sem er ástæða til þess að fagna. Ég tek bara sem dæmi ákvæðið í 7. gr. um að í lögum megi aldrei mæla fyrir um dauðarefsingu. Þetta er tímabært ákvæði og mjög gott að festa í stjórnarskrá og svo er um mörg ákvæði sem hér er að finna eða hafa verið felld út, t.d. ákvæðin sem eru í 75. gr. stjórnarskrárinnar um að sérhver vopnfær maður sé skyldur til að taka sjálfur þátt í vörn landsins. Þessi grein er felld út í því formi sem hún var og ég tel að það sé fyllilega réttmætt og standi mjög til bóta að fella slíkt ákvæði út enda spurning í margra huga hvers vegna ætti að halda slíkum ákvæðum inni í íslenskri stjórnarskrá eins og málum er skipað hjá okkur þar sem vopnleysi hefur kannski verið eitt af okkar sérkennum sem þjóðar og þar sem við höfum haft það í heiðri að ekki væri efnt til hers eða herskyldu af neinu tagi í landinu.

Ég geri mér ljóst að það er ekki hægt að álykta of mikið í sambandi við þetta í ljósi þess sem fram hefur komið en ég tel að það sé veruleg breyting til bóta sem þarna er að finna.

Ég ætla þá aðeins að víkja að ákvæði í 12. gr. frv. sem varðar 74. gr. stjórnarskrárinnar og snertir síðustu málsgreinina sem varðar rétt manna til að safnast saman vopnlausir. Lögreglunni er heimilt að vera við almenna samkomur og síðan segir: „Banna má mannfundi undir berum himni ef uggvænt þykir að af þeim leiði óspektir." Hér er um að ræða mjög svipað orðalag og í gildandi stjórnarskrá. Það er að vísu tekið inn „ef uggvænt þykir" í staðinn fyrir „þegar" eins og textinn er í gildandi stjórnarskrá okkar. Ég vek athygli á því að hér er vissulega á ferðinni mikið matsatriði og hlýtur alltaf að verða. Ég hef ekki kynnt mér þau ákvæði í lögum sem lögreglusamþykktir eru reistar á í þessum efnum, þ.e. inngrip löggæslu í sambandi við mannfundi eða að banna mannfundi. En það hlýtur að vera mjög mikið matsatriði og vandráðið hvenær eigi að grípa til ákvæðis af þessu tagi að banna mannfundi

undir berum himni vegna þess að líkur séu á að af þeim leiði óspektir. Og hér er að finna ákvæði sem er sem sagt vandmeðfarið og þyrfti að íhuga. Orðið „uggvænn" í þessu sambandi getur haft mismunandi merkingu. Ég tel mig skilja þá merkingu sem hér liggur að baki en vek athygli á því að e.t.v. er gleggra að leita að öðru hugtaki eða öðru orði til að bjóða ekki upp á neinn misskiling.

Þetta voru þau atriði sem ég vildi víkja að sérstaklega, virðulegur forseti. Ég vil svo undir lok máls míns við þessa umræðu aðeins vekja athygli á gildi þess að festa í sessi hin almennu ákvæði sem varða mannréttindi og mannhelgi og friðhelgi, þar á meðal friðhelgi heimilis með þeim takmörkunum sem að hefur verið vikið í umræðunni. Og jafnframt það að það er mjög langur vegur frá því að þau sjónarmið sem hér liggja að baki og við teljum sjálfsögð séu einhver allsherjarregla á heimsbyggðinni. Ég held að það sé þörf á því að átta sig á að í ýmsum ríkjum þar sem þessi grundvallarsjónarmið eru ekki ráðandi er um að ræða, þrátt fyrir alla umræðu, ákveðna gagnsókn gegn þeim réttindum sem við höfum haft í okkar stjórnarskrá og erum að reyna að styrkja. Ég verð var við það að á alþjóðavettvangi, t.d á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, eru lönd sem ganga mjög ákveðið gegn þeim sjónarmiðum sem eru í okkar stjórnarskrá og verið er að styrkja og færa sig upp á skaftið til þess að mæla gegn þeim sjónarmiðum og það stór og víðfeðm ríki eins og t.d. Kína sem hefur ákveðna forustu fyrir því að reisa rönd við þeim sjónarmiðum sem varða almenn mannréttindi og almenna mannhelgi en mörg önnur lönd mætti þar til nefna sem brjóta gegn og eru að beita sér í rauninni og reyna að hræða þá sem hafa tekið þessi sjónarmið upp í sína stjórnarskrá, flest Evrópuríki hafa gert það með einum eða öðrum hætti, og reyna að hræða þau frá því að þoka slíkum réttindum fram sem allsherjarreglu á heimsbyggðinni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samningur um breytingar á tilteknum samningum EFTA-ríkjanna, fyrri umr.

Stjtill., 304. mál. — Þskj. 409.

[17:41]

Viðskiptaráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. á þskj. 409 um fullgildingu samnings um breytingu á tilteknum samningum EFTA-ríkjanna. Tillagan hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd samning um breytingu á tilteknum samningum EFTA-ríkjanna sem áritaður var í Genf 13. desember 1994."

EFTA-ríkin gerðu samhliða EES-samningnum með sér samning um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, annan um fastanefnd EFTA-ríkjanna og þann þriðja um nefnd þingmanna frá þjóðþingum EFTA-ríkjanna. Allir þessir samningar tóku gildi eins og EES-samningurinn 1. janúar 1994. Vegna væntanlegrar aðildar Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar að Evrópusambandinu nú um áramótin hafa Ísland og Noregur gert samning um breytingu á fyrrnefndum EFTA-samningum. Samningurinn var áritaður 13. þessa mánaðar. Helstu breytingarnar sem þessi samningur felur í sér varðar fjölda eftirlitsfulltrúa í eftirlitsstofnun EFTA, fjölda dómara í EFTA-dómstólnum og þann fjölda fulltrúa sem Ísland og Noregur hafa rétt á að tilnefna í þingmannanefnd EES. Aðrar breytingar eru tæknilegs eðlis, t.d. skilgreining á því hvað hugtakið EFTA-ríki þýði í þessum samningum þegar aðildarríkjum þess hefur fækkað um þrjú.

Samkvæmt samningnum um eftirlitsstofnun og dómstólinn skal eftirlitsstofnunin vera skipuð sjö eftirlitsfulltrúum og dómstóllinn skipaður sjö dómurum. Þær breytingar eru gerðar að eftirlitsfulltrúar verða þrír og dómarar sömuleiðis þrír. Í 11. gr. eru bráðabirgðaákvæði þess efnis að þangað til Liechtenstein gerist aðili að samningnum skuli þriðji eftirlitsfulltrúinn skipaður tímabundið. Hvað dómstólinn varðar verða skipaðir tveir dómarar og þeir skulu velja þriðja dómarann fyrir hvert einstakt mál eins og segir nánar í 12. gr. samningins. Þegar Liechtenstein gerist aðili verður þriðji dómarinn skipaður með venjubundnum hætti.

Samkvæmt 95. gr. EES-samningsins skal vera starfandi þingmannanefnd EES. Samkvæmt bókun 36 við EES-samninginn er nefndin skipuð 66 þingmönnum, 33 frá Evrópuþinginu og 33 frá þjóðþingum EFTA-ríkjanna. Þessi ákvæði verða óbreytt. Samningurinn gerir ráð fyrir að Alþingi eigi rétt á að tilnefna ellefu þingmenn, tíu ef Liechtenstein gerist aðili, norska Stórþingið 22 en 20 gerist Liechtenstein aðili. Liechtenstein fær hins vegar þrjá fulltrúa verði af aðild þess. Þess er vænst að samningur þessi öðlist gildi á sama degi og aðildarsáttmáli Finnlands, Austurríkis og Svíþjóðar tekur gildi.

Virðulegi forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til síðari umr. og hv. utanrmn.

[17:44]

Kristín Einarsdóttir:

Frú forseti. Þegar samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði var samþykktur á Alþingi var ljóst að fljótlega þyrfti að gera þessar breytingar sem hér er verið að gera í ljósi þess að nokkrar þjóðir höfðu þá þegar sótt um aðild að Evrópusambandinu eða Evrópubandalaginu eins og það hét þá, t.d. var ljóst á þeim tíma að Austurríkismenn mundu gerast aðilar að Evrópusambandinu. Í sjálfu sér er það eðlilegt framhald af því sem nú hefur gerst að þarna verður að gera ákveðnar breytingar. Það eru aðeins nokkrar athugasemdir sem ég vildi gera við þáltill.

Í fyrsta lagi finnst mér nokkuð óeðlilegt að ekki sé tekið fram í þeirri þáltill., og þá væntanlega þál. ef hún verður óbreytt frá Alþingi, hvaða samninga sé um að ræða, það sé ekki verið að spara það að segja að það sé verið að tala um samning um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls og breytingar á þeim samningum.

Það er nú bara formsins vegna sem ég geri athugasemd við þetta og ég beini því til hv. utanrmn. og þeirra nefndarmanna sem eru í salnum að ekki séu spöruð orðin varðandi ályktunina þegar hún kemur hér, að það sé sagt fullum orðum hvaða samningum verið er að breyta en ekki, eins og orðalagið er, á tilteknum samningum. Þetta eru ekki stór atriði en þó finnst mér það stór atriði þegar það kemur hér til afgreiðslu að tekið sé fram fullum orðum hvað við er átt.

Ég geri að öðru leyti ekki athugasemd við þessa samningsgerð. Ég býst við að þetta hafi verið í undirbúningi, þ.e. að dómurum sé fækkað. Það er ákaflega eðlilegt varðandi dómstólinn og eins í eftirlitsstofnun EFTA sem þarf að fækka í miðað við stöðuna eins og hún er núna.

Það er aðeins eitt atriði sem mér finnst nokkuð sérkennilegt en kannski er ekki hægt að komast hjá því, að það séu 11 þingmenn sem Alþingi hefur núna möguleika á að tilnefna í þingmannanefnd EFTA. Þetta tel ég aldeilis óraunhæft og kannski er ekki hægt að komast hjá því að þetta sé þannig þar sem EES-samningurinn sjálfur gerir ráð fyrir að um sé að ræða 33 þingmenn frá EFTA-hliðinni og þess vegna sé ekki hægt að breyta þessu nema breyta sjálfum samningnum þannig að kannski eru þetta eingöngu formsatriði en þarna sést hvers lags klúður það er að vera að setja þetta með þeim hætti í sjálfan EES-samninginn þegar ljóst var þegar hann var hér til umræðu að þetta mundi ekki ganga eftir að óbreyttu.

Ég ætla ekki að gera frekari athugasemdir og vil ítreka að mín aðalathugasemd er við texta þáltill. eins og hann stendur hérna.

[17:48]

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Það eru tvö atriði sem mig langaði að spyrja um. Í fyrsta lagi er ekki minnst neitt á í greinargerð þáltill. hver kostnaður við þessa breytingu muni verða fyrir okkur og ekkert rakið hvað hver og einstök breyting á þessum þremur liðum muni þá þýða í kostnaði fyrir okkur.

Í öðru lagi er það dálítið misvísandi í greinargerðinni um aðild Liechtenstein. Í þriðja hluta greinargerðarinnar eða þriðju málsgrein eða hvað á að kalla það stendur, með leyfi hæstv. forseta: „Í 11. gr. eru bráðabirgðaákvæði þess efnis að þangað til Liechtenstein gerist aðili að samningnum ...“ en í næstu málsgrein er tvívegis sagt, með leyfi forseta: „ef Liechtenstein gerist aðili“. Hvernig stendur á því að svo misvísandi orðalag er haft um það hvenær Liechtenstein gerist aðili? Eftir fyrri tilvitnuninni virðist vera gengið út frá því að það gerist og því langar mig að spyrja þá hvenær það muni gerast. Eru horfur á því núna? En svo aftur í þeirri síðari er það dregið mjög í efa. Er þá óvíst hvenær þetta muni gerast?

Að öðru leyti mun ég ekki tefja þessa umræðu.

[17:50]

Viðskiptaráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Í fyrsta lagi var það náttúrlega aldeilis ekki ljóst þegar samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið var samþykktur á Alþingi að þær breytingar þyrfti að gera sem hér er verið að gera. Það átti sitthvað eftir að gerast áður en það lægi ljóst fyrir, svo sem eins og þjóðaratkvæðagreiðsla í þremur löndum. Það er því ekki hægt að segja það að þegar EES-samningurinn hafði verið afgreiddur á Alþingi hafi legið ljóst fyrir að þessar breytingar þyrfti að gera. Það lá ljóst fyrir að einhverjar breytingar þyrfti að gera en það var að sjálfsögðu ekki hægt að gera þær breytingar fyrr en það lá ljóst fyrir hvers eðlis þær breytingar þyrftu að vera.

Í öðru lagi er, eins og fram kemur í greinargerðinni, sjálfri, skipan þingmannanefndarinnar gerð samkvæmt 95. gr. EES-samningsins og samkvæmt bókun 36 við þennan samning er ákveðið að nefndin skuli skipuð 66 þingmönnum. Þetta er samningur sem við höfum gert. Og þegar falla burtu þau önnur ríki sem hafa verið með okkur í það að skipa þessa þingmenn þá kemur það einfaldlega þannig út að við verðum þá að taka á okkur þeirra skipun til viðbótar við það sem við höfum skipað hingað til. Það segir sig sjálft að þarna er verið að reyna að komast hjá því að þurfa að gera einhverjar breytingar á EES-samningnum sem þyrfti þá að fara fyrir 15 þjóðþing til staðfestingar. Hætt er við því að það yrði erfitt verk að gera það fyrir Íslendinga og Norðmenn eina þannig að við eigum ekki annars úrkosta að mínu viti en framkvæma þetta svona.

Í þriðja lagi hefur hv. þm. Jón Helgason spurt um kostnað. Það er rétt. Það kemur ekki fram í tillögunni hver kostnaður hlýst af þessari aðgerð einni út af fyrir sig en það er alveg ljóst að það að fækkað hafi í EFTA-hópnum niður í tvö ríki, e.t.v. þrjú ef Liechtenstein bætist við, þá mun kostnaðurinn af framkvæmd EES-samningsins hækka allverulega, bæði beinn kostnaður, svo sem kostnaður af þeim stofnunum sem eru starfræktar samkvæmt EES-samningnum og lenda nú á tveimur eða þremur ríkjum þó svo að starfslið sé skorið niður. Það mun að sjálfsögðu hækka kostnað Íslendinga. Auk þess mun ýmis óbeinn kostnaður Íslendinga hækka því að til þess að geta fullnægt EES-samningnum þá verðum við að sjálfsögðu að fylgjast vel með því sem er að gerast hjá Evrópusambandinu og undirbúa okkur undir það að standa við okkar hluta samningsins. Nú getum við ekki lengur fengið aðstoð annarra ríkja við að afla þeirra upplýsinga. Við verðum að afla þeirra sjálf og við verðum að vinna alla þá vinnu sem þarf í sambandi við þessa samninga sjálf með aðstoð Norðmanna einna. Það mun örugglega kalla á mjög hækkuð útgjöld til alþjóðlegrar starfsemi eða fjölþjóðlegrar starfsemi okkar Íslendinga. Að mínu viti eru menn að tala um eitthvað á annað hundrað millj. kr., gæti ég trúað á ári, sem þyrfti a.m.k. framan af að gera ráð fyrir að við þyrftum að taka á okkur af kostnaði í því sambandi. Það er einfaldlega svo að fyrst við völdum þá leið sem við höfum valið þá verðum við að borga það sem hún kostar. Hins vegar liggur það ekki enn fyrir, en hefði verið betra að það hefði gert það, hversu mikið útgjöld okkar muni aukast af því tilefni og ég tek undir það með hv. þm. að það

hefði verið gott að vita það en við erum bara ekki í færum um að meta það nákvæmlega á þessari stundu hversu mikið sá kostnaður muni vaxa en hann muni vaxa allverulega.

Um orðalagið í greinargerðinni þangað til eða ef. Ég held að það skipti kannski ekki meginmáli og sé svona smekksatriði hvernig menn orða þetta. Mergurinn málsins er að það gerist ekkert í þessu efni nema Liechtenstein taki ákvörðun um það að gerast aðili að EFTA og Evrópska efnahagssvæðinu. Ef það gerist ekki sem er ákvörðun þeirra sjálfra þá skiptir ósköp litlu máli hvort í greinargerð með till. til þál. hér uppi á Íslandi stendur þangað til eða ef.

[17:55]

Jón Helgason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég var ekki beinlínis að spyrja um það hvernig á þessu misvísandi orðalagi stæði heldur var ég að spyrja hvar málið væri statt, aðild Liechtenstein, hverjar væru horfurnar á því að Liechtenstein gerðist aðili og vitnaði í það að í þáltill. væri talað í öðru orðinu þangað til og hinu orðinu ef og hvort það þýddi að það væri alveg óljóst enn þá hver niðurstaðan yrði úr því, hvort Liechtenstein yrði aðili að og ef það væri ekki alveg óljóst enn þá hvað mundi þá verða langt þangað til það gerðist.

[17:56]

Viðskiptaráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Eftir því sem mér er best kunnugt, og veit ég nú ekki gerla um þessi mál, þá á eftir að fara fram þjóðaratkvæðagreiðsla í Liechtenstein. Það er fyrst þegar úrslit hennar ráðast sem menn geta nokkuð sagt um það hvort réttara sé að segja þangað til eða ef. Mér er ekki kunnugt um hvenær sú þjóðaratkvæðagreiðsla á að fara fram en hún hefur ekki farið fram.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 17:57]

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 425, 427, 430, 431 og 432. — Afbrigði samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GB, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, IBA, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, JVK, KHG, KÁ, LMR, MJ, MB, ÓE, ÓRG, PP, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, TIO, VS, VE, ÞorstP.

23 þm. (DO, EH, FrS, GE, GuðjG, GHall, GJH, HÁ, HBl, HG, IP, JBH, JónK, KE, KS, MF, PJ, PBj, RA, StG, SJS, StB, SvG) fjarstaddir.

Stjórnarskipunarlög, frh. 1. umr.

Frv. GHH o.fl., 297. mál (mannréttindaákvæði). — Þskj. 389.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:05]

Frv. vísað til 2. umr. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GHelg, GunnS, IBA, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, MJ, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, PBald, PBj, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

17 þm. (BIB, DO, EH, FrS, GÁ, GJH, HÁ, HBl, HG, IP, JBH, KE, KS, PJ, StG, SJS, StB) fjarstaddir.

Frv. vísað til sérnefndar án atkvgr.

Vátryggingastarfsemi, 3. umr.

Frv. heilbr.- og trn., 298. mál. — Þskj. 390.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:06]

Frv. samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EKG, EKJ, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, IBA, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, MJ, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, PBald, PBj, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, SJS, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

14 þm. (EgJ, FI, FrS, GJH, HÁ, HBl, HG, IP, JBH, KE, KS, PJ, StG, StB) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 434).

Veiting ríkisborgararéttar, 3. umr.

Stjfrv., 128. mál (fyrra stjfrv.). — Þskj. 413.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:07]

Frv. samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, IBA, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, MJ, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, PBald, PBj, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, SJS, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

12 þm. (FrS, GJH, HÁ, HBl, HG, IP, JBH, KE, KS, PJ, StG, StB) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 435).

Ársreikningar, 3. umr.

Stjfrv., 73. mál. — Þskj. 415, brtt. 432.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:08]

Brtt. 432 samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, IBA, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KÁ, LMR, MJ, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, PBald, PBj, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

12 þm. (FrS, GJH, HÁ, HBl, HG, IP, JÁ, JBH, KHG, KE, KS, PJ) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, IBA, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MJ, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, PBald, PBj, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

11 þm. (FI, GJH, HÁ, HBl, HG, IP, JBH, KS, PJ, StG, SJS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 436).

Bókhald, 3. umr.

Stjfrv., 72. mál (heildarlög). — Þskj. 416.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:09]

Frv. samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, IBA, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MJ, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, PBald, PBj, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

9 þm. (GJH, HÁ, HG, IP, JBH, KS, PJ, SJS, SvG) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 437).

Hlutafélög, 3. umr.

Stjfrv., 96. mál (aðlögun að ákvæðum EES-samnings). — Þskj. 417, brtt. 427 og 431.

[21:09]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Ég hef leyft mér ásamt hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur að flytja brtt. á þskj. 427 við frv. til laga um hlutafélög og einnig sambærilega breytingu við frv. til laga um einkahlutafélög. Í upphaflegu frv. sem lagt var fram um hlutafélög í 54. gr. sagði svo, með leyfi forseta:

„Stjórnarmenn og framkvæmdastjórar skulu vera lögráða, fjár síns ráðandi og mega ekki hafa hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað, slíkan sem um ræðir í 2. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga."

Síðan kemur ákvæði sem hv. efh.- og viðskn. felldi út úr frv. sem hljóðar svo, með leyfi forseta: „Hafi viðkomandi verið stjórnarmenn eða framkvæmdastjórar í hlutafélögum eða einkahlutafélögum á tímabilinu sex mánuðum fyrir frestdag eða síðar og gjaldþrotaúrskurður hefur oftar en einu sinni verið kveðinn upp í slíkum félögum á síðustu þremur árum má viðkomandi ekki vera stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri í hlutafélagi í sams konar eða svipuðum rekstri fyrr en liðin eru minnst þrjú ár frá upphafi síðasta gjaldþrotaúrskurðar. Hlutafélagaskrá getur veitt undanþágu frá þessu skilyrði ef sérstaklega stendur á."

Það er skoðun þeirra sem flytja þessa brtt. að eins og upphaflega ákvæðið var orðað í frv. sé það miklu betra en eins og hv. efh.- og viðskn. breytti því en hún lagði til að ákvæði frv. um réttindasviptingu í tengslum við ítrekuð gjaldþrot yrðu felld brott en í stað þess yrðu viðurlög tengd við dóm fyrir refsiverða háttsemi í tengslum við atvinnurekstur. Rök nefndarinnar voru þau að þessi ákvæði frv. hafi verið of íþyngjandi og geti dregið úr vilja hæfra einstaklinga til að setjast í stjórnir eða taka að sér framkvæmdastjórn hlutafélaga þegar illa árar hjá félögum. Eins og frv. er núna úr garði gert er það einungis um það að þeir sem hafa hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað geti ekki tekið sæti í hlutafélögum í sams konar eða svipuðum rekstri. Alls ekki mörg mál hafa farið fyrir dómstólana en aftur á móti fara margfalt fleiri mál fyrir yfirskattanefnd, áður ríkisskattanefnd, og þar sæta aðilar sektarmeðferð hjá yfirskattanefnd fyrir skattalagabrot. Við teljum enga ástæðu til þess að þeir sem hafa sætt sektarmeðferð hjá yfirskattanefnd fyrir skattalagabrot í tengslum við brot á atvinnurekstri sæti ekki sambærilegu ákvæði að mega ekki sitja í stjórn hlutafélags. Þess vegna er þetta ákvæði flutt til breytingar á því ákvæði sem hv. efh.- og viðskn. lagði til til þess að gera ákvæðið þó einhvers virði að það skili því sem upphaflega var meiningin og fram kom í frv. eins og það var lagt fram á þinginu.

[21:13]

Frsm. efh.- og viðskn. (Jóhannes Geir Sigurgeirsson):

Virðulegur forseti. Varðandi það atriði sem brtt. snýst um fékk ekkert atriði í frv. til nýrra laga um hlutafélög og einkahlutafélög meiri umfjöllun. Sú tillaga sem lá fyrir, studd af meiri hluta nefndarinnar, var sú málamiðlun sem menn komust þar að og að mínu mati kemur hún best til móts við það sjónarmið sem ég tel að hafi vakað fyrir þeim sem sömdu frv., þ.e. að í lögum væri ákvæði sem væri hald í og sem væri hægt að beita til þess að stöðva þá aðila sem hefðu beitt gjaldþrotum ítrekað í rekstri sínum og valdið þar með því öðrum aðilum, þriðja aðila, ómældum skaða.

Margt bendir til þess mjög erfitt hefði verið að framfylgja ákvæðinu eins og það var í frv. upphaflega. Það lá alveg ljóst fyrir að eins og hlutafélagaskrá vinnur í dag hefur hún ekkert bolmagn til þess að fylgja því eftir og halda utan um þær upplýsingar sem þar hefðu þurft að vera til staðar á hverjum tíma til þess að ákvæðið væri virkt. Hins vegar tel ég að með þeirri brtt. sem meiri hluti nefndarinnar lagði til og var samþykkt við atkvæðagreiðslu í 2. umr. sé komið það tæki sem þarf til að hægt sé að stöðva þá aðila sem menn vita að beita þessu vísvitandi og margítrekað. Þar er komin lagaheimild þannig að það liggur fyrir að verði þeir kærðir og hljóti þeir dóm verða þeir stöðvaðir. Það var túlkun í það minnsta hluta nefndarinnar enda þótt það væri ekki sett inn í textann. En þegar ákvæðið væri komið inn þá væri litið á það mjög alvarlegum augum þegar búið væri að kæra aðila og það hefði tilætluð áhrif. Það er því skoðun mín að eins og við vorum búin að ganga frá þessu við 2. umr. sé það ásættanleg lausn og þar væru komin inn í lög þau tæki sem framkvæmdarvaldið, skattyfirvöld og aðrir aðilar þurfa á að halda til þess að stöðva þá sem þurfa að nota gjaldþrot sem rekstrartæki og eru uppvísir að ítrekuðum gjaldþrotum.

Ég ítreka einnig sem ég sagði við 2. umr. málsins að það sem ég tel að skipti mestu máli í þessu er samþykkt á þeirri heildarlöggjöf sem er að fara fram, bæði hvað snertir félagalögin, bókhaldslögin og ársreikningalögin og þær breytingar sem verða þar verða þess valdandi að viðskiptasiðferðið almennt hér á landi batni. En okkur vantar öllu öðru fremur að viðskiptasiðferðið batni. Það snýr ekki eingöngu að þeim aðilum sem endurreisa rekstur sinn með nýrri kennitölu hvað eftir annað. Það snýr ekki síður að þeim aðilum, bæði fjármálastofnunum, heildsölum og hvers kyns rekstraraðilum sem hleypa þeim aðilum í rekstur á ný hvað eftir annað. Mér finnst að ábyrgð þeirra aðila gleymist stundum í allri þessari umæðu. En eins og ég nefndi í þeirri umræðu er þessum aðilum ítrekað, það er alveg rétt, hleypt af stað en þeir komast ekki af stað öðruvísi en þeir fái ákveðna fjármálafyrirgreiðslu og þeir fái ákveðna fyrirgreiðslu hjá öðrum viðskiptaaðilum sem oft og tíðum eru með baktryggingu. Þeir eru að tryggja sig en skellurinn kemur svo niður á þeim sem fara í góðri trú í viðskipti við þessa aðila í framhaldinu. Það er því mín skoðun að eins og búið væri að ganga frá þessu máli við 2. umr. sé það í þeim farvegi að ekki þurfi að gera á því frekari breytingar.

[21:19]

Vilhjálmur Egilsson:

Virðulegi forseti. Ég vil einungis staðfesta það sem hv. formaður efh.- og viðskn., hv. þm. Jóhannes Geir Sigurgeirsson, segir hér. Mikil umræða var um það í nefndinni hvar ætti að draga markalínuna að þessu leyti. Niðurstaðan varð sú að ekki ætti að refsa mönnum nema þeir hefðu gert eitthvað af sér sem væri refsivert. Það liggur fyrir að gjaldþrot eru ekki refsiverð. Síðan geta mál, sem koma fyrir yfirskattanefnd, verið þess eðlis að þau tengjast ekkert endilega gjaldþroti og því tel ég að það sé ekki eðlilegt að samþykkja eða taka inn þessa tillögu frá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og Kristínu Ástgeirsdóttur heldur halda sig við það samkomulag sem náðist við meðferð málsins í nefndinni í aðalatriðum og að afgreiða frv. eins og það liggur fyrir að teknu tilliti til þeirrar brtt. sem efh.- og viðskn. gerir.

[21:20]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég held að eðlilegt væri fyrst að gera grein fyrir brtt. á þskj. 431, sem er flutt af efh.- og viðskn. og þá væntanlega í því umboði að breytingarnar áttu að koma fram við 2. umr. málsins en hafa sennilega ekki náð inn á breytingartillöguþingskjalið og eru þess vegna endurfluttar í nafni efh.- og viðskn. Ýmislegt gerist hratt þessa dagana. Mig rekur ekki minni til að það hafi verið tekið sérstaklega fyrir í nefndinni að þessi brtt. yrði flutt í hennar nafni. En gott og vel. Ég hygg að svo megi líta á að það hefði átt að gerast við 2. umr. Það er alveg nauðsynlegt að sú breyting sé gerð því að orðalag 35. gr. frv. eins og það er á þskj. 417 eftir 2. umr. gengur eiginlega ekki upp nema gerð sé á því þessi breyting að ljóst sé að afbrotið er í tengslum við viðkomandi atvinnurekstur og þá gagnvart ákvæðum þeirra laga sem þar eru talin upp, þ.e. hegningarlaga, laga um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld.

Varðandi brtt. á þskj. 427 frá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og Kristínu Ástgeirsdóttur get ég að verulegu leyti tekið undir það sem hér hefur verið sagt áður af tveimur síðustu hv. ræðumönnum. Ég held að ekki sé deilt um það lengur í efh.- og viðskn. eftir nokkuð ítarlega skoðun á því máli að lögfesting hinna upphaflegu ákvæða frv. hefði orkað mjög tvímælis sökum þess hvernig allir hefðu þá verið í raun settir í sama dilk sem hefðu tengst gjaldþrotum sem orðið hefðu vegna algerlega óumflýjanlegra aðstæðna sem upp hefðu komið og án þess að nokkurt saknæmt eða refsivert athæfi tengdist þeim atburðum og hinir sem ætlunin er að reyna að ná til og gerast sekir um undanskot eða alvarlegri brot í tengslum við slíkt. Í því sambandi er auðvitað alveg ljóst að sú leið að tengja takmörkunina við afbrot sem menn hafa fengið dóm fyrir er algerlega örugg. Í því tilviki verður ekki um það deilt af því að það á ekki að deila við dómarann að

viðkomandi aðilar hafa gerst brotlegir og þar af leiðandi eðlilegt að beita takmörkun í þeim tilvikum. Með þeirri orðalagsbreytingu sem flutt er á þskj. 431 er gengið ágætlega frá því. Það er ljóst að hvers konar brot gegn öllum þeim lögum sem talin yrðu þá upp í 50. gr. hlutafélagalaganna og menn hafa hlotið dóm fyrir kalla á það að menn sæti takmörkunum sem stjórnarmenn eða framkvæmdastjórar í félögum. Það hvort til viðbótar sé rétt að fella undir þessa mögu-leika —

(**Forseti** (SalÞ): Ekki skraf í salnum.

Það er nú heimilislegt, hæstv. forseti, að það sé skrafað hér og þar á kvöldfundi. Ég geri engar athugasemdir við það, t.d. þó fjmrh. sem er mjög órólegur þessa dagana haldi ræðu í hliðarsal. (**Fjmrh.:** Hann er að reyna að koma á friði og spekt.) Það er nú eitthvað nýtt ef fjmrh. er að reyna að koma á friði og spekt. Ég hef aðallega orðið var við hann í sambandi við annað á þessum degi en hann sé mikið að reyna að stilla til friðar eða auðvelda afgreiðslu mála.

Satt er það, hæstv. forseti, að kannski er betra að einn tali í einu. Það sem ég ætlaði að segja var að það má um það deila hvort rétt sé að taka sektarákvæðin þarna undir og láta þá í raun sama gilda um annars vegar þá sem hafa verið dæmdir fyrir jafnvel alvarleg brot, t.d. á bókhaldslögum eða öðru slíku, og hina sem sætt hafa minni háttar sektum við lúkningu mála hjá yfirskattanefnd. Nú er auðvitað alveg ljóst að það getur verið býsna langt á milli, annars vegar mála sem leidd eru til lykta með einfaldri sektarmeðferð á yfirskattanefnd og um er að ræða lúkningu á minni háttar máli og hins vegar alvarlegri brot þar sem fram kemur ákæra og menn eru dæmdir. Ég verð að segja fyrir mitt leyti að í ljósi þess að þetta var ekki mikið skoðað í nefndinni og var ekki fyrr en undir lok umfjöllunar um þessi mál sem sá flötur kom upp að e.t.v. mætti taka þarna sektarhópinn með ef svo má að orði komast. Ég vona að allir hv. þingmenn skilji þetta einfalda atriði, treysti ég mér í raun ekki til þess að standa að því að flytja þá eða samþykkja þá brtt. Ég tel mig einfaldlega ekki hafa neinar upplýsingar um það hvers eðlis öll þau fjölmörgu brot sem þar kunna að vera á ferðinni eru og hvort það eru nógu traustar forsendur til þess að láta þessi mál öll sæta þarna sömu meðferð. Ég hefði a.m.k. gjarnan viljað sjá meiri upplýsingar um það þá og fá sérfræðileg álit á því hvort rétt sé að hafa þau mál með sem eru hjá ríkisskattanefnd og eru leidd til lykta með sektum, þ.e. verða aldrei opinber mál og því mun ég sitja hjá við atkvæðagreiðslu um þessa brtt. Ég er ekki heldur tilbúinn til að greiða atkvæði gegn henni því að það má vel vera að á þessu sé alveg stætt en mér finnst vanta betri rökstuðning fyrir því eða forsendur fyrir því að afgreiða það. Kannski kemur það hér fram í máli flutningsmanna ef þeir eiga eftir að rökstyðja tillögu sína betur.

Að lokum vil ég svo láta koma fram sem hefur kannski að einhverju leyti gleymst, kom þó að einhverju leyti fram við 2. umr., þ.e. að nefndin ræddi það talsvert að vinna áfram að málinu og þar var m.a. nefnt frv. nokkurra hv. þm. Framsfl. sem liggur fyrir þinginu um að fara aðra leið að þessu sama marki, þ.e. setja lög sem heimila að menn séu dæmdir í tímabundið atvinnurekstrarbann. Að mörgu leyti má til sanns vegar færa að það sé geðþekkari nálgun að þessu sama vandamáli að stemma stigu við því að menn leiki lausum hala og stofni ítrekað til atvinnurekstrar og skilji eftir sig ljóta slóð. Þá er hægt að beita slíkum aðferðum að dæma þá sérstaklega í atvinnurekstrarbann með vísan til eðlis þeirra afbrota sem þeir hafa framið. En í öllu falli er ekki um það að deila að það er til bóta svo langt sem það nær að taka ákvæði af þessu tagi inn í hlutafélagalög og lög um einkahlutafélög. Það lýsir vilja löggjafans til þess að stemma stigu við slíku atferli. Sjálfsagt má deila hvernig það sé nákvæmlega best gert en ég held að breytingin sem var gerð við 2. umr. með þeirri orðalagsbreytingu sem er á þskj. 431 sé veruleg viðleitni í rétta átt og eftir atvikum áfangi sem sé alveg hægt að una við og þá megi vinna áfram að því að betrumbæta þetta enn ef mönnum sýnist þörf á því.

[21:28]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Sú umræða sem hér á sér stað gengur út á það hversu langt skuli ganga í því að takmarka rétt manna til þess að sitja sem framkvæmdastjórar eða stjórnarmenn hafi þeir lent í ítrekuðum gjaldþrotum eða gerst brotlegir. Það sem um ræðir er það að við vitum dæmi þess að menn setja fyrirtæki í gjaldþrot, jafnvel aftur og aftur en það þarf ekki að vera um refsivert athæfi að ræða.

Sú brtt. sem er til umræðu gengur ekki svo langt heldur er um það að ræða að ýmis þau mál sem snerta brot manna í atvinnurekstri eru leyst með sektarmeðferð hjá yfirskattanefnd. Við ræddum það hvort ætti að standa meiri háttar brot í tillögunni en frá því var fallið vegna þess að þá er spurningin hver eigi að dæma um það hvað eru meiri háttar brot og hvað eru minni háttar brot. Hér er um það að ræða að þeir sem hafa brotið af sér í rekstri fyrirtækja eigi að sæta ákvæðum 55. gr. eins og hún er nú orðin í ljósi þess að hafa fengið dóm yfirskattanefndar en hann felst í því að menn eru dæmdir í sekt. Ég ítreka að hér er verið að tala um refsivert athæfi og það ber að skoða málið í ljósi þess.

[21:30]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Ég tók eftir að hv. 5. þm. Norðurl. v. sagði í ræðustól að ekki ætti að refsa manni nema hann hafi gert eitthvað af sér sem er refsivert og þetta ákvæði sem hér er verið að flytja kveður á um að viðkomandi hafi gert það af sér sem er refsivert. Við getum tekið sem dæmi að á sex ára tímabili frá 1985–1991 voru 16 mál send til opinberrar rannsóknar en á þessu sama tímabili voru 134 mál send til ríkisskattanefndar til sektarmeðferðar. Hér þarf ekki að vera um nein minni háttar mál að ræða. Hér getur líka verið um meiri háttar mál að ræða. Það hefur verið tilhneiging hjá skattrannsóknarstjóra að senda þessi mál til yfirskattanefndar eða ríkisskattanefndar sem var áður vegna þess að þar fá þau fyrr meðferð og úrlausn

en ef þetta er sent til opinberrar rannsóknar og dómstóla. En það getur verið um allt eins alvarleg brot að ræða sem eru til meðferðar hjá yfirskattanefnd og sæta þar sektarmeðferð eins og það sem fer til dómstólanna. Hér er tvímælalaust um að ræða refsiverðan verknað vegna skattalagabrota sem er í tengslum við brot í atvinnurekstri eins og hér stendur. Mér finnst því allt mæla með því að það þurfi að taka þessa brtt. einnig inn.

[21:32]

Frsm. efh.- og viðskn. (Jóhannes Geir Sigurgeirsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vil benda á eitt í sambandi við röksemdafærslu hv. þm. sem kom fram áðan. Hún benti á að skattrannsóknarstjóri hefði oft og tíðum valið þá leið að senda málin til yfirskattanefndar og fá þar úrskurð. Það er væntanlega alveg rétt en ég bendi á í þessu sambandi að m.a. skattrannsóknarstjóri hefur bent á nauðsyn þess að til væru heimildir í lögum til þess að stöðva aðila sem hefðu beitt gjaldþroti ítrekað og refsivert. Skattrannsóknarstjóri, sem ábyrgur embættismaður og sem hefur lýst vilja sínum til þess að ná yfir þessi mál, getur í hvert það skipti þegar uppi er grunur um það að viðkomandi aðili hafi beitt gjaldþroti á þann hátt sem menn vilja koma við vísað málinu til dómstóla. Að mínu mati hafa þeir aðilar sem eru að fjalla um þessi mál á hverjum tíma betri leið til þess að stöðva þá aðila sem við erum væntanlega öll sömul sammála um að þurfi að stöðva en var með upprunalegu tillögunni. Mér dettur ekki í hug að ætla þeim hv. þm. sem leggja þessa brtt. fram neitt annað en að leita að bestu leið til þess að geta stöðvað rekstur þessara aðila.

[21:34]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tók eftir því að hv. flm. brtt., hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, 12. þm. Reykv., sagði að í tilviki sektarmeðferðar þyrfti ekki að vera minni háttar brot og ég rengi hv. þm. ekkert. Það er sjálfsagt rétt og kom reyndar fram að í einhverjum mæli hefur þess gætt á undanförnum árum að sökum seinagangs í dómskerfinu hafi verið tilhneiging til að ljúka málum frekar með sektarmeðferð og jafnvel í mörgum tilvikum býsna alvarlegum brotamálum gagnvart skattalögum en það kom heldur ekki fram neitt annað í svari hv. þm. sem einnig gæti þar verið í bland hrein minni háttar mál. Þá er það spurningin hvar á að greina þarna á milli. Það er af þeim sem menn hafa áhyggjur. Það er spurningin um það hvort þessi tilvik eru öll sömul það sambærileg að sanngjarnt eða réttlætanlegt sé að láta þessa takmörkun gilda um allan þennan hóp, jafnt þá sem hafa fengið á sig dóm vegna meiri háttar brota á einhverjum af þessum lögum sem varða atvinnurekstrinn og hina sem í tilviki skattameðferðarinnar hafa kannski verið minni háttar. Í svörum hv. flm. tillögunnar fannst mér ekki koma fram upplýsingar sem a.m.k. gerðu mig miklu nær um það hvernig þetta mál er vaxið. Hv. þm. sundurgreindi ekki þá rúmlega 100 aðila sem sætt hafa lúkningu sinna mála með sektarmeðferð hjá ríkisskattanefnd eða nú yfirskattanefnd. Ég held að það sé einmitt slík sundurliðun og upplýsingar um það sem vanti til þess að það væri forsvaranlegt að samþykkja tillöguna.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:38]

Brtt. 427 felld með 32:8 atkv. og sögðu

já: EKJ, GHelg, GunnS, JE, JóhS, JVK, KÁ, KE.

nei: ÁRÁ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EgJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, IBA, JGS, KHG, LMR, MJ, ÓE, ÓRG, PP, PBald, PBj, RA, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

5 þm. (GJH, HG, JÁ, MF, SJS) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ÁJ, EH, EKG, FI, GB, GÁS, GÁ, HÁ, HBl, IP, JBH, JHelg, JónK, KS, MB, PJ, RG, StG) fjarstaddir.

Brtt. 431 samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GJH, GHelg, GunnS, HG, IBA, JÁ, JE, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MJ, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, PBald, PBj, RA, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

14 þm. (ÁJ, FI, GB, GÁS, GÁ, HÁ, HBl, IP, JóhS, JBH, KS, PJ, RG, StG) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GJH, GHelg, GunnS, HG, IBA, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, MJ, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, PBald, PBj, RA, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

14 þm. (ÁJ, FI, GB, GÁS, GÁ, HÁ, HBl, IP, JBH, JVK, KS, PJ, RG, StG) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 438).

Einkahlutafélög, 3. umr.

Stjfrv., 97. mál. — Þskj. 418, brtt. 425 og 430.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:40]

Brtt. 430 samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GJH, GHelg, GunnS, HBl, HG, IBA, JÁ, JE, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MJ, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, PBald, PBj, RA, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

12 þm. (FI, GB, GÁS, GÁ, HÁ, IP, JóhS, JBH, KS, PJ, RG, StG) fjarstaddir.

Brtt. 425 felld með 38:7 atkv. og sögðu

já: EKJ, GJH, GHelg, JóhS, JVK, KÁ, KE.

nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JGS, JHelg, LMR, MJ, MB, ÓE, ÓRG, PP, PBald, PBj, RA, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
8 þm. (HG, JÁ, JE, JónK, KHG, MF, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.
10 þm. (GB, GÁS, GÁ, HÁ, IP, JBH, KS, PJ, RG, StG) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GJH, GHelg, GunnS, HBl, HG, IBA, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MJ, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, PBald, PBj, RA, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.
10 þm. (GB, GÁS, GÁ, HÁ, IP, JBH, KS, PJ, RG, StG) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 439).

Evrópsk fjárhagsleg hagsmunafélög, 3. umr.

Stjfrv., 98. mál. — Þskj. 419 (sbr. 101).

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:42]
Frv. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GJH, GunnS, HBl, IBA, JE, JóhS, JGS, JónK, KÁ, LMR, MJ, MF, MB, ÓE, ÓRG, PBald, PBj, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.
2 þm. (GHelg, HG) greiddu ekki atkv.
15 þm. (GB, GÁ, HÁ, IP, JÁ, JBH, JHelg, JVK, KHG, KE, KS, PP, PJ, StG, SJS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 440).

Ábyrgð á norrænum fjárfestingarlánum til verkefna utan Norðurlanda, 3. umr.

Stjfrv., 237. mál. — Þskj. 278.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:43]
Frv. samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GJH, GHelg, GunnS, HBl, HG, IBA, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MJ, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, PBald, PBj, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.
11 þm. (EgJ, EKG, GB, GÁ, HÁ, IP, JE, JBH, KS, PJ, StG) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 441).

Samningur um breytingar á tilteknum samningum EFTA-ríkjanna, frh. fyrri umr.

Stjtill., 304. mál. — Þskj. 409.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:44]
Till. vísað til síðari umr. með 54 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GJH, GHelg, GunnS, HBl, HG, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MJ, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, PBald, PBj, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.
9 þm. (GB, GÁ, HÁ, IBA, IP, JBH, KS, PJ, StG) fjarstaddir.

Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Út af dagskrá var tekið 2. mál.

Fundi slitið kl. 21:45.

---

64. FUNDUR

þriðjudaginn 20. des.,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:
Fjáraukalög 1994, stjfrv., 66. mál, þskj. 351, brtt. 380. — 3. umr.

Fjarvistarleyfi:
Jón Baldvin Hannibalsson utanrrh.,
Pálmi Jónsson, 2. þm. Norðurl. v.

Útbýting þingskjala:
Fjáraukalög 1994, 66. mál, frhnál. meiri hluta fjárln., þskj. 443; brtt. meiri hluta fjárln., þskj. 444; brtt. GÁ o.fl., þskj. 448.

Lífræn landbúnaðarframleiðsla, 281. mál, nál. landbn., þskj. 445.

Læknaráð, 311. mál, stjfrv., þskj. 446.

Tekjustofnar sveitarfélaga, 303. mál, nál. félmn., þskj. 442.

Tóbaksvarnalög, 312. mál, stjfrv., þskj. 447.

Tilkynning um utandagskrárumræðu.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill tilkynna að gert er ráð fyrir utandagskrárumræðu síðar í dag kl. 17.30. Málshefjandi er Kristín Ástgeirsdóttir, hv. 15. þm. Reykv., og verður dómsmrh. til andsvara. Efni umræðunnar er aðgerðir til að sporna við ofbeldi í Reykjavík. Þetta verður hálftímaumræða.

Fjáraukalög 1994, 3. umr.

Stjfrv., 66. mál. — Þskj. 351, nál. 443, brtt. 380, 444 og 448.

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 444 og 448. — Afbrigði samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, BBj, BIB, EH, EgJ, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁ, GJH, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, KHG, KE, KS, MJ, MB, ÓE, ÓRG, PP, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, TIO, VS, ÞorstP.

18 þm. (ÁJ, ÁMM, DO, EKG, GuðjG, GÁS, GHelg, JE, JBH, JVK, KÁ, LMR, MF, PJ, PBj, RA, SvG, VE) fjarstaddir.

[15:08]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Sigbjörn Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frhnál. meiri hluta fjárln. við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1994.

9. des. sl. fór fram 2. umr. um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1994. Meiri hluti fjárln. gerði þá 23 brtt. við frv. sem allar hlutu samþykki þingsins. Í ræðu formanns kom fram að fjallað hafði verið um nokkur mál til viðbótar í nefndinni en ákvörðun um þau hafði verið frestað til 3. umr. Umfjöllun um þau mál er nú lokið í nefndinni og leggur meiri hluti hennar til að frv. verði samþykkt með þeim fimm breytingum sem gerðar eru tillögur um á þskj. 444 en þær nema alls 194 millj. kr. Einstakar breytingar eru skýrðar í athugasemdum með álitinu auk þess sem fjallað verður um þær í framsögu. Í töflu sem fylgir með frhnál. er yfirlit um fjárheimildir ráðuneyta fyrir árið 1994 og þær breytingar sem meiri hluti nefndarinnar hefur gert tillögur um við 2. og 3. umr. frv.

Virðulegi forseti. Ég mun nú víkja að því að skýra einstakar brtt. sem fram koma á þskj. 444.

Forsrn. Fjárlagaliður 221. Byggðastofnun. Gerð er tillaga um 50 millj. kr. viðbótarframlag til að fjármagna stuðning stofnunarinnar við atvinnuuppbyggingu á þeim svæðum sem orðið hafa fyrir mestum samdrætti í sauðfjárframleiðslu. Sú fyrirgreiðsla er í samræmi við fjárhagslegar stuðningsaðgerðir ríkisvaldsins sem tilgreindar eru í viðauka 2 við búvörusamninginn frá 11. mars 1991. Sambærilegt framlag var samþykkt við 2. umr. um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1993. Þá er einnig gerð tillaga um 20 millj. kr. viðbótarframlag til að fjármagna stuðning stofnunarinnar við útgerðir smábáta með aflamark sem hafa sætt mikilli skerðingu á aflaheimildum.

Byggðastofnun hefur unnið skýrslu og greinargerð um stöðu sauðfjárræktar í landinu. Þar bendir stofnunin á að sauðfjárrækt er víða á landinu afar mikilvæg. Vakin er athygli á því að laun sauðfjárbænda af sauðfjárframleiðslu hafa lækkað hlutfallslega meira en nemur hlutfallslegum samdrætti í sauðfjárframleiðslu. Í skýrslunni er bent á þau landsvæði þar sem sauðfjárræktin er mikilvægust og samdráttur í greininni hefur haft og mun hafa mestar afleiðingar. Til þess að takast á við vanda á sauðfjárræktarsvæðum er gert ráð fyrir að auka framlag Byggðastofnunar sem nemur 50 millj. kr. Tillagan miðast við að aðgerðir sem Byggðastofnun beitir sér fyrir á sauðfjárræktarsvæðum verði byggðar á eftirgreindum meginforsendum:

Að veittir verði styrkir og/eða lán til nýjunga í atvinnulífi á svokölluðum sauðfjárræktarsvæðum og til þess að styrkja þá starfsemi sem fyrir er og tengist sauðfjárframleiðslu. Verði m.a. veittir styrkir til afurða- og vinnslustöðva á sauðfjárræktarsvæðum er geri þeim kleift að fá viðurkenningu til útflutnings á mikilvæg erlend markaðssvæði. Efnt verði til sérstakra átaksverkefna á hverju svæði í samráði við heimamenn sem hafi það markmið að efla frumkvæði til nýjunga í atvinnulífi.

Byggðastofnun hefur í nokkrum mæli veitt smábátaeigendum lánafyrirgreiðslu. Í ljósi mikillar skerðingar á aflaheimildum smábáta með aflamark er talið nauðsynlegt að koma til móts við þann útgerðarflokk með sérstökum aðgerðum. Í þeim tilgangi er gert ráð fyrir að veita 20 millj. kr. viðbótarframlag til Byggðastofnunar. Er gert ráð fyrir að Byggðastofnun ráðstafi þeim fjármunum með því að veita styrki og lán til þeirra smábátaútgerða sem hafa aflamark. Fyrirgreiðslan taki mið af skerðingu og aflamarki í þorskígildum við síðustu tvær úthlutanir að teknu tilliti til breytinga á aflamarki vegna sölu á aflaheimildum og heildarafkomu hverrar útgerðar. Einnig verði tekið tillit til úthlutunar Hagræðingarsjóðs.

Við afgreiðslu Byggðastofnunar verði tekið tillit til þeirrar fyrirgreiðslu sem Fiskveiðasjóður mun veita útgerðum aflamarksbáta. Byggðastofnun er ætlað að gera fjárln. Alþingis sérstaklega grein fyrir ráðstöfun þessara fjármuna.

Menntmrn. Fjárlagaliður 997. Uppgjör við sveitarfélög. Lagt er til að fjárheimild á þessum lið verði aukin um 7 millj. kr. til að ljúka uppgjöri á byggingu grunnskóla Stöðvarfjarðar.

Landbrn. Fjárlagaliður 811. Búnaðarfélag Íslands. Í lögum um ráðstafanir í ríkisfjármálum fyrir árið 1992 var lögum breytt í þá veru að allur réttur til framlaga samkvæmt jarðræktarlögum væri háður fjárveitingu Alþingis. Með þessu ákvæði var verið að tryggja að frá og með árinu 1992 myndaðist ekki sjálfkrafa réttur til framlaga samkvæmt jarðræktarlögum. Frá því að þessi breyting var gerð hefur mikill þrýstingur verið á stjórnvöld að veita framlög vegna bygginga áburðarhúsa og vatnsveitna. Er til þess vitnað að þær jarðabætur séu að stórum hluta til komnar vegna stjórnvaldsákvæða um hreinlæti við mjólkurframleiðslu. Meiri hluti fjárln. hefur ákveðið í samráði við landbrh. og fjmrh. að leggja til 40 millj. kr. framlag vegna áburðarhúss og vatnsveitna sem byggð voru á árunum 1992 og 1993 enda uppfylli jarðabætur þessar skilyrði jarðræktarlaga um greiðslu framlags. Jafnframt vilja sömu aðilar láta koma skýrt fram að ekki verður um frekari fjárveitingar að ræða til framkvæmda samkvæmt jarðræktarlögum.

Félmrn. Fjárlagaliður 801. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga. Lagt er til að fjárheimild liðarins hækki um 65 millj. kr. Sjóðurinn fær 1,4% af skatttekjum ríkisins í sinn hlut. Fjmrn. hefur nú endurskoðað tekjuáætlun ríkissjóðs fyrir yfirstandandi ár í tengslum við 3. umr. um fjárlagafrv. næsta árs og tekur tillagan mið af þeirri hækkun skatttekna sem þar er gert ráð fyrir.

Fjmrn. Fjárlagaliður 999. Ýmislegt. Á viðfangsefninu 119 Ýmsar endurgreiðslur, hafa á undanförnum árum farið fram endurgreiðslur á aðflutningsgjöldum og virðisaukaskatti til björgunarsveita við innflutningi þeirra á björgunartækjum. Lagt er til að fjárheimild þessa viðfangsefnis verði aukin um 10 millj. kr. til þess að mæta þeim vanda sem björgunarsveitirnar standa frammi fyrir á yfirstandandi ári vegna endurnýjunar tækjabúnaðar.

Í frv. til fjáraukalaga ársins 1994 er gert ráð fyrir að veita einni millj kr. til greiðslu verðjöfnunargjalda á viðfangsefninu 181 Verðjöfnunargjald vegna útflutnings. Sú fjárhæð hefur nú verið endurmetin og er lagt til að heimildin hækki um 2 millj. kr.

Undir álit meiri hluta fjárln. rita Sigbjörn Gunnarsson, Sturla Böðvarsson, Einar K. Guðfinnsson, Gunnlaugur Stefánsson, Árni Johnsen og Árni M. Mathiesen.

[15:16]

Matthías Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hér fylgja skýringar við einstaka breytingartillögur frá fjárln. Þar er ætlað framlag vegna erfiðleika sauðfjárræktar héraða. Ég tel að þetta sé tilkomið vegna þess að ákvæði eru í viðauka við búvörusamning um það að Byggðastofnun sé falið að úthluta því fjármagni enda hefur farið fram mjög ítarleg athugun á erfiðleikum sauðfjárræktunar og ég tel að það eigi auðvitað að eyrnamerkja af því.

Hitt atriðið sem ég furða mig á er það framlag sem á að veita smábátaeigendum og í lok þess segir í þessari greinargerð: „Byggðastofnun er ætlað að gera fjárln. Alþingis sérstaka grein fyrir ráðstöfun þessara fjármála.“ Hvenær hefur þetta áður gerst? Af hverju tekur þá fjárln. ekki bara ákvörðun um að ráðstafa þessu fjármagni? Mér finnst þetta svo furðulegt frá hendi þessarar fjárln. að ég vil ekki taka neitt slíkt yfir á hendur Byggðastofnunar að hafa fjárln. sem einhvern yfirboðara þeirrar fjárúthlutunar. Hún heyrir undir ákveðið ráðuneyti sem er forsrn., hvorki meira né minna, og hún hefur þingkjörna stjórn en er fjárln. orðin yfir þessu öllu, bæði því sem Alþingi kýs og líka yfir forsrn.

[15:18]

Egill Jónsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil leyfa mér að vekja athygli á og reyndar mótmæla því sem kemur fram í síðari mgr. undir fyrirsögninni Landbúnaðarráðuneyti þar sem sagt er að tilteknir aðilar hafi komið sér saman um að ekki yrði um frekari greiðslur að ræða varðandi jarðræktarlög. Ég minni á að lögin til næsta árs eru virk að þessu leyti þannig að þær ákvarðanir sem kunna að verða teknar geta ekki virkað aftur fyrir sig að þessu leyti. Ég minni sérstaklega á að árið 1992 var fallist á það við fjárlagagerð að greiða þau jarðræktarframlög sem unnin voru áður en lögunum var þá breytt. Ég hlýt að vekja athygli á þessu og reyndar mótmæla því um leið.

Útbýting þingskjala:

Lánsfjárlög 1995, 3. mál, nál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 449; brtt. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 450.

[15:20]

Ólafur Ragnar Grímsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Við erum búin að bíða eftir því í nokkra daga að hv. fjárln. skilaði fjáraukalagafrv. hingað til umfjöllunar. Það hefur ekki verið haldinn fundur í dag fyrr en kl. 3 til þess að hægt væri að taka þessi mál fyrir. Um leið og formaður fjárln. hefur lokið máli sínu rísa upp formenn tveggja nefnda í þinginu, formaður sjútvn. og formaður landbn., og mótmæla meðferð fjárln. og efnisatriðum þeirrar afgreiðslu sem á að fara fram. Ef það er virkilega þannig að staðan í stjórnarliðinu sé með þeim hætti að hvorki formaður sjútvn., hv. þm. Matthías Bjarnason, né formaður landbn., hv. þm. Egill Jónsson, geta unað þeirri afgreiðslu sem formaður fjárln. er að kynna nær auðvitað ekki nokkurri átt að halda umræðunni áfram heldur verður að gera hlé á henni þannig að þingmenn geti áttað sig á þeirri einstæðu stöðu sem hér er komin upp að stjórnarmeirihlutinn er að skila fjáraukalagafrv. inn í þingið sem formenn sjútvn. og landbn. geta ekki unað. Það hefur ekki gerst fyrr við afgreiðslu fjáraukalaga að tveir mikilvægir trúnaðarmenn ríkisstjórnarflokkanna séu fyrstir manna í ræðustól til að mótmæla meðferð stjórnarmeirihlutans í fjárln. á annars vegar málefnum landbúnaðarins og hins vegar þeim þáttum í sjávarútvegsmálum sem hér er vikið að. Ég tel það auðvitað ekki ná nokkurri átt að ætla að halda svo áfram umræðum um þetta mál eins og ekkert hafi í skorist, eins og það séu bara léttvæg orð þegar for-

maður landbn. og formaður sjútvn. mótmæla forsendum og efnisinnihaldi stjórnarmeirihlutans í fjárln. varðandi þetta fjáraukalagafrv.

Ég vil þess vegna, virðulegi forseti, beina þeim tilmælum eindregið til forsetans að það verði gert hlé á umræðunni svo að aðrir þingmenn geti áttað sig á því hvað hér er að gerast. Ég verð að segja alveg eins og er að mér kom fullkomlega á óvart að þessir tveir trúnaðarmenn ríkisstjórnarflokkanna, formenn landbn. og sjútvn., hefðu ekki verið hafðir með í ráðum varðandi meðferð þessara þátta. Hér væri verið að kynna afgreiðslu fjáraukalagafrv. sem væri einkamál þeirra þingmanna stjórnarflokkanna sem sitja í fjárln. en væri ekki um að ræða sameiginlega afstöðu stjórnarflokkanna í heild. Það er þess vegna óhjákvæmilegt, virðulegi forseti, að við aðrir þingmenn fáum tækifæri til að skoða þessa stöðu sem er komin upp áður en umræðan heldur áfram og ég mælist til þess, virðulegi forseti, að það verði gert hlé á umræðunni svo að við getum áttað okkur á þeirri stöðu sem er komin upp.

[15:24]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég verð að segja að það hefur nú komið upp sérkennileg staða þegar fyrstu tveir mælendur í andsvörum við hv. formann fjárln. voru stjórnarliðar. Nú liggur fyrir að mikið hefur verið unnið í nefndum undanfarið og stjórnarandstæðingar í nefndunum hafa verið sífellt að bíða eftir því að ríkisstjórnin og meiri hluti hennar næðu samkomulagi. Við vissum ekki annað í gær á fundi þingflokksformanna en að hægt yrði að ljúka umræðum um fjáraukalög á tiltölulega stuttum tíma. Svo gerist það bara að um leið og frsm. er að enda við að mæla fyrir nefndarálitinu koma stjórnarliðar hver á eftir öðrum og mótmæla afgreiðslu hv. fjárln. Ég vil spyrja að því hvernig á að vera hægt að ljúka þessu þinghaldi með svona áframhaldi. Hvers konar vinnubrögð eru þetta hjá hæstv. ríkisstjórn og hennar mönnum í þinginu?

[15:25]

Frsm. minni hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég vil láta það koma fram að ég undrast vinnubrögð meiri hluta hv. fjárln. Inn á borðið til okkar berst skýringartexti við brtt. um Byggðastofnun núna þegar fundurinn er að byrja. Þar með er búið að ákveða án samráðs við minni hlutann að fjárln. sé orðin einhvers konar yfirstjórn yfir Byggðastofnun án þess að það sé rætt í nefndinni, án þess að það sé látið svo lítið að spyrja minni hlutann að því einu sinni. Hvers lags vinnubrögð eru þetta? Ég er ekki undir það búinn að vera einhvers konar yfirstjórn Byggðastofnunar og kæri mig ekkert um það hlutverk. **(Gripið fram í:** Það væri nú góð yfirstjórn.) Ja, ég gæti alveg tekið það hlutverk að mér ef mér væri falið það formlega. Hins vegar vil ég ekki vera bendlaður við svona svona samkrull og svona vinnubrögð. Ég mun taka þessi vinnubrögð frekar fyrir á eftir þegar þessari umræðu miðar fram en ég verð að segja að þetta er alveg forkastanlegt. Ég held að það ætti að gera hlé á fundinum þannig að fjárlaganefndarmönnum gefist tækifæri til að skoða málið svolítið betur og lesa þennan texta a.m.k.

[15:27]

Egill Jónsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Vegna þeirrar umræðu sem hefur farið fram þá vil ég að það liggi ljóst fyrir að ég hafði ekki minnstu hugmynd um þennan texta fyrr en ég sá þingplaggið á borði mínu. Ég hafði reyndar af því spurnir eftir viðtal við hv. varaformann fjárln. að það ætti að skilyrða þessar 40 millj. sem fara til greiðslu jarðræktarframlaga. En það var ekki minnst á það einu orði að það ætti að afnema jarðræktarlögin um leið.

(Forseti (SalÞ)**:** Ekki efnislega umræðu.)

Það breytir því hins vegar ekki, virðulegi forseti, að niðurlag greinarinnar og sá gjörningur sem því á að fylgja er með tilvísan til þess sem ég hef áður sagt markleysa.

[15:28]

Páll Pétursson *(um fundarstjórn)*:

Frú forseti. Ég held að það sé óhjákvæmilegt að fresta umræðunni. Það eru sterkar líkur fyrir því að þetta mál njóti ekki meirihlutafylgis á Alþingi. Hér hafa tveir öflugir stjórnarsinnar, hv. þm., lýst andstöðu við einstaka þætti og ég er satt að segja ekkert hissa á því þó að þeir lýsi andstöðu við þetta plagg. Mér sýnist að meiri hluti hv. fjárln. hafi verið gripinn einhverju skyndilegu stórmennskubrjálæði. Ég skil ekkert í því með svo hógværa og ágæta menn að þeir skuli láta frá sér fara texta eins og hér stendur og ætla að yfirtaka stjórn landsins með þeim hætti sem þeir gera hér. Hér segir, frú forseti:

„Meiri hluti fjárln. hefur ákveðið í samráði við landbrh. og fjmrh. að leggja til að 40 millj. kr. framlag vegna áburðarhúsa og vatnsveitna sem byggð voru á árunum 1992 og 1993 enda uppfylli jarðabætur þetta skilyrði jarðræktarlaga um greiðslu framlags. Jafnframt vilja sömu aðilar láta það koma skýrt fram að ekki verði um frekari fjárveitingar að ræða til framkvæmda samkvæmt jarðræktarlögum."

(Forseti (SalÞ)**:** Ekki efnislega umræður.)

Frú forseti. Hv. meirihlutamenn í fjárln. hafa held ég farið þarna einum of langt. Ætla hv. þingmenn Sjálfstfl. að sætta sig við þessa afgreiðslu? Ætla þeir að gera það? Er þetta kosningastefnuskrá Sjálfstfl. sem birtist hjá meiri hluta hv. fjárln.? Ég held, frú forseti, að það sé óhjákvæmilegt að fresta fundi. Ég tel að stjórnarflokkarnir þurfi að efna til þingflokksfunda og ræða þessi mál og ef þetta frv. verður tekið aftur á dagskrá mætum við að sjálfsögðu til fundar en mér sýnist einhvern veginn ástæða til þess að ræða það frekar í þessari stöðu.

[15:31]

Sturla Böðvarsson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Vegna ræðu hv. 8. þm. Reykn. vil ég segja að það er mjög mikil nýlunda ef það þarf að vera efni til þess að fresta fundi að það séu skiptar skoðanir um stórmál. Það er alveg nýtt hjá þeim hv. þm. ef

hann er ekki reiðubúinn til þess að taka þátt í umræðum og reyna að komast að niðurstöðu í þingsalnum en ekki hlaupa úr þingsal og fresta málum. Ég vil, hæstv. forseti, leggja ríka áherslu á það að að sjálfsögðu ljúkum við umræðunum. Það kemur væntanlega engum á óvart að það eru skiptar skoðanir um jarðræktarframlög eða framlög til landbúnaðar en þau viðbrögð koma mér satt að segja mjög mikið á óvart sem hér hafa orðið og ekki síst hjá hv. 2. þm. Austurl. sem tekur undir það að umræðunni skuli hætt vegna þess að gert er ráð fyrir því að hv. fjárln. fái upplýsingar um úthlutun fjármuna. Ég minnist þess að hv. stjórnarandstæðingar í fjárln. hafa ítrekað óskað eftir því að það kæmi fram í heimildum 6. gr. að þær yrðu ekki afgreiddar nema fjárln. hefði annaðhvort fjallað um það eða jafnvel samþykkt þannig að það er ekkert nýtt undir sólinni í þessum efnum.

Ég vil, hæstv. forseti, leggja áherslu á það að þessi umræða geti farið fram og það á a.m.k. ekki að koma hv. 8. þm. Reykn., fyrrv. fjmrh., á óvart að formaður landbn. hafi sitthvað við það að athuga með hvaða hætti jarðræktarframlög eru greidd.

[15:33]

Matthías Bjarnason *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég verð að segja að þetta þskj. var ekki lagt fram í þingflokki Sjálfstfl. Það var ekki fyrr en maður kom hér í þingdeild að maður sá þetta þskj. Er ekki fyllsta ástæða til þess að fresta umræðu um þetta mál þegar fjárln. ætlar að taka sér stöðu og vera einhver yfirnefnd yfir þingkjörinni nefnd og forsrn.? Ég tel fyllstu ástæðu til þess og ég tek undir þá kröfu sem stjórnarandstæðingar hafa lagt fram í dag. Það er siðlaust að halda þessari umræðu áfram nema þetta mál verði rætt í þingflokkum stjórnarliðsins.

[15:34]

Guðrún Helgadóttir *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég vil eins og aðrir fjárlaganefndarmenn minni hlutans frábiðja mér þess að við höfum tekið þátt í samningum þessa plaggs og þar sem við höfum nú flest setið við að reyna að berja saman nefndarálit fyrir umræðu um fjárlög á komandi degi höfðum við ekki séð þetta nefndarálit fyrr en rétt núna enda er þetta nýlagt fram.

Hér er auðvitað mál af þeirri stærð að það er fráleitt að halda hér áfram umræðu. Ég hygg að ástæða sé t.d. til þess að kalla hæstv. landbrh. til viðtals við þá menn sem hér tóku ákvörðun sem er satt að segja fjarri öllu lagi og hv. þm. geri athugasemd við og ég held, hæstv. forseti, að ekkert annað sé að gera en gera hér þinghlé og kalla formann og varaformann fjárln. til fundar við hæstv. landbrh. og hæstv. sjútvrh. því að hér er auðvitað mál af þeirri stærðargráðu að það þýðir ekkert að halda áfram umræðu bara til að halda áfram umræðu.

Hæstv. forseti. Það væri auðvitað ástæða til að hafa langa umræðu um störf nefndarinnar vegna þess að ég held að það sé með hreinum ólíkindum og hafi aldrei gerst fyrr að nú hefur nefndinni verið skipt í tvö hólf, minni hluta og meiri hluta, og þeir eru færri fundirnir sem nefndin situr öll saman við afgreiðslu fjárlaga. Sl. sunnudag sátum við í minni hlutanum og biðum klukkutímum saman á meðan meiri hlutinn var á fundi, eflaust til að semja þennan texta sem við fáum svo ekki að sjá fyrr en hann er lagður hér fram í hv. þingdeild. Hér er auðvitað ógæfulega að farið og ekki von til þess að þingið nái neinu samkomulagi með svona vinnubrögðum og ég held að til þess að lægja öldurnar ætti hæstv. forseti að kalla til fundar við sig þá hæstv. ráðherra ríkisstjórnarinnar sem þetta mál varðar og hæstv. forsrh. að sjálfsögðu og reyna að koma á einhverju samkomulagi áður en lengra verður haldið.

[15:36]

Guðni Ágústsson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Hér eru mál komin í mikið óefni og verð ég að taka undir það með hv. þm. Matthíasi Bjarnasyni sem er nú elsti og reyndasti þingmaðurinn að það er furðulegt ef forseti verður ekki við þeirri beiðni að fresta fundinum og fara yfir málið. Ég hef hvað eftir annað gagnrýnt þessa fjárln. í haust, bæði við fjárlagaumræðu og fjáraukalagaumræðu. Mér hafa fundist þau vinnubrögð sem sú hv. nefnd hefur ástundað undarleg og hér kemur staðfesting á því að þau eru ærið undarleg. Þeim vinnubrögðum fylgir því miður svolítill hroki eins og kemur hér fram í vinnuskjalinu. (**JónK:** Meira en svolítill.) Já, meira en svolítill, segir hv. þm., þannig að þingið er í hættu ef forseti verður ekki við því að fresta svona fundi.

Svo finnst mér alveg furðulegur hlutur að textinn hafi ekki verið borinn undir hv. þm. Egil Jónsson, 3. þm. Austurl., sem mér finnst mjög eðlilegt að sé gert í Sjálfstfl. Svo miklu þykist hann ráða alla vega stundum. Og hann segir það eins og hv. þm. Matthías Bjarnason að þetta sé markleysa og ég tek undir það með þessum reyndu þingmönnum að þinginu verður ekki boðið upp á þetta, hæstv. forseti, og mér finnst ástæðulaust hjá forseta að láta umræðuna buna áfram. Einhvern tíma hlýtur hæstv. forseti að verða að rjúfa og menn koma saman í þeim valdastofnunum þar sem oft á að taka á svona ágreiningsmálum sem eru þingflokkarnir. Ég skora því á hæstv. forseta að ljúka þessari hlægilegu umræðu svo menn komist heim í sína þingflokka til að taka þessa fjárlaganefndarmenn meiri hlutans á beinið því að þeir eru að verða meira en skrýtnir í sínum vinnubrögðum hvort sem það stafar af svefnleysi eða öðru. Ég hef ekki hugmynd um það.

Ég legg til, hæstv. forseti, að þinginu verði ekki boðið upp á þessa meðferð hér heldur verði fundi frestað.

Umræðu frestað. [Fundarhlé. — 15:39]

Um fundarstjórn.

Afgreiðsla fjáraukalagafrumvarps.

[16:30]

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég hlýt að spyrja hvar annar stjórnarflokkurinn sé staddur. Ég sé nú ekki nema einn

eða jafnvel tvo hv. þm. Sjálfstfl. og því hlýt ég að spyrja einnig af því að ég mætti til fundar í dag tilbúinn til þess að tala í fjáraukalögum hvenær það mál verði á dagskrá vegna þess að ég er allur af vilja gerður til þess að greiða fyrir þingstörfum og ég þarf að nota minn tíma til að undirbúa nefndarálit með öðrum minnihlutamönnum í fjárln. fyrir 3. umr. fjárlaga. Þess vegna vildi ég inna virðulegan forseta eftir hvort þetta mál kemur á dagskrá eða hvort er hægt að leggja þetta mál til hliðar í bili.

Forseti (Kristín Einarsdóttir):

Forseti vill upplýsa hv. þm. að miðað er við að settur verður nýr fundur strax að loknum þessum fundi. Miðað er við ef samkomulag verður um það að kl. 9 verði hægt að taka þetta mál á dagskrá og aftur til umræðu.

[16:32]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Það átti að ljúka störfum þingsins fyrir síðustu helgi. Í gær var fundahald með þeim hætti að stuttir fundir voru haldnir og kvöldfundur sem átti að vera stóð stutt. Síðan höfum við verið látnir bíða eftir því að fundur hefjist kl. 3 í dag og hann er ekki búinn að standa nema stundarfjórðung þegar fjáraukalögin eru sprungin í loft upp, fjáraukalög fyrir 1994. Það var óskað eftir fundarhléi til þess að málin skýrðust nánar. Nú er tilkynnt á forsetastóli að málið sé tekið út af dagskrá og það eina dagskrármál, sem var á dagskrá í dag, er ekki hægt að taka til umræðu vegna ágreinings í stjórnarliðinu. Það átti aðeins að ræða eitt mál í dag, fjáraukalög fyrir árið 1994. Formaður sjútvn., Matthías Bjarnason, og formaður landbn., Egill Jónsson, hafa sprengt það mál í loft upp vegna þess að þeir voru ekki látnir vita af afgreiðslu fjárln. í málinu. Nú er ágreiningurinn greinilega orðinn svo djúpstæður að ekki er hægt að halda áfram umræðu um málið og óvíst hvort það kemur til umræðu í kvöld. Á meðan eigum við þingmenn að bíða og bíða og bíða án þess að hafa hugmynd um það hvað gerist hér næst. Ég tel það vera vanvirðu við okkur þingmenn aðra að enginn forustumaður stjórnarflokkanna skuli leggja í að útskýra í ræðustólnum hvað er hér eiginlega að gerast og ég fer fram á það að einhverjir forustumenn stjórnarflokkanna skýri það í ræðustólnum hvað er eiginlega að gerast. Þinginu átti samkvæmt tilkynningu forseta þingsins í gær að ljúka á morgun. Ef það er ekki hægt einu sinni að taka frv. til fjáraukalaga til umræðu í dag vegna ágreinings í stjórnarliðinu er auðvitað alveg ljóst að engu þingi verður lokið á morgun. Ég fer þess vegna fram á það áður en haldið er áfram með nýjan fund og einhver allt önnur mál að einhver af forustumönnum stjórnarliðsins útskýri fyrir þingheimi hvað er eiginlga að gerast.

[16:34]

Geir H. Haarde:

Virðulegi forseti. Hv. síðasti ræðumaður er ekki góður leikari. Hann er að gera sér upp mikinn harm yfir því að það skuli vera skiptar skoðanir í stjórnarliðinu þó að hann sé frekar vanur að gleðjast yfir því. En ef hann hefur heyrt í fulltrúa sínum sem var á fundi þingflokksformanna rétt áðan ætti hann að vita hver var niðurstaðan þar. Það er reyndar ekki rétt sem hann sagði að fjáraukalögin væru eina málið sem átti að ræða í dag. Það sem er rétt í því efni er að það er eina málið sem átti að ræða á þessum fundi. Síðan var ráðgert að setja annan fund eins og alsiða er á þessum árstíma og ræða þá mál úr efh.- og viðskn. fyrst og fremst, lánsfjárlög, ráðstafanir í ríkisfjármálum og hugsanlega skattafrv. ef tími ynnist til. Þessi áætlun hefur raskast, það held ég að sé ljóst. En það sem nú er samkomulag um að gera til þess að vinna tíma er að setja nýjan fund, taka þar fyrir nokkur mál sem hafa verið afgreidd ágreiningslaust úr nefndum og hefja síðan umræður um lánsfjárlögin þegar nefndarálitum hefur verið útbýtt. Nefndaráliti meiri hluta hefur þegar verið útbýtt og brtt. en nefndarálit minni hlutans eru væntanleg.

Þetta var það sem samkomulag var um. Síðan eins og tilkynnt hefur verið verður utandagskrárumræða kl. 5.30 og síðan var ætlunin að gefa efh.- og viðskn. ráðrúm milli 6 og 9 til að halda áfram störfum sínum. Það hefur engin breyting orðið á því svo að þetta er ekki jafnhörmulegt og hv. 8. þm. Reykn. vill vera láta. Ég hygg að fjáraukalög verði á dagskrá þeirri sem útbýtt verður hér á eftir fyrir nýjan fund og auðvitað er nauðsynlegt að ljúka því máli og er ætlunin að reyna að gera það, helst í dag, en að því er varðar þinglokin, þá er náttúrlega óvíst að það takist að ljúka þinginu hér á morgun. En ef allir leggjast á eitt og gera það svona með jafnheilum hug og mér heyrist að hv. 8. þm. Reykn. hafi til að ljúka þingstörfum á skikkanlegum tíma fyrir jólin, þá ætti það að vera hægt seint á morgun eða í síðasta lagi fyrir hádegi á fimmtudaginn. Annars þurfa menn að skoða þessi mál upp á nýtt.

[16:37]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Geir Haarde, formaður þingflokks Sjálfstfl., svaraði engu af því sem ég spurði hann um. Ég bað um skýrslu um það hvort búið væri að leysa þann ágreining sem hér blossaði upp í þingsalnum milli stjórnarliða um afgreiðslu fjárln. á frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1994. Við þingmenn stjórnarandstöðuflokkanna höfum orðið að sitja hér aðgerðalaus meðan deilur hafa staðið í þingflokkum stjórnarflokkanna. Ég vil segja hv. þm. það alveg skýrt að ég hef nóg annað við minn tíma að gera en sitja hér og bíða í þinghúsinu eftir því að þingmenn stjórnarflokkanna leysi ágreiningsmál sín. Það hefur verið venjan í þinginu að þegar fjárln. skilar frv. til fjáraukalaga til 3. umr. og lokaafgreiðslu í þinginu þá sé búið að leysa þau ágreiningsmál í stjórnarflokkunum.

Það sérstaka við stöðuna nú er að það kemur í ljós á fyrsta kortérinu að málin eru óleyst í stjórnarflokkunum og það rísa hér upp formaður landbn., hv. þm. Egill Jónsson, og formaður sjútvn., hv. þm. Matthías Bjarnason, og krefjast þess að málið gangi ekki lengra vegna ágreinings þeirra við afgreiðslu fjárln. á málinu.

Hv. þm. Geir Haarde er það þingvanur að hann veit það ósköp vel að það er mjög óvænt og sérstakt að slíkur ágreiningur skuli koma hér í ljós.

Hér áttu ekki að hefjast þingfundir fyrr en kl. 3 í dag Það er líka óvenjulegt, hv. þm. Hann gat hins vegar aðeins staðið í um það bil hálftíma eða svo og nú er búið að fresta því máli sem átti að vera aðalumfjöllunarmál síðdegis. Hv. þm. þarf ekkert að vera hissa á því að við sem höfum nóg annað við okkar tíma að gera viljum fá skýr svör við því hvernig ríkisstjórnin ætlar sér að stýra málum á þessum síðasta sólarhring.

Það er kannski þannig að ágreiningurinn sé enn þá svo heitur í stjórnarliðinu að hv. þm. Geir Haarde treysti sér ekki til þess að segja neitt um það í ræðustól en það ætti hann að vita líka að sú nýskipan hefur verið tekin upp í þinginu með því að þingið starfar í einni deild að viðkomandi fagnefndir eiga að fá til umfjöllunar þau atriði sem fjárln. er að afgreiða. Það sem kom í ljós áðan var það að fjárln. ætlaði að fara að afgreiða eða þ.e. fáeinir stjórnarliðar í fjárln., svo að ég orði þetta nú rétt, ætluðu að fara afgreiða viðkvæma hluti í landbúnaðarmálum og sjávarútvegsmálum án þess að ræða það við landbn. og sjútvn. Það er alveg nauðsynlegt líka að fá að vita það hvort þeir hæstv. ráðherrar sem þessi mál heyra undir hafa samþykkt afgreiðslu fjárln. í þessu máli. Ég óska þess vegna eftir því að fá skýr svör við því: Er búið að leysa þessi ágreiningsmál eða eigum við von á því síðar á þessum sólarhring að þau blossi upp á ný í þingsalnum?

Forseti (Kristín Einarsdóttir):

Eins og hv. þingmenn vita fór fram umræða um það dagskrármál sem er nú á dagskrá þessa fundar. Það var óskað eftir hléi til að leysa ákveðin mál. Forseti varð við því. Það er búið að fresta umræðum um dagskrármálið og ætlunin var að slíta þessum fundi og setja nýjan fund og taka á dagskrá mál sem einnig eru til meðferðar í þinginu og hafði forseti vænst þess að það væri hægt að gera það og halda síðan áfram eins og áætlað hafði verið með utandagskrárumræðu kl. 5.30 og síðan átti að gera hlé á þeim fundi kl. 6 og síðan að taka til við væntanlega þá fjáraukalög í kvöld kl. 9 eða þá önnur mál sem þarf að ræða hér eins og þingmönnum er ljóst, t.d. frv. til lánsfjárlaga en búið er að dreifa nefndaráliti meiri hlutans og hefði hugsanlega verið hægt að byrja á því. Þetta hins vegar kemur allt í ljós eftir því sem málum vindur áfram.

[16:42]

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég hef ekki fengið nein svör við spurningunni sem ég varpaði fram í upphafi þessarar umræðu hvort það eru líkur á því að frv. til fjáraukalaga komi til umræðu í dag. Það er ekki nægilegt svar að það verði á dagskrá, það er engin trygging fyrir því að það komi til umræðu og það er lágmark að við stjórnarandstæðingar sem bíðum hér daga langa eftir því að stjórnarliðið komi sér saman um málin fáum að vita eitthvað um það sem fram undan er.

Ég tek það auðvitað sem svo að það er ekkert samkomulag um þetta mál og það var auðheyrt á ræðu formanns þingflokks Sjálfstfl., hv. 8. þm. Reykv., að það er ekkert samkomulag orðið um þetta mál. En það er þó miklu hreinlegra að viðurkenna það og fresta málinu og vera ekki að gæla við að það verði rætt á kvöldfundi í kvöld. Það er miklu hreinlegra að ganga þannig til verks þannig að það sé þá eitthvert skipulag á því sem er að ske í hv. Alþingi. Ég er svo sem ekkert hissa á því eftir það upphlaup sem varð áðan þó að það sé ekki komið samkomulag um þetta mál á hálftíma en ég held að hv. stjórnarliðar ættu að taka sér tíma og viðurkenna að það er allt í uppnámi og verður ekkert samkomulag um málið í dag.

[16:44]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Hv. 8. þm. Reykv. Geir H. Haarde sagði réttilega áðan að það yrði gert hlé á fundi kl. 6 vegna þess að þá yrði að vera framhaldsfundur í efh.- og viðskn. Efh.- og viðskn. fundaði frá klukkan 8.15 í morgun og fram í hádegi og fjallaði um skattafrumvörp ríkisstjórnarinnar. Okkur var ætlaður tími fram til kl. 3 í dag og það svona lá í loftinu að það væri ætlun ríkisstjórnarmeirihlutans að taka þetta mál út í morgun en eins og með allt of mörg mál, sem hér eru fram lögð, þá kom það í ljós að á málinu voru ansi margir agnúar og stjórnarmeirihlutinn sat síðan á fundum í nefndinni allan lungann úr miðju dagsins til þess að því er okkur er sagt að koma saman um brtt. við það mál svo að það er alveg sama hvar á er litið. Í gær biðum við allan daginn eftir því að stjórnarliðarnir kæmu sér saman um brtt. við frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Í dag bíðum við eftir því að stjórnarliðarnir komi sér saman um brtt. við skattafrumvörpin og það er ekki einu sinni hægt að ræða fjáraukalögin meðan beðið er eftir því vegna þess að það er allt upp í loft orðið innbyrðis í öðrum stjórnarflokknum. Þetta eru náttúrlega þannig vinnubrögð og þannig aðstæður að við hljótum að spyrja forsvarsmenn stjórnarflokkanna hvort það séu yfir höfuð líkur á að þeir komi sér saman um nokkurn skapaðan hlut til afgreiðslu fyrir jól og hvort framgangur mála eigi að vera sá að við eigum að taka hérna fyrir nokkur lítil samkomulagsmál og síðan förum við bara heim. Það væri auðvitað það langsamlega besta að við færum heim og gæfum stjórnarflokkunum jólin, kærleikshátíðina, til þess að komast að því hvort þeir séu í ríkisstjórn saman yfir höfuð, hvort þeir ætli sér yfir höfuð að klára þetta kjörtímabil því að miðað við þessar aðstæður sem nú eru uppi þá liggur ekkert annað fyrir en að rjúfa þing og boða til kosninga því að það er tilgangslaust og þetta er í raun orðinn skrípaleikur og andhverfa þingræðisins hvernig hér er unnið á Alþingi þessa dagana.

Útbýting þingskjala:

Skráning skipa, 313. mál, stjfrv., þskj. 453.
Vegalög, 314. mál, stjfrv., þskj. 454.

[16:47]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir það að þetta er

mjög sérkennilegt ástand sem við stöndum frammi fyrir hér. Samkvæmt áætlun var meiningin að hætta hér á morgun, en ég get ekki annað en vakið athygli á því, ég var að taka þetta saman og hef svo sem gert það áður, að við eigum enn eftir 3. umr. um fjáraukalög sem reynt var að hefja í dag en fór öll í háaloft. Við eigum eftir 2. og 3. umr. um lánsfjárlög, við eigum eftir 3. umr. fjárlaga fyrir næsta ár, við eigum eftir 2. og 3. umr. um skattamálin og við eigum eftir 2. og 3. umr. um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Það þarf enginn að ímynda sér að hér séu einhver smámál á ferðinni. Inni í þessum frumvörpum öllum eru mikil ágreiningsmál og átakamál og það gerðist með látum að bæði lánsfjárlögin og ráðstafanir í ríkisfjármálum voru tekin út úr efh.- og viðskn. í gærkvöldi vegna þess að þar voru óafgreidd mál. Þar var málum frestað sem þarf að taka á milli 2. og 3. umr. Menn voru einfaldlega ekki tilbúnir.

Ég vil taka sem dæmi að inni í bandorminum er mál sem mörgum þingmönnum Reykjavíkur og Norðurl. e. er mjög annt um sem eru áætlanir um að leggja niður embætti héraðslækna í Reykjavík og í Norðurl. e. Það er komið í ljós að þetta mál er algerlega óundirbúið, þetta er enn ein vitleysan úr heilbr.- og trmrn. þar sem menn bara skella fram einhverjum sparnaðartillögum *en það er engan veginn ljóst hvað á síðan að gera.* Það er ekki hægt að ganga svona frá málum. Það er alveg ljóst að um þetta mál verða miklar umræður ef ríkisstjórnarflokkarnir eru ekki reiðubúnir að ganga til samstarfs um það að fresta þessu í það minnsta og skoða þetta mál miklu nánar. Ég held því, virðulegi forseti, að við stöndum frammi fyrr því að það verður afar erfitt að ljúka þingstörfum á morgun eða aðra nótt og meðan það eru ófrágengin mál milli stjórnarflokkanna og innan stjórnarflokkanna þá væri best að gefa stjórnarþingmönnum svolítinn frið þannig að þeir öðlist nú frið í sálinni á hátíð ljóss og friðar og kæli sig svolítið niður og við reynum þá heldur að halda hér áfram milli jóla og nýárs. Ég sé ekki betur en við stöndum frammi fyrir því.

[16:49]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Það vekur athygli mína að vandræðin eða verkleysið stafar ekki af stjórn hæstv. forseta. En ég tek eftir því gjarnan, hæstv. forseti, að sá sem mestu ræður um hvernig gengur að afgreiða mál á svona tímum er verkstjóri ríkisstjórnarinnar. Hæstv. forsrh. *vart sést í sæti sínu um þessar mundir.* Hæstv. forsrh. ber ábyrgð á þeim skrípaleik sem nú gengur yfir þingið í vinnubrögðum sem eru fáheyrð að mínu viti þannig að ég verð að vekja athygli á því, hæstv. forseti, að hæstv. forsrh. lætur vart sjá sig hér í þinghúsinu og það þykir mér mikið ábyrgðarleysi að ætlast til þess að vera marktækur þegar svona staða er komin upp í þinginu að stjórnarliðið rífst meira og minna út af hverju málinu á fætur öðru.

Ég minnist þess sem þingmaður og átti á þeim tíma minn formann sem hæstv. forsrh. að þá var það yfirleitt hans verkefni að reyna að leysa mál, ná sáttum um hvernig mál yrðu afgreidd og hvernig þingið kæmist í sitt jólaleyfi. Ég verð að vekja athygli á því, hæstv. forseti, og það er kannski ekkert síður verkefni hæstv. forseta og forsætisnefndar að kalla þann mann til ábyrgðar og samninga um það hvernig þinghaldinu verður lokið fyrir jól. Það er mín skoðun. Og mér sýnist eins og hér hefur komið fram að hér séu það mörg stór mál óleyst að það verði að kalla verkstjórann til ábyrgðar og síðan sjáum við það í mörgum þessum málum sem menn eru þó að reyna að taka fyrir að þar er slíkur ágreiningur innan stjórnarliðanna að þau komast ekki einu sinni á dagskrá. Svo vekur það athygli mína að hér eru ekki lengur í þingsalnum fjárlaganefndarmenn Sjálfstfl. (**JGS:** Það er búið að setja þá af.) Ég vil spyrja einmitt að því, voru þeir settir af á þingflokksfundi? Mér finnst að framferði þeirra hafi verið með þeim hætti að það væri full ástæða, gæti meira að segja fjölgað atkvæðum flokksins væri það gert.

Hæstv. forseti. Mér finnst þetta þinghald svona við þessar aðstæður ekki ganga upp og geri þá kröfu að hæstv. forsrh. reyni í fyrsta lagi að ná sátt í þeim herbúðum þar sem hann ræður, þá á ég við í stjórnarliðinu, og eigi viðræður við okkur stjórnarandstöðuflokkana um hvernig málum verði hagað núna hér fyrir jólin.

Fundi slitið kl. 16:53.

---

65. FUNDUR

þriðjudaginn 20. des.,
að loknum 64. fundi.

Dagskrá:

1. Skattskylda innlánsstofnana, frv., 307. mál, þskj. 421. — 1. umr.
2. Tekjustofnar sveitarfélaga, stjfrv., 303. mál, þskj. 396, nál. 442. — 2. umr.
3. Útflutningur hrossa, stjfrv., 209. mál, þskj. 235, nál. 424. — 2. umr.
4. *Forfallaþjónusta í sveitum*, stjfrv., 105. mál, þskj. 108, nál. 422, brtt. 423. — 2. umr.
5. Lífræn landbúnaðarframleiðsla, stjfrv., 281. mál, þskj. 348, nál. 445. — 2. umr.
6. Lánsfjárlög 1995, stjfrv., 3. mál, þskj. 3, nál. 449, brtt. 450. — 2. umr. *Ef leyft verður.*
7. Fjáraukalög 1994, stjfrv., 66. mál, þskj. 351, nál. 443, brtt. 380, 444 og 448. — Frh. 3. umr.

Afbrigði um dagskrármál.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. í 1., 2., 5. og 6. dagskrármáli. — Afbrigði samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: BBj, BIB, EgJ, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, HÁ, IBA, IP, JE, JónK, JVK, KHG, KE, KS, LMR, MJ, ÓE, ÓRG, PP, PBald, RA, RG, SigG, StG, SJS, TIO, VE.

26 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EKG, FrS, HBl, HG, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, KÁ, MF, MB, PJ, PBj, SalÞ, SAÞ, SP, StB, SvG, VS, ÞorstP) fjarstaddir.

Skattskylda innlánsstofnana, 1. umr.

Frv. efh.- og viðskn., 307. mál. — Þskj. 421.

[16:57]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir afar einföldu lagafrv. sem efh.- og viðskn. flytur. Það er aðeins tvær greinar. 1. gr. er sú að í stað ártalsins 1993 komi 1994. Þetta er breyting á lögum nr. 56/1994, um breyting á lögum nr. 65/1982, um skattskyldu innlánsstofnana, með síðari breytingum. Þannig háttaði til að þessi ártöl skoluðust til í meðferð nefndarinnar í fyrra þegar verið var að afgreiða þetta mál og því er nauðsynlegt að þau séu leiðrétt og þetta er einfaldlega tæknilegt atriði sem á ekki að vera mikið mál að þingið afgreiði.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:58]

Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, EgJ, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁS, GJH, GHelg, GunnS, HÁ, IP, JE, JGS, JVK, KÁ, KE, KS, MJ, ÓE, ÓRG, PP, PBald, RG, StG, SJS, SvG, TIO, VE.

28 þm. (ÁRÁ, DO, EH, EKG, GuðjG, GÁ, HBl, HG, IBA, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JónK, KHG, LMR, MF, MB, PJ, PBj, RA, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, VS, ÞorstP) fjarstaddir.

Tekjustofnar sveitarfélaga, 2. umr.

Stjfrv., 303. mál (útsvar af tekjum barna). — Þskj. 396, nál. 442.

[16:58]

Frsm. félmn. (Gísli S. Einarsson):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá félmn. um frv. til laga um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga þar sem allir hv. nefndarmenn hafa lýst yfir samþykki sínu með undirritun. Álitið er svohljóðandi:

„Nefndin hefur fjallað um málið. Það er lagt fram samhliða frv. til laga um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, 282. máli, þar sem lagt er til að ekki skuli skattleggja launatekjur barna og ungmenna undir 75.000 kr. á ári. Hér er lagt til að hið sama gildi um útsvarsgreiðslur barna og ungmenna og mælir nefndin með að frv. verði samþykkt."

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:01]

1. gr. samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: BBj, BIB, EgJ, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GJH, GHelg, HÁ, HBl, IBA, IP, JÁ, JónK, KÁ, KE, KS, LMR, MJ, ÓRG, PP, PBald, RA, RG, StG, SJS, SvG, TIO, VS, VE.

26 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EKG, GunnS, HG, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, KHG, MF, MB, ÓE, PJ, PBj, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, ÞorstP) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: BBj, BIB, EgJ, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GJH, GHelg, HÁ, HBl, IBA, IP, JÁ, JGS, JónK, JVK, KÁ, KE, KS, LMR, MJ, ÓRG, PP, PBald, RA, RG, StG, SJS, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

23 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EKG, GunnS, HG, JE, JóhS, JBH, JHelg, KHG, MF, MB, ÓE, PJ, PBj, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: BBj, BIB, EgJ, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GJH, GHelg, HÁ, HBl, IBA, IP, JÁ, JGS, JónK, JVK, KÁ, KE, KS, LMR, MJ, ÓRG, PP, PBald, RA, RG, StG, SJS, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

23 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EKG, GunnS, HG, JE, JóhS, JBH, JHelg, KHG, MF, MB, ÓE, PJ, PBj, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB) fjarstaddir.

Útflutningur hrossa, 2. umr.

Stjfrv., 209. mál (heildarlög). — Þskj. 235, nál. 424.

[17:02]

Stefán Guðmundsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég kem hér af fullri vinsemd og vil benda á það þegar ég les þetta skjal, að hér stendur: Frv. til laga um útflutning hrossa. Vegna þess sem hér hefur verið að gerast í dag læðist að mér sá grunur, virðulegi forseti, að hér hafi prentvillupúkinn verið á ferð rétt einu sinni og hér hefði fremur átt að standa: Frv. til laga um hrossakaup. Ég beini þeirri fyrirspurn til hv. frsm. nefndarálitsins hvort hann gæti kannski skýrt það fyrir okkur hvað hér er að gerast.

Forseti (Kristín Einarsdóttir):

Forseti gat ekki heyrt að þetta væri um fundarstjórn forseta en þetta er ekki prentvilla, hv. þm.

[17:03]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Mér finnst athugasemd hv. þm. mjög athyglisverð og íhugandi. Við vitum að þeir Skagfirðingar eru öðrum fremur í hrossakaupum og þess vegna ber að íhuga það sem þeir segja um slík mál.

[17:04]

Frsm. landbn. (Egill Jónsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti landbn. á þskj. 424 um frv. til laga um útflutning hrossa á þskj. 235. Eins og ég hygg að þingheimur muni, þá var þetta frv. rætt á síðasta þingi og um það fjallað af landbn. og eftir þá umfjöllun var gerð nokkur breyting á frv. til samræmis við þær óskir sem komu fram hjá hinum ýmsu hagsmunaaðilum í hrossarækt.

Eins og nál. gefur til kynna þá er einungis um það að ræða að nefndin geri brtt. við 7. gr. frv. og skýrir sú tillaga sig algjörlega sjálf, en þar er kveðið á um heimild landbrh. til að gefa út reglugerð við þessi lög og sérstaklega tekið til hvað þar á að leggja til grundvallar nú með skýrari hætti heldur en var í frv. sjálfu.

Það kemur enn fremur fram í nál. hverjir komu til viðræðu við nefndina, en það voru þeir Sveinbjörn Eyjólfsson, sem er aðalsmiður þessa frv., og Agnar Norland og enn fremur barst greinargerð frá Páli Agnari Pálssyni, fyrrv. yfirdýralækni.

Eins og fram kemur þá voru tveir nefndarmenn, hv. þm. Eggert Haukdal og hv. þm. Ragnar Arnalds, fjarverandi við afgreiðslu málsins en aðrir nefndarmenn skrifa nöfn sín undir þetta nál. án athugasemda.

Virðulegi forseti. Ég leyfi mér, að lokinni þessari umræðu, að gera tillögu um að málinu verði vísað til 3. umr.

[17:07]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Við 2. umr. um svo merkilegt mál er ekki annað hægt en að segja hér örfá orð. Ég hygg að flestum sé það ljóst sem fylgst hafa með hrossarækt-inni á síðustu árum að í henni liggja nýir og miklir möguleikar þannig að ég vænti þess að það frv. sem hér er að fá framgang á Alþingi verði einmitt til þess að styrkja hestamennskuna og íslenska hestinn sem atvinnutækifæri í íslenskum sveitum. Það má líka segja að auðvitað er hesturinn ekki bara eign sveitamannsins því það gildir um hann það sama og íslenska hundinn að þessar tvær tegundir dýra eru sameign þjóðarinnar, fólksins sem í þéttbýlinu býr og ekki síður fólksins í sveitunum. Og íslenski hesturinn vinnur það afrek að sameina íslensku þjóðina á mörgum stundum.

Það er mikilvægt að hafa lagaramma í kringum útflutning á hestinum, bæði að þar sé allra hluta gætt sem mikilvægir eru. Að vísu má segja að allar athugasemdir hafi kannski því miður ekki verið teknar til greina. Ég minnist nokkurra athugasemda frá fyrrv. yfirdýralækni, Páli Agnari Pálssyni, sem ekki náðu allar fram.

Í framhaldi af því að þetta mál kemst áfram þá er líka mikilvægt að huga að ýmsu hér innan lands og ég vil minnast á það hér. Ég hef t.d. tekið eftir því að fátt hefur gert íslenskri hestarækt meira en starfsemin í Gunnarsholti þar sem kynbótahestar hafa verið í umhirðu fagmanna og tamdir þar og þar hafa farið fram einhver merkilegustu mannamót á vorin þegar þessir folar eru sýndir á hinum víðu lendum Suðurlands. Það var nú gaman að sjá þá taka skeiðsprettinn, hv. þm. Egill Jónsson. (**Gripið fram í:** Það er fyrir norðan líka.) Sjálfsagt er víða hægt að hleypa góðum gæðingi, en þetta hafa verið hin merkilegustu mannamót. Og mér kemur það til hugar að vissulega hafa íslenskir bændur og þeir sem unna íslenska hestinum ákveðnar áhyggjur um þessar mundir og kannski var skaði að koma því ekki inn í þetta frv. Þar á ég við það að menn sjá það fyrir sér að hér verður að standa rétt að stofnrækt og athugunum á íslenska hestinum. Þess vegna er það kannski stærsta spurningin sem var rædd í landbn. hvernig farið yrði með stofnræktarsjóðinn þegar til kæmi. Því sannleikurinn er sá að það blasir við að ekki síst Þjóðverjar, sem eru mjög sterkir áhugamenn um íslenska hestinn, munu gera sér grein fyrir því að í ungviðinu liggur framtíðin. Þeir sem huga að kaupum á besta ungviðinu munu ná lengst í framtíðinni. Þess vegna er kannski ótti margra manna nú sá að útlendingar muni ná að kaupa héðan efnilegustu folöldin á haustin. Þess vegna hafa hestamenn, það mun vera Bjarkar Snorrason, bóndi á Tóftum, sem setti þá hugmynd fram að nýta þennan stofnsjóð sem hér er rætt um, stofnræktarsjóð, ekki síst kannski í því skyni að kaupa efnilega fola inn á stöðina í Gunnarsholti og ná þannig meiri hraða í ræktunarstarfið.

Svo er mér það auðvitað kappsmál að sú starfsemi sem verið hefur í Gunnarsholti fái með einhverjum hætti sterkar fætur, ef það má orða það svo, eða það verði lagður virkilegur grunnur að því að sú starfsemi megi þar vera áfram. Ég held að það sé afar mikilvægt og mér finnst að það hljóti að vera verkefni landbn. í samráði við hestamenn og fleiri aðila, landbrn., að þróa það mál áfram. Heyrst hefur stundum að menn vilji fara með allt þetta starf eitthvert annað. Ég minnist nefnilega átaka hér um annað mál sem var reiðhöllin í Reykjavík, sem urðu harkaleg átök um á þingi fyrir 15 árum. Þá munu flestir þingmenn hafa verið þeirrar skoðunar að fara með það verkefni norður að Hólum, en þá var það vinur minn Ólafur Þ. Þórðarson, sem yfirleitt sá lengra en aðrir menn hér í þinginu, sem vakti athygli á því að þessi starfsemi yrði auðvitað að vera í Reykjavík til þess að kenna unga fólkinu og hafa miðstöð í sölu þar sem útlendingarnir gætu komið og séð þetta íslenska gersemi. Þess vegna náði hans skoðun loks fram og sem betur fer var þessi bygging reist hér.

En mér finnst, og vildi þess vegna minnast á þetta mál hér, ekkert síður mikilvægt að huga að því hvernig má styrkja það starf sem farið hefur fram í Gunnarsholti, á stóðhestastöðinni þar, til frambúðar og vil skora á hv. formann landbn. að sinna því verkefni áfram í vetur, að við megum ná einhverjum tökum þar.

— Hæstv. landbrh. gengur nú hér fram hjá ræðustólnum og er hann ekki lítið atriði, hæstv. ráðherra, í því að þar verði farið að með myndarlegum hætti. Ég vænti þess að hann geri sér grein fyrir því að hestaræktin er kannski eitt stærsta tækifæri sem aukabúgrein um sveitir landsins og þess vegna verður hann í samráði við hagsmunafélög og í gegnum þingið og ráðuneyti sitt að ná mikilli samstöðu um þetta mál.

Ég læt nú ræðu minni lokið, hæstv. forseti. Ég mun styðja þetta mál eins og samstaða náðist um það. Ég minnist kannski á eitt atriði sem ég náði ekki fram á lokafundi nefndarinnar, sem sneri að því atriði með gjaldtökuna af útflutningshestum. Ýmsir hestamenn hafa auðvitað áhyggjur af því og töldu kannski eðlilegra að taka hærra gjald af kynbótahestum og kynbótahrossum yfir höfuð heldur en að leggja jafnan og flatan skatt á öll hross jafnt. Sannleikurinn er nú sá að meðalhesturinn, geldingurinn og svona ómerkilegri hryssur sem verið er að selja úr landi, þær þola ekki mjög mikið. Svo má auðvitað vekja athygli á því að hæstv. landbrh. hefur líklega ekkert gert í því atriði sem væri mikilvægast fyrir hestamennskuna og snýr að EB, því ég hygg að hér séu tollar úti í Evrópu upp á 25–30% sem falla á hestinn og takmarka þessa framgöngu hans inn í Evrópu. Það var nú svo þegar hæstv. utanrrh. fékk fullt frelsi til að semja um ótakmarkaðan innflutning á garðyrkjuvörum á ákveðnum tímum, þá höfðu hvorki hæstv. landbrh. né hv. þm. Egill Jónsson burði í sér til þess að taka þó eitt svona stórt atriði upp á móti, að gegn því yrði þá kannski hliðrað til og staðið hér með hestaræktinni í landinu og þessir tollar felldir niður.

[17:17]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hefði kannski átt að beina þessu andsvari til frsm. nefndarinnar, hv. þm. Egils Jónssonar, en þar sem hv. þm. Guðni Ágústsson skrifar einnig undir nál. þá tel ég kannski ekkert óeðlilegt þó ég beini þessum spurningum til hans áður en umræðan heldur áfram. Þær eru auðvitað þess eðlis að hægt er að svara þeim í andsvari.

Í fyrsta lagi langar mig til að vita hvort sameining Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda hefur ekki einhver áhrif á þá áhrifastöðu og hlutverk sem Búnaðarfélagi Íslands er ætlað í þessu frv. Mér finnst satt að segja óeðlilegt að vera að afgreiða frá þinginu frv. með þessum hætti og tilgreina aðila sem, að því er ég best veit, er verið að leggja niður. Ég vildi þess vegna spyrja: Kom það ekki til umræðu í nefndinni að breyta þessu í samræmi við þá skipan sem er að verða í landbúnaðinum?

Í öðru lagi vil ég spyrja hvort það breytir ekki hagsmunagæslu í málinu að Stéttarsamband bænda og Búnaðarfélagið eru að sameinast, vegna þess að í 6. gr. frv. er bæði Búnaðarfélaginu og síðan Félagi hrossabænda ætlað að tilnefna sinn manninn hvort í þessa fimmmannanefnd.

Í þriðja lagi vildi ég spyrja að því hvort það hafi ekki komið til tals í nefndinni í tengslum við þetta frv. það vandamál sem nokkuð hefur verið rætt um og m.a. hv. þm. Guðrún Helgadóttir borið fram fyrirspurn um í þinginu og snertir verðlag og skattskyldu af útfluttum hrossum. Það er auðvitað dálítið sérkennilegt að vera hér með sérstaka tekjuöflun, útflutningsgjald, ef það er síðan rétt sem margir fullyrða að það viðgangist að á engan hátt sé gefið rétt upp til skatts söluverðmæti hrossa sem fara úr landinu. Mér þætti vænt um ef hv. þm. gæti svarað þessum spurningum áður en umræðan heldur lengra áfram fyrst ég missti af ræðulokum hv. þm. Egils Jónssonar til þess að geta borið þessar spurningar upp við hann.

[17:20]

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta er nú kannski dæmigerð ræða og lýsir best hvers vegna skattsvikin halda svo áfram. Hér kemur hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, fyrrv. hæstv. fjmrh. þessa lands, sem hafði öll mál í sinni hendi og stóð sig oft vel í sambandi við að herða á reglum gagnvart skattsvikurum. Nú kemur hann þó eigi að síður hér upp litlu eftir að hann er hættur, svona þremur árum eftir að hann er hættur sem fjmrh., og ber upp á hestamenn gríðarleg skattsvik. Fullyrðir það í ræðu sinni að þeir ástundi skattsvik. Ég hef enga sannfæringu fyrir því. Nú kann það vel að vera að það viðgangist þar eins og annars staðar, en mér finnst kannski þetta vera vandamál skattsvikanna á Íslandi að þessir hæstv. fjármálaráðherrar koma alltaf eftir á og spyrja. Þeir nota aldrei valdið sem þeir hafa til þess þá að fara ofan í málið til fulls og taka á því. Ég er sannfærður um að hestamenn eru ekki verri skattsvikarar eða meiri heldur en margir aðrir hópar.

Hvað varðar hin atriðin þá er það nú svo að þegar barnið hefur ekki verið skírt þá er ekki hægt að nefna það sérstaklega með nafni. Við vitum ekki svo gjörla hvað nýju bændasamtökin muni heita, við búumst við að það verði kannski Búnaðarfélag Íslands. En við verðum, hv. þm., að tala í núinu. Þetta eru samtök bænda landsins í dag og það skilja það flestir læsir og hugsandi menn eftir að þessi breyting hefur farið fram að þá er átt við þá aðila sem eru í því í dag og þá aðila sem taka við. Þannig að þetta veldur allavega ekki neinni flækju í mínu höfði, hæstv. forseti. Mér finnst þetta auðskilið. (Forseti hringir.) Síðan var það með sameininguna. (Forseti hringir.) Það var farið vel yfir þetta, hæstv. forseti, og engar athugasemdir við það gerðar.

[17:22]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það eru greinilega mörg hitamálin í gangi í þinginu ef ekki er hægt að bera fram svona saklausar spurningar um þetta frv. um útflutning hrossa án þess að jafnágætur vinur minn og hv. þm. Guðni Ágústsson fari nánast í baklás og hefji einhverjar árásarræður á fjmrh. svona „überhaupt". Það má vel vera að ég hafi átt í embættistíð minni að standa fyrir sérstakri herferð til þess að kanna hugsanleg skattsvik vegna útflutnings hrossa. Það var margt á þeirri könnu í fjmrn. og ýmsar aðgerðir gerðar til þess að fyrirbyggja skattsvik, en ég skal alveg játa það að útflutningur hrossa var kannski ekki mjög ofarlega á for-

gangslistanum. En það mátti skilja hv. þm. þannig að ég hefði átt að hafa útflutning hrossa mjög hátt á forgangslistanum yfir rannsókn á hugsanlegum skattsvikum. Hann er auðvitað miklu kunnugri þessum málum heldur en ég.

Hins vegar er það misskilningur hjá hv. þm. að ég hafi verið með þetta orðalag, hestamenn, í þessu samhengi. Ég sagði ekkert um það. Og hv. þm. sem starfar í landbn. á auðvitað að vita það að í þessu frv. er sérstaklega tiltekið það sem snýr að hrossaútflytjendum. Hrossaútflytjendur eru auðvitað allt annað heldur en hestamenn. Hv. þm. Svavar Gestsson er t.d. hestamaður, en mér er ekki kunnugt um að hann sé hrossaútflytjandi. (**PP:** En hrossakaupmaður?) Svo ég bið hv. þm. að vera ekki að rugla þessu svona saman.

Fyrirspurn mín um Búnaðarfélagið snerti ekki eingöngu það að ég gerði mér ekki grein fyrir því að við yrðum að tala í núinu heldur vegna þess að hingað til hefur verið greint á milli Búnaðarfélags Íslands annars vegar og stéttarsamtaka bænda hins vegar. Í þessu frv. til laga er Búnaðarfélaginu ætlað eftirlitshlutverk og vottorðahlutverk og framkvæmdahlutverk með þessum málum sem er ekki alveg sjálfgefið að stéttarsamtök bænda eigi að annast. Þetta er þess vegna kannski fyrsta dæmið um þann vanda sem við lendum í þegar búið er að sameina Búnaðarfélagið og Stéttarsamband bænda.

[17:25]

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það sem kannski kemur manni á óvart þegar eitt glæstasta tækifæri sem manni finnst að blasi við í nýsköpun í íslenskum landbúnaði kemst hér á dagskrá er að þá kemur hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson upp til þess að tala um fjármál, til þess að tala um peninga, til þess að tala um skattsvik. Slíkt þarf auðvitað engum að koma í sjálfu sér á óvart því hann þekkir ekki hinar miklu víðáttur, t.d. Suðurlandsundirlendið, þar sem menn geta þeyst um á glæstum gæðingi, hnarreistum. Hann kemur úr kargahrauni Reykjaneskjördæmis. (**ÓRG:** Viltu tala varlega um afa minn sem var bóndi í Árnessýslu.) Hv. þm. minnist nú sem betur fer afa síns sem var ágætur hestamaður, bæði í Flóa og síðar vestur í Borgarfirði og margir menn minnast enn í mínu kjördæmi og var hinn mætasti maður og bjó í minni sveit, að vísu löngu fyrir mína daga.

Hvað varðar t.d. skattsvikin þá minntist hann hér á einn ágætan þingmann, hv. þm. Svavar Gestsson, sem á marga rennilega hesta. Ég hef auðvitað ekki farið yfir hans skattskýrslu, en ég tók eftir því að hann fékk hest í afmælisgjöf í sumar og væri ég fjmrh. þá mundi ég rannsaka það mál alveg sérstaklega. Svona eru mörg atriði sem verður að hafa í huga.

En hv. þm., ég hygg að hin nýju bændasamtök verði þannig skipulögð (Forseti hringir.) að þetta verði ein samfylking. (Forseti hringir.) Það verði fagfélag og það verði stéttarsamband innan þess, hæstv. forseti, og það eigi ekki að rugla þau atriði (Forseti hringir.) sem hér eru nefnd í því sambandi í frv.

[17:28]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Varðandi stóðhestastöðina er ekki annað að segja en það að stjórn stóðhestastöðvarinnar hefur beint því til landbrh. að skipa sérstaka nefnd sem geri úttekt á rekstri stöðvarinnar og leggi fram tillögur nú á næstu mánuðum um það hvernig framtíðarrekstri og tilgangi stöðvarinnar skuli háttað. Ég geri ráð fyrir því að sú nefnd verði skipuð milli jóla og nýárs og að hún muni ljúka störfum eigi síðar en í endaðan apríl.

[17:29]

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Erindið er lítið. Ég vil bara þakka ráðherra fyrir það að skipa nefnd til þessa starfs. Ég minni á þá ræðu sem ég flutti áðan, að ég held að það sé mjög mikilvægt framtíðarinnar vegna og þeirra gríðarlegu möguleika sem í hrossarækt inni liggja að huga vel að stóðhestastöðinni og jafnvel að gera hana að stofnræktarstöð. Við eigum mjög sérstakan hest, Íslendingar, hann er hvergi til annars staðar í heiminum með þessum hætti, hesturinn, það eru mörg séreinkenni. Þannig að það er verðugt verkefni að rannsaka hann til hlítar og ég vænti þess að þessi nefnd geri einmitt tillögur um það.

Umræðu frestað.

Umræður utan dagskrár.

Aðgerðir til að sporna við ofbeldi í Reykjavík.

Forseti (Kristín Einarsdóttir):

Eins og tilkynnt hafði verið þá fer nú fram utandagskrárumræða að beiðni hv. 15. þm. Reykv. og verður hæstv. dómsmrh. til andsvara.

Umræðan fer fram skv. 1. mgr. 50. gr. þingskapa og mun taka í mesta lagi hálftíma. Efni umræðunnar er aðgerðir til að sporna við ofbeldi í Reykjavík.

[17:30]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Þessari umræðu hefur verið frestað hvað eftir annað vegna anna á þinginu og annarra orsaka, en ég fagna því að hún skuli nú komast að enda er um alvarlegt mál að ræða. Kveikjan að þessari umræðu er rán og árás sem gerð var um hábjartan dag á konu í bílskýli 6. des. sl. og fréttir fjölmiðla í kjölfar hennar. Þetta ofbeldisverk vakti mikinn óhug enda gerðist það í kjölfar nokkurra árása, rána og ógnana sem greint hefur verið frá að undanförnu. Í umfjöllun Dagblaðsins hinn 9. des. sl. var dregin upp mjög dökk mynd af stöðu ofbeldismála undir fyrirsögninni Ofbeldið hrottalegra og tilgangsleysið einkennandi. Í fréttinni kemur fram að ofbeldiskærum hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins hefur lítið fjölgað á undanförnum árum en að ofbeldi hefur breyst og að æ meira sé um tilefnislausar og hrottalegar árásir á fólk.

Ég hygg að það sé tilfinning margra borgarbúa að ofbeldi, rán og nauðganir séu orðnar meiri háttar vandamál í borginni og meðal kvennasamstaka ber æ meira á umræðu um það að tryggja verði öryggi fólks á götum úti, ekki síst kvenna, betur en nú er gert.

Í september sl. átti ég þess kost að ferðast um Bandaríkin ásamt hópi kvenna sem var að kynna sér bandarísk stjórnmál. Hvarvetna þar sem spurt var um brýnustu viðfangsefni stjórnmálamanna og félagasamtaka fékkst sama svarið: Barátta gegn vaxandi ofbeldi. Ofbeldi gegn konum, ofbeldi gegn börnum, ofbeldi á götum úti. Bandaríkin búa við nokkra sérstöðu hvað glæpatíðni varðar í samanburði við önnur vestræn ríki, en því má ekki gleyma að þaðan berast mikil áhrif, m.a. í gegnum kvikmyndir.

Í Skandinavíu eru einnig vaxandi áhyggjur vegna aukins ofbeldis og höfum við nýlega orðið vitni að hörmulegum ofbeldisverkum meðal frændþjóða okkar þar sem í hlut áttu börn, unglingar og vopnaðir menn sem létu skothríð dynja á saklausum vegfarendum. Það sem vekur hvað mesta athygli þegar ofbeldi á Norðurlöndunum, utan Íslands, er skoðað er það hve notkun vopna af ýmsu tagi hefur aukist þegar ofbeldi er framið. Það sem þar er á ferð eru eflaust þjóðfélagsbreytingar, atvinnuleysi með vaxandi félagslegum vandamálum, fíkniefnaneysla, glæpahringir, hópar innflytjenda sem vanir eru vopnaburði og loks áhrif frá fréttum og ofbeldismyndum í kvikmyndahúsum og í sjónvarpi.

Aðstoðaryfirlögregluþjónninn í Reykjavík varpaði fram þeirri spurningu í samtali sem ég átti við hann, hvort svipuð þróun væri fram undan hér, þ.e. ofbeldi þar sem vopnum er beitt. Við værum svo sem eins og fimm árum á eftir hinum Norðurlöndunum og þyrftum heldur betur að halda vöku okkar, var mat hans.

Glæpatíðni á Íslandi er blessunarlega mjög lág samanborið við aðrar þjóðir en þó hefur hér verið um verulega fjölgun skráðra ofbeldisverka og árása að ræða ef litið er til lengri tíma. Til að gefa hugmynd um muninn milli einstakra borga á Norðurlöndum má geta þess að rán og ránstilraunir í Reykjavík eru nú um 14 á hverja 100 þús. íbúa en þau eru 331 í Kaupmannahöfn og 268 í Stokkhólmi.

Í nýlegri úttekt þriggja lækna á Slysadeild Borgarspítalans, sem nær til áranna 1980 til 1991, kemur fram að ofbeldisáverkum sem komið hafa til kasta slysadeildar hefur fjölgað um tæplega helming á tímabilinu. Samkvæmt upplýsingum lögreglunnar í Reykjavík hefur skráðum ofbeldisverkum fjölgað lítillega frá 1991 en alvarlegum líkamsárásum hefur fækkað úr 39 árið 1989 í 21 árið 1993 og ofbeldi færst frá miðborg Reykjavíkur til skemmtistaða, inn á heimili og út í úthverfin.

Hér ber að staldra við og geta þess að árið 1989 var gert verulegt átak í löggæslu í miðbænum, auk umræðna og fræðslu í skólum borgarinnar. Bætt löggæsla leiddi til þess að mati lögreglunnar að gripið var fyrr inn í átök þannig að meiðsli urðu minni en einnig að lögreglan varð oftar vitni að árásum og skráði þær. Tölur um vaxandi ofbeldi segja því ekki alla söguna en þó ættu tölur slysadeildar Borgarspítalans að gefa til kynna að áverkum hefur fjölgað.

Það er athyglisvert að árið 1993 voru kærðar til lögreglunnar í Reykjavík 509 líkamsmeiðingar meðan skýrsla Borgarspítalans, þ.e. slysadeildarinnar, fyrir sama ár segir að 1.661 hafi komið á Slysadeild vegna áverka af völdum annarra og ofbeldis. Þá er vert að geta þess að sama ár, 1993, voru kærðar 600 líkamsmeiðingar utan Reykjavíkur, þar af 35 sem flokkast sem alvarlegar. Á því ári sem nú er að renna sitt skeið, eða fram til 2. des., hafa verið skráðar 496 líkamsárásir í Reykjavík, 279 tilvik þar sem um heimilisófrið var að ræða, 129 tilvik vegna ofsókna og ónæðis og 25 rán. (Forseti hringir.) Virðulegi forseti, ég er alveg að ljúka máli mínu.

Hvað sem um það er að segja, hvort ofbeldi er mikið eða lítið, þá er það áhyggjuefni og við því ber að sporna. Við á hinu háa Alþingi eigum að sýna að okkur er annt um öryggi borgaranna og að við höldum vöku okkar, ekki síst í ljósi þess að ofbeldi er vaxandi vandamál meðal annarra þjóða. Því vil ég beina eftirfarandi spurningum til hæstv. dómsmrh.: Hefur verið leitað skýringa á því hvers vegna ofbeldi hefur aukist á götum borgarinnar á undanförnum árum? Hefur verið greint hverjir það eru sem beita ofbeldi? Tengjast þeir glæpastarfsemi eða á áfengisneysla oftast hlut að máli? Færist aldur ofbeldismanna niður, stendur hann í stað eða hækkar? Er sjáanleg breyting á kynjahlutföllum? Og loks, virðulegi forseti, hvaða aðgerðir eru fyrirhugaðar til að draga úr ofbeldi á götum Reykjavíkur þannig að auka megi öryggi borgaranna?

[17:37]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Vegna þeirrar fyrirspurnar sem hv. þm. bar hér fram er rétt að minna á það að rannsóknir á ástæðum og bakgrunni afbrota og skýrslugerð um afbrot og miðlun slíkra upplýsinga er ekki fullkomin hér á landi, a.m.k. ekki enn sem komið er. Þó er það svo að nokkur lögregluembætti hafa haft uppi mjög virðingarverða viðleitni í þá veru að bæta hér úr en slíkt starf þarf að efla og það á að vera unnt með nútímaupplýsingatækni. Lögreglan í Reykjavík hefur m.a. unnið að því nú að undanförnu að bæta hér úr. Og ég minni á að það var eitt meginmarkmið frv. til lögreglulaga, sem lagt var fram á Alþingi á síðasta þingi, að efla yfirstjórn lögreglunnar með embætti ríkislögreglustjóra, sem m.a. hefði slíkar afbrotarannsóknir og upplýsingavinnu með höndum. Auk þess raunar að bæta nýtingu fjármuna sem til löggæslu fara með hagfelldari skiptingu verkefna. En þær breytingar sem þetta frv. fjallaði um hafa því miður ekki náð fram að ganga.

Þær tölur sem fyrir liggja um þróun afbrota eru að sjálfsögðu enginn stóri sannleikur en þær þarf að skoða vel áður en endanlegir dómar eru felldir um árangur af starfi lögreglunnar. Tölur frá lögreglunni í Reykjavík sýna t.d. að frá árinu 1989 til 1993 hefur ránum fækkað úr 23 í 16, eða um 43%, þar af fækkaði ránum í miðbæ úr 11 í 3. Líkamsmeiðingum á tímabilinu hef-

ur hins vegar fjölgað úr 380 í 509, eða um 34%, en alvarlegum líkamsmeiðingum, sem svo eru skilgreindar og eru inni í þessari tölu, hefur fækkað úr 39 í 21, eða um 46%. Aukning hefur mest orðið í innbrotum og þjófnuðum á þessu tímabili, um 37 og 40%, og hefur innbrotum í bíla þar af fjölgað mest.

Alvarlegum ofbeldisbrotum sem send eru til Rannsóknarlögreglu ríkisins hefur heldur fækkað undanfarin ár samkvæmt þeim yfirlitum sem liggja fyrir frá þeirri stofnun, fækkaði t.d. úr 100 árið 1989 í tæplega 70 árið 1992 og það sem af er þessu ári eru slík brot orðin 64. Þeim allra alvarlegustu fækkar úr 39 árið 1989 í 23 árið 1992. Hér er ekki verið að gera lítið úr því vandamáli sem er til umræðu með því að benda á að samkvæmt tölum hefur alvarlegum ofbeldisbrotum fækkað. Einstök afbrot virðast til að mynda oft vera hrottalegri nú en áður og ástæða til þess að gefa þeirri þróun gaum. En ofbeldismál eru og eiga að vera forgangsmál hjá lögreglunni og það er raunar margt sem bendir til að lögregla hafi nú að eigin frumkvæði afskipti af fleiri málum og því sé m.a. hærra hlutfall afbrota skráð en áður var.

Þessar upplýsingar sem hér hafa komið fram gefa auðvitað ekki neina tæmandi mynd af ástandi löggæslunnar eða þeirri þróun afbrotamála sem hér hefur verið gerð að umtalsefni. En þær gefa þó tilefni til að vara við alhæfingum um að allt þróist til verri vegar á þessum sviðum. Á undanförnum árum hefur líka orðið jákvæð þróun í löggæslumálum sem ástæða er til að vekja athygli á og styðja við bakið á. Í stórum sveitarfélögum er meginstefnan að löggæslan flytjist meira út í svokallaðar hverfastöðvar sem stefnan er að fjölga. Árangurinn af þessum hverfastöðvum hefur verið mjög góður. Lögreglan í Reykjavík hefur t.d. komist að þeirri niðurstöðu að síðan 1989 hafi afbrotum fækkað um 16% í Breiðholti, 24% á Seltjarnarnesi og 13% í Mosfellsbæ en á þessum stöðum hafa sérstakar lögreglustöðvar verið reknar á þessum tíma. Það er mín skoðun að fjölga eigi slíkum stöðvum og sú þróun að færa löggæsluna nær fólkinu eigi að verða á næstu árum þannig að löggæslan verði nær því umhverfi og þeim vettvangi þar sem þeir atburðir verða sem hér er verið að fjalla um. Þjóðfélagið krefst þess að réttarvörslukerfið upplýsi afbrot og refsi afbrotamönnum en til að hafa áhrif á afbrotatíðni framtíðarinnar þurfum við að hafa áhrif á tilhneiginguna til að fremja afbrot og að þeirri baráttu þurfa flest svið þjóðfélagsins að koma og slík markmið þarf að taka með í reikninginn við stefnumótun jafnt í efnahagsmálum sem félags-, uppeldis-, skóla- og íþróttamálum.

[17:42]

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. fyrir að taka þetta mál upp en það kom fram í máli hæstv. dómsmrh. að alvarlegu ofbeldi, þjófnuðum og líkamsmeiðingum, hefði mjög fjölgað í miðborg Reykjavíkur að undanförnu. Samkvæmt upplýsingum lögreglunnar hefur þessi fjölgun orðið hlutfallslega langmest hjá aldurshópnum 19–24 ára. Það er auðvitað áhyggjuefni en það sem er kannski aðaláhyggjuefni lögreglunnar í þessu sambandi er það að alvarlegum líkamsmeiðingum hefur á sl. tveimur árum fjölgað allverulega. Og aldurinn á því unga fólki sem er að brjóta af sér er sífellt að færast neðar. Á ári hverju eru handteknir um þúsund einstaklingar fyrir ölvun, minni háttar skemmdarverk, slagsmál og ýmiss konar líkamsmeiðingar. Á undanförnum árum hefur þetta verið að gerast með þeim hætti að aldurinn er kominn niður í 16–24 ár. Og þá spyrja menn sig: Hvaða ástæður liggja þarna að baki?

Og það er eins og hæstv. dómsmrh. sagði að þær ástæður hafa ekki verið fullkomlega rannsakaðar. En menn spyrja sig þeirra spurninga og þegar menn velta fyrir sér hvaða aðgerða þarf að grípa til þá þurfa menn að gera sér grein fyrir hver sé rót vandans.

Í mínum huga er það þetta ástand sem núna er í þjóðfélaginu. Það eru heilu kynslóðirnar að koma og eftir kannski áratug þá verða til kynslóðir sem aldrei hafa kynnst því hvað atvinna er, kunna í raun og veru alls ekki að vinna. Þetta er ástand sem er algjörlega þekkt í löndunum í kringum okkur, hjá þeim þjóðum þar sem atvinnuleysið hefur haldið innreið sína. Og atvinnuleysið er kannski það böl sem menn berjast einna helst við í þessu sambandi. Og því þarf ríkisstjórnin að huga að því hvaða ástand hún er að skapa hjá þessum kynslóðum með þeirri stjórnarstefnu sem hún rekur í efnahags- og atvinnumálum.

[17:44]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur fyrir að taka þetta mál fyrir. Við ræddum það hérna fyrir nokkru í fyrirspurnatíma og ég held að það sé full þörf á því að ræða það hér enn frekar vegna þess að það er tvennt sem hefur færst í vöxt. Annars vegar er um að ræða það sem kalla má hrottlegt götuofbeldi sem við höfum ekki kynnst í verulegum mæli í þessu landi áður. Hins vegar er það vaxandi ofbeldi sem fréttist af á heimilum. Þetta tvennt er veruleiki sem við þekkjum núna í seinni tíð í landinu og það er rétt hjá hæstv. dómsmrh. að rannsóknir á ástæðum þessa hafa ekki farið fram. Þær þurfa að fara fram og ég hvet hæstv. ráðherra til að beita sér fyrir því að rannsóknir fari fram á því af hverju ofbeldi hefur færst í vöxt.

Er það vegna þess hvernig fíkniefnaeftirliti hefur verið fylgt eftir? Er það vegna þess að menn hafi ekki rekið markvissa og skynsamlega stefnu af hálfu hins opinbera í áfengismálum? Er það vegna þess að menn hafa skorið niður þjónustu velferðarkerfisins? Er það vegna þess að menn hafa sparað of mikið í löggæslukerfinu? Er það vegna þess að við stöndum núna frammi fyrir atvinnuleysi og fátækt í stórum stíl? Er það vegna þess að ofbeldismyndir af ýmsu tagi hafa vaxandi áhrif á unga fólkið í okkar landi?

Þetta er nauðsynlegt að skoða kerfisbundið og skipulega. Og ég hvet hæstv. ráðherra til að taka á því máli og segi um leið: Að því er Reykjavík varðar þá held ég að það skipti langmestu máli að það verði efnt til samstarfs við íbúana. Það hefur tekist mjög vel í Breiðholtshverfi og ástæðan fyrir hinum jákvæðu töl-

um sem hæstv. ráðherra las upp úr Breiðholtshverfi eru ekki aðeins þær að þar hefur verið komið upp hverfisstöð heldur líka þær að hverfislögreglan í Breiðholti hefur efnt til samstarfs við íbúana. Og það held ég að sé aðalatriðið og besta leiðin til að draga úr þessari vá sem hér blasir annars við.

[17:46]

Guðrún J. Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég tel að hið vaxandi ofbeldi sem er til umræðu í þinginu núna eigi sér rætur í breyttum þjóðfélagsháttum. Það eru ekki mörg ár síðan við innleiddum bjór sem löglegan söluvarning á hverju götuhorni í Reykjavík og sífellt eru fleiri ölstofur opnaðar. Og mann furðar þegar maður ekur eða gengur um miðbæinn að sjá hversu geysilega margar ölstofur eru opnar.

Við tilkomu ölsins átti ýmislegt að batna var okkur boðað þegar bjórinn var innleiddur en því miður hefur það ekki gengið eftir. Ég vildi gjarnan að svo hefði verið. Það hefur farið þannig að drykkjan hefur aukist meðal ungmenna enda hefur ofbeldi líka aukist meðal ungmenna.

En þetta er alls ekki eingöngu ölinu að kenna, síður en svo, mér dettur ekki í hug að segja það. Það er líka því að kenna að ofbeldismyndir flæða yfir landið. Börnin opna ekki skjáina, þá á ég bæði við eigin skjái og líka skjáinn á sjónvarpinu, án þess að sjá ofbeldismyndir daglangt nærri því. Fyrirmyndin sem þau sjá þarna hlýtur að hafa ótrúlega áhrif á sálarlíf þeirra enda eru dæmi um það, ekki síst erlendis frá, allhrikaleg.

En í þriðja lagi er það vansæld og áhyggjur fólksins sem veldur ofbeldinu. Það sagði mér gamall skólamaður fyrir mörgum árum þegar allt lék í lyndi hjá okkur og atvinna var á hverju strái og yfirvinna og hvað eina og fólki leið fjárhagslega nokkuð vel og bjó við öryggi að börnin í skólunum væru betri hvert við annað núna en á tímum kreppunnar. (Forseti hringir.) Forseti, ég er alveg að ljúka máli mínu. Og hann taldi að það væri vegna þess að þau hefðu haft betra öryggi og meira að bíta og brenna. Þannig er það að allt hjálpast þetta að, vitlausar ráðstafanir ríkisstjórnarinnar og örbirgð.

[17:49]

Pétur Bjarnason:

Virðulegi forseti. Ég vil eins og aðrir sem hér hafa talað þakka fyrir það að þetta mál skyldi vera tekið til umræðu. Ég held að það sé tímabært að gera það því að ástandið í miðbæ Reykjavíkur um helgar er vægast sagt ömurlegt. Þar hafa skapast undirheimar þar sem spilling og ofbeldi þrífst og almennum borgurum er tæpast fært í gegnum kjarna miðbæjarins um helgar. Þar tíðkast það sem hér var nefnt hrottalegt götuofbeldi. Þetta er ekki bara mál höfuðborgarbúa því að höfuðborgin er okkar allra og kannski kemur þetta ekki síður við landsbyggðarmenn sem koma tiltölulega grunlausir um þetta ástand. Þetta hefur skapast á skömmum tíma, á undanförnum fáum árum. Ég hef heyrt fjölmörg dæmi og það nýjasta er af manni sem kom hingað utan af landi og vann ekki annað til saka en það að ganga við annan mann í gegnum miðbæinn þar sem ráðist var á hann. Hann var barinn í götuna, síðan var sparkað í hann og reyndar þá báða. Sá maður ber varanleg örkuml því hann missti sjón á öðru auga og mun ekki fá hana aftur. Þar kom engin löggregla við sögu, hún var hvergi nærri, og engar bætur að hafa fyrir þetta mál.

Umhverfi þar sem svona lagað þrífst er ekki sæmandi á Íslandi og ekki sæmandi í höfuðborginni. Ég tel nauðsynlegt að dómsmálayfirvöld skeri upp herör gegn þessum ófögnuði og láti kanna ástæður fyrir því að þetta er svona og ráðist í ljósi þeirra kannana af miklum krafti að rótum þessa vanda sem ég tel vera orðinn mjög verulegan.

[17:51]

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Þessa umræðu á ekki að hafa við hæstv. dómsmrh. Það er ekki hæstv. dómsmrh. sem á að ala upp börnin okkar. Það er heldur ekki lögreglan. Og það eru ekki alltaf áfengi og fíkniefni með í þeim afbrotum sem hér er rætt um.

Það er, hæstv. forseti, uppeldisumhverfi barna og unglinga á Íslandi sem er laskað. Afarnir og ömmurnar hafa verið fjarlægð úr lífi ungra barna, foreldrarnir hafa engan tíma fyrir þau og þess vegna líður börnunum í landinu ekki vel. Börn og unglingar sem líður vel og búa við ástúðlegan aga byrja ekki að neyta ávanaefna né hafa í frammi ofbeldi. Ofbeldi er niðurbæld reiði, það er ofsi sem börnin ráða ekkert við. Og sá ofsi á sér auðvitað sínar skýringar.

Önnur börn búa við ofbeldi á heimilum og mæðurnar leita hvað eftir annað ásjár og fá bót sinna meina. Og fagfólk lyftir ekki litla fingri til að hjálpa börnunum sem horfa upp á slíkt. Þetta er auðvitað lögbrot sem viðgengst aftur og aftur án þess að nokkur sinni því þó það sé lögum samkvæmt þegnskylda að bjarga börnum úr slíku umhverfi. Skólinn þjálfar ekki börn til að hafa ofan af fyrir sjálfum sér eftir allt of stutta skólagöngu. Og afþreyingarefnið sem börnin hafa byggist að mestu leyti á ofbeldi. Við hverju búast menn? Við hverju búast menn?

Íslendingar eru vondir við börnin sín, stjórnvöld eru vond við börnin okkar og við þurfum að breyta þessu.

[17:54]

Guðmundur Hallvarðsson:

Virðulegi forseti. Ég vil eins og aðrir þingmenn þakka fyrir að þessi umræða á sér stað innan Alþingis. Síðasti ræðumaður gat mjög um það að kannski væri mest um að kenna því uppeldislega umhverfi sem við lifðum við á þessum tímum. Það kann nokkuð til að vera í því.

Ef litið er til þeirrar tækni sem nú er boðið upp á, t.d. á sviði vídeótækninnar, hvar unglingar geta haft vídeóspólu með einhverjum hrottalegum ofbeldismyndin og sýnt hana svo hægt á vídeótækinu sínu að þeir geta skoðað hvert ofbeldisatriði lið fyrir lið, mynd eftir mynd, þá má náttúrlega segja að það stefni ekki í rétta átt hjá þeim foreldrum sem láta börn afskiptalaus á heimili sínu horfandi á þessar hrottalegu mynd-

ir margar hverjar.

Hér var komið inn á að þetta ástand væri orðið svo vegna þess að hér væri orðið svo mikið af bjór- og ölstofum. Það kann vel að vera að það eigi sinn hlut að máli þessu. En ekki vildi ég heldur horfa á unglingana labba hér um götur og torg með brennivínsflöskur eins og var á árunum áður vegna þess að það var ekki hægt að fá öl. (**Gripið fram í:** Þau gera það líka.) Ég er alveg sannfærður um að með tíð og tíma og til lengri tíma litið mun vínmenning þróast í annan farveg. Það leysir okkur hins vegar ekki undan þeim vanda sem við verðum að leysa til þess að halda á málum og koma á lögum og reglu í miðborg Reykjavíkur. Menn gleyma því líka að það eru ekki bara unglingar úr Reykjavík sem eru í Austurstrætinu og haga sér svo sem raun ber vitni um. Það vill þannig til að því miður eru þetta unglingar sem koma úr nágrannasveitarfélögunum líka. Ef litið er til þess vanda og meinsins í reynd þá eru það fyrst og fremst heimilin og foreldrar þessara barna sem eru í vanda stödd.

[17:56]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir hans svör og þeim þingmönnum sem hafa tekið þátt í þessari umræðu. Ég las það út úr ræðu hæstv. dómsmrh. að ýmsu er ábótavant varðandi upplýsingar okkar um glæpi sem framdir eru á Íslandi og ofbeldi. Ég held að það sé fyrsta skrefið að byrja á því að greina vandann áður en menn snúa sér að því að reyna að leysa hann og að skoða það hver er rótin.

En ég get tekið undir það sem hér hefur komið fram að hér eru bæði á ferð þjóðfélagsbreytingar sem eru í takt við það sem gerst hefur meðal annarra þjóða en jafnframt höfum við á allra síðustu árum orðið vör við ýmis þau einkenni sem annars staðar eru talin til orsakavalda aukins ofbeldis eins og atvinnuleysi, vaxandi fátækt, félagsleg vandamál, fíkniefnaneysla og ekki síst breytingar á fjölskyldumynstri. Öllum þessum þáttum þarf að gefa gaum og því hvernig við búum að börnum og unglingum. Við þurfum að snúa okkur að því að vinna gegn þessum vanda til þess einmitt að ofbeldi haldi ekki áfram að aukast.

Ég get tekið undir það að það þarf annars vegar að bæta löggæslu og aðstöðu lögreglunnar til þess að taka á þessum málum en hins vegar líka að auka samstarf við íbúa og skóla ekki síst enda hefur það komið fram og kom fram í samtölum mínum við lögregluna að þær aðgerðir sem gripið hefur verið til, eins og ákveðin herferð sem farið var með í skólana skilaði árangri. Og bætt löggæsla í miðborg Reykjavíkur hefur skilað árangri. Við sjáum dæmi þess að þegar gripið er til ráða þá skila þau árangri.

Virðulegi forseti, við þurfum að auka rannsóknir á þessum efnum og við þurfum að grípa til aðgerða.

[17:58]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Ég get tekið undir það eins og kom fram í upphafsræðu minni að það er þörf á frekari rannsóknum en ég vil minna á að það starf er nú að færast í vöxt og ekki síst innan lögreglunnar í Reykjavík. Það er líka mikilvægt að í umræðum eins og þessum að þá notfæri menn sér þær tölulegu upplýsingar sem þó eru fyrir og eins og hv. fyrirspyrjandi gerði mjög skilmerkilega hér í sinni ræðu.

Það kom hins vegar fram í ræðu hv. 11. þm. Reykv. að menn vilja gjarnan alhæfa með því að slá fram fullyrðingunni: ofbeldisbrotum er að fjölga. Og það er vissulega rétt að líkamsmeiðingum hefur fjölgað. En hitt er staðreynd að þessum alvarlegu ofbeldisbrotum hefur sem betur fer fækkað og í umræðunni verðum við að taka mið af þeim tölulegu upplýsingum sem liggja fyrir um þetta og horfa á þær staðreyndir. Vissulega ber það vott um að starf lögreglunnar hefur skilað verulegum árangri á þessum sviðum. Og við höfum verið að þróa margs konar aðra lögreglustarfsemi sem miðar að því að koma í veg fyrir afbrot.

Breytingar í þjóðfélaginu geta líka haft áhrif. Það er ugglaust rétt að versnandi efnahagur getur verið ein af orsökunum fyrir afbrotum. En ég vara menn við því að draga þær ályktanir að fátækt fólk sé ólöghlýðnara en annað fólk eða hafi ekki sama siðferðilega styrk til þess að fylgja lögum og reglum. Þvert á móti held ég að því sé öfugt farið.

Að öðru leyti get ég mjög tekið undir sumt af því sem fram kom í máli hv. 14. þm. Reykv. að það skiptir mjög miklu máli hvernig við stöndum að uppeldi, ekki síst á heimilunum og auðvitað í skólunum líka. En það uppeldishlutverk sem fram fer á heimilunum ræður úrslitum um þróun þessara mála.

Útbýting þingskjala:

Ráðstafanir í ríkisfjármálum 1995, 278. mál, brtt. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 451; nál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 452.

[Fundarhlé. — 18:01]

Útbýting þingskjala:

Atvinnuréttindi skipstjórnarmanna, 316. mál, stjfrv., þskj. 460.

Atvinnuréttindi vélfræðinga, 315. mál, stjfrv., þskj. 459.

Áhafnir íslenskra kaupskipa, 317. mál, stjfrv., þskj. 461.

Lánsfjárlög 1995, 3. mál, nál. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 458.

[Fundarhlé. — 21:23]

Lánsfjárlög 1995, 2. umr.

Stjfrv., 3. mál. — Þskj. 3, nál. 449 og 458, brtt. 450.

[21:32]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir áliti og breytingartillögum meiri hluta efh.- og viðskn. við frv. til láns-

fjárlaga fyrir árið 1995. Breytingartillögurnar eru á þskj. 450 og nefndarálit á þskj. 449.

Nefndin gerir nokkrar brtt. við frv. Þær eru í fjórum liðum og ég vil fyrst benda á brtt. við 3. gr. frv. Þar er lögð til lækkun á lántöku til Lánasjóðs ísl. námsmanna. Þarna er ekki um að ræða niðurskurð eða slíkt vegna breyttra útlánareglna heldur er þetta einungis uppreikningur á fjárþörf sjóðsins sem hefur minnkað sem þessu nemur.

Í 4. gr. eru breytingartillögur við Byggingarsjóð ríkisins og Byggingarsjóð verkamanna. Þar er lögð til hækkun á lántökuheimildum í samræmi við endurskoðaða greiðsluáætlun sjóðanna. Þá er lögð til hækkun á lántökuheimild til Stofnlánadeildar landbúnaðarins um 900 millj. kr. úr 700 í 1.600. Þetta er gert vegna skuldbreytingar á rekstrarlánum bænda. Þessi hækkun á lántökuheimild vegna stofnlánadeildarinnar nær til skuldbreytingar samkvæmt 2. tölul. 5. gr. laga um Stofnlánadeild landbúnaðarins, þ.e. verið er að breyta lausaskuldum bænda í föst lán og þessar lausaskuldir eru vegna fjárfestingar í búrekstri á jörðum þeirra, svo og lausaskuldum vegna rekstrarins, jarðakaupa, véla, bústofns-, áburðar- og fóðurkaupa. Því er ekki verið að skuldbreyta neyslulánum heldur lánum sem fyrst og fremst er stofnað til vegna búrekstrarins.

Miðað er við að stjórn Stofnlánadeildar landbúnaðarins semji tillögur að reglum um framkvæmd þessarar skuldbreytingar og ráðherra staðfesti þær síðan.

Í þriðja lagi eru brtt. við 5. gr. frv. Þar er verið að bæta við heimild til fjmrh. til að ábyrgjast lántökur fyrir Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar allt að 800 millj. til skuldbreytinga eldri lána, til Undirbúningsfélags Orkubús Borgarfjarðar, allt að 380 millj. til skuldbreytingar eldri lána. Það er heimild fyrir Innheimtustofnun sveitarfélaga allt að 150 millj. til greiðsluflæðisjöfnunar. Það er heimild til Hita- og Vatnsveitu Akureyrar, allt að 2.200 millj. til skuldbreytingar eldri lána og heimild til bæjarveitna Vestmannaeyja, allt að 61 millj. til skuldbreytinga eldri lána.

Síðan leggur nefndin til að bæta nýrri grein við lánsfjárlögin þar sem Vegagerðinni, vélamiðstöð, er heimilt að yfirtaka skuldir Hríseyjarhrepps vegna kaupa á jörðinni Sæfara en þessar skuldir nema alls 102,6 millj. kr.

Þá vill nefndin taka fram að endurlán skv. 11. gr. frv. miðist við stöðu ábyrgðarheimilda 5. júlí 1994 og yfirtaka lána skv. 12. gr. við 31. maí 1994.

Efh.- og viðskn. hyggst koma saman milli 2. og 3. umr. um frv. til þess að fjalla m.a. um hugsanlegar breytingar á 1. gr. í ljósi niðurstöðu fjárlaga og eins til þess að ræða sérstaklega um mál Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar en í 3. gr. lánsfjárlagafrv. er fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs heimilt að endurlána allt að 1.980 millj. kr. til Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar og meiningin er að fjalla sérstaklega um það mál milli umræðna.

[21:36]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Ég vil fyrst spyrja að því hvar hæstv. fjmrh. sé niðurkominn, hvort ekki sé ætlunin að hann verði viðstaddur þessa umræðu.

(Forseti (SalÞ): Hæstv. fjmrh. er í húsinu og forseti mun gera honum viðvart.)

Hæstv. forseti. Það er mikið fagnaðarefni ef hæstv. fjmrh. lætur svo lítið að vera hér nálægur okkur. Ég held að alveg óhjákvæmilegt sé, hæstv. forseti, að byrja á því að fara nokkrum orðum um svona aðstæður sem eru í kringum þessa afgreiðslu ef afgreiðslu skyldi kalla á frv. til lánsfjárlaga út úr efh.- og viðskn. og til 2. umr. og vinnubrögð og ýmislegt fleira í þeim efnum. Það kom reyndar fram í máli hv. frsm. meiri hlutans, varaformanns efh.- og viðskn. að málið væri að nokkru leyti hálfkarað þegar það væri afgreitt út úr nefndinni samanber það að ekki lágu fyrir niðurstöðutölur um tekju- og gjaldahlið fjárlagafrv. þegar frv. til lánsfjárlaga var afgreitt út sem þýðir að ekki er hægt að stemma af lántökurammann og þar með 1. gr. frv., fá þar niðurstöðutölu. Sömuleiðis voru nokkrir aðrir þættir frv. lítt eða ekki kannaðir og er ætlunin að reyna að bæta úr því við 3. umr. En auðvitað eru ekki, hæstv. forseti, eins og ég veit að ég þarf ekki að rekja fyrir hæstv. forseta, þær aðstæður við afgreiðslu mála af þessu tagi sem menn telja æskilegar eða til eftirbreytni. Rík áhersla var lögð á það á sínum tíma þegar þinginu var breytt í eina málstofu að það hlyti að þýða og leiða af sjálfu að menn mundu vanda sín vinnubrögð og vinna mál betur áður en þau kæmu frá nefnd og til 2. umr. í því ljósi að þar með væri bara ein umræða eftir til að lagfæra það sem úrskeiðis kynni að hafa farið ef það þyrfti að taka breytingum.

Hæstv. forseti. Einhvern veginn finnst mér að þess sé farið að sjá harla lítinn stað í vinnubrögðunum að menn muni eftir því að nú eru ekki lengur sex umræður og sex umferðir sem hvert einasta lagafrv. þarf að fara í gegnum þingið heldur þrjár og engin sía er eftir til að vinsa út mistökin þar sem er seinni deildin eins og var gjarnan í gamla daga. Nú eru mál vísvitandi afgreidd þannig milli umræðna að búið er að ljúka einhverjum hluta af umfjöllun um þau, það er búið að fá botn í sumt og annað ekki og þá er því sullað inn til afgreiðslu sem komið er og látið ráðast hvernig tekst að klára afganginn. Svona er þetta nú orðið, hv. 1. þm. Vestf. (**MB:** Það er ljótt að heyra.) Já, ljótt er að heyra, það veit ég að hv. þm. telur þetta ekki til eftirbreytni.

Svoleiðis verður eiginlega að segja söguna um þetta mál enda þótt það sé nú orðið að sumu leyti einfaldara í sniðum en lánsfjárlagafrumvörp voru þegar þau höfðu í sér ýmis skerðingarákvæði og fleira sem nú er horfið þaðan þá er nú eftir sem áður verið að stilla af lántökur ríkissjóðs á því ári sem fer í hönd. Það er verið að reyna að átta sig á því hvernig horfur eru á innlendum fjármagnsmarkaði og verið er að reyna að líta á megindrætti efnahagsstefnunnar. — Það er óskaplegur óróleiki á þessum einkafundi menntmrh. í hliðarsal., hæstv. forseti. Það er spurning hvort hæstv. ráðherra getur ekki fundið fundarsal uppi í menntmrn. til að útkljá þessi deilumál en þarf ekki að gera það í reykherberginu. — Ég sé að við þessum tilmælum er orðið og hæstv. ráðherra heldur á braut með fundar-

menn sína. (Gripið fram í.) Eða lokar a.m.k. hurðinni. Hæstv. forseti. Þannig standa mál við upphaf þessarar 2. umr. lánsfjárlaga á þingi.

Ég vil einnig að það komi fram að þetta er auðvitað ekki sú röð á hlutunum sem að mörgu leyti er eðlilegust, þ.e. að lánsfjárlagafrv. sé síðast til umfjöllunar af þessum málum sem tengjast afgreiðslu fjárlaga, tekjuöflunarfrumvörpum og útgjaldaákvörðunum ríkissjóðs á komandi ári. Að sjálfsögðu er í raun og veru eðlilegasta lánsfjáráætlunin að lánsfjárlagafrv. sé síðasta málið sem fær hér efnislega umfjöllun því að þar ræðst niðurstaðan í formi niðurstöðutölu um lántökur opinberra aðila á næsta ári. Það er mismunur tekna og gjalda sem er brúaður með lántökum og að sjálfsögðu er ekki hægt að stemma það af fyrr en allri annarri vinnu er lokið.

Ég ætla þá, hæstv. forseti, að fara yfir einstaka liði í nefndaráliti minni hluta á þskj. 458 og þá sem þar eru taldir upp undir millifyrirsögnum eftir að hafa gert grein fyrir þessum vinnubrögðum sem hafa farið hríðversnandi ár frá ári í tíð núv. hæstv. ríkisstjórnar þannig að nú hefur aldeilis tekið steininn úr á þinginu á þessum vetri. Ég minnist þess alla vega ekki að menn hafi verið með öll þessi mál í höndunum þegar komið er fram á 20. des. og sum þeirra á frumstigi umræðu eða athugunar í þingnefndum eins og á við núna. Má þar til að mynda nefna afgreiðslu á frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum sem er ekki enn komið til umræðu og frv. um álagningu skatta, tekjuskatt og eignarskatt á næsta ári sem enn hefur verið til umfjöllunar í efh.- og viðskn. enda sér þess auðvitað stað í þeim afleiðingum þessara vinnubragða sem hv. þm. þekkja og voru m.a. til umræðu í dag, þ.e. lánsfjáraukalagafrv. Fjáraukalagafrumvörpin og lánsfjáraukalagafrumvörpin hafa orðið umfangsmeiri með hverju ári í tíð hæstv. ríkisstjórnar þar sem verið er að reyna að leiðrétta skekkjurnar og klóra í bakkann þegar allar forsendur fyrir spilaborginni eru hrundar, fjárlagafrv. hvers árs.

Einnig hefur þessi ríkisstjórn miklu oftar en nokkur önnur í lýðveldinu orðið að grípa til þess óyndisúrræðis að setja bráðabirgðalög um framkvæmd laga á miðju sumri vegna klúðurslegra vinnubragða á því þingi sem undan fór. Ætli bráðabirgðalögin séu ekki að verða þrenn eða fern, sem hæstv. ríkisstjórn hefur orðið að setja, fyrst og fremst vegna vinnubragða af þessu tagi. Ekki er hægt að afgreiða svo einfaldan hlut eins og lyfjalög án þess að þar komi upp reginklúður, ýmist lögbrot eða framkvæmdalegir vankantar sem kalla á setningu bráðabirgðalaga. Auðvitað verða menn að reyna að hafa þessa hluti aðeins í huga ef þeir vilja eitthvað vanda virðingu sína í þessum efnum.

Hæstv. forseti. Ég ætla fyrst að gera aðeins grein fyrir þeim breyttu þjóðhagsforsendum eða þeim upplýsingum um þjóðhagsforsendur sem lagðar voru fram í efh.- og viðskn. sl. föstudag og eru forsenda þeirra tillagna sem nú liggja fyrir um tekjuhlið fjárlagafrv. og áætlunar um tekjur og gjöld ríkissjóðs og halla á næsta ári.

Efh.- og viðskn. voru, eins og áður segir, kynntar þessar forsendur sl. föstudag og þar er skemmst frá að segja að framvinda efnahagsmála á síðari hluta ársins 1994 og horfur fyrir árið 1995 hafa hvortveggja reynst nokkru hagstæðari en fyrri spár gerðu ráð fyrir. Þar kemur auðvitað margt til. Þar má sérstaklega nefna stórauknar útflutningstekjur, aukinn útflutning vöru og þjónustu. Aukningin þar hefur orðið talsvert meiri en búist var við milli áranna 1993 og 1994 og munar þar langmestu um framleiðsluverðmæti sjávarútvegsins. Þær ástæður eru náttúrlega þekktar að mestu leyti. Það liggur fyrir að síðasta loðnuvertíð var óvenju gjöful, mikil framleiðsla og hátt verð á frystum loðnuafurðum. Það eru stóraukin verðmæti afla utan landhelgi, einkum úr Smugunni eða úr Barentshafi og af Reykjaneshrygg. Það er hækkandi afurðaverð á framleiðslu sjávarafurða almennt, einkum nú á síðari hluta ársins þar sem umtalsverð hækkun hefur orðið til að mynda á rækju. Einnig er ljóst síðast en ekki síst að bati í efnahagslífi okkar helstu viðskiptalanda almennt séð er að skila sér í nokkrum mæli inn í okkar hagkerfi.

Þessi breyting, hæstv. forseti, er að sjálfsögðu fagnaðarefni svo langt sem það nær, en hitt ber að undirstrika og það hefur Þjóhagsstofnun líka gert í sínu áliti að þessir þættir eru margir hverjir mikilli óvissu undirorpnir. Það eru til að mynda miklar blikur á lofti nú þegar um yfirstandandi loðnuvertíð og aflaleysi allt frá síðasta sumri hefur auðvitað valdið mönnum miklum vonbrigðum. Það er óvissa um áframhaldandi veiðar eða kannski réttara sagt um það verðmæti sem við náum úr Barentshafi á næsta ári, bæði af náttúrulegum ástæðum en líka hugsanlega vegna samninga sem kynnu að takast um réttindi okkar á þessu svæði. Þetta á einkum og sér í lagi við um Svalbarðasvæðið, en það er óopinbert leyndarmál að drjúgur hluti aflaverðmætisins á sl. sumri kom af fiskverndarsvæðinu við Svalbarða og þar er að sjálfsögðu ekki á vísan að róa eins og kunnugt er. Sama má segja um verðlag á sjávarafurðum. Við njótum þess í augnablikinu að það er óvenjuhátt. Það er nálægt sögulegu hámarki á vissum tegundum og reynslan hefur sýnt að slíkt verð getur reynst óstöðugt.

En það er því miður ekki svo, hæstv. forseti, að þessar horfur séu allar saman jákvæðar og það séu bara sólargeislar í hverju horni. Það er ekki svo. Staðreyndin er að það sama virðist vera að gerast á Íslandi og í mörgum nálægum löndum, sem hafa fengið yfir sig atvinnuleysi, að jafnvel þó að efnahagslífið taki fjörkipp, þá kemur það ekki fram í því að atvinnuleysisvofan náist niður. Þvert á móti er spá Þjóðhagsstofnunar í þeim efnum allt annað en uppörvandi. Þjóðhagsstofnun gerir ráð fyrir að atvinnuleysi reynist á þessu ári verða um 4,8% og spáin gerir ekki ráð fyrir umtalsverðum breytingum á næsta ári hvað þetta snertir. Ef til vill eru þarna vonir um eitthvern örlítinn bata, að þessi tala, 4,8%, gæti farið niður í 4,6% og er það nánast innan skekkjumarka, því miður. Að þessu leyti til er þjóðhagsspáin áfram svört og ljót og ég held að það sé óhjákvæmilegt að undirstrika það, því miður.

Sama má segja um afkomu aðila eins og sveitarfélaganna og heimilanna. Þó að ljóst sé að ríkissjóður

geti átt von í nokkrum tekjuauka vegna ívið hagstæðari þjóðhagsforsendna eða þjóðhagshorfa þá er alveg ljóst að afkoma sveitarfélaganna stefnir í að verða áfram mjög erfið. Mjög erfið. Þau eru að verða fyrir auknum útgjöldum af ýmsum ástæðum, svo ekki sé nú minnst á stöðu heimilanna, gífurlegir greiðsluerfiðleikar og skuldasöfnun fara vaxandi nú milli mánaða með ógnvænlegum hraða. Vilji menn ekki taka þetta trúanlegt þá er því miður nærtækt að benda á ýmis töluleg gögn sem m.a. fylgja þessu nefndaráliti, en einnig má benda á skýrslu Seðlabankans frá því í byrjun nóvembermánaðar sl. og fleiri gögn þar um þar sem er ítarlega fjallað í sérstökum kafla um skuldir heimilanna.

Í öðru lagi, hæstv. forseti, vil ég nefna stöðu ríkisfjármálanna og stöðu ríkissjóðs. Það liggur nú fyrir með því að forsendur fyrir afgreiðslu fjárlagafrv. ársins 1995 eru að skýrast, að heildarmyndin á þessu kjörtímabili er að verða ljós með þeirri óvissu að sjálfsögðu sem alltaf er innan ársins. Og hver er staðan, hæstv. forseti, þegar þetta kjörtímabil sem hæstv. fjmrh., Friðrik Sophusson, hefur farið með ríkisfjármálin er nú að verða ljóst í heild? Hún er sú að ríkisfjármálin eru í raun og veru í fullkomnum ólestri. Öll áform um það að ná tökum á hallarekstri ríkissjóðs, að ná honum niður í núll og skila síðan ríkissjóði með afgangi, eru að engu orðin og miklu, miklu meiri en það, því miður. Og verður nú ekki lengur sagt að ástæðan séu sérstakir erfiðleikar og kreppa þar sem ljóst er að sl. ár, yfirstandandi ár og það ár sem í hönd fer, eru öll að reynast hagstæðari en spár höfðu gert ráð fyrir. Þannig að sú vörn og sú afsökun sem hæstv. fjmrh. hefur borið á borð hér á þingi og annars staðar í þjóðfélaginu undanfarin ár, yfirstandandi ár og það síðasta, heldur ekki lengur. Það er engin afsökun fyrir þeirri uppgjöf í ríkisfjármálum sem blasir við okkur, að við sérstaka erfiðleika sé að þessu leyti við að glíma t.d. um þessar mundir eða hvað varðar horfurnar á árinu 1995. Það er ekki svo. En niðurstaðan er sú, samkvæmt tölum sem ég var að reyna að leggja saman hér í dag þegar brtt. meiri hluta við fjáraukalög yfirstandandi árs litu dagsins ljós og aðrar upplýsingar komu fram, að hallinn á kjörtímabili Friðriks Sophussonar, halli ríkissjóðs, ef honum eru reiknuð árin 1992 og til og með árinu 1995, sem ég tel að sé pólitískt eðlilegra að gera þegar stjórnarskipti verða á miðju ári eða á öndverðu ári að reikna fráfarandi ríkisstjórn það ár sem þá liður, þar sem gengið er frá fjárlögum á ábyrgð fráfarandi stjórnar fyrir það ár sem í hönd fer, þá er staðan í hnotskurn þannig, hæstv. forseti, að hallinn í tíð hæstv. fjmrh. Friðriks Sophussonar stefnir í a.m.k. 38–40 milljarða kr. á kjörtímabilinu, 38–40 milljarða kr. Hann skiptist þannig að hann var um 9,5 milljarðar á árinu 1992, 10,6 milljarðar á árinu 1993 og eru þó ekki öll kurl komin til grafar þar, vegna þess að mér er ekki grunlaust um að þegar ríkisreikningur birtist hér á borðum þingmanna, vonandi fljótlega — reyndar hefur orðið furðulegur dráttur á því að hæstv. fjmrh. kæmi frá sér ríkisreikningnum því að mér er kunnugt um að hæstv. ráðherra hefur fengið ríkisreikninginn með áritun yfirskoðunarmanna fyrir alllöngu síðan — þá gæti nú farið svo að niðurstöðutalan upp á 10,6 milljarða á árinu 1993 ætti enn eftir að versna.

Hallinn samkvæmt fjáraukalagafrv. og framreikningi tekna er, eftir því sem mér skilst, að stefna í um 10,5 milljarða á árinu sem nú er að líða og samkvæmt endurmati á tekjuhlið og fram komnum útgjaldatillögum við afgreiðslu fjárlagafrv. fyrir árið 1995 standa þau mál í augnablikinu, eftir því sem ég kemst næst miðað við upplýsingar m.a. frá nefndarmönnum í fjárln., þannig að hallinn verði 7,4 milljarðar á næsta ári. — Ég sé að hv. formaður fjárln. kinkar kolli þannig að þá er það í grófum dráttum staðfest.

Og þetta, hæstv. forseti, 9,5 milljarðar, 10,6 milljarðar, 10,5 milljarðar og 7,4 milljarðar eru 38–40 milljarðar kr. Það er nú þannig. Og eins og við vitum er því miður ekki hægt að útiloka að enn eigi eftir að syrta í álinn, að árið 1993 verði samkvæmt ríkisreikningi verra en þetta, árið 1994 eigi eftir að bregðast í einhverjum mæli, t.d. þannig að sparnaðaráform með útgjöld valdi meiri ríkisútgjöldum eins og oft hefur viljað verða, ég nefni sem dæmi rekstur stóru sjúkrahúsanna, og að árið 1995 eigi einnig eftir að versna í þessum efnum.

Þetta, hæstv. forseti, er staðan í hnotskurn. Þetta er upgjörið á ríkisfjármálum á kjörtímabili hæstv. fjmrh., Friðriks Sophussonar. Íslandsmet í hallarekstri ríkissjóðs, algert Íslandsmet og hefur þó líklega engin ríkisstjórn, a.m.k. ekki í seinni tíð, farið af stað með meiri sperringi í þessum efnum en einmitt sú sem nú fer senn að teygja upp tærnar. Því það átti aldeilis að taka hallann á klofbragði og dengja honum flötum á tveimur árum, skila ríkissjóði í jafnvægi á þriðja árinu og með verulegum tekjuafgangi á því fjórða. Þannig var nú Viðeyjaráætlunin í ríkisfjármálum, en hún eins og fleira hefur farið fyrir lítið.

Nú er það svo, hæstv. forseti, að það má auðvitað lengi deila um það hvað sé réttlætanlegt og gerlegt í sambandi við ríkisfjármál þegar erfiðleikar ganga yfir og enginn neitar því að þessi ríkisstjórn hefur út af fyrir sig fengið sinn skammt af erfiðleikum. Ég er t.d. alveg hreinskilinn hvað það snertir að árið 1992 er mjög lélegt ár í okkar þjóðarbúskap, það er lélegt. Þá verður umtalsvert tekjufall og það er ekkert annað um það að segja en það að það er erfitt að fá slíkt á sig. Þetta er með ljótari árum í síðari áratuga efnahagssögu. En það er líka eina árið, eina árið sem hæstv. ríkisstjórn býr við erfiðleika af þessu tagi svo umtalsverðir séu. Á árinu 1991 er, ef ég man rétt, um 1% hagvöxtur. Árið 1993, þegar upp er staðið, reyndist ágætisár. Árið 1994 stefnir hraðbyri í að verða gott ár og árið 1995 einnig samkvæmt þessum nýju eða endurmetnu þjóðhagsforsendum. Þannig að það er ekki sú afsökun fólgin í málinu að þarna hafi verið um einhverja sérstaka, afbrigðilega og langvarandi erfiðleika að ræða. Það kom eitt erfitt ár og það viðurkenna allir, en það er mönnum ekki afsökun fyrir því að klúðra þessum málum algerlega, gefast upp á heilu kjörtímabili þó að þeir lendi í mótbyr á einu einasta ári.

Það alvarlegasta við stöðuna núna, hæstv. forseti, er hins vegar það, að þegar liggja fyrir að mörgu leyti já-

kvæðari þjóðhagsforsendur en gert hafa um skeið, hvað gerir þá hæstv. ríkisstjórn með þann bata? Hvert er hann að fara? Er hann að koma fram í minni hallarekstri ríkissjóðs? Svarið er nei. Er hann að koma fram í minni skuldasöfnun hins opinbera? Svarið er nei. Staðreyndin er sú að uppgjöfin í ríkisfjármálum hefur aldrei orðið jafnaugljós eins og núna þegar ríkissjóður hefði haft möguleika til að styrkja stöðu sína ef af einhverjum myndugleik hefði verið haldið á þeim málum. Tekjuauki upp á nokkra milljarða er að skila sér inn án þess að nokkrir nýir skattar séu lagðir á. En hvað verður þá um þann bata? Hvað gerir hæstv. ríkisstjórn, þessi sérstaklega ábyrga ríkisstjórn, sem ætlaði aldeilis ekki að breyta fjmrn. í kosningaskrifstofu að sögn hæstv. utanrrh., sem hefur verið í Rússlandi. Hvað gerir hún? Jú, hún ráðstafar þeim bata og rúmlega það. Hún eykur hallann, en minnkar hann ekki. Hún eykur lántökurnar, en minnkar þær ekki frá því sem áður var áætlað. Og það gerist með því að annars vegar velur ríkisstjórnin sér gæluverkefni til þess að setja í útgjöld og hins vegar afsalar hún ríkissjóði tekjum. Hún sleppir fyrir borð umtalsverðum tekjustofnum sem hefðu getað skilað meiri tekjum inn ef þeir hefðu verið lagðir á óbreyttir, eins og sérstakt stóreignaálag í eignarskatti og óbreyttur hátekjuskattur. En þessi ábyrga ríkisstjórn ætlar ekki að nota slíka möguleika til að ná tökum á ríkisfjármálunum við þær aðstæður að allar forsendur eru til þess. Nei, þvert á móti er hallinn aukinn af hreinu ábyrgðarleysi við aðstæður þegar allar formúlur mæla með því að reyna að ná tökum á ríkisfjármálum á nýjan leik. Það á ekki að vera til svo aum ríkisstjórn að hún láti tækifæri af þessu tagi sér úr greipum ganga. En það er það sem er að gerast.

Er þetta í samræmi við einhverja skynsamlega efnahagsstefnu? Hvað segja helstu ráðgjafar í efnahagsmálum um svona hluti? Ætli menn fái háa einkunn hjá Efnahags- og framfarastofnun eða öðrum slíkum aðilum fyrir svona framferði? Nei, aldeilis ekki. Þar hafa menn deilt um það og rifist um það hvort það væri yfir höfuð nokkurn tíma réttlætanlegt að reka ríkissjóð með halla. Það hafa að vísu alltaf verið uppi þau sjónarmið að það gætu verið þeir tímar að það væri réttlætanlegt miðað við viðráðanlega skuldastöðu að fleyta ríkissjóði yfir erfið ár eins og öðrum aðilum með lántökum. Stundum kallaður Keyneismi, að leyfa sér það að nota ríkissjóð þannig til þess að jafnvægisstilla ástandið. En frjálshyggjumennirnir og haukarnir hjá Alþjóðabankanum og gjaldeyrissjóðnum og Efnahags- og framfarastofnuninni og víðar hafa samt ekki verið hrifnir af þeirri hugsun. En það þarf ekki þá til. Við skulum bara fara í íslenska Seðlabankann og heyra hvað hann segir um þetta mál, hvað helsta sérfræðistofnun og ráðgjafarstofnun ríkisstjórna í landinu segir um aðstæður af þessu tagi. Ég vil þar, með leyfi hæstv. forseta, vitna í skýrslu Seðlabankans frá því 2. nóv. sl., en þar sagði um þetta atriði og ég tek upp orðrétt þann kafla undir fyrirsögninni Skuldastaða hins opinbera:

„Skuldir ríkissjóðs og sveitarfélaga hafa vaxið jafnt og þétt sem hlutfall af landsframleiðslu undanfarin ár eins og glöggt sést af meðfylgjandi mynd" og hún er birt með nefndarálitinu. „Hreinar skuldir ríkissjóðs voru einungis um 0,5% af vergri landsframleiðslu í árslok 1982, en stefna í meira en 30% af vergri landsframleiðslu og í um 120% af tekjum ríkissjóðs á þessu ári. Sveitarfélögin áttu sömuleiðis kröfur upp í skuldir í upphafi 9. áratugarins," með öðrum orðum, þau voru í raun skuldlaus „en um næstu áramót er áætlað að hreinar skuldir þeirra nemi um 3,7% af vergri landsframleiðslu eða 48% af tekjum." Á þessum skamma tíma hafa sem sagt skuldir sveitarfélaganna vaxið úr núlli og í helming af tekjum. „Þótt færa megi rök fyrir því að bregðast við vanda sem virðist tímabundinn með því að slaka á aðhaldi og reka ríkissjóð með halla eykst áhættan af slíku atferli eftir því sem skuldastaðan verður erfiðari. Við það bætist að vaxtabyrðar verða æ þyngri. Í upphafi 9. áratugarins voru vaxtatekjur meiri en vaxtagjöld, jafnt hjá ríki og sveitarfélögum og raunar fram eftir áratugnum hjá sveitarfélögunum. Síðan hefur sigið verulega á ógæfuhliðina og hreinar vaxtagreiðslur eru nú um 7% af tekjum hjá ríkinu en einungis um 2,5% hjá sveitarfélögunum. Hin mikla vaxtabyrði ríkisins þrengir óumflýjanlega svigrúm til athafna og viðbragða við utanaðkomandi áföllum. Öllu alvarlegra er að vaxtagjöldin geta breyst mjög mikið vegna breytinga á vöxtum þótt reynt hafi verið að draga úr þessari áhættu ríkissjóðs á undanförnum missirum með því að breyta erlendum lánum á breytilegum vöxtum í fast vaxtalán. Gangi áætlanir fjárlagafrv. eftir verður hallinn á næsta ári eingöngu vegna vaxtahallans." Það sýnir mönnum í hvert óefni er þarna komið með vaxtakostnaðinn.

Síðan kemur rúsínan í pylsuendanum hjá Seðlabankanum, skilaboðin til hæstv. ríkisstjórnar:

„Það hlýtur að vera ofarlega á forgangslista stjórnvalda að nota næstu uppsveiflu til að létta á þeirri skuldabyrði, enda er öruggari fjárfesting vandfundin." — Að nota næstu uppsveiflu til að létta á þeirri skuldabyrði, enda er öruggari fjárfesting vandfundin, segir þar.

Þetta er nú vísdómur Seðlabankans að það hljóti að vera nánast algert forgangsatriði hjá mönnum að nota fyrstu möguleika þegar afkoma ríkissjóðs batnar — til þess að gera hvað? Til að greiða þessar skuldir niður, til að lækka vaxtakostnaðinn og til að styrkja stöðu ríkisfjármálanna inn í framtíðina. En hvað er að gerast? Það er verið að segja okkur að uppsveiflan sé komin og hún er það í vissum mæli, um það vitna bættar þjóðhagsforsendur. En hvað á þá að gera við batann? Hvað ætlar þessi ábyrga ríkisstjórn að gera við hann? Ekki að fara að ráðum Seðlabankans, ekki að greiða niður skuldirnar, ekki einu sinni að halda hallanum óbreyttum, hún ætlar að auka hann. Það er nú öll ábyrgðin. Svo halda menn endalausar ræður hér um það í upphöfnum stíl, eins og hæstv. utanrrh. og hæstv. fjmrh. hafa báðir gert í fjölmiðlum á undanförnum vikum, hvað þeir séu einstaklega ábyrgir, alveg sérstaklega ábyrgir. Það sé nú eitthvað annað en var hérna áður. Ja, svei, segi ég nú bara. Þvílíkur málflutningur.

Ég hvet hv. þm. til að taka sér þetta litla nál. sér í hönd og fletta upp á bls. 3. Þar er pínulítið línurit sem menn hafa gott af því að skoða og sem ég held að hæstv. fjmrh. ætti aðeins að skoða áður en hann heldur næstu sjálfhólsræðu. Þetta línurit sést bara því miður ekki mjög vel á löngu færi, hæstv. forseti, en hvað segir það? Það er allt í lagi að fara aðeins yfir það.

Þetta línurit er yfir hreinar skuldir hins opinbera sundurliðað í súlunum í ríki og sveitarfélög og hvernig er það? Hvernig er staðan? Hver var hin óábyrga stjórn 1988–1991, hvernig hún skildi við? Hún lækkaði skuldir ríkissjóðs á kosningaárinu 1991 sem hlutfall af landsframleiðslu. Það er nú staðreynd, hæstv. fjmrh., eftir öll ræðuhöldin, eftir allt gasprið um hinn vonda viðskilnað, um ábyrgðarleysi sem menn höfðu sýnt, eftir allt talið um að fjmrn. hafi verið breytt í kosningaskrifstofu, þá liggur sú niðurstaða Seðlabankans fyrir að skuldir ríkissjóðs lækkuðu á árinu sem hlutfall af landsframleiðslu. Þær voru vel innan við 20%, reyndar aðeins rétt liðlega 15% á því ári. En þær uxu upp yfir 20% á árinu 1992, fyrsta heila árinu sem hæstv. fjmrh. Friðrik Sophusson bar ábyrgð á og á sama ári uxu skuldir sveitarfélaganna líka óðfluga, m.a. vegna þess að ríkið velti byrðum yfir á sveitarfélögin einhliða eins og kunnugt er og þau urðu að taka lán í stórum stíl, 600 millj. í lögguskattinn og fleira.

Síðan er það einfaldlega þannig, hæstv. forseti, að þessar skuldir vaxa hröðum skrefum úr liðlega 15% miðað við landsframleiðslu samkvæmt árslokaverðlagi 1991 og í yfir 30% á árinu 1994 og vaxa enn á árinu 1995 samkvæmt þessari áætlun Seðlabankans. Hún er að vísu frá því í byrjun nóvember þannig að ég þori ekki að fullyrða um það að sú tala gæti ekki breyst, en þó er það þannig að ef fjárlagafrv. verður afgreitt hér með meiri halla en það var lagt fram með í upphafi þá er þess varla að vænta að skuldir ríkisins minnki miðað við það, er það?

Þannig er nú staða, hæstv. forseti, og ég held að þetta línurit segi í raun og veru allt sem segja þarf. Menn geta haldið þessar ræður alveg endalaust um ábyrgðarleysið og um vondan viðskilnað annarra og hvað þeir séu sjálfir óskaplega ábyrgir. En þegar þeir eru svo berháttaðir með tölum af þessu tagi sem liggja fyrir frá helstu sérfræðistofnun þjóðarinnar um þessar mundir — og ætlast þó varla nokkur maður til að við trúum því að Seðlabankin sé sérstaklega hlutdrægur í málinu þessari ríkisstjórn í óhag eða hvað? Ætli það séu nú margir toppar þar inni sem hafi ástæðu til þess að vera að fegra sérstaklega hlut ráðherra Alþb. til að mynda. Þeir hafa aðallega komið úr öðrum flokkum, snillingarnir, sem hefur verið plantað þangað inn upp á síðkastið eins og kunnugt er.

Þannig er nú þetta, hæstv. forseti. Ég hvet hv. þm. til að fara aðeins yfir þessa stöðu varðandi ríkisfjármálin og skuldir hins opinbera. Það er hrikalegt satt best að segja vegna þess að það er augljóst mál að svona getur þetta ekki gengið lengur. Það er verið að stofna hér framtíðargrundvelli velferðarkerfisins í landinu í stórkostlega hættu með þessari skuldasöfnun og þess vegna ber ábyrgum stjórnmálamönnum að taka það fyrir af alvöru þegar breytingar eru vonandi í vændum eins og þær sem nú eru, að það séu einhver batamerki til að mynda í tekjumöguleikum ríkissjóðs, að þeir séu þá nýttir á skynsamlegan máta en ekki látnir vaða áfram í ábyrgðarleysi af þessu tagi.

Í þriðja lagi, hæstv. forseti, ætla ég að víkja nokkuð að fjármagnsmarkaði og vöxtum, sem er auðvitað ein af stóru breytunum í þessu sem við í efh.- og viðskn. höfum eðlilega verið að reyna að skoða í tengslum við afgreiðslu lánsfjárlagafrv. Það er að vísu svo að samkvæmt hinu nýja og fína frjálsræði í þessum efnum er nú sá siður upp tekinn að hverfa frá sundurliðun í innlendar og erlendar lántökur og þurfti að draga það beinlínis út úr fjmrn. með töngum hvernig þær lántökur hefðu skipst á árinu það sem liðið er. Svo heilagt er mönnum það að geta helst bara farið með það sem mannsmorð hvort verið er að safna skuldum erlendis eða taka fjármuni að láni hjá sjálfum sér, sem auðvitað skiptir gríðarlegu máli upp á framtíðina litið og það þarf varla að útskýra fyrir hv. þm. hver munur er á því þegar að skuldadögunum kemur hvort við borgum þau verðmæti þá inn í íslenska þjóðarbúið eða til útlanda. En það er eins og menn fjalla orðið um þetta þannig að það skiptir ekki nokkru máli hvort skuldasöfnunin fer fram erlendis eða innan lands.

En staðan er auðvitað þannig, hæstv. forseti, að sé óvissa hér um ýmsa hluti í sambandi við afgreiðslu frumvarpa, tekjuhlið og gjaldahlið fjárlaga, álagningu skatta og annað því um líkt, þá er hún eins og hjóm eitt borið saman við þá upplausn sem ríkir á innlenda fjármagnsmarkaðnum og þá óvissu sem þar er, því þar, satt best að segja, vita menn ekki sitt rjúkandi ráð að best verður séð. Það er staðreynd, liggur fyrir í gögnum sem m.a. fylgja þessu nefndaráliti að vextir hafa verið á uppleið nánast samfellt allt þetta ár. Ríkisstjórnin knúði vexti niður með handafli í nóvember á sl. ári, fyrir rétt liðlega ári síðan og það var vissulega aðgerð sem menn fögnuðu að stjórnin loksins hafði sig í. En það var eins og fleira hjá þessari ríkisstjórn eftir að hafa haldið hér uppi mjög háum vöxtum, okurháum vöxtum, þá voru þeir skyndilega keyrðir niður með handafli á einum degi og átti að telja mönnum trú um að það væri markaðsaðgerð og þetta væri allt saman í góðu jafnvægi því að nú væru menn hættir svona ofbeldi eins og því að beita handafli á vexti. Þetta væru allt saman markaðsstilltar aðgerðir. Það voru að vísu fundin upp ný hugtök eins og handleiðsla, sem þótti fínna orð yfir það að ríkisstjórnin einfaldlega ákvað að vextir á ríkisskuldabréfum og húsbréfum skyldu vera 5%. Það var svo einfalt mál. Hún bara tók gamaldags miðstýrða ákvörðun um það að vextirnir skyldu vera 5% og beitti svo handafli meðan hún hafði það til að halda þeim þar og handaflið heitir Seðlabankinn. Og heitir enn, að svo miklu leyti sem það er virt, Seðlabankinn. Vextirnir voru settir niður í þetta. Því var lýst yfir að það yrði ekki tekið kauptilboðum sem færu upp fyrir þessi 5% í ávöxtunarkröfu og síðan var Seðlabankanum beitt á meðan peningar hans entust til þess að kaupa bréf á þessu verði. Húsbréf lengi framan af, síðan ríkisskuldabréf þangað til Seðla-

bankinn sprakk og sagði: Ekki meir, ekki meir.

Og hver er staðan, hæstv. forseti? Hún er sú að í raun og veru hefur innlend fjármögnun þessara helstu opinberu lántakenda alls ekki gengið eftir á árinu, alls ekki. Trúi menn því ekki þá bið ég menn að fletta upp á bls. 8 í fylgiskjali með þessu nál. Þetta er vel að merkja, hæstv. forseti, það er rétt að það komi fram, þetta kunna að vera gögn sem ekki hafa birst áður opinberlega. Þetta eru gögn sem efh.- og viðskn. fékk í heimsókn sinni til Seðlabankans fyrir nokkrum vikum síðan. Afar gagnlegri og góðri heimsókn þar sem við áttum fund með Seðlabankanum um stöðuna í þessum málum og fengum m.a. ýmis gagnleg gögn um stöðuna á fjármagnsmarkaði, í peningamálum, vexti og annað því um líkt.

Hér er ég sem sagt með yfirlit yfir uppboð á ríkispappírum alllangt aftur í tímann. Og hvernig er staðan á síðari hluta þessa árs? Hvernig hefur þetta gengið? Hún er sú að frá og með 8. nema vera skyldi 12. júlí sl. hafa engin húsbréf selst í frumútboði, engin (**Gripið fram í:** Húsnæðisbréf.) húsnæðisbréf. Húsnæðisbréf. Nú verður að hafa rétt nöfn á hlutunum. Mönnum hættir stundum til að ruglast í allri þessari „tátólógíu". En það er nefnilega þannig að hvert einasta útboð á húsnæðisbréfum síðan 12. júlí hefur verið fellt niður af þeirri ástæðu — og þar á undan seldist sáralítið — af þeirri ástæðu að engin kauptilboð sem standa undir nafni hafa borist. 12. júlí, útboð fellt niður á tíu ára, á 15 ára og 20 ára húsnæðisbréfum. 2. ágúst, útboð fellt niður, 16. ágúst, útboð fellt niður, 30. ágúst, útboð fellt niður, 13. sept., útboð fellt niður, 27. sept., útboð fellt niður, 4. okt., útboð fellt niður og 18. okt., útboð fellt niður. Og síðan hefur þetta ekki verið reynt.

Þetta voru nú húsnæðisbréfin. Og þá kemur að spariskírteinum ríkissjóðs, þ.e. hinum hefðbundnu spariskírteinum til lengri tíma en 24 mánaða, fimm og tíu ára bréfum. Jú, þau seldust framan af árinu meðan Seðlabankinn hafði andrúm til þess að éta þau og hlóðust þar upp. En hvað hefur gerst síðan? Jú, 10. ágúst er fellt niður útboð á tíu ára skírteinum, seljast ekki lengur. Þá selst að vísu svolítið af fimm ára bréfum. 7. sept. er fellt niður útboð af tíu ára bréfum, seljast ekki. Smáræði selst af fimm ára bréfum. 12. okt., útboð fellt niður á fimm ára bréfum og tíu ára bréfum. (**ÓRG:** Það er búið að leggja markaðinn niður.) 26. okt., útboð fellt niður. 9. nóv., útboð fellt niður, útboð fellt niður og hefur ekki verið reynt síðan.

Sem sagt tekur með öllu fyrir sölu á húsnæðisbréfum í fyrri hluta júlímánaðar og hafa síðan ekki selst og í byrjun september tekur fyrir sölu á ríkisskuldabréfum. Það eina sem selst í einhverjum mæli nú síðustu dagana eru erlendu veðbréfin, ECU-tengdu bréfin, sem eru í eðli sínu eins og erlend verðbréf hvað viðmiðunina snertir.

Ofan í kaupið falla svo niður af og til á síðari hluta ársins útboð á ríkisbréfum, til að mynda falla niður útboð á ríkisbréfum til eins til tveggja ára, 22. júní, 17. ágúst og 14. sept. Og meira að segja 12 mánaða ríkisvíxlar seljast ekki 2. nóv. sl., útboð fellt niður. Þessi þróun er því komin niður í skammtímapappírana. Það eina sem gengur núna síðustu dagana, í síðari hluta nóvembermánaðar, eru þriggja mánaða ríkisvíxlar, algjörir skammtímapappírar og eitthvað smáræði sem selst af ECU-tengdum bréfum, sem menn eru sennilega aðallega að kaupa í reynsluskyni til að máta það aðeins. Þetta er nú staðan, hæstv. forseti, með þeim afleiðingum að fjármögnunarkerfi t.d. byggingarsjóðanna, húsnæðismála, hrynur. Og þeir hafa verið algjörlega upp á ríkissjóð komnir sem hefur beitt heimildum sínum í gegnum Lánasýsluna til að taka lán og endurlána Húsnæðisstofnun.

Þetta er nauðsynlegt að rekja, hæstv. forseti, til þess að gera mönnum grein fyrir því hvernig staðan er þegar hrint er úr vör með ný lánsfjárlög og nýja lánsfjáráætlun, ný plön um innlenda fjármögnun og allt þetta fínerí. Þá er þetta nú svona. Að ógleymdu því að þessi staða er órjúfanlega tengd þeim aðstæðum í vaxtamálum sem hanga að nokkru leyti á spýtunni.

Við þessum hlutum var reyndar, hæstv. forseti, sérstaklega varað í nál. minni hluta efh.- og viðskn. frá 15. des. 1993. Ég tel rétt að láta það koma fram svona til þess að geta nú stundum samhengis hlutanna að það var alveg sérstaklega varað við því í okkar nál. í fyrra að þessar áætlanir væru byggðar á sandi. Það væri því miður stórkostleg hætta á því að þetta gengi ekki eftir eins og menn ætluðu sér. En trú manna var slík á handleiðsluna og á frelsið og þetta fínerí að menn lögðu gallharðir upp með að þetta ætti allt saman að blessast. Hæstv. fyrrv. félmrh. beitti sér sérstaklega í því að segja upp samningum við lífeyrissjóðina um samningsbundna fjármögnun í húsnæðismálum sem að mínu mati eru einhver mestu afglöp sem menn hafa lengi gert í þessum efnum, að missa algjörlega út úr höndunum samninga við langstærsta fjármagnseiganda landsins, þann eina sem á ráðstöfunarfé sem einhverju nemur, 40 milljarða, lífeyrissjóðina. Nei, nei, markaðurinn var svo fínn og frelsið svo dýrlegt í þessum efnum að það var horfið frá því að ganga til samninga um reglubundna þátttöku lífeyrissjóðanna í þessari fjármögnun. Og ætli menn séu betur settir fyrir vikið eða hvað? Það er nú trúlegt. Já, já, ég hugsa að fjmrh. kinki kolli fram í rauðan dauðann. Þó hann yrði að fara að gefa út gúmmítékka úr eigin hefti þá mundi hann samt telja að þetta væri allt á uppleið. (Gripið fram í.) Já. Nei, hæstv. forseti, þetta er alveg ótrúlegt.

Í nál. er á bls. 4 tafla sem á sér nokkuð skondna sögu, svo ekki sé nú meira sagt. Ég held það sé rétt að rekja það aðeins fyrir hv. þm. svona til gamans um vinnuaðstæður þarna inni að ég hafði óskað eftir því og við fleiri í efh.- og viðskn. að fá yfirlit yfir það á blaði hvernig lántökur ríkissjóðs hefðu gengið fyrir sig á árinu, heildarlántökur og fjármögnun ríkissjóðs. En þær tölur fengust ekki. Og meiri hlutinn heimtaði að málið yrði afgreitt út úr nefnd í fyrrakvöld. Og það mun hafa verið einhvern tíma... (**Gripið fram í:** Í gærkvöldi.) Já, í gærkvöldi. Maður er náttúrlega farinn að missa úr sólarhringa í þessu ati öllu. (**Fjmrh.:** Eins og heyra má.) Eins og heyra má, já, þakka þér fyrir þessa vinsamlegu athugasemd, hæstv. fjmrh., þú ert að leggja

gott til málanna eins og venjulega. Það er gott að vita að þú hefur ekki breytt um eðli á síðustu dögunum. Það væri mikið hryggðarefni okkur sem þekkjum þig vel ef þú tækir nú upp á því að vera einhvern veginn öðruvísi, (**Fjmrh.:** Hæstv. ráðherra.) Hæstv. ráðherra.

(**Forseti** (KE)**:** Hæstv. ráðherra og forseti vill einnig benda hv. þm. á hvernig þingmenn og ráðherrar eru ávarpaðir og það er ekki gert ráð fyrir að ávarpa í 2. persónu.)

Nei. En hvernig eiga ráðherrar að ávarpa þingmenn í frammíkalli, hæstv. forseti?

(**Forseti** (KE)**:** Það á ekki að vera með frammíköll.)

Nei og eiga þeir þá ekki að nota titla, hæstv. ráðherrar, ef þeir eru að kalla fram í? En það er nú þannig, hæstv. forseti, svo við höfum þetta allt rétt og tek ég þó fram að mér finnst alltaf heldur óviðurkvæmilegt þegar forseti er ávarpaður virðulegur forseti því auðvitað erum við öll virðuleg, hv. þingmenn. En forsetinn er hæstvirtur eins og kunnugt er. (**Fjmrh.:** Misjafnlega þó.) Það kann að vera en hæstv. fyrrv. forseti sameinaðs þings, Þorvaldur Garðar Kristjánsson, vildi gera skýran greinarmun á þessu tvennu og ætlaðist til þess að hann yrði jafnan ávarpaður hæstv. forseti og var það gert. (**Fjmrh.:** Að sjálfsögðu.)

En þannig er, hæstv. forseti, að ég ætlaði að fara að greina frá því hvernig tafla þessi á bls. 4 er til komin þegar nokkur truflun varð á fundinum. Það er sem sagt þannig að undir kvöld mánudagsins 19. des., sem að bestu manna yfirsýn mun hafa verið í gær, þá höfðu engar upplýsingar komið fram um þetta efni. Og þess var krafist að þær kæmu fram áður en málið yrði afgreitt úr nefnd. Þá var brugðið á það ráð að það var komið á símsambandi upp í fjmrn. og einn af starfsmönnum ráðuneytisins flutti munnlega gegnum síma tölur um þetta efni og voru þær skrifaðar niður. Og nú verður að vona að svo vel hafi tekist til að ekki skakki miklu í meðferð talna við þessar óvenjulegu aðstæður, en þannig er nú yfirlit þetta um lántökur ríkissjóðs á árinu sem er að líða til komið. Og held ég að þetta sé nokkuð í óvenjulegri kantinum. En ég treysti því að þessar tölur séu í grófum dráttum réttar og gefi alla veganna sæmilega mynd af því hvernig þetta hefur gengið fyrir sig og þá mynd er nauðsynlegt að hafa.

Það er sem sagt þannig, hæstv. forseti, eins og þingmenn geta e.t.v. séð á þessu blaði að erlendar lántökur í heild eru 20,5 milljarðar, erlendar lántökur ríkissjóðs það sem af er árinu 20,5 milljarðar. Þar af hafa farið í afborganir erlendra lána 9,5 milljarðar. Mismunurinn er þá erlend lántaka ríkissjóðs nettó það sem af er upp á 11 milljarða kr. Spariskírteini ríkissjóðs, á meðan þau seldust, náðu því að seljast upp á 9,5 milljarða en innlausn á móti voru 4,5 milljarðar. Tekjuöflun ríkissjóðs nettó út úr þessari sölu eru 5,5 milljarðar. Skammtímabréf ríkissjóðs, sem er nýr flokkur, seldust fyrir 3,4 milljarða, innlausn engin þannig að tekjuöflun nettó eru þessir 3,4 milljarðar. Ríkisvíxlar seldust hins vegar upp á mínus 3 milljarða, þ.e. það vantar 3 milljarða upp á að ríkisvíxlastabbinn, sem mun, ef ég man rétt, hafa verið upp á einhverja 17,6 milljarða, héldi verðmæti sínu. Hann rýrnaði um 3 milljarða vegna þess að meira kom til innlausnar en seldist og tekjuöflun er því neikvæð um 3 milljarða. Ef síðan er bætt við afborgunum annarra innlendra skuldbindinga ríkissjóðs eða lána upp á 1,7 milljarða þá er þetta í grófum dráttum komið þannig að brúttó lántökur eru upp á liðlega 30 milljarða og afborganir upp á 18. Niðurstaðan er nettó lántaka ríkissjóðs upp á u.þ.b. 15 milljarða þar af 11 erlendis. Þetta er í grófum dráttum myndin. Og þetta er ríkissjóður sem hér er verið að tala um.

Það er því alveg ljóst, hæstv. forseti, að áform um innlenda fjármögnun hafa brugðist og ríkissjóður hefur að langmestu leyti orðið að reiða sig á erlendar lántökur. Þetta hljóta að vera mönnum nokkur áhyggjuefni, hæstv. forseti, nema við fáum kannski að heyra aftur ræðuna hjá hæstv. fjmrh. um að það sé úrelt og ekki í tísku lengur að vera að hafa áhyggjur af því hvort skuldasöfnun þjóðarbúsins, ríkissjóðs þar með talin, fer fram erlendis, innan lands eða hvort hún er að eiga sér stað yfir höfuð sem auðvitað ætti að vera aðalumræðuefnið.

Nei, hæstv. forseti. Það er sama hvar borið er niður í þessum efnum að þá verður lítið úr glansmyndinni um hinn glæsta árangur og mikla bata, a.m.k. á þessu sviði. Því að það er svo sannarlega ekki þannig að hann sé í ríkisfjármálunum og hann sé í efnahagslífinu og það sé efnahagsstefnan sem sé að skila árangri. Þar er allt á kolgræna kafi. Það er hins vegar íslenskur sjávarútvegur sem eina ferðina enn er að sýna hvað í honum býr um þessar mundir og skila stórauknum verðmætum inn í þjóðarbúið. Og það er þar sem batamerkin eru eða á grundvelli þeirra sem staðan er skárri en áður var talið en ekki vegna fjármálasnilldar hæstv. fjmrh. Það verður að hafa alveg á hreinu. (**HÁ:** Það er kvótakerfið.) Ég veit ekki hvort það er kvótakerfið á Reykjaneshrygg eða í Smugunni, hv. 1. þm. Austurl. Þó ég viti að hv. þm. hafi mikla náttúru til þess að eigna kvótakerfinu allt sem jákvætt er í henni veröld þá er ég ekki viss um að það sé sanngjarnt að skrifa til að mynda stórauknar veiðar Íslendinga í Smugunni og annars staðar á úthafinu jákvæðu megin á reikning kvótakerfisins.

En svona er staðan hvað varðar hinn innlenda fjármagnsmarkað, hvað varðar fjármögnun ríkissjóðs og húsnæðislánasjóðanna og hvað vaxtamálin snertir. Það er eins og ég segi, hæstv. forseti, þannig að vextirnir hafa verið stanslaust á uppleið núna nærfellt í heilt ár. Ég held að það sé fróðlegt fyrir hv. þm., svo ég leyfi mér enn að tíunda ágæti þessara gagna sem við fengum frá Seðlabankanum, að líta m.a. í töflur um vaxtamál. Ég sé að hv. þm. Vilhjálmur Egilsson er að lesa Hagtölur mánaðarins. Ég held að þetta séu miklu merkilegri plögg sem ég veit að hann á að vísu um vexti o.fl. frá Seðlabankanum. Og ég bendi mönnum til að mynda á línurit á bls. 11, hæstv. forseti, um skammtímavexti á árabilinu 1991–1994 og langtímavexti á sama tíma hins vegar. Það er afar fróðlegt fyrir menn að sjá til að mynda hvernig vaxtamálin hafa gengið fyrir sig í tíð þessarar hæstv. ríkisstjórnar.

Hæstv. fjmrh. hann er viðkvæmur fyrir ýmsum hlut-

um. Og eitt af því sem ég veit að honum er voðalega sárt um að menn séu að tala um er vaxtahækkunin mikla í maí og júní 1991 þegar hæstv. fjmrh. beitti sér sjálfur sérstaklega fyrir því að hækka vaxtastigið í landinu, vaxtagólfið í landinu um liðlega fimmtung, nærfellt fjórðung.

En hvað segja þessi línurit frá Seðlabankanum? Þau sýna það algjörlega svart á hvítu, hæstv. fjmrh., hvað gerðist. Ríkispappírarnir æða hér upp og í kjölfarið sigla verðtryggð bankalán og aðrir langtímavextir. Það verður risastökk í vöxtum á þessum tíma og vaxtastigið helst uppi í 9–9,5 og liðlega það á verðtryggðum lánum í bankakerfinu allt fram á síðustu mánuði sl. árs. Þá eru að vísu vextirnir keyrðir niður með handafli og síðan reynt að halda þeim þar með afli Seðlabankans en það tekst þó ekki betur en svo að strax í janúarmánuði á þessu ári, strax í janúar 1994 byrja bankavextirnir að hækka og hafa hækkað síðan. Og auðvitað er það óskyggilegt hvernig langtímaávöxtun í bankalánum hefur þróast á þessu ári og skuggalegt, sérstaklega þegar það er haft í huga, og það skal þó viðurkennt, að það hefur dregið í sundur með bönkunum í þessu efni og spariskírteinum og húsbréfum. Það hefur þó þrátt fyrir allt eðlilega með þessum handaflsaðgerðum tekist að halda vaxtastiginu nokkuð niðri hér á þessum tveimur meginflokkum enda hafa þeir verið undir vaxtaþaki. Ávöxtunarkrafan hefur þó hækkað og viðskipti á eftirmarkaði hafa auðvitað endurspeglað það, sérstaklega á það við um húsbréf sem eru í umferð.

En vaxtaþróunin að öðru leyti er svona. Hún er á fullri ferð upp á leið og núna síðustu mánuðina og vikurnar má náttúrlega taka m.a. til marks um það þróunina í bæði vaxtaákvörðunum bankanna og að nokkru leyti í vaxtaákvörðunum Seðlabankans sem er upp að vissu marki sprungin á því að reyna að halda niðri vöxtum eins og ríkisstjórnin ákvað að þeir skyldu vera.

Ég held, hæstv. forseti, að það sé líka ástæða til að líta á bls. 12 í nál. og fara þar aðeins yfir tölur sem eru einnig mjög lýsandi um þessa stöðu. Það eru kröfur Seðlabankans á ríkissjóð og ríkisstofnanir. Og það er athyglisvert til að mynda að taka núna dálkinn sem eru nettó kröfur á ríkið af því að hæstv. ríkisstjórn hefur talað svo mikið um ábyrgðarleysið á árinu 1991 og hvað þetta hafi allt verið voðalegt þá. En staðreyndin er sú að kröfurnar núna eru miklu meiri en þær voru þá. Og það er til að mynda fróðlegt að sjá líka þessi súlurit, hvernig þetta hefur ætt áfram á síðustu mánuðum, hæstv. fjmrh. Þetta er kannski ekki allt alveg eins fínt og sumir vilja vera láta eða hvað? Ég er nefnilega ansi hræddur um ekki, því miður, hæstv. forseti.

Margt fleira mætti tína til í þessum efnum og liggur svo sem fyrir af ýmsu tagi í gögnum sem gerir það að verkum að þessi glansmynd sem reynt hefur verið að draga upp á sér því miður ekki stoð. Ekki að því leytinu til a.m.k. og alls ekki hvað snertir stöðu ríkisfjármála og tök hæstv. ríkisstjórnar í þeim efnum. Þar er alveg ljóst að það er sú deyfð og sá hægagangur efnahagslífsins sem sigldi í kjölfar samdráttar og aftur haldsstefnu hæstv. ríkisstjórnar í anda frjálshyggjunnar sem hefur leitt af sér ýmiss konar samdráttar- og kreppueinkenni sem ríkisstjórnin er svo sjálf að slást við eða hefur lengst af verið. Vakti þar upp draug sem hún hefur ekki ráðið við með tilheyrandi atvinnuleysi og öðru slíku. Og nú á seinni hluta tímabilsins má þó kannski ekki síður segja að það sé algjör uppgjöf hæstv. ríkisstjórnar í ríkisfjármálum og hallarekstrinn á ríkissjóði sem setur þrýsting á vextina og veldur miklu um þessa stöðu. Um það eru flestir sammála. Við aðstæður eins og nú eru ætti þess vegna að vera tvöfalt kappsmál manna að reyna að draga úr þeim þrýstingi með öllum tiltækum ráðum. Og ég held að flestir efnahagsspekingar yrðu sammála um það ef á þá væri gengið.

Nú ég hvet hv. þm., þá sem á annað borð hafa áhuga á eða nennu til þess að setja sig inn í þessi mál við afgreiðslu þessara frumvarpa að fara yfir þessi gögn. Þau eru um margt mjög fróðleg og auðvitað má benda á ýmislegt fleira eins og desemberhefti Hagtalna mánaðarins, sem hv. þm. Vilhjálmur Egilsson er nú að lesa í salnum, og skýrslu Seðlabankans frá 2. nóv. sl. o.fl. Sumpart er það þó þannig að þau gögn sem hæstv. ríkisstjórn reiddi fram við framlagningu þessara mála í haust eru orðin úrelt. Ég hló t.d. að því í nótt þegar ég sá það, hæstv. forseti, ég var auðvitað að skemmta mér við að lesa þetta í nótt þegar ég var að undirbúa nál., að í grg. með frv. til lánsfjárlaga eru á bls. 4 þegar úreltar upplýsingar um ríkisfjármál. Því þar er verið að miklast af því að spariskírteini ríkissjóðs seljist nú með 5% vöxtum. Þar eru það taldar alveg gagnmerkar upplýsingar en það er bara því miður úrelt, hæstv. fjmrh. Þau gera það ekki lengur og hafa reyndar ekki gert frá því u.þ.b. að þessi orð hafa verið sett á prent í lok septembermánaðar sl., eða hvenær það nú var nákvæmlega sem frv. til lánsfjárlaga kom hér fram, en það var væntanlega byggt á þeim hinum sama grunni og fjárlagafrv. og þjóðhagsáætlun sem voru lögð fram í byrjun þings.

Hæstv. forseti. Ég vil svo að lokum þessarar framsögu fyrir nál. minni hlutans ítreka á nýjan leik þá óvissu og þær aðstæður sem eru við afgreiðslu málsins, bæði varðandi það sem áður var nefnt um 1. gr. lánsfjárlagafrv. þar sem niðurstöðutölur liggja ekki fyrir, um þessa fullkomnu óvissu á hinum innlenda fjármagnsmarkaði og hvað vaxtaþróunina snertir. Ég vil geta þess að miklir lántökuliðir eins og til að mynda málefni Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar vannst ekki tími til þess að fara yfir. Reyndar bárust þær furðulegu fréttir til efh.- og viðskn. að utanrrn. hefði, ég segi nú ekki neitað að koma á fund nefndarinnar, en ekki séð sér það fært þegar eftir því var óskað til þess að gefa upplýsingar um þá stöðu. Verður að treysta því að það hafi verið vegna þess að annríkið sé svona ofboðslegt í utanrrn. að þeir nái bara með engu móti að bregða sér þessa bæjarleið frá Hlemmi, eða hvar það nú er sem þeir eru til húsa núna, og niður í Þórshamar. En það verður alla vega að bíða betri tíma og eru það þó litlar 1.980 milljónir sem á að taka að láni til að skuldbreyta óráðsíunni í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Og hafi

nú einhvern tíma verið gjaldfallinn kosningavíxill þá er það þessi gamli frá 1987. Hann er aldeilis kominn á gjalddaga, kosningavíxill þeirra höfðingjanna þá. En eins og kunnugt er þá hefur ekki verið tekið á þessum málum allt frá þeim tíma að þar var eytt hrottalega um efni fram til þess að pína það fram með góðu eða illu og aðallega með illu að unnt yrði að opna flugstöðina fyrir kosningar svo menn gætu montað sig af því sem voru í framboði á Reykjanesi og látið mynda sig framan við flugstöðina. (**VE:** Það eru nú svo sem fleiri víxlar svo sem eins og Hríseyjarferjan.) Nú kallar hv. þm. Vilhjálmur Egilsson eitthvað fram í sem ég heyri ekki glöggt, hæstv. forseti, og er örugglega mjög málefnalegt og merkilegt innlegg í umræðuna. (**StB:** Þú vilt alls ekki heyra það.) Ég er alveg til í að heyra það ef hv. þm. vill endurtaka það. Eins getur hv. þm. komið upp í ræðustólinn og staðið fyrir framm íkallinu og rætt það og rökstutt hvað hann á við ef það er verið að leggja hér að jöfnu einhverja sambærilega hluti.

Ég tel líka, hæstv. forseti, að það sé rétt að það komi hér fram að nefndinni vannst ekki tími til og/eða sá í sumum tilvikum reyndar ekki ástæðu til að kalla alla þessa aðila fyrir sig, sem oftast hefur þó verið gert, sem hér eiga hlut að máli. Það var einkum ákveðið að kalla í þá aðila þar sem ætla mætti að umtalsverðar breytingar væru á ferðinni eða nýmæli væru að eiga sér stað og má þar til að mynda nefna Stofnlánadeild landbúnaðarins vegna þeirra skuldbreytinga sem standa fyrir dyrum hjá bændum o.s.frv. En auðvitað eru þarna líka á ferðinni liðir sem svo sem fullkomin ástæða væri til að fara betur ofan í saumana á og hefði einhvern tíma verið gert við aðrar og betri aðstæður.

Ég vil svo að lokum, hæstv. forseti, láta þess getið að við þessar aðstæður má segja að af sjálfu leiði að til þess getur komið að minni hlutinn í efh.- og viðskn. áskilji sér rétt til þess að skila framhaldsnál. við þetta mál þegar fyrir liggur endanlega niðurstöðutala lánsfjáráætlunar og fyrstu greinar frv. með því að niðurstöðutölur tekna og gjalda í fjárlagafrv. séu fram komnar og sömuleiðis aðrir þeir þættir hafa verið kannaðir sem eftir eru og hér hafa verið nefndir.

Að lokum, hæstv. forseti, er það svo okkar niðurstaða, og ég þykist hafa rökstutt það hér, að það sé óhjákvæmilegt að ítreka gagnrýni á losaraleg vinnubrögð ríkisstjórnarinnar hvað varðar alla stjórn efnahagsmála og lýsa ábyrgð á þessum efnum, sérstaklega hallarekstri ríkissjóðs, skuldasöfnun og óvissu og upplausn á innlendum fjármagnsmarkaði, á hendur ríkisstjórninni og mislukkaðri stefnu hennar í efnahagsmálum.

Minni hlutinn vísar því allri ábyrgð á afgreiðslu málsins á hendur ríkisstjórninni og mun sitja hjá við afgreiðslu þess. Og þetta er gjört á Alþingi 20. des. 1994, hæstv. forseti, og undir nál. rita Steingrímur J. Sigfússon, Jóhannes Geir Sigurgeirsson, Kristín Ástgeirsdóttir og Finnur Ingólfsson.

[22:42]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*: Virðulegi forseti. Hv. þm. reynir að draga upp mjög dökka mynd af ástandinu en eftirfarandi atriði blasa þó við samkvæmt gögnum sem hann leggur sjálfur fram: Í fyrsta lagi: Fjárlög á næsta ári eru afgreidd með 7,4 milljarða halla. Það er 2 milljörðum minni halli en á fjárlögum yfirstandandi árs. Hallinn á yfirstandandi ári samkvæmt fjárlögum átti að vera 9,6 milljarðar. Það stefnir í það í fyrsta skipti að hallinn verði undir fjárlagatölunni. Í þriðja lagi hefur komið í ljós að það er viðskiptaafgangur en ekki gífurlegur viðskiptahalli eins og var 1991. Sá viðskiptahalli var þá skattlagður og útvegaðar tekjur í ríkissjóð. Nú er verið að greiða niður erlendar skuldir þjóðarinnar í fyrsta skipti í langan tíma og líkast til þrjú ár í röð. Aðalatriðið er þó það að bæði tekjur og gjöld hafa farið minnkandi sem hlutfall af vergri landsframleiðslu.

Og loks það sem hv. þm. sleppti að tala um þegar hann ræddi um vextina að þessar myndir sem koma fram í hans eigin gögnum og hann fékk hjá Seðlabankanum sýna svo ekki verður um villst að vextir af húsbréfum og spariskírteinum á Verðbréfaþingi Íslands eru mun lægri nú en á síðustu dögum síðustu ríkisstjórnar. Ef menn vilja vera sanngjarnir í málflutningi kemur í ljós að það er engin leið, þrátt fyrir það sem hv. þm. reynir aftur aftur og aftur, að koma í veg fyrir það að fólk sjái að um bata er að ræða og gífurlegan árangur.

[22:44]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er nú eiginlega stóra spurningin: Trúir hæstv. fjmrh. þessu sjálfur? Telur hann til að mynda að það sé stórkostlegur árangur að hallinn milli umræðna í fjárlagafrv. sé ekki að aukast um nema eitthvað á annan milljarð þrátt fyrir auknar tekjur? Er það gífurlegur árangur? Eða að gera ríkissjóð upp með 38–40 milljarða halla á einu kjörtímabili, hæstv. fjmrh., er það svona stórkostlegur árangur?

Að viðskiptahalli hafi minnkað og snúist í viðskiptaafgang, er það svo merkilegt, hæstv. fjmrh., þegar orðið hefur jafngífurleg lífskjaraskerðing og raun ber vitni hjá þjóðinni? Kaupmáttur landsmanna hefur minnkað þannig að það hefur stórlega dregið úr innflutningi þegar fjárfestingar fyrirtækja eru nánast engar svo að það eru engin erlend aðföng flutt inn í landið og það er meira að segja verið að selja flugvél sem mun auka viðskiptaafganginn um 1.800 millj. kr. ef það verður bókfært fyrir áramót. (**ÓRG:** Þú varst heppinn að það var ekki farið í álframkvæmdirnar.) Er þetta gífurlegur árangur, hæstv. forseti, ef þetta er sett í sitt rétta samhengi? Og gleymum þá ekki því sem hæstv. fjmrh. gleymdi og nefndi ekki í árangursræðunni í andsvarinu. Hann sakar mig um að gleyma hlutum en nefndi sjálfur ekki einu orði atvinnuleysið, ekki einu orði. Er það ekki hluti af árangri ríkisstjórnarinnar að hafa komið atvinnuleysinu upp í 5%? Og að vextir á pappírum séu lægri en þeir voru síðustu daga ríkisstjórnar 1991? (**Fjmrh.:** Mánuði.) Já, er það svo já. En þeir seljast bara ekki. Það er fínt að hafa lága vexti á pappírum sem svo seljast bara ekki mánuðum saman. Hversu raunhæfir eru þeir vextir? Hve raunhæft er 5% vaxtaþak í húsnæðisbréfum og ríkisskuldabréfum þeg-

ar þau hafa ekki selst mánuðum saman? Dettur hæstv. fjmrh. ekki í hug að það segi einhverja sögu um þann hinn sama vaxtaárangur að bréfin seljast ekki?

[22:46]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég held að hv. þm. skilji ekki um hvað hann er að tala. Auðvitað er það svo að það fara fram viðskipti á verðbréfaþinginu, á markaði, og vextirnir þar sýna sig í dag að vera miklu lægri en þeir voru á síðustu mánuðum síðustu ríkisstjórnar. Það eru alltaf til sölu og eru keypt og seld skuldabréf á markaði og það veit auðvitað hv. þm. Til að mynda húsbréf eru seld núna eins og þau voru seld fyrir fjórum árum síðan, þetta blasir við. Ég vona að hv. þm. hafi ekki meint það sem hann sagði hérna því þá kemur í ljós að hann veit ekkert um hvað hann er að tala.

Í öðru lagi þá er það rétt með atvinnuleysið en það kostar líka útgjöld ríkissjóðs. Samt sem áður eru útgjöldin að lækka sem hlutfall af landsframleiðslu. Á meðan hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson var fjmrh., og það er kannski aðalatriði málsins, var viðskiptahallinn 20 milljarðar þá fékk hann skatttekjur af viðskiptahallanum. Nú er þjóðin að greiða niður erlendar skuldir. Svo þegar minnst er á hallann og sagt að hann sé milljarði hærri á næsta ári en stóð til að hann yrði, í hverju felst það? Það felst í því að ríkisstjórnin hækkaði útgjöld til vegamála um 1.250 millj. kr. og tók tekjur á móti upp á 300 millj. Þetta er munurinn. Af hverju er þetta gert? Til þess að auka framkvæmdir í landinu og koma í veg fyrir atvinnuleysi. Þetta veit auðvitað hv. þm. Svo þegar verið er að bera saman árangur þessarar ríkisstjórnar og þeirrar sem sat á undan sem hv. þm. ber ábyrgð á má ekki gleyma því að þá var stundum ætlunin að ná hallanum verulega niður. Það var talað um 4 milljarða, en hvað urðu þeir margir? Ellefu. Þannig að það kemur líka í ljós að fjárlagatölurnar standa miklu betur nú heldur en nokkurn tímann áður. Þetta ætti hv. þm. að hafa í huga en ekki að reyna að berja höfðinu við steininn, reyna að mótmæla efnahagsbatanum og reyna að finna allt sem er dökkt þegar ljóst er að það er þó heldur bjartara fram undan heldur en verið hefur. (**ÓRG:** Af hverju leysir þú þá ekki verkfall sjúkraliða ef það er svona mikill bati?)

[22:48]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er náttúrlega afar sérkennilegt að hæstv. fjmrh. skuli æsast svona óskaplega upp yfir því að það er sagður kostur og löstur á ástandinu eins og það er í efnahagsmálum. Í þessu nál. í minni framsöguræðu gerði ég hreinskilningslega og skilmerkilega grein fyrir því hvaða teikn eru jákvæð í þjóðhagsforsendunum og hver eru neikvæð. En hæstv. fjmrh. þolir ekki að það sé farið þannig yfir málin. Um leið og það er komið að viðkvæmu blettunum og sárunum sem undirnar flaka, þ.e. hallinn á ríkissjóði, aumingjaskapurinn í ríkisfjármálunum, upplausnin á innlenda fjármagnsmarkaðnum, þá ærist hæstv. fjmrh., sakar viðmælendur sína eða andmælendur um skilningsleysi og gott ef ekki heimsku og að menn viti ekki hvað þeir eru að tala um o.s.frv. Það er alveg ljóst að Seðlabankanum hefur verið beitt til þess að halda niðri tilteknum vöxtum, hæstv. ráðherra. Reyndar er það þannig að margir af sérfræðingum Seðlabanka, Þjóðhagsstofnunar og viðskiptabankanna segja að ástandið sé ekki síst verra núna en það hefur verið um langt árabil og var m.a. á árinu 1991 vegna þess að nú er verið að reyna að fikta við skammtímamarkaðinn og eftirmarkaðinn, nú er verið að reyna að hafa áhrif þar með kaupum langt umfram getu þeirra aðila sem eru að reyna að stilla jafnvægið á þeim mörkuðum. Það ætti hæstv. fjmrh. að kynna sér. Ég hvet hann til að tala við þá menn sem eru sérfræðingar mestir í þeim viðskiptum og spyrja þá um það hversu ánægðir þeir eru með stöðu mála einmitt á þeim markaði vegna þess að þar er í raun og veru verið að reyna að þvinga eða halda niðri stigi sem er ekki raunhæft við þessar aðstæður það vita menn og um það tala menn.

Hæstv. fjmrh. Hallinn er svo ekki bara að aukast vegna 1.200 millj. kr. í vegagerð og vegna þess að það eru fróðupeningar færðir fram og til baka út og inn úr ríkissjóði í vegamálum núna sem er alveg ný speki. Það eru 350 millj. kr. færðar í hann og 275 millj. kr. teknar úr honum. Hallinn er líka að aukast vegna þess að ríkisstjórnin er að hygla sérstökum hópum, (Forseti hringir.) hæstv. forseti, ég er að ljúka, með því að létta sköttum af hátekjufólki og stóreignamönnum. Það eykur líka hallann.

[22:51]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Frsm. minni hlutans, hv. 4. þm. Norðurl. e., Steingrímur J. Sigfússon, hefur farið ítarlega yfir nál. og fylgigögn svo að ég sé ekki ástæðu til að fara yfir það á þeim forsendum. Ég vil hins vegar í upphafi míns máls fara nokkrum orðum um stöðuna í ríkisfjármálum og stöðuna í vaxtamálum. Hæstv. fjmrh. lét afskaplega vel af sér og sínu búi í sínu máli hér áðan. Ég verð að segja alveg eins og er að mér fannst hæstv. ráðherra ansi kokhraustur. Það sem mér finnst e.t.v. stærsta áhyggjuefnið miðað við stöðuna í dag er það að nú þegar hillir undir og við sjáum svolítinn bata á þessu ári vegna Smuguveiða, vegna aukinnar loðnu og síldveiða og rækju og það sýnir sig í því að frá framlagningu fjárlagafrv. til endurskoðaðrar tekjuáætlunar í dag þá gefi þetta framreiknað samkvæmt þessari spá 2,7 milljarða í viðbótartekjur ríkissjóðs á næsta ári, að þessu skuli öllu saman sturtað út umhugsunarlaust og einum milljarði til viðbótar áður en kemur að niðurstöðu fjárlaga.

Ef það er rétt hjá ríkisstjórninni að það hilli undir áframhaldandi bata þrátt fyrir stjórnina þá hefði það verið grundvallaratriði til þess að halda hér stöðugleika í efnahagsmálum að nota þennan bata til að draga úr fjárlagahallanum. Því þessar aðgerðir ríkisstjórnarinnar, að sturta þessu öllu út og auka á fjárlagahallann þegar e.t.v. væru einhverjar líkur á því að atvinnulífið færi að fjárfesta, mun verka eins og olía á eld á

vextina. Hæstv. fjmrh. getur ekki horft fram hjá því að langtímabréf ríkisins eru hætt að seljast og ríkissjóður er að fjármagna sig núna á ECU-bréfum og víxlum og það er að verða komið allt niður í þriggja mánaða víxla. Til viðbótar við þetta stöndum við frammi fyrir því að í byrjun næsta árs, nánar tiltekið í febrúar, kemur einhver stærsta innlausn sem lengi hefur verið á spariskírteinum ríkissjóðs upp á 7,7 milljarða. Ég vek athygli á því að á síðasta ári seldust spariskírteini ríkissjóðs fyrir 9 milljarða samkvæmt þeim upplýsingum sem við fengum í nefndinni þannig að það er tæplega sú tala sem var seld á öllu þessu ári sem kemur til innlausnar í einu lagi í febrúar nk. Ef ríkisstjórnin heldur fast við 5,0% vaxtamarkið og tekur ekki tilboðum sem eru hærri en það þá gerist annað af tvennu, nema hvort tveggja sé í einhverri blöndu, að þetta fjármagn fer að einhverju leyti úr landi og ríkið verður að fjármagna þetta upp á nýtt með skammtímapappírum. Þetta er sú mynd sem blasir við varðandi fjármögnun ríkissjóðs á næstu vikum. Það er alveg sama við hverja við höfum rætt í efh.- og viðskn., hvort það eru æðstu embættismenn fjmrn. eða fulltrúar Seðlabankans eða þjóðhagsstofustjóri, þeir staðfesta allir þessa mynd. Ég hlýt að spyrja hæstv. fjmrh.: Hvernig ætlar ríkisstjórnin að bregðast við þessu?

Ég virði ákvörðun ríkisstjórnarinnar á síðasta ári þegar hún tók vextina niður með handafli og ákvað að hún tæki ekki tilboðum sem væru hærri en 5,0% og færi þá frekar í erlenda lántöku heldur en að gera það. Það var búið að leita eftir því við ríkisstjórnina mánuðum saman að hún gripi til þessara aðgerða og mér fannst það virðingarvert þá að hún gerði þetta. Það er hins vegar jafnljóst að í því opna hagkerfi sem við búum við í dag getur ekki ríkisstjórn ákveðið að vextir á langtímabréfum ríkissjóðs árum saman fari ekki yfir 5%. Og ég bendi á til viðbótar hvað þetta snertir að nú um áramótin þá er opnað fyrir allar skammtímahreyfingar til og frá landinu. Þá erum við komnir nákvæmlega á sama ról og allar aðrar þjóðir í Vestur-Evrópu hvað þetta snertir. Þá höfum við bara tvennt til að hafa áhrif á fjármagnshreyfingar til og frá landinu og það er annaðhvort að breyta vöxtum eða gengi. Ég vil þá spyrja fjmrh. í framhaldi af þessu: Telur hann að gengið haldi ef haldið verður áfram þessari vaxtastefnu? Það er hvíslað að manni utan úr bæ að ástæðan fyrir þessu öllu sé sú að einstakir valdamiklir ráðherrar í núv. hæstv. ríkisstjórn trúi því að það sé markmið í sjálfu sér af hálfu stærstu fjárfesta hér á landi, þ.e. lífeyrissjóðanna, að brjóta þessa vaxtastefnu ríkisstjórnarinnar niður. Nú hef ég enga trú á því. Ég trúi því að lífeyrissjóðirnir séu búnir að læra það að ef við lítum til lengri tíma þá sé það afar mikilvægt að hér byggist upp eðlilegur og traustur fjármagnsmarkaður. Ég er þeirrar skoðunar að nú sé málum þannig háttað að ríkisstjórnin og ríkissjóður verði að horfast í augu við það sem þarna er fram undan.

Það var afar merkilegt þegar kom fram undir mitt þetta ár að það virtist koma ríkissjóði algerlega í opna skjöldu að það skyldu aðrir aðilar en ríkissjóður fara í það í einhverjum mæli að fara í útboð á verðbréfamarkaði hér innan lands og sækja sér peninga á þann hátt. Það var eins og það kæmi ríkissjóði algerlega í opna skjöldu. En af sjálfu leiddi að það var afar hagstætt fyrir fyrirtæki sem höfðu sæmilegan efnahaglegan bakhjarl að fara út á þennan markað og ná sér þar í fjármagn sem kostaði 6,5% vexti og leysa af hólmi skammtímafjármagn sem var verið að borga fyrir 12–14% í bönkunum. Að sjálfsögðu gripu fyrirtækin þetta tækifæri og að sjálfsögðu gripu sveitarfélögin einnig þetta tækifæri. Af sjálfu leiðir að þetta hlaut að hafa áhrif á sölu skuldabréfa ríkisins. Það er afar athyglisvert að við þessar aðstæður skyldi ríkisstjórnin og fjmrn. í einhverju fikti, eins og hæstv. fjmrh. sagði, þetta voru einhverjar tilraunir þar, gefa út ECU-bréfin sem miða við verðbólgu í dag og eru með miklu hærri ávöxtun en ríkisskuldabréf.

Þetta er því miður, virðulegur forseti, — ég vona að mér leyfist að nota þessi orð, virðulegur forseti, þrátt fyrir þær umræður sem hér fóru fram í dag. Ég kann afar vel við það og hef notað þau minn þingferil allan — þetta er því miður sú staða sem blasir við okkur í dag.

Ég verð að segja það að ef við tökum þau markmið sem ríkisstjórnin setti sér í ríkisfjármálum í upphafi þessa kjörtímabils þá stendur þar ekki steinn yfir steini. Því miður. Samanlagður hallinn er að nálgast 40 milljarða kr. á kjörtímabilinu. Það er alveg rétt sem síðasti ræðumaður sagði að þetta er að hluta til vegna þess að menn brugðust við kreppunni með því að keyra efnahagslífið niður í staðinn fyrir að keyra það upp. Nú er svo komið að duglegir aðilar í íslensku atvinnulífi hafa gripið ýmis ný tækifæri: karfaveiðar á Reykjaneshrygg, Smuguveiðarnar, loðnufrystingin, rækjan sem menn hafa sótt í stórauknum mæli, síld að einhverju leyti hafa gefið þjóðarbúinu verulegan bata. En þá gerist það, eins og ég sagði hér áður, að það virðist ætla að fara þannig fyrir ríkisstjórninni að því af þessum bata sem skilar sér vegna veltuaukningar beint í ríkissjóð á öllu saman að sturta út. Til viðbótar við það eru ekki notaðir þeir tekjumöguleikar sem ríkissjóður hefur. Það væri eðlilegt við þessar aðstæður að bregðast við að nokkru leyti á þann hátt til þess að minnka hallann að auka tekjurnar. Fyrsta skref sem við framsóknarmenn höfum bent á gæti verið að breikka eignarskattsstofninn, taka þar alla fjármagnseignina inn og þó við hækkuðum fríeignarmarkið á hjón um eina milljón og afnæmum hærra þrepið í eignarskattinum þá mundi þetta þrátt fyrir það ef allt skilaði sér skila 1,5 milljörðum í ríkissjóð. En í okkar tillögum á síðasta ári þorðum við ekki að reikna með nema 800 millj. hvað þetta snertir sem skil í fyrstu umferð.

Þessu er sleppt. Þess í stað er það boðað sem einhver sérstök réttlætisaðgerð að afnema einan og sér sérstaka eignarskattinn á háeignirnar sem er aðgerð sem er algjörlega út í hött ef hún tengist ekki öðrum aðgerðum í skattamálum.

Virðulegur forseti. Ég ætla að fara nokkrum orðum um það frv. sem hér hefur legið fyrir og þær brtt. sem við höfum séð og er þó ekki víst að þar sé allt komið því þannig eru vinnubrögðin hjá stjórnarmeirihlutan-

um núna að mál eru rifin út hálfunnin með brtt. og það boðað að síðan verði tíndar inn fleiri breytingar eftir því sem þær falla til og þá boðaðar fyrir 3. umræðu. Eru þetta náttúrlega vinnubrögð sem alls ekki eru líðandi. Síðan að sjálfsögðu, miðað við hvernig mál ganga fram núna, þá sjáum við ekki enn þá niðurstöðutölu fjárlaga þannig að breyting á 1. gr. er ekki komin fram en eftir því sem okkur er sagt mun hallinn aukast um u.þ.b. 1 milljarð frá frv. til fjárlaganna og er þá búið að reikna inn frá 1. sept. áætlaðan tekjuauka á næsta ári upp á 2,7 milljarða kr. Þannig að eitthvað hefur gengið á í þessari vinnu.

Þær breytingar sem hér eru kannski helstar eru breytingar á byggingarsjóðunum sem okkur er sagt að séu fyrst og fremst tæknilegs eðlis. Nýir útreikningar á þörf þeirra sjóða. Síðan er ríkisábyrgðalánið til Stofnlánadeildar hækkað úr 700 millj. kr., sem hafði verið beðið um vegna heföbundinnar starfsemi deildarinnar, upp í 1.600 millj. kr. til þess að mæta nýrri skuldbreytingu hjá bændum sem Stofnlánadeildin mundi þá sjá fyrir og sjá um. Var farið nokkuð vel yfir það atriði í nefndinni og kom í ljós að skuldbreyting sem farið var í fyrir 10 árum hafði tekist nokkuð vel og er full ástæða til þess að ætla að Stofnlánadeildin með þeim sem hún kallar til muni vinna þetta mál vandlega þó svo að aðstæður séu á margan hátt allt aðrar og mikið breyttar í dag, bæði er veðhæfnin minni og ýmislegt annað sem gerir það að verkum að ég óttast að þessi aðgerð verði erfiðari í framkvæmd núna en hún var fyrir 10 árum síðan.

Síðan koma gamlir kunningjar, þ.e. hér eru nokkrar hitaveitur sem hafa átt í viðvarandi erfiðleikum með sína fjármögnun og hér er um að ræða endurlán hjá nokkrum slíkum veitum þar sem þær eru að leysa af hólmi eldri lán og afborganir með nýjum og væntanlega hagstæðari lánum.

Síðan er fjórði liðurinn. Þar er kominn eilítill kosningabragur á áætlunina þar sem Vegagerðinni, vélamiðstöð, er heimilað að yfirtaka allar skuldir Hríseyjarhrepps vegna kaupa á ferjunni Sæfara. Ekki kann ég að rekja þetta mál (**VE:** Þetta er nú gömul synd.) mikið en þetta ku vera 102 millj. kr. sem Vegagerðin er að yfirtaka og kann ég ekki framhald málsins (**VE:** Biddu Steingrím J. að útskýra það.) hvernig þessu verður síðan endanlega komið yfir á ríkissjóð en það verður sjálfsagt gert á lengri tíma í gegnum heföbundnar fjárveitingar Vegagerðarinnar sem þá að hluta til renna til vélamiðstöðvarinnar. Alla vega sé ég ekki hvernig þetta gerist á annan hátt heldur en þann.

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að halda miklu lengri ræðu um þetta mál en ég ítreka það sem ég sagði í upphafi míns máls að það sem mér finnst alvarlegast í þessu er það hvernig ríkisstjórnin lemur höfðinu við steininn gagnvart þeim breytingum sem eru orðnar á fjármagnsmarkaðnum og verða til viðbótar núna um áramótin. Það var, eins og ég sagði í upphafi míns máls, góðra gjalda vert að beita handafli á síðasta ári og að sjálfsögðu eiga stjórnvöld að grípa inn í vaxtamál þegar það á við með handafli, með stjórnvaldsaðgerðum til þess að hafa áhrif á vextina. En það er alveg jafnljóst að við þær aðstæður sem við búum núna þá er ekki hægt að beita því svo árum skipti. Það hlýtur að togna það á handleggjunum að það endar með að eitthvað lætur undan. Þá er að mínu mati miklu skynsamlegra að slaka meðvitað á og vinna eftir einhverri ákveðinni og markaðri stefnu heldur en að bíða eftir því að allt springi, bíða eftir því að það sé komið að milljarða innlausn á ríkisspariskírteinum og hafa þá nánast ekkert svigrúm til þess að grípa inn í.

Virðulegur forseti. Ég fer að ljúka máli mínu, ég hafði vænst þess að hæstv. fjmrh. sem oft og tíðum svarar í formi andsvara mundi svara tveimur spurningum sem ég hafði lagt fyrir hann. Það er í sjálfu sér af nógu að taka og hægur vandi fyrir mig að ræða um lánsfjárlögin í einhverja stund og þess vegna í alla nótt þar til hæstv. fjmrh. kemur í salinn aftur en að sjálfsögðu er það val hæstv. ráðherra hvort hann kýs að svara þessu í andsvari eða bíða til fyrramáls þegar þessari umræðu lýkur en ef að líkum lætur þá stendur hún í einhverja stund. Það var eitt af því athyglisverða sem kom fram í umfjöllun nefndarinnar um þessi mál sem þó því miður var ekki næstum því eins ítarleg og verið hefur undanfarin ár. Svo var einnig um liði eins og tekjugrein fjárlaga. Í þessari pressu sem nú er sem er verri heldur en við eða alla vega ég hef kynnst þau ár sem ég hef verið á þinginu, þá er þessi vinna nefndarinnar öll meira og minna í skötulíki og getur ekki verið öðruvísi. Það er alveg ljóst að bæði hvað snertir tekjugreinina og ekki síður lánsfjárlögin þá er það mjög bagalegt að vinna nefndarinnar standi þannig að það sé ekki búið að vinna skattafrumvörpin meira en raun ber vitni.

Virðulegi forseti. Ég sé að hæstv. fjmrh. er kominn í salinn ef hann kýs að svara þeim spurningum sem ég bar fram við hann í formi andsvara en að sjálfsögðu er það hans val hvernig hann beitir því. En ég spurði hæstv. ráðherra á hvern hátt hann sæi að ríkissjóður mundi bregðast við þeirri stóru innlausn sem er á spariskírteinum ríkissjóðs í upphafi næsta árs. Og í öðru lagi spyr ég hæstv. ráðherra hvort hann telji að gengið muni halda á næsta ári ef ríkisstjórnin héldi fast við 5,00% vaxtamarkið sem hefur verið haldið með handafli nú á annað ár.

Útbýting þingskjala:

Samningur um breytingar á tilteknum samningum EFTA-ríkjanna, 304. mál, nál. utanrmn., þskj. 462; brtt. utanrmn., þskj. 463.

[23:14]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hlýddi af athygli á ræðu hv. formanns efh.- og viðskn., Jóhannesar Geirs Sigurgeirssonar. Ég vil taka það fram vegna þess að hann segir að vinna nefndarinnar hafi öll verið í skötulíki en það er ekki honum að kenna sem formanni nefndarinnar, hann hefur gert sitt besta til þess að vinna vel og stýra nefndinni í gegnum þessa erfiðu tíma sem nefndin hefur verið að vinna í.

Ég vil hins vegar vekja athygli hans á því að eitt grundvallaratriðið varðandi fjármagnsmarkaðinn og stöðuna þar núna er að við erum með viðskiptajöfnuð í afgangi sem hefur skapað algjörlega nýjar forsendur til jafnvægis á fjármagnsmarkaðnum. Vextirnir hafa lækkað og það sem menn eru að tala um að þeir geti sveiflast upp og niður eru nú ekki stórar og háar fjárhæðir. Það er athyglisvert að lífeyrissjóðirnir hafa stórt séð á þessu ári verið að kaupa sama magn af skuldabréfum af opinberum aðilum, bæði ríkissjóði, ríkisstofnunum, bæjar- og sveitarfélögum og fjárfestingarlánasjóðum, en þeir hafa líka verið að feta sig inn á það að lána erlendum aðilum peninga, þ.e. að kaupa erlend verðbréf. Og fjármagnsmarkaðurinn er að breytast mikið í þá átt að innlendir aðilar eru farnir að lána útlendingum peninga og þess vegna er ekki ástæða til þess að hafa sambærilegar áhyggjur af því hvort að lán ríkissjóðs eru innlend eða erlend eins og kannski áður var þegar fjármagnsmarkaðurinn var allur hólfaður niður og ekki eins frjáls og hann er í dag.

Ég vil líka vekja athygli hv. þm. vegna áhyggna hans af stórri innlausn skuldabréfa núna eftir áramótin að slík innlausn kallar einmitt líka oft á mikla eftirspurn eftir nýjum pappírum vegna þess að þeir sem eru að fá peningana í hendur, sem eru að leysa inn sín bréf, þeir þurfa að koma þeim einhvers staðar í lóg. (**ÓRG:** Þeir fara með þá beint út.)

[23:17]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er nefnilega heila málið, eins og maðurinn sagði, að þeir sem eru að fá þetta innleyst þarna þurfa að koma því aftur í lóg. Og um það snúast áhyggjur embættismanna fjmrn. Eins og málið stendur núna þá er ekkert líklegra en verulegur hluti af þessu fari beint á erlendan markað. Mér heyrðist að hv. þm. hafi engar áhyggjur af því þó að ríkið yrði á móti að fjármagna sig erlendis.

Það er alveg rétt að við búum orðið við þær aðstæður að þessar hreyfingar eru opnar. En ég held hins vegar að við eigum að passa okkur á því að vísvitandi örva ekki þessar hreyfingar. Við þurfum að fikra okkur áfram eftir þessum vegi, en að stefna beint með opin augun í það að svona stór innlausn fari e.t.v. að verulegu leyti á erlendan markað það held ég að sé ekki skynsamlegt.

Og ég vil spyrja hv. þm. sem sérfræðing í efnahagsmálum: Telur hann að handaflsaðgerð eins og framkvæmd var á síðasta ári, að ákveða að ríkissjóður tæki ekki boðum sem færu yfir 5%, telur hann að það sé hægt að halda slíkri aðgerð gangandi stöðugt svo árum skipti? Alveg sama hvað gerist í kringum okkur og hvað gerist annars staðar á markaðnum? Er ekki miklu skynsamlegra að leyfa hlutunum að þróast eilítið?

Og ég bendi á það er hv. þm. talaði um hvað lífeyrissjóðirnir hefðu keypt af pappírum og langtímapappírum á síðasta ári, að það er ekki nóg að segja bara hvað gerðist á árinu, við þurfum að líta á þróunina innan ársins. Og þessi sala var nánast dottin niður undir lok ársins.

[23:19]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins staðfesta það að ég hef engar stórar áhyggjur af þessari innlausn sem kemur nú eftir áramótin. Ég held að það sé stórt séð æskilegt að íslenskur fjármagnsmarkaður tengist betur hinum erlenda stóra fjármagnsmarkaði og það að Íslendingar eigi peninga erlendis og eins þá að þá sé óhætt að taka erlend lán á móti.

Varðandi þá handaflsaðgerð sem hann kallar svo, sem ég vil nú miklu frekar kalla það að ríkisstjórnin hafi spáð rétt í markaðinn og hvernig hann mundi þróast, að það tókst afar vel. Það er enn þá ekkert sem bendir til þess að það séu neinir stórir brestir að gerast í því sem þá var ákveðið. Vaxtastefnan hefur stórt séð haldið að því leyti til að það er enn þá mjög gott jafnvægi á fjármagnsmarkaðnum. Við erum enn þá með viðskiptajöfnuðinn í góðum afgangi, afgangurinn er m.a.s. að aukast frekar en hitt, við erum að byggja upp eignir í erlendum gjaldmiðlum og eignir erlendis. Og við þær aðstæður er ekkert sem segir að það sé að gerast einhver vaxtasprenging. Ef menn væru að búast við vaxtasprengingu þá hlyti það að vera á þeim forsendum að það væri kominn bullandi halli á viðskiptajöfnuði, umframeyðsla í þjóðfélaginu, og vaxtahækkun ætti þá að vera nauðsynleg til þess að draga slíkt saman. Slíkar aðstæður eru ekki til staðar í dag og þess vegna er algjörlega ástæðulaust að hafa slíkar gífurlegar áhyggjur af þessum málum.

[23:21]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég hlýt að spyrja, eins og ég kallaði fram í við hæstv. fjmrh. áðan: Trúir þingmaðurinn sjálfur því sem hann er að segja? (**KÁ:** Það eru að koma kosningar.) Og við stöndum einfaldlega frammi fyrir því og hv. þm. hlustaði m.a. þarna í nefndinni á áhyggjur fulltrúa Seðlabanka og embættismanna fjmrn. af þessari þróun. Og þeir hafa af því verulegar áhyggjur. (**GÁS:** Þetta er bara rangt.) Hv. þm. segir að þetta sé rangt. (**GÁS:** Það er engin hætta á vaxtasprengju, það er margítrekað.) Hv. þm., nú vil ég benda á að það sem ég var að ræða um, er þróunin varðandi fjármögnun ríkissjóðs sem menn hefðu stórar áhyggjur af. Ég nefndi ekki vaxtasprengju í mínu máli hér einu orði. En sammerkt höfðu þessir aðilar áhyggjur af því hvernig færi með fjármögnun ríkissjóðs.

Það hlýtur að vera áhyggjuefni, eins og fram kemur í þeim töflum sem við höfum fengið hér frá Seðlabankanum í dag, að þau einu bréf sem ríkissjóður selur orðið eru þriggja mánaða víxlar og ECU-bréfin. Það getur vel verið að hv. þm. finnist bara allt í lagi að fjármögnun ríkissjóðs færist alfarið yfir í þessa þætti. En það er ekki æskilegt, m.a. vegna þess að sú fjármögnun er þess eðlis að hún er ekki æskileg fyrir aðila eins og lífeyrissjóðina, sem eðli máls samkvæmt þurfa á langtímafjármögnun að halda og munu þá fara á erlendan markað. Og ég verð bara að segja það, virðulegur forseti, að ég hef áhyggjur af því ef þessi

þróun verður með þeim hraða sem hv. þm. segir að sé æskileg. Og þar greinir okkur á varðandi skoðanir á þessu máli.

[23:23]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Það mál sem hér er til umræðu var afgreitt út úr hv. efh.- og viðskn. rétt fyrir kl. 10 í gærkvöldi, (**JGS:** Með handafli.) með handafli, já, svo að það hefur ekki gefist mjög mikill tími til þess að undirbúa þessa umræðu, reyndar ekki frekar en aðrar umræður sem hér hafa verið undanfarna daga og reyndar eru fram undan. En hvað um það, við höfum verið að fara yfir þessi mál í hv. efh.- og viðskn. og þar hafa komið fram margar mjög athyglisverðar upplýsingar. En áður en ég vík að málinu sjálfu þá vil ég aðeins koma nánar inn á vinnubrögð og stöðuna í þinginu sem hlýtur að valda okkur nokkrum áhyggjum.

Það líður nú að miðnætti þegar við erum í miðjum klíðum með 2. umr. um lánsfjárlög fyrir 1995. Og eins og ég sé það þá er gríðarlega mikil umræða eftir um ríkisfjármálin. Hvort sem menn reyna að ná samkomulagi og stytta mál sitt, þá verður ekkert hjá því komist að ræða þessi mál nokkuð ítarlega. Og þannig er nú staðan, frú forseti, að jafnvel í þessu máli var ákveðið efnisatriði skilið eftir sem við þurfum að kanna á milli 2. og 3. umr. og ég ætla reyndar að koma að því á eftir. Þannig að öll sú vinna sem hér fer fram einkennist af því hvað mál ríkisstjórnarinnar hafa komið seint fram og því hve mikill hraði hefur verið í vinnunni í þessum málum og hefur kostað nokkur átök í nefndinni þegar maður hefur það svo sterklega á tilfinningunni að það sé verið að keyra málin í gegn og þau séu ekki skoðuð almennilega og það er erfitt að fá einhverja yfirsýn yfir málin í heild. Það leiðir okkur einmitt að því að enn er ekki einu sinni komin niðurstöðutala í þetta frumvarp, við höfum ekki einu sinni niðurstöðutöluna, ekki frekar en í halla ríkissjóðs á þessu ári eða þá tölu sem menn ætla að setja fram sem spá um halla næsta árs.

En það er nokkur ástæða til þess að ræða útkomu ársins sem nú er að renna sitt skeið á enda en í nefndinni höfum við einmitt farið yfir spár Þjóðhagsstofnunar og útreikninga fjmrn. í framhaldi af þeirri spá. Myndin af þessu ári er að skýrast og þær niðurstöður sýna að útkoma ársins er miklu betri eða nokkuð betri en menn höfðu reiknað með. Þar ræður auðvitað að ýmislegt hefur gengið betur en búist var við, tekjur ríkissjóðs hafa aukist töluvert umfram það sem spáð hafði verið og það ræðst fyrst og fremst af því að veiðar hafa verið meiri en gert var ráð fyrir, bæði á loðnu og það sem veiddist í Smugunni, og einnig hefur verð á ýmsum útflutningsvörum farið hækkandi. Ég nefni þar t.d. rækju og einnig hefur álverð farið hækkandi þannig að hér hafa margir þættir spilað saman og leitt til þess að tekjur ríkissjóðs verða meiri á þessu ári en gert hafði verið ráð fyrir. Það leiðir til þess að hallinn á árinu 1994 eykst ekki jafnmikið og t.d. við í stjórnarandstöðunni spáðum fyrir síðustu jól.

Það ber auðvitað að fagna þessari þróun en það breytir ekki því að ég held að menn þurfi að fara varlega í það að spá fyrir næsta ár. Og eins og Þjóðhagsstofnun bendir á í sinni úttekt þá eru mjög stórir óvissuþættir sem geta gjörsamlega breytt þessari mynd og orðið til þess að sá efnahagsbati sem ríkisstjórnarflokkarnir eru að gera út á í aðdraganda kosningabaráttunnar skili sér ekki. Nú verð ég að segja það að ég vona svo sannarlega að hann geri það því að það veitir nú ekki af að byggja upp í okkar þjóðfélagi og að útrýma því atvinnuleysi sem hér hefur ríkt um árabil og að við snúum okkur í alvöru að því að skapa vinnu til frambúðar í okkar samfélagi og reynum að leysa þann stóra vanda sem ég lít á sem langstærsta viðfangsefni íslensks samfélags, að ráða fram úr því við hvað fólk á að vinna hér á landi í ljósi þeirra breytinga sem hafa orðið, bæði samdráttar í afla og tæknibreytinga og fleiri atriða sem verða til þess að störfum fækkar.

En þessir óvissuþættir sem Þjóðhagsstofnun bendir á og við höfum svo sem bent á í umræðum um ríkisfjármálin á þessu hausti eru í fyrsta lagi óvissan hvað varðar fiskveiðar bæði innan og utan landhelgi. Þjóðhagsstofnun bendir á að bæði hafa nýlegar mælingar á loðnustofninum kveikt efasemdir, eins og þeir segja, um að stofninn sé jafnsterkur og menn höfðu áður spáð, og eins benda þeir á það að ár eftir ár hefur verið farið langt fram úr ráðleggingum fiskifræðinga. Og við höfum einmitt glænýtt dæmi um það að einn af sérfræðingum Hafrannsóknastofnunar, einn helsti sérfræðingur stofnunarinnar í þorskveiðum, hefur bent á hve þessar veiðar hafa farið mikið fram úr því sem leyft hafði verið. Og þetta vekur spurningar um stöðu þorskstofnsins og hvað hann þoli. Þeir benda einnig á að þarna kann að koma á móti bæði sókn í nýja stofna og eins t.d. mikill rækjuafli. En þá ber líka að benda á að sú hækkun sem orðið hefur á rækju kann að vera tímabundin, alla vega hefur það komið fram í fréttum að sú hækkun á m.a. rætur að rekja til sjúkdóma sem herjað hafa á eldisrækju í Asíu og það vandamál verður nú áreiðanlega leyst fyrr en síðar af þeim klóku viðskiptamönnum sem þar eru. Þannig að veiðarnar bæði innan landhelgi sem utan eru alltaf óvissuþáttur í íslensku efnahagslífi.

Síðan benda þeir á verðlagið á sjávarafurðum sem bæði getur hækkað meira en spáð hefur verið og eins getur það lækkað. Síðan er það atriði sem kannski ríkir nú hvað mest óvissa um á þessu augnabliki en það eru þeir kjarasamningar sem fram undan eru. Eins og þau mál horfa núna þá virðist nú stefna í veruleg átök á vinnumarkaði þó að það sé erfitt um það að spá og spurningin er sú hvaða leiðir menn finna út úr þeim vanda. En eins og hér hefur komið fram að þá telja menn að sá boðskapur sem ríkisstjórnin hefur látið frá sér fara, bæði í skattamálum og öðru, dugi skammt til þess að auka líkur á friðsamlegum kjarasamningum.

Í kjölfar þessarar endurskoðuðu spár Þjóðhagsstofnunar hefur fjmrn. farið ofan í tekjuáætlanir ríkisins sem hafa áhrif á lánsfjárþörfina. Það er spurningin hvort menn fara varlega í að spá eða hvort að menn eru að gefa sér of mikið en þessar niðurstöðutölur benda allar til að óhætt sé að gefa sér heldur meiri

tekjur en menn höfðu reiknað með. En þetta verður allt að koma í ljós og eins og ég nefndi þá veltur þetta líka á útkomunni úr skattadæminu sem við erum að fást við akkúrat þessa dagana og ekki síður þróuninni á lánsfjármarkaðnum eins og hefur verið rakið í þessari umræðu.

Sú stóra spurning vaknar hvað á að gera við þennan efnahagsbata ef hann skilar sér. Eins og kemur fram í nál. minni hluta efh.- og viðskn. þá verður ekki betur séð en að hann sé nú gripinn jafnóðum og ausið út í ýmsar áttir og einkum til þeirra sem betur mega sín. Það er verið að slaka út hundruðum milljóna í þeim frumvörpum sem við höfum til meðferðar, t.d. í skattamálum og eins í frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Þar er verið að slaka mjög mikið á í ríkisfjármálunum og þarf ekki að endurtaka umræður um skuldastöðu ríkissjóðs og þann mikla vanda sem þar er við að glíma. Þar með erum við komin að því efni sem hér er til umræðu, þ.e. lánsfjárþörf ríkissjóðs og þær lántökur sem þetta frumvarp gerir ráð fyrir og þá spurningu hvaða áhrif lánsfjárþörf ríkisins hefur á vexti og eftirspurn eftir lánsfé í landinu.

Nú hefur það gerst að ríkissjóður sem hefur á undanförnum árum verið langsamlega stærsti lántakandinn á markaðnum fær má segja stöðugt vaxandi samkeppni. Lánsfjárþörf sveitarfélaga hefur aukist alveg gríðarlega. Og það er auðvitað mikið áhyggjuefni hvað stærstu sveitarfélögin í landinu standa illa, t.d. Reykjavík, Hafnarfjörður og Kópavogur. Þetta eru sveitarfélög sem hafa staðið í miklum fjárfestingum, verið á hálfgerðu fjárfestingarfylleríi og eytt um efni fram og voru ekki undirbúin undir það mikla tekjutap sem t.d. Reykjavík varð fyrir við það að aðstöðugjaldið var afnumið. Og það er staðreynd að Reykjavíkurborg hefur alls ekki fengið það bætt. Og hins vegar hefur samdrátturinn í þjóðfélaginu haft gríðarleg áhrif á fjármál þessara sveitarfélaga. Eins og ég hef nefnt áður þá er sú blákalda staðreynd frammi fyrir okkur að þeir peningar sem Reykjavíkurborg ver til félagslegrar aðstoðar hafa tvöfaldast núna á tveimur árum. Og þetta eru engir smápeningar sem sveitarfélögin eru að verja til félagslegrar aðstoðar, 530 millj. kr. á þessu ári hjá Reykjavíkurborg.

Staða margra sveitarfélaga er erfið og leiðir til þess að vilji þau halda uppi atvinnu í sínum bæjarfélögum þá þurfa þau meira og minna að taka til þess lán. Jafnframt er verið að velta yfir á sveitarfélögin og reyna að sækja í þeirra vasa. Ég bendi t.d. á það sem fram undan er í skólamálum. Ef núverandi ríkisstjórn ætlar að keyra í gegn frv. til laga um grunnskóla þá kostar það sveitarfélögin milljarða til viðbótar því sem nú fer í rekstur grunnskóla. Það er sífellt verið að velta yfir á sveitarfélögin og ætlast til þess að þau standi undir framförum, atvinnusköpun og öðru án þess að þau fái til þess tekjustofna. Það er bara óleyst mál hvernig og hvort sveitarfélögin geta staðið undir þessu.

Sennilega leiðir efnahagsbatinn til þess að fyrirtæki fari nú heldur að taka við sér og að fjárfesta og það gæti líka leitt til aukinnar eftirspurnar eftir lánsfé. En núverandi ríkisstjórn hefur reynt að skera niður lánsfjárþörfina hjá sér og hún hefur reynt að halda niðri vöxtum. En ég vil taka undir það sem fram kom í ræðu síðasta ræðumanns, hv. 6. þm. Norðurl. e., að það er ástæða til þess að hafa áhyggjur af þróun vaxtamála og streymi peninga út úr landinu. Það er alveg ljóst að þessa mánuðina er ríkissjóður að fjármagna Húsnæðisstofnun í þeim tilgangi fyrst og fremst að halda vöxtum niðri. Það er bannað að hækka vexti á húsbréfum, húsnæðisbréfum og öðru því sem Húsnæðisstofnun er að bjóða til þess að fjármagna sína starfsemi. Og í ríkissjóð eru nú sóttir milljarðar króna til þess að fjármagna Húsnæðisstofnun.

Virðulegi forseti. Ég ætla þá að víkja að einstökum liðum þessa frv. en það væri hægt að hafa langt mál um þessi vaxtamál og það hvað fram undan er í þeim en það er vissulega líka ástæða til þess að fara ofan í einstaka liði þessa frv. sem þeir sem hafa talað á undan mér hafa ekki gert að neinu ráði.

Fyrst er að nefna Lánasjóð ísl. námsmanna. Ég vil einmitt minna á í því sambandi þegar menn eru að tala um skuldir heimilanna og lánsfjárþörf heimilanna, sem hefur vaxið alveg gríðarlega, að á fundi efh.- og viðskn. í morgun var einmitt minnt á þessa nýju kynslóð skuldara sem kemur inn á næstu árum og eru þeir námsmenn sem verða með gríðarlega skuldabagga og mikla greiðslubyrði eftir þær breytingar sem núverandi ríkisstjórn gerði á Lánasjóði ísl. námsmanna. Þeir sem núna eru að borga sín námslán finna töluvert fyrir þeim. Þeir sem eru með námslán í kerfinu sem var í gildi til 1992 á verðtryggingartímanum finna töluvert fyrir þessu. En þarna mun skapast mikill vandi á næstu árum.

Mér barst í dag bæklingur frá lánasjóðnum þar sem er úttekt á lánamálum og þar kemur vel í ljós það sem við höfum verið að benda á í umræðunni að framlag ríkisins til sjóðsins hefur lækkað stórlega á undanförnum árum og það var tilgangur breytinganna. Jafnframt hefur lánasjóðnum verið vísað út á lánamarkaðinn í æ ríkara mæli. Og samkvæmt því sem hér kemur fram og samkvæmt frv. fyrir næsta ár er verið að veita heimild til þess að lánasjóðurinn taki rúmlega 4 milljarða kr. í lán. Á móti kemur 1.550 millj. kr. framlag úr ríkissjóði. Reyndar hefur farið fram mikil endurskipulagning á sjóðnum og þeir hafa verið að breyta eldri skammtímalánum í lengri lán til þess að reyna að létta vaxtabyrði af sjóðnum. En við hljótum að spyrja okkur hvað af þessu kerfi muni leiða. Og hvað leiðir af því að vísa þessum sjóðum eins og námslánasjóði út á hinn almenna lánamarkað? Þetta er stefna núv. ríkisstjórnar en þetta verður allt saman miklu dýrara og kemur verr niður á þeim námsmönnum sem eru að taka lán hjá sjóðnum.

Þá er hér nýtt fyrirbæri í lánsfjárlögum. Nú er hér kominn hinn margræddi og umdeildi Þróunarsjóður sjávarútvegsins sem fær heimild upp á 2.380 millj. kr. Það var fróðlegt að heyra í starfsmanni þess sjóðs um áætlanir í lánum sjóðsins og hvað þar er að gerast. — Það eru svo miklir pappírar sem fylgja þessum málum að það er erfitt að finna þessa punkta. — Samkvæmt því sem fram kom á fundi efh.- og viðskn. hefur ver-

ið sótt um lán til þess að úrelda u.þ.b. 10% af fiskiskipaflotanum. Það verður afar fróðlegt að sjá hvort það kemur fram sem menn spáðu í fyrra þegar umræðan stóð um þennan sjóð að hann yrði orðinn gjaldþrota innan tíðar. En þau lán sem hingað til hafa verið veitt eru þeir peningar sem komu úr Hagræðingarsjóði. Og það kom einnig fram að það hefur verið sótt um úreldingu á sex fiskvinnslustöðvum en enn þá hefur ekki verið tekin ákvörðun um það hvort og hvernig verður við því orðið. Þarna er því að fara af stað enn einn sjóðurinn sem við vitum ekkert um hvernig muni þróast.

Síðan er hér Flugstöð Leifs Eiríkssonar, sem er nú það mál sem var frestað milli umræðna í efh.- og viðskn. vegna þess að fulltrúar utanrrn. gátu ekki komið á fund efh.- og viðskn. Ég gat ekki betur skilið en að þeir sem sjá um rekstur flugstöðvarinnar hafi hafnað því að koma á fund nefndarinnar. Þetta var mjög sérkennilegt. En þetta flugstöðvardæmi er líka eitt af þessu sem virkilega þarf að huga að því að eins og fram kemur í frv. til fjárlaga fyrir árið 1995 á bls. 358 þá eru þær tölur sem þar koma fram á þann veg að ekki verður betur séð en að þarna sé algjörlega óleysanlegt dæmi á ferðinni. Tekjur flugstöðvarinnar eru svo litlar að hún er rekin með halla en það eru að falla í gjalddaga gríðarleg lán og á næsta ári þarf að taka að láni 1.980 millj. kr. til þess að endurfjármagna eldri lán. Við vildum kalla fram upplýsingar um það hversu miklar skuldir flugstöðvarinnar eru, hvað er fram undan í því máli, en þær upplýsingar hafa ekki enn þá fengist. Þarna er mál sem vissulega þarf að skoða mjög rækilega.

Ég vil einnig benda á það að við kölluðum ekki til Landsvirkjun en eins og við vitum þá er Landsvirkjun gríðarlega skuldugt fyrirtæki og er sífellt að taka lán til að borga eldri lán. Og það er líka nokkuð sem getur ekki gengið til eilífðar og kallar á endurskipulagningu á orkusölu og að hugað sé að því hvernig nýta má þá orku sem til er í landinu. Þar með er ég ekki að mæla með þeim stóriðjuáformum sem virðast vera að blossa upp rétt einu sinni en eru í og með orsök þeirra miklu skulda sem Landsvirkjun stendur frammi fyrir.

Ég var búin að nefna Húsnæðisstofnun en hér er verið að taka mikil lán fyrir bæði Byggingarsjóð ríkisins og Byggingarsjóð verkamanna, annars vegar til þess að fjármagna eldri lán en hins vegar er enn um það að ræða að Byggingarsjóður ríkisins er að lána til sérstakra verkefna og Byggingarsjóður verkamanna er auðvitað að fjármagna byggingu félagslegra íbúða en þeim fækkar nú um hundrað á næsta ári, m.a. vegna þess að það er skorið niður í félagslega húsnæðiskerfinu til þess að mæta húsaleigubótunum. Eins og ég nefndi áðan þá er staðan í Húsnæðisstofnun mikið áhyggjuefni vegna þess að það þarf að taka peninga beint úr ríkissjóði til þess að fjármagna þá stofnun.

Fulltrúar Húsnæðisstofnunar voru spurðir um þessa 13 milljarða sem gert er ráð fyrir í frv. Og svörin voru þau, sem reyndar koma fram í athugasemdum, að mönnum er uppálagt að herða reglurnar til þess að þessir 13 milljarðar standist og verður fróðlegt að sjá hvernig það mál gengur.

Þá vil ég líka að lokum, virðulegi forseti, nefna Stofnlánadeild landbúnaðarins sem er gert ráð fyrir að taki að láni 700 milljónir samkvæmt frv. Hér liggja fyrir tillögur til breytinga þannig að lántökurnar verða 1.600 millj. Þar liggja á bak við áform um skuldbreytingar til bænda, skuldbreytingar upp á 900 millj. kr., vegna hins alvarlega ástands sem ríkir í íslenskum landbúnaði. En það kom fram á fundi nefndarinnar að það er tillaga þeirra sem vinna hjá Stofnlánadeildinni að setja ströng skilyrði um þessar lánveitingar þannig að það standi þar við að baki og að menn geti staðið undir þessum lánum. En það kom líka fram að 1984 fór fram gríðarleg skuldbreyting hjá bændum og það er spurningin hvort ekki þyrfti að skoða rækilega þá þróun sem þarna liggur að baki og það hversu vel bændur eru í stakk búnir til þess að skuldbreyta hjá sér og standa undir þessum lánum. Ég vil taka fram að 1984 var skuldbreytt hjá 700 bændum og það var gert með svokölluðum bankavaxtabréfum en það liggur ekki fyrir hversu margir bændur það eru núna sem geta nýtt sér þessa skuldbreytingu en því er ekki að leyna að staða margra bænda hefur versnað verulega.

Virðulegi forseti. Það eru fleiri brtt. sem meiri hluti hv. efh.- og viðskn. leggur til við þessa umræðu og er svo sem ekkert sérstakt um þær að segja. Þar eru á ferð hitaveitur og ýmislegt sem er gamalkunnugt. Þó er hér nokkuð sérstakt mál sem er þannig vaxið að Vegagerðin er að taka yfir allar skuldir Hríseyjarhrepps vegna kaupa á ferjunni Sæfara. Þetta eru skuldir upp á u.þ.b. 100 millj. kr. og þá vakna spurningar hvort ekki sé um sama vanda að ræða víðar. En þetta er eitt af þeim málum sem komu inn á síðustu stundu og var lítið farið ofan í.

Virðulegi forseti. Eins og ég nefndi í upphafi minnar ræðu liggur ekki enn þá fyrir niðurstöðutala þessa frv. og verður líklega ekki ljós fyrr en eftir að nefndin hefur komið saman milli 2. og 3. umr. Ef að líkum lætur á eitthvað fleira eftir að dúkka upp í þessari umræðu allri saman og ekki ólíklegt að eitthvað hafi gleymst í öllum látunum. En staðreyndin er sú að hér er um miklar lántökur að ræða. Í sumum atriðum er verið að fara út á eða halda áfram á nokkuð hálum brautum og hér eru ýmis mál sem ég hygg að komandi ríkisstjórn, hverjir sem hana skipa, þurfi að fara rækilega ofan í eins og það dæmi sem ég nefndi sérstaklega, Flugstöð Leifs Eiríkssonar, sem var nokkuð ævintýri á sínum tíma og á eftir að verða þjóðinni dýrkeypt.

En það er einnig ástæða til þess að hafa áhyggjur af þróun skuldamála ríkisins og af vaxtamálum eins og hér hefur komið fram. Það er áhyggjuefni hversu dregið hefur úr fjármögnun ríkisins á innlendum lánamarkaði og spurning hvað þar liggur að baki. Ég hygg að menn séu að halda að sér höndum og það kom m.a. fram á fundi efh.- og viðskn. með fulltrúum Seðlabankans að það hefur dregið mjög úr fjárstreymi úr landi á seinni hluta ársins. Það væri gaman að vita hvernig varaformaður hv. efh.- og viðskn. túlkar það

hver ástæðan er fyrir því. Eru menn að halda að sér höndum eða hvað eru menn að hugsa í þeim málum? Eru menn að bíða eftir innlendri vaxtahækkun eða er einfaldlega búið að fylla mælinn í þeirri bylgju í bili?

Framtíðin mun leiða í ljós hvernig þessi mál þróast en það er augljóst að það er mikil samkeppni um lánsfé og staða ríkissjóðs í þeirri samkeppni er engan veginn nægilega góð.

[23:55]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Varðandi það sem hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir sagði um niðurstöðutölu A-hluta í fjárlögum þá var það rétt að ekki var komin niðurstaða sem kemur væntanlega inn í 1. gr. lánsfjárlaganna. Það skeikar reyndar ekki mjög miklu miðað við þá tölu sem liggur fyrir, sem er á tuttugasta og annan milljarð, en sú tala hækkar væntanlega um í kringum milljarð og nokkuð fyrirsjáanlegt hver talan nákvæmlega verður. Það er því ekki svo sem verið að tala um að sú breyting raski í einhverjum verulegum atriðum þeim forsendum sem verið er að vinna út frá.

Það má líka segja sem svo að lánsfjárþörf hins opinbera í heild með þeirri breytingu sem þar verður gerð og öðrum þeim breytingum sem verið er að gera er að dragast saman miðað við það sem menn eru að reikna með að verði á þessu ári. Ríkissjóður í heild og ríkisstofnanir eru í sjálfu sér að stefna í jafnvægisátt á þessum markaði. Það er að sjálfsögðu ljóst að við lifum á miklum umbrotatímum á fjármagnsmarkaðnum. Það eru margir hlutir að gerast og það er í sjálfu sér ekkert óeðlilegt þótt það komi upp sú staða að ríkissjóður þurfi að fjármagna Húsnæðisstofnun um einhvern tíma meira en kannski hefur verið gert ráð fyrir, en ríkissjóður verður að taka þátt í þessum breytingum og haga seglum eftir þeim vindum sem blása á þessum markaði. Ég held að sá árangur sem hefur náðst á fjármagnsmarkaðnum sé í sjálfu sér ágætur og það ríkir á honum jafnvægi þegar á heildina er litið. Við erum að byggja upp eignir erlendis og greiða niður erlendar skuldir og það er það sem skiptir mestu máli.

[23:57]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er rétt hjá hv. þm. að ríkissjóður er eins og aðrir að fóta sig á þessum markaði. En það breytir því ekki að vandinn er mikill, ríkissjóður er rekinn með miklum halla. Á meðan ríkissjóður er í þannig rekstri þá hefur hann mikla þörf fyrir lánsfé og sú þörf getur valdið vaxtahækkun ef menn ekki fara varlega og svona, eins og þingmaðurinn nefndi það, haga seglum nokkuð eftir vindi eða reyna að spila rétt úr þeim spilum.

En vandinn er auðvitað sá að ná tökum á ríkisfjármálunum og ná þessum hallarekstri niður. Það sem við höfum verið að sjá hér undanfarna daga er uppgjöf ríkisstjórnarinnar og ríkisstjórnarflokkanna í þeim efnum. Það hefur orðið mjög áþreifanleg stefnubreyting að undanförnu. Í stað þess að taka þennan efnahagsbata sem hefur skilað sér að nokkru leyti á þessu ári og að reyna að nýta hann til þess að greiða niður skuldir og draga úr hallanum þá er verið að veita hundruð milljóna — ég hef ekki þá niðurstöðutölu heldur, ég veit hvorki niðurstöðutölurnar úr fjárlagafrv. né úr því skattafrv. sem við munum væntanlega afgreiða út úr nefnd í fyrramálið, en það er verið að veita hundruð milljóna út úr ríkissjóði í stað þess að nýta leiðir til tekjuöflunar og að nota þessa peninga til þess að greiða niður skuldirnar. Því ég held að við getum verið sammála um það, hv. þm. Vilhjálmur Egilsson og ég, að skuldasöfnun íslenska ríkisins og það hvernig eigi að standa undir þeim skuldum í bland við það að skapa vinnu til frambúðar eru stór vandamál í íslensku efnahagslífi.

[23:59]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Varðandi það að verið sé að ausa peningum út og nota þennan bata sem er að koma til þess að eyða honum fyrir fram þá vil ég mótmæla því. Ég tel að mjög margt af því sem verið er að gera núna einmitt fyrir jólin, þ.e. að taka á hlutum sem hafa kannski svona hefðbundið séð verið látnir bíða og menn hafa verið að taka kannski sjens á. Ég nefni t.d. að það er verið að nota núna tækifærið til að gefa Stofnlánadeild landbúnaðarins tækifæri til þess að breyta lausaskuldum bænda í föst lán og lengri lán. Það er verið að nota svigrúmið til þess. Ég hygg að það sé góð ráðstöfun. Það er líka verið að gera upp þetta Sæfaramál, sem búið er að dankast hérna árum saman og er kominn tími til að sé gert upp með einhverjum hætti. Það þarf að sjálfsögðu, eins og hv. þm. bendir á, að gera upp mál eins og með Flugstöð Leifs Eiríkssonar þannig að það fáist einhver framtíðarlausn í þetta. Það er einmitt það sem ríkisstjórnin hefur verið að gera og hefur verið viðfangsefni núna í umfjöllun þingsins um fjárlagafrv., að koma þessu málum sem mest á hreint þannig að það sé sem hreinast borð þegar gengið verður til kosninga og næsta ríkisstjórn tekur við.

[00:01]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er vissulega rétt að það þarf að taka á málum en það er verið að taka á þessu öllu upp á krít, þetta er allt með lánum. Við erum stöðugt að taka lán til að fjármagna okkar samfélag og það er sá vandi sem við þurfum fyrst og fremst að komast út úr, hvernig við getum dregið úr þessum lántökum. Leiðin til þess er ekkert síður að afla meiri tekna heldur en að leita fyrir sér á lánamarkaði og leita að hagkvæmum leiðum þar. Það er það sem þessi ríkisstjórn er ekki að gera. Hún er ekki að leita að leiðum til tekjujöfnunar. Hún er t.d. að leggja niður stóreignaskatt, sem fyrst og fremst kemur stóreignafólki til góða og það eru fleiri ráðstafanir í farvatninu sem við munum væntanlega ræða hér á næstu dögum sem fyrst og fremst ganga út á að færa þeim sem betur mega sín peninga. Þetta eru ekki leiðirnar til að taka á vandanum.

[00:02]

Guðrún J. Halldórsdóttir:

Virðulegur forseti. Aðeins örfá orð til viðbótar við þennan merkilega „díalóg" sem farið hefur fram hér í kvöld rétt á undan mínum orðum. Það er ekki hægt að segja annað en að það sé gott og blessað að viðskiptajöfnuðurinn við útlönd sé heldur skárri en verið hefur. Það eru góðar fréttir og ýmsar góðar fréttir höfum við heyrt í kvöld. En við höfum líka heyrt afskaplega margt sem eru vond teikn og varhugaverð.

Ég ætla aðeins að víkja nokkrum orðum að þessum viðskiptajöfnuði sem við vitum að kemur t.d. af því að framkvæmdir eru nánast engar hjá okkur. Við fjárfestum ekkert og þar af leiðandi eyðum við engu í það. Það þýðir líka að atvinnuleysi vex. Þá erum við komin að hinum þættinum sem ég vildi benda á og undirstrika, að ein af ástæðunum fyrir því að viðskiptajöfnuður við útlönd er hagstæður er sá að hluti þjóðarinnar er svo örbjarga að hann getur ekkert keypt. Þar af leiðandi er ekkert flutt inn af því sem hann mundi annars kaupa. Hann er þar af leiðandi í vissri gildru. Hann fær ekki vinnu vegna þess að það eru engar fjárfestingar eða framkvæmdir og hann er komin á atvinnuleysisbætur sem eru við hungurmörk, eins og fólk sjálfsagt veit, 50–60 þús. kr. á mánuði. Þetta fólk er í slíkum vanda að það er eiginlega skammarlegt að vera að tala um að það sé einhver efnahagsbati hjá okkur vitandi það að á sama tíma er fé ausið í þá sem betur mega sín, eins og hinn frægi hátekjuskattur sem verið er að rýmka núna er dæmi um og annað dæmi um það sem við gerum ekki, þ.e. fjármagnstekjuskatturinn er ekki settur á, sem við hefðum auðvitað þurft að gera. Það er ekki hægt annað en að mótmæla þeirri fjármálastjórn sem svona fer að.

Í annan stað getur almennur þingmaður, sem úti í sal hlustar á hv. nefndarmenn ræða hér af miklum vísdómi, ekki annað en lagt eyrun við því og rekið augun í það hvernig salan hefur verið að undanförnu á ríkisvíxlum og spariskírteinum ríkisins, að ríkið getur ekki selt spariskírteinin sín nema ECU-skírteinin sem eru með miklu hærri vöxtum heldur en hin. Þetta þýðir auðvitað að það eru þeir vextir sem fjármagnið á Íslandi í dag vill fá. Það eru líka þeir vextir sem fjármagnið á Íslandi er að bíða eftir að geta eytt í og fengið úr eftir áramótin. Þess vegna held ég að þessir lágu vextir sem verið er að gorta pínulítið af hér í kvöld séu bara eins og hver önnur pótemkíntjöld, ekkert annað en fals.

Það er íhugunarvert hvað gerist núna um áramótin þegar stíflurnar verða teknar úr flóði fjármagnsins. Hvert mun það flæða, hvar mun það fossa? Ég efast ekkert um að það mun fossa að einhverju leyti til útlanda. Ef það gerir það ekki þá gerir það það ekki af því að það verður búið að hækka vextina eða hugsanlega fella gengið. Það hefur ekki verið nefnt hér í kvöld hvort það geti ekki líka verið orsök þess eða leið til þess að stoppa fjármagnsflæði út úr landinu eða til þess að fá erlent fjármagn inn í landið.

Það er því þetta tvennt sem mér finnst vera íhugunarvert fyrir hinn almenna þingmann sem á okkur hlustar: Hvers vegna er verið að stritast við að hafa falska vaxtaskráningu þegar við vitum að hún getur ekki gengið? Hvers vegna hefur þeim sem minnst hafa í þjóðfélaginu ekki verið að einhverju leyti bætt það fé sem raunverulega hefur verið af þeim tekið? Af hverju er ekki samið við sjúkraliða? Af hverju eru ekki hækkuð skattleysismörk þannig að a.m.k. þeir sem allralægst kaup hafa séu alveg skattfrjálsir? Það eru ótal hlutir sem hægt væri að gera til að bæta aðstöðu þeirra sem minnst hafa en það er bara ekkert gert. Það læðist að manni sá grunur að það sé enginn vilji til að gera það því það á ekkert að láta þetta blessaða fólk fá meiri möguleika á að sólunda fé svo farið verði að flytja meira inn aftur.

Umræðu frestað. [Fundarhlé. — 00:09]

Um fundarstjórn.

Afgreiðsla stjórnarfrumvarpa.

[00:46]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Það er eins og venjulega hér í kvöld að hæstv. fjmrh. er ekki í salnum þó hann gangi nú í salinn. Hann rúllar hérna inn og út þannig að erfitt er að henda reiður á því hvað hægt er að segja hverju sinni. Hæstv. forsrh. hefur ekki sést hér í salnum enn sem komið er nema í mýflugumynd, kallandi fjmrh. út úr salnum.

Við erum hér að ræða annað mikilvægasta efnahagsmál þessarar ríkisstjórnar á lokaþingi fyrir kosningar. Frv. til lánsfjárlaga er ásamt fjárlögunum annað af tveimur mikilvægustu efnahagsfrumvörpum ríkisstjórnar. Í þessari umræðu hafa nú þegar komið fram mjög veigamiklar upplýsingar um stöðu mála. Veigamiklum spurningum hefur verið beint til hæstv. fjmrh. Hann hafði þann sið eftir fyrstu ræðuna sem flutt var af hálfu stjórnarandstöðuþingmanna í nefndinni að svara eingöngu í andsvörum, hætti því síðan þegar hv. þm. Jóhannes Geir Sigurgeirsson flutti sína ræðu og gerði það ekki heldur þegar hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir flutti sína ræðu. Ef hér á að fara fram umræða í þinginu um þessi mál þá er óhjákvæmilegt að hæstv. fjmrh. svari þeim spurningum sem til hans er beint. Hann hefur verið beðinn um að svara hér lykilspurningum um aðgerðir fjmrn. á fjármagnsmarkaði á næstu vikum. Afstaða sem getur haft afgerandi áhrif á vaxtastigið í landinu. Afgerandi áhrif á fjárstreymi peninga sem nemur milljörðum út úr íslenska hagkerfinu á fyrstu vikum næsta árs, þannig að í aðdraganda kosninga kunni kannski að streyma 6–9 milljarðar á fyrstu mánuðum næsta árs út úr íslenska hagkerfinu vegna þess að þeir sem fái peninga frá ríkissjóði, um 9 milljarða í febrúarmánuði á næsta ári, muni fara með þá beint úr landinu.

(**Forseti (KE):** Ekki efnisumræða.)

Ég er að flytja hér, virðulegi forseti, rökstuðning fyrir því að ef þessi umræða á að halda hér áfram að nóttu til þá sé nauðsynlegt að í fyrsta lagi þá svari

hæstv. fjmrh. þeim spurningum sem til hans er beint og í öðru lagi þá mæti hæstv. forsrh. til þessarar umræðu. Nema það sé þannig komið fyrir hæstv. forsrh. að hann þori ekki að vera hér í umræðu um annað meiri háttar efnahagsmál þessarar ríkisstjórnar á síðasta þingi fyrir kosningar og hæstv. forsrh., Davíð Oddsson, leggi ekki í að hlusta á rökstudda gagnrýni talsmanna Alþb., Framsfl. og Kvennalistans í þessari umræðu. Ég vil þess vegna beina því til hæstv. forseta að annaðhvort bíði menn morgundagsins með þessa umræðu eða að það verði tryggt í fyrsta lagi að hæstv. fjmrh. svari þeim spurningum sem til hans er beint og í öðru lagi að hæstv. forsrh. mæti hér til umræðunnar.

Forseti (Kristín Einarsdóttir):

Forseti getur gert hæstv. forsrh. viðvart um að hans sé óskað í salinn, hann er hér í húsinu. Það vill þannig til að forseta er kunnugt um að hann er upptekinn á fundi með þingflokksformönnum. Hér er enn einn eftir á mælendaskrá og tekur hann nú til máls en hæstv. fjmrh. hefur ekki enn beðið um orðið.

[00:50]

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég mun vera næstur á mælendaskrá en mér er afar óljúft, svo ekki sé meira sagt, að flytja ræðu mína þegar þannig stendur á að ráðherrar sem ég hefði haldið að þyrftu að hlýða á þessa umræðu eru staddir á fundum í þinghúsinu. Það er náttúrlega lágmark að gera hlé á fundi meðan forusta þingsins og ráðherrar eru að bræða það með sér hvort það á að halda áfram eða ekki. Ég kæri mig ekkert um það að vera að flytja ræðu mína undir þessum kringumstæðum. Ég vil fá að vita það hjá virðulegum forseta hvort það er meiningin að halda þessu áfram í nótt eða ekki. Ef það eru fundarhöld í einhverjum herbergjum í þinghúsinu um framhaldið þá á að gera fundarhlé þangað til þeim fundarhöldum er lokið og sýna okkur óbreyttum þingmönnum þá virðingu að við fáum eitthvað að vita um það hvað er að ske hér.

[00:52]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Í framhaldi af orðum síðasta ræðumanns þá vil ég benda á það að stjórnarandstaðan hefur sýnt stjórnarmeirihlutanum mikla þolinmæði síðustu daga. (**KÁ:** Vægast sagt.) Við höfum til að mynda ekki í þessari umræðu gert kröfu til þess að hér sætu þeir ráðherrar sem bera ábyrgð á málaflokkum þar sem verið er fara fram á ríkisábyrgðir upp á milljarða í því frv. til lánsfjárlaga sem hér er til umræðu. Ég hef ekki séð hæstv. landbrh. nema rétt í flugumynd en hér er verið að fara fram á heimildir til stórra skuldbreytinga fyrir Stofnlánadeild landbúnaðarins og ég held að það væri lágmark fyrir framgang málsins að hæstv. ráðherra væri hér.

Nú veit ég ekki hvaða ráðherra fer með utanríkismál þessa stundina. Utanrrh. höfum við ekki séð hér nema í flugumynd síðustu vikurnar (**Gripið fram í:** Ég sá hann í sjónvarpnu áðan.) en í þessu frv. til lánsfjárlaga er um að ræða beiðni um ríkisábyrgð upp á 2 milljarða fyrir Flugstöð Leifs Eiríkssonar sem heyrir undir hæstv. utanrrh. Ég vil fara fram á það, virðulegur forseti, að það verði kannað hvar hæstv. utanrrh. heldur sig ef hann er á landinu að hann sýni þessu máli þá virðingu að koma hingað. Okkur í efh.- og viðskn. hefur ekki tekist enn þá að fá fulltrúa utanrrn. á fund til þess að fjalla um þau mál.

Ef svo er að það fer einhver annar með þennan málaflokk þá vil ég fá það upplýst hver er starfandi utanrrh. eins og nú stendur. Ef menn vilja fara að hleypa málum í einhverja hörku og telja sig hafa einhverja stöðu til þess að setja stjórnarandstöðunni stólinn fyrir dyrnar þá er lágmark að þeir ráðherrar sem þurfa á framgangi mála að halda séu mættir í þinghúsið.

Forseti (Kristín Einarsdóttir):

Forseti reynir að koma þessum athugasemdum á framfæri en nú hefur forseti ákveðið að gera 15 mínútna hlé, til klukkan 10 mínútur yfir 1.

[Fundarhlé. — 00:55]

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Það hefur orðið samkomulag milli formanna þingflokkanna og forseta um að umræðu um 6. dagskrármálið verði frestað og að fundur hefjist í fyrramálið klukkan 10.30. Á dagskrá þess fundar verða fjáraukalög, fjárlög og lánsfjárlög. Það er gert ráð fyrir því að ljúka fyrrtöldum málum, þ.e. fjárauka- og fjárlögum, þar með atkvæðagreiðslum, á morgun.

Út af dagskrá voru tekin 4., 5. og 7. mál.

Fundi slitið kl. 02:16.

---

66. FUNDUR

miðvikudaginn 21. des.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Fjáraukalög 1994, stjfrv., 66. mál, þskj. 351, frhnál. 443, brtt. 380, 444 og 448. — Frh. 3. umr.

2. Fjárlög 1995, stjfrv., 1. mál, þskj. 383, frhnál. 464, brtt. 381, 426, 455, 456, 457, 465 og 466. — Frh. 3. umr.

3. Lánsfjárlög 1995, stjfrv., 3. mál, þskj. 3, nál. 449 og 458, brtt. 450. — Frh. 2. umr.

Fjarvistarleyfi:
Jón Baldvin Hannibalsson utanrrh.,
Pálmi Jónsson, 2. þm. Norðurl. v.

Aðalmaður tekur sæti á ný:
Össur Skarphéðinsson umhvrrh.

Útbýting þingskjala:
Fjárlög 1995, 1. mál, brtt. meiri hluta fjárln., þskj. 455; brtt. meiri hluta fjárln., þskj. 456; brtt. meiri hluta fjárln., þskj. 457; frhnál. meiri hluta fjárln., þskj. 464; brtt. meiri hluta fjárln., þskj. 465; brtt. GB og JónK, þskj. 466.

Tilkynning um utandagskrárumræðu.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):
Forseti vill láta þess getið að um kl. hálffimm í dag er gert ráð fyrir utandagskrárumræðu. Málshefjandi er Ólafur Ragnar Grímsson og fjmrh. verður til andsvara. Umræðan varðar verkfall sjúkraliða og fer fram skv. 1. mgr. 50. gr. þingskapa, hálftíma umræða.

Fjáraukalög 1994, frh. 3. umr.

Stjfrv., 66. mál. — Þskj. 351, frhnál. 443, brtt. 380, 444 og 448.

[10:37]

Frsm. minni hluta fjárln. (Jón Kristjánsson):
Virðulegi forseti. Hér er haldið áfram að ræða frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1994 en þessi 3. umr. hefði kannski ekki látið mikið yfir sér ef hér hefðu ekki orðið óvæntir atburðir í gær sem töfðu hana. Það eru ekki margar breytingar við fjáraukalagafrv. frá 2. umr. en hins vegar eru þær nægar til þess að það lá við handalögmálum í gær í þingsal og þurfti að fresta fundi í eina tvo tíma til þess að lægja öldurnar hjá stjórnarliðum um málið. Þá verður manni fyrst fyrir að spyrja: Er eitthvert samkomulag í þessu máli í ríkisstjórnarflokkunum? Það væri gott að fá það upplýst í umræðunni á eftir, t.d. þegar ég hef lokið máli mínu, hvort svo er. Í gær voru vinnubrögð meiri hluta fjárln. gagnrýnd mjög harðlega af tveimur hv. stjórnarliðum, svo ekki sé meira sagt. Það var eðlilegt að svo væri gert vegna þess að vinnubrögðin við þetta mál eru náttúrlega alveg dæmalaus og kom það fram í þessari stuttu umræðu í gær sem endaði með þessum einstæða hætti.

Það er náttúrlega ekki venjulegt að grg. með brtt., sem líta í fyrstu út fyrir að vera nokkuð sakleysislegar, valdi slíku uppnámi. Það var rakið í gær að vinnubrögðin voru með þeim hætti að eftir að fjárln. hafði sem heild afgreitt málið, þá var samin m.a. löng grg. um brtt. er varðar Byggðastofnun og meiri hlutinn gerði sér lítið fyrir og ætlaði sér að taka völdin í Byggðastofnun um þá málaflokka sem brtt. fjallaði um, að þingkjörin stjórn Byggðastofnunar þyrfti að mæta á fundi úti í fjárln. til þess að gera grein fyrir gjörðum sínum. Þetta ákvað meiri hlutinn án þess að bera þetta undir nefndina og útbýtti þessu plaggi þegar fundur átti að hefjast í gær og umræðan var svo gott sem hafin. Þetta er náttúrlega alveg með fádæmum og viðbrögðin voru auðvitað eftir því.

Það er grundvallaratriði að fá það upplýst við þessa umræðu hvort það er yfirleitt eitthvert samkomulag um þetta mál. Hver niðurstaðan hefur orðið af þingflokksfundi Sjálfstfl. í gær um málið. Það var ekki mjög friðvænlegt þegar menn skunduðu til þess fundar og ég er ekkert viss um að það sé búið að breiða yfir allt sem þessu tilheyrir.

Það var ekki nóg með þessa Byggðastofnunarklásúlu sem er á bls. 3 í nál. meiri hlutans þar sem segir svo: „Byggðastofnun er ætlað að gera fjárln. Alþingis sérstaklega grein fyrir ráðstöfun þessara fjármuna."

Síðan segir í liðnum þar sem fjallað er um jarðræktarlög: „Meiri hluti fjárln. hefur ákveðið í samráði við landbrh. og fjmrh. að leggja til 40 millj. kr. framlag vegna áburðarhúsa og vatnsveitna sem byggð voru á árunum 1992 og 1993 enda uppfylli jarðabætur þessi skilyrði jarðræktarlaga um greiðslur framlags. Jafnframt vilja sömu aðilar láta það koma skýrt fram að ekki verði um frekari fjárveitingar að ræða til framkvæmda samkvæmt jarðræktarlögum." — Svo mörg voru þau orð.

Það vill nú svo til að það eru lög í gildi í landinu og meiri hluti fjárln., með allri virðingu fyrir honum þó hann sé að verða ansi fyrirferðarmikill í seinni tíð, þá hefur meiri hluti fjárln., þó hann fái hæstv. fjmrh. og hæstv. landbrh. í lið með sér, ekkert umboð til að breyta lögum í landinu. Enda var þessu mótmælt harðlega í gær og ég er ekkert viss um að hv. 3. þm. Austurl. sem mótmælti í gær sé tilbúinn til að láta vaða yfir sig í þessu máli. Það á a.m.k. eftir að sýna sig.

En það er auðvitað nauðsynlegt að fá úr því skorið við þessa umræðu málsins og það komi skýrt fram og auðvitað getur það komið fram strax að lokinni ræðu minni hvort það er eitthvert samkomulag um þetta mál.

Eins og ég sagði í upphafi þá eru breytingarnar við fjáraukalagafrv. milli 2. og 3. umr. ekki mjög margar en geta verið nokkuð erfiðar samt. Minni hluti fjárln. skilaði nál. við 2. umr. málsins og skilar ekki sérstöku nál. við 3. umr. En eigi að síður vil ég gera nokkur atriði að umræðuefni sem varða tekju- og gjaldahlið fjáraukalaga.

Það hefur komið fram og er meginbreytingin á þessu fjáraukalagafrv. að þjóðarbúinu hefur fallið vinningur í skaut á þessu ári. Það segir reyndar í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar hinni margfrægu, í fyrstu málsgrein, að „einörð stefna ríkisstjórnarinnar og ábyrg afstaða launafólks og atvinnurekenda hefur tryggt meiri festu í efnahagslífinu en verið hefur um áratuga skeið." En það er auðvitað ekki einörð stefna ríkisstjórnarinnar sem hefur tryggt þennan vinning í tekjuhlið fjáraukalaga. Það er eins og fyrri daginn og verið hefur um áratuga skeið að það eru sveiflur í sjávarútvegi, já-

kvæðar uppsveiflur, sem tryggja þennan tekjuauka. Tekjuaukinn er 5 milljarðar kr. á árinu. Það hafa komið fram 2,4 milljarðar kr. til viðbótar við það sem komið var fram í september. En það er athyglisvert að þessi tekjuauki nægir ekki til þess að lækka halla ríkissjóðs á yfirstandandi ári. Þvert á móti, þrátt fyrir þennan tekjuauka þá eykst hallinn og er kominn í 10,5 milljarða kr. eins og nú standa sakir.

Það hefur einnig komið í ljós og kemur í ljós í 3. umr. fjárlaga, sem á að fara hér fram seinna í dag, að þessi bati er allur reiknaður út á næsta ár. Fjárlögin byggjast á áframhaldandi bata eins og hefur verið á síðasta ári í sjávarútvegi. Það er verið að gera út á þann bata. Það kemur glöggt fram í gögnum bæði sem hafa verið lögð fram í fjáraukalögum og í fjárln. að það er ekki snilli þessarar ríkisstjórnar sem tryggir þennan bata. Það er eingöngu þessi jákvæða þróun í sjávarútvegi.

Hér gefur fjmrn. undir stjórn fjmrh. hæstv. út fréttabréf. Það heitir Fjárhirðirinn. Það heitir nú ekki góði hirðirinn, fjárhirðirinn heitir það. (**Gripið fram í:** Geta nú bara breytt nafninu.) Ég veit það ekki. En í 2. tölubl. 2. árgangs í nóvember sl. er rætt um veltu einstakra atvinnugreina árið 1994. Þar kemur fram að velta í sjávarútvegi hefur aukist um 15% frá því á síðasta ári. Þetta er auðvitað batinn í hnotskurn. Velta í öðrum greinum hefur ekki aukist neitt nándarnærri eins og þessar tölur um sjávarútveginn gefa til kynna. Það hefur margsinnis komið fram í umræðum í Alþingi hvaða ástæður eru fyrir þessum bata í sjávarútvegi. Það eru úthafsveiðarnar, mjög góð loðnuvertíð fyrri hluta ársins og síðast en ekki síst atriði sem hefur ekki verið mikið í umræðunni, að verðlag á sjávarafurðum hefur farið hækkandi á erlendum mörkuðum ekki síst seinni part ársins og skörp verðhækkun hefur verið á síðustu mánuðum ársins. Sérfræðingar Þjóðhagsstofnunar hafa gefið það upp í viðræðum við fjárln. að 5% hækkun á sjávarafurðum í bolfiski gefi þjóðarbúinu álíka tekjur og 40 þús. tonna afli. Þannig að þessi þróun er náttúrlega gríðarlega mikilvæg. Jafnframt er það skoðun sömu sérfræðinga að þessi þróun fari skarpast af stað og síðan fjari þessi áhrif út en vonandi heldur þessi jákvæða þróun í verði sjávarafurða áfram.

Hins vegar er ekki fyrir það að synja að áætlanir fyrir næsta ár, og það verður auðvitað rakið í umræðum um fjárlög næsta árs, um tekjuhlið fjárlaga sem fer hér fram síðar í dag, um tekjur sem eru byggðar á mjög mikilli óvissu svo ekki sé meira sagt. M.a. hefur loðnuvertíð algjörlega brugðist nú á haust- og vetrardögum þó vonandi rætist þar úr þegar kemur fram yfir áramót og líður fram á vetur. Það er líka gagn að svo verði því sjávarútvegurinn er að laga sig að þessum aðstæðum og fjárfesta með tilliti til góðrar loðnufrystingar á næsta vetri.

Þó að þessi jákvæðu teikn séu í tekjunum og í sjávarútveginum þá er atvinnuvandinn, vandi launafólks, algjörlega óleystur. Það er staðreynd að atvinnuleysi verður fast að 5% á yfirstandandi ári og Þjóðhagsstofnun spáir á næsta ári að það lækki samkvæmt nýjum spám um 0,3% en það er með öllum þessum fyrirvörum sem ég gat um. Atvinnuvandinn er ekki síst ástæða þess að allur tekjuaukinn fer í útgjöld og rúmlega það. Það er þessi innbyggði vandi í ríkisfjármálin sem stafar af atvinnuleysinu, það er hann sem skiptir sköpum í þessum efnum. Það er ekki síst óvissan í launamálum sem skiptir sköpum um horfurnar á næsta ári. En ég ætla ekki að gera það nánar að umræðuefni í þetta sinn.

Eins og ég gat um fyrr í máli mínu þá er halli fjárlaga nú við 3. umr. samkvæmt þeim breytingum sem fjáraukalögin gera ráð fyrir um 10,5 milljarða kr. Það má geta þess að heimildir frá fyrra ári sem voru geymdar og voru endurvaktar í fjáraukalögum eru tæpir 2 milljarðar kr. Það er heimild til að flytja á milli ára og það kann að vera að það verði einhverjar heimildir ónotaðar um áramótin. Eitthvað af því fellur niður en eitthvað þarf að endurvekja aftur á næsta ári í fjáraukalögum. Þarna eru um 2 milljarðar kr. að ferðast á milli ára.

En ég vík þá að þeim brtt. sem gert er ráð fyrir og vil sérstaklega víkja að fyrstu brtt. varðandi framlög til Byggðastofnunar. Þetta er orðin nokkuð fræg brtt. svo ekki sé meira sagt. Það er gert ráð fyrir 50 millj. kr. viðbótarframlagi til að fjármagna atvinnuuppbyggingu á þeim svæðum sem hafa orðið fyrir mestum samdrætti í sauðfjárframleiðslu og er það í samræmi við búvörusamninginn og það er náttúrlega alveg einkennandi hvað þarf í rauninni að ganga mikið á til þess að hæstv. ríkisstjórn uppfylli samninga sem gerðir hafa verið. Ætti það að vera bæði hæstv. ráðherrum og þingmönnum nokkurt umhugsunarefni að trekk í trekk skuli vera skrifað undir samninga um hina ólíkustu hluti og síðan sé fyrsta tækifærið notað til þess að reyna að brjóta þá samninga eða koma sér hjá því að uppfylla þá. Það má auðvitað segja að Alþingi hafi löggjafarvaldið og löggjafarvaldið felur það í sér að það er hægt með nýjum lögum að skerða samninga. En það breytir ekkert þessari gjörð í sjálfu sér. Þetta verður til þess að auka tortryggni gagnvart ríkisvaldinu í flestum greinum, að ríkisvaldinu sé ekki treystandi til þess að gera samninga. Einstaklingar sem gera samninga geta ekki treyst á það að ef svo vill verkast þá geti þeir breytt forsendunum og ég held að það eigi að vera almenn regla, eða það er mín skoðun, fyrir ríkisvaldið að reikna með því að uppfylla þá samninga sem gerðir eru en skrifa ekki undir þá að öðrum kosti. Þetta er náttúrlega dæmalaus brtt. Ekki það að hún horfir í jákvæða átt, efnislega er ég sammála henni, en það er dæmalaust hvernig hún er tilkomin. Þó að þetta framlag til sauðfjárræktarinnar sé samningsbundið og hafi verið skrifað undir það á sínum tíma þá vita allir sem fylgjast með málum hér að það voru hörkuátök milli stjórnarflokkanna um þetta mál, hvort það ætti að leggja fram þessar 50 millj. kr. til að uppfylla búvörusamninginn. Það stóð hér í stórstyrjöld um það eftir að ríkisstjórnin hóf störf aftur eftir uppákomurnar sl. haust þá hóf hún störf eina helgi fyrir rúmlega viku og fór að semja yfirlýsingar og ályktanir og takast á um einstök mál eftir dvala sumarsins og ýmsar óþægilegar uppákomur á síðasta hausti sem ég ætla ekki að rekja.

Það er fljótt frá sagt að það var verslað. Það var fjallað hér í gær um útflutning á hrossum en þarna voru gerð hrossakaup. Það var samþykkt að koma inn 20 millj. kr. í viðbót við þessar 50 millj. kr. til smábátaeigenda, þannig ætlaði Alþfl. að bjarga andlitinu í málinu. Þeim er ekki ljúft að uppfylla samninga við bændastéttina en gátu réttlætt það með þessu að fá inn þessar 20 millj. kr. Nú er mér spurn hvernig eigi að úthluta þessum 20 millj. í öllum þeim erfiðleikum sem þessi útgerð á við að etja. Ég vil ekki segja að þetta sé ekki betra en ekkert. En þetta er náttúrlega alveg eins og dropi í hafið. Ég skil ekkert í því hvers vegna meiri hluti fjárln. vill taka á sig þann kross að úthluta þessu fé. Það er alveg óskiljanlegt því mér er kunnugt um að það er hálfgerður hrollur í stjórn Byggðastofnunar að þurfa að úthluta þessu miðað við þær þarfir sem eru í þessari útgerð. Þar verða einhverjir skildir út undan, það er alveg ljóst. (**GunnS:** Ekki ertu á móti framlaginu?) Nei, hv. 5. þm. Austurl., ég er ekki á móti framlaginu en ég öfunda þá ekki sem þurfa að úthluta því. (**GunnS:** Myndir þú vilja að við gerðum það í fjárln. að úthluta?) Ég sagði það, hv. 5. þm. Austurl., að ég botna ekkert í því hvers vegna fjárln. vill taka þennan kross af stjórn Byggðastofnunar að úthluta þessum fjármunum sem eru settir þarna inn til þess að bjarga heiðri Alþfl. að þeirra eigin dómi. En honum er ógnað með því að lagðar eru 50 millj. til að uppfylla búvörusamninginn.

Síðan eru jarðræktarlögin. Það er jákvætt að setja þar inn 40 millj. Hitt er svo annað mál að ég hef aldrei skilið þá framkvæmd sem verið hefur í sambandi við jarðræktarlögin. Hvers vegna er fjárveitingavaldið á hverju ári alltaf að reyna að koma sér undan því að uppfylla ákvæði jarðræktarlaga og hafa halann á eftir sér í þessum lögum? Af hverju er þeim ekki breytt ef núverandi stjórnvöld ætla sér ekki að borga þessi framlög? Aðferðin er að taka út úr lögunum tvö ágæt verkefni og nauðsynleg sem verður ekki hjá vikist og byggja haughús vegna heilbrigðiskrafna og endurnýja vatnsveitur. Þau tvö verkefni eru tekin út úr og greidd en annað á ekki að greiða þó að lögin kveði á um það. Ég skil ekki svona framkvæmd. Jarðræktarlögin kveða á um stuðning við ýmsa þróunarstarfsemi og nýbreytni í landbúnaði. Ég get alveg skilið að hefðbundin jarðrækt er ekki eins mikilvæg og áður. En það er ekki þar með sagt að það eigi að stöðva alla þróun í þessari atvinnugrein, t.d. ræktun skjólbelta svo eitthvað sé nefnt, þó afturkippur verði í hefðbundinni jarðrækt. Ef ríkisvaldið ætlar sér ekki að standa við þessi lög þá á að endurskoða þau og breyta þeim og standa svo við þau. Núverandi ástand er alveg óviðunandi. Hins vegar er ég þeirrar skoðunar að það eigi að styðja áfram verkefni í landbúnaði sem falla undir jarðræktarlög og eru nauðsynleg. Þessi framkvæmd er náttúrlega alveg útilokuð eins og þessar brtt. gera ráð fyrir og hvað þá hin furðulega greinargerð sem fylgir um einræðisvald meiri hluta fjárln. og hæstv. landbrh. og fjmrh. í málinu.

Ég ætla ekki að hafa öllu fleiri orð um þetta frv. að sinni. Meginlínurnar í því eru þær að tekjurnar aukast á árinu frá því sem áætlað var um 5 milljarða kr. Allur sá ávinningur fer í útgjaldaauka og rúmlega það. Höfuðástæðan fyrir því er að ríkisstjórninni hefur ekki tekist að ráða við atvinnuvandann í landinu og ríkisfjármálavandann af þeim sökum. Þess vegna verður þessi mikli ávinningur í tekjunum sem stafar af uppsveiflu í sjávarútvegi ekki til þess að laga stöðu ríkissjóðs. Það er sú mynd sem við blasir. Það kemur berlega fram í þeim gögnum sem lögð hafa verið fram í umræðum þessa máls að það hefur ekki tekist að koma öðrum atvinnugreinum í það horf að þær taki við fleira fólki og atvinnuleysisvandinn er óleystur. Það er mergurinn málsins og sú mynd sem blasir við hér.

Ég fjallaði ítarlega um þetta fjáraukalagafrv. við 2. umr. og ég ætla ekki að hafa fleiri orð um það að sinni. En mér finnst mergurinn málsins sá, áður en umræðunni er haldið áfram og það er hægt í andsvörum við mína ræðu, að upplýsa hvort það er eitthvert samkomulag í Sjálfstfl. um þetta mál og hvort Alþfl. er þá dús við það samkomulag sem þar hefur tekist.

[11:09]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Sigbjörn Gunnarsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Vegna orða hv. þm. Jóns Kristjánssonar hér á undan þá vil ég láta þess getið að þskj. 443 hefur verið prentað upp og á brott felld niðurlagssetningin um Byggðastofnunarkaflann og reyndan tvö orð í kaflanum sjálfum annars staðar. Við alþýðuflokksmenn höfum ekkert við það að athuga. En ég get hins vegar að sjálfsögðu ekki svarað fyrir Sjálfstfl.

[11:10]

Frsm. minni hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég heyri að hv. 1. þm. Vestf. hefur skotið byltingarliðinu í fjárln. skelk í bringu og það er búið að fella út ákvæðið um að Byggðastofnun sé ætlað að gera fjárln. grein fyrir ráðstöfun fjármunanna. Svo yfirtakan á stjórn Byggðastofnunar hefur sem sagt mistekist. En þetta var ekki nema helmingurinn af málinu. Hv. 3. þm. Austurl. var nú kannski ekki alveg eins reiður og hv. 1. þm. Vestf. í gær en hann hafði líka stífar athugasemdir við texta sem varðaði landbrn. um jarðræktarlög og löggjafarvald meiri hluta fjárln. í þeim efnum. Það væri fróðlegt að fá það upplýst hvort það mál væri einnig leyst.

[11:12]

Eggert Haukdal *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er ekki kominn hér upp til að svara fyrir um samkomulag vegna þeirrar uppákomu sem hér varð í gær sem var náttúrlega alveg makalaus en eðlileg út frá því sem svokallaður meiri hluti fjárln. hafði gengið frá.

Það er eiginlega merkilegt, þessi lokaði klúbbur sem meiri hluti fjárln. er, kannski hefur það verið alla tíð en það er aldrei eins og nú, að hv. fjárln. eða meiri hlutinn virðist ekki þurfa að ræða við hinn almenna þingmann og gerir þess vegna þau axarsköft sem hér voru rædd í gær sem nú er búið að bjarga að hluta með því að taka út það sem sagt var um Byggðastofnun en hitt stendur alveg óhreyft varðandi landbúnaðarþátt-

inn. Það er sem sagt búið, meiri hluti fjárln. virðist vera búinn að setja þarna inn í greinargerð og telur að það séu víst nánast lög að ákveða með þessum orðum að Jón Baldvin, hæstv. ráðherra, ráði í ríkisstjórn á næsta kjörtímabili. Það virðist vera búið að ganga frá því og enn aukast nú völd þess ágæta manns og ef þeir koma þessu fram eins og þeir vona. En furðulegt er ef núv. meiri hluti getur gengið frá því hvað gert verður í jarðræktarlögum á næsta kjörtímabili. Að sjálfsögðu þarf að breyta jarðræktarlögum. Það er eðlilegt í dag að það sé dregið úr þeim stykjum en það verður ekki gert með þessum hætti. Það þurfa hins vegar að verða styrkir til ákveðinna greina. Það þarf að styrkja upphreinsun skurða vegna kornræktar og fleira.

Ég vildi aðeins undirstrika afstöðu mína í þessu máli. Það er með ólíkindum hvernig hv. meiri hluti fjárln. hefur hagað sér í þessu máli.

[11:14]

Frsm. minni hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vissi að þessi grein væri samin af þungavigtarmönnum en hins vegar gerði ég mér ekki grein fyrir því að þarna væri um stjórnarmyndunarsamning að ræða fyrir næstu ríkisstjórn. Það eru alveg nýjar upplýsingar fyrir mig frá hv. 6. þm. Suðurl. og þar til viðbótar að hæstv. utanrrh. Jón Baldvin Hannibalsson væri forsætisráðherraefni í slíkri ríkisstjórn. Ég held að þessi landbúnaðarkafli sé mikilvægari en nokkurn grunaði. Ég er búinn að fá orðsendingu frá hv. 3. þm. Austurl. að hann sé á mælendaskrá og ég bíð þá spenntur eftir því að heyra ræðu hans, bæði um þetta mál og hvernig hann lítur á þennan afspyrnumikilvæga kafla í brtt. sem öðlast nú meira innihald en ég hafði gert mér grein fyrir áður.

[11:16]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er óumdeilanlegt að ýmsar nýjar upplýsingar koma fram í þessum umræðum þegar menn fara jafnvel að ræða stjórnarmyndun undir liðnum frv. til fjáraukalaga.

Virðulegi forseti. Við 2. umr. um fjáraukalagafrv. gerði ég grein fyrir skoðunum mínum á þessu frv. og fór yfir helstu atriði frv. með þeim brtt. sem þá lágu fyrir. Síðan hafa komið fimm brtt. og svo sem öllum er kunnugt og alþjóð sennilega líka þá varð mikið fjaðrafok út af þessum fimm brtt. í gær. Síðan hafa borist á borð okkar þingmanna í morgun endurprentað framhaldsnefndarálit þar sem tekin hefur verið út síðasta skýringin á fyrstu brtt. en sú skýring var svohljóðandi, með leyfi forseta: „Byggðastofnun er ætlað að gera fjárln. Alþingis sérstaklega grein fyrir ráðstöfun þessara fjármuna.“ Þ.e. fjármuna sem renna til Byggðastofnunar. En samkvæmt endurprentun er þessi síðasta málsgreinin tekin út og virðist því hv. 1. þm. Vestf. hafa haft erindi sem erfiði. En eftir stendur annað ágreiningsmálið sem tafði mál alllengi í gær og er enn þá uppi og ég verð að lýsa því, eins og hv. 2. þm. Austurl., að ég bíð spennt eftir því að heyra hvað hv. 3. þm. Austurl. hefur um málið að segja á eftir.

Auðvitað liggur ljóst fyrir að sá bati sem orðið hefur í efnahagslífinu á þessu yfirstandandi ári fer allur og meira til hvað varðar fjárhag ríkissjóðs í þau fjáraukalög sem við höfum fjallað um í haust og dugar ekki til því að það verður búið að samþykkja fleiri brtt. og hærri upphæð en batinn segir og tekjuaukinn í ríkissjóð. Hitt er kannski öllu verra að samkvæmt þeim efnahagsbata, sem hefur orðið, virðist vera búið að reikna upp að fjárlög næsta árs munu einnig taka mið af því og gengið sé út frá því sem vísu að sá efnahagsbati haldi áfram á næsta ári. Þar eru menn að gera út á óvissa framtíð en viðurkenna þó staðreyndirnar í dag, þ.e. maður stendur frammi fyrir því að það hefur orðið tekjuauki og honum er þá ráðstafað í ýmis verkefni sem var óneitanlega bent á, ekki hvað síst af minni hluta fjárln. og stjórnarandstöðuþingmönnum á þingi við fjárlagagerð yfirstandandi árs, að þau fjárlög, sem við erum að vinna eftir á þessu ári, væru ekki raunhæf sem hefur auðvitað komið á daginn. En allt um það er þó efnahagsbati sem allir hljóta að fagna að orðið hefur og nú á að gera út á hann á næsta ári líka en þar er á mjög mikla óvissuþætti að treysta á því samkvæmt áliti Þjóðhagsstofnunar getur brugðið til beggja vona í þeim efnum.

Þrátt fyrir það hefur verið orðið við ýmsum nauðsynlegum breytingum með leiðréttingu og vil ég lýsa ánægju minni með að það hefur orðið við því að auka framlag til Byggðastofnunar og standa þannig við búvörusamninginn að einhverju leyti. Hins vegar liggur ljóst fyrir að ekki hefur verið staðið við hann hvað þetta ákvæði varðar á undanförnum árum enda hefur Byggðastofnun t.d. lýst því yfir að einungis á árinu 1993 hafi stofnunin aðeins fengið 20 millj. kr. en átti að fá samkvæmt búvörusamningi 100 millj. kr. og því telur stofnunin að það vanti núna miðað við þessi áramót 230 millj. kr. Þess vegna eru þær 50 millj., sem hér eru fyrirhugaðar, ekki nema lítill hluti af þeirri upphæð sem Byggðastofnun átti að hafa samkvæmt búvörusamningi til þess að aðstoða bændur sérstaklega á sauðfjárræktarsvæðum.

Menn hafa verið að togast á um það hvernig eigi að skilja þessi ákvæði í búvörusamningum en það stendur samt sem áður eftir að ekki hefur orðið við þeim fjármunum sem þar voru tilgreindir. En vonandi verða þessar 50 millj. þó til þess að bæta eitthvað þann skaða sem orðinn er í sauðfjárræktinni og aðstoða bændur sem eiga þar margir hverjir mjög erfitt uppdráttar. Það er líka merkilegt hvernig hefur verið staðið að því að framfylgja stefnunni í sauðfjárræktarmálunum, þ.e. að sú skerðing, sem þar hefur verið ákveðin, skuli ævinlega koma jafnt yfir alla, að það skuli vera skert hvort sem um er að ræða sauðfjárbændur á svæðum þar sem sauðfjárrækt er nánast eina greinin sem hægt er að vera með og landið býður upp á og er ekki ofnýtt. Þar hefur ekki verið tekið það tillit að hafa heldur rýmri ákvæði og skerða heldur á þeim svæðum þar sem möguleikar eru á öðrum búrekstri og einnig þar sem landið sé hugsanlega í hættu með því að of mikil sauðfjárbeit sé á því.

En þetta er stefna, sem ég er að lýsa hér og sem ég

hefði heldur viljað sjá, sem hefur ekki komist í framkvæmd og ekki hefur fengist nægur stuðningur fyrir. Þar er einnig bændum sjálfum að kenna því að þeir hafa ekki viljað taka á þessu máli. Þeir hafa litið svo á að þetta væri ákvörðun stjórnvalda og stjórnvöld hafa ekki heldur talið sér fært að gera það. Mér finnst það mjög miður. Ég held að þarna hafi bara þurft pólitíska ákvörðun.

Uppgjör við sveitarfélög. Þar er verið að bæta við 7 millj. kr. til þess að gera upp við grunnskólann á Stöðvarfirði, sem hefur verið lengi í byggingu, og ágreiningur er um hvort ríkið hafi þar staðið við sín lögbundnu framlög. Þetta er samningur sem þar náðist og ég hygg að það sé allt rétt sem þar er verið að gera.

Síðan kemur þetta mikla ágreiningsmál sem hv. 3. þm. Austurl. ætlar að ræða á eftir, þ.e. jarðræktarlögin og jarðræktarframlögin. Það segir svo með þessum skýringum, með leyfi forseta:

„Í lögum um ráðstafanir í ríkisfjármálum fyrir árið 1992 var lögum breytt í þá veru að allur réttur til framlaga samkvæmt jarðræktarlögum væri háður fjárveitingu Alþingis. Með þessu ákvæði var verið að tryggja að frá og með árinu 1992 myndaðist ekki sjálfkrafa réttur til framlaga samkvæmt jarðræktarlögum. Frá því að þessi breyting var gerð hefur mikill þrýstingur verið á stjórnvöld að veita framlög vegna bygginga áburðarhúsa og vatnsveitna. Til þess er vitnað að jarðabætur séu að stórum hluta til komnar vegna stjórnvaldsákvæða um hreinlæti við mjólkurframleiðslu."

Ég vil gera þetta nokkuð að umtalsefni. Á árinu 1992 var ákveðið að reyna að koma á ákveðnum skerðingum í jarðræktarframlögum en á sama tíma eru gerðar kröfur um að bændur byggi áburðarhús og vatnsveitur og auki hreinlætisaðstöðu sína, bæti heilmiklum kostnaði á búreksturinn við það að byggja þessi áburðarhús og nýjar vatnsveitur. Þeim er nánast stillt upp við vegg að þeir eru ekki viðurkenndir framleiðendur ef þeir koma ekki þessum málum í lag. Mér er kunnugt um að ýmsir bændur sem ég þekki stóðu frammi fyrir því að þeir yrðu að gera þetta ef þeir ætluðu að halda áfram mjólkurframleiðslu sinni.

Þetta er samkvæmt lögum og kröfum sem stjórnvöld hafa gert og er þá ekki ósköp eðlilegt að þau lög sem kveða á um þetta verði að standa og framlög séu veitt samkvæmt þeim lögum? En því miður er of mikil tilhneiging til þess á Alþingi að setja lög sem kveða á um ákveðin fjárframlög og koma síðan eftir á og skerða þau.

Ég tel að þetta sé ekki hægt að gera með bókun og lýsingu á brtt. í fjáraukalögum, það sé ekki hægt að láta það koma skýrt fram að það verði ekkert um frekari fjárveitingar að ræða samkvæmt jarðræktarlögum. Við verðum auðvitað að horfast í augu við það að jarðræktarlög eru í gildi og þeim verður að framfylgja á meðan þeim hefur ekki verið breytt. Þeim er ekki hægt að breyta með einni skýringu eða lýsingu við eina brtt. í fjáraukalögum. Það er alveg fáránlegt.

Auðvitað hafa orðið miklar breytingar í búháttum hin síðari ár en einmitt eins og ég var að lýsa áðan eru kröfurnar jafnvel orðnar meiri og bændum í raun og veru gert ófært að halda störfum sínum áfram nema því aðeins að þeir fullnægi þeim kröfum sem gerðar eru samkvæmt lögum. Það er ekki nægilegt að gera kröfurnar ef engin fjárframlög eru til þeirra. Þess vegna held ég að þetta ákvæði geti ekki verið inni og að nauðsynlegt sé að taka það út og skoða síðan jarðræktarlögin og hvort hugsanlega er hægt að finna þar einhverja samkomulagsleið til breytinga, það má vel vera, en ég sé það ekki á þessari stundu.

Fjórði liðurinn í brtt. meiri hlutans er Jöfnunarsjóður sveitarfélaga. Þar er framlag hækkað um 65 millj. kr. Miklar bréfaskriftir hafa farið fram, bæði frá Sambandi ísl. sveitarfélaga og Fjórðungssambandi sveitarfélaga og einstakra sveitarfélaga líka um þessi mál milli ríkisvaldsins og þeirra og hv. fjárln. hefur fengið afrit af ýmsum þessum bréfum. Sum eru þess eðlis að tæplega er hægt að lesa þau upp þar sem verið er að ræða um þann svokallaða toll sem hér er verið að tala um og ég ætla ekki að gera það að umtalsefni heldur fyrst og fremst það að ég tel ekki hægt að svelta Jöfnunarsjóð sveitarfélaga á þann hátt að vegna þess að Innheimtustofnun getur ekki staðið við sitt verði að svelta jöfnunarsjóð. Það hefur komið fram að það er mikið af óinnheimtum barnsmeðlögum og ríkisvaldið hefur tekið á sig ákveðnar skuldbindingar með samkomulagi sem gert var árið 1993 þegar meðlög voru hækkuð og vitaskuld verður ríkisvaldið að standa við þann samning sem þá var gerður.

Það hefur verið farið fram á það af hálfu Sambands ísl. sveitarfélaga að það komi framlag á fjáraukalögum upp á 160 millj. kr. en hér er aðeins orðið við 65 millj. kr. af þeirri beiðni. Hvort það nægir til þess að fleyta jöfnunarsjóðnum fram yfir áramótin skal ég láta ósagt en ég hygg að aðeins sé verið að ýta vandanum á undan sér fram yfir áramót og síðan þurfi að takast aftur á við þetta vandamál strax í fjárlögum eða í byrjun árs. Það er alveg ljóst að jöfnunarsjóðurinn gat ekki, samkvæmt þeim fjármunum sem hann hafði, greitt nema 40% af þjónustuframlögum sveitarfélaga sem voru með innan við 3.000 íbúa og áttu rétt á þessu. Það er engan veginn hægt að sætta sig við að þau sveitarfélög sem eru með undir 3.000 íbúa taki á sig allar skerðingar út af þessu. Það hljóta að vera barnsfeður á fleiri stöðum en þar sem eru 3.000 manna sveitarfélög og engan veginn hægt að sætta sig við það óréttlæti sem fram kom í því að þessi þjónustuframlög væru skert.

Ég hygg að þetta sé engan veginn nóg til þess að jöfnunarsjóðurinn geti staðið við sitt en það er þó, eins og ég sagði, spor í rétta átt.

Það er einn liður sem er lagður fram á brtt. sem ég geri ráð fyrir að verði kynnt á eftir og er á þskj. 448 sem ég er flm. að ásamt Guðna Ágústssyni og fleirum. Þar er verið að taka á vandamálum smærri hitaveitna sem nauðsynlegt er að skoða. Það hefur verið gert nokkuð í því að skoða vanda hitaveitna en allmargar smærri hitaveitur eru þó eftir og ég tel alveg nauðsynlegt að verða við þessu. Það ætti raunar ekki að vefjast fyrir hæstv. ríkisstjórn að verða við þessari

brtt. þar sem hún hefur ítrekað lýst því yfir frá hvítbók, sem kom út árið 1991, að hún stefndi að því að lækka húshitunarkostnað. Þetta hlýtur að vera eitt sporið af því sem hægt væri að gera og ekki það alstærsta en mundi líklega vera til mikilla hagsbóta fyrir þær hitaveitur sem hér eiga hlut að máli og þá notendur þeirra hitaveitna.

Ég ætla ekki að ræða það svo sem frekar nú því ég geri ráð fyrir að hv. flm. brtt. muni gera grein fyrir henni á eftir.

Þá hefur einnig komið önnur brtt. sem ég verð að lýsa stuðningi mínum við. Það er brtt. á þskj. 380 sem er frá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og Kristínu Ástgeirsdóttur þar sem Framkvæmdasjóður fatlaðra á að fá 85 millj. kr. Er aðeins verið að viðurkenna það að erfðafjárskattur er í raun miklu hærri á þessu ári en reiknað var með og þess vegna eðlilegt að þetta komi fram til að Framkvæmdasjóður fatlaðra fái lögboðin framlög eins og honum ber samkvæmt lögum.

Virðulegi forseti. Ég hef nú lokið við að fara yfir þessar brtt. að mestu leyti og hef ekki mikið meira um þær að segja á þessu stigi. Ég vænti þess að það sem hér stendur enn eftir verði skoðað betur. Við eigum eftir 3. umr. fjárlaga í dag og þessi umræða um fjáraukalög fyrir árið 1994 tengist óneitanlega umræðu um fjárlög 1995.

Það er eitt mál sem ég vildi nefna aðeins og það er beiðni frá Ríkisspítölum um að málefni kvennadeildar yrðu sérstaklega skoðuð. Þar er talið að það vanti allmikið upp á fjárframlög. Mér barst bréf frá kvennadeild Landspítalans í desember þar sem óskað er eftir því að þetta sé skoðað annaðhvort við afgreiðslu fjáraukalaga eða fjárlaga. Með leyfi forseta segir í þessu bréfi:

„Í fjárlagabeiðnum Ríkisspítala er beiðni um sérfræðing á kvennadeild Landspítalans sem tengist rannsóknarvinnu. Um er að ræða 85% stöðuhlutfall og á að nýtast sérfræðingi í erfðafræði og erfðafræðirannsóknum, m.a. með tilliti til þess að geta náð til Íslands hluta af þeim styrkjum sem fáanlegir eru úr Evrópusamstarfi um rannsóknir og Íslendingar eru nú þegar aðilar að. Það er sótt um 100% stöðu en til ráðstöfunar er 15% stöðuhluti sem er notaður í erfðaráðgjöf á kvennadeild og getur losnað til að tengjast rannsóknarvinnunni þegar á þarf að halda. Því er 85% stöðuhluti nóg. Líklegur umsækjandi í slíka stöðu er fyrir hendi."

Síðan er lýsing á því en í lokin segir: „Umsókn Ríkisspítala er til komin vegna stefnumörkunar hjá stjórnarnefnd á síðasta ári um eflingu rannsókna á spítalanum og þá eru hágæða-, sameinda- og erfðarannsóknir af því tagi sem hér um ræðir ákveðin undirstaða framþróunar í lífvísindum, jafnt í grunnrannsóknum sem hagnýtum rannsóknum framtíðar."

Þetta er fyrri hluti bréfs frá Reyni T. Geirssyni, sem er prófessor við kvennadeild Landspítalans, og hef ég ekki lesið það frá orði til orðs.

Síðan er annar liður í þessu bréfi þar sem talað er um að heilbrrn. hafi verið sendar tillögur um endurbætur og aðstöðu í sambandi við fæðingar og mæðravernd á kvennadeild og Fæðingarheimili Landspítalans. Þær fela í sér nýtingu á öllu húsnæði fæðingarheimilisins og bent er á að þetta sé valmöguleiki fyrir fæðingar á Reykjavíkursvæðinu og síðan að helmingur þessa húsnæðis verði notaður undir eina sérhæfða mæðraverndarmóttöku á Reykjavíkursvæðinu og kæmi það í stað tveggja sem nú eru reknar. Það telur prófessorinn að bjóði upp á styrkari og betur búna mæðraverndarmóttöku og leiði einnig til hagræðingar.

Ég hef ekki orðið vör við að þetta hafi fengið neinn hljómgrunn í hv. fjárln. — Virðulegi forseti, er hv. formaður fjárln. langt undan til að spyrja hann að því hvort ekkert hafi verið um þetta fjallað í meiri hluta fjárln. Vel getur verið að það hafi verið fjallað um þetta á þeim fundum því það hafa svo margir fundir verið haldnir þar sem minni hlutinn hefur ekki verið með á.

(**Forseti** (VS): Hv. formaður fjárln. er ekki í þinghúsinu. Forseti vill benda hv. þm. á hv. 3. þm. Vestf. sem er í þingsalnum og tilheyrir meiri hluta fjárln.)

Virðulegi forseti. Ég hefði haldið það að hv. formaður fjárln. mundi telja sér fært að sitja þingfundi á meðan verið er að fjalla um mál sem eru á sviði hv. fjárln. En ef hv. 3. þm. Vestf. getur svarað þessu þá er það raunar ágætlega þegið.

Hér segir áfram í bréfinu að það sé verið að fullvinna þessar tillögur sem hér voru nefndar og það sé vilji fyrir því að fara þá leið að búa þetta til í fæðingarheimilinu og einnig stækkun glasafrjóvgunardeildar en svo sem kunnugt er er mikil þörf fyrir betri aðstöðu fyrir glasafrjóvgunardeildina og þar bíða tugir manna. Talað er um að biðtími í það sé núna tvö og hálft ár en húsnæði fyrir glasafrjóvgun er mjög þröngt og deildin býr við mjög slæman kost eins og er.

Lagfæring fæðingarheimilisins fyrir mæðravernd mundi kosta um 13 millj. og breytingu á aðstöðu fyrir glasafrjóvganir um 18 millj. Þessa breytingar á kvennadeild væru sem sagt allt í allt í kringum 35 millj. kr. og er þetta lægri upphæð en áður hefur verið nefnd. Viðbyggingu við kvennadeild sem einnig hefur verið rædd innan fárra ára þyrfti annars að koma til og það yrði a.m.k. fimm sinnum dýrari kostur. Þennan kost þarf hins vegar að taka fyrir strax á næsta ári ef enginn hljómgrunnur hefur verið fyrir því að afgreiða þetta nú, sem ég reyndar sé ekki í fjáraukalögum, en ég vildi samt sem áður færa þetta í tal svoleiðis að þingmönnum gæfist kostur á að vita um þetta. Það má líka geta þess að hér er ekki eingöngu um framlag frá ríkinu að ræða því tekjur af glasafrjóvgunum hafa verið miklar. Fólk borgar mjög mikið fyrir þessa þjónustu og það er hægt að reikna með því jafnvel að slík fjárfesting gæti skilað arði, eða það mundi koma fljótlega a.m.k., fyrir utan það að fjárfesting í mæðravernd er óbein.

Það er sem sagt stiklað á stóru úr þessu bréfi frá Reyni T. Geirssyni, prófessor á kvennadeild Landspítalans, og mér þætti mjög gott að fá umræðu um það hér því hann óskar eftir því að þetta sé tekið til umræðu annaðhvort í fjáraukalögum eða fjárlögum næsta árs.

Virðulegi forseti. Það er ekki fleira sem ég hef fram

að færa sérstaklega í sambandi við fjáraukalagafrv. Það er verið að ganga frá ákveðnum málum og það þarf að ljúka þessu máli. Það er mjög eðlilegt að ljúka fjáraukalögum áður en tekin er lokaumræða um fjárlög næsta árs því óneitanlega tengjast þessi mál mjög.

[11:44]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. 6. þm. Vestf. spurði í tilefni af bréfi frá prófessor Reyni Tómasi Geirssyni um málefni kvennadeildar Landspítalans. Þannig er að þau mál sem snúa að Ríkisspítölunum voru tekin til umræðu og umfjöllunar í hv. fjárln. og síðar á vettvangi ríkisstjórnarinnar og hæstv. heilbrrh. gerði sérstakt samkomulag við Ríkisspítala um þau mál sem snúa að Ríkisspítölunum sjálfum. Við litum svo á að hér væri um að ræða fullnaðarsamkomulag milli Ríkisspítalanna og ríkisvaldsins um málsmeðferð fyrir Ríkisspítalana á árunum 1994 og 1995 eins og það mun birtast í fjárlögum. Við töldum ekki ástæðu til þess að hafast frekar að. Við skoðuðum þessi mál og okkur er mjög vel ljós þau mál sem voru reifuð í máli og bréfi Reynis Tómasar Geirssonar. Það hafa komið að máli við mig a.m.k. persónulega einstaklingar sem þetta mál snertir þannig að mér er mætavel ljóst þetta mál. Hins vegar töldum við ekki að það væri á okkar færi að taka þetta mál sérstaklega fram fyrir og teljum að það eigi að leysa það innan vébanda Ríkisspítalanna.

[11:45]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir svörin en þau leysa ekki þetta mál sem ég var að spyrja um. Það er alveg ljóst að það hefur ekki verið tekið á þessu í afgreiðslu fjáraukalaga og þó gert hafi verið samkomulag um ákveðin atriði í fjárlögum næsta árs þá er það heldur ekki þar að finna. Ég tel mjög nauðsynlegt að taka þessi mál til alveg sérstakrar athugunar. Við vitum hvernig aðstaða fæðandi kvenna hefur verið hér á Reykjavíkursvæðinu. Þær hafa barist fyrir því í mörg ár að fá betri aðstöðu og bæði mæðravernd og glasafrjóvgun á undir högg að sækja hvað varðar aðstöðu og fjárveitingar. Og ég tel mjög nauðsynlegt að taka á þessum málum hið allra fyrsta.

[11:46]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég geri engan ágreining við hv. 6. þm. Vestf. um mikilvægi þessa máls. Ég er alveg sammála hv. þm. um að hér er um að ræða mjög þýðingarmikið mál sem örugglega þarf að leysa með betri hætti en gert hefur verið nú þegar. Ég þekki allmörg dæmi sem færa mér heim sanninn um það. Ég vildi bara vegna þessarar umræðu láta það koma fram að það samkomulag sem hér var verið að vitna til og ég nefndi í fyrri ræðu minni tók bæði til fjárlaganna fyrir árið 1995 og eins til fjáraukalaganna 1994. Þar er að finna umtalsverða aukningu á fjárveitingum til Ríkisspítalanna og ég tel að Ríkisspítalarnir verði að leysa þessi mál innan ramma sinna fjárveitinga eins og önnur. Það hefur mjög margt verið að breytast á Ríkisspítölunum á undanförnum árum. Þangað hefur verið að flytjast aukin þekking og aukin tækni. Það er athyglisvert að þangað hafa m.a. verið að koma ungir læknar sem hafa verið að gera aðgerðir sem hafa sparað hinu opinbera stórfé. Það hefur að vísu orðið til þess að auka kostnað Ríkisspítalanna en um leið hefur létt af Tryggingastofnun ríkisins ýmsum kostnaði. Þau mál verða Ríkisspítalarnir með sín miklu umsvif að leysa innan síns ramma, sinna vébanda, og því miður er ekki hægt að leggja til á þessu stigi auknar fjárveitingar sérstaklega til þessara verkefna.

[11:48]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það samkomulag sem hv. þm. vitnaði til að gert hefði verið í fjárveitingum til spítalanna er einungis gert á milli ráðuneyta. Það er einungis gert á milli heilbrrn. og fjmrn. Það hefur ekki verið gert við stjórn Ríkisspítala. Ég hygg að þær beiðnir og áherslur sem stjórn Ríkisspítala hefur sett sérstaklega fram hafi ekki verið virtar mjög mikils í þessu svokallaða samkomulagi sem gert hefur verið milli ráðuneyta. Ég vil bara benda á það að eins og ég sagði áðan er aðstaða kvenna hér bæði hvað varðar glasafrjóvgun, mæðravernd og fæðingar svo miklu, miklu verri en við eigum að venjast úti á landsbyggðinni. Þar getum við státað af því að aðstaðan fyrir okkar fæðandi konur er miklum mun betri. Það þekki ég mjög víða á landsbyggðinni. Og það er mjög brýnt að bæta úr þessari aðstöðu hér.

[11:49]

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Út af því sem hefur komið fram frá tveimur hv. þm., hv. 6. þm. Vestf. og hv. 6. þm. Suðurl., um að þörf sé á því að breyta jarðræktarlögunum þá vil ég minna á að jarðræktarlögin voru endurskoðuð árið 1989, ef ég man rétt, og það var gert víðtækt samkomulag á milli bændasamtakanna og Alþingis, ekki bara ríkisstjórnarinnar sem þá sat heldur var stjórnarandstaðan líka í þeirri umræðu, og þá voru felld mörg ákvæði út úr jarðræktarlögunum í trausti þess að þau gætu lifað áfram. Það er full ástæða til þess að þessi lög verði gerð virk í því horfi sem gert var samkomulag um áður en menn fari að taka upp nýja umræðu um breytingu á þeim.

Ég þarf ekki að endurtaka orð mín frá því í gær um þau vinnubrögð sem voru viðhöfð við afgreiðslu þessa máls af fjárln. og komu mér jafnmikið að óvörum og öðrum þegar ég fyrst sá hver niðurstaða var við afgreiðslu nefndarinnar um fjáraukalögin þegar ég settist í þingstól minn í gær. Ég vísa til þeirrar umræðu og hún út af fyrir sig hlýtur að vera góð leiðsögn fyrir samskipti manna innan flokka og innan þingsins. En það eru þó auðvitað málefnin sem hér eru aðalatriðið. Ég gat þess að ég hefði átt tal við hv. varaformann fjárln., ég hygg að það hafi verið í fyrradag, þegar ég fékk vitneskju um það með hvaða hætti ætti að skipta fjármagninu til hinna einstöku jarðræktarframkvæmda. Ég mótmælti þeim hugmyndum einvörðungu vegna þess að þar er fyrst og fremst tekin út úr tiltekinn hópur bænda að mestu leyti, aðeins ein búgrein, en aðrir látnir sitja eftir. Auðvitað er það mikilvægur kostur að

þær 40 millj. sem fjáraukalögin greina nú frá að eigi að fara til greiðslu á jarðræktarlögum skuli hafa fengist. Það er þó búið að brjóta málið upp og það verður auðveldara að halda áfram. En frá mínum bæjardyrum séð fannst mér það sjálfgefið að það fjármagn færi til greiðslu á framlögum fyrir árið 1992 og því yrði skipt hlutfallslega niður á þá sem ættu þennan rétt. Mér er t.d. alveg ómögulegt að skilja að það þurfi að gera sérstakar ráðstafanir til þess að sauðfjárræktin í landinu fái ekki sinn hlut eins og aðrir. Hvergi nokkurs staðar í landbúnaði eru jafnmiklir erfiðleikar og þar. Landbn. Alþingis gerði ráðstafanir til þess að það yrði lagt stærðfræðilegt mat á hver þróun þeirra mála væri. Nýjar áætlanir sem Framleiðsluráð hefur gert og ég hef undir höndum, fékk í hendur á þessum morgni, staðfesta það að á því samningstímabili sem búvörusamningurinn nær yfir munu tekjur sauðfjárbænda dragast saman um 47%. Það samsvarar því að 1.300 ársverk í sauðfjárrækt eða hér um bil helmingur þeirrar greinar leggist af á samningstímabilinu. Auk þess sem annað fer á eftir. Þetta mundi jafngilda því að af þessu leiddi fækkun ársverka um 5.000 manns og er þá einungis talað um þá sem vinna í beinum tengslum við sauðfjárræktina. Þess vegna er mér alveg ómögulegt að skilja það þrátt fyrir að það séu ekki háar upphæðir sem ættu að koma út úr þessum 40 millj. kr. í hlut þessara bænda að þeir skuli ekki mega fá sína hlutdeild af því. Þessu hlýt ég að mótmæla. Þessi sjónarmið setti ég fram við varaformann fjárln.

En það eru líka fleiri sem hér eiga hlut að máli. Á fund landbn. komu að eigin ósk og frumkvæði kornræktarbændur og bændur sem stunda grænfóðurframleiðslu. Þeir lögðu það á sig að koma langt utan af landi til þess að tala við landbn. um þessi mál. Þar skýrðu þeir skilmerkilega frá því að þessi nýja grein, kornrækt og kornframleiðsla á Íslandi, nýtur helmingi minni stuðnings en sambærileg framleiðsla t.d. í Danmörku. Þá er auðvitað miðað við að það væri greitt sem í þeirra hlut ætti að koma. Í áliti landbn. var lögð áhersla á að það yrði gengið til móts við þá bændur sem eru að feta sig inn í nýja tíma í ræktunarmálum með nýrri þekkingu og breyttum aðstæðum. (**GÁ:** Kallaðu á landbrh., hafðu hann við.) Þessu er líka hafnað. Menn eiga aldrei á góðu von þegar hv. 5. þm. Suðurl. fer að gelta. Þingmaðurinn sem er búinn að eyða einum þriðja hluta af fylgi Framsfl. síðan hann tók við forustu í kjördæminu sínu. En það eru fleiri sögur um þessi efni. Ég minni á garðyrkjuna þar eiga menn líka ógreidda reikninga.

Hins vegar er það eins og ég sagði áðan gríðarlega mikilvægt að nú hafa þessi mál verið brotin upp. Ég trúi því að í ljósi þessara staðreynda verði auðveldara að tala fyrir þeim hér eftir en hingað til. Ég trúi því líka að ríkisstjórnin átti sig á því að það þarf að taka til hendinni og gera sérstakar ráðstafanir til að sauðfjárræktin hrynji ekki á allra allra næstu árum. Í áliti meiri hluta landbn., sem hér hefur verið til umræðu, þ.e. kaflinn 04 Landbúnaðarráðuneyti, og ég sagði í gær að væri markleysa. Og ég endurtek það aftur í dag að hann er markleysa. Þar koma hins vegar fram nokkur meginatriði og að þeim skal ég nú víkja.

Í fyrsta lagi er, eins og kaflinn ber með sér, komi ekkert annað til, tekin ákvörðun um skiptingu framlaga vegna jarðabóta. Þetta er yfirlýsing eins og hún er sett fram og jarðræktarlögin standa eftir sem áður óhögguð í þessum efnum. Í 2. gr. þeirra laga segir: „Búnaðarfélag Íslands, sem stjórnað er af þriggja manna stjórn og kosin er af búnaðarþingi, hefur á hendi umsjón með framkvæmd ræktunarmála og jarðabóta samkvæmt lögum þessum, enda sé skipulag þess og starfsreglur í samræmi við ákvæði laganna."

Lögin standa að þessu leyti (Gripið fram í.) algjörlega óbreytt og yfirlýsingar um að fara öðruvísi að duga ekki neitt. (Gripið fram í.) Stóra málið er það að það hlýtur að hafa vakað fyrir mönnum, þegar þeir setja slík fyrirmæli á blað sem þessi, að það eigi að gera aðrar ráðstafanir, að það eigi að breyta þessu fyrirkomulagi og það sagði varaformaður fjárln. mér reyndar þegar við áttum tal saman, að það yrði lögbundið hvernig úthlutun skyldi háttað. Að þessu leyti er nál. skýring á því sem ekki er komið fram enn í þessari umræðu og það er grundvallaratriðið. Það vantar að segja frá því hvernig eigi að koma þessari ákvörðun í framkvæmd því yfirlýsing breytir ekki lögunum. Það er mikill misskilningur að það sé hægt, hvort heldur sem er af þingnefnd eða ráðherra, að gefa yfirlýsingar sem lögskilið er að aðrir eigi að framkvæma öðruvísi heldur en að breyta lögum. Meðan annað hefur ekki komið fram er þessi framsetning því markleysa.

Þá er talað hér í nál. um að það hafi verið á ferðinni mikill þrýstingur gagnvart þessum tveimur tilskildum jarðræktarframkvæmdum, eins og allar framkvæmdir sem heyra undir jarðræktarlög eru nefndar. Ég segi: Þetta er ekki sannleikur. Það hefur hvergi komið fram í erindum til landbúnaðarnefndar sem ég hef veitt móttöku. Það hefur ekki komið fram í einu einasta viðtali sem ég hefi átt við bændur, sem eru býsna mörg, þessi áhersla. Það hefur ekki komið fram sérstaklega hjá búnaðarþingi. Ég minni á að nýlega héldu formenn búnaðarsambandanna fund, fyrir fáum vikum, réttara sagt fáum dögum, og þá lögðu þeir áherslu á heildstæða afgreiðslu þessa máls.

Þessar áherslur sem menn beita þess vegna fyrir sér hér eru líka rangar. Áherslan hefur verið á það að gera upp árið 1992 á fjáraukalögum. Áherslan hefur verið á það að gera upp árið 1993 á fjárlögum og þá hafa menn getað fellt sig við það að árið 1994 yrði látið bíða. Þetta eru áherslurnar. Það sem segir hér í þessum 04-kafla er rangt, það er önnur markleysan í þessum kafla.

Og þá kem ég að því sem er líka grundvallaratriði og náttúrlega stærsta grundvallaratriði, að í niðurlagi þessa kafla verður með engum hætti annað séð en að menn ætli sér að afnema jarðræktarlögin og að menn ætli sér ekki að greiða það sem áfallið er. Og enn einu sinni segi ég að auðvitað eru yfirlýsingar í þessum efnum gagnslausar. Og þess vegna spyr ég um það, sem ekki segir í greininni og aðalgildi hennar byggist á, ef eitthvert er, að það sé eitthvað annað á ferðinni í þess-

um efnum. Menn séu með eitthvað í vasanum í þessum efnum. Og það hef ég reyndar lúmskan grun um að menn hafi ætlað sér eða ætli sér, hafi eða ætli sér, að afnema jarðræktarlögin, greiða ekki það sem út af stendur og setja þar punkt aftan við þessa merku löggjöf. Þetta er auðvitað það stórhættulegasta í málinu.

Í fyrsta lagi er það svo ... (Gripið fram í.) Enn byrjar hann að gjamma, hv. 5. þm. Suðurl., kominn á spreng eins og venjulega. Nú er það auðvitað svo að ef menn fara bara út í almenna lagaskilgreiningu, ef menn fara út í það sem gilt hefur um uppgjör og fyrirkomulag í jarðræktarlögum, skemmst að fara til ársins 1992, að þá auðvitað gæti hugsanleg löggjöf, sem myndi kveða á um afnám jarðræktarlaganna, ekki ná til áranna 1992, 1993 og 1994. Það hlyti því að fylgja slíkri ákvörðun — ef hún er einhvers staðar á ferli þá væri gott að fá að sjá hana — það hlyti því að fylgja slíkri ákvörðun hvernig uppgjörinu yrði háttað á því sem áfallið er. Þess vegna er það ein markleysan til viðbótar og alveg óskiljanleg, ekki síst þegar í samkomulaginu er vitnað til hæstv. fjmrh. og hæstv. landbrh., sem hafa bæði þingreynslu og reynslu af framkvæmd löggjafar, að það skuli vera sagt hér berum orðum í þessu reyndar marklausa plaggi, að það eigi að afnema lögin bótalaust. Að það eigi ekki að gera upp við bændur fyrir árin þrjú sem út af standa enn þá.

Þetta eru grundvallaratriðin í þessu máli. Þessi texti, 04 Landbúnaðarráðuneyti, er eins og hann hefur borið að, afskaplega þénanlegur. Hann er afskaplega mikilvægur þó að hann sé svona ómerkilegur og ómarkviss. Vegna þess að auðvitað segir hann frá því hvað menn hafa ætlað sér í þessum málum, þó að sumu af því og kannski flestu hefði ekki verið hægt að koma fram nema með því að binda það í lögum. Þessi framsetning er þess vegna afar þýðingarmikil vegna þess sem hún segir ekki. Gildi hennar byggist á því sem hún segir ekki frá. Og eftir því verð ég nú að gangast að menn snúi nú við vösunum og leiti eftir því hvort þeir finni ekki þær tillögur sem hafa átt að fara eða eiga að fara inn í aðra þá löggjöf, væntanlega, sem hér er fjallað um og felur í sér afnám jarðræktarlaganna. Þetta er auðvitað grundvallaratriði, þessi gagnlega grein, sem hefur leitt þessa umræðu fram, sem hefur kallað eftir þessum spurningum. Má auðvitað standa í þessu nál. ef þeir sem hafa sett hana þar inn hafa geð í sér til þess að láta hana vera þar, jafnmarklausa og rangláta og gagnslausa eins og hún er, nema að því einu að hún hefur upplýst það sem ekki stendur í henni, það eru fyrirætlanirnar um jarðræktarlögin. Og ég ber afar miklar brigður á það að fyrir þeim fyrirætlunum sé meiri hluti á Alþingi Íslendinga.

Sannleikurinn er sá að nógan úreldingarsvip er búið að setja á íslenskan landbúnað þótt við bætum því ekki við að menn eigi hér í þessu landi, sem er alls staðar í öllum menningarlöndum forsenda þess að það sé reknir nútímabúskapur, að menn eigi ekki að hætta því að rækta og bæta landið okkar. Það er auðvitað grundvallaratriði fyrir því að það sé hægt að tala um landbúnað að það sé viðhöfð öflug ræktun í þeirri grein.

Það var afar athyglisvert á fundi landbúnaðarnefndar í gærmorgun, þar sem sérstaklega var fjallað um vistvæna framleiðslu, (Gripið fram í.) að grundvöllur að þeirri framleiðslu er góð ræktun, þ.e. að ræktunarástandið sé gott, að ræktunin skili því sem henni er eðlilegt. Og að ganga gegn þessum skoðunum og þessum staðreyndum með þessum hætti er auðvitað skelfilegt. Það hlýtur auðvitað að skoðast m.a. í því ljósi að við höfum verið að leggja áherslur á það að rækta og bæta landið okkar og satt að segja erum við nú ekki of rismikil í þeim efnum um þessar mundir, með tilliti til afgreiðslu þeirra mála í fjárln., þó að ekki sé nú bætt einu svipuhögginu við í þessum efnum með því að ætla sér að afnema jarðræktarlögin.

Ég kalla því mjög eindregið eftir því, og mér sýnist að það geti verið hér margir til svara, hér er hæstv. fjmrh., hæstv. landbrh. og hv. varaform. fjárln. Ég kalla mjög eindregið eftir því sem greinin 04 í nál. hv. meiri hluta fjárln. segir ekkert um, hvernig eigi að koma þeim áherslum sem þar eru í framkvæmd. Ég hef sýnt fram á það með algjörlega ótvíræðum hætti að greinin sjálf er út í hött. Í henni felst ekkert bitastætt. Efnislega þarf að koma þeim áherslum sem þar eru settar fram í löggjöf ef þær eiga að hafa eitthvert gildi. Og ég spyr: Er það ætlunin og þá með hvaða hætti verður það gert? Afstaða mín varðandi það frv. til fjáraukalaga sem hér liggur fyrir ræðst af þeim svörum, ótvíræðum svörum sem ég spyr um og leita eftir að fá hér við þessa umræðu. Einhvern tíma áður en atkvæðagreiðslan fer fram nægir mér, virðulegi forseti, ef þeir sem í hlut eiga eru ekki tilbúnir að gefa þau svör þegar í stað.

Ég hef lokið máli mínu.

[12:17]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil í fyrsta lagi staðfesta að sá texti sem er í nál. og vitnað hefur verið til var undir mig borinn og ég stend að sjálfsögðu að honum. Í öðru lagi þá tel ég mjög mikilvægt að 40 milljónir sem áætlað er að gangi til þessara verkefna sem lýst hefur verið í þessu frv. geti gengið til þeirra verkefna. Í þriðja lagi þá er þess að geta að samkvæmt jarðræktarlögum þá er réttur til framlaga háður fjárveitingum Alþingis og hér er tekið fram að ákveðnar upphæðir eiga að ganga til þeirra verkefna sem lýst er í fjáraukalagafrv.

Loks vil ég taka það sérstaklega fram vegna óska hv. þm. að það stendur ekki til að gera breytingar á svokölluðum bandormi ríkisstjórnarinnar né í öðrum fyrirliggjandi frumvörpum á jarðræktarlögum um þau atriði sem hér hafa verið til umræðu.

[12:18]

Stefán Guðmundsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil mælast til þess að hæstv. landbrh. sé hér í salnum og fylgist með þessari gagnmerku umræðu sem hér fer fram. Það er vitaskuld algjörlega óásættanlegt að vera að ræða þessi mál og hafa hæstv. landbrh. ekki hér við. Ég vil bera fram þá ósk og skýlausu kröfu um að hæstv. landbrh. svari því alveg skýrt hvað standi að baki þessum orðum sem hér hefur verið vitnað til, en svo segir: „Jafnframt vilja

sömu aðilar láta það koma skýrt fram að ekki verði um frekari fjárveitingar að ræða til framkvæmda samkvæmt jarðræktarlögum."

Landbrh. getur ekki vikist undan því að svara því, er hann sammála því sem hér stendur? Og er hæstv. landbrh. sammála því að brjóta hér á bændum? Og alveg eins og hv. þm. Egill Jónsson sagði, það er verið að afnema jarðræktarlögin með þessum gjörðum. Hér er hæstv. landbrh. kominn og ég vænti þess að hann komi hér í stólinn og skýri mál sitt. Hann skuldar okkur svör.

(**Forseti** (VS): Forseti vill vekja athygli á því að hv. þm. eru í andsvari við hv. 3. þm. Austurl. undir þessum kringumstæðum.)

[12:20]

Guðrún Helgadóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þar sem hv. formaður fjárln. er ekki viðstaddur hér og aðrir hafa misst málið þá tel ég mér skylt að svara hv. 3. þm. Austurl., gefa honum svar við þeirri spurningu hvað standi að baki þessarar yfirlýsingar. Það stendur einfaldlega það að í frv. til fjárlaga fyrir árið 1995 er ekki ein króna til framkvæmdar jarðræktarlaga. Þannig að ríkisstjórnin hefur svarað hv. þm. Það stendur ekki til að leggja einn einasta eyri til þessara mála.

[12:21]

Egill Jónsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil að það komi skýrt fram að ég spurðist ekki fyrir um það hvað stæði í fjárlagafrumvarpi. Mér er það fullkomlega ljóst að þar eru ekki neinar tillögur um fjárveitingar til jarðræktarframkvæmda.

[12:21]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Vegna ræðu hv. 3. þm. Austurl. þá vil ég að það komi fram hér við þessa umræðu að ég hef ekki uppi neinar tillögur og hef ekki gert kröfu um það að það verði gerðar breytingar á jarðræktarlögum í tengslum við það frv. sem við erum að fjalla hér um. Jafnframt vil ég vekja athygli hv. þm. á því, vegna þess sem hann sagði um framlög til sauðfjárræktarsvæða, að við erum að fjalla um í þessu fjáraukalagafrv. sem hér liggur fyrir framlög til sauðfjárræktarsvæða. Ég vil að því sé haldið til haga hér við þessa umræðu.

[12:22]

Egill Jónsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þessi umræða á grundvelli andsvara er nú býsna merkileg og ég hlýt að þakka sérstaklega öllum sem hér hafa komið upp því að það hefur verið staðfesting við málflutning minn og það er afar mikilvægt að hafa fengið úr því skorið með svo skýrum hætti sem nú liggur fyrir, bæði af hendi hæstv. fjmrh. og hv. varaformanns fjárln., að margrædd grein í nál. meiri hlutans hafi ekkert merkingargildi. Það er auðvitað grundvallaratriði.

Vegna þess að mér er nú vel til þessara manna þá hefði það auðvitað verið góð ákvörðun að hreinsa hana burtu úr nál. því að þar er hún einungis til vansa fyrir þá sem hana hafa sett þar fram. En ég get verið þakklátur fyrir það að hún varð til þess að opna þessa umræðu og leiða þá mikilvægu niðurstöðu fram í dagsljósið sem hér hefur fengist.

[12:24]

Eggert Haukdal *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er ástæða til að undirstrika og endurtaka með hv. 3. þm. Austurl. að lokaorð í nál. meiri hluta fjárln. eru marklaus. Þótt títtnefndur meiri hluti nefndarinnar vilji áframhaldandi áhrif hæstv. utanrrh. í landbúnaðarmálum þá ræður nú þessi lokaði klúbbur ekki þeim hlutum.

Út af orðum hv. þm. um að ég vildi endurskoða jarðræktarlög þá finnst mér það eðlilegt, en að sjálfsögðu ber að halda þar inni nauðsynlegum hlutum eins og ég gat um fyrr. Hér hefði átt nú að endurgreiða skuld frá 1992 að fullu, undir það tek ég með hv. þm. En það eru þrír landbúnaðarráðherrar, fyrstur byrjaði hv. framsóknarmaður Jón Helgason, síðan tók við hv. alþýðubandalagsmaður Steingrímur Sigfússon og að síðustu lokast þrenningin með núv. hæstv. landbrh. Halldóri Blöndal. Allir þessir menn hafa stórskorið jarðræktarlögin þrátt fyrir að séu eru enn í gildi.

[12:25]

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Það kom skýrt fram í gær í máli hv. 1. þm. Vestf. og hv. 3. þm. Austurl. að það gengur alveg fram af þeim vinnubrögð hér á Alþingi nú og það held ég að sé sameiginlegt með flestum sem um þau mál hugsa og vilja skilja. Það hefur gengið svo hér það sem af er þessu þingi að þau frumvörp frá ríkisstjórninni sem nauðsynleg eru til þess að afgreiða fjárlög hafa komið seint fram og verið illa undirbúin og þegar þau hafa komið til nefnda þingsins þá gengur illa að ná þar samkomulagi milli stjórnarliðsins og afgreiðslur tefjast þar líka. Síðan þegar nefndir hafa afgreitt málin frá sér og þau koma hér inn í þingið þá upphefjast deilur milli stjórnarliða þar sem ekkert samráð hefur verið haft um afgreiðslu nefndarinnar, virðist vera, innan viðkomandi þingflokka.

Það er því alveg ótrúlegt stjórnleysi sem einkennir þetta þinghald af hálfu stjórnarflokkanna. Það á ekki við um forseta heldur er það stjórnarflokkanna sem eiga og taka á sig ábyrgð á framgangi mála hér. Það er kannski táknrænt að hæstv. forsrh. hefur lítið sést hér í þinginu undanfarnar vikur og það er ekkert nýtt þó að stóll hans sé auður í dag. Og ef hann birtist hér þá lætur hann fara heldur lítið fyrir sér og gengur með veggjum. En það er að sjálfsögðu staðfesting á því að það vantar alla verkstjórn af hálfu stjórnarflokkanna við þinghaldið.

En ég óskaði eftir því áður en ég hóf mál mitt að hæstv. landbrh. yrði hér viðstaddur þar sem ég ætla ekki að fara út í mörg atriði þessa frv. til fjáraukalaga heldur aðeins víkja að því sem hér hefur verið rætt um áður, um jarðræktarframlög og viðhorf mitt til þeirra ákvæða. Hv. 3. þm. Austurl. ræddi hér um þetta mál áðan og ég átti dálítið erfitt með að átta mig á öllu sem hann sagði því að mér fannst það vera mótsagnakennt. Í öðru orðinu fagnaði hann þessari yfirlýsingu sem

meiri hluti fjárln. gerir í umboði hæstv. landb. og fjmrh., en í hinu orðinu taldi hann hana marklausa. Eitt held ég þó að ekki fari á milli mála að felist í þessari yfirlýsingu. Það er stefna Sjálfstfl. í landbúnaðarmálum. Að hinu leytinu get ég tekið undir með hv. þm. að að sjálfsögðu hlýtur þessi setning sem hér er að vera marklaus og ég ætla að lesa enn einu sinni, með leyfi hæstv. forseta:

„Meiri hluti fjárln. hefur ákveðið í samráði við landbrh. og fjmrh. að leggja til 40 millj. kr. framlag vegna áburðarhúsa og vatnsveitna sem byggð voru á árunum 1992 og 1993, enda uppfylli jarðabætur þessar skilyrði jarðræktarlaga um greiðslur framlags. Jafnframt vilja sömu aðilar láta það koma skýrt fram að ekki verði um frekari fjárveitingar að ræða til framkvæmda samkvæmt jarðræktarlögum."

Að mínu mati hefur þetta ekkert gildi en engu að síður vil ég spyrja hæstv. landbrh. hvaðan hann telji sig hafa vald til að setja svona hrokafulla yfirlýsingu fram. Í jarðræktarlögum er kveðið á um það fyrir hvaða framkvæmdir bænda skuli njóta framlaga og þar var sérstaklega miðað við tvennt, það sem væri til hagræðingar í búrekstrinum og nýjunga eins og kornræktina sem hv. 3. þm. Austurl. m.a. nefndi áðan. Þessum ákvæðum hefur ekki verið breytt frá árinu 1989. Hins vegar var í bandormi, sem samþykktur var um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1992, sett inn ákvæði um breytingar á jarðræktarlögum sem er þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Við 12. gr. laganna eins og henni var breytt með 3. gr. laga nr. 65/1989 bætist ný málsgrein, 3. mgr., sem orðist svo:

Allur réttur til framlaga samkvæmt lögum þessum er háður fjárveitingu Alþingis."

Í bréfi frá landbn. sem hún ritaði sem umsögn landbn. um þetta frv. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Vísað er til kafla úr áliti nefndarinnar, fjárlaganefndar Alþingis, fskj. 1 og umsagnar Búnaðarfélags Íslands um framkvæmd jarðræktarlaga, en þar koma fram mikilvægar skýringar um stöðu þessara mála. Nefndin vekur athygli á að skv. 4. gr. frv.," þ.e. þessari grein sem ég var að lesa áðan, „ef að lögum verður, er tekinn upp sami háttur og árið 1988 þegar greiðslur ríkissjóðs vegna jarðræktarframlaga voru bundnar fjárveitingu á fjárlögum."

Þá fóru greiðslur til jarðræktarframlaganna eftir fjárveitingu á fjárlögum. Stundum var fjárveitingin ónóg á viðkomandi ári en þá var skuldin greidd síðar. Ef ætlunin hefði verið með breytingunni í bandorminum um ráðstafanir í ríkisfjármálum 1992 að afnema ákvæði jarðræktarlaganna um framlög hefði að sjálfsögðu þurft að gera meiri breytingar en þetta ákvæði um greiðsluskyldu ríkissjóðs. Þar er aðeins vitnað til fjárlaganna sem fjalla um greiðslur til ríkissjóðs á hverju ári. Eftir standa því óbreytt ákvæðin um jarðræktarframlögin sem ríkið skal inna af hendi hvenær svo sem fjárveiting verður til þess á fjárlögum.

Ég sagði að ég vildi spyrja hæstv. landbrh. að því hvaðan hann hefði vald til þess að gefa þá yfirlýsingu, sem ég las upp, að um frekari fjárveitingar verði ekki að ræða til framkvæmda samkvæmt jarðræktarlögum. Ég vænti þess að hæstv. ráðherra vitni til þeirra laga en að mínu mati er um algera lögleysu að ræða því að það er Alþingi eitt sem hefur slíkt vald og það er alveg ótrúlegt að hæstv. landbrh., hæstv. fjmrh. og hinir sex þingmenn stjórnarliðsins, sem skipa meiri hluta fjárln., skuli ganga svo langt á þingræðið að ætla algerlega að fótumtroða lög Alþingis.

Ég skal ekki hafa fleiri orð um þetta að sinni en ég vænti að hæstv. landbrh. gefi skýr svör við því hvaðan hann hefur þetta vald og hvernig hann ásamt meðreiðarsveinum sínum geti gefið fyrirmæli um hvernig þessar krónur verði notaðar þvert á ákvæði gildandi laga.

[12:38]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér er ljúft að svara þessu. Það er svo með þá sem sitja á þingi að þeir geta auðvitað ekki gefið yfirlýsingar nema gagnvart sjálfum sér og sinni stefnu og hefur löngum verið svo. Lögum er breytt, þeim er aftur breytt og þeim er breytt í þriðja sinn eða þau felld niður þannig að ekkert er eilíft í henni veröld og það hélt ég að hv. þm. vissi, en það kemur alveg skýrt fram hver er afstaða ríkisstjórnarinnar í þessum efnum og þarf ekki að snúa út úr því.

Í annan stað vil ég segja að það er alveg ljóst hver var tilgangur lagabreytingarinnar og hvað orðalag hennar þýðir frá lögum nr. 1/1992, um ráðstafanir í ríkisfjármálum, hvað varðar breytingu á jarðræktarlögum og var rætt á þeim tíma milli mín og ég hygg hv. þm. Lagatextinn er svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Allur réttur til framlaga samkvæmt lögum þessum er háður fjárveitingu Alþingis."

Það þýðir auðvitað að ekki er hægt að sækja neinn rétt með lögum né með öðrum hætti. Það safnast ekki upp nein skuld en á hinn bóginn kveða jarðræktarlögin á um hver séu skilyrði til styrkveitinga ef svo háttar. Lögin eru því alveg afdráttarlaus í þessu efni að rétturinn skapast ekki. Ég er algerlega ósammála hv. þm. um að ekki megi taka haughúsin og vatnsveiturnar út úr. Ég minni raunar á að hið opinbera setti á sínum tíma fram þá kvöð um haughúsin og þau hafa orðið bændum mjög þungur baggi og ég er satt að segja mjög undrandi á því ef hv. þm. ætlar að reyna að bregða fæti fyrir að hægt sé að koma til móts við þá bændur sem hafa staðið í dýrum haughúsbyggingum.

[12:40]

Jón Helgason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég varð fyrir vonbrigðum með svör hæstv. ráðherra. Í fyrsta lagi sem hann sagði síðast, þ.e. að ég ætlaði að bregða fæti fyrir að gera hlutina eins og hæstv. landbrh. vildi. Ég hef ekki minnst einu orði á það en ég vísaði til laga sem eru í gildi og ég tel mig vera skuldbundinn til að fara eftir lögum og ég spurði hæstv. landbrh. að því hvaðan hann hefði vald til með svona yfirlýsingu að breyta lögum og ég fékk ekkert svar við því.

Hæstv. ráðherra sagði að enginn réttur safnaðist

upp. Engu að síður er í fjáraukalögunum kveðið á um að það skuli greidd framlög til ákveðinna framkvæmda sem gerðar voru árin 1992 og 1993. Einhvers staðar liggur þá sá réttur fyrir, sem er verið að greiða út á, þannig að þarna stangast á að allur réttur hafi fallið niður með þessum ákvæðum lagabreytingarinnar frá 1992. Ég gat helst skilið hjá hæstv. ráðherra að það eigi ekki að taka allt of mikið mark á yfirlýsingunni um frekari fjárveitingar verði ekki að ræða samkvæmt jarðræktarlögum. Þarna er alveg skýrt kveðið að orði um að það skuli ekki greidd króna meir.

[12:42]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er hálfhissa á hv. þm. sem er mjög þingreyndur maður og hefur lengi verið í ríkisstjórn og stuðningsmaður ríkisstjórnar. Það liggur auðvitað alveg ljóst fyrir að stefnumarkmið og yfirlýsingar ríkisstjórna eru við það bundnar. Í öðru lagi liggur líka alveg ljóst fyrir að fjölmörg lög eru þess háttar að framkvæmdir úti í þjóðfélaginu eru ekki skuldbindandi fyrir ríkissjóð þótt ríkissjóður hafi á hinn bóginn hafi í heimildarlögum kveðið á um það hvernig farið skuli með ef fjárlagavaldið kýs að veita styrki til slíkra framkvæmda. Og svo er um þetta hér. Það er mjög þröngt um opinbert fé nú. Við erum að berjast við mikinn fjárlagahalla og ég hygg að a.m.k. sumir hv. þm. stjórnarflokka hafi verið að tala um fjárlagahalla. Síðan virðist vera nákvæmlega sama hvar borið er niður. Alltaf er hægt að auka útgjöldin hjá sumum hv. þm.

Hér erum við að tala um það að taka út úr einn þáttinn. Við erum að tala um að koma til móts við þá bændur sem hafa ráðist í haughúsbyggingar eða vatnsveitur. Það er alls ekki í fyrsta skiptið nú svo að ég tali bara um vatnsveiturnar sem Alþingi kemur til móts við bændur í þeim efnum og með sérstökum hætti ef um mjög fjárfrekar framkvæmdir er að ræða. Ég er því hálfundrandi á því að hv. þm. skuli taka málið upp með þessum hætti. Auðvitað væri gott að geta gengið á mörgum sviðum lengra í útgjöldunum. En það eru takmörk fyrir skattþolinu og það eru takmörk fyrir því til langs tíma hversu við getum endalaust haldið áfram að vera með ríkishalla á fjárlögum. Það eru takmörk fyrir því og auðvitað er alveg laukrétt ef hv. þm. vill bera það saman að hann hafði meðan hann var landbrh. meiri fjárráð í sínu ráðuneyti en ég í mínu.

[12:44]

Jón Helgason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Að sjálfsögðu er hægt að vera með frómar óskir um hvað ráðherra vill gera. En það sem ég var að leggja áherslu á var ákvæði laganna. Og meðan þeim hefur ekki verið breytt lít ég svo á að eftir þeim verði að fara því að aðeins Alþingi hefur heimild til þess að breyta lögum.

Hæstv. ráðherra vék síðan að því að það þyrfti að spara og þá væri það gott að vega í þann knérunn sem hv. 3. þm. Austurl. benti hér á áðan, þ.e. sauðfjárbændur. Hann rakti þær tölur sem reiknað hafði verið út að tekjur sauðfjárbænda mundu dragast saman um 47% og þegar hæstv. landbrh. þarf að svara, þá er það kjörinn hópur til þess að láta sparnað ríkissjóðs bitna á. Það er það sem hægt var að lesa út úr hans orðum, en eftir stendur það að það sem hér stendur í þessu nefndaráliti er stefna ríkisstjórnarinnar. Hæstv. fjmrh. sagðist standa við þessi orð og hæstv. landbrh. tók undir það þannig að í þessu nefndaráliti er stefna Sjálfstfl. sem þeir ætla að koma fram hvort sem það samrýmist lögum eða ekki.

Útbýting þingskjals:

Fjárlög 1995, 1. mál, brtt. JóhS o.fl., þskj. 469.

[12:46]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Það hefur verið ævintýralegt að fylgjast með þessari umræðu bæði í gær og í dag. Annars vegar ber hún þess vitni að það eru að koma kosningar og menn eru svona farnir að passa upp á sitt og farnir að láta í sér heyra, stjórnarþingmenn, sem hafa nú haft frekar hljótt um sig á þessu kjörtímabili. Hins vegar er auðvitað um það að ræða að við erum hér að glíma við ýmiss konar vandamál og menn eru ekki sáttir við þá afgreiðslu sem þau hafa fengið.

Varðandi það frv. til fjáraukalaga sem hér er til umræðu þá er þess fyrst að geta að nú er að koma í ljós hver hallinn verður á þessu ári. Með þessu frv. er verið að auka hann um rúma 3 milljarða kr. og samkvæmt þeim upplýsingum sem hv. varaformaður fjárln. gaf mér þá er hallinn kominn eitthvað yfir 10 milljarða kr. á þessu ári. Og eins og kom fram í umræðum í gær um lánsfjárlögin þá leit út fyrir að hallinn gæti orðið miklu meiri, en því er ekki að neita að efnahagsbati, eins og það er kallað, hefur átt sér stað og tekjur ríkissjóðs hafa orðið mun meiri heldur en spáð hafði verið. Þetta hefur auðvitað orðið til þess að bæta stöðuna allverulega. En það breytir ekki því að þetta er gríðarlegur halli.

Nú er það svo að hallinn á íslenska ríkissjóðnum er minni en hjá ýmsum öðrum ríkjum, en við stöndum hins vegar frammi fyrir kannski meiri vanda heldur en margar aðrar þjóðir, ekki síst vegna þess að okkar auðlindir eru takmarkaðar og þar hefur verið gengið of langt og við sjáum ekki fram á það að geta sótt í sjóinn eins og við höfum gert hingað til síaukinn afla til þess að standa undir öllum okkar þörfum, hversu nauðsynlegar sem þær svo eru. Þannig að framtíðin er nokkuð óviss þó að menn séu að spá töluverðum bata.

Hér hefur orðið mikil umræða um jarðræktarlögin og í tengslum við það stöðu landbúnaðarins og ekki síst stöðu sauðfjárbænda og það kemur fram í þessum fjáraukalögum að það er verið að veita framlög til Byggðastofnunar vegna vanda sauðfjárbænda fyrst og fremst og eins liggur hér fyrir ákvörðun meiri hluta fjárln. þess efnis að veita 40 millj. kr. til jarðræktarframlaga. Í áliti landbn., sem hér hefur komið nokkuð við sögu, er að finna allt aðrar kröfur og við tókum þann pól í hæðina og ég vil láta það koma hér fram að það er mín grundvallarstefna, að það eigi að standa við lög og gerða samninga. Ef menn vilja rifta þeim þá á

að breyta lögum, þá eiga menn að fara í það verk að breyta lögum, þá eiga menn að stokka upp spilin og breyta lögunum.

Það kemur hér reyndar fram, sem rétt er, að á sínum tíma var sótt heimild til þess að takmarka framlögin til jarðræktar þannig að þau eru háð fjárveitingum Alþingis, en í rauninni gengur þetta þvert á tilgang laganna. Og þetta er auðvitað ekki góð aðferð sem hér er beitt hvað eftir annað og við upplifum ár eftir ár, að fyrst eru samþykkt þessi fínu lög, hvort sem þau eru um aldraða, fatlaða eða hver þau góðu málefni sem þingið ber fyrir brjósti og síðan koma menn með skerðingarákvæði og treysta sér ekki til að standa við samþykkt lög. Þá er miklu nær að endurskoða sjálfan lagabálkinn. Ég held að við stöndum einmitt frammi fyrir því hér á næsta kjörtímabili bæði að endurskoða ýmsa þá lagabálka sem snerta landbúnaðinn, það þarf að skoða skipulag landbúnaðarins í heild og það þarf að taka upp búvörusamninginn. Þetta er alveg augljóst mál og ekki síst í ljósi þeirra miklu vandræða sem a.m.k. hluti bænda stendur frammi fyrir. Rétt eins og við erum hér stöðugt að glíma við atvinnuleysisvandann í gegnum Atvinnuleysistryggingasjóð og það er verið að reyna að finna leiðir til atvinnusköpunar í gegnum átaksverkefni sveitarfélaganna og ýmislegt annað, þá verða menn auðvitað að taka landbúnaðinn og atvinnusköpun í sveitum inn í það dæmi, bæði hvað snertir karla og konur.

Ég vil láta þetta koma hér fram, virðulegi forseti, að hér er mikið verkefni fram undan. Hins vegar er það svo spurningin í ljósi stöðunnar í landbúnaðinum hvaða þörf er þar fyrir jarðræktarframlög og fyrir fjárfestingar. Auðvitað eru þær sums staðar og annars staðar ekki. Sums staðar eru bændur mjög skuldugir. Við vorum einmitt hér í gær að fjalla um tillögu í lánsfjárlögum um 900 millj. kr. til skuldbreytinga á lánum bænda við Stofnlánadeild landbúnaðarins. Þannig að það er verið að fást við þennan vanda ... (Gripið fram í.) lausaskuldir bænda. Það er auðvitað verið að fást við þennan vanda og einmitt þessi staðreynd, um þessar 900 millj., sýnir hver vandinn er. Þetta sýnir auðvitað í hnotskurn hvernig staðan er.

Virðulegi forseti. Erindi mitt hingað í ræðustólinn var annars vegar það að ég ætla að mæla hér fyrir brtt. sem er að finna á þskj. 380, en flm. ásamt mér er Jóhanna Sigurðardóttir. Hins vegar ætla ég aðeins hér á eftir að fjalla um kaflann um heilbr.- og trmrn. Ég ætla aðeins að minnast á hann, en reyndar voru ekki gerðar neinar breytingar á þeim kafla milli 2. og 3. umr.

Sú brtt. sem ég mæli hér fyrir gengur út á það að það verði til nýr liður, 07-795 Framkvæmdasjóður fatlaðra, og til hans fari 85 millj. í liðinn stofnkostnaður. Þetta á sér þá skýringu að samkvæmt lögum eiga óskertar tekjur Erfðafjársjóðs að renna í Framkvæmdasjóð fatlaðra. Óskertar tekjur. Samkvæmt upplýsingum sem við höfum fengið frá Ríkisbókhaldi þá stefnir í það að tekjur Erfðafjársjóðs verði allmiklu meiri heldur en gert er ráð fyrir í fjárlögum fyrir árið 1995 eða að þær verði um það bil 85 millj. kr. meiri en gert var ráð fyrir. Þeir peningar eiga lögum samkvæmt að renna í Framkvæmdasjóð fatlaðra og hér er því gerð tillaga um að það komi fram á aukafjárlögum þessa árs að þessar tekjur fari þangað. Þetta er samkvæmt áætlun, að þetta verði 85 millj. kr. Menn geta rétt ímyndað sér hver þörfin er fyrir þetta fjármagn hjá Framkvæmdasjóði fatlaðra. En það er allt á sömu bókina lært hér í þessum þingstörfum og lagabreytingum að það er á öðrum stað verið að fjalla um það að breyta lögunum um Framkvæmdasjóð fatlaðra og að gera þá breytingu að nú megi verja 40% af því fé sem þangað kemur í rekstur á stofnunum fatlaðra og í ýmis sérverkefni á þeirra vegum. Þannig er sífellt verið að ganga á þá peninga sem eiga að fara til framkvæmda og verið að taka þá í rekstur. Þetta er auðvitað dæmi sem veldur áhyggjum. Hið sama hefur verið að gerast varðandi Framkvæmdasjóð aldraðra.

Örfá orð um heilbrigðis- og tryggingamálin. Eitt af þeim málum sem voru til umræðu og hafa verið óleyst til skamms tíma var það sem snýr að Ríkisspítölunum, Borgarspítalanum og Landakoti þar sem hefur verið við gífurlegan rekstrarvanda að stríða. Ég er nú að nefna þetta hér, virðulegi forseti, vegna þess að ég fæ ekki betur séð en að það eigi að endurtaka nákvæmlega sama leikinn á næsta ári. Fyrst er sett í fjárlögin að spítölunum beri að spara svo og svo mörg hundruð millj. kr. Síðan kemur að aukafjárlögum og þá þarf að setja þessar upphæðir inn þar vegna þess að þessi sparnaður nær ekki fram að ganga, hann er óhugsandi. Síðan liggur hér fyrir að það hefur verið gerður samningur milli Borgarspítalans og Landakots um sameiningu, samvinnu og endurskipulagningu af ýmsu tagi. Það á að veita til þess 250 millj. kr. og síðan 100 millj. til viðbótar vegna launahækkana sem reiknað er með á næsta ári, en á sama tíma liggja fyrir þær tölur að Borgarspítalinn einn telur sig þurfa 372 millj. til þess að geta haldið óbreyttum rekstri. Þar að auki vitum við það að þessi sameining spítalanna mun kosta tugi millj. ef ekki hundruð millj. vegna mikillar endurskipulagningar sem þarf að eiga sér stað. Þannig að ég fæ ekki betur séð, virðulegi forseti, en hér sé verið að leika nákvæmlega sama leikinn ár eftir ár. Þetta eru ekkert annað en bókhaldskúnstir til þess að reyna að fá út aðra útkomu úr fjárlögunum og að reyna að blekkja okkur varðandi hallann á ríkissjóði, en svo verða menn að koma á eftir og sækja þessa peninga með lánsfé, að sjálfsögðu, því ekki er til fyrir þeim hjá ríkissjóði. Þetta segir mér einfaldlega að svona vinnubrögð ganga ekki. Við náum ekki sparnaði í heilbrigðiskerfinu öðruvísi en að þar eigi sér stað uppstokkun. Þetta eru engar smáupphæðir sem við erum að tala um í heilbrigðis- og tryggingamálum og ég vil bara minna á það að hér er verið að sækja 400 millj. til viðbótar í lífeyristryggingar, 800 millj. í sjúkratryggingar, 294 millj. til Ríkisspítalanna, 212 millj. til Borgarspítlans og 100 millj. til Landakots. Þetta eru þvílíkar gífurlegar upphæðir og ég vil taka það skýrt fram að ég veit það að spítalarnir eru búnir að hagræða og endurskipuleggja í sínum rekstri eins og þeir treysta sér til og segja að lengra verður ekki gengið í sparnaði, en við stöndum auðvitað frammi fyrir því að heilbrigðis- og trygginga-

kerfið tekur til sín lungann af tekjum ríkisins þannig að það er von að menn líti þangað í leit að peningum til að spara. En það er mín sannfæring að okkur takist það ekki með neinum viðhlítandi árangri öðruvísi en að við skoðum þetta kerfi í heild og það verði hætt við svona illa grundaðar hugmyndir og breytingar sem augljóslega kosta stórfé en svo á ekki að ætla neina peninga til þeirra á fjárlögum. Hvernig á svona lagað að ganga upp? [Fundarhlé. — 13:00]

[13:31]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Það er ekki hægt að byrja þessa umræðu án þess að spyrja um hina sjaldséðu hæstv. ráðherra þessarar ríkisstjórnar. Eru þeir... (**Landbrh.:** Þegar maður heyrir þessa fallegu rödd þá reynir maður nú að koma í salinn.) Þakka þér fyrir, hæstv. landbrh. Það gleður mig að sjá þig við þessa umræðu þó að boðskapur minn sé enginn fagnaðarboðskapur í þinn garð vegna þeirrar stöðu...

(**Forseti** (SalÞ)**:** Ekki ávarpa beint í 2. persónu.)

...sé enginn fagnaðarboðskapur, hæstv. forseti, í garð hæstv. ráðherra. Því miður verð ég að gagnrýna hann. Það eru brostnar vonir sem fylgja starfi þessarar ríkisstjórnar og það eru mörg mál skilin eftir í mikilli óvissu. Auðvitað sakna ég þess að hv. þm. Egill Jónsson, sem hér hefur haft uppi stóryrði á þessum drottins morgni, skuli ekki heldur vera hér staddur nú. Svo margt hefur hann sagt við þessa umræðu að ég óska eftir því, hæstv. forseti, að gera honum boð.

En áður en ég kem að landbúnaðarmálunum sem ég ætla aðeins að fara yfir þá ætla ég að mæla fyrir brtt. við fjáraukalagafrv. sem flutt er, hæstv. forseti, af þeim er hér stendur og hv. þm. Eggert Haukdal, Guðmundi Bjarnasyni, Margréti Frímannsdóttur og Jónu Valgerði Kristjánsdóttur. Þetta er brtt. við 3. gr. 11-399 Ýmis orkumál. Nýr liður: 118 Ýmis framlög, 19 millj. kr. Í grg. með þessu máli segir:

„Á undanförnum árum hafa margar hitaveitur, einkum smærri veitur í dreifbýli, sótt um það til fjármálaráðuneytisins að nýta heimild í lögum um tollskrá til að fella niður aðflutningsgjöld af aðveituæðum og dreifikerfi eða fá gjaldfrest á greiðslum þessum.

Í fjáraukalögum, sem samþykkt voru 2. desember 1991, var fjárveiting að upphæð 5,5 millj. kr. til að fella niður skuldir Hitaveitu Varmahlíðar og Hitaveitu Hvalfjarðar. Í ljós hefur komið samkvæmt athugun, sem Ríkisendurskoðun gerði að beiðni fjárlaganefndar Alþingis, að svipað er ástatt með nokkrar aðrar hitaveitur eins og þær tvær sem fengu niðurfellingu skulda á árinu 1991." — Fyrirgefið, hæstv. ráðherra, ég mæli hér fyrst fyrir brtt. þannig að ég kem síðar að landbúnaðarmálunum. En ég býst við því að hæstv. ráðherra verði við umræðuna, ég á ekki von á öðru.

Síðan segir: „Samkvæmt upplýsingum frá fjármálaráðuneytinu var skuld þessara veitna 13. maí 1994 um 18 millj. kr. samkvæmt meðfylgjandi lista." Og það eru þessar hitaveitur: Hitaveita Hlíðarmanna, Hitaveita Aðaldæla, Hitaveita Hraungerðishrepps, Hitaveita Gnúpverja, Hitaveita Suður-Skeiða, Hitaveita Langholts og Unnarholts, Hitaveita Frambæja, Hitaveita Reykholtshrepps, Hitaveita Eyjólfs Ágústssonar í Hvammi.

Í viðbót við þennan lista er getið um hitaveitu í Hjaltadal í athugun Ríkisendurskoðunar en þar sem sú hitaveita er að mestu í eigu ríkissjóðs er ekki flutt tillaga um niðurfellingu þeirrar skuldar.

Breytingartillaga þessi er flutt til að létta á fjárhagsvanda framangreindra hitaveitna auk þess sem eðlilegt hlýtur að teljast að þær sitji við sama borð gagnvart ríkinu og þær tvær veitur sem fengu niðurfelldar skuldir með samþykki Alþingis á fjáraukalögum 1991.

Nefnd á vegum fjármálaráðherra hefur hins vegar gert tillögu um að mæta fjárhagsvanda þeirra veitna með skuldbreytingu. Flutningsmenn þessarar tillögu telja að sú aðgerð ein og sér leysi engan veginn rekstrarvanda veitnanna.

Svo segir í þessari grg. En sagan er þessi, að tveimur hitaveitum, sams konar hitaveitum, var fyrir tveimur árum veitt þessi fyrirgreiðsla. Það eru Hitaveita Hvalfjarðar og Hitaveita Varmahlíðar, eins og hér kom fram. Þær fengu þessa fyrirgreiðslu og ég hef kynnt það fyrir þingheimi að Ríkisendurskoðun telur að þessar sem ég hef hér talið upp séu sambærilegar og eigi þá sama rétt á að fá þessa niðurfellingu. Það er kannski eðlilegt að hv. þm. Árni Johnsen rísi úr sæti þegar hér er komið í kafla ræðu minnar og gangi á dyr því ég tel þetta svik á loforðum, bæði frá fjárlaganefndarmönnum og ekki síður hæstv. núv. ráðherrum sumum og fyrrv.

Fyrir tveimur árum lögðust mjög í þessa baráttu, hv. þm. Eggert Haukdal og Guðmundur Bjarnason ásamt mér. Þá ræddum við ekki síst við iðnrh., sem þá var Jón Sigurðsson, sem tók okkar erindi ágætlega og taldi þetta ekki óeðlilega beiðni, enda um heilmikinn rekstrarvanda að etja og sanngirnismál. Sá fyrrv. ráðherra lét skoða þetta mál í iðnrn. og það varð til þess að fyrir tveimur árum og ekki síst fyrir beiðni hæstv. sjútvrh., Þorsteins Pálssonar, sem er þingmaður Sunnlendinga, af því að hann taldi þetta einnig sanngirnismál, þá féllumst við á það að þessu máli yrði frestað þá en ráðuneytin og fjárln. næðu saman um það. Þessi barátta hélt áfram því að þegar kom að síðasta hausti hafði ekkert verið gert í málinu. Þá fór það svo hér, hæstv. forseti, að í þinginu var settur kafli inn á 6. gr. fjárlaga þar sem þetta var heimilað og í framhaldi af því var skipuð nefnd þessara ráðuneyta og einnig úr fjárln. til að fara yfir málið. Niðurstaðan liggur nú fyrir, að ekkert er lagt til að gera í málinu. Jú, eins og hér kom fram, skuldbreyting sem litlu breytir fyrir þessar veitur. Svo getur núv. hæstv. ríkisstjórn gumað á stórum stundum og sagt frá því að hún ætli að beita sér fyrir jöfnun húshitunar. Hún getur ráðist í það þegar stórar veitur í þéttbýli eiga hlut að máli, þá er farið í aðgerðir til þess að bjarga þeim. En þegar það eru dreifbýlisveitur sem fólk í sveitum fær hitann frá þá er ekki komið nálægt málinu. Þess vegna er auðvitað staðan sú að við erum neyddir hér við þessa umræðu til þess að láta reyna á það hvort vilji Alþingis er með sama hætti og þessarar hæstv. ríkisstjórnar og fjárln.

Ég vænti þess að menn kynni sér þessa brtt. og skoði þau rök sem hér eru lögð fram og styðji þetta litla mál. Það skiptir miklu fyrir hitaveiturnar í landinu. Það er forkastanlegt af meiri hluta fjárln. að hafa haft þetta erindi að engu, hafa dregið fólk á asnaeyrunum í tvö ár ásamt hæstv. ráðherrum. Það er að mínu áliti vítavert.

Hæstv. forseti. Ég ætla þá ekki að orðlengja þetta frekar en koma að landbúnaðarmálunum eins og ég sagði, ja, kannski ég víki mér aðeins að fjárln. áður en ég geri það. — Hv. þm. Egill Jónsson sést nú ekki enn í sæti sínu, hæstv. forseti, en það er þingmaður sem ég hefði gaman af að hafa í stólnum sínum þegar ég ræði landbúnaðarmál því gjarnan minnir hann mig á Jón sterka. Það er alveg sama hversu mikið hann er niðurlægður, hvort sem það er fjárln. sem gerir hans óskir að engu eða hæstv. ráðherrar sem skella honum í drulluna, hann rís alltaf jafnbrattur upp og segir: Sástu hvernig ég tók hann? Þannig að málflutningurinn er náttúrlega fyrir neðan allar hellur hjá hv. þm. eins og ég býst við að flestir hafi séð hér fyrir hádegi.

(**Forseti** (SalÞ)**:** Forseti biður hv. þm. að gæta orða sinna, nota kurteislegt orðalag.)

Ég sagði ekki eitt einasta orð í garð Egils Jónssonar annað en menn sáu hér í morgun, hæstv. forseti. Það voru ekki nein smáorð og það bað enginn þá hv. þm. að gæta orða sinna. En ég fer fram á það af hæstv. forsetum að við þingmenn séum hér jafnir fyrir þingsköpunum. Ég er að verða ósáttur við það hvernig sumum leyfist að tala hér en aðrir hafa ekki til þess frelsi.

Ég ætlaði að minnast á hv. fjárlaganefndarmenn. Mér þótti mátulegt á þá hvernig þeir voru teknir í karphúsið hér í gær við þessa umræðu. Það var tímabært. Ég var búinn að halda því hér fram í mörgum ræðum að þessir nefndarmenn, meiri hluti fjárln., væru að misbjóða þinginu með vinnubrögðum sínum og gengju mjög langt í hroka sínum hvað þingið varðar og yfirgengju oft og tíðum þingmenn hér með málflutningi sínum. Auðvitað var það tímabært að hv. þm., aldursforseti þingsins, Matthías Bjarnason, minnti þessa menn á að þeir eru ekkert yfirvald. Þeir eru ekki yfir ráðherrum, þeir eru ekki yfir þingkjörnum stjórnum og þeir eru ekki yfirnefnd þingsins þótt þeir telji sér trú um það öðru hvoru.

Það var nú svo, hæstv. forseti, að þessi stuttbuxnadeild Sjálfstfl. fékk duglega á baukinn hjá hv. þm. Matthíasi Bjarnasyni. Auðvitað sá maður í gegnum þau átök að styrkur hv. þm. Matthíasar Bjarnasonar er heilmikill. Hér varð að fresta þingfundi og halda sérstakan fund í þingflokknum og ég sé að máttur hv. þm. hefur verið slíkur að allt sem þessi hv. þm. gagnrýndi er horfið úr nál. Þannig að fjárlaganefndarmenn Sjálfstfl. hafa harkalega verið minntir á það hvernig þeir væru að misbjóða þinginu. Gamli járnkarlinn sigraði í þessari glímu.

En þeir voru samt tveir sem ærðust í þinginu í gær yfir málsmeðferð fjárln. Hinn var hv. þm. Egill Jónsson. Hann hafði ekkert síður stór orð hér uppi í ræðustólnum en hv. þm. Matthías Bjarnason. En ég sé nú ekki betur en að svo hafi farið að ekkert hafi gengið né rekið hjá hv. þm. Agli Jónssyni. Hans gagnrýni hefur ekki átt hljómgrunn. Það hefur engu verið breytt af því sem hann lagði til í sínum flokki. Staðan er enn sú að í nál. eru jarðræktarlögin tekin úr gildi með svohljóðandi setningu, hæstv. forseti: „Jafnframt vilja sömu aðilar láta það koma skýrt fram að ekki verði um frekari fjárveitingar að ræða til framkvæmda samkvæmt jarðræktarlögum."

Hvaða aðilar eru þetta? Það eru hæstv. ráðherrar, hæstv. landbrh. og hæstv. fjmrh., og auðvitað fjárlaganefndarmennirnir sem lýsa þessu yfir og þessu fékk hv. þm. Egill Jónsson ekki breytt þó hann léti illa í gær. En hann komst í fjölmiðlana fyrir lætin í sér. Og kannski halda einhverjir bændur á Austurlandi og víðar að hann hafi verið að berja eitthvað í gegn fyrir landbúnaðinn. En málið er það að landbúnaðurinn er í sömu súpunni og hann var í gær og þó að hv. þm. hafi flutt langa og háværa ræðu í morgun um öll svikin þá hefur hann enn ekki náð neinu fram. Þeir eru athyglisverðir þessir tveir öldungar, annar fær allt sitt, hinn ekkert.

Það er nú svo að hinar góðu bókmenntir Íslendinga koma manni oft til hugar eftir að hafa hlýtt á umræður eins og voru hér í gær og í morgun. Mér varð hugsað til Íslandsklukkunnar bæði út af þeim persónum sem tengdust þessum átökum og ekki síður vegna landbúnaðarins sjálfs. En á einum stað þar sem þeir Arnas Arnæus og herra Úffelen ræða saman þá segir á þessa leið, með leyfi forseta: „Maður sem ætlar að kyrkja lítið dýr í greip sinni mun að lokum þreytast. Hann heldur því armslengd frá sér, herðir takið um kverkar þess sem má, en það deyr ekki; það horfir á hann; klær þess eru úti. Þetta dýr mun ekki vænta sér hjálpar þótt tröll komi með blíðskaparyfirbragði og segist skulu frelsa það. Hitt er lífsvon þess að tíminn sé því hallkvæmur og lini afl óvinar þess."

Þetta minnir mig á þá stöðu sem íslenskur landbúnaður er í og hefur verið í tíð núv. ríkisstjórnar. Hv. þm. Egill Jónsson hefur rakið það í nál. með landbn. að svikin við landbúnaðinn séu upp á 700–800 millj. Hann hefur sagt það á fundi nefndarinnar að til viðbótar sé heill milljarður framan af tímabilinu sem ekki er getið um í þessari greinargerð.

En landbúnaðurinn mun lifa þrátt fyrir þau fantatök sem núv. ríkisstjórn hefur á honum tekið og hvernig búvörusamningurinn hefur verið svikinn. En von landbúnaðarins liggur í því að þessi ríkisstjórn fari frá, að ný ríkisstjórn með öðruvísi áherslu í atvinnulífi og hugsun taki völd á Íslandi. Sá tími mun koma eftir 8. apríl í vor. Þangað til verðum við þrauka og berjast. En ég trúi að svo verði.

Svo segir áfram í þessari góðu bók, með leyfi hæstv. forseta: „Ef varnarlaus smáþjóð hefur mitt í sinni ógæfu borið gæfu til að eignast mátulega sterkan óvin mun tíminn ganga í lið með henni einsog því dýri sem ég tók dæmi af. Ef hún í neyð sinni játast undir tröllsvernd mun hún verða gleypt í einum munnbita. Ég veit þið hamborgarmenn munduð færa oss íslenskum maðklaust korn og ekki telja ómaksvert að

svíkja á oss mál og vog. En þegar á íslandsströnd eru risnir þýskir fiskibæir og þýsk kauptún, hve leingi mun þess að bíða að þar rísi og þýskir kastalar með þýskum kastalaherrum og málaliði? Hver er þá orðinn hlutur þeirrar þjóðar sem skrifaði frægar bækur? Þeir íslensku mundu þá í hæsta lagi verða feitir þjónar þýsks leppríkis. Feitur þjónn er ekki mikill maður. Barður þræll er mikill maður, því í hans brjósti á frelsið heima."

Nú er það svo að þessir tveir hv. þm., Egill Jónsson og Matthías Bjarnason, eru báðir tveir barðir þrælar í sínum flokki. Þær hafa verið flokksþrælar undir aktygum Valhallarliðsins um áratugi en þó með misjöfnum hætti. Mismunurinn er sá að frelsið býr í brjósti hv. þm. Matthíasar Bjarnasonar. Hann rís upp og sigrar þegar honum er ofboðið. Hann nær þess vegna sínu fram. Það er hans styrkur og þess vegna hefur hann setið hér og jafnan haft eindrægna kosningu í sínu kjördæmi.

Hins vegar minnir hv. þm. Egill Jónsson mig meir og meir bæði á barinn þræl og latan þjón sem gefst upp þegar á móti blæs. Og því miður hefur það gerst nú í þessum átökum um hvort landbúnaðurinn fái að njóta réttar síns í þessari fjárlagagerð þá hefur hv. þm. gefist upp. Hann hefur gefist upp fyrir hæstv. fjmrh., hann hefur gefist upp fyrir stuttbuxnadeildinni í Sjálfstfl. og hann hikar ekki við að ætla að ganga til kosninga þegar það liggur staðfast plagg frá honum um að skuldalistinn við íslenskan landbúnað er upp á 700 millj. kr. og eldri svik upp á milljarð. Og hv. þm. hefur komið hér upp í morgun og blásið og hann hefur sagt að eini sigur sinn sé sá að hann sé búinn að brjóta málið upp. Brjóta hvaða mál upp? Hann hefur ekkert brotið neitt mál upp að ég sé. Hann fékk engu breytt með sínum mótmælum hér í gær og enn þá blasa þessi svik við. Enn þá er staðan sú að textinn sem hann gagnrýndi harðast og mest eða þessi, hæstv. forseti: „Jafnframt vilja sömu aðilar láta það koma skýrt fram að ekki verði um frekari fjárveitingar að ræða til framkvæmda samkvæmt jarðræktarlögum", stendur þarna skýr og hreinn enn þá eins og hann var í gær. Þingmaðurinn hefur því ekkert brotið upp og engu náð í gegn. En hv. þm. Egill Jónsson hann hikaði ekki við að segja að samdráttur sauðfjárbænda væri eigi að síður á einhverju tímabili á launalið upp á 47%. Þó lætur hann þá ríkisstjórn sem hann styður fram í rauðan dauðann svíkja þessa stétt einu sinni enn.

Og hv. þm. sagði það vissulega rétt þegar hann orðaði það svo, með leyfi forseta, í sinni ræðu, að ríkisstjórnin hefði bætt einu svipuhöggi við til að afnema jarðræktarlögin. Þetta var heiðarlegt af hv. þm. Einu svipuhöggi til til að afnema jarðræktarlögin. Þau eru orðin mörg svipuhöggin sem íslenskur landbúnaður hefur orðið að þola undir tíð núv. ríkisstjórnar. Það er kannski sorglegt að menn hafa talið sér trú um að hæstv. landbrh. væri að vinna einhverja sigra þegar hann hefur verið að taka á hæstv. utanrrh. sem oft hefur verið ómaklegur því miður og átt það skilið. En það hafa ekki verið sigrar í krónum eða aurum. Það hafa ekki verið sigrar í réttindum eða nýjum draumum fyrir íslenskan landbúnað. Það hafa verið tungunnar átök sem þá hafa farið fram og hæstv. landbrh. er sleipur á því sviði. En verkið er jafnóunnið og það var.

Hæstv. fjmrh. leyfði sér að koma hér upp í andsvari við hv. þm. Egil Jónsson og segja sem svo að hann stæði að þessum texta og teldi hann góðan. Ekki svaraði hv. þm. Egill Jónsson einu orði. Hv. þm. sat eins og hrúga í sínu sæti og mótmælti þá engu. Það er nefnilega ekki nóg, og það vita bændur þessa lands og þeir sem unna íslenskum landbúnaði, að tala hátt úr ræðustól Alþingis og látast vera að vinna verkin. Menn spyrja eftir árangri fyrst og fremst. Og því miður kann nú svo að fara að Austfirðingar einnig, þessu fáu prósent sem hafa leyft sér þann munað að kjósa Egil Jónsson til þings í gegnum kosningalagabreytingar og ýmis áföll, kæri sig ekki um það miklu lengur að styðja hann eða hans flokk sem þannig rústar landsbyggðina, eins og hv. þm. Egill Jónsson hefur sjálfur best lýst.

Það er nú svo að jarðræktarlögin standa eins og stafur á bók. Þau eru í lögbók landsins. Þau eru fyrirheit og þau eru staðfesting á því að Alþingi Íslendinga hefur sett lög þar sem það felur heilli stétt að rækta og byggja þetta land. Og þessi lög eru í gildi, hæstv. dómsmrh. Þau eru í gildi og það ber að fara eftir þeim. En eigi að síður er staðan sú að þau eru brotin og skuldirnar eru miklar sem ekki nást fram. Það á nefnilega að standa við lög og gerða samninga eins og kom fram í ræðu hv. þm. Kristínar Ástgeirsdóttur fyrir hádegið. (**Gripið fram í:** Var dómsmrh. að brjóta lögin?) Hæstv. dómsmrh. hefur ekki tjáð sig um annað en að hann muni styðja bæði þennan texta og þá smámuni sem hæstv. ríkisstjórn ætlar að láta í þennan málaflokk. Mér skilst að skuldir samkvæmt jarðræktarlögum séu að verða þriggja ára gamlar og nemi 200–300 millj. Hér hefur það gerst að hreinir smámunir fást fram. Að vísu þá styð ég það fullkomlega að það náist fram en það eru hreinir smámunir sem eiga að ganga til þeirra sem hafa verið að byggja haughús. Vegna breyttra reglna í heilbrigðismálum sem hæstv. heilbrrh. hefur sett hafa menn orðið að fara í þessar framkvæmdir og svo hitt vegna vatnsveitna. En það eru mörg fleiri atriði sem skuldir standa út af vegna og þarf ég ekkert að rekja það hér.

Hv. þm. Egill Jónsson minntist á það í morgun að hann hefði kallað hina og þessa til sín. Einn morgunn gerðist það í fjárln. að hann kallaði kornbændur til sín af Suðurlandi og hann kallaði til sín framleiðendur á grasökglum norðan úr Skagafirði (Gripið fram í.) Á landbúnaðarnefndarfundi átti ég við, hv. þm. Hafi mér orðið á mismæli tók ég ekki eftir því sjálfur en þakka fyrir hversu vel þingmaðurinn hlustar og vænti þess að hann hafi tekið eftir fyrri parti ræðu minnar sem sneri að hrokanum í hv. fjárln. (**Gripið fram í:** Það væri gott að heyra það aftur.) En þessir menn voru kallaðir úr öllum landsfjórðungum til þess að gefa þeim fyrirheit um að lítil og falleg upphæð upp á einhverjar milljónir mundi koma í gegnum fjárlögin til styrktar kornræktinni. Þar fór hv. þm. og formaður landbn. Egill Jónsson mjög yfir það á þeim fundi hvernig aðrar þjóðir styrktu sínar kornbændur og greiddu niður

kornið. Auðvitað mundi það svo gerast hér eins og á mörgum öðrum sviðum að þessi grein yrði undir í atvinnulífinu ef ekki yrði brugðist við með sama hætti. Það á nefnilega við á svo mörgum sviðum og þess vegna erum við Íslendingar að tapa tökum. En þegar kemur að lokum umræðna um fjáraukalögin þá er ekkert komið inn hvað þennan lið varðar. Þetta verkefni eins og mörg önnur verða kannski í höndum Dana eða Þjóðverja eða Breta eða einhverra annarra enn þá fjarlægari þjóða. Það er nefnilega skaði hvernig Alþingi lætur reka á reiðanum, hvernig Alþingi lætur ónýta ríkisstjórn komast upp með að starfa. Það ættu þingmennirnir sem alla vega styðja þessa stjórn að gera sér grein fyrir að þar þarf að vera breyting á.

Það er mikilvægt við þessa umræðu að hæstv. landbrh. útskýri hvernig hann ætlar að standa að þessu máli í þinginu, hvernig hann ætlar að fara frá því að skuldir ríkisins við landbúnaðinn séu upp á 700–800 millj. en hér eigi að veita litlar 60–70 millj. upp í dæmið og þætti mér vænt um ef hæstv. ráðherra vildi útskýra það fyrir þingheimi.

Hæstv. forseti. Ég þarf ekki að lengja ræðu mína öllu meira en ég hygg að það verði svo að íslenskir bændur munu margir fá að sjá það álit sem fór frá hv. landbn. til fjárln. Þar er skuldalistinn tilgreindur, þar er sýnd mynd af Íslandi og svörtum byggðum sem geta liðið undir lok ef menn ekki standa við búvörusamninginn og ýmsa viðauka við hann sem var mikilvægt. Það er nefnilega undarlegur hlutur, hv. þm. Sturla Böðvarsson, að þetta skuli vera með þeim hætti. Búvörusamningurinn var gerður í góðri trú um að hér yrði næg atvinna en samdrátturinn og atvinnuleysið hefur gert það að verkum að þeir bændur sem hugðust snúa sér að öðrum verkum hafa ekki haft til þess tækifæri í tíð núv. ríkisstjórnar vegna atvinnuástandsins. Þetta hefur gert það að verkum að þeir hafa orðið að halda í búskap sinn og þeir hafa orðið fyrir áföllum vegna þess að hæstv. landbrh. hefur hvað eftir annað, alla vega í sauðfjárræktinni, farið í flatan niðurskurð sem greinist í þá átt sem hv. þm. Egill Jónsson sagði í morgun að gæti numið 47% af launalið á samningstímanum. Þess vegna var það mikilvægara en nokkru sinni fyrr vegna þessa ástands að menn stæðu við búvörusamninginn og ekki síst viðauka hans um að skapa atvinnu í hinum dreifðu byggðum.

Hæstv. forseti. Ég hef þá farið yfir þau atriði sem ég vildi koma inn á og vil ekki lengja mál mitt öllu meira en vænti þess að stjórnarliðar sjái það að hér er komið í mikið óefni og það er ekki of seint að flytja brtt., ef ekki við þetta fjáraukalagafrv. þá við fjárlögin sjálf.

[14:06]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er út af fyrir sig merkilegt að hv. þm. Guðni Ágústsson skuli við þessa umræðu víkja sér undan því að ræða málefnalega um þær brtt. og um það fjáraukalagafrv. sem hér er til umræðu og grípi þess í stað til þess ráðs að lesa upp úr Íslandsklukkunni.

En það sem við erum að fjalla um hér er aðalatriðið, þ.e. aukin framlög til íslenska landbúnaðarins. Hvers vegna nefndi hv. þm. það ekki? Það er vegna þess að hann treystir sér ekki í þá umræðu. Hann treystir sér ekki til þess að vekja athygli á því að við 3. umr. um fjáraukalög fyrir árið 1994 erum við að fjalla um aukin framlög til íslensks landbúnaðar. Þess í stað velur hv. þm. þann kost að ræða um allt aðra hluti. Það er auðvitað mikilsvert og jafnan ánægjulegt þegar vitnað er í nóbelsskáldið og ekki síst þegar lesið er upp úr Íslandsklukkunni en ég held að hv. þm. hefði átt að nota þessa tilvitnun til þess að rifja upp þátt Framsfl. gagnvart íslenskum landbúnaði og nota líkinguna um maðkað mjöl til þess að rifja upp með hvaða hætti Framsfl. hefur staðið að landbúnaðarmálum og hvernig hann hefur staðið við bakið á íslenskum bændum í gegnum árin.

En ég ætla ekki að hafa fleiri orð um það, hæstv. forseti, en vildi aðeins nefna það sem hv. þm. talaði um, litlar hitaveitur, og mundi í seinni hluta þessa tíma sem ég hef í andsvari fara örlítið yfir það.

[14:08]

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þarna sáum við kannski þann hroka sem við höfum glímt við í málflutningi þegar hv. þm. leyfir sér að telja þetta auknar fjárveitingar. U.þ.b. 10% af því sem hv. þm. Egill Jónsson og landbn. skilaði frá sér kallar hv. þm. auknar fjárveitingar. Það eru aðeins 10% af því sem landbúnaðurinn á inni sem á að skila honum. Það kann að vera svo, hv. þm., að á tímum atvinnuleysis og samdráttar sé mikilvægara en fyrr að ríkisvaldið veiti aðstoð og hleypi lífi í atvinnulífið. Þar á ég bæði við landbúnaðinn og aðrar greinar. Við skulum gera okkur grein fyrir því þegar við erum að ræða þetta mál og búið er að flytja annað frv. um vistvæna framleiðslu þá stöndum við þannig núna þegar það blasir við í heiminum að fólk spyr eftir slíkri vöru. Norska ríkið með kratann Gro Harlem Brundtland, sem ég er ekki sérlega hrifin af, en sá forsætisráðherra hefur haft mátt í sér til þess að láta 600 millj. í norska landbúnaðinn til þess að þróa vistvæna leið. Hér hefur ekki fengist króna. En hér á að fara að setja ný lög sem sjálfsagt á að svíkja eins og jarðræktarlögin.

Ég kippi mér ekki upp við þó að hv. þm. kalli málflutning minn ekki málefnalegan. En það hafa fleiri og þar á meðal hans flokksbróðir, hv. þm. Egill Jónsson, flutt svipaða ræðu hér í morgun. Hann kallaði þetta svik og ég hygg að sjálfstæðismenn um allt land muni taka undir þá ræðu (Forseti hringir.) þó þeir undrist eins og ég, hæstv. forseti, að hv. þm. Egill Jónsson skuli gefast upp í hverju máli.

[14:10]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Auðvitað er það alltaf þannig að það er hægt að nýta hærri fjárhæðir og ekki síst í atvinnulífinu. En ég vil minna hv. þm. Guðna Ágústsson á það að þau framlög sem við erum að fjalla hér um og eiga að ganga til Byggðastofnunar munu auðvelda þeirri stofnun að taka á gagnvart sauðfjárræktarsvæðunum og ég er sannfærður um það að stjórn Byggðastofnunar mun vinna vel að því máli. Ég tel því að þetta sé mik-

ilvægur áfangi sem við erum að ná hér og er sannfærður um að það muni hafa mjög mikla þýðingu fyrir sauðfjárræktarsvæðin.

Varðandi litlu hitaveiturnar sem hv. þm. mun hafa fjallað aðeins um þá vil ég segja að fjárln. hefur haft til umfjöllunar tillögur frá nefnd sem skipuð var af fjmrn., iðnrn. og frá Ríkisendurskoðun. Þeir komust að tiltekinni niðurstöðu um það að lánum vegna litlu hitaveitnanna yrði skuldbreytt en auk þess gerir meiri hluti fjárln. tillögu um ákvæði í 6. gr. fjárlaga, heimild til þess að ganga til samninga um lækkun á orkuverði þessara hitaveitna eins og annarra hitaveitna. Það er hluti af þeirri yfirlýsingu sem ríkisstjórnin gaf tíunda þessa mánaðar og þar er lögð rík áhersla á að þær hitaveitur sem þarna um ræðir fái eðlilega fyrirgreiðslu og með svipuðum hætti og aðrar hitaveitur hafa fengið. Á grundvelli þeirrar tillögu meiri hluta fjárln. er meiningin að leysa þetta mál. Þess vegna er brtt. hv. þm. Guðna Ágústssonar óþörf. Að þessu verki mun verða hægt að vinna á grundvelli 6. gr. heimildar í fjárlögum fyrir næsta ár.

[14:12]

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég fagna því ef niðurfelling getur átt sér stað á gömlu söluskattsskuldunum eins og hv. þm. fullyrðir. (**StB:** Hún hefur ekki átt sér stað, það er misskilningur.) Nei, muni eiga sér stað, segir hv. þm. Ég hygg að hv. þm. Sturla Böðvarsson hljóti að vilja hjálpa til í því máli því ef hv. þm. ekki gerir það þá liggur sá grunur á honum að hann hafi troðið veitunni í Hvalfirði í gegn eins og gerðist fyrir 2–3 árum. Hann hlýtur að vera sammála Ríkisendurskoðun um það að hinar veiturnar njóti réttar síns.

Þingmaðurinn minntist hér á þær upphæðir sem eiga að koma til sauðfjárræktarsvæðanna. Ég hygg að 50 millj. hossi nú ekki hátt. Það kemur fram í áliti frá formanni landbn. og landbn., hv. þm., að hvað þessa stöðu varðar ætti landbúnaðurinn að vera búinn að fá þarna til uppbyggingar annarra verkefna 230 millj. kr. Það hefði kannski dugað til einhverrar annarrar atvinnuuppbyggingar og leyst sárasta vanda sauðfjárræktarinnar. En þetta er bara dæmi um það að menn eru að hrópa og berja sér á brjóst og segjast vera komnir með nýtt fjármagn þegar nefndar eru 50 millj. en skuldirnar og fyrirheitin sem voru brostin eru mörg hundruð millj. en hefðu skipt mjög miklu máli ef við þær hefði verið staðið.

Ég hef ekki tíma, hæstv. forseti, til þess að fara yfir svikin sem hafa átt sér stað nú í tíð núv. hæstv. ríkisstjórnar hvað búvörusamninginn varðar. En það skiptir hundruðum millj. Og það hefði skipt sköpum fyrir bændur landsins og atvinnulífið í þorpunum, ekki síst, hefði verið staðið við þær fjárveitingar.

[14:15]

Árni Johnsen *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það fer hv. þm. Guðna Ágústssyni ekki vel að tala um hroka í garð annarra þingmanna. Þær tvær veitur sem fengu aðstoð fyrir tveimur árum fengu þá aðstoð vegna söluskatts þótt það kunni að orka tvímælis miðað við það sem menn kalla fordæmi í þeim efnum. Hjá litlum veitum á Suðurlandi sem um er rætt kann að vera að hluti skulda þeirra sé vegna söluskatts. Það liggur ekki fyrir í úttekt Ríkisendurskoðunar eða annarra sem hafa fjallað um málið formlega. En virðisaukinn er hins vegar ekki sambærilegt vandamál þar sem innskatturinn dregur bitið úr. Auðvitað þarf að ganga til þessa verks og ljúka því og fjárln. hefur gert tillögu um að það verði hægt og það á ekki að vera neinn vandi á því eins og staðan er nú. Tillaga nefndar um úrlausn fyrir litlu veiturnar á Suðurlandi byggist m.a. á niðurstöðu Ríkisendurskoðunar um málið en tillaga fjárln. bætir um betur í 6. gr. og opnar dyr til betri úrlausnar með tilliti til skuldastöðu veitnanna, samsetningar skulda, eigin stöðu og gjaldskrár. Auðvitað eiga litlu veiturnar að sitja við sama borð og þær veitur sem hafa fengið niðurfellingu. Þá skiptir öllu máli að menn geri þá úttekt sem á að gera þannig að það liggi klárt fyrir. Þetta mál hefur að mínu mati tafist óeðlilega og þæfst í meðförum opinberrar nefndar. En nú liggur fyrir tillaga bæði frá hinni opinberu nefnd og síðan fjárln. með tilvísanir í 6. gr. Það er fjarri því að hægt sé að tala um nokkur svik í þessu sambandi. Og ætti hv. þm. Guðni Ágústsson að kynna sér betur gögnin í málinu áður en hann hjakkar þannig í sama hjólfarinu og gert er.

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að fjalla hér um yfirlýsingu Guðna Ágústssonar, þá yfirlýsingu hans að hann hafi valið sér nýjan leiðtoga lífs síns, Egil Jónsson, en ég óska honum til hamingju, hann er í góðum höndum þar í ósjálfstæði sínu.

[14:17]

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ekki er nú meiri virðingin borin fyrir Agli Jónssyni en svo að þessi hv. þm. þarf að kasta að honum kögglum kaplataðs niðurbeygðum og illa leiknum eftir gærdaginn þar sem ekkert af hans rökum náðu fram. Ég er auðvitað fús til þess að fóstra Egil Jónsson og verða honum að liði ef ég má. Ég hef reynt það. Ég held að hann sé hinn mætasta maður, hv. þm. Egill Jónsson, þó að hann búi við þá sorg að vera í húsi Sjafstfl. þar sem stuttbuxnadeildin hefur yfirtekið flokkinn.

Hv. þm. Árni Johnsen og Sturla Böðvarsson hafa rætt hér um litlu hitaveiturnar. Árni Johnsen hefur hvað eftir annað lýst því yfir á fundum með sveitarstjórnum í kjördæminu, sem þessi mál hafa varðað, að málefni hitaveitnanna yrðu leyst og leyst með þeim hætti sem gerðist í Hvalfirði og í Varmahlíð. Það hefur staðið á þessu, þessi bardagi hefur staðið í á þriðja ár að ná þessum réttindum fram. Það er allt sem liggur fyrir í þessu máli hv. þm. Það er misskilningur hjá hv. þm. að svo sé ekki því Ríkisendurskoðun hefur farið yfir málið það hefur iðnrn. einnig gert þannig að það er ljóst hverslags skuldir þetta eru og það er hreinn útúrsnúningur að halda því fram að þetta liggi ekki fyrir. Og ég vænti þess ef það er rétt sem hv. þm. Sturla Böðvarsson fullyrti að það mætti nota 6. gr. enn í þessu máli frá síðasta þingi. Ég styð auðvitað skuldbreytingu en við skulum fara yfir þetta mál og ég er tilbúinn ef hægt er að ná samstöðu við meiri hluta

fjárln., hæstv. forseti, að við munum þá skoða það að draga brtt. til baka.

[14:20]

Árni Johnsen *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef í engu hallað máli á hv. þm. Egil Jónsson, nema síður sé. En það kom hér fram í máli hv. þm. Guðna Ágústssonar að hann hefur valið sér nýjan leiðtoga lífs síns og það óska ég honum til hamingju með að veita Agli Jónssyni þá hefð. Egill Jónsson minntist hins vegar á það í ræðu fyrr í dag að hann líkti málflutningi hv. þm. Guðna Ágústssonar við gelt. Ekki ætla ég að fara nánar út í það. (**SvG:** Það var reyndar gjamm.) Gjamm eða gelt, það munar ekki miklu. (**SvG:** Það munar nokkru.) Nokkru, rétt er það. Þetta kallar þingmaðurinn og er einkennileg sjálfslýsing að varpa kögglum kaplataðs að Agli Jónssyni hv. þm. Það voru ekki mín orð, það voru orð hv. þm. Guðna Ágústssonar sjálfs um hann sjálfan. Ég hef að sjálfsögðu fjallað um mál litlu hitaveitnanna á ýmsum fundum á Suðurlandi en ekki lýst því eins og Guðni Ágústsson gerir enda er hann ekki mjög nákvæmur í því að greina frá hvorki mönnum né málefnum og hefur sinn stíl í því og það virði ég út af fyrir sig en ekki getur hann gert mér upp orð. Um þetta mál hefur verið fjallað, það liggja fyrir ákveðnar staðreyndir í málinu en þó vantar eitt sem Guðni Ágústsson hv. þm. sagði að væri til staðar. Það liggur ekki fyrir úttekt á hverri veitu fyrir sig. Það er mismunandi samsetning á mörgum þáttum og það liggur hreinlega ekki fyrir hvorki hjá Ríkisendurskoðun né öðrum og það þarf að gera. Til þess verks þarf að ganga áður en hægt er að ljúka þessu máli vonandi með sæmd.

[14:22]

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Alltaf verð ég nú sannfærðari og sannfærðari um það þegar ég hlusta á þennan einkennilega málflutning þessa góða vinar míns, Árna Johnsens, að það var hárrétt sem Svíarnir sögðu fyrir 10 árum þegar Sjálfstfl. rausnaðist við það í fyrsta sinn að senda hv. þm. á Norðurlandaþing og hann hafði þar kvatt sér hljóðs og haldið eina af sínum skrýtnu ræðum. Þá hnippti einn sænski þingmaðurinn í Eið Guðnason og sagði: Kæri vinur, við eigum marga svona menn heima í Svíþjóð, en okkur hefur aldrei dottið í hug að senda þá til þings.

Útbýting þingskjala:

Fjárlög 1995, 1. mál, frhnál. minni hluta fjárln., þskj. 468; brtt. JVK o.fl., þskj. 470; brtt. KÁ o.fl., þskj. 471; brtt. KÁ o.fl., þskj. 472; brtt. KÁ o.fl., þskj. 473; brtt. JÁ og HG, þskj. 474; brtt. JÁ, þskj. 475; brtt. IP, þskj. 478; brtt. SvG, þskj. 479.

Hálkuvarnir á þjóðvegum, 279. mál, svar samgrh., þskj. 467.

[14:24]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég ætla nú ekki að hætta mér úr á það svið sem hefur verið til umræðu undanfarnar klukkustundir þar sem mörg gullkorn hafa flogið um sali að ekki sé nefnt kaplataðið sem hefur verið nefnt í þessu samhengi líka þó ég telji að sú umræða sé allrar athygli verð og menn hafa sveiflað sér á milli stórra tilvitnana í íslenskar bókmenntir og það er þakkarvert að menn geri það.

Það sem ég ætla að ræða er aðallega uppgjör Erfðafjársjóðs við Framkvæmdassjóð fatlaðra þar sem mér sýnist að standi út af nokkrir tugir milljóna kr. Ég hafði hugsað mér að inna hæstv. fjmrh. eftir því hvernig hann sæi fyrir sér að það mál yrði afgreitt, ekki síst með hliðsjón af því að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hefur flutt hér brtt. sem gerir ráð fyrir því að hækka framlagið í Framkvæmdasjóð fatlaðra á þessu ári um 85 millj. kr. Má auðvitað segja að það sé út af fyrir sig ekki seinna vænna fyrir hv. þm. að flytja um það tillögu í lok þess árs sem hófst með því að hún stýrði félmrn. og gerði það reyndar um margra mánaða skeið.

Hvernig háttar þessu til, hæstv. forseti? Þannig er að á hverju einasta ári hefur Erfðafjársjóður eða erfðafjárskattur skilað tekjum sem eru meiri en hafa numið áætlunum í fjárlögum á hverjum tíma. Þannig var það t.d. að í lok ársins 1993 skuldaði Erfðafárssjóður, þ.e. ríkissjóður, Framkvæmdasjóði fatlaðra 54,3 millj. kr. Hver var þá félmrh.? Það var hv. 12. þm. Reykv. Og það voru aldrei fluttar neinar tillögur eða fyrirspurnir á Alþingi á því ári eða um síðustu áramót til að tryggja það að þessir peningar skiluðu sér örugglega í þágu þjónustukerfis fatlaðra. Það er athyglisvert en skýrist af því að þessir peningar hafa alltaf verið taldir eign Framkvæmdasjóðs fatlaðra hvað svo sem leið málinu og yfirlýsingum í því að öðru leyti. Af því að þessi upphæð hefur aldrei verið skert með lánsfjárlögum, hún hefur aldrei verið skert í „þrátt-fyrir-kafla" lánsfjárlaga heldur hefur hún einungis verið nefnd á fjárlögum og þar af leiðandi hefur hún ekki verið talin hafa takmarkandi lagagildi. Þess vegna vil ég spyrja hæstv. fjmrh., ef hann gæti séð af nokkrum mínútum hér í salnum, að því hvernig hann hugsar sér að afgreiða þetta mál núna. Staða Erfðafjársjóðs er nú orðin þannig að um síðustu mánaðamót var hún jákvæð um 82 millj. kr. og forráðamenn Erfðafjársjóðs bíða eftir því að borga þessa peninga inn í Framkvæmdasjóð fatlaðra. Segja má að þá vanti bara fyrirmæli í þeim efnum sem eru almenn fyrirmæli. Ef hins vegar tillaga hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur yrði tekin fyrir upp á 85 millj. kr. og segjum að hún yrði felld þá þýðir það það að með því væru menn að skerða tekjur Framkvæmdasjóðs fatlaðra sem þessu nemur og þess vegna tel ég að tillaga hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur sé óþarfi miðað við þá venju sem uppi hefur verið í þessum efnum. Ég vil því spyrja hæstv. fjmrh.: Er það ekki öruggt að Framkvæmdasjóður fatlaðra fær undanbragðalaust allar tekjurnar af erfðafjárskatti á árinu 1994, eins og á síðasta ári svo sem hefur í raun og veru alltaf verið? Þetta er sú spurning sem ég vildi leggja fyrir hæstv. ráðherra. Og tilefni spurningarinnar er þessi tillaga hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur en líka sú staðreynd að ég hef fengið minnisblað um þetta mál frá Ríkisendurskoðun þar sem segir svo, með leyfi forseta:

„Í fjárlögum árið 1994 er gert ráð fyrir að erfða-

fjárskatturinn gefi 300 millj. kr. og gangi til Framkvæmdasjóðs fatlaðra. Í lok nóvembermánaðar nam innheimta skattsins hins vegar 336 millj. kr. Áætla má [segir Ríkisendurskoðun] að skatturinn gefi á árinu rúmlega 350 millj. kr."

Síðan segir: „Samkvæmt ársreikningi sjóðsins í árslok 1993 nam skuld hans við Framkvæmdasjóð fatlaðra 54,3 millj. kr. [þ.e. um síðustu áramót]. Sjóðstaða Erfðafársjóðs var mjög sterk í lok nóvembermánaðar og nam hún 82 millj. kr."

Það sem þetta segir með öðrum orðum, hæstv. forseti, er það að um síðustu áramótt átti Framkvæmdasjóður fatlaðra inni hjá Erfðafjársjóði 54,3 millj. kr. Ég ætla líka að spyrja hæstv. fjmrh.: Hvernig hefur verið farið með þá inneign? Og ég spyr hann alveg sérstaklega um það hvort félmrn. hafi rukkað þessa peninga um síðustu áramót þegar það lá fyrir að þessir fjármunir væru til í raun og veru af því að erfðafjárskatturinn hafði skilað miklu meiri peningum heldur en gert hafði verið ráð fyrir. Rukkaði hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, þáv. félmrh., fjmrh. um þessa peninga um síðustu áramót upp á 54,3 millj. kr.?

Síðan hefur það gerst að það hefur bæst við allt þetta ár þannig að inneign Framkvæmdasjóðs fatlaðra hjá Erfðafjársjóði er ekki 54,3 millj. kr. heldur stefnir hún í að verða um næstu áramót skv. upplýsingum Ríkisendurskoðunar 104,3 millj. kr. ef ekkert verður að gert. Þess vegna er það ljóst að fatlaðir eða málaflokkurinn þjónusta við fatlaða á þarna inni hjá ríkissjóði um næstu áramót, ef ekkert gerist, í kringum 100 millj. kr.

Þeir sem sitja í þessum sal ættu því að fallast á tillögu hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur um að ná í þessa peninga og helst meira til. Vandinn er hins vegar sá að ég hef út af fyrir sig ekki tilfinningu fyrir því að stjórnarmeirihlutinn hafi hugsað sér að samþykkja þessa tillögu þó hún sé flutt af hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur sem stundum hefur flutt tillögur í nafni þessarar ríkisstjórnar áður en í öðru samhengi. Svo að við sem erum að sinna þingstörfum og reyna að átta okkur á stöðu einstakra mála eins og Framkvæmdasjóði fatlaðra erum í nokkrum vanda. Við erum kannski ekki síst í vanda vegna þess að á síðasta ári samþykkt félmrh. að taka 25% af Framkvæmdasjóði fatlaðra í rekstur. Nú er gert ráð fyrir því að taka 40% ef ég man rétt. Og það er auðvitað alveg ljóst að úr því að verið er að tala um að taka 40% á árinu 1995 og hækka það þannig frá 25% á árinu 1994 þá verður Framkvæmdasjóður fatlaðra og stjórn hans að vera miklu harðari í að sækja peningana í Erfðafjársjóð en áður. Fari svo að hér verði um að ræða 100 millj. kr. sem komi allar undanbragðalaust til viðbótar á þessu ári fyrir árin 1993 og 1004 þá má segja að sjóðurinn standi í raun og veru þrátt fyrir skerðingarákvæði á þessu ári allvel. Hins vegar er ljóst að ef skerðingarákvæðinu verður beitt á næsta ári þá stendur hann hins vegar mjög illa því 40% er þung byrði að bera.

Svo er líka hitt, hæstv. forseti, sem er þriðja spurning mín til hæstv. fjmrh.: Af hvaða tölu er skerðingin? Er hún af fjárlagaáætluninni eða er hún af upphækkuðu tölunni? Er hún sem sagt af tekjum Framkvæmdasjóðs fatlaðra eftir full skil erfðafjárskatts eða þau skil erfðafjárskatts sem gert er ráð fyrir í fjárlagafrv.? Á þessu er gríðarlegur munur. Ef við tökum t.d. árið í ár þá myndu 40% af fjárlagatölunni vera 120 millj. en 40% af fullum skilum er aftur á móti skerðing upp á 160 millj. Á því er regin munur. Við þessu þarf líka að fást svar. Ég held að menn séu hér að hafa af Framkvæmdasjóði fatlaðra annars stóra fjármuni. Ég er ekki að segja að menn hafi ætlað sér það en mér sýnist á öllu að málið sé óuppgert og óklárt. Þess vegna legg ég þessar fyrirspurnir hér fram til hæstv. fjmrh. um málið. Þ.e. sem sagt í fyrsta lagi: Er ekki ætlunin að gera þetta upp með svipuðum hætti og verið hefur? Á skerðingin að vera hlutfall af fjárlagatölunni eða endanlegu tölunni? Hefur félmrn., undir forustu Jóhönnu Sigurðardóttur m.a., staðið í hörðum innheimtuaðgerðum við fjmrh. í þessu máli fyrr á árinu 1994?

Ég er svo með hér undir höndum reikninga Erfðafjársjóðs, bæði rekstrarreikning og efnahagsreikning, fyrir árin 1992 og 1993. Þar kemur það fram að það hefur alltaf staðið talsvert út af sem forráðamenn Framkvæmdasjóðs fatlaðra hafa reiknað með að skilaði sér. Spurningin er sem sagt þessi: Hvernig verður þetta núna? Ég spyr í tilefni af því að fyrrv. hæstv. félmrh., sem ætti að þekkja þetta betur en allir aðrir hér í salnum, hefur flutt ákveðna brtt. og menn þurfa að átta sig á því hvernig þeir ætla að greiða atkvæði um þá tillögu.

[14:35]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er ekki víst að ég geti svarað nákvæmlega þeirri fyrirspurn sem hefur komið hér og nú en það gefst þá tækifæri síðar og í síðasta lagi þá í umræðunni um fjárlög að svara þessum spurningum. Ég veit ekki betur en að á undanförnum árum hafi allt verið gert upp á milli Erfðafjársjóðs og Framkvæmdasjóðs fatlaðra á þann veg að skili Erfðafjársjóður og skatturinn meira þá sé það gert upp og fært til Framkvæmdasjóðs fatlaðra.

Það er rétt sem kom fram í ræðu hv. þm. að það er hugmyndin að meira fari til reksturs en áður úr sjóðnum og það er vissulega stefnubreyting sem hefur átt sér stað á undanförnum árum og er skiljanleg því auðvitað er ekki sífellt hægt að byggja ný og ný hús án þess að hafa fjármuni til að standa undir þeim rekstri sem fer fram í viðkomandi húsum. Ég kannast ekki við að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hafi staðið í hörðum innheimtuaðgerðum. Ég get ekki svarað því öðruvísi. Ég hélt satt að segja að það væri sæmilegur friður um þessi mál á milli ráðuneytanna, það hefur a.m.k. verið það á undanförnum árum. Þegar spurt er síðan af hvaða tölu skerðingin er reiknuð þá verð ég að viðurkenna að ég get ekki heldur svarað því og verð að hryggja hv. þm. með því að það verður að skoða orðalagið en það er hægt að fá upplýsingar um þetta í umræðunni um fjárlög enda tilheyrir það nú kannski frekar fjárlagaumræðunni en umræðunni um fjáraukalög-

in, því skerðingin verður á næsta ári.

[14:37]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir svörin. Ég skil vel að hann hafi ekki haft nákvæmlega á takteinum svör við þessum spurningum sem ég bar fram. En ég áskil mér rétt til að fylgja þessu eftir á öðrum vettvangi. Ég tel að hér sé hætta á því ef skilningur hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur er réttur og ef tillaga hennar yrði felld að þá væru menn að hafa af Framkvæmdasjóði fatlaðra 100 millj. kr. Ég ætla ekki að taka þátt í því og mun þess vegna beina á ný fyrirspurn til hæstv. fjmrh. undir umræðunum um fjárlög fyrir árið 1995 jafnframt því sem málið hlýtur líka að koma til skoðunar í atkvæðagreiðslunni sjálfri. En ég fer fram á það við hæstv. fjmrh. að hann kanni eins og hann getur hvort hann getur fengið nákvæm svör við þeim spurningum sem ég bar fram áðan. Ég óska sem sagt eftir að hæstv. fjmrh. afli svara við spurningunum sem ég bar fram áðan þannig að það megi átta sig á málinu áður en þetta mál kemur til endanlegrar afgreiðslu í þessari stofnun. Eins og ég sagði áðan ætla ég ekki að taka þátt í því að hafa af Framkvæmdasjóði fatlaðra 100 millj. kr. eins og hv. þm. Jóhannsa Sigurðardóttir virðist telja að sé á leiðinni þó hún hafi ekki rukkað nokkurn mann þann tíma sem hún var félmrh. og hefði átt að sinna þessum sjóði sérstaklega.

[14:38]

Eggert Haukdal *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég kvaddi mér hljóðs áðan eftir ræðu Guðna Ágústssonar en því miður virðist það hafa farið fram hjá hæstv. forseta. Því vil ég koma þessum orðum hér að. Ég tek undir söguskoðanir, hv. 5. þm. Guðna Ágústssonar, varðandi litlar hitaveitur. Það er búið að marglofa þessu af mörgum þingmönnum og ráðherrum og það hefur allt brugðist. Það var greitt vegna tveggja hitaveitna, Varmahlíðar og Hvalfjarðar og þess vegna var siðferðilegur réttur hinna allra að fá þessa fyrirgreiðslu. Þetta vil ég undirstrika að mál hans varðandi þessar litlu hitaveitur var rétt.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill láta þess getið að gefnu tilefni að það hefur verið komið skilaboðum til hæstv. landbrh. um að það sé óskað eftir viðveru hans við umræðuna og væntir forseti þess að hann komi fljótlega. Meira getur forseti ekki gert í bili en vill bara taka þetta fram strax.

[14:39]

Steingrímur J. Sigfússon:

Virðulegur forseti. Við þökkum forseta þessar upplýsingar. Ég hafði einmitt ætlað að ræða að hluta til atriði sem varða hæstv. landbrh. en satt best að segja, hæstv. forseti, þá eru þau svo þaulrædd orðin að ég veit ekki hversu miklu er ástæða til að bæta við í sjálfu sér. Ég verð að segja alveg eins og er að ég legg varla í að fara að fara inn í þvælu stjórnarliðanna og sérstaklega Sjálfstfl. um umræður um landbúnaðarmál og málefni Byggðastofnunar á sl. tveimur sólarhringum. Mér finnst sú uppákoma öll vera með þeim endemum að það sé varla orðum að því eyðandi satt best að segja.

Í fyrsta lagi er frágangurinn á því máli til háborinnar skammar fyrir alla aðila, það verður að segja það alveg eins og er. Að menn skuli ekki geta komið sér niður á það hvað þeir ætla að gera í þessum efnum og gengið þannig frá því í formi samþykkta í sínum þingflokkum og nál. og greinargerð að það sé ljóst hvað verið er að tala um og um hvað sé samkomulag og hvað ekki. Staðreyndin er náttúrlega sú að þetta er meira og minna búið að halda uppi þinghaldinu í rúman sólarhring þessi upphlaup út af smávægilegum liðum, ef svo má að orði komast, þ.e. í tölum talið a.m.k. sem þarna eiga í hlut við afgreiðslu fjaraukalaga hér.

Ég vil víkja aðeins að fjárframlagi til Byggðastofnunar vegna vanda á sauðfjárræktarsvæðum sem á sér forsögu í þeim ákvæðum búvörusamningsins að í viðauka hans var gert sérstaklega ráð fyrir því að Byggðastofnun yrði lagt til fé til að stuðla að og styðja aðra atvinnuuppbyggingu á sauðfjárræktarsvæðunum í stað þess samdráttar sem þar var ákveðinn eða umsamínn í búvörusamningi. Það hefur komið í ljós því miður að þessi ákvæði hafa hingað til verið gróflega vanefnd af hálfu hæstv. ríkisstjórnar. Og það má kannski segja að eina umtalsverða uppskeran við þessar umræður sé sú að þessar vanefndir eru nú loksins viðurkenndar að hluta til í formi fjárframlaga til Byggðastofnunar. Þar er þó engan veginn nóg að gert, þ.e. það vantar enn mikið upp á að því fjármagni hafi verið skilað sem viðauki I, bæði undirritaður af fjmrh. og landbrh., gerir ráð fyrir að varið sé í þessu skyni. En í þessu felst þó viss viðurkenning og ég treysti því að það sé ætlunin að nota það sem eftir stendur samningstímans til að kvitta þessa reikninga þannig að Byggðastofnun hafi fengið þessar fjárveitingar að fullu áður en samningstíminn er uppi og þá í formi framlaga. Ég lýsti þeirri skoðun minni hér að næturlagi, hæstv. forseti, það mun hafa verið við 2. umr. fjárlagafrv., að það væri minn skilningur sem þess ráðherra sem gekk frá samningunum að auðvitað hefðu menn þarna verið að tala um framlög til Byggðastofnunar. Og ég held að það liggi alveg í hlutarins eðli þegar það er skoðað annars vegar í samhengi við hin ákvæði viðaukans, þar sem í öllum tilvikum eru á ferðinni framlög til þeirra verkefna sem þar greinir og hins vegar í ljósi þess að Byggðastofnun gerir engar kúnstir með lánsfé af þessu tagi gagnvart þeim vanda sem við er að glíma. Það var og er öllum ljóst að það er ekki það sem á skortir sérstaklega í vandamálum þessara svæða og atvinnulífi þar að menn geti ekki út af fyrir sig slegið lán. Nei, það sem vantar er fjármagn, nýtt fjármagn í stað tekjusamdráttarins sem þarna er að verða til að kosta aðra atvinnuuppbyggingu í formi hlutafjárstuðnings, í formi styrkja og formi víkjandi lána og annarra slíkra hluta. Ég tel að það hafi verið algerlega ljóst af umræðum um þetta mál á sínum tíma að menn ætluðust ekki bara til þess að Byggðastofnun stuðlaði að þessu verkefni með fjármunum sem næmu þessum upphæðum og þar með búið heldur ætluðust menn til þess að Byggða-

stofnun tæki þetta verkefni að sér sérstaklega, hefði í því skyni í fyrsta lagi framlög sem þessu næmi og í öðru lagi gæti hún til viðbótar stutt við þau verkefni með lánveitingum og annarri fyrirgreiðslu. Þannig var þetta auðvitað hugsað. Enda hljóta menn að sjá að ef svo væri ekki þá væri þarna um smámuni að ræða sem menn hefðu tæplega nennt að setja á blað. Það dettur vonandi engum heilvita mönnum í hug að menn hefðu talið það eiga erindi í viðauka við búvörusamning þó að Byggðastofnun ætti náðarsamlegast að lána á sjö ára tímabili 250 millj. í eitthvert svona verkefni. Það hefði verið svo fráleitt að engu tali tekur.

Þetta, hæstv. forseti, vil ég láta koma alveg skýrt fram og það þyrfti að vera ljóst hvernig hæstv. ríkisstjórn og meiri hlutinn lítur til að þessi liður standi nú með þeirri úrlausn sem vonandi verður í fjáraukalagafrv. og ef ég man rétt, fjárveitingu upp á einar 20 millj. kr. í fjárlagafrv. fyrir næsta ár. En ég held að það sé þó alveg ljóst að það vantar enn mikið upp á að þær 250 millj. kr., ef mig misminnir ekki, sem þarna áttu að skila sér.

Í öðru lagi um jarðræktarframlögin, hæstv. forseti. Ég endurtek að það er með hálfum huga að maður blandar sér í þá umræðu eins og hún er orðin. Ég ætlaði aðallega þegar ég bað um orðið að leiðrétta eitt sem kemur ranglega fram í texta í nál. meiri hlutans á þskj. 443. Það virðist ætla að ganga seint fyrir mönnum að átta sig á í hvaða átt og hvernig þessi mál hafa gengið til. Þar segir á bls. 3 undir liðnum 04 Landbúnaðarráðuneyti, með leyfi forseta:

„Í lögum um ráðstafanir í ríkisfjármálum fyrir árið 1992 var lögum breytt í þá veru að allur réttur til framlaga samkvæmt jarðræktarlögum væri háður fjárveitingu Alþingis. Með þessu ákvæði var verið að tryggja að frá og með árinu 1992 myndaðist ekki sjálfkrafa réttur til framlaga samkvæmt jarðræktarlögum."

Þetta orðalag er ekki rétt. Þessi breyting var í gildi gengin áður með breytingum á jarðræktarlögunum sjálfum sem urðu á árinu 1989 þegar það var sett í lög að menn ættu ekki rétt á framlögum nema sækja um það sérstaklega, þá voru viðkomandi framkvæmdir teknar út og samþykktar styrkveitingar til þeirra. Og það lá í hlutarins eðli að þær styrkveitingar gátu ekki komið til nema fjárveitingar væru fyrir hendi nema menn samþykktu styrki umfram fjárveitingu og myndu þannig skuld en það höfðu menn auðvitað í hendi sér. Að þessu leyti er þetta orðalag rangt. Og það er slóðaskapur að hafa ekki sögu mála af þessu tagi á hreinu þegar verið er að ganga frá þingskjölum af þessu tagi. Ég mótmæli ekki hinu að auðvitað var til viðbótar í lögum um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1992 undirstrikað að rétturinn væri svo sérstaklega háður fjárveitingum Alþingis hverju sinni og má segja að sama ákvæðið hafi verið tvítekið að þessu leyti. En þetta er alla vega svona, hæstv. forseti.

Ég tel nauðsynlegt að menn hafi þennan bakgrunn málsins á hreinu. Þetta var í tengslum við, eins og áður hefur komið fram, aðgerðir sem ráðist var í á árunum 1989 og 1990, að ná samningum við bændur um að gera upp gríðarlegan skuldahala sem myndast hafði á árunum þar á undan vegna þess að óbreytt jarðræktarlög voru í gildi og mynduðu sjálfkrafa á þeim tíma kröfur á ríkið um styrki, en menn voru aldrei menn til þess að leggja fram nóga peninga til þess að borga þá styrki. Og svo koma hv. þm. hér og væla undan því að á þessum málum hafi síðan verið tekið og þeim komið í skil. Og það hv. þm., stuðningsmenn ríkisstjórna á árunum eftir 1980 og fram til 1988 þegar einmitt þessi óráðsía viðgekkst og skuldahali myndaðist. Ef það eru einhverjir sem eiga að skammast sín í þessu máli þá eru það þeir sem settu kíkinn fyrir blinda augað, létu jarðræktarlögin gilda óbreytt án þess að nokkurn tíma á nokkru ári frá líklega 1984 eða 1985 væri lagt fram nóg fé í að gera upp kröfurnar á ríkissjóð sem þannig mynduðust. Það er auðvitað bjálfadómur.

Ég veit ekki til að mynda hvort hv. þm. Eggert Haukdal hefur greitt atkvæði gegn fjárveitingum til jarðræktarlaga á þessum árum þegar skuldirnar voru að myndast eða lagt til með brtt. að þær yrðu hækkaðar svo að ekki sé nú minnst á kempuna hv. 3. þm. Austurl. sem alltaf er að vinna sigra eins og kunnugt er. Hver einasti atburður í undanhaldi hans í landbúnaðarmálum er stórsigur í hans eigin augum. Í hvert skipti sem hann er lagður hér að velli af krötunum þá er það stórsigur fyrir hv. þm. Egil Jónsson. Og síðasta stórsigurinn vann hann í dag þegar hann fékk það staðfest að í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar fælist í reynd það að afnema jarðræktarlögin hvað þessa styrki snertir. Þetta orðalag bæri að skilja þannig að þetta yrði síðasta greiðslan í Íslandssögunni í formi styrkja samkvæmt ákvæðum jarðræktarlaga. Þá hafði nú hv. 3. þm. Austurl. fyrst unnið stórsigur, hv. þm. Egill Jónsson. Öllu snautlegri verður ekki framganga manna hér, hæstv. forseti.

Ég vil svo láta það koma fram efnislega um þann þátt þrætunnar að mér finnst það miður hvernig menn standa að þessu. Í fyrsta lagi að enn á ný skuli hafa myndast skuld eða uppsöfnuð þörf fyrir styrki sem nú er verið að nokkru leyti að reyna að bæta úr með þessu 40 millj. kr. framlagi, sem ég ætla ekkert að lasta eða vanmeta, en að hinu leytinu finnst mér þá aumingjalegt, svo ég segi ekki meira, hæstv. forseti, að taka ekki jarðræktarlögin og breyta þeim og ákveða í hvaða tilvikum, ef einhverjum, styrkir geti komið til greina. Það er þannig sem á að vinna að þessu, hæstv. forseti. Ég vil að hæstv. fjmrh. heyri það svo ég reyni nú að vanda mig og tali nú til hans persónulega. En ekki með einhverri yfirlýsingu af þessu tagi sem út af fyrir sig er út í loftið nema hún endurspegli vilja meiri hluta löggjafans. Og það má náttúrlega draga í efa eins og þeir tala hér sumir hverjir hv. þm. Sjálfstfl.

Eini varanlegi og formlega rétti frágangurinn á þessu máli væri því að leggja fyrir Alþingi brtt. við jarðræktarlög og ganga þar frá því hvort og í hvaða tilvikum menn gætu hugsað sér að einhverjir styrkir kæmu til greina og hvenær ekki. Ég spyr til að mynda að því: Er það virkilega svo að menn telji að það geti ekki verið ástæða til þess að styrkja t.d. skjólbeltarækt? Nú hefur það verið einn af þeim fáu liðum sem menn reyndu undanfarin ár a.m.k. að eiga einhverjar

krónur í. Þetta voru fáeinar milljónir kr. á ári þar sem verið var að stuðla að því að skjólbeltaræktun ykist í sveitum. Sama má til að mynda segja um lagnir vatnsveitna. Ég held að mönnum sé alveg ljóst að þeir tímar eru ekki uppi að það séu settir stórkostlegir fjármunir, ég tala nú ekki um hundruð milljónir kr. eins og gert var þegar mest var, í styrki til almennra framkvæmda hvort sem heldur eru húsbyggingar, jarðrækt, skurðgröftur eða annað því um líkt. Þeir tímar eru ekki uppi. En hitt er annað mál hvort það eigi að ganga svo langt í þessum efnum að afgreiða það með yfirlýsingu einhvers staðar úti í bæ að fella í reynd þessi ákvæði jarðalaganna úr gildi og að þau skuli ekki koma til framkvæmda um aldur og ævi, add infinitum verði þau ákvæði óvirk. En ég skil það svo að sú hafi orðið niðurstaðan af orðaskiptum manna í morgun, hv. 3. þm. Austurl., hæstv. fjmrh. og hæstv. landbrh. og er það þá mikill pyrrhosarsigur sem hv. 3. þm. Austurl. hefur þar unnið.

Í þriðja lagi, hæstv. forseti, hefði ég haft á því áhuga ef til að mynda annaðhvort hæstv. fjmrh. eða hv. formaður fjárln. eiga eftir að taka til máls í umræðunni að það verði gerð grein fyrir hallanum á ríkissjóði eins og hann stefnir á yfirstandandi ári og jafnframt hver sé niðurstöðutala ríkisreiknings á árinu 1993. Mér finnst það eðlilegt þegar verið er að ganga frá fjáraukalögum væntanlega síðustu og vonandi, a.m.k. fjáraukalögum þessa árs, fyrir árið 1994, þá sé gerð grein fyrir grundvallarstaðreyndum málsins af þessu tagi, en ég tók ekki eftir því að það væri gert í byrjun.

Síðan er einn þáttur enn sem orðið hefur mikið að umræðuefni, hæstv. forseti. Það eru fjárveitingar til Byggðastofnunar til að leysa vanda smábátasjómanna sem hafa aflamark. Mér skilst að menn hafi komist að þeirri gagnmerku niðurstöðu í meiri hlutanum að 20 millj. muni skipta sköpum og það gera gæfamuninn ef Byggðastofnun fái heilar 20 millj. til ráðstöfunar í þessu skyni. Ég verð að segja alveg eins og er að úr því að menn eru að þessu á annað borð þá finnst mér þetta ansi nánasarlegt svo ekki sé meira sagt. Auðvitað gerir Byggðastofnun engar rósir gagnvart vanda smábáta á aflamarki ef hér er átt við smábáta þó ekki væri nema bara báta undir sex tonnum sem eru þó enn þá líklega undir 200–300 talsins, um 20 millj. kr. Það er bara næstum að segja hlægilegt, en því miður ekki í sjálfu sér því að hér er dauðans alvara á ferðum. Vandi þessara aðila er alveg gríðarlegur. Hann er það vegna þess að þeir hafa tekið á sig af fullum þunga og meiri þunga en nokkur annar hópur útgerðar í landinu skerðinguna á aflamarki í bolfiski og sérstaklega þorski af því að þessi hópur er algerlega háður þannig veiðum og getur ekki veitt rækju, sótt í Smuguna eða annað því um líkt eins og stærri skip geta til að bjarga sér.

Síðan er það viðbótarstaðreynd í þessu máli að eins og lög um stjórn fiskveiða voru afgreidd með áframhaldandi tilvist krókaleyfanna þá er að eiga sér stað alveg óverjandi mismunun í aðstöðu þessara hópa útgerðarmanna, annars vegar smábátamannanna sem völdu aflamark og hins vegar þeirra sem eru á krókaveiðum. Meðferðin á þessum hópi bátaútgerðanna og smábátaútgerðanna á aflamarki er að mínu mati eitthvert allra ljótasta dæmið um mismunun og misrétti sem finnst á síðari árum í stjórnsýslunni. Það er þannig, því miður, og eiginlega algerlega með ólíkindum hvernig sá hópur hefur orðið út undan, virðist einhvern veginn hafa átt sér fáa formælendur eða hagsmunagæslumenn og tomma lítið á móti þeim sem stærri og sterkari voru í þeim leik.

Ég segi bara aftur, hæstv. forseti, að mér finnast þessar 20 millj. óskaplega nánasarlega skammtaðar í þetta verkefni þó að ég sé ekki að lasta það í sjálfu sér að menn sýni lit og viðleitni en það er spurning hvað menn vilja merkja sig litlu í svona tilvikum. Hefði þarna verið á ferðinni einhver myndarlegri upphæð ásamt með því að það hefði verið eitthvert skaplegt samkomulag um það hvernig ætti að fara með þessi mál þá hefði það verið annað mál. En eins og kunnugt er þá ætlaði allt vitlaust að verða þegar formaður sjútvn. þingsins, sem svo vill til að er nú jafnframt formaður stjórnar Byggðastofnunar, sá hvernig átti að ganga frá þessu hér í gær. Það er búið að þynna út þetta orðalag, skilst mér, þannig að menn hafa eitthvað róast, en það segir sína sögu og hana ekki fagra að svona skuli vinnubrögðin vera. Menn tala ekki saman um þessa hluti, stofnuninni sem þarna er ætlað að vinna verkefnin, eða a.m.k. stjórnarformanni hennar, eru ekki sýnd þau áform fyrir fram þannig að við fáum uppákomur af því tagi sem urðu í þingsalnum í gær.

Fleiri orð ætla ég ekki að hafa um þetta, hæstv. forseti, og kannski óþarflega mörg um ekki í sjálfu sér merkilegra mál en venjan er að líta svona fjáraukalagafrv.

[14:59]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það eru örfá atriði. Í fyrsta lagi varðandi jarðræktarlögin. Þó að það sé búið að tala nóg um þau þá segir skýrt og skorinort í breytingunni sem gerð var í janúar 1992 orðrétt, með leyfi forseta:

„Allur réttur til framlaga samkvæmt lögum þessum er háður fjárveitingu Alþingis."

Ég held að þetta tali alveg sínu skýra máli. Rétturinn er háður fjárveitingu Alþingis og það er hún sem markar þennan rétt.

Í öðru lagi vegna viðaukans með samningum við bændur þá hefur fjmrn. talið að ekki sé nauðsynlegt að um fjárframlag úr ríkissjóði sé að ræða en fulltrúar fjmrn. komu að þessum samningi á sínum tíma. Það er hins vegar ekki bannað og það er núna verið að setja peninga í þetta beinlínis úr ríkissjóði. Þetta er umdeilanlegt en álit sumra hverra sem komu að samningnum á sínum tíma er að ekki sé nauðsynlegt að um beint framlag sé að ræða. Lánveiting gæti komið til greina og það er vitnað til orðalagsins þegar þetta er sagt því það er öðruvísi í þessum viðauka en öðrum viðaukum og í samningnum sjálfum.

Loks um hallann. Ég vil taka það fram að það er ekki hægt á þessari stundu að segja hver hallinn er. Það eru fjárheimildirnar sem er verið að afla með fjár-

aukalögunum. Fjáraukalagafrv. kemur aftur fram í febrúarbyrjun. Ég tel að greiðsluhallinn á yfirstandandi ári verði undir fjárlagatölunni og það er líklega í fyrsta sinn um langan aldur sem það gerist. Ómögulegt er að segja enn hvað kemur fram í ríkisreikningi því þar á eftir að taka tillit til efnahagsreiknings og hvernig reikningsgrunnurinn kemur út. En þetta skýrist að sjálfsögðu fljótt á næsta ári og ég held að menn verði að sýna þolinmæði þangað til einfaldlega vegna þess að það er uppgjör um áramótin sem ræður endanlega greiðsluhallanum.

[15:01]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Varðandi orðalag breytinganna 1992 um jarðræktarlögin þá var ég í sjálfu sér ekkert að deila um það við hæstv. fjmrh. Það sem ég var að vekja athygli á og undirstrika var að í reynd var búið að gera þessa breytingu með breytingum á jarðalögunum sjálfum fjórum árum áður. Ég tel að ef menn hefðu síðan staðið við eðlilega framkvæmd þeirra hluta þá hefði í sjálfu sér breytingin 1992 aldrei þurft að skipta neinu máli vegna þess að sjálfvirknin var afnumin 1989, hin sjálfvirka kröfumyndun á ríkissjóð var þá afnumin með því að menn urðu að sækja um styrkina og fá samþykktar umsóknir sínar áður en rétturinn myndaðist. Ég vildi bara að því væri haldið til haga og benti á að að þessu leyti er grg. nál. röng.

Ef svo er að nú liggi fyrir sá skilningur fjármálaráðuneytismanna að þeir telji ekki að þetta þurfi fortakslaust allt að vera framlög til Byggðastofnunar sem samið er um í viðauka I í búvörusamningi þá liggur bara fyrir ágreiningur í því máli geri ég ráð fyrir. Mín túlkun sem þáv. landbrh. liggur fyrir. Ég hef margendurtekið skýrt frá því hver minn skilningur var og það hefur aldrei leikið neinn vafi á um það. Ég á voðalega erfitt með að sjá hvernig menn ætla að halda því fram að inn í viðaukann, sem allur er um framlög ríkisins til mismunandi verkefna, hafi læðst eitt ákvæði þar sem menn hafa verið að hugsa sér að einhverju leyti lántöku.

En að lokum segi ég um það atriði að ef uppi er ágreiningur milli samningsaðilanna þá á auðvitað að leysa hann, þá á að fara í viðræður um hann og leysa hann. Til þess eru m.a. gerðardómsákvæði í samningnum. Ef menn vilja ekki fara þá leið þá er náttúrlega til dómstólaleiðin til að skera úr um svona atriði.

[15:03]

Eggert Haukdal *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Út af orðum hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar þar sem hann vék að mér í máli sínu áðan þá var ég sannarlega ekki að gera tilkall til neinna sigra, síður en svo. Ég benti hins vegar á í máli mínu fyrr í dag að það voru þrír landbúnaðaráðherrar sem hafa ekki staðið við jarðræktarlög og ekki greitt að fullu út. Það var ekki sigur í þessu máli hjá mér að ég studdi tvo þeirra sem svona gerðu. Ég studdi hins vegar ekki hæstv. fyrrv. landbrh. Steingrím J. Sigfússon sem er einn af þessum þremur.

[15:04]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það voru einmitt þessi ummæli hv. þm. fyrr í dag sem urðu mér að umtalsefni vegna þess að þau eru ekki réttmæt, þau eiga sér ekki stoð í raunveruleikanum. Staðreyndin er sú að í minni tíð sem landbrh. voru ákvæði jarðræktarlaganna ekki skert með þeim hætti sem gerðist bæði áður og síðar. Eitt af mínum fyrstu verkum var einmitt að breyta þannig framkvæmd ákvæða jarðræktarlaganna að það myndaðist ekki réttur umfram fjárveitingar á hverju ári. Ég skal að vísu fúslega viðurkenna að það reyndist óhjákvæmilegt að draga verulega úr styrkjunum í takt við það fjármagn sem þar var á ferðinni, en það var þó öll árin veitt samkvæmt umsóknum nokkurt fé til styrkja vegna þeirra verkefna sem skilgreind voru sem mikilvægust á hverjum tíma. Þar nefndi ég til að mynda bæði skjólbeltarækt, vatnsveitur og byggingu áburðarkjallara. En til viðbótar var á þessum tíma ráðist í það verk að gera upp allar skuldirnar þannig að þegar menn skoða heildarfjárveitingu á þessu árabili mun koma í ljós að hún var einmitt með mesta móti síðari hluta þess tíma sem ég sat í landbrn. vegna þess að þá var verið að gera hvort tveggja í senn: veita talsverða styrki samkvæmt hinu breytta fyrirkomulagi og gera upp skuldirnar sem safnast höfðu á undanförnum árum. Ég frábið mér það og afþakka félagsskapinn þó hann sé að öðru leyti ágætur að vera einn af þeim þremur landbúnaðarráðherrum sem hv. þm. spyrðir hér saman. Ég held að þegar sagan verði skoðuð þá komi það í ljós að það var öðruvísi staðið að þessum málum á mínum tíma og þá var einmitt tekið til í þessum málaflokki eftir draslaragang undangenginna ára sem ég veit vel að var ekki forvera mínum að kenna og ekki vegna þess að hann vildi ekki vel heldur því að hann fékk því ekki ráðið í þeim ríkisstjórnum sem hann sat. Einkum og sér í lagi seig á ógæfuhliðina í samskiptum hans við hæstv. núv. utanrrh.

[15:06]

Eggert Haukdal *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hjó ekki meira að hv. 4. þm. Norðurl. e. en hinum en kjarni málsins er sá að þessir hæstv. ráðherrar hafa allir brugðist í þessum efnum og ég var ekkert að kenna einum um frekar en öðrum. Svo er mál að skýra frá því að þessir menn urðu ráðherrar af því að við margir hv. alþm. studdum þá og berum þá að sjálfsögðu okkar hluta af þessari sök en hún liggur fyrir hjá öllum þessum hæstv. ráðherrum.

[15:07]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég þarf ekki að hafa ýkja mörg orð en ég vildi gjarnan að hæstv. landbrh. heyrði mál mitt.

Það hefur verið sérkennilegt að fylgjast með þessari umræðu og það hefur verið erfið fæðing á þessum fjáraukalögum. Það er þó ljóst að meiri hluti fjárln. hefur farið að ráðum hv. 1. þm. Vestf., Matthíasar Bjarnasonar, og skammast sín. Þeir hafa beygt sig og tekið út hina hrokafullu yfirlýsingu þar sem þeir ætluðu að yfirtaka ekki einasta Byggðastofnun heldur

forsrn. líka. Það er út af fyrir sig gott að stórmennskubrjálæðið er að renna af þeim og vonandi halda þeir áfram á réttri braut. Það kom nýtt nál. og þeir hafa étið ofan í sig þau fyrirmæli sem þeir þóttust vera að gefa Byggðastofnun. En þetta dugir þó ekki til vegna þess að klausan um jarðræktarframlögin stendur eftir.

Hv. 3. þm. Austurl., Egill Jónsson, á nefnilega ekki eins mikið undir sér og hv. 1. þm. Vestf., Matthías Bjarnason. Hv. þm. Egill Jónsson hefur ekki getað fengið þá heimskulegu klausu sem stendur í nál. um landbrn. útmáða úr hinu endurprentaða nál. Það kann að vera að það hafi verið örðugra fyrir hv. 3. þm. Austurl., Egil Jónsson, að fá þetta út þar sem í ljós hefur komið og formlega viðurkennt í þessum umræðum og tekið fram í nál. að hér er um að ræða samning sem hæstv. landbrh., Halldór Blöndal, gerði við hæstv. fjmrh. Venjulega er það þannig að hæstv. utanrrh. blandar sér í mál af þessu tagi en hann er staddur úti í löndum og talar bara í gegnum þá hæstv. ráðherra Sjálfstfl. sem eru á vettvangi og þeir hlýða honum alveg, þeir eru fjarstýrðir. Þeir hlýða honum alveg og gera þá samninga sem hæstv. utanrrh. vill að þeir geri.

Úr því að þetta stendur svona í nál. og birt sem formlegt samkomulag núv. hæstv. landbrh. og núv. hæstv. fjmrh. þá er ekki hægt að líta á annað en að það sé stefna þessarar ríkisstjórnar. Það er stefna þessarar ríkisstjórnar, það er stefna þessara tveggja stjórnarflokka sem eru að fara í kosningar. Þetta er sem sagt kosningastefnuskrá Sjálfstfl. og Alþfl. að haga því svo til sem segir í nál., með leyfi forseta:

„Meiri hluti fjárln. hefur ákveðið í samráði við landbrh. og fjmrh. að leggja til 40 millj. kr. framlag vegna áburðarhúsa og vatnsveitna sem byggð voru á árunum 1992 og 1993 enda uppfylli jarðarbætur þessar skilyrði jarðræktarlaga um greiðslur framlags. Jafnframt vilja sömu aðilar" — þ.e., frú forseti, meiri hluti landbn., hæstv. landbrh. og hæstv. fjmrh. — „láta það koma skýrt fram að ekki verði um frekari fjárveitingar að ræða til framkvæmda samkvæmt jarðræktarlögum." — Búið spil. Aldrei framar framlög samkvæmt jarðræktarlögum.

Þetta er það sem hv. 3. þm. Austurl. var að reyna að blása sig út yfir í ræðustól fyrr í dag og kalla markleysu. En þetta er nákvæmlega það sem hann fer heim með á bakinu í sína kosningabaráttu í vor. Þetta er það sem 1. þm. Vesturl., Sturla Böðvarsson, fer með í farangri sínum um Vesturlandskjördæmi. Þetta er það sem hv. þm. Einar Guðfinnsson fer með um Vestfjarðakjördæmi. Þetta er það sem séra Hjálmar Jónsson kemur til með að hafa í preststöskunni þegar hann fer að ferðast um Norðurlandskjördæmi vestra. Þetta er það sem hæstv. landbrh. leggur til málanna og fer með í sína kosningabaráttu. Aldrei framar peningar til jarðræktar. Svona mætti lengur telja. Meira að segja kemur þetta niður á frú Drífu sem bráðum ætlar að verða hv. þm.

En sem betur fer hafa Sjálfstfl. og Alþfl. ekki stofnað þúsund ára ríkið enn. Þar af leiðir að það kann að vera pínulítið til í því sem hv. 3. þm. Austurl. Egill Jónsson sagði í morgun að þetta sé markleysa. Þó að hann hvorki vilji né geti gert það að markleysu. En það getur fólkið í landinu og það getur það gert með því að koma í veg fyrir að þessir herrar stjórni landinu eftir kosningar.

Ég lýsi því yfir að Framsfl. er ekki aðili að þessu samkomulagi og Framsfl. mun ekki telja sig bundinn af því að fara fram með þeim hætti sem hér er lagt til.

Samkvæmt jarðræktarlögum á eftir að standa við greiðslu á líklega nálægt 130 millj. til þess að standa við lögboðin framlög til jarðarbótaframkvæmda fyrir árin 1992 og 1993. Hérna koma 40 millj., og það ber að þakka, upp í þessa skuld en fjárlögum verður auðvitað að breyta til þess að þetta komi allt. Alþingi verður að taka tillit til þess. Þetta er að vísu of lítið og of seint en þó er brýnt að þessir fjármunir komi vegna þess, og það er ég ekki viss um að menn hafi komið nógu vel til skila, að bændur sem ekki hafa fullkomið vatnsból og ekki hafa fullkomin áburðarhús eiga það á hættu að verða sviptir framleiðsluleyfi á mjólk. Og það er beinlínis verið að koma í veg fyrir að þessir menn geti dregið fram lífið og stundað atvinnu sína ef þeim er gert ómögulegt að bæta úr því sem ábótavant er hjá þeim.

Það er ekkert upp í framkvæmdir ársins 1994 en sem betur fer vonast ég til þess að ný ríkisstjórn verði komin til valda þegar við göngum næst til fjárlagagerðar og þá er hægt að líta á það atriði.

Ég tel að það væri mikið glapræði að fara fram eins og hv. síðasti ræðumaður, Steingrímur J. Sigfússon, lagði til að breyta jarðræktarlögunum. Það er nýlega búið að breyta þeim og þau eru í skikkanlegu horfi. Það er að vísu ákveðið eins og hér hefur komið fram í umræðunum að framlögin skuli ákveðin með fjárlagagerð á hverjum tíma, það er alveg rétt og að því leyti til hefur Alþingi málið á valdi sínu, en það væri fráleitt að fara að breyta jarðræktarlögunum jafnvel þó að einhverjir miður heppilegir náungar hafi slysast til þess að yfirtaka Stjórnarráðið um fjögurra ára skeið.

Varðandi sauðfjárræktina þá langar mig til að fara um hana örfáum orðum. Það er lofsvert sem hv. meiri hluti leggur til að leggja fram nokkra fjármuni til þess að endurbæta sláturhús þannig að þau geti sinnt útflutningi, 50 millj. kr., en það dregur þó skammt. Það eina sem getur bjargað sauðfjárræktinni er að það þyrfti að koma á markaðum útflutningi á dilkakjöti. Það eina sem getur bjargað. Útflutningur dilkakjöts er mögulegur. Það hefur verið unnið stórmerkilegt starf undir forustu hv. 2. þm. Suðurl., Jóns Helgasonar, fyrrv. landbrh., og með mjög öflugum stuðningi margra manna í þjóðfélaginu. Ég nefni sérstaklega til sögunnar Baldvin Jónsson sem hefur verið óþreytandi að afla markaða og kynna lífræna landbúnaðarframleiðslu. Þar eru vissulega möguleikar. Það er hægt að flytja út umsýslukjötið, það hefur tekist að fá fyrir það nokkurt verð. Það er gerbreytt ástand frá því að útflutningsbætur voru afnumdar á sínum tíma. Þá bjuggum við við mikla verðbólgu og framleiðslan varð dýrari ár frá ári. Nú er þessu breytt og ef bændur fengju nokkra aðstoð og höftunum yrði aflétt þá gætu þeir

stundað hagkvæma framleiðslu og flutt út. Útflutningsbætur mætti náttúrlega ekki greiða eins og gert var, þ.e. vissa krónutölu á kíló. Ég hugsa mér að það yrði gert með þeim hætti að menn fengju prósentur af því verði sem þeir gætu náð fyrir vöruna erlendis og það yrði svipað á útflytjendur til að reyna að ná sem hæstu verði. Ef þetta er ekki gert þá blasir við atvinnuleysi, þá blasir við sárasta fátækt og neyð á sauðfjárræktarsvæðum landsins og hjá sauðfjárbændum. Eignir manna eru gerðar upptækar, þeim er gert ómögulegt að framleiða. Vitnisburðurinn um stjórn landbúnaðarmála undir hæstv. núv. landbrh. kom fram hjá hv. 3. þm. Suðurl. fyrr í umræðunni þar sem hann réttilega vakti athygli á því að tekjur sauðfjárbænda hafa á búvörusamningstímanum dregist saman um hvorki meira né minna en 47% og fækkun ársverka í sauðfjárframleiðslu er 5 þúsund manns. Flest af bændafólkinu er enn við búskap, það er að klára eignir sínar, það er að éta þær upp. Það hefur að engu að hverfa í því atvinnuástandi sem er í þéttbýlinu. Og því ekki að lofa bændum að bjarga sér og lofa þeim að framleiða? Þar af leiðir að við þurfum að styrkja og efla þennan útflutning og við munum flytja þær brtt. við fjárlögin, við hv. þm. Jón Helgason, um það að verja hluta af jöfnunargjöldunum sem koma til með að innheimtast samkvæmt GATT-samningnum til að styrkja útflutning landbúnaðarafurða. En það er mál sem ég mun gera grein fyrir síðar.

Hvað varðar jarðræktarframlög, þá sjá menn það náttúrlega í hendi sér að bændur, sem hafa á undanförnum fjórum árum orðið fyrir 47% tekjuskerðingu, hafa ekki mikið aflögu frá nauðþurftum til þess að verja til endurbóta eða viðhalds á jörðum sínum. Og jarðirnar um allt land eru að drabbast niður og það er alvörumál.

Það eru fleiri jarðabætur en vatnsveitur og áburðarkjallarar sem eru mikilvægar. Skurði þarf t.d. á mýrlendi að endurgrafa á svona 15–20 ára fresti ef túnin eiga ekki að verða ónýt og það þarf að endurrækta túnin o.s.frv.

Frú forseti. Ég vildi láta þetta koma fram í þessari umræðu. Ég tel að hæstv. ráðherrar, hæstv. ríkisstjórn og meiri hluti fjárln. hafi verið að vinna ill verk og ekki staðið sig neitt nálægt því sem skyldi. Eina varanlega lækningin er að láta þá hætta í Stjórnarráðinu í vor.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Útbýting þingskjala:

Almenn hegningarlög, 318. mál, stjfrv., þskj. 480.

Tekjuskattur og eignarskattur, 290. mál, nál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 476; brtt. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 477.

Fjárlög 1995, frh. 3. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 383, frhnál. 464 og 468, brtt. 381, 426, 455, 456, 457 og 465.

[15:23]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Sigbjörn Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frhnál. meiri hluta fjárln. um frv. til fjárlaga fyrir árið 1995. Fjárln. hefur lokið störfum fyrir 3. umr. fjárlaga fyrir árið 1995. Ýmsar tillögur voru dregnar til baka og var fjallað um þær að nýju ásamt hefðbundnum verkefnum er lúta að 3. umr. Vissulega hefur mikið vinnuálag fylgt störfum nefndarinnar og ég vil endurtaka þakkir mínar frá því við 2. umr. til samnefndarmanna og starfsfólks og allra þeirra aðila annarra sem hafa lagt sig fram um að greiða götu nefndarinnar. Ég vil sérstaklega geta þess að mikil vinna er fólgin í að ganga frá ýmsum afgreiðslum, skýringum og undirbúningi að prentun þingskjala og fleira.

Nefndin hefur haft fjárlagafrv. til athugunar frá því við 2. umr. sem fór fram 13. des. sl. Til viðræðna við nefndina komu forsvarsmenn B-hluta stofnana, þ.e. Pósts og síma, Ríkisútvarpsins, Rafmagnsveitna ríkisins, Húsnæðisstofnunar og Vegagerðar. Fulltrúar efnahagsskrifstofu fjmrn. og Þjóðhagsstofnunar komu og á fund nefndarinnar til viðræðna um tekjuhlið frv. og horfur í þjóðarbúskapnum. Samkvæmt venju mættu fulltrúar Þjóðhagsstofnunar til viðræðna við nefndina fyrir 3. umr. og gerðu grein fyrir efnahagshorfum. Þar kom fram að það lítur út fyrir að þróun efnahagsmála á þessu ári og horfur fyrir næstu ár eru talsvert hagstæðari en gert var ráð fyrir í þjóðhagsáætlun sem lögð var fram á Alþingi í haust. Tillögur meiri hluta er varða útgjöld A-hluta ríkissjóðs leiða til hækkunar útgjalda að fjárhæð 3 milljarðar 211 millj. 700 þús. kr. Framvindan á því ári sem nú er senn liðið virðist ætla að verða nokkru hagstæðari en gert var ráð fyrir í þjóðhagsáætlun. Þannig er talið að útflutningur vöru og þjónustu verði talsvert meiri en áætlað var eða aukist um 6,6% að magni til miðað við 2% í þjóðhagsáætlun. Þessi munur stafar af meiri framleiðslu en búist var við í flestum greinum útflutnings og minnkun birgða. Þróun í útflutningi og þjónustu hefur orðið meiri og hagstæðari en gert var ráð fyrir. Að hluta má skýra þá hagstæðu þróun með bata í efnahagslífi á alþjóðavettvangi. Viðskiptakjör hafa batnað meira undanfarna mánuði en búist hafði verið við. Munar þar mestu um hækkun á verðlagi sjávarafurða. Verð á ýmsum öðrum útflutningsafurðum hefur einnig hækkað meira en gert var ráð fyrir. Afgangur á viðskiptajöfnuði stefnir í að verða meiri á þessu ári en búist hafði verið við. Reiknað er með að afgangurinn verði um 6 milljarðar kr. borið saman við 3 milljarða kr. í þjóðhagsáætlun eða sem svarar 1,4% af landsframleiðslu.

Þjóðhagsstofnun spáir að landsframleiðsla aukist um 2,1% á ári komanda. Þetta er um 0,7% meiri aukning en gert hafði verið ráð fyrir í þjóðhagsáætlun frá því í haust. Áætlað er að þjóðarútgjöld aukist um 3,3% á árinu 1995. Þetta er mun meiri aukning en í þjóðhagsáætlun. Þar var gert ráð fyrir 2% aukningu.

Vegna aukinna umsvifa í þjóðarbúskapnum er gert ráð fyrir að atvinnuleysi minnki samanborið við þjóðhagsáætlun úr 4,8% í 4,6%. Í þjóðhagsáætlun hafði verið reiknað með tveggja milljarða kr. afgangi af viðskiptajöfnuði en nú er gert ráð fyrir að viðskiptajöfnuður verði hagstæður um 4,3 milljarða kr. á árinu 1995. Í endurskoðaðri þjóðhagsspá er gert ráð fyrir að kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann verði 0,5% meiri en í þjóðhagsáætlun.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu mála og mun minni hlutinn skila sérstöku nefndaráliti. Meiri hlutinn leggur til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem hann stendur að og gerðar eru tillögur um á sérstökum þskj.

Í fjárlagafrv. fyrir árið 1955 var reiknað með að tekjur ríkissjóðs yrðu 109,4 milljarðar kr. Þessi áætlun hefur nú verið endurskoðuð. Hér er tvennt á ferðinni: Annars vegar breyttar þjóðhagsforsendur, fyrst og fremst á árinu 1994, sem skila sér í auknum tekjum bæði á árinu 1994 og 1995. Í grófum dráttum má meta þessi áhrif nálægt 2,5 milljörðum kr. umfram áætlun fjárlagafrv. Þetta er nokkurn veginn sama fjárhæð og kemur fram sem viðbótartekjur á árinu 1994 frá því sem spáð var í haust að teknu tilliti til heldur meiri hagvaxtar og þjóðarútgjalda árið 1995. Hins vegar eru ýmsar breytingar frá fyrri áætlun sem tengjast ákvörðunum ríkisstjórnarinnar í skattamálum, svo sem sérstök fjáröflun til vegaframkvæmda, þ.e. bensíngjald og þungaskattur, niðurfelling ekknaskatts svonefnds, afnám tvísköttunar á lífeyrisgreiðslur, flýtifyrningar, óbreyttur afsláttur vegna hlutabréfakaupa og álagning hátekjuskatts. Þessi atriði eru ýmist til hækkunar eða lækkunar en samanlagt má meta þau til tæplga 200 millj. kr. lækkunar tekna frá fyrri áætlun. Þegar allt er lagt saman er áætlað að tekjur ríkissjóðs á árinu 1995 verði 112,1 milljarður kr. eða 2,7 milljörðum meiri en gert hafði verið ráð fyrir í fjárlagafrv.

Vík ég þá, virðulegi forseti, að helstu skýringum við brtt. meiri hluta. Við 3. umr. gerir meiri hluti fjárln. tillögu um lækkun útgjalda að fjárhæð rúmlega 100 millj. kr. Ekki er fjallað um þá liði hér á eftir nema þar sem sérstök ástæða er til en þeir eru allir tilgreindir sérstaklega í nál. meiri hluta.

Forsrn. Fjárlagaliður 221, Byggðastofnun. Í tillögum meiri hluta fjárln. við 3. umr. um fjáraukalög 1994 er lagt til að veitt verði 50 millj. viðbótarframlag til Byggðastofnunar til að fjármagna stuðning stofnunarinnar við atvinnuuppbyggingu á þeim svæðum sem hafa orðið fyrir mestum samdrætti í sauðfjárframleiðslu og tengist viðauka við búvörusamning frá árinu 1991. Einnig gerði meiri hlutinn tillögu um 20 millj. kr. viðbótarframlag til að fjármagna stuðning stofnunarinnar við útgerðir smábáta með aflamark sem hafa sætt mikilli skerðingu á aflaheimildum. Nánari grein er gerð fyrir þessum tillögu í nál. meiri hlutans við 3. umr. fjárlaga frá 1994.

Hér er lagt til að Byggðastofnun verði veitt 20 millj. kr. viðbótarframlag til hvors þessara verkefna um sig eða samtals 40 millj. kr. á næsta ári.

Menntmrn. Fjárlagaliður 201, Háskóli Íslands. Meiri hluti fjárln. gerir tillögu um 70 millj. kr. hækkun framlags til Háskóla Íslands. Haft var samráð við háskólarektor um skiptingu þess fjár og er gerð grein fyrir henni hér á eftir. Af þessari fjárhæð eru 46 millj. ætlaðar til kennslu. Samkvæmt upplýsingum háskólans hefur virkum nemendum fjölgað nú í haust. Við það er miðað að háskólinn ráðstafi því fé sjálfur. Fjármálanefnd háskólaráðs notar tiltekna reiknireglu við skiptingu fjármagns til kennslu og verður henni beitt til að skipta fjárveitingu á einstakar deildir. Breytingar sem eru að eiga sér stað á samstarfsáætlunum ESB í menntamálum með tilkomu Sókrates- og Leonardoáætlananna munu fela í sér aukna vinnu hér heima, bæði hvað varðar kynningu á þeim kostum sem þessar áætlanir bjóða upp á, svo og til framkvæmdar aðild Íslands á þessum vettvangi. Af hálfu menntmrn. mun alþjóðaskrifstofu háskólastigsins fyrirsjáanlega verða falin aukin verkefni í kjölfar þessa. Í ljósi þess er fjárveiting til skrifstofunnar hækkuð um 4 millj. kr. enda verði tryggt með endurskoðun samnings menntmrn. og Háskóla Íslands um alþjóðaskrifstofuna að hún þjóni öllu háskólastiginu og að hlutaðeigandi aðilar fái aðild að stjórn skrifstofunnar.

Loks er gert ráð fyrir 20 millj. kr. hækkun til sameiginlegra útgjalda. Í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar í rannsókna- og vísindamálum hefur verið lögð áhersla á að efla vísindarannsóknir í landinu og mun þessari fjárhæð skipt þannig að 15 millj. kr. renni til þess að koma á fót sérstökum stöðum rannsóknaprófessora og 5 millj. eru ætlaðar til Rannsóknasjóðs háskólans.

Fjárlagaliður 223, Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála. Í ljósi þess að fyrir liggur frv. til laga um framhaldsskóla þar sem mikil áhersla er lögð á að efla rannsóknir og mat á skólastarfi þá leggur meiri hluti fjárln. til að veita 1 millj. kr. til að standa straum af einni rannsóknarstöðu framhaldsskólakennara við Rannsóknastofnun uppeldismála.

Framlag til fjárlagaliðarins 999, Ýmis framlög, lækkar um sömu fjárhæð þannig að ekki er um heildarhækkun að ræða.

Fjárlagaliður 355, Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum. Lögð er til hækkun á tækjakaupafé Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum en fjárhæðin er sérstaklega ætluð til kaupa á fjarskiptatækjum fyrir Stýrimannaskólann í Vestmannaeyjum sem er hluti framhaldsskólans.

Fjárlagaliður 507, Stýrimannaskólinn í Reykjavík. Þar er einnig gerð tillaga um hækkun upp á 2,5 millj. til tækjakaupa.

Fjárlagaliður 359, Verkmenntaskólinn á Akureyri, viðfangsefni 6.02, sjávarútvegsbraut á Dalvík. Þar er einnig gerð tillaga um hækkun framlaga um 2,5 millj. til tækjakaupa sjávarútvegsbrautarinnar á Dalvík.

Fjárlagaliður 518, Fiskvinnsluskólinn. Í greinargerð með fjarlagafrv. kemur fram að framlag til Fiskvinnsluskólans lækki um 40% milli ára þar sem ekki er gert ráð fyrir kennslu á vorönn. Ástæða þess er að starfandi er nefnd sem er ætlað að endurskoða sjávarútvegsnám í heild sinni, þar með talið nám Fiskvinnsluskólans. Forsvarsmenn skólans komu á fund fjárln. og óskuðu eftir fjárveitingu til að geta sinnt námskeiðahaldi meðan mál skólans væru í óvissu. Yrði þetta gert bæði til að nýta starfskrafta skólans og aðstöðu. Gerð er tillaga um að skólanum verði veittar 2 millj. kr. til þessa.

Fjárlagaliður 872 Lánasjóður ísl. námsmanna. Lögð er til 20 millj. kr. lækkun á framlagi ríkisins til Lánasjóðs ísl. námsmanna og ég mun víkja nánar að þessari breytingu í umfjöllun um B-hluta fjárlaga.

Fjárlagaliður 902, Þjóðminjasafn Íslands. Gerð er tillaga um að framlag til verndunar gamalla húsa hækki um 18 millj. kr. vegna margra og víðtækra verkefna við endurbyggingu húsa í húsasafni Þjóðminjasafnsins. Hluti af hækkuninni er vegna Hússins á Eyrarbakka.

Árið 1992 var gerður samningur um framtíðarskipan umsjónar og reksturs Hússins á Eyrarbakka. Ríkissjóður festi kaup á húsinu og greiddi tiltekið fé til endurbóta á grundvelli kostnaðaráætlunar en Þjóðminjasafninu var falið að annast endurbæturnar í samráði við héraðsnefnd Árnesinga og Eyrarbakkahrepp. Þrátt fyrir að Alþingi hafi samþykkt 10 millj. kr. viðbótarframlag til verksins í fjárlögum ársins 1994 vantar enn nokkurt fé til að ljúka framkvæmdunum. Því þarf að semja að nýju við héraðsnefnd Árnesinga um lok þessa verks og hlut ríkisins í því.

Fjárlagaliður 905, Landsbókasafn – Háskólabókasafn. Miklar umræður hafa átt sér stað um það rekstrarfé sem Landsbókasafni – Háskólabókasafni er ætlað á næsta ári. Að höfðu samráði við menntmrh. leggur meiri hluti fjárln. til að rekstrarfé safnsins verði hækkað um 30 millj. kr.

Almennt um safnliði ráðuneyta. Í fjárlögum eru allnokkrir safnliðir þar sem færðar eru ósundurliðaðar fjárveitingar til ýmissa mála svo sem til listamála, til ýmissa heilbrigðismála o.s.frv. Undanfarin ár hefur fjárln. skipt þessum liðum og sent bréf til viðkomandi ráðuneytis þar sem sú skipting er tilgreind. Um þetta hafa skapast nokkrar deilur og eru ekki allir á eitt sáttir um hvort ráðuneytinum væri skylt að hlíta ákvörðun fjárln. Því var leitað álits ríkislögmanns til að fá úr þessu skorið. Það er mat hans að bréf þessi hafi ekki lagalegt gildi þar sem sundurliðunin er ekki samþykkt við afgreiðslu fjárlaga og ekki birt í fjárlögum. Því er nú sýnd skipting þessara safnliða í brtt. meiri hluta fjárln. og munu yfirlit þessi birtast í fjárlögum hliðstætt og tíðkast hefur með sundurliðun stofnkostnaðar viðfangsefna. Það er skoðun mín að mjög sé til bóta að viðhafa þessa aðferð þegar við framlagningu fjárlaga og lokaafgreiðslu fjárlagafrv. grein fyrir skiptingu þeirra safnliða sem fjárln. hefur skipt um. Nokkrir þessara liða hækka en flestir liðir eru óbreyttir en ekki er fjallað hér frekar um einstaka liði.

Viðfangsefni 980, Listskreytingasjóður. Við gerð fjárlagafrv. var ákveðið að fella niður framlag til listskreytingasjóðs þar sem skipaður hafði verið starfshópur til þess að endurskoða lög um listskreytingar. Þessi starfshópur hefur ekki enn skilað áliti og að mati meiri hluta fjárln. er ekki rétt að fella framlagið alfarið niður meðan á þessari endurskoðun stendur. Lagt er til að veittar verði 4 millj. kr. m.a. til að gera sjóðnum kleift að standa við fyrri skuldbindingar.

Fjárlagaliður 982, Listir, framlög, Íslenska óperan. Lagt er til að framlag til Íslensku óperunnar verði hækkað um 12 millj. kr. Samkomulag ríkissjóðs og Íslensku óperunnar rennur út á næsta ári og viðræður eiga sér stað milli fulltrúa menntmrn., fjmrn. og Íslensku óperunnar um gerð nýs samnings.

Fjárlagaliður 999, Ýmislegt. Lagt er til 1 millj. kr. framlag til hverarannsókna í Hveragerði. Hér er um að ræða samstarfsverkefni milli Hveragerðisbæjar og Iðntæknistofnunar.

Utanrrn. Fjárlagaliður 101, Utanrrn., aðalskrifstofa, varnarmálaskrifstofa. Lagt er til að framlag til varnarmálaskrifstofu verði fært undir aðalskrifstofu utanrrn. í stað þess að vera á sérfjárlagalið. Einnig eru nokkur viðfangsefni sameinuð undir yfirstjórn aðalskrifstofunnar. Þessar breytingar hafa ekki í för með sér hækkun á fjárveitingum.

Fjárlagaliður 401, Alþjóðastofnanir. Lögð er til 22 millj. kr. hækkun vegna þátttöku Íslendinga í friðargæslu í Bosníu-Hersegovínu. Um er að ræða tvo lækna og tvo hjúkrunarfræðinga sem mundu fara utan 1. mars nk. og vera fyrst tvo mánuði í þjálfun í Noregi en dvelja síðan sex mánuði í Bosníu-Hersegovínu. Gert er ráð fyrir að annar hópur fari utan í byrjun september.

Landbrn. Fjárlagaliður 190, Ýmis verkefni. Framlag til Landgræðslusjóðs er fellt niður þar sem uppbyggingu á aðstöðu Landgræðslusjóðs vegna jólatrjásölu er lokið. Sjóðurinn hefur því verulega aukið svigrúm til ráðstöfunar eigin fjár.

Fjárlagaliðir 211, RALA, og 236, Aðfangaeftirlit ríkisins. Lagt er til að stofnaður verði nýr fjárlagaliður sem fái heitið Aðfangaeftirlit ríkisins. Hér er um að ræða nýja stofnun sem var áður deild hjá RALA og hafði eftirlit með innfluttu fóðri og áburði. Stofnunin er alfarið fjármögnuð með sértekjum en vegna EES-samningsins þarf að aðgreina þessa starfsemi frá RALA. Við afgreiðslu fjárlaga 1994 var framlag til RALA hækkað um 1,5 millj. kr. til að mæta afborgunum af lánum vegna framkvæmda við tilraunastöðina á Stóra-Ármóti. Þetta framlag hefur ekki verið skert og því munu greiðslur til Stóra-Ármóts verða með sama hætti á næsta ári.

Fjárlagaliður 233, Yfirdýralæknir. Lagt er til að undir fjárlagalið yfirdýralæknis verði stofnað nýtt viðfangsefni, Heilbrigðiseftirlit með sláturhúsum. Inn á liðinn komi 45 millj. kr. sem önnur gjöld og 45 millj. kr. sem sértekjur Hér er um breytt fyrirkomulag á gjaldheimtu að ræða. Í stað þess að sláturleyfishafinn greiði dýralækni sjálfur fyrir að annast heilbrigðiseftirlit með sláturafurðum þá er gert ráð fyrir að inn-

heimt verði gjald af öllu innvegnu kjöti í afurðastöð. Eftirlitsgjaldið miðist við raunkostnað, þó ekki hærra en 2,50 kr. á kg kjöts. Á undanförnum árum hafa komið athugasemdir frá eftirlitsaðilum heilbrigðisyfirvalda í Evrópusambandinu og Bandaríkjunum um að nauðsynlegt sé að breyta því fyrirkomulagi sem hér gildir um greiðslu fyrir heilbrigðisskoðun, kjötskoðunar dýralækna og aðstoðarmanna þeirra. Með breyttu fyrirkomulagi er verið að rjúfa þau tengsl sem eru á milli eftirlitsaðila og þess sem eftirlitið er haft með eins og venja er nú. Gerðar hafa verið ráðstafanir til að nauðsynleg lagabreyting komi inn í lög um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1995.

Fjárlagaliður 841, Fiskeldisrannsóknir. Meiri hluti fjárln. leggur til 7 millj. kr. lækkun fiskeldisrannsókna. Ríkissjóður veitti 35 millj. kr. hlutafjárframlag til Stofnfisks hf. í ár og var það fé nýtt til að greiða upp öll afurðalán fyrirtækisins. Fjárþörf Stofnfisks hf. minnkar því verulega milli ára vegna minni fjármagnskostnaðar. Þá hafa umsvif fyrirtækisins minnkað í kjölfar minni umsvifa í rekstri hafbeitarstöðva.

Fjárlagaliður 851, Greiðslur vegna riðuveiki. Lækkun greiðslna vegna riðuveiki er í samræmi við endurskoðun á áætlun um tíðni riðuveiki.

Sjútvrn. Fjárlagaliður 202, Hafrannsóknastofnun. Lagt er til að veittar verði 15 millj. kr. til karfarannsókna suður og vestur af landinu. Mjög mikilvægt er að Ísland hafi traust gögn um veru karfastofnsins í íslenskri lögsögu þegar kemur til eiginlegra samningaviðræðna um skiptingu hans. Ráðgert er að Hafrannsóknastofnun fari í leiðangur til að kanna stærð og dreifingu stofnsins í febrúar og mars á næsta ári.

Fjárlagaliður 204, Fiskistofa. Lagt er til að framlag til Fiskistofu hækki um 3,5 millj. vegna lækkunar sértekna. Í fjárlagafrv. var gert ráð fyrir að innheimta sérstakt veiðieftirlitsgjald vegna afla krókabáta. Það náði ekki fram að ganga og því er lögð til framangreind lækkun á sértekjum.

Dóms- og kirkjumrn. Fjárlagaliður 111, Kosningar. Í fjárlagafrv. var gert ráð fyrir að breyta kosningalögum og draga þannig úr auglýsingakostnaði vegna alþingiskosninga á komandi ári. Fallið hefur verið frá þeim áformum og því er lagt til að framlag til kosninga verði hækkað um 15 millj. kr.

Fjárlagaliður 302, Rannsóknarlögregla ríkisins. Lögð er til 4,5 millj. kr. hækkun á framlagi til Rannsóknarlöreglu ríkisins þannig að unnt verði að fjölga lögreglumönnum í skattrannsóknadeild um tvo.

Fjárlagaliður 395, Landhelgisgæsla ríkisins. Framlag til stofnunarinnar hækkar um 35 millj. Hækkunin er ætluð til að standa straum af tryggingum á nýrri björgunarþyrlu og til að tryggja rekstur hennar að öðru leyti.

Fjárlagaliður 416, Sýslumaðurinn á Patreksfirði, og 490, Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannembætta. Lagðar eru til millifærslur frá safnlið sýslumannsembættanna í dómsmrn. til sýslumannsembættisins í Patreksfirði, en gert er ráð fyrir að sértekjur embættisins verði lægri á næsta ári en upphaflega var áætlað í fjárlagafrv.

Fjárlagaliður 413–434, Ýmis sýslumannsembætti. Áætlað er að sértekjur nokkurra sýslumannsembætta hafi verið endurskoðaðar þar sem innheimtukostnaður við löggæslu verður minni en áður var ætlað. Fallið verður frá innheimtu hjá samkomuhúsum vegna löggæslu. Alls er gert ráð fyrir að lækkun sértekna nemi 7,8 millj. kr. og hækkar þá framlag til embættanna um sömu fjárhæð. Embættin og fjárhæðir eru sýndar í nál. meiri hluta.

Fjárlagaliður 701, Biskup Íslands. Biskupsembættið flytur um þessar mundir aðsetur sitt í höfuðborginni frá Suðurgötu 22 að Laugavegi 31. Fyrirhugað er að ríkissjóður greiði fyrir fram húsaleigu fyrir biskupsstofu vegna nýja húsnæðisins með svipuðum hætti og gert var þegar Suðurgata 22 var keypt. Til að mæta þessum kostnaði er lagt til að framlag til embættisins hækki um 5 millj. kr. Gert er ráð fyrir að gerður verði nýr samningur um þátt ríkisins í húsnæðiskostnaði embættisins.

Félmrn. Fjárlagaliður 275, Húsaleigubætur. Í fjárlagafrv. var gert ráð fyrir að öll sveitarfélög tækju upp greiðslu húsaleigubóta frá og með ársbyrjun 1995. Í ljós hefur komið að mörg fjölmenn sveitarfélög munu ekki greiða húsaleigubæur á næsta ári þannig að heildargreiðslur húsaleigubóta verða mun minni en ráðgert hafði verið. Af þeim sökum mun fjárþörf Tryggingastofnunar ríkisins aftur á móti ekki minnka jafnmikið og gert var ráð fyrir í fjárlagafrv. Því er lagt til að framlag til húsaleigubóta lækki um 80 millj. kr. en framlag til lífeyristrygginga hækki um 30 millj. kr. Heildarbreytingin er því 50 millj. kr. lækkun.

Fjárlagaliður 400, Málefni barna og ungmenna. Lögð er til breyting á framsetningu fjárlagaliðarins Málefni barna og ungmenna en heildarfjárveiting breytist ekki. Fyrir Alþingi liggur frv. til laga um breytingu á lögum um vernd barna og ungmenna og byggist þessi tillaga á framsetningu á þeim skipulagsbreytingum sem felast í frv.

Fjárlagaliður 701, Málefni fatlaðra, Reykjavík. Gert er ráð fyrir að rekstur tveggja sambýla í Reykjavík hefjist á næsta ári en rekstur þeirra getur í fyrsta lagi hafist næsta haust þar sem gert er ráð fyrir að byggt verði sérhannað húsnæði. Kostnaður á næsta ári er áætlaður 5,8 millj. kr. miðað við að sambýli taki til starfa í september eða október. Á vegum Reykjavíkurborgar eru rekin tvö heimili fyrir fatlaða sem kostuð eru af ríkissjóði. Þar er um að ræða skammtímavistun á Álfalandi 6 þar sem allt að sex fötluð börn á aldrinum 0–12 ára geta dvalið í einu og sólarhringsvistun að Akurgerði 20 þar sem allt að fjögur börn á aldrinum 6–12 ára geta dvalið samtímis. Í fjárlögum undanfarinna ára hefur sá kostnaður sem af þessum heimilum hlýst verið vanáætlaður en hefur svo verið gerður upp í allsherjaruppgjöri ríkis og Reykjavíkurborgar á ári hverju. Félmrn. hefur lagt áherslu á að gerður verði samningur milli ríkis og Reykjavíkurborgar um rekstur þessara heimila og nú liggja fyrir drög að samningi sem borgarráð Reykjavíkur hefur samþykkt. Vegna þessa er lögð til hækkun til þessara tveggja heimila til samræmis við samningsdrögin.

Á undanförnum árum hafa stjórnvöld gert stórátak í aðstoð við fatlaða og aðstandendur þeirra. Heimilum fatlaðra hefur fjölgað ár frá ári og úrræðin orðið fjölbreyttari til að mæta fötlun af ólíku tagi. Engu að síður eru biðlistar eftir úrræðum einkum í Reykjavík og á Reykjanesi, en á næstu árum verður uppbygging þjónustu á þessu svæði forgangsverkefni í málefnum fatlaðra.

Með aukinni þátttöku Framkvæmdasjóðs fatlaðra í rekstri stofnana hefur tekist að veita meiri þjónustu og skjótari úrlausn en ella. Meiri hluti fjárln. styður þá stefnu og leggur til að veitt verði heimild til að fara af stað með rekstur tveggja nýrra sambýla í Reykjavík á komandi ári og nýrrar skammtímavistunar á Reykjanesi. Þetta er gert í trausti þess að Framkvæmdasjóður fatlaðra taki þátt í rekstri þessara nýju stofnana eins og lög um sjóðinn heimila. Gert er ráð fyrir að byggð verði tvö sérhönnuð sambýli fyrir fatlaða í Reykjavík með það í huga að rekstur þeirra geti hafist í september/október á næsta ári. Áætlaður rekstrarkostnaður er samkvæmt því um 5,8 millj. á næsta ári.

Fjárlagaliður 702, Málefni fatlaðra, Reykjanesi. Gert er ráð fyrir byggingu nýrrar skammtímavistunar þar sem leitast er við að létta álagi af fjölskyldum og aðstandendum mikið fatlaðra einstaklinga og gera þeim þannig kleift að hafa einstaklingana lengur í heimahúsi en ella. Viðræður standa nú yfir við Kópavogsbæ um hentuga lóð fyrir skammtímaþjónustu sem ætlað er að þjóna Kópavogi og norðurhluta Reykjaneskjördæmis. Starfsemi hennar getur í fyrsta lagi hafist haustið 1995 og miðast áætlaður rekstrarkostnaður að fjárhæð 3,7 millj. við að starfsemin hefjist í október á ári komanda.

Fjárlagaliður 703, Málefni fatlaðra, Vesturlandi. Allveruleg fjölgun hefur orðið á fötluðum börnum á Snæfellsnesi sem fyrr en síðar mun kalla á skammtímavistun þar. Til þessa hefur verið hægt að mæta þörfum foreldra með þjónustu leikfangasafns. Brýnt er hins vegar að efla starfsemi safnsins og með 0,6 millj. kr. viðbótarframlagi sem hér er lagt til verður hægt að sinna aðkallandi verkefnum.

Fjárlagaliður 704, Málefni fatlaðra, Vestfjörðum. Fyrir nokkrum árum var þjónusta við fatlaða á Vestfjörðum að verulegu leyti takmörkuð við starfsemi Bræðratungu á Ísafirði. Veruleg breyting hefur orðið á því síðustu 3–4 árin. Áhersla hefur verið lögð á að færa þjónustu út í heimabyggðir og í því skyni hefur verið komið fót útibúum í Strandasýslu, Vestur-Barðastrandarsýslu og Austur-Barðastrandarsýslu. Viðbótarfjárþörf vegna starfsemi þessara útibúa er áætluð 0,7 millj. kr. og er hér lagt til að liðurinn hækki sem því nemur.

Fjárlagaliður 801, Jöfnunarsjóður sveitarfélaga. Hækkun til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er tvíþætt: Annars vegar er um að ræða hækkun um 36 millj. kr. til samræmis við breytta tekjuáætlun en 1,4% af skatttekjum ríkissjóðs renna til sjóðsins. Hins vegar er um að ræða hækkun vegna aðgerða til að jafna skuldastöðu sveitarfélaga vegna sameiningar. Í mars á þessu ári var gert samkomlag milli ríkisstjórnarinnar og stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga um að jöfnunarsjóður legði fram 300 millj. kr. á árunum 1995–1998 vegna þessa eða allt að 75 millj. kr. árlega. Þessum auknu útgjöldum sjóðsins á að mæta með 35 millj. kr. framlagi úr ríkissjóði árlega en 40 millj. verða teknar af ráðstöfunarfé sjóðsins. Það láðist hins vegar að gera ráð fyrir ríkissjóðsframlaginu í fjárlagafrv. og er því lögð til 35 millj. kr. hækkun til sjóðsins.

Fjárlagaliður 984, Atvinnuleysistryggingasjóður. Lögð er til 398 millj. kr. hækkun til Atvinnuleysistryggingasjóðs en ég vík nánar að þessu í umfjöllun um brtt. við B-hluta fjárlaga.

Heilbr.- og trmrn. Fjárlagaliður 204, Lífeyristryggingar. Eins og fram kom í máli mínu í umfjöllun um félmrn. er lagt til að framlag til lífeyristrygginga hækki um 30 millj. í tengslum við breytingar á framlagi til húsaleigubóta.

Fjárlagaliður 206, Sjúkratryggingar. Áætlun um útgjöld sjúkratrygginga fyrir árið 1995 hefur verið endurskoðuð. Miðað við útkomu fyrstu tíu mánaða ársins 1994 að viðbættum áætluðum vexti útgjalda á milli ára og að frádregnum áformuðum sparnaði stefna útgjöld sjúkratrygginga í að verða 160 millj. kr. hærri en talið var í fjárlagafrv. Þar til viðbótar hækka útgjöldin um 100 milj. vegna þess að ekki verður af áformum í fjárlagafrv. um að flýta gildistökuákvæðum nýrra laga um verðlagningu og sölu á lyfjum. Þannig stefna heildarútgjöld sjúkratrygginga í rúma 10 milljarða kr. Til lækkunar kemur að Framkvæmdasjóði aldraðra er ætlað að leggja 30 millj. til að fjármagna rekstur hjúkrunarheimila eins og á yfirstandandi ári. Þá eru færðar 35 millj. af sjúkratryggingum á fjárlagalið 510, Heilsuverndarstöðin í Reykjavík, vegna reksturs læknavaktar, sem færist til stöðvarinnar um áramót. Jafnframt eru 25 millj. kr. færðar yfir á fjárlagalið 371, Ríkisspítalar, vegna kaupa á hjartagangráðum og öndunargrímum, en spítalinn hefur séð um innkaup á þeim og innheimt kostnað hjá sjúkratryggingum. Samanlagt hækka sjúkatryggingar því við 3. umr. fjárlaga um 170 millj. kr. frá frv. eftir 2. umr.

Sjúkrahús Suðurlands. Við lok afgreiðslu fjárln. fyrir 3. umr. barst erindi frá Sjúkrahúsi Suðurlands þar sem vakin var athygli á nokkrum fjárhagsvanda. Ekki voru tök á að ljúka athugun á því máli. Því er gert ráð fyrir að heilbrrn. taki málið til meðferðar og gangi til samninga við stjórn sjúkrahússins með sama hætti og gert var á þessu ári með Sjúkrahús Akraness og Neskaupstaðar.

Fjárlagaliður 350, Sjúkrahúsið Akranesi. Lagt er til að sértækjuáætlun sjúkrahússins lækki um 5 millj. kr. vegna þess að ekki er gert ráð fyrir hækkun á tekjum vegna breytinga á gjaldtöku fyrir ferliverk.

Fjárlagaliður 358, Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri. Það sama á við um Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri en þar lækkar sértekjuáætlun um 10 millj. kr. vegna þess að ekki er gert ráð fyrir hækkun á tekjum vegna breytinga á gjaldtöku fyrir ferliverk. Þá er framlag til nýbygginga við sjúkrahúsið lækkað um 5 millj. kr. til að færa til samræmis við samning um framkvæmdina og verður því 35 millj. kr.

Fjárlagaliður 370, Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi. Lagt er til að liðurinn hækki um 54 millj. kr. Undir þennan lið var í fjárlagafrv. færður 100 millj. kr. sparnaður sem átti að ná með endurskipulagningu á sjúkrahúsum. Gert var ráð fyrir að sparnaðurinn yrði færður á viðkomandi stofnanir og liðurinn hækkaður á móti. Í reynd næst einungis 80 millj. kr. af sparnaðinum fram sem kemur til hækkunar á þennan lið. Frá þeirri fjárhæð dregst hækkun sem orðið hefur á framlagi til Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri og St. Jósefsspítala í Hafnarfirði samtals að upphæð 26 millj. kr. sem samþykkt var við 2. umr. fjárlaga.

Fjárlagaliður 371, Ríkisspítalar. Í samkomlagi um fjárhagsvanda spítalans er lagt til að fjárframlög til hans hækki um 195 millj. kr. Þar af eru 46 millj. vegna yfirtöku bráðavaktar frá Borgarspítala og St. Jósefsspítala, Landakoti. Um 50 millj. er vegna leiðréttingar á mati á kjarasamningum. Þá eru 15 millj. til reksturs vinnuheimilisins að Gunnarsholti og loks eru 84 millj. til móts við aðra þætti í rekstrinum. Þrátt fyrir að fallið hafi verið frá almennri innheimtu á gjöldum fyrir ferliverk er lagt til að Ríkisspítölum verði ætlað að ná sparnaði í rekstri og auknum sértekjum sem nemur samtals 50 millj. kr. eða jafnhárri fjárhæð og áætluð er í tekjur af ferliverkum í fjárlagafrv. 1995. Loks eru færðar 25 millj. kr. af sjúkratryggingum yfir á tækjalið spítalans en Ríkisspítalar hafa séð um innkaup á hjartagangráðum og öndunargrímum og innheimt kostnaðinn hjá sjúkratryggingum. Er breytingin gerð í samráði við stjórnendur spítalans og Tryggingastofnunar og er mjög til einföldunar. Alls hækkar því framlag til Ríkisspítala um 220 millj.

Fjárlagaliður 375, Sjúkrahús Reykjavíkur, Borgarspítalinn og St. Jósefsspítalinn, Landakoti. Lögð er til sú breyting að framlög til spítalanna verði færð undir einn fjárlagalið, lið 375, Sjúkrahús Reykjavíkur. Fjárveitingar til sjúkrahúsanna eru þó áfram aðgreindar á viðfangsefni þangað til endanleg sameining hefur farið fram. Lagt er til að framlag til spítalans hækki í samræmi við samkomulag um lausn á fjárhagsvanda hans um 100 millj. kr. tímabundið á árinu 1995. Þá er lögð til 22,7 millj. kr. hækkun á framlagi til Borgarspítala og 6,9 millj. kr. hækkun á framlagi St. Jósefsspítala, Landakoti vegna endurskoðunar á kostnaði vegna kjarasamninga við heilbrigðisstéttir. Þrátt fyrir að fallið hafi verið frá almennri innheimtu á kostnaði fyrir ferliverk er lagt til að Sjúkrahúsi Reykjavíkur verði ætlað að ná sparnaði í rekstri og auknum sértekjum er nemur 30 millj. kr. eða jafnhárri fjárhæð og áætluð er í tekjur af ferliverkum hjá Borgarspítala og Landakotsspítala í fjárlagafrv. 1995.

Fjárlagaliður 400, St. Jósefsspítali Hafnarfirði. Lagt er til að sértekjuáætlun sjúkrahússins lækki um 5 millj. kr. vegna þess að ekki er gert ráð fyrir hækkun tekna af innheimtu gjalda fyrir ferliverk.

Fjárlagaliður 500, Heilsugæslustöðvar, almennt, og 950, Rekstrarhagræðing. Framlag til heilsugæslustöðva almennt hækkar um 40 millj. kr. þar sem ekki er útlit fyrir að áformaður sparnaður í sjúkraflutningum náist nema að hluta á næsta ári og áform um 50 millj. kr. sparnað í rekstri heilsugæslustöðva muni ekki skila árangri fyrr en á árinu 1996. Samanlagt hækkar liðurinn því um 90 millj. kr. Á móti er lagt til að framlag til rekstrarhagræðingar lækki um 15 millj.

Fjárlagaliður 510, Heilsuverndarstöðin í Reykjavík. Ákveðið hefur verið að færa umsjón með læknavakt í Reykjavík frá Tryggingastofnun ríkisins til heilsuverndarstöðvarinnar frá og með næstu áramótum. Viðræður hafa staðið yfir um breytinguna við Læknavaktina hf. í Reykjavík. Er því gerð sú tillaga að 35 millj. kr. verði fluttar frá sjúkratryggingum til stöðvarinnar.

Fjmrn. Fjárlagaliður 381, Uppbætur á lífeyri. Lækkun um 20 millj kr. vegna uppbóta á lífeyri er samkvæmt endurskoðun á áætlun Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins.

Fjárlagaliður 402, Fasteignamat ríkisins. Lagt er til að stofnað verði nýtt viðfangsefni á fjárlagalið Fasteignamats ríkisins. Þar verði fært 2 millj. kr. framlag til yfirfasteignamatsnefndar. Hér er um tilfærslu milli liða að ræða og veldur ekki breytingum á fjárhæðum.

Fjárlagaliður 481, Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum. Lagðar eru til nokkrar breytingar við 6. gr. fjárlaga og eru þær sýndar í brtt. meiri hluta fjárln. Vegna þeirra er lögð til 100 millj. kr. hækkun á útgjöldum samkvæmt heimildarákvæðum. Vil ég hér geta sérstaklega tveggja þessara atriða.

Annars vegar er heimild fyrir fjmrh. til að kaupa húsnæði fyrir Háskólann á Akureyri. Í því sambandi hefur verið rætt um að háskólinn fái húsnæðið á Sólborg á Akureyri til umráða og að nauðsynlegar endurbætur verði gerðar til að gera þann flutning mögulegan. Hins vegar er heimild til að greiða allt að 25 millj. kr. til sérstaks átaks um þróun á vistvænum landbúnaðarafurðum enda komi sama fjárhæð úr Framleiðnisjóði landbúnaðarins.

Þá hefur borist erindi um styrk vegna lítilla hitaveitna sem lítillega komu til umræðu áðan við umræðu um fjáraukalög. Á vegum iðnrn., fjmrn. og Ríkisendurskoðunar hefur verið lögð fram skýrsla um málið. Þar er gerð tillaga um lengingu lána og frestun afborgana. Meiri hluti fjárln. hefur fallist á þær tillögur en gert ráð fyrir því að litlar hitaveitur njóti auk þess aðstoðar á grundvelli heimildar í 6. gr. fjárlaga, liðar 510.

Fjárlagaliður 801, Ýmis lán ríkissjóðs, vextir. Áætlun um vaxtagreiðslur af lánum ríkissjóðs á árinu 1995 hefur verið endurskoðuð í ljósi breyttra aðstæðna á fjármagnsmarkaði. Erlendir skammtímavextir hafa haldið áfram að hækka og vextir í útboðum ríkissjóðs á skammtímalánum hafa hækkað úr 4,7% í 5,5% frá því í september sl. og útlit er fyrir að þeir kunni að fara eitthvað hækkandi í samkeppni við skammtímavexti erlendis. Þá hefur verið tekið tillit til þess að halli á fjárlögum 1995 verður nokkru meiri en í fjárlagafrv.

Fjárlagaliður 990, Ríkisstjórnarákvarðanir. Til þess að unnt verði að fylgja eftir framkvæmd EES-samningsins af Íslands hálfu er nauðsynlegt að fjölga fulltrúum ráðuneyta í Brussel. Þau ráðuneyti sem æskilegt er að eigi fulltrúa í Brussel hafa komið sér saman um sameiginlegan fulltrúa. Er gert ráð fyrir að stofna fjög-

ur ný störf í Brussel vegna þessa. Því hækka launaútgjöld nokkurra aðalskrifstofa eins og gerð er nánari grein fyrir í nál. Heildarkostnaður er 20 millj. kr. og er lagt til að helmingur hans komi til lækkunar í framlagi á þessum fjárlagalið.

Fjárlagaliður 999, Ýmislegt. Breytingar á þessum fjárlagalið eru tvær. Lagt er til að framlag til ýmissa endurgreiðslna hækki um 20 millj. kr. Hækkunin er vegna endurgreiðslu aðflutningsgjalda og virðisaukaskatts til björgunarsveita vegna innflutnings þeirra á björgunartækjum. Inn í þennan lið bætast flotvinnubúningar fyrir sjómenn þar sem styrkur til endurgreiðslu nemur jafnvirði virðisaukaskatts. Við 3. umr. um fjáraukalög var lögð til 10 millj. kr. hækkun vegna þess vanda sem björgunarsveitirnar standa frammi fyrir á yfirstandandi ári vegna endurnýjunar tækja. Báðar þessar breytingar eru í samræmi við álit nefndar sem fjmrh. skipaði til að fjalla um þessi mál. Í nefndinni voru fulltrúar fjmrn., dómsmrn., Slysavarnafélags Íslands og Landsbjargar. Henni var ætlað að kanna ástand og umfang tækjabúnaðar, fjármögnun hans, hve stór tækjafloti væri nauðsynlegur og hver væri eðlileg endurnýjun. Jafnframt var nefndinni ætlað að gera tillögur um árlega endurgreiðslu opinberra gjalda vegna endurnýjunar tækjanna. Við afgreiðslu fjáraukalaga 1994 var leitað eftir 3 millj. kr. heimild til greiðslu verðjöfnunargjalda við útflutning á sömu vöru og nú eru lögð á verðjöfnunargjöld við innflutning.

Tillaga um 5 millj. kr. framlag í fjárlögum 1995 er af sama toga og er áætlaður kostnaður á heilu ári. Hér er einkum um að ræða sælgætisframleiðslu. Framleiðendum er nú víða gert að greiða verðjöfnunargjöld við innflutning til Evrópulanda sem nemur mismun á heimsmarkaðsverði og innanlandsverði í markaðslandinu. Tilgangurinn með greiðslu verðjöfnunargjalda við útflutning er að gera framleiðendur eins setta og ef þeir hefðu keypt hráefni í framleiðslu sína á heimsmarkaðsverði.

Samgrn. Fjárlagaliður 211, Vegagerðin. Ríkisstjórnin hefur samþykkt sérstakt átak í vegamálum á árunum 1995–1999 og er lögð til 1.250 millj. kr. hækkun á fjárlagalið Vegagerðar. Alls er áætlað að átakið kosti 3,5 milljarða kr. og er það fjármagnað til helminga með sérstakri hækkun á bensíngjaldi og þungaskatti og til helminga með framlagi úr ríkissjóð. Áhersla er lögð á framkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu. Eins og áður segir er framlag á næsta ári áætlað 1.250 millj. en þess er vænst að hækkun tekjustofna skili um 300 millj. kr. þannig að nettóframlag úr ríkissjóði á næsta ári nemur tæpum 1 milljarði kr. Að auki eru lagðar til tilfærslur milli liða á fjárlagalið Vegagerðar en þær hafa ekki í för með sér breytingu á heildarfjárhæðum.

Hafnamál. Samkvæmt hafnalögum er gert ráð fyrir að sett verði reglugerð um hafnamál, þar á meðal um skerðingu framlags til einstakra hafna á grundvelli 27. gr. hafnalaga. Ekki hefur verið sett ný reglugerð um hafnamál og liggur því ekki fyrir með hvaða hætti skerðingarákvæðin verða á grundvelli nýrra laga. Við afgreiðslu fjárlaga eru fjárveitingar til hafnagerðar miðaðar við óbreyttar reglur um skerðingu á framlögum til einstakra hafna. Þá er gert ráð fyrir að þegar reglugerð hefur verið sett taki uppgjör mið af henni, þó þannig að skerðingar í ár verði ekki meiri en þær sem nú gilda hjá einstökum höfnum. Gert er ráð fyrir að reglur um skerðingu verði byggðar á úttekt um hafnaþarfir.

Fjárlagaliður 472, Flugvellir. Framlag til reksturs flugvalla hækkar um 17 millj. kr. og verður 284,7 millj. Hækkunin skýrist sem hér segir: 4,8 millj. kr. fara til Egilsstaðaflugvallar til að unnt verði að völlurinn þjóni sem alþjóðavaraflugvöllur, 2,6 millj. kr. fara til aukins eftirlits og viðhalds vita, 3,8 millj. til aukinnar kostnaðarhlutdeildar Flugmálastjórnar í alþjóðlegri eftirlitsskyldu, 3,8 millj. vegna launahækkunar slökkviliðsmanna í kjölfar kjarasamninga og loks 2 millj. kr. til flugminjasafns að Hnjóti.

Fjárlagaliður 651, Ferðamálaráð. Lagt er til að veittar verði 5 millj. kr. til viðhalds fjölsóttra ferðamannastaða, svo og að lögbundið framlag til ferðamála hækki um 20 millj. kr. og er það ætlað til skuldbreytinga hjá hótelum á landsbyggðinni sem opin eru allt árið.

Iðnrn. Fjárlagaliður 371, Orkusjóður, 399, Ýmis orkumál. Lagt er til að styrking dreifikerfis í sveitum hækki um rúmlega 85 millj. kr. og verði 100 millj. Framlagið er jafnframt fellt niður hjá Orkusjóði og fært á safnlið iðnrn.

Ýmis orkumál. Nefnd um viðskipti ríkissjóðs og Rariks, arðgreiðslur, rafdreifikerfi í sveitum o.fl., hefur skilað iðn.- og viðskrh. sameiginlegum niðurstöðum, en í nefndinni voru fulltrúar iðn.- og viðskrn., fjmrn. og Rariks. Meðal tillagna er að arðgreiðslur Rariks í ríkissjóð árið 1995 og 1996 verði 100 millj. kr., eða tæplega 1% af eigin fé, en því fé verði haldið inni í fyrirtækinu og varið til styrkingar og endurnýjunar rafdreifikerfis í sveitum. Ég vík nánar að þessu í umfjöllun um B-hluta fjárlaga.

Umhvrn. Við 2. umr. fjárlaga var fjárlagaliðurinn 401, Náttúrufræðistofnun Íslands, hækkaður um 2,5 millj. kr. sem ætlað er til tölvu- og gagnakerfis. Í ræðu minni kom þó ekki fram að einungis er um hluta framlags að ræða en áætlaður heildarkostnaður er um 7 millj.

Fjárlagaliður 190, Ýmis verkefni. Lögð er til 20,5 millj. kr. fjárveiting vegna lokafundar til undirbúnings ráðstefnu gegn mengun frá landsstöðvum. Fundurinn verður haldinn hér á landi í byrjun marsmánaðar á næsta ári.

Fjárlagaliður 301, Skipulagsstjóri ríkisins. Lagðar eru til tilfærslur á milli liða í fjárlagalið skipulagsstjóra ríkisins sem hafa ekki í för með sér breytingar á heildarfjárhæðum.

Fjárlagaliður 410, Veðurstofa Íslands. Verulegur kostnaðarauki hefur orðið hjá stofnuninni vegna kjarasamninga sem yfirstjórn hennar gerði við starfsmenn sína í kjölfar uppsagna veðurfræðinga snemma á árinu 1993. Þegar þeir samningar voru gerðir var því lýst yfir af hálfu stofnunarinnar að þeir mundu rúmast innan ramma óbreyttra fjárveitinga. Þá hefur umhvrh. ætlað stofnuninni að mæta auknum útgjöldum vegna breytinga á ráðningarkjörum ákveðinna starfshópa með niðurskurði á öðrum sviðum, eins og það var orðað í

greinargerð fjárlagafrv. fyrir árið 1994. Þetta hefur ekki gengið eftir og virðist því óhjákvæmilegt að leggja stofnuninni til 5 millj. kr. hækkun framlags til að mæta auknum launagreiðslum.

Eins og við 2. umr. gerir nefndin tillögu um nokkrar tæknilegar breytingar og er gerð grein fyrir þeim í lok umfjöllunar um 4. gr. í nál. Hér er einungis um að ræða leiðréttingar á gjaldategundum en ekki neinar efnisbreytingar og því ekki fluttar um þær brtt.

Skýringar við einstakar breytingar B-hluta. B-hluta-áætlanir hafa verið endurmetnar frá því að frv. til fjárlaga var lagt fram í október. Í endurskoðuðum áætlunum hefur verið tekið tillit til ýmissa leiðréttinga á fyrri áætlunum, áhrifa af ráðstöfunum í A-hluta fjárlaga og nýrra upplýsinga um fyrirhugaða starfsemi fyrirtækja og sjóða á næsta ári. Í framhaldi af því gerir meiri hluti fjárln. tillögu um breytingar á 13 áætlunum í B-hluta. Tillagan gerir ekki ráð fyrir gjaldskrárhækkunum umfram það sem fram kom í fjárlagafrv.

Menntmrn. Fjárlagaliður 872, Lánasjóður ísl. námsmanna. Eins og fram kemur í nál. er áætlun Lánasjóðs ísl. námsmanna fyrir næsta ár breytt til samræmis við reynslu yfirstandandi árs, en gera má ráð fyrir að útlán verði rúmlega 2.700 millj. kr. á árinu. Álíka margir hafa sótt um lán fyrir skólaárið 1994–1995 eins og á síðasta skólaári. En líklegt er að tekjur námsmanna og maka þeirra hafi dregist saman á árinu 1994. Því er lagt til að gengið verði út frá því að veita 2.900 millj. kr. til útlána á næsta ári í stað 3.070 millj. eins og miðað er við í fjárlagafrv.

Í annan stað er nú gert ráð fyrir að framlag ríkissjóðs standi undir 51% af námsaðstoðinni og er þá miðað við 6% reiknivexti. Undanfarin ár hefur þetta hlutfall miðast við 54% en eins og fram kom í greinargerð með fjárlagafrv. var skipaður starfshópur til að meta að nýju þetta styrkhlutfall ríkissjóðs að fenginni reynslu af framkvæmd laga og reglna um sjóðinn og er breytingin í samræmi við niðurstöður starfshópsins. Að lokum er gert ráð fyrir að ríkisábyrgðagjald falli niður. Við það lækkar lántökukostnaður úr 4% í 2%. Það hefur í för með sér um 80 millj. kr. sparnað.

Að teknu tilliti til framangreindra atriða er lagt til að framlag ríkissjóðs til Lánasjóðs ísl. námsmanna lækki um 20 millj. kr. og verði 1.480 millj. á næsta ári.

Fjárlagaliður 974, Sinfóníuhljómsveit Íslands. Í 2. umr. fjárlaga var framlag til hljómsveitarinnar hækkað um 6 millj. kr. vegna kjarasamninga við hljóðfæraleikara. Þar sem ríkissjóður greiðir 56% rekstrarkostnaðar hækkar útgjaldagrunnur hljómsveitarinnar um 10,7 millj. miðað við þessa breytingu. Sú hækkun er að mestu færð á laun en einnig á önnur rekstrargjöld. Er þá miðað við að áætlun fjárlaga sé sem næst raunverulegum útgjöldum hljómsveitarinnar og að henni takist að halda sér innan þeirra marka sem fjárhagsáætlun setur.

Utanrrn. Fjárlagaliður 101, Fríhöfnin á Keflavíkurflugvellli. Talið er að sala Fríhafnarinnar á Keflavíkurflugvelli verði um 20 millj. kr. minni á næsta ári en gert var ráð fyrir í fjárlagafrv. Stafar það af því að aukin samkeppni milli fríhafna hefur leitt til lækkaðrar álagningar sem aftur leiðir til þess að skil í ríkissjóð verða 20 millj. kr. lægri.

Félmrn. Fjárlagaliður 270, Byggingarsjóður ríkisins, húsbréfadeild. Endurmat á forsendum sem lagðar voru til grundvallar fjárlagatillögum sjóðsins í fjárlagafrv. hefur í för með sér að gera þarf nokkrar breytingar í áætlun sjóðsins, einkum varðandi vaxtagreiðslur og lánahreyfingar. Greiddir vextir hækka um 10 millj. kr. og innheimtir um 135 millj. Greiddar afborganir hækka um 70 millj. og innheimta um 55 millj. Þá aukast aðrar tekur um 33 millj. kr. Samanlagt leiða þessar breytingar til sjóðsaukningar að fjárhæð 143 millj.

Fjárlagaliður 271, Byggingarsjóður ríkisins. Í frv. til fjárlaga fyrir árið 1995 var litið fram hjá innbyrðis viðskiptum Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna. Í reynd selur Byggingarsjóður ríkisins skuldabréf og endurlánar Byggingarsjóði verkamanna. Vegna þessa hækka tekin lán Byggingarsjóðs ríkisins um 300 millj. kr. Jafnframt þarf að gera nokkrar leiðréttingar á áætluðum vaxtagreiðslum og lánahreyfingum vegna skekkju sem varð í útreikningum við gerð fjárlagatillagna. Þannig verða greiddir vextir um 538 millj. kr. hærri en í frv. og innheimtir vextir verða 231 millj. kr. lægri. Greiddar afborganir lækka um 949 millj kr. og innheimtar um 500 millj. Útstreymi af sparimerkjareikningum lækkar um 100 millj. kr. frá frv. Loks aukast lánveitingar til Byggingarsjóðs verkamanna um 80 millj. vegna endursölu- og almennra kaupleiguíbúða.

Fjárlagaliður 272, Byggingarsjóður verkamanna. Í frv. til fjárlaga fyrir árið 1995 var gert ráð fyrir að sjóðurinn selji skuldabréf beint. Í reynd er það Byggingarsjóður ríkisins sem selur skuldabréfin og endurlánar síðan Byggingarsjóði verkamanna. Af þessum sökum hækka tekin lán um 300 millj.

Þá eru gerðar leiðréttingar á nokkrum skekkjum sem urðu í útreikningum við gerð fjárlagatillagna. Þannig hækka greiddir vextir um 222 millj. frá frv. og innheimtir vextir um 84 millj. Aðrar tekjur lækka um 18,6 millj. en þá breytingu má rekja til vaxta og uppgjörs vegna framkvæmdalána. Afborganir lána lækka um 301 millj. kr. en innheimtar afborganir hækka um 56 millj. Þá hækka lánveitingar um 580 millj. og í lántökum bætast við 80 millj. vegna endursölu- og almennra kaupleiguíbúða við þær 300 millj. sem áður voru nefndar.

Fjárlagaliður 984, Atvinnuleysistryggingasjóður. Endurskoðuð áætlun um sjóðinn gerir ráð fyrir að heimilt verði að verja allt að 62 millj. til lánveitinga og styrkja og til að kosta námskeiðahald. Einnig er áformað að draga úr kostnaði við þá þjónustu sem úthlutunarnefndir, sýslumenn og greiðsluaðilar hafa með höndum í tengslum við sjóðinn. Sá kostnaður er nú áætlaður 50 millj. Þá hefur náðst samkomulag við Samband ísl. sveitarfélaga um áframhaldandi samvinnu um átaksverkefni til að draga úr atvinnuleysi og er stefnt að því að þau verði ekki minni að umfangi en í ár. Samkvæmt samkomulaginu munu sveitarfélögin hins vegar ekki leggja sjóðnum til sérstakt 600 millj kr.

framlag vegna þeirra verkefna eins og gert var ráð fyrir í fjárlagafrv.

Loks bendir ný spá um atvinnuleysi fyrir árið 1995 til þess að það verði 0,3% minna en áður var gert ráð fyrir, eða 4,6% að meðaltali í stað 4,9%. Að samanlögðu er nú miðað við að framlag úr A-hluta ríkissjóðs hækki um 394 millj. af framangreindum ástæðum.

Fjmrn. Fjárlagaliður 402, Fasteignamat ríkisins. Gerð er sú breyting á framsetningu varðandi Fasteignamat ríkisins að yfirfasteignamatsnefnd fær nú sérstakt viðfangsefni í A-hluta fjárlaga. Við það lækkar launaliður stofnunarinnar í B-hluta um 2 millj. og jafnframt lækka framlög úr ríkissjóði um sömu fjárhæð.

Samgrn. Fjárlagaliður 101, Póst- og símamálastofnun. Rekstraráætlun fyrirtækis hefur verið tekin til endurskoðunar. Er nú áætlað að rekstrargjöldin aukist um 235 millj. kr. en að auknar rekstrartekjur muni vega það upp og bæta afkomuna um 107 millj. Þá er talið að greiðsluafgangur frá yfirstandandi ári verði 350 millj. kr. meiri en áætlað var með fjárlagafrv. Fyrirhugað er að þessi afkomubati verði nær allur nýttur til aukinnar fjárfestingar. Þyngst vegur 300 millj kr. fjárfesting í sæsímastrengnum Canus milli Kanada og Bandaríkja Norður-Ameríku sem er framhald af Cantat-3 ljósleiðarastrengnum milli Evrópu og Kanada. Afgangnum verður að mestu varið til framkvæmda við ljósleiðarakerfi innan lands og sjálfvirkt tilkynningakerfi.

Fjárlagaliður 110, Söludeild Póst- og símamálastofnunar. Tekjur og gjöld söludeildar Póst- og símamálastofnunar breytast einnig í samræmi við endurskoðaða rekstraráætlun. Meginbreytingin er sú að hagnaður fyrirtækisins er nú talinn verða 31 millj. kr. en var áætlaður 41 millj. í upprunalegu frv.

Fjárlagaliður 330, Hafnabótasjóður. Framlag A-hluta til Hafnabótasjóðs lækkar og verður 40,6 millj. í stað 128 millj. eins og áætlað var í upprunalegu frv. Er það *í samræmi við breytingu sem gerð var við 2 umr. fjárlaga.* Tilfærslur úr Hafnabótasjóði lækka um samsvarandi upphæð.

Iðnrn. Fjárlagaliður 321, Rafmagnsveitur ríkisins. Sú breyting er gerð á þessum fjárlagalið að tekið er framlag úr ríkissjóði, 100 millj. kr., sem verður varið til styrkingar dreifikerfa í sveitum. Á fjárlagalið Orkusjóðs í A-hluta er gert ráð fyrir 14,6 millj. kr. framlagi til þess verkefnis í fjárlagafrv. en nú er miðað við að hann falli niður. Þetta þýðir því í raun hækkun um 85,4 millj. Þessi breyting leiðir til 100 millj. kr. hækkunar á fjárfestingarlið rafmagnsveitnanna og verður hann þá 640 millj. kr.

Fjárlagaliður 371, Orkusjóður. Framlag til viðfangsefnisins 621, Styrking dreifikerfis í sveitum, 14,6 millj. kr. fellur niður í A-hluta eins og áður er getið og lækkar því framlag til Orkusjóðs í B-hluta um sömu fjárhæð og verður 28 millj.

Virðulegi forseti. Í ljós hefur komið villa í framsetningu B-hluta fjárlaga. Sparnaðartillögur fjárln. gera ráð fyrir 7 millj. kr. lækkun á framlagi til fiskeldisrannsókna sem er í B-hluta fjárlaga. Láðst hefur að breyta framsetningu tekna og gjalda laxeldisstöðva ríkisins í B-hluta til samræmis við þessa lækkun á framlagi.

Virðulegi forseti. Ég hef nú lokið við að gera grein fyrir tillögum meiri hluta fjárln. Það má öllum ljóst vera að ábyrgð á meginstefnumiðum í frv. hvílir að sjálfsögðu á stjórnarþingmönnum. Um leið og ég ítreka þakkir til samnefndarmanna minna vil ég ljúka máli mínu með því að leggja til að tillögur meiri hluta fjárln. verði samþykktar og fjárlög fyrir árið 1995 verði samþykkt sem lög frá Alþingi með þessum breytingum.

Undir nál. meiri hlutans rita Sigbjörn Gunnarsson, Sturla Böðvarsson, Árni Johnsen, Árni Mathiesen, Gunnlaugur Stefánsson og Einar K. Guðfinnsson.

[16:28]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er ekki ein báran stök í störfum Alþingis þessa dagana. Það liggur mikið á og mál hafa verið seint á ferðinni. Ég vil af því tilefni beina spurningu til formanns hv. fjárln. Í þingsköpum Alþingis segir, með leyfi forseta:

„Til efh.- og viðskn. vísar fjárln. frv. til lánsfjárlaga og tekjugrein fjárlagafrv. Nefndirnar skila fjárln. áliti og tillögum svo tímanlega fyrir 2. umr. fjárlaga sem fjárln. ákveður. Efh.- og viðskn. skal gera grein fyrir áhrifum skattalagabreytinga á tekjur ríkissjóðs fyrir 3 umr." — Nú bið ég formanninn að hlusta. — „Álit og tillögur nefndanna skal prenta sem fylgiskjöl með nefndaráliti fjárln. eða meiri hluta hennar."

Hér liggur fyrir frhnál. fjárln. og umræðan hefur hafist án þess að þetta álit meiri hluta og minni hluta efh.- og viðskn. sé prentað með. Og mér finnst mjög óeðlilegt að halda þessari umræðu áfram fyrr en þetta hefur verið leiðrétt og ég hlýt að spyrja um skýringu á þessu. Ég get ímyndað mér að hér sé um einhvers konar mistök að ræða í þeim handagangi hefur verið í *öskjunni, en það er óviðunandi að hefja umræðuna* með þessum hætti og að menn geti ekki haft fyrir framan sig álit efh.- og viðskn. Það er til lítils að vera að leggja á sig mikla vinnu við að fara yfir tekjugrein frv. og skattalagatillögur ríkisstjórnarinnar ef það getur svo ekki orðið innlegg í þá umræðu sem hér á að fara fram.

[16:29]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Sigbjörn Gunnarsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þegar ég hóf ræðu mína var mér ekki ljóst að þarna höfðu orðið þessi mistök sem því miður urðu við frágang skjala í skrifstofu þingsins. Innan örfárra mínútna mun þessum skjölum verða dreift og um það get ég ekkert frekar sagt en beðist afsökunar, en það var hárrétt athugasemd sem hv. þm. gerði. Það munu líða örfáar mínútur þar til skjalið verður komið í þeirri mynd sem þingsköp kveða á um.

Umræðu frestað.

Umræður utan dagskrár.

Verkfall sjúkraliða.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Nú fer fram utandagskrárumræða eins og áður hafði verið tilkynnt. Hún fer fram að beiðni hv. 8. þm. Reykn., Ólafs Ragnars Grímssonar. Efni umræðunnar er verkfall sjúkraliða og er hæstv. fjmrh. til andsvara. Umræðan fer fram skv. 1. mgr. 50. gr. þingskapa, þ.e. hálftíma umræða.

[16:31]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Nú þegar jól ganga senn í garð og Alþingi gerir hlé á störfum sínum vegna hátíðanna þá hvílir enn sá skuggi yfir okkar samfélagi að ríkisstjórninni hefur enn ekki tekist að leysa þá kjaradeilu sem staðið hefur í sex vikur með verkfalli sjúkraliða. Sjúkraliðar eru ein fjölmennasta og mikilvægasta umönnunarstéttin í okkar samfélagi og það er satt að segja heldur dapurlegt að lesa í dag þær lýsingar sem okkur birtast í fjölmiðlum á því hvernig skilningsleysi ríkisstjórnarinnar gagnvart eðlilegum og sanngjörnum kröfum sjúkraliða er farið að bitna á öldruðum og sjúkum á fjölmörgum stofnunum landsins. Það er þess vegna óhjákvæmilegt að knýja á um það hér á Alþingi áður en þingmenn halda heim til fjölskyldna sinna til að halda hátíðina hátíðlega, að ríkisstjórnin svari því skýrt og skorinort í þingsalnum hvað hún hyggst gera. Er ekki tími til kominn að ríkisstjórnin öll, forsrh. og heilbrrh. ásamt fjmrh. taki nú höndum saman til þess að leysa þessa deilu?

Ég hef þess vegna kvatt mér hér hljóðs til þess að beina orðum mínum ekki aðeins til hæstv. fjmrh. heldur einnig óska eftir því að forsrh. og hæstv. heilbrrh. séu hér viðstaddir.

Það munu vera um fjórar vikur síðan hæstv. heilbrrh. lýsti því yfir opinberlega að hann teldi eðlilegt og sanngjarnt að leysa kjaradeilu sjúkraliða á grundvelli þeirra sjónarmiða sem sjúkraliðar hafa sett fram. Hæstv. heilbrrh. vitnaði í því sambandi í ályktun flokksstjórnarfundar Sjálfstfl. þar sem því var lýst yfir að nú væri tími kominn til að þær stéttir sem lægst hefðu launin í okkar þjóðfélagi fengju að njóta efnahagsbatans. Og hæstv. fjmrh. lýsti því yfir í nótt í umræðu um lánsfjárlög næsta árs að einstæður bati væri nú í íslensku þjóðfélagi. Hvernig stendur þá á því ef ástandið er með þessum hætti að ríkisstjórnin hefur ekki gengið fram á völlinn og tekið málið í sínar hendur heldur þvert á móti látið það vera hjá samninganefnd ríkisins sem greinilega hefur hingað til eingöngu fengið það verkefni að þvælast fyrir? Engar tillögur hafa komið fram af hálfu samninganefndar ríkisins á undanförnum vikum sem marktækar geta talist. Og sú hugmynd um gerðadóm sem samninganefnd ríkisins var látin setja fram fyrir skömmu síðan er þannig smíðuð og þannig frá gengin að það er alveg ljóst að það eru ekki eðlileg heilindi á bak við þá hugmynd heldur nánast fyrir fram verið að skrifa niðurstöður gerðardómsins í samræmi við óskir samninganefndar ríkisins.

Á sama tíma og þetta verkfall er háð er það orðin viðurkennd staðreynd að þessi sama ríkisstjórn og þessi sama samninganefnd ríkisins samdi fyrir nokkrum mánuðum við aðra hjúkrunar- og umönnunarstétt í landinu um um það bil 15% launahækkun. Vikum saman í þessu verkfalli neitaði samninganefnd ríkisins og fjmrh. að viðurkenna þessa staðreynd. En þegar ég bar fram fyrirspurn á Alþingi um hinar raunverulegu tölur og þingskjalið lá fyrir þá varð hæstv. fjmrh. og samninganefndin og ríkisstjórnin að viðurkenna að það eru aðeins nokkrir mánuðir síðan gerðir voru kjarasamningar um 15% hækkun. Nú segir hins vegar hæstv. forsrh. í blaðaviðtali fyrir skömmu að sú hækkun megi ekki verða fordæmi. Með öðrum orðum ætlar forsrh. að tala fyrir þeirri stefnu að þeir sem hærri hafa launin eigi að fá meiri hækkanir en þeir sem lægri hafa launin. Það er stefna sem hvorki er í samræmi við jafnréttiskennd né réttlætiskennd í okkar þjóðfélagi.

Það hefur líka verið að koma í ljós að undanförnu að í ýmsum ríkisstofnunum hafa verið gerðir samningar um sérstakar launahækkanir á grundvelli námskeiðahalds. Því hefur verið lýst mjög rækilega að t.d. á Þjóðminjasafni og Listasafni hafa gerst þau ánægjulegu tíðindi að gerðir hafa verið samningar um námskeiðahald og launahækkanir sem þýða á örfáum mánuðum um 9% launahækkun til starfsfólks á þessum mánuðum. Þess vegna spyr ég hæstv. fjmrh.: Er ekki tími til kominn að samræmi sé í því sem gert er? Er ekki tími til kominn að nú gefi ríkisstjórnin öll samninganefnd ríkisins þau fyrirmæli að gera tilboð um kjarasamning sem sé í samræmi við það sem ríkisstjórnin hefur þegar gert fyrr á þessu ári? Eða er það virkilega ætlun ríkisstjórnarinnar að láta jól og áramót ganga í garð með það neyðarástand sem er að skapast á heilbrigðisstofnunum, sjúkrahúsum og öldrunarstofnunum í þessu þjóðfélagi?

[16:37]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Fyrst vil ég víkja að því sem sagt var um launahækkanir hjá hinu opinbera. Í því sambandi vil ég nefna tvennt: Eins og flestum er kunnugt þá hækka laun þeirra lægstu, allægstu hópanna, ef um er að ræða námskeið. Þetta hefur verið lengi í kjarasamningum og eitthvað mun hafa verið um þetta að undanförnu. Hins vegar er ljóst að það er skylda samkvæmt kjarasamningum að taka kjarasamninga til endurskoðunar ef um er að ræða breytingar á verkefnum starfsmanna og það er þekkt í a.m.k. einni stofnun sem ég veit um að slíkt gerðist nú fyrir skömmu. Þetta gerist þá með svokallaðri samstarfsnefnd sem ég veit að hv. þm. þekkir.

Það er röng staðhæfing sem kemur fram aftur og aftur hjá hv. þm. að tala um 15% launahækkanir hjá hjúkrunarfræðingum og svarið liggur fyrir. Það var svar við fyrirspurn þingmannsins og það er allt annað en þetta sem kemur fram í því svari. Kostnaðarhækkun ríkisins vegna kjarasamningsins miðað við þann kostnað sem var áður en samningurinn gekk í gildi er líklega um 6,5% eða þar um bil.

Verkfall sjúkraliða hefur nú staðið frá 11. nóv. Áður

en verkfallið hóst voru haldnir fjölmargir samningafundir. Upphafleg kröfugerð félagsins var afar óskýr og sá rökstuðningur sem fylgdi henni óljós. Eftir rúmlega tveggja vikna verkfall lagði félagið fram kröfur sem hægt er að leggja mat á og fólu þær í sér um það bil 20% hækkun launa og hefur félagið ekki slegið af þeim kröfum síðan.

Samninganefnd ríkisins lagði fram tilboð áður en verkfallið hófst. Það fól í sér breytingar á launum og ýmsum atriðum sem rædd höfðu verið. Umræður um það tilboð leiddu ekki til niðurstöðu. Hinn 9. des. lagði samninganefnd ríkisins og Reykjavíkurborgar og fleiri aðila fram tillögur til lausnar á deilunni. Sú tillaga byggðist á þeirri kröfu Sjúkraliðafélags Íslands að félagið fengi launabreytingar í samræmi við breytingar á launum annarra heilbrigðisstarfsmanna. Tillagan var lögð fram að undangengnum viðræðum við borgarstjórann í Reykjavík og miðaðist m.a. við þau viðhorf sem fram komu í þeim viðræðum og í bréfi borgarstjórans til fjmrh. Þessi tillaga var lögð fram í fullu samráði og með stuðningi borgarstjórans í Reykjavík og samin af báðum samninganefndunum.

Meginatriðin í þessari tillögu eru þau að með samningi verði fest öll atriði kjarasamnings sem til umfjöllunar höfðu verið og niðurstaða hafði náðst um í aðalatriðum, svo sem innbyrðis röð í launaflokka, endurmenntun og námsskeið sjúkraliða utan Reykjavíkur og fleira. Launaliðir samningsins yrði hins vegar settir í hendur nefndar fulltrúa sem aðilar skipuðu ásamt óháðum oddamanni. Nefndin átti að bera saman launaþróun sjúkraliða og annarra heilbrigðisstarfsmanna á tilteknu tímabili og ákveða breytingu á launatöflu sjúkraliða ef í ljós kæmi að þeir hefðu dregist aftur úr.

Í framhaldi af tillögu SNR hafa þau efnisatriði sem snúa að öðru en launalið verið rædd og gengið frá breytingum þannig að ekkert er því til fyrirstöðu að taka afstöðu til samningsins og ganga frá honum. Á fundi í dag lagði samninganefnd ríkisins enn fram tillögur um viðræður um tiltekin efnisatriði sem Sjúkraliðafélag Íslands hafði gert athugasemdir við og ítrekaði óskir um svar við tillögum sínum. Ég vænti þess að svar komi frá Sjúkraliðafélagi Íslands á morgun.

Ég tel þannig, virðulegi forseti, að samninganefnd ríkisins hafi gert sitt til þess að leysa þessa deilu. Deilan verður hins vegar ekki leyst í sölum Alþingis eins og ég veit að hv. þm. og aðrir skilja og kannski allra helst sá maður sem sat í stóli fjmrh. á undan mér og stóð oft í stappi við ýmsar launastéttir landsins sem m.a. endaði í því að sett voru lög, bráðabirgðalög, á gerða samninga. Ég veit að slíkur maður með slíka reynslu skilur það betur en nokkur annar.

[16:42]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Ólafi Ragnari fyrir að taka þessa umræðu upp. Það liggur mikið við. Segja má að líf liggi við að þessi deila verði leyst sem allra fyrst. Ég hygg að flestir landsmenn átti sig á að verkfall heilbrigðisstétta er dauðans alvara. Það hefur margkomið fram um þetta málefni að hún bitnar alltaf harðast á þriðja aðila sem ekkert hefur unnið til saka.

Við búum við það, Íslendingar, að það eru einar 30 heilbrigðisstéttir í þessu litla landi og ég er fylgjandi því kerfi að reynt verði að ná samkomulagi um í hvaða tröppu hver grein situr. Ég geri mér grein fyrir því að Sjálfstfl. ber fullkomna ábyrgð á því að Árni Sigfússon, fyrrv. borgarstjóri, ætlaði að vinna kosningar á því að semja sérstaklega við hjúkrunarfræðinga og hækkaði laun þeirra einhliða. Það var viðurkennt um allt land og síðan af samninganefnd ríkisins og því blasir það við að ríkisstjórnin kemst ekki hjá því að setjast af fullri alvöru yfir þetta mál.

Ég fagna því að hæstv. forsrh. skuli vera við þessa umræðu. Það gerðist 1985, þá voru kennarar í verkfalli, Bandalag háskólamenntaðra kennara, að hæstv. fyrrv. forsrh. Steingrímur Hermannsson skarst í þá deilu og leysti hana með yfirlýsingu. Nú er komið að því, hæstv. forsrh., að verkstjóri ríkisstjórnarinnar getur ekki lengur setið hjá. Hann verður að ganga í þessa deilu, hann verður að leysa þessa deilu. Sjálfstfl. ber fullkomna ábyrgð vegna þess, eins og hér hefur verið rakið, hvernig komið er. Það er brýnt þjóðarinnar vegna, hæstv. forseti, að ljúka þessu máli með lausn fyrir jól.

[16:44]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Við stöndum núna frammi fyrir því að hér hefur verið um skeið hjá mikilvægri heilbrigðisstétt eitt lengsta verkfall sem sögur fara af í verkalýðsbaráttunni á Íslandi. Hjá láglaunastétt sem er þannig stödd að hún hefur ekki haft neinn verkfallssjóð og hefur þurft að efna til safnana sérstaklega og hefur mætt óvenjumiklum stuðningi. Það er alveg greinilegt að sú alvara sem birtist þannig í stuðningi við sjúkraliða og í baráttu þeirra er í hróplegri mótsögn við alvöruleysið sem birtist af hálfu ríkisstjórnarinnar, alvöruleysið sem birtist í samþykktum Sjálfstfl. fyrir nokkrum vikum, alvöruleysið í yfirlýsingum hæstv. heilbrrh. um að það sé hægt að leysa þessa deilu, alvöruleysið sem birtist í yfirlýsingum hans fyrir nokkrum vikum í umræðum utan dagskrár um að hann mundi beita sér fyrir lausn þessarar deilu þar sem bersýnilegt er að hann hefur ekkert gert, alvöruleysið sem birtist hjá samninganefnd ríkisins, sem m.a. gerði tilboð til sjúkraliða í gær um menntunarfyrirkomulag sem hafði verið gert árið 1982 og samþykkt þá þegar, að ég tali nú ekki um alvöruleysið sem birtist hjá samninganefnd ríkisins þegar hún þóttist ekki skilja tillögur og kröfur sjúkraliða í þrjár vikur.

Hér hefur verið haldið illa á málum og það er útilokað annað en krefjast þess að þessir hæstv. ráðherrar, ef þeir vilja standa undir nafni, grípi tafarlaust til aðgerða til að tryggja lausn á deilunni núna fyrir jól.

Ég tek undir það með hv. þm. Guðna Ágústssyni að auðvitað á hæstv. forsrh. nú þegar að taka fram fyrir hendurnar á hinum alvörulausu samverkamönnum sínum og knýja fram lausn deilunnar og það tafarlaust.

[16:46]

Kristín Einarsdóttir:

Frú forseti. Hæstv. fjmrh. sagði áðan að þessi deila

yrði ekki leyst í sölum Alþingis. Það er alveg hárrétt. En við alþingismenn lítum svo á að það sé mjög nauðsynlegt að taka þetta upp hér og það er ekki í fyrsta skiptið sem við gerum það vegna þess að við teljum að ríkisstjórnin og samninganefnd ríkisins hafi komið fram af ótrúlegu ábyrgðarleysi í þessu máli.

Það virðist svo sem ríkisstjórnin og samninganefndin ætli að kúga sjúkraliða til hlýðni í þessu máli. Samningar hafa verið lausir í á annað ár og nú hefur verkfall staðið í sex vikur og ekkert hefur þokað. Hæstv. fjmrh. lýsti því að komin væri tillaga sem hefði verið lögð fyrir sjúkraliða. Það er auðvitað vel að eitthvað sé gert, en mér sýnist að hingað til hafi ríkisstjórnin því miður ekki tekið af neinni ábyrgð á þessu máli og það er kominn tími til að hún geri það af einhverri alvöru. Það þýðir ekkert að vera með eitthvert hálfkák. Auðvitað bitnar þessi deila á sjúkraliðum og fjölskyldum þeirra en hún bitnar fyrst og fremst á sjúklingunum og þá aðallega öldruðum.

Ég er t.d. með bréf í höndunum frá konu sem hefur á *sínum vegum aldraða móður sína þar sem lýst er* hversu slæmt ástandið er. Mig langar til að lesa eina setningu úr þessu bréfi, með leyfi forseta:

„Ekki vantar hástemmdar lýsingar stjórnmálamanna á hátíðarstundum. Þá eru forfeður og mæður lofuð. Hversu mikið mark er á því slagorðaflóði takandi? Því miður, ég tek því með fyrirvara. Ég hef reyndar stundum velt því fyrir mér hvort alþingismenn og ráðherrar séu allir upp til hópa munaðarlausir."

Er það kannski ekki akkúrat þetta? Þetta bitnar mest á gamla fólkinu og það bitnar á dætrum þeirra og tengdadætrum fyrst og fremst því þetta bitnar langmest á konum því að það eru ekki bara sjúkraliðarnir sem eru upp til hópa kvennastétt heldur þurfa konurnar að taka ábyrgð á þessu fólki. Ég lýsi fullri ábyrgð á hendur ríkisstjórnarinnar og samninganefnd ríkisins í þessu máli.

[16:49]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Kjarabarátta sjúkraliða, einna lægst launuðu kvennastéttar landsins, er einn allsherjar áfellisdómur á launakerfið í landinu sem er orðið handónýtt og eykur sífellt á launamisréttið í landinu. *Þessi láglaunahópur, sem hefur um 56 þús. kr. á mánuði* og kemst hæst í 70 þús. kr. eftir langa starfsreynslu, býr við nánast þrælahald í vinnu sem lýsir sér í því að sjúkraliðar eru að meðaltali í 75% starfi þar sem forstöðumenn stofnana neita oft og tíðum að ráða sjúkraliða í 100% starf vegna þessa mikla álags, erfiðis og raunar þrælkunar sem þessu starfi fylgir. Þessi láglaunastétt, sjúkraliðar, hefur ekki notið t.d. orlofsuppbótar eða eingreiðslu á þessu og síðasta ári og er það hneyksli. Sjúkraliðar virðast þurfa að sæta því hlutverki að vera beitt fyrir vagn atvinnurekenda og ríkisvaldsins til að halda niðri kjörum hjá öðrum láglaunastéttum í landinu. Það er ástæða til að spyrja hvort það sé rétt að einhverjar lítils háttar leiðréttingar sem koma áttu nýverið hjá lægst launaða botninum gegnum samstarfsnefndir ríkisstofnana hafi verið stöðvaðar af ótta við að það hefði áhrif á kjarabaráttu sjúkraliða. Þetta er *með eindæmum ef þetta er rétt.*

Og það sem verra er, það hefur ekkert þokað í verkfalli sjúkraliða þrátt fyrir nærri sex vikna verkfall. Það er alveg ljóst að það er orðið löngu tímabært að ríkisvaldið gerir sér grein fyrir því að hættuástand hefur skapast á sjúkrastofnunum landsins vegna getu- og viljaleysis þess í málinu. Hjúkrunarfræðingar, sem hafa staðið sig frábærlega vel í þessu ástandi, það verður ekki annað sagt, eru undir svo miklu álagi að það er farið að bitna á heilsu þeirra, aldraðir og sjúkir fá varla lágmarksþjónustu og biðlistar eftir brýnum aðgerðum á sjúkrahúsum lengjast sífellt. Það er klént ef það á að verða jólakveðja ríkisstjórnarinnar til þessarar stéttar og raunar láglaunafólksins í landinu, eins og hún er að gera í gegnum fjárlögin, að þetta mál leysist ekki fyrir jólahátíðarnar.

[16:51]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Nú er hæstv. forsrh. illa fjarri því að ég ætlaði að beina máli mínu til hans. Ég held að það þýði nefnilega ekkert að tala við hæstv. fjmrh. Hann hvorki vill né getur leyst þessa deilu. Hæstv. forsrh. gefur hins vegar gefið fyrirmæli um að semja.

Þetta er orðið alveg gersamlega óviðunandi ástand. Stór hópur af vel vinnandi fólki á í kjaradeilu og það er orðið neyðarástand hjá fjölda fólks. Kjaradeilan er sprottin upp vegna þess að samið var um hækkun hjá hjúkrunarfræðingum. Það er eðlilegt að sjúkraliðar sem búa við lakari kjör en hjúkrunarfræðingar vilji fá hliðstæða hækkun og hjúkrunarfræðingar. Ríkið féllst á að veita hjúkrunarfræðingum hækkun. Hvernig sem það var nú til komið, hvort sem það var fyrir aulaskap Árna Sigfússonar eða hvað það var sem olli því, þá féllst ríkið á að veita hjúkrunarfræðingum hækkun. Þess vegna hlýtur það að eiga þá skyldu að veita sjúkraliðum svipaðar málalyktir.

Ég skora á hæstv. forsrh. að koma bara upp í þennan ræðustól og gefa hæstv. fjmrh. fyrirmæli um að semja. Honum var ekki mikið fyrir að taka fram fyrir hendurnar á hæstv. fjmrh. þegar lagður var skattur á blaðburðarbörn, hann hefur æfinguna, hann hefur valdið og hefur sýnt það að hann getur beitt sér og þetta ber honum að gera.

[16:53]

Guðrún J. Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Enn einu sinni reyna þingmenn á þessu hausti að *ýta á eftir því að hin alvarlega og langa* kjaradeila sjúkraliða fái farsæla lausn. Það er sérstakt hve allir sem tjá sig um þetta mál, hvar sem er, eru sammála. *Við álítum að það sé réttlætismál að sjúkraliðum veitist kjarabætur og við álítum líka að það alvarlega ástand sem skapast hefur á ýmsum deildum öldrunar- og langlegudeildum megi ekki magnast meira en orðið er.* Og allir þeir sem í heimahúsum hafa nú skerta þjónustu vænta þess að málið sé farsællega og réttlátlega til lykta leitt og það fljótt.

Það er mér persónulega undrunarefni að sjá hve kjaramálum sjúkraliða hefur núna verið klúðrað í vissum þáttum. Einkum finnst mér það furðulegt hve þeirri leið að efna til framhaldsnáms fyrir sjúkraliða hefur

verið klúðrað. Í samningum hefur verið að þeir geti bætt kjör sín með viðbótarnámi sem kallað er 120 eininga, þ.e. 120 kennslustunda nám, og þetta hefur átt að veita þeim eins launaflokks hækkun. Þetta áttu þeir að geta öðlast á sex vikulöngum námskeiðum utan vinnutíma, en einnig hefur verið í boði einnar annar nám fyrir sjúkraliða sem áttu að vinna það á kaupi og sækja í dagskóla. Þetta virðist ekki hafa orðið að neinu eiginlega vegna þess að ekki fékkst leyfi hjá vinnuveitendum til námsins þegar til átti að taka. Svona samningar eru auðvitað bara plat.

Einnig hefur komið í ljós að auknu námi fylgdi ekki aukið afmarkað verksvið og það vita allir að þannig er ekki hægt að standa að málum. Þess vegna þurfa hæstv. fjmrh., hæstv. menntmrh. og hæstv. heilbrrh. að taka höndum saman og kippa svona málum í lag svo að raunveruleg kjarabót geti orðið úr þessum samningum. Það er ekki hægt að bæta við þessa samninga, eins og mér skilst að tilboð hafi gengið út á, nema þetta sé gert um leið.

Ég bendi hæstv. ríkisstjórn á að það er ekki bara að við hér sem viljum að samið verði og samið verði strax heldur vill öll þjóðin að það verði samið strax.

[16:55]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Það er ömurlegt að það skuli ekki vera hægt að koma til móts við sjúkraliða í þessari deilu og alveg sérstaklega í ljósi þess að það er búið að semja um hækkun hjá annarri heilbrigðisstétt nú á árinu en ekki síður í ljósi þess að sjúkraliðar annars staðar á landinu búa við verulega hærri laun en þeir sem eru í verkfalli og það er sami atvinnurekandinn sem borgar þeim sjúkraliðum laun. Ég tel algerlega siðlaust af ríkinu og forsvarsmönnum ríkisstjórnarinnar að ganga ekki til samninga við sjúkraliða á grundvelli þeirra kjara sem hafa verið í gildi árum saman við sjúkraliða. Og það er einkennilegt að hækkun hjá hjúkrunarfræðingum getur gengið allt í kringum landið á augabragði en það er ekki hægt að leiðrétta bág kjör sjúkraliða með sama hætti þegar viðmiðunina þarf ekki að sækja nema í þeirra eigin raðir.

Þetta vildi ég að kæmi hér fram og mig langar til að spyrja hæstv. ráðherra og það er eins gott að hann svari því. Við gerðum ótal tilraunir til að fá svör í sambandi við sjómannaverkfallið í fyrra þegar þingið var að fara í jólafrí. Þá viku menn sér undan því að svara hvort það stæði til að leysa kjaradeilu með lagasetningu. Stendur það til, er það hugmyndin að sett verði lög á sjúkraliða um leið og þingið er farið heim? Var það þess vegna sem hæstv. ráðherra sagði að þessi deila yrði ekki leyst í sölum Alþingis? Var það það sem var meint, að það ætti að leysa hana við ríkisstjórnarborðið?

[16:57]

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Verkfall sjúkraliða hefur staðið allt of lengi og það er ekkert að gerast í samningamálum þeirra. Samninganefnd ríkisins er lömuð vegna láglaunastefnu ríkisstjórnarinnar. Þegar heilbrigðisstéttir neyðast til að fara í verkfall hefur sú ákvörðun mikil áhrif á öryggismál sjúklinga. Þetta er svo alvarlegt mál að ríkisstjórn í hvert sinn verður að grípa inn í málið.

Hér er spurt að því: Hvað hefur hæstv. forsrh. gert varðandi þessa kjaradeilu? Hann hefur ekki svarað því. Mönnum virðist ekki vera ljós sú mikla og alvarlega afleiðing sem af þessari launadeilu hlýst og því fer ég fram á það við hæstv. heilbrrh. að hann gefi Alþingi skýrslu um áhrif verkfallsins á öryggi sjúklinga í landinu og hvað biðlistar vegna lífsnauðsynlegra aðgerða lengjast vegna þessa verkfalls. Með slíka skýrslu í höndum yrði mönnum ljósara hversu brýnt öryggismál það er að semja við sjúkraliða án tafar.

[16:59]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Það er hörmulegt satt best að segja til þess að vita að ein af láglaunastéttum og kvennastéttum þessa lands skuli nú hafa staðið í verkfalli í sex vikur um réttmæta leiðréttingu á sínum kjörum án þess að ríkisstjórnin hafi svo mikið sem sýnt lit til þess að leysa deiluna.

Ég held í öðru lagi að hæstv. ríkisstjórn ætti að hafa það í huga að eftir fáeina daga verða allir kjarasamningar í landinu lausir. Er það virkilega þannig að ríkisstjórnin vilji við þær aðstæður standa í harðvítugu verkfalli við eina af láglaunastéttum landsins og kvennastéttum? Það læðist óneitanlega að manni sá grunur að ríkisstjórnin hafi ákveðið að brjóta sjúkraliða á bak aftur til að gefa það fordæmi í aðdraganda heildarkjarasamninga. En það mun ekki takast. Það er orðið ljóst, hæstv. fjmrh., að það mun ekki takast að brjóta sjúkraliða á bak aftur. Baráttuþrek þeirra er alveg óbugað og samstaðan meiri en nokkru sinni fyrr. Þess vegna held ég að hæstv. ríkisstjórn ætti að endurskoða áform sín í þessum efnum. Það er ekki nóg fyrir hæstv. heilbrrh. að blaðra um það úti í bæ að hann vilji leysa þessa deilu. Hvað segir hæstv. heilbrrh. við ríkisstjórnarborðið? Það er ekki nóg fyrir Alþfl. að ætla kaupa sér vinsældir með þeim hætti sem bæði hæstv. núv. heilbrrh. og einnig reyndar hæstv. fyrrv. heilbrrh. hafa gert, að segja að það eigi ekki að vera mikið mál að leysa þessa deilu. Það eru verkin sem sýna merkin. Ríkisstjórnin hefur fengið tilboð frá sjúkraliðum sem er á þeim nótum að í því fælist launajöfnun og sérstakar hækkanir til þeirra sem lægst hafa launin. Með því að semja á þeim nótum væri að mínu mati gefið mjög gott fordæmi gagnvart þeim kjarasamningaviðræðum sem í hönd fara. Ég skora á hæstv. ríkisstjórn, hæstv. forsrh. og hæstv. heilbrrh., ef hæstv. fjmrh. er algerlega frosinn fastur í þessu máli, að láta nú verkin tala á næstu dögum og leysa þessa deilu fyrir áramót áður en allir aðrir samningar í landinu verða lausir.

[17:01]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Því miður er það rangt hjá hæstv. fjmrh. að samninganefnd ríkisins reyni hvað hún getur. Við sjáum í Dagblaðinu í dag tóninn í helsta forustumanni samninganefndar ríkisins þar sem hann leyfir sér að fara háðsorðum um sjúkraliða í viðtali við eitt

helsta dagblað landsins í dag. Forustumaður samninganefndar sem er að hæðast að viðsemjendum sínum opnberlega eins og Indriði Þorláksson gerir í DV í dag hefur ekki fengið þá skipun frá yfirmanni sínum að leita alvarlegra lausna á þessari deilu.

Það eru þríþættar meginröksemdir fyrir því að það sé sanngjarnt og eðlilegt að semja við sjúkraliða, hæstv. fjmrh. og hæstv. forsrh. Fyrsta röksemdin er sú að hjúkrunarfræðingar fengu tvímælalaust fyrr á þessu ári kjarabætur verulega umfram það sem ríkisstjórnin hefur boðið sjúkraliðum. Í öðru lagi er það líka staðreynd að sjúkraliðar víða um land hafa nú þegar mun hærri laun en þeir sjúkraliðar sem eru í verkfalli. Og í þriðja lagi hafa fjmrn., samninganefnd ríkisins og félmrn. gert samninga við aðrar stofnanir eins og Þjóðminjasafn Íslands og Listasafn Íslands þar sem starfsfólk þessara stofnana fær á skömmum tíma 9% launahækkun, til viðbótar við almennar launahækkanir, með því að taka þátt í þremur námskeiðum. Í Félagstíðindum Starfsmannafélags ríkisstofnana er ítarlega lýst að þetta samkomulag um námskeiðin í þessum tveimur ríkisstofnunum hefur verið gert til að hækka lægstu launin vegna þess að þetta starfsfólk sé með lægstu launin í þessum stofnunum, að félmrn. greiði kostnaðinn af þessum námskeiðum og ítarleg lýsing fer fram á því hvað þar fer fram. Það er ekki hægt að mismuna stéttunum í landinu á þann veg að sú stétt sem er með hvað lægst launin í heilbrigðiskerfinu njóti ekki sama réttar og hjúkrunarfræðingar, njóti ekki sama réttar og starfsfólk annars staðar sem sinnir sömu störfum og njóti heldur ekki sama réttar og starfsfólk í ýmsum ríkisstofnunum sem nú er að fá, réttilega og ánægjulega, verulegar kjarabætur á grundvelli námskeiða. Það eru þess vegna nægileg fordæmi til að leysa þessa deilu, hæstv. forsrh. Það skortir bara viljann, hæstv. heilbrrh., að standa við orðin sem hæstv. heilbrrh. lét falla fyrir fjórum vikum síðan.

[17:04]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Hæstv. forseti. Það er sagt hér að samninganefnd ríkisins komi fram af alvöruleysi. Ég ætla að segja það hér og nú: Mér finnst að hv. þm. hafi ekki tekið eftir því sem ég sagði í minni fyrri ræðu. Þar kom skýrt fram að samninganefnd ríkisins og samninganefnd Reykjavíkurborgar í fullu samráði við fjmrh. og borgarstjórann í Reykjavík hafa lagt fram tilboð og það var gert 9. des. Það hefur verið ítrekað og lagfært og síðast í dag voru lögð ný gögn fram í málinu og óskað eftir því að svör kæmu. Þetta liggur fyrir. Í þessu máli hefur verið unnið af fyllstu alvöru.

Í öðru lagi vil ég að það komi skýrt fram að í þessu tilboði er gert ráð fyrir því að sjúkraliðar fái sömu launahækkun og aðrar heilbrigðisstéttir hafa fengið undanförnum árum. Það kemur skýrt fram í þessu tilboði og því hefur sem betur fer ekki verið hafnað. Það er rétt sem hér hefur verið sagt að þetta er löng deila en þetta er deila á milli tveggja aðila. Ég skora á Sjúkraliðafélag Íslands og forustumenn þess félags að skoða þetta tilboð vel því að ég er viss um að þegar það er skoðað vel og af fyllstu alvöru þá er hægt að ná saman í þessari viðkvæmu deilu.

Síðast vil ég segja þetta, virðulegi forseti: Hér kom upp hv. þm. Jóhann Ársælsson og spurði: Ætlar fjmrh. að setja bráðabirgðalög á þetta verkfall? Og það er eðlilegt að hann spyrji þessarar spurningar. Af hverju er það eðlilegt? Af því að hann kemur úr flokki sem sat í ríkisstjórn sem beitti bráðabirgðalöggjafarvaldinu trekk í trekk til þess að leysa kjaradeilur og meira að segja eftir að samningar höfðu gengið. (**Gripið fram í:** Hver beitti því líka?) Hér töluðu fjórir fyrrv. ráðherrar úr þeirri ríkisstjórn og þar á meðal sjálfur félmrh. sem bar ábyrgð á málum eins og kjaradeilum. Og trúa menn sem vilja. Eru þetta heilindi þegar menn koma hingað og segja að þetta sé allt saman ríkisstjórninni að kenna? Ég bið þá um að átta sig á þessum staðreyndum málsins.

Fjárlög 1995, frh. 3. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 383, frhnál. 464 og 468, brtt. 381, 426, 455, 456, 457 og 465.

[17:07]

Frsm. minni hluta fjárln. (Guðmundur Bjarnason):

Virðulegur forseti. Er þjóðarsáttin svokallaða að springa í höndunum á hæstv. ríkisstjórn eða hvað er um að vera? Það er von að spurt sé í kjölfar þeirrar umræðu sem hér hefur farið fram á seinustu mínútum. Við hljótum að hafa miklar áhyggjur af því sem er að gerast í þjóðfélaginu á sama tíma og ríkisstjórnin er að reyna að lýsa því yfir með nýrri þjóðhagsspá og nýjum tekjuáætlunum í tengslum við fjárlagafrv. fyrir næsta ár að hagurinn sé mjög batnandi í þjóðfélagi voru og haft eftir hæstv. fjmrh. að hann hafi talað um einstæðan bata. Á sama tíma á ríkisvaldið í harðvítugum kjaradeilum eins og hér hefur komið fram og kjarasamningar eru lausir eftir örfáar vikur og er ljóst að það hlýtur að hafa afgerandi áhrif á þá þróun sem fram undan er og á það hvernig til tekst að spila úr þessum efnahagsbata sem þó virðist láta á sér kræla og við skulum vona að sé meira en einhver lítil tveggja eða þriggja mánaða haustbóla.

Ég held að það sé ekki óeðlilegt að við veltum þessu fyrir okkur vegna þess að í tíð hæstv. ríkisstjórnar hefur atvinnuástandið verið með þeim hætti að atvinnuleysi hefur verið meira en um langt árabil, atvinnuleysið er að festast í sessi, fátækt er orðin staðreynd í þjóðfélaginu og hættan er þá sú að þjóðarsátt, möguleikarnir á því að semja um kjör við launastéttirnar í landinu séu ekki þeir sömu og áður var þegar aðaláhersla og meginmarkmið ríkisstjórnar á hverjum tíma var að halda fullri atvinnu. Lögð var áhersla á það að byggja þjóðfélagið þannig upp, treysta þannig undirstöður atvinnuveganna, að allar vinnufúsar hendur hefðu verk að vinna. Við þær kringumstæður er kannski von til þess að hægt sé að ná þjóðarsátt í kjaramálum, en við þær aðstæður sem nú ríkja og hafa ríkt um nokkur undanfarin missiri er minni, kannski

lítil von á að það takist.

Fjárln. hefur að undanförnu frá því að 2. umr. um fjárlagafrv. fór fram í hv. þingi fjallað um tekjuhlið frv., um B-hluta stofnanir, um 6. gr. og svo um ýmis þau önnur mál sem meiri hluti fjárln. og ríkisstjórnin ákvað að fresta afgreiðslu á til 3. umr. Það líka sýndi sig að breytingartillögur við 2. umr. voru ekki miklar, eitthvað 300–400 millj kr. en nú er um að ræða verulegan útgjaldaauka sem kemur fram í breytingartillögum sem fyrir liggja hjá meiri hluta fjárln. Það verður að segja það í þessari umræðu og láta það koma fram að í þinginu hafa að undanförnu verið nokkuð sérkennileg vinnubrögð. Við höfum því miður búið við það að frumvörp hafa komið seint fram, frumvörp sem tengjast lokaafgreiðslu fjárlagafrv., frumvörp sem nauðsynlegt er að fjalla um og helst hefði átt að afgreiða áður en fjárlagafrv. er endanlega frágengið sem lög frá Alþingi.

Það var því miður einnig svo — sem er óvenjulegra en það að tekjuhliðin hafi verið seint á ferðinni, það er nú reyndar því miður ekki nýtt í vinnubrögðum hv. Alþingis — að gjaldahliðin var einnig óvenjuseint til umræðu og ýmsar brtt. stórar og smáar á ferðinni alveg fram á síðustu stundu í vinnu nefndarinnar. Það er bæði óvenjulegt og það er líka óþægilegt til þess að hafa heildaryfirsýn yfir útgjaldahliðina og átta sig á hvert stefnir ef þessi vinnubrögð eiga að vera marktæk og unnin af þeirri yfirsýn sem er bæði eðlilegt og nauðsynlegt að krefjast. Gagnrýni á þessi vinnubrögð kemur ekki bara frá fjárln. eða fjárlaganefndarmönnum eða minni hluta í fjárln., kannski hefur hún heyrst frá fleirum heldur en minnihlutafulltrúnum í fjárln., hún kemur einnig fram í nefndarálitum eða álitum frá efh.- og viðskn. sem send hafa verið fjárln. svo sem þingsköp gera ráð fyrir. Og það er meira að segja svo að í áliti minni hluta efh.- og viðskn. um tekjuhlið fjárlagafrv. er á það bent að það álit sé skrifað áður en sú nefnd hefur lokið umfjöllun sinni um tekjufrumvörpin, breytingar á skattalögum. Það má líka geta þess að það álit barst fjárln. ekki fyrr en fjárln. hafði í raun lokið sinni vinnu, lokið sínum fundarstörfum. Og þess var ekki krafist af hálfu minni hlutans að nefndarstarfið biði og lyki ekki fyrr en álitin væru komin fram þannig að hægt væri að ræða þau og taka fyrir í nefndinni sem eru hin eðlilegu vinnubrögð. Þetta sýnir auðvitað að það hefur verið fullur samstarfsvilji af hálfu stjórnarandstæðinga eða stjórnarandstöðunnar hér í hv. Alþingi að þoka málum áfram, koma þeim áleiðis í gegnum þingið og síður en svo hægt að ásaka okkur fulltrúa stjórnarandstöðunnar og minni hlutans í þingnefndum um það að tefja hér fyrir þingstörfum. Þetta vildi ég láta koma fram, virðulegi forseti, í upphafi máls míns um vinnubrögð í þingi og nefndum á undanförnum dögum, má kannski segja undanförnum vikum.

Fjárlög ríkisins eru eitthvert mikilvægasta málið sem lagt er fyrir Alþingi hverju sinni og fjallað er um og þess vegna ekki óeðlilegt að það sé gagnrýnt ef ekki er nægjanlega vel að verki staðið við undirbúning og afgreiðslu þessa mikilvæga frv. og þessarar mikilvægu lagasetningar. Ég nefndi það áðan að það eru nokkur batamerki í þjóðfélaginu á seinustu vikum eða mánuðum þessa árs sem nú er senn að líða og vonandi að þau batamerki séu ávísun á áframhaldandi uppgang í þjóðfélaginu. Þó er það svo að í þeirri endurskoðun á þjóðhagsspá sem fyrir þingið hefur verið lögð af hálfu Þjóðhagsstofnunar eru margvíslegir fyrirvarar og það er undirstrikað að það er mikil óvissa í raun ríkjandi þó svo að nokkur uppsveifla hafi orðið síðustu vikurnar. Því er reyndar spáð að landsframleiðslan muni aukast nokkuð frá því sem áður hafði verið álitið og aukning sú eða hækkun sé m.a. af því að það er spáð meiri þjóðarútgjöldum. Aukning þjóðarútgjalda er nú áætluð 3,3% á næsta ári og skipta þar mestu hugmyndir eða áætlanir um aukna fjárfestingu. Það er sannarlega ekki vanþörf á því að fjárfesting aukist í landinu en það er samt spurning hvernig þessi áætlun er upp byggð og á hverju hún byggist í raun. Við vitum að fjárfestingin hefur verið í lágmarki og í fyrri áætlunum Þjóðhagsstofnunar var gert ráð fyrir því að atvinnulífið yki sína fjárfestingu um 5,5% en í nýrri spá er gert ráð fyrir að aukningin sé 7,4%. Þarna er um nokkra breytingu að ræða. En meginástæðan fyrir þessari spá um aukningu þjóðarútgjalda skýrist af hugmyndum um auknar opinberar framkvæmdir og það er sá þátturinn sem ég vil a.m.k. hafa fyrirvara við. Ég velti fyrir mér hvort það getur í raun haft svo mikil áhrif þar sem okkur sýnist fjárlagafrv. og þær brtt. sem hér liggja fyrir ekki ráðgera svo miklar fjárfestingar. Þjóðhagsstofnun spáir því að breytingin verði úr 8,6% minnkun fjárfestingar eða minni fjárfestingum hjá ríkinu í 1,8% aukningu. Auðvitað er hér nokkur munur ef þetta stenst en mér er raunar ekki alveg ljóst hvað er á bak við þessa spá. Ég vona að satt sé en mér finnst nokkuð erfitt að trúa eða átta mig á því sem þarna er fram sett.

Ég sagði áðan að Þjóðhagsstofnun hefði vakið athygli á því að það eru óvenjumargir óvissuþættir í þessari spá. Hún byggist fyrst og fremst á því að bati sá sem nú örlar á haldi áfram á næsta ári. Hann er framreiknaður inn í þjóðhagsáætlun næsta árs og þá ber að skoða það hvernig stendur á þessum bata nú. Þjóðhagsstofnun segir t.d. að fiskafli gæti orðið minni en reiknað er með í þjóðhagsspánni því að það sem hefur verið að gerast í ár eru t.d. Smuguveiðar og loðnuveiðar. Nú vitum við hvernig loðnuveiðarnar hafa gengið seinni hluta ársins og vissulega hljótum við að vera uggandi yfir því hvað kunni að vera framundan á því sviði. Þjóðhagsstofnun bendir einnig á það að þó að verð á sjávarafurðum eða verðlag virðist um margt hagstætt núna þá hefur það hækkað mjög að undanförnu og spurningin er: Heldur sú hækkun áfram? Megum við reikna með því að verðlag verði áfram svo hagstætt eða haldi áfram að batna á okkar sjávarafurðum? Þetta er óvissuþáttur. Síðan má nefna óvissuþáttinn sem ríkir í launamálunum og ég nefndi aðeins áðan og kom mjög ljóslega fram í umræðunum sem voru utan dagskrár næst á undan þessari umræðu.

Að lokum bendir Þjóðhagsstofnun á að nauðsynlegt sé að stjórnvöld gæti sín mjög varðandi stjórn á

opinberum fjármunum og nauðsynlegt sé að taka sig á. Afkoma hins opinbera þarf að batna og nú er ástæða til þess að spyrja hvort ekki sé rétt að standa við stóru orðin sem hæstv. ríkisstjórn og ráðherrar hennar sumir hverjir a.m.k. hafa á stundum haldið fram að þess hafi ekki verið gætt í tíð fyrri ríkisstjórna að nýta afkomubata til þess að treysta afkomu ríkissjóðs. Hvað er að gerast hér? Hver eru viðbrögð hæstv. núv. ríkisstjórnar við þeim afkomubata sem áætlað er að muni skila nærri þremur milljörðum kr. í auknar tekjur á næsta ári? Er hann þá ekki notaður til þess að draga úr hallanum? Nei, reyndar ekki. Útgjöldin eru aukin um meira en það. Útgjöldin frá því sem fjárlagafrv. gerði ráð fyrir aukast um 3,6 milljarða kr. þannig að hallinn hækkar um nær því milljarð kr.

Nú er það svo að þessi útgjaldaauki er um margt skýranlegur og á sér orsakir í því hvernig hæstv. ríkisstjórn hefur haldið á útgjaldamálunum að undanförnu og nauðsynlegt að horfast í augu við staðreyndir og lagafæra ýmsa þætti í rekstri ráðuneyta og opinberra stofnana. En það sýnir aðeins að það er ekki alltaf auðvelt að standa við stóru orðin og sýnist ekki að það sé gert hér eða að hæstv. ríkisstjórn takist að sýna að það sé jafnauðvelt að nýta þennan bata og þessar auknu ríkissjóðstekjur til að draga úr ríkissjóðshallanum eins og stundum hefur verið látið í veðri vaka.

Þá ber að geta þess að við hljótum að velta fyrir okkur hvað er að gerast á lánsfjármarkaði. Er hætt við sprengingu í vöxtum á næstunni? Í greinargerð fjárlagafrv. er margsinnis talað um það og ítrekað að það séu forsendur til frekari vaxtalækkana á næstunni en atburðir seinustu vikna og reyndar allan tímann sem fjárlagafrv. hefur verið í vinnslu í hv. þingi hafa atburðirnir sýnt að það eru þvert á móti því miður ýmsar tilhneigingar og ýmis teikn á lofti um að vextirnir muni hækka. Þar má t.d. nefna að á næstunni, skömmu eftir áramótin, er gríðarstór innlausn spariskírteina, gæti líklega numið 9,5 milljörðum kr. ef vextir eru reiknaðir með, sem ekki er enn vitað hvaða áhrif hefur á vaxtaþróun í landinu og auðvitað afar hætt við að til þess að halda þessu fé innan lands þá kunni vextir að fara upp. Jafnframt má nefna útgáfu svokallaðra ECU-bréfa eða ríkisskuldabréfa með gengistryggingu og háum vöxtum sem einnig hafa fært vextina upp að undanförnu.

Þetta hefur allt verið í umræðu í þinginu undanfarna daga og ítarlegri umræðu í tengslum við afgreiðslu lánsfjárlaga og vafalaust á eftir að verða í umræðunni áfram í tengslum við önnur efnahagsfrv. sem óafgreidd eru og þarf að afgreiða fyrir áramót og mun ég ekki eyða frekari tíma í þá umræðu við þessa fjárlagaafgreiðslu.

Því miður hefur það verið svo líka á valdaferli þessarar hæstv. ríkisstjórnar sem nú situr að heildarskuldir hafa farið mjög vaxandi. Heildarskuldir verða á næsta ári um 56% af landsframleiðslu samanborið við 33–36% þegar þessi ríkisstjórn tók við og hreinar skuldir rúmlega 35% samanborið við 17% í upphafi þessa kjörtímabils. Þetta er uggvænleg þróun og verður að líta alvarlega til þess hvernig megi bregðast við til að ná tökum á efnahagsástandinu. Það hlýtur að verða verkefni næstu ríkisstjórnar og vonandi tekst að glæða hér þannig hagvöxt og bæta ástand í þjóðfélaginu að það megi berjast við að lagfæra og laga og jafna ríkissjóðshallann á einhverju árabili. Ég geri mér ekki vonir um að það takist í einni sjónhendingu að standa við þau markmið sem núv. ríkisstjórn hæstv. setti sér í upphafi valdatímabilsins að komast út úr fjárlagahallanum og afgreiða ríkisfjárlögin hallalaust. En við sjáum nú hverjar efndir eru í því efni.

Hv. þm. sem skrifa undir þetta nál. minni hluta fjárln. munu nokkuð skipta með sér að mæla fyrir einstökum köflum í nál. og ég mun því fara nokkuð hratt yfir sögu hvað varðar einstaka kafla aðra en þann sem fjallar um almannatryggingar og heilbrigðisstofnanir sem ég ætla að gera nokkuð ítarleg skil.

Í nál. minni hlutans við 2. umr. var það nefnt að ólíklegt væri að sá sparnaður sem ráðgerður er í frv. á sviði heilbrigðis- og tryggingamála muni nást á næsta ári. Við höfðum fyrir okkur umræður og álit minni hluta og umræður í þinginu fyrir ári síðan þegar ráðgerðar voru og boðaðar svipaðar sparnaðaraðgerðir eins og nú á að grípa til og allir vita um árangurinn af þeirri sparnaðarherferð. Hún rann nánast algerlega út í sandinn svo sem afgreiðsla fjáraukalaga fyrir árið í ár ber með sér. Nú virðist svo sem stjórnarmeirihlutinn hafi áttað sig á því að þær sparnaðartillögur sem fram eru settar í fjárlagafrv. séu meira og minna óraunhæfar og lagðar eru til ýmsar lagfæringar og breytingar í brtt. meiri hlutans sem nú liggja fyrir til umræðu.

Ég sagði áðan að ýmislegt af því er nauðsynlegt að lagfæra og aðeins viðurkenning á þeim rekstrarvanda sem stofnanir eiga við að glíma. Annað er þess eðlis að það hefur komið í ljós í vinnu fjárln. á frv. að hugmyndirnar sem settar voru fram um ýmiss konar sparnaðaraðgerðir hafa verið óraunhæfar.

Ég ætla fyrst að nefna breytingu sem kannski er ekki hægt að telja til sparnaðaraðgerða og tengist breytingum á húsaleigubótum. Gert er ráð fyrir að lækka húsaleigubætur um 80 millj. kr. og kom það skýrt fram í máli hv. framsögumanns meiri hlutans í ræðu hans fyrr í dag hverjar ástæður eru taldar fyrir því að slíkt sé mögulegt. Þ.e. að það hafa ekki öll sveitarfélög samþykkt eða áætlað að taka upp greiðslu húsaleigubóta. En þá er hins vegar ekki gert ráð fyrir að það hafi nein áhrif á fjárframlög til Byggingarsjóðs verkamanna sem hefði mátt reikna með af því að í greinargerð fjárlagafrv. er það rækilega rakið að það sé möguleiki að draga úr fjárveitingu til Byggingarsjóðs verkamanna, þar muni ekki verða sama eftirspurn eftir húsnæði vegna ákvarðana um greiðslu húsaleigubóta. Nú þegar húsaleigubæturnar eru lækkaðar um 80 millj. kr. hefði mátt ímynda sér að eitthvað af því gengi aftur til Byggingarsjóðs verkamanna en svo er ekki samkvæmt þessum tillögum sem hér liggja fyrir. Hins vegar er gert ráð fyrir að lagfæra nokkuð þann niðurskurð sem áætlaður var hjá lífeyristryggingum en þar átti að lækka svokallaðar heimildarbætur til þeirra skjólstæðinga Tryggingastofnunar sem verst eru settir

og hafa þegið stuðning af þessum fjárlagalið en hann á nú að hækka um 30 millj. kr. Eftir sem áður sýnist mér gert ráð fyrir því að niðurskurður á þessum heimildarbótum eigi að verða nær 200 millj. kr. svo að þar er enn eftir að taka til hendi og á eftir að koma í ljós hvernig tekst að standa við þann sparnað. Og það sem verra er ég óttast að hann bitni mest og verst á þeim sem síst skyldi.

Í sjúkratryggingunum var ráðgert að spara 420 millj. en nú er hins vegar lagt til að hækka þær fjárveitingar á ný um 260 millj. Þó er því miður ekki gert ráð fyrir neinni lagfæringu á 50 millj. kr. niðurskurði á útgjöldum til sjúkraþjálfunar. Við gerðum nokkra grein fyrir afstöðu okkar til þess máls við 2. umr. og ég sagði þá einnig og get endurtekið það að það er að sjálfsögðu gott ef hægt er að ná fram sparnaði og þá segi ég raunhæfum sparnaði á þessum fjárlagalið en ég óttast mjög að hann sé þess eðlis að við fáum aukin útgjöld á öðrum liðum tryggingakerfisins. Þá er ekki um raunhæfan sparnað að ræða heldur kannski það sem verra er að hann kalli á viðbótarútgjöld og hafi í för með sér þjáningar sjúklinga sem annars hefðu fengið rétta meðhöndlun hjá sjúkraþjálfurum en þurfa e.t.v í staðinn að liggja inni á sjúkrastofnunum og ekki útilokað að einhverjir þeirra þurfi jafnvel á bótum að halda frá almannatryggingakerfinu. Slíkt er ekki óþekkt t.d. hjá einstaklingum sem bíða eftir bæklunaraðgerðum og sjúkraþjálfarar meðhöndla gjarnan fólk sem á við slíka sjúkdóma að stríða.

Þá langar mig aðeins að nefna en ekki eyða mörgum orðum í það að gert er ráð fyrir að taka upp tilvísunarkerfi vegna sérfræðilæknisþjónustu og spara með því 100 millj. kr. Hér hefur komið fram í umræðunni áður að alvarlegur ágreiningur er um málið innan stjórnarliðsins sjálfs svoleiðis að það hlýtur að vera alls óvíst hvernig tekst að spara 100 millj. kr. á þessum fjárlagalið.

Nokkur lagfæring hefur orðið á fjárveitingum til sjúkrahúsa í brtt. við fjáraukalög fyrir árið í ár og fyrir fjárlög 1995. Þetta ber að sjálfsögðu að þakka því ég tel að hér hafi verið horft til ýmissa þátta sem nauðsynlegt var að leysa og horfast í augu við. En að hinu ber að gæta að enn eru umtalsverðar upphæðir sem standa út af og sjúkrahúsunum er gert að hagræða og spara enn meira á næsta ári en áður hefur verið lagt til og hefur þó nokkuð verið gengið á þeirra mögguleika á undanförnum árum. Ég fullyrði að stjórnendur og starfsfólk allra sjúkra- og heilbrigðisstofnanir í landinu hafa lagt sig fram til hins ýtrasta til að ná fram sparnaði í rekstri. Fjárveitingar til Borgarspítala og St. Jósefsspítala á Landakoti eru lagfærðar og tengist sú lagfæring m.a. hugmyndum um sameiningu þessara sjúkrahúsa.

Ég vil láta það koma fram að það eru ekki allir á einu máli um að með þessari sameiningu séu stigin framfararspor í þróun heilbrigðisþjónustu í landinu. Ég er einn af þeim sem hef miklar efasemdir um að við séum að stíga þarna rétt skref. Ég álít að til lengri tíma litið muni rekstur tveggja stórra hátæknisjúkrahúsa, sem bæði þurfa að uppfylla kröfur sem gerðar eru til háskólasjúkrahúsa, leiða til samkeppni, þó samkeppni sé sjálfsagt ágæt á ýmsum sviðum, þá muni hún í þessu tilfelli leiða til aukinna útgjalda. Það stafar af því að við munum senn sjá harða baráttu um takmarkaða fjármuni, baráttu um mannafla, baráttu um tækjakaup og baráttu um aukið húsnæði milli þessara stofnana og það mun allt saman þýða viðbótarkostnað en ekki hafa í för með sér þá hagræðingu og þann sparnað sem menn þó áætluðu að ætti að geta fylgt endurskipulagningu á rekstri þessara stóru og kostnaðarsömu sjúkrahúsa.

Eitt vil ég nefna sem ég skil nú reyndar ekki almennilega hvernig er hugsað hér í tillögum sem ég veit nú ekki einu sinni hvort á að eigna hv. meiri hluta fjárln. Ég hygg að það sé frekar kokkað í fjmrn. og vonandi í samráði við heilbr.- og trmrn. Minnir þessi samsuða mig nokkuð á hugmyndirnar sem uppi voru þegar átti að breyta þvottahúsi Ríkisspítalanna í hlutafélag, selja hlutaféð og nota síðan hagnaðinn af hlutabréfasölunni sem sértekjur hjá Ríkisspítölunum. Nú var horfið frá því að selja þvottahúsið og þar með komu engar sértekjur en spítalinn átti samt að spara fyrir sértekjunum sem hann ekki fékk eða samsvarandi því. Hér var ráðgert að sjúkrahúsin fengju sértekjur með innheimtu gjalds fyrir svokölluð ferliverk. Í greinargerð frá fjmrn. sem barst hv. fjárln. segir að horfið hafi verið frá þessum áformum. Hins vegar sé nú útfærður sparnaður sem nemi 80 millj. kr. á sjúkrahúsin sem skiptist þannig að Ríkisspítalar eiga að spara 50 millj. og Borgarspítali 15 millj. og St. Jósefsspítali á Landakoti 15 millj. eða hinn nýi spítali í Reykjavík 30 millj. kr. Ég sé ekki annað en að hér sé verið að fara þessa gömlu sérkennilegu leið sem átti að fara í sambandi við þvottahúsið að ef ekki er hægt að innheimta sértekjurnar eða horfið er frá því þá skulu sjúkrahúsin finna aðrar leiðir til sparnaðar og það sem meira er að mér sýnist þessar upphæðir vera utan þess ramma sem kallaður er samkomulag við sjúkrahúsin.

Það segir að gert hafi verið samkomulag milli fjmrn. og heilbrrn. um að hækka fjárveitingu til ríkisspítala fyrir árið 1995 um 195 millj. kr. Mig langar til að fara örfáum orðum um þetta svokallaða samkomulag af því að í bréfi sem hv. fjárln. barst frá fjmrn. segir að samkomulag hafi verið gert, gengið hafi verið frá samkomulagi milli ráðuneytanna og stjórnar Ríkisspítala. Ég gerði fyrirvara, hæstv. forseti, við þetta orðalag. Samkomulag þetta er ekki gert við stjórn Ríkisspítalanna. Ég á sjálfur sæti í þeirri stjórn og þegar þetta bréf kom fyrir fjárln. þá var mér ekki kunnugt um neitt samkomulag við stjórn Ríkisspítala.

Ég get vel hugsað mér að hinir daglegu stjórnendur Ríkisspítalanna, þ.e. forstjóri og hans nánasta samstarfsfólk, geri einhverja slíka samninga með fyrirvara um samþykki stjórnarinnar ef þetta á að heita samkomulag við Ríkisspítalana. Öðruvísi verður það ekki gert. Hitt er svo ljóst að heilbrrh. og fjmrn. geta gert með sér hvers konar samkomulag sem stjórn Ríkisspítalanna ræður engu um og getur þurft að sætta sig við þegar það er orðið að lögum með fjárlögum viðkomandi árs. Þannig hefur það verið á undanförnum

árum að stjórn Ríkisspítala hefur orðið að sætta sig við þær fjárveitingar sem fjárlög á hverjum tíma hafa ákveðið og við höfum ekki getað annað, þeir sem þar sitja, en reynt að vinna af fullum heilindum að því að standa við þau markmið sem fjárlögin setja á hverjum tíma ef þess er nokkur kostur. Þetta vildi ég láta koma alveg skýrt fram hér, virðulegur forseti.

Þrátt fyrir þetta svokallaða samkomulag um 195 millj. kr. viðbótarfjárveitingu til Ríkisspítalanna er gert ráð fyrir því að fjárvöntun verði samt á milli 160 og 170 millj. kr. og er þá verið að tala um það sem menn kalla óbreyttan rekstur en er það þó reyndar ekki eins og ég kem nánar að á eftir. Auk þessa er skilinn eftir óbættur halli frá árinu í ár samkvæmt þessu samkomulagi um eða yfir 80 millj. kr.

Ég nefndi áðan hlut Ríkisspítala í sparnaði á móti þessum áætluðum sértekjum af ferliverkum sem nú er hætt við að innheimta. Þar er um að ræða 50 millj. kr. og svo er áætlað að hjartaaðgerðum við Ríkisspítala fækki á næsta ári úr því sem er í ár, það er gert ráð fyrir að hjartaaðgerðir verði 290 samkvæmt sérstöku samkomulagi sem hæstv. heilbr.- og trmrh. beitti sér fyrir, en útlit er fyrir að hjartaaðgerðum muni fækka, því að slíkt samkomulag liggur ekki fyrir nú, niður í 250 aðgerðir. Til þess að geta staðið við óbreytta starfsemi á þessu sviði þyrfti að hækka fjárveitinguna um 50 millj. kr. Þá sýnist mér að það vanti samtals um það bil 350 millj. kr. til þess að hægt sé að tala um óbreyttan rekstur á Ríkisspítölunum. Ég ítreka það að hluti af þessu er vitað um. Það er frá því gengið í þessu svokallaða samkomulagi, en hér er vissulega um að ræða töluvert hærri tölur en þar hefur verið greint frá.

Það er sjálfsagt að bera í bakkafullan lækinn þegar ekki er nándar nærri staðið við það að stofnanir geti staðið við óbreyttan rekstur að fara fram á að stofnanirnar fái einhverja viðbótarfjárveitingu til þess að takast á við einhverja framþróun. Til að standa undir merki sem háskólasjúkrahús hlýtur spítalanum að vera ætlað að takast á við nýjungar og búa við þau tæki og þann mannafla sem bestur er á hverjum tíma. Það hefði verið nauðsynlegt að fjölga um örfá stöðugildi til þess að svara kröfum tímans.

Nokkrar endurbætur á húsnæði umfram það sem fjárveiting í fjárlagafrv. gerir ráð fyrir að sé hægt að standa við er nauðsynlegt að framkvæma. Ég nefni þar t.d. lagfæringar á fæðingarheimili og á kvennadeild. Svo er einnig ljóst að endurnýjun tækja hefur verið allt of lítil á undanförnum árum og fjárveiting til þess í raun allt of lág til að hægt sé að standa við eðlilega endurnýjun. Og ég tala ekki um þegar stofnanirnar standa frammi fyrir því að þurfa að endurnýja dýr eða kostnaðarsöm tæki sem kosta milljónatugi þá leyfa fjárveitingarnar í fjárlagafrv. alls ekki að tekist sé á við slíka endurnýjun en nú blasir einmitt við Ríkisspítölunum að það verður að endurnýja línuhraðal fyrir krabbameinslækningar sem áætlað er að kosti 60 millj. kr. og má vera sýnt af tölum frv. að erfitt ef ekki útilokað er að það geti náð fram að ganga miðað við óbreyttar fjárveitingar, því miður.

Ég vil einnig minna á loforð heilbrrh. frá sl. vori um fjárveitingu til byggingar nýs barnaspítala upp á 125 millj. kr. Það sjást engin merki um að staðið verði við það fyrirheit og varla hægt að segja annað en í raun sé verið að svíkja það. Ég kem nánar að því aðeins síðar.

Í nýlegri yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um aðgerðir til að stuðla að aukinni atvinnu, stöðugleika og kjarajöfnun segir m.a.:

„Ríkisstjórnin hefur lagt áherslu á stöðugt bætta heilbrigðisþjónustu með því að gera stærstu sjúkrahúsunum kleift að nýta sem best þær miklu framfarir sem átt hafa sér stað á sviði læknavísinda að undanförnu."

Mér finnst að ekki sé vel staðið við þessa yfirlýsingu miðað við það sem ég tel blasa við. Ég veit ekki hvort það á að kalla hana brandara en það er a.m.k. ljóst að það er ekki hátt risið á framkvæmdinni eins og hún lítur hér út.

Svokölluð K-bygging hefur verið í byggingu mörg undanfarin ár. Þar er um að ræða stórt og dýrt mannvirki. Það skiptir milljörðum kr. heildarbyggingarkostnaður við þetta hús og þann tækjabúnað sem þar á að verða þegar húsið er að fullu risið. Það er hins vegar afar erfitt að vinna markvisst að framkvæmdum sem þessum þegar aldrei er vitað um fjárveitingu nema í besta falli til eins árs, ævinlega óljóst um framhaldið og ég tala nú ekki um þegar kastar svo tólfunum sem nú virðist vera að þær 144 millj. kr., sem fjárlagafrv. gerir þó ráð fyrir, verða ekki einu sinni eða e.t.v. ekki nýttar í þessa byggingarframkvæmd sem þó hefur verið fyrirhugað og ábyggilega allir sem að málunum standa og eru í forsvari fyrir hafa gert ráð fyrir. Nú eru því miður uppi hugmyndir um það hjá ráðuneytinu að taka einhvern hluta af þessari fjárveitingu, kannski mestalla fjárveitinguna, og verja henni til framkvæmda við barnaspítalann fyrirhugaða.

Það hafa verið uppi hugmyndir hjá yfirstjórn mannvirkjagerðar á landspítalalóð að fá að bjóða út næsta áfanga við framkvæmdirnar sem áætlað er að kosti 250–275 millj. kr. og hafa verið send bréf til ráðuneytisins ítrekað, það fyrsta 21. mars sl., aftur í haust, 31. okt., og nú að síðustu til samstarfsnefndar um opinberar framkvæmdir 25. nóv. þar sem farið er fram á að það fáist að bjóða út þessar framkvæmdir svo sem fyrirhugað hefur verið. Það er hins vegar mjög erfitt að vinna að slíkum málum ef ekki fást skýr svör frá stjórnvöldum hvert stefnir í þessu sambandi. Ráðuneytið hefur ekki svarað bréfunum og nú eins og ég sagði áðan ekki vitað einu sinni hvort þessi 144 millj. kr. fjárveiting á að vera í þetta ákveðna verkefni. Það hefði verið fróðlegt að fá yfirlýsingu frá hæstv. heilbr.- og trmrh. um það hvernig hann hugsar sér að halda þessum málum áfram. Er verið að taka ákvörðun um að hætta við K-bygginguna, á að leggja hana til hliðar og setja fjárveitinguna til byggingar barnaspítalans eða eru yfirlýsingar um framkvæmdir við barnaspítalann algerlega marklausar? Mig langar í því sambandi að minna á að með nefndaráliti minni hluta fjárln. er fylgiskjal þar sem sýndur er rammasamningur um byggingu nýs spítala sem undirritaður var 26. maí 1994

og þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Fjármögnun framkvæmda verður sem hér segir:

Heilbr.- og trn. beitir sér fyrir að á fjárlögum næstu þriggja ára verði 125 millj. kr. á ári til byggingarinnar."

Hvergi sést að standa eigi við þetta fyrirheit.

Það væri hægt að fara mörgum fleiri orðum um málefni sjúkrahúsanna og ekki bara þessara tveggja eða þriggja stóru sjúkrahúsa í Reykjavík heldur sjúkrahúsa og heilbrigðisstofnana í landinu. Það er t.d. ljóst að það eru miklir erfiðleikar hjá mörgum hjúkrunarheimilum, það eru miklir erfiðleikar hjá nokkrum svokölluðum daggjaldastofnunum sem ekki hafa fengið leiðréttingu sinna mála og því miður ekki neitt í yfirlýsingum frá heilbr.- og trmrn. sem gefur mönnum von um að þaðan sé að vænta einhverrar lagfæringar á þeim vanda sem þar blasir við eða þar er við að glíma. Ég get nefnt tvær stofnanir af handahófi sem mér er kunnugt um að eiga við mikla erfiðleika að etja. Það er annars vegar hjúkrunarheimilið Hlíf á Akureyri og hins vegar Reykjalundur í Mosfellssveit. Báðar þessar stofnanir hafa gert fjárlaganefndarmönnum aðvart um hvernig ástandið sé en það er ekki að sjá að það séu neinar hugmyndir uppi um það að leysa þann vanda eða bregðast á einhvern hátt við og þá getur það ekki farið öðruvísi, a.m.k. varla með sjálfseignarstofnanir, við skulum segja að það sé hugsanlegt að sveitarfélög komi að einhverju leyti að rekstri hjúkrunar- eða dvalarheimilanna og bæti það með sérstökum fjárframlögum sem er þó ekki í þeirra verkahring samkvæmt verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga.

En varðandi sjálfseignarstofnanir eins og t.d. Reykjalund, þá er ekki sýnt að það sé hægt að leysa slíka fjárvöntun með öðrum hætti en að draga úr rekstri þeirra stofnana, draga reksturinn svo saman að hann leiði til þess að hægt sé að greiða niður þennan uppsafnaða halla eða vanda. Og e.t.v. er það það sem núverandi stjórnvöld ætlast til að verði gert.

Þá vil ég árétta það sem oftar hefur komið upp í umræðu hér í þinginu, m.a. við 2. umr. um fjárlögin, þær hugmyndir sem uppi eru í fjárlagafrv. eins og það liggur fyrir að leggja niður embætti héraðslækna í Reykjavík og Norðurl. e. Ég lýsi mig algerlega ósammála þeim hugmyndum og hef allt til þessa vonast til að horfið yrði frá því og reynt yrði að halda áfram á þeirri braut að efla starfsemi þessara embætta með því fyrst og fremst að færa verkefni frá ráðuneyti og landlæknisembætti út í héruðin. Það ætti ekki endilega allt að þurfa að þýða kostnaðarauka ef hægt væri að mæta því með sparnaði í ráðuneyti en ætla að leggja embættin niður án þess að gera ráð fyrir því að heilbrrn.- eða landlæknisembætti sem hljóta að vera þær stofnanir sem taka við verkefnum, ætla að leggja embættið niður án þess að gera ráð fyrir fjárveitingum til þeirra aðila sem eiga að taka við verkefnunum, það get ég bara ekki séð að gangi upp af hálfu hæstv. ríkisstjórnar og stuðningsmanna hennar.

Héraðslæknarnir sinna fjölmörgum verkefnum í heilbrigðisþjónustunni, svo sem vegna geðsjúkra, vegna drykkjusjúkra og fíkniefnaneytenda og vegna sóttvarna. Héraðslæknarnir annast t.d. rannsóknir á dauðsföllum utan sjúkrahúsa og skyldum málum auk þess sem þeir veita upplýsingar, umsagnir og skera úr um ýmis málefni sem ekki er fyrirséð hverjir munu sinna framvegis. Ekki veit ég hvernig á að leysa það í heilbrrn. miðað við þann mannafla og þær fjárveitingar sem þar blasa við.

Virðulegur forseti. Það er fjölmargt fleira sem mætti nefna og er fyrst og fremst tínt til af minni hálfu sem áréttingar og til þess að sýna fram á það að enn er við mikinn og margvíslegan vanda að glíma þó svo að útgjöld til margra þessara málaflokka hafi verið lagfærð og fjárveitingar hækkaðar.

Við minnihlutafulltrúarnir sem skrifum undir þetta nefndarálit teljum að það þurfi að huga vel að því að í 6. gr. fjárlaga séu ekki heimildarákvæði handa ríkisstjórn um ýmis framkvæmdaatriði sem þingið þarf að fjalla nánar og ítarlegar um heldur en að jafnaði er gert í 6. gr. Ég vil nefna þrjú dæmi í því sambandi, að í lið 3.51 í 6. gr. eins og hún liggur núna fyrir ásamt þeim breytingartillögum sem hér eru til umræðu, er gert ráð fyrir að selja hlutabréf ríkissjóðs í Lyfjaverslun Íslands hf. En svo vill til að frv., meira að segja umdeilt frv., er fyrir þinginu sama efnis og það hefur þegar verið rætt ítarlega í þingsölum og er það nú til umfjöllunar í efh.- og viðskn. Þess vegna verður að teljast með ólíkindum að nú eigi að lauma heimild til þessarar sölu í gegnum 6. gr. án nokkurrar frekari umræðu eða umfjöllunar. Það finnst mér vera afar sérkennileg vinnubrögð og sama á reyndar við í sambandi við ákvæði í lið nr. 5.6 þar sem er að finna heimild til þess að breyta eignarhlut ríkisins í Skýrsluvélum ríkisins og Reykjavíkurborgar í hlutafé. Um þetta hefur ekki verið fjallað að áliti okkar minnihlutafulltrúanna nægilega vel t.d. í fjárln. og teljum við eðlilegra að það hefði fengið ítarlegri umræðu og umfjöllun í þinginu og þá trúlega í efh.- og viðskn. eins og önnur mál af þessu tagi. Því er algerlega óeðlilegt að samþykkja þetta ákvæði við afgreiðslu fjárlaga.

Að lokum langar mig svo til að benda á lið nr. 5.17 sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Að lækka heildargjöld stofnana samgrn. í A- og B-hluta fjárlaga 1995 um allt að 0,4% hjá hverri stofnun, þó að hámarki 30 millj. kr. samtals, að fengnum tillögum samgrh. Andvirði þessa verði lagt til markaðsátaks erlendis til þess að lengja ferðamannatíma á Íslandi."

Við minnihlutafulltrúarnir teljum þetta málefni að sjálfsögðu þarft og höfum ekki á móti því að reynt sé að leggja fjárveitingar til markaðsátaks á sviði ferðamála. En það sem við teljum óeðlilegt er að veita ráðherra heimild á 6. gr. fjárlaga að skerða rekstur og stofnkostnaðarfjárveitingar einstakra stofnana sem heyra undir ráðuneytið, fjárveitingar sem fjárln. hefur fjallað ítarlega um að undanförnu og Alþingi væntanlega staðfest með samþykki frv. sem lög frá Alþingi og síðan sé ráðherra heimilað að hræra í þeim fjárveitingum aftur að eigin geðþótta. Auðvitað eru það eðlileg vinnubrögð í þessu sambandi að ákveða hvernig þessara 30 millj. kr. er aflað eða hver svo sem upphæðin

kann að vera á hverjum tíma og hvar niðurskurðurinn á að lenda ef þeirra á að afla með niðurskurði á stofnunum ráðuneytisins eða hvar annars staðar. Þetta finnst mér algerlega óeðlileg vinnubrögð þó svo að e.t.v. sé nauðsynlegt og eðlilegt að veita aukið fjármagn til markaðsátaks á sviði ferðamála og er það alveg óskylt athugasemdum mínum við þessi vinnubrögð.

Virðulegur forseti. Ég sagði áðan að aðrir hv. nefndarmenn minni hlutans, sem skrifa undir nefndarálitið, geri grein fyrir einstökum þáttum eða köflum álitsins og ætla þess vegna ekki að fara um það fleiri orðum. Mig langar aðeins í lokin að taka undir orð hv. formanns fjárln. og þakka öllum samstarfsmönnum mínum í nefndinni, bæði minnihluta- og meirihlutamönnum öllum fyrir samstarfið. Það er alltaf erfitt að vinna að málum í fjárln. Þar eru ýmis átakamál uppi sem taka sannarlega á samstarfið svo ekki sé meira sagt og býst ég þó við að hv. meirihlutamenn verði á hverjum tíma enn meira varir við það en við sem skipum minnihlutann. Því miður er það nú svo að minnihlutamennirnir koma e.t.v. of lítið að ákvörðun, að afgreiðslu og að vinnu við það að ákveða brtt. eða útgjaldaliðina sem gerðar eru tillögur um að breyta. Ég held að það væru betri vinnubrögð að nefndin ynni þetta meira saman og fjallaði um málin í sameiningu þó svo mér sé alveg ljóst að um hina stóru þætti, um útgjaldalínurnar í heild sinni og einstaka stóra útgjaldamálaflokka, hljóti meiri hluti fjárln. á hverjum tíma að verða að taka ákvarðanir í samráði við ríkisstjórn.

Ég tel ýmsar breytingartillögur meiri hlutans vera til bóta eins og ég hef áður lýst í máli mínu og vera nauðsynlegar lagfæringar á ýmsum málum sem hafa verið til umfjöllunar í nefndinni og minni hlutinn mun því fylgja ýmsum þessum tillögum og lagfæringum. Auk þess vil ég geta þess, virðulegur forseti, að við nokkrir þingmenn Framsfl. munum flytja breytingartillögur bæði við tekjuhlið og gjaldahlið frv. en nánar verður gerð grein fyrir þeim breytingartillögum af öðrum hv. þm. síðar í umræðunni.

Ég vil svo að lokum lýsa því yfir að minni hlutinn treystir sér ekki til þess að taka neina ábyrgð á þeirri efnahagsstefnu núv. hæstv. ríkisstjórnar, sem kemur fram í fjárlagafrv. og þeim breytingartillögum sem hér liggja fyrir, og minni hlutinn mun því sitja hjá við afgreiðslu frv. en einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til þess að flytja eða fylgja breytingartillögum sem fram kunna að koma.

[17:56]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. 1. þm. Norðurl. e., Guðmundi Bjarnasyni, fyrir málefnalega ræðu en ég vil nefna nokkur atriði sem komu fram í ræðu hans og m.a. taka undir að vissulega er rétt að oftast gefst of lítill tími til þess að fjalla um tekjuhlið fjárlaga og það var svo einnig að þessu sinni. Það er rétt að álit frá efh.- og viðskn. komu seint en ég held að allar upplýsingar hafi samt sem áður legið fyrir. Hins vegar höfðu athugasemdir frá efh.- og viðskn. hvað varðar tekjuhlið málsins kannski ekki komið nægilega fram. Kannski er nauðsynlegt að draga fram úr áliti minni hluta efh.- og viðskn. um tekjuhliðina að þar er fyrst og fremst gagnrýnt að skattar séu ekki hækkaðir og það er útgangspunktur sem meiri hluti fjárln. gat ekki fallist á og hefði ekki getað fallist á.

Í annan stað vil ég nefna að ég deili áhyggjum með hv. þm. í því máli sem hann nefndi um 50 millj. kr. sparnað vegna sjúkraþjálfunar. Auðvitað er nauðsynlegt að leita allra leiða til þess að draga úr útgjöldum og spara en ég held að það þurfi að fara mjög varlega í að breyta svo reglum eða ganga svo hart fram varðandi endurgreiðslur fyrir sjúkraþjálfun að það komi í veg fyrir þau markmið sem eru almennt með sjúkraþjálfun. Þess vegna hef ég verulegar áhyggjur af því hvernig samningar verða við sjúkraþjálfara og hvernig reglum verður breytt og tel að nauðsynlegt sé að fylgjast mjög náið með því.

Varðandi samkomulag við stóru spítalana vil ég segja það vegna ræðu hv. þm. að mjög merkilegur samningur hefur náðst við stóru sjúkrahúsin og það er tímamótaverk á sviði rekstrar heilbrigðisstofnana.

[17:58]

Frsm. minni hluta fjárln. (Guðmundur Bjarnason) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér þykir ánægjulegt að heyra hv. 1. þm. Vesturl. lýsa því yfir að hann hafi nokkrar áhyggjur af 50 millj. kr. sparnaðinum í sjúkraþjálfun þó það sé ekki stóra málið í fjárlagagerðinni. En það er kannski vísbending um það sem ég óttast að hafi einkennt oftar en ekki sparnaðartillögur hæstv. núv. ríkisstjórnar og hæstv. heilbr.- og trmrh. þessarar ríkisstjórnar að heildaryfirsýn hafi vantað. Þegar gerðar hafi verið tillögur um sparnað á einstökum liðum hafi menn í raun vísað vandanum til en ekki tekist á við hann og ekki verið að leysa hann.

Varðandi það að hækka skatta held ég að engum blandist hugur um að sumir efh.- og viðskiptanefndarmenn og a.m.k. fulltrúar Framsfl. í þeirri nefnd hafa verið þeirrar skoðunar, og ég hygg að svo sé nú reyndar um fleiri hv. alþm., að það eigi að taka upp fjármagnstekjuskatt og reyndar er að finna áform um það í yfirlýsingum hæstv. ríkisstjórnar. Mögulegt er að stíga fyrstu skref í því sambandi með því að breikka eignarskattsstofninn og ná þar inn umtalsverðum tekjum á þessum tíma þegar þarf virkilega að takast á við margvíslegan rekstrarvanda í ríkisfjármálunum. Þá er tímabært að lækka svokallaðan ekknaskatt þegar nýjar tekjur koma inn frá þessum álagningarstofnum en ekki að gera það fyrir fram.

Um samkomulag við stóru spítalana vil ég aðeins segja að það er að sjálfsögðu ánægjulegt ef hægt er að gera samkomulag um raunhæfar sparnaðaraðgerðir og ná samstöðu um það hvernig fjárveitingar til þessara stofnana eiga að vera en það þarf þá að vera raunhæft. Tölurnar, sem byggt er á, þurfa að vera réttar og að menn fái ekki viðbótarsparnaðartillögur í bakið sem útilokað verður að standa við í viðbót við það sem áður hafði verið áætlað.

[18:00]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Varðandi skattabreytingar liggur fyrir í yfirlýsingu frá ríkisstjórninni að gert er ráð fyrir því að undirbúa upptöku fjármagnstekjuskatts þannig að eignatekjur verði skattlagðar og ég tel því að það mál sé í eðlilegum farvegi.

Varðandi það sem kom fram í ræðu hv. þm., Guðmundar Bjarnasonar, um vanda daggjaldastofnana, tel ég að það mál sé meðal margra sem þurfi að vinna að og ég held að þar eigi að fara svipaðar leiðir og ríkisstjórnin hefur gert varðandi einstök sjúkrahús, þ.e. að ganga til samninga við stjórnendur spítalanna og ná niðurstöðu um rekstur þeirra þannig að miðað sé við aðstæður og eðli hverrar stofnunar og reynt að ná tökum á rekstri sjúkrastofnana án þess að það sé gert í fjárlögum. Það á að byrja á því að ganga til samninga og ná niðurstöðu og mér sýnist að samningar, sem heilbrrh. hefur staðið fyrir gagnvart stóru sjúkrahúsunum og reyndar fleiri sjúkrahúsum á þessu ári, séu vísbending um það hvað hægt er að gera og hvað eigi að gera. Ég tel að það ætti að líta til þess einnig hvað varðar daggjaldastofnanirnar.

Varðandi heimildir 6. gr. tel ég að það sé í fyllsta máta eðlilegt að inn í heimildum á 6. gr. sé sala hlutabréfa og breytingar eins og t.d. á SKÝRR, að eignarhluta ríkisins verði breytt í hlutafé í því fyrirtæki. Hins vegar liggur alveg fyrir að meðeigandinn er Reykjavíkurborg. Það þarf því tvo til að gera fyrirtækið að hlutafélagi þannig að R-listinn í Reykjavík á væntanlega eftir að fjalla um það mál.

[18:03]

Frsm. minni hluta fjárln. (Guðmundur Bjarnason) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka yfirlýsingu hv. 1. þm. Vesturl. um það að þrátt fyrir það sem hann sagði í fyrra andsvari sínu að það sé að finna yfirlýsingar hjá hæstv. ríkisstjórn og núverandi stjórnarflokkum um skattahækkanir þannig að það sé ekki bara stjórnarandstaðan eins og mátti skilja á fyrra andsvari hans sem hefur lagt til hugmyndir í þá veru. Enda er þetta opinbert og kannski ekki ný yfirlýsing en það var ágætt að fá það staðfest hér út af því sem fram kom í hinu fyrra andsvari.

Ég fagna því líka ef gengið verður til samninga og samkomulags við þær daggjaldastofnanir og þær aðrar heilbrigðisstofnanir sem eiga við verulegan rekstrarvanda að glíma, að fulltrúar ríkisvaldsins eða ráðuneytanna setjist niður með þeim aðilum sem fást við rekstrarvandamálin dag frá degi og hafa auðvitað verulegar áhyggjur af því að sjá fram á hallarekstur sem þeir eiga erfitt með að ráða við og nánast alveg útilokað að leysa öðruvísi en með þeim hætti sem ég rakti áðan, þ.e. að draga umtalsvert úr þjónustu stofnananna. Það er auðvitað óásættanlegt og alls ekki mögulegt í því ástandi sem ríkir á mörgum þessum stofnunum og eftirspurnin er mikil eftir þjónustu sem stofnanirnar veita. Ég vona sannarlega að gengið verði í það og að hv. 1. þm. Vesturl. beiti sér fyrir því að slíkt verði gert meðan hann hefur aðstæður til.

Að lokum varðandi ákvæðin í 6. gr. sem ég gerði ekki sérstaklega að umtalsefni í ræðu minni áðan þá þarf ég ekki að ítreka það annað en segja og lýsa því yfir að ég er algerlega ósammála því sjónarmiði sem kom fram hjá hv. 1. þm. Vesturl. Ég tel að svona ákvarðanir um sölu ríkisfyrirtækja eigi ekki að taka í 6. gr. heimildum með lítilli umræðu og lítilli umfjöllun. Það sé miklu stærra mál heldur en svo. Það verði að fjalla um þau í hv. þingi ítarlega og af nefndum sem gefa sér tíma til þess að fara vel ofan í þau mál.

Útbýting þingskjala:

Ferðakostnaður ráðherra, 169. mál, svar forsrh., þskj. 487.

Fjárlög 1995, 1. mál, brtt. PP og JHelg, þskj. 481; brtt. SvG, þskj. 482; brtt. SvG og KÁ, þskj. 483 .

Löggilding starfsheita í tækni- og hönnunargreinum, 320. mál, stjfrv., þskj. 485.

Refsiákvæði nokkurra skattalaga, 319. mál, stjfrv., þskj. 484.

[18:07]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi máls míns þakka samstarfsfólki í fjárln. fyrir samstarfið, svo og starfsfólki fjárln. og þá sérstaklega starfsfólki Alþingis í Austurstræti fyrir einstaklega gott samstarf. Einnig þeim fulltrúum fjmrn. sem unnið hafa með nefndinni og starfsfólki Ríkisendurskoðunar, sem brugðist hefur vel við flestum þeim beiðnum um vinnu sem frá okkur nefndarmönnum hafa komið.

Ég get þó ekki varist því að nefna þá skoðun mína hér að vinna Ríkisendurskoðunar er ekki nýtt sem skyldi. Ríkisendurskoðun er stofnun sem heyrir til Alþingis og á að vera okkur til halds og trausts varðandi fjárhagsmál ríkisins.

Stofnunin hefur skilað fjölda skýrslna til Alþingis um einstök málefni og stofnanir. Einnig liggja hjá Ríkisendurskoðun og ráðuneytum skýrslur sem ráðuneytin hafa beðið stofnunina sérstaklega um en koma aldrei fyrir okkar augu. Eðlilegt hefði verið að efni þessara skýrslna og niðurstöður væru hafðar til hliðsjónar við vinnu fjárln. við afgreiðslu á fjárlögum hvers árs. Því miður er það ekki gert nema í afar litlum mæli og því heldur lítið gert með þær ábendingar sem fram koma um fjárhag eða meðferð fjármuna hjá einstökum stofnunum eða ráðuneytum. Þá eru, eins og ég sagði áðan, dæmi þess að Ríkisendurskoðun hafi að beiðni ráðuneyta framkvæmt bókhalds- eða stjórnsýsluúttekt hjá einstökum stofnunum og skilað um þær skýrslu. Ef slík beiðni kemur frá ráðuneyti og fer ekki í gegnum Alþingi þá virðist reyndin vera sú að alþingismenn eigi engan rétt á að fá viðkomandi skýrslur í hendur, ekki einu sinni fjárln. sem á síðan að fjalla af raunsæi um fjárhag og fjárframlög til þessara sömu stofnana. Þetta hljóta að teljast fullkomlega óeðlileg vinnubrögð.

Í fyrsta lagi er Ríkisendurskoðun stofnun sem heyrir undir löggjafarvaldið og ber að vinna með því og fyrir það.

Í öðru lagi hlýtur það að orka tvímælis ef stofnun, sem á að vera löggjafanum til halds og trausts varð-

andi fjárhagsmálefni ríkisins, afhendir ekki gögn sem hugsanlega geta orðið til þess að ákvarðanir Alþingis er varða fjárlög séu traustari en ella, því það er, að mínu mati, hlutverk þessarar stofnunar fyrst og síðast.

Ég er einnig þeirrar skoðunar að fari ráðuneyti fram á úttekt Ríkisendurskoðunar á einhverju sérstöku máli og fari sú beiðni ekki í gegnum Alþingi eigi ráðuneytin að greiða fyrir þessa þjónustu, en það er ekki gert í dag. Ég er ekki með þessu að segja að það sé ekki af hinu góða að ráðuneytin láti skoða stofnanir sem til þeirra heyra. Þvert á móti tel ég það vera til fyrirmyndar. En Ríkisendurskoðun heyrir undir Alþingi og á að þjóna því fyrst og fremst. Það er mikil nauðsyn að koma á föstum reglum um meðferð Alþingis á þeim skýrslum sem Ríkisendurskoðun skilar svo að sú vinna sem þar er innt af hendi þjóni tilgangi sínum og skili sér í trúverðugri fjárlögum.

Ríkisendurskoðun kemur mun minna að fjárlagavinnunni en áður og ég tel það bagalegt og nauðsyn að bæta þar úr, í það minnsta að skýrslur stofnunarinnar séu notaðar í meira mæli en nú er gert og eftirlit haft með því hvort bætt hafi verið úr þeim atriðum sem gerðar hafa verið athugasemdir við í rekstri einstakra stofnana.

Eins og fram hefur komið þá áteljum við í minni hluta fjárln. harðlega þau vinnubrögð sem beitt hefur verið við undirbúning 3. umr. fjárlaga. Hörð gagnrýni hefur einnig komið fram um sama mál frá minni hluta efh.- og viðskn. Hér er þó ekki eingöngu við meiri hluta þessara nefndar að sakast heldur fyrst og fremst hæstv. ríkisstjórn.

Mikilvægar tillögur hafa borist seint til nefndanna, svo seint að varla hefur unnist tími til að skoða þær eins vel og okkur ber. Fylgifrumvörp fjárlaga, meðal annars þau er lúta að tekjuhliðinni, komu seint og eru enn til umfjöllunar í nefndum eða umfjöllun rétt að ljúka. Þetta kemur m.a. fram í áliti, sem minni hluti efh.- og viðskn. skilaði til fjárln. um frv. til fjárlaga og áhrif skattalagabreytinga á tekjur ríkissjóðs en þar segir, með leyfi forseta.

„Nefndin hefur farið yfir tekjugreinina og er skemmst frá því að segja að þegar afgreiðsla nefndarinnar átti sér stað var yfirferð nefndarinnar á skattafrumvörpum ríkisstjórnarinnar ekki hafin. Þessi staðreynd hlýtur eðli málsins samkvæmt að setja mark sitt á umfjöllunina þar sem ekki liggur endanlega fyrir hvaða áhrif skattalagabreytingarnar hafa á tekjur ríkissjóðs."

Enn fremur segir í þessu nefndaráliti minni hluta efh.- og viðskn., með leyfi forseta:

„Minni hlutinn vill að lokum ítreka að það þjónar takmörkuðum tilgangi að skila áliti sem þessu meðan þau vinnubrögð eru viðhöfð sem nú tíðkast á Alþingi. Þar á minni hlutinn við að nauðsynleg fylgifrumvörp fjárlaga komi ekki fram fyrr en svo seint að ekki er hægt að viðhafa eðlilegan vinnuferil við framgang mála. Það endurspeglast m.a. í því hvað þetta mál varðar, að nefndin skuli þurfa að skila umfjöllun um tekjugreinina áður en umfjöllun um skattalagafrumvörpin er lokið.

Það er skoðun minni hlutans að hér verði Alþingi að setja framkvæmdarvaldinu stólinn fyrir dyrnar og gera kröfur um vandaðri vinnubrögð. Haldi þessu áfram vofir því miður stöðugt yfir sú hætta að það eigi sér stað handvömm við setningu flókinna laga. Dæmin sýna að slíkt hefur átt sér stað á umliðnum árum."

Af þessu sést, virðulegi forseti, að það er ekki einungis um að ræða óánægju okkar sem skipa minni hluta fjárln. með þau vinnubrögð er hafa verið viðhöfð í því mikilvæga máli sem hér er til umfjöllunar og ég tek að fullu undir þau varnaðarorð sem eru í niðurlagi álits minni hluta efh.- og viðskn., svona vinnubrögð eru okkur ekki sæmandi.

Og það er fleira en að mál berist seint og illa til fjárln. og efh.- og viðskn. Ég má til með að minnast á það hér að fyrir nokkru síðan fóru fulltrúar fjárln., ritari fjárln. og fulltrúi fjmrn. til Noregs til þess að athuga hvaða vinnubrögð Norðmenn viðhöfðu við fjárlagagerð. Mikið stóð til og skýrslum var skilað. Það átti að bæta vinnubrögð fjárln. og samskipti við fagnefndir þingsins. Fundir voru haldnir með formönnum fagnefnda og talað var um að skila tillögum og skýrslum í febrúar sl., fyrir 10 mánuðum síðan. Ekkert af þessu skilaði sér. Og ef ekki kæmu til skýrslur sem fulltrúar sem fóru í þessa ferð skiluðu til fjárln. þá hefði ég helst getað haldið að það sem hefði lærst af þessari ferð væri það að það ætti að aðskilja sem mest vinnu minni og meiri hluta fjárln. því að svo oft kom það fyrir að minni hluti fékk lítið sem ekkert að fylgjast með framgangi mála.

Það kom einnig fyrir að tillögur meiri hluta lágu fyrir án þess að erindi sem ættu að fylgja þeim með rökstuðningi væru til staðar. Ég get nefnt þar dæmi um sérstakt verkefni sem lagt er til að fái 1 millj. á fjárlögum næsta árs, sem er einhvers konar rannsóknarverkefni á örverum í Hveragerði. Fyrst kom þetta inn sem beiðni Hveragerðisbæjar um 5 millj. í göngustíg á hverasvæði og rannsóknir á lífríki á hverasvæði Hvergerðinga. Hvergerðingum var þá víst bent á, eftir þeim heimildum sem ég hef frá forseta bæjarstjórnar, að því miður tíðkaðist það ekki að Alþingi veitti fjármagn í göngustíga á hverasvæði eða göngustíga innan sveitarfélaga, því yrði að leita annarra leiða. Þá birtist okkur tillaga þess efnis að nú skyldi veita 1 millj. kr. í sérstakt samstarfsverkefni sem væri milli Hvergerðisbæjar, Garðyrkjuskólans og að ég held, einnar deildar Háskóla Íslands. Þá átti að fara að rannsaka lífríki á hverasvæðinu. Í þetta átti að fara milljón og að byggja þarna upp þessa rannsóknastöð.

Menn voru sammála um að hugsanlega væri best að slík fjárveiting væri geymd hjá Garðyrkjuskóla ríkisins. En þá kemur í ljós að forseti bæjarstjórnar ásamt bæjarstjórn Hveragerðisbæjar vissi ekkert um málið og var alls ekki inni á að samþykkja þennan samstarfssamning milli þessara þriggja aðila, hreint ekki, vegna þess að eftir því sem mér er tjáð af bæjarfulltrúum í Hveragerði fól samningurinn í sér að Hvergerðingar misstu yfirráð yfir hverasvæðinu. Þar með var það úr sögunni og þá þurfti að smíða nýtt erindi. Það næsta sem heyrist af erindinu er það að nú sé þetta orðið

samstarfsverkefni Iðntæknistofnunar og Hveragerðisbæjar og nú skuli rannsaka örverur á hverasvæðinu.

Hver var tilgangurinn með þessum rannsóknum? Jú, hann er m.a. sá að laða að ferðamenn. Mér finnst það út af fyrir sig, virðulegi forseti, kraftverk, ef hægt er að gera rannsóknir á örverum og amöbum og öllu öðru slíku það áhugaverðar að það laði að ferðamenn og auki ferðaþjónustuna, verði til þess að ferðaþjónustan vaxi í Hveragerði, þá finnst mér það slíkt kraftaverk að ég mun auðvitað styðja það að í þetta verkefni fari ein milljón. (**EH:** Undir kartöflusöng skulu rannsóknir ...) Undir kartöflusöng skulu rannsóknirnar fara fram, segir hv. þm. Eggert Haukdal. Það veit ég ekki, en e.t.v. hefur það verið rætt í hópi þingmanna Sjálfstfl. á Suðurlandi því að þeim er sjálfsagt best kunnugt um þetta verkefni. (**EH:** Ég hef heyrt þá ...)

En það sem okkur fannst nú kannski hvað einkennilegast við þetta allt saman var að alltaf vorum við í minni hlutanum að biðja um að það yrði lagt fram erindi, rökstuðningur, við fengjum að sjá þetta erindi. Þegar það kemur loksins fram, þá er það greinargerð frá Iðntæknistofnun, Jakobi Kristjánssyni, sem er mætur maður hjá Iðntæknistofnun, og sú greinargerð er síðan í ágúst. Þannig að greinargerðin hafði legið fyrir frá því í ágúst. En það var ekki nóg því að Iðntæknistofnun vildi ekki sækja um þessa milljón og þá voru góð ráð dýr. Faxað í hvelli í Hveragerði og erindið kom sama dag og átti að fara að ljúka afgreiðslunni. Og þar með er þetta orðið að veruleika. Meiri hlutinn gerir tillögur um milljón til þess að rannsaka örverur og amöbur í Hveragerði með tilliti til aukinnar ferðaþjónustu í framtíðinni. Þetta eru náttúrlega vinnubrögð sem eru alveg með ólíkindum.

En það er ekki allt búið enn. Það er ávallt hægt að koma okkur í minni hlutanum á óvart. Það gerðist hér við ræðu formanns áðan þegar hann kynnti tillögur meiri hlutans, að þar kom fram samþykkt sem gerð hefur verið um samninga sem eigi að gera vegna halla á Sjúkrahúsi Suðurlands og sem er auðvitað hið brýnasta og þarfasta mál rétt eins og rannsóknir á örverum, sem reyndar vel að merkja var búið að ganga frá, ég gleymdi að nefna það hér áðan, um leið og við gerðumst aðilar að samningi um líffræðilegan fjölbreytileika. Þá átti að vera séð fyrir þessum rannsóknum á örverunum. Það var hins var ekki nefnt, held ég, í þessum samningum um líffræðilegan fjölbreytileika að þær geti haft örvandi áhrif á ferðamannastraumin í einstök byggðarlög landsins, þannig að það er sjálfsagt að taka tillit til þess sem þeir hafa gleymt í umfjöllunni, þessir mætu menn sem stóðu að þeim samningi um líffræðilegan fjölbreytileika.

Í ræðu formanns áðan kemur það fram að það er lagt hér til að gengið verði til samninga við Sjúkrahús Suðurlands um að bæta hallann, líkt og hefur verið gert við önnur sjúkrahús, eða fjárhagsvandamál sjúkrahússins. Þetta er hið besta mál, en það hefur bara aldrei verið afgreitt af allri nefndinni, aldrei. Þetta eru vinnubrögð sem mér finnst ekki eiga að eiga sér stað. Og er það nema von að maður sé farinn að velta því fyrir sér, hvað lærðu menn í Noregi? Hvað lærðu menn af vinnubrögðunum í Noregi? Ég er búin að sitja í þessari ágætu nefnd, ég held að þetta sé áttundi veturinn og þetta hefur ekki gerst áður. Þó að ýmislegt hafi nú gengið á í samskiptum minni og meiri hluta í gegnum tíðina þá hefur þetta ekki gerst áður, að við höfum ekki haft erindi sem liggja að baki tillögum eða það hafi komið hér inn afgreiðsla þar sem lagt er fyrir Alþingi lokatillögur fjárln. án þess að það hafi verið til umræðu í hv. fjárln. En þetta er svo sem allt á sömu bókina lært.

Við fengum heimsókn frá Þjóðhagsstofnun sl. mánudagsmorgun þar sem kynnt voru drög að nýrri þjóðhagsspá. Seint sama kvöld, í fyrrakvöld, komu svo fulltrúar fjmrn. og fóru yfir þær breytingar sem breyttar forsendur leiddu af sér, bæði hvað varðar afkomu ríkissjóðs á árinu 1994 og 1995. Þessar breytingar eru vissulega fagnaðarefni en koma þó ekki að öllu leyti á óvart. Í þjóðhagsáætlun sem lögð var fram af hæstv. forsrh. í október í fyrra var gert ráð fyrir 2,5% samdrætti í landsframleiðslu á þessu ári. Við í minni hluta fjárln. sögðum þá að sú spá væri of svartsýn, töldum að samdráttur í þorskafla á því fiskveiðiári þyrfti ekki endilega að koma fram í samdrætti útflutningstekna og landsframleiðslu. Reynslan hafði sýnt okkur að mögulegt væri að auka aðrar veiðar og að það gæti gerst í ríkari mæli en þjóðhagsspá gerði ráð fyrir. Þá töldum við að ef lækkun raunvaxta héldist mætti reikna með auknum umsvifum í atvinnulífinu og þar með auknum þjóðartekjum.

Nú hefur komið í ljós að þessi orð voru ekki ofmælt þar sem því er nú spáð af Þjóðhagsstofnun að hagvöxtur verði 2% og jafnvel spurning hvort þar séu öll kurl komin til grafar. Má til dæmis nefna að ritið Gjaldeyrismál, sem fyrirtækið Ráðgjöf og efnahagsspár hf. gefur út, spáði því ekki alls fyrir löngu að hagvöxtur yrði 4% á þessu ári.

Við töluðum einnig um það fyrir ári síðan hvaða áhrif hagstæðari efnahagsþróun ætti að hafa á ríkisfjármálin. Ef hagvöxtur yrði meiri á þessu ári en ráð væri fyrir gert, eins og ýmislegt virtist benda til, ætti það að leiða til minni halla ríkissjóðs en gert var ráð fyrir í tillögum meiri hluta Alþingis. Í ljósi þess að þetta hefur gengið eftir er enn óásættanlegra en ella að fjárlögum 1994 verði lokað með miklum halla, eins og fram kom við umræðu um fjáraukalög hér fyrr í dag.

Vissulega er um að ræða minni halla en svörtustu spár gerðu ráð fyrir, bæði í krónum talið og sem hlutfall af landsframleiðslu. Þetta er þó ekkert til að hrósa sér af í ljósi þeirra upplýsinga sem fram hafa komið, bæði frá fjmrn. og Þjóðhagsstofnun. Í raun hefði halli ríkissjóðs átt að vera minni ef allt væri með felldu. Ef halli ríkissjóðs stendur í stað, þrátt fyrir hagvöxt, er kerfislægi hallinn að aukast, en sá hluti hallans sem tengist slaka í þjóðarbúskapnum að minnka. Það er þessi kerfislægi halli sem er aðalvandamálið í dag og á honum verður að taka.

Fyrir næsta ár er nú spáð rúmlega 2% vexti landsframleiðslu og 3% hækkun þjóðartekna. Erfiðara er að gagnrýna þessa spá Þjóðhagsstofnunar en þá sem við vorum með hér fyrir rúmu ári. Reyndar virðist mér

spáin við fyrstu yfirferð um margt raunhæfari en áður. En eins og áður sagði hefur nefndin ekki haft mikinn tíma til þess að skoða þær forsendur sem að baki þjóðhagsspár liggja né heldur þær breytingar sem hún hefur í för með sér fyrir þjóðarbúskapinn.

Ég hafði það reyndar á tilfinningunni að þeir sem komu á fund nefndarinnar með þessi gleðitíðindi væru eiginlega alveg hissa og gætu ekki almennilega skýrt hvað það er í raun sem hefur leitt til þessara breytinga. Þaðan af síður hvort þær yrðu varanlegar, enda um ýmsa stóra óvissuþætti að ræða, eins og Þjóðhagsstofnun lagði áherslu á, t.d. óvissu er varðar loðnuveiðar. Því miður er margt sem bendir til þess að loðnuvertíð verði lélegri en ráð er fyrir gert. Óvissan er einnig varðandi veiðar okkar utan landhelgi, sérstaklega á Svalbarðasvæðinu og í Smugunni og ekkert er víst um verðlag á sjávarafurðum.

Þessir þættir eru mjög veigamiklir áhrifavaldar í þeirri þjóðhagsspá sem nú liggur fyrir. Ef spá Þjóðhagsstofnunar gengur hins vegar eftir er spáð að landsframleiðslan aukist um 2,1% á árinu 1995 og að þjóðartekjur aukist um 3%. Aukning þjóðarútgjalda er áætluð 3,3% á næsta ári. Þar skiptir mestu að gert er ráð fyrir 5,2% aukningu í fjárfestingu. Talið er að viðskiptajöfnuður verði hagstæður um 4,3 milljarða kr. og spá um verðlag er óbreytt. Þetta er allt til hins betra.

En þrátt fyrir þennan bata er enn gert ráð fyrir verulegu atvinnuleysi á næsta ári eða um 4,6%. Þetta er alvarlegt ástand og erfitt að standa frammi fyrir því að segt sé að allt sé á leið til betri vegar, en áfram horfum við þó fram á að mjög stór hópur fólks verði án vinnu ef ekki verður gripið til sérstakra og víðtækra ráðstafana af hálfu hins opinbera.

Betra ástand í efnahagsmálum þjóðarinnar hefur vissulega skilað meiri tekjum til ríkissjóðs, en þeim er eytt jafnharðan og jafnframt gert út á betri tíð, eins og við sjáum í fjárlagafrv. og þeim brtt. sem hér liggja fyrir, og þessi bati skilar sér ekki til heimilanna í landinu hvað sem líður öllum skýrslum, spám og meðaltölum.

Vaxandi atvinnuleysi, láglaunastefna þessarar ríkisstjórnar og ýmsar aðgerðir hennar á þessu kjörtímabili hafa orðið til þess að við fjölda heimila í landinu blasir ekkert við nema gjaldþrot. Þó svo bjartsýnustu spár um betra efnahagsástand gangi eftir verður sá bati því miður ekki þessum heimilum til bjargar því hann skal aðeins að litlu leyti notaður til þess. Aukið svigrúm ríkisins virðist hins vegar eiga að nota til þess að bæta enn hag þeirra sem mest hafa.

Seðlabankinn sendi frá sér greinargerð nú í haust þar sem eftirfarandi kemur fram, með leyfi forseta:

„Skuldir heimilanna við lánakerfið hafa vaxið hröðum skrefum á undanförnum árum. Í lok júlí á þessu ári er áætlað að lán til heimila hafi numið um 264 milljörðum og aukist á síðustu 12 mánuðum um 11,3 milljarða eða svipaða fjárhæð og á 12 mánuðum þar á undan. Skuldir heimilanna námu í árslok 1993 um 64% af landsframleiðslu en voru rúm 13% af landsframleiðslu á árinu 1980 og hafa því tæplega fimmfaldast miðað við landsframleiðslu á þessu tímabili og skuldir heimilanna hafa aukist enn áfram á þessu ári sem nú er að líða."

Eins og fram kemur í nál. minni hluta fjárln. er um mjög alvarleg vanskil að ræða hjá Húsnæðisstofnun ríkisins. Fjárhagsaðstoð sveitarfélaga til einstaklinga hefur á síðustu tveimur árum aukist um 80% frá því sem var. Þetta kom fram á fjármálaráðstefnu sveitarfélaga nú í haust og tölurnar sem nefndar eru í þessu sambandi eru ógnvekjandi. Samanlögð fjárhagsaðstoð Reykjavíkur, Kópavogs, Hafnarfjarðar og Akureyrarbæjar nemur um 660 millj. kr. á þessu ári. Þetta eru beinar afleiðingar þess mikla atvinnuleysis sem verið hefur og ýmissa ákvarðana þessarar ríkisstjórnar.

Skuldir ríkis og sveitarfélaga hafa einnig vaxið jafnt og þétt sem hlutfall af landsframleiðslu. Ekki verður séð að þær breytingar sem nú liggja fyrir snúi þeirri þróun við.

Í fylgitöflum með frv. kemur fram að heildarskuldir ríkissjóðs munu fara í nær 49% af landsframleiðslu á næsta ári, en þær voru nærri 32% í árslok 1991 og 31% í árslok 1992. Hreinar skuldir ríkissjóðs verða rúmlega 31% af landsframleiðslu samanborið við rétt rúmlega 16% á árunum 1990 og 1991. Þetta þýðir að hreinar skuldir ríkissjóðs hafa nær tvöfaldast sem hlutfall af landsframleiðslu á einu kjörtímabili. Vel að verki staðið þar.

Um næstu áramót er gert ráð fyrir að hreinar skuldir sveitarfélaganna nemi um 3,7% af landsframleiðslu eða um 48% af tekjum þeirra. Þetta er þróunin sem blasir við þegar litið er á skuldir hins opinbera, þ.e. ríkis og sveitarfélaga, sem gjarnan er notað í alþjóðlegum samanburði. Heildarskuldir hins opinbera verða á næsta ári um 56% af landsframleiðslu samanborið við tæplega 36% þegar þessi ríkisstjórn tók við, en hreinar skuldir 35% samanborið við 17% áður.

Hvað varð um hin háleitu markmið þessarar ríkisstjórnar í upphafi kjörtímabilsins um ábyrga stjórn efnahagsmála og hallalaus fjárlög? Hreinar vaxtagreiðslur eru um 7% af tekjum ríkisins. Þessi mikla vaxtabyrði þrengir óneitanlega svigrúm til athafna. Vaxtagjöldin breytast mikið við hvert prósentustig í hækkun vaxta. Í tillögum meiri hlutans er gert ráð fyrir 300 millj. kr. hækkun vaxtagjalda. Þessi tillaga er í raun viðurkenning stjórnvalda á því að sú vaxtahækkun sem orðið hefur á undanförnum vikum sé í raun komin til að vera og jafnvel haldi vextir áfram að hækka.

Það er ýmislegt óljóst við afgreiðslu fjárlaga, en óvissan er þó mest hvað varðar innlendan fjármagnsmarkað og vextina. Vextir hafa verið á uppleið nær allt þetta ár og fara hækkandi. Vextir í bankakerfinu eru mjög háir og skammtímaávöxtun á fjármagnsmarkaði er einnig mjög há. Þetta gerist þrátt fyrir að afkoma bankanna og annarra fjármagnsstofnana hafi batnað á árinu. Svigrúm þeirra til vaxtalækkana ætti því að hafa aukist. Skuldsett heimili bera einnig hærri vexti en önnur vegna þess að þeim er raðað í hærri vaxtaflokk. Þannig er vaxtapólitíkin sem bankastofnanirnar reka beinlínis notuð til að gera erfiða skuldastöðu heimilanna enn erfiðari.

Það er ljóst að hvorki viðvarandi halli ríkissjóðs né skuldaþróunin skapa grundvöll til varanlegrar lækkunar vaxta eins og glögglega hefur komið fram að undanförnu. Áætlanir gera ráð fyrir að það dragi úr lánsfjárþörf hins opinbera. Á móti verður að horfa á að sú lækkun skulda atvinnufyrirtækja sem átt hefur sér stað að undanförnu mun líklega leiða til aukinna fjárfestinga sem aftur þrengir svigrúm ríkissjóðs á lánsfjármarkaðnum.

Eins og ég hef áður sagt virðast betri horfur í efnahagsmálum og betra ástand en ráð var fyrir gert ekki skila sér svo nokkru nemi í betri afkomu ríkissjóðs. Áfram er haldið á þeirri braut sem ríkisstjórnin markaði í upphafi, að eyða meiru en aflað er. Nú þegar hefur verið gert út á bjartsýna spá Þjóðhagsstofnunar. Útgjaldaliður frv. hækkar um 3,6 milljarða króna á móti 2,7 milljarða hækkun tekjuhliðar. Hallinn eykst því um 900 millj. kr. frá því sem frv. gerði ráð fyrir. Áhrif skattalagabreytinga sem tengjast yfirlýsingu ríkisstjórnar frá 10. des. skipta ekki miklu varðandi útgjaldaliðinn. Þar er aðeins um að ræða tekjulækkun upp á um 200 milljónir.

Aðrir fulltrúar í minni hluta fjárln. munu fara ítarlega í þær breytingartillögur sem hér hafa verið lagðar fram af meiri hluta nefndarinnar, eins og hv. þm. Guðmundur Bjarnason gerði í ræðu sinni áðan varðandi heilbrigðismálin og tryggingaþáttinn. Ég vil þó aðeins benda hér á umfjöllun okkar í nefndaráliti, sérstaklega er varðar húsnæðismálin, Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og mennta- og menningarmál, sérstaklega þann hluta sem fjallar um Lánasjóð íslenskra námsmanna.

Í umfjöllun okkar um samgöngumál kemur fram að í ýmsum liðum samgöngumála hefur verið farið fram úr áætlunum eða jafnvel hafin verk sem alls ekki eru á áætlun. Þessi vinnubrögð eru gagnrýni verð. Til dæmis hefur 170 millj. kr. verið varið til framkvæmda við flugstjórnarmiðstöð í Reykjavík þrátt fyrir að ekki hafi verið gert ráð fyrir þeim kostnaði í flugmálaáætlun.

Samkvæmt gögnum sem ég hef frá Vegagerð ríkisins um stöðuna á þessu ári er lántaka umfram áætlanir um 614 millj. kr. Lántaka vegna vegagerðar hefur aukist stórlega sl. tvö ár. Vissulega er þar um að ræða ákvarðanir þingmanna og örugglega í öllum tilvikum um að ræða brýn og aðkallandi verkefni. En hafa verður í huga að með aukinni lántöku er verið að festa það fé sem til ráðstöfunar er á næstu árum og draga úr vægi þeirra áætlana sem gerðar hafa verið.

Í árslok 1994 gerir Vita- og hafnamálastofnun ráð fyrir að skuldir ríkissjóðs vegna hafnaframkvæmda, sem þegar hefur verið ráðist í, verði um 500 millj. kr. og er þar um hækkun að ræða frá fyrra ári. Skuldbindingar hafa verið gerðar á árinu 1994 án þess að fjárveiting hafi legið fyrir eða framkvæmdin hafi verið á hafnaáætlun. Hér er um að ræða skuldbindingar upp á um 113 millj. kr. Ef gerður hefur verið fastur samningur um verkefni og kostnaðarþátttöku ríkissjóðs í því er eðlilegt að þess sé a.m.k. getið í fjárlögum þess árs og fái eðlilega umfjöllun á Alþingi. Þess eru jafnvel dæmi að slík samningagerð standi yfir meðan vinnan við fjárlögin fer fram án þess þó að samningurinn komi nokkurn tíma til umfjöllunar fjárln. eða Alþingis. Ég er ekki að segja með þessu að þau verkefni sem hér um ræðir séu ekki hin þörfustu. Ég held reyndar að þau fengju öll sem eitt jákvæða umfjöllun og afgreiðslu Alþingis, það eru hins vegar vinnubrögðin sem mér finnst vera vítagerð.

Þá vil ég nefna sérstaklega lið sem nefnist fyrirhleðslur og er upp á 18,8 millj. kr., sem engan veginn er nægjanleg upphæð til þess að bæta úr brýnustu þörfum. Þar er um að ræða nokkur mjög aðkallandi verkefni. Eitt það stærsta er við Markarfljót, en landbrot er gífurlegt beggja vegna fljótsins. Tillögur um skiptingu þessa liðar koma frá Landgræðslu ríkisins, en ég tel afar mikilvægt að það fari fram úttekt á þeim verkum sem falla undir þennan lið og gerð verði framkvæmdaáætlun líkt og þegar um sjóvörn er að ræða. Ef ekki er unnið eftir fyrir fram gerðri áætlun, sem byggir á nákvæmri úttekt, er hætt við að fjármunir sem fara til þessara verkefna nýtist ekki eins vel og efni standa til. Þannig er reyndar með ýmsar aðrar fjárveitingar, betri undirbúningsvinna skilar betri árangri.

Samningsstjórnun er mál sem tekið hefur verið upp á þessu ári sem er að líða. Um er að ræða samning gerðan milli ráðuneytis og stofnunar er undir það heyrir um rekstur viðkomandi stofnunar. Á þetta fyrirkomulag að auka sjálfstæði og forræði stofnana í sínum málum. Örfáir slíkir samningar hafa verið gerðir og verður fróðlegt að fylgjast með árangri af þessari jákvæðu tilraun.

Virðulegi forseti. Ég sé í raun ekki ástæðu til að fara nánar í einstaka þætti þessa fjárlagafrv. og þær brtt. sem fram hafa komið því allt er þetta á ábyrgð þeirrar ríkisstjórnar sem nú situr og þeirra sem styðja hana til þessara verka. En allt stefnir í sama farveg og áður hefur gerst í tíð þessarar ríkisstjórnar. Löngu er kominn tími til að aðrir taki við og færi mál til betri vegar. Fjárlagafrv., vinnubrögðin við afgreiðslu þess hér á Alþingi, væntanleg niðurstaða, ef fram fer sem horfir, sýna betur en nokkuð annað nauðsyn þess að skipta um ríkisstjórn og stefnu í ríkisfjármálum. Við verðum að snúa af braut ójöfnuðar, óréttlætis og skuldasöfnunar.

[18:35]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Sigbjörn Gunnarsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Örlítil athugasemd út af ræðu síðasta hv. þm. Það mátti merkja á ræðu hv. þm. að svo væri að meiri hluti nefndarinnar sýndi helst ekki erindi sem nefndinni bærust heldur afgreiddi allt saman fyrir luktum dyrum og það væri ekki fyrr en skjöl væru komin inn í þingið að minni hlutinn fengi að sjá. Þetta er ekki rétt mynd. Nefnt var til sögunnar eitt dæmi varðandi Sjúkrahús Suðurlands. Þannig var að við 2. umr. fjáraukalaga á dögunum, þann dag barst bréf til formanns fjárln. og varð umræðuefni hér við 2. umr. fjáraukalaga þar sem lýst var vanda Sjúkrahúss Suðurlands. Það bréf fékk eðlilega afgreiðslu í nefndinni að mínu mati. Mig kann þó að bresta minni til

þess, það kann að hafa farið, ég vil ekki fullyrða um það, það kann að hafa gerst að erindið hafi ekki farið rétta boðleið fyrir alla nefndina. Engu að síður er ég sannfærður um það að allir nefndarmenn vilja stuðla að því að úr vanda Sjúkrahúss Suðurlands á Selfossi verði leyst og samþykktin gengur auðvitað út á það að beina þeim tilmælum til heilbrrn. að farið verði að með sama hætti og gert var með sjúkrahúsin í Neskaupstað og á Akranesi á sl. ári.

[18:37]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það dæmi sem ég nefndi um að við hefðum ekki séð erindi þegar tillögur hefðu verið lagðar fram var þessi tillaga um milljón til að laða að ferðamenn með örverum og amöbum eða rannsóknir á þeim. Þar lá ekki fyrir erindi þegar tillagan kom fyrir nefndina. Hins vegar benti ég á það að hv. formaður hætti þó ekki að koma manni á óvart því að hér hefði síðan legið fyrir ný tillaga eða yfirlýsing við ræðu formanns um samninga við Sjúkrahús Suðurlands og ég tók það sérstaklega fram að við mundum styðja þetta. Hins vegar hefði sú tillaga ekki verið endanlega afgreidd. Þó erindið hefði verið kynnt, þá hefði tillagan aldrei verið endanlega afgreidd í allri nefndinni.

[18:38]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Sigbjörn Gunnarsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hafi svo verið þá ber mér að biðja hv. meðnefndarmenn mína afsökunar á því að svo hafi ekki verið gert. Það var ekki af illum hug heldur hitt að þarna kann að vera eitt dæmi af einhverjum hundruðum sem ég þori ekki að fara með hversu mörg eru, það kann að vera eitt dæmi í þessu tilviki þar sem slík mistök hafa átt sér stað og ég tel reyndar að það séu ekki afdrifarík mistök fyrir afgreiðslu fjárlagafrv. heldur sé tillagan og samþykktin af hinu góða.

[18:39]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Vegna ræðu hv. 4. þm. Suðurl., Margrétar Frímannsdóttur, vil ég segja í fyrsta lagi að það er hárrétt sem kom fram í ræðu þingmannsins að það skiptir auðvitað mjög miklu máli hver þróun vaxta verður hjá okkur á næstunni. En ég vil vekja athygli hv. þm. á því að mikill árangur hefur náðst og vextir hafa lækkað, en vissulega þarf að leggja ríka áherslu á það að vextir haldi áfram að lækka og það verði reynt að koma í veg fyrir einhverja vaxtasprengju sem ég held að sé ekkert tilefni til að ætla að sé á ferðinni.

Varðandi það atriði sem kom fram hjá hv. þm. að verk sem ekki séu á áætlun fari af stað, þá er það út af fyrir sig rétt. Það eru auðvitað ekki góð vinnubrögð en hins vegar er það nú yfirleitt þannig að það er á grundvelli yfirlýsingar þingmanna í einstökum kjördæmum hvort sem um er að ræða framkvæmdir í vegagerð, hafnargerð eða öðru og á grundvelli yfirlýsinga og samþykki viðkomandi ráðherra. Þetta er þekkt og viðvarandi vandamál, en ég held að í flestum tilvikum séu þetta svo mikilvæg verkefni að þau þoli ekki bið og þess vegna er farið út í lántöku vegna þeirra.

Varðandi samningsstjórnun sem hv. þm. nefndi þá fagna ég því að það skuli vera vakin athygli á því atriði vegna þess að ég held að það sé mál sem sé ástæða til þess að draga hér fram og er ein af mörgum skrautfjöðrum í núv. ríkisstjórn þar sem gerð er tilraun til þess að bæta stjórnun, bæta samskipti milli ráðuneyta og viðkomandi stofnana, í þeim tilgangi að hafa markvissara starf hjá stofnunum þannig að það liggi klárara fyrir með hvaða hætti ætlast er til að viðkomandi stofnun sinni þeirri þjónustu sem um er samið að hún geri.

[18:41]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er rétt sem kom fram hjá hv. þm. að vextir lækkuðu um tíma. Það er hins vegar viðurkennd staðreynd að þeir hafa hækkað undanfarið og mér sýnist að í afgreiðslu fjárlaga bendi ekkert til annars heldur en að það sé gert ráð fyrir því að vextir haldi áfram að hækka eitthvað og sú hækkun sem er t.d. á vaxtagjöldum um 300 millj. bendir til þess.

Ég tók hér samningsstjórnun jákvætt upp vegna þess að ég held að þetta sé mjög spennandi kostur og hefur verið mjög vel kynnt af fjmrn. Ég vil þó taka fram, virðulegi forseti, að ég tel að þetta sé eina fjöðrin sem eftir er í stéli ríkisstjórnarinnar.

[18:42]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það eru margar góðar fjaðrir í stéli ríkisstjórnarinnar sem betur fer, en það var ekki að ástæðulausu að samningsstjórnun var tiltekin sem einhver skrautfjöður. Varðandi þróun vaxta, þá held ég að það sé engin ástæða til þess að vekja einhvern ótta eða draga fram sem hættumerki þann halla sem er á ríkissjóði. Ég tel að öll merki efnahagslífsins, eins og fram kom á fundi fjárln. þegar forstjóri Þjóðhagsstofnunar gerði grein fyrir endurskoðaðri þjóðhagsáætlun, öll merki í þjóðfélaginu bendi til þess að við séum á uppleið og fjárlög sem hér eru til umfjöllunar eru vissulega tæki til þess að okkur megi takast að draga úr atvinnuleysi og styrkja stöðu þjóðarbúsins inn á við og út á við.

Útbýting þingskjala:

Fjárlög 1995, 1. mál, brtt. JGS o.fl., þskj. 489; brtt. GB o.fl., þskj. 490.

Kísilgúrverksmiðja við Mývatn, 323. mál, stjfrv., þskj. 491.

Lagaráð, 321. mál, þáltill. PP, þskj. 486.

Skipulag ferðamála, 327. mál, stjfrv., þskj. 495.

Vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar, 324. mál, stjfrv., þskj. 492.

Vernd svæðislýsinga smárása í hálfleiðurum, 325. mál, stjfrv., þskj. 493.

Verslunaratvinna, 326. mál, stjfrv., þskj. 494.

[18:44]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er óhjákvæmilegt að gera nokkuð að umtalsefni hér í upphafi þær forsendur sem gengið er út frá nú við 3. umr. fjárlaga fyrir næsta ár.

Á fund okkar í hv. fjárln. hafa komið fulltrúar bæði frá fjmrn. og Þjóðhagsstofnun til þess að gera grein fyrir því hvað efnahagsbatinn sé nú orðinn mikill á þessu ári og að það sé alveg óhætt að reikna með því að hann verði sá sami á næsta ári. Reyndar má segja að það sé kannski ekki alveg þessi skoðun sem þessir fulltrúar hafa túlkað, en allt um það, þá hefur meiri hluti hv. fjárln. tekið það svo að hann gæti reiknað með þessum bata og tekið það strax inn í fjárlagafrv. næsta árs að úthluta þessum bata og vel það. Það er að segja, batinn gerir ráð fyrir því að tekjurnar aukist á næsta ári hjá ríkissjóði um 2,7 milljarða kr. en gjöldin eru samkvæmt brtt. meiri hlutans upp á rúma 3 milljarða kr. Það er því alveg óhætt að segja það, eins og ég rakti hér reyndar áðan í umræðu um fjáraukalög, að það væri gott og blessað að nýta þann efnahagsbata sem kominn er til þess að bæta upp það sem ekki var hægt að gera eða ekki var lagt til í fjárlagafrv. yfirstandandi árs, fjárlögum, að það er þó alla vega betra að gera það þannig þegar það er séð hvað er í kassanum heldur en að gera út á framtíðina. Hefur mér raunar heyrst það á hæstv. ríkisstjórn að hún hafi ekki haft hug á því, alla vega þegar hún byrjaði sitt starf hér, því að mikið var talað um fortíðarvanda. Ég tel einmitt að nú sé hæstv. ríkisstjórnin að búa til fortíðarvanda í framtíðinni með því að gera út á væntanlegan efnahagsbata.

Það er óhjákvæmilegt að minnast á það að halli ríkissjóðs hefur vaxið á tímabili núv. ríkisstjórnar um 40 milljarða kr. Ríkisstjórnin setti sér það markmið í upphafi og það er aldrei of oft gert að minna á það, að hún ætli að ná niður halla fjárlaga á tveimur árum. En í staðinn stöndum við frammi fyrir því núna á síðasta fjárlagaári þessarar hæstv. ríkisstjórnar að fjárlagahallinn mun verða í kringum 40 milljarðar yfir kjörtímabilið. Skuldir ríkissjóðs hafa auðvitað vaxið á þessu tímabili og hefur það raunar verið rakið í ræðum hv. meðnefndarmanna minna í minni hlutanum hér á undan mér þannig að ég ætla ekki að fara að lesa upp þær tölur aftur fyrir hv. þingheim. En það er ekki nóg að skuldir ríkissjóðs hafi aukist heldur hafa skuldir sveitarfélaga einnig vaxið alveg gífurlega. Í Hagvísum frá Þjóðhagsstofnun, sem gefin er út nú í lok nóvember, segir, með leyfi forseta:

„Afkoma sveitarfélaga hefur versnað mikið undanfarin ár. Jafnvægi var í fjármálum þeirra árið 1990 en í fyrra var hallinn kominn í 4,7 milljarða kr. og á þessu ári stefnir í svipaðan halla eða jafnvel nokkru meiri. Þessi halli samsvarar um 15% af tekjum sveitarfélaga og um 1,1% af landsframleiðslu. Þetta er mun meiri halli en þekkst hefur hjá sveitarfélögum um langt skeið." Menn skyldu athuga það. Þetta er meiri halli heldur en þekkst hefur hjá sveitarfélögum um langt skeið. „Hallinn á rekstri sveitarfélaga leggst við hallann á ríkissjóði og stuðlar því að lakri afkomu hins opinbera. Eins og nú horfir í þjóðarbúskapnum getur afkoma hins opinbera ekki talist viðunandi og því er brýnt að treysta hana verulega á næstu missirum."

Það er greinilegt hér að sá bati sem ríkissjóður er nú að gera út á hefur ekki skilað sér til sveitarfélaganna. Hver skyldi nú vera skýringin á því? Ætli skýringin á því sé ekki fyrst og fremst atvinnuleysið í þjóðfélaginu? Atvinnuleysið sem hefur aukist í tíð þessarar ríkisstjórnar úr 1% árið 1991 í tæp 5% í ár og er spáð svipuðu á næsta ári. Þó reyndar sé gert út á efnahagsbatann þannig að það sé ekki spáð nema 4,6%, þá tek ég það nú með fullkomnum fyrirvara. Þetta atvinnuleysi í þjóðfélaginu þýðir það að sveitarfélögin hafa í vaxandi mæli verið að reyna að bæta úr þessu atvinnuleysi með því að koma á fót alls kyns verkefnum, bæði skammtíma og langtíma verkefnum, átaksverkefnum til þess að bæta þetta atvinnuleysi. Afkoma sveitarfélaganna hefur líka versnað vegna þess að svo mörg fyrirrtæki í sveitarfélögunum hafa orðið gjaldþrota í tíð þessarar hæstv. ríkisstjórnar og þá hafa þau að sjálfsögðu ekki getað greitt sínar skuldir og gjöld til sveitarfélagsins. Þannig að það er margt sem kemur inn í þetta og ég vil vekja athygli á því að þessi bati sem svo er kallaður og á að halda áfram hefur engan veginn skilað sér til sveitarfélaganna. Hann hefur heldur ekki skilað sér til heimilanna eða einstaklinganna því að skuldir heimilanna hafa vaxið alveg gífurlega og við erum búin að gera það að umtalsefni hér í hinu háa Alþingi núna þó nokkrum sinnum.

Í því sambandi er einnig hægt að nefna skuldir heimilanna við byggingarsjóðina, en það hefur komið fram hér í umræðum og er rétt að minna á einu sinni enn, að í húsbréfakerfinu er fimmti hver lántakandi í vanskilum. Þetta er nú allur efnahagsbatinn.

Hæstv. ríkisstjórn hefur talið sér skylt að reyna að lækka vexti. Það er auðvitað gott mál og ekki skal ég lasta það, en hvernig ætli hún geri það í dag? Hvernig er það framkvæmt að lækka vexti? Það er ekki gert með því móti að draga úr hallanum á ríkissjóði því það hefur ekki tekist í tíð þessarar ríkisstjórnar. Það er þó alveg greinilega lagt til þegar verið er að ræða um lækkun vaxta að það sé hvað mikilvægast að bæta afkomu hins opinbera.

Ríkisstjórnin hefur reynt að halda niðri vöxtum með því m.a. að fjármagna byggingarsjóðina. Hún hefur fjármagnað byggingarsjóðina með lánveitingum og skuld byggingarsjóðanna núna við ríkissjóð er í kringum 7,5 milljarðar kr. Húsnæðisstofnun hefur loforð fyrir því að hún fái 500 millj. til viðbótar núna um áramótin, geti treyst á það hjá ríkissjóði að fá 500 millj. til viðbótar og 1 milljarð í janúar og annan milljarð í febrúar. Það á sem sagt að halda áfram að fjármagna Húsnæðisstofnun með því að ríkissjóður lánar fjármagn vegna þess að Húsnæðisstofnun á núna að fjármagna sig úti á hinum almenna markaði. Það gengur ekki vegna þess að þessi bréf seljast á 5% vöxtum. Vaxtastefna ríkisstjórnarinnar er því hrunin. En ríkisstjórnin ætlar greinilega að reyna að halda þessu vaxtastigi með því að lána Húsnæðisstofnun áfram fjármuni núna um áramót og í janúar og febrúar, 2,5 milljarða kr. Það á að reyna að sýna fram á það úti í þjóðfélaginu að þetta vaxtastig sé raunveruleiki, 5% vextirnir séu raunveruleiki. Og þetta á auðvitað að gera í mars líka, vel fram yfir 8. apríl, þ.e. fram yfir kosningar á að sitja á vöxtunum þannig að það líti út fyrir að ríkisstjórnin hafi náð sínum markmiðum um 5% vexti.

Með því að setja húsnæðiskerfið út á hinn almenna markað í útboðum þá hefur minna verið gert af því að semja við lífeyrissjóðina. Lífeyrissjóðirnir hafa ekki séð ástæðu til þess að kaupa húsnæðisbréf á 5% vöxtum. Þeir geta fengið betri ávöxtun annars staðar og það eru engir samningar í gangi við lífeyrissjóðina um það að kaupa húsnæðisbréf.

Í framhaldi af því sem ég ræddi áðan um skuldir heimilana þá kom það einnig fram á fundi í hv. fjárln. með forstjóra Húsnæðisstofnunar ríkisins að 140–150 íbúðir eru á nauðungarsölu árlega. 150 íbúðir eru á nauðungarsölu árlega. Þetta er nú efnahagsstefnan í raun sem hæstv. ríkisstjórn hælir sér svo af hér að hafi tekist með eindæmum en ég held að þau eindæmi séu á verri veginn því miður.

Ýmsar tillögur hefur hæstv. ríkisstjórn fengið meiri hluta fjárln. til að flytja og fjárln. hefur fjallað um en fyrst og fremst hefur meiri hluti fjárln. tekið þær ákvarðanir og hefur hv. 4. þm. Suðurl. lýst því mjög vel hvernig vinnubrögðin hafa verið í hv. fjárln. og get ég tekið undir það sem hún sagði áðan um það. Það má að vísu viðurkenna það líka að margar þær brtt. sem meiri hlutinn hefur lagt til í fjárln. hafa verið til bóta, en ég gagnrýni það samt sem áður að svo mikið skuli vera komið inn núna af brtt. sem gera algerlega út á það að efnahagsbatinn muni halda áfram á næsta ári.

Hins vegar hafa líka nokkrar tillögur ekki hlotið hljómgrunn fyrir augum meiri hluta fjárln. Það er m.a. bréf frá Félagi ísl. sjúkraþjálfara þar sem bent er á það að 50 millj. kr. lækkun útgjalda vegna sjúkraþjálfunar samkvæmt frv. til fjárlaga sé ekki raunhæft og félagið fer fram á að fallið verði frá þessari lækkun útgjalda til sjúkraþjálfunar. Þessi lækkun mun vera fyrirhuguð vegna þess að Tryggingastofnun og fjmrn. álíta að það sé hægt að lækka framlag til sjúkratrygginga með því að gera nýja samninga við sjúkraþjálfara og það sé vegna þess að aðstaða sjúkraþjálfarana sé mismunandi eftir því hvort þeir eru á einkareknum stofum eða vinna á spítölum. Félag sjúkraþjálfara er alveg tilbúið til að ræða þessi mál en bendir á það sem allir hljóta að sjá að það sparast engar 50 millj. kr. við það að þetta mál sé tekið upp þó að þeir sjúkraþjálfarar sem vinna á sjúkrastofnunum og hafa þannig aðstöðu greiði eitthvað fyrir þá aðstöðu, sem er auðvitað sjálfsagt mál, en 50 millj. kr. er engan veginn hægt að hafa út úr þeirri breytingu.

Það má líka benda á að sjúkraþjálfun er forvörn og það virðist vera sem hæstv. ríkisstjórn og ráðherrar hennar séu ekkert sérstaklega hrifnir af forvörnum. Ég hef ekki getað séð það sem einhvern rauðan þráð í gegnum þetta fjárlagafrv. eða breytingar á því að það sé neitt sérstaklega verið að hugsa um forvarnir.

Í bréfi frá Félagi ísl. sjúkraþjálfara er þó bent á það hvað mikill sparnaður geti orðið af endurhæfingu og ýmsum forvörnum. Ég ætla að taka hér eitt dæmi, með leyfi forseta:

„Mörg dæmi eru til um þann mikla sparnað sem verður þegar endurhæfing er færð frá stofnunum til göngudeilda. Eitt dæmi er um sjúkling sem hefur verið í sjúkraþjálfun á göngudeild sl. þrjú ár. Sjúklinginn hefur fengið að meðaltali 40 meðferðir á ári sem kostar þjóðfélagið um 76 þús. kr. á ári. Áður en þessi háttur komst á með göngudeildarþjálfun þurfti þessi sami sjúklingur að liggja inni á stofnun um 30 daga á ári sem kostar þjóðfélagið yfir 1 millj."

Þarna hlýtur því að vera augljós sparnaður. En með þeim niðurskurði sem er áætlaður á sjúkraþjálfun er verið að draga úr þessum sparnaði sem er hægt að ná. Það virðist vera að hæstv. ríkisstjórn hafi ekki lært mikið af nágrannaþjóðum okkar á Norðurlöndum frekar en fjárlaganefndarmenn lærðu af ferðinni til Noregs því að á Norðurlöndunum hefur sú leið verið farin að auka útgjöld til endurhæfingar en það hefur ekki verið dregið úr þeim eins og hér stendur til að gera og hefur verið gert.

(**Forseti** (VS)**:** Af því að hv. þm. gerði örlítið hlé, þá vill forseti benda á að klukkan er nú orðin 7 og það var meiningin að fresta fundi klukkan 7 til kl. 8.30. Forseti óskar eftir því að hv. þm. geri hlé á ræðu sinni.)

Virðulegi forseti. Það stendur nú þannig á í minni ræðu að ég get sem hægast gert hlé á henni núna.

(**Forseti** (VS)**:** Þá óskar forseti eftir að hv. þm. geri það. Þessum fundi er nú frestað til kl. 8.30, en forseti vill vekja á að þá fara fram atkvæðagreiðslur um afbrigði.)

[Fundarhlé. — 19:00]

Útbýting þingskjala:

Fjárlög 1995, 1. mál, brtt. JVK o.fl., þskj. 496; brtt. SJS, þskj. 498.

Lúganó-samningurinn um fullnustu dóma í einkamálum, 328. mál, stjfrv. þskj. 497.

Verkfall sjúkraliða, 322. mál, beiðni IP o.fl. um skýrslu, þskj. 488.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 466, 469–475, 478–479, 481–483, 489–490, 496 og 498. — Afbrigði samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁMM, BBj, BIB, EH, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GHelg, HÁ, IP, JÁ, JE, JGS, JBH, JHelg, JVK, KS, ÓE, PBald, PBj, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, SJS, StB, TIO, VS, VE.

28 þm. (ÁRÁ, ÁJ, DO, EgJ, EKG, EKJ, GB, GÁ, GJH, GunnS, HBl, HG, IBA, JóhS, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓRG, PP, PJ, StG, SvG, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

[20:38]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir (frh.)**:**

Virðulegi forseti. Ég var þar komin í minni ræðu áðan að ég rifjaði upp nokkur atriði sem ekki hafa hlotið náð fyrir augum meiri hluta hv. fjárln. og þaðan af síður líklega meiri hluta ríkisstjórnar. Ég nefndi áðan sjúkraþjálfara og framlög til sjúkratrygginga. Við kvennalistakonur höfum í framhaldi af þeim athugasemdum sem ég var þar að koma á framfæri flutt brtt.

við fjárlagafrv. sem er á þskj. 496 og er í þá veru að bæta sjúkratryggingum upp þessa skerðingu sem fyrirhuguð er með 50 millj. kr. framlag, sem er nauðsynlegt til þess að þessar forvarnir og endurhæfing sem felst í þessari vinnu geti haldið áfram. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um það. Ég var búin að lýsa því hér áðan og ég bara legg hér með fram þessa brtt.

Í öðru lagi var einnig sótt um það frá Félagi einstæðra foreldra að fá 10 millj. kr. og sendu þeir bréf til fjárln. um það mál til þess að bæta við húsnæði félagsins, en það hefur ekki getað annað nema einum þriðja af þeirri þörf sem er fyrir húsnæði fyrir þá einstæðu foreldra sem enga möguleika eiga úti á húsnæðismarkaðnum. Það er mikil þörf fyrir þessa aðstoð og þeir fara fram á að fá framlag upp á 10 millj. kr. til þessa verks, ásamt því að styrkja 1–2 konur á hverju ári til náms. Ég tel að 10 millj. kr. séu mjög vægt farið í að biðja um aðstoð og hefði hugsanlega verið hægt að hliðra til og verða við þeirri beiðni. Eins og ég segi, það er mikil þörf á því að aðstoða Félag einstæðra foreldra í þessum málum. Þarna er mikið af konum með kornabörn sem hafa enga möguleika til að ná sér í húsnæði og hafa litla tekjumöguleika og þar hefur Félag einstæðra foreldra hlaupið undir bagga.

Eins og kom fram í ræðu hv. frsm. fyrir frhnál. minni hluta fjárln. þá skiptum við á milli okkar að gera grein fyrir nokkrum köflum í þessu nál. Ég ætla aðeins að nefna örfá atriði. Ég ætla ekki að fara að endurtaka það sem hv. frsm. okkar í minni hlutanum ræddi hér áðan, en nefna hér aðeins svona — það má kannski segja jafnvel til gamans, að það er í sambandi við framlög til vegamála.

Því er mikið haldið á lofti nú að það eigi að auka framlög til vegamála á næsta ári með 1.250 millj. kr. Það hefur verið tilkynnt um nýjar framkvæmdir fyrir 3,5 milljarða á næstu fimm árum og það á sem sagt að framkvæma fyrir 1.250 millj. á næsta ári. Nú er búið að ákveða og hefur þegar verið hækkað bensíngjald og á að hækka þungaskatt um næstu áramót til þess að standa að nokkru leyti undir þessu átaki og eiga þær tekjur að gefa í kringum 310 millj. kr. Hins vegar hefur ríkisstjórnin skert vegafé á þessu ári um 265 millj. kr. og síðan ætlar hún að leggja fram núna í þetta nýja framkvæmdaátak 350 millj. og þá fer nú ekkert að vera mjög mikið bil þarna á milli þannig að þannig er alltaf hægt að leika sér með tölur. Það er hægt að segja að það eigi að leggja fram 350 millj., draga síðan frá framlaginu 275 millj. og þá fer að verða frekar lítið eftir.

Eitt er það sem ég vildi einnig nefna hér og það er að í 6. gr. fjárlaga eru ýmsar breytingar núna frá meiri hluta fjárln. Ég ætla að lýsa ánægju minni með nokkrar breytingar sem þar eru inni. Þar er m.a. grein 3.79, sem kveður á um að afhenda Sambandi austur-húnvetnskra kvenna eignarhluta ríkissjóðs í húsum þeim sem Heimilisiðnaðarsafnið á Blönduósi hefur haft til afnota undir starfsemi sína. Samband austur-húnvetnskra kvenna stóð að því að koma á fót þessu heimilisiðnaðarsafni á Blönduósi. Þetta er mjög merkilegt safn og hefur verið í húsnæðishraki, að vísu haft aðstöðu þarna í útihúsi frá húsmæðraskólanum á Blönduósi. Það er núna búið að stofna um þetta sjálfseignarstofnun og hugsanlega hefði kannski bara átt að afhenda sjálfseignarstofnuninni þetta, en það skiptir ekki öllu máli því að sjálfseignarstofnunin er afsprengi má segja Sambands austur-húnvetnskra kvenna. Þær höfðu forgöngu að þessu og munu þá örugglega koma þessu í réttar hendur þegar búið er að afhenda húsnæðið.

Í öðru lagi vil ég einnig lýsa yfir ánægju yfir því að í lið 5.13 er Ríkisútvarpinu heimilað að kanna kaup á langbylgjusendi og loftneti, enda taki Ríkisútvarpið við mastri lóranstöðvarinnar á Gufuskálum. Það hefur lengi staðið í stappi um það hér á hv. Alþingi hvernig ætti að bæta það tjón sem varð þegar langbylgjusendirinn hrundi á Vatnsenda og þetta er alla vega spor í þá átt að leysa það mál og verður vonandi framhald á því að það komist í gagnið.

Að lokum, virðulegi forseti, þá er hér ein grein sem mér finnst a.m.k. ekki nægilega skýr, grein 5.10, að semja við orkusölufyrirtæki um aðgerðir til að lækka húshitunarkostnað þar sem hann er dýrastur og greiða allt að 50 millj. kr. í mótframlag úr ríkissjóði umfram það sem þegar hefur verið gert af hálfu stjórnvalda með niðurgreiðslum og yfirtöku skulda orkufyrirtækja. Ég hef margoft rakið það hér að ríkisstjórnin ætlaði sér að lækka húshitunarkostnað þar sem hann er hæstur. Henni fórst það nú ekki betur úr hendi en svo að fyrir tæpum tveimur síðan, hinn 1. jan. 1993, lagði hún 14% virðisaukaskatt á húshitun og hann hefur auðvitað aukið kostnað þeirra sem greiða þetta þó að það hafi verið tekin sú ákvörðun að endurgreiða hluta af því aftur. Ég hef fengið upplýsingar um það í dag frá fjmrn. að innheimtan í þessum virðisaukaskatti er í kringum 620 millj. fyrir árið 1993. Heimilin greiða af því 400 millj. kr., en atvinnuvegirnir greiða rúmar 200 millj. Innheimtan er sem sagt 620 millj. þegar búið er að draga endurgreiðsluna frá sem greidd er til baka aftur til orkuveitnanna. Síðan eru á fjárlögum ársins eða næsta árs og einnig ársins í ár 397 millj. kr. til niðurgreiðslu á rafhitun á köldum svæðum, en á sama tíma, eins og ég sagði, þá fær ríkissjóður 400 millj. kr. í beinar tekjur af þessum virðisaukaskatti sem lagður var á fyrir tæpum tveimur árum síðan. Það er því alveg augljóst að ríkisstjórnin hefur ekki aukið niðurgreiðslur á þessu tímabili heldur hefur hún lagt á virðisaukaskatt og hann stendur undir þeim niðurgreiðslum sem ríkisstjórnin notar í dag.

Þar að auki hef ég einnig fengið upplýsingar um það frá Rafmagnsveitum ríkisins að ef miðað er við byggingarvísitölu þá er kostnaður neytandans við rafhitun mjög svipaður og hann var í upphafi árs 1991. Og þó það hafi náðst ákveðin lækkun á þessu tímabili miðað við byggingarvísitölu, þ.e. hér er nú reyndar átt við lengra tímabil, þeir taka hér tímabilið alveg frá árinu 1982 og til ársins í ár, þá hefur í raun og veru ekki orðið nein lækkun miðað við byggingarvísitölu og það hefur alls ekki náðst það markmið sem ríkisstjórnin setti sér í upphafi, að lækka verulega þennan kostnað. Niðurstaða Rariks er sú að orkuverðsjöfnun geti ekki talist staðreynd. Hins vegar má segja að verðið í dag sé

kannski með því lægra sem það hefur verið ef við tökum öll 12 árin, en eftir stendur að lækkunin er nánast engin, hefur ekki náðst á þessu tímabili sem ríkisstjórnin hefur starfað og eins og ég sagði áðan, hún hefur lagt á á sama tímabili, haft í tekjur 400 millj. kr. af virðisaukaskatti og það er það sem notað er til þess að greiða niður.

[20:50]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Vegna ræðu hv. 6. þm. Vestf. vil ég nefna tvennt. Annars vegar varðandi húshitunarkostnaðinn. Það er staðreynd að niðurgreiðslur á húshitun á svokölluðum köldum svæðum hafa aukist á þessu kjörtímabili. Þær hafa aukist en hins vegar er það rétt sem hv. þm. sagði að það hefur tekist að lækka raunkostnað eins mikið eins og að var stefnt. Þess vegna er þessi grein 5.10 hér inni í 6. gr. fjárlaga. Samkvæmt henni er gert ráð fyrir að bæta við þær niðurgreiðslur sem nú þegar eru á köldu svæðunum varðandi húshitun. Einnig að ganga til samninga við orkufyrirtækin og þá sérstaklega Landsvirkjun um að Landsvirkjun lækki orkuverðið til húshitunar. Þetta er megininntak þessarar greinar og það er rík ástæða til að vekja athygli á því og einnig að í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 10. þessa mánaðar er sérstök áhersla lögð á lækkun húshitunarkostnaðar og í ljósi þeirrar yfirlýsingar er þessi liður í 6. gr. fjárlaga kominn.

Varðandi það atriði sem hv. þm. nefndi og varðar lóranmastrið á Gufuskálum þá er hér inni heimildarákvæði í 6. gr. um að Ríkisútvarpið kanni kaup á langbylgjusendi. Það er nú þannig að allt þarf sinn undirbúning og það þarf tíma til að vinna að þessu en það liggur fyrir að ríkisstjórnin hefur falið Ríkisútvarpinu að taka við mastrinu. Með þessu ákvæði í 6. gr. eru tekin af tvímæli, tekið af skarið um það að undirbúningur að kaupum langbylgjusendis verði hafinn á vegum Ríkisútvarpsins enda er það mikið öryggisatriði og mikið atriði fyrir flotann við ströndina að að þessu máli verði unnið og ég treysti hæstv. menntmrh. og fjmrh. til að vinna að því.

[20:52]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það stendur eftir þegar við erum að ræða um húshitun, sem við getum endalaust haldið áfram að deila um, að niðurgreiðslur hafa verið hækkað í krónum talið, það er alveg rétt. En niðurgreiðslur eru hlutfallslega minni í dag en oft áður. Þær eru minni í dag þrátt fyrir aukningu í krónum talið og það er niðurstaða frá Rafmagnsveitu ríkisins. Það er líka niðurstaða að afsláttur Landsvirkjunar er hlutfallslega minni en hann var t.d. á vordögum 1988. Hann er minni í dag. Það er þess vegna ágætt markmið að vinna að því að lækka hann með samningum við Landsvirkjun. Það hefur bara alls ekki tekist á þessu tímabili því að það hefur ekki tekist að halda í við þá niðurgreiðslu sem Landsvirkjun var með árið 1988, hún er minni í dag. Þannig að það er full þörf á því að leggja fram aukið framlag í þetta. Raunar telja rafmagnsveiturnar að það þurfi að auka niðurgreiðslur og það þurfi einnig að vinna að því að Landsvirkjun lækki sitt orkuverð. Það er því ýmislegt sem þarf að gera í þessu og ég bara hvet ríkisstjórnina til að reyna að taka á við að vinna að þeim markmiðum sem hún setti sér í hvítbókinni svo það sjáist einhver árangur sem hún geti kynnt fyrir kjósendum sínum fyrir næstu kosningar.

[20:54]

Sigríður A. Þórðardóttir:

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir brtt. á þskj. 426 við frv. til fjárlaga fyrir árið 1995, frá menntmn.

Menntmn. hefur fjallað um úthlutun heiðurslauna listamanna fyrir næsta ár. Nefndin leggur til að 17 listamenn njóti heiðurslauna á árinu 1995. Jafnframt gerir nefndin tillögur um að hver heiðurslaun hækki úr 875 þús. kr. í 900 þús. kr.

Af þeim 16 sem hlutu heiðurslaun í ár eru tveir látnir. Nefndin gerir tillögu um að Ásgerður Búadóttir, Helgi Skúlason og Stefán Hörður Grímsson bætist í hóp þeirra listamanna sem njóta heiðurslauna.

Menntmn. stendur einróma að þessari tillögu.

[20:56]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir þremur brtt. Það er fyrst brtt. við 4. gr. 6. liður, 395 Landhelgisgæsla Íslands. Fyrir „608.900" kemur: 683.900. Lögð er til hækkun á framlagi til Landhelgisgæslunnar til að reka hina nýju björgunarþyrlu.

Gert er ráð fyrir því að a.m.k. 60 millj. kr. þurfi til að halda þyrlunni úti með eðlilegum hætti án þess að það komi niður á öðrum þáttum í starfi Gæslunnar. Ekki er gert ráð fyrir framlögum í þessu skyni í frv. Þá er einnig lögð til 15 millj. kr. hækkun til að unnt verði að halda úti varðskipi við gæslustörf í Barentshafi á næsta ári.

Nú hef ég tekið eftir því að það er búið að hækka framlag um 35 millj. til Gæslunnar og það er út af fyrir sig einhver viðleitni í því en það er auðséð á þeim upplýsingum sem hafa komið fram í þessu efni að það mun engan veginn nægja til þess að það sé hægt að reka hina nýju björgunarþyrlu þegar hún kemur. Það má kannski segja að það er svona eftir öðru í sambandi við þetta makalausa þyrlumál þar sem virðist hafa þurft að toga alla hluti áfram með töngum. Ég held að það væri ráð að menn að lokum viðurkenndu að það væri að minnsta kosti búið að kaupa þessa þyrlu og nota hana þá því þetta er dýrt tæki og það er okkur ekki til mikils sóma að gera ekki ráð fyrir að það sé hægt að reka hana með eðlilegum hætti þegar hún er komið til landsins. Þannig að ég held að þessi tillaga sé eðlileg og þörf. Það er fáránlegt að það þurfi að bera fram slíka tillögu þegar fyrir liggur að þetta mikla og dýra björgunartæki verður komið til landsins eftir tiltölulega stuttan tíma og það verður meiri hluti ársins sem þarf að hafa hana í rekstri ef að líkum lætur.

Þarna er líka gert ráð fyrir framlagi til þess að hægt yrði að halda úti varðskipi við gæslustörf í Barentshafinu. Það þarf ekki að fara mörgum orðum um það, það hefur komið mjög skýrt fram í fréttum, að það er

mjög mikil þörf á því að þarna sé skip til staðar og læknir þar um borð og sú þjónusta sem veitt var sýndi sig að var mjög nauðsynleg. Og ég held að íslenskir sjómenn megi varla til þess hugsa að það vanti slíka þjónustu á þessar slóðir ef skipaflotinn fer þangað til veiða með svipuðum hætti á næsta ári eins og gerðist á þessu ári. Það er þess vegna undarlegt að það skuli ekki vera gert ráð fyrir fjármunum til að halda úti þessari starfsemi. Þess vegna er lagt til að lagðir verði til fjármunir til að kosta hana.

Með mér flytja þessa tillögu, hæstv. forseti, hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson og Steingrímur J. Sigfússon.

Þá flyt ég brtt. á þskj. 475 við 6. gr. fjárlaga. Ég ætla að endurtaka það sem ég sagði hæstv. forseti við 2. umr. fjárlaganna að því leyti til að þessi tillaga gengur út á það að í þeim sveitarfélögum þar sem hafa farið fram ítrekaðar kosningar, bæði vegna sameiningar sveitarfélaga og líka vegna þess að það hafa verið ógiltar sveitarstjórnarkosningar, þá verði fjmrh. heimilt að endurgreiða kostnað vegna aukakosninga sem hafa verið að fara fram og munu fara fram vegna kostnaðar sem beinlínis leiðir af mistökum í félmrn. vegna undirbúnings þessara kosninga.

Það er fyrir neðan allar hellur að menn skuli ekki fá úrlausn þessara mála. Ég veit til að aðilar frá sveitarfélögum sem hafa lent í aukakosningum og kostnaði vegna þeirra hafa leitað til ráðuneytisins og farið fram á að þessi kostnaður verði bættur og það er eðlileg krafa og ég tel að það sé þess vegna rétt að gera ráð fyrir því að hæstv. fjmrh. hafi heimildir til þess að koma til móts við þau sveitarfélög sem hafa lent í slíkum kostnaði. Í sumum sveitarfélögum hafa ítrekað orðið að fara fram nýjar kosningar og það sér reyndar ekki fyrir endann á því enn sums staðar. Þess vegna er þessi tillaga flutt. Ég tel nú reyndar ólíklegt annað en að hún verði samþykkt hér að það væri fráleitt að hið opinbera vikist undan því að bera ábyrgð á ráðherrum ríkisstjórnarinnar og opinberum starfsmönnum ráðuneytisins sem bera ábyrgð á þessum mistökum.

Þá vil ég koma að þriðju tillögunni sem er á þskj. 474 og er við 4. gr., lið 11-399, þ.e. Niðurgreiðsla á rafhitun. Þar er lagt til að fyrir „397.000 þús. kr." komi: 497.000 þús. kr. Þarna er um að ræða 25% hækkun á niðurgreiðslum til húsahitunar og reyndar hugsuð í því skyni að eitthvað miði nú áleiðis við það að lækka húshitunarkostnað á hinum köldu svæðum sem kölluð eru á landsbyggðinni og þar sem mjög dýrar hitaveitur eru.

Hæstv. ríkisstjórn hafði það á sinni stefnuskrá og minntist á það í hvítbókinni frægu að það stæði til að lækka húshitunarkostnað þar sem hann væri hæstur á landinu. Það var síðan gert á fyrsta ári ríkisstjórnarinnar hæstv. að hækka niðurgreiðslur nokkuð. En síðan ákvað hæstv. ríkisstjórn að taka upp virðisaukaskatt á húshitun þegar settur var virðisaukaskattur á ýmislegt fleira sem ég ætla ekki að fara að telja hér upp. En niðurstaðan varð sem sagt sú að setja 14% virðisaukaskatt á húshitun. Síðan var ákveðið endurgreiðslukerfi sett í gang á virðisaukaskattinum sem kemur þannig út að það mun vera í kringum 140 millj. af heildarfjárhæð sem nemur líklegast í kringum 530 millj. kr. Það mun vera innheimt sem svarar 530 millj. kr. vegna beinnar húshitunar í virðisaukaskatti. Endurgreitt sem svarar 130 millj., svo ég leiðrétti nú það sem ég sagði hér áðan, þannig að mismunurinn þarna á er um 400 millj. sem ríkissjóður hefur þá upp úr krafsinu. Hvort sem það er tilviljun eða ekki þá er það nokkurn veginn sama upphæðin og hefur verið á fjárlögum á síðustu tveimur árum og gert er ráð fyrir að verði á fjárlögum núna til niðurgreiðslu á rafhitun.

Ég verð að segja það að eftir allar stóru yfirlýsingarnar hjá hv. þm. Sjálfstfl. og Alþfl. um að það ætti að jafna húshitun á landsbyggðinni þá eru efndirnar ekkert mjög merkilegar. Ef við skoðum hvernig ferillinn hefur verið í þessu þá lítur dæmið þannig út að þegar hæstv. ríkisstjórn tók við þá voru á þeim fjárlögum 262 millj. kr. til niðurgreiðslu á húshitun og þær voru notaðar til þessarar niðurgreiðslu. Síðan þegar virðisaukaskatturinn er settur á þá er ekkert lagt til niðurgreiðslu húshitunar nema sem svarar virðisaukaskattinum. Það er fyrir neðan allar hellur að úr því að menn ákváðu að mynda þennan tekjustofn, þ.e. að setja virðisaukaskatt á húshitunina, að ganga þá ekki lengra í því að rétta hlut þeirra sem hafa dýrustu kyndinguna. Þetta er þannig að jafnvel mjög dýrar hitaveitur eru að greiða virðisaukaskatt í ríkissjóð, hitaveitur sem eru inni á borðum hæstv. ráðherra. Ég vil óska eftir því, hæstv. forseti, að hæstv. iðnrh. komi til umræðunnar og svari fyrir það sem hann hefur látið frá sér fara um þessi mál. Er hæstv. ráðherra í húsinu?

(**Forseti** (SalÞ): Forseti mun kanna það.)

Ég tel, hæstv. forseti, að það sé gjörsamlega ólíðandi að í því skuli vera fólgin uppspretta fjármuna í ríkissjóð að skattleggja svo dýra orkugjafa sem þessar hitaveitur eru. Ég get nefnt t.d. Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar sem er með hvað hæst orkuverð á landinu. Þeir sem greiða þar húshitunarkostnað borga 5,32% í virðisaukaskatt í ríkissjóð. Þannig er þetta með fleiri hitaveitur allt í kringum landið. Það er ótrúlegur hlutur að sjá að svona skuli vera staðið að málum. Og að þær tekjur sem ríkisstjórnin ákvað að verða sér úti um með því að leggja virðisaukaskatt á húshitun skuli ekki hafa verið notaðar í því skyni að ná niður húshitunarkostnaði á landsbyggðinni. Þar hefur ekkert miðað. Það mun vera álíka mikill kostnaður núna af því að hita upp hús á þessum köldu svæðum og var þegar ríkisstjórnin tók við. Og ég held að hv. þm. Sturla Böðvarsson ætti að fara yfir tölurnar og skoða þær betur því þannig er þetta. Þetta lækkaði að vísu lítillega á árinu 1992 og 1993 en hefur síðan hækkað aftur og hefur náð álíka mikilli fjárhæð, þ.e. meðalkyndingarkostnaður á þessum köldu svæðum, og var þegar ríkisstjórnin tók við. Ríkissjóður skilar raunverulega núlli til þess að greiða þetta niður. Öll niðurgreiðslan fer sem sagt fram með því að taka virðisaukaskatt af sjálfum orkunotendunum.

Ég er ekki hissa á því þó hæstv. ríkisstjórn hafi sett þetta markmið sitt frá því í upphafi síns ferils í laugardagsplaggið sem hún lagði fram um daginn um að það þyrfti nú að lækka húshitunarkostnaðinn því þar

standa menn í sömu sporum sannarlega eins og þegar af stað var farið. Ég hefði gjarnan viljað, hæstv. forseti, að hæstv. iðnrh. sem lagði það á sig að skrifa grein í blað fyrir nokkrum dögum síðan um að það væri búið að hækka svo niðurgreiðslur á húshitun, um líklega 80%, ef ég man rétt, kæmi og svaraði fyrir þetta mál og gerði mönnum grein fyrir því hvernig þessar miklu niðurgreiðslur koma til lækkunar á húshitunarkostnaði á köldu svæðunum.

Það ber vel við að hæstv. samgrh. skuli vera hér á ferli því í þessu plaggi sem hefur verið til umræðu, frhnál. hv. meiri hluta fjárln., er nokkuð fjallað um hið fræga átak í vegamálum. Það heitir framkvæmdaátak vegna atvinnumála. Ég held að það sé full ástæða til þess að bera þær tölur saman við nýdreifða þáltill. um vegáætlun sem liggur fyrir þinginu. Það kemur fram í nál. að það muni eiga að vera um 1.250 millj. kr. framlag vegna sérstaks átaks í vegamálum á árunum 1995–1999. Þegar maður fer síðan að skoða hvernig þessum fjármunum er komið fyrir þá kemur í ljós að á árinu 1995 eru þessir reikningar þannig að það er tekið af mörkuðum tekjustofnum til vegamála 275 millj. kr. í ríkissjóð. Síðan er búið til reikningsdæmi þar sem talað er um að framlag úr ríkissjóði sé 350 millj. og þarf ekki merkilegan útreikning til að sjá að þá mundi framlagið líklega verða 75 millj. en ekki 350 því ríkissjóður hefur tekið til sín 275 millj. af mörkuðum tekjustofnum. Þ.e. af þeim peningum sem komnir eru til Vegasjóðs eiga að koma 310 millj. og lánsfé á að vera upp á 590. Þannig kemur þetta dæmi út. Það er alveg ótrúlegt að sjá hvers konar talnaleikfimi menn stunda í sambandi við þetta vegaátak bara til að slá ryki í augun á fólki og rugla það með tölum. Ég hef út af fyrir sig ekkert á móti því að menn geri sérstakt átak í vegamálum. En við höfum nú farið í gegnum þessar tölur svo oft að ég ætla ekki að fara að gera það núna. Sannleikurinn um hið mikla átak í vegamálum á þessu kjörtímabili er sá að það kemur út þannig að það er mjög lítið eftir af átakinu ef menn reikna með því að markaðir tekjustofnar hefðu verið notaðir til vegamála, því miður. Einfaldlega vegna þess að aðrir útgjaldaliðir sem teknir hafa verið inn í vegamálin, þ.e. rekstur ferja og flóabáta og síðan skerðingarnar í ríkissjóð af mörkuðum tekjustofnum, éta þetta allt saman upp.

Það eru þess vegna ósköp að sjá það að menn skuli sífellt halda áfram að reikna sér einhvers konar stóráták í vegamálum út úr þessum hlutum. Hv. formaður fjárln. hélt því fram í sinni ræðu í dag að framlag til framkvæmda í vegamálum ykist með þessum hætti um u.þ.b. 1 milljarð króna á næsta ári. Ég held að ef menn fara yfir þessar tölur þá hljóti þeir að sjá að það er rangt að halda þessu fram.

Hæstv. forseti. Hefur nokkuð frést af hæstv. iðnrh.?

(Forseti (SalÞ)**:** Hann mun vera að koma en forseti sér það ekki á töflu vegna þess að hæstv. iðnrh. hefur varamann á þingi og situr ekki á þinginu um þessar mundir. Það voru gerðar ráðstafanir til að gera honum viðvart og forseta skilst að hann sé rétt að koma.)

Ég þakka fyrir það, hæstv. forseti. Mér er mjög umhugað um að hæstv. iðnrh. útskýri fyrir hv. þm. með hvaða hætti hann fær jákvæða niðurstöðu út úr tiltektum ríkisstjórnarinnar til lækkunar á húshitunarkostnaði og ég vonast sannarlega eftir því að hann svari spurningum um það.

Hæstv. forseti. Mig langar til að spyrja eftir því hvort hæstv. sjútvrh. sé í húsinu.

(Forseti (SalÞ)**:** Nei hann er ekki í húsinu.)

Ég verð að segja það, hæstv. forseti, að mér finnst það með nokkrum ólíkindum að hæstv. ráðherrar skuli ekki vera viðstaddir og tilbúnir að mæta í þingsalinn til að greiða fyrir þingstörfum. Hér hefur verið talað um að einhvers konar samkomulag svifi yfir vötnunum um að reyna að ljúka þingstörfum. En hæstv. ráðherrar eru ýmist merkimiðalausir á sveimi í einhverjum hliðarsölum og týndir eða ekki í húsinu. Mér þykir það ekki líklegt til þess að greiða fyrir þingstörfum ef ekki er hægt að fá greið svör frá hæstv. ráðherrum við spurningum.

(Forseti (SalÞ)**:** Hæstv. iðnrh. er í húsinu en í augnablikinu er hann upptekinn á fundi en kemur innan skamms inn í þingsalinn. Forseti hefur nú þegar gert ráðstafanir til að gera hæstv. sjútvrh. viðvart um að hans sé óskað hér.)

Hæstv. forseti. Ég hef ekki neina sérstaka ánægju af því að halda hér einhverjar ræður til að drepa tímann. Ég fer fram á að ég fái að fresta ræðu minni og hefja hana aftur þegar hæstv. ráðherrum hentar að mæta í salinn.

Ég ætlaði, hæstv. forseti, að ræða við sjútvrh. nokkuð um þau málefni sem hæst ber núna í sjávarútvegsmálum og sannarlega hefur ekki mikið borist inn á borð hv. þm. Í því plaggi sem við höfum hér til umræðu, þ.e. frhnál. frá meiri hluta fjárln., er talað um að um það bil 20 millj. kr. eigi að fara til þess að koma til móts við aflamarksbáta sem eru undir sex tonnum. Það varð nokkur umræða hér í dag um þessa upphæð vegna þess að hv. fjárln. vildi hafa hönd í bagga með hvernig henni yrði ráðstafað hjá Byggðasjóði og í framhaldi af því urðu nokkur átök. Ég verð að segja alveg eins og er að mér finnst að þarna sé ekki með merkilegum hætti tekið á þeim vanda sem er mikill hjá þeim útgerðarmönnum sem þarna eiga hlut að máli. Ég hefði talið að það hefði þurft að taka allt öðruvísi á þessu máli. Við alþýðubandalagsmenn lögðum reyndar fram frv. til laga í þinginu fyrir nokkrum dögum þar sem lagðar eru fram tillögur um það hvernig eigi að taka á þessu máli. En með þessum hætti held ég að lítill árangur náist. Það virðist eiga að fara í sama gamla farið og hv. stjórnarliðar gagnrýndu mjög í upphafi þessa kjörtímabils, þ.e. að lána mönnum peninga til að reyna að láta þá lifa eitthvað lengur, lengja í hengingarólinni. Það er bæði búið að bjóða mönnum peninga úr Byggðasjóði núna en fyrir nokkru komu einnig yfirlýsingar frá Fiskveiðasjóði um lánafyrirgreiðslu handa illa stöddum fyrirtækjum.

Ég sé, hæstv. forseti, að hæstv. ráðherra er mættur í salinn og mig langar til að biðja hann að svara nokkrum spurningum um það hvernig hann telji að hafi

til tekist með lækkun húshitunarkostnaðar á köldum svæðum í landinu. Það var, eins og ég sagði áðan, hæstv. forseti, eitt af loforðum hæstv. ríkisstjórnar að ná niður húshitunarkostnaði á köldu svæðunum í landinu og efndirnar hafa verið með mjög sérkennilegum hætti svo ekki sé meira sagt. Hæstv. ráðherra lagði það á sig að skrifa grein fyrir nokkru síðan í blað sem a.m.k. sá sem ekki borgar svona reikninga hefði getað misskilið nokkuð illilega. Þar kom fram að það muni vera farið að greiða sem svarar 80% meira niður heldur en áður var í húshitunarkostnaði og ég geri ráð fyrir að sumir hafi a.m.k. skilið það þannig að þarna hafi verið orðið um verulega lækkun á húshitunarkostnaði á köldu svæðunum að ræða. En það er ekki aldeilis þannig. Það mun vera álíka dýrt núna að kynda hús á köldu svæðunum og var þegar hæstv. ríkisstjórn tók við. Kostnaðurinn hefur ekkert lækkað, en það hefur gerst annað. Ríkissjóður er allt í einu farinn að hala inn peninga (**GÁ:** Ekki veitir nú af.) af húshitunarkostnaði í landinu. Síðan er búið til spilverk, greitt inn og út og niðurstaðan er sú að ríkissjóður fær tekjur til sín sem svarar jafnhárri upphæð og hann greiðir í niðurgreiðslur af húshitun.

Þegar hæstv. ríkisstjórn tók við völdum þá var á fjárlögum fyrir árið 1991 262 millj., ef ég man rétt, til niðurgreiðslu á húshitun. Á síðasta ári voru 497 millj. til niðurgreiðslu á húshitun, en á því ári náði ríkisstjórnin í peninga af þessum sömu aðilum sem svarar 400 millj. kr. Þannig að mismunurinn var enginn. Og þessi aukna niðurgreiðsla sem hæstv. ráðherra var að hæla sér af í blaðagrein er núll og hún hefur ekki skilað, reyndar af öðrum ástæðum, lækkun húshitunarkostnaðar á landsbyggðinni eða á köldu svæðunum, eins og menn kjósa að kalla það. Þarna er auðvitað um að ræða afskaplega dapurlega niðurstöðu og ég held að það hljóti að vera til mikillar umhugsunar fyrir hv. þm. sem eru af þeim svæðum þar sem hús eru kynnt með raforku að þurfa nú að mæta í sína heimabyggð og standa frammi fyrir því að það hafi enginn árangur orðið af þessum tiltektum þeirra í sambandi við húshitunarkostnaðinn.

Ég held að menn hefðu átt að hafa það a.m.k. sem markmið, úr því að farið var að innheimta virðisaukaskatt af húshitun, að það yrði þá tekið á þessum málum þannig að það yrði um verulega lækkun að ræða þar sem dýrasta kyndingin er. Það er til stórrar skammar og ég vil að hæstv. ráðherra heyri það, að menn skuli standa í því að innheimta virðisaukaskatt í ríkissjóð af hitaveitum sem eru á hnjánum og eru með mjög dýra gjaldskrá og eru að leita til ríkisins um hjálp, eins og hitaveita Akraness og Borgarfjarðar og fleiri hitaveitur, en eru samt að skila peningum í ríkissjóð. Þetta er ótrúlegt en svona er það nú samt. Og hitaveiturnar allar nánast, allt í kringum landið, eru að borga til ríkissjóðs í virðisaukaskatti. Síðan fara fram endurgreiðslur sem koma út eins og ég lýsti hér áðan.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að fara að teygja lopann hér yfir þessu. Hæstv. sjútvrh. er ekki mættur í salinn. Ég ætla ekki að bíða eftir því að hann komi til umræðunnar. Ég bið þá bara aftur um orðið ef hæstv. ráðherra skyldi láta sjá sig hér. (**Gripið fram í:** Þú mátt ná í hann.) Hann er einhvers staðar að skreyta jólatréð og ég ætla ekki að trufla hann við það. Hæstv. forseti er búinn að senda honum orð. En ég ætla ekki að standa í því að teygja hér tímann. Þeir hafa gert það fyrr í dag, stjórnarliðar, að teygja tímann. Hv. þm. Egill Jónsson gerði það með miklum glæsibrag og ætti hér menn upp úr stólum, hv. þm. Guðna Ágústsson, ásamt fleirum og ærði þingið í langan tíma í dag. Ég ætla ekki að fara að bæta við þann tíma því okkur veitir örugglega ekki af ef við eigum að standa við það samkomulag sem var gert á liðnu kvöldi um að reyna að ljúka þingstörfum fyrir jól.

[21:25]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Vegna ræðu hv. 3. þm. Vesturl. vil ég segja í fyrsta lagi að það er rangt hjá þingmanninum að meiri hluti fjárln. hafi hugsað sér að hafa hönd í bagga með úthlutun þeirra 20 millj. sem gert er ráð fyrir að Byggðastofnun fái til þess að styrkja smábáta á aflamarki. Það er rangt. Hins vegar var gert ráð fyrir að stjórn Byggðastofnunar gerði fjárln. grein fyrir nýtingu þess fjármagns og það er allt annað mál, enda hefur stjórn Byggðastofnunar jafnan verið mjög ötul við að upplýsa landslýð um það hvernig þeir færu með sitt fjármagn. Þannig að þetta var á engan hátt óeðlilegt.

Í hinn stað vil ég segja varðandi húshitunarmálin að þar fór hv. þm. einnig með staðlausa stafi. Staðreyndin er sú að í fjárlagafrv. eru 397 millj. ætlaðar til niðurgreiðslu á húshitun og síðan er í heimild á 6. gr. 50 millj. ætlaðar til þess að bæta við þetta og síðan er gert ráð fyrir samkvæmt því ákvæði að gengið verði til samninga við orkufyrirtæki, þar á meðal Landsvirkjunar, að auka niðurgreiðslur. Þannig að niðurgreiðslur hafa aukist og munu aukast á næsta ári einnig. En það sem var rangt hjá hv. þm. var að hann sagði að ríkissjóður fengi inn í virðisaukaskatti jafnmikið og hann greiddi niður. Við fengum upplýsingar um það í hv. fjárlaganefnd að 400 millj. kæmu inn í virðisaukaskatti af húshitun íbúðarhúsnæðis af öllu landinu. Það verða á næsta ári a.m.k. 447 millj. í niðurgreiðslur og á köldum svæðum er fjarri að það komi öll upphæðin inn í innheimtum virðisaukaskatti. Þannig að það stenst ekki og ég get ímyndað mér að það væri töluvert langt innan við helming af innheimtum virðisaukaskatti sem kæmi af hinum köldu svæðum. Auk þess vil ég minna á að virðisaukaskatturinn leggst jafnt á orkueiningu þannig að það er ekki meiri skattlagning miðað við hærra orkuverð.

[21:27]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég verð því miður að leiðrétta þessar tölur hjá hv. þm. Ég fékk upplýsingar í fjmrn. í dag um að heildar virðisaukaskattur af húshitun sem innheimtur væri væri um 530 millj. kr. og það væru um 130 millj. sem væru endurgreiddar í gegnum virðisaukaskattskerfið þannig að um 400 millj. yrðu eftir í ríkissjóði. Við vitum að það voru tæpar 400 millj. á fjárlögum til niðurgreiðslna þannig að ríkissjóður fer út

úr á núlli fyrir þetta ár sem nú er að líða og hann gerði það líka fyrir síðasta ár. Þannig að þar sluppu menn við niðurgreiðslurnar sem þeir höfðu greitt áður. Og þó svo að nú séu menn að ranka við sér og séu farnir að átta sig á því að þetta geti nú verið býsna hættulegt mál fyrir þá, að hafa ekki staðið sig betur en þetta og setji 50 millj. inn á 6. gr., þá held ég að það sé lítið til að hæla sér af og muni illa duga. En það er þó aldrei of seint að reyna að bæta úr þegar illa hefur til tekist eins og í þessu tilviki.

[21:29]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. staðfesti það sem ég sagði, að um 400 millj. kr. eru innheimtar í heild af íbúðarhúsnæði í virðisaukaskatt. Hluti af því kemur frá orkufyrirtækjum sem ekki eru á hinum köldu svæðum. Þannig að þær rúmlega 400 millj. sem eru notaðar til niðurgreiðslu eru verulega mikið hærri upphæð en sú upphæð sem kemur í innheimtu virðisaukaskatts frá orkufyrirtækjum af hinum köldu svæðum. Þannig að það stenst að öllu leyti það sem ég sagði. En ég held að það sé út af fyrir sig alveg hárrétt sem þingmaðurinn sagði, að betur má ef duga skal. Tilgangurinn með ákvæði í 6. gr. um heimild til fjmrh. um að standa að frekari niðurgreiðslum, er sá að ná meiri og betri árangri og ég get ímyndað mér að hæstv. iðnrh. muni staðfesta það hér á eftir.

[21:30]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að hv. þm. hafi eitthvað misskilið mig ef hann hefur haldið að ég væri að halda því fram að þessi innheimta á virðisaukaskatti af köldu svæðunum dygði fyrir niðurgreiðslunni þar. Það er ekki það sem ég var að segja. Það eru til ódýrar hitaveitur, bæði hér í Reykjavík og líka víðar um landið og þær eru auðvitað að borga inn í þessa jöfnun. Ég er ekkert að setja út á aðferðina sem slíka, ég er bara að setja út á það að ríkissjóður skuli hafa verið látinn sleppa á núlli frá þessu, að menn skyldu hafa innheimt þetta allt saman af hitaveitunum til þess að jafna út og komast ekki lengra áfram en þetta, að vera í sama farinu úr því að allar tekjur voru nú farnar að koma inn með þessum hætti. Það er síðan auðvitað umhugsunarefni hvað menn ætla að gera núna, en ég tek bara undir það og sannarlega ætla ég ekki að draga úr því, að menn komi sér nú af stað í þetta verkefni. En það er ansi seint í rassinn gripið þegar kjörtímabilið er að verða búið að koma þá með góðar og frómar óskir um það að bjarga sér upp úr pyttinum. Það hefði verið ástæða til að taka á þessum málum fyrr og standa við stóru orðin. En betra er seint en aldrei, ég get fallist á það.

[21:31]

Iðnaðarráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mergur málsins er náttúrlega sá að það er nú miklu minni munur á húshitunarkostnaði á köldu svæðunum og húshitunarkostnaði á svæðunum með lágt húshitunarverð heldur en var þegar hv. þm. sem hér talaði áðan hafði áhrif í ríkisstjórn.

Það sem hefur gerst er að niðurgreiðslur ríkisins hafa aukist um u.þ.b. eða að mig minnir, hreinar niðurgreiðslur, yfir 60%. En á sama tíma hefur það gerst að þegar afsláttur Landsvirkjunar var í upphafi þess tímbils 1991 um 11 þús. kr. rúmar á vísitöluhúsið þá er hann nú ekki nema 9 þús. kr. Þannig að það hefur með öðrum orðum dregið úr afslætti Landsvirkjunar til húshitunar á köldu svæðunum á sama tíma og ríkið hefur verið að stórauka niðurgreiðslurnar. Ef Landsvirkjun hefði aukið afslátt sinn í hátt við það sem ríkið hefur aukið niðurgreiðslur sínar þá gæti ég trúað því að það væri u.þ.b. búið að ná því marki sem orkuverðsjöfnunarnefnd setti sér, sem er það að húshitunarkostnaður á köldu svæðunum væri ekki yfir 68 þús. kr. rúmar á ári fyrir vísitöluhús. En það að orkufyrirtækin hafi ekki fylgt ríkissjóði eftir veldur því að það er meiri munur en stefnt var að.

En ég ítreka það, virðulegi forseti, sem er kjarni málsins, að það er nú meiri jöfnuður milli fólks á köldu svæðunum og fólks á ódýru hitaveitusvæðunum, það er minni munur á milli hitunarkostnaðar þessara aðila og miklu minni, meira að segja, heldur en var þegar hv. þm. sem hér talaði áðan hafði áhrif á stjórn landsins.

[21:33]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta er alveg hárrétt hjá hæstv. iðnrh. En það hefur ekki létt mönnum að borga orkureikninginn úti á köldu svæðunum þó hæstv. ráðherra hafi tekist að hækka orkureikninginn hér í Reykjavík og víðar um landið. Það er þannig sem jöfnunin fer fram, með því að hækka fyrst og fremst orkureikninginn hér í Reykjavík og á öðrum stöðum þar sem hitaveita hefur verið ódýrari og það er engin huggun fyrir menn sem eru að borga háa reikninga úti um landsbyggðina. Það var til móts við þá sem þurfti að ganga. Það er þess vegna sem ég er hér að gagnrýna hluti, að það er þar sem mönnum hefur ekki miðað neitt. Og ég tel ekki að aðferðin sem hér hefur verið beitt af hæstv. ríkisstjórn sé sú rétta. Ég held því ekki fram að það hafi ekki mátt setja virðisaukaskatt á húshitunina ef það hefði verið tekið þá á þessum málum með beinum hætti þannig að það hefði þá verið hægt að koma orkukostnaðinum niður í eitthvað sem er viðunandi. Ég tel að það geti hugsanlega verið einhver von í því að fara í viðræður við Landsvirkjun og aðra orkusöluaðila og ég fagna því að hæstv. ríkisstjórn skuli hafa ýtt af stað þeim vagni. En ég get ekki komist hjá því að gagnrýna það að ríkisstjórnin sem fór að hala inn alla þessa peninga í ríkissjóð skuli ekki hafa tekið myndarlegar á niðurgreiðslunni heldur en hún hefur gert.

[21:35]

Iðnaðarráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Jöfnun fyrir milligöngu ríkissjóðs felur alltaf það í sér að flytja fjármuni með einhverjum hætti frá einum til annars. Það er ekki hægt að búa til fjármuni úr loftinu. En ég vil gjarnan taka það fram, virðulegi forseti, að ef flokkur þess hv. þm. sem hér talaði áðan hefði ekki haft þau illvænlegu áhrif sem

hann hefur haft á uppbyggingu orkufreks iðnaðar á Íslandi þá væri verð á raforku núna tugum prósenta lægra heldur en það er. (**SvG:** Svona 30%.) Ætli það hafi nokkur flokkur á Íslandi kostað launamenn og greiðendur raforkureikninga meira en Alþb. Ég býst við því að Alþb. eitt hafi kostað... (**SvG:** Ætli það séu ekki svona 30%.) Já, það er um 30% gæti ég trúað. Það er um 30%. Þannig að hv. þm. Svavar Gestsson veit auðsýnilega hvaða reikninga landsmenn þurfa að borga fyrir stjórnarsetu flokksins sem hann stýrði á sínum tíma. (Gripið fram í.) Það er rétt hjá hv. þm., það kostar landsmenn nú að sá flokkur var á sínum tíma í ríkisstjórn um 30% hærra raforkuverð en ella mundi hafa verið þannig að honum er það mætavel ljóst og það er mjög ánægjulegt (**SvG:** Hvernig ætli þetta sé í Sovétríkjunum?) út af fyrir sig, honum er það mætavel ljóst hvað stjórnarvera flokks hans hefur kostað íslenska neytendur. (**Gripið fram í:** Taktu nú Sovétríkin.) Það var nú einu sinni svo, virðulegi forseti, að það var helsta baráttumál þessa þingmanns að taka upp það kerfi á Íslandi. Hann er nú hættur við það fyrir löngu síðan til allrar guðslukku og farinn að hugsa eftir öðrum leiðum. En það breytir ekki því að það er rétt sem hann sagði, ég staðfesti það, það er rétt að stjórnarvera flokks hans hefur kostað íslenska raforkunotendur 30% í verði. Það er alveg rétt og það er ánægjulegt að hann skuli vita það sjálfur en það er umhugsunarvert að hann skuli ekki hafa neitt samviskubit yfir því heldur skuli hlæja að slíkum málum.

[21:37]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er undarleg þráhyggja hæstv. ráðherra, ég held að þetta sé í þriðja sinn sem hann fer yfir það í andsvari við mig að minn flokkur hafi átt þátt í því að taka ákvörðun um það að byggja Blönduvirkjun sem mun líklega vera rétt en það mun varla hafa verið hlutverk Alþb. að taka eitt um það ákvörðun að byggja þessa miklu virkjun. En það er auðvitað offjárfesting í orkugeiranum sem við erum að glíma við í dag. Ég get svo sem ekkert annað en harmað það að við skulum hafa flýtt okkur um of í þessum orkufreka iðnaði sem menn hafa haft áhuga á í Alþfl. ekki síður en í öðrum flokkum. Ég man ekki betur en það hafi einmitt verið alþýðuflokksmenn sem hafi gengið harðast fram á undanförnum árum í því að stefna að því að byggja álver sem aldrei var til og enn þá virðist vonin vakna öðru hvoru og fara að sprikla í brjóstum þeirra en aldrei verður neitt af. (**GJH:** Sem betur fer.) En því miður, íslenska þjóðin er að borga hærra orkuverð vegna þessara drauma sem ekki urðu að veruleika. Ég tek auðvitað ábyrgð á því eins og hver annar Íslendingur, hins vegar var ég ekki í sölum Alþingis og tók ekki þátt í að taka ákvarðanir en hæstv. ráðherra hefur ábyggilega verið þátttakandi í að taka ákvarðanir um að eyða peningum í undirbúning að orkufrekum iðnaði sem hefur ekki skilað sér enn til baka og það eru ekki litlar fúlgur sem hafa runnið í það á undanförnum árum.

Útbýting þingskjala:

Lágmarksframfærslukostnaður, 330. mál, fsp. KS, þskj. 500.

Leigubifreiðar, 329. mál, stjfrv. (samgrh.), þskj. 499.

[21:40]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég ætla satt að segja ekki að fara sérstaklega út í umræður um þá undarlegu, með leyfi forseta, „hundalógík" sem hæstv. iðnrh. tíðkar þegar kemur að umræðum um raforkuverð í landinu (**Gripið fram í:** Og Sovétríkin.) og það má segja honum til hróss að yfirleitt tekst honum alveg ótrúlega vel að klóra sig fram úr vonlausri stöðu. Hann gerir það fyrst með því að kenna Alþb. um allt sem misfarist hefur í stjórn landsins næstu ár á undan og þegar hann er endanlega orðinn alveg rökþrota og það dugir ekki til þá skreppur hann yfirleitt til Sovétríkjanna og ég sá á honum, hæstv. ráðherra, að honum var heldur farið að förlast áðan þannig að ég hjálpaði honum pínulítið og sá að að lokum fann hann sjálfan sig. Þann gamla, með leyfi að segja, góða Sighvat Björgvinsson sem ævinlega var á Volgubökkum þegar var þröngt í rökþrotabúinu hjá honum eins og stundum gerist á þessum árstíma.

Það sem ég ætlaði hér að ræða, hæstv. forseti, voru nokkur atriði varðandi fjárlagafrv. almennt og síðan einstakar brtt. sem ég flyt. Mér þætti vænt um ef hæstv. fjmrh. gæti verið viðstaddur umræðuna. Ég ætla fyrst að víkja máli að hæstv. iðnrh.

Þannig háttar til að á þessu ári hefur verið um að ræða svokallaða jöfnunaraðstoð í skipasmíðaiðnaði. Þessi jöfnunaraðstoð hefur skilað mjög miklum árangri, hún hefur að vísu kostað dálitla peninga, sennilega um 60 millj. kr. ef ég man rétt í tveimur áföngum en það er ekki nokkur vafi á því að þessi jöfnunaraðstoð var mjög skynsamleg aðgerð af ríkisstjórninni til þess að tryggja það að skipasmíðaiðnaðurinn tórði, svo ég segi nú ekki meira. Niðurstaðan hefur orðið sú að menn hafa getað haldið hér inni í landinu verkefnum fyrir skipasmíðaiðnaðinn sem annars hefðu lent annars staðar. Þetta þekkja t.d. þingmenn Vesturl. ágætlega að því er varðar skipasmíðastöðina á Akranesi og þetta þekkja þingmenn Norðurl. e. ágætlega að því er varðar skipasmíðastöðina á Akureyri.

Nú háttar hins vegar svo til að í frv. til fjárlaga sé ég ekki að það sé gert ráð fyrir þessu með þeim hætti sem menn höfðu búist við. Þess vegna flyt ég hér tillögu um það að það verði veittir fjármunir í skipasmíðar á næsta ári með þessum hætti, þ.e. jöfnunaraðstoð í skipasmíðum með tilliti til þess að Evrópusambandið hefur ákveðið að framlengja styrkjapólitík sína í skipasmíðum á næsta ári. Það er þess vegna nauðsynlegt fyrir okkur að undirbúa okkur sérstaklega undir þennan veruleika, þá staðreynd að á næsta ári má gera ráð fyrir því að samkeppnin verði einnig hörð við niðurgreiddan skipasmíðaiðnað í grannlöndum okkar. Þess vegna flyt ég þessa tillögu og ég rökstyð hana nákvæmlega eins og hæstv. iðnrh. gerði fyrr á þessu ári þegar hann sagði: Framlag þetta skilar sér í margföld-

um tekjum til ríkissjóðs, margföldum, beinum og óbeinum tekjum. Bæði í beinum og óbeinum sköttum.

Ég fullyrði það, hæstv. forseti, að möguleikar af þessu tagi af hálfu iðnrn. geta ráðið úrslitum um það hvort við höfum skipasmíðaiðnað á Íslandi í lok niðurgreiðslutímabils Evrópusambandsins í skipasmíðum á næsta ári eða ekki. Þannig að ég vil spyrja hæstv. iðnrh. hvað hann hyggst gera í þessum málum, hvernig hann sér það fyrir sér að á þessum málum verði tekið og hvort það er samstaða með honum og hæstv. fjmrh. um það hvernig verður tekið á þessum málum.

Í öðru lagi, hæstv. forseti, ætla ég síðan að víkja almennt að fjárlagafrv. og leggja fyrir hæstv. fjmrh. spurningu. Hún er þessi: Hvað heldur hæstv. fjmrh. að íslenska ríkið hafi skuldað mikið, þ.e. A-hluti ríkissjóðs, í lok síðasta árs? Og hvað telur hann líklegt að hafi bæst við í ríkisreikningi þegar hann verður settur saman fyrir árið 1994? Hvað telur hann líklegt að komi upp sem hallatala og þar með viðbótarskuld fyrir ríkissjóð fyrir árið 1995 samkvæmt því fjárlagafrv. sem hér liggur fyrir?

Ég held að menn þurfi að gera sér grein fyrir því að í þessum efnum er ekki allt sem sýnist því þó að hallatala fjárlagafrv. eins og hún lítur út núna sé sögð vera tiltekin upphæð þá er alveg ljóst að þegar þessi halli verður kominn inn í ríkisreikninginn fyrir 1995 verður hann miklu meiri. Ég ætla að nefna tvær tölur til sannindamerkis um það.

Ég nefni í fyrsta lagi liðinn 09-381 sem heitir Uppbætur á lífeyri og er 890 millj. kr. sem eru uppbætur ríkissjóðs á lífeyri opinberra starfsmanna á árinu 1995. Þegar þessi tala verður komin í ríkisreikninginn 1995 verður hún ekki 890 millj. heldur verður hún sennilega 2,5–3 milljarðar kr. Og af hverju er það? Það er vegna þess að í ríkisreikningnum er búið að færa upp allar lífeyrisskuldbindingar ríkisins þannig að þessi tala hækkar mjög verulega, sennilega um 1,5 milljarða kr. frá fjárlögum til ríkisreiknings fyrir árið 1995. Þetta er veruleikinn, þetta er svona.

Til að sanna þetta dæmi ætla ég að nefna hv. þingmönnum það að í ríkisreikningnum fyrir árið 1993 er þessi tala um 2,5–3 milljarðar kr. þó hún sé aðeins um 900 millj. í fjárlögunum sjálfum. Þetta er vegna þess að fjárlög og ríkisreikningur eru færð upp á mismunandi grunni sem menn eru að taka á í ríkisreikningsnefnd sem hefur núna nýlega skilað áliti og er það vel. En þetta sýnir það að þessar hallatölur eins og þær koma fram í fjárlagafrv. hjá hæstv. fjmrh. eru algjörlega marklausar vegna þess að ríkisreikningurinn mun skrifa þessar tölur upp á fleiri milljarða kr. til viðbótar við það sem stendur hér inni.

Ég ætla að nefna annað dæmi. Ég nefni liðinn 09-801 sem heitir Ýmis lán ríkissjóðs, vextir. Þar er tala upp á 12 milljarða kr. Þar er auðvitað um að ræða það sem menn gera ráð fyrir að komi til greiðslu af vöxtum og afborgunum á árinu 1995. En þessi tala er ekki öll þar sem hún er séð heldur vegna þess að þegar hún kemur í ríkisreikning þá verður búið að færa upp allar skuldir ríkisins þannig að hún mun væntanlega, ef ég miða við árið 1993, ekki vera 12 milljarðar kr. heldur giska ég á að hún verði milli 15 og 16 milljarðar kr.

Með öðrum orðum, hæstv. forseti, þessar tvær tölur sem ég hef hér nefnt munu hækka halla ríkissjóðs frá fjárlögum til reiknings upp á 4–5 þús. millj. kr. af því að annað er gert upp á rekstrargrunni og hitt er gert upp á greiðslugrunni. Þessi veruleiki, hæstv. forseti, er hins vegar þannig að ég efast um að þingmenn hafi hann yfirleitt í huga þegar þeir eru að afgreiða þessi gögn sem þeir þyrftu þó að hafa.

Af þessum ástæðum er það, hæstv. forseti, sem ég giska á að heildarskuld A-hluta ríkissjóðs í lok ársins 1993 sé 175 milljarðar kr. og að í lok þessa árs sé þessi tala að sjálfsögðu allmiklu hærri. Ég þori ekki að giska á neina ákveðna tölu í þeim efnum en mér sýnist líklegt að á þeim tíma sem hv. þm. Friðrik Sophusson hefur gegnt embætti fjmrh. hafi skuldir A-hluta ríkissjóðs aukist um u.þ.b. 45–50 þús. millj. kr.

Nú geta menn í þessu sambandi haft hlutina í flimtingum eins og stundum er gert úr þessum ræðustól og sagt sem svo að þessi hæstv. ráðherra setti sér það mark að ná þessu niður í núll á kjörtímabilinu. Það er auðvitað eins og hvert annað háðsmerki á bakinu á honum en það er alveg fáránlegt að fara að rifja þá sögu upp út af fyrir sig. Veruleikinn er þessi og staðreyndin er náttúrlega sú að menn hafa ekki fylgt neinni stefnu í ríkisfjármálum í raun og veru. Það hefur ekki verið fylgt neinni heildarstefnu í ríkisfjármálum fyrst og fremst vegna þess að mínu mati að í staðinn fyrir að halda utan um hlutina á einum stað, án þess að ég sé að hvetja til meiri miðstýringar en nú er um að ræða, þá hefur einstökum ráðherrum verið ætlað að framkvæma fjárlögin á rammagrundvelli sem hefur verið ákveðinn á hverju sumri og það hefur orðið til þess að hver ráðherra hefur lent í því að bera ábyrgð á sínu ráðuneyti og fjmrn. hefur ekki haldið mjög mikið utan um þau mál eða ekki á sama hátt og áður. Niðurstaðan hefur orðið sú að tvö ráðuneyti hafa skilað sparnaði í sögu núv. ríkisstjórnar, raunsparnaði. Það er annars vegar menntmrn. sem hefur skilað raunsparnaði, aðallega á Lánasjóði ísl. námsmanna og hins vegar landbrn., aðallega vegna búvörusamningsins eins og hann var gerður á sínum tíma. En þegar kemur hins vegar að því að menn velti fyrir sér í þessu sambandi heilbrrn. þá kemur það athyglisverða út að þó svo að gjöld á einstaklinga hafi hækkað eins og allir vita, t.d. fyrir lyf, þá hefur raunkostnaður í heilbrigðisþjónustunni, t.d. á spítölunum, breyst ótrúlega lítið frá 1991 til ársins 1994 eða fjárlagafrv. 1995. Ótrúlega lítið. Ég fékk tölur yfir þetta frá Ríkisendurskoðun sl. sumar og þá sýnist mér að raunsparnaður á spítalarekstrinum í landinu, sem ég man nú satt að segja ekki í bili hvað er hár, ég man ekki þá tölu nákvæmlega, en mér sýndist að raunsparnaður á spítölunum í landinu væri um 800 millj. kr. frá reikningi 1991 til fjárlaga 1994 og frv. 1995, en þá lágu úti hallatölur og rekstrarvandamál stóru spítalanna upp á svipaða tölu. Þannig að þegar ég skoðaði þessa tölu þá sýndist mér að ekki væri hægt að tala um neinn raunsparnað í spítalarekstrinum, þvert á móti, því að til viðbótar við þessi útgjöld

ríkisins hafa sjúklingarnir verið látnir borga meira en áður.

Það sem ég er að segja með þessu er það, hæstv. forseti, að fjmrn. hefur ekki haft yfirsýn yfir þá hluti sem snúa að heilbrrn. Heilbrrn. hefur komist upp með það allt kjörtímabilið að plata fjmrn. upp á milljarð á ári að meðaltali í hverju fjárlagafrv. og það gæti ég rakið hér nákvæmlega ef menn vildu. Og það er auðvitað dálítið umhugsunarefni, hæstv. forseti, þegar upp er staðið fyrir hæstv. fjmrh., sem skilar þannig búi að hann hefur aukið skuldir ríkisins um 40–50 þús. millj. kr. Það er dálítið mikið, hæstv. forseti, þegar þess er gætt hver okkar staða er að öðru leyti.

Þetta vildi ég láta koma hér fram vegna þess að ég tel að það afhjúpi það að þær aðferðir sem notaðar hafa verið í ríkisfjármálum á þessu kjörtímabili hafa mistekist. Þær hafa engum árangri í raun og veru skilað í því að halda betur utan um ríkisfjármálin. Og sparnaðarköstin sem menn hafa fengið hafa farið allt of seint af stað og menn hafa oft verið að spara eyrinn og kasta krónunni. Gott dæmi um það er t.d. Háskóli Íslands. Þar eru menn að spara eyrinn og kasta krónunni. Það er alveg ljóst að niðurskurður hjá Háskóla Íslands, eins og gert er ráð fyrir í fjárlagafrv., þýðir verri afkomu ríkissjóðs — ekki á næsta ári, heldur eftir nokkur ár, kannski 5 ár eða 10 ár eða 15 ár. Það er líka augljóst mál að það að láta skipasmíðaiðnaðinn hrynja þýðir verri afkomu ríkissjóðs þegar fram í sækir. Þannig að það verða auðvitað að vera tengsl á milli virkrar atvinnustefnu annars vegar og stefnunnar í ríkisfjármálum hins vegar.

Virðulegi forseti. Þetta vildi ég láta koma hér fram og bæta þá í þriðja lagi við nokkrum þáttum varðandi einstök atriði sem hér hafa komið til umræðu og segja það að ég tel að það væri skynsamlegt miðað við þær upplýsingar sem ég hef fengið frá hæstv. fjmrh. og starfsmönnum hans, að hv. 12. þm. Reykv. drægi til baka tillögu sína, sem eru að vísu flutt við fjáraukalagafrv., um 85 millj. úr Erfðafjársjóði í Framkvæmdasjóð fatlaðra. Ég teldi að það væri slæmt fyrir málaflokkinn ef þessi tillaga kæmi hér til afgreiðslu og yrði felld, en reyndar líka ef hún yrði samþykkt, vegna þess fyrst og fremst, hæstv. forseti, að þá væru menn að festa þá tölu, gefa sér og festa þá tölu sem ætti að koma inn í Framkvæmdasjóð af erfðafjárskatti. Þess vegna mundi ég beina því til hv. 12. þm. Reykv. ef hún væri hér að hún dragi þessa tillögu til baka. Ég tel óskynsamlegt að láta hana koma til atkvæða. Ég ætla ekkert að segja til um það hvort mér finnst óskynsamlegt að tillagan hafi verið flutt út af fyrir sig, en ég tel óskynsamlegt að láta hana koma til atkvæða.

En úr því að ég nefni þennan málaflokk þá verð ég segja það að ég er afar sáttur við afgreiðslu fjárln. að því er varðar þjónustu við fatlaða hér í Reykjavík og ég tel ástæðu til að þakka fyrir það. Ég sagði reyndar við sjálfan mig þegar ég sá þessar tillögur að það væri skynsamlegt að hafa kannski bara fjórar eða fimm umræður um þetta frv. því að að hefur heldur batnað ef eitthvað er, hægt og bítandi og gæti út af fyrir sig, ef svigrúm væri til þess í þingsköpum, lagt til að það færi til 4. umr. eftir þá sem hér fer fram, en ég reikna nú ekki með að menn samþykki það. En ég tel í alvöru og einlægni sagt að þetta sé mikilvægt sem fjárln. hefur afgreitt og ég tel fulla ástæðu til þess að nefna það hér. Þó að ég viti að lofið hittir meirihlutamenn fyrir líka þá blygðast ég mín ekkert fyrir það, svo skrýtið sem það kann nú að virðast.

Ég vil einnig segja það að ég er afar sáttur við það að sjá hér listskreytingasjóð aftur. Ég get ekki neitað því, mér þótti heldur vænt um það. Og þó að þetta séu bara 4 milljónir þá þótti mér það eiginlega miklu betra. Þannig að það eru að sjálfsögðu ýmsir ljósir punktar í þessu öllu saman. Hins vegar verð ég að játa það að ég harma það að menn skuli ekki hafa litið á þessi mál með línuhraðalinn á Ríkisspítölunum og ég vil spyrja hæstv. fjmrh. og hv. fjárlaganefndarmenn að því hvort þeir hafi eitthvað skoðað þessi mál á milli umræðnanna sem snerta línuhraðalinn. Kóbalttækið er ónýtt, það er hættulegt. Menn eru hættir að framleiða í það varahluti. Það er stórhættulegt tæki. Línuhraðallinn er gamall líka og það að endurnýja þetta tæki kostar 50–60 millj. kr. Ríkisspítalarnir eru tilbúnir til þess að standa þannig að þessu verki að útborgun í þessum tækjum yrði á þessu ári 25–30 millj. kr. og á næsta ári eitthvað svipuð tala, þ.e. á árinu 1996. Ég vil eindregið fara fram á það við hv. fjárlaganefndarmenn að þeir fjalli aðeins um þetta í máli sínu núna eða einhvern tíma á eftir, hvernig þeir sá það fyrir sér að Landspítalinn taki á þessu máli. Ég er ekki út af fyrir sig að gera kröfur til þess að Landspítalinn fái alla þessa peninga til viðbótar við þá miklu fjárlagatölu sem Landspítalinn hefur. Ég geri mér grein fyrir því að það er ekki einfalt mál, sérstaklega eftir að þetta svokallaða samkomulag var gert, sem er náttúrlega ekkert samkomulag. Þannig að ég geri mér grein fyrir því að málið er ekki alveg einfalt. En ég fer fram á það að hv. fjárlaganefndarmenn og hæstv. fjmrh. fari nokkrum orðum um það hvernig þeir sjá það fyrir sér að Landspítalinn endurnýjaði þetta tæki því að hann verður að gera það. Það vita það allir og ekki síst hæstv. fjmrh. sem var um fjögurra ára skeið formaður stjórnarnefndar Ríkisspítalanna.

Auðvitað er það alveg greinilegt, hæstv. forseti, að afgreiðslan á Ríkisspítölunum er alveg svakaleg. Ég verð að játa það að ég hef miklar áhyggjur af þeirri stöðu. Mér sýnist að það sé verið að taka Ríkisspítalana niður í rekstri um 250–300 millj. kr. Það er verið að fækka hjartaaðgerðum úr 290 í 250 sýnist mér á þessum tölum og heyrðist mér í ræðum hér í dag. Þannig að það er greinilegt að það verður nokkuð snúið að eiga við þetta. Forráðamenn Ríkisspítalanna hljóta að velta því fyrir sér, ef þeir eiga að ná rekstrinum niður um 300 millj. kr., þá hljóta þeir að velta því fyrir sér að segja upp fólki í stórum stíl. Ég vil spyrja hæstv. fjmrh. að því: Reiknar hann með því að Ríkisspítalarnir segi hér upp 200–300 manns frá og með áramótum eða þannig að uppsagnirnar fari að telja frá og með áramótum, því ef uppsagnir eiga að skila einhverjum sparnaði í rekstri þá þarf að taka ákvarðanir um það strax. Eða hvað það eru heilbrrh. og fjm-

rh. gera ráð fyrir í sambandi við Ríkisspítalana. Eru það 200–300 manns sem menn eru að tala um að fækka um á Ríkisspítölunum á næsta ári með þessum tölum sem þarna eru inni? Ég held að þær séu alveg óskaplega lágar og hættulegar eins og þær þarna líta út.

Ég ætla ekki að fjölyrða um þetta frekar, en ég sé, hæstv. forseti, mér til mikillar ánægju þskj. 490, en það eru tillögur þeirra þingmanna Framsfl. Hv. þingmenn Framsfl. hafa ákveðið að flytja hér tillögu og ég gat þess í vissum fjölmiðli hér á dögunum, sem vakti alveg brjálæðislega hrifningu í Framsfl., að ekki sé meira sagt, (**Gripið fram í:** Söguleg stund.) söguleg stund, þá gat ég þess að Framsókn hefði ekki flutt neinar tillögur og ekki heldur stutt neinar tillögur. Nú hefur Framsókn lagt af stað og flutt hér ýmsar tillögur, m.a. tillögur sem voru að einhverju leyti felldar við 2. umr., en það er ágætt. Þannig að ég vil taka það fram að ég fagna því alveg sérstaklega að jafnvel Framsfl. er á réttri leið og þá er nú ástæða til þess að horfa með björtum huga og jákvæðum til framtíðarinnar.

Hæstv. forseti. Ég hef lokið máli mínu og beindi nokkrum spurningum til hæstv. ráðherra og hv. þingmanna í fjárln., ef þeir vildu vera svo vinsamlegir að svara þeim.

[22:01]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er aðeins um eitt atriði sem kom fram í ræðu hv. þm. Það varðar halla á ríkissjóði, greiðsluhalla og reikningshalla. Ég vil taka eftirfarandi fram.

Fjárlög eru gerð upp á greiðslugrunni, sýna sjóðsstreymi, og það liggur nú fyrir væntanlega að í fyrsta skipti í langan tíma verður halli á fjárlögum yfirstandandi árs lægri heldur en var í fjárlögunum sjálfum, þ.e. halli ríkisfjármálanna. Í öðru lagi var breytt reikningsaðferð í uppgjöri ríkisreiknings árið 1989 og þá voru skuldir ríkisins færðar upp um eina 60–70 milljarða. Það þýddi auðvitað ekki að halli á því ári hefði verið 60–70 milljarðar heldur var þetta bara breyting á reikningsuppgjöri. Ég á von á því að ef við tökum mun á skuldum og eignum, eins og þær eru færðar upp í ríkisreikningi, þá sýni höfuðstóllinn skuldir upp á 178 milljarða í lok sl. árs. Það er eitthvað þar um bil þegar búið er að taka tillit til hvors tveggja eins og það er fært upp í ríkisreikningi.

Ríkisreikningsnefnd komst að niðurstöðu fyrir skömmu, hefur gefið út bók um það hvernig færa skuli ríkisreikning í framtíðinni, fjárlög og reyndar fjáraukalög. Allir voru sammála og ég tel að þetta starf komi til með að skila miklu í framtíðinni og geri mér vonir um að svo verði að sjálfsögðu.

Það sem hins vegar er erfitt í þessum málum er það að það skortir að færa upp eignir og þegar rætt er um halla þá kemur t.d. í ljós að breyttar uppgjörsreglur geta vegið heilmikið. Ég nefni dæmi á sl. ári þegar breyttar uppgjörsreglur leiddu til þess að niðurfærsla skattkrafna varð 2,7 milljarðar og dráttarvaxtaniðurfærsla um 1,4 milljarðar, bara vegna breytinga á uppgjöri sem sýnir auðvitað að það er varhugavert að taka eitt ár út úr því að það getur vel verið að ein slík breyting eigi rætur að rekja til þess sem hefur gerst á mörgum árum.

Þess vegna bið ég hv. þingmenn að taka með varúð þegar menn koma upp og eru að tala jöfnum höndum annars vegar um greiðsluhalla og hins vegar um reikningshalla.

[22:04]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir þetta svar. Hann staðfesti að skuld A-hluta ríkissjóðs í lok ársins 1993 væri væntanlega um 178 milljarðar kr. og spurningin sem ég bar fyrir hann var síðan í framhaldi af því: Hver má þá ætla að hún sé í lok ársins 1994 og hver má ætla að hún verði í lok ársins 1995 miðað við þær forsendur sem nú liggja fyrir? Ég leyfði mér að giska á að samkvæmt þeim tölum sem væntanlega kæmu út úr þeirri athugun þá hefðu skuldir A-hluta ríkissjóðs aukist í tíð núv. hæstv. fjmrh. um 45–50 milljarða kr. Ég spyr hæstv. ráðherra: Hvað telur hann líklegt að skuldir ríkissjóðs hafi aukist mikið í hans tíð til loka ársins 1994 og hvað telur hann líklegt að bætist við í fjárlögum ársins 1995 sem hann ber auðvitað ábyrgð á eins og þau standa nú?

[22:05]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Eins og ég var að reyna að skýra út áðan þá er dálítið erfitt að svara þessari spurningu vegna þess að ríkisreikningur er gerður upp með öðrum hætti en fjárlög og þegar niðurstöðutölur að ríkisreikningi eru skoðaðar þá er búið að taka tillit til alls kyns atriða sem færast á efnahagsreikning. Það sem gerir þetta enn þá erfiðara er það að eignir ríkisins eru færðar upp með öðrum hætti en t.d. gerist hjá einkafyrirtækjum því að það er mjög erfitt að verðleggja t.d. vegi og samgöngumannvirki ýmiss konar. Þess vegna kemur það t.d. ekki ríkinu til tekna sem eignamyndun að við skulum setja meira til vegamála heldur en áður. Þessari spurningu get ég ekki svarað en ég get vel ímyndað mér að samkvæmt ríkisreikningi munu skuldir, þ.e. skuldir umfram eignir, aukast kannski um 40–50 milljarða á yfirstandandi kjörtímabili en þá getum við borið saman við tölur sem eru yfir 100 milljarðar á síðasta kjörtímabili einfaldlega vegna þess að breytingarnar sem eru á efnahagsreikningi eru með þeim hætti að það er ekki nokkur leið að bera þetta saman. Það sem skiptir hins vegar máli og við höfum einn mælikvarða í gegnum árin er að skoða hlutina á greiðslugrunni, sjóðsstreymið eins og við höfum gert í gegnum tíðina og það er einfalt. Þá kemur í ljós og það er kannski mergurinn málsins að bæði tekjur og gjöld sem hlutfall af landsframleiðslu eru á yfirstandandi ári og líklega því næsta lægri en var árið 1991 á því ári sem þessi ríkisstjórn tók við og það er viðmiðun sem flestir þekkja.

[22:07]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir

þessi svör. Þau út af fyrir sig staðfesta bara það sem má segja að liggi í augum uppi að skuldirnar á A-hluta ríkisreikningsins hafa aukist um 40–50 milljarða kr. í hans tíð. Það eru alveg gríðarleg tíðindi fyrir varaformann Sjálfstfl. vænti ég og kjósendur hans líka.

[22:07]

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil í upphafi máls míns þakka hv. 9. þm. Reykv. fyrir falleg orð í garð okkar meirihlutamanna í fjárln. og væntanlega í garð allrar fjárln. Við erum þessa dagana ekki vanir því að fá mikið hrós úr þessum stóli og þar af leiðandi þykir okkur lofið gott þó að geti auðvitað verið svolítið tvíeggjað að það komi frá hv. 9. þm. Reykv., alla vega okkur meirihlutamennina. (**GJH:** Njótið þið þess bara.) En við reynum auðvitað að njóta þess eins og við mögulega getum yfir jólahátíðina alla vega á sama hátt og við reynum að skoða þau mál sem til okkar er vísað og leysa úr þeim að bestu getu.

Hv. þm. nefndi einnig þau mál er varða Ríkisspítala og sérstaklega hvað varðar tækjabúnað. Um þau mál er það að segja að við könnumst vel við þau, við höfum fengið erindi þess efnis og vorum með þau mál til athugunar. En á meðan á þeirri athugun stóð var gert samkomulag milli stjórnenda Ríkisspítalanna, heilbrrh. og fjmrh. eða nánast var undirritaður samningur um hvernig fjármögnun Ríkisspítalanna skyldi háttað á næsta ári og reyndar hvernig leyst skyldi úr fjárhagsvanda spítalans á yfirstandandi fjárlagaári. Við gátum þar af leiðandi þegar þessi samningur var sendur til okkar ekki litið öðruvísi á heldur en þetta væru sameiginlegar fjárveitingabeiðnir þessara þriggja aðila til handa Ríkisspítölunum og þar með væri öðrum beiðnum ýtt út af borðinu. Og ég hlýt því að gera ráð fyrir því að þeim vandamálum, sem hv. 9. þm. Reykv. nefndi, hafi stjórnendur spítalans hugsað sér að sjá fyrir á annan hátt en með þeim fjárveitingum sem við vorum beðnir um.

[22:10]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. 3. þm. Reykn. fyrir svörin og er alveg viss um að hann hefur veitt þau miðað við allar aðstæður rétt og sönn. En veruleikinn sem við Ríkisspítölum blasir er þessi: Það vantar þarna í reksturinn sennilega 250–350 millj. kr., bara miðað við óbreyttan rekstur vegna þess að þó að það sé verið að tala um að fjárlagafrv. tryggi eins og það lítur út núna óbreyttan rekstur þá er það ekki alveg rétt því að þá eru menn að ganga út frá því að stíga á bremsurnar talsvert mikið á Ríkisspítölunum á næsta ári, m.a. að því er varðar hjartaskurðlækningar. Það er verið að gera ráð fyrir því að fækka hjartaskurðlækningum úr 290 í 250 og það á að spara 50 millj. kr. ef ég man rétt. Ég er því alveg viss um að ef Ríkisspítalarnir eiga að reka sig með þessum peningum á næsta ári þá verður að loka þar einhverjum deildum og segja upp talsverðum fjölda fólks eins og þetta lítur út núna nema menn hafi einhver önnur ráð sem ég hef ekki áttað mig á.

Í öðru lagi liggur það líka fyrir að línuhraðallinn og kóbalttækið eru ekki í góðu lagi, það gengur ekki að hafa þetta svona. Það er slæmt fyrir heilbrigðisþjónustuna á Íslandi að það spyrjist að hlutirnir séu ekki í nógu góðu lagi og ég veit að það er alveg hægt að treysta þeim mönnum og þeim tækjum sem þarna eru eins og sakir standa, en málin eru komin á hættulegt stig og þess vegna tel ég að það sé óhjákvæmilegt að taka núna ákvörðun um það snemma á næsta ári að kaupa línuhraðal til landsins sem kemst í gagnið í byrjun ársins 1996 og þess vegna legg ég á það áherslu að það mál fái einhverja afgreiðslu hér í þessari virðulegu stofnun áður en hún fer heim í jólaleyfi.

[22:12]

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er sannfærður um það að hv. 9. þm. Reykv. mælir hér af heilindum þegar hann ræðir um áhyggjur sínar yfir fjármálum Ríkisspítalanna. En ég hlýt að álykta sem svo að þeir forsvarsmenn spítalans sem undirritað hafa samkomulag eða samning við heilbrrh. og fjmrh. geri sér fullt eins góða grein fyrir stöðu mála hjá spítölunum og þeir telja að sú hækkun sem spítalarnir fá á árinu 1994 og síðan á árinu 1995 muni duga til þess að reka spítalann eins og til er ætlast. Ég efast heldur ekkert um það að hann hefur lög að mæla þegar hann ræðir um tækin á Landspítalanum, sérstaklega kóbalttækið og línuhraðalinn, og ég hlýt einnig að álykta sem svo að forsvarsmenn spítalans hafi einhverja áætlun um það hvernig þeir ætli að leysa þetta mál miðað við það samkomulag sem þeir hafa undirritað. Ég hlýt að gera ráð fyrir því að embættismenn eða forsvarsmenn slíkrar stofnunar séu það ábyrgir fyrir því sem þeir gera og því sem þeir undirrita að þeir geri sér þetta ljóst og þeir ætli sér að ráða fram úr þessu innan þess ramma sem þeir hafa samþykkt.

[22:13]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alveg rétt að þarna hefur verið gert samkomulag. En ég hef tekið eftir því að t.d. hv. þm. Guðmundur Bjarnason sem á sæti í stjórnarnefnd Ríkisspítalanna segir: Samkomulagið var ekki gert við okkur. Það var gert á milli heilbrrn. og fjmrn. auk þess sem það samkomulag er um rekstur en ekki meiri háttar tækjakaup og þess vegna held ég að það sé ekki hægt að ætlast til þess að menn hafi séð fyrir þessum stóru tækjakaupum í því samkomulagi sem þarna er verið að tala um sem er auðvitað ekki nema að hluta til samkomulag. Ef það er rétt að stjórnarnefnd Ríkisspítalanna og yfirstjórn spítalanna að öðru leyti hafi ekki komið nálægt málinu þá er þetta ekki nema hálft samkomulag.

Útbýting þingskjals:

Fjárlög 1995, 1. mál, brtt. fjmrh., þskj. 501.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 501. — Afbrigði samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, BIB, EH, EKG, FI, GHH, GE,

GÁS, GJH, GHelg, HÁ, HBl, IP, JÁ, JóhS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, KS, MB, ÓE, PP, RA, SigG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.

27 þm. (ÁJ, DO, EgJ, EKJ, FrS, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GunnS, HG, IBA, JE, JGS, JBH, LMR, MF, ÓRG, PJ, PBald, PBj, RG, SalÞ, SAÞ, SP, StG, VE) fjarstaddir.

[22:16]

Iðnaðarráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegur forseti. Ég vil strax nota tækifærið til þess að greina frá málefnum skipaiðnaðarins af því að þau hefur þegar borið á góma og ég tel rétt að greina frá þeim áður en lengra er haldið með umræðuna. Ég tek undir með hv. 9. þm. Reykv. í því sem hann sagði hér áðan að þessar aðgerðir sem ríkisstjórnin greip til í málefnum skipasmíðaiðnaðarins á árinu sem er að líða skiluðu mjög góðum árangri. Það var ekki aðeins um að ræða niðurgreiðslur á meiri háttar viðgerðarefnum heldur einnig styrki til þróunar- og markaðsrannsókna og til hagræðingaraðgerða og þetta hefur allt skilað sér mjög vel. Nú stendur yfir athugun á áhrifum jöfnunaraðgerðanna. Sú athugun fer fram undir forustu Þjóðhagsstofnunar með aðild iðnrn. og fjmrn. Því miður liggja ekki enn fyrir niðurstöður af þeirri athugun en ég er ekki í neinum vafa um það og er sammála hv. þm. um það að sú niðurstaða mun leiða í ljós að þessar aðgerðir voru jákvæðar og skiluðu verulegum fjármunum til þjóðarbúsins.

Þann 1. jan. 1995 tekur hins vegar 7. tilskipun Evrópusambandsins um skipasmíðar gildi á Evrópska efnahagssvæðinu öllu. Tilskipun þessi varðar niðurgreiðslur vegna nýsmíða, breytinga og viðgerða á skipum. Tilskipunin heimilar að veita styrki til skipaeigenda sem hér segir:

Vegna nýsmíða skipa undir 100 brúttórúmlestum: Enginn styrkur.

Vegna nýsmíða skipa yfir 100 brúttórúmlestum:

Ef smíðasamningur er undir 10 millj. ECU eða undir 850 millj. ísl. kr., þá er heimilt að veita styrki sem nema 4,5% af fjárhæðinni.

Ef smíðasamningur er yfir 10 millj. ECU eða yfir u.þ.b. 850 millj. ísl. kr. er heimilt að veita styrki sem nema 9% af samningsfjárhæðinni.

Breytingar á skipum undir 1.000 brúttórúmlestum að stærð. Þar er ekki heimilt að veita neina styrki.

Breytingar á skipum yfir 1.000 brúttórúmlestir að stærð. Þar er heimilt að veita 4,5% styrki.

Viðgerðir á öllum skipum. Þar er ekki heimilt að veita neina styrki.

Breytingar á skipum yfir 1.000 brúttórúmlestir að stærð. Þar er heimilt að veita 4,5% styrki.

Viðgerðir á öllum skipum. Þar er ekki heimilt að veita neina styrki. Að auki tekur tilskipunin til fjárfestingar og hagræðingarstyrkja til skipasmíðastöðva en þar er meginreglan sú að slíkir styrkir mega ekki verða til að auka afkastagetu í greininni.

Þau ríki sem ekki nýta sér ofangreinda heimild til niðurgreiðslna geta á hinn bóginn krafist niðurfellinga á styrkjum til einstakra verkefna sem eru í samkeppni við skipaiðnað í viðkomandi ríki. ESA eða Eftirlitsstofnuninni er ætlað að hafa skjótt og öflugt eftirlit með því á EFTA-svæðinu að með slíkum kröfum sé tafarlaust orðið. Með þessu fyrirkomulagi er tryggt að skipaiðnaður á öllu EES-svæðinu búi við sömu samkeppnisaðstöðu hvort sem viðkomandi ríki beitir niðurgreiðslum eða ekki.

Flest ríki á EES-svæðinu áforma að nýta sér umrædda heimild til niðurgreiðslna í skipasmíðaiðnaði. Ríkisstjórnin mun tryggja að íslenskur skipaiðnaður búi við fullt jafnrétti gagnvart samkeppnisaðilum á Evrópska efnahagssvæðinu eftir gildistöku umræddrar tilskipunar, þ.e. frá og með 1. jan. næsta ári. Af framkvæmdalegum ástæðum, þ.e. að okkur hafa ekki borist enn allar upplýsingar sem við þurfum á að halda til að geta valið á milli leiðanna, er ekki unnt að taka ákvörðun um það nú hvor leiðin verður farin, niðurgreiðsluleiðin eða kæruleiðin. Ríkisstjórnin mun á hinn bóginn taka ákvörðun þar um áður en tilskipunin tekur gildi um næstu áramót þannig að útgerðir og skipasmíðastöðvar verði ekki í vafa um samkeppnisreglur á næsta ári. Með öðrum orðum mun íslenskur skipasmíðaiðnaður frá og með næstu áramótum í fyrsta skipti í áratugi búa við nákvæmlega sömu aðstæður til samkeppni og skipasmíðaiðnaður í öðrum löndum innan hins Evrópska efnahagssvæðis. Það eru mikil tíðindi og við það mun ríkisstjórnin standa. Ákvörðun hennar í þeim efnum verður tilkynnt fyrir næstkomandi áramót.

[22:21]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil vegna orða hæstv. ráðherra inna hann eftir því hvort hann hafi upplýsingar um það í hve miklum mæli skip fari eða hafi farið á þessu ári til annarra landa í viðgerðir. Ég veit um að þó nokkuð mörg skip hafa farið án útboðs og það er nú einu sinni þannig að ekki er hægt að koma í veg fyrir það. Menn hafa ekki haft möguleika til að stöðva það. Skip hafa siglt til Póllands í röðum í tiltölulega ódýrar viðgerðir, sandblástur, málningu og annað því um líkt, sem vel er hægt að gera hér heima. En það hefur ekki tekist að halda þessum verkefnum hér.

Síðan langar mig til að spyrja hæstv. ráðherra hvort hinar nýju reglur, sem voru samþykktar á síðasta þingi, þ.e. þær reglur sem eiga að koma í veg fyrir undirboð, séu farnar að virka. Eiga menn von á því að hægt verði að taka á hinni óeðlilegu samkeppni t.d. frá Póllandi sem íslenskar skipasmíðastöðvar hafa ekki getað keppt við? Fróðlegt væri að vita hvort þessi nýju lög, sem voru sett á hv. Alþingi, hafi haft eitthvert gildi.

[22:23]

Iðnaðarráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta er eitt af því sem er í þeirri athugun sem fram fer undir forustu Þjóðhagsstofnunar. En það samkomulag sem ég náði við hæstv. sjútvrh. um stjórn Fiskveiðasjóðs gerir einmitt ráð fyrir að þetta sé stöðvað með þeim hætti að stjórn Fiskveiðasjóðs hefur samþykkt að engar lánveitingar til skipasmíðaverkefna verði veittar úr sjóðnum nema útboð

hafi áður farið fram innan lands. Þar með er Fiskveiðasjóður ekki lengur aðili að því að lána til viðgerðarverkefna í skipasmíðaiðnaði eða nýsmíða nema útboð hafi áður farið fram innan lands. Þetta samkomulag tók gildi að mig minnir um mitt sumar eða um það leyti. Síðar er mér ekki kunnugt um að neitt skip hafi farið til viðgerðarverkefna í útlöndum með lánveitingarheimild frá Fiskveiðasjóði nema útboð hafi áður farið fram innan lands. Hversu mörg skip fóru til útlanda með lánveitingarheimild frá Fiskveiðasjóði fyrir þann tíma veit ég ekki en ég veit að þau voru allnokkur sem það gerðu án þess að hafa leitað tilboða hér innan lands. Það er sem sé búið að stöðva það, þ.e. í þeim tilvikum þegar þarf á að halda láni frá Fiskveiðasjóði.

[22:24]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tel að hæstv. ríkisstjórn hafi að mörgu leyti tekið myndarlega á þessum málum. Menn verða að eiga það sem þeir eiga í því. Það er það fyrsta sem hefur gerst og er ánægjulegt að menn skuli hafa mannað sig upp í að taka á þessum málum þó seint sé og öll fyrirtæki í skipaiðnaði séu komin á höfuðið. Betra er seint en aldrei. En ég er hræddur um að þau lög sem sett voru til að koma í veg fyrir undirboð séu mjög þung í vöfum og hafi ekki virkað enn þá. Ég veit svo sem ekki hvort fyrirtæki almennt í sjávarútvegi þurfi á fyrirgreiðslu Fiskveiðasjóðs að halda í öllum tilvikum þegar farið er í klössun eða minni háttar viðgerðarverkefni. En ég veit þó a.m.k. að tvö skip komu til landsins í gær eða fyrradag úr svona klössun í Póllandi sem fór ekki fram útboð á. Auðvitað sækja menn þangað sem ódýrast er og menn eru svo sem ekki skyldugir til að bjóða út og geta þess vegna siglt sínum skipum erlendis til viðgerða. En það er alveg greinilegt að íslenskur skipaiðnaður getur ekki keppt við það sem er boðið upp á í Póllandi.

[22:26]

Iðnaðarráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér láðist hreinlega að svara þessari spurningu hv. þm. Það er nú þegar farið að reyna á ákvæðin sem voru lögleidd um undirboð. Að vísu ekki gagnvart skipasmíðaiðnaði heldur gagnvart annarri starfsemi og mál skipasmíðaiðnaðarins í þessum efnum er nú til meðferðar. Kærur frá samtökum skipasmíðastöðva, ég vænti þess að úrskurður í þeim efnum komi mjög fljótt. Þarna er sem sagt um tvenns konar efni að ræða. Annars vegar þær aðgerðir sem ég greindi frá og gilda gagnvart aðilum innan hins Evrópska efnahagssvæðis þar sem íslenskur skipasmíðaiðnaður stendur nú á sömu stoðum og samkeppnisaðilarnir þar. Hins vegar eru það aðilar sem eru utan hins Evrópska efnahagssvæðis eins og skipasmíðastöðvar í Póllandi. Þar eru það hin nýju lög um aðgerðir gegn undirboðum sem koma til með að virka og þau munu gera það. Hins vegar tekur það einhvern tíma að marka upphafið að þeirri göngu sem verið er að vinna að í fjmrn. og í samvinnu við iðnrn. um þessar mundir. En ég er ekki í nokkrum vafa um að það kerfi mun virka til að bæta hag íslenska skipasmíðaiðnaðarins ekki síður en það samkomulag sem ég gerði grein fyrir hér áðan og varðar EES-svæðið.

[22:27]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. iðnrh. fyrir svörin. Ég tel að þau séu góð miðað við stöðu málsins. Ég sé ekki eftir að hafa lagt fram þessa tillögu um fjármögnun og jöfnunaraðstoð í skipasmíðaiðnaði þó það væri ekki nema vegna þess að það afléttir ákveðinni óvissu, sem þessi mál hafa verið í, að hæstv. iðnrh. hefur nú upplýst að ríkisstjórn muni tryggja að íslenskur skipasmíðaiðnaður búi við fullt jafnrétti gagnvart samkeppnisaðilum á EES-svæðinu eftir gildistöku umræddrar tilskipunar sem hann vitnaði til í máli sínu.

Síðan kom það fram í máli hæstv. ráðherra að ekki væri hægt að gera það upp núna hversu miklum fjármunum ætti að verja í þessu skyni vegna þess að ekki hefði verið ákveðið hvor leiðin yrði farin, þ.e. niðurgreiðsluleiðin eða kæruleiðin. Ríkisstjórnin tæki síðan ákvörðun um það áður en tilskipunin tekur gildi um næstu áramót, þ.e. eftir nokkra daga, hvor leiðin verður farin þannig að útgerðir og skipasmíðastöðvar verði ekki í vafa um samkeppnisreglur á næsta ári. Það þýðir þá væntanlega að við verðum að taka ákvörðun um það í þessari stofnun á næsta ári hvernig jöfnunaraðstoð verður fjármögnuð ef til hennar verður gripið. Ég tel að það sé mjög mikilvægt að hafa fengið þessa yfirlýsingu fram og tel ástæðu til að þakka fyrir hana og ég veit að ég mæli þar fyrir hönd meðnefndarmanna minna í iðnn. en við höfum sinnt þessum málum talsvert á þessu ári eins og hæstv. ráðherra er kunnugt.

Það er eitt atriði hins vegar sem ég vildi nefna. Ég tek eftir því að viðgerðir eru ekki hluti af þeirri tilskipun Evrópusambandsins sem hæstv. ráðherra vitnaði til. Viðgerðirnar eru auðvitað mjög veigamikill þáttur í þessari iðngrein hér á landi og við sem höfum fjallað um þessi mál teljum flest nauðsynlegt að skapaðar verði aðstæður til að hjálpa skipasmíðastöðvunum til þess að halda meiri háttar viðgerðum í landinu en ekki aðeins nýsmíði og breytingum. Þess vegna vildi ég spyrja hæstv. ráðherra í andsvari hvað hann segir um þann þátt sem lýtur sérstaklega að viðgerðunum.

[22:30]

Iðnaðarráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Ég ætla að greina frá því til að menn hafi upplýsingar í höndunum um það hvers vegna við getum ekki tekið þessa ákvörðun. Þetta er það nýtt fyrir okkur að við höfum ekki haft tíma til þess að meta það t.d. aftur í tímann ef valin yrði niðurgreiðsluleiðin hver útgjöld ríkissjóðs hefðu verið á liðnum árum og hver útgjöld ríkissjóðs yrðu væntanlega á næsta ári miðað við þær fyrirætlanir um viðgerðir og breytingar sem við vitum um og nýsmíði. Þetta erum við að skoða núna og munum taka ákvörðunina fyrir áramót.

Það er smámisskilningur í máli hv. þm. þegar hann talar um að tilskipunin nái ekki til viðgerða, hún ger-

ir það. Viðgerðir eru í núllflokki. Því verður ekki heimilt eftir 1. janúar nk. á Evrópska efnahagssvæðinu að veita neina styrki til viðgerðarverkefna. Með öðrum orðum verða Norðmenn, sem hafa veitt 13% styrki til slíkra viðfangsefna, nú að fella þá niður innan Evrópska efnahagssvæðisins og þar með standa Íslendingar jafnfætis Norðmönnum í útboði á slíkum verkefnum. Þetta eru viðgerðarverkefni bæði smærri og stærri þannig að það er aðeins í nýsmíðinni og breytingunum á stærri skipum sem einhver styrkur verður veittur á hinu Evrópska efnahagssvæði og þá miklum mun minni en verið hefur hingað til. Hér er því um að ræða í fyrsta skipti um áratugaskeið að íslenskur skipasmíðaiðnaður getur staðið jafnfætis skipasmíðaiðnaði í helstu samkeppnislöndunum í sambandi við útboð og verkefni.

[22:32]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þessar upplýsingar og vil skýra frá því að ég tel sjálfsagt mál að fljótlega að bak jólum þegar menn eru komnir til starfa aftur að þá hittist hv. iðnn. og fari yfir þessi mál, bæði fyrirhugaðar aðgerðir, þessa tilskipun og sömuleiðis verkefnastöðuna hjá íslenskum skipasmíðaiðnaði.

[22:32]

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Það eru tvö atriði sem ég vildi víkja að. Annað snertir hæstv. menntmrh. en þar sem hann er ekki í salnum í augnablikinu mun ég geyma það en víkja að öðru atriði. Það er 26. brtt. frá meiri hluta fjárln. á þskj. 465, b-liður, þar sem er lagt til að sértekjur yfirdýralæknisembættisins hækki um 45 millj. kr. Það kom fram í máli hv. framsögumanns meiri hluta fjárln. að þetta er byggt á brtt., sem hefur verið lögð fram við frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1995 og er á þskj. 451 og er um breytingu á lögum um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum. Þar er gert ráð fyrir að lagt verði á nýtt gjald, eftirlitsgjald, til að standast kostnað við heilbrigðiseftirlit dýralækna allt að 2,50 kr. á kg kjöts miðað við vísitölu framfærslukostnaðar í janúar 1995. Hér virðist mér vera um að ræða nýja skattlagningu á þá sem síst skyldi. Það mun í kannski í fljótu bragði vera erfitt að bera saman þann kostnað, sem er nú greiddur af sláturleyfishöfum beint til dýralækna, og það gjald sem hér er gert ráð fyrir að taka upp og er sett til þess að komast hjá því að dýralæknar séu á launum hjá sláturleyfishöfum sem ekki er talið samrýmast reglum Evrópska efnahagssvæðisins. En þau laun sem dýralæknar fá nú eru í mörgum liðum. Það er ákeðið gjald á hvern grip í krónutölu. Það er ákveðin greiðsla fyrir kvaðningu, að koma á staðinn. Síðan eru laun greidd eftir tímavinnu og einn liður mun þarna vera enn. En samkvæmt upplýsingum sem ég hef fengið frá stærsta sláturleyfishafanum þar sem öllum þessum gjöldum er deilt út á þau kíló af kindakjöti sem koma þar til sláturmeðferðar — þau samsvara 80 aurum samkvæmt þeim upplýsingum sem ég fékk frá Sláturfélagi Suðurlands í dag — er því gert ráð fyrir meira en þrefölduun á kostnaði fyrir sláturleyfishafann, yfir 200% og hlýt ég að lýsa því yfir að ég er algerlega andvígur þeirri nýju skattlagningu sem gert er ráð fyrir að taka upp samkvæmt tillögum stjórnarflokkanna.

Í máli hv. 3. þm. Austurl. fyrr í dag kom fram að tekjur sauðfjárbænda munu lækka á núverandi kjörtímabili um 47% og hann andmælti því þar að greiðslum jarðræktarframlaga væri háttað þannig að þeir mættu ekki við því að það lenti á sauðfjárbændum að þeir fengju engar greiðslur á sama tíma og aðrir ættu að fá þær og taldi að þeir mættu þar síst við. En hér er gengið lengra og búinn til nýr tekjustofn sem eftir þeim upplýsingum sem ég hef er yfir 200% aukning á sama tíma og talað er um að þurfi að draga úr sláturkostnaði og það hafa sláturleyfishafar reynt að gera á mörgum sviðum, m.a. þessum. Sú upphæð sem þarna er ef þessi reikningur er réttur er rúmlega 30 millj. kr. og við sjáum hvað þarna er um stóran lið að ræða ef við berum það saman sem verið var að ræða rétt áðan um greiðslu til skipaiðnaðarins, það voru 60 millj. á þessu ári og talið að það hefði skipt sköpum fyrir þessa atvinnugrein og þetta er helmingur af því.

Líka er óhætt að fullyrða að tvöföldun á þessari tölu, rúmlega 30 millj., mundi skipta sköpum ef sauðfjárbændur fengju þann stuðning við að koma kjöti sínu á markað erlendis því sem umfram er og er það annað dæmi um það hvað hér er þó um háan lið að ræða. Í sambandi við það vil ég geta þess að ég hef ásamt hv. þm. Páli Péturssyni, sem er fyrri flm. að brtt. á þskj. 481 við frv. til fjárlaga, en þar segir, með leyfi hæstv. forseta, að við 6. gr. komi nýr liður, 56, að verja hluta af jöfnunargjöldum sem lögð verða á samkvæmt ákvæðum GATT-samnings til stuðnings við sölu á landbúnaðarafurðum erlendis. Þetta er sá háttur sem allar þjóðir í kringum okkur hafa, þ.e. að þau jöfnunargjöld sem eru lögð á innflutning samkeppnisvara eru notuð til þess að styrkja aftur aðrar greinar til markaðssetningar í öðrum löndum.

Ég vil undirstrika að ég er algerlega andvígur þessari nýju skattlagningu, tel hana rangláta og finnst það satt að segja miður að stjórnarflokkar, stuðningsflokkar núv. ríkisstjórnar, skuli telja að þetta sé eðlileg skattlagningarleið.

Hitt atriðið sem ég vildi víkja að er til hæstv. menntmrh. Á árinu 1989 voru sett lög um þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga. Samkvæmt þeim lögum skyldi myndaður sjóður til að standa straum af kostnaði við endurbætur á húsakosti menningarstofna og stuðla að verndun gamalla bygginga í eigu ríkisins og bygginga sem vernda þarf að mati Þjóðminjasafnsins og samkvæmt tillögum þess. En í upphafi er ákveðið að sjóðnum skuli varið til að ljúka byggingu þjóðarbókhlöðu og því hefur fram að þessu ekki verið veitt af öllu fjármagni sem hefur komið til að greiða fyrir byggingu þjóðarbókhlöðunnar þó að sum árin hafi verið klipið af því misjafnlega mikið. En á þessu ári var talið ljóst að ekki mundi þurfa allar tekjur sjóðsins á næsta ári til þess að ljúka við allar framkvæmdir við Þjóðarbókhlöðuna og greiða þær skuldir sem safnast hafa vegna framkvæmda á þessu

ári og því óskaði stjórn sjóðsins eftir því að hafa samráð við menntmrn. um ákvörðun á hagnýtingu þessa fjármagns á næsta ári. Því miður varð ekki úr því hvort sem það hefur stafað af því að menntmrn. ákvað að leggja til að hluti af þessum fjárfestingarsjóði með 40 millj. yrði varið til reksturs hins nýja Landsbókasafns – Háskólabókasafns í Þjóðarbókhlöðunni.

Samkvæmt því sem nú hefur verið deilt út í fjárlagafrv. fara 240 millj. til að ljúka við byggingarkostnað þjóðarbókhlöðu, 40 millj. til rekstrar safnanna þar en öðrum upphæðum er skipt til annarra hluta og ég vil sérstaklega víkja að einni en það eru 15 millj. til verndunar gamalla húsa sem er fært undir Þjóðminjasafn Íslands. Samkvæmt lögunum um endurbótasjóðinn skal það vera verkefni stjórnar sjóðsins að veita fjármagn til verndunar gamalla húsa eða til annarra verkefna sem hún gerir tillögur um.

En ég vildi sérstaklega beina þeirri ósk til hæstv. menntmrh. að þessum 15 millj. kr. yrði ekki úthlutað án þess að stjórn endurbótasjóðsins fengi tækifæri til þess að fjalla um þá skiptingu. Það er tekið fram í lögunum að það skuli gert samkvæmt ábendingum og tillögum frá Þjóðminjasafni. Að sjálfsögðu yrði það gert en ég tel að þetta sé prófsteinn á það hvort þessi lög hafi raunverulega nokkra þýðingu, þ.e. um sérstaka sjóðstjórn og þá tel ég jafnframt að það gæfi fyrirheit um það sem stjórn sjóðsins hefur óskað eftir að nú þegar í upphafi árs verði viðræður milli stjórnar sjóðsins og menntmrn. um hugmyndir að því hvernig þessu fjármagni yrði varið á árinu 1996.

Ég vænti þess að hæstv. menntmrh. sjái sér fært að gefa yfirlýsingu um þetta atriði.

[22:45]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hef ekki athugað sérstaklega hvaða tölur það eru í reikningum Sláturfélags Suðurlands um kostnað til dýralækna og aðstoðarmanna þeirra á því svæði. Mér kemur á óvart ef sá kostnaður er ekki nema 80 aurar á kg en það er gott ef svo er. Hugsunin á bak við þennan lið er ekki sá að skattleggja sauðfjárbændur eins og hv. þm. veit. Þvert á móti er það krafa bæði í Evrópu og eins Bandaríkjunum að ekki sé tenging á milli þess sem rekur sláturhúsið og hins sem metur og þess vegna er óhjákvæmilegt að ríkið verði milliliður og ríkið leggi sérstakt gjald á hvert kg til þess að rísa undir sláturkostnaði. Hins vegar liggur alveg ljóst fyrir að með því að fara þessa leið er auðvitað verið að jafna eitthvað á milli húsa. Hér er mikið talað um sauðfjárbændur og ég get tekið sem dæmi sláturhúsið á Króksfjarðarnesi. Þar erum við auðvitað að tala um miklu hærri tölur. Ég hef rætt þetta mál við kaupfélagsstjórann þar og hann er ekki að tala um 80 aura á kg heldur er hann þar að tala um mun hærri tölur, ég skal ekki segja hvort það er 2,50, 3 kr. eða hvað það er þannig að það er ólíku saman að jafna.

Við erum jafnframt að tala um að það þarf að herða og auka rannsóknir á aðskotaefnum í kjöti og sláturafurðum. Við erum að tala um það að við viljum flytja vistvænt kjöt á aðra markaði og þá verðum við auðvitað að taka afleiðingunum af því og þetta er undirbúningur í því að ríkið taki yfir þessa þjónustu. Eins og ég sagði kemur auðvitað ekki til greina að þessir fjármunir verði tekjuliður fyrir ríkissjóð. Það hefur aldrei staðið til og er hreinn útúrsnúningur ef verið að gefa í skyn að með þessu sé verið að leggja á bændur nýja skatta.

[22:47]

Jón Helgason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vitnaði í þær tölur sem mér voru gefnar upp um þann kostnað sem leggst m.a. á hrein sauðfjársvæði sem hafa verið skilgreind svo á Suðurlandi og ég tel að það sé ekki rétt leið að fara að leggja nýjan skatt á sláturleyfishafa á slíkum svæðum til þess að koma þeim upp í það sem hægt er að finna hæst þar sem annars staðar er.

Að sjálfsögðu er engin nauðsyn til þess að sláturleyfishafar greiði þennan skatt, ekki samkvæmt reglum Evrópskra efnahagssvæðisins. Það á að fara að greiða þetta úr ríkissjóði og ég tel mig geta fullyrt að ekki yrði fundið að því þó að þetta gjald yrði ekki innheimt af sláturleyfishöfum til þess að greiða þessa þjónustu og reyna auðvitað flest lönd í kringum okkur að gera það, þ.e. að styrkja sinn eigin atvinnurekstur með því að greiða fyrir þá þjónustu, þessar grænu greiðslur sem talað er um að verði leyfilegar. Eftir þeim tölum sem ég hef upp gefið frá stærsta sláturleyfishafanum þar sem er svo fjarri öllu lagi að þessi tala sé sambærileg við raunverulegan kostnað, sem er settur þarna fram, þá hlýt ég að mótmæla því. Ég vil líka undirstrika að ég tel að það sé ekki sjálfsagður hlutur að sauðfjárbændur greiði fyrir það þó að reynt verði betur að fylgjast með eftirliti, með hreinlæti og kostum framleiðslunnar.

[22:49]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Sauðfjárbændur hafa auðvitað greitt fyrir þessa þjónustu. Það er auðvitað alveg laukrétt hjá hv. þm. að með því að fara þá leið sem hér er lagt til að sé farin þá er auðvitað einhver tilfærsla á milli svæða. En það er laukrétt hjá hv. þm. að með því að fara þessa leið er það svona eitthvað pínulítið þyngra fyrir bændur á Suðurlandi en í Húnavatnssýslum eða Dölum, ég get ekki neitað því. En við erum auðvitað að tala um það að svara þeim kröfum sem gerðar eru til gæða íslensks kindakjöts. Við erum að tala um útflutning og við erum að búa okkur undir hann. Í þeirri hörðu samkeppni bæði hér á landi og erlendis og með þau háleitu markmið sem við höfum í sambandi við vistvæna framleiðslu og annað því um líkt, þá erum við ekki að tala um einhverjar fjárhæðir sem eru í neinum samjöfnuði við ávinninginn sem við fáum. Það má heldur ekki gleyma því að ríkið er að leggja sérstaklega til fjármuni í þessu skyni.

En eins og ég segi og hv. þm. veit betur en ég, formaður Búnaðarfélags Íslands, þá liggur það alveg ljóst fyrir að sláturkostnaður er mjög misjafn á hinum eiginlegu sauðfjársvæðum. Ég get aftur talað um Króks-

fjarðarnes, ég get talað um afskekktar byggðir, t.d. norður á Ströndum og fleiri staði. Auðvitað er sláturkostnaðurinn hærri þar heldur en þar sem þéttbýlið er mest og hægt að koma við mestri hagræðingu eins og hjá Sláturfélagi Suðurlands. Og það er ákveðin afstaða hjá hv. þm. að vera á móti því að jafna þar á milli enda er hann fulltrúi fyrir þá sem eru á svæði Sláturfélags Suðurlands.

[22:51]

Jón Helgason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mat okkar hæstv. landbrh. er misjafnt á hlutunum. Hann kallar að meira en 200% hækkun sé pínulítill mismunur. Ég tel að það sé mikil hækkun. Hæstv. landbrh. sagði hér áðan að þessi skattlagning ætti að vera til nýrra verkefna meira en til heilbrigðiseftirlits í sláturhúsunum hjá dýralæknum. Það ætti að vera til þess að fara að standa undir nýjum verkefnum. Og ég sem sagt tel að ríkið eigi að veita slíka þjónustu án þess að leggja nýjar og sérstakar álögur á sauðfjárbændur. Þvert á móti, eins og ég sagði áður, er það bráðnauðsynlegt til þess að koma sauðfjárbændum út úr þeirri gífurlegu kreppu sem þeir eru komnir í og er meiri kreppa en nokkur önnur stétt í landinu hefur lent í á tímabili þessarar ríkisstjórnar þá er nauðsynlegt að veita þeim stuðning en ekki að leggja á þá nýja skatta.

[22:53]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Eins og áður hefur komið fram þá er ætlunin að nýta endurbótasjóðinn eins og greint er frá í athugasemdum við fjárlagafrv. og þar á meðal 240 millj. til Þjóðarbókhlöðu og þar af 40 millj. til rekstrar á næsta ári, árið 1995, en endurbótasjóðurinn hefur til þessa greitt þann rekstrarkostnað sem fallið hefur á Þjóðarbókhlöðu meðan hún hefur verið í byggingu og eftir að beinn rekstrarkostnaður fór að falla á hana og það þótti ekki óeðlilegt að á fyrsta heila starfsárinu tæki endurbótasjóðurinn þátt í þessum kostnaði með 40 millj.

Hv. þm. Jón Helgason setti fram þá ósk að það yrði ekki úthlutað — ég skildi hann vonandi rétt — þeim 15 millj. sem ætlaðar eru til verndunar gamalla húsa. Þar er um að ræða húsasafn Þjóðminjasafnsins sem heyrir undir þjóðminjaráð. Mér finnst sjálfsagt að ræða við þjóðminjaráð um samstarf á milli stjórnar endurbótasjóðsins og þjóðminjaráðs. Ég er reiðubúinn að beita mér fyrir því en Alþingi sýnist mér og veit er að ákvarðanir í raun og veru hvernig þessum fjármunum skuli varið á árinu 1995. Mér er alveg ljóst að stjórn endurbótasjóðs telur rétt að stjórnin komi þarna að verki. Til þess er hún kjörin að hafa eitthvað um það að segja hvernig tekjum endurbótasjóðsins er varið og ég er reiðubúinn að beita mér fyrir því að viðræður fari fram á milli stjórnar endurbótasjóðs og í þessu tilviki þjóðminjavarðar.

[22:55]

Jón Helgason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir yfirlýsingu hans og vil jafnframt ítreka þá ósk mína til hæstv. ráðherra að það eigi sér einnig stað viðræður milli menntmrn. og stjórnar endurbótasjóðsins sem fyrst á næsta ári til þess að fjalla um ráðstöfun á fjármagni fyrir árið 1996.

[22:56]

Eggert Haukdal:

Virðulegi forseti. Óbreyttir þingmenn í stjórnarliði eru vanir að hafa hægt um sig við afgreiðslu fjárlaga og þá væntanlega vegna þess að þeir séu mjög ánægðir. Ánægja mín er nú blandin og það hefur komið hér fram í umræðum að fleiri sjálfstæðismenn en ég eru ekki alveg ánægðir.

Ég vil fyrst eins og hv. þm. Svavar Gestsson spyrja út í jöfnunaraðstoð vegna skipasmíða. Það kom hér fram að nokkru svar til hans frá hæstv. ráðherra sem ég út af fyrir sig fagna, en ég vil hafa þessi orð um þetta mál. Skipasmíðastöðvarnar í landinu hafa fengið mjög misjafna fyrirgreiðslu ríkisins og ýmissa sjóða á undangengnum tíma. Skipalyftan í Vestmannaeyjum hefur fengið lítinn fjárstuðning í gegnum árin enda staðið tiltölulega vel. Vegna smíði nýs lóðsbáts fyrir Vestmannaeyjahöfn þarf að koma til smástuðningur ríkisvaldsins. Þessi smíði bjargar miklu atvinnuleysi sem ella hefði orðið þar í vetur. Það er engin fjárveiting til þessara mála á fjárlögum en var í fyrra 60 millj. eins og hér hefur komið fram. Eftir þeirri umræðu sem hér var áðan, ég sé að ráðherra er ekki viðstaddur, þá vænti ég að litið verði á þetta mál.

Fyrir ári var gerð tilraun til að loka vistheimilinu í Gunnarsholti. Við umræður á Alþingi kom hins vegar í ljós að ekki var þingmeirihluti fyrir þeirri ákvörðun. Þrátt fyrir það var hælið sett nánast á guð og gaddinn með litlum fjárstuðningi og svelt með aðeins 15 millj. en þurfti að fá 30. Á þessu tímabili skipaði ráðherra starfshóp eftir starfshóp til að kanna þessi mál en ekkert gerðist. Loks við afgreiðslu fjáraukalaga er það að fá 15 millj., ári síðar en það þurfti á því að halda.

Ég leyni því ekki og vil lýsa því yfir við þetta tækifæri að ég skammast mín fyrir hversu stjórnvöld hafa hagað sér, stjórnvöld sem ég ber að sjálfsögðu ábyrgð á, hvernig þau hafa látið þetta viðgangast. Hælið hefur verið hálfskipað, sjúklingar eru á götunni með öllum þeim hörmungum sem því fylgir. Aðstandendur eru ráðþrota. Slíkt miskunnarleysi er ekki verjandi þegar nóg pláss og góð aðstaða er til á þessu hæli. Starfsmaður við hælið átti leið um Hlemm sl. sumar. Utan um hann hópuðust sjúklingar og báðu um að fá að koma heim. Þessi saga segir fleira en mörg orð. Ekkert var hægt að gera í þessu tilfelli þá. Þessir sjúklingar eru ódýrari þjóðfélaginu með því að vera á stofnun. Svona miskunnarleysi á ekki að þekkjast í dag. Heldur ekki það mannúðarleysi að láta verkfall sjúkraliða viðgangast. Það var rætt hér í dag og það á að leysa strax.

Sl. sumar kom fjárln. í heimsókn að Gunnarsholti í skemmtiferð. Hrærðust engar taugar hjá hv. nefndarmönnum við komuna? Þarna beini ég fyrst og fremst máli mínu til hv. nefndarmanna úr meiri hlutanum sem eiga að hafa völdin og leysa þessi mál en sjást nú ekki hér í þingsal.

Ég vil aðeins minnast á kartöfluræktina en hún var skilin eftir með fyrirgreiðslu þegar búvörulög voru sett 1985. Í dag fá framleiðendur kartaflna 10–20 kr. fyrir kíló af kartöflum. Það verður að koma til móts við þessa grein í þeim vanda sem hún stendur frammi fyrir. Fjöldagjaldþrot getur blasað við þeim er eingöngu stunda þessa atvinnu. Samstaða þyrfti að nást hjá framleiðendum. Smáskatt ætti að leggja á áburð, þar með talinn innfluttan áburð. Ríkisvaldið kæmi til móts með smáframlag á móti. Þannig gæti myndast sjóður til að greiða aðeins niður kartöflur og styðja útflutning í offramleiðslu. Garðyrkjan á og mjög undir högg að sækja vegna aðgerðar Jóns Baldvins. Nýverið ákvað landbrh. að leggja fram 5 millj. til markaðsaðgerða fyrir kartöflur og farið er fram á að Framleiðnisjóður landbúnaðarins greiði jafnt á móti. Þarna er um að ræða 10 millj. og þó lítið sé má þakka fyrir þessa aðgerð.

Aðeins um vegamálin. Það er ástæða til að undirstrika að fyrir forgöngu forsrh. var stórfellt átak unnið í Suðurlandskjördæmi á árunum 1993–1994, þ.e. ný Kúðafljótsbrú auk tengdra framkvæmda í Vestur-Skaftafellssýslu og vega í uppsveitum Árnessýslu. Aðrir ráðherrar komu þar lítt nærri. Þessi fjármagnsútvegun þýddi mikla flýtingu á framkvæmdum í Suðurlandskjördæmi frá því sem vegáætlun sagði. Nú hefur fyrir forgöngu forsrh. aftur verið útvegað nýtt fjármagn. Harma ber hins vegar að þegar nýtt fjármagn kemur til þessara hluta, þá skuli vera dregið úr lögboðnum framlögum til vegamála. Þrátt fyrir það verður aukning en hún hefði þurft að verða miklu meiri. Hins vegar skal játað að niðurskurður er meiri þegar tekið er tillit til þess að hæstv. ráðherra Halldór Blöndal tók ferjur og flóabáta inn á vegalög 1993 án þess að tekjur kæmu á móti. Í ár eru þetta útgjöld upp á 569 millj. Að sjálfsögðu þurfti að sjá fyrir kostnaði við ferjur og flóabáta en það var villandi að taka ný útgjöld inn á vegalög án tekna. — Ég sé að hæstv. vegamálaráðherra er ekki viðstaddur, en gjarnan hefði mátt spyrja hann og koma til hans hvar hann væri staddur ef forsrh. hefði ekki dregið hann að landi með útvegun fjár til vegamála.

(**Forseti** (VS)**:** Óskar hv. þm. eftir að hæstv. ráðherra komi?)

Ætli við sleppum því ekki.

Ég vil aðeins koma að vaxta- og verðtryggingarmálum. Íslenska þjóðin hefur loks gert sér grein fyrir því að skuldir heimilanna eru eitt alvarlegasta, jafnvel allra alvarlegasta vandamál sem við er að stríða hérlendis. Uppsöfnun skulda í krafti lánskjaravísitölu er orðin slík að landsmenn geta ekki lengur staðið í skilum með þeim launatekjum sem atvinnuvegirnir telja sig geta borið. Víðtæk vanskil í bönkum og sparisjóðum sem nema milljörðum króna gefa til kynna að greiðsluþol þorra heimila sé þrotið. Við blasir ókyrrð á vinnumarkaðinum sem orðið getur fyrirtækjunum og framleiðslu ofviða. Enginn dregur lengur í efa að meginorsakavaldurinn er verðtrygging fjárskuldbindinga. Hef ég í áraraðir varað við hættunni sem í var stefnt en fengið daufar undirtektir. Frv. mitt um afnám lánskjaravísitölu nýtur nú meira fylgis á Alþingi en áður þrátt fyrir öflugan áróður og slagorð hávaxtamanna en þrátt fyrir það fæst það ekki afgreitt úr nefnd.

Verðtrygging fjárskuldbindinga var reynd á viðreisnarárunum en gafst ekki vel og var afnumin í tveim áföngum. Lánskjaravísitalan var svo tekin upp með svonefndum Ólafslögum 1979. Varð eftir það skjótt ljóst hvílíkan þátt verðtryggingin átti sjálf í því að orsaka og ala verðbólguna. Verðtrygging fjárskuldbindinga var reynd í nokkrum löndum á 8. áratugnum og í sumum reyndar fyrr, m.a. í Finnlandi og Ísrael sem bæði hættu henni. Brasilía hélt henni áfram með hörmulegum afleiðingum þó. Verðbólga var á miðju ári 1983 komin upp í 130%, nokkru síðar 500, skuldastaða nálega vonlaus og yfirstjórn peningamála færð í hendur Alþjóðabankans. Verðtrygging íbúðarlána fær staðist í vægri verðbólgu en fer úr böndunum ef verðbólga er tveggja stafa tala eða þriggja. Skuldauppsöfnunin verður með slíkum hraða að vinnulaun geta ekki fylgt eftir eins og raun hefur orðið á hér og víðar. Greiðsluþrot gerast þá almenn. Hrun blasti við hérlendis í lok 9. áratugarins og byrjun hins 10. Var þá gerð svonefnd þjóðarsátt um stöðvun verðbólgu. Eigi að síður hefur skuldasöfnun heimilanna haldið áfram. Ástæður eru a.m.k. þrjár:

1. Sjálf raunvaxtabyrðin vex samhliða skuldastofninum.

2. Um miðjan 9. áratuginn var kaupgjald reiknað inn í lánskjaravísitöluna þannig að skuldir jukust sjálfkrafa við hverja kjarabót launþega.

3. Grípa varð til sérstakra skuldbreytingalána handa þeim sem verst voru staddir.

Við erum nærri miðjum síðasta áratug aldarinnar og ástandið hefur ekki batnað. Fullljóst er orðið að skuldastaða heimilanna leysist ekki sjálfkrafa svo sem getið var fyrr. Til slíks þarf öflugt átak af opinberri hálfu. Fyrsta skrefið er að sjálfsögðu að ráðast að rót vandans, þ.e. að hætta verðtryggingu fjárskuldbindinga sem tíðkast ekki í viðskiptalöndum okkar. Það hefur lengi verið stefna íslenskra stjórnvalda að semja okkur smátt og smátt að háttum og venjum vestrænna ríkja í vaxta- og peningamálum. Þannig hafa fjármagnsflutningar milli landa verið gefnir frjálsir og vextir eru færðir til samræmis við ESB. Aðeins verðtryggingin sker sig úr hérlendis. Hún gerir peningastjórn okkar flókna og erfiða. Sumir hyggja að ólöglegt sé eða jafnvel gegn stjórnarskránni að afnema verðtryggingu og lánskjaravísitölu. Henni hefur hins vegar verið breytt verulega og það er þá líka ólöglegt og stjórnarskrárbrot en þessu gleyma talsmenn hennar. En þessi veigamikla leiðrétting nægir ekki ein sér. Gera verður þorra heimila kleift að standa í skilum. Til slíks þarf nýja þjóðarsátt er felur í sér aukna greiðslugetu láglaunaaðila. Það gæti orðið m.a. með hækkun skattleysismarka, svo og með nýjum flokki skuldbreytingalána, t.d. úr sérstökum sjóði í líkingu við gamla kreppulánasjóðinn sem skilaði árangri.

Ég vil í þessu sambandi mótmæla skattpíningu á láglaunafólkið í landinu. Skattleysismörkun eru í dag rúmar 57 þús. kr. Það sér hver maður að fólk sem hefur 60–70 þús. kr. í laun á mánuði er ekki aflögufært

um að greiða opinber gjöld til samfélagsins, það ætti hverjum manni að vera ljóst. Miðað við að skattleysismörkin verði hækkuð upp í 70 þús. þá verður ríkissjóður óneitanlega fyrir tekjutapi sem verður að taka af þeim sem hafa hærri tekjur og hafa efni á að greiða sína skatta. T.d. hefði átt að vera löngu búið að taka upp fjármagnstekjuskatt.

Þegar staðgreiðslukerfi skatta var tekið upp 1988 var skattprósentan 35,8%. Þessi sama skattprósenta er í dag 41,84%, þ.e. á þessum tæpu sjö árum sem liðin eru frá því að staðgreiðslukerfi skatta var tekið upp hefur skattprósentan hækkað um heil 7 prósentustig og hækkun persónuafsláttar hefur ekki náð að fylgja hækkun framfærsluvísitölu á þessum tíma. Á sama tíma hafa skattálögur á fyrirtæki lækkað verulega.

Virðulegi forseti. Þó ekki hafi verið tekið tillit til lækkunar persónufsláttar að neinu ráði við afgreiðslu fjárlaga þá væri sú aðgerð mesta innlegg í gerð kjarasamninga ef það væri gert. Enn er tími fyrir stjórnvöld til að koma til móts við fólk í þessum efnum, milli jóla og nýárs við afgreiðslu skattalaga.

[23:10]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég heyrði ræðu hv. 6. þm. Suðurl. varðandi lánskjaravísitöluna. Það er alveg ljóst að þegar til hennar var gripið á sínum tíma þá urðu menn eitthvað að gera til að stöðva þann faraldur sem blasti við að sparifé landsmanna var að brenna alveg upp. Það var mjög groddaleg aðgerð að fara þessa leið, en ég sé nú satt að segja ekki annað en menn hafi neyðst til að fara einhverja svipaða leið. En það ljóta í framhaldinu var svo það að kaupgjaldsvísitalan var tekin úr sambandi, misgengið varð til og síðan það að vöxtunum var hleypt lausum í ágúst 1984 eða 1985. En það breytir ekki því að við erum núna um nokkurt skeið búin að vera í nánast verðbólgulausu þjóðfélagi. Það eru því engin rök fyrir þessum sjálfvirku tengingum skulda við lánskjaravísitölu lengur og ég vil óska v. 6. þm. Suðurl. til hamingju með það að ég tek eftir því að í viðræðuuppleggi aðila vinnumarkaðarins núna er loksins gert ráð fyrir því að menn geti hugsað sér að fara að losa um þessi ósköp og þar tala náttúrlega þeir sem gerst vita, þ.e. eigendur lífeyrissjóðanna. Ég tel því að allar þessar mörgu ræður hafi haft einhver áhrif þrátt fyrir allt.

[23:12]

Eggert Haukdal *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Svavari Gestssyni fyrir hans orð. Það er rétt að þjóðarsátt hefur verið og lítil verðbólga um skeið. Samt hækkar lánskjaravísitalan á hverju ári og það verulega og það er góð viðbót í vaxtabyrðinni ofan á allt annað. Hér er því um slíkan meinvald að ræða að fyrir löngu hefði átt að vera búið að afnema hann. En þetta kerfi var upphaflega miðað við að verðtryggja bæði laun og lán. Fljótlega tóku menn kaupið úr sambandi. Þar á eftir gera menn svo annan óskunda að taka launin inn í lánskjaravísitöluna þannig að hin minnsta kauphækkun láglaunamannsins þýðir stórhækkun á lánum. Hvernig má það vera að við lifum og búum við þetta kerfi ár eftir ár? Við skulum vona að komið sé að þeirri stund að þetta breytist.

[23:13]

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Hv. minnihlutamenn í fjárln. hafa farið hér ítarlega yfir álit minni hlutans að undanteknum örfáum atriðum sem ég vil drepa á í stuttu máli. Það er í fyrsta lagi að fulltrúar Húsnæðisstofnunar komu til viðræðna við fjárln. um húsnæðismál. Það var athyglisvert í þeim viðræðum að það kom fram, og ég vil benda á það sérstaklega, að það kerfi að selja húsnæðisbréf á frjálsum markaði er brostið með 5% vaxtamarkinu. Það sýnir að bæði lífeyrissjóðir og aðrir innlendir fjárfestar hafa ekki meiri trú á vaxtastefnu núverandi ríkisstjórnar en það að þessi fjármögnun er liðin tíð og hún er komin á opinbert framfæri aftur.

Það kom einnig fram að umsóknum um greiðsluerfiðleikalán fer stöðugt fjölgandi. Þær eru nú 1.400. Húsnæðisstofnun hefur unnið að skuldbreytingum í samvinnu við bankana en það er nauðsynlegt að efla stofnunina til að sinna þessum verkefnum sem eru sífellt vaxandi vegna fjárhagserfiðleika fólksins í landinu og erfiðleika þess við að standa í skilum með sínar skuldbindingar.

Fulltrúar Húsnæðisstofnunar greindu einnig frá miklum vandamálum í félagslega kerfinu varðandi almennar kaupleiguíbúðir og erfiðleika við að standa þar í skilum. Minni hlutinn telur að frv. taki ekki með neinum hætti á þessum vandamálum.

Atvinnuleysistryggingasjóður er hækkaður um 394 millj. kr. milli 2. og 3. umr. fjárlaga. Þetta stafar m.a. af því að það er nú hætt við að innheimta 600 millj. kr. gjald af sveitarfélögunum í sjóðinn til átaksverkefna. Þetta stafar einnig af því að Þjóðhagsstofnun hefur reiknað upp á nýtt horfur um atvinnuleysisprósentu á næsta ári og hún er talin vera 4,6%, lækkar eilítið og það veldur því að 394 millj. kr. bætast við til þess að bæta upp þær 600 millj. sem sjóðurinn missir í tekjum frá sveitarfélögunum. Þetta atvinnuleysisprósentustig er auðvitað mikilli óvissu háð eins og hér hefur komið fram í umræðum um fjáraukalög og um fjárlög og ég þarf ekki í rauninni að bæta neinu þar við. Þetta er einn af óvissuþáttunum í frv.

Þau átök sem voru um þjónustuframlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 1994 voru leyst til bráðabirgða með samkomulagi í byrjun desember við forsvarsmenn Sambands ísl. sveitarfélaga. 150 millj. kr. var velt áfram með lántöku Innheimtustofnunar sveitarfélaga. Það liggur ekkert annað fyrir um það á hve löngum tíma þetta lán verður endurgreitt eða um skipan þessara mála á næsta ári en yfirlýsing um að koma málum þannig fyrir að jöfnunarsjóðurinn þurfi ekki að taka þessi vanskil á sig. Það er mjög brýnt, og það vil ég undirstrika, að ekki verði gengið um of á fjárhagsstöðu jöfnunarsjóðsins, ekki síst með það í huga að hlutverk hans er afar þýðingarmikið og fer vaxandi með auknu hlutverki sveitarfélaga í stjórnkerfinu og breyttri verkaskiptingu.

Varðandi samgöngumálin vil ég minnast á tvö atriði sem hafa reyndar komið fram í umræðu áður. Ég tel

algerlega ótímabært að skerða flugmálaáætlun og færa fjármagn þar úr framkvæmdaliðum í rekstur. Það hefur ítrekað komið fram að það er algerlega ótímabær aðgerð miðað við þau verkefni sem eftir eru í flugmálum, bæði á flugvöllum úti á landsbyggðinni og einnig á meginflugvelli innanlandsflugsins sem er Reykjavíkurflugvöllur. Hér bíða stórverkefni eins og annars staðar og ég óttast það að þessi skerðing verði inni áfram.

Það hefur verið rakið hér varðandi það framkvæmdaátak sem fyrirhugað er í vegamálum að það er ætlunin að breyta skiptingu fjár og skipta því eftir höfðatölu. Þá kemur út sú niðurstaða að það bætist við fjármagnið í öllum kjördæmum nema á Austurlandi og Vestfjörðum, nema þar sem vegakerfið er dýrast og erfiðast. Þetta er sannarlega meistaraleg niðurstaða í þessu átaksverkefni og þarf ekki að hafa mörg orð um það hvernig er hægt að koma hlutunum fyrir.

Ég tek undir það sem hér hefur verið sagt um Landhelgisgæsluna. Það er auðvitað óviðunandi að það sé ekki ætlað fyrir rekstri þyrlunnar. Það er til bóta að veita 35 millj. í varahlutina og átti það auðvitað að vera fyrirséð að þyrfti varahluti í þyrluna. En það þarf að reka þetta tæki og á því þarf auðvitað að finna lausn á næsta ári án þess að skera þar niður annan rekstur.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta nál. Það hefur verið lagt fram og það hefur verið gerð grein fyrir sjónarmiðum minni hlutans varðandi það. Ég vil hins vegar víkja að brtt. við frv. til fjárlaga sem við flytjum á þskj. 490 hv. þm. Guðmundur Bjarnason, Jóhannes Geir Sigurgeirsson, Jón Kristjánsson og Finnur Ingólfsson, en við eigum sæti í fjárln. og í efh.- og viðskn. Þessar tillögur eru þannig til komnar að þær eru hugsaðar til þess að koma eilítið meira til jöfnunar lífskjara heldur en frv. gerir ráð fyrir. Við flytjum á þskj. 489 brtt. um tekjuöflun, sem verður gerð grein fyrir hér á eftir.

Fyrsta brtt. á þskj. 490 er varðandi grunnskólana, að halda óbreyttum framlögum í þeim frá því sem var á síðasta ári, en m.a. er gerð á grunnskólana hagræðingarkrafa sem nær étur upp þá viðbót sem varð vegna aukins nemendafjölda.

Við flytjum tillögu um að bæta 50 millj. við í jöfnun á námskostnaði. Það er í 2. lið og það veitir ekki af. Þetta er lágmark að við teljum til þess að það muni eitthvað um þessa aðstoð sem þarna er, sem vantar sárlega því að mismununin er mikil í þessu efni eftir því hvar fólk er búsett og hvað er langt í framhaldsskóla.

Við leggjum til að við liðinn Kennslu- og vísindadeildir Háskóla Íslands verði bætt 100 millj. Það er til þess að koma til móts við þær beiðnir sem háskólinn sendi, og vel rökstuddar, til fjárln. en hlutu ekki náð nema að hluta. Það voru til bóta tillögur meiri hlutans en við teljum að það sé ekki nóg að gert. Sama er að segja um liðinn Þjóðarbókhlaða. Við teljum að það sé auðvitað ekkert vit í því annað en reka þetta myndarlega hús þannig að m.a. stúdentar í háskólanum sem lesa í þessu húsi geti átt þar aðgang á svipaðan hátt og þeir áttu að háskólabókasafni og við leggjum til að það verði bætt 82 millj. þar við.

Við leggjum einnig til að listskreytingasjóður fái 8 millj. Við teljum að þessum sjóði eigi að halda áfram, það eigi að halda áfram starfi hans þó að það sé verið að endurskoða lögin. Það er til bóta að leggja til 4 millj. og við munum að sjálfsögðu styðja það ef þessi tillaga hlýtur ekki náð fyrir augum hv. þingmanna.

Við flytjum tillögu um sérstakar greiðslur í landbúnaði, en það eru niðurgreiðsla á loðdýrafóðri, en því miður hefur verð á skinnum farið lækkandi á síðustu uppboðum og þess vegna eru rök fyrir því að halda þessari upphæð inni, sem er alger lágmarksupphæð, upp á 10 millj. kr.

Við leggjum til að embættum héraðslækna í Reykjavík og héraðslækna á Norðurlandi eystra verði haldið áfram og fjármunir ætlaðir til þess. Annars staðar er fyrirkomulag óbreytt í þessum efnum, en við leggjum til að þessir liðir verði inni.

Við leggjum einnig til að niðurgreiðsla á rafhitun hækki um 50 millj. kr. Ég þarf í rauninni ekki að hafa mörg orð um það, þau mál hafa verið rakin hér í umræðum í dag og það auðvitað blasir við að ríkisvaldið hefur lagt á hitunarkostnað virðisaukaskatt þannig að tekjur ríkissjóðs af þeim skatti eru ívið meiri heldur en niðurgreiðslurnar. Það er auðvitað meiningin með þessari tillögu að jafna þennan aðstöðumun og þarf ekki að hafa mörg fleiri orð um það.

Að lokum flytjum við tillögu um það að bæta við liðinn Búnaðarfélag Íslands jarðræktarframlögum 50 millj. kr. til viðbótar við þær 40 millj. sem ákveðnar voru í tillögum meiri hlutans. Þessar 50 millj. kr. mundu nægja til þess að greiða helming þeirra skuldbindinga sem til hafa fallið á árunum 1992 og 1993 og við teljum það algert lágmark að gera það og stillum tillögugerð í hóf að þessu leyti og er ærinn hali sem er eftir þó að þessi tillaga verði samþykkt.

Ég hef þá lokið að gera grein fyrir brtt. og þessar brtt. eru í algeru lágmarki. Það er flutt tillaga um tekjuöflun til að mæta þeim og heldur betur meira að segja. En við teljum að þetta séu lagfæringar. Það breytir ekki stöðu ríkissjóðs að samþykkja þessar tillögur og ætti ekki að vera tilfinnanleg skattlagning að mæta þeim í tekjum, enda gerum við tillögu um það á öðru þskj. sem hér verður gerð grein fyrir.

[23:28]

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegur forseti. Ég flyt hér tvær brtt. á þskj. 478. Önnur tillagan hefur ekki útgjaldaauka í för með sér fyrir ríkið heldur tilfærslu á fjármunum og er vegna hjartaaðgerða á ungum börnum. Á árinu 1994 hafa verið gerðar í kringum 10 hjartaaðgerðir á ungum börnum á Landspítalanum, sams konar aðgerðir sem áður hafa verið gerðar erlendis. Þessar aðgerðir lofa meiru en góðu og er bylting fyrir þá er þurfa á slíkum aðgerðum að halda. Á fjárlögum er ekki fjárveiting til að halda þessum aðgerðum áfram á Landspítalanum á næsta ári auk þess sem ráð er fyrir gert að aðgerðum á almennri hjartadeild fækki um fjórutíu frá því sem er í ár, þ.e. á árinu í ár voru gerðar 290 hjartaaðgerðir en það er gert ráð fyrir í fjárlögum að 250 hjartaaðgerðir verði gerðar á næsta ári. Það er ekki reiknað með fleiri aðgerðum. Brtt. hefur í för með sér að við flytj-

um 15 millj. úr sjúkratryggingum sem hafa hingað til greitt kostnaðinn vegna utanlandsferða vegna þessara aðgerða á ungum börnum sem ég áður minntist á. Þessar 15 millj. nægja til að gera jafnmargar aðgerðir og í ár á ungum börnum, sem sagt 8–10 aðgerðir. Ég tel ekki þörf á að hafa fleiri orð um þessa tillögu svo sjálfsögð sem hún hlýtur að vera.

Síðan er hér önnur tillaga, einnig varðandi Ríkisspítalana. Hún hefur aftur á móti útgjaldaauka í för með sér, en eins og kom fram hjá hv. þm. Jóni Kristjánssyni þá erum við með tekjupósta á móti. Sá útgjaldaauki er um 35 millj. kr. og er í fyrsta lagi til endurbóta á aðstöðu í sambandi við fæðingu og mæðravernd á kvennadeild fæðingardeildar Landspítalans og til að efla glasafrjóvgunardeild Landspítalans, sem hefur náð undraverðum árangri í þeirri grein, en í dag er um tveggja ára bið eftir að komast til meðferðar á þeirri deild og eru um 650 pör eða um 1.300 einstaklingar sem bíða eftir að komast þar til aðgerða. Frá upphafi opnunar þeirrar deildar, sem var í október 1991, hafa 600 fengið meðferð á deildinni og sú meðferð hefur leitt til þess að á þriðja hundrað börn hafa fæðst. Til að stytta biðlista er afar nauðsynlegt að stækka deildina og auka tækjabúnað en helst vantar af tækjum fósturvísafrysti og smásjárfrjóvgunarútbúnað.

En þó ég hafi áður sagt að um 650 pör bíði eftir meðferð og séu á biðlista þá er ekki þar með öll sagan sögð því að það vantar tilfinnanlega tækjabúnað þannig að erfiðustu tilfellin eru ekki á biðlista. Í dag er það þannig að sjúklingar borga í kringum 50% af meðferðarkostnaði, en ég sagði sjúklingar vegna þess að landlæknir skilgreinir ófrjósemi sem sjúkdóm sem hrjáir a.m.k. 15% einstaklinga á barneignaaldri.

En tillagan sem hér er flutt er til að auka þjónustu einnar bestu glasafrjóvgunardeildar í heiminum. Ég segi einnar bestu því þrátt fyrir ungan aldur deildarinnar þá hefur náðst þarna undraverður árangur. Árangur hér er betri en víðast hvar annars staðar og þar af leiðandi hafa erlendir aðilar litið mjög til þessarar glasafrjóvgunardeildar á Íslandi og sýnt henni mjög mikinn áhuga þannig að það eru miklir möguleikar um leið og við erum búin að stytta biðlistann fyrir Íslendinga, að markaðssetja þessa deild fyrir útlendinga. En til þess að geta þetta legg ég til með tillögu minni hér að 35 millj. verði varið til þessa þáttar. Ég tel að ég þurfi ekki að hafa fleiri orð um þetta mál.

[23:34]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég mæli hér fyrir lítilli brtt. á þskj. 481 frá okkur hv. þm. Jóni Helgasyni. Tillgr. hljóðar svo að við 6. gr., þ.e. heimildargreinina, bætist nýr liður er verði liður 5.6, svohljóðandi:

„Að verja hluta af jöfnunargjöldum sem lögð verða á samkvæmt ákvæðum GATT-samningsins til stuðnings sölu á landbúnaðarafurðum erlendis.“

Það liggur fyrir, frú forseti, að jöfnunargjöld falla til vegna GATT-samninganna. Við leggjum til að hæstv. fjmrh. fái heimild til þess að verja hluta þeirra til stuðnings sölu á íslenskum landbúnaðarafurðum erlendis. Það ætti að vera áhættulaust fyrir hæstv. fjmrh. og hans menn að samþykkja þessa tillögu. Hæstv. fjmrh. hefur vald á því hvort hann notar heimildina meðan hann er í stóli fjmrh. og fari svo samkvæmt von minni að einhver annar sitji í stól fjmrh. að kosningum loknum þá hefði sá ráðherravald á því hvort hann notaði heimildina.

Ég kom hér skoðun minni á framfæri fyrr í dag um nauðsyn þess að flytja út landbúnaðarafurðir og þá sérstaklega dilkakjöt svo að ég þarf ekki að orðlengja þetta meira en vonast eftir því að þessi tillaga fái góðar viðtökur og nái fram að ganga.

[23:36]

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir brtt. á þskj. 489. Flm. ásamt mér eru hv. þm. Guðmundur Bjarnason, Jóhannes Geir Sigurgeirsson og Jón Kristjánsson. Brtt. gengur út á tekjuöflun vegna þeirra útgjaldatillagna er framsóknarmenn hafa flutt á öðru þskj. fyrr við umræðuna. Tekjuöflunin felst í því ef við gerum ráð fyrir að hækka eignarskatta með því að breikka eignarskattsstofn þannig að allar eignir verði gerðar jafnar fyrir sköttum, peningalegar eignir jafnt sem aðrar, þannig áætlum við að afla tekna upp á 1.000 millj. kr. Um leið hækkum við fríeignamarkið og afnemum ekknaskattinn.

Í öðru lagi gerum við ráð fyrir því til kjarajöfnunar að hækka vaxtabætur um 300 millj. kr., hækka barnabætur um 400 millj. kr. og gerum ráð fyrir því að hátekjuskatturinn verði óbreyttur frá því sem hann er nú en ekki lækkaður eins og gert er ráð fyrir í tillögum ríkisstjórnarinnar í skattamálum.

Í fjórða lagi gerum við ráð fyrir því að hækka almennt verð á áfengi og tóbaki um 3–4% þannig að Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins skili 200 millj. kr. meira í ríkissjóð. Þannig höfum við flutt breytingartillögur til tekjuöflunar fyrir ríkissjóð sem standa undir þeim útgjöldum er við lögðum til hér við umræðuna og rúmlega það.

[23:39]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég ætla að mæla fyrir einni lítilli brtt. sem ég flyt á þskj. 498, er reyndar efnislega sambærileg við brtt. sem felld var við 2. umr. með nokkuð öðrum upphæðum. Þetta varðar breytingu á liðnum 10-472 680 Flugvellir, framkvæmdir. Það eru framkvæmdir samkvæmt flugmálaáætlun sem nokkuð hafa verið til umræðu upp á síðkastið, sú fyrirhugaða skerðing á mörkuðum tekjum sem ríkisstjórnin og meiri hlutinn hér hefur ákveðið að leggja til upp á um 70 millj. kr. Ég legg til að þessi tala gangi til baka og verði hluti af framkvæmdafé flugmálastjórnar á komandi ári eins og lög gera ráð fyrir og veitir ekki af miðað við þau verkefni sem þar eru. Aðilar í flugrekstri hafa brugðist mjög hart við þessum fyrirhuguðu áformum og um það hafa verið gerðar ályktanir, þar á meðal í flugráði í dag eða í gær og mjög harðorð samþykkt sem eðlilegt er þar sem um algerlega sérstakar álögur á flugið var að ræða á sínum tíma þegar tekjustofnarnir voru myndaðir. Ég legg til að enn verði látið á það reyna hvort menn eru ekki tilbúnir til

þess að falla frá þessari vanhugsuðu skerðingu á framkvæmdafé flugmálaáætlunar og sjái þess í stað fyrir rekstri flugmálanna með sambærilegum hætti og verið hefur.

Í ágætri grein í dagblöðum nýlega hefur Leifur Magnússon, fyrrv. formaður flugráðs, gert mjög skilmerkilega grein fyrir því að flugið á Íslandi er fremur veitandi en þiggjandi þegar kemur að tekjumyndun fyrir ríkissjóð í heild annars vegar og þeim fjármunum sem ríkið ráðstafar til flugrekstrarins hins vegar. Þegar allt er lagt saman er það í raun og veru svo að flugið er síður en svo á nokkurn hátt þiggjandi í þessu efni. Við þær aðstæður er auðvitað alveg forkastanlegt að ætla að gera þennan markaða tekjustofn á flugfarþega að sérstökum skatti í ríkissjóð.

Eins er það, hæstv. forseti, að ég hefði haft áhuga á því ef hæstv. sjútvrh. er í húsinu að eiga við hann örfá orð um málefni sem varða sjávarútveginn og tengjast þessu fjárlagafrv. og afgreiðslu mála á lokasprettinum, fjáraukalögum og fjárlögum, ef hægt væri að kanna hvort hæstv. sjútvrh. gæti komið hér. Sjálfsagt gefast ekki önnur tækifæri til þess að eiga orðastað við hæstv. ráðherra um þau mál, a.m.k. ekki fyrir aðfangadag, ég segi ekki fyrir kosningar nema hér séu fluttar nýjar fréttir að ástandið sé orðið þannig í stjórnarherbúðunum að verið sé að undirbúa þingrof niðri í þingflokksherbergi Sjálfstfl. Það kann vel að vera. Mér er sagt að þar standi yfir mikilvægur fundur. (Gripið fram í.) Það er upplýst að hv. þm. Finnur Ingólfsson tekur ekki að sér að svara fyrir sjútvrh.

(**Forseti** (SalÞ): Sjútvrh. er kominn.)

Já, hæstv. forseti. Þannig var að hæstv. sjútvrh. var ekki viðstaddur þegar ég flutti ræðu mína við 2. umr. um fjárlög og þá nefndi ég ýmis atriði sem vörðuðu sjávarútveginn og lagði reyndar inn spurningar, þar á meðal eina sem mér skilst að nú liggi fyrir svar við, þ.e. að fallið hafi verið frá þeirri gjaldtöku, sérstöku gjaldtöku á krókaleyfisbáta sem fyrirhugað var samkvæmt forsendum fjárlagafrv. og boðuð sem ein af tekjuforsendum. Út af fyrir sig fagna ég því að hæstv. sjútvrh. hefur séð að sér í þessum efnum.

Það er einnig athyglisvert að einhverja bakþanka virðist hæstv. ríkisstjórn vera búin að fá út af stöðu bátaútgerðarinnar og smábátanna sérstaklega því að nú er meira að segja til umræðu að ráðstafa heilum 20 millj. kr., til að styrkja smábátaútveg sem á í erfiðleikum, þ.e. þann hlutann sérstaklega sem er á aflamarki. Ég verð að segja alveg eins og er að ég vil að hæstv. sjútvrh. heyri það að mér finnst þetta nánasarlega skammtað úr því að menn eru að þessu á annað borð. Auðvitað veit hæstv. sjútvrh. vel að vandi þessa hluta útgerðarinnar er gríðarlegur og ekki verða gerðar miklar rósir með 20 millj. kr. úr því að menn eru að þessu á annað borð. Auðvitað átti hæstv. sjútvrh. að beita sér fyrir því að þarna væru á ferðinni einhverjir þeir fjármunir sem einhverju máli skiptu og það hvernig hæstv. ráðherra ætlar að klóra sig í land í þessum efnum varðandi vanda smábátaútgerðarinnar samanber þessa tillögu til fjárveitinga er auðvitað alveg til háborinnar skammar þegar fyrir liggur að þessi hluti útgerðar í landinu er að þurrkast út, þ.e. bátar og smábátar á aflamarki. Þeir eru stærsti hluti þeirra sem nú sækja um úreldingu í þróunarsjóði og það er ljóst að bátaflotinn og aflamarkið sem taldi hátt í þúsund skip fyrir nokkrum árum síðan stefnir nú óðfluga niður í núll. Auðvitað hlýtur það að verða eitthvert umhugsunarefni fyrir menn hvort það sé heppileg þróun í útgerð í landinu að þessi hluti flotans hverfi.

Svo vil ég að lokum, hæstv. forseti, nota tækifærið og svara furðulegum árásum hæstv. sjútvrh. á okkur alþýðubandalagsmenn í sambandi við málefni sem þetta varðar, þ.e. annað mál sem liggur fyrir þinginu og varðar samningsveð eða hvað það nú heitir á fínu máli. Hæstv. sjútvrh. hefur notað stöðu sína í fjölmiðlum undanfarna sólarhringa til að ráðast annars vegar furðulega á Alþb. og hins vegar á hæstv. iðnrh. og viðskrh. og sakar menn um það eins og það liggi bara á borðinu að algert hrun blasi við í sjávarútveginum á landsbyggðinni og ef ekki verði lögfest hér heimild til að veðsetja aflaheimildina. Það er það sem hæstv. sjútvrh. hefur aðallega fram að færa í þessum efnum um þessar mundir svo ekki sé nú talað um bankakerfið. Bankakerfið mun hrynja bara á næstu dögum ef þetta frv. fer ekki í gegn, sagði hæstv. sjútvrh. í sjónvarpi í kvöld og vandaði hæstv. bankamálaráðherra ekki kveðjurnar. Það væri nú meiri sauðurinn sem væri að stimpast á móti þessu máli og stofnaði sjálfu bankakerfi landsmanna í hættu svo að ekki væri minnst á sjávarútveginn og landsbyggðina. Það mundi allt hrynja á morgun. Auðvitað er þetta alveg furðulegur málflutningur hjá hæstv. sjútvrh. og einkennandi fyrir þann stráksleg og óábyrga stíl sem hann temur sér jafnan í umfjöllun um þessi mál.

Nei, hæstv. forseti. Ég held að sjútvrh. væri nær að sýna það í málatilbúnaði við afgreiðslu fjárlagafrv. og fjáraukalaga að hann taki alvarlega þau vandamál sem við er að glíma í íslenskum sjávarútvegi og þar sem skórinn kreppir mest en að láta standa sig að því að setja inn einhverjar 20 millj. kr. til að leysa vanda smábátaútgerðarinnar. Það er auðvitað þvílíkur brandari og ef málið væri ekki jafnalvarlegs eðlis og dapurlegt eins og raun ber vitni væri ekkert hægt við það að gera annað en hlæja að því en það er auðvitað ekki við hæfi þegar svona stendur.

Frágangurinn á því máli, hæstv. forseti, var eins og kunnugt er þannig að allt ætlaði vitlaust að verða hér þegar það kom frá meiri hlutanum og svona er nú myndarskapurinn og rausnin, svona er að þessu staðið. Þetta er ekki til mikillar fyrirmyndar, hæstv. forseti, eins og ég hef sagt.

Ég notaði þetta tækifæri, hæstv. forseti, leyfði mér það til þess að koma þessum athugasemdum sem varða málefni tengd sjávarútveginum og tengjast afgreiðslu þeirra mála í umræðum um fjárlög.

[23:48]

Árni Johnsen:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Margrét Frímannsdóttir hafði áður í kvöld vikið að einni af tillögum meiri hluta fjárln. sem varðaði undirbúning að hverarannsóknum í Hveragerði, rannsóknum á lífríki hverasvæð-

anna, örverum og öðru tilheyrandi. Það var ástæðulaust hjá hv. þm. að gera þá tillögu eitthvað tortryggilega. Þar er um mjög gott mál að ræða og ég er glaður yfir því að þingmaðurinn lýsti því yfir að hún mundi styðja þá tillögu. Það er mikilvægt fyrir Íslendinga að stunda rannsóknir í stóru og smáu, ekki síst á íslenskum sérsviðum og þessar rannsóknir heyra þar undir. Einn af færustu vísindamönnum Íslendinga á því sviði, dr. Jakob Kristjánsson, jafnframt kunnur víða um heim fyrir rannsóknir sínar og þekkingu á líffræði hverasvæða, vinnur að því máli og er mjög spennandi að horfa til þess að nú loks verði gengið til þess að rannsaka hið sérstæða hverasvæði í hjarta Hverageröisbæjar.

Það er náttúrlega ástæða til þess að fagna því um leið að stjórnarflokkarnir og hæstv. ríkisstjórn hafa lagt mikið kapp á það á undanförnum árum að efla rannsóknir á öllum sviðum á Íslandi og hafa lagt þar mjög myndarlega til í stóru og smáu og ein af tillögunum í fjárlögum fyrir árið 1995 er til að mynda rannsóknarstaða fyrir framhaldsskólakennara við uppeldisstofnun í fræðslu- og uppeldismálum. Það mun ætlun hæstv. menntmrh. að kenna þá stöðu við dr. Brodda Jóhannesson, sem var einn af brautryðjendum íslenskra skólamanna í rannsóknum. Lagði mikið kapp á það að menn stunduðu rannsóknir og efldu þær og ekki síst lagði dr. Broddi heitinn kapp á það að þeir sem stunduðu rannsóknir þekktu vettvanginn sem þeir ættu að rannsaka. Þess vegna er það mjög spennandi fyrir íslenskt skólakerfi að framhaldsskólakennarar skuli nú í fyrsta skipti fá möguleika á því að stunda rannsóknir á sviði sem þeir eru gjörkunnugir á. Þetta er nýjung og því ber að fagna. Ég vil rétt aðeins leggja áherslu á það að það ber fyrst og fremst að fagna þeim miklu áföngum sem hafa komið í rannsóknum á Íslandi á undanförnum árum og þeirri áherslu sem hefur verið lögð á það af stjórnarflokkunum.

[23:51]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þekki ekki svo út í hörgul þessar líffræðilegu örverufræðirannsóknir eða hvað það nú er, sem eiga að stundast þarna í Hveragerðinu. En hitt fullyrði ég að það er ekki rétt hjá hv. þm. að með þessum rannsóknum eigi nú að fara að brjóta í blað og í fyrsta skipti í sögunni muni framhaldsskólakennarar á Íslandi fara að stunda rannsóknir. Það er mikill misskilningur og ákafleg vanþekking að halda slíku fram. (**Gripið fram í:** En þetta er á Suðurlandi.) Það getur að vísu verið að það eigi við um Suðurlandið, eins og hér er kallað fram í. En ég leyfi mér a.m.k. að fullyrða að við Norðlendingar t.d. erum því að góðu kunnir að framhaldsskólakennarar þar um slóðir stundi rannsóknir og mætti þar nefna einn af meiri vísindamönnum þjóðarinnar á sviði grasafræði t.d., Steindór Steindórsson, fyrrv. skólameistara, sem allan sinn langa feril sem framhaldsskólakennari stundaði að sjálfsögðu rannsóknir og það jafnvel grunnrannsóknir og vann við slíkt löngum á sumrin. Þannig að mér fannst ómögulegt annað, þrátt fyrir þessa innblásnu ræðu sem hv. þm. hélt hér um hinar merku rannsóknir, sem ég auðvitað tek undir og fagna með honum að eru að komast í gang, að leiðrétta þetta.

[23:52]

Árni Johnsen *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var óþarfi hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni að vera að leiðrétta eitthvað því að þess gerðist ekki þörf. Það hefur ekki fyrr verið sett á stofn staða á háskólasviði fyrir framhaldsskólakennara til að stunda rannsóknir. Steindór Steindórsson frá Hlöðum er kunnur vísindamaður á sinn hátt, á mörgum sviðum, og það mætti nefna marga sem eru ekki kannski mjög reyndir skólamenn. Ég nefni hér Kvískerjabræður, sem hver um sig hefur verið vísindamaður í rauninni á mörgum sviðum. Þannig að margir stunda rannsóknir. Málið snýst um það í þessu tilviki að það er skipuð staða sem framhaldsskólakennari getur unnið við á launum og eftir formlegum leiðum. Það er nýjung hvað sem hv. þm. segir.

[23:53]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér er kannski nokkur vandi á höndum að ræða þetta af nægjanlegri þekkingu við hv. þm., en mér er þó tjáð af öðru nefndafólki í fjárln. að hugsunin sé sú að þessar rannsóknir eigi einkum að ýta undir og örva ferðamennsku á viðkomandi slóðum. Og málin gerast náttúrlega nokkuð flókin ef þetta er nýmæli fyrst og fremst vegna þess að komið sé á fót stöðu til rannsóknastarfa sem framhaldsskólakennari geti starfað í. Og ég spyr þá: Er það þá skilyrði að maðurinn sem fer í stöðuna sé framhaldsskólakennari? Er það bundið þannig? (Gripið fram í.) Ég held að hv. þm. Árni Johnsen verði þá að útskýra þetta betur en hann gerði hér áðan ef það á að vera fyrir hvítan mann að skilja þetta.

[23:54]

Árni Johnsen *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér er ljúft að leiðrétta hv. þm. Steingrím J. Sigfússon vegna þess að hann virðist ekki hafa skoðað þingskjölin og ekki hlustað á ræðurnar. Málið sem ég fjallaði um snerist um tvö atriði. Annars vegar um hverarannsóknir í Hveragerði og uppbyggingu miðstöðvar á því sviði, undirbúning að því, hins vegar um rannsóknarstöðu framhaldsskólakennara við Rannsóknastofnun í uppeldis- og menntamálum. Það er það sem ég var að tala um og hv. þm. ruglaðist á, en ég býst við að enginn annar hv. þm. hafi ruglast á því máli, en nú ætti þingmanninum að vera ljóst um hvað málið snýst.

[23:55]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að blanda mér mikið í umræður um það hvernig göngustígar í Hveragerði urðu að örverum, en þegar örverurnar eru orðnar að framhaldsskólakennara þá fer nú skörin að færast upp í bekkinn. En erindi þeirra Hvergerðinganna og Iðntæknistofnunar er sjálfsagt hið ágætasta mál sem þarf að taka fyrir á réttum vettvangi. Hins vegar finnst mér alveg út í hött að heyra hv. þm. Árna Johnsen, 3. þm. Suðurl., hæla sér af afrekum ríkisstjórnarinnar í rannsóknum. Það vill nú svo til að umsóknir hafa kom-

ið til fjárln. um heilar 13 millj. í að rannsaka klak við Ísland fyrir Hafrannsóknastofnun. Það erindi hefur ekki fengið áheyrn hjá meiri hluta fjárln. í mörg ár. Og það kom bréf frá hv. þingflokksformanni Sjálfstfl. þar sem hann bað um 30 millj. kr. fyrir Hafrannsóknastofnun til þess að senda skip á Reykjaneshrygg til að kanna þar stofnstærð karfa. Þessu bréfi var stungið undir stól. Ég hef ekkert heyrt á það minnst. Það var ekkert afgreitt. (Gripið fram í.) (**ÁJ:** Er ekki rétt að þingmaðurinn kynni sér þetta?) Já. (**Gripið fram í:** Reykjaneshryggurinn átti þó fulltrúa í nefndinni.) Það var skorið niður um 15 millj. þetta erindi, þannig að ég vil nú ekki hlusta á þessar afrekasögur af hæstv. ríkisstjórn í rannsóknum og vísindum.

[23:57]

Árni Johnsen *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er leitt hvernig hv. stjórnarandstæðingar rugla hér saman málum hver á fætur öðrum og gott dæmi er hv. þm. Jón Kristjánsson, sem ruglaði hér saman amöbum og karfaseiðum og ýmsu á því sviði. En það er rétt að ítreka það, og ég vil leiðrétta hv. þm., að tillaga um karfarannsóknir er í fjárlagafrv. 1995 og ætti að geta gengið að óskum, enda mun hæstv. sjútvrh. tryggja framgang málsins.

[23:58]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég skal vissulega gefa meiri hluta hv. fjárln. plús fyrir að setja 15 millj. í rannsóknaleiðangur hv. formanns þingflokks Sjálfstfl. (Gripið fram í.) En hvernig sá leiðangur á að vera, hann á sennilega að fara aðra leiðina, eins og hv. 6. þm. Norðurl. e. bendir á. Það eru náttúrlega engin vinnubrögð að skera slíkar beiðnir niður á hné sér, enda er þetta alveg í samræmi við vinnubrögð hv. meiri hluta því að ég man ekki til að þessi afgreiðsla hafi verið borin undir minni hlutann. Það hef ég ekki orðið var við. Þetta er sennilega einhver Byggðastofnunarafgreiðsla og vantar nú bardagamanninn hér, hv. 1. þm. Vestf., til að taka þátt í leiknum.

[00:00]

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég ætlaði nú að hlífa þingheimi við að lengja þennan fund, en eftir þær umræður sem hér hafa átt sér stað síðustu mínúturnar þá held ég að ég sé tilneydd til að upplýsa aðeins hvernig málið bar að okkur. Ég óska eftir því að hæstv. menntmrh. hlýði á mál mitt því að lokaafgreiðsla þessa merkilega máls um hverarannsóknir í Hveragerði hét að vísu allt annað í byrjun. Þá var bara um að ræða gangstíga í Hveragerði, sem jafnvel meiri hluti hv. fjárln. þóttist fullviss um að væri frekar sveitarstjórnarmál heldur en mál ríkissjóðs. Þá tók málið hinar kynlegustu myndir og breyttist nú ört frá degi til dags. Fyrst átti þessi eina millj. að fara í rannsóknir á vegum garðyrkjuskólans og einhverrar deildar, líklega líffræðideildar, Háskóla Íslands. Sennilega hafa þessir aðilar ekkert viljað með þetta hafa því að það hvarf út af borðinu mjög fljótlega.

Þá komu örverurnar til sögunnar. Og það sem fáfróðum í líffærði þótti mjög undarlegt var að örverurnar áttu að draga að ferðamenn til Hveragerðis og menn áttu að flykkjast þar og skoða þær spásserandi á gangstígum í Hveragerði. Þá rann það upp fyrir einhverjum að þetta væri ekki svona einfalt, enda kom greinargerð um einhverjar hugmyndir sem höfðu kviknað milli Iðntæknistofnunar og bæjarstjórnar Hveragerðis um að það gæti nú verið gaman að rannsaka hitasæknar örverur. Byggja skyldi hús sem mundi kosta nokkra tugi milljóna, þar sem aðstaða væri til að sýna ferðamönnum þessar merkilegu skepnur, þar sem ljóst væri að það væri erfitt að koma auga á þær öðruvísi og túristarnir yrðu fyrir vonbrigðum ef þeir gætu ekki skoðað þær með einhverjum þar til gerðum tækjum.

Þannig stendur nú málið, hæstv. forseti, og ég vil spyrja hæstv. menntmrh.: Er þetta fyrsta framlag til stofnunar, í sýningarhöll, til að sýna ferðamönnum örverur eða einhvers konar örverutívolí eða hvað sem þetta á nú að verða? (**Gripið fram í:** Sirkus Árna Johnsens.) Þannig að ég óska nú eftir því að vita hvort þessi milljón er byrjunin á einhverju öðru meira. Ég hafði samband við Iðntæknistofnun vegna þess að það einkennilega var að það var ekkert erindi fyrir nefndinni og ég óskaði eftir því við forstöðumann Iðntæknistofnunar að við fengjum þá skriflegt erindi. Ekki vildi hann senda það, en viðurkenndi að það hefði verið rætt um möguleika á einhverri slíkri starfsemi og dr. Jakob Kristjánsson hafði slegið upp einhverjum hugmyndum um hvernig þetta gæti litið út. En minni hlutanum þótti þetta ekki forgangsverkefni og það kom fram í viðtölum mínum við Iðntæknistofnun að þeir töldu eðlilegra að erindið kæmi frá Hveragerði (**Gripið fram í:** Ekki frá örverunum?) og það kom svo síðar um daginn, skriflegt erindi frá Hveragerði um þessa stofnun. Þannig er þetta nú búið að vera ærið flókið.

En bara svona af umhyggjusemi minni við ferðamenn þá held ég að það verði að gera eitthvað aðeins meira til þess að örverurnar geti orðið þeim til skemmtunar en að byggja þessa gangstíga sem málið allt snýst um. En ég er alveg sammála hv. þm. Árna Johnsen um að það eru aldrei of margar menntastofnanir í landinu og honum hefur ekki orðið skotaskuld úr því að búa til háskóla í heimahéraði sínu og þetta verður sjálfsagt komið upp áður en við er litið og allt er það gott og ekki ber að amast við duglegum þingmönnum. En mig langar að heyra hæstv. menntmrh. segja mér ofurlítið um hvernig hann hyggst byggja þessa stofnun upp.

[00:05]

Árni Johnsen *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er ótrúlega mikil umræða hér um verkefni sem er á upplýsingastigi, undirbúningsstigi og er margþætt og spennandi á sérsviði Íslands. Ég býst við að flestir hv. þm. þekki frá síðustu árum rannsóknir sem stóðu í Kolbeinsey á sérstæðu hveralífríki á því svæði og vöktu athygli vísindamanna á því sviði um allan heim, þegar fundust m.a. nýjar tegundir sem menn höfðu aldrei þekkt áður. Það er alveg ástæðulaust að vera að gera lítið úr slíkum rannsókn-

um á íslensku sérsviði, hverasviði. Það er auðvitað eitt af því sem við eigum að rækta, að sinna okkar sérsviðum og rækta garðinn heima. Það er rangt hjá hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur að nokkru sinni hafi verið fjallað um það í fjárln. eða meiri hluta fjárln. að leggja fjármagn til göngustíga eða girðinga í Hveragerði. Það er beinlínis rangt. Í tillögum og hugmyndum bæjarstjórnar Hveragerðis frá sl. hausti, frá því í september, þá var í greinargerðum fjallað um svæðið og m.a. að það þyrfti að leggja göngustíga eða bæta þá og girðingar. En það kom aldrei til umræðu í fjárln. að það væri styrkhæft, enda er það ekki styrkhæft.

Það er líka rangt hjá hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur að ekki hafi legið fyrir erindi. Það lágu fyrir tvö erindi, annað yfirlitserindi frá dr. Jakobi Kristjánssyni, (Gripið fram í.) mjög yfirgripsmikið, sem var dreift á borð þingmanna og er til umfjöllunar í fjárln. Það er líka rangt hjá hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur að erindi um þetta hafi komið sama dag og það var ákveðið í fjárln. Erindið var komið löngu áður og er dagsett löngu áður, enda á þingmaðurinn að hafa haft það á borði sínu.

[00:07]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka nú þessar upplýsingar sem hafa komið fram í umræðunum frá hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur og hv. þm. Árna Johnsen. Ég verð að viðurkenna vanþekkingu mína á tilurð tillögunnar. Hún er ekki komin frá ráðuneytinu. (**Gripið fram í:** Nú.) Ég vænti þess að það eigi ekki að koma neinum á óvart miðað við hvernig umræður hafa hnigið hér um þetta mál. Þannig að ég lít nú ekki svo á að þetta sé fyrsta framlag til stofnunar einhverrar sýningarhallar. Ég á nú líka eitthvað erfitt með að ímynda mér að það þurfi að byggja höll yfir örverur, en það má vel vera að það sé við hæfi. Ég get ekki ímyndað mér þetta þannig. Þannig að spurning til mín hvernig ég hyggst byggja þessa stofnun upp, það eru engar hugmyndir um það í mínum huga að fara að byggja upp einhverja stofnun utan um þessa einu milljón sem þarna er verið að veita að því er mér hefur skilist til þess að rannsaka þessar örverur og ég hef skilið það svo að þetta eigi ekki að renna til þess að byggja gangstíga. En það má vel vera. Ég kem að sjálfsögðu til með að kanna það hvernig þessari milljón kann að verða veitt, en ef við lendum í einhverjum vandræðum með það þá lít ég ekki svo á að það hvíli á mér lagaskylda að eyða þessari milljón.

[00:09]

Árni Johnsen:

Virðulegi forseti. Mér finnst ástæða til þess að upplýsa hæstv. menntmrh. um þetta mál og það er mjög fljótgert.

Það liggur erindi frá bæjarstjórn Hveragerðis um samstarfsverkefni Hveragerðisbæjar og Iðntæknistofnunar um þetta mál. Erindið byggist á því að það er unnið að undirbúningi að stofnun fræðslu- og rannsóknamiðstöðvar í hverarannsóknum og í það er ætlað því fjármagni sem markað er á fjárlögum. Það er engin skuldbinding í þessu efni um byggingu vísindamiðstöðvar, en það er unnið að undirbúningi málsins. Og af hverju ættu menn að vera að gera lítið úr því? Hvaða hroki er þetta í garð íslenskra vísindamanna sem eru að vinna á íslenskum sérsviðum? (Gripið fram í.) Hvaða hroki er þetta? Hvaða vinnubrögð eru þetta? Ætli menn ættu ekki að taka þessu bara jákvætt og vel eins og tillaga meiri hluta fjárln. gerir ráð fyrir.

Það má geta þess hér til að upplýsa menn að það eru kannski fleiri en íslenskir vísindamenn sem hafa áhuga á þessum rannsóknum. Það er væntanlegur til Íslands á komandi sumri fjölmennur hópur þýskra vísindamanna með verulega mikinn útbúnað þar sem þeir munu vinna að örverurannsóknum á hverasvæðum á Íslandi og ætli það sé þá ekki ágætt fyrir okkur líka að styrkja okkar eigin vísindamenn, sem eru heimskunnir, til þess að sinna þeim verkefnum. Það hvílir nefnilega lagaskylda að sinna þessu erindi eins og það er lagt fram á fjárlögum. Hitt er annað að það hafa spunnist skemmtilegar umræður um þetta mál og það er af hinu góða. Það er ekki oft að hér í þingsal sé rætt um lífríki hverasvæða eða örverur yfirleitt. Og svona til gamans er rétt að skjóta hér inn að þegar m.a. var fjallað um þetta mál í líflegum umræðum, eins og er um mörg mál í fjárln., þá skaut hv. þm. Guðrún Helgadóttir því fram að þetta væri nú bara hveratívolí Árna Johnsens. Það eru mörg góð skáld í fjárln., hv. þm. Guðrún Helgadóttir og hv. þm. Jón Kristjánsson, enda var hv. þm. Jón Kristjánsson fljótur til og skaut fram eftirfarandi vísu:

Í Tívolí allir gluggar glansa,
glatt er enn í hveradalnum,
Árni Johnsen er að dansa
með amöbum í speglasalnum.

En ég vil láta þessu máli lokið og vona að menn gantist ekki um of með alvarlegt mál sem um er að ræða, gott mál á sviði rannsókna á Íslandi.

[00:13]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vona að mín orð hafi ekki verið tekin hér sem einhver hroki í garð vísindanna, það var ekki ætlunin. Ég tek undir með hv. þm. að þetta hafa verið býsna skemmtilegar umræður sem hafa spunnist um þetta mál.

En bara til þess að það sé alveg á hreinu, að þetta erindi, sem hér er gert að umræðuefni, það er, ef ég skil rétt, frá bæjarstjórninni í Hveragerði til fjárln. og það er ekkert óeðlilegt við það. En það er ekki hægt að ætlast til þess af mér að ég svari í smáatriðum hvað liggur þarna á bak við. Erindið er til fjárln. og það er afgreitt þar og ég hef í sjálfu sér ekki nokkurn hlut við það að athuga. Ég geri ráð fyrir að þetta sé viðfangsefni sem er áhugamál bæjarstjórnarinnar í Hveragerði, væntanlega í samvinnu við einhvern aðila, mér skilst að það sé Iðntæknistofnun. Þannig að þetta er ekkert sem ríkisvaldið, í þessu tilviki menntmrn., er að taka upp á sína arma. Það er ekki. Þetta er Hveragerðisbær sem þarna hefur frumkvæði. Ég vona að ég hafi skilið það rétt og það er — ja, ég veit ekkert hvar þetta á

upphaf sitt, ég get ekki svarað því, en erindið kemur frá Hveragerði. Ég vænti að það sé enginn vafi á því, erindið kemur þaðan. Það er Alþingis að ákveða hvort það vill styðja þessa hugmynd og meiri hluti fjárln. hefur tekið jákvætt í það og ég sé ekkert við það að athuga.

[00:15]

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hér er hið merkilegasta mál á dagskrá og sem þingmaður Suðurlands get ég ekki látið þessa umræðu fara fram hjá mér. Mér finnst málið í senn athyglisvert og afrek ríkisstjórnarinnar að hafa náð þó, eða meiri hluta fjárln., einni millj. í þetta verkefni. En ég vil leggja áherslu á það að menn standi rétt að þessu mikivæga verkefni. Ég ræddi t.d. um það í gær í sambandi við íslenska hestinn að menn settu fyrst upp stofnræktarstöð og mér fyndist það mjög viðeigandi með örverurnar að menn kæmu á fót stofnræktarstöð í Hveragerði og þannig væri með vísindalegum hætti hægt að þróa þessa nýju íbúa staðarins. Ég tek undir það að þetta er auðvitað ferðamannamál og mér finnst ástæðulaust fyrir þingheim að gera lítið úr svo merkilegu máli og ég undra mig á málflutningi hæstv. menntmrh. hér áðan sem neitar því að taka þetta verkefni á sína arma. Hann neitar því hér í ræðustól að taka þetta verkefni á sína arma. Þetta er þekkt allt frá því 1896 í jarðskjálftunum miklu. Þar er eiginlega upphafið að vísundunum í þessu máli. Þá gerðist það í þeim jarðskjálftunum að þessar örverur tóku að koma upp úr hverunum og síðan hefur þetta mál vissulega verið íhugunarefni og kannski undrunarefni, að hið háa Alþingi Íslendinga skuli ekki fyrr hafa lagt fram fjármagn.

Mér þætti nú vænt um það, ef þetta mál nær fram að ganga, hæstv. forseti, að t.d. væri bætt inn í það grein að sérstakt samráð yrði haft við Guðna Ágústsson um málið.

[00:18]

Árni Johnsen *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil, aldrei þessu vant, taka undir flest það sem hv. þm. Guðni Ágústsson sagði og allur hans málflutningur undirstrikar það auðvitað að það er mjög mikilvægt að koma þessari stöð á laggirnar, sem fræðslu- og rannsóknamiðstöð og vona ég að menn geti gengið af fundi sáttir um það.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseta er ekki ætlað að taka þátt í umræðum en getur ekki látið hjá líða að gleðjast yfir því að nú eru jólin að nálgast í hugum manna hér í þingsal.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 00:19]

Fjáraukalög 1994, frh. 3. umr.

Stjfrv., 66. mál. — Þskj. 351, frhnál. 443, brtt. 380, 444 og 448.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [00:55]

Brtt. 444,1–3 samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GJH, GHelg, HBl, IBA, JóhS, JBH, JVK, LMR, MF, MB, ÓE, PBald, PBj, RG, Salþ, SigG, SAÞ, SP, SJS, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

19 þm. (GÁ, HÁ, HG, IP, JÁ, JE, JGS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, KS, ÓRG, PP, RA, StG, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

5 þm. (EKJ, FI, GB, GunnS, PJ) fjarstaddir.

[00:56]

Jóhanna Sigurðardóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Brtt. á þskj. 380 felur í sér að óskertar tekjur af erfðafjárskatti renni í Framkvæmdasjóð fatlaðra eins og lög um sjóðinn gera ráð fyrir en til þess að svo sé er áætlað að 85 millj. vanti upp á á yfirstandandi ári. Þar sem hæstv. fjmrh. hefur lýst því yfir að engin áform séu uppi um að skerða tekjur til sjóðsins og að þeim verði skilað í Framkvæmdasjóð fatlaðra þegar endanlegt uppgjör liggur fyrir á næsta ári vegna ársins 1994 er þessi tillaga dregin til baka.

Brtt. 380 kölluð aftur.

Brtt. 444,4–5 samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GJH, GHelg, HBl, IBA, JBH, JVK, KS, LMR, MF, MB, ÓE, PBald, RG, Salþ, SigG, SAÞ, SP, SJS, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

17 þm. (GÁ, HÁ, HG, IP, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, ÓRG, PP, PBj, RA, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (EKJ, FI, GB, GunnS, JÁ, KE, PJ, StG) fjarstaddir.

Brtt. 448 felld með 30:27 atkv. og sögðu

já: EH, GÁ, GJH, GHelg, HÁ, HG, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, KS, MF, ÓRG, PP, PBj, RA, StG, SJS, SvG, VS.

nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EgJ, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, JBH, LMR, MB, ÓE, PBald, RG, Salþ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

1 þm. (IBA) greiddi ekki atkv.

5 þm. (EKJ, FI, GB, GunnS, PJ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:
[00:58]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Þetta mál snýst um að hitaveitur fái niðurfellingu á gömlum söluskattsskuldum. Væri það í samræmi við ákvörðun Alþingis fyrir tveimur árum þegar felldar voru niður sams konar skuldir af hitaveitum í Hvalfirði og Varmahlíð. Ég segi já.

Frv., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GJH, HBl, IBA, JBH, LMR, MB, ÓE, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

25 þm. (GÁ, GHelg, HÁ, HG, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, KS, MF, ÓRG, PP, PBj, RA, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

5 þm. (EKJ, FI, GB, GunnS, PJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 502).

Fjárlög 1995, frh. 3. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 383, frhnál. 464 og 468, brtt. 381, 426, 455, 456, 457, 465, 466, 469, 470, 471, 472, 473, 474, 475, 478, 479, 481, 482, 483, 489, 490, 496, 498 og 501.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
[01:00]

Kristín Ástgeirsdóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Á þskj. 471 er brtt. frá þeirri sem hér stendur og fleirum vegna Heyrnleysingjaskólans. Þar sem í ljós hefur komið í samtölum við hæstv. menntmrh. að búið er að leysa þetta mál og að þeirri tilfærslu yfir til Reykjavíkurborgar sem fyrirhuguð var á leikskóla Heyrnleysingjaskólans hefur verið frestað þá dreg ég þessa tillögu til baka.

Brtt. 489 felld með 32:17 atkv. og sögðu
já: GÁ, GJH, HÁ, IP, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, KS, PP, PBj, StG, VS.
nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, IBA, JBH, LMR, MB, ÓE, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

9 þm. (GHelg, HG, JÁ, KHG, MF, ÓRG, RA, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

5 þm. (EKJ, FI, GB, GunnS, PJ) fjarstaddir.

Brtt. 457 samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, IBA, JBH, LMR, MB, ÓE, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

26 þm. (GÁ, GJH, GHelg, HÁ, HG, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, KS, MF, ÓRG, PP, PBj, RA, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

5 þm. (EKJ, FI, GB, GunnS, PJ) fjarstaddir.

Brtt. 465,1–4.a samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, PBald, PBj, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

5 þm. (GJH, GHelg, KÁ, KE, StG) greiddu ekki atkv.

6 þm. (EKJ, FI, GB, GunnS, KS, PJ) fjarstaddir.

Brtt. 483 felld með 31:15 atkv. og sögðu
já: GJH, GHelg, HG, JÁ, JóhS, JVK, KHG, KÁ, KE, KS, MF, ÓRG, RA, SJS, SvG.
nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, IBA, JBH, LMR, MB, ÓE, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

11 þm. (GÁ, HÁ, IP, JE, JGS, JHelg, JónK, PP, PBj, StG, VS) greiddu ekki atkv.

6 þm. (EKJ, FI, GB, GunnS, HBl, PJ) fjarstaddir.

Brtt. 490,1 felld með 31:25 atkv. og sögðu
já: GÁ, GJH, GHelg, HÁ, HG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, KS, MF, ÓRG, PP, PBj, RA, StG, SJS, SvG, VS.
nei: ÁRÁ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, IBA, JBH, LMR, MB, ÓE, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

7 þm. (ÁJ, EKJ, FI, GB, GunnS, JE, PJ) fjarstaddir.

Brtt. 465,4.b–c samþ. með 57 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GJH, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, KS, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, PBald, PBj, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

6 þm. (EKJ, FI, GB, GunnS, JE, PJ) fjarstaddir.

Brtt. 472 felld með 33:17 atkv. og sögðu
já: GJH, GHelg, HG, JÁ, JóhS, JHelg, JVK, KHG, KÁ, KE, KS, MF, ÓRG, PP, SJS, SvG, VS.
nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, IBA, JBH, LMR, MB, ÓE, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

8 þm. (GÁ, HÁ, IP, JE, JGS, JónK, PBj, StG) greiddu ekki atkv.
5 þm. (EKJ, FI, GB, GunnS, PJ) fjarstaddir.

Brtt. 469 felld með 32:25 atkv. og sögðu
já: GÁ, GJH, GHelg, HÁ, HG, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, KS, MF, ÓRG, PP, PBj, RA, SJS, SvG, VS.
nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, IBA, JBH, LMR, MB, ÓE, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
6 þm. (EKJ, FI, GB, GunnS, PJ, StG) fjarstaddir.

Brtt. 465,5–9 samþ. með 57 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EgJ, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GJH, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, KS, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, PBald, PBj, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
6 þm. (EH, EKJ, FI, GB, GunnS, PJ) fjarstaddir.

Brtt. 490,2 felld með 32:24 atkv. og sögðu
já: GÁ, GJH, GHelg, HÁ, HG, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, KS, MF, ÓRG, PP, PBj, StG, SJS, SvG, VS.
nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, IBA, JBH, LMR, MB, ÓE, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
7 þm. (EKJ, FI, GB, GunnS, JVK, PJ, RA) fjarstaddir.

Brtt. 465,10 samþ. með 34:12 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GJH, HBl, IBA, JBH, LMR, MB, ÓE, ÓRG, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
nei: GHelg, HG, JÁ, JóhS, JVK, KHG, KÁ, KE, KS, MF, SJS, SvG.
11 þm. (GÁ, HÁ, IP, JE, JGS, JHelg, JónK, PP, PBj, StG, VS) greiddu ekki atkv.
6 þm. (EKJ, FI, GB, GunnS, PJ, RA) fjarstaddir.

Brtt. 471 kölluð aftur.

Brtt. 490,3 felld með 32:25 atkv. og sögðu
já: GÁ, GJH, GHelg, HG, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, KS, MF, ÓRG, PP, PBj, RA, StG, SJS, SvG, VS.
nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, IBA, JBH, LMR, MB, ÓE, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
6 þm. (EKJ, FI, GB, GunnS, HÁ, PJ) fjarstaddir.

Brtt. 465,11–13 samþ. með 57 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GJH, GHelg, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, KS, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, PBald, PBj, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
6 þm. (EKJ, FI, GB, GunnS, HÁ, PJ) fjarstaddir.

Brtt. 490,4–5 felld með 32:24 atkv. og sögðu
já: GÁ, GHelg, HG, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, KS, MF, ÓRG, PP, PBj, RA, StG, SJS, SvG, VS.
nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, IBA, JBH, LMR, MB, ÓE, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
7 þm. (EKJ, FI, GB, GJH, GunnS, HÁ, PJ) fjarstaddir.

Brtt. 465,14–15.a samþ. með 56 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GJH, GHelg, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, KS, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, PBald, PBj, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
1 þm. (JE) greiddi ekki atkv.
6 þm. (EKG, EKJ, GB, GunnS, HÁ, PJ) fjarstaddir.

Brtt. 426 samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GHall, GÁS, GJH, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, KS, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, PBald, PBj, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
2 þm. (GÁ, JE) greiddu ekki atkv.
7 þm. (EKJ, GuðjG, GB, GHelg, GunnS, HÁ, PJ) fjarstaddir.

Brtt. 465,15.b–21 samþ. með 57 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GJH, GHelg, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, KS, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, PBald, PBj, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
6 þm. (ÁJ, EKJ, GB, GunnS, HÁ, PJ) fjarstaddir.

Brtt. 473 samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, FI, FrS, GHH, GE, GÁS, GÁ, GJH, HBl, HG, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, KS, LMR, MF, ÓE, ÓRG, PP, PBald, PBj, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

8 þm. (ÁMM, EKG, GuðjG, GHall, IBA, MB, StB, TIO) greiddu ekki atkv.

6 þm. (EKJ, GB, GHelg, GunnS, HÁ, PJ) fjarstaddir.

Brtt. 465,22–24 samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, KHG, LMR, MB, ÓE, ÓRG, PP, PBald, PBj, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

6 þm. (GJH, JVK, KÁ, KE, KS, SJS) greiddu ekki atkv.

9 þm. (EKG, EKJ, GB, GunnS, HÁ, MF, PJ, RA, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 465,25–26.a samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, IBA, JE, JBH, LMR, MF, MB, ÓE, PP, PBald, PBj, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

20 þm. (GÁ, GJH, HG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, KS, ÓRG, RA, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

7 þm. (EKJ, FI, GB, GHelg, GunnS, HÁ, PJ) fjarstaddir.

Brtt. 465,26.b samþ. með 30:14 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EgJ, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, JBH, LMR, MB, ÓE, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: EH, FI, GÁ, IBA, IP, JE, JGS, JHelg, JónK, PP, PBj, RA, StG, VS.

14 þm. (GJH, GHelg, HG, JÁ, JóhS, JVK, KHG, KÁ, KE, KS, MF, ÓRG, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

5 þm. (EKJ, GB, GunnS, HÁ, PJ) fjarstaddir.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[01:15]

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Þessar hækkanir á sértekjum munu byggðar á brtt. sem flutt er á þskj. 451 við frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum þar sem gert er ráð fyrir nýju gjaldi, 2,50 kr. á hvert kíló kjöts, til heilbrigðiseftirlits dýralækna. Þessi brtt. mun ekki hafa komið neitt til skoðunar í efh.- og viðskn. en samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef fengið virðist vera um hækkun á útgjöldum að ræða fyrir afurðastöðvar og því segi ég nei.

[01:16]

Vilhjálmur Egilsson:

Virðulegi forseti. Þessi brtt. hefur verið kynnt í efh.- og viðskn. og er hluti ef þeim brtt. sem meiri hluti efh.- og viðskn. gerir við frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum og er nauðsynleg til þess að kjöt sauðfjárafurða sé útflutningshæft frá Íslandi og þess vegna er eðlilegt að samþykkja þessa tillögu.

[01:17]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Hv. 5. þm. Norðurl. v. sagði að þessi tillaga hefði verið kynnt í efh.- og viðskn. Það finnst mér vera nokkuð ofmælt. Ég mundi frekar orða það að hún hefði verið sýnd í efh.- og viðskn., nánast í sömu andrá og málið var afgreitt út þannig að engin efnisleg umfjöllun var um málið. Í raun er hér um að ræða breytingu á lögum sem hefði átt að fá sínar þrjár umræður í Alþingi þar sem í upphaflega bandorminum var ekki lögð til nein breyting á þeim lögum sem hér er um að ræða. Það er vissulega álitaefni hvort breytingar af því tagi sem þarna eru lagðar til standast stjórnarskrá.

[01:18]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Þeim þingmönnum sem hér hafa tekið til máls er alveg ljóst að ef við ætlum að standast þær kröfur sem eru gerðar bæði í Evrópu og Bandaríkjunum er alveg óhjákvæmilegt að höggva á þau tengsl sem eru á milli þess sem rekur sláturhúsið og þess sem metur kjötið. Þess vegna er nauðsynlegt að hafa annan hátt á. Hér er lagt jöfnunargjald á sem á að standa undir dýralækniskostnaði, sem á að standa undir kostnaði aðstoðarmanns dýralæknis og sem á að standa undir þeim kostnaði sem er því samfara að athuga hvaða aðskotaefni eru í kjötvörum sem er óhjákvæmilegt ef menn eru að tala um útflutning á vistvænum landbúnaðarvörum sem eru í samræmi við það sem við erum að beita okkur fyrir. Það er þess vegna óhjákvæmilegt að breyta því kerfi sem verið hefur og hafa þennan hátt á.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti biður menn að athuga að þegar þeir gera grein fyrir atkvæði sínu þá geri þeir grein fyrir atkvæði sínu.

Brtt. 465,27 samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, IBA, LMR, MB, ÓE, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

24 þm. (GÁ, GJH, GHelg, HG, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, KS, MF, ÓRG, PP, PBj, RA, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (EKJ, FI, GB, GunnS, HÁ, JBH, JHelg, PJ) fjarstaddir.

Brtt. 465,28 samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GJH, HBl, IBA,

JÁ, JBH, JHelg, KHG, KE, KS, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
15 þm. (EgJ, FI, GÁ, GHelg, HG, IP, JE, JGS, JónK, JVK, KÁ, PBj, RA, SvG, VS) greiddu ekki atkv.
6 þm. (EKJ, GB, GunnS, HÁ, JóhS, PJ) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[01:21]

Jón Kristjánsson:

Virðulegur forseti. Þessi liður fjallar um fyrirhleðslur. Um þennan lið hefur ekki verið fjallað í nefndinni á hefðbundinn hátt í undirnefnd. Skipting þessa liðar er algjörlega á ábyrgð meiri hluta fjárln. Ég mun því sitja hjá við þessa atkvæðagreiðslu.

Brtt. 490,6 felld með 32:24 atkv. og sögðu
já: FI, GÁ, GJH, GHelg, HG, IP, JÁ, JE, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, KS, MF, ÓRG, PP, PBj, RA, StG, SJS, VS.
nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, IBA, JBH, LMR, MB, ÓE, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
1 þm. (SvG) greiddi ekki atkv.
6 þm. (EKJ, GB, GunnS, HÁ, JóhS, PJ) fjarstaddir.

Brtt. 465,29–30 samþ. með 32:10 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, IBA, JBH, LMR, MB, ÓE, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
nei: FI, GÁ, IP, JGS, JHelg, JónK, PP, PBj, StG, VS.
16 þm. (GJH, GHelg, HG, JÁ, JE, JóhS, JVK, KHG, KÁ, KE, KS, MF, ÓRG, RA, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.
5 þm. (EKJ, GB, GunnS, HÁ, PJ) fjarstaddir.

Brtt. 490,7 felld með 29:18 atkv. og sögðu
já: FI, GÁ, GHelg, HG, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, KHG, MB, PP, PBj, RA, StG, SJS, VS.
nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, IBA, JBH, LMR, ÓE, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
8 þm. (EgJ, GJH, JVK, KÁ, KE, KS, ÓRG, SvG) greiddu ekki atkv.
8 þm. (EH, EKJ, GB, GunnS, HÁ, IP, MF, PJ) fjarstaddir.

Brtt. 465,31–38 samþ. með 55 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, ÓRG, PP, PBald, PBj, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
2 þm. (GJH, KS) greiddu ekki atkv.
6 þm. (EKJ, GB, GunnS, HÁ, MF, PJ) fjarstaddir.

Brtt. 381 felld með 29:26 atkv. og sögðu
já: FI, GÁ, GHelg, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, KS, MB, ÓRG, PP, PBj, RA, StG, SJS, SvG, VS.
nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EgJ, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, JBH, LMR, ÓE, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
2 þm. (EH, GJH) greiddu ekki atkv.
6 þm. (EKJ, GB, GunnS, HÁ, MF, PJ) fjarstaddir.

Brtt. 465,39–59 samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, KHG, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, PBald, PBj, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
4 þm. (GJH, JVK, KÁ, KS) greiddu ekki atkv.
6 þm. (EKJ, GB, GunnS, HÁ, KE, PJ) fjarstaddir.

Brtt. 465,60 samþ. með 31:2 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GÁS, HBl, JBH, LMR, MB, ÓE, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
nei: JE, JóhS.
24 þm. (GHall, GÁ, GJH, GHelg, HG, IBA, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, KS, MF, ÓRG, PP, PBj, RA, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.
6 þm. (EKJ, GB, GunnS, HÁ, PJ, StG) fjarstaddir.

Brtt. 465,61 samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GJH, HBl, IBA, IP, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, KS, LMR, MB, ÓE, PP, PBald, PBj, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
10 þm. (GHelg, HG, JÁ, KHG, KE, MF, ÓRG, RA, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.
9 þm. (EKJ, FI, GB, GÁ, GunnS, HÁ, JVK, KÁ, PJ) fjarstaddir.

Brtt. 465,62 samþ. með 58 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GJH, GHelg, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, KS, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, PBald, PBj, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
5 þm. (EKJ, GB, GunnS, HÁ, PJ) fjarstaddir.

Brtt. 465,63–66 samþ. með 58 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG,

FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GJH, GHelg, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, KS, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, PBald, PBj, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
5 þm. (EKJ, GB, GunnS, HÁ, PJ) fjarstaddir.

Brtt. 470 felld með 32:10 atkv. og sögðu
já: GJH, GHelg, HG, JóhS, JVK, KÁ, KE, KS, MF, SJS.
nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, IBA, JBH, LMR, MB, ÓE, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
16 þm. (FI, GÁ, IP, JÁ, JE, JGS, JHelg, JónK, KHG, ÓRG, PP, PBj, RA, StG, SvG, VS) greiddu ekki atkv.
5 þm. (EKJ, GB, GunnS, HÁ, PJ) fjarstaddir.

Brtt. 465,67–71 samþ. með 58 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GJH, GHelg, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, KS, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, PBald, PBj, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
5 þm. (EKJ, GB, GunnS, HÁ, PJ) fjarstaddir.

Brtt. 478,1 felld með 32:20 atkv. og sögðu
já: GÁ, GJH, GHelg, HG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, MF, ÓRG, PP, PBj, RA, StG, SJS, SvG, VS.
nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, IBA, JBH, LMR, MB, ÓE, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
1 þm. (FI) greiddi ekki atkv.
10 þm. (EKJ, GB, GunnS, HÁ, JE, JóhS, JVK, KE, KS, PJ) fjarstaddir.

Brtt. 496 felld með 31:14 atkv. og sögðu
já: GJH, GHelg, HG, IP, JÁ, JVK, KHG, KÁ, KE, KS, ÓRG, RA, SJS, SvG.
nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, IBA, JBH, LMR, MB, ÓE, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP.
11 þm. (FI, GÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, MF, PP, PBj, VS) greiddu ekki atkv.
7 þm. (EKJ, GB, GunnS, HÁ, PJ, StG, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 465,72 samþ. með 56 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GJH, GHelg, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, PBald, PBj, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
2 þm. (JE, KS) greiddu ekki atkv.
5 þm. (EKJ, GB, GunnS, HÁ, PJ) fjarstaddir.

Brtt. 490,8–9 felld með 30:26 atkv. og sögðu
já: FI, GÁ, GJH, GHelg, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, KS, MF, ÓRG, PP, PBj, RA, StG, SJS, SvG, VS.
nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, JBH, MB, ÓE, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
7 þm. (EKJ, GB, GunnS, HÁ, JE, LMR, PJ) fjarstaddir.

Brtt. 465,73–75 samþ. með 57 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GJH, GHelg, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, KS, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, PBald, PBj, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
6 þm. (EKJ, GB, GunnS, HÁ, LMR, PJ) fjarstaddir.

Brtt. 478,2 felld með 32:24 atkv. og sögðu
já: FI, GÁ, GJH, GHelg, HG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, PP, PBj, RA, StG, SJS, SvG, VS.
nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, IBA, JBH, LMR, MB, ÓE, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
1 þm. (KS) greiddi ekki atkv.
6 þm. (EKJ, GB, GunnS, HÁ, JE, PJ) fjarstaddir.

Brtt. 465,76.a samþ. með 58 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GJH, GHelg, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, KS, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, PBald, PBj, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
5 þm. (EKJ, GB, GunnS, HÁ, PJ) fjarstaddir.

Brtt. 478,3 felld með 32:26 atkv. og sögðu
já: FI, GÁ, GJH, GHelg, HG, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, KS, MF, ÓRG, PP, PBj, RA, StG, SJS, SvG, VS.
nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, IBA, JBH, LMR, MB, ÓE, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
5 þm. (EKJ, GB, GunnS, HÁ, PJ) fjarstaddir.

Brtt. 465,76.b–84 samþ. með 58 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GJH, GHelg, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, KS, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, PBald, PBj, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

5 þm. (EKJ, GB, GunnS, HÁ, PJ) fjarstaddir.

Brtt. 465,85–92 samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, IBA, JBH, LMR, MB, ÓE, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

26 þm. (FI, GÁ, GJH, GHelg, HG, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, KS, MF, ÓRG, PP, PBj, RA, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

5 þm. (EKJ, GB, GunnS, HÁ, PJ) fjarstaddir.

Brtt. 465,93–96 samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GJH, GHelg, HBl, IP, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, KS, LMR, MF, ÓE, ÓRG, PP, PBald, PBj, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

7 þm. (EgJ, GÁ, HG, IBA, JÁ, MB, StG) greiddu ekki atkv.

5 þm. (EKJ, GB, GunnS, HÁ, PJ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[01:35]

Matthías Bjarnason:

Virðulegi forseti. Í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir að framvegis verði markaðir tekjustofnar flugmálaáætlunar, flugvallagjald og eldsneytisgjald, notaðir til að fjármagna rekstur flugvalla sem er ekki í samræmi við lög sem eru í gildi. Breyting er á þessu í hinum svokallaða bandormi. Ég vil á þessu stigi sitja hjá við afgreiðslu því ég mun greiða atkvæði gegn þeirri breytingu þegar frv. um bandorminn kemur til atkvæða.

Brtt. 498 felld með 31:26 atkv. og sögðu

já: FI, GÁ, GJH, GHelg, HG, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, KS, MF, ÓRG, PP, PBj, RA, StG, SJS, SvG, VS.

nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, IBA, JBH, LMR, ÓE, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

1 þm. (MB) greiddi ekki atkv.

5 þm. (EKJ, GB, GunnS, HÁ, PJ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[01:37]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Þessi brtt. tengist því efni sem hér var til umræðu áðan og greitt var síðast atkvæði um, en nálgast málið frá þeirri hlið að flutt er brtt. um að liðurinn Flugvellir, framkvæmdir, þ.e. framkvæmdir í flugmálum samkvæmt flugmálaáætlun, haldist óskertur og hinn markaði tekjustofn skili sér að fullu og öllu til framkvæmda í flugmálum og verði þar af leiðandi um 390 millj. kr. í staðinn fyrir þær 323 millj. sem áform ríkisstjórnarinnar, með tilheyrandi skerðingu, gera ráð fyrir. Skerðingaráformin samkvæmt lögum eiga síðan að koma í ákvæðum bandormsins sem enn hefur ekki verið afgreiddur, hæstv. forseti, þannig að fyrir utan hinar efnislegu forsendur málsins er auðvitað enn síður við hæfi að taka málin til afgreiðslu í þessari röð, sem hér er ætlast til af hæstv. ríkisstjórn. Þannig að ég hvet menn til að greiða þessari tillögu atkvæði og hafna þar með þessari skerðingu sem ætlunin er að innleiða.

Brtt. 465,97 samþ. með 57 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GJH, GHelg, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, KS, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, PBald, PBj, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

6 þm. (EKJ, GB, GunnS, HÁ, PJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 465,98–100 samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, IBA, JBH, LMR, MB, ÓE, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

23 þm. (GÁ, GJH, HG, IP, JÁ, JE, JóhS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, KS, MF, ÓRG, PP, PBj, RA, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

7 þm. (EKJ, GB, GHelg, GunnS, HÁ, JGS, PJ) fjarstaddir.

[01:39]

Svavar Gestsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegur forseti. Ástæðan til þess að ég kveð mér hljóðs er sú að hér fyrr í kvöld fóru fram þó nokkuð miklar umræður um stöðu íslensks skipasmíðaiðnaðar með hliðsjón af nýjum yfirlýsingum Evrópusambandsins um þau mál. Hæstv. iðnrh. gaf yfirlýsingu um það að á málinu yrði tekið sérstaklega núna bak jólum en fyrir áramót. Ég tel að það sé mjög mikilvæg yfirlýsing og af þeim ástæðum hef ég ákveðið að draga brtt. á þskj. 479 til baka.

Brtt. 479 kölluð aftur.

Brtt. 465,101 samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EKG, FrS, GHH, GE, GHall, GÁS, GHelg, HBl, IBA, JÁ, JBH, KHG, LMR, MB, ÓE, ÓRG, PBald, PBj, RA, RG, SalÞ, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

19 þm. (EgJ, FI, GuðjG, GÁ, GJH, HG, IP, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, KS, MF, PP, StG) greiddu ekki atkv.

6 þm. (EKJ, GB, GunnS, HÁ, PJ, SigG) fjarstaddir.

Brtt. 465,102.a samþ. með 32:22 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EgJ, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, IBA, JÁ, JBH, LMR, MB, ÓE, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
nei: FI, GÁ, GHelg, HG, IP, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, PP, PBj, RA, StG, SJS, SvG, VS.
3 þm. (GJH, JVK, KS) greiddu ekki atkv.
6 þm. (EH, EKJ, GB, GunnS, HÁ, PJ) fjarstaddir.

Brtt. 474 felld með 32:17 atkv. og sögðu
já: GÁ, GJH, HG, IP, JÁ, JE, JóhS, JVK, KHG, KÁ, KE, KS, MF, ÓRG, RA, SJS, SvG.
nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, IBA, JBH, LMR, MB, ÓE, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
8 þm. (FI, JGS, JHelg, JónK, PP, PBj, StG, VS) greiddu ekki atkv.
6 þm. (EKJ, GB, GHelg, GunnS, HÁ, PJ) fjarstaddir.
2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[01:42]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Hér er um að ræða tillögu um 25% hækkun á niðurgreiðslum til húshitunar. Ríkisstjórnin hafði frómar óskir um að það skyldi tekið á þeim málum. Það hefur ekkert miðað frá því hún tók við. Það kom síðan í yfirlýsingu frá ríkisstjórninni fyrir nokkru síðan ný yfirlýsing um að það ætti að taka á þessum málum og einhvers staðar eru 50 millj. til viðbótar við þessa hluti til að fara í einhvers konar viðræður við orkufyrirtæki um lækkun húshitunarkostnaðar. Ég held að það væri rétt að sýna einhvern alvörulit í því að lækka húshitunarkostnað og því er þessi tillaga flutt, um 25% hækkun á niðurgreiðslum til húshitunar.

[01:43]

Sigbjörn Gunnarsson:

Virðulegur forseti. Þessa tillögu er óþarft að sækja vegna þess að í heimildargrein í 6. gr. er heimild að semja við orkusölufyrirtæki um aðgerðir til að lækka húshitunarkostnað þar sem hann er dýrastur og greiða allt að 50 millj. kr. í mótframlag úr ríkissjóði umfram það sem þegar hefur verið gert af hálfu stjórnvalda með niðurgreiðslum og yfirtöku skulda orkufyrirtækja. Þannig að þessi heimild er fyrir hendi, ef hún verður samþykkt hér á eftir og óþarft að samþykkja þá tillögu sem hér er lögð fram.

Brtt. 490,10 felld með 32:26 atkv. og sögðu
já: FI, GÁ, GJH, GHelg, HG, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, KS, MF, ÓRG, PP, PBj, RA, StG, SJS, SvG, VS.
nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, IBA, JBH, LMR, MB, ÓE, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
5 þm. (EKJ, GB, GunnS, HÁ, PJ) fjarstaddir.

Brtt. 465,102.b samþ. með 57 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GHall, GÁS, GÁ, GJH, GHelg, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, KS, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, PBald, PBj, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
6 þm. (EKJ, GuðjG, GB, GunnS, HÁ, PJ) fjarstaddir.

Brtt. 465,103.a samþ. með 31:27 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, IBA, JBH, LMR, ÓE, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
nei: FI, GÁ, GJH, GHelg, HG, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, KS, MF, MB, ÓRG, PP, PBj, RA, StG, SJS, SvG, VS.
5 þm. (EKJ, GB, GunnS, HÁ, PJ) fjarstaddir.
5 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[01:45]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Fyrir nokkrum dögum fór hér fram mjög ítarleg umræða um vandamál dreifbýlisverslunarinnar, að frumkvæði þingmanna Alþfl. Það er auðvitað mjög sérkennilegt við þær aðstæður sem þeir beittu sér mjög í umræðu af þessu tagi, aðallega hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson, að lækka þessa aura til þess að kanna stuðningsaðgerðir fyrir dreifbýlisverslunina. Þess vegna legg ég til að menn hafni nú þessari lækkun og þess vegna bað ég um sérstaka atkvæðagreiðslu um þessa tillögu.

[01:46]

Vilhjálmur Egilsson:

Virðulegi forseti. Mér er það algjörlega hulin ráðgáta hvaða máli það skipir fyrir dreifbýlisverslun hvort það er eytt í þetta 800 eða 500 þús. kr. Ég styð tillögu hv. meiri hluta fjárln. í þessu máli og ég held að það sé alveg hægt að gera nógu mikið fyrir 500 þús. kr. í þessu máli.

[01:47]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég held að það þurfi nú að byrja á því að róa hæstv. fjmrh. svo atkvæðagreiðslan geti gengið eðlilega fyrir sig. Í öðru lagi verður fróðlegt að sjá hvernig Alþfl. greiðir hér atkvæði. Í kjölfar brennandi áhuga síns á því að bæta starfskilyrði dreifbýlisverslunarinnar þá hlýtur að koma frá honum öflugur stuðningur við að halda þó að minnsta kosti þessum aurum óskertum inni. Í þriðja lagi er auðvitað sérkennilegt að heyra hv. þm. flytja þannig atkvæðaskýringu, að þeim sé það algjörlega hulin ráðgáta hvaða áhrif breyting af þessu tagi hafi en styðji hana samt,

eins og hv. þm. Vilhjálmur Egilsson gerði hér áðan, og hefði nú manninum verið sæmara að sitja kyrr í sæti sínu eða styðja frv. óbreytt.

Hæstv. forseti. Það skiptir kannski ekki miklu máli í sjálfu sér og menn geta verið jafndauðir og jafnlifandi í sínum rekstri úti á landsbyggðinni, hvort þessi liður er þessum 300 þús. kr. lægri eða hærri. En hitt er svona harla nöturlegt að einmitt þarna skuli ríkisstjórnin bera niður í niðurskurðarofstæki sínu og hefði verið nær í raun og veru að láta þennan lið hverfa út af fjárlögum heldur en að meðhöndla hann með þessum hætti.

[01:48]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Á bak við þennan fjárlagalið liggur nefndarstarf á vegum viðskrn. Hámark þeirra nefndarstarfa var frægur fundur í Fljótavík á Ströndum. Mér er kunnugt um það, virðulegi forseti, að ferðakostnaður norður á Strandir fer nú lækkandi og því greiði ég atkvæði með þessari tillögu.

[01:48]

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Það hefur komið í ljós að sú nefnd sem starfar á bak við þennan fjárlagalið hefur haldið einn fund á síðasta ári norður í Hornvík. Nú er útlit fyrir að hún geti haldið fund hér einhvers staðar nær, en væri þá ekki rétt að verja þessum 300 þús. kr. til styrktar dreifbýlisversluninni. Þess vegna greiði ég atkvæði á móti þessum lið.

Brtt. 465,103.b–108 samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, IBA, JBH, LMR, MB, ÓE, ÓRG, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

21 þm. (FI, GÁ, GJH, GHelg, HG, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, PP, PBj, SJS, VS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (EKJ, GB, GunnS, HÁ, KS, PJ, RA, StG) fjarstaddir.

[01:50]

Guðrún Helgadóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Hér hefur verið tekinn upp sá háttur að ræða upp málum þannig að menn eru hér að greiða atkvæði eftir einhverjum imbaseðlum, bunka af tillögum af öllu tagi. Ég er næstum því viss um, hæstv. forseti, að verulegur hluti þingmanna hefur ekki hugmynd um hvað hann er að gera, síst af öllu þegar menn eru langþreyttir. Ég verð að játa það að ég er ein af þeim sem eru allþreytt og mér sást yfir að hæstv. forseti tók saman 16.–20. brtt. á þskj. 465 og þar ægir öllu saman, ýmsum fræðistörfum, æskulýðsmálum, ýmsum íþróttamálum, Kvenfélagasambandi Íslands, Landssamtökunum Heimili og skóli og — og þar sást mér yfir — hverarannsóknir í Hveragerði. Ég bið hæstv. forseta að þagga niður í hv. þingmönnum. (Forseti hringir.) Hér var umræða um þetta mál í dag og þingheimur veltist um af hlátri yfir fáránleika málsins. Ég get ekki betur séð en að það hafi farið fyrir hv. þingmönnum eins og mér, að við höfum öll greitt þessari vitleysu atkvæði, þar á meðal hæstv. menntmrh. sem í kvöld sagðist ekkert vilja hafa með þetta mál að gera. Ég vil nú spyrja hæstv. forseta hvort ekki væri leyfilegt að a.m.k. ég hreinsaði mannorð mitt og fengi þessu breytt. Mér er ljóst að um þetta voru greidd atkvæði í einum pakka og hálfsofandi þingheimur virðist ekki hafa gert sér ljóst hvað hann var að gera. Þetta er nú ekki til þess að vera stoltur af. Ég óska alla vega eftir því að það verði skráð í þingtíðindi að hér hafi orðið mistök og mitt nafn verði ekki lagt við þessa vitleysu sem menn ultu um af hlátri í dag og hæstv. ráðherra lýsti því yfir að hann mundi nú ekki telja sig bundinn af þessu máli.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Að sjálfsögðu fær hv. þm. birtar í þingtíðindum þessar athugasemdir sem fram komu. Það er eðlilegur hlutur, en það er ekki hægt að endurtaka atkvæðagreiðsluna.

[01:53]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Ef það á að fara að skrá hér eftir þingmönnum það sem þeir kunna að hafa sagt þá vil ég að það sé rétt skráð eftir mér, að það er ekki rétt eftir mér haft sem hv. þm. sagði, að ég vildi ekkert með þetta mál hafa að gera. Það er ekki rétt eftir haft.

Brtt. 456 samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, EH, EgJ, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, IBA, JBH, LMR, MB, ÓE, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

26 þm. (FI, GÁ, GJH, GHelg, HG, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, KS, MF, ÓRG, PP, PBj, RA, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

6 þm. (DO, EKJ, GB, GunnS, HÁ, PJ) fjarstaddir.

Brtt. 455,1–6 liðir 3.59–3.78 samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, EH, EgJ, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, IBA, JBH, LMR, MB, ÓE, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

26 þm. (FI, GÁ, GJH, GHelg, HG, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, KS, MF, ÓRG, PP, PBj, RA, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

6 þm. (DO, EKJ, GB, GunnS, HÁ, PJ) fjarstaddir.

Brtt. 455,6 liður 3.79 samþ. með 56 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, EH, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GJH, GHelg, HBl, HG, IBA, IP, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, KS, LMR,

MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, PBald, PBj, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
1 þm. (JÁ) greiddi ekki atkv.
6 þm. (DO, EKJ, GB, GunnS, HÁ, PJ) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[01:57]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er nú svo með þær brtt. sem hér eru við 6. gr. að þær eru flestar komnar frá ráðuneytunum og við höfum lítið um þær að segja, a.m.k. minni hlutinn í fjárln. Ég vil hins vegar fagna því að þessi liður hér, 3.79, sé kominn inn því að Samband austur-húnvetnskra kvenna hefur unnið kraftaverk með því heimilisiðnaðarsafni sem það hefur komið upp á Blönduósi og það er mjög verðugt að afhenda þetta hús þeim til eignar svo að þær geti enn þá betur stutt við þetta safn. Þess vegna greiði ég atkvæði með þessari tillögu.

Brtt. 455,6 liður 3.80–455,8 liður 4.25 samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, IBA, JBH, LMR, MB, ÓE, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

26 þm. (FI, GÁ, GJH, GHelg, HG, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, KS, MF, ÓRG, PP, PBj, RA, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

5 þm. (EKJ, GB, GunnS, HÁ, PJ) fjarstaddir.

Brtt. 501 samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, IBA, IP, JÁ, JE, JBH, JVK, KHG, KS, LMR, MB, ÓE, PBald, RG, SigG, SAÞ, SP, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

18 þm. (FI, GÁ, GJH, GHelg, HG, JóhS, JGS, JHelg, JónK, KÁ, KE, MF, ÓRG, PP, PBj, RA, StG, SJS) greiddu ekki atkv.

6 þm. (EKJ, GB, GunnS, HÁ, PJ, SalÞ) fjarstaddir.

Brtt. 466 felld með 32:25 atkv. og sögðu

já: FI, GÁ, GJH, GHelg, HG, IP, JÁ, JE, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, KS, MF, ÓRG, PP, PBj, RA, StG, SJS, SvG, VS.

nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, IBA, JBH, LMR, MB, ÓE, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

6 þm. (EKJ, GB, GunnS, HÁ, JóhS, PJ) fjarstaddir.

Brtt. 475 felld með 31:27 atkv. og sögðu

já: FI, GÁ, GJH, GHelg, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, KS, MF, MB, ÓRG, PP, PBj, RA, StG, SJS, SvG, VS.

nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, JóhS, JBH, LMR, ÓE, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

5 þm. (EKJ, GB, GunnS, HÁ, PJ) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[02:01]

Félagsmálaráðherra (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Þessi tillaga er um heimild til að endurgreiða kostnað af endurteknum kosningum um sameiningu sveitarfélaga og sveitarstjórnarkosningum sem leitt hafa eða munu leiða af mistökum við undirbúning að kosningum um sameiningu sveitarfélaga á sl. tveimur árum. Jöfnunarsjóður hefur heimild til að greiða kostnað sem þennan og ég tel fullvíst að kostnaður sem leiðir af endurteknum kosningum á þessum tíma verði greiddur af Jöfnunarsjóði og því sé óþarft að setja heimildarákvæði sem þetta í fjárlögin.

[02:01]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Mér finnst fáránlegt að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga eigi að bera uppi kostnaðinn af mistökum í ráðuneytinu og ég tel að það sé eðlilegt að Alþingi taki ábyrgð á starfsmönnum sínum, þ.e. ráðherrum og opinberum starfsmönnum í ráðuneytum, sem gera mistök. Þess vegna er þessi tillaga flutt.

Brtt. 481 felld með 31:26 atkv. og sögðu

já: FI, GÁ, GJH, GHelg, HG, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, KS, MF, ÓRG, PP, PBj, RA, StG, SJS, SvG, VS.

nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EgJ, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, IBA, JBH, LMR, MB, ÓE, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

1 þm. (EH) greiddi ekki atkv.

5 þm. (EKJ, GB, GunnS, HÁ, PJ) fjarstaddir.

Brtt. 482 felld með 31:27 atkv. og sögðu

já: FI, GÁ, GJH, GHelg, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, KS, MF, ÓRG, PP, PBj, RA, StG, SJS, SvG, VS.

nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, JBH, LMR, MB, ÓE, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

5 þm. (EKJ, GB, GunnS, HÁ, PJ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[02:03]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég verð að segja það eins og er að ég harma það mjög ef meiri hluti Alþingis fellir þessa tillögu. Það er eiginlega mjög alvarlegt mál vegna þess að þau tæki sem hér um ræðir eru að verða léleg, að ég segi ekki ónýt, og það getur skapast hættuástand á stofnuninni vegna þess að tækin eru ekki nægilega góð.

Hér er einungis lagt til að fjmrh. verði heimilað að endurgreiða Ríkisspítölunum allt að 30 millj. kr. á árinu 1995 eða helminginn af andvirði línuhraðals sem fest verði kaup á fyrir Krabbameinslækningadeild Landspítalans. Ég held að það ætti nú að vera auðvelt svona einu sinni eða svo fyrir meiri hlutann hér á Alþingi að horfa á veruleikann eins og hann er og að samþykkja tillögu af þessu tagi. Það er beinlínis vitlaust, að ég segi ekki stórhættulegt, að fella mál af þessum toga og ég skora á þingheim, þá sem hafa þegar gert upp hug sinn og ýtt á takkann með þessum fallega lit, að endurskoða afstöðu sína.

Brtt. 455,9 liður 5.6 samþ. með 30:25 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, JBH, LMR, ÓE, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: FI, GÁ, GJH, GHelg, HG, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, KS, MF, PP, PBj, RA, StG, SJS, SvG, VS.

3 þm. (IBA, MB, ÓRG) greiddu ekki atkv.

5 þm. (EKJ, GB, GunnS, HÁ, PJ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[02:05]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Ég vil vekja athygli á því að hér er farin sú leið að beita 6. gr., heimildargreininni í fjárlögum, til þess að breyta eignarhluta ríkisins í Skýrsluvélum ríkisins og Reykjavíkurborgar í hlutafé. Ég vil sérstaklega vara við þessu og ég vil benda á það einnig að í 6. gr. í fjárlagafrv. sem slíku, ekki í brtt., er einnig heimildargrein um að selja það sem eftir er af hluta ríkisins í Lyfjaverslun Íslands. Ég minni á að ríkisstjórnin kom ekki í gegnum Alþingi fyrir áramót frv. til laga til heimilda til þeirrar sölu. Ég tel að hér sé Alþingi að fara yfir á mjög varhugaverða braut og greiði því atkvæði gegn þessum lið.

Brtt. 455,9 liðir 5.7–5.8 samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, HG, IBA, JE, JóhS, JBH, JHelg, KHG, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

14 þm. (FI, GÁ, GJH, GHelg, IP, JÁ, JGS, JónK, JVK, KÁ, KE, KS, PBj, StG) greiddu ekki atkv.

5 þm. (EKJ, GB, GunnS, HÁ, PJ) fjarstaddir.

Brtt. 455,9 liður 5.9 samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, HG, IBA, JBH, KHG, LMR, MB, ÓE, ÓRG, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

18 þm. (FI, GÁ, GJH, IP, JÁ, JE, JóhS, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, KS, MF, PP, PBj, StG, VS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (EKJ, GB, GHelg, GunnS, HÁ, JGS, PJ, SJS) fjarstaddir.

Brtt. 455,9 liður 5.10 samþ. með 56 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GJH, GHelg, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, KS, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PBald, PBj, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

1 þm. (PP) greiddi ekki atkv.

6 þm. (EKJ, GB, GunnS, HÁ, PJ, StG) fjarstaddir.

Brtt. 455,9 liðir 5.11–5.13 samþ. með 58 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GJH, GHelg, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, KS, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, PBald, PBj, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

5 þm. (EKJ, GB, GunnS, HÁ, PJ) fjarstaddir.

Brtt. 455,9 liður 5.14 samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, FI, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JGS, JBH, JHelg, JónK, KHG, LMR, MB, ÓE, ÓRG, PP, PBald, PBj, RA, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

12 þm. (FrS, GJH, GHelg, JE, JóhS, JVK, KÁ, KE, KS, MF, RG, SvG) greiddu ekki atkv.

5 þm. (EKJ, GB, GunnS, HÁ, PJ) fjarstaddir.

Brtt. 455,9 liðir 5.15–5.16 samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GJH, HBl, IBA, IP, JGS, JBH, JHelg, JónK, KHG, LMR, MB, ÓE, ÓRG, PP, PBald, PBj, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

9 þm. (HG, JÁ, JE, JóhS, JVK, KÁ, KE, KS, MF) greiddu ekki atkv.

6 þm. (EKJ, GB, GHelg, GunnS, HÁ, PJ) fjarstaddir.

Brtt. 455,9 liður 5.17 samþ. með 33:1 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, IBA, JBH, LMR, MB, ÓE, ÓRG, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: KHG.

23 þm. (FI, GÁ, GJH, HG, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, KS, MF, PP, PBj, RA, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

6 þm. (EKJ, GB, GHelg, GunnS, HÁ, PJ) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[02:11]

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Hér er dæmi um vafasamar aðgerðir á 6. gr. þar sem er verið að lækka heildargjöld stofnana á 6. gr. sem fjárln. er nýbúin að skipta fjárhæðum á. Þó að því sé varið í ágætis málefni þá er þetta ekki góður siður í lagasetningu. Því mun ég sitja hjá við þessa grein.

[02:11]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Ég get vel tekið undir að það er óvenjulegt að fara að með þessum hætti en ástæðan er sú að með þessum fjármunum er m.a. verið að efna til sameiginlegs átaks í ferðamálum bæði með Færeyingum og Grænlendingum og jafnframt verið að efna til þess að kynna Ísland með sérstökum hætti erlendis. Rannsóknir hafa leitt í ljós að það hefur gefið mjög góða raun.

Brtt. 455,9 liður 5.18 samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, IBA, IP, JGS, JBH, JónK, LMR, MB, ÓE, ÓRG, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

20 þm. (GÁ, GJH, HG, JÁ, JE, JóhS, JHelg, JVK, KHG, KÁ, KE, KS, MF, PP, PBj, RA, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

6 þm. (EKJ, GB, GHelg, GunnS, HÁ, PJ) fjarstaddir.

Brtt. 465,109 samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BIB, DO, EH, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, HBl, HG, IBA, IP, JE, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, KS, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PBald, PBj, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

4 þm. (GJH, JÁ, JHelg, PP) greiddu ekki atkv.

6 þm. (EKJ, GB, GHelg, GunnS, HÁ, PJ) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: TIO, VE, ÞorstP, ÖS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, IBA, JBH, LMR, MB, ÓE, PBald, RG, SigG, BIB, SAÞ, SP, StB, SalÞ.

26 þm. (VS, KS, FI, GÁ, GJH, GHelg, HG, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, PBj, PP, RA, StG, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

5 þm. (EKJ, GB, GunnS, HÁ, PJ) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[02:17]

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Það fjárlagafrv. sem hér er komið til lokaafgreiðslu sýnir efnahagsstefnu núv. ríkisstjórnar. Það byggir á hæpnum forsendum og það kemur ekki við þann veruleika sem er í þjóðfélaginu í dag, kemur ekki til móts við þá sem eiga í erfiðleikum fjárhagslega, einstaklinga í landinu, og það er núv. ríkisstjórn og stjórnarliðar sem bera ábyrgð á þessu máli í heild. Ég vil ekki bera ábyrgð á þessu frv. og greiði því ekki atkvæði.

[02:18]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég held að þetta sé í fyrsta sinn a.m.k. síðan ég kom inn á þing að það hefur ekki verið beðið um nafnakall og söknum við ákveðins þingmanns, Ólafs Þ. Þórðarsonar, eins af þingmönnum Vestfjarða sem nú er í veikindafríi. Þess vegna fannst mér tilvalið að ljúka þessari atkvæðagreiðslu með því að gera svipað og hann hefði líklega gert nokkrum sinnum meðan þessi atkvæðagreiðsla fór fram og það er skýringin á því að ég bað um nafnakall. Ég greiði ekki atkvæði.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 503).

Jólakveðjur.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Nú er komið að lokum síðasta fundar Alþingis fyrir jólahlé. Við okkur blasir að ekki hefur enn tekist að ljúka nokkrum þeirra mikilvægu mála sem afgreiða þarf fyrir áramót. Jólahléið verður því mjög stutt að þessu sinni og þingið verður að koma saman aftur á þriðja í jólum til að afgreiða þau mál.

Ég nefndi það fyrir síðustu jól og tel það ekki síður eiga við nú að auðvitað verður aldrei hjá því komist að taka duglegan lokasprett við afgreiðslu mikilvægra mála fyrir jól. Eigi að síður tel ég nauðsynlegt að bæta úr og freista þess að jafna álagið meira við þingstörfin. Það má vel ná árangri í þessum efnum ef þingflokkar og ríkisstjórn leggjast á eitt. Ég vil eindregið hvetja þá sem hér verða í fyrirsvari um næstu jól að sameinast um að ráða bót á þessu vandamáli.

Ég vona að jólahátíðin megi verða okkur sá tími friðar og fögnuðar sem fólginn er í boðskap jólanna. Ég færi þingmönnum öllum, skrifstofustjóra og starfsfólki Alþingis hugheilar óskir um friðsæla jólahátíð og bið fyrir kveðjur til fjölskyldna þeirra. Sömu óskum beini ég til starfsmanna fjölmiðlanna sem hér starfa okkur við hlið og flytja þjóðinni fréttir af framvindu mála. Þeim sem eiga um langan veg að fara óska ég góðrar heimferðar og heimkomu og vænti þess að við hittumst öll heil á Alþingi á þriðja í jólum.

[02:23]

Ragnar Arnalds:

Fyrir hönd okkar alþingismanna vil ég þakka hæstv. forseta fyrir hlý orð og góðar óskir okkur til handa. Ég þakka forseta einnig sanngjarna fundarstjórn og ágæta forustu um þingstörfin. Ég óska hæstv. forseta og skrifstofustjóra Alþingis og reyndar starfsliði öllu gleðilegra jóla og ég vil leyfa mér að vænta þess að við megum hittast hér heil til starfa að loknu þessu stutta jólahléi.

Ég bið hv. þm. að taka undir óskir mínar með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Ég þakka hv. 3. þm. Norðurl. v. fyrir hlý orð í minn garð og minnar fjölskyldu og hv. þm. öllum fyrir að taka undir þau orð. Ég endurtek óskir mínar um gleðileg jól öllum hv. þm. og starfsfólki Alþingis til handa, svo og Íslendingum öllum.

Út af dagskrá var tekið 3. mál.

Fundi slitið kl. 2:24.

67. FUNDUR

þriðjudaginn 27. des.,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Verkfall sjúkraliða, beiðni um skýrslu, 322. mál, þskj. 488. *Hvort leyfð skuli.*

2. Lánsfjárlög 1995, stjfrv., 3. mál, þskj. 3, nál. 449 og 458, brtt. 450. — Frh. 2. umr.

Fjarvistarleyfi:

Árni M. Mathiesen, 3. þm. Reykn.,
Halldór Ásgrímsson, 1. þm. Austurl.,
Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, 6. þm. Vestf.,
Rannveig Guðmundsdóttir félmrh.,
Sturla Böðvarsson, 1. þm. Vesturl.,
Valgerður Sverrisdóttir, 3. þm. Norðurl. e.

Aðalmenn taka sæti á ný:

Anna Ólafsdóttir Björnsson, 9. þm. Reykn.,
Sighvatur Björgvinsson heilbr.- og trmrh.

Útbýting þingskjala:

Matvæli, 331. mál, stjfrv. (umhvrh.), þskj. 505.

Tekjuskattur og eignarskattur, 282. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 506.

Kveðjur.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Ég býð hv. alþingismenn velkomna til starfa á ný eftir örstutt jólahlé.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Borist hefur eftirfarandi bréf, dags. 27. september 1994:

„Þar sem Pálmi Jónsson, 2. þm. Norðurl. v., getur ekki sótt þingfundi á næstunni af sérstökum ástæðum leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska þess að 1. varaþm. Sjálfstfl. í Norðurl. v., séra Hjálmar Jónsson prófastur á Sauðárkróki, taki sæti á Alþingi í fjarveru hans.

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegi forseti.

Geir H. Haarde, formaður þingflokks Sjálfstfl."

Hjálmar Jónsson hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðinn velkominn til starfa.

Verkfall sjúkraliða.

Beiðni IP o.fl. um skýrslu, 322. mál. — Þskj. 488.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:07]

Beiðni leyfð með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, BBj, EH, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GJH, GHelg, HjálmJ, IBA, IP, JÁ, JE, JHelg, JónK, KÁ, KE, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, PBald, PBj, SalÞ, SP, SJS, VE, ÞorstP, ÖS.

28 þm. (ÁJ, ÁMM, DO, EgJ, EKG, GE, GÁS, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, HG, JóhS, JGS, JBH, JVK, KHG, LMR, RA, RG, SigG, SighB, SAÞ, StG, StB, SvG, TIO, VS) fjarstaddir.

Lánsfjárlög 1995, frh. 2. umr.

Stjfrv., 3. mál. — Þskj. 3, nál. 449 og 458, brtt. 450.

[15:07]

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég vona að hv. þingmenn hafi átt gleðilega jólahátíð. Reyndar hefur fleira borið við síðan frv. var síðast til 2. umr. Við höfum samþykkt fjárlög í millitíðinni og þetta frv. til lánsfjárlaga, sem er til umræðu, byggist m.a. á þeim fjárlögum sem hafa nýlega verið samþykkt fyrir árið 1995. Þau fjárlög voru eins og kom fram í umræðum um þau byggð á mikilli bjartsýni um áframhaldandi bata í sjávarútvegi, á góðum efnahagshorfum í þeim byggðum þannig að þau voru byggð á nokkru óraunsæi hvað þetta varðaði. Því er það svo um lánsfjárlagafrv., sem er ófrávíkjanlegur þáttur í ríkisfjármálum og efnahagsstefnunni, að það byggir á sömu forsendum.

Eitt af því sem fjárlögin byggðu á var það að atvinnustig mundi heldur lagast á næsta ári. Atvinnuleysisprósentan færi niður um um það bil 0,3%, atvinnuleysi yrði 4,6% á ársgrundvelli. Því væri fróðlegt að athuga lítillega þá þætti lánsfjárlaga sem hafa bein áhrif á atvinnustigið. Þá koma auðvitað fyrst upp þau ákvæði sem varða Húsnæðisstofnun ríkisins og byggingarsjóðina en það er nú svo að húsbyggingar og verklegar framkvæmdir og velta þeim tengdar hafa mikil áhrif á atvinnustigið hjá iðnaðarmönnum í landinu en sá þjónustuiðnaður er mjög mikilvægur þáttur atvinnulífsins. Auk heldur hefur fjármögnun byggingarsjóðanna mikil áhrif á vaxtastigið í landinu því að hér er um mjög verulegar fjárhæðir að ræða eins og kemur fram í þessu frv.

Auðvitað mætti ræða miklu fleira og fara miklu ítarlegar ofan í mörg fleiri atriði þessara mála eins og t.d. málefni Lánasjóðs ísl. námsmanna og málefni Þróunarsjóðs sjávarútvegs, málefni Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar sem eiga eftir að koma fyrir nefnd en ég ætla að láta nægja að fara örfáum orðum um byggingarsjóðina. Málefni þeirra koma fyrir í II. kafla frv. sem

fjalla um ríkisábyrgðir og þar eru heimildir til að ábyrgjast lántökur upp á 2.600 millj. fyrir Byggingarsjóð ríkisins og 6.300 millj. fyrir Byggingarsjóð verkamanna og fyrir húsbréfadeild Byggingarsjóðs ríkisins allt að 13 milljörðum kr.

Þó að þessir 13 milljarðar kr. séu mjög há upphæð og hafi mikil áhrif í lántökum ríkissjóðs og séu mjög stór hluti af þeim 21 milljarði, sem lánsfjárlagafrv. hljóðar upp á, er þetta lægri upphæð en á yfirstandandi ári og munar þar um tveimur milljörðum kr. Ef húsbyggingar haldast í svipuðu horfi og verið hefur þarf að afla viðbótarheimildar síðar á árinu eða þá húsbyggingar dragast saman um tvo milljarða kr., húsbyggingar sem fjármagnaðar eru af húsbréfadeildinni. Ég hefði haldið að það hefði allmikil áhrif á atvinnustigið í landinu ef svo verður. Þetta er bara eitt dæmið um að verið er að halda út í nokkuð óvissa framtíð með þessu frv. Einnig er samdráttur í lántökum til Byggingarsjóðs verkamanna. Þar er áætlað að skera niður um 100 íbúðir þannig að hætt er við að þessi þáttur lánsfjárlaganna, ef eftir gengur, rími ekki alveg við þau markmið sem sett voru í fjárlögunum.

Í umræðum um fjárlög og í umræðum, sem hafa farið fram áður um málið sem er á dagskrá, var rakið að frjáls markaður tekur ekki lengur við húsnæðisbréfum með þeirri ávöxtunarkröfu sem sett var af stjórnvöldum með 5% vaxtamarkinu. Auðvitað segir þetta sitt um efnahagsstefnuna. Auðvitað er með öllu óljóst hvernig gengur á næsta ári að selja þessi bréf nema þá að hækka á þeim vextina og hvort Seðlabankinn er þess umkominn að halda vöxtunum niðri á þeim húsnæðisbréfum sem boðin eru til sölu og væri fróðlegt að heyra álit hæstv. fjmrh. á þessu síðar í umræðunni.

Ég vil einnig koma inn á afgreiðslu fjárlaga sem fór fram dagana fyrir jólin. Þá var m.a. samþykkt ein heimildargrein við 6. gr. fjárlaga sem er á þskj. 501 og er borin fram af fjmrh. Ég vil gera þetta að umræðuefni vegna þess að þessi grein hlýtur að koma inn á þetta frv. sem við erum að ræða núna og satt að segja var framlagning þessa máls og afgreiðsla þess með nokkrum ólíkindum. Hér er um að ræða að við 6. gr. komi nýr liður, að kaupa eignir Rafveitu Akraness, Rafveitu Borgarness og Andakílsárvirkjunar og Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar fyrir Rafmagnsveitur ríkisins eða ganga til stofnunar sameiginlegs orkufélags fyrrgreindra aðila ef viðunandi samningar näst. Samningar og nauðsynleg lántaka skulu hafa samþykki iðnrh. og fjárln. Alþingis.

Nú er það ekki svo að það kemur ýmislegt inn á 6. gr. fjárlaga sem ekki er framkvæmt á því ári sem fjárlögin taka til en hins vegar ber að athuga það að þessi tillaga er lögð fram af hæstv. fjmrh. og hún kemur fram með nokkuð einkennilegum hætti. Hún kemur fram á síðasta klukkutímanum áður en fjárlögin eru samþykkt, aldrei tekin fyrir í nefnd og ég man ekki til að hafi verið mælt fyrir henni, það hefur þá farið fram hjá mér. En eigi að síður ætla ég ekkert að mæla gegn því að það geti verið skynsamlegt að gera svo sem tillagan gerir ráð fyrir. Ég ætla ekki að mæla gegn því á þessu stigi en þetta mál hefur bara ekkert verið rætt hér á hv. Alþingi. Og mér finnst þetta bera afskaplega sérkennilega að svo ekki sé meira sagt. Ég vil spyrja hæstv. fjmrh. að því í sambandi við lánsfjárlögin hvort ætlunin sé að taka inn á lánsfjárlög lántökuheimildir í þessu skyni eða með hverjum hætti sé hugsað að framkvæma þessa heimildargrein og á hvaða stigi málið sé. Hér er ekki um neitt smámál að ræða. Hér er um að ræða öll orkuveitufyrirtæki í heilum landshluta. Ég ætla ekki að mæla því gegn og er ekki tilbúinn að mæla á móti því að það geti verið skynsamlegt að vinna í þessa veru en eigi að síður eru þessi vinnubrögð og kynning málsins hér á hv. Alþingi með sérkennilegum hætti svo að ekki sé meira sagt og vil ég þess vegna spyrja hvert framhaldið verður.

Það er alveg ljóst að það er óviss framtíð í efnahagsmálum á næsta ári. Vonandi gengur eftir öll sú bjartsýni sem þessi frumvörp ríkisstjórnarinnar byggjast á en það liggur ekkert fyrir um það enn sem komið er. Enn liggur ekkert annað fyrir en að opinberar skuldir eru að aukast. Það sýnir þetta frv. og önnur. Skuldir bæði ríkis og sveitarfélaga eru að aukast með langvarandi hallarekstri ríkissjóðs og sveitarfélögin hafa farið í sömu áttina núna síðustu árin svo að þetta frv. sem hér er um að ræða lýsir ekki mikið fram á veginn og það lýsir inn í óvissa framtíð.

[15:20]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því eins og aðrir sem hér hafa tekið til máls að óska hv. þingmönnum og forseta gleðilegrar hátíðar.

Hv. þm. spurðist fyrir um tillögu sem flutt var og samþykkt við fjárlög og varðaði hugsanleg kaup eigna Rafveitu Akraness, Borgarness, Andakílsárvirkjunar og fleira. Sú grein er í 6. gr. fjárlaga fyrir næsta ár, er tiltölulega opin, getur gengið reyndar í báðar áttir, ekki einungis yfirtaka á þessum eignum eða kaup heldur einnig að lagt sé inn í sérstakt félag eignir Rafmagnsveitna ríkisins. Til þess er ekki tekin afstaða í sjálfri greininni. Ég hef rætt það við starfsmenn fjmrn. hvort eðlilegt sé að taka inn heimildargrein í lánsfjárlagafrv. en það er talið að þess þurfi ekki. Það sé nægilegt að styðjast við 6. gr. heimildina en ef til samninga kemur verði að sjálfsögðu að leggja þá fyrir Alþingi og það verður þá væntanlega tekið inn í lánsfjáraukalögum á næsta ári.

Greinin er nokkuð óvís og reyndar ekki nokkur leið að setja inn slíka heimild í lánsfjárlögin að það svari til þessarar greinar. Fyrr þurfa viðræður að vera skýrari og tillögur skýrari en 6. gr. heimildin gefur tilefni til.

[15:22]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er hræddur um að ef ráðherra frá Framsfl. hefði lagt svona plagg fram og gefið eins skýringu og hæstv. fjmrh. gefur hér, að hún sé teygjanleg og geti gengið í báðar áttir, það hefði þótt eitthvað skrýtin framlagning og afgreiðsla á hv. Alþingi. Ég vil ráðleggja hæstv. fjmrh. það að taka inn þessa heimildargrein í lánsfjárlögin til að málið fái einhverja

þinglega umfjöllun í upphafi þó að ekki sé meira.

Það er eins og ég segi, ég mæli ekkert gegn þessu máli eða með því á þessu stigi en mér finnst þessi afgreiðsla vera með nokkuð sérkennilegum hætti.

[15:23]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Eins og kunnugt er þá er frv. til lánsfjárlaga ásamt fjárlögum undirstaðan í efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar. Þess vegna væri það æskilegt og meira í samræmi við þingvenjur að hæstv. forsrh. sem jafnframt er ráðherra efnahagsmála væri einnig viðstaddur þessar umræður hér. Það er auðvitað gagnlegt að fá svör hæstv. fjmrh. en margt af þessu tengist efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar þannig að ég vil nú setja fram þá ósk að hæstv. forsrh. komi til þingfundar.

Í sjálfu sér væri hægt að fjalla í mjög löngu máli um þær ákvarðanir sem hér er verið að taka á lokamánuðum þessa kjörtímabils. Það væri vissulega efniviður að bera þær ákvarðanir saman við þau fyrirheit sem ríkisstjórnin gaf í upphafi ferils síns. Ég ætla ekki að eyða löngu máli í það en þó ætla ég að rifja það upp að núv. hæstv. fjmrh. og núv. hæstv. forsrh. lýstu því yfir ásamt fylgisveinum sínum úr Alþfl. að þeir ætluðu sér að ná hallalausum fjárlögum á tveimur árum. Þeir voru varaðir við úr þessum ræðustól að það væru óraunhæf markmið. Þeir voru reyndar líka varaðir við fyrir síðustu þingkosningar þegar talsmenn páv. ríkisstjórnar vöktu athygli á því að það væri óvinnandi að ná hallalausum fjárlögum miðað við ástandið í íslenskum efnahagsmálum nema á lengri tíma. Engu að síður kaus hæstv. fjmrh. og hæstv. forsrh. og ríkisstjórnin öll að hafa þessar viðvaranir að engu.

Nú stöndum við hér við lok kjörtímabilsins og dómurinn er fallinn, hæstv. fjmrh. Dómurinn er sá að yfirlýsingar og mat hæstv. ríkisstjórnar voru óraunhæf. Þá vaknar sú spurning: Voru þessir forustumenn ríkisstjórnarinnar svo blindir að þeir gerðu sér ekki grein fyrir því að þetta voru óraunhæf markmið — þeir geta ekki skotið sér á bak við það að þeir hafi ekki verið varaðir við — eða voru þeir vísvitandi að blekkja? Er ekkert mark takandi á því sem hæstv. fjmrh. og hæstv. forsrh. og ríkisstjórnin öll segja um ríkisfjármál? Og fljótt á litið blasir við að álykta svo að það sé ekkert mark á því takandi vegna þess að það fjárlagafrv. sem afgreitt var fyrir nokkrum dögum síðan gengur þvert á yfirlýsingarnar sem eru í greinargerð þess sama frv. Ef yfirlýsingar hæstv. ríkisstjórnar í efnahagsmálum og ríkisfjármálum standast ekki meðan á afgreiðslu sjálfs frv. stendur þá er auðvitað lítil von til þess að það standist í heilt kjörtímabil. En ég vil spyrja hæstv. fjmrh. að því: Hvernig stendur á því að ríkisstjórnin ákvað nú fyrir jólin að hverfa frá höfuðstefnu fjárlagafrv.? Höfuðstefna fjárlagafrv. eins og fram kemur á bls. 239 og þar á eftir í 1. kafla greinargerðarinnar um efnahagsstefnu og markmið fjárlaga var að nota ætti efnahagsbatann til þess að minnka ríkissjóðshallann. Og því var meira að segja lýst yfir að það ætti að ná því markmiði að vera með hallalaus fjárlög á næstu þremur árum, 1995, 1996 og 1997. Þessi stefna sem var ítrekuð hvað eftir annað í greinargerð fjárlagafrv., að nota efnahagsbatann til að minnka ríkissjóðshallann, er skynsamleg. Hún er í samræmi við viðurkennd sjónarmið í hagfræði og hún er líka í samræmi við það sem lýst hefur verið yfir á öllum undanförnum árum að þótt réttlætanlegt væri að reka ríkissjóð með einhverjum halla á samdráttartímum, þá væri höfuðskilyrðið að um leið og farið væri að rofa til, þá yrði batinn notaður til að minnka hallann.

En hvað gerir hæstv. ríkisstjórn? Hún notar batann til að auka ríkissjóðsútgjöldin og til að auka hallann, þvert á yfirlýsingar fjárlagafrv., þvert á viðurkennd sjónarmið um skynsamlega hagstjórn og þvert á þær yfirlýsingarnar sem flokkarnir í landinu hafa verið sammála um á undanförnum árum. Þessi ríkisstjórn er þess vegna að marka þá braut að það eigi bæði að safna skuldum á samdráttartímum og vaxtartímum og það sjá auðvitað allir að slík stefna leiðir eingöngu til þess að á tiltölulega skömmum tíma verða orðnar slíkar þrengingar í íslenskum ríkisfjármálum að ófremdarástand mun skapast. Ég óska þess vegna eftir því að hæstv. fjmrh. geri skýra grein fyrir því og reyndar væri æskilegt að hæstv. forsrh. gerði það einnig hvers vegna vikið er frá þessari stefnu, hver rökin eru fyrir því. Það er ekki hægt að skjóta sér á bak við það að nú sé verið að greiða fyrir kjarasamningum vegna þess að það er alger óvissa sem ríkir varðandi kjarasamninga á nýju ári og það er lítið sem ekkert í fjárlagafrv. eða lánsfjárlögunum sem greiðir fyrir því.

Það væri auðvitað líka ástæða til þess að spyrja Alþfl. ef einhver marktækur fulltrúi efnahagsstefnu Alþfl. á undanförnum árum væri hér í salnum: Hvernig stendur á því að Alþfl. sem gerði það að skilyrði fyrir stjórnarmyndun 1988 að þröngar skorður væru settar gagnvart hallarekstri ríkisins og skilyrðið var svo afdráttarlaust að það var tölusett í stjórnarflokkunum. Það er núna svo gersamlega hlaupið frá öllu því sem talist getur ábyrg efnahagsstefna að það hefur bókstaflega enginn talsmaður Alþfl. treyst sér til þess að taka þátt í þessum umræðum, hvorki um lánsfjárlögin né fjárlagafrv. Og þótt formaður fjárln. hafi verið látinn fara hér með hina hefðbundnu þulu þá tel ég það ekki með heldur er að vísa til þeirrar forustu Alþfl. sem annars vegar er í höndum hæstv. utanrrh. og hins vegar í höndum hæstv. viðskrh.

Auðvitað geta menn haft þá afstöðu sem manni virðist núv. ríkisstjórn hafa að það skipti svo sem engu máli hvað sagt er og gert í ríkisfjármálum, það skipti engu máli. Það sé bara aðalatriðið að reyna að klóra sig fram úr þessu frá ári til árs, fá fjárlögin afgreidd og lánsfjárlögin og láta svo bara reka á reiðanum. Að reka hér í ríkisfjármálum nákvæmlega sömu óábyrgu stefnuna og rekin var í fjármálum Reykjavíkurborgar á sl. 6–8 árum þar sem jafnvel góðærin voru notuð til þess að safna skuldum hjá Reykjavíkurborg og nú á að halda inn á sömu brautina varðandi fjármál íslenska ríkisins.

Það vill svo til að þær stefnuyfirlýsingar, sem koma fram í greinargerð fjárlagafrv. sem lagt var fram í

haust, eru alveg réttar. Það er enginn grundvallarágreiningur um þá yfirlýsingu. En það sem þarf að koma hér skýrt fram er hvers vegna ríkisstjórnin hefur ekki haft burði til að standa við það.

Í öðru lagi er auðvitað alveg nauðsynlegt að hæstv. fjmrh., hæstv. forsrh. og hæstv. viðskrh. geri hér við umræðu um lánsfjárlögin grein fyrir lántökustefnu, skuldasöfnun og vaxtastefnu ríkisstjórnarinnar. Við áttum á þinginu í haust ítarlegar umræður þegar þessi frumvörp komu til umræðu um horfurnar sem væru í nóvember, desember og janúarmánuði á lánsfjármarkaðnum og í vaxtamálunum. Þá vöruðum við einnig hæstv. ríkisstjórn við að yfirlýsingar hennar og markmið mundu ekki fá staðist. Það hefur líka komið á daginn. Hér hefur verið rakið mjög rækilega í framsögu minni hluta efh.- og viðskn. að svo illa er komið fyrir ríkissjóði á hinum almenna fjármagnsmarkaði að aftur og aftur á undanförnum mánuðum treystir hann sér ekki til að standa í útboðum. Og það er reyndar líka mjög fróðlegt að sjá þá vaxtahækkun sem hefur verið að koma fram á ríkisvíxlunum að undanförnu. Hefur hæstv. fjmrh. gert sér grein fyrir því að frá aprílloku m til nóvember hefur orðið 15% raunvaxtahækkun á þriggja mánaða ríkisvíxlum? 15% raunvaxtahækkun á um það bil hálfu ári á þriggja mánaða ríkisvíxlum. Og hefur hæstv. fjmrh. gert sér grein fyrir því að á sex mánaða ríkisvíxlum hefur á sama tímabili orðið 15% raunvaxtahækkun? Og hefur hæstv. fjmrh. gert sér grein fyrir því að á 12 mánaða ríkisvíxlum frá aprílloku m til nóvember hefur orðið 25% raunvaxtahækkun? Það er satt að segja leitt að hæstv. forsrh., sem hefur verið boðberi ekki bara stöðugra vaxta heldur vaxtalækkunar á þessu sama tímabili, skuli ekki treysta sér til þess að vera við þessa umræðu vegna þess að í stefnuræðu ríkisstjórnarinnar, sem flutt var á fyrsta umræðudegi þingsins þegar hæstv. forsrh. Davíð Oddsson lýsti stefnu ríkisstjórnarinnar, varð niðurstaða hans, með leyfi hæstv. forseta:

„Allir þessir þættir benda til þess að vextir muni fara lækkandi á næstu missirum."

Síðan þessi orð voru mælt í byrjun október hafa vextir jafnt og þétt farið hækkandi. Og það er sérstaklega merkilegt vegna þess að þessi yfirlýsing um vaxtalækkun var eini skýri boðskapurinn í stefnuræðu hæstv. forsrh. um þá aðferðafræði sem ríkisstjórnin ætlaði sér að beita til þess að ná atvinnulífinu í gang á nýjan leik og til þess að auka þjóðartekjurnar og skapa grundvöll fyrir sátt um skiptingu lífskjaranna í næstu kjarasamningum. Þegar hvort tveggja er hrunið, vaxtalækkunarþróunin, og sú stefna að nota auknar þjóðartekjur til þess að minnka ríkissjóðshallann þá er auðvitað alveg ljóst að núverandi hæstv. ríkisstjórn er á síðustu mánuðum á valdaferli sínum að brjóta öll þau boðorð sem *hún sjálf hefur sett sér sem mælikvarða góðrar efnahagsstjórnar*. Hún er ekki aðeins að ganga gegn þeim yfirlýsingum sem við höfum flutt hér í stjórnarandstöðunni. Hún er að brjóta höfuðatriðið í stefnuræðu hæstv. forsrh. sem hann flutti í þingsalnum að kvöldi 4. okt. sl. og hún er að brjóta þá meginlínu sem hæstv. fjmrh. og ríkisstjórnin öll leggur í efnahagsstefnukafla fjárlaga fyrir næsta ár.

Hæstv. fjmrh. stendur þess vegna í þeim sporum að þótt reyndir menn vöruðu hann við, þá settist hann í sætið með þá galvösku yfirlýsingu að hann ætlaði að ná hallanum algerlega út úr heiminum á tveimur árum. Og hann var enn þá það kokhraustur í haust að hann boðar að nú muni hallanum eytt á þeim þremur árum sem fara í kjölfarið og það verði gert með því að nota batann sem verði og auknar þjóðartekjur til að minnka hallann. En hann krefst þess hins vegar hér á síðustu dögum fyrir jól að þingið afgreiði fjárlagafrv. sem brýtur þessa stefnu. Og hann er nú að krefjast þess að þingið afgreiði á þessum sólarhring lánsfjárlagafrv. sem bæði brýtur þessa stefnu fjárlagafrv. og þá vaxtastefnu sem hæstv. forsrh. hefur gert að höfuðflaggi ríkisstjórnarinnar.

En hæstv. fjmrh. sagði meira í greinargerð fjárlagafrv. Það var ekki aðeins að hæstv. fjmrh. lýsti því yfir að það ætti að nota efnahagsbatann til þess að minnka hallann á ríkissjóði, heldur sagði hann orðrétt að sú stefna væri „forsenda fyrir lægri vöxtum, auknum hagvexti, eflingu atvinnulífsins og bættum lífskjörum." Tilvitnun lýkur á blaðsíðu 239. Þessi yfirlýsing er líka alveg rétt. Vandinn er bara sá, hæstv. fjmrh., að þessari stefnu hefur ekki verið framfylgt í afgreiðslu fjárlagafrv. og heldur ekki við afgreiðslu þess frv. sem við erum hér að fjalla um. Ef þessi orð voru rétt í greinargerð fjárlagafrv., sem ég tel þau vera, blasir þá ekki við, hæstv. fjmrh., samkvæmt eigin orðum ráðuneytisins og ríkisstjórnarinnar að þar með er ríkisstjórnin búin að brjóta gegn möguleikunum á lægri vöxtum, auknum hagvexti, eflingu atvinnulífsins og bættum lífskjörum?

Í greinargerð fjárlagafrv. er hnykkt á þessu enn frekar með því að segja, með leyfi hæstv. forseta:

„Eina örugga leiðin til þess að örva hagvöxt og efla atvinnulífið felst í stöðugleika í verðlagsmálum og lægri vöxtum. Forsendan fyrir því er að áfram verði dregið úr halla ríkissjóðs með stöngu aðhaldi að ríkisútgjöldum."

Var það gert við afgreiðslu fjárlagafrv.? Nei, hæstv. fjmrh. Það var ekki gert. Þvert á móti hefur bæði á þessu ári sem nú er að ljúka og næsta ári tekjuauki ríkissjóðs verið notaður til þess að auka útgjöldin, hæstv. fjmrh. Og séu kenningar fjárlagafrv. réttar, sem þær eru í greinargerðinni, þá liggur alveg ljóst fyrir að hér er verið að afgreiða fjárlagafrv. og lánsfjárlagafrv. sem munu draga úr eflingu atvinnulífsins, sem munu koma í veg fyrir frekari vaxtalækkun og sem munu gera torvelt að ná samkomulagi um lífskjör í landinu.

En það er fleira, satt að segja margt fleira í greinargerð fjárlagafrv. sem felur í sér að hnykkt er á þessari stefnu. Þar segir líka, með leyfi hæstv. forseta:

„Aðhaldssöm stefna í ríkisfjármálum og markviss áætlun um hvernig stjórnvöld hyggjast draga úr halla ríkissjóðs á næstu árum er veigamesta forsendan fyrir því að þessum markmiðum megi ná."

Ríkisstjórnin hafði ekki þrótt til þess að hrinda í framkvæmd þessari veigamestu forsendu að eigin dómi. Öll fína áætlunin sem fjmrh. var að kynna í fjöl-

miðlum í þingbyrjun og sem setti svip sinn á greinargerð frv. er fokin út í veður og vind. Ístöðuleysið var slíkt, hæstv. fjmrh., ábyrgðarleysið var slíkt í aðdraganda kosninga að hæstv. fjmrh. og ríkisstjórnin hlaupa frá öllum grundvallarmarkmiðum fjárlagafrv. eins og þau eru sett fram í greinargerðinni. Það er ekkert af þeim meginmarkmiðum sem sett voru fram í greinargerðinni sem í dag eru í samræmi við þann veruleika sem afgreiddur var á Alþingi fyrir jólin og á að staðfesta enn frekar á þessum sólarhring að kröfu hæstv. fjmrh. með því að samþykkja þetta frv. til lánsfjárlaga. Síðan segir hæstv. fjmrh. í greinargerð frv., með leyfi forseta:

„Með þessu fjárlagafrv. er stigið mikilvægt skref í átt til jafnvægis í ríkisfjármálum. Útgjöldum er haldið í skefjum og sá tekjuauki sem efnahagsbatinn skilar gengur til þess að minnka halla ríkissjóðs á næsta ári.“ — „...gengur til þess að minnka halla ríkissjóðs á næsta ári.“ Við vitum báðir, hæstv. fjmrh., að sú varð ekki raunin. Efnahagsbatinn var ekki notaður hér fyrir jólin til þess að minnka halla ríkissjóðs á næsta ári. Þvert á móti. Hann var aukinn, hæstv. fjmrh. Þrátt fyrir það að hæstv. fjmrh. hafi fengið hér í nýrri þjóðhagsspá fyrir afgreiðslu fjárlaga meiri tekjuauka í veganesti til að loka fjárlagafrv. heldur en nokkur fjmrh. á sl. 6–8 árum. Og þess vegna gekk núv. hæstv. fjmrh. undir dálítið merkilegt próf hér fyrir jólin og kolféll á því. Prófi þar sem hann sjálfur hafði skrifað verkefnin í greinargerð fjárlagafrv. og Þjóðhagsstofnun reiddi svo fram textann með því að setja í hendurnar á honum þjóðhagsáætlun sem gaf honum bata. Hvað var gert við hann? Honum var eytt og gott betur, hér á síðustu dögum fyrir jól.

Það væri mjög fróðlegt að fá hæstv. fjmrh. til þess að útskýra þá kenningu hvernig eigi að greiða niður skuldir íslenska ríkisins ef efnahagsbatinn er notaður til þess að auka fjárlagahallann frá því sem hann er í frv. Hvernig á þjóð sem rekur ríkissjóð með halla bæði á samdráttarskeiði og á vaxtarskeiði að ráða við þennan vanda, hæstv. fjmrh.?

Þegar fyrrv. fjmrh. flutti sína síðustu fjárlagaræðu fyrir síðustu kosningar þá var í þeirri ræðu lýst að vandi ríkissjóðs væri slíkur að það yrði ekki hægt að taka á honum nema með markvissri áætlun til 4–6 ára og því var lýst í ítarlegu máli í umræðum á þingi og annars staðar hverjir ættu að vera höfuðþættirnir í slíkri áætlun. Núv. ríkisstjórn kaus að ýta öllum þeim boðskap til hliðar, taka upp með stærilæti aðra línu sem birtist okkur nú hér í algerri uppgjöf.

Ég tel það vera miður, virðulegi forseti, að hæstv. forsrh. skuli ekki treysta sér til þess að vera við þessar umræður. Það hefur venjulega verið siður hér á þingi að hæstv. forsrh. væri viðstaddur 2. umr. um lánsfjárlögin. Það er auðvitað mjög illt að þurfa að ræða hér við hæstv. forsrh. um hans eigin stefnuyfirlýsingar og veruleikann án þess að forsrh. láti svo lítið að mæta til þings við 2. umr. um lánsfjárlögin. Hér hefur fjöldi þingmanna mætt til þings á þriðja degi jóla til þess að sinna því verki að afgreiða þetta lánsfjárlagafrv. fyrir ríkisstjórnina á þessum sólarhring og það er nú lágmarkskurteisi, að maður tali nú ekki um efnisleg nauðsyn, að hæstv. forsrh. treysti sér til þess að vera í þeim hópi. Ef hæstv. forsrh. treystir sér ekki til þess að taka þátt í þessum umræðum þá er auðvitað mikil spurning hvort við erum bundin af því samkomulagi sem við gerðum fyrir hátíðar um að ljúka þessum umræðum á þessum sólarhring, því að það samkomulag var gert í trausti þess að hér gæti farið fram eðlileg venjubundin umræða við oddvita ríkisstjórnarinnar um frv. til lánsfjárlaga. Þau eru ekki mörg frumvörpin á þessu þingi sem hæstv. forsrh. þarf að vera fulltrúi fyrir, en lánsfjárlagafrv. er auðvitað eitt af þeim.

Núv. hæstv. forsrh. hefur, ásamt hæstv. fjmrh., að undanförnu hælt sér mjög af því að þjóðin sé að greiða niður erlendar skuldir sínar með jákvæðum viðskiptajöfnuði við útlönd. Það er vissulega rétt að jákvæður viðskiptajöfnuður er ánægjulegur vitnisburður um það að krafturinn, sérstaklega í íslenskum sjávarútvegi, er þrátt fyrir allt slíkur að menn hafa sótt sér nýja möguleika. En hver er þá skýringin á því, hæstv. fjmrh., og væri auðvitað æskilegt að hæstv. forsrh. svaraði því einnig hér í þingsalnum, ef hann þyrði að vera hérna, að á sama tíma fer íslenska ríkið inn á þær brautir að fjármagna sig í vaxandi mæli með erlendu lánsfé? Það kemur mjög rækilega fram hér í þeim gögnum sem hafa verið lögð fram að erlendar lántökur það sem af er þessu ári hafa verið 20,5 milljarðar og afborganir erlendra lána 9,5. Þannig að mismunurinn, nettóaukning á erlendum lántökum ríkissjóðs, er 11 milljarðar á þessu ári. Nú geta menn haldið því fram að fjármagnsmarkaðurinn í veröldinni sé orðin ein heild og þess vegna skipti það kannski öðru máli í dag heldur en áður hvar lánin eru tekin. En það breytir því ekki, hæstv. fjmrh., að þegar þessi lán verða borguð til baka þá fara þau til þess að efla hagvöxt og kraft í löndunum sem veittu lánin í stað þess, að væri um innlenda lántöku að ræða þá færu afborganirnar til þess að búa til nýjan kraft í íslenskt atvinnulíf, íslensk lífskjör. Og þess vegna er það satt að segja ótrúleg blinda að halda því fram hér, eins og hæstv. fjmrh. hefur leyft sér að gera, að það skipti engu máli hvort ríkissjóður er fjármagnaður innan lands eða með erlendum lántökum. Það var markvisst unnið að því á síðasta kjörtímabili og við stóðum í þeirri trú að núv. ríkisstjórn ætlaði sér a.m.k. að reyna að fylgja þeirri stefnu á þessu kjörtímabili, að ríkissjóður fjármagnaði sig innan lands. En nú er líka búið að henda því skynsamlega markmiði fyrir róða.

Fjmrn. hefur að vísu verið dálítið feimið við að gera upp tölurnar og í þessu lánsfjárlagafrv. sem hér er til umræðu er fylgt þeim nýja sið að marka ekki skýrt hvað á að sækja á innlendan markað og hvað á að sækja á erlendan markað. Það tókst hins vegar að toga út úr fjmrn. núna fyrir jólin að það hefur meira verið sótt nettó á erlendan markað af hálfu ríkisins á þessu ári heldur en innlendan markað, hæstv. fjmrh. Það eru 5,5 milljarðar í spariskírteinum ríkissjóðs nettó og 3,4 í skammtímabréfum ríkissjóðs til eins eða tveggja ára sem hafa verið sóttir á innlendan markað eða u.þ.b. 9

milljarðar á móti þeim 11 milljörðum sem eru sóttir á erlendan markað. Þar með blasir það við að ríkisstjórn Davíðs Oddssonar er farin að fjármagna ríkissjóð að stærri hluta með erlendum lántökum heldur en á hinum innlenda markaði. Hver er skýringin á því, hæstv. fjmrh.? Hver er skýringin á því? Auðvitað skiptir það máli. Það skiptir máli fyrir íslenska hagkerfið bæði í nútíð og framtíð hvort um erlendar eða innlendar lántökur er að ræða.

Er skýringin kannski sú að ríkisstjórnin hefur ekki treyst sér til þess að ná því fjármagni sem hún þarf til að reka ríkissjóð á hinum innlenda peningamarkaði á því vaxtarstigi sem hún hefur haldið sig við vegna þess að kaupendurnir á íslenska peningamarkaðnum hafa ekki viljað trúa þeim markaðsgrundvelli sem ríkisstjórnin hefur lagt á þau verðbréf? Þar með blasir auðvitað við að *ríkisstjórnin sjálf hefur sýnt í verki að* peningaleg stefna hennar og vaxtastefna ganga ekki upp í íslenska hagkerfinu. Það eru ekki til nægilegir kaupendur innan íslenska hagkerfisins sem eru reiðubúnir að fjármagna ríkissjóð á þeim kjörum sem ríkisstjórnin býður. Þess vegna hefur hæstv. fjmrh., Friðrik Sophusson, haft forgöngu um það að fara á árinu 1994 í auknum mæli út á erlenda markaði. Og þegar það bætist svo við að einkaaðilar á markaðnum hafa á þessu sama tímabili flutt, ef ég man rétt, um 7 milljarða út úr íslenska hagkerfinu og til erlendra peningastofnana á grundvelli þeirra heimilda sem opnaðar hafa verið á þessu ári, þá blasir auðvitað við, hæstv. fjmrh., að það eru risavaxnar upphæðir sem hafa streymt út úr íslenska hagkerfinu á þessu ári, annars vegar fyrir tilverknað ríkisins og hins vegar fyrir tilverknað einkaaðila. Það er meiri upphæð en sem nemur virkjunarkostnaði þeirrar virkjunar sem átti að standa undir nýju álveri á Keilisnesi, sem hefur á þessu eina ári streymt út úr íslenska hagkerfinu inn í erlendar peningastofnanir, annars vegar undir stjórn hæstv. fjmrh., Friðriks Sophussonar, og hins vegar með sjálfstæðum aðgerðum einkaaðila á peningamarkaði. Þá sjá menn kannski hvílík blóðtaka þetta fjárstreymi úr landinu á yfirstandandi ári hefur verið þegar menn bera það saman *við hinar risavöxnu stærðir sem virkjun vegna nýs* álvers á Keilisnesi átti að vera.

Hvað halda menn að hefði orðið um þann kraft í íslenska hagkerfinu sem hefði fylgt því að þessar stærðir hefðu allar verið hér innan lands? Og þeir sem þekkja til á alþjóðlegum peningamarkaði, eins og hv. þm. Vilhjálmur Egilsson, vita það auðvitað að þegar er verið að flytja peninga fyrst og fremst út úr hagkerfi en ekki inn í það felst í því mikil vantraustsyfirlýsing á viðkomandi hagkerfi. Þá talar markaðurinn skýru máli. Þá fellir hann sinn dóm. Það er einmitt þetta vantraust markaðarins sjálfs á efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar sem hér birtist með skýrum hætti í þeim niðurstöðum sem árið er að skila — og er nú gott að hæstv. forsrh. er loksins mættur til þessarar umræðu til þess að taka þátt í viðræðum við þingið um þann viðskilnað sem óðum er að verða skýr eftir fjögurra ára valdasetu núv. ríkisstjórnar.

Ég vil í aðeins örfáum orðum rifja það upp fyrir hæstv. forsrh. að fyrr í dag hefur verið óskað skýringa á því hvers vegna þau höfuðmarkmið sem sett voru í fjárlagafrv. um að nota batann til þess að minnka ríkissjóðshallann hafa ekki verið haldin. Í öðru lagi hvers vegna hefur ríkissjóður verið að auka skuldir sínar erlendis á sama tíma og þjóðin hefur verið að minnka þær. Í þriðja lagi hvernig stendur á því að yfirlýsing hæstv. forsrh., sem hér var flutt að kvöldi 4. okt. sem höfuðeinkenni á efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar, um vaxtalækkunina sem fram undan væri, hefur ekki staðist. Þvert á móti hefur bæði á ríkisvíxlum, ríkisbréfum, húsbréfum og í bankakerfi hver vaxtahækkunin rekið aðra á undanförnum mánuðum, jafnvel svo að á rúmu hálfu ári, frá því í apríllok og fram í desemberbyrjun, hefur 15–25% hækkun orðið á raunvöxtum ríkisvíxla svo að eitt dæmi sé nefnt. Til viðbótar svo því, *eins og fram kemur í nál. minni hluta efh.- og viðskn.*, að ríkissjóður hefur mánuðum saman ekki treyst sér til þess að taka þeim tilboðum sem boðin voru af hálfu markaðarins í þau bréf sem ríkissjóður var að bjóða.

Hrein skuldaaukning hins opinbera hefur á valdatíma þessarar ríkisstjórnar vaxið úr rétt rúmlega 15% í 35% af landsframleiðslu. Og það er dálítið merkilegt vegna alls þess sem núv. hæstv. fjmrh. og hæstv. forsrh. hafa sagt um árið 1991, hið vonda ár 1991, sem átti að sýna hinn hrikalega viðskilnað síðustu ríkisstjórnar, hin vondu verk og er þá látið liggja á milli hluta að núv. ríkisstjórn tók við í apríllok, að hreinar skuldir hins opinbera sem hlutfall af landsframleiðslu jukust ekki á árinu 1991. Satt að segja ríkir ótrúlegur stöðugleiki á árunum 1989, 1990, 1991 varðandi hreinar skuldir hins opinbera, sérstaklega árin 1990 og 1991 þar sem engin breyting til aukningar verður á hreinum skuldum hins opinbera. En um leið og efnahagsstefna ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar fer að segja til sín á árunum 1992, 1993, 1994 og 1995, öllum þessum fjórum árum, þá er samfelld aukning á hreinum skuldum hins opinbera. Þannig að aukningin hefur verið á þessum fjórum árum frá því að vera 15% af landsframleiðslu upp í 35% og hefur farið jafnt og þétt hækkandi á hverju einasta ári. Hvaða lærdóma dregur hæstv. fjmrh. og hæstv. forsrh. af efnahagsstjórn sem tekur svo risavaxin stökk á hverju einasta ári í að auka skuldir hins opinbera? Hreinar skuldir hins opinbera þegar búið er að draga frá og leggja saman þannig að skýr heildarmynd kemur í ljós.

Þessir sömu hæstv. ráðherrar, Davíð Oddsson og Friðrik Sophusson, hafa haft stór orð um árið 1991 og þarf ekki að eyða löngu máli í þingsalnum til að rifja það upp. En taflan sem birt er um hreinar skuldir hins opinbera á þessum tíma sýnir einfaldlega að á sama tíma og það tókst að halda skuldum hins opinbera stöðugum, án nokkurra breytinga, frá árinu 1990 til 1991 þá hefur hvert einasta ár 1992, 1993, 1994 og 1995 leitt til risavaxinnar skuldaaukningar hjá hinu opinbera. Hér er því að hlaðast upp efnahagsstjórn sem í lok kjörtímabilsins birtist okkur í yfir 40 milljarða kr. halla ríkissjóðs, hallatölum sem fara vaxandi þrátt fyrir bata í þjóðartekjum þannig að batinn er ekki notaður til að minnka skuldirnar heldur eru þær þvert á móti

auknar. Efnahagsstjórn sem birtist okkur í vaxandi erlendum lántökum hins opinbera, þrátt fyrir jákvæða stöðu í viðskiptajöfnuði Íslands og erlendra landa og sem birtist okkur einnig í því að á undanförnum mánuðum hafa vextir jafnt og þétt farið hækkandi og ríkisstjórninni sjálfri hefur ekki einu sinni tekist að selja þá verðpappíra sem hún hefur verið að reyna að bjóða.

Hvar eru mörkin, hæstv. forsrh.? Hættumörkin sem hæstv. forsrh. telur varðandi skuldir hins opinbera? Ef það var talið vitnisburður um óviðunandi viðskilnað á árinu 1991 að skuldir hins opinbera væru 15% af landsframleiðslu hvað segir þá hæstv. forsrh. um sín eigin verk þegar skuldirnar eru orðnar 35% af hreinni landsframleiðslu á þeim fjórum árum sem ríkisstjórnin hefur haft til þess að setja svip sinn á efnahagsstjórnina?

Nei, hæstv. ráðherrar. Það er óhjákvæmilegt að það komi ákveðnar skýringar á því hvers vegna nánast allar þær efnislegu yfirlýsingar sem gefnar hafa verið af hæstv. ríkisstjórn um ríkisfjármál, um skuldastöðu og um vaxtamál, eru þverbrotnar bæði í afgreiðslu fjárlagafrv. og í því lánsfjárlagafrv. sem hér er til umræðu.

Það er líka mjög athyglisvert að það kemur í ljós í þeim gögnum sem loksins birtast í þinginu að þvert á allar yfirlýsingar hæstv. fjmrh. og hæstv. forsrh. þá hefur ríkisstjórninni mistekist að selja skammtímapappíra með þeim hætti að fjáröflunin innan lands sé styrkt. Þvert á móti eru breytingar á árinu hvað ríkisvíxla snertir mínus 3 milljarðar. Hvað segir þetta okkur? Það segir okkur að í stað þess að sækja fjármögnunina með skammtímaverðbréfum á innlendum markaði, þrátt fyrir 15% raunvaxtahækkun, þrátt fyrir 25% raunvaxtahækkun á 12 mánaða bréfum þá hefur ríkisstjórnin farið í erlendar lántökur. Hún hefur ekki einu sinni treyst sér til að viðhalda óbreyttu ástandi varðandi skammtímafjáröflun á íslenska peningamarkaðinum heldur hleypur í erlendar lántökur vegna þess einfaldlega að íslenski markaðurinn er ekki reiðubúinn að leggja fjármuni í ríkisvíxlakaupin. 25% raunvaxtahækkun á sex mánuðum á tólf mánaða ríkisvíxlunum dugir ríkisstjórninni einfaldlega ekki. Ég held að hæstv. fjmrh. og hæstv. forsrh. ættu að hugleiða alvarlega hvar ríkisstjórnin er stödd með þetta allt saman.

Seðlabanki Íslands hefur látið Alþingi í té mjög athyglisverða töflu um þróun skuldastöðu ríkisins frá árinu 1991 til ársins 1995. Þar kemur fram að skuldir ríkisins sem brúttóstærð af landsframleiðslu hafa aukist úr 32% í tæp 50% á þessu tímabili. Að nettóskuldir ríkisins hafa aukist úr 15% í 30% — hafa tvöfaldast á þessu tímabili. Skuldir hins opinbera nettó, hæstv. forsrh., eru orðnar 55% af vergri landsframleiðslu.

Ég sagði það, hæstv. forsrh., áður en hæstv. forsrh. kom í þingsalinn að meðferð á ríkisfjármálunum á þessu kjörtímabili væri farin að minna óþyrmilega á skuldasöfnunina hjá Reykjavíkurborg á undanförnum árum þar sem þeir sem við taka þurfa að hafa það sem sitt höfuðverkefni að glíma við þá miklu skuldabagga sem ríkisstjórnin skilur eftir sig. Það er líka mjög athyglisvert, hæstv. forsrh., að sjá það á töflu sem Seðlabanki Íslands hefur líka látið Alþingi í té að í lok ársins 1991, þessa hræðilega árs sem hæstv. forsrh. er búinn að nota allt kjörtímabilið sem viðmiðun alls hins versta sem hægt er að finna í íslenskri efnahagsstjórn, voru kröfur Seðlabankans á ríkið í árslok 8,7 milljarðar. En hverjar eru kröfur Seðlabankans á ríkið nú á þessu hausti, hæstv. forsrh.? Þær eru tæpir 13 milljarðar, eða 12,6 milljarðar. Tæpir 13 milljarðar sem Seðlabankinn á núna kröfur á ríkissjóð. Hvað merkir það? Jú, það merkir það að þrátt fyrir yfirlýsingarnar um það að hætta að fjármagna óráðsíuna í ríkisrekstrinum með skammtímalánum frá Seðlabankanum þá hefur Seðlabankinn engu að síður verið notaður af þessari ríkisstjórn meira en nokkru sinni fyrr til þess að láta fljóta fram að kjördegi. Það er greinilega orðið mottóið í efnahagsstjórn þessarar sundurtættu ríkisstjórnar að láta fljóta fram að kjördegi.

En Seðlabankinn segir meira, hæstv. forsrh. Seðlabankinn birtir í þessari töflu sem hann hefur látið Alþingi í té að nettókröfur Seðlabankans með ríkisábyrgð á ríkissjóð hafa vaxið frá því að vera 8,7 milljarðar í árslok 1991 í rúmlega 16 milljarða við lok þessa árs. Rúmlega 16 milljarða. Með öðrum orðum hafa nærri því tvöfaldast, hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh., þær nettókröfur sem Seðlabankinn á með ríkisábyrgð á ríkissjóð. Væri ekki rétt fyrir hæstv. ráðherra að rifja upp eitthvað af stóru orðunum sem þeir hafa haft í þingsalnum í nærri fjögur ár um árið 1991 og bera þau stóru orð saman við þessar tölur sem Seðlabankinn hefur núna afhent Alþingi? Hver er vörn hæstv. ríkisstjórnar þegar hún horfir framan í þessar tölur? Hver er ástæðan fyrir því að ríkisstjórn sem hefur lyft árinu 1991 sem mælikvarða alls hins versta sem hægt er að komast í stendur núna frammi fyrir því að hún hefur tvöfaldað skuldakröfur Seðlabankans á ríkissjóð miðað við árslok 1991? Satt að segja ber að fagna því að þessar tölur liggja frammi í þinginu.

Ég held að þetta sé í fyrsta sinn á undanförnum missirum sem jafngreinargott yfirlit birtist í þinginu um hvað raunverulega hefur verið að gerast. Yfirlit sem tætir í sundur allan þann málflutning sem hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh. hafa haft í efnahagsmálum á undanförnum missirum og gerir stefnuræðu hæstv. fjmrh. 4. okt. að hreinu grínplaggi þar sem ekki stendur eitt einasta meginatriði af því sem hæstv. forsrh. boðaði að efnahagsstjórnin á næstu mánuðum mundi leiða í ljós.

Ég sagði það, hæstv. forsrh., að auðvitað væri ástæða til þess að ræða hér eitthvað við forustu Alþfl., hæstv. utanrrh. og hæstv. viðskrh. en ég ætla ekki að gera neinar kröfur til þess að þeir séu hér. Þeir eru í raun og veru búnir að dæma sig alveg úr leik í þessum umræðum, ef ekki úr íslenskri stjórnmálaumræðu almennt. Það væri satt að segja líka ástæða til þess að fá að ræða við hæstv. fyrrv. félmrh., Jóhönnu Sigurðardóttur alþingismann, sem þangað til fyrir nokkrum mánuðum bar fulla ábyrgð á öllu því sem hér hefur verið að birtast vegna þess að þessar miklu skuldatölur sem Seðlabankinn hefur reitt fram í sínum töflum hafa ekki komið til bara á síðustu mánuðum. Þær voru komnar til áður en hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir fór

úr ríkisstjórn. Það væri þess vegna líka æskilegt að hún einnig gerði þjóðinni og þinginu grein fyrir afstöðu sinni til þessara mála.

En Alþfl. er greinilega orðinn svo staddur í þessu öllu saman að það tekur því ekki að vera að taka hann upp í þessum yfirlýsingum. En ég rifjaði það upp, hæstv. forsrh, að svo brattur var Alþfl. hér fyrir nokkrum mánuðum síðan að hann setti það sem höfuðskilyrði fyrir stjórnarmyndun að ríkisfjármálin væru negld niður upp á prósent nákvæmlega í stjórnarsáttmálanum til að Alþfl., hinn ábyrgi flokkur, gæti treyst sér til þess að taka þátt í ríkisstjórn. (**Forsrh.:** Þú vildir gera hann að forsrh.) Já, hæstv. forsrh., það er út af fyrir sig alveg rétt að það hvarflaði að mér um tíma að gera formann Alþfl. að forsrh. en það eiga allir rétt á því að skjátlast einhvern tímann. (Gripið fram í.) En ég hef ekki kosið að kalla Alþfl. til umræðunnar þó það sé auðvitað mjög merkilegt að hér sé lánsfjárlagafrv. til umræðu, heill dagur verið markaður til þess, sérstaklega ákveðinn fyrir jól þannig að allur þingheimur vissi. En hvorki formaður Alþfl. né hæstv. viðskrh. láta sjá sig í þingsalnum. Það verður þó að segja hæstv. forsrh. til hróss að þegar eftir honum var kallað kom hann í þingsalinn. En auðvitað er það þannig að hæstv. ríkisstjórn verður að svara þeim spurningum sem hér er til hennar beint og gera ítarlegri grein fyrir þeirri efnahagsstefnu, þeirri vaxtastefnu, þeirri skuldasöfnun, þeim erlendu lántökum og öðrum þeim höfuðþáttum sem blasa við við lok þessa kjörtímabils. Eða hvernig hyggjast þessir flokkar taka á málum í framtíðinni? Er það kannski þannig að þeir eru bara að segja sig frá landstjórninni með afgreiðslu þessara fjárlaga og lánsfjárlaga? Það mætti ætla að þeir væru að segja sig frá landstjórninni með því að láta þingið afgreiða málið með þeim hætti sem hér er gerð krafa um.

[16:14]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ætla að taka þátt í umræðunum síðar undir lið þar sem ég hef meiri tíma en það flögraði aðeins að mér af því að ég veit að hv. síðasti ræðumaður, formaður Alþb., er áhugamaður um stjórnmál og að útlista þau og færa rök fyrir margvíslegum niðurstöðum og fræðikenningum og gerir það oft ágætlega. Ég fór að hugleiða undir ræðu hans, þess hluta sem ég átti kost á að heyra, þegar hann var að fjalla um það með hvaða hætti starfsferill þessarar ríkisstjórnar væri og hvernig hér væri allt í kalda koli undir hennar forsjá hvernig hv. þm. útskýrði það pólitískt að þeir sem hafa borið ábyrgð á stjórnarrekstrinum á þessum fjórum árum skuli hafa svona mikið fylgi samkvæmt skoðanakönnunum. Samkvæmt kenningum hans, sem ég held að séu réttar, þá erum við stjórnarsinnarnir, sem berum ábyrgð á þessu, með 65% samkvæmt síðustu könnunum og það er drjúgt fylgi fyrir þá sem hafa tekið þátt í að stjórna þessu. Sjálfstfl., Alþfl. og svo hv. þm. og minn ágæti fyrrv. samstarfsráðherra. Við stjórnarflokkarnir, sem berum ábyrgð á öllum þessum efnahagsmálum, erum með samkvæmt könnunum 65% og það er ekki svo lélegur vitnisburður um þessa stjórn sem hefur staðið að málum í tæp fjögur ár. Ég verð að vísu að viðurkenna að ég á ekki eins miklar þakkir skildar því ég hef bara verið ráðherra í tæp fjögur ár en minn góði hv. samstarfsmaður og hæstv. fyrrv. ráðherra var ein sjö ár að leggja grundvöll að öllu þessu sem hv. þm. var að lýsa. Hvernig skyldi hann skýra þetta stjórnmálafræðilega?

[16:15]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er auðvitað athyglisvert að hæstv. forsrh. hefur engan áhuga á að ræða efnisþætti málsins né skynsama hagfræði (**Forsrh.:** Ég ætla að gera það á eftir.) heldur fer að velta fyrir sér orsakalögmálum skoðanakannana og fylgis. Það má margt af því læra, hæstv. forsrh., m.a. má af því læra að Sjálfstfl. hefur yfirleitt fengið u.þ.b. þriðjungi minna fylgi í kosningum en hann hefur haft í skoðanakönnunum nokkrum mánuðum fyrir kosningar. Á sama tíma fyrir síðustu alþingiskosningar var Sjálfstfl. með um eða yfir 50% í fylgi samkvæmt skoðanakönnunum, ef ég man rétt, hæstv. forsrh., en endaði með því að fá 38%. Ef sama hlutfall á að gilda í væntanlegum kosningum þá má Sjálfstfl. þakka fyrir 25–28% í næstu kosningum og verður það lélegasta útkoman sem hann hefur nokkru sinni fengið í sögu sinni þannig að ég mundi í sporum formanns Sjálfstfl. bíða með að fagna. En það er eitt af viðurkenndum lögmálum skoðanakannana og fylgis að Sjálfstfl. er ávallt ofmetinn alveg gífurlega nokkrum mánuðum fyrir kosningar.

Hvað snertir fylgi hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur þá hefur maður engan annan mælikvarða en þann sem hefur gerst með önnur slík framboð fyrir kosningar. Þar sýna stjórnmálafræðilegar rannsóknir líka að það fylgi sem er gefið upp þremur eða fjórum mánuðum fyrir kosningar hjá slíkum framboðum endist ekki fram að kjördegi. Hv. þm. Vilmundur Gylfason fékk í skoðanakönnun fylgi í janúarmánuði 1983 sem gaf honum, ef ég man rétt, 12 þingmenn, endaði í 4. Albert Guðmundsson — við þekkjum allir í þingsalnum hvernig það fór.

Ég held að hæstv. forsrh. eigi að bíða með að fagna. Ef fyrrv. prófessor í stjórnmálafræði ætti að gefa honum einhver ráð þá er það að skoða sögulegt samhengi á milli úrslita kosninga og fylgis í skoðanakönnunum þremur til fjórum mánuðum fyrir kosningar. Síðan vona ég að hæstv. forsrh. treysti sér til að ræða efnisatriðin í umræðunum.

[16:18]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tók það fram í ræðu minni eða hinu stutta tali hér áðan að ég áskildi mér rétt til þess síðar þó ég notaði þetta stutta inngrip sem við höfum samkvæmt þingsköpum til þess að fjalla um aðra áhugaverða hluti.

Ég er sammála hv. þm. um að sagan sýnir það að Sjálfstfl. í skoðanakönnunum hefur nánast ætíð verið ofmældur, ekki síst þegar hann hefur verið í mikilli sókn. Það hefur sýnt sig. Reyndar gerðist það í borgarstjórnarkosningunum síðast að þá hlaut flokkurinn

nánast sama fylgi og hann hafði fengið í síðustu fjórum könnunum þar á undan. Það er nýtt og það kann að vera vegna þess að það voru eingöngu tveir flokkar, eða listar, skulum við segja, í kjöri.

Ég held reyndar að þessar kannanir núna kunni að vera dálítið öðruvísi vegna þess að við höfum nýjan spútnikk sem ég get vel unnt þess að fari svolítið hátt í könnunum og fái bærilega útkomu, ekki allt of mikla kannski en svona sæmilega, út á okkar ágæta samstarf. En ég held að þegar einn nýr spútnikk kemur og tekur 25% þá séu óvissuþættirnir sem eftir standa í könnunum ekki þeir sömu og hafa verið gagnvart Sjálfstfl. sem er alveg hárrétt hjá hv. þm. að hefur verið ofmetinn í skoðanakönnunum. Nánast ætíð. Ég er ekki viss um að það gildi nákvæmlega um þetta. Nú er ég bara að ræða þetta í fræðilegum tilgangi og hafa af þessu gaman sem maður gerir á milli jóla og nýárs en síðan skal ég á eftir í fullri alvöru ræða við hv. þm. um efnahagsmálin.

[16:19]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er dálítið merkilegt að formaður Sjálfstfl., hæstv. forsrh., skuli vera að byrja á því milli jóla og nýárs að reikna sér til tekna eitthvað af fylgi hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og færa það yfir á Sjálfstfl. Það er kannski vegna þess að hæstv. forsrh. er að búa sig undir að þurfa að svara því sem formaður Sjálfstfl. að úrslitin í þingkosningum kunni kannski að verða í algjöru sögulegu lágmarki. Ef ég man rétt voru úrslit Sjálfstfl. í síðustu þingkosningum í 13. sæti, hæstv. forsrh., af úrslitum Sjálfstfl. á sl. 50 árum eða svo.

Ég ætla ekkert að útskýra af hverju það hefur verið en það var að vísu staðreynd og gott ef það voru ekki bara einar kosningar þar fyrir utan þar sem hægt var að fara neðar. Það má vel vera að hæstv. forsrh. sé að búa sig undir það að slá eigið met, eigið vallarmet, hvað snertir fylgi Sjálfstfl. og væri vissulega sögulegt ef það gerðist. En ég held að við eigum kannski ekki að vera að verja dýrmætum tíma í andsvörum til þess að velta þessu fræðilega fyrir okkur en allt er þetta nú fróðlegt, sérstaklega hvernig hæstv. forsrh. er byrjaður að reikna. Ég er nokkurn veginn sannfærður um það, hæstv. forsrh., að þeir þingmenn sem út á þetta koma verða a.m.k. ekki í fyrstu í þingflokksherbergi Sjálfstfl. (Gripið fram í.) Þeir þingmenn sem kæmu út á þennan reikning yrðu a.m.k. ekki allir í fyrstu í þingflokksherbergi Sjálfstfl. Það væri kannski verðugra verkefni fyrir formann Sjálfstfl. að tryggja það að sá ágæti þingmaður sem situr á endanum á ystu röð yrði í þingflokksherbergi Sjálfstfl. eftir næstu kosningar.

[16:22]

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Ég vil eins og aðrir hv. þm. byrja á því að óska hv. þm. og hæstv. forseta gleðilegrar hátíðar. Það er gott til þess að vita að hæstv. forsrh. skuli við upphaf þingfundar eftir jól vera í jólaskapi og það eru kannski sérstaklega niðurstöður skoðanakannana sem gera það að verkum. En það gæti farið svo, virðulegi forseti, að þegar þjóðin færi betur að átta sig á því hvernig efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar hefði til tekist og þegar ágætir kjósendur í komandi alþingiskosningum fara að átta sig á því að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir er hluti af þeirri efnahagsstefnu og ber fulla ábyrgð á þeim erfiðleikum sem núna blasa við þúsundum fjölskyldna í landinu þá gæti sú niðurstaða sem nú virðist koma fram í skoðanakönnunum og sem síðan yrði raunin í alþingiskosningum snúist örlítið við .

Hv. 8. þm. Reykn., Ólafur Ragnar Grímsson, hefur í nokkrum orðum farið yfir efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar og þær rústir sem þjóðfélagið stendur á vegna hennar og ég ætla ekki frekar að gera það að umtalsefni en flest allt ef ekki allt af því sem hæstv. ríkisstjórn stefndi að að koma í framkvæmd á kjörtímabilinu eins og hallalaus ríkisbúskapur, lækkun vaxta og minni skuldasöfnun og þar fram eftir götunum hefur brugðist. Í sjálfu sér er, held ég, staðreyndin sú að það hefur aldrei átt að standa við þau fyrirheit sem ríkisstjórnin lagði upp með þegar hún fór af stað. Það sem verra er, að því er mér sýnist, þá ætla menn að halda áfram á sömu braut. Það er eins með efnahagsstefnuna og þær yfirlýsingar sem þessi ríkisstjórn hefur verið að gefa á kjörtímabilinu að þær hafa alls ekki átt að standast og flest allt af því sem þar hefur komið fram hefur verið svikið.

Núna 10. des. sl. var gefin ein yfirlýsingin enn sem tók til þeirra aðgerða sem ríkisstjórnin ætlaði að grípa til og gerð hefur verið hér áður við þessa umræðu að umtalsefni. Það er fjórða yfirlýsing þessarar ríkisstjórnar um sama efnið, opinberar framkvæmdir. Alltaf er það svo þegar menn eru rukkaðir um efndirnar þá kemur það í ljós að við fyrri yfirlýsingar hefur alls ekki verið staðið. Mér sýnist því miður að svo eigi einnig að verða með þessa yfirlýsingu frá 10. des. Ég segi því miður vegna þess að ég hygg að mjög stór hluti þjóðarinnar, það fólk sem nú býr við verstu greiðsluerfiðleikana, hafi að nokkru leyti treyst á yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 10. des. en einn þáttur þeirrar yfirlýsingar, sá tólfti, hljóðar á þá leið, með leyfi forseta:

„Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir viðræðum við fulltrúa lánastofnana og lífeyrissjóða um leiðir til þess að taka á greiðsluvanda þeirra íbúðareigenda sem orðið hafa fyrir sérstökum skakkaföllum vegna samdráttar í tekjum. Ríkisstjórnin mun tryggja áframhaldandi skuldbreytingu vegna greiðsluerfiðleika lántakenda hjá Húsnæðisstofnun ríkisins með sama hætti og verið hefur. Gerð verður sérstök úttekt á greiðsluvanda heimilanna hjá lánastofnunum vegna húsnæðisöflunar og verður hún grundvöllur frekari viðræðna."

Staðreyndin er nú sú að það er ekki þörf á neinni sérstakri úttekt á þeim erfiðleikum sem blasa við. Erfiðleikarnir eru alveg ljósir og ástæður þeirra eru líka alveg ljósar.

Erfiðleikar þess fólks sem núna er í mestu greiðsluerfiðleikunum eru af tvennum toga spunnir. Í fyrsta lagi vegna þeirrar efnahagsstefnu sem ríkisstjórnin hefur rekið, þ.e. skattahækkana, lækkun barnabóta og lækkun vaxtabóta sem hefur kippt stoðunum undan öll-

um þeim áætlunum sem fólk hefur gert við húsnæðisöflun og þeim áætlunum sem menn lögðu upp með og fengu í raun leiðsögn hjá opinberum stofnunum við. Hin ástæðan er það húsnæðiskerfi sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir ber fulla ábyrgð á sem er hið svokallaða húsbréfakerfi sem er til komið í tíð fyrri ríkisstjórnar og sem, því miður, við hv. þm. Framsfl. berum vissa ábyrgð á að hafa komið í framkvæmd. En staðreyndin er sú að þetta kerfi er að öllu leyti hugarfóstur þáv. hæstv. félmrh., núv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur.

Í þessari yfirlýsingu eru gefin ákveðin fyrirheit um að það standi til að taka á þessum greiðsluerfiðleikum og á þeim erfiðleikum eigi að taka í gegnum Húsnæðisstofnun ríkisins. Það hefði því verið full ástæða til, ef hugur hefði fylgt máli, að menn hefðu í frv. til lánsfjárlaga gert ráð fyrir fjármunum til þess að fjármagna þær skuldbreytingar og þau viðbótarlán sem blasir við að einstakir lántakendur Húsnæðisstofnunar þurfi á að halda á næstunni til þess að komast út úr þeim erfiðleikum sem þarna er gefið fyrirheit um að leysa.

Þegar hins vegar er litið yfir frv. til lánsfjárlaga þá er síður en svo gert ráð fyrir því að þarna þurfi fjármuni til. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir því að lántaka húsbréfadeildar Byggingarsjóðs ríkisins sé lækkuð um 2 milljarða kr. frá því sem hún er á þessu ári. Það má áætla að lántakan og útgjöld húsbréfadeildarinnar verði í kringum 15 milljarðar kr. en í frv. til lánsfjárlaga er gert ráð fyrir því að á næsta ári verði þessi lántaka ekki nema 13 milljarðar.

Af hálfu Húsnæðisstofnunar er þetta fyrst og fremst skýrt þannig að nýtt greiðslumat eigi að taka gildi sem muni herða mjög að og þar af leiðandi verði mun færri sem fái lán. En í lánsfjárlögum hefði átt að gera ráð fyrir því að Húsnæðisstofnun hefði rýmri heimildir til þess að taka á þeim erfiðleikum sem nú blasa við hjá stofnuninni vegna gríðarlegra vanskila og sem eru vegna húsbréfakerfisins alveg sérstaklega. Það hlýtur að koma við þetta fólk þegar lánstíminn er styttur úr 40 árum niður í 25 ár og vextirnir hækkaðir úr tæpum 5% í 6%. Hjá mörgum voru raunvextir á bilinu 8–9%. Það eru þeir raunvextir sem fólk er að greiða af þessum lánum í dag. Það hefði því að mínu viti átt að gera ráð fyrir því í frv. til lánsfjárlaga að auka heimildir Húsnæðisstofnunar til þess að geta komið til móts við þennan hóp. Það hefði verið í samræmi við þá yfirlýsingu sem ríkisstjórnin sendi frá sér þann 10. des. sl. nema að um þá yfirlýsingu eigi að gilda eins og fyrri yfirlýsingar sem þessi ríkisstjórn hefur gefið út að það eigi ekkert mark að taka á þeim. Það er dálítið alvarlegur hlutur þegar það er að verða regla en ekki undantekning að þær yfirlýsingar sem ríkisstjórn gefur frá sér á hverjum tíma séu marklausar eins og fjórar síðustu yfirlýsingar hæstv. ríkisstjórnar hafa verið. Þær sem hafa síðan siglt í kjölfarið hafa allar verið endurtekning á því sem áður hafði verið lofað en svikið og hefur þar af leiðandi ekki komist til framkvæmda.

Það er fleira í þessari yfirlýsingu sem mætti gera að umtalsefni en ég ætla ekki að gera við þessa umræðu en mun gera þegar við tökum til umfjöllunar það frv. til laga um breytingu á lögum um tekju- og eignarskatt sem eftir er að ræða. En ég hygg að ef þetta ákvæði í frv. til lánsfjárlaga nái fram að ganga þar sem lántökur húsbréfadeildarinnar eru skornar niður um 2 milljarða kr. á næsta ári þá muni það leiða til gríðarlegra erfiðleika fyrir stofnunina og ekki síst fyrir það fólk sem hefur, að ég hygg, að einhverju leyti treyst á yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 10. des. um að það verði hægt að koma til móts við það með einum eða öðrum hætti en sýnilega á ekki að gera neitt með í meðförum þingsins.

[16:34]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég tók til máls fyrr í þessari umræðu og ætla því ekki að hafa mjög mörg orð um þetta mál. Þó hefur það gerst í millitíðinni að búið er að samþykkja fjárlög fyrir árið 1995 þannig að sú mynd sem við höfum af ríkisfjármálunum er nú smátt og smátt að skýrast. Það liggur fyrir að það er búið að samþykkja fjárlög með, að því er ég held, u.þ.b. 7,5 milljarða halla og lánsfjárlögin eru í nánum tengslum við þær ákvarðanir. Síðan eigum við eftir að fjalla um á næstu dögum frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum og skattafrv. ríkisstjórnarinnar sem eins og kom fram við 1. umr. um það mál felst fyrst og fremst í því að það er verið að veita fé út úr ríkissjóði í stað þess að reyna að afla tekna á móti þeim gífurlega halla sem við horfum fram á.

Fyrsta spurningin sem vaknar er sú hvort þetta fjárlagafrv. stenst, hvort hallinn verður enn þá meiri en samþykktur var. Það getur brugðið til beggja vona með það vegna þess að á fyrstu árum þessarar ríkisstjórnar óx hallinn mjög bratt og varð miklu meiri en gert hafði verið ráð fyrir, allt að tvöfaldaðist á fyrstu tveimur árum. En á því ári sem nú er að renna sitt skeið hefur tekist öllu betur að halda utan um hallann. En þar kemur þó til sögu að tekjur ríkissjóðs verða á þessu ári miklu meiri en gert hafði verið ráð fyrir. Það er því að mörgu leyti merkileg þróun sem við höfum horft upp á á þessu ári. Árið leit ekki vel út í byrjun og það var spáð áframhaldandi miklu atvinnuleysi og erfiðleikum í efnahagslífinu. En eins og oft gerist í íslensku þjóðlífi þá hefur eitt og annað komið til sögunnar sem hefur orðið til þess að bæta þarna úr og þarf ekki að vera að fara enn einu sinni í gegnum það. En það breytir ekki því að það er ekkert sem tryggir að batinn haldi áfram.

Það er kannski mesta áhyggjuefnið og erindi mitt hingað upp í þennan ræðustól að ræða örlítið um þennan efnahagsbata og hvernig er verið að fara með hann og ekki síst það sem er fram undan og kann einmitt að raska öllum þessum forsendum. Við höfum orðið vitni að því á undanförnum vikum að Þjóðhagsstofnun hefur gefið út nýja spá og hún byggir sína spá á því sem hefur gerst á undanförnum mánuðum. Hún reiknar með auknum tekjum í ríkissjóð. Hún gefur sér að loðnuafli verði þokkalegur. Hún gefur sér að það verði áfram úthafsveiðar og hún gefur sér ákveðnar forsendur í komandi kjarasamningum. Það er allt mjög óvisst um það hvort þetta gengur eftir. Ef við horfum á þá vaxandi

andstöðu sem virðist vera bæði meðal Norðmanna og Rússa við veiðum í norðurhöfum, Barentshafi og á því svæði, þá er útlitið þar mjög óljóst. Sá happdrættisvinningur og sú mikla tekjuaukning sem þaðan hefur komið er algjörlega óviss. Sama gildir um loðnuveiðarnar. Það finnst lítil loðna og það dæmi allt saman er mjög óvisst. Ég verð því að segja það sem mína skoðun, hæstv. forseti, að mér þykir ríkisstjórnin vera ansi brött í sínum áætlunum og sínum ákvörðunum, bæði við það að létta sköttum af eignafólki í landinu og varðandi það að leita ekki leiða til aukinnar tekjuöflunar. Eins og hefur verið bent á þá hefur verið frestað ár eftir ár að koma á fjármagnstekjuskatti og ég hygg að í rauninni séum við búin að koma okkur í nokkuð erfiða stöðu varðandi fjármagnstekjuskattinn. Sú mikla opnun sem er að verða á fjármagnsmarkaði við það að fólk getur flutt fjármagn nánast óheft á milli landa breytir auðvitað stöðunni og gerir það að verkum að það er í rauninni miklu verra að ætla að koma á fjármagnstekjuskatti núna en það var á fyrstu árum þessa kjörtímabils. Ég get að vissu leyti tekið undir áhyggjur af því að vissulega geta áhrifin orðið slæm þó þarna sé að mínum dómi um réttlætismál að ræða og í rauninni alveg ótækt að fólk skuli geta haft milljóna tekjur, því þetta eru auðvitað ekkert annað en tekjur, sem ekki eru skattlagðar. Það þarf ekki að rifja upp dæmi þar sem þessar tekjur nema milljónum kr.

En ég vil líka ítreka þá skoðun mína að það hefur aldrei verið á dagskrá hjá okkur kvennalistakonum að fara að seilast í sparifé gamla fólksins sem hefur verið að spara í gegnum árin og vill eiga einhvern varasjóð til ellinnar og eiga fyrir útförinni sinni sem því miður ýmsir eiga nú erfitt með. Það hefur aldrei verið meiningin að seilast í þá sjóði. En ég sá ekki betur en að í tillögum sem ríkisstjórnin var komin með inn á sitt borð ætti að fara í alla hugsanlega vasa og ekkert þak sett á það hvert þeir peningar yrðu sóttir.

Aðaláhyggjuefnið í ríkisfjármálunum núna er annars vegar þessi gríðarlega skuldasöfnun ríkisins, sem hefur verið gerð grein fyrir fyrr í dag og reyndar áður í þessari umræðu, sem m.a. má sjá í myndrænu formi í haustskýrslu Seðlabankans og er reyndar birt í nál. minni hluta efh.- og viðskn. Sú mynd ber með sér að skuldir ríkisins hafa vaxið jafnt og þétt á undanförnum árum og ekki síst núna á þessu kjörtímabili, í tíð þessarar ríkisstjórnar. Það er nöturlegt til þess að hugsa að einmitt þessi ríkisstjórn setti sér það markmið að draga úr þessari skuldasöfnun og ráðherrar ríkisstjórnarinnar vitnuðu mikið til þess ábyrgðarleysis sem hér hefði ríkt árum saman þar sem væri verið að senda reikninga til framtíðarinnar og komandi kynslóðum væri ætlað að borga þessar skuldir einhvern tímann, við værum að skuldsetja komandi kynslóðir. En þegar við horfum á stöðu þessara mála núna, hæstv. forseti, þá er bara dæmið nákvæmlega eins ef ekki miklu verra því ríkisstjórnin hefur haldið þessari skuldasöfnun áfram. Eins og hefur verið bent á þá er skuldasöfnun íslensku þjóðarinnar komin á býsna hættulegt stig. Menn geta deilt um hvar hættumörkin liggja. Ég get nefnt það í þessu sambandi að hæstv. utanrrh. og formaður Alþfl. gerði það einmitt að umtalsefni í umræðunni í fyrra að þriðja hver króna sem við öflum fer í það að greiða skuldir í erlendri mynt. Það hefur heldur sigið á ógæfuhliðina síðan hann hélt sína ræðu.

Þetta hlýtur að vera mjög mikið áhyggjuefni. Núv. hæstv. ríkisstjórn hefur haldið því fram að hún væri að greiða niður skuldirnar og auðvitað hefur batnandi viðskiptajöfnuður gefið okkur kost á því að greiða þessar skuldir að einhverju leyti niður en samt sem áður fer hlutfall skulda af landsframleiðslu vaxandi eins og skýrsla Seðlabankans ber með sér. Og þetta er gríðarlegt áhyggjuefni. Síðan upplifum við það, hæstv. forseti, að þegar svo batnar í ári og ríkissjóður fær meiri tekjur þá fara menn í jólagjafastuð og vilja nú gerast góðir og sjá að það eru kosningar fram undan. Og þá var tekin sú stefna á þessu hausti, sem var mjög áberandi þegar fjárlagafrv. kom í ljós, að það var meira og minna hætt við öll sparnaðaráform og það var farið að taka ákvarðanir um að veita út úr ríkissjóði í stað þess að nota nú þennan bata til að greiða niður skuldirnar.

Ég vil rifja það upp að við kvennalistakonur höfum á undanförnum árum gagnrýnt það mjög hvernig staðið hefur verið að svokölluðum sparnaði og niðurskurði af hálfu þessarar ríkisstjórnar. Vandinn er sá að hann hefur verið svo handahófskenndur og það hefur verið beitt flötum sparnaði, skorið ofan af ríkisstofnunum aftur og aftur, gert það ár eftir ár að ná einhverri 2% eða 3% hagræðingu. Vissulega hafa ríkisstofnanir hert sultarólina og reynt allt hvað þær geta til að spara og sums staðar hefur það tekist. En jafnframt er verið að hlaða upp miklum vanda. Stærsti vandinn er í heilbrigðiskerfinu. Ég get ekki séð að menn hafi þar verið að leysa nokkurn einasta vanda og rétt eins og það vantaði hundruð milljóna upp á á þessu ári á spítölunum þá mun það sama gerast á næsta ári þrátt fyrir alla samninga og þarf ekki að fara djúpt í það dæmi til að sjá að menn eru með endalausar bókhaldskúnstir, eru að færa upphæðir til og frá, til þess að reyna að gefa einhverja glansmynd af ríkisfjármálunum en þegar betur er skoðað þá stenst þetta ekki. Ég rifja enn einu sinni upp það neyðarkall sem okkur barst frá Borgarspítalanum sem vantar hátt í 400 millj. kr. til að geta staðið undir óbreyttum rekstri en spítalinn fær 250 millj. til að endurskipuleggja reksturinn í ljósi þess að það á að sameina Borgarspítala og Landakotsspítala sem líka mun kosta tugi milljóna ef ekki hundruð milljóna. Það er alveg ljóst að þarna er í uppsiglingu enn eitt árið mikill vandi sem verður ekki leystur öðruvísi en að uppstokkun eigi sér stað.

Það sem ég hef ekki síst áhyggjur af varðandi það dæmi sem við stöndum frammi fyrir og það dæmi sem fram undan er eru kjaramálin. Mig langar að spyrja hæstv. fjmrh.: Hver er stefna ríkisstjórnarinnar varðandi komandi kjarasamninga? Við höfum horft upp á það að vikum saman, ég hygg að á morgun verði komnar sjö vikur frá því að verkfall sjúkraliða hófst, að hér hefur staðið sjö vikna verkfall á sjúkrahúsum og öldrunarstofnunum á höfuðborgarsvæðinu og gengur hvorki né rekur. Þarna er komið alveg gríðarlegt vandamál sem því miður sér ekki fyrir endann á. Í ljósi

þess hljótum við að spyrja: Hver er stefna ríkisstjórnarinnar varðandi þá kjarasamninga sem fram undan eru? Því það er alveg ljóst að samningar við sjúkraliða munu hafa einhver áhrif og við sjáum það öll og viðurkennum að það er búið að koma upp töluverðum vanda í ljósi þeirra kjarasamninga sem áður hafa verið gerðir. En það verður að leysa þessa deilu og það verður að horfa á hana frá þeim sjónarhóli að um láglaunastétt er að ræða sem á kröfu og rétt á úrbótum sinna kjara. En hvað svo? Hvernig ætlar ríkisstjórnin að standa að þessu dæmi?

10 des. sl. kom yfirlýsing frá ríkisstjórninni sem er ætlað að greiða fyrir kjarasamningum þó að t.d. ASÍ sjái ekki hvernig það geti gerst. Þar er um það að ræða að veita peninga til frekari atvinnusköpunar. Reyndar er það mál sem margsinnis hefur verið kynnt og ítrekað. Þar er um ýmsar aðgerðir í skattamálum að ræða sem reyndar, eins og hefur verið rakið, koma einkum þeim til góða sem eiga miklar eignir. Það er um að ræða samning milli sveitarfélaganna og ríkisins. Þetta *eru vissar aðgerðir sem kannski liðka fyrir kjarasamn*ingum. En samt sem áður er vandinn í þessu sá að er ekki að finna aðgerðir sem koma lægstlaunaða fólkinu til góða. Ég vil vísa til þess sem fram kom í plöggum Þjóðhagsstofnunar að komandi kjarasamningar eru ein af þeim forsendum sem geta raskað öllu ríkisfjármáladæminu. Það veltur mjög á útkomu þeirra hvort þessar áætlanir standast og því ítreka ég spurningu mína til hæstv. fjmrh.: Hver er stefna ríkisstjórnarinnar? Hvernig hugsar hún sér að halda á þessu dæmi?

Fyrst við erum hér á milli jóla og nýárs og ekkert hefur gerst í sjúkraliðadeilunni þá vil ég líka beina þeirri spurningu til hans, þó það komi lánsfjárlögunum ekki beint við, hvað hann hugsar sér varðandi kjaradeilu sjúkraliða og ríkisins. Er ríkisstjórnin með einhver tromp á hendi? Hefur hún eitthvað að bjóða eða er eitthvað að gerast í þessum málum? Þetta er orðið alveg gífurlegt áhyggjuefni. Annars vegar það hvernig vandinn hleðst upp á sjúkrahúsunum og hjá gamla fólkinu, hjá þeim sem eru fórnarlömb þessarar deilu. Hins vegar er það alveg ólýsanlegt fyrir fólk að ganga í gegnum sjö til átta vikna verkfall. Það tekur fólk gríðarlega langan tíma að jafna sig eftir slík átök, *bæði andlega og fjárhagslega. Þetta getur því ekki* gengið svona lengur. Ríkisstjórnin verður að taka eitthvert frumkvæði í þessu máli og leita leiða til að leysa þessa kjaradeilu, fara enn einu sinni í gegnum þetta. Ég veit að VSÍ hefur sett hnefann í borðið og liggur á ríkisstjórninni vegna þess að þeir vilja ekki fá samninga sem fara eitthvað fram úr því sem þeir treysta sér til. Það er málið á bak við þetta. VSÍ stendur á bak við og lemur á ríkisstjórninni. En það breytir ekki því að það verður að finnast lausn á þessari deilu. Þetta getur ekki gengið svona lengur.

Að lokum, virðulegi forseti, minni ég á það að hallinn á ríkissjóði, þessi þrjú og hálfa ár sem þessi ríkisstjórn hefur starfað og ef við bætum þeim fjárlagahalla sem gert er ráð fyrir á næsta ári þá er hallinn að komast í hátt í 40 milljarða kr. á fjórum árum. Við hljótum að spyrja okkur að því hvernig við ætlum að reka okkar þjóðarbú með þessum hætti. Hvernig á þetta dæmi að ganga upp?

Af því að við erum að fjalla um lánsfjárlögin þá vil ég rifja upp að við erum að fara á fund á eftir í hv. efh.- og viðskn. til að fara ofan í eitt af þeim furðulegu málum sem hafa orðið til á undanförnum árum sem er ævintýrið mikla um Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Eins og það dæmi lítur út í þessu frv. þá er þetta algjörlega óleysanlegt dæmi. Þetta er algjörlega óleysanlegt dæmi öðruvísi en að ríkissjóður ætli sér á komandi árum að borga stöðugt með þessari byggingu og þeim rekstri sem þar er því tekjurnar eru hvergi nærri í neinu samræmi við þann mikla kostnað sem mun fylgja á næstu árum. Og við erum með fleiri svona dæmi í lánsfjárlögunum eins og Landsvirkjun, Lánasjóð ísl. námsmanna, Þróunarsjóð sjávarútvegsins og byggingarsjóði ríkisins. Þetta eru allt saman mjög stór og alvarleg vandamál sem íslenska ríkið stendur frammi fyrir. Og þó það verði efnahagsbati, sem vonandi skilar sér, þá eru þetta algerlega óleyst vandamál *sem við munum verða að glíma við á komandi árum.*

Maður spyr sig: Hver ber ábyrgð á þessu? Hverjir voru það sem tóku þessar ákvarðanir? Þeir sitja margir í salnum eða ættu að sitja í salnum og fylgjast með umræðunni. (Gripið fram í.) Það eru samt allnokkrir sem bera ábyrgð á þeim ákvörðunum sem hafa verið teknar á undanförnum árum og snerta þessa sjóði og stofnanir ríkisins. Það er reyndar alveg óskiljanlegt hvernig menn ætluðu að láta þessi dæmi ganga upp. Það er algerlega óskiljanlegt.

En mergurinn málsins er sá, virðulegi forseti, að stjórn á þessum málum er ótrúleg. Skuldasöfnun ríkisins heldur áfram og þegar loksins batnar í ári þá er þeim peningum varið til þess að reyna að bæta ímyndina gagnvart ákveðnum hópum kjósenda úti í samfélaginu. En það er ekki verið að spyrja um réttlæti eða bæta kjör hinna lægst launuðu. Það er ekki aldeilis verið að grípa til slíkra ráðstafana að þessu sinni. Þegar það verður æ augljósara hve launamunur og misrétti fer vaxandi í samfélaginu þá er ömurlegt upp á þetta að horfa enda styttist í það að hér verði stjórnarskipti og vonandi komast aðrir aðilar að stjórn mála og þá þarf heldur betur að hefjast hreingerning og tiltekt í ríkis*fjármálunum.*

[16:56]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er aðeins einn þáttur sem ég vil nefna í andsvari mínu. Það varðar kjaramálin vegna beinna fyrirspurna hv. þm. Það var spurt hver stefnan væri. Einnig var spurt um sjúkraliðadeiluna. Varðandi sjúkraliðadeiluna skal það tekið fram og ítrekað sem áður hefur áður hefur reyndar komið fram að ríkið og Reykjavíkurborg hafa lagt fram tilboð til sjúkraliða. Það hefur verið samráð á milli okkar og beggja samninganefndanna. Því miður höfum við ekki fengið skýr svör. Nú er það svo að tíminn rennur frá okkur því tilboð okkar byggðist á því að gerður yrði skammtímasamningur til áramóta og styttist tíminn til áramóta þannig að um leið og áramótin eru komin þá hljótum

við að taka upp viðræður við sjúkraliða eins og aðra um samning til eins, tveggja eða jafnvel þriggja ára. Það torveldar deiluna ef ekki er hægt að fá skýr svör um það hvort starfa eigi áfram á grundvelli fyrirliggjandi tilboðs.

Varðandi almennt um kjaramálin þá er ég þeirrar skoðunar að heildarsamtökin þurfi að koma að þessum málum ekki síst ef samningarnir eiga að koma þeim lægstlaunuðu til góða. Það sem skiptir öllu máli er að viðhalda stöðugleikanum, að skapa ný störf og ég tek fram að á þessu ári hafa verið sköpuð 1.500 ný störf á landi. Loks þarf kaupmátturinn að þróast eins og gerist í okkar samkeppnislöndum. Það skiptir mestu máli fyrir okkur að við styrkjum samkeppnisstöðu Íslands í heiminum til þess að tryggja lífskjörin í framtíðinni.

[16:58]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. fjmrh. er hinn 27. des. að tala um tilboð við sjúkraliða sem átti að ná til áramóta og það er enn verið að bíða eftir svörum. Þetta gengur náttúrlega ekki. Ábyrgð ríkisins í þessum málum sem atvinnurekanda og eiganda sjúkrastofnana í borginni, sem þetta verkfall bitnar harðast á, er náttúrlega alveg gífurleg. Það er ekki hægt að vera bara í einhverju skák og mát og að bíða endalaust eftir svörum. Ég skora á hæstv. fjmrh. að eiga frumkvæði að nýju tilboði í samvinnu við borgina. Það er alveg augljóst að þetta tilboð sem liggur fyrir getur ekki gengið. Árið er að verða búið. Þetta mál er af þeirri stærðargráðu og er svo alvarlegt og bitnar svo illa á gömlu og veiku fólki að þetta getur ekki gengið lengur. Ég skora á hæstv. fjmrh. að skoða málið enn einu sinni og í samráði við borgina að leita nýrra leiða. Það eru komnar hátt í sjö vikur. Þetta getur ekki gengið svona lengur.

[17:00]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Vegna orða hv. ræðumanns þá vil ég taka það fram að tilboðið var gefið hinn 9. des. Allt frumkvæði hefur verið hjá borg og ríki. Það hefur verið spurt þrásinnis að því hvort tilboðinu verði tekið eða hafnað og það hafa ekki fengist skýr svör. Vandinn er sá að við höfum ekki fengið höfnun heldur hefur verið reynt að halda áfram viðræðum á grundvelli tilboðsins án þess að niðurstaða fáist um það hvort því sé hafnað eða ekki. Það er vandinn. Það er hægt að koma upp aftur og aftur á Alþingi og segja: Ríkið verður að aðhafast eitthvað. Samninganefnd ríkisins verður að aðhafast eitthvað. En hvernig væri að hv. þm. og þar á meðal hv. þm. sem hér talaði beindi einu sinni ósk sinni til forustumanna sjúkraliðafélagsins sem ber á byrgð á þessu verkfalli ekki síður en aðrir. Það er kominn tími til að skýr svör fáist því það var gert ráð fyrir skammtímasamningi til áramóta og síðan mundu hefjast nýjar viðræður á sama grundvelli og viðræður þurfa að fara fram við aðra aðila. Samningstilboðið var þannig að gert var ráð fyrir því að sjúkraliðar fengju nákvæmlega sömu launahækkanir og aðrar heilbrigðisstéttir höfðu fengið á undanförnum tveimur árum. Og að þessu tilboði stóðu ekki einungis fjmrn. heldur var þetta einnig unnið í fullu samráði við borgarstjórann í Reykjavík og við samninganefnd Reykjavíkurborgar.

Ég bið hv. þm. um að skora einnig á þá sem hafa valdið þessu verkfalli.

[17:02]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er auðvitað eitthvað ósagt og eitthvað óskýrt í þessu máli ef það er rétt hjá hæstv. fjmrh. að það fáist ekki svör. Ég skal svo sannarlega hafa samband við sjúkraliða og fá þeirra skýringar og viðhorf og hvað þarna er á ferð. En ég bara ítreka það að ábyrgð ríkisins er auðvitað gríðarlega mikil. Ábyrgð sjúkraliða er auðvitað einnig mikil. Það er eitthvað mjög sérkennilegt í þessum samskiptum og við höfum horft upp á það hér í vinnudeilum eftir vinnudeilum hjá ríkinu hvað þær vilja dragast og hve erfiðlega gengur að ná þar samningum. Og eins og ég hef áður sagt: Það er eitthvað mjög sérkennilegt á ferð í samskiptum ríkisins við starfsmenn sína.

En ég skal sannarlega taka hæstv. fjmrh. á orðinu og ræða við sjúkraliða og fá þeirra viðhorf því þetta getur ekki gengið svona lengur, það er alveg ljóst.

[17:03]

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Við fyrstu umræðu þessa máls, frv. til lánsfjárlaga, benti ég á að sú lánsfjárheimild sem frv. gerir ráð fyrir fyrir Stofnlánadeild landbúnaðarins væri of lág miðað við þá stöðu sem nú er í þeim málum. Til móts við þetta sjónarmið er komið í tillögum meiri hluta efh.- og viðskn. Í brtt. og nál. er vikið að þessu. Þar kemur fram að mikill hluti af þessari auknингu sem lögð er til, 900 millj., verði notaður til að breyta lausaskuldum bænda í föst lán. Slík skuldbreyting hefur farið fram nokkrum sinnum áður og þá borið góða raun, sem betur fer, þannig að í langflestum tilvikum hefur það nægt til að koma bændum fram úr þeim vanda sem þeir hafa þá staðið í.

Nú er hins vegar ástandið nokkuð öðruvísi vegna þess hvernig aðstæður eru í íslenskum landbúnaði. Það kom skýrt fram í umræðum hér fyrir jólin þar sem bent var á að tekjur bænda t.d. í sauðfjárrækt muni dragast saman nú á síðustu árum um 47% að meðatali en hjá öðrum minna, vonandi, þó það sé misjafnt eftir búgreinum. Þessi staðreynd hefur að sjálfsögðu komið fram í greiðslugetu bænda af lánum í Stofnlánadeild eins og annars staðar.

Það er því augljóst að hér er um nauðsynlega nauðvörn að ræða fyrir bændur undir þessum kringumstæðum, en hversu mörgum það kemur að notum er hins vegar ekki enn þá ljóst og verður að sjálfsögðu ekki ljóst fyrr en umsóknir um slíka skuldbreytingu munu liggja fyrir. Þá kemur í ljós hvort staða margra bænda er orðin svo að þessi leið verði ekki lengur fær til að rétta þeirra hlut og að sjálfsögðu gengur það ekki ef tekjusamdrátturinn verður viðvarandi þannig að áfram haldi að síga á ógæfuhliðina.

Ég vil því leggja áherslu á það að þrátt fyrir þessa nauðsynlegu aðgerð nú, sem ég vænti að allir séu sammála um að sé eðlilegt að gera og muni reyna að standa þannig að að komi að sem bestum notum, þá er auðvitað framhaldið sem skiptir mestu máli. Þ.e. afkoma bænda. Þar er óvissan því miður allt of mikil og horfurnar ekki góðar, það finna allir sem eiga viðræður við bændur hversu áhyggjufullir þeir eru vegna þess hvernig þrengir að þeirra högum. Það er augljóst að slíkt ástand má ekki vara mikið lengur, ef ekki á að koma til mjög alvarlegs samdráttar og búseturöskunar *með ófyrirsjáanlegum afleiðingum fyrir þjóðfélagið í* heild. Á það vil ég leggja sérstaka áherslu af þessu tilefni um leið og ég endurtek að ég vonast til að það takist að framkvæma þetta með góðri aðstoð allra þannig að það komi að eins góðum notum fyrir þá sem það geta fengið og nokkur kostur er.

[17:08]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Þetta er eilítið sérstök umræða um lánsfjárlögin þar sem jólahátíðin slítur hana í sundur og kannski svolítið erfitt að halda þræðinum frá því sem var hér fyrir jól. En það var nokkuð rætt þá um vaxtastefnu núv. ríkisstjórnar og hvernig hún mundi halda, ekki síst með tilliti til þess að í farvatninu er strax eftir áramótin einhver, ef ekki stærsta innlausn á spariskírteinum sem hér hefur verið í einu lagi.

Ég sagði í ræðu minni fyrir jólin að það væru rúmlega 7,5 milljarðar sem innlausnin væri þarna í febrúar. Ég verð nú, virðulegur forseti, að biðjast velvirðingar á þessum orðum mínum og fá að leiðrétta þau því þetta eru ekki 7,5 milljarðar, þetta eru 9,3 milljarðar þegar búið er að taka vextina með. Ef við berum þetta saman við það sem var selt af spariskírteinum ríkissjóðs á síðasta ári þá var það nánast sama upphæðin eða 9,5 milljarðar í það heila og innlausn upp á 4,5 milljarða á öllu síðasta ári, þannig að tekjuöflun nettó í sölu spariskírteina var 5,5 milljarðar.

Ég fór um það nokkrum orðum að það hlyti að vera áhyggjuefni fyrir fjmrh. og ríkisstjórn að mæta þessu við þær aðstæður sem nú eru, að spariskírteinin innlendu til fimm og tíu ára eru hreinlega hætt að seljast. Ég er hér með fréttatilkynningu frá Lánasýslu ríkisins frá 21. des. sl. Hún fjallar um útboð á ECU-tengdum spariskírteinum til fimm ára og verðtryggðum spariskírteinum til fimm og tíu ára og lauk með opnun tilboða í Lánasýslu ríkisins kl. 14 þann dag. Þá bárust alls 19 gild tilboð í ECU-tengd spariskírteini að fjárhæð 236 millj. kr. og meðalávöxtunin á þeim var 8,63%, sem er hæsta ávöxtunin sem verið hefur frá því að byrjað var að bjóða út ECU-bréfin. Hún var 12. okt. 8,54% og síðan hefur þetta verið rúmlega 8,5%, fór síðan um miðjan nóvember og í upphafi desember niður í 8,4%. Síðan hoppar ávöxtunin á ECU-bréfunum aftur upp í 8,63% núna rétt fyrir jólin.

Síðan, með leyfi forseta, er hér ein sakleysisleg setning áður en kemur að helstu niðurstöðum, settum upp í töflu í þessari fréttatilkynningu, en þar stendur: „Eitt tilboð barst í verðtryggð spariskírteini til fimm ára. Fjárhæð þess var undir lágmarksfjárhæð útboðsins." Það var sem sagt svo lágt að það þótti ekki taka því að taka þessu tilboði. En þessi setning, ef við túlkum hana yfir á mál sem við eigum að geta skilið, segir að í þessu útboði seldist ekki eitt einasta innlent spariskírteini til fimm eða tíu ára. Það er athyglisvert í þessu skyni að horfa á það að það er sett sem algert skilyrði við sölu á spariskírteinum að ávöxtunin fari ekki yfir 5,00%. Það er neglt niður, hefur verið haldið þar með handafli í rúmt ár. En það þykir ekkert athugavert við það varðandi ECU-tengdu bréfin til fimm ára þó að þar sé sveiflan upp á 0,22%. Ef hæstv. fjmrh. væri nú hér viðstaddur þá hlyti ég að spyrja hann: Hvernig stendur á því að það er gert svona upp á milli þessara lánsforma, að það virðist vera heimilt að ECU-bréfin taki eðlilegum sveiflum og það sé tekið útboðum að meðaltali, eins og var 7. des., með meðalávöxtun upp á 8,41% og 21. des. með meðalávöxtun upp á 8,63%. Þar þykir það ekkert tiltökumál þó sveiflan innan eins mánaðar sé upp á 0,22%.

Það hljóta að vakna spurningar og við hljótum að krefjast svara við því hvers vegna er staðið svona að málum. Því það er ekki hægt — ja, ég sé alla vega engin rök að baki þessa, að halda ávöxtunarkröfunni varðandi innlendu spariskírteinin pikkfastri á 5% en leyfa ávöxtunarkröfunni á ECU-bréfunum að sveiflast. Ég segi að það séu engin rök á bak við þetta, en ég sé hins vegar ákveðnar hættur á bak við þetta. Ég sé hættur á bak við þetta fyrir innlendan frjálsan lánamarkað, ef það á að gerast að þar verði ávöxtunarkröfunni haldið pinnfastri eins og hér er gert. Ég hlýt að spyrja og ég verð þá að bíða eftir hæstv. fjmrh. að hann kemur hér í salinn aftur: Hvaða rök liggja á bak við þetta?

Það voru reyndar fleiri atriði sem ég hafði ætlað að ræða aðeins við hæstv. fjmrh. um, en ég get kannski áður en að því kemur, áður en ég beini til hans beinum spurningum, komið aðeins að stjórn ríkisfjármála nú á síðasta ári þessarar ríkisstjórnar. Það er afar fróðlegt að bera það saman við þau háleitu markmið sem voru sett í upphafi kjörtímabilsins um það hvernig ætti að ná niður ríkissjóðshallanum. En það gerist síðan að hallinn samanlagður er að nálgast 40 milljarða á þessu kjörtímabili. Nú hef ég ekki tekið það saman endanlega eftir að síðustu fjárlögin eru komin, en þetta er einhvers staðar nálægt 40 milljörðum. Síðan gerist það núna við fjárlagagerðina að bata upp á 2,7 milljarða sem er frá gerð frv. og til setningar laganna og einum milljarði til viðbótar er sturtað út nánast að því er manni virðist umhugsunarlaust. Þannig að í stað þess að gera tilraun til að nýta þennan bata til að ná niður ríkissjóðshallanum og m.a. til þess að skapa betri skilyrði á innlendum lánamarkaði þá er þessu öllu eytt og það meira að segja fyrir fram. Því við skulum gera okkur grein fyrir því að þetta er ekki í hendi, þetta byggir allt á spám sem við eigum eftir að sjá hvort rætast.

Til viðbótar við þetta þá held ég að það þurfi að fara nokkuð langt aftur í tímann til að sjá jafnskrautlega 6. gr. fjárlaga eins og við vorum að afgreiða nú fyrir jólin. Þar virðast menn, bara ef þeir voru nógu frekir, hafa náð að sulla því inn sem mönnum datt í

hug. Ef einhver hefði sagt það vikunni áður en fjárlög voru afgreidd að inn í 6. gr. kæmu nánast allar veitustofnanir á Vesturlandi á einu bretti, í einni setningu, heimild fyrir ríkissjóð að yfirtaka þetta allt saman, þá hefði verið sagt eitthvað. Það hefðu verið höfð stór orð um þetta þegar verið var að útlista fortíðarvandann hér fyrir þrem árum síðan og er kannski ekki mikið þó hæstv. forsrh. sjáist takmarkað í þingsölum nú þessar síðustu vikur á þessu ári.

Það er fleira í 6. gr. sem ég hnaut um og það er að það skuli vera farið að setja þar inn nánast purkunarlaust heimildir til sölu á ríkisfyrirtækjum. Þar var inni, eins og fulltrúar ríkisstjórnarinnar sögðu, til vara í 6. gr. heimild til að selja það sem eftir stóð af Lyfjaverslun Íslands. Síðan komi inn í brtt. frá meiri hluta fjárln., þessari mini-ríkisstjórn, eins og hv. 1. þm. Vesturl. kallar þá svona óbeint í það minnsta. Þar er einnig komið inn ákvæði um það að tillögu meiri hluta fjárln. og að sjálfsögðu beygðu menn sig fyrir þeirri ríkisstjórn alveg eins og þeirri stóru, að það megi breyta eignarhluta ríkisins í Skýrsluvélum ríkisins og Reykjavíkurborgar í hlutafé. Nú ætla ég í sjálfu sér ekki að fordæma þá aðgerð og ég get alveg hugsað mér að hún eigi fullan rétt á sér. En af hverju er ekki komið með slík mál hér inn sem þingmál á hefðbundinn hátt? Mér fannst bara vanta eitt á þessa 6. gr. og það væri það að þar væri inni ein lítil lína um einkavæðingu á Áfengisverslun ríkisins. Það hefði verið eftir öðru hér í þessum vinnubrögðum þessa síðustu daga að taka þau frv. sem komust ekki í gegn með venjulegri þinglegri meðferð inn í 6. gr. (**Gripið fram í:** Hvað með Búnaðarbankann?) Hv. þm., ég var reyndar með það á blaði hérna hjá mér og ætlaði að spyrja hæstv. fjmrh. að því hvort næsta skref væri ekki að setja Búnaðarbankann inn sem 6. gr. heimild, en ætlaði reyndar að bíða með það þar til hæstv. fjmrh. kæmi hér í salinn og ég ætlaði reyndar einnig að ræða eilítið við hæstv. ráðherra um þetta sullumbull í kringum veiturnar. (**Gripið fram í:** Hvar er ráðherrann?) (**Gripið fram í:** Það er ekkert sullumbull.)

Virðulegur forseti. Nú er spurt: Hvar er ráðherrann? Vissulega hefði verið ástæða til að hafa hér fleiri ráðherra því ég hafði þegar umræðunni var slitið hér að nóttu til rétt fyrir jólin beðið um að hæstv. utanrrh. yrði við umræðuna. (**Gripið fram í:** Hvar er hann?) Hæstv. utanrrh. hefur lítið sést hérna en hann kom þó og var við atkvæðagreiðslu og greiddi atkvæði með öllu því sem hér er búið að telja upp.

Hér sé ég að kominn er hæstv. sjútvrh. Það eru ýmsar hitaveitur á Suðurlandi sem eiga í erfiðleikum og ég hlýt að spyrja: Hvers vegna í ósköpunum voru þær ekki settar inn í 6. gr. heimild og heimild ríkisins til þess að yfirtaka þær svona rétt eins og á Vesturlandi? Nú sýnist mér að hv. þm. Árni Johnsen hafi brugðist illilega, að missa þarna inn allar veiturnar á Vesturlandi en fylgja því ekki eftir með Suðurland. Það hefur löngum verið passað upp á það í tíð þessarar ríkisstjórnar, nú á ég við mini-ríkisstjórnarinnar, meiri hluta hv. fjárln., að ekki hallaði á milli Suður- og Vesturlands. En þarna hefur eitthvað farið úrskeiðis þannig að ég sé ekki betur, hæstv. sjútvrh., en að það hafi gleymst að setja þarna inn hitaveiturnar á Suðurlandi. Vonandi gefst núv. ríkisstjórn ekki færi á að gera það.

Ég sé að hér er hæstv. fjmrh. mættur í salinn. Það sem ég hefði viljað ítreka við hæstv. ráðherra frá umræðum okkar hér fyrir jólin er varðandi vaxtakjör á ríkispappírum. Nú er ég hér með í höndunum, eins og ég tíundaði áðan, fréttatilkynningu um útboðið frá 21. des. Þar seljast engin verðtryggð innlend spariskírteini til fimm eða tíu ára en hins vegar ECU-bréf fyrir 236 millj. með meðalávöxtun upp á 8,63%. Þetta er 21. des. Þann 7. des. seljast hins vegar ECU-bréf með meðalávöxtun upp á 8,41%. Þannig að þarna er sveiflan innan mánaðarins milli útboða upp á 0,22%. (**Fjmrh.:** Næst á undan?) Næst á undan er 8,46%, hæstv. ráðherra. (**Gripið fram í:** Það fer upp og niður.) Það fer bæði upp og niður, en þetta er hæsta boðið og það er einmitt spurningin sem ég ætlað að bera fyrir hæstv. ráðherra, virðulegi forseti: Hvernig stendur á því að það er talið eðlilegt að ECU-bréfin sveiflist eins og hæstv. ráðherra sagði, þetta sveiflast upp og niður, innan mánaðarins, upp á, í þessu tilfelli, 0,22% þegar síðan mörkum verðtryggðu innlendu spariskírteinanna er haldið með handafli upp á 5,0%? Það sem ég get ómögulega skilið er hvernig stendur á þessu að ECU-útboðunum leyfist að sveiflast sem þessu nemur en öllu haldið pinnföstu varðandi innlendu spariskírteinin? Afleiðingin er sú, eins og ég sagði áðan og kemur fram í þessari fréttatilkynningu, að það selst ekki ein einasta króna af spariskírteinunum. Þess vegna spyr ég einnig hæstv. fjmrh.: Er þetta það sem koma skal? Á að halda þessu varðandi innlendu bréfin svona pinnföstu og er þetta þá það sem koma skal m.a. með stóru innlausnina í febrúar, að því eigi þá bara öllu að mæta með ECU-bréfum sem jafngildir þá í kostnað fyrir ríkissjóð erlendri lántöku. Er þetta leiðin sem búið er að finna fram hjá þessari vandræðalegu stöðu sem ríkisstjórnin er komin í í vaxtamálum gagnvart 5% markinu, að fara með þetta allt yfir í ECU-bréfin og láta þá aðra innlenda lántakendur um markaðinn á innlendu kjörunum? Þessi staða hjá ríkisstjórninni er vægast sagt orðin pínleg og að mínu mati orðin til skaða fyrir innlendan lánsfjármarkað. Það voru full rök fyrir þessari aðgerð fyrir rúmu ári síðan en það þarf einhver að útskýra rækilega fyrir mér hvers vegna þessu er haldið í þessum skorðum enn þá.

Ég ætlaði einnig að spyrja hæstv. fjmrh., það hefur reyndar verið gert hér að einhverju leyti áður í dag, varðandi 6. gr. fjárlaga, því þar skutu upp kollinum hinir ýmsu hlutir á lokasprettinum og sérstaklega varðandi veiturnar á Vesturlandi. Er það svo, hæstv. ráðherra, að ríkissjóður sé tilbúinn til þess í gegnum sitt fyrirtæki, Rafmagnsveitur ríkisins, að taka upp á sína arma, hverja á fætur annarri, þær hitaveitur sem hafa lent í vandræðum? Ef það er sú stefna sem þarna er verið að marka þá verða menn að segja það, því þetta eru ekki einu veiturnar á landinu sem hafa lent í erfiðleikum. Það voru umræður um það á tveim síðustu árum að sameina að einhverju leyti Rarik Rafveitu Ak-

ureyrar og Hitaveitu Akureyrar. Er það verkefni þá komið algjörlega út af borðinu eða er það næsta stig í þessu? Því miður þá er þetta eins og svo margt annað hjá þessari ríkisstjórn, að það virðist ekki vera unnið eftir neinni markaðri stefnu. Það er unnið eftir einhverjum hugdettum. Því eftir þeim heimildum sem ég fæ þá kemur þetta inn í fjárlagavinnuna hjá meiri hlutanum, hjá mini-ríkisstjórninni, bara á síðasta eða næstsíðasta degi. Ég spurði reyndar hæstv. sjútvrh. áðan hvernig í ósköpunum stæði á því að hitaveiturnar á Suðurlandi urðu út undan því venjulega er passað upp á að það halli ekkert á í vinnu meiri hluta fjárln., þessa stjórnarmeirihluta, á Suðurlandi og Vesturlandi.

Síðan ætlaði ég að nefna við hæstv. ráðherra eitt atriði í viðbót sem tengist 6. gr., þ.e. að það virðist færast í vöxt að það sé ekki eingöngu verið að selja fasteignir ríkisins í gegnum 6. gr. heldur sé farið að selja þar fyrirtæki í eigu ríkisins. Þar var í frv. heimild til að selja afganginn af Lyfjaverslun Íslands, af því að það tókst ekki að koma því hér í gegn fyrir jólin, og það var sett í brtt. að breyta hlut ríkisins í SKÝRR í hlutafélag. Nú er ég ekkert að fordæma það sem slíkt en ég tel að þarna séu menn komnir yfir á mjög hættulega braut. Þetta hefði allt saman að mínu mati sómt sér mjög vel í fortíðarvandaræðu hæstv. forsrh., sem hann flutti og eydda fyrsta ári þessarar ríkisstjórnar öðru fremur í, þetta sullumbull sem nú er komið hér inn í 6. gr.

Ég vil þá spyrja hæstv. fjmrh., ef núv. stjórnarflokkar fengju umboð til að stjórna áfram, sem ég er reyndar fullviss um að verði ekki, hvort við gætum þá átt von á því á næsta ári að inn í 6. gr. kæmi heimild til að selja t.d. Búnaðarbankann eða, ég hlýt að spyrja, virðulegi forseti, hvar dregur hæstv. ráðherra mörkin? Hvaða fyrirtæki er eðlilegt og óhætt að setja sölu á inn í 6. gr.? Gæti til að mynda gerst, af því að ég horfi hér framan í 1. þm. Vestf., að við sæjum til viðbótar í 6. gr. heimild um að selja Búnaðarbankann, að þar væri 6. gr. heimild um að selja Byggðastofnun? Mér gæti alveg dottið í hug að þeirri litlu ríkisstjórn, sem hann telur sig vera og samanstendur af meiri hluta fjárln., gæti dottið það í hug. Ég vara því alvarlega við þessari stefnu og hlýt að spyrja hæstv. ráðherra: Hvar dregur ráðherra mörkin? Hvað er eðlilegt, þegar kemur að sölu á fyrirtækjum ríkisins að setja inn í 6. gr. og hvað ekki? Eins og ég hef skilið þessa grein þá hefur hún fyrst og fremst þjónað þeim tilgangi að selja eignir ríkisins, ef svo má segja í föstu formi, fasteignir og lendur en ekki fyrirtæki. Það er mín skoðun að með slíkar sölur eigi að fara þá leið að það gerist með lagasetningu frá Alþingi, sjálfstæðri lagasetningu í hverju tilfelli, þannig að mönnum verði gefinn kostur á að taka hér um það málefnalega umræðu. Ég er tilbúinn til að gera það, ég vil taka það skýrt fram og bendi á það máli mínu til stuðnings að ég vann hér á síðasta vori að framgangi þess að breyta Áburðarverksmiðjunni í hlutafélag, sem ég taldi og tel enn að það hafi verið nauðsynlegt og geti verið liður í þeirri viðleitni að reyna að viðhalda framleiðslu á áburði í landinu áfram. Ég stuðlaði að því einnig að breyta Lyfjaverslun ríkisins í hlutafélag með heimild um að selja helminginn, þó að ég telji reyndar að þar hafi hæstv. ríkisstjórn komið að nokkru leyti aftan að okkur sem að því stuðluðum og hjálpuðu ríkisstjórninni við að koma því hér í gegn, því ég er sannfærður um að án þeirrar aðstoðar hefði það ekki gerst á vorþinginu í fyrra. En það var ekki metið að miklu af núv. hæstv. ríkisstjórn.

Að lokum, virðulegi forseti, á þessu stigi ætla ég að fara örfáum orðum um Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Ég hefði gjarnan viljað ræða það við hæstv. utanrrh. en hann er ekki mættur hér og okkur gefst reyndar tækifæri til þess í efh.- og viðskn. á fundi á eftir að skoða það mál nánar. Ég vil samt áður en þessari 2. umr. lýkur spyrja hæstv. fjmrh. hvort málið liggi þannig fyrir, eins og það kemur mér fyrir sjónir, að þegar kemur að skuldadögum á þeim lánum sem voru tekin við uppbygginguna þá hafi rekstur stöðvarinnar ekki gefið af sér eina einustu krónu til að standa undir afborgunum af þessum lánum. Einu upplýsingar sem við höfum í frv., eins og það liggur fyrir, eru þær að það er gjaldfallið lán upp á næsta ári upp á 1.950 millj., ef ég man rétt, og það er farið fram á lánsheimild upp á 1.980 millj. til þess að endurfjármagna þetta. Það er sem sagt farið fram á að taka lán fyrir öllu því sem gjaldfellur og lántökukostnaði virðist vera til viðbótar. Og við hljótum að fara fram á það áður en þetta lánfjárlagafrv. verður afgreitt að fá greinargóðar upplýsingar um stöðu flugstöðvarinnar. Því ef þetta er svona þá sýnist mér að ríkisstjórnin sé einfaldlega að ýta vandanum á undan sér. Og ef það er þannig að það sé ekki fyrirsjáanlegt að rekstur stöðvarinnar geti greitt hana niður að nokkru leyti þá sé miklu betra að horfast í augu við það strax og gera einhverja áætlun um það hvernig á að standa að endurgreiðslu þessara lána heldur en að velta þessu öllu saman á undan sér í formi lána.

Virðulegur forseti. Það væri í sjálfu sér hægt að fara mörgum fleiri orðum um þetta mál eins og það liggur fyrir og ekki síst það hvernig mál fara hér fram á þessu haustþingi, en okkur gefst tækifæri til þess aftur. Það er afar sérstakt að upplifa það að fjárlagafrv. sé afgreitt fyrst af þessum frumvörpum sem hér eru í gangi áður en 2. umr. um skattafrumvörpin fer fram. Það er að vísu rökrétt að lánsfjárlögin komi á eftir fjárlagafrv. og þau eiga eðli málsins samkvæmt að vera síðust í röðinni. En það er hins vegar mjög sérstakt að afgreiða þetta í þessari röð, fyrst fjárlögin, síðan lánsfjárlögin og að lokum tekjuskattsfrv., sem eiga í raun að loka tekjuhliðinni og út af fyrir sig vera forsenda þess að hægt sé að afgreiða bæði fjárlögin og lánsfjárlögin.

[17:37]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er örstutt. Fyrst um ECU-bréfin. Það verður að gera mun á þeim og hins vegar verðtryggðum spariskírteinum ríkissjóðs. ECU-bréfin eru óverðtryggð og gengi þeirra hlýtur að markast að verulegu leyti af gengi slíkra bréfa á erlendum mörkuðum.

Um verðtryggðu bréfin er það að segja að í raun og

veru er þar um breytilega vexti að ræða því að eftir því sem verðbólgan breytist, minnkar eða vex, þeim mun minni eða meiri verða vextirnir á slíkum bréfum. Þetta liggur í hlutarins eðli og þess vegna getur það vel farið saman að það séu fastir vextir á verðtryggðum papppírum en fastir vextir með breytingum síðan sem felast í breytingum á verðbólgu eða viðmiðunum, en hins vegar þá breytast nafnvextir ECU-bréfanna sem eru óverðtryggð.

Í öðru lagi vegna 6. gr. fjárlaga hef ég þegar svarað því að það hefur ekki verið talið nauðsynlegt að setja í lánsfjárlög lánsheimild vegna veitnanna í Borgarfirði. Þar er spurningin um að reyna að ná samkomulagi um hagstæða rekstrareiningu. Það er ekki hægt að sjá á þessari stundu hver niðurstaðan verður og þess vegna óeðlilegt að setja inn heimild í lánsfjárlög á þessari stundu.

Í þriðja lagi var spurt um 6. gr. heimildir vegna SKÝRR. Í því sambandi ber að benda á að þar er ekki um sölu að ræða, ekki sérstök lög. Þetta er sameign Reykjavíkurborgar og ríkisins og nauðsynlegt vegna Samkeppnisstofnunar og álits hennar að breyta formi félagsins. Ef um Búnaðarbankann var að ræða þá gilda sérstök lög um viðskiptabanka, þar á meðal um ríkisviðskiptabanka. Það þyrfti að breyta þeim lögum og þess vegna er óeðlilegt að slík klásúla væri í 6. gr., en að breyttum lögum væri hugsanlegt að setja í 6. gr. heimild til sölu á hlutum ríkisins í slíku fyrirtæki.

[17:39]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það var afar athyglisvert að heyra þetta lokasvar hæstv. ráðherra að að breyttum lögum væri ekkert því til fyrirstöðu að selja Búnaðarbankann með 6. gr. heimild. Ég verð nú að segja alveg eins og er, virðulegur forseti, að ég trúði varla mínum eigin eyrum þegar ég heyrði þetta vegna þess að að sjálfsögðu er það stórpólitísk ákvörðun hvort ríkið ætlar að selja ríkisbankana. Að sjálfsögðu er það stórpólitísk ákvörðun. Og að láta sér detta það í hug að slíkt væri hægt að gera með 6. gr. heimild. Það kemur mér orðið fátt á óvart varðandi þessa ríkisstjórn, en ég verð að segja að enn tekst þeim þó að gera það.

Varðandi rökstuðninginn um mismunandi eða breytilega vexti á ECU-bréfum annars vegar og verðtryggðum spariskírteinum þá fannst mér það einnig magrar skýringar því að að sjálfsögðu eru ECU-bréfin — hæstv. ráðherra sagði: Þau eru óverðtryggð. Að sjálfsögðu eru þau tryggð, þau eru gengistryggð. Gengið breytist, gengið er breytileg stærð alveg eins og innlenda verðbólgan. Ég næ því ekki alveg upp í þessar skýringar og mér skildist á hæstv. ráðherra að hann ætlaði með föstum vöxtum á spariskírteinum að jafna út innlenda verðbólgu. Mér var ómögulegt að skilja þetta svar öðruvísi. Ég held því að ég verði að fá nánari skýringar.

[17:41]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég skal reyna að gera frekari tilraunir á mjög stuttum tíma. Í fyrsta lagi varðandi Búnaðarbankann þá þarf auðvitað að breyta lögunum um Búnaðarbankann eða um opinberu viðskiptabankana og þegar sú breyting hefur verið gerð og komið í lög, sem þá hafa verið samþykkt af Alþingi, að það þurfi samþykki Alþingis til þess að selja þessa hluti, þá er ekkert athugavert við það að setja það í fjárlög. Ef vitað er fyrir fram hve upphæðin er há sem á að fást fyrir bréfin þá kemur það fram tekjumegin í fjárlögum. Sé upphæðin óvís er eðlilegt að það komi fram í 6. gr. Þetta er sú regla sem ég hygg að sé langsamlega algengast að nota. Auðvitað er einnig hægt að setja fram sérstakt lagafrv. eins og t.d. var gert við Lyfjaverslun Íslands rétt fyrir jólin, en það frv. náði ekki fram að ganga.

Þá um síðara atriðið sem snýr að þessum bréfum. Það er auðvitað reginmunur á því ef gefið er út verðtryggt bréf hér á landi, eins og spariskírteini ríkisins eru, af því að þar með er engin áhætta, engin verðbólguáhætta hjá þeim sem eignast slíkt bréf. Hins vegar ef menn eru að kaupa ECU-bréf þá eru slík bréf í samkeppni við önnur nákvæmlega eins bréf á erlendum markaði. Þar er auðvitað verðbólga. Það er líka verðbólga erlendis. Það er meira að segja meiri verðbólga víða erlendis heldur en hér og á því svæði sem ECU tekur mið sitt af og þess vegna hljóta bréfin sem eru ECU-bréf og gefin eru út hér af ríkissjóði, að taka sams konar breytingum og bréf gera á erlendum markaði. Þess vegna er reginmunur annars vegar á því þótt þarna sé um svokölluð gengistryggð bréf að ræða og hins vegar verðtryggð bréf. Það væri hins vegar ugglaust hægt að gefa út bréf með íslenskri krónu og gengistryggingu og þá horfir málið dálítið öðruvísi við. En hérna er um að ræða að það er verið að miða við gjaldmynt sem er alþjóðlega stöðluð og þá hlýtur auðvitað íslenski fjármagnsmarkaðurinn að taka mið af því sem gerist erlendis, í löndum sem gefa út slíka pappíra.

[17:43]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hæstv. fjmrh. gefst væntanlega tækifæri síðar til þess að útskýra nánar fyrir mér ástæðurnar fyrir því að menn telja rétt og skylt enn þá að halda með handafli 5,0% markinu varðandi innlendu spariskírteinin meðan ECU-bréfin sveiflast eins og raun ber vitni. Ég hef ekki enn fengið skýringu á því og ég held reyndar að sú skýring sé nokkuð flókin og að nokkru leyti sálfræðileg, ótti við það að hér séu einhverjir stórir aðilar úti í bæ sem hafi það að markmiði að brjóta niður vaxtastefnu ríkisstjórnarinnar og það gerir það að verkum að menn haldi þessu dauðahaldi í 5,0% markið, sem að mínu mati er orðið skaðvænlegt fyrir innlendan lánamarkað.

Varðandi aftur Búnaðarbankann þá greinir okkur hæstv. fjmrh. einfaldlega á. Ég er þeirrar skoðunar að eignarhald á ríkisbönkunum og hvernig því sé ráðstafað sé í raun stórpólitísk ákvörðun og miklu meiri ákvörðun en svo, jafnvel að breyttum lögum um bankann, að það verði gert með einfaldri heimild í 6. gr. fjárlaga. Það er hins vegar afar athyglisvert að þetta

komi fram í umræðunni og það segir okkur hvernig núv. hæstv. ríkisstjórn umgengst þessar sameiginlegu eigur okkar og þann vilja sem hefur staðið að baki þess að búið er um hluti eins og þeir eru á hverjum tíma með mikilli léttúð að ætla einfaldlega að setja að breyttum lögum inn í 6. gr. fjárlaga ákvæði um sölu ríkisbankanna.

[17:46]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Þegar fjárlagafrv. var til umræðu fyrir nokkrum dögum rétt fyrir jól, þá fór ég aðeins yfir skuldastöðu A-hluta ríkissjóðs og rakti það nokkuð ítarlega hvernig hún hefði þróast í tíð núv. hæstv. ríkisstjórnar og tók eftir því að hæstv. fjmrh. hafði ósköp fátt sér til málsvarnar í þessu efni sem vonlegt er. Þá gafst því miður ekki tími til þess að fara yfir þetta mál eins og þurft hefði en auðvitað er kostur á því að ræða þetta mál aðeins síðar, t.d. þegar ríkisreikningurinn kemur hér til meðferðar og hefði verið mjög gott ef ríkisreikningurinn hefði komið fram áður en frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1995 kom til umræðu vegna þess að hann er grundvallargagn um stöðu ríkissjóðs og nauðsynlegar lántökur hans.

Nú vill hins vegar þannig til, hæstv. forseti, að ríkisreikningurinn er tilbúinn fyrir löngu. Ríkisreikningurinn fyrir árið 1993 er tilbúinn. Hann er endurskoðaður og tilbúinn en hæstv. fjmrh., sem á að leggja ríkisreikninginn fram, hefur ekki lagt hann fram. Það er auðvitað ótrúlegt að hæstv. fjmrh. leyfir sér það að liggja á ríkisreikningnum. Spurningin er þá sú: Eru það einhverjar tölur, eru það einhverjar niðurstöður sem hann telur ástæðu til að fela í tengslum við umræðu um ríkisfjármálavandann sem stendur yfir þessa dagana núna á milli jóla og nýárs? Eru einhver atriði í ríkisreikningnum fyrir 1993 sem hæstv. ráðherra vill helst ekki láta sjást?

Um það ætla ég í sjálfu sér ekki að fjalla ítarlega hér. Ég gæti farið yfir það en ætla ekki að gera það en bendi á niðurstöðutölur ríkisreikningsins fyrir árið 1992 þar sem það kemur fram að neikvæður höfuðstóll A-hluta ríkissjóðs er í lok ársins 1992 150 milljarðar kr. Eignirnar eru taldar 87 milljarðar og skuldirnar 237 milljarðar, mismunur 150 milljarðar kr. í neikvæðan höfuðstól A-hluta ríkissjóðs í lok ársins 1993. Þessi staða hefur versnað á árinu 1992 — um hvað? Um 18,5 milljarða kr. sem er allt önnur og miklu hærri tala en menn sáu í fjárlögunum fyrir árið 1992 og stafar af því að ríkisreikningurinn er gerður upp á allt öðrum grunni en fjárlögin sjálf.

Út af fyrir sig liggja ekki fyrir endanlegar tölur um það hver hallatala ríkissjóðs er á árinu 1994. Og enn síður liggur það fyrir hver verður talan fyrir árið 1995. En ég fullyrði þó að fyrir bæði þessi ár eru tölurnar *sem ríkisreikningurinn mun sýna miklu hærri þannig* að nemur mörgum milljörðum kr. en fram kemur í fjárlögum fyrir þessi tvö ár. Mér segir svo hugur að þegar ríkisreikningurinn fyrir árið 1993 verður skoðaður þá muni koma í ljós að höfuðstóllinn hjá A-hluta ríkissjóðs sé neikvæður ekki um 150 milljarða heldur um um það bil 174 milljarða kr. Og mér segir svo hugur einnig, miðað við það að hafa farið yfir þessa hluti með hliðsjón af þeim umræðum sem hér hafa farið fram m.a. í dag, að neikvæður höfuðstóll A-hluta ríkissjóðs í lok ársins 1994 verði í kringum 190 milljarðar kr. Og hvað þýðir það, hæstv. forseti? Það þýðir ósköp einfaldlega að ef við tökum þau heilu ár sem liðin eru frá því að núv. hæstv. fjmrh. tók við hefur neikvæð staða A-hluta ríkissjóðs breyst frá því að vera mínus 130 milljarðar upp í það að vera mínus 190 milljarðar kr. Sem sagt versnað um 60 milljarða kr. þegar eignir og skuldir A-hluta ríkissjóðs eru lagðar saman. Þetta er auðvitað hrikalegur hlutur, satt best að segja, hæstv. forseti. Menn eru með öðrum orðum að tala um að raunhækkun á skuldum ríkissjóðs gerðum upp í ríkisreikningi sé í kringum 50% í tíð núv. hæstv. fjmrh. Það er ofboðslegt, hæstv. forseti, það er ofboðslegt.

Og það er sérstaklega athyglisvert með hliðsjón af því að núv. hæstv. fjmrh. lagði af stað með það að hann væri að taka niður ríkissjóðsskuldirnar og ætlaði að stöðva þær á sínum fjármálaráðherraferli, m.a. með *því að reka ríkissjóð á núlli.* Staðreyndin er *hins* vegar þveröfug þannig að skuldir A-hluta ríkissjóðs munu væntanlega nema að teknu tilliti til eigna í lok þessa árs um 190 þús. millj. kr.

Ég geri ráð fyrir því, hæstv. forseti, að ef við hefðum haldið því fram í maí 1991 að núv. hæstv. fjmrh. mundi skila ríkissjóði með þessum hætti þá hefðu menn ekki lagt mikinn trúnað á þá spádóma eða þær kenningar, talið það algera fjarstæðu. Staðreyndin er hins vegar sú sem blasir núna við og mun blasa við þegar ríkisreikningurinn fyrir árið 1993 verður loksins birtur en eins og ég sagði áðan þá hefur hæstv. fjmrh. legið á honum nokkurra daga skeið eða um nokkurra vikna skeið jafnvel sem er náttúrlega furðulegt og stórlega ámælisvert miðað við þá staðreynd að auðvitað hefðum við þurft að hafa þennan ríkisreikning til hliðsjónar í umræðunni um lánsfjárlög og svo um ríkisfjármálin almennt næstu daga. Vegna þess líka, hæstv. forseti, að fjárlögin fyrir árið 1995 eins og þau voru afgreidd standast enga skoðun. Fjárlögin fyrir árið 1995 standast enga skoðun, hæstv. forseti, vegna þess að þar er um að ræða vanáætlanir af ýmsu tagi þannig að skakkar verulegum fjárhæðum auk þess sem eftir er að tryggja lagagrundvöll fyrir mörgum þáttum sem þar eru inni. Fyrir utan það að þegar menn munu gera ríkisreikninginn fyrir árið 1995 þá munu menn komast að því að tveir liðir á fjárlögunum fyrir 1995 munu hafa hækkað frá fjárlögum til ríkisreiknings um á að giska 5 milljarða kr. Þessir liðir eru annars vegar lífeyrisskuldbindingar ríkisins sem eru uppfærðar í ríkisreikningi en í fjárlögum eru aðeins taldar þær greiðslur sem falla til það árið. Þetta á líka við um lántökur ríkissjóðs *þar sem í fjárlögunum er aðeins gert ráð fyrir* teknum lánum eins og þau koma fyrir, svo að segja af skepnunni, hvaðan sem þessar lántökur eru, en í ríkisreikningi er hins vegar um að ræða verðlagsuppfærslu og vaxtauppfærslu á öllum skuldum ríkissjóðs. Þegar þetta hvort tveggja hefur verið lagt saman, t.d. miðað við ríkisreikninginn fyrir árin 1992 og 1993, þá

tel ég að sú tala sem menn eru hér að vinna með vegna halla á ríkisbúskapnum 1995 verði 4–5 milljörðum kr. hærri en menn eru með fyrir framan sig.

Þetta eru auðvitað hlutir sem er algerlega óhjákvæmilegt að þessi virðulega stofnun geri sér ljóst um leið og hún fer yfir þessi mál.

Ég ætla að benda á það, hæstv. forseti, að í nál. minni hluta efh.- og viðskn. á þskj. 458 segir m.a., með leyfi forseta:

„Hreinar skuldir ríkissjóðs voru einungis um 0,5% af vergri landsframleiðslu í árslok 1982, en stefna í meira en 30% af vergri landsframleiðslu og um 120% af tekjum ríkissjóðs á þessu ári."

Ég ber mikla virðingu fyrir nál. minni hluta efh.- og viðskn., hæstv. forseti, en ég tel að hér sé ekki of í lagt. Ég tel að í raun og veru sé það þannig að skuldirnar séu ekki 120% af tekjum ríkissjóðs á þessu ári heldur allmiklu meiri. Ég tel að menn séu að tala um í lok þessa árs heildarskuldir upp á 190 milljarða kr. þegar tekið hefur verið tillit til eignarstöðu A-hluta ríkissjóðs. En ég bendi hins vegar á það, hæstv. forseti, að 1982 voru menn að tala um að hreinar skuldir A-hluta ríkissjóðs væru 0,5% af vergri landsframleiðslu. Hvað er það mikið, hæstv. forseti? Ætli það sé nema 2–3 milljarðar kr. sem menn eru að tala um. Hér hefur því átt sér stað alveg hrikaleg breyting á þessum tíma. Ég held að menn þurfi að gera sér grein fyrir því að þetta má ekki ganga svona lengur vegna þess að við þolum það ekki. Þjóðarbúið þolir ekki þessa stöðu og framtíðin þolir ekki þessa stöðu vegna þess að þetta er ávísun á framtíðina. Hér er verið að auka vandann á hverju einasta ári upp á tugi milljarða í tíð núv. hæstv. ríkisstjórnar, á árinu 1992 um 18,5 milljarða kr. og í tíð núv. hæstv. fjmrh. um 60 milljarða kr. Það er ævintýraleg aukning, satt best að segja, á ekki lengri tíma.

Áður var það þannig, hæstv. forseti, að Sjálfstfl. montaði sig af því að þar væru menn að reyna að passa upp á reksturinn og þeim væri alveg sérstaklega vel treystandi fyrir rekstrinum á opinberum sjóðum, ríkisstofnunum, Reykjavíkurborg, ég tala nú ekki um ósköpin. Þar er viðskilnaðurinn með þeim ósköpum að það er svo að segja ekki króna eftir til eignabreytingar þegar búið er að greiða rekstrarkostnaðinn eins og hann lítur út að óbreyttu á árinu 1995 þannig að ekki skilur Sjálfstfl. vel við þar. En þegar kemur að ríkinu og fyrsta heila kjörtímabilið sem Sjálfstfl. fer með ríkisfjármál um langt árabil, líklega er það ekki síðan kjörtímabilið 1974–1978 að Sjálfstfl. fer með þessi mál. Nú fær hann þetta tækifæri, þessi flokkur sem í orði kveðnu segist fara vel með almannafé og vera íhaldsflokkur og halda utan um hlutina. Niðurstaðan er sú að eftir þetta eina kjörtímabil hæstv. fjmrh., Friðriks Sophussonar, hafa skuldirnar hjá A-hluta ríkissjóðs aukist nettó um um það bil 60 milljarða kr. til loka þessa árs að teknu tilliti til eignabreytinga á sama tíma.

Það er kannski af þessari ástæðu sem hæstv. fjmrh. hefur ekki viljað birta ríkisreikninginn fyrir árið 1993. Það er kannski af þessari ástæðu sem hæstv. fjmrh. hefur ákveðið að sýna okkur hann ekki vegna þess að ríkisreikningurinn fyrir árið 1993 afhjúpar þennan veruleika. Hann afhjúpar auðvitað ýmislegt fleira, hæstv. forseti, eins og t.d. það að sparnaðurinn sem núv. ríkisstjórn er að guma af á ýmsum sviðum kemur aðallega fram á tveimur sviðum: Í fyrsta lagi í menntamálum með niðurskurði á Lánasjóði ísl. námsmanna en í öðru lagi í landbúnaðarmálum vegna búvörusamningsins. Þegar menn skoða raunverulegan sparnað í tíð þeirrar ríkisstjórnar sem nú situr kemur það í ljós að hann er á þessum tveimur sviðum: Í menntamálum, hjá Lánasjóði ísl. námsmanna, og í landbúnaðarmálum vegna búvörusamningsins.

Hvernig er þetta þá, hæstv. forseti, í heilbrigðismálum? Í heilbrigðismálum er það þannig að þegar tekið er tillit til raunverulegs kostnaðar sjúkrastofnana á árinu 1994, sem hefur orðið að verja til nokkur hundruðum millj. kr. meira en áætlað hafði verið, þá er ekki um að ræða neina raunlækkun á útgjöldum ríkissjóðs til heilbrigðismála á þessu ári. Það er sérstaklega athyglisvert þegar þess er gætt að til viðbótar við þessa fjármuni er um það að ræða að ríkið hefur margfaldað tekjur sínar af sértekjum, af sköttum af sjúklingum og þeim sem þurfa á heilbrigðisþjónustunni að halda, hvort sem þar er um að ræða heilsugæslustöðvar, lyfsölu, göngudeildarþjónustu af margvíslegu tagi eða hvað það nú heitir. Það er því augljóst mál, hæstv. forseti, að í rauninni hafa öll áformin sem uppi voru um aðhald í ríkisfjármálum, um það að skila ríkisbúskapnum betri en menn tóku við honum, hrunið.

Ég er út af fyrir sig alveg sannfærður um að bæði hæstv. núv. forsrh. og hæstv. fjmrh. hafa ætlað sér að skila ríkisbúskapnum í betra formi en þeir tóku við honum. Þeir hafa ætlað sér að gera það. Þeir hafa vafalaust sett sér það að koma þannig að landi með sæmilega niðurstöðu. En niðurstaðan er hins vegar því miður sú að þeir bæta við nettóskuldir A-hluta ríkissjóðs um 60 milljarða kr. á þessu tímabili. Það er auðvitað alveg hrikalegur hlutur og það er byrði sem lendir á framtíðinni, á börnunum okkar og þeim sem þurfa að standa undir þessu þjóðfélagi á komandi árum. Það vil ég gagnrýna, hæstv. forseti, í tengslum við lánsfjárlagafrv. vegna þess að það er alveg óhjákvæmilegt að draga þetta mál sérstaklega fram vegna þess að það gafst ekki kostur á að ræða það sem skyldi við fjárlagaumræðuna sjálfa núna fyrir hátíðarnar.

[18:02]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vara mjög við málflutningi eins og þeim sem hér hefur verið sýndur af hv. þm. Ég er alveg hissa á honum að koma hér aftur af því að hann gerði þetta einnig fyrir jól og satt að segja hélt ég að þá hefðu verið gefnar nægar skýringar á málum.

Í fyrsta lagi vil ég segja það að ríkisreikningnum verður dreift á næstu dögum, á morgun eða hinn. Ástæðan fyrir því að það var ekki gert fyrir jól er að það fannst villa í reikningnum og hann er til skoðunar hjá Ríkisendurskoðun aftur. Það er eina ástæðan fyrir því að honum hefur ekki verið dreift fyrr.

Í öðru lagi vil ég láta það koma fram að þegar talað er um að staðan versni má passa sig að fara ekki að rugla saman greiðsluhallanum og reikningshallanum. Þegar við lítum t.d. á niðurstöðuna í reikningnum 1993, sem kemur í vikunni, þá kemur fram meiri halli. Af hverju? Af því að það er verið að breyta bókhaldslegum afskriftareglum vegna útistandandi skatteigna í mörg ár, kannski tíu ár. Það er tekið og afskrifað fyrir mörg ár í senn. Þetta verða menn að hafa í huga. Svo kemur hv. þm. og leyfir sér að segja að þetta sé eitthvert stórkostlegt svindl af því að lífeyrissjóðurinn hafi ekki verið gerður upp eins og hann telur að eigi að gera og það eigi að færa hann upp jafnóðum á fjárlögum á hverju ári. Það er notuð nákvæmlega sama aðferðin nú og var notuð í tíð hv. 8. þm. Reykv. Með sama málflutningi, og það er aðalatriði málsins, er hægt að halda því fram að hallinn á árinu 1989 hafi orðið 60–70 milljarðar á einu ári. Hver trúir því? Auðvitað trúir því ekki nokkur maður. En af hverju kom þessi halli fram á þessu ári? Af því að menn voru að færa upp skuldbindingar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Það er ástæðan.

Með svona leikfimi má finna alls konar tölur út. Aðalatriðið er það að menn verða að bera saman tölur á sambærilegum grunni. Það skiptir máli. Og ég ætla að bæta því við að ástæðan fyrir því m.a. að tölur á ríkisreikningi, skuldbindingar, hafa hækkað eru þær að ríkissjóður hefur verið að yfirtaka gamlar skuldbindingar sem fyrri ríkisstjórn hafði lofað, framkvæmdasjóður, þróunarsjóður, atvinnutryggingardeild o.s.frv.

[18:04]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er grundvallarmunur á því hvort menn eru að taka inn í ríkisreikninginn í eitt skipti uppfærslu á öllum lífeyrisskuldbindingum ríkisins eins og var gert á árinu 1989 eða hvort um það er að ræða að verið sé að færa þessar skuldbindingar til verðlags frá ári til árs. Það er auðvitað hreinn útúrsnúningur hjá hæstv. fjmrh. þegar hann ætlar að reyna að bjarga sér í land með þeim hætti sem hann reyndi hér áðan.

Staðreynd málsins blasir við. Hún er þessi: Í valdatíma hæstv. fjmrh., Friðriks Sophussonar, hefur nettóstaða A-hluta ríkissjóðs versnað um 60 milljarða kr. Það liggur fyrir og það er það sem hann vill ekki tala um. Auðvitað þurfa menn að skoða þessa tölu með hliðsjón af þróun undanfarinna ára og allt það, en þegar menn gera það á algerlega sambærilegum grundvelli, það er ekki verið að hrúga inn einhverjum milljarðatugum vegna lífeyrisskuldbindinga eða af öðrum ástæðum, það er ekkert svoleiðis uppi, þá kemur í ljós — hvað kemur í ljós, hæstv. forseti? Að Sjálfstfl. er ekki treystandi fyrir ríkissjóði. Það er sú hrikalega staðreynd sem blasir við. Honum er ekki treystandi fyrir almannafé.

[18:06]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta svar hv. þm. er ekkert svar því að ef hv. þm. vill vera heiðarlegur í málflutningi þá verður hann að segja sannleikann og hann verður að láta það koma fram að dæmið um Lífeyrissjóð ríkisstarfsmanna er ekkert öðruvísi gert upp en var gert í þeirri tíð þegar hann var í ríkisstjórn. Það eru nákvæmlega sams konar framlög úr ríkissjóði á ári hverju eins og þá var gert.

Það er auðvitað hárrétt að skuldbindingarnar aukast þegar við færum upp til verðlags frá einu ári til annars og stærsta skrefið var tekið þegar það var viðurkennt árið 1989. Það var nefnilega þannig að ríkisstjórnin sem hv. þm. átti sæti í tók ákvörðun um að færa upp ríkisreikninginn með þeim hætti sem nú er gert. Það er enn verið að finna betri leiðir en þá voru fundnar upp. Þetta hefur verið þróað. En þegar við erum að bera saman tölur frá ári til árs verður að hafa tölurnar á sambærilegum grunni og það hefur engin breyting orðið hvað þetta snertir.

Við skulum taka enn á ný árið 1993, ríkisreikningurinn kemur innan tíðar, og um afskriftirnar á því ári. Það er auðvitað stórkostlegur halli sem kemur fram vegna þess að það er verið að afskrifa eignir sem hafa verið færðar inn í ríkisreikninginn mörg árin þar á undan og það er afskrifað einu sinni. Auðvitað mætti kannski að deila þessu aftur í tímann og segja: Þetta eru afskriftir sem áttu kannski frekar heima í ársreikningum fyrri ára. Svona gerist þegar menn eru að færa upp höfuðstól og efnahagsreikning, en það sem við eigum að bera saman fyrst og fremst er greiðsluhallinn. Og þá kemur í ljós, virðulegi forseti, að hjá núv. ríkisstjórn hefur gengið mun betur að samræma hin raunverulegu útgjöld, hinn raunverulega halla, þeim halla sem var samkvæmt fjárlögum hverju sinni. Það eru gífurlega bætt vinnubrögð hvað þetta snertir, sem betur fer.

[18:08]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alveg rétt að fyrrv. hæstv. ríkisstjórn reyndi að bæta meðferð þessara mála í heild, m.a. með afgreiðslu fjáraukalaga jafnharðan, með því að afgreiða ríkisreikninga jafnharðan og með því að breyta færslunum á ríkisreikningi þannig að allar skuldbindingar kæmu fram á hverjum tíma. Þess vegna var tekin t.d. ákvörðun um það að færa lífeyrisskuldbindingarnar eins og þær höfðu þá fallið til og það kom inn á árinu 1989. En það er hins vegar ekkert um slíkt að ræða hér. Síðan eru menn að færa lífeyrissjóðsskuldbindingarnar til með viðbót frá ári til árs. Það er ekki verið að taka stórar uppsafnaðar margra áratuga summur og það er heldur ekki rétt hjá hæstv. fjmrh. í þessu sambandi að tala um afskriftirnar eins og hann gerði. Auðvitað koma þær til frá ári til árs. Það er ekki verið að taka nýjar ákvarðanir um grundvallarbreytingar á uppsetningu ríkisreiknings. Hér eru menn eingöngu og algerlega að tala um sambærilega hluti. Ráðherrann þolir það ekki og þess vegna m.a. hefur það dregist að ríkisreikningurinn birtist hér með eðlilegum hætti. Hann kemur loksins á morgun eða hinn. Það er mörgum dögum eða vikum of seint.

[18:10]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Það eru aðeins nokkur orð undir lok þessarar umræðu sem senn kunna að verða. Ég saknaði þess að hæstv. fjmrh. skuli ekki hafa svarað eða tekið ítarlegar til máls í umræðunni en hann hefur gert hingað til, svo ekki sé minnst á hæstv. forsrh. sem hefði verið stórfróðlegt að heyra eitthvað í, en ég treysti því að áður en umræðunni ljúki þá svari þessir hæstv. ráðherrar einhverju. Þá meina ég bæði þeim efnislegu spurningum sem fram hafa verið bornar og tjái sig líka eitthvað almennt séð um þá umræðu og þá gagnrýni sem hér hefur komið fram.

Ég sakna þess sérstaklega að hæstv. fjmrh. hefur valið þann kost að taka þátt í umræðunni í formi andsvara og hefur verið í nokkrum stuttum andsvörum og frekar stutt í honum taugin, eins og stundum er sagt, í þeim. Ég segi nú ekki af því að það eru jólin að hæstv. ráðherrann hafi verið snakillur en það jaðrar við. Menn hefðu sagt það í minni sveit að hann hefði verið heldur snakillur í andsvörum og órór eitthvað og órólegur eins og kom glöggt fram í orðaskiptum hans áðan við hv. þm. Svavar Gestsson.

Gæti það ekki verið, hæstv. forseti, að ástæðan væri sú að hæstv. fjmrh. finnur það sjálfur, hann skynjar það inni í sér að spilaborgin er hrunin til grunna. Hin glæsta borg um hallalausan ríkisrekstur, afgang og niðurgreiðslur skulda og annað því um líkt er allt saman hrunið til grunna. Og hæstv. ráðherra er að reyna að komast þannig frá málsvörn sinni að hann hleypur upp í stuttum andsvörum, vefengir tölur sem menn fara með, jafnvel beinar tilvitnanir í opinber gögn, og telur allt byggt á misskilningi, röngum forsendum, ósambærilegum gögnum o.s.frv. Þetta er ekki mjög málefnaleg eða vönduð þátttaka í umræðunni að mínu mati, hæstv. forseti, og hæstv. fjmrh. væri miklu sæmra að ræða hlutina eins og þeir liggja fyrir en reyna ekki sífellt að skjóta sér á bak við slíkt.

Aðeins fáein atriði í því sambandi, hæstv. forseti. Það hefur komið hér fram, því er ómótmælt, liggur fyrir í opinberum gögnum, að hæstv. fjmrh., Friðrik Sophusson, er að skila af sér ríkissjóði ef honum eru reiknuð til gjalda árin 1992 til og með ársins 1995, þ.e. þau heilu almanaksár sem hann ber sem fjmrh. ábyrgð á í þeim skilningi að leggja fram fjárlagafrv. viðkomandi ára, þá er hæstv. fjmrh. að skila ríkissjóði af sér með 38–40 milljarða halla. Það er staðreynd. Því hefur enginn reynt að mótmæla og ég vænti þess að hæstv. fjmrh. reyni það ekki heldur. Ef við segjum að árið 1991 sé ekki sanngjarnt að færa að öllu leyti á reikning hæstv. núv. ráðherra þá standa eftir þær tölur að hallinn á árinu 1992 var 9,5 milljarðar, á árinu 1993, bráðabirgðatölur að vísu, 10,6 milljarðar, á árinu 1994, samkvæmt nýsettum fjáraukalögum, um 10,5 milljarðar og samkvæmt fjárlagafrv., sem var afgreitt fyrir jólin, 7,4 milljarðar á árinu 1995. Þetta gerir 38 milljarða. Það er ekki hægt að fá út neitt annað. Þetta eru bestu fáanlegar niðurstöðutölur sem nú liggja fyrir.

Hættan er þó, eins og við vitum, að þetta verði verra. (**Gripið fram í:** Á verðlagi hvers árs.) Á verðlagi hvers árs. Síðan kemur það til, þó verðbreytingar séu að vísu ekki orðnar mjög miklar á seinni hluta tímans, að ríkisreikningur fyrir 1994 liggur ekki fyrir og reynslan hefur sýnt að tilhneigingin er í þá átt að útkoma verði verri, og mikil ósköp með fjárlög ársins 1995, og því er auðvitað veruleg hætta á að hallinn verði meiri ef marka má reynsluna. Þannig að, hæstv. forseti, hvað sem hæstv. fjmrh. reynir þá kemst hann ekki í kringum þá staðreynd að hann er að skila af sér ríkissjóði með methalla á einu kjörtímabili upp á 38–40 milljarða. Það er niðurstaðan, það er staðreynd. Og ég er jafnvel viss um að kjarkmaðurinn hæstv. fjmrh. reynir ekki að neita því.

Í öðru lagi, hæstv. forseti, svo bara tvennt sé tekið, er það þetta með hina ábyrgu stefnu. Það var eitt meginleiðarljósið að þessi ríkisstjórn mundi taka upp gerbreytta og miklu ábyrgari stefnu í efnahagsmálum í ríkisfjármálum. Hún mundi aldeilis taka til í þeim efnum og ekki skilja eftir sig þegar hún stæði upp þó að mann gruni að vísu stundum að hæstv. ráðherrar hafi séð það í hillingum að þeir sætu langt fram á næstu öld þegar þeir voru að byrja og róa milli lands og eyja á fyrstu dögum stjórnarmyndunarviðræðnanna, þá yrði alla vega ekki fyrir að fara fortíðarvandanum, nær það yrði að þeir létu af embætti. Nei, aldeilis ekki. Þá skyldi nú öðruvísi að málum staðið.

Nú liggur það sem sagt fyrir að svona hefur þetta nú farið með hin hallalausu fjárlög og afganginn og allt þetta en það sem mér finnst, hæstv. forseti, þó að mörgu leyti enn þá meira sláandi er sú staða sem blasir við okkur núna gagnvart fjárlögum næsta árs í ljósi þess að þjóðhagshorfur eru loksins nokkru betri. Það er viss bati merkjanlegur og vonandi einnig fyrirsjáanlegur á næsta ári og þá reynir náttúrlega á það með alveg nýjum hætti hvernig menn ráðstafa honum. Það er ekki búið að fara svo fáum orðum um það hvernig menn ætla að standa að því þegar batinn loksins láti á sér kræla. Þá munu náttúrlega hinir ábyrgu menn kunna með það að fara, eða hvað? Hefur það ekki verið sagt nokkrum sinnum af hæstv. forsrh., hæstv. fjmrh. svo að ekki sé nú minnst á hinn fjarstadda hæstv. utanrrh. sem hefur gapað öðrum mönnum meira um það hversu mikilvægt það sé að kunna með hlutina að fara, ekki síst þegar góðæri er komið. Hvar er hann í dag, hæstv. utanrrh. Hann er alla vega ekki sýnilegur í því að orð hans hafi haft einhver áhrif á t.d. niðurstöðutölur fjárlaga fyrir árið 1995. Þetta tvennt tel ég, hæstv. forseti, hallann á ríkissjóði, hallareksturinn, Íslandsmet hæstv. fjmrh. Friðriks Sophussonar annars vegar og hina ábyrgu stefnu, eða hitt þó heldur, hins vegar sem eykur ríkissjóðshallann og eykur skuldasöfnunina í beinu framhaldi af upplýsingum um batnandi þjóðarhag, ráðstafar því þannig, tel ég vera markverðustu niðurstöðu þessara umræðna.

Í þriðja lagi, hæstv. forseti, ætla ég að nefna skuldir og skuldastöðu hins opinbera. Yfir það hefur reyndar verið rækilega farið. Hæstv. fjmrh. getur ekki þvegið af sér gögn til að mynda frá Seðlabankanum. Það

þýðir ekkert að koma hér og segja að ræðumenn hafi misskilið hluti eða séu að bera saman með ósambærilegum hætti eitthvað sem þeir bera ekki skynbragð á. Ég hef fyrst og fremst máli mínu til stuðnings notað nýleg gögn frá Seðlabankanum. Ég verð að segja alveg eins og er að ég á því ekki að venjast, ég minnist þess ekki að fjármálaráðherrar í vörn sinni og þröng *seilist svo langt um hurð til lokunnar að þeir reyni að* vefengja það sem Seðlabankinn setur á blað um þetta efni. Það eru aldeilis karlar, segi ég nú bara, sem treysta sér til þess af hyggjuviti sínu eða júridísku innsæi sem lögfræðingar að blása á allt það sem kemur frá hagdeild Seðlabankans og Seðlabankanum til að mynda um mælingar á hreinni skuldastöðu hins opinbera. Ja, miklir menn erum við. Ég segi nú ekki annað en það.

Hæstv. fjmrh. stendur alveg varnarlaus gagnvart þessari töflu um hreinar skuldir hins opinbera borið saman við landsframleiðslu sem sýnir alveg hrikalega þróun í hans tíð á þessum sömu, dökku dimmu árum eða aukningu úr 15% sem skuldirnar stóðu í þrjú ár síðustu ríkisstjórnar og voru nokkurn veginn stöðugar í upp undir 35% ef lagðar eru saman skuldir ríkis og sveitarfélaga núna. Þetta liggur náttúrlega fyrir. Nettóskuldaaukning þessara aðila, ef hún er tekin, það er fróðlegt fyrir menn að fara í það, það er hér í fylgiskjölum með nefndaráliti minni hlutans frá Seðlabankanum. Á fyrstu blaðsíðu á því fskj. er m.a. til viðbótar við hallann gerð grein fyrir þróun skulda hins opinbera, bæði brúttó og nettó sem hlutfall af vergri landsframleiðslu. Og staðan er þannig að skuldir ríkisins nettó eins og kemur fram á tilvitnaðri mynd hafa farið úr 15,7% í landsframleiðslu í 20,9% á árinu 1992, 27,3% á árinu 1993, 29,9% á árinu 1994 og 30,5% samkvæmt áætlun á árinu 1995. Ætlar hæstv. fjmrh. að vefengja þessa tölu? Ég óska eftir því að hæstv. fjmrh. svari því. Ég kippi mér svo sem engin ósköp upp við það þó hæstv. fjmrh. telji mínar vangaveltur og mína útreikninga síst betri sínum í þessum efnum og ég sætti mig prýðilega við það sem leikmaður að fá gagnrýni á slíka hluti. En mér kemur það á óvart ef hæstv. fjmrh. gengur svo langt að blása á það sem sett er fram af aðilum eins og Seðlabankanum, það verð ég að segja.

Þriðji aðilinn sem hefur svo safnað skuldum á þessu tímabili svo miklu munar eru auðvitða heimilin í landinu. Það er ljóst og um það liggja fyrir óhrekjanlegar tölur, m.a. í svari við fyrirspurn hér á þingi. Og hvað segir þetta okkur, hæstv. forseti, þegar það er að gerast að skuldaaukning í fyrsta lagi ríkissjóðs sem á að standa undir samneyslunni, í öðru lagi sveitarfélaganna sem eru sömuleiðis með mikilvæg, félagsleg verkefni og atvinnumál og fleira á sinni könnu og í þriðja lagi heimilanna leggst með þessum þunga á á þessum árum? Það er ekki mjög björgulegt. Það væri huggun harmi gegn þó einn þessara aðila væri að auka skuldir sínar ef aðrir væru að bæta stöðuna en það er ekki. Allir þessir þrír aðilar sem til samans ráða úrslitum um lífskjörin í þjóðfélaginu, hvernig þeir geta sinnt sínum verkefnum, heimilin framfærslunni, ríkissjóður hinni opinberu samneyslu og sveitarfélögin sínum verkefnum, eru að safna skuldum. Og það ætti náttúrlega að segja meira en flest orð um hættuna upp á framtíðina gagnvart því að velferðarríkið Ísland sigli í strand innan fárra ára. Við getum ekki keyrt þetta svona áfram, það gengur ekki að allir þessir þrír aðilar samtímis axli sífellt meiri skuldabyrði ár frá ári. Svo hugga menn sig við það og er svo sem von að menn *leiti að einhverju að viðskiptahallinn hefur minnkað* og snúist yfir í jákvæðan jöfnuð og það er gott í sjálfu sér og fyrirtækin hafa rétt úr kútnum, sum hver a.m.k. og greitt frekar niður sínar skuldir. Á því er hins vegar sú hryggilega skýring að viðskiptahallinn er fyrst og fremst minni vegna þess að það hefur dregið úr kaupmættinum í landinu og fólk getur ekki látið eftir sér ýmsa þá neyslu sem það áður gerði. En það er annað og enn alvarlegra sem skýrir kannski minni viðskiptahalla eða betri viðskiptajöfnuð ekki síður og það er að fjárfestingar hafa nánast lagst af og það skiptir auðvitað mjög miklu máli í þessum samanburði, mjög miklu máli. Það er það óhugguleg að inni í þessum bata er fyrst og fremst sú staðreynd að það eru engin aðföng að flytjast til landsins, það eru engin ný atvinnutæki, það eru engar nýjar fjárfestingar að koma inn í landið sem áður stóðu fyrir stórum hluta af þeim viðskiptahalla sem hér var. Viðskiptahalli er alltaf stórhættulegt fyrirbæri í sjálfu sér en það er grundvallarmunur á því hvort hann er að einhverju leyti tilkominn vegna þess að menn séu að fjárfesta, menn séu að byggja upp fyrir framtíðina en ekki bara að eyða. Og það er sú skuggalega hlið á viðskiptahliðinni sem menn mega ekki gleyma í þessum samanburði þó að menn réttilega gleðjist yfir því út af fyrir sig að það er jákvæður viðskiptajöfnuður, að fjárfestingarnar eru nánast engar. Ef þær væru með eðlilegum hætti, 20–25% miðað við landsframleiðslu eins og þær þurfa að vera, eins og þær eru að meðaltali innan OECD, og eins og þær voru á Íslandi meðan hér var einhver uppbygging og einhver fjárfesting, þá væri hér enginn viðskiptaafgangur heldur viðskiptahalli þrátt fyrir miklu minni neyslu almennings.

Ég get bara sem dæmi tekið það að ef Flugleiðir stæðu núna þessi árin, t.d. árin 1994 og 1995, í fjárfestingum af því tagi sem fyrirtækið gerði þegar mest var umleikis hjá því, 1989–1991, þegar fyrirtækið eitt, þetta eina íslenska fyrirtæki fjárfesti að langmestu leyti í útlöndum í formi flugvélakaupa og síðan flugskýla fyrir eitthvað á milli 15 og 20 milljarða kr., hvað yrði þá um viðskiptaafganginn? Hann færi bara á einu bretti í það. Auðvitað verða menn að muna eftir svona lögu þegar þeir bera saman tölur að tölurnar viðskiptahallaárin sem við erum m.a. að mæla okkur saman við núna, það voru árin þegar bara þetta eina fyrirtæki fjárfesti fyrir á annan tug milljarða kr. á tveimur eða þremur árum í nýjum flugvélum og fleiri tækjum. Svo er hlálegt að meira að segja kemur núna á hina hlið reikningsins flugvélasala úr landi þegar fyrirtækið ákveður að selja vélar og leigja þær aftur þá færist það okkur til tekna viðskiptabatamegin upp á um 1.800 millj. kr. stykkið þegar ein 737-vél er seld úr landi. Ef hún verður bókfærð núna fyrir áramótin þá munar það

næstum því tveimur milljörðum kr. upp í viðskiptaafgang. Svona er margt skondið á bak við tölurnar ef út í það er farið.

Þess vegna segi ég það, hæstv. forseti, að því miður eru tilefnin til að gleðjast yfir þessum þætti þó sem annars er í eðli sínu jákvæður að hér hefur tekist að koma fyrir viðskiptahalla og skuldasöfnun í þeim skilningi þá á hún sér þessar dapurlegu skýringar að það eru orðnar svo litlar fjárfestingar á Íslandi að þær duga engan veginn til viðhalds. Það er alveg ljóst að fjárfestingar sem komnar eru niður fyrir eða niður um 15% nægja ekki fyrir afskriftum, þær nægja ekki fyrir viðhaldi þeirra mannvirkja sem til eru í landinu. Það þarf a.m.k. 5% í viðbót til að svo sé og síðan önnur 5–10% til þess að hægt sé að segja að hér sé einhver uppbygging í gangi.

Á hina hliðina er almenningur náttúrlega búinn að draga geysilega saman neyslu sína, hefur frestað ýmsum fjárfestingum í sínum einkafjárhag eins og til að mynda að endurnýja heimilisbílinn eða kaupa ódýrari bíl o.s.frv. og það mælist í þessum tölum. Nú geta menn haft þau sjónarmið að þessi eyðsla hafi verið um of, um efni fram og allt það og það geta menn rætt, en það tjáir ekki að deila um það að skýringin er sem sagt þessi. Hitt væri virkilega tilefni til að gleðjast ef við hefðum náð því að snúa viðskiptahallanum við og værum komnir í viðskiptaafgang án þess að hér hefði orðið jafnstórkostlegur samdráttur í neyslu og raun ber vitni og án þess að fjárfestingar hefðu minnkað, þá væru hlutirnir í lagi, þá væri gaman að lifa, þá væri þetta eins og það á að vera. En það er það ekki því miður nema menn ætli varanlega að sætta sig við minni neyslu og lægra fjárfestingarstig hér heldur en við þurfum að viðhalda ef við ætlum ekki að dragast aftur úr þeim þjóðum sem við viljum bera okkur saman við.

Þá, hæstv. forseti, að síðustu um þennan viðskilnað almennt og um fortíðarvandann og allt þetta sem mikið hefur verið til umræðu hér á þessu kjörtímabili frá því að það hófst með miklum tilþrifum forustumanna stjórnarflokkanna, hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh., á vordögum 1991. Þá voru haldnar fínar ræður og þá voru gefnar út bækur og þá voru gerðar samþykktir og það átti aldeilis að brjóta í blað eins og hér hefur verið rakið.

Hvernig standa málin nú? Hvað segir til að mynda hæstv. forsrh. nú? Treystir hann sér til að endurflytja tvær fyrstu stefnuræður sínar, þ.e. kaflana þar um ríkisfjármál nú? Ég efast um það. Ég held að það væri fróðlegt fyrir hæstv. forsrh. að fara í þau rit og velta því fyrir sér hvað hefur gengið og hvað ekki. Er ekki ágætt fyrir okkur öll, hæstv. forsrh., að stunda svona hóflega sjálfsgagnrýni um jól og áramót (Gripið fram í.) og láta það koma fram? Hæstv. forsrh. upplýsir að hann sé með gömul plögg, gamlar perlur úr ritsafni sínu hér á borðinu og kannski fáum við að heyra eitthvað af því hér á eftir.

Ég tók mér það bessaleyfi, hæstv. forseti, sérstaklega með tilliti til þess að hæstv. utanrrh. er fjarverandi, hefur ekki látið sjá sig hér eins og reyndar allur Alþfl. (**Umhvrh.:** Umhvrh. er hér.) Það liggur við að ég taki í höndina á umhvrh. Það gleður mig svo stórkostlega að vita þó af einum eftirlifandi krata í þingsalnum. En að öðru leyti hefur farið lítið fyrir Alþfl. hér og sérstaklega er þetta athyglisvert að hæstv. utanrrh. skuli ekki láta sjá sig hér bak jólum til að ræða um efnahagsmál, erlendar skuldir og annað því um líkt því það hefur nú ekki verið svo lítill gállinn uppi á honum á köflum.

Hæstv. forseti. Ég tók mér það bessaleyfi að fara í eina gamla ræðu sem hæstv. utanrrh. hafði flutt við stefnuræðu forsrh., útvarpsumræðu 5. okt. 1993, og það muna örugglega ýmsir eftir þessari ræðu því að þá fór hæstv. utanrrh. eins og stundum áður en miklu sjaldnar síðan mikinn og það jaðrar við að hann hafi farið með himinskautum í málflutningi sínum, svo ábyrgur var hæstv. utanrrh. orðinn. Og ég ætla að leyfa mér að taka nokkur gullkorn upp úr þessari ræðu sem fjallaði ekki síst um erlendar skuldir og þann háska sem þjóðinni stafaði af vaxandi skuldasöfnun erlendis en hæstv. utanrrh. sagði m.a. eftirfarandi eftir að hafa vikið að þeirri merku staðreynd að Norðmenn yrðu skuldlaus þjóð við útlönd á næsta ári, þ.e. það átti að ganga eftir á því ári sem senn er liðið, árinu 1994. Ég hef það að vísu eftir norskum efnahagsspekingi að það hafi ekki alveg tekist því að vegna verðlækkunar á olíu erlendis muni þeir ekki verða skuldlausir fyrr en snemma á næsta ári, en það munar nú ekki miklu. En að þessu tíunduðu sagði hæstv. utanrrh., með leyfi hæstv. forseta:

„En þegar við skundum á Þingvöll 17. júní 1994, þá verður því miður öðruvísi um að litast í okkar þjóðarbúskap.“ Þetta vísar til þess að það verði öðruvísi hjá okkur en Norðmönnum. „Þá er því spáð að erlendar skuldir okkar til langs tíma fari að nálgast 70% af landsframleiðslu okkar og að greiðslubyrðin verði einhvers staðar á bilinu 30–40% af gjaldeyristekjum. Því er spáð með öðrum orðum að langtímaskuldir okkar verði um 265 milljarðar á afmælisárinu. Hvað er það í samanburði við eitthvað annað? Það nálgast að vera eins og fasteignamat allra fasteigna í Reykjavíkurborg sem er þó heldur hærri upphæð. Spáð er að greiðslubyrðin, það sem við þurfum að borga í vexti og afborganir af þessum háu upphæðum, verði á næsta ári um 51 milljarður kr.“ — tæplega hálf fjárlögin. Síðan sló út í fyrir hæstv. utanrrh. og hann fór að ræða um árangurinn sem hann ímyndaði sér að væri orðinn í þessum efnum og hirði ég ekki að rekja það en kem aftur inn í ræðu hans þar sem hann segir:

„Virðulegi forseti. Ef við berum okkur saman við aðrar þjóðir þá er auðvelt að sýna fram á nokkrar bjartar hliðar og að árangur hefur náðst. Þrátt fyrir allt hefur náðst betri árangur hér í ríkisfjármálum en víðast hvar annars staðar.“ Og ég segi bara: Það er ljótt, ástandið víðast hvar annars staðar. „Munurinn er bara sá að skuldir okkar í útlöndum eru orðnar hættulega miklar“ segir hæstv. utanrrh. „Svíar skulda sjálfum sér. Þótt hallinn í Svíþjóð sé mikill í ríkisbúskapnum er það svo að þegar þeir fara að borga til baka þá borga þeir sænskum þegnum og það mun auka framboð á

fjármagni í þeirra bönkum. Það mun lækka þar vexti, það mun skapa þar nýtt vaxtarskeið. Þetta er hættustig hjá okkur" segir hæstv. utanrrh. í þessum mikla ham þegar hann var farinn að sjá fyrir sér þjóðhátíðina á Þingvöllum um hálfu ári síðar. „Þetta er það sem við þurfum að laga. Og þá kemur að því." Og síðan segir hæstv. utanrrh.:

„Það er þessa áhættu sem ég vil ekki taka. Og ég skora á Alþingi Íslendinga, því að hér eru þessar ákvarðanir teknar, á alla flokka, á alla pólitíska forustumenn, ég skora á ykkur að efna til þjóðarsáttar um eitthvað annað en rányrkju, um eitthvað annað en skattsvik og um eitthvað annað en erlenda skuldasöfnun. Vegna þess að þegar við steðjum á Þingvöll til þess að fagna 50 ára afmæli lýðveldisins þá skulum við reyna eftir megni að sýna okkar þegnskap í verki með því að færa lýðveldinu aðra gjöf en gjaldfallna víxla. Við skulum láta það sannast á Alþingi Íslendinga að hér eru ekki bara í fyrirsvari sendiherrar sérhagsmuna" og var nú skondið að hæstv. utanrrh. skyldi detta í hug þetta orð, sendiherra, sendiherrar sérhagsmuna. „Að hér eru menn sem geta vikið þröngri sérhagsmunagæslu til hliðar og sameinast um það þegar almannaheill krefst að taka á þessum skuldamálum eins og lagt er til með því að við styrkjum þetta fjárlagafrv., meginmál þingsins, með því að lækka frekar ríkisútgjöld. Tillögur um það verða lagðar fram fyrir ykkur, hv. þm., sem og mun það styrkja tekjuhliðina með því að sameinast um að koma á skattlagningu fjármagnstekna." Lýkur hér tilvitnun í ræðu hæstv. utanrrh. í október á því herrans ári 1993.

Svo skundaði hæstv. utanrrh. á Þingvöll (**Gripið fram í:** Það gerðu fleiri.) og það gerðu fleiri, gekk misvel að komast leiðar sinnar eins og kunnugt er, (**Gripið fram í:** Sumir komust alls ekki.) sumir komust alls ekki en þó átti það ekki við um hæstv. utanrrh. sem varð að ósk sinni að komast á Þingvöll.

En hvernig líta svo málin út við afgreiðslu fjárlagafrv. meira en ári síðar að þessi ræða var flutt? Hvaða niðurstöður eru að birtast okkur hér um erlendar skuldir, m.a. um erlenda skuldasöfnun ríkissjóðs sjálfs á lýðveldisárinu, á afmælisárinu sem hæstv. utanrrh. talaði af þessum tilfinningahita um? Það er ekki björgulegt því að af um 15 milljarða lántöku ríkissjóðs nettó hefur ríkissjóður sótt yfir 11 milljarða til útlanda samkvæmt þessum frægu munnlegu upplýsingum sem drógust út úr fjmrn. rétt fyrir Þorláksmessu. (**JGS:** Þær voru orðnar skriflegar núna.) Þær eru að vísu komnar á pappír hér, já. Og ég verð að segja það alveg eins og er, hæstv. forseti, að mér finnst það lélegt af hæstv. utanrrh. að bjóða okkur svo upp á þögn og fjarveru við umræður um efnahagsmál hér í kringum þessi áramót. Mér finnst það lélegt. Mér finnst það lítilmannlegt af kempunni sem tók ekki þetta litla upp í sig. (**Gripið fram í:** Hann er að undirbúa prófkjör.) Það kann að vísu að vera að margt mæði á hæstv. utanrrh. núna og hann á ýmislegt erfitt fram undan eins og kunnugt er, hugsanlega prófkjör hér í höfuðborginni og fleira. En ég lýsi eftir hæstv. utanrrh., ég óska eftir því að hann tjái sig um það í þessum umræðum einhvern tíma á þessum dögum, hvað er nú orðið um eldmóðinn í hinni snemmbornu þjóðhátíðarræðu sem flutt var í október 1993, 8–9 mánuðum fyrir þjóðhátíðina? Hvar er nú allur móðurinn í kempunni sem stendur að því með flokki sínum, leifunum af honum, að afgreiða fjárlagafrv. með auknum halla og erlendri skuldasöfnun sem aldrei fyrr í batnandi árferði. Hvar er hinn ábyrgi stórsnillingur og höfuðkempa hæstv. utanrrh. sem hélt þessa tilfinningaþrungnu ræðu? Hvar er hann nú, hæstv. utanrrh.? Og skattlagning fjármagnstekna úti í hafsauga, búið að semja það af Alþfl. að geta þó haldið þeirri einu fjöður á afturendanum þegar hann fer í kosningarnar? Það er farið af honum líka.

Auðvitað er það mjög sérkennilegt, hæstv. forseti, og lýsandi fyrir ástandið í þessum efnum að hæstv. utnarrh. skuli vera eins og gufaður upp, kannski ætti maður að segja gufaður út, samanber útlönd. Hæstv. utanrrh. hefur mikið haldið sig þar upp á síðkastið og lætur ekki sjá sig í umræðum um þessi mál.

Niðurstaðan, hæstv. forseti, er alveg skýr. Hún liggur fyrir og hæstv. fjmrh. er hér harla einmana í málsvörninni. Það birtist okkur í þessum plöggunum, í fjárlögunum, í lánsfjárlagafrv., í fjáraukalögunum og í öðrum gögnum, uppgjöf og skipbrot í ríkisfjármálum og efnahagsmálum á þessu kjörtímabili, það er orðin óhrekjanleg staðreynd.

[18:39]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég mun í þessari ræðu minni nefna til sögunnar nokkur atriði sem hv. þingmenn hafa nefnt í sínum ræðum. Að sjálfsögðu verður það svo að eitthvað fer fram hjá manni, ekki síst þegar umræðan er jafnslitrótt og gerðist í þessari 2. umr. sem hófst reyndar fyrir jól. En það var þá sem hv. 6. þm. Norðurl. e. spurðist fyrir um það hvernig ríkisstjórnin ætlaði að bregðast við því vandamáli þegar stórinnlausn á spariskírteinum færi fram í febrúar nk.

Hv. þm. ræddi einnig um samspil vaxta og gengis og spurðist fyrir um álit á því hvort ástæða væri til þess að óttast vaxta- eða gengisbreytingar. Nú er það svo að það sem hv. þm. sagði er rétt, enda eftir Seðlabankanum haft, að tækin sem Seðlabankinn gæti notað væru annað hvort vaxtatæki eða gengistæki. Það eina sem ég get sagt af þessu tilefni og bætt við er að það eru engar efnahagslegar forsendur til gengisbreytinga og ég held að það sé öllum ljóst og til marks um það má benda á að viðskiptajöfnuðurinn er hagstæður þriðja árið í röð en með því að skoða hann kemur í ljós að ekki er ástæða til að breyta gengi af þeim sökum en oftast hefur verið nefnt til viðmiðunar að ef viðskiptajöfnuðurinn er öfugur, mikill halli við útlönd, þá sé gengisstefnan í hættu.

Það sem ég vil segja um þetta mál er það að auðvitað hlýtur ríkisstjórnin að kappkosta að ná sem mestum hluta þess fjármagns sem er leyst inn í febrúar aftur í einhverju formi, annaðhvort í skammtíma- eða langtímalánum. Það er ekki hægt fyrir mig hér og nú að lýsa því nákvæmlega hvernig það verður gert en Seðlabankinn annars vegar og Lánasýsla ríkisins hins vegar hafa það verkefni að undirbúa slíkar lántökur

fyrir hönd ríkissjóðs og vinna nú að því. Það er m.a. þess vegna sem ég lagði mikla áherslu á að fá afgreidd lánsfjárlög sem allra fyrst til þess að tefja ekki þann undirbúning. Það er ekki hægt að svara þessu í einstökum atriðum enda veit ég að hv. þm. skilur það að ég get ekki nákvæmlega upp á gráðu sagt hvernig fara á að þessu. Það væri ekki í takt við þá hætti sem nú eru notaðir á lánsfjármarkaðnum ef ég segði í öllum aðalatriðum, jafnvel í einstökum smáatriðum hvernig fara skuli að, en ég get fullvissað hv. þm. um að að þessu máli er unnið og undirbúnigur þegar hafinn.

Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, 8. þm. Reykn., flutti langa ræðu í dag og sagði þá m.a. að hann hefði á sínum tíma varað mjög eindregið við því að ríkisstjórnin legði fram yfirlýsingu um hallalaus fjárlög og benti á það þegar í upphafi og spurðist síðan í framhaldi af því hvort menn hefðu vísvitandi verið að blekkja þegar þeir lýstu því yfir að ríkisstjórnin stefndi að því að leggja fram hallalaus fjárlög í lok kjörtímabilsins.

Það er út af fyrir sig þakkarvert ef það reynist rétt að hv. þm. hafi á sínum tíma varað ríkisstjórnina við. Það er ávallt þannig að góð ráð eru vel þegin en til þess að rifja þetta mál upp þá held ég að hv. þm. verði að átta sig á að þessi yfirlýsing var gefin eftir kosningar þegar sett var niður starfsáætlun ríkisstjórnarinnar og auðvitað voru menn ekki vísvitandi að blekkja þegar markmiðið var sett fram, síður en svo. Þetta voru engin kosningaloforð heldur markmið sem sett voru niður eftir kosningar.

Þá má spyrja: Hvað breyttist? Og það er einmitt það sem er kjarni málsins að viðurkenna að það urðu stórkostlegar breytingar í íslensku efnahagslífi skömmu síðar þegar ljóst var að þorskaflinn var takmarkaður verulega, verð á fiskafurðum erlendis lækkaði stórkostlega, það var talið í tugum prósentna frá árinu 1991 og fram á þetta ár þegar verð fór aftur að rísa. Öll ytri skilyrði urðu því lakari og verri og ljóst að ríkisstjórnin varð að setja sér ný markmið. Það var gert með fyllilega heiðarlegum hætti, opinberum hætti, skömmu síðar og frá því sagt að ekki yrði hægt að ná þessum markmiðum. Það er langt, langt síðan ríkisstjórnin sagði frá því að ekki væri hægt að ná þessu markmiði sem nú er klifað á að hún hafi sett sér í upphafi vega. Þetta þarf að koma fram enn á ný því að mér heyrist að hv. stjórnarandstæðingar hafi gleymt því í hvaða röð þessir hlutir gerðust.

Hv. þm. sagði síðan að höfuðstefnumið fjárlagafrv. væri gott og minntist á í því sambandi að þar stæði að nota ætti efnahagsbatann til að minnka hallann og þetta væri skynsamlegt og um það er ég hv. þm. sammála, enda hefur hann reynslu sjálfur af stjórn ríkisfjármálanna. Síðan sagði hv. þm. að við hefðum notað efnahagsbatann til að auka hallann. Auka hallann frá hverju? Frá hallanum á yfirstandandi ári? Halli ríkissjóðs á yfirstandandi ári, þ.e. í fjárlögum yfirstandandi árs, er 9,6 milljarðar. Hallinn í fjárlögum sem við samþykktum rétt fyrir jól eru 7,4 eða 7,5 milljarðar. Það er tveggja milljarða munur á þessum stærðum og það er vegna þess að efnahagsbatinn er notaður að verulegu leyti til að ná niður hallanum á ríkissjóði.

Nú er það reyndar þannig að svo kann að fara að greiðsluhallinn á yfirstandandi ári verði í raun lægri en við reiknuðum með. Það kann vel að fara svo og það er auðvitað mikið fagnaðarefni og ég hlakka til þess þegar hv. þm. stendur upp og ræðir þau mál þegar hið sanna kemur í ljós, væntanlega í febrúar. En ég býst við að hv. þm. hafi verið að vitna til þess að hallinn frá fjárlagafrv. hafi aukist um tæpan einn milljarð. Það er rétt. Það var nefnilega niðurstaðan að auka útgjöldin og við skulum bara viðurkenna það. Og í hvað fóru þessi auknu útgjöld? Þau fóru í fyrsta lagi í að gera samninga við stórar sjúkrastofnanir í Reykjavík, bindandi skriflega samninga, sem gera ráð fyrir því að stjórnendur sjúkrahúsanna fari að fjárlögum. Þetta hafa þeir sjálfir undirskrifað. Af hverju var þetta gert? Þetta var gert vegna þess að við höfðum áhyggjur af því, að fenginni reynslu frá 1991, að erfitt sé að halda mönnum við efnið á kosningaári. Þess vegna var svona farið að. Þetta veit ég að hv. þm. skilur allra manna best.

Í öðru lagi var ákveðið að taka ekki 600 millj. kr. frá sveitarfélögunum inn í Atvinnuleysistryggingasjóð. Þeir peningar eru eftir hjá sveitarfélögunum og nýtast þar, hjá sveitarfélögunum sem hafa skuldsett sig mikið á undanförnum árum. Og í þriðja lagi, sem er mikilvægast, var ákveðið að setja 1.250 millj. kr. í vegalagningu til þess að auka atvinnu og bæta samgöngur í landinu. Þetta eru auðvitað meginskýringarnar á því af hverju hallinn óx frá fjárlagafrv. til fjárlaga sem nú hafa verið samþykkt. Þetta veit ég að hv. þm. skilur og við höfum kappkostað, þeir sem hafa stjórnað þessu verki nú, að læra af reynslunni frá 1991 með því að setja fram fjárlög sem hægt er að taka mark á og sem væru ekta fjárlög. Við erum líka að kappkosta það núna að klára lánsfjárlögin af því að við viljum ekki hafa lánsfjárlögin með þeim hætti að þau séu opin og verði eins konar aukafjárlög fram að kosningum. Af hverju? Af því að við sáum hvernig fór 1991. Þetta eru meginástæðurnar.

Það sem hv. þm. sagði hins vegar ekki var það að í fjárlögum sem samþykkt voru fyrir jól er gert ráð fyrir minni tekjum og minni útgjöldum sem hlutfall af þjóðar- eða landframleiðslu en allar götur frá árinu 1987, frá því áður en hv. þm. varð fjmrh. Þetta er auðvitað árangur vegna þess að í þessu felst að ríkisumsvifin hafa í raun dregist saman.

Hv. þm. fór svo á hálar brautir þegar hann fór að tala um vaxtamálin. Hann sagði: Raunvaxtahækkunin á þriggja mánaða ríkisvíxlum hefur aukist um 15% frá því í apríl og þar til í nóvember og á sex mánuðum 15% og tólf mánuðum 25%. Þetta las hann upp úr plaggi minni hlutans, á bls. 10, en það er Seðlabankinn sem gefur þessar upplýsingar. Þar kemur í ljós að vextirnir á þriggja mánaða ríkisvíxlum eftir markaði, þetta eru kaup, vextirnir hækka úr 4,44% í 5,25%. En hann minntist ekkert á það að snemma á árinu 1993 voru vextirnir 11%, 10% og 11% eru tölur sem hann ætti að þekkja sjálfur frá sinni eigin ráðherratíð. Staðreyndin er nefnilega sú að í apríl voru vextirnir langlægstir, þetta eru óverðtryggðar skuldbindingar. Og þó

að vextirnir hafi farið upp í 5,25 á óverðtryggðum skuldbindingum þá eru það ekki háir vextir og í raun miklu lægri vextir en gengur og gerist í okkar nágrannalöndum. Það er alveg ljóst að vextir á skammtímaskuldbindingum hafa hækkað að undanförnu og hv. þm. veit af hverju það er, slíkir vextir hafa hækkað í löndunum hér í kring.

Síðan ræddi hv. þm. um viðskiptaafganginn og um það hvers vegna svo mikið hefði verið tekið af erlendum lánum fyrir ríkissjóð og reyndar komu fleiri hv. þingmenn inn á þetta atriði. Ég er ekki viss um að hér sé um neina byltingarkennda breytingu að ræða frá því sem áður var. Jafnvel á árinu 1990 þegar því var lýst yfir að ekki hefðu verið tekin erlend lán kom í ljós að auðvitað voru tekin erlend lán. Þau voru tekin á milli jóla og nýjárs. Ég veit að ég þarf ekki að rifja það upp fyrir hv. þm. En það sem skiptir máli þegar þetta er rætt er hver nettóstaðan er. Það er ljóst að þjóðin er að borga niður erlendar skuldir sínar, þjóðin. Ríkið er hins vegar að auka sínar skuldir, þar á meðal sínar erlendu skuldir. En það skiptir ekki öllu máli þegar tekið er tillit til þess að margir aðrir eru að færa fjármagn til útlanda og borga niður sínar skuldir, 6–7 milljarða. Menn eiga að líta á nettótöluna. Það er hún sem skiptir auðvitað máli. Hv. þm. segir síðan: Ekki nýtist það okkur þegar þarf að fara að borga þessar erlendu skuldir til baka, sem ríkissjóður hefur tekið, það hjálpar þeim sem lánuðu peningana. Það er alveg hárrétt, en á sama hátt hjálpar það auðvitað íslensku lífeyrissjóðunum og þeim sem hafa fært peninga til útlanda þegar þeir taka sína peninga til baka og hirða vextina af þeim. Það getur nefnilega verið þannig að það sé eðlilegt og sjálfsagt að ríkið taki lán erlendis ef vaxtakjörin eru góð fyrir ríkið á sama tíma og lífeyrissjóðirnir og aðrir kaupa erlend skuldabréf af því að þeir fá góð vaxtakjör þar. Það kann nefnilega að vera að þegar tekið er tillit til hvors tveggja þá sé þetta hagstætt fyrir Ísland. Þess vegna er ekki hægt að líta þannig á málið eins og hv. þm. gerði og það mátti helst skilja á máli hans að það væri hættulegt fyrir þjóðina að greiða niður skuldir sínar. Það er í raun og veru það sem kemur út úr því þegar maður hlustar grannt á það sem hv. þm. sagði. Það er auðvitað ekki þannig. Það sem við getum hins vegar verið sammála um er að það hefði verið betra fyrir þjóðina ef það hefði komið meira af erlendu áhættufjármagni inn í landið. Ég er sammála því. En flokkur hv. þm. er sá flokkur sem einna mest, ásamt Kvennalistanum, hefur dregið lappirnar þegar talað er um erlenda fjárfestingu hér á landi.

Ég ætla ekki að fara aftur út í skuldaaukninguna hjá ríkissjóði. Það er auðvitað ljóst að ríkissjóður er að auka sínar skuldir þegar ríkissjóður er rekinn með halla. En ég minni á að skuldaaukningin milli tveggja ára var mest í tíð fyrrv. ríkisstjórnar, hlutfallslega mest. En auðvitað eru skuldirnar að aukast, það sér hver heilvita maður.

Hv. þm. Svavar Gestsson, einn af yfirskoðunarmönnum ríkisreiknings, hélt því fram í sinni ræðu áðan, að það væri ekki á árinu 1993 um neinar breytingar að ræða samsvarandi þeim breytingum sem áður urðu þegar var verið að breyta reglum um uppfærslu á skuldum ríkisins á efnahagsreikningi. Þetta er auðvitað rangt. Á sl. ári voru gerðar breytingar á reglum sem gerðu það að verkum að eignir ríkisins, útistandandi eignir ríkisins, voru lækkaðar sem varð aftur til þess að hallinn, bókhaldslegur halli, reikningshalli ríkissjóðs, varð meiri en greiðsluhallinn. Það verður að hafa það sem sannara reynist.

Hv. þm. koma hér upp hver á fætur öðrum og segja: Við erum hérna með tölur frá Seðlabankanum. Þeir tala um Seðlabankann eins og þetta sé einhver guðleg stofnun sem sendi frá sér heilagan sannleik í öllum málum. Ég ætla ekki að gera lítið úr Seðlabankanum, mér dettur það ekki í hug. En í fskj. með minnihlutaálitinu er einmitt fjallað um fjárlagahallann frá 1991 og þar stendur að fjárlagahallinn 1991 hafi verið 11 milljarðar, 1992 9,5 milljarðar, 1993 10,6 milljarðar og 9,6 milljarðar er hann skráður á yfirstandandi ári. Ég spái því að hann verði kannski í kringum 9 milljarðar og hann er 7,5 milljarðar en ekki 6,5 milljarðar á næsta ári. Þetta eru allt tölur sem koma frá Seðlabankanum. Það má reikna þær og leggja þetta saman. Ég skal taka undir það. Þetta eru þær tölur sem menn telja auðvitað réttastar núna í greiðsluhalla ríkissjóðs og það verður auðvitað að bera saman halla frá einu ári til annars á sambærilegum grunni.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon tók þennan halla síðan fyrir og sagði að ég væri skuldakóngur o.s.frv., þessa gömlu þulu sem hv. þm. Svavar Gestsson hefur farið með svo margoft og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon er að læra af honum. Ég bið menn um að bíða aðeins. Í febrúar kemur skýrsla um ríkisfjármálin á yfirstandandi ári og þá skulum við ræðast við um þetta. En ég ætla að segja hv. þm. eitt og það er þegar hann var að ræða um viðskiptahallann. Það er nefnilega þannig að þegar um viðskiptahalla er að ræða, þ.e. þegar þjóðin er að safna erlendum skuldum, þá græðir ríkissjóður á því. Árið 1991 var hallinn á viðskiptum við útlönd um það bil 20 milljarðar kr. Af því fékk auðvitað ríkissjóður sinn skammt. Það verður þess vegna þegar við erum að tala um árangur í ríkisfjármálunum að taka tillit til þess að nú höfum við náð þessum árangri án þess að skattleggja skuldaaukningu þjóðarinnar erlendis. Þessu verður að halda til haga og þetta veit ég að hv. þm., sem er glöggur og vel gefinn, skilur ef hann hugsar aðeins sinn gang.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa þessi orð miklu fleiri. Það liggur fyrir í fyrsta lagi að fjárlögin eru afgreidd með tveggja milljarða lægri halla en á yfirstandandi ári. Í öðru lagi bendir margt til þess að hallinn í ár verði undir fjárlagahallanum. Í þriðja lagi hefur komið glögglega í ljós að viðskiptahallanum hefur verið eytt og íslenska þjóðin er að greiða niður erlendar skuldir, líklega þriðja árið í röð. Í fjórða lagi gerist það í fyrsta skipti á næsta ári að tekjur og gjöld eru lægra hlutfall af vergri landsframleiðslu heldur en verið hefur á undanförnum árum og það þarf að fara aftur til 1987 til þess að finna jafnlágt hlutfall. Og loks, virðulegi forseti, þá hafa fáir haft orð á því að á sl. ári eða á yfirstandandi ári, dróst atvinnuleysið sam-

an sem betur fer og það fólst m.a. í því að hér voru sköpuð 1.500 ný störf. Ég tel að ríkisfjármálin séu þrátt fyrir allt í það góðu lagi að þau geta verið grunnur fyrir íslensku þjóðina, grunnur fyrir stöðugleika, grunnur fyrir að kaupmáttur geti aukist í takt við efnahagsbatann og að því held ég að allir hljóti að stefna.

[18:58]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það þarf kokhraustan mann til að lýsa því yfir hér, með 40 milljarða halla kjörtímabilsins á bakinu, með 100% aukninu í nettóskuldum ríkissjóðs á kjörtímabilinu, að ríkisfjármálin séu í góðu lagi. Ef það er í góðu lagi að vera með 40 milljarða halla á einu kjörtímabili og 100% aukningu í hreinum skuldum ríkissjóðs á kjörtímabilinu þá vil ég biðja hæstv. fjmrh. að útskýra hugtakið, hvað er að vera með ríkisfjármálin í slæmu lagi? (**Gripið fram í:** Bókhaldið er í lagi.) Hvað er að vera með ríkisfjármálin í slæmu lagi?

Auðvitað er það þannig, hæstv. fjmrh., að þetta er engan veginn í góðu lagi, það er bara betra að viðurkenna það alveg eins og hæstv. fjmrh. viðurkenndi það núna í þessari ræðu sinni að ríkisstjórninni hefði mistekist við afgreiðslu fjárlaga að ná markmiðum fjárlagafrv. í greinargerð. Og það ber að virða það að hæstv. fjmrh., Friðrik Sophusson, viðurkennir nú hér í fyrsta sinn að ríkisstjórninni mistókst að uppfylla frumforsendur fjárlagafrv. við afgreiðslu fjárlaga, þá frumforsendu sem vitnað var í hvað eftir annað í dag og er endurtekin hvað eftir annað í aðalkafla greinargerðar fjárlagafrv., að nota tekjubata þjóðarinnar til að minnka halla ríkissjóðs. Og ríkisstjórn sem mistekst að uppfylla meginmarkmið fjárlagafrv. hefur auðvitað mistekist í sínum grundvallaratriðum. Það er líka fáránleg kenning, hæstv. fjmrh., að reyna að halda því fram að það sé hagstætt fyrir þjóðina, eins og hæstv. fjmrh. orðaði það, hagstætt fyrir þjóðina að ríkissjóður verði að sækja 11 milljarða erlendis til að fjármagna sig á yfirstandandi ári og atvinnulífið fari með 7 milljarða úr landi þannig að um 18 milljarðar samtals komi þarna til greina. Ef það er hagstætt fyrir þjóðina, hæstv. fjmrh., að haga málum þannig er auðvitað slíkur grundvallarmisskilningur á ferðinni hjá hæstv. ráðherra um framtíðarvelsæld íslenskrar þjóðar að æskilegt væri að hæstv. ráðherra fengi sér smáleiðbeiningu í því á hverju hagstæð sæld þjóðar er byggð.

[19:00]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Auðvitað er erfitt að segja nákvæmlega fyrir um það hvenær fjármálastjórn er góð og hvenær ekki en ein aðferð er til og það er að bera hana saman við það sem gerist hjá öðrum þjóðum. Sé það gert og t.d. með því að bera saman ríkissjóðshallann hér á landi við ríkissjóðshalla í öðrum löndum þá kemur í ljós að ríkissjóðshallinn hér sem hlutfall af landsframleiðslu er tiltölulega lágur og það þrátt fyrir það að þessi þjóð hafi mátt þola lakari ytri aðstæður en margar aðrar þjóðir eða a.m.k. hafa aðstæðurnar ekki verið betri. Þetta er annars vegar.

Síðan kemur hv. þm. og það er kannski dæmigert fyrir það hvernig hann reiknar, hv. þm. sem er úr stærðfræðideild segir: Hvernig gengur það saman að það sé gott að íslenska ríkið taki lán erlendis fyrir 11 milljarða og að atvinnulífið greiði niður skuldir sínar um 7 milljarða? Hvernig má það vera gott þegar þetta eru samtals 18 milljarðar? Hvernig í ósköpunum getur hv. þm. talað svona? Auðvitað á hann ekki að leggja tölurnar saman. Hann á að draga aðra töluna frá hinni, munurinn er 4 milljarðar. Það er nettóskuldaaukning þjóðarinnar. Um það snýst málið. En hv. þm. liggur svo á að gagnrýna ríkisstjórnina að hann leggur töluna saman í stað þess að draga aðra frá hinni.

[19:02]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Út af fyrir sig er alveg rétt að það liggur ekki beint við að leggja saman þessa 11 milljarða og þessa 7 milljarða. (Gripið fram í.) Hæstv. fjmrh. skal nú bara vera rólegur augnablik. En tölurnar báðar eru hins vegar ágætur mælikvarði um það að annars vegar hefur ríkið þurft að sækja sér 11 milljarða á erlendan vettvang og hins vegar hafa streymt úr landi 7 milljarðar vegna verðbréfakaupa erlendis og það er mikill misskilningur hjá hæstv. ráðherra að það sé allt til þess að greiða niður skuldir. Ég veit ekki betur en t.d. í þeirri tölu séu m.a. kaup á verðbréfum ríkissjóðs erlendis og væri fróðlegt ef hæstv. ráðherra vildi ekki staðfesta það að í 7 milljarða tölunni eru m.a. kaup á verðbréfum ríkissjóðs erlendis. Ef það er rétt er það auðvitað miklu skarpari gagnrýni á það að leggja tölurnar saman en það sem hæstv. ráðherra var að fullyrða hér áðan og virðist hann ekki sjálfur einu sinni gera sér grein fyrir því hvað er falið í þessari 7 milljarða kr. tölu. Að því leyti væri auðvitað rétt að rifja það upp sem hæstv. utanrrh. sagði við stefnuumræðuna 1993 að þótt Svíar séu með meiri halla hjá sér en við fjármagna þeir hallann alfarið hjá sjálfum sér og það var meginkenning Sjálfstfl. meðan hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson hélt á efnahagsmálum fyrir flokkinn að það væri grundvallaratriði fyrir íslenska þjóð að fjármagna hallann á ríkissjóði hjá sjálfri sér með lántökum innan lands. En það virðist sem núverandi forusta Sjálfstfl. hafi ekki áttað sig á þeim mun og geri engan greinarmun á því hvort ríkissjóður fjármagnar sig með erlendum lánum eða innlendum lánum. Staðreyndin er sú að hvort tveggja hefur mistekist, bæði það að fjármagna ríkissjóð innan lands á markaði vegna þess að markaðurinn hefur ekki viljað kaupa verðbréf ríkissjóðs og svo hitt að treysta atvinnulífið þannig í landinu að þeir sem hafa yfir peningum að ráða, einstaklingar og lífeyrissjóðir, kjósi frekar að fjárfesta í íslenska hagkerfinu en að fjárfesta erlendis.

[19:05]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er afskaplega feginn því að hv. þm. sá að sér og skilur það nú að málið snýst um muninn á þessum tveimur tölum en það er ekki hægt að

leggja þær saman. Það skiptir ekki máli hvort um er að ræða eignaaukningu erlendis eða niðurgreiðslu á skuldum íslensku þjóðarinnar. Hvort tveggja er gott. Þegar íslenska ríkið fer á erlendan markað og það þarf kannski mjög góða samninga eins og gerðist á yfirstandandi ári í febrúar í Bandaríkjunum þegar vextirnir voru lægstir kann það að vera mjög heppilegt að láta eftir íslenska markaðinn fyrir þá sem þurfa að nota hann, t.d. sveitarfélög, sjóði og fyrirtæki. Þetta kann að vera heppilegt og eðlilegt.

En ég kom fyrst og fremst upp til þess að hæla hv. þm. fyrir það að hann er einn af þeim sem getur séð að hann hefur stundum rangt fyrir sér og er maður til að koma upp og viðurkenna það.

[19:06]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Hér fyrr í umræðunum í dag var margvíslegum spurningum og athugasemdum beint til hæstv. forsrh. Þá kom hæstv. forsrh. upp í andsvari, fór að leika sér að tölum í skoðanakönnunum og bað um stjórnmálafræðilegar skýringar á þeim og gaf síðan það fyrirheit, ekki bara einu sinni heldur tvisvar, að hann kæmi upp í umræðunum og svaraði þeim spurningum og þeim efnisatriðum sem til hans hefur verið beint. Það er auðvitað mjög merkilegur vitnisburður að hæstv. forsrh. skuli síðan ekki treysta sér til þess og ætli að láta ljúka umræðunni eins og orð forseta gáfu til kynna án þess að hæstv. forsrh. færi í vörnina eða sóknina varðandi stöðu ríkisstjórnarinnar og viðskilnað hennar við lok kjörtímabilsins.

Hér voru settar fram mjög alvarlegar lýsingar á viðskilnaði ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar, Sjálfstfl. og Alþfl., eftir stjórnina á ríkisfjármálum, peningamálum og vaxtamálum í þessi fjögur ár. Hér voru settar fram tölur um það að hallinn væri samtals um 40 milljarðar, að ríkisstjórnin væri nú að fara inn á þá braut gagnstætt fyrri yfirlýsingum að nota bata í þjóðartekjum, ekki til þess að minnka hallann, heldur láta hann aukast. Hæstv. fjmrh. var rétt í þessu að viðurkenna að það væru alvarleg mistök og ætlar þá hæstv. forsrh. að láta þar við sitja að hæstv. fjmrh. lýsi því yfir skýrt og afdráttarlaust að þetta grundvallaratriði í efnahagsstefnu fjárlagafrv. hafi mistekist og ríkisstjórn Davíðs Oddssonar ætli að stíga fyrsta skrefið á þeirri braut með fjárlögum og lánsfjárlögum fyrir árið 1995 að auka ríkissjóðshallann þrátt fyrir auknar þjóðartekjur, þvert á viðurkennd efnahagslögmál, þvert á ráðleggingar allra efnahagsstofnana og þvert á yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í fjárlagafrv.

Í þriðja lagi var svo sýnt fram á það hvað eftir annað að í tíð ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar, Sjálfstfl. og Alþfl., hefur hrein skuldaaukning hins opinbera aukist um 100%, að munurinn á árunum 1990–1991, sem forsvarsmenn ríkisstjórnarinnar hafa notað hvað eftir annað til að fordæma það sem að þeirra dómi var slæm efnahagsstjórn, stóðu hreinar skuldir hins opinbera í stað. Það var aðeins breyting á þeirri stöðu á árinu 1989 á valdatíma fyrri ríkisstjórnar miðað við fyrri ár. En á öllum árum þessarar ríkisstjórnar hefur orðið samfelld aukning í hreinum skuldum hins opinbera þannig að nú eru þær komnar upp í 35% af landsframleiðslu úr 15% 1990 og 1991. Þetta er auðvitað slíkt risavaxið stökk og þrengir ekki bara svigrúm hins opinbera á næstu árum til þess að snúa við og gera ýmsa góða hluti fyrir atvinnulífið og þegnana í landinu heldur þrengir þetta einnig atvinnulífið í landinu, hæstv. ráðherra. Þess vegna er gersamlega út í hött að hæstv. fjmrh. sé að koma hér og halda því fram að ríkisstjórnin hafi dregið eitthvað sérstaklega úr ríkisumsvifunum. Hún hefur aukið skuldir hins opinbera af landsframleiðslu á þann hátt að þegar hún tók við voru hreinar skuldir hins opinbera aðeins um 15% af allri landsframleiðslunni. Núna eru þær komnar upp fyrir þriðjung af landsframleiðslunni. Halda menn að það komi ekki niður á svigrúmi atvinnulífsins og svigrúmi einstaklinganna og heimilanna í landinu þegar búið er að skuldsetja ríkið með þessum hætti? Auðvitað gerir það það. Það er auðvitað mjög merkilegt að forusta Sjálfstfl., sem hefur haft það sem meginstefnu að draga úr umsvifum ríkisins og efla svigrúm atvinnulífsins í efnahagskerfinu, skuli skilja þannig við að rúmur þriðjungur af landsframleiðslunni sé fyrir fram merktur vegna skulda hins opinbera. Engin ríkisstjórn hefur þrengt eins mikið að atvinnulífinu í landinu í komandi framtíð með því að setja fram skuldabagga af þessu tagi eins og hér hefur verið gert. Þeir sem taka við í framhaldinu geta vissulega, ef þeir kæra sig um, haft á orði harðari dóma um fortíðarvanda en settir voru fram þegar núverandi ríkisstjórn tók við því að það verður erfitt verk fyrir ríkisstjórnir á næstu árum að snúa ofan af þessari hækkun, hæstv. forsrh., að færa súlurnar í reikningsskuldastöðu hins opinbera niður í það þó ekki væri nema það sem var 1991, það verður risavaxið verkefni í ríkisfjármálum á næstu árum að ná hreinni skuldastöðu íslenska ríkisins niður í það sem var vorið 1991. Mér er til efs að það takist á einu kjörtímabili þannig að það verður ekki fyrr en eftir aldamót sem það mun takast að koma skuldum hins opinbera niður í það sem þær voru þegar núv. ríkisstjórn tók við. Svo koma menn hér upp eins og hæstv. fjmrh. og segja að hlutirnir séu í góðu lagi, þetta sé góð efnahagsstjórn og menn geti bara þakkað fyrir góðan árangur.

Í fjórða lagi hefur svo verið rætt um það hvað eftir annað, hæstv. forsrh., að núv. ríkisstjórn er að fara inn á þær brautir í auknum mæli á síðari missirum að sækja sér rekstrarfé á erlenda lánamarkaði, ekki fjárfestingu heldur rekstrarfé. Ríki sem eru farin að reka sig fyrst og fremst á erlendum lánamörkuðum eru auðvitað komin inn á ákveðna hættubraut, sérstaklega þegar því er haldið áfram þegar batamerkin fara að sjást. Hugsanlega er hægt að réttlæta slíka þróun ef verið er að ráðast í meiri háttar fjárfestingu sem skilar arði í framtíðinni eins og virkjanir eða annað. Það hefði verið óhjákvæmilegt að taka erlend lán ef menn hefðu farið í virkjanir vegna stórframkvæmda. En þegar það er gert á sama tíma og fjárfestingarstigið er að falla svo mjög að lengi þarf að leita í hópi þeirra landa sem við helst viljum bera okkur saman við á Vesturlöndum til þess að finna jafnlágt fjárfestingarstig og er hér hjá

okkur á Íslandi er auðvitað alveg ljóst að hér er verið að fara inn í mjög hættulegar brautir.

Í fimmta lagi, hæstv. forsrh., rifjaði ég upp þá meginyfirlýsingu í stefnuræðu hæstv. forsrh. 4. okt. að ríkisstjórnin mundi tryggja á næstunni vaxtalækkun og það væri sú vaxtalækkun vetrarins sem kæmi atvinnulífinu í gang, vera undirstaðan fyrir bættum lífskjörum og leiða síðan til árangursríkra kjarasamninga og áframhaldandi stöðugleika. Nú hefur hæstv. fjmrh. staðfest í svörum sínum að í staðinn fyrir vaxtalækkanir er hér samfelld þróun vaxtahækkana á undanförnum mánuðum, jafnvel svo að hæstv. fjmrh. viðurkennir það hér að hækkunin, raunvaxtahækkunin á skammtímabréfum ríkissjóðs er 15–25% á síðustu fimm mánuðum. Það eru vissulega lágar prósentutölur, það er alveg rétt hjá hæstv. fjmrh. og hann varð að hlaupa aftur í samanburð á árinu 1993, en það var bara svar sem var fullkomlega út í hött vegna þess að við vorum að tala um þróunina, hæstv. fjmrh., og bera það saman við það fyrirheit sem hæstv. forsrh. gaf í stefnuræðunni 4. okt. Hæstv. fjmrh. gafst líka algerlega upp við það í svörum sínum og það er rétt að halda því til haga að skýra það hver sé ástæðan fyrir því að ríkissjóður hefur hvað eftir annað lent í því að geta ekki tekið tilboðum eða látið ganga fram útboð á langtímaskuldabréfum.

Í nál. minni hlutans hefur verið birt athyglisverð tafla frá Seðlabanka Íslands þar sem hvað eftir annað kemur fyrir á undanförnum vikum og mánuðum: Útboði ekki tekið. Það eru engar vaxtatölur í þessum dálkum hér, bara útboði ekki tekið. (**VE:** Það er góð staða að geta hafnað því.) Það er góð staða að geta hafnað því, segir hv. þm. Vilhjálmur Egilsson. En hvers vegna hefur verið hægt að hafna því? Það er af því að menn hafa farið á erlendan lánamarkað, hv. þm. Það er af því að íslenski peningamarkaðurinn hefur sagt: Útboði ekki tekið og þess vegna ekki boðið í þá pappíra sem ríkið er að leggja fram. Það er ekki góð staða, hv. þm., og það veit hv. þm. ósköp vel.

Það er ekkert gaman fyrir ríkissjóð eða fjmrh. að þurfa að horfa framan í töflur af þessu tagi þar sem fjmrn. leitar eftir tilboðum. Ef fjmrn. hefði ekki gert neitt í málinu þá væri kannski hægt að halda því fram sem hv. þm. Vilhjálmur Egilsson var að reyna að gera hér í frammíkalli, en það var bara ekki gert. Fjmrn. reyndi bara aftur og aftur. Hver er skýringin, hv. þm.? Er ekki skýringin sú að sú vaxtastefna sem hæstv. forsrh. boðaði í stefnuræðunni er hrunin? Hún er hrunin, hv. þm. Markaðurinn hefur dæmt hana af og það veit hv. þm. Vegna þess að ekki einu sinni aðildarfyrirtæki Verslunarráðsins eru reiðubúin að kaupa þessa pappíra á því verði sem fjmrn. er að reyna að selja þá á.

Í sjötta lagi hefur það svo komið fram í þessum umræðum að kröfur Seðlabankans á ríkissjóð eru nú við lok þessa árs u.þ.b. 100% hærri en þær voru í árslok 1991. Það hefur verið notað hér ár eftir ár sem vitnisburður um viðskilnað síðustu ríkisstjórnar, um þá efnahagsstjórn sem aldrei mætti aftur innleiða á Íslandi, hver hafi verið staða ríkissjóðs gagnvart Seðlabankanum, en í þessu nál. kemur það fram í fyrsta sinn að á sama tíma og í árslok 1991 voru nettókröfur Seðlabankans á ríkissjóð 8,7 milljarðar. Þær eru nú 16 milljarðar og hafa meira að segja fyrr á þessu ári komist upp í 17,6 milljarða. Hvað segja þeir menn, hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh., sem hér dæmdu mjög hart árið 1991, við þessum tölum? Hæstv. fjmrh. treysti sér ekki til þess að segja orð. Hæstv. fjmrh. treysti sér ekki til þess að segja orð um þessar upplýsingar Seðlabankans í sinni svarræðu hér áðan vegna þess að hún sýnir með afgerandi hætti að það er búið að reka ríkissjóð og halda ríkisstjórn Davíðs Oddssonar á floti af Seðlabankanum á undanförnum missirum. Það er Seðlabankinn sem hefur haldið þessari ríkisstjórn á floti, sem hefur gert það kleift að ríkisstjórnin hefur ekki þurft að horfast í augu við þennan mikla vanda. En það kemur að því, hæstv. forsrh., það kemur að því að það verður að horfast í augu við þennan vanda og hann er tvöfalt meiri en hann var í árslok 1991. Það er því ekki aðeins þannig að ný landsstjórn þurfi að taka hér við 100% aukningu í hreinum skuldum hins opinbera á kjörtímabilinu, 100% aukningu, heldur verður hún einnig að taka við ástandi sem krefst brýnna aðgerða vegna 100% aukningar á kröfum Seðlabankans gagnvart ríkinu, úr 8 milljörðum í u.þ.b. 16 milljarða. Og það getur ekki beðið, það er staða sem verður að taka á strax en bæði Sjálfstfl. og Alþfl. hafa í þessum umræðum skilað auðu, skilað algerlega auðu í umfjöllun um það vandamál. Þess vegna er það nú þannig að umræðan í dag hefur leitt í ljós að Alþfl. reynir ekki einu sinni að verja þá stöðu sem hér er við viðskilnaðinn þar sem enginn af þeim ráðherrum Alþfl. sem ber ábyrgð á efnahagsmálum hafa reynt að taka þátt í umræðunum.

Fjmrh. viðurkenndi í svarræðu sinni hér áðan að ríkisstjórninni hafi mistekist það sem hún setti sér í fjárlagafrv. Og hæstv. forsrh. ætlaði að láta þessari umræðu ljúka án þess að efna það fyrirheit sitt að svara þeirri efnislegu gagnrýni og ábendingum sem hér hafa komið fram. En því miður er það þannig, hæstv. forseti, að það verður erfitt og mikið verk fyrir nýja landsstjórn að loknum kosningum að takast á við þann viðskilnað sem þessi ríkisstjórn skilur eftir sig í ríkisfjármálum og efnahagsmálum.

[19:21]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti. Ég vil taka það fram strax í upphafi að það var ekki ætlun mín að svíkja hv. þm. um það að taka þátt í þessum umræðum. Ég verð þó að viðurkenna það að mér fannst að hæstv. fjmrh. hefði svarað í öllum meginatriðum þeim athugasemdum og spurningum sem hv. þm. hafði komið fram með þannig að ég taldi óþarft að ég færi að endurtaka það sem hæstv. fjmrh. hefði sagt. Að vísu kom hér annar hv. þm., 4. þm. Norðurl. e., og spurði mig hvort ég væri fáanlegur til þess að flytja hér aftur ræðu mína frá því í október í ár og jafnvel kannski ræðuna frá því í fyrra líka. Ég er reyndar ekki eins flinkur og hann að flytja sömu ræðuna aftur og aftur, hann gerir það öllum mönnum betur og hef ég heyrt sömu ræðuna mörgum sinnum hjá hv. þm. og á hann hrós skilið fyrir hversu

vel hann getur flutt sömu ræðuna aftur og aftur. Ég er ekki eins flinkur við það og treysti mér ekki til þess, enda kemst enginn þingmaður með tærnar þar sem hv. þm. hefur hælana í þeim efnum.

Út af fyrir sig má segja að þessi áhersla sem hv. þm. hafa hér, af hálfu Alþb., lagt á ríkissjóðshallann sé af hinu góða. Afar góð áhersla að mínu mati. En þegar maður horfir til þessa halla, sem þeir vilja nú mæla sem mestan hér við lok þessarar umræðu og lok þessa kjörtímabils, því sem næst, þá hlýtur það að rifjast upp fyrir manni að þegar menn hafa staðið í ströngu við það að reyna að draga úr útgjöldum, sem er ein meginleið til þess að minnka halla ef menn vilja ekki auka skatta, þá hefur vantað hjálp frá þessum hv. þm. Þá hafa þeir komið hver á fætur öðrum og ráðist á það að þessi útgjöld skyldu ekki vera höfð áfram í jafnríkum mæli og áður var, á hvaða sviði sem var, að menn skyldu ekki ganga fram af fullkomnu ábyrgðarleysi í margvíslegum útgjöldum sem ríkisstjórnin hefur reynt að stemma stigu við. Þá hefur gagnrýnin ekki verið sú að menn væru að auka í ríkissjóðshalla ef þeir létu laust þegar rætt væri um fjárlög og halla á fjárlögum. Nei, öðru nær. Þá hefur það verið brýnt og tekið undir með öllum þeim sem gert hafa kröfur á ríkissjóð og reynt að sýna fram á að ríkisstjórnin og fjmrh. sérstaklega væru í fullkomnum fjandskap við margvíslega hagsmunahópa og almenning í landinu með því að leitast við að spara. Þegar þessi forsaga er höfð í huga og þegar menn minnast hennar þá hljóma þessar stóru ræður hér, fluttar með alvöruþunga og upphrópunum, ekki mjög sannfærandi, a.m.k. ekki fyrir mig.

Það gladdi mig auðvitað þegar hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, 8. þm. Reykn., viðurkenndi áðan og var út af fyrir sig, eins og hann vill orða það, nokkuð sögulegur atburður, að það skipti máli hvort maður væri að draga frá eða leggja saman. Hv. þm. viðurkenndi það hér áðan að það væri út af fyrir sig ákaflega merkilegt. En af því að hv. þm. viðurkenndi það þá hélt ég að hann mundi hætta að halda því fram að ríkisstjórnin væri ekki að nota ábatann til þess að draga úr ríkissjóðshalla. En hann hélt áfram að fara vitlaust með þessi tvö mikilvægu reikningsmerki því það er þannig að þegar halli fer úr 9,6 milljörðum í 7,5 milljarða þá er hann að lækka en ekki hækka. Og fyrst hv. þm. hafði haft vilja til þess að viðurkenna að plúsar og mínusar gætu skipt máli í þessum efnum þá hefði hann átt að láta það gilda líka í þessu dæmi, því hann hefur margoft sagt að við hefðum ekki notað efnahagsbatann til þess að lækka hallann. En við erum að lækka hann um 2 milljarða kr., hv. þm., það veit hv. þm., úr 9,6 milljörðum kr. í 7,5 milljarða kr. eða svo eða um 2 milljarða kr. Og það er einmitt það sem meira er að þessi tala, 9,6 milljarðar, það stefnir flest í að þessi tala muni haldast, að fjárlagafrv. fyrir það ár sem nú er að líða, standist. Það hefði verið saga til næsta bæjar í tíð hv. þm., sem hæstv. fjmrh., að fjárlagafrv. stæðist.

Ég minnist þess að þegar hv. þm., þá hæstv. fjmrh., flutti og kynnti almenningi fjárlagafrv. sitt að hann sagði að þetta væri fyrsta alvörufjárlagafrv. sem hefði verið lagt fram. Einhver fréttamaður spurði þá hv. þm. hvort hann vildi leggja höfuðið að veði fyrir þessu frv. Hv. þm. þótti bersýnilega vænt um höfuð sitt, sem vonlegt er, þetta er myndarlegt höfuð og mikið í því, eins og menn sjá hér í ræðustólnum og hann vildi ekki leggja það að veði. Kannski fjármálaráðherrahöfuðið, sagði hann, og það fauk svo sannarlega því að í fjárlagafrv. stóð ekki steinn yfir steini. (**Gripið fram í:** Hitt tollir.) Hitt tollir og ber sig bara vel. Það stóð ekki steinn yfir steini í öllu því fjárlagafrv. þegar reikningarnir voru gerðir upp. Nú bendir hins vegar flest til þess að fjárlagafrv. fyrir árið í ár standist og þess vegna getum við horft til þess að það fjárlagafrv. sem við höfum nýafgreitt fyrir næsta ár sé líka á góðum grunni reist. Og þá erum við að tala um frv. þar sem hallinn minnkar, m.a. vegna batnandi afkomu þjóðarinnar, um 2 milljarða kr. Og það var það sem hv. þm. var alltaf að gagnrýna okkur fyrir, að hafa ekki gert, en það er akkúrt það sem við gerum, hv. þm., og er nú áríðandi að hv. þm. fari að átta sig á því að það er akkúrat það sem við gerum.

Hv. þm. talaði nokkuð um vexti. Og það er alveg rétt að við sögðum þegar fjárlagavinnan stóð yfir að það væri áríðandi að við þá fjárlagavinnu mundi vinnan skila sér þannig að það hefði ekki neikvæð áhrif á vexti. Og fjármálaspekingar hins opinbera lögðu á það ríka áherslu að fjárlagafrv. yrði ekki afgreitt með meiri halla en 9,6 milljörðum kr. því að það hefði vond skilaboð í för með sér og mundi hafa vond áhrif á vexti. Fjárlagafrv. er afgreitt með 7,5 milljörðum kr. en ekki 9,6 milljörðum, eins og fyrr var sagt.

En það má út af fyrir sig viðurkenna það að við stöndum í ákveðinni varnarbaráttu fyrir vextina, eins og við viljum öll standa í. Nú segir hv. þm. að vextirnir mælist hærri á verðbréfaþingi heldur en við viljum sætta okkur við, kannski 0,2–0,3%, úr 5,0 í 5,2–5,3%. Raunvextir mældust þegar við tókum við á sama verðbréfaþingi 8,3%, hvorki meira né minna, og svo talar hv. þm. um það að í þessum efnum hafi ekki náðst neinn árangur. Hversu miklu heldur þú að þetta skipti fyrir fyrirtækin í landinu og fyrir heimilin í landinu, þessi 3%, næstum því helmingsmunur sem þarna er á þeim raunvöxtum sem fólkið og fyrirtækin í landinu eru að greiða? Þetta virðist líka hafa farið fram hjá hv. þm. þegar hann talar um að nú á verðbréfaþingi seljist bréf með 0,2–0,3% hærri vöxtum en ríkissjóður hefur viljað sætta sig við. Það er mjög áríðandi að menn átti sig á þessum þáttum öllum.

Í hagvísi frá Þjóðhagsstofnun, sem endar á orðunum gleðileg jól og var gefinn út 21. des., er lýst nokkrum breytingum sem hafa orðið á umsvifum í þjóðfélaginu. Umsvifin eru rakin og þar er m.a. sagt, með leyfi forseta:

„Staðgreiðsluskyldar tekjur hafa farið vaxandi það sem af er árinu og stefna í að verða 2–3% meiri að meðaltali en í fyrra. Þessi tekjuauki stafar bæði af hækkun launa og aukinni atvinnu og umsvifum í þjóðarbúskapnum.“ Svo segir áfram, með leyfi forseta: „Þessar breytingar benda til kaflaskila í efnahagslífinu. Stöðnunarskeiðið sem hófst á árinu 1988 virðist á

enda.“ Stöðnunarskeiðið sem hófst á árinu 1988. Hvað var það annað sem hófst á árinu 1988 en stöðnunarskeiðið? Fjármálaráðherraferill hv. þm. Það fylgdist sem sagt að, stöðnunarskeiðið og ferill hv. þm. Ég er ekki að segja að það sé út af fyrir sig honum að kenna endilega og vil vera sanngjarnari í dómum um hann heldur en hann um mig og mína ríkisstjórn. En það stendur eins og stafur á bók að þá hófst stöðnunarskeiðið, á sama tíma og fjármálaráðherraferill hv. þm. Fjármálaferli hv. þm. hins vegar lauk en það tók lengri tíma að ljúka stöðnunarskeiðinu sem hófst með ferli hans. (Gripið fram í.) Þó aðrir þættir kunni að hafa komið þar við sögu en ferill hv. þm. En þetta eru þó þýðingarmiklar dagsetningar sem þarna rekast saman af tilviljun. Það er fróðlegt fyrir fólk að skoða það í sögulegu samhengi. A.m.k. tókst ekki hv. þm. sem hæstv. fjmrh. landsins að binda enda á þetta stöðnunarskeið. Honum tókst að binda enda á feril sinn og út af fyrir sig má færa honum þakkir fyrir það. En það hefði verið betra ef hv. þm. hefði líka getað haft áhrif í þá áttina að binda enda á stöðnunarskeiðið. Það gerði hann ekki.

Það erum við hins vegar að gera hér og nú eins og hér er lýst. Þegar ég sagði frá því sl. vor að kreppunni væri ekki lokið en það væru batnandi merki hvarvetna, hvernig var við því brugðist? Það væri ómerkilegur áróður sem fengi ekki staðist. Nú er þó talað um bata af hv. þm. Hins vegar telur hv. þm. að við notum ekki efnahagsbatann rétt. En það er viðurkennt nú að sá bati sem ég sagði að væri í vændum er kominn. Þar hefur allt gengið heldur hraðar fram en ég af varfærni spáði að mundi gerast.

Það er nefnilega þannig að við erum ekkert feimnir við það stjórnarsinnar að ræða feril þessarar ríkisstjórnar í efnahagsmálum. Það var þess vegna ekki af þeim ástæðum, eins og ég sagði áðan, að ég hefði ætlað að svíkja hv. þm. um að taka þátt í umræðunum heldur vegna þess að mér fannst hæstv. fjmrh. hafa svarað ágætlega þeim spurningum sem fram höfðu komið.

Þessi ríkisstjórn setti sér það að markmiði þegar hún tók til við að rjúfa þá stöðnun og kyrrstöðu sem komin var á og ég var að vitna í og sem hófst um sama leyti og fjármálaráðherraferill hv. þm. Vegna óhagstæðra ytri skilyrða tók þetta lengri tíma en ella en það tókst og er að takast. Þetta er það sem fólk er að átta sig á og er að skilja og skynja. Og það er einmitt þess vegna, held ég, sem hv. þm. setur á allar þessar dæmalausu ræður og dregur upp allar þessar sérkennilegu myndir sem eiga ekki neina stoð í veruleikanum þegar hann vill ræða efnahagsástandið hér og nú.

Við erum sem sagt að horfast í augu við það að í fyrsta skipti í sjö ár er hagvöxtur að verða allnokkur, jafnvel verulegur. Það eru mikil kaflaskil. Það eru kaflaskil sem byggjast á árangri sem menn hafa náð. Það markmið sem ríkisstjórnin setti sér, að tryggja stöðugleikann í þjóðarbúskapnum, hefur tekist. Það getur enginn neitað því að það markmið hefur tekist. Verðbólgan hefur verið hin sama og í okkar nágrannalöndum nánast allt kjörtímabilið og sú staðreynd hefur haft gríðarlega mikla þýðingu fyrir þá sem þurfa að reka atvinnufyrirtæki í landinu. Enginn af þessum þáttum var tíundaður í ræðu hv. þm. en það hefði gert ræðu hans mikið sanngjarnari ef hann hefði tíundað þætti af þessu tagi.

Það er líka staðreynd að erlend skuldasöfnun hefur verið stöðvuð. Auðvitað veit hv. þm. og hefur til þess alla burði að vita að það skiptir miklu máli þegar ríkissjóður þarf að búa við halla að á sama tíma sé ekki þjóðarbúskapurinn allur rekinn með stórkostlegum halla. Það er nákvæmlega það sem hefur verið að gerast. Um leið og það hefur sem betur fer tekist, eins og hæstv. fjmrh. hefur þegar sagt, að reka ríkisbúskapinn með jákvæðari hætti en tekist hefur í okkar nágrannalöndum þá hefur á sama tíma tekist að greiða niður erlendar raunskuldir þjóðarinnar sem er afar mikilvægt. En það er ekki nóg með að erlendar skuldir hafi farið lækkandi. Hv. þm. sagði frá því og lenti reyndar í ógöngum með mínus og plús þegar hann talaði um þá þætti að Íslendingar væru að greiða niður erlendar skuldir og kaupa sér verðbréf erlendis. Allt þetta bendir til batnandi hags. Staðreyndin er jú sú og það verðum við þingmenn að skilja að þó við séum fylgjandi því að standa undir ríkri velferð í landinu þá gerist það ekki nema hagsmunum atvinnulífsins sé borgið. Hagsmunir atvinnulífsins og skilyrði hafa ekki verið betri í langan tíma í landinu þrátt fyrir að ýmsar ytri aðstæður hafi til skamms tíma gengið okkur í óhag. Það er almennt viðurkennt að samkeppnisstaða atvinnulífsins fyrir meðalgöngu ríkisvaldsins hefur verið gerð betri en í langan tíma þar á undan. Það er þess vegna, hv. þm., sem menn eru að ryðja stöðnuninni brott. Það er einmitt þess vegna sem það gerðist ekki í hans tíð sem hæstv. fjmrh. að menn gættu ekki að hafa þess undirstöðu í lagi. En samkeppnisstaða atvinnulífsins hefur batnað mjög mikið á þessum tíma.

Þessi samkeppnisstaða atvinnulífsins hefur skapað þjóðinni ný sóknarfæri. Og þetta er ekki bara sóknarfæri í einhverri ófyrirsjáanlegri framtíð. Þetta eru sóknarfæri sem þegar eru farin að nýtast. Hvernig sjáum við það? Við sjáum það í ört vaxandi útflutningi. Það er ekki síst hinn ört vaxandi útflutningur sem ýtir undir það nú að okkar viðskiptajöfnuður er hagstæðari en ella. Við sjáum það til að mynda í vexti ferðaþjónustunnar í landinu. Stöðugleikinn, bætt skilyrði, hafa auðvitað lagt grundvöllinn að verulegum vexti þar. Þetta hefur gerst í fleiri greinum. Stöðugleikinn, lág verðbólga, hagstæðari samkeppnisstaða atvinnulífsins, allt þetta sem er hin raunverulega efnahagsstefna, hv. þm., hefur gert það að verkum að við sjáum sóknarfæri fram undan og erum þegar byrjuð að nýta þau.

Það er viðurkennt, eins og ég sagði áðan, að vaxtahækkanir erlendis hafa gert það að verkum að tilhneiging til vaxtahækkunar á löngum bréfum hefur verið fyrir hendi, að vísu í mjög smáum stíl, en það er ekki vegna þess að lánsfjáreftirspurn ríkisins ýti upp vöxtum eins og gerðist í tíð hv. þm. sem hæstv. fjmrh. Nei, alls ekki. Því lánsfjáreftirspurn ríkisins hefur stórlega dregist saman frá þeim tíma þegar hv. þm. gegndi því veigamikla embætti. Engu að síður eru

vextirnir núna miklu hagfelldari íslensku atvinnulífi en áður og er enn einn þátturinn sem ýtir undir batnandi samkeppnisstöðu þess og um leið gerir það kleift í framtíðinni að íslenskt atvinnulíf auki kaupmátt fólksins sem í landinu býr því grundvöllurinn hlýtur að verða að vera í réttu lagi. Það er sem sagt stefna ríkisstjórnarinnar í vaxtamálum, í peningamálum, í gengismálum, sem hefur skapað þessi sóknarfæri.

Ég get sagt hv. þm. það að ég hef ekkert á móti því að ræða þetta mál ítarlega við hann. En ítreka það þó aftur að ég taldi að hæstv. fjmrh. hefði á marga lund svarað ræðum hans og annarra hv. þm. mjög vel. Ég fann það hins vegar að hv. þm. tekur nærri sér vorið 1991. Kannski hefur það verið meginvandamálið sem hann hefur verið að kljást við, ekki ríkisstjórnin og saga hennar, heldur vorið 1991. Ég held að það hefði verið hyggilegra fyrir hv. þm. og betra fyrir menn svo þeir gætu fengið að sjá hans fjármálaráðherraferil í réttu ljósi að viðurkenna að þá fór margt út böndum en vera ekki að láta eins og það hafi ekki gerst. Ég hygg nú, svo maður sé sanngjarn, að þá hafi hv. þm. á marga lund staðið sig ágætlega sem hæstv. fjmrh. En þarna brustu tökin. Ég hygg að það hafi ekki verið við hv. þm. að sakast sjálfan nema að litlu leyti. Ég hygg þess vegna að það væri betra fyrir hann þegar hans ferill er skoðaður af sanngirni þar sem margt var ágætlega gert, og ég kynntist því sjálfur sem aðili stórs fyrirtækis sem átti við hann ágætar viðræður, að viðurkenna að sá blettur sem féll á þann feril vorið 1991 var óheppilegur og ekki nema að litlu leyti við hann sjálfan að sakast.

[19:40]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það ber að þakka hæstv. forsrh. fyrir að hafa tekið til máls í umræðunni. Það gefur tilefni til að segja margt fleira en rúmast í andsvörum. Engu að síður er það þannig eftir þessa ræðu og eftir ræðu hæstv. fjmrh. að hvorugur þessara hæstv. ráðherra hafa sagt orð um það að hreinar skuldir ríkisins hafa aukist upp í 35% af landsframleiðslu og ekki orð um það hvernig núv. stjórnarflokkar ætla að snúa þeirri þróun við þegar á einu kjörtímabili hefur verið farið með skuldahlutfallið úr 15% í 35%.

Það var heldur ekki eitt orð í þessari ræðu um þær hrikalegu tölur að hreinar kröfur Seðlabankans á ríkissjóð sem voru 8 milljarðar í árslok 1991 eru núna 16 milljarðar. Það eru raunverulegir fjármunir, hæstv. fjmrh. og hæstv. forsrh., sem verður að glíma við. Hvar á að sækja þá 8 milljarða kr. til að koma kröfuhlutfallinu og stærðinni niður í það sama og var 1991? Hvert á að sækja þá milljarða til að koma skuldahlutfallinu niður í það sama og það var 1991? Það komu engin svör í þessari ræðu. Það er hið raunverulega verkefni næstu ára, að sækja þá milljarða sem þarf til þessa verkefnis.

Síðan fór hæstv. forsrh. í þann leik að bera saman annars vegar útkomu ársins 1994 og fjárlög og fyrirheit í fjárlögum fyrir árið 1995. Menn eru löngu hættir slíkum samanburði og meira að segja hæstv. fjmrh. viðurkenndi það áðan, hæstv. forsrh., að ríkisstjórninni hefði mistekist við afgreiðslu fjárlaganna að hrinda í framkvæmd þeirri stefnu sem var í greinargerð fjárlagafrv. Það er óþarfi fyrir hæstv. forsrh. að vera að reyna að halda til streitu því sem hæstv. fjmrh. er búinn að viðurkenna í ræðu að hafi mistekist.

[19:43]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vakti athygli á því að allt benti til þess að fjárlagafrv. fyrir það ár sem senn er gengið mundi halda þannig að fjárlagahalli upp á 9,6 milljarða yrði innan þess marks. Við erum þess vegna að tala um raunhæfar tölur. Ég tel að sú útkoma geri okkur kleift að halda því fram með sæmilegri reisn að líkur bendi til þess að fjárlagafrv. ársins í ár standist ekki síður. Þá erum við að tala um minnkun á halla um 2 milljarða kr.

Ég vek einnig athygli á því að hv. þm. hélt því fram, sem reyndar er ekki alveg rétt, að menn væru með halla sem eingöngu tæki til rekstrarþátta fjárlagafrv. Auðvitað er það ekki rétt. En ég vek athygli á því að við höfum lengi búið við það á undanförnum árum að fjárfesting færi minnkandi. Nú benda hins vegar spár Þjóðhagsstofnunar til þess að fjárfesting fari loks vaxandi. Það er enn eitt jákvætt tákn í þessum efnum. 7,5 milljarða halli, þó hann út af fyrir sig mætti vera minni, er samt sem áður þannig tala að við getum kinnroðalaust borið hana saman við árangur hvaða fjármálaráðherra sem er í Evrópu um þessar mundir.

[19:44]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það vill nú svo til að ríkisfjármálin eru í megnum ólestri í mörgum löndum í Evrópu þannig að það er lítil huggun í því að hægt sé að finna einhver lönd þar þar sem við komum skár út. Næst þegar hæstv. forsrh. hittir kollega sinn, forsætisráðherra Noregs þá má ræða þetta t.d. við hana.

Það breytir því ekki, hæstv. forsrh., að í greinargerð fjárlagafrv. fyrir árið 1995 er sagt hvað eftir annað í efnahagsstefnukafla frv. að það eigi að nota viðbót í þjóðartekjum til þess að minnka hallann frá því sem hann er í frv. Það var rakið hvað eftir annað í dag að það var þetta sem mistókst við afgreiðslu fjárlagafrv. og hæstv. fjmrh. viðurkenndi það hér áðan. Og þessu er ekki bara lýst yfir einu sinni í efnahagsstefnukafla fjárlagafrv., I. kaflanum sem heitir Efnahagsstefna og markmið fjárlaga, heldur hvað eftir annað. Þjóðhagsstofnun skilaði inn fyrir lokaafgreiðslu fjárlaga nýrri þjóðhagsspá sem fól í sér verulegan tekjuauka. Engu að síður var halli frv. sjálfs aukinn og það er það sem hefur verið til umræðu hvað eftir annað í dag að þegar fram kemur vitnisburður um batann þá er honum ekki varið í samræmi við grundvallarstefnu ríkisstjórnarinnar sjálfrar. Það var beðið um skýringar á því hvers vegna ríkisstjórnin hefði vikið frá því varðandi afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1995 og það er ekkert skjól í því að fara þá í samanburð milli ára 1994, útkomu þess og fyrirheita fyrir árið 1995 vegna þess að það var einfaldlega ekki til umræðu, hæstv. forsrh., varðandi þennan þátt.

[19:46]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það verður nú að segjast alveg eins og er að hæstv. forsrh. hefur þó nokkuð mikla tilburði til þess að vera sjónhverfingamaður. Manni finnst stundum að það vanti ekkert nema hatt og nokkrar kanínur, þá væri það fullkomnað. Þannig er það búið að vera í um það bil þrjú ár að allt var sótsvart hvert sem litið var í íslenskum efnahagsmálum, algerlega sótsvart, fortíðarvandi í hverju horni og allt á niðurleið. Svo eins og hendi sé veifað er bara allt í einu allt orðið svona ljómandi skínandi gott og batamerkin eru alls staðar. Þetta hefði einhvern tíma verið kallað að snúa við blaðinu dálítið hressilega. Að vísu minnist hæstv. forsrh. ekkert á það núna sem hann talaði mest um áður, fortíðarvanda, skuldaaukningu, atvinnuleysi, minnkandi fjárfestingar o.s.frv. Nú er bara allt bjart, gott og fallegt. Þetta eru óneitanlega þó nokkur tilþrif, það verður að segjast alveg eins og er, í málflutningi og má forsrh. eiga það að þarna sýnir hann þó nokkra getu.

Hitt er svo annað mál fyrir hvað svona lagað stendur að draga myndina einhliða þeim dráttum sem mönnum hentar í pólitísku eiginhagsmunaskyni á hverjum tíma.

Síðan vil ég leiðrétta það, hæstv. forseti, sem hæstv. forsrh. talaði um að við stjórnarandstæðingar eða a.m.k. við alþýðubandalagsmenn hefðum stundað einhliða óábyrgan málflutning og okkur hefði skort allan vilja til þess að taka á varðandi útgjöld eða tekjur ríkissjóðs. Þetta er einfaldlega rangt. Okkar tillögur á undangengnum þingum og því sem nú stendur hafa gengið jöfnum höndum út á einmitt tekjuöflun fyrir ríkissjóð sem og aðgerðir til að ná niður útgjöldum. Og stærsta einstaka aðgerðin sem er að spara ríkissjóði peninga um þessar mundir, hver er hún, hæstv. forsrh.? Hún er búvörusamningurinn sem sparar núna á hverju ári um 3–4 milljarða kr. í útgjöldum ríkissjóðs. Og ætli hæstv. forsrh. fari ekki nærri um það hverjir stóðu að gerð þess samnings.

[19:49]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Sem ungur starfsmaður í Austurbæjarbíói sá ég marga sjónhverfingamenn og margir léku þeir ágætar listir. En af því að ég hafði tækifæri til að fylgjast með þeim úr nálægð þá uppgötvaði ég þó það að enginn þeirra, hversu snjall sem hann er, dregur kanínur upp úr hatti nema kanínum hafi verið komið fyrir í hattinum áður og þannig er með þessar upplýsingar sem ég hef haft fram að færa. Þær eru raunverulegar rétt eins og kanínurnar sem voru hjá þessum sjónhverfingamönnum sem nefndir voru. Og sú er staðreynd varðandi bata þann sem nú er orðinn að hann er ekki sjónhverfing. Og sú er staðreynd að samkeppnisstaða atvinnulífsins er ekki sjónhverfing. Það er ekki ég sem held því fram einn og sér að veruleikinn sé orðinn með þessum hætti. Atvinnulífið heldur því fram, ársreikningarnir sýna það og ég las áðan upp úr töflu Þjóðhagsstofnunar sem sýnir að tekjur í þjóðfélaginu eru að vaxa eins og staðgreiðsluskattar sýna og eru drjúg mælitæki á.

Það eru því engar sjónhverfingar sem eiga sér stað af minni hálfu eða annarra og ég hygg að vegna þess að hv. þm. tóku varfærnum spám mínum sl. vor um að efnahagssamdrátturinn væri senn á enda og fundu slíkum spám flest til foráttu ættu nú að viðurkenna að þessar spár reyndust eftir allt réttar. Það komu engar kanínur upp úr þeim höttum sem ekki höfðu verið í höttunum.

[19:50]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. forsrh. staðfestir það okkur til ánægju að það var ekki svo fjarri sanni að hann hafi ástundað það að skoða töfrabrögð og læra af þeim sem ungur maður. En það þarf þó nokkra hugmyndaauðgi til samt sem áður að líkja þorski úr Smugunni við kanínur og staðreyndin er auðvitað sú að það eru fyrst og fremst kanínurnar sem eru að koma upp úr hatti hæstv. forsrh. Það eru slíkir ytri ávinningar sem okkur hafa hlotnast. Það eru veiðar utan landhelgi og annað því um líkt. Og það er fátt ef nokkuð meira öfugmæli en að segja að efnahagsbatinn að svo miklu leyti sem hann er raunverulegur og sjáanlegur sé vegna efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar eins og hæstv. forsrh. er að reyna að segja. Smuguveiðarnar eru ekki vegna stefnu ríkisstjórnarinnar heldur þrátt fyrir hana. En eins og kunnugt er hafði stjórnin það á dagskrá að banna þær veiðar í byrjun. Flest það annað sem núna mælist okkur til tekna í þjóðarbúskapnum er vegna ytri breytinga en ekki vegna árangurs af efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar.

Það eru hins vegar innri vandamálin sem við er að glíma í formi atvinnuleysis, skuldasöfnunar á heimilunum og annað því um líkt sem ríkisstjórnin ætti að líta á og horfa þar í eigin barm. Staðreyndin er sú að við hv. þm. skulum ekki síst núna um jólahátíðina tala af mikilli hógværð um batann. Meðan fimmtungur þjóðarinnar gefur það upp að hann hafi ekki efni á jólahaldinu, meðan 5–7 þúsund manns ganga atvinnulausir, meðan heimilin eru að safna skuldum svo milljörðum nemur á hverju ári þá skulum við tala af mikilli hógværð um bata, hæstv. forsrh.

[19:52]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Við gerum ekki lítið úr vandamálum þeirra sem lítið hafa. En ég skil það ekki að það sé í þágu þess fólks að þegja yfir því að horfur fari nú aðeins batnandi, hægt en örugglega. Ég sé ekki að það sé í þágu þess fólks sem lítið hefur haft að segja ekki frá því, fyrst sannleikur er, að hagur fari batnandi hægt en örugglega. En það fólk, hygg ég, veit líka að það er hægt á undraskömmum tíma að spilla fyrir þeirri batnandi tíð. Mér fannst hv. þm. gera heldur lítið úr störfum stjórnmálamanna þegar hann gefur til kynna að ekkert af þeirra mörkum hafi áhrif til góðs eða ills í raun.

Ég segi: Sú stefna sem ríkisstjórnin hefur haft varðandi vexti, varðandi stöðugleika, varðandi gengis-

skráningu og fleiri slíkir þættir og varfærni í ríkisútgjöldum er auðvitað undirstaða þess, rétt eins og stefna hennar í peningamálum, að sá ávinningur sem við sjáum fram undan nýtist öllum Íslendingum þegar fram í sækir. Að því hljótum við öll að vilja vinna nú þegar nýtt ár fer senn í hönd.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:54]

1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, HjálmJ, IBA, LMR, MB, ÓE, PBald, SalÞ, SigG, SP, TIO, VE, ÞorstP.

14 þm. (AÓB, FI, GB, GJH, GHelg, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, KHG, KÁ, ÓRG, PBj, SJS) greiddu ekki atkv.

23 þm. (ÁMM, GE, GÁ, GunnS, HÁ, HG, IP, JE, JBH, JónK, JVK, KE, MF, PP, RA, RG, SighB, SAÞ, StG, StB, SvG, VS, ÖS) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, HjálmJ, IBA, LMR, MB, ÓE, PBald, SalÞ, SigG, SighB, SP, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

14 þm. (AÓB, FI, GB, GJH, GHelg, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, KHG, KÁ, ÓRG, PBj, SJS) greiddu ekki atkv.

21 þm. (ÁMM, GE, GÁ, GunnS, HÁ, HG, IP, JE, JBH, JónK, JVK, KE, MF, PP, RA, RG, SAÞ, StG, StB, SvG, VS) fjarstaddur.

Brtt. 450,1 samþ. með 28:7 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, HjálmJ, IBA, LMR, MB, ÓE, PBald, SalÞ, SigG, SighB, SP, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: GHelg, HG, JÁ, KHG, KÁ, ÓRG, SJS.

8 þm. (AÓB, FI, GB, GJH, JóhS, JGS, JHelg, PBj) greiddu ekki atkv.

20 þm. (ÁMM, GE, GÁ, GunnS, HÁ, IP, JE, JBH, JónK, JVK, KE, MF, PP, RA, RG, SAÞ, StG, StB, SvG, VS) fjarstaddir.

3. gr., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, HjálmJ, IBA, LMR, MB, ÓE, PBald, SalÞ, SigG, SighB, SP, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

15 þm. (AÓB, FI, GB, GJH, GHelg, HG, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, KHG, KÁ, ÓRG, PBj, SJS) greiddu ekki atkv.

20 þm. (ÁMM, GE, GÁ, GunnS, HÁ, IP, JE, JBH, JónK, JVK, KE, MF, PP, RA, RG, SAÞ, StG, StB, SvG, VS) fjarstaddir.

Brtt. 450,2.a–b samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁS, GHelg, HBl, HjálmJ, HG, IBA, JÁ, KHG, LMR, MB, ÓE, ÓRG, PBald, SalÞ, SigG, SighB, SP, SJS, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

9 þm. (AÓB, FI, GB, GJH, JóhS, JGS, JHelg, KÁ, PBj) greiddu ekki atkv.

20 þm. (ÁMM, GE, GÁ, GunnS, HÁ, IP, JE, JBH, JónK, JVK, KE, MF, PP, RA, RG, SAÞ, StG, StB, SvG, VS) fjarstaddir.

Brtt. 450,2.c samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GJH, GHelg, HBl, HjálmJ, HG, IBA, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, KHG, KÁ, LMR, MB, ÓE, ÓRG, PBald, PBj, SalÞ, SigG, SighB, SP, SJS, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

20 þm. (ÁMM, GE, GÁ, GunnS, HÁ, IP, JE, JBH, JónK, JVK, KE, MF, PP, RA, RG, SAÞ, StG, StB, SvG, VS) fjarstaddir.

4. gr., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁS, GHelg, HBl, HjálmJ, IBA, LMR, MB, ÓE, PBald, SalÞ, SigG, SighB, SP, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

14 þm. (AÓB, FI, GB, GJH, HG, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, KHG, KÁ, ÓRG, PBj, SJS) greiddu ekki atkv.

20 þm. (ÁMM, GE, GÁ, GunnS, HÁ, IP, JE, JBH, JónK, JVK, KE, MF, PP, RA, RG, SAÞ, StG, StB, SvG, VS) fjarstaddir.

Brtt. 450,3 samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁS, GHelg, HBl, HjálmJ, HG, IBA, JÁ, KHG, LMR, MB, ÓE, ÓRG, PBald, SalÞ, SigG, SighB, SP, SJS, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

8 þm. (AÓB, FI, GB, GJH, JóhS, JGS, JHelg, KÁ) greiddu ekki atkv.

21 þm. (ÁMM, GE, GÁ, GunnS, HÁ, IP, JE, JBH, JónK, JVK, KE, MF, PP, PBj, RA, RG, SAÞ, StG, StB, SvG, VS) fjarstaddur.

5. gr., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, HjálmJ, HG, IBA, JÁ, KHG, LMR, MB, ÓE, ÓRG, PBald, SalÞ, SigG, SighB, SP, SJS, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

10 þm. (AÓB, FI, GB, GJH, GHelg, JóhS, JGS, JHelg, KÁ, PBj) greiddu ekki atkv.

20 þm. (ÁMM, GE, GÁ, GunnS, HÁ, IP, JE, JBH, JónK, JVK, KE, MF, PP, RA, RG, SAÞ, StG, StB, SvG, VS) fjarstaddir.

6.–12. gr. samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, HjálmJ, IBA, LMR, MB, ÓE, PBald, SalÞ, SigG, SighB, SP, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

15 þm. (AÓB, FI, GB, GJH, GHelg, HG, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, KHG, KÁ, ÓRG, PBj, SJS) greiddu ekki atkv.

20 þm. (ÁMM, GE, GÁ, GunnS, HÁ, IP, JE, JBH, JónK, JVK, KE, MF, PP, RA, RG, SAÞ, StG, StB, SvG, VS) fjarstaddir.

Brtt. 450,4 (ný grein, verður 13. gr.) samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, HBl, HjálmJ, HG, IBA, JÁ, JGS, LMR, MB, ÓE, ÓRG, PBald, SalÞ, SigG, SighB, SP, SJS, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

9 þm. (AÓB, FI, GJH, GHelg, JóhS, JHelg, KHG, KÁ, PBj) greiddu ekki atkv.

20 þm. (ÁMM, GE, GÁ, GunnS, HÁ, IP, JE, JBH, JónK, JVK, KE, MF, PP, RA, RG, SAÞ, StG, StB, SvG, VS) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[19:58]

Guðmundur Bjarnason:

Virðulegur forseti. Hér er á ferðinni tillaga um að heimila Vegagerðinni, vélamiðstöð, að yfirtaka skuldir Hríseyjarhrepps vegna kaupa á ferjunni Sæfara. Ég greiði þessari tillögu atkvæði mitt vegna þess að ég tel nauðsynlegt að létta þessum skuldum af Hríseyjarhreppi og óeðlilegt að lítið sveitarfélag beri ábyrgð á skuldum vegna samgangna við eyjuna. Ég er hins vegar andvígur því að Vegagerðinni sé blandað með þeim hætti í rekstur á ferjum og flóabátum sem núv. hæstv. ríkisstjórn hefur gert og það að vélamiðstöðin eigi að taka ábyrgð á þessum skuldum, en lít svo á að með þessu sé í raun verið að viðurkenna það að ríkið yfirtaki skuldina, ríkið beri ábyrgð á þessari lántöku og greiði þess vegna atkvæði með tillögunni, en tel að það sé síðari tíma verkefni að ganga frá því hvernig afborgunum af þessu láni verði síðan háttað.

[19:59]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Það er óhjákvæmilegt að ganga frá þessu láni. Þannig var gengið frá því í tíð síðustu ríkisstjórnar að Hríseyjarhreppi var gefið um það fyrirheit og bindandi loforð að ríkissjóður mundi bera ábyrgð á láninu og standa skil á afborgunum og vöxtum og það dugir ekki annað en horfast í augu við gerðan hlut.

13.–14. gr. (verða 14.–15. gr.) samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, HjálmJ, HG, IBA, JÁ, KHG, LMR, MB, ÓE, ÓRG, PBald, SalÞ, SigG, SighB, SP, SJS, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

10 þm. (AÓB, FI, GB, GJH, GHelg, JóhS, JGS, JHelg, KÁ, PBj) greiddu ekki atkv.

20 þm. (ÁMM, GE, GÁ, GunnS, HÁ, IP, JE, JBH, JónK, JVK, KE, MF, PP, RA, RG, SAÞ, StG, StB, SvG, VS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GJH, GHelg, HBl, HjálmJ, HG, IBA, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, KHG, KÁ, LMR, MB, ÓE, ÓRG, PBald, PBj, SalÞ, SigG, SighB, SP, SJS, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

20 þm. (ÁMM, GE, GÁ, GunnS, HÁ, IP, JE, JBH, JónK, JVK, KE, MF, PP, RA, RG, SAÞ, StG, StB, SvG, VS) fjarstaddir.

Fundi slitið kl. 20:01.

---

68. FUNDUR

þriðjudaginn 27. des.,
kl. 9.30 síðdegis.

Dagskrá:

Lánsfjárlög 1995, stjfrv., 3. mál, þskj. 508. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

Útbýting þingskjala:

Lánsfjárlög 1995, 3. mál, þskj. 508; brtt. VE o.fl., þskj. 509.

Skuldir Vegasjóðs, 28. mál, svar samgrh., þskj. 507.

Lánsfjárlög 1995, 3. umr.

Stjfrv., 3. mál. — Þskj. 508, brtt. 509.

Of skammt var liðið frá 2. umr. og útbýtingu brtt. 509. — Afbrigði samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, BBj, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GHall, GÁS, GHelg, IBA, JóhS, JGS, JHelg, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, ÓRG, PBj, SalÞ, SigG, SighB, SP, SJS, TIO, VE, ÖS.

31 þm. (ÁJ, ÁMM, DO, FI, GE, GuðjG, GB, GÁ, GJH, GunnS, HÁ, HBl, HjálmJ, HG, IP, JÁ, JE, JBH, JónK, JVK, MF, PP, PBald, RA, RG, SAÞ, StG, StB, SvG, VS, ÞorstP) fjarstaddur.

[21:36]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég ætla að mæla fyrir brtt. við frv. til lánsfjárlaga. Efh.- og viðskn. kom saman áðan til þess að fjalla aðeins um frv. til lánsfjárlaga fyrir 1995. Það voru þrjú atriði sem farið var yfir.

Í fyrsta lagi var fjallað um 1. gr. og hún aðlöguð að

þeim tölum sem komu fram í niðurstöðum fjárlaga sem voru samþykkt fyrir jólin.

Í öðru lagi var fjallað um Flugstöð Leifs Eiríkssonar og hennar málefni, en í frv. er lagt til að það verði lántökuheimild upp á tæpa 2 milljarða til þess að fleyta lánum þar áfram.

Í þriðja lagi var síðan fjallað um málefni Silfurlax hf. og hér er lögð fram tillaga um það að ríkissjóður geti ábyrgst með sjálfskuldarábyrgð lántöku Silfurlax hf. allt að 50 millj. kr. gegn skilyrðum sem fjmrh. og landbrh. setja. Ég vil aðeins gera grein fyrir þessum brtt.

Í fyrsta lagi er brtt. við 1. gr., eingöngu niðurstöðutalan úr fjárlagafrv. og fjárlögunum og venjubundin. Ýmsir hv. þm. hér sem hafa tekið til máls hafa haft áhyggjur af því að það gengi erfiðlega að fjármagna þær lántökur sem hér er lagt upp með. Ég held þó að þær áhyggjur séu að mestu leyti óþarfar því að staðreyndin er sú að við erum að reka þjóðfélagið með viðskiptaafgangi á næsta ári. Það verður þess vegna gott jafnvægi í þjóðfélaginu og á fjármagnsmarkaðnum. Það sem er hins vegar að gerast er það að fjármagnsmarkaðurinn er allur að opnast. Það hafa verið miklar breytingar á fjármagnsmarkaðnum. Eins er nokkur óvissa fram undan varðandi kjarasamninga og það hefur líka verið í gangi umræða um að það ætti að breyta grunni lánskjaravísitölunnar rétt eina ferðina. Allt hefur þetta orðið til þess að fjárfestar á markaðnum hafa frekar viljað fara yfir í ECU-bréf heldur en að fjárfesta í verðtryggðum skuldabréfum útgefnum af ríkissjóði og þess vegna hafa þau kannski ekki selst á sömu kjörum og þau mundu annars hafa gert. Hins vegar er á það að líta að það er engin sérstök vaxtasprenging á þeim pappírum í gangi. Það sést gjörla á þeim ávöxtunarkröfum sem verið hafa í viðskiptum á verðbréfaþingi með notaða pappíra.

Varðandi þá tillögu sem gerð er um Silfurlax þá hafa málefni fyrirtækisins verið til skoðunar í fjmrn. og landbrn. um nokkurt skeið. Þarna er verið að gera úrslitatilraun til þess að snúa við þeirri vonbrigðasögu sem hafbeit á Íslandi hefur verið. Þetta er liður í því að rannsaka sérstaklega hvort það sé hægt að byggja upp stofna af hafbeitarlaxi sem skila sér betur heldur en hingað til hefur verið. Þeir sem hafa rekið hafbeitarstöðvar á undanförnum árum hafa einmitt lent í því að heimtur af laxi hafa verið með afbrigðum lélegar.

Það sem hér er að gerast er líka það að fjmrh. og landbrh. munu væntanlega setja skilyrði fyrir þessari ábyrgðarveitingu og þessi skilyrði koma fram í bréfi sem fjmrn. hefur skrifað efh.- og viðskn. Fyrra skilyrðið er það að ábyrgðin verði tryggð með 1. veðrétti í seiðum og hafbeitarlaxi félagsins sem aflast 1996 þar sem afli 1995 er þegar veðsettur. Ábyrgðinni verði aflétt eigi síðar en 1. nóv. 1996. Árleg endurnýjun skuldabréfa og skjala vegna sérstaks rekstrarláns landbrn. sem veitt var á árunum 1992 og 1993 skal hafa farið fram áður en ábyrgðin er veitt.

Í öðru lagi. Áður en ábyrgðin verður veitt skal landbrn. hafa samið við veðhafa í móttökumannvirkjum Silfurlax hf. um afnot mannvirkjanna þannig að tryggt verði að hægt sé að taka á móti fiski ef félagið verður gjaldþrota áður en endurgreiðsla ábyrgðarinnar fer fram.

Við sem stöndum að þessari brtt. höfum fallist á þau rök sem fjmrn. og landbrn. hafa sett fram í þessu máli og við teljum að það sé skynsamlegt að gera þessa útslitatilraun í hafbeit á laxi frá Íslandi. Þess má geta að í þessu fyrirtæki hafa þegar tapast feykilegar upphæðir en eigendur þess hafa verið tilbúnir til þess að fjármagna það tap hingað til. En nú er sem sé verið að láta reyna á það væntanlega í síðasta sinn hvort þetta geti gengið eða ekki. Og þar sem þetta veð sem um er að ræða er líklega eins tryggt og hægt er og hangir líka saman við rannsóknir sem verið er að gera á vegum Stofnfisks og Laxeldisstöðvarinnar í Kollafirði þá höfum við sem stöndum að flutningi þessarar tillögu talið rétt að gera þessa tilraun og verða við þessum óskum.

[21:43]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Það lá ljóst fyrir, svona sem bein afleiðing af seinagangi við framlagningu mála hér fyrir jólin, að það yrði að fara hér yfir nokkra þætti sem tengdust lánsfjárlögum milli 2. og 3. umr. Það voru einkum nokkur atriði sem þar komu til. Við höfðum ekki náð neinu sambandi við fulltrúa utanrrn. varðandi flugstöðina á Keflavíkurflugvelli og fengum á fund nefndarinnarinnar í kvöld þá Róbert Trausta Árnason og Sigurð — ég læt það liggja á milli hluta, ásamt ráðuneytisstjóra í fjmrn. sem upplýsti ýmislegt í því máli. Og til þess að gera langa sögu stutta þá lítur það dæmi þannig út að það hvíla á þessu skuldir upp á 4 milljarða. Af því gjaldfalla 1,9 milljarðar 1995 og 1,7 milljarðar 1997. Það er út af fyrir sig eðlilegur hlutur að þessu þurfi að skuldbreyta því að það eru ekki nokkrar líkur á að það náist að borga þetta allt upp á svo skömmum tíma.

Hitt er svo annað mál og það upplýstist einnig á fundi nefndarinnar, að þessi aðgerð ein, skuldbreytingin, bjargar ekki. Það verður að koma meira til einfaldlega vegna þess að eins og mál standa í dag, eftir að búið væri að skuldbreyta þessum 4 milljörðum sem þarna eru til 20–30 ára, þá er kostnaður við þessi lán, vextir og afborganir, 300–350 millj. kr. á ári. Miðað við tekjur flugstöðvarinnar í dag vantar 150 millj. kr. til þess að hægt sé að standa undir þessu. Það var þetta sem ég var að spyrja um í umræðunni í dag og spurði eftir því hvort skuldbreytingin mundi nægja, hvort það væri ekki eingöngu þá verið að lengja í snörunni, hvort það þyrfti ekki meira til og það reyndar staðfestist á þessum fundi.

Það verður að segjast eins og er að ekki er mikið um ráð til úrlausnar. Tekjurnar eru leigugjöldin og innritunargjöld og það kom fram hjá fulltrúum utanrrn. að báðir þessir tekjustofnar eru spenntir í botn og líklegast gott betur. Leigutekjurnar fara lækkandi vegna þess að leigukaupar eru að segja upp húsnæðinu, minnka við sig eins og þeir geta og það væri afar slæmt að hækka innritunargjöldin með tilliti til ferðamanna eða áhuga manna á að auka hér ferðamannastraum.

Síðan eru tekjur af Fríhöfninni. — Virðulegur forseti. Það lítur út fyrir að eitthvað af þeim tillögum sem hér eru lagðar fram hafi hleypt það illu blóði í stjórnarsinna að hér eru fundir í gangi í öllum hliðarherbergjum. — Ég var kominn þar í máli mínu að síðan eru verulegar tekjur af Fríhöfninni en henni er ætlað að láta þær renna að mestum hluta í ríkissjóð. Síðan eru flugvallargjöldin sem eru sérmarkaður tekjustofn fyrir kostnaði við uppbyggingu flugvalla hér á landi. Síðan er einn möguleiki enn sem var ræddur og það var að auka tekjurnar en um það hafa menn rætt árum saman án þess að verulegur árangur náist. Það var upplýst þarna að tillögur til úrbóta eru orðnar á annan hillumetra án árangurs þannig að það er vandséð hvernig á þessum málum er tekið og hvernig það verður bætt á annan hátt en það komi að einhverju leyti og á einhvern hátt við afkomu ríkissjóðs. Það er hægt að hugsa sér að taka tekjurnar af Fríhöfninni sem mun vera einhver algengasta leiðin til þess að reka flughafnir að það sé gert fyrir tekjur af fríhöfn.

Að taka af hinum mörkuðu tekjustofnum til flugmála — virðulegi forseti. Ég verð að segja alveg eins og er að það er varla hægt að halda hér ræðu miðað við hvað mikið gengur á hér í salnum.

(**Forseti** (GHelg)**:** Forseti er sammála hv. þm. Það er hávaði í hliðarsölum sem forseti hlýtur að biðja menn um að hafa hemil á.)

Niðurstaða þessa máls er sem sagt sú að það þarf meira að koma til heldur en þessi skuldbreyting til að greiða úr þessu máli. Það vantar um það bil 150 millj. kr. tekjur á ári næstu 20 árin til þess að standa undir afborgunum af þessum lánum. Gróft reiknað stendur reksturinn í dag um það bil undir rekstrarkostnaði og vöxtunum þannig að það vantar fyrir afborgunum af þessu mannvirki sem vissulega er glæsilegt og mikið í það borið, en menn hefðu kannski átt að hugsa það aðeins betur þegar þetta var byggt að það kæmi að skuldadögum og þetta þyrftum við að borga.

Ég hef oft hugsað til þess þegar ég fer um flughöfnina í Lúxemborg, Lúxemborgarar eru hagsýnir menn. Það er kannski helst að maður finnur hana ekki alltaf við fyrstu atrennu því að byggingin er svo lág og látlaus. En það hefði kannski verið léttara fyrir okkur að reka flugstöð hér ef eitthvað hefði verið staðið að málum í líkingu við það sem þar var gert. En þetta mál sem sagt stendur svona, að það þarf að taka á því á næstu árum hvernig á að standa undir afborgunum á þessum lánum.

Það urðu hér miklar umræður í kvöld og ég hlýt nú, virðulegur forseti, að sakna þess að einn af aðalleikurunum í þeirri sýningu mætti ekki eftir hlé og það kann aldrei góðri lukku að stýra með framhald sýningar ef aðalleikararnir eru ekki mættir. (**GHall:** Hver er aðalleikarinn). Hæstv. forsrh. sem hélt hér mikla ræðu í kvöld sér nú ekki ástæðu til þess að fylgja þessu máli eftir og reyna að sjá til þess að lánsfjárlögin komist fram eða kannski er ástæðan fyrir því að hæstv. ráðherra mætir ekki að hann telji að það væri frekar til að flýta fyrir framgangi málsins miðað við það sem hér gekk á í kvöld.

Það kom ýmislegt fram hjá hæstv. forsrh. sem er út af fyrir sig ástæða til þess að gera hér að umræðuefni og mér fannst hæstv. ráðherra lýsa efnahagsástandinu á ansi einlitan hátt. Hann tók eiginlega bara aðra hliðina á peningnum. Ég býst við að það séu ýmsir sem geta tekið undir það sem hæstv. ráðherra sagði hér í kvöld. En það er líka stór hópur og því miður stækkandi hópur sem einskis nýtur af þeim bata sem hér hefur orðið. Það vita þeir sem standa fyrir hvers kyns líknarstarfsemi eða hjálparstarfsemi hér innan lands. Það vita þeir sem sjá ekki fram úr biðröðum í félagsmálastofnunum eða taka á móti umsóknum til mæðrastyrksnefndar svo eitthvað sé nefnt. Og því miður er þetta hin hliðin á peningnum.

Hin hliðin á peningnum er einnig sú að við búum í dag við atvinnuleysi sem hér hefur ekki þekkst í þessum mæli síðan fyrir stríð svo að myndin er ekki alveg eins björt og hæstv. forsrh. vildi vera láta og ég leyfi mér að fullyrða það að þeir hópar sem ég hef verið að nefna geti ekki tekið undir nema lítið af þeirri ræðu sem hæstv. forsrh. flutti hér.

Hæstv. ráðherra sagði m.a. að það væru sömu líkur á því að fjárlög fyrir næsta ár mundu standast, þ.e. hallinn væri ekki meiri en reiknað var með í fjárlögum og það eru sömu líkur á því og ekki minni líkur en með yfirstandandi ár. Hæstv. ráðherra gleymdi einu í þessu tilfelli. Hann gleymdi að geta þess að við fjárlagagerðina fyrir næsta ár er búið að reikna batann inn og eyða honum öllum en við fjárlagagerð fyrir yfirstandandi ár kom enginn bati fram frá því að frv. var lagt fram og þar til gengið var frá lögunum þannig að batinn sem kom frá þessu yfirstandandi ári nýttist allur að svo miklu leyti sem hann kom fram í veltuaukningu hjá ríkinu til þess að lækka fjárlagahallann. En í ár fyrir fjárlög næsta árs er búið að reikna batann inn og milljarð til viðbótar og eyða því öllu fyrir fram svo að strax að þessari forsendu gefinni eru minni líkur á að fjárlög fyrir næsta ár standist en fyrir yfirstandandi ár. En hæstv. ráðherra bendir hins vegar á eitt þarna sem var í þversögn við annað sem forsrh. sagði í sinni ræðu. Hæstv. ráðherra sagði það eina ráðið til þess að bregðast við ríkissjóðshalla að skera niður. Það er einmitt það sem núv. hæstv. ríkisstjórn hefur gert. Hún hefur skorið allt niður sem hún hefur mögulega getað gert og í hamaganginum gáðu menn ekki að sér og skáru niður atvinnulífið að hluta til í leiðinni. Það er að koma í ljós og það sýnir þetta ár að langsamlega besta leiðin til þess að ná niður fjárlagahalla er ekki að skera niður, það er að örva. Og það er eina leiðin til að ná þessum halla niður, það er að örva atvinnulífið, það er að örva þannig framtakssemi þegnanna að við náum upp veltu því að velta skilar sér ekki síður í ríkissjóð. Það er ekki fyrr en á síðasta ári þessa kjörtímabils sem sá tónn er sleginn af ríkisstjórninni. Þrjú fyrstu árin var sami söngurinn uppi alltaf. Það var svartnættisrausið og auðvitað dregur slíkt kjark úr einni þjóð sem þarf á því að halda að ríkisstjórn og forustumenn telji í menn kjark en dragi ekki úr mönnum kjark eins og hér var gert. Því betur áttum við menn sem höfðu þann þrótt og dug að þeir sóttu í orðsins fyllstu merkingu á ný

mið þrátt fyrir ríkisstjórnina, ekki fyrir tilverknað hennar.

Hæstv. ráðherra sagði einnig að varðandi ríkisfjármál væri stjórnarandstaðan alfarið með óábyrgan málflutning. Ég minni á það að bæði við fjárlagagerð á síðasta ári og við fjárlagagerð núna viðhöfum við framsóknarmenn nákvæmlega sömu vinnubrögðin. Við segjum sem svo: Við förum ekki með stjórn ríkisfjármála þannig að við ráðum engu um hinn endanlega ríkissjóðshalla. Við höfum hins vegar lagt fram tillögu bæði gjalda- og teknamegin sem hafa miðað að því að jafna skattbyrði og bæta úr nokkrum brýnum úrlausnarefnum. En bæði þá og eins og við erum að stilla upp tillögunum núna, þá stillum við þeim þannig upp að þær hafa núll áhrif á afkomu ríkissjóðs þannig að ég vil leyfa mér, virðulegi forseti, að vísa þessum málflutningi hæstv. forsrh. á bug.

Ég ætla að koma örfáum orðum að tillögu sem er á þskj. 509, það eru breytingartillögur við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1995. Það er fyrsti liðurinn sem endurspeglar einfaldlega ríkissjóðshallann. Síðan kemur annar liðurinn sem er lítil tillaga og var til umræðu í efh.- og viðskn. í kvöld. Þar er um að ræða tillögu um að fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lántöku Silfurlax hf. allt að 50 millj. kr. gegn skilyrðum sem fjmrh. og landbrh. setja. Þessi tillaga er fram komin eins og hún er kynnt fyrir okkur á þann hátt að þarna sé búið að leggja fram á annan milljarð í tilraunir við hafbeit og fari svo að þessi ábyrgð fáist ekki, þá séu mestar líkur á að þessi starfsemi hætti og þar með leggist hafbeit hér á landi undir lok. Þetta bréf barst til nefndarinnar frá fjmrn., sameiginlega sett fram af fjmrn. og landbrn. Vissulega orkar þetta tvímælis. Ég hygg þó að það sé rétt að veita þessa ábyrgð. Ég rökstyð það með því að það sé hlutverk ríkisins að styðja við atvinnulífið þegar það á við, styðja við þróunar- og uppbyggingarstarf. Ég hafði hins vegar þann fyrirvara í nefndinni hvort þetta væri hinn rétti farvegur því að þetta væri í eðli sínu rannsóknar- og þróunarstarf og það hefði hins vegar hugsanlega verið eðlilegt að þetta hefði farið í gegnum aðra farvegi. Þar ræddum við m.a. um Byggðastofnun, við ræddum um rannsóknasjóði. En ég tel að það sé rétt að veita þessa ábyrgð og láta á það reyna til fullnustu hvort hér sé hægt að byggja upp hafbeit. Þetta tengist m.a. seiðaeldisfyrirtæki sem ríkið hefur lagt pening í þar sem hafa verið stundaðar rannsóknir í þessa veru.

Ég hins vegar skil fullkomlega þau viðbrögð sem maður verður var við hjá einstaka stjórnarþingmönnum sem hafa barist í því allt þetta kjörtímabil að halda fiskeldi gangandi hér á landi og ég skil ósköp vel að þeim hv. þm. þyki ríkisstjórnin bregðast nokkuð seint við og snúa nokkuð seint við blaðinu. En kannski má segja: Betra er seint en aldrei.

Það er einu sinni svo að nú þegar það er að gerast hér að við erum að berjast fyrir lífi fiskeldis hér á Íslandi og sjáum ekki enn fyrir endann á því hvort það lifir eða deyr, þá er vandamál Norðmanna í ár ekki það hvað þeir geti ræktað eða selt af fiski heldur hvað þeir geti keypt mikið af fóðri ofan í fiskinn og hafa áhyggjur af að loðnubrestur á Íslandsmiðum geti orðið þess valdandi að þeir geti ekki framleitt allt það sem þeir geta selt í dag á góðu verði. Það var eitt af fyrstu verkum núv. ríkisstjórn að dæma þessa atvinnugrein úr leik á Íslandi. (**EgJ:** Ne-hei.) Ne-hei, segir hv. virðulegi þm. Egill Jónsson, nei segir hann. En hvað stóð í skýrslu landbrh.? Það vill svo til að ég las þá skýrsu um leið og hún kom út. Sú skýrsla sagði einfaldlega: Fiskeldi á Íslandi á ekki fyrir breytilegum kostnaði og er þess vegna enginn grundvöllur fyrir því. Þetta var niðurstaða skýrslu ríkisstjórnarinnar, klippt og skorið. Og það veit ég að hv. þm. þekkir það mikið til rekstrar að þegar búið er að segja honum að hann eigi ekki fyrir breytilegum kostnaði þá er ekkert að gera annað en hætta. Þetta var niðurstaða ríkisstjórnarinnar og ein af þeim fyrstu sem hún kom fram með. En fyrir tilverknað góðra manna og duglegra, m.a. hv. 1. þm. Vestf., formanns Byggðastofnunar, þá tókst að koma einhverju viti fyrir menn þannig að þessi atvinnugrein er ekki að fullu liðin undir lok í dag. Og hvernig halda menn að Norðmenn hafi náð því að selja á næsta ári eldisfisk fyrir 70 milljarða? Haldið þið að það hafi verið með einhverri hipsumhaps-aðferð? Nei, með markvissu uppbyggingarstarfi sem byggðist á aðstoð ríkisvaldsins meðan var verið að koma þessu á fót. Á sama hátt og Norðmenn eru í dag með í gangi 10 ára plan þess efnis að í lok þess tímabils verði þeir búnir að ná tökum á því að ala þorsk til manneldis.

Hvað eru Íslendingar að gera á þessum sviðum á meðan? Hvað erum við að gera í fiskeldi í dag, ekki bara varðandi ferskfiskinn? Hvað erum við að gera varðandi fiskeldi sjávarfiska? Er eitthvað þar stórt í gangi að frumkvæði stjórnvalda? Nei. Nálægt ekki neitt. Það eina sem þar er markvert að gerast í dag er Fiskeldi Eyjafjarðar þar sem menn eru að ná tökum á lúðueldi og eru í fremstu röð í heiminum og það er fyrst og fremst fyrir dugnað eins manns, Ólafs Halldórssonar fiskifræðings. Ef hans hefði ekki notið við í þessu þá værum við Íslendingar ekki að gera nokkurn skapaðan hlut í fiskeldi á sama tíma og allir sem kynna sér málið vita það að öll aukning á sölu fiskmetis í heiminum á næstu árum kemur frá fiskeldi. Og við teljum okkur vera fiskveiðiþjóð og fisksöluþjóð.

Þetta eru því miður hinar nöpru staðreyndir varðandi fiskeldi hér á landi. Vissulega gerðu menn mörg byrjendamistök í fiskeldinu. Því er ekki hægt að mótmæla. En þau mistök voru að hluta til gerð vegna þess að ríkisvaldið brást en ég er ekki að kenna þessari ríkisstjórn þar um. Það brást varðandi það forustuhlutverk sem ríkisvald í einu þjóðríki þarf að hafa varðandi frumrannsóknir í atvinnulífinu. Þess vegna er það mjög skiljanlegt að það skuli fara fyrir brjóstið á einstökum stjórnarþingmönnum að það skuli fyrst núna nokkrum vikum áður en núv. ríkisstjórn fer frá sjást í verki eilítið dæmi þess að menn skilji það að ríkisvaldið þarf að koma að málum til þess að byggja upp atvinnugrein eins og fiskeldi.

Virðulegur forseti. Ég sé í sjálfu sér ekki ástæðu til þess að hafa fleiri orð í þessari umferð. Ég hins veg-

ar sakna þess eins og ég sagði áðan að hæstv. forsrh. skuli ekki vera viðstaddur. Ég hlýt að reikna með því að hæstv. ráðherra sé annaðhvort í húsinu eða hann muni koma hér og ég vil spyrja virðulegan forseta að því hvort hæstv. forsrh. sé í húsinu.

(Forseti (GHelg)**:** Forseti getur upplýst að hæstv. forsrh. er í húsinu.)

Það er ágætt að heyra að hæstv. forsrh. sé í húsinu og ég vona þá að hann hafi heyrt það af ræðu minni sem fjallaði um tölu hans hér í kvöld.

Að öðru leyti ætla ég ekki hafa fleiri orð um það sem komið hefur fram milli umræðna um lánsfjárlögin.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti vill upplýsa áður en andsvör hefjast að þingflokksformaður Sjálfstfl. hefur óskað eftir því að kl. 22.15 verði gefið hlé vegna þingflokksfundar en forseti hyggst láta ljúka andsvörum fyrst.

[22:07]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég vil einungis mótmæla því að núverandi ríkisstjórn hafi farið með einhverjum ofsóknum á hendur fiskeldi. Ég vil minna hv. þm., formann efh.- og viðskn. á það að við vorum rétt áðan að ræða um það og rifja upp á fundi nefndarinnar að það hafi einmitt farið 300 millj. kr. í sérstök lán í fiskeldi á starfstíma þessarar ríkisstjórnar til þess að hjálpa þeim fyrirtækjum sem þá voru illa stödd. Mikið af þessum fjármunum eru þegar tapaðir. Síðan held ég að það sé langt til seilst hjá hv. þm. að kenna hæstv. ríkisstjórn um það hvort það er komin sem niðurstaða úr skýrslu og niðurstaða úr reikningum fiskeldisfyrirtækja að þau hefðu ekki fyrir breytilegum kostnaði. Mér finnst að það sé ansi langt gengið að telja það til sérstaks ámælis til handa ríkisstjórninni að það sé verið að fjalla um ákveðnar staðreyndir í rekstri fyrirtækja og ef það kemur út úr reikningum að staðan hafi verið slík á þeim tíma, þá er ekki annað en gera grein fyrir því og reyna síðan að vinna út frá þeim staðreyndum. Hv. þm. þekkir það vel til í rekstri að ef það liggur fyrir samkvæmt reikningum einhvers fyrirtækis að það hefur ekki fyrir breytilegum kostnaði þá þarf að sjálfsögðu eitthvað að gera, annaðhvort að hækka tekjurnar eða lækka kostnaðinn þannig að þetta geti gengið. Eitt af því mikilvægasta sem þessi ríkisstjórn hefur einmitt gert er að styrkja útflutninginn í landinu með því að skrá gengi krónunnar rétt og skrá það á markaði og þessi ríkisstjórn hefur rekið efnahagslífið með viðskiptaafgangi gagnvart útlöndum í fyrra, á þessu ári og væntanlega á næsta ári sem er algert úrslitaatriði til þess að einhver útflutningsatvinnuvegur hér á Íslandi geti borið sig og rekist af einhverju viti.

[22:09]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Ég gagnrýndi ekki skýrsluna sem slíka, ég gagnrýndi þær ályktanir sem hæstv. ríkisstjórn dró af skýrslunni. Það er einmitt hárrétt hjá hv. þm. að það að menn sýna að þeir eigi ekki fyrir breytilegum kostnaði þarf ekki að dæma viðkomandi rekstur til dauða. Hann getur átt sér framtíðarvon ef mögguleikarnir eru fyrir hendi en það var hins vegar ekki gert í þessu tilfelli. Afleiðingarnar eru kannski eins og hv. þm. man, að það munaði engu, offorsið var svo mikið, að öll lán Framkvæmdasjóðs ríkisins erlendis yrðu gjaldfelld á einu bretti vegna niðurstöðu þessarar skýrslu sem þegar hún barst til okkar lánardrottna eða það sem þeir lásu út úr þessu var það að þetta væri allt á hausnum og Framkvæmdasjóður kominn með öfugan höfuðstól. Það urðu að vera snöggar björgunaraðgerðir í þinginu til þess að forða því að svo færi. En varðandi þessar 300 millj. nefndi ég það í minni ræðu að fyrir tilverknað góðra manna hefði verið hægt að snúa eilítið ofan af þessu þannig að það tókst að grípa til lágmarksaðgerða til þess að atvinnugreinin tóri enn þá.

[22:11]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Eins og hv. þm. Jóhannes Geir Sigurgeirsson rifjaði upp áðan þá þurfti að sjálfsögðu að grípa til róttækra aðgerða varðandi fiskeldið þegar núv. ríkisstjórn tók við. Menn höfðu byggt það upp allt of skarpt og á forsendum sem ekki gátu staðist. Mál greinarinnar voru komin í óefni og eins og hefur náttúrlega komið á daginn í afdrifum þeirra fyrirtækja sem hafa verið í þessum atvinnuvegi. En núna er sem betur fer að byggjast upp á nýjan leik starfsemi víða þar sem fyrirtæki höfðu áður farið á hausinn og við skulum vona að þetta geti byggst upp á nýjan leik og menn geti horft björtum augum til framtíðarinnar hvað það snertir. En ég held að það sé ekki rétt af hv. þm. að draga núv. ríkisstjórn fram sem einhvern sérstakan óvin þessarar atvinnugreinar. Þvert á móti þurfti að taka á málum og ég held að núv. ríkisstjórn hafi vaxið í áliti einmitt hjá lánardrottnum þjóðarinnar erlendis fyrir það hversu myndarlega var tekið á þessum málum á sínum tíma og horfst í augu við þann vanda sem til staðar var. (Gripið fram í.)

[22:12]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Varðandi það sem hv. þm. sagði hér um viðskiptajöfnuðinn þá er það vissulega jákvætt að vera með hann réttu megin við núllið. Ég held hins vegar því miður að síðustu tvö árin endurspegli viðskiptajöfnuðurinn að einhverju leyti samdrátt í þjóðfélaginu. Það er einfaldlega þannig að það er hægt að keyra hlutina svo niður, það er hægt að draga svo úr fjárfestingu, sem kemur okkur þá í koll seinna meir, að viðskiptajöfnuðurinn verði jákvæður. Við verðum að reyna að greina þar eilítið á milli hvað af því er jákvætt ef má nota það orð í þessu samhengi og hvað aftur með neikvæðum formerkjum. Ég er þeirrar skoðunar að hluti af þessu sé einmitt sá að hér hefur sl. þrjú ár ríkt stöðnun í atvinnulífinu þannig að fjárfestingar eru komnar langt niður fyrir þau hættumörk sem eru viðurkennd alls staðar í kringum okkur því að hv. þm. er mjög tamt að vitna til þess sem gerist í okkar

nágrannalöndum og viðskiptalöndum og vill að við tengjumst þeim sem sterkustum böndum. Ég minni þá hv. þm. á þetta að hér eru fjárfestingarnar komnar langt niður fyrir hættumörk og það kemur vissulega fram í viðskiptajöfnuði.

[22:14]

Matthías Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er rétt hjá hv. 6. þm. Norðurl. e. að það virtist ekki vera mikill áhugi hjá núv. ríkisstjórn á að sinna málefnum fiskeldis á Íslandi þegar hún tók við. En það má líka hafa það með og bæta því inn í reikninginn að verð á afurðum fiskeldis hafði frá árinu 1985 til ársins 1993 lækkað úr 100 niður fyrir 30 og það getur þá hver spurt sjálfan sig og svarað fyrir sjálfan sig hvort nokkur atvinnugrein í landinu þyldi slíka lækkun.

Það er rétt sem fram kom að ríkisstjórnin lagði 300 millj. til laxeldis og því var lýst yfir að það fengi ekkert fyrirtæki á Íslandi lán til laxeldis nema fyrirtæki sem væri fullkomlega öruggt fjárhagslega. Og frsm. þeirrar tillögu sem þessar umræður hafa spunnist út af lýsti því yfir áðan að þessar 300 millj. væru tapaðar. Þetta tel ég mjög merka yfirlýsingu af því að það er ekki lengra síðan þessum 300 millj. var ráðstafað.

En svo komum við að því, hvar á að skilja á milli feigs og ófeigs? Hverja á að drepa og hverjir eiga að lifa? Þessi tillaga er dæmigerð fyrir þá lausung og það sinnuleysi sem ráðuneyti og fjórir nefndarmenn í efh.- og viðskn. hafa sýnt rétt eftir að heiðarlegt og gott fyrirtæki fékk ekki lán út á sínar furðir sem voru lítt veðsettar, ekki hjá sparisjóði vegna þess að hann er of lítil lánastofnun og ekki hjá stóru lánastofnuninni sem svaraði því að taka fyrirtæki í viðskipti: Svo er ekki. Það þurfti ekki frekari greinargerð. Þetta fyrirlít ég.

[22:17]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þó að þetta hafi verið andsvar við þann sem hér stendur þá var þessu fyrst og fremst beint að ríkisstjórn, ráðuneytum og frsm. meiri hluta efh.- og viðskn., hv. þm. Vilhjálmi Egilssyni, svo að ég hef í sjálfu sér litlu við þetta að bæta. En ég nefni þó það sem hv. 1. þm. Vestf. nefndi um að verðlag hefði lækkað á þessum árum úr 100 niður í 30. Það er einmitt það sem menn verða að vera viðbúnir ef menn eru að byggja upp áhættuatvinnugreinar, sem menn vita að búa við óstöðugt verðlag, þá verða menn að vera tilbúnir til þess að taka þessar sveiflur. Menn verða jafnframt að vera tilbúnir til að taka þessar sveiflur þó svo þær komi á uppbyggingartíma í greininni þar sem þar er lítið eigið fé til staðar.

En annars fannst mér að andsvar hv. þm. hafi í meginatriðum staðfest það sem ég sagði í minni ræðu um framgang fiskeldis hér á landi síðustu árin.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Nú eru komnar 5 mínútur fram yfir þann tíma sem forseti lofaði að þingflokksfundur gæti hafist hjá sjálfstæðismönnum og hann vill spyrja hv. 8. þm. Reykn. hvort það sé langt mál sem hann hyggst færa fram. Nú hafa tveir hv. þingmenn beðið um orðið og forseti getur ekki orðið við þessu. (**ÓRG:** Það er óhjákvæmilegt, hæstv. forseti. Samkomulagið sem við stöndum í meiningu um að hafi verið gert í þinginu og það er óhjákvæmilegt að fá að vita hvað er að gerast.) Forseta er nú nokkur vandi á höndum vegna þess að talað var um að fundur sjálfstæðismanna hæfist kl. 22.15 en í trausti þess að hv. þm. reyni að stytta mjög mál sitt þá hyggst forseti gefa hv. 8. þm. Reykn. orðið.

[22:19]

Ólafur Ragnar Grímsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég vil beina því til forseta að það verði athugað mjög rækilega í fundarhléinu að fresta þessum umræðum til morguns. Það var að vísu samið um það milli þingflokka fyrir jól að þessari umræðu lyki á þessum sólarhring en það er væntanlega öllum þingmönnum ljóst að sú uppákoma sem hér hefur orðið og leitt hefur til þess að þingflokkur Sjálfstfl. telur nauðsynlegt að halda neyðarfund í miðri umræðu er auðvitað þess eðlist að það er ekki hægt að ætlast til þess með eðlilegum hætti að umræðan haldi svo áfram hér í kvöld þegar aðrir þingmenn hafa ekki haft hugmynd um það hvað hér er að gerast, hvað þá heldur að aðrir flokkar hafi haft aðstöðu til þess að taka til meðferðar þá tillögu sem nú er að leiða til þess að þingflokkur Sjálfstfl. boðar sérstakan neyðarfund. Þess vegna vil ég nú, virðulegi forseti, beina því til forsetaembættisins að þetta fundarhlé verði notað til þess að taka þá skynsamlegu ákvörðun að fresta bara umræðu til morgundagsins og við getum þá sameinast um að ljúka þeim þá og allt í góðu lagi með það en tímanum sé ekki spillt með þeim hætti sem nú er í uppsiglingu.

[22:21]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég get í meginefnum tekið undir orð hv. 8. þm. Reykn. að það var gert ákveðið samkomulag um að klára þetta mál í kvöld en það virðist nú vera í upplausn vegna sundurlyndis í þingflokki Sjálfstfl. (**VE:** Það getur ekki verið.) þannig að við verðum í það minnsta að fá rækilega skýringu á því eftir þetta hlé, sem er gert að beiðni að mér skilst þingflokksformanns Sjálfstfl., (**VE:** Hann ætti bara að sitja fundinn.) hvað sé að gerast þarna. Nei, virðulegi þingmaður, ég frábið mér algerlega að sitja þann fund.

[Fundarhlé. — 22:22]

[23:01]

Ólafur Ragnar Grímsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Þó ég hafi notað dagskrárliðinn fundarstjórn forseta til þess að kveðja mér hljóðs þá er það fyrst og fremst vegna þess að hér eru að eiga sér stað atburðir og meðferð mála sem er allóvenjuleg. Það var lagt á það gífurlegt kapp af hálfu fjmrh. og forustu ríkisstjórnarinnar fyrir jól að það yrði gefin skuldbindandi yfirlýsing um það af hálfu stjórnarandstöðunnar að lánsfjárlagaumræðunni yrði lokið á þessum sólarhring. Nú gerist það hins vegar við 3. umr. að nokkrir þingmenn stjórnarliðsins flytja brtt. sem er búin að setja málið í slíkt uppnám að þingflokkur

Sjálfstfl. er búinn að þurfa 45 mínútur til þess að halda sérstakan neyðarfund. Ég vil spyrja hvort það sé virkilega ætlunin að svo haldi umræðan áfram eins og ekkert hafi í skorist og þessu sé lokið núna í kvöld. Heldur Sjálfstfl. virkilega að hlutirnir gangi þannig fyrir sig? Það kom ekkert fram um það um hvað þessi þingflokksfundur hafi verið. Hvers vegna var þörf á honum? Hvers vegna er samkomulag um það að halda umræðum áfram rofið af Sjálfstfl. til þess að halda sérstakan neyðarfund í 45 mínútur? Og síðan er enginn af forustumönnum Sjálfstfl. sem hefur í sér manndóm til þess að biðja um orðið til að skýra frá því hvað sé að gerast eða kalla til sín forustumenn annarra flokka til að upplýsa það. (**Umhvrh.:** Það var boðið upp á áheyrnarfulltrúa.) Það var hv. þm. Vilhjálmur Egilsson sem gerði það en hann fer nú ekki með ...(**MB:** Hann er ekki tekinn alvarlega.) Nei, hann er ekki tekinn alvarlega eins og hv. þm. Matthías Bjarnason segir en það vill hins vegar svo til að þessi Vilhjálmur Egilsson er 1. flm. að þessari brtt. sem setti allt upp í loft. Ég vil í fyrsta lagi spyrjast fyrir um það hvað er hér eiginlega að gerast og í öðru lagi vil ég beina því til forsetaembættisins að það verði skoðað að þessari umræðu verði frestað til morguns vegna þess að varla getur Sjálfstfl. ætlast til þess að aðrir flokkar haldi áfram umfjöllun um málið þegar Sjálfstfl. sjálfur hefur þurft 45 mínútur rétt fyrir miðnætti fyrir sérstakan neyðarfund. Það hlýtur því að koma til álita að við ljúkum ekki þessari umræðu hér og nú heldur gefist okkur tækifæri til þess að meta þessa nýju stöðu í ljósi þeirra upplýsinga sem hér kunna að koma fram um niðurstöðurnar af þingflokksfundi Sjálfstfl. og ég óska eftir því að hér verði flutt skýrsla um niðurstöðurnar af þingflokksfundi Sjálfstfl. áður en umræðan heldur áfram. Það er fullkomlega eðlilegt og ekkert hlægilegt, hæstv. umhvrh., og síðan verði það metið í ljósi þeirrar skýrslu hvort umræðan heldur áfram í kvöld eða hvort það verði tekið hlé á henni og henni lokið á morgun. Það er sjálfsagt að ljúka henni á morgun en það getur verið nauðsynlegt að skoða málin áður en hún heldur áfram.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti hlýtur að ítreka við hv. þingmenn að ræða ekki hver um annan á þann hátt sem hv. 8. þm. Reykn. gerði. Vilhjálmur Egilsson er hv. 5. þm. Norðurl. v.

[23:05]

Geir H. Haarde *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Það er eins og fyrri daginn að hv. 8. þm. Reykn. á erfitt með að fara með rétt mál. Það hefur ekki verið haldinn neinn neyðarfundur í þingflokki sjálfstæðismanna. Sex eða sjö sinnum hefur hann tekið sér þetta orð í munn fyrir og eftir þetta hlé sem ég óskaði eftir að við fengjum til að ræða mál í þingflokki sjálfstæðismanna. Það er eins og hv. þm. mundi segja lýðræðisvenja í okkar flokki að halda þingflokksfundi þegar eftir því er óskað. Það var eftir því óskað í kvöld. Sá fundur var haldinn og honum er nú lokið.

Það er líka rangt hjá hv. þm. að það hafi ekkert verið rætt um þessi mál við forustumenn annarra flokka. Það eru bara hreinustu ósannindi vegna þess að formenn þingflokka sátu á fundi saman að viðstöddum fjmrh. áður en þessi þingflokksfundur var haldinn þar sem þetta var m.a. ítarlega rætt, fundarefni okkar fundar svo að ég held að hann ætti aðeins að kynna sér betur það sem hann er að tala um. Það er kannski til of mikils mælst og hefur löngum verið að hann geri það en þessar ávirðingar eru gersamlega úr lausu lofti gripnar.

Varðandi hins vegar það samkomulag sem við formenn þingflokka gerðum og handsöluðum í síðustu viku um fundarhaldið í dag þá stendur það auðvitað og hlýtur að gera að fundarhöld gangi þannig fram að 3. umr. um þetta mál geti lokið. Við höfum hins vegar talað um það að atkvæðagreiðsla verði ekki fyrr en á morgun og er það út af fyrir sig sjálfsagt mál. En það er ekkert tilefni til þess að verða við kröfu formanns Alþb. um að fresta þessum umræðum. Hún var reyndar komin fram fyrir fundarhléð áðan.

Þetta vildi ég láta koma fram, virðulegi forseti. Í öðru lagi verð ég að segja alveg eins og er að formann Alþb. varðar ekkert um það sem fram fer á þingflokksfundi sjálfstæðismanna og á engan rétt á neinni skýrslu um það sem þar fer fram.

[23:07]

Ólafur Ragnar Grímsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Þetta hefur greinilega verið mjög erfiður fundur í þingflokki Sjálfstfl. Það má vel vera að hv. þm. Geir Haarde vilji ekki kalla það neyðarfund þegar forustuflokkur ríkisstjórnarinnar klukkan rúmlega 10 að kvöldi til þegar á að fara að ljúka afgreiðslu lánsfjárlaga biður um sérstakt fundarhlé til þess að geta haldið þingflokksfund vegna ágreinings sem kominn er upp í Sjálfstfl. Ef það er ekki neyðarfundur í þingflokki, sama þingflokki og er að biðja um að málið sé afgreitt, þá veit ég ekki hvað er neyðarfundur.

Síðan er það einnig rangt hjá hv. þm. að forustumönnum flokka hafi verið skýrt frá því hver hafi orðið niðurstaðan af þingflokksfundi Sjálfstfl. Það hefur engin slík skýrsla verið gefin. Og heldur hv. þm. virkilega að það geti haldið áfram umræða eins og ekkert hafi í skorist þegar hv. þm. Matthías Bjarnason er búinn að lýsa þeirri brtt. sem hv. þm. Vilhjálmur Egilsson talaði fyrir fyrir fundarhléð með þeim hætti sem hv. þm. Matthías Bjarnason gerði? Við viljum fá að vita það hér: Styður þingflokkur Sjálfstfl. þessa brtt. eða ekki? (**GHH:** Það kemur bara í ljós.) Kemur bara í ljós. Já, akkúrat. Sjálfstfl. þorir nefnilega ekki að láta upplýsa á þessum sólarhring hvort þingmenn Sjálfstfl. styðja þessa brtt. Og þess vegna hefur Sjálfstfl. ákveðið það að atkvæðagreiðslan eigi ekki að fara fram fyrr en á morgun. Nú er allt í einu hægt að fresta atkvæðagreiðslunni. Nú allt í einu liggur ekkert á að ljúka málinu á þessum sólarhring af því að það passar ekki í ágreininginn í þingflokki Sjálfstfl. Og það er auðvitað mjög merkilegt að það sé ekki hægt að fá svör við því hér hvort þingmenn Sjálfstfl. styðja þessa brtt. eða ekki. (**GHH:** Til þess er atkvæðagreiðslan að fá það

fram.) Nú, það er bara orðið svona í þingflokki Sjálfstfl. Það veit bara enginn hver styður hvað af því sem stjórnarliðið flytur fyrr en málin koma til atkvæða. Maður fer þá að velta því fyrir sér til hvers þessir þingflokksfundir eru yfir höfuð. Er það bara til þess að hv. þm. Matthías Bjarnason geti lesið mönnum pistilinn og síðan komi það bara í ljós hér í þingsalnum hvernig atkvæðin falla? Það dugir okkur ekki, hv. þm. Við viljum fá að vita t.d. hvort hæstv. forsrh. styður þessa brtt. í ljósi þess sem hann hefur sagt um fiskeldið á undanförnum árum. Við viljum fá að vita, hvort hæstv. fjmrh. styður þessa brtt. og við viljum fá að vita hvort meiri hlutinn í þingflokki Sjálfstfl. hefur komist að þeirri niðurstöðu að styðja þessa brtt. eða ekki. Og ef það er virkilega þannig að það liggur ekkert fyrir um það eftir þennan þriggja stundarfjórðunga fund hvort Sjálfstfl. styður þessa brtt. eða ekki þá er auðvitað fullkomlega óeðlilegt að hægt sé að halda umræðunni hér áfram. Þegar þingmaður stjórnarflokksins hefur forustu um það eins og hv. þm. Vilhjálmur Egilsson gerði að tala fyrir brtt. við lánsfjárlögin á síðustu stundu og ekki fæst svar við því hvort þingflokkur fjmrh. styður brtt. eða ekki er það fullkomlega eðlilegt að þeirri umræðu sé frestað þar til málið hefur verið upplýst.

[23:10]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegur forseti. Út frá umræðunni sem hefur spunnist um þessa litlu tillögu hlýtur að verða að koma fram að hér er ekki um að ræða neina venjulega þingmannatillögu sem sé eitthvert hipsumhaps hvernig fari með í atkvæðagreiðslu. Hér er um að ræða tillögu sem er flutt af fjórum nefndarmönnum í efh.- og viðskn. að beiðni hæstv. fjmrn. Nefndinni barst bréf frá fjmrn. undirritað af ráðuneytisstjóra þar sem farið er fram á að við þessu verði orðið. Og þegar tillagan kemur fram, sem ég í fáfræði minni og fávisku taldi víst að hæstv. fjmrh. væri búinn að tryggja meiri hluta fyrir í stjórnarliðinu, kemur í ljós að Sjálfstfl. þarf að halda langan þingflokksfund til þess að fjalla um tillöguna. Þá þýðir ekkert fyrir formann þingflokks Sjálfstfl. að koma og segja að það komi okkur hinum ekkert við hvað gerðist á þeim fundi. Ég veit ekki hvernig menn skilja hlutverk okkar hér á Alþingi ef menn leyfa sér að tala svona. Mér datt ekki annað í hug en í framhaldi af þingflokksfundinum yrði kallaður saman fundur formanna þingflokkanna til þess að fara yfir málið og framhald málsins eftir að Sjálfstfl. er búinn að stefna því samkomulagi í voða sem hæstv. fjmrh. lagði ofurkapp á, að afgreiðsla lánsfjárlaga yrði kláruð á þessum sólarhring. Síðan er tillaga borin fram að beiðni hæstv. fjmrh. sem setur allt upp í loft. Svo kemur hv. þm. Geir Haarde og segir: Það kemur ykkur bara ekkert við af hverju við tókum klukkutíma hlé. **(Gripið fram í:** Er það orðinn klukkutími?) Það er orðinn klukkutími sem fer í þetta, hv. þm., þegar við tökum umræður á eftir í það. Að sjálfsögðu krefjumst við þess að fá skýringu á því hvað verður um framgang tillögunnar. Efnislega sagði ég það í ræðu minni áðan að ég gæti stutt hana. Mér dettur hins vegar ekki í hug að bjarga ríkisstjórninni fyrir þetta mál ef stjórnarflokkarnir eru ekki sammála um þetta, mér dettur það ekki í lifandi hug. Ég tel því að við stjórnarandstöðuþingmenn eigum heimtingu á að fá að vita það hvernig þetta mál liggur því að í mínum huga hefur málið ígildi stjórnarfrv. Þetta er tillaga sem er borin fram samkvæmt beiðni hæstv. fjmrh. og ég held að ég brjóti engan trúnað þó að ég segi að þeir voru ekki allir með hýrri há sem urðu við þeirri beiðni hæstv. ráðherra þannig að ég held að full rök séu fyrir því að við fáum skýringu á því hvort sú tillaga, sem er borin fram að frumkvæði og að beiðni hæstv. fjmrh., nýtur stuðnings stjórnarflokkanna.

[23:14]

Geir H. Haarde *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Stundum er undarlegt að hlusta á ræður hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar og má taka undir það sem segir í einu ævintýri H.C. Andersens að mikið má maður nú heyra frá þessum hv. þm. áður en eyrun detta af. Hann gerir þá kröfu að fá nákvæma skýrslu um það sem fram fer á þingflokksfundi í öðrum þingflokki en hans eigin og gerir kröfu um það að umræðan verði felld niður þangað til hann fái skýringar sem hann getur sætt sig við **(ÓRG:** Hvort Sjálfstfl. styður tillöguna.) já, það er einmitt það, já. Hann á engan rétt á að fá að vita það, hvorki um þennan þingflokk né annan. Það kemur auðvitað í ljós. Hér er flutt tillaga af nokkrum þingmönnum (Gripið fram í.) að ósk fjmrh., það kemur bréf frá fjmrn. um það mál og ég held að hann ætti þá bara að fagna því ef það kemur í ljós að það er einhver ringulreið í stjórnarliðinu. Hann á ekki að vera alltaf með þessa uppgerð um málefni stjórnarliðsins á Alþingi og stjórnarflokkanna.

Hinu verð ég svo að bæta við, virðulegi forseti, og það er eiginlega ástæðan fyrir því að ég kem upp að það er enn ein rangfærslan hjá hv. þm., enn ein ósannindin sem hann hefur látið sér um munn fara í kvöld, að það sé vegna þessa sem þingflokksformenn hafa orðið ásáttir um að atkvæðagreiðslan fari ekki fram fyrr en á morgum. Það er hlutur sem var byrjað að tala um löngu áður en þetta mál kom upp. Nauðsynlegt er að það komi líka fram. Það getur hann átt við sjálfan sig og sinn æsing út af því atriði en þannig liggur nú það mál. Ef hann vill hafa atkvæðagreiðsluna í nótt er það auðvitað okkur að meinalausu.

[23:16]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Fróðlegt er að fylgjast með því hvað hv. þm. Jóhannes Geir Sigurgeirsson og Ólafur Ragnar Grímsson hafa miklar áhyggjur og reyndar líka mikinn áhuga á því hvað gerist í þingflokksherbergi Sjálfstfl. Ég vil fagna þeim áhuga því að ekki eru margir sem sýna jafnmikinn áhuga á því sem gerist í þingflokksherbergi okkar. Hins vegar verð ég að segja að sem betur fer voru þeir ekki á fundinum því að ef þeir hefðu setið þann fund hefði hann ekki staðið í þrjá stundarfjórðunga heldur í klukkutíma og þrjá stundarfjórðunga eftir þeim tiltektum sem þeir sýna hér úr ræðustóli.

[23:16]

Finnur Ingólfsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Það hefur komið fram að menn hafi gert samkomulag um að ljúka þessu frv. til lánsfjárlaga á fundinum í kvöld. Það er alveg rétt, það gerðu menn fyrir jól og handsöluðu því við fjmrh. þegar menn luku fundi. Á þeim fundi þar sem gengið var frá því samkomulagi gekk ég eftir því við hæstv. fjmrh. hvort ekki væri alveg klárt að ekki kæmu fram neinar breytingartillögur við frv. Fjmrh. svaraði því þá svo að hann vissi ekki til þess að neinar breytingartillögur kæmu fram og það væri alveg klárt að engar yrðu breytingartillögur fluttar. Því væri hægt að ljúka 2. og 3. umr. um málið á þessum degi. Hins vegar er rétt hjá hv. þm. Geir H. Haarde að umræðan um atkvæðagreiðslu á morgun var löngu hafin áður en þessi uppákoma varð og ég sé ekki að það breyti miklu ef umræðunni lýkur í kvöld hvort atkvæðagreiðslan fer fram á morgun eða ekki. En það sem breytir talsverðu í málinu er það að nú er það upplýst sem var ekki upplýst á fundi með forseta þingsins áðan að þessi tillaga er flutt að ósk hæstv. fjmrh. Það er auðvitað dálítil breyting vegna þess að ég spurðist fyrir um þetta áðan og þá var mér sagt að brtt. væri flutt af nefndinni og væri þar af leiðandi fjmrh. alveg óviðkomandi. Ef hún hefði einhver truflandi áhrif á það að umræðunni gæti lokið í kvöld væri sjálfsagt að taka hana út. Nú spyr ég hæstv. fjmrh. þannig að menn geti haldið þingstörfum áfram og staðið við það samkomulag sem var gert fyrir jól hvort hæstv. fjmrh. ætlar ekki að beita sér fyrir því að brtt. verði afturkölluð sem meiri hluti hv. efh.- og viðskn. flutti hér.

[23:18]

Kristín Ástgeirsdóttir *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Í tilefni af þessum síðustu orðum er rétt að taka það fram að það eru engir fjórir af nefndarmönnum í efh.- og viðskn. sem flytja tillöguna. Það voru reyndar aðrir nefndarmenn sem lýstu yfir stuðningi við málið en því er ekki að leyna að auðvitað vantar okkur frekari upplýsingar um málið og er í rauninni mjög óeðlilegt að mál af þessu tagi skuli koma inn á síðustu augnablikum í umræðunni. En ég vil ítreka spurningu hv. þm. Finns Ingólfssonar sem hann bar fram í lokin. Ég held að við getum ekki haldið umræðunni áfram án þess að fá niðurstöðu í það mál hvort tillagan verður dregin til baka. Eða er samkomulag í Sjálfstfl. um það hvernig eigi að afgreiða málið? Við hljótum að verða að fá upplýsingar um það áður en umræðan heldur áfram

[23:20]

Steingrímur J. Sigfússon *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég held að það þurfi að koma skýrt fram sem reyndar hefur verið gert að hluta til að tillagan er flutt af meiri hlutanum sem reyndist að vísu í þessu tilviki ekki vera nema fjórir menn því einn af stjórnarliðunum kaus að standa ekki að flutningi brtt. En þetta er hluti af breytingartillögum meiri hlutans við frv. til lánsfjárlaga og 2. liður brtt. er leiðrétting á niðurstöðutölu 1. gr. frv. þannig að þarna er á ferðinni brtt. um tvö aðskilin efni og þessi fiskeldis- eða hafbeitartillaga, sem fræg er orðin, er einungis hluti af breytingartillöguskjalinu sem þarna er á ferðinni. Að sjálfsögðu hefði aldrei komið annað til greina en að það yrði hlutverk meiri hlutans að flytja brtt. af því tagi því að minni hlutinn stendur ekki að afgreiðslu lánsfjárlaga og situr hjá við við afgreiðslu málsins.

Í öðru lagi er rétt að það komi fram að þessi brtt. er ekki aðeins flutt að beiðni hæstv. fjmrh. samkvæmt bréfi heldur er hún og kynnt þannig að að baki hennar standi samkomulag í ríkisstjórn um það að staðið verði að málinu með þessum tiltekna hætti. Það var upplýst að upphaflega óskin hefði staðið til þess að fyrirgreiðslan yrði af stærðargráðunni 100 millj. en það hefði orðið niðurstaða í ríkisstjórn að lækka þá fjárhæð í 50 millj., enda kæmi mótframlag hjá eigendum. Ég held að nauðsynlegt sé að þetta liggi fyrir vegna þess að þar með er það auðvitað svo augljóst mál að eðlilegt er að við stjórnarandstæðingar spyrjum: Hvaða stöðu hefur málið? Hefur þetta breyst úr því að vera mál sem flutt er að ósk ríkisstjórnar og það er hæstv. fjmrh. fyrir hönd ríkisstjórnar sem ber þá beiðni fram við nefndina eða er eitthvað annað orðið upp á teningnum? Ég held að hv. stjórnarliðar og þá ekki síst hv. þm., formaður þingflokks Sjálfstfl., hljóti að átta sig á því að eðlilegt er að við spyrjum um þessa stöðu málsins áður en umræðan heldur lengra. Það eru ekki frambærileg svör að segja að þetta komi í ljós í fyllingu tímans og að öðru leyti komi málið okkur ekki við. Það er ekki þannig þegar spurt er um stöðu sem þingmál hafi. Er áfram meiri hluti á bak við þessa tillögu og ætlar hann að tryggja henni brautargengi eða var ætlunin að reiða sig að hluta til á stuðning stjórnarandstöðunnar? Stjórnarandstaðan vill vita ef hún á að taka þátt í því að bjarga í gegn málum meiri hlutans. Það hljóta allir þingreyndir menn að sjá og skilja. Þess vegna eru þær spurningar sem hafa verið bornar fram eðlilegar og ekki síst í ljósi þess hver aðdragandi og staða málsins er eins og ég hef verið að reyna að rekja hana.

[23:23]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Nú er búið að ræða utan dagskrár um fundarsköp og stjórn fundarins í nokkuð langan tíma. Ég vil minna á það í upphafi að samkomulag var gert fyrir jól um meðferð málsins og ég sé ekkert því til fyrirstöðu að við það samkomulag verði staðið og málið klárað í kvöld og atkvæðagreiðslunni síðan frestað sem ákveðin var miklu fyrr í kvöld heldur en sú ósk sem kom fram um þingfrestun sjálfstæðismanna.

Það er rétt sem hefur verið sagt að það var samkomulag í ríkisstjórninni um að fara með málið þessa leið og mér og hæstv. landbrh. var falið að rita nefndinni bréf sem var gert og dagsett 21. des. til formanns efh.- og viðskn. Orðrétt segir þar, með leyfi hæstv. forseta:

„Hér með er leitað eftir því að þingnefndin taki inn í lánsfjárlög fyrir árið 1995 eftirfarandi heimildargrein“ eins og hún birtist í þskj.

Ástæðan var m.a. sú að sett eru skilyrði með þeim

hætti að í sjálfri lagagreininni er sagt að skilyrðin verði sett af fjmrh. og landbrh. en eðlilegt þótti að lýsa þessum skilyrðum bréflega til nefndarinnar þannig að ljóst væri út á hvað þau gengju.

Ég stóð í þeirri meiningu að þetta hefði verið kynnt í nefndinni fyrir jól. Það er sjálfsagt minn misskilningur að hafa haldið það. Annað hefur komið í ljós. Hún var hins vegar ekki kynnt í þingflokki sjálfstæðismanna þá og sjálfsagt ekki í þingflokki Alþfl. heldur, ég á ekki von á því. Hins vegar hefur hún núna verið rædd í þingflokki sjálfstæðismanna. Það er ekkert því til fyrirstöðu að ræða það mál sem er á dagskrá áfram í kvöld. Það hefur engin beiðni komið frá sjálfstæðisþingmönnum um að fresta umræðunni um það mál sem hér er á dagskrá. Það hefur aðeins verið beðið um að halda þingflokksfund og beðið var um þinghlé og þingflokksfundinum er lokið. Fjórir þingmenn eru formlegir flutningsmenn þessarar tillögu. Þeir hafa ekki afturkallað tillöguna eins og hér hefur verið spurst fyrir um. Það liggur fyrir að staðið verður að tillögunni og engin slík beiðni hefur borist. Þetta liggur allt saman fyrir og ég sé ekki að neitt sé því til fyrirstöðu að þetta mál geti verið rætt áfram. Það hefur engin beiðni komið frá neinum þingmanni Sjálfstfl. um að fresta málinu. Þetta held ég að hljóti að skýra málið nægilega vel til þess að umræða geti haldið hér áfram og henni lokið.

[23:26]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegur forseti. Aðeins út frá orðum hæstv. ráðherra um að hann hefði staðið í þeirri meiningu að þetta mál hefði verið kynnt fyrir efh.- og viðskn. fyrir jólin, þá er um það það að segja að þessi tillaga var kynnt einstökum nefndarmönnum, m.a. þeim sem hér stendur. Hins vegar var enginn fundur haldinn í nefndinni eftir að það var gert þannig að það gafst ekkert tækifæri til þess að fjalla um málið í nefndinni. Það kom í ljós þegar fundur var haldinn í dag að tillagan mun ekki hafa verið kynnt fyrir öllum nefndarmönnum fyrir jólin þannig að einhverjir nefndarmenn voru að sjá hana í fyrsta skipti á fundinum í kvöld. Það er reyndar búið að koma tillögunni í möppu nefndarmanna en ég býst við að fæstir hafi gluggað í möppur sínar yfir jólin. Ég þekki engan þingmann sem hefur það mikinn áhuga á sínum störfum að hann hafi staðið í því. Formlega var þetta því ekki kynnt í nefndinni fyrr en upp úr kl. 8 í kvöld á fundi sem þá var haldinn.

[23:27]

Finnur Ingólfsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég var því miður ekki alveg ánægður með svör hæstv. fjmrh. við þeim spurningum sem ég og hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir bárum hér fram. En það vildi svo til að við sátum áðan fund með forseta þingsins og hæstv. fjmrh. þar sem ég skildi hæstv. fjmrh. þannig að þetta væri ekkert vandamál. Þessi tillaga ætti ekki að hafa nein úrslitaáhrif og þingstörfin gætu gengið eðlilega fram á þessu kvöldi. Því spyr ég og vil ítreka spurningu mína til hæstv. fjmrh.: Er nokkuð því til fyrirstöðu að þessari tillögu verði bara kippt út og hún sé ekki lengur á dagskrá, hæstv. fjmrh. beiti sér fyrir því — ég tala nú ekki um ef hæstv. fjmrh. vill ekki kannast við málið? Það er dálítið merkilegt að fjmrh. sem kemur úr Sjálfstfl. skuli vilja með þingmeirihluta Alþfl. og sjálfstæðismanna að baki sér knýja fram þessa tillögu til atkvæðagreiðslu sem er um gríðarlega sértækar aðgerðir. Sjálfstfl. er ekki bara að taka heilu byggðarlögin og grípa til sérstakra aðgerða gagnvart einstökum byggðarlögum í landinu með sérstökum aðgerðum heldur er Sjálfstfl. farinn að pikka út einstök fyrirtæki hingað og þangað um landið þar sem á síðan að krefjast þess að Alþingi veiti ríkisábyrgð. Mér er alveg sama hvort sú ríkisbyrgð er tryggð með eitthvað sérstaklega góðum veðum eða ekki. Það segir bara allt um þá afstöðu sem Sjálfstfl. hefur til atvinnulífsins. Ég óska eindregið eftir því, hæstv. fjmrh., að stjórnarandstaðan fái svör við því frá ráðherranum hvort hæstv. ráðherra sé tilbúinn til þess að beita sér fyrir því að þessi tillaga verði dregin til baka. Ef ekki þá finnst mér mjög eðlilegt til þess að hægt að halda eðlilegum þingstörfum áfram að forseti þingsins geri hlé á þingstörfum og ráðfæri sig við formenn þingflokka um hvernig að þessu skuli staðið það sem eftir lifir kvölds.

[23:30]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég skal með glöðu geði lýsa efnislega afstöðu minni til málsins í umræðum um málið. Ég tel að það eigi ekki að gera það undir liðnum fundarstjórn forseta einfaldlega vegna þess að engin beiðni hefur komið frá sjálfstæðismönnum um að fresta málinu. Þvert á móti hefur komið fram vilji frá öllum þeim sem hafa talað af hálfu Sjálfstfl. að staðið verði við það samkomulag sem gert var. Einustu tafirnar sem hafa orðið á þessum fundi var tæplega 40 mínútna fundur sjálfstæðismanna og nú, rúmlega hálftíma umræða um fundarsköp, en ég mun að sjálfsögðu taka þátt í efnisumræðu um málið á eftir og vona að það muni duga.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti hefur ákveðið að verða við þeirri beiðni að þingflokkar geti borið saman bækur sínar og hefur ákveðið að fresta þessum fundi til kl. 23.45.

[Fundarhlé. — 23:31]

[23:59]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Vegna umræðna sem hafa orðið um tillögu nr. 3 á þskj. 509 vil ég taka fram að þessi tillaga er flutt á ábyrgð ríkisstjórnar og stjórnarflokkanna og um hana gildir það sama og um aðrar tillögur sem fluttar eru á ábyrgð stjórnarflokkanna og það er að sjálfsögðu þeirra að tryggja framgang tillögunnar.

Ég vonast til þess, virðulegi forseti, að þessi yfirlýsing nægi til þess að hægt verði að ræða þetta mál áfram og ljúka umræðum þannig að atkvæðagreiðsla geti farið fram á morgun.

[00:00]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. fjmrh. var að lýsa því yfir að tillagan væri flutt á ábyrgð ríkisstjórnarinnar og stjórnarflokkanna. Mér hafði verið tjáð að niðurstaðan hefði verið sú á fundi formanna þingflokka að hæstv. fjmrh. mundi gefa ótvíræðari yfirlýsingu en þá sem hann var hér að flytja því satt að segja segir það ósköp lítið að hæstv. ráðherra ... (**GHH:** Þú hefur ekki hlustað á yfirlýsinguna.) Jú, ég gerði það reyndar. (**Umhvrh.:** Þarf ekki þingmaðurinn að fá þetta skriflegt frá fjmrh.?) Það var nú ágætt að hæstv. umhvrh. greip fram í vegna þess að eitt af því sem ég ætlaði að spyrja að var hvort hæstv. umhvrh. hefði vitað af þessari tillögu áður en hún var borin fram í þingsalnum. Er hæstv. umhvrh. reiðubúinn að staðfesta það í ræðustólnum sem hann hefur gert í samtölum í þinghúsinu að hann hafi ekki vitað af þessari tillögu fyrr en hún kom í þingsalinn? Hvenær var þessi tillaga samþykkt á ríkisstjórnarfundi sem tillaga ríkisstjórnarinnar og hvaða ráðherrar tóku þátt í þeirri afgreiðslu? Getur ekki hæstv. fjmrh. upplýst hvenær ríkisstjórnin tók ábyrgð, á hvaða fundi sínum ríkisstjórnin tók ábyrgð á þessari tillögu?

Síðan sagði hæstv. fjmrh. að þetta væri flutt á ábyrgð stjórnarflokkanna. Mér er ekki kunnugt um að Alþfl. hafi formlega tekið ábyrgð á þessari tillögu. Það hefur verið sagt í samtölum þingmanna, og það verður þá leiðrétt ef það er rangt, að þingflokkur Alþfl. hafi ekki fundað efnislega um þetta mál. Það væri því fróðlegt að vita hvaðan hæstv. fjmrh. hefur þá vitneskju að ábyrgð Alþfl. sé á bak við þessa tillögu. Ég vildi sem sagt beina þeirri fyrirspurn til hæstv. fjmrh. að hann upplýsti hér hvenær ríkisstjórnin tók ákvörðun um að bera ábyrgð á þessari tillögu og hvaðan hann hefur það að Alþfl. hafi tekið ábyrgð á þessari tillögu.

[00:02]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Að svo miklu leyti sem það er á mínu valdi að svara þessari fyrirspurn sem er andsvar við ræðu minni, en ég get að sjálfsögðu ekki svarað fyrir þá aðra sem málið var beint til, þá vil ég segja frá því að þetta mál hefur að sjálfsögðu verið rætt í ríkisstjórn og niðurstaðan varð sú að tveir ráðherrar skrifuðu formanni nefndarinnar bréf eins og lýst hefur verið fyrr í umræðu á hinu háa Alþingi. Það er ekki mitt og það er ekki siður að svara því og ég tel mig ekki þurfa að standa fyrir því að segja nákvæmlega um dagsetningar í því sambandi, en ég hygg nú að hv. þm., sem er fyrrv. ráðherra í ríkisstjórn, viti að það hlýtur að vera ætlast til þess að orðum ráðherra sé trúað þegar svona er sagt.

Ég vil einnig að það komi fram að þessi yfirlýsing sem gefin var áðan er gefin með fullri vitund formanns þingflokks Alþfl. og það gildir um þessa tillögu eins og aðrar tillögur sem fluttar eru á vegum stjórnarflokkanna að það er ekki verið að ætlast til þess að við sækjum atkvæði í raðir stjórnarandstæðinga til þess að tryggja þessari tillögu framgang. (**GHH:** Varaformaður flokksins er flutningsmaður). Já, að sjálfsögðu. Það kemur fram á sjálfu þingskjalinu hverjir eru flutningsmenn tillögunnar. Þar á meðal er varaformaður Alþfl. og ég get upplýst það að formaður flokksins kom að þessu máli líka. Ég tel því að Alþfl. eins og Sjálfstfl. styðji þetta mál.

Ég þarf ekki að endurtaka það, virðulegi forseti, það hefur komið fram í minni ræðu, að það fer með þessa tillögu eins og aðrar slíkar. Við höfum fylgst með atkvæðagreiðslum bæði fyrr á þessu þingi og fyrri þingum og ég held að það eigi ekkert að koma mönnum á óvart í þessu máli og það sé ekkert því til fyrirstöðu að þessari umræðu sé haldið áfram, enda hefur engin beiðni komið um það af hálfu stjórnarþingmanna að umræðum sé frestað.

[00:05]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Matthías Bjarnason upplýsti það fyrr í kvöld að þetta mál hefði aldrei verið rætt í þingflokki Sjálfstfl. Því var ekki mótmælt í þingsalnum og hefur ekki verið mótmælt enn að sú yfirlýsing hafi ekki verið rétt. Það er þess vegna í fyrsta skipti í kvöld að þingflokkur Sjálfstfl. tekur þetta mál til umfjöllunar. Fyrr var ekki hægt að tala um neina ábyrgð þingflokks Sjálfstfl. á málinu. Það má vel vera að formaður þingflokks Alþfl. ætli að axla ábyrgðina á þessari tillögu fyrir hönd Alþfl. en það verður auðvitað gengið eftir því í umræðum, ef þær halda áfram, hvort hæstv. umhvrh. er aðili að þessari ábyrgð ríkisstjórnarinnar á málinu því að hann er sá eini ráðherranna sem hefur sérstaka sérþekkingu í þessum málaflokki og hefur starfað að hliðstæðum málum hér á árum áður. Auðvitað væri það æskilegt í ljósi málsins alls að hæstv. fjmrh. lýsti því yfir hvenær ríkisstjórnin axlaði þessa ábyrgð en það getur verið að það reynist snúið fyrir hæstv. ráðherra að gera það.

Hins vegar hefði mátt spara sér töluvert miklar umræður í þingsalnum ef hæstv. fjmrh. hefði lýst því skýrt og skorinort yfir fyrr í kvöld að þessi tillaga væri flutt á ábyrgð ríkisstjórnarinnar og ríkisstjórnarflokkanna. Það hefur ekki komið fram fyrr en nú heldur var ávallt sagt áður að hún væri flutt af þessum fjórum þingmönnum að beiðni hæstv. fjmrh. og þrátt fyrir ítrekaðar fyrirspurnir fékkst það ekki uppgefið hvort Sjálfstfl. hefði tekið afstöðu með eða á móti tillögunni.

[00:07]

Sigbjörn Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Mér þykir rétt að taka svolítinn þátt í þessum spurningaleik og þá til þess að svara. Ítrekað hefur verið spurt hvort Alþfl. standi að þessari tillögu. Þannig er að hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson, varaformaður Alþfl., er einn af flutningsmönnum tillögunnar og ef litið er til baka yfir þetta kjörtímabil þá hygg ég að það hafi ekki brugðist að þingflokkur Alþfl. hafi staðið að baki sínum mönnum í tillöguflutningi og þannig mun verða nú.

Hins vegar, virðulegi forseti, var hér söguleg stund áðan og nokkur tímamót, alla vega fyrir mig, á þessu kjörtímabili. Það var í fyrsta sinn sem ég hef heyrt úr

þessum ræðustóli að vitnað sé til einkasamtala hér í húsinu og það þótti mér mjög miður.

[00:08]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel það ekki vera neitt einkamál þótt ráðherra sé spurður að því í sæti sínu í þingsölum eða hér á þessum vettvangi hvort hann styðji tillögu sem flutt er væntanlega á vettvangi ríkisstjórnar eða hvenær hún hafi verið rædd og afstaða tekin í ríkisstjórn. Ég tel það enga sérstaka nýja siði í þinginu að það þurfi eingöngu að spyrja ráðherra slíkra spurninga úr ræðustól til þess að svör þeirra séu gild. Við höfum a.m.k. margir tamið okkur það í starfsháttum í þinginu að ef spurt er slíkra spurninga um formlega afstöðu ráðherra og afgreiðslu í ríkisstjórn þá sé það ekki einkamál eða einkasamræður sérstaklega þegar búið er að flytja málið inn í þingsalinn. Ég vísa algerlega til föðurhúsanna einhverjum ásökunum hv. þm. í minn garð út af tilvitnunum í svör hæstv. umhvrh. En þau koma væntanlega skýrar fram í umræðunni á eftir ef hún heldur áfram.

Hitt hefur hins vegar verið upplýst að málið hefur ekki verið rætt í þingflokki Alþfl. Formaður þingflokks Alþfl. var að staðfesta það að málið hefði ekki verið rætt í þingflokki Alþfl. Og þá hefur það komið fram hér í kvöld að tillagan var hvorki rædd í þingflokki Sjálfstfl. né þingflokki Alþfl. áður en hún var flutt hér. Það liggur fyrir. Það er auðvitað mikilvægt að það liggi ljóst fyrir hvort þingflokkur Alþfl. kýs að fylgja varaformanninum eða ekki. Það kemur bara í ljós. En afstaða þingflokkanna lá á engan hátt fyrir áður en þessi tillaga var flutt.

[00:10]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Það var víst meiningin að halda áfram 3. umr. um frv. til lánsfjárlaga sem var hafin nokkuð fyrr á kvöldinu, eða í gærdag réttara sagt og truflaðist svo af vissum ástæðum eins og hv. þm. þekkja og mun ég kannski víkja lítillega að því á eftir. En fyrst ætlaði ég að greina aðeins frá því sem var megintilefni þess að efh.- og viðskn. kom saman og fundaði milli 2. og 3. umr. eins og boðað hafði verið að gert yrði.

Það var fyrst og fremst tvennt sem þá stóð eftir af verkefnum nefndarinnar eins og rætt hafði verið. Það er annars vegar að ganga úr skugga um það hver yrði hin endanlega niðurstöðutala í 1. gr. lánsfjárlaga um heildarlántökur ríkissjóðs fyrir sína hönd og aðstandenda á næsta ári og það er 1. liður brtt. fjórmenninganna frægu, hv. þingmanna, sem leiðir það í ljós.

Í öðru lagi var ætlunin, sem og gert var, að fá til viðtals við nefndina aðila út af málefnum Flugstöðvar Leifs Eríkssonar hins heppna, þ.e. mannsins ekki flugstöðvarinnar, í Keflavík vegna rekstrarvanda þess fyrirtækis og beiðni um lántökur upp á allt að 2 milljörðum kr. á næsta ári. Það hafði ekki unnist tími til þess að fá yfirferð á þeim þætti frv. fyrr en nú í kvöld og til fundar við nefndina komu menn frá fjmrn. og utanrmn. út af því máli. Ég, hæstv. forseti,. hafði aðallega ætlað mér að víkja nokkrum orðum að því máli við 3. umr. enda geymdi ég mér það, og við þingmenn flestir, að ræða það við 2. umr. Og þá verð ég að segja alveg eins og er, hæstv. forseti, að ill þótti mér fjarvera hæstv. utanrrh. í dag og hefur mér þótt almennt í þessum umræðum, en ég tel það gersamlega óviðunandi að hæstv. utanrrh. mæti ekki hér til þess að taka þátt í umræðum um þennan þátt frv. þegar sérstaklega er búið að halda fund í efh.- og viðskn. og kalla til embættismenn og aðila til að upplýsa um stöðu Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar. Var nú svo sannarlega tilefni til því að það munar um minna en lántökur upp á 2 milljarða kr. á næsta ári og rekstrarvanda sem nemur líklega um 200–300 millj. á ári næstu árin verði ekkert að gert, þ.e. til þess að standa straum af afborgunum og vöxtum lána sem hvíla á flugstöðinni þarf um 300–350 millj. kr. á ári næstu árin þó þeim verði skuldbreytt í 25 ára lán. Það gefur smáhugmynd um stöðu mála þannig að ég vil inna eftir því, hæstv. forseti: Er það ætlunin að hæstv. utanrrh. komist upp með það að hundsa þessa umræðu alveg þegar hér er sérstaklega komið á dagskrá mál sem heyrir undir hann, málefni Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar? Ég óska eftir upplýsingum um það hvar hæstv. utanrrh. er staddur og hvort hann er væntanlegur til umræðunnar áður en ég held áfram máli mínu, forseti. (**Gripið fram í:** Ertu viss um að hann sé á landinu?) Það kemur þá í ljós.

(**Forseti** (SalÞ): Forseti getur ekki svarað spurningu hv. þm. að öðru leyti en því að gerðar hafa verið ráðstafanir til þess að gera hæstv. utanrrh. viðvart um að hans nærveru sé óskað hér.)

Já. Hæstv. forseti. Ég get út af fyrir sig snúið mér að fáeinum atriðum öðrum sem ég ætlaði að nefna í sambandi við þetta frv. núna og tekið í það 5–10 mínútur og geymt mér á meðan að fjalla um þennan þátt flugstöðvarinnar. En þá mun ég inna eftir því aftur hvar hæstv. utanrrh. sé á vegi staddur og gjarnan fá þá að gera hlé á ræðu minni þangað til utanrrh. er kominn í hús ef þess er að vænta. Hvað hæstv. forseti vill þá gera ef hæstv. ráðherra kemur ekki til fundar verðum við að ræða síðar. En satt best að segja, hæstv. forseti, bæði miðað við stærð þessa máls og eðli og ekki síst í ljósi þess að embættismenn lýstu því í hnotskurn þannig að það sem út af stæði og þyrfti að gera í málefnum flugstöðvarinnar væri pólitísk ákvarðanataka um meðferð málsins þá er náttúrlega ekki nokkur leið að ljúka þessari umræðu þannig að hæstv. utanrrh. komi ekki hér og standi fyrir sínu máli í þeim efnum. Ég geri ekki kröfur til þess að hæstv. fjmrh. geri það vegna þess að þetta er á verksviði utanrrh. samkvæmt þeirri sérkennilegu skipan sem allir þekkja að þetta samgöngumannvirki heyrir undir utanrrn. af vissum ástæðum og málið er á forræði hæstv. utanrrh. Ég óska eindregið eftir því að 3. og síðustu umr. um lánsfjárlög, ljúki ekki fyrr en hæstv. utanrrh. er hér kominn til svara.

Að öðru leyti, hæstv. forseti, er svo sem ekki margt um frv. að segja við 3. umr. sem ekki hefur áður komið fram. Brtt. við 1. gr. staðfestir það sem við stjórnarandstæðingar höfum haldið fram að hallinn á ríkissjóði er að aukast. Þó að það sé ekki mikið er verið að

hækka heildarlántökuheimild ríkissjóðs um litlar 700 millj. eða svo og það þó að í sömu brtt. sé verið að lækka á móti lántökuheimildir Lánasjóðs ísl. námsmanna á næsta ári. Það segir sína sögu um það að ríkissjóður sjálfur þarf á meira lánsfé að halda á næsta ári, svo nemur auknum halla a.m.k. eins og hann er samkvæmt nýafgreiddu fjárlagafrv., talsvert á annan milljarð kr.

Við hv. þm. Alþb. greiddum atkvæði gegn þessari skerðingu á lántökuheimild lánasjóðsins m.a. vegna þess að við höfum verið andvíg og barist gegn þeirri skerðingu námslána og því hvernig þrengt hefur verið að námsmönnum í tíð þessarar ríkisstjórnar. Ef útlánareglur og starfræksla lánasjóðsins væri með eðlilegum hætti þá þyrfti lánasjóðurinn á öllu þessu fé og rúmlega það að halda til að uppfylla þarfir og óskir námsmanna. Það er eingöngu vegna þess að þannig hefur verið hert að námsmönnum og skertir þeirra möguleikar til að fá lán úr sjóðnum að nú er unnt að lækka svona lántökuheimildir lánasjóðsins. Það er alveg ljóst að það hefur að hluta til tekist sem ríkisstjórnin greinilega ætlaði sér, að gera mönnum það erfitt fyrir í þessum efnum, m.a. með upptöku vaxta á námslán og hertum endurgreiðslureglum og öðru slíku, að það er búið að fæla það marga námsmenn frá námi og/eða gera þessi viðskipti við lánasjóðinn það ófýsileg að núna sækja færri um en áður var. Og það veldur því að lánasjóðurinn kemst samkvæmt þessum ákvörðunum hæstv. ríkisstjórnar af með talsvert minna fé en áætlað var. Það vekur upp minningar um hæstv. umhvrh. sem stóð hér einu sinni í ræðustóli og sagðist mundu endurskoða afstöðu sína, gott ef ekki til ríkisstjórnarinnar í heild, a.m.k. til ýmissa þátta í sambandi við skólamál, ef það kæmi á daginn að það drægi úr aðsókn í skóla og skerðingar hæstv. ríkisstjórnar á námslánum og upptaka skólagjalda yrðu til þess að draga úr sókn ungs fólks í nám, þá mundi hæstv. núv. umhvrh. endurskoða afstöðu sína til stuðnings við þessa ríkisstjórn. Nú er svo illa komið að hæstv. umhvrh. er ekki bara stuðningsmaður ríkisstjórnarinnar, hann situr í henni, hæstv. ráðherra. Hvað er þá orðið um áformin um að endurskoða viðhorfið til skólagjalda og skerðingar námslána ef það kæmi á daginn að það drægi úr aðsókn í nám? Sem hefur gerst og þessar brtt. sem lækka lántökuheimildir Lánasjóðs ísl. námsmanna um meira en 200 millj. kr. eru óræk sönnun um.

Það væri nú gaman að heyra einu sinni í einum krata, hæstv. forseti, og er ekki tilvalið fyrir hæstv. umhvrh. sem er endurnærður og ferskur í þingstörfunum að trítla nú einu sinni í ræðustólinn og segja okkur svolítið af því hvernig hugrenningar hann ber til þessarar þróunar í skólamálum og sóknar ungs fólks í nám um þessar mundir sem endurspeglast í því að hér er lögð til breyting til lækkunar á svigrúmi til Lánasjóðs ísl. námsmanna á næsta ári. Hefði maður þó talið eðlilegt við þessar aðstæður atvinnuleysis, ekki síst meðal ungs fólks, að þess sæi þá frekar stað í því að fleiri reyndu að nýta tíma sinn til að mennta sig við slíkar aðstæður en að mæla göturnar.

Hæstv. forseti. Síðan er á þskj. 509 brtt. frá hv. þm. Vilhjálmi Egilssyni o.fl., 3. tölul., um það að fjmrh. sé fyrir hönd ríkissjóðs heimilt að ábyrgjast með sjálfsskuldarábyrgð lántöku Silfurlax hf., allt að 50 millj., gegn skilyrðum sem fjmrh. og landbrh. setja. Um hina mjög svo óvenjulegu sköpunarsögu þessarar tillögu hefur þó nokkuð verið rætt og held ég að það sé í engu ofmælt að allt frá getnaði til fæðingar hafi þessi sköpunarsaga verið mjög óvenjuleg. Það kemur hér í ljós að þetta er samkvæmt yfirlýsingu hæstv. fjmrh. stjórnartillaga, hefur sömu stöðu og stjfrv., að stuðningsmenn ríkisstjórnar séu að breyttu breytanda skuldbundnir til að fylgja henni. Samt er aðdragandi hennar slíkur að það er í fyrsta lagi ekki hægt að gefa það upp hvenær ríkisstjórnin gerði þessa samþykkt sem að baki stendur og það kemur í öðru lagi í ljós að hvorugur þingflokka stjórnarliðsins hafði fjallað um tillöguna eða hafði hugmynd um að hún yrði hér fram borin sem slík fyrr en þá eftir á. Auðvitað er þetta ákaflega óvenjuleg málsmeðferð og óvenjulegur aðdragandi.

Hæstv. forseti, málið er líka nokkuð óvenjulegt. Staðreyndin er sú að það er fremur óvenjulegt að það birtist hér á síðustu stigum tillaga af þessu tagi um ríkisábyrgð á lánveitingum til handa einu fyrirtæki. Vissulega eru þó fyrir því ýmis fordæmi frá fyrri tíð, en það hljóta að þurfa að teljast nokkuð sérstakar aðstæður sem réttlæti það að standa svona sértækt að málum.

Ég vil upplýsa það hér, hæstv. forseti, að ég lét það koma fram í efh.- og viðskn., og vil vera sjálfum mér samkvæmur í því hér, að ég get efnislega stutt þessa tillögu og hafði hugsað mér að gera það og ætlað mér að gera það, þ.e. vegna þess að ég tel að það séu þrátt fyrir allt ýmis rök fyrir því, sem færð voru fram, að afstýra því að þetta fyrirtæki a.m.k. leggi upp laupana nú, eins og ástatt er, um miðjan vetur og það sé í því ákveðin skynsemi að reyna að tryggja að þau verðmæti sem eru í stöðinni komist í gagnið, þ.e. seiðin komist í sjó og hægt sé að endurheimta þau sem fisk. Það breytir svo engu um það að kannski mætir þetta fyrirtæki skapadægri sínu einhvern tíma í framtíðinni og þá það. En ég held í öllu falli að það sé ljóst í fyrsta lagi að það er ekki mjög heppilegur tími fyrir seiðaeldisstöð að ljúka starfsemi um hávetur þegar lítið er við seiðin að gera. Í öðru lagi er þetta eina stóra eða langstærsta fyrirtækið sem starfar á þessu sviði og í þriðja lagi tengjast því ákveðnar rannsóknir og tilraunir með kynbætur á hafbeitarfiski sem ég held að væri veruleg eftirsjón í. Þannig að það eru að mínu mati vissulega og sannanlega fyrir hendi ákveðin efnisleg rök til að standa að einhverjum stuðningi við þetta mál.

Hitt er svo annað mál, hæstv. forseti, að það má auðvitað lengi um það ræða hvernig að því væri eðlilegast staðið og ég skal fúslega játa og viðurkenna að þetta er frekar óvenjuleg aðferð og óvenjuleg nálgun í þessu máli. Það er enn fremur svo að það er ekki því að leyna að hér er á ferðinni vægast sagt sértæk ráðstöfun og þá rifjast nú upp deilurnar um hinar almennu og hinar sértæku aðgerðir og sértækari verða þær varla þegar komið er niður í eitt einasta fyrirtæki

sem er að fá fyrirgreiðslu á fjárlögum eða lánsfjárlögum eins og er í þessu tilviki.

Ýmsir hv. stjórnarliðar og m.a. núv. hæstv. forsrh. og fleiri hafa á köflum haft um aðgerðir fyrri ríkisstjórnar, t.d. varðandi útflutningsatvinnuvegina á árunum 1988–1990, stór orð og m.a. það að þær væru sértækar í þeim skilningi að það sætu ekki allar atvinnugreinar við sama borð og má til sanns vegar færa. Þær aðgerðir voru sérstaklega miðaðar að því að styðja útflutningsatvinnuvegina. En síðan hefur þessi ríkisstjórn afrekað það að fara út í svo sértækar aðgerðir að ég held að þess séu engin dæmi í veraldarsögunni að annað eins hafi verið gert og vísa ég þar m.a. til þess þegar valinn var út einn einasti landshluti og einni atvinnugrein í þessum landshluta, að uppfylltum mjög sérkennilegum skilyrðum, veitt fyrirgreiðsla. Skilyrðin voru þau að aðeins þau fyrirtæki sem höfðu sameinast öðrum fyrirtækjum og voru í sveitarfélögum sem höfðu sameinast öðrum sveitarfélögum fengu aðstoðina. Þvílíkar krossgirðingar af skilyrðum til að gera aðgerðir sértækar hef ég aldrei séð á minni ævi. (Gripið fram í.) Og síðan er náttúrlega farið með þetta að geðþótta að upplýst er. En hér tekur alveg gersamlega steininn úr, hæstv. forseti. Hér eru aðgerðirnar orðnar u.þ.b. eins sértækar og þær geta orðið, þ.e. einu tilteknu fyrirtæki, að vísu með nokkra sérstöðu á sínu sviði, er veittur stuðningur. En það hins vegar, hæstv. forseti, gerir það ekki að verkum að ég geti ekki hugsað mér að styðja það, ef ég sé efnisleg rök standa til þess, vegna þess að ég hef aldrei gefið mikið fyrir þetta kjaftæði um sértækar og almennar aðgerðir. Og ég held að það hafi afsannast svo rækilega á þessu kjörtímabili í gegnum ýmsar aðgerðir Sjálfstfl., að auðvitað svínbeygir veruleikinn menn gagnvart þeim aðstæðum sem þeir standa frammi fyrir á hverjum tíma og auðvitað verða menn að geta litið til aðstæðna eins og þær eru og látið þær ráða gerðum sínum en ekki einhverja frasa út í loftið um almennar og sértækar aðgerðir, eins og ég veit að hv. þm. Vestf. veit manna best og reynir ekki að neita. Þannig að þó svo að mér sé það vel ljóst og það hvarfli ekki annað að mér en taka undir það að hér er um afar sérkennilega nálgun að ræða og óvenjulega aðferð þá eru ákveðin efnisleg rök sem valda því að ég get veitt þessari tillögu sem slíkri brautargengi, enda vissi ég þá ekki betur og veit reyndar ekki betur en hér væri á ferðinni venjubundin stjórnartillaga og samkvæmt því sem alsiða er þá láta stjórnarandstæðingar það ráða atkvæði sínu í slíkum tilvikum hvort þeir telja viðkomandi tillögu til góðs eða ekki þegar þeir greiða um þær atkvæði.

Hæstv. forseti. Þá á ég ekki annað eftir en það sem ég ætlaði að eiga orðastað við hæstv. utanrrh. um og ég ítreka þá beiðni mína, þá ósk mína, að það verði kannað hvort hæstv. utanrrh. er væntanlegur á fundinn og ef svo er og í raun og veru hvort sem heldur er þá hefði ég gjarnan kosið að gera þá hlé á ræðu minni þangað til hæstv. utanrrh. væri kominn hér í hús. (**GHelg:** Má ég þá spyrja hvort ég fengi leyfi til að veita andsvar við fyrri hluta ræðu þingmannsins?) Það er alla vega ekki hægt, hv. þm., fyrr en ég fer úr ræðustólnum. (**GHelg:** Nei, ég var ekki að biðja um það.) Ég er nú eiginlega að bíða eftir svari frá hæstv. forseta hvort hæstv. utanrrh. sé væntanlegur í hús.

(**Forseti** (SalÞ): Forseti veit að það hafa verið gerðar ráðstafanir til þess að gera hæstv. utanrrh. viðvart og það er ekki betur vitað en hæstv. ráðherra sé á leiðinni og þætti nú forseta ágætt að ekki þyrfti að gera hlé á ræðu hv. þm. því við höfum nú orðið að tefja nokkuð þessar umræður í kvöld af skiljanlegum ástæðum. Þannig að kannski hefur hv. þm. eitthvað fleira að segja svo hann geti bara haldið áfram í ræðustólnum og notað tímann á meðan.)

Það er nú svo, hæstv. forseti, að ég er búinn að flytja allmyndarlega ræður, að mínu mati, og jafnvel fleiri, um þetta mál við 2. umr. og hafði nokkurn veginn tæmt efnislega það sem ég ætlaði mér að segja um þessi lánsfjárlög. Ég sé því eiginlega ekki tilgang í því að fara að fimbulfamba hér eitthvað út í loftið um málið. Ég óska eftir því að fá að gera hlé á ræðu minni þangað til utanrrh. kemur nema forseti vilji haga þessu einhvern veginn öðruvísi, enda skilst mér að það séu hér aðrir menn á mælendaskrá og geti nýtt tímann.

(**Forseti** (SalÞ): Ekki vill nú forseta kvarta undan því að hv. þm. hafi ekki talað vel í málum, en þá væri það ráð að hv. þm. frestaði sinni ræðu og á meðan tæki næsti ræðumaður til máls.)

Það er velkomið. (**GHelg:** Má ég skýra. Vegna þess að fyrri hluti ræðu þingmannsins er um alveg ...)

[00:31]

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Þá mun forseti gefa hv. 14. þm. Reykv. tækifæri til þess að veita andsvar við ræðu hv. þm. Forseti gerir undantekningu.

[00:31]

Guðrún Helgadóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég lít svo á að þingmaðurinn hafi frestað ræðu sinni. Þessi umræða um ríkisábyrgð fyrir Silfurlax er þess eðlis að ég held að það sé ástæða til þess að upplýsa hv. þingheim um það hverjir standa að þessari stöð. Fyritæki í Svíþjóð heitir TetraPak og er eitthvert auðugasta fyrirtæki í Evrópu. Það er í eign, ef ég man rétt og ég vona að ég fari rétt með nafnið, tveggja bræðra sem heita Rösing held ég eða Rovsing, ekki skal ég fullyrða það. En þessir menn eru meðal allra auðugustu einstaklinga áreiðanlega í Evrópu og þó víðar væri leitað, enda hafa þeir þegar lagt í þetta fyrirtæki líklega eitthvað á annan milljarð og munar ekki mikið um. Það hlýtur því að vera sérkennilegt, frú forseti, að hér skuli fárast yfir 50 millj. íslenskra króna, sem eru ekki nema dagpeningar eða vikupeningar manna á borð við þessa góðu bræður, á meðan fyrirtæki sem stendur ágætlega án slíkra, fiskeldisstöðin á Tálknafirði, er neitað jafnvel um fyrirgreiðslu í bönkum. Stöð sem talin er standa allsæmilega. Ég vil spyrja: Vita hv. þm. um greiðslugetu og fjármagnseign þessara ágætu eigenda, sem þegar eru búnir að láta í þetta á annan milljarð? Hvaða ástæða, og ég vil spyrja hæstv. fjmrh.: Hvaða ástæða er til að fara að ábyrgjast 50 millj. fyrir eigendur TetraPak? Vita menn um

hvað þeir eru að tala? Þessir ágætu Svíar geta ekki lengur verið í Svíþjóð og hafa ekki verið um árabil vegna þess að þar höfðu þeir allt of háa skatta, búa báðir í Englandi, eftir því sem ég best veit. Ég vil fá að vita hvort hæstv. ráðherra eru þessi mál kunnug.

[00:34]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ætla að vísu að svara sem minnst fyrir hæstv. fjmrh., enda verður hann að standa fyrir sínu hér. En vegna þess að hv. þm. ræddi hér um allmikil stórmenni sem standa að þessu fyrirtæki að hluta til, þá er það rétt að það kom fram að meirihlutaeigendur í þessu fyrirtæki eru erlendir aðilar, sænskir aðilar, og það munu vera menn nokkrir fyrir sér, allmiklir á velli í efnahagslegum skilningi, enda hlýtur svo að vera úr því að mennirnir hafa lagt inn í þetta ævintýri hundruð millj. kr. árum saman og halda enn áfram. Því staðreyndin er sú að einmitt í tengslum við þessa fyrirgreiðslu er þeim ætlaður hlutur, þ.e. aðrar 50 millj. á móti í nýju hlutafé. Síðan var upplýst að yfir stæði til viðbótar hlutafjársöfnun upp á 200 millj. kr. og verður að segjast alveg eins og er að mennirnir þurfa ekki bara að vera sæmilega ríkir til að standa í þessu heldur líka býsna þolinmóðir og þrautseigir, svo ekki sé sagt beinlínis hugsjónamenn í þessu sambandi, að reyna að ná upp ábatasömum rekstri í hafbeit uppi á Íslandi. En það er að vísu líka rétt að minna á það að í fyrirtækinu er líka innlend eign. Það munu vera eitthvað um 30% eða svo í eigu innlendra aðila og fyrirtækið er jafnframt samstarfsaðili við ríkið um rannsóknir á þessu sviði og það er kannski líka eftir ákveðnum, óbeinum hagsmunum að slægjast í þeim efnum. En hitt get ég auðvitað tekið undir með hv. þm. að allt sem vitað er um ríkidæmi þessara erlendu aðila bendir svo sem til þess að það sé bitamunur en ekki fjár í þeirra munni þessar 50 millj. sem eiga að koma frá ríkinu í formi ábyrgðar þó, ekki framlags.

[00:36]

Guðrún Helgadóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Það kemur mér á óvart hversu minn ágæti flokksfélagi, hv. 4. þm. Norðurl. e., tekur þessum tíðindum, sem kannski voru fyrir honum engin tíðindi. Þó þykir mér rétt að bæta aðeins við söguna af þeim góðu sænsku bræðrum sem eiga TetraPak. Og ef menn þekkja ekki til TetraPaks, þá er það fyrirtæki í eigu þessara bræðra en þeir eru verkfræðingar og fundu upp fernurnar undir drykkjarvörur. Og það var greinilega góð hugmynd því að á því hafa þeir orðið ríkari en flest annað fólk og svo ríkir að samkvæmt nýlegum tíðindum munu þeir hafa verið taldir ríkustu menn í Bretlandi og jafnvel farið fram úr auðæfum sjálfrar Bretadrottningar. Svo að þeir eru vel að manni þessir góðu bræður, afskaplega geðfelldir menn. Ég hef reyndar hitt annan þeirra á fundi einhvern tíma. En það breytir ekki því að hér er auðvitað ekkert grínmál á ferðinni, hv. þingmenn og frú forseti.

Þórslax er gjaldþrota ef hann fær ekki þá fyrirgreiðslu sem hann bað um. (**Gripið fram í:** Orðinn gjaldþrota.) Líklega orðinn gjaldþrota. Hér er verið að taka ábyrgð á 50 millj. kr. fyrir fyrirtæki sem er stutt að 70–80% eftir því sem ég best veit, ríkustu mönnum í Evrópu, á meðan önnur fyrirtæki sem berjast í bökkum mega bara eiga sig og fara á hausinn. Ég verð að segja alveg eins og er að ég held að þessi afstaða hv. þm. stafi af vanþekkingu, þeir einfaldlega vita þetta ekki. Og þá er það hér með upplýst að það er verið að ganga í ábyrgð og það verður áreiðanlega brandari aldarinnar, að ábyrgjast 50 millj. fyrir eigendur TetraPaks. Ég held að það hljóti öllum í gjörvallri Evrópu að þykja meira en skemmtilegt.

[00:38]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er aðeins eitt í viðbót. Ég vil ekki að mín ágæta flokkssystir og hv. síðasti ræðumaður velkist í neinum vafa um mína afstöðu í því að það er sannarlega ekki vegna þess að ég telji maklegt eða rétt hvernig fór fyrir fyrirtækinu Þórslaxi á Tálknafirði nú fyrir skemmstu. Þvert á móti, segi ég, hefði betur komið hér einhver tillaga um það að því og öðrum sambærilegum fyrirtækjum væri veittur einhver stuðningur og hefði svo sannarlega ekki staðið á mér að styðja það. Ég tel einmitt mjög til vansa hvernig mörgum aðilum, sem ekki síður réttmætt og að mörgu leyti miklu réttmætara hefði verið að veita liðsinni, hefur verið látið blæða út í þessum efnum. Við Íslendingar verðum að átta okkur á því að við munum seint ná einhverjum árangri í nýsköpun íslensks atvinnulífs ef við gefumst alltaf upp í miðri á með öll mál um leið og á móti blæs. Og af því að þetta sæla fyrirtæki, TetraPak, hefur verið nefnt hér, þá sagði mér einhver þá sögu að það hefði nú ekki verið gróðafyrirtæki fyrstu árin. Ætli það geti ekki verið í og með sú reynsla þessara erlendu aðila, að þeir hafa af því reynslu að stundum þarf að sýna þolinmæði og þrautseigju og leggja til áhættufé árum saman áður en það fer að skila árangri. Fyrirtæki eins og Þórslax á Tálknafirði, sem hafði alla burði til að verða gott fyrirtæki og var það í raun og veru og látið stranda fyrir skort á minni háttar rekstrarfé. Ætli staðan í fiskeldi í Noregi væri sú sem raun ber vitni, að þaðan sé nú að vænta 60–70 milljarða kr. útflutningstekna á næsta ári og helsta vandamál þeirra sé skortur á fóðri fyrir fisk, ef menn hefðu gefist upp þar við þá erfiðleika sem norskt fiskeldi hefur gengið í gegnum? Ætli skýringin sé ekki sú að þessi grein er nú að verða á stærð við íslenskan sjávarútveg í gjaldeyristekjum fyrir Norðmenn, að menn hafa stutt hana í gegnum þá erfiðleika sem hún hefur mætt.

[00:40]

Steingrímur J. Sigfússon (frh.):

Hæstv. forseti. Ég tel að þetta hafi leyst mjög farsællega, að gera þetta stutta hlé á ræðu minni og taka upp andsvör á meðan hæstv. utanrrh. var að hraða sér til fundar og kemur þá að því sem ég ætlaði sérstaklega að eiga orðastað við hæstv. utanrrh. um. Það eru málefni flugstöðvarinnar í Keflavík, hinnar nýju og að sumra mati glæsilegu, sem kennd er við Leif Eiríksson hinn heppna, sem fann Vínland hið góða og hefur nú verið ákveðið fyrir nokkru að hengja nafn hans

við flugstöð þessa þó að erfiðlega gangi, skilst mér, að fá menn til að bera sér það í munn, sérstaklega útlendinga sem eiga í erfiðleikum með að bera fram nafnið Leifur Eiríksson, svo að ekki sé talað um hinn heppni sem þeir skilja nú enn síður.

Þannig er, hæstv. forseti, eins og ég veit að hæstv. utanrrh. er nokkuð vel kunnugt, að kostnaður fór nokkuð úr böndunum við byggingu þessa mannvirkis. Þegar upp var staðið þá hafði hlutur Íslendinga, sem átti samkvæmt fyrstu áformum að vera óverulegur í mannvirkinu, því aðallega átti að velta því yfir á bandaríska herinn að borga brúsann, eins og stundum áður, vaxið svo úr hófi fram að allar áætlanir voru margsprungnar og kom þar ekki síst til að af pólitískum ástæðum var ákveðið að hraða svo mjög byggingu flugstöðvarinnar að unnt yrði að opna hana fyrir alþingiskosningar 1987. Það var kosningavíxill þeirra kosninga, svo að ekki verður um deilt, að þáv. hæstv. ríkisstjórn, einstakir ráðamenn í henni, vildu láta mynda sig utan við flugstöðina og meðframbjóðendur sína í Reykjaneskjördæmi til að státa sig af í þeim kosningum. Það ásamt með öðru í ýmsum íburði og óheppilegri hönnun og flottræfilshætti af ýmsu tagi olli því að þessi bygging varð óhóflega dýr.

En þar endar ekki sagan vegna þess að síðan hafa þessar skuldir, þ.e. Íslandshlutinn í framkvæmdunum, hlaðist upp, safnað á sig kostnaði og nema nú samkvæmt upplýsingum sem við fengum í efh.- og viðskn. í kvöld um 4 milljörðum kr., hæstv. utanrrh., um 4 milljörðum kr. Og hæstv. ráðherra staðfestir ef það er ekki rétt. Síðan standa reikningarnir þannig að af þessum 4 milljörðum gjaldfalla nálægt 2 á næsta ári og langt til allur afgangurinn á árinu 1997. Þessir rosavíxlar upp á 4 milljarða eru sem sagt til nokkurra mánaða eða nokkurra ára og er það nú væntanlega ekki hagstæðasta fjármögnunin á þessum pakka. Það er ljóst að þó svo að þessum lánum fengist skuldbreytt í 25 ára lán á venjulegum lánskjörum þá þarf um 300–350 millj. kr. á ári til þess að standa straum af þeim afborgunum. Þar með er jafnframt ljóst að núverandi tekjur flugstöðvarinnar duga engan veginn til. Það er reyndar bullandi hallarekstur á flugstöðinni fyrir, áður en hún hefur borgað niður eina einustu krónu af þessum lánum. Hún á ekki nærri því fyrir vöxtunum og það lætur nærri samkvæmt því sem fram kom í efh.- og viðskn. í kvöld að það muni þurfa að tvöfalda tekjur flugstöðvarinnar að óbreyttum rekstrarkostnaði til þess að hún ráði við þessar afborganir fengist þeim svona skuldbreytt og liggur þó fyrir að það er ekki auðvelt að fá á erlendum lánamörkuðum eða annars staðar lán til þetta langs tíma. Þau liggja ekki á lausu í sjálfu sér og látum nú vera þó að þessu yrði stillt þannig upp að þetta væru kannski 10–15 ára lán sem síðan yrðu að einhverju leyti endurfjármögnuð. En svona standa sem sagt málin.

Það er enn fremur upplýst, hæstv. forseti, að tekjur eða rekstrarfé flugstöðvarinnar kemur fyrst og fremst af tvennu, þ.e. innritunargjaldi eða hluta af innritunargjaldi sem lagt er á farseðla og alla flugfarþega og af leigutekjum. En vandinn er ærinn, m.a. vegna þess að leigutekjurnar eru að dragast saman. Leiga í flugstöðinni er óheyrilega há, hún er dýr og aðilar kvarta þar mjög sáran undan því að bera hana. Jafnvel, stórir og sterkir aðilar eins og Flugleiðir, Póstur og sími og Landsbankinn hafa séð sig knúna til þess að draga saman, rifa seglin í rekstri og þjónustu í flugstöðinni sökum hinnar háu húsaleigu. Þannig að það virðist ekki vera álitlegur kostur, hæstv. forseti, að hækka húsaleiguna og engar húsaleigubætur í boði í þessu kerfi.

Auðvitað hafa menn velt fyrir sér öðrum möguleikum og skýrslur á skýrslur ofan hafa verið gerðar um þetta mál. Menn hafa lengi velt fyrir sér möguleikunum á því að auka eitthvað nýtingu flugvallarins og flugstöðvarinnar og fá meiri tekjur í gegnum meiri umferð og annað því um líkt, en það hafa hingað til reynst orð á blaði og ekkert orðið þar úr neinu.

Það liggur líka fyrir að hugmyndir hafa verið uppi um það t.d. að flugstöðin fengi til þess að standa straum af sínum rekstri aðild að eða hlut að flugvallargjöldum eða ríkishluta innritunargjaldanna. Og ég vil að þessu sögðu, hæstv. forseti, spyrja hæstv. utanrrh.: Hvað af þessum kostum stendur til að velja? Hver er stefna hæstv. utanrrh., sem fer með þessi mál, í þessu sambandi? Því ég sé ákaflega lítinn tilgang í því að Alþingi afgreiði hér að lítt skoðuðu máli 2 milljarða kr. lántökuheimild til þess að velta þessum vanda áfram ef ekkert verður á málinu tekið og ég held að það verði þá að taka það úr höndum hæstv. utanrrh. sem hefur baksast með þetta núna í bráðum 7 ár eða á áttunda ár, eða hvað það nú er, sem hæstv. utanrrh. hefur farið með þetta embætti. Ég hef lengi verið þeirrar skoðunar að þetta mál ætti alls ekki heima í utanrrn. Auðvitað ætti þetta að heyra undir samgrh. eins og önnur samgöngumannvirki og er „skandale" að þetta skuli vera að þvælast í utanrrn., sem hefur ekkert vit á og engan áhuga á samgöngumálum og á ekkert að hafa það og ég er ekkert að biðja það um að hafa það.

Embættismenn sem komu fyrir efh.- og viðskn. í kvöld sögðu í grófum dráttum eftirfarandi: Það liggja allar upplýsingar fyrir. Það eru allar skýrslur til sem þarf í þessu máli og ef við búum til eina enn þá er hún bara endurtekning á einhverju gömlu. Þá er hún bara eins og skýrslan í fyrra eða hittiðfyrra eða þar áður. Allar hugmyndir og allar tillögur hafa komið fram áður og við förum bara í hring í þessu máli. Við komum upp með gamlar hugmyndir um að gera þetta svona eða hinsegin. Það sem vantar er pólitísk ákvörðun um það hvernig á að leysa rekstrarvanda flugstöðvarinnar í Keflavík, hvaða tekjur eiga að koma til til þess að borga niður þessar skuldir. Á að veita ríkisframlag? Á að taka upp nýja tekjustofna? Á flugstöðin að fá hluta af flugvallargjöldum? Á hún að fá stærri hluta af innritunargjöldum? Á hún að fá hagnað Fríhafnarinnar? Hvað á að gera? Það að velta þessum bolta svona á undan sér árum saman, kjörtímabil eftir kjörtímabil, gengur auðvitað ekki. Það er til vansa og til skammar.

Ég óska eftir því að hæstv. utanrrh. upplýsi okkur um afstöðu sína í þessu efni og hvað hæstv. ráðherra

hyggst leggja til. Ég tel að það sé í raun og veru alveg eins hægt að láta þetta liggja eins og það er og sleppa því að afgreiða þessa heimild eins og að afgreiða hana blankó og hafa ekkert í hendi um það hvernig eigi þá að taka á málinu og gera það sómasamlega upp. Það er auðvitað ljóst að það er er ófremdarástand að láta þetta liggja svona. Það stendur mönnum fyrir þrifum. Ég held að það hljóti að vera ómögulegt að halda utan um rekstur mannvirkisins og mála þar syðra nema þessu sé komið í lag. Ég hef lengi verið þeirrar skoðunar að þarna lægju miklir vannýttir möguleikar og mér finnst það til skammar að menn skuli ekki hafa reynt að leggja í það einhverja alvöru orku og þess vegna fjármuni að nýta þá möguleika sem þessi geysilega mikli og vannýtti flugvöllur ætti að bjóða upp á og liggur alveg gjörsamlega á borðinu að býður upp á. Ef gert væri út á það að nýta möguleikana til að auka umsvif, þjónustu og umferð, þá eiga þarna að vera til þess allir möguleikar með sambærilegum hætti og til að mynda Írar hafa gert við sinn millilendingar- og þjónustuflugvöll o.s.frv. Þarna hefur byggst upp hin ágætasta aðstaða að flestu leyti í gegnum uppbyggingu bæði Flugleiða, olíufélaganna og fleiri aðila til að veita þarna þjónustu og nógu flott er nú mannvirkið, mikið og fínt og stendur hálftómt í rúmlega 20 klst. á hverjum sólarhring. Því eins og kunnugir þekkja og vita best, ekki síst hæstv. utanrrh. sem fer nú sennilega allra núlifandi Íslendinga oftast í gegnum bygginguna nema ef vera skyldi að einhverjir atvinnumenn í flugi færu þar jafnoft, er þarna fyrst og fremst einhver nýting í fáein korter á hverjum morgni og hverjum eftirmiðdegi.

Það er eitt mál enn, hæstv. forseti, sem ég óska eftir að hæstv. utanrrh. taki með í sinni umfjöllun hér og það eru ítrekaðar óskir Bandaríkjamanna um að við Íslendingar komum inn í rekstur Keflavíkurflugvallar, þ.e. flugvallarins sjálfs, og tökum til við að borga einhvern óskilgreindan eða skilgreindan hluta af rekstrarkostnaðinum við sjálfan flugvöllinn sem við gerum ekki í dag. Til þess rynni þá eitthvað af þeim tekjum eða allar þær tekjur sem við höfum af lendingargjöldum og þjónustugjöldum á svæðinu. En eins og kunnugt er þá er það þannig að Bandaríkjamenn hafa byggt þennan flugvöll, þeir hafa haldið honum við, þeir reka þarna slökkvilið, þeir sjá þarna um aðflugsbúnað o.s.frv. Íslendingar hafa mest lítið gert annað en að nota völlinn og hirða af honum nokkrar tekjur. Það liggur alveg fyrir að Kanar hafa ámálgað það æ ofan í æ upp á síðkastið að við tökum þátt í rekstrarkostnaði vallarins. Þá er náttúrlega eðlilegt að horft sé til lendingargjalda í því sambandi. Þá hlýtur það eðli málsins samkvæmt að orka tvímælis að fara að leggja það til sem lausn á fjárhagsvanda flugstöðvarinnar að fara inn á þann tekjustofn en hugmyndir hafa verið uppi um það. Ég vil því spyrja, hæstv. utanrrh.: Hvernig standa þau mál í viðræðum við Bandaríkjamenn, sem væntanlega eru einhverjar uppi, þegar ljóst er að samdrátturinn heldur áfram í herstöðinni í Keflavík og herinn er að fara í áföngum eins og kunnugt er? Það varð niðurstaðan þrátt fyrir allt að herinn færi í áföngum eins og var lagt til fyrr á öldinni. Þá hljóta kröfurnar að mæta okkur af auknum þunga um að við yfirtökum þennan rekstur í vaxandi mæli. Það er talsvert viðfangsefni við að glíma, svo ekki sé nú meira sagt, ef ætti að reka þennan flugvöll með svipuðu sniði og jafnmiklum lúxus, má segja, og gert hefur verið með fullmönnuðum sólarhringsvöktum á öllum sviðum, slökkviliði, brautarþjónustu og öðru.

Ég hef lengi verið þeirrar skoðunar að það muni reynast okkur Íslendingum dýrkeypt að standa frammi fyrir því verkefni að reka tvo meiri háttar flugvelli á suðvesturhorni landsins í staðinn fyrir einn ef mál hefðu skipast öðruvísi og sem að mínu mati hefði átt að byggjast á Álftanesi og vera aðalflugvöllur fyrir suðvesturhorn landsins bæði í innanlands- og millilandaflugi. En sú saga verður svo sem ekki tekin upp úr því að svo fór sem fór með það stæði.

Hæstv. forseti. Þetta vildi ég sem sagt segja við hæstv. utanrrh. Ég óska eftir því að hann svari fyrir þetta mál. Ég tel ekki boðlegt að afgreiða þessa stóru heimild upp á tæpa 2 milljarða kr. án þess að fá svona upplýsingar. Ég vek athygli á því að þetta er í fyrsta sinn sem mál af þessu tagi kemur inn í lánsfjárlög. Að því leyti er það ólíkt þeim sem má segja að séu gamlir kunningjar eins og heföbundnar skuldbreytingar Landsvirkjunar og annað því um líkt. Hér er nýmæli á ferð. Hér er í fyrsta sinn verið að taka heimild af þessu tagi inn vegna Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar og þess vegna flokkast það undir, ég segi kannski ekki vönduð vinnubrögð en a.m.k. tilburði í þá átt að reyna að draga fram ákveðnar upplýsingar um málið og láta ekki afgreiða þessa heimild alveg blindandi frá Alþingi.

[00:56]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegur forseti. Fyrst varðandi það sem hv. þm. nefndi síðast, þ.e. meintar óskir fulltrúa bandarískra hernaðaryfirvalda um kostnaðarþátttöku við rekstur flugvallarins. Svar við því er að engar slíkar kröfur hafa verið settar fram eftir að samningar tókust 4. jan. sl. um starfsemi varnarliðsins á grundvelli varnarsamningsins með sérstakri bókun. Þar á móti varð samkomulag um það að samstarfsaðilarnir ynnu sameiginlega að lækkun tilkostnaðar við rekstur og þjónustu við varnarliðið. En um kröfu um kostnaðarhlutdeild við rekstur flugvallarins er ekki að ræða.

Að því er varðar fjárhagsvanda Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar þá er það rétt sem fram kom í máli hv. þm. sjálfs að allar upplýsingar um það mál liggja fyrir. Ótal tillögur hafa verið settar fram um lausn málsins og mér er tjáð að þær hafi allar út af fyrir sig verið kynntar við umfjöllun í efh.- og viðskn. og þess vegna óþarfi að setja langar tölur um miðjar nætur um þetta mál því það er að fullu upplýst.

Ef mig ekki misminnir þá hef ég í fjórgang á þessu kjörtímabili flutt tillögur um lausn málsins. (**SJS:** Hvar?) Í ríkisstjórn. Á þessu hausti fyrst þann 1. nóv. sl. og flutti nýjar tillögur að nokkru breyttar þann 25. nóv. Fyrsta atriði þeirra tillagna er að leitað verði eftir heimild Alþingis til að skuldbreyta lánum þannig að

afborganir miðist við þær tekjur sem munu skila sér með þeim tillögum sem lagðar voru fram þegar tekið hefur verið tillit til rekstrarkostnaðar. Vegna þess að það er rétt sem fram hefur komið að á árunum 1995 fellur í gjalddaga um helmingur þeirra lána sem voru tekin á sínum tíma vegna byggingar þessarar flugstöðvar. Það eru 1.965 millj. kr. af alls 4.200 millj. kr. og á árinu 1997 falla í gjalddaga önnur lán stöðvarinnar.

Fyrsta tillagan var um það að skuldbreyta þessum lánum og fá til þess heimild Alþingis þannig að endurgreiðslur dreifist á 20–25 ár. Því næst verði gripið til margvíslegra aðgerða varðandi rekstur stöðvarinnar og gjaldtöku vegna flugs og starfsemi á Keflavíkurflugvelli. Fyrsta tillagan var reyndar sú sem hv. þm. nefndi að frá ársbyrjun 1996 þá tilheyri rekstur Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar samgrn. Þetta er tillaga sem var flutt í málamiðlunarskyni vegna þess að allar tillögur sem ég hef flutt um lausn á þessum fjárhagsvanda hafa hingað til strandað á samgrn. sem hv. þm. sagði að hefði feykilega mikið vit á rekstri samgöngumannvirkja umfram utanrrn. Tillagan var með öðrum orðum um að stjórnun flugstöðvar og Flugmálastjórnar yrði aðskilin. Sjálfstæð stjórn hefði það hlutverk að vera yfirstjórn rekstrar flugstöðvarinnar, ábyrg fyrir fjárhagslegri afkomu, markaðssetningu og samskiptum við leigutaka. Hún ráði sér framkvæmdarstjóra sem fari með daglegan rekstur og stjórnun og þessi breyting taki gildi þá þegar.

Aðrar tillögur vörðuðu breytingu á verslunarrekstri fyrst og fremst sem átti að skila verulega auknum tekjum sem áttu að renna til flugstöðvarinnar, m.a. með því að stækka verulega verslunarrými og auka vöruúrval án þess þó að gera breytingu á því rekstrarformi sem þar er. Þær tillögur voru í ýmsum öðrum smáatriðum en gerðu ráð fyrir verulega auknum tekjum vegna aukins rýmis og aukins vöruúrvals og aukinnar verslunarþjónustu.

Að því er varðar tekjuöflun þá voru gerðar tillögur um breytingar á húsaleigu. Þótt það sé rétt að húsaleiga sé há þá hvílir hún misþungt á aðilum eftir því hvaða rekstur er um að ræða, hvort um er að ræða ábatasaman og veltumikinn verslunarrekstur eða þjónustu. Húsaleigu átti að breyta í annars vegar grunnleigu, fast gjald á hvern fermetra, og hins vegar veltuhlutfall hvers leigutaka. Fastagjaldið gæti verið annaðhvort breytilegt eftir starfsemi eða það sama hvar sem er í verslunar- og þjónustustarfsemi, leiga vegna geymsluhúsnæðis verði lægri, sameiginlegur kostnaður leigutaka greiðist í hlutfalli við húsaleigu þeirra. Þessi breyting taki gildi um næstu áramót. Þessi tillaga hefði skilað umtalsverðum fjármunum.

Ein tillagan var sú að þriðjungur núverandi farþegagjalds renni til flugstöðvarinnar en verði ekki tekjustofn flugmálaáætlunar. Farþegagjald í millilandaflugi er nú 1.250 kr. á farþega en 165 kr. á farþega í innanlandsflugi. Allar tekjur vegna farþegagjalds hafa farið til fjármögnunar á framkvæmdum á innanlandsflugvöllum samkvæmt flugmálaáætlun þrátt fyrir að meginhluti teknanna verði til í millilandaflugi. Eðlilegt er að hluti þessara tekna renni til Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar enda er uppbygging annarra flugvalla langt komin. Þessi breyting átti að taka gildi í ársbyrjun 1996.

Reynt verði síðan að auka flugumferð, m.a. með breytingum á rekstrarformi, með sérstöku kynningarátaki og með heimild stjórnar til sveigjanlegrar gjaldskrár til að laða að aukna starfsemi sem gæti skilað tekjum.

Þetta eru aðalatriði þeirra tillagna, skuldbreyting, breyting á verslunarrekstri og auknar leigutekjur og að einhver hlutdeild af þeim tekjum sem þarna verða til verði til að standa undir þessu. Þannig átti að vera tryggt að tekjur væru fyrir hendi til að standa undir árlegri greiðslubyrði við framlengingu lána.

Ef mig ekki misminnir þá er þetta í fjórða sinn sem ég hef flutt tillögur í ríkisstjórn um lausn á þessum vanda því sannleikurinn er sá að það er til vansa að þetta mál hefur verið látið drattast árum saman í tíð margra ríkisstjórna, þar á meðal í tíð þeirrar ríkisstjórnar þegar við hv. þm. sátum saman, hann sem samgrh. og beitti sama neitunarvaldinu og sömu andstöðinni við slíkar tillögur.

Niðurstaðan að því er varðar þessar tillögur er sú að þar sem ágreiningur er uppi við samgrn. þrátt fyrir það að tillaga hafi verið gerð til málamiðlunar um að færa forræði yfir rekstur stöðvarinnar til samgrn. frá árinu 1996, eins og gert var í þessum tillögum, að því var beint til forsrh. að hann beitti sér fyrir því að leysa þennan ágreining milli ráðuneyta svo sem er starfsregla ef ágreiningur er uppi milli fagráðherra.

En tillögurnar eru fyrir hendi. Það er rétt sem fram kom í máli hv. þm. að þær eru út af fyrir sig ekkert sérstaklega nýjar. Það hefur aldrei skort tillögur. Tillögurnar hafa verið fyrir hendi frá utanrrn. árum saman en því miður ekki verið enn pólitísk samstaða um þær. Nú er tíminn að renna frá okkur að því er það varðar. Þessu máli verður ekkert skotið lengur á frest og það verður að taka afstöðu. Þess vegna er leitað eftir þessari lengingu lána og settar fram tillögur um tekjuöflun til að standa undir greiðslubyrðinni.

[01:03]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég held að það hafi verið mjög gagnlegt að fá hæstv. utanrrh. hingað því að staðreyndin er sú að þeir ágætu embættismenn sem mættu hjá efh.- og viðskn. treystu sér ekki til að bera fram neinar útfærðar tillögur og töldu það réttilega vera pólitískt úrlausnarefni.

En út af þessum tillögum vil ég bera upp spurningu til hæstv. utanrrh. þar sem nánast allar tillögur sem ráðherrann bar fram og snertu rekstrarafkomu flugstöðvarinnar gengu á einhvern hátt út yfir afkomu ríkissjóðs, meira að segja aukinn verslunarrekstur, ef það er aukinn rekstur fríhafnarverslunar þá tapar ríkið þar einhverjum tekjum. Ég vil því spyrja hæstv. ráðherra hvort það hafi verið skoðað hvað þessi tillögupakki þýði gagnvart ráðstöfunarfé ríkissjóðs, annaðhvort beint eða óbeint því að hluti af þessu rennur til mark-

aðra tekjustofna sem ríkið síðan ver til reksturs og framkvæmda.

[01:05]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér láðist að geta þess áðan að forsenda þessara tillagna var sú að rekstur fríhafnarverslana skili ríkissjóði áfram svipuðum tekjum og verið hefur og hefur því ekki neikvæð áhrif á afkomu ríkissjóðs.

[01:05]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Nú hrundi spilaborgin öll því að ég hef verið að velta þessu fyrir mér eftir að við fengum þessar upplýsingar í nefndinni í kvöld og mín niðurstaða hefur verið sú að að óbreyttri umferð um völlinn og öðrum aðstæðum gerðist þetta ekki öðruvísi en svo að þetta kæmi við ríkissjóð. Ég held að við verðum að horfast í augu við þá staðreynd því að okkur er sagt að leigugjöldin séu of há, flugvallarskatturinn sé of hár. Það sé ekki hægt að sækja auknar tekjur þangað. Það er talað um að ná þeim af tekjum fríhafnarverslunarinnar, hugsanlega að einhverju leyti af flugvallargjöldum sem allt eru tekjustofnar sem er ráðstafað með fjárlögum. Ég verð því að biðja hæstv. utanrrh. að útskýra þetta nánar. Það líkist svolítið kanínukúnstum hæstv. forsrh. fyrr í kvöld hvernig á að ná þessu fram án þess að það hafi áhrif á afkomu ríkissjóðs.

[01:06]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er nú eðli málsins samkvæmt svo að útfærsla tillagna af þessu tagi í smáatriðum á ekki að ræða úr ræðustól á Alþingi heldur í nefnd sem fjallar um málið. En hafi hv. þm. ekki heyrt það sem ég hér sagði þá eru tekjustofnanir þessir: Það er aukið umfang í verslunarrekstri og aukin velta og aukin tekjuöflun og það er aukningin á þeim verslunarrekstri sem á að renna til flugstöðvarinnar sjálfrar. Það er ekki rétt að menn gefi sér þá forsendu að ekki megi breyta leigugjöldum að svo miklu leyti sem þau verða núna veltu- og tekjutengd. Og það er aukningin á tekjum vegna húsaleigu að hluta til sem á að skila sér til þess að standa undir lánum. Því næst er ein tillagan sú að tekjustofn flugmálaáætlunar að einum þriðja renni til þess að standa undir gjöldum af lánum flugstöðvarinnar í stað þess að renna til annarra þarfa flugmálaáætlunar með þeim rökum að byggingarframkvæmdum er þar vel á veg komið. Það er eina breytingin á því hvernig tekjum af þessari starfsemi hefur verið varið hingað til.

Því næst byggjast þessar tillögur á því að það er um að ræða sjálfstæða rekstrarstjórn og sveigjanlega gjaldskrá til þess að auka flug og umferð sem líka er metið að skili auknum tekjum. Forsenda fyrir þessu var að skerða ekki núverandi tekjur ríkissjóðs en dæmið samt sem áður getur gengið upp með þessum hætti.

[01:08]

Ingi Björn Albertsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Aðeins vegna þess sem hæstv. ráðherra sagði í lokin um leiguna þá vil ég láta það koma fram að fulltrúar utanrrn. sem komu á fund nefndarinnar fyrr í kvöld upplýstu það að vegna hárrar leigu væri farið að draga verulega úr þjónustu og nefndu þar sérstaklega til Póst og síma og Landsbankann. Ég held þess vegna að það sé afar varhugavert að fara mikið inn á þá leið.

En ég kom hér upp vegna þess að hæstv. ráðherra minntist á breytingar á verslunarrekstri og mig langar til að inna hann eftir því hvort sú hugmynd, sem oft hefur verið uppi, að brjóta verslunarrekstur inn upp og bjóða hann út til einstaklinga, til einkaframtaksins, eins og mjög víða er gert erlendis, sé enn uppi á borði hjá ráðuneytinu. Þessari spurningu mundi ég gjarnan vilja fá svar við.

[01:09]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Sú tillaga að bjóða út þennan verslunarrekstur hefur oft verið uppi á borðum. Hún er hins vegar ekki partur af þeim tillögum sem ég var hér að lýsa, um það hefur ekki verið samstaða, heldur var fyrst og fremst um það að ræða að auka verslunarrýmið, auka umfang verslunarinnar í flugstöðinni og nýta það betur en í óbreyttu rekstrarformi.

[01:10]

Ingi Björn Albertsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að það megi vel halda tekjum ríkissjóðs þó að þessi rekstur yrði boðinn út til einkaframtaksins og reynslan af því blasir við víðast hvar erlendis. Ég held hins vegar að sú stefna sem nú er við lýði, að stækka verslunarplássið og auka úrvalið, sé mjög varasöm því að hún er í beinni samkeppni við aðila á heimamarkaðnum. Nægir þar að nefna sem dæmi að í Fríhöfninni, ég hef reyndar hvergi séð það annars staðar, eru seldir hlutir eins og t.d. reiðhjól, útigrill og hlutir þar fram eftir götum. Ég held því að Fríhöfnin sem slík sé komin út á mjög hálan ís hvað vöruval snertir.

[01:10]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er út af fyrir sig rétt hjá hæstv. utanrrh. að mestallar þessar upplýsingar komu fram í efh.- og viðskn. í kvöld, en þar var jafnframt sagt að það sem vantaði í málinu væru pólitískar ákvarðanir og þess vegna má hæstv. utanrrh. ekki verða undrandi á því að eftir því sé lýst hvaða afstöðu hann hafi í þeim efnum. Það voru gagnlegar upplýsingar út af fyrir sig að hæstv. ráðherra hefur líklega fjórum sinnum árangurslaust lagt til tiltekin úrræði í sambandi við þennan vanda.

Ég skil það einnig mjög vel að menn hafa ekki haft hátt um það hér að hluti af þessum tillögum sé að skerða flugvallarfarþegagjaldið um einn þriðja til viðbótar þeirri 70 millj. kr. skerðingu sem var verið að gera samkvæmt fjárlögum á flugmálaáætlun. Það er skiljanlegt að menn hafi ekki flaggað því að þar til

viðbótar væri e.t.v. í farteskinu viðbótarskerðing upp á einn þriðja af öllu því sem innheimtist í Keflavík.

Í þriðja og síðasta lagi er það svo rangt hjá hæstv. ráðherra að ég hafi sérstaklega staðið í vegi fyrir honum í síðustu ríkisstjórn varðandi það að leysa þetta mál. Það eina sem ég gerði í sambandi við þetta mál þar var að ég lýsti þeirri skoðun minni, sem ég hef lengi haft, að þetta samgöngumannvirki ætti auðvitað að heyra undir samgrn. eins og önnur. Að öðru leyti lagði ég ekki stein í götu hæstv. ráðherra hvað það varðaði að taka á þessum vanda enda var þá arfurinn nýlega til kominn.

[01:12]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Aðalatriði málsins er kannski að það er sanngirnismál þegar á það er fallist að færa forræði og stjórnun yfir þessari flugstöð, sem skapar miklar tekjur með sinni starfsemi, frá einu ráðuneyti til annars og þar með inn í samgrn. þá eru það auðvitað jafnframt aukin rök fyrir því að þær tekjur sem þar myndast og eru partur af tekjustraumi til samgöngukerfisins svo sem eins og verið hefur, ef menn telja að það sé betra að reka þetta sem hluta af samgöngukerfinu og þá undir sjálfstæðri stjórn en undir forræði þess ráðuneytis, sem hv. þm. hefur nú verið að segja að hefði verið hans skoðun, þá ættu menn jafnframt til samkomulags að fallast á að það megi, þegar búið er að blóðmjólka þessar tekjur mjög lengi til nytsamlegra framkvæmda en stundum misráðinna, þá verða á því einhver breyting. Sameiginlega vandamálið sem við stöndum frammi fyrir er að þeir sem stóðu að byggingu þessarar flugstöðvar á sinni tíð efndu til mikilla útgjalda en sáu ekki fyrir eða gerðu ekki ráð fyrir því hvernig ætti að standa undir þessum gjöldum. Það er löngu kominn tími til að það verði gert og til þess þurfa menn að sýna einhvern samkomulagsvilja.

[01:13]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tel að forræði þessa máls sé eitt og það hvernig leyst verður úr þessum fjárhagsvanda annað og það eigi ekkert að vera að blanda því saman. Að nota það sem einhverja, eins og hér er greinilega í uppsiglingu, verslunarvöru eða beitu, að með því að afhenda forræðið til samgrn. þá verði menn jafnframt að afhenda tekjustofna flugmálaáætlunar til að gera upp vandann er náttúrlega alveg fráleitt. Auðvitað væri miklu nær að senda Sjálfstfl. reikninginn. Það er alveg rétt. Hann ber mesta ábyrgð á því sukki sem þarna átti sér stað á árunum þegar verið var að byggja flugstöðina og sérstaklega auðvitað þeim gríðarlega umframkostnaði sem hlóðst upp þegar ákveðið var að klára hana fyrir kosningarnar 1987 svo að hægt væri að mynda ónefnda stjórnmálaforingja framan við bygginguna rétt fyrir þær kosningar.

En ég held að það hafi verið gagnlegt að fá þessar upplýsingar fram. Þær hafa lýst dálítið inn í málið og ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir svörin.

[01:15]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er rangt hjá hæstv. utanrrh. að hann hafi í tíð síðustu ríkisstjórnar flutt tillögur um lausn á fjárhagsvanda flugstöðvarinnar sem strandað hafi á neitunarvaldi þáv. samgrh. og hæstv. utanrrh. væri maður að meiri ef hann viðurkenndi það hér að þetta sé rangt með farið. Málið var aldrei með þeim hætti til umfjöllunar í tíð síðustu ríkisstjórnar. Hvað hefur gerst í tíð þessarar ríkisstjórnar er annað mál, en það er óþarfi fyrir hæstv. utanrrh. að vera bera menn sökum sem voru ráðherrar í síðustu ríkisstjórn vegna þess að hann nær ekki samkomulagi í núverandi ríkisstjórn um málið. Og ég fer fram á það að hæstv. utanrrh. viðurkenni að honum hafi orðið á þau mistök að bera fyrrv. samgrh. og félaga sína í fyrrv. ríkisstjórn röngum sökum.

[01:16]

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Þar sem ég skrifaði ekki undir brtt. efh.- og viðskn., þá hyggst ég gera örstutta grein fyrir ástæðunum fyrir því. Ég vil kannski fyrst koma inn á þau vinnubrögð sem voru viðhöfð í kringum þessa brtt. og þá kænsku sem stjórnarandstaðan sýndi í því máli vegna þess að af minna tilefni hefur stjórnarandstaðan rokið upp og kvartað undan vinnubrögðum og látið öllum illum látum. Mér leist svona hálfpartinn illa á það andrúmsloft sem var í nefndinni í kvöld. Þegar stjórnarandstaðan sagði ekki orð og leist bara vel á málið og vildi koma því út úr nefndinni sem allra fyrst þá botnaði ég ekki almennilega í þeim af fyrri reynslu en upplifi það síðan þegar brtt. var dreift í þinginu hver ástæðan var og ég held að það megi hrósa þeim, hv. þingmönnum stjórnarandstöðunnar, fyrir mikla kænsku í þessu máli.

Það er auðvitað alveg ótækt að tillaga sem þessi skuli koma fram jafnseint og hún gerir og vera sýnd í fyrsta sinn á fundi efh.- og viðskn. í kvöld. Fram að þeim tíma hafði ég aldrei séð þessa tillögu og á þó sæti í þeirri nefnd. Það kom hins vegar fram hjá hæstv. fjmrh. að einstökum séra Jónum hafði verið sýnd þessi tillaga en sá sem hér stendur er væntanlega ekki með þann mikla titil fyrir framan sitt nafn. Ég hafði ekki séð þessa tillögu fyrr en í kvöld og fordæmi það að þau vinnubrögð skuli vera viðhöfð sem raun ber vitni í þessu máli.

Ég fór fram á það við fulltrúa fjmrn. á nefndarfundinum að skilað yrði greinargerð um málið þannig að menn gætu áttað sig á umfangi þess og hver staða fyrirtækisins væri í raun og veru en vegna tímaskorts, vegna þess að það lá svo mikið á að afgreiða málið út úr nefndinni, þá var það ekki hægt. Það kom reyndar fram hjá aðstoðarmanni fjmrh. að það væri til bréf frá landbrn. sem væri með fyllri rökum en vegna tímans væri ekki hægt að afhenda það fyrr en á morgun og þá væri það orðið of seint þar sem meiningin var að afgreiða þetta mál og greiða atkvæði um það fyrir miðnætti eða í gær.

Ég á því mjög erfitt með það að greiða slíku máli atkvæði mitt, sérstaklega í ljósi þess að fulltrúi land-

brn. sem kom á fund nefndarinnar, það má segja að það hafi verið nokkuð óformlegur fundur því að hann snæddi með okkur mat inni í öðru herbergi, þetta var matarfundur og undir pitsunni var rætt um þessar 50 millj. og má segja að nefndin hafi spordrennt 50 millj. með pitsubitunum.

Það sem stóð út úr í máli fulltrúa landbrn. og var rauði þráðurinn í hans máli var fyrst og fremst það að þessar milljónir væru sennilega glataðar. Það var rauði þráðurinn í gegnum allt að þetta fyrirtæki færi sennilega á hausinn. Mér finnst gæta svolítils tvískinnungs í málflutningi um þetta mál. Annars vegar segja menn að ef fyrirtæki fær ekki þessa 50 millj. kr. ríkisábyrgð þá fari það á hausinn. Á hinn bóginn segja menn að hér standi að baki fyrirtækinu mjög fjársterkir Svíar sem eiga 70–80% í fyrirtækinu. Þeir hafa verið þrautseigir og þolinmóðir við það að efnast, hafi mátt þola tap í mörg, mörg herrans ár, og ætli síðan að segja það að þessir menn muni gefa upp á bátinn þær hundruð milljóna, og hér eru meira að segja nefndir milljarðar, fyrir einhverjar litlar 50 millj. kr. Þetta skýtur auðvitað skökku við. En þegar málið er þannig lagt fyrir á borð nefndarinnar af fulltrúa landbrn. að hér sé nánast um glatað fé að ræða þá er ekki hægt að standa að slíku máli. Það er ekki hægt fyrir ábyrga nefnd, menn sem fara með fjárveitingavaldið, að taka 50 millj. kr. vitandi vits og henda þeim út um gluggann. Það er ekki til þess sem við erum kjörin hingað inn. Hér stöndum við almennir þingmenn og berjumst fyrir 500 þús. kr., 100 þús. kr., einni millj., Íþróttasjóð upp á 14,5 millj., blóðugri baráttu. Síðan er komið 27. des. inn í efh.- og viðskn. og við erum beðnir um að henda 50 millj. kr. út um gluggann.

Ég segi að þetta er algjörlega óþörf tillaga vegna þess að ef þessir Svíar sem eiga 70–80% í þessu fyrirtæki eru jafnöflugir og þeim er lýst þá munu þeir aldrei láta þetta fara á höfuðið fyrir 50 millj. kr. Aldrei nokkurn tímann. Ég segi það líka, ef erlendir aðilar, eins og þessir ágætu Svíar, og það er mjög gott að þeir skuli fjárfesta á Íslandi, eiga 70–80% í þessu fyrirtæki þá á þessi tillaga að vera borin fram í sænska þinginu en ekki hér. (**KÁ:** Þeir eru landflótta vegna skatta.) Það má vel vera að þeir séu landflótta en ég þekki ekki til þess.

Þetta mál var sent í bréfi til landbrh. 3. nóv. og það kemur inn í efh.- og viðskn. 27. des. og það er von að það hafi verið spurt fyrr í kvöld af hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni hvenær þetta mál var tekið fyrir í ríkisstjórn. Það er eðlileg spurning vegna þess að það er komið hátt í tvo mánuði síðan erindið barst. Síðan þegar maður les skilyrðin sem fjmrn. setur fyrir ríkisábyrgðinni þá má lesa það berum orðum hér að fjmrn. gerir ráð fyrir því að fyrirtækið fari í gjaldþrot. Liður númer 2, sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Áður en ábyrgðin verður veitt skal landbrn. hafa samið við veðhafa í móttökumannvirkjum Silfurlax hf. um afnot mannvirkjanna þannig að tryggt verði að hægt sé að taka á móti fiski ef félagið verður gjaldþrota áður en endurgreiðsla ábyrgðarinnar fer fram."

Þarna er það nánast sagt berum orðum að ráðuneytið geri ráð fyrir því að þetta fyrirtæki fari á höfuðið.

Hvað erum við þá að gera með 50 millj. kr. ábyrgð? Við erum að segja að hún fellur á ríkissjóð, við erum að henda henni út um gluggann. Þetta er mál sem ég get fyrir mitt leyti ekki staðið að. En ég ætla ekki að ásaka ráðuneytið fyrir það og ég ætla ekki að ásaka ríkisstjórnina fyrir það. Ég ætla að ásaka efh.- og viðskn. fyrir það vegna þess að við eigum ekki að vera einhverjar gólftuskur fyrir ráðherra. Ef það eru mál sem við erum innst inni sammála um að eru tóm vitleysa þá eigum við að stöðva þau. Það er okkar ábyrgð. Þannig að það er við okkur sjálf að eiga.

Hæstv. forseti. Þetta vildi ég að kæmi hér fram. Hvernig ég svo greiði atkvæði í málinu er ekki ljóst alveg á þessari stundu en ég mun ekki ýta á græna takkann.

[01:25]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það var út af fyrir sig ágætt að fá það fram hjá hv. þm. að hann væri í stjórnarliðinu. Hv. þm. ku ekki sitja þingflokksfundi hjá Sjálfstfl. þannig að á þessu hefur verið nokkur vafi, en þó ekki því ég bendi hv. þm. á að þingmaðurinn hefur umyrðalaust greitt öllum öðrum brtt. stjórnarmeirihlutans í efh.- og viðskn. sitt jáyrði. Umyrðalaust. Ég man ekki betur heldur en hv. þm. hafi einnig greitt atkvæði með öllu bixinu sem var í 6. gr. fjárlaga, tekið þar ábyrgð á öllum veituframkvæmdum á Vesturlandi með einu pennastriki sem enginn veit hvað kostar. Það þýðir ósköp lítið að koma síðan núna upp allt í einu út af þessu máli eftir að vera búinn að taka ábyrgð á hverju einasta atriði í fjárlagagerð og efnahagsráðstöfun þessarar ríkisstjórnar fram að þessu. Ég ætla í sjálfu sér ekkert að fara að verja þessa tillögu því það er búið að koma skýrt fram að þetta er stjórnartill. og hv. þm. segist styðja þessa ríkisstjórn. En ég hlýt þó að benda á það og leiðrétta það sem kom varðandi málflutning aðstoðarmanns landbrh. sem er ekki þekktur að því að fara með fleipur. Aðstoðarmaðurinn taldi sér skylt að vekja athygli á því að þarna væri áhættfé og að sjálfsögðu er þetta áhættufé. Það væri ekki verið að biðja um ábyrgðina öðruvísi. En aðstoðarmaður ráðherra sagði aldrei að þetta væri glatað fé því hann lagði áherslu á það að þetta væri með bakábyrgð í fiski sem gengi í stöðina árið 1996. Verði rekstrinum haldið áfram út þetta ár þá er það nánast tryggt að það verður sú fiskgengd í stöðina 1996 að það geti dekkað þessa ábyrgð.

[01:27]

Ingi Björn Albertsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Jóhannes Geir Sigurgeirsson hefur iðulega miklar áhyggjur af því hvort ég mæti á fundi hjá þingflokki Sjálfstfl. Ég veit ekki hvað vakir fyrir þingmanninum að draga þetta ætíð fram sem upphafsorð í sínum ræðum. (**JGS:** Ég hef ekki gert það áður.) Ó jú, jú, hv. þm. hefur gert það áður. En það er rétt hjá honum, ég studdi mest og megnið af fjárlagafrv. en ekki allt og ég held að þingmaðurinn ætti að kynna sér það betur áður en hann fer með staðlausa stafi eins og hann gerði rétt áðan hvernig atkvæða-

greiðslan fór fram. En ég studdi vel yfir 90% af því sem þar fór fram og er ekkert feiminn við að viðurkenna það. Síðan sagði hann að ég hefði stutt allar efnahagsráðstafanir. Ég vissi ekki að búið væri að greiða atkvæði um ráðstafanir í ríkisfjármálum í þingsal svo að við skulum aðeins doka við og sjá hvað skeður þar. Hins vegar ef þingmanninum þykja það eðlileg vinnubrögð að fara að veita veð í fiski sem hann veit ekki hvort skilar sér til baka eða ekki, að hafa slíkt fljótandi veð sem lendir í netum hjá erlendum veiðimönnum, þá er það kannski stefna sem Framsfl. er að boða en það þykir mér ekki merkileg og ekki góð stefna.

[01:28]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vil ítreka það að ég ætla ekki að fara að verja stjórnartill. en varðandi afgreiðslu á ráðstöfunum í ríkisfjármálum þá verð ég því miður að hressa upp á minni þingmannsins því það gekk eilítið á við þá afgreiðslu og það var gerð sú krafa að það mættu allir stjórnarsinnar á fundinn. Brtt. stjórnarmeirihlutans voru bornar undir atkvæði og samþykkt að afgreiða málið með þeim brtt. með fimm atkvæðum gegn fjórum, stjórnarandstæðinganna, og það kom ekki þar fram neinn fyrirvari. Þetta vil ég minna hv. þm. á.

[01:29]

Ingi Björn Albertsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að hv. þm. verði enn einu sinni að kynna sér málin betur, t.d. með því að lesa það nál. sem fram kom við þetta mál. Þar eru lokaorðin þau að Ingi Björn Albertsson áskilji sér rétt að fylgja brtt. sem fram koma og flytja sjálfur brtt.

[01:30]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Hér hafa fyrr í kvöld orðið miklar umræður um frv. til lánsfjárlaga sem er til afgreiðslu. Þær umræður hafa leitt í ljós með mjög skýrum hætti þá miklu skuldasöfnun sem átt hefur sér stað í tíð núv. ríkisstjórnar. 2. umr. um þetta frv. lauk á þann veg að bæði hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh. viðurkenndu með mjög afgerandi hætti þann viðskilnað sem nú blasir við eftir fjögurra ára valdasetu þessarar ríkisstjórnar.

Ég ætla ekki við 3. umr. að taka það nánar til umfjöllunar. Hins vegar hefur það gerst að fjmrh. hefur beitt sér fyrir því að hér sé flutt brtt. sem felur í sér ríkisábyrgð upp á 50 millj. kr. til ákveðins fyrirtækis sem starfar að fiskeldi. Það hefur jafnframt verið upplýst af hæstv. fjmrh. og formanni þingflokks Alþfl. að stjórnarflokkarnir og ríkisstjórnin taki ábyrgð á þessari tillögu. Ég tel þess vegna nauðsynlegt, hæstv. forseti, að hæstv. umhvrh. og hæstv. viðskrh. mæti til umræðunnar. Ég þarf að bera fram við þessa tvo hæstv. ráðherra ákveðnar fyrirspurnir. Ef þeir eru ekki í húsinu er ég reiðubúinn að gera hlé á ræðu minni en ég tel ekki kleift að ljúka þessari umræðu án þess að bera fram fyrirspurnir og fá svör frá þessum tveimur hæstv. ráðherrum, hæstv. viðskrh. og hæstv. umhvrh. Ég vil rökstyðja þessa ósk mína með nokkrum orðum.

Hæstv. umhvrh. er sá maður á Alþingi sem mesta menntun hefur á sviði fiskeldis. Hann gegndi jafnframt sérstökum trúnaðarstörfum fyrir fjmrn. í stjórn Framkvæmdasjóðs á sínum tíma og tók þá þátt í því samkvæmt þeirri stefnu sem mótuð var í tíð þeirrar ríkisstjórnar að stöðva ábyrgðar- og lánveitingar til fiskeldis sem tíðkast höfðu í tíð þeirrar ríkisstjórnar sem þá sat á undan. Mér leikur þess vegna óneitanlega nokkur forvitni á að fá svör við því frá hæstv. umhvrh. hvort hann hefur nú skipt um stefnu. Með hvaða rökum hann styður nú þá tillögu sem hér hefur verið flutt og hver var málflutningur hans í ríkisstjórn eða á vettvangi Alþfl. þegar þessi tillaga var þar til umfjöllunar.

Ég tel það ekki ná nokkurri átt að hér sé í fyrsta sinn eftir margra ára hlé farið að veita ríkisábyrgð með skýrum hætti í lánsfjárlögum til ákveðins fiskeldisfyrirtækis og sá maður innan ríkisstjórnarinnar og Alþingis sem mest hefur unnið að þessum málum og gegnir ráðherraembætti verði ekki hér til svara.

Í öðru lagi hefur það rækilega verið rakið af hv. 1. þm. Vestf., Matthíasi Bjarnasyni, m.a. í opnugrein sem birtist í Morgunblaðinu sunnudaginn 27. nóv. hvernig bankakerfið í landinu beitti valdi sínu til þess að stöðva rekstur annars fiskeldisfyrirtækis sem tvímælalaust var þó betur statt en það sem er hér til umræðu og hafði meiri veð að bjóða en það fyrirtæki sem hér er til umræðu.

Það hafa ekki í langan tíma verið settar fram jafnþungar ásakanir á stjórnendur Landsbanka Íslands og hv. 1. þm. Vestf., Matthías Bjarnason, gerði í þessari opnugrein í Morgunblaðinu sunnudaginn 27. nóv. Þar sakar þingmaðurinn Landsbankann um að hafa vitandi vits sett þetta fyrirtæki á höfuðið. Það er auðvitað alveg óhjákvæmilegt að hæstv. viðskrh., Sighvatur Björgvinsson, svari því hér: Hvert er samhengið í þeirri lánastefnu stjórnvalda sem felst í því að láta bankastjóra ríkisbankanna beita valdi sínu með þeim hætti sem hv. þm. Matthías Bjarnason hefur lýst og rakið rækilega í þessari grein og leggja svo til hér á Alþingi 50 millj. kr. ríkisábyrgð gagnvart því fyrirtæki sem tillagan fjallar um? Það er satt að segja framkoma með þeim hætti að mismununin er hrópandi. Á að láta það viðgangast að bankastjórar Landsbankans beiti geðþóttavaldi sínu til að slátra fyrirtæki í fiskeldi sem er betur statt, á meiri veð heldur en það fyrirtæki sem hér er verið að veita ríkisábyrgð? Ætlar hæstv. viðskrh. Sighvatur Björgvinsson að standa að því að slík mismunun sé innleidd gagnvart fiskeldisfyrirtækjum í landinu? Því er það, virðulegur forseti, óhjákvæmileg krafa hjá okkur sem tökum þessa umræðu alvarlega og þá tillögu sem hér er sett fram í skyndingu án nokkurs fyrirvara um 50 millj. kr. ríkisábyrgð til tiltekins fiskeldisfyrirtækis að bæði hæstv. viðskrh. og hæstv. umhvrh. komi til fundar svo þeir geti svarað þeim spurningum sem við kjósum að bera upp við þá.

Það ber að þakka að hæstv. utanrrh. kom til fundar þegar um hann var beðið. Með sama hætti fer ég fram á það, virðulegur forseti, að þessir tveir hæstv.

ráðherrar komi hér til umræðunnar. Ef þeir eru ekki staddir í þinghúsinu þá verði gripið til þess ráðs, eins og gagnvart hæstv. utanrrh., að fá þá til fundar. En ég óska eftir að fá að gera hlé á ræðu minni þar til þeir eru mættir hér þannig að hægt sé að fá þá til andsvara áður en umræðu lýkur.

(**Forseti** (StB)**:** Forseti vill taka fram að hann mun gera ráðstafanir til að kanna hvar hæstv. ráðherrar eru og hvort þeir geta komið til þinghússins. Ef hv. þm. er tilbúinn til að stoppa við í ræðu sinni og hleypa öðrum hv. þm. að sem gæti talað á meðan beðið er eftir ráðherrunum þá vill forseti óska eftir því að þm. hv. svaraði því.)

Virðulegi forseti. Ég ætla mér ekkert að tefja umræðu hér. Ég ætla eingöngu að nýta þann rétt minn að fá svör frá þessum tveimur ráðherrum og er þess vegna reiðubúinn til að gera hlé á ræðu minni og lofa öðrum að tala á meðan. Ég óska eindregið eftir að ráðherrarnir verði kvaddir til umræðunnar hið fyrsta.

(**Forseti** (StB)**:** Forseti mun gera ráðstafanir til að fá hæstv. ráðherra til fundarins.)

[01:38]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegur forseti. Þetta er orðin allævintýraleg umræða sem hér hefur átt sér stað í kvöld. Hún stafar af þeim furðulegu vinnubrögðum sem hér hafa tíðkast og eru svo sem engin nýlunda í þingstörfum því ég minnist þess í umræðum frá síðustu árum um skattamál að tillögur hafa verið að fæðast fram á síðustu stundu og þetta nær auðvitað ekki nokkurri átt að standa svona að málum.

Eins og þingmenn hafa orðið varir við og eins og nefnt var í hliðarherbergi áðan þá er þetta í rauninni orðin ný umræða sem hér hefur átt sér stað í kvöld. 3. umr. um lánsfjárlög, sem að öllu jöfnu hefði sennilega orðið fremur stutt, þetta er orðin mikil umræða vegna þess máls sem tekið var hér inn nánast fyrirvaralaust.

Þeirri spurningu var varpað fram af hv. þm. Inga Birni Albertssyni hverjir hefðu fengið að sjá þessa tillögu og ég get upplýst það hér að ég fékk að heyra um þessa tillögu einhvern tímann fyrir jól. Það er náttúrlega vegna þess að menn voru að reyna að hafa stjórnarandstöðuna góða og svona fyrirbyggja að það yrðu einhver læti út af þessu. Svo kom í ljós að lætin upphófust í stjórnarliðinu, þ.e. innan Sjálfstfl.

Einmitt þau læti sem við höfum orðið vitni að hér í kvöld með sérstökum þingflokksfundi Sjálfstfl. og andmælum ákveðinna þingmanna vekja spurningar um hvað hér sé á ferð. Hvers konar mál er þetta sem hér er á ferð? Ég vil taka undir það sem fram kom í ræðum þingmanna að það er mjög slæmt að fá mál af þessari stærðargráðu hér inn á síðustu stundu án þess að viðkomandi nefnd eða þingmenn hafi nokkurn tíma til að skoða málið í heild. En ég verð að viðurkenna það að eftir umræðurnar í efh.- og viðskn., þar sem við fengum auðvitað heilmiklar skýringar á málinu, þá stóð ég í þeirri meiningu að þetta væri tiltölulega einfalt mál þó ég hafi hugsað mér að láta ríkisstjórnarflokkana bera ábyrgð á þessu. En það hefur komið í ljós hér í umræðunni og ekki síst vegna þeirra viðbragða sem hér hafa orðið að málið er engan veginn einfalt.

Ég ætla að koma betur að þessu máli á eftir en víkja nú að hinu málinu sem við geymdum okkur milli 2. og 3. umr. þ.e. Flugstöð Leifs Eiríkssonar. En fyrst er þess þó að geta, herra forseti, sem ekki hefur verið nefnt mikið í umræðunni að nú liggur fyrir hver er heildarupphæðin sem verið er að veita heimildir fyrir, lántökur ríkissjóðs, upp á 21,9 milljarða kr. Það er nokkuð fróðlegt að bera þetta saman við lánsfjárlögin sem samþykkt voru í fyrra þar sem heildarupphæðin var 27 milljarðar 750 millj. kr. á þessu ári. Þá er því við að bæta að fyrir nokkrum vikum voru samþykkt lánsfjáraukalög þar sem, ef ég man rétt, bættust við rúmir 2 milljarðar til viðbótar. Við hljótum að spyrja í ljósi þess sem hér hefur verið að gerast og í ljósi þess sem fram undan er í efnahagsmálum: Hver verður hin raunverulega niðurstöðutala lánsfjárlaganna fyrir árið 1995? Það er töluverð lækkun á milli ára en þessi tala 21,9 milljarðar kr. á eflaust eftir að hækka ef að líkum lætur.

En að Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Ég minnist þess frá fyrstu árum Kvennalistans hér á Alþingi að þá gagnrýndu oft og iðulega þær sem þá sátu á þingi fyrir Kvennalistann þann flottræfilshátt og þá miklu peningaeyðslu sem átti sér stað í flugstöðinni og var oft leitað þangað eftir tekjum í ýmis verkefni og því lýst að það mætti nú fresta framkvæmdum þarna og draga úr eyðslunni. Nú er það komið á daginn að hér er um afar erfitt dæmi að ræða fyrir ríkissjóð. Eins og ég nefndi við 2. umr. fyrr í dag þá er þarna dæmi um eitt af þessum ævintýrum sem Íslendingar hafa lagt út í fyrirhyggjulaust og það er bara eytt og spennt eins og menn lystir án þess að hugsa nokkuð um afleiðingarnar. Við eigum fleiri dæmi um það sem ekki síst er að finna innan veggja Landsvirkjunar í orkumálum og reyndar í þeim málum sem hér eru til umræðu, fiskeldi og loðdýrarækt, verslunarrekstur og fleira og fleira mætti nefna þar sem menn hafa farið afar óvarlega í fjárfestingum og ekki spurt um þörf heldur bara dembt sér út í málin fyrirhyggjulaust.

Eins og fram kemur í frv. til fjárlaga fyrir árið 1995, sem reyndar er nú orðið að lögum, þá er allítarleg skýring á stöðunni í flugstöðinni á bls. 358. Loksins í dag eða í kvöld tókst okkur í hv. efh.- og viðskn. að fá einhverjar skýringar á þessu heildardæmi sem að flugstöðinni snýr. Eins og kemur fram í fjárlagafrv. þá er þar lögð áhersla á nauðsyn þess að taka á þessu vandamáli, það megi ekki bíða lengur. Og eins og hér hefur komið fram í umræðum þá stöndum við frammi fyrir því að lánin eru að falla í gjalddaga. Á næsta ári þarf að standa skil á 2 milljörðum kr. Þess vegna er nú verið að veita heimild til flugstöðvarinnar til að hægt verði að fara út í skuldbreytingar og lengingar á þessum lánum. En það breytir ekki því að eins og dæmið lítur út í dag með þeim tekjum sem flugstöðin aflar og renna í ríkissjóð þá er þetta gjörsamlega óleysanlegt dæmi. Það er tap á rekstri flugstöðvarinnar eins og hún er rekin nú og þær tekjur duga rétt fyrir vöxtum og þá er allur rekstur eftir. Stóra spurningin er hvernig menn ætla að taka á þessu mikla

dæmi. Eins og hér hefur komið fram þá liggja fyrir margvíslegar tillögur um það hvað hægt sé að gera. En þær t.d. fela í sér aukinn verslunarrekstur í flugstöðinni í samkeppni við innlenda verslun. Reyndar hefur verið vakin athygli á að þarna sé um óeðlilega samkeppni að ræða og jafnframt að þá flytjist mikil verslun út úr landinu með þeim kjörum sem þarna er að finna. Hins vegar eru menn að tala um tillögur sem ganga á tekjustofna sem ætlaðir eru í annað. Þannig að við eigum eftir að sjá þessar tillögur útfærðar og ég á eftir að sjá að þetta dæmi gangi upp. Það er auðvitað alveg ljóst að það er pólitísk ákvörðun sem þarf að taka til að leysa þetta mál og finna varanlega lausn. Mér segir svo hugur um að flugstöðin og rekstur hennar eigi eftir að verða mikill höfuðverkur hér á næstu árum.

Ég minnist þess að fyrir eitthvað um tveimur árum þá stakk ég upp á því við hæstv. fjmrh. að hann tæki nú flugstöðina til einkavæðingar breytti henni í hlutafélag og reyndi að selja hlutabréfin í henni, það er kannski leið sem ætti að fara. Ég veit ekki hvort það er eitthvert láluhjálparatriði að ríkið reki flugstöð eða flugstöðvar. Það væri gaman að skoða þetta dæmi út frá þeim sjónarhóli. En ég er svo sem ekki viss um að það mundi leysa vandann heldur. Ég er meira að segja þetta hér til gamans en í alvöru enda ýmis þessi einkavæðingaráform sem hér hafa verið til umræðu heldur hæpin.

Það er ljóst að það þarf að auka tekjur flugstöðvarinnar um 100–150 millj. kr. á ári til að hægt verði að gera dæmið upp og þá að því tilskildu að tekist hafi að lengja lánin og að ná fram skuldbreytingu. Ég ítreka því að hér er mál sem næsta ríkisstjórn þarf greinilega að taka á í ljósi þess ef rétt er sem fram kom hjá hæstv. utanrrh. að pólitískur vilji hafi ekki verið til staðar hjá núv. ríkisstjórn til að leysa þetta mál.

Ég ætla þá að koma hér aðeins að máli Silfurlax. Ég vil koma því á framfæri, sem mér finnst ekki hafa komið fram hér í umræðunni, að samkvæmt þeim skýringum sem við fengum í hv. efh.- og viðskn. í kvöld þá er ástæðan fyrir því að ríkisstjórnarflokkarnir eru að leggjast á sveif með þessu fyrirtæki annars vegar það að ríkið á hlutafé í þessu fyrirtæki, skuldum hefur verið breytt í hlutafé, og þarna er um aðila að ræða sem á í allmiklum viðskiptum við Stofnfisk. Silfurlax á í töluverðum viðskiptum, væntanlega með seiðakaupum og jafnvel kaupum á fóðri, það kom ekki fram nákvæmlega í hverju þessi viðskipti felast. Annars vegar eru það þessi viðskipti, hins vegar er það sú staðreynd að þarna er um eina af örfáum hafbeitarstöðvum að ræða og menn meta það þannig að það sé 50 millj. kr. virði að reyna að halda þessu fyrirtæki gangandi vegna þeirrar þekkingar og vegna þeirra tilrauna sem verið er að gera þarna. Þannig að sá samanburður sem hér hefur komið fram í kvöld og sú reiði sem við höfum orðum vitni að hér vegna laxeldisfyrirtækisins í Tálknafirði, þetta er ekki alveg réttmætt vegna þess að þarna er um annars konar rekstur og annars konar fyrirtæki að ræða. Það er þarna ákveðin tilraunastarfsemi í fiskeldi. Það breytir hins vegar ekki því að það þarf auðvitað að vega og meta stöðu fyrirtækisins. Okkur skortir einfaldlega upplýsingar um þessa stöðu og því lýsi ég því yfir hér með að ég treysti mér ekki til að styðja þessa tillögu, það er algjörlega af og frá, þó ég sé því almennt fylgjandi að hér séu stundaðar tilraunir og ég er tilbúin að trúa því að þarna sé þekking á ferð sem vert er að varðveita og ýta undir. En þetta mál ber þannig að og hér skortir svo mikið á undirbúning og kynningu á málinu, að það er ekki nokkur leið að styðja þetta mál. Þó að þeir starfsmenn, þ.e. aðstoðarmaður landbrh. og ráðuneytisstjóri fjmrn., hafi verið allir af vilja gerðir til að upplýsa okkur og láta í té haldbærar upplýsingar þá voru þær bara einfaldlega ekki til staðar. Við höfum svona lauslegar hugmyndir um það hvernig eignarhald er samansett og við höfum verið upplýst hér í kvöld um þessa ríku Svía, sem eins og fleiri landar þeirra hafa yfirgefið sæluríki Svíþjóðar vegna hárra skatta sem þar eru. Það kom einnig fram að þessir aðilar, þessir bræður sem þarna standa að verki, hafa tapað hundruðum milljóna á þessum rekstri. Þar af leiðandi er nú erfitt að sjá það hvað þessar 50 millj. gera, en þó kom fram að þetta væri spurningin um það að fleyta fyrirtækinu yfir vetrarmánuðina og að alla vega annar eigandinn, sem vitnað var í, taldi sig ekki geta á svo stuttum tíma útvegað viðbótarhlutafé.

Nú get ég tekið undir það með hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur að ef þessir menn eru jafnríkir og sögur fara af ... (**GHelg:** Það er ekkert ef.) Ja, peningarnir geta nú verið bundnir í ýmsu og það er ekki víst að það liggi allt á lausu. Ekki hef ég hugmynd um hvernig þeim málum er háttað, en samt finnst manni svona heldur ótrúlegt að þeir þurfi á 50 millj. kr. ábyrgð að halda frá íslenska ríkinu. En svona er málið vaxið, svona er þetta kynnt fyrir okkur, og það verður bara að segjast eins og er að það er varla hægt að afgreiða mál með þessum hætti. Ég get ekki annað en lýst ábyrgð á hendur ríkisstjórnarflokkunum fyrir að koma svona seint með málið. Það hefur komið hér fram að þessi bréf eða beiðni um þessa ábyrgð barst fyrir tæplega tveimur mánuðum síðan og þetta er bara enn eitt dæmið um þessi furðulegu vinnubrögð sem tíðkast hjá núv. ríkisstjórnarflokkum, að koma hér inn með mál á allra síðustu dögum þingsins. Ég rifja það enn þá upp með hinn svokallaða bandorm eða ráðstafanir í ríkisfjármálum þar sem um er að ræða nánast hvern einasta kafla sem búið var að segja fyrir um eða ákveða í frv. til fjárlaga. Fjárlagafrv. var lagt hér fram á réttum tíma, í byrjun október, en síðan lýtur frv. um ráðstafanir til ríkisfjármála ekki dagsins ljós fyrr en rétt undir lok þinghaldsins eða þess sem átti að verða lok þinghaldsins, rétt upp úr miðjum desember. Þetta lá allt saman fyrir. Hvað eiga svona vinnubrögð að þýða? Það er mér algjörlega óskiljanlegt hvers vegna menn þurfa að standa svona að málum og það leiðir auðvitað af sér umræður eins og þessar hér, þar sem menn eru að kalla á skýringar og hafandi uppi efasemdir þegar málin eru jafnilla unnin. Ég held að þetta sé, því miður, Alþingi Íslendinga til háborinnar skammar og segir auðvitað mest um þá sem hér standa að verki.

[01:55]

Ólafur Ragnar Grímsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég vil inna hæstv. forseta eftir því hvenær hæstv. viðskrh. og hæstv. umhvrh. eru væntanlegir til umræðunnar. Ég varð við þeirri ósk forseta að fresta ræðu minni þar til þeir væru komnir til umræðunnar og vildi inna hæstv. forseta eftir því hvenær von sé á ráðherrunum?

(**Forseti** (StB): Forseti getur ekki svarað því á þessari stundu en vonast til að það náist samband við hæstv. ráðherra þannig að hægt sé að svara þessari spurningu fljótlega úr forsetastól.)

Ég þakka hæstv. forseta fyrir það en það hefur nú náðst samband við ráðherrana vegna þess að starfsmaður þingsins hefur spurt mig, bæði frá hæstv. umhvrh. og hæstv. viðskrh., hvað ég vilji ræða við þá, svo það hefur nú þegar náðst samband við þá. Þannig að það er ekki vandamálið.

Ég vil bara árétta, virðulegur forseti, að það eru tvö frv. hér í þinginu á hverju þingi, fjárlagafrv. og lánsfjárlagafrv., þar sem áratugahefð er fyrir því að þingmenn eigi rétt á því að fá að ræða við þá ráðherra sem þeir óska eftir að fá að ræða við. Þetta eru þau tvö frv. þar sem sá réttur er viðurkenndur. Það er ekki hægt að halda þessu máli áfram til loka hér ef það á að fara að brjóta þann rétt hér og nú.

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Eins og forseti gat um þá hefur verið reynt að ná sambandi við hæstv. ráðherra og forseti mun áfram leitast við að ná því sambandi og koma þessum skilaboðum til hæstv. ráðherra og vonast til að það liggi fyrir strax og næsti hv. þm. hefur lokið máli sínu.

[01:57]

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Þessar umræður eru nú orðnar næsta furðulegar og kannski má reyndar segja að þær séu spegilmynd af því hvernig hér hefur verið haldið á málum af hálfu stjórnarflokkanna við þinghald. En ég get ekki látið hjá líða að minnast aðeins á vinnubrögð eins og þau hafa komið fram hér við þessa umræðu.

Ýmislegt hefur þar komið á óvart, jafnvel þó margt hafi gerst að undanförnu sem kannski ætti að koma í veg fyrir að manni komi nokkuð á óvart. Mér finnst það reyndar vera táknrænt fyrir stjórn þessara mála hjá stjórnarflokkunum að ég skuli nú vera annar þingmaðurinn sem kemur inn í ræðu annars hv. þm. og meira að segja var farið að hafa andsvör hér í kvöld inn í miðri ræðu þingmanns. Ég minnist þess aldrei fyrr en hjá þessum stjórnarflokkum að þingmaður fengi að fresta ræðu sinni til þess að hleypa öðrum þingmanni að. Ef þingmaður óskaði eftir að fá að ræða við eða fá ráðherra til að hlýða á sitt mál þá varð ávallt að fresta ræðunni og fresta fundi. Ég vissi ekki til að það væri samkvæmt fundarsköpum Alþingis að fara þannig að kljúfa ræðu sundur. Ef það varð að binda enda á ræðu þingmanns þá varð hann að ljúka sinni ræðu og hefja nýja ræðu þegar ráðherra væri við ef fundi væri ekki frestað. Þetta finnst mér vera eitt dæmi um þann losarabrag sem er orðinn á þinghaldi. Það er hlaupið út og suður í málin og erfitt að gera sér grein fyrir því eftir hvaða skipulagi er farið í vinnubrögðum. Það finnst mér gilda líka um þetta mál sem við erum að ræða núna.

Ég varð undrandi á ummælum hv. 8. þm. Reykv., formanns þingflokks Sjálfstfl., eftir að þingflokksfundi þeirra lauk, þar sem hann taldi að engin spurning væri um það hverjir stæðu raunverulega að brtt. á þskj. 509. Sem betur fer mun hv. þm. hafa séð að sér og eftir fundarhlé fékkst nú skýring á þessu og hæstv. fjmrh. bætti þar úr. En auðvitað stafa þessar uppákomur, eins og varla er hægt annað en að nefna þau vinnubrögð sem hér hafa farið fram, ekki af öðru en því að það er enginn undirbúningur á málatilbúnaði hér. Það virðist algerlega vera tilviljun hvernig málum er kastað hér inn. Það var vissulega ástæða til þess við lok fjárlagaumræðu að taka fyrir vinnubrögð sem nefnd hafa verið hér í dag, brtt. hæstv. fjmrh. um heimild til samninga um milljarða kr. lántökur eða eignakaup ríkissjóðs án þess að mæla fyrir þessari tillögu. Mér finnst það satt að segja vera ótrúleg fyrirlitning gagnvart alþingismönnum sem þeim eru sýnd með svona vinnubrögðum. Mér finnst líka, því miður, vinnubrögð efh.- og viðskn. í þessu máli ekki vera nægilega vönduð og verð að taka undir með hv. 5. þm. Reykv. um það.

Það er sagt að þar hafi verið tvö mál sem hafi verið tekin til umræðu á milli 2. og 3. umr. Annars vegar var það málefni flugstöðvarinnar á Keflavíkurflugvelli, þar sem fjallað var um milljarða kr. lántökuheimild til ríkissjóðs vegna hennar, hins vegar tillögu á þskj. 509 um sjálfskuldarábyrgð lántöku Silfurlax hf. Þegar við lesum þessa brtt. þá endar hún með orðunum, með leyfi hæstv. forseta: „...gegn skilyrðum sem fjármálaráðherra og landbúnaðarráðherra setja."

Fyrsta spurningin hjá mér þegar ég sá þessa tillögu var: Hver eiga þau skilyrði að verða? Við því er ekkert svar að fá í þingskjölum. Það er vegna þess að það er ekki skilað neinu frhnál. um þessi málefni. Úr því að efh.- og viðskn. taldi nauðsynlegt að halda fund milli 2. og 3. umr. og fjalla þar um svo stór mál, annað alveg nýtt og hitt þar sem mikilvægar nýjar upplýsingar komu fram á nefndarfundi þá var það lágmarkssanngirni gagnvart öðrum þingmönnum að meiri hlutinn gæfi út frhnál. þar sem þessi gögn væru sem fskj. sem gáfu þær upplýsingar sem hér hafa verið lesnar upp á tætingi af hinum og þessum en við þingmenn höfum ekki fengið neina heildarmynd af þessum upplýsingum.

Ég vildi fara fram á það við hv. efh.- og viðskn. að það yrði bætt úr þessu áður en þessari umræðu lyki og gefið út frhnál. með þeim gögnum og upplýsingum sem liggja til grundvallar í þessum málum. Mér finnst algerlega óviðunandi fyrir hinn almenna þingmann að svona sé haldið áfram að vinna algerlega af handahófi og undirbúningslaust og upplýsingar ekki gefnar sem eru nauðsynlegar forsendur fyrir afstöðu til málanna. Sá dráttur sem hefur orðið á þessari umræðu nú er að kenna þessum handahófsvinnubrögðum, þ.e. að málin eru ekki kynnt í þingflokkum stjórnarliðsins áður en

farið er að leggja tillögurnar fram af því að það er engin stjórn og engin yfirsýn virðist vera yfir málefnin sem þarf að leysa og leggja fyrir þingið. Slík vinnubrögð eru auðvitað niðurlægjandi fyrir Alþingi og gefur því miður ekki nógu góða mynd af störfum þess fyrir þjóðina.

Ég ætla ekki að fjalla efnislega um þessa tillögu en vil taka undir það sem hér hefur komið fram að mér sýnist að eftir þeim upplýsingum sem ég hef verið að reyna að leggja saman gæti verið um að ræða mikilvægar rannsóknarniðurstöður sem fengjust ef þessi starfsemi héldi áfram, þó ekki væri nema eitt ár, rannsóknarniðurstöður sem væru kannski margfalt meira virði en þessar krónur þó há upphæð sé, 50 millj. En hins vegar vil ég taka undir það sem hér hefur verið sagt að þetta handahóf að ákveða að styðja þetta fyrirtæki en ekki hitt er náttúrlega algerlega ólíðandi en í samræmi við þessi handahófs- og fálmkenndu vinnubrögð hæstv. ríkisstjórnar og stjórnarflokkanna.

Það hefur aðeins verið vikið hér að sögu fiskeldisins og einu sinni enn heyrist sú skýring að þetta mál hafi ekki verið tekið nægilega föstum tökum af ríkisstjórninni þegar fiskeldi var að byggjast hér upp. Ég get tekið undir að slíkt hefði verið æskilegt en það var ekki viðhorf sem átti upp á pallborðið á þeim tíma. Á minn fund komu þá ýmsir áhugamenn um fiskeldi, m.a. Svíi sem knúði mikið á um að fá leyfi til að hefja það fyrirtæki, Silfurlax, sem hér er til umræðu. Það var hvorugur þessara ágætu bræðra sem hér hafa verið nefndir og þekki ég ekkert þá sögu síðan. En þessir frumherjar stofnuðu fljótlega með sér samtök og eitt var alveg grundvallaratriði í samþykktum þessara samtaka. Það var að þeir vildu ekki afskipti ríkisvaldsins af sínum málum. Það mátti ekki gerast að ríkisvaldið væri að hefta framtak þessara ágætu manna því að ef það gerðist mundi það ekki góðru lukku stýra. Því miður fór það svo að vonirnar rættust ekki og þá var síðan farið að snúa sér til ríkisins þegar í óefni var komið. Vissulega get ég tekið undir að það hefði verið betra að slíkt viðhorf hefði verið fyrr hjá þessum ágætu aðilum. Það var hins vegar erfitt að standa þannig að málum að hægt hefði verið að segja að vegna afskipta ríkisins hefði verið lagður steinn í götu þessara hugsjónamanna til að byggja upp álitlegan atvinnuveg því að það er ég enn sannfærður um að fiskeldið er þó að svona hafi tekist til hér. Sanna tölurnar sem hafa verið nefndar frá Noregi að hér er vissulega um mikilvægan atvinnuveg að ræða.

Þá er eitt atriði að lokum sem ég vildi víkja að og það er ræða hæstv. forsrh. í lok 2. umr. um þetta mál. Vissulega hefði verið ástæða til þess að kveðja sér hljóðs þá þegar að lokinni þeirri ræðu en ég vildi ekki tefja það að hægt væri að ljúka 2. umr. um málið. En því miður mun því vera svo farið að hæstv. forsrh. hefur a.m.k. ekki verið við 3. umr., ég veit ekki hvort hann er í húsinu, þannig að hægt sé að ræða þetta mál í hans viðveru. Það er eitt einkennið á umræðum á Alþingi þessar síðustu vikur að hæstv. forsrh. hefur ekki sést mikið við þær. Þá endurtók hæstv. forsrh. aftur og aftur hvað samkeppnisstaða íslenskra atvinnuvega væri afskaplega góð. Hér hefðu orðið þáttaskil og nú væru orðnar bjartar horfur í íslensku atvinnulífi.

Mér datt í hug þegar hann fór að lýsa þekkingu sinni á sjónhverfingum að það hefði því miður farið svo hjá honum að þessi lærdómur hans hefði beinst inn á þá braut að blekkja fyrst og fremst hann sjálfan. A.m.k. stangast þessi lýsing hæstv. forsrh. á stöðu íslenskra atvinnuvega ákaflega mikið á við þá lýsingu sem hv. 3. þm. Austurl., formaður landbn., gaf á stöðu íslensks landbúnaðar og þá ekki síst sauðfjárræktar þar sem hann sagði að nú á nokkrum árum dragist saman tekjur bænda um 47%. Ég get ekki skilið hvernig hægt er að telja það góða stöðu atvinnuvegar sem þannig er ástatt fyrir. Og ætli garðyrkjubændur vilji fallast á að aðgerðir þessarar ríkisstjórnar hafi styrkt og bætt afskaplega mikið stöðu þeirrar atvinnugreinar.

Það virðist því vera að hæstv. forsrh. fylgist alls ekki með raunveruleikanum í íslensku atvinnulífi og það virðist ekki vera að hv. 3. þm. Austurl. ræði við hæstv. forsrh. um stöðu íslensks landbúnaðar eða geti komið honum í skilning um það hvernig staðan er þar raunverulega úr því að hæstv. forsrh. ítrekar hvað eftir annað að samkeppnisstaða íslenskra atvinnuvega sé svo ákaflega góð. Eða er hæstv. forsrh. búinn að afskrifa landbúnað sem íslenskan atvinnuveg?

Það væri ákaflega æskilegt að fá skýringar hæstv. forsrh. á þessum ummælum hans. Ég veit ekki hvort hæstv. forsrh. er í húsinu til þess að svara því. En ég vildi a.m.k. ekki að umræðu um lánsfjárlög lyki án þess að þessum röngu fullyrðingum hæstv. forsrh. væri mótmælt og e.t.v. verður hægt að inna hann eftir því við umræðu um önnur mál sem eftir eiga að koma hvernig stendur á svona fullyrðingum hjá honum.

Ég ætla ekki að tefja umræðuna meira að þessu sinni en áskil mér rétt til að ítreka þessar spurningar síðar ef ég ekki fæ svör við þeim núna, ef hæstv. forsrh. hefur ekki heyrt mitt mál og er í húsinu. Eða þá hv. 3. þm. Austurl. gæti gefið skýringar á því af hverju hæstv. forsrh. tekur ekkert mark á lýsingum hans, hv. 3. þm. Austurl., Egils Jónssonar, á staðreyndum sem blasa við í íslenskum landbúnaði.

(**Forseti** (StB): Forseti getur upplýst hv. þingmenn um að hæstv. forsrh. er skráður í húsið.)

[02:19]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Ég stend ekki upp til þess að ræða 1. eða 2. tölul. þess breytingatillagnaskjals sem hér liggur fyrir, sem þó eru aðalatriði skjalsins heldur eingöngu, virðulegi forseti, til þess að ræða um 3. tölul. skjalsins sem lýtur að því að heimild til þess að veita fyrirtækinu Silfurlaxi hf. lán með sjálfskuldarábyrgð allt að 50 millj. kr. gegn skilyrðum sem fjmrh. og landbrh. setja. Út af fyrir sig ef allt væri eðlilegt og þetta mál hefði haft eðlilegan aðdraganda er ekki að vita nema það væri hægt að taka á þessu máli fremur jákvætt og án þess að hafa nokkra fyrirvara þar um, en eins og hér er í pottinn búið og eins og aðdragandi þessa máls er er óhjákvæmilegt, virðulegi forseti, að ræða þetta dálítið nánar.

Nú er það svo að ég er ekki mjög kunnugur starf-

semi þessa fyrirtækis og ýmislegt af því sem ég veit núna var mér ekki kunnugt um í upphafi umræðunnar og ýmislegt af því sem hv. þm. hafa sagt um þetta fyrirtæki var mér nýnæmi og þess vegna var og er afstaða mín til þess fyrirtækis býsna jákvæð fyrir fram vegna þess að ég hafði enga sérstaka skoðun á því og hafði ekki gert mér neinar hugmyndir hvorki háar né lágar um starfsemi þess fyrirtækis. Ég dreg ekkert í efa það sem hér hefur verið sagt í þessari umræðu, t.d. af hv. 4. þm. Norðurl. e. sem er mjög kunnugur fiskeldismálum, að á vettvangi þess fyrirtækis fari fram merkileg starfsemi. Og það er örugglega rétt sem líka hefur komið fram í umræðunni í kvöld að eigendur fyrirtækisins, sem munu vera sænskir að meiri hluta, hafa lagt í það mikið af eigin fé. Ég er ekki eins og sumir efasemdamaður gagnvart því að útlendingar eigi hlut í fyrirtækjum sem hér starfa, síst af öllu fiskeldisfyrirtækjum vegna þess að ég held að það sé þarft að fá slíkt áhættufjármagn frá útlöndum vegna þess að það liggur fyrir að á Íslandi fæst slíkt áhættufjármagn ekki. Þess vegna, virðulegi forseti, er ég fyrir fram fremur jákvæður gagnvart því að styðja við bakið á atvinnustarfsemi af því tagi sem hér er verið að tala um, þ.e. fiskeldi í einhverri mynd, hvort sem um er að ræða hafbeitarstöð, eins og hér er um að ræða, eða einhvers konar hefðbundið fiskeldi af öðru tagi og hvort hér er um að ræða þátttöku útlendinga eða ekki finnst mér ekki skipta mjög miklu máli.

Það sem er hins vegar ákaflega athugavert við þetta mál er aðdragandi þess ef það er skoðað í tilteknu samhengi. Samhengið sem ég held að sé nauðsynlegt að þetta mál sé skoðað í er einfaldlega það sem hér hefur verið vakin athygli á að það eru til önnur fyrirtæki, kannski ekki nákvæmlega í sömu starfsemi og þetta fyrirtæki sem hér um ræðir en fyrirtæki á sviði fiskeldis sem þurfa á sérstakri fyrirgreiðslu að halda til þess að þau geti haldið áfram sinni starfsemi og hafa þurft á sérstakri fyrirgreiðslu að halda til þess að þau hefðu getað haldið áfram sinni starfsemi. Vandinn var bara sá og það var hin sorglega niðurstaða að menn töldu ekki á þeim tíma að hægt væri að ljá því máls. Menn töldu að það væru ekki efnislegu rök til þess að grípa til álíka aðgerða og hér er verið að grípa til, þ.e. að veita tiltekna ríkisábyrgð til þess að auðvelda starfsemi þessara fyrirtækja. Því fór sem fór.

Þar sem ég þekki best til er um að ræða fyrirtækið Þórslax á Tálknafirði sem hefur verið nokkuð mikið til umræðu við 3. umr. lánsfjárlagafrv. Þar var það svo að fyrirtækið hafði eins og mörg önnur fiskeldisfyrirtæki fengið fyrirgreiðslu hjá ábyrgðadeild fiskeldislána en varð vegna þess að skilmálar ábyrgðadeildarinnar voru svo erfiðir að segja upp tryggingum sem gerðu að að verkum að þessi lán voru öll gjaldfelld. Fyrirtækið varð að borga upp sín lán hjá ábyrgðadeildinni jafnskjótt og greiðslur bárust fyrir afurðir og vandanum var þar með velt af ábyrgðadeildinni yfir á viðskiptabanka þessa tiltekna fyrirtækis. Þegar svo var komið að ekki var hægt öllu lengur að veita slíka fyrirgreiðslu af hálfu viðskiptastofnunar fyrirtækisins. Þá var eftir því leitað hvort hægt væri að greiða fyrir málinu þannig að sú fyrirgreiðsla sem þá lá í loftinu að yrði veitt og raunar kemur fram í 11. gr. þessa frv. að þegar lögin um ábyrgðadeild fiskeldislána falla úr gildi þá sé fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs heimilt að breyta útistandandi ábyrgðaheimildum í lán, sbr. tiltekin lög.

Niðurstaðan varð sú á þeim tíma að þetta var ekki hægt vegna þess m.a. að þá þyrfti að grípa til álíka aðgerða og verið er núna að grípa til gagnvart fyrirtækinu Silfurlaxi hf. Með öðrum orðum þyrfti að ganga lengra en ætlunin var í þessu frv. til lánsfjárlaga skv. 11. gr. og þess vegna væri þetta ekki hægt.

Nú vil ég strax taka það fram að hér var um að ræða mun lægri upphæðir en talað er um í þessari brtt. og lýtur að lántöku Silfurlax hf. Það var um að ræða mun lægri upphæðir. Engu að síður varð þetta niðurstaðan. Og menn vita hvernig fór. Fyrirtækið var að lokum því miður tekið til gjaldþrotaskipta, eitt elsta og merkasta laxeldisfyrirtæki landsins.

Ég nefndi það áðan að í frv. til lánsfjárlaga er verið að ljúka ákveðnum kaflaskiptum í sögu fiskeldisins með því að leggja ábyrgðadeild fiskeldislána niður. Ég verð að játa það að ég sé ekkert sérstaklega eftir þeirri deild í sjálfu sér. En við skulum hins vegar aðeins átta okkur á samhengi hlutanna. Þar er verið að tala um að yfirtaka ábyrgðaheimildir upp á 60 millj. kr. miðað við stöðuna 5. júlí á þessu ári. Ef ég skil það rétt þá eru m.a. inni í því ábyrgðir vegna þessa tiltekna fyrirtækis sem ég hef þráfaldlega verið að nefna.

Hins vegar er ætlunin að veita sérstaka ábyrgð, reyndar með mjög ströngum skilyrðum, það ber að játa, til þessa fyrirtækis, Silfurlax, upp á 50 millj., þ.e. álíka upphæð og verið er að tala um varðandi ábyrgðadeildina. Ég viðurkenni það fúslega að það er verið að setja ströng skilyrði til handa þessum eigendum samkvæmt bréfi sem efh.- og viðskn. barst frá fjmrn. Það er gert ráð fyrir því að hluthafar útvegi jafnháa fjárhæð, þ.e. 50 millj. kr., og önnur skilyrði jafnframt sett sem mér er mætavel ljóst að venjulegur meðaljón mundi eiga í miklum erfiðleikum með að uppfylla. Engu að síður er þetta sjálfsagt mál sem hluthafar og eigendur Silfurlax geta uppfyllt vegna þess að það hefur verið upplýst hér að eigendur fyrirtækisins eru vel stæðir og þeir hafa örugglega burði til þess og er ekkert nema gott um það að segja. En þá vekur það athygli líka að veðin og tryggingarnar byggjast á því að það er afli ársins 1996 sem er veðsettur, ekki næsta árs, því að hann er veðsettur, heldur ársins 1996. Og það, svo að ég taki ekki dýpra í árinni, vekur dálitla forvitni.

Virðulegi forseti. Ég er sjálfur mikill áhugamaður um vöxt og viðgang fiskeldisins og ég hef aldrei ljéð því eyra þegar menn hafa verið að tala gegn þessari atvinnugrein og gera lítið úr henni og fjargviðrast yfir þeim mistökum sem þar hafa orðið. Það hafa vissulega orðið mikil mistök en þar er þó ekki eingöngu við þá að sakast sem stóðu að rekstri fyrirtækjanna. Þeir lentu í gríðarlegum töpum vegna þess að forsendurnar sem menn treystu á í upphafi hrundu. Tekjurnar hrundu, aðstæðurnar breyttust og það sem líka verður að hafa í huga er að þau skilyrði sem þessari grein

voru búin voru auðvitað mjög erfið. Það hefur t.d. verið reiknað út að þegar allt er talið með, tryggingar, allur lántökukostnaður og þess háttar í þessari ábyrgðadeild, þá hafi fjármagnskostnaðurinn á ári svarað til um það bil 25%. Og það sér hver einasti maður að engin atvinnugrein, hvorki fiskeldi né önnur, stenst slíkar arðsemiskröfur.

Virðulegi forseti. Ég taldi nauðsynlegt vegna þessa máls, vegna þess að það hefur komið mjög til umræðu þetta tiltekna mál varðandi Þórslax á Tálknafirði sem ég geri ráð fyrir að ég þekki betur en ýmsir aðrir sem hér eru inni, að ég varpaði aðeins ljósi á það vegna þess að mér finnst að afgreiðsla þess hafi verið gersamlega á skjön við það sem við sjáum birtast í þessum brtt. Ég ítreka það að ég hef engar óskir nema jákvæðar í garð fyrirtækisins Silfurlax og ég dreg ekkert í efa að það sé merkileg starfsemi sem þar fer fram og þýðingarmikil og nauðsynlegt að slík fiskeldisstarfsemi eins og önnur fiskeldisstarfsemi í landinu geti haldi áfram. En það er alveg óhjákvæmilegt, virðulegi forseti, að vekja athygli á því hversu þetta er á skjön við það sem áður hefur gerst og það vekur með manni, ég vil segja í senn, ákveðin vonbrigði, sárindi og reiði.

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti vill taka fram áður en næsta hv. þm. verður gefið orðið að það hefur verið haft samband við þá hæstv. ráðherra sem óskað var eftir að kæmu til fundar. Það hefur ekki náðst til hæstv. umhvrh. en hæstv. iðn.- og viðskrh. telur sér ekki fært að mæta til fundar.

[02:33]

Ólafur Ragnar Grímsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég vil í fyrsta lagi þakka hæstv. forseta fyrir tilraunir sem hann hefur látið þingið gera til þess að hafa samband við viðkomandi ráðherra. Ég hef ekki ætlað mér að tefja þessar umræður og hef til þess að greiða fyrir umræðum samþykkt það að einstakir þingmenn flyttu sínar ræður þótt ég hafi gert hlé á minni ræðu og bendi í því sambandi á gagnrýni hv. þm. Jóns Helgasonar, sem var lengi forseti Alþingis, á þann hátt að ekki væri einfaldlega frestað fundi þegar þingmaður frestaði ræðu sinni vegna fjarveru ráðherra. Og til þess að sýna enn frekari tillitssemi, virðulegi forseti, þá ætla ég ekki að halda því til streitu að hæstv. umhvrh. sé kallaður til umræðunnar. En hins vegar verð ég að segja það að þegar hæstv. viðskrh. neitar að mæta til umræðu um lánsfjárlög er auðvitað ekki hægt að halda umræðunni áfram, það er einfaldlega þannig. Ef það er afstaða Alþfl. og hæstv. viðskrh. að það sé ekki svo brýnt að afgreiða þetta mál á þessum sólarhring að hann hirði ekki um að koma hingað, svara spurningum og taka þátt í umfjöllun um málið þá er það einfaldlega tilkynning til okkar hinna um að það sé ekki brýnt að ljúka málinu.

Þeir sem sátu áður í þessu embætti, t.d. hæstv. þáv. ráðherra, Jón Sigurðsson, virtu ávallt þá skyldu sína hvenær sem var á sólarhringnum ef beðið var um að viðskrh. væri viðstaddur afgreiðslu lánsfjárlaga. Ég held að síðasta ræðan sem hér var flutt af hv. þm. Einari Guðfinnssyni sýni, ásamt því sem ég sagði hér áðan, að það er auðvitað alveg nauðsynlegt að ræða samhengið í framgöngu lánastofnana í landinu gagnvart fiskeldinu við þá tillögu sem hér er ætlunin að samþykkja. Þess vegna, virðulegi forseti, verð ég því miður að segja það að fyrst þetta er afstaða hæstv. viðskrh. þá held ég að við verðum að bíða með lokin á þessari umræðu þar til á morgun. Ég mun ekki ætla mér að lengja þessa umræðu neitt sérstaklega og skil vel að hæstv. fjmrh. vilji láta ljúka henni sem fyrst og mun reyna að styðja hann í þeirri viðleitni, en ég vona að bæði fjmrh. og hæstv. forseti skilji það líka að það er ekki hægt að ljúka þessari umræðu án þess að hæstv. viðskrh. mæti hér til þess að svara.

[02:36]

Finnur Ingólfsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Þegar menn gerðu þetta samkomulag, sem margoft hefur komið til umræðu í kvöld, þá var að mínu viti gengið út frá því að allir hæstv. ráðherrar sem málinu tengjast, þar á meðal hæstv. viðskrh., væru til staðar hér í þinginu til þess að greiða fyrir málinu gegnum þingið. Ég held að það sé nú svo með öll okkar sem komum nálægt því að gera þetta samkomulag, að þá hafi sá skilningur verið til staðar að ríkisstjórnin væri hér með hæstv. fjmrh. í broddi fylkingar að koma þessu máli í gegnum þingið og það ætti að gerast í góðu samstarfi og samvinnu við stjórnarandstöðuna. Ég tel að fram undir þetta hafi þetta samstarf að meginhluta til gengið upp og það er því dálítið alvarlegt nú þegar komið er undir lok umræðunnar og óskað er eftir því að einstakir hæstv. ráðherrar verði hér til svara þá skuli því svarað að þeir munu ekki mæta.

Nú hefur það komið fram hjá hv. 8. þm. Reykn. að hann óskaði ekki eftir því að hæstv. umhvrh. komi til umræðunnar (**ÓRG:** Ég óskaði eftir því en ég ...) en hann mun ekki halda því til streitu. Það er í sjálfu sér ágætt, enda held ég með allri virðingu fyrir hæstv. umhvrh. að hann hafi mjög lítið vit á fiskeldismálum, sérstaklega hvað rekstur varðar, þó að ég þykist vita að hann sé ágætur í laxageldingum. En ef ég skil hv. 8. þm. Reykn. rétt þá er það ekki það sem hv. þm. ætlar að ræða við umhvrh.

Ef ekki verður hægt að fá svör við þeim spurningum sem hv. 8. þm. Reykn. vill spyrja hæstv. viðskrh. þá er það auðvitað á ábyrgð ríkisstjórnarinnar ef þarf að fresta þessari umræðu til morguns. Það er ekki á ábyrgð stjórnarandstöðunnar. Stjórnarandstaðan hefur verið hér að störfum í kvöld, fylgst með þessari umræðu, en það er ríkisstjórnarliðið, það eru hæstv. ráðherrar sem neita að vera við þessa umræðu. Og það verður að gera þá kröfu til forseta þingsins og samráðherra hæstv. viðskrh. í ríkisstjórninni að þeir óski eftir því að hæstv. viðskrh. komi og verði viðstaddir lok umræðunnar, sé það vilji hæstv. fjmrh. að ljúka þessari umræðu hér í kvöld. Ef ekki, þá er það í lagi stjórnarandstöðunnar vegna að málinu verði haldið áfram á morgun.

[02:39]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegur forseti. Ég hlýt að minna á það hér að ástæðan fyrir því að við erum komin með þetta mál til afgreiðslu milli jóla og nýárs er ekki sú að stjórnarandstaðan hafi verið að þvælast fyrir málum fyrir jólin. Hæstv. fjmrh. hefur margítrekað úr þessum stól að það hver seinagangur er, sé eingöngu við ríkisstjórnina að sakast. Við stjórnarandstæðingar sem komum að þessu máli m.a. í efh.- og viðskn. samþykktum það og gengum inn á það samkomulag að koma til þingstarfa fyrsta dag eftir stórhátíð sem er nýtt í þingsögunni, að vera mætt hér um miðjan dag fyrsta dag eftir stórhátíð og klára afgreiðslu málsins á þeim sólarhring, ef kostur væri. Þess vegna finnst mér það lýsa nánast ótrúlegum hroka hjá ráðherrum ríkisstjórnarinnar að neita að vera við umræðuna og sýnir nú ekki mikinn vilja ríkisstjórnarinnar til þess að klára þetta mál. Og ég hlýt, virðulegur forseti, að ítreka þá beiðni sem hér hefur komið fram að sá eini ráðherra sem eftir stendur, og menn eru sáttir við að klára umræðuna ef hann mætir, skuli bera þau skilaboð hingað að hann sjái sér ekki fært að mæta. Hann sjái sér ekki fært að mæta til þess að reyna að bjarga klúðri ríkisstjórnarinnar, því það er ekkert annað en slóðaskapur af hálfu ríkisstjórnarinnar að við þurfum að vera hér milli jóla og nýárs til þess að afgreiða lánsfjárlög. Og þegar það svo gerist að ráðherrar hafa ekki einu sinni dögun í sér til þess að fylgjast með umræðunni og reyna að greiða fyrir framgangi mála þá er spurning hvað við eigum að halda þessu mikið lengur áfram.

Ég hlýt að spyrja hæstv. fjmrh.: Hefur ráðherrann engan áhuga á því lengur að koma þessu máli fram? Er hæstv. ráðherra orðið alveg sama þó að þetta velti hér eitthvað fram eftir vetri? Ég get ekki séð að hæstv. ríkisstjórn hafi nokkurn áhuga á því að koma þessu máli áfram.

[02:41]

Kristín Ástgeirsdóttir *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Fyrir jól var gert samkomulag um það hvernig afgreiðslu mála skyldi háttað og mér var sagt þannig frá að það hefðu farið fram nokkuð hátíðlegar umræður um það hvenær lánsfjárlögum skyldi lokið og ég fæ ekki annað séð en að stjórnarandstaðan hafi staðið við sitt. En það er auðvitað mjög undarlegt ef stjórnarflokkarnir sjá ekki til þess að þeir ráðherrar sem málið snertir mæti hér. Og að ráðherrar skuli lýsa því hér yfir um miðja nótt að þeir sjái sér ekki fært að mæta, hvað eigum við hin að segja sem þurfum að halda hér áfram á morgun og þurfum að standa í umræðum allan daginn og sjálfsagt langt fram á kvöld?

Ég vil benda á það að í þessu frv. eru auðvitað ýmsir þættir sem hefði verið ástæða til að fara nákvæmlega ofan í en í rauninni höfum við sýnt mikinn samningsvilja og höfum sleppt ráðherrum við það að vera kallaðir til umræðunnar þó að ástæða hefði verið til. Það hefði t.d. verið ástæða til þess að ræða svolítið við menntmrh. um ástandið í Lánasjóði ísl. námsmanna, það hefði verið ástæða til að ræða við félmrh. enn og aftur um ástandið í húsnæðismálum, en við höfum ekki farið fram á það að þessir ráðherrar yrðu kallaðir til, enda veit ég að hæstv. félmrh. er staddur erlendis. Þannig að það er lágmark að þegar loksins er óskað eftir því að einn ákveðinn ráðherra mæti hér til þingfundar, sem honum ber auðvitað skylda til þess að sækja eins og okkur hinum, að þá sé orðið við því. Og ef hann er svo illa forfallaður að geta ekki mætt þá er ekki um annað að ræða en að fresta umræðunni, því miður, og þar stendur á ráðherrum ríkisstjórnarinnar.

[02:44]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Það er sjaldgæft að menn takist í hendur til þess að innsigla samkomulag um störf í þinginu. Það var gert fyrir jól eftir að talsvert langar umræður höfðu farið fram á milli formanna þingflokka, þeirra flokka sem eiga aðild að þinginu, og það sem samið var um var í fyrsta lagi hvaða mál skyldu rædd fyrir jól og í öðru lagi að lánsfjárlög skyldu afgreidd fyrsta dag eftir jól. Um þetta var gott samkomulag. Það voru haldnir tveir eða þrír fundir og loks var þetta innsiglað með handabandi, sem er afar sjaldgæft.

Í dag hefur síðan farið fram fyrst 2. umr. málsins, sem hófst kl. 3 í dag, fyrir um það bil 12 tímum síðan. Sú umræða stóð til klukkan langt gengin í átta og í henni tóku þátt m.a. forsrh., sem var hér og flutti yfirgripsmikla ræðu og fjallaði þar um ýmsar spurningar sem til hans var beint. Að sjálfsögðu fjmrh., sem hér stendur, því að hann fer með þessi mál sem hér eru til umræðu.

Eftir kvöldmat og eftir fundi nefndarinnar kom í ljós að menn töldu að ný atriði hefðu komið upp. Haldnir voru fundir til þess að fjalla um þau og aftur vissi ég ekki betur en að niðurstaða hefði fengist. Ég stóð hér upp og það er ekkert leyndarmál að það var vegna þess að menn vildu fá skýr svör um afstöðu ríkisstjórnarinnar og stjórnarflokkanna til tiltekinnar tillögu. Það var gert í fullu samkomulagi og þegar það samkomulag var gert hafði ég ekki heyrt að það væri sérstaklega óskað eftir viðskrh. hér við umræðuna, enda sé ég ekki hvað honum kemur þetta mál við frekar en öðrum ráðherrum. Það hefði verið eðlilegt um miðnætti að láta þá vita, þegar öll mál voru komin upp á borðið, hvaða ráðherrar væru beðnir um að vera viðstaddir umræðuna. Ég hef nefnilega grun um það að sá leikur sé leikinn hér af hálfu formanns Alþb., því miður, og ekki í fyrsta skipti, að draga það fram eftir nóttu að koma í ræðustól og óska eftir því að einstakir ráðherrar séu hér viðstaddir og þá þeir sem hann veit að eru nýfarnir úr húsinu. Þetta er gamall siður, en ekki góður.

Ég vil aðeins taka það fram að fyrir mitt leyti tel ég að það hafi verið staðið fyllilega við það samkomulag sem var gert. Það hefur verið reynt eftir öllum mætti að standa við það sem eftir er, en menn hafa ekki vilja og það verður auðvitað að leita skýringar á því hvers vegna formaður Alþb. vill ekki standa við það sam-

komulag sem gert var við formann þingflokks Alþb., Ragnar Arnalds.

[02:47]

Finnur Ingólfsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Sú atburðarás sem hæstv. fjmrh. hefur lýst hér er í öllum meginatriðum hárrétt og ég staðfesti að svo sé. Það verður hins vegar að teljast fullkomlega eðlilegt, að mínu viti, að einstakir þingmenn sem þátt taka í þessari umræðu óski eftir því að einstakir ráðherrar séu viðstaddir umræðuna og komi til umræðunnar til að svara fyrirspurnum frá einstökum þingmönnum. Það hlýtur að vera sanngirniskrafa. Af hálfu okkar í stjórnarandstöðunni er fullur vilji fyrir því að ljúka umræðunni í kvöld og standa við það samkomulag sem gert var milli stjórnar og stjórnarandstöðu fyrir jól um að þessari umræðu gæti lokið á þessum degi. Aftur á móti er það ríkisstjórnarinnar að svara því hvort hún er tilbúin til að senda þá ráðherra sem í ríkisstjórninni eru til þeirrar umræðu sem fer hér fram. Ef hæstv. ríkisstjórn treystir sér ekki til þess þá er ábyrgðin hennar á þessu máli að það frestist til morguns en ekki stjórnarandstöðunnar. Því að það er auðvitað bara sanngirniskrafa stjórnarandstöðunnar að fá þá ráðherra er málið snertir hingað til þessarar umræðu.

[02:48]

Ólafur Ragnar Grímsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég tel nauðsynlegt að hæstv. fjmrh. hlýði á mál mitt. (**Fjmrh.:** Hann hlýðir á mál þitt.) Það er gott að heyra það, hæstv. fjmrh., vegna þess að ég sit ekki undir þeim getgátum sem hæstv. fjmrh. var með hér áðan. Ef hæstv. fjmrh. grandskoðar umræðuna þá sér hann það að ég var hér fyrstur á mælendaskrá eftir að nefndarmennirnir höfðu talað. Ég hafði beðið um orðið alllöngu áður, en forseti kaus að láta nefndarmenn tala fyrst og ég gerði enga athugasemd við það. En ég var fyrstur þingmanna utan nefndarmanna til þess að koma hér í ræðustól og ég fór strax í byrjun ræðu minnar fram á það að þessir tveir hæstv. ráðherrar yrðu hér viðstaddir og rökstuddi þá beiðni mína. Það er þess vegna algerlega rangt hjá hæstv. fjmrh. að hér séu einhver undirmál af minni hálfu um tafir og bið um það að koma þessu sjónarmiði á framfæri. Það var gert um leið og mér var gefið hér orðið fyrstum manna eftir að nefndarmenn höfðu talað.

Það er hins vegar rétt hjá hæstv. fjmrh. að það var nokkuð liðið fram yfir miðnætti þegar að því kom, m.a. vegna þess að þingflokkur hæstv. fjmrh. tók hér þrjá stundarfjórðunga fyrr á þessu kvöldi í sérstakan fund.

Ég skal játa það, hæstv. fjmrh., að það hvarflaði ekki að mér að það þyrfti að biðja sérstaklega um það að viðskrh. yrði viðstaddur þessa umræðu. Ég hef vanist því, bæði þegar ég hef verið í stjórnarandstöðu og eins í ríkisstjórn, að það sé talið reyndar sjálfsögð og almenn regla að flestir ráðherrar ríkisstjórnar séu viðstaddir lokaumræðu um fjárlög og lánsfjárlög og sérstaklega viðskrh. varðandi lánsfjárlögin. Auk fjmrh. er það talið nauðsynlegt að hann sé þar viðstaddur. Það er þess vegna, virðulegi fjmrh., ekki hægt að halda því fram með nokkurri sanngirni að það sé ósanngjarnt sjónarmið að óska eftir því að viðskrh. komi til þessarar umræðu.

Ég vek athygli fjmrh. á því að ég hindraði í engu að umræðan gæti haldið áfram, hæstv. fjmrh., ég samþykkti að hér gætu þeir þingmenn sem á mælendaskrá voru tekið til máls.

Vandi ríkisstjórnarinnar er hins vegar sá að hún hefur ekki vald á sínum mönnum og ekki á lykilráðherrum í málinu. Það er vandi sem hæstv. ríkisstjórn verður að glíma við á sinni heimaslóð. En ég tel það, virðulegi forseti, stórhættulegt fordæmi að það verði viðurkennt að hægt sé að láta umræðu um lánsfjárlög fara fram án þess að hæstv. viðskrh. þurfi að svara þeim spurningum sem til hans er beint. Ef hæstv. viðskrh. hefði verið hér í kvöld þá værum við sjálfsagt að ljúka þessari umræðu. Það hefur enginn okkar í stjórnarandstöðunni sýnt tilburði til þess að reyna að flytja langar ræður eða tefja umræður. (Forseti hringir.) En með sama hætti og hæstv. forsrh. tók réttilega þátt í umræðunni og hæstv. fjmrh. hefur gert það þá eru ákveðin lykilatriði sem verður að ræða við hæstv. viðskrh. Þess vegna bið ég hæstv. fjmrh. (Forseti hringir.) að taka þessu ekki með þeim hætti sem hann gerði hér og bið hann og forseta að hugleiða það hvort ekki sé skynsamlegra að reyna að fresta umræðu (Forseti hringir.) ef hæstv. viðskrh. kemur ekki og ljúka henni skikkanlega á morgun og ég er reiðubúinn að beita mér fyrir því og það eru engin undirmál í því af minni hálfu eða okkar.

[02:52]

Steingrímur J. Sigfússon *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég held að það sé líka nauðsynlegt að það komi inn í þessar umræður um stöðu mála hér að samkomulag er gert við tilteknar aðstæður og á grundvelli tiltekinna forsendna. Þegar aðstæður síðan breytast og nýir hlutir koma til sögunnar eins og nú hefur gerst þá verður að hafa hliðsjón af því. Það er staðreynd að það sem hefur m.a. breytt gangi mála í kvöld og í nótt er langur þingflokksfundur sjálfstæðismanna vegna deilna sem upp komu í þeirra röðum um mál sem kemur hér á dagskrá. Það eru ræður stjórnarliða um það mál sem taka hér tíma. Og það er í þriðja lagi að þarna er á ferðinni nýtt mál sem ekkert lá fyrir um að yrði til afgreiðslu við 3. umr. lánsfjárlaga, brtt. um alveg nýjan efnisþátt inn í frv.

Þetta verða menn að hafa í huga þegar menn ræða um þetta samkomulag.

Í öðru lagi er það svo það að menn gerðu ráð fyrir því og gera jafnan að umræður gangi fyrir sig með eðlilegum hætti og þeir menn sem óskað er eftir að komi til umræðunnar, þeir hæstv. ráðherrar, þeir geri það. Svo hefur jafnan verið að réttmætar og rökstuddar óskir um það að geta átt orðastað við ráðherra sem fer með mál sem fellur undir umræðuefnið, dagskrárefnið, að þær geti átt sér stað. Það eru engin fordæmi fyrir öðru en að við slíku sé orðið við eðlilegar aðstæður enda séu óskirnar réttmætar og rökstuddar og studdar efnislegum rökum. Ég bendi á sem dæmi að það var óskað eftir hæstv. utanrrh. til að ræða málefni

flugstöðvarinnar. Hæstv. utanrrh. kom og það tók svona hálftíma að útkljá það mál í umræðum við hæstv. utanrrh., hann pakkaði saman og fór og þar með var það mál afgreitt. Auðvitað á þetta að gerast eins með hæstv. viðskrh. Hann á að mæta hér, svara spurningum og taka þátt í umræðum um þann þátt sem að honum snýr og þar með er málið úr sögunni og málið leyst. Við getum ekki vorkennt hæstv. viðskrh. þau ósköp að vaka eina næturstund og sinna þingskyldum eins og aðrir menn. Hann var við bestu heilsu í þinghúsinu í kvöld og ekki vitað annað en hann sé í bænum.

Ég minni bara á fyrri fordæmi fyrir því að það var talið óhjákvæmilegt að menn mættu til fundar á nóttu sem degi, til að mynda á síðasta kjörtímabili, ef eftir þeim var óskað og menn höfðu þar engin undanfæri. Hæstv. núv. landbrh. og samgrh. var sérstakur íþróttamaður á þessu sviði og gerði sér það t.d. einu sinni til gamans að kalla þann sem hér er um miðja nótt til fundar, mætti mér svo að vísu á tröppunum og var þá á leiðinni út úr þinghúsinu og hló við. En það er önnur saga. En eitt lá alveg ljóst fyrir og það var það að mér datt ekki í hug annað en að mæta umsvifalaust úr því að eftir því var óskað og á dagskrá var mál sem undir mig heyrði. Þannig hefur það jafnan verið. Þannig að óskin um það að hæstv. viðskrh. komi hér, ræði til að mynda efnahagsþátt þessa máls, vexti og annað, er réttmæt, rökstudd og efnisleg og það eru engin fordæmi fyrir öðru en að við henni sé orðið.

[02:56]

Guðmundur Bjarnason *(um fundarstjórn)*:

Virðulegur forseti. Ég held að það verði ekki hægt að segja um stjórnarandstöðuna í þinghaldi fyrir jól og nú í dag annað en að hún hafi staðið fullkomlega við það samkomulag sem gert var. Ég er þess vegna nokkuð undrandi á orðum hæstv. fjmrh. hér áðan um það að menn væru að haga sér af einhverjum leikaraskap og fara fram með vinnubrögð sem væru í andstöðu við samkomulag, meira að segja handsal eins og hann orðaði það og er sjálfsagt rétt frá skýrt. Ekki efast ég um að það sé rétt. En ég fullyrði að sú töf sem hefur þó orðið á því að hægt væri að ljúka málinu er fyrst og fremst að kenna málsmeðferð hæstv. stjórnarliða. Það er öllum ljóst sem hafa hlýtt á þessa umræðu í dag og fylgst með að þar er að leita ástæðnanna fyrir því að málinu skuli ekki þegar vera lokið. Það er auðvitað ekkert góður siður að kalla menn til þings um miðjar nætur til þess að svara fyrirspurnum en verri er sá siður hæstv. ráðherra sem virkilega hafa um þetta mál að segja og gera að vera ekki viðstaddir umræðuna. Það er sú krafa sem við hljótum að gera til hæstv. ráðherra, ekki síst þeirra sem málið varðar hvað mest og þar leyfi ég mér að nefna auk hæstv. fjmrh. og hæstv. forsrh. að sjálfsögðu hæstv. viðskrh. þegar fjallað er um lánsfjárlög sem varða lántökur ríkisins, vaxtamál og ríkisfjármál í heild og auðvitað á sá hæstv. ráðherra að vera viðstaddur alla þessa umræðu og vera til svara ef þörf er á. En það er lágmarkskrafa að hann geri það.

Við stjórnarandstæðingar erum tilbúnir til þess að halda okkar samkomulag, klára þetta mál á næstu mínútum, það þarf ekki að taka langan tíma. Ég hygg að mælendaskrá sé svo til tæmd. En ef hæstv. ríkisstjórn og hæstv. fjmrh. leggur á það höfuðáherslu að málið verði klárað nú þá skulum við bara gera örstutt hlé og krefjast þess að hæstv. viðskrh. komi í húsið fyrst hann sér ekki sóma sinn í því að hafa verið viðstaddur þessa umræðu í allan dag eins og hann hefði átt að gera og við skulum síðan ljúka fundi á örskömmum tíma eftir að hann hefur komið hér og hlýtt á mál manna og svarað fyrirspurnum eftir atvikum.

[02:58]

Sigbjörn Gunnarsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég vil að það komi fram að ég hef síðustu mínútu reynt að ná sambandi við hæstv. viðskrh. en síma hefur ekki verið svarað. Síðan má aftur velta því fyrir sér hvernig sú ósk er til komin að hæstv. viðskrh. sé við þessa umræðu. Það er vegna umræðna sem hér hafa átt sér stað um viðskipti Landsbankans við einstök fyrirtæki sem í sjálfu sér koma þessu lánsfjárlagafrv. ekki beinlínis við.

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti vill nú gera örstutt hlé á fundinum og óska eftir því að hitta formenn þingflokka í fundarherbergi forseta. [Fundarhlé. — 02:59]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Fundi er fram haldið í Alþingi. Vegna þess hlés sem var gert á fundi er rétt að geta þess að hæstv. iðnrh. og viðskrh. er á leiðinni og er rétt ókominn í hús.

[03:12]

Pétur Bjarnason:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa mjög langt mál um það sem hér liggur fyrir en mér skilst að það sé einkar hentugt að ég tali nokkra stund meðan hæstv. viðskrh. er á leiðinni í húsið. Það sem ég ætlaði einkum að gera að umræðuefni er 3. tölul. í brtt. á þskj. 509 en áður en að því kemur vildi ég aðeins örlítið og örstutt víkja að tveimur atriðum frv. til lánsfjárlaga á þskj. 508 eftir 2. umr. og þá kannski fyrst að 1. tölul. í 3. gr. þar sem gert er ráð fyrir því að endurlánað sé allt að 3,8 milljörðum kr. til Lánasjóðs ísl. námsmanna. Þessi tala kemur í staðinn fyrir 4 milljarða og 30 millj. kr. sem var í upphaflega frv. og þarna munar 230 millj. sem er áætlað lægra framlag til Lánasjóðs ísl. námsmanna en fyrr var gert. Ástæðan er mönnum kunn. Hún er sú að það hefur verið þrengt svo að kjörum námsmanna til þess að taka sér námslán að það er ekki þörf á því fjármagni sem upphaflega var ætlað til þess. Það sér hver maður að þetta er stefna sem hlýtur að vera afskaplega óhagkvæm og ekki síst eins og hér hefur komið fram í umræðum áður á tímum atvinnuleysis þegar okkur er e.t.v. meiri þörf á en nokkru sinni fyrr að mennta það unga fólk sem við höfum í stað þess að það gangi atvinnulaust.

Í öðru lagi vil ég ræða aðeins um 2. tölul. í 3. gr. þar sem gert er ráð fyrir að endurlánað verði allt að 2

milljörðum 380 millj. kr. til Þróunarsjóðs sjávarútvegsins. Það hefur komið fram á Alþingi fyrr í vetur í umræðum um Þróunarsjóðinn að þessir fjármunir er ætlað til þess að úrelda fiskiskip og fiskvinnslustöðvar og meðan ég beið hér áðan þá reiknaði ég aðeins út hvað þetta felur í sér, þessir 2 milljarðar 380 millj. kr. Það felur í sér að verðmæti 5 milljarða 520 millj. kr. verður eyðilagt með einum eða öðrum hætti. Það verður á sjötta milljarð kr. notað til þess að eyðileggja skip og eins og áður hefur líka komið fram við svari við fsp. hv. þm. Petrínu Baldursdóttur er hér um að ræða oft og tíðum svo til glæný fiskiskip sem eru tekin og brennd á báli eða söguð sundur, gerð ónýt.

Þessir 5,5 milljarðar kr. miðast þó við eldri viðmiðun, þ.e. þær umsóknir sem höfðu borist fyrir árslok 1994 þær njóta þessarar 45% reglu. Hins vegar ef farið er í þá viðmiðun sem síðan tekur við, þ.e. að 40% verðmæti er notað til úreldingar, þá er um að ræða tæpa 6 milljarða, eða 5 milljarða 950 millj. kr.

Ég get ómögulega látið hjá líða að lýsa þeirri skoðun minni að þetta sé vond stefna í sjávarútvegsmálum, að þegar við eigum í miklum vanda, bæði útgerðarfyrirtæki og fiskvinnslufyrirtæki, eru á heljarþröm vegna fjárhagsvandræða þá skuli þessir fjármunir vera notaðir til að eyðileggja verðmæti fyrir fleiri fleiri milljarða eða allt að 6 milljörðum kr. Um þetta mætti hafa mörg orð og miklu fleiri þó ég geri það ekki hér en ítreka það sem ég hef áður sagt um þetta að þessi stefna er að mínu viti afskaplega slæm stefna.

En það er varðandi 3. tölul. á brtt. á þskj. 509, þar sem segir, með leyfi hæstv. forseta: „Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lántöku Silfurlax hf. allt að 50 millj. kr. gegn skilyrðum sem fjmrh. og landbrh. setja“ og eru að mér skilst nokkuð ströng. Þetta ákvæði kom inn mjög skyndilega og hefur reyndar komið mjög skýrt fram í þessari umræðu að verulegu leyti án þess að menn séu á því hvað það þýðir og hvað á bak við það stendur.

Vegna þess að hér hefur fiskeldi í Tálknafirði komið til umræðu og einkum fyrirtækið Þórslax þá langar mig til að upplýsa örlítið um það hvaða hlutverki Tálknafjörður hefur gegnt í fiskeldismálum. Það er raunar miklu stærra heldur en hefur komið hér fram í umræðunni og miklu eldra. Því löngu áður en svokallað fiskeldisævintýri hófst þá var byrjað að þróa fiskeldi í Tálknafirði. Ætli það séu ekki rétt um 30 ár síðan þar hófst tilraunastarf í fiskeldismálum og það var reyndar fullorðinn maður, kominn á eftirlaun, sem ákvað að taka upp þessa starfsemi. Hann hafði samráð við fiskeldisfræðing, eftir því sem ég best veit þann fyrsta á Íslandi, Sigurð Helgason, sem reyndar er ættaður úr Tálknafirði og rak stöð rétt hjá Grindavík, þannig að það þróunarstarf sem unnið var í Tálknafirði var unnið í samstarfi við þá frumherja sem unnu að fiskeldismálum. Á þessu þróunarstarfi byggist starf og starfsemi þeirra tveggja stöðva sem aðallega hafa verið í Tálknafirði, það hafa reyndar verið fleiri og smærri, þ.e. Þórslax sem nú er gjaldþrota og Sveinseyrarlax sem enn þá hjarir. Nú veit ég ekki hvort þær aðgerðir eða það aðgerðarleysi sem ríkir í fiskeldismálum þjóðarinnar verður til þess að Sveinseyrarlax fer fyrr eða síðar sömu leiðina. Það vona ég sannarlega að ekki verði því þarna er verið að vinna mikið þróunarstarf. Verði þeim fáu stöðvum sem eftir eru í landinu gert ókleift að starfa þá held ég að allt það starf frumherjans sem unnið hefur verið sé kastað á glæ og til ónýtis unnið.

Þórslax, sem hér hefur verið mikið til umræðu í dag í kvöld og í nótt, var fiskeldisfyrirtæki sem byrjaði smátt, byrjaði sitt starf á því þróunarstarfi sem ég lýsti áðan og þessu hefur stýrt einstaklingur sem var hér á árum áður mjög kunnur aflamaður, harðduglegur maður sem hefur byggt þetta upp mest af eigin rammleik og þetta hefur smástækkað. Síðan eftir því sem sú þróun hefur orðið sem lýst hefur verið hér þegar þetta svokallaða fiskeldisævintýri hófst þá var verð á eldisfiski afar hátt. Menn byggðu á tölum frá Norðmönnum sem voru nokkuð á undan okkur með sölu á eldislaxi og gerðu sér áætlanir í samræmi við það. Samkvæmt þeim áætlunum var fiskeldi afskaplega arðvænleg atvinnugrein þegar út í þetta var farið. Það má segja að víða hafi verið allt of geyst farið af stað, fyrirtækin allt of stór í sniðum og kunn eru þau dæmi sem hér urðu mörg að undirbúningurinn og stórhugurinn var svo mikill að hönnunarkostnaður einn nam nokkurn veginn því sem starfræksla Þórslax og uppbygging hefur kostað allan tímann. Enda fóru þær tilraunir illa eins og kunnugt er af þessari sögu.

Það sem gert hefur verið fyrir fiskeldi á Íslandi er það að Byggðastofnun og þeir sem þar hafa stjórnað hafa vissulega sýnt þessu máli skilning. Þeir hafa lagt sig fram um að reyna að styðja við bakið á þessari grein og veita styrki til uppbyggingar. Hins vegar var mjög fljótlega svo komið fyrir Byggðastofnun að úr henni voru dregnar allar tennurnar, það var dreginn allur máttur úr þeirri stofnun til að sinna þessu verkefni eins og vert væri. Annað sem gleymist er að það voru ýmsar ytri aðstæður sem menn gátu ekki séð fyrir. Hérna var t.d. farið af stað með íslenskan eldisstofn sem reyndist vera mjög óhagkvæmur. Það var ekki fyrr en nú allra síðustu ár sem annar stofn af norskum uppruna er kominn til sögunnar og er fyrst nú á allra síðustu árum farinn að seljast. Sá stofn var mun vænlegri til eldis, óx mun fljótar og skilaði þess vegna miklu betri arði en hinn íslenski. Þarna var um að ræða byrjendavandamál sem menn gátu ekki séð fyrir og e.t.v. hefðu rannsóknir á vegum ríkisins getað komið í veg fyrir svo stórfellt eldi á þessum stofni sem ekki reyndist betur en þetta hefði átt sér stað en því var ekki til að dreifa. Það sem hins vegar gerðist með uppbyggingu Byggðastofnunar var það að þessum fyrirtækjum voru veittir styrkir til uppbyggingar. Það var komið til móts við vandræði þegar þau höfðu skapast til þess að afskrifa skuldir en aftur á móti frá upphafi þessarar greinar þá hefur því aldrei verið sinnt að fiskeldið ætti þá möguleika til rekstrar sem þurfti. Afurðarlán hafa aldrei verið með eðlilegum hætti og eru alls ekki með eðlilegum hætti í dag. Tryggingar á fiskinum voru og eru afskaplega dýrar auk þess sem sjálfsábyrgð var það há að þó að áföll yrðu í greininni þá náðu þær yfirleitt

ekki nema rétt upp í sjálfsábyrgðina svoleiðis að það að tryggja fiskinn var því sem næst ókleift. Enda fóru mjög margar stöðvar út í það að hætta að tryggja og taka áhættuna á eigin vegum. Það var í rauninni sú nauðsyn sem ekki varð hjá komist.

Nú er svo komið að hérna er komin á borðið tillaga um að grípa til sértækra aðgerða fyrir Silfurlax hf. og er verið að tala um 50 millj. kr. Þetta kemur milli 2. og 3. umr. á örstuttum fundi. Það var fróðlegt að heyra hjá hv. 3. þm. Vestf. áðan þegar hann var að lýsa hvernig skoðun sín á þessu máli hefði breyst í umræðunni. Það lýsir því best hvernig þessi tillaga er komin fram og hvernig átti að lauma henni í gegnum þingið án þess að þingmenn og þar með taldir stjórnarliðar áttuðu sig á gildi þessarar tillögu. Hv. 3. þm. Vestf. sagði: Mér leist ekki illa á þessa hugmynd í upphafi. Ég hafði ekki skoðun á fyrirtækinu, sagði hann, og ég hafði ekki þekkingu á stöðu þess. Ég reikna með að hið sama eigi við um flesta hv. þm. hér í salnum þegar þetta er lagt fram. Það kemur síðan í ljós við umræðuna að það eru margir agnúar á og mér sýnist á þeirri ræðu sem hv. 3. þm. Vestf. hélt áðan að það gæti vel verið að margir fleiri hv. þm. hefðu breytt um skoðun og hafi breytt um skoðun við þessa umræðu við þá upplýsingu sem í umræðunni var. Þetta þykir mér afar athyglisvert í þessu máli.

Það hefur komið fram hér að það eru erfið skilyrði fyrir fiskeldi. Það hefur líka komið fram að Norðmenn, með miklum ríkisstuðningi, hafa náð mjög langt í þessari grein. Það hefur verið nefnd hér talan 70 milljarðar sem fiskeldi skili Norðmönnum. Það hefur líka komið fram að neysluaukning á fiski á næstu árum muni verða því sem næst öll í fiskeldi. Fiskeldi fer í ýmsum tegundum að nálgast og er jafnvel komið lengra en veiðar úr hafinu. Þess vegna held ég að allir þeir sem hafa fylgst með þróun þessarar greinar, fiskeldinu, hér á Íslandi hljóti að hafa miklar áhyggjur af því ef hægt er að grípa til aðgerða, allt að 50 millj. kr., nefndar voru reyndar hugmyndir um 100 millj. kr. aðstoð, ef hægt er að grípa til þeirra á hálftíma eða klukkutíma fundi nefnda hér í þinginu og skella þeim fyrir þingið á sama tíma og ekki er hægt að grípa til aðgerða sem væru þá ekki sértækar heldur almennar. Ég fullyrði að ef fiskeldið hefði fengið eðlilega afurðalánafyrirgreiðslu allan tímann frá upphafi með stuðningi og ábyrgð stjórnvalda þá hefði ekki verið eins mikil þörf fyrir þær aðgerðir sem Byggðastofnun hefur þurft að grípa til. Því mikið af vanda fiskeldisfyrirtækja hefur stafað af erfiðleikum, vanskilum, tryggingagjöldum sem hafa verið óeðlilega há og dráttarvöxtum.

Hér hefur verið nefnd stórmerk starfsemi í lúðueldi hjá Fiskeldi Eyjafjarðar ef ég man nafnið rétt. Þar er vafalaust geysilega mikil framtíð. Ég held ég hljóti að taka undir að það er alveg nauðsynlegt að það verði farið að móta eldisstefnu hér. Stefnu, ekki bara í laxeldi, ekki bara í lúðueldi, heldur í eldi sjávardýra yfirleitt. Menn reyni að horfa fram í tímann eins og áratug eða svo, móta stefnu og gera sér grein fyrir því að ríkisvaldið verður að koma hérna inn í með rannsóknastarf, með fyrirgreiðslu, með ábyrgðir, því að einmitt nú á tímum þegar mikill samdráttur er í veiðum á Íslandi þá hljóta menn að skoða hvernig hægt sé að komast inn í þann mikla vöxt sem fyrirsjáanlegur er að muni verða á næstu árum og áratugum í eldi. Við hljótum að leita bjargar í því á næstu árum. En það gerist ekki öðruvísi en að stjórnvöld komi til, móti sér stefnu og framfylgi henni síðan. Það hefur einmitt verið nefnd hér sú yfirlýsing hæstv. forsrh., að samkeppnisstaða íslenskra atvinnuvega sé góð og betri en löngum fyrr. Það væri fróðlegt að vita hvort hæstv. forsrh. telur samkeppnisaðstöðu fiskeldis góða. Ég leyfi mér að efast um eins og ástandið er í þeim málum í dag eins og sú hætta sem er fyrir hendi að Þórslax verði ekki síðasta fyrirtækið sem fer á hausinn í laxeldi heldur, verði ekki að gert og komið til móts við þessa grein sem þó er búið að þróa svo vel og er komin hjá ýmsum fyrirtækjum allvel á veg, ef ekki verður gripið til þess að fylgja því eftir og styðja þau þessi síðustu skref þá muni fara illa.

[03:30]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég greip ekki alveg orð hv. 2. þm. Vestf. þar sem hann vék að ræðu minni áðan. En til að taka af allan vafa þá vil ég segja að það sem ég sagði um þetta fyrirtæki Silfurlax hf. var einfaldlega það vegna þess að ég þekkti þetta mál ekki nægilega þegar ég kom til þessarar umræðu þá skoðaði ég það algerlega fordómalaust. Ég hafði enga skoðun sérstaka á fyrirgreiðslu til þessa tiltekna fyrirtækis. En ég gagnrýndi það hins vegar mjög harðlega og benti á að þetta væri alveg gjörsamlega úr samhengi við það sem áður hefði verið gert og það var þungamiðjan í minni gagnrýni hér áðan. Ég gagnrýndi það sem sagt að sú fyrirgreiðsla sem hér væri uppi á borðum væri úr samhengi við það sem áður hefði verið um talað og ákveðið og ég lýsti mikilli furðu og ég held að ég hafi orðað það reiði og vonbrigðum yfir því að svona skyldi vera að verki staðið og við það stend ég. Ég ítreka það að ég hef svo sem enga skoðun til né frá á þessu tiltekna fyrirtæki aðra en þá að mér hefur heyrst á þessari umræðu að þarna sé á ýmsan hátt merkileg starfsemi eins og ég tel reyndar að fari fram víðast hvar í fiskeldisfyrirtækjum í kringum landið og hafi gert það um árabil þó að sumt hafi mistekist eins og gengur vegna aðstæðna sem á margan hátt voru óviðráðanlegar. Þetta vildi ég bara að kæmi skýrt fram til þess að enginn misskilningur væri hér á milli. Ég er ekkert viss um að hv. 2. þm. Vestf. hafi neitt misskilið mig en ég heyrði ekki ummæli hans að fullu og vildi til þess að taka af allan vafa segja þessi orð.

[03:32]

Pétur Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. 3. þm. Vestf. fyrir þessi orð og ég vil gleðja hann með því að ég get tekið undir eiginlega hvert orð í hans ræðu og er honum hjartanlega sammála því líkt og hann þá hef ég mikinn áhuga á því að fiskeldi fái að dafna hér á landi og ég hef mikinn áhuga á því að ekki verði um fleiri slys eins og ég tel að hafi verið þegar Þórslax varð

gjaldþrota, ég tel að það hafi verið slys eða réttara sagt skortur á skynsamlegum aðgerðum sem hefðu getað bjargað þessu fyrirtæki sem átti það mikinn lífmassa í stöðunni og átti það mikla möguleika á að starfa hefði það fengið eðlilega og sjálfsagða fyrirgreiðslu. Þannig að ég er honum algjörlega sammála. Hins vegar, það sem ég var að víkja að orðum hans var einmitt það sem hann sagði sjálfur. Hann skoðaði fyrirtækið fordómalaust en eins og hann líka tók fram, án þeirra upplýsinga sem skiptu máli til þess að móta sér skoðun á þessu erindi sem allt í einu spratt hérna fram og kom inn á borð þingmanna án þess að menn hefðu skoðun á fyrirtækinu eða þekkingu á stöðu þess. Það fylgdu engar upplýsingar. Það var einmitt þetta, ég var eiginlega að taka undir orð hv. 3. þm. Vestf. með það að þetta er mál sem er mjög sérkennilegt og ég tek undir það. Í þessari umræðu þá held ég að mjög margir hv. þm. hafi fengið svolítið aðra mynd af þessari beiðni, þessu erindi, sem ég get tekið undir að er vissulega stefnubreyting að menn fari að huga að málefnum fiskeldisins en þessi aðgerð var mjög sérkennileg sem sú fyrsta. En að öðru leyti tek ég undir hvert einasta orð sem hann sagði í ræðu sinni.

[03:34]

Ólafur Ragnar Grímsson (frh.):

Virðulegi forseti. Það hefði mátt spara mikinn tíma í nótt ef hæstv. viðskrh. hefði verið viðstaddur klukkan 1.40 til þess að ég hefði þá getað borið fram fsp. mínar til hans. Hins vegar ber sjálfsagt að virða það að hæstv. viðskrh. er loksins kominn til umræðunnar kl. 3.30 að nóttu til þótt ekki sé gaman að þurfa að standa í rifrildi við hæstv. aðra ráðherra og forseta til þess að fá viðskrh. til umræðunnar.

Ástæðan fyrir því að ég óskaði sérstaklega eftir því að hæstv. viðskrh. kæmi til umræðunnar er að knýja hann til þess að svara okkur um samhengið sem er á milli afskipta hæstv. viðskrh. af málefnum Þórslax og Þórsbergs annars vegar og hins vegar aðild og ábyrgð hæstv. viðskrh. á þeirri 50 millj. kr. ábyrgð sem veitt er Silfurlaxi hf.

Hv. 1. þm. Vestf., Matthías Bjarnason, birtir í grein sinni í Morgunblaðinu 27. nóv. sl. bréfaskrif annars vegnar 1. þm. Vestf. til hæstv. viðskrh. og hins vegar bréfaskrif hæstv. viðskrh. til 1. þm. Vestf. og bréfaskrif Landsbankans til hæstv. viðskrh. vegna þess bréfs sem viðskrh. sendi Landsbanka Íslands í nóvember 1993. Þessi bréfaskipti sýna það að hæstv. viðskrh. hefur í embættisnafni fyrir hönd iðn.- og viðskrn. beitt sér fyrir því sérstaklega að Landsbanki Íslands taki umrætt fyrirtæki í viðskipti. Í bréfi hæstv. viðskrh. kemur fram að hann fallist á þau rök að sparisjóðurinn geti ekki sinnt fyrirtækinu vegna stærðar þess en tekur sér jafnframt fyrir hendur að skrifa Landsbanka Íslands og fara fram á það að Landsbankinn taki fyrirtækin í viðskipti. Landsbankinn hins vegar svaraði innan sólarhrings með þremur orðum eins og frægt er orðið: Svo er ekki.

Þar með var málinu lokið og fyrirtækið varð síðan gjaldþrota vegna þessarar niðurstöðu. Það hefur verið upplýst í umræðunum af hv. þm. Einari K. Guðfinnssyni að sú upphæð sem þarna var farið fram á sé lægri, ef ég skil hv. þm. rétt, en sú upphæð sem um getur í sérstakri brtt. við lánsfjárlögin og tengist lántöku Silfurlax hf.

Það eru töluverð tíðindi að hæstv. viðskrh. skuli samkvæmt yfirlýsingu hæstv. fjmrh. fyrr í þessari umræðu vera orðinn sérstakur ábyrgðaraðili með því að taka ríkissjóð með beinum hætti inn í rekstrarerfiðleika eins tiltekins fyrirtækis, Silfurlax. En hæstv. viðskrh. sér hins vegar ekki ástæðu til þess að beita sér fyrir því hér eða á sínum tíma að þau fyrirtæki tvö sem hann beindi bréfaskriftum til Landsbankans um, Þórslax og Þórsberg, njóti sambærilegrar fyrirgreiðslu. Þar með er hæstv. viðskrh. að móta hér þá stefnu að mismuna fiskeldisfyrirtækjum með mjög afgerandi hætti. Að gerast ábyrgðaraðili að sérstakri ríkisábyrgð á sama tíma og hann sem viðskrh. sættir sig við að afstaða viðskiptabankans, Landsbankans, ríkisbankans, leiði til þess að annað fyrirtæki er dæmt í gjaldþrot. Nú hefur það verið upplýst hér, hæstv. viðskrh., að fyrirtækin Þórslax og Þórsberg voru betur stödd hvað veðhæfni snerti en fyrirtækið Silfurlax. Það voru þess vegna meiri líkur á því, hæstv. viðskrh., að ríkið mundi ekki þurfa að bera í reynd ábyrgðina sem væri tengd þessum fyrirtækjum heldur en Silfurlaxi. Hver eru þá rökin fyrir því, hæstv. viðskrh., að fara fram hjá bankakerfinu, fara fram hjá lánasjóðunum og koma beint inn í fjáraukalögin með milliliðalausa ríkisábyrgð gagnvart Silfurlaxi þegar staðfest hefur verið að það fyrirtæki hefur minni veðhæfni, er verr í stakk búið en fyrirtækin á Tálknafirði til þess að standa við þessa skuldbindingu?

Það hefur verið grundvallarregla í afstöðu stjórnvalda til fiskeldisfyrirtækis á undanförnum árum að þeim væri ekki mismunað, að það yrði reynt til hins ýtrasta að fylgja almennum reglum í þeim efnum. Þess vegna m.a. hafa menn horft upp á það að úrskurður Landsbankans gagnvart fyrirtækjunum á Tálknafirði væri dauðadómur yfir þessu fyrirtæki því það hefur engum dottið það í hug að fara hér inn í lánsfjárlögin með sérstaka ríkisábyrgð fyrir einstök fyrirtæki fyrr en það gerist eftir kvöldmat í kvöld að sýnd er brtt. og kynnt að hún sé flutt á ábyrgð ríkisstjórnarinnar allrar til þess að taka upp þá síði. Hefðu einstakir þingmenn og einstök fyrirtæki talið það á annað borð opið að fara inn í lánsfjárlögin með ríkisábyrgðir af þessu tagi þá er alveg ljóst að málin stæðu öðruvísi. Þess vegna, hæstv. viðskrh., vegna beinna afskipta iðn.- og viðskrn. af málefnum Landsbankans og fyrirtækjanna á Tálknafirði er nauðsynlegt að hæstv. viðskrh. útskýri það í þinginu hvers vegna hann sætti sig við niðurstöðu Landsbankans í málefnum fyrirtækisins Þórslax og Þórsbergs en hann hins vegar telur nauðsynlegt að flytja hér tillögu og gerast sérstakur ábyrgðaraðili á henni varðandi ríkisábyrgð fyrir lántökur Silfurlax upp á hærri upphæð eða 50 millj. kr.

Það getur vel verið að hæstv. viðskrh. finnist þetta skemmtimál og hann telji við hæfi að vera að deila einhverjum bröndurum með einstökum þingmönnum hér úti í sal en það fólk, sú fjölskylda á Tálknafirði,

sem varð að sætta sig við gjaldþrot eftir áratuga uppbyggingu á þessu fyrirtæki sínu telur þetta ekki gamanmál, hæstv. viðskrh. Kannski hefur engin fjölskylda lagt eins mikið eigið fé í fyrirtæki á Íslandi, íslensk fjölskylda, eins og fjölskyldan á Tálknafirði varðandi fiskeldi. Ég hugsa að það sé rétt að það sé leitun á íslenskri fjölskyldu sem hefur lagt eins mikið eigið fé í fiskeldisfyrirtæki og hætti eins miklu og fórnað eins miklu í langtímauppbyggingu vegna þess að þar var ekki unnið af skyndingu, í von um skyndigróða, heldur voru þessi fyrirtæki á Tálknafirði til fyrirmyndar um það að þar var í áratugi unnið stig af stigi, þrep fyrir þrep, og hugað vel að öllu.

Engu að síður er órökstuddur þvergirðingsháttur Landsbanka Íslands látinn vera dauðadómur yfir þessu fyrirtæki og hæstv. viðskrh. kaus að hafast ekkert að. En nú kemur hann hér eftir kvöldmat á þriðja degi jóla og biður þingið um það að veita 50 millj. kr. ríkisábyrgð varðandi Silfurlax sem er þó, eins og hér hefur verið upplýst, að 70–80% í eigu útlendinga — er 70–80% í eigu einhverra auðugustu manna í sænsku atvinnulífi. En að hjálpa íslenskum athafnamönnum, vestfirskri fjölskyldu sem lagt hefur allt sitt í fyrirtæki og þurfti ekki nema á broti af þessari upphæð að halda og hafði betri veð, hæstv. viðskrh., hafði betri tryggingar og var betur stödd varðandi sitt fyrirtæki þá lét hæstv. viðskrh. staðar numið.

Það er þessi mismunun, hæstv. viðskrh., sem við viljum fá skýrða hér í þingsalnum því hér hefur hv. 1. þm. Vestf., 27. nóvember, lagt þessi bréf hæstv. viðskrh. fyrir alþjóð og birt þau þannig að það þýðir ekki fyrir hæstv. viðskrh. að koma hér upp og segja að viðskrn. hafi ekki haft nein afskipti af málinu, að viðskrh. hafi ekki komið við sögu fiskeldisins á undanförnum mánuðum og missirum, að iðnrn. og viðskrn. hafi ekki haft neina stefnu gagnvart bankakerfinu í málinu því það vita auðvitað allir í bankakerfinu að formlegt bréf skrifað á formlegan haus iðn.- og viðskrn., sem er auðvitað mjög alvarlegt, erindi til viðkomandi bankastjórnar þótt bankastjórn Landsbankans hafi síðan sýnt viðskrn. þá vanvirðu að hafa óskina að engu og rökstyðja ekki einu sinni neitunina. Það hefur orðið til þess að hv. 1. þm. Vestf. hefur á öðrum vettvangi haft uppi mjög stór orð um það sjálfdæmi sem bankastjórar Landsbankans hafa tekið sér.

En nú vill svo til að sá sem er prókúruhafi fyrir hönd þjóðarinnar gagnvart Landsbankanum, fer með vald íslensku þjóðarinnar gagnvart Landsbankanum, er hæstv. viðskrh. Sighvatur Björgvinsson. Það er hann sem mætir á ársfundi Landsbanka Íslands og undirritar ársreikninga Landsbanka Íslands fyrir hönd þjóðarinnar. Bankinn er þess vegna gerður út í umboði þjóðarinnar og á ársreikningsprókúru sem viðskrh. veitir bankanum. Það væri út af fyrir sig stefna sem hægt væri að skilja að viðskrh. segði: Ég ætla mér ekki að taka fram fyrir hendur á bankastofnunum og lánasjóðum þó ég beini til þeirra tilmælum og það eru endalok máls. En það gerðist bara í kvöld, hæstv. viðskrh., að það voru ekki endalok máls. Lánsfjárlögin voru opnuð fyrir sérhannaðri, sértækri fyrirgreiðslu handa einu fyrirtæki sem er þó vel statt eins og ég hef sagt og aðrir hafa rökstutt með minni veð og minni veðhæfni en þau fyrirtæki sem Landsbankinn dæmdi af. Þess vegna teljum við mörg að ekki sé hægt að ljúka umræðunni um þá tillögu sem því miður er síðasta umræðan því að þetta er 3. umr. og tillagan var ekki sýnd fyrr en 3. umr. hófst nema hæstv. viðskrh. útskýri fyrir okkur í þingsalnum afstöðu sína í þessum tveimur málum, þá stefnubreytingu sem hann er ótvírætt aðili að.

Það var spurt um það fyrr í kvöld, hæstv. viðskrh., hver bæri ábyrgð á tillögunni um 50 millj. kr. ábyrgðina gagnvart Silfurlax. Það var upplýst af hæstv. fjmrh. að ríkisstjórnin bæri öll ábyrgð, tillagan hefði verið samþykkt í ríkisstjórninni. Þar með liggur fyrir að hæstv. viðskrh. hefur einhvern tíma fyrir einhverjum vikum samþykkt tillöguna. Jafnframt var upplýst af hálfu formanns þingflokks Alþfl. að Alþfl. tæki ábyrgð á tillögunni. Þess vegna er hún ekki bara mál þeirra fjögurra þingmanna sem flytja hana. Það hefur verið upplýst að hún er mál ríkisstjórnarinnar og ríkisstjórnarflokkanna.

Virðulegi forseti. Það var ekki ætlun mín að tefja umræðuna. En það stórmál sem er til umfjöllunar, því að það er stórmál þegar verið er að brjóta í blað og fara inn á nýjar brautir varðandi ríkisábyrgð gagnvart einstökum fiskeldisfyrirtækjum, er nauðsynlegt að hæstv. viðskrh. útskýri í ljósi þeirra bréfa sem birt voru þjóðinni af hv. 1. þm. Vestf. 27. nóvember.

[03:49]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að skipta mér af bankalegum þætti þessara mála en það er alveg bráðnauðsynlegt að það sé gerður skýr greinarmunur annars vegar á því fyrirtæki sem hér er til umræðu af og til sem heitir Þórslax annars vegar og síðan á fyrirtækinu Silfurlax hins vegar því að þetta eru alveg gerólík mál. Varðandi Þórslax snýr málið í 11. gr. í lánsfjárlagafrv. þannig að verið er að loka ábyrgðadeild fiskeldislána. Það eru þrjú fyrirtæki sem þar er verið að fjalla um, það er Sveinseyrarlax, það er Þórslax og fyrirtæki norður á Akureyri. Það var mjög vel rannsakað hvort hægt væri að fara aðrar leiðir en farnar voru í fjmrn. og niðurstaðan varð sú að það væri því miður ekki hægt. Vissulega var hægt að fara fram á það við þingið að leggja fram meira fé eða meiri ábyrgðir en ekki var kosið að fara þá leið því að það var talið opna fyrir fjölmörg fyrirtæki. Ég tek fram að Byggðastofnun hefur veitt þessum fyrirtækjum aðstoð, sérstaklega þó Sveinseyrarlaxi og reyndar fjöldamörgum öðrum fyrirtækjum.

Ef við snúum okkur hins vegar að fyrirtækinu sem hefur verið til umræðu vegna brtt. sem kom fram við 3. umr. þá eru eigendur þess fyrirtækis að leggja fram verulegt nýtt fé, hundruð milljóna. Íslendingar hafa ekki enn tapað á þessu fyrirtæki. Nokkurri upphæð Framkvæmdasjóðs var breytt í hlutafé en að öðru leyti var þetta fyrirtæki ekki í viðskiptum við ríkisábyrgðadeildina. Hér er um hafbeitarfyrirtæki að ræða og talið

var af íslenskum rannsóknaraðilum afar brýnt og mikilvægt að sú þekking sem þar var að finna og var verið að þróa fengi aðeins lengri tíma eða um eins árs skeið til viðbótar. Niðurstaðan var sú að talið var heppilegt að leggja fram þessa ábyrgð. Ég tek fram að þetta er ábyrgð á láni og miklar líkur eru á því að þessir peningar fáist greiddir þó það séu ekki fullar líkur á því. Þetta eru þess vegna tvö aðskilin og ólík mál, en það er ekki eðlilegt að verið sé að ræða þau í sama orðinu eins og sumir hv. þm. hafa gert hér í kvöld, því miður.

[03:51]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þingmönnum finnst svo augljóst samhengi á milli þessara mála að haldinn var sérstakur þingflokksfundur í Sjálfstfl. í umræðunni til þess að ræða það samhengi. Hv. þm. Einar Guðfinnsson hefur mjög ítarlega rökstutt það í ræðu sinni hvert það samhengi er, hæstv. fjmrh. Auðvitað er það þannig að flest fiskeldisfyrirtæki á Íslandi ef ekki öll eru með einhverjum hætti sérstök. Það er einu sinni þannig með fiskeldið á Íslandi að sjálfsagt er ekki hægt að finna nein tvö fyrirtæki sem eru alveg eins eða hliðstæð. Með vissum hætti er það alveg rétt sem hv. þm. Einar K. Guðfinnsson hefur sagt að mörg íslensk fiskeldisfyrirtæki eru í eðli sínu tilraunastarfsemi og ég held að það fyrirtæki sem starfað hefur lengi á Tálknafirði, Þórslax, sé einmitt tilraunafyrirtæki af því tagi. Eins og ég nefndi áðan var ekki rokið í það að byggja upp það fyrirtæki með einhvern skyndigróða í huga. Það var tilraunafyrirtæki af því tagi að það var fjölskylda sem um langt árabil, stig af stigi, skref fyrir skref vandaði sig mjög með eigið fjármagn til þess að byggja þar upp traustan grundvöll. Það hefur líka verið upplýst hér að það þurfti mun minna fjármagn, hæstv. fjmrh., til þess að tryggja framtíð þess fyrirtækis en þessar 50 millj. sem um er rætt. Þá var auðvitað eðlilegt að meta það ef ríkissjóður ætlaði sér á annað borð að fara að veita viðbótarábyrgðir fyrir fiskeldi fyrst sú stefna var tekin. Í nóvember barst erindið til landbrn. að fyrst á annað borð var farið að veita viðbótarábyrgðir þá væri eðlilegt að meta það hvort ekki væri sjaldgæft að hluti af því kæmi til góða fleiri fyrirtækjum en þessu eina.

[03:53]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er að reyna að skýra það út fyrir hv. þm. og reyndar öðrum hér inni að hér er um mjög eðlisólík mál að ræða. Annars vegar, og það skal tekið fram vegna umræðunnar um Þórslax, þá tek ég fyllilega undir allt sem sagt hefur verið um eigendur fyrirtækisins, dugnað þeirra og þeir hafa lagt mikla fjármuni fram úr eigin rekstri. Það verður kannski ekki það sama hægt að segja um fjölmörg önnur fyrirtæki sem hafa farið á hausinn. Við höfum tapað milljörðum á þessari nýju atvinnugrein, því miður. En þetta eru ólík fyrirtæki vegna þess að það fyrirtæki sem verið er að ræða um nú, fyrirtækið Silfurlax, það er ekki verið að veita því fyrirtæki afurðalán. Það er í þeim skilningi eins og hin fyrirtækin fengu lán út á og ábyrgðir út á, það er verið að taka fram að þetta sé alveg sérstakt lán til þess að klára ákveðna þróunarstarfsemi, ákveðna rannsóknastarfsemi sem talin er ákaflega mikilvæg fyrir þekkingu á þessu sviði. Þetta er eina fyrirtækið sinnar tegundar sem hér starfar og mjög miklir erlendir peningar eru lagðir til fyrirtækisins. Það er á þessum grunni og vegna þess að þetta er viðskiptafyrirtæki við fyrirtæki í eigu opinberra aðila sem hefur mikilla fjárhagslegra hagsmuna að gæta í þessu máli sem þessi leið var valin sem farin var með þessari tillögu.

Hitt málið er hins vegar sambærilegt öðrum málum sem snúa að ábyrgðadeild fiskeldislána og ég veit að hv. þm. þekkir þau mál vel. Það var verið að gera þar upp samkvæmt niðurstöðu nefndar sem skilaði áliti 5. júlí og þar hefur ríkið auðvitað tapað sínu, þar á meðal inn í þetta gjaldþrot sem varð hjá Þórslaxi hf.

Þetta vil ég að komi fram hérna, virðulegi forseti, áður en umræðan fer að snúast um Landsbankann og fleiri slík lán.

[03:56]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Eins og fram kemur í bréfi iðnrh. og viðskrh., Sighvats Björgvinssonar, til 1. þm. Vestf. 23. nóv. í fyrra, er vandi Þórslax ekki sá að fyrirtækið sé illa statt rekstrarlega. Vandinn er eingöngu sá að reksturinn er orðinn of umsvifamikill til þess að Eyrarsparisjóðurinn geti sinnt honum út frá þeim almennu reglum sem gilda um viðskipti og stærðarhlutföll lánastofnana. Þess vegna eru ekki neinir erfiðleikar í rekstri fyrirtækisins sem knýja það til að leita til Landsbankans. Það eru einfaldlega þær almennu reglur um stærð fyrirtækja sem eiga að vera í viðskiptum við tilteknar lánastofnanir. Neitun Landsbankans er þess vegna sérstök að því leyti að hún er ekki rökstudd með neinni tilvísun í rekstrarerfiðleika eða hæpinn grundvöll í viðkomandi fyrirtæki. Um það snýst málið ekki, hæstv. fjmrh. Málið snýst eingöngu um það að fyrirtækið er orðið of stórt fyrir litla sparisjóðinn í byggðarlaginu og þess vegna verður að leita til Landsbankans til að fyrirtækið geti starfað eðlilega. En Landsbankinn segir hins vegar nei og það er á þeim grundvelli sem er ekkert óeðlilegt að spurt sé: Er eðlilegt að ein bankastofnun geti dæmt fyrirtæki til dauða einfaldlega vegna þess að fyrirtækið er orðið of stórt fyrir aðra og minni lánastofnun? Er virkilega þannig að hæstv. viðskrh. og ríkisstjórn ætli að láta peningakerfið í landinu og atvinnulíf þróast þannig að þegar fyrirtækin vaxa upp fyrir litlu sparisjóðina geti stóru flokkarnir bara dæmt þau til dauða með því að segja nei, við tökum ekki viðskipti? Þess vegna hefði auðvitað verið fullkomlega eðlilegt fyrst ríkisvaldið var á annað borð byrjað að grípa inn í að horfa einnig á þetta sérstaka tilvik. Ég held að hæstv. fjmrh. ætti að skoða þau bréfaskipti vandlega, sem fóru milli Landsbankans, 1. þm. Vestf. og hæstv. viðskrh. um þetta mál.

[03:58]

Viðskiptaráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Það er einmitt nú sá tími ársins að

loknum þriðja degi jóla sem íslensk þjóðtrú segir okkur að mikið af kynjaverum sé á kreiki. Einna þekktust þeirra eru sveinar einn og átta sem hver höfðu sitt hlutverk í tengslum við jólahelgina. (**Gripið fram í:** Einn og átta eru níu, er það ekki ríkisstjórnin?) Einn af þeim bar það sérkennilega nafn Hurðarskellir og hafði það sérstaka verk með höndum á jólum að vekja menn upp af værum blundi með hurðarskellum þannig að ég átti satt að segja alveg eins á því von að það gæti gerst að ég hrykki upp af værum blundi við það að skellt væri hurðum einhvers staðar í nágrenninu en hitt vissi ég ekki að Hurðarskellir væri orðinn þingmaðurinn Ó. Grímsson. En þessi hv. þm. hefur lagt fyrir mig nokkrar spurningar. Hæstv. fjmrh. hefur nú svarað þeim flestum og hef ég engu við það að bæta sem hann segir. En sem dæmi um málflutninginn vil ég vekja athygli hv. þm. á því að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, sem hér talaði og skellti hurðum í nótt til þess að vekja menn af værum blundi og er ekkert við því að segja, því að þetta er sá árstími þegar menn geta vænst þess og ég held að ég viti það nú bara fyrir víst að þetta er akkúrat nóttin sem Hurðarskellir, samkvæmt þjóðtrúnni, á að vera að kveðja og halda aftur til sinna heimahaga. Hv. þm. talaði um viðskrh. sem ársreikningsprókúruhafa landsmanna. Hvað er ársreikningsprókúruhafi? Veitir ársreikningsprókúruhandhöfnin viðskrh. þann rétt að gefa Landsbanka Íslands fyrirmæli um lánveitingar? Hvað er það að vera með ársreikningsprókúru fyrir banka? Þetta orð hef ég aldrei heyrt fyrr og veit ekki til að það hafi nokkra merkingu. En það er eins og hv. þm. gerir oft í sínum ræðuflutningi, að hann býr til einhvers konar, í sumum tilvikum loftkastala, í öðrum tilvikum heimasmíðaðar kenningar, sem hann notar svona til þess að reyna að rökstyðja sitt mál þegar annað betra ekki gefst. Það er ósköp eðlilegt að ef viðskrh. fær ósk um það að hann láti kanna hvort fyrirtæki sem er mikilvægt í atvinnulífi á viðkomandi stað og ekki á fullnægjandi bankaviðskipti, hvort það sé mögulegt að ríkisbankarnir vilji taka við því í viðskipti. Þetta gerði ég að beiðni hv. 1. þm. Vestf., spurðist fyrir um það hvort Landsbankinn vildi taka þetta tiltekna fyrirtæki í viðskipti. Ég gaf honum engin fyrirmæli um það því að það get ég ekki þó að ég eigi að heita ársreikningsprófkúruhafi þessa banka, sem ég skil nú ekki hvað er. Landsbanki Íslands svaraði mér, eðlilega, gaf mér upp sína afstöðu og við því er ekkert að segja. Hann ræður því. Ársreikningsprókúruhafinn gerir það ekki.

Frekar hef ég ekkert um þetta mál að segja, virðulegi forseti, en ég er að sjálfsögðu alveg við því búinn að einhverjar fleiri hurðarskellingar upphefjist hér á þingi áður en þessi nótt er liðin og verður þá bara að taka því.

[04:03]

Pétur Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst hæstv. viðskrh. taka frekar létt á þessu máli. Ég get upplýst það að viðskipti þessara tveggja fiskeldisfyrirtækja í Tálknafirði við Landsbankann hafa verið afskaplega slæm. Það hefur hvað eftir annað og ítrekað verið reynt að fá einhverja fyrirgreiðslu, afurðalánaviðskipti eða annað hjá Landsbankanum og það hefur ekki verið til neins, sú málaleitan hefur ekki borið nokkurn árangur. Og nú er, eins og komið er fram, Þórslax orðinn gjaldþrota og það er ágætt að upplýsa það hér að upp úr því gjaldþroti mun væntanlega spretta eignarhald Norðmanna á þessari stöð, því þeir hafa gert tilboð í stöðina og væntanlega verður því tilboði tekið.

Það er kannski þetta sem við viljum sjá um fiskeldið okkar, að það lendi í höndunum á Norðmönnum og þeir þannig tryggi sér markað vestur um haf. Þeir höfðu það a.m.k. í huga meðan allar horfur voru á því að þeir gengju inn í Evrópubandalagið.

Ég fullyrði það að Sveinseyrarlax gengur enn þá. Hann mundi ekki gera það ef ekki hefði komið til velvilji þessa litla sparisjóðs sem er allur af vilja gerður, hefur lagt sig fram um að þjóna þessum fyrirtækjum af veikum mætti. En ég spyr: Nú gengur Sveinseyrarlax bara þokkalega miðað við fiskeldi í landinu, hvenær kemur að því, ef áfram gengur vel í Sveinseyrarlaxi, að hann verði svo stór að Eyrarsparisjóði verði bannað að hjálpa honum? Hvað tekur þá við? Tekur nokkuð annað við en nýtt gjaldþrot? Er þetta sú stefna sem menn vilja sjá í fiskeldismálunum?

Ég vek athygli hæstv. viðskrh. á því að Landsbankinn hefur ekki staðið í stykkinu á þessum slóðum. Hann hefur ekki veitt neina fyrirgreiðslu eins og eðlilegt er að hann geri sem stærsta og nánast eina máttuga lánastofnunin á þessu svæði. Og ég tel algerlega óviðunandi að á þessu sé tekið svo léttilega eins og mér finnst hæstv. viðskrh. gera.

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti vill taka það fram að þrír hv. þingmenn hafa óskað eftir að veita andsvar við ræðu hæstv. iðn.- og viðskrh. og verður forseti því að stytta ræðutíma þingmanna.

[04:05]

Viðskiptaráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það eru mörg dæmi um það víðs vegar af landinu að fyrirtæki fái ekki viðskipti við bankastofnun sem þau eru sátt við. Það er bara einfaldlega þannig og það verða hv. þingmenn að skilja, að viðskrh. getur engu um það ráðið gagnvart viðskiptabönkunum hvaða viðskipti bankastjórnir viðskiptabankanna ákveða að taka upp. Bankastjórnirnar ráða því alfarið sjálfar. Og það eru mörg dæmi um það að Landsbankinn og raunar hinn ríkisviðskiptabankinn líka hafi hafnað viðskiptabeiðnum fyrirtækja sem hafa viljað komast þó ekki væri nema í afurðalánaviðskipti við bankann. Viðskrh. hefur ekkert vald í þeim efnum til þess að gefa ein eða nein fyrirmæli til ríkisviðskiptabankanna. Hann getur beint tilmælum eða spurst fyrir um afstöðu þeirra, en niðurstaða bankanna er ótvíræð og afgerandi. Ársreikningsprókúruhafinn hefur þar ekkert vald.

[04:07]

Pétur Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að rengja orð hæstv.

viðskrh. hvað snertir Landsbankann. Það sem ég er að vekja athygli á er þessi staða greinarinnar í heild. Þessi grein býr við það að hún nýtur ekki eðlilegrar fyrirgreiðslu í formi afurðalána neins staðar, hvorki hjá Landsbankanum né öðrum ríkisbönkum. Það er einungis ef einhver bankastofnun, sem er ekki of bundin í viðjar einhverra boða og banna, sér sér fært að eigin frumkvæði og eigin hvötum, eins og Eyrarsparisjóður hefur gert, að veita þessum mönnum fyrirgreiðslu, að þeir fá eitthvað. Það er þetta sem ég er að vekja athygli á og sé það svo að ekkert sé hægt að tala við Landsbankann varðandi þetta, sem vel kann að vera, þá vil ég beina því til hæstv. ríkisstjórnar að hún beiti sér fyrir því að þessi grein sitji við sama borð og aðrar atvinnugreinar í landinu og henni verði gert kleift með einhverju móti að fá almenna lánafyrirgreiðslu fyrir afurðir.

[04:08]

Viðskiptaráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Bæði þessi ríkisstjórn og aðrar á undan henni hafa gert sitt til að reyna að styðja við bakið á þessari atvinnugrein. Staðreyndin er einfaldlega sú að það hefur gengið mjög illa vegna þess að því miður hefur þessi atvinnugrein ekki skilað þeim árangri sem menn væntu þegar fyrstu frumkvöðlar fiskiræktar á Íslandi hófust handa og það er vandamálið. Það er m.a. skýringin á því að bankastofnanir hafa verið mjög erfiðar í taumi um að taka slík fyrirtæki í viðskipti. Svarið sem maður fær þegar spurst er fyrir um ástæðuna er einfaldlega þetta: Við höfum þegar tapað svo miklu fé á viðskiptum við fyrirtæki af þessu tagi. Það er hið einfalda svar sem fæst.

[04:09]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. viðskrh. treystir sér ekki til að svara þeirri meginspurningu sem til hans var beint. Það var enginn að draga það í efa að viðskrh. gæti ekki veitt bankastofnunum fyrirmæli og ég sagði það meira að segja gagngert í minni ræðu hér áðan, að það hefði verið skiljanleg afstaða ef hæstv. viðskrh. hefði þá látið staðar numið. En það gerði bara hæstv. viðskrh. ekki. Og spurningin sem hér var borin fram, ástæðan fyrir því að hæstv. viðskrh. er knúinn til að mæta hér til umræðunnar, er krafa um að fá svar við því hvers vegna hæstv. viðskrh. stendur núna að því með sérstakri tillögu frá ríkisstjórninni að taka eitt fyrirtæki út úr. Það er spurningin sem beint er til hæstv. viðskrh. og henni svaraði hann ekki hér áðan. Hann má flytja hér eins margar jólasveinasögur og hann vill, en það breytir ekki því að hann hefur ekki svarað spurningunni. Og hún er endurtekin hér, hæstv. viðskrh.: Hver eru rökin fyrir því að hæstv. viðskrh. stendur nú að því að taka eitt fyrirtæki út úr? Hafna öllum hinum. Öllum hinum er hafnað. En í fyrsta skipti í mörg ár flytur hæstv. viðskrh. ásamt öðrum ráðherrum tillögu um sérstaka ríkisábyrgð upp á 50 millj., sem er hærri upphæð en þau fyrirtæki sem hér er um rætt hefðu þurft á að halda til þess að geta enn þá verið í eðlilegum rekstri. Spurningin er þess vegna endurtekin, hæstv. viðskrh.: Hvers vegna stendur ráðherrann að því að taka eitt fyrirtæki hér út úr?

[04:10]

Viðskiptaráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Málið ber að sjálfsögðu þannig að að einn tiltekinn ráðherra flytur tillögu, fjmrh. tekur hana til afgreiðslu og athugunar og kemst að þeirri niðurstöðu að um þetta sérstaka tilvik séu ríkjandi þær aðstæður sem hæstv. ráðherra lýsti hér áðan og ég hef engu við að bæta. Auðvitað má alltaf deila um slíkar afgreiðslur, en menn hafa nú staðið að slíkum afgreiðslum áður. Ég skýt mér ekkert undan því að ég samþykkti á sínum tíma sem formaður fjárlaganefndar tillögu frá öðrum hæstv. fjmrh. um að mismuna fyrirtæki þegar hæstv. þáv. fjmrh. ákvað að taka veð í hugbúnaði fyrirtækisins Svart á hvítu. Það var mikil mismunun á milli fyrirtækja. En hann mat það þannig sjálfur, ráðherrann á þeim tíma, að þarna væri ekki áhætta tekin. Þetta væri hið besta mál. Þarna væri ekki verið að mismuna fyrirtækjum og ég féllst á hans rök. Það kom hins vegar í ljós þegar fram liðu stundir að hæstv. ráðherra hafði ekki haft rétt fyrir sér og þannig getur það alltaf farið.

Ég hef fallist á þær röksemdir sem hæstv. fjmrh. hefur hér flutt og á þá tillögu sem flutt var í ríkisstjórninni og stend því að þessari tillögu eins og aðrir ráðherrar. En það getur vel verið, eins og kom fram í máli hæstv. fjmrh. áðan, að þá komi í ljós að þessir aðilar geti ekki risið undir þeirri ábyrgðarkröfu sem verið er að veita þeim og um það getur enginn sagt fyrir fram. Þannig að það orkar allt tvímælis þá gert er. En hv. þm. sem var fjmrh. og ég átti þá ágæta samvinnu við um marga hluti, veit það ósköp vel að í starfi tók hann margar sambærilegar ákvarðanir og sumar, kannski ekki einu sinni hægt að segja að séu sambærilegar við þetta og fékk þó sitt fram, hv. þm., m.a. með stuðningi þess sem hér stendur.

[04:13]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er nú greinilega fokið í flest skjól þegar hæstv. viðskrh. verður að grípa til þess að fara að ræða enn á ný Svart á hvítu til þess að finna sér einhverja vörn í þessu máli. Í því máli var um að ræða að það fyrirtæki, ásamt ýmsum öðrum, fékk að fresta greiðslu á skattaskuldum í þeirri von að það gæti staðið við skattaskuldirnar. Ég komst síðan að þeirri niðurstöðu í minni fjármálaráðherratíð að það kerfi var rangt og ég lagði það kerfi af með góðri samvinnu við ýmsa ágæta þingmenn sem þá voru.

Hér er hins vegar verið að fara inn á þá braut að í sama frv. og ábyrgðadeild fiskeldislána er lögð niður er tekin upp sérstök ríkisábyrgð á einu fyrirtæki. Um leið og verið er að marka þá stefnu að leggja ábyrgðadeildina niður og hætta allri starfsemi, að veita ábyrgðir fyrir fiskeldisfyrirtæki, er eitt fyrirtæki tekið út úr og það tekið fram yfir öll. Og það eru satt að segja kaldar kveðjur, hæstv. fjmrh., sem hæstv. fjmrh. fær frá viðskrh., að viðskrh. telji helst við hæfi að sækja þá líkingu sem hann notaði í sínu svari hér áðan til þess

að finna eitthvað sambærilegt sem hann gæti notað til þess að réttlæta afstöðu sína.

[04:14]

Viðskiptaráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það breytir engu í þessu máli þó að hv. þm. hafi síðar komist að þeirri niðurstöðu að hann hafi breytt rangt þegar hann ákvað að veita þessu tiltekna útgáfufyrirtæki, sem hann ræddi um, ríkisábyrgð út á ekki traustari veð heldur en hann hafði. Auðvitað kom það síðan í ljós að menn urðu að afskrifa þetta og leggja þær byrðar á skattborgara og ekkert merkilegt við það þó að hann hafi séð það síðar að þarna hafi hann staðið rangt að og hafi þess vegna breytt þeim starfsreglum sem hann fylgdi sjálfur.

En ég ítreka það að sú afgreiðsla sem hér á sér stað á sér mörg fordæmi. Ég hef fallist á rökstuðning hæstv. fjmrh. fyrir þessari afgreiðslu og stend að henni með honum, en mér er það fyllilega ljóst að þetta, eins og mörg önnur mannanna verk sem við stöndum að hér á Alþingi, orkar tvímælis þá gert er. En það verður bara að koma í ljós hvort það er meiri áhætta tekin í þessu tilviki en í því tilviki sem við hv. þm. ræddum um hér áðan og endaði með því að það varð að leggja tuga millj. kr. byrði á herðar skattborgara vegna rangrar ákvörðunar.

[04:16]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þegar hæstv. viðskrh. er hér að segja sögur af ríkisstjórninni, jólasveinum einum og átta, og ræðir svo um Hurðaskelli, þá er nú rétt að upplýsa það að hinn eini og sanni Hurðarskellir hér á þingi er flokksbróðir hæstv. viðskrh., fyrrv. hæstv. umhvrh., nú sendiherra í Ósló. Hann fékk þessa nafngift á næturfundi í efri deild 1987, þáv. formaður þingflokks Alþfl. og skellti mjög hurðum í reiðiskasti miklu. Ég held að það sé best að skilja þessa nafngift eftir hjá honum, hún sé vel komin þar.

Varðandi það sem hér er svo umræðuefni, lánafyrirgreiðsla til fiskeldis, þá getur það auðvitað ekki undrað hæstv. viðskrh. þó að hann sé spurður út í samhengi þessara hluta þegar í sama frv. eða brtt. við það er annars vegar verið að loka ábyrgðadeild fiskeldislána, það liggur fyrir að bankarnir neita að taka fiskeldisfyrirtæki í viðskipti, bara „kategóriskt", þeir gera það, en svo skýtur upp kollinum brtt. um sértæka fyrirgreiðslu til eins fyrirtækis, sem að vísu eru ýmis rök fyrir. En þetta samhengi liggur auðvitað þannig að það er óhjákvæmilegt að hæstv. ráðherra svari þarna einhverju um.

Og það er útúrsnúningur að með þessu sé verið að ætlast til þess að viðskrh. blandi sér í málefni einstakra fyrirtækja. Það er verið að spyrja um það, hvar á þessi atvinnugrein, að svo miklu leyti sem hún er enn þá til í landinu, að fá einhverja fyrirgreiðslu? Og hinar frægu blaðagreinar hv. 1. þm. Vestf., Matthíasar Bjarnasonar, eru lýsandi fyrir ástand mála. Ef menn komast ekki inn hjá einhverjum litlum sparisjóðum eða geta fjármagnað sig sjálfir eða rekið sig án þess að taka afurðalán, eins og eitt eða tvö fyrirtæki gera, þá eru þeim allar bjargir bannaðar. Þannig ætlar ríkisstjórnin að skilja við málefni þessarar greinar hér við afgreiðslu þessara mála. Og ég held að hæstv. viðskrh. verði bara að nudda stírurnar úr augunum og reyna að svara almennilega fyrir það hvernig hæstv. ráðherrar hyggjast standa að málum.

[04:18]

Viðskiptaráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held nú satt að segja að ef menn líta á það sem gert hefur verið fyrir hinar ýmsu atvinnugreinar í landinu af hálfu hins opinbera þá geti forráðamenn fiskeldis og fiskeldisfyrirtækja ekki kvartað undan því að þeir hafi ekki fengið stuðning frá opinberum aðilum og er ég þá ekkert fremur að telja þessa ríkisstjórn en aðra. Því sú ríkisstjórn, sem hv. þm. sem talaði hér síðast sat í, veitti einmitt þessari atvinnugrein mjög mikinn stuðning. En staðreyndin er einfaldlega sú, að þær vonir um tekjumöguleika og afkomumöguleika sem menn gerðu sér upphaflega þegar hafist var handa um fiskirækt í stórum stíl hér á Íslandi hafa ekki gengið upp og það má segja að einu forsendurnar sem hafi staðist séu forsendur um orkuverð. Allt annað hefur verið víðs fjarri því sem menn gerðu sér vonir um í upphafi og það er vandamálið, ekki skortur á stuðningi. Því að íslenskur almenningur á enn eftir að borga þau miklu lán sem tekin voru m.a. í útlöndum til þess að veita fyrirtækjum í þessari starfsgrein aðstöðu fyrir milligöngu ríkisins. Þannig að það verður ekki kvartað undan því að hið opinbera hafi ekki sýnt þessari starfsgrein skilning.

Ég vil aðeins taka fram til þess að leiðrétta það sem hv. þm. sagði, að í 11. gr. frv. til lánsfjárlaga er verið enn einu sinni að koma til móts við þau þrjú fyrirtæki sem enn lifa í þessari grein, því þar er ekki verið að fella ábyrgðadeildina úr gildi heldur verið að breyta útistandandi ábyrgðaheimildum í lán án þess að farið sé fram á og krafist einhverra umtalsverðra tryggginga sem aðrir lántakendur munu þurfa að leggja fram. Þarna er því enn einu sinni verið að reyna að ganga til móts við þau fyrirtæki sem eru starfandi í þessari atvinnugrein.

[04:20]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er rétt hjá hæstv. viðskrh. að það hefur ýmislegt verið gert eða reynt að gera vegna vanda fiskeldisins og stærsta einstaka ákvörðunin í því er auðvitað sú sem hæstv. viðskrh. bar sem slíkur, stuðningsmaður ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar, ákvörðun á. Sú ákvörðun sem langmestu hefur skipt um þetta þegar ákveðið var að setja 800 millj. í að ala öll seiði sem þá voru til í landinu 1988 þegar seiðamarkaðir í Noregi lokuðust og í kjölfarið sigldi stór hluti þeirrar fjárfestingar sem síðan hefur verið afskrifaður. Þannig að sannarlega er hæstv. núv. viðskrh. það mál skylt. Erfiðleikarnir hafa síðan orðið gríðarlegir, um það deilum við ekki. En það er til vísir að þessari atvinnugrein enn þá í landinu og sum þau fyrirtæki sem hafa þraukað af alla erfiðleikana eru

kannski þrátt fyrir allt lífvænlegasti hlutinn af þessu öllu saman. Og ef við ætlum einhvern tíma að reisa þessa grein við og gera okkur vonir um verðmætasköpun úr henni, þó ekki væri nema brot af því til að mynda sem Norðmenn eru að fá núna, 60–70 milljarða kr. í gjaldeyristekjur, þá verðum við að reyna að finna okkur aðferðir til þess að gera þessum fyrirtækjum kleift að starfa og ríkisstjórnin skilur þau mál eftir algerlega í uppnámi og lausu lofti. Það er niðurstaðan af þessari umræðu.

[04:22]

Viðskiptaráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir það sem hv. þm. sagði hér áðan að ríkisstjórnin sem starfaði á sínum tíma undir forsæti Þorsteins Pálssonar gerði ýmislegt til að reyna að styðja við þessa grein. En vandi hennar er einfaldlega þessi: Sá fiskur sem alinn er upp með ærnum tilkostnaði selst ekki á mikið hærra verði nú á erlendum mörkuðum heldur en þorskur sem er veiddur villtur við Ísland. Og það segir sig sjálft að á meðan staða greinarinnar er slík og verðið fyrir afurðirnar er svona lágt þá geta menn ekki gert ráð fyrir því að hægt sé að stunda fiskeldi með góðum árangri á Íslandi. Það er ekki hægt. Jafnvel þó svo að viðkomandi atvinnustarfsemi fengi heimildir til að afskrifa allan sinn fjárfestingarkostnað þá er rekstrarkostnaðurinn meiri en svo að það lága verð sem nú er á ræktuðum laxi á heimsmarkaði nægi til þess að standa undir hlaupandi rekstrarkostnaði íslensku fiskeldisstöðvanna. Það er vandamál greinarinnar en ekki það að brestur hafi verið á opinberum stuðningi.

[04:23]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að fara að lengja þessa umræðu eða gera hér neinar kröfur, en mér varð það á í kvöld að mismæla mig nokkuð illa uppi í ræðustól. Í flestum tilfellum lætur maður sér nægja að leiðrétta slíkt í þingtíðindum, en þar sem ég heyrði því fleygt hér á göngum þingsins að sem dæmi um dáðleysi og dugleysi stjórnarandstöðunnar hér í kvöld væri það að hún gæti ekki farið rétt með íslenskt mál þá tel ég mér skylt að gera hér nokkra leiðréttingu.

Ég áttaði mig á því um leið og ég steig ofan úr ræðustól og sá framan í félaga minn, 4. þm. Norðurl. e., að ég mundi hafa farið með einhverja ambögu. Það sem ég ætlaði að segja var það að hæstv. viðskrh. hefði ekki döngun í sér til þess að koma hér til umræðunnar, en varð það á að segja að hann hefði ekki dögun í sér, sem að sjálfsögðu er hin versta ambaga. En e.t.v. er þetta vegna þess að það var komin nokkur dögun í umræðuna og að öllu réttu ef við væri hér á öðrum árstíma væri sólin komin upp, þá býst ég við að það hafi verið ástæða þess að þetta kom svona út úr mér. En að hafa ekki döngun til einhvers er náttúrlega eins og allir vita að hafa ekki dug til einhvers, en að hafa ekki dögun til einhvers veit ég ekki til að hafi neina merkingu í íslensku máli.

[04:25]

Ólafur Ragnar Grímsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég vil í lok þessarar umræðu þakka hæstv. forseta fyrir það að hafa knúið á um það að hæstv. viðskrh. kom hér til umræðunnar og ég vil nú beina því til stjórnarliðsins að læra af þessum atburðum hér ákveðna lexíu. Hæstv. fjmrh. og formaður þingflokks Sjálfstfl. og reyndar einnig í hliðarsölum hæstv. forsrh., voru að brigsla okkur stjórnarandstöðuþingmönnum um það að við ætluðum ekki að standa við samkomulagið. Ég held að framganga okkar hér í þessum umræðum bæði gagnvart hæstv. utanrrh., sem einnig var kallaður hingað til að veita ákveðin svör, og nú gagnvart hæstv. viðskrh., sýni að það er á engan hátt hægt að saka okkur um það, en við viljum hins vegar eiga orðastað við þá ráðherra sem málin snerta. Og ef hæstv. viðskrh. hefði einfaldlega verið hér viðstaddur fyrr í kvöld, þá hefði þessari umræðu geta lokið fyrr. Það er auðvitað ábyrgðarhluti hjá hæstv. ráðherrum að vera að halda þannig vöku fyrir þingmönnum að láta þá bíða lengi eftir sér hér þegar þeim þóknast að vakna og koma til fundarins eftir að hafa orðið hugsað til jólasveinanna heima hjá sér alveg sérstaklega.

Það er svo efnislega innlegg ráðherrans í málið sem ég ætla ekki að ræða hér frekar, en verður auðvitað vikið að síðar, að hann hefur lýst því yfir hér að hann telji þessa tillögu hæpna, mjög umdeilanlega og kunni að koma ríkisstjórninni í koll og það er auðvitað mikilvægt að fá þá yfirlýsingu hæstv. viðskrh. til þessarar sérstöku tillögu sem flutt var hér við 3. umr.

[04:27]

Viðskiptaráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Bara til að öllu sé nú til skila haldið þá vil ég taka það fram að ég kom ekki hingað sökum beiðni forseta eða sakir upphringingar frá honum heldur segi ég það dagsatt að ég hrökk upp af værum svefni og kveikti á Sýn og sá þá að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson var að ganga úr ræðustóli eftir að forseti hafði veitt 10 mínútna hlé vegna þess að ég var ekki viðstaddur. Þannig að ég vildi bara svona „for the record" og ég bið forseta afsökunar á því að ég skuli sletta erlendu máli, láta það koma fram að ég hrökk upp eins og ráð var fyrir gert og ráð er fyrir gert þegar Hurðaskellir gengur um ganga. Þannig er nú það.

Enn fremur vil ég taka það fram að ég sagði um þessa sérstöku tillögu að allt orki tvímælis þá gert er. Ég lýsti því alls ekki yfir, eins og hv. þm. er að reyna að leggja mér í munn, að ég ætti von á því að þessi tillöguflutningur mundi enda með tjóni fyrir ríkissjóð. Ég á ekki von á því, það er ástæðan fyrir því að ég féllst á að styðja tillöguna. En ég sagði hins vegar að allt orki tvímælis þá gert er og það veit hv. þm. að er rétt. Hann þekkir það nefnilega, virðulegi forseti, af eigin reynslu.

[04:28]

Ólafur Ragnar Grímsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Það sýnir nú best hve hæpin þessi lýsing hæstv. viðskrh. er að það eru margir mánuðir síðan Sýn hætti að sjónvarpa frá þinginu. Þannig að ef hæstv. ráðherra hefur vaknað upp um miðja nótt og farið að horfa á Sýn þá hefur hann greinilega verið léttruglaður ef það hefði verið tilefni þess að hann kom hingað til þingsins því að þar er ekkert nema stillimynd.

Orð hæstv. ráðherra hins vegar um tillöguna eru geymd í þingtíðindum og verða auðvitað varðveitt þar sem skýr vitnisburður um afstöðu ráðherrans til þessarar tillögu.

[04:29]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegur forseti. Ég veit ósköp vel að það er ekki ætlast til þess að undir þessum lið fari menn í efnislega umræðu, en ég get þó ekki stillt mig um að benda á það að trú hæstv. viðskrh. á því að ríkissjóður tapi ekki á þessari ábyrgð byggist á því að skilyrði ríkisstjórnarinnar fyrir málinu eru þau að það sé tekið veð af fiski í sjónum, þ.e. þeim laxi sem er í beit, og er svolítið fróðlegt að skoða þetta í samhengi við deilur einstakra ráðherra og umræðu um veðrétt sem hefur verið í þjóðfélaginu á síðustu dögum.

[04:30]

Viðskiptaráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Með sama hætti og hv. þm. Jóhannes Geir leiðrétti sig hér áðan og sagðist ekki hafa ætlað að segja dögun heldur döngun þá er rétt að ég leiðrétti mig. Ég ætlaði ekki að segja Sýn heldur Stöð 2. En að öllu öðru leyti var þetta nákvæmlega svona, að ég hrökk upp og vaknaði við það að hv. þm. gekk úr ræðustól og óskaði eftir nærveru minni. (Gripið fram í.)

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 04:31.

---

69. FUNDUR

miðvikudaginn 28. des.,
kl. 1 miðdegis.

Dagskrá:

1. Kosning sjö fulltrúa og jafnmargra varafulltrúa úr hópi þingmanna í Norðurlandaráð, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. þingsályktun frá 15. desember 1961 um kjör fulltrúa í Norðurlandaráð, sbr. þingsályktun frá 3. desember 1969 og þingsályktun frá 17. nóvember 1983 um fullgildingu samkomulags um breytingu á samstarfssamningi Norðurlanda. Gildir kosningin þar til ný kosning hefur farið fram á næsta reglulega Alþingi.

2. Kosning þriggja manna í síldarútvegsnefnd og jafnmargra varamanna, allra til þriggja ára, frá 1. janúar 1995 til 31. desember 1997, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 1. gr. laga nr. 54 2. maí 1968, um breytingar á lögum nr. 62 21. apríl 1962, um síldarútvegsnefnd og útflutning saltaðrar síldar.

3. Kosning eins fulltrúa hvers þingflokks og jafnmargra varafulltrúa úr hópi alþingismanna í Vestnorræna þingmannaráðið skv. ályktun Alþingis 19. desember 1985. Gildir kosningin þar til ný kosning hefur farið fram á næsta reglulega Alþingi.

4. Kosning þriggja yfirskoðunarmanna ríkisreikninga 1994, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 43. gr. stjórnarskrárinnar.

5. Lánsfjárlög 1995, stjfrv., 3. mál, þskj. 508, brtt. 509. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)

6. Brunatryggingar, stjfrv., 240. mál, þskj. 281, nál. 397. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

7. Ráðstafanir í ríkisfjármálum 1995, stjfrv., 278. mál, þskj. 345, nál. 452, brtt. 451. — 2. umr.

8. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 290. mál, þskj. 363, nál. 476, brtt. 477. — 2. umr.

9. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 282. mál, þskj. 349, nál. 506. — 2. umr.

10. Samningur um breytingar á tilteknum samningum EFTA-ríkjanna, stjtill., 304. mál, þskj. 409, nál. 462, brtt. 463. — Síðari umr.

Fjarvistarleyfi:

Árni M. Mathiesen, 3. þm. Reykn.,
Halldór Ásgrímsson, 1. þm. Austurl.,
Jón Kristjánsson, 2. þm. Austurl.,
Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, 6. þm. Vestf.,
Rannveig Guðmundsdóttir félmrh.

Athugasemdir um störf þingsins.

Ábyrgð á láni til Silfurlax hf.

[13:06]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Rétt fyrir kl. 10 í gærkvöldi var lögð fram brtt. við frv. til lánsfjárlaga um að heimila fjmrh. að ábyrgjast sjálfskuldarábyrgð lántöku Silfurlax hf. allt að 50 millj. kr. gegn skilyrðum sem fjmrh. og landbrh. setja. Um þetta mál urðu miklar umræður í nótt og lögð var á það áhersla að umræðunni lyki sem og gert var um það bil kl. 4.30 í morgun. Það var upplýst í umræðunni að ætlunin væri að taka veð í afla ársins 1996 til þess að tryggja þær 50 millj. sem tillagan felur í sér.

Nú hefur mér borist í hendur í morgun afrit af dómi Hæstaréttar frá 16. júní sl. í máli Íslandsbanka hf. gegn Sundagörðum hf. og þrotabúi Vogalax hf. Þessi dómur Hæstaréttar frá 16. júní felur það í sér að hafbeitarlax sé ekki eldisfiskur sem veðsetja má til fjögurra

ára, heldur skuli hann vera afli í merkingu 4. mgr. 4. gr. veðlaga, nr. 18/1987, sbr. 1. gr. laga nr. 43/1986, sbr. 14. gr. laga. nr. 9/1989. Þess vegna megi eingöngu veðsetja hafbeitarlax sem afla til eins árs.

Ég vil þess vegna, virðulegi forseti, beina þeirri ósk til hæstv. fjmrh. að áður en Alþingi greiðir atkvæði síðar í dag skv. 5. dagskrárlið þessa fundar um þessa brtt. þá verði það upplýst af hálfu fjmrh. hvort það hafi verið kannað alveg ótvírætt að þessi brtt. sé ekki brot á hæstaréttardómi frá 16. júní sl. í ljósi þess að taka á veð í afla ársins 1996 sem samkvæmt dómnum er óheimilt. Mér virðist þess vegna blasa við að þessi hæstaréttardómur feli í sér að fjmrh. og landbrh. hafi ekki heimild samkvæmt dómi Hæstaréttar til þess að taka það veð fyrir þessum 50 millj. kr. sem lýst var hér í nótt að ætlunin væri að gera. Ég óska þess vegna eftir því, virðulegi forseti, að þetta verði upplýst svo að þingheimur fái í hendur tryggingu fyrir því að grundvöllur tillögunnar brjóti ekki í bága við nýlegan dóm Hæstaréttar.

[13:09]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Mér hefur eðlilega ekki gefist kostur til þess að kynna mér þessa nýju ástæðu sem hér er nefnd til sögunnar en ég bendi á að sú brtt. sem liggur fyrir er á þessa leið með leyfi forseta:

„Fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lántöku Silfurlax hf. allt að 50 millj. kr. gegn skilyrðum sem fjmrh. og landbrh. setja."

Samkvæmt brtt. er einungis um að ræða að í lögum segir að skilyrði skuli sett af fjmrh. og landbrh. Í bréfi til nefndarinnar kemur hins vegar fram að hugmyndin er að taka 1. veðrétt í seiðum og hafbeitarlaxi félagsins og því er þar lýst, eins og vandlega hefur komið fram í umræðunum, hvernig hugmyndin er að tryggingar verði settar.

Þetta mál hefur verið undirbúið og skoðað af embættismönnum en að sjálfsögðu verður þess gætt að ekki verði farið öðruvísi að en lög heimila og er sjálfsagt að kynna sér það í alla staði og fara að þeim enda liggur það í hlutarins eðli.

Ég vil taka það fram og það hefur reyndar komið fram í umræðunum líka að það eru sett mjög ströng skilyrði fyrir félagið. Hluthafarnir þurfa að leggja fram verulega fjármuni. Það er alls óvíst hvort af þessu getur orðið en þessum ströngu skilyrðum sem sett verða verður auðvitað fylgt eftir. Ég vil láta það koma fram að það verður að sjálfsögðu farið að þessu með löglegum og lögmætum hætti. Ég sé því ekki ástæðu til að tefja atkvæðagreiðsluna af þeirri ástæðu sem hér hefur verið nefnd til sögu.

[13:12]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Vitaskuld er það góðra gjalda vert að vilja hjálpa þessu fyrirtæki eða eigendum þess jafnvel þó að komið hafi fram að þeir séu ekki örsnauðir menn. Hitt finnst mér bera vott um æðimikla hugkvæmni að láta sér detta í hug að taka veð í hafbeitarlaxi sem kunni að slæðast til baka 1996. Út af fyrir sig finnst mér það mikil hugkvæmni að láta sér detta þetta í hug, sérstaklega þegar það kemur nú í ljós að þessi hafbeitarlax er ekki veðhæfur og hefur meira að segja gengið um það hæstaréttardómur. Þetta allt saman fer nú að minna mig á afgreiðslu sem skeði hér fyrir mörgum árum varðandi gullskipið og leitina að því.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti biður um að menn haldi sig við að ræða störf þingsins undir þessum dagskrárlið.

[13:13]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Ég tel mig fyllilega halda mig við þann efnisþátt sem snýr að störfum þingsins vegna þess að við stöndum hér frammi fyrir því hvort á að fara að greiða atkvæði um tillögu sem samkvæmt þeim forsendum sem kynntar voru í nótt brýtur gegn dómi Hæstaréttar frá 16. júní sl. Ef sá skilningur sem ég hef lýst á dómi Hæstaréttar er réttur, og ég hef enga ástæðu til þess að draga það í efa að hafbeitarlax sé ekki eldisfiskur heldur afli í skilningi veðlaganna og því megi eingöngu veðsetja hann til eins árs, þá er alveg ljóst að það er ekki hægt að veita þessa 50 millj. kr. ábyrgð á árinu 1995. Tillagan gengur ekki upp, hæstv. fjmrh., samkvæmt dómi Hæstaréttar. Það er í sjálfu sér fullkomlega út í hött að fara að samþykkja hér heimild til fjmrh. um sjálfskuldarábyrgð sem ekki stenst fyrr en í fyrsta lagi með lánsfjárlögum sem verða afgreidd á næsta ári fyrir árið 1996 því að það var upplýst af ábyrgum aðilum í nótt að afli ársins 1995 er að fullu veðsettur. Það er ekkert svigrúm fyrir veðtöku í afla næsta árs.

Þess vegna tel ég, virðulegi fjmrh., sérstaklega þegar fjmrh. hefur upplýst að honum var ekki kunnugt um þennan hæstaréttardóm, að málið verði skoðað nánar áður en atkvæðagreiðslan fer fram. Umræðu er lokið og það er engin ástæða til að ætla annað en atkvæðagreiðslan fari fram annaðhvort síðar í dag eða áður en þingi lýkur, en ég vona að hæstv. fjmrh. skilji að það er nauðsynlegt að hann kynni sér þetta mál og geti upplýst það nánar í þingsalnum áður en atkvæðagreiðslan fer fram því að það er ekki sómi þingsins að samþykkja tillögu sem brýtur gegn dómi Hæstaréttar.

Ég vil svo að lokum, virðulegi forseti, spyrjast fyrir um það, sem mér var ekki ljóst þegar ég kom upp áðan, hvort það er heimilt samkvæmt þingsköpum að breyta flutningsmönnum brtt. eftir að umræðum lýkur. Hér hefur verið prentað upp þingskjalið með brtt. frá því sem það var í alla nótt þar til umræðu lauk en breytingin felur það í sér að einn af flm., hv. þm. Guðjón Guðmundsson, er ekki lengur flm. Ég vil spyrja hæstv. forseta að því: Er hægt að breyta þannig brtt. eftir að umræðu er lokið?

[13:16]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson):

Virðulegi forseti. Ég vil vekja athygli á því að hér er einungis um heimild að ræða og menn fara ekki að beita heimild með ólögmætum hætti. Hins vegar veit ég það af kynnum mínum við hæstv. fyrrv. fjmrh. að honum gengur það eitt til að tryggja það að fjármagni

ríkisins verði varið sem best og tryggast. Það er rætt um það að taka veð líka í seiðunum. Hér er um að ræða fyrirtæki sem ég held að ég fari rétt með þegar ég segi að framleiði um það bil 3 millj. seiða. Það er því alveg ljóst að 50 millj. tryggðar með 1. veðrétti í seiðunum gerir margfalt það að dekka þetta fjármagn. Ég held að það ætti að friða hv. þm. og færa hann í öruggan sann um að það er ekki verið að sólunda fé ríkisins með þeim hætti sem mér fannst liggja í orðum hv. þm.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Varðandi fyrirspurn sem hv. 8. þm. Reykn. beindi til forseta þá getur forseti svarað því að það er ekkert sem bannar að þingmaður dragi nafn sitt út af brtt. þegar það hefur komist þangað vegna misskilnings og þingskjalið prentað upp sem iðulega gerist eins og hv. þingmenn vita. Þingskjöl eru prentuð upp ef það þarf að leiðrétta einhver atriði.

[13:18]

Matthías Bjarnason:

Virðulegi forseti. Þessar umræður um störf þingsins hafa verið alleinkennilegar og síðasta ræða sem hæstv. umhvrh. flutti um lögmæti þess að lána út á hafbeitarfisk sem kann að koma til skila á árinu 1996 kemur mér undarlega fyrir sjónir af jafngagnmenntuðum manni og hann er. En ég spyr svo aftur í leiðinni og það skiptir máli fyrst störf þingsins eru komin út í þetta: Er þá réttlætanlegt að stærsta lánastofnun þjóðarinnar neiti algerlega um lán út á fisk sem er öruggur í kerum? Finnst umhvrh. það vera alveg sjálfsagður hlutur?

Kosning sjö fulltrúa og jafnmargra varafulltrúa úr hópi þingmanna í Norðurlandaráð, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. þingsályktun frá 15. desember 1961 um kjör fulltrúa í Norðurlandaráð, sbr. þingsályktun frá 3. desember 1969 og þingsályktun frá 17. nóvember 1983 um fullgildingu samkomulags um breytingu á samstarfssamningi Norðurlanda. Gildir kosningin þar til ný kosning hefur farið fram á næsta reglulega Alþingi.

[13:20]

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram tveir listar með jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosin væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:
Geir H. Haarde (A),
Halldór Ásgrímsson (B),
Árni M. Mathiesen (A),
Kristín Einarsdóttir (B),
Guðmundur Árni Stefánsson (A),
Sigríður A. Þórðardóttir (A),
Hjörleifur Guttormsson (B).

Varamenn:
Sturla Böðvarsson (A),
Valgerður Sverrisdóttir (B),
Árni Johnsen (A),
Jóna Valgerður Kristjánsdóttir (B),
Petrína Baldursdóttir (A),
Ingi Björn Albertsson (A),
Svavar Gestsson (B).

Kosning þriggja manna í síldarútvegsnefnd og jafnmargra varamanna, allra til þriggja ára, frá 1. janúar 1995 til 31. desember 1997, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 1. gr. laga nr. 54 2. maí 1968, um breytingar á lögum nr. 62 21. apríl 1962, um síldarútvegsnefnd og útflutning saltaðrar síldar.

[13:22]

Fram komu tveir listar sem á voru jafnmörg nöfn samtals og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:
Gunnar Flóvenz, fyrrv. framkvæmdastjóri, Kópavogi, (A),
Hermann Hansson (B),
Egill Guðlaugsson framkvæmdastjóri, Egilsstöðum, (A).

Varamenn:
Guðmundur Karlsson framkvæmdastjóri, Reykjavík, (A),
Þorleifur Björgvinsson (B),
Þór Vilhjálmsson verkstjóri, Vestmannaeyjum, (A).

Kosning eins fulltrúa hvers þingflokks og jafnmargra varafulltrúa úr hópi alþingismanna í Vestnorræna þingmannaráðið skv. ályktun Alþingis 19. desember 1985. Gildir kosningin þar til ný kosning hefur farið fram á næsta reglulega Alþingi.

[13:24]

Fram komu tveir listar sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosin væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:
Árni Johnsen (A),
Ingibjörg Pálmadóttir (B),
Petrína Baldursdóttir (A),
Jóna Valgerður Kristjánsdóttir (B),
Steingrímur J. Sigfússon (B).

Varamenn:
Guðmundur Hallvarðsson (A),
Valgerður Sverrisdóttir (B),
Sigbjörn Gunnarsson (A),

Anna Ólafsdóttir Björnsson (B),
Margrét Frímannsdóttir (B).

Kosning þriggja yfirskoðunarmanna ríkisreikninga 1994, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 43. gr. stjórnarskrárinnar.

[13:26]

Fram komu tveir listar sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvæðagreiðslu:

Pálmi Jónsson alþingismaður (A),
Svavar Gestsson alþingismaður (B),
Birgir Dýrfjörð rafvirki (A).

[Fundarhlé. — 13:28]

Útbýting þingskjals:

Tekjuskattur og eignarskattur, 290. mál, brtt. JóhS, þskj. 511.

Lánsfjárlög 1995, frh. 3. umr.

Stjfrv., 3. mál. — Þskj. 508, brtt. 509.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:45]

Brtt. 509,1 samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GunnS, HBl, HjálmJ, IBA, JBH, LMR, ÓE, PBald, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

23 þm. (AÓB, FI, GB, GÁ, GJH, GHelg, HG, IP, JE, JóhS, JGS, KHG, KÁ, KE, MF, MB, ÓRG, PP, PBj, RA, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ÁMM, EKJ, HÁ, JÁ, JHelg, JónK, JVK, RG, SighB, StG) fjarstaddir.

Brtt. 509,2 samþ. með 30:2 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GunnS, HBl, HjálmJ, IBA, JBH, LMR, ÓE, PBald, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: GHelg, KÁ.

21 þm. (AÓB, FI, GB, GÁ, GJH, HG, IP, JE, JóhS, JGS, KHG, KE, MF, MB, ÓRG, PP, PBj, RA, SJS, SvG, VS) greiddi ekki atkv.

10 þm. (ÁMM, EKJ, HÁ, JÁ, JHelg, JónK, JVK, RG, SighB, StG) fjarstaddir.

Brtt. 509,3 samþ. með 24:20 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GE, GHall, GÁS, GunnS, HBl, JBH, LMR, ÓE, HjálmJ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS, ÁJ, BBj, DO, EgJ, FrS, GHH, SalÞ.

nei: GÁ, GJH, GHelg, HG, IBA, JE, JóhS, KHG, KÁ, KE, MB, ÓRG, PBj, PP, SvG, AÓB, EH, EKG, EKJ, FI.

10 þm. (GuðjG, GB, IP, JGS, MF, PBald, RA, SJS, VS, ÁRÁ) greiddu ekki atkv.

9 þm. (HÁ, JÁ, JHelg, JónK, JVK, RG, SighB, StG, ÁMM) fjarstaddir.

12 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:47]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Þessi till. sem er seint fram komin við 3. umr. um frv. til lánsfjárlaga hefur vakið mikið umtal og undrun og í vaxandi mæli eftir því sem komið hefur í ljós hvernig að þessu máli er staðið. Ég tel það mál út af fyrir sig að fara efnislega yfir málefni fiskeldisstöðva í landinu, hafbeitar sem annarra, og meta það hvort réttmætt sé að veita stuðning, m.a. með ríkisábyrgð ef svo ber undir. Ég tel hins vegar með öllu óeðlilegt að þannig sé staðið að máli eins og hér er gert, eitt fyrirtæki tekið út úr, vísað til veða eftir fleiri ár í óvissum afla og síðan upplýsinga sem hafa komið fram um það að öll þessi málafylgja öll stangast á við hæstaréttardóm. Ég segi því nei.

[13:49]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Það kom fram í ræðu minni um málið í gær að ég tel að það séu út af fyrir sig efnisleg rök fyrir því að styðja við bakið á þeim tilraunum sem enn eru í gangi í hafbeit hér á landi. Ég hafði hins vegar í umfjöllun nefndarinnar fyrirvara á þeim leiðum sem væru valdar og hefði talið að það væri á margan hátt eðlilegra að styrkur ríkisins færi í gegnum aðrar leiðir en lánsfjárlög. Hitt er svo annað mál að málsmeðferð stjórnarflokkanna á þessu máli er þannig að mér er ómögulegt að styðja tillöguna og ég minni m.a. á það að í gær kom yfirlýsing frá hæstv. fjmrh. þess efnis að hér væri um að ræða stjórnartillögu og því hlýtur stjórnarmeirihlutinn að bera á þessu ábyrgð. Hins vegar væri fullkomlega óheiðarlegt af minni hálfu gagnvart meðnefndarmönnum í efh.- og viðskn. ef ég færi á þessu stigi að greiða atkvæði gegn málinu og ég greiði því ekki atkvæði.

[13:50]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Við meðferð og könnun þessa máls í hv. efh.- og viðskn. í gær kom í ljós að ýmis rök mæla með aðstoð við fyrirtækið Silfurlax en það verður að segjast eins og er að hér hefur verið þannig að málum staðið og flýtirinn sem er á þessu og það sem komið hefur í ljós í umræðunni sem fer fram er þannig að ekki verður við unað. Ég treysti mér ekki til þess að styðja tillöguna og ég ætla meira að segja að ganga lengra, ég segi nei.

[13:51]

Matthías Bjarnason:

Virðulegi forseti. Tillagan er fram borin af fjórum fulltrúum sem eru nú reyndar orðnir þrír í efh.- og viðskn. nokkrum mínútum áður en 3. umr. um lánsfjárlög hófst. Ég hef alltaf verið hlynntur fiskeldi og ekki ráðist að stjórnvöldum þegar þau hafa sýnt skilning á þeim málum eins og allar fiskveiðiþjóðir hafa gert. Hins vegar gagnrýni ég harðlega að fyrirtækjum sé

mismunað eins og þegar Landsbanki Íslands gerði vel reknu fyrirtæki, Þórslaxi í Tálknafirði, óbærilegt að starfa áfram og rak það í gjaldþrot. Fyrirtækið er að verulegu leyti í eigu útlendinga og virðist ríkisstjórnin gera mikinn mun á því hvort um er að ræða íslenskt framtak eða erlent. Þessu órétttlæti mótmæli ég og segi nei.

[13:53]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Þótt þetta mál hafi borist landbrn. fyrir tveimur mánuðum og ríkisstjórnin tekið afstöðu í málinu fyrir allnokkru er engu að síður haldið þannig á þessu máli að á það var ekki minnst fyrr en 3. umr. var að hefjast seint í gærkvöldi. Það hefur á engan hátt gefist tækifæri í umfjöllun í þinginu til þess að skoða til hlítar samhengi þessarar tillögu við þau örlög sem önnur fiskeldisfyrirtæki eru að hljóta í landinu. Þess vegna blasir alveg skýrt við að verði þessi tillaga samþykkt hér og nú er fiskeldisfyrirtækjum á Íslandi mismunað með óverjandi hætti. Ekki er hægt að samþykkja slíka mismunun. Og enn síður er hægt að samþykkja þessa tillögu þegar upplýst hefur verið að fyrir liggur hæstaréttardómur frá í sumar sem bannar þá veðatöku sem upplýst var í nótt að væri grundvöllur tillögunnar. Ég segi nei.

[13:54]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Þar sem veðtaka í fiski, sem e.t.v. kann að skila sér 1996, er að mínu mati næsta hæpin og þar hæstaréttardómur hefur gengið sem telur hliðstæð veð ekki gild þá segi ég nei.

[13:55]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég lét koma fram í efh.- og viðskn. í gær og eins í umræðum í gærkvöld að ég teldi rétt að reyna að koma með einhverjum hætti til aðstoðar þessu fyrirtæki eins og öðrum hafbeitar- og fiskeldisfyrirtækjum í landinu sem ættu sér lífs von. Ég hef verið og er þeirrar skoðunar að rétt væri að reyna að fleyta einhverjum hópi lífvænlegra fyrirtækja í þessari atvinnugrein í gegnum þá erfiðleika sem þau berjast við.

Hins vegar verður að segja eins og er að sú aðferð sem hér er lögð til í þessum efnum og hvernig þetta mál hefur þróast og að því verið staðið gerir það að verkum að ég treysti mér ekki til að greiða tillögunni atkvæði eins og hún er hér fram borin. Ég vil hins vegar ekki leggja stein í götu þess að reynt verði að aðstoða þetta fyrirtæki og hefði gjarnan viljað geta stutt það eins og ég hefði gjarnan viljað og vil styðja önnur sambærileg tilvik þar sem um lífvænleg fyrirtæki er vonandi að ræða sem gætu átt sér framtíð í þessari grein. Ég á því ekki annan kost en að sitja hjá við þessa atkvæðagreiðslu og greiði ekki atkvæði.

[13:57]

Sturla Böðvarsson:

Hæstv. forseti. Ríkisábyrgð til eins félags í fiskeldi hlýtur að valda deilum. Hér er hins vegar um að ræða mjög stórt tilraunaverkefni á sviði hafbeitar sem er mikilvægt að ljúka. Eigendur munu leggja fram verulegar fjárhæðir til að halda verkefninu áfram og ábyrgð verður ekki veitt nema að uppfylltum skilyrðum sem landbrh. og fjmrh. munu setja. Ég segi því já.

[13:57]

Vilhjálmur Egilsson:

Virðulegi forseti. Það er ekki hægt að segja að þetta fyrirtæki sem starfar í fiskeldi eða hafbeit hafi verið þurftafrekt á opinbert fé eða opinbera aðstoð á sínum starfstíma. Eigendur þess hafa tapað stórum fjármunum á starfsemi þess. Ég held líka að ef við tökum tillit til þess verkefnis sem nú er í gangi á vegum þessa fyrirtækis og þeirra tilrauna sem verið er að gera þar með hafbeit og líka til þess að eigendur fyrirtækisins eru að leggja mjög mikið af mörkum til þessara tilrauna umfram það sem er búist við að einkafyrirtæki yfirleitt geri þá tel ég réttlætanlegt í þessu tilfelli að gera þessa hluti. Þetta mál hefur ekki borið svo mikið öðruvísi að en mörg önnur sem koma af þessum toga við lokaafgreiðslu fjárlaga og lánsfjárlaga. Því segi ég já.

[13:59]

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Ég er mikill stuðningsmaður fiskeldis landinu og tel að fiskeldi eigi mikla framtíð fyrir sér. Ég tel þess vegna að sú tillaga sem hér er fram lögð sé fordæmisgefandi, hún sé einungis fyrsta sporið í þá veru að ganga til liðs við þessi fiskeldisfyrirtæki. Undir öðrum kringumstæðum væri þessi tillaga þingleg óhæfa. Þess vegna segi ég já.

[14:00]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Hér er verið að taka ákvörðun um hvort veita skuli fyrirgreiðslu til tiltekins fyrirtækis í fiskeldi. Sagt hefur verið að þetta fyrirtæki hafi sérstöðu. Vissulega hefur fyrirtækið sérstöðu líkt og öll fyrirtæki í fiskeldi hafa sína sérstöðu. Ég vek t.d. athygli á að alls ekki er um að ræða einu hafbeitarstöðina í fiskeldi á Íslandi. Ég ræddi þetta mál ítarlega efnislega í nótt og þarf í sjálfu sér engu við að bæta. Þar rakti ég m.a. hvernig fyrirtækjum í þessari grein hefur verið og er mismunað. Spurningin sem við þurfum að svara er einfaldlega þessi: Er jafnræðis gætt á milli fyrirtækja ef við afgreiðum þessari tillögu jákvætt? Þessari spurningu er einungis hægt að svara með fleygum orðum: Svo er ekki. Ég segi því nei.

[14:01]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Fyrir jól kynnti landbrh. fulltrúum allra þingflokka þessa tillögu þannig að hún átti að vera mönnum kunn. Verði tillagan samþykkt þá verður heimildin að sjálfsögðu aðeins notuð að lögmæt skilyrði séu fyrir hendi. Samkvæmt áætlunum fyrirtækisins sjálfs verða sölutekjur á næsta ári 180 millj. kr. en þær voru tæplega 90 millj. í ár þegar alger brestur varð á heimtu. Eigendur áætla að færa núverandi hlutafé úr 480 millj. í 240, fá afskrifaðar lána- og skuldbindingar upp á 440 millj., að 340 millj. verði breytt í hlutafé og nýtt hlutafé til fjármögnunar verði 230 millj. kr.

Sérstaða þessa fyrirtækis er talin vera sú rann-

sókna- og tilraunastarfsemi í hafbeit sem unnin er í samstarfi við Stofnfisk hf., rannsóknafyrirtæki ríkisins. Að öllu samanlögðu segi ég að sjálfsögðu já.

Frv., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, FrS, GHH, GE, GHall, GÁS, GunnS, HBl, HjálmJ, IBA, JBH, LMR, ÓE, ÓRG, PBald, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

25 þm. (AÓB, EH, EKJ, FI, GuðjG, GB, GÁ, GJH, GHelg, HG, IP, JE, JóhS, JGS, KHG, KÁ, KE, MF, MB, PP, PBj, RA, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

9 þm. (ÁMM, HÁ, JÁ, JHelg, JónK, JVK, RG, SighB, StG) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 516).

Brunatryggingar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 240. mál (umsýslugjald o.fl.). — Þskj. 281, nál. 397.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:10]

1. gr. a–c-liðir samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GunnS, HBl, HjálmJ, IBA, IP, JGS, JBH, LMR, MF, ÓE, PBald, PBj, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

15 þm. (AÓB, GÁ, GJH, HG, JE, JóhS, KHG, KÁ, KE, MB, ÓRG, PP, RA, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ÁMM, GHelg, HÁ, JÁ, JHelg, JónK, JVK, RG, SighB, StG) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:10]

Guðrún J. Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Þegar þetta mál var til umræðu og afgreiðslu í heilbr.- og trn. sem ég sit í hafði ég miklar efasemdir og skrifaði undir nefndarálitið sem hér fylgir með fyrirvara. Efasemdir mínar hafa aukist eftir því sem frá hefur liðið og ég hugsað meira um þetta mál og fengið fleiri hliðar á málum og gögn í málunum. Ég mun því sitja hjá við afgreiðslu þessa frv. í þeirri von og ósk að málið verði aftur tekið upp í heilbr.- og trn. áður en það kemur til 3. umr. í þinginu.

1. gr. d-liður samþ. með 35:14 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GunnS, HBl, HjálmJ, IP, JGS, JBH, LMR, ÓE, PBald, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
nei: AÓB, GÁ, HG, IBA, JE, JóhS, KHG, KÁ, KE, MB, ÓRG, RA, SJS, SvG.

4 þm. (GJH, MF, PP, PBj) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ÁMM, GHelg, HÁ, JÁ, JHelg, JónK, JVK, RG, SighB, StG) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:11]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég greiði atkvæði gegn þessari tillögu í fyrsta lagi vegna þess að ég tel að umsýslugjaldið sé óþarft. Hér er verið að leggja á nýjan skatt sem engin sérstök rök eru fyrir.

Í öðru lagi tel ég að með því að greiða þessu atkvæði séu menn að staðfesta þá lögleysu sem hæstv. heilbrrh. gerði sig sekan um sl. sumar þegar hann gaf út reglugerð um álagningu þessa gjalds án þess að lagaheimild væri fyrir því. Ég tel að það sé óhjákvæmilegt að ræða þetta mál nánar en ég greiði atkvæði gegn þessari tillögu um þennan nýja skatt eins og hún liggur fyrir hér.

[14:12]

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Það er að vísu rétt að með þessu ákvæði er verið að leggja örlítið gjald á fasteignaeigendur í landinu en um leið, og það finnst mér skipta meira máli, er ákveðið að fella niður gjöld sem Fasteignamat ríkisins hefur tekið fyrir útgáfu ýmiss konar vottorða. Þeir sem yfirleitt þurfa á þessum vottorðum Fasteignamats ríkisins að halda eru fólk sem á í nokkrum greiðsluerfiðleikum og þar af leiðandi tel ég að það sé verið að koma að vissu leyti til móts við þennan hóp með því að Fasteignamatið ákveði að fella þetta gjald niður af þeim vottorðum sem það er að gefa út. Stjórnarandstaðan skrifaði undir þetta nefndarálilt með fyrirvara, ekki síst vegna þess hvernig að málinu var staðið í upphafi, þ.e. að hæstv. heilbrrh. gaf út reglugerð sem óvíst var hvort stæðist lög og síðan var komið með þetta frv. inn á Alþingi til að tryggja lagastoð þeirrar reglugerðar. Þrátt fyrir það greiði ég atkvæði með þessu frv.

Brtt. í nál. 397 samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GunnS, HBl, HjálmJ, IBA, IP, JE, JóhS, JGS, JBH, KHG, LMR, MF, ÓE, PBald, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

10 þm. (AÓB, GÁ, GJH, HG, KÁ, KE, MB, ÓRG, PP, RA) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁMM, GHelg, HÁ, JÁ, JHelg, JónK, JVK, PBj, RG, SighB, StG, SJS) fjarstaddir.

2. gr., svo breytt, samþ. með 29:16 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKJ, FI, FrS, GHH, GB, GHall, GÁS, GunnS, HBl, HjálmJ, IP, JGS, JBH, LMR, ÓE, PBald, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
nei: AÓB, GÁ, HG, IBA, JE, JóhS, KHG, KE, MF, MB, ÓRG, PP, PBj, RA, SJS, SvG.

7 þm. (EH, EKG, GuðjG, GJH, KÁ, StB, VS) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁMM, GE, GHelg, HÁ, JÁ, JHelg, JónK, JVK, RG, SighB, StG) fjarstaddir.

6 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:15]

Pétur Bjarnason:

Virðulegi forseti. Ég tel að í ákvæðum 2. gr. þessa frv. þar sem er breyting á 2. mgr. 3. gr. laganna sem heimilar að miðað sé við markaðsverð í stað brunabótamats að frádregnum 15%, sé um verulega mismunun að ræða eftir búsetu manna sem ekki er hægt að fallast á. Menn greiða iðgjöld til tryggingafélaga miðað við brunabótafjárhæð samkvæmt mati og því hljóta bætur að miðast við brunabótaverðmæti hvar sem er á landinu. Við þetta bætist að þar sem markaðsverð er lægst á landinu eru jafnframt dýrastir aðdrættir til bygginga. Ég segi því nei við 2. gr.

[14:16]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Þar eð menn eiga samkvæmt þessari grein misjafnan bótarétt eftir því hvar þeir eiga heima á landinu þótt um hliðstæð tjón sé að ræða þá sé ég ekki að greinin samræmist mannréttindakafla stjórnarskrár þeirrar sem hér er í undirbúningi þar sem lögð er sérstök áhersla á jafnræðisregluna. Ég tel að þessi hugsun sem kemur fram í greininni brjót gegn þeim anda sem er í frv. og þess vegna segi ég nei.

[14:16]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég greiði atkvæði gegn þessari tillögu fyrst og fremst með þeim rökum að í greininni eins og hún lítur út felst herfileg mismunun gagnvart íbúum í landinu. Ég vil einnig láta það koma fram að ég tel að það sé óhjákvæmilegt að þetta frv., m.a. þetta ákvæði þess, verði rætt mjög rækilega við 3. umr. málsins. Málið er algerlega ótækt eins og það lítur út og þess vegna greiði ég atkvæði gegn þessari tillögu eins og hún lítur núna út.

[14:17]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Eins og fleiri hafa gert grein fyrir þá tel ég að það geti engan veginn gengið að lögfesta með skýrum hætti eins og hér er lagt til mismunun af því tagi sem þarna á að innleiða. Það getur ekki staðist að menn greiði áratugum saman fjárhæðir vegna tryggginga miðað við tiltekinn gjaldstofn en eigi svo ekki rétt í vissum tilvikum nema stórlega skertum bótum borið saman við aðra. Lögleiðing slíks misréttis inn í okkar löggjöf hlýtur að orka stórkostlega tvímælis gagnvart jafnréttisákvæðum stjórnarskrár og jafnræðisreglum almennt hvort sem heldur er í mannréttindaákvæðum stjórnarskrár eða annars staðar. Ég held að það sé algerlega óhjákvæmilegt, hæstv. forseti, að það verði athugað mjög rækilega milli umræðna hvort þetta mál er yfir höfuð afgreiðslutækt eins og það er úr garði gert. Ég sé enga knýjandi nauðsyn á að afgreiða þetta mál á þessu þingi og segi því nei.

[14:18]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég skrifaði undir nefndarálit heilbr.- og trn. eins og aðrir stjórnarandstöðuþingmenn með fyrirvara. Minn fyrirvari lýtur fyrst og fremst að 2. gr. þar sem segir:

„Vátryggjanda er heimilt að veita undanþágu frá byggingarskyldu að höfðu samráði við skipulagsyfirvöld gegn því skilyrði að 15% dragist frá bótafjárhæðinni. [...] Hafi ákvörðun verið tekin um að veita undanþágu frá byggingarskyldu og telji vátryggjandi brunabótamat húseignar greinilega hærra en markaðsverð húseignar þá er vátryggjanda heimilt að miða bótafjárhæð við markaðsverð viðkomandi húseignar."

Ég get ekki skilið þessa grein öðruvísi og reyndar hef ég rætt við nokkra lögfræðinga og beðið þá um skýringu á þessu og vegna þess að ég skil þetta þannig að fari húseigandi sjálfur fram á það að byggja annars staðar eða byggja ekki upp á sama stað og húseignin stóð þá sé vátryggjanda heimilt að greiða samkvæmt markaðsverði viðkomandi húseignar auk skilyrðisins að draga 15% frá.

[14:20]

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Það ákvæði sem hér er verið að lögfesta í 2. gr. er ákvæði sem nú er í reglugerð þannig að þetta ákvæði hafi ótvíræða stoð í lögum. Það var ákveðið að setja það inn í þetta lagafrv. Sú breyting sem þarna er gerð er að mínu viti að nokkru leyti réttarbót frá því sem áður var þar sem þeim sem urðu fyrir tjóni var gert skylt, ef þeir vildu fá bætur greiddar eða að það tjón sem þeir yrðu fyrir væri greitt af tryggingafélagi, þá þurfti viðkomandi að reisa íbúð aftur á sama stað og áður hafði verið og var það forsenda fyrir því að menn fengju bæturnar útgreiddar. Það sem verið er að gera með þessu ákvæði hér og setja í lög er að nú er heimilt að víkja frá þessu ákvæði og greiða þeim út sem verða fyrir tjóni, kjósi þeir af einhverjum ástæðum að koma sér upp íbúðarhúsnæði á öðrum stað. Í þessu ákvæði sem hér um ræðir felst því að mínu viti nokkur réttarbót.

3.–5. gr. samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GunnS, HBl, HjálmJ, IBA, IP, JGS, JBH, LMR, MF, ÓE, PBald, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

15 þm. (AÓB, GÁ, GJH, HG, JE, JóhS, KHG, KÁ, KE, MB, ÓRG, PBj, RA, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁMM, EKJ, GHelg, HÁ, JÁ, JHelg, JónK, JVK, PP, RG, SighB, StG) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GunnS, HBl, HjálmJ, IBA, IP, JE, JóhS, JGS, JBH, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PBald, PBj, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

4 þm. (GJH, HG, KHG, RA) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁMM, GHelg, HÁ, JÁ, JHelg, JónK, JVK, PP, RG, SighB, StG) fjarstaddir.

Ráðstafanir í ríkisfjármálum 1995, 2. umr.

Stjfrv., 278. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 345, nál. 452, brtt. 451.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Formaður efh.- og viðskn. hefur óskað eftir því við forseta að úrskurðað verði, áður en umræða hefst, hvort þær brtt. meiri hluta efh.- og viðskn. við frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1995 á þskj. 451, þ.e. 2. tölul. d- og e-liðir, megi koma til umræðu og atkvæðagreiðslu við þessa umræðu. Ástæðan fyrir þessari ósk eru efasemdir innan nefndarinnar um að brtt., sem eru bornar fram að einróma tilmælum heilbr.- og trn., standist 37. gr. þingskapa þar sem segir að lagafrumvarp sé ekki samþykkt til fullnaðar fyrr en það hefur verið rætt við þrjár umræður. Í 44. gr. stjórnarskrárinnar segir að ekkert lagafrv. megi samþykkja fyrr en það hefur verið rætt við þrjár umræður á Alþingi. Auk þeirrar reglu sem í ákvæðunum felst — og er ófrávíkjanleg — hefur greinin verið skilin svo að hún setti því takmörk hversu mikið breyta megi frv. við meðferð þess á Alþingi. „Gerbreyting" frv., þ.e. að því sé efnislega umturnað með brtt. og verði í raun að öðru frv., er þannig óheimil. Því er ekki auðvitað fyrir að fara um áðurgreindar breytingartillögur.

Enn fremur leiðir af þessari grein stjórnarskrárinnar og 37. gr. þingskapa að óheimilt er að setja í frv. við 2. eða 3. umr. ný og sjálfstæð atriði sem eru utan við efnismörk frv. Þegar metið er hvað eru ný og sjálfstæð atriði í þessu sambandi ber að miða við frv. eins og það var lagt fram en ekki þau lög sem þeim er ætlað að breyta.

Spurningin hér er því sú hvort brtt., sem fyrr voru tilgreindar, þ.e. c- og d-liðir 2. tölul. á þskj. 451, séu innan efnismarka frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Forseti telur að svo sé tæpast enda segir í skýringum í nefndaráliti um þessar tillögur að þær séu „tæknilegs eðlis". Í umsögn heilbr.- og trn. í fylgiskjali III í nál. segir að fyrri breytingin miði að því að fá rýmri tíma til að afla frekari tekjuupplýsinga um bótaþega, ekki til þess að hækka bætur eða lækka þær heldur til þess að útreikningur þeirra verði auðveldari. Og síðari tillagan felur í sér að færa útborgun bóta fram um tvo daga. Tillögur þessar verða því ekki taldar til ráðstafana í ríkisfjármálum eins og eðlilegt er að skilja þau orð.

Hins er að gæta að brtt. sem hér um ræðir eru ekki stórvægilegar, raska ekki á neinn hátt meginefni frv., þær eru til hagsbóta þeim sem þeim er ætlað að ná til og jafnframt hefur forseti ástæðu til að ætla að við þessar breytingar sé efnislega almennur stuðningur meðal alþingismanna. Enn fremur ber að nefna að fyrir þremur árum var sambærilegt ákvæði um útborgunardag bóta í stjfrv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum.

Af þessum ástæðum mun forseti úrskurða að brtt. megi koma til umræðu og atkvæðagreiðslu.

Af þessu tilefni vill forseti þó geta þess að með breytingu á skipulagi þingsins, afnámi deildaskiptingarinnar, hlýtur að verða að gera ríkari kröfur um meðferð frumvarpa með hliðsjón af 44. gr. stjórnarskrárinnar og 37. gr. þingskapa. Forseti vill jafnframt beina því til þingmanna og þingnefnda að hafa þetta ákvæði í huga við gerð brtt. og afgreiðslu þingmála. Forseti mun beita sér fyrir því að skrifstofa þingsins gangi frá greinargerð sem send verði þingnefndum og þingmönnum af þessu tilefni þar sem fram komi meginsjónarmið við túlkun þessarar greinar stjórnarskrárinnar og samsvarandi ákvæða 37. gr. þingskapa, svo og leiðbeiningarreglur.

[14:28]

Steingrímur J. Sigfússon *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég fagna því að það hefur verið orðið við ósk okkar um að líta á þessi álitamál og út af fyrir sig einnig forseta fyrir þann úrskurð sem hér hefur verið upp kveðinn, en ég saknaði þess nokkuð að í úrskurði forseta var fyrst og fremst tekið á einu afmörkuðu viðbótarefni brtt. á þskj. 451. Ég ætla ekki að deila við hæstv. forseta um það sem þar var sagt um efni þess hluta brtt. sem lúta að almannatryggingalögunum. Ég hygg að það sé rétt að hvort tveggja sé að breytingarnar séu ekki stórvægilegs eðlis og ekki íþyngjandi og um þær sé sæmileg samstaða og það megi kannski færa slík rök fyrir þeim en þegar á það er litið að brtt. meiri hlutans á þskj. 451 fela í sér að taka inn í þetta frv. ekki aðeins breytingar á einum óskyldum lögum, sem alls ekkert var fjallað um í frv. upphaflega, heldur fjórum og þegar jafngersamlega óskyldir þættir eins og breyting á lögum um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, breyting á ákvæðum um lánslengd útlána Ferðamálasjóðs, breyting á lögum um félagslega aðstoð og síðan áðurnefnd breyting á almannatryggingalögum eru þarna saman á ferð þá verður að segjast alveg eins og er að ég held að farið sé að teygja háskalega á þessum ákvæðum þingskapalaga og stjórnarskrár sem hér var vitnað til.

Ég verð að segja það alveg eins og er, hæstv. forseti, að mér hefði fundist það varlegra og varkárara að leggja til að úr því að um er að ræða svona miklar breytingar á fjórum aðskildum sviðum sem eiga alls ekkert skylt við ráðstafanir í ríkisfjármálum í öllum tilvikum, eru um alls óskyld efni, ýmist stjórnkerfisbreytingar eða lagfæringar tæknilegs eðlis, þá hefði verið eðlilegra að leggja til að flutt yrðu fjögur sjálfstæð frv. sem fengju eðlilega þriggja umræðna meðferð.

Ég geri nokkurn greinarmun á því þó að menn hefðu e.t.v. fallist á að rúm túlkun þessara ákvæða leyfði það að eitt slíkt minni háttar atriði hafi e.t.v. verið tekið með í bandorm af þessu tagi úr því að slíkur á í hlut. Ég held að þetta sé, hæstv. forseti, ákvæði sem menn verða að vanda sig mjög gagnvart. Út af fyrir sig veit ég að hæstv. forseti vill gera það einnig en ég og væntanlega fleiri hljótum að spyrja okkur, hv. þingmenn, inn á hvaða braut erum við að halda? Hvar endar það ef í vaxandi mæli ár frá ári er heimilað að taka inn algerlega óskylda efnisþætti í frumvörp á lokastigi afgreiðslu þeirra og stytta þar með leið slíkra hluta í gegnum þingið, jafnvel niður í eina umræðu? Auðvitað verðum við að vera á verði gagnvart því, hæstv. forseti, að leiðast ekki út á slíka óheillabraut.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill taka fram að sá úrskurður sem hefur hér verið kveðinn upp er byggður á þeirri beiðni sem barst forseta. Forseti getur, vegna orða hv. 4. þm. Norðurl. e., bætt því við að það er óheimilt að setja í frv. við 2. eða 3. umr. ný og sjálfstæð atriði sem eru utan við efnismörk frv. Það er því andstætt þessum skilningi að setja við 2. umr. — og enn síður við 3. umr. — inn í svokallaða bandorma, þ.e. frv. um breytingu á ýmsum lögum, nýja kafla sem oftast má jafna til sjálfstæðra frumvarpa nema þeir séu efnislega af sama tagi og aðrir kaflar frv. Í þeim brtt. sem liggja fyrir á þskj. 451 eru t.d. gerðar tillögur um fjóra nýja kafla í frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1995. Þótt lagasmíð af þessu tagi sé sannarlega ekki til fyrirmyndar sýnist forseta að meginefni þessara kafla sé innan efnismarka frv., þ.e. fjalli um ráðstafanir í ríkisfjármálum, hafi með öðrum orðum áhrif á afkomu ríkissjóðs. Þess vegna er það úrskurður forseta að þessi atriði megi koma til umræðu.

[14:33]

Finnur Ingólfsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að deila við hæstv. forseta um þennan úrskurð en einhvern veginn finnst mér af því sem forseti hefur hér lesið að efnistökin séu þau að þetta hefði átt að úrskurða með öðrum hætti en forseti hefur gert. Úrskurð sinn finnst mér forseti kannski fyrst og fremst byggja á því að góð samstaða sé um málið í efh.- og viðskn. og heilbr.- og trn. Það er rétt hjá hæstv. forseta að það var samstaða um brtt. frá heilbr.- og trn. til efhn. um breytingar á almannatryggingalögunum, en menn verða að hafa það í huga að í efh.- og viðskn. voru síðan gerðar breytingar við tillögur heilbr.- og trn. Ef þær hefðu farið frá hv. heilbr.- og trn. til efn.- og viðskn. eins og þær liggja nú fyrir eftir breytingar efh.- og viðskn. þá er allsendis óljóst hvort um þessar tillögur hefði orðið sú samstaða er var eins og þær lágu þá fyrir. Mér finnst því að það þurfi að skoða þennan úrskurð í þessu ljósi ekki síst.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti hefur gefið sinn úrskurð og mun ekki ræða það frekar.

[14:35]

Hjörleifur Guttormsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegur forseti. Það var eitt atriði í úrskurði forseta sem ég vildi koma á framfæri ábendingu varðandi. Það er spurningin um hvort það sé eðlilegt að vera að leggja mat á efni máls í þessu sambandi og líklegan vilja meiri hluta þings. Ég held að það sé miklu tryggara að láta í raun form gilda í þessu efni alveg ótvírætt en ekki slík huglæg ákvæði eða vera að leggja mat á hvort það sé eðlilegt að víkja frá því sem sé meginregla. Þetta finnst mér að þyrfti að athuga frekar við athugun málsins.

Ég undrast það nokkuð að þessi umræða og beiðni um úrskurð og álitamálin honum tengd skuli ekki hafa komið til umræðu í þingflokkum og vil inna hæstv. forseta eftir því hvort mál þetta hafi verið rætt og kynnt í forsætisnefnd Alþingis áður en úrskurður var upp kveðinn.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Nei, það hefur ekki verið þar. Það er forseta að úrskurða þetta, ekki forsætisnefndar.

[14:36]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Kristín Ástgeirsdóttir) *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Á undanförnum dögum, bæði fyrir jól og nú þessa daga sem við höfum verið hér milli jóla og nýárs hafa verið gerðar miklar athugasemdir við vinnubrögð, m.a. urðu miklar umræður í nótt vegna tillögu sem tekin var upp milli 2. og 3. umr. um lánsfjárlög. Með því sem hér er til umræðu, þ.e. frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum, er verið að fara inn á sömu braut. Það er verið að taka upp alls óskyld mál í brtt. og það verður að segjast eins og er að þær tillögur sem hér eru hafa fengið álíka umræður og aðrar tillögur sem við höfum fengið inn á okkar borð í hv. efh.- og viðskn.

Ég lít þannig á að hér sé um allsendis óskyld mál að ræða, tilmæli um að koma á ákveðnum lagabreytingum sem koma ráðstöfunum í ríkisfjármálum ekkert við. Þær breytingar sem hér er verið að gera á almannatryggingalögunum koma ráðstöfunum í ríkisfjármálum ekki nokkurn skapaðan hlut við. Mér finnst hið sama gilda um tillögu um breytingu á lögum um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum þar sem um er að ræða ákveðna gjaldtöku til að standa straum af ákveðnum kostnaði sem neytendur eða þeir sem fá þessa þjónustu greiða og ég get ekki séð að þetta komi ráðstöfunum í ríkisfjármálum nokkurn skapaðan hlut við. Ég efast um að þetta komi nokkurs staðar fram í fjárlögum.

Ég held því að hér sé verið að fara inn á mjög hæpnar brautir og ef það á að ganga svona ár eftir ár að menn kippi inn nýjum og nýjum málum við 2. og 3. umr. þá veit ég ekki hvar við endum. Það stendur í íslensku stjórnarskránni hvernig farið skuli með lagafrumvörp og ég sætti mig ekki við þessa málsmeðferð.

[14:39]

Guðrún Helgadóttir *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég hlýt að lýsa þeirri skoðun minni að eðlilegt hefði verið að leita ráða hjá forsætisnefnd þar sem þar eru aðilar sem allnokkrum sinnum fengust við að skera úr um svona hluti. Ég tel að niðurstaða forseta sé röng.

Hér er um að ræða algerlega ný atriði sem ekki voru í hinu fyrra frv. og ég ætla að taka dæmi af því að ég veit að fæstir hér inni vita og þekkja það mál. Með skerðingu á uppbót á lífeyri vegna húsaleigubóta missir fólk fyrri uppbót sína. Það missir ekki bara hana, það missir ...

(**Forseti** (SalÞ): Ég bið hv. þm. að halda sig við fundarstjórn forseta.)

Já, ég hlýt að upplýsa, ég er að sanna mál mitt, virðulegi forseti, að þessi úrskurður var rangur því að hér er nýtt atriði á ferð. Þetta fólk mun einnig missa

rétt til ókeypis afnotagjalda af útvarpi og sjónvarpi og ég vil spyrja hv. þm.: Hversu margir áttuðu sig á þessu? Ég er með sönnun fyrir þessu frá Tryggingastofnun ríkisins sem staðfestir þennan grun minn. Hér er algerlega nýtt atriði sem enginn hefur rætt enda enginn um vitað og ég er satt að segja að verða dálítið þreytt á því að þurfa að standa hér upp hvað eftir annað til að upplýsa hv. þingheim um innihald þess sem menn eru að greiða atkvæði um. Ég tel þess vegna að það sé alveg útilokað að hafa þetta ákvæði varðandi breytingar á almannatryggingalögum inni. Það krefst þriggja umræðna svo sannarlega ef menn ætla ekki að ganga að gamla fólkinu og öryrkjunum og svipta það rétti til ókeypis útvarps og sjónvarps.

[14:41]

Matthías Bjarnason *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Í fyrsta lagi geri ég athugasemdir við það frumvarpsform sem er kallað meðal þingmanna bandormur og allir hafa lofað því að hætta við þennan skapnað en það er alltaf bætt við. Nú nær þetta frumvarpsform aðeins til ráðstafana í ríkisfjármálum á næsta ári, árinu 1995. Ég spyr hæstv. forseta varðandi 8. og 9. gr. frv.: Nær þessi breyting á lögum um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda á flugmálum aðeins til þessa eina árs sem ráðstafanir í ríkisfjármálum gera ráð fyrir eða er hér verið á laumulegan hátt að breyta lögum til frambúðar? Ég tel að þetta sé ólöglegt í alla staði, ef þessi skilningur er og það hefði þá vantað að taka inn að þessi breyting gildi aðeins á því ári sem ráðstafanir í ríkisfjármál gilda. Hér er ekkert talað um slíkt og því beini ég þeirri fyrirspurn til hæstv. forseta hvort það sé hans skilningur, forsetans, að þetta eigi að gilda um eitt ár eða þetta sé endanleg breyting á þessum lögum.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti getur ekki svarað svona fyrirspurn héðan úr forsetastóli á þessari stundu.

[14:43]

Steingrímur J. Sigfússon *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég tel rétt að upplýsa að þegar efh.- og viðskn. ákvað að óska eftir úrskurði forseta í þessu máli þá lá einungis fyrir áform um að breyta ákvæðum almannatryggingalaganna. Það er jafnframt okkar skilningur í efh.- og viðskn., a.m.k. minni hlutans, að brtt., þskj., yrði ekki lagt fram fyrr en úrskurður forseta lægi fyrir. Þess vegna hlýt ég sömuleiðis að láta það koma fram og nota tækifærið til að mótmæla því að engu að síður skyldi þskj. verða útbúið og dreift hér þar sem ekki aðeins einum nýjum óskyldum lagakafla er bætt inn í bandorminn heldur fjórum.

Í öðru lagi, hæstv. forseti, er ekki hægt með neinum efnislegum rökum að sýna fram á að breytingar á lögum um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum komi ráðstöfunum í ríkisfjármálum við. Staðreyndin er sú að hér er á ferðinni kerfisbreyting varðandi þetta mál sem er algerlega óviðkomandi ríkissjóði vegna þess að þessir fjármunir koma ekki við ríkissjóð og hafa ekki komið við ríkissjóð. (**MB:** En ef um almenna slátrun er að ræða?) Það er hins vegar annað mál ef ætti að slátra landsmönnum almennt eða þingmönnum og öðru slíku, þá gæti það komið við á æðri stöðum.

Nei, hæstv. forseti. Hér er um það að ræða að gjöld sem sláturhús hafa lagt á innlegg til að standa straum af heilbrigðiskostnaði verði eftirleiðis innheimt af yfirdýralækni og greitt í gegnum það embætti. Þetta er kerfisbreyting, þetta er skipulagsbreyting vegna þess að hagsmunatengslum milli sláturhúsa og dýralækna hefur verið mótmælt þar sem í reynd væri sá sem eftirlitið ætti að beinast að að kosta það miðað við núverandi fyrirkomulag. Það er enginn ágreiningur um að breyta þessu. En hér er hins vegar á ferðinni efnisbreyting í óskyldum málaflokki, lögum sem eru með öllu óviðkomandi ráðstöfunum í ríkisfjármálum og ríkissjóði yfirleitt. Hvorki króna fer inn né út úr ríkissjóði vegna þessa máls. Og þess vegna, hæstv. forseti, þó að með mjög rúmri lagatúlkun megi e.t.v. segja að bæði almannatryggingalög, lög um félagslega aðstoð, sem að vísu er á vegum sveitarfélaga ekki ríkissjóðs, og lög um skipulag ferðamála, sem er opinber sjóður þar sem Ferðamálasjóður á í hlut, megi allt saman teygja inn undir það með ákaflega rúmri lagatúlkun að koma ríkisútgjöldum eitthvað við í víðasta skilningi þá er það ekki hægt um fjórða málið. Það er bara ekki hægt. Það er alls óviðkomandi ríkissjóði.

Ég neyðist til þess, hæstv. forseti, mér þykir það leitt en ég bara neyðist til þess að gera þessa athugasemd vegna þess að við erum að fjalla hér um mjög alvarlegt grundvallaratriði og ég hefði óskað eftir því að það gæfist færi á fundi í efh.- og viðskn. og okkur gæfist kostur á að ræða hvort ekki væri betra fyrir alla aðila að meiri hlutinn kallaði brtt. sína til baka og endurflytti hana a.m.k. án þessa síðasta ákvæðis.

[14:47]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegur forseti. Varðandi þessa umræðu þá tel ég skylt að upplýsa hér ákveðna hluti. Sá sem hér stendur sem formaður efh.- og viðskn. tók á sig ákveðin mistök varðandi umfjöllun þessa máls í nefndinni. Eins og menn vita þá bar þessi umfjöllun öll merki þess að mál hafa komið mjög seint fram og var vægast sagt mikill flumbrugangur á afgreiðslu stjórnarflokkanna á brtt. Virðulegur forseti, ég tók seinni hluta úrskurðar forseta þannig að hann væri að nokkru leyti að setja ofan í við Alþingi og framkvæmdarvaldið varðandi slík vinnubrögð.

Minn misskilningur fólst hins vegar í því að ég taldi að við afgreiðslu brtt. í upphafi hefði stjórnarmeirihlutinn í nefndinni tekið að sér, þar sem þetta mál var afgreitt nokkuð hastarlega út, að fá þennan úrskurð hjá forseta sem ekki var. Þeir höfðu ætlað mér sem formanni að gera það. Ég tók það á mig sem formaður að þetta skyldi fara á þennan hátt og sem varð þess valdandi að brtt. komu hérna fram áður en forseti var búinn að úrskurða.

Varðandi hins vegar 5. liðinn þá er um það atriði að segja að hann kemur ekki fram fyrr en í seinni umferð brtt. hjá nefndinni eftir að umræðan um það að fá úrskurð forseta um það sem tengdist heilbrigðis- og fé-

lagsmálum fór fram í nefndinni. Og það kann að vera ástæðan fyrir því að það er ekki inni í úrskurði forseta.

Virðulegi forseti. Vissulega ber þetta mál allt saman keim af þeim flumbrugangi sem hlýtur að verða á afgreiðslu mála þegar mál koma svo seint fram eins og gerðist núna fyrir jólin og þar sem verið er að koma með brtt. fram á síðustu stundu. Og ég vil ítreka það sem ég sagði við umræðu um fjárlög varðandi 5. liðinn, um mat á sláturafurðum, að það kom svo seint fram að það gafst ekki ein einasta mínúta til að skoða það mál í nefndinni. Sú brtt. kemur bara fram þegar verið er að taka málið út — ég veit ekki hvort ég á að segja með ofbeldi en nánast. Tillagan var að vísu sýnd í nefndinni en það gafst enginn kostur á að kanna málið.

Virðulegur forseti. Um jólin var maður ekki að hugsa um þetta, en ég er einmitt núna að láta kanna það og reyna að komast til botns í því hvort 5. liður brtt. kemur ráðstöfunum í ríkisfjármálum við og ég vona að það upplýsist núna á næstu mínútum.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Hv. 5. þm. Vestf. tekur til máls um fundarstjórn forseta og væntir nú forseti þess að hv. þm. gæti þess að ræða einungis fundarstjórn forseta.

[14:50]

Kristinn H. Gunnarsson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Já. Ég hyggst ræða fundarstjórn forseta og úrskurð hans varðandi brtt. við það þingmál sem hér á að fara að ræða. Ég vil segja mína skoðun um það mál. Mér finnst að menn eigi í úrskurði um álitaefni af þessu tagi að láta stjórnarskrá lýðveldisins njóta vafans og kveða úrskurði upp þannig að það séu sem minnstar líkur á því að nokkur deiluefni geti verið um efni úrskurðarins. Ég hefði talið farsælla að úrskurða þessi efnisatriði frá frv. sem gerð er tillaga um að bætist við. Röksemdir forseta um að um þau mál sé í meginatriðum góð samstaða og þau séu ekki stórvægileg eru ekki rök fyrir því að tefla á tvær hættur í þessu efni heldur þvert á móti rök fyrir því að úrskurða að málin skuli flutt sem sjálfstæð þingmál.

Mig langar að beina fyrirspurn til forseta um þingmálið sjálft, ráðstafanir í ríkisfjármálum fyrir árið 1995. Ég skil það þannig að efnisatriði þess máls séu einvörðungu bundin við árið 1995 og einvörðungu bundin við ríkisfjármál þannig að efnisatriðin verða þá að snerta fjármál ríkisins og verða að taka einvörðungu til ársins 1995. Hér hefur hv. 1. þm. Vestf. bent á það að 8. og 9. gr. eru þannig úr garði gerðar að það er ekki kveðið á um það í greinunum að þær takmarkist við árið 1995 og í skýringum við þessar greinar er þvert á móti skýrt tekið fram að hér sé verið að gera breytingu til frambúðar.

Ég vil bæta við þeim upplýsingum að í 5. og 6. gr. frv. er líka um að ræða ótímabundnar breytingar og ég tel að í þeim greinum sé mjög hæpið að halda því fram að þær snerti sérstaklega ríkisfjármál, hvað þá einvörðungu á árinu 1995.

Ég bendi líka á 18. gr. frv. um heimild til ráðherra um að innheimta gjald af sláturleyfum. Það er ekki tímabundið samkvæmt frv.

(**Forseti** (SalÞ): Ég bið hv. þm. að halda sig við fundarstjórn forseta.)

Enn fremur bendi ég á að skerðingarákvæði á tekjum til Hafnabótasjóðs í 27. gr. frv. er ótímabundið en ekki bara áformað 1995 eins og frv. gefur tilefni til að ætla.

Vegna þess að forseti grundvallar úrskurð sinn á því að efni frv. verði að rúmast innan heitis þess þá fer ég fram á úrskurð forseta um það hvort þessar greinar rúmist innan heiti frv. og ef svo er ekki hvort ekki beri þá að taka þær út úr frv. Því að eitt er ljóst, virðulegi forseti, að áður en þetta mál verður tekið til umræðu þá verða menn að vita um hvað þeir ætla að fara að ræða hér á eftir.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill benda á að hér gefst væntanlega tími til að ræða efnislega um frv. þegar umræðan hefst. (**KHG:** Við erum að ræða formlega um frv.)

[14:54]

Ingi Björn Albertsson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Varðandi þetta mál kom það fram í hv. nefnd að það voru efasemdir um hvort það stæðist stjórnarskrána og okkar ágæti ritari samdi fyrir okkur stutta greinargerð um málið sem varð þess valdandi að nefndin fór fram á það að forsætisnefnd úrskurðaði í málinu. Og ég vil ítreka að það var ávallt talað um að forsætisnefnd úrskurðaði í málinu en ekki forseti sem slíkur.

Nú hefur það komið fram að það var ekki farin sú leið heldur var það forsetinn einn og sér sem úrskurðaði og það var einfaldlega ekki það sem nefndin fór fram á. Ég vil þá ítreka þá ósk mína að það verði forsætisnefnd sem geri það enda hefur komið núna fram í máli eins varaforseta þingsins að skiptar skoðanir eru innan forsætisnefndarinnar. Ég tel því grundvallaratriði að nefndin sem slík fjalli um málið og komist að niðurstöðu. Síðan hefur forseti þingsins lokaorðið í því efni ef menn ná ekki saman.

Þá vil ég einnig gagnrýna að þegar málið var afgreitt út úr hv. nefnd var það með því fororði að niðurstaða væri fengin frá forsætisnefnd áður en þingskjölum yrði dreift hér inni þannig að hægt væri að fjalla frekar um málið í ljósi þeirrar niðurstöðu sem þá kæmi fram. Við þetta var ekki staðið. Þingskjölunum var dreift strax og þess vegna erum við núna komnir í þá stöðu sem blasir við okkur. Ég tek því undir orð hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar að eðlilegt sé að það gefist núna kostur fyrir nefndina að hittast, að halda stuttan fund og gert yrði þá hlé á fundinum eða farið í einhver önnur mál á dagskránni.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Samkvæmt reglum þingskapa er það forseti hverju sinni sem sker úr ágreiningi ef upp kemur.

[14:56]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég tel að það sé að sjálfsögðu hlutverk forseta að skera úr um svona hluti og það er væntanlega hlutverk nefndarinnar og annarra þingmanna að una þeim úrskurði og taka þá til við efnislega umræðu málsins.

Eins og fram hefur komið var um það rætt í efh.- og viðskn. að sérstaklega yrði beðið um úrskurð forseta varðandi uppsetningu á þessu og meiri hluti nefndarinnar stóð efnislega að breytingartillögunum. Þess vegna hefði verið í lófa lagið og ekkert til fyrirstöðu að flytja málið sem sjálfstætt frv. sem hefði þá farið í gegnum þrjár umræður en hefði ekki endilega þurft að koma til sérstakrar umfjöllunar í nefndinni. Ekki hefði verið neitt því til fyrirstöðu.

Hins vegar ber líka á það að líta að þessi mál voru öll til umfjöllunar fyrir jólin þegar menn höfðu alla vega þá trú að hægt væri að klára þingstörfin fyrir jólin. Það reyndist ekki vera og þess vegna var að sjálfsögðu nauðsynlegt að stilla tillögunum upp á þingskjali þannig að það væri hægt að taka afstöðu til þess í forsætisnefnd hvort þskj. væri þinglegt eða ekki.

Ég vil óska eftir því að þessum úrskurði fengnum að menn geti þá byrjað á því að taka til við efnislega umræðu um málið.

[14:58]

Guðrún Helgadóttir *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég hlýt að ítreka það sem ég sagði áðan að ég held að það sé alveg nauðsynlegt að nefndin komi saman og kalli til sín fulltrúa frá Tryggingastofnun ríkisins. Fulltrúar í ráðuneytunum eru ekki eins kunnugir málum af því tagi sem ég nefndi hér áðan. Það er greinilegt að þingmenn hafa meiri áhuga á öðrum nýjungum en því hvort gamalt fólk og öryrkjar í þessu landi fá að halda þeim réttindum sínum til þess að greiða ekki afnotagjöld af útvarpi og sjónvarpi. Það er auðvitað fráleitt að það nægi einhverjum að hér séu nokkrar línur um þetta í nefndaráliti meiri hlutans. Þetta mál skal ég útskýra betur þegar umræða hefst en ég tel alveg fráleitt, hæstv. forseti, að þessi breyting á almannatryggingalögunum komi hér inn í frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Ég krefst þess einnig að hæstv. heilbr.- og trmrh. komi til umræðunnar því að ég vil fá svar frá honum hvort það sé vilji hans og ætlun og pólitísk ákvörðun að svipta þá sem fá húsaleigubætur í framtíðinni þessum rétti ef svo ber undir. Hér er ekki hægt að læða inn slíkum ákvörðunum án þess að nokkur maður taki eftir. Það er auðvitað forkastanlegt að setja breytingartillögu eins og þessa inn án þess að kalla til fulltrúa Tryggingastofnunar og maður hlýtur að undrast vinnubrögð af þessu tagi. Hæstv. forseti, ég óska þess að nefndin komi saman og fái til viðtals við sig fulltrúa frá Tryggingastofnun ríkisins. Síðan þegar umræða hefst um málið, óska ég eftir því að hæstv. heilbr.- og trmrh. verði viðstaddur.

[15:00]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Kristín Ástgeirsdóttir) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Það er ljóst í mínum huga að hér hafa orðið mistök. Sá úrskurður sem hæstv. forseti las af stóli miðaðist eingöngu við þá kafla í þessum breytingartillögum sem snúa að almannatryggingunum. Það vill svo til eins og hér hefur verið rakið að verið er að gera breytingar á mörgum öðrum lögum sem koma ráðstöfunum í ríkisfjármálum ekkert við. Ég hlýt því að fara þess á leit við hæstv. forseta að hún skoði þetta mál að nýju í ljósi þeirra kafla annarra sem hér eru, ekki aðeins almannatrygginganna heldur hina kaflana sem koma ráðstöfunum í ríkisfjármálum ekkert við.

Að lokum, hæstv. forseti, það er stjórnarskráin sem á að njóta vafans.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti var búin að lýsa úrskurði sínum og þarf ekki að endurtaka hann.

[15:01]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Það er mér mikil ánægja að fá tækifæri til þess að mæla fyrir þessu máli eftir þær umræður sem hér hafa orðið.

Efh.- og viðskn. hefur fjallað um frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1995 og breytingartillögur koma fram á þskj. 451 og nefndarálit á þskj. 452. Ég vil gera grein fyrir þeim breytingartillögum sem meiri hluti nefndarinnar flytur.

Í fyrsta lagi er lögð til breyting á þeim kafla þar sem fjallað er um atvinnuleysistryggingar. Lagt er til að í stað þess að Atvinnuleysistryggingasjóði verði ekki heimilt að veita styrki skv. 3. tölul. 2. mgr. 36. gr. laganna um atvinnuleysistryggingar verði stjórn sjóðsins heimilt að veita lánastyrki og standa straum af kostnaði við námskeið og stjórn sjóðsins veitt allt að 62 millj. kr. til þessara verkefna samkvæmt þeim tillögum sem meiri hlutinn leggur til.

Í b-lið 1. gr. brtt. er lagt til að skattstjórum og Tryggingastofnun ríkisins sé skylt að láta Atvinnuleysistryggingasjóði í té upplýsingar sem nauðsynlegar eru við framkvæmd laganna um atvinnuleysistryggingar. Þetta er hugsað til þess að koma á betra upplýsingastreymi þannig að það takist að koma í veg fyrir misnotkun betur en nú er.

Í c-liðnum eru breytingar við 6. gr. þar sem talað er um að komi inn tvö ný ákvæði og er annað ákvæðið þannig að Atvinnuleysistryggingasjóði sé heimilt að greiða þeim sem hafa þegið atvinnuleysisbætur í samtals fjóra mánuði eða lengur á 12 mánaða tímabili sambærilega uppbót og kjarasamningaaðilar vinnumarkaðarins gera ráð fyrir.

Síðan er önnur breyting og hún er sú að í samræmi við 5. mgr. 22. gr. er stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs heimilt á árinu 1995 þrátt fyrir ákvæði 37. gr. að gera tillögu til að styrkja sérstök verkefni á vegum sveitarfélaga til eflingar atvinnulífi enda verði dregið samsvarandi úr greiðslu atvinnuleysisbóta á viðkom-

andi stað. Úthlutun styrkja skal vera í samræmi við reglur sem ráðherra setur að fenginni umsögn Sambands ísl. sveitarfélaga, Tillögur sjóðstjórnar um styrkveitingar skulu staðfestar af ráðherra. Þetta er hin nýja útfærsla á hinum svokölluðu átaksverkefnum.

Í öðru lagi eru gerðar tillögur um breytingar á lögum um almannatryggingar. Í a-, b- og c-lið eru gerðar breytingar á skilgreiningum á því hvaða tekjur það eru sem skerða grunnlífeyri og síðan uppbótarliði. Þetta eru tvenns konar breytingar. Annars vegar er lögð til breyting á tekjuhugtaki laganna til samræmis við breytingar á almannatryggingalögum. Hins vegar er lögð til breyting á ákvæði laganna um sérstaka heimilisuppbót þannig að tryggt verði að þeir einstaklingar sem hafa lægri tekjur úr lífeyrissjóði en sem nemur fjárhæð sérstakrar heimilisuppbótar fái greiddan mismuninn. Í sambandi við þessar breytingar vill meiri hluti nefndarinnar taka sérstaklega fram að ekki er ætlunin að skerða rétt þeirra bótaþega sem eiga rétt á niðurfellingu af afnotagjaldi útvarps og sjónvarps sbr. 2. mgr. 24. gr. útvarpslaga, nr. 68/1985, um 18. gr. reglugerðar nr. 35/1986, sbr. reglugerð nr. 478/1986. Það verður nauðsynlegt að endurskoða framkvæmd þessara mála í kjölfar þess að farið verður að greiða húsaleigubæturnar í stað uppbótar á lífeyri til þeirra sem greiða háa húsaleigu. En þær breytingar sem hér eru gerðar eru fyrst og fremst að útvíkka þær tekjur sem ganga ekki til skerðingar á bótum eða grunnlífeyri. Það er verið að bæta því við, bæta samkvæmt lögum um félagslega aðstoð, að húsaleigubætur gangi ekki til skerðingar með sama hætti og bætur almannatrygginga. Þetta eru sem sé ívilnandi ákvæði þar sem húsaleigubæturnar eru ekki látnar reiknast sem tekjur í þessum skilningi.

Síðan er í d- og e-lið lagðar til breytingar sem eru að vísu tæknilegar en hafa vissa þýðingu fyrir bótaþega. Í fyrsta lagi er miðað við að útreikningspunktur tekjutryggingar verði 1. september þegar allar upplýsingar eru komnar fram um fyrra ár í stað 1. júlí og í öðru lagi er þarna gerð sú breyting að útborgunardagur bótanna verði fyrsti dagur hvers mánaðar en ekki þriðji eins og verið hefur og þetta er til bóta fyrir þá sem njóta bóta almannatrygginga.

Síðan eru í þriðja lagi gerðar tillögur um breytingar á lögum um félagslega aðstoð og eru þær samhliða þeim breytingartillögum sem ég hef áður gert grein fyrir að því leyti að húsaleigubæturnar eru teknar þarna inn sem liður sem skerðir ekki bætur. Síðan er útfærsla á heimilisuppbótinni sem er í rauninni staðfesting á því fyrirkomulagi sem hefur verið og til nánari skýringar á því.

Í 4. lið brtt. er gert ráð fyrir að Ferðamálasjóði verði veitt heimild til lengingar lána skv. 26. gr. laga nr. 117/1994, um skipulag ferðamála, úr 15 í 25 ár. Hér er aðallega um að ræða lán til heilsárshótela á landsbyggðinni. Til að mæta kostnaði af þessu er lagt til að framlag í sjóðinn hækki um 20 millj. og þess er getið í 9. lið.

Í fimmta lagi er lögð til breyting á lögum nr. 30/1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum. Um þetta var fjallað við 3. umr. fjárlaga þar sem tekjur og gjöld vegna þessa komu inn en þarna er verið að bæta inn nýju ákvæði sem segir: „Til að standa straum af kostnaði heilbrigðiseftirlits dýralækna með sláturafurðum skal landbrh. innheimta gjald af öllu innvegnu kjöti í afurðastöð. Eftirlitsgjaldið miðast við raunkostnað, þó ekki hærra en 2,50 kr. á hvert kíló kjöts miðað við vísitölu framfærslukostnaðar í janúar 1995.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um gjaldskyldu, innheimtu, gjalddaga og greiðslufyrirkomulag við heilbrigðiseftirlit dýralækna í sláturhúsum."

Greinin felur í sér að ríkissjóði verði heimilt að innheimta þetta gjald en samkvæmt lögunum í dag greiðir sláturleyfishafi eftirlitsaðila beint fyrir kostnað við slíkt eftirlit. Hér er því ekki um nýja gjaldtöku að ræða heldur breytt fyrirkomulag frá gildandi gjaldtöku. Þessi breyting er lögð til þar sem eftirlitsaðilar heilbrigðisyfirvalda í Evrópusambandinu og Bandaríkjunum hafa lýst yfir að núverandi fyrirkomulag skapi hættu á óeðlilegum hagsmunatengslum og hafa gert kröfu um breytingar. Að öðrum kosti fáist ekki leyfi til innflutnings á sláturafurðum frá Íslandi til þessara landa.

Þessi gjöld og þær tekjur sem þarna er um að ræða ganga sem sé inn og út í bókhaldi ríkissjóðs og var tekið á því í fjárlagafrv.

Í sjötta lagi er brtt. þar sem gert er ráð fyrir hækkun á framlagi í Kvikmyndasjóð úr 80 millj. í 100 millj. Í 12. gr. er gert ráð fyrir að framlag til listskreytingasjóðs verði ekki fellt niður heldur að það verði 4 millj.

Í 8. brtt. er lagt til að 24. gr. falli brott þar sem greinin hefur ekki þýðingu og það var gert að ósk fjmrn., að þessi grein var byggð á vissum misskilningi til að byrja með.

Loks er lagt til að skerðing á tekjum Hafnabótasjóðs verði minnkuð og verði 19,6 millj. kr. minni heldur en frv. gerir ráð fyrir.

Að þessu nál. stendur meiri hlutinn fyrir utan það að hv. þm. Ingi Björn Albertsson áskilur sér rétt til að flytja sjálfur eða styðja aðrar brtt. við málið.

[15:11]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Forseti var spurður að því áðan hvort breytingar í 8. og 9. gr. frv. afmörkuðust við árið 1995 eða væru varanlegar breytingar. Forseti kvaðst ekki geta svarað því þannig að umræðan hófst undir þeim formerkjum að það væri óljóst. Nú hefur hv. nefnd haft málið til athugunar og ég spyr því frsm. meiri hluta nefndarinnar: Eru þessi ákvæði í 8. og 9. gr. frv. afmörkuð við árið 1995, eins og heiti frv. gefur til kynna, eða er hér um að ræða varanlega breytingu á lögunum og þar með heiti frv. rangt?

[15:12]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ákvæði frv. eru ýmist tímabundin og tengd árinu 1995 sérstaklega, eins og fram kemur við lestur greinarinnar, það er ýmist verið að breyta lögum með varanlegum hætti eða tímabundið. Þau ákvæði sem eru tímabundin og eiga eingöngu við árið

1995 eru flest í II. kafla frv., sem eru svokölluð „þrátt-fyrir"-ákvæði. En þetta ákvæði sem hv. þm. spurði um er í 8. og 9. gr. frv. en ekki í þessum „þrátt-fyrir" kafla og þau eru ekki tímasett eða tengd árinu 1995 sérstaklega og ekkert í gildistökuákvæði frv. sem segir eða tekur það sérstaklega fram að þau eigi eingöngu við árið 1995. Þannig að ég lít svo á og hef litið svo á að þarna sé um ótímabundna breytingu að ræða.

[15:13]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vil þakka frsm. meiri hluta svörin, en ég spyr hann þá í framhaldi af svörum hans: Var það ekki rætt í nefndinni hvaða atriði frv., eða hvaða greinar, væru tímabundin, afmörkuð í tíma við árið 1995, eins og heiti frv. gefur til kynna og þá hvaða ákvæði væru það ekki?

Mér finnst það ekki góð vinnubrögð af hálfu meiri hlutans í nefndinni ef hann gerir ekki grein fyrir því í þingnefndinni hvaða ákvæði frv. falla að heiti frv. og hvaða ákvæði eru þannig að þau eigi að vera skerðingarákvæði mun lengur en frv. segir sjálft.

Ég bendi hv. þm. á að sum ákvæði í I. kafla frv. eru skýrlega afmörkuð í tíma, eins og t.d. skerðingin á Framkvæmdasjóði fatlaðra í 3. gr., sem er sérstaklega tekið fram að eigi einungis við um árið 1995, eins og ákvæðin líka í 1., 2. og 4. gr. Það eru því bara sumar greinar sem ekki er tekið fram að eigi við um árið 1995 og ég taldi þær upp hér áðan áður en umræða hófst. En ég get minnt hv. þm. á þær og beðið hann jafnframt um að svara því hvort það sé réttur skilningur að þær breytingar séu varanlegar, þ.e. breytingarnar í 5. gr. frv., 6. gr. — hann er búinn að svara 8. og 9. gr. — en þá spyr ég um 18. gr. frv. í „þrátt-fyrir"-kaflanum og 27. gr., um skerðinguna á framkvæmdagetu Hafnabótasjóðs. Eru þetta ekki tímabundnar breytingar, eins og er verið að láta okkur halda, heldur í raun verið að smygla hér inn laumulega varanlegum breytingum?

[15:16]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vísa því á bug að það sé verið að smygla hér inn laumulega einu eða öðru. Þetta frv. kom til efh.- og viðskn. með hefðbundnum hætti. Það var brotið upp og einstökum köflum þess var vísað til annarra þingnefnda til yfirferðar. Það hefur því fengið meiri skoðun heldur en flest önnur frv. sem hér eru til meðferðar vegna þess að mörg ákvæði þess hafa verið til umfjöllunar í tveimur nefndum. Það á sérstaklega við um þau efnisatriði sem fjallað er um I. kafla frv. Það er sem sagt ekki venjan að „þrátt-fyrir"-ákvæðin fari til skoðunar í öðrum nefndum heldur að farið sé yfir þau í efh.- og viðskn., enda eru flest hver ákvæði sem hefur verið tekið á áður og það sem ekki hefur verið tekið á áður í fyrri lögum af þessum toga hefur verið farið sérstaklega yfir í nefndinni og kallaðir til aðilar og beðið um umsagnir þar sem um slíkt hefur verið að ræða.

Eins og hv. þm. bendir á þá eru í I. kafla frv. ýmis atriði sem eiga eingöngu við um árið 1995 og það er tekið skýrt fram, en í öðrum greinum er ekki um neina slíka fyrirvara að ræða, að breytingarnar eigi einungis við um árið 1995. Það hefur verið algengt í bandormi af þessu tagi að lögum hefur verið breytt til lengri tíma og það skýrir sig yfirleitt sjálft hvort um er að ræða breytingu til lengri tíma eða hvort breytingarnar eru tímabundnar.

Útbýting þingskjala:

Fólksflutningar með langferðabifreiðum, 332. mál, stjfrv., þskj. 514.

Ráðstafanir í ríkisfjármálum 1995, 278. mál, nál. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 512.

Vöruflutningar á landi, 333. mál, stjfrv., þskj. 515.

[15:18]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Kristín Ástgeirsdóttir):

Virðulegi forseti. Það liggur við að manni verði orðfall við upphaf þessa máls eftir þá umræðu sem hér átti sér stað áðan og eftir að hafa fylgst með þeim. vinnubrögðum sem hér hafa verið tíðkuð á undanförnum dögum. Eins og ég segi, manni verður nánast orðfall og það er erfitt að átta sig á því hvað á eiginlega að gera við þessum ósköpum því að mínum dómi þá er hér verið að ganga mjög nærri stjórnarskránni. Það er auðvitað erfitt að fella dóm um þetta lagasafn eða lagasamtíning sem er að finna í frv. Það er erfitt að fella dóm án þess að hafa skoðað það rækilega. En í mínum huga er það alveg ljóst að hér er verið að tína inn í þetta frv. alls óskyld mál milli 1. og 2. umr. við meðferð málsins í nefnd. Ég vil undirstrika það að ég tel að við séum hér komin inn á mjög hæpnar brautir.

Menn eru að spyrja um það hvort nefndin hafi skoðað þetta og skoðað hitt. Ég verð bara að lýsa því hér yfir, hæstv. forseti, að það hefur einfaldlega ekki gefist tími til að skoða eitt eða neitt. Þetta frv. kom fram einhvern tímann upp úr miðjum desember og við höfum haft örfáa daga til þess að fara ofan í það. Einstakir kaflar voru sendir til viðkomandi nefnda sem héldu, að því er ég held, einn fund til að fara í gegnum málið og reyndu auðvitað sitt besta. En eins og við vitum liggur oft meira á bak við málin heldur en við sjáum við fyrstu sýn. Þannig að því miður er hér enn einu sinni verið að endurtaka þessi óvönduðu vinnubrögð.

Þetta er okkur til vansa, því miður og ég verð að segja það að mér finnst alveg hörmulegt að þurfa að taka þátt í þessu.

Ég ætla þá að mæla fyrir nál. minni hluta efh.- og viðskn. — Virðulegi forseti, ég óska þess að hæstv. heilbrrh. mæti til fundar. Ég þarf að leggja fyrir hann spurningar og það er eitt meginmál þessa frv. sem snertir hans ráðuneyti. Er hann í húsinu?

(Forseti (KE)**:** Forseti sér að hæstv. heilbrrh. er ekki í húsinu. Eftir þeim upplýsingum sem forseti hefur er hann ekki heldur í Reykjavík.)

Virðulegi forseti, nú fellur mér allur ketill í eld. Er virkilega meiningin að við ræðum þetta frv., sem reyndar heyrir undir hæstv. forsrh., það var hann sem

mælti fyrir þessu máli, en hann er ekki í salnum. En það er eitt meginefni þessa frv. og það mál sem hefur valdið hve mestum deilum og ég ætla að gera að umfjöllunarefni, snertir héraðslækna í Reykjavík og á Norðurlandi eystra og það er algjörlega óhugsandi að ræða þetta mál án þess að fá að heyra sjónarmið hæstv. heilbrrh. Ég fer þess á leit að fresta ræðu minni þangað til hæstv. heilbrrh. kemur hingað. Það er ekki nokkur leið að ræða þetta mál. Ég vil fara þess á leit við hæstv. forseta að það verði kannað hvenær von er á hæstv. heilbrrh. Ég ætla líka að biðja um staðgengil félmrh., sem ég reyndar veit ekki hver er. Ég óska bara eftir hléi á fundinum, ég vil fá að ræða þetta við forseta þingsins.

(**Forseti** (KE)**:** Hæstv. forsrh. er í húsinu og forseti skal gera honum viðvart að hans sé óskað. Upplýst er að hæstv. heilbrrh. er væntanlegur milli kl. fjögur og fimm þannig að spurningin er hvort hv. þm. getur haldið áfram ræðu sinni og rætt við hæstv. forsrh. þangað til hæstv. heilbrrh. kemur í húsið.)

Nú er úr vöndu að ræða, hæstv. forseti. Ég get að sjálfsögðu tekið fyrir þá kafla sem ekki heyra undir hæstv. heilbrrh. Ég ítreka það að þetta er eitt stærsta málið hér sem að honum snýr og þó það sé ekki um mikla peninga að ræða þá er þetta mál sem snertir m.a. alla borgarbúa og það hafa komið fram mótmæli bæði frá Reykjavíkurborg og borgarráði og heilsugæslustöðvum Reykjavíkur. Það er algjörlega óhugsandi að ljúka 2. umr. um þetta mál án þess að hæstv. heilbrrh. komi hér í salinn. Ég skal verða við því að halda áfram ræðu minni og taka fyrir þá þætti sem snúa að öðrum liðum, en ég verð síðan að fá að fresta ræðunni.

Ég lýsi því yfir, hæstv. forseti, að þetta er algjörlega óviðunandi. Hvernig stendur á því að það er verið að gera samkomulag um afgreiðslu mála? Ríkisstjórnin leggur áherslu á það að þessi mál séu afgreidd á milli jóla og nýárs, það er verið að kalla fólk hingað utan af landi í þessa umræðu og svo geta hæstv. ráðherrar ekki verið viðstaddir þessa umræðu. Þetta er frv. sem er samsett úr mörgum lagabálkum. Þetta heyrir undir menntmrh., félmrh., heilbrrh., samgrh. og fleiri ráðherra, það eru kannski smærri mál. En hvernig dettur mönnum í hug að halda þessari umræðu áfram með þessum hætti? Það gengur alveg yfir mig, hv. þm. Vilhjálmur Egilsson.

Ég ætla að verða við því að fara yfir þessa kafla og fresta þá því sem snýr að hæstv. heilbrrh., en ég óska eftir því að hæstv. forsrh. láti svo lítið að vera við umræðuna.

(**Forseti** (KE)**:** Forseti hefur þegar gert ráðstafanir til að gera hæstv. forsrh. viðvart og væntir þess að hann muni koma fljótlega í salinn.)

Ég verð að segja það, hæstv. forseti, að ég ætla ekki að óska hér eftir menntmrh., ég hef svo oft rætt þennan kafla við hann. Hér er verið að endurtaka og framlengja þær skerðingar til skólamála sem hófust í byrjun árs 1992 og fela það í sér að því er frestað að koma á skólamáltíðum í grunnskólum landsins og því er frestað að fækka nemendum í bekkjum og því er frestað að fjölga kennslustundum. Hér er verið að endurtaka þetta ár eftir ár. Í þessum kafla frv. er um það að ræða að verið er að spara 180 millj. kr. Þetta er að mati okkar stjórnarandstæðinga dýr sparnaður sem hér er á ferð. Hér er verið að ráðast á garðinn þar sem hann er lægstur, þ.e. grunnskólabörnin. Þetta kemur fyrst og fremst niður á þeim. Og það er afar sérkennilegt og nöturlegt að það skuli enn einu sinni verið að fresta þessum ákvæðum á sama tíma og við erum í hv. menntmn. að fjalla um grunnskólafrv. eða frv. til laga um grunnskóla, þar sem á að færa grunnskólann yfir til sveitarfélaganna og gera á honum margvíslegar breytingar sem munu kosta milljarða til viðbótar við þann kostnað sem nú er lagður í skólakerfið. Það er stefna þessarar ríkisstjórnar að gera þetta og þegar á að færa eitthvað yfir til sveitarfélaganna þá er hægt að breyta og bæta. En þegar ríkið á í hlut þá er nú ekki aldeilis hægt að gera nokkurn skapaðan hlut. Þá er bara skorið og skert. Ég veit ekki hvort sveitarfélögin hafa áttað sig á því hversu mikill kostnaður fylgir frv. til grunnskólalaga, en það er ríkisstjórninni til skammar hvernig að þessum málum er staðið. Við í minni hlutanum mótmælum þessum áformum harðlega enn eitt árið og munum greiða atkvæði gegn þessum tillögum, enda er þetta í hrópandi ósamræmi við yfirlýsta skólastefnu núv. ríkisstjórnar.

Þá kem ég að kaflanum um málefni fatlaðra, sem felur það í sér að það er verið að taka sífellt meira fé úr Framkvæmdasjóði fatlaðra og verja því til reksturs á stofnunum fatlaðra í stað þess að þeir peningar fari í framkvæmdir. Hér er um allverulegar upphæðir að ræða og það er ekki hægt annað en að vara við þeirri stefnu sem hér er verið að taka upp og er reyndar verið að innleiða hér í hverjum málaflokknum á fætur öðrum. Þar sem um markaða tekjustofna er að ræða þá er farið þar inn og þeir peningar teknir í rekstur í stað framkvæmda og þetta verður auðvitað að skoða í samhengi við stöðu mála í viðkomandi málaflokkum. Það sama gildir um málefni aldraða. Hér á eftir kemur kafli sem snertir flugmálaáætlun og þannig mætti lengi telja. Í stað þess að afla fjár þá eru þessir mörkuðu tekjustofnar teknir og þeim varið til annarra mála.

Á kaflanum um atvinnuleysistryggingar verða nokkrar breytingar samkvæmt tillögum meiri hlutans. Það stóð til að stöðva styrkveitingar til varanlegrar atvinnusköpunar en það var frá því horfið og í stað þess er sett ákveðið þak á styrkveitingar, sem m.a. snerta námskeið sem haldin eru fyrir atvinnulausa. Hér er einnig um að ræða nokkuð furðulegt mál í þessu frv. þar sem er loksins verið að leita heimilda til að greiða atvinnulausu fólki uppbætur samkvæmt kjarasamningum sem gerðir voru á árinu eða í samræmi við kjarasamninga. Þetta er nú enn eitt dæmið um þessi furðulegu vinnubrögð, að ákvörðun sem tekin var og framkvæmd hér á miðju ári, að heimild Alþingis er sótt rétt undir lok ársins. Það er erfitt að átta sig á því hvað þarna veldur og skýring fulltrúa fjmrn. var heldur sérkennileg, en í henni fólgst reyndar að það væri bara ekki seinna vænna.

Ég ætla þá að hlaupa yfir kaflann um heilbrigðisþjónustuna og geyma mér hann þar til hæstv. heilbrrh.

þóknast að heiðra okkur með nærveru sinni. Ég vík þá að flugmálaáætlun sem er býsna umdeilt mál og felur það í sér, sem ég nefndi áðan varðandi málefni fatlaðra, að hér er verið að taka 70 millj. af mörkuðum tekjustofni og það á að verja þeim peningum í rekstur flugvalla og til annarra hluta.

Þetta mál var sent hv. samgn. til skoðunar og þar kemur í ljós að það er ekki einu sinni meiri hluti í nefndinni sem mælti með þessu heldur sat hv. þm. Egill Jónsson hjá. Það segir í umsögn samgn., með leyfi forseta: „Egill Jónsson tekur ekki afstöðu til málsins þar sem ekki liggur fyrir hvaða áhrif breytingar á lögum hafa á flugmálaáætlun og aðrir nefndarmenn, Jóhann Ársælsson, Jón Kristjánsson, Jóna Valgerður Kristjánsdóttir og Stefán Guðmundsson, leggja til að greinar þessar verði felldar brott."

Það var því ekki einu sinni meiri hluti í samgn. sem mælti með þessum breytingum og það er hægt að taka undir það sem þarna kemur fram, að það er alls ekki ljóst hvaða áhrif þessar breytingar hafa á flugmálaáætlun. Hvar á að skerða, hvaða framkvæmdum á að seinka. Því það er augljóst mál að þessar breytingar munu hafa áhrif á flugmálaáætlun og valda seinkun á þeim framkvæmdum sem þegar var búið að ákveða. Maður spyr sig nú hvað þetta eigi að þýða. Þetta er auðvitað sparnaðarráðstöfun, en spurningin er hvort hún sé skynsamleg. Það verður fróðlegt að heyra í ýmsum þingmönnum sem hafa gagnrýnt þetta harðlega, en það verður að segjast eins og er að þetta er eitt af þessum málum sem hv. efh.- og viðskn. kannaði ákaflega lítið og í mínum huga er það engan veginn ljóst hvaða afleiðingar þetta ákvæði mun hafa.

Þá kem ég að þeim kafla sem gengur undir heitinu „þrátt-fyrir"-greinarnar, þar sem ægir saman skerðingum af ýmsu tagi úr ýmsum áttum og einnig þar hafa orðið verulegar breytingar frá frv. Þá er það fyrst að nefna að eftir að framkvæmdastjóri Kvikmyndasjóðs heimsótti fjárln. og lét um þá falla ummæli sem greinilega höfðu nú áhrif þá var ákveðið að hækka framlagið um 20 millj. kr. til Kvikmyndasjóðs. (**Gripið fram í:** Hver voru þau?) Ummælin? Hún kallaði þá sveitalubba, sagði að það væru eintómir sveitalubbar sem sætu í fjárln. og það dugði á þá. Þeir tóku það nærri sér og hækkuðu framlögin til Kvikmyndasjóðs. Að vísu er sagt að þeir hafi ætlað að hækka framlögin enn þá meira en að ummælin hafi haft þau áhrif að þeir hafi lækkað þau og hv. 1. þm. Vesturl. getur kannski upplýst okkur um hvað satt er í þessu. (**StB:** Það skal ég gera með glöðu geði.) En svo mikið er víst að horfið var frá því að skerða Kvikmyndasjóð jafnmikið og áætlað hafði verið og við fögnum að sjálfsögðu þessari breytingu því kvikmyndagerð í landinu skiptir verulegu máli. Hún er atvinnuskapandi, hún er framlag til okkar menningarlífs og hún er gott innlegg í að kynna Ísland og íslenska menningu fyrir öðrum þjóðum. Þannig að það ber að fagna því að horfið var frá þessari skerðingu.

Við í hv. efh.- og viðskn. létum kalla á fulltrúa menntmrn. til að fræðast um bókhlöðuskattinn og hvað ætti nú að gera við hann. Það kemur hér fram að í fyrsta lagi á að verja 40 millj. kr. af þessum skatti til reksturs Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns. Þarna er um að ræða enn einn markaðan tekjustofn sem áætlað var að verja til ákveðinna hluta og hér er farin sú leið að taka hluta af þeim peningum í rekstur safnsins. Það er auðvitað spurningin hvort menn ætla að halda því áfram það er alveg ljóst að þörfin fyrir þennan sjóð og til endurbóta á menningarbyggingum er alveg gífurlega mikil. Við vitum að Þjóðminjasafnið þarf hundruð millj. til sinnar endurreisnar, Þjóðskjalasafnið þarf hundruð millj. til að því verði komið í horf og loks hefur hinn nýi listaháskóli verið nefndur í þessu samhengi og verið bent á þennan sjóð sem hugsanlegan stað þar sem hægt væri að leita peninga til þeirra endurbóta. Þannig að þörfin er gríðarlega mikil. (**Gripið fram í:** Þarf ekki lagabreytingu?) Jú, ég hygg að það þurfi lagabreytingu. Að vísu heita lögin lög um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga og það hefur verið gengið í þennan sjóð áður og m.a., ég hygg að það hafi verið fyrir tveimur árum, var hluta þessa fjár varið til endurbyggingar á Bessastöðum. Þannig að þetta er ekki undantekningalaust. En auðvitað á Alþingi að skoða þessi lög og huga að því hvernig eigi að beita þessum sjóði.

Fjárln. varð líka við beiðnum um að skerða ekki listskreytingasjóð. Hann fékk nokkrar bætur á fjárlögum, en áætlað var að leggja framlög til hans algjörlega niður.

Að þessu sinni höfðum við ekki tíma til að skoða málefni útvarpsins eins og vert hefði verið. Við köllluðum fulltrúa útvarpsins á fund efh.- og viðskn. í fyrra og þá kom í ljós að heldur betur var þörf fyrir Framkvæmdasjóð útvarpsins sem ríkissjóður hefur gleypt ár eftir ár og Ríkisútvarpið þar af leiðandi fengið lítið fjármagn til framkvæmda. En það er alveg ljóst að það þarf að bæta dreifingarkerfið og það stendur til að Ríkisútvarpið yfirtaki mastrið á Gufuskálum og það kostar auðvitað allt mikla peninga.

Þá kem ég að 14. gr. þessa frv., um framlög ríkissjóðs í Húsafriðunarsjóð. Það fékkst reyndar nokkur hækkun á upphæðum til húsafriðunar á fjárlögum. Þeim peningum á fyrst og fremst að verja til endurbóta á Húsinu á Eyrarbakka. Það er auðvitað af hinu góða, en það er alveg ljóst að þörfin til húsafriðunar og til endurbygginga á gömlum húsum er gríðarlega mikil og við hljótum að benda á það í því samhengi að þarna er um verkefni að ræða sem eru gríðarlega atvinnuskapandi. Þarna er hægt að verja tiltölulega litlum peningum til mikillar atvinnusköpunar. Þannig að hér er nú heldur betur verið að fara rangar leiðir, auk þess sem við vitum að mörg gömul hús liggja undir skemmdum og Þjóðminjasafnið og Húsafriðunarsjóður hafa alls ekki nægjanlegt fé til að sinna þeim verkefnum sem þeim ber að sinna. Ég get enn einu sinni rifjað upp stöðu torfbæjanna úti á landi og það er hægt að nefna hús víða um land og við fengum einmitt í hendur skýrslu Húsafriðunarsjóðs þar sem bent er á mörg þau verkefni sem þarf að sinna.

Ég ætla ekki að nefna hér mörg fleiri mál. Ég vil þó ítreka enn einu sinni þessa undarlegu pólitík sem spegl-

ast í 25. gr., þar sem um það er að ræða að skerða fjármagn til Ferðamálasjóðs þrátt fyrir gífurlega þörf hans og þrátt fyrir þann vaxtarbrodd sem er í ferðaþjónustu á landinu. Það er ljóst að þarna er gríðarlega mikilla úrbóta þörf og einnig þarna er um verkefni að ræða sem geta haft í för með sér mikla atvinnusköpun. Að vísu var samþykkt örlítil aukafjárveiting, 5 millj. kr., á fjárlögum, til ferðamála, til gerðar göngustíga og vissulega ber að fagna því. En það er auðvitað sáralítið og mætti beina þeim tilmælum til hæstv. forsrh. þegar farið verður að skoða atvinnusköpun og það hvernig á að verja þeim peningum sem bensínskatturinn á að skila og aðrar fjárveitingar til atvinnusköpunar, hvort ekki er hægt að skoða í því samhengi ýmislegt sem tengist ferðamálum og ferðamannastöðum.

Virðulegi forseti. Eins og komið hefur skýrt fram í dag þá er hér einnig um að ræða brtt. frá meiri hluta efh.- og viðskn. sem ekki var að finna í frv. og hafa komið inn á milli 1. og 2. umr. Ég ætla ekki að fara fleiri orðum um þessa aðferð sem hér er beitt og orkar mjög tvímælis séð út frá stjórnarskránni en aðeins að koma inn á þessi mál efnislega. Við í minni hluta efh.- og viðskn. erum fylgjandi þeim breytingum sem verið er að gera á almannatryggingunum en megininntak þessara breytinga er það að þær húsaleigubætur sem teknar verða upp á næsta ári verði ekki til þess að skerða aðrar bætur, nóg er nú samt. Að vísu kom fram á fundi nefndarinnar að það fólk sem nú þegar nýtur húsaleigustyrks og fær húsaleigubætur þar verður skerðing á, það er ekki meiningin að fólk fái tvöfaldan húsaleigustyrk. Síðan er um það að ræða að verið er að leiðrétta uppæðir í samræmi við breytingar á verðlagi og einnig að færa til dagsetningar við greiðslur bóta til fyrsta dags hvers mánaðar sem vissulega er til bóta fyrir þá sem fá sínar bætur frá almannatryggingunum. Þær breytingar sem hér er verið að gera á lögum um félagslega aðstoð eru einnig samhljóða. Þar er sama málið á ferð. Síðan er hér nýr kafli sem varðar breytingu á lögum um skipulag ferðamála og ræðst af þessari hækkun sem ég nefndi áðan sem samþykkt var við 3. umr. fjárlaga. Síðan kemur þessi nýi kafli og alveg óskyldur og kemur ráðstöfunum í ríkisfjármálum ekkert við, um breytingu á lögum um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum. Eftir því sem ég best fæ séð þá er hvergi neitt um þetta að finna í fjárlögunum. Þarna er um það að ræða að innheimta gjald þegar dýralæknar eru að skoða sláturafurðir. Hér er verið að kveða á um það í lögum en þetta kemur ríkissjóði ekki nokkurn skapaðan hlut við eftir því sem ég best fæ séð.

Virðulegur forseti. Eins og ég nefndi áðan þá neyðist ég til að fresta ræðu minni vegna fjarveru hæstv. heilbrrh. En ég vil þó aðeins fara í þetta mál sem ég vil ræða við hann fyrst hæstv. forsrh. er mættur þar sem svo vill til að hann er 1. þm. Reykv. Nú veit ég ekki hvort hæstv. forsrh. hefur sett sig inn í þetta mál en það er þannig vaxið að meiningin er að leggja niður embætti héraðslæknis í Reykjavík og héraðslæknisins á Norðurl. e. Það hefur komið í ljós við skoðun á þessu máli að ekkert samráð hefur verið haft við borgaryfirvöld um þetta mál. Það hefur ekkert samráð verið haft við heilsugæsluna í Reykjavík og samkvæmt þeim bréfum sem við þingmenn Reykjavíkur höfum fengið þá leggst bæði borgarstjórn eða borgarráð, sem hefur sent frá sér samþykkt um þetta mál, gegn þessari breytingu og það sama gildir um heilsugæslulæknana í Reykjavík og samráð heilsugæslusöðvanna hér í borginni svo og þann mann sem nú gegnir embætti yfirlæknis eða héraðslæknis í Reykjavík.

Málið er það, hæstv. forsrh., að hér er á ferð rétt ein tillagan ættuð úr heilbr.- og trmrn. þar sem verið er að stinga upp á einhverjum handahófskenndum niðurskurði án þess að málið hafi verið kannað og án þess að nokkrar ráðstafanir hafi verið gerðar til að koma þeim verkefum fyrir annars staðar sem þessi embætti sinna. Það er ekkert lítið sem þessi embætti sinna. Héraðslæknirinn í Reykjavík er t.d. fulltrúi í almannavarnanefnd borgarinnar, hann hefur umsjón með sóttvörnum í borginni, hann tekur á málefnum einstaklinga sem hér koma upp, t.d. geðsjúkra, áfengissjúklinga, þegar um nauðungarvistun er að ræða. Hann er kallaður til þegar dauðsföll verða úti í bæ og samkvæmt þeim upplýsingum sem fram komu á nefndarfundi þá fer slíkum dauðsföllum fjölgandi, m.a. vegna þess að fólk er útskrifað fyrr af sjúkrahúsum en áður og því miður kannski stundum of snemma. Það er náttúrlega ýmislegt fræðilegt sem héraðslæknirinn sinnir, skýrslugerð og samantekt um heilsufar í borginni. Hann er kallaður til þegar um einhvers konar réttarlæknisfræði er að ræða og það er alveg ljóst af þessari upptalningu að hér er um viðamikið starf að ræða. Það er ekkert hægt bara að leggja þetta embætti niður og ætla að ráða einhvern heilsugæslulækni í 20% starf til að sinna þessu. Við hljótum að spyrja: Hvaða sparnaður næst í raun? Það hefur ekki verið sýnt fram á að það náist nokkur einasti sparnaður. Fulltrúar heilbrrn. segja: Við viljum gjarnan að hluti af þessu fari til landlæknis. Við viljum gjarnan að lögreglan taki yfir þau verkefni sem undir hana heyra og hún ráði sér lækni sem sinni t.d. dauðsföllum eða mannsdrápi eða slíku sem upp kemur í borginni og þar sem kalla þarf á úrskurð. Ég hef reyndar gleymt að nefna það hér að héraðslæknirinn í Reykjavík úrskurðar hvenær þurfi t.d. að opna líkkistu, hvenær megi brenna lík o.s.frv. Þetta er býsna sérhæft. Ég átti samtal við einn af heilsugæslulæknum borgarinnar, sem reyndar er formaður stjórnar læknavaktarinnar í Reykjavík, því ein af hugmyndum heilbrrn. er að koma hluta af þessu yfir á læknavaktina. Þeir hjá læknavaktinni í Reykjavík segja að þessi verkefni sem héraðslæknirinn í Reykjavík hefur sinnt falla ekki að því sem þeir eru að gera. Læknavaktin er þannig skipulögð að læknar skiptast á og menn eru kannski á örfáum vöktum á mánuði og hér er um slík sérverkefni að ræða að menn væru alltaf byrjendur. Auk þess hefur verið bent á að það er bara ekki við hæfi að landlæknisembættið fari að sinna einhverjum úrskurðarmálum og sérstökum málum sem upp koma í Reykjavíkurlæknishéraði. Landlæknir er æðsta úrskurðarvald í málefnum lækna og í ýmsum heil-

brigðismálum og þessi breyting, ef verkefnin yrðu færð yfir til landlæknis, þýddi það einfaldlega að hann sæti beggja vegna borðsins. Það verður ekki annað séð en að með þessu yrði að koma einhvers staðar upp bakvakt eða einhvers staðar yrði að vera bakvakt allar nætur til að sinna þessum verkefnum. Minni hluti efh.- og viðskn. leggur til að þessu máli verði frestað. Þarna er um sáralítinn sparnað að ræða, það hefur á engan hátt verið gengið frá því hvar þessum verkefnum verði sinnt, þetta er gert í andstöðu við borgaryfirvöld, sama hvort þar er um minni hluta eða meiri hluta borgarstjórnar að ræða, og þetta er gert í andstöðu við þá sem stjórna heilbrigðismálum í borginni, heilsugæslulækna. Ég ætla að geyma mér það að fara í gegnum öll þessi bréf sem okkur hafa borist þangað til hæstv. heilbrrh. mætir til fundarins. En það er alveg ljóst að hér er um vanhugsaða tillögu að ræða og það getur ekki verið ætlun okkar með einhverjum smá sparnaði að rýra þjónustu við borgarbúa. Það er það sem málið snýst um. Það verður algjörlega óljóst hvar þessari þjónustu verður komið fyrir. Það er mergurinn málsins. Það má vel vera að það sé réttlætanlegt að endurskoða þetta skipulag læknisþjónustunnar í borginni en það er verið að gera þetta algjörlega vanhugsað og óundirbúið. Við þingmenn Reykjavíkur hljótum líka að spyrja: Hvar á yfirsýnin í heilbrigðismálum borgarinnar að vera? Ef þetta embætti verður lagt niður þá er hún einfaldlega hvergi. Hugsanlega í þessu samráði heilsugæslustöðva sem ég reyndar þekki ekki til og veit ekki hvaða verkefnum sinnir nákvæmlega eða hvað oft það hittist. En það er alveg augljóst mál að verði þetta embætti lagt niður þá verður auðvitað að endurskoða skipulag heilbrigðismála í borginni.

Allra síðast, hæstv. forseti, vil ég undirstrika að það gildir allt annað um 100.000 manna borg heldur en bæi úti á landi með kannski nokkur þúsund íbúa þar sem menn vita hver heilsugæslulæknirinn er og menn vita hvert á að leita ef aðstoðar er þörf en málið horfir allt öðruvísi við hér. Hér er engin bakvakt á heilsugæslustöðvum. Það eru bara læknavaktir sem hægt er að leita til og hingað til hefur verið hægt að leita til héraðslæknis, áður borgarlæknis. Þannig að hér er um stórt mál að ræða. Það er ekki um miklar fjárupphæðir að ræða og við eigum að fresta þessu, skoða þetta mál miklu betur og sjá hvernig við getum komið heilbrigðisþjónustunni í Reykjavík betur fyrir.

[15:52]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég get viðurkennt að á sínum tíma þegar borgarlæknisembættið var í raun lagt niður sem slíkt þá þótti mér það vera skref afturábak vegna þess að borgarlæknisembættið var mjög virt embætti, virt og virkt hér í borginni og mér þótti miður þegar borgarlæknisembættið var flutt frá því að vera sveitarstjórnarembætti yfir í embættismann ráðuneytisins þó að heitið hafi nú verið látið halda sér ef ég man rétt þá þótti mér það mjög miður.

Varðandi þessa brtt. að öðru leyti í bandorminum þá reikna embættismenn það út að hún eigi að spara ef ég man rétt 8 millj. kr. Sjálfsagt höfum við ekki forsendur til þess að neita því að sú tala geti staðist, að hún sé a.m.k. réttilega reiknuð. Ég hef ekki haft forsendur til þess. En hv. þm. dró það í efa. Ég tel að þetta atriði sé eitt af þeim atriðum sem menn eigi að ræða mjög nákvæmlega hér við lok þinghaldsins, ef menn eru að ná samkomulagi um það með hvaða hætti við ljúkum þingstörfum hér í kringum áramótin þá er þetta eitt af þeim atriðum sem menn eiga að ræða að mínu viti.

[15:54]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Kristín Ástgeirsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir þessi orð. Ég veit að hann þekkir vel til í borginni og áttar sig á því að hér er um býsna sérstætt mál að ræða og ég held að við hljótum að geta fundið þessar 8 millj. kr. einhvers staðar. Enda vil ég ítreka það að það fylgir töluverður kostnaður þessum breytingum. Það eru áætlaðar 700 þús. kr. til landlæknisembættisins vegna þessara breytinga sem landlæknir reyndar telur vera allt of lága upphæð. Síðan koma launin til þessa heilsugæslulæknis sem áætlað er að ráða í 20% starf og síðan er allt það sem þarf að koma fyrir annars staðar. Þannig að ég vona að við náum hér samkomulagi um að fresta þessu máli og skoða þetta miklu betur til hagsbóta fyrir okkar umbjóðendur, borgarbúa í Reykjavík.

Útbýting þingskjala:

Húshitunarkostnaður, 252. mál, svar iðnrh., þskj. 504.

Ráðstafanir í ríkisfjármálum 1995, 278. mál, brtt. KÁ o.fl., þskj. 518.

[15:55]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Í aðdraganda umræðu um þetta mál var rætt allnokkuð um formlega hlið þessa frv. og ég vil við upphaf míns máls undirstrika það að hér er mjög óeðlilega að staðið varðandi einstaka þætti í uppsetningu málsins af hálfu stjórnvalda og verið að flytja hér inn undir heitinu frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1995 ýmis ákvæði sem taka til miklu lengri tíma eða eru ótímabundin eins og þau eru fram sett í þessu frv. eða varða ekki ríkisfjármálin sem slík og að því leyti er meginfyrirsögn þessa máls röng. Það hefði jafnvel mátt sleppa með lítilli viðbót að vera að brjóta á þessu formlega eins og stundum hefur verið gert þegar svokallaðir bandormar hafa verið lagðir fyrir þingið að skeyta við skammstöfuninni o.fl., og fleira, en ekki teldi ég það út af fyrir sig vera til þess að bæta málið. Það er mikil þörf á því að breyta til í sambandi við framlagningu mála af þessum toga og aðgreina í sérstökum frumvörpum þá þætti sem saman eiga með eðlilegum hætti en hér er verið að sulla saman í þessu frv. Mætti t.d. styðjast við efnisþætti sem eru afmarkaðir í sérstökum köflum eða finna sem sagt annað form sem er betra og eðlilegra og gefur bæði þingheimi og almenningi til kynna hvað um er verið að fjalla og auðveldar alla málsmeðferð. Ég ætla að öðru leyti ekki að fara að ræða þann úrskurð sem var rædd-

ur undir öðru formi áður en umræðan hófst, en ég tel að það sé mikil þörf á því að taka þessi mál til athugunar.

Við meðferð þingnefndar á þessu máli hafa vissulega verið lagfærð örfá atriði og það er sjálfsagt að geta þess sem er til bóta án þess að ég ætli að fara að telja það upp í einstökum atriðum. Nokkur atriði sem þar er að finna í brtt. meiri hlutans og sem minni hlutinn styður sem er til lagfæringar og bóta eins og það að hætta við áform um að leggja af fjárveitingu til listskreytingasjóðs sem ekki var í upphaflegu frv. lengur, að finna heimild fyrir og lengingu á lánum til Ferðamálasjóðs svo dæmi séu tekin um lagfæringar sem horfa til bóta að mínu mati.

Það eru hins vegar fjölmörg atriði sem tengjast þessu frv. sem þörf er á að gagnrýna og sem fram kemur í áliti minni hluta nefndarinnar og ég ætla ekki að fara að vitna til þess með beinum hætti. Það liggur fyrir og það hefur verið mælt fyrir því af framsögumanni þó að frestað hafi verið að fylgja því úr hlaði sem snýr sérstaklega að málefnum heilbr.- og trmrh. En það eru nokkur atriði sem ég vildi benda á og koma hér að og eitt af þeim var til umræðu áðan og kom fram að nokkru í orðaskiptum við frsm. minni hluta efh.- og viðskn. og hæstv. forsrh. áðan að því er snertir málefni héraðslæknanna sérstaklega. Ég ætla ekki að gera að sérstöku umræðuefni það sem snýr að almannatryggingum og breytingu á almannatryggingalögunum. Um það verður vafalaust fjallað í umræðunni af fleirum og hv. þm. Guðrún Helgadóttir hefur þegar vakið athygli á einum þætti þess máls sem varðar afnotagjöld útvarps og sjónvarps og er hér á mælendaskrá. Það er einnig að því vikið í áliti meiri hlutans að ekki sé ætlunin að skerða rétt þeirra bótaþega sem eiga rétt á niðurfellingu á afnotagjaldi útvarps og sjónvarps, stendur þar í áliti meiri hlutans, en hins vegar segir í framhaldi af því, með leyfi forseta:

„Nauðsynlegt verður að endurskoða framkvæmd þessara mála í kjölfar þess að farið verður að greiða húsaleigubætur í stað uppbótar á lífeyri til þeirra sem greiða háa húsaleigu."

Eitthvað virðist það málum blandið af hálfu meiri hluta nefndarinnar hvernig búið sé um framkvæmd í þessum efnum og full þörf á því að farið sé nánar yfir þau efni við skoðun málsins í þessari umræðu og í framhaldi af henni.

Ég tek einnig undir það sem fram hefur komið varðandi flugmálaþáttinn, flugmálaáætlun í þeim kafla frv. sem lýtur að því, 8. og 9. gr. frv. Þar er verið að fara inn á stefnu sem við hljótum að gagnrýna mjög ákveðið og harðlega að ætla sér að fara að skerða markaðan tekjustofn til framkvæmda í þágu flugmála í landinu og taka þar inn í rekstur einar 70 millj. kr. sem á að fara að taka af rekstrarfé til flugmála í landinu og svo taka til rekstrar í flugvalla og annað sem lýtur að undirbúningi framkvæmda samkvæmt flugmálaáætlun. Þetta er stefnubreyting frá því sem verið hefur til skerðingar á mörkuðum tekjustofni. Þetta snertir ekki síst landsbyggðina sem notar innanlandsflug meira en höfuðborgarbúar. Hér hefur verið vakin athygli á því að ekki er kveðið á um það hvort hér sé um tímabundna aðgerð fyrir árið 1995 að ræða eða hvort hér er verið að marka stefnu til lengri tíma og liggur fyrirspurn fyrir af hálfu hv. 1. þm. Vestf. til forseta um hver sé skilningur forseta í því máli. Ég tek undir það að mikil nauðsyn er á að skýra það við þessa umræðu hvert verið sé að fara að þessu leyti.

Það er mikil óhæfa að mínu mati að ganga þannig inn á áður markaða stefnu í sambandi við öflun fjár til framkvæmda í flugmálum, skattlagningu sem almenningur hefur unað vel, a.m.k. mjög margir, vegna þess að það hefur tekist í krafti þeirrar fjáröflunar að lagfæra margt í flugrekstri hér og koma af stað og ljúka við mannvirki sem mikil nauðsyn var á. Og það munar um minna en heilar 70 millj. í þeim efnum, um það þarf ekki að fjölyrða.

Virðulegur forseti. Það er rétt að benda einnig á það hversu ósmekklegt það er að vera að taka inn í þetta frv. og afgreiðslu þessa máls varðandi ríkisfjármálin breytingu eins og varðar meðferð og mat á sláturafurðum, algerlega óskylt mál sem er ágætt sýnishorn af því hvernig menn ganga til verks í þessum efnum að því er formið snertir. Efnislega ætla ég ekki að ræða það mál frekar.

Ég ætla þá, virðulegur forseti, að víkja að þeim þætti sem ég geri aðallega að umræðuefni í tengslum við þetta frv. og þykir vænt um að hæstv. forsrh. er viðstaddur í fjarveru hæstv. heilbrrh. En það er mjög sérkennilegt að hæstv. heilbrrh. sem á jafnmikið efnislega undir í þessu máli skuli ekki vera viðstaddur hér á þingfundi til þess að svara fyrir og fylgjast með í þeirri umræðu. Í sérstökum kafla í frv. er að finna breytingar á lögum um heilbrigðisþjónustu með síðari breytingum og það er sérstaklega ákvæði 5. gr. í sambandi við héraðslækna sem ég ætla að gera að umtalsefni.

Við framlagningu fjárlagafrv. var sú fyrirætlan hæstv. heilbrrh. og ríkisstjórnar kynnt að spara 8 millj. kr. með því að leggja af héraðslæknisembætti í Reykjavík, borgarlæknisembættið og héraðslæknisembættið í Norðurl. e. Ég lagði af því tilefni fram fyrirspurn til hæstv. heilbrrh. til að fá fram rökstuðning af hálfu ráðherrans fyrir þessari aðgerð og fyrir liggur skriflegt svar hæstv. heilbrrh. um það efni. Ég tel hins vegar að hér sé um að ræða miklu stærra og víðtækara mál en þessi aðgerð að leggja af þessi tvö héraðslæknisembætti og sá sparnaður sem þar fylgir. Það hangir þar mun meira á spýtunni og það sé mjög langt frá því að þetta mál snerti fyrst og fremst Reykjavíkurborg og starfsemi á vegum héraðslæknis þar eins og ætla mætti af því sem hefur komið fram í umræðunni. Þetta varðar einnig starfandi héraðslækni og embætti hans í Norðurl. e. en það varðar einnig almenna stefnumörkun í þessum málum sem Alþingi hefur fjallað um á undanförnum þingum og samþykkt ítrekað að leggja inn á nýja braut einmitt til þess að styrkja svæðisbundna stjórn, héraðsstjórn í sambandi við heilsugæslumálefni undir embætti héraðslækna. Þær ályktanir sem Alþingi hefur samþykkt í þessum efnum ganga sem sagt í þveröfuga átt við þá stefnu sem hér

er verið að biðja um uppáskrift fyrir og ég vil nota tækifærið til þess að vekja alveg sérstaka athygli á því.

Ég vil, virðulegur forseti, leyfa mér að rifja upp ályktun Alþingis frá 7. febr. 1991 um skrifstofur heilbrigðismála í kjördæmum landsins. Samþykkt Alþingis samhljóða gerð er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa að komið verði á fót í kjördæmum landsins á næstu fjórum árum skrifstofum heilbrigðismála sem sinni m.a. verkefum fyrir héraðslækna, heilbrigðismálaráð og Tryggingastofnun, svo og fjárhagslegri og faglegri áætlanagerð og eftirliti með heilbrigðisþjónustu á svæðinu."

Þessi ályktun þingsins byggðist á tillögu sem ég var flm. að og lagði fram á tveimur þingum og á þinginu 1990–1991 var þessi tillaga afgreidd með lítils háttar breytingu og samþykkt efnislega samhljóða á Alþingi. Í aðdraganda þessa máls var umræða sem fram fór eftir breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga að því er varðaði heilbrigðismál í landinu, skipan heilbrigðismála í landinu en eins og menn rekur minni til var með breyttri verkaskiptingu og lögum nr. 87/1989 farið inn á þá braut að ríkið tók við heilsugæslu í landinu sem áður var að hluta á hendi sveitarfélaganna. Þessi breyting leiddi óhjákvæmilega til þess að óbreyttu að verkefni í heilbrigðisþjónustu á vegum ríkisins fari vaxandi og flytjist í auknum mæli til Reykjavíkur, sérstaklega yfirstjórn þeirra mála. Því taldi ég og þeir sem studdu þetta mál nauðsynlegt að samræma stjórn heilbrigðismálanna í kjölfar þessarar breytingar á verkaskiptingu og styrkja svæðisbundna stjórn í læknishéruðum sem að mestu fylgja kjördæmaskipan í landinu. Um þetta efni var fjallað á tveimur þingum samtaka sveitarfélaga haustið 1989 á Austurlandi og á Vestfjörðum og samþykktur stuðningur við stefnu í þá veru sem Alþingi síðan lagði blessun sína yfir með áðurnefndri þál. Og í erindi sem Stefán Þórarinsson, héraðslæknir á Austurlandi, flutti á þingi Sambands ísl. sveitarfélaga haustið 1989 rökstuddi hann á greinargóðan hátt þörfina á því að koma á slíkri samræmdri skipan á heilbrigðisþjónustunni til þess að andæfa gegn þeirri miðstýringu sem fólst í yfirtöku ríkisins á málaflokknum að öðru leyti. Stefán Þórarinsson, héraðslæknir og heilsugæslulæknir á Egilsstöðum, sagði á nefndum fundi, með leyfi forseta, örstutt tilvitnun:

„Á þeim tímamótum sem heilbrigðisþjónustan stendur nú á eru tveir valkostir. Annar að láta hlutina vera óbreytta og þá halda verkefnin áfram að færast frekar suður á bóginn eða taka upp þá stefnu að gera heilbrigðismálaráðin virk í kjördæmunum og efla þannig stjórn heilbrigðisþjónustunnar sem þar er veitt og reyna að auka þjónustu innan fjórðungsins, t.d. á sviði sérfræðiþjónustu."

Margt fleira lagði hann gott og gilt til málanna í þessu erindi sínu en ég læt þessa örstuttu tilvitnun nægja. Samþykktir þessara sveitarstjórna í þessum tveimur landshlutum liggja fyrir og styðja þá stefnu sem ég var hér að rifja upp.

Ég leyfði mér á þingi 1992 að inna þáv. og reyndar núv. hæstv. heilbrrh. eftir því hvað aðhafst hefði verið í framhaldi af ályktun Alþingis frá árinu 1991 um skrifstofur heilbrigðismála í kjördæmum landsins. Og í skriflegu svari hæstv. ráðherra sagði svo, með leyfi forseta:

„Heilbrrh. skipaði með bréfi, dags. 25. sept. 1991, nefnd til að endurskoða lög nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu." Síðan er talið upp hverjir voru skipaðir í nefndina og segir síðan: „Var nefndinni falið að hafa áðurnefnda þingsályktun til hliðsjónar við endurskoðunina og er ráðuneytinu kunnugt um að svo hefur verið gert. Nefndin hefur ekki lokið störfum."

Þetta voru svörin sem þá fengust en það liggur ekkert fyrir og hefur ekkert verið framreitt í sambandi við þá tillögu sem nú er um að leggja af störf héraðslæknanna hvað hafi komið fram hjá þessari stjórnskipuðu nefnd í þeim málum. Ég hef ekki farið yfir álit nefndarinnar en mér býður í grun að þar sé að finna allt aðra stefnumörkun en þá sem hér er fram borin.

Ég vil einnig leyfa mér, virðulegur forseti, að vitna til samþykktar Alþingis um íslenska heilbrigðisáætlun sem gerð var fyrir þinglok 1991, 19. mars 1991 eða röskum mánuði eftir að umrædd samþykkt hafði verið gerð. Þetta var stjórnarmálefni en stutt af öllum þingflokkum á Alþingi og átti raunar upptök hjá heilbrrh. Sjálfstfl. í ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar líklega 1985 eða 1986. Það var þáv. hæstv. ráðherra Ragnhildur Helgadóttir sem lét hefja vinnu að gerð slíkrar stefnumörkunar um íslenska heilbrigðisáætlun og síðan fylgdu málinu eftir fleiri ráðherrar heilbrigðismála, m.a. Guðmundur Bjarnason, hæstv. heilbrrh. í ríkisstjórn 1988–1991 og var starfandi heilbrrh. þegar þessi samþykkt var gerð. En alþingismenn og fyrrv. ráðherrar lýstu ánægju með þessa samþykkt um íslenska heilbrigðisáætlun og þar í tölulið 5 í þessari áætlun segir svo, með leyfi, virðulegi forseti:

„Í samræmi við ályktun Alþingis frá 7. febr. 1991 verði á næstu fjórum árum komið á fót skrifstofum heilbrigðismála í öllum kjördæmum landsins og sinni þær m.a. verkefnum fyrir héraðslækna, heilbrigðismálaráð og Tryggingastofnun, svo og fjárhagslegri og faglegri áætlanagerð og eftirliti með heilbrigðisþjónustu á svæðinu."

Það var mjög mikil vinna lögð í þetta mál á vegum þáv. félmn. Alþingis sem ég var formaður fyrir á þessum tíma en vann þar í góðri samvinnu við stjórnarliða og stjórnarandstöðu að koma þessu máli í höfn, með verulegum breytingum frá upphaflegri tillögu vissulega. Meðal þeirra sem þar störfuðu vel að málum var hv. þm. Sólveig Pétursdóttir sem var þá fulltrúi í þessari nefnd og um þetta tókst prýðileg samstaða, þar á meðal um að taka þetta atriði sem Alþingi hafði áður fjallað um inn í áætlunina.

Mér finnst alveg nauðsynlegt, virðulegi forseti, að það komi fram varðandi þetta atriði sérstaklega hvað Alþingi hefur ályktað, hvernig Alþingi hefur fjallað um þennan þátt á fyrri stigum, hvað hefur verið ályktað um og hvaða undirtektir liggja þar fyrir. Ég þarf ekki að eyða mörgum orðum að því að þar er mjög ríkur áhugi á því að hverfa að þeirri skipan sem ég hef verið að rekja úti í umdæmunum, sem að mestu falla sam-

an við kjördæmi landsins, m.a. með því að styrkja starfsemi héraðslæknanna og fella undir heilbrigðisskrifstofur í kjördæmunum einnig þætti sem varða Tryggingastofnun og annað fleira. Slíkt væri ótvírætt til að vega á móti þeirri miklu miðstýringu sem vissulega felst í núverandi skipan mála með heilsugæslumálin á hendi ríkisins að mestu undir einu ráðuneyti í Reykjavík og á þess vegum. Margt hefur verið sagt um embættisfærslu sem tengist heilbrigðismálunum á undanförnum mánuðum og á liðnu ári. Ég ætla ekki að rekja það en ég tel að það væri málaflokknum í heild til mikils framdráttar ef menn hyrfu að því ráði að koma upp þessari svæðisbundnu stjórn, auðvitað í náinni samvinnu við ráðuneyti þessara mála þannig að ekki vinni eitt á móti öðru heldur vinni menn saman að því að færa málin til hins besta horfs.

Heilbrigðismálaráðin sem kosin hafa verið lögum samkvæmt úti í umdæmunum hafa verið máttlausar stofnanir vegna þess að þeim hefur ekki verið búin starfsaðstaða og þó að héraðslæknar, sem hefur verið ætlað að sinna verkefnum þó næsta lítt skilgreindum utan þeirra sem hér er sérstaklega um fjallað að leggja eigi niður, þ.e. borgarlækni í Reykjavík og héraðslækni í Norðurlandi eystra, hafi reynt að liðsinna þeim hafa þeir vissulega enga aðstöðu haft til að gera það eins og þörf væri á þannig að heilbrigðismálaráðin yrðu eitthvað meira en nafnið og gætu í rauninni komið fram með gildar og vel unnar tillögur sem snerta heilsugæslu á viðkomandi svæðum.

Svo er þess að geta að lokum varðandi þetta efni að fyrir liggur á þskj. 189 skriflegt svar frá núv. heilbr.- og trmrh. við fyrirspurn minni um breytingar á embættum héraðslækna, þetta er 60. mál núverandi þings. Þar segir að vísu í svari hæstv. ráðherra að það eigi ekki formlega að leggja niður embætti héraðslækna. Því er svarað neitandi en ótvírætt liggur það fyrir í þeirri stefnu sem er mörkuð með þessu frv. að efnislega er verið að leggja það til þó að það sé ekki slegið af með formlegri lagabreytingu en þó felst í frv. sem vafalaust verður túlkað sem mjög ákveðið skref í þá átt þar sem segir í 5. gr.:

„Ráðherra skipar einn af starfandi heilsugæslulæknum héraðsins sem héraðslækni til fjögurra ára í senn." Hér er náttúrlega verið að svipta héraðslæknisembættin sjálfstæði sínu sem sjálfstæðri starfsemi eins og það hefur verið í gildi fram að þessu, bæði á grundvelli laga og í reynd.

Ég vil að endingu, virðulegi forseti, vænta þess og þá m.a. með vísan til þeirra orða sem féllu af munni hæstv. forsrh. áðan í umræðu að þessi þáttur frv. verði tekinn til efnislegrar endurskoðunar áður en frv. verður afgreitt á þinginu. Ég teldi það mjög miður fyrir heilbrigðismálin ef sú stefna gengi fram sem hér er mörkuð. Ég tel í rauninni þörf á allt öðru en það verði gert og menn þurfi af fullri alvöru að fara yfir þær samþykktir sem þingið hefur gert í góðri trú og samhljóða á undanförnum fáum árum, bæði varðandi heilbrigðisáætlun til ársins 2000 og í sérstakri samþykkt sem varðar styrkingu héraðslæknisembættanna og uppbyggingu í kringum embættin til þess að gera þeim kleift að ná tökum á þessum þýðingarmikla en kostnaðarsama málaflokki þar sem miklu varðar að fjármunum sé vel varið.

[16:21]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég geri ekki lítið úr þessu ágæta yfirliti hv. þm. þó að ég segi um þátt héraðslæknanna að ég láti mér nægja að vísa til þeirra orða sem féllu í andsvari mínu við ræðu hv. 15. þm. Reykv.

Varðandi það atriði sem hv. þm. vék að um breytingu á lögum nr. 30/1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, þá er ég sammála hv. þm. að þessi breyting eigi ekki við á þessum stað óháð efni málsins. Menn geti þá komið því fyrir með öðrum hætti og er honum sammála um að það er eðlilegra form að brtt. verði ekki bætt inn í frv.

[16:22]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir að taka undir þessa athugasemd mína. Ég vænti þess að það vísi til þess að hæstv. ráðherra sé reiðubúinn til þess að skoða framsetningu mála af þessum toga. Það er heldur leiðinlegt hvernig þetta er lagt fyrir þingið, svo að ekki sé sterkara að orði kveðið, þessir bandormar, og sannarlega þörf á því að reyna að skipta þeim upp í liði eins og skepnan sú sem frv. er kennt við er byggð upp úr og losa þá sundur og koma málunum efnislega fram eins og eðlilegt verður að teljast og betur fer á að öllu leyti.

[16:23]

Matthías Bjarnason:

Virðulegur forseti. Ég sagði hér í dag að ég kynni ákaflega illa við uppsetningu á þessum frumvörpum um ráðstafanir í ríkisfjármálum á næsta ári þó að hér sé ekki um nýtt atriði að ræða því að hver ríkisstjórnin á fætur annarri hefur gripið til þess að framleiða þessa skepnu svo að segja á hverju ári og með misjöfnum árangri og við misjafna hrifningu þingmanna amennt. Þó hefur verið gerð að þessu sinni ein breyting á bandormi. Hin svokölluðu „þrátt-fyrir"-ákvæði hafa verið í lánsfjárætlun mörg undanfarin ár flestum til sárra leiðinda en nú hafa þau verið flutt í frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum árið 1995 og hér er um að ræða 20 „þrátt-fyrir"-greinar.

Ég hef hvað eftir annað minnst á það, bæði þegar minn flokkur hefur verið í stjórn og í stjórnarandstöðu, að það ætti fremur að breyta þessum lögum sem er verið að skerða með „þrátt-fyrir"-ákvæðunum en það er kannski ekki von á því að það sé gert nú á þessu stigi þar sem kjörtímabilinu er að ljúka. Auðvitað ætti að grípa til þess ráðs í byrjun kjörtímabils og venja sig af þeim ósið að vera með þessi „þrátt-fyrir"-ákvæði. En ég veit ekki hvaða snillingur hefur fundið upp á því að fytja alla þessa liði bandormsins úr lánsfjárlögunum yfir í ríkisfjármálin eða hvað liggur á bak, enda er mér alveg sama.

Í 3. gr. frv. er gert ráð fyrir því að heimilt verði að verja allt að 40% af ráðstöfunarfé Framkvæmdasjóðs fatlaðra og það er bætt við nýjum verkefnum, sumum góðum og þörfum. Þarna er um að ræða að hækka

þennan hluta af ráðstöfunarfé Framkvæmdasjóðs fatlaðra úr 25% í 40%. Þegar lögin um Framkvæmdasjóð fatlaðra voru sett á sínum tíma þá voru ekki deilur um að Framkvæmdasjóður fatlaðra þyrfti að verða að veruleika heldur voru deilur um það hvort leyfa ætti markaða tekjustofna eða taka inn fjárframlög á fjárlögum. Að vissu leyti höfðu báðir aðilar nokkuð til síns máls. Ég var þá í stjórnarandstöðu en tók þá afstöðu að styðja þetta ásamt fleiri mönnum úr mínum flokki vegna þeirrar miklu þarfar sem var á því að byggja upp heimili fyrir fatlaða og það frv. fór í gegn. Fyrstu árin voru þetta eingöngu fjárframlög sem fóru til þess að byggja upp heimili fyrir fatlaða og byggja upp t.d. öldrunarálmu Borgarspítala sem fékk á þeim fyrstu árum langstærstu framlögin sem ekki var nema eðlilegt og sjálfsagt að gera.

Ég fyrir mitt leyti tel að eins og komið er og eins og búið er að byggja upp þá ætti að liggja fyrir áætlun um hvað stendur til að gera, t.d. á næstu 10 árum, í nýjum byggingum, hvar er þörfin mest og byggja á því og taka svo ákveðinn hluta og verja með því að breyta þessum lögum með eðlilegum hætti eins og við breytum lögum. Ég set mig ekki upp á móti því að einhver hlutdeild sé tekin í því skyni sem mörg þessi ákvæði í lögunum gera ráð fyrir. En mér finnst vera farið að seilast ansi langt þegar komið er í tvo fimmtu af tekjum sjóðsins. Ég verð að láta þá skoðun mína í ljósi.

Í 4. gr. þessara ráðstafana segir að á næsta ári sé stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs ekki heimilt að veita styrki skv. 3. tölul. 2. mgr. 36. gr. laganna. Mig langar að spyrja: Af hverju er þessi breyting gerð? Það var sagt þegar Atvinnuleysistryggingasjóður fékk þessa heimild að það væri gert í sparnaðarskyni með því að útvega fleira fólki atvinnu, auka framleiðslu þjóðarinnar. Hefur eitthvað farið þarna úr böndunum að ríkisstjórninni þyki nauðsynlegt að afnema þetta? Þetta er mál sem heyrir undir félmrn. nú en heyrði áður undir heilbr.- og trmrn. og af því að hér er um töluverða breytingu að ræða þá finnst mér það vera allmikið atriði að fá svar við því: Hefur orðið þarna misnotkun sem er talið að þurfi að stemma stigu við? Hefur þetta þá verið misskilningur sem sagt var að það væri sparnaður í því að hafa þessa heimild? Að í ljós hafi komið að hér væri ekki um sparnað að ræða? Þessu fylgja engar skýringar.

Í 6. gr. frv. erum við komnir að sveitarstjórnarmálum og heilbrigðismálum, sérstaklega heilbrigðismálum. Þar segir: „Ráðherra getur í samráði við hlutaðeigandi sveitarstjórnir ákveðið breytingar á framkvæmd einstakra málsliða skv. 2.–9. mgr. þessarar greinar, svo sem að færa heilsugæslustöðvar milli umdæma. Við sameiningu sveitarfélaga getur ráðherra sett reglugerð um heilsugæsluumdæmi og heilsugæslustöðvar í héruðum.

Það færist æ meira í vöxt að ráðherrar fái heimild til þess að gerbreyta lögum með reglugerðum. Það er slæmt að hæstv. heilbrrh. er ekki viðstaddur til að fá að vita hvað er hér í farvatningu. Það hljóta að vera einhver tiltekin atriði uppi sem á að breyta og er það ekki sjálfsögð virðing við löggjafarsamkunduna að segja frá því hvað er þá á seyði.

Svo eru 8. og 9. gr. sem ég vil alveg sérstaklega gera að umræðuefni. Ég vil byrja á því að segja að ég spurði hæstv. forseta, sjálfsagt aðalforseta þingsins, um það hvort þessar breytingar á lögum nr. 31/1987, um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum, sem eru tengdar inn í frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1995 séu breytingar sem eigi að gilda áfram eftir að árið 1995 er liðið. Finnst mönnum ekki undarlegt að taka löggjöf sem Alþingi hefur sett, vandlega útbúna löggjöf, og ætla að smygla þessu hérna inn? Svo er verið að taka menn fyrir að smygla tveimur, þremur brennivínsflöskum. En hérna þykir þetta orðið sjálfsagt. Er ekki kominn tími til þess að taka í þessa nýju smyglarastétt? (**VS:** Hverjir skipa hana?) Þeir sem stunda þennan verknað og þeir sem samþykkja hann. Er fyrirspyrjanda þá ljóst hvað ég á við? (**VS:** Já.) Það er gott. (**VS:** Vildi fá það staðfest.) Já.

Það vildi svo til að snemma árs 1984 gegndi ég embætti samgrh. og skipaði þá nefnd undir forustu Birgis Ísl. Gunnarssonar til þess að vinna að tillögugerð um framkvæmdir í flugmálum. Sannleikur málsins var sá að framlög til flugmála frá hendi þáv. fjárveitinganefndar og fjmrh. voru það lítil að verkefnin æptu á mann víðs vegar að af landinu. Þó var eitt verkefnið langstærst, það var bygging flugvallar á Egilsstöðum sem gat ekki dregist lengur að taka ákvörðun um og láta mikið fjármagn í. En það voru líka fjölmörg önnur verkefni sem þurfti að framkvæma. Þegar þetta frv. var lagt fyrir Alþingi þá var lagt fram sem stjfrv. um flugmálaáætun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum. Í frv. var gert ráð fyrir innheimtu sérstaks eldsneytisgjalds af flugbensíni og þotueldsneyti svo að hver flugfarþegi greiddi svokallað flugvallargjald.

Mér finnst rétt að taka fram í greinum frv. og athugasemdum við þær að umræddum gjöldum átti eingöngu að verja til framkvæmda í flugmálum samkvæmt flugmálaáætlun. Þetta leyfði ég mér að segja við flugrekstraraðila sem voru ekkert ánægðir yfir þessu gjaldi: Þið eruð að fá betri flugvelli, þið fáið þetta gjald margoft endurgreitt og eigið því að taka því vel. Ég man sérstaklega eftir því að það voru mjög skiptar skoðanir hjá formanni Flugleiða sem sagði: Þetta á að taka af fjárlögum og hafa þessi framlög myndarleg á hverju ári, en nýr forstjóri Flugleiða, sem er enn forstjóri, tók þessu miklu hógværar og sagðist skilja það að samgrh. ætti undir högg að sækja hverju sinni um það hversu miklu væri varið til framkvæmda í þessum málaflokki.

Nú er ekkert við því að segja að breyta þessum lögum en þá á auðvitað að breyta þeim með eðlilegum hætti. Það á að breyta lögunum ef það er talið að búið sé að vinna svo mikið í flugvallarframkvæmdum og flugstöðvarbyggingum að það megi skerða verulega þetta framkvæmdafé og þá færa menn rök fyrir því. Ég er þeirrar skoðunar að það veiti ekki af öllum þessum tekjum eins og lögin eru gerð úr garði af Alþingi. Það

á eftir að veita í miklar framkvæmdir bæði út um land og þá ekki síst í Reykjavík. Hér er enn þá óbyggð flugstöð og ég vona það að hér verði miðstöð innanlandsflugsins eins og verið hefur.

Þess vegna finnst mér ranglátt og hættulegt að breyta þessum lögum og taka þetta fjármagn til þess að annast það sem ríkið á að gera því að ríkið hefur miklar tekjur af flugmálum og getur því vel staðið og á að standa undir þeim liðum. Það er undarlegt að menn skuli fá sig til þegar þeir eru að leita að einhverju að raska því sem hefur tekið óralangan tíma að koma á og tryggja samgöngur. Þetta gerir það að verkum að menn fara að hætta því að marka nýja tekjustofna þegar þeir eiga það á hættu að af þeim verði tekið til kontórhalds sem ríkið á að standa undir og hefur margar aðrar tekjur á móti. Og það er furðulegt hvað Alþingi Íslendinga er móttækilegt fyrir svona tillögum sem koma frá kerfiskörlunum uppi í Arnarhvoli. Ef einhverjir kerfiskarlar eru þar á ferðinni, benda á eitthvað sem hægt er að taka af sem þessi virðulega stofnun, eða a.m.k. á hún að vera það, hefur sett, þá vilja menn kyngja því alveg eins og ekkert hafi í skorist. (**Gripið fram í:** Þetta eru flokksþrælar.) Já, maður sá það nú við atkvæðagreiðsluna í dag hverjir eru flokksþrælar og hverjir ekki. Ég átti ekki við þig, hv. þm. (**Gripið fram í:** Hann tók það til sín.) Nei, hann þarf þess ekki, en það mega aðrir gera það sem eru að grípa fram í. (**Gripið fram í:** Ég skil fyrr en skellur í tönnum.) Já, hv. þm. gerist skýrari með aldrinum. Það er gott.

Ég tel að þessi breyting á lögum um flugmálaáætlun sem er troðið hér í 8. og 9. fremstu liði bandormsins eigi hér ekki erindi og það sé ljóður á Alþingi að kokgleypa þetta. Það þýðir að verið er að draga úr framkvæmdum víða úti um land, það er verið að tefja fyrir uppbyggingu flugstöðvar í Reykjavík og endurbyggingu flugbrauta í Reykjavík. Og það verður gaman að sjá hverjir standa að þessu, hvað flokksþrælarnir og þeir sem ríkisstjórnina styðja alltaf þegar hún kemst í einhverjar raunir en þykjast vera miklir stjórnarandstæðingar þess á milli. Það verður gaman að sjá þegar að þessu kemur. Ég ætla að segja fyrir mitt leyti að ég er ekki eitt í dag og annað á morgun, ég flökta ekki til og frá eftir því hvort Sjálfstfl. er í stjórn eða stjórnarandstöðu. Ég held mig við sannfæringu mína. Ég beitti mér fyrir því og barðist fyrir því og fékk margar ákúrur að koma þessu frv. í gegn og ég hef talið og tel að það hafi orðið mjög til góðs og það væri stórt skref aftur á bak að hverfa frá því.

[16:43]

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum árið 1995. Ég vil byrja á því að taka undir með hv. síðasta ræðumanni um það sem hann sagði um þetta frv., en það sem ég ætla einkum að gera að umræðuefni eru tvær fyrstu greinar frv. er varða grunnskólann. Aðrir hv. þm. Framsfl. munu koma að öðrum málum.

Þannig er að nú er enn á ný af hálfu hæstv. ríkisstjórnar ætlunin að skerða framlög til grunnskólans. Þetta er í sjálfu sér gamall kunningi sem hér er á ferð því að öll árin sem þessi hæstv. ríkisstjórn hefur setið að völdum hefur hún ráðist á grunnskólann og litið á það sem alveg sérstakt ætlunarverk sitt. Mig langar, hæstv. forseti, til að rifja aðeins upp söguna þar sem við erum nú stödd hér á síðasta ári þessa kjörtímabils og eigum væntanlega ekki von á því að fá fleiri slíkar sendingar inn á hv. Alþingi eins og við höfum hér fyrir framan okkur eða það er a.m.k. einlæg von mín og ég sakna þess ekkert að þurfa ekki að halda oftar ræður eins og þær sem ég hef gert öll þessi ár og varða þessa skerðingu.

Árið 1992 var með frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum, sem varð að lögum nr. 1/1992, skert framlag til grunnskólans. Í umsögn fjmrn. segir, með leyfi forseta:

„Að öllu samanlögðu er gert ráð fyrir að frestun framangreindra ákvæða grunnskólalaga, nr. 49/1991, spari ríkissjóði rúmlega 40 millj. kr. á árinu 1992, en tæpar 100 millj. kr. á heilu ári. Sparnaðurinn á árinu 1992 miðast við fimm mánuði. Allar fjárhæðir eru á áætluðu verðlagi í janúar 1992."

Í öðru lagi. Á árinu 1993 var ekki lagður fram sérstakur „bandormur" en flutt voru sérstök lög, nr. 4/1993, um breytingu á lögum nr. 49/1991, um grunnskóla. Þar segir í umsögn fjmrn. um frv., með leyfi hæstv. forseta:

„Að öllu samanlögðu er gert ráð fyrir að frestun framangreindra ákvæða grunnskólalaga, nr. 49/1991, spari ríkissjóði a.m.k. 100 millj. kr. á árinu 1993."

Í þriðja lagi. Lög nr. 127/1993, um ráðstafanir í ríkisfjármálum árið 1994. Þar segir í umsögn fjmrn., með leyfi hæstv. forseta:

„Að öllu samanlögðu er gert ráð fyrir að frestun framangreindra ákvæða grunnskólalaga spari ríkissjóði um 160 millj. kr. á haustinu 1994, en 350 millj. kr. á öllu skólaárinu 1994–1995."

Síðan erum við í dag að fjalla hér um bandorm og þar eru ákvæði um sparnað sem hljóðar upp á, ef ég vitna hér í umsögn fjmrn. eins og ég hef gert varðandi hin tilfellin. Þar stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Sparnaður af þessu ákvæði [þ.e. fækkun kennslustunda] er því um 105 millj. kr. á vorönn og um 75 millj. kr. á haustönn eða samtals 180 millj. kr. á árinu 1995. Auk þess sparast 50–100 millj. kr. vegna þess að frestað er ákvæði um fækkun nemenda í bekkjum."

Til þess að greina örlítið betur frá því hvaða ákvæði þar er um að ræða þá kemur það fram í umsögn minni hluta menntmn. um frv., sem er birt sem fskj. með nál. meiri hluta efh.- og viðskn., að það er alls um 26 bekkjardeildir að ræða þar sem þetta ákvæði er nýtt, að fjölga í bekkjum um allt að tvo nemendur með sérstöku leyfi fræðslustjóra. Á sama tíma og þessi hæstv. ríkisstjórn sem hér situr er að koma fram við grunnskólanemendur á þennan hátt, er lagt fram frv. til laga á hv. Alþingi um ný grunnskólalög sem kveða á um gífurlegan kostnaðarauka í rekstri grunnskólans. Og það er hægt að gera það núna vegna þess að nú á að færa grunnskólann yfir til sveitarfélaganna og þá er hægt að vera uppi með háleit markmið. Þetta finnst mér vera vinnubrögð sem eru algerlega óviðunandi og

það er eiginlega dapurlegt að þurfa að taka þátt í vinnubrögðum sem þessum í hv. menntmn., en þar höfum við verið með til umfjöllunar þessi tvö frumvörp á sama tíma, frv. sem sparar 200 millj. eða svo, 280 millj., og svo frv. sem hefur í för með sér kostnaðarauka upp á milljarða kr. Það er eins og hæstv. ríkisstjórn hafi oftrú á lagasetningu og telji að ný lög um grunnskóla breyti öllu og séu fyrst og fremst það sem grunnskólinn þarf. En sannleikurinn er sá að grunnskólinn þarf fyrst og fremst meira fjármagn og hann þarf fyrst og fremst að lögin frá 1991 fái að gilda í landinu, en þau hafa aldrei verið tekin í gildi vegna þess að þau voru strax skert á fyrsta ári með sérstökum lögum sem hæstv. ríkisstjórn og hv. stjórnarsinnar hafa samþykkt hér á þingi öll þessi ár.

Það hefur ekki staðið mikið í stjórnarsinnum í hv. menntmn. að samþykkja þetta öll þessi ár og hv. formaður menntmn., sem hefur leitt þá 18 manna nefnd sem hefur verið að störfum þetta kjörtímabil til þess að móta nýja stefnu í menntamálum, hefur ekki tekið það mjög nærri sér, eftir því sem best verður séð, að samþykkja öll þessi ár þessa skerðingu á framlögum til grunnskólans. Samt sem áður sagði hv. þm. í viðtali 23. okt. sl., það var líklega á Stöð 2 — viðtalið var haft í framhaldi af því að háskólinn var mjög ósáttur við það framlag sem honum var ætlað í fjárlagafrv. og var viðtal við hv. formann menntmn. til þess að heyra hennar álit á niðurskurði til menntamála. Þá segir hv. formaður, með leyfi forseta:

„Ég vil kannski ekki á þessari stundu nákvæmlega telja fram hvað það væri sem við ættum að skera niður en ég tel hins vegar að þetta sé svo brýnt mál að menntamálin verði að eiga forgang og ég bendi sérstaklega á það að það er beint samband á milli efnahagslegs árangurs og menntunar þjóða þannig að það er alveg hægt að fullyrða það að menntamál eru efnahagsmál."

Þetta var fallega mælt. Þetta er hins vegar ekki í raun það sem maður sér í verki af hálfu hv. þm. og annarra stjórnarsinna hér á hv. Alþingi, að það sé eitthvert samband á milli menntamála og efnahagsmála, því það er litið svo á að það sé alltaf verið að spara til menntamála. En þegar dæmið verður gert upp, hvenær sem það verður nú gert og er sjálfsagt erfitt nokkurn tíma að gera það upp debet og kredit, þá er ekki víst að þessi sparnaður sé svo óskaplega mikill sparnaður fyrir þjóðarbúið þegar á allt er litið og ekki síst hvernig komið hefur verið fram gagnvart grunnskólanum. Þar finnst mér að hæstv. ríkisstjórn hafi hreinlega orðið sér til skammar.

Hæstv. forseti. Það eru um það bil 42 þúsund nemendur sem nú stunda nám í grunnskólum landsins. Þeim hefur verið að fjölga upp á síðkastið en hæstv. menntmrh. sagði í sinni stefnuræðu sl. haust, undir stefnuræðu forsrh., að hann ætlaði að skila aftur þeim kennslustundum sem hann hefði óneitanlega tekið frá grunnskólanum í sinni ráðherratíð. Og það er svo sem vel að hæstv. ráðherra hefur manndóm í sér til þess að gera það, en hins vegar hef ég sagt það að þeim kennslustundum verður aldrei skilað til þeirra nemenda sem voru svo óheppnir að vera í grunnskóla þessi ár. Það uppgjör getur ekki farið fram, eftir því sem ég fæ best séð, þannig að hæstv. ráðherra verður að hafa það á bakinu að hafa tekið þessar kennslustundir frá nemendum grunnskólans og þeim verður ekki skilað.

Auk þess má nefna að samkvæmt fjárlagafrv. á að spara 1% í grunnskólanum, flatur niðurskurður. Flatur niðurskurður er uppáhaldið hjá hæstv. ríkisstjórn í flestum tilfellum vegna þess að það þarf meiri kjark til þess að forgangsraða. Það á að spara 1%, það á að hagræða og þetta eru 40 millj. kr. heilt yfir og það bætist ofan á annan sparnað.

Svo er það annað sem á að færa núna yfir til sveitarfélaganna og það gerist án þess að um það hafi farið fram í sjálfu sér nokkur umræða og kannski er þar ekki um stórkostlegar upphæðir að ræða, en það er kennsla í norsku og sænsku sem hefur verið heimiluð og stunduð á Stór-Reykjavíkursvæðinu. Þeir nemendur sem hafa undirstöðu í þeim tungumálum hafa getað tekið norsku eða sænsku í stað dönsku og hefur ríkissjóður staðið undir kostnaði hvað þetta varðar þangað til núna að nú á að færa þetta yfir á sveitarfélögin sem verður þó sérstaklega Reykjavíkurborg og það á að gerast án þess að það sé í samræmi við það að grunnskólinn sem slíkur færist yfir því að það er algerlega óútséð um það í dag hvenær það geti átt sér stað. (**Gripið fram í:** Og hvort.) Og hvort, sennilega verður það nú þó. Spurningin er meira hvenær að mínu mati.

Að síðstu, hæstv. forseti, ég skal nú reyna að ljúka máli mínu fyrir kl. 5 en þá veit ég að á að gera hlé á fundinum, langar mig til þess að koma aðeins inn á orð hæstv. menntmrh. Þegar fyrst var gripið til niðurskurðar í grunnskólanum, þ.e. fyrsta ár þessarar ríkisstjórnar og það var samkvæmt lögum nr. 1/1992, um ráðstafanir í ríkisfjármálum, þá urðu mikil viðbrögð úti í þjóðfélaginu vegna þessa niðurskurðar og foreldrafélög funduðu og sendu inn mikinn fjölda áskoranabréfa til hv. þingmanna og hæstv. ráðherra en það hafði ekki árangur. Þá hélt hæstv. menntmrh. því fram að það væri ekki verið að skera niður kennslu í íslensku og lagði mikla áherslu á það að þetta ætti allt saman að fara fram einhvern veginn öðruvísi. Og hann segir orðrétt í viðtali, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég hef líka sagt að það komi ekki til greina að minnka kennslu í íslensku eða hætta kennslu í einhverju tungumáli. Þarna er bara verið að mála þetta allt of dökkum litum. Þetta verður ekki gert svona."

Síðan kemur það nú í ljós þegar minni hlut í hv. menntmn. leggur fram fyrirspurn á hv. Alþingi til hæstv. menntmrh. um það hvar þessi niðurskurður hafi aðallega komið niður að það er þannig t.d. í 4.–7. bekk að kennslustundum hefur verið fækkað mest í íslensku og almennri bekkjarkennslu. Í 8. og 9. bekk kemur fækkun kennslustunda mest fram í íslensku, samfélagsgreinum, heimilisfræði, erlendum málum og náttúrufræði en reyndar í 10. bekk kemur fækkun næstum eingöngu fram í valgreinum. Þannig að meðan börnin eru á þessum aldri þar sem íslenskukennslan hlýtur að vera þeim ákaflega mikils virði þá er búið að taka af

þeim íslenskukennslu svo að þetta gekk nú ekki eftir. Að vísu er þetta svar ekki nýtt sem kom frá hæstv. menntmrh. við fyrirspurn en samkvæmt upplýsingum sem ég aflaði mér í morgun þá er ekkert sem gefur til kynna að á þessu hafi orðið breyting þannig að það er íslenskukennslan fyrst og fremst sem verður fyrir þessum niðurskurði og það álít ég að eigi eftir að hafa afleiðingar sem er of snemmt að segja fyrir um í dag hverjar verða. Ég ætla að síðustu að segja það að ég vona að ég þurfi ekki að halda fleiri slíkar ræður á hv. Alþingi um grunnskólann.

[Fundarhlé. — 17:02]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 518. — Afbrigði samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GHelg, HjálmJ, HG, IBA, IP, JóhS, JGS, JHelg, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, PBj, RA, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÖS.

30 þm. (AÓB, ÁRÁ, ÁMM, EH, EKG, FI, GE, GB, GÁS, GJH, GunnS, HÁ, HBl, JÁ, JE, JBH, JónK, JVK, ÓE, ÓRG, PP, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, ÞorstP) fjarstaddir.

[18:02]

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Fyrr í dag óskaði ég eftir því að hæstv. heilbr.- og trmrh. hlýddi á mál mitt vegna þess að ég tel að ég þurfi að eiga við hann nokkurn orðastað og ég spyr nú: Hefur hann ekki fundið sér tækifæri til að koma hingað? (Gripið fram í.) Hann er kominn í hús. Gott og vel.

Fyrst af öllu vil ég segja, hæstv. forseti, að ég harma hvernig málum er komið á hinu háa Alþingi. Hér var í dag felldur dómur um að ekkert væri athugavert við þann tillöguflutning sem er kominn á borð okkar við 2. umr. frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1995. Þessi dómur stenst auðvitað ekki og það þykir mér mjög leitt að þurfa að segja vegna þess að ekki eingöngu er ákvæði í 37. gr. þingskapa sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ekki er lagafrv. samþykkt til fullnaðar fyrr en það hefur verið rætt við þrjár umræður" heldur stendur einnig í sjálfri stjórnarskrá lýðveldisins í 44. gr.: „Ekkert lagafrv. má samþykkja fyrr en það hefur verið rætt við þrjár umræður á Alþingi."

Sjálf stjórnarskráin bannar málsmeðferð sem þessa því að í þessum leiða bandormi eru ákvæði sem ekki hafa verið rædd við 1. umr. og því fer 1. umr. þessa ákveðnu atriða fram hér í fyrsta skipti nú. Og ég hef oft áður haft á því orð að slík lagasmíð er ópolandi. Bandormar í sjálfu sér eru ekki boðleg lagasmíð en það hefur verið erfitt að fá það í gegn að menn hætti að setja landinu lög á þennan hátt, en hér er óumdeilt eins og ég mun koma að síðar, hér birtast á borðum okkar nú gersamlega ný atriði sem svo vill til að skipta þúsundir launþega Tryggingastofnunar ríkisins verulegu máli og skal ég nú koma að því.

Sá kafli sem ég ætla að gera aðallega að umræðuefni er kaflinn um breytingu á lögum um almannatryggingar. Ef starfsfólk Tryggingastofnunar ætti að fara að vinna eftir þessum lagatexta, þá held ég að það væri næstum því útilokað því að það vill svo til að það er ruglað saman bótaflokkum og það fyrsta sem er nauðsynlegt til þess að breyta lögum er að þekkja gildandi lög og það er auðvitað fáránlegt í sjálfu sér að það skuli vera efh.- og viðskn. sem er að leika sér að almannatryggingalögunum án þess að ráðgast við heilbr.- og trn. sem fer með þann málaflokk og án þess að kalla til starfsfólk úr Tryggingastofnun ríkisins. Til þess að fólk átti sig á því hvað ég er að fara ætla ég að útskýra þetta mál.

Venjulegur lífeyrisþegi sem fær örorku eða ellilífeyri fær tekjutryggingu líka til að tryggja honum lágmarkstekjur. Ef hann býr einn, ellilífeyrisþegi eða örorkulífeyrisþegi sem eru einir um heimilisrekstur og njóta tekjutryggingar — ég er að lesa upp úr bæklingum Tryggingastofnunar ríkisins — og eiga rétt á heimilisuppbót þá skerðist hún á sama hátt og tekjutrygging. Þetta eru fyrstu þrír bótaflokkarnir sem varða elli- og örorkulífeyrisþega. Eins og ég sagði hér, hún skerðist á sama hátt og tekjutrygging. Sú skerðing fer reyndar fram eftir flókinni reglu sem ég hygg að lítið gagn sé í að útskýra, en hvað stendur svo hér í brtt. hv. efh.- og viðskn.? Þar segir í 3. brtt., lið b:

„Við 2. mgr. 9. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Nú hefur einhleypingur aðrar tekjur en úr lífeyristryggingum almannatrygginga og skal sérstaka heimilisuppbótin þá skerðast krónu fyrir krónu uns hún fellur niður."

Þarna eru menn að rugla saman annars vegar uppbót og hins vegar heimilisuppbót. Heimilisuppbót skerðist nú eftir sömu reglum og tekjutrygging og þetta skiptir engu smámáli. Og þetta byggist ósköp einfaldlega á því að nefndin kann ekkert í lögum um almannatryggingar. Það er í öllum þessum texta sífellt verið að rugla saman heimilisuppbót og uppbót. Ég skal útskýra fyrir fólki hvað er uppbót sem er fjórða tegundin af bótum. Þar segir svo í bæklingi Tryggingastofnunar:

„Heimilt er að greiða frekari uppbót á lífeyri ef lífeyrisþegi kemst ekki af með tekjur sínar vegna sérstaks kostnaðar. Á þetta t.d. við um vistunarkostnað á elliheimili, háa húsaleigu, lyfjakostnað eða kostnað vegna mikillar umönnunar. Umsókn um uppbót skal fylgja yfirlýsing læknis um lyfjanotkun viðkomandi eða annan sérstakan kostnað en húsaleigukvittanir ef um uppbót vegna húsaleigu er að ræða."

Uppbót er ekki aðeins greidd vegna húsnæðiskostnaðar heldur alls kyns annars kostnaðar og þá oftast vegna mikils lyfjakostnaðar. Það er því fráleitt að húsaleigubætur skerði þessar bætur því að yfirgnæfandi meiri hluti fólks nýtur þessara bóta, eins og ég veit að hæstv. fyrrv. heilbrrh., hv. 1. þm. Vestf., veit er vegna lyfjakostnaðar. Þessum bótaflokki, sem þúsundir manna hafa notið, fylgir hins vegar að þeir sem hafa þessa uppbót hafa notið þess að greiða ekki útvarp og sjónvarp. Þetta hefur farið þannig fram að Ríkisútvarpið fær mánaðarlega lista yfir þá sem eru með uppbót á líf-

eyri og það heitir ekki heimilisuppbót því að hún er annað, og fellir niður afnotagjöld af útvarpi og sjónvarpi.

Því er ekkert að leyna að Ríkisútvarpið hefur haft horn í síðu þessa kerfis allar götur síðan það var sett og skiljanlega vegna þess að Ríkisútvarpið hefur auðvitað orðið af stórkostlegum tekjum vegna þessa. En ég hygg að flestir þingmenn hafi litið meira til þess að þetta hefur verið stuðningur við elli- og örorkulífeyrisþega og ég hygg að marga mundi muna um að þurfa nú að fara að greiða fyrir útvarp og sjónvarp. Ég held því að það sé alveg nauðsynlegt að menn viti hverju þeir eru að breyta áður en gengið er til atkvæðagreiðslu um þessi mál og ég mundi óska eftir því að það yrði reiknað út af kunnáttufólki og ekki starfsfólki ráðuneyta, hvað þetta mundi þýða.

Það er fleira sem ég hygg að þurfi að athuga. Í texta hv. efh.- og viðskn. er talað um að ef aðrar tekjur ellilífeyrisþega en lífeyrir almannatrygginga, bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð og húsleigubætur, fara ekki fram úr ákveðinni upphæð þá skal greiða uppbót o.s.frv. og síðan gildir það sama um örorkulífeyrisþega nema þar eru tölurnar ögn hærri og þar segir:

„Hafi bótaþegi hins vegar aðrar tekjur umfram 217.319 kr. skal skerða uppbótina um 45% þeirra tekna sem umfram eru."

Nú spyr ég: Örorkulífeyrisþegar sem eiga börn á framfærslualdri fá barnabætur og einstæðir öryrkjar fá mæðralaun eða feðralaun. Eru þær bætur aðrar tekjur en lífeyrir? Og ætli nokkur geti svarað mér því, ég vona að hæstv. trmrh. hljóti að vita það, hvort átt er við að þær tekjur séu allar tekjur lífeyrisþegans því þá fer nú að kárna gamanið. Og það er auðvitað alveg yfirgengilegt að sjá svona samsetning augljóslega unninn af fólki sem hefur ekki hugmynd um hvað það er að gera, ekki minnstu hugmynd.

Síðan er lætt hér inn ýmsum sérkennilegum ákvæðum sem ég kannast ekki við að hafa séð áður. Það er sérstaklega þetta, að lífeyrisþegi sem hefur barnalífeyri eða meðlag, hann gæti haft meðlag frá föður eða móður úti í bæ, hann gæti haft barnaörorku ef hann ætti barn sem eitthvað væri að. Það eru ýmsir bótaflokkar sem hann gæti notið vegna fjölskyldustöðu sinnar og ég vona að hæstv. ráðherra sé að hlusta á mig. Mundu það kallast aðrar tekjur, aðrar tekjur örorkulífeyrisþega en lífeyrir almannatrygginga sem er bara einn hlutur? Lífeyrir er bara lífeyrir. Það er ekki inni í því barnalífeyrir, meðlag, mæðralaun, feðralaun, barnaörorka, umönnunarbætur vegna sjúks barns eða hvað sem það kann að vera. Þetta er alveg nauðsynlegt að við vitum áður en við förum að greiða um þetta atkvæði og umfram allt hvað er „sérstaka heimilisuppbótin" vegna þess að starfsfólk í Tryggingastofnun ríkisins gæti ekki unnið samkvæmt þessum lögum. Sérstök heimilisuppbót er annað en heimilisuppbót. Hins vegar getur það fengið sérstaka uppbót sem er vegna lyfja, húsaleigu og kostnaðar af öllu tagi. Það er alveg grundvallarskilyrði að fólk kunni þetta og skilji hverju það er að breyta.

Ég vil því leggja til, hæstv. forseti, að kaflinn um almannatryggingarnar verði fjarlægður úr þessum bandormi og ég skal setjast niður með hverjum þeim hv. þm. eða hæstv. ráðherra og gefa ráð um það ef stendur til að breyta almannatryggingalöggjöfinni. En ég hlýt að verða að spyrja hæstv. ráðherra: Eru þetta ekki tæknilegir gallar heldur bara pólitísk ákvörðun? Þá vil ég upplýsa hæstv. ráðherra að hér er ekki á ferðinni nein smáskerðing á kjörum lífeyrisþega. Og ég veit ekki hvaða ráðgjafa hæstv. ráðherra hefur hafi þeir komið nálægt þessum samsetningi því að það er svo gersamlega augljóst að hér er á ferðinni fólk sem hefur bara ekki hundsvit á því sem það er að gera. Þetta er auðvitað að verða alvarlegt mál að það skuli koma fyrir við afgreiðslu hvers málsins á fætur öðru að þingmenn verða að standa hér og reyna að upplýsa hæstv. ráðherra um hvað þeir eru að gera. Ég held að við verðum að gera meiri kröfur til vinnu í ráðuneytunum og þá ekki síður í hv. þingnefndum en svo að við þurfum að standa hér í alls kyns tæknilegum leiðréttingum dag eftir dag og síðan er ætlast til þess að þingheimur hespi þetta í gegn eins og ekkert sé.

Ég veit ekki hvort hv. þingmenn hafa skilið inntakið í máli mínu, en þeir geta þá fengið hér upplýsingabækling ef þeir vilja kynna sér málið. En aðalatriðið er að hér er um fjóra bótaflokka að ræða, lífeyri, tekjutryggingu, heimilisuppbót og sérstaka uppbót. Og sé skerðing á heimilisuppbótinni og þar með tekjutryggingunni þá verða menn að borga sinn eigin síma. Ef menn hafa hins vegar fulla tekjutryggingu og þó þeir hafi ekki heimilisuppbót, þá hafa þeir ókeypis síma.

Það þarf líka að athuga hvernig þessi skerðing, eins og segir hér í heimilisuppbótinni „krónu fyrir krónu", verkar vegna þess að þarna eru komnar tvenns lags skerðingar. Tekjutrygging skerðist eftir alveg ákveðnum reglum og eins og nú er, heimilisuppbót á sama hátt. Nú er verið að breyta því. Nú á heimilisuppbótin að skerðast krónu fyrir krónu eins og hér segir, verði tekjur þetta og þetta háar. Og svo að ég segi þetta aftur til þess að menn skilji þetta nú örugglega: Hvað kalla menn svo tekjur? Er barnalífeyrir tekjur? Er meðlag tekjur? Er barnaörorka tekjur? Eru alls konar sjúkratryggingar tekjur? Þetta verðum við að vita. Og ég bið menn, hæstv. forseti, að ganga varlega um þetta því að ætli það sé nú ekki um það bil fjórðungur þjóðarinnar, líklega 20%, ekki undir því, sem er á ellilífeyrisaldri og ég hygg að það mundi koma við gamla fólkið á elliheimilunum og fólkið sem býr eitt af það á að fara að borga bæði síma, útvarp og sjónvarp. Ég held að menn verði að huga aðeins að þessu áður en lengra er haldið. Því vil ég fara fram á það við hæstv. ráðherra — sem ég hef enga ástæðu til að halda að vilji skerða kjör lífeyrisþega, ég trúi því ekki, þannig að ég held að hann hafi orðið þarna fórnarlamb afskaplega misviturra ráðgjafa sem hafa ekki alveg gert sér grein fyrir því hvað þeir hafa verið að gera — að þetta verði endurskoðað.

Það er svo sem efni til að taka ýmislegt fyrir í þessu frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum, en ýmsir hafa tekið fyrir einstaka þætti og ég vil taka undir með

hv. 3. þm. Norðurl. e., Valgerði Sverrisdóttur, um grunnskólamálið sem allt er að verða okkur til mikillar hneisu og kennurum og börnum landsins til mikilla erfiðleika. Það er sorglegt að sjá hvernig er að fara fyrir námsmönnum á sama tíma og menn básúna hér um þýðingu rannsókna, menntunar, þekkingar og hvað þetta heitir nú allt saman. En það er augljóst að kjör námsmanna hafa verið skert verulega og svo að úr hefur dregið að fólk leggi í að taka námslán. Síðan er það nú einu sinni svo að síðan menn urðu að fara að taka lán fyrir fram fyrir námsláninu eða fyrir framfærslu öllu heldur þangað til lánið kemur, þeir verða bara ósköp einfaldlega að finna sér tvo ábyrgðarmenn á það lán og það eru ekki allir sem eiga gott með það. Fólk hugsar sig tvisvar um eins og eðlilegt er á þessum síðustu og verstu tímum áður en það fer að ábyrgjast hundruð þúsunda kr. lán fyrir fólk sem það hefur ekki einu sinni tryggingu fyrir því að nái tilskildum prófum og þá kemur ekkert lán. Það er eins og með hafbeitina, það er kannski vafasamt að veðsetja það sem maður veit ekki hvað er. Þannig að allt er þetta auðvitað hin mesta sorgarsaga.

Mér sýnist nú — svo að ég hlaupi hérna á nokkrum atriðum — að það beri samt að fagna því að okkur tókst að stöðva það að listskreytingasjóður yrði algerlega aflagður. Það er hægt að sætta sig við að mismiklir peningar séu látnir á ári hverju í það að gera lífið svolítið fallegra í kringum okkur og við skulum vera sanngjörn og skera það niður ef það er nauðsynlegt, en það væri afleitt ef þessi framlög hyrfu alveg.

Ég skal líka fagna því að Kvikmyndasjóður hefur fengið þarna umtalsverða viðbót. Ég hef margsagt það að það er áreiðanlegt að það getur verið mjög arðbært og atvinnuskapandi að efla kvikmyndaiðnað í landinu þannig að það er ánægjulegt að eitthvað hefur rofað til þar. Mér þykir hins vegar ekki mikið haft við ferðaþjónustuna, sem ég hef stundum leyft mér að skopast ofurlítið að við misjafnlega mikinn fögnuð, bæði félaga minna og annarra hv. þm., því að kauðaskapurinn í þeim málum er náttúrlega alveg hreint ólýsanlegur eins og nýlega kom í ljós að þegar búið er að takast að selja ferðamönnum víðs vegar að úr Evrópu rándýra farmiða og rándýra hóteldvöl til að eyða jólunum uppi á Íslandi. Þá kemur í ljós að þeir höfðu ekki verið látnir vita af því að það væri enginn matur í húsinu. Ég verð nú að segja að ég held að það sé ekki hægt að komast lægra í þeirri aðferð að taka á móti ferðamönnum á þennan hátt. (Gripið fram í.) Það mun hafa verið hægt að fara frá Hótel Sögu út á Hótel Loftleiðir, eins og það er nú þægileg leið, til þess að ná sér í eitthvað að borða. Ég held því að það væri ástæða til þess að ræða við forustumenn ferðaþjónustu og útskýra fyrir þeim að þó að fjöllin séu falleg þá er kalt um þetta leyti og margir eru þannig gerðir að þeir vilja gjarnan láta sér líða vel á ferðalögum. Ég er þannig og þess vegna hef ég alltaf skilið það. Mér hefur aldrei hugnast að því að líða illa á víðavangi, er kulsæl og heldur fyrir það að láta mér líða vel. Ég hygg að svo sé um fleiri.

Ég skal ekki lengja þessa umræðu mikið meira, hæstv. forseti. Ég tel mig hafa gert mitt til að útskýra þá endileysu sem hér er að finna varðandi Tryggingastofnun ríkisins eða öllu heldur lög um almannatryggingar. Ég vildi gjarnan að hæstv. ráðherra ræddi við fólk úr Tryggingastofnun ríkisins, sem ekkert hefur komið nálægt þessu, til þess að það staðfesti, hygg ég, það sem ég hef verið að segja. Þetta getur ekki verið svona. Enda segir það sig sjálft að það stendur ekki orð um hvaða áhrif þessar breytingar á almannatryggingalöggjöfinni hafa á ríkisfjármál og það er ósköp einföld skýring á því, það hefur enginn hugmynd um það. Það hefur ekkert verið reiknað út hvaða áhrif þetta hefur á stærsta launþegahóp þjóðarinnar, fólkið sem tekur laun hjá Tryggingastofnun ríkisins, sem eru líklega um 20% þjóðarinnar á ellilífeyrisaldri og umtalsverður hópur sem vegna sjúkleika hefur orðið að draga fram lífið á örorkubótum og hefur ekki verið ofsælt af því.

En ég held að það sé alveg nauðsynlegt að hæstv. ráðherra svari spurningum mínum um hvað hér er á ferðinni, hvað telst til tekna og önnur þau atriði sem ég hef hér minnst á. Og þá skal ég ekki lengja þessa umræðu frekar.

[18:25]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Það er tilfinnanlegt þetta aðstöðuleysi hér í ræðupúltinu þegar maður þarf að hafa með sér nokkuð af gögnum. Það er til umhugsunar hvort ekki er hægt að fá góða hönnuði til þess að smíða púlt sem hefði hliðarhillur og skápa þegar mikið liggur við, en þannig er nú orðið pappírsflóðið hjá okkur a.m.k. sem í efh.- og viðskn. búum og störfum þessa dagana að það er auðvitað hugsanlegt að leysa þetta með aðstoðarmönnum, það er rétt, að að okkur hellist þvílíkt pappírsflóð og möppur margar og miklar að það er ekki hægt að hafa það allt saman auðveldlega á reiðum höndum öðruvísi en taka þær bara með sér í ræðustólinn og er svo sem ekkert að því.

Ég vil bara láta það koma strax fram, hæstv. forseti, að sá fagráðherra sem ég vil einna helst og mest kalla til fyrir utan hæstv. heilbrrh., sem er ánægjulegt að sjá hér sem endra nær, er hæstv. samgrh. Ég óska eftir því að honum verði gert viðvart um það að ég vildi gjarnan að hann sé viðstaddur umfjöllun um þann þátt þessa máls sem snýr að flugmálaáætlun og ég ætla að víkja talsvert að og reyndar gera kannski að segja má að aðalinntaki míns máls hér á eftir þannig að ef hæstv. samgrh. gæti orðið hér viðstaddur fyrr eða síðar og helst fyrr, þá væri það mjög til hagræðis, hæstv. forseti.

Hér er á ferðinni svonefndur bandormur hæstv. ríkisstjórnar um það sem kallað er ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1995. Bandormur af þessu tagi er að festast í sessi — og býð ég velkominn hæstv. samgrh. sem reynist bara á næstu grösum — er að festast í sessi, hæstv. forseti, og er það heldur hvimleitt satt best að segja því að auðvitað á ekki að þurfa að standa þannig að stjórn efnahagsmála að það þurfi að vera til meðferðar á hverju einasta þingi sérstakt neyðarfrv. um einhverjar bráðabirgðaráðstafanir í ríkisfjármálum. En

þannig er upplegg þessa máls að hér er á ferðinni að stofni til og hugsun tímabundnar ráðstafanir í ríkisfjármálum sem víkja til hliðar eða breyta ákvæðum gildandi laga í einhverjum greinum, sem sagt einhvers konar neyðar- eða krísuaðgerðir í ríkisfjármálum. Það er auðvitað dálítið athyglisvert að þessi hæstv. ríkisstjórn er að festa þetta í sessi sem áður heyrði til undantekninga, var tengt einhverjum alveg sérstökum aðstæðum sem upp komu, efnahagsþrengingum, aðgerðum í tengslum við kjarasamninga eða annað því um líkt. Þetta mun vera ef ég man rétt þriðja árið í röð sem þessi hæstv. ríkisstjórn flytur svona við áramót eins og það sé bara að verða óhjákvæmilegur fylgifiskur fjárlagagerðar að grípa til neyðarráðstafana með sérstöku frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum.

Svo er það reyndar þannig, hæstv. forseti, að í öðru lagi er það öfugmæli að hér sé eingöngu um að ræða ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1995. Hér er í bland verið að smygla inn varanlegum breytingum á ýmsum lagaákvæðum sem alls ekki eiga að gilda aðeins á næsta ári svo að heiti frv. er í raun rangt. Það ætti að vera frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum að hluta til á árinu 1995 og að öðru leyti til lengri tíma og fleira eða eitthvað því um líkt.

Þetta frv. byrjar á gömlum kunningja, hæstv. forseti, þar sem eru skerðingarnar á lögum um málefni grunnskólans, á lögum nr. 49/1991, um grunnskóla, með síðari breytingum. Og þetta er, hæstv. forseti, eitt af þessum dapurlegri tilfellum þar sem eru á ferðinni grunnskólalögin frá vordögum 1991 eða vetrardögum sem samþykkt voru á Alþingi að lokum í samkomulagi á grundvelli málamiðlunar ágætrar sem hér tókst á vordögum eða vetrardögum 1991 í tíð fyrri ríkisstjórnar og það voru gerðar ákveðnar breytingar á málinu í meðförum Alþingis sem Sjálfstfl. sérstaklega barðist fyrir og út á það náðist heildarsamkomulag um afgreiðslu málsins í þinginu þannig að maður hefði nú ætlað að þar með væri á ferðinni grunnskólalöggjöf sem sæmileg sátt væri um að standa síðan að með einhverri reisn á komandi árum. En því er ekki aldeilis að heilsa því að hvert einasta ár síðan hafa þau verið skert og vantar mikið upp á að þau hafi komið til framkvæmda. Hæstv. núv. ríkisstjórn hefur m.a. gert það að flaggi sínu í skóla- og uppeldismálum að þjarma að grunnskólanum, þrengja kost grunnskólans þannig að það vantar verulega upp á að gildandi ákvæði laga hafi verið framkvæmd. Og enn á hér að höggva í sama knérunn á næsta ári þó að vísu sé í einu tilviki verið að skila litlum hluta af þeirri skerðingu kennslustundar til baka sem þarna er á ferðinni. Ég sem fyrr mótmæli þessu, hæstv. forseti, ég tel þetta misráðið og aumingjadóm að reyna ekki að standa betur að þessum undirstöðuþætti menntunar og uppeldis í landinu sem grunnskólinn er. Það getur ekki verið að við Íslendingingar séu orðnir svo fátækir og aumir nú undir lok 20. aldar að við höfum ekki efni á því að standa a.m.k. að framkvæmd þessara laga eins og þau standa til og þurfum að búa skólanum svona starfsskilyrði svo að ekki sé talað um það umhverfi sem þetta vísar á fyrir starfsfólk skólanna, kennara og aðra starfsmenn, þ.e. það metnaðarleysi og sú framtíð sem við mönnum blasir sem fá þessar kveðjur árlega frá Alþingi. Í staðinn fyrir að vera að byggja upp og bæta skólann og gera þar nýja hluti, þróa hann og efla, þá búa menn við það ár eftir ár að það er í raun og veru þrengdur hans kostur vegna þess að skólinn hefur í raun ekkert fengið til að mæta nýjum kröfum sem á hann lenda vegna stærri árganga, vegna þess að kröfur tímans eru breyttar. Ég get nefnt sem dæmi bara þann kostnað sem grunnskólar þyrftu að geta lagt í til þess að bjóða upp á viðunandi tölvufræðslu í takt við nútímaaðstæður og kröfu í okkar þjóðfélagi. Þar er um að ræða dýran búnað sem er sífellt að breytast, sem er geysilegur áhugi á. Allir þeir sem eitthvað koma nálægt starfi grunnskólanna í dag vita að áhugi unga fólksins liggur ekki síst þar, alveg niður undir yngstu bekkjum grunnskólans er það þannig og þeir sem eiga börn í skóla um þessar mundir vita það. Og það er líka sama hvar komið er að mjög víða er eitt af því sem skólamenn nefna sem standi þeim alveg sérstaklega fyrir þrifum að þeir hafa ekki fé og möguleika til að vera með kennslutæki og kennslugögn sem þarf til á þessu sviði. Þetta er óskaplega dapurlegt, hæstv. forseti, þegar þess er líka minnst að allir tyggja nú sömu tugguna á hátíðisdögum um mikilvægi menntunarinnar og að framtíðin liggi í menntuninni og rannsóknunum og öllu þessu. Hvar ætla menn að byrja ef ekki á barnaskólunum eða grunnskólanum? En þannig standa mál sem sagt hjá okkur. Það er verið að kenna upp undir 30 nemendum í einum bekk og það getur hver séð sig í anda sem á að búa við það heilan vetur með erfiðan bekk, með erfiðum nemendum innan um, að sinna eðlilega þörfum hvers og eins og þegar þannig er ástatt. Þetta rennur auðvitað foreldrum og öðrum svo til rifja að víða er verið að baksa við að reyna að safna fé á sjálfstæðum grundvelli, jafnvel taka að sér hjálparkennslu inn í bekkjum í sjálfboðavinnu sem ég veit dæmi um þar sem menn hafa verið með erfiðar aðstæður í bekkjardeildum án þess að hafa fengið heimild til að skipta þeim upp eða annað því um líkt. Til að mynda norðan af Akureyri úr mínu kjördæmi þekki ég magnað dæmi um það að foreldrar hafa sjálfir skipst á um það, tekið sér frí úr vinnu til þess að fara inn í skólann til þess að hjálpa kennaranum við að halda aga og reiðu á bekk sem var erfiður. Menn geta auðvitað sagt það að þetta sé jákvætt og gott og sýni mikinn áhuga. En ætlum við að reka skólakerfið til frambúðar á þessum grundvelli að það sé komið svona 50–100 ár aftur í tímann og þurfi orðið að byggjast á sjálfboðaliðastarfi? (**Viðskrh.:** Þá var aginn ekkert vandamál.) Það kann að vera að aginn hafi ekki verið vandamál en það var líka beitt að hluta til öðrum aðferðum þá sem yrði sennilega ekki skrifað upp á allar í dag og skulum við ekki fara lengra út í það mál þó að vísu Íslendingar hafi tiltölulega hreinan skjöld í þeim efnum borið saman við ýmsa aðra, til að mynda Breta sem tóku ekki spanskreyrinn úr notkun fyrr en fyrir nokkrum árum síðan satt best að segja.

Ég ætla svo sem ekki að blanda mér meira í umræður um þetta, aðrir gera það sjálfsagt betur en ég

vildi ekki láta hjá líða að nefna þetta sem foreldri og maður sem rennur til rifja að sjá hvernig þessum málum er víða komið. Það er satt best að segja alveg ótrúlegt þegar maður heimsækir skóla að sjá við hvað menn þurfa að bjargast þar í t.d. þessum efnum varðandi kennslugögn og annað.

Ég nefni í öðru lagi málefni fatlaðra og tek þar undir það sem kemur fram í nefndaráliti meiri hlutans að sú breyting þar að taka allt að 40% af ráðstöfunarfé framkvæmdasjóðsins í rekstur er auðvitað ískyggileg. Það er verið að gera þessa breytingu á hverju sviðinu á fætur öðru að hverfa frá því að afla tekna með sérstökum tekjustofnum til uppbyggingar eins og menn af miklum metnaði gerðu með lagasetningu sérstaklega á 8. og 9. áratugnum og sér stað í gífurlegri uppbyggingu víða. Nú eru menn að gefast upp við þetta, ekki vegna þess að þörfinni sé alls staðar fullnægt, alls ekki vegna þess því miður, heldur vegna þess að menn eru hreinlega að bogna undan því verkefni að byggja sómasamlega upp þjónustu á þessum sviðum. Og það er ískyggilegt að sjá þetta gerast eins hratt og þarna á við um Framkvæmdasjóð fatlaðra, um Framkvæmdasjóð aldraðra og nú um flugmálaáætlun, að nokkru leyti um vegamálin o.s.frv.

Um breytingarnar á atvinnuleysistryggingum þá er það að segja að í brtt. meiri hlutans felst viss lagfæring sem ég skal ekki gera lítið úr. Það er til bóta svo langt sem það nær en auðvitað hefði að mínu mati þurft að vera hér á ferðinni miklu myndarlegri áætlun um það hvernig staðið verður að fjármögnun Atvinnuleysistryggingasjóðs á næsta ári. Þau mál eru í upplausn. Það er að vísu búið að breyta þar einu stóru óvissuatriði með því að falla frá áformum um að láta sveitarfélögin kosta 600 millj. kr. í sjóðinn en eftir stendur að það á að reyna að reka Atvinnuleysistryggingasjóð á næsta ári að hluta til með ótilgreindum sparnaði upp á 200 millj. kr. sem enginn hefur sýnt fram á nema að litlu leyti hvernig eigi að ná. Þá á í öðru lagi að ganga á eigið fé sjóðsins um 200 millj. og það á að beita fleiri slíkum æfingum til að prjóna þetta saman. Þetta gengur ekki, menn munu fá þetta í hausinn og það er dapurlegt.

Þá, hæstv. forseti, að því sem veit að breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu og hv. frsm. minni hluta efh.- og viðskn. gerði rækilega að umtalsefni og ég get að miklu leyti vísað til þess sem þar kom fram. Ég held að það standi alveg morgunljóst eftir þó að nú sé farið að kvölda eftir umferð efh.- og viðskn. á því máli að það mál er faglega séð mjög illa undirbúið og það var reyndar viðurkennt af talsmönnum heilbrrn. sem komu til nefndarinnar að undirrót þeirrar tillögu að leggja niður embætti borgarlæknis hér í höfuðborginni og héraðslæknis á Norðurl. e. sem föst störf væri sparnaðarlegs eðlis, þ.e. það væri ekki fagleg ákvörðun í grunninn heldur ósköp einfaldlega ákvörðun um niðurskurð. Og þegar svo nefndin fór að fara yfir það hvernig ætti að standa að þessu og hvað lægi að baki þá kom berlega í ljós að ekkert annað hafði verið gert í þessu máli en að ákveða að skera þarna niður um 8 millj. kr. og sjá svo til hvernig tækist að koma þessum verkefnum fyrir annars staðar að svo miklu leyti sem þeim yrði þá sinnt yfir höfuð og hvað það kostaði. Menn slumpa bara á að það sé hægt að henda einhverju af þessu í landlækni með því að láta hann hafa um 700 þús. kr. og afgangnum eigi svo bara að dreifa eftir atvikum á ráðuneytið eða heilsugæslustöðvarnar, læknavaktina og aðra aðila. En það er algjörlega óútfært hvernig að þessu eigi að standa og það liggur alveg fyrir að einhver kostnaður kemur þarna á móti. Það munu engir samningar nást við læknavaktina, lögregluna eða aðra aðila um að taka hluta af þessum verkefnum nema það kosti eitthvert fé. Það liggur alveg í hlutarins eðli.

Það sem maður spurði sérstaklega eftir var stefnumörkunin í þessu sambandi. Liður í hvaða stefnu í heilbrigðismálum er þetta að leggja niður þessi stjórnsýsluembætti í heilbrigðismálum eða heilsugæslu og færa þau verkefni undir hið miðstýrða ákvörðunarvald landlæknisembættis eða ráðuneytis? Er þetta í samræmi við heilbrigðisáætlun? Svarið er nei, þetta er alveg þvert á hana. Hún gerir einmitt ráð fyrir því að stefnan sé einmitt í gagnstæða átt, að færa verkefni á sviði stjórnsýslu út til umdæmanna. Þá má spyra: Er þetta í samræmi við einhverja stefnu sem Alþingi hefur mótað að öðru leyti? Svarið er nei, þetta er algjörlega í öfuga átt því Alþingi hefur mótað stefnu með þál. fyrir fáeinum árum að það beri að stefna að uppbyggingu heilbrigðisskrifstofa í hverju kjördæmi sem taki við verulegum þáttum stjórnsýslunnar á þessu sviði, færi þá nær fólkinu. Er þetta þá í þriðja lagi í samræmi við einhverja almenna stefnu um verkefni og völd í þjóðfélaginu sem til að mynda núv. ríkisstjórn hefur markað? Svarið er nei, þetta er í algjörlega öfuga átt því núv. ríkisstjórn hefur verið með það í munninum að hún vilji dreifa verkefnum og valdi út til fólksins — er það ekki satt? (**Gripið fram í:** Jú, jú.) Og hæstv. fyrrv. forseti sameinaðs Alþingis, meginforseti vor, Þorvaldur Garðar Kristjánsson, var formaður í nefnd sem ætlaði að flytja ósköp af verkefnum og stofnunum og valdi út í umdæmin, út til fólksins. En hvað er hæstv. heilbrrh. að leggja til hér eða hæstv. forsrh. fyrir hans hönd? Það er í algjörlega öfuga átt. Sníða af þessa litlu anga af stjórnsýslu í heilbrigðismálum sem hafa verið að byggjast upp eða eiga að byggjast upp samkvæmt heilbrigðislögum úti í umdæmunum og færa það undir hið miðstýrða apparat hér í Reykjavík. Þykir þó ýmsum nóg um stærðina á heilbrrn., Tryggingastofnun og öllu því batterí sem situr í Reykjavík og situr yfir hlut heilbrigðismála landsmanna allra hvar sem þeir búa sem er auðvitað heimskulegt. Í þessum langstærsta málaflokki ríkisins sem tekur upp undir helming af ríkisútgjöldunum til sín að þá skuli miðstýringin vera meiri en eiginlega nokkurs staðar annars staðar. Það er fullkomlega óeðlilegt.

Ég tel að það sem hér ætti að vera að gerast í þessum efnum væri til að mynda að það væri að verða til eitthvað sem héti heilbrigðisstofnun, ráðuneytið yrði minnkað og gert að fámennri yfirstjórn þessa málaflokks, tilheyrði einhvers konar heilbrigðisstofnun sem

væri með skrifstofur í hverju umdæmi og sæi um þessa stjórnsýsluþætti og hluta af starfsemi Tryggingastofnunar og annað því um líkt.

Hvers vegna í ósköpunum ætti ekki í þessum langútgjaldamesta málaflokki landsmanna þar sem velt er milljörðum króna í hverju kjördæmi að vera einhver stjórnsýsla, einhver þjónusta og einhver starfsemi úti í umdæmunum? Ég spyr. Af hverju ætti það bara ekki að vera t.d. alveg eins og í vegamálum? (**Gripið fram í:** Það er nú.) Það er nefnilega óskaplega fátæklegt. Það á að heita svo að það séu einhverjar stjórnir yfir þessum apparötum úti í kjördæmunum en það er engin eiginleg samræmd stjórnsýsla. Það eru engin völd í sambandi við faglegar áherslur, fjárfestinga og annað því um líkt (**Gripið fram í:** Reksturinn.) sem þarna er. Nei, rekstrinum, hv. þm., er meira og minna miðstýrt öllum héðan að ofan og það sitja yfir því þessi stóru bákn sem ég hef nefnt, ráðuneyti, Tryggingastofnun og aðrir aðilar.

Ég tel þetta mikið umhugsunarefni og alveg sérstaklega vegna þess að ef menn meina eitthvað með þessu tali um að dreifa verkefnum og völdum, hvert ættu menn þá að líta, hvar ættu menn að bera niður ef ekki í heilbrigðismálunum þar sem liggur fyrir að verður vöxtur á næstu árum? Það er einn sá þáttur samneyslunnar sem er alveg borðleggjandi að við Íslendingar munum ekki komast hjá að ráðstafa meiri fjármunum til á næstu árum þó ekkert kæmi annað til en málefni aldraðra. Sem sagt allt sem tengist umönnun aldraðra, vaxandi fjölda aldraðra, eins og aldurspíramídinn er að snúast í okkar þjóðfélagi eins og öðrum vestrænum þjóðfélögum. (**Landbrh.:** Við þurfum að koma valdinu norður.) Það er rétt, hæstv. ráðherra, það er norður með valdið og auðvitað eitthvað af því austur og vestur svona í mátulegum skömmtum. En þetta er alveg nöturlegt, hæstv. forseti, að standa frammi fyrir svona máli þó að ýmsum þyki það sjálfsagt ekki stórt og þó að það sé að hluta til kannski bitamunur en ekki fjár í einhverra huga hvort valdið liggur hjá borgarlæknisembætti — mér er tamt að kalla það svo þó það heiti héraðslæknirinn í Reykjavík — eða hjá ráðuneyti þá geri ég skýran greinarmun þar á vegna þess að stjórnskipulega séð skiptir miklu máli hvort um er að ræða sjálfstætt umdæmisbundið embætti eða ráðuneyti eða landlæknisembætti eða annað því um líkt. Það er það stjórnskipulega séð.

Það sem ég vil sjá gerast í þessum efnum er að þessi embætti verði efld en ekki veikt. Ég vil sjá til að mynda héraðslækninn á Reykjanesi byggðan upp í áföngum á næstu árum sem fullt starf. Ég held að það sé full þörf fyrir það í þessu stóra umdæmi sem þar er. Ég vil sjá að síðan verði í áföngum stefnt að því að einnig héraðslæknar annarra kjördæma, e.t.v. þó með einhverri sameiningu til að mynda þannig að það kæmi einn héraðslæknir fyrir Vesturland og Vestfirði, einn fyrir allt Norðurland og einn héraðslæknir hugsanlega fyrir Austurland og Suðurland, eitthvað því um líkt, að þetta yrði gert. (**Gripið fram í:** Austurland og Suðurland?) Austurland og Suðurland, þó að það sé að vísu landfræðilega mjög stórt svæði. Ég bendi bara á þann möguleika, hv. þm., að það væri hægt að taka þetta í einhverjum slíkum áföngum. Þetta tengdist síðan flutningi á auknum verkefnum á þessu sviði út til kjördæmanna eða umdæmanna.

Með vísan til þessa tvenns, hæstv. forseti, ég ætla ekkert að fara inn í umræður um þetta mál að öðru leyti og ræði það eingöngu á þessum almennu grundvallarstefnumótunarnótum sem lúta að uppbyggingu heilbrigðismálanna í landinu og það hvernig þessi tiltekna breyting nú er undirbúin eða öllu heldur ekki undirbúin því hún er ekkert undirbúin og það liggja engir samningar fyrir um eitt eða neitt af því sem þarna þyrfti að gerast og ætti auðvitað að liggja þá fyrir. Ég hvet menn eindregið til þess a.m.k. að fresta þessari breytingu og ég tel að skynsamlegasta ráðstöfunin væri sú að setja á fót nefnd sem færi í það verkefni að endurskoða starfssvið þessara embætta. Ég viðurkenni fúslega að hlutverk þeirra hefur breyst og að sumu leyti má segja minnkað, til að mynda borgarlæknisembættisins eða héraðslæknisembættisins í Reykjavík með ýmsum breytingum í heilsugæslumálum. Sérstaklega verkefnatilflutningnum frá sveitarfélagi til ríkis. Þegar ríkið tók endanlega við þessum málaflokki hafði það áhrif á það sem áður var hlutverk borgarlæknis þáverandi starfsmanns í raun sveitarfélagsins að setja þessi mál frekar í endurskoðun og gefa a.m.k. nýjum stjórnvöldum á næsta kjörtímabili kost á því að taka einnig þátt í því að meta þessa ákvörðun, hvort rétt sé að gera þessa breytingu þannig að þessu yrði frestað fram eftir næsta ári og helst út næsta ár að láta þetta ganga í gildi enda er þó ekkert kæmi annað til en bara ónógur undirbúningur næg rök fyrir því.

Ég trúi ekki öðru en að menn muni líka horfa til þessa mikla útgjaldamálaflokks, heilbrigðismálanna, á komandi árum varðandi flutning verkefna og valds út frá hinu miðstýrða apparati. Nú eru menn að tala jafnvel um að breyta kosningalögum og það sem menn kalla á fínu máli að jafna vægi atkvæða, þá kemur að sjálfsögðu upp hin hlið umræðunnar — þarf þá ekki að jafna ýmislegt fleira? Ber ekki fólki sem býr annars staðar í landinu en á höfuðborgarsvæðinu ákveðinn réttur til þess að fleiri hlutir séu jafnaðir og ber því ekki til að mynda sem skattgreiðendum, fullgildum skattgreiðendum í landinu nokkur réttur til þess að njóta í sínu umhverfi sambærilegrar þjónustu og ábatans af því að hafa starfsemi á sínu svæði eins og öðrum?

Við getum ekki leyft okkur að horfa fram hjá jafnmiklum málaflokki og heilbrigðismálin eru í þessum efnum.

Hæstv. forseti. Næst ætla ég að hlaupa yfir nokkrar greinar og ræða þau ákvæði sem snúa að flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum og gef hæstv. heilbrrh. fúslega leyfi til að standa upp og rétta úr hryggnum ef hæstv. landbrh. yrði þá svo vænn að vera hér nálægur sem jafnframt er hæstv. samgrh.

Þannig háttar til, hæstv. forseti, að ég er ákaflega óhress með þessi áform um að hefja hér að skerða hina mörkuðu tekjustofna flugmálaáætlunar eins og þetta

frv. gerir ráð fyrir svo ekki sé fastar að orði kveðið. Ég tel þetta, hæstv. forseti, algjöra óhæfu með tilliti til forsögu málsins að standa svona að verki. Ég get tekið undir margt af því sem hv. 1. þm. Vestf. sagði fyrr í dag um það mál en ég vil bæta þar ýmsu við og fylla þar aðeins betur í eyðurnar.

Í fyrsta lagi er það, hæstv. forseti, og það ætti hæstv. samgrh. að hugleiða sem er allt í einu gufaður upp, vonandi ekki gufaður út eins og hæstv. utanrrh. Í fyrsta lagi ætti hæstv. samgrh. að minnast þess, metnaðar síns vegna ef einhver er, að hæstv. ráðherra er nýbúinn að fá afgreidda flugmálaáætlun. Fyrir nokkrum mánuðum síðan var afgreitt flugmálaáætlun til fjögurra ára á grundvelli tiltekinna forsendna. Hún varð ekki gömul í höndunum á hæstv. ráðherra og hann stendur sjálfur að því hér að leggja fram tillögur um að skerða hana, eyðileggja hana liggur mér við að segja. Ég er hér með í höndunum þá þál. um flugmálaáætlun fyrir árið 1994–1997 sem lögð var fram á þingi fyrir ekki löngu síðan, á þessu ári, einhvern tímann á útmánuðum 1994. Hvað gerði sú tillaga ráð fyrir að yrði sett í þessi mál á næstu árum? Jú, það yrði ráðstafað um 360 millj. kr. af flugvallargjaldi og 35 millj. kr. af eldsneytisgjaldi til framkvæmda í flugmálum öll árin 1994–1997. Það vill segja að 395 millj. kr. yrðu til ráðstöfunar til framkvæmda öll þessi ár.

Nú leggur hæstv. samgrh. blessun sína yfir það að í þessum bandormi í ríkisfjármálum séu ákvæði sem eiga að skerða þessar tekjur um 70 millj. kr. á hverju ári og renna í raun og veru í ríkissjóð því það eru bókhaldskúnstir að merkja það eitthvað rekstri Flugmálastjórnar því það sem upp á hefur vantað þar hefur komið úr ríkissjóði undanfarin ár. Það eru sambærilegar fíflaæfingar eins og þegar hæstv. sjútvrh. ár eftir ár var með æfingarnar um Hafrannsóknastofnun, að selja kvóta eða leggja á auðlindaskatt og láta það borga hluta af rekstri Hafrannsóknastofnunar sem aldrei var svo reyndar gert og frægt var af endemum og er orðið að því óbermi sem er væntanlegt auðlindagjald í Þróunarsjóð.

Í öðru lagi, hæstv. forseti, langar mig til að rekja lítillega aðdraganda flugmálaáætlunar. Ég veit ekki hvort hv. 1. þm. Vestf. hefur gert það í dag að einhverju leyti en mig langar að fara aðeins yfir þá sögu. Þar eigum við nefnilega báðir ákveðinn hlut að máli, ég og hv. 1. þm. Vestf. En þannig er að í ársbyrjun 1984 skipaði þáv. hæstv. samgrh., Matthías Bjarnason, nefnd til þess að vinna að tillögugerð um framkvæmdir í flugmálum og var verkefni hennar að gera tillögur um uppbyggingu íslenskra flugsamgöngumannvirkja. Nefndin lauk störfum á seinni hluta ársins 1986 og skilaði mjög ítarlegri skýrslu þar sem gerð var tillaga um 10 ára framkvæmdaáætlun til að ljúka uppbyggingu flugvalla. — Ég legg áherslu á það atriði. Til að ljúka uppbyggingu flugvalla. Hvað var átt við með því? Það var átt við það að með því yrði uppbyggingu allra mikilvægustu flugvalla Íslendinga komið í það horf að þau mannvirki uppfylltu alþjóðlega staðla sem gerðir eru af Alþjóðaflugmálastofnuninni, IC, til flugsamgöngumannvirkja. Í viðbót voru gerðar tillögur um tekjuöflun til þessa verkefnis. Þetta var það sem heitir á fínu máli í dag sjálfbær áætlun. Nú heitir það sjálfbær þróun að hlutirnir standi í raun undir sér sjálfir, gangi ekki á höfuðstólinn, þeir beri sig sjálfir ef svo má að orði komast. Það var ekki ætlast til að þetta yrði kostað af skattborgurunum í formi greiðslna úr ríkissjóði heldur væri þarna sjálfbær áætlun á ferð sem fjármagnaði sig sjálf.

Ég minnist fundar sem haldinn var inni í Borgartúni um þetta mál þegar m.a. var verið að kynna þessar tillögur og talsvert hvessti á þeim fundi. Ýmsir voru auðvitað óhressir með þær álögur sem þarna var lagt til að yrðu lagðar á flugrekendur og flugfarþega. Engu að síður náðist þetta í gegn. Áætlunin var lögð fyrir Alþingi og samþykkt á fyrri hluta árs 1987. Fyrsta flugmálaáætlunin var síðan samþykkt fyrir árin 1988–1991 og hún var algerlega byggð á þessari tíu ára áætlun flugmálanefndar. Það kom síðan í minn hlut sem samgrh. að undirbúa og leggja fram aðra tillögu um framkvæmdir í flugmálum sem samþykkt var hér á vordögum 1991. Sú var látin gilda til fjögurra ára en af vissum ástæðum var fjárveitingum eingungis skipt á einstök verkefni fyrstu tvö árin, þ.e. 1992 og 1993, þar sem þá þegar var orðið ljóst að verulegar breytingar hefðu orðið á forsendum flugmálaáætlunarinnar.

Síðan hefur verið unnið markvisst á grundvelli þessara áætlana fyrir allt það fé sem til ráðstöfunar hefur verið. Að vísu hafa verið tekin inn ný verkefni og að vísu hafa tekjustofnarnir ekki að fullu fylgt verðlagi. En fram að þessu, til og með þessu ári hefur allt það fé sem aflað hefur verið með hinu mörkuðu tekjustofnum runnið til framkvæmda í flugmálum.

Nú kemur það til, hæstv. forseti, að það er nauðsynlegt í þriðja lagi að rifja upp hvernig teknanna er aflað í þessu skyni. Það var gert með því að teknir voru upp tveir nýir tekjustofnar: Eldsneytisgjald, sem er í dag nálægt því að vera 1,60 kr. á hvern lítra af flugvélabensíni og 80 aurar á hvern lítra af þotueldsneyti með þeirri einu undantekningu að eldsneyti til Ameríkuflugs er undanþegið skatti vegna sérsamninga við Ameríkumenn um það ákvæði. Þetta gjald greiða sem sagt flugrekendurnir og þessi skattur hefur allur runnið hingað til í þennan framkvæmdapott.

Enn þá viðkvæmari er þó hinn tekjupósturinn sem er flugvallargjaldið. Það er þannig framkvæmt að flugvallargjald er lagt á alla þá sem ferðast með loftfari frá Íslandi til annarra landa eða ferðast innan lands. Þeir sem ferðast milli landa borga nú u.þ.b. 1.250 kr. í hvert sinn og í hvert sinn sem menn ferðast innan lands borga þeir 165 kr. Þarna er því um að ræða sérstakan skatt, álögur til viðbótar öllum öðrum sköttum og skyldum sem þessi grein ber og áður höfðu verið lögð á, þjónustugjöld, lendingargjöld, skoðunargjöld, skattar, tekjuskattar, virðisaukaskattar og annað því um líkt. Og þótti ýmsum nóg um, bæði þau gjöld öll og verðlagið, t.d. í innanlandsfluginu hér. Það er alveg ljóst að þarna var um að ræða hreina viðbótarskattlagningu í þessu skyni þegar hún var lögð á. Það voru engir aðrir skattar felldir niður á móti. Þetta var hrein viðbót sem þarna bættist sem sagt við.

(**Forseti** (VS): Þá er klukkan sjö, hv. ræðumaður.)

Það er bara svona, hæstv. forseti. Hvað eigum við að gera í því? Eigum við að reyna að stoppa hana?

(**Forseti** (VS): Forseti fer fram á það við hv. þm. að hann fresti ræðu sinni ef hann getur ekki lokið henni á örfáum mínútum.)

Ég gæti ekki gert það á minna en 10–15 mínútum þannig að ég held ég verði að þiggja það ágæta boð forseta og fá að halda áfram að eiga orðastað við samgrh. þegar fundur hefst á nýjan leik enda ærin ástæða til.

Umræðu frestað. [Fundarhlé. — 19:00]

Út af dagskrá voru tekin 8.–10. mál.

Fundi slitið kl. 20:32.

---

70. FUNDUR

miðvikudaginn 28. des.,
að loknum 69. fundi.

Dagskrá:

1. Samningur um breytingar á tilteknum samningum EFTA-ríkjanna, stjtill., 304. mál, þskj. 409, nál. 462, brtt. 463. — Síðari umr.
2. Skattskylda innlánsstofnana, frv., 307. mál, þskj. 421. — 2. umr.
3. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 282. mál, þskj. 349, nál. 506. — 2. umr.
4. Tekjustofnar sveitarfélaga, stjfrv., 303. mál, þskj. 396. — 3. umr.
5. Forfallaþjónusta í sveitum, stjfrv., 105. mál, þskj. 108, nál. 422, brtt. 423. — 2. umr.
6. Lífræn landbúnaðarframleiðsla, stjfrv., 281. mál, þskj. 348, nál. 445. — 2. umr.
7. Útflutningur hrossa, stjfrv., 209. mál, þskj. 235, nál. 424. — Frh. 2. umr.

Samningur um breytingar á tilteknum samningum EFTA-ríkjanna, síðari umr.

Stjtill., 304. mál. — Þskj. 409, nál. 462, brtt. 463.

[20:34]

Frsm. utanrmn. (Björn Bjarnason):

Hæstv. forseti. Á þskj. 462 er álit utanrmn. á till. til þál. um fullgildingu samnings um breytingu á tilteknum samningum EFTA-ríkjanna.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt með breytingu sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali, þ.e. þskj. 463. Breytingin felur í sér að tilgreindir eru þeir þrír samningar EFTA-ríkjanna sem breytast.

Við umfjöllun nefndarinnar um málið var einnig rætt um staðsetningu dómstóls EFTA en upplýst var á fundinum að utanrrh. Íslands og utanríkisviðskiptaráðherra Noregs áformuðu að flytja dómstólinn frá Genf til Lúxemborgar. Nefndin hefur ekki rætt til hlítar um staðsetningu dómstólsins og telur eðlilegt að Alþingi ræði hana frekar áður en kemur til flutnings hans um mitt ár 1995.

Guðmundur Árni Stefánsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins en undir þetta álit skrifa auk mín: Páll Pétursson, Ólafur Ragnar Grímsson, Geir H. Haarde, Guðrún J. Halldórsdóttir, Árni R. Árnason, Lára Margrét Ragnarsdóttir og Jón Helgason.

Hæstv. forseti. Ég læt þess getið að í greinargerð með tillögunni eins og hún var lögð fram á þskj. 409 er prentvilla. Þar stendur að verið sé að fækka mönnum úr eftirlitsstofnuninni úr sjö í þrjá og dómstólnum úr sjö í þrjá en þarna á talan fimm að standa í staðinn fyrir sjö. Vænti ég þess að þetta verði leiðrétt þegar skjalið verður endanlega birt í þingtíðindum.

[20:35]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég vil nota þetta tækifæri til að árétta það sérstaklega að ég tel að áform utanrrh. Íslands og utanríkisviðskiptaráðherra Noregs um að flytja EFTA-dómstólinn frá Genf til Lúxemborgar séu misráðin. Ég tel ákaflega óeðlilegt að staðsetja EFTA-dómstólinn einhvers staðar annars staðar en í EFTA-landi. Með því móti að flytja hann til Lúxemborgar eru EFTA-ríkin að niðurlægja sig að mínu mati. Dómstóllinn staðsettur þar yrði eins og einhver aukaspeni eða tilberi á Evrópudómstólnum í Lúxemborg. Þetta vil ég láta koma hér fram. Mitt jáyrði við afgreiðslu þessa máls byggist á því að Alþingi láti málið til sín taka áður en af þessum hugsanlega flutningi verður. Að öðru leyti tel ég eðlilegt að Ísland fullgildi þennan samning. Það leiðir af sjálfu vegna breytinga sem orðið hafa á EFTA við inngöngu þriggja EFTA-ríkja í Evrópubandalagið.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:41]

Brtt. 463 samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, EH, EgJ, FI, GHH, GE, GHall, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, HBl, HjálmJ, IBA, IP, JE, JGS, JBH, KÁ, LMR, MF, ÓRG, PP, PBj, SalÞ, SigG, SighB, SP, StB, TIO, VS, VE.

29 þm. (AÓB, ÁMM, DO, EKG, EKJ, FrS, GuðjG, GB, GÁS, HÁ, HG, JÁ, JóhS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KE, MB, ÓE, PBald, RA, RG, SAÞ, StG, SJS, SvG, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, EH, EgJ, FI, GHH, GE, GHall, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, HBl, HjálmJ, IBA, IP, JE, JGS, JBH, KÁ, LMR, MF, ÓRG, PP, PBj, SalÞ, SigG, SighB, SP, StB, TIO, VS, VE.

29 þm. (AÓB, ÁMM, DO, EKG, EKJ, FrS, GuðjG, GB, GÁS, HÁ, HG, JÁ, JóhS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KE, MB, ÓE, PBald, RA, RG, SAÞ, StG, SJS, SvG, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 519).

Skattskylda innlánsstofnana, 2. umr.

Frv. efh.- og viðskn., 307. mál. — Þskj. 421.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:43]

1. gr. samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, EH, EgJ, FI, GHH, GE, GHall, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, HBl, HjálmJ, IBA, IP, JE, JGS, JBH, JHelg, KÁ, LMR, MF, PP, PBj, SalÞ, SigG, SighB, SP, StB, TIO, VS, VE.

29 þm. (AÓB, ÁMM, DO, EKG, EKJ, FrS, GuðjG, GB, GÁS, HÁ, HG, JÁ, JóhS, JónK, JVK, KHG, KE, MB, ÓE, ÓRG, PBald, RA, RG, SAÞ, StG, SJS, SvG, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, EH, EgJ, GHH, GE, GHall, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, HBl, HjálmJ, IBA, IP, JE, JGS, JBH, JHelg, KÁ, LMR, MF, PP, PBj, SalÞ, SigG, SighB, SP, StB, TIO, VS, VE.

30 þm. (AÓB, ÁMM, DO, EKG, EKJ, FI, FrS, GuðjG, GB, GÁS, HÁ, HG, JÁ, JóhS, JónK, JVK, KHG, KE, MB, ÓE, ÓRG, PBald, RA, RG, SAÞ, StG, SJS, SvG, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, EH, EgJ, FI, GHH, GE, GHall, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, HBl, HjálmJ, IBA, IP, JE, JGS, JBH, JHelg, KÁ, LMR, MF, PP, PBj, SalÞ, SigG, SighB, SP, StB, TIO, VS, VE.

29 þm. (AÓB, ÁMM, DO, EKG, EKJ, FrS, GuðjG, GB, GÁS, HÁ, HG, JÁ, JóhS, JónK, JVK, KHG, KE, MB, ÓE, ÓRG, PBald, RA, RG, SAÞ, StG, SJS, SvG, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Tekjuskattur og eignarskattur, 2. umr.

Stjfrv., 282. mál (tekjuskattur barna). — Þskj. 349, nál. 506.

[20:44]

Frsm. efh.- og viðskn. (Jóhannes Geir Sigurgeirsson):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir nál. frá efh.- og viðskn á þskj. 506 um frv. til breytinga á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á fund til sín frá fjármálaráðuneyti Indriða H. Þorlákssson skrifstofustjóra, Bolla Þór Bollason skrifstofustjóra, Snorra Olsen deildarstjóra, Maríönnu Jónasdóttur deildarstjóra og Braga Gunnarsson lögfræðing.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins.

Það er skylt að geta þess að nefndin fjallaði um málið á þrem fundum. Á fyrsta fundinum að frumkvæði nefndarinnar eftir að hér hafði farið fram utandagskrárumræða um málið, á öðrum fundinum var fjallað um málið að beiðni hæstv. fjmrh. þar sem fjmrn. kynnti sín sjónarmið í málinu og á þriðja fundinum eftir að hér hafði verið mælt fyrir málinu.

Nefndarmenn eru sammála um það að rétt sé að afgreiða þetta mál óbreytt.

Undir þetta skrifa allir nefndarmenn en tveir með fyrirvara, sá sem hér stendur og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon.

Ég gerði grein fyrir mínum fyrirvara við 1. umr. um málið og þarf í sjálfu sér ekki að gera það frekar en vil þó ítreka að minn fyrirvari byggðist á því að það hefði verið skynsamlegast að láta þetta mál kyrrt liggja og hafa óbreytta framkvæmd á málinu. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að eftir að búið var að taka málið upp með þeim hætti sem var gert í vetur þá var ekki aftur snúið með að gera breytingar og sú breyting sem hér er lögð til er að mínu mati sú skynsamlegasta sem hægt er að fara og bendi reyndar á að í áðurnefndri utandagskrárumræðu benti ég á að þetta væri eina leiðin sem væri fær ef menn vildu gera á þessu breytingar. Málið var ekki svo einfalt að það var hægt að afnema skattlagningu á blaðburðarbörnum. Það varð þá að ganga jafnt yfir öll börn sem stunda einhverja launavinnu.

Ég tel hins vegar að þegar þessi lög voru sett á sínum tíma með 6% skatti, 4% til ríkisins og 2% til sveitarfélaga, hafi þessi lága skattprósenta verið valin með tilliti til þess að hún gengi flatt yfir allar launatekjur barna.

Það kom einnig fram að mínu mati sá misskilningur í umfjöllun um þetta mál fyrr í vetur að fyrirmæli forsrh. frá fyrri árum um það að menn skattlegðu ekki blaðburðarbörn ættu að gilda jafnt í dag. Í því fólst sá misskilningur að sömu reglur giltu um skattlagningu barna nú og var á þessum tíma sem er ekki því á þeim tíma áttu tekjur barna að leggjast við tekjur foreldra og skattleggjast með sömu prósentutölu. En frá árinu 1981, ef ég man rétt, þá hefur sú meðferð sem hefur verið í gildi til þessa verið höfð við.

Það var einnig margt sérkennilegt í meðhöndlun þessa máls, m.a. fjölmiðla og þá sérstaklega dagblaðanna sem börðust mjög hart í þessu máli. Að mínu mati ekki fyrir hagsmunum blaðburðarbarna heldur fyrir eiginhagsmunum þar sem það lá ljóst fyrir að misbrestur hefur verið á því að dagblöð, ýmis hver, gæfu upp tekjur blaðburðarbarna og reyndar fleiri en blaðburðarbarna. Það átti einnig við um umboðsmenn blað-

anna, sem ekki eru í öllum tilfellum börn, að þessar tekjur væru gefnar upp.

Það kom einnig fram í umfjöllun í nefndinni að það hefði verið ýmist hjá einstaklingunum hvort þessar tekjur voru gefnar upp eða ekki og í einhverjum tilfellum hefði svo verið að samviskusamir launþegar hefðu gefið þetta upp án þess að blöðin hefðu nokkurn tímann gefið út launamiða.

Að öllu samanlögðu þá deili ég þeirri skoðun með öðrum nefndarmönnum að miðað við það á hvern rekspöl málið var komið og að ekki var aftur snúið þá var þetta skynsamlegasta leiðin til þess að taka á þessu máli.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:51]

1. gr. samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKJ, FI, GHH, GE, GÁ, GJH, GunnS, HBl, HjálmJ, IP, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, KÁ, LMR, MF, PP, PBj, SalÞ, SigG, SighB, SP, StB, TIO, VS, VE.

29 þm. (ÁMM, EH, EKG, FrS, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GHelg, HÁ, HG, IBA, JÁ, JónK, JVK, KHG, KE, MB, ÓE, ÓRG, PBald, RA, RG, SAÞ, StG, SJS, SvG, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

2.–3. gr. samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKJ, FI, GHH, GE, GHall, GÁ, GJH, GunnS, HBl, HjálmJ, HG, IP, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, KÁ, LMR, MF, PP, PBj, SalÞ, SigG, SighB, SP, StB, TIO, VS, VE.

27 þm. (ÁMM, EH, EKG, FrS, GuðjG, GB, GÁS, GHelg, HÁ, IBA, JÁ, JónK, JVK, KHG, KE, MB, ÓE, ÓRG, PBald, RA, RG, SAÞ, StG, SJS, SvG, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKJ, FI, GHH, GE, GHall, GÁ, GunnS, HBl, HjálmJ, HG, IP, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, KÁ, LMR, MF, PP, PBj, SalÞ, SigG, SighB, SP, StB, TIO, VS, VE.

28 þm. (ÁMM, EH, EKG, FrS, GuðjG, GB, GÁS, GJH, GHelg, HÁ, IBA, JÁ, JónK, JVK, KHG, KE, MB, ÓE, ÓRG, PBald, RA, RG, SAÞ, StG, SJS, SvG, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Tekjustofnar sveitarfélaga, 3. umr.

Stjfrv., 303. mál (útsvar af tekjum barna). — Þskj. 396.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:52]

Frv. samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKJ, GHH, GE, GHall, GÁ, GJH, GunnS, HjálmJ, HG, IP, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, KÁ, LMR, MF, PP, PBj, SalÞ, SigG, SighB, SP, StB, TIO, VS, VE.

30 þm. (AÓB, ÁMM, EH, EKG, FI, FrS, GuðjG, GB, GÁS, GHelg, HÁ, HBl, IBA, JÁ, JónK, JVK, KHG, KE, MB, ÓE, ÓRG, PBald, RA, RG, SAÞ, StG, SJS, SvG, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 520).

Forfallaþjónusta í sveitum, 2. umr.

Stjfrv., 105. mál. — Þskj. 108, nál. 422, brtt. 423.

[20:53]

Frsm. landbn. (Egill Jónsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir áliti landbn. á þskj. 422 en það álit hafa allir nefndarmenn undirritað án athugasemda nema þeir tveir hv. þm. sem voru fjarverandi við afgreiðslu málsins, Eggert Haukdal og Ragnar Arnalds.

Frv. var lagt fram á þskj. 108. Við 1. umr. gerði hæstv. landbrh. grein fyrir efni frv. auk þess sem athugasemdir um frv. eru skýrar og vísa ég til þessarar umfjöllunar.

Landbn. gerði hins vegar brtt. við frv. á þskj. 423 en þær fela það í sér að stjórn forfallaþjónustunnar hefur með höndum uppgjör þessara mála en þeim skal ljúka fyrir 1. apríl og áfram hefur Framleiðsluráð landbúnaðarins með höndum innheimtumálefni og endurgreiðslu eins og kveðið er á í brtt. nefndarinnar.

Tillögur nefndarinnar eru algerlega skýrar og ég sé ekki þess vegna sérstaka ástæðu til þess að fjalla um þær með því að texti þeirra er mjög auðskilinn. Ég sé því ekki ástæðu til þess að orðlengja þessa afgreiðslu frekar, virðulegi forseti, en geri tillögu um að málinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 3. umr.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:57]

1. gr. samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKJ, GHH, GE, GHall, GÁ, GJH, GunnS, HBl, HjálmJ, HG, IP, JE, JóhS, JGS, JHelg, KÁ, LMR, MF, ÓRG, PBj, SalÞ, SigG, SP, SJS, StB, TIO, VS, VE.

29 þm. (ÁMM, EH, EKG, FI, FrS, GuðjG, GB, GÁS, GHelg, HÁ, IBA, JÁ, JBH, JónK, JVK, KHG, KE, MB, ÓE, PP, PBald, RA, RG, SighB, SAÞ, StG, SvG, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKJ, GHH, GE, GHall, GÁ, GJH, GunnS, HBl, HjálmJ, HG, IP, JE, JóhS, JGS, JHelg, KÁ, LMR, MF, ÓRG, PP, PBj, RA, SalÞ, SigG, SP, SJS, StB, TIO, VS, VE.

27 þm. (ÁMM, EH, EKG, FI, FrS, GuðjG, GB, GÁS, GHelg, HÁ, IBA, JÁ, JBH, JónK, JVK, KHG, KE, MB, ÓE, PBald, RG, SighB, SAÞ, StG, SvG, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 423,1 (ný 3. gr.) samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKJ, GHH, GE, GHall, GÁ, GJH, GunnS, HBl, HjálmJ, HG, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, KÁ, LMR, MF, ÓRG, PP, PBj, SalÞ, SigG, SP, SJS, StB, TIO, VS, VE.

27 þm. (ÁMM, EH, EKG, FI, FrS, GuðjG, GB, GÁS, GHelg, HÁ, IBA, JBH, JónK, JVK, KHG, KE, MB, ÓE, PBald, RA, RG, SighB, SAÞ, StG, SvG, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 423,2 (tvö ákv. til brb.) samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKJ, GHH, GE, GHall, GÁ, GJH, GunnS, HBl, HjálmJ, HG, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, KÁ, LMR, MF, ÓRG, PP, PBj, RA, SalÞ, SigG, SP, StB, TIO, VS, VE.

27 þm. (ÁMM, EH, EKG, FI, FrS, GuðjG, GB, GÁS, GHelg, HÁ, IBA, JBH, JónK, JVK, KHG, KE, MB, ÓE, PBald, RG, SighB, SAÞ, StG, SJS, SvG, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKJ, GHH, GE, GHall, GJH, GunnS, HBl, HjálmJ, HG, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, KÁ, LMR, MF, ÓRG, PP, PBj, RA, SalÞ, SigG, SP, SJS, StB, TIO, VS, VE.

27 þm. (ÁMM, EH, EKG, FI, FrS, GuðjG, GB, GÁS, GÁ, GHelg, HÁ, IBA, JBH, JónK, JVK, KHG, KE, MB, ÓE, PBald, RG, SighB, SAÞ, StG, SvG, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Lífræn landbúnaðarframleiðsla, 2. umr.

Stjfrv., 281. mál. — Þskj. 348, nál. 445.

[20:59]

Frsm. landbn. (Egill Jónsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti landbn. á þskj. 445 um lífrænan landbúnað. Undir álitið rita nöfn sín allir landbúnaðarnefndarmenn án athugasemda en fjarstaddir voru þeir hv. þm. Jóhannes Geir Sigurgeirsson, Kristín Ástgeirsdóttir og Árni M. Mathiesen.

Eins og fram kemur í þessu nefndaráliti gerir landbn. engar tillögur til breytinga á frv. eins og það var lagt fyrir og þess vegna er vísað í framsöguræðu hæstv. landbrh. og athugasemdir sem fylgja frv. og þar af leiðandi er ekki ástæða til frekari málalenginga um þetta frv.

Virðulegi forseti. Ég geri það að tillögu minni að það gangi áfram til 3. umr.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:01]

1. gr. samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKJ, GHH, GE, GHall, GÁ, GJH, GunnS, HjálmJ, HG, IP, JÁ, JE, JGS, JHelg, KÁ, LMR, MF, PP, PBj, SalÞ, SigG, SJS, StB, TIO, VS, VE.

30 þm. (ÁMM, EKG, FI, FrS, GuðjG, GB, GÁS, GHelg, HÁ, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónK, JVK, KHG, KE, MB, ÓE, ÓRG, PBald, RA, RG, SighB, SAÞ, SP, StG, SvG, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

2.–8. gr. samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKJ, FI, GHH, GE, GHall, GÁ, GJH, GunnS, HBl, HjálmJ, HG, IP, JÁ, JE, JGS, JHelg, KÁ, LMR, MF, PP, PBj, SalÞ, SigG, SJS, StB, TIO, VS, VE.

28 þm. (ÁMM, EKG, FrS, GuðjG, GB, GÁS, GHelg, HÁ, IBA, JóhS, JBH, JónK, JVK, KHG, KE, MB, ÓE, ÓRG, PBald, RA, RG, SighB, SAÞ, SP, StG, SvG, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKJ, FI, GHH, GE, GHall, GÁ, GJH, GunnS, HBl, HjálmJ, HG, JÁ, JE, JGS, JHelg, KÁ, LMR, MF, PP, PBj, RA, SalÞ, SigG, SJS, StB, TIO, VS, VE.

28 þm. (ÁMM, EKG, FrS, GuðjG, GB, GÁS, GHelg, HÁ, IBA, IP, JóhS, JBH, JónK, JVK, KHG, KE, MB, ÓE, ÓRG, PBald, RG, SighB, SAÞ, SP, StG, SvG, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Útflutningur hrossa, frh. 2. umr.

Stjfrv., 209. mál (heildarlög). — Þskj. 235, nál. 424.

[21:02]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Það væri freistandi að fara nokkrum orðum um frv. þetta því að það er gaman að tala um hross og ekki svo oft sem manni gefst tækifæri til þess í þingsölum en ég vil fagna frv. og þakka landbn. fyrir afgreiðslu þess.

Hrossarækt er að vissu leyti einn af ljósu punktunum í íslenskum landbúnaði. Þar er þó margt í ólagi sem þarf að kippa í lag og þetta frv. bætir nokkuð úr sumum þáttum. T.d. á að vera hægt að rekja uppruna hrossa og ættfæra þau með nokkuð meira öryggi eftir að þetta frv. er orðið að lögum og farið er að starfa eftir því en á því hefur orðið nokkur misbrestur þar sem komið hefur í ljós að menn hafa verið jafnvel að sýna hross undir öðrum nöfnum en þau eiga að vera.

Varðandi sölumál hrossa almennt er höfuðgalli að framleiðendurnir, þ.e. þeir sem ala hrossin upp, fá of lítið í sinn hlut. Milliliðirnir hirða mestallan arðinn sem í sumum tilfellum getur verið töluverður. Útflytjendurnir kaupa trippin af bændum eða öðrum framleiðendum fyrir sáralítið verð í mörgum tilvikum, temja þau og á því stigi hækka þau fyrst og fremst í verði. Þetta þyrfti að laga á næstu árum en þetta frv. tekur að sjálfsögðu ekki á því. Ég vil taka fram að ég tel að stofnverndarsjóður íslenska hestsins hafi gert feiknamikið gagn á undanförnum árum á þeim tíma sem hann hefur starfað og til hans rann gjald af kynbótahrossum, 10% af söluverði stóðhesta og 5% af söluverði hryssa. Þessum sjóði var varið til þess að halda bestu kynbótagripunum í landinu. Það er mjög mikilvægt fyrir okkur að vera vakandi yfir því að láta ekki bestu kynbótagripina fara úr landi. Það eru aðrir en Íslendingar sem eru að taka forustuna í ræktun íslenska hestsins og ég nefni sérstaklega Þjóðverja sem sumir hverjir eru feiknalega miklir ræktunarmenn, kappsamir og kunna að rækta búfé, en það er okkur mikilvægt að láta þessa forustu ekki af hendi baráttulaust.

Ég tel að ekki sé hægt að banna útflutning kynbótagripa því að hluti af því ævintýri hestamennskunnar er að rækta hross og það er ómögulegt að koma í veg fyrir að unnendur íslenska hestsins á erlendri grund geti notið þeirrar ánægju. Það þarf að kippa í lag tollamálum varðandi útflutning á hrossum. Því hefur ekki verið sinnt af hæstv. ríkisstjórn sem skyldi en við inngöngu Svíþjóðar í Evrópusambandið breytast tollamál þannig að óhagkvæmara verður að flytja hross til Svíþjóðar en verið hefur fram til þessa. Nauðsynlegt er að vinna að þessum tollamálum víðar og reyna að fá niðurfellda tolla á lifandi hrossum í öðrum mörgum fleiri viðskiptalöndum okkar.

Þetta frv. tekur að sjálfsögðu ekki á einu atriði sem ég vil þó gera aðeins að umræðuefni eða minna á og íslenskri hestamennsku og hrossarækt stafar stórkostleg hætta af, þ.e. lyfjagjöf hrossa. Það hefur komið á daginn og að því munu vera orðin einhver brögð í íslenskri hestamennsku að menn freistist til þess að misnota lyf í hross þannig að þau komi betur fyrir á sýningum. Það er óforsvaranlegt. Það blekkir kynbótamatið og þetta er algerlega óforsvaranleg framkoma, óforsvaranlegur gerningur og smánarblettur á íslenskri hestamennsku sem íslenskir hestamenn og hrossaræktendur verða að hafa forustu um að þvo af sér. Það er óhjákvæmilegt að fara út í mjög strangt lyfjaeftirlit varðandi keppnishross ekkert síður en lyfjaeftirlit sem er allmikið tíðkað í sumum íþróttagreinum hjá mannskepnunni.

Frú forseti. Ég ætla ekki að orðlengja þetta meira þó að mig langaði til þess að nota þetta tækifæri og að tala lengur um hrossin. Ég læt þetta nægja í bili.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:10]

1. gr. samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKJ, GHH, GE, GHall, GÁ, GJH, GunnS, HBl, HG, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, KÁ, LMR, MF, PP, PBj, SalÞ, SigG, SighB, SP, SJS, StB, TIO, VS.

28 þm. (AÓB, ÁMM, EKG, FI, FrS, GuðjG, GB, GÁS, GHelg, HÁ, HjálmJ, IBA, JónK, JVK, KHG, KE, MB, ÓE, ÓRG, PBald, RA, RG, SAÞ, StG, SvG, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

2.–6. gr. samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKJ, GHH, GE, GHall, GÁ, GJH, GunnS, HBl, HG, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, KÁ, LMR, MF, PP, PBj, RA, SalÞ, SigG, SighB, SP, SJS, StB, TIO, VS.

27 þm. (AÓB, ÁMM, EKG, FI, FrS, GuðjG, GB, GÁS, GHelg, HÁ, HjálmJ, IBA, JónK, JVK, KHG, KE, MB, ÓE, ÓRG, PBald, RG, SAÞ, StG, SvG, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. í nál. 424 (ný 7. gr.) samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKJ, GHH, GE, GHall, GÁ, GJH, GunnS, HBl, HG, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, KÁ, LMR, MF, PP, PBj, RA, SalÞ, SigG, SighB, SP, SJS, StB, TIO, VS.

27 þm. (AÓB, ÁMM, EKG, FI, FrS, GuðjG, GB, GÁS, GHelg, HÁ, HjálmJ, IBA, JónK, JVK, KHG, KE, MB, ÓE, ÓRG, PBald, RG, SAÞ, StG, SvG, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

8.–9. gr. samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKJ, GHH, GE, GHall, GÁ, GJH, GunnS, HBl, HG, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, KÁ, LMR, MF, PP, PBj, RA, SalÞ, SigG, SighB, SP, SJS, StB, TIO, VS.

27 þm. (AÓB, ÁMM, EKG, FI, FrS, GuðjG, GB, GÁS, GHelg, HÁ, HjálmJ, IBA, JónK, JVK, KHG, KE, MB, ÓE, ÓRG, PBald, RG, SAÞ, StG, SvG, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKJ, GHH, GE, GHall, GJH, GunnS, HBl, HG, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, KÁ, LMR, MF, PP, PBj, RA, SalÞ, SigG, SighB, SP, SJS, StB, TIO, VS.

28 þm. (AÓB, ÁMM, EKG, FI, FrS, GuðjG, GB, GÁS, GÁ, GHelg, HÁ, HjálmJ, IBA, JónK, JVK, KHG, KE, MB, ÓE, ÓRG, PBald, RG, SAÞ, StG, SvG, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Fundi slitið kl. 21:11.

71. FUNDUR

miðvikudaginn 28. des.,
að loknum 70. fundi.

Dagskrá:

1. Skattskylda innlánsstofnana, frv., 307. mál, þskj. 421. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
2. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 282. mál, þskj. 349. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
3. Forfallaþjónusta í sveitum, stjfrv., 105. mál, þskj. 521. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
4. Lífræn landbúnaðarframleiðsla, stjfrv., 281. mál, þskj. 348. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
5. Útflutningur hrossa, stjfrv., 209. mál, þskj. 524. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

Afbrigði um dagskrármál.

Of skammt var liðið frá 2. umr. allra dagskrármála. — Afbrigði samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EKJ, FI, GHH, GB, GHall, GÁ, GJH, GHelg, HBl, HG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, KÁ, LMR, MF, PP, PBald, PBj, SalÞ, SigG, SighB, SP, StB, VS, VE, ÖS.

29 þm. (ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, FrS, GE, GuðjG, GÁS, GunnS, HÁ, HjálmJ, IBA, JE, JónK, JVK, KHG, KE, MB, ÓE, ÓRG, RA, RG, SAÞ, StG, SJS, SvG, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Skattskylda innlánsstofnana, 3. umr.

Frv. efh.- og viðskn., 307. mál. — Þskj. 421.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:33]

Frv. samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EKJ, FI, GHH, GB, GHall, GÁ, GJH, GHelg, HBl, HjálmJ, HG, IP, JÁ, JE, JóhS, JBH, JHelg, KÁ, LMR, MF, PP, PBald, PBj, RA, SalÞ, SigG, SighB, SP, StB, VS, VE, ÖS.

27 þm. (ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, FrS, GE, GuðjG, GÁS, GunnS, HÁ, IBA, JGS, JónK, JVK, KHG, KE, MB, ÓE, ÓRG, RG, SAÞ, StG, SJS, SvG, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 526).

Tekjuskattur og eignarskattur, 3. umr.

Stjfrv., 282. mál (tekjuskattur barna). — Þskj. 349.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:34]

Frv. samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EgJ, EKJ, FI, GHH, GE, GB, GHall, GÁ, GJH, GHelg, HBl, HjálmJ, HG, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, KÁ, LMR, MF, PP, PBald, PBj, RA, SalÞ, SigG, SighB, SP, StB, VS, VE, ÖS.

24 þm. (ÁMM, DO, EH, EKG, FrS, GuðjG, GÁS, GunnS, HÁ, IBA, JónK, JVK, KHG, KE, MB, ÓE, ÓRG, RG, SAÞ, StG, SJS, SvG, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 527).

Forfallaþjónusta í sveitum, 3. umr.

Stjfrv., 105. mál. — Þskj. 521.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:35]

Frv. samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKJ, FI, GHH, GE, GB, GHall, GÁ, GJH, GHelg, HBl, HjálmJ, HG, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, KÁ, LMR, MF, PP, PBald, PBj, RA, SalÞ, SigG, SighB, SP, StB, TIO, VS, VE, ÖS.

22 þm. (ÁMM, EH, EKG, FrS, GuðjG, GÁS, GunnS, HÁ, IBA, JónK, JVK, KHG, KE, MB, ÓE, ÓRG, RG, SAÞ, StG, SJS, SvG, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 528).

Lífræn landbúnaðarframleiðsla, 3. umr.

Stjfrv., 281. mál. — Þskj. 348.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:35]

Frv. samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKJ, FI, GHH, GE, GB, GHall, GÁ, GJH, GHelg, HBl, HjálmJ, HG, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, KÁ, LMR, MF, PP, PBald, PBj, RA, SalÞ, SigG, SighB, SP, StB, TIO, VS, VE, ÖS.

22 þm. (ÁMM, EH, EKG, FrS, GuðjG, GÁS, GunnS, HÁ, IBA, JónK, JVK, KHG, KE, MB, ÓE, ÓRG, RG, SAÞ, StG, SJS, SvG, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 529).

Útflutningur hrossa, 3. umr.

Stjfrv., 209. mál (heildarlög). — Þskj. 524.

[21:36]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég hef ekki sökkt mér niður í þetta frv. sem hér er á dagskrá um útflutning hrossa. En þegar ég varð þess var að þeir menn í landbn. sem ég treysti jafnvel enn betur en formanni nefndarinnar voru fjarri afgreiðslu málsins þá fannst mér ástæða til að renna aðeins yfir textann áður en hann yrði afgreiddur sem lög frá þinginu. Ég verð að segja það að mér finnst ýmislegt í þessu frv. allkynduglega orðað og fram sett og vil koma því áliti mínu á framfæri. Ýmislegt af því sem hér er verið að lögleiða finnst mér þarflaust að leiða í lög. Og það er ekki svo, að ég best fæ séð, að það sé hið títtnefnda EES hér á Alþingi Íslendinga sem skyldar okkur til þess að færa þetta í lög sem hér er sett á blað, eins og er um margt af því og meiri hlutann af því sem er borið hér fyrir Alþingi á þessu haustþingi og raunar enn frekar á síðasta þingi, heldur er þetta sjálfdæmi um þetta að ég best fæ séð.

Mér virðist vera mikið álitamál hvort þurfi að lögleiða t.d. ákvæði um útflutning, hvort hann er með skipum eða flugvélum og dagsetningar í því sambandi. Er mér þó ljóst að þar er um að ræða dýraverndarsjónarmið sem menn eru að halda til haga og síst skal ég hafa á móti því að bærilega sé með skepnurnar farið. Hér er tiltekið nákvæmlega aldur hrossanna sem flytja megi úr landi og hvað þá kynbótahross sem einungis má flytja í flugvélum samkvæmt ákvæðum 1. gr.

Það er líka torvelt að skilja, virðulegur forseti, ákvæði í 2. gr., þ.e. hverjir það eru sem eiga að kveða upp úr um það hvort hross séu heilbrigð og rétt sköpuð. Ég fæ ekki séð að það sé í rauninni neinn tilkvaddur til að skera úr um þau atriði og spurning hver á að hafa sjálfdæmi um það eða hver á að taka að sér að skera úr um slíkt. Síðan er sagt að þau skuli merkt með þeim hætti að ekki verði um villst. Hvað er verið að segja hér? Hver á að meta það? Hvers konar merkingar eru það? Það þarf væntanlega reglugerðarákvæði um þetta atriði þó að ekki sé nánar á því tekið hér samkvæmt frv.

Síðan er í 4. gr. frv., ég læt nú vera 3. gr. Fyrir mér er að vísu flutningsfar ekki mjög gagnsætt orð en það er sjálfsagt títt notað í sambandi við þennan útflutning. Ég ætla ekki að finna að því út af fyrir sig. Það er enginn sérstakur agnúi á því sem nýyrði eða sem orði í íslensku máli. En í 4. gr. er verið að lögleiða vottorðakerfi frá Búnaðarfélagi Íslands, sem ég veit ekki betur en verið sé að leggja af núna um áramótin, Búnaðarfélagið, sjálfviljugt að afmunstra sig og á að stofna ný samtök. Þannig að þetta mál þarf greinilega að taka upp þegar í byrjun næsta árs til þess að færa það til samræmis við þá ákvörðun sem bændasamtökin hafa tekið. Það er verið að leggja til að það fylgi hrossum sem flutt eru úr landi vottorð frá Búnaðarfélagi Íslands sem staðfesti uppruna hrossins og ætterni. Innlendir hrossaræktendur og samtök þeirra eigi forkaupsrétt að úrvalskynbótagripum sem áformað er að flytja úr landi og Búnaðarfélagið á að hlutast til um að eftir forkaupsréttinum sé óskað og að það sé við það staðið eða að það sé hægt að óska eftir því að frestað verði útflutningi, af Búnaðarfélaginu, sem á að leggja af núna um áramótin.

Síðan er gjaldakerfið samkvæmt 5. gr. með útflutningsgjald sem verið er að kveða á um hversu hátt megi vera og deila á milli tveggja sjóða, stofnverndarsjóðs íslenska hestakynsins. Það er mikið orð og merkilegt heiti á þeim sjóði, stofnverndarsjóður íslenska hestakynsins, en hlutverk hans er sjálfsagt ágætt og á að skipta því milli hans og Búnaðarmálasjóðs. Síðan segir í niðurlagi 5. gr.: „Reikninga sjóðsins skal birta árlega í Stjórnartíðindum og þeir endurskoðaðir af Ríkisendurskoðun.“ Það er ekki sagt hvað eigi að gerast á undan, hvort það séu endurskoðaðir reikningar sem eigi að birta í Stjórnartíðindum eða hvort Ríkisendurskoðun á að taka til við þetta eftir að þeir hafa verið birtir.

Þetta er svona dæmi, virðulegur forseti, um ýmsa vansmíð og fljótaskrift í þessu máli, fyrir utan það að ég neita því ekki að mér finnst að sitthvað af því sem hér er verið að lögbjóða þurfi tæpast að lögleiða og væri betur að því verði ráðið á milli þeirra sem að þessu standa og ekki ástæða til þess að færa það í lög og þar á meðal að kveða á um hlutverk fyrir Búnaðarfélag Íslands, sem verður væntanlega ekki til á næsta ári og þyrfti málið þá að takast upp.

Ég er með þessum orðum, virðulegi forseti, ekki að leggjast gegn því að hér séu sett lög um þau efni sem nauðsynlegt er í sambandi við útflutning hrossa. En þegar ég fór að skoða málið frekar vegna þess að fulltrúi Alþb. í landbn. var ekki við athugun málsins, var fjarverandi afgreiðslu þess úr nefndinni, þá finnst mér að þarna hefði mátt betur að standa í vissum atriðum og vildi láta þetta koma fram hér.

[21:43]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Það var einu sinni maður norður í Torfalækjarhreppi í Húnavatnssýslu, nágranni Pálma, hv. þm. á Akri, og hann vildi öllum mönnum vel og lagði aldrei illt til nokkurs manns heldur mikið gott til allra. En þegar honum fannst hann hafa yfirdrifið sjálfan sig í lofinu þá bætti hann gjarnan við á lægri nótunum: En hestamaður er hann ekki.

Þessi karl kom mér í hug þegar hv. 4. þm. Austurl. var að tala hér áðan. Þó að hv. þm. sé mikilhæfur og afbragð annarra manna þá er ég hræddur um að hann sé ekki hestamaður. Mér fannst að sumar af þessum athugasemdum sem hann setti fram væru kannski ekki byggðar á nægum kunnugleika.

Varðandi fyrstu athugasemdina í 2. gr.: „Öll hross sem flutt eru úr landi skulu heilbrigðisskoðuð af embættisdýralækni". Við vitum hér um bil hvers lags kumpánar embættisdýralæknar eru, er það ekki, og það eru þeir sem eiga að framkvæma þessa skoðun. Það er tekið fram að einungis sé heimilt að flytja úr landi heilbrigð og rétt sköpuð hross. Nú veit ég ekki hvort ég á að fara að leggja í það að lýsa heilbrigðu og rétt sköpuðu hrossi (**Gripið fram í:** Jú, jú.) en meiningin er sú að það er ekki skynsamlegt og það er ástæða til þess að banna það með lögum, að vera að flytja úr landi einhverja aumingja því að þeir eru okkur til skammar og geta meira að segja eyðilagt fyrir okkur framtíðarmarkaði, verðmæta markaði. Enn fremur skulu þau merkt með þeim hætti að ekki verði um villst. Þetta atriði er mjög mikilvægt, að það sé hægt að vita hvar sem hrossið fer í útlöndum um hvaða hross sé að ræða.

Sá atburður gerðist í hestamennsku í Þýskalandi í sumar að sama hrossið var sýnt tvisvar undir mismunandi nöfnum. Eigandinn taldi sig hafa gert mistök og ég skal ekkert segja um það. Mér þykir nú frekar ósennilegt að hann sé svo mikill glópur að hann átti sig ekki á því hvaða hrossi hann ríður, a.m.k. þegar hann er kominn á bak. Hrossið var að vísu svart og svört hross eru nokkuð lík hvert öðru. En það er fullkomin ástæða til þess að halda því til haga hvert hrossið er og að það sé hægt að rekja það hvaðan hrossið er, að óvandaðir viðskiptaaðilar séu ekki að ljúga til um það og selja mönnum í góðri trú hross sem er kannski allt annað heldur en kaupandinn telur sig vera að kaupa.

Varðandi Búnaðarfélag Íslands þá er það réttmæt athugasemd hjá hv. þm. að það er kannski ekki heppilegast að hafa Búnaðarfélag Íslands á þessum stað. Ég geri ráð fyrir því að þetta standi þarna vegna þess að þegar frv. var samið þá var Búnaðarfélag Íslands hinn rétti aðili. Búnaðarfélag Íslands hefur farið með hrossaræktina og kynbótastarfsemina. Þeirri starfsemi verður haldið áfram. Mér finnst að þarna sé ekki um stórvægilegt atriði að ræða. Ég veit ekki hvort það er búið að velja frambúðarnafn á hin nýju bændasamtök, en hjá þeim hlýtur að sjálfsögðu þessi vottorðagjöf að vera.

Í síðasta lagi varðandi stofnræktarsjóðinn, þá kann að vera að nafnið stofnverndarsjóður íslenska hestakynsins sé ekki nákvæmlega smekklegasta heitið. En mér er þetta mál dálítið skylt því að ég var upphafsmaður að stofnun þessa sjóðs í samfélagi við hrossaræktarráðunautinn Þorkel Bjarnason. Ég var þá formaður Hrossaræktarsambands Íslands og það horfði nokkuð alvarlega vegna þess að fjársterkir útlendingar buðu í bestu kynbótagripina. Þeir voru að kaupa og leggja fölur á bestu gæðhesta á Íslandi. Við vildum koma í veg fyrir að þeir færu úr landi umyrðalaust. Það var stofnaður sjóður og kynbótahrossin voru skattlögð í þennan sjóð, 10% af söluverði gæðhesta, 5% af söluverði hryssa og sjóðnum varið til þess að styrkja hrossaræktarsamböndin til þess að ganga inn í þessi kaup. Þessi sjóður, hvað sem um nafnið má segja, hefur gert stórmikið gagn og komið í veg fyrir það að margir af bestu gæðhestum landsins hafi verið seldir úr landi og greitt fyrir því að hrossaræktarsamböndin gætu og hefðu efni á og fjárhagslega möguleika til þess að leysa til sín þessi hross.

Ég veit ekki hvort ég á að orðlengja þetta meira, en ég held að hv. landbn. þurfi ekkert að fyrirverða sig fyrir afgreiðslu þessa máls.

[21:49]

Frsm. landbn. (Egill Jónsson):

Virðulegi forseti. Ég met mikils ábendingar hv. 4. þm. Austurl. og ég skil þær reyndar afar vel því að texti þessa frv. er náttúrlega ekki óumdeilanlegur. Hann byggir hins vegar á mikilli málamiðlun meðal hestamanna, sem eru misjafnlega samstiga eins og okkur er nú gjarnan tamt, Íslendingum, og hann ber þess nokkur merki. Þessum ábendingum frá hv. 4. þm. Austurl. og kannski einhverjum fleiri gat ég þess vegna átt von á fyrr í þessari umræðu.

Það er kannski fyrst og fremst eitt efnisatriði sem ég vildi koma aðeins inn á, sem reyndar kom fram í ræðum tveggja síðustu hv. ræðumanna og það var um þá tilvísun sem hér á sér stað til Búnaðarfélags Íslands. Við höfum hér á Alþingi afgreitt lög um samruna bændasamtakanna og þar er kveðið á um að þegar sá samruni hefur átt sér stað þá verða þessar sameiginlegu skyldur Búnaðarfélagsins og Stéttarsambandsins á einum stað. Þar til sú ákvörðun hefur verið tekin, þar til samruninn hefur átt sér stað, þá verða mál hér á Alþingi afgreidd á þeim grundvelli sem þessi félagasamtök vinna á. Þetta finnst mér alveg nauðsynlegt að komi hér fram og er reyndar aðaltilefni þess að ég kvaddi mér hljóðs.

[21:51]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Mér heyrðist á báðum hv. þingbræðrum sem töluðu á eftir mér í umræðunni að þeir féllust á það að það mætti finna svona vissa ágalla á frv. og það er í rauninni það sem ég í góðvild af minni hálfu er að benda á. Mér finnst ekki alveg nógu hnitmiðuð framsetning á vissum atriðum og annað álitaefni hvort að eigi að lögbjóða. Ég ætla ekki að fara að stæla við hv. 1. þm. Norðurl. v. í sambandi við þekkingu á hestum eða kunnáttu í þeim efnum. En hitt get ég sagt hv. þm. að ég hef marga dagana og mörg dægrin og árin unnið með hesta í æsku og notað hesta og hestaverkfæri og þekki þá kannski meira þannig en ekki sem þá úrvalsgripi sem þetta frv. fjallar mest um, kynbótahross og annað af þeim toga. Ég hef enga sérþekkingu eða reynslu af meðferð slíkra gripa. Það skal viðurkennt.

En það eru nokkur atriði einnig í skýringum með frv. sem bæta takmarkað úr. Ég vil bara nefna hér sem dæmi í sambandi við 1. gr. þar sem er verið að fjalla um útflutning. Það fyndist mér eiginlega betur ósagt gagnvart þeim sem eiga að vera væntanlegir kaupendur þessara útfluttu hesta. Þar segir t.d., með leyfi virðulegs forseta:

„Oft má fá gott verð fyrir fullorðin kynbótahross í útflutningi þó verðgildi og kynbótagildi þeirra sé takmarkað hérlendis."

Það má vel vera að þeir sem vel til þekkja lesi eitthvað út úr þessu annað en það að það væri hægt að pranga inn á útlendinga gripum sem hefðu næsta lítið gildi hér heima fyrir og lítið gildi í sjálfu sér. Þetta er ekki beinlínis svona skynsamleg markaðsfærsla ef menn eru að hugsa um það.

Síðan er í skýringum við 2. gr. að finna ábendingar á þessu ferli varðandi útflutning þar sem á að skilgreina útflutningshafnir og setja reglugerðir þar að lútandi. Þessu er skipt í fjögur ferli. Það er skoðun á flutningsfari og aðstöðu fyrir hestinn og útlitsskoðun við flutningsfar og svo segir í þriðja lagi: lítils háttar heilbrigðisskoðun framkvæmd þar sem aðstaða er góð. Alveg sérstaklega tekið fram að það þurfi að vera góð aðstaða fyrir þessa lítils háttar heilbrigðisskoðun. Og fleira svona er þessu marki brennt í framsetningu og rökstuðningi fyrir málinu sem ég á satt að segja dálítið erfitt með að sjá samhengi og skilja samhengi í. En ég vil alls ekki verða til að bregða fæti fyrir þetta gagnmerka mál sem tekið er upp hér á Alþingi milli jóla og nýárs og ekki seinna vænna að fela Búnaðarfélagi Íslands ákveðið hlutverk, samkvæmt 4. gr. frv., að úthluta vottorðum og öðru þess háttar og ekki ætla ég að hafa á móti því að það fáist við það á meðan það er og þeir sem kannski við taka.

Þessum athugasemdum vildi ég, virðulegi forseti, koma á framfæri, en ég vil ekki leggjast gegn málinu, mun sitja hjá við afgreiðslu þess.

[21:56]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það var kannski einungis það sem kom fram í fyrri ræðu hv. þm. og e.t.v. leyfist mér ekki að flytja hér andsvar gagnvart henni. En það vottaði fyrir eilitlum söknuði hjá þingmanninum gagnvart því að málið væri ekki EES-mál og skil ég það út af fyrir sig ágætlega. En þá get ég hins vegar huggað hv. þm. með því að með þessu frv. er verið að uppfylla eitt ákvæði gagnvart útflutningi til Evrópu og reyndar útflutningi inn á fleiri markaði, sem lýtur að því að rjúfa tengslin á milli þeirra sem annast heilbrigðisskoðun, þ.e. dýralækna og þeirra sem eru að selja hrossin. Þannig að í þessu frv. er reiknað með því að það sé innheimt þetta 8 þús. kr. gjald og það sem menn fái í staðinn sé m.a. hin lögbundna og lögboðna heilbrigðisskoðun. Og ef það uppfyllir að einhverju leyti eða kemur að einhverju leyti til móts við þennan vonbrigðatón í hv. þm., að hér væri ekki EES-mál, þá er þetta vissulega einn liður í því að uppfylla þann samning.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:59]

Frv. samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKJ, FI, GHH, GE, GB, GHall, GÁ, GJH, HBl, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, KÁ, LMR, PP, PBald, PBj, RA, SalÞ, SigG, SighB, StB, VS, ÖS.

1 þm. (HG) greiddi ekki atkv.

26 þm. (ÁMM, EKG, FrS, GuðjG, GÁS, GHelg, GunnS, HÁ, HjálmJ, IBA, JVK, KHG, KE, MF, MB, ÓE, ÓRG, RG, SAÞ, SP, StG, SJS, SvG, TIO, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 530).

Útbýting þingskjala:

Samningur um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunar, 229. mál, nál. meiri hluta utanrmn., þskj. 522; brtt. meiri hluta utanrmn., þskj. 523; nál. minni hluta utanrmn., þskj. 525.

Fundi slitið kl. 22:00.

---

72. FUNDUR

fimmtudaginn 29. des.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Samningur um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunar, stjtill., 229. mál, þskj. 269, nál. 522 og 525, brtt. 523. — Síðari umr.
2. Ráðstafanir í ríkisfjármálum 1995, stjfrv., 278. mál, þskj. 345, nál. 452 og 512, brtt. 451 og 518. — Frh. 2. umr.
3. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 290. mál, þskj. 363, nál. 476, brtt. 477 og 511. — 2. umr.

Fjarvistarleyfi:

Halldór Ásgrímsson, 1. þm. Austurl.,
Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, 6. þm. Vestf.,
Rannveig Guðmundsdóttir félmrh.

Útbýting þingskjala:

Brunatryggingar, 240. mál, þskj. 517.
Forfallaþjónusta í sveitum, 105. mál, þskj. 521.
Réttindalausir skipstjórnarmenn, 244. mál, svar samgrh., þskj. 513.
Útflutningur hrossa, 209. mál, þskj. 524.
Veiðar umfram kvóta, 249. mál, svar sjútvrh., þskj. 510.

Samningur um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunar, síðari umr.

Stjtill., 229. mál. — Þskj. 269, nál. 522 og 525, brtt. 523.

[10:35]

Frsm. meiri hluta utanrmn. (Björn Bjarnason):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir áliti meiri hluta ut-

anrmn. á þskj. 522 um till. til þál. um fullgildingu samnings um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunar. Ég mæli einnig fyrir brtt. meiri hluta utanrmn. á þskj. 523.

Nefndin skiptist í afstöðu sinni til þessa máls eins og fram kemur á þskj. en ágreiningurinn er ekki um það að þetta mál skuli ná fram að ganga heldur áherslur varðandi þann mikla samning sem hér er um að ræða.

Virðulegur forseti. Í gær sat utanrmn. á fundum um málið og sá gleðilegi atburður gerðist að samstaða skapaðist í nefndinni um það að Ísland skyldi gerast stofnaðili að Alþjóðaviðskiptastofnuninni og til þess að það megi verða þarf Alþingi að samþykkja þær tillögur sem hér liggja fyrir nú fyrir áramótin en síðustu forvöð til þess að skila fullgildingarskjölum vegna stofnaðildarinnar er 31. des. Það var markmið okkar sem unnum að þessu máli á vettvangi utanrmn. í gær að ganga þannig frá málum að þetta tækist og við náðum samkomulagi sem birtist í 2. mgr. þáltill. eins og hún liggur fyrir á þskj. 523 og vil ég leyfa mér að lesa þann texta, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ítrekar að þrátt fyrir fullgildingu samningsins gildi óbreytt skipulag á innflutningi landbúnaðarvara þar til lögum hefur verið breytt með hliðsjón af samningnum. Þær lagabreytingar, þar með taldar tollabreytingar, skulu gerðar með hliðsjón af GATT-tilboði Íslands til að veita innlendri framleiðslu nauðsynlega vernd. Landbúnaðarráðherra verði tryggt forræði um allar efnislegar ákvarðanir í því stjórnkerfi sem varðar landbúnað og innflutning landbúnaðarvara og komið verður á fót á grundvelli þessarar ályktunar."

Í þeim málslið sem utanrmn. bætti við hina upprunalegu till. til þál. eins og hún kom frá ríkisstjórninni felst stefnumörkun sem lýtur að því hvernig tekið verður á málinu þegar Alþingi fjallar um breytingar á innlendri löggjöf til þess að laga hana að þessum samningi. En það lá fyrir í nefndinni eins og kemur fram í áliti hennar að ljóst er samkvæmt bréfi frá framkvæmdastjóra GATT til hæstv. forsrh. Davíðs Oddssonar að Alþingi hefur ótvírætt svigrúm og tíma til að vinna að slíkri lagasetningu þrátt fyrir að heimildin til fullgildingar sé veitt.

Í umræðum innan utanrmn. voru okkur kynnt frumvörp frá Noregi um það hvernig Norðmenn ætla að standa að því að breyta tollalögum hjá sér í samræmi við breytingar á GATT-samkomulaginu og það kom fram í nefndinni að líta mætti til Noregs við frágang málanna hér á landi.

Nefndin ræddi einnig við tvo fulltrúa sem starfað hafa í nefnd á vegum ríkisstjórnarinnar um það hvernig staðið skuli að því að smíða þá innlendu löggjöf sem nauðsynleg er í framhaldi af fullgildingu þessa mikilvæga samnings og fékk upplýsingar um málið í grófum dráttum til birtingar með nefndaráliti sínu og vísa ég þar til fskj. I og fskj. II. Einnig ákvað nefndin að birta sem fskj. III yfirlýsingu frá samstarfsnefnd fimm ráðuneyta um markmið lagabreytingar vega fullgildingar samnings um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunar. Þessi gögn bárust nefndinni frá þessari ráðuneytanefnd og birtast þau hér sem fylgiskjöl. Einnig var það álit utanrmn. að æskilegt væri að kynnast viðhorfum landbn. Alþingis til málsins því að þær breytingar sem hér er um að ræða á viðskiptaumhverfi Íslands snerta ekki síst landbúnaðinn og landbn. fundaði um málið um kvöldmatarleytið í gær og sendi síðan utanrmn. bréf sem birtist sem fskj. IV og ég vildi mega lesa, með leyfi hæstv. forseta:

„Landbúnaðarnefnd Alþingis fjallaði á fundi sínum í dag um tillögu til þingsályktunar um fullgildingu samnings um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunar (229. mál) og breytingartillögu utanríkismálanefndar við þá tillögu. Nefndin leggur áherslu á að afgreiðslu tillögunnar verði hraðað svo að Ísland geti orðið í hópi þeirra þjóða sem fullgilt hafa samninginn þegar stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar fer fram.

GATT-samningurinn kemur til með að hafa víðtæk áhrif á íslenskan landbúnað í framtíðinni. Hyggja ber sérstaklega að því að landbúnaðurinn fái ráðrúm til að aðlagast þeim breytingum, annað mundi leiða til ófarnaðar. Jafnframt er vakin athygli á að í GATT-samningnum felast sóknarfæri fyrir íslenskan landbúnað sem mikilvægt er fyrir Íslendinga að leggja rækt við. Nefndin telur að með þeim áherslum sem fram koma í breytingartillögu utanríkismálanefndar, sérstaklega þar sem kveðið er á um forræði landbúnaðarráðherra, sé gengið til fulls á móts við framangreind sjónarmið. Landbúnaðarnefnd gerir því ekki tillögur til breytinga."

Undir þetta rita landbúnaðarnefndarmenn þannig að það náðist eins og af þessu sést mikilvæg samstaða á milli þessara tveggja þingnefnda, utanrmn. og landbn., um málið og tel ég það mikilvægan lið í því að greiða fyrir skjótum framgangi þess á Alþingi og vonast ég til þess að sú samstaða endurspeglist í umræðum sem um þetta mál munu fara fram hér á eftir.

Ég ætla ekki að hafa orð mín fleiri. Ég hef lagt málið fram. Það liggur skýrt og ljóst fyrir. Ég vil aðeins í lok máls míns þakka samnefndarmönnum mínum í utanrmn. fyrir það góða samstarf sem tókst með okkur í gær um lausn máls. Ég tel að þar hafi verið tekið á málum af raunsæi. Menn átta sig á því að nauðsynlegt var fyrir Íslendinga að gerast stofnaðilar að þessum mikilvægu alþjóðasamtökum og menn áttuðu sig jafnframt á því að það yrði ekki unnt nema allir legðust á eina sveif í því efni og það samkomulag sem tókst í nefndinni í gær er til marks um eindreginn samstarfsvilja nefndarmanna um það að þetta takist og verði samþykkt á Alþingi í dag.

[10:43]

Frsm. minni hluta utanrmn. (Anna Ólafsdóttir Björnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti minni hluta utanrmn. sem er að finna á þskj. 525. Svo sem fram hefur komið í ræðu frsm. meiri hluta utanrmn. náðist víðtækt samkomulag milli allra flokka, bæði innan utanrmn. og einnig landbn. varðandi það að þetta mál skyldi ná fram að ganga og komast úr nefndum og í umræðu á Alþingi. Þrátt fyrir að ég standi að minnihlutaáliti tel ég að ég hafi átt þátt í þessu samkomu-

lagi og ber eins og aðrir nefndarmenn fulla ábyrgð á því og mælti með því innan þingflokks míns. Um það er ekki ágreiningur.

Álit minni hluta utanrmn. er komið til af öðru og það er vegna þess sem fram kom í fyrri umr. um þetta mál að það eru ákveðnar efnislegar athugasemdir við samninginn sem við kvennalistakonur höfum fram að færa en það merkir ekki það að við viljum ekki sjá hann ná hér fram á Alþingi.

Samningur um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunar, sem leysir GATT-samninginn af hólmi, er margþættur. Í honum er að finna mörg atriði til hagsbóta fyrir þær þjóðir sem munu eiga aðild að honum, t.d. ný ákvæði um hugverk, en á hinn bóginn vantar í hann þær áherslur í umhverfismálum sem Kvennalistinn telur nauðsynlegar við gerð svo mikilvægs alþjóðlegs viðskiptasamnings. Stofnanaþáttur samningsins hefur enn fremur vakið spurningar um hvort verið sé að færa yfirþjóðlegri stofnun meira vald en æskilegt er.

Almennt má segja að viðskiptasjónarmið hafi ráðið mestu fram til þessa um gerð alþjóðasamninga og er það kannski ekki óeðlilegt þar sem hér hefur fyrst og fremst verið um að ræða fríverslunarsamninga annars vegar og svo hins vegar aukna viðskiptasamvinnu, bæði á alþjóðlegum vettvangi og þar hefur GATT auðvitað staðið upp úr og enn fremur innan Evrópu. En því er ekki að neita að sú áhersla hefur farið vaxandi í umræðunni að einnig verði að bera fyrir brjósti umhverfissjónarmið og það má segja að í þessari umræðu sem verið hefur um þann samning sem leysir nú GATT-samninginn af hólmi þá hafi þessar raddir heyrst af vaxandi styrk. En því miður höfum við ekki séð það að þessu sinni að þær hafi getað sett mark sitt á þann samning sem við höfum hér í höndum. Hins vegar vil ég búast við því og gera ráð fyrir því að þessi sjónarmið muni koma fram með vaxandi þunga á næstu árum. Það er vaxandi áhersla á öll þessi mál innan alþjóðlegs samstarfs og ég held að það sé mun heillavænlegra fyrir framtíð allrar samvinnu á jörðinni að þessi sjónarmið verði tekin sérstaklega fyrir og tengd þeim viðskiptasamningum sem við sjáum.

Varðandi það að færa yfirþjóðlegum stofnunum það vald sem nú er e.t.v. að gerast þá verð ég að viðurkenna að mér þótti ekki mjög gott að heyra yfirlýsingar hæstv. utanrrh. þar sem hann vísar beinlínis til þess að það sé hægt að beita slíku valdi. Ég er hins vegar á því að við höfum með því samkomulagi sem hér hefur náðst séð við slíku og höfum í hendi okkar það að geta beitt gildandi íslenskum lögum. Og ég vil vísa til þess brots úr bréfi frá framkvæmdastjóra GATT, sem birtist í nál. meiri hluta utanrmn., þar sem talað er um að lagasetning sé ekki tæknilega nauðsynleg áður en til fullgildingar kemur og að sjálfsögðu þýðir það að við höfum svigrúm, þó það sé kannski ekki stórt, til þess að ganga frá þessum lögum. En vissulega hefði verið mun æskilegra að þessi texti hefði séð dagsins ljós áður en við gengum frá þessum málum.

Minni hluti utanrmn. er sammála þeirri niðurstöðu, sem samstarfsnefnd fimm ráðuneyta hefur komist að, að forræði þess hluta samningsins, sem varðar landbúnaðarmál, verði í höndum landbrh.

Þetta er kannski forsendan fyrir því samkomulagi sem náðist og aðalatriðið sem varðar þær deilur sem hér hafa verið og ég tel að nú sé verið að leiða til lykta með þessari afdráttarlausu yfirlýsingu sem kemur fram í nál. og þeirri brtt. sem fylgir þessari tillögu nú.

Þrátt fyrir að stuttur tími hafi gefist til umfjöllunar um samninginn á yfirstandandi þingi vill fulltrúi Kvennalistans í utanrmn. greiða fyrir því að samningurinn verði fullgildur fyrir áramót, ekki síst í ljósi þess að um það hefur náðst víðtæk samstaða allra flokka. Kostir og gallar samningsins vega nokkuð jafnt að mati fulltrúa Kvennalistans og mun minni hlutinn því sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Undir þetta ritar sú sem hér stendur, en ég hef einungis því við að bæta á þessu stigi málsins að vissulega hefði ég kosið að við hefðum svigrúm til meiri efnislegrar umræðu um þetta stóra mál vegna þess að hér eru vissulega ýmis atriði sem þarf að gæta að. En eins og þetta samkomulag og sú atburðarás sem varð í gær þá vil ég gera það sem í mínu valdi stendur til að greiða fyrir þessu máli og virða þetta samkomulag og þá samstöðu sem varðar a.m.k. eitt mikilvægt mál, en það eru afdrif íslensks landbúnaðar í þeim breytingum sem óhjákvæmilega hljóta að verða og eru eðlilegar í því viðskiptaumhverfi sem við lifum og hrærumst í. Síðan er það seinni tíma músík að fara ofan í fleiri atriði og þá í samstarfi við alþjóðlega aðila og gæta þess að meira verði hugað að umhverfissjónarmiðum og það er ekki síst mikilvægt varðandi landbúnað og einnig það að þess sé gætt að við förum ekki að færa það vald sem á að vera hjá þjóðríkjum yfir til yfirþjóðlegra stofnana og nota þær sem óeðlilegar svipur gegn því ákvörðunarvaldi sem er innan hvers þjóðríkis fyrir sig.

Ég trúi því og treysti að við höfum gert það með þessari afgreiðslu málsins og mun því ekki hafa þessi orð fleiri að svo stöddu. En ef umræðan gefur tilefni til þá er ég að sjálfsögðu fús að svara þeim spurningum sem upp kunna að koma.

[10:51]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég tel að hér hafi fundist skynsamleg lending eða bráðabirgðalending væri kannski réttara orðalag. Hér er um mjög vandasamt mál að ræða þar sem það er enginn ágreiningur um það að við eigum að verða aðilar að Alþjóðaviðskiptastofnun og að það er okkur nokkurt metnaðarmál að vera stofnaðilar að stofnuninni, þó að það sé ekki lífsnauðsyn og hafi hér rækilega komið fram að við glötum ekki neinum rétti þó við hefðum dregið afgreiðslu þessa máls fram yfir áramót. En allt um það, þá er það heppilegt að við verðum stofnaðilar.

Af þessu samstarfi kemur til með að hljótast margvíslegt hagræði. Því miður hefur í undirbúningi málsins á ýmsan hátt verið fórnað hagsmunum landbúnaðarins til þess að ná öðrum hagsmunum. Það hefur verið verslað á kostnað landbúnaðar til þess að ná hagræði fyrir aðrar atvinnugreinar. Íslenskur landbúnaður er í mikilli hættu og þegar þetta bætist ofan á þá syrt-

ir heldur í álinn og þrengir mjög kosti landbúnaðarins, en ég tel að með því skrefi sem stigið er nú þá sé gert það skásta úr stöðunni sem mögulegt er.

Eins og brtt. meiri hluta nefndarinnar ber með sér og reyndar sannast líka í fylgiskjölum, þá verður hér óbreytt ástand í innflutningsmálum landbúnaðarafurða þangað til Alþingi hefur breytt lögum. Til þess gefst frestur svo missirum skiptir eða jafnvel upp í ár og þá lagasetningu þarf að vanda og ég tel að hún verði verkefni nýrrar ríkisstjórnar.

Núv. hæstv. ríkisstjórn er ekki heppileg til þess að hafa forustu um það mál. Nú er því ekki að leyna að innan hennar eru menn sem hafa burði til þess að vinna góð verk og gætu út af fyrir sig haft þarna forustu. En afskipti ...(**Gripið fram í:** Góðverk?) Góð verk, ekki góðverk. (**Gripið fram í:** Það er nefnilega það.) Það getur verið að þeir slysist til þess en það er nú frekar óvart. (**Gripið fram í:** Þess vegna spurði ég.) Mín skoðun er sú að það séu miklir ágætismenn sem skipi hæstv. núv. ríkisstjórn þó margt hafi slysalega tekist hjá þeim, því miður. En afskipti Alþfl. af þessu máli hafa verið með þeim hætti að það er ólíklegt að núv. ríkisstjórn finni farsæla niðurstöðu í máli eins og þessu. Hæstv. ríkisstjórn hefur verið, því miður, í afskiptum af landbúnaðarmálum og reyndar utanríkismálum í mörgu tilliti, í gíslingu hjá hæstv. utanrrh., en sem betur fer hefur sú herkví nú verið rofin. Og það er það merkilega við niðurstöðu af vinnu utanrmn. í gær, að sú herkví er rofin og stór meiri hluti Alþingis nær vopnum sínum. Alþfl. „terroríserar" ekki lengur hinn stóra meiri hluta á Alþingi í þessu máli og það er það sem markverðast er í afgreiðslu okkar í gær.

Alþfl. stendur frammi fyrir því hvort hann vill slást í förina eða stoppa málið. Hann stendur frammi fyrir því hvort hann vill stoppa málið eða bíta á jaxlinn og dansa með og það er hinn eðlilegi gangur málsins. Hæstv. utanrrh. bítur á jaxlinn og lætur sem svo að þetta verði að vera í lagi. Hann hefur heldur enga aðra kosti og það er vel. Hann að vísu kemur í fjölmiðla, fer þar með óskynsamlega og náttúrlega staðlausa stafi. Þetta minnir svona á Jón sterka í frægu bókmenntaverki Jóns Thoroddsens, „Sáuð þið hvernig ég tók hann?". Hann reynir sem sagt að koma standandi niður og það er honum ekki of gott.

Ég hef ekki trú á því að kjaradeilur næstu vikna verði leystar á þann hátt sem Alþfl. lagði upp þar sem aðstoðarmaður hæstv. utanrrh., Þröstur Ólafsson, lagði það til að leysa kjaradeilurnar og gera kjarasamninga með því að opna fyrir innflutning, nota GATT-samninginn til þess að galopna fyrir innflutning á ódýrum landbúnaðarafurðum og verkalýðurinn eða launþegar, þeir þyrftu ekki kauphækkun, það væri hægt að skaffa þeim ódýrari mat. Það átti sem sagt að senda bændum reikninginn fyrir þær kjarabætur sem alþýðunni væru boðnar. Þetta verður vonandi ekki niðurstaðan og vonandi verður Alþfl. ekki í þeirri stöðu að ná valdi á þessu máli aftur og það verður þjóðin að passa.

Samkvæmt ákvörðun Alþingis sem hér verður væntanlega tekin innan skamms þá verður, eins og segir í tillgr.: „Landbrh. verði tryggt forræði um allar efnislegar ákvarðanir í því stjórnkerfi sem varðar landbúnað og innflutning landbúnaðarvara og komið verður á fót á grundvelli þessarar ályktunar."

Hér er ekki kveðið vægt að orði. „Landbrh. verði tryggt forræði um allar efnislegar ákvarðanir í því stjórnkerfi sem varðar landbúnað og innflutning landbúnaðarvara." — Hvorki meira né minna.

Að vísu þarf hæstv. fjmrh. að stimpla tollamálið og kemur að því með óbeinum hætti þar af leiðandi.

Það er auðvitað hægt að hugsa sér að einhvern tímann taki við húsbóndavaldi í landbrn. maður sem ekki ber hagsmuni landbúnaðarins fyrir brjósti. Það hefur ekki gerst fram að þessu nema þá um örstuttan tíma. Ég held að allir landbúnaðarráðherrar fyrirfarandi ára hafi haft metnað til þess að reyna að standa sig og sumir hafa gert það vel. En það er hægt að hugsa sér að mislukkaður ráðherra taki við þessu embætti þó að það sé á móti minni von. Hann hefur að vísu þá tækifæri til þess að opna allar gáttir og það er gallinn við þennan GATT-samning að ef ríkisvald og landbrh. er einbeittur í því að opna þá getur hann það samkvæmt GATT-samningnum og því frelsi sem hann veitir.

Ég tel að þjóðin verði að gá að sér og reyna að sjá til þess að ríkisstjórn verði ekki skipuð með þeim hætti í framtíðinni.

Það hefur verið gert nokkuð úr því af sumum að reyna að stilla þessu máli þannig upp að á öðrum kantinum séu neytendur og á hinum kantinum sé landbúnaðurinn. Ég mótmæli þessari skiptingu, við erum öll á sama báti. Þeir sem stunda landbúnað, þeir sem vinna að landbúnaði eða þjónustu við landbúnaðinn með einum eða öðrum hætti eru auðvitað neytendur og ófarir eða hrun í landbúnaði kemur niður á neytendum þannig að það eru engin skil þarna á milli. Það er ekki hægt að stilla þessum aðilum upp sem einhverjum andstæðingum þó það hafi verið reynt og reynt að fiska í því grugguga vatni.

Frú forseti. Áður en ég skil við þetta mál og vík héðan úr ræðustól vil ég láta þess getið að ég tel að undirbúningi ríkisstjórnar Íslands hafi verið áfátt. Ég hef rakið orsakir þess, þ.e. fyrst og fremst fyrir það að hún var í gíslingu hjá hæstv. utanrrh. Ég minni á, og það var rætt nokkuð í utanrmn., hvernig Norðmenn hafa farið að. Undirbúningur þeirra var með allt öðrum og markvissari hætti. Norska Stórþingið gengur að verki með miklu betri undirbúningi en við gerum. Þó kann að vera að á því séu og það eru í því ljósir punktar að undirbúningur er ekki lengra kominn hér þar sem búið er að skáka Alþfl. út úr málinu.

Ég er sem sagt mjög ánægður, frú forseti, yfir þessari niðurstöðu þrátt fyrir það að margt sé óleyst og eftirvinnan að verulegu leyti eftir þá vonast ég eftir því að hún takist farsællega. Ég þakka formanni utanrmn. fyrir ágæta samvinnu og meðnefndarmönnum og lýsi fullum stuðningi við þá brtt. sem liggur fyrir á þskj. 523.

Útbýting þingskjals:

Mat á sláturafurðum, 334. mál, frv. landbn., þskj. 531.

[11:04]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Á undanförnum árum hefur verið tekist á um tvær meginstefnur í alþjóðlegum viðskiptum. Önnur stefnan hefur falið það í sér að skipta heiminum upp í viðskiptablokkir sem hver um sig reyndi að tryggja sína sérhagsmuni og einangra sig frá hinum hluta heimsins. Hin stefnan hefur boðað að mikilvægt væri að tengja veröldina alla í eitt alþjóðlegt viðskiptakerfi þar sem allar þjóðir heims væru hluti af því kerfi.

Við fulltrúar Alþb. á Alþingi höfum á undanförnum árum verið talsmenn hinnar síðari stefnu, að mikilvægt sé að Ísland og veröldin öll sé tengd í alþjóðlegt viðskiptakerfi þar sem allar þjóðir heims séu þátttakendur á jafnréttisgrundvelli og skipting veraldarinnar í ríkar þjóðir og fátækar sé ekki lögð til grundvallar og hörð eiginhagsmunahyggja viðskiptabandalaga fái ekki að vera ráðandi afl.

Það er nokkuð sérkennilegt á þeim mánuðum sem eru í aðdraganda þess að Íslendingar staðfesti GATT-sáttmálann þá hefur hæstv. utanrrh. Jón Baldvin Hannibalsson gerst talsmaður hinnar fyrri stefnu, að Ísland hverfi frá því að leggja fyrst og fremst áherslu á að vera þátttakandi í víðtæku alþjóðlegu viðskiptakerfi og Ísland skipi sér innan einnar af hinum einangrunarsinnuðu viðskiptablokkum, Evrópusambandinu. Þeir sem þekkja vel aðdragandann að nótum GATT-samkomulagsins fylgdust auðvitað mjög vel með því hvernig Evrópusambandið hélt viðræðunum um GATT í gíslingu. Sérhagsmunahyggja Evrópusambandsins kom lengst af í veg fyrir það að samkomulag gæti náðst í GATT-málunum. Það var í raun og veru aðeins á elleftu stundu sem það tókst með samstilltu átaki fjölmargra þjóða í veröldinni að brjóta á bak aftur sérhagsmunahyggju Evrópusambandsins innan GATT-viðræðnanna. Það samkomulag sem við erum að staðfesta er fyrst og fremst ánægjulegur vitnisburður um það hvernig þjóðum heims frá Asíu, Suður-Ameríku, Afríku og skynsamari þjóðum í Evrópu og í álfu Ameríkulanda tókst að ýta einangrunar- og sérhagsmunahyggju Evrópusambandsins svo mjög til hliðar að samkomulag náðist.

Ég tel þess vegna mjög mikilvægt að Ísland gerist stofnaðili að GATT, ekki aðeins vegna efnis málsins sjálfs heldur líka vegna þess að sú aðild gerir að engu þá kenningu sem hæstv. utanrrh. hefur flutt hvað eftir annað, bæði á þingi og utan þings á undanförnum mánuðum, að Ísland sé að einangrast í alþjóðlegu og efnahagslegu tilliti. Hæstv. utanrrh. hefur flutt þann boðskap að ef Ísland gerist ekki aðili að Evrópusambandinu þá muni það einangrast efnahagslega. Staðfesting GATT-samkomulagsins er skýrasta afsönnun þessarar kenningar hæstv. utanrrh.

Auðvitað er það þannig með víðtæka, alþjóðlega samninga eins og GATT-samninginn að margt orkar tvímælis sem í honum er. Það hlýtur að vera eðli máls samkvæmt þegar þjóðir heims ná fjölþættu samkomulagi um margvísleg mál að bæði einstaklingar, samtök og þjóðir geta litið ýmislegt í þeim texta mismunandi augum. Ég er sammála því sjónarmiði sem kom fram hjá hv. þm. Önnu Ólafsdóttur Björnsson að það hefði verið æskilegt að í GATT-samningnum væri ríkari áhersla á umhverfismál og verndun lífríkis jarðarinnar. Ég er hins vegar sannfærður um það að straumur tímans og aukinn styrkur þeirra sjónarmiða á alþjóðlegum vettvangi muni á næstu árum jafnt og þétt styrkja þá hagsmunagæslu sem felst í nauðsynlegri verndun umhverfisins. Ég tel að alþjóðlegir samningar um þau efni sem tekist hafa á undanförnum árum og síðan síaukin viðleitni, bæði almannasamtaka og þjóða, að tryggja þau mál muni gera það að verkum að þótt ýmislegt skorti í texta GATT-samkomulagsins um þau mál þá muni innan Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar og í þeim viðræðum sem munu fara fram á vettvangi hennar þau sjónarmið sífellt vega þyngra.

Vandi okkar Vesturlandabúa hins vegar þegar við höldum því fram að umhverfissjónarmiðanna sé ekki nægilega gætt innan samninga af því tagi sem við erum að fjalla um þá stöndum við í þeim sporum að ef hinar fjölmennu þjóðir Asíulanda, Afríkulanda og Suður-Ameríkulanda, sem er yfirgnæfandi meiri hluti mannkyns, temja sér svipaða lifnaðarhætti og ná svipuðu lífskjarastigi og felst í daglegu lífi okkar Vesturlandabúa þá væri það einhver mesta ógnunin við lífríki jarðarinnar og gæslu þeirra hagsmuna í framtíðinni. Það er þversögn sem við Vesturlandabúar ræðum því miður ógjarnan þegar við erum að setja fram á alþjóðlegum vettvangi kröfur um aukna umhverfisvernd. Kannski er það brýnasta verkefnið í alþjóðlegri umræðu á næstu missirum að takast á við þennan vanda. Annars vegar sanngjarna, nauðsynlega og mikilvæga kröfu mikils meiri hluta heims um bætt lífskjör í daglegu lífi þjóða og einstaklinga og hins vegar nauðsyn þess að mannkynið allt taki höndum saman um að vernda það lífríki sem okkur hefur verið fært.

Hér er ekki tími til þess að ræða það mál nánar en það er hins vegar mikilvægt að á Alþingi Íslendinga geri menn sér grein fyrir því að eigi að tryggja verndun lífríkis jarðarinnar á næstu áratugum þá er ég sannfærður um það að tvennt er nauðsynlegt. Annars vegar veruleg skerðing á sjálfsforræði þjóðanna í alþjóðlegu samstarfi. Viss skerðing á sjálfsákvörðunarrétti þjóða sem hingað til hefur verið talinn óhjákvæmilegur og mikilvægur til þess að alþjóðleg samtök geti sett þeim þjóðum sem eru að eyða lífríkinu þannig stólinn fyrir dyrnar að þær geti ekki haldið áfram sinni viðleitni. Skýrasta dæmið til að útskýra þetta í hnotskurn er spurningin um regnskógana í Brasilíu. Á að viðurkenna rétt Brasilíu til þess að fara með þau mál samkvæmt eigin sjálfsákvörðunarrétti eða á mannkynið allt að krefjast íhlutunar um þá meðferð á grundvelli þess sem stundum hefur verið sagt að regnskógarnir séu stór hluti af lungum jarðarinnar og án þeirra væri lítil von til þess að jafnvel við hér á Íslandi og börn okkar gætum lifað góðu lífi?

Hitt atriðið felst síðan í ákveðinni sjálfsafneitun þess hluta mannkyns sem nú býr við best lífskjör varðandi þróun þeirra á komandi tíð.

Það er ekki tími til þess hér milli jóla og nýárs að

fara ítarlegri orðum um þessa þætti en ég vildi þó minnast á þá vegna þess að þeir eru mikilvægur hluti af þeirri alþjóðlegu umræðu sem hlýtur að fara fram og fer nú þegar fram á þessu sviði og GATT-samkomulagið er hluti af þeirri umræðu og mikilvægur vettvangur á næstu árum fyrir þróun hennar. Þótt hér á landi hafi athyglinni einkum verið beint að þeim þáttum GATT-samkomulagsins sem snertir landbúnað þá er það auðvitað þannig að í þessu samkomulagi er að finna mjög veigamikla þætti á öðrum sviðum. Ég tel það mjög mikilvægt fyrir okkur Íslendinga að geta gerst þátttakendur og eiga þann þátttökurétt sem í samkomulaginu felst varðandi þessa málaflokka.

Virðulegi forseti. Í sjálfu sér væri hægt að nema hér staðar í minni ræðu og láta það duga að lýsa þessum almennu sjónarmiðum sem ég hef gert ef ekki væri fyrir þá staðreynd að embætti utanrrh. gegnir hæstv. ráðherra Jón Baldvin Hannibalsson. Ég hafði ekki ætlað mér það, hæstv. ráðherra, að fara í þá umræðu að greina frá því í þingsalnum hvernig hæstv. ráðherra var settur algjörlega til hliðar og hvernig það ráðuneyti sem hann stýrir var vegna afstöðu hans og þeirrar stefnu og vinnubragða sem hann hefur fylgt sett til hliðar í afgreiðslu málsins. En það er hins vegar óhjákvæmilegt vegna ummæla hæstv. utanrrh. í gær og vegna viðtals hans við Morgunblaðið í dag að láta staðreyndir þess máls koma fram í þingsalnum.

Það er nefnilega þannig, hæstv. utanrrh., menn geta sagt af sér með ýmsum hætti. Menn geta sagt af sér með því að formlega biðjast lausnar og gefa út um það opinbera tilkynningu. Menn geta sagt af sér með þeim hætti að aðrir biðjist lausnar fyrir þá og það getur gerst bæði de jure og de facto. Það sem gerðist í meðferð GATT-málsins á Alþingi var að de facto var beðist lausnar fyrir hæstv. utanrrh. Það er ástæðan fyrir því óheflaða orðbragði og þeim skætingi sem hæstv. utanrrh. lét frá sér fara um verk utanrmn. í Ríkisútvarpinu í gær. Þau ummæli hæstv. utanrrh. um verk utanrmn. og *þá tillögu sem meiri hluti nefndarinnar leggur hér* fram voru auðvitað svo gjörsamlega úr takt við það sem er við hæfi af hálfu virðulegs ráðherra að þeir sem að málinu koma hljóta að leita skýringa og spyrja hvers vegna.

Í um það bil hálft ár var starfandi á vegum stjórnarflokkanna embættismannanefnd fimm ráðuneyta sem hafði það verkefni að ganga frá lagaundirbúningi og efnisþáttum þess sem nauðsynlegt væri að hrinda í framkvæmd á Íslandi í formi lagabreytinga og stjórnvaldsákvarðana til þess að tryggja framkvæmd GATT-samningsins annars vegar á þann veg að samningurinn væri virtur og hins vegar að gætt væri þeirra hagsmuna *íslensks atvinnulífs sem við viljum gæta.* Flokkur hæstv. utanrrh. átti tvo fulltrúa í þessari embættismannanefnd, fulltrúa viðskrn. og fulltrúa utanrrn. Því var lýst yfir af hálfu utanrmn. þegar þetta mál kom til meðferðar að nefndin mundi bíða eftir þeirri niðurstöðu sem fengist úr þessari nefnd áður en GATT-samningurinn yrði tekinn til afgreiðslu. Það var þess vegna alveg ljóst að sá ráðherra sem bar ábyrgð á samningnum á þingi og lagði hann fram, hæstv. utanrrh., hann hafði þá frumskyldu — ég endurtek það — að tryggja að embættismannanefndin lyki verki sínu í tæka tíð og með þeim hætti að það dygði til þess að tryggja framgöngu málsins á Alþingi.

Ég ætla hér að taka þá líkingu máli mínu til skýringar að það er almennt viðurkennt á Alþingi að ætli fjmrh. sér að tryggja framgang fjárlaga og lánsfjárlaga verður hann að sjá til þess að niðurstaða fáist í ákveðnum málum og beina embættismönnum sínum til verka á þann veg að sú niðurstaða sé þinginu ljós. Þess vegna afgreiðir þingið fjárlög og lánsfjárlög vegna þess að þó kannski sé deilt um einstök stefnumál hjá hæstv. fjmrh. þá viðurkennir þó þingið það að hann hafi skilað þannig embættislega verki sínu að hægt sé að afgreiða fjárlögin og lánsfjárlögin. Það hefur núv. fjmrh. gert þó við deilum um margt í verkum hans. Þess vegna hefur þingið nú þegar samþykkt fjárlög og lánsfjárlög og embættismenn ráðuneytisins tekið virkan þátt í þeim störfum.

Það kom hins vegar ljós þegar utanrmn. á fyrsta degi þings eftir jólahald fékk að líta þann texta sem embættismannanefndin hafði skilað af sér að sá texti var ekki nothæfur, hann dugði ekki sem grundvöllur afgreiðslu GATT-samkomulagsins á Alþingi. Ekki vegna þess að formaður nefndarinnar, ráðuneytisstjórinn í forsrn., hefði ekki sinnt störfum sínum vel heldur einfaldlega vegna þess að fulltrúar Alþfl. og sérstaklega utanrrh. í nefndinni höfðu haft þannig afstöðu í starfi nefndarinnar að hæstv. utanrrh. hafði brugðist þeirri embættisskyldu sinni að tryggja það að efnislegur frágangur þessara mála væri á þann veg að þingið gæti afgreitt málið. Það var nokkuð ljóst á fyrsta hálftímanum í utanrmn. að málin voru komin í óefni. Ekki vegna afstöðu þingsins, hæstv. utanrrh., ekki vegna þess sem hæstv. utanrrh. segir í viðtali við Morgunblaðið í dag, svo ég vitni orðrétt: „... að öfgakenndustu fulltrúar eiginhagsmuna og verndarstefnu í landbúnaði hótuðu því að taka þetta mál í gíslingu bæði *innan raða samstarfsflokksins og stjórnarandstöðunnar.*“

Hæstv. utanrrh. Þetta er fullkomið rugl. Þetta er vísvitandi tilraun til að blekkja þjóðina eða þá svo óheyrileg sjálfsblekking að hæstv. utanrrh. lifir í einhverri sérkennilegri veröld og er auðvitað merkilegt að samstarfsflokkurinn skuli fá þessa kveðju frá hæstv. utanrrh. á afgreiðsludegi GATT og væri fróðlegt að spyrja: Hverjir eru „öfgakenndustu fulltrúar eiginhagsmuna og verndarstefnu í landbúnaði innan raða samstarfsflokksins“?

Nei, hæstv. utanrrh. Málið er ekki svona vaxið. Málið stóð einfaldlega þannig í gærmorgun að það *embættislega verk sem hæstv. utanrrh. er búinn að bera* ábyrgð á mánuðum saman hafði ekki verið unnið vegna þess að hæstv. utanrrh. hafði látið fulltrúa sína starfa þannig að því verki að þegar kom að afgreiðslu málsins var ekkert í hendi sem dugði þinginu til að byggja afgreiðsluna á. Það var þá sem nefndarmenn í utanrmn. undir forustu formanns utanrmn. sem tilheyrir samstarfsflokknum, hæstv. utanrrh., hófu umræður um það að smíða í utanrmn. efnislegan texta sem dygði

til þess að þingið gæti afgreitt málið fyrir áramót.

Og vegna þess að einn af hirðmönnum utanrrh. er sá eini sem hlær í salnum, hvort sem hann er að gera það til þess að halda einhverju áliti hjá formanni Alþfl. eða af eigin hvötum, ég ætla að láta það liggja á milli hluta, þá er rétt að upplýsa það einnig að í þeirri vinnu var enginn af embættislegum fulltrúum hæstv. utanrrh. Þvert á móti komu aðstoðarmaður utanrrh., og er óhjákvæmilegt að segja þá sögu alveg eins og hún var, Þröstur Ólafsson, og fulltrúi utanrrh. í embættismannanefndinni hlaupandi með írafári ofan úr utanrrn. og voru að þvælast um gangana í Þórshamri til þess að reyna að kynna sér hvað var að gerast og reyna að grípa þar inn í en var aldrei hleypt inn á fundinn. Málið var afgreitt í utanrmn. án þess að embættislegur fulltrúi utanrrn. í nefndinni né heldur aðstoðarmaður utanrrh. kæmu nokkuð að því verki. En aftur á móti voru ráðuneytisstjórinn í forsrn. og aðstoðarmaður landbrh. virkir embættislegir samverkamenn utanrmn. í vinnunni. Það var þannig, hæstv. utanrrh., að til þess að geta afgreitt þetta mál varð ekki aðeins að taka það úr pólitískum höndum hæstv. utanrrh. heldur varð líka að taka það úr embættislegum höndum utanrrn. Og það var sá hópur þingmanna undir forustu formanns utanrmn. og þeir embættismenn sem ráðuneytisstjórinn í forsrn. fór fyrir sem gerðu það kleift að Íslendingar yrðu stofnaðilar að GATT-samkomulaginu.

Þetta heitir, hæstv. utanrrh., að biðjast de facto lausnar fyrir hæstv. utanrrh. Auðvitað hefðum við í utanrmn. ekki verið að rekja þetta í þingsölum og sýnt hæstv. utanrrh. þá tillitssemi að geyma þetta hjá okkur sjálfum en hrokafull og lítilsvirðandi ummæli hæstv. utanrrh. í Ríkisútvarpinu í gær í garð utanrmn. og þeirrar vinnu sem þar var unnin gera það óhjákvæmilegt að sýna fram á og segja frá í reynd hvernig þessir hlutir gerðust. Að pólitískur aðstoðarmaður utanrrh. og embættislegur fulltrúi utanrrh. í nefndinni höfðu þann sess í þessari vinnu að þvælast bara frammi á gangi. Og hæstv. utanrrh. sem þó á seturétt á fundum utanrmn. og er rétt að rifja það upp að hæstv. utanrrh. sem er eini ráðherrann sem á reglubundinn seturétt á fundi þingnefndar var hvergi nærri. Enginn af þeim mönnum sem þennan texta smíðuðu nema kannski þingmaður Alþfl., ég skal ekkert um það segja, hirti einu sinni um það að hafa samband við hæstv. utanrrh. um þann texta vegna þess að öllum var ljóst hvernig málið stóð.

Það er mjög merkileg staðreynd um stöðu hæstv. utanrrh. að þessi mikilvægi samningur sé afgreiddur á Alþingi og af utanrmn. með þeim hætti sem ég hef hér lýst. Þess vegna er það auðvitað ótrúlegt að hæstv. utanrrh. skuli yfir höfuð leyfa sér að lýsa því yfir sem hann gerði í Ríkisútvarpinu í gær og bæta svo við í Morgunblaðinu sem birt er í dag.

GATT-samkomulagið er þess vegna afgreitt hér á Alþingi, hæstv. utanrrh., þrátt fyrir hæstv. utanrrh., Jón Baldvin Hannibalsson, og vegna þess að yfirgnæfandi meiri hluti þingsins tók málið í sínar eigin hendur. Það sýnir best úr hvílíkum takti hæstv. utanrrh. er við meiri hluta þingsins að það tók þann þingmannahóp sem að þessu verki vann aðeins eina og hálfa klukkustund að ganga frá því, smíða textann og ganga frá því. Og þó að Kvennalistinn hafi ákveðið að skila séráliti þá ber að þakka þátttöku fulltrúa Kvennalistans í þeirri vinnu því fulltrúi Kvennalistans, hv. þm. Anna Ólafsdóttir Björnsson, var fullur þátttakandi í þeirri vinnu með okkur hinum. En þeir sem ekki voru þátttakendur voru embættislegir fulltrúar utanrrh. og utanrrh. sjálfur sem þó á seturétt á fundum nefndarinnar.

Þess vegna er óhjákvæmilegt, hæstv. utanrrh., að segja frá því í þingsalnum að allt þetta stærilæti í yfirlýsingum við Ríkisútvarpið og allt þetta stærilæti í yfirlýsingum við Morgunblaðið er bara vitnisburður um stöðu manns sem hefur tapað, hefur ekki bara tapað efnislega heldur hefur tapað svo stöðu sinni sem utanrrh. að þingið getur ekki afgreitt mikilvægustu alþjóðasamninga sem eru til afgreiðslu á þessu þingi nema ýta hæstv. utanrrh. algerlega til hliðar og biðjast de facto lausnar fyrir hann í verki. Þess vegna er það ekki þannig, hæstv. utanrrh., að brtt. utanrmn. sé eitthvað sem párað er á blað, eða hvaða háðsyrði það voru sem hæstv. utanrrh. notaði um texta utanrmn. og formlega brtt. Sá texti mun lifa sem vitnisburður um það hvernig hæstv. utanrrh., Jón Baldvin Hannibalsson, var orðinn fullkomlega marklaus, áhrifalaus, valdalaus og merkingarlaus á síðustu mánuðum á valdaferli sínum.

Ég sagði það áðan að það væri embættisskylda sérhvers ráðherra að vinna þannig með þinginu í þeim málum sem hann leggur fram að þinginu takist að afgreiða þau. Ég tók dæmi af því áðan hvernig hæstv. fjmrh. hefur þá skyldu með embættismönnum fjmrn. að vinna þannig að ákvörðunum í tengslum við fjárlög og lánsfjárlög að hægt sé að afgreiða þau. Hvað mundu menn segja um stöðu þess fjmrh. ef hann væri kominn þannig að þingið hefði orðið að ýta til hliðar öllum embættismönnum fjmrn. sem kæmu að lánsfjárlögum og fjárlögum til að geta afgreitt þau tvö mikilvægustu frv. og fjmrh. hefði hvergi fengið að koma nærri jafnvel sem samráðsaðili þingnefndarinnar varðandi afgreiðslu fjárlaga og lánsfjárlaga? Auðvitað hefði allt þingið og þjóðin áttað sig á því fjmrh. sem væri þannig kominn væri búinn að glata öllu því sem er pólitísk forsenda þess að ráðherra geti gegnt embætti sínu, þ.e. því trausti og þeim trúnaði sem er hluti af daglegri vinnu ráðherra í þinginu.

Því að ráðherraembætti er ekki bara tign, hæstv. ráðherra, eða ferðalög eða sæti á fínum fundum. Ráðherraembætti er dagleg vinna, m.a. með samstarfsmönnum í ríkisstjórn og hins vegar með þinginu. Það er alveg ljóst að í þeirri daglegri vinnu undanfarið hálft ár sem utanrrh. átti aðild að varðandi embættisnefndina sem átti að undirbúa þetta mál skilaði hann engu verki. Og það var líka ljóst að í þeirri daglegu vinnu sem var forsenda þess að þingið gæti afgreitt GATT-sáttmálann var utanrrh. ekki aðeins enginn þátttakandi heldur beinlínis þannig staddur að það var ekki fyrr en honum og hans fulltrúum var ýtt til hliðar að hægt var að afgreiða málið.

Það var nokkuð um það rætt í nefndinni að yfirlýs-

ingar aðstoðarmanns utanrrh. 23. des. sl. við Stöð 2 um það hvernig ætti að tengja staðfestingu GATT-samkomulagsins kjarasamningum sem þarf að gera á næstu vikum fælu í sér svo óraunhæfar og satt að segja botnlausar yfirlýsingar út frá efni máls að ef þær yrðu marktækar pólitískt þá væru þær í reynd yfirlýsingar sem gætu komið í veg fyrir að samningurinn væri staðfestur á þann hátt sem eðlilegt væri, bæði samkvæmt hans inntaki, aðdraganda og upphafi. Sumir í nefndinni töldu, og það var nú til þess að þessar yfirlýsingar fengu kannski frekar léttvægan sess, að hér væri á ferðinni hefðbundin framkoma aðstoðarmanns utanrrh. sem ekki væri endilega pólitísk stefna ráðuneytisins.

En hvað gerist í morgun? Í morgun birtir Morgunblaðið nákvæmlega hliðstæða yfirlýsingu hæstv. utanrrh. sjálfs þar sem hann er að lýsa því yfir: „Hann benti á að kjarasamningar væru lausir og menn stæðu frammi fyrir því hvort fara ætti kauphækkunarleið upp á 10–15% eða hvort það væri skynsamlegra að varðveita stöðugleikann og tryggja kjarabætur með því að stuðla að lækkuðu verði á lífsnauðsynjum.

„Verkalýðshreyfingin hefur væntanlega eitthvað að segja um það þegar hún sest nú að samningaborði hvernig þessi tollvernd verður stillt í upphafi því ef hún vill að umbjóðendur sínir fái að njóta kaupmáttaraukningar í formi lækkaðs verðs þá er lykilákvörðunin sú sem fram undan er hversu hátt tollverndin verður stillt. Það er ekkert launungarmál að öfgakenndustu talsmenn sérhagsmunanna vilja fara með allt upp í topp þannig að njótendur njóti einskis í upphafi af GATT-samningunum.““

Það eru væntanlega þessir sömu öfgakenndustu talsmenn sérhagsmuna í samstarfsflokknum sem hæstv. ráðherra var að vitna til fyrr í þessu Morgunblaðsviðtali.

Tæki þingið mark á orðum hæstv. utanrrh. þá er það þannig að þetta viðtal við hann í Morgunblaðinu í dag er auðvitað vísasti vegurinn til að spilla fyrir því að þingið afgreiði þennan samning fyrir áramót. Hæstv. utanrrh. er þess vegna enn að brjótast um og reyna að spilla fyrir að þingið afgreiði þennan sáttmála. Þegar utanrmn. er búin að taka málið í sínar hendur og bjarga því sem bjargað verður undir forustu formanns utanrmn. þá heldur utanrrh. áfram að reyna að koma í veg fyrir það að GATT-samningurinn verði afgreiddur með því að tengja við hann mál sem ekki er hægt að tengja við hann efnislega vegna þess að það vita allir að tímasetningin er með þeim hætti, aðdragandi samningsins er með þeim hætti, fyrsta ár gildistökunnar með þeim hætti að það er efnislega útilokað, hvað sem menn vilja, að tengja 10–15% lækkun matvælaverðs í landinu á upphafsmánuðum nýs kjarasamnings við gildistöku GATT-samkomulagsins. Efnislega er þessi yfirlýsing bara rugl, svo notað sé rétt orð um það, og er annaðhvort sett fram á þeim grundvelli eða hæstv. utanrrh. veit bara ekki hvað hann er að tala um og hefur ekki einu sinni gripsvit á því hvers eðlis GATT-samkomulagið er og hvernig aðdragandi og upphafstími þess verður í reynd. Eða þá að hæstv. utanrrh. notar embætti sitt til þess að blekkja vísvitandi fólkið í landinu og gera því vísvitandi erfiðara fyrir að ná kjarasamningum í upphafi ársins með því að búa til einhverjar væntingar um að hægt sé að lækka matvælaverð um 10–15% á fyrstu mánuðum næsta árs bara með því að menn stilli einhverjar skrúfur í GATT-samkomulaginu.

Það er auðvitað, hæstv. forseti, mjög leitt að þurfa að vera að nota tímann milli jóla og nýárs þegar þingið á að vera að afgreiða önnur mál til þess að fara ofan í saumana á þessum yfirlýsingum hæstv. utanrrh. og rekja annars vegar það sem rétt er og satt hvað snertir atburðarásina á Alþingi og hins vegar raunverulegt inntak samningsins í ljósi yfirlýsingar fyrsta aðstoðarmanns ráðherra og nú ráðherrans sjálfs um samstillingu kjarasamninga og gildistöku GATT-samkomulagsins. Það er eins og hæstv. utanrrh. vilji beinlínis vera spellvirki gagnvart næstu kjarasamningum því ef það er eitthvað sem mundi setja næstu kjarasamninga gersamlega í óleysanlega stöðu væri það að verkalýðshreyfingin tæki upp þessa kröfu hæstv. utanrrh. og heimtaði það að á grundvelli GATT-samkomulagsins yrði í janúar og febrúar verðlag á lífsnauðsynjum í landinu lækkað um 10–15%.

Virðulegi forseti. Ég hef talið það alveg óhjákvæmilegt, því miður, að verja nokkrum tíma til þess að rekja staðreyndirnar í meðferð þingsins á þessu máli og fjalla nokkuð um hlut hæstv. utanrrh. og hans embættislegu fulltrúa í málinu. Þótt ég beri fulla virðingu fyrir þeim einstaklingum sem embættismönnum þá hafa það einfaldlega orðið þeirra illu örlög að þurfa að vera fulltrúar hæstv. utanrrh. í þessari atburðarás.

Að lokum vil ég svo geta þess að fyrir um það bil tveimur mánuðum var sagt frá því í utanrmn. af ráðuneytisstjóra utanrrn. að tekin hefði verið ákvörðun um það af Íslands hálfu að styðja framboð Salinas, fyrrv. forseta Mexíkó, í framkvæmdastjórastöðu hinnar alþjóðlegu stofnunar sem setja á upp á grundvelli GATT. Þessi yfirlýsing var sett fram í utanrmn. og kom þar í formi tilkynningar og ég veit það að formaður utanrmn. er reiðubúinn að staðfesta það hér. Mér þætti fróðlegt að spyrja hæstv. forsrh. hvort hann getur ekki einnig staðfest það að sú afstaða hafi verið kunngerð, annaðhvort í samtölum hans og hæstv. utanrrh. eða þá á vettvangi ríkisstjórnar, svo að það liggi ljóst fyrir að bæði gagnvart utanrmn. og ríkisstjórn hafi það verið tilkynnt sem ákvörðun Íslands að styðja framboð Salinas. Ég nefni þetta hér vegna þess að mér er kunnugt um það að á alþjóðalegum vettvangi hefur þessi ákvörðun ekki verið birt þeim aðilum sem þar eiga hlut að máli og vegna þess að ráðuneytisstjórinn í utanrrn. lýsti fyrir skömmu síðan þeirri persónulegu skoðun sinni að það ætti að styðja einhvern annan frambjóðanda.

Það væri til að kóróna hringlandahátt og vitleysu hæstv. utanrrh. í þessu máli ef það ætti líka að fara að hringla með þetta þrátt fyrir það að formlega hafi verið tilkynnt hvern íslenska ríkið mundi styðja. Halda menn að val á mönnum í stjórnendastöður þessarar nýju alþjóðlegu stofnunar sé bara eins og prófkjörin í Alþfl., að það sé hægt að breyta um afstöðu hvern

menn vilja styðja eftir því hvernig kaupin gerast á prófkjaraeyrinni? Auðvitað ekki. Það væri auðvitað til þess að gera að engu sjálfsvirðingu Íslands við gildistöku þessa samnings ef allt í einu ætti að gera marklausar þær yfirlýsingar sem hér hafa verið birtar bæði í utanrmn. og væntanlega einnig gagnvart hæstv. forsrh. eða ríkisstjórn varðandi þann frambjóðanda sem Íslandi ber að styðja. Ég tel reyndar að sú ákvörðun sem okkur var tilkynnt, að styðja fyrrv. forseta Mexíkó til þessa embættis, mundi þjóna mjög vel hagsmunum Íslands á hinu nýja og öfluga markaðssvæði sem kennt er við NAFTA og nær nú kannski til fleiri ríkja Suður-Ameríku með væntanlegri þátttöku Chile í því samkomulagi. Markaðurinn í Bandaríkjum Norður-Ameríku og væntanlega einnig í þeim ríkjum sem tengjast þeim markaði hefur sl. 50 ár verið grundvallarmarkaður fyrir okkur Íslendinga. Það er skynsamlegra fyrir okkur að eignast þá stóru plúsa, og ég veit að þeir eru mjög stórir, sem Ísland mundi hljóta við það að verða meðal þeirra Evrópuríkja sem styddu framboð forseta Mexíkó í stað þess að styðja þann Ítala sem boðinn er fram á móti honum. Ég held að hagsmunir okkar innan Evrópu séu nægilega tryggðir með samskiptum okkar við önnur Evrópuríki og þeir hvíli í sjálfu sér ekkert á því hvort Ísland greiði atkvæði með þessum Ítala eða ekki heldur þjóni það beinlínis efnahagslegum hagsmunum Íslendinga að standa við þá ákvörðun sem tilkynnt var í utanrmn. fyrir tveimur mánuðum síðan.

Virðulegi forseti. Ég vonast til að okkur takist að afgreiða þetta mál fyrir áramót. Við höfum mörg á Alþingi gert okkar sem hægt er til þess að það geti orðið kleift, en það er aðeins maður sem gæti komið í veg fyrir það. Og það er hæstv. utanrrh., Jón Baldvin Hannibalsson.

[11:45]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti. Vegna þess sem hv. þm. nefndi síðast vil ég staðfesta að það varð samkomulag um það milli mín og utanrrh. að styðja þann kandídat sem hv. þm. nefndi til þessa starfs og það samkomulag okkar var kynnt, að vísu óformlega, í ríkisstjórn. Ég veit ekki annað en a.m.k. ræðismanni Mexíkó hér á landi hafi verið gert aðvart um það, þó vil ég ekki fullyrða það, ég veit ekki annað, þannig að sú afstaða var tekin.

Það er stundum haft á orði og ekki bara á þessu kjörtímabili heldur löngum áður að þegar þingið stendur við kaflaskil, hvort sem það er í kringum jól eða á vorin, að þá sé erfiðara en ella að ná samkomulagi um veigamikil mál. Sjálfsagt eiga allir flokkar hlut að þeim veruleika. Þess vegna tel ég að það sé miklu merkari atburður sem reyndar var merkur þegar af sjálfu sér að það skuli takast á mjög skömmum tíma að ná meginsamkomulagi hér í þinginu í jafnþýðingarmiklu máli og þessu að standa saman um afgreiðslu þess og ég tel fulla ástæðu til þess að færa utanrmn., landbn. og öðrum sem að málinu hafa komið sérstakar þakkir fyrir málefnalega vinnu og málefnalega afstöðu við undirbúning málsins sem var forsenda þess á þessum fáu dögum að tryggja framgang þess og tryggja það að Íslland gæti gerst stofnaðili að þessum mikilvæga áfanga í alþjóðlegum viðskiptum. Ég er þess fullviss að hér er um að ræða skref sem verður Íslandi mikilvægt þegar árin líða og það hefði verið Íslandi til tjóns og minnkunar ef ekki hefði náðst að koma þessu fram og því er sóminn meiri þegar það tekst og tekst í jafngóðri sátt og tekist hefur hér.

Ég lít þannig á að auðvitað sé þetta mikilvægt skref í þágu neytenda í landinu, frambúðarskref, og í þágu aukinna viðskiptaumsvifa og frjálsra viðskipta í veröldinni og eins og ég segi, þar með í þágu neytenda. Ég verð þó hins vegar að segja að það heyrist stundum eða er stundum gefið í skyn í umræðum í þjóðfélaginu að við hér á landi tökum eitthvað öðruvísi á þessum málum en aðrir gera og við séum fastir í fari og verndarsinnaðri en aðrar þjóðir eru gagnvart mikilvægum málaflokki til að mynda eins og landbúnaðinum. Þetta er ekki rétt í þessu tilviki. Ég hygg að það sé víðtæk sátt um það í þjóðfélaginu að þegar slík kerfisbreyting er gerð þá séu landbúnaðinum, ég tala nú ekki um þegar hann hefur gengið í gegnum slíkar hremmingar eins og hann hefur orðið að gera á undanförnum árum, búin eðlileg aðlögunarskilyrði að þessum breytingum. Ég tel reyndar að íslenskur landbúnaður hafi tekið mjög málefnalega afstöðu til þessa mikilvæga máls og fylgt því jafnvel þó að íslenskur landbúnaður og forráðamenn hans hafi séð að landbúnaðurinn mundi eiga í töluverðum vanda vegna þessara breytinga, þá hefur hann í hvívetna tekið mjög málefnalega afstöðu til þessarar ákvörðunar og þessa samstarfs og um þátttöku Íslands í því.

Í nýlegri skýrslu eða greinargerð frá OECD er sagt eitthvað á þá lund að það muni fyrstu árin ekki verða nein meginbreyting á almennum landbúnaðarviðskiptum í veröldinni þrátt fyrir breytingarnar í GATT vegna þess að nær allar þjóðir muni kosta kapps um það að gefa sínum landbúnaði eðlilegan aðlögunar- og umþóttunartíma og nýta til þess þær heimildir, aðlögunarverndarheimildir, sem fullt samkomulag er í GATT um að séu heimilaðar og megi nýtast. Í þessari skýrslu er rætt um að það sé hinn sérstaki takmarkaði innflutningur í landbúnaði sem muni sjá stað í fyrstunni og það muni öll ríki gera sér far um að tryggja sínum landbúnaði eðlilega vernd og eðlilega aðlögun. Þess vegna er ekki rétt að við séum eitthvað sérstök í þeim efnum, útnesjamenn í þeim efnum. Það erum við ekki. Við hins vegar hljótum að gera ráð fyrir því að okkar landbúnaður sitji við sama borð í þeim efnum og þessi mikilvæga grein í öðrum löndum gerir. Ég tel því að hvað landbúnaðinn varðar þá hafi af þingsins hálfu og landbúnaðarins hálfu verið unnið mjög málefnalega að þessu máli og af fullkomnum heilindum. En um leið tel ég að GATT sé mál neytenda og afstaða landbúnaðarins undirstriki það í þessum efnum að hagsmunir neytenda og landbúnaðarins fara saman. Það er góður skilningur á því, tel ég, í íslenskum landbúnaði og það er óþarfi að gera skóna að öðru, að landbúnaðurinn hafi ekki áhuga á hagsmunamálum neytenda. Auðvitað skilur landbúnaðurinn það betur en allar aðrar stéttir að það eru þeir tveir aðilar sem eiga mesta samleið,

það er landbúnaðurinn og neytendur í landinu. Ég tel því að það hefði verið með öllu óeðlilegt þegar stigið er mjög mikilvægt skref í þágu neytenda ef ekki á sama tíma væri þess gætt að Ísland nyti a.m.k. sambærilegrar verndar fyrir mikilvæga grein í sínu efnahagslífi og sínu þjóðlífi eins og aðrar þjóðir ætla sér að gera.

Ég átti það erindi einkum í þennan ræðustól nú að svara tiltekinni fyrirspurn hv. þm. þess sem síðast talaði og í annan stað að færa þingmönnum þakkir, þessum tveimur mikilvægu nefndum sérstaklega, fyrir það hversu málefnalega og af mikilli sanngirni hefur að þessu máli verið unnið.

[11:52]

Jón Helgason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég mun ræða þetta mál efnislega síðar en ég vildi aðeins koma hér upp og þakka hæstv. forsrh. fyrir þau orð sem hann sagði og ég get tekið undir að flestu eða öllu leyti og þó sérstaklega það sem hann talaði um málefnalega afstöðu landbúnaðarins til þessa samnings. En sú afstaða landbúnaðarins hefur að sjálfsögðu mótast af því að hann væntir þess að afstaða ríkisvaldsins verði þá málefnaleg í verki og því vildi ég nota þetta tækifæri og spyrja hæstv. forsrh. að því hvort nú muni ekki fyrir áramótin á sama hátt og við afgreiðum þetta mál fyrir áramótin verða birt reglugerð um jöfnunargjöld sem útflutningur landbúnaðarafurða á að njóta samkvæmt þeim lögum sem þegar hafa verið sett um það.

[11:53]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég get því miður ekki svarað þessari spurningu á þessu augnabliki. Málið er í höndum hæstv. landbrh. og hæstv. fjmrh. Þeir hafa auðvitað rætt um þetta mál. Ég tel mjög mikilvægt og tek undir með hv. þm. að slík regla liggi fyrir sem fyrst svo að aðilar sem að útflutningi kæmu í þessari grein viti um þá reglu og viti að sú regla sé jafnaðarregla þannig að allir þekki sína hagsmuni í þessum efnum. Ég tek undir með hv. þm. að það er brýnt að þessi niðurstaða fáist sem allra fyrst, en ég get því miður ekki án þess að hafa tækifæri til þess að kanna það sérstaklega svarað því hvort það gerist á þessum 2–3 dögum sem eru til áramóta.

[11:54]

Jón Helgason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hæstv. forsrh. fyrir það að lýsa yfir vilja sínum til þess að þessi reglugerð birtist sem fyrst og það er að sjálfsögðu rétt að það er á forræði hæstv. landbrh. að gefa hana út, en það er mjög mikils virði að vita það að hæstv. forsrh. mun gera það sem hann getur til þess að hraða útgáfu hennar og ég mun þá spyrja hæstv. landbrh. að því síðar í þessari umræðu hvernig þessi vinna stendur.

[11:55]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Hér er fyrirliggjandi till. til þál. um fullgildingu samnings um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunar sem er kannski grundvallarþáttur í því sem nú er talað um sem niðurstöðu Úrúgvæ-viðræðnanna og þeirra samninga sem tengjast þeirri lotu sem kláraðist sl. vor og þá undirritaði m.a. íslenski utanrrh. lokatexta 15. apríl sl. Það mætti halda að á Alþingi Íslendinga væri almenn ánægja ríkjandi með þetta samkomulag sem þarna liggur fyrir og hefur verið staðfest af utanrrh. og hér sé í rauninni í uppsiglingu eitthvert nýtt blómaskeið í alþjóðaviðskiptum sem muni leiða til almennrar farsældar fyrir heimsbyggðina. Það væri vissulega betur að svo væri og það væri vissulega betur að við Íslendingar mættum vænta þess að njóta jákvæðrar og góðrar uppskeru af þeim víðtæka samningi sem kenndur hefur verið við Úrúgvæ.

Ég er ekki í hópi þeirra sem eru bjartsýnir sérstaklega í þeim efnum og ég tel nauðsynlegt við þessa umræðu hér að draga fram nokkra þætti sem eru í mínum huga varðandi þetta víðtæka samkomulag og sem ég held að endurspegli raunar mjög víðtæka tortryggni í samfélaginu hér á Íslandi og mjög víða um heim á þá almennu stefnu svonefndrar fríverslunar sem verið er að læsa saman í æ auknum mæli með alþjóðasamningum af því tagi sem hér um ræðir. Ég held að það samkomulag sem staðfest var af Íslands hálfu með fyrirvara um samþykkt Alþingis 15. apríl sl. séu engin fagnaðartíðindi fyrir stóran hluta mannkyns sem rambar á hungurbarmi og hagar þó þar mjög misjafnlega til eftir því hvar borið er niður. Og ég held líka að fyrir markmið sem við berum öll fyrir brjósti væntanlega um farsælt líf á Íslandi, öruggari atvinnu í framtíðinni, þá séu hér ekki lyklarnir að því að þeim markmiðum verði náð eða viðhaldið með þessu samkomulagi.

Það blasir við okkur víða um heim og í Evrópu ekki síst að atvinnuleysi fer sífellt vaxandi. Það stækkar stöðugt sá hópur sem ekki fær notið réttar til vinnu. Og það væri ástæða til þess að það væri meira fjallað um það í þjóðþingum landanna og í valdastofnunum hvaða áhrif ríkjandi viðskiptastefna hefur og sú þróun sem er í gangi í þeim efnum og m.a. endurspeglast í þessu samkomulagi á í þeirri almennu, víðtæku kreppu sem hagkerfi heimsins sem við getum kallað svo í einföldu sniði þar sem hinn sterki ræður, hinn sterki og efnahagslegi ræður og fær aukið svigrúm með síminnkandi hömlum gegn starfsemi sinni og þar fremstir í flokki auðvitað hinir sterkustu, fjölþjóðafyrirtækin, sem eru að fá völlinn frían í mjög auknum mæli frá því sem verið hefur og eru í rauninni þeir aðilar sem hafa undirtökin, sterkari tök en valdastofnanir einstakra þjóðríkja hvort sem eru ríkisstjórnir eða þeir sem löggjöf setja sem eru í æ auknum mæli að afsala sér möguleikunum til að grípa inn, til að stýra, til að hafa áhrif á efnahagsstarfsemi í eigin landi og á eigin svæði. Það eru spurningarnar í tengslum við þetta og samhengi þessara þátta við enn þá afdrifaríkari þætti sem snerta mannkynið allt og möguleika mannkyns til að hjara hér á jörðinni til frambúðar sem tengjast þessu máli. Þar á ég við áhrif þessarar almennu stefnu fríverslunar og svonefndra frjálsra alþjóðaviðskipta, ekki síst á fjármagnssviði, sem verið er að gera að þætti í GATT og er kannski fyrir utan landbúnaðarþáttinn einn gildasti þáttur þessa samkomulags sem hér um ræðir og kennt er við Úrúgvæ. Þar sem verið er að afnema hömlurn-

ar ekki ósvipað og gert hefur verið svæðisbundið, að vísu ekki jafnsamþætt og njörvað niður með sama hætti og fjórfrelsið innan Evrópusambandsins og á hinu Evrópska efnahagssvæði, en þar sem stjórnvöld eru að missa öll tök á stýringu fjármagns, á möguleikum um að hafa eitthvert eftirlit og hömlur með tilfærslu fjármagns á viðkomandi svæði og þegar GATT er til umræðu þá einnig varðandi heimsbyggð alla eða þá sem eru aðilar að GATT og undirgangast þá samninga. Það tengist ekki þessu máli með beinum hætti en það tengist öðrum samningi það sem gerist nú innan örfárra daga í sambandi við frjálsa fjármagnsflutninga að Íslendingar afsala sér möguleikum á áhrifum í raun á flutningi fjármagns inn og út úr landinu. Það verður kannski fátt sem hefur jafnmikil áhrif á komandi ári og komandi árum á íslenskt efnahagslíf heldur en einmitt þessar heimildir þegar sparifé landsmanna fer á flakk vítt um heimsbyggðina, sparifé almannasamtaka, lífeyrissjóða og það helsta sem við höfum haft hér til að leggja í fjárfestingar í okkar landi og út frá okkar sjónarmiðum fer að leita ávöxtunar víða um heim. En það allra afdrifaríkasta, virðulegur forseti, í þessu máli tengist þeirri miklu og stóru brotalöm Úrúgvæ-viðræðnanna að taka ekki hið minnsta tillit til áhrifa þessa samkomulags á umhverfi jarðar og aðbúnað lífríkis á jörðinni að því er snertir mannleg umsvif og framleiðslu. Það hefur ekkert verið fjallað um slíkt á vegum GATT, bara ekki nokkurn skapaðan hlut. Það liggja aðeins fyrir fögur orð og fyrirheit um það að næst sé nú ástæða til að fara að huga að þessum undirstöðuþáttum. Þegar búið er að læsa allt hitt — þegar búið er að ganga frá hinu öllu sem tengist efnahagssviðinu — þá ætla menn að setjast niður til friðþægingar til að fara að fjalla um umhverfismál og raunar einnig því sem kallað er félagsleg réttindi og félagsleg málefni. Þetta er nákvæmlega sama aðferðafræðin og gerst hefur svæðisbundið innan Evrópusambandsins. Nákvæmlega það sama. Það eru engin bindandi ákvæði sem snerta umhverfismálin sem geta stöðvað þá óheillaþróun sem allir sem vilja hafa augun opin sjá að er að skella yfir okkur og herða að okkur í síauknum mæli á heimilinu jörð.

Það er ekki sæmilegt, virðulegur forseti, að þessi atriði skuli ekki vera dregin fram með skýrum hætti í álitsgjörðum á Alþingi Íslendinga þegar þetta mál er til umræðu. En á það var minnst hér mjög réttilega af hv. 8. þm. Reykn. sem vék að þessari brotalöm, þessum álitaefnum varðandi GATT-samkomulagið í sinni ræðu áðan. Það er dregið fram í nál. minni hluta utanrmn., sem Anna Ólafsdóttir Björnsson stendur að fyrir hönd Kvennalistans.

Spurningin sem við okkur blasir er í rauninni sú: Ætlum við okkur að ráðast í það verkefni að reyna að koma í veg fyrir umhverfiskreppuna sem er að sverfa að og á eftir að berja að dyrum hjá mannkyninu í síauknum mæli og fyrr en nokkurn varir í rauninni? Svo minnt sé á orð framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna í tengslum við ráðstefnuna í Ríó 1992 þá var tímaramminn sem hann ætlaði mannkyninu til að fara að vinda ofan af því spori sem það er á að því er varðar umhverfismálin, tíminn var aðeins tíu ár eða áratugur hið mesta ef ekki ætti að stefna í mjög aukinn ófarnað og harðari kreppu í tíð þeirra sem nú eru fæddir á jörðinni. En ráðandi öfl, þau sem gætu ráðið ef þau vildu, bregðast ekki við. Það er bara keyrt áfram eins og þessi blika sé bara blekking, hún sé ekki þarna, það sé ekki þessi vá fyrir dyrum. Mótsögnin og ræfildómurinn í þeim sem kallast leiðtogar hinna einstöku landa og þjóða, sem hittast öðru hvoru á alþjóðavettvangi eins og í Ríó og hafa uppi fögur orð, birtist svo í því að þegar kemur til alvörunnar að grípa inn í gangverkið þá er ekkert innihald, þá er enginn vilji, þá er bara að herða á lönguvitleysunni, aukinni framleiðslu, aukinni efnahagsstarfsemi, hraðari hagvexti eftir þeirri formúlu sem nú einkennir í síauknum mæli alþjóðaviðskipti. Við Íslendingar ætlum bara orðalaust án þess að taka eftir að halda áramótin og halda að við höfum stigið hér eitthvert gæfuspor með því að fara að staðfesta samninginn um stofnun þessarar Alþjóðaviðskiptastofnunar. (**JGS:** Eigum við að hætta við áramótin?) Hv. þm. að norðan spyr hvort við eigum að spyrja við áramótin. Það var nú ekki hugmyndin og ég held, hv. þm., að það sé ástæða til að ræða þessi mál öðruvísi en í flimtingum, sem mér finnst þetta frammíkall bera vott um. Að vilja ekki horfast í augu við alvöru málsins.

Það er, virðulegur forseti, góðra gjalda vert eins og kemur fram í áliti og brtt. meiri hluta umhvn. að reyna að bregða smáskildi við í sambandi við þær lagabreytingar sem við erum knúin til að gera á grundvelli þessa samnings. Og að afhenda þeim ekki orðalaust tækin, pennana og verkfærin, sem hvað ólmastir eru eins og hæstv. utanrrh. að fá þetta mál fram. Það er góðra gjalda vert en það dugar bara afskaplega skammt. Það er mikil blekking sem felst í því að halda að hér sé í rauninni með þessari breytingu, með því að snúa upp á hendurnar á vesalings Alþfl. og formanni hans, utanrrh. hæstv., þá séu menn í rauninni að koma í veg fyrir afleiðingar bindandi ákvarðana í þessu samkomulagi. Það er mikil blekking og skammgóður vermir þó að ég geri ekki lítið úr því að þeir sem eiga að véla um þætti eins og landbúnaðarmál í Stjórnarráði Íslands geti haft þar tök, áhrif, styrkari heldur en ef þetta væri t.d. í höndum viðskrn. En hvaða tryggingu hafa menn fyrir að þar ríki sá vilji, sá pólitíski vilji til frambúðar að beita þó þeim hömlum sem mögulegar eru samkvæmt þessu samkomulagi? Hvaða tryggingu höfum við fyrir því?

Ég held, virðulegur forseti, að menn eigi að líta á efni málsins, samninginn um Alþjóðaviðskiptastofnunina, sem hér liggur fyrir til staðfestingar. En ekki að vera að berja sér á brjóst fyrir það að menn hafi komið tímabundið einhverjum böndum á hæstv. utanrrh. Hann á hvort sem er ekki langt eftir í embætti, sá hæstv. ráðherra. Ég held að menn eigi að líta á efni málsins en það virðist hafa farið ansi lítið fyrir því í þessari umræðu. Er ekki ástæða til að kynna þjóðinni þann samning um Alþjóðaviðskiptastofnun sem hér á að staðfesta. Það liggja engar greinargerðir fyrir. Hæstv. utanrmn. hefur haft fjóra fundi núna í skamm-

deginu um þennan samning og lítið sem ekkert haft í höndunum í rauninni. Engar úttektir eða greinargerðir á áhrifum þessa samnings varðandi Ísland sérstaklega og hæstv. utanrmn. hefur verið að bíða hnípin eftir álitsgerð ríkisstjórnar og loforðunum um það, yfirlýsingum, varðandi það hvernig framhaldið eigi að verða í sambandi við lögfestingar hér og svo birtast afurðirnar á þessum blöðum hér, fylgiskjölum með áliti utanrmn. Ég held að það hafi ekki verið það sem um var beðið í rauninni. Það er svona til að veifa einhverju í þeim efnum, til að friða þá sem gerðu kröfur um að fá þarna yfirlýsingar af hálfu stjórnvalda. Þetta eru upptalningar á helstu atriðum lagasetningar um landbúnaðarafurðir vegna GATT-samninga, dags. 28. des. Er ekki 29. des. í dag? Kom í gær. Það er minnisblað um nauðsynlegar lagabreytingar vegna aðildar að Alþjóðaviðskiptastofnuninni dags. sama dag, í gær. Það er yfirlýsing frá samstarfsnefnd fimm ráðuneytum um markmið lagabreytingar vegna fullgildingar samnings um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunar, dags. 21. des. sl., og er nú ekki mjög merkilegt innihald, virðulegur forseti. Ég sé þarna hvergi neina yfirlýsingu ríkisstjórnar um lagasetningu og hvernig standa eigi að lagasetningu sem flestir voru þó sammála um fyrir skemmstu að væri nauðsynlegt að kæmi hér til sýnis a.m.k. og helst til afgreiðslu áður en þessi stóri samningur og meginþáttur hans um Alþjóðaviðskiptastofnunina kæmi til afgreiðslu á Alþingi Íslendinga.

Það er satt að segja, virðulegur forseti, með miklum endemum hvernig þetta mál er framreitt fyrir Alþingi. Að það skuli síðan vera talið alveg sérstakt keppikefli og einhver höfuðnauðsyn að afgreiða þetta mál nú fyrir áramót. Að mínu mati er það blekking. Það varðar enga mikilvæga hagsmuni fyrir Íslendinga að þessi staðfesting liggi fyrir af hálfu Alþingis núna á þessum degi eða á því sem lifir ársins. Við höldum okkar varðandi það sem í gildi er og ekki hefur verið sagt upp innan þess GATT-samkomulags sem fyrir liggur og hefur verið í gildi til þessa fram eftir næsta ári og næsta ár. Það er árs fyrirvari ef ég man rétt í þeim efnum. Við höfum allan tíma hér ef menn vilja taka sér hann til að fara ofan í þetta mál efnislega og til að fjalla um lagasetninguna í tengslum við staðfestingu á kjarna í þessu samkomulagi. Þessi vinnubrögð eru auðvitað algjörlega óþolandi gagnvart Alþingi Íslendinga og þeim sem hér eru fulltrúar fyrir íslenska þjóð, að bjóða mönnum vinnubrögð af þessu tagi. Mér finnst dapurlegt að meiri hluti hér á Alþingi Íslendinga skuli vilja stíga það skref að taka undir þá kröfu hæstv. utanrrh. að þetta samkomulag verði að fara í höfn hér fyrir áramót.

Virðulegur forseti. Ég ætla í framhaldi af þessum athugasemdum varðandi málsmeðferðina sem ég hef haft hér að víkja að nokkrum atriðum sem tengjast samningnum sjálfum sem liggur fyrir í þessum doðranti hér, falin inn á milli í þessum óbladsíðusetta doðranti, þar sem ekkert almennt efnisyfirlit er að finna til þess að komast að einstökum þáttum og ég efast um að meiri hlutinn á Alþingi Íslendinga hafi haft fyrir að lesa. Það væri nú gott, virðulegi forseti, að það væri gerð aðeins könnun á því fyrir atkvæðagreiðsluna í dag, ef hún fer fram á þessum degi, hverjir það eru sem hafa farið í gegnum þetta. Hverjir hafa farið í gegnum það sem liggur að baki þessum samningi?

Ég ætla að benda á örfá atriði sem tengjast samningnum sjálfum án þess að fara að fjalla í löngu máli um það, svo sem vert væri og ég ætla að bera aðeins niður í réttarstöðu Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar þar sem segir:

„Alþjóðaviðskiptastofnunin skal hafa réttarstöðu lögaðila og skal sérhver aðili veita henni það lagalega vald sem kann að vera nauðsynlegt til að hún geti gegnt hlutverki sínu.“ — Mér láðist, virðulegur forseti, að biðja um leyfi til tilvitnunar. Það er gert hér með og varðandi fleiri þætti úr samningnum. — Sérhver aðili skal veita stofnuninni það lagalega vald sem kann að vera nauðsynlegt til að hún geti gegnt hlutverki sínu. Þetta er almennt og þetta er víðtækt.

Um ákvarðanatökuna er fjallað í IX. gr. í samningnum, á bls. 13, langt inni í þessum doðranti, svona sentimetra inni í doðrantinum, mælt á þverhönd. Þar segir, virðulegur forseti:

„Alþjóðaviðskiptastofnunin skal áfram fylgja venjunni um ákvarðanatöku með samhljóða áliti sem farið var eftir í GATT-samkomulaginu 1947. Ef ekki er kveðið á um annað skal taka ákvörðun í máli með atkvæðagreiðslu fáist niðurstaða ekki með samhljóða áliti. Á fundum ráðherrastefnunnar og aðalráðsins hefur sérhver aðili að Alþjóðaviðskiptastofnuninni eitt atkvæði. Þegar Evrópubandalagið neytir atkvæðisréttar síns skulu atkvæði þess vera jafnmörg og þau aðildarríki þeirra sem eru aðilar að Alþjóðaviðskiptastofnuninni. Ákvarðanir ráðherrastefnunnar og aðalráðsins skulu teknar með meiri hluta greiddra atkvæða nema kveðið sé á um annað í þessum samningi eða í viðkomandi alþjóðaviðskiptasamningi.“

Hér er auðvitað um að ræða alveg gjörbreytingu frá þeim reglum sem hafa gilt innan GATT þar sem hvert einstakt ríki hefur haft neitunarvald. Hér er verið að innleiða meirihlutaákvarðanatöku með þeim hætti sem til er vísað, með undantekningum þó, og síðan segir í tölulið 2:

„Ráðherrastefnan og aðalráðið hafa óskorað vald til að samþykkja túlkanir á þessum samningi og alþjóðaviðskiptasamningunum.“ — Og síðar: „Ákvörðun um að samþykkja túlkun skal tekin með meiri hluta aðila sem nemur þremur fjórðu.“ — Að því er varðar túlkanir, en að öðru leyti er það almennur meiri hluti greiddra atkvæða.

Síðan eru sérstakar heimildir varðandi sérstakar aðstæður þar sem unnt er að veita undanþágu frá skyldu sem aðili hefur samkvæmt samningnum eða einhverjum af alþjóðaviðskiptasamningunum. Þar er síðan flókið kerfi um það hvernig um skuli fjalla varðandi hugsanlegar undanþágur og þau atriði skulu tekin upp árlega, ár hvert og yfirfarið og metið hvort aðstæður séu áfram fyrir hendi og auðvitað reynt að þrengja að þeim í kjölfarið.

Það sem er athyglisvert, virðulegur forseti, varðandi þessi ákvæði er þetta: Það er verið að innleiða

ákvarðanatöku með meiri hluta, almennt séð, það er meginregla, en það er jafnframt tryggt með þessum samningi að hvert ríki hefur eitt atkvæði með undantekningunni Evrópusambandið, sem er að tryggja sér þarna aukin áhrif, t.d. mælt í samanburði við Bandaríkin, sem hafa í þessu kerfi sem hér er innleitt aðeins eitt atkvæði. Og var það auðvitað eitt af þeim atriðum á Bandaríkjaþingi sem borið var fram af andstæðingum staðfestingar GATT-samningsins, að Bandaríkin væru sett þarna skör lægra en t.d. Evrópusambandið og hliðstætt öðrum ríkjum að því er snertir vægi í sambandi við ákvarðanatökuna.

Virðulegur forseti. Síðan er rétt að benda á atriði sem varða uppsögn samningsins og vissulega getur verið mönnum til nokkurrar huggunar eftir að hafa verið reyrðir í þetta net. En hafa skulu menn hugfast að auðveldara er í að komast en úr að rata, eins og í sambandi við aðild að flóknu gangverki alþjóðaskuldbindinga og ekki þarf að eyða mörgum orðum að. En þar segir í XV. gr. stofnsamnings um uppsögn:

„Sérhver aðili getur sagt upp þessum samningi. Slík uppsögn gildir bæði um þennan samning og alþjóðaviðskiptasamningana og öðlast gildi að sex mánuðum liðnum frá þeim degi sem aðalframkvæmdastjóri Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar fær skriflega tilkynningu um uppsögn."

Þetta er ákvæði sem sýnir ótvírætt að það er hægt að segja upp og það tekur gildi með hálfs árs fyrirvara ef slík uppsögn liggur fyrir.

Síðan er það að lokum það sem ég ætla að víkja að varðandi samninginn sjálfan um Alþjóðaviðskiptastofnunina í XVI. gr., tölulið 3, 4 og 5, mjög veigamikil ákvæði sem nauðsynlegt er að menn horfist í augu við og einnig hv. formaður landbn., varðandi þetta mál, þar sem segir í Ýmsum ákvæðum þessa samnings sem hér á að greiða atkvæði um:

„Ef ákvæði í þessum samningi stríðir gegn ákvæði í einhverjum af alþjóðaviðskiptasamningunum skal ákvæði þessa samnings ganga framar þar sem þá greinir á."

Í tölul. 4: „Sérhver aðili skal sjá til þess að lög hans, reglugerðir og stjórnsýslumeðferð samrýmist skuldbindingum hans sem kveðið er á um í samningum viðaukanna."

Og þá reynir nú á það, hv. þingmenn, hv. formaður landbn. meðal annarra góðra og gildra þingmanna, að hafa lesið viðaukana og áttað sig á því. Sjálfsagt hefur verið farið vandlega yfir þá á fundi landbn. í gærkvöldi, sem skotið var á til að fjalla um málið.

Og tölul. 5 í Ýmsum ákvæðum samningsins hljóðar svo:

„Ekki er unnt að setja neina fyrirvara að því er varðar ákvæði þessa samnings. Fyrirvara að því er varðar ákvæði alþjóðaviðskiptasamninganna er einungis unnt að setja að því marki sem kveðið er á um í þeim samningum. Fyrirvarar að því er varðar ákvæði í fjölþjóðaviðskiptasamningi heyra undir ákvæði þess samnings." — En þar kemur Ísland ekki við sögu, ef ég hef tekið rétt eftir í sambandi við fjölþjóðaviðskiptasamninga.

Þetta eru þau atriði, virðulegi forseti, gripið niður í þessari þverhandarþykku bók og reyndar tvöfalt það, sem ég tel ástæðu til að rifja upp við síðari umræðu um málið, þannig að það liggi þó fyrir að menn hafi skoðað það eitthvað eða hlýtt á það á Alþingi áður en mál þetta er afgreitt.

Hæstv. utanrrh., sem stendur að baki þessu þskj. sem ábyrgðaraðili, segir eða hans hjálparmenn í greinargerð um óbeinan ávinning Íslands af Úrúgvæ-viðræðunum. Þar er að finna staðhæfingar sem ég leyfi mér að mótmæla vegna þess að þær eru víðtækari heldur en réttmætt er:

„Einhugur ríkir um að samningurinn um Alþjóðaviðskiptastofnunina muni leiða til aukinna heimsviðskipta, hagvaxtar og betri lífskjara." — Einhugur. Hvaða einhugur er það sem ríkir um slíkt? Hvar er sá einhugur? Hvaða mælikvarði er þetta? (**Utanrrh.:** Aðildarríkja.) Aðildarríkja. Það hefði mátt segja það. En ef hlýtt er á fjöldasamtök og einstaklinga víða um lönd, fólk sem hefur fjallað um þessi mál, sett sig inn í þau, þá er margt annað uppi á döfinni. Og t.d. varðandi Noreg, nágrannaland okkar, þá eru stór og fjölmenn samtök sem sameinuðust í fylkingu á móti þessu Úrúgvæ-samkomulagi og vöruðu þar sterklega við. Það eru stærstu náttúruverndarsamtökin í Noregi, bæði gamalgróin eins og Naturvern forbundet og yngri samtök, sem vara sterklega við samningnum og það eru samtök smábænda í Noregi, sem vita auðvitað hvað er að ganga yfir og hvað kemur í kjölfarið. Ætli það sé ekki rétt að hafa það í huga þegar menn ætla að stimpla þetta hér á Alþingi, hver verði áhrifin fyrir íslenskan landbúnað vegna þeirra skuldbindandi ákvæða um almennan innflutning, frjálsan innflutning landbúnaðarvara sem meginreglu og aukinn kvóta á innflutningi á lægri tollum.

Ég sá það í einhverju blaði á dögunum að menn voru að tala um að það þyrfti að skapa hér í landinu um 13.000 störf til aldamóta, sem eru eftir sex ár, sem eru skammt undan. 13.000 ný störf. Ætli það verði viðráðanlegra verkefni vegna ákvæða þessa samnings? Ég er ansi hræddur um ekki, þegar straumur fólksins úr strjálbýlinu til þéttbýlisins á eftir að stríkka, þegar æ fleiri koma á mölina vegna áhrifa þessa samnings á íslenskan landbúnað og hélt maður nú að væri út af fyrir sig nóg komið í sambandi við þær hremmingar sem þeir sem landbúnað stunda á Íslandi við ríkjandi aðstæður búa við.

Það er ekki vafi, virðulegur forseti, eins og stendur í grg. hæstv. utanrrh., að heimsviðskipti munu vaxa og hagvöxtur mun væntanlega aukast, þó að það séu mjög skiptar skoðanir um hversu mikið. Menn eru að reyna að flagga þar og sýna stórar tölur. En málið er bara það, hv. samþingmenn, að aukin heimsviðskipti og aukinn hagvöxtur sem mælikvarði á endanlega framleiðslu er bara ekkert sem við eigum að óska eftir sem eitthvert eftirsóknarvert markmið vegna þess — og glennir nú hv. fyrrv. formaður efh.- og viðskn. upp skjáinn, kominn hér í þingsal — það er bara ekki markmið sem er eitthvað til að sækjast eftir vegna þess að það vegur að þeim grundvelli sem við búum við,

þ.e. sem náttúran býður okkur hér á heimilinu jörð, vegna þess að heimilið jörð þolir ekki þetta gangverk aukinnar efnislegrar framleiðslu mikið lengur. Og þegar sendinefndirnar til Kína eru að básúna það og draga það fram hvað er að gerast í því landi skertra mannréttinda og kúgunar, jú, það er aukinn hagvöxtur. Þannig að hv. þm. Árni Johnsen — mér liggur við að segja, virðulegur forseti, gat vart vatni haldið þegar til baka kom, yfir allri dásemdinni, undir hinu alsjáandi auga flokksins austur í Kína, þangað sem hæstv. utanrrh. ætlar nú að senda sérstakan sendimann sinn og byggja upp byggja upp sendiráð Íslands. (**Gripið fram í:** Þingið líka, það fór sendinefnd.) Það nú bara eftir að finna mann í það verkefni en það mun hæstv. utanrrh. leysa auðveldlega áður en hann fer úr stóli. (Gripið fram í.) Hann er búinn að því. (**Gripið fram í:** Árna Johnsen.) Hann er búinn að því, það er gott. (**VE:** En sendinefnd Alþingis?)

Og hver halda menn að verði áhrifin fyrir umhverfið á heimilinu jörð þegar efnahagsvöxturinn í Kína, fimm milljarða ríki, væri kominn eitthvað nálægt því stigi sem við þjóðir Evrópu búum við svona að meðaltali til? Heldur hv. fyrrv. formaður efh.- og viðskn., hv. þm. Vilhjálmur Egilsson, að það verði sérstaklega gaman að draga andann þegar svo væri komið? Að það verði mikið andrými að hafa þegar svo verður komið og þessu eftirsóknarverða markmiði verður náð? Þarf ekki annað til að draga fram hvert stefnir. Heimurinn þolir það ekki, jörðin þolir það ekki. Lífríki jarðar þolir það ekki að færa efnislega framleiðslu sex milljarða manna upp eitthvað nálægt því stigi sem sólundin á Vesturlöndum er stödd á núna. En það er ekkert verið að ræða um það. Það hefur ekki verið minnst á það einu orði til þessa, hæstv. forseti, í hinum löngu Úrúgvæ-lotum, ekki minnst einu orði á það. Aðalsamningamaður Evrópusambandsins, Leon Britten, í Úrúgvæ-viðræðunum setti skýra fyrirvara um að það ætti að fara að taka upp þá þulu því hann óttaðist að það yrði bara til að menn færu að byggja upp „próteksjónisma", vernd, og nýja múra gegn hinu altæka frelsi vöruframleiðslu og frjálsra þjónustuviðskipta sem verið er að innleiða hér. Hann sagði þetta 17. jan. sl., fyrir tæpu ári, þegar verið var að ræða um að gera GATT eitthvað grænna eins og það er kallað, taka upp græna umræðu innan GATT. Þá hafði Leon Britten sterkan fyrirvara því það gæti verið fyrsta skrefið í átt til aukinnar verndunar. Þá sjá menn hvernig möguleikarnir eru að sækja á í þeim efnum í hinni væntanlegu grænu lotu Úrúgvæ-viðræðnanna.

Fyrir utan almenn áhrif aukinna efnahagsumsvifa og aukins hagvaxtar, hæstv. forseti, koma síðan sértækar aðgerðir sem tengjast þessum samningum sem varða lífríkið tengt framleiðslustarfsemi. Með ákvæðunum í þessari bók er verið að opna fyrir úthlutun einkaleyfa á genbreyttum, þ.e. erfðabreyttum, lífverum til nota í landbúnaði. Raunar er nú svo komið að ef litið er til þróunarlanda þá ráða fjölþjóðafyrirtæki á sviði matvælaframleiðslu nú þegar yfir miklu af framleiðsluafurðunum og bakgrunni framleiðslunnar. En með þessum ákvæðum um erfðabreyttar lífverur og einkaleyfi í þeim efnum þá eru þau að ná samningsbundnum tökum sem veita þeim vald yfir útsæði bænda um heim allan sem þurfa þá að fara að gjalda skatt fyrir að fá að nota þessar erfðabreyttu lífverur. (**JGS:** Verður það líka á Seljavöllum?) Hér kom einn úr hv. landbn. með innskot alveg í stíl við það fyrra sem á máli dagspressunar væri líklega kallað gálgahúmor í sambandi við málið. En málið er bara alvarlegra en svo. (**VE:** Er þingmaðurinn á móti eignarrétti á hugverkum?) Er þingmaðurinn á móti eignarrétti á hugverkum? Á það að tengjast spurningunni um að hvort það eigi að leyfa einkaleyfi á lífverum til notkunar í landbúnaði? Tengir þingmaðurinn það saman? Hann hefur stólinn til að svara fyrir um það. Ég tel að þessi þáttur í sambandi við samningana um einkaleyfi á lífverum til nota í landbúnaði sé eitthvert hið alvarlegasta sem er í þessum samningum öllum saman.

Það er verið að líta til þessara samninga í tengslum við stöðu þróunarríkjanna sem svo eru kölluð. En þá skulu menn gæta þess, hæstv. forseti, að þróunarríki verða ekki sett undir einn hatt. Það háttar mjög misjafnlega til hvað áhrif ákvæði þessa samnings hafa á einstökum svæðum og í einstökum löndum, m.a. að því er varðar landbúnaðinn sem er nú það sem meiri hluti fólks í mörgum af fátækari ríkjum heims leggur fyrir sig enn í dag.

Það er t.d. alveg óumdeilt tel ég vera, ég hef a.m.k. ekki séð því neitað, að sá hluti heims sem er verst kominn í efnahagslegu tilliti, Afríka sunnan Sahara, muni fara mjög illa út úr þessum samningi ofan á alla þá ógæfu sem sá hluti heims býr við nú þegar og getur ekki reiknað með neinni þátttöku í þeim efnahagsvexti sem á að fylgja þessum samningi og menn líta á sem eftirsóknarverðan. Hér er því ekki um einhverja patentlausn á vanda fátækasta hluta heimsins að ræða, síður en svo. Það liggur fyrir í talnaefni og staðhæfingum a.m.k. byggðar á talnaútreikningum að tveir þriðju hlutar af ávinningi þessa samnings muni falla hinum ríku löndum beint í skaut, tveir þriðju hlutar af milljörðunum sem taldir eru til tekna í sambandi við aukin efnahagsumsvif og hagvöxt sem afleiðingar af þessum samningi.

Lönd sem eru innflytjendur matvæla verða alveg sérstaklega fyrir barðinu á ákvæðum þessa samnings. Og þau hundruð milljóna fólks í einstökum slíkum löndum eins og Indlandi sem leggja það fyrir sig að yrkja jörðina verða harðast fyrir barðinu. Vegna þess að þeir mæta samkeppni fyrir utan það að þurfa að fara að greiða fyrir útsæðið, fyrir að fá að nota útsæðið, til þeirra sem hafa fengið einkaleyfið og hafa ekki í mörg skjól að leita. Hundruð milljóna að mati Indverja sjálfra, þ.e. talsmanna sem eru gagnrýnir á þennan samning og ég get reitt fram dæmi, hundruð milljóna indverskra bænda sem bætast við þá sem ekkert hafa fyrir sig að leggja vegna þess að það er verið að opna fyrir innflutninginn, hin frjálsu viðskipti með landbúnaðarafurðir.

Fyrir þá sem líta á það sem eitthvert markmið að jafna kjörin á heimilinu jörð þá er þetta ekki leiðin. Það má auðvitað leiða líkur að því að þetta alþjóða-

kerfi sem hér er verið að setja á laggirnar með þessari stofnun og því sem henni heyrir gefi þróunarríkjum ákveðið sóknarfæri. En þau ríki eru ekki sú einsleita heild sem stundum er látið að liggja og stimpillinn hópur 77-ríkjanna gefur stundum tilefni til að ætla. Þar eru aðstæður gjörólíkar innbyrðis. Það háttar mjög misjafnlega til.

Af hálfu Íslands og íslenskra stjórnvalda hefur verið fjallað um þetta mál á undirbúningsstigi. Það var m.a. komið í veg fyrir það í ársbyrjun 1992 að ríkisstjórnin í rauninni gengi blindandi til leiks, svona svipað og hæstv. utanrrh. hefði kosið að hún gerði, því hann vildi ekki neina fyrirvara í þessum efnum. Hann vildi bara opna þetta og steypa sér til sunds með sama hætti og hann hefur gert inn í Evrópustrauminn, bara fyrirvaralaust og blindandi. En það var komið í veg fyrir það og það var gerð ríkisstjórnarsamþykkt 10. jan. 1992 sem reyndi að stemma stigu við því versta í sambandi við stöðu íslensks landbúnaðar. Það var yfir þessi mál farið einnig u.þ.b. ári síðar. Við ræddum það á Alþingi, ef ég man rétt, í nóvember 1993 og liggur fyrir yfirlit, virðulegur forseti, um landbúnaðarskuldbindingar Íslands. Svo það sé nú rifjað upp vegna þess að það er gildur þáttur þessarar umræðu þá varða skuldbindingarnar, eins og segir í yfirliti frá stjórnvöldum frá 16. nóv. 1993, markaðsaðgang, innanlandsstuðning, útflutningsstuðning og hertar reglur um innflutningshömlur á grundvelli heilbrigðis- og sjúkdómavarna. Meginniðurstaða varðandi markaðsaðgang er að tollar leysa af hólmi magntakmarkanir og aðrar innflutningshindranir. Jafnframt skal leyfa tiltekinn lágmarksaðgang á lægri tollum auk þess að tryggja þann markaðsaðgang áfram sem fyrir hendi var á viðmiðunartímanum 1986–1988. Þá er gert ráð fyrir því að dregið verði úr tollvernd í áföngum á árunum 1995–2001 að meðaltali um 36% þó þannig að fyrir enga vöru verði lækkunin minni en 15%. Lágmarksaðgangurinn á lægri tollum á að vera 3% af innanlandsneyslu við gildistöku Úrúgvæ-samningsins og aukast í 5% á sex árum. Reikna á út heildarinnanlandsstuðning með fáeinum undanþágum sem veittur var að meðaltali árið 1986–1988. Innanlandsstuðningur samkvæmt þessu á að lækka í jöfnum áföngum. Alls 20% niðurskurður á 6 árum. Jafnframt er gert ráð fyrir að dregið verði úr stuðningi til útflutnings í formi fjárframlaga og einnig með magntakmörkunum á samningatímanum, magnútflutningsbættra vara um 21% og fjárframlaga til útflutningsbóta um 36%.

Þetta er það sem segir í þessum texta.

Auðvitað var breytt um kerfi í sambandi við þann búvörusamning sem í gildi er þar sem horfið var frá útflutningsbótum og var það mjög rætt á þeim tíma þegar þessi umræða fór fram á undirbúningsstigum þessara samninga og hvernig Íslendingar í rauninni lentu úti í kuldanum vegna þeirra breytinga sem við höfðum gert þá þegar á okkar kerfi og höfðum minni möguleika til að nýta þá vörn sem ella hefði verið til staðar í sambandi við aðlögun að skilmálum þessa samnings.

Ég ætla ekki að ræða þetta mál frekar sem snýr að landbúnaðinum en taldi rétt að rifja þetta upp. Það breytir engu, hæstv. forseti, um þau meginskilyrði sem hér eru samningsbundin hver situr í ráðuneyti landbúnaðarmála. Það verður að framkvæma þennan samning. Ég hef farið hér yfir ákvarðanir hans sem leyfa ekki nein frávik nema frá því sé gengið sem undanþágum í því flókna kerfi sem þar lýtur að og ekki er nú líklegt að Íslendingar komi þar miklum vörnum við sérstaklega.

Síðan er spurningin, hæstv. forseti: Hvernig standa lóðin? Hvernig á að leggja lóðin á metaskálarnar í þessu stóra máli? Ég hef í mínu máli lagt á það megináherslu að halda til haga þeim þáttum þessa stóra máls sem eru tvísýnir og neikvæðir horft til lengri tíma. Ég hef talið alveg nauðsynlegt að gera grein fyrir því að ég tel að menn séu hér á alröngu spori og stefni í harðari árekstur en ella væri vegna þessarar stefnu í alþjóðaviðskiptum, harðari árekstrum við þau lífsskilyrði sem við ella gætum búið við, þ.e. við umhverfi jarðar, en væri ef menn beittu sér með öðrum hætti og fylgdu ekki þeim formúlum sem hér eru lagðar til grundvallar. Og það er ekki minnsta áhyggjuefnið af minni hálfu varðandi þetta mál.

Litið til skammtímahagsmuna íslensks þjóðarbúskapar þá geta menn fundið út að einhverra hagsbóta sé að vænta af áhrifum þessa samnings um íslenskan þjóðarbúskap til skamms tíma litið og því miður eru það þessi skammsæju sjónarmið sem ráða oftast ferðinni þegar verið er að taka ákvarðanir en ekki í rauninni grundvallarstefna um það hvert verið er að sigla, hvert haldið er. Það er það sem er ógæfusamlegast í vegferð mannkyns þessi ár og áratugi að skammtímamælikvarðinn, skammtímaáhrifin, eru látin ráða þegar ákvarðanir eru teknar um hvert halda skal. Og þjóðir og þjóðaforusta megna ekki að knýja fram þær róttæku breytingar í efnahagslegu tilliti og varðandi efnahagsstefnu sem nauðsynlegar eru til að forða þeim ófarnaði sem stefnir í vegna áhrifa á umhverfi jarðar.

Ég ætla mér ekki, virðulegur forseti, að fara að stöðva þessa lest hér og nú. Ég met það að margir sem skoða þetta mál viðurkenna það, bæði opinberlega og innra með sér að hér er um mjög tvísýna siglingu að ræða. Það væri auðvitað þörf fyrir okkur á Alþingi Íslendinga sem og annars staðar að gaumgæfa þessi atriði betur áður en menn fara að stimpla verk embættismanna og sendimanna einstakra ráðuneyta og ráðherra viðskiptamála í löndunum og gera það gildandi á þjóðþingum eins og á Alþingi Íslendinga. En til þess á ekki að veita ráðrúm. Við fáum hins vegar afleiðingar þessa samnings, afleiðingar þess skrefs sem hér er verið að stíga, til umsagnar og meðferðar á Alþingi Íslendinga í formi lagabreytinga sem við verðum knúin til að gera til að uppfylla ákvæði þessa samnings. Þar gefst tilefni til umræðna um þetta mál almennt, en það er í þessu tilviki á þessari stundu sem grundvallarákvörðun er verið að taka og hitt eru afleiðingar sem skipta minna máli vegna þess að menn geta ekki miklu breytt nema segja sig úr leik og til þess hafa menn möguleika.

Ég mun, virðulegur forseti, gera grein fyrir atkvæði

mínu þegar kemur til niðurstöðu í sambandi við málið. Ég met það sem hér hefur komið fram, m.a. frá formanni Alþb., í sambandi við þá almennu stefnu sem hér er fylgt og hér er upp tekin og þær aðvaranir sem hann lét falla í þessu efni. Ég veit af því að í mínum þingflokki eru miklar áhyggjur varðandi þá stefnu sem hér er verið að fylgja þar sem einn eltir skottið á öðrum í gerð alþjóðaviðskiptasamninga. Það er óhjákvæmilegt að ræða þessi skref þó að það verði þegar við verðum að kljást við afleiðingarnar í formi lagabreytingar á síðari stigum. Ég mun ekkert af mér draga ef ég verð hér til þess að taka þátt í þeirri umræðu.

[12:49]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni fyrir afar yfirgripsmikla ræðu þó að ég sé ekki sammála honum í öllum atriðum. Það er eitt sem mig langar til þess að spyrja hv. þm. um varðandi umhverfismálin. Vissulega deili ég þeim áhyggjum með þingmanninum en ég vil spyrja hv. þm. að því hvaða lausn hann sjái á umhverfisvanda heimilisins jarðar, eins og hann nefndi í sinni ræðu, þannig að hún felist ekki í alþjóðasamningum og þar af leiðandi yfirþjóðlegu valdi til þess að framfylgja þeim.

Í öðru lagi langar mig til þess að spyrja hv. þm. varðandi afstöðu hans til málsins sem mér fannst þó vera nokkuð skýr. Ég túlkaði ræðu hans að hann væri á móti Úrúgvæ-lotunni og GATT, móti nýju tollastofnuninni og spyr því hv. þm.: Er þingmaðurinn alfarið á móti þátttöku okkar í GATT fram að þessum tíma? Er það skoðun hans að það hafi verið okkur til tjóns og við eigum nú á þessum tímapunkti að segja skilið við þessa stofnun? Ég held að það sé nauðsynlegt að það komi fram hér hvort þetta er raunverulega afstaða þingmannsins.

[12:51]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er vissulega stórt spurt og hér verður ekki langt svar varðandi þá tvo þætti sem hv. þm. spurði um varðandi mína afstöðu. Ég er ekki andvígur því að það sé leitast við að binda viðskipti í heiminum samningum og leitast við að ná alþjóðlegu samkomulagi í þeim efnum, hvort sem það er í sambandi við tollamál, á vörusviði, þjónustusviði eða almennt. Sú afstaða sem ég túlkaði felur í sér það mat að menn séu á alröngu spori með því allsherjarfríverslunarfyrirkomulagi sem verið er að herða, verið er að gefa aukna áherslu með Úrúgvæ-samkomulagi núna, menn séu þar á röngu spori. Það er á grundvelli þess sem ég gagnrýni þetta samkomulag og hef áhyggjur af því.

Í öðru lagi um afstöðuna til núverandi skipunar mála innan GATT. Ég hef ekki verið andstæðingur þeirrar starfsemi í megintriðum, þ.e. ég hef ekki verið að leggja það til að við segðum okkur frá starfsemi GATT sem hefur verið fram til þessa með verulega öðrum hætti heldur en hér er verið að innleiða þar sem hvert ríki hefur haft neitunarvald. Hér er verið að ganga mun lengra í þessu máli, í rauninni er gerð eðlisbreyting á þessu með því kerfi sem verið er að innleiða með þessari Alþjóðaviðskiptastofnun og það er afskaplega slæmt að þjóðir heims skuli vera að festa sig í slíku neti í stað þess að leita annarra leiða. Það er mikið áhyggjuefni.

[12:53]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hlýt í framhaldinu að spyrja hv. þm. að því hvort það sé hans skoðun, og af því að ég veit að hann hefur kynnt sér þessi mál til hlítar, að við getum haldið því sem við höfum í dag innan GATT en hafnað þátttöku í Úrúgvæ-lotunni og því sem henni fylgir. Þetta finnst mér vera grundvallaratriði og verður að koma fram því að eins og ég horfi framan í málið, þá sé ég ekki að við höfum þennan kost. Við höfum ekki annan kost ef við ætlum að taka þátt í samstarfinu innan GATT eins og ég sé málið. (Gripið fram í.) En við getum látið rödd okkar heyrast og við getum beitt okkar afli til þess að móta þessa þróun í framtíðinni.

Virðulegi forseti. Ég hlýt einnig að vekja athygli á því að hv. þm. svaraði ekki fyrri spurningunni sem ég bar fram varðandi umhverfismálin, hvernig hv. þm. sæi að við gætum leitað lausnar þeirra mála á heimilinu jörð án þess að allir heimilismenn bindist samtökum og þar af leiðandi verði að setja yfirþjóðlegar reglur sem menn verði þá að hlýða. Því að mér fannst þungamiðja í ágætri ræðu þingmannsins sú að það sem væri hvað verst í þessu væri þetta yfirþjóðlega vald í viðskiptamálum. (Gripið fram í.)

Virðulegi forseti. (Gripið fram í.) Ég vil eiginlega benda á það að ég er að veita andsvar við ræðu hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar en ekki hv. þm. Kristínar Einarsdóttur sem grípur stöðugt fram í. (Gripið fram í.) Ég verð eiginlega að fá svar við þessu. Getum við náð lausnum í umhverfismálunum án alþjóðlegra samninga sem þá hlýtur að fylgja yfirþjóðlegt vald til þess að fylgja þeim eftir?

[12:55]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég taldi mig hafa svarað þessu atriði sem hér er gengið eftir. Ér er ekki andstæðingur þess að ganga til skuldbindandi samkomulags á alþjóðavísu sem horfir augljóslega til heilla og forðar mönnum frá þeim árekstri sem fram undan er að óbreyttri stefnu í sambandi við þennan grundvallarþátt, umhverfismálin. Slíku munu auðvitað fylgja takmarkanir á svigrúmi einstakra þjóða til athafna og umsvifa en það er langt á milli þess að keyra þetta spor án minnsta tillits til umhverfisins og þess að bindast samningum þar sem tekið er tillit til slíkra grundvallarhagsmuna.

Varðandi spurninguna um að geta haldið einhverju af þeim ávinningum sem fyrir liggja til þessa þá hef ég skilið málið þannig eins og það liggur fyrir að hagsbætur sem ekki er sagt upp, þ.e. úr gamla samkomulaginu, geti haldist gagnvart þeim ríkjum sem viðurkenna það en gagnvart þeim sem segja því upp falli það úr gildi. Það er því á óvissan að róa í þeim efn-

um og veit enginn hvað upp kemur í sambandi við það. En ég vek athygli á því, virðulegi forseti, að ég hef ekki sagt hvernig ég ræð atkvæði mínu í þessu efni og það geri ég þegar til atkvæðagreiðslu kemur.

[12:57]

Vilhjálmur Egilsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var einkar athyglisvert að heyra hv. þm. Hjörleif Guttormsson lýsa því yfir að hann væri reiðubúinn til þess að afsala þjóðinni hinu formlega fullveldi í samningum um umhverfismál og spurning hvort það á þá við um einhver önnur svið.

En það sem mig langar til að fjalla um í ljósi ræðu hv. þm. er að ef við lítum á hvernig þróun mála hefur verið á undanförnum árum og áratugum þá hygg ég að það sé nokkuð góð fylgni milli þess hversu þjóðir hafa getað tekið myndarlega á umhverfisvandamálum og þess hver velmegun hefur verið mikil og að í rauninni sé hagvöxtur og framfarir forsenda þess að hægt sé að takast á við að leysa umhverfisvandamálin.

Í annan stað er fróðlegt að rifja upp að í kringum 1970, að mig minnir, var gefin út fræg skýrsla af svokölluðum Rómarklúbbi þar sem því var spáð að fyrir tíu árum mundu helstu náttúruauðlindir og hráefni heimsins vera upp urin miðað við þær forsendur sem þá voru. En það sem hefur gerst í millitíðinni er einmitt það sem kallað er efnisbylting þar sem einmitt framfarirnar og hagvöxturinn hefur leitt til þess að menn nýta mun betur efni jarðarinnar, orku og annað, en áður var og þessi hamfaralýsing sem var gerð á sínum tíma varð aldrei að raunveruleika. Nú hygg ég að það sé afstaða og trú flestra sem nálægt þessum málum koma að þessi bylting sé áfram í fullum gangi og forsenda þess að þetta geti haldið áfram með þessum hætti og umhverfið geti haldið áfram að lagast séu einmitt framfarir í viðskiptum eins og GATT-samkomulagið nýja gerir ráð fyrir.

[12:59]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er afskaplega eðlilegt og raunar ánægjulegt að fá framkvæmdastjóra Verslunarráðsins, hv. þm. Vilhjálm Egilsson, til þess að fara með sína trúarjátningu í sambandi við alþjóðaviðskipti og hvernig hann metur efnahagsmál. Og þar kemur fram þessi barnslega trú eða réttlæting á því að halda óbreyttri stefnu, þ.e. að hægt sé að plástra. Að svokallaðar efnahagsframfarir með auknum hagvexti og auknum efnahagsumsvifum séu það sem gefur mönnum möguleika til að leysa umhverfisvandann. Þetta hefði einhvern tímann verið kallað á íslensku að pissa í skóinn sinn því að það er í rauninni ekkert annað sem er á ferðinni. Auðvitað má, litið til einstakra atriða, sýna fram á að það kosti peninga að koma við mengunarvörnum og öðru þess háttar. Það er ekki mál mála. Það er að grípa á undirstöðuþættinum, hinni auknu mengun sem fylgir óhjákvæmilega efnahagsstarfsemi þar sem þarf að nota orku, áhrifin á lofthjúp jarðar og annað þess háttar. Fram hjá því verður ekki horfið og það verður ekki plástrað yfir það með þeim hætti sem hv. þm. var að vísa til. Hann skilur ekki undirstöðurnar og túlkun hans á forsögn Rómarklúbbsins eða mati Rómarklúbbsins 1972 um endimörk vaxtar, eins og mig minnir að það heiti á íslensku, The Limits to Growth, að segja að það hafi verið slegið af. Það hafi bara fundist einhver töfralausn með efnissparnaði til þess að koma í veg fyrir þetta allt saman, þetta hefði allt átt að þrjóta fyrir 10 árum. Ég held að hv. þm. þyrfti nú að lesa The Limits to Growth, endimörk vaxtar, frá Rómarklúbbnum og síðari bækur hans einnig til þess að rifja það upp hvað þarna er sagt. Þar er engin spá um þurrð eftir 10 ár eða þess háttar og þar eru auðvitað slegnir fyrirvarar um þær forsagnir sem veittar eru, en grundvallargagnrýnin stendur.

[13:01]

Vilhjálmur Egilsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það eru margir sem hafa orðið fyrir því að hafa fengið votta Jehóva í heimsókn og þeir komu nokkrum sinnum og voru með það fyrir nokkrum árum að þeir væru búnir að spá fyrir um heimsendi og var tiltekin dagsetning þar höfð í huga. Síðan leið sá dagur og heimsendir varð ekki. Þá finna þeir einhverjar skýringar á þessu og það sama hefur verið að gerast með þennan blessaða Rómarklúbb, að þær hamfaralýsingar sem komu fram í þessari fyrstu skýrslu klúbbsins rættust ekki og af þeim ástæðum m.a. sem ég hef verið að lýsa.

Eitt af því sem er jákvætt við þennan samning og kannski það merkilegasta við hann, er það að það eru gerðar skýrari alþjóðlegar leikreglur í viðskiptum og betra kerfi til þess að leysa úr deilumálum. Það er held ég sama hvernig við snúum því máli, það hlýtur alltaf að vera í hag þeim þjóðum sem eru fáar og smáar og eiga lítið undir sér, að það séu til staðar skýrar leikreglur, það séu til staðar möguleikar til þess að leysa úr deilumálum með óháðum hætti. Þess vegna er GATT-samningurinn sérstakt fagnaðarefni einmitt fyrir þjóð eins og okkur Íslendinga.

Í annan stað er það mjög merkilegt að þingmaðurinn skuli ímynda sér að það geti verið í þágu hagsmuna okkar Íslendinga að standa fyrir utan þennan samning þegar nánast allar þjóðir heims eru ýmist að gerast stofnaðilar að GATT eða hafa í hyggju að gerast aðilar að þessum samningi. Og hvað er það eiginlega sem þingmaðurinn vill þá að Ísland geri? Hvaða kostur er það sem hann hefur á móti því að gerast aðili að þessum samningi?

[13:03]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. vék einmitt að því réttilega að þetta eru leikreglur í viðskiptum sem verið er að innleiða með þessu. Það gleymdist bara hitt sem máli skiptir, það er að skilyrðin til að lifa af séu höfð sem mælikvarði í þessum leikreglum sem verið er að innleiða. Og það hjálpar litlu landi ósköp lítið að lenda undir því að þar eru allir á einum báti. Þegar afleiðingar þeirrar blindu stefnu, hagvaxtarstefnu sem svo er stundum kölluð, eru innleiddar þar sem hinn sterki í rauninni fær völdin, fær leikvöllinn, fjölþjóðafyrirtækin sem seilast eðli máls samkvæmt til sífellt meiri áhrifa í alþjóðaviðskiptum, og það hjálpar lítið smáþjóð þó að hún hafi atkvæði að formi til við þær að-

stæður sem verða afleiðingin.

Spurningin hvort það verði okkur til hagsbóta að standa utan við. Ég hef ekki sagt neitt um það hvort við eigum að vera þátttakendur í þessu eða ekki. Ég hef verið að gagnrýna þessa vegferð. Ég hef verið að gagnrýna þann samning sem hér er verið að innleiða af þeim þjóðum sem hafa þegar staðfest hann. Og ég er ekki í neinum vafa um það að okkur Íslendingum mundi farnast prýðilega og hefðum ágætis efni á því út af fyrir sig að standa utan við. Ég er hins vegar ekkert viss um það að Íslendingar almennt séu undir það búnir að mæta því einir sér. Það þarf vissulega að ná samtökum á alþjóðavettvangi að breyta um stefnu. Við gerum það ekki einir sér og þannig verður að sjálfsögðu að meta málið.

[Fundarhlé. — 13:06]

[13:40]

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Það er öllum ljóst hversu mjög við Íslendingar erum háðir alþjóðaviðskiptum og þar af leiðir að að sjálfsögðu verðum við að vera aðilar að þeim helsta alþjóðlega viðskiptasamningi sem er í gildi á hverjum tíma. Það er ekki þar með sagt að við séum ánægðir þar með alla hluti og vildum ekki gjarnan að ýmsu væri þar á annan veg háttað. Það tók mörg ár að undirbúa þann samning sem nú er hér til umræðu og afgreiðslu af hálfu Alþingis og þar reyndu þjóðirnar að sjálfsögðu að gæta sinna hagsmuna og fá sem mest út úr þeirri niðurstöðu sem þar varð svo að lokum fengin. En lengi var tekist á um mjög mikilvæg málefni.

Ég get tekið undir margt af því sem kom fram í ræðu hv. 4. þm. Austurl. áðan, um áhyggjur yfir því hver áhrif þessi samningur muni í reynd hafa á okkar mannlíf. Ég vil í því sambandi aðeins minnast á viðhorf Alþjóðabændasamtakanna til umhverfismála og þar með þessa samnings. Þessi samtök, Alþjóðabændasamtökin, höfðu lítt haft afskipti af þessum umhverfismálum fyrr en haldin var ráðstefna hér í október 1991 og á henni var lagður grundvöllur að þeirri vinnu sem síðan hefur verið unnin á vegum Alþjóðabændasamtakanna. Fyrsti áfanginn var lokaundirbúningur að ráðstefnunni í Ríó og á grundvelli samþykkta sem gerðar voru á ráðstefnunni hér í Reykjavík höfðu bændasamtökin sín áhrif þar. Hins vegar var þessi Úrúgvæ-samningur svo langt á veg kominn að það var orðið of seint að hafa áhrif á grundvallaratriði hans, en það var strax lögð áhersla á það að slík vinna þyrfti að hefjast sem allra fyrst og sem betur fer mun hún nú vera hafin, til þess að leggja grunn að breytingum á þessum alþjóðasamningi.

Það er vissulega rétt sem hv. 4. þm. Austurl. sagði, að það er vont að gera samning sem að sumu leyti stefnir í öfuga átt en stundum virðast staðreyndirnar þurfa að koma nógu skýrt í ljós til þess að menn hverfi frá villu síns vegar. Ég tel að Íslendingar eigi að leggja sig fram um að vinna að þessum málum og það hljóti þeir að verða að gera í samstarfi við aðrar þjóðir, því aðeins næst árangur. Í samræmi við það að ég tel að Íslendingar eigi að standa þarna vel að verki eins og þeir geta, þá hef ég staðið að flutningi þáltill. um fund á Þingvöllum árið 2000, sem sérstaklega mundi þá fjalla um umhverfis- og friðarmál.

Það má einnig spyrja sig að því hver áhrif þessa samnings muni verða. Það hafa margir erlendir aðilar vakið athygli á því aukna valdi sem hinir stóru fjölþjóðaauðhringir, viðskiptaauðhringir, munu hafa og hafa jafnvel sagt að þessi samningur sé samningur í þágu þeirra, en hins vegar óttast að hin jákvæðu áhrif fyrir þróunarþjóðirnar, sem var og er yfirlýstur tilgangur þessa samnings, að þau áhrif munu verða of lítil og jafnvel neikvæð þegar upp verður staðið vegna þess gífurlega valds sem þessir viðskiptahringir hafa. Vissulega er það, má segja, yfirþyrmandi ef reynt er að skyggnast og kynna sér það vald sem er t.d. hjá hinum alþjóðlegu verðbréfamörkuðum og þau áhrif sem þeir hafa á gengi gjaldmiðla og önnur mikilvæg áhrif á verðmæti í heiminum. Því miður þá getum við Íslendingar orðið leiksoppar þessa kerfis þegar gengisskráningin fer að ráðast algerlega af slíkum viðskiptum og því ekki gott að segja hvað framtíðin ber í skauti sínu að þessu leyti.

Ég skal ekki eyða fleiri orðum að þessum atriðum, en vildi leggja áherslu á að það eru ekki eingöngu jákvæðar hliðar sem þessi samningur hefur í för með sér fyrir okkur og aðrar þjóðir, þó að vissulega vilji ég vona að sá jákvæði ávinningur verði sem mestur og það takist að komast að samkomulagi um að draga úr hinum neikvæðu áhrifum.

Þá vil ég víkja aðeins að þessu máli eins og það snýr við okkur hér á Alþingi. Ég sat fundi utanrmn. í gær þegar lokið var umfjöllun um það og hér hefur nú verið lýst áður hvernig sú vinna gekk fyrir sig. Það kom því miður í ljós að undirbúningsvinna ríkisstjórnarinnar að þessu máli var öll í molum og það var ákaflega fátæklegt sem þar var lagt fram eins og kemur í ljós á þeim fylgiskjölum sem eru með nál. meiri hluta utanrmn. Það stingur mikið í stúf við þá vinnu sem nágrannar okkar, t.d. Norðmenn, inntu af hendi til að undirbúa gildistöku samningsins þar sem þeir lögðu fram vel útfært frv. strax í byrjun október þegar stjórnþingið kom til fundar og afgreiddu það nú fyrir jól áður en til gildistöku samningsins kemur.

Það kom fram hjá hv. frsm. meiri hluta utanrmn. að þessi vinna Norðmanna var til umræðu í utanrmn. og þá jafnframt að þangað væri að sækja góðar fyrirmyndir að þeirri vinnu sem nú verður að fara að taka upp úr því að hún hefur ekki verið innt af hendi á vegum íslenskra stjórnvalda. Það sem fyrst og fremst kom fram af hálfu ríkisstjórnarinnar var yfirlýsing sem birt er sem fskj. með nál. frá samstarfsnefnd á vegum ríkisstjórnarinnar. Það var strax ljóst að hún gat ekki orðið neinn samkomulagsgrundvöllur við afgreiðslu málsins. Þar má t.d. benda á það sem segir, með leyfi hæstv. forseta:

„...og veita megi innlendri framleiðslu þá vernd sem henni er óumdeilanlega nauðsynleg til þess að geta lagað sig að breyttum aðstæðum."

Ég býst við að flestum sé ljóst miðað við þá umræðu sem fram hefur farið um þessi málefni landbún-

aðarins í sambandi við GATT-samninginn að þá yrði það ekki mikil vernd ef hún skyldi ekki ganga lengra en það að allir gætu orðið sammála um að hún yrði. Þessi yfirlýsing gengur því í þveröfuga átt við það sem varð niðurstaðan hjá utanrmn. í þeirri viðbót við þáltill. sem samkomulag var um að bæta við og kveður á um það að tollabreytingar skuli vera gerðar með hliðsjón af GATT-tilboði Íslands sem ríkisstjórnin sendi en í því tilboði liggja fyrir þær tölur sem reiknaðar voru út að væri heimilt að setja inn í tollskrá, tollaígildi, þegar samningurinn tæki gildi. Norðmenn hafa lagt þessar tölur til grundvallar við sína tollskrárbreytingu og reiknað það út nákvæmlega allt fram til ársins 2000.

Í þessari viðbótartillögu er einnig tekið fram að landbrh. verði tryggt forræði um allar efnislegar ákvarðanir og það þýðir þá að sjálfsögðu það að hann mun fjalla um allar þær vörur sem eru í tollkafla I–XXIV sem fjalla um landbúnaðarvörur að undanskildum III. kaflanum þar sem er fiskur.

Það hefur verið bent á það áður í umræðunum að þetta samkomulag utanrmn. stingi algerlega í stúf við þær yfirlýsingar sem hæstv. utanrrh. hefur gefið og kom hvað skýrast fram í viðtali við hann í fjölmiðlum í gærkvöldi. Mér fannst það vera dapurlegt svo ekki sé meira sagt að heyra hæstv. utanrrh. íslensku þjóðarinnar fagna því að nú væri hægt að fara að sækja vald erlendis frá til þess að taka fram fyrir hendur á íslenskum stjórnvöldum og taka af þeim ráðin til að ná sér niðri á íslensku þjóðfélagi. Það er vissulega ekki gott að slíkt viðhorf skuli koma fram hjá þeim fulltrúa íslensku þjóðarinnar sem hefur borið ábyrgð á samningagerð við erlendar þjóðir síðustu árin og undirstrikar að það var því ekki að ástæðulausu sem viðbrögð hans vöktu tortryggni hjá þeim sem vildu halda fram okkar hagsmunum.

Í nefndarálitinu frá meiri hluta utanrmn. er minnt á mikilvægan fyrirvara í GATT-tilboði Íslands um varnir gegn dýrasjúkdómum og nauðsyn þess að þeirra sé gætt við framkvæmd samningsins. Það hefur orðið íslensku þjóðinni dýrkeypt þegar hættulegir dýrasjúkdómar hafa borist til landsins og með greiðari samgöngum verður að leggja enn þá meiri áherslu á að reyna að gera allt sem hægt er til að verjast þeim. Það er líka enn þá mikilvægara þegar það er að koma í ljós hversu mikils virði það er að geta framleitt vörur sem eru hreinar og lausar við öll óæskileg efni hvort sem það er vegna einhverra sjúkdóma eða efna sem talið er óhjákvæmilegt að nota til þess að verjast þeim. En slík lyf gegn sjúkdómum við ræktun og framleiðslu matvæla hefur á síðustu áratugum orðið gífurlegur mengunarvaldur í mörgum löndum og er það mikið atriði fyrir okkur að losna við slíkt. Því verður aldrei of mikil áhersla lögð á þennan þátt og því nauðsynlegt að standa rækilega á þeim fyrirvara sem þar var gerður og gæta þess að þar verði hvergi slakað á.

Ég lýsti því yfir hér áðan að mig langaði að bera fram fyrirspurn til hæstv. landbrh. Ég vil spyrja að því hvort hann sé ekki í húsinu.

(**Forseti** (SalÞ): Hæstv. landbrh. er ekki í húsinu eins og er.)

Ég hafði boðað það hér að ég vildi bera fram spurningu við hann um reglugerð vegna jöfnunargjalda vegna útflutnings sem hæstv. forsrh. lýsti hér yfir áðan að væri mjög mikilvægt að kæmi sem allra fyrst en vísaði málinu að öðru leyti til hæstv. landbrh. Ég vil þá vonast til þess að ég fái tækifæri til þess síðar við þessa umræðu að bera þá fyrirspurn fram til hæstv. landbrh. svo að hann geti tjáð sig um það hvernig það mál stendur og gefið fyrirheit um það hvenær hún muni sjá dagsins ljós.

Ég ætla þá ekki að hafa mikið fleiri orð um þetta mál að þessu sinni. Ég legg sem sagt áherslu á það að hér er um að ræða samning sem við Íslendingar hljótum að verða aðilar að og jafnframt því sem ég læt ítrekað í ljós vonbrigði mín yfir því hversu lítið hefur miðað undirbúningi ríkisstjórnarinnar að því að koma honum í framkvæmd og gera hann framkvæmanlegan og því láta í ljós vonbrigði að það skuli verða að afgreiða hann við slíkar aðstæður hér á Alþingi. Við því varð ekki gert úr því sem komið var á þessum fáu dögum á milli jóla og nýárs, sem við höfum til umráða að þessu sinni, en tel að með því víðtæka samkomulagi sem náðist í utanrmn. sé mörkuð mikilvæg stefna um það hvernig þar eigi að standa að verki þegar að því kemur að Alþingi muni ganga frá þeim málum.

[14:02]

Tómas Ingi Olrich:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu mikilvægt mál, þ.e. till. til þál. um fullgildingu á samningi um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunar. Það eru ýmsar hliðar á þessu máli. Ég ætla í máli mínu að minnast einkum og sér í lagi á mikilvægi samningsins fyrir Ísland öðrum þræði en einnig á þau tök sem tekin hafa verið á landbúnaðarþætti GATT-samkomulagsins frá Úrúgvæ af hv. utanrmn. Alþingis og landbn. þingsins.

Mikilvægi þessa samnings fyrir Ísland er í raun og veru mjög augljóst. Allir áfangar í GATT-samstarfinu hafa verið Íslandi mikilvægir, þessi ekki síst. Tryggingarnar sem felast í þessum samningi og reglurnar um viðskipti sem boða í raun og veru vaxandi frelsi í alþjóðaviðskiptum eru þjóð sem lifir í bókstaflegri merkingu þess orðs á alþjóðlegum viðskiptum afar brýnar.

GATT-samkomulagið eða þau þrep sem menn hafa náð í samningum innan GATT hafa sífellt tryggt betur og betur stöðu smáríkja í alþjóðaviðskiptum með þeim hætti sem þessi smáríki hefðu ekki getað tryggt sér öðruvísi. Samningar af þessu tagi eru því sérlega mikilvægir fyrir smáríki og samstarf á sviði alþjóðaviðskipta er ekki síst þeim í hag.

Að því er varðar þá nýjung í þessu þrepi samninganna að þeir ná nú til landbúnaðarvara þá mun sú ákvörðun til lengri tíma litið verða til þess að draga úr styrkjakerfi í landbúnaði og verndarstefnu en slík stefna hefur um langt skeið dregið verulega úr því að markaðskerfi skapaðist í alþjóðlegum viðskiptum með landbúnaðarvörur. Þetta mun hafa víðtæk áhrif en að sama skapi mun það leiða til þess að um alllangt aðlögunartímabil verður að ræða þar sem þjóðir heimsins munu leitast við að tryggja hagsmuni síns land-

búnaðar á meðan þessi umskipti í anda GATT-samkomulagsins verða.

Ef svo fer sem horfir, þá mun þetta leiða til þess að almennt verður viðurkennt að landbúnaðarafurðir ganga þjóða í millum í viðskiptum á undirverði. Það hefur skapast það viðhorf, einkum og sér í lagi í hinum iðnvæddu ríkjum, vestrænum ríkjum, sem hafa haft efni á því að greiða niður landbúnaðarvörur, að neytendum hefur í raun og veru verið komið upp á það að líta þannig á landbúnaðarvörur að þær eigi að vera ódýrar, mun ódýrari en sem nemur framleiðslukostnaði. Ef GATT-samkomulagið að því er varðar landbúnaðarafurðirnar og viðskiptin með landbúnaðarvörur nær tilgangi sínum, þá mun það leiða til þess að landbúnaðarafurðirnar, matvælin, munu fá nýjan sess í neyslumunstrinu, munu fá viðurkenningu í neyslumunstrinu sem framleiðsluvara sem kostar meira í framleiðslu en menn hafa almennt verið fúsir til þess að viðurkenna hingað til.

Með þessari breytingu, ef hún næst fram með eðlilegum hætti, mun þetta breyta verulega stöðu þeirra ríkja sem eru þannig sett að landbúnaðarframleiðsla skiptir miklu fyrir hagkerfi þeirra. Þar á meðal eru t.d. allmörg ríki þriðja heimsins sem hafa liðið stórkostlega fyrir millifærslu og styrkjakerfi í landbúnaði, fyrir lágt verð í landbúnaði sem hefur verið haldið uppi með styrkjakerfi og millifærslum. Þetta mun einnig bæta stöðu þeirra sem hafa verið að draga úr styrkjum við landbúnaðinn og þar eru Íslendingar framarlega í flokki.

Þegar til lengri tíma er litið mun þessi samningur um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar og árangurinn sem náðist í Úrúgvæ-lotunni leiða til þess að það verða heilbrigðari heimsviðskipti með landbúnaðarvörur og það mun leiða til hærra verðs á landbúnaðarvörum en hinn falski búvörumarkaður, sem hefur t.d. þrifist í Evrópu, hefur verið reiðubúinn til að viðurkenna.

Á sama hátt er mjög mikilsvert að hér á Alþingi hefur orðið breið samstaða um það að tryggja hagsmuni íslensks landbúnaðar á því tímabili sem það tekur að breyta alþjóðlegum viðskiptum með landbúnaðarvörur í anda GATT-samkomulagsins. Þetta breiða samkomulag mun tryggja það að hagsmunum íslensks landbúnaðar verður ekki fórnað vegna meintra stundarhagsmuna neytenda. Langtímahagsmunir neytenda standa hins vegar augljóslega til þess að landbúnaðurinn fái eðlileg vaxtarskilyrði og eðlilega verðmyndun á sínum framleiðsluvörum.

Það er ástæða til þess að leggja áherslu á það að þetta breiða samkomulag endurspeglar skilning þingmanna á því hversu mikilvæg matvælaframleiðslan og landbúnaðarframleiðslan er fyrir Íslendinga, hversu mikilvæg þessi framleiðsla er fyrir atvinnulíf, en ekki aðeins fyrir atvinnulíf heldur fyrir menningu Íslendinga í heild. Við erum öðrum þjóðum fremur matvælaframleiðsluþjóð og menning okkar, ekki einungis verkmenning okkar heldur menning okkar í heild dregur mjög dám af þessu hlutverki okkar, hlutverki matvælaþjóðarinnar og þetta hlutverk stendur djúpum rótum í þjóðfélaginu.

Þessi þáttur í atvinnulífi okkar og menningu hefur ekki aðeins afgerandi þýðingu fyrir mjög stórar greinar atvinnulífsins eins og t.d. matvælaiðnaðurinn, heldur hefur þetta líka verulega þýðingu fyrir aðrar atvinnugreinar og sérstaklega fyrir framtíðarþróun greina eins og t.d. ferðamennsku. Þar sem ferðamennska hefur náð mestum hagnaði, þar sem arðsemi er mest í ferðamennsku, þar er hún samofin matvælaframleiðslu og þeirri menningu sem þrífst í kringum matvælaframleiðsluna. Þetta er kannski eitt af því sem við Íslendingar eigum eftir að þróa, það er að tengja betur saman hagsmuni matvælaframleiðslunnar á Íslandi og ferðamennskunnar. Það samkomulag sem hefur náðst í sambandi við þetta mál, endurspeglar fullan skilning á mikilvægi landbúnaðarframleiðslunnar og matvælaframleiðslunnar í heild og það er mjög jákvætt.

Hér hafa orðið verulegar umræður um það hvort í GATT-samkomulaginu séu fólgnar sérstakar hættur varðandi umhverfismál. Ég verð að segja eins og er að mér finnst að þær umræður hafi farið inn á nokkrar villigötur. Er viðskiptafrelsið sem slíkt og umhverfissjónarmið ósættanleg fyrirbæri? Er hægt að halda því fram í ljósi einhverrar sögulegrar reynslu að áætlanabúskapur og skipulagning hafi leitt það í ljós að þar sé umhverfismálum betur komið heldur en þar sem viðskiptafrelsi ríkir? Ég held að það sé mjög hæpið að halda slíku fram. Sennilega er það óvíða sem hugmyndafræði skipulagshyggju og áætlanabúskapar hefur gengið eins langt eins og í Sovétríkjunum fyrrverandi eða eins og í Austur-Þýskalandi sem þá var. Á fáum landsvæðum í heiminum hafa mistök í umhverfismálum orðið eins átakanleg og einmitt þar. Ég hygg að kannski hafi þessi mistök komið einna berast í ljós á því svæði í fyrrverandi Austur-Þýskalandi umhverfis Leipzig og fleiri góðar borgir þar sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson var við nám og naut aðstöðu til þess að öðlast skilning á heiminum og umhverfismálum alveg sérstaklega.

Eins og stendur nú þá eru þessi öfl sem kenna sig við viðskiptafrelsi þó að þau feti ekki alltaf þá slóð alveg þráðbeina, þá eru það þessi öfl sem kenna sig við viðskiptafrelsi og markaðshyggju í Þýskalandi og í Vestur-Evrópu almennt, að gera það sem þau geta til þess að hreinsa upp eftir áætlanabúskapinn í Austur-Evrópu og er nú ærinn starfi þar fyrir hendi.

Ég get ekki fallist á það að viðskiptafrelsi í sjálfu sér og umhverfissjónarmið séu ósættanleg. Þó að ég sé sammála þeim sjónarmiðum sem hafa komið hér fram að það séu allmiklar eyður í þetta viðskiptafræðisamkomulag um umhverfismálin. Það er hárrétt. Það eru eyður þar og hefði ég gjarnan viljað sjá tekið betur á þeim málum. En að fara að leggja saman tvo og tvo og segja sem svo að viðskiptafrelsi gangi beinlínis á hagsmuni umhverfismála er afar hæpin hugmyndafræði. Við þurfum að sjálfsögðu að vinna í þágu umhverfismála og viðskiptafrelsis í senn og þessi sjónarmið eru sættanleg.

Ég vil taka það fram alveg sérstaklega að eitt af því sem háir umhverfismálum í fyrrverandi Sovétríkjunum, þ.e. Rússlandi, er skortur á hagvexti. Það er sóun

á náttúruauðlindum. Það er léleg nýting á raforku. Það er léleg nýting á hráefnum, auðlindum Rússlands. Bætt tækni, bætt nýting, betri nýting orkunnar og minni sóun auðlinda er einmitt það sem hin vestrænu ríki eru nú að reyna að hjálpa Rússlandi til þess að ná tökum á til að ná meiri hagvexti og minni sóun á náttúruauðlindum. Ég held að þessi kenning að hagvöxturinn gangi beinlínis gegn markmiðum umhverfisverndarinnar sé orðin tímaskekkja. Þetta var útbreidd kenning en við nánari skoðun þá stenst hún ekki og það er ekki hægt að ímynda sér að við náum verulegum árangri í umhverfismálum nema við byggjum á hagvexti en auðvitað þarf grundvöllur hagvaxtarins að vera heilbrigður. Um það hygg ég að við hv. þm. Hjörleifur Guttormsson getum verið sammála. Við getum ekki náð tökum á umhverfismálum með því að hafna hagvaxtarþættinum. Það gengur ekki upp. Ég hefði því viljað mælast til þess að í þessum umræðum um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunar um GATT-samkomulagið og þá áfanga sem við höfum náð á þeirri braut þá færu menn ekki inn á þær brautir að telja að viðskiptafrelsi og umhverfissjónarmið séu ósættanleg markmið.

Það er einnig rétt að geta þess hér að þær hömlur, sem hafa verið á viðskipti með landbúnaðarafurðir, hafa ekki virkað í þágu umhverfisverndar. Þær hafa m.a. leitt til þess að þjóðir sem eru landbúnaðarþjóðir í eðli sínu en hafa ekki fengið eðlilegt markaðsverð fyrir sínar afurðir hafa sótt í ýmsar auðlindir eins og t.d. skóga. Þetta hefur gerst í stórum stíl í Asíu, í Suður-Ameríku og Afríku þar sem auðlindum af þessu tagi hefur verið eytt, m.a. vegna þess að landbúnaðarafurðir hlutu þar ekki eðlilega markaðssetningu vegna niðurgreiðslna á landbúnaðarafurðum.

Það má ekki skilja orð mín svo að ef og þegar almennur markaður verður orðinn fyrir landbúnaðarvörur með eðlilegri hætti heldur en verið hefur vegna viðskiptahamla þá munu ekki skapast nein umhverfisverndarmál vegna þess. Það má ekki skilja orð mín þannig. Því fer víðs fjarri. Það munu skapast sérstök umhverfisvandamál vegna þess að viðskipti með landbúnaðarafurðir verða frjálsari. Það er rétt. En það mun einnig létta af ýmsum þeim þrýstingi sem hefur verið á því að menn gengju virkilega á verðmætar auðlindir náttúrunnar eins og t.d. skóga heimsins til þess að bjarga sér út úr þeim efnahagsógöngum sem höft á landbúnaðarviðskiptin hafa skapað. En þetta er flókin mynd. Ég tek undir það sem menn hafa sagt hér, það hefði verið ákjósanlegt að taka á þessum umhverfismálum að svo miklu leyti sem það er hægt í samningum af þessu tagi en að þeir áfangar sem náðst hafa innan GATT séu með þeim hætti að þeir gangi þvert á sjónarmið umhverfisverndar það get ég ekki fallist á. Ég hygg að menn þurfi að taka þessi mál allt öðrum tökum ef þeir vilja sjá einhvern árangur á þessum báðum sviðum, þ.e. viðskiptasviðinu annars vegar og umhverfissviðinu hins vegar.

Virðulegi forseti. Ég hef lokið máli mínu.

[14:20]

Frsm. minni hluta utanrmn. (Anna Ólafsdóttir Björnsson):

Virðulegi forseti. Ég hygg nú raunar að hv. síðasti ræðumaður, 5. þm. Norðurl. e., hafi beint orðum sínum e.t.v. frekar að öðrum ræðumönnum hér en þeirri sem hér stendur. Við kvennalistakonur gagnrýnum skort á umhverfisáherslum í samningnum og það er megingagnrýni okkar á þann samning sem hér er til umræðu og ég held að hv. þm. geti ekki annað en tekið undir að sáralítið er tekið á þessum málum. Þrátt fyrir það skapast ákveðnar aðstæður við gerð samningsins eins og hann kom réttilega inn á undir lok ræðu sinnar sem valda auknum heimsviðskiptum og þau viðhorf sem þar ráða ferðinni eru fyrst og fremst hagsmunir stórfyrirtækja. Þetta er að sjálfsögðu atriði sem getur mjög stangast á við umhverfismál. Það hafa verið umræður um að taka sérstaklega á umhverfismálum varðandi gerð slíkra stórra viðskiptasamninga og þetta er sýnu stærsti samningurinn sem um er að ræða. En þessi sjónarmið hafa því miður ekki enn þá náð fram. Ég er hins vegar bjartsýn kona og tel að þróunin í heiminum verði sú að í framtíðinni verði betur gætt að þessum málum. En það gerist ekki nema stöðug umræða og stöðugur þrýstingur sé í þá átt.

[14:22]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hlýddi á málflutning hv. 9. þm. Reykn. Ég hef sagt í ræðu minni að ég geti fallist á að ekki hafi verið tekið á umhverfisþættinum. Ég er hins vegar honum efnislega ósammála um að það geti verið gild rök til þess að hafna að taka jákvæða afstöðu til þessa máls sem hér er til umfjöllunar.

Annað atriði sem hann rétt drap á hér en ég kom lítið að í ræðu minni var það hvort þessi samningur sem slíkur og þeir áfangar sem við höfum náð innan GATT skapi eitthvert sérstakt gósenland fyrir stórfyrirtæki eins og hér hefur komið fram bæði hjá hv. síðasta ræðumanni og einnig frá fleiri ræðumönnum. Þetta leyfi ég mér að draga mjög í efa. Ég held að það sé hægt að færa mjög sterk rök fyrir því að það séu einmitt þvert á móti smærri fyrirtækin sem hafa blómstrað einmitt í krafti þeirra áfanga sem náðst hafa í gegnum GATT. Það eru ekki stórfyrirtækin sem eiga sinn varnaraðila í GATT. Þvert á móti hefur sýnt sig að það eru smærri og meðalstór fyrirtæki sem hafa tekið að blómstra undir þeim áföngum sem við höfum náð í gegnum GATT.

[14:23]

Frsm. minni hluta utanrmn. (Anna Ólafsdóttir Björnsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það mun útheimta meiri ræðuhöld en ég hef stefnt að í þessu mikilsverða máli að fara nánar út í seinasta efnisatriði í svari hv. þm. En ég held að ég geti ekki annað en ítrekað fullyrðingu mína og sannfæringu mína um að ég held að fyrst og fremst hafi hagsmunir hinna stærri fyrirtækja ráðið ferðinni. Ég held að það þurfi ekki að vera neitt feimnismál vegna þess einfaldlega að þau hafa sterkust ítök í viðskiptaheiminum hér og nú.

Hins vegar varðandi það að smá og meðalstór fyrirtæki hafa blómstrað þá held ég að það sé ekki vegna neinna slíkra viðskiptasamninga heldur þvert á móti vegna þess að þetta eru lífvænlegar stærðir. Þetta eru fyrirtæki sem hafa miklu meiri aðlögunarhæfileika og að mörgu leyti meiri vaxtarbrodda í sér vegna þess að auðveldara er að vera með ákveðið frumkvæði og sveigjanleika og nýsköpun í þessum smáu og meðalstóru fyrirtækjum. Ég held að það sé eðli þeirra vegna en ekki vegna þess að hagsmuna þeirra hafi verið sérstaklega gætt sem þau hafa sýnt sig að vera kannski það sem hagvöxtur hefur fyrst og fremst byggt á. Raunverulegur hagvöxtur og sá hagvöxtur sem ég held að sé í mun meiri sátt við umhverfið en uppgangur stórjöfra af hvaða tagi sem eru.

[14:25]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í sjálfu sér er þarna um að ræða að því er ég tel grundvallarmisskilning af hálfu hv. 9. þm. Reykn. Það gildir nákvæmlega það sama um smáfyrirtæki og um smáþjóðirnar. Það eru fyrst og fremst smáfyrirtækin og smáþjóðirnar sem fá sinn hlut réttan í samningum af þessu tagi. Smáfyrirtækin og -ríkin sem hafa ekki burði til að tryggja hagsmuni sína öðruvísi en með alþjóðlegum samningum af þessu tagi. Það eru því eðli málsins samkvæmt fyrst og fremst smáfyrirtækin og meðalstóru fyrirtækin sem njóta góðs af þeim áföngum sem við höfum náð í gegnum GATT-samkomulagið.

[14:26]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Mér þykir vænt um að hv. þm., m.a. sá síðasti ræðumaður hér vék að umhverfisþættinum í sambandi við þetta stóra mál. Mér fannst gæta meiri skilnings hjá honum en t.d. hjá hv. 5. þm. Norðurl. v., Vilhjálmi Egilssyni, sem ég átti smávegis orðastað við hér síðast á eðli þessa vanda. Það þykir mér vænt um. En ég vildi aðeins víkja að því sem kom fram í máli hv. þm. Tómasar Inga Olrich að það væri einhverjar fyrirmyndir að sækja í þjóðfélagskerfi í Austur-Evrópu sem liðið er undir lok og hefur fallið fyrir borð í boðaföllum sögunnar. Þar hefði verið að vænta einhvers annars sem hægt væri að vísa til í sambandi við samhengi efnahagsstarfsemi og umhverfis. Svo er alls ekki. Það þjóðfélagsmynstur, sem þar var keyrt fram með miðstýringu og mikilli harðneskju, byggði einmitt á því að auka sem mest efnislega framleiðslu sem meginmarkmið og setti málið fram svo vitnað sé til leiðtoga þar eins og Khrústsjovs og kannski fleiri að það væri markmiðið að yfirtrompa, að vinna hið efnahagslega kapphlaup við Vesturlönd og þeim mundi takast það. Í þessu skipulagða kapphlaupi var gífurlega miklu fórnað, ekki síst umhverfishagsmunum eins og dæmin sanna og við blasir. Það er síst til að vísa til einhvers af þeim toga. En grundvölluriinn var í rauninni sá sami, markmiðið var efnisleg framleiðsla og samkeppni um það sem eitthvert meginmarkmið. Ekki er tími til að víkja að fleiri þáttum sem hv. ræðumaður nefndi en ég vildi koma þessu á framfæri.

[14:28]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Sá samanburður á viðskiptafrelsi annars vegar og markaðsbúskap og hins vegar á áætlunarbúskapnum sem viðgekkst í Sovétríkjunum fyrrverandi er bara einfaldlega vegna þess að við höfum þarna sláandi dæmi um það hvernig tekið er einmitt á umhverfismálunum annars vegar þar sem markaðsbúskapur þrífst og viðskiptafrelsi er haft í hávegum og hins vegar þar sem menn ætla sér að stjórna þessu að bestu manna yfirsýn eins og hefur nú alltaf verið áætlunin hjá þeim sem hafa lagt fyrir sig áætlunarbúskap. Það er nú ekki svo að ekki hafi verið tekið á umhverfismálunum í Sovétríkjunum, þvert á móti, þar voru á pappírnum umhverfismálin í besta lagi. Þeir voru forusturíki í umhverfismálum eftir því sem þeir sögðu sjálfir og hagvöxturinn var þar líka í besta lagi. Hagvöxturinn var þar til fyrirmyndar sögðu þeir og voru forusturíki í hagvexti að þeirra eigin mati. Svo kom í ljós þegar menn fóru að skoða þetta vísindalega að umhverfismálin höfðu bara gjörsamlega verið látin eiga sig. Þau voru bara til á pappírum, bara til í áróðursráðuneytinu. Það var mjög svipað með hagvöxtinn, satt best að segja. Hann var líka bara til á pappírnum. Ég tek bara dæmi úr þeim raunveruleika sem við þekkjum þar sem menn nota annars vegar markaðsbúskap þar sem hægt er að færa umhverfismálin inn í markaðskerfið og láta þau fá sinn prís og svo hins vegar áætlunarbúskapinn þar sem menn ætla sér að bestu manna yfirsýn að stýra þessum málum og telja að með skipulagningu og áætlunarbúskap sé hægt að leysa þessi mál.

[14:30]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þetta var nú heldur rýrt. Sannleikurinn er sá að í Sovétríkjunum sálugu var því ekki haldið sérstaklega á lofti að þau væru fyrirmyndarríki í umhverfismálum. Sannleikurinn er sá að þau tóku ekki þátt í neinni alþjóðlegri viðleitni til að leysa þann vanda. Þau mættu ekki á Stokkhólmsráðstefnuna 1972, þau sátu heima ásamt öðrum ríkjum í Austur-Evrópu og voru ekki þátttakendur í alþjóðlegu samstarfi. Þetta blasti við. Það getur vel verið að einhverjar ræður hafi verið haldnar heima fyrir en þetta var öllum ljóst sem fylgdust með þessum málum. Ég kynntist þessu á meðan ég var þar austan tjalds og sannarlega var það ekki til fyrirmyndar hvernig á þeim málum var haldið og máttu allir sjá sem fóru þar um. Hitt er annað mál að þegar málin eru gerð upp og litið yfir kemur margt í leitirnar eins og hlýtur að vera þar sem um er að ræða lokað kerfi þar sem gagnrýnin rödd almennings fékk ekki að njóta sín. Því er alveg ljóst að þarna varð stórfelldur ófarnaður.

Hitt er svo annað mál að markaðsbúskapur sem byggir á því módeli, sem hér er verið að keyra fram, leysir ekki vandann, síður en svo. Það sem er að gerast núna jafnhliða því sem tilraunir eru uppi um til þess að hreinsa upp í Austur-Evrópu, sem mun kosta mikið, er jafnframt viðleitni í þá átt að komast yfir náttúruauðlindir Austur-Evrópu, m.a. með þeim orku-

sáttmála sem viðskrh. Alþfl. var að undirrita núna. Megininntak hans var að komast yfir náttúruauðlindir og olíuauðlindir, sem sagt orkuauðlindir Austur-Evrópu, til að herða á hagvextinum með þeim umhverfisáhrifum sem það hefur. Það sem skiptir máli í þessu sambandi það er sú raunverulega mengun sem verður og með aukinni framleiðslu eykst hún óhjákvæmilega samhliða aukinni orkunotkun sem því fylgir. Ég tók dæmið af Kína, því mikla flaggskipi sem margir eru að hampa hér, m.a. þingmenn Sjálfstfl., þar sem tekur steininn úr og mun nú muna um þegar þeir fara að reyna að knýja fram sitt kerfi eftir vestrænni fyrirmynd.

[14:33]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil enn vekja athygli á því að hv. þm. hefur sett sem andstæður viðskiptafrelsi og áætlunarbúskap hins vegar. Ekki endilega áætlunarbúskap eins og Sovétríkin stunduðu en áætlunarbúskap engu að síður. Ég vil aðeins geta þess að að því er varðar Sovétríkin þá var hvað eftir annað fullyrt að þar væru umhverfismál í lagi á sama hátt og það var fullyrt að atvinnuleysi væri ekki til og að verðbólga væri ekki til heldur. Þetta var hluti af þeirri ímynd sem þeir sköpuðu sér.

Það er einu sinni svo að sá aðili sem hefur fengið það hlutverk að hreinsa til eftir þennan ósóma í austurvegi er markaðshagkerfið og það vinnur að þessu. Vinnur það að því bara til að komast að nýjum auðlindum? Er málið svona einfalt, hv. þm. Hjörleifur Guttormsson? Nei, að sjálfsögðu er það ekki svona einfalt vegna þess að hluti af því sem verið er að gera nú í Austur-Evrópu með aðstoð og tæknilegri ráðgjöf frá Vestur-Evrópu er að stuðla beinlínis að því að náttúruauðlindum sé ekki sóað. Að menn fái þar betri tækni til að nýta raforkuna m.a. til að flytja raforku m.a., til þess að draga úr mengun. Vegna þess að hin vestrænu ríki líða nú fyrir mengunina frá Mið-Evrópu og Austur-Evrópu. Mér finnst alveg ástæðulaust af hv. þm. að vera að draga úr þeim markmiðum sem Vestur-Evrópuríkin hafa sett sér með þessu samstarfi, m.a. Evrópusambandið sem hefur unnið mikið verk á þessu sviði. Þó þeir fari ekki alltaf þær leiðir sem mér hugnast hafa þeir engu að síður lagt áherslu á þennan þátt málsins.

[14:35]

Eggert Haukdal:

Virðulegi forseti. Hér eru vissulega nokkur tímamót en þau hefðu getað verið ánægjulegri og við fram úr friðarjólum haldið friðaráramót. Þetta hefði getað gerst hefði það samkomulag sem hér er verið að staðfesta með því að fullgilda svonefnt GATT-samkomulag frá 15. apríl átt sér skemmtilegri aðdraganda en raun ber vitni því að á þessi tímamót ber skugga. Það er sami skugginn sem sl. 7 ár hefur legið yfir landbúnaðarmálum á Íslandi og birtist með síendurteknum hætti og kemur enn og nú fram sem er hæstv. utanrrh. Jón Baldvin Hannibalsson.

En það ber vissulega að fagna sameiginlegri vinnu utanrmn. og vegna hennar eru þessi mál leyst í bili. En ánægja hæstv. utanrrh. með verk nefndarinnar kemur í ljós með þeim orðum hans að hann kallar störf nefndarinnar hnoð. En þrátt fyrir ákveðinn varnarsigur skulu menn gera sér þess grein að enn leikur hæstv. utanrrh. lausum hala í þessum málum. Hann er fulltrúi Íslands erlendis ásamt sínum undirmönnum og kemur þar einn við sögu. Ég hitti hæstv. utanrrh. í gærmorgun og honum var glatt í skapi og við tókum tal saman um GATT. Nú væri allt í lagi, Alþfl. mundi ekki gera athugasemd og nú væri bjart og blítt fram undan. Okkur kom saman um að batnandi manni væri best að lifa og meira að segja stórbatnandi. Þetta var í gærmorgun. Síðan komu fjölmiðlaviðtöl (Gripið fram í.) þegar leið á daginn. Já, Adam var því miður ekki lengi í Paradís. Það komu fjölmiðlaviðtöl í gærkvöldi, stór orð, og blöðin í morgun segja líka sína sögu. Því miður.

Frá því að hæstv. utanrrh. undirskrifaði GATT-samninginn 15. apríl, eða fyrir nær 9 mánuðum síðan, hefur verið unnið að því innan ríkisstjórnarinnar að ná samstöðu um framkvæmd á skuldbindingum Íslands um landbúnaðarmálin með því að koma á breytingum í landbúnaðarlöggjöfinni sem nauðsynlegar eru og var talin forsenda þess að hægt yrði að staðfesta samninginn. Sú lagasmíð hefur ekki tekist svo sem kunnugt er og þegar við erum fallnir á tíma er sú óvanalega aðferð viðhöfð að bæta í texta þáltill. yfirlýsingu um það sem Alþingi ætlaði að gera en á ógert. Þetta örþrifaráð er tekið til þess að Ísland verði sér ekki til skammar eða smánar á alþjóðavettvangi og til að breiða yfir það upplausnarástand sem er í mótun stefnu í landbúnaðarmálum vegna þeirra umbrota sem eru á alþjóðlegum vettvangi en sú stefnumótun hefur reynst gjörsamlega ómöguleg í samstarfi við Alþfl.

Viðbótartexti sem í þáltill. er á að tryggja að landbúnaður á Íslandi fái þá vernd sem samningurinn heimilar gegn niðurgreiddum útflutningi annarra ríkja til Íslands. Sú vernd sem innflutningstakmarkanir áður voru er nú breytt í tollígildi. Það leiðir af sér að lögfest verður að nota tollígildin að fullu eins og þau eru boðin í samningstilboði Íslands en íslenskum stjórnvöldum veitt heimild til að draga úr þeim þegar innflutnings er þörf. Enn fremur að landbrh. verði tryggt forræði ákvarðana um breytingu tollígilda og um allar aðrar efnislegar ákvarðanir í stjórnkerfi sem varðar landbúnaðinn og innflutning landbúnaðarvara.

Með öðrum orðum að framkvæmd á landbúnaðarhluta samningsins falli undir valdsvið landbrh. Að sjálfsögðu eru, eins og ég gat um fyrr, í þessu nokkur tímamót. Treysta verður því að þessi niðurstaða Alþingis verði virt þegar kemur að nauðsynlegum lagabreytingum. Það á eftir að sjá.

En ég ítreka þetta vegna þeirrar yfirlýsingar frá hæstv. utanrrh. sem birtist í fjölmiðlum á sama tíma og unnið er að þessu máli í einlægni á hv. Alþingi að því er maður hélt eins og ég gat um fyrr í mínu máli. En hæstv. ráðherra lætur hafa það eftir sér að það sé sama hvaða texta Alþingi hnoðar saman því staðfesting Íslands á samningnum leiði af sér að landbúnaður á Íslandi muni standa uppi varnarlaus að sex árum liðn-

um. Því er það á hæstv. utanrrh. að heyra að það sé ekki spurning um hvort heldur hvenær hann sér drauma sína rætast um að knésetja íslenskan landbúnað með erlendri samkeppni. Sömu jólakveðju sendi einnig aðstoðarmaður hans með því að bjóða fjárhagslega afkomu bænda sem skiptimynt í komandi kjarasamningum.

Það þarf vissulega hagstæða kjarasamninga en þeir geta ekki leysts með hömlulausum innflutningi ódýrra landbúnaðarafurða. Stórhækkun skattafsláttar á lágtekjur er hins vegar leið í afgreiðslu kjaramála fremur en leið hæstv. aðstoðarmanns utanrrh.

[14:42]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Það mál sem hér er til umræðu er að mínu mati eitt af þeim mikilvægari sem Alþingi fjallar um á þessu þingi og hugsanlega á þessu kjörtímabili. Það samkomulag sem náðist í gær er þess vegna að mínu mati afar mikilvægt og ég hlýt að fagna því því það er einu sinni þannig að það er að mínu mati æskilegt að í stærri utanríkismálum nái menn sem breiðastri samstöðu.

Ég hrökk svolítið við fyrir nokkrum vikum þar sem ég var staddur vestur í Washington í kjölfar kosninga þar til þings og fylgdist þar nokkuð með þeirri umræðu í sjónvarpi. Sú umfjöllun náði m.a. til þess að það var viðtal við starfsmannastjóra Hvíta hússins, sem ég á reyndar alltaf jafnerfitt með að skilja og átta mig á að sé einn af valdamestu mönnum Bandaríkjanna. Þetta var sömu dagana og hæstv. utanrrh. og hæstv. forsrh. voru á Norðurlandaþingi í Tromsö og við sem vorum þarna fyrir vestan vorum að fá í fréttaskeytum yfirlýsingar þeirra um utanríkismál, mikilvæg utanríkismál, sem gengu út og suður. Maður gat eiginlega ekki áttað sig á því eða skilið að þetta væru aðilar sem sætu saman í ríkisstjórn. En þetta ber upp á sama tíma og ég horfi á þetta viðtal við starfsmannastjóra Hvíta hússins og hann segir að það sé engin nýlunda að það standi ekki sami meiri hluti á bak við bandaríska þingið og forsetann, þetta hafi þeir lifað við oftsinnis og komist bara þokkalega frá. En hann bætti síðan við: Það er hins vegar eitt sem má ekki gerast og það er það ef við hættum að tala einum rómi út í frá í mikilvægum utanríkismálum.

Þetta viðtal hefur setið dálítið fast í mínum huga og ekki síst af því að þetta féll einmitt í tíma saman við fræga ferð þessara tveggja ráðherra, sem eru náttúrlega þeir sem eiga að leiða utanríkismálaumræðuna, fræga ferð þeirra á Norðurlandaþing í Tromsö. Og leiðir hugann að því að við erum núna, og náðum samkomulagi í gær, kannski fyrst og fremst fyrir forgöngu stjórnarandstöðunnar og ef ég veit rétt þá er það að tillögu hv. 2. þm. Suðurl. að sú leið var farin sem þarna var gert varðandi það að breyta sjálfum tillögutextanum í staðinn fyrir þá yfirlýsingu sem annars lá í loftinu og yrði gefin samhliða þessari staðfestingu. Þá stöndum við í þeirri stöðu að vegna stöðugs ósamkomulags, ekki milli stjórnar og stjórnarandstöðu, heldur milli stjórnarflokka og einstakra ráðherra, þá er þetta ár að fara í súginn án þess að menn hafi unnið heimavinnuna sína vegna GATT-samkomulagsins. Okkur var tilkynnt á síðasta vetri að það væri búið að setja á laggirnar fimm ráðuneyta nefnd sem ætti að vinna heimavinnuna og nú vil ég ekki gagnrýna þá nefnd eða þá embættismenn því að sjálfsögðu geta þeir ekkert unnið nema þeir fái hina pólitísku forskrift eftir hverju á að vinna. Sú pólitíska forskrift kom aldrei. Það kom rækilega í ljós við 1. umr. þessa máls. Þegar gengið var eftir einstökum atriðum, til að mynda varðandi lágmarksaðgang í landbúnaði og fleiri atriði, þá voru ráðherrar ríkisstjórnarinnar, hæstv. utanrrh. og hæstv. landbrh., algjörlega blankir í málinu. Það eina sem kom þó fram bitastætt var frá hæstv. utanrrh. sem var í þá veru að þetta ætti að leysa með einhvers konar bingó-lottói og færi það kannski vel á því að það yrði gert á laugardagskvöldum á Stöð 2. En því miður stöndum við frammi fyrir þessu. Að mínu mati er það hins vegar skylda Alþingis að bregðast við á þann hátt sem nú er verið að gera og að ganga frá samþykkt samningsins því ég tel það afar mikilvægt að við verðum með sem stofnaðilar að nýju alþjóðatollamálastofnuninni.

En forsagan er þessi að ríkisstjórnin hefur ekki komið sér saman um málið. Ég ætla í sjálfu sér ekki að feta í fótspor þeirra sem hér hafa talað og skellt þeirri skuld alfarið á hæstv. utanrrh. Að sjálfsögðu ber hann mikla ábyrgð í utanríkismálum og fer með þau en menn skulu ekki gleyma því að það er hæstv. forsrh. sem leiðir ríkisstjórnina og að mínu mati er það fyrst og fremst á ábyrgð hans að þetta mál er ekki komið lengra en raun ber vitni þegar við staðfestum GATT-samkomulagið hér vonandi á þessum degi.

Auk þess sé ég ekki ástæðu til þess að eyða mörgum orðum á hæstv. utanrrh. út af þessu máli því mér sýnist að sá maður með sínum kostum og göllum sé að spila sig út úr íslenskri pólitík innan nokkurra vikna. Ég sé því ekki ástæðu til þess að vera hér að velta honum upp úr þessu máli frekar en bendi á að ábyrgðin á því að ekki er komið lengra varðandi nauðsynlegar lagabreytingar hlýtur að vera á herðum verkstjóra ríkisstjórnarinnar, hæstv. forsrh.

Ég flutti nokkuð ítarlega ræðu um viðhorf mín gagnvart alþjóðaviðskiptum og GATT við 1. umr. þessa máls og þarf í sjálfu sér ekki að endurtaka það. Ég ætla þó að fara hér orðum um nokkra þætti sem að þessu lúta.

Það er þá fyrst gagnvart landbúnaðinum. Það er alveg rétt að þessi lota GATT-viðræðnanna hvað okkur snertir hefur væntanlega mest áhrif hérlendis gagnvart landbúnaði. Það er hins vegar annað mál að tollasamkomulagið sem slíkt í heild hefur á umliðnum árum lagt grunninn að okkar utanríkisverslun og okkar útflutningi. Ég er ekki alveg sammála því sem hæstv. forsrh. sagði í dag í stuttri en annars ágætri ræðu að hér væri fyrst og fremst um að ræða hagsmunamál neytenda á Íslandi. Ég býst við að hæstv. forsrh. hafi sett þetta fram í ákveðnum pólitískum tilgangi og það hafi átt að þjóna tilgangi sem slíkt, en mín skoðun er sú að GATT-samkomulagið sé fyrst og fremst fyrir okkur Íslendinga, svo mikil útflutningsþjóð sem við

erum, fyrst og fremst hagsmunamál okkar útflutningsatvinnuvega. Ég hef ekki séð enn þá hvernig hið nýja GATT-samkomulagi um landbúnaðarmál og matvælaframleiðslu snertir verðlag á matvöru hér á landi. Að vísu snertir það þannig nú þegar að innlend matvælaframleiðsla, innlendur landbúnaður, hefur á síðustu fjórum árum stórlækkað sitt verð og það hefur komið neytendum til góða nú þegar. En ég er ekki búinn að sjá það enn þá hvaða áhrif þetta hefur á þau 50% af matvælum okkar Íslendinga sem við flytjum inn af því sem við neytum. (**SJS:** Hækka þau nokkuð örugglega.) Hv. 4. þm. Norðurl. e. grípur hér fram í að það muni hækka þau nokkuð örugglega. Ef sá tilgangur sem ég sé í GATT-samkomulaginu að færa verð á landbúnaðarvörum í milliríkjaverslun nær raunverulegu kostnaðarverði þá muni þetta hækka þennan hluta matvælareiknings íslenskra neytenda. Það liggur ekkert fyrir enn þá hvort þetta muni hækka eða lækka í heild matvælaverð á Íslandi. Vonandi næst það markmið að hætt verði að versla með landbúnaðarvörur milli landa á því svokallaða heimsmarkaðsverði í dag sem eru spottprísar sem í fæstum tilfellum eru í nokkru samhengi við framleiðslukostnaðinn.

Það kemur að einu dæmi sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson tók í annars á margan hátt ágætri ræðu um áhrifin á þróunarlönd eins og Indland. Sú röksemdafærsla fannst mér ekki ganga upp því að hv. þm. sagði að þetta samkomulag mundi gera það að verkum að þar mundu, eins og þingmaðurinn sagði, hundruð milljóna indverskra bænda flosna upp. En hvaðan eiga öll þau matvæli að koma á þessu lága verði sem eiga að geta leyst af hólmi hundruð milljóna indverskra bænda?

Sá litli markaður með þessar vörur milli landa sem er í gangi í dag á því lága verði sem kallast heimsmarkaðsverð mun ekki geta annað þessu. Og hvar á að framleiða þetta? Þannig að svona röksemdafærsla fellur um sjálfa sig. Ég er vægast sagt hissa á því að jafn vel lesinn og gjörhugull maður og hv. þm. er skuli bera svona málflutning á borð.

Hitt er svo annað mál að markaðurinn sem er með þessar vörur á lágu verði í heiminum er þó það stór að hann getur lagt íslenskan landbúnað, landbúnað þessarar litlu þjóðar, í rúst á nokkrum missirum ef honum er hleypt hér að óheftum. En að þvílíkt magn sé þarna á ferðinni á þessu lága verði að það geti leyst af hólmi mikinn hluta matvælaframleiðslu Indlands er náttúrlega algjör bábilja.

Varðandi síðan umhverfisþáttinn þá tek ég undir og deili áhyggjum með þeim sem talað um að í Úrúgvælotunni sé ekki tekið á umhverfismálunum. Ég get hins vegar ekki tekið undir að það geri það að verkum að við eigum að hafna þessu samkomulagi. Það gerir það hins vegar að verkum að við sem matvælaútflytjendur hljótum að berjast fyrir því á þessum vettvangi að sú umræða sé þar tekin upp af fullum krafti. Það verður að gerast því það gengur ekki til lengdar að það sé knúin fram ódýr matvælaframleiðsla og kostnaðurinn við það sé skuldfærður á komandi kynslóðir sem því miður er verið að gera víða í heiminum í dag með því að ganga nær landinu en það þolir með því að nota við framleiðsluna hjálparefni sem við vitum orðið að eru óæskileg og hafa ófyrirsjáanlegar afleiðingar varðandi framtíðarnot landsins sem er undir landbúnaðarframleiðslu. Á þessu verður að taka og ég sé enga aðra leið til þess en að gera það í formi alþjóðasamninga. Ég sagði við 1. umr. að það væri mín skoðun að það yrði að gerast að einhverju leyti á svipaðan hátt og farið var með hafréttarmál á Alþjóðlegu hafréttarráðstefnuna — af því að ég horfi framan í hv. þm. Eyjólf Konráð Jónsson sem í þeirri umræðu allri átti mikinn þátt og skipaði stórt hlutverk. Ég er þeirrar skoðunar að það verði að fara hliðstæða leið varðandi umhverfisþáttinn hvað snertir matvælaframleiðslu í heiminum. Menn verða að ná samkomulagi sem verður að mínu mati að byggjast á markaðslausnum. Við náum þessu aldrei fram öðruvísi. Sem verður þá að byggjast á því að ágangurinn á landið verði verðlagður þannig að það komi inn í matvælaverð á hverjum tíma. Ef menn eru að fara þar út fyrir velsæmismörk, ganga á landið, þá verði menn að borga fyrir það á þeim tíma sem sú framleiðsla fer fram en sá reikningur verði ekki geymdur til komandi kynslóða.

Þetta hlýtur að verða eitt af stóru verkefnunum í utanríkismálum og alþjóðamálum á næstu árum og hagsmunir Íslands í þessum málum eru þeir að við hljótum að berjast fyrir því að innan GATT verði þessi umræða tekin upp af fullum þunga.

Hitt er annað mál varðandi umhverfismál almennt að þar er ég að nokkru leyti ósammála hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni. Ég get ekki tekið undir það að efnahagsframfarir séu í andstöðu við framfarir í umhverfismálum. Kannski þvert á móti að slíkt hljóti að fara saman og það reyndar segir sagan okkur. Sagan segir okkur það að iðnbyltingin í Evrópu, sá efnahagsbati sem þar kom, leysti Evrópuþjóðirnar undan mjög erfiðum umhverfismálum, að vísu í þeirra nærumhverfi. En það færði okkur hins vegar önnur vandamál sem við verðum að takast á við og ég sé ekki að við getum tekist á við þau vandamál með því að hverfa til fortíðar. Ég sé ekki að þau verði leyst öðruvísi en með nýjum framförum. Ég hlýt að treysta því að nýjar tækniframfarir muni á næstu árum leysa okkur að verulegu leyti undan viðjum þeirrar mengunar sem vissulega stefnir heimsbyggðinni í hættu í dag. Forsenda þess er það að efnahagurinn sé traustur. Að við höfum efni á því að vinna á þann hátt.

Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson ræddi mikið um vanda þróunarlandanna og hann er mikill. Eitt af stóru vandamálunum þar eru einmitt umhverfisspjöll þar sem menn í fátækt sinni eru að ganga svo nærri umhverfi sínu, þar sem menn eru líkt og við gerðum á fyrri öldum að höggva niður sitt umhverfi til eldsneytis. Þetta mál verður að mínu mati ekki leyst öðruvísi en með framförum, ekki afturhvarfi til fortíðar.

Virðulegur forseti. Mín samandregna niðurstaða er því sú að okkur sé mikilvægt að vera í hópi þeirra þjóða sem skrifa undir þennan samning fyrir áramót og vera þar af leiðandi í hópi stofnfélaga. Ég held að það hafi komið fram í þessari umræðu, meira segja hjá hv.

þm. Hjörleifi Guttormssyni í andsvari við þann sem hér stendur, að við hljótum að vera þátttakendur í hinu alþjóðlega tollasamstarfi áfram. Við, þessi mikla útflutningsþjóð, eigum þar engra annarra kosta völ. Þess vegna eigum við að gera okkur gildandi með því að vera stofnþátttakendur í þeirri lotu sem nú er að ljúka og láta síðan rödd okkar heyrast þar af fullum krafti á næstu árum. Við getum haft áhrif ef við viljum. Það sannar hafréttarráðstefnan og sú niðurstaða sem þar fékkst. Ég er þeirrar skoðunar að við eigum í framhaldinu núna að láta rödd okkar heyrast kröftuglega varðandi umhverfismálin innan alþjóðatollastofnunarinnar og vinna af krafti með þeim þjóðum sem vilja og sjá nauðsyn þess að umhverfismálin verði tekin inn af fullum þunga. En það verður hins vegar, eins og ég sagði í ræðu minni áðan, að byggjast að verulegu leyti á markaðslegum grunni þannig að við getum virkjað viðskiptaöflin í heiminum í þágu þessa markmiðs.

[15:03]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Er ekki hæstv. utanrrh. nærstaddur? Ég treysti því að hæstv. ráðherra sé ekki gufaður út.

(**Forseti** (KE): Forseti skal gera ráðstafanir til að láta hæstv. ráðherra vita að hans sé óskað í þingsalinn.)

Hæstv. forseti. Ég held að það megi kannski skipta umfjöllun um þetta mikla mál í tvennt í grófum dráttum. (**Gripið fram í:** Fernt.) Já, það má náttúrlega lengi deila um það en ég kýs aðallega að hafa þetta í tveimur þáttum, þ.e. annars vegar málsmeðferðina heima fyrir og það hvernig við göngum frá málum í okkar eigin garði og stöndum að því í meðförum Alþingis við samþykkt á samningnum og í íslenskri löggjöf til að fullnusta samninginn og hins vegar er það samningurinn sem slíkur og meðferð þessa máls í alþjóðlegu samhengi og niðurstaðan í þessu langa ferli sem hófst með fundahöldum niður þar í Punta del Este á árinu 1986, ef ég man rétt. Er þetta orðin ein mesta viðræðulota á þessu viðskiptasviði sem staðið hefur í veröldinni og tekur fram þeim sem á undan komu eins og Tókíó-viðræðunum og öðrum slíkum.

Fyrst um þetta síðara, samninginn sem slíkan og stöðu hans í alþjóðlegu samhengi. Ég vil í byrjun taka það fram að niðurstaða mín er sú að í heildina tekið þá sé það jákvætt að þessi niðurstaða hefur náðst. Það sé skref í rétta átt í alþjóðaviðskiptum og það sé betra en ekki. Það sé tvímælalaust betra en óbreytt ástand að niðurstaða hefur náðst í Úrúgvæ-viðræðum GATT-samningana. Það er þrennt kannski sérstaklega sem ég tel samningnum til tekna og eigi að geta orðið mönnum til góðs í þessu sambandi. Það fyrsta og það mikilvægasta að mínu mati er að jákvæð niðurstaða í samningnum dregur tvímælalaust úr hættunni á því að heimurinn skiptist upp í stríðandi viðskiptablokkir í enn ríkari mæli en nú er á næstu árum. Það er alveg borðleggjandi að sú hætta hefur verið og út af fyrir sig er fyrir hendi, að aukin viðskiptasamvinna og aukin fríverslun innan tollabandalaga, innan samstarfs á meginlöndunum, gæti á hinn bóginn falið í sér aukna hættu á viðskiptastríði milli þessara blokka. Auðvitað þekkja menn þetta vel úr glímum Evrópusambandsins og Ameríkumanna og út af fyrir sig einnig af deilum Bandaríkjamanna og Japana, sem í vaxandi mæli eru fulltrúar fyrir hvor sína viðskiptablokkina. Það hefði auðvitað verið háskalegt og í raun og veru í framhaldi af þróun síðari hluta 8. og alls 9. áratugarins, sem fól í sér ýmsar vísbendingar um að í vændum gæti verið harðnandi stríð milli þessara blokka, ef engin niðurstaða hefði náðst eða hún hefði runnið út í sandinn. Það er hreyfing í gangi til að auka innbyrðis viðskipti á meginlöndunum, ekki bara í Evrópu, sem mönnum hér er tamt að líta fyrst og fremst til, heldur líka í Ameríku allri og við Kyrrahafið, bæði í vaxandi viðskiptaveldum í norðanverðri Asíu og eins á öllu Kyrrahafssvæðinu með Indónesíu, Filippseyjum og Eyjaálfu meðtalinni.

Þannig að í fyrsta lagi held ég, virðulegur forseti, að það sé ekki vafi á því að þessi niðurstaða er mikilvæg í þessu samhengi. Hún dregur tvímælalaust úr hættunni á því að þessi blokkamyndun ágerist. Ríki sjá að þeim er ekki jafnmikil hætta búin þó þau standi sjálfstætt í viðskiptalegu tilliti vegna Úrúgvæ-niðurstöðunnar en ella hefði verið. Það getur haft áhrif í þá átt að þau velji frekar að halda sjálfstæðri stöðu sinni í viðskiptalegu tilliti heldur en að gerast aðilar að tollabandalögum. Þetta getur til að mynda haft heilmikil áhrif á það hvaða stöðu, svo dæmi sé tekið, ríki í Suður-Ameríku velja sér í viðskiptalegu tilliti á komandi árum. Einnig má heimfæra þetta upp á vaxandi viðskiptaveldi í Suðaustur-Asíu.

Í öðru lagi held ég að það sé mikilvægt að með samningnum koma undir alþjóðlegar viðskiptareglur ýmis svið sem áður hafa legið þar alveg út undan. Þar hefur náttúrlega verið mest rætt um landbúnaðinn, af eðlilegri ástæðu svo sem, en ég held að það sé ekki síður mikilvægt að þarna koma þjónustuviðskipti, viðskipti með hugbúnað og vörur eins og til að mynda vefnaðarvörur eða textílvörur komast nú í fyrsta skipti inn undir þau ákvæði alþjóðlegra tollasamninga sem hér um ræðir og fjalla um vöruviðskipti. Það er eitt svið þar sem þróunarlöndin og ýmis til að mynda Asíulönd hafa sótt á um að komast á markað með ódýrari framleiðslu en hin iðnvæddu ríki hafa framleitt, en alls konar girðingar, magnkvótar og tollar hafa staðið í veginum. Þannig að til að mynda það að að lokum tókst að ná samkomulagi um þátt textílvörunnar inn í þessa samninga er mikilvægt í þessu samhengi.

Það var merkilegt að hér á Íslandi var kannski af skiljanlegum ástæðum sárasjaldan á þennan þátt málsins minnst, en þeir sem fylgdust með samningnum á alþjóðlegum vettvangi vissu að þetta var stór ásteitingarsteinn um langt skeið ekkert síður en til að mynda viðskipti með landbúnaðarvörur.

Í þriðja lagi nefni ég landbúnaðinn og þau áhrif sem samningurinn kann að hafa og ég tek það fram, kann að hafa, í því sambandi að auka mögulegan aðgang þróunarríkja með landbúnaðarframleiðslu sína á markað hinna betur megandi þjóða. Verði það niðurstaðan og þróunin í þá átt að þar opnist möguleikar fyrir þá

framleiðslu sem er uppistaðan í landsframleiðslu langflestra þróunarríkja, þ.e. landbúnaðarvörur eða matvæli, þá getur það vissulega haft umtalsverð áhrif til góðs. Staðreyndin er náttúrlega sú að þróunarlöndin, þriðja heims ríkin, eru að yfirgnæfandi meiri hluta til fyrst og fremst matvælaframleiðsluþjóðir og landbúnaðarlönd. Þannig að þau hafa í sjálfu sér ekki svo mikið annað að bjóða inn á heimsmarkaðinn heldur en einhverja umframframleiðslu á því sviði, ef hún er þá fyrir hendi. Ég mun aðeins koma að því síðar.

Þetta þrennt, hæstv. forseti, tel ég vera samningnum til tekna og gera það að verkum að hann er þrátt fyrir allt, svo langt sem það nær, skref fram á við. En ég hef líka mikla fyrirvara á um þennan samning og það er langt í frá að niðurstaða hans sé í öllum efnum sú sem ég hefði viljað sjá gerast í alþjóðaviðskiptum um þessar mundir og það hef ég svo sem áður látið koma fram. Ég hef þar mjög marga fyrirvara og ég set þar efst á blað það sem áður hefur verið nefnt hér og reyndar gerð ágæt skil af öðrum ræðumönnum, þ.e. umhverfismálin.

Það er ekki hægt að neita því að sjálfur grundvöllur þessa samnings er í eðli sínu tiltölulega nakinn kapítalismi, tiltölulega nakin auðhyggja af því tagi að þeir sem best mega sín í viðskiptum eigi að fá að njóta þess og þeim eigi að standa allar dyr opnar með sín fjármagnsumsvif og sína framleiðslu um alla heimsbyggðina. Þetta sjónarmið gengur auðvitað þvert á áhyggjur manna af umhverfi jarðarinnar og því álagi sem núverandi umsvif, núverandi efnahagsumsvif í heiminum valda á auðlindirnar, svo ekki sé talað um þann vöxt efnahagsumsvifa sem spáð er að samningurinn hafi í för með sér.

Ég verð að segja það alveg eins og er að ég hef nú alla tíð verið hrifinn af gamla Keynes sem sagði á einhverjum stað að hann teldi það nú farsælast fyrir mannkynið að ullin væri spunnin heima alls staðar þar sem kostur væri. (**Gripið fram í:** Keynes?) Já, gamli Keynes sagði þetta: Let wool be homespun where ever possible, held ég að hann hafi sagt gamli maðurinn á sínu eigin máli, með leyfi forseta. Ég þýði þetta nú svona, að ullin sé spunnin heima. Með öðrum orðum, að menn ástundi það sem á íslensku hefur verið prófað að kalla heimaöflun í eins ríkum mæli og kostur er. Það er líka til annað íslenskt máltæki um þetta sem segir að hollur sé heimafenginn baggi. Gæti það ekki farið svo að fátt mundi nú reynast sannara í glímu mannkynsins við umhverfisvána heldur en einmitt þessi fornu spakmæli, að hollur sé heimafenginn baggi. Og af hverju? (**Gripið fram í:** Sjálfsþurftarbúskapur.) Sjálfsþurftarbúskapur, sjálfbær búskapur. Sjálfbær þróun heitir það sem í mikilli skýrslu, kenndri við góða vinkonu okkar Íslendinga, Gro Harlem Brundtland, var þýtt yfir á íslenskuna sjálfbær þróun mannkyns, selfsustainable development, svo aftur sé nú slett hér.

Hvers vegna, hæstv. utanrrh., gæti það farið svo að þetta mundi þegar upp væri staðið skipta kannski sköpum um möguleika mannkynsins til að glíma við þessi umhverfisvandamál og þó ekki sé nema bara að brauðfæða sjálft sig á komandi áratugum og það er ærinn hausverkur að sjá fram úr því eins og fjölgunin er? Jú, það er auðvitað vegna þess að hið alþjóðlega viðskiptakerfi, allir flutningarnir, öll orkueyðslan sem felst í þeim gífurlegu flutningum, t.d. á neysluvörum fram og til baka um heiminn, er að stórum hluta til hægt að leysa með öðrum hætti með því að nota heimafengna framleiðslu. Þetta veldur auðvitað gífurlegu álagi á auðlindir jarðarinnar. Hið alþjóðlega flutningakerfi, það kostar gífurlega orku að reka það, skip, flugvélar, lestir og það dótarí er að kriss-krossa um meginlönd, álfur og höf og loft, að flytja vörur fram og til baka. Japönsk sjónvörp til Bandaríkjanna og bandarísk sjónvörp til Japans o.s.frv. Frá umhverfislegu sjónarmiði séð og út af fyrir sig einnig efnahagslegu, þá er nú ekki alltaf mikil skynsemi í því. Er það? Ég held að þeir tímar séu bara liðnir að menn geti skellt skollaeyrum við þeim alvarlegu hættum sem við stöndum frammi fyrir í sambandi við álag á auðlindir jarðarinnar. Ef við eigum að hafa einhverja minnstu von um að sex, átta og síðan tíu milljarðar manna geti lifað hér á jörðinni sómasamlegu lífi þegar kemur nokkra áratugi inn á næstu öld þá verða menn að brjóta odd af oflæti sínu og horfast í augu við þessi vandamál.

Hugsun sem gengur út á það eitt að auka blint hagvöxt og heimsviðskipti, án þess að taka á þessum málum, hún er ekki sjálfbær, hún gengur í raun og veru ekki upp í því nýja samhengi sem við verðum að skoða hlutina í. Nú er ekki þar með sagt að það sé skynsamlegt að snúast algerlega gegn aukinni sérhæfingu og verkaskiptingu í framleiðslu í heiminum. Það er ekki svo. Ég held að flestir hugsandi menn sjái að í því eru líka fólgnir heilmiklir möguleikar til þess að gera hlutina með hagkvæmari hætti heldur en ella væri fyrir mannkynið. En að setja því ekki til að mynda einhverjar skorður að svona einfaldari daglegar neysluvörur, það sé ekki í einhverjum mæli haft að leiðarljósi að þær séu heimatilbúnar, það held ég að sé ákaflega óskynsamlegt. Ég held að það eigi að minnsta kosti að miða að því að menn rækti sín hrísgrjón og spinni sína ull og byggi sín hús og leggi sína vegi sem allra mest sjálfir og það sé þá frekar þegar kemur upp í háþróaðri framleiðslu og hluti sem krefjast eðli málsins samkvæmt meiri sérhæfingar sem heimsviðskiptin taki við.

Við skulum líka ekki gleyma því að í raun og veru er það svo að það er aðeins um fjórðungur mannkyns sem er eiginlegir þátttakendur í þessum heimsviðskiptum, þrír fjórðu hlutar mannkyns taka alls ekki þátt í þeim. Af hverju er það? Það er af því að þeir hafa ekki efni á því. Þeir hafa hvorki neitt til að kaupa með né selja. (**Gripið fram í:** Við njótum hráefna þeirra.) Já, og kaupum þau ódýrt, hv. þm., á svívirðilega lágu verði. Það er akkúrat það sem ég ætlaði að koma að. Þessi samningur hróflar ekki við því misrétti, ekki spönn. Þessi samningur, því miður, festir í sessi áfram inn í framtíðina í grófum dráttum óbreytta skipan heimsviðskipta hvað þetta snertir. Auðvitað er það staðreyndin að með hann er bullandi óánægja í mestöllum þriðja heiminum og hjá þriðjaheimsríkjum. Þau lönd eru bara ekki í samningsstöðu. Þau voru ekki með

á lokuðum fundum þegar Evrópusambandið og Bandaríkjamenn voru að leysa sín deilumál. Þau tóku ekki þátt í samningaviðræðum Japans og Bandaríkjamanna um viðskiptamál þeirra risa o.s.frv.

Þá kem ég að hinu, hæstv. forseti, sem ég hef aðallega fyrirvara við um þennan samning, fyrir utan umhverfismálin og það er þetta: Þessi samningur er í raun og veru áframhaldandi uppgjöf gagnvart því að taka á þessum ósanngjörnu skiptum í viðskiptum iðnvædda heimsins og þróunarríkjanna. Hann gerir hlutina ekkert verri, ég viðurkenni það, en hann gerir þá heldur ekki betri svo neinu nemur. Og þessi veika von sem felst kannski í því að taka hluti eins og textílvörur og landbúnaðarvörur inn undir þessi fríverslunarákvæði og opna í vissum mæli upp markaðinn, ég óttast því miður að hún muni ekki nýtast þróunrríkjunum nema í mjög litlum mæli og alls ekki þeim verst settu því miður. Alls ekki. Jú, þau eiga möguleikana, segja menn, en þau eru bara ekki í færum til að nýta sér þá. Eina ástæðan strax er náttúrlega sú að mjög mörg þróunarlönd sem fyrir 10 eða 15 árum hefðu getað flutt út matvæli geta það ekki lengur. Þau eru orðin innflytjendur á matvælum í stórum stíl, þar á meðal nánast öll Afríkulönd og fjölmenn ríki í Asíu og Suður-Ameríku eru að verða þannig stödd. Þau munu þar af leiðandi ekki njóta mikilla nýrra markaða fyrir landbúnaðarvörur eða hvað? Nei. Þau flytja inn matvæli og hvaða áhrif hefur þá samningurinn fyrsta kastið á þeirra viðskiptareikning? Hann eykur viðskiptahallann vegna þess að heimsmarkaðsverð í viðskiptum með matvæli fer hækkandi í kjölfar samningsins og innflutningurinn verður dýrari fyrir þau lönd sem hafa á síðustu 10–20 árum horfið úr hópi útflytjenda og orðið innflytjendur á matvælum. Það á því miður við um fjölmörg þróunarríki þannig að ekki er myndin björt hvað þetta snertir.

Í sambandi við þessa framleiðendur er það fyrst og fremst markmiðið hjá öllum að komast inn á markaðina hjá hinum velmegandi löndum, þeim ríkjum sem hafa mikinn kaupmátt og geta borgað hátt verð fyrir vöruna. Þess vegna eru það matvælamarkaðir eins og í Sviss og út af fyrir sig á Íslandi, Kanada, Austurríki og víðar sem eru litnir hýru auga af hinum stóru útflytjendum af því að þar hafa menn mikla kaupgetu og geta borgað hátt verð og það var markmið að brjóta niður vernd slíkra ríkja gegn innflutningi sem stóru matvælaútflytjendurnir voru að reyna að beita sér fyrir. Það er í grófum dráttum óviðkomandi þróunarlöndunum.

Staðreyndin er sú, eins og kom eiginlega inn í umræðuna í frammíkalli áðan, að gamla svikamyllan er bara í gangi og hún hefur ekkert verið aftengd. Þessi gamla góða svikamylla nýlenduveldanna að kaupa hráefni frá vanþróuðum ríkjum á lágu verði til sín, til virðisauka, og hirða allan þann gjaldeyri til baka með einhverjum útflutningi á unnum og háþróuðum vörum þegar þar að kemur. Þessi gamla góða svikamylla er í fullu gildi og þessi GATT-samningur hróflar ekkert við henni, ekki nokkurn skapaðan hlut. Í árdaga viðræðnanna reyndu þróunarríkin að koma sjónarmiðum af þessu tagi inn í umræðuna eins og t.d. að það yrði að setja lágmarksverð á viðskipti með hráefni og það yrði að tryggja einhver lífvænleg kjör fyrir þau ríki sem fyrst og fremst sitja föst í því hlutverki að vera hráefnisútflytjendur fyrir iðnframleiðslu og fullvinnslu í hinum þróuðu löndum. Það er ekkert slíkt í textunum. Það fór allt út af borðinu. Að lokum varð þetta niðurstaða sem risarnir innsigluðu á lokuðum fundum sín í milli. Það urðu m.a. örlög ræðumanns að eyða nokkrum dögum af lífi sínu í það að fylgjast með þessari vitleysu fyrir nokkrum árum. Það fór heil vika í það að fylgjast með árangurslausum fundum í Brussel í byrjun desember 1990. Og það var lærdómsríkt fyrir ýmissa hluta sakir að kynnast því svona innan frá hvernig þessir hlutir gengu fyrir sig og eftir hvaða lögmálum og brautum þeir ganga á bak við hin lokuðu tjöld fundanna í græna herberginu. Þegar þangað er komið þá eru allir aðrir en fáeinir útvaldir úr hópi vestrænna og þróaðra ríkja farnir frá borðinu og eftir sitja hópar slíkra sem eru að glíma sín í milli um sín mikilvægu hagsmunamál. Svo lýðræðislegt og huggulegt er þetta nú.

Ég skal hins vegar viðurkenna það að í þessu samhengi skiptir aðild ríkjanna að Alþjóðaviðskiptastofnuninni nokkru máli og þær vonir sem við gætum bundið við að aðildin þar nýttist mönnum í einhverjum mæli á komandi árum til þess að rétta sinn hlut. En óskaplega er það nú einhvern veginn veikt í mínum huga sem í því er fólgið.

Sömuleiðis var lærdómsríkt að kynnast því, hæstv. forseti, hvernig aðilar eins og Evrópusambandið ráku sína sérhagsmuni í þessum efnum af fullkomnum fantaskap og veigruðu sér ekkert við því að halda allri heimsbyggðinni, ef svo má að orði komast, núna um jólaleytið uppi árum saman vegna sinna sérkrafna. Bandaríkjamenn voru ekkert hótinu skárri nema þeir eru flinkari áróðursmenn og unnu alltaf áróðursstríðið og fjölmiðlastríðið en Evrópusambandið tapaði, sat uppi með þann vonda og ljóta stimpil að það væri að passa upp á einhverja bændur í Ölpunum og væri svona þversum vegna þess á sama tíma og Bandaríkjamenn héldu kannski öllu í uppnámi vegna sérhagsmuna sinna í skipasmíðum eða einhverjum öðru slíku og komust upp með það án þess að nokkurn tíma væri um það talað. Þannig er nú það, hæstv. forseti.

Það hefur mikið verið rætt um það hér uppi á Íslandi að þegar Úrúgvæ-lota GATT-samninganna gangi í gildi þá muni matvælaverð lækka. Ég hef ekki almennilega áttað mig á því hvers vegna þessi umræða hefur verið rekin á þeim nótum sem hún er og kannski er það hæstv. utanrrh. og flokkur hans sem bera nokkra ábyrgð á því að samningur sem gagngert er þannig úr garði gerður að hann gerir ráð fyrir a.m.k. 30–40% hækkun á heimsmarkaðsverði með matvörur er seldur mönnum uppi á Íslandi af þessum miklu áróðursmönnum, hæstv. utanrrh. og hans mönnum, sem alveg sérstakt innlegg í það að lækka matvöruverð. Það er mjög sérkennilegt að snúa hlutunum þannig á haus.

En hvað er það nú sem felst í þessum samningi? Það er það að út á þann markaðsgang sem ríkin eiga

að veita fyrir sínar vörur þá er þeim gert að draga úr stuðningi við landbúnaðinn, draga úr niðurgreiðslum, draga úr útflutningsuppbótum, um verulegar fjárhæðir. Og þegar hvort tveggja gerist að menn draga úr innanlandsstuðningi við landbúnað, t.d. í Bandaríkjunum þar sem mestu máli skipta niðurgreiðslur á korni, og svo til viðbótar úr útflutningsuppbótum hvað getur annað gerst en heimsmarkaðsverðið hækki? Og kornverðið í heimsviðskiptum er í raun og veru gullmyntfótur landbúnaðarframleiðslunnar í heiminum í þeim skilningi að það setur verðið á matvælunum. Allt hvítt kjöt, brauð og annað því um líkt sem byggir á korninu verðleggst í framhaldi af heimsmarkaðsverði á korni. Það er alveg ljóst að niðurgreiðslur og styrkir til kornframleiðenda í Bandaríkjunum eru sú breyta í heimsviðskiptum með landbúnað sem langmestu máli skiptir. Og þar er staðan sú að það á að draga úr innanlandsstuðningi um 20% í jöfnum áföngum á sex árum og það á að draga úr útflutningsstyrkjum um 36%. Hvernig getur þetta haft annað í för með sér en umtalsverða hækkun á þessum vörum? Það er alveg borin von annað.

Út af fyrir sig er það rétt að við Íslendingar ættum a.m.k. tímabundið þann kost að hleypa niðurgreiddum og styrktum innflutningi á búvörum inn í landið án nokkurra tolla þannig að almenningur ætti þess kost a.m.k. tímabundið að kaupa ódýrari vöru en innlendri framleiðslu næmi. En það yrði ekki til hagsbóta Íslendingum sjálfum þegar upp er staðið að mínu mati og þegar til kæmi það atvinnuleysi sem í kjölfarið mundi sigla og hrun innlendrar framleiðslu. Síðan færi heimsmarkaðsverðið á næstu árum hækkandi þannig að innan kannski 5–10 ára væru menn engu betur settir að öðru leyti en því að þeir hefðu tapað einni atvinnugrein út úr landinu. Ég leyfi mér að minna á það að þó að framleiðslugeta heimsins á matvælum sé í augnablikinu mikil, a.m.k. hinna iðnvæddu ríkja, og þar sé svæfð og geymd ákveðin framleiðslugeta í formi akurlendis sem hefur verið tekið úr notkun o.s.frv., þá er þörfin að vaxa, fólkinu að fjölga og augljóst mál að sú tímabundna umframframleiðsla kannski upp á 2–3% að magni til af heimsframleiðslu sem hefur valdið hinu lága verði getur horfið og hvar standa menn þá? Þá geta menn þess vegna fengið á skömmum tíma ígildi olíukreppu í matvælum. Það er ekkert sem segir að matvælaverðið geti þá ekki á skömmum tíma hækkað um hundruð prósentna eins og olíuverðið gerði á sínum tíma af því að matvælin eru af mörgum ástæðum í eðli sínu takmörkuð framleiðsluvara þó að þau séu vonandi ekki tæmanleg með sama hætti og hið brennanlega eldsneyti.

Það er augljóst mál að umhverfismálin setja æ meira mark sitt á það svigrúm sem landbúnaður hefur til framleiðslu. Það nægir að taka Holland þar sem búið er að taka úr notkun upp undir 20% af landbúnaðarlandi af umhverfisástæðum og sama er að gerast í fleiri þéttbýlum löndum. Þetta hlýtur að koma til með að hafa heilmikil áhrif á framleiðslugetuna og verð á komandi árum að svo miklu leyti sem lögmál framboðs og eftirspurnar spilar þar eitthvað inn í og það er ekki síst hugsunin að þau ráði meiru í heimsviðskiptum með búvörur á komandi árum. Þetta held ég að menn ættu að hugleiða og gleypa ekki þennan samning hráan sem eitthvert töfraorð og lausn alls þess vanda sem við er að glíma. Hann er að mínu mati, eins og ég hef sagt, þrátt fyrir allt skref í rétta átt á þeim sviðum sem hann tekur til og svo langt sem hann nær en það vantar líka ýmislegt í hann til þess að hægt sé að segja að hann svari öllum vandamálum líðandi stundar og þeim sem við stöndum frammi fyrir.

Þá, hæstv. forseti, aðeins að því sem að okkur hér heima fyrir snýr. Það er alveg ljóst að af hálfu hæstv. ríkisstjórnar hefur verið staðið hraklega að undirbúningi þessa máls, skammarlega. Það er bara áframhald og viðbót við það hneyksli sem öll framganga þessarar ríkisstjórnar hefur verið í málefnum landbúnaðarins hvað þetta snertir. Og þá ekki síst að allt sem lýtur að samskiptum stjórnarflokkanna á því sviði er búið að vera einn farsi og ein della frá upphafi þannig að ríkisstjórnin hefur ekki verið starfhæf með neinum eðlilegum hætti í þeim efnum. Þessi langavitleysa um það hvernig gengið væri frá málefnum landbúnaðarins gagnvart alþjóðlegum samningum, EES og síðan GATT, er fræg að miklum endemum. Enn er þannig að þessu staðið að heilt ár hefur farið í súginn frá því að forsrh. skipaði starfsnefnd snemma á þessu ári, líklega í febrúarmánuði sl., sem engu hefur skilað því að nú verður að afgreiða málið hér þannig að utanrmn. bjargar því í horn, hysjar buxurnar upp um hæstv. utanrrh. og bjargar því í horn að það er hægt að afgreiða samninginn fyrir áramót. Það er ekki undirbúningur ríkisstjórnarinnar, það er ekki texti frá hæstv. utanrrh. eða hæstv. forsrh. sem leysir þetta mál í gegnum þingið. Ó, nei. Það er vinna í utanrmn. sem bjargar því í horn að hægt sé að afgreiða þetta. Ég spurði hæstv. utanrrh. í tvígang eftir því í haust, fyrst í október og svo í nóvember, hvernig þessum undirbúningi miðaði og hvort væri virkilega ekki ætlunin að Íslendingar reyndu að manna sig upp í það að hafa tilbúna löggjöf og útfærslu gagnvart tollskrá og öðru slíku eins og aðrar þjóðir hafa gert. Og utanrrh. bar sig þá mannalega, a.m.k. í hið fyrra skiptið, og taldi að þetta liti þokkalega vel út. En niðurstaðan er hrein hörmung. Og það er rangt að að þessu leyti til sé verið að gera þetta eins á Íslandi og í öðrum löndum vegna þess að þó að Norðmenn fullgildi samninginn með þingsályktun þó að þeir hafi ekki að öllu leyti gengið frá málum í löggjöf þá liggja fyrir til að mynda algerlega útfærðar tillögur gagnvart tollskrá og jöfnunargildum í Noregi sem ég hef séð og skoðað, svona þykk bók. Ef við hefðum eitthvað slíkt í höndunum þá stæði málið öðruvísi þó að e.t.v. ætti eftir að taka lagatextann hvað varðar tollalög, búvörulög og annað slíkt í gegn en það vantar þennan bakgrunn málsins plús breytingar á löggjöf. Og þegar svo kemur ræfilslegur texti frá ríkisstjórninni eða nefnd ráðuneyta þá er hann ónothæfur. Honum er hent lið fyrir lið, orð fyrir orð, kommu fyrir kommu og saminn nýr texti í utanrmn. og það er á grundvelli þess texta sem þetta mál er að líkindum að bjargast hér í gegn fyrir áramót. Auðvitað er þetta al-

veg hrikaleg niðurstaða, þvílík niðurlæging og sneypa fyrir hæstv. utanrrh. og hæstv. ríkisstjórn að engu tali tekur.

Ég vil svo gera lítillega að umtalsefni annað sem ég hef svolítið undrast, hæstv. forseti, og undrast þó satt best að segja ekki, hæstv. forseti, því ýmsu er maður nú orðinn vanur, en það er að utanrrh. fer að mínu viti, mjög offari í því þegar hann er að túlka ávinninga okkar Íslendinga af þessu GATT-samkomulagi. Ég hef til að mynda tekið eftir því að það er fjallað mjög belgingslega t.d. um það hvað við Íslendingar séum að fá miklar tollalækkanir á útflutningi til Bandaríkjanna. Það hefur mátt skilja stundum á hæstv. utanrrh. að það séu að verða alveg stórtíðindi í sambandi við tollalækkanir á okkar mikilvægustu útflutningsvörum til Bandaríkjanna. Ég fór að athuga þetta svolítið um daginn og er þetta svo? Eru að gerast þarna einhver stór undur? Það er svo hlálegt mál þegar betur er að gáð að það tekur engu tali. Staðreyndin er sú að við Íslendingar höfum notið upp á síðkastið nánast algers tollfrelsis fyrir okkar mikilvægustu útflutningsvörur til Bandaríkjanna. Hver er meðaltollur á íslenskum útflutningi til Bandaríkjanna? (**Utanrrh.:** 0,7%.) 0,7%, rétt, hæstv. utanrrh. Það er nú líklegt að það séu innstæður fyrir því að segja að í vændum séu einhver gífurleg tímamót hvað varðar það að við séum að fá stórkostlegar tollalækkanir inn á Bandaríkin og þess vegna verði að afgreiða þetta fyrir áramót o.s.frv. o.s.frv. bla, bla, bla. Það er nú aldeilis ekki svo. Því það hlálegasta af öllu saman er að tollastofnun Bandaríkjanna hefur mjög nýlega ákveðið — hvað? Að hún nenni ekki lengur að innheimta þetta smáræði, það svari ekki kostnaði. Og ég hef hér skjal þar sem það kemur fram að tollarnir sem þetta varði séu 4,134 cent á kg sem er fastur tollur á vissar fiskafurðir og verður náttúrlega þeim mun minni sem verðmæti vörunnar á einingu er hærra. Og síðan segir í þessu skjali, með leyfi forseta:

„Bandaríska tollastofnunin ákvað nýlega að það kosti meira að innheimta og stjórna innheimtunni og hefur því ákveðið að fella hann niður."

Það er öll ósköpin sem utanrrh. hefur belgt sig yfir. Það eru leifar af tollum sem eru orðnar svo lágir að tollastofnun Bandaríkjanna ákvað að það svaraði ekki kostnaði að innheimta þá og felldi þá niður fyrir GATT. Hvað er þá að lækka, hæstv. utanrrh.? Tolla sem er búið að fella niður? Nei. Þetta er fengið þannig að það er talað um tollbindingarnar og það er sagt að þær séu að lækka svona mikið, 99% eða hvað það nú er. Jú, jú. En það eru tollbindingar sem hafa ekki verið nýttar árum saman.

Þetta er nú málflutningur af því tagi að ég held að það jaðri við blekkingastarfsemi að stilla málum svona upp. Og ætli það sé ekki víðar þegar farið væri yfir þetta. Ég skal játa það að ég þekki það ekki eins og ég ekki lagt í það vinnu að fara yfir það hver sé munurinn annars vegar á tollbindingum gagnvart löndum eins og Kanada, Japan, Suður-Kóreu og öðrum slíkum sem nefnd hafa verið í þetta samhengi og hins vegar raun-tollunum. En mér býður svo í grun að þegar upp er staðið sé þetta tiltölulega léttvægt og upphæðirnar í raun og veru hverfandi lágar.

Það er að vísu alveg rétt að einstaka framleiðsluvörur eins og t.d. unnar ullarvörur hafa verið með nokkra tolla inn á Bandaríkin og þeir lækka við gildistöku samningsins. Það er gott og það er vel og allt í lagi að tíunda það og halda því til haga, en gera úr því stórmál í sambandi við afgreiðslu þessa samnings er broslegt og segir mér bara það að menn hafa orðið af litlu að má þegar þeir grípa til slíkra hálmstráa. Að blása sig út út af tollalækkunum inn á Bandaríkin sem bandaríska tollastofnunin er hætt að nenna að innheimta. Það er allt og sumt. Það er betra en ekkert og allt er hey í harðindum eins og sagt var svo að enn sé nú tekinn upp einn gamall og góður íslenskur málsháttur: Allt er hey í harðindum og hollur er heimafenginn baggi. Það held ég að séu ágætis einkunnarorð í þessu sambandi. (Gripið fram í.) Já, það skyldi enginn lasta Keynes gamla, hann hafði margt fyrir sér, sá vísi maður.

Hæstv. forseti. Ég ætla þá ekki að hafa um þetta öllu fleiri orð. Ég endurtek það að ég tel betra en ekki að þessi niðurstaða náðist og auðvitað er rétt og skylt svona undir áramót að vera í góðu skapi og bjartsýnn á lífið og tilveruna og við skulum vona að hin nýja alþjóðlega viðskiptastofnun sem stóð nú til að setja á fót strax eftir seinni heimsstyrjöld og átti að vera ein af þremur meginstoðum viðskipta og reglu í heimsviðskiptunun ásamt með Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og Alþjóðabankanum, komst aldrei á laggirnar, varð aldrei annað en tollasamningur eins og GATT hefur verið fram að þessu. Hún er nú að líta dagsins ljós eftir nokkra daga vonandi og eigum við ekki að óska henni alls góðs og vona að hún geti haft heillavænleg áhrif á þróun heimsviðskiptanna. En hennar bíður svo sannarlega ærið verkefni og það sem maður kannski hefði helst viljað, ég segi a.m.k. fyrir mitt leyti að ég hefði helst viljað sjá vera að gerast í helstu viðskiptunum um þessar mundir að menn væru raunverulega að rétta hlut þróunarríkjanna og taka á því mikla misrétti sem er í raun innbyggt í heimsviðskiptakerfið í dag. Því er því miður ekkert að miða fram á veginn og það er dapurlegt.

Hvað okkur Íslendinga sjálfa snertir þá höfum við auðvitað að miklu leyti í okkar höndum hvernig okkur vegnar í þessu sambandi. Nú tel ég út af fyrir sig að eftir því sem þær heimildir eru sem við höfum þá eigi að vera hægt að nýta þær skynsamlega til þess að standa vörð um innlenda framleiðslu og varna því að innlendar atvinnugreinar líði undir lok vegna ósanngjarnar samkeppni. Það þarf auðvitað að fara með þær heimildir af hófsemi en jafnframt skynsemi og það hlýtur að vera markmið og keppikefli að viðhalda hér fjölbreytilegri starfsemi og að við séum að sem mestu leyti sjálfum okkur næg um mikilvægustu lífsnauðsynjar þjóðarinnar. Ég vona að mönnum takist að nýta þessar heimildir þannig að það gangi eftir.

Útbýting þingskjala:

Húsnæðisstofnun ríkisins, 338. mál, stjfrv., þskj. 535.

Neyðarsímsvörun, 335. mál, stjfrv., þskj. 532.

Varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, 339. mál, stjfrv., þskj. 536.

[15:42]

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Eins og málsskjöl bera með sér fjallaði landbn. um afgreiðslu þáltill. sem hér er til umræðu og hafði reyndar nokkurt samstarf við hv. utanrmn. um afgreiðslu þessa máls. Ég hlýt að þakka utanrmn. fyrir það samstarf og þá niðurstöðu sem hér hefur fengist um leið og ég þakka landbúnaðarnefndarmönnum fyrir gott samstarf við afgreiðslu þessa máls. Mér þykir rétt að vekja athygli á því að undir bréf landbn. hafa nefndarmenn allir skrifað sem viðstaddir voru. Það hefur reyndar fallið niður nafn hv. þm. Einars K. Guðfinnssonar sem ég vona að verði bætt úr við frekari meðhöndlun þessa þingplaggs í þinginu. Hann fór yfir þetta mál að landbúnaðarnefndarfundi loknum og tjáði sig samþykkan því.

Ég vek athygli á því sem kemur fram í textanum, sérstaklega þar sem segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Hyggja ber sérstaklega að því að landbúnaðurinn fái ráðrúm til að aðlagast þeim breytingum, annað mundi leiða til ófarnaðar." Og enn fremur: „Jafnframt er vakin athygli á að í GATT-samningnum felast sóknarfæri fyrir íslenskan landbúnað sem mikilvægt er fyrir Íslendinga að leggja rækt við."

Þetta eru að sjálfsögðu mikil grundvallaratriði og afar þýðingarmikið að þau séu áréttuð við umræður á Alþingi og skuli vera hér með þessum áherslum fylgiplagg með afgreiðslu utanrmn.

Það hlýtur líka að vera afar þýðingarmikið og ber að fagna þeirri samstöðu sem hefur náðst um afgreiðslu þessa máls í þinginu og hefur það eitt út af fyrir sig mjög sannfærandi niðurstöðu í för með sér. Og einmitt sú niðurstaða er afar trúverðug, m.a. gagnvart landbúnaðinum, bændum landsins, og styrkir náttúrlega þessa niðurstöðu gífurlega mikið.

Hér hafa menn talað nokkuð um það að æskilegra hefði verið að frumvörp að nýrri löggjöf lægju fyrir þegar þessi ákvörðun er tekin. Það má kannski til sanns vegar færa að það hefði verið betri kostur en ég sé ekki að það skipti neinu sérstöku máli í þessum efnum. Afstaða Alþingis liggur fyrir og ég sé ýmsa kosti í því að í framhaldsumræðuna, sem hlýtur að verða í þjóðfélaginu, m.a. í landbúnaðinum, hafi menn tök á að leggja sín ráð og sínar áherslur. Það tel ég afar þýðingarmikið nú þegar fyrir liggur að niðurstaða hefur verið fengin í afstöðu Íslendinga til GATT-málsins. Ég sé ekki að það breyti svo miklu hvort heldur menn ganga frá löggjöfinni aðeins fyrr eða aðeins síðar.

Hér hafa ýmsir hv. þm. líka verið að tala um það í þessum ræðustóli að ekkert hafi í raun verið aðhafst í þessum málum. Ég held að það sé reyndar mikill misskilningur og meira að segja vill nú svo til að sá búvörusamningur sem í gildi er og landbúnaðarmálin hafa þróast eftir þetta kjörtímabil tekur æðimikið mið af því sem menn álitu að mundi gerast í sambandi við GATT. Og tilboð íslenskra stjórnvalda um tollígildi hafa verið staðfest og sú niðurstaða, eins og kunnugt er, liggur fyrir. Þetta eru að sjálfsögðu afar mikilvægar niðurstöður og þær eru í hendi eins og kunnugt er.

Það er líka athyglisvert að landbúnaðurinn hefur náð ýmsum grundvallaratriðum meira að segja sem ekki þurfti að uppfylla fyrr en um næstu aldamót eins og t.d. niðurfærslu á framlögum til þess atvinnuvegar og má nú kannski reyndar segja að fullharkalega hafi verið gengið fram í þeim efnum, en eigi að síður liggur þó þessi niðurstaða fyrir að þeim árangri sem krafa var um að næði fram um næstu aldamót hefur þegar verið náð.

Það má líka minna á það, ekki síst þegar verið er að tala um neytendasjónarmið og viðskipti neytenda og landbúnaðarins, að miklar verðlækkanir hafa þegar orðið á landbúnaðarafurðum á síðustu árum. Það sætir í rauninni undrun hve mikið hefur verið lagt á landbúnaðinn á síðustu árum, bæði að því er varðar samdrátt í framleiðslu og meira að segja við þær aðstæður á sér stað mikil verðlækkun á landbúnaðarvörum.

Það liggur fyrir að í kindakjötsframleiðslunni nemur þessi verðlækkun á allra síðustu árum, líklega þremur síðustu árum, um 10% og þegar litið er til aðeins lengri tíma kemur upp sama tala í sambandi við mjólkurframleiðsluna. Landbúnaðurinn hefur vissulega verið að laga sig að breyttum háttum og ég segi: Geri aðrir betur.

Að sjálfsögðu liggur fyrir að breyta löggjöfinni með tilliti til breyttra aðstæðna og ég fæ ekki séð að það sé neitt óskapaverk því að margt í íslenskri löggjöf, t.d. í búvörulögunum, tekur mið af þessum breyttu háttum. Það þarf að sjálfsögðu að breyta til á þeim vörulistum sem lögbundnir voru, listi 1 og listi 2, við síðustu breytingar á búvörulögunum. Það koma sérstaklega inn aðrar vörur í sambandi við lista 1 sem eru bannvörurnar núna, fersku kjötvörurnar og annað færist á lista 2 og trúlega fleiri vörutegundir. Fyrir liggur góður grundvöllur til þessara breytinga og eins er um annað það sem nú hefur verið staðfest að eigi að vera í vörslu landbrh. að tiltölulega auðvelt er að koma fyrir að svo miklu leyti sem það hefur ekki þegar verið gert. Það er út af fyrir sig eftirtektarvert að jöfnunargjöldin, sem eru nú lögð á og gefin hefur verið út reglugerð um, eru mjög svipuð og væntanleg tollígildi verða. Því verður ekki svo afskaplega mikil breyting í þessum efnum þegar litið er til þess sem fyrir liggur nú um þessar mundir. En þetta verk þarf auðvitað að vinna og menn hafa talað um að það muni bíða nýrrar ríkisstjórnar. Ég vil þá frekar segja að það muni bíða nýs Alþingis því að með því að samstaða um þetta mikilvæga mál hefur náðst með þessum hætti hlýtur það að verða þingsins að leiða það til lykta hverjir sem svo koma til með að stjórna landinu eftir næstu alþingiskosningar.

En vissulega þarf að huga að fleiru og ég sakna þess að það hefur ekki verið í umræðunni, a.m.k. ekki að því marki sem ég hef getað fylgst með henni hér á þessum degi. En að því þarf náttúrlega sérstaklega að huga og á því vek ég athygli í lok ræðu minnar að landbúnaður á Íslandi þarf að fá sömu kjör við að búa eins og gerist meðal annarra þjóða. Í þeim efnum stöndum við höllum fæti í samanborið við það sem

gerist erlendis. Þar á ég t.d. við græna stuðninginn eins og gjarnan er nefnt. Hann er víða og kannski víðast miklu meiri heldur en á Íslandi og mikið hagræði fyrir þá bændur í þeim löndum sem hans njóta. Auðvitað fer ekki hjá því að á það mál verði sérstaklega að líta í framhaldi af þeirri umræðu sem nú hlýtur að eiga sér stað.

Ég minni í þessum efnum t.d. á jarðræktarlögin sem hafa verið gerð að stórum hluta óvirk en fela náttúrlega í sér grundvöll að því að hægt sé að reka hér menningarbúskap. Það er að sjálfsögðu alger grundvöllur þess að ræktuninni sé haldið í eðlilegu horfi. Það er mikil niðurlæging sem felst í því að gæta þar ekki sérstaklega að. Hér er t.d. um að ræða algert grundvallaratriði að því er varðar framgang á vistvænum landbúnaði sem takmarkar áburðarnotkun en gerir aftur á móti um leið kröfu um betri og vandaðri ræktun sem skilar betri árangri. Þetta eru að sjálfsögðu grundvallaratriði og verður ekki hægt að komast hjá því að taka þau inn í umræðuna um græna geirann sem felst í GATT-samkomulaginu. Eins er um jöfnunargjöldin sem a.m.k. í fyrstunni hljóta að verða tekin upp hjá okkur og það er mál fróðra manna að einmitt jöfnunargjaldakerfi EB muni lifa áfram. Að þessu og ýmsu fleiru verða menn að hyggja til þess að gera landbúnaðinum bærilegra að taka á móti þeim breytingum sem eru fram undan. Á þetta legg ég sérstaka áherslu um leið og ég lýk hér máli mínu, virðulegi forseti.

[15:58]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Nú þegar væntanlega líður að lokum umræðunnar vil ég gjarnan nota tækifærið og lýsa mikilli ánægju minni persónulega og flokks míns með það að samstaða skuli hafa tekist með a.m.k. fjórum af fimm þingflokkum um að tryggja að Ísland eigi stofnaðild að hinni væntanlegu alþjóðaviðskiptastofnun sem tekur til starfa nú um áramótin. Ég sagði fjórir af fimm þingflokkum vegna þess að mér hefur skilist á nefndaráliti Kvennalistans að þær hyggist sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Nú þarf út af fyrir engum að koma á óvart að formaður Alþfl. og við þingmenn Alþfl. fögnum slíkri niðurstöðu. Það er ekki nýtt fyrir mönnum að Alþfl. hefur áratugum saman verið einn harðvítugsti andstæðingur haftastefnu hér innan lands og ótrauðasti talsmaður fríverslunar í viðskiptum okkar við útlönd eins og staðreyndir mála um helstu mál á því sviði staðfesta á undanförnum árum og áratugum. Það kemur þess vegna ekki á óvart með nokkru móti.

Hitt er kannski enn þá meira ánægjuefni að fulltrúar annarra stjórnmálaflokka lýsa sig jafnánægða með þessas niðurstöðu og þá tek ég undir með hv. þm. 6. þm. Suðurl. að batnandi mönnum og ég tala nú ekki um stórbatnandi mönnum er best að lifa. Þetta er ekki síst í ljósi þess að hér er um stórmál að ræða. Þótt mönnum hætti til á þessum tímum að ofnota kannski orðið söguleg ákvörðun mundi ég jafnvel leyfa mér að nota það um þessa ákvörðun einfaldlega vegna þess að áhrifin af þessari ákvörðun eiga eftir að fara vaxandi eftir því sem árin líða og þeirra mun gæta fram á næstu öld. (**HÁ:** Stutt í hana.) Já, stutt í hana, segir hv. þm., þó svona rúmlega tvö kjörtímabil eða svo, nei rúmt kjörtímabil og það er stuttur tími. En söguleg ákvörðun engu að síður og söguleg kannski í öðrum skilningi líka vegna þess að ef þetta táknar að fulltrúar þeirra stjórnmálaflokka sem hafa á undanförnum árum þrátt fyrir allt ekki talist mjög hallir undir grundvallarsjónarmið fríverslunar en eru það með þessari ákvörðun sinni þá boðar það nokkra stefnubreytingu. Ef t.d. fulltrúar þeirra flokka, sem greiddu atkvæði gegn EES-samningnum, lýsa nú ánægju sinni með þessa niðurstöðu eru það auðvitað þó nokkur pólitísk tíðindi, m.a. vegna þess sem fram kom í máli hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar, sem flutti áðan merka ræðu, að hér er að sjálfsögðu um að ræða að við færum vald til samþjóðlegrar stofnunar á viðskiptasviðinu og hér er um að ræða nýja stofnun með nýjum starfsreglum. Þetta er lagalega bindandi samningur. Þetta er stofnun með ákveðinni stjórn. Það verður samkvæmt reglunum eftirlit með því hvernig aðildarríkin halda samninginn og hvernig farið verður með hann í framkvæmd og ákveðnar starfsreglur eru um það hvernig farið skuli með lausn deilumála.

Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson sagði hér margt skynsamlegt um umhverfismál og tengsl umhverfismála og viðskipta en það er kannski einmitt þessi punktur málsins sem er þýðingarmestur að því er þetta tvennt varðar. Umhverfismál eru gjarnan nefnd sem dæmi um mál sem eru þess eðlis að þau takmarkast ekki við landamæri þjóðríkja og afleiðingar umhverfisspjalla og mengunar spyrja ekki um landamæri. Ef við viljum ráðast að rótum þeirra vandamála þá eru þau þess eðlis að þau kalla á alþjóðlegar reglur og framsal á valdi þjóðríkja í hendur alþjóðlegra stofnana, samþjóðlegra stofnana, til þess að ráða við afleiðingar slíkra mála þannig að þetta sætir nú allt saman nokkrum tíðindum. Þess vegna átti ég bágt með að skilja það t.d. hvers vegna hv. þm., formaður Alþb., sem vildi með réttu eða röngu eigna sér málið og taldi að hann að vísu með aðstoð annarra góðra manna í utanrmn. og formanns nefndarinnar hefði nánast bjargað málinu fyrir horn. Hann virtist ekki vera með miklu gleðibragði í ræðu sinni og taldi að með því að ná þessu máli fram hefði hann fyrst og fremst verið að vinna áfangasigur í heilögu stríði gegn Alþfl. Hvernig sú röksemdafærsla gengur upp er erfitt að skilja vegna þess að öllum mönnum er ljóst að ef nokkrum mönnum er þetta fagnaðarefni þá er það okkur alþýðuflokksmönnum. Það er í samræmi við málflutning okkar og stefnu okkar á undanförnum árum. Við erum baráttumenn fyrir þessu máli og þessi niðurstaða er engum kærkomnari en okkur. Það er því fjarri því að niðurstaðan sé á nokkurn máta á skjön við eða í andstöðu við sjónarmið okkar alþýðuflokksmanna.

Menn hafa vikið nokkrum orðum að því hvort það hefði skipt máli að ná þessari niðurstöðu þannig að Ísland hefði getað gerst stofnaðili og velt því fyrir sér hvaða afleiðingar það hefði haft ef afgreiðsla málsins hefði dregist. Í því efni sagði hv. þm. Steingrímur Sig-

fússon að af minni hálfu hefði verið reynt að koma á framfæri einhverjum blekkingum í því sambandi. Ég andmæli því og vísa einfaldlega til þess að allar staðreyndir um það mál hafa verið kynntar og liggja á borðum manna. En það er ástæða til að íhuga hvað hefði gerst ef Alþingi Íslendinga hefði heykst á því að taka þessa sögulegu ákvörðun. Víst er það svo að við hefðum þá ekki notið ávinnings af þeim tvíhliða tollalækkunum sem við höfum samið um. Þá segja menn: Ja, það var nú lítill akkur í því á Bandaríkjamarkaði því meðaltalstollar þar nú eru orðnir mjög lágir. Þær upplýsingar sem við byggjum á eru náttúrlega þær að við erum annars vegar að tala um tollbindingar og við erum að tala um viðmiðunarárin sem allt þetta móverk er nú á byggt. Og það er rétt, að því er Bandaríkin varðar voru tollar lágir að meðaltali. Því er hins vegar alls ekki að heilsa um mörg önnur lönd. Og það er ekki bara að við hefðum farið á mis við þann ávinning sem við sömdum um, við gerðum slíka tvíhliða samninga við nokkur Asíulönd. Margir hv. þm. hafa vakið á því athygli að þar væru vaxtarmarkaðir okkar, ekki síst fyrir fiskiðnað og fiskafurðir og tæknibúnað að því er varðar fiskvinnslu og fiskiðnað. Og það eru mjög verulegar tollalækkanir sem þar var samið um á vaxtarmörkuðum eins og í Japan, Kóreu og víðar. En þetta er þó minnsta málið í þeim heildarhagsmunum sem um var að ræða vegna þess að við njótum allra þeirra tollalækkana sem aðrar þjóðir sömdu um innbyrðis sín í milli og það eru ekki óverulegar tölur hvort heldur við mælum það í prósentum eða beinlínis í krónum og aurum.

Meginmarkmiðið á tollasviðinu að því er varðar þessa lotu GATT-umræðna var að ná niður tollum um um það bil 33%. Niðurstaðan er sú að það tókst að gera ögn betur, t.d. að því er varðar tolla fyrir iðnaðarvörur þá lækka þeir að meðaltali um 40%, líka frá tollbindingu viðmiðunarársins, það skal tekið fram. En að þetta skiptir máli sést best á því að það er áætlað að hlutur iðnvarnings sem nú bætist við á næstu árum, vegna þessara tollalækkana, á mörkuðum þróaðra ríkja geti aukist úr 20–44% að markaðshlutdeild. Þannig að það fer ekkert á milli mála að hér er verið að færa til mikil verðmæti og skapa mikil verðmæti með aukningu viðskipta, samanber þær heildartölur sem birtar hafa verið um aukningu þjóðarframleiðslunnar eða heimsþjóðarteknanna sem afleiðingu af þessu þegar allar afleiðingarnar eru komnar til skila.

Það má nefna fleira sem við hefðum orðið af. Ef við hefðum ekki gerst stofnaðilar þá hefðum við ekki getað beitt fyrir okkur þeim reglum sem felast í samningum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar til þess að verja okkar hagsmuni. Mér dettur í hug að nefna t.d. að þegar hvalveiðimál ber á góma er oft talað um að við búum við þá hótun eða eigum yfir höfði okkar þá hótun að bandarísk stjórnvöld muni beita okkur viðskiptaþvingunum og þá hafi ýmsir orðið til þess að benda á það að leiðin til þess að mæta því væri hugsanlega sú að taka það upp sem deilumál innan GATT þar sem almenna reglan er sú að ekki megi hóta viðskiptaþvingunum út af óskyldum deilumálum. Það hefðum við ekki getað gert, ef á hefði reynt, ef við hefðum ekki gerst aðilar.

Eftir sjö mánuði frá gildistöku samningsins missa þau ríki sem ekki hafa fullgilt rétt til meira að segja áheyrnaraðildar, hafa engan aðgang að gögnum eða upplýsingum. Eftir eitt ár fellur gamli GATT-samningurinn frá 1947 úr gildi, sem þýddi að Ísland mundi ekki einu sinni njóta þeirra réttinda sem við höfum nú og þá væri sannarlega orðið illt í efni. Það þýddi einfaldlega að við værum réttlausir í milliríkjaviðskiptum og varnarlausir gagnvart hugsanlegum aðgerðum annarra ríkja af hvaða tagi sem það gæti orðið.

Eftir tvö ár frá gildistöku fellur niður réttur þeirra ríkja sem eru aðilar að GATT frá 1947 til þess að gerast aðilar að Alþjóðaviðskiptastofnuninni. Eftir þann tíma hefðu þau þurft að semja um aðildina alveg sérstaklega. Það er því engum orðum aukið að það var mikið í húfi, fyrir utan það sem menn hafa sagt hér hver á fætur öðrum, þann álitshnekki sem Ísland hefði orðið fyrir ef það hefði komið á daginn að það hefði reynst okkur ofviða að taka þessa ákvörðun um að gerast stofnaðili og vera þannig í hópi þeirra ríkja sem við höfum sögulega séð átt mest samskipti við og þar er öll að finna.

Að því er varðar almenn áhrif GATT-samningsins eða stofnunar Alþjóðaviðskiptastofnunar er út af fyrir sig hægt að hafa mörg orð. Ég ætla ekki að gera það. Hér hefur umræðan því sem næst öllsömul snúist um landbúnaðarþátt samninganna. Menn hafa vísað til greinargerðar frá OECD um mat á áhrifum þessara samninga. Það mun vera fleiri en ein skýrsla frá OECD til um það efni. Mér er kunnugt um sérfræðingaskýrslu frá OECD sem metur sérstaklega áhrif landbúnaðarsamninga Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar á alþjóðaviðskipti með landbúnaðarafurðir á næstu árum. Þetta er sérfræðingaskýrsla dags. 12. des. á þessu ári og þar segir svo, með leyfi forseta, um heildarniðurstöðuna:

„Landbúnaðarsamningurinn markar alger þáttaskil. Loks hefur tekist að setja almennar lagalega bindandi reglur sem hafa stefnumarkandi áhrif á viðskipti á þessu sviði. Auk þess hafa ríkin tekið á sig sérstakar skuldbindingar í smáatriðum um það hvernig ákvæðum samningsins verður framfylgt."

Þetta er auðvitað kjarni málsins. Þótt menn hafi lengi deilt um landbúnaðarstefnu hér á landi sem annars staðar og almennt um það hvort haftastefna sé til frambúðar æskileg eða óæskileg eða verndarstefna í milliríkjaviðskiptum, ég tala nú ekki um hugmyndir manna sem boða sjálfsþurftarbúskap og kenna af einhverjum mér óskiljanlegum ástæðum við sjálfan lord Keynes. Þetta getum við allt deilt um. En það er óumdeilanlegt að þessi breyting, aðild okkar að þessari stofnun, markar algerlega þáttaskil í grundvallaratriðum þótt áhrifin af þessari ákvörðun verði þeim mun meiri sem frá líður. Í því efni skiptir ekki meginmáli, ef menn hugsa til skamms tíma, hvað hann heitir maðurinn sem situr á stól landbrh. á næstu árum vegna þess einfaldlega að það verður hlutverk hans að framfylgja þessum reglum og standa við þessar skuldbind-

ingar fyrir hönd Íslands. Í þessari skýrslu segir einnig á þessa leið:

„Árangurinn er lagalega bindandi rammi sem setur skorður við því hvernig ríki haga landbúnaðarstefnu sinni og sem mun smám saman leiða til aukins frelsis í landbúnaðarviðskiptum. Þótt skammtímaáhrif hans verði e.t.v. takmörkuð ber að skoða árangur hans í ljósi þess hver staðan væri ef ekki hefði til hans komið og það að hann snýr haftaþróuninni sem verið hefur við."

Um markaðsaðganginn segir á þessa leið: „Sá árangur að öllum viðskiptahindrunum, öðrum en tollum, verður breytt í tolla [þ.e. tollígildi] er í raun risaskref í frelsisátt. Í því felst veruleg kerfisbreyting í viðskiptum á þessu sviði og með því er verndar- eða haftakerfið sem tröllriðið hefur landbúnaðarviðskiptum fært upp á yfirborðið."

Með öðrum orðum, verndin verður gagnsærri í stað þess að vera falin í kvótum, innflutningsleyfum, bönnum, gjöldum o.s.frv. Þetta mun auðvelda samningaviðræður í framtíðinni til muna sem munu þá snúast um lækkun tolla í framhaldinu og yfirleitt að henda reiður á því í hverju höftin eru fólgin. Með þessu er að vissu marki gengið lengra en með iðnaðarvörur, m.a. vegna þess að tollar og tollígildi á öllum landbúnaðarafurðum hjá öllum aðildarríkjum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar verða bundnir, þ.e. þeir verða með hámarki sem óleyfilegt er að fara upp fyrir. Síðan segir hér:

„Sá böggull fylgir þó skammrifi að algengt er að ríki hafa reiknað tollígildi upp úr öllu valdi" — dirty tariffication, eins og það er kallað. — „Niðurskurður þeirra og annarra tolla á aðlögunartímanum á að vera 36% að meðaltali en aldrei minna en 15%. Þetta þýðir að fyrir viðkvæmustu vörurnar er niðurskurðurinn eingöngu 15%, en hærri fyrir þær sem minna máli skipta til að ná 36% meðaltalinu." — Sem er reyndar einnig tilfellið í íslenska tilboðinu. — „Þetta getur haft í för með sér að þessar tollalækkanir munu ekki hafa veruleg áhrif til aukins markaðsaðgangs fyrsta kastið." — Látum nú þetta nægja um mat á hinum almennu áhrifum þessa.

Þá langar mig að víkja að örfáum atriðum öðrum. Það er spurningin um framkvæmdina hér innan lands að því er varðar verkaskiptingu milli ráðuneyta. Það er spurningin um það hvernig við metum stöðu málsins annars vegar út frá samkeppnisstöðu landbúnaðarins og þeim áhyggjum sem sumir hafa lýst að því er varðar samkeppnisstöðu hans eða áhrif þess á hag neytenda og síðan framhald málsins að því er varðar breytingar á innlendri löggjöf. Fyrst um verkaskiptingu ráðuneyta.

Nú er það svo að það er meginreglan varðandi verkaskiptingu milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands að það er fjmrn. sem fer með tollamál og það er viðskrn. sem fer með innflutningsverslun. Þetta eru meginreglur og út af fyrir sig væri æskilegt og hreinlegast í stjórnsýslunni að halda sig við þær reglur. Allar málamiðlunarlausnir sem kalla á einhvers konar skiptingu valds eða skiptingu ábyrgðar milli ráðuneyta eru út af fyrir sig ekki heppilegar. En nú þarf ekki að orðlengja mikið um það vegna þess að það vill svo til að þetta mál, að því er varðar innflutning landbúnaðarafurða, hefur verið útkljáð með samkomulagi sem reyndar hefur verið leitt í lög. Í sambandi við þær breytingar sem gerðar voru á búvörulögunum og urðu að lögum 15. apríl 1994 þá er þetta mál útkljáð á þennan veg. Þar segir í 3. gr.:

„Landbrh. er heimilt, til þess að jafna samkeppnisstöðu innlendra og innfluttra vara, að leggja verðjöfnunargjöld á innfluttar landbúnaðarvörur sem tilgreindar eru í viðauka I og II með lögum þessum og jafnframt eru framleiddar hér á landi."

Það var ekki lítið togast á, virðulegi forseti, um þessi fáu orð sem skipta þó verulegu máli. Rökin fyrir því að hverfa frá meginreglu um verkaskiptingu ráðuneyta eru nefnilega þau að meðan landbúnaðurinn sem atvinnugrein býr við jafnmikil ríkisafskipti og framleiðslustýringu og raun ber vitni þá muni innflutningur geta haft áhrif, meiri og beinni áhrif, á afkomu hans og þess vegna sé réttlætanlegt að ákvarðanir jafnvel um verðjöfnunargjöld, sem eru í eðli sínu einhvers konar tollar, séu, a.m.k. meðan verið er að koma þessu kerfi á, í höndum landbrh. En það er ástæða til þess að leggja áherslu á það að þetta frávik frá meginreglunni um verkaskiptingu ráðuneyta sætir ákveðnum takmörkunum vegna þess að í þessum sömu lögum segir einnig:

„Við ákvörðun verðjöfnunargjalda skal ráðherra hafa sér til ráðuneytis nefnd þriggja manna. Skal einn skipaður án tilnefningar, annar af fjmrh. og hinn þriðji af viðskrh. Nefndin skal afla upplýsinga um verð sem álagning gjaldanna miðist við, en jafnframt tryggja nauðsynlegt samráð milli ráðuneyta þannig að þess sé gætt að samanlögð álagning innflutningsgjalda sé innan þeirra marka sem greinir í 6. mgr." sem er skilgreiningin á verðjöfnunargjöldum. Rísi ágreiningur í þessari nefnd, segir síðan á þá leið að þá „...skal ráðherra bera málið undir ríkisstjórn".

Þetta er nú svona nokkuð flókið og að mörgu leyti gagnrýnisvert móverk. En engu að síður, þetta varð niðurstaðan, um þetta var samið á sínum tíma milli stjórnarflokkanna og um þetta varð samstaða sem dugði til þess að þetta er fest á lögbók. Þetta eru lögin. Ég hef enga ástæðu til þess að ætla að við þetta verði ekki staðið þannig að um það mál þarf ekkert að orðlengja frekar. Það er búið að leysa það, útkljá það og lögfesta það.

Fáein orð um spurningarnar um stöðu landbúnaðar og hins vegar hag neytenda í tengslum við mat manna á þessari ákvörðun. Ég held að þeir sem hafa lýst þyngstum áhyggjum af stöðu landbúnaðarins vegna þessara breytinga þurfi ekki að hafa þær áhyggjur sem þeir lýsa. Hvers vegna ekki? Það er vegna þess að það er innbyggt í þetta kerfi um leið og það tekur til starfa að framleiðendur njóta skilgreindrar, óbreyttrar tollverndar. Þeir eiga að vera í jafnstöðu þegar kerfið byrjar og síðan á það að gerast í áföngum á sex árum að dregið verði úr þessari innflutningsvernd sem samsvarar 36% á 6 árum og er þó sveigjanleiki í því innbyrðis hvernig sú tollvernd leggst á einstakar afurðir. Það er með öðrum orðum fullt tillit til þess tekið og

það er þess vegna að mínu mati algjörlega óþarfi að vera að hafa einhver stór orð uppi um það að hér sé einhver aðför að landbúnaðinum. Það er fullt tillit tekið til þess að kerfið byrjar í jafnstöðu. Síðan geta menn hins vegar spurt: Verður það virt í framkvæmd? Ég vitnaði hér áðan í ummæli sérfræðinga OECD sem sögðu: Því miður er það svo að í upphaflegum tilboðum einstakra ríkja, sem kveða á um hámarksheimildir til tollsetningar, hafa menn í mörgum tilvikum gert sig seka um það sem heitir dirty tariffication, með öðrum orðum með því að stilla þessar hámarksheimildir, tollígildin, hátt yfir það sem raunverulegar forsendur voru til.

Þetta er það eina sem varðar framkvæmdina sem ég hygg að menn munu eðlilega skoða mjög vandlega vegna þess að ef þær hugmyndir eru uppi hjá einhverjum að nú eigi að nota tækifærið til þess að auka tollverndina langt umfram það sem staðreyndir liggja til þá er það auðvitað misnotkun. Þá er ekki verið að tala um jafnstöðu heldur er verið að tala um það að reyna misnota kerfið til þess að auka tollverndina. Það ber að varast vegna þess að með því væru menn að sýna vafasaman vilja til þess að halda þær reglur sem hér er verið að setja og í annan stað að ganga á snið við eðlilega sanngirni gagnvart sjónarmiðum neytenda.

Hver er þá hagur neytenda í þessu máli? Hverjar eru líkurnar á því hvaða áhrif þetta hafi á verðlag á lífsnauðsynjum við búðarborðið? Um það þarf ekki að hafa mörg orð á þessu stigi, reynslan mun leiða það í ljós. En það fyrsta sem neytendur eiga að uppgötva er það að núna verður heimill 3% lágmarksinnflutningur, þ.e. 3% af markaðshlutdeild á lágum tollum og þar er sett hámark sem þætti hátt að því er varðar 2. gr., 32%, yfir það má ekki fara, en þykir ekki hátt í þessum bransa enn sem komið er.

Það getur skipt máli hvaða aðferð verður notuð til þess hvort neytendur fá að njóta verðlækkunaráhrifa af þessum mjög takmarkaða innflutningi. Það er óútkljáð mál.

Í annan stað á að vera tryggt að ríkjandi markaðsaðgangur, þ.e. sá markaðsaðgangur sem var leyfður fyrir á engum eða lágum tollum, haldist óbreyttur. Hann má ekki hækka. Framkvæmdin að því er það varðar getur líka skipt verulegu máli varðandi hag neytenda því það er hægt að haga þessari framkvæmd þannig á fákeppnismörkuðum að þetta leiði til aukins milliliðagróða og hærri álagningar og hærra verðlags fyrir neytendur.

Síðan er það í þriðja lagi spurningin um það hvaða verðlagsáhrif þetta hefur í heild sinni og þá til skamms tíma og til lengri tíma. Til skamms tíma, þ.e. nú á næstunni þegar við tökum ákvarðanir um endurskoðun tollskrár, þá skiptir það máli auðvitað hvort heldur við lítum á málið út frá sjónarmiði framleiðenda eða neytenda, að það sem menn eru að gera er að stilla tollana í jafnstöðu, að þeir tryggi raunverulega óbreytta stöðu en jafnframt skiptir það mjög miklu máli fyrir neytendur að þeir verði ekki spenntir umfram það. Og í þeim skilningi eru skammtímaáhrifin þess eðlis að þau skipta máli, ekki bara fyrir framleiðendur heldur líka fyrir neytendur. Þess vegna er það sem ég segi, að það er eðlilegt að fulltrúar launþegasamtaka, nú þegar þeir hafa lausa kjarasamninga, skoði það mjög vandlega hvernig staðið verður að þessari framkvæmd. Þegar menn líta hins vegar á málið til lengri tíma litið, eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon og reyndar fleiri í þessari umræðu hafa gert, þá spyrja menn sem svo: Hvernig má það vera ef það er verið að draga úr stuðningi innan lands við landbúnaðarframleiðslu og það er verið að draga mjög verulega úr útflutningsbótum frá útflutningsríkjunum að það geti, þegar lengri tímar líða, leitt til verðlækkunar á landbúnaðarafurðum eða matvælum fyrir almenning?

Þeir sem þannig spyrja hugsa um þetta einhvern veginn statískt og telja að um leið og dregið er úr ríkisstuðningi þá hljóti það að leiða til samsvarandi verðhækkunar. Ástæðan fyrir því að menn meta það almennt ekki svo er þessi: Verndarstefnan í landbúnaði í heiminum er slík að aðeins lítill hluti af landbúnaðarframleiðslu heimsins hefur yfirleitt verið nokkuð í útflutningi eða í milliríkjaviðskiptum. Yfirleitt hefur verið um að ræða einskonar sjálfsþurftarbúskap. Það er því afar lítill hluti af heildarlandbúnaðarframleiðslu heimsins sem hefur lotið lögmálum framboðs og eftirspurnar á einhverjum heimsmarkaði. Afar lítill hluti. Það sem gerist í framtíðinni er það að nú opnast markaðurinn fyrir viðskipti með þessar vörur rétt eins og iðnaðarvörur eða þjónustuvörur og við lítum til reynslunnar af því sem þar hefur gerst. Meginskýringin á bættum lífskjörum manna í hinum þróaða heimi byggir á því að hindrunarlaus milliríkjaviðskipti, afnám tollmúra og afnám viðskiptahindrana, vaxandi samkeppni, aukin framlegð og framleiðni, hefur leitt til verðlækkunar sem hefur lyft upp lífskjörum þessara þjóða. Menn leyfa sér að álykta að svipað muni gerast að því er varðar landbúnaðarafurðir, þegar stóraukið framboð berst inn á markaðina, þegar lögmál framboðs og eftirspurnar fá að njóta sín og það muni líka, þegar fram líða stundir, verða til þess að jafna mjög lífskjör í heiminum, jafna lífskjör milli þeirra sem eru að láta af forréttindum að baki verndarmúrum, þ.e. í hinum ríka heimi, þannig að þróunarríkin og þó með fullum fyrirvara á því sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson sagði, að þeim ber ekki að steypa í einn hóp, það er mjög ólíkt skipt kjörum og aðstöðu þeirra. En engu að síður, þau líta svo sjálf á, stjórnvöld þessara ríkja, að það sé þeim mikið hagsmunamál að fá aðgang að þessum mörkuðum þar sem kaupgeta er mikil og að það geti skapað auð og verðmæti og lyft lífskjörum í þeirra löndum. — Þetta held ég að sé kjarni málsins um það.

Virðulegi forseti. Síðan hafa menn farið nokkuð hörðum gagnrýnisorðum um það hversu skammt á veg komið er undirbúningi málsins hér heima að því er varðar það sem vitað var fyrir löngu síðan að þurfti að gera. Það var að endurskoða tiltekna lagabálka, sérstaklega tollskrá og nokkur önnur lög, þannig að þeir yrðu í samræmi við þær skuldbindingar sem við nú tökum á okkur og að taka ákvarðanir um útfærslu eða framkvæmd málsins, eins og t.d. varðandi lágmarksmarkaðsaðgang, ríkjandi markaðsaðgang, hvernig það

verður útfært og reyndar lagahreinsun sem þarf að framkvæma því það er ýmislegt annað í innlendri löggjöf sem ekki samrýmist þessum skuldbindingum.

Og hvað er um þetta að segja? Sumir hafa veist harðlega að utanrrh. og talið að hann hafi ekki unnið heimavinnuna sína í þessu efni. En nú vil ég minna hv. þm. á að niðurstaðan í þessu máli var þessi: Það var skipuð nefnd fulltrúa fimm ráðuneyta undir forustu forsrn. til þess að vinna að þessu máli. Það eiga með öðrum orðum fulltrúa í nefndinni fulltrúar forsrn., þ.e. ráðuneytisstjórinn í forsrn., fulltrúar fjmrn. augljóslega vegna tollskrár, fulltrúar viðskrn., augljóslega vegna innflutningsmálefna, fulltrúar landbrn. og fulltrúar utanríkisviðskiptaráðuneytis. Það er þessi nefnd sem með þetta mál hefur farið og hin stjórnarfarslega ábyrgð er ekki á höndum utanríkisviðskiptarh., hún er, eins og þegar um er að ræða samstarfshópa af þessu tagi með fulltrúum margra ráðuneyta, á verkstjórnarlegri ábyrgð forsrh. (**Gripið fram í:** Nú, er það Davíð að kenna?) Ég er ekkert að lýsa neinni sök, ég er að segja að menn hafa veist mjög harkalega að utanrrh. fyrir það að þessi nefnd hafi ekki lokið störfum.

Nú vil ég gjarnan bæta nokkru við, hv. þm. Í fyrsta lagi að það er alveg ljóst af þeim reglum sem að þessu lúta að það er ekki lífsnauðsyn tæknilega séð til þess að fullnægja okkar skuldbindingum að þetta liggi fyrir um framkvæmdina nú þegar. Ég nefni sem dæmi að Evrópusambandið hefur látið það á þrykk út ganga og lýst því yfir að þeir muni miða sinn undirbúning við að framkvæmdin geti að fullu og öllu hafist 1. júlí. Mikið lengur má það kannski ekki dragast vegna þess að þá förum við að eiga á hættu að tapa ýmsum þeim réttindum sem við nú höfum í skjóli gamla GATT. En ég man ekki betur en sumir hv. þm. hafi gert þær kröfur að þetta ætti allt að liggja á borðinu. Menn vildu fá að sjá hvernig tollskrá lítur út endurskoðuð. Menn vildu fá að vita nákvæmlega hvernig á að útfæra framkvæmdina varðandi útboð eða aðrar aðferðir varðandi ríkjandi markaðsaðgang eða lágmarksmarkaðsaðgang. Menn geta gert þá pólitísku kröfu að vilja vita þetta. Það er ekki, með öðrum orðum, tæknileg nauðsyn, við erum ekki að brjóta neinar skuldbindingar þó að þetta liggi ekki fyrir og það er kannski eðlilegt að það taki sinn tíma.

En ég vil aðeins segja um þetta að það sem er sögulegt á þessari stundu er að þingheimur hefur í stórum dráttum, með kannski undantekningunni einn þingflokkur, sameinast um að það sem langsamlega mestu máli skiptir sé sú stórpólitíska ákvörðun að stíga þetta skerf, að gerast stofnaðili frá byrjun. Að taka á sig þær skuldbindingar sem í því felast og marka þar með stefnu til framtíðar sem í því felst og um það geta ekki verið neinar deilur. Hitt getur vafalaust valdið deilum hvernig við útfærum þetta og framkvæmum hér innan lands. Það er hins vegar í vinnu á vegum þessa starfshóps sem ég hef margsinnis vitnað til og það er alveg á hreinu að á þessu stigi málsins, þar til sá starfshópur hefur skilað sínum niðurstöðum, hefur engin afstaða verið tekin til þeirra einstöku kosta sem þar eru til umræðu í nefndinni.

Virðulegi forseti. Ég vil við lok málsins árétta það að mér er það alveg sérstakt ánægjuefni og flokksmönnum mínum áreiðanlega öllum, að málið hefur tekið þessa stefnu og það hefur skapast þessi samstaða, þrátt fyrir pólitíska ágreining um margt, um þetta mikla mál. Ég sagði áðan að þegar menn mundu líta til baka síðar meir til þessa dags þá verður þessi ákvörðun talin vera söguleg og ef menn skoða það frá sjónarhóli handan aldamóta þá munu menn telja að þetta hafi verið risaskref fram á við í átt frá hefðum haftastefnu og verndarstefnu yfir í algjörlega nýtt stjórnkerfi sem byggir á grundvallarhugmyndum og grundvallarreglum frjálsra viðskipta. Út frá því sjónarmiði tel ég það heiður hverjum þeim þingmanni sem greiðir atkvæði með þessari tillögu að hafa átt hlut að því. Þess vegna er mér það ánægja að lokum að taka undir þakkir manna til formanns utanrmn. og samnefndarmanna hans allra fyrir þeirra hlut að því að greiða götu málsins, sem og allra þeirra formanna þingflokka og þingmanna sem lýst hafa svo eindregnum stuðningi við þetta mikilvæga mál.

[16:33]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil fyrst, vegna lokaorða hæstv. ráðherra, segja að það er mjög athyglisvert og hraustlega mælt af honum að fagna þessari niðurstöðu vegna þess að það liggur alveg í augum uppi að Alþfl. hefur verið beygður í þessu máli. Og það er ekki nóg með það að menn slái því föstu í þessari ályktun sem hér er verið að ræða að landbrn. eigi að fara með innflutning á landbúnaðarafurðum heldur er líka beinlínis tekið fram í ályktuninni að landbrn. eigi að fara með það stjórnkerfi sem skapað verði í framhaldi af þeirri ályktun sem menn eru hér að tala um. Þannig að hér er það auðvitað alveg ljóst að Alþfl. og afstaða hans í þessu máli hefur gjörsamlega verið rekinn til baka. Naglinn er kafrekinn í spýtuna og síðan er hann rekinn enn þá dýpra með sýl á eftir og ofan á honum er fallhamar. Þannig að í rauninni stendur ekkert eftir. Alþfl. hefur svo að segja verið beygður gjörsamlega í málinu.

En það breytir ekki því að hitt var kostulegt líka sem hæstv. ráðherra sagði þegar hann fjallaði um afstöðu okkar sumra hér sem lýst höfðum stuðningi við þennan samning. Í þeim hópi er ég. Og ástæðan er ósköp einfaldlega sú, eins og við höfum oft áður tekið fram úr þessum ræðustól, að við höfnum hólfastefnunni í efnahagsmálum heimsins og teljum skynsamlegra að reyna að ná heildarsamningum, m.a. af því tagi sem hér er um að ræða, til þess að auðveldara verði í framhaldinu af því að koma böndum á kapítalismann, m.a. með nýjum alþjóðlegum umhverfissamningum af margvíslegu tagi.

Þetta eru auðvitað hlutir sem hæstv. utanrrh. þarf að gera sér ljóst að eru meginástæðurnar fyrir þeim áherslum sem við höfum haft í þessu efni um leið og við gagnrýnum, eins og ég gerði við 1. umr. málsins, ofuráhersluna á samkeppnisþjóðfélagið og hagvaxtarþjóðfélagið, eins og reyndar kemur fram í grg. með þeirri tillögu sem við erum hér að ræða um sérstak-

lega. Þar eru mjög gagnrýniverðir punktar, en í það heila tekið er það skynsamlegt, að mínu mati, að lenda málinu að sinni eins og lagt er til af utanrmn.

[16:36]

Páll Pétursson:

Herra forseti. „Það voru hljóðir og hógværir menn sem héldu til Reykjavíkur", segir í merku kvæði og aldrei þessu vant var hæstv. utanrrh. hljóður og hógvær í ræðustólnum og það fer honum vel. Það fer honum eiginlega betur heldur en sá gassagangur sem hæstv. ráðherra leyfir sér venjulega í ræðustólnum. En til þess liggja orsakir sem hér hefur oft verið minnst á í dag. Málið hefur verið tekið með formlegum hætti úr höndum hans, Alþingi er laust úr landbúnaðarprísund Alþfl. og Alþfl. kominn út í horn. Hæstv. ráðherra hafði vit á því með sinni hógværu ræðu að æsa hér ekki upp til lengri umræðna og það ber vott um vitsmuni, sem ég átti satt að segja ekki von á að hann sýndi, og skapstillingu.

Hitt er svo annað mál að það getur vel verið að þegar hann kemst í sjónvarpið í kvöld eða útvarpið eða jafnvel bara í Alþýðublaðið, svo við tökum okkar minnsta bróður, þá fari hann að láta gamminn geysa og þá byrji landið aftur að rísa, eins og þegar þeir félagar úti í Kaupmannahöfn voru búnir að fá sér franskt brennivín og súpu.

Hæstv. utanrrh. gerði nokkurn samanburð á GATT-samningnum annars vegar og EES-samningnum hins vegar. Ég var einn af þeim sem voru andvígir EES-samningnum, en ég hef alla tíð verið fylgjandi GATT-samningnum og stofnun þessarar Alþjóðaviðskiptastofnunar. Þetta eru ósambærilegir hlutir. GATT-samningurinn er víðtækur, EES-samningurinn er þröngur, hólfastefna, eins og hv. 9. þm. Reykv. orðaði það ágætlega áðan. Ég vildi ekki fara inn í þetta hólf sem EES-samningurinn er. Það er ekkert í GATT-samningnum sem sneiðir nærri hinni íslensku stjórnarskrá, sem er allt annað en hægt er að segja um EES-samninginn sem brýtur stjórnarskrána og það er meira að segja viðurkennt af hæstv. utanrrh. Nú fyrir jólin lagði hann það til að stjórnarskrárbreyting yrði gerð þannig að EES-samningurinn og hliðstæðir samningar gætu orðið samrýmanlegir íslenskri stjórnarskrá. Hann stakk nefnilega upp á því að breyta, að nota tækifærið þegar kosningalögum yrði breytt og nýr mannréttindakafli samþykktur í stjórnarskrána, að taka þar inn ákvæði líka um milliríkjasamninga.

Framsfl. hefur alla tíð verið einhuga um það að styðja það viðskiptasamstarf sem formað er með GATT-samningnum og ég hef reyndar aldrei heyrt neina rödd á Alþingi í þá veru að við ættum að standa utan GATT og við ættum ekki að gerast aðilar. Ágreiningurinn hefur verið um það hvernig við byggjum okkur út í þessa sambúð, þennan félagsskap við aðrar þjóðir í gegnum GATT og hvernig við ættum að vernda íslenska framleiðslu, hvernig við ættum að halda áfram að lifa hér á landinu, hvernig við ættum að fara að því að fórna ekki okkar eigin atvinnuvegum þrátt fyrir það hagræði sem við fáum af GATT-samningnum.

Hæstv. utanrrh. lét sem hann fagnaði því að hér væri verið að samþykkja aðild Íslands að Alþjóðaviðskiptastofnuninni. Ég efa það ekki að hann er undir niðri kannski ánægður með það, en hann hefði átt að passa leistann sinn. Fagnaðarlætin voru reyndar ekki áberandi þó að orðin hljóðuðu upp á það, en hann hefði átt að passa leistann sinn og halda sig við hann og ekki tefla þessari samþykkt í tvísýnu eða fresta henni með undarlegum og óskynsamlegum vinnubrögðum. Hann hefði ekki átt að reyna að nota samninginn til þess að níðast á íslenskum landbúnaði. Hann átti ekki að blanda saman störfum sínum sem hæstv. utanrrh. og störfum sínum sem formaður Alþfl. Hann hefði alltaf átt að skilja formann Alþfl. eftir heima þegar hann fór út fyrir landsteinana sem utanrrh. ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar og hann hefði jafnvel ekki átt að taka hann með á ríkisstjórnarfundi þegar rætt hefur verið um landbúnaðarmál.

Hæstv. utanrrh. kallaði það að reyna að halda utan að sínu með háum tollum „dirty tariffication". Ég er ekki sammála þessu nafni sem hæstv. utanrrh. notaði hér og hefur sjálfsagt eftir öðrum því hann er ágætlega mæltur á íslenska tungu. Ég tel að okkur beri skylda til og það sé skynsamlegt fyrir okkur að hugsa fram í tímann, vita það að aldamótin eru skammt undan, sex ár eru fljót að líða og við ætlum að búa hér miklu lengur heldur en sex ár.

Alþingi hefur ákveðið verkaskiptingu ráðuneytanna og Alþingi hefur sett inn ákvæði í búvörulög. En ég vek athygli hv. þm. á því að það er hægt að breyta þeim ákvæðum sem hæstv. utanrrh. vitnaði til í búvörulögum og sagði að hefði verið samkomulag um hjá núv. stjórnarflokkum. Það er alveg rétt, það varð samkomulag um það. Honum tókst að beygja Sjálfstfl. í þessu máli, eins og svo margoft áður á fyrri stigum málsins, en sem betur fer er Sjálfstfl. að réttast upp núna og hættur að taka við fyrirskipunum frá hæstv. utanrrh. varðandi þetta efni. En þó að þeir Viðeyjarbræður, hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh., geri með sér samkomulag þá þarf það ekki að standa um alla eilífð því, eins og menn vita, þá hafa þeir ekki stofnað þúsund ára ríkið.

Hæstv. utanrrh. klappaði enn sama steininn og þénari hans, Þröstur Ólafsson, og vísaði á bændur, að þeir eigi að bera kostnaðinn af næstu kjarasamningum. Ég held að þetta sé ekki skynsamlegur málflutningur og ég held að menn ættu að varast að gera sér einhverjar grillur um það að nota GATT-samninginn sérstaklega til þess að koma hér á kjarasamningum.

Undirbúningur af hálfu ríkisstjórnar Íslands að þessu máli hefur verið ófullnægjandi. En eftir á að hyggja þá er ég þakklátur fyrir að hann skuli ekki vera lengra kominn heldur en raun ber vitni vegna þess að það verður verkefni nýs þings og verkefni nýrrar ríkisstjórnar að búa okkur með lagasetningu undir GATT-samstarfið í framtíðinni og það er mjög ólíklegt að hér verði ekki farsælli stjórnarstefna í þessu efni heldur en verið hefur nú um sinn.

Hæstv. utanrrh. vildi kenna hæstv. forsrh. um það að undirbúningur hefur ekki verið betur á veg kominn

eða lengra á veg kominn heldur en raun ber vitni. Það er kannski mannlegt af hæstv. utanrrh. að hann reyni að hnýta eitthvað í hæstv. forsrh. eftir þá meðferð sem hann fékk í góðlátlegri ræðu hæstv. forsrh. fyrr í dag.

Það er eitt atriði sem ég vil minnast á enn, herra forseti, og er geysilega mikilvægt í þessu sambandi, þó að það sé ekki tekið fram í tillögugreininni, en það er tekið fram í nál., að sjá til þess að halda vel á sjúkdómavörnum. Búfé okkar er með þeim hætti vegna langrar einangrunar að það er ákaflega viðkvæmt fyrir sjúkdómum og af því höfum við dapra og dýrkeypta reynslu, af búfjárpestum sem hafa flust að utan. Ég tel að við þurfum að vanda okkur ákaflega í framtíðinni að hafa þær hömlur á að hingað berist ekki pestir.

Þingheimur hefur sameinast um þetta mál og jafnvel þó að hæstv. utanrrh. vitnaði þráfaldlega til Kvennalistans, sem ekki kemur til með að greiða þessu máli atkvæði, þá er Kvennalistinn ekki á móti því og það vil ég ítreka og undirstrika sérstaklega.

Við skulum fara yfir það hvað það er sem þingheimur sameinast um. Það stendur allt saman á þskj. 523. Þingheimur sameinast um það að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd samning um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunar.

Í öðru lagi sameinast þingheimur um það að hér verði áfram óbreytt skipulag í gildi hvað varðar innflutning landbúnaðarvara þar til lögunum hefur verið breytt með hliðsjón af samningnum. Og eins og ég sagði áðan þá verður það verkefni nýrrar ríkisstjórnar og vonandi tekst vel til með þær lagabreytingar.

Síðan sameinast þingheimur um að gefa næstu ríkisstjórn nokkra forskrift um hvernig að lagabreytingunum skuli standa þar sem segir: „Þær lagabreytingar, þar með taldar tollabreytingar, ...“ — Herra forseti, ég endurtek: „...þar með taldar tollabreytingar, skulu gerðar með hliðsjón af GATT-tilboði Íslands til að veita innlendri framleiðslu nauðsynlega vernd.“ Þetta er leiðsögnin um lagabreytingarnar.

Í fimmta lagi sameinast þingheimur um það að „landbrh. verði tryggt forræði um allar“ — ég endurtek — „allar efnislegar ákvarðanir í því stjórnkerfi sem varðar landbúnað og innflutning landbúnaðarvara og komið verður á fót á grundvelli þessarar ályktunar.“

Herra forseti. Ég læt máli mínu lokið.

[16:50]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. fullyrti að ég hefði í ræðu minni áðan kennt hæstv. forsrh. um að undirbúningi væri áfátt í svokallaðri fimm manna nefnd. Það er ósatt. Hið rétta er þetta: Hv. 8. þm. Reykn. notaði mikinn hluta af ræðutíma sínum áðan til þess að fullyrða ranglega að starf þessarar nefndar væri stjórnskipulega á ábyrgð utanrrh. Það er rangt og það leiðrétti ég. (**ÓRG:** Það sagði ég bara aldrei.) Það er rangt og það leiðrétti ég og leiðrétti það eins oft og þurfa þykir vegna þess að þessi starfshópur og vinna hans er ekki á stjórnskipulegri ábyrgð utanrrh. Ég er ekki ábyrgur fyrir vinnu þessa starfshóps. Utanrrn. á einn embættismann í þeirri nefnd og það er allt og sumt. (**ÓRG:** En málið er stjórnskipulega ...) Hef ég orðið eða hvað?

Í annan stað, virðulegi forseti, að því er varðar það verk sem ónnið er í þessari nefnd þá liggur það alveg ljóst fyrir að nefndin mun halda áfram sínum störfum. Henni ber að koma með tillögur um endurskoðun laga, um útfærslu og framkvæmd. Það hefur ekki á þessu stigi málsins verið tekin nein afstaða til einstakra tillagna eða kosta sem þar eru á borðum nefndarmanna og það er alveg ljóst að það er sameiginlegur skilningur forustumanna stjórnarflokkanna að hendur nefndarmanna í því efni hafi á engan máta verið bundnar fyrir fram varðandi endanlega niðurstöðu um útfærslu eða framkvæmd.

[16:52]

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. forsrh. er verkstjóri þessarar ríkisstjórnar. Hæstv. forsrh. ber höfuðábyrgð á þessari rkisstjórn. Það sem henni tekst vel til ber að telja hæstv. forsrh. til tekna, það sem henni mistekst ber forsrh. með einum eða öðrum hætti einhverja sök á, að vísu kannski mismikla eftir því hvar veikleikarnir eru.

Það er alveg satt hjá hæstv. utanrrh. að hann bar ekki stjórnskipulega ábyrgð á þessum vinnuhóp. Það gerði að sjálfsögðu hæstv. forsrh. sem átti formanninn í þessum vinnuhóp. Hitt er svo aftur deginum ljósara að þegar maður lítur á það sem þessi vinnuhópur er búinn að gera, þá yfirlýsingu sem samstarfsnefnd fimm ráðuneyta um markmið lagabreytinga vegna fullgildingar samnings um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunar og prentuð er á þingskjalinu sem fskj. III, þá hefur þessi vinnuhópur ekkert komist áfram. Hann er nánast engu búinn að skila. Þetta er óskaplega þunnt plagg sem hann leggur fram. Það er ekkert með það gerandi og þess vegna vildi utanrmn. ekki taka þá vinnu gilda og fór heldur í það að breyta tillögunni.

Hvers vegna hefur þessi vinnuhópur sem skipaður er fimm ágætum einstaklingum, mjög hæfum og duganda mönnum og flugskýrum, a.m.k. sumum þeirra, ekki skilað meiru? Það er vegna þess að Alþfl. var með puttana í spilinu og kom í veg fyrir það að sómasamleg niðurstaða fengist og þess vegna varð ekkert úr verki.

[16:54]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Nú gerist það að hv. þm. fer heldur óvirðulegum orðum um þá yfirlýsingu sem formaður þessa starfshóps, ráðuneytisstjórinn í forsrn., lagði á borð með sér í utanrmn. fyrir hönd starfshópsins og segir að illa hafi til tekist og ekkert með það plagg gerandi og þess vegna hafi þeir þurft að taka sig saman um það að bæta heldur betur um. Þetta skjal formannsins sem kynnt var í utanrmn. er með umboði starfshópsins að sjálfsögðu, en það var ekki umsamið skjal. Það er kynnt í umboði nefndarinnar en það er algerlega á ábyrgð formannsins og (**Gripið fram í:** Nei, nei, nei, nei.) Það þýðir ekki að nota þetta skjal sem var hugsað af góðum hug og sagt vera nauðsynlegt til þess að greiða fyrir samstöðu í nefndinni og standa nú

upp og segja: Þetta var hið versta skjal og ekkert með það gerandi. Og sér í lagi þýðir ekki að nota það til árása eins og hv. 8. þm. Reykn. gerði á embættismenn utanrrn. sem komu þar hvergi nærri.

[16:56]

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú þykir mér skörin vera farin að færast upp í bekkinn. Ég verð að rifja upp umræður sem urðu í utanrmn. einmitt um þetta skjal. Þangað mætti formaður nefndarinnar, Ólafur Davíðsson. Við höfðum óskað eftir því að fá stefnumörkun ríkisstjórnarinnar áður en við afgreiddum GATT-málið úr nefnd og formaður utanrmn. hafði tekið mjög sterklega undir þá beiðni sem ég og fleiri nefndarmenn höfðum sett fram. Það kemur ekki stefnumörkun frá ríkisstjórninni heldur kemur Ólafur Davíðsson á fundinn og dreifir þessari yfirlýsingu sem birt er hér sem fylgiskjal III og ég sagði áðan að væri lítils virði og get endurtekið það ef menn vilja.

Ég spurði eftir því hvort þetta bæri að skilja sem yfirlýsingu ríkisstjórnar Íslands. Formaður svaraði því til og rakti söguna af vinnu nefndarinnar, að þetta væri yfirlýsing frá samstarfsnefnd fimm ráðuneyta, ekki bara frá Ólafi Davíðssyni heldur frá nefndinni allri sem heild og þeir hefðu haft hver um sig samráð við sína ráðherra um efni yfirlýsingarinnar. Ef Ólafur Davíðsson hefði haft frjálsar hendur þá er ég sannfærður um að hann hefði komið með eitthvað bitastæðara á fund utanrmn. til þess að leggja fyrir okkur en vegna afskipta Alþfl. varð ekki meira úr verki heldur en þetta.

Útbýting þingskjala:

Tekjuskattur og eignarskattur, 290. mál, brtt. SJS, þskj. 539.

Tollstofn hjá OECD-löndum, 341. mál, fsp. IBA, þskj. 540.

[16:58]

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að fjalla um GATT sem slíkt. Ég tel að sá rökstuðningur sem komið hefur fram í málinu í dag sé fullnægjandi og ég tek undir hann allan enda stuðningsmaður þess að fullgilda þennan samning. Ég vil eingöngu fá að eyða örfáum orðum um þá brtt. sem lögð hefur verið fram og ég er ekki alveg fyllilega sáttur við og verð því að tjá hv. þm. Páli Péturssyni það að þingheimur mun ekki sameinast um þessa tillögu því ég fæ ekki betur séð en með þessari brtt. sé verið að færa alræðisvald í þessum málaflokki í hendur landbrh. og það er hlutur sem ég get ekki fyllilega sætt mig við. Það stendur í síðasta málslið brtt.:

„Landbrh. verði tryggt forræði um allar efnislegar ákvarðanir í því stjórnkerfi sem varðar landbúnað og innflutning landbúnaðarvara og komið verður á fót á grundvelli þessarar ályktunar."

Landbrh. fær sem sagt forræði yfir öllum efnislegum ákvörðunum í stjórnkerfinu og ég hlýt að velta því fyrir mér hvað þetta þýðir. Snertir þetta aðra málaflokka en t.d. innflutninginn og tollunina sjálfa sem hér hefur verið til umræðu? Snertir þetta mál eins og heilbrigðismál, hollustuvernd, umhverfismál og aðra slíka hluti? Ég óska eftir því að hæstv. ráðherra reyni að túlka þessa brtt. fyrir mér og þingheimi líka, hvort þetta sé með þessum hætti eða hvað þetta þýði og hverjar afleiðingar slíkrar brtt. séu. Eins og þetta lítur út fyrir mér er verið að færa alræðisvald í hendur landbrh. og við það get ég ekki sætt mig.

Ég tek nefnilega undir orð hæstv. utanrrh. að ef hlutirnir væru eðlilegir þá ættu þessi mál að vera vistuð í ráðuneytum fjármála og viðskipta. Það má allt eins spyrja sig að því hvort það eigi þá að fara að brjóta upp innflutningsverslunina eins og hér er gert, til að mynda að setja allan iðnvarning undir iðnrn., íþróttavörur undir menntmrn. og þar fram eftir götum. Ég tek þess vegna fyllilega undir orð hæstv. ráðherra um að þetta væri hugsanlega betur komið í fagráðuneytunum en með þeim hætti sem hér er gert.

Það er minn skilningur að við samþykkt þessarar þáltill. og um áramótin þegar GATT tekur gildi þá upphefjist heimild til þess að flytja inn það sem menn kalla lágmarksaðgang, þau 3% sem hér hefur verið rætt um og ég óska eftir upplýsingum um það hvernig á að standa að slíkum innflutningi. Hvaða kerfi á að vera í gangi við þann innflutning? Á það að vera útboðið sem hæstv. ráðherra nefndi áðan eða lotterí eins og talað var hér um fyrir nokkrum dögum eða vikum síðan? Eða með hvaða hætti á að standa að þessu? Ég skil það þannig að nú þegar ætti mönnum að vera heimilt að panta inn á móti þessum 3%, strax við fullgildingu á þessum samningi og það eru skilaboð sem verða að komast út til viðskiptalífsins hvort það er heimilt að fara af stað með slíkt. Ef svo er ekki hvernig á þá að taka á þeim aðilum sem hafa skilið það á þann hátt? Eða hvenær á þetta að taka gildi og með hvaða hætti?

Ég vil einnig fá að vita það sem ég heyrði hér frá hæstv. landbrh.: Er það meiningin að færa þetta á eina hendi, t.d. að Mjólkursamsalan eigi að fara með þetta allt? Þá spyr ég: Hvar er hagur neytenda? Ég minnist þess að enn þann dag í dag er þó frjáls álagning í landinu og henni væri þá í sjálfsvald sett að setja verðið upp í þær hæðir að það yrði engum neytanda til góðs. Það yrði innlendu framleiðslunni til góðs en ekki neytandanum. Ég óska því eftir skýringu við þetta. Auðvitað er afar slæmt að frumvörp og nánari útfærsla liggi ekki fyrir en ég held að línurnar í GATT-samkomulaginu séu nokkuð skýrar þannig að það er kannski ekki eins alvarlegt og mörgum fannst þegar við vorum að ræða um EES.

Ég tek undir það með hæstv. ráðherra, þó að ég hafi ekki heyrt þau ummæli hans en hér hefur verið vitnað í þau, að þessi brtt. er hálfgert hnoð. En það kemur væntanlega betur í ljós þegar hæstv. ráðherra svarar spurningu minni um þessa tillögu.

Hér er um að ræða sex ára aðlögun og mig langar líka að spyrja að því hvort tæknilega sé hægt að draga málið um einhvern tiltekinn tíma vegna þessarar aðlögunar, hvort hægt er að draga það að leggja fram frumvörp í ótiltekinn tíma. Og þá einnig: Hvenær er þá hugsunin að leggja fram frumvörp? Eigum við von á að sjá þau í febrúar t.d.? Ef svo er þá er alveg hárrétt

hjá hæstv. ráðherra að þetta er hálfgert hnoð. En ég verð að segja það að með þessari tillögu þykir mér framsóknarmönnum á þingi fjölga allhratt og reyndar ískyggilega hratt.

Hæstv. ráðherra kom aðeins inn á það varðandi verðjöfnunargjöld að landbrh. hefði heimild til að leggja þau á vörur sem jafnframt væru framleiddar hérlendis. Mig langar aðeins að spyrja í framhaldi af því: Ef t.d. væri fluttur inn ostur sem ekki er framleiddur hérlendis er sá innflutningur þá frjáls og óháður eða hvernig yrði tekið á slíkum innflutningi eða sambærilegum innflutningi?

Hæstv. forseti. Þetta er aðallega það sem ég vildi spyrjast fyrir um. Ég er stuðningsmaður aðildar að þessum samningi og vil að það komi skýrt fram en óska eftir svörum við þeim spurningum sem ég hef borið fram.

[17:05]

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er hárrétt mat hjá hv. 5. þm. Reykv., Inga Birni Albertssyni, að landbrh. hefur vald á þessu máli. Hann getur bara lesið tillöguna, hún er auðskiljanleg og ég trúi ekki öðru ef hann gefur sér tíma til þess en hann skilji hvað er verið að fara. Hv. þm. sagðist ekki geta sætt sig við þessa tillögu. Ef svo er ekki móti minni von þá verður hann annaðhvort að sitja hjá eða greiða atkvæði gegn. Svo langt gengur það. Það liggur sem sagt ákvörðun fyrir að landbrh. fer með þetta mál og það er ekki hæstv. utanrrh. sérstaklega að túlka þessa tillögu. Það er höfunda tillögunnar að túlka hana. Hann getur spurt formann utanrmn., Björn Bjarnason, hv. 3. þm. Reykv., félaga sinn og flokksbróður, ef hann er í vandræðum með túlkun á þessari tillögu. En þó að hæstv. utanrrh. þurfi ekki að túlka tillöguna þá þarf hann að skilja hana og á það vil ég leggja áherslu. Það gilda sömu reglur um innflutning og gilda í dag þar til íslenskum lögum hefur verið breytt. Það er tekið skýrt fram í tillögunni.

Ég verð að játa að mér þykir slæmt að hv. 5. þm. Reykv. sættir sig ekki við þetta og heildsalinn hefur tekið yfirhöndina yfir hans venjulegu heilbrigðu skynsemi.

[17:07]

Ingi Björn Albertsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að heildsalinn hafi ekki tekið yfir frekar en bóndinn hafi oft tekið yfir málflutning ýmissa hv. þm. úr þessum ræðustól á þeim árum sem ég hef setið hér. Ég held að hv. þm. þurfi ekki að hafa áhyggjur af því að það séu einhverjir eiginhagsmunir sem ráða mínum málflutningi.

Ég spurðist fyrir um vald ráðherra, það er rétt. Mér fannst ekki koma neitt svar frá hv. þm. um það annað en ég ætti að lesa tillöguna. Tillagan er bara óskýr. Ég spurðist fyrir um ýmsa málaflokka sem með þessu mundu hugsanlega falla undir forræði landbrh. Ég fékk ekki svar við því en ef ég man, ég er ekki með tillöguna hér hjá mér, þá er hv. þm. einn af flm. og honum hefði verið í lófa lagið að svara því sjálfur úr ræðustólnum. En ég dreg enga dul á það að ég hygg að þessi tillaga hafi verið borin undir hæstv. utanrrh. og honum sé fullljóst út á hvað hún gengur og þess vegna ekkert óeðlilegt við það að inna hann eftir því hver hans skilningur sé á henni. Ég hef engan áhuga á því að heyra hver skilningur formanns utanrmn. er á þessari tillögu, nákvæmlega ekki nokkurn áhuga á að heyra það þó að honum sé auðvitað í sjálfsvald sett hvort hann kemur hér upp og gerir frekari grein fyrir því.

Hvað atkvæðagreiðsluna varðar þá verð ég að hryggja hv. þm. með því að ég mun greiða atkvæði gegn þessari brtt. en ég mun auðvitað greiða atkvæði með fullgildingu samningsins.

[17:08]

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get í einu orði svarað hv. þm. Forræðið fellur undir hæstv. landbrh. og það tekur sig ágætlega út í þessari tillögu. Ég get hins vegar glatt hv. þm. og heildsala með því að hann getur verslað eins og hann hefur gert þangað til lögunum verður breytt. Hann getur flutt inn landbúnaðarafurðir á sama hátt og hann hefur gert fram að þessu þangað til lögunum verður breytt. Þá veitist honum e.t.v. svigrúm til þess að flytja einhverjar fleiri landbúnaðarvörur inn eða aðrar landbúnaðarvörur. En það er ekkert verið að taka af honum leyfið að flytja inn eina fyrirferðarmestu landbúnaðarafurð Evrópu, rauðvínið. Hann getur gert eftir áramót eins og fram að áramótum.

[17:10]

Ingi Björn Albertsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég óska eftir því að hv. þm. kynni sér betur þær vörur sem sá sem hér stendur selur og flytur inn til landsins. Það vill svo til að ég er ekki innflutningsaðili að rauðvíni. Ef hann hefur verið að versla það í þeim mikla misskilningi að hann væri að styðja við bakið á mér þá er það nú ekki rétt. (**PP:** Ég gerði það nú fyrir sjálfan mig.) Já, ætli það hafi ekki verið með þeim hætti.

En það er ekki enn komið svar við því sem ég spurði um, hvert væri valdsvið ráðherrans með þessu. Nær það yfir heilbrigðismál? Nær það yfir umhverfismál? Nær það yfir hollustuvernd? Hvert er valdsvið ráðherrans með þessu? Ég held því fram að með þessum tillöguflutningi sé verið að færa alræðisvald í hendur ráðherra og það get ég ekki sætt mig við.

[17:10]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er mikill misskilningur hjá hv. 1. þm. Norðurl. v. að verkaskipting í Stjórnarráði Íslands sé ákveðin með þáltill. Svo er ekki. Það er gert með lögum. Og svarið við spurningu hv. þm. um það hver er verkaskiptingin og hvert er valdsvið landbrh., fjmrh. og viðskrh. er að finna að því er varðar rétt ráðherra til að leggja á jöfnunargjöld við innflutning landbúnaðarafurða með þeim takmörkunum sem ég kynnti áðan. Þetta er í lögum frá 15. apríl 1994, breytingar á búvörulögum. Landbrh. hefur rétt til þess að ákvarða verðjöfnunargjöld en með þeim takmörkunum að hann verður að ráðfæra sig við nefnd. Ef ágreiningur rís þá fer það fyrir ríkisstjórn. Það eru lögin í landinu.

Að því er varðar aðlögunartíma að framkvæmd

GATT eftir að við erum orðnir aðilar þá er hann strangt til tekið enginn og hin almenna þjóðarréttarregla er sú að þegar við höfum gerst aðilar að alþjóðasamningi þá ber okkur að virða þær skuldbindingar sem í samningnum felast út af fyrir sig frá fyrsta degi.

Að því er varðar lágmarksaðgang sem hv. þm. hefur spurt um áður, hvert fyrirkomulagið verður, þá get ég ekki svarað því af þeirri einföldu ástæðu að þetta ásamt með ýmsum öðrum málum um framkvæmd og útfærslu og lagabreytingar er til umfjöllunar í starfshópi undir forustu forsrn. sem hefur það hlutverk að skila slíkum tillögum og vinnur að þeim áfram. Ég hef lýst hver mín skoðun er á því hvernig það fyrirkomulag ætti að vera til þess að tryggja hámarkshagsmuni neytenda að koma í veg fyrir verðhækkanir.

Hv. þm. spurði um osta. Ef um er að ræða osttegund sem ekki er framleidd hér á landi, hvað gerist með hana? Ef um er að ræða framleiðslu sem er sérstök og ekki framleidd hér á landi þá er það ekki landbrh. að ákveða verðjöfnunargjald heldur fer með það mál samkvæmt tollskrá og það er í höndum fjmrh.

[17:13]

Ingi Björn Albertsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég gat ekki skilið hæstv. utanrrh. á annan veg en þann að það sé rétt eftir honum haft og rétt mat hjá hæstv. ráðherra að þessi tillaga er algert hnoð. Hún hefur þá nákvæmlega ekkert gildi. Eftir því sem hæstv. utanrrh. sagði hér áðan þá fer landbrh. eingöngu með þann þátt sem snýr að verðjöfnunargjöldum og þar með er þessi tillaga sem tryggir forræði um allar efnislegar ákvarðanir í stjórnkerfinu gersamlega marklaus og ég þakka hæstv. ráðherra fyrir það að upplýsa málið.

[17:13]

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Ég var satt að segja mjög undrandi þó að ekki sé tekið sterkar til orða þegar hæstv. ráðherra tók til við lestur sinn sem var nú æðilangur, líklega hálftími eða eitthvað slíkt gæti ég trúað. Ég sá ekki hvaða tilgangi hann hafði að þjóna. Þarna var eiginlega meiri og minni botnleysa, endurtekningar. Ég held að fæstir hér inni gætu sagt mér hvað raunverulega var í ræðunni. Var eitthvað í henni? Hafði hún einhvern tilgang? Þurfti ráðherrann að koma hingað til þess að segja okkur það sem var í þessari ræðu hans? Ég held að það væri ágætt að fá hana óslitna í útvarpi einhvers staðar þar sem hann getur sjálfur metið það hvers virði slíkur málflutningur er. En ég ætla ekki neitt að orðlengja það frekar. Það er búið að skora á formann utanrmn. og ég held að það sé ágætis hugmynd að hann staðfesti hvað sé rétt og hvað sé a.m.k. óþarft eða raunar rangt.

[17:15]

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Ég óskaði eftir því í dag að bera fram spurningu til hæstv. landbrh. og vildi vita hvort hann væri í húsinu nú.

(**Forseti** (StB): Forseti getur upplýst að hæstv. landbrh. er í húsinu og verða gerðar ráðstafanir til þess að gera honum viðvart.)

Ég þakka fyrir. En ég vil aðeins víkja að því sem hér hefur verið rætt. Hæstv. utanrrh. ræddi áðan um forræði í landbúnaðarmálum og hvaða gildi sú brtt. hefur sem utanrmn. flytur við þessa þáltill. þegar hún hefur verið samþykkt. Það er að sjálfsögðu rétt hjá hæstv. utanrrh. að þáltill. breytir ekki lögum, enda held ég að það hljóti að vera öllum skýrt að þetta er ekki þannig sett fram. Hér er verið að kveða á um það út frá hvaða sjónarmiði skuli unnið að lagabreytingum til þess að leggja fyrir Alþingi til samþykktar og þar er kveðið á um að landbrh. verði tryggt forræði um allar efnislegar ákvarðanir í því stjórnkerfi sem varða landbúnað og innflutning landbúnaðarvara. Þetta eru þau fyrirmæli sem Alþingi gefur þeim sem vinna að undirbúningi lagabreytinganna og mun verða lagt fyrir Alþingi þegar það verður tilbúið til samþykktar. Hér er því um alveg ótvíræða stefnumörkun að ræða. Og það a.m.k. vefst ekki fyrir Norðmönnum að taka upp þennan hátt því að þar er alveg skýrt kveðið á um það í þeirra þingskjali að landbúnaðarráðuneytið muni hafa höfuðábyrgð fyrir daglegri stjórn á kerfinu sem fjallar tollabreytingar á landbúnaðarvörum og það vorum við að ræða um fyrr að við gætum tekið til fyrirmyndar.

Mig langaði þá að nota þetta tækifæri og bera fram spurningu til hæstv. landbrh. Hæstv. forsrh. lýsti því yfir í dag að hann teldi að það væri mjög brýnt að sem allra fyrst væri gefin út reglugerð um jöfnunargjöld vegna útflutnings á unnum landbúnaðarvörum og öðru slíku, en vísaði því til hæstv. landbrh. að svara því hvenær það gæti orðið. Hann óttaðist að það mundi ekki vera hægt á þessum eina degi fyrir áramótin. Ég vildi því spyrja hæstv. landbrh. hversu margar vikur verði liðnar af hinu nýja ári þegar þessi bráðnauðsynlega reglugerð að mati hæstv. forsrh. muni líta dagsins ljós. Ég held að það hljóti að vera mikilvægt fyrir hæstv. landbrh. að hafa yfirlýsingu hæstv. forsrh. um að það sé hans mat að hún sé mjög nauðsynleg og muni væntanlega veita þann stuðning sem þarf.

[17:20]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér er ljúft að svara þessu. Eins og fjárlög liggja nú fyrir þá er heimild til þess í 6. gr. að verja fé til verðjöfnunargjalda til stuðnings útflutningi á matvælum þar sem um unnar matvörur er að tefla, hvort við nú kynnum að skilgreina þær endilega sem landbúnaðarvörur eða fiskmeti eftir því hvaða hlutfall er þar á milli, en við skulum segja að þegar um unnar matvörur er að tefla en í sumu fiskmeti er t.d. bræddur ostur og þar fram eftir götunum. Það er heimild til að greiða slík verðjöfnunargjöld við útflutning og eins og hæstv. forsrh. lýsti yfir í dag þá er unnið að því að almenn reglugerð um þau efni geti legið fyrir í öndverðum janúarmánuði.

[17:22]

Jón Helgason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. landbrh. fyrir þetta svar og þá mun þessi reglugerð liggja fyrir þegar Al-

þingi kemur saman til funda á nýju ári.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tekjuskattur og eignarskattur, 2. umr.

Stjfrv., 290. mál (eignarskattur, sérstakur tekjuskattur, lífeyrisgreiðslur o.fl.). — Þskj. 363, nál. 476, brtt. 477 og 511.

[17:23]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir brtt. og nál. meiri hluta efh.- og viðskn. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Þetta mál hefur verið til umfjöllunar í hv. efh.- og viðskn. og nefndin hefur klofnað um málið. Ég flyt hér brtt. meiri hlutans.

Í fyrsta lagi gerir nefndin þá tillögu við 2. gr. frv. að a- og b-liður falli brott. Þarna var verið að gera tilraun til þess í frv. að skattleggja að einhverju leyti staðaruppbót þeirra sem starfa í utanríkisþjónustunni og í vinnu erlendis á vegum íslenska ríkisins en það hefur verið ákveðið að skoða þetta mál betur og þess vegna er ekki gert ráð fyrir því að þetta verði í lögunum.

Í annan stað er varðandi 2. gr. gert ráð fyrir því að bæta við því að nú verði heimilt að draga frá tekjum kaup á stofnfjárbréfum í sparisjóðum, sbr. lög nr. 43/1993, um viðskiptabanka og sparisjóði. Það eru sett ákveðin skilyrði fyrir þessum frádrætti sem eru þau að útboð slíkra stofnfjárbréfa verða að vera opin fyrir alla einstaklinga sem eiga lögheimili á starfssvæði viðkomandi sparisjóðs og eigi sé heimilt að innleysa stofnfjárhlut í tíu ár frá útgáfu.

Þá eru breytingar við 3. gr. frv. Þar er breytt hugtakinu verktakagreiðslur í verktakasamninga og vísað í 96. gr. vegna framkvæmdarinnar.

Næsta breyting sem lögð er til er við 7. gr. frv. Þar er fjallað um það að mögulegt sé að setja nánari reglur um útborgun barnabóta, innheimtu ógreiddra barnabóta og skuldajöfnun barnabóta á móti opinberum gjöldum til ríkissjóðs. Þar er bætt inn að það megi skuldajafna á móti opinberum gjöldum til sveitarfélaga og vangreiddum meðlögum til Innheimtustofnunar sveitarfélaga. Um framkvæmd þessa skal geta í reglugerð. Þarna er verið að taka á bæði barnabótum, barnabótaauka og skuldajöfnun vaxtabóta.

Í 10. gr. er því bætt við að framtalsskylda hvíli á lögaðila en sé um bókhaldsskylda aðila að ræða skal í framtalinu fylgja ársreikningur, skv. 1. mgr., en í skráðum félögum er nægilegt að þeir sem hafi heimild til að binda félagið undirriti framtalið.

Síðast en ekki síst er gerð breyting á gildistökuákvæðinu samkvæmt tillögum nefndarinnar sem fyrst og fremst felur það í sér að ákvæði sem er í e-lið 2. gr. frv. um skattfrelsi húsaleigutekna er látið taka gildi við álagningu tekjuskatts á árinu 1995 vegna tekna á árinu 1994.

Þetta er í stórum dráttum þær brtt. sem meiri hluti efh.- og viðskn. hefur ákveðið að leggja til við frv. um tekjuskatt og eignarskatt. Þetta frv. er óvenju lítið miðað við það sem oft hefur verið að gerast fyrir jólin í sambandi við ríkisfjármálin og eru tiltölulega litlar breytingar í því. Þess vegna eru brtt. í samræmi við það og taka ekki á mörgum atriðum.

Frv. er fyrst og fremst ívilnandi fyrir skattgreiðendur og þau atriði sem til skattþyngingar horfa eru fyrst og fremst tæknilegs eðlis.

Útbýting þingskjala:

Barnalög, 342. mál, stjfrv., þskj. 542.

Tekjuskattur og eignarskattur, 290. mál, nál. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 541.

[17:43]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Finnur Ingólfsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum. Þetta er nál. minni hluta efh.- og viðskn. en þann minni hluta skipa ásamt þeim sem hér stendur hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, Kristín Ástgeirsdóttir og Jóhannes Geir Sigurgeirsson.

Í upphafi ætla ég í örfáum orðum að gera grein fyrir tilkomu þessa frv. og vinnubrögðum ríkisstjórnarinnar við framlagningu þess á Alþingi.

Þegar áætlað var strax í byrjun október að þing færi heim í jólafrí 17. des. varð ljóst þegar fjárlagafrv. lá fyrir að gera þyrfti ráðstafanir til að tryggja grundvöll þess bæði með ráðstöfunum í ríkisfjármálum og eins með breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Vinnubrögð ríkisstjórnarinnar voru hins vegar þau að þegar fjórir dagar voru eftir af þingi miðað við þá starfsáætlun er þingið starfaði eftir lagði ríkisstjórnin fyrst fram það frv. sem hér er til umfjöllunar um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt og þegar tveir dagar voru eftir af áætluðum þingtíma var fyrst mælt fyrir frv. Það verður því að segjast eins og er að hv. efh.- og viðskn. fékk ekki mikinn tíma til umfjöllunar um málið og það er óeðlilegt í alla staði að gefa nefndum þingsins ekki meiri tíma en þann sem hér um ræðir til þess að fjalla um svo veigamikil mál sem breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt eru og þær breytingar hafa auðvitað áhrif á hvern einasta Íslending. Því er mjög nauðsynlegt og það á og þarf að breyta þeim vinnubrögðum er þessi ríkisstjórn og aðrar ríkisstjórnir hafa haft á undanförnum árum að koma mjög seint fram með svo veigamiklar breytingar á svo veigamiklum lögum sem lögin um tekjuskatt og eignarskatt eru.

Í upphafi nefndarálitsins gerum við örlitla grein fyrir yfirlýsingu sem hæstv. ríkisstjórn lagði fram og sendi frá sér 10. desember sl. en þær breytingar sem lagðar eru til í því frv. sem hér er til umfjöllunar byggja að stærstum hluta til á þeim yfirlýsingum fyrir utan það að hluti af þeim yfirlýsingum nær ekki til

þessa frv. heldur er þar um ákveðin fyrirheit að ræða sem ríkisstjórnin ætlar alls ekki að standa við ef af reynslunni má dæma.

Það hefur borið við og hvað eftir annað hefur það gerst að í tengslum við kjarasamninga, hvort sem um nýja kjarasamninga að ræða eða endurskoðun á kjarasamningum að ríkisstjórnin hefur gefið út yfirlýsingar og fyrirheit og flest þessara fyrirheita hafa verið í þá veru að um stórkostlega aukningu á verklegum framkvæmdum ætti að vera af hálfu hins opinbera. Í tengslum við kjarasamninga í maí 1993 voru gefin fyrirheit af hálfu ríkisstjórnarinnar um að verja allt að 2.000 millj. kr. til verklegra framkvæmda. Í samantekt, sem efh.- og viðskn. hefur fengið frá Alþýðusambandi Íslands, er talið að enn skorti 700 millj. kr. á að ríkisstjórnin standi við þau loforð sem hún gaf í tengslum við kjarasamningana í maí 1993. Því til viðbótar er gert ráð fyrir að í fjárlagafrv. því sem nú hefur verið samþykkt fyrir árið 1995 séu verklegar framkvæmdir skornar niður milli ára sem nemur 2.000 millj. kr. Það eru ekki einu sinni tilburðir af hálfu ríkisstjórnarinnar til að standa við þau fyrirheit sem hún gaf í tengslum við kjarasamningana í maí 1993 heldur er haldið áfram á þeirri braut að skera niður verklegar framkvæmdir. Slíkt hlýtur auðvitað í því atvinnuástandi sem nú er að leiða til aukins atvinnuleysis þrátt fyrir að menn séu að spá betri tíð á ýmsum sviðum.

Það hefur verið siður hjá ríkisstjórninni og í öllum samskiptum við aðila vinnumarkaðarins í tengslum við flest þau vandamál sem þar hafa komið upp að gefnar hafa verið út yfirlýsingar og það er umhugsunarefni hversu mikið langlundargeð aðilar vinnumarkaðarins hafa sýnt ríkisstjórninni því að þeir hafa í raun látið hana komast upp með að gera ekkert annað en gefa út yfirlýsingar, yfirlýsingar sem menn hafa kannski oft og tíðum vitað að ríkisstjórnin ætlaði alls ekki að standa við. Það langlundargeð er umhugsunarvert sem aðilar vinnumarkaðarins hafa sýnt ríkisstjórninni.

Í tengslum við endurskoðun á kjarasamningum nú síðast var ákveðið að fara út í stórkostlegar samgöngubætur á höfuðborgarsvæðinu og í kjölfar þess varð uppi mikill vandræðagangur í stjórnarliðinu því að forsrh. lýsti því yfir að þessar vegaframkvæmdir bæri að fjármagna með því að hækka bensíngjald. Þessi ákvörðun forsrh. skapaði andstöðu og varð til þess að aðilar vinnumarkaðarins, bæði Alþýðusambandið og Vinnuveitendasambandið, vöruðu við þeirri leið sem ákveðið var að fara. Forsrh. dró síðan í land en þvert ofan í yfirlýsingar forsrh. að bensíngjald yrði ekki hækkað var það hækkað 1. des. sl.

Vorið 1993 lýsti ríkisstjórnin því yfir í tengslum við gerð kjarasamninga að það bæri að koma á fyrir 1. janúar 1994 fjármagnstekjuskatti og skyldi skatturinn miðaður við það að nafnvextir skyldu skattlagðir er næmi 10%. Enn hefur ekkert bólað á þessum fyrirheitum og hafa aðilar vinnumarkaðarins ekki gengið eftir þeim nema með veikum mætti en nú er ríkisstjórnin í yfirlýsingu sinni frá 10. des. að óska eftir því að málið sé sett í nefnd þar sem tilnefndir séu aðildar vinnumarkaðarins og hinna stjórnmálaflokkanna hvort sem þeir eru í stjórn eða stjórnarandstöðu á Alþingi. Um þetta hefur ekki náðst samkomulag og hefur komið fram að stjórnarandstöðuflokkarnir eru ekki tilbúnir til þess að tilnefna menn í nefndina nema hlutverki hennar sé að allverulegu leyti breytt. En það sem er alvarlegast í málinu er að ríkisstjórnin gefur fyrirheit um hvernig þetta skuli framkvæmt, stendur ekki við þau og frestar síðan málinu samkvæmt yfirlýsingu frá 10. des. aftur til upphafs árs 1996 og ætlar þannig enga ábyrgð að bera á þeim yfirlýsingum sem hún er að gefa núna og ekki heldur á því hver framkvæmd málsins verði.

Í yfirlýsingunni, sem ríkisstjórnin sendi frá sér 10. des., er sérstaklega fjallað um hækkun persónuafsláttar um áramót. Þar er látið að því liggja að sérstök ákvörðun liggi að baki því að hækka eigi persónuafslátt um 2.150 kr. úr 57.228 kr. í 59.300. Hér er því miður um hreinar blekkingar að ræða og það hefur komið fram að ef um raunhækkun á þessum persónuafslætti um 2.150 kr. væri að ræða þýddi það útgjaldaauka fyrir ríkissjóð á bilinu 1.500–1.700 millj. kr. Fjmrn. hefur hins vegar upplýst að útgjaldaauki ríkissjóðs af hækkuninni verði í kringum 200–300 millj. kr. Staðreyndin er sú að í fjárlagafrv. hafði verið gengið út frá því að persónuafsláttur yrði hækkaður eins og uppfærsla verðlags gerir ráð fyrir og í raun og veru er lögbundið í skattalögum að muni gerast um mitt ár. Sú yfirlýsing sem gefin var 10. des. um sérstaka hækkun persónuafsláttar er því hrein blekking og var búið að gera ráð fyrir henni og gert ráð fyrir henni í lögum.

Varðandi yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er snýr að húsnæðismálum og lækkun húshitunarkostnaðar er þar fyrst og fremst um að ræða fögur orð á blaði því að ekkert er í fjárlagafrv. sem gerir ráð fyrir því að fjármunir séu tryggðir til þess að standa undir skuldbreytingum við þá sem eru í mestum greiðsluerfiðleikum við Húsnæðisstofnun ríkisins og ekkert er í fjárlagafrv. sem gerir ráð fyrir því að hægt sé að lækka húshitunarkostnað. Þetta eru kannski fyrstu orðin sem þarna eru sett á blað í nýrri framhaldssögu sem ríkisstjórnin mun halda áfram með með yfirlýsingar um hluti sem ekki á að standa við og ekkert stendur að baki.

Það er mat Alþýðusambands Íslands, hagdeildar sambandsins að í þeirri yfirlýsingu og í frumvarpi því sem hér er til umræðu felist í raun og veru ekki kjarajöfnun heldur í raun og veru aukin mismunun. Það kemur fram í áliti Alþýðusambandsins svo að ég vitni í það orðrétt, með leyfi forseta:

„Það er vandséð [að mati hagdeildar Alþýðusambands Íslands] með hvaða hætti þessi skattkerfisbreyting á að uppfylla þau markmið sem ríkisstjórnin setti sér með þessum aðgerðum. Þannig hafa þessar tillögur engin áhrif á afkomu þeirra sem eru allra tekjulægstir og eignaminnstir. Hækkun persónuafsláttar um 500 kr. bætir ekki afkomu þeirra sem eru undir skattleysismörkum. Hins vegar lækkar skattbyrði með hækkandi tekjum og meiri eignum. Þannig fá einstaklingar með 250 þús. kr. tekjur á mánuði um 1.750 kr. lækkun á sköttum á mánuði og ef þeir eiga 15 millj. kr. skuldlausa eign yrði skattalækkunin tæplega 4.900

kr. á mánuði. Gagnvart hjónum með 500 þús. kr. tekjur á mánuði eru þessar fjárhæðir tvöfaldaðar eða úr 3.500 kr. í tæplega 9.800 kr. á mánuði. Mælt sem hlutfall af ráðstöfunartekjum, þ.e. eftir skatt, vegur þessi skattalækkun 3% á mánuði gagnvart 0% hjá þeim tekjulægstu. Því má segja að skattalækkunin nái sérstaklega til stóreignafólks sem venjulegar tekjur og ekki er með nokkru móti hægt að tengja það hugtakinu „kjarajöfnun" — að mati hagdeildar Alþýðusambands Íslands.

Til nánari skýringar á þessu vísast til greinargerðar Alþýðusambandsins um yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 10. des. sem fylgir með nefndaráliti minni hluta efh.- og viðskn.

Þá er ég kominn að þeim þáttum í nefndarálitinu er snúa að þeim lagabreytingum sem gert er ráð fyrir í því frv. sem hér er til umfjöllunar og þá fyrst að afnámi tvísköttunar lífeyrisgreiðslna. Þegar staðgreiðslukerfi skatta var tekið upp árið 1988 voru allir frádráttarliðir, sem giltu í eldra tekjuskattskerfi, felldir niður, þar á meðal iðgjaldagreiðslur launafólks í lífeyrissjóði. Það þýddi með öðrum orðum að gert var ráð fyrir að inn í persónuafslættinum væri áætluð ákveðin upphæð fyrir þessu skattfrelsi. Nú hefur það hins vegar gerst eins og allir eru sammála um að persónuafslátturinn hefur dregist saman eða lækkað að raungildi og má því segja að aftur sé komið til ákveðinnar tvísköttunar. Það sem er kannski mikilvægast við þetta er að ríkisstjórnin með þeirri tillögu sem hún boðar hér er í raun og veru að fallast á það grundvallarsjónarmið þeirra sem hafa haldið fram að um tvísköttun væri að ræða. Í flestum löndum í kringum okkur er sú leið farin að skattafslátturinn er veittur af iðgjaldinu þegar það er greitt inn í lífeyrissjóð. Ríkisstjórnin hefur hins vegar valið þá leið að finna út eftir reiknikúnstum að veita 15% afslátt af útgreiðslu úr lífeyrissjóði. 15% ætla ég ekki að deila hér um. Fyrir því eru færð ákveðin rök en um þau má auðvitað deila og sýnist sitt hverjum.

Ástæðan fyrir því að ríkisstjórnin velur þessa leið er sú að hún er ódýrari í fyrstu, þ.e. útgjaldaáhrifin eða tekjuminnkunin fyrir ríkissjóð mun nema um 250–300 millj. kr. Aftur á móti ef við horfum aftur til ársins 2015 þegar lífeyrissjóðirnir eru í raun farnir að þjóna því hlutverki sem þeim var ætlað strax árið 1970 og gert er ráð fyrir að lífeyrissjóðirnir séu uppbyggðir með svipuðum hætti þá þýðir þetta að útgjöldin munu verða nákvæmlega þau sömu árið 2015 og ákvörðun sem hefði verið tekin í dag um að taka 4% sem er iðgjald launamannsins inn í lífeyrissjóð og afnema skatt af því. Í raun og veru er ríkisstjórnin með þessu að fría sig þeirri ábyrgð sem felst á þeirri kerfisbreytingu, sem þarna er lögð til, og senda reikninginn sem hlýst af þessu yfir á komandi kynslóðir. Það er mat þeirra sem þurfa að fjalla um þessi mál eins og Hrafns Magnússonar, framkvæmdastjóra Sambands almennra lífeyrissjóða, sem eins og hann orðaði það sjálfur á fundum í nefndinni, að meira og minna í 25 ár hefði hann verið að fást við lífeyrissjóðamál og margar einkennilegar og skrýtnar tillögur hefðu komið fram í þessum efnum en þetta væri eins og Hrafn orðaði það sjálfur sú vitlausasta sem hann hefði nokkurn tíma heyrt um. Þegar betur er að gáð mun sú breyting, sem lögð er til af hálfu ríkisstjórnarinnar, leiða til mjög mikillar mismununar. T.d. ekki gert ráð fyrir því að öryrkjar njóti nokkurs í þessari tvísköttun. Ekki er gert ráð fyrir því að þeir sem eru undir 70 ára aldri og geta farið að taka lífeyri 67 ára njóti neins. Ekki er gert ráð fyrir því að heil stétt sjómanna njóti neins fyrr en þeir eru orðnir sjötugir og hafa núna í dag heimild til þess að taka lífeyri þegar þeir eru 65 ára, gátu það fyrir ári þegar þeir voru 60 ára. Fyrir utan það að verið er að skapa þeim einstaklingum, þeim mönnum sem eru í þeirri stöðu að geta gert sérsamninga við launagreiðendur sína, möguleika á viðbótar 15% skattafslætti með því að þeir menn sem eru í þeirri stöðu að geta gert sérsamninga um kjör sín, semji um það að launagreiðandi greiði ákveðinn hlut af launum viðkomandi inn í t.d. frjálsa lífeyrissjóðinn eða hvaða annan lífeyrissjóð sem er. Þegar til útgreiðslu úr þeim lífeyrissjóði kemur og launamaðurinn hefur í rauninni aldrei greitt neinn annað en hafa gert þennan hluta af sínum kjörum að greiða þetta framlag inn í sjóðinn mun þessi einstaklingur fá 15% skattafslátt af þeim launum er hann hefur greitt inn í lífeyrissjóðinn og hefur þannig sparað til framtíðar þegar til útgreiðslunnar kemur. Þetta leiðir auðvitað til hrikalegrar mismununar fyrir utan það að þetta mun hvetja til þess að launamenn og þeir menn sem hafa þá aðstöðu til að geta gert slíka sérsamninga við vinnuveitendur sína munu fara þá leið í ríkara mæli en þeir hafa gert í dag og þó er vitað til þess að þessi leið er nú valin. Því miður er af hálfu ríkisstjórnar vanhugsuð, illa undirbúin tillaga sem mun leiða til mismununar og leiða til ófyrirséðs útgjaldaauka fyrir ríkissjóð og eins og ég sagði áðan er verið að senda reikning komandi tíma yfir á komandi kynslóðir. Með öðrum orðum er ríkisstjórnin að velta vandamálunum á undan sér.

Stóreignaskattar eru lækkaðir samkvæmt þessu frv. Árið 1989 var lagður sérstakur eignarskattsauki á þá sem voru yfir tilteknum mörkum og miðað við eignarskattsstofn sem á þessu ári er í kringum 10 milljónir kr. hjá einstaklingum og 20 millj. kr. hjá hjónum. Árið 1990 var þessi sérstaki eignarskattsauki, sem var 1,5%, lækkaður um helming eða niður í 0,75% og hann var sérstaklega tekjutengdur. Um leið og tekið var meira mið af tekjum einstaklinganna var þessi skattur í raun miklu réttlátari. Ríkisstjórnin hefur haft alla möguleika á því allt þetta kjörtímabil hefði einhver pólitískur vilji verið fyrir því að afnema skattinn en hann hefur gengið undir nafninu ekknaskattur. Það er hins vegar ekki fyrr en nú rétt fyrir kosningar að menn taka þá ákvörðun að afnema skattinn. Þess vegna hvarflar að manni að þetta sé auðvitað gert í pólitískum tilgangi til þess að sýnast rétt fyrir kosningar og auðvitað er enn þá óeðlilegra að þetta skuli vera gert á þeim tíma þegar ríkisstjórnin er að bjóða upp á samstarf við stjórnarandstöðuflokkana og við aðila vinnumarkaðarins um að koma á fjármagnsteknaskatti því að þessi stóreignaskattur eins og hann er kallaður eða ekknaskatturinn er hluti af því fyrirkomulagi og heild-

arendurskoðun sem þarf að eiga sér stað á öllu eignar- og tekjuskattskerfinu. Því er enn furðulegra að þessi tími skuli vera valinn.

Hátekjuskattur er lækkaður en með ráðstöfunum ríkisstjórnar í nóvember 1992 var ákveðið að leggja á sérstakan 5% tekjuskatt, tekjuskattsauka sem hefur verið nefndur hátekjuskattur. Þegar fjárlagafrv. ríkisstjórnarinnar kom fram í upphafi þings í byrjun október kom skýrt fram að ríkisstjórnin hafði ekki í huga að leggja þennan skatt lengur á og stóð til að fella hann niður. Sú breyting varð hins vegar á þegar skattafrv. leit dagsins ljós að ákveðið var að halda hátekjuskattinum að ákveðnu marki áfram en viðmiðunartekjumörkin voru hækkuð um 25 þús. kr. á mánuði hjá einhleypingum og 50 þús. kr. hjá hjónum. Skatturinn hefur skilað á árinu 1994 í kringum 400 millj kr., kannski 350 millj. kr. í innheimtu en áætlað er að með þeirri breytingu, sem nú er lögð til, muni hann skila ríkissjóði um 100 millj. kr. minna en hann gerir á árinu 1994.

Það er skoðun minni hluta efh.- og viðskn. að óeðlilegt sé við þessar kringumstæður að draga úr hátekjuskattinum, ekki síst þegar haft er í huga að á sama tíma er gert ráð fyrir að lækka greiðslur almannatrygginga, þ.e. lífeyrisgreiðslurnar, um 850 millj. kr. Hvar mun sú lækkun koma fram? Jú, hún mun koma fram hjá ellilífeyrisþegum og öryrkjum. Með öðrum orðum eru menn að lækka bætur almannatrygginga, sem nemur 850 millj. kr., en menn eru að lækka skattabyrði af hátekjufólki um 100 millj. kr.

Í yfirlýsingu forsrh. frá því í maí 1994 og í tengslum við endurskoðun kjarasamninga var gert ráð fyrir að fyrirtæki geti nýtt sér rýmri heimildir til flýtifyrninga vegna fjárfestingnarfyrirtækja í atvinnulífinu á árinu 1994 og árinu 1995. Frá því í maí hafa aðilar vinnumarkaðarins hvað eftir annað gengið á eftir því við ríkisstjórnina að fram kæmu skýrar reglur með hvaða hætti fyrirtækin gætu nýtt sér flýtifyrningarnar, vildu þau fara út í aukna fjárfestingu. Þrátt fyrir ítrekaðar óskir í þessum efnum hefur ekkert komið fram frá ríkisstjórninni fyrr en núna um miðjan desember 1994 með hvaða hætti fyrirtækin geti nýtt sér flýtifyringuna. Flýtifyrningin tekur aðeins til tveggja ára, þ.e. ársins 1994 og 1995. Auðvitað er ekki hægt að ætlast til þess að atvinnulífið þori að leggja út í fjárfestingar við þær kringumstæður sem nú eru þegar algerlega er óljóst með hvaða hætti menn gætu nýtt sér þá yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um að reglur yrðu settar um flýtifyrninginu fyrirtækja. Það liggur fyrir vegna þess að reglurnar hafa ekki verið settar þá hafa fyrirtæki heldur ekki ráðist í að fjárfesta í þeim mæli sem annars hefði kannski orðið. Þar sem ekki eru nema fáir dagar eftir af þessu ári er fyrra árið liðið af þeim tveimur sem ríkisstjórnin gaf fyrirheit um að flýtifyrningarnar giltu. Það má því segja að sú yfirlýsing, sem gefin var í maí 1994, komi ekki að nema litlu gagni og kannski ekki að neinu gagni fyrir þau fyrirtæki sem annars hefðu viljað ráðast í fjárfestingar á þessu ári en hafa ekki gert af því að reglurnar voru ekki skýrar og munu á árinu 1995 hugsanlega ráðast í einhverja fjárfestingu en það mun þó ekki nýtast til atvinnusköpunar nema að litlu leyti.

Ég hef í framsögu fyrir nefndarálitinu í fyrsta lagi gert grein fyrir þeim yfirlýsingum sem ríkisstjórnin hefur verið með og á hvern hátt hún hefur ekki staðið við þau fyrirheit sem þar hafa verið gefin og svo í öðru lagi gert grein fyrir þeim stærstu hlutum sem koma fram í því frv. sem hér er til umfjöllunar um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt og hvað í því felst og hvaða áhrif það muni hafa.

Eins og ég sagði í upphafi er þetta álit minni hluta efh.- og viðskn. Minni hlutinn stendur sameiginlega að nefndarálitinu en mun við 2. umr. málsins flytja sjálfstæðar brtt. og láta á það reyna við atkvæðagreiðslu hvort þær hafa stuðning eða ekki.

[18:09]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég ætla að mæla fyrir brtt. sem útbýtt hefur verið á fundinum sem birtar eru á þskj. 539 en það mun að vísu standa svo á að enn eigi eftir að veita afbrigði fyrir því að þær komi hér fyrir og í trausti þess að svo verði gert síðar á fundinum áður en til atkvæðagreiðslu kemur leyfi ég mér að vísa í það þskj., sem útbýtt hefur verið, en ekki tekið á dagskrá. Fyrst mun ég fara nokkrum orðum um efni þessa skattafrv. almennt að svo miklu leyti sem ég get ekki vísað í. Mér nægir ekki að vísa í ágæta framsöguræðu frsm. minni hluta hér áðan og nál. á þskj. 541.

Eins og hv. þingmönnum er kunnugt tengist þetta skattafrv. að nokkru leyti yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar sem gefin var á frægum laugardagsfundi snemma í desembermánuði ef ég man rétt og kynnt fjölmiðlum nokkrum mínútum áður en aðalfréttatímar að kvöldi áttu að hefjast þannig að ekki gafst mikill tími til að fara gagnrýnum augum yfir þau skjöl enda voru fyrstu viðbrögð manna þau að þarna væru á ferðinni tímamótaaðgerðir hæstv. ríkisstjórnar í skattamálum og til lífskjarajöfnunar í þjóðfélaginu. En smátt og smátt kom veruleikinn í ljós og í raun og veru er það svo að annað eins blekkingarskjal hefur ekki í langan tíma verið sent fram í dagsljósið á ísaköldu landi og er þá langt til jafnað því að ýmsu eru menn nú vanir. Staðreyndin er sú að eftir stendur harla fátt í skjalinu sem sætir einhverjum tíðindum. Mestan part voru á ferðinni gömul loforð, flest óefnd eða verið var að margselja saman hlutinn og að hinu leytinu til voru ráðstafanir í skattamálum sem sumar hverjar ganga bókstaflega sagt í þveröfuga átt við það yfirlýsta markmið tillagnanna að jafna lífskjörin í landinu. Þetta hefur auðvitað verið rækilega afhjúpað í umræðum og úti í þjóðfélaginu á síðustu vikum í umsögnum aðila vinnumarkaðarins og sérstaklega Alþýðusambandsins og BSRB er rækilega sýnt að á ferðinni eru fyrst og fremst tilfærslur í skattakerfinu sem koma til góða tekjuháu stóreignafólki. Varla verður fundið út meira öfugmæli en það að í því felist sérstök lífskjarajöfnun á Íslandi í dag að létta sköttum af fólki með tekjur yfir 200 þús. kr. einstaklingar og 400 þús. kr. hjónum eða fólki sem á yfir 10 millj. kr. skuldlausar eignir. Ég veit ekki hvar í ósköpunum menn eru staddir ef þeir ætla að koma því

heim og saman að það sé liður í tekjujöfnun á Íslandi í dag. Ég segi bara að þeir menn sem þannig tala bera ekki mikið skynbragð á veruleikann eins og hann er um þessi jól og þessi áramót hjá þjóðinni sem samkvæmt skoðanakönnunum stendur þannig að fimmtungur telur sig ekki hafa efni á jólahaldi, telur sig ekki hafa efni á því að gera betur við sig í mat og drykk og klæðum eða hvað það nú er sem fylgir því standi.

Nei, hæstv. forseti. Þetta var auðvitað harla nöturlegt og ég endurtek að það er eiginlega langt síðan maður hefur staðið frammi fyrir svona ósvífni, svona grimmri ósvífni eins og birtist í í blekkingartilraun ríkisstjórnarinnar með laugardagssamþykktinni frægu fyrr í mánuðunum. — Kemur nú hæstv. forsrh. skeiðandi inn í salinn og veri hann velkominn. Vona ég að hæstv. forsrh. sitji hér og fylgist með umræðum og standi fyrir máli sínu.

Um frv. sjálft, hæstv. forseti, sem að hluta til ber út í dagsljósið ákvarðanir laugardagsfundarins en að öðru leyti eru óskyldar aðgerðir í skattamálum er það að segja að ég hlýt að gera að nokkru umtalsefni fyrst hina svokölluðu tillögu um afnám tvísköttunar. Enn er það á ferðinni að menn gefa hlutunum ekki rétt nöfn. Ég verð að segja alveg eins og er að eftir að hafa velt því máli fyrir mér og skoðað það þann tíma sem maður hefur haft frá því að frv. kom fram eða yfirlýsingin var gefin þeim mun meira er mér brugðið, hæstv. forseti, yfir því sem þar er að gerast. Satt best að segja tel ég að þetta sé afar stórt mál þannig að fólk hafi kannski ekki almennt áttað sig á því hversu gífurlega afdrifarík ákvörðun gæti verið á ferðinni ef hún verður stefnumarkandi og fordæmisgefandi fyrir það sem fram undan er í þessum efnum og í öðru lagi eftir því hversu geysilega vanhugsuð það er að ætla sér að afgreiða skattfrelsi lífeyristekna að því marki sem þær eru það með þessum hætti. Ég hef orðið mjög sterka sannfæringu fyrir því, hæstv. forseti, að menn séu að stefna inn á alranga braut og það sem ég óttast er auðvitað að verði þessi 15% skattfrelsi lífeyristeknanna tekin upp nú, sem er vinsæl aðgerð hjá fjöldamörgum í þjóðfélaginu, þeim sem þiggja lífeyri í dag og á komandi árum, þá sitji menn uppi með það og engin ríkisstjórn, enginn meiri hluti á Alþingi á komandi árum treysta sér til að breyta því. En hvað þýðir það? Það þýðir væntanlega að hinu leytinu að menn sitja uppi með skatt á inngreiðslur í lífeyrissjóðakerfið um aldur og ævi, að sá frádráttur af tekjum manna sem gengur til að mynda lífeyrisréttindin í uppsöfnunarkerfi eins og hér er verður skattlagður. Það er vont, það er hættulegt, það grefur undan framtíð þessa kerfis. Það felur ekki í sér hvata til þess að fólk leggi fyrir af launum sínum til að mynda bærileg lífeyrisréttindi á síðari hluta ævinnar. Staðreyndin er náttúrlega sú sem má sjálfsagt ekki nefna, það er sjálfsagt leyndarmálið sem ekki má tala um, að það er sáralítil tvísköttun á ferðinni enn þann dag í dag í lífeyriskerfinu. Eftir því sem hægt er næst að komast hefst hún í rauninni ekki fyrr en upp úr 1988 þegar staðgreiðsla er tekin upp og þó þannig að samkvæmt því sem sagt var 1988 var persónufrádráttur miðaður við það að hann fæli í sér viðmiðun eða öllu heldur skattfrelsi inngreiðslna í lífeyrissjóð. Fram til 1988 voru iðgjöld í lífeyrissjóð ekki skattlögð eða voru frádráttarbær í eftirágreidduskattkerfi þess tíma. Hins vegar er það viðurkennt að skattfrelsismörk hafa síðan lækkað, ekki staðið í því sem þau voru 1988 og með því má í raun og veru segja að til sögunnar komi ákveðin tvísköttun, að 4% inngreiðslur launamanna sjálfra í lífeyrissjóði eru skattskyldar tekjur. Og hver er þá tvísköttun í dag hjá manni sem til að mynda greiddi í lífeyrissjóð á árunum 1988–1992 og hóf svo töku lífeyris á árinu 1993 eða 1994? Jú, hún eru þessi 4–5 ár í mesta lagi af kannski 30–40 árum, 25–30 árum a.m.k., sem viðkomandi hafði greitt í lífeyrissjóð, einhver örlítil prósenta af öllum þeim tíma sem lífeyrisréttindin hafa myndast á.

Að hinu leytinu til er það auðvitað þannig að allir þeir sem fá nú lífeyri, án tillits til þess að hve miklu leyti eða hvort yfir höfuð þeir hafa nokkurn tíma á ferlinum orðið fyrir tvísköttun, fá þessi 15%. Þannig að þessi aðgerð, hvað sem um hana má segja að öðru leyti og í raun og veru ágæt, sem hún er gagnvart því að hún bætir stöðu þessa hóps vissulega, þá er hún ekki nema að mjög litlu leyti í reynd afnám eiginlegrar tvísköttunar. Þetta eiga menn bara að segja eins og er. Vilji menn hins vegar bæta stöðu lífeyrisþega, aldraðs fólks, þá eru margar leiðir til þess og eðlilegast væri að minnka skerðingu grunnlífeyris eða gera þetta í gegnum almannatryggingakerfið eða með öðrum slíkum ráðstöfunum. En að dulbúa þessa aðgerð með þessum hætti er að mínu mati ómálefnalegt og næstum að segja auðvirðilegt. Mér liggur við að segja það. Og það versta við málið er það, sem kom ágætlega fram hjá frsm. minni hluta, að þessi aðgerð felur ekki í sér það skattfrelsi inngreiðslna í lífeyrissjóði sem er baráttumál allra þeirra sem í raunveruleikanum hafa verið að krefjast þess að ekki yrði um neina tvísköttun að ræða. Hún felur þar af leiðandi ekki í sér þá stuðningsaðgerð við lífeyrissjóðakerfið í landinu sem það væri og hún ber í sér ýmiss konar óréttlæti sem mun fylgja henni um aldur og ævi í þessari aðferð, til að mynda það að þeir sem fá aukin lífeyrisréttindi vegna meiri greiðslna atvinnurekenda heldur en þeirra 6% sem reiknireglan er miðuð við, fá í raun og veru ekki afnám tvísköttunar á lífeyri, þeir fá tvöfaldan skattafrádrátt. Var það það sem menn ætluðu að gera?

Við skulum hugsa okkur dæmi um mann sem semur við sinn vinnuveitanda um að borga í sínu nafni inn í lífeyrissjóð ekki bara 6% heldur 10 eða 12%. Fyrirtækið dregur þau útgjöld frá skatti. Fyrirtækið dregur þau útgjöld frá sem rekstrargjöld áður en það borgar skatta. Þar með bera þær inngreiðslur ekki skatt, þær eru skattfrjálsar. Síðan kemur að því einhverjum árum seinna eða áratugum að viðkomandi maður fær útgreiddan lífeyri og hann er þá sem þessum inngreiðslum nemur meiri en hann hefði verið ef einungis hefðu verið greidd 6%. Hvað gerist þá? 15% reglan tekur til lífeyrisins hlutfallslega. Niðurstaðan: Tvöfalt skattfrelsi, ef hægt er að komast svo að orði. Var það þetta sem menn ætluðust til? Nei, auðvitað ekki. Þar með er

þessi aðgerð ekki einungis þannig að hún er hlutfallsleg og felur í sér fleiri krónur til þeirra sem hæstan hafa lífeyrinn, fá mest útborgað. Hún er meira en það, eins og sýna má fram á með þessu dæmi.

Það má nefna það sem atriði líka í þessu sambandi að auðvitað gerist það í uppsöfnunarkerfi lífeyrisréttinda sem bundið er við einstaklinga, að einhver hluti þeirra sem lífeyrisgreiðslurnar inna af hendi nýtur aldrei útgreiðslnanna, til að mynda af þeirri einföldu ástæðu að viðkomandi andast áður en hann kemst á lífeyristökualdur. (Gripið fram í.) Það er synd, segir hv. ræðumaður og virðist ekki hafa mikla samúð með þessum tilvikum. En hvað gerist ef menn velja þessa aðferð, að maður sem greiðir í lífeyrissjóð í 35 ár, einhleypur maður, hann andast svo rétt áður en hann hefur töku lífeyris. Hann greiðir inn og borgar fulla skatta af inngreiðslunum, myndar lífeyrisréttindi í lífeyrissjóði sem aðrir fá því að aðrir njóta þess að sjóðurinn stendur sem þessu nemur betur og hljóta svo útgreiðslurnar og fá 15% skattfrelsi af þeim. Er það til að auka réttlætið í kerfinu, að þeir sem lenda í þeirri stöðu að borga inn í þetta kerfi en njóta aldrei neins úr því, þeir báru fulla skatta af inngreiðslunum en aðrir fá skattfrelsi af útgreiðslunum? Þannig virkar þetta kerfi.

Og fleiri og fleiri dæmi af þessu tagi má taka. Það segir mér bara: Að lokum er niðurstaðan sú, það er tóm della í uppsöfnunarkerfi að ganga frá þessu máli öðruvísi en þannig að það sé á inngreiðsluhliðinni vegna þess að hitt kemur áratugum seinna. Og hver veit hverjir njóta þess og hvaða aðstæður verða þá við lýði. Auðvitað á að ganga frá þessu máli þannig að inngreiðslurnar séu skattfrjálsar. Það er lágmark að gera það þannig. Vilji menn hins vegar bæta svo stöðu aldraðra á líðandi stundu eða á hvaða tíma sem er þá gera menn það með öðrum hætti en þessum.

Ég er, hæstv. forseti, orðinn svo algerlega sannfærður um það að þarna eru menn að lenda úti á rangri braut, að ég get ekki annað en látið þá ósk mína í ljós að menn nái með einhverjum hætti að afstýra því slysi sem ég held að hér sé að verða. Ég teldi hyggilegast úr því sem komið er að allir flokkar sameinuðust um það að fresta afgreiðslu þessa máls, tækju sér tíma í að skoða það fyrstu mánuði næsta árs að reyna að gera þetta með einhverjum öðru hætti. Sú aðferð sem ég held að sé þar langvænlegust og ég hef reyndar prufað undanfarna daga að útfæra það hvernig væri hægt að ganga frá þessu á hina hliðina, væri að innleiða skattfrelsi inngreiðslna í lífeyrissjóði í áföngum þannig að menn tækju til að mynda 1% launamannsins í 1. áfanga og 1,5% sjálfstætt starfandi atvinnurekenda vegna eigin inngreiðslna, síðan tækju menn 2% og 3, 4 og þannig innleiddu menn þetta í áföngum á nokkrum árum. Létu kannski hvert prósent standa í tvö ár eða svo. Þannig ætti á 6–8 ára tímabili innleiða fullt skattfrelsi inngreiðslna. Á móti mætti hugsa sér að hafa einhvern frádrátt við lýði um nokkurt árabil vegna þess hóps sem sannanlega varð fyrir tvísköttun á árabilinu 1988–1994. Reyndar væri besta leiðin í því máli að gera það einfaldlega upp við hvern og einn, taka lífeyrisiðgjöld viðkomandi launamanna á árabilinu 1988–1994, samkvæmt skattframtölum, og gera það upp hve mikinn skatt viðkomandi greiddi af þessum inngreiðslum en fékk ekki frádreginn og ganga frá því sem skattafrádrætti sem viðkomandi ætti geymdan og mætti nota á næstu árum. Flóknara er það nú í raun og veru ekki að gera þennan tvísköttunarþátt málsins upp og annað eins hafa menn nú gert. Með öðrum orðum, viðkomandi einstaklingar ættu geymdan tiltekinn frádrátt vegna inngreiðslna í lífeyrissjóð á árabilinu 1988–1994.

Ef menn telja þetta of flókið þá má auðvitað hugsa sér að nota þessa 15% aðferð eða lífeyristeknaaðferð þannig að einhver tiltekinn frádráttur væri við lýði um nokkurt árabil og þrepaðist út á móti skattfrelsi iðgjaldanna.

Ónefnt er í þessu sambandi það ranglæti sem vissulega er sláandi í þessu efni og Vinnuveitendasambandið gerir að miklu máli í sinni umsögn, að sjálfstætt starfandi atvinnurekendur skuli ekki fá að draga þau 6% sem þeir greiða sjálfra sín vegna í lífeyrissjóð frá sem venjulegan rekstrarkostnað. það er auðvitað argasta óréttlæti og úr því að aðrir verða ekki til þess hér þá skal ég gjarnan taka upp hanskann fyrir þessa aðila í atvinnulífinu. Þetta er auðvitað alveg fáránlegt, að mönnum skuli vera mismunað með þessum hætti vegna þess að þeir eru einyrkjar eða sjálfstætt starfandi í atvinnulífinu þá fái þeir ekki sambærilega skattalega meðhöndlun og aðrir í þjóðfélaginu gagnvart svona persónubundnum réttindum eins og lífeyrisréttindin eru. Þetta er algerlega út í hött. En Sjálfstfl. er ekki að leggja til hér að taka á þessu máli, aldeilis ekki.

Varðandi þetta atriði er svo eitt enn og það er að þó að þessi aðferð, að gefa mönnum 15% frádrátt á lífeyristekjur frá sköttum, sé ódýr núna í augnablikinu og kosti ríkissjóð minna og væntanlega valin vegna þess, þá hlýtur hún auðvitað á tiltölulega skömmum tíma, með því að lífeyrissjóðakerfið kemst í jafnvægi, inngreiðslur og útgreiðslur, að verða jafndýr hinni. Hún er bara miklu verri og gallaðri aðferð. Menn geta auðvitað keypt sér tíma með þessu og þetta er ódýrara um nokkurt árabil, en það er lágkúrulegt að láta það eitt ráða niðurstöðunni. Það er lágkúrulegt.

Hæstv. forseti. Það getur vel verið að það sé hreinlega eins og að reyna að bera sólina út í skjóðu að tala um þetta hér og það nenni enginn að hlusta á þetta. Alla vega nenna hæstv. ráðherrar ekki að vera hér viðstaddir. Og þetta sé þannig vaxið að hæstv. ríkisstjórn af áróðurspólitískum ástæðum hendir þessu út á einum laugardegi og kemst svo ekki frá því máli, búin að lofa öllum lífeyrisþegum í landinu þessari jólagjöf eða nýársgjöf, 15% skattfrelsi á öllum lífeyri, og það er auðvitað vel til vinsælda fallið. Og það er kannski stórhættulegt af manni sem ætlar í framboð að standa hér og tala með þeim hætti sem ég geri um þetta mál, en mér er alveg sama. Sannfæring mín er sú að menn séu gera hérna afdrifarík mistök og þá segi ég það þó að að hljómi ekki endilega eins og músik í allra eyrum. Ég er alveg viss um að ef menn festast á þessu spori og sitja svo fastir þar, vegna þess að þegar einu sinni er búið að veita þessi skattfríði á útgreiddan lífeyri þá

verður erfitt að taka það af. Það verður öflugur hópur úti í þjóðfélaginu sem mun mótmæla hástöfum hvenær sem ætti að reyna að gera það, eðlilega (Gripið fram í.) — og verður ekki hægt. Og þá sitja menn uppi með það að hafa valið þarna vitlausa leið, vitlausa aðferð, af áróðurspólitískum hentistefnuástæðum á einum laugardagseftirmiðdegi og það er dapurlegt þegar svona stórt mál á í hlut.

Ég er líka hræddur um þetta, hæstv. forseti, vegna þess að ég held að þetta mál muni verða mönnum fótakefli þegar að því kemur, sem fyrr eða síðar verður að takast á við, að endurskipuleggja og stokka upp lífeyrissjóðakerfið í landinu, samræma lífeyrisréttindin, fækka og stækka lífeyrissjóðina. Við vitum öll að það kerfi gengur í raun ekki eins og það er uppbyggt í dag. Þar verður að taka á málum og það hyldýpismisræmi sem er í lífeyrisréttindum stenst ekki, a.m.k. vil ég ekki sjá það til frambúðar, þá mun þetta verða mönnum fjötur um fót. Það að hafa ekki valið þá leið að styrkja kerfið með skattfrelsi inngreiðslnanna mun þvælast fyrir mönnum, það mun verða til bölvunar, því að á hinn bóginn væri það mjög góð aðgerð til þess að treysta stöðu lífeyrissjóðakerfisins í landinu, að veita þessi skattfríðindi á inngreiðslurnar og hvetja með því fólk til þess að leggja til hliðar og spara í lífeyrissjóðakerfinu og þess vegna mætti að mínu mati hafa þessar frádráttarheimildir rýmri heldur en ströngustu lög gera ráð fyrir. Það væri hægt að hugsa sér að launamennirnir sjálfir mættu leggja inn 6% skattfrjáls en ekki bara 4 og fyrirtækin mættu bæta við 2–4% við sinn starfsmann áður en það hætti að vera skattfrjálst, sem út af fyrir sig er reyndar ekki takmarkað í dag en kæmi til greina að setja þak á.

Hæstv. forseti. Þetta vil ég segja um þetta atriði þó að það sé þegar búið að gera það hér að nokkru umtalsefni. En það er nú tvímælalaust þannig að þetta mál er hér langstærst, svona „prinsipielt", af því sem hér er á ferðinni og ég endurtek það, ég skora á menn að hugleiða hvort ekki sé unnt að skapa hér samstöðu um það með aðilum vinnumarkaðarins og fleirum að fresta afgreiðslu þessa máls a.m.k. um 1–2 mánuði. Þing kemur aftur saman í janúar og situr fram í lok febrúar þannig að það er út af fyrir sig nógur tími til að ganga frá þessum breytingum þá ef menn velja það að lokum að hafa þetta svona, en menn fengju þá a.m.k. andrúm til þess að fara yfir þetta. Ég er sannfærður um að aðilar vinnumarkaðarins og a.m.k. stjórnarandstaðan, eru tilbúin til að ganga inn á samkomulag um að gera þetta svona því að það er svo mikið í húfi hér. Og mér finnst þetta mál og þessi aðferð alls ekki hafa fengið þá athygli eða umræðu, hvorki hér, auðvitað tímans vegna, og þaðan af síður úti í þjóðfélaginu, sem eðlilegt væri þegar svona stórmál er að fara hér í gegn.

Í öðru lagi, hæstv. forseti, ætla ég að nefna upp úr efni frv. ákvæði um vaxtabætur í 7. gr. Ég hef reyndar áður gert það að umtalsefni og varað við því að menn eru þar að gera breytingu sem þeir vita ekki almennilega hvað felur í sér. Það er ljóst að á ferðinni er einhver skerðing vaxtabóta til tiltekins hóps, þeirra sem þiggur vaxtabætur og það gerist í gegnum það að það er snúið þarna við ákveðinni röð. Í stað þess að takmarka vaxtabótastofninn í upphafi og draga vaxtatekjur síðan frá á eftir þá eru vaxtatekjurnar dregnar frá fyrst, sem þýðir það að vaxtabótastofninn lækkar í tilvikum þeirra sem hafa einhverjar vaxtatekjur. Þetta er líka að mínu mati óeðlilegur uppgjörsmáti, að draga ekki fyrst vaxtatekjurnar frá og ákveða svo hver sé vaxtabótastofninn. Það er að vísu sagt að það séu ekki nema innan við 10% af þeim sem þiggja vaxtabætur sem hafi vaxtatekjur á móti, en eftir stendur að það er þá verið að skerða sérstaklega hag þessa hóps í vaxtabótakerfinu og er nú nóg komið af því hvernig búið er að þjarma að þeim hópi.

Í þriðja lagi nefndi ég til að það gleymist ekki, að samkvæmt frv. á að fella niður lokamálslið 83. gr. tekjuskattslaganna, þ.e. ákvæðið um álag á stóreignir fólks með tekjur yfir vissum mörkum. Ég tel þetta alveg sérstakt örlæti og sérstaka rausn við hóp sem að mínu mati er síður en svo lakast settur í íslensku þjóðfélagi í dag. Fyrir það fyrsta er nú fólk sem á yfir 10 millj. kr. nettóeign, hreina eign þegar allir frádrættir eru komnir til sögunnar (Gripið fram í.) ekki illa statt, hv. þm., borið saman við ýmsa aðra (Gripið fram í.) þegar það er haft í huga að höfuðstóll fjölmargra íslenskra heimila er öfugur. Menn eiga minna en ekki neitt, hv. þm. (**IBA:** Þetta er samt margsköttun ...) Þetta er engin margsköttun, hv. þm. Þetta er náttúrlega mikill misskilningur og draugur sem maður þarf að glíma við í allri þessari umræðu. Fólk kallar allt margsköttun af því að það hafi einhvern tíma borgað tekjuskatt af launum sínum í fyrndinni. En auðvitað er þetta ekki margsköttun vegna þess að það er ekki verið að skattleggja aftur sama stofninn í sjálfu sér (**Gripið fram í:** Ár eftir ár.) auk þess sem hér er á ferðinni að það er eingöngu fólk sem hefur tilteknar tekjur sem greiðir þennan skatt.

Mér er ómögulegt að skilja að á sama tíma og menn leggja á óbreyttan almennan eignarskatt af fullu miskunnarleysi, án nokkurrar tekjuviðmiðunar, alveg niður í núll tekjur, þá eiga menn að borga almenna eignarskattinn, hann er ótekjutengdur, ekkjur, munaðarlausir og allir slíkir. (**IBA:** Það er nú óréttlætið.) Það er ekki kallað ekkjuskattur eða óréttlæti af Sjálfstfl. En þetta álag á stóreignir hátekjufólksins, það ætlar allt vitlaust að verða þegar það er lagt á. Og ég tel í öllu falli, ef menn meina eitthvað með því að fjármagnstekjuskattur verði tekinn upp eða öllu heldur að skattlagning eigna og fjármagnstekna verði nú loksins samræmd á næsta ári eða þar næsta, að fella þetta þá niður áður er alveg fráleitt. Lágmark væri að láta þetta standa þangað til niðurstaða er fengin í það mál.

Þarna hafa menn efni á því að missa út 120 millj., en það er eins og eigi að draga, ég veit ekki hvað, undan nöglum hæstv. fjmrh. þegar aðrir málaflokkar eiga í hlut. Ég gæti þar nefnt aftur lífeyrinn. Við höfum verið að reyna að fá því framgengt að örorkulífeyrir fengi a.m.k. sömu meðferð og almennur lífeyrir hér í þessari 15% reglu ríkisstjórnarinnar. Við höfum átt um það fundi með hæstv. fjmrh., en það er eins og það eigi bara að slíta sálina úr hæstv. ráðherra að nefna

það. En það er hægt að fíra út 120 millj. til þessa stóreignahóps í þjóðfélaginu. Þetta er mjög sérkennilegt satt best að segja.

Ég gleymdi nú eiginlega að nefna það, hæstv. forseti, í sambandi við þessa tvísköttunardellu, að þessi 15% regla er miðuð við 70 ára aldursmörk sem er náttúrlega alveg merkileg hugmyndafræði, að menn skuli ekki fá þessa skattalegu meðferð fyrr en þeir hafa náð 70 ára aldri. Það þýðir til að mynda að sjómenn sem hafa af sérstökum ástæðum og eðlilegum og rökstuddum rétt til þess að hefja töku lífeyris fyrr en aðrar stéttir vegna þess að það er þannig með sjómannsstarfið og er viðurkennt, að það er erfitt og áhættusamt og hentar kannski ekki vel mönnum sem komnir eru hátt á sjötugsaldur. En þetta þýðir það að sjómenn fá í raun og veru lakari skattalega meðferð á sínar lífeyristekjur í heild en aðrar stéttir því að þeir ná aldrei sömu skattfríðindum út úr þessu vegna þess að þeir hefja töku lífeyris fyrr og lífeyrisrétturinn lækkar sem því nemur, því miður að mestu leyti vegna þess að menn heyktust á því að styrkja Lífeyrissjóð sjómanna þannig að hann gæti borgað þennan mismun án þess að skerða lífeyrisréttinn. Það er núna að gerast. Lífeyrisréttur sjómannastéttarinnar í heild er að skerðast vegna þess að þeir hafa þennan rétt til að hefja töku lífeyris fyrr og þar með ná þeir aldrei sömu skattalegu meðferð út úr sínum lífeyrismálum og aðrir stéttir í landinu því það er alveg ljóst að einhver hluti sjómanna nýtir sér þennan rétt, að hefja töku lífeyris fyrr. Þetta er óréttlæti, þetta er mismunun og er auðvitað alveg fráleitt og sýnir enn einu sinni hvað þessi regla er vitlaus.

Þá vil ég, hæstv. forseti, enn fremur nefna þessa útþynningu á hátekjuskattinum sem hér er á ferðinni. Það þóttu óneitanlega þó nokkur tíðindi þegar hæstv. ríkisstjórn kynnti þá ákvörðun sína í haust að halda við þau áform að fella hátekjuskattinn niður um þessi áramót og koma þannig með alveg sérstaka jólagjöf handa fólki með yfir 200 þús. kr. tekjur á mánuði, einstaklinga og 400 þús. kr. hjón. Þennan óverulega ræfil af hátekjuskatti sem hér hefur þó verið lagður á í ein tvö ár. Þetta vakti náttúrlega furðu og undrun alls staðar í þjóðfélaginu og var harðlega gagnrýnt hér á þingi og í þjóðfélaginu og niðurstaðan er sú, að vísu, að ríkisstjórnin heykist á þessu, dregur jólagjöfina til baka til hátekjufólksins, en þó ekki alveg, nei. Skatturinn er þynntur út um einn fjórða og hundrað milljónum sleppt í gegnum það að hækka skattfrelsismörk — ekki lágtekjufólksins, ekki þessara ræfla sem hafa byrjað að borga tekjuskatt við 57 þús. kr. á mánuði, nei, þeirra sem höfðu álag á tekjur yfir 400 þús. kr. fjölskyldutekjum á mánuði. Þar þarf að hækka skattfrelsismörkin í 450 þús. Þetta er nú réttlætið. (**Gripið fram í:** Þetta er jafnaðarstefna.) Þetta er jafnaðarstefna Jafnaðarmannaflokks Íslands hf., þess sem eftir er af honum. Þetta er auðvitað alveg kostulegt, hæstv. forseti. (Gripið fram í.) Það er sendiherra flokksins, já. (**Gripið fram í:** Sendiherra sérhagsmunanna.) Hæstv. forseti, auðvitað er það mjög sérkennilegt að úr því að menn á annað borð tóku upp þrepaskiptingu í tekjuskattinum að hún skyldi ekki vera betur úr garði gerð og látin skila meiri tekjum í ríkissjóð. Ég er reyndar þeirrar skoðunar að að mörgu leyti væri heppilegt að leggja á tveggja þrepa hátekjuskatt þar sem lægra þrepið væri e.t.v. lægri prósenta, 3% eða svo, og gæti byrjað við eitthvað lægri tekjumörk en nú er og hærra þrepið síðan talsvert hærra. Þessa þrepun í tekjuskattinum ætti að stilla inn á tekjutengingu bótaliða í tryggingakerfinu þannig að sú óhæfa gerðist ekki í tekjuskattskerfinu sem gerist í dag að menn lækka í skatti þegar þeir komast upp úr 200 þús. kr. tekjum á mánuði. Ég hef hvergi í heiminum heyrt um skattstiga sem er þannig að hann verður öfugur á ákveðnu bili eftir að tekjur manna hækka upp fyrir rúmlega 200 þús. kr. á mánuði eða svo.

En staðreyndin er sú að langhæsti skatturinn, hæstur í prósentum, hvílir á því fólki sem er með laun á bilinu 110–115 þús. og upp í rúmlega 200 þús. á mánuði, fjölskyldutekjur, því á tekjubili skerðist barnabótaaukinn út, skerðast vaxtabæturnar út, koma til sögunnar tekjutengdar afborganir námslána og fleiri þættir spila þar inn í. Síðan þegar þessar skerðingar eru búnar og þessir bótaliðir horfnir við svona rúmlega 200 þús. kr. fjölskyldutekjur á mánuði þá snarlækka menn í skatti upp í alveg 450 þús. Það er helst að sýna þetta myndrænt, hæstv. forseti, því að þetta er svo ótrúlegt og lygilegt í orðum að það trúir því varla nokkur maður.

En staðreyndin er sú að tekjuskattsstiginn er svona. Þessu hefði verið hægt að breyta og væri hægt að breyta, annars vegar með því að endurskoða þessa tekjutengingu og gera hana öðruvísi úr garði þannig að þessi óhæfilega jaðarskattsprósenta á þessu tekjubili væri ekki fyrir hendi. Það sem ég teldi auðvitað lágmark að væri gert er að setja þak á skerðingarákvæði þannig að þau gætu þá aldrei valdið þyngri skattbyrði eða hærri jaðarskattsprósentu en til að mynda 55% þannig að það flettist út og aldrei meira en eitthvað af því tagi væri tekið. Það væri mjög einföld aðgerð sem væri í sjálfu sér auðvelt að útfæra. En hin leiðin er vissulega líka fær og hún er sú að vera með t.d. tveggja þrepa hátekjuskatt sem spilaði á móti tekjutengingu bótaliðanna þannig að menn lækkuðu þó aldrei í skatti með hækkandi tekjum. Það er auðvitað alger óhæfa og svívirða að svo öfugur skattur að skuli vera fyrir hendi í skattkerfinu.

Að lokum um efni frv., hæstv. forseti, vil ég nefna ákvæðið um flýtifyrningar sem var eitt af loforðum ríkisstjórnarinnar til atvinnurekenda í tengslum við eitthvert mögndl á sl. vori. Þar er enn eitt dæmið á ferðinni um lítt hugsaða breytingu sem lítill tími hefur unnist til að skoða og ég harma það vegna þess að hugmyndir komu fram í efh.- og viðskn. um að gera þessa reglu öðruvísi úr garði og miklu skynsamlegar að mínu mati. Í staðinn fyrir að taka upp tímabundna flýtifyrningu vegna nýrra fjárfestinga væru fyrningaprósenturnar, mörkin færð til í báða enda þannig að fyrirtækin gætu hvort sem heldur er fyrnt hraðar ef þau væru að borga tekjuskatt og stæðu í fjárfestingum en þau gætu líka fyrnt hægar ef þannig stæði á hjá þeim að þau væru að ráðast í einhverjar fjárfestingar en

greiddu ekki skatt vegna uppsafnaðs taps eða af öðrum ástæðum. Þá væri þeim á hinn bóginn líka heimilt að geyma sér fyrningarnar, að afskrifa eignirnar þannig hægar og færa þá fyrningarmörkin annars vegar upp í kannski 15–20%, hins vegar niður í svo sem 5%. Ég held að þetta væri skynsamleg regla og kæmi eðlilegar út en svona tímabundin aðgerð svo ekki sé talað um þann fáránleika að þessu var lofað á síðasta vori og á nú að koma til framkvæmda e.t.v. — ja, eigum við að segja að þetta verði samþykkt á morgun, hæstv. forseti. Þá verður eftir einn virkur dagur af árinu til þess að ráðast í fjárfestingar til að nýta sér þessar fyrningarheimildir á árinu 1994. Ég er ekki viss um að það yrðu allt gáfulegar fjárfestingar sem menn réðust þá í. Það er ekki mjög skynsamlegt að ýta undir að svoleiðis vitleysisfár grípi um sig. Ég hef a.m.k. skilið það svo að afleiðingin af því að dregist hefur svona úr hömlu að staðfesta eða ganga frá þessu loforði verði þessi.

Hæstv. forseti. Ég flyt á þskj. 539 nokkrar brtt. og fylgir þeim lítils háttar greinargerð sökum þess að minni hluti efh.- og viðskn. skiladi sameiginlegu nefndaráliti og þess vegna var ekki við hæfi að rökstyðja einstakar breytingartillögur eintakra nefndarmanna í því nefndaráliti. Ég valdi því þann kost að láta lítils háttar greinargerð fylgja breytingartillögunum þeim til útskýringar. Þessar breytingartillögur eru fluttar í samræmi við þá skattastefnu og þá áherslu á lífskjarajöfnun sem Alþb. hefur gert að einu helsta baráttumáli sínu á undanförnum árum. Tekjujafnandi aðgerðir í skattkerfinu leika auðvitað stórt hlutverk í öllum slíkum tillögum og með þessu leggjum við áherslu á okkar stefnu á þessu sviði, tekjujöfnun samhliða tekjuöflun til ríkissjóðs til að styrkja undirstöðu velferðarkerfisins og efla atvinnulíf. Einnig vil ég leyfa mér að vísa í breytingartillögur sem ég flutti af svipuðu tilefni á síðasta þingi við það frv. ríkisstjórnarinnar um skattamál sem þá var til meðferðar en þá flutti ég ítarlegar brtt. fyrir hönd Alþb. við skattafrv. ríkisstjórnarinnar jafnframt því sem Alþb. studdi að sjálfsögðu lækkun matarskattsins eins og við höfum jafnan gert. Þær tillögur hafa orðið talsvert umræðuefni úti í þjóðfélaginu og skattaumræðan á síðasta þingi var nokkuð hörð og nægir þar að minna á þá sérstöku uppákomu að Framsfl. sneri við blaðinu og tók upp þá stefnu að leggjast gegn lækkun matarskattsins og vilja fara þar aðrar leiðir í þeim efnum. Ríkisendurskoðun hefur síðan metið allar tillögurnar og gefið tillögum Alþb. þá einkunn að í þeim felist langmest tekjujöfnun og lífskjarajöfnun og held ég að það sé óumdeilt að þær áherslur sem við höfum lagt með hátekjuskatti, stóreignaskatti og hækkaðri tekjuskattsprósentu fyrirtækja sem væru færðar yfir í vaxtabætur, hækkun skattfrelsismarka og fleiri slíkar aðgerðir fólu í sér langróttækustu kjarajöfnunina af öllum tillögum sem voru fluttar á síðasta þingi. Þessar breytingartillögur eru fluttar í þeim sama anda og eru efnislega að hluta til samhljóða.

Af því að ég veit að breytingartillögutextinn er mikil latína fyrir óinnvígða nema menn hafi við höndina lög og reglugerðir og allt dót um þetta efni leyfi ég mér að gera grein fyrir þeim hér tölusett á mæltu máli í greinargerðinni.

Í 1. tölul. brtt. er lögð til hækkun skattleysismarka í 60 þús. kr. á mánuði nú um áramótin. Þetta er liður í stefnu alþýðubandalagsmanna um að hækka skattleysismörkin í áföngum. Það er auðvitað algerlega óhæfilegt hvernig þau hafa verið skert á undanförnum árum og þetta væri fyrsti áfangi á vegferð í þeim efnum. Það er að vísu vel þekkt staðreynd að það er dýrt að hreyfa til skattfrelsismörkin. Hverjar þúsund kr. í hækkuðum skattleysismörkum á mánuði kosta nálægt 780 millj. kr. þannig að þetta hreyfir auðvitað stórum tölum í fjárlögunum. Sú aðgerð að hækka þetta í 60 þús. kr. um áramót, og síðan mundi það fylgja verðlagi og hækka samkvæmt lánskjaravísitölu mánuðina desember–júní hinn 1. júlí nk., kostaði ríkissjóð um 1.200 millj. kr. á ári umfram það sem fjárlög gera ráð fyrir. Fjárlögin gera ráð fyrir því að skattleysismörkin verði 58.425 kr. nú um áramótin og hækki síðan í tæpar 59.300 kr. 1. júlí nk.

Í öðru lagi gera tillögurnar ráð fyrir því að breytt verði ákvæðum laga um vaxtabætur þannig að horfið verði frá þeirri 400 millj. kr. skerðingu sem varð á vaxtabótunum í ráðherratíð hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og kom til framkvæmda nú á árinu. Eins og óþarft er að minna á kom til framkvæmda skerðing á vaxtabótum sem jafngildir um 400 millj. kr. útgjöldum eða öllu heldur tekjum til ríkissjóðs á þessu ári. Brtt. er einfaldlega þannig úr garði gerð að hún færir til baka ákvæði vaxtabóta í þar til gerðum kafla tekjuskattslaganna þannig að þessari 400 millj. kr. skerðingu er skilað. Þetta er ekki síst gert vegna þess að framangreind skerðing vaxtabótanna kom auðvitað algerlega aftan að því fólki sem var með húsnæðisskuldbindingar á bakinu og var þvert á gefin loforð um að vaxtabætur yrðu ekki skertar. Þetta er þeim mun alvarlegra sem stór hluti þessa fólks batt sér skuldbindingar samkvæmt húsbréfakerfinu og gekk í gegnum greiðslumat o.s.frv. sem byggði á tilteknum forsendum. Þess vegna er það að okkar mati alveg sérstakt réttlætismál að skerðingin sem slík gangi til baka og kostnaður ríkissjóðs vegna þessara breytinga ætti að liggja nálægt þessum sömu 400 millj. kr. og voru skertar á sínum tíma.

Þetta leysir ekki nema brot af þeim vanda sem við er að glíma í húsnæðismálum og miklu víðtækari björgunaraðgerðir þarf til eigi að afstýra því hruni í húsnæðismálum sem yfirvofandi er og það höfum við alþýðubandalagsmenn ályktað um og útfært í okkar stefnu um lífskjörin og vanda heimilanna.

Í þriðja lagi leggjum við til að tekjuskattur fyrirtækja verði á næsta ári vegna tekna liðins árs 39% en ekki 33%. Það ótrúlega hefur verið gert að á tveimur árum hefur tekjuskattsprósentan af hagnaði fyrirtækja lækkað úr 45% í 33%. Þetta hefur verið gert til viðbótar því að aðstöðugjald upp á 4 þúsund millj. kr. var létt af fyrirtækjunum á einu bretti.

(**Forseti** (*GHelg*): Forseti vill upplýsa hv. þingmenn að ætlunin er að gefa nú hlé kl. 7 til kl. 8.30 og

forseti vill því spyrja hv. þm. hvort hugsanlegt sé að hann geti lokið ræðu sinni fyrir þann tíma.)

Það er hugsanlegt ef ég mætti fara kannski nokkrar mínútur fram yfir 7, hæstv. forseti, ef á þyrfti að halda og ég ætlaði mér að gera það.

(**Forseti** (GHelg): Já, forseti vill þá biðja hv. þm. að halda áfram ræðu sinni.)

Ég er alveg á lokasprettinum eins og það heitir á máli hlaupara, hæstv. forseti.

Þetta leggjum við til og við teljum í raun og veru ærna ástæðu til. Má þá líka benda á að það er ætlunin samkvæmt þessu frv. að auka frádráttarheimildir fyrirtækjanna frá tekjuskatti, þ.e. með upptöku svonefndra flýtifyrninga. Þess þá heldur er enn síður ástæða til að vorkenna fyrirtækjunum að borga sambærilega skattprósentu og launamaðurinn verður að gera af öllum sínum tekjum yfir skattfrelsismörkum. Þetta gæfi umtalsverðar tekjur í ríkissjóð þar sem hagnaður fyrirtækja hefur aukist enda hefur verið létt af þeim sköttum í stórum stíl eða áætlaðar 700–800 millj. kr.

Að lokum, hæstv. forseti, er svo lagt til í brtt. á þskj. 539 að hátekjuskatturinn leggist á sömu tekjumörk og áður var, þ.e. 200 þús. hjá einstaklingum og 400 þús. hjá hjónum en þau mörk verði ekki hækkuð eins og meiri hlutinn gerir ráð fyrir og verði 8% í staðinn fyrir 5% þannig að að muni aðeins meira um hátekjuskattinn og það sé í raun og veru hægt að segja að um eiginlegan hátekjuskatt sé að ræða. Sú breyting gæfi um 650 millj. kr. í hátekjuskatt, þ.e. um 350 millj. kr. í viðbót við það sem fjárlagafrv. og tillögur meiri hluta gera ráð fyrir. Niðurstaðan af breytingartillögunum er því að útgjöld og tekjur ríkissjóðs eru samkvæmt þeim í þokkalegu jafnvægi. Að vísu kostar þetta nokkru meira en tekjuöfluninni nemur en á hitt ber að líta að síðan mundi ýmis óbeinn ávinningur af þessu skila sér í ríkissjóð eins og jafnan er þegar svona breytingar eru í gangi og þess vegna yrði ekki mikið á mununum þegar upp yrði staðið að okkar mati. Með þessu viljum við alþýðubandalagsmenn undirstrika áherslur okkar í þessum efnum og þá tekjujöfnun og þá tekjuöflun fyrir ríkissjóð sem við höfum í skattastefnu okkar viljað beita okkur fyrir. Það er auðvitað alveg ljóst að það þarf að gera hvort tveggja, jafna lífskjörin með tekjujafnandi tilfærslum í skattkerfinu og afla ríkissjóði tekna til þess að treysta grundvöll velferðarkerfisins á Íslandi. Velferðarkerfið verður ekki rekið nema fyrir tekjur nema menn sýni það ábyrgðarleysi að taka rekstur þess að láni í útlöndum eins og núv. ríkisstjórn gerir og við höfum þess vegna í tillögum okkar reynt að sýna ábyrgð og leggja til tekjuöflun á móti þeim tilfærslum sem við erum að leggja til. Félagar mínir, hv. þm. í Alþb., hv. þingmenn Svavar Gestsson og Kristinn H. Gunnarsson, leggja til aðrar breytingar sem lúta að lagfæringum m.a. á högum námsmanna og einstaklinga sem misst hafa maka sinn gagnvart skattlagningu eignarskatts. Þar eru á ferðinni lagfæringar á atriðum sem ekki kosta mikil útgjöld og breyta þess vegna ekki miklu í þessu heildardæmi skattatillagna okkar alþýðubandalagsmanna.

Hæstv. forseti. Ég hef svo ekki fleiri orð um þetta enda hafði ég lofað að ljúka máli mínu um sjöleytið. Ég held að þegar upp er staðið verði ekki sagt annað en þessi ríkisstjórn hafi á kjörtímabilinu ástundað hið argasta óréttlæti í skattamálum. Það hefur dregið í sundur í lífskjörum vegna skattastefnu stjórnarinnar. Hún hefur hyglað stóreigna- og hátekjufólki og gróðafyrirtækjum en lækkað skattfrelsismörk og aukið skattþíningu á almennum launamönnum í staðinn. Það er ömurleg stefna og ekki hægt að hafa um hana önnur orð en það. Hún er hins vegar í fullu samræmi við þá frjálshyggju, íhalds- og afturhaldsstefnu sem þessi ríkisstjórn gerði í upphafi að siglingaljósi sínu í anda úreltra frjálshyggjukenninga sem sem betur fer er alls staðar búið að kasta fyrir róða nema hér uppi á Íslandi, en það verður vonandi gert innan fárra mánaða í kosningunum 8. apríl nk.

Útbýting þingskjala:

Framkvæmd búvörusamningsins, 95. mál, skýrsla landbrh., þskj. 537.

Tekjuskattur og eignarskattur, 290. mál, brtt. KHG og SvG, þskj. 543; brtt. JGS og FI, þskj. 544.

[19:02]

Ingi Björn Albertsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er margt í ræðu hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar sem mætti veita andsvar við, en ég bað um orðið þegar hv. þm. var að fjalla um tvísköttun á lífeyrisgreiðslur. Það gleður mig að fá að stíga í ræðustól með jafnfögru liði þingmanna og hér er inni, einvala lið og mönnum hlýtur að líða vel að ávarpa slíkan hóp. En ég vil segja við hv. þm. að ég er í sjálfu sér innilega sammála því sem hann sagði um þennan þátt málsins. Ég hygg að ef hann skyggnist í hugskot sín þá minnist hann þess hugsanlega að það var mín skoðun innan efh.- og viðskn. að þarna værum við að fara ranga leið. Það ætti að fara þá leið sem hv. þm. boðaði hér. Það var m.a. með þetta í huga ásamt öðru í frv., m.a. heilsugæsluna, sm ég skrifaði faktískt undir þetta með fyrirvara þar sem ég áskildi mér rétt bæði til að flytja brtt. og fylgja brtt. sem fram kæmu. Ég hafði því frekar átt von á því úr því að hv. þm. Alþb. báru fram brtt. mundu þeir taka á þessum þætti málsins og hefði í sjálfu sér fagnað því. Ég treysti mér ekki til þess sjálfur en hefði svo gjarnan viljað sjá menn fara þessa leið vegna þess að ég er sammála því að ég held að menn séu hér að velja vitlausa leið sem muni reynast okkur mjög dýrkeypt þó að hún sé ódýr í upphafi. Auðvitað er erfið ákvörðun að fara þá leið sem hv. þm. boðaði hér áðan en stundum verða menn að gera það sem erfitt er. Ég verð að segja það að mér fannst innan efhn. að menn væru ekki með fulla sannfæringu fyrir að fara þessa leið. Mér fannst það en einhverra hluta vegna ákváðu menn engu að síður að fara þessa leið og treystu sér ekki í þann slag eða þá vinnu að fullmóta skynsamlegri tillögu. Þar af leiðandi get ég í sjálfu sér tekið undir uppástungu hv. þm. að eðlilegast væri að fresta þessum þætti frv. og vinna þetta örlítið betur í jólaleyfinu og á þeim fjór-

um vikum sem eftir lifa af þingi þegar þingið kemur saman aftur. En ég verð á sömu stundu að segja að ég er ekki bjartsýnn á að sá frestur verði gefinn. Hins vegar vil ég hvetja hv. þm. til þess að íhuga það ef hann er með fullmótaða hugmynd um brtt. að láta hana endilega koma fram.

Síðan, hæstv. forseti, hefði verið hægt að ræða aðeins á öðrum nótum og ég er kannski ekki alveg samsinna hv. þm. um það sem hann sagði um eignarskattinn og tvísköttunina en það bíður aðeins.

[19:05]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka eiginlega fyrir hreinskilnina. Ég get alveg staðfest það að hv. þm. lýsti ýmsum efasemdum um þetta og það gerðu fleiri í efh.- og viðskn. án þess að rétt sé að orðtaka menn þar hingað, þá held ég að við séum ekki að ljóstra upp neinu leyndarmáli þó við segjum það að maður hafði þá tilfinningu að menn hefðu ekki djúpa sannfæringu fyrir því að þetta væri skynsamleg aðgerð. En málin eru einfaldlega í þeirri stöðu að ríkisstjórnin spilar þessu út og lofar þessu og bindur hendur manna, a.m.k. margra. Ég skil það því svo að stjórnarliðar hafandi þó ekki mikla sannfæringu fyrir því að þetta sé skynsamlegt telji sig bundna og eiga ekki annan kost nema einstöku menn sem af einhverjum kjarki og myndarskap rífa sig lausa. Ég segi alveg eins og er að ég hef haft þessa sömu tilfinningu og öll athugun á málinu gerir það að verkum að maður sannfærist um það. Ég er alveg viss um það að hvaða þingmaður sem er sem tæki eins og tvo daga í að kynna sér þessi mál og fara yfir gögn, ræða við forsvarsmenn lífeyrissjóða, verkalýðshreyfingar og atvinnurekenda og ræða við fagmenn á þessu sviði, þá sem þekkja til þessara mála, sannfærist á þeim tveimur dögum um það að þetta sé röng aðferð.

Varðandi það að við flytjum ekki brtt. þá sagði ég reyndar í minni ræðu að ég hefði glímt við það að útfæra brtt. en það er bæði flókin tæknileg vinna og erfið, má segja, pólitísk ákvörðun að ákveða það að spila slíku út og þess vegna hef ég kynnt þær hugmyndir hér munnlega en ekki flutt þær sem brtt. Okkar meginósk er sú að málinu verði frestað og allir sameinist um það að gera pólitískt samkomulag um að fresta afgreiðslu málsins um sinn.

[19:07]

Ingi Björn Albertsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil að það komi skýrt fram alla vega af minni hálfu að ég læt ekki ríkisstjórn binda hendur mínar. Ég læt ekki ríkisstjórn koma með einhverja bölvaða vitleysu og ætlast til þess að ég samþykki slíka hluti. Ef ég er sannfærður um að um slæmt mál, um vitlaust mál sé að ræða þá hvarflar ekki að mér hvorki í þessu máli né öðrum að standa að því og ég hygg að það sé mönnum fullljóst. Ég tel því að það sé á okkar ábyrgð hér að fara yfir mál og meta hvort þau eru góð og skynsamleg eða ekki hvað sem ríkisstjórnin hefur gefið út. Það er okkar hér að ákvarða, hér í þingsalnum og í nefndum. Ríkisstjórn bindur alls ekki hendur okkar sem hér störfum. Þetta vil ég að sé algerlega klárt.

Síðan vil ég bæta við það sem hv. þm. sagði um þessa tillögu um afnám tvísköttunar af lífeyri að hver einasti aðili sem kom til nefndarinnar til þess að gefa umsögn um þennan þátt. frv. að undanteknum einum mælti gegn þessu og mjög harkalega og flutti mjög kröftug rök fyrir því. Þeir einu sem af skiljanlegum ástæðum mæltu með þessu voru þeir sem hagnast beint af því á þessari stundu og það voru samtök aldraðra og það var mjög skiljanlegt. En við eigum að hugsa um málið í miklu víðara samhengi og við eigum að horfa fram í tímann. Og það sem við sjáum fram á þegar við lítum fram í tímann er að þetta muni reynast vitlaust kerfi, þetta muni reynast mjög dýrt og erfitt í framkvæmd og það sem meira er að þetta muni verða kerfi sem verður nánast ómögulegt að komast út úr. Og þegar menn hafa þá sýn er mjög alvarlegt að standa að samningu slíks ákvæðis og er í þessu frv.

Umræðu frestað. [Fundarhlé. — 19:09]

Útbýting þingskjala:

Mannanöfn, 336. mál, stjfrv., þskj. 533.

Tilkynningarskylda olíuskipa, 340. mál, þáltill. GHall, þskj. 538.

Vörugjald af olíu, 337. mál, stjfrv., þskj. 534.

Samningur um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunar, frh. síðari umr.

Stjtill., 229. mál. — Þskj. 269, nál. 522 og 525, brtt. 523.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:34]

Brtt. 523 samþ. með 40:1 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, GunnS, HBl, HjálmJ, HG, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, KHG, LMR, MB, ÓRG, PP, PBald, RA, SalÞ, SAÞ, SP, StB, SvG, TIO, VE.

nei: IBA.

3 þm. (AÓB, KÁ, KE) greiddu ekki atkv.

19 þm. (EH, GE, GHall, GÁS, GJH, GHelg, HÁ, JVK, MF, ÓE, PBj, RG, SigG, SighB, StG, SJS, VS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Till., svo breytt, samþ. með 42 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:

TIO, VE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, KHG, LMR, MB, ÓRG, PP, HjálmJ, PBald, RA, SighB, SAÞ, SP, StB, SvG, SalÞ.

4 þm. (AÓB, HG, KÁ, KE) greiddu ekki atkvæði.

17 þm. (VS, ÞorstP, ÖS, EH, GE, GHall, GÁS, GJH, HÁ, JVK, MF, ÓE, PBj, RA, SigG, StG, SJS) voru fjarstaddir.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[20:36]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Ég fagna því sérstaklega að tekist hefur samstaða hér á Alþingi um að handlanga þessu flókna máli yfir núv. hæstv. ríkisstjórn sem ekki var fær um að vinna sína heimavinnu. Ég segi því já.

[20:37]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegi forseti. Samningurinn sem hér er leitað staðfestingar á hefur fengið afar takmarkaða skoðun á Alþingi og sáralitla kynningu í þjóðfélaginu. Þörf var á mun meira svigrúmi til að fjalla um hann. Engin haldbær rök eru fyrir því að afstaða Alþingis þurfi að liggja fyrir nú fyrir áramót. Eðlilegt væri að fyrir þinginu lægju jafnhliða samningnum helstu frumvörp að lagabreytingum sem fylgja verða í kjölfarið. Ekkert af þeim frumvörpum liggur hér fyrir. GATT-samningurinn sniðgengur með öllu umhverfismál og festir í sessi efnahags- og viðskiptakerfi sem auka mun enn á sóun náttúruauðlinda og bæta við mengun á heimsvísu. Fyrir Íslendinga felur GATT-samningurinn í sér vissar hagsbætur til skamms tíma litið en honum fylgja einnig afar neikvæðir þættir sérstaklega að því er varðar landbúnað vegna ört vaxandi samkeppni við innfluttar afurðir. Afleiðingarnar munu m.a. koma fram í auknu atvinnuleysi. Ég veit að margir hafa svipaðar áhyggjur og ég vegna þessa máls. Ég vil enga ábyrgð taka á þessum samningi og greiði því ekki atkvæði.

[20:38]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Ég tel mikilvægt fyrir okkur Íslendinga að vera með sem stofnaðilar að hinni nýju alþjóðatollamálastofnun þó svo að vinnubrögð hæstv. ríkisstjórnar að undirbúningi málsins sé ekki til fyrirmyndar. Ég segi því já.

Ég hlýt hins vegar, virðulegi forseti, að nota þetta tækifæri, af því að ég er kominn hér upp, til þess að bjóða hv. þm. Hjörleif Guttormsson velkominn í hjásetuklúbbinn við afgreiðslu mikilvægra utanríkismála.

[20:40]

Ragnar Arnalds:

Það meginmarkmið GATT-samningsins að draga úr innflutningshömlum og lækka tolla í viðskiptum ríkja er tvímælalaust jákvætt markmið og kemur sér vel fyrir íslenskt efnahagslíf. Á hinn bóginn er samkeppnisaðstaða íslensks landbúnaðar tvísýn og erfið. Þótt erlendir framleiðendur bjóði hugsanlega lægra verð má aldrei gleyma því að stóraukinn innflutningur búvara á kostnað íslenskrar framleiðslu þýðir aukið atvinnuleysi í landinu, verulegan samdrátt í úrvinnsluiðnaði og minnkandi þjóðartekjur. Ég er ágætlega sáttur við orðalag tillögunnar eins og hún kemur frá hv. utanrmn. Ég minni þó á að allt veltur á útfærslu málsins í löggjöf og í framkvæmd að loknum næstu kosningum til Alþingis. Ef illa er á málum haldið getur illa farið fyrir íslenskum landbúnaði en ef vel er að málum staðið af hálfu nýs þingmeirihluta eftir næstu kosningar ætti hinn nýi GATT-samningur ekki hafa veruleg áhrif til hins verra á íslenskan landbúnað, en hins vegar að bjóða upp á viss sóknarfæri. Í þeirri von að svo verði segi ég já.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 546).

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 2. umr.

Stjfrv., 290. mál (eignarskattur, sérstakur tekjuskattur, lífeyrisgreiðslur o.fl.). — Þskj. 363, nál. 476 og 541, brtt. 477, 511, 539, 543 og 544.

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 539, 543 og 544. — Afbrigði samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, HjálmJ, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓRG, PP, PBald, RA, SalÞ, SighB, SAÞ, SP, SvG, TIO, VE.

17 þm. (EH, GE, GÁS, GJH, HÁ, JVK, MF, ÓE, PBj, RG, SigG, StG, SJS, StB, VS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

[20:45]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, en með þessu frv. hefur ríkisstjórnin gefið þá yfirlýsingu að í því felist aðgerðir til kjarajöfnunar. Hér áðan töluðu hv. 11. þm. Reykv. og hv. 4. þm. Norðurl. e. og gagnrýndu ýmis ákvæði frv. þannig að ég get stytt mál mitt, en frv. var gagnrýnt við 1. umr. fyrir margra hluta sakir.

Þegar þetta frv. var til 1. umr. var m.a. gagnrýnt að í því fælist lítil kjarajöfnun til láglaunahópanna í þjóðfélaginu og við meðferð málsins í efh.- og viðskn. hygg ég að flest það hafi verið staðfest sem ég og fleiri héldum fram í því efni við 1. umr. málsins. Það virðist sama hvar borið er niður í ákvæðum frv. Skattahagræðið sem í frv. felst skilar sér einkum til tekjuhæstu hópanna.

Það sem mikið hefur verið gagnrýnt í þessu frv. og mikið var rætt í efh.- og viðskn. var sú aðferð sem hér er sett fram við það að afnema tvísköttun á lífeyri. Þessi aðferð hefur m.a. verið gagnrýnd af ASÍ og reyndar fleiri aðilum sem komu til fundar við nefndina. Þannig hefur ASÍ sett fram þá skoðun sína og stutt það rökum að sú aðgerð að 15% af útgreiddum lífeyri sé skattfrjáls skili sér best til hærra launuðu hópanna og reyndar mest til þeirra sem hæstan lífeyri hafa. Þannig segir í greinargerð ASÍ, með leyfi forseta:

„Almennt er það þannig að í þeim sjóðum sem njóta ábyrgðar launagreiðenda er vægi framlags launafólks allnokkru minna en gildir í almennu lífeyrissjóðunum. Vægi framlags launafólks í greiðslum úr lífeyrissjóðunum er frá 17,4% á almenna markaðnum í um 4% í lífeyrissjóði ráðherra og tæplega 7% í lífeyrissjóði alþingismanna. Því mun þessi útfærsla á afnámi tví-

sköttunar færa þeim sem þegar búa að mun betri lífeyriskjörum en þorri almennings njóta þess til viðbótar að fá þennan skattaafslátt."

Síðan er sýnt fram á það í töflu hvernig þetta getur komið út fyrir lífeyrisþega, annars vegar þeirra sem taka lífeyri úr SAL-sjóðunum, hins vegar þeirra sem taka lífeyri úr Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins og síðan er til samanburðar Lífeyrissjóður ráðherra og alþingismanna. Þeir sem minnst fá út úr þessu skattahagræði sem hér er sett fram eru þeir sem taka lífeyri sinn úr SAL-sjóðunum en meðallífeyrir þeirra á ári er samkvæmt útreikningum ASÍ um 145 þús. og fá þeir út úr þessu skattahagræði 22 þús. Meðallífeyrir á ári úr Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins er samkvæmt útreikningum ASÍ 544 þús. og frádrátturinn og skattahagræðið sem opinberir starfsmenn fá eru 82 þús. Síðan taka þeir samanburð af Lífeyrissjóði ráðherra og alþingismanna þar sem kemur mun meira skattahagræði út úr því. Auðvitað er hægt að taka fleiri til samanburðar en alþingismenn og ráðherra eins og bankastjóra og forstjóra opinberra stofnana sem koma mun betur út úr þessu skattahagræði en venjulegir launþegar sem taka lífeyri sinn hjá SAL-sjóðunum.

Síðan hefur því verið haldið fram, sem ég held að sé með fullkomnum rökum, að með þessari leið sé farin ódýrasta leiðin í þessu efni en það er fyrst og fremst verið að ávísa á framtíðina og hafa útreikningar sýnt að með hverju árinu sem líður fram til ársins 2010 mun þessi skattaafsláttur aukast mjög verulega. Og það hefur reyndar verið sýnt fram á það og mjög glögglega fyrr í dag af hv. 4. þm. Norðurl. e. að það hefði verið mun skynsamlegra að skattahagræðið kæmi á inngreiðslurnar eða iðgjaldahlutann og það hefði verið gert í áföngum. Þó að það hefði verið dýrara fyrsta kastið þá jafnar það sig út í framtíðinni. Ég held því að með þessari leið sé í fyrsta lagi verið að ávísa verulega á framtíðina og í annan stað kemur þetta mjög ójafnt niður á hinum ýmsu lífeyrisþegum.

Síðan er annar þáttur þessa máls. Með þessari leið er miðað við, eins og fram hefur komið, að þetta skattahagræði geti fólk ekki nýtt sér fyrr en við 70 ára aldurinn og það er vitað að margir taka lífeyri fyrr, eins og hér hefur verið bent á, bæði sjómenn og eins er hægt að taka lífeyri við 67 ára aldurinn. Og svo það sem mér þykir nú verst í þessu, að örorkulífeyrisþegar, sem hafa greitt sín iðgjöld eins og aðrir inn í sjóðina, fá ekkert skattahagræði samkvæmt þessari aðgerð ríkisstjórnarinnar. Ég verð að segja það að mér finnst það mjög dapurlegt að ríkisstjórnin, sem kallar þessar aðgerðir kjarajöfnunaraðgerðir, skuli skilja eftir örorkulífeyrisþegana, sem þiggja lífeyri úr lífeyrissjóðum, þegar hún setur fram sínar aðgerðir til þess að afnema tvísköttun. Hér er um nokkuð stóran hóp að ræða, sem margir hverjir búa við mjög erfiðar aðstæður, þannig að það hefði verið fullkomlega réttlætanlegt að þessi hópur hefði einnig fallið þarna undir vegna þess að það má segja að hann hafi búið við tvísköttun eins og sá hópur sem er verið að veita þarna ákveðið skattahagræði.

Virðulegi forseti, ég hef því leyft mér að flytja breytingu á þskj. 511, þar sem ég legg til að örorkulífeyrisþegar sem eiga réttindi í þeim lífeyrissjóðum sem um ræðir í 1. málsl. skuli einnig njóta sama skattahagræðis við útgreiðslu. Ég hef reynt að skoða hvað hér væri um háa fjárhæð að ræða. Ríkisstjórnin hefur áætlað að um 200 millj. muni það skattahagræði kosta sem hún leggur til með þessari leið, en miðað við það að taka örorkulífeyrisþegana inn líka þá hygg ég að það muni kosta um 75 millj. til viðbótar. Vissulega eru það peningar, virðulegi forseti, en þegar til þess er litið að ríkisstjórnin er að þynna út hátekjuskattinn þannig að ríkissjóður verður af 100 millj. á næsta ári, miðað við það sem ríkissjóður hafði á þessu ári í hátekjuskatt, þá sýnist manni að ef ríkisstjórnin hefði haldið sig við sömu fjárhæð varðandi hátekjuskattinn á næsta ári þá hefði verið vel inni til fyrir því að afnema líka tvísköttun varðandi örorkulífeyrisþegana.

Ég get því tekið undir margt af því sem kom fram hjá hv. 4. þm. Norðurl. e. í þessu máli, að menn eiga eftir að lenda í erfiðleikum með þessa aðferð sem hér er lögð til og hefði kannski þurft lengri tíma til þess að skoða þetta mál þannig að þetta hefði ekki komið út með þeim hætti sem manni sýnist þessi leið koma út, þ.e. að mismuna mjög verulega og þeir fái út úr þessari aðgerð sem mest hafa fyrir, auk þess sem örorkulífeyrisþegar eru algerlega skildir eftir í þessari útfærslu ríkisstjórnarinnar.

Sama gildir varðandi það sem ríkisstjórnin kýs að nefna ekknaskatt. Þar er verið að aflétta sköttum af stóreignafólki og hefur verið sýnt fram á það í þessari umræðu, í umfjöllun í nefndinni, í greinargerð ASÍ, að í flestum tilvikum er hér um stóreignafólk að ræða með miklar eignir. Ég hef sýnt fram á það og fengið um það útreikninga frá fjmrn. að stór hluti þess fólks sem greiðir þennan stóreignaskatt, sem ég vil kalla svo, sem nú á að létta af því, er með yfir 8 millj. kr. í tekjur og yfir 20 millj. kr. í nettóeign, skuldlausri eign. Og ef ríkisstjórnin telur sig hafa efni á því að létta sköttum af nokkur hundruð fjölskyldum, sem eru með 6, 7, 8, 9 og 10 millj. í tekjur og 15 og 20 millj. skuldlausar eignir, þá skilur maður ekki þá aðferð ríkisstjórnarinnar og það sem hún kallar kjarajöfnun, að veita þetta fjármagn ekki frekar til þess að bæta stöðu lífeyrisþega eða þá t.d. að hækka barnabótaaukann. Þannig að þetta er allt á sömu bókina lært hjá ríkisstjórninni, að hvert ákvæðið á fætur öðru í þessu frv. tryggir betur hag þeirra sem betur höfðu það fyrir.

Reyndar er það svo, virðulegi forseti, að ASÍ hefur í sinni greinargerð að verulegu leyti tekið undir þá gagnrýni sem fram hefur komið á frv. og vil ég vitna til þess, með leyfi forseta. En í greinargerð ASÍ segir:

„Þannig hafa þessar tillögur engin áhrif á afkomu þeirra sem eru allra tekjulægstir og eignaminnstir. Hækkun persónuafsláttar um 500 kr. bætir ekki afkomu þeirra sem eru undir skattleysismörkum. Hins vegar lækkar skattbyrðin með hækkandi tekjum og meiri eignum. Þannig fá einstaklingar með 250 þús. kr. tekjur á mánuði um 1.750 kr. lækkun á sköttum á mán-

uði og ef þeir eiga 15 millj. kr. skuldlausa eign yrði skattalækkunin tæplega 4.900 á mánuði. Gagnvart hjónum með 500 þús. kr. tekjur á mánuði eru þessar fjárhæðir tvöfaldar eða frá 3.500 til tæplega 9.800 kr. á mánuði."

Sem sagt, þeir sem eru með 500 þús. kr. tekjur fá í þessu skattahagræði eða skattatillögum ríkisstjórnarinnar um 9.800 kr. á mánuði meðan aðrir fá ekki nema 500 kr. eða 1.700 kr. eins og hér er sagt og þeir sem eru undir skattleysismörkum fá ekki neitt.

ASÍ segir hér: „Mælt sem hlutfall af ráðstöfunartekjum, þ.e. eftir skatt, vegur þessi skattalækkun 3% á mánuði gagnvart 0% hjá þeim tekjulægstu. Því má segja að skattalækkunin nái sérstaklega til stóreignafólks með verulegar tekjur og það er ekki með nokkru móti hægt að tengja það hugtakinu „kjarajöfnun"."

Síðan hefur ASÍ sett fram töflur þar sem fram kemur mjög skýrt að einstaklingur t.d. með 100 þús. kr. fær hér 500 kr. í lækkun á skattbyrði. Einstaklingur með 250 þús. kr. fær 4.875 kr. í lækkun á skattbyrði. Hjón með venjulegar eignir með 500 þús. í tekjur fá 3.502 kr. í lækkun á skattbyrði og hjón með 30 millj. kr. hreina eign og 500 þús. kr. í tekjur fá auðvitað mest samkvæmt þessum tillögum ríkisstjórnarinnar eða tæpar 10 þús. kr.

Virðulegi forseti. Varðandi ekknaskattinn vil ég segja að það hefur verið sýnt fram á að þetta sé stóreignaskattur. Ég vil líka vísa til þess að það eru ákvæði í 66. gr. skattalaga sem heimila ívilnanir, af því að hér hefur verið nefnt að þetta sé ekknaskattur, þ.e. lækkun á eignarskatti, ef gjaldþol skerðist verulega vegna fráfalls maka. Þetta er í 80. gr. skattalaga, að það er heimild til þess að lækka eignarskatt verulega ef gjaldþol skerðist verulega vegna fráfalls maka. En það eru fáir sem virðast vita um þetta ákvæði vegna þess að það voru einungis sex einstaklingar á landinu öllu sem leituðu eftir að fá niðurfellingu eða lækkun á sínum gjöldum vegna þessa ákvæðis. Ég tel að það ætti þá að kynna þetta ákvæði betur ef svo er að einhverjir einstaklingar koma illa út úr þessu varðandi það sem ríkisstjórnin kallar ekknaskatt.

Ég nefni enn fremur að það er ákvæði í skattalögum sem heimilar það að við fráfall maka skattleggist eftirlifandi maki eins og um hjón væri að ræða í fimm ár og með þeirri tillögu sem hér hefur verið lögð fram af hv. 5. þm. Vestf. og hv. 9. þm. Reykv., þar sem fimm árin eru felld brott, þá er náttúrlega augljóst að það eru engar forsendur til þess að kalla þetta ekknaskatt.

Nokkur orð um hækkun skattfrelsismarka. Það er ljóst að hér hefur verið beitt nokkri reiknileikfimi varðandi það mál og einungis er um að ræða 500 kr. hækkun á persónuafslætti fram yfir venjulegar verðlagsbreytingar. Ég hef sagt það, virðuleg forseti, að ef í þetta fara 1.500–1.600 millj. kr. þá hefði verið skynsamlegra að nýta þetta fjármagn með öðrum hætti. Ég held og hreyfði því reyndar í efh.- og viðskn. og spurði fulltrúa launþega að því, t.d. fulltrúa ASÍ, hvort það væri ekki tímabært að skoða það að persónuafsláttur yrði stighækkandi þannig að sama krónutöluhækkunin rynni ekki upp eftir öllum launastiganum þannig að maðurinn með 60–70 þús. kr. fengi það sama í persónuafslátt og sá sem væri með 500 þús. eða 1 millj. Ég heyrði ekki betur á fulltrúum ASÍ heldur en að þeir teldu þetta athyglisverða hugmynd sem þyrfti að skoða og í ljósi þess að við höfum þá staðreynd fyrir framan okkur að það að hækka skattleysismörkin úr 57 þús. í 71 þús. kr. kostar um 12 milljarða kr. þá hljóta menn að staðnæmast við það hvort ekki sé tímabært að skoða það að persónuafslátturinn sé tekjutengdur.

Ég sýndi fram á það, virðulegi forseti, við 1. umr. málsins og hef látið Þjóðhagsstofnun reikna það út að ef sú fjárhæð sem fer núna til hækkunar á persónuafslættinum hefði verið nýtt eingöngu til hópa undir 150 þús. kr. þá hefði breyting á tekjuskatti og útsvari þessa hóps eða lækkun á tekjuskatti og útsvari orðið 22,4% í staðinn fyrir 11,7%, ef þessari fjárhæð hefði alfarið verið varið til tekjulægstu hópanna. En þessa hugmynd virðist ekki fá (**Landbrh.:** Hvað er það í krónum talið þessi 22%?) Þetta er í krónum talið, hæstv. landbrh., þá erum við að tala um að skattleysismörkin samkvæmt tillögu ríkisstjórnarinnar hefðu farið í 59 þús. kr., en með þessari tillögu hefðu þau einungis gengið til fólks með tekjur undir 152 þús. að þá hefði þetta verið um 62 þús. kr. þannig að við erum ekki að tala um háar fjárhæðir. Við erum að tala um þó 3 þús. kr. hækkun á skattleysismörkunum, 3 þús. kr. hærra heldur en er í tillögum ríkisstjórnarinnar. Og það sem ég er að reyna að sýna fram á, hæstv. landbrh., að ef við erum með takmarkaða fjármuni er þá einhver skynsemi í því að láta þessa hækkun á skattleysismörkunum, þessar 500 kr., fara upp allan launastigann til fólks með 500 þús., 700 þús. og 1 millj. í tekjur í stað þess að nýta alla fjárhæðina til tekjulægstu hópanna. Og ég held satt að segja að það komi að því að menn fari að hugleiða þessa leið. Allir tala fyrir því að það þurfi að hækka hér skattleysismörkin. Menn vita hvað þetta kostar marga milljarða ef þetta á að fara upp allan launastigann þannig að menn hljóta að fara að staðnæmast við að skoða slíka leið sem ég hef hér talað fyrir.

Það hefur verið rætt hér nokkuð um fjármagnstekjuskattinn og það er alveg ljóst að það sem ég hélt nú satt að segja að ríkisstjórnin mundi láta verða sitt verk á síðasta ári kjörtímabilsins, að koma hér á fjármagnstekjuskatti, ætlar ekki að verða raunin. Það virðist vera svo að það sé sett af stað enn ein nefndin, önnur eða þriðja nefndin, til þess að skoða fjármagnstekjuskatt og alveg ljóst að Alþfl. sem lagði mikla áherslu á fjármagnstekjuskattinn og ályktaði um það á flokksþingi í sumar að þessi skattur skyldi koma á sl. haust, það gengur ekki eftir og Alþfl. virðist þurfa að sætta sig við það að málið verði áfram látið liggja í nefnd. Ég held að sú tillaga að breikka eignarskattsstofninn þannig að peningalegar eignir falli líka undir eignarskattsstofninn geti skilað verulegum fjármunum. Um er að ræða kannski 2,2 milljarða. Þar er um að ræða ákveðið fríeignarmark og ef menn vilja hækka það fríeignarmark þá yrði eitthvað heldur minna til ráðstöfunar, en þetta er leið sem auðvelt hefði verið að koma

á um áramótin ef vilji hefði verið fyrir hendi.

Ég er lítið hrifin af þeirri leið sem verkalýðshreyfingin hefur talað fyrir sem er þessi 10% nafnvaxtaskattur þar sem ekkert frítekjumark er, tel að hann muni einungis leggjast á venjulegan sparnað fólks en tel að þessi leið hefði verið vel fær og þá hefði verið fjármagn til ráðstöfunar til raunverulegrar kjarajöfnunar.

Ég tel líka að það hefði þurft að skoða það að ónýttur skattaafsláttur barna væri millifæranlegur. Einstæðir foreldrar sérstaklega sem ekki geta nýtt sér skattahagræðið sem er hjá hjónum um millifæranlegan persónuafslátt geta ekki notið þess að nýta ónýttan persónuafslátt barna og tel ég það mikið réttlætismál sem sé rétt að skoða. Og af því að ég nefni hér fjármagnstekjuskattinn þá finnst manni mjög skrýtið þegar verið er að afnema stóreignaskattinn að það sé gert áður en fjármagnstekjuskattur verður lagður á.

Virðulegi forseti. Ég get farið að stytta mál mitt. Ég hef lýst þeirri brtt. sem ég flyt varðandi örorkulífeyrisþegana. Ég held að hér sé um að ræða 75 millj. kr. eftir því sem ég hef komist næst. Ég veit að stjórnarandstaðan hefur lagt mikla áherslu á það og reynt að þrýsta því fram að fá stjórnarliða til að fallast á þá brtt. en ég tel að hér sé um mikið sanngirnismál að ræða sem hefði átt að falla með þessari aðferð sem ríkisstjórnin leggur hér til. Ég legg til einnig í brtt. á þskj. 511 eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Ríkissjóður skal greiða bætur til þeirra námsmanna er eiga rétt á eftirágreiddum námslánum hjá Lánasjóði ísl. námsmanna. Bæturnar skulu nema sem svarar 80% af lántökukostnaði sem þeir hafa þurft að greiða vegna lána hjá bönkum eða sparisjóðum fram að útborgunardegi námslánsins. Lán, sem myndar bótarétt samkvæmt þessari grein, getur aldrei numið hærri fjárhæð en viðkomandi námsmaður á rétt á samkvæmt reglum Lánasjóðs ísl. námsmanna hverju sinni. Lækkun á tekjuskattsstofni framfærenda skv. 4. tölul. 1. mgr. 66. gr. skerðir ekki rétt námsmanns samkvæmt þessari grein."

Ég held að það sé alveg ljóst að þessar eftirágreiðslur hafa verulega þyngt greiðslubyrði hjá námsmönnum og samkvæmt upplýsingum sem ég hef fengið í því efni þá getur þessi vaxtabyrði orðið á bilinu 20–50 þús. kr. Þegar þessari breytingu var komið á á sínum tíma voru um hana deildar meiningar milli stjórnarflokkanna. Þetta var mjög tekið fyrir í Alþfl. á sínum tíma, m.a. á flokksþingi þar sem niðurstaðan varð að eftirágreiðslurnar yrðu skoðaðar sérstaklega og hvernig mætti létta greiðslubyrði hjá námsmönnum vegna þess, en ég hef ekki orðið vör við að út úr því hafi komið neitt. En námsmenn þurfa að sæta því að vegna lána sem þeir þurfa að taka vegna þessa fyrirkomulags þá þurfa þeir að bera yfirdráttarvexti á tékkareikningi sem getur orðið mjög mikið ef lánin eru há.

Virðulegi forseti. Ég tel ekki ástæðu til þess að fara frekar yfir þetta mál. Ég fór mjög ítarlega yfir þessa þætti frv. við 1. umr. og lýk því máli mínu.

[21:10]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og ég skildi hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur þá vill hún nokkuð breyta fyrirkomulagi um skattleysismörkin. Ég skildi hv. þm. svo að í þessum breytingum fælist nokkur þyngin á sköttum á fólki sem er á tekjubilinu 150–160 þús. kr. en á hinn bóginn liggur ekki fyrir brtt. frá hv. þm. í þessa veru. Ég sé að hv. þm. hefur lagt fram frv. til laga um breytingu á lögum um tekju- og eignarskatt. Þar er heldur ekki minnst á þetta en gengið út frá því að fyrirkomulag persónuafsláttar verði með allt öðrum hætti en hv. þm. var að lýsa hér. Mig langar því til að spyrja hv. þm. hvort hann ætli að flytja brtt. í anda sinnar ræðu svo að þingmenn geti áttað sig á því hvað hann er að fara.

[21:11]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að það sé mjög ljóst hvað ég er að fara í þessu efni. Ég skýrði það mjög vel við 1. umr. þessa máls og aftur núna. Ég tel að þær 1.500–1.600 millj. kr. sem á að auka persónuafsláttinn um hefðu átt að ganga til tekjulægri hópanna. Hæstv. landbrh. spyr af hverju ég flytji ekki brtt. við þetta mál. Ég hreyfði þessu máli í efh.- og viðskn., fékk ekki undirtektir við það og tel tilgangslaust að flytja það hér. Hins vegar hef ég flutt brtt. sem kosta mjög lítið og skal ekki standa á mér fái ég undirtektir við þær og þær verða samþykktar við 2. umr. þessa máls, ég geri ráð fyrir að þetta muni kosta svona um 150 millj. kr., að flytja brtt. til þess að mæta því sem þetta kostar. En heyri ég undirtektir hjá hæstv. landbrh. við það að ríkisstjórnin sé tilbúin til þess að skoða breytingu á persónuaslættinum þannig að þessi fjárhæð renni til láglaunahópanna þá mun ég auðvitað skoða minn hug í því efni og flytja umsvifalaust brtt. við það ef ég finn að það hafi einhverjar undirtektir hjá ríkisstjórninni en ég hef ekki heyrt það hingað til.

[21:12]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. svaraði því ekki sem mér finnst nauðsynlegt að fram komi, hvort í tillögum hans felist hækkun á sköttum þess launafólks sem er með 150–160 þús. kr. Ég held að það sé alveg óhjákvæmilegt að fá það skýrt.

Ég held að það sé líka nokkur mælikvarði á hvað hv. þm. meinar ef hann mundi nú t.d. gefa okkur á blaði þó að ekki væri í formlegu þingskjali útfærslu á sinni tillögu þannig að það sé þá hægt að athuga efni hennar og reyna að gera sér grein fyrir því hvað hv. þm. á við.

[21:13]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Það bregður nokkuð öðru við, virðulegi forseti, þegar hæstv. landbrh. er farinn að hafa áhyggjur af láglaunafólkinu og fólki með 150 þús. kr. tekjur. Ég hef ekki orðið vör við það að hæstv. landbrh. styðji okk-

ur sem höfum verið að tala fyrir því að koma hér á fjármagnstekjuskatti til að fá eins og 1–2 milljarða til þess að bæta hlut þessa fólks sem er með 150–200 þús. kr. í tekjur eða þá að halda a.m.k. hátekjuskattinum óbreyttum á næsta ári eins og hann var á þessu ári. Meðan hæstv. landbrh. ber það ekki einu sinni við að styðja slíka brtt. þá tek ég lítið mark á því að hann sé að sjá aumur á fólki með 150–200 þús. kr. tekjur.

[21:13]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir brtt. á þskj. 544 sem ég flyt ásamt hv. þm. Finni Ingólfssyni. Ég vil í upphafi taka það fram að henni verður dreift aftur prentaðri upp á nýtt þar sem felld var niður ein setning sem við nánari athugun átti í sjálfu sér miklu betur heima með útskýringum og framsögu með tillögunni en í tillögunni sjálfri. Þar stendur m.a., með leyfi forseta: „... hvað varðar óheyrilega háan jaðarskatt" o.s.frv.

Virðulegi forseti. Þessi tillaga er flutt til þess fyrst og fremst að vekja athygli á því að vanhugsaðar breytingar á skattkerfinu síðustu árin gera það óhjákvæmilegt að skattkerfið sé tekið til heildarendurskoðunar. Þetta hefur gerst á þann hátt að rokið hefur verið í breytingar með til þess að gera skömmum fyrirvara, oftast eins og núna rétt fyrir jól, án þess að það sé unnið eftir nokkri heildarstefnu. Þetta hefur gert það að verkum án þess að, býst ég við, að nokkur hafi ætlað sér það en nú er svo komið að jaðarskattur á tekjur sem eru tæplega 120 þús. kr. getur farið allt upp í 70%. Ef um er að ræða aðila sem lenda uppi í hátekjuskattsmarkinu þá getur þessi jaðarskattur farið upp í 75%. Það gefur auga leið að þarna er skattlagningin komin langt út fyrir það sem réttlætiskennd skattborgaranna þolir og slík skattlagning kann ekki góðri lukku að stýra. Þetta hefur verið gert með því að tekjutengja til að mynda vaxtabæturnar og fleiri þætti.

Síðan geta menn velt því fyrir sér hvernig hægt er að beita skattleysismörkunum til tekjujöfnunar. Hv. 12. þm. Reykv., Jóhanna Sigurðardóttir, var hér með hugmyndir um að tekjutengja til viðbótar skattleysismörkin. Hvaða jaðarskattur kæmi þá út? Ég átta mig ekki alveg á því upp í hvað ... (**SvG:** 100%.) Hér segir hv. þm. Svavar Gestsson að það gæti farið upp í 100% jaðarskatt og það væri orðin mjög skondin staða ef svo væri komið.

Ég átta mig ekki alveg á því varðandi hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, nú er hún reyndar farin úr þingsalnum, en eftir því sem ég best veit er hv. þm. einnig þeirrar skoðunar að það eigi að viðhalda sérstökum hátekjuskatti. Ef búið er að gera skattkerfið þannig að álagningarprósentan er í fleiri þrepum og auk þess á að tekjutengja eða hafa þrep í persónuafslættinum þá erum við að mínu mati komin út í algeran skrípaleik. Þarna verða menn því að velja á milli. — Virðulegi forseti. Ég vænti þess að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir heyri til mín þó hún sé ekki hér. Ber þá að túlka orð hennar þannig að hún sé fallin frá hugmyndum um hátekjuskatt því að þetta tvennt fer að mínu mati alls ekki saman? Og ég held að við verðum að vara okkur mjög vel á að vera að slengja fram tillögum sem gera það að verkum að óheyrilegur skattur leggst á til þess að gera lágar og meðaltekjur. Það er hlutur sem við verðum að passa okkur alvarlega á.

Virðulegur forseti. Þegar ég ætlaði að fara að fletta upp í skattafrv. ríkisstjórnarinnar þá sé ég að ég hef gripið með mér frv. til laga um mannanöfn, en það gerir kannski ekki stórt til. En það er ýmislegt í þessum tillögum sem mér finnst vera vanhugsað og sett fram án þess að menn átti sig almennilega á hvaða afleiðingar það hefur. Þar vil ég sérstaklega nefna það sem hefur verið gert áður, þ.e. afnám svokallaðrar tvísköttunar sem er í raun alls ekkert afnám tvísköttunar heldur hækkun á frítekjumörkum þeirra sem þiggja lífeyri í dag sem í fæstum tilfellum háttar þannig til hjá að greiðslurnar lífeyrissjóðina á sínum tíma í hafi verið tvískattaðar því sú gjörð gerð hefur ekki átt sér stað nema í til þess að gera fá ár. Og nánast öllum ber saman um það sem um þetta mál hafa fjallað að hér séu stjórnarflokkarnir að velja þá verstu leið sem hægt er að fara. Það ber öllum saman um það að taki menn þá ákvörðun að afnema tvísköttuna þá verði menn að gera það frá hinum endanum og gera greiðslur launþeganna í lífeyrissjóðinn skattfrjálsar, þ.e. 4%-þáttinn.

Væntanlega hefur sú leið ekki verið farin vegna þess að það er ósköp einfalt reikningsdæmi að verði það gert þá þýðir það í upphafi tekjutap fyrir ríkissjóð upp á 1,5 milljarða. En sú leið sem nú er valin, með öllum sínum vanköntum, þýðir líka eftir nokkurt árabil, 10–15 ár, tekjutap upp á þessa sömu upphæð.

Ég nefni það að ef sú leið að afnema skattlagningu á inngreiðslunum hefði verið valin þá hefðu menn sloppið við ýmsa vankanta sem menn eru að sjá á þessu núna eins og það að þeir sem eru innan við sjötugt og taka lífeyri á þeim aldri njóta þessa ekki og sömuleiðis örorkubótaþegar. Það er því eiginlega ótrúlegt eða maður skilur ekki hvers vegna þetta er gert á þennan hátt. Og þó er ástæðan væntanlega sú að þetta er ákveðið á síðustu stundu og það kom fram í umfjöllun nefndarinnar um þetta mál að það var ekkert rætt við hagsmunaaðilana heldur var þessu skellt fram samkvæmt einhverjum samtölum uppi í ráðuneyti að því er virðist.

Virðulegi forseti. Það er ýmislegt fleira í þessu sem maður veltir fyrir sér, m.a. lækkun stóreignaskattsins. Þar sýnist mér að sé um að ræða eina skyndiákvörðunina enn því að það eru engin rök fyrir því að lækka stóreignaskattinn öðruvísi en það sé liður í frekari aðgerðum í skattamálum og þá liður í því að taka upp skattlagningu á fjármagnstekjur eða fjármagnseign. Við framsóknarmenn lögðum fram tillögur í fyrra við framlagningu skattamála þar sem beinlínis var lagt til að stóreignaskatturinn yrði lagður af en það var liður í því að taka alla fjármagnseign inn í eignarskattsstofninn og breikka hann á þann hátt og hækka síðan fríeignarmarkið hjá hjónum um 1 millj. Samkvæmt útreikningum okkar mundi þetta þýða þegar það skilaði sér að fullu í ríkissjóð auknar tekjur upp á 1,5 milljarða. Við þorðum þó ekki að reikna með á fyrsta ári nema 800

millj. til 1 milljarð.

Við lögðum hliðstæða tillögu fram við framlagningu fjárlaga, því að hér ganga allir hlutir öfugt á þessu haustþingi, að sjálfsögðu á samkvæmt hinni eðlilegu reglu að afgreiða skattamálin á undan fjárlögunum. Þar lögðum við til nýja tekjuöflun upp á tæplega 1,5 milljarða með þessu og fleiri aðgerðum og því yrði að hluta til varið til þess að hækka barnabætur og vaxtabætur og síðan í nokkra útgjaldaliði í fjárlögunum þar sem okkur þótti að með til þess að gera lágum upphæðum væri hægt að bæta nokkuð úr. Þar var um að ræða jöfnun á námskostnaði, jöfnun á hitakostnaði og nokkra liði í menntamálum og útgreiðslu á útistandandi skuld ríkisins vegna jarðræktarbóta. Þessar tillögur voru allar felldar, bæði tekjumegin og gjaldamegin, og við töldum þess vegna ekki ástæðu til þess að vera að endurflytja þær með skattafrumvörpunum en flytjum þess í stað þá brtt. sem hér er um allsherjarendurskoðun á þessum þáttum, þ.e. skattkerfinu í heild.

Virðulegi forseti. Það kom fram í umfjöllun nefndarinnar, þó að hún væri ekki burðug vegna þess að nánast var ekki um að ræða nokkurn tíma til vinnu, þetta kom allt það seint fram, þó komu veigamiklar athugasemdir fram. Ég ætla ekki að nefna margar en hlaupa þó á örfáum atriðum. Ég nefni m.a. sameiginlega kröfu aðila vinnumarkaðarins, bæði VSÍ og Alþýðusambandsins, gagnvart skattlagningu á akstri launþega til og frá vinnu. En nokkrir skattstjórar eru búnir að úrskurða sem svo að ef vinnuveitandi á eigin bíl ekur launþega til og frá vinnu þá skuli það tekjufært á launþegann og honum reiknaðar tekjur fyrir þessi hlunnindi, jafnvel þó að ástæðan sé sú að vegna sameiningar fyrirtækja eða annarra aðgerða þá þurfi launþegar að sækja vinnu um mun lengri veg en áður. Hæstv. fjmrh. var ófáanlegur til þess að gera tillögu um breytingar á þessu, sem er nánast óskiljanlegt. Hér í frv. er síðan heilmikill rökstuðningur í athugasemd við frv. hvers vegna þetta sé ekki gert og reyndar eru athugasemdir við lagafrv. þetta, á bls. 6 í þessu frv., einhver sérstakasti texti sem ég hef séð hér í lagafrv. því að athugasemdirnar fjalla fyrst og fremst um þætti sem eru ekki í frv. og hvers vegna þeir séu þar ekki. Ég man ekki eftir því að hafa séð slíkt áður.

Ég nefni einnig að Vinnuveitendasambandið var með nokkuð aðrar tillögur gangvart þeim flýtifyrningum sem er lagt til að hér verði leyfðar og var um samið við kjarasamninga á síðasta vori og benda þar á að á margan hátt væri miklu skynsamlegra að taka upp þá reglu að hafa breiðari prósentu varðandi leyfilegar fyrningar, t.d. varðandi verksmiðju- og iðnaðarvélar, þannig að menn gætu valið um fyrningarhlutfall frá 5 og upp í 18%, í staðinn fyrir 9–12% eins og það er í dag. Hugsunin á bak við þetta er sú að fyrirtæki séu ekki með skattalögum neydd til þess að gera upp með skattalegu tapi, með því að þau séu neydd til þess að vera með svo og svo háa fyrningarprósentu og ekki síst með tilliti til þess að samkvæmt nýlegum breytingum á skattalögum þá fellur yfirfæranlegt tap niður eftir fimm ár. Það er svolítið sérstakt að velta því fyrir sér í því ljósi að til landsins hafa verið að koma erlendir aðilar, m.a. japanskir, skoðað fjárfestingarmöguleika og sagt sem svo að þeir séu ekki að leita eftir neinum skammtímagróða. Þeir séu vanir því að þurfa að bíða 10–20 ár eftir að fjárfestingar fari að skila arði. En það er greinilegt að löggjafinn, eins og hann er samansettur hér á landi núna, er ekki tilbúinn til þess að hugsa til svo langs tíma.

Virðulegur forseti. Það er vissulega ýmislegt fleira sem hér væri hægt að gera að umtalsefni gagnvart skattastefnu núv. ríkisstjórnar. En ég vil leggja áherslu á það að lokum að það er kominn tími á það að endurskoða skattkerfið í heild sinni og það sögðum við framsóknarmenn þegar ríkisstjórnin bauð upp á nefndaskipun til þess að skoða upptöku fjármagnstekjuskatts, að við höfnuðum því að taka þátt í þeirri vinnu á þeim forsendum sem þar voru gefnar en við værum hins vegar tilbúnir til þess að gera slíkt á breiðari grunni, eins og kemur fram í þeirri tillögu sem hér er lögð fram.

[21:30]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég vil óska eftir því að frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. verði viðstaddur hér í þingsölum til að hlýða ræðu mína. Ég hafði hugsað mér að beina til hans fyrirspurn og ég tel eðlilegt að beina henni til hans sem ábyrgðarmanns málsins af hálfu þingnefndar fremur en að beina fyrirspurninni til fjmrh. sem er ábyrgðarmaður málsins af hálfu framkvæmdarvaldsins, en það fer eins og mönnum er kunnugt ekki með meðferð málsins hér í þinginu. Ég tel því eðlilegt að beina spurningum um málið til frsm. efh.- og viðskn. og vildi óska eftir því að forseti gerði ráðstafanir til þess að hann yrði hér viðstaddur.

(**Forseti** (StB): Forseti hefur nú þegar gert ráðstafanir til þess að hv. 5. þm. Norðurl. v. komi í salinn.)

Ég þakka forseta fyrir og veit að þingmaðurinn mun koma um hæl þannig að mér er ekkert að vanbúnaði að halda áfram ræðu minni um þetta mál.

Það hefur verið fjallað nokkuð ítarlega um efnisatriði þessa máls af hálfu talsmanns okkar alþýðubandalagsmanna í þessum málaflokki og er ekki þörf á að bæta miklu þar við af okkar hálfu, en ég vil þó kannski fara nokkrum orðum um einstaka þætti málsins sem mér finnst ástæða til að verði frekar dregnir inn í umræðuna en verið hefur.

Þar vil ég fyrst minnast á ákvæði frv. um skattalega meðferð á hlutafjárkaupum. Það er alveg rétt sem fram kemur í athugasemd með frv. að hér eru menn að gera breytingu frá því sem áður var búið að ákveða að yrði í náinni framtíð. En hitt er rétt að undirstrika að það er ekki verið að gera neina breytingu frá þeim lögum sem gilda um það efni, lögum nr. 111/1992, fyrir árin 1994 og 1995. Þannig að mér sýnist að það muni ekki reyna á hina efnislegu breytingu í 2. gr. frv. fyrr en með fjárfestingu eða kaupum á hlutabréfum á árinu 1996 og 1997, en þá fyrst muni koma fram breytingin sem er í þessu frv., að hámarkið á því hlutafé sem skapar rétt til endurgreiðslu á tekjuskatti verður áfram 80% af kaupverði í stað þess að lækka niður í 50% eins og það á að gera á árunum 1996 og 1997.

Það er í raun því miður þannig þegar maður fer að skoða þessa tillögu, að hér er um að ræða miklu minni breytingu en ætla mátti miðað við kynninguna á henni í upphafi.

Ég vil rifja það upp að ég var mjög andvígur þeirri breytingu sem gerð var fyrir tveimur árum að lækka skattalegan ávinning af því að fólk keypti eða verði sínu sparifé að einhverju leyti til kaupa á hlutabréfum og afnema þá heimild í áföngum. Ég taldi og tel enn að sú breyting hafi verið afar misheppnuð og misráðin og vænti þess að sú breyting sem hér er lögð til að láta fyrsta áfangann í niðurþrepuninni standa í stað þess að láta þrepunina ganga alla leið og afsláttinn deyja út sé viðurkenning stjórnarliða á því að um hafi verið að ræða vanhugsaða breytingu.

En það er eitt atriði í brtt. sem mér finnst ástæða til að spyrja eftir. Ég sé ekki um það glöggar skýringar í frv. Það er það skilyrði að til þess að réttur skapist til endurgreiðslu á tekjuskatti í hlutfalli við kaup á hlutabréfum þurfi viðkomandi að eiga hlutabréfin í a.m.k. þrjú ár. Ég spyr: Hvað gerist ef það fyrirtæki sem hlutabréfin voru keypt í verður gjaldþrota innan þess tíma? Þetta er ekki bara fræðilegur möguleiki sem ég er að velta fyrir mér, þetta er raunverulegur möguleiki. Fólk er víða um land að leitast við að halda í gangi atvinnufyrirtækjum eða að setja á fót ný og leggja peninga í þau með því að kaupa hlutabréf jafnvel þó að það sé mjög ótrygg framtíð þessara fyrirtækja þannig að það er mjög raunhæft að um geti verið að ræða ...

(**Forseti** (StB)**:** Forseti vill biðja hv. þingmenn í hliðarsal að hafa lágt.)

Ég þakka forseta, en það er mjög raunhæft að um geti verið að ræða að fyrirtæki lifi ekki þessi þrjú ár þannig að þá spyr ég: Hvað gerist þá? Verður viðkomandi skattgreiðandi að endurgreiða skattafsláttinn sem hann fékk árinu eftir að hann fjárfesti eða verður litið svo á að hann haldi fengnum skattafslætti?

Ég vil biðja frsm. meiri hluta nefndarinnar að athuga þetta atriði málsins og svara því hér á eftir þegar ég hef lokið máli mínu en mér finnst nokkuð miklu skipta og vera nokkuð mikilvægt fyrir það fyrsta að ákvæðið sé skýrt þannig að mönnum sé ljóst hvernig það á að virka og í öðru lagi að það sé skilið á þann veg eins og ég hefði kosið að fari fyrirtækið í gjaldþrot innan tímamarka, innan þriggja ára, þá verði eftir sem áður látinn standa sá réttur sem viðkomandi skattgreiðandi eða framteljandi hafi áunnið sér til lækkunar á tekjuskatti. Ég tel nauðsynlegt að ganga eftir svörum þessum svo að það fáist á hreint hver skilningur þeirra er sem að málinu standa um þetta atriði.

Virðulegur forseti. Áður en ég vík að öðrum þáttum í þessu máli, sem ég geri lítillega, vil ég mæla fyrir tveimur brtt. á þskj. 543 sem ég flyt ásamt hv. þm. Svavari Gestssyni. Þar er um að ræða tvær sjálfstæðar brtt. um ólík efnisatriði sem mér þykir rétt að kynna örfáum orðum.

Fyrri brtt. er á þann veg að efni til að lagt er til að til vaxtagjalda reiknist ásamt vöxtum og tilgreindum kostnaði af lánum vegna kaupa eða byggingar á íbúðarhúsnæði einnig kostnaður vegna lána sem námsmaður hefur tekið vegna náms síns. Þar er átt við nám sem er lánshæft samkvæmt reglum Lánasjóðs ísl. námsmanna þannig að það er afmarkað og skilgreint hvaða nám er um að ræða sem gæti skapað rétt til þess að lán sem tekin eru vegna þess láns skapi rétt til vaxtabóta. Af okkar hálfu er gert ráð fyrir því að vaxtagjöld verði skilgreind með sama hætti og gert er með lán af íbúðarhúsnæði þannig að ekki á að vera neinn vafi á því hvernig ber að skilja vaxtagjaldahugtakið varðandi lán vegna náms. Til þess að koma þessari breytingu fram og fyrir í lögunum um tekju- og eignarskatt þá höfum við flm. lagt til að umorða 1. mgr. í c-lið 69. gr. laganna um tekjuskatt og eignarskatt. Þá á ég við þann lagatexta sem var samþykktur á síðasta vori, hygg ég að hafi verið, alla vega á síðasta þingi og mun taka gildi á næsta ári.

Síðari brtt. er að efni til þannig að við leggjum til að þegar svo stendur á hjá framteljanda að hann hefur misst maka sinn þá verði það viðtekin regla að við álagningu eða við ákvörðun á eignarskattsstofni verði hann ákvarðaður á eftirlifandi maka með sama hætti og um hjón væri að ræða, þ.e. við erum að leggja til að framteljandi sem býr t.d. við það að eiga hóflegt íbúðarhúsnæði, skuldilítið eða jafnvel skuldlaust, þurfi ekki að sæta því að fara að borga eignarskatt af eigninni við það eitt að missa maka sinn. Því miður getur það gerst því að þá stendur hann einn að eigninni í stað þess að um tvo sé að ræða eins og er þegar hjón eiga í hlut.

Árið 1989 var sú breyting gerð á 81. gr. laganna að tekin var upp þessi regla en þó aðeins fyrstu fimm árin eftir lát maka. Við leggjum til að framlengja regluna þannig að hún verði ótímabundin en háð því skilyrði að um sé að ræða eftirlifandi maka sem sitji í óskiptu búi. Með þessu móti teljum við að það sé búið að sjá fyrir með varanlegum hætti hugsanlegum vanda þeirra sem missa maka sinn og búa við þær aðstæður sem greinin gerir ráð fyrir. Það má eiginlega segja að með þessu sé verið að afnema varanlega allar hættur á því að fráfall maka hækki menn upp í sköttum þó að engin breyting verði að öðru leyti og engin breyting á eignum sem réttlæti það.

Ég vil láta það koma fram vegna umræðna hér á þingi undanfarin ár um svokallaðan ekknaskatt, sem er í annarri grein en þessari, að það er óskylt mál og reyndar tel ég að sá ekknaskattur sem þeir eiga við sem um það mál tala sé í raun ekki eiginlegur eignarskattur heldur stóreignaskattur og er ekki hlynntur því að hann verði afnuminn eins og lagt er til af hálfu stjórnarliða.

Ég hef lokið við að mæla fyrir þessum brtt., virðulegur forseti, og vil segja það um málið almennt, breytingarnar á lögunum um tekjuskatt og eignarskatt, að mér finnst þær bera vott um nokkurt stefnuleysi í skattamálum til langs tíma litið. Menn eru að fikta við breytingar frá einu ári til annars og mér virðist ekki vera nein heildarstefna á bak við hinar árlegu breytingar nema þá að þessu sinni. Sérstaklega er sú breyting mjög áberandi að þær eru ívilnandi gagnvart fólki með háar tekjur og miklar eignir. Það er sú áhersla

sem kemur fram skýrast af hálfu stjórnarliða í þessu frv. og út af fyrir sig getur verið góð lýsing á þeirra stefnu en er mjög umdeild og um standa miklar pólitískar deilur og það má segja að þessi efnismeðferð í frv. skerpi að sumu leyti hinar pólitísku línur. Hún gerir það að verkum að fólki verður betur ljóst hverjar eru megináherslur í pólitík stjórnmálaflokkanna, a.m.k. annars vegar þeirra flokka sem standa að þessu, stjórnarflokkanna og hins vegar Alþb. a.m.k. og e.t.v. annarra stjórnarandstöðuflokka líka. En í heildina tekið og horft yfir kjörtímabilið allt þá finnst mér áberandi hvað breytingarnar eru handahófskenndar og eru markaðar mjög skammtímahugsun.

Annað sem mér finnst mjög áberandi í þessum málum er að láglaunastefna í þjóðfélaginu er mjög ríkjandi og ríkisvaldinu hefur verið beitt fyrir vagninn að mörgu leyti í því skyni að viðhalda láglaunastefnunni. Það er auðvitað pólitískt verkefni þeirra sem munu taka við á næsta ári í landsstjórninni að breyta þessu og koma fram með burðuga launastefnu sem hefur það markmið að hækka eða auka tekjur þeirra sem hafa lágar tekjur. Einn þáttur í þeirri launastefnu verður að fara í gegnum þann frumskóg af bótum sem menn hafa verið að skapa í gegnum árin og tengja við tekjur og eignir og eru því miður orðnar svo margar og innbyrðis hafa áhrif hver á aðra að þær eru farnar að mörgu leyti að virka neikvætt. Það er óhjákvæmilegt að mínu viti að fara í gegnum þessa bótaflokka alla og tengingar þeirra og endurhugsa það kerfi og koma fram með heildstætt tekjuuppbótarkerfi sem auðvitað er fullkomlega eðlilegt að ríkisvaldið hafi, (**GÁ:** Hvað með lánskjaravísitöluna?) sérstaklega til að jafna kjör í landinu. Ég get bætt því við vegna innskots að auðvitað er einn þáttur í því að endurskoða þessi kjör að afnema lánskjaravísitölu eða a.m.k. að eyða áhrifum hennar á kauphækkun eins og hún gerir í dag. Það er ekki markmið þeirra sem eru að sækja kjarabætur með kauphækkun að samtímis séu menn að hækka skuldir þeirra hinna sömu sem hækkunarinnar njóta svo að það segir sig sjálft að menn hljóta að endurskoða grundvöll lánskjaravísitölunnar a.m.k. og þrengja hann að nokkru ef þá ekki afnema að fullu.

[21:49]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Út af því sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson ræddi um vil ég fyrst þakka honum fyrir þá ábendingu sem hann kom með varðandi gildistökuákvæðið. Það verður tekið til skoðunar með öðrum atriðum núna á milli umræðna.

Varðandi þá umfjöllun sem hann var með um gjaldþrot innan þriggja ára eignarhaldstíma á hlutabréfum þá held ég að ég geti fullyrt það að ef fyrirtæki verður gjaldþrota verður frádrátturinn ekki tekjufærður. Ég lít svo á að til þess að hægt sé að tekjufæra þann frádrátt sem fólk hefur nýtt sér vegna hlutabréfakaupa þá þurfi viðkomandi einstaklingur að hafa selt bréfin og það sé það sem um er að ræða en ekki það að fyrirtækið verði gjaldþrota og eignin sé afskrifuð.

[21:50]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. Vilhjálmi Egilssyni fyrir svörin. Ég skil hann þannig að þetta sé alveg ótvírætt að þegar aðstæður sem viðkomandi eigandi hlutabréfanna ræður ekki við verða þess valdandi að eignarhaldstíminn næst ekki þá lendi það ekki á honum að endurgreiða fenginn skattafslátt. Þetta er þá alveg skýrt og ég vil þakka honum fyrir svörin.

[21:50]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka fyrir þá biðlund sem mér hefur verið sýnd hér með því að hleypa örðum þingmönnum fram fyrir mig vegna þess að ég er á stöðugum samningafundum með öðrum þingflokksformönnum og ég get upplýst að það hillir undir samkomulag. En ég ætla aðeins að taka örfáar mínútur í það að lýsa skoðun minni á því frv. sem hér er til umræðu.

Ég vil í upphafi máls míns rifja það upp að samkvæmt því fjárlagafrv. sem nýbúið er að samþykkja á hinu háa Alþingi og því sem á undan er gengið á þessu kjörtímabili þá stefnir í að hallinn á ríkissjóði verði um það bil 40 milljarðar kr. á þessu kjörtímabili. Þessi halli bætist ofan á mikla skuldasöfnun frá fyrri árum og því hefði maður haldið að það væri markmið ríkisstjórnarinnar að reyna að ná fjárlagahallanum niður og reyna að leita leiða til tekjuöflunar í stað þess að fara að létta sköttum af þeim sem betur mega sín í þjóðfélaginu. En það eru að nálgast kosningar og þetta frv. sem hér er til umræðu ber þess vott að hér er kosningamál á ferðinni. Hér er lagt til að leggja niður svokallaðan stóreignaskatt sem þeir hafa greitt sem mestar eiga eignir og hafa haft sæmilegar tekjur. Hér er mörkunum breytt varðandi hátekjuskattinn og hér er farið út í afnám tvísköttunar á lífeyri ellilífeyrisþega með mjög umdeildum hætti. Það er vissulega rétt að þessi 15% regla sem hér er tekin upp kemur mörgum gamalmennum til góða en hún kemur þeim mest til góða sem mest fá greitt úr lífeyrissjóðnum svo að hér er um það að ræða að það er verið að hygla þeim sem meira mega sín á meðan hinir lægst launuðu sem orðið hafa að taka á sig skattahækkanir og gjöld af ýmsu tagi fá ekkert í sinn hlut. Þetta er ekki góð pólitík að mínu mati og sérstaklega þegar við horfum fram á þennan mikla halla þá hefði verið ástæða til þess að breyta ekki þessum ákvæðum heldur reyna að halda inni þeim tekjum sem þó er hægt að afla með sæmilega auðveldum hætti.

Ríkisstjórnin gaf yfirlýsingu 10. des. sl. þar sem hún birti sín áform um atvinnusköpun og ýmsar aðgerðir til þess að auka vinnu og til þess að breyta skattkerfinu en viðbrögð Alþýðusambandsins og Vinnuveitendasambandsins bera það með sér að ekki er mikill fögnuður í þeim herbúðum vegna þessara áforma. Hér er ekki verið að gera það sem gera þarf. Eins og rakið var við 1. umr. þá var boðuð hækkun persónuafsláttar en þegar betur var skoðað kom í ljós að þessi hækkun var einungis í samræmi við hækkun

verðlags, það er verið að reikna upp þessar upphæðir og reyndar 400 kr. þar til viðbótar. Þetta segir ekki mikið hjá því fólki sem er að reyna að þrauka og lifa af lágum tekjum. Við kvennalistakonur munum að sjálfsögðu ekki styðja þessar breytingar og leggjum það til að þessum tekjuöflunarleiðum verði haldið inni hjá ríkissjóði.

En það er eitt mál sem ég vil nefna sérstaklega og sem hefur eftir því sem ég best veit ekki fundist lausn á en það eru málefni Búseta. Þau hafa lítið komið við sögu í umræðunum í dag en þannig er mál með vexti að Búseti fór þess á leit að það fólk, sem býr í almennum kaupleiguíbúðum, það munu vera um 53 íbúðir, fái greiddar vaxtabætur á öll þau lán sem hvíla á þessum íbúðum. Það varð niðurstaða meiri hlutans að þetta væri ekki mögulegt. Það var gerð lagabreyting í fyrra sem hafði það í för með sér að þeir sem búa í almennum kaupleiguíbúðum innan Búseta fá reyndar allir vaxtabætur á sinn eignarhlut en reynslan varð sú sem reyndar var sagt fyrir um þá að þetta skilaði þeim ákaflega litlu. Staðreyndin er sú að þessar íbúðir eru svo dýrar í rekstri og það er að verða fólki svo erfitt að standa undir þessu og þarna er einfaldlega verið að leita leiða til þess að hjálpa þessu fólki. En það er alltaf sama sagan með vinnubrögð á hinu háa Alþingi að við vorum í þvílíkum spreng með að fara yfir frv. og afgreiða þetta mál að það hefur alls ekki gefist tími til þess að fara nægilega ofan í þetta mál og ég fæ ekki betur séð en Búseti og það fólk sem býr í almennum kaupleiguíbúðum verði skilið eftir á köldum klaka. Það þarf vissulega að skoða það mál betur því að það sem gerist þarna er einfaldlega það að fólk mun gefast upp á því að búa í þessum íbúðum og það mun losa sig við þær og reynslan hefur verið sú, bæði hjá Búseta og hjá sveitarfélögunum, að þessum íbúðum, almennu kaupleiguíbúðunum, hefur verið breytt í félagslegar íbúðir og það þýðir það að ríkið tekur á sig niðurgreiðslu vaxta. Það hefði því þurft að skoða það dæmi miklu betur hvernig þetta kemur út fyrir ríkið, hvort það hefði ekki hugsanlega verið hagkvæmara að gera þarna lagabreytingu gagnvart þessum litla hópi, en mér er alveg ljóst að það er flókið mál og við hefðum þurft að hafa tíma til þess að skoða þetta almennilega.

Ég get ekki látið hjá líða, herra forseti, að minnast hér á brtt. Jóhönnu Sigurðardóttur, hv. 12. þm. Reykv. Ég verð að segja að það datt alveg yfir mig þegar ég sá þessa tillögu. Það er alveg makalaust eftir að hafa horft upp á og tekið þátt í þeirri miklu deilu sem varð um breytingarnar á Lánasjóði ísl. námsmanna þar sem við stjórnarandstæðingar börðumst eins og ljón gegn þessum breytingum með þau meginrök að sjálfsögðu að þarna væri verið að íþyngja kjörum námsmanna og þessar breytingar mundu þýða það að sá hópur fólks sem mundi eiga í erfiðleikum með að standa undir þessum lánum, hvað þá að koma sér upp húsnæði eftir að námi lyki, og það heyrðist ekki orð frá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur á þeim tíma. Svo kemur hún hér eftir að vera búin að segja af sér embætti ráðherra og flytur tillögu þess efnis að bæta nú kjör námsmanna. Það er góðra gjalda vert að taka upp þeirra málefni en þetta er þvílík hræsni að það er ekki hægt annað en segja það hreint út. Það er makalaust að horfa upp á þetta að um leið og fólk gengur út úr stjórnarsamstarfi þá snýr það við blaðinu og kemur með tillögur af þessu tagi. Mér finnst alveg makalaust að horfa upp á þetta, fyrst að taka þátt í því að leggja á auknar álögur, koma á vöxtum í námslánakerfinu og svo á að fara að greiða vaxtabætur til þessa sama hóps. Fólk verður aðeins að hugsa hvað það er að gera og taka ábyrgð á sínum gerðum. Ég get ekki annað en minnt á þetta, hæstv. forseti.

Vegna þess að hér eru vonandi að takast samningar um lok þinghaldsins á þessu ári þá ætla ég ekki að segja mikið meira. Ég hefði getað talað langt mál um þessa tvísköttun og 70 ára regluna sem hér er miðað við. Ég tek undir þá gagnrýni sem hér hefur komið fram á þá leið sem hér er verið að fara í þessu frv. Það er alveg ljóst að þetta mun kosta ríkissjóð hundruð milljóna á næstu árum vegna þess að sá hópur aldraðra sem greitt hefur í lífeyrissjóði fer stöðugt vaxandi þannig að hér er um mjög hæpna leið að ræða, enda hefur t.d. Alþýðusambandið bent á aðrar leiðir, þ.e. að nálgast málið frá hinum endanum, þ.e. iðgjaldagreiðslur launþega verði skattfrjálsar, sem kæmi fólki ekki til góða fyrr en síðar meir, en það er auðveldari leið heldur en sú sem hér er farin og réttlátari. En ríkisstjórnin ætlar að halda fast við þetta ákvæði en mér segir svo hugur um að menn muni þurfa að setjast yfir þetta dæmi jafnvel innan árs.

Ég ætla þá ekki að segja meira í bili en ítreka það að við kvennalistakonur leggjumst gegn þeim breytingum sem verið er að gera á hátekjuskattinum og við leggjumst gegn breytingunum á stóreignaskattinum. Að öðru leyti er hér um tæknilegar breytingar að ræða. Það eru nokkur atriði sem koma fyrirtækjunum til góða eins og flýtifyrningarnar og ég held að ekki veiti af að efla fjárfestingu en reyndar gerist það þá ekki fyrr en á næsta ári.

Ég læt þá máli mínu lokið, herra forseti.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Útbýting þingskjals:

Ráðstafanir í ríkisfjármálum 1995, 278. mál, brtt. IP og FI, þskj. 545.

Ráðstafanir í ríkisfjármálum 1995, frh. 2. umr.

Stjfrv., 278. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 345, nál. 452 og 512, brtt. 451, 518 og 545.

[22:04]

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Í ræðu minni í gær í umræðum um frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1995 gerði ég að umræðuefni það sem snýr að brtt. hv. efh.- og viðskn. og þá sérstaklega 2. lið sem er um breytingu á lögum nr. 117/1993, um almannatrygging-

ar. Ég fór allítarlega yfir það í gær að ég óttaðist mjög að hér væri unnið á allábyrgðarlausan hátt og síðan hefur mér gefist tækifæri til að fara nánar ofan í þetta frv. Það hefur auðvitað staðfest það sem ég hélt að með húsaleigubótum getur vel svo farið að í mörgum tilvikum skaðist lífeyrisþegar við að taka húsaleigubætur. Hér er um það að ræða að þegar verið er að hrófla við flóknum lagabálki eins og lög um almannatryggingar eru og setja þau í samspil við bætur frá sveitarfélögum þá sjást menn ekki fyrir. Það sem blasir við er og ég ætlast kannski ekki til að fólk eigi gott með að setja sig inn í það sem ég segi nú, en ég vona að það sé það skýrt að það skiljist, en það liggur fyrir að fái lífeyrisþegi húsaleigubætur frá sveitarfélaginu svo að mánaðartekjur lífeyrisþegans fara yfir 57 þús. kr. á mánuði þá er hann kominn í skatt og greiðir 42% af þessum tekjum í skatt. Séu einhverjar aðrar tekjur en tryggingabætur yfir upphæðinni 18 þús. kr. á mánuði, t.d. styrkur frá sveitarfélaginu eða húsaleigubætur, þá skerðast tekjur hans um 45% af þessum umframtekjum. Þá fær lífeyrisþegi ekki lengur afnotagjald af síma greitt en til þess þarf hann að hafa óskerta tekjutryggingu en nú hefur tekjutryggingin skerst. Þar til upplýsingar skal bent á að orðið tekjutrygging kemur tæplega fyrir í þessum texta heldur er þetta kallað uppbót sem er reyndar gamalt orð yfir tekjutryggingu. Það er mjög villandi og eðlilegt að fólk misfari sig á þessum tveimur orðum. Til þess að koma í veg fyrir að lífeyrisþegar skerðist í tekjum við að taka húsaleigubætur þá verður að bæta inn í c-lið 2. brtt. efh.- og viðskn. orðunum „frá sveitarfélagi" þannig að greinin orðist svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ef aðrar tekjur ellilífeyrisþega en lífeyrir almannatrygginga, bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð og húsaleigubætur frá sveitarfélagi .." því ef það stendur ekki þá koma þær inn eins og aðrar tekjur og skerða þar með svo að um munar það sem lífeyrisþeginn hefur á mánuði sér til framfærslu.

Í öðru lagi, hæstv. forseti, skerðist tekjutrygging eða það sem hér er kallað uppbót vegna húsaleigubóta. Þá skerðist fleira. Þá skerðist heimilisuppbót einnig og nú krónu fyrir krónu í stað þess að áður skertist hún á sama hátt og tekjutrygging. Og þá fellur að sjálfsögðu sérstök heimilisuppbót líka niður. Uppbót á lífeyri sem greidd hefur verið hafi lífeyrisþegi nær engar aðrar tekjur haft en tryggingabætur, m.a. vegna húsaleigu, lyfjakostnaðar o.fl., ef þetta fellur einnig niður, þá missir lífeyrisþeginn ókeypis afnot af útvarpi og sjónvarpi. Í nefndaráliti hv. efh.- og viðskn. segir neðst á fyrstu blaðsíðu, með leyfi hæstv. forseta:

„Í sambandi við þessar breytingar vill meiri hlutinn taka sérstaklega fram að ekki er ætlunin að skerða rétt þeirra bótaþega sem eiga rétt á niðurfellingu á afnotagjaldi útvarps og sjónvarps, sbr. 2. mgr. 24. gr. útvarpslaga, nr. 68/1985 (18. gr. rgl. nr. 35/1986, sbr. rgl. 478/1986). Nauðsynlegt verður að endurskoða framkvæmd þessara mála í kjölfar þess að farið verður að greiða húsaleigubætur í stað uppbótar á lífeyri til þeirra er greiða háa húsaleigu."

Hvað þýðir þetta? Það þýðir að þeir sem hafa fengið uppbót hjá Tryggingastofnun ríkisins, og nú eru menn að tala um uppbót sem er sérstakur bótaflokkur en ekki tekjutryggingu, þá hlýtur það að vera ætlunin að fara í hvert þeirra milli 2 og 3 þús. mála sem liggja hjá Tryggingastofnun ríkisins og tína út þá sem hafa haft uppbót vegna húsaleigu, en menn hafa síðan fengið og áreiðanlega miklu fleiri uppbót vegna mikils lyfjakostnaðar og annars slíks. Þá stendur til að vegna húsaleigubóta falli uppbót þeirra sem fengu uppbótina vegna húsaleigu niður og þar með er fallinn rétturinn til ókeypis útvarps- og sjónvarpsafnota.

Það liggur í eðli máls að einhver skoðun nefndarinnar í nefndaráliti hefur enga þýðingu. Ríkisútvarpið greiðir ekki niður útvarp og sjónvarp nema samkvæmt útvarpslögum og þau kveða svo á að þeir sem njóta uppbótar á lífeyri þurfi ekki að greiða afnotagjald af útvarpi og sjónvarpi. Það liggur því alveg fyrir að til þess að þetta hafi einhverja þýðingu verður að breyta útvarpslögunum. Það segir enginn Ríkisútvarpinu að fara að greiða þetta eftir allt öðrum reglum en lög kveða á um svo að það liggur alveg á borðinu að þessar þúsundir missa réttinn til útvarps og sjónvarps.

Virðulegi forseti. Ég veit að þetta er ósköp leiðinleg lesning og sennilega óskiljanleg öllu venjulegu fólki þó að þetta sé harla skýrt þannig séð en þetta segir okkur náttúrlega ekkert annað en það að það verður í brtt. — hér kemur formaður hv. efh.- og viðskn. og má greinilega ekki vera að því að hlýða á mál mitt og það þykir mér afar miður vegna þess að ég held að hann sé maðurinn sem þarf að hlýða á það. Ég vil nú spyrja hæstv. forseta hvort ekki sé einhver leið að einhver úr efh.- og viðskn. hlusti á mál mitt af því að ég vil taka fram að ég hef farið yfir þetta í dag aftur með starfsfólki Tryggingastofnunar þannig að það er enginn vafi á því að það sem ég er að segja er rétt. Þess vegna er alveg nauðsynlegt áður en kvöldið er úti að nefndin verði búin að skoða þetta mál.

(**Forseti** (StB): Forseti mun gera ráðstafanir til þess að formaður efh.- og viðskn. verði hér í salnum.)

Annars hefur auðvitað mál mitt enga þýðingu. Mér leiðist heldur að vera að tala einungis til þess að það verði skráð í þingtíðindi. Ég held að hér sé um mikilvægt mál að ræða sem varðar þúsundir lífeyrisþega og ég er alveg sannfærð um að enginn á hinu háa Alþingi er á þeirri skoðun að það beri að stórskerða kjör ellilífeyrisþega og örorkulífeyrisþega. Ég er alveg sannfærð um það að samþykki menn frv. eins og það liggur fyrir þá eru þeir að gera það án þess að ætla það. Þess vegna vil ég endilega að þessi leiðrétting komist á framfæri. Það er hægt að bjarga þessu með því að færa inn í frv. þegar talað er um húsaleigu, „húsaleigu frá sveitarfélagi". Þar með er tryggt að það skerði ekki tryggingabætur. Menn hafa afgreitt þetta þannig, þessar athugaemdir mínar að í 2. brtt. lið a og b, segir:

„Til tekna í þessu sambandi teljast ekki bætur almannatrygginga, tekjur úr lífeyrissjóðum, bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð eða húsaleigubætur." En það verður að standa húsaleigubætur frá sveitarfélagi því að húsaleigubætur frá Tryggingastofnun, það er alveg ljóst að þær skerða ekki greiðslur, en um

leið og það er orðin greiðsla frá sveitarfélagi, þá skerðir það tryggingabætur og reytir af lífeyrisþegum öll þau réttindi og hlunnindi sem þeir hafa. Það er þetta sem ég hef reynt að segja án þess að það sýnist vera mikill áhugi á því að hlýða á það mál mitt. Ég veit ekki hvað gera skal. Ég bað hér í gær um að hæstv. heilbr.- og trmrh. yrði viðstaddur og hann var það. Ég beindi þessum spurningum til hans í gær og hann virtist ekki vera fær um að svara því. Þannig stendur málið. En ég get alveg fullvissað hv. alþingismenn um að verði þetta samþykkt svona er ég ansi hrædd um að þegar greiðslur koma til lífeyrisþega í næsta mánuði bregði mönnum heldur betur í brún þannig að þetta nær ekki nokkurri einustu átt.

Og rétt að lokum, ég er orðin úrkula vonar um að nokkur nenni að hlýða á þetta mál mitt, en nái þetta fram að ganga svona þá liggur það hreinlega fyrir að taki lífeyrisþegi, sem ekki hefur annað en tryggingabætur til að lifa af, húsaleigubætur og þær eru frá sveitarfélaginu þá fer hann að borga 42% skatt af tekjum sínum sem hann gerir ekki annars og bætist við, hafi maðurinn einhverjar smáupphæðir, segjum t.d. einhverjar litlar tekjur eins og margir öryrkjar reyna að vinna sér inn, einhverjar krónur, nái þetta 18 þúsund kr. á mánuði þannig að tekjurnar yrðu 68 þús. á mánuði, og við vitum öll hvað er hægt að gera mikið við það nú til dags, þá er maðurinn farinn að skerðast um 45% af þeim tekjum og þar með er hann farinn að borga stóran hluta af þessu til baka. Og ég vil nú biðja hæstv. forseta úr því að enginn úr nefndinni getur lagt það á sig að vera hér — nú sé ég að hér er staddur hv. 6. þm. Norðurl. e. og ég vænti þess að hann skilji um hvað ég er að tala. Ég vil taka það fram að ég kallaði til mín í dag deildarstjóra upplýsingadeildar í Tryggingastofnun ríkisins. Það vill nú svo til að ég var forveri hennar í starfi og ég hygg að við eigum það sameiginlegt að vita nokkuð um tryggingalöggjöfina, allt þetta staðfesti hún í dag og síðdegis í dag var síðan hringt í mig frá ríkissjónvarpinu. Fréttamenn þar höfðu sest niður og reiknað út dæmi, ég hygg að þær fréttir gætu komið núna kl. 11 í kvöld, og komist að nákvæmlega sömu niðurstöðu, að það gæti verið til stórskaða fyrir lífeyrisþega að taka húsaleigubætur frá sveitarfélaginu. Þá hljótum við að spyrja: Til hvers er þá þessi leikur gerður? Það er ekki svo auðvelt, virðulegi forseti, eins og ég sagði áðan að fara inn í jafnflókið kerfi og almannatryggingalöggjöfin er án þess að gerþekkja það og síst af öllu þegar á svo að fara að slá því saman við aðstoð frá sveitarfélagi sem er allt annar hlutur og lýtur allt öðrum reglum. Af því að ég held að hv. 6. þm. Norðurl. e. hafi ekki verið hérna við upphaf ræðu minnar þá sýnist mér, og ég hef borið það undir fólk sem er mér enn betur að sér um þetta sem er sú manneskja sem annast upplýsingar til bótaþega hjá Tryggingastofnun ríkisins, að þessum vandræðum mætti bjarga með því að bæta við í brtt. hv. efh.- og viðskn. þar sem stendur: „félagslega aðstoð eða húsaleigubætur“, það þurfi að standa „frá sveitarfélagi“ því að þá á málið í raun og veru að vera í lagi. Hið sama gildir í lið c. Þetta þarf að vera í 2. brtt. lið a, b og c. Þá sýnist mér að þetta eigi að vera í lagi. Og það getur varla verið ofverk nefndarinnar að bjarga þessu áður en nóttin er úti þannig að þetta verði ekki samþykkt svona eins og það liggur fyrir.

Ég bar fram spurningar í gær og ég vil upplýsa það að ég hef fengið svör við þeim, að vísu ekki hjá þeim sem ég spurði sem var hæstv. heilbrrh. Ég spurði hvað teldist til tekna þar sem segir: Ekki aðrar tekjur en og spurði um meðlag vegna þess að það má segja að þau séu ekki tryggingabætur og það mun ekki koma fram sem tekjur. Það er alveg ljóst og ég hef þess vegna ekki áhyggjur af því lengur. En þetta hef ég reynt að útskýra, hæstv. forseti, og vænti þess að hv. nefnd leggi það á sig og ég er fús til þess að hitta nefndina og halda þá ræðu mína enn á ný. Annað get ég ekki um þetta sagt.

[22:20]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur fyrir ábendingarnar en ég vil þó leiðrétta hana um tillögur nefndarinnar. Hér er um að ræða tillögur meiri hluta nefndarinnar, þ.e. meirihlutafulltrúanna í nefndinni og þær breytingartillögur eru í raun alfarið á ábyrgð þeirra, m.a. vegna þess að því var hafnað að taka inn nema hluta af þeim tillögum sem komu samhljóða frá heilbr.- og trn. En ég mun koma ábendingunum til skila og við skulum vona að hægt verði að gera hið besta úr þessu.

[22:21]

Kristín Einarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. 14. þm. Reykv. fyrir ábendingarnar og þá ágætu ræðu sem hún flutti. Ég tel mjög mikilvægt að þetta komist til skila og að breytingartillögurnar verði fluttar. Þess vegna skora ég á hana þar sem hún er búin að vinna það mikið í þessu máli að flytja sjálf breytingartillögur eða a.m.k. láta útbúa þær við breytingartillögur meiri hluta nefndarinnar vegna þess að ég tel mjög mikilvægt að þetta verði lagað. Þar sem enginn af þeim sem flytur þessar brtt. var í salnum þegar hv. þm. talaði tel ég rétt að þetta verði sett á þskj. þannig að menn átti sig á því í raun og veru hvað þarna er á ferðinni.

[22:22]

Guðrún Helgadóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér er það ljúft og skylt að útbúa þær breytingartillögur sem ég var að benda á að þyrfti að gera en síðan þarf líka að breyta útvarpslögunum því að þangað til það hefur verið gert verður ekki um að ræða ókeypis afnot af útvarpi og sjónvarpi fyrir það fólk sem fær húsaleigubætur og missir þar með uppbótina. En það er síðari tíma mál sem er sjálfsagt að semja við útvarpið í einhverju millibilsástandi en ég skal sjá til þess að lagðar verði fram brtt. ef þess er óskað og skal ganga í það hér og nú.

[Fundarhlé — 22:23.]

[22:40]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Það eru nokkur atriði í frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum sem mig langaði til að

ræða við hæstv. fjmrh. áður en umræðunni lýkur vegna þess að mér sýnist að hér standi út af nokkur atriði sem ekki hefur verið fjallað um til þessa og óhjákvæmilegt er að fá ákveðin svör við. Ég ætlaði einkum og sér í lagi að ræða skerðinguna á Framkvæmdasjóði fatlaðra og á hvaða forsendum hún byggist.

Ég vík þá að máli mínu, hæstv. forseti, þar sem ég sé að hæstv. fjmrh. er kominn í salinn og byrja þá á I. kaflanum sem fjallar um grunnskólann. Þeim þætti hafa út af fyrir sig verið gerð mjög glögg skil af hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur þannig að ég tel ekki ástæðu til þess að bæta þar neinu við en síðan ætlaði ég að víkja sérstaklega að breytingu á lögum um málefni fatlaðra. Þar segir svo, með leyfi forseta:

„Við lögin bætist eftirfarandi ákvæði til bráðabirgða: Þrátt fyrir ákvæði 40. gr. laganna um hlutverk Framkvæmdasjóðs fatlaðra er á árinu 1995 heimilt að verja allt að 40% af ráðstöfunarfé sjóðsins til eftirfarandi verkefna samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra."

Í greinargerðum um málið er einnig talað um 40% af ráðstöfunarfé sjóðsins. Þá er spurning mín til hæstv. fjmrh. þessi: Hvert er ráðstöfunarfé sjóðsins? Er það fjárlagatalan eða er það sú tala sem upp mun koma þegar erfðafjársjóðsdæmið hefur verið gert upp? Það er eins og kunnugt er allt önnur tala sem þar er um að ræða. T.d. er það þannig að á árinu 1994 skilar að Erfðafjársjóður um það bil 50 millj. kr. meira en gert er ráð fyrir í fjárlögunum sjálfum, hvorki meira né minna. Á þessu ári munar þetta 50 millj. kr. þannig að ef þessi 40% skerðing væri þá komin til sögunnar væru menn að tala um 20% mun til eða frá. Ég sé, hæstv. fjmrh., að í gögnum málsins liggur það að 40% skerðingin er miðuð við fjárlagatöluna. En þá vil ég spyrja: Er það þá ljóst að Framkvæmdasjóður fatlaðra haldi fullum tekjum af erfðafjárskatti sem kunna að koma umfram fjárlagatöluna sem er bráttó upp á 330 millj. kr. ef ég man rétt? Það er mjög mikilvægt að fá á hreint, hæstv. forseti, og þess vegna ákvað ég að leggja þessa spurningu fyrir hæstv. fjmrh.

Í öðru lagi langar mig til að víkja að öðrum breytingum sem gert er ráð fyrir og mér finnst nokkuð sérkennilegt að sjá að eru varanlegar en ekki tímabundnar. Þær skerðingar sem hér er gert ráð fyrir eru yfirleitt allar tímabundnar. Skerðingin á grunnskólalögunum er tímabundin, skerðingin á lögunum um málefni fatlaðra er til bráðabirgða. Breytingin á lögunum um atvinnuleysistryggingar er líka til bráðabirgða. En breytingin á lögunum um heilbrigðisþjónustu er varanleg og breytingin á lögunum um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum er líka varanleg. Ég spyr hæstv. ráðherra auðvitað að því: Af hverju voru ekki flutt um þetta sjálfstæð frumvörp eins og margoft hefur verið talað um hér í öðru samhengi? Mér finnst út af fyrir sig alveg hugsanlegt að flytja frumvörp um ráðstafanir í ríkisfjármálum sem gilda bara fyrir viðkomandi fjárlagaár, þ.e. í þessu tilviki 1995, en jafnfráleitt finnst mér það hins vegar eins og hér er gert ráð fyrir að taka varanlega út úr flugmálalögunum og varanlega út úr heilbrigðislögunum þetta ákvæði því að það er annað mál. Ég lít þannig á að þetta sé tekið út fyrst og fremst vegna þess að hvorki hæstv. heilbrrh. né heldur hæstv. samgrh. treystu sér til að flytja um þetta sjálfstætt frv. um það sem að þeim snýr. Það tæki lengri tíma að fara í gegnum þingið.

Hæstv. forseti. Í þriðja lagi vek ég athygli á því að nú er gert ráð fyrir því í fyrsta sinn að taka skattinn, sérstakan eignarskatt, í rekstur. Það hefur aldrei verið gert áður. Það er náttúrlega dálítið hallærislegt svo að ekki sé meira sagt á þessu ári þegar menn voru að opna Þjóðarbókhlöðu fyrir nokkrum dögum skuli staðan vera þannig að ríkissjóður eykur ekkert framlög sín til rekstrar Landsbókasafns – Háskólabókasafns samanlagt heldur er um að ræða lækkun á framlögum ríkissjóðs fyrir Þjóðarbókhlöðuna miðað við þessar tvær stofnanir í ár og í staðinn taka menn hins vegar 40 millj. kr. af sérstökum eignarskatti í rekstur. Það er alveg nýtt og ég segi fyrir mig, ég greiði atkvæði gegn þessu. Ég tel að nauðsynlegt hefði verið að gera allt annað við peningana. Ég hefði talið að það hefði auðvitað átt að gera áætlun um uppbyggingu þeirra stofnana sem þarf að gera við og laga, svo sem Þjóðskjalasafn, Þjóðminjasafn og Þjóðleikhús og fjármunina hefði átt að nota skipulega í því skyni auk þess sem það hefði auðvitað mátt hugsa sér að á árinu 1995 hefði einhver hluti af þeim peningum verið notaður sérstaklega til að kosta búnað Þjóðarbókhlöðunnar en það er mál sem við ræddum á síðasta þingi en ég sé að ríkisstjórnin hefur ekki gert neitt með.

Í fjórða lagi fagna ég því að ríkisstjórnin verður að taka til baka 12. gr. þessa frv. þar sem stóð til að slátra listskreytingasjóði. Ég tel að það sé fagnaðarefni og jákvætt að menn hafa áttað sig á því að það gengur ekki að standa þannig að málum að leggja hann niður eins og átti að gera.

Þá vil ég þessu næst víkja að vinnubrögðum í þessu máli. Í tillögum ríkisstjórnarinnar var gert ráð fyrir tilteknum breytingum á lögum um atvinnuleysistryggingar. Félmn. fjallaði um þetta mál og skilaði mjög löngu nefndaráliti frá 16. sept. 1994 sem er undirritað af Gísla S. Einarssyni, formanni nefndarinar. Þar er sérstaklega sagt að þetta séu mjög fínar tillögur sem ríkisstjórnin er að gera í sambandi við Atvinnuleysistryggingasjóð. Síðan er niðurstaðan sú, hæstv. forseti, að ríkisstjórnin sjálf tekur allar tillögurnar til baka sem hún var búin að láta vesalings félmn. rökstyðja og hv. þm. Gísla S. Einarsson sem hefur oft komist í hann krappan í þessari stofnun eins og kunnugt er. Ríkisstjórnin tekur allar tillögurnar til baka, segir sjálf að þær séu tóm vitleysa, en hv. þm. Gísli S. Einarsson er búinn að blessa tillögurnar í bak og fyrir. Niðurstaðan er sú að öllu þessu er breytt og öllu þessu umsnúið, en hin nýja versjón, hin nýja breyting, er aldrei lögð fyrir félmn. Alþingis. Það er aldrei fjallað um hana þar nokkurn tíma. Það er eingöngu fjallað um það í efh.- og viðskn. en aldrei í hv. félmn. og hið sama er auðvitað að segja um ýmsar aðrar breytingar sem menn eru að gera á þessu frv. frá og með 2. umr. um málið.

Ég verð einnig að segja það, hæstv. forseti, að mér finnst nokkuð sérkennilegt að það hefur verið þannig

að hv. þm. Guðrún Helgadóttir hefur flutt tvær ræki-legar ræður um almannatryggingaþáttinn í frv. þar sem ég tel að hún hafi sýnt fram á það að hlutirnir ganga alls ekki eins og þeir eru settir upp í þessum frum-vörpum. En það er bersýnilega ákvörðun ríkisstjórn-arinnar að láta sem ekkert sé að því er þessi mál varð-ar og ég tel að það sé gagnrýnisvert að ekki skuli fást samtal um þessi mál í stofnuninni, að það skuli gerast aftur og aftur að hv. þingmenn eru að flytja mál sitt án þess að hæstv. *ráðherrar láti svo lítið sem* að svara þeim athugasemdum einu orði. Ég tel að þetta sé kannski sérstaklega mikið umhugsunarefni að því er varðar fagráðherrana. Þeir eru alveg steinhættir að koma nálægt þessum málum í umræðunni í þessari stofnun. Það á bæði við um menntmrh. og heilbrrh. en hins vegar er útilokað að gagnrýna hæstv. fjmrh. fyr-ir það að hann hafi ekki sinnt sínum málum. Ég tel að hann hafi sinnt skyldu sinni að reyna að svara þó svo því verði ekki neitað að stundum hafi svörin ekki ver-ið þannig að maður hafi verið alls kostar ánægður með þau.

Ég hefði í þessu sambandi, hæstv. forseti, viljað spyrja hæstv. félmrh. tveggja spurninga. Er hæstv. félmrh. hér í húsinu?

(**Forseti** (StB)**:** *Hæstv. félmrh. hefur fjarvistarleyfi* en starfandi félmrh., Össur Skarphéðinsson, er ekki í húsinu.)

Það er spurning hvort hæstv. heilbr.- og trmrh. gæti hugsað sér að koma og svara eða hvort það væri kannski frekar hæstv. fjmrh. Málið er snúið vegna þess að hér er komið að þýðingarmiklu efnisatriði í sam-bandi við lögin um atvinnuleysistryggingar sem verð-ur eiginlega að fá úr skorið. Hér stendur í brtt. og hér er hv. formaður heilbr.- og trn. og hann kann þetta kannski, sjálfsagt kann hann þetta alveg. Það stendur hér, með leyfi forseta:

„Á árinu 1994 er Atvinnuleysistryggingasjóði heim-ilt að greiða þeim sem þegið hafa atvinnuleysisbætur í samtals fjóra mánuði eða lengur á tólf mánaða tíma-bili *sambærilega uppbót og kjarasamningar* aðila vinnumarkaðarins gera ráð fyrir."

Hérna er verið að afla lagaheimilda fyrir eingreiðsl-unum. Ég skil þetta svo að verið sé að afla lagaheim-ildar fyrir eingreiðslunum úr Atvinnuleysistrygginga-sjóði en þá vil ég spyrja: Ef menn eru tilbúnir til þess að afla lagaheimildar fyrir eingreiðslunum á árinu 1994, af hverju vilja menn þá ekki afla lagaheimildar fyrir eingreiðslunum á árinu 1995? Eins og fjárlögin voru afgeidd fyrir nokkrum dögum eru ekki til pen-ingar í þessar eingreiðslur og það er auðvitað mjög at-hyglisvert að þessir hlutir skuli standa svona og alveg óhjákvæmilegt að spyrja hv. formann heilbr.- og trn. hvort hann hefur hugsað sér að standa þannig að mál-um að menn fái þessar eingreiðslur á árinu 1995 og það er auðvitað spurning sem má kannski líka beina til hæstv. fjmrh. sem hefur vafalaust íhugað þetta mál.

Síðan er annað atriði, hv. þm., sem ég vil sérstak-lega beina til hv. þm. Gunnlaugs Stefánssonar. Þar seg-ir, með leyfi forseta:

„Í samræmi við 5. mgr. 22. gr. skal stjórn Atvinnu-leysistryggingasjóðs heimilt á árinu 1995, þrátt fyrir ákvæði 37. gr., að gera tillögu til að styrkja sérstök verkefni á vegum sveitarfélaga til eflingar atvinnulífi, enda verði dregið samsvarandi úr greiðslu atvinnuleys-isbóta á viðkomandi stað."

Með öðrum orðum hér er verið að segja að heim-ilt sé að styrkja sérstök verkefni með því skilyrði að dregið verði úr greiðslu atvinnuleysisbóta á viðkom-andi stað. Þarna finnst mér satt best að segja að menn séu að tengja saman hluti sem þurfa ekki endilega að vera alveg skyldir og þess vegna vil ég spyrja hv. þm. að því og formann nefndarinnar hvort hann sér þetta þannig fyrir sér að það sé alger forsenda fyrir því að styrkja verkefni á vegum sveitarfélaga á viðkomandi stað að dregið sé samsvarandi úr greiðslu atvinnuleys-isbóta á hinum sama stað. Síðan segir hér:

„Úthlutun styrkja skal vera í samræmi við reglur sem ráðherra setur að fenginni umsögn Sambands ísl. sveitarfélaga." Það hlýtur þá væntanlega að vera félm-rh. sem setur þessar reglur og spurningin er þá sú: Liggur ekki þegar fyrir hvernig þær reglur verða? Ég vildi gjarnan óska eftir því að svör fengjust við þess-um spurningum, hæstv. forseti, og jafnframt óska ég eftir því að hæstv. fjmrh. svari þeim spurningum sem *ég beindi til hans því að óhjákvæmilegt er að* fá um það alveg nákvæmar upplýsingar hvernig hæstv. fjm-rh. hefur hugsað sér að haga skerðingunni á Fram-kvæmdasjóði fatlaðra. Ekki hefur verið spurt um það til þessa og menn hafa ekki slegið því föstu hingað til í þessum umræðum hvernig verður farið með þá hluti.

Ég ætla út af fyrir sig, hæstv. forseti, ekki að ræða í einstökum atriðum um það hvernig menn hugsa sér að framkvæma þá hluti sem hér er gert ráð fyrir. Hér stendur t.d.: „Skattstjórum og Tryggingastofnun ríkis-ins er skylt að láta Atvinnuleysistryggingasjóði í té upplýsingar sem nauðsynlegar eru við framkvæmd laga þessara." Hvað þýðir þetta? Þýðir þetta að allar úthlut-unarnefndir atvinnuleysisbóta í landinu geti fengið hvaða upplýsingar sem er úr skattaframtölum manna? Þýðir þetta það? Er það eðlilegt? Það getur vel verið að það sé eðlilegt. Það þarf dálítil rök fyrir því vegna þess að það hefur verið talið vera þannig að menn ættu auðvitað að geta treyst á tiltekna leynd að því er varð-ar sinn persónulega fjárhag. Ég er þá ekki að tala um skattana sem eru opinbert mál heldur hinn persónulega fjárhag í einstökum atriðum. En það er dálítið skrýtið ef á að fara að haga þessum hlutum þannig að þeir sem fá atvinnuleysisbætur séu seldir undir það kerfi að skattstjórar séu neyddir til þess að láta Atvinnuleysis-tryggingasjóð og þar með nefndirnar hafa allar upp-lýsingar um fjárhag og tekjusamsetningu viðkomandi einstaklinga. Ég er hlynntur því að menn séu ekki að borga meira út af atvinnuleysisbótum sem ekkert eru en gera á samkvæmt lögum og reglum. En ég segi það alveg eins og er, á þetta fólk að búa við alveg sérstak-lega harðan kost og mikla smámunasemi í þessu efni, atvinnuleysingjarnir? Ég tel það ekki vera. Ég skil ekki af hverju þetta er svona. Ég get beint þeirri spurningu til hv. þm. Gísla Einarssonar, sem á sæti í félmn. og er formaður hennar að ég best veit, hvernig stendur á

þessu. Ætla menn sérstaklega að fara að elta uppi þetta fólk sem er á atvinnuleysisbótunum? Ég held að það ætti fyrst að fara í hina sem eru kannski með aðeins meira af seðlum en þetta fólk sem á enga peninga og á ekki einu sinni vinnuafl sem neinn vill kaupa af því þannig að það verður að vera á atvinnuleysisbótum. Ég vil spyrja að því: Hver fær þessar upplýsingar? Það stendur að vísu hér að það eigi að fara með þær sem trúnaðarmál. En þegar þetta væri komið á hendurnar á öllum atvinnuleysisbótanefndum allt í kringum landið, það er máltæki sem segir: Þjóð veit þá þrír vita, en ætli það sé ekki óhætt að segja: Þjóð veit alveg nákvæmlega þá 300 vita. Ég held að það gangi ekki að meðhöndla þetta fólk, sem er á atvinnuleysisbótum miklu harkalegar, en alla aðra varðandi einkafjárhag manna og ég vil fara fram á það að bæði hæstv. fjmrh. og hv. formaður félmn. tjái sig um af hverju á að fara svona í þetta. Ég held að það væri sniðugt ef menn vildu sleppa þessari vitlausu tillögu hérna og gleyma henni í atkvæðagreiðslunni á eftir eða í nótt hvenær sem það nú verður. Mér þætti snjallt að hafa það þannig og bendi á það að ég held að þetta sé ómögulegt þannig að ég mundi beina því mjög ákveðið til manna að skoða það núna í allri vinsemd fram undir miðnættið hvort ekki á bara að sleppa tillögunni því að það á ekki að fara miklu harkalegar að þessu fólki en öllum öðrum í sambandi við skattframtöl. Það á ekki að dreifa skattframtölum fólks út um allar koppagrundir þó það sé atvinnulaust. Það er alveg ástæðulaust að líta á atvinnulausa einstaklinga í landinu sem sérstaka óbótamenn fyrir fram því að auðvitað er ekki þessu fólki að kenna þó að það sé atvinnulaust heldur okkur hinum sem berum meiri og minni ábyrgð fyrr og síðar á stjórnkerfi landsins. Þess vegna fer ég fram á það í allri vinsemd að hæstv. ráðherrar íhugi það alvarlega að hætta við þessa tillögu því að hún er ekki skynsamleg.

Ég hef lagt fyrir nokkra aðila nokkrar spurningar, hæstv. ráðherra, og það eru reyndar fjölmörg önnur atriði sem ég vildi spyrja um og ræða en tíminn leyfir ekki að ég fari eins ítarlega út í þessa hluti og ég hefði viljað en vil þess vegna óska eftir því að þessir hæstv. ráðherrar og hv. þingmenn svari því nánar sem hér er á ferðinni. Auðvitað er þetta næsta ótrúlegt mál satt að segja, þetta frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum, og satt að segja væri ástæða til þess að fara miklu nánar yfir það. Hér er náttúrlega um að ræða undirstöðuna undir kjaramálastefnu ríkisstjórnarinnar, sem birtist okkur nú í sjúkraliðaverkfallinu. Það er auðvitað alveg ferlegt að menn skuli vera að ræða ráðstafanir í ríkisfjármálum án þess að ræða það í leiðinni. Auðvitað hefði átt að setja inn ákvæði um að skipa fjmrh. að semja við sjúkraliða. Það væru skynsamlegar ráðstafanir í ríkisfjármálum rétt eins og hæstv. heilbrrh. orðaði það í fréttunum í kvöld þegar hann snupraði starfsbróður sinn í viðtali í sjónvarpinu. Það er náttúrlega alveg hlálegt að einstakir ráðherrar skulu komast upp með það að þvo sér í fjölmiðlum annan hvern dag eins og hæstv. heilbrrh. eins og hann beri enga ábyrgð á sjúkraliðaverkfallinu en í hinu orðinu er það þannig að það er hæstv. fjmrh. sem ræður öllum þessum hlutum. Það er náttúrlega alveg ofboðslegt til þess að vita, hæstv. forseti, ef menn eru að ljúka þinginu núna á næstu klukkutímum vitandi það að sjúkraliðaverkfallið stendur eins og það stendur, vitandi það að það sem menn voru að segja í fjölmiðlum í kvöld væri í raun og veru að ef verkfallið leysist ekki núna fyrir annað kvöld eins og hæstv. heilbrrh. veru orðaði það: „Er nokkuð betra við morgundaginn að gera en að semja við sjúkraliða?“ Ég er sammála því. Ég væri alveg til í að styðja hæstv. heilbrrh. í því að setja bara inn ákvæði um að fela fjmrh. að semja á morgun þannig að hæstv. heilbrrh. þurfi ekki að segja þetta í sjónvarpinu heldur geti hann líka sagt það í lögum. Mér fyndist skynsamlegt að smella þessu í lögin úr því að við erum með þessar ráðstafanir í ríkisfjármálum hvort eð er og flýta jafnvel gildistökunni ef þannig stendur á. En hitt er hins vegar alveg augljóst mál að ef ekki verður gengið frá samningum við sjúkraliðana núna á þeim sólarhring sem fram undan er eins og hæstv. heilbrrh. sagði í kvöld þegar hann hélt skammarræðuna í sjónvarpi yfir hæstv. fjmrh. er hætt við því að menn setji klukkuna á núllpunkt á nýjan leik og byrji aftur á reit eitt og menn verði hér jafnvel fram eftir öllum janúarmánuði að standa í þessum kjaradeilum. Það sem hæstv. heilbrrh. var í raun og veru að segja var það að væri ekki samið við sjúkraliðana núna á næsta sólarhring mundu þeir lenda fremst í samningabiðröðinni sem hefst frá og með næstu áramótum og þeim væri þar með gert að draga hlassið, draga ækið, alla launamannastéttina í landinu, m.a. leikskólakennara, ofan á það langa verkfall sem þeir hafa staðið í. Einn af þingmönnum Alþfl. er þar í stjórn en þeir voru í kvöld að gera kröfu um 80 þús. kr. lágmarkslaun samkvæmt fréttum fjölmiðla þannig að það er drengilegt eða hitt þó heldur að hætta þingstörfum núna, m.a. þessu frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum án þess að taka á máli láglaunafólksins, sjúkraliðanna. Það má ekki gera heldur á hæstv. heilbrrh. að koma í sjónvarpinu á morgun og segja: „Ég hefði nú viljað semja. Þetta er nú meiri ræfildómurinn að semja ekki. Hvað er nú samninganefnd ríkisins að gera? Það eru til nógir peningar og mikill efnahagsbati.“ Það er vont ástand á spítölunum, voðalegt ástand á spítölunum og hjúkrunarheimilum aldraðra. En staðan er þannig að fjmrh. gerir ekki neitt og spilar svona tveimur, þremur og fjórum skjöldum við þær aðstæður sem nú eru uppi í landinu, það náttúrlega er yfirgengilegt. Þannig að í sjálfu sér eru menn að setja hér á svið gagnvart almenningi í landinu um þessar mundir hreinan skrípaleik, því miður, hreinan skrípaleik. Hér er verið að skera niður kaupið, skera niður lífskjörin í þessu frv. hér upp á fleiri, fleiri hundruð milljónir eða jafnvel fleiri milljarða króna. (**Gripið fram í:** Er skorið af öllum?) Það er ekki skorið af öllum, það er bara skorið af sumum. Það er skorið þeim mun meira af mönnum sem þeir hafa minna, það er svo snjallt, og þeim mun minna af mönnum sem þeir hafa meira, sem er enn þá snjallara. En þessi hagfræði eymdarinnar sem Alþfl. og Sjálfstfl. hafa innleitt á þessu kjörtímabili atvinnuleys-

isins á Íslandi á að halda áfram inn á næsta ár, en það verður vonandi síðasta árið sem menn reyna að sýna svona vitleysu í frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum.

Umræðu frestað.

Útbýting þingskjals:
Framleiðsla og sala á búvörum, 343. mál, frv. PP o.fl., þskj. 547.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 2. umr.

Stjfrv., 290. mál (eignarskattur, sérstakur tekjuskattur, lífeyrisgreiðslur o.fl.). — Þskj. 363, nál. 476 og 541, brtt. 477, 511, 539, 543 og 544.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:11]

1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁS, GunnS, HjálmJ, IBA, JóhS, JBH, LMR, ÓE, PBald, SalÞ, SighB, SAÞ, SP, StB, VE.

19 þm. (AÓB, FI, GB, GÁ, GJH, GHelg, IP, JÁ, JE, JGS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, ÓRG, PP, RA, SJS) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ÁJ, EH, EKJ, GE, HÁ, HBl, HG, JVK, MF, MB, PBj, RG, SigG, StG, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 511,1 felld með 24:3 atkv. og sögðu

já: EKJ, GHelg, JóhS.

nei: ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁS, GunnS, HjálmJ, IBA, JBH, LMR, ÓE, PBald, SalÞ, SighB, SAÞ, SP, StB, VE.

19 þm. (AÓB, FI, GB, GÁ, GJH, IP, JÁ, JE, JGS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, ÓRG, PP, RA, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁJ, EH, GE, HÁ, HBl, HG, JVK, MF, MB, PBj, RG, SigG, StG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 477,1.a–b samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁS, GunnS, HjálmJ, IBA, IP, JGS, JBH, JHelg, JónK, LMR, ÓE, PBald, SalÞ, SighB, SAÞ, SP, StB, VE.

17 þm. (AÓB, FI, GB, GÁ, GJH, GHelg, JÁ, JE, JóhS, KHG, KÁ, KE, ÓRG, PP, RA, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ÁJ, EH, EKJ, GE, HÁ, HBl, HG, JVK, MF, MB, PBj, RG, SigG, StG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 511,2 felld með 24:3 atkv. og sögðu

já: EKJ, GHelg, JóhS.

nei: ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁS, GunnS, HjálmJ, IBA, JBH, LMR, ÓE, PBald, SalÞ, SighB, SAÞ, SP, StB, VE.

19 þm. (AÓB, FI, GB, GÁ, GJH, IP, JÁ, JE, JGS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, ÓRG, PP, RA, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁJ, EH, GE, HÁ, HBl, HG, JVK, MF, MB, PBj, RG, SigG, StG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 477,1.c samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, HjálmJ, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, PP, PBald, RA, SalÞ, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, VE.

1 þm. (JE) greiddi ekki atkv.

17 þm. (ÁJ, EH, GE, HÁ, HBl, HG, JVK, MF, MB, PBj, RG, SigG, StG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

2. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁS, GunnS, HjálmJ, IBA, JBH, LMR, ÓE, PBald, SalÞ, SighB, SAÞ, SP, StB, VE.

20 þm. (AÓB, FI, GB, GÁ, GJH, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, ÓRG, PP, RA, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ÁJ, EH, GE, GHelg, HÁ, HBl, HG, JVK, MF, MB, PBj, RG, SigG, StG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 477,2 samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁS, GHelg, GunnS, HBl, HjálmJ, IBA, JÁ, JBH, KHG, LMR, ÓE, ÓRG, PBald, RA, SalÞ, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VE.

14 þm. (AÓB, FI, GB, GÁ, GJH, IP, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, KÁ, KE, PP) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁJ, EH, GE, HÁ, HG, JVK, MF, MB, PBj, RG, SigG, StG, VS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

3. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁS, GunnS, HBl, HjálmJ, IBA, JBH, LMR, ÓE, PBald, SalÞ, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE.

20 þm. (AÓB, FI, GB, GÁ, GJH, GHelg, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, ÓRG, PP, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁJ, EH, GE, HÁ, HG, JVK, MF, MB, PBj, RA, RG, SigG, StG, VS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

4.–6. gr. samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁS, GunnS, HBl, HjálmJ, IBA, JBH, LMR, ÓE, PBald, SalÞ, SighB, SAÞ,

SP, StB, TIO, VE.
21 þm. (AÓB, FI, GB, GÁ, GJH, GHelg, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, ÓRG, PP, RA, SJS, SvG) greiddi ekki atkv.
15 þm. (ÁJ, EH, GE, HÁ, HG, JVK, MF, MB, PBj, RG, SigG, StG, VS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 539,1 felld með 27:11 atkv. og sögðu
já: AÓB, GJH, GHelg, JÁ, JóhS, KHG, KÁ, KE, ÓRG, SJS, SvG.
nei: ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁS, GunnS, HBl, HjálmJ, IBA, JBH, LMR, ÓE, PBald, RA, SalÞ, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE.
10 þm. (EKJ, FI, GB, GÁ, IP, JE, JGS, JHelg, JónK, PP) greiddu ekki atkv.
15 þm. (ÁJ, EH, GE, HÁ, HG, JVK, MF, MB, PBj, RG, SigG, StG, VS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 511,3 kölluð aftur.

Brtt. 477,3.a–b samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁS, GJH, GunnS, HBl, HjálmJ, IBA, JBH, KÁ, KE, LMR, ÓE, PBald, SalÞ, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE.
17 þm. (FI, GB, GÁ, GHelg, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, KHG, ÓRG, PP, RA, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.
15 þm. (ÁJ, EH, GE, HÁ, HG, JVK, MF, MB, PBj, RG, SigG, StG, VS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 539,2 felld með 27:17 atkv. og sögðu
já: AÓB, GB, GÁ, GHelg, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, ÓRG, PP, RA, SJS, SvG.
nei: ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁS, GJH, GunnS, HBl, HjálmJ, IBA, JBH, LMR, ÓE, PBald, SalÞ, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE.
3 þm. (EKJ, JE, JóhS) greiddu ekki atkv.
16 þm. (ÁJ, EH, FI, GE, HÁ, HG, JVK, MF, MB, PBj, RG, SigG, StG, VS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 543,1 felld með 26:12 atkv. og sögðu
já: AÓB, GJH, GHelg, JÁ, JóhS, KHG, KÁ, KE, ÓRG, RA, SJS, SvG.
nei: ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁS, GunnS, HBl, HjálmJ, IBA, JBH, LMR, ÓE, PBald, SalÞ, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE.
10 þm. (EKJ, FI, GB, GÁ, IP, JE, JGS, JHelg, JónK, PP) greiddu ekki atkv.
15 þm. (ÁJ, EH, GE, HÁ, HG, JVK, MF, MB, PBj, RG, SigG, StG, VS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 477,3.c samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁS, GJH, GunnS, HBl, HjálmJ, IBA, JBH, KÁ, KE, LMR, ÓE, PBald, SalÞ, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE.
16 þm. (GB, GÁ, GHelg, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, KHG, ÓRG, PP, RA, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.
16 þm. (ÁJ, EH, FI, GE, HÁ, HG, JVK, MF, MB, PBj, RG, SigG, StG, VS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

7. gr., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁS, GunnS, HBl, HjálmJ, IBA, JBH, KÁ, KE, LMR, ÓE, PBald, SalÞ, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE.
19 þm. (AÓB, FI, GB, GÁ, GJH, GHelg, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, KHG, ÓRG, PP, RA, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.
15 þm. (ÁJ, EH, GE, HÁ, HG, JVK, MF, MB, PBj, RG, SigG, StG, VS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 543,2 felld með 26:13 atkv. og sögðu
já: AÓB, EgJ, GJH, GHelg, JÁ, JóhS, KHG, KÁ, KE, ÓRG, RA, SJS, SvG.
nei: ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁS, GunnS, HBl, HjálmJ, IBA, JBH, LMR, ÓE, PBald, SalÞ, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE.
8 þm. (GB, GÁ, IP, JE, JGS, JHelg, JónK, PP) greiddu ekki atkv.
16 þm. (ÁJ, EH, FI, GE, HÁ, HG, JVK, MF, MB, PBj, RG, SigG, StG, VS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

8. gr. samþ. með 26:18 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁS, GunnS, HBl, HjálmJ, IBA, JBH, LMR, ÓE, PBald, SalÞ, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE.
nei: AÓB, GB, GÁ, GJH, IP, JÁ, JE, JGS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, ÓRG, PP, RA, SJS, SvG.
3 þm. (EKJ, GHelg, JóhS) greiddu ekki atkv.
16 þm. (ÁJ, EH, FI, GE, HÁ, HG, JVK, MF, MB, PBj, RG, SigG, StG, VS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

9. gr. samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁS, GunnS, HBl, HjálmJ, IBA, JBH, LMR, ÓE, PBald, SalÞ, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE.
20 þm. (AÓB, GB, GÁ, GJH, GHelg, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, ÓRG, PP, RA, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.
16 þm. (ÁJ, EH, FI, GE, HÁ, HG, JVK, MF, MB, PBj, RG, SigG, StG, VS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 477,4 samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁS, GunnS, HBl, HjálmJ, IBA, JBH, LMR, ÓE, PBald, SalÞ, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE.
20 þm. (AÓB, FI, GB, GÁ, GJH, GHelg, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, ÓRG, RA, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁJ, EH, GE, HÁ, HG, JVK, MF, MB, PP, PBj, RG, SigG, StG, VS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

10. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁS, GunnS, HBl, HjálmJ, IBA, JBH, LMR, ÓE, PBald, SalÞ, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE.
19 þm. (AÓB, GÁ, GJH, GHelg, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, ÓRG, PP, RA, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.
17 þm. (ÁJ, EH, FI, GE, GB, HÁ, HG, JVK, MF, MB, PBj, RG, SigG, StG, VS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

11.–16. gr. samþ. með 26 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁS, GunnS, HBl, HjálmJ, IBA, JBH, LMR, ÓE, PBald, SalÞ, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE.
19 þm. (AÓB, GÁ, GJH, GHelg, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, ÓRG, PP, RA, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.
18 þm. (ÁJ, DO, EH, FI, GE, GB, HÁ, HG, JVK, MF, MB, PBj, RG, SigG, StG, VS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 477,5 (ný 17. gr.) samþ. með 26 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁS, GunnS, HBl, HjálmJ, IBA, JBH, LMR, ÓE, PBald, SalÞ, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE.
20 þm. (AÓB, FI, GÁ, GJH, GHelg, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, ÓRG, PP, RA, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.
17 þm. (ÁJ, DO, EH, GE, GB, HÁ, HG, JVK, MF, MB, PBj, RG, SigG, StG, VS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 539,3 felld með 28:16 atkv. og sögðu
já: AÓB, GÁ, GJH, GHelg, IP, JÁ, JGS, JHelg, KHG, KÁ, KE, ÓRG, PP, RA, SJS, SvG.
nei: ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁS, GunnS, HBl, HjálmJ, IBA, JBH, JónK*, LMR, ÓE, PBald, SalÞ, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE.
2 þm. (JE, JóhS) greiddu ekki atkv.
17 þm. (ÁJ, EH, FI, GE, GB, HÁ, HG, JVK, MF, MB, PBj, RG, SigG, StG, VS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.
[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

Brtt. 539,4 felld með 27:12 atkv. og sögðu
já: AÓB, GÁ, GJH, GHelg, JÁ, KHG, KÁ, KE, ÓRG, RA, SJS, SvG.
nei: ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁS, GunnS, HBl, HjálmJ, IBA, JBH, LMR, ÓE, PBald, SalÞ, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE.
8 þm. (FI, IP, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, PP) greiddu ekki atkv.
16 þm. (ÁJ, EH, GE, GB, HÁ, HG, JVK, MF, MB, PBj, RG, SigG, StG, VS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 544 felld með 27:19 atkv. og sögðu
já: AÓB, FI, GÁ, GJH, GHelg, IP, JÁ, JE, JGS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, ÓRG, PP, RA, SJS, SvG.
nei: ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁS, GunnS, HBl, HjálmJ, IBA, JBH, LMR, ÓE, PBald, SalÞ, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE.
1 þm. (JóhS) greiddi ekki atkv.
16 þm. (ÁJ, EH, GE, GB, HÁ, HG, JVK, MF, MB, PBj, RG, SigG, StG, VS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

18. gr. samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁS, GunnS, HBl, HjálmJ, IBA, JBH, LMR, ÓE, PBald, SalÞ, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE.
19 þm. (AÓB, GÁ, GJH, GHelg, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, ÓRG, PP, RA, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.
17 þm. (ÁJ, EH, FI, GE, GB, HÁ, HG, JVK, MF, MB, PBj, RG, SigG, StG, VS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GJH, GunnS, HBl, HjálmJ, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, PP, PBald, RA, SalÞ, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VE.
1 þm. (GHelg*) greiddi ekki atkv.
15 þm. (ÁJ, EH, GE, GB, HÁ, JVK, MF, MB, PBj, RG, SigG, StG, VS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.
[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

Afbrigði um dagskrármál.

Of skammt liðið frá útbýtingu brtt. 545. — Afbrigði samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GJH, GunnS, HBl, HjálmJ, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, PP, PBald, RA, SalÞ, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VE.
1 þm. (JHelg*) greiddi ekki atkv.
18 þm. (ÁJ, EH, FI, GE, GB, GHelg, HÁ, JVK,

MF, MB, PBj, RG, SigG, SighB, StG, VS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

[Fundarhlé. — 23:31]

Útbýting þingskjala:

Brunatryggingar, 240. mál, frhnál. heilbr.- og trn., þskj. 548.

Ráðstafanir í ríkisfjármálum 1995, 278. mál, brtt. fjmrh., þskj. 551; brtt. GHelg, þskj. 552.

Tekjuskattur og eignarskattur, 290. mál, brtt. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 550.

Ráðstafanir í ríkisfjármálum 1995, frh. 2. umr.

Stjfrv., 278. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 345, nál. 452 og 512, brtt. 451, 518, 545, 551 og 552.

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 551 og 552. — Afbrigði samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, EgJ, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GunnS, HBl, HjálmJ, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JGS, JBH, JHelg, JónK, KHG, LMR, ÓE, ÓRG, PP, PBald, RA, SalÞ, StB, SvG, TIO, VE.

26 þm. (ÁJ, BBj, DO, EH, EKG, GB, GJH, GHelg, HÁ, JóhS, JVK, KÁ, KE, MF, MB, PBj, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, VS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

[23:45]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir breytingartillögum sem er að finna á þskj. 551 og eru við það frv. sem hér er til 2. umr. Þessar brtt. eru tvær, önnur er við 5. gr. frv. og hún er einföld. Lagt er til að liðurinn 6.2 *falli brott en sá liður fjallar um héraðslækna og nær til* borgarlæknis annars vegar og héraðslæknisins á Akureyri hins vegar. Það er lagt til að þessi liður falli brott. Efnislega felst í þeirri breytingu ef samþykkt verður að starfsemi þessara embætta verði með sama eða svipuðu sniði og á yfirstandandi ári og mun ég beita mér fyrir því að fjárveitingar verði á þann veg.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir að breyting verði á 9. gr. og í stað þeirrar greinar sem nú er 9. gr. komi texti sem er á þskj. 551. Þar segir að 14. gr. laganna, en það eru lög um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda *í flugmálum*, orðist á þennan veg, með leyfi forseta:

„Tekjum af flugvallargjaldi skal einungis varið til framkvæmda í flugmálum, svo og snjómoksturs og viðhalds flugvalla og tækja."

Hér er verið að leggja til að sú breyting verði gerð að í stað orðanna „rekstrar flugvalla og framkvæmda í flugmálum" sé reksturinn skilgreindur nákvæmar en gert er í frv. og nær hann nú til snjómoksturs og viðhalds flugvalla og tækja. Ég vil taka það fram að gerðar hafa verið ráðstafanir til þess að undirbúa breytingu á þáltill. um flugmálaáætlun á þann veg að sú tala sem í henni er ætluð til rekstrar flugvalla á næsta ári breytist úr 70 millj. kr. í 40 millj. kr. Þetta þýðir að einungis 40 millj. kr. verður varið til rekstrar en afgangi teknanna verði varið til stofnkostnaðar eins og verið hefur á þessu og umliðnum árum.

Hv. þm. Svavar Gestsson flutti ræðu fyrr í þessari umræðu og varpaði fram nokkrum spurningum sem ég mun leitast við að svara í stuttu máli. Í fyrsta lagi var spurt hvort skerða ætti framkvæmdafé Framkvæmdasjóðs fatlaðra samkvæmt fjárlagatölu eða niðurstöðutölu eftir að fyrir liggur hve miklir fjármunir fást úr Erfðafjársjóði. Ég vil taka það fram að það er ekki ætlunin að skerða fjárframlag til Framkvæmdasjóðs fatlaðra og sú skerðing sem gengur til rekstrar er miðuð við fjárlagatöluna. Þetta hefur reyndar komið fram í umræðum áður en er endurtekið hér. Þess ber að geta að sjálfsögðu að um óvísar tekjur er að ræða. Stundum kann þannig að fara að tekjur Erfðafjársjóðs séu lægri en fjárlagatalan. Ég vek athygli á því en þetta er þá einn af örfáum sköttum sem ekki heyrir undir fjmrn. heldur heyrir hann undir félmrh. og ráðuneytið og félmrh. gefur út reglugerð.

Hv. þm. vék að málum sem ég hef þegar minnst á í sambandi við brtt. en síðan ræddi hann um sérstakan eignarskatt sem getið er um í II. kafla þessa frv., þ.e. 11. gr. frv. og sagði að í raun legðist lítið fyrir *kappann og átti þá við ríkisstjórnina því* að þarna væri verið að taka 40 millj. kr. af sérstökum eignarskatti og færa til rekstrar. Af þessu tilefni vil ég taka eftirfarandi fram:

Í fyrsta lagi voru lagðir talsvert meiri fjármunum til Þjóðarbókhlöðu á yfirstandandi ári en efni stóðu til og var dregið á tekjur næsta árs.

Í öðru lagi er ljóst að til Þjóðarbókhlöðunnar eða Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns renna á næsta ári samkvæmt fjárlögum 40 millj. kr. umfram það sem gekk til beggja þessara safna á yfirstandandi ári.

Þessu til viðbótar hefur síðan Háskóla Íslands verið lofað, og það kemur fram í fjárlögum, ákveðinni peningaupphæð. Ef ég man rétt þá eru það 100 millj. kr. eða 90–100 millj. kr. og þar af var ætlunin að 35–40 millj. kr. gengju til rekstrar þessa bókasafns. Þetta fer ég með eftir minni en ég heyri að tveir hv. fjárlaganefndarmenn leiðrétta mig og segja að skiptingin sé 70:30. Það sem skiptir ekki öllu máli. Það sem skiptir máli er að það fara 70 millj. kr. til rekstrar Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns umfram það *sem rennur til rekstrar* þessara beggja bókasafna á yfirstandandi ári. Það er afar brýnt að þetta komist til skila vegna þess að því hefur verið haldið fram að skorið sé við nögl þegar fjármunir eru reiddir af hendi til þessa mikilvæga safns.

Þá vil ég, virðulegi forseti, vegna orða hv. þm. um þær brtt. sem liggja fyrir frá meiri hluta hv. efh.- og viðskn. segja að í 1. brtt. b-lið er sagt að skattstjórum sé skylt að láta Atvinnuleysistryggingasjóði í té upplýsingar. Hv. þm. gagnrýndi þetta en það ber að taka

fram að það er skylda samkvæmt þessari grein að farið sé með þessar upplýsingar sem trúnaðarmál og það þýðir að sjálfsögðu að sömu reglur gilda um þá sem handfjalla þessi mál af hálfu Atvinnuleysistryggingasjóðs sem er opinber sjóður og um þá sem vinna á skattstofum. Það skal gæta trúnaðar. Þetta verður tekið fram.

Varðandi c-lið a skal þess getið að hér er verið að sækja um eftiráheimild vegna svokallaðra eingreiðslna sem fylgdu kjarasamningum á yfirstandandi ári. Loks vil ég geta þess að í 6. gr. c-lið b er verið að lögfesta þá reglu sem í gildi hefur verið um samskipti sveitarfélaga og Atvinnuleysistryggingasjóðs. Þessi regla hefur stundum verið kölluð króna á móti krónu. Með öðrum orðum, þegar sveitarfélag efnir til atvinnuskapandi aðgerða leggur sjóðurinn fram krónu á móti krónu, enda sé verið að taka fólk út af atvinnuleysisskrá. Ég get ekki orðað þetta nákvæmar hér en eins og kemur fram þá er ætlunin að setja um þetta sérstakar reglur í samráði við Samband ísl. sveitarfélaga enda er þessi brtt. flutt vegna viðræðna sem hafa átt sér stað milli ríkisstjórnarinnar og Sambands ísl. sveitarfélaga.

Virðulegi forseti. Það eru held ég ekki fleiri atriði sem hv. þm. minntist á og ég tel ástæðu til þess að fjalla frekar um hérna nema frekara tilefni gefist.

[23:55]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er mikilvægt að það hefur komið fram að hæstv. fjmrh. hefur lýst því yfir að skerðingin á fé Framkvæmdasjóðs fatlaðra miðast við fjárlagatöluna en ekki þá tölu sem endanleg kann að vera í reikningum sjóðsins þegar erfðafjárskatturinn hefur verið gerður upp. Þetta er sérstaklega mikilvægt vegna ársins 1994 þar sem fjárlagatalan segir eitt en niðurstaða erfðafjárskattsins er sú að hann hvorki meira né minna en 50 millj. kr. hærri en um er að ræða í fjárlögum þess árs og gert er ráð fyrir í fjárlögum þess árs. Þess vegna ber að líta svo á að á þessu ári sé þessi 50 millj. kr. tala frí við við þessa skerðingu af því að hún miðast eingöngu við fjárlagatöluna og þannig hefur Framkvæmdasjóður fatlaðra alla þessa fjármuni. Það er mjög mikilvægt að það liggi hér fyrir frá hæstv. fjmrh. eða ég skil hann á þennan veg.

Í annan stað þakka ég honum fyrir þau svör sem fram komu hjá honum að öðru leyti. Ég vil aðeins segja að það er náttúrlega ljóst að það er mjög illa farið með Þjóðarbókhlöðuna á árinu 1995 í fjárveitingum til rekstrar og ríkissjóður leggur sáralítið til hennar á næsta ári umfram það sem á þessu ári er veitt til Landsbókasafnsins og Háskólabókasafnsins. Það sem fer til Þjóðarbókhlöðunnar umfram það tvennt: Það eru annars vegar peningar af þessum sérstaka eignarskatti og hins vegar peningar af hinum fjársvelta Háskóla Íslands þannig að í raun og veru eru svör fjmrh. í þeim efnum að mínu mati fullkominn kattarþvottur.

[23:57]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil einungis taka það fram að það var gert ráð fyrir því að þegar Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn væri komið í full not þá yrði rekstrarkostnaðurinn um það bil 120 millj. kr. meiri en rekstur þessara tveggja bókasafna í ár. Það liggur nú fyrir að 70 millj. kr., meira en helmingurinn af þessari upphæð, kemur strax inn á næsta ári en auðvitað er það svo þegar verið er að taka í notkun ný mannvirki þá tekur stundum nokkur ár að ná fram fullum fjárveitingum.

Ég vil einnig taka það fram vegna orða hv. þm. að það hlýtur að vera þannig að smám saman verði að hægja á byggingaráformum víðs vegar í þjóðfélaginu á vegum hins opinbera og leggja meiri áherslu á rekstur því að það er ekki sífellt hægt að byggja, byggja og byggja meðan við höfum ekki fjármuni til þess að reka þau mannvirki sem byggð eru. Þetta kemur víða fram í fjárlögum nú, hefur reyndar gert áður, en ég veit að hv. þm. á eftir að reka sig á það síðar, ekki síst ef hann verður ríkisstjórnarþingmaður, að þetta eru vandræði sem ekki er hægt að leysa með öðrum hætti en þessum.

Þá vil ég að allra síðustu, virðulegi forseti, láta það koma fram að forustumenn Háskóla Íslands hafa lýst því sérstaklega yfir að þeir séu ánægðir með þá ráðabreytni hv. Alþingis að leggja háskólanum og safninu til nýja fjármuni eins og gert var við 3. umr. fjárlaga.

[23:59]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Ég vil leyfa mér, hæstv. forseti, í þessum andsvarstíma þó að það væri ástæða til að ræða það mjög ítarlega, að þakka hæstv. fjmrh. fyrir það takmarkalausa traust sem hann sýndi mér í sínu síðasta andsvari þegar hann lýsti því yfir að ég væri væntanlegur ríkisstjórnarþingmaður eftir næstu kosningar og tel ástæðu til að þakka honum það alveg sérstaklega. Þetta er alveg nýtt að ráðherra útdeili titlum með þessum hætti og ég þakka ráðherranum fyrir það. Ég útnefni alveg sérstaka menn í þessu skyni og ég þakka honum fyrir það.

Í annan stað ætla ég að segja að það er alveg rétt að það verður að taka einhverja peninga til rekstrar þegar verið er að byggja en þessi sjóður er ekki til byggingar. Hann er til þess að gera við hús. Við erum með nokkur hús sem eru léleg, illa farin og næstum að segja ónýt. Þar er um að ræða Þjóðskjalasafn, Þjóðminjasafn og Þjóðleikhúsið að hluta til. Það verður að fara í þessar framkvæmdir, það verður að fara í þessar endurbætur, annars verður að loka þessum húsum. Þess vegna á að nota þennan sjóð í þau verk og gera um það áætlanir og þess vegna er vitlaust að taka þennan sjóð í rekstur. Það er það grundvallaratriði sem ég lagði áherslu á hér áðan sem ég heyrði að hæstv. fjmrh. tók ekki eftir eða a.m.k. samþykkti ekki og þó veitti hann mér þennan væntanlega athyglisverða og umdeilda titil hér áðan.

[00:00]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það eina sem mér finnst vera athyglisvert við þessa síðustu ræðu hv. þm. er það að

það virtist koma honum sjálfum mjög á óvart að hann skyldi vera nefndur sem hugsanlegur stjórnarþingmaður í framtíðinni.

Í öðru lagi sagði ég ekki endilega eftir næstu kosningar heldur síðar og í þriðja lagi vakti það sérstaka athygli mína að formaður Alþb. hlustaði mjög gaumgæfilega og brosti út undir eyru þegar ég sagði stjórnarþingmaður en ekki ráðherra.

[00:01]

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir brtt. á þskj. 545 við brtt. á þskj. 451 um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1995. Auk mín er flm. Finnur Ingólfsson.

Það þarf ekki langar skýringar við þessa brtt. þar sem í nefndaráliti um ráðstafanir í ríkisfjármálum frá heilbr.- og trn. voru menn sammála um eftirfarandi skýringu: Vegna nýrra laga um húsaleigubætur sem ganga í gildi 1. janúar 1995 er nauðsynlegt að tryggja að húsaleigubætur hafi ekki áhrif til lækkunar á bætur almannatrygginga. Þær breytingar þarf að gera á 11. og 12. gr. laganna á bótum félagslegrar aðstoðar að húsaleigubótum sé bætt við upptalningu þeirra tekna sem ekki skerða grunnlífeyri elli- og örorkulífeyris. Lagt er til að kveðið verði á um að með bótum félagslegrar aðstoðar sé annars vegar átt við bætur sem samkvæmt lögum nr. 118/1993, um félagslega aðstoð, og hins vegar fjárhagsaðstoð sveitarfélaga og þannig tryggt að fjárhagsaðstoð sveitarfélaga skerði ekki bætur almannatrygginga á sama hátt og gilt hefur hingað til.

Í meðförum hv. efh.- og viðskn. þynntist þetta allverulega út þannig að við óttumst að verði þessi brtt. ekki samþykkt þá muni þessar bætur skerðast.

Í öðru lagi er c-liður þessarar brtt. nýr liður og hann hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Við 10. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Þeir sem njóta bóta samkvæmt ákvæði þessu skulu undanþegnir greiðslu afnotagjalda hljóðvarps og sjónvarps samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð sem heilbr.- og trmrh. setur."

Þegar húsaleigubæturnar flytjast yfir til sveitarfélaganna þá eru það nokkrir aðilar sem munu sjálfkrafa missa þennan rétt um frítt afnotagjald af útvarpi og sjónvarpi. Það má segja að það hefði verið eðlilegra að breyta útvarpslögunum, en þetta er einfaldara á þennan hátt og gengur fljótar fyrir sig og ég trúi ekki öðru en menn horfi á þetta með jákvæðum augum. Þetta eru ekki margir aðilar en þessa aðila munar mjög mikið um ef þeir missa þennan rétt til frís afnotagjalds sem er rúmlega 2.000 kr. á mánuði.

Ég held að ég þurfi ekki að hafa mikið fleiri orð um þessar brtt. en ég ætla í leiðinni að gleðjast yfir því að mér skilst að menn séu hættir að ræða um að leggja niður héraðslæknisembættið í Reykjavík og í Norðurl. e. Mér skilst að það sé samkomulag um það málefni og ég hlýt að fagna því.

[00:05]

Steingrímur J. Sigfússon (frh.)**:**

Hæstv. forseti. Það mun svo vera að ég hafi verið í miðri ræðu um þetta mál fyrir nokkru síðan þegar hlé var gert á fundi og ég varð góðfúslega við beiðni um að fresta máli mínu. En síðan hefur nokkurt vatn til sjávar runnið og ber það m.a. til að hæstv. fjmrh. hefur flutt brtt. og mælt fyrir þeim og ég vil byrja á því að fagna þeim tillögum og því samkomulagi sem þær vísa til og tvímælalaust munu þær breytingar greiða fyrir framgangi málsins hér á þingi svo að ekki sé meira sagt.

Þær fela í sér tvennt sem hvort tveggja er til mikilla bóta varðandi afgreiðslu málsins. Það er í fyrra lagi að fallið er frá því vanhugsaða ráði að leggja niður embætti héraðslækna í Reykjavík og í Norðurl. e. og hæstv. fjmrh. hefur lýst því yfir að þau embætti verði tekin með sama sniði á næsta ári og verið hefur og hann muni sjá til þess að til þess verði veitt fjármunum þannig að rekstur embættanna geti orðið með eðlilegum hætti á næsta ári. Þar með gefst tóm til að skoða starfsemi þeirra og endurmeta þau mál og ég fagna því.

Í öðru lagi, og er það ekki síður mikilvægt, flutti hæstv. fjmrh. brtt. varðandi ákvæði um skerðingu á framkvæmdafé flugmálaáætlunar sem hljóðar upp á að heimildir til að ráðstafa fé flugmálaáætlunar, þ.e. af hinum mörkuðu tekjustofnum, til annarra hluta en framkvæmda eru takmarkaðar og bundnar við tiltekin verkefni, nánar tiltekið að kosta snjómokstur og viðhald flugvalla og tækja. Þar með er það ekki lengur svo eins og upphafleg ákvæði frv. voru að um sé að ræða flata skerðingu á tekjum flugmálaáætlunar óskilgreint í rekstur Flugmálastjórnar. Með slíku fyrirkomulagi væri auðvitað opið fyrir það að hækka slíka skerðingu út í það óendanlega næstum að segja þar sem ljóst er að rekstur Flugmálastjórnar með kostnað upp á hundruð millj. kr. gæti ef svo ber undir þurrkað að mestu leyti hina mörkuðu tekjustofna.

Þar til viðbótar lýsti hæstv. fjmrh. því yfir að ekki yrði gengið lengra gagnvart þessari skerðingu á næsta ári en allt að 40 millj. kr. þannig að það er í öllu falli ljóst að þetta bætir stöðu flugmálaáætlunar, þ.e. framkvæmdanna, um a.m.k. 30 millj. kr. á næsta ári og sannarlega munar um það þó að auðvitað hefði ekki veitt af þessum framkvæmdalið óskertum.

Þannig var nú, hæstv. forseti, að ég var einmitt í miðri ræðu um flugmálaáætlun og hafði viðað að mér nokkrum litteratúr eins og sjá má hér um það mál og hafði hugsað mér að gera nokkuð rækilega grein fyrir stöðu flugmálaáætlunar, fara yfir hina upphaflegu flugmálaáætlun og hvernig mál hefðu fram þróast á þessu 6–7 ára tímabili sem síðan væri liðið. En ég held að ég geti ekki annað í krafti þess samkomulags sem felst í brtt. fjmrh. og er til að liðka fyrir framgangi málsins en að leggja þann litteratúr að mestu leyti til hliðar svo ágætur sem hann annars er og fróðlegur og látið að mestu leyti niður falla flutning á þessum síðari helmingi ræðu minnar sem átti aðallega að vera um stöðu og framkvæmd flugmálaáætlunar. Nú geri ég náttúrlega ráð fyrir því að þessi seinni helmingur ræðunnar verði ýmsum harmdauði, þ.e. menn gráti þá ræðu sem hér var aldrei flutt. En það verður þá að hafa það og vísast til tímans sem við höfum til að ljúka hér afgreiðslu mála og þess vilja að greiða fyrir því að

þingstörfum megi ljúka á þessari nóttu.

Sem sagt, hæstv. forseti. Ég fagna þessari niðurstöðu og tel þetta vera til bóta og lýsa vissum vilja til þess að menn mætist hér á miðri leið varðandi a.m.k. einhver af þeim ágreiningsefnum sem hér hafa verið uppi við afgreiðslu mála á undanförnum sólarhringum og það ber að virða slíkt og með vísan til þess fell ég að öðru leyti frá orðinu.

[00:10]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það er á mörgum stöðum borið niður í frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum og margt sem ástæða væri til að gera að umtalsefni og jafnvel alvarlegar athugasemdir við en ég vil afmarka mig við fáein atriði og vísa að öðru leyti til málatilbúnaðar stjórnarandstöðunnar í þessu máli fram til þessa.

Ég vil í fyrsta lagi minna á að sum af þeim ákvæðum sem hér eru í frv. eru ekki einvörðungu bundin við árið 1995 eins og heiti frv. gefur skýrt til kynna en frv. heitir Frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1995. Forseti kvað í gær upp úrskurð hvað varðaði þau mál sem mætti blanda saman í einu frv. og væru óskyld að efni. Sá úrskurður grundvallaðist á þeim skilningi að efnisafmörkun frv. yrði að ráðast af tilgangi þess sem kæmi fram fyrst og fremst í heiti frv. Ég vil vekja athygli á þessu vegna þess að í frv. sem hér er til umræðu hafa menn gengið lengra en úrskurður forseta gefur til kynna að rétt væri. Menn hafa í sumum greinum frv. lagt til skerðingar sem eiga að verða varanlegar og standa um aldur og ævi þar til þeim verður breytt. Það er ekki það sem frv. heitir og annaðhvort verða stjórnarliðar að gera að mínu viti að breyta heiti frv. eða taka út úr frv. þau ákvæði þess sem ekki eru bundin við árið 1995 einvörðungu.

Mér finnst það ekki vera stjórnarliðum til sóma að hræra saman breytingartillögum með þessum hætti án þess að gera þá sérstaklega grein fyrir því og auðvitað ættu þeir að hafa þær tillögur sem ætlað er að standa til lengri tíma í sérstöku frv. sem gæti þá verið frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum til lengri tíma. Mér finnst að stjórnarliðar hafi borið þetta mál þannig fram að þeir séu vísvitandi að reyna að plata þingmenn, láta þess ekki getið að hér sé um að ræða breytingar sem eiga að standa í lengri tíma. Ég hef ekki orðið var við það þó að ég hafi hlýtt hér grannt á umræður að þetta hafi verið sérstaklega tekið fram eða þess getið í framsögu fyrir málinu að sumar tillagnanna væru ekki afmarkaðar við 1995 einvörðungu og mér finnst það miður og flm. ekki til sóma að tala ekki skýrt í þessu efni og á engan hátt í samræmi við heiti málsins.

Það vil ég nefna sérstaklega breytingarnar á lögum um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum sem er að finna í 8. og 9. gr. frv. en það er greinilegt á því sem menn hafa náð fram í umræðum um það atriði að stjórnarliðið er með breytingar til lengri tíma, ekki bara fyrir árið 1995. Og það á líka við um fleiri greinar eins og ég hafði gert athugasemdir um í gær í upphafi umræðna þá og tel óþarft að endurtaka nú.

Ég vil aðeins staldra við breytingarnar á lögunum um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum. Ég vil í fyrsta lagi vekja athygli á því að tillögur stjórnarliða eins og þær eru nú eftir fram komnar brtt. fjmrh. eru þannig að það er engin afmörkun á því hversu hátt hlutfall af mörkuðum tekjustofnum má renna til viðhalds eða annars reksturs heldur er það algerlega opið. Það kemur hvergi fram í frv. að það eigi að afmarkast við 70 millj. kr. af mörkuðum tekjustofnum eða 40 millj. kr. Það kemur hvergi fram í brtt. að afmörkun eigi að vera á nokkurn hátt þarna á milli árið 1995 og reyndar síðari ár. Með þessu eru þingmenn að opna það alveg upp á gátt að hægt sé að flytja fé úr framkvæmdaáætlun yfir í rekstur eða með öðrum orðum að lækka framlag ríkissjóðs til flugmála og nota fé sem annars á að fara til framkvæmda í að borga þann rekstur sem við höfum í dag gert ráð fyrir með flugmálaáætlun að ríkissjóður legði til. Með þessu eru stjórnarliðar að setja nýsetta flugmálaáætlun algerlega í uppnám. Flugmálaáætlun sem gildir fyrir árin 1994–1997. Þeir hafa upplýst það að áform þeirra fyrir næsta ár séu að skerða framkvæmdir um 40 millj. kr. og ég vil spyrja flutningsmennina sem ættu þá fyrst og fremst að vera hæstv. fjmrh. og væntanlega hæstv. samgrh. og vænti að ráðherrann svari þeim spurningum sem til hans er beint: Hvaða framkvæmdir samkvæmt flugmálaáætlun á að skera niður á næsta ári upp á samtals 40 millj. kr.? Hæstv. viðskrh. sem hér kom í gættina mætti svara því líka: Á t.d. að skera niður framkvæmdir á Patreksfirði á næsta ári, sem eiga að kosta nákvæmlega 40 millj. kr., að setja bundið slitlag á flugvöllinn þar? Eru það áform ríkisstjórnarinnar að bera enn niður á nauðsynlegum framkvæmdum í samgöngumálum á landsbyggðinni og skera þar niður? Þegar menn gera tillögu um það að taka fé sem búið er með samþykkt Alþingis að ráðstafa til framkvæmda og minnka það, þá verða menn líka að segja hvað það er sem menn ætla að skera niður — og kemur nú hæstv. samgrh. og spyr ég hann: Hvaða framkvæmdir á næsta ári, sem eru hér í flugmálaáætlun, á að skera niður upp á samtals 40 millj. samkvæmt upplýsingum frá hæstv. fjmrh.? Og ég spyr líka: Hver eru áform ríkisstjórnarinnar fyrir síðari ár, fyrir árin 1996 og 1997, tvö seinni ár flugmálaáætlunarinnar? Hverjar eru áætlanir ríkisstjórnarinnar fyrir þau tvö ár? Hvað á að skera mikið niður af fjármagni til framkvæmda fyrir þau ár? 40 millj., 70 millj. eða hvaða tölu? Og hvaða framkvæmdir eru það sem eiga að fara undir niðurskurðarhníf inn á þeim tveimur árum? Ríkisstjórnin hlýtur að hafa einhverjar áætlanir um að breyta þeirri fjögurra ára flugmálaáætlun fyrst hún leggur það til að fá heimild til þess að skera niður framkvæmdafé í flugmálum á þessum tíma. Hún verður þá að segja hvað það er mikið sem hún ætlar að skera niður og hvaða framkvæmdir það eru sem eiga að detta út af borðinu.

Virðulegi forseti. Ég verð að segja að mér finnst ömurlegt til þess að vita að hæstv. ríkisstjórn sem er svo vel haldin af efnahagsbatanum að hún getur leyft sér að fella niður skatta af fólki sem hefur háar tekjur

og á miklar eignir en þegar kemur að framkvæmdum hvort sem það er í vegamálum eða flugmálum þá á að skera niður samkvæmt þessu frv. sem hér er til umræðu. Þá á að skera niður peningana til flugmálaáætlunar og það á að skerða markaða tekjustofna Vegagerðarinnar um 275 millj. kr. og láta það renna í ríkissjóð samkvæmt grein í þessu frv. sem er nr. 26. Hvers konar framkoma er þetta hjá hæstv. ríkisstjórn gagnvart íbúum á landsbyggðinni sem hafa bundið miklar vonir við það að ríkisstjórnir á hverjum tíma hefðu á því ríkan skilning að menn þyrftu að standa við þær áætlanir sem samkomulag hefur náðst um áður milli flokka og þingmanna að ætti að ráðast í á næstu árum? En þá kemur þessi ógæfusama ríkisstjórn og hleypur frá því samkomulagi sem þingmenn hennar hafa staðið að hér áður með því að afgreiða vegáætlun og flugmálaáætlun.

Virðulegi forseti. Ég vil láta það duga að fjalla um þetta mál þó að það væri ástæða til að endurtaka sumt af því sem komið hefur fram í umræðunni og hnykkja á því frekar. Ríkisstjórnin þyldi það nú vel að fá einn lestur til viðbótar við þá sem komnir eru til að minna sig á hvernig frammistaðan er í þessum málum en ég læt þetta duga enda er þetta mál eitt og sér afar stórt og mikils um vert að þingmönnum takist að snúa ríkisstjórnina niður í þessum niðurskurðaráformum hvað varðar verklegar framkvæmdir á landsbyggðinni.

[00:22]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það eru örfá orð vegna þess sem kom fram hjá hv. þm. Ég vil taka það fram að það er rétt hjá honum að frv. er fyrst og fremst um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1995 en í frv. eru að sjálfsögðu ákvæði sem eru til lengri tíma. Varðandi það mál sem hann sérstaklega gerði að umtalsefni hvernig ráðstafa skuli tekjum af flugvallargjaldi skal tekið fram að það er markað á hverjum tíma í flugmálaáætlun og svo mun verða gert einnig að þessu sinni. Það er nauðsynlegt að það komi fram að þessi tillaga er gerð í fullu samráði við fulltrúa stjórnarandstöðunnar og það var ekki um það ágreiningur hvernig hún var orðuð þó að það sé að sjálfsögðu ekki neinn yfirlýstur stuðningur við tillöguna sem slíka.

Það er ekki mitt að segja til um það hvernig fjármununum er ráðstafað en það kemur að sjálfsögðu til kasta þingsins því að það er ekki hægt að afgreiða flugmálaáætlun og breytingar á henni nema þingið geri það þannig að hv. þm. getur alveg reitt sig á það að þingið mun þurfa að fjalla um flugmálaáætlun.

[00:24]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er ekki sammála hæstv. ráðherra að það sé sjálfsagt að ákvæði séu í frv. sem ná yfir lengri tíma en heiti þess segir. Að sjálfsögðu á svo ekki að vera að mínu mati. En ég vil minna ráðherrann á að hér erum við að ræða frv. til laga, við erum að breyta lögum samkvæmt tillögu hans og ef það verður samþykkt þá verða menn að framkvæma þau lög. Flugmálaáætlun er ekki lög heldur þál. þannig að menn verða að framkvæma þessa skerðingu sem hér er boðuð á næsta ári og þurfa ekkert endilega að fá nýja flugmálaáætun samþykkta til þess ef ég hef réttan skilning á þessu. En það sem ég held og var að spyrja eftir er að ég býst við því og tel það eiginlega víst að stjórnarliðið hafi sett upp fyrir sig hvar það er sem það ætlar að bera niður í áformuðum niðurskurði. Menn hjóta að hafa skoðað útdeilinguna á peningunum ef menn eru búnir að deila út þessum peningum og menn hljóta að hafa gert sér grein fyrir því hvaða framkvæmdir það eru sem þeir ætla að skera niður. Að öðrum kosti væru þessar tillögur ekki vel unnar að mínu mati ef menn hefðu bara tillögur um niðurskurð án þess að hafa gert sér grein fyrir hvað það er sem menn ætla að skera niður.

[00:26]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í fyrsta lagi vil ég taka það fram að á undanförnum árum hefur það að sjálfsögðu gerst að tillögur sem gerðar eru í frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum á næstu árum hafa verið ótímabundnar tillögur. Tökum dæmi. Við vorum að flytja núna tillögu um að fella niður úr 5. gr. frv. lið 6.2. Það var ótímatekinn liður, enda var verið að fella þar niður ákveðna starfsemi. Það er auðvitað ekki ætlunin að það sé verið að rokka til með starfsemi til og frá eftir árum, þannig að það var auðvitað nauðsynlegt að taka af skarið. Það er ekkert sem útilokar að svona sé gert, ekki síst vegna þess að þessi frumvörp eru hugsuð til þess að fylla út í gjaldahlið fjárlagafrv. Sumt af því sem þar er verið að gera nær til fleiri ára heldur en eins. Þannig að það er ekkert rangt við það að tillögur sem þarna koma fram séu til fleiri ára heldur en einungis eins. Þetta þarf að koma skýrt fram og ég hélt að allir væru satt að segja nokkuð sammála um þetta, enda hefur þetta verið siður um nokkur ár.

Í öðru lagi vil ég segja það af því að spurt var um flugmálaáætlun, að skerðingin er einungis 10% eða þar um bil, hygg ég. Það kann að fara þannig að sú skerðing sem þarna verður ýri ekki framkvæmdamátt samkvæmt áætluninni einfaldlega vegna þess að útboð á undanförnum missirum hafa sýnt að framkvæmdir eru ódýrari og hagkvæmari heldur en gert var ráð fyrir.

[00:27]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er aðeins til að hnykkja á því að ef menn vilja hafa í frv. af þessu tagi ákvarðanir sem eiga að gilda yfir lengri tíma en eitt ár þá eiga menn að láta frv. heita samkvæmt því. Menn eiga þá a.m.k. alls ekki að skýra frv. þannig að það sé um ráðstafanir á einu tilteknu ári eins og hér er gert. (**Fjmrh.:** Jarðræktarframlagið ...) Og það má vel vera að fyrir því séu fordæmi, virðulegi ráðherra, og eins og hann komst að orði, hafi verið siður um eitthvert skeið. En það er ekki siður að mínu mati heldur ósiður og menn eiga að hjálpast að að venja hver annan af ósiðum en ekki að viðhalda þeim.

En það er alveg greinilegt af svörum hæstv. ráðherra að hann vill ekki upplýsa hvaða framkvæmdir það eru sem hann og ríkisstjórnin hyggjast skera niður af þeim sem eru í flugmálaáætlun. Hann vill bara segja það að á næsta ári á að skera niður 40 millj. Hann er ekki tilbúinn til að lýsa því yfir að á árinu 1996 verði niðurskurðurinn ekki meiri eða jafnvel minni. Hann vill hafa það opið að geta skorið meira niður en 40 millj. (**Gripið fram í:** Nei, nei.) Jú, jú, það er alveg opið samkvæmt brtt. Og það er auðvitað mjög merkilegt og segir okkur sína sögu um hvernig ríkisstjórnin hyggst fara með þessa áætlun sem hún beitti sér fyrir á síðasta þingi að yrði samþykkt.

Útbýting þingskjals:
Tekjuskattur og eignarskattur, 290. mál, þskj. 549.

[Fundarhlé. — 00:30]

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [00:50]

1. gr. samþ. með 29:21 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GunnS, HBl, HjálmJ, IBA, JBH, LMR, ÓE, PBald, SalÞ, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE.
nei: AÓB, FI, GB, GJH, GHelg, HG, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, ÓRG, PP, RA, SJS, SvG.
13 þm. (EH, GÁ, HÁ, JVK, MF, MB, PBj, RG, SigG, StG, VS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 29:21 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GunnS, HBl, HjálmJ, IBA, JBH, LMR, ÓE, PBald, SalÞ, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE.
nei: AÓB, FI, GB, GJH, GHelg, HG, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, ÓRG, PP, RA, SJS, SvG.
13 þm. (EH, GÁ, HÁ, JVK, MF, MB, PBj, RG, SigG, StG, VS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

3. gr. samþ. með 29:9 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GunnS, HBl, HjálmJ, IBA, JBH, LMR, ÓE, PBald, SalÞ, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE.
nei: GHelg, HG, JÁ, JóhS, KHG, ÓRG, RA, SJS, SvG.
12 þm. (AÓB, FI, GB, GJH, IP, JE, JGS, JHelg, JónK, KÁ, KE, PP) greiddu ekki atkv.
13 þm. (EH, GÁ, HÁ, JVK, MF, MB, PBj, RG, SigG, StG, VS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 451,1.a (ný 4. gr.) samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GunnS, HBl, HjálmJ, IBA, JBH, LMR, ÓE, PBald, SalÞ, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE.
20 þm. (AÓB, FI, GB, GJH, GHelg, HG, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, ÓRG, RA, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.
14 þm. (EH, GÁ, HÁ, JVK, MF, MB, PP, PBj, RG, SigG, StG, VS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 451,1.b (ný grein, verður 5. gr.) samþ. með 29:6 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GunnS, HBl, HjálmJ, IBA, JBH, LMR, ÓE, PBald, SalÞ, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE.
nei: HG, JÁ, KHG, ÓRG, SJS, SvG.
13 þm. (AÓB, FI, GB, GJH, GHelg, IP, JE, JGS, JHelg, JónK, KÁ, KE, PP) greiddu ekki atkv.
15 þm. (EH, GÁ, HÁ, JóhS, JVK, MF, MB, PBj, RA, RG, SigG, StG, VS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 451,1.c (ný grein, verður 6. gr.) samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GunnS, HBl, HjálmJ, HG, IBA, JÁ, JBH, KHG, LMR, ÓE, ÓRG, PBald, RA, SalÞ, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VE.
14 þm. (AÓB, FI, GB, GJH, GHelg, IP, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, KÁ, KE, PP) greiddu ekki atkv.
13 þm. (EH, GÁ, HÁ, JVK, MF, MB, PBj, RG, SigG, StG, VS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 518,1 kölluð aftur.

Brtt. 551,1 samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GJH, GHelg, GunnS, HBl, HjálmJ, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, PP, PBald, RA, SalÞ, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VE.
13 þm. (EH, GÁ, HÁ, JVK, MF, MB, PBj, RG, SigG, StG, VS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

5. gr. (verður 7. gr.), svo breytt, samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GJH, GHelg, GunnS, HBl, HjálmJ, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, PP, PBald, RA, SalÞ, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VE.
13 þm. (EH, GÁ, HÁ, JVK, MF, MB, PBj, RG, SigG, StG, VS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

6. gr. (verður 8. gr.) samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GJH, GHelg, GunnS, HBl, HjálmJ, IBA, IP, JÁ, JE, JGS, JBH, JHelg, JónK, KÁ, KE,

LMR, ÓE, ÓRG, PP, PBald, RA, SalÞ, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, TIO, VE.
3 þm. (HG, KHG, SvG) greiddu ekki atkv.
14 þm. (EH, GÁ, HÁ, JóhS, JVK, MF, MB, PBj, RG, SigG, StG, VS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

7. gr. (verður 9. gr.) samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GunnS, HBl, HjálmJ, IBA, JBH, LMR, ÓE, PBald, SalÞ, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE.
20 þm. (AÓB, FI, GB, GJH, GHelg, HG, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, KÁ, KE, ÓRG, PP, RA, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.
14 þm. (EH, GÁ, HÁ, JVK, KHG, MF, MB, PBj, RG, SigG, StG, VS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 518,2–3 kölluð aftur.

8. gr. (verður 10. gr.) samþ. með 29:1 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GunnS, HBl, HjálmJ, IBA, JBH, LMR, ÓE, PBald, SalÞ, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE.
nei: KHG.
20 þm. (AÓB, FI, GB, GJH, GHelg, HG, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, KÁ, KE, ÓRG, PP, RA, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.
13 þm. (EH, GÁ, HÁ, JVK, MF, MB, PBj, RG, SigG, StG, VS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 551,2 (ný 9. gr., verður 11. gr.) samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GHelg, GunnS, HBl, HjálmJ, HG, IBA, JÁ, JE, JóhS, JBH, KHG, LMR, ÓE, ÓRG, PBald, RA, SalÞ, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VE.
11 þm. (AÓB, FI, GB, GJH, IP, JGS, JHelg, JónK, KÁ, KE, PP) greiddu ekki atkv.
13 þm. (EH, GÁ, HÁ, JVK, MF, MB, PBj, RG, SigG, StG, VS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 545,1 felld með 29:21 atkv. og sögðu
já: AÓB, FI, GB, GJH, GHelg, HG, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, ÓRG, PP, RA, SJS, SvG.
nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GunnS, HBl, HjálmJ, IBA, JBH, LMR, ÓE, PBald, SalÞ, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE.
13 þm. (EH, GÁ, HÁ, JVK, MF, MB, PBj, RG, SigG, StG, VS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 552 kölluð aftur til 3. umr.

Brtt. 451,2 (fimm nýjar greinar, verða 12.–16. gr.) samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GJH, GHelg, GunnS, HBl, HjálmJ, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, PP, PBald, RA, SalÞ, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VE.
13 þm. (EH, GÁ, HÁ, JVK, MF, MB, PBj, RG, SigG, StG, VS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 545,2 felld með 28:22 atkv. og sögðu
já: AÓB, FI, GB, GJH, GHelg, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, ÓRG, PP, RA, SJS, SvG.
nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GunnS, HBl, HjálmJ, JBH, LMR, ÓE, PBald, SalÞ, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE.
13 þm. (EH, GÁ, HÁ, JVK, MF, MB, PBj, RG, SigG, StG, VS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 451,3 (tvær nýjar greinar, verða 17. og 18. gr.) samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GJH, GHelg, GunnS, HBl, HjálmJ, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, PP, PBald, RA, SalÞ, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VE.
13 þm. (EH, GÁ, HÁ, JVK, MF, MB, PBj, RG, SigG, StG, VS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 451,4–5 kölluð aftur.

Brtt. 451,6 samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GJH, GHelg, GunnS, HBl, HjálmJ, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, PP, PBald, RA, SalÞ, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VE.
13 þm. (EH, GÁ, HÁ, JVK, MF, MB, PBj, RG, SigG, StG, VS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

10. gr. (verður 19. gr.), svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GHelg, GunnS, HBl, HjálmJ, IBA, JBH, LMR, ÓE, PBald, SalÞ, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE.
20 þm. (AÓB, FI, GB, GJH, HG, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, ÓRG, PP, RA, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.
14 þm. (EH, EKG, GÁ, HÁ, JVK, MF, MB, PBj, RG, SigG, StG, VS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

11. gr. (verður 20. gr.) samþ. með 28:12 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GunnS, HBl, HjálmJ, IBA, JBH, LMR, ÓE, PBald, SalÞ, Sig-

hB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE.
nei: AÓB, GJH, GHelg, HG, JÁ, KHG, KÁ, KE, ÓRG, RA, SJS, SvG.
8 þm. (FI, GB, IP, JE, JGS, JHelg, JónK, PP) greiddu ekki atkv.
15 þm. (EH, FrS, GÁ, HÁ, JóhS, JVK, MF, MB, PBj, RG, SigG, StG, VS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 451,7 samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GHelg, GunnS, HBl, HG, IBA, JÁ, JóhS, JBH, KHG, LMR, ÓE, ÓRG, PBald, RA, SalÞ, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VE.
12 þm. (AÓB, FI, GB, GJH, IP, JE, JGS, JHelg, JónK, KÁ, KE, PP) greiddu ekki atkv.
14 þm. (EH, GÁ, HÁ, HjálmJ, JVK, MF, MB, PBj, RG, SigG, StG, VS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

12. gr. (verður 21. gr.), svo breytt, samþ. með 30:3 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GHelg, GunnS, HBl, HjálmJ, IBA, JBH, LMR, ÓE, PBald, SalÞ, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE.
nei: AÓB, KÁ, KE.
17 þm. (FI, GB, GJH, HG, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, KHG, ÓRG, PP, RA, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.
13 þm. (EH, GÁ, HÁ, JVK, MF, MB, PBj, RG, SigG, StG, VS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

13. gr. (verður 22. gr.) samþ. með 28:6 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GunnS, HBl, IBA, JBH, LMR, ÓE, PBald, SalÞ, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE.
nei: AÓB, GJH, GHelg, HjálmJ, KÁ, KE.
16 þm. (FI, GB, HG, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, KHG, ÓRG, PP, RA, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.
13 þm. (EH, GÁ, HÁ, JVK, MF, MB, PBj, RG, SigG, StG, VS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

14. gr. (verður 23. gr.) samþ. með 29:12 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GunnS, HBl, HjálmJ, IBA, JBH, LMR, ÓE, PBald, SalÞ, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE.
nei: AÓB, GJH, GHelg, HG, JÁ, KHG, KÁ, KE, ÓRG, RA, SJS, SvG.
9 þm. (FI, GB, IP, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, PP) greiddu ekki atkv.
13 þm. (EH, GÁ, HÁ, JVK, MF, MB, PBj, RG, SigG, StG, VS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

15.–23. gr. (verður 24.–32. gr.) samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GunnS, HBl, HjálmJ, IBA, JBH, LMR, ÓE, PBald, SalÞ, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE.
20 þm. (AÓB, FI, GB, GJH, GHelg, HG, IP, JÁ, JE, JóhS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, ÓRG, PP, RA, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.
15 þm. (EH, EgJ, GÁ, HÁ, JGS, JVK, MF, MB, PBj, RG, SigG, StG, VS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 451,8 (24. gr. frv. falli brott) samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GJH, GHelg, GunnS, HBl, HjálmJ, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JGS, JBH, JHelg, JónK, KHG, LMR, ÓE, ÓRG, PP, PBald, RA, SalÞ, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VE.
4 þm. (AÓB, JóhS, KÁ, KE) greiddu ekki atkv.
13 þm. (EH, GÁ, HÁ, JVK, MF, MB, PBj, RG, SigG, StG, VS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 451,9 samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GJH, GHelg, GunnS, HBl, HjálmJ, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, PP, PBald, RA, SalÞ, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VE.
14 þm. (EH, GÁ, HÁ, JE, JVK, MF, MB, PBj, RG, SigG, StG, VS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

25. gr. (verður 33. gr.), svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GunnS, HBl, HjálmJ, IBA, JBH, LMR, ÓE, PBald, SalÞ, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE.
21 þm. (AÓB, FI, GB, GJH, GHelg, HG, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, ÓRG, PP, RA, SJS, SvG) greiddi ekki atkv.
13 þm. (EH, GÁ, HÁ, JVK, MF, MB, PBj, RG, SigG, StG, VS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

26. gr. (verður 34. gr.) samþ. með 29:19 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GunnS, HBl, HjálmJ, IBA, JBH, LMR, ÓE, PBald, SalÞ, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE.
nei: AÓB, FI, GB, GJH, GHelg, HG, JÁ, JE, JGS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, ÓRG, PP, RA, SJS, SvG.
1 þm. (JóhS) greiddi ekki atkv.
14 þm. (EH, GÁ, HÁ, IP, JVK, MF, MB, PBj, RG, SigG, StG, VS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 451,10 samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GHelg, GunnS,

HBl, HjálmJ, HG, IBA, JÁ, JBH, LMR, ÓE, ÓRG, PBald, RA, SalÞ, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VE.

14 þm. (AÓB, FI, GB, GJH, IP, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, PP) greiddu ekki atkv.

13 þm. (EH, GÁ, HÁ, JVK, MF, MB, PBj, RG, SigG, StG, VS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

27. gr. (verður 35. gr.), svo breytt, samþ. með 29:1 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GunnS, HBl, HjálmJ, IBA, JBH, LMR, ÓE, PBald, SalÞ, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE.

nei: KHG.

20 þm. (AÓB, FI, GB, GJH, GHelg, HG, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, KÁ, KE, ÓRG, PP, RA, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

13 þm. (EH, GÁ, HÁ, JVK, MF, MB, PBj, RG, SigG, StG, VS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

28.–30. gr. (verður 36.–38. gr.) samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GunnS, HBl, HjálmJ, IBA, JBH, LMR, ÓE, PBald, SalÞ, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO.

20 þm. (AÓB, FI, GB, GJH, GHelg, HG, IP, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, ÓRG, PP, RA, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

15 þm. (EH, GÁ, HÁ, JÁ, JVK, MF, MB, PBj, RG, SigG, StG, VS, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn frv. og kaflafyrirsagnir samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GJH, GHelg, GunnS, HBl, HjálmJ, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, PP, PBald, RA, SalÞ, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VE.

13 þm. (EH, GÁ, HÁ, JVK, MF, MB, PBj, RG, SigG, StG, VS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Fundi slitið kl. 01:05.

---

73. FUNDUR

föstudaginn 30. des.,
að loknum 72. fundi.

Dagskrá:

1. Mat á sláturafurðum, frv., 334. mál, þskj. 531. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
2. Skipulag ferðamála, stjfrv., 327. mál, þskj. 495. — 1. umr.
3. Brunatryggingar, stjfrv., 240. mál, þskj. 517, frhnál. 548. — 3. umr.

Mat á sláturafurðum, 1. umr.

Frv. landbn., 334. mál. — Þskj. 531.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. 531. — Afbrigði samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GunnS, HBl, HjálmJ, HG, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, PP, PBald, RA, SalÞ, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, VE.

20 þm. (EH, EKG, FI, GÁ, GJH, GHelg, HÁ, IBA, IP, JVK, MF, MB, PBj, RG, SigG, StG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

[01:07]

Frsm. landbn. (Egill Jónsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum sem landbn. flytur.

Texti frv. er alveg skýr og til viðbótar er málið skýrt í grg. þannig að það sem slíkt liggur greinilega fyrir.

Með leyfi forseta ætla ég þó að gera aðeins nánari grein fyrir efni frv.

„Á undanförnum árum hafa komið fram athugasemdir frá eftirlitsaðilum heilbrigðisyfirvalda í Evrópusambandinu og Bandaríkjum Norður-Ameríku um að nauðsynlegt sé að breyta því fyrirkomulagi sem hér gildir um greiðslu fyrir heilbrigðisskoðun kjötskoðunardýralækna og aðstoðarmanna þeirra, þ.e. heilbrigðisskoðun á lifandi dýrum, á sláturafurðum og nauðsynlegum mælingum á aðskotaefnum. Í dag greiða sláturleyfishafar eftirlitsaðila beint fyrir kostnaðinn við eftirlitið en krafan er að kostnaður við eftirlitið verði greiddur af opinberum aðila sem síðan innheimti þann kostnað hjá sláturleyfishöfum eins og lagt er til hér. Vert er að taka sérstaklega fram að þessi meðferð á gjaldtökunni hefur engin áhrif til aukins kostnaðar í þessari framleiðslu hvort heldur varðar framleiðendur eða neytendur.

Fyrir liggur að ekki muni fást viðurkenning á sláturhúsum til útflutnings sláturafurða til Evrópusambandsins og Bandaríkja Norður-Ameríku nema breyting verði gerð á núverandi fyrirkomulagi.“ Af þeirri ástæðu er afar brýnt að þetta frv. nái fram að ganga svo ekki skapist vandræði af þessum sökum.

Ég vil leyfa mér að leggja til við forseta að málinu verði vísað til 2. umr.

[01:10]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég kem í ræðustólinn til að lýsa yfir stuðningi mínum við þetta frv. en vil vekja sérstaka athygli hv. þm. á því að þarna er á ferðinni frv. sem kemur fram til þess að koma til móts við kröfur og óskir erlendis frá um eftirlit og að það sé staðið eðlilega að því hér hjá okkur. Þegar gerðar voru breytingar á lögunum um eftirlit með fiskafurðum fyrr á þessu kjörtímabili þá bentum við stjórnarandstæðingar á að það fyrirkomulag sem þá var upp tekið með skoðunarstofunum og samningum þeirra við fiskverkendur og útgerðarmenn, sem er svipað fyrirkomulag og hér er verið að leggja af með þessari tillögu, mundi ekki ganga. Hér er því lýst að á undanförnum árum, er sagt hér í grg., hafi komið fram athugasemdir frá Evrópusambandinu til dæmis um það fyrirkomulag sem gildir um meðferð sláturafurða.

Það hlýtur að vekja sérstaka athygli að það var ekki hægt að fá hv. stjórnarþingmenn til þess að skilja það að það fyrirkomulag sem komið var á með skoðunarstofunum og samningum milli skoðunarstofanna og útgerðaraðilanna og fiskverkandanna í landinu gæti ekki gengið, einfaldlega vegna þess að þar væru hagsmunaárekstrar á ferðinni sem eru af nákvæmlega sama tagi og menn eru að viðurkenna að þurfi að taka af með þessu frv.

Ég get ekki komist hjá því að vekja athygli á þessu og spyrja eftir því, ef einhver treystir sér til þess af hv. stjórnarþingmönnum að upplýsa það, hvort það standi ekki til að gera sams konar breytingar vegna eftirlits með sjávarafurðum.

[01:12]

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Efni þessa frv. er tvíþætt. Annars vegar er um að ræða skipulagsbreytingu á greiðslum fyrir eftirlit dýralækna þannig að það verður framvegis greitt af ríkinu. Hv. formaður landbn. hefur gert grein fyrir ástæðum þess og er þetta frv. að því leyti mjög brýnt. Hins vegar er svo tekjuöflun sem gert er ráð fyrir að ríkið fái til þess að standa straum af þessum kostnaði.

Ég hef áður gert athugasemd við þá upphæð þegar hún kom inn í fjárlög og ég hlýt að láta í ljós vonbrigði mín yfir því hversu há þessi tala er. Það liggur að vísu ekki nákvæmlega fyrir hversu mikið þetta gjald muni vera að meðaltali, en þessi tala er helmingi hærri a.m.k. en sá kostnaður er í sumum sláturhúsum sem slátra stórum hluta af framleiðslunni.

Ég hlýt að láta í ljós vonbrigði mín yfir þeim hugsunarhætti að þarna skuli bara setja gjaldið nógu hátt til þess að það sé alveg tryggt að fá nú nægar tekjur. Sérstaklega vil ég vekja athygli á orðum hv. formanns landbn. í umræðunum í dag um GATT-málið, þar sem hann sagði eitthvað á þá leið að við Íslendingar stæðum mjög höllum fæti með greiðslur hins svonefnda „græna geira“ og verr en flestar þjóðir í kringum okkur.

Hér er um að ræða þjónustu sem er heimil, að sjálfsögðu og er beinlínis skylt að greiða úr ríkissjóði og engin skylda að það sé aflað skatta frá landbúnaðinum í því skyni og allra síst að það sé gengið svo langt að þarna sé heimild fyrir allt að því helmingi hærri upphæð en þörf er á.

Ég vildi því beina því til hæstv. landbrh., þar sem hér er aðeins um heimild að ræða, hámarksheimild, að hann gefi þá yfirlýsingu að þessu gjaldi verði í upphafi ekki beitt að fullu. Að öðrum kosti tel ég mig knúinn til þess að flytja brtt. við þetta ákvæði.

[01:16]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér er ljúft að gefa þá yfirlýsingu að við setningu reglugerðar um gjald þetta verður sérstaklega reynt að gæta að því að eftirlitsgjaldið miðist við raunkostnað og verði ekki of hátt. Ég vil að það komi alveg skýrt fram. Lagatextinn er afdráttarlaus um þetta atriði, eftirlitsgjaldið miðast við raunkostnað og ég lít svo á að ekki sé heimild til að innheimta meira en því nemur.

[01:16]

Jón Helgason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hæstv. landbrh. fyrir þessa yfirlýsingu, en tortryggni mín er vissulega ekki að ástæðulausu vegna þess að inni í fjárlagafrv. er reiknað með þessu gjaldi alveg að fullu. Því er það nauðsynlegt og tel ég mikilvægt að fá þessa yfirlýsingu og vænti að þess verði mjög vel gætt að ganga þarna ekki lengra en brýnasta þörf er á þannig að þess verði gætt að það halli ekki á framleiðendur.

[01:17]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það liggur ekki ljóst fyrir á þessari stundu hver kostnaðurinn verður. Ég held að það sé alveg rétt hjá hv. þm. að talan í fjárlagafrv. er óþarflega há, en hún felur ekki í sér skuldbindingu til þess að innheimta svo mikið. Ég held að það sé alls ekki þannig.

Ég vil ítreka það sem ég sagði: Það hefur aldrei staðið til að ein einasta króna af þessu gjaldi renni í ríkissjóð sem ríkissjóðstekjur til annarra þarfa en hér um ræðir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skipulag ferðamála, 1. umr.

Stjfrv., 327. mál. — Þskj. 495.

[01:18]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Þetta frv. er einfalt í sniðum, tvær greinar, ein setning hvor. Fyrri greinin hljóðar svo:

„Lán úr ferðamálasjóði skulu veitt til allt að 25 ára."

Ástæðan er sú að það hefur komið í ljós að lán til Ferðamálasjóðs hafa verið til óþarfleg skamms tíma eða einungis til 15 ára, sem hefur oft valdið erfiðleikum og vanskilum eða þá auknum kostnaði með því að til lánalengingar hefur komið úr sjóðnum.

Eins og hv. þingmönnum er kunnugt þá steðjar rekstrarvandi að ýmsum í ferðaþjónustu. Það á ekki síst við um hótel úti á landsbyggðinni sem eru starfrækt allt árið. Í grg. er það orðað svo að þessi hótel séu oft og tíðum „flaggskip ferðaþjónustunnar" í viðkomandi landshluta. Flaggskip þá á þurru landi. Eins er það hér í Reykjavík að þessi tími hefur reynst of skammur, en ef tekin er hliðsjón af Iðnlánasjóði og Stofnlánadeild landbúnaðarins þá er hámarkslánstími til nýrra bygginga 25 ár. Ég tel eðlilegt að sá hinn sami háttur verði hafður á.

Þessi niðurstaða liggur fyrir í nefnd sem starfaði undir forustu hv. þm. Sturlu Böðvarssonar og málið hefur sérstaklega verið tekið til athugunar í efh.- og viðskn. Ég sé því ekki ástæðu af þeim sökum til að málinu verði vísað til nefndar þar sem það hefur þegar verið athugað í þingnefnd og legg til að því verði vísað til 2. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Brunatryggingar, 3. umr.

Stjfrv., 240. mál (umsýslugjald o.fl.). — Þskj. 517, frhnál. 548.

[01:20]

Frsm. heilbr.- og trn. (Gunnlaugur Stefánsson):

Hæstv. forseti. Mig langar til að segja frá því að á milli 2. og 3. umr. kom hv. heilbr.- og trn. tvisvar sinnum saman til þess að fara aftur yfir þetta mál í ljósi þeirra umræðna og athugasemda er fram komu við 2. umr. málsins.

Niðurstaðan af þessum tveimur fundum kemur fram í frhnál. í frv. til laga um breytingar á lögum um brunatryggingar, nr. 48/1994, frá heilbr.- og trn., sem dreift hefur verið hér á hv. Alþingi.

Ég vil vekja sérstaka athygli hv. þm. á þessu nál. vegna þess að þar er tekið á ýmsum þeim efnisatriðum er hér voru til umræðu og þau betur skýrð en gert hafði verið áður.

Ég vil sérstaklega taka fram að á seinni fund nefndarinnar komu eftirtaldir gestir, en það er ekki frá því sagt í nál. sjálfu og tel ég rétt að það komi fram: Dögg Pálsdóttir, skrifstofustjóri heilbr.- og trmrn., Rúnar Guðmundsson, skrifstofustjóri í Vátryggingaeftirlitinu, Sigmar Ármannsson, framkvæmdastjóri Sambands ísl. tryggingafélaga og Ingvar Sveinbjörnsson, lögfræðingur hjá Vátryggingafélagi Íslands.

Ég held að á þessu stigi málsins sé ekki meira um þetta að segja en að það tókst bærileg samstaða um þessa afgreiðslu málsins í hv. heilbr.- og trn. Undir nál. skrifa allir hv. nefndarmenn heilbr.- og trn., en Finnur Ingólfsson, Margrét Frímannsdóttir, Ingibjörg Pálmadóttir og Guðrún J. Halldórsdóttir skrifa undir með fyrirvara sem lýtur fyrst og fremst að tilurð málsins en að mér skilst ekki að efnislegu innihaldi þess og þeirri niðurstöðu sem það hefur fengið eftir umfjöllun hv. nefndar.

[01:23]

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Í frv. til laga um breytingu á lögum um brunatryggingu, nr. 48/1994, eins og það er eftir 2. umr., segir svo í 1. gr. staflið a, með leyfi forseta:

„Á eftir 2. málslið 1. gr. komi nýr málsliður svohljóðandi:

Þó skal Fasteignamat ríkisins að jafnaði annast fyrstu virðingu."

Ég lít svo á að með þessu ákvæði sé Fasteignamati ríkisins heimilt að semja við þriðja aðila um að annast slíka virðingargerð í sínu nafni enda sé virðingargerðin unnin í fullu samræmi við lög um brunatryggingu og samkvæmt reglum sem Fasteignamat ríkisins setur enda valdi það húseiganda og/eða vátryggingafélagi engum umframkostnaði.

Við samningu reglugerðar á grundvelli laganna mun ég gæta þess að ofangreint sjónarmið verði virt.

Virðulegi forseti. Þessa yfirlýsingu vil ég láta koma fram við þessa umræðu.

[01:25]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Satt að segja er það mjög sérkennilegt að þrýsta þessu máli fram með þeim hætti sem hæstv. ríkisstjórn gerir núna. Fyrir því eru í raun og veru engin efnisleg rök. Það eru hins vegar pólitísk rök fyrir því. Pólitísk rök ríkisstjórnarinnar og hæstv. heilbrrh. sem eru þau að hafa sett reglugerð sl. sumar um þetta umsýslugjald, sem kveðið er á um í 1. gr. þessa frv., staflið d, en fyrir þessu umsýslugjaldi var mjög vafasöm ef nokkur laga heimild. Og það sem menn eru að gera hér er að þrýsta á um að það verði skotið lögum, þó seint sé, undir reglugerð sem sett var í sumar. Ég segi alveg eins og er, ég tel þetta ekki góð vinnubrögð, en út af fyrir sig sýnist mér að málið liggi þannig að verulegur hluti þingsins, bæði í stjórn og jafnvel í stjórnarandstöðuliði líka, telji að það sé rétt að ljúka málinu með þessum hætti og þá verður það svo að vera.

Ég vil líka láta það koma fram, hæstv. forseti, að ég tel það mjög skrýtið þegar mál hafa þróast þannig að við höfum sett hér nýja þróaða vátryggingalöggjöf sem gengur út á það að starfsemi tryggingafélaganna verði sett á hreinan samkeppnisgrundvöll þannig að tryggingafélögin eiga að keppa um sín viðskipti á almennum og opnum markaði. Þegar búið er að setja slík lög,

rétt nýlega búið að setja slík lög, þá hlaupa hinir miklu leiðtogar og postular viðskiptafrelsisins í landinu til og biðja stóru mömmu, ríkið, um að passa sig með því að fara undir regnhlíf eða skerm Fasteignamats ríkisins með í raun og veru eftirlit og yfirstjórn brunabótamats í landinu. Ég verð að segja alveg eins og er að ég kann ekki að meta þessi vinnubrögð úr því að menn eru á annað borð komnir inn á þá braut að setja tryggingafélögin almennt séð á samkeppnisgrundvöll, eins og gert er ráð fyrir í samningunum um hið Evrópska efnahagssvæði. Ég segi það fyrir mitt leyti að ég teldi langeðlilegast að fyrsta virðing til vátryggingamats yrði hjá tryggingafélögunum eins og hún hefur verið og að Fasteignamatið greiði síðan fyrir aðgang að þeim upplýsingum ef Fasteignamatið þarf á því að halda. Það treysta menn sér ekki til að gera og þess vegna tel ég út af fyrir sig að miðað við allar aðstæður sé það til bóta að hæstv. heilbrrh. hefur lýst því yfir að hann muni beita sér fyrir því að Fasteignamati ríkisins verði heimilt að semja við þriðja aðila og þá væntanlega tryggingafélög, um það að þau annist fyrstu virðingu til vátryggingamats fyrir hönd Fasteignamats ríkisins þannig að það valdi hvorki húseiganda eða vátryggingafélögunum sérstökum umframkostnaði. Það er út af fyrir sig í áttina og ég þakka hæstv. heilbrrh. fyrir þá yfirlýsingu og ég tel hana til bóta og ég tek það fram að hún gerir mér kleift persónulega að sitja hjá við a-, b- og c-lið 1. gr. frv., en hins vegar get ég ómögulega látið það hjá líða að greiða atkvæði gegn d-lið 1. gr. þess frv. sem hér liggur fyrir.

Ég vil líka segja það að ég hefði kosið að ræða þetta mikið meira og það er óskaplega slæmt að þurfa að afgreiða tiltölulega flókin tæknileg mál eins og þetta að nóttu til rétt áður en á að fara að fresta þinginu. Út af fyrir sig er það ekkert nýtt og það er svo sem ekkert hægt að fjargviðrast yfir því að það sé mikið verra núna heldur en stundum áður. Ég minnist þess þegar menn voru hér vansvefta að afgreiða fjarskiptalög eitt vorið, 150 greina fjarskiptalög, klukkan að ganga sex um morgun. Það eru ekki gáfuleg vinnubrögð satt best að segja. Þetta mál og afgreiðsla þess núna minnir mig á það, því miður, og ég tel að það sé slæmt.

Ég vil líka segja það, hæstv. forseti, að mér finnst það nokkuð skrýtið að festa það í lög, eins og gert er í 2. gr. þessa frv., eins og stendur hér, með leyfi forseta:

„Vátryggjanda er heimilt að veita undanþágu frá byggingarskyldu að höfðu samráði við skipulagsyfirvöld gegn því skilyrði að 15% dragist frá bótafjárhæðinni."

Hvert er þá orðið okkar starf í 600 sumur eða 6 a.m.k., þegar menn hafa verið að tala um að það eigi að beita faglegum vinnubrögðum, menn eigi að ná lendingu á faglegum forsendum, semja um hlutina miðað við aðstæður í hverju tilviki, en þá finnur löggjafinn allt í einu upp á því að það eigi að draga frá ekki meira og ekki minna en akkúrat 15%. Þetta er ferlega vond speki, held ég, hæstv. forseti. (**Gripið fram í:** Það er búið að vera svona allan þennan tímann.) Það skiptir engu máli nákvæmlega þetta sem hv. formaður nefndarinnar segir, það er búið vera svona allan þennan tíma. Hvaða tíma? Allt annan tíma, í löggjöf um vátryggingastarfsemi sem við erum að tala um hér núna? Ég held að menn hefðu átt að skoða þessa grein mikið betur, en ég ætla ekki að segja margt fleira um þetta núna. Ég tel að við hefðum þurft meiri tíma til að fara yfir þetta mál, hæstv. forseti.

[01:30]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Þessi lagasetning er nú óttalegt klúður. Hæstv. ráðherra setur reglugerð sem ekki á stoð í lögum, síðan er reynt að semja lög til þess að gera reglugerðina löglega og forða hæstv. ráðherra frá málaferlum. Þetta eru náttúrlega vandræðadrög eða vandræðafrv. og auðsjáanlega samið af tryggingafélögunum. Í þessu frv. er mikið óréttlæti. Mönnum er mismunað eftir búsetu hvað varðar bótafjárhæðina. Hins vegar eru þeir ekkert of góðir að borga, þeir sem settir eru hjá við bæturnar og það er alveg óháð búsetu, sömu iðgjöld hvar sem er og málsmeðferðin öll er hæstv. ráðherra til skammar.

Útbýting þingskjala:

Frestun á fundum Alþingis, 344. mál, stjtill., þskj. 553.

Ráðstafanir í ríkisfjármálum 1995, 278. mál, þskj. 554.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [01:33]

Frv. samþ. með 36:1 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GunnS, HBl, HjálmJ, IP, JE, JGS, JBH, JHelg, JónK, LMR, ÓE, PBald, SalÞ, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP.

nei: PP.

12 þm. (AÓB, GHelg, HG, IBA, JóhS, KHG, KÁ, KE, ÓRG, RA, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

14 þm. (EH, GÁ, GJH, HÁ, JÁ, JVK, MF, MB, PBj, RG, SigG, StG, VS, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[01:33]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég vil láta það koma fram að ég treysti mér ekki til að styðja þetta frv. þrátt fyrir þá yfirlýsingu sem fram kom hjá hæstv. heilbrrh. núna áðan og ég met mikils. Ég tel að frv. sé meingallað, ófaglegt frá tryggingalegu sjónarmiði og í raun og veru afgreitt með þeim hætti, ef það verður gert að lögum hér í nótt, að það er óhjákvæmilegt að koma að þessu máli aftur bak jólum með einhverjum hætti. Ég mun því sitja hjá við þessa atkvæðagreiðslu.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 555).

Mat á sláturafurðum, frh. 1. umr.

Frv. landbn., 334. mál. — Þskj. 531.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [01:35]
Frv. vísað til 2. umr. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GHelg, GunnS, HBl, HjálmJ, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, PP, PBald, RA, SalÞ, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP.
13 þm. (EH, GÁ, GJH, HÁ, JVK, MF, MB, PBj, RG, SigG, StG, VS, ÖS) fjarstaddir.

Skipulag ferðamála, frh. 1. umr.

Stjfrv., 327. mál. — Þskj. 495.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [01:35]
Frv. vísað til 2. umr. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GHelg, GunnS, HBl, HjálmJ, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, PP, PBald, RA, SalÞ, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP.
13 þm. (EH, GÁ, GJH, HÁ, JVK, MF, MB, PBj, RG, SigG, StG, VS, ÖS) fjarstaddir.

Fundi slitið kl. 01:36.

---

74. FUNDUR

föstudaginn 30. des.,
að loknum 73. fundi.

Dagskrá:

1. Mat á sláturafurðum, frv., 334. mál, þskj. 531. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

2. Skipulag ferðamála, stjfrv., 327. mál, þskj. 495. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

3. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 290. mál, þskj. 549, brtt. 550. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

4. Ráðstafanir í ríkisfjármálum 1995, stjfrv., 278. mál, þskj. 554, brtt. 552. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

Afbrigði um dagskrármál.

Of skammt var liðið frá umræðu allra mála á dagskrá. — Afbrigði samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GJH, GHelg, GunnS, HBl, HjálmJ, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, PP, PBald, RA, SalÞ, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, VE, ÞorstP.
13 þm. (EH, GÁ, HÁ, JVK, MF, MB, PBj, RG, SigG, StG, TIO, VS, ÖS) fjarstaddir.

Mat á sláturafurðum, 2. umr.

Frv. landbn., 334. mál. — Þskj. 531.

[01:37]

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [01:37]
1. gr. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GJH, GHelg, GunnS, HBl, HjálmJ, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, PP, PBald, RA, SalÞ, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, TIO, VE, ÞorstP.
13 þm. (EH, GÁ, HÁ, JVK, MF, MB, PBj, RG, SigG, StG, SvG, VS, ÖS) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GJH, GHelg, GunnS, HBl, HjálmJ, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, PP, PBald, RA, SalÞ, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, TIO, VE, ÞorstP.
14 þm. (EH, EgJ, GÁ, HÁ, JVK, MF, MB, PBj, RG, SigG, StG, SvG, VS, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 51 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GJH, GHelg, GunnS, HBl, HjálmJ, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, PP, PBald, RA, SalÞ, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP.
12 þm. (EH, GÁ, HÁ, JVK, MF, MB, PBj, RG, SigG, StG, VS, ÖS) fjarstaddir.

Skipulag ferðamála, 2. umr.

Stjfrv., 327. mál. — Þskj. 495.

[01:38]

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [01:39]

1. gr. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GJH, GHelg, GunnS, HBl, HjálmJ, HG, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, PP, PBald, RA, SalÞ, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, TIO, VE, ÞorstP.

15 þm. (EH, FI, GÁ, HÁ, IBA, JVK, MF, MB, PBj, RG, SigG, StG, SvG, VS, ÖS) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GJH, GHelg, GunnS, HBl, HjálmJ, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, PP, PBald, RA, SalÞ, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, TIO, VE, ÞorstP.

13 þm. (EH, GÁ, HÁ, JVK, MF, MB, PBj, RG, SigG, StG, SvG, VS, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 51 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GJH, GHelg, GunnS, HBl, HjálmJ, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, PP, PBald, RA, SalÞ, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP.

12 þm. (EH, GÁ, HÁ, JVK, MF, MB, PBj, RG, SigG, StG, VS, ÖS) fjarstaddir.

Tekjuskattur og eignarskattur, 3. umr.

Stjfrv., 290. mál (eignarskattur, sérstakur tekjuskattur, lífeyrisgreiðslur o.fl.). — Þskj. 549, brtt. 550.

[01:40]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir brtt. frá meiri hluta efh.- og viðskn. sem er á þskj. 550. Efni tillögunnar er að breyta gildistökuákvæði frv., 17. gr. Það er tvennt sem þar er um að ræða. Annars vegar er það atriði sem varðar 3. gr. b í frv. en hún fjallar um nýtingu rekstrartapa. Sá skilningur í umfjöllun nefndarinnar kom fram að þessi grein væri íþyngjandi en samkvæmt gildistökuákvæði frv. eins og það stendur gildir þetta vegna tekna og gjalda 1994 og álagningarskatts 1995. Það þykir ekki góð latína að láta íþyngjandi ákvæði virka aftur fyrir sig og því er lagt til í tillögunum að gildistökuákvæðið verði þannig að ákvæði þetta í 3. gr. b taki fyrst gildi við álagningu skatta árið 1996 vegna tekna og gjalda á árinu 1995.

Í annan stað er tillaga um það að koma inn með tvær nýjar málsgreinar sem voru í upphaflega frv. en féllu niður í þeirri brtt. sem var samþykkt hér áðan. Það var fyrir misskilning og því er nauðsynlegt að taka það inn aftur. Varðandi það atriði sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson fjallaði um í ræðu sinni í kvöld um gildistökuákvæði vegna frádráttar frá tekjum vegna kaupa á hlutabréfum er í rauninni um óbreytt fyrirkomulag að ræða. Túlkun fjmrn. á því ákvæði sem var samþykkt á þinginu fyrir jólin 1992 er nákvæmlega eins og þetta er sett fram í frv. Orðalagið er einungis gert skýrara. Það þýðir með öðrum orðum að hjón sem kaupa hlutabréf fyrir 250 þús. kr. geta dregið 200 þús. kr. frá skatti vegna viðskipta á árinu 1994 og það er það ákvæði sem verið er að lögfesta líka í frv. fyrir 1995 o.s.frv.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [01:43]

Brtt. 550 samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GunnS, HBl, HjálmJ, IBA, JBH, LMR, ÓE, PBald, SalÞ, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP.

21 þm. (AÓB, FI, GB, GJH, GHelg, HG, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, ÓRG, PP, RA, SJS, SvG) greiddi ekki atkv.

12 þm. (EH, GÁ, HÁ, JVK, MF, MB, PBj, RG, SigG, StG, VS, ÖS) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GunnS, HBl, HjálmJ, IBA, JBH, LMR, ÓE, PBald, SalÞ, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP.

21 þm. (AÓB, FI, GB, GJH, GHelg, HG, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, ÓRG, PP, RA, SJS, SvG) greiddi ekki atkv.

13 þm. (EH, FrS, GÁ, HÁ, JVK, MF, MB, PBj, RG, SigG, StG, VS, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 556).

Ráðstafanir í ríkisfjármálum 1995, 3. umr.

Stjfrv., 278. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 554, brtt. 552.

[01:45]

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég skal ekki tefja tíma hv. þingmanna á þessum tíma sólarhrings en af stakri vinsemd við hæstv. ríkisstjórn hef ég leyft mér að leggja fram brtt. við frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum sem eiga við II. kafla breytingartillagna hv. efh.- og

viðskn. Tillagan felst einfaldlega í því að það fari ekki á milli mála að þær húsaleigubætur, sem hér er talað um, séu húsaleigubætur skv. lögum nr. 100/1994, þ.e. húsaleigubætur sveitarfélaganna. Nú er um mikið jafnréttismál að ræða milli byggðarlaga vegna þess að eins og menn vita eru húsaleigubætur heimildarákvæði þannig að ekki greiða öll sveitarfélög húsaleigubætur. Ef þær húsaleigubætur eiga að teljast tekjur en aftur á móti uppbót Tryggingastofnunar sem er oft greidd vegna erfiðrar húsaleigu yrði ekki talin meðal tekna er fólkinu í landinu þar með stórlega mismunað.

Svo það fari ekki á milli mála að menn skilji hvað ég er að tala um vil ég aðeins endurtaka það sem ég sagði í dag vegna þess að það var næstum því engin manneskja í salnum, en í örstuttu máli er þetta þannig að skerðist tekjutrygging vegna húsaleigubóta þá skerðist einnig heimilisuppbót og nú krónu fyrir krónu í stað þess að skerðast eins og tekjutrygging áður og þá fellur auðvitað einnig niður sérstök heimilisuppbót. En uppbót á lífeyri hefur sem sagt verið greidd af ýmsum öðrum ástæðum en vegna húsaleigu, einnig vegna lyfjakostnaðar og erfiðleika á allan hátt við að komast af. Þegar uppbótin fer að skerðast vegna húsaleigubóta frá sveitarfélagi fer fólk að missa afnotagjald af útvarpi og sjónvarpi o.s.frv. Ég get ekki láð hv. þm. þó að þeim finnist þetta ekki skemmtileg lesning svo að ég er að hugsa um að treysta því að þeir treysti mér og lesi þá þær tvær ræður mínar, sem ég hef flutt af þessu tilefni. Ég vil aðeins leggja áherslu á það, hæstv. forseti, að ég held að ef þetta næði fram að ganga eins og það liggur fyrir núna mundi mörgum lífeyrisþegum bregða illilega í brún sem færu að fá húsaleigubætur. Ég held að það hafi gerst í dag sem maður er ekki allt of vanur að heiðvirðir hv. þm. fallist á rök þó þau séu ekki skemmtileg og í þessu tilviki hef ég von um það að menn sjái að sér og samþykki tillöguna og ég held að það megi treysta því að það verði til bóta. Annars held ég að hæstv. ríkisstjórn gæti lent í vondum málum rétt fyrir kosningar.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [01:49]

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Á þskj. 552 er brtt. frá Guðrúnu Helgadóttur. Þessi brtt. var borin fram við 2. umr. og er að formi brtt. við brtt. Þegar tillagan er nú borin upp við 3. umr. á hún við 12., 13. og 14. gr. frv. eins og það liggur fyrir eftir breytingar á því við 2. umr.

Brtt. 552 samþ. með 39:5 atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GB, GÁS, GJH, GHelg, HG, IBA, IP, JÁ, JGS, JBH, JHelg, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, PP, PBald, RA, SalÞ, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, VE.

nei: GunnS, JóhS, SighB, TIO, ÞorstP.

6 þm. (GuðjG, GHall, HBl, HjálmJ, JE, JónK) greiddu ekki atkv.

13 þm. (EH, GÁ, HÁ, JVK, KHG, MF, MB, PBj, RG, SigG, StG, VS, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[01:49]

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Þessi tillaga snýst um að gera það alveg ljóst að það séu aðeins húsaleigubætur greiddar frá sveitarfélögum sem ekki eigi að virka skerðandi á tekjutryggingu og sérstaka heimilisuppbót. Það gæti verið að húsaleigubætur væru greiddar frá öðrum sem mundu virka takmarkandi ef þessi tillaga yrði samþykkt. Ég held að það sé þó ekki því að í sömu grein er ákvæði um greiðslur vegna félagslegrar aðstoðar en ef þessi brtt. hefur einhver áhrif, sem ég held að hún hafi ekki, þá hefur hún áhrif til að takmarka rétt bótaþega. Ég þori ekki annað, virðulegi forseti, en að segja nei við tillögunni.

Frv., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GunnS, HBl, HjálmJ, IBA, JBH, LMR, ÓE, PBald, SalÞ, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP.

21 þm. (AÓB, FI, GB, GJH, GHelg, HG, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, ÓRG, PP, RA, SJS, SvG) greiddi ekki atkv.

12 þm. (EH, GÁ, HÁ, JVK, MF, MB, PBj, RG, SigG, StG, VS, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 557).

Fundi slitið kl. 01:51.

---

75. FUNDUR

föstudaginn 30. des.,
að loknum 74. fundi.

Dagskrá:

1. Frestun á fundum Alþingis, stjtill., 344. mál, þskj. 553. — Ein umr. *Ef leyft verður.*

2. Mat á sláturafurðum, frv., 334. mál, þskj. 531. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

3. Skipulag ferðamála, stjfrv., 327. mál, þskj. 495. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

Afbrigði um dagskrármál.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. 553 og 2. umr. 2. og 3. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GJH, GHelg, GunnS, HBl, HjálmJ, HG, IBA, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, PP, PBald, RA, SalÞ, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, TIO, VE, ÞorstÞ.

14 þm. (EH, GÁ, HÁ, IP, JVK, MF, MB, PBj, RG, SigG, StG, SvG, VS, ÖS) fjarstaddir.

Frestun á fundum Alþingis, ein umr.

Stjtill., 344. mál. — Þskj. 553.

[01:53]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar. Tillagan hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að veita samþykki til þess að fundum þingsins verði frestað frá 30. desember 1994, enda verði það kvatt saman á ný eigi síðar en 25. janúar 1995."

Tillagan skýrir sig sjálf.

[01:54]

Kristín Einarsdóttir:

Frú forseti. Ég hef oft áður komið í tilefni af sams konar tillögu og lýst því að ég lít ekki svo á að þörf sé á að Alþingi samþykki slíka tillögu þó að gert verði hlé á fundum Alþingis í þann tíma sem tillagan gerir ráð fyrir. Ég vil ekki túlka 23. gr. stjórnarskrárinnar með þeim hætti að það sé nauðsynlegt. Ég tel að forseti Alþingis geti frestað fundum eftir breytingu á stjórnarskránni. Að því er varðar Alþingi þá situr þing allt árið og ef þarf að kalla saman þá er ekkert því til fyrirstöðu að gera það með mjög stuttum fyrirvara. Þetta hlé hefur stundum verið notað til þess að setja bráðabirgðalög og ég tel að það komi ekki til greina að nota slíkt hlé eins og hér er gert ráð fyrir að setja bráðabirgðalög enda vænti ég þess að ríkisstjórnin hafi ekkert slíkt í huga. Ég vil endurtaka að ég tel að þessi tillaga sé óþörf.

Eitt kemur mér þó á óvart í tillögunni og það er að hæstv. forsrh. skuli gera tillögu um að þingið verði kvatt saman eigi síðar en 25. jan. 1995. Í forsætisnefnd var samþykkt að Alþingi kæmi saman 23. jan. þannig að þarna er forsrh. að gera tillögu um breytingu. Ég er út af fyrir sig ekkert ósammála breytingunni, sem hæstv. forsrh. gerir ráð fyrir, en það kemur mér nokkuð á óvart að hann skuli gera tillögu þar um sem forsætisnefnd hefur ekki fjallað um.

[01:56]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Þegar sameinast var um að gera þá breytigu á stjórnskipan íslenska lýðveldisins að Alþingi starfaði í einni málstofu og það sæti í reynd allt árið var það hugsun margra sem að þeirri breytingu stóðu að notkun bráðabirgðalagavaldsins hlyti að hverfa að öllu eða a.m.k. smátt og smátt. Breyttir starfshættir þingsins og breyttar aðstæður í þjóðfélagi okkar gera það auðvitað að verkum að þingið á auðvelt með að koma saman með litlum fyrirvara og breyta þannig starfsáætlun sinni eins og dæmin hafa sýnt.

Það form sem hæstv. ríkisstjórn hefur nú valið hefur þá afleiðingu að færa löggjafarvaldið í hendur ríkisstjórnarinnar þann tíma sem þingið kemur ekki saman. Fyrir ári ákvað ríkisstjórnin að hafa sama hátt á. Þá stóð einnig svo á eins og nú að hörð vinnudeila hafði staðið í landinu. Ríkisstjórnin notaði þá þinghléið til þess að leysa þá vinnudeilu með bráðabirgðalagaaðferðinni. Það var mjög umdeild ákvörðun.

Nú hefur verkfall sjúkraliða staðið í margar vikur. Við höfum mörg hér knúið á um það að ríkisstjórnin leysti það verkfall með samningum. Ég vona satt að segja að þær tilraunir, sem hafa verið gerðar á þeim sólarhring sem nú er nýliðinn og á þeim klukkustundum sem liðnar eru af þessum sólarhring, verði til þess að það verkfall verði leyst og ríkisstjórnin noti ekki vald sitt sem hún fær með samþykkt tillögunnar til þess að beita bráðabirgðalagavaldinu. Þess vegna held ég að mjög mikilvægt sé að það komi hér fram, a.m.k. af hálfu okkar alþýðubandalagsmanna að við leggjum á það mjög ríka áherslu að sú tilraun til að ljúka samningum í sjúkraliðaverkfallinu, sem nú hefur staðið um nokkra hríð á liðnum og nýhöfnum sólarhring, leiði til þess jákvæða árangurs að verkfallinu verði lokið fyrir áramót. Í trausti þess höfum við ákveðið að greiða ekki atkvæði gegn þessari frestunartillögu. Ef við hefðum ekki þá trú og þá von að raunverulegur vilji sé til þess að leysa verkfallið en beita ekki bráðabirgðalagavaldinu á þeim vikum sem tillagan felur í sér þá mundum við beita okkur mjög hart gegn efnisákvæðum frestunartillögunnar. Ég ætlast ekki til þess við umræðuna að hæstv. ráðherrar skýri frá gangi viðræðnanna en vildi hins vegar víkja að þessu og láta afstöðu okkar koma mjög skýrt í ljós.

Ég vona að ríkisstjórnin geri sér grein fyrir því að það ástand sem nú er á vinnumarkaði með lausa samninga eftir fáeina daga muni breytast í sprengjusvæði ef því valdi, sem fæst með frestuninni, verður beitt til þess að reyna að brjóta á bak aftur tilraunir launafólksins að leiðrétta lífskjör sín á fyrstu vikum nýs árs. Þess vegna er það frumskilyrði að því valdi, sem ríkisstjórnin fær með samþykkt tillögunnar, verði ekki beitt til að nota bráðabirgðalagavaldið með sama hætti og gert var fyrir ári.

Ég ætla ekki, virðulegi forseti, að fjalla meira um tillöguna en vona að afstaða okkar hafi komið skýrt í ljós.

[02:01]

Guðmundur Bjarnason:

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir með þeim tveimur hv. þingmönnum sem hafa talað næst á undan mér og vonast til þess að tillagan um frestun á fundum Alþingis, verði hún samþykkt eins og hún liggur hér fyrir, leiði ekki til þess að ríkisstjórnin beiti eða notfæri sér þá heimild að grípa til setningar bráðabirgðalaga. Það er auðvelt að kalla þing saman ef eitthvað slíkt

kynni að koma upp í þinghléinu sem hæstv. ríkisstjórn teldi leiða til þess að nauðsynlegt væri að setja lög og það væri þá gert með eðlilegum hætti en ekki með bráðabirgðalagasetningu.

Eins og fram kom hjá hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni vita allir að þessi harða og hatramma vinnudeila við sjúkraliðana, sem hefur staðið allt of lengi, hefur skapað alvarlegt ástand í þjóðfélaginu, alvarlegt ástand á sjúkrastofnunum og alvarlegt ástand á fjölmörgum heimilum. Við skulum sannarlega vona að sú tilraun sem nú er í gangi leiði til þess að verkfallið leysist og samningar náist með einhverjum hætti. Það yrði sannarlega ánægjuleg áramótagjöf til þjóðarinnar ef það gerðist nú á þessum sólarhring. Ég veit svo sem ekki hvort það verður endilega ánægjuleg áramótagjöf til sjúkraliðanna sjálfra sem hafa háð þessa erfiðu deilu. Lausn í deilunni er nauðsynleg og í þeim skilningi væri það ánægjulegt ef það væri nú að gerast og a.m.k. vænti ég þess að ekki verði gripið til bráðabirgðalagaheimildar til þess að leysa þá deilu eða setja hana niður með slíkum hætti.

Ég hefði talið æskilegt að hæstv. forsrh. mundi heita Alþingi því nú á eftir áður en tillagan gengur til atkvæða að hann muni ekki beita bráðabirgðalagaheimildinni heldur kalla Alþingi saman ef eitthvað slíkt kemur upp að hæstv. ríkisstjórn telji nauðsynlegt að grípa til lagasetningar.

[02:04]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti. Hér er einhver misskilningur á ferð vegna þess að þetta mál hefur verið rætt eða svipað mál hér áður við svipaðar aðstæður, þá hafði þessi misskilningur komið upp að það hefði verið gerð einhver breyting á þeirri skipan með hvaða hætti þingfundum er frestað. Af því tilefni lét ég fara sérstaklega yfir það lögfræðilega. Það er enginn annar háttur á og enginn annar háttur til þannig að hér er enginn sérstakur kostur valinn. Þetta er eini kosturinn sem er fyrir hendi. Þetta var rannsakað sérstaklega og ég lét þá greinargerð berast til forsætisnefndar þingsins og ég hélt að þessi misskilningur væri úr sögunni. Það hefur því ekkert breyst hvað þetta varðar. Það er engin önnur leið til til að fresta fundum af þessu tagi um svo langa hríð.

Þessi misskilningur kom upp fyrir tveimur árum og það kom mér reyndar á óvart að sá misskilningur skyldi koma upp. Þetta var athugað alveg sérstaklega, bæði af lögfræðingum ráðuneytisins og háskólans og það hefur ekkert það breyst sem gerði það að verkum að hér væri einhver önnur aðferð til.

Vegna hins að hér er talað um 25. jan. en ekki 23. jan. er það ekki valdboð frá mér heldur tók ég skilaboð frá formönnum þingflokka. Þeir mæltu með því að þetta yrði með þessum hætti og ég gerði ekki athugasemd við það fyrir mitt leyti að þessu yrði bætt við. Hugmyndin er því ekki runnin frá mér að bæta þessum tveimur dögum við þó að það komi í minn hlut að flytja það hér. Ég bind vonir við það að deila sjúkraliða og ríkisvaldsins sé að leysast. Það er of fljótt að fullyrða um það en ég þykist mega vona það á þessari stundu þannig að við getum öll fagnað því að ef svo fer að þessi erfiða deila leysist fyrir áramót.

Varðandi bráðabirgðalagavaldið að öðru leyti er það vald markerað í stjórnarskránni og ekki hægt af minni hálfu eða annarra að gefa yfirlýsingar um að það vald sé takmarkað. Á hinn bóginn eru engar ráðagerðir uppi af minni hálfu eða ríkisstjórnar til að nota það vald um á því tímabili sem nú fer í hönd.

[02:06]

Kristín Einarsdóttir:

Frú forseti. Aðeins örstutt varðandi misskilning eins og hæstv. forsrh. kýs að orða það. Þetta er túlkunaratriði og ekki eru allir sammála um þá túlkun. Ég hef lýst þeirri túlkun sem ég hef á þessu og margir fleiri sem ég hef rætt við. Ég tel að það komi fyllilega til greina að breyta ákvæðinu þannig að ekki sé neinn vafi á túlkun og að greininni verði breytt þannig að ekki þurfi að koma til slíkra þáltill. eins og hér er verið að bera fram heldur sé bara eðlilegt að þegar þingið tekur hlé þá taki það hlé og síðan geti það komið saman án þess að það þurfi að vera með neitt vesen í kringum það þó svo að bráðabirgðalagaheimildin sé í stjórnarskránni áfram ef menn vilja endilega hafa það svo. Ég tek fram að ég er á móti því ákvæði en ef það er áfram þá sé það bara notað í algerum neyðartilvikum, þ.e. þegar ekki næst að boða Alþingi saman.

Þetta vildi ég taka fram, frú forseti.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [02:08]

Till. samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GHelg, GunnS, HBl, HjálmJ, IBA, JE, JBH, LMR, ÓE, PBald, SalÞ, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP.

19 þm. (AÓB, FI, GB, GJH, HG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, ÓRG, PP, RA, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

12 þm. (EH, GÁ, HÁ, JVK, MF, MB, PBj, RG, SigG, StG, VS, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 558).

Mat á sláturafurðum, 3. umr.

Frv. landbn., 334. mál. — Þskj. 531.

[02:08]

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [02:09]

Frv. samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GJH, GHelg, GunnS, HBl, HjálmJ, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, PP, PBald, RA, SalÞ, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, TIO, VE, ÞorstP.

14 þm. (EH, EKG, GÁ, HÁ, JVK, MF, MB, PBj, RG, SigG, StG, SvG, VS, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 559).

Skipulag ferðamála, 3. umr.

Stjfrv., 327. mál. — Þskj. 495.

[02:09]

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [02:09]

Frv. samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GJH, GHelg, GunnS, HBl, HjálmJ, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, PP, PBald, RA, SalÞ, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP.

12 þm. (EH, GÁ, HÁ, JVK, MF, MB, PBj, RG, SigG, StG, VS, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 560).

Nýársóskir.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Með því að þetta er síðasti fundur Alþingis á þessu ári vil ég flytja öllum hv. þingmönnum, skrifstofustjóra og starfsfólki Alþingis mínar bestu óskir um gleðilegt nýtt ár og þakka ánægjulegt samstarf á því ári sem nú er að ljúka. Þinghaldið hefur verið óvenjustrangt að þessu sinni og hléið um jólin styttra en gert var ráð fyrir. Ég óska ykkur öllum góðrar heimferðar og heimkomu og bið þess að við megum öll hittast heil á nýju ári.

[02:11]

Finnur Ingólfsson:

Ég vil fyrir hönd okkar þingmanna þakka hæstv. forseta fyrir hlý orð og góðar óskir í okkar garð. Ég óska forseta og fjölskyldu hans gleðilegs nýs árs um leið og góð forusta forseta um þingstörfin á því ári sem senn er nú liðið er þökkuð.

Þá vil ég líka þakka starfsfólki Alþingis vel unnin störf og vona að þess bíði gleðilegt og farsælt nýtt ár. Því vil ég biðja alþingismenn að árétta þessa ósk mína með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Ég þakka hv. 11. þm. Reykv. fyrir hlý orð í minn garð og fjölskyldu minnar og þingheimi öllum fyrir að taka undir orð hans. Ég ítreka óskir mínar til hv. alþingismanna og starfsfólks Alþingis um gott og gleðilegt ár.

Þingfrestun.

[02:12]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Frú forseti. Forseti Íslands hefur gefið út svohljóðandi bréf:

„Forseti Íslands gjörir kunnugt:

Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsrh. umboð til þess að fresta um sinn fundum Alþingis, 118. löggjafarþings, frá 30. desember 1994 til 25. janúar 1995.

Gjört í Reykjavík, 29. desember 1994.

Vigdís Finnbogadóttir.

Davíð Oddsson.

Forsetabréf um frestun á fundum Alþingis."

Samkvæmt þessu umboði og með tilvísun til samþykkis Alþingis lýsi ég hér með yfir því að fundum Alþingis, 118. löggjafarþings, er frestað.

Leyfi ég mér að óska hv. þm. og starfsmönnum þingsins svo og landsmönnum öllum gleðilegs árs.

Fundi slitið kl. 02:13.

Efnisskrá.

Afbrigði um dagskrármál 3637, 3780, 3806, 3810.
Athugasemdir um störf þingsins:
Ábyrgð á láni til Silfurlax hf. 3566.
Brunatryggingar (240. mál, umsýslugjald o.fl.) 3575, 3801.
Forfallaþjónusta í sveitum (105. mál) 3632, 3638.
Frestun á fundum Alþingis (344. mál) 3811.
Kosning í Norðurlandaráð 3569.
Kosning í síldarútvegsnefnd 3570.
Kosning í Vestnorræna þingmannaráðið 3570.
Kosning yfirskoðunarmanna ríkisreikninga 3571.
Kveðjur 3417.
Lánsfjárlög 1995 (3. mál) 3418, 3486, 3571.
Lífræn landbúnaðarframleiðsla (281. mál) 3633, 3638.
Mat á sláturafurðum (334. mál) 3798, 3805, 3806, 3814.
Nýársóskir 3815.
Ráðstafanir í ríkisfjármálum 1995 (278. mál, breyting ýmissa laga) 3579, 3764, 3781, 3808.
Samningur um breytingar á tilteknum samningum EFTA-ríkjanna (304. mál) 3627.
Samningur um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunar (229. mál) 3644, 3746.
Skattskylda innlánsstofnana (307. mál) 3629, 3637.
Skipulag ferðamála (327. mál) 3801, 3805, 3807, 3815.
Tekjuskattur og eignarskattur (282. mál, tekjuskattur barna) 3629, 3638.
Tekjuskattur og eignarskattur (290. mál, eignarskattur, sérstakur tekjuskattur, lífeyrisgreiðslur o.fl.) 3725, 3748, 3775, 3807.
Tekjustofnar sveitarfélaga (303. mál, útsvar af tekjum barna) 3631.
Um fundarstjórn — sjá:
Lánsfjárlög 1995 3496, 3533, 3539, 3563.
Ráðstafanir í ríkisfjármálum 1995 3580.
Útflutningur hrossa (209. mál, heildarlög) 3634, 3639.
Varamaður tekur þingsæti 3417.
Verkfall sjúkraliða (322. mál) 3418.
Þingfrestun 3816.

Leiðréttingar.

Í 8. hefti, 1965. dálki, 35. línu að ofan. Í stað vansalaust standi: vandalaust.

Í 10. hefti, 2569. dálki, í lok ræðu Eggerts Haukdals. Í stað títt standi: lítt.

76. FUNDUR

miðvikudaginn 25. jan.,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:
Minnst látins fyrrverandi alþingismanns.

Framhaldsfundir Alþingis.

[15:03]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):
Forseti Íslands hefur gefið út svohljóðandi bréf:
„Forseti Íslands gjörir kunnugt:
Ég hef ákveðið, samkvæmt tillögu forsrh., að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda miðvikudaginn 25. janúar 1995 kl. 15.
Gjört í Reykjavík, 24. janúar 1995.
Vigdís Finnbogadóttir.

Davíð Oddsson.

Forsetabréf um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda."

Framhaldsfundir Alþingis hefjast því nú á ný. Hæstv. forseta, hv. alþingismönnum, svo og starfsmönnum Alþingis óska ég gleðilegs árs, þakka hið liðna, býð menn velkomna til þingstarfa og læt í ljós þá ósk og von að störf okkar megi verða landi og lýð til blessunar.

Snjóflóð í Súðavík.

[15:04]

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):
Þegar við komum nú til starfa eftir tæpra fjögurra vikna hlé á þingstörfum er okkur sem öðrum landsmönnum ríkir í huga sorglegir viðburðir síðastliðinnar viku. Dag eftir dag geisaði stórhríð um Vestfirði og Norðurland vestanvert. Snjóflóð féllu víða á þessum slóðum og ollu manntjóni og fjárskaða. Fimmtán manns létu lífið í þessum hamförum. Í Reykhólasveit lést aldraður maður í snjóflóði. Hörmulegast og þungbærast er það áfall sem dundi yfir byggðarlagið í Súðavík að morgni mánudagsins 16. jan. Í snjóflóðinu, sem féll yfir 15 hús í þéttbýlinu þar, létust fjórtán manns, átta börn og sex fullorðnir. Til allrar hamingju tókst að bjarga mörgum mannslífum. Björgunarlið heimamanna og aðkomufólks kostaði öllu til dag og nótt við gífurlega erfiðar aðstæður í ofsaveðri. Lof og þökk sé því afreksfólki.

Íbúar Súðavíkur búa nú við mikinn missi, foreldrar syrgja börn sín og börn foreldra. Frænda og vina er saknað. Fólk hefur misst eigur sínar á snöggu augabragði. Vonandi er einhver huggun í almennri samúð og samhjálp. Alþingi vottar Súðvíkingum og öðrum syrgjendum innilega samúð í sorg þeirra. Guð blessi þá.

Ég bið hv. alþingismenn að minnast þeirra sem létu líf sitt í snjóflóðunum og votta syrgjendum samúð með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Minning Valdimars Indriðasonar.

[15:06]

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):
Valdimar Indriðason, fyrrverandi framkvæmdastjóri og alþingismaður, andaðist mánudaginn 9. janúar á heimili sínu á Akranesi. Hann var á sjötugasta aldursári.

Valdimar Indriðason var fæddur á Akranesi 9. september 1925. Foreldrar hans voru hjónin Indriði vélstjóri Jónsson í Norðurkoti á Akranesi Helgasonar og Vilborg Þjóðbjarnardóttir bónda í Kjalardal í Skilmannahreppi Björnssonar. Valdimar Indriðason lauk gagnfræðaprófi í Flensborg 1942, sveinsprófi í vélvirkjun við Iðnskóla Akraness 1946 og fullnaðarprófi frá Vélskólanum í Reykjavík og rafmagnsdeild hans 1949. Árin 1949–1956 var hann vélstjóri á togurum Bæjarútgerðar Akraness. Hann var verksmiðjustjóri Síldar- og fiskimjölsverksmiðju Akraness 1956–1960 og framkvæmdastjóri hennar 1960–1991.

Valdimar Indriðason var í bæjarstjórn Akraness 1962–1986, hafði áður verið varabæjarfulltrúi eitt kjörtímabil. Hann var í bæjarráði 1970–1974 og 1978–1983 og forseti bæjarstjórnar 1977–1984. Hann átti sæti í mörgum stjórnum, ráðum og nefndum á vegum bæjarins, var meðal annars í stjórn Menningarsjóðs Akraness, í fræðsluráði og í skólanefnd Iðnskólans á Akranesi. Hann var í stjórn Samtaka sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi nokkur ár, í stjórn Grundartangahafnar og var formaður stjórnar verkamannabústaða frá 1978. Í stjórn hlutafélagsins Skallagríms átti hann lengi sæti, var stjórnarformaður 1977–1978, 1984–1990 og frá 1993 til æviloka. Í stjórn Félags íslenskra fiskimjölsframleiðenda var hann 1968–1983, í stjórn Landssambands íslenskra útvegsmanna frá 1970 og formaður Félags íslenskra botnvörpuskipaeigenda 1971–1976. Hann var í stjórn Sögufélags Borgarfjarðar frá stofnun þess 1963 og varð stjórnarformaður 1985. Frá 1987 var hann í ritnefnd til útgáfu á Sögu Akraness.

Valdimar Indriðason var nokkrum sinnum í kjöri fyrir Sjálfstæðisflokkinn við alþingiskosningar í Vesturlandskjördæmi. Hann var alþingismaður 1983–1987, en varaþingmaður kjörtímabilin á undan og eftir, tók þá sæti á þingi á árunum 1980, 1988–1990, sat á níu þingum alls.

Valdimar Indriðason ól allan aldur sinn á Akranesi og var margfróður um sögu byggðarlagsins. Hann var

á áttunda ári þegar faðir hans fórst í sjó. Hann varð vélstjóri eins og faðirinn og stundaði sjó nokkur ár, fór síðan til starfa í landi. Þar stjórnaði hann alla starfsævi sína umsvifamiklum og vaxandi atvinnurekstri við fiskvinnslu og ýmislegt henni tengt. Áhugasvið hans var rúmt og hann kom víða við í félagsstörfum og menningarmálum eins og fram kom í starfsferli hans sem rakinn hefur verið og er þó ekki nærri allt tínt þar til. Hann var um sextugt þegar hann sat á Alþingi. Hingað kom hann ríkur að reynslu og þekkingu á atvinnumálum og öðrum þjóðfélagsmálum og naut Alþingi þess í störfum hans í mörgum þingnefndum. Hann var félagslyndur og laðaði menn að sér til góðrar samvinnu með framkomu sinni. Alþingi naut ekki góðra starfa hans til lengdar, en heima á Akranesi vann hann mikið og heilladrjúgt ævistarf.

Ég vil biðja hv. alþingismenn að minnast Valdimars Indriðasonar með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Fundi slitið kl. 15:11.

---

77. FUNDUR

fimmtudaginn 26. jan.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Málefni fatlaðra, skýrsla, 289. mál, þskj. 362.
2. Mælingareglur skipa, stjfrv., 306. mál, þskj. 420. — 1. umr.
3. Köfun, stjfrv., 309. mál, þskj. 429. — 1. umr.
4. Skráning skipa, stjfrv., 313. mál, þskj. 453. — 1. umr.
5. Vegalög, stjfrv., 314. mál, þskj. 454. — 1. umr.
6. Atvinnuréttindi vélfræðinga, stjfrv., 315. mál, þskj. 459. — 1. umr.
7. Atvinnuréttindi skipstjórnarmanna, stjfrv., 316. mál, þskj. 460. — 1. umr.
8. Áhafnir íslenskra kaupskipa, stjfrv., 317. mál, þskj. 461. — 1. umr.
9. Vegáætlun 1995–1998, stjtill., 308. mál, þskj. 428. — Fyrri umr.
10. Vegasamband milli Austurlands og Norðurlands, þáltill., 137. mál, þskj. 144. — Fyrri umr.
11. Brú yfir Héraðsvötn hjá Flatatungu í Skagafirði, frv., 272. mál, þskj. 321. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Finnur Ingólfsson, 11. þm. Reykv.
Jóhanna Sigurðardóttir, 12. þm. Reykv.
Jón Baldvin Hannibalsson utanrrh.

Útbýting þingskjala:

Einkanúmer á ökutæki, 345. mál, þáltill. ÁJ o.fl., þskj. 566.

Gjaldþrot fyrirtækja, 201. mál, svar dómsmrh., þskj. 561.

Laun bæjarstjóra, 171. mál, svar félmrh., þskj. 564.

Verkaskipting ríkis og sveitarfélaga, 225. mál, svar félmrh., þskj. 563.

Varamenn taka þingsæti.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Borist hefur svohljóðandi bréf, dags. 24. jan. 1995:

„Þar sem Gunnlaugur Stefánsson, 5. þm. Austurl., getur ekki vegna sérstakra anna sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér með tilvísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis, samkvæmt beiðni hans, að óska þess að 1. varaþingmaður Alþfl. í Austurlandskjördæmi, Hermann Níelsson íþróttakennari, Egilsstöðum, taki sæti á Alþingi í fjarveru hans.

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegi forseti.

Sigbjörn Gunnarsson,
formaður þingflokks Alþýðuflokksins."

Hermann Níelsson hefur áður tekið sæti á Alþingi og er hann boðinn velkominn til starfa.

Þá hefur borist annað bréf, dags. 24. jan. 1995:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér með tilvísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska þess að 1. varaþingmaður Samtaka um kvennalista í Reykjavík, Guðný Guðbjörnsdóttir uppeldisfræðingur, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegi forseti.

Kristín Ástgeirsdóttir, 15. þm. Reykv."

Guðný Guðbjörnsdóttir hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðin velkomin til starfa.

Með réttu hefði átt að lesa þessi bréf í gær en af ástæðum sem öllum hv. þm. eru skiljanlegar þá var það ekki gert fyrr en í dag.

Málefni fatlaðra.

Skýrsla félmrh., 289. mál. — Þskj. 362.

[10:35]

Félagsmálaráðherra (Rannveig Guðmundsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég fylgi hér úr hlaði skýrslu um stöðu og þróun um málefni fatlaðra sem fyrrv. hæstv. félmrh., Jóhanna Sigurðardóttir, boðaði á liðnu ári að lögð yrði fram.

Ég vil taka það fram í upphafi að ég hef ekki átt þess kost að halda utan um gerð þessarar skýrslu þar

sem ég hafði nýlega tekið við embætti þegar skýrslan var lögð fram á Alþingi á alþjóðadegi fatlaðra í byrjun desember sl. Þó ég hefði kosið að tekið yrði með nokkuð öðrum hætti á viðfangsefninu var þess ekki kostur að fresta enn framlagningu skýrslunnar, svo mjög sem okkur var í mun að fá umræðu um þennan málaflokk en aðdragandi þess var m.a. sérstök samþykkt félmn. í tengslum við fyrsta alþjóðadag fatlaðra fyrir rúmu ári síðan.

Skýrslan fjallar um þrjú meginatriði.

Í fyrsta lagi er gerð grein fyrir stjórnsýslu málaflokksins einkum með tilliti til þeirra breytinga sem nýleg lög um málefni fatlaðra boðuðu.

Í öðru lagi er fjallað um framkvæmd laganna, annars vegar varðandi þjónustu við börn og fjölskyldur fatlaðra, og hins vegar fullorðna fatlaða.

Loks er fjallað um nokkur önnur atriði sem varpa ljósi á stöðu mála svo sem fræðslu fyrir starfsfólk sem starfar að málefnum fatlaðra, þróun útgjalda í málaflokknum hin síðari ár, ásamt stuttri hugleiðingu varðandi framtíðarsýn.

Það er að mínum dómi mikilvægt að skoða nútímann í sögulegu ljósi til að öðlast skilning á því sem er og ekki síður á því sem framtíðin kann að boða. Þess vegna vil ég hverfa eilítið aftur í tímann í því skyni að geta betur gert grein fyrir þeirri þróun sem ég tel að sé í gangi.

Fyrsta löggjöf um málefni fatlaðra var sett hérlendis árið 1936 er lög um fávitahæli tóku gildi. Þeim var ætlað að bæta úr aðhlynningu fávita, eins og þroskaheftir voru nefndir þá, enda var talið að Íslendingar væru langt á eftir allflestum menningarþjóðum að því er aðhlynningu og uppeldi þeirra snerti. Til þess tíma voru engin sérlög um þroskahefta heldur voru málefni þeirra tengd almennri löggjöf um framfærslu á vegum sveitarfélaga. Þannig var óþekkt að taka málefni þroskaheftra sérstökum tökum. Eftir því sem best er vitað er það fyrst árið 1930 með stofnun Sólheima í Grímsnesi að tekið er upp sérstakt úrræði fyrir þroskahefta. Sú stofnun tók 25 manns en við gildistöku laganna frá árinu 1936 voru um 200 þroskaheftir í landinu. Það var síðan með lögum um fávitastofnanir frá árinu 1967 sem ákveðið var að koma upp einni stórri stofnun, þ.e. ríkisreknu aðalhæli fyrir þroskahefta, til að tryggja þeim nauðsynlega þjónustu. Stór stofnun var talin þjóna best hagsmunum þroskaheftra, þar færi fram flokkun og greining og unnt væri að veita þjónustu með sérmenntuðu starfsliði. Reynslan hefði sýnt að þroskamöguleikar þroskaheftra væru mun meiri en áður hafði verið talið. Á stofnuninni skyldi bæði veitt uppeldis- og læknisþjónusta, þ.e. farið inn á bæði mennta- og heilbrigðismál.

Með reglugerð um félagslega þjónustu við andlega vanþroskað fólk frá árinu 1977 er farið að veita þroskaheftum utan stofnana gaum. Þar er m.a. kveðið á um heimilishjálp. Hér er því farið að nálgast sjónarmið nútímans. Með lögum um aðstoð við þroskahefta frá árinu 1979 er málaflokknum komið í fast skipulag hjá þremur ráðuneytum, heilbrrn., félmrn. og menntmrn. Með lögunum fær félagslegi þátturinn formlega séð sama vægi og menntamál og heilbrigðismál en áður var sá hluti sem ekki flokkaðist undir heilbrigðis- eða menntamál trauðla undir nokkurri stjórn.

Markmiðið með löggjöfinni var að tryggja þroskaheftum jafnrétti við aðra þjóðfélagsþegna og skapa þeim skilyrði til þess að lifa sem eðlilegustu lífi í samfélaginu. Lögin mörkuðu því tímamót bæði hvað varðar skipulag og hugmyndafræði. Komið var á nýju stjórnsýslukerfi sem fólst í skipun stjórnarnefndar með fulltrúum þriggja ráðuneyta og fulltrúum hagsmunasamtaka. Enn fremur var landinu skipt upp í átta þjónustusvæði með sérstakri svæðisstjórn á hverju svæði. Sveitarstjórnir áttu aðild að þeim stjórnum en að öðru leyti er ekki reiknað með aðild þeirra að málaflokknum á þeim tíma. Áfram er mikil áhersla á stofnanaþjónustu en framboð orðið fjölbreytt. Fámennar búsetustofnanir, sambýli, voru nýjung. Einnig sýnir fjárhagsaðstoð við framfærendur sem eru með fatlaða í heimahúsum nýjan hugsunarhátt.

Með lögum um málefni fatlaðra frá 1983 var gildissvið laganna rýmkað þannig að lögin tóku til allra fatlaðra, ekki einungis þroskaheftra. Þó var staða geðfatlaðra enn þá óljós. Vægi sveitastjórna jókst með þeim hætti að þær fá nú einnig aðild að stjórnarnefnd um málefni fatlaðra auk svæðisstjórna. Að öðru leyti er ekki um grundvallarbreytingar að ræða. Áfram er lögð áhersla á sambýli og sértæka þjónustu við fatlaða. Lögin leggja áherslu á nærþjónustu án þess að reikna sérstaklega með sveitarfélögum inn í þá mynd nema með sæti í svæðisstjórn eins og áður kom fram.

Með núgildandi lögum um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, takmarkast lögin við félagslega þáttinn og falla þar með undir eitt ráðuneyti, félmrn. Um heilbrigðis- og menntamál gilda almenn lög með sama hætti og um aðra þjóðfélagsþegna. Stjórnarnefnd er því ekki lengur samræmingarafl þriggja ráðuneyta en er ráðgefandi fyrir ráðuneytið auk þess að fara með stjórn Framkvæmdasjóðs fatlaðra eins og áður var. Svæðisstjórnir voru aflagðar en í þeirra stað komu svæðisráð sem fara með eftirlitsþáttinn og svæðisskrifstofur sem hafa á hendi framkvæmdina.

Gjörbreytt afstaða til sveitarfélaga kemur fram í lögunum og er stefnt að því að þau yfirtaki málaflokkinn að hluta til eða að öllu leyti. Í því samhengi ber á það að líta að á árið 1991 voru sett lög um félagsþjónustu sveitarfélaga. Auk þess tengist hugmyndin um aukið vægi sveitarfélaga að sjálfsögðu sameiningu sveitarfélaga, auknum möguleika þeirra til að taka aukin verkefni og stærri viðfangsefni heim í hérað.

Segja má að með stefnunni um að færa málaflokkinn til sveitarfélaga sé verið að ákveða að flytja málaflokkinn aftur heim þó þjónustan sé að sjálfsögðu gjörbreytt frá því sem var fyrr á öldinni.

Ný afstaða til búsetumála fatlaðra einkennir lögin. Sambýli er ekki eins ofarlega á baugi, þó ákveðið sé enn þá að halda uppi áætlun um byggingu þeirra, en nú skal stefnt að því að sem flestir fái tækifæri til að búa sjálfstætt í félagslegri íbúð með nauðsynlegri stoðþjónustu. Fráhvarf frá stofnanaþjónustu til stoðþjónustu er þannig rauður þráður gegnum lögin. Með stoð-

þjónustu er átt við margháttaða þjónustu við fatlaða utan stofnana til að stuðla að sem eðlilegustu lífi. Þessi nýi hugsunarháttur um aukna stoðþjónustu er í beinu samhengi við það að flytja málaflokkinn til sveitarfélaga en stoðþjónusta, svo sem heimaþjónusta, er rótgróinn þáttur í félagsþjónustu sveitarfélaga.

Auk heimaþjónustunnar kemur til sögunnar ný tegund stoðþjónustu, liðveisla, sem ætlað er að liðsinna fötluðum innan heimilis sem utan, stuðla að því að þeir geti búið sjálfstætt og tekið þátt í lífinu. Auk þess er að sjálfsögðu veitt heimahjúkrun samkvæmt almennum lögum.

Reynslan af þessu fyrirkomulagi lofar góðu. Framtíðarsýnin í búsetumálum fatlaðra er því að efla og standa vörð um þessa braut.

Í lögunum er sú stefna skýrt mörkuð að almenn þjónusta gangi fyrir sértækri þjónustu samkvæmt lögunum en þetta atriði var ekki nægilega skýrt í eldri lögum. Hvað félagslegri þjónustu viðvíkur er þetta enn eitt atriði sem tengist flutningi málaflokksins til sveitarfélaga þar sem þjónusta við fatlaða á að falla inn í aðra þjónustu við íbúa sveitarfélagsins. Skipun réttindagæslumanns fatlaðra er eitt af nýmælum laganna en honum er ætlað að sinna þeim sem búa á sambýlum, vistheimilum og öðrum sérstökum heimilum fyrir fatlaða þannig að fatlaðir geti leitað til hans með fjármál sín eða önnur einkamál. Í lögunum er tekinn af allur vafi um að geðfatlaðir falli undir lögin og skyldi gert átak í húsnæðismálum þeirra.

Eins og fram hefur komið hefur jafnrétti fatlaðra á við aðra verið sett á oddinn í lögum frá og með lögunum frá 1979 og gengið æ lengra á þeirri braut síðan. Reynt hefur verið að stuðla að aukinni þátttöku fatlaðra á öllum sviðum þjóðfélagsins. Þrátt fyrir að þjónustan hafi verið miðstýrð hefur með svæðafyrirkomulaginu markvisst verið leitast við að veita þjónustu í heimabyggð. Úrræðin á svæðunum eru fjölbreytt. Óþarft er að nefna almenna þjónustu svo sem heilbrigðis- og skólamál sem ég hef vikið að og aðgang að leikskólum. Af sértækri þjónustu samkvæmt lögunum má nefna fjölbreytta stoðþjónustu sem ýmist er ætluð börnum eða fullorðnum eðli máls samkvæmt. Má þar nefna fjárhagsaðstoð vegna barna í heimahúsum, stuðningsfjölskyldur, skammtímavistun, leikfangasöfn, félagslega hæfingu og endurhæfingu, aðstoð í atvinnumálum, liðveislu og ferðaþjónustu. Stofnanaþjónusta skiptist í tvennt, þjónustustofnanir og búsetustofnanir. Segja má að framangreind þjónusta hafi að mestu verið byggð upp eftir árið 1980.

Undanfarin ár hefur aðaláhersla innan málaflokksins verið á búsetumálum fatlaðra, einkum á sjálfstæðri búsetu og viðeigandi stoðþjónustu eins og áður hefur verið vikið að. Um 1980 voru búsetuúrræði fyrir fatlaða tæpast fyrir hendi nema á sólarhringsstofnunum, en vist á slíkum stofnunum samrýmdist ekki þeirri hugmyndafræði sem lög um fatlaða frá 1983 voru byggð á. Þá hófst uppbygging sambýla um land allt og var nokkurs konar andsvar við vist á sólarhringsstofnunum. Starfsemi sólarhringsstofnana hefur dregist saman og vistmönnum fækkað verulega. Sem dæmi um þetta má nefna lokun vistheimilisins Sólborgar á þessu ári og hafa vistmenn sem þar hafa búið flutt í sambýli í sinni heimabyggð.

Enn fremur hafa verið gerðar sérstakar ráðstafanir nú til að greiða fyrir útskrift af Kópavogshæli. Þannig er nú heimild í lögum um að nýta megi fjármagn úr Framkvæmdasjóði fatlaðra til að standa undir rekstri sambýla og er þá sérstaklega átt við sambýli fyrir vistmenn Kópavogshælis. Við útskrift af Kópavogshæli er áformað að stöðugildi flytjist með vistmönnum sem útskrifast af sambýli. En möguleikinn er að viðbótarstöðugildi greiðist af Framkvæmdasjóði fatlaðra. Í tengslum við áform um að Kópavogshæli verði endurhæfingar- og hæfingarstöð á vegum heilrbrn. mun starfshópur frá félmrn. og heilbr.- og trn. skoða hvernig og hve hratt áætla megi útskrift vistmanna af Kópavogshæli á sambýli eða í íbúðir og hvernig verði staðið að þjónustu við þá er ekki verða útskrifaðir. Jafnframt verður kannað hvernig tryggja má íbúum Kópavogshælis þjónustu samkvæmt lögunum um málefni fatlaðra sem vistmenn heilbrigðisstofnana eiga að óbreyttu ekki rétt á. Þetta er þáttur sem fulltrúar í félmn. Alþingis þekkja vel vegna þess að félmn. var mjög umhugað um að þessi þáttur yrði skoðaður í framhaldi af lagasetningunni sem tók gildi 1992, en það hefur ekki enn þá verið gengið frá hvernig fatlaðir einstaklingar með búsetu á Kópavogshæli gætu notið ýmissar þjónustu sem lögin kveða á um.

Svo vikið sé aftur að sjálfstæðri búsetu eiga sveitarfélög, félagasamtök og sjálfseignarstofnanir nú rétt á lánum úr Byggingarsjóði verkamanna til að koma sér upp íbúðum þannig að segja má að fjármögnun varðandi varðandi búsetumál sé að færast hægt og sígandi frá Framkvæmdasjóði fatlaðra til Húsnæðisstofnunar ríkisins. Þessi stefna í húsnæðismálum kallar á aukna þjónustu af hálfu sveitarfélaga, svo sem heimaþjónustu og liðveislu en einnig svokallaða frekari liðveislu sem veitt er samkvæmt lögum um málefni fatlaðra auk heimahjúkrunar. Hvað stoðþjónustunni viðvíkur hefur mikið verið lagt upp úr að þróa þá aðstoð sem felst í svonefndri frekari liðveislu, en sú þjónusta er viðbót við heimaþjónustu sveitarfélaga og er einkum veitt á kvöldin og um helgar. Frekari liðveisla er margháttuð og sniðin að þörfum hvers og eins. Reynslan er afar góð og er þjónusta þessi nú fjármögnuð úr Framkvæmdasjóði falaðra. Jafnframt er lögð áhersla á liðveislu á vegum sveitarfélaga en þar er átt við aðstoð við fatlaða í heimahúsum, ætluð til að forða þeim frá félagslegri einangrun, og að geta notið menningar og félagslífs. Þessi þjónusta er mikilvæg með tilliti til breyttra viðhorfa til húsnæðis- eða búsetumála fatlaðra eins og ég hef vikið hér að, en húsnæðismál fatlaðra eru að mínu mati eitt af mikilvægustu framtíðarmálum.

Hvað atvinnumálum viðvíkur verður að segjast að vegna hinnar miklu áherslu sem búsetumálin hafa haft að undanförnu hafa atvinnumálin ekki verið sett eins á oddinn en stefnt er að því að úr verði bætt. Í lögunum er kveðið á um atvinnuleit sem hefur það markmið að finna fötluðum vinnu á almennum vinnumarkaði. Jafn-

framt að fötluðum sé veitt viðeigandi aðstoð og ráðgjöf. Sem fyrr er í lögunum gert ráð fyrir vernduðum vinnustöðum en þó dregið úr áherslu þeirra. Rökin fyrir þessu nýju áherslum eru þau að annars vegar hefur komið í ljós að verndaðir vinnustaðir eru mjög fjármagnsfrekir og líklegt talið að fjármunum verði e.t.v. betur varið með því að stuðla að því að fatlaðir fái vinnu á óvernduðum vinnumarkaði, eða réttara væri að segja á almennum vinnumarkaði. Hins vegar hafa margir orðið til að draga í efa raunverulegt gildi verndaðra vinnustaða til hæfinga þar sem athuganir benda til að mörgum þeirra sem útskrifast á almennan vinnumarkað vegnar ekki alltaf vel. Ljóst er þó að verndaðir vinnustaðir henta ákveðnum hópi. Hér gildir sem endranær innan málaflokksins að fjölbreytni er af hinu góða.

Síðastliðin tvö ár hefur verið starfandi fimm manna nefnd á vegum félmrn. til að fjalla um atvinnumál fatlaðra og m.a. útfæra tillögur um hvernig megi auka þátttöku fatlaðra á almennum vinnumarkaði og í vernduðu starfsumhverfi. Í áfangaskýrslu bendir sú nefnd á að mjög brýna nauðsyn beri til að skilgreina betur en nú hin ýmsu úrræði í dagvistar- og atvinnumálum fatlaðra. Þannig verði að liggja ljóst fyrir hvað teljist raunveruleg atvinna og hvað flokkist undir hæfingu og þjálfun. Ætlunin er að leggja aukna áherslu á starfsþjálfun fatlaðra, bæði á vernduðum vinnustöðum og ekki síður í sérstökum starfsþjálfunarstöðum. Í þessu sambandi skal vakin athygli á að í athugasemdum við 3. gr. frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum frá 1994 kemur fram að stefnt skuli að sérstöku átaki í atvinnumálum fatlaðra til að auka möguleika þeirra á almennum vinnumarkaði. Annars vegar eigi að ná þessu markmiði með því að efla vinnu og verkþjálfun á hæfingarstöðum og dagvistarstofnunum og hins vegar með sérstakri liðveislu á vinnustað.

Nefndin hefur fjallað um viðfangsefnið í sex meginköflum og þeir eru: Almenn stefnumótun, atvinna og menntun, hæfing og endurhæfing, vinnumiðlun, vinnumat, starfsráðgjöf, viðhorf til fatlaðra á vinnumarkaði, tengsl atvinnu og bóta og sértæk úrræði.

Nokkur umræða hefur átt sér stað á undanförnum mánuðum varðandi kaup og kjör fatlaðra starfsmanna á vernduðum vinnustöðum. Í síðari áfangaskýrslu atvinnumálanefndarinnar sem ég nefndi hér áðan er fjallað um skilgreiningar á sértækum úrræðum og þar kemur eftirfarandi fram:

„Nefndin telur að grundvöllur þess að hægt sé að semja um kaup og kjör sé að menn þekki réttindi og skyldur hvers annars og að slík skilgreining sé einnig forsenda þess að hægt sé að ganga frá samningum þeirra fötluðu starfsmanna sem hér um ræðir. Enn fremur leggur nefndin til að stofnaður verði sérstakur starfshópur sem fjalli um launamál fatlaðra í verndaðri vinnu."

Hér er um þarfar ábendingar að ræða sem ráðuneytið mun taka afstöðu til þegar endanlegar tillögur liggja fyrir. Þá er ástæða til að vekja sérstaka athygli á því hversu góður árangur hefur náðst í starfsþjálfun fatlaðra í Hátúni 10 og það er mikilvægt að styðja vel við slíka starfsemi í framtíðinni. Starfsþjálfun fatlaðra hefur verið í fararbroddi varðandi ýmsar nýjungar í tölvukennslu og er það fagnaðarefni að starfsþjálfunin mun flytjast í nýtt og betra húsnæði næsta haust.

Svæðisskrifstofur hafa nýtt sér heimild til að ráða sérstaka starfsmenn sem eingöngu sinna atvinnuleit fyrir fatlaða og er komin margra ára reynsla í þessum efnum. Ákvæði um atvinnuleit komu inn í lög um málefni fatlaðra frá 1983 og var þá eitt af nýmælum í þeim lögum. Í tengslum um atvinnuleit og starfsþjálfun hefur verið leitast við að aðstoða fatlaða eftir að þeir eru komnir út á almennan vinnumarkað eftir því sem þörf er á og jafnframt að auka fræðslu um fötlun til annarra starfsmanna í fyrirtækjum. Svæðisskrifstofur hafa eftir aðstæðum unnið að atvinnumálum fatlaðra í samvinnu við hlutaðeigandi sveitarfélög og vinnumiðlunarskrifstofur þeirra.

Þjónusta við fötluð börn og aðstandendur þeirra hefur nánast veri byggð upp frá grunni á sl. áratug, eða eftir 1980, en fyrir þann tíma var hún varla til nema í afar takmörkuðum mæli. Aðstoð og þjónusta miðast við að fötluð börn geti alist upp hjá fjölskyldu sinni í stað þess að vistast til langframa á sólarhringsstofnun fjarri heimili sínu eins og tíðkaðist áður fyrr. Um er að ræða mjög fjölbreytta þjónustu á öllum svæðunum og má í því sambandi nefna eftirfarandi: Stuðningsfjölskyldur, skammtímaheimili, ráðgjöf og útlán í leikfangasöfnum, fjárhagslega aðstoð, dagvist í almennum leikskólum og sérstökum dagvistarheimilum, meðferðarheimili, sjúkraþjálfun, sérkennslu, dvöl á sumardvalarheimilum, ferðaþjónustu, svo og þjónustu Greiningarstöðvar ríkisins.

Enda þótt hér hafi verið tíunduð þjónusta við fjölskyldur fatlaðra barna sem þeim stendur nú til boða og hefur verið komið á fót sl. áratug er svipaða sögu að segja um þróun á þjónustu við fullorðna fatlaða. Hún hefur einnig verið byggð upp að langmestu leyti síðasta áratug. Þó ber að geta þess að lögin um endurhæfingu sem voru í gildi frá 1970–1984 stuðluðu talsvert að uppbyggingu verndaðra vinnustaða og endurhæfingarstöðva, einkum á höfuðborgarsvæðinu.

Mig langar að víkja að ferli- og aðgengismálum fatlaðra undir lok þessarar framsögu minnar, virðulegi forseti. Það er ljóst að núverandi ákvæði í skipulags- og byggingarlögum varðandi aðgengi fatlaðra tryggja ekki svo óyggjandi sé nauðsynlegt aðgengi. Það er því að nokkru leyti háð þekkingu, skilningi og velvilja hönnuða og yfirvalda hvort fullnægjandi lausnir fást fram. Þá ber einnig að geta þess að nákvæm hönnun margra svæða, svo sem gatna og margra útisvæða, er ekki háð samþykki skipulags- og byggingarnefnda eins og nú háttar til. Því er nauðsynlegt að setja um þau mál skýr ákvæði í lög og reglugerðir um skipulags- og byggingarmál.

Á umliðnum árum hefur vissulega margt þokast í rétta átt, einkum eftir að sveitarfélög voru hvött til að koma á fót ferlinefndum sem hafa beitt sér fyrir að bæta aðgengi opinberra stofnana og hafa eftirlit með að nýbyggingar séu þannig úr garði gerðar að reglum um aðgengi sé fullnægt. Þá má benda á að samkvæmt lög-

um um málefni fatlaðra er heimilt að verja allt að 10% af ráðstöfunarfé úr Framkvæmdasjóði fatlaðra til að bæta aðgengi og hefur umtalsverðum fjármunum verið varið vegna aðgengismála á undanförnum árum eins og kemur fram í skýrslunni. Um er að ræða t.d. lyftur í skóla og aðrar opinberar byggingar, enn fremur lagfæringar utan húss til að auðvelda fötluðum aðgengi. Sérstök ferlinefnd á vegum félmrn. hefur starfað síðan 1991 og er skipuð fulltrúum hagsmunasamtaka fatlaðra, fulltrúum hönnuða og fulltrúum stjórnvalda skipulagsmála. Ferlinefnd ráðuneytisins hefur sett fram tillögur um að í reglugerð verði sett ákvæði um umsagnarrétt hlutaðeigandi svæðisskrifstofu varðandi byggingarnefndir, sbr. 34. gr. laganna. Framtíðarstefna í ferli- og aðgengismálum fatlaðra hlýtur að verða að byggjast á víðtæku samstarfi milli þeirra aðila sem bera ábyrgð á skipulagi umhverfis, hönnun og eftirliti bygginga, svo og upplýsingum og ábendingum frá félögum fatlaðra sem gerst þekkja hvar úrbóta er þörf.

Virðulegi forseti. Búseta fatlaðra hefur þróast frá stofnunum til sambýla og nú er í auknum mæli horft til þess að fatlaðir búi í félagslegum íbúðum, þeir sem það geta. Vinnumiðlun og ráðgjöf, ýmis fræðsla og leiðbeiningar munu í auknum mæli verða á hendi sveitarfélaganna auk þeirrar þjónustu sem þegar er fyrir hendi, almennrar félagslegrar þjónustu, liðveislu og annarrar þjónustu sem í dag er veitt. Áherslan er þannig að smám saman minnki þörf fyrir sérlög í þágu fatlaðra og að þeir njóti þjónustu samkvæmt almennum lögum þar sem þeirra staða er tryggð. Þess vegna hlýtur framtíðarstefnan að verða sú að málefni fatlaðra flytjist í auknum mæli til sveitarfélaga á næstu árum og verði hluti af hinni almennu félagsþjónustu sveitarfélaga. Það er skoðun mín að þar verði málaflokknum best borgið og það er skoðun mín að með því að flytja málaflokkinn í heild til sveitarfélaga sem þá verða til þess búin að taka við málaflokknum eftir bæði sameiningu sveitarfélaga og þá ef ekki sameiningu sveitarfélaga, sameiningu félagsmálanefnda og samvinnu þar um, að það verði sem verði lyftistöng í þjónustu við þennan hóp. Reynslan sem fást mun af þeim sveitarfélögum sem taka að sér málefni fatlaðra sem reynslusveitarfélög verður ómetanleg við undirbúningi að flutningi málaflokksins.

Virðulegi forseti. Ég hef lokið máli mínu en kýs að minna á að bráðabirgðaákvæði II í lögum um málefni fatlaðra kveður á um að lögin skuli endurskoðuð innan fjögurra ára frá gildistöku þeirra. Á næsta ári verða liðin fjögur ár frá setningu laganna og því hlýtur sá tími brátt að nálgast að endurskoðun þeirra fari fram og mun ég beita mér fyrir að það verði undirbúið.

[11:03]

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. félmrh. fyrir þá skýrslu sem liggur fyrir um málefni fatlaðra og er hér komin til umræðu. Ég tel að sú skýrsla sem liggur fyrir sé gagnleg og bregði ljósi á stöðu þessara mála eins og hún er í dag. Það er svo að það má muna tímana tvenna í málefnum fatlaðra og ekki síst ef litið er enn lengra aftur í tímann þá má sjá skelfilegar skrifaðar heimildir um stöðu t.d. geðfatlaðra hér á landi og meira að segja ef bókmenntir þessarar aldar eru lesnar þá hafa þær sömu sögu að segja. Ég minnist þess og það er ekki lengra en rétt fyrir síðustu aldamót að það eru skrifaðar heimildir um það í mínu kjördæmi að ein sveitarstjórn hafi eytt heilum fundi í að ræða hvort ætti stækka trébúr fyrir geðfatlaðan mann. Sem betur fer sýnir þessi skýrsla að ýmsu hefur þokað áleiðis þó að stöðugt verði að halda áfram og að því markmiði að veita fötluðum sama rétt og öðrum þegnum í þjóðfélaginu.

Það hafa verið nokkrar breytingar í skipulagsmálum þessa málaflokks og m.a. hefur hann verið færður að fullu undir félmrn. sem ég tel rétt skref. Ég kýs að dvelja í þeim orðum sem ég flyt við þessa umræðu við það hvort og hvenær sé heppilegt að flytja þennan málaflokk til sveitarfélaganna en sú skipulagsbreyting hefur verið allnokkuð í umræðunni að undanförnu. Þau rök hafa verið færð fyrir því að það sé eðlilegt að þessi málaflokkur sé á hendi sveitarfélaga. Þau hafi með höndum félagsþjónustu við sitt fólk ef við megum orða það svo og það sé eðlilegt að þau hafi þjónustu við fatlaða eins og aðra. Það sé eðlilegt líka að auka ábyrgð heimamanna sem eru næst vettvangi í þessum málaflokki og það sé rétt að treysta á sveitarstjórnarmenn í þeim efnum og þeim sé treystandi til þess að fara með þennan málaflokk svo vel sé.

Það kemur fram að það hefur verið til umræðu að flytja þennan málaflokk til sveitarfélaganna þegar flutningi grunnskóla lýkur eða á árinu 1997–1998. Það kemur einnig fram að það er fylgi fyrir því í röðum sveitarstjórnarmanna og í röðum samtaka þeirra að þessi málaflokkur fari til sveitarfélaganna.

Ég vil aðeins minna á í þessum efnum að öll þessi umræða átti upphaf sitt þegar mikil áform voru um sameiningu sveitarfélaga og áætlun var í gangi í því efni. Síðan var kosið um þessa sameiningu og víða gerðist ekki mikið en þó miðaði verulega til sameiningar í ýmsum kjördæmum en sveitarfélögin í landinu eru enn þá mörg og smá. Ég vil hafa uppi þau almennu varnaðarorð að ef þessi flutningur fer fram þá verður að gæta þess að hann verði fötluðum til framdráttar, auki réttindi þeirra en minnki þau ekki og þessi flutningur leiði ekki til ruglings í yfirstjórninni í þessum málaflokki. Það er viss hætta á því ef gengið er of hart fram í þessu að lítil sveitarfélög hafi ekki afl til eða möguleika til að sinna þessu verkefni svo að vel sé en þetta er afar viðkvæmur málaflokkur og þarf í rauninni ekki að taka það fram hve áríðandi er að þessum málum sé vel sinnt og það þarf að gera í heldur stærri einingum en minni. Ég er á því að þessi flutningur verkefna verði að gerast í tengslum við stækkun sveitarfélaganna og ef verður engin þróun í þeim efnum þá verði að taka mið af því þegar þessi mál eru rædd.

Þetta er nú meginatriðið sem ég vildi koma á framfæri við þessa umræðu að vara við í þessum efnum, að það verði ekki hrapað að flutningi verkefna án þess að skoða það mál mjög vel hvort það verður til þess að

auka rétt fatlaðs fólks í landinu og þó að ég sé þeirrar skoðunar að þessi málaflokkur eigi að mörgu leyti betur heima í umjsá sveitarfélaganna en ríkisins.

Einnig verður að gæta þess að gera sveitarfélögunum kleift að annast þennan málaflokk. Ef það verður framhald á þessari þróun sem verið hefur núna síðustu árin þá fer staða sveitarfélaganna mjög versnandi. Hún hefur gert það núna síðustu 2–3 árin. Afkoma þeirra hefur versnað að mun og skuldir sveitarfélaganna hafa vaxið svo að sveitarfélögin hafa ekkert fjárhagslegt svigrúm til þess að taka við þessum málaflokki nema þeim verði gert það kleift með fjármunum. Þetta þarf að skoða mjög vel þegar þar að kemur ef það verður ákveðið að taka þetta skref.

Ég vil víkja örlítið að Framkvæmdasjóði fatlaðra sem er mikilvægur sjóður fyrir þennan málaflokk og hefur verið notaður til að byggja upp í þessum málaflokki. Nú hefur verið tekin ákvörðun um það að setja hluta sjóðsins í rekstur og ég ætla ekki að mæla því gegn út af fyrir sig. Það getur verið eðlilegt þegar framkvæmdum miðar fram að þá sé hluta fjármuna sjóðsins veitt í rekstur. Hins vegar var það ljóst að þetta var gert við síðustu fjárlagagerð án mikils samráðs við forustumenn fatlaðra og stjórn sjóðsins þannig að það kom fram í fjárlagaumræðunni og í umræðum félmn. Alþingis um málið að mikil verkefni í byggingum bíða sjóðsins, ekki síst hér á Reykjavíkursvæðinu. Það er eins og kom fram í ræðu hæstv. félmrh. uppi stefnumörkun í því að minnka dvöl á sólarhringsstofnunum og flytja fólk af þeim á sambýli eftir því sem kostur er. Þetta kostar fjármuni og það má gæta þess að rýra ekki svo framkvæmdamátt sjóðsins að hann sé ekki fær að standa undir sínum upphaflegu verkefnum.

Eitt brýnasta mál varðandi það að fatlaðir hafi sama rétt og aðrir í þjóðfélaginu eru ferilmálin. Ég vil ekki láta hjá líða að leggja mikla áherslu á þessi mál, að það verði allt gert sem unnt er til þess að bæta aðgengi fatlaðra. Ég er sammála hæstv. félmrh. í því að skipulagsmál og byggingarsamþykktir geta verið eðlileg tæki til þess að gera slíkt og auðvitað á ekki að ganga frá nýjum byggingum, hvorki byggingum einstaklinga né hins opinbera án þess að fatlaðir hafi þar möguleika á aðgangi. Byggingasamþykktir og skipulag eru lykilatriði í þessum málum og lausn verður aldrei fundin nema í samráði við þá aðila. Hins vegar þarf að hafa uppi eins og í nútímaþjóðfélagi yfirleitt áróður og fræðslustarfsemi í þessum efnum, ekki síst fyrir það að margar eldri byggingar eru þannig útbúnar að fatlaðir hafa ekki þar aðgang að.

Ég vil ljúka þessum orðum með því að leggja mikla áherslu á ferilmálin, að það verði einskis látið ófreistað til þess að vinna að því skipulagi mála að þar verði úr bætt eins og kostur er en því miður er langur vegur frá að viðunandi ástand sé í þessum efnum og það blasi við öllum sem vilja skoða slíka hluti.

Ég endurtek að ég tel þessa skýrslu til mikils gagns og gagnlegt að ræða hana og stöðu fatlaðra í heild og gera sér grein fyrir hvernig þau mál standa og það sé gott vegarnesti fyrir frekari átök í þessum efnum.

[11:16]

Guðrún J. Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er þakkarvert að fá skýrslu sem þessa og þyrfti að vera í miklu fleiri málaflokkum en raun ber vitni. Þessi skýrsla, eins og hæstv. félmrh. gerði grein fyrir, byrjar á því að segja frá breytingum í þjónustustefnu gagnvart fötluðum en eins og síðasti ræðumaður sagði er það hárrétt að mjög miklar framfarir hafa orðið á þessari öld á Íslandi. Fyrir þúsund árum var ort hér á Norðurlöndum í Hávamálum vísa sem fjallaði einmitt um það hve fatlaðir gætu tekið mikinn og merkan þátt í atvinnulífinu og er það alls ekki ný bóla á Norðurlöndum að hugsa sér að fatlaðir taki virkan þátt í því ólgandi atvinnulífi sem er utan við þær vinnubúðir eða vinnuheimili sem hafa verið til fyrir fatlaða. Allir þekkja þessar ljóðlínur:

Haltur ríður hrossi,
hjörð rekur handarvanur.

Þetta eru ævaforn orð sem hefur verið vitnað í um aldur hér á Íslandi og það er einmitt þetta sem stefnt er að í þessum lögum að fólk fái möguleika á því að nota krafta sína í samvinnu við aðra sem heilbrigðir eða ófatlaðir eru.

Það er vafalaust til bóta að stefna að þessu. Eigi að síður held ég að það geti aldrei farið hjá því að verndaðir vinnustaðir verði að vera fyrir hendi og ég vil benda á það að í skýrslunni stendur að vinnumiðlun Reykjavíkur hefur sérstaka starfsemi sem finnur vinnu fyrir fatlaða en þar eru á skrá um 100 manns sem ekki hafa fengið vinnu. Af þeim eru 65 sem vilja fá vinnu á vernduðum vinnustað en 35 sem vilja fá vinnu úti í samfélaginu. Þetta segir mér það að við megum ekki gleyma því að þeir sem eiga að fá þessa þjónustu vilja líka verndaða vinnustaði og mig langar til að spyrja hæstv. félmrh. hvort hún hafi ekki tekið sérstaklega eftir þessu og hvort ekki sé rétt að gæta þess vandlega að ráða ekki fyrir fólkið heldur fara að þess eigin óskum og ráðum. Mig langaði aðeins að benda á þennan þátt í þessu.

Við vitum það líka að um leið og harðnar á dalnum í atvinnulífinu þá verður erfiðara að finna vinnu fyrir fólk sem er heft að einhverju leyti og því verður áreiðanlega ekki hægt að leggja niður verndaða vinnustaði á komandi árum því að ég sé ekki að atvinnuleysið muni minka neitt á komandi árum hér heima á Íslandi.

Það er afskaplega margt gott í þessari skýslu og þar segir frá mörgu sem hefur orðið til stórra bóta. Eitt af því er tilkoma stuðningsfjölskyldna sem er að vísu ekki alveg nýtt af nálinni heldur 10 ára gömul regla. En mig langar í sambandi við stuðningsfölskyldur að spyrja hæstv. félmrh. hvort því sé enn þá þannig varið eins og var fyrir tveimur árum að stuðningsfjölskyldur voru skattlagðar ekki aðeins fyrir launanum sem þær hlutu fyrir að annast hinn fatlaða heldur líka fyrir því fé sem þær þurftu að fá til þess að kaupa vistir og aðrar nauðsynjar fyrir fatlaða. Þetta er vandamál sem ég vissi að var fyrir tveimur árum og mig langar að vita hvort ráðin hefur verið bót á þessu.

Það er án efa til stórra bóta að færa málefni og úr-

bætur eða þjónustu fyrir fatlaða til sveitarfélaganna vegna þess að hver maður þarf að fá þjónustu sem næst sínum uppruna og heimilisstað. Allt það sem hefur verið gripið til til að létta hverri fjölskyldu róðurinn er stórgott, skammtímavistunin er til mikilla bóta, sumardvöl í sveit og liðveislan. Og ég tel t.d. að liðveislan sé eitt af því merkilegasta sem hefur komið fram hér á síðustu árum. Liðveislan er ekki síst veitt fólki sem er kannski á mörkum þess að geta bjargað sér sjálft en á við að etja geysilega einsemd í tilverunni vegna þess að það eru svo fáir sem þeir geta í rauninni blandað geði við og eignast að vini. Þess vegna held ég að einmitt þetta liðveisluúrræði sé eitt það merkilegasta sem hefur fram komið í þessari þjónustu á síðustu árum.

Hvað viðkemur þjónustu við þá sem eldri eru var rætt mjög mikið um búsetuþjónustuna og að færa búsetuna inn á einbýli þar sem fólk getur búið eitt og sér. Þetta orkar líka tvímælis og ég minni aftur á einsemdina sem fatlað fólk þjáist oft af. Í sambýlum hefur það að sjálfsögðu oft samvistir og getur blandað geði við fólk sem það skilur vel og skilur það. Ég held að það þyrfti að breyta sambýlunum. Ég held aftur á móti að það þyrfti að breyta sambýlunum þannig að sambýlin væru sett saman úr smáum íbúðum fremur heldur en einu og einu herbergi. Eins og ég hef stundum séð á þessum sambýlum er oft eitt herbergi og það ekki stórt sem hver maður hefur og svo setustofu eða sameiginlegt rými. Það mætti fara þarna milliveg og búa út sambýli sem væri samsett úr smærri íbúðum þannig að fólk gæti valið sér að vera eitt út af fyrir sig við notalegar aðstæður en sótt inn í félagsskap þegar því fyndist að það þyrfti á að halda.

Í sambandi við sambýlin langar mig að koma inn á eitt mál. Það er það að hér á Íslandi eru svona 30–40 manns sem eru daufblindir, þ.e. bæði blindir og heyrnarlausir. Úrræðin fyrir það fólk hafa verið sárafátækleg hingað til. Þetta fólk var í rauninni kannski pínulítið í felum, fólk vissi ekki af því að það væri svona mikið af þessu fólki til hér á landi, við gerðum okkur ekki grein fyrir því, en síðan þegar farið var að veita fólki sem var bæði blint og heyrnarlaust þjónustu þá kom fleira og fleira í ljós. Ég held að sambýli t.d. fyrir fólk sem hefur þessa tvöföldu fötlun sé stórnauðsynlegt. Það er vegna þess að fólk þarf að fá þjónustu, mjög mikla og sérhæfða þjónustu, og hún verður auðvitað dýr en það er hægt að veita nokkrum saman þjónustu einnar manneskju, kannski tveimur til þremur saman í staðinn fyrir þá þjónustu sem einn maður fær. Þarna finnst mér t.d. að sambýli eigi sannarlega rétt á sér, en slíkt sambýli er mér vitanlega ekki til á Íslandi í dag.

Það er eðlileg þróun að stofnanir þar sem margir eru saman í herbergi eða hrúgað er saman fólki sem er heilt að öðru leyti en því að það hefur einhverja fötlun hverfi að sem mestu leyti. Ég álít heillaríka stefnu að útrýma þeim stofnum fyrst og fremst því að fólkið er ekki veikt í sjálfu sér. Það þarf ekki sjúkrahús fyrir fólkið heldur dvalarstað og heimili þar sem fólkið finnur að það á sér virkilegt athvarf og samastað.

Ég er búin að minnast á atvinnumál fatlaðra. Stefnan er að draga úr vernduðum vinnustöðum en ég satt að segja dreg mjög í efa að það sé í rauninni það sem er nauðsynlegast á næstunni. Atvinnuleitin sem farið er að iðka mjög a.m.k. í sumum kjördæmum og ég þekki þó nokkuð héðan úr Reykjavík held ég að hafi skilað geysilega góðum árangri. En það eru líklega ekki nógu margir sem vinna á hverjum stað til þess að þjónustan sé eins virk og þyrfti að vera. Ég held nefnilega að þegar búið er að finna vinnu handa fötluðum einstaklingi þá þurfi að fylgja honum ráðgjöf áfram og liðveisla eða leiðbeiningar. Ég veit raunar dapurleg dæmi þess þegar hendinni er sleppt af viðkomandi aðila fer hann út af sporinu og þessa dagana veit ég að það sendur til að segja viðkomandi aðila upp vegna þess að hann hefur ekki haft getu til þess að rata þá leið sem hann þarf að gera í störfum. Ég held að í þessu tilfelli og raunar sjálfsagt fleiri mundi þetta ekki hafa gerst ef leiðbeinandi eða ráðgjafi hefði fylgt honum áfram eftir og þá á ég ekki bara við í nokkra mánuði heldur kannski nokkur ár. En atvinnuleitin sem ég þekki nokkuð til héðan úr Reykjavík reynist afskaplega vel og það er gott fólk sem hefur unnið þar merk störf og ég vil leyfa mér að þakka henni fyrir það sem ég hef séð hana gera hér á Reykjavíkursvæðinu. Ég dreg ekki í efa að eins sé annars staðar.

Hvort verndaðir vinnustaðir geti líka virkað eins og hæfingarstöðvar ætla ég ekki að dæma um. En ég geri ráð fyrir því að það mætti hugsa sér að fólk færi af vernduðum vinnustað inn á hæfingarstöð og síðan út í atvinnulífið. Þróunin þyrfti að vera sú. Ég vil beina því til hæstv. félmrh. hvort það sé ekki leið sem rétt er að fara a.m.k. í mörgum tilfellum.

Um starfsþjálfun fatlaðra fór hæstv. félmrh. jákvæðum orðum sem vonlegt er því að hún hefur unnið gott starf og ég þekki einnig allvel til þeirrar starfsemi. Þó er sláandi að hún hefur ekki getað veitt viðtökur nema allt of litlum hluta þeirra sem sækja um að komast í nám. Þetta er náttúrlega dapurlegt og þó svo að eigi að bæta úr því á næstunni held ég að það mætti gjarnan gera eitthvað til bráðabirgða líka, einkum eigi að fara að byggja til að bæta úr þessum málum því að fyrir fatlaða er lífsnauðsyn að geta fengið góða þjálfun sem fyrst.

Árið 1964 gengu rauðir hundar og þá fæddust börn mæðra sem höfðu fengið rauða hunda á meðgöngu og ég ætlaði að gera allnokkurt mál úr því. (Forseti hringir.) Ég kannski fæ að tala aftur því að ég er alls ekki búin að segja allt sem ég vildi segja um þennan málaflokk.

(**Forseti** (VS)**:** Eins og hv. þm. er vafalaust kunnugt um er henni heimilt að taka aftur til máls í þessari umræðu.)

[11:32]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það er fagnaðarefni að málefnum fatlaðra skuli gert svo hátt undir höfði að flytja um málaflokkinn sérstaka skýrslu og taka hana til umræðu á Alþingi. Ég vil láta koma fram að skýrslan er að mínu viti verulegur áfangi í framfaraátt í þessum mála-

flokki. Ég vænti þess að það verði árlegur viðburður héðan í frá að þingheimur taki þennan málaflokk til umfjöllunar, hlýði á skýrslu ráðherra og síðan skiptist menn á skoðunum um málaflokkinn í framhaldi af því.

Skýrslan ber það með sér að menn hafa byggt upp þjónustu í þessum málaflokki á undanförnum áratugum, þó einkanlega á síðasta áratug. Eins og gefur að skilja þegar menn byrjuðu fyrir 10–12 árum að mál komu með tiltölulega nýjum hætti en lítið hafði verið gert fram að því. Í heildina tekið hefur áunnist ákaflega mikið á þessum tíma og menn hafa náð verulegum árangri á mörgum sviðum í þessum málaflokki. Það er fagnaðarefni og ég held að allir stjórnmálaflokkar hafi í reynd verið sammála um þessa uppbyggingu hvort sem þeir hafa á hverjum tíma verið í stjórn eða stjórnarandstöðu. Því er hins vegar ekki að leyna að skýrslan ber það með sér að ýmislegt af því sem sett var inn sem nýmæli í síðustu löggjöf 1992 hefur átt erfiðar uppdráttar en ætlað var vegna fjárskorts. Ég vil fyrst og fremst benda á svokallaða liðveislu sem var eitt af nýmælunum í þeirri löggjöf og kannski það atriði sem menn bundu öðru fremur miklar vonir við en því miður hefur reyndin orðið sú að í þennan þátt hefur fengist minna fé en ætlað var og menn hafa náð ákaflega litlu fjármagni af fjárlögum til þessa þáttar. Mest af peningunum sem í þetta hefur farið hefur verið tekið úr Framkvæmdasjóði fatlaðra en sá sjóður var ekki ætlaður til þeirra hluta upphaflega. En það hafa menn gert auðvitað af neyðinni. Menn hafa ekki náð árangri í beinum fjárveitingum á fjárlögum og farið þá þessa leið fremur en að fá ekkert. Ég get alveg fallist á að það er betra að gera það en fá ekkert hjá þeim en þetta er slæmur kostur að mínu mati.

Þá hefur fjárskorturinn orðið til þess að menn hafa skilgreint hugtakið „liðveisla“ og sérstaklega þann hluta þess sem ríkið á að borga, svokallaða frekari liðveislu, ákaflega þröngt og þar með girt vel fyrir hlut ríkisins í þessu máli og byrjað skilgreiningar á þessu hugtaki þannig að menn hafa farið ákaflega varlega hvað ríkissjóð varðar. Ég vonast hins vegar til þess að hugur ráðherra og annarra sem að þessu máli koma daglega standi til þess að sækja áfram hvað þennan þátt varðar.

Ég vil þá láta koma fram nokkur atriði sem ég tel vanta í skýrsluna eða hefði óskað eftir að hún segði meira um en raun ber vitni. Ég tel að meiri upplýsingar vanti í skýrsluna um það hvernig sveitarfélögin standa að þessum málum hjá sér þannig að við höfum betra yfirlit yfir framkvæmdina eins og hún er en við höfum í dag. En upplýsingar um það er ákaflega erfitt að nálgast, a.m.k. upplýsingar heildstætt um landið og því væri vel þegið ef ráðuneytið legði sig fram um að taka saman upplýsingar um þjónustu sveitarfélaga. Þar má nefna liðveislu ef fengjust upplýsingar um það hvernig sveitarfélög standa að henni og hversu miklum fjármunum þau verja til þess þáttar árlega. Ég nefni ferlimál og aðgengi. Það hefði verið forvitnilegt ef fram hefði komið einhver heildstæð samantekt um hversu mörg sveitarfélög hefðu skipað nefndir um ferlimál og aðgengi og hvernig starfsemi þeirra nefnda hefði verið háttað í aðalatriðum.

Þá hefði líka verið mjög forvitnilegt að hafa upplýsingar um hvernig til hefur tekist með ferðaþjónustu fatlaðra eftir að sveitarfélögin tóku við þeim málaflokki frá ríkinu fyrir einu og hálfu ári ef ég man rétt, en um það var samið á sínum tíma að þessi málaflokkur færi frá ríkinu til sveitarfélaganna eins og gerð er grein fyrir í skýrslunni. Ég hef ekki heildstætt yfirlit yfir þessa breytingu og get því ekki lagt mat á það hvort hún hafi tekist vel eða ekki og vil auðvitað ekki gera það fyrr en upplýsingar liggja fyrir um það. En ég vil segja að þær brotakenndu upplýsingar sem ég hef um þessa tilfærslu eru mjög misvísandi og því miður eru nokkrar þeirra á þann veg að þjónusta fatlaðra hafi versnað við það að sveitarfélögin tóku við málaflokkinum. Ég vildi því skora á ráðherra að beita sér fyrir úttekt á þessari breytingu og ég efast ekki um að samtök sveitarfélaga ljái henni stuðning og liðsinni við þá úttekt en ég tel afar þýðingarmikið að fá þá úttekt sem fyrst þannig að menn geti metið breytinguna og hvort menn þurfi að gera bragarbót á einhverjum stöðum, hvort heldur með því að ráðuneytið beiti sér gagnvart sveitarfélögunum eða hvort þörf er á frekari lagasetningum.

Þá finnst mér líka að sjónarmið aðila sem eru að framkvæma núgildandi lög vanti í skýrsluna og þar sem fram komi upplýsingar um hvernig breytingarnar í lögunum reynast að þeirra mati. Þar vil ég nefna fulltrúa svæðisráða en eins og mönnum er kunnugt um var þessi málaflokkur rekinn með nokkurs konar heimastjórn, svæðisstjórn sem náði yfir kjördæmi og fór með framkvæmdarvald málaflokksins heima í héraði. Það var lagt af og tekin upp bein stjórn frá ráðuneytinu, en í þess stað tekin upp eftirlitsnefnd, svokallað svæðisráð, heima í héraði sem átt að hafa eftirlit með framkvæmd laganna og tillögugerð til svæðisskrifstofu og ráðuneytis um tiltekin mál samkvæmt lögunum. Það væri fróðlegt að fá sjónarmið þeirra sem eru í svæðisráðunum um hvernig þeim finnst þessi lagabreyting vera, hvort þeim finnist þetta vera fyrirkomulag sem menn eigi að styrkja eða hvort þörf er á bæta um eða jafnvel að breyta.

Þá hefði verið fróðlegt ef í skýslunni hefðu líka komið fram sjónarmið samtaka fatlaðra um einmitt þessi helstu atriði í lagabreytingunum frá lögunum 1992 en þá voru algerlega ný lög sett og margar breytingar gerðar. Mér finnst að menn ættu í svona skýrslu, ekki endilega á hverju ári en a.m.k. einu sinni, að gera grein fyrir sjónarmiðum þessara aðila til breytinganna hvernig reynslan er. Ég bið ráðherra að taka þetta niður til athugunar og umhugsunar.

Þá vil ég nefna að skýrslan er fáorð um málefni geðfatlaðra. Ég rifja upp að árið 1991 skipaði þáv. félmrh. sérstaka nefnd til að gera athugun á málefnum geðfatlaðra og tillögum til úrbóta. Sú nefnd skilaði tillögum sínum í apríl 1991 og greindi vandann og væri fróðlegt að fá upplýsingar hæstv. ráðherra um hvernig hafi miðað að uppfylla tillögur nefndarinnar.

Ég vil rifja aðeins upp úr skýrslu nefndarinnar. Hún lagði mat á vandann þannig að þarna væru samtals um

124 aðilar sem þyrftu á úrlausn að halda tiltölulega skjótt og greindi það í þrennt. Í fyrsta lagi þyrfti að koma upp sambýli fyrir þá einstaklinga sem þyrftu sólarhringsumönnun. Í öðru lagi voru þeir sem dygði dagleg umönnun en þyrftu ekki vakt eða starfsmenn að næturlagi. Og í þriðja lagi þyrfti að koma upp íbúðum fyrir suma þeirra, bæði einstaklingsíbúðir og íbúðir þar sem fleiri gætu verið saman og væru tiltölulega sjálfbjarga með daglegar athafnir en þyrftu stuðning.

Í framhaldi af þessari greiningu langar mig að lesa stuttan kafla úr skýrslunni, með leyfi forseta, sem er svohljóðandi:

„Eitt þeirra mörgu atriða sem fram koma í þessari athugun og starfshópurinn vill vekja sérstaka athygli á er skortur á markvissu samstarfi milli þeirra aðila sem láta sig varða málefni geðfatlaðra. Þessu til útskýringar skal bent á að sami einstaklingur sem þarf á raunhæfri úrlausn að halda er oft skjólstæðingur margra aðila um langan tíma án þess að vandi hans sé leystur á viðunandi hátt. Þannig má geta þess að af þessum 124 manna hópi voru 42 einstaklingar sem voru skjólstæðingar 2–5 stofnana sem höfðu með mál þeirra að gera án þess að vandamál þeirra væru leyst að því er virtist."

Nefndin gerði nokkrar tillögur og ég vil geta tveggja tillagnanna sem eru fyrst nefndar. Sú fyrri er að lagt var til að skipuð yrði samráðsnefnd um málefni geðfatlaðra tímabundið til fjögurra ára sem hafi það hlutverk að samræma aðgerðir og þjónustu opinberra aðila og félagasamtaka í þessum málum.

Í öðru lagi lagði starfshópurinn til að á næstu fjórum árum yrði komið á fót a.m.k. sextán sambýlum fyrir geðfatlaða í samræmi við þá greiningu sem þeir ættu áður á þessum hópi.

Nú vil ég spyrja hæstv. ráðherra: Hvernig hefur miðað að vinna úr tillögum þessarar nefndar ráðherrans frá 1991? Hvað hefur mikið áunnist við að uppfylla þær tillögur sem lagðar voru fram á þeim tíma og réttilega getið um af hálfu ráðherra og nefndarinnar að væri eitt allra brýnasta úrlausnarefnið í þessum málaflokki?

Virðulegur forseti. Ég sé að tíma mínum er að ljúka og vil því segja örfá orð í lokin um þá stefnumörkun ráðuneytisins að flytja málaflokkinn til sveitarfélaga. Ég hef ekki lýst yfir andstöðu við þau áform en ég verð þó að segja að það vefst dálítið fyrir mér að átta mig á því hvernig menn ætla að fara að því sérstaklega eftir þá kúvendingu sem varð með nýju lögunum 1992 að taka upp beina stýringu ráðuneytisins á þessum málum þar sem forstöðumenn svæðisskrifstofa eru ráðnir af ráðherra beint og aðrir starfsmenn ýmist ráðnir af ráðuneyti eða forstöðumanni. Hér er um að ræða beina miðstýringu og ráðuneytið er að byggja upp þessa starfsemi með þessum hætti sem nær yfir svæði eða kjördæmi í hverju og einu tilviki. Það vefst fyrir mér að sjá fyrir mér hvernig menn ætla að færa þessa þjónustu yfir á sveitarfélögin, sem kunna að vera fjögur til fimmtán eða eitthvað slíkt í hverju kjördæmi, nema brjóta niður þá uppbyggingu og starfsemi sem menn hafa komið á fót. Þessu held ég að menn verði að velta betur fyrir sér auk þess sem mér finnst að menn þurfi að ræða betur hvað það er sem menn ætla að flytja til sveitarfélaganna, hvernig og hvenær.

[11:47]

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil eins og aðrir sem hér hafa tekið til máls þakka hæstv. ráðherra fyrir þá skýrslu sem hér liggur fyrir. Það hefur ekki orðið umræða um málefni fatlaðra síðan ítarleg umræða fór fram varðandi lagabreytinguna sem tók gildi í september 1992. Þá fór fram mikil umræða um málefni fatlaðra og ég tel að þá hafi náðst samkomulag sem er mjög mikilvægt. Það kom einmitt fram í þessari skýrslu að lögin sem samþykkt voru á hinu háa Alþingi hafa komið skjólstæðingum til góða á flestan hátt. Þó er ýmislegt sem veldur vonbrigðum, það er ávallt þannig. Það var sérstaklega eitt atriði sem ég vil gera að umræðuefni sem við ræddum mikið í tengslum við lagabreytinguna 1992 en það er varðandi Kópavogshælið. Kópavogshæli var skilið eftir nokkuð í lausu lofti og það kemur líka fram í þessari skýrslu að málefni Kópavogshælis eru eins og þau voru þá. Það hefur lítið gerst. Það þurfum við sérstaklega að taka til skoðunar.

En skýrslan sem hér liggur fyrir er mjög mikilvæg. Hún er mjög mikilvæg við þá endurskoðun sem fer fram á lögunum sem nú eru bráðum þriggja ára gömul. Ég tel því að verkið sé hálfnað við endurskoðunina einmitt með þessari skýrslu. Ég vil taka undir með þeim sem hér hafa talað og sagt að það ætti að vera árlegur viðburður að ræða hér um málefni fatlaðra. Fötluðum hefur verið helgaður einn dagur árlega, 3. des., og við ættum að nýta störf Alþingis 3. des. ár hvert til að ræða þessi málefni þangað til að jafnrétti hefur náðst í þessum málaflokki og við þurfum ekki lengur sérlög varðandi málefni fatlaðra. Það er auðvitað sú stefna sem allir vilja að sé framfylgt.

Það eru ýmsar spurningar sem vakna og hv. síðasti ræðumaður minntist á ýmis mál sem ég hefði gjarnan viljað koma inn á varðandi það sem ekki stendur í skýrslunni. Ég tel einmitt mjög mikilvægt þegar menn eru að tala um þessa tilfærslu í dag, að færa þennan málaflokk alfarið yfir á sveitarfélögin, að þessi svör liggi fyrir. Þá tek ég sérstaklega t.d. varðandi liðveislu og sérstaka liðveislu. En eins og hv. þm. vita er liðveisla greidd af sveitarfélögum en sérstök liðveisla af ríki sem ég tel kannski ekki gott að svo nátengdur og líkur stuðningur sé greiddur á tvennan hátt. Það á að vera á einni hendi. Ég veit að það er mjög mismunandi hvað sveitarfélögin hafa lagt mikið til þessa málaflokks varðandi liðveisluna.

Það var fleira sem hv. þm. kom inn á sem ég tel mikilvægt að verði í næstu skýrslu sem verður vonandi 3. des. næsta ár varðandi geðfatlaða og ferðaþjónustu fatlaðra og aðgengi fatlaðra. Það er eitt af því þegar við förum að tala um flutning yfir til sveitarfélaga þá væri gaman að taka hvert sveitarfélag út af fyrir sig varðandi aðgengi fatlaðra og hvar menn eru staddir þar.

Mig langar að spyrja sérstaklega varðandi stuðningsfjölskyldurnar. Hv. 18. þm. Reykv. kom inn á það áðan. Það er þannig, því miður, að þrátt fyrir það að stuðningsfjölskyldur hafa reynst afskaplega vel, bæði foreldrum og þeim einstaklingum sem hafa notið þess að vera á heimilum sem hafa tekið að sér fatlaða, þá næstum fyrirverða foreldrar sig fyrir að þurfa að fá slíkar stuðningsfjölskyldur vegna þess að greiðslan til þeirra er svo skammarlega lág. Mig langar til að fá nákvæmar tölur frá hæstv. ráðherra um hvað stuðningsfjölskyldum er greitt fyrir þetta mikilvæga starf. Eins að við fáum svör við spurningum sem hv. 18. þm. Reykv. spurði áðan varðandi skattlagninguna.

Mig langar líka að spyrja varðandi Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. Það kemur fram í þessari skýrslu að það eru 150 nýir einstaklingar ár hvert sem nýta sér þjónustu Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins og 300 einstaklingar sem koma þar árlega. Greiningarstöðin er byggð upp á mjög mikilli sérfræðiþekkingu og til þessarar þjónustu koma einstaklingar alls staðar að af landinu. Mig langar að spyrja hæstv. ráðherra hvort ekki sé til umræðu að sérfræðingar fari meira út á land og nálgist þá einstaklinga sem þurfa þessarar aðstoðar við vegna þess að það er mjög mikið rask fyrir þær fjölskyldur sem þurfa kannski að vera langdvölum í Reykjavík vegna fatlaðra barna sinna.

Mig langar að fara aðeins inn á atvinnumál fatlaðra en það sem er kannski elst í skýrslunni er varðandi atvinnumálin. Sumt af því er nokkuð úrelt, þær upplýsingar eru frá 1992. Ég tel að á allra síðustu tímum hafi málefnin varðandi verndaða vinnustaði og atvinnumál fatlaðra farið sífellt halloka í þjóðfélaginu. Það er æ erfiðara fyrir fatlaða að fá vinnu úti á hinum almenna vinnumarkaði og á sama tíma eru verndaðir vinnustaðir að draga saman seglin vegna fjárskorts. Þetta er því afskaplega erfitt mál. Þær upplýsingar sem hér eru eru ekki nákvæmar varðandi þessi mál því ég hef fylgst með þeim. Svo bætist við að nú eru komnar nýjar reglur á vernduðum vinnustöðum þannig að allir sem eru 67 ára og eldri hætta störfum. Það er líka nýtt. Ég tel það vera rétta stefnu að fatlaðir einstaklingar séu úti á hinum almenna vinnumarkaði og verndaðir vinnustaðir séu þjálfunarstöðvar fyrir hinn almenna vinnumarkað. Og ég tel afskaplega hollt fyrir heilbrigða einstaklinga að vinna með fötluðum einstaklingum. Þó ekki sé horft nema á það eitt þá sé það mjög mikilvægt fyrir okkur sem heilbrigð eigum að kallast að kynnast þrautseigju þessara fötluðu einstaklinga svo ekki sé talað um það hvað fatlaðir einstaklingar eiga betur heima í hinu almenna lífi en lokaðir inni á vernduðum vinnustöðum þó ágætir séu og nauðsynlegir.

Mig langar að fara nokkrum orðum um það málefni sem hér er nú kannski efst á baugi varðandi málefni fatlaðra þessa dagana, þ.e. hvort eigi að færa málaflokkinn alfarið yfir til sveitarfélaga. Hér hefur komið fram að nokkur sveitarfélög, mér skilst að fimm sveitarfélög hafi beðið um að taka þessi málefni til reynslu og mig langar að fá upplýsingar um það hjá hæstv. félmrh. hvaða fimm sveitarfélög það eru sem vilja taka þennan málaflokk að sér. Mig grunar nefnilega að það séu allt stór sveitarfélög. Út af fyrir sig er allt gott um það að segja en málið er einfaldlega það að í stærri sveitarfélögum er búið að byggja þennan málaflokk tiltölulega vel upp af ríkinu. En aftur á móti hafa minni sveitarfélög notið þessarar þjónustu og farið til stærri sveitarfélaga og fatlaðir einstaklingar hafa flutt þangað til að njóta þessarar þjónustu. Ég er að tala um þetta vegna þess að ég er hrædd um að minni sveitarfélög verði út undan við þennan tilflutning og það má ekki gerast. Það verður að ganga þannig frá endum að allir séu jafnir gagnvart þessum lögum. Við vitum að það er miklu auðveldara í stærri sveitarfélögum að þjóna þessum einstaklingum heldur en í þeim minni. Það verður að ganga frá öllum þessum endum áður en tilflutningur á sér stað.

Skoðum kjördæmin, förum hringinn í kringum landið. Ég hef skoðað aðbúnað fatlaðra í flestum kjördæmum landsins. Hann er afskaplega mismunandi og við erum afskaplega mismunandi langt komin. Ég ætla ekki að gera upp á milli kjördæma en ég ætla að segja það hér að ég hef hvergi séð myndarlegri uppbyggingu en í Suðurlandskjördæmi. Ef við komum á Selfoss og sjáum aðbúnað fatlaðra þar þá er hann til algjörrar fyrirmyndar og kannski akkúrat á þeirri braut sem við vildum sjá þetta alls staðar í landinu. Ég segi þetta vegna þess að ég óttast að það verði enn þá meiri mismunun þegar þessi tilflutningur hefur átt sér stað en er í dag. Spurningin er þessi: Þurfum við ekki að vera búin að byggja nokkuð jafnt upp áður en þessi tilflutningur á sér stað?

Spurning mín var einfaldlega þessi: Eru einhver minni sveitarfélög sem hafa sýnt því áhuga að taka þennan málaflokk yfir? Með þessum orðum er ég alls ekki að segja að það sé ekki framtíðin að flytja hann yfir en það þarf að gera það að mjög yfirveguðu ráði og tryggja að það verði ekki mismunun og skörun eftir því í hvaða sveitarfélagi fatlaðir einstaklingar búa.

[11:59]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Um leið og ég þakka fyrir þessa skýrslu og fagna því að hún er fram komin — vissulega hefur margt verið gert í málefnum fatlaðra frá því að fyrstu lög voru setti árið 1980 — þá er það kannski eins og hjá fleirum að ég kem fyrst og fremst upp til þess að benda á ýmislegt sem mér finnst vanta í skýrsluna og spyrja hæstv. ráðherra hvort hún hefur einhver svör við því. Hún sagði í sinni ræðu að það hefði ekki orðið veruleg breyting stjórnsýslulega séð á framkvæmd um málefni fatlaðra. Ég tel þó að það hafi orðið allmikil breyting með því að svæðisstjórnir voru lagðar niður og komið upp svæðisráðum í staðinn. Nú heyrir framkvæmdastjórinn beint undir félmrn. en heyrði áður undir svæðisstjórnir og alla vega nokkrir framkvæmdastjórar sem ég hef heyrt í hafa talið það vera ókost að heimastjórnin sé ekki lengur sá aðili sem hefur með stjórnun og framkvæmd að gera og framkvæmdastjóri starfsmaður hennar heldur séu svæðisráðin aðeins umsagnaraðilar. Þau eru ekki ráðandi og framkvæmdastjórinn er núna starfsmaður ráðuneytis.

Ég tel að þarna hafi heimastjórnin verið tekin úr höndum heimamanna og það stangast nokkuð á við það markmið að færa rekstur þessa málaflokks meira til sveitarfélaganna og þar með heim í hérað.

Það segir einnig í skýrslunni um starfssvæðið, með leyfi forseta:

„Heimilt er samkvæmt lögunum að skipta starfssvæðum í sérstök þjónustusvæði sem geta þá miðast við einstök sveitarfélög, héraðsnefndir eða byggðasamlög sveitarfélaga. ...Ekki hefur reynt á þetta ákvæði enn þá", segir síðan. Þessi skýrsla er þá ekki alveg í takt við tímann því að það eru þjónustusvæði víða út frá svæðisráðunum og frá skrifstofunum þar sem þjónustan er fyrst og fremst. Hún er jú á kjördæmavísu og ég get nefnt það að t.d. í mínu kjördæmi, Vestfjarðakjördæmi, eru fjögur þjónustusvæði, þ.e. þrjú fyrir utan aðalsvæðið. Það hefur gefist einmitt mjög vel að reka þjónustu með kannski einum starfsmanni og síðan leikfangasafn og fleira sem hefur þá komið í framhaldi af því, það hefur gefist mjög vel að fólkið fær þarna þjónustuna til sín og ég vona að það verði framhald á því. Ég veit ekki hvernig þetta er í öðrum kjördæmum en ég geri ráð fyrir að þetta sé sú stefna sem eigi að koma og ég vænti þess að hún muni aukast heldur en hitt.

Síðan vildi ég gera nokkuð að umtalsefni greiningarstöðina. Það segir um greiningarstöðina að hún standi fyrir sérstökum foreldranámskeiðum nokkrum sinnum á ári. Ég vildi spyrja hæstv. ráðherra að því hvar þessi námskeið hafa verið haldin. Hafa þau eingöngu verið haldin á Reykjavíkursvæðinu eða hafa þau verið haldin líka út um landið? Ég held að það sé mjög gott framtak að halda þessi foreldranámskeið en það þurfa auðvitað fleiri að njóta þess en hér í Reykjavík.

Ég vil einnig benda á það í sambandi við þessi foreldranámskeið að það getur farið svo að við Íslendingar stöndum frammi fyrir því á næstu árum að það verði aukinn fjöldi fatlaðra barna sem þurfi aðstoð og þar af leiðandi geta foreldrar þeirra barna þurft mikla aðstoð. Þetta vil ég benda á í sambandi við þá þróun sem hefur verið að það hefur orðið mikið um fyrirburafæðingar. Það hefur verið aukning í fyrirburafæðingum núna á síðustu árum. Það eru fleiri börn sem fæðast fyrir tímann sem lifa og þau eru oftar en ekki eitthvað fötluð eða verða það í framtíðinni. Þessir foreldrar þurfi mikla aðstoð og þessi börn auðvitað líka. Þetta vildi ég gera að umtalsefni líka í sambandi við það hlutverk sem greiningarstöðin hefur og þau foreldranámskeið sem hún hefur haldið.

Þá vil ég einnig nefna nokkuð atvinnumál fatlaðra. Með vaxandi atvinnuleysi stöndum við auðvitað frammi fyrir því að fatlaðir eiga erfiðara með að fá vinnu á almennum vinnumarkaði. Samkvæmt lögunum eins og þau eru í dag gera þau ráð fyrir því að ekki verði aukning á vernduðum vinnustöðum. Frekar verði leitað eftir því að fatlaðir fái vinnu úti á hinum almenna vinnumarkaði. Þar sem hingað til hefur verið nægilegt framboð á vinnu hefur verið tilhneiging til þess að koma til móts við þarfir fatlaðra og taka þá í vinnu og sumir vinnustaðir hafa jafnvel fengið sérstaka viðurkenningu frá samtökum fatlaðra fyrir það hversu vel þeir hafa staðið sig í því að taka fatlaða til vinnu. En það er kannski gráglettni örlaganna að einmitt þeir vinnustaðir sem fengu þessa viðurkenningu og hafa staðið sig mjög vel á undanförnum árum standa núna frammi fyrir því að þurfa að fækka starfsfólki og þá er tilhneigingin að fækka þeim sem fatlaðir eru vegna þess að þeir eru kannski ekki sá fullkomni starfskraftur sem atvinnufyrirtækið vill hafa. Ég held að það þyrfti að athuga hvort ekki er hægt að styðja þessi fyrirtæki, hugsanlega með einhverjum stoðgreiðslum til þess að fatlaðir hafi áfram þá vinnu sem þeir hafa haft á undanförnum árum. Mörg fyrirtæki hafa gert þetta án nokkurrar aðstoðar af opinberri hálfu og nú þegar þau standa frammi fyrir meiri erfiðleikum og þurfa að segja upp fólki þá getur þetta verið leið til þess að fatlaðir haldi sinni vinnu í framtíðinni.

Það er alveg rétt sem hér kom fram áðan hjá hv. þm. Ingibjörgu Pálmadóttur að það hefur lítið gerst í málefnum Kópavogshælisins og það er orðið mjög tímabært að vinna að því leysa betur þau mál. Það kemur fram í skýrslunni að það hafi verið skipuð nefnd til þess að vinna að þessu máli. Á þeim tíma sem frv. til laganna sem nú eru í gildi var mikið til umræðu þá var þetta mikið rætt og í framhaldi af því var skipuð fimm manna nefnd sem átti að gera tillögur um framtíðarhlutverk og skipan Kópavogshælisins. Síðan segir í skýrslunni að nokkrir fundir hafi átt sér stað og það virðist vera það eina sem þetta hefur skilað. Ég vildi því spyrja hæstv. ráðherra að því: Hefur virkilega ekki komið neitt meira út úr þessari vinnu um Kópavogshælið annað en það að nokkrir fundir hafa átt sér stað?

Að síðustu vildi ég aðeins nefna Framkvæmdasjóð fatlaðra því hann var settur á stofn til þess að vinna að úrbótum í málefnum fatlaðra og hefur skilað mjög góðu hlutverki. Það hefur verið tilhneiging til þess nú á undanförnum árum þegar fjárlagaramminn hefur þrengst að fara í þann sjóð sem átti að vera framkvæmdasjóður til þess að hafa þar peninga fyrir rekstri stofnana fatlaðra. Samt sem áður hefur lögunum ekkert verið breytt heldur aðeins árlega verið lögð fram tillaga um það í fjárlögum að nú skuli svo og svo mikið af ráðstöfunarfé sjóðsins tekið til rekstrar, 25% fyrst og nú á fjárlögum þessa árs 40%. Það er því sífellt verið að seilast lengra og lengra í þennan framkvæmdasjóð og taka úr honum fé til rekstrar.

Það hefur mikið gerst í því að byggja upp stofnanir fyrir fatlaða og þessar stofnanir þurfa auðvitað vaxandi rekstrarfé vegna vaxandi kostnaðar við rekstur. Hvort það er rétt leið að skerða sífellt meira og meira af framkvæmdafé sjóðsins tel ég mjög athugavert og hugsanlega hægt að finna einhverjar aðrar leiðir og a.m.k. að þær breytingar sem gerðar eru á ráðstöfun á fjármagni úr sjóðnum séu gerðar í fullu samræmi og samráði við það sem samtök fatlaðra og stofnanir fatlaðra vilja að sé gert. Ég held að það sé ekki nógu gott að það hafi sífellt verið skert með einhliða ákvörðunum á fjárlögum en ekki farið fram umræða um það á hvern hátt sé hægt að bregðast við þeim vaxandi

rekstrarkostnaði sem að sjálfsögðu verður þegar fleiri stofnanir eru komnar á fót.

Hér er einnig rætt nokkuð um starfsþjálfun fatlaðra. Hún fer fram, eins og kom fram hjá einhverjum ræðumanni áðan, að Hátúni 10 í Reykjavík og þar er í rauninni unnið gott starf. En ég vildi einnig spyrja að því hvort sú starfsþjálfun sé aðeins á þeim stað eða fer hún fram víðar á svæðinu eða fer hún fram víðar út um landið.

Það kemur einnig fram í skýrslunni í kaflanum um atvinnumál fatlaðra að í nóvember 1992 hafi þáv. félmrh. skipað nefnd sem átti að gera tillögur í atvinnumálum fatlaðra á almennum vinnumarkaði. Sú nefnd er ekki búin að skila skýrslu, hún vinnur að lokaskýrslu sem mun liggja frammi líklega mjög fljótlega. En hér er bent á ýmsar leiðir til þess að vinna betur að atvinnumálum fatlaðra og m.a. að það verði stofnaður sérstakur rannsókna- og tilraunasjóður í atvinnumálum fatlaðra og jafnvel að samið verði við eitt eða fleiri ríkisfyrirtæki í tilraunaskyni til að rannsaka möguleika vinnumarkaðarins á að hagræða störfum til að auðvelda fötluðum að fá vinnu. Nefndin bendir raunar á fleiri atriði og ég vænti þess að þetta verði meira í umræðunni þegar þessi nefnd sem hér er talað um skilar af sér lokaskýrslu því í kaflanum segir að nefndin muni efna til kynningar og umræðu um tillögur í skýrslu nefndarinnar.

Að lokum vil ég nefna ferlimál og ferðaþjónustu. Ferðaþjónusta fatlaðra var flutt til sveitarfélaga og í stærri sveitarfélögum hefur það gefið góða raun. Ferlimál fatlaðra eru hins vegar mjög víða í miklum ólestri og nægir bara til þess að gera ekki of langt mál úr því að nefna þann vinnustað sem við erum á sem ekki hefur framkvæmt neinar úrbætur í þeim málum enn þá. Það er orðið mjög nauðsynlegt að vinna betur að því að sinna ferlimálum. Það er ekki nægilegt að rétt fyrir kosningar, hvort sem það eru alþingiskosningar eða sveitarstjórnarkosningar, keyri frambjóðendur um í hjólastól til þess að sýna hversu erfitt fatlaðir eigi með að komast um svæðið. Það verður að gerast eitthvað á milli kosninga í ferlimálum.

Þar sem tími minn er búinn verð ég víst að ljúka máli mínu nú en hugsanlega er það eitthvað fleira en þá hef ég möguleika á að koma hér aftur ef svo er.

[12:15]

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil auðvitað eins og aðrir þakka hæstv. félmrh. fyrir skýrsluna sem hér liggur frammi, en því er ekki að neita að mér finnst allmikið vanta í hana. Það er alveg rétt sem fram kom hjá hæstv. ráðherra að auðvitað hefur orðið bylting í málefnum fatlaðra í landinu á sl. áratug eða 15 árum og ber að fagna því. En því fer auðvitað víðs fjarri að fatlaðir njóti jafnréttis á borð við okkur hin.

Það fyrsta sem ég sakna úr þessari skýrslu er: Hvað er þetta stór hópur? Þegar við erum að tala um fatlaða, þá hættir okkur við að rugla ýmsu saman. Annars vegar er um að ræða börn sem eru fötluð frá fæðingu eða ungum aldri. Hins vegar er fólk sem fatlast af ýmsum ástæðum, hefur þá lifað löngu og góðu lífi og aflað sér starfsmenntunar og getur í mörgum tilvikum haldið áfram fyrra starfi þó að t.d. ferlimáttur hafi farið eða eitthvað slíkt. Og jafnframt er það nú svo eins og hv. 6. þm. Vestf. kom inn á áðan, að þessir hópar barna breytast. Sú umræða þykir mér aldrei skemmtileg en það er ekki hægt að loka augunum fyrir henni. Það er auðvitað ljóst að með vaxandi notkun fósturvatnsrannsókna hafa foreldrar nýtt sér rétt til að eyða mjög skömmu fóstri. Þar á móti kemur hins vegar að í æ meira mæli er lífi haldið í mjög ungum fyrirburum og vanþroskuðum þannig að það má vel vera án þess að ég hafi hugmynd um það að þessar þarfir hafi breyst. Ég held að það sé ákaflega erfitt að skipuleggja þá þjónustu sem við viljum veita öllum þeim sem á þurfa að halda án þess að við vitum hvers konar hópar þetta eru. Það er munur á að hjálpa blindu barni að komast til manns eða þroskaheftu barni. Þetta eru gjörólíkir hópar sem þurfa mismunandi þjónustu svo dæmi sé tekið. Þess vegna held ég að það sé ákaflega nauðsynlegt að við reynum að gera okkur grein fyrir því áður en lög um málefni fatlaðra verða endurskoðuð hvernig þessir hópar eru núna því að ég leyfi mér að halda því fram að þeir kunni að hafa breyst. Við verðum líka að skilja á milli einstaklinga sem eru fatlaðir frá fæðingu og við verðum að þjónusta frá byrjun eða hvort við erum að ræða fatlað fólk sem hefur kannski orðið fyrir einhverju á miðjum aldri og hefur starfsþjálfun og alla möguleika á að lifa eftir sem áður kannski svipuðu lífi og fyrir slys eða veikindi eða hvað sem upp kann að koma. Ég held að þetta sé ákaflega mikilvægt og að við gerum okkur grein fyrir hvernig þessari þjónustu er varið.

Ég ætla að leyfa mér að byrja á börnunum sem ég held að sé mesta ábyrgð okkar. Hér hefur lítið verið talað um skólagöngu. Við erum núna að færa grunnskólann yfir til sveitarfélaganna og næst stendur til að færa þjónustu við fatlaða líka yfir til sveitarfélaganna. Þetta er ekkert fráleitt og við erum kannski ekkert á móti því. En til þess að svo geti orðið þarf að sýna fram á að sveitarfélögin séu fær um þetta og það eru þau ekki, a.m.k. ekki þau minnstu. Ég tók eftir því að hér var að berast svar til þingsins við fyrirspurn hv. 4. þm. Suðurl., Margrétar Frímannsdóttur, um hvað hefði verið flutt samkvæmt lögunum um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og hvaða tekjur sveitarfélögin hefðu fengið í staðinn. Þetta svar liggur hér frammi á þskj. 563. Þar kemur fram að lítið hafi verið gert í málefnum fatlaðra annað en færa akstur fatlaðra yfir á sveitarfélögin en um það segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Ekki er rétt að tala um tekjuaukningu sveitarfélaga af þessum breytingum þar sem sveitarfélögin innheimtu ekki aðstöðugjald á árunum 1993 og 1994."

Í síðara svari þar sem þingmaðurinn spyr hvaða tekjur sveitarfélögin hafi haft, annars vegar Reykjavíkurborg og hins vegar hverjar séu tekjur hvers kaupstaðar, er enn sagt að erfitt sé að sundurliða áhrif þessara breytinga á tekjustofnum sveitarfélaga. Það segir sig náttúrlega sjálft að sveitarfélögin geta ekki tekið við þessu nema þau fái tekjur til þess þannig að ég

held að það sé ákaflega erfitt fyrir okkur að segja bara: Já, þetta er alveg sjálfsagt að gera, nema sameining sveitarfélaga komist á eitthvert skrið og tekna verði aflað til að taka við þessum mikilvægu málaflokkum. Ég held nefnilega að þó að segja megi að hæstv. félmrh. beri ekki ábyrgð á menntakerfi landsins, þá sé auðvitað a, b og c varðandi fatlað barn að það fái fullnægjandi kennslu. Það er verið að tala um að útvega fötluðum vinnu, koma þeim á vinnumarkað. Við vitum alveg hvernig þjóðfélagið er í dag. Undirstaða fyrir því er auðvitað að hver einasta manneskja hafi fengið viðunandi menntun. Þess vegna þykja mér þessi úrræði sem hér er talað um þó að þau séu mörg góð og gegn heldur yfirborðsleg og satt að segja verið að horfa fram hjá því að það er undirstaða farsæls lífs hvers fatlaðs einstaklings að hann hljóti þá sérkennslu sem hann þarf með. Við vitum öll að á það vantar geysilega mikið, því miður, og satt að segja er á örfáum stöðum á landinu sérkennsla að nokkru gagni. Þetta vitum við öll því að æðimörg okkar hafa fatlaða einstaklinga í okkar eigin fjölskyldum eða hjá nákomnum ættingjum og það þarf ekki vitnanna við að sú kennsla er meira og minna í molum. Ég held að það væri kannski það fyrsta sem þyrfti að líta til ef við ætlum að standa við það sem við erum öll sammála um, að búa fötluðum sömu réttindi til venjulegs lífs og öðru fólki.

Það er búið að koma inn á ýmis atriði þegar þessum grundvallaratriðum sleppir sem maður hefur hnotið um gegnum árin og þá verður fyrst fyrir manni Framkvæmdasjóður fatlaðra. Nú skal ég vera sanngjörn, það hefur verið unnið mikið verk með stuðningi sjóðsins og kannski ekkert óeðlilegt þó einhver hluti hans nýtist til viðhalds þeirra bygginga sem þegar hafa risið. Ég er hins vegar miklu hræddari við þegar farið er að taka verulegan hluta sjóðsins til rekstrar. Þá segir sig sjálft að það verður auðvitað lítið eftir af honum.

Þá vil ég líka minnast á annað atriði og vænti þess að það verði ekki misskilið eins og mönnum hættir stundum til að vera ofurviðkvæmir ef við spyrjum um þessi mál eins og önnur mál í þjóðfélaginu. Ég óskaði eftir að fá að vita það nýlega hvað hefði komið inn af fjármagni gegnum lottóið, ríkið veitir t.d. Öryrkjabandalaginu einkaleyfi á ákveðnum tekjum lottósins. Þá kemur í ljós að 211 íbúðir af 433 í eigu Hússjóðs Öryrkjabandalagsins eru tilkomnar með peningum frá lottóinu, 211 íbúðir. Það er vissulega umtalsvert framlag. Þar með er ég ekki að segja að þeirri eftirspurn sé nándar nærri fullnægt en fram hjá þessu ber auðvitað ekki að líta. Þá kemur alltaf til vandi ríkisvaldsins að í einhverjar af þessum íbúðum þarf þjónustu. Ég leyni því ekkert að mér finnst stundum sem fulltrúa í fjárln. þingsins að við fáum ekki alltaf nákvæmar upplýsingar um hvað þjónustan eykst í raun og veru frá ári til árs. Þetta þurfum við að vita til að hafa einhverja möguleika á að leggja fram það fé sem nauðsynlegt er til þessara mála og þetta á auðvitað ekki að vera neitt vandræðamál. Við þurfum að fá upplýsingar um þessi mál eins og önnur.

Tíminn er hér mjög takmarkaður, því miður, og það er satt að segja skaði því að hér er af mörgu að taka. Annað er það sem er stefnumarkandi mál og kunna að vera skiptar skoðanir um, af því að hér var minnst á Kópavogshælið: Í hve miklum mæli ætlum við að gera fötluðum fært að búa úti í þjóðfélaginu og að hve miklu leyti ætlum við að bjóða upp á þjónustu á stofnunum þeim sem útilokað er að geti hugsanlega verið annars staðar? Nú er mér alveg kunnugt um gegnum margra ára áhuga á þessu máli að til er það fólk sem segir: Það geta allir búið úti í þjóðfélaginu. Ég held að þetta sé ekki rétt. Það er kannski ekkert rétt og rangt í þessu máli, en ég held að það orki mjög tvímælis að það fari betur um svo fatlaða einstaklinga sem nær einskis geta notið í sambýli eða eigin íbúð með mikilli þjónustu eða á góðri stofnun. Ég held að það geti verið mikið álitamál og ætla svo sem ekki að gerast neinn dómari um það, en ég held að menn verði að varast allt ofstæki í þessum málum. Hvert mál verður endanlega að afgreiða fyrir sig vegna þess að auðvitað eru fatlaðir eins ólíkir einstaklingar og í þörf fyrir jafnmismunandi þjónustu og við öll hin í samfélaginu.

Ég hef sjálfsagt ekki tíma til að fara út í launamál á vernduðum vinnustöðum. Ég tel að þau þurfi að líta á alveg að nýju. Ég held að að sumu leyti sé farið mjög illa með það fólk sem vinnur þar og þó ekki væri annað virðist það vera alveg utan við öll félagsleg réttindi, svo sem lífeyrissjóði og annað slíkt og úr því þarf auðvitað að ráða fram úr.

Ég skal, herra forseti, ekki ganga á þann tíma sem mér hefur verið úthlutaður en ég vil enn og aftur benda á það að ég held að við hv. þm. verðum í samvinnu við það eljusama fólk og duglega sem stýrir samtökum fólks um málefni fatlaðra að fara varlega áður en við förum enn að endurskoða lögin eins og við erum reyndar neydd til þar sem þar er svokallað sólarlagsákvæði. Ég held að við þurfum að afla mjög góðra upplýsinga um hina raunverulegu þörf og sérstaklega að reyna að greina á milli barnanna sem við þurfum að hjálpa frá byrjun til þess að ná þroska og hinna sem nutu þess að mennta sig og lifa eðlilegu lífi þangað til eitthvað gerðist sem veldur fötlun síðar. Á þessu er reginmunur. Jafnframt ítreka ég að það er auðvitað reginmunur á fötlun. Sem betur fer er nú til ótrúleg tækni til þess að koma fólki sem fyrir örfáum árum var útilokað frá umheiminum í samband við hann. En allt kostar þetta mikla peninga og mikla þjónustu og ég leyfi mér að halda því fram að hið háa Alþingi sé allt tilbúið til að leggja það fé fram, en á því verður auðvitað að halda af skynsemi eins og öðrum fjármunum. Og það má ekki vera æsingamál þó að hv. þm. vilji fá upplýsingar um hvernig því fé er varið fremur en til annarra málaflokka. Það veit ég að hæstv. félmrh. veit jafn vel og ég.

Ég leyfi mér að halda því fram að við í mínum flokki höfum frá fyrstu byrjun stutt þennan málaflokk af alefli. Við áttum mikinn þátt í því árið 1971 að koma þessu fólki inn í samfélagið undir forustu þáv. hæstv. heilbrrh. Magnúsar Kjartanssonar. Hæstv. fyrrv. ráðherra Svavar Gestsson gerði annað átak í sinni ráð-

herratíð þannig að við þurfum ekki að vera feimin við að spyrja um eitt eða neitt í þessum málaflokki. Við höfum staðið vörð um hann og barist fyrir honum öll þessi ár og þess vegna erum við jafntilbúin til þess í dag og ævinlega áður, en þetta er svo stór þáttur í samfélagsþjónustunni að við hljótum að leggja áherslu á að þar verði varlega farið og skynsamlegar ákvarðanir teknar.

Ég hef lokið máli mínu, herra forseti.

[12:30]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil eins og aðrir hér byrja á því að þakka hæstv. félmrh. fyrir þessa fróðlegu skýrslu um málefni fatlaðra. Einnig ýmsum fyrri ræðumönnum fyrir góðar ábendingar ekki síst varðandi menntun fatlaðra barna.

Í þessari skýrslu kemur mjög skýrt fram sú grundvallarbreyting á hugmyndafræði sem orðið hefur í þessum málaflokki, frá hugmyndafræði aðgreiningar þar sem áhersla var lögð á stórar stofnanir þar sem fatlaðir voru aðskildir frá ófötluðum sem mest yfir í hugmyndafræði samþættingar og svokallaðrar „normalíseringar" þar sem áherslan er á að fatlaðir lifi sem eðlilegustu lífi innan um aðra þjóðfélagsþegna. Þó þessi breyting á hugmyndafræði sé, held ég, mjög æskileg og hafi fyrst og fremst á sér yfirbragð mannúðar og að allir geti sannfærst um að hún er til bóta fyrir fatlaða þá er ekki hægt að horfa fram hjá þeirri staðreynd að þessi breyting á hugmyndafræði getur líka hentað þeim sem vilja niðurskurð í velferðarkerfinu. Því vil ég leggja áherslu á að svo verði ekki, þ.e. að þjónustustigið og framlag samfélagsins til þessa málaflokks minnki ekki þó þjónustan fari í annan farveg, í litlar og smáar einingar, liðveislu og persónulegri þjónustu.

En þessi áherslubreyting hefur áhrif á fleiri aðila en fatlaða ekki síst á konur. Langflestir sem vinna að málefnum fatlaðra eru konur. Það þarf að vinna mjög markvisst að því að tryggja að laun og starfskjör þessara kvenna séu sem best og þær fjölskyldur sem eiga fötluð börn fái eins góða þjónustu og stuðning og mögulegt er þannig að líf þeirra verði sem eðlilegast. Þessi áherslubreyting má ekki verða til þess að þjónustan færist frá stórum stofnunum til mæðra og láglaunaðra kvenna og að velferðarkerfið spari á kostnað kvenna. Höldum áfram að byggja upp þessa þjónustu þangað til fatlaðir njóta í raun jafnréttis á við aðra þjóðfélagsþegna og allir fái þjónustu við sitt hæfi. Gerum vel við fatlaða og fjölskyldur þeirra svo og þá sem starfa með þeim á hinum ýmsu sviðum sem allir vita að eru konur að langstærstum hluta. Þessum konum ber að launa vel sín störf og þær þurfa að fá fræðslu því störfin geta verið mjög erfið og sérhæfð þó þau geti verið gefandi líka. Höldum áfram á þessari braut þannig að þessi áherslubreyting á þjónustu verði í raun bætt þjónusta en ekki niðurskurður í velferðarkerfinu.

Ég vil að lokum spyrja hæstv. félmrh. hvort hún sér einhverja hættu fólgna á niðurskurði með þessari áherslubreytingu sem þegar er orðin eða fyrirhuguð er varðandi áform um að flytja málefnin yfir til sveitarfélaga sem augljóslega eru mjög misfær um að taka á þessu máli.

[12:35]

Tómas Ingi Olrich:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir með þeim hv. þm. sem hafa fært hæstv. félmrh. þakkir fyrir þessa skýrslu. Skýrslan varpar ljósi á þennan mikilvæga málaflokk og tekur á mjög mörgum upplýsandi þáttum um hann.

Ég ætla ekki að fara efnislega í innihald þessarar skýrslu en vil nota tækifærið sem mér býðst til þess að spyrja hæstv. félmrh. um málefni sem kannski má flokka undir eins konar jaðarmálefni af þessu tilefni. Það er svo að mörgum sjúkdómum fylgir veruleg fötlun. Eftir því sem ég best veit er það svo t.d. með flogaveika að sá sjúkdómur leiðir ekki til þess að þeir sem þjást af honum falli undir málaflokk fatlaðra þó svo að þessum sjúkdómi fylgi mjög veruleg fötlun, tímabundin oft að vísu, en sem getur fylgt gífurlegt álag á fjölskyldur þeirra sem flogaveikir eru. Flogaveiki getur verið á svo háu stigi að fjölskyldurnar geti nánast ekki sinnt öðru en að þjóna þeim sem þennan erfiða sjúkdóm bera. Svo má einnig líta á um krabbameinssjúka og t.d. sykursjúka að þar er um að ræða skilgreiningu á sjúkdómi fyrst og fremst og þeim sem eru haldnir þessum sjúkdómum ég vona að hæstv. ráðherra geti upplýst mig um það, að standa fyrst og fremst til boða þau úrræði sem sjúkum standa til boða en ekki þau sem fötluðum standa til boða. Án þess að ég sé að gera þá kröfu til hæstv. félmrh. að hann svari tæmandi um þessi atriði, það gefst tækifæri til að taka það til umfjöllunar í þinginu aftur síðar með ýmsum hætti, þykist ég vita að hæstv. félrmh. geti upplýst þingheim um stöðu þessara mála. Ég held að það væri gagnlegt í þessari umræðu nú ef hann vildi koma inn á þessa þætti hvort eitthvað er að gerast þarna, hvort hreyfing er á málum þannig að þau úrræði sem bjóðast fötluðum geti náð til fötlunar sem sprottin er af þessum sökum. Ég ætla ekki að lengja umræðuna að öðru leyti en óska eftir því ef hæstv. ráðherra vildi vera svo vinsamlegur að koma inn á þetta líka í tengslum við skýrslu sína.

[12:38]

Guðrún J. Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég var komin þar í máli mínu áðan að ég var að ræða starfsþjálfun fatlaðra og undirstrika að það þyrfti að vinda bráðan bug að því að efla þá starfsemi þar sem langt er því frá að starfsþjálfunarfólk geti annað umsóknum. Ég var þar komin að árið 1964 gengu rauðir hundar hér á landi og þá fæddust allmörg börn sem nú er um þrítugt en sakir þess að mæður þeirra fengu rauða hunda á meðgöngutímanum fæddust þau heyrnarlaus. Þessi börn eru dreifð um land allt en stór hluti er á Reykjavíkursvæðinu. Nú hafa Félag heyrnarlausra og Þroskaþjálfaskóli Íslands uppi áætlanir um að koma af stað námi fyrir þetta fólk vegna þess að sum þeirra hafa misst vinnu nú þegar harðnað hefur á dalnum á vinnumarkaðnum. Annað fólk er hrætt um að missa vinnu sína og kennir um að fyrst og fremst hafi það ekki þá starfsþekk-

ingu og þá almennu þekkingu sem þarf til að halda vinnunni eða fá vinnu. Þeim hefur, að því ég best veit, gengið fremur illa að fá fjármagn til að koma af stað þessari kennslu. Kennslan er í raun og veru mjög tengd því hvort fólk getur haldið vinnu eða fengið vinnu á vinnumarkaðnum og ætti þar af leiðandi að vera styrkt. Mig langar að spyrja hæstv. félmrh. hvernig þessu sé varið og hvort ekki standi til að greiða úr málefnum þessa hóps. Hann mun vera á milli 20 og 30 manns hér á Reykjavíkursvæðinu.

Í annan stað vildi ég taka undir þau orð sem fallið hafa um menntun fatlaðra barna og unglinga og hversu nauðsynlegt er að styrkja hana og bæta. Það hafa orðið ýmsar úrbætur nú á síðustu árum en mér er kunnugt um það, og það veit þingheimur sjálfsagt allur því það hefur verið rætt áður í vetur, að Menntaskólinn við Hamrahlíð hefur orðið að vísa frá nemendum vegna þess að hann hafði ekki fjármagn eða bolmagn til að veita öllum þeim fötluðu nemendum aðstoð sem inn vildu komast. Þetta er líka hlutur sem er mjög alvarlegur og hefur auðvitað valdið geysilegum vonbrigðum meðal þessara ungmenna. Það verður aldrei undirstrikað nóg hversu mikilvægt það er að veita fötluðum börnum góða undirstöðumenntun og búa þau undir lífið, ekki bara menntunarlega séð heldur líka til að þau hafi það sjálfsöryggi og sjálfstraust sem til þarf til að takast á við erfiðleika þess lífs sem bíður fólks. Það er ekkert fjallað um þetta í þessari skýrslu enda sennilega álitið að það heyri undir menntmrn. En það heyrir líka undir félmrn. og ég get ekki séð annað en að félmrn. verði að láta það til sín taka svo framarlega sem þjónustan verður ekki veitt innan menntakerfisins.

Í þessari skýrslu er lögð áhersla á það að fólk komist úr í atvinnulífið, fólk geti öðlast eigið húsnæði og dreifst sem þýðir það að ferlimálin þurfa að vera enn þá betur úr garði gerð en hefur verið. Því dreifðari sem byggð og bústaðir fatlaðra verða þeim mun meira þurfa þeir á flutningi að halda og þeim mun meira þurfa þeir á bættri aðstöðu í ferlimálum að halda á allan hátt. Það hafa ýmsir rætt um ferlimál hérna og ég ætla aðeins að benda á að þessi stefna sem við höfum tekið og ég er fylgjandi krefst miklu betri aðstöðu í ferlimálum heldur en verið hefur.

Mig langar síðan að benda á þann mikilvæga þátt sem trúnaðarmaður fatlaðra getur átt í tilveru hinna fötluðu. Ég held að tilkoma þeirra, en þetta er alveg ný skipan mála, sé af hinu sérlega góða.

Í þessari skýrslu er síðan rætt um starfsmenntun í atvinnulífinu, þ.e. starfsmenntun þeirra sem þjónustuna veita. Ég tel eiginlega undarlegt að þessi menntun skuli ekki hafa komist á fyrr en árið 1993. Þessi menntun er eingöngu miðuð við meðferðar- og uppeldisfulltrúa en ég held að það sé rétt að taka fram að Starfsmannafélagið Sókn, en ýmsir á þeirra félagssvæði vinna við umönnun og aðstoð fatlaðra, hefur haft í sínum kjarasamningum fræðslu fyrir fólk sem vinnur við þessi störf í meira en 15 ár og það ekki bara 160 tíma eins og nefnt er hérna heldur fer það upp í 230 til 240 tíma ef allir tímarnir eru taldir. Þannig hefur þetta verkalýðsfélag haft forsjálni til að bera sem er lofsverð. En þetta skref sem hér er fyrst stigið árið 1993 eða 1994, að koma á skipulegri fræðslu fyrir uppeldis- og meðferðarfulltrúa, er mjög mikilvægt en því miður kemur í ljós í skýrslunni að 70 sóttu um námskeiðið, þetta er bara eitt námskeið sem virðist vera búið að halda, og 30 manns komust að. Á því sést hversu geysileg þörfin er og hún er náttúrlega miklu meiri en 70 manns, hún er langt fram yfir það. Þetta er þáttur sem þarf að margefla í þessari starfsemi. Ekki síst vegna þess að eftir því sem búseta og dreifing hinna fötluðu verður meiri og einstaklingsþjónustan verður þar af leiðandi meiri þá vinnur hver uppeldis- og meðferðarfulltrúi meira án leiðsagnar yfirmanna eða menntaðs fólks í fræðunum og þeim mun meiri þörf er fyrir þessa aðila að hafa staðgóða grunnmenntun. Þess vegna kallar stefnan á meiri menntun þessa fólks og ég tel að það sé gott að þetta er komið inn í kerfið og kennslan farin af stað en það þarf margfalt meira heldur en enn er komið af stað.

Ég vildi að lokum koma aftur að aðstöðu geðfatlaðra því hún hefur nánast verið afskaplega slæm hér á Íslandi. Hv. þm. Jón Kristjánsson nefndi það að um aldamót hefðu menn á Austurlandi eytt heilum hreppsnefndarfundi í að athuga hversu stór klumpurinn ætti að vera sem hinn geðfatlaði væri hlekkjaður við. Þetta er náttúrlega óhugnanleg frásögn og mikið vatn runnið til sjávar síðan en þegar við lítum bara nokkur ár aftur í tímann hér í Reykjavík og sjálfsagt víðar þá sjáum við líka óhugnanlegar myndir. Við sjáum fólk sem á hvergi höfði sínu að að halla, jafnvel ekki einu sinni þak yfir höfuðið. En þetta hefur sem betur fer heldur lagast. Með tilkomu þessara áfangastaða sem nú eru komnir í lög þá ættu aðstæður geðfatlaðra að batna stórkostlega mikið. Að vísu eru það aðeins tíu geðfatlaðir sem geta búið á því heimili sem komið er upp en ég er ekki í nokkrum vafa um að það þurfi meira og ég vildi gjarnan vita frá hv. félmrh. hvort það er búið að gera greiningu á því hversu þörfin fyrir þessa þjónustu er mikil.

Hvað viðkemur menntun geðfatlaðra þá er hún oft líka í molum eins og gefur að skilja og þarf mjög mikla natni og nákvæmni við að koma hinum geðfötluðu aftur í nám. Ég þekki þetta mjög vel af eigin raun eftir að hafa tekið þátt í slíku starfi. Það er í rauninni alveg stórkostlegt að sjá hvað geðfatlaðir einstaklingar geta margeflst við að finna að þeir geta lært á borð við aðra. Menntun geðfatlaðra er eitt af því sem er stórmikilvægt átaksverkefni sem félmrh. og raunar öll ríkisstjórnin ætti að standa að.

Ég ætla ekki hafa orð mín fleiri að svo komnu máli. Ég vil undirstrika það að sú stefna sem við höfum tekið og ég fylgi krefst meiri menntunar allra aðila. Hún krefst þjónustu sem er af þó nokkuð ólíkum toga heldur en verið hefur og við þurfum að endurskoða þessi lög. Við þurfum að fá aftur skýrslu eftir eitt eða eitt og hálft ár um hvernig miðar því að það er svo greinilegt að margt þarf að laga. Einkum og sér í lagi finnst mér það varhugavert hvað Reykjavíkur- og Reykjanessvæðið eiga í miklum erfiðleikum með að sinna öllum

þeim þörfum sem hér eru uppi. Þetta eru mannflestu kjördæmi landsins og á sama tíma og verið er að nota Framkvæmdasjóð fatlaðra til að fjármagna starfsemi þá vantar fé til að byggja upp aðstöðu á Reykjavíkur- og Reykjanessvæðinu. Ég tel það mjög slæmt að Reykjavíkur- og Reykjanessvæðið skuli vera svo afskipt sem raun ber vitni. Það þarf miklu meira fé í þennan málaflokk í heild. Við sjáum að hvar sem litið er á þessa þjónustu þá þarf meira fé heldur en veitt hefur verið og ég tel að hið háa Alþingi eigi að sjá til þess að þessir bræður okkar og systur sem við fötlun eiga að etja fái a.m.k. það fé sem til þarf til þess að þau geti lifað sæmilegu lífi.

[12:52]

Pétur Bjarnason:

Virðulegur forseti. Varðandi þessa skýrslu þá er óhætt að segja að það hefur mjög mikið gerst í málefnum fatlaðra á síðustu 15 árum. Upphafi var lög um aðstoð við þroskahefta sem gengu í gildi árið 1980 og enn fremur næstu lög um málefni fatlaðra sem gengu í gildi 1. jan. 1984. Á þessum tíma hefur gífurlega mikil þróun orðið í þessum málaflokki og hún hefur orðið mjög til góðs. Svæðisstjórnir um málefni fatlaðra unnu geysilega mikið starf, þýðingarmikið og gott mótunarstarf. Hins vegar urðu nokkur tímamót þegar með lögunum frá 1992 að svæðisstjórnir þær sem störfuðu voru aflagðar en svæðisráð tóku við. Ég tel að sú breyting hafi ekki verið til bóta og það er reyndar álit mjög margra sem að þessum málaflokki koma einkum vegna þess að svæðisráðin hafa miklu minni möguleika á að fylgjast með því sem gerist. Þau hafa miklu minni möguleika á því að stjórna málefnum heima fyrir. Samt sem áður hefur bæði fyrir þá breytingu og á eftir þessum málum þokað í rétta átt. Ég kem nánar að þeirri breytingu á eftir en ég tel að það hafi verið misráðið enda voru svæðisstjórnir almennt á móti þeirri breytingu og vöruðu við þeim áhrifum sem hún mundi hafa. Ég hygg að ýmsar þær efasemdir sem voru látnar í ljósi hafi reyndar sannað sig.

Hæstv. ráðherra talaði um að það væri verið að færa þjónustuna heim. En einmitt þessi breyting verður til þess að þjónustan færðist að heiman og stjórn þessara mála fór í auknum mæli aftur suður í ráðuneytið. Ráðuneytið hefur að mörgu leyti staðið vel í sínu stykki hvað þetta snertir en þarna er áhersluatriði sem ég tel að þurfi að breyta aftur að heimamenn hafi meira um einstaka þætti að segja heldur en nú er. Það er kveðið svo á um að svæðisráð eigi að gegna eftirlitshlutverki og ýmsu fleiru sem þeim er falið. Í reyndinni er það mjög víða svo að þau eru ekki fær um að gegna þessu hlutverki. Einfaldlega vegna þess að þau eru ekki inni í því sem er að gerast og það kostar heilmikla vinnu og fyrirhöfn að ná þeirri yfirsýn sem þarf til þess að geta gegnt því eftirlitshlutverki sem þarna er kveðið á um. Því tel ég að þessi breyting eins og segir hér að svæðisstjórnir heyri nú sögunni til en svæðisráð komin í staðinn, ég held að einmitt sú saga sem þessar svæðisstjórnir tilheyra sé mjög merkilegur þáttur í þessari uppbyggingu og það er skoðun mín að það hefði ekki náðst svo mikil breyting nema vegna barátttu svæðisstjórna á sínum tíma. Nú kann vel að vera að svæðisráð séu sæmilega virk einhvers staðar á landinu, ég þekki það ekki. Ég veit að á því svæði sem ég þekki til þá er svæðisráð ekki lengur virkur þátttakandi í því sem verið er að gera þar sem svæðisstjórn var áður.

Hv. 6. þm. Vestf. minntist í ræðu sinni áðan á starfssvæði. Ég vil ítreka það sem hún vakti athygli á að það segir: „Heimilt er samkvæmt lögunum að skipta starfssvæðum í sérstök þjónustusvæði.“ Og síðan segir: „Ekki hefur reynt á þetta ákvæði enn þá.“

Nú er það svo að á Vestfjörðum hefur einmitt þessi skipting verið tekin upp. Hún hefur reyndar verið í undirbúningi mjög lengi og það er komin nokkuð skýr skipting í fjögur þjónustusvæði. Eitt, tvö, þrjú og fjögur eftir svæðum þar. En Vestfirðir eru það landsvæði sem einna erfiðast er að þjóna frá einni miðstöð. Mér er sagt að það sem skorti á að þessi þjónustusvæði uppfylli að öllu þær kröfur sem gerðar eru sé að það vanti inn í þetta skipulag nánari samninga við sveitarstjórir og ábyrgð sveitarstjórna á því sem verið er að gera þarna. Svo kann vel að vera. Hins vegar er þessi undirbúningur mjög þýðingarmikill þáttur í framkvæmdinni síðar meir því að það er rætt um það að sveitarstjórnir taki við þessum verkefnum að sem allra mestu leyti. Nú eru mörg sveitarfélög svo smá og þau hafa svo lítið fjárhagslegt bolmagn að mestallar þeirra tekjur fara oft og tíðum í skólakostnað og þær eru mjög lítið aflögufærar með annað. Þannig að ég held að annaðhvort verði að koma til sameining sveitarfélaga á víðum grundvelli eða þá ekki síður það sem er að gerast að samvinna sveitarfélaga t.d. á héraðsnefndagrundvelli gæti tekið við þessum verkefnum. Það er reyndar svo að svæðaskipting á Vestfjörðum í þjónustusvæði er nákvæmlega á héraðsnefndagrundvelli. Það eru fjórar héraðsnefndir á Vestfjörðum og það eru fjögur þjónustusvæði sem fylgja nákvæmlega þeim skilum sem héraðsnefndir fara með.

Ég var búinn að ræða aðeins um svæðisráð og svæðisstjórir. Það stendur hér, með leyfi hæstv. forseta:

„Hlutverk svæðisráða er m.a. að hafa faglegt og fjárhagslegt eftirlit með þjónustu, starfsemi og rekstri þeirra stofnana sem sinna málefnum fatlaðra. Svæðisráðum er einnig ætlað að gera tillögur til svæðisskrifstofu fyrir þjónustu og stuðla að samræmingu.“

Það er mikið hlutverk sem svæðisráðum er falið. En ég sé í rauninni ekki í hendi mér hvernig svæðisráð getur sinnt þessari skyldu sinni án þess að leggja í það mjög mikla vinnu og það er reyndar ekki gert ráð fyrir því að svæðisráðin starfi svo mikið eða hafi neinar ákvarðanir með höndum þannig að þetta er allt svona heldur erfiðara í sniðum heldur en var meðan svæðisstjórnir störfuðu sem höfðu ákveðið vald og eftir því sem ég best veit fóru vel og réttlátlega með það og hrintu í framkvæmd mörgum af þeim nýmælum sem einmitt er verið að tíunda í þessari skýrslu.

Áður réðu svæðisstjórnirnar framkvæmdastjóra en nú hafa þær ekkert um það að segja lengur heldur er framkvæmdastjórinn ráðinn af félmrn. og starfar sam-

kvæmt erindisbréfi frá félmrh. Sömuleiðis þetta ýtir undir það að tengsl þeirra við svæðisráð hljóta óhjákvæmilega að verða önnur og oft á tíðum minni.

Mig langar aðeins að geta um hlut Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins og segja það eiginlega eitt að það starf sem þar er unnið er ómetanlegt bæði fyrir þá sem starfa að málefnum fatlaðra út um landsbyggðina og ekki síður fyrir grunnskólana út um allt land. Ég veit að bæði stofnanir um málefni fatlaðra og grunnskólar hafa haft mikil samskipti við Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins og yfirleitt eru þau samskipti mjög góð og starfsemin sem þar fer fram afar lofsverð. Hér er getið um að biðlisti eftir þjónustu greiningarstöðvarinnar sé langur þar sem eftirspurnin er mikil. En þar sem hefur reynt á beiðni um aðstoð greiningarstöðvarinnar og ég þekki til þá tel ég að forgangsröðun hafi verið metin á mjög skynsamlegan og velviljaðan hátt. Ég vil fyrst og fremst láta þess geti að Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins er mjög þýðingarmikil stofnun í málefnum fatlaðra og starfsemi hennar ber að efla fyrst og fremst. Sama má einnig segja um leikfangasöfn og ráðgjöf sem þar er veitt. Þetta er komið um allt land og þessi starfsemi hefur verið mjög þýðingarmikil stoð við foreldra fatlaðra og einnig við stofnanir sem fyrir þá hafa starfað. Það má geta þess í þessu sambandi að einmitt nú nýverið þegar leikskólinn í Súðavík missti öll sín gögn og húsnæði og hóf störf á Ísafirði þá komi einmitt leikfangasafn sem var fyrir hendi á Ísafirði til sögunnar og útvegaði þau gögn sem óskað var eftir fljótt og vel.

Það er aðeins spurning um skammtímavistun, heimili sem ætluð eru fötluðum. Ég held líka að þessi skammtímavistun sé mjög þýðingarmikil og tel að með skammtímavistun fyrir fötluð börn t.d. hafi aukist mjög skilningur þeirra forráðamanna sem þar um ræðir á starfsemi einmitt þessara stofnana á vegum svæðisstjórna sem eiga að veita aðstoð. Það er ekki hægt að neita því að það voru vissir fordómar framan af en það hefur mjög dregið úr þeim. Hins vegar hvað snertir liðveislu sem sveitarfélögin eiga að láta í té við fatlaða þá eru ákvæði um það að sveitarfélögin ákveði sjálf hversu miklum fjármunum er árlega varið í það viðfangsefni. Hérna held ég að það sé um að ræða þátt sem hið háa ráðuneyti þarf að taka til skoðunar. Eins og ég gat um áðan þá eru mörg sveitarfélög fámenn, vanmegnug og þrátt fyrir góðan vilja þá hafa þau ekki nokkur tök á því að veita liðveislu. Oft er það svo í dreifðum byggðum að skólakostnaður er mjög hár fyrir almenna grunnskólakennslu og tekjurnar fara í það. Eitt fatlað barn í litlum, fámennum hreppi getur valdið sveitarfélaginu það miklum aukaútgjöldum að það ræður ekki við að veita þá liðveislu og þá þjónustu sem því bæri að gera svoleiðis að hér verður að koma til samvinna um þetta og stuðningur.

Mig langar aðeins til að ræða um verndaða vinnustaði og stefnu í þeim málum. Ég leyfi mér að segja að á Vestfjörðum hafi verið ákveðið frumkvæði sem tekið var í sambandi við atvinnutækifæri fatlaðra. Þegar Bræðratunga, vistheimili fyrir fatlaða, tók til starfa fyrir rúmum tíu árum þá fóru menn að velta fyrir sér hvernig ætti að fara með atvinnumál þeirra sem þar voru. Þeir sem þangað komu höfðu verið á stofnunum alla sína tíð og ekki verið möguleiki á að veita þeim atvinnu. Sú leið sem farin var er að mínu viti afar merkileg og mjög til eftirbreytni. Í stað þess að reyna að setja upp verndaðan vinnustað fyrir þetta fólk þá var leitað til fyrirtækja sem störfuðu í bænum og það var reynt að fá vernduð atvinnutækifæri. Að fá mögulcika fyrir þessa einstaklinga til að vinna á almennum vinnustað hluta þeirrar vinnu sem þar fór fram. Jafnframt að þeim yrði veitt aðstoð til að geta sinnt þessu. Þetta tókst afskaplega vel og það verður að segja forráðamönnum fiskvinnslufyrirtækja á Ísafirði til hróss að þeir hafa sýnt þessu máli mikinn skilning og þeir ásamt starfsfólki þeirra hafa unnið þrekvirki við að koma mjög mörgum fötluðum einstaklingum af þessu heimili í atvinnu. Þeir urðu launþegar eins og aðrir og þó nokkur hópur þessa fólks er nú kominn í eigið húsnæði með stuðningi. Það heldur sinni atvinnu og þau eru virk í þjóðfélaginu. Það er gífurlega mikil breyting á þeim aðstæðum sem þau bjuggu við þegar starfsemin hófst þarna fyrir vestan og af þessari reynslu tel ég þá möguleika sem gefast á vernduðum atvinnutækifærum inn á almennum vinnustöðum miklu þýðingarmeiri, miklu farsælli og heppilegri lausn heldur en nokkuð annað sem hægt er að gera. Síðan hitt að þessir einstaklingar fengu síðan aðstoð við að koma sér upp eigin húsnæði, búa þar á eigin vegum með stuðningi, með hjálp og aðstoð og lifa á margan hátt eðlilegu lífi eins og aðrir sem í umhverfi þeirra eru.

Virðulegi forseti. Tími minn er á þrotum. Það er eitt og annað sem ég hefði viljað koma að fleira í þessum efnum en ég mun þá nýta mér þann rétt síðar.

Umræðu frestað. [Fundarhlé. — 13:08]

Útbýting þingskjals:

Mat á jarðskjálftahættu og styrkleika mannvirkja á Suðurlandi, 346. mál, þáltill. GÁ o.fl., þskj. 568.

Mælingareglur skipa, 1. umr.

Stjfrv., 306. mál (lög um vitamál og lögskráningu sjómanna). — Þskj. 420.

[13:33]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Með frv. þessu er lagt til að gerð verði breyting á lögum um vitamál, nr. 56/1981, og lögum um lögskráningu sjómanna, nr. 43/1987.

Frv. þetta er samið af nefnd sem samgrh. skipaði í mars sl. til að gera tillögur til samgrn. um nauðsynlegar breytingar á lögum og reglugerðum vegna breyttra reglna um mælingar skipa sem tóku gildi 18. júní sl.

Í nefndinni áttu sæti fulltrúar frá samgrn., Sambandi íslenskra kaupskipaútgerða, Hafnasambandi sveitarfélaga, Landssambandi íslenskra útvegsmanna og Siglingamálastofnun ríkisins.

Reglur nr. 244/1987 um mælingar skipa kveða á um að frá og með 1. júlí 1987 skuli mæla skip samkvæmt alþjóðasamþykkt um mælingu skipa (International Convention on Tonnage Measurement of Ships) sem undirrituð var í London 23. júní 1969 og tók gildi 18. júlí 1982. Þar er miðað við að nýjar mælingareglur taki ekki til gamalla skipa fyrr en 18. júlí 1994, þ.e. 12 árum eftir gildistöku alþjóðasamþykktarinnar. Alþjóðasamþykktin tekur til allra skipa er stunda alþjóðlegar siglingar, eru lengri en 24 metrar og skráð eru hér á landi. Ísland var aðili að þessari alþjóðasamþykkt og hefur skuldbundið sig til að taka upp reglur hennar, en auglýsing um gildistöku alþjóðasamnings um mælingar skipa var birt í C-deild Stjórnartíðinda nr. 11/1987.

Með nýjum mælingareglum alþjóðasamþykktarinnar frá 1969 er tekin upp mælieiningin brúttótonn (Gross tons — GT) í stað mælieiningarinnar brúttórúmlest (Gross register tons — GRT) sem ákveðin var með alþjóðasamþykkt sem undirrituð var í Ósló 10. júní 1947. Mælingaaðferðir og mælieiningar þessara alþjóðasamþykkta eru mismunandi og í sumum tilfellum mælast skip samkvæmt nýrri samþykktinni miklu stærri en samkvæmt þeirri eldri. Af þessum sökum er nauðsynlegt að breyta ýmsum lagaákvæðum og gjaldskrám og miða við brúttótonn í stað brúttórúmlesta þannig að ekki verði breytingar á upphæð gjalda í kjölfar breyttra mælingareglna skipa.

Samkvæmt 10. gr. laga um vitamál, nr. 56/1981, skal greiða vitagjald af skipum sem sigla við Íslandsstrendur og hafa hér viðkomu. Tekjum af vitagjaldi má einungis ráðstafa til að standa straum af kostnaði við rekstur Vitastofnunar Íslands. Á árinu 1992 voru tekjur af vitagjaldi 44.909 þús. kr. og kostnaður af rekstri Vitastofnunar Íslands 105.000 þús. kr. Gjaldið er tekið af öllum íslenskum skipum á skipaskrá einu sinni á ári og er miðað við brúttórúmlestatölu skips eins og hún er mest. Erlend skip sem setja farþega eða vörur á land greiða vitagjald við hverja komu til landsins sem svarar ⅕ af vitagjaldinu, mest fimm sinnum á ári.

Í 1. mgr. er lagt til að 11. gr. laga um vitamál verði breytt þannig að taka vitagjalds verði miðuð við brúttótonnatölu skips í stað brúttórúmlestatölu þess.

Í 2. mgr. er lagt til að erlend skip greiði vitagjald sem svarar til ¼ af vitagjaldinu en ekki ⅕ eins og nú er.

Í 2. gr. frv. er lagt til að skylt verði að lögskrá alla skipverja sem ráðnir eru til starfa á íslenskum skipum sem eru 12 brúttótonn eða stærri. Núgildandi reglur miða við 12 rúmlestir brúttó í þessu efni.

Ég sé ekki ástæðu til að rekja frekar einstakar greinar frv. en legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og samgn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Köfun, 1. umr.

Stjfrv., 309. mál (heildarlög). — Þskj. 429. [13:37]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Með frv. þessu er lagt til að sett verði ný heildarlög um köfun sem ætlað er að leysa af hólmi núgildandi lög um kafarastörf sem eru frá árinu 1976. Frv. var samið í samgrn. að höfðu samráði við Siglingamálastofnun og hagsmunaaðila, þar á meðal siglingamálaráð, Félag íslenskra kafara og Félag sportkafara. Ábendingar þessara aðila voru hafðar til hliðsjónar við gerð frv.

Með gildandi lögum nr. 12/1976, um kafarastörf, var þeim mönnum sem stunda atvinnuköfun í fyrsta skipti tryggður ákveðinn starfsgrundvöllur. Jafnframt voru settar ákveðnar reglur um réttindi og skyldur þessara manna í starfi. Með lögunum var einnig verið að tryggja verkkaupanda hæfan og ábyrgan kafara og tryggja eftir föngum að kafari sakir vanhæfni eða kunnáttuleysis færi sjálfum sér eða öðrum ekki að voða. Voru lög þessi enn fremur viðleitni löggjafans til að samræma íslensk lög við stefnu annarra norðlægra strandríkja í köfunarmálum. Hins vegar hafa ákveðnir annmarkar á núgildandi lögum um kafarastörf frá 1976 komið í ljós á undanförnum árum, m.a. vegna mismunandi túlkunar á hugtakinu atvinnuköfun.

Í 1. mgr. 1. gr. frv. kemur fram sú meginregla að þeir sem stunda atvinnuköfun verði að uppfylla ýmis skilyrði sem sett eru fram í 3. gr. frv. Sú skylda er því lögð á herðar vinnuveitenda að ráða ekki til kafarastarfa aðra en handhafa atvinnuköfunarskírteina. Er tilgangur þessa ákvæðis augljós sem er fyrst og fremst sá að sporna við því að réttindalausir einstaklingar taki að sér slíka vinnu og skapi hættu.

Í 2. gr. frv. eru ýmsar orðaskýringar. Á undanförnum árum hefur það verið miklum vafa undirorpið hvernig skilgreininga beri atvinnuköfun og hefur verið mikið ósamræmi í túlkun þess. Vafi hefur leikið á því hvort athafnir kafara í skipulagðri sjálfboðavinnu eða annarri þjónustustarfsemi svo sem kafanir björgunarsveita, lögreglu eða slökkviliðs falli undir umrætt hugtak. Enn fremur má nefna sem dæmi söfnun ígulkera, ljósmyndaköfun og leiðbeinendur við köfun og fleira.

Hér er valin sú leið að hafa skilgreiningu á atvinnuköfun rúma svo það ráði ekki úrslitum með hvaða hætti greiðsla kemur fyrir köfun. Hins vegar er gert ráð fyrir því að gera megi mismunandi menntunar- og hæfniskröfur eftir eðli starfsins. Þannig á að vera tryggt að þeir sem stunda köfun hljóti ákveðna lágmarksþjálfun.

Þessi skilgreining er einnig til þess fallin að eyða þeim mikla vafa sem verið hefur á túlkun hugtaksins atvinnuköfun og hvatt til ósamræmis. Með mismunandi menntunar- og hæfniskröfum í reglugerð verður síðan unnt að koma til móts við þarfir t.d. neyðarþjónustunnar (lögreglu, slökkviliðs og björgunarsveita).

Áhugaköfun eða sportköfun er skilgreind sem allar athafnir sem teljast köfun skv. 2. gr. en er ekki atvinnuköfun í skilningi 1. mgr. þessarar greinar. Er ljóst að þörf er á því að greina að atvinnuköfun annars vegar og áhugaköfun hins vegar.

Í 3. gr. frv. koma fram þau skilyrði sem aðili er áformar að stunda atvinnuköfun þarf að fullnægja. Í fyrsta lagi þarf viðkomandi að vera fullra 20 ára. Í öðru lagi þarf hann að hafa gengist undir fullnægjandi læknisskoðun þar sem athugað hefur verið líkamlegt ástand viðkomandi með tilliti til athafna undir yfirborði sjávar. Í þriðja lagi er kveðið á um að aðili þurfi að uppfylla menntunar- og hæfniskröfur þær sem Siglingamálastofnun ríkisins setur fram. Í fjórða lagi gefur svo Siglingamálastofnun út svokallað atvinnuköfunarskírteini um að viðkomandi sé hæfur til að stunda atvinnuköfun.

Í 3. gr. eru einnis sett fram skilyrði sem áhugakafarar verða að uppfylla til að mega stunda slíka köfun. Hættueiginleikar köfunar kalla á aukið aðhald með þeim aðilum sem stunda köfun sér til ánægju og yndisauka. Er þess krafist að áhugakafarar fullnægi skilyrðum um læknisskoðun og séu orðnir 17 ára að aldri. Ber m.a. leiðbeinendum og öðrum þeim aðilum er sjá um kennslu að athuga hvort viðkomandi áhugamaður fullnægi þessum skilyrðum.

Samkvæmt lögum um Siglingamálastofnun annast hún framkvæmd laga og reglugerða um kafarastörf.

Í 6. gr. frv. er kveðið á um þetta eftirlit og umsjónarstarf stofnunarinnar. Eðli málsins samkvæmt telst það heppilegur kostur að láta Siglingamálastofnun hafa eftirlit með því að farið sé eftir ákvæðum þessara laga sem fjalla um svo mjög sérhæft svið. Stofnunin hefur yfir að ráða þeirri sérfræðiþekkingu sem nauðsynleg er til að faglegt og öflugt eftirlit sé viðhaft. Samgrn. mun hins vegar hafa yfirumsjón með málum er falla undir gildissvið laga þessara.

Tilgangur 7. gr. er að færa rannsókn slysa frá hinum opinbera eftirlitsaðila, Siglingamálastofnun, til óháðs aðila. Jafnframt er miðað við að ávallt sé til staðar aðili með sérþekkingu í köfun.

Ég sé ekki ástæðu til að rekja frekar einstakar greinar frv. og legg til að því verði vísað til 2. umr. og samgn.

[13:41]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vildi spyrja hæstv. ráðherra að því ef Siglingamálastofnun á að taka við þessu hlutverki að hafa eftirlit og umsjón með framkvæmd þessara laga hvort þar sé inni einhver sérfræðingur sem muni taka þetta að sér. Hvaða breytingar eru fyrirhugaðar á því ef svo er ekki? Í öðru lagi þá er gerður munur á því hvort um atvinnukafara er að ræða eða áhugamenn. Verður það þá hlutverk Siglingamálastofnunar bæði að fylgjast með atvinnuköfurum, hvort þeir fullnægi settum reglum, og hvernig verður það þá viðkomandi áhugaköfurum?

[13:42]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og ég skil þetta þá er þekking á þessum málum í Siglingamálastofnun sem hefur haft eftirlit með þessum málum og mun svo verða áfram með sama hætti og verið hefur.

[13:43]

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Í 1. gr. frv. er talað um atvinnuköfun í ám og vötnum og síðar er einnig talað um áhugaköfun. Mig langar að spyrja hæstv. samgrh. að því hvort einhverjar takmarkanir séu á því hvar megi kafa eða hvort það sé öllum frjálst að stunda hvar sem er köfun þá sem þetta frv. fjallar um?

[13:43]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Hér er ekki gert ráð fyrir því að slíkar takmarkanir séu lögbundnar. Á hinn bóginn hygg ég að búast verði við því að atvinnukafarar kunni sér hóf í þeim efnum og gæti fyllstu varúðar. En það er ekki gert ráð fyrir að lögbinda neitt í þessum efnum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skráning skipa, 1. umr.

Stjfrv., 313. mál (skráning útlendra skipa). — Þskj. 453.

[13:44]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Með þessu frv. eru lagðar til breytingar á lögum um skráningu skipa, nr. 115/1985. Með 24. gr. laga um breytingu á lagaákvæðum er varða fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri o.fl., nr. 23/1991, var 1. gr. laga um skráningu skipa, nr. 115/1985, breytt. Breyting var fólgin í því að kveða skýrar á um skilyrði eignaraðildar til þess að hægt sé að skrá skip hér á landi.

Með 24. gr. laga nr. 23/1991 féll niður 2. og 3. mgr. 1. gr. laga um skráningu skipa, nr. 115/1985, en þær kváðu á um að heimilt væri að skrá hér á landi kaupskip sem íslensk útgerð rekur samkvæmt samningi þar um þó svo ekki væri fullnægt skilyrðum 1. mgr. um eignarhald. Með 2. mgr. frumvarps þessa er ákvæði þetta tekið inn í lögin á nýjan leik, enda var ekki miðað við að það félli úr gildi á sínum tíma.

Með 10. gr. laga um breytingu á lagaákvæðum er varða samgöngumál vegna aðildar að Evrópska efnahagssvæðinu, nr. 62/1993, var kveðið á um að ríkisborgarar aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins njóti sama réttar og íslenskir ríkisborgarar.

Ég sé ekki ástæðu til að rekja frekar einstakar greinar frv. en legg til að því verði vísað til 2. umr. og samgn.

[13:45]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Mig langar til að gera athugasemdir við þetta frv. og bera fram spurningar til hæstv. ráðherra. Það er sagt hér í 2. málslið 1. gr. frv., með leyfi forseta:

„Rétt er að skrá skip hér á landi þegar íslenskir rík-

isborgarar, sem eiga lögheimili hér á landi eða íslenskir lögaðilar, sem eiga heimili hér á landi, eiga það."

Spurningin varðandi þetta efni er sú: Á að skilja þetta orðalag, þ.e. „Rétt er að skrá skip" sem skýlausa fyrirskipun um það að íslenskir ríkisborgarar megi ekki eiga skip sem séu skráð undir öðru ríkisfangi? Ég tel það mjög mikilvægt að menn svari þessari spurningu skýrt og greinilega einfaldlega vegna þess að samkvæmt orðanna hljóðan þá ætti samkvæmt mínum málskilningi ekki að vera leyfilegt að íslenskir aðilar ættu skip undir erlendum fána.

Síðan langar mig til að spyrja um 2. gr. frv. þar sem segir: „Ef Þróunarsjóður hefur greitt styrk vegna úreldingar skipsins í samræmi við lög um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, nr. 92/1994, með síðari breytingum." Þetta skil ég þannig að þarna eigi að binda í lög bann við því að skip megi vera á skipaskrá sem hafi verið greiddur úreldingarstyrkur út á. Ég tel að það sé óþarfi og ankannalegt að taka atriði eins og þau sem lúta að úreldingu skipa inn í skráningarlögin. Skráningarlögin eiga að mínu viti að fjalla fyrst og fremst um skráningu skipa en hvað svo sem menn taka sér fyrir hendur af einhverjum allt öðrum ástæðum en þeim sem lúta að öryggi og eignaskráningu skipa, á ekki að hafa áhrif á reglur um skráninguna. Ég tel þess vegna að þetta ákvæði sé fullkomlega óþarft þarna og að lög um Þróunarsjóð eigi þá að sjá fyrir því með hvaða hætti eigi að fyrirkoma þeim skipum sem Þróunarsjóður greiðir út peninga fyrir. Þessu tvennu vildi ég koma hér á framfæri en að öðru leyti ætla ég ekki að gera athugasemdir við þetta frv.

[13:49]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Um fyrra atriðið er það vitaskuld svo að íslenskum ríkisborgurum verður áfram heimilt að eiga skip sem skráð eru erlendis. Þessi lagaheimild opnar einungis fyrir að það sé eðlilegt og rétt að íslenskum ríkisborgurum sé gert mögulegt að skrá skip sín hér á landi. Um síðari athugasemd hv. þm. hef ég ekki annað að segja en það að ég taldi eðlilegt ef frv. um Þróunarsjóð sjávarútvegsins næði fram að ganga eins og það liggur fyrir þinginu þá sé það tekið fram í lögum um skráningu skipa fyrirvari að því leyti. En það er mér ekki fast í hendi. Þetta er einungis til að lögin séu skýrari að þessu leyti og menn geti flett upp í lögum um skráningu skipa til að finna þau skilyrði sem löggjafinn setur. Ef samgn. telur ástæðulaust að 2. gr. sé í frv. þá er mér það ekki fast í hendi.

[13:50]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Úr því að sá skilningur sem ráðherra gerði grein fyrir er á frv. þá tel ég rétt og mun koma því á framfæri í nefndinni að menn velti fyrir sér hvort annað orðalag eigi ekki að vera í 1. gr. um það að rétt sé að skrá skip hér á landi. Ef mönnum er þetta frjálst þá held ég að þetta orðalag vísi nú frekar til þess að mönnum sé þarna nánast skipað að gera það sem rétt er eins og þarna stendur.

Um 2. gr. vil ég bara segja að það liggur ekki fyrir hvort frv. um breytingar á lögunum um Þróunarsjóð verði samþykkt og það helst þá í hendur við þá hluti ef ég skil ráðherrann rétt að hann muni ekki talda þessu til streitu verði það frv. ekki samþykkt og ég tek það eins og það er sagt.

[13:51]

Páll Pétursson:

Herra forseti. Á sl. vori var breytt lögunum um skráningu skipa í framhaldi af frumvarpsflutningi sem ég stóð fyrir þannig að hægt væri að skrá hér á landi hentifánaskip sem talsvert var orðið af í flotanum, en hætta að skrá þau í Belís og allra handa ríkjum þar sem þau höfðu verið skráð.

Ég vil spyrja hæstv. samgrh. hvað hafi gengið að skrá þessi hentifánaskip. Mér er kunnugt um að þau eru ekki öll komin undir íslenskan fána sem ég tel eðlilegt að þau séu. Á hverju stendur eða hverju bera menn við? Hvers vegna skrá menn þau ekki undir íslenskan fána? Þetta er fyrsta spurningin.

Önnur athugasemd mín fjallar um texta í 1. gr. sem mér finnst nú ekki vera beint skýr eða skilmerkilega orðaður og ég vildi gjarnan að hæstv. samgn. skoðaði nánar þegar hún tekur þetta mál til meðferðar og beini ég því sérstaklega til herra forseta sem jafnframt er formaður hv. samgn. Þar segir í 1. gr.:

„Rétt er að skrá skip hér á landi þegar íslenskir ríkisborgarar, sem eiga lögheimili hér á landi eða íslenskir lögaðilar, sem eiga heimili hér á landi, eiga það. Þennan rétt hafa einnig ríkisborgarar annarra ríkja Evrópska efnahagssvæðisins frá og með gildistöku samnings um hið Evrópska efnahagssvæði samkvæmt nánari ákvæðum sem ráðherra setur með reglugerð. Til fiskveiða hér á landi má aðeins skrá skip og báta sem eru í eigu íslenskra ríkisborgara sem eiga lögheimili hérlendis og lögaðila sem eiga heimili hér á landi og eru að öllu leyti eign íslenskra ríkisborgara sem eiga lögheimili hér á landi."

Þessi texti finnst mér ekki nægilega markviss og vil nú óska eftir því að hv. samgn. athugi hvort ekki væri skynsamlegra að hnika þarna til orðum eða orðaröð þannig að tvímælum sætti ekki. Í öðru lagi er þarna minnst á að ráðherra muni setja reglugerð um þessa skráningu hvað varðar aðild að hinu Evrópska efnahagssvæði. Mig langar til að spyrja hver undirbúningur sé hafinn að reglugerðarsetningunni og heppilegast væri ef hv. samgn. gæti fengið tækifæri til að fara yfir þessa reglugerð eða drög að reglugerð áður en hún afgreiðir frá sér frv.

[13:54]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Hv. þm. vék að þrem atriðum. Hið fyrsta var varðandi hentifánaskip. Mér er ekki kunnugt annað en að það sé opið útgerðarmönnum og útgerðaraðilum hentifánaskipa að skrá þau hér á landi. Þau verða að sjálfsögðu að uppfylla þær öryggiskröfur sem íslensk fiskiskip þurfa almennt að gera. Ég veit að í vissum tilvikum hefur það veri þröskuldur. Um hið annað atriði hvort nógu kröftug íslenska sé á 1. mgr. 1. gr. hef ég ekki annað að segja að svo hefur mér fundist en ef aðrir vilja kveða þar fastar og skýr-

ar að þá verður slíkt orðalag lagt fram til skoðunar í nefndinni og hef ég síst við það að athuga. Um hið þriðja atriði vil ég segja, herra forseti, að mér finnst sjálfsagt að starfsmenn samgrn. kynni reglugerðina fyrir samgn.

[13:55]

Jón Helgason:

Herra forseti. Ég vil aðeins taka undir það sem hér var bent á áðan af hv. 3. þm. Vesturl. með orðalagi í 1. gr. þar sem talað er um að rétt sé að skrá skip hér á landi að samkvæmt lagamáli þá verður ekki lesið annað en skyldu því að rétt í lagamáli hefði ég a.m.k. haldið að væri skylda en ekki heimild.

[13:56]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að ég skuli ítreka það sem stendur hér í greinargerð. Við erum hér að tala um texta sem hefur verið í lögum og féll niður af misgáningi þegar lögunum var breytt þannig að við höfum nokkra reynslu af þessu orðalagi. Og ef svo er nú að ekki sé rétt farið með tunguna í þessum lagatexta, þá hefur fleiri orðið á en mér í þeim efnum, meira að segja Alþingi sjálfu þegar þessi lagatexti var ákveðinn á sínum tíma.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vegalög, 1. umr.

Stjfrv., 314. mál (stofn- og viðhaldskostnaður girðinga). — Þskj. 454.

[13:57]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Með frv. þessu er lagt til að gerð verði breyting á vegalögum og er það af þeim sökum að við meðferð þeirra í samgn. kom upp á fundum í umræðum um viðhaldskostnað girðinga að nauðsynlegt væri að það efni væri tekið til athugunar. 56. gr. frv. sem lýtur að þeim efnum kveður á um að lausaganga búfjár á vegsvæðum stofn- eða tengivega þar sem girt er báðum megin vegar sé bönnuð, en greinin tók gildi 1. janúar sl. Frv. var samþykkt sem vegalög nr. 45/1994.

Samgn. gerði að tillögu sinni að samgrh. skipaði nefnd til að endurskoða lagaákvæði VII. kafla frv. sem fjallar um girðingar með vegum og á grundvelli þeirrar athugunar verði lagt fram frv. um framtíðartilhögun þessara mála. Í september sl. skipaði ég fyrrgreinda nefnd. Í henni áttu sæti fulltrúar frá samgrn., Vegagerð, Stéttarsambandi bænda og Sambandi ísl. sveitarfélaga. Nefndin skilaði tillögum sínum í desember sl. Fullt samkomulag var innan nefndarinnar um að lagt yrði fram á Alþingi það frv. sem hér um ræðir. Helstu breytingar þess eru að Vegagerðinni verði heimilt að taka þátt í stofnkostnaði girðinga sem reistar eru til að friða svæðið sem vegurinn liggur um og girðingar með vegum þar með ónauðsynlegar. Sveitarstjórn hafi eftirlit með viðhaldi girðinga og geti bætt úr eða fjarlægt girðingu sem er óþörf og til mikillar óprýði á kostnað þeirra sem ber að greiða viðhaldskostnað. Viðhaldskostnaður girðinga með stofnvegum og tengivegum greiðist að jöfnu af landeiganda og veghaldara sem í flestum tilfellum er Vegagerðin.

Í 2. mgr. 1. gr. er nýmæli sem heimilar Vegagerðinni að taka þátt í stofnkostnaði girðinga þótt þær séu ekki lagðar með vegum. Skilyrðið er að með því verði tiltekið svæði friðað með lausagöngubanni og girðingar með vegum þar með ónauðsynlegar. Dæmi um slíka framkvæmd er girðing þvert yfir Reykjanesskaga um Kleifarvatn. Gert er ráð fyrir að kostnaður Vegagerðarinnar verði takmarkaður við lengd þeirra girðinga sem ella hefði þurft að reisa með vegum.

Í 3. mgr. 1. gr. frv. er nýmæli og er það sett fram með hliðsjón af því að nú eru öll sveitarfélög skipulagsskyld og að girðingar eru mannvirki sem eru áberandi í umhverfinu og hafa á það afgerandi áhrif. Þykir því eðlilegt að sveitarfélög komi að þessum málum þótt ekki sé skylt að reisa girðingar í samræmi við áður gerðan skipulagsuppdrátt. Einnig þykir samráð við sveitarfélög eðlilegt í ljósi þess að lagt er til í 3. gr. þessa frv. að sveitarfélög hafi eftirlit með girðingum í sveitarfélagi og taki að nokkru leyti þátt í viðhaldskostnaði þeirra.

Í 3. gr. frv. er miðað við að landeigendur skuli halda við girðingum með vegum svo sem verið hefur. Hins vegar er það nýmæli sem lagt er til að sveitarstjórnir hafi eftirlit með viðhaldi og framkvæmi viðhald, ef því er ábótavant, á kostnað þeirra sem eiga að greiða viðhaldið. Þykja sveitarfélög standa svo nærri vettvangi og hafa af því svo mikla hagsmuni að mál þessi séu í góðu horfi að eðlilegt sé að leggja á þau eftirlitsskylduna.

Í 2. mgr. 3. gr. er nýmæli um viðhaldskostnað girðingar með vegum. Samkvæmt núgildandi lögum hvílir hann í flestum tilvikum að öllu leyti á landeiganda. Hér er lagt til að hann skiptist að jöfnu milli landeiganda og veghaldara þegar um er að ræða girðingar með stofnvegum og tengivegum. Hins vegar er miðað við að veghaldari greiði allan viðhaldskostnað ef rétt er talið vegna umferðaröryggis að girða af veg sem fer um afrétt eða önnur sameiginleg beitarlönd.

Í 4. mgr. 3. gr. er nýmæli sem fjallar um viðhald girðinga sem reistar eru samkvæmt 2. mgr. 1. gr. frv., þ.e. girðingar sem lokar af tiltekin svæði. Gert er ráð fyrir að í slíkum tilvikum annist viðkomandi sveitarfélög viðhaldið og greiði að hálfu á móti Vegagerðinni nema um annað sé samið. Girðingar sem þessar þykja mikið hagsmunamál fyrir sveitarfélög og geta gert aðrar girðingar óþarfar, svo sem um skógræktarsvæði, fóstursvæði, garða og önnur nytja- eða fristundasvæði íbúa sveitarfélaganna. Þykir því eðlilegt og réttlætanlegt að koma málinu fyrir með þessum hætti og þurfa ekki að vera til kostnaðarauka fyrir sveitarfélög ef á málið er litið frá öllum hliðum.

Í 4. gr. frv. eru lagðar til breytingar á girðingalögum en þær miða að því að öll lagaákvæði varðandi girðingar með vegum verði í vegalögum.

Ég sé ekki ástæðu til að ræða frekar einstakar grein-

ar en legg til að málinu verði vísað til 2. umr. og samgn.

[14:02]

Páll Pétursson:

Herra forseti. Á sl. vori voru afgreidd vegalög á Alþingi. Það kom upp í umræðum við þá lagasetningu að skaðabótaskylda stofnaðist á eigendur búfjár sem keyrt yrði á á vegum ef 56. gr. yrði samþykkt eins og hún stóð í frv. Hv. samgn. lagði sem betur fer til að fresta gildistöku þeirrar greinar sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Lausaganga búfjár á vegsvæðum stofnvega og tengivega þar sem girt er báðum megin vegar er bönnuð. Vegagerðinni er heimilt að fjarlægja búfé af lokuðum vegsvæðum á kostnað eigenda."

Dómur hefur fallið a.m.k. einn, ég held að það hafi verið á Selfossi, þar sem sveitarfélag hafði bannað lausagöngu búfjár. Þrátt fyrir það komust hross á veg og ökumaður keyrði á þau og skemmdi bílinn sinn. Skaðabótaskylda var lögð á eiganda hrossanna, þ.e. hann missti ekki einungis hross bótalaust heldur jafnframt varð hann að borga þær skemmdir sem urðu á bílnum. Nú veit ég ekki hvernig þetta mál hefur farið, ég hef ekki fylgst með því hvort það var rekið til Hæstaréttar en undirréttardómur hljóðaði upp á þetta. Ekki er hægt annað heldur en rökleiða það að eftir að 56. gr. vegalaga tekur gildi svo orðuð, sem ég var áðan að benda á, þá væru bændur eða skepnueigendur skaðabótaskyldir á ökutækjum sem kynnu að aka á skepnur þeirra á vegunum.

Samgn. bætti bráðabirgðaákvæði inn í lögin þannig að þau tækju þegar gildi, þ.e. 25. apríl 1994, en 56. gr. öðlaðist ekki gildi fyrr en 1. janúar 1995. Þetta frv., sem hér er til meðferðar, á að taka á því máli hver eigi að annast viðhald girðinganna. Mér finnst nú eðlilegast að það sé Vegagerðin sem annast viðhald girðinga og ósanngjarnt að leggja þá kvöð a.m.k. alfarið á landeigendur en sú nefnd sem hæstv. samgrh. skipaði hefur komist að annarri niðurstöðu, þ.e.:

„Landeigandi skal annast viðhald girðinga með vegum í landi sínu. Viðkomandi sveitarstjórn hefur eftirlit með viðhaldi girðinga í sveitarfélaginu. Sé viðhaldi girðinga ábótavant eða girðing bersýnilega óþörf og til mikillar óprýði er viðkomandi sveitarstjórn heimilt að framkvæma viðhald á girðingunni eða fjarlægja hana á kostnað landeiganda, sbr. þó 2. mgr.

Viðhaldskostnaður girðinga með stofnvegum og tengivegum greiðist að jöfnu af veghaldara [þ.e. Vegagerðinni og landeiganda]. Þó skal veghaldari greiða allan viðhaldskostnað ef girðingin er reist eingöngu til að fría vegsvæði frá búfé, þ.e. á afréttum og öðrum sameiginlegum sumarbeitilöndum búfjár."

Ég tel að samþykkt þessa frv. sé framför frá núverandi skipulagi þó að ég hefði kosið að lengra hefði verið gengið í að leggja viðhaldskostnaðinn á Vegagerðina. Þetta er býsna mikil kvöð sem lögð er á þá bændur eða landeigendur sem eiga land að tengivegi eða stofnvegi. Þessi kvöð er sem sagt töluvert mikil.

Nú er það svo að eigendur búfjár geta tryggt sig fyrir þessum skaða sem e.t.v. er unninn á skepnum þeirra. Auðvitað er það ökumaðurinn sem á að hafa meira vit heldur en skepnan og passa sig á að aka ekki á hana, en það er hægt að kaupa tryggingar vegna búreksturs þannig að búfjáreigendur geti tryggt sig. Það hafa allmargir gert en ekki nærri allir og ég tel það mjög brýnt að bændasamtökin t.d. bendi búfjáreigendum á að það sé ekkert vit annað en kaupa þessar tryggingar. Nú veit ég ekki hvort þær eru til sölu hjá öllum tryggingafélögum en það er a.m.k. hægt að fá þær hjá því tryggingafélagi sem ég skipti við. Það kostar að vísu dálitla peninga, árleg trygging af þessu tagi, en áhættan er líka mikil ef um það óhappatilvik er að ræða að keyrt sé á búfé manns. Væntanlega þyrfti að taka tillit til þess arna í verðlagningu landbúnaðarafurða.

Nú er það mála sannast að búfé á vegum er afar mikið vandamál og alveg sjálfsagt að reyna að koma í veg fyrir að það sé á lausagangi á vegum en kringumstæður geta verið þær að það sé mjög erfitt að tryggja það alveg að skepnur fari ekki út á vegina. Ég minni á það ástand sem skapast á veturna og reyndar hefur skapast nú í vetur víða um land að girðingarnar eru komnar í kaf og ef einhverjar skepnur eru utan húss, þá eiga þær greiða leið inn á vegina.

Ég legg mikla áherslu á að þetta frv. nái fram að ganga fyrir þinglok og hefði reyndar þurft að hafa nokkurn umþóttunartíma þannig að Vegagerð og landeigendum hefði unnist tími til að koma hlutunum í lag áður en 56. gr. tók gildi en það er komið sem komið er og ekkert annað að gera en samþykkja þetta frv. með hraði.

[14:10]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Það kom fram þegar verið var að ræða setningu vegalaga á síðasta þingi að það mundi þurfa að gera breytingu á þeim lögum hvað varðaði þessi girðingarmál. Nú er það fram komið að hér eru ákveðnar breytingar lagðar til og samkvæmt því sem segir í athugasemdum þá er þetta heldur til bóta fyrir bændur sem annars hefðu þurft að hafa þennan kostnað algerlega á sínum vegum. Ég tel það alveg nauðsynlegt að um þetta gildi ákveðnar reglur og bæði Vegagerðin, þeir sem fara um þjóðvegina og bændur viti hver staða þeirra er í þessum málum. Ég er ekki tilbúin til að tjá mig á þessari stundu um það hvort þetta er fullkomlega eins og æskilegt væri. Ég vil gagnrýna að það hefur ekkert samráð verið haft við samgn. um samningu þessa frv. Það var skipuð nefnd til að skoða þessi mál og hún hefur lagt þetta frv. fram og það hefur ekki verið gert í neinu samráði við samgn. eins og ég hafði skilið starf nefndarinnar á síðasta þingi.

Það kemur fram í umsögn um frv. frá fjmrn. að Vegagerðin áætlar að kostnaður vegna þessara ákvæða sem hér eru fram lögð aukist um 30–40 millj. kr. á ári. Hins vegar verði það ekki til þess að auka útgjöld ríkissjóðs heldur muni þetta vera greitt af mörkuðum tekjustofnum Vegagerðarinnar. Það er nú svo að markaðir tekjustofnar Vegagerðarinnar hafa ekki mikið aukist á síðustu árum þó að bifreiðagjald hafi að vísu

hækkað nokkuð, bensíngjald hafi hækkað nokkuð og núna á síðasta ári er alltaf verið að setja meira og meira á vegáætlun eða það sem þarf að greiða af þessum mörkuðu tekjustofnum. Hér eru nefnd þessi girðingarákvæði, kostnaðarauki vegna girðinga. Ég get nefnt að það er stutt síðan rekstur ferja var settur yfir á Vegagerðina og í fyrstunni voru ætlaðir sérstakir fjármunir til þess rekstrar en nú á síðustu fjárlögum var rekstur ferja eingöngu fjármagnaður af vegafé. Rekstur ferja hefur kostað í kringum 400–500 millj. kr. og er viðbót sem tekin er af framkvæmdum til vegamála.

Þá vil ég einnig nefna það að við umfjöllun um ný vegalög á síðasta þingi var mjög mikið rætt um reiðvegi, það var mikil áhersla lögð á það að reiðvegir yrðu með í vegáætlun og það er þegar hafið átak til þess, búið að skipuleggja ákveðin svæði þar sem á að leggja reiðvegi. Það er reiknað með því að fjármagn til þess fáist af vegáætlun og það hafa engir auknir tekjustofnar komið til þess á móti. Hins vegar hefur ríkissjóður einnig seilst í Vegasjóð til viðbótar því að í hann renna beint á yfirstandandi fjárlagaári 265 millj. kr. af vegafé. Mér sýnist að með því sem sífellt verið er að bæta á að Vegasjóður greiði, þá sé nú farið að ganga ansi mikið á það framkvæmdafé sem er til vegagerðar í landinu. Það er kannski rétt að spyrja hæstv. ráðherra að því hvort hann muni eitthvað beita sér í því að t.d. verði lögð á einhver fjáröflun til þess að standa undir reiðvegalagningu og jafnframt hvort einhver breyting yrði hugsanlega á með þær 265 millj. sem eiga að renna í ríkissjóð. Því er hægt að breyta með fjáraukalögum þó að búið sé að samþykkja það nú á fjárlögum.

Að síðustu vil ég aðeins nefna að þó að hér séu ákveðin tilmæli og hugsanlega ákvarðanir sem komi um það hver eigi að sjá um viðhald girðinga þá held ég að það þurfi jafnframt að koma inn í þetta frv. eitthvað um þær sérstöku aðstæður sem skapast þegar mikil snjóalög eru. Það er ekki hægt að setja þetta fram án þess að gera grein fyrir því að það er ekki alltaf sumar hjá okkur, það er ekki alltaf hægt að halda við girðingum eins og það sé að sumarlagi og það hljóta að gilda aðrar reglur þegar girðingar eru á kafi í snjó. Ég vil því spyrja hæstv. ráðherra að því hvort hann teldi ekki að það þyrfti að taka sérstaklega fram að einhverju leyti í þessu frv. og ég er ekki í vafa um að það mun verða rætt eitthvað innan hv. samgn.

Að öðru leyti geri ég ráð fyrir því að við í samgn., sem ég á sæti í, munum fara yfir þetta mál og þó að ekki hafi verið haft samráð við samgn. um samningu frv. þá erum við að sjálfsögðu öll af vilja gerð til að fjalla um þetta eftir því sem best er hægt að gera.

[14:17]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna spurninga hv. þm. vil ég taka það fram að vegáætlun er til umræðu síðar á þessum fundi þannig að sjálfsagt er að ræða þau mál sem hana varða undir þeim dagskrárlið.

Um hina síðari athugasemd varðandi lausagöngu búfjár þegar mikil snjóalög eru þá get ég einungis sagt að auðvitað er brýnni ástæða en ella til þess að reyna að halda búfé fjarri vegum í hálku og dimmviðri og hef ég sjálfur reynslu af því að það liggur oft nærri slysi þegar þannig háttar til og skilyrði eru með þeim hætti, hált og dimmviðri.

[14:18]

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Ég vil fagna því að þetta mál er komið til umræðu. Á sl. vetri var mjög mikið fjallað um þetta mál í samgn. og ég var mikill áhugamaður fyrir því og beitti mér mjög fyrir því að tekið yrði á þessu mikla vandamáli. Vissulega er það svo að menn hafa gert það hér og fyrir það ber að þakka en ég tek undir það sem menn hafa sagt áður að ég tel að skort hafi að það hefði mátt flýta fyrir afgreiðslu þessa máls hér og nú með því að sú nefnd sem skipuð var til þess að fara yfir þetta mál hefði haft samstarf og samráð fyrr við samgn. þingsins um þessar hugmyndir sínar. Það hefði verið betra en menn verða að sætta sig við að það þurfi að taka einhvern örlítið lengri tíma í samgn. að ræða um málið og skiptast á skoðunum við þá smiði sem ráðherra kallaði til að koma þessu saman.

Ég legg áherslu á að hér er um mikið og brýnt vandamál að ræða, þ.e. um lausgöngu búfjár og hvernig við getum losnað við það af vegum landsins en þó með skikkanlegu móti þannig að réttur og skilningur á högum bænda sé þar ekki fyrir borð borinn. Það er auðvitað mikið mál samhliða því sem við hljótum að huga að öryggi þeirra sem um vegina fara. Þetta þarf að fara saman og á því byggðist mikið sú umræða sem fór fram í nefndinni sl. vetur og er kveikja að þessu frv. sem hér liggur fyrir.

Um þetta mál var sett upp nefnd og ég sé að í henni hafa átt sæti fulltrúar frá Stéttarsambandi bænda, Ari Teitsson, og svo einnig frá Sambandi ísl. sveitarfélaga, Valgarður Hilmarsson oddviti og Gísli Einarsson oddviti, þannig að fulltrúar frá þessum aðilum hafa vissulega komið að þessari smíð. En engu að síður eru nokkur atriði sem ég tel mig þurfa að fá frekari skýringar við en geri það ekki hér. Ég á sæti í samgn. og mun leita eftir ákveðnum upplýsingum þegar við fjöllum um þetta mál í nefndinni.

Það eru þarna nokkrir athyglisverðir punktar og ég vil benda á það sem segir í 3. gr. sem mér finnst að mörgu leyti athyglisvert sem kemur þarna fram þar sem segir:

„Viðhaldskostnaður girðinga með stofnvegum og tengivegum greiðist að jöfnu af veghaldara og landeiganda. Þó skal veghaldari greiða allan viðhaldskostnað ef girðingin er reist eingöngu til þess að fría vegsvæði frá búfé, þ.e. af afréttum og öðrum sameiginlegum sumarbeitilöndum búfjár."

Hér finnst mér vissulega verið tekið á stórum málum og hafa verið nokkuð vel gert. Það verður að segja eins og er.

Það segir einnig í athugasemdum við 3. gr. sem mér finnst að þurfi aðeins að fá fyllri upplýsingar um í nefndinni þar sem segir:

„Í 3. mgr. er gert ráð fyrir sams konar fyrirkomu-

lagi og verið hefur varðandi viðhaldskostnað girðinga með safnvegum og landsvegum."

Ég segi fyrir mig að ég þarf aðeins að fá betri útskýringar á þessum þætti þar sem átt er við að óbreytt ástand verði um girðingar hvað varðar safnvegina og landsveginn.

Ég held, virðulegi forseti, að ég þurfi ekki að segja mikið meira um þetta hér og nú. Mér gefst tækifæri til þess eins og ég hef áður sagt í samgn. að fjalla um frv. Mér finnst það gott mál sem við erum hér komnir með en við þurfum auðvitað að vanda okkur við þessa smíð eins og aðra og reyna að koma sem bestri skipan á í þessum málum því að það er hverjum manni ljóst sem um þjóðvegi landsins fer og ekkert síður þeim sem hafa búsetu, lögbýli við þessar miklu og hröðu umferðaræðar sem orðnar eru í dag að það er mikil þörf á að reyna að finna þarna þokkalega sátt hvernig þessi mál verða leyst.

[14:24]

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Ég hef notið þeirrar aðstöðu að vera þátttakandi í þessari umræðu á búnaðarþingi og hygg að það megi til sanns vegar færa að það frv. sem hér er til umræðu megi rekja til þeirra ábendinga sem komu fram á búnaðarþingi þegar frv. til laga um breytingar á vegalögum var þar til umræðu. Búnaðarþing féllst á það sem kemur fram í vegalögum að lausaganga búfjár væri bönnuð á lokuðum vegsvæðum.

Það gefst auðvitað tími til þess að fara nákvæmar yfir þetta efni í samgn. þar sem ég á sæti. En með leyfi forseta segir svo í 56. gr. vegalaga og það er einmitt sú grein sem er tilefni að því frv. sem hér er verið að ræða:

„Lausaganga búfjár á vegsvæðum stofnvega og tengivega þar sem girt er báðum megin vegar er bönnuð."

Hér gildir einu hvernig þessar girðingar eru tilkomnar. Ef það eru girðingar lengri eða skemmri sem eru settar upp meðfram vegum jafnvel þó að þær séu ekki nema nokkur hundruð metrar og þó að það sé frjáls aðgangur úr úthaga svo að ég nefni dæmi inn á þessi vegsvæði, er lausaganga búfjár samkvæmt laganna hljóðan bönnuð. Og væntanlega eins og farið er að túlka núna bótaskyldur og bótarétt, þá væru þeir búfjáreigendur sem ættu þann fénað sem slæddist inn á þessi vegsvæði harla illa settir. Niðurlag þessarar greinar, með leyfi forseta, er á þennan veg:

„Vegagerðinni er heimilt að fjarlægja búfé af lokuðum vegsvæðum á kostnað eigenda." Þ.e. ef búið er að leggja girðingar meðfram vegum þannig að þær séu fjárheldar, t.d. að það séu ristar við endamörk beggja megin og á þeim afleggjurum sem eru við þessa vegi, þá hefur Vegagerðin orðið rétt til þess að fjarlægja búfé á kostnað eigenda. Á þetta hefur líka verið fallist að því tilskildu að Vegagerðin sæi um viðhald á þessum vegum þar sem bændur eða búfjáreigendur geta þurft að bera af því kostnað að fénaður fari inn á þessi vegsvæði. Þetta er grundvallaratriðið í þessu máli. Ég hygg að þau mál verði menn að skoða til endamarka í frekari umfjöllun í nefnd um þetta mál.

Ég vil hins vegar segja út frá því sem hér hefur komið fram að ekki hafi verið haft samráð við samgn. um undirbúning þessa frv. þá var flutt hér einmitt af þessu tilefni yfirlýsing frá hæstv. samgrh. við afgreiðslu þessa máls í fyrra þar sem tekið var fram að nefnd yrði skipuð til að semja frumvarp um efnislega viðauka við 36. gr. Ég hef farið yfir þann texta og sé ekki annað en frv. eins og það er hér lagt fram sé í samræmi við það sem þá var lýst yfir. Ég held því að það gæti allgóðs samræmis í þeim ákvörðunum og þeim yfirlýsingum sem voru gefnar þegar vegalög voru afgreidd hér á sl. vetri og þess frv. sem hér liggur fyrir. En ég legg áherslu á það að það verði skilgreint nánar um skyldur Vegagerðarinnar gagnvart lokuðum vegsvæðum og ef það skyldi nú vera svo að þær yfirlýsingar sem hafa flogið fyrir um að þeir búfjáreigendur sem kynnu að eiga fénað þar sem girt er meðfram vegum þrátt fyrir að það sé opinn aðgangur inn á þá vegi verði bótaskyldir, það sýnist mér að þurfi að athuga nánar.

[14:32]

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Það hefur komið fram í þessum umræðum að þetta frv. fjallar um vandamál sem tekið er á. Menn eru sammála um að frv. sé til bóta. Jafnframt hefur verið bent á að þetta frv. er samið af nefnd og þar átti m.a. sæti fulltrúi frá Stéttarsambandi bænda. Ég vil aðeins vekja athygli á því að þegar menn vinna saman í nefnd, þá verða menn auðvitað að reyna að komast að sameiginlegri niðurstöðu með því að miðla málum og því er ekki þar með sagt að einstakir nefndarmenn hefðu ekki kosið að hafa einhver atriði þarna öðruvísi. Ég vil nefna þetta hér til þess að vekja athygli á því við hv. þingmenn sem sæti eiga í samgn. við athugun á þessu máli hvort ekki eru einstök atriði sem æskilegt væri að lagfæra þó að þarna hafi orðið samkomulag í undirbúningsnefnd. Ég treysti þeim þingmönnum sem þar sitja til þess að skoða málið vel og ætla því ekki að vekja athygli á mörgum atriðum.

Ég vil aðeins minnast á eitt vegna þess að þarna er lögð skylda á landeiganda í misjafnlega ríkum mæli að taka þátt í viðhaldi. Við höfum sjálfsagt öll séð að snjóruðningur getur farið mjög illa með girðingar sem eru það nálægt vegum að ruðningur lendir á þeim. Að vísu er í 3. gr. heimild til þess að flytja girðingar svo langt frá að slíkt komi ekki til en það er ekki víst að slíkt sé alltaf unnt að gera og snjóalög mismunandi. Því finnst mér það spurning hvort landeigandi eigi að taka þátt í viðhaldi sem beinlínis er af völdum Vegagerðarinnar sjálfrar með nauðsynlegum snjóruðningi. Þetta er ekki stórt atriði en ég vildi aðeins minnast á þetta en að öðru leyti treysti ég því að hv. þingmenn í samgn. muni skoða þetta ítarlega og færa til betri vegar það sem þeim sýnist að betur megi fara.

[14:35]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að gagnrýna það að þetta frv. skuli ekki hafa komið fram fyrr. Það var auðvitað nógur tími til þess að undirbúa það frá því í fyrravetur en hæstv. ráðherra skipaði ekki nefnd í mál-

ið fyrr en 7. sept. og það var kannski ekki við því að búast að málið yrði þá komið til þingsins nægilega snemma því að það var meiningin þegar talað var um að þetta frv. kæmi að það yrði hægt að afgreiða það fyrir áramótin. Mér sýnist í fljótu bragði að það hafi bærilega tekist til við samningu frv. og það sé í samræmi við þær tilætlanir sem menn voru nokkuð sammála um en auðvitað munum við fara yfir það í hv. nefnd. Það er eitt sem ég staldra svolítið við og langar til að nefna. Það er í 3. gr. þar sem talað er um viðhaldskostnað. Þar er sagt: „Þó skal veghaldari greiða allan viðhaldskostnað ef girðingin er reist eingöngu til þess að fría vegsvæði frá búfé, þ.e. á afréttum og öðrum sameiginlegum sumarbeitilöndum búfjár." Ég hef svolitlar áhyggjur af því að það verði erfitt að úrskurða í þessu efni stundum og það muni vera það mikið hagsmunamál bænda sem þarna er á ferðinni að það geti orðið býsna erfitt að úrskurða um það hvort um er að ræða sumarbeitilönd eða hluta af öðrum löndum viðkomandi bújarðar. Þetta þarf kannski að skoða svolítið nánar en ég held að það sé mjög mikilsvert að þessar reglur verði eins skýrar og mögulegt er. Ég ætla svo sem ekki að lengja þessa umræðu neitt en fagna því að þetta frv. skuli þó vera komið fram og vonast til þess að tíminn til þess að afgreiða það verði fyrir hendi. Ég held reyndar að það sé mikill vilji í samgn. til þess að afgreiða þetta mál og það muni ekki standa á mönnum þar að mæta til starfa en það hefði verið betra að frv. hefði komið fram fyrr.

[14:37]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég ætlaði aðeins að bæta inn í þessa umræðu fáeinum orðum sem lúta aðallega að 2. mgr. 1. gr. frv. Það er breyting sem ég er hjartanlega sammála og held að sé löngu tímabær. Því meir sem ég hef hugleitt eða fylgst með þessum málum þeim mun sannfærðari er ég um að menn hefðu fyrir löngu síðan átt að vera komnir inn á þá braut að vinna að þessum friðunarmálum veganna jöfnum höndum með því að girða þá af það sem þar hentar en ekki síður með hinu að taka fyrir lausagöngu búfjár á ákveðnum svæðum þar sem það væri vænlegri og jafnvel ódýrari og einfaldari aðgerð eins og sums staðar er. Ég skal játa að ég er þá sérstaklega með Reykjanesið í huga. Það er satt best að segja búið að taka alveg ótrúlegan tíma að koma því sjálfsagða máli í höfn að taka fyrir lausagöngu búfjár á Reykjanesskaganum eða friða vegsvæðin þar. Þar voru tvær leiðir færar. Önnur var að girða veginn af og hin var að girða búféð af. Og þegar svo er komið að búféð er orðið mjög fátt á viðkomandi svæði og það er tiltölulega einföld og viðráðanleg aðgerð að hafa það innan girðingar og í haldi þá er auðvitað miklu skemmtilegra og eðlilegra á allan hátt að sú leið sé valin. Og þá er jafnframt eðlilegt að Vegagerðin hafi alveg ótvíræðar lagaheimildir til að taka þátt í slíkri aðgerð. Hún er jafngild því og fullkomlega það frá sjónarhóli umferðaröryggis og Vegagerðarinnar að vegsvæðin sjálf séu girt af þannig að ég fagna því alveg sérstaklega að þessi heimild er þarna tekin inn og er að öllu leyti sáttur við hana nema kannski síðasta málsliðinn sem ég veit ekki hvort á endilega að vera að binda með þessum hætti, þ.e. að kostnaðurinn sé algerlega bundinn við það að Vegagerðin megi ekki greiða meira en sem nemur lengd þeirra girðinga sem til hefðu komið ef vegirnir hefðu verið girtir af, ef ég hef skilið þetta rétt.

Ég held að það sé ekki endilega skynsamlegt að vera bundinn af slíku ákvæði því að stundum getur frá bara almennum sjónarmiðum verið svo miklu æskilegra að velja þennan kost heldur en að girða af vegina beggja vegna að ég tel af efnislegum ástæðum það vel koma til greina að Vegagerðin legði í þetta meira. Ég þykist að vísu alveg vita hvað höfundarnir hafa verið að hugsa. Þetta er hugsuð sem víglína eða varnaraðgerð af hálfu Vegagerðarinnar til að hún verði ekki teymd með samningum inn í að borga þarna meira heldur en minna. Það viðhorf get ég svo sem skilið. En ef menn hafa það sjálfstraust að treysta sér til að fara þannig með heimildir sínar í þessum efnum að þeir geri ekki annað en það sem skynsamlegt er þá hefði mér verið alveg sama þó að þessi málsliður hyrfi út og þessi heimild einfaldlega verið almennt orðuð að Vegagerðin gæti tekið þátt í svona aðgerðum.

Ég hlýt auðvitað að nefna hér líka mál sem ég hef flutt endurtekið á þingi, hæstv. forseti, og varðar það bann við lausagöngu stórgripa. Enn á ný höfum við verið rækilega minnt á það á þessum vetri og á þessu ári að þetta ófremdarástand sem enn viðgengst á nokkrum stöðum á landinu með lausagöngu stórgripa á vegum er neðan við allar hellur og það er alveg yfirgengilegt að menn skuli ekki hafa tekið á þessu. Menn eru að baka sjálfum sér þvílíkan skaða með því og þá á ég alveg sérstaklega við þá forsvarsmenn landbúnaðarins sem hafa staðið gegn því að þetta mál kæmist í höfn, það er alveg ömurlegt satt best að segja. Sjá menn ekki hversu ákaflega dýrt það er að valda þessum árekstrum og núningi milli umferðarinnar annars vegar og búskaparins í landinu hins vegar? Þetta er mál sem hefði fyrir löngu þurft að vera búið að taka á og koma í höfn að afleggja lausagöngu stórgripa, a.m.k. alls staðar þar sem umferð er á ferðinni því að þetta tvennt fer ekki saman. Um það eru dæmin mörg, bæði gömul og ný og sum sorgleg. Lausaganga sauðfjár er hins vegar allt annað mál og þar gilda allt aðrar aðstæður, enda frá umhverfisöryggissjónarmiðum séð hverfandi vandamál í þeim skilningi og ekki sama ástæða til þess að setja reglur af því tagi þar.

Ég vona að það verði hægt að koma einhverju áleiðis í þessum málum og það þarf að endurskoða bæði þær reglur sem gilda um vörsluna sjálfa eða lausagönguna sjálfa, um bótahliðina og tryggingahliðina, sem komið hefur upp upp á síðkastið, m.a. í kjölfar dómsniðurstaðna og það kemur inn á þetta mál líka hvaða leiðir eru valdar í sambandi við það að girða af vegsvæði eða taka fyrir lausagöngu búfjár vegna þess að ég tel einmitt að sú aðferð að sleppa því að þvera með girðingum heilar sveitir beggja vegna vega en velja í staðinn hitt að búpeningnum sé haldið afmarkað innan girðinga, a.m.k. á þeim svæðum sem að umferð snýr, sé mjög vænlegur kostur í þessum efnum og

oft og tíðum ódýrari og eðlilegri. Ef bændur megi velja um það að fá stuðning við að búa út hagagirðingar fyrir sína stórgripi annars vegar eða hins vegar að girt sé beggja vegna vega í gegnum þeirra land þá er ég ekki viss um nema þeir taki fyrri kostinn í mörgum tilvikum því að það getur verið augljóst hagræði að því í búskapnum að fá slíkar hagagirðingar, fá stuðning við að gera slíkar hagagirðingar, frekar en fá landið þvergirt meðfram vegum. Þetta þyrfti að skoðast í samhengi, sérstaklega þegar stórgripirnir eiga í hlut, og það verður að komast fyrir þetta vandamál. Þetta gengur ekki svona.

Reglum um búfjárhald var breytt fyrir nokkru og var von manna að í kjölfarið myndu sveitarfélögin almennt setja sér samþykktir um þessi efni og fjölmörg þeirra hafa gert það, mjög mörg þeirra hafa bannað lausagöngu stórgripa, sérstaklega hrossa sem oftast eiga í hlut, en nokkur þeirra hafa ekki gert það af einhverjum ástæðum, kannski af heimapólitískum ástæðum hafa menn ekki haft stöðu til þess eða kjark til þess eða hvað sem það er að taka á þessu vandamáli og á nokkrum stöðum á Norðurlandi og Suðurlandi þar sem umferð er mikil er enn þetta ófremdarástand.

Ég er svo þeirrar skoðunar að það þurfi að gera áætlun um þetta mál, það eigi að gera samhliða vegáætlun sérstaka áætlun um það hvernig umferðarþyngstu vegirnir í landinu verði friðaðir fyrir búfé og hún eigi einfaldlega að byggja á því annars vegar að lausaganga stórgripa verði aflögð og hins vegar að það verði lagt af stað með friðun umferðarmestu veganna út frá helstu þéttbýlissvæðum landsins. Það er löngu tímabært t.d. að setja bara upp áætlun um það að umferðaræðarnar út frá höfuðborginni og suðvesturhorninu, Suðurnesjavegurinn, sem vonandi er nú að friðast endanlega, Suðurlandsvegur og Vesturlandsvegur í báðar áttir út frá höfuðborginni verði friðaðir og ég teldi að það væri lágmark að koma því t.d. á hvað Suðurlandsveginn snertir að hann yrði friðaður eitthvað austur eftir Suðurlandi, austur fyrir Hvolsvöll eða svo og þá meina ég algerlega friðaður þannig að vegurinn girtur af beggja vegna ef lausaganga er þá ekki aflögð með sveitasamþykktum eða öðru slíku og það yrðu reist hlið við veginn og hægt að ganga um það ef vel færi. Sama ætti við um Vesturlandsveg, a.m.k. upp í Hvalfjörð, vegina út frá Akureyri í báðar áttir o.s.frv. Að þessu á bara að vinna samkvæmt skipulagðri áætlun þannig að það fari að myndast á vegakerfinu þar sem umferðin er þyngst kaflar þar sem engir árekstrar verða milli búfjár og umferðar og síðan væri það afmarkað með aðvörunarskiltum hvenær menn væru komnir út af því svæði og hvenær menn mættu fara að búast við eða þyrftu að hafa vara á sér vegna hugsanlegra samskipta við búfénað á eða við veginn. Það þekkja það sjálfsagt flestir sem hafa ekið erlendis að þar er náttúrlega ágangur búfjár á vegum óþekktur þar sem umferð er mikil, en ef menn keyra til að mynda á Alpasvæðunum eða úti í Þýskalandi, ef menn keyra þar út í sveit eða upp til fjalla, þá kemur stundum að því að menn aka yfir ristarhlið og þar koma skilti mikil sem vara menn við því að nú megi menn fara að búast við búfénaði, dádýrum eða einhverju öðru á vegunum og þurfi að hafa varann á. Og alveg eins ætti að hafa þetta hér þó að vísu þyrfti ekkert að vara mikið við dádýrum. Þó gæti verið skynsamlegt að hafa skilti sem minnti menn á tilvist hreindýra, til að mynda á Austurlandi þar sem búast mætti við þeim á vegum, þó að þau hafi að vísu mikla hæfileika til að forða sér undan ökutækjum eins og kunnugt er.

En hvað um það, hæstv. forseti. Ég tel að þetta sé þörf breyting og sjálfsagt að stuðla að afgreiðslu hennar á þingi en ég hefði viljað sjá tekið meira á í þessum efnum og ég hefði viljað sjá það þingmál sem ég hef flutt hér endurtekið ásamt með fleiri þingmönnum um að lausaganga stórgripa yrði aflögð með einum eða öðrum hætti fá afgreiðslu í tengslum við þetta mál, vegáætlun og önnur slík sem eru til umfjöllunar. Ég hef fylgst með því síðan ég fór fyrst að vinna efni í það mál hvernig þróunin hefur verið í sambandi við árekstra stórgripa og umferðar og því miður verður að segja þá sögu eins og hún er að sennilega erum við að upplifa eða vorum að upplifa á síðasta ári eitt af verri árum í þeim efnum ef ekki það versta.

[14:49]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég dreg ekki úr því sem hv. þm. sagði um hættu þess að stórgripir gengju lausir á helstu umferðaræðum landsins. Ég held að til allrar hamingju sé það nú svo að lausaganga stórgripa sé bönnuð upp í Hvalfjörð, til Þingvalla, yfir Hellisheiði og Reykjanesskaga eftir því sem ég veit best.

[14:50]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. ráðherra hefur misskilið orð mín eða ekki heyrt hvað ég sagði. Ég var ekki að tala um stórgripina þegar ég talaði um að alfriða vegina út frá þéttbýlinu hér á suðvesturhorni landsins, þá var ég að tala um alfriðun gagnvart öllum búpeningi. Mér er vel kunnugt um það að lausaganga stórgripa er held ég alls staðar bönnuð með samþykktum í nágrenni höfuðborgarinnar. Hún er leyfð í nokkrum sveitum á Norðurlandi vestra, einstaka hreppum á Norðurlandi eystra og á Suðurlandi og þar eru einmitt þau svæði sem mestum áhyggjum valda og þar sem árekstrar umferðar og stórgripa hafa verið tíðastir. En ég tel að það sé tímabært að setja áætlun af því tagi sem ég var að tala um gagnvart alfriðun umferðarþyngstu vega landsins út frá helstu þéttbýlisstöðum, einkanlega hér út frá höfuðborgarsvæðinu. Ég nefndi Suðurlandsveg suður um mitt Suðurland, t.d. austur fyrir Hvolsvöll og maður gæti nefnt Vesturlandsveg upp í Hvalfjörð, þannig að þar væri um alfriðun fyrir öllum búpeningi að ræða og eins tel ég að væri tímabært að huga að sambærilegum aðgerðum út frá Akureyri og jafnvel fleiri stærstu þéttbýliskjörnum á landsbyggðinni. En ég held að ég kunni þetta ágætlega með samþykktir sveitarfélaganna um lausagöngu og mér er það vel ljóst að slíku er ekki til að dreifa á þessum vegum sem næst liggja höfuðborginni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Atvinnuréttindi vélfræðinga, 1. umr.

Stjfrv., 315. mál (STCW-reglur o.fl.). — Þskj. 459.

[14:52]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Með frv. þessu er lagt til að lögum um atvinnuréttind vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum verði breytt. Frv. er samið af nefnd sem samgrh. skipaði í desember 1992. Nefndinni var ætlað að endurskoða lög um atvinnuréttindi vélstjórnarmanna á íslenskum skipum og áttu sæti í henni fulltrúar frá samgrh., Sambandi ísl. kaupskipaútgerða, Landssambandi ísl. útvegsmanna, Siglingamálastofnun, Landssambandi smábátaeigenda, Vélstjórafélagi Íslands og Vélskóla Íslands.

Fullur einhugur var innan nefndarinnar um þær tillögur sem hún gerði til samgrn. Nefndarmenn telja mjög mikilvægt að frv. þetta fái afgreiðslu á yfirstandandi þingi enda full samstaða innan nefndarinnar um nauðsyn á afgreiðslu þess í þeim búningi sem nefndin lagði til. Frv. það sem hér er lagt fram er óbreytt frá tillögum nefndarinnar.

Samhliða skipun þessarar nefndar var skipuð nefnd til að endurskoða lög um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum, nr. 112/1984, og samhliða þessu frv. er lagt fram frv. til breytinga á þeim lögum og frv. til laga um áhafnir íslenskra kaupskipa sem nefndirnar unnu að sameiginlega. Tilgangur þessa frv. er m.a. að samræma gildandi atvinnuréttindalög vélstjóra, vélfræðinga og vélavarða við alþjóðasamþykkt um þjálfun, skírteini og vaktstöðu farmanna frá 1978, skammstafað STCW.

Helstu breytingar sem frv. felur í sér eru: Í 2. gr. frv. er nýmæli sem felur í sér ákveðna rýmkun frá gildandi lögum, einkum að því er varðar smábáta. Gert er ráð fyrir því að við vélar allt að 221 kw. verði ekki gerð krafa um vélavarðaréttindi. Þess í stað er lagt til að komið verði á sérstöku vélgæslunámskeiði. Hér er um rýmkun að ræða þar sem vélavarðanámið tekur nú eina námsönn, þ.e. fjóra mánuði, en gert er ráð fyrir styttra námi fyrir vélgæslumenn. Að því er stefnt að eftir gildistöku laga þessara, verði frv. þetta að lögum, fari fram á vegum menntmrn. og í samráði við Vélskóla Íslands námskeið í vélgæslufræðum. Er þetta einkum hugsað fyrir sjómenn á skipum að 20 rúmlestum með aðalvél minna en 221 kw. Miðað er við að þeir sem fæddir eru á árinu 1945 eða fyrr og hafa annast vélgæslu í fimm ár þurfa ekki að loknu námskeiði um efnið að gangast undir sérstakt próf.

Lagt er til að á bátum að 20 rúmlestum geti skipstjórinn og vélgæslumaðurinn verið einn og sami maður. Það er nýmæli að sami maður geti sinnt vélstjórn og skipstjórn að ákveðnum skilyrðum uppfylltum.

Í 2. gr. frv. er gert ráð fyrir að á skipum með allt að 376 kw. vél sé aðeins einn vélstjóri um borð að því tilskildu að útivera fari ekki yfir 30 klukkustundir í einu. Í gildandi lögum eru ekki sérákvæði sem taka mið af útivist skipa. Jafnframt er lagt til að ekki verði krafist þriggja vélstjóra á skipum með 1.501–1.800 kw. vél heldur tveggja vélstjóra og þeim til aðstoðar komi vélavörður eða aðstoðarmaður.

Í 2. mgr. 2. gr. frv. eru felld niður ákvæði um fjölda vélavarða og vélstjóra á íslenskum kaupskipum en ákvörðun um fjölda þeirra falin mönnunarnefnd íslenskra kaupskipa samkvæmt frv. til laga um áhafnir íslenskra kaupskipa sem lagt er fram samhliða frv.

Í 6. gr. frv. eru lagðar til nokkrar breytingar sem eru m.a. tilkomnar vegna aðildar Íslands að STCW-alþjóðasamþykktinni. Bætt er við tveimur nýjum atvinnuskírteinum vegna breytinga sem koma fram í 2. gr. frv. Einnig er í greininni aldursskilyrði þess að geta verið handhafi atvinnuskírteinis til vélstjórnar sem ekki eru tilgreind í gildandi lögum.

Ég legg til, hæstv. forseti, að frv. verði vísað til 2. umr. og samgn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Atvinnuréttindi skipstjórnarmanna, 1. umr.

Stjfrv., 316. mál (SJCW-reglur o.fl.). — Þskj. 460.

[14:55]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Þetta frv. er samið af nefnd sem samgrh. skipaði í desember 1992. Nefndinni var ætlað að endurskoða lög um atvinnuréttindi vélstjórnarmanna á íslenskum skipum. Í henni áttu sæti fulltrúar frá samgrn., Sambandi ísl. kaupskipaútgerða og Landssambandi ísl. útvegsmanna, Siglingamálastofnun, Stýrimannaskólanum í Reykjavík, Farmanna- og fiskimannasambandinu, Stýrimannafélagi Íslands og Landssambandi smábátaeigenda.

Fullur einhugur var innan nefndarinnar um þær tillögur sem hún lagði fram. Nefndarmenn telja mjög mikilvægt að frv. fái afgreiðslu á yfirstandandi þingi, enda full samstaða innan nefndarinnar um nauðsyn á afgreiðslu þess í þeim búningi sem nefndin lagði til. Frv. er óbreytt frá tillögum nefndarinnar. Samhliða skipun þessarar nefndar var skipuð nefnd til að endurskoða lög um atvinnuréttindi vélstjórnarmanna á íslenskum skipum og samhliða frv. er lagt fram frv. til breytinga á þeim lögum og frv. til laga um áhafnir íslenskra kaupskipa sem nefndirnar unnu sameiginlega.

Tilgangur frv. er m.a. sá að samræma gildandi atvinnuréttindalög skipstjórnarmanna við alþjóðasamþykktina um þjálfun, skírteini og vaktstöður farmanna frá 1978.

Helstu breytingar frv. eru: Gerðar eru nauðsynlegar breytingar á lögunum með hliðsjón af reglum Evrópska efnahagssvæðisins sem fela það einkum í sér að ríkisborgarar á Evrópska efnahagssvæðinu hafa sömu réttarstöðu til atvinnuréttinda og íslenskir ríkisborgarar. Lögð er til breyting á réttindastigum skipstjórnarmanna sem felur það í sér að 2. stig stýrimannaskólanna veitir aðeins réttindi til skipstjóra og yfirstýrimanna að 200 rúmlesta kaupskipum og minni í strand-

siglingum en hingað til hefur 2. stig veitt réttindi til skipstjórastarfa á skipum allt að 400 rúmlestir að stærð, bæði í siglingum á milli landa og innan lands. Þessi breyting er í samræmi við STCW-alþjóðasamþykktina. Lagt er til að felld verði úr lögum ákvæði sem segja til um fjölda stýrimanna á kaupskipum.

Samhliða frv. þessu er lagt fram frv. til laga um áhafnir íslenskra kaupskipa og er þar miðað við að skipuð verði sérstök mönnunarnefnd kaupskipa sem ákveður lágmarksmönnun kaupskipa og að Siglingamálastofnun gefi út mönnunarskírteini í samræmi við ákvörðun mönnunarnefndar.

Hvað varðar skipstjóraréttindi á 30 rúmlesta skip og minni er komið til móts við þá sem náð hafa ákveðnum aldri og stundað hafa sjómennsku um langa hríð með því að gefa þeim kost á að afla sér tilskilinna réttinda fyrir 1. sept. 1996 með því að taka þátt í námskeiði í sjómanna- og skipstjórnarfræðum. Viðkomandi getur í stað þess að ganga undir próf fengið vottorð um að hann hafi setið námskeið og sé hæfur til skipstjórnarstarfa að mati námskeiðshaldara.

Ég sé ekki ástæðu til að rekja efni frv. frekar en legg til að því verði vísað til 2. umr. og samgn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Áhafnir íslenskra kaupskipa, 1. umr.

Stjfrv., 317. mál. — Þskj. 461.

[14:59]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Þetta frv. er samið af tveim nefndum sem ég skipaði í desember 1992. Annarri nefndinni var ætlað að endurskoða lög um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum en hinni að endurskoða lög um atvinnuréttindi vélstjórnarmanna á íslenskum skipum. Í nefndunum áttu sæti fulltrúar frá samgrh., Sambandi ísl. kaupskipaútgerða, Stýrimannaskólanum, Farmanna- og fiskimannasambandinu, Stýrimannafélagi Íslands, Landssambandi ísl. útvegsmanna, Siglingamálastofnun, Landssambandi smábátaeigenda, Vélstjórafélagi Íslands og Vélskóla Íslands.

Nefndirnar urðu sammála um að gera að tillögum sínum að nema ákvæði atvinnuréttindalaga um mönnun kaupskipa úr þeim lögum og fella þau ákvæði er varða heildarmönnun íslenskra kaupskipa í sérstakan lagabálk. Nefndarmenn telja mjög mikilvægt að frv. fái afgreiðslu á yfirstandandi þingi enda full samstaða innan nefndanna um nauðsyn á afgreiðslu þeirra í þeim búningi sem nefndin lagði til.

Tillögur að frv. til laga um áhafnir íslenskra kaupskipa sem hér eru lagðar fram eru óbreyttar frá tillögum nefndarinnar.

Tilgangur frv. er m.a. að breyta ákvæðum gildandi laga um fjölda skipstjórnarmanna, vélstjóra og vélavarða á kaupskipum til samræmis við alþjóðasamþykktina um þjálfun, skírteini og vaktstöður farmanna frá 1978 (STCW) og alþjóðasamþykkt um öryggi sjófarenda (SOLAS). Þess má geta að mjög brýnt er orðið að fullgilda alþjóðasamþykktina frá 1978 hér á landi og hafa íslenskir farmenn nú þegar átt erfitt með að fá atvinnu á erlendum skipum þar sem Ísland hefur ekki fullgilt hana.

Eins og kunnugt er hefur atvinnutækifærum farmanna fækkað mjög hér á landi vegna fækkunar í kaupskipastól Íslendinga og því brýnna en ella fyrir stjórnvöld að auðvelda aðgang þeirra að atvinnu erlendis.

Í frv. þessu er lagt til að þær breytingar verði gerðar frá því sem er í gildandi lögum að ákvörðun um fjölda skipstjórnarmanna og vélstjórnarmanna á íslenskum kaupskipum verði á hendi mönnunarnefndar kaupskipa og taki hún ákvarðanir um fjölda skipverja hvers skips með hliðsjón af tæknibúnaði, gerð og/eða verkefni viðkomandi skips. Í 16. gr. frv. er lagt til að ákvarðanir mönnunarnefndar kaupskipa verði endanlegar á sviði stjórnsýslunnar og er því ekki hægt að skjóta ágreiningsefninu til æðra stjórnvalds. Slík skipan er eðlileg í ljósi þess að hagsmunaaðilar eiga jafnmarga fulltrúa í nefndinni og að samgrh. skipar oddamann nefndarinnar.

Í frv. þessu er ekki kveðið á um lágmarksfjölda skipstjórnar- og vélstjórnarmanna á íslenskum kaupskipum að öðru leyti en því að á hverju skipi skuli vera skipstjóri. Hins vegar er kveðið á um hvaða réttindastig skipstjórnar- og vélstjórnarmenn þurfa að uppfylla miðað við stærð skips og vélar og farsvið.

Í 7. gr. frv. er kveðið á um það að á hverju skipi skuli vera skipstjóri og hvaða atvinnuskírteini skipstjórnarmenn og vélstjórnarmenn að öðru leyti þurfa að hafa miðað við farsvið og stærð skips og vélar og er þar að finna tilvitnanir til alþjóðasamþyktarinnar STCW varðandi atvinnuskírteini þessara manna.

Í 9. gr. frv. er kveðið á um að Siglingamálastofnun gefi út skírteini fyrir öll íslensk kaupskip til staðfestingar um lágmarksfjölda skipverja, svokölluð mönnunarskírteini, í samræmi við ákvarðanir mönnunarnefndar kaupskipa. Slíkra mönnunarskírteina er nú krafist í hafnareftirliti með kaupskipum í öllum Evrópuríkjum, Bandaríkjunum, Kanada og í fjölda Asíuríkja og hefur vöntun á mönnunarskírteinum íslenskra kaupskipa þegar valdið eigendum þeirra erfiðleikum.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um frv., en legg til að því verði vísað til 2. umr. og samgn.

[15:02]

Guðmundur Hallvarðsson:

Virðulegi forseti. Það eru örfáar spurningar sem ég vildi leggja fyrir ráðherra varðandi þetta frv. til laga um áhafnir íslenskra kaupskipa. Það er í fyrsta lagi varðandi l-lið 2. gr. Þar segir að fullgildur undirmaður sé sá sem uppfyllt hefur þær kröfur sem gerðar eru til stöðunnar. Til þess að mega gegna vaktstöðu á siglingavakt í brú, í vélarrúmi og hafa á hendi stjórnun björgunarfara, þurfi viðkomandi að hafa tilskilin réttindi frá Siglingamálastofnun ríkisins eða sambærileg réttindi frá öðru viðurkenndu yfirvaldi, eða frá öðru ríki sem aðili er að STCW-samþykktinni.

Það sem ég vildi spyrja í þessu sambandi er: Hvaða réttindi eru það sem Siglingamálastofnunin veitir nú undirmanni samkvæmt l-lið og frá hvaða tíma hafa þau ákvæði laga verið í gildi hvar menn geta fengið þessi réttindi með tilliti til þess að verði þetta að lögum nú í þessum mánuði eða þeim næsta, þá má ætla að þessi ákvæði laganna taki þegar gildi eins og gert er ráð fyrir í frv.?

Þá vildi ég í annan stað spyrja um það sem kemur fram í 2. gr. í skilgreiningu r-liðar þar sem segir að utanlandssigling sé hver sú ferð sem farin er milli landa eða til fiskimiða utan íslenskrar fiskveiðilögsögu þótt hafna sé ekki leitað.

Nú stangast þetta, hæstv. ráðherra, nokkuð á við íslensk tollalög sem segja að utanlandssigling teljist eingöngu sú sigling hvar skip koma, leggja hér úr höfn og koma við í erlendri höfn. Er einhver breyting þarna gerð? Og ég spyr þá líka: Er líka gerð breyting á tollalögum hvað þetta áhrærir? Því það skiptir verulegu máli að vita af því ef lögum um tollheimtu, tolleftirlit og tollalögum um skip hefur verið breytt í þessa veru.

Þá vildi ég líka spyrjast fyrir um 11. gr., hvort sú sé skoðun ráðherra að ef þetta frv. verður að lögum þá séu með lögum felld úr gildi ákvæði kjarasamninga farmanna hvar tiltekið er um mannafjölda.

[15:05]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. L-liður 2. gr. er nýmæli og eru öll gögn, kennslugögn og annað þvílíkt tilbúið til þess að hægt sé að veita þá fullgildingu undirmanna sem hér er gert ráð fyrir frá Siglingamálastofnun ríkisins. Eins og ég sagði áður, þá legg ég áherslu á það að við erum hér að tala um að nauðsynlegt sé fyrir okkur að hafa svigrúm og heimildir til að fullgilda alþjóðasamþykktina frá 1978, STCW. Það er mergurinn málsins í þessu sambandi og eins það ákvæði sem hv. þm. spurði um varðandi það hvað séu utanlandssiglingar, þ.e. r-lið, en sá liður hljóðar svo: „Utanlandssigling er hver sú ferð sem farin er milli landa eða til fiskimiða utan íslenskrar fiskveiðilögsögu þótt hafna sé ekki leitað."

Ég skil það svo að þetta sé í alþjóðasamþykktinni og sé þess vegna óhjákvæmilegt að taka þetta ákvæði inn, en hitt er svo annað mál hvort tollurinn vilji fallast á sömu skilgreiningu. Það mál hefur ekki verið rætt milli samgrn. og fjmrn. og skal ég ekki um það segja.

Það er rétt hjá hv. þm. að hér er gert ráð fyrir öðrum reglum en áður um fjölda yfirmanna og má vera að það stangist í einhverjum atriðum á við gildandi kjarasamninga. Ég hef ekki athugað það sérstaklega en ég vek athygli á að þessi frumvörp eru samþykkt af nefnd þar sem fulltrúar frá Vélstjórafélaginu, Farmannasambandinu og Stýrimannafélaginu eiga aðild og þeir hafa fallist á frumvarpsdrögin eins og þau liggja fyrir og ég tel að af þeim sökum sé ekki um neinn ágreining við þessi stéttarfélög að ræða.

[15:08]

Guðmundur Hallvarðsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þau svör sem hér hafa komið fram en vek enn athygli á því að ég get ekki séð að í þessari nefnd hafi átt sæti fulltrúi þeirra háseta sem eru aðilar að kjarasamningum, þ.e. sjómannafélaganna og þess vegna vek ég athygli á því hvernig réttarstaða er varðandi kjarasamninga um mönnunarákvæði ef ekki hefur verið til þeirra leitað.

Ég vek aftur athygli á því og ítreka það að þarna stangast verulega á lög um tollheimtu og tolleftirlit miðað við r-lið 2. gr. þessa frv. og ég tel að það sé mjög nauðsynlegt að lögin um tollheimtu og tolleftirlit séu samræmd og þá eðlilegt að þau séu samræmd til þessarar veru sem hér er talað um, þ.e. að til utanlandssiglinga sé þá hver sú ferð talin sem verður vegna millilandasiglinga, svo og þess líka þá skip fara til fiskimiða utan íslenskrar fiskveiðilögsögu þótt ekki sé hafna leitað. Það var þetta sem ég vildi ítreka.

[15:09]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Ég sé síður en svo neitt athugavert við það að Sjómannasambandi Íslands verði gefið tækifæri til þess að gera sínar athugasemdir við þessi frumvörp ef einhverjar eru og þær verða þá teknar til efnislegrar athugunar í samgn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vegáætlun 1995–1998, fyrri umr.

Stjtill., 308. mál. — Þskj. 428.

[15:10]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Sú þáltill. um vegáætlun sem hér liggur fyrir fjallar um fjáröflun og framkvæmdir á árunum 1995–1998. Tillögunni var dreift á Alþingi í desembermánuði meðan fjárlög voru í vinnslu og eru niðurstöðutölur tillögunnar fyrir árið 1995 í samræmi við það sem ákveðið var í fjárlögum. Tillagan er með hefðbundnu sniði, þ.e. að í henni er að finna áætlun um fjáröflun næstu fjögur ár, svo og skiptingu útgjalda á helstu liði, en þeir eru nú nokkuð breyttir frá því sem verið hefur og er það í samræmi við vegalög sem samþykkt voru á sl. ári. Þá er í tillögunni að finna skrá um þjóðvegi og flokkun þeirra.

Í athugasemdum með tillögunni koma fram skýringar á einstökum liðum auk ýmissa upplýsinga um vegakerfið, þar á meðal breytinga sem stafa af nýjum vegalögum. Rétt er að geta þess í upphafi að allar tölur eru settar fram á sama verðlagi, áætluðu verðlagi þessa árs þannig að tölur eru sambærilegar milli ára. Verður nú vikið að helstu þáttum í tillögunni og byrjað á fjáröfluninni.

Bensíngjald hækkaði um 5,67% 1. des. sl. og þungaskattur hækkaði 1. jan. um 4,5%. Hafa þá báðir þessir liðir verið hækkaðir eins og vísitala byggingarkostnaðar leyfir. Enn er þó í gildi afsláttur af blýlausu bensíni sem upp var tekinn í júní 1989. Afsláttur þessi nemur nú 5,66% en þess má geta að markaðshlutdeild blýlauss bensíns hefur stöðugt farið vaxandi

á undanförnum árum og er nú 86% og enn að aukast. Í tillögunni er ekki gert ráð fyrir frekari hækkunum á bensíni en reiknað með að þungaskattur hækki um næstu áramót um 0,8%.

Gert er ráð fyrir því að umferð aukist að meðaltali um 1,8% á milli ára á áætlunartímabilinu og tekjur af bensínsölu og þungaskatti hækki samsvarandi. Unnið hefur verið að auknu eftirliti og bættri innheimtu þungaskatts. Þetta hefur þegar skilað nokkrum árangri og er reiknað með að tekjuaukning á árunum 1995–1998 verði 100 millj. kr. á ári vegna bættrar innheimtu. Í tillögunni er lagt til að nokkurt fé sé árlega fært í ríkissjóð eins og gert hefur verið undanfarin ár. Þessu fé er m.a. ætlað að standa að hluta til undir útgjaldaaukningunni sem varð vegna framkvæmdaátaks í atvinnumálunum á árunum 1993–1994.

Ríkisstjórnin ákvað í nóvember 1994 að beita sér fyrir framkvæmdaátaki í vegamálum. Ákvörðunin fól í sér að á næstu fimm árum, frá 1995–1999, skyldi aflað 3.500 millj. kr. Helmingi þessarar upphæðar er aflað af mörkuðum tekjustofnum með hækkun þeirri sem áður var greint frá. Hinn helmingurinn er sérstakt framlag úr ríkissjóði. Vegna aðstæðna í atvinnulífinu er ákveðið að nota allt þetta viðbótarfjármagn á fjórum árum, 1995–1998 og mest á fyrsta ári, 1.250 millj. kr., *en síðan minnkandi. Til að brúa bilið milli fjáröflunar* og fjárnotkunar þarf að taka lán, einkum árin 1995 og 1996, en lánin verða síðan endurgreidd á árunum 1998 og 1999. Niðurstöðutala fjáröflunar 1995 er 7.425 millj. kr. Niðurstöðutölur 1996 eru 7.440 millj. kr., 7.320 millj. kr. árið 1997 og 7.170 millj. kr. árið 1998. Innifalið í þessum tölum eru lántökur árin 1995–1997 og endurgreiðsla á árinu 1998.

Næst er að víkja að gjaldahlið áætlunarinnar. Þar ber að hafa í huga að breytingar þær sem leiða af nýjum vegalögum hafa töluverð áhrif á uppsetningu vegáætlunarinnar, m.a. er flokkun vega töluvert breytt og ný nöfn vegflokka í samræmi við vegalögin. Fyrst kemur að liðnum stjórn og undirbúningur. Fjárveiting til þessa liðar er á þessu ári sú lægsta sem verið hefur í a.m.k. 15 ár og er ljóst að mjög er kreppt að þessum málaflokki þar sem verkefnin verða sífellt umfangsmeiri og flóknari og þarfnast samráðs og umsagnar fleiri aðila en áður var. Má þar t.d. nefna lögin um mat á umhverfisáhrifum sem auka vinnu á þessu sviði til mikilla muna. Þá eru kröfur um upplýsingaþjónustu stöðugt vaxandi. Því er lögð til nokkur hækkun á þessum lið á síðari árum áætlunarinnar. Lagt er til að fjárveitingar til almennrar þjónustu aukist nokkuð frá því sem verið hefur en kröfur um þjónustu á vegakerfinu fara stöðugt vaxandi. Er í aðalatriðum miðað við að staðið verði við þau markmið sem sett voru fram í drögum að langtímaáætlun fyrir árin 1991–2002.

Fjárveiting til vetrarþjónustu árið 1995 er í samræmi við meðaltalskostnað við þennan málaflokk á síðustu 10 árum að viðbættum áætluðum kostnaði vegna rýmkaðra reglna um vetrarþjónustu sem tóku gildi á síðasta ári. Lagt er til að fjárveiting verði óbreytt á næsta ári en hækki lítið eitt á árunum 1997 og 1998 þannig að svigrúm verði til lítillega aukinnar þjónustu miðað við meðalárferði.

Lagt er til að fjárveitingar til viðhalds hækki nokkuð frá því sem var á síðasta ári. Ljóst er að enn vantar töluvert á að þessi liður fái það fjármagn sem þyrfti. Þetta kemur harðast niður á styrkingu vega og viðhaldi malarvega en fjárþörf til viðhalds bundinna slitlaga fer einnig ört vaxandi vegna aukinnar umferðar og með vaxandi lengd bundinna slitlaga. Með nýjum vegalögum voru þjóðvegir í þéttbýli lagðir niður sem sérstakur vegflokkur en þeir vegir sem töldust til flokksins falla nú að mestu undir stofnvegi en nokkrir verða tengivegir og örfáir falla niður.

Fjárveitingar til þjóðvega í þéttbýli samkvæmt eldri lögum voru undir sérstökum lið og fóru að mestu til viðhalds og þjónustu og er því lagt til að þær falli undir viðhald nú. Þar eð væntanlega verður samið við þéttbýlissveitarfélögin um veghald vegna þessa að einhverju eða öllu leyti er lagt til að fjárveitingar til þessara vega verði sérstakur liður, a.m.k. að þessu sinni.

Í tillögunni er gert ráð fyrir að haldið verði hinum hefðbundnu framkvæmdaliðum, almennum verkefnum, stórverkefnum o.s.frv. Eðlilegast er að samgn. fjalli um skiptingu fjármagns milli kjördæma og skiptingu fjárveitinga til einstakra stórverkefna eins og *venja hefur verið. Eins og áður er vikið að hefur rík*isstjórnin ákveðið að gera sérstakt framkvæmdaátak í vegagerð og afla fjár til þess eins og áður greindi. Þetta veldur því að fjármagn til nýbygginga helst mikið á vegáætlunartímabilinu eins og verið hefur undanfarin tvö ár. Það er vilji ríkisstjórnarinnar að viðbótarfé þessu verði skipt á milli kjördæma samkvæmt íbúatölu og að litið verði á höfuðborgarsvæðið sem eitt svæði þó í tveim kjördæmum sé. Mikil þörf er orðin á að ráðast í kostnaðarsöm umferðarmannvirki á höfuðborgarsvæðinu og mun viðbótarféð gera það kleift.

Segja má að fjárveitingar til annarra útgjaldaliða séu með hefðbundnum hætti en hafa verður þó í huga áðurnefndar breytingar sem stafa af breyttum vegalögum. Þar má nefna að stofnvegir nú svara að mestu til stofnbrauta áður að viðbættum þjóðvegum í þéttbýli. Tengivegir eru að mestu þeir vegir sem áður voru þjóðbrautir og safnvegir svara til sýsluvega samkvæmt eldri lögum. Landsvegir eru þeir vegir sem áður voru aðalfjallvegir auk nokkurra annarra fjallvega, vega innan þjóðgarða og til ýmissa fjölsóttra ferðamannastaða. Styrkvegir eru ýmsir vegir samkvæmt 16. gr. vegalaga sem áður gátu m.a. verið sýsluvegir eða aðrir fjallvegir.

Loks má geta þess að gert er ráð fyrir í samræmi við vegalög að fjármagn til tilrauna tvöfaldist frá því sem áður var og er það vel því mikil þörf er á að þróa nýjar aðferðir og prófa ný efni á þessu sviði.

Svo sem kunnugt er hefur verið ákveðið á árinu 1993 að fela Vegagerðinni umsjón með ferjum og ferjumálum og hafa útgjöld ríkisins af ríkisstyrktum ferjum verið greidd af vegafé frá og með árinu 1993. Samkvæmt tillögunni sem hér liggur fyrir eru framlög til ferja áætluð 469 millj. kr. árið 1995 en 455 millj. kr. árin 1996–1998. Í samræmi við 3. mgr. 23. gr.

vegalaga eru ferjuleiðir nú í fyrsta sinn taldar upp í tillögunni, grein 3.3, og fá hliðstæða meðhöndlun og þjóðvegir. Þannig er gert ráð fyrir að framlög til stofnkostnaðar verði sundurliðuð á einstakar ferjuleiðir eins og gert er með framlög til nýbyggingar vega. Áætlað er að stofnkostnaður vegna ferja, þ.e. afborganir og vextir af lánum vegna kaupa á ferjunum nemi um 374 millj. kr. á árinu 1995 miðað við vaxtaforsendur og gengi 1. nóv. 1994. Hins vegar er áformað að gera breytingar á ferjulánunum með skuldbreytingu sem felst í að sameina lánin, lengja þau og fá betri vaxtakjör. Er reiknað með að lækka megi árlega greiðslu af þeim um 100 millj. kr. með þessum hætti. Á hitt ber að líta að ferjuskuldir nú nema 2 milljörðum og 100 millj. kr. Þar sem um er að ræða mjög háar fjárhæðir er ljóst að tiltölulega litlar breytingar á gengi og vöxtum geta valdið verulegum breytingum á þessum útgjaldalið áætlunarinnar.

Í vegalögum er nú skilgreindur sá ferjurekstur sem ríkið á að styrkja. Er áætlað að rekstrarstyrkir á árinu 1995 nemi um 190 millj. kr. Vegagerðin hefur unnið að því að koma á samræmingu á þjónustustigi í gjaldskrármálum ferja. Einnig hefur verið unnið að því að koma á hagræðingu í rekstri. Hefur rekstur einnar ferjuleiðar verið boðinn út og gerðir hafa verið rekstrarsamningar, marksamningar vegna fjögurra ferjuleiða. Er vonast til að þessar aðgerðir muni leiða til lægri rekstrarstyrkja á komandi árum.

Í nýju vegalögunum eru lagðar meginlínur um það hvaða vegir teljist þjóðvegir og skiptingu þeirra í vegflokka. Reglur þessar eru talsvert breyttar frá fyrri lögum. Í þáltill. er í samræmi við vegalögin upptalning á þeim þjóðvegum sem teljast stofnvegir og tengivegir ásamt ferjuleiðum. Gert er ráð fyrir því að samgn. og þingmönnum einstakra kjördæma verði gerð nánari grein fyrir vegflokkuninni við áframhaldandi vinnu við tillöguna.

Ég legg til, hæstv. forseti, að þessari tillögu verði vísað til samgn. og vonast til þess að þingmenn leggi sig fram um að afgreiða hana svo fljótt sem kostur er.

[15:20]

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Þessi till. til þál. um vegáætlun fyrir árin 1995–1998 felur í sér heildarendurskoðun á vegáætlun. Hún mun fara til samgn. til meðferðar og skipting fjárhæða milli kjördæma mun þá væntanlega fara til kjördæmis þingmannanna til yfirferðar. En eigi að síður vildi ég áður en tillagan fer til samgn. koma inn á nokkur atriði varðandi þetta mál og þá einkum það framkvæmdaátak sem boðað er í þessari tillögu um vegáætlun upp á 1.250 millj. kr. á árinu 1995.

Hingað til hefur ríkt hér í hv. Alþingi bærilegur friður um aðferðir um skiptingu fjármagns til vegamála og það hefur verið álitið sameiginlegt verkefni þjóðarinnar að byggja upp vegakerfi landsmanna og það hefur verið ákveðið samkomulag í því efni sem byggist á vegalengd, ástandi vega og umferðarþunga og það hefur verið fengin ákveðin skiptiprósenta eftir þessum reglum. Þessi regla er búin að vera við lýði núna í þau um það bil 10 ár sem ég hef verið á Alþingi og hefur ríkt um þetta mjög viðunandi samkomulag. Þó að þingmenn einstakra kjördæma hafi auðvitað ekki alltaf verið ánægðir með sinn hlut eins og gengur og talið of lítið fjármagn fara til þessara mála, þá hefur verið nokkuð gott samkomulag um þessa reglu þrátt fyrir allt.

Nú bregður hins vegar svo við þegar þetta framkvæmdarátak er ákveðið að það er ákveðið af ríkisstjórninni án nokkurs samráðs við Alþingi að breyta þessari reglu varðandi framkvæmdaátakið og taka það upp að skipta þessu viðbótafjármagni eftir höfðatölu. Ég tel að hér sé um forkastanleg vinnubrögð að ræða og ekki síst er athyglisverður í þessu þáttur hæstv. forsrh. sem hefur talið það sæma að slá um sig með yfirlýsingum um þetta efni án nokkurs samráðs við nokkurn mann hér í Alþingi svo að mér sé kunnugt um. Og ég hef ekki, ég verð þá leiðréttur ef það er rangt að framkvæmdir séu hafnar hér á höfuðborgarsvæðinu samkvæmt þessu átaki. Ég veit ekki betur en að stórframkvæmdir upp á 400 millj. kr. séu hafnar áður en vegáætlun kemur hér til fyrri umr. hér í hv. Alþingi. Þetta eru náttúrlega vinnubrögð sem ná ekki nokkurri átt. Og ég vil spyrja hæstv. samgrh. hvort hann sé ánægður með þessi vinnubrögð og hvort hann hafi tekið þátt í þessum ákvörðunum eða hvort hann hafi verið neyddur til þess eftir þær yfirlýsingar sem gefnar voru af hæstv. forsrh. að dansa með.

Ég vil líka einnig fá að vita hvort útreikningur á því liggur fyrir hvað einstök kjördæmi fá í sinn hlut samkvæmt þessari vegáætlun, heildarfjárhæðina. Ég veit að það á eftir að skipta þeirri fjárhæð niður á einstök verkefni í kjördæmi en ég kalla eftir svörum frá hæstv. samgrh. um það hve mikill hluti af þessu viðbótarfjármagni kemur í hlut einstakra kjördæma. Það vill svo til t.d. á Austurlandi og einnig á Vestfjörðum í fámennustu kjördæmunum að þar eru stórverkefni í samgöngumálum eftir, og ég þarf ekki að tíunda það, t.d. á hringveginum í kringum landið þar sem standa út af stór verkefni, ekki síst á Austurlandi. Mér býður í grun að Austurland muni standa nokkurn veginn jafnrétt eftir þetta framkvæmdaátak og muni ekkert viðbótarfjármagn í raun koma í hlut landshlutans. Það er gott að það liggur fyrir að þetta er ákvörðun hæstv. ríkisstjórnar. Það kemur fram í máli hæstv. samgrh. Hins vegar hefðu það verið betri vinnubrögð að ræða þessi áform á hv. Alþingi áður en þessi ákvörðun var tekin. Í vegamálum hefur eins og ég kom að í upphafi máls míns verið allgott samkomulag um það hvernig skipting ætti að vera milli kjördæma í þessum málum. Ég dreg ekki úr því að það séu aðkallandi verkefni á höfuðborgarsvæðinu en ég tel að það hefði mátt ná verulegum áföngum hér á þessu svæði innan þess ramma sem áður var í staðinn fyrir að breyta þessari skiptingu sem gott samkomulag hefur verið um án nokkurs samráðs.

Ég tel í rauninni ekki ástæðu til þess að setja á langt mál um þessa tillögu í framhaldi af þessu. Ég tel áríðandi að það verði upplýst við þessa umræðu hvað mikið framkvæmdaátak verður í einstökum kjördæmum

fyrir þessar 1.250 millj. kr. sem ætlunin er að leggja til þess á þessu ári. Og hvað það verður mikið á næstu árum og á áætlunartímabilinu. Ég bið hæstv. samgrh. að svara þeirri spurningu.

[15:28]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Athugasemdir hv. þm. voru út af tveim efnum. Annars vegar því að nú er tekin upp sú regla að hluta af vegafé skuli skipt í samræmi við fólksfjölda og er auðvitað höfuðástæðan fyrir því sá mikli fjárskortur sem hefur verið til framkvæmda hér á höfuðborgarsvæðinu. Ég hygg að framsóknarmenn sem buðu sig fram fyrir R-listann hér í Reykjavík geti ekki tekið undir þau ummæli hv. þm. að það hafi verið að ástæðulausu sem ráðist var í að flýta framkvæmdum í Ártúnsbrekku. Þetta er sá kafli á landinu þar sem hvað mest hætta er á slysum. Mannslíf eru í húfi og það var ástæðan fyrir því að þeim framkvæmdum var flýtt. Á bak við það stóð ríkisstjórnin með sinni ákvörðun og við erum reiðubúnir til að standa við það. Mér finnst satt að segja undarlegt að hv. þm. skuli gera þessa framkvæmd tortryggilega.

Hitt atriðið lýtur að því hvort sú framkvæmd vegamála sem tekin hefur verið upp nú af þessari ríkisstjórn halli á Austurland miðað við það sem áður hefur verið. Hvort sú stefna sem felst í þessari tillögu halli á Austurland og það vill svo til að hv. þm. lagði sérstaka áherslu á hringveginn í því sambandi. Það er alveg laukrétt hjá hv. þm. ef við tökum einungis tillit til þeirra framlaga sem koma samkvæmt höfðatölureglunni. Þá mun það auðvitað ekki vera sama féð og við tökum með öðrum hætti til hliðar til þess að flýta því að leggja veg yfir hálendið til Norðurlands sem er hluti af hringveginum. Með þessari vegáætlun er verið að marka þá stefnu að við sjáum fyrir endann á því að ljúka hringveginum. Það er kjarni málsins. Það eru auðvitað fyrst og fremst miklir hagsmunir Austurlands og Norðurlands eystra. Þar fara okkar sjónarmið saman, vona ég, og það er gjörsamlega út í hött að gera lítið úr þessum þætti tillögunnar.

[15:31]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. ráðherra svaraði ekki spurningu minni hvað kæmi í hlut einstakra kjördæma af fénu til framkvæmdaátaksins. Hins vegar ræddi hann það að ég hefði gert framkvæmdina í Ártúnsbrekkunni tortryggilega, talaði um að það væru mannslíf í veði. Ég talaði ekki nokkurn skapaðan hlut um að þessi framkvæmd væri ekki nauðsynleg. Hins vegar eru vinnubrögðin forkastanleg, að sniðganga Alþingi varðandi framkvæmdir samkvæmt vegáætlun og fara í framkvæmdir áður en vegáætlun kemur til fyrri umr. á Alþingi. Það var inntakið í mínu máli en ekki hitt að þessi framkvæmd í Ártúnsbrekkunni væri ekki nauðsynleg. Ég talaði ekkert um það. En hæstv. samgrh. þótti sæma að snúa út úr mínu máli eins og hann gerir nú nokkuð oft. Hins vegar vil ég fá að vita hvað kemur í hlut einstakra kjördæma. Hvernig standa einstök kjördæmi eftir þetta framkvæmdaátak og þá fjármuni sem ætlaðir eru til vegamála í þessari áætlun? Hvaða fé verður tekið með öðrum hætti til hliðar til að klára hringveginn? Við þessu vil ég fá skýr svör, hæstv. samgrh.

[15:32]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Eins og hv. þm. er kunnugt þá er ekki hægt að gera grein fyrir öllum þessum málum í stuttu andsvari. Ég vil á hinn bóginn minna á það, sem hv. alþm. er jafnkunnugt og mér, að það er mjög algengt að verk séu boðin út þó á vegáætlun hafi ekki verið samþykktar nægilegar fjárveitingar til að ljúka verkinu. Er kannski skemmst að minnast þeirrar ákvörðunar síðustu ríkisstjórnar að bjóða út Vestfjarðagöngin. Er kannski líka skemmst að minnast allra þeirra ferjukaupa sem við erum nú að burðast við að reyna að borga og hefur kostað okkur um hálfan milljarð á ári en ekki var lögð ein einasta króna til á fjárlögum síðustu ríkisstjórnar svo ég taki þau mál sérstaklega. Finnst mér nú að Framsfl. sé ekki mjög heilagur í þessum efnum.

Á hitt vil ég leggja áherslu sem ég gerði áðan. Það skiptir ekki máli þegar við erum að tala um að ljúka hringveginum bæði um Austurland og Norðurland og um fjallvegina á milli Austurlands og Norðurlands eftir hvaða númeri á vegáætlun þeir fjármunir koma. Það sem skiptir okkur máli er eins og hv. þm. sagði áðan að við fáum nægilega fjármuni til að sjá fyrir endann á því að hægt sé að ljúka við hringveginn. Það er mikilsvert vegna þess að vegasamgöngur eru brýnni en áður vegna þess að gámaflutningar á landi eru meiri þáttur í flutningum en áður í samstarfi fyrirtækja en áður, í hagkvæmum útflutningi og í hagkvæmum innflutningi til verðlækkunar fyrir neytendur. Það er að þessu sem við eigum að einbeita okkur en ekki vera með einhverja útúrsnúninga um einhvern einn lið vegáætlunar. Það er ekki upplýsandi og slíkur málflutningur er ekki settur fram til þess að útskýra málin fyrir sínum kjósendum og sínum umbjóðendum.

[15:34]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það sem máli skiptir í þessu vegamáli öllu saman er hvað miklir peningar eru til framkvæmda. Hæstv. ráðherra hefur ekki enn þá svarað fyrirspurn minni um það hvað kemur í hlut einstakra kjördæma. Ég er ekkert að ætlast til að hann svari því í andsvari. Ég er að ætlast til að hann svari því áður en umræðunni lýkur og ég mun bíða eftir því.

Varðandi þessa framkvæmd í Ártúnsbrekkunni þá er einfaldlega um það að ræða að þar er farið í framkvæmd upp á 400 millj. kr. og hún boðin út rétt áður en vegáætlun er tekin hér til umræðu. Mér er fullkunnugt um að framkvæmdir hafa verið boðnar út sem eru inn á vegáætlun og framkvæmdafé er skipt á eitt, tvö eða jafnvel þrjú ár. Það er mér alveg kunnugt um. En þetta mál er ekki af því tagi. Hins vegar vil ég taka það fram að ég er ekki með neinum hætti að draga úr því að það þurfi að fara í þessa framkvæmd. En vinnubrögðin hér eru alls ólíðandi og yfirlýsingarnar í þessu máli. Þar á hæstv. samgrh. ekki einn hlut að því hann hefur kannski ekki verið eins yfirlýsingaglaður og

hæstv. forsrh. um þetta mál sem ætti auðvitað að vera við þessa umræðu og standa fyrir máli sínu um þetta mál sem hann hefur tekið að sér hér í bæ.

[15:36]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er verið að ræða till. til þál. fyrir næstu fjögur ár, 1995–1998. Ég vil fyrst gera að umtalsefni að þar sem farið er yfir markaðar tekjur til þessara framkvæmda er talað um að fært skuli í ríkissjóð 275 millj. kr. á þessu ári. Síðan kemur í framkvæmdaátaki framlag úr ríkissjóði 350 millj. kr. Hér er alveg vísvitandi verið að slá ryki í augu þeirra sem líta á þetta í fljótheitum. Það er verið að tala um að framlag úr ríkissjóði er í raun og veru ekki nema 75 millj. kr. Væri nú heiðarlegra að setja þessa vegáætlun upp á þann hátt að hér væri réttar tölur um að ræða.

Það er einnig hægt að benda á að samkvæmt þessari vegáætlun þá er ætlað á árinu 1995, ef við tökum aðeins það ár, fjármagn til framkvæmdaátaks vegna atvinnu áætlað 450 millj. og nýtt framkvæmdaátak hjá ríkisstjórninni 1.250 millj. kr. Það er sem sagt um að ræða 1.700 millj. af rúmlega 3 milljörðum kr. sem ríkisstjórnin hefur ákvarðað að leggja fram og ákvarðað skiptingu á. Hæstv. ríkisstjórn hefur í vaxandi mæli verið að fara inn á þá braut að ákveða einhliða hvernig framkvæmdum í vegamálum skuli háttað og á það sérstaklega við um þetta nýja framkvæmdaátak sem er á þessu ári upp á 1.250 millj. þar sem hér er verið að ákvarða einhliða án nokkurs samráðs við þingmenn eða hv. Alþingi hvernig með þessa skiptingu skuli farið. Hingað til hefur þetta verið gert, eins og hv. 2. þm. Austurl. kom hér inn á áðan, í góðu samkomulagi við þingmenn. Kjördæmaþingmenn hafa skipt þessu og farið yfir þetta og samgn. og þetta hefur verið gert í góðu samkomulagi en nú á allt í einu að fara að gera þetta samkvæmt höfðatölu, íbúatölu. Þá kemur í ljós að þau kjördæmi sem hafa nú hvað lengstar vegalengdir að fara um en fæstir íbúar búa þar á svæðinu, samanber Vestfirði og Austfirði, fá enga aukningu úr framkvæmdaátakinu á þessu ári.

Það er sem sagt verið að fara þarna inn á alveg nýja braut og ég er engan veginn með því að draga úr þeirri þörf sem er fyrir framkvæmdir í gatnamálum á höfuðborgarsvæðinu. Það er orðið mjög nauðsynlegt og það vita allir sem eitthvað skoða þessi mál. Hins vegar er það annað mál að þegar þarf að taka fyrir sérstök verkefni í vegamálum þá hefur það verið gert með sérstökum lið í vegáætlun sem heitir Sérstök verkefni. Það hefur líka verið gert í góðu samkomulagi við þingmenn og samgn. Það hefur ekki þurft að fara út í það að tveir ráðherrar, hæstv. forsrh. og hæstv. samgrh., ákveði einhliða að nú skuli allt í einu taka ákveðna upphæð og deila henni út samkvæmt íbúatölu. Ég deili þess vegna mjög á að þessi aðferð skuli vera viðhöfð og hér er eins og ég sagði farið inn á nýja braut. Það er u.þ.b. 14% af framkvæmdafé vegáætlunar sem ákvarðað er með þessum hætti.

Í öðru lagi hefur, eins og ég reyndar nefndi áðan í umræðum um annað mál, sífellt verið farið inn á vegáætlun með fleiri og fleiri liði sem þarf að greiða af mörkuðum tekjustofnum Vegagerðarinnar og nefndi ég áðan að nú koma girðingar, viðhald þeirra og framkvæmdir hugsanlega einhverjar nýjar inn á þetta. Það er einnig ákvörðun um meiri framkvæmdir í reiðvegum. Á þessu ári er ætlað til reiðvega 9 millj. kr. Þarna er einnig verið að bæta inn fleiri atriðum í sambandi við framlög til vegamála. Svo síðast en ekki síst þá er til flóabáta áætlað 469 millj. samkvæmt þessari áætlun fyrir árið í ár og lækkar raunar á tímabilinu til ársins 1998 í 455 millj. kr.

Það er nokkuð gert af því hér í athugasemdum með þáltill. að tíunda það hvernig verði með greiðslu til flóabáta á næstu árum og talað um að ferjuskuldir í heildina séu nú í kringum 2 milljarðar kr. Það er áformað að gera breytingar á þessum ferjulánum með skuldbreytingu og spara með því um 100 millj. kr. árlega. Það er einnig skilgreindur nánar sá ferjurekstur sem ríkið á að styrkja. Ég vildi því spyrja hæstv. ráðherra að því ef nú er verið að vinna að því að gera rekstur ferja hagkvæmari en verið hefur með ýmsum tiltækum ráðum hvernig á því standi að ekki hafi enn þá verið farið út í það að byggja þær ferjubryggjur sem átti að byggja við Ísafjarðardjúp sem mundi vafalaust gera rekstur djúpferjunnar miklu hagstæðari en hann er í dag. Þessu máli hefur verið ýtt á undan í kerfinu og þæfst við að koma því í framkvæmd á undanförnum tveimur árum. Það eru framlög á fjárlögum til þessara mála og það er ekki nokkur vafi á því að hefðu þessar bryggjur komist í gagnið nokkru eftir að nýtt skip var keypt á þessa leið þá hefði rekstur þess verið allt öðruvísi í dag en hann er. Það er því rétt að spyrja hæstv. ráðherra að því hvort í sambandi við að hagræða í rekstri flóabáta sé ekki áætlað að byggja þessar ferjubryggjur sem allra fyrst enda mun útboð hafa verið tilbúið til þeirra hluta í ágústmánuðu sl.

[15:45]

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það var mjög sérstakt að hlusta á ræðu hv. þm. Jónu Valgerðar sem talaði á undan mér.

(**Forseti** (KE): Forseti vill minna hv. þm. að það á að ávarpa þingmenn með fullu nafni eða kenna þá við kjördæmi sitt.)

Hv. þm. Jónu Valgerðar Kristjánsdóttur. Ég þakka forseta fyrir ábendinguna. Rétt skal vera rétt. En það var einkennilegt að hlusta á ræðu hv. þm. Jónu Valgerðar Kristjánsdóttur þar sem uppistaðan í málflutningnum var sú að það væri verið að ákveða einhliða að breyta því hvernig fjármagni væri úthlutað með vegáætlun. Ég hlýt að álykta sem svo að það sé um einhvern misskilning að ræða því ef það væri verið að ákveða eitthvað einhliða þá væri ekkert verið að ræða vegáætlun á hv. Alþingi. Þá þyrfti ekkert að ræða það. (**JónK:** Til málamynda.) Til málamynda, segir hv. þm. Jón Kristjánsson. Hvers lags eiginlega málflutningur er þetta? Er þá öll umræða hér til málamynda? Hefur öll umræða hér undanfarin ár verið til málamynda? Þó svo menn leggi fram tillögur sem hafa meirihlutastuðning þingmanna þá þarf að afgreiða þær en það eru engar einhliða ákvarðanir. Það er hv. Alþingi sem tekur ábyrgð á ákvörðuninni þegar hún er tekin. Það getur

vel verið að hv. þm. telji að forsrh. og samgrh. séu svo áhrifamiklir að þeir geti bara tekið einhliða ákvarðanir og þær fari hér í gegn og þeir séu þess vegna bara til málamynda að taka þátt í umræðunum. Af hverju eru þeir þá að því að taka þátt í málamyndaumræðum? Til hvers eru þeir þá að því? (**Gripið fram í:** Það er ekki boðið upp á neitt annað.) Jú, jú. En þeir verða að taka afstöðu til málsins eins og aðrir þingmenn þegar til atkvæðagreiðslu kemur og þá verður ekki um neina einhliða ákvörðun að ræða. Það verður ákvörðun sem tekin er á hv. Alþingi þar sem 63 þingmenn sitja og það er meiri hlutinn sem ræður niðurstöðunni og það er engin einhliða ákvörðun.

Mér heyrðist líka á málflutningi hv. þm. Jónu Valgerðar Kristjánsdóttur að það mætti helst aldrei gera neinar breytingar á neinu af því að fjármagni á vegáætlun hefur verið skipt eftir einhverri reglu í einhverja áratugi þá megi alls ekki breyta því, þá megi alls ekki gera það öðruvísi. Og þetta er náttúrlega slík íhaldssemi að íhaldsmönnum eins og mér meira að segja blöskrar.

Það hlýtur hins vegar að vera ánægjuefni fyrir borgarstjórann í Reykjavík að heyra að hv. þm. Jóna Valgerður Kristjánsdóttir frá Kvennalistanum er ekki á móti því að það verði farið í auknar framkvæmdir á vegum á höfuðborgarsvæðinu.

[15:48]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég skildi hv. þm. Árna Mathiesen á þann veg að hann væri því ekki sammála að hér væri búið að ákveða einhliða hvernig skipta ætti þessu fjármagni og ég fagna því auðvitað ef hann er ekki sammála því því að þetta hefur ekkert verið rætt á Alþingi og það á alveg eftir að gera það. Ég geri þá ráð fyrir að hv. þm. sé því ósammála að það sé búið að ákveða þetta. Hins vegar stendur það í vegáætluninni að gert sé ráð fyrir að skipta þessu framkvæmdaátaki samkvæmt íbúatölu.

Hvað varðar það að ég sé því mótfallin að það séu gerðar breytingar þá er það alls ekki rétt. Ég sagði áðan að ég væri því sammála að það gæti þurft að gera sérstakt átak í sambandi við vegamál á höfuðborgarsvæðinu en ég teldi að það ætti að gera það í samráði við Alþingi og alþingismenn. Hingað til hafa þær breytingar sem gerðar hafa verið verið gerðar í góðu samráði, vegáætlun hefur ekki alltaf verið eins og ekki alltaf verið nákvæmlega eins skilgreind eða sundurliðuð hvað varðar fjármagn til framkvæmda en þessar breytingar á bara að gera í góðu samráði við Alþingi. Það á ekki að ákveða fyrst í ríkisstjórninni að þetta skuli gert og leggja hundruð milljónir í þetta en síðan eigi að koma inn á Alþingi og fá samþykki þess eða blessun yfir það sem ráðherrarnir hafa ákveðið fyrir fram.

[15:49]

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Samráðið við Alþingi felst í þessari tillögu til vegáætlunar sem lögð er fram á Alþingi til umfjöllunar. Samráðið felst í umfjölluninni sem fer fram í nefndinni og fer fram í þingmannahópnum. Framkvæmdin er ekki ákveðin af hálfu Alþingi fyrr en samþykki þingsins hefur fengist. Þeir sem halda öðru fram eru að ómerkja sig sem þingmenn og ómerkja Alþingi. Þeir eru að draga úr mikilvægi þeirrar umfjöllunar sem hér fer fram og þeirrar ákvörðunar sem hér er tekin.

[15:50]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að hv. þm. Árni M. Mathiesen sé ekki búinn að lesa greinargerðina með þessari vegáætlun því á bls. 25 stendur: „Í nóv. sl. ákvað ríkisstjórnin að gera framkvæmdaátak í vegamálum." (**ÁMM:** Þú ættir að lesa vegalögin.) Og þessa ákvörðun er ríkisstjórnin búin að taka meðal annars með því að bjóða út framkvæmdir hér á höfuðborgarsvæðinu. Ætlast þá hv. þm. til þess að það gangi til baka ef þetta verður ekki samþykkt?

[15:51]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er ljúft að svara þeirri fyrirspurn sem lýtur að ferjubryggju við Ísafjarðardjúp. Það er rétt að framlög til hennar hafa verið veitt samkvæmt fjárlögum í tvö ár. Framlagi fyrra árið var samkvæmt tillögu allra þingmanna Vestfirðinga varið til annarrar hafnar þar fyrir vestan og gerði ég ekki athugasemd við það.

Um málið að öðru leyti er það að segja að það er eðlilegt að þetta mál kom fyrir samgn. Þessi mál og tillagan í heild sinni verður lögð fyrir í þingmannahópi Vestfirðinga og þá verða þau mál rædd eins og önnur hvernig standa skuli að samgöngum í Ísafjarðardjúpi og hefur hv. þm. þar auðvitað fullan rétt og aðstöðu til að koma við sínum rökum og sínum sjónarmiðum.

Um hitt atriðið vil ég segja að það er alveg laukrétt hjá hv. þm. að það er verið að taka upp nokkurn annan hátt nú í sambandi við fjáröflun til vegagerðar. Ég veit ekki hvort ég á að byrja á því að minna á að í fjáraukalögum var gert ráð fyrir 350 millj. kr. sérstaklega til Vesrfjarðakjördæmis. Það er til viðbótar því sem kemur með hinni sérstöku fjáröflun samkvæmt mannfjölda fyrir vestan. Það er auðvitað algjörlega út í hött að taka ekkert tillit til þess þar sem inni í þessari fjárhæð, 350 millj. kr., er ekki aðeins hinn almenni hluti til jarðgangagerðar heldur líka hluti kjördæmisins, um 20% sem eru 70 millj. kr. Það er því engin ástæða fyrir þingmenn Vestfirðinga að gera lítið úr því. Enda dettur mér ekki í hug að hv. þm. muni gera það heldur viðurkenna að vel sé staðið að málefnum Vestfirðinga í þeirri vegáætlun sem hér er lögð fyrir.

Ég vil í annan stað segja að það er algjörlega nýtt fyrir mér ef verið er að reyna að halda því fram varðandi síðustu ríkisstjórn t.d. að Sjálfstfl. hafi verið í sérstökum trúnaði hjá þeirri ríkisstjórn í vegamálum.

[15:53]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alveg rétt hjá hæstv. samgrh. að það var fært af fjárlögum á árinu 1993 þegar sýnt var að ekki yrði unnið neitt við bryggjurnar í Ísa-

fjarðardjúpi. Hins vegar var það gert með því fororði að það yrði greitt til baka á fjárlögum næsta árs á eftir og það var gert. Þeir fjármunir sem þá fóru vegna þess að árið var að verða liðið til greiðslu á öðrum framkvæmdum voru aftur færðir til baka næsta ár á eftir.

Hvað varðar 350 millj. sem samþykktar voru í fjáraukalögum nú fyrir jólin til Vestfjarðaganga þá vil ég einnig minna hæstv. samgrh. á að í upphafi kjörtímabilsins, árið 1991, voru framlög til vegamála einnig skert um nokkur hundruð milljóna króna og m.a. var framlag til Vestfjarðaganga árið 1991 skert um 350 millj. kr.

[15:54]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er ekki rétt hjá hv. þm. að það hafi verið gert ráð fyrir því þegar vegáætlun var lögð fram af síðustu ríkisstjórn að greiðslur vegna Vestfjarðaganga yrðu hraðari en raun hefur orðið á. Það er ekki rétt. Greiðslur til Vestfjarðaganga hafa orðið meiri og hraðari en gert var ráð fyrir af síðustu ríkisstjórn og ég hygg að það nemi tæpum milljarði á síðasta ári sem er auðvitað verulegt fé, verulegur hluti af nýframkvæmdafé vegáætlunar og satt að segja get ég ekki skilið annað en hv. þm. sé mjög ánægður með það hvernig hefur verið staðið að þeirri framkvæmd.

[15:55]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ekki var ætlast til þess að fjárframlög til Vestfjarðaganga yrðu hraðari, hvorki framlög né framkvæmdir. Það hefur farið algjörlega eftir áætlun. Þar sem ráðherrann nefndi að 350 millj. hefði verið bætt við til Vestfjarðaganga á síðasta ári minni ég hann á að um 350 millj. var skert til Vestfjarðaganga á árinu 1991. Hins vegar þurfti að bæta við þessum hundruðum milljóna vegna ófyrirsjáanlegra ástæðna sem menn muna vafalaust þegar vatnsagi kom í göngunum sem olli miklum töfum. Ég get vissulega tekið undir það með hæstv. ráðherra að ég og aðrir Vestfirðingar erum fullkomlega ánægð með það sem verið er að gera í sambandi við jarðgöng á Vestfjörðum. Það er engin spurning. Hins vegar geta jarðgöng á Vestfjörðum ekki komið í staðinn fyrir alla framkvæmd í vegamálum á Vestfjörðum á næstu árum því þar er mjög mikið ógert og það vildi ég minna hæstv. ráðherra á.

[15:56]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Hæstv. samgrh. var að gera grein fyrir till. til þál. um vegáætlun. Mér fannst ýmislegt vanta inn í þá ræðu hjá hæstv. ráðherra því að ég taldi að við slíkt tækifæri mundi hæstv. ráðherra segja frá fyrirætlunum sínum og hugmyndum um vegamálin fram í tímann og gera grein fyrir afstöðu sinni til hinna stærri mála. En það var lítið annað en það sem stendur á blöðum sem hæstv. ráðherra fór yfir og hann útskýrði ekki nánar, t.d. hvaða hugmyndir hann hefur um verkefni stórverkaefnasjóðs á næstu árum. En það kom síðan fram í framhjáhlaupi hjá honum í andsvari að hann teldi að aðalstórverkefnið væri að koma hringveginum saman fyrir Austurland og norður. Ég hefði gjarnan viljað að hæstv. ráðherra gerði betur grein fyrir því sem snýr að þessu því að auðvitað er mjög stór liður í öllum þessum vegamálum hvernig haldið verður á málefnum stórverkefnasjóðs.

Mig langar í upphafi til þess að bæta aðeins við umræðuna um þetta svokallaða framkvæmdaátak í vegamálum einfaldlega vegna þess að mér finnst að það sé sett fram með þvílíkum áróðursbrag að varla sé hægt annað en að fara yfir það enn einu sinni hvernig að þessum hlutum er staðið.

Í fyrsta lagi er slík talnaleikfimi á ferðinni þegar verið er að fjalla um það hversu mikið fjármagn það sé sem verið er að bæta við til vegamála. Þar vil ég nefna að hér er talað um 3.500 millj. en ég get ekki betur séð á þeim tölum sem ég fæ út úr þessu en að á þeim fjórum árum sem þetta átak á að standa yfir sé um að ræða 2 milljarða 805 millj. og er ég þá búinn að draga frá þær 210 millj. sem á að vera búið að borga til baka og það sem skert er af hinum mörkuðu tekjustofnum af vegamálum sem tekið er inn í ríkissjóð. Auðvitað er fáránlegt að tala um það sem sérstakt átak til vegamála sem tekið er af mörkuðum tekjustofnum til ríkissjóðs. Þar eru á ferðinni 695 millj. á þessu tímabili þannig að eftirstöðvarnar, þ.e. það sem skilar sér til aukinna framkvæmda, eru þá 2 milljarðar 805 millj. á þessum fjórum árum. En hvað gerist svo? Það er það að hæstv. ríkisstjórn hafði verið í atvinnuátaki í vegamálum sem hún kallaði og það átak var ekki búið. Á þessu ári átti að setja 450 millj. í sérstakt átak í vegamálum sem var í gangi. Fjármögnunin á því átaki er ekki fyrir hendi í þessari vegáætlun en útgjöldin halda áfram að vera fyrir hendi. Í plagginu er sérstaklega sagt að þannig sé þetta. Það er sagt hér, með leyfi forseta, á bls. 25: „Sérstök lánsfjáröflun til framkvæmda vegna atvinnumála sem ákveðin var haustið 1992 sem átti að vera 450 millj. kr. á árinu 1995 er nú felld niður en miðað er við að hinir hefðbundnu tekjustofnar standi undir útgjöldum þeirra verkefna."

Hvort sem menn vilja heldur draga þetta frá því átaki sem nú stendur yfir eða því sem síðast var — ég hef ekki orðið var við að menn hafi gert það fram að þessu — þá erum við að tala um aukið fé til vegamála sem svarar 2 milljörðum 355 millj. á þessu tímabili en ríkisstjórnin í talnaleikfimi sinni heldur því fram að það séu á ferðinni 3,5 milljarðar. Ég verð að segja alveg eins og er að mér finnst óþarfi að standa í þessu. Mér finnst að ríkisstjórnin geti verið fullsæmd af því átaki í vegamálum sem verið er að kynna þó ekki sé verið að reyna að búa til eitthvað meira úr því en það er.

Síðan um höfðatölureglu sem var tekin upp. Ég vil taka undir þá gagnrýni sem kom fram hjá hv. 6. þm. Vestf. að það er auðvitað óboðlegt að slík breyting sé ekki rædd meðal þingmanna áður en hún er tilkynnt sem nánast ákvörðun ríkisstjórnar. Auðvitað þarf ekki að kenna mönnum það hér í sölum hv. Alþingis að þegar ríkisstjórn og ráðherrar eru búnir að spila út slíkum hlutum í viðræðum og opinberlega, í viðræð-

um við sveitarfélög og aðra aðila í þjóðfélaginu verður erfitt að stíga skrefin til baka. Auðvitað er verið að ganga fram hjá alþingismönnum og það er verið að stilla stjórnarþingmönnum upp við vegg að standa að slíkum ákvörðunum sem ríkisstjórnin hefur ákveðið að taka þó svo að auðvitað eigi eftir að ganga frá málum í hv. Alþingi og ég dreg ekki úr því. Auðvitað er hægt að snúa til baka en stjórnarþingmenn eiga sjálfsagt erfitt með að ganga þá göngu.

Það er mjög margt í þessari vegáætlun sem væri vert að ræða og ég verð að segja alveg eins og er að ég hef áhyggjur af mínum tíma og býst við að þurfa að taka aftur til máls því mér sýnist að ég hafi einungis tvær mínútur eftir af mínum tíma. Það er í fyrsta lagi heildarfjármagnið. Ég bendi hv. þm. á að bera það saman við heildarfjármagnið sem gert var ráð fyrir í síðustu vegáætlun og þá sjá menn að viðbæturnar eru ekki eins stórkostlegar eins og menn vilja vera láta. Síðan vil ég nefna að það eru fjölmörg atriði sem við þurfum að fara yfir. T.d. er á bls. 28 talað um lánsfé og endurgreiðslu lánsfjár. Þar kemur það fram að gert er ráð fyrir því að þetta lánsfé sem er inni vegna þessa átaks í vegamálum sé upp á 935 millj. kr. Gert er ráð fyrir því að 210 millj. verði greiddar til baka á árinu 1988 en síðan allt saman, 725 millj. á árinu 1999. Ég tel að varhugavert sé að gera ráð fyrir því að greiða svona stóran hluta af lánsfénu til baka á því ári. Það er greinilegt að með þeirri siglingu sem hefur verið mörkuð hér með framkvæmdaátakinu og skuldsetningu Vegasjóðs er verið að daga verulega úr getu hans til þess að standa í framkvæmdum á næstu árum ef menn breyta ekki þeim áætlunum sem hér liggja fyrir.

Síðan vil ég nefna sérstaklega að á bls. 30 þar sem talað er um endurnýjun malarslitlaga kemur fram að talið sé að það séu einungis 70% af áætlaðri þörf þeirra vega sem nú hafa malarslitlag sem sé gert ráð fyrir á þessari áætlun. Það er auðvitað gjörsamlega óviðunandi og allir vita að viðhaldi malarvega er mjög illa komið víða og það þarf að taka á því máli. — Ég sé að tími minn er búinn, hæstv. forseti, þannig að ég mun óska eftir því að taka til máls aftur við þessa umræðu.

[16:05]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það eru aðeins tvö eða þrjú atriði. Í fyrsta lagi er þingmaðurinn mjög andvígur því að taka upp nýjar reglur í sambandi við greiðslur á fé úr Vegasjóði til einstakra kjördæma. Nú eru horfur á því að jarðgöng komi undir Hvalfjörð og ber þá að skilja orð þingmannsins svo að ríkisstjórninni beri að láta greiða kostnað við umferðaræðar að jarðgöngunum af fé þeirra sem búa Vesturland eingöngu? Eða getur hann hugsað sér einhverjar breytingar frá allsherjarreglunni ef það kemur hans eigin kjördæmi til góða en undir öðrum kringumstæðum ekki?

Kjarni málsins er sá að auðvitað hlýtur það að koma til endurskoðunar frá einu áætlunartímabili til annars hversu fé er varið úr Vegasjóði og mér finnst satt að segja undarlegt að heyra hve margir þingmenn telja að slíkt geti verið ákveðið í eitt skipti fyrir öll og væri þá fróðlegt að fá að vita við hvaða ár eigi að miða. Það er algjör misskilningur hjá hv. þm. að það sé í fyrsta skipti nú sem greitt er í ríkissjóð úr Vegasjóði framlag og ætti hann að rifja upp ráðherraferil forvera míns, Steingríms J. Sigfússonar sem er góður flokksbróðir hans og getur kannski upplýst hann eitthvað um þau mál. Hv. þm. bað mig að bera saman það sem þessi ríkisstjórn hefði gert í samgöngumálum við það sem síðasta ríkisstjórn hefði lofað en treystir sér á hinn bóginn ekki til að leggja verk síðustu ríkisstjórnar á borðið á móti verkum þessarar ríkisstjórnar og sýnir það raunar glögglega hversu mikill munur þar er á. Í sambandi við uppsafnaðar skuldir og skuldbindingar vil ég einungis rifja upp að greiðslubyrði Vegasjóðs til ferja og flóabáta var 399 millj. árið 1993, 542 millj. á síðasta ári og samkvæmt gildandi vegáætlun 469 millj. og 455 millj. á þessu ári og hinu næsta og sýnir það auðvitað betur en flest annað viðskilnaðinn í samgöngumálum.

[16:07]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. ráðherra leggur mér orð í munn. Ég sagði hvergi í minni ræðu að ég væri andvígur því að reglum yrði breytt. Ég gagnrýndi það hvernig staðið er að málinu, hvernig er staðið að því að breyta reglum hjá hæstv. ríkisstjórn þar sem hún ákveður og hæstv. forsrh. gengur yfirleitt fram og lýsir því yfir hvað eigi að gera því hæstv. samgrh. hefur ekki fengið það hlutverk fram að þessu, a.m.k. ekki á þessu kjörtímabili, það hefur verið hæstv. forsrh. sem hefur mætt og gert grein fyrir því hvaða stefna gildir í vegamálum á næstunni. Ég var fyrst og fremst að gagnrýna að svona verulega mikil breyting, þ.e. að miða við höfðatölureglu við úthlutun fjár til vegaframkvæmda, hefði auðvitað þurft töluverða umræðu. Ég held engu fram um það að niðurstaðan hefði ekki getað orðið sú sem hér er verið að kynna en ég held því fram að það hefði verið miklu heppilegra að menn hefðu rætt það almennilega áður en sú ákvörðun var kynnt.

Hæstv. ráðherra nefndi sérstaklega hvernig ætti að standa að málum ef jarðgöng kæmu undir Hvalfjörð. Ég tel að það eigi auðvitað að skoða í sinni heild og ég útiloka engar breytingar í því efni og er tilbúinn að tala um það eins og ég lýsti áðan. Síðan vil ég nefna það í sambandi við skerðingu á vegafé. Einu sinni var skert vegafé á síðasta kjörtímabili og staðið var við þá yfirlýsingu sem því fylgdi. Mér finnst það ekki skipta öllu máli. Það er hitt sem mér finnst skipta máli að menn séu ekki í þessari sífelldu talnaleikfimi. Hér er tvisvar á ferðinni vegaátak á vegum hæstv. ríkisstjórnar. Í báði skiptin hefur hún haldið áfram að skerða vegafé, taka fé inn í ríkissjóð, láta fé út úr ríkissjóði, kalla það framkvæmdaátak í vegamálum þegar menn nota peninga sem raunverulega áttu að renna til vegagerðar. Ekki nóg með það, heldur eru 450 millj. sem voru í fyrra átakinu látnar renna saman við síðara átakið þannig að raunverulega veit enginn hvað snýr upp eða niður á þessari talnaleikfimi og reikningsdæmi hæstv. ríkisstjórnar.

[16:09]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að ekkert óvanalegt sé við þessa vegáætlun að því leyti til að auðvitað hlýtur ríkisstjórn fyrst að taka ákvörðun um hvernig vegáætlun er lögð fyrir og síðan er málið lagt fram á Alþingi nákvæmlega eins og alltaf hefur verið gert. Ég veit ekki hvort ég á að kalla það útúrsnúning, og ekkert við því að segja þó þingmenn séu því ekki kunnugir en það hefur ekki verið venja í gegnum árin að stjórnarandstaðan hafi verið kölluð sérstaklega til og hún hafi verið beðin að blessa allt það sem stendur í vegáætlun. Svo var ekki á síðasta kjörtímabili. Ég lagði fyrir hönd Sjálfstfl. sérstaka áherslu á það að flýta því að vegur yrði lagður frá Mývatnssveit milli Norður- og Austurlands. Því var ekki ansað, ekki einu orði, ekkert tillit til þess tekið eins og sést á þeirri vegáætlun sem var lögð fram af síðustu ríkisstjórn. Það er því síður en svo að um þetta hafi alltaf verið samkomulag.

Ef við veltum fyrir okkur hvernig það er hversu mikið fé rennur í ríkissjóð af vegáætlun og hversu mikið úr ríkissjóði í vegáætlun þá var á síðasta ári, ef ég man rétt, gert ráð fyrir því að 270 millj. rynnu úr Vegasjóði í ríkissjóð en reyndin var sú að það var veitt sérstök aukafjárveiting að fjárhæð 350 millj. úr ríkissjóði í Vegasjóð. Það rann því verulega meira fé úr ríkissjóði í Vegasjóð en öfugt þannig að Vegasjóður hagnaðist á sl. ári ef það er tekið sem dæmi. Þannig er nú þetta. En kjarni málsins og það sem upp úr stendur eru hinar þungu skuldaklyfjar sem við berum vegna aðgæsluleysis, óábyrgrar stefnu í sambandi við ferjubátana.

[16:11]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. Alþingi tók ákvarðanir um það að endurnýja ferjurnar og auðvitað kostaði það mikla peninga en ég held að það velkist nú enginn í vafa um að þær ferjur sem nú eru reknar við landið eru allar nauðsynlegar og ég skil satt að segja ekki hvers vegna hæstv. ráðherra er að leggja það sífellt á sig að fjargviðrast út af þessum fjárfestingum. Þetta er eitthvað sem við þurftum að gera. Menn geta svo sem deilt um það hvort skip hefði getað kostað meira eða minna en það var farið mjög vandlega í gegnum þá hluti á sínum tíma og ég held að t.d. efist enginn um það að við Íslendingar erum bærilega vel settir með þetta góða skip sem núna siglir milli lands og Eyja og fullkomlega hafi verið nauðsyn á því að þar væri skip á ferðinni sem hefði fullt öryggi, væri með tvær vélar o.s.frv. Ég veit ekki hvers konar þráhyggja það er hjá hæstv. ráðherra að vera sífellt að tönnlast á þessum hlutum. Við höfum rekið aðrar ferjur hér sem skipta máli og hafa bæði hagræði í för með sér og sparnað fyrir landið í heild. Ég tel að það sé ekki nokkur ástæða til þess að endurskoða t.d. rekstur Akraborgarinnar á meðan ekki liggur ljóst fyrir að aðrar samgöngubætur komi í staðinn. Ég held að það hafi verið fullkomin samstaða um þessi mál.

Hitt að vera sífellt að kenna þessum hlutum um vandræðaganginn í kringum fjármögnun á vegaframkvæmdum er einfaldlega bara það að hæstv. ráðherra hefur ekkert annað til að verja sig með. Mér finnst aftur á móti full ástæða til að vekja athygli á því að hæstv. ríkisstjórn og hæstv. ráðherra leggja sig alveg ótrúlega fram um það að slá ryki í augun á fólki og gera þetta framkvæmdaátak sinnum tveir, miklu stærra í augum almennings en það er í raun og veru. Mér finnst svoleiðis talnaleikfimi óþarfi. Þetta framkvæmdaátak stendur alveg fyrir sínu.

[16:13]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegi forseti. Það er deilt hér á hæstv. ríkisstjórn og hæstv. samgrh. vegna þessarar till. til þál. um vegáætlun fyrir næstu fjögur ár að þessu ári meðtöldu og það er mjög eðlilegt að svo sé gert. Það á áreiðanlega eftir að heyrast talsvert mikið á Alþingi í hv. þm, a.m.k. stjórnarandstöðu og mér kæmi ekki á óvart þó einhverjir stjórnarsinnar ættu eftir að koma inn í þá umræðu líka með gagnrýnum áherslum og spurning hvort sé meiri hluti yfirleitt fyrir þessu máli. Það er greinilegt líka í umræðunni að það er ókyrrð í stjórnarþingmönnum. Það eru ekki allir rólegir við þessa umræðu úr stjórnarherbúðunum og það er heldur ekkert skrýtið.

Ég vil aðeins taka til umræðu þá stefnu sem hér er innleidd í áætlunargerð með framlagningu þessarar þáltill. á síðasta þingi núv. ríkisstjórnar. Og jafnframt að samkvæmt texta með tillögunni er boðað að langtímaáætlun í vegagerð skuli tekin fyrir á næsta þingi og að það tímabil sem áætlunin tekur til verði hluti af þessari langtímaáætlun til væntanlega þriggja tímabila eða 12 ára. Ég held að hér sé óeðlilega á máli haldið. Mér finnst það óeðlilegt, ekki síst eins og hér er að máli staðið af hæstv. ríkisstjórn og ráðherra, að ætla að knýja fram á lokavikum þessa kjörtímabils, rétt áður en hæstv. samgrh. víkur úr stól sínum, endurskoðun á vegáætlun til fjögurra ára og ætla síðan þinginu að fjalla um langtímaáætlun sem feli í sér fjögur ár þessarar áætlunar á næsta þingi.

Það eru auðvitað fáránleg vinnubrögð, hæstv. ráðherra, að halda þannig á máli. Auðvitað á að geyma það til vorþingsins að fjalla um þessa vegáætlun. Auðvitað á ekki að vera að rasa um ráð fram með því að afgreiða þetta mál núna rétt fyrir kosningar, á síðustu vikunum fyrir kosningar og ætla að knýja þann vilja upp á þing sem verður orðið annað þing þegar það kemur saman að kosningum loknum og væntanlega með nýrri ríkisstjórn sem þá tekur við. Ég tel að þingið eigi að vísa þessari tillögu frá, núverandi þing, og fresta því til næsta þings að móta næstu fjögurra ára áætlun í vegamálum. Og að fella hana inn í langtímaáætlun til 12 ára eins og hér er gert ráð fyrir og eins og gera þarf þannig að það verði einhver heildarmynd á þessu, einhver samfelldur svipur á þessu. Það kæmi mér ekkert á óvart þó að þessi yrði niðurstaðan, hæstv. ráðherra og hæstv. forseti, að það verði ekki um afgreiðslu á þessari hrákasmíð að ræða sem hér er lögð fyrir þingið. Ég leyfi mér að segja hrákasmíð ekki síst vegna þess hvernig að þessu máli er staðið. Þetta mál er hér borið fram, mjög róttæk og mikilvæg breyting

á skiptingu vegafjár, án þess að það hafi verið rætt með eðlilegum hætti og stefna um það mótuð í þinginu. Samþykkt gerð í ríkisstjórn í nóvember sl. eins og fyrir liggur um málið og málið er núna í lok janúar að koma fyrst til umræðu í þinginu og fjórar vikur til þingloka, til loka kjörtímabilsins.

Það á að sjálfsögðu ekki að vera að afgreiða þetta mál hér og nú. Það er hægt að endurskoða yfirstandandi ár, þriðja ár þeirrar vegáætlunar sem nú er í gildi og hér á að endurskoða seinni hluta þess því að þetta er gert í áföngum á tveggja ára tímabili eins og menn þekkja. Það er hægt að fara yfir yfirstandandi ár, endurskoða það í ljósi aðstæðna, láta það nægja fyrir yfirstandandi ár, þá tefjast ekki verk, og taka síðan málið heildstætt fyrir á þinginu sem kemur saman í lok apríl eða í maímánuði samkvæmt þingsköpum. Ekkert vit í öðru. Ég man ekki betur en núv. hæstv. samgrh. hafi gagnrýnt það mjög harðlega þegar verið var að afgreiða vegáætlun síðasta veturinn fyrir síðustu kosningar á vegum fyrrv. ríkisstjórnar og ég held að hann ætti að slást í hóp með þeim sem vilja nú taka upp þau vinnubrögð að móta stefnu í málinu á vegum nýs þings og nýrrar stjórnar.

Það sem hér er verið að innleiða er vissulega ný stefna, stefna sem gengur mjög gróft gegn því sem samkomulag hefur verið um á Alþingi í sambandi við skiptingu vegafjár með því að flytja eftir höfðatölureglu stórar upphæðir til framkvæmda á höfuðborgarsvæðinu til viðbótar því sem þar er sérmerkt. Staðan í þessum málum verður sú að um 40% framkvæmdafjár rennur til höfuðborgarsvæðisins eins af því sem sérstaklega er merkt sem framkvæmdaátak, þ.e. framkvæmdaátak 1.250 millj. á þessu ári sem skiptist þannig samkvæmt höfðatölureglu: hér búa um 60% landsmanna og eftir höfðatölureglunni renna um 60% af þessu framkvæmdaátaki augljóslega til höfuðborgarsvæðis ef það yrði samþykkt. Það þarf ekki mikla útreikninga til að átta sig á hversu háar upphæðir kæmu t.d. í hlut þess kjördæmis sem lengst hefur vegakerfið og þar sem mest er enn þá ógert í þeim efnum, Austurlands, sem telur aðeins um 5% landsmanna og fengi þá samsvarandi í sinn hlut. Þessu trúi ég ekki að stjórnarþingmenn af Austurlandi ætli að standa að við afgreiðslu vegáætlunar sem væntanlega verður þá frestað til næsta kjörtímabils og tímabils nýrrar ríkisstjórnar. Það er alger óhæfa, hæstv. forseti, að ætla að knýja þetta mál með þessum breytingum í gegnum þingið með þeim hætti sem hér er gert ráð fyrir.

Hér hefur verið rakið skilmerkilega hvaða blekkingaleikur er uppi af hálfu hæstv. ríkisstjórnar í sambandi við það framkvæmdafé sem er til skiptanna eftir þessum einstöku flokkum. Það eru engar 3.500 millj. kr., hæstv. ráðherra, enda gat ráðherrann þar engu hnekkt frá því sem hv. þm. Jóhann Ársælsson rakti áðan. Það eru engar 3.500 millj. Það eru ef glöggt er talið 2.355 millj. kr. eins og hv. þm. gerði grein fyrir. Hér er mikill blekkingaleikur á ferðinni.

Við skulum að lokum, hæstv. forseti, skoða það að til allra nýframkvæmda í landinu, á stofnvegum og tengivegum, eru rétt um 700 millj. kr. samtals á þessu ári þegar þessi sérmerktu verkefni ríkisstjórnarinnar eru frátalin.

[16:22]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er fullkomlega sammála hv. þm. um að það sé óeðlilegt að á síðasta þingi fyrir kosningar sé verið að marka til langs tíma stefnu í vegamálum eins og gert var af síðustu ríkisstjórn eða reynt að gera með því að reyna að pína í gegnum þingið langtímaáætlun á síðasta degi þingsins. Auðvitað er ég fullkomlega sammála hv. þm. að það sé óeðlilegt. Á hinn bóginn er það lagaskylda samgrh. að leggja fram á tveggja ára fresti endurskoðaða vegáætlun fyrir þingið og það geri ég nú og það er nauðsynlegt, eins og hv. þm. sagði, vegna framkvæmda þessa árs. Ef hv. þm. skoðar vel þá vegáætlun sem hér liggur fyrir kemur hann fljótt og undir eins auga á það að sú ríkisstjórn sem við tekur hefur alla möguleika á því að endurskoða og endurmeta það sem í vegáætlun stendur til næstu ára. Það er því fullkomlega rangt hjá þessum hv. þm. að ég hafi verið með einhvern ýting á borð við það sem síðasta ríkisstjórn var um það að vilja ráðskast með vegaféð langt fram í tímann og fram yfir aldamót og get raunar minnt hv. þm. á einn lítinn hlut. Samkvæmt vilja síðustu ríkisstjórnar, samkvæmt vilja hans í síðustu ríkisstjórn, átti það að dragast til aldamóta að byggja brú yfir Jökulsá á Dal. Sú brú er nú þegar komin. Þegar hv. þm. er að metast um það og gefa skyn að hans kjördæmi hafi borið minna úr býtum en ella mundi ef hans stefnu hefði verið fylgt þá væri honum rétt og skylt að íhuga það hvaða áhrif það hefur þegar ákvörðun var um það tekin að vegurinn yfir Möðrudalsöræfi skyldi tekinn einmitt á stórverkefnin sem þýðir það að við sjáum núna fram á að við getum lokið við hringveginn. Og hverjir bera meira úr býtum og hverjir græða meira á því heldur en Austfirðingar? Ég spyr.

[16:26]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. ráðherra leysti í rauninni þingið úr því hafti sem hann er að reyna að hneppa það í með því að afgreiða þessa vegáætlun sem hann leggur hér fyrir. Hann er algjörlega sammála því að það sé óeðlilegt að vera að binda hendur framtíðarinnar til fjögurra ára af ríkisstjórn sem er að fara frá eins og hér er verið að leggja til. Ég skal ekkert hafa á móti því að hæstv. ráðherra hefur lagt fyrir sínar hugmyndir. Það er út af fyrir sig góðra gjalda vert enda gera lög ráð fyrir því en það skyldar ekkert þingið til þess að afgreiða þetta mál núna á komandi fjórum vikum. Auðvitað eiga menn ekki að vera að eyða tíma sínum í það rétt fyrir kosningar að afgreiða þessar tillögur ráðherrans heldur aðeins líta yfir gildandi vegáætlun varðandi þetta eina ár til endurskoðunar þannig að hægt verði að halda áfram verkum og undirbúa síðan og taka til afgreiðslu þegar á vorþingi, a.m.k. til 1. umr., fjögurra ára áætlun og langtímaáætlun í vegamálum eins og full þörf er á og líta þar á hlutina í samhengi. Fjögurra ára vegáætlun er þriðjungur af ráðgerðri langtímaáætlun og á ekki að skoða þá hluti í samhengi? Þar á meðal stór-

verkefni, þar á meðal hvernig á að tengja landshluta, þar á meðal hvernig á að fara í gegnum fjöll með jarðgöngum.

[16:26]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. hafði ekki rétt eftir það sem ég sagði beint fyrir framan nefið á honum og má kannski segja að það sé ekki í fyrsta skiptið. Það sem ég sagði var að það er lagaskylda mín að leggja hér fram þessa vegáætlun og það væri eðlilegt að samþykkja hana. Hún er nauðsynlegt til þess að við getum hafist handa, hún er líka nauðsynleg viðmiðun. Ef hún verður samþykkt stendur meiri hluti Alþingis á bak við hana.

Það skilur hins vegar á milli mín og hv. þm. þegar hann hefur völdin og hans maður er samgrh. að ég er ekki að reyna að troða niður um kokið á þingmönnum langtímaáætlun til 12 ára á síðustu dögum þingsins eins og hann reyndi að gera fyrir fjórum árum og eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon reyndi að gera sem samgrh. Ég var að minna á að ef þessir tveir þokkapiltar hefðu ráðið ferðinni núna þá væri það ekki í sjónmáli að vegur yrði lagður yfir Möðrudalsöræfi og Hólsfjöll enda er það þeirra stefna að fara aðrar leiðir í þeim efnum.

Ég held þess vegna að það sé algjörlega ljóst að það er í fyrsta lagi þinglegt og í öðru lagi bráðnauðsynlegt að þessi vegáætlun sem hér liggur fyrir verði afgreidd á þessu þingi nú til þess að hægt verði að hefjast handa þar sem hún er grundvöllur framkvæmda á þessu ári og hinu næsta. Það bíður nýrrar ríkisstjórnar að leggja endurskoðaða vegáætlun fram að liðnum tveimur árum og leggja fram tillögur að langtímaáætlun.

Hins vegar má auðvitað deila um það og ég er raunar þeirrar skoðunar að langtímaáætlun til 12 ára sé til of langs tíma, reynslan hafi sýnt að það kunni ekki góðri lukku að stýra að reyna að teygja sig svo langt til framtíðarinnar, til þeirra ófyrirsjáanlegu hluta sem maður getur ekki gert sér grein fyrir.

[16:28]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hér fór ekkert á milli mála. Ég var ekkert að hafa það af ráðherra að honum bæri að leggja þessa áætlun fyrir og ráðherrann, eins og hér kom fram, er sammála mér um að það er ekkert sem skyldar þingið til þess að afgreiða þessa vegáætlun sem hér liggur fyrir, ekkert sem skyldar þetta þing til þess enda líða ekki nema fáeinar vikur þar til nýtt þing kemur saman, nýr meiri hluti skapast á Alþingi um stjórn landsins sem er að sjálfsögðu eðlilegt að marki stefnu í þessu máli og taki til við mótun langtímaáætlunar í vegamálum í samræmi við sinn vilja en ekki sé verið að reyna að mundanga hlutunum hér í gegn með þeim hætti sem hugmyndin virðist vera. Ég treysti því satt að segja að nógu margir þingmennir landsbyggðarinnar verði til þess að leggjast á sveif með okkur sem gagnrýnum þessi vinnubrögð til þess að tryggja að ekki verði farið eftir vilja ráðherrans í þessu efni. Hér er verið að flytja fjármagn af mörkuðum tekjum Vegasjóðs í ríkum mæli til höfuðborgarsvæðisins þannig að á fjögurra ára tímabili verða það um 40% af framkvæmdafé til vegamála sem á að koma í lóg hér á þessu eina svæði, þessum eina bletti á landinu á meðan önnur verkefni eru látin bíða, einhver brýnustu verkefnin sem varða byggðaþróun í landinu.

Útbýting þingskjala:

Kauptryggingarsamningar fiskvinnslufólks, 216. mál, svar sjútvrh., þskj. 562.

Tekjur og gjöld vatnsveitna 1993, 170. mál, svar félmrh., þskj. 565.

[16:29]

Árni M. Mathiesen:

Hæstv. forseti. Ég þarf að koma að sérstaklega einu atriði er varðar þau orð sem fóru á milli mín og hv. þm. Jónu Valgerðar Kristjánsdóttur áðan í andsvari mínu við hennar ræðu þar sem hún í síðara andsvari, sem ég hafði ekki tækifæri til að svara þá, vék að því að það væri búið að bjóða út framkvæmdir við Höfðabakkabrúna og taldi það vera til sönnunar á því sem hún hafði haldið fram að búið væri að ákveða þessar framkvæmdir og því væri um málamyndaumræðu að ræða. En það rétta í því máli er að útboðið fór fram og var skilyrt því að samþykki fengist fyrir vegáætlun á Alþingi í samræmi við það útboð sem framkvæmdin tekur til. Það er því alls ekki rétt hjá henni að málið sé frágengið og búið að ákveða það. Þess vegna standa þau orð sem ég sagði áðan að þeir sem eru að halda því fram að hér sé um einhverja málamyndatillögu að ræða eða einhverja málamyndaumræðu að ræða eru að draga úr mikilvægi þingsins og virðingu þingsins í þessum efnum.

[16:31]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. 3. þm. Reykn. heldur því fram að hér sé ekki um málamyndaumræðu að ræða. Það er gott og ég bíð þá bara eftir því að Alþingi taki þar fram fyrir hendurnar á hæstv. ríkisstjórn og ómerki þá ákvörðun að breyta skiptingu fjármagns í vegamálum því þessi vinnubrögð eru fullkomlega óásættanleg eins og farið er að í þessum málum.

Það kom fram í ræðu hæstv. samgrh. að ríkisstjórnin ætlast til þess að skiptingu viðbótarfjármagnsins til vegamála, framkvæmdaátaksins, sé breytt og farið eftir öðrum reglum en áður. Það er Alþingis að breyta því. En ef Alþingi er látið standa frammi fyrir gerðum hlut þá er þetta auðvitað málamyndaumræða.

[16:33]

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég gleðst yfir því að málflutningur minn virðist hafa einhver áhrif á hv. 2. þm. Austurl., Jón Kristjánsson, og vonandi að hann megi una glaður við þessa umræðu. En hins vegar finnst mér dálítið einkennileg sú andstaða sem kemur fram hjá honum við þessa vegáætlun. Það hvarflar að manni hvort hann sé einn af þeim þingmönnum sem telja að það sé enginn grundvöllur fyrir því að auka framkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu, að þær framkvæmdir séu ekki nauðsynlegar. Það þætti mér mjög leiðinlegt ef sú væri

reyndin því ég hef reynt hv. þm. Jón Kristjánsson að því að vera sanngjarn maður og ég tel að þær framkvæmdir sem lagðar hafa verið til á þessu svæði séu sanngirnismál sem nýtast muni allri þjóðinni.

[16:34]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég verð að segja hv. 3. þm. Reykn. það að ég verð ekki glaður fyrr en ég sé hvernig hann greiðir atkvæði um þessa vegáætlun. Jafnframt verð ég að segja honum að ég hef ekki haldið því fram að það væri engin þörf fyrir átak í vegamálum hér á höfuðborgarsvæðinu. Ég hef ekki haldið því fram að höfuðborgarsvæðið eigi ekki að fá sinn hlut úr þeim 1.250 millj. sem boðaðar eru á árinu 1995, en ég held því fram að það eigi að gilda sú regla um skiptinguna sem gilt hefur hingað til. Því held ég fram og mun berjast fyrir því við þessa umræðu og við seinni umferð málsins í hv. Alþingi.

[16:35]

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það var ánægjulegt að heyra að það var ekki blind andstaða við þær tillögur sem ríkisstjórnin hefur lagt fram í huga hv. þm. Jóns Kristjánssonar. En það virðist hins vegar loða við Framsfl. og hv. þm. hans að í vegamálum eigi að mæla allt og leggja við með lengdarmetrum og í kjördæmamálum eigi að vega allt og meta í fermetrum.

[16:36]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. 3. þm. Reykn. skýrði það að þrátt fyrir að búið væri að bjóða út þetta tiltekna verk sem ég nefndi áðan þá væri útboðið skilyrt því að Alþingi samþykkti þá vegáætlun sem hér er lögð fram. Það er mjög ánægjulegt, ég þakka hv. þm. fyrir þær upplýsingar að útboðið hafi verið skilyrt. Þá hlýtur það að fara eftir því hvernig afgreiðsla á þessari vegáætlun verður síðan framkvæmd.

En til þess að eyða ákveðnum misskilningi hjá hv. þm. þá vil ég að það komi skýrt fram að við þingmenn sem teljumst vera þingmenn landsbyggðarkjördæma höfum ekki, eftir því sem ég hef hlustað á í dag, mælt gegn því að þessar framkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu séu nauðsynlegar. Ég nefndi það hins vegar áðan að þegar slíkt kæmi upp, brýn nauðsyn á einhverjum sérstökum framkvæmdum, þá hefði hingað til verið liður í vegáætlun sem héti Sérstök verkefni og það væri alveg eins hægt að halda því til haga að slík verkefni féllu undir þann lið sem hingað til hefur verið til í vegáætlun. Hann er hins vegar ekki að finna í þessari vegáætlun núna og þess vegna er farið út í það, sýnist mér, að ákveða þessa skiptingu. En eins og ég gat um áðan þá er það skýrt tekið fram á bls. 25 að skipting þessa fjár á milli kjördæma verði samkvæmt íbúatölu. Það er það sem við höfum verið að deila um hér, að þessi ákvörðun skuli hafa verið tekin í ríkisstjórn og það sett inn í vegáætlun áður en nokkur umræða fer fram um það. Það á ekkert skylt við það að þær framkvæmdir sem hér er nauðsynlegt að framkvæma á höfuðborgarsvæðinu séu ekki nauðsynlegar. Það viðurkenna allir enda keyra landsbyggðarþingmenn hér ekkert síður heldur en Reykjavíkurþingmenn, rétt eins og að þingmenn frá öðrum kjördæmum hljóta í framtíðinni að keyra Vestfjarðagöng.

[16:38]

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er alltaf ánægjulegt þegar maður getur uppfrætt hv. samþingmenn sína um eitthvað og ánægjulegt þegar þeir eru þakklátir fyrir uppfræðsluna.

Hv. þm. Jóna Valgerður Kristjánsdóttir nefndi þann flokk sem nefndur hefur verið Sérstök verkefni en hann er ekki að finna í þessari tillögu til vegáætlunar og hann var heldur ekki að finna í tillögu til síðustu vegáætlunar sem samþykkt var fyrir tveimur árum, að mig minnir. Það segir hins vegar ekkert um að það megi ekki endurvekja þann flokk einhvern tímann en það hefur hins vegar verið farið út í sérstakar framkvæmdir undir öðrum liðum en Sérstök verkefni og þá er kannski rétt að geta þess að jarðgangagerð á Vestfjörðum fer ekki fram undir liðnum Sérstök verkefni heldur undir liðnum Stórverkefni. Það eru sjálfsagt gildar ástæður fyrir því alveg eins og ég tel gildar ástæður fyrir því að þær framkvæmdir sem lagt er til að farið verði í á höfuðborgarsvæðinu séu undir sérstöku framkvæmdaátaki. Enda á sá flokkur sem hét Sérstök verkefni sér sérstaka sögu og féll niður í síðustu vegáætlun eins og þingmaðurinn væntanlega veit þar sem hann sat þá í samgn. og voru sérstakar ástæður fyrir honum sem ég ætla ekki að fara út í að rekja hérna núna.

[16:40]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Nú virðist það hins vegar koma í minn hlut að leiðrétta ákveðinn misskilning hjá hv. þm. Árna M. Mathiesen því í þál. um vegáætlun fyrir árin 1991–1994 er í lið 2.3 númer 2 Sérstök verkefni og á árinu í fyrra, 1994, voru 372 millj. til þessara sérstöku verkefna. Þannig að þessi liður hefur verið inni í vegáætlun þar til nú.

[16:41]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Mig langaði til að bæta fáeinum atriðum við þá ræðu sem ég hélt áðan. Ég vil fyrst áður en ég held áfram að fara yfir það plagg sem við höfum til umræðu koma með upplýsingar um þróun fjárveitinga til almennrar vegagerðar sem eru athyglisverðar og full ástæða fyrir hæstv. ráðherra til að hlusta á það sem þar kemur fram. Ég ætla að fresta því um stund að fara yfir það vegna þess að ráðherrann er ekki í hliðarsal eins og er en snúa mér þá að framhaldi ræðunnar.

Ég var kominn þar í ræðunni þar sem ég hafði talað um að fyrir endurnýjun malarslitlaga væri ekki nægilega vel séð í þessari áætlun. Ég vil endurtaka að það er einungis gert ráð fyrir 70% af áætlaðri þörf fyrir malarslitlög en hins vegar er alveg skelfilegt ástand á malarvegum víða um landið og það er full ástæða fyrir samgn. að skoða það betur hvort ekki þurfi að fara yfir þetta atriði.

Einnig langar mig til þess að koma að viðhaldi brúa því upplýsingarnar sem fylgja með í þessu plaggi um ástand brúa í landinu eru nú satt að segja ekki mjög upplífgandi. Þar kemur það fram að stór hluti af brúnum, sem eru í notkun í landinu, hafi ekki nægilegt burðarþol. Það kemur t.d. fram að ófullnægjandi burðarþol sé á samtals 130 brúm af alls 369 sem eru í notkun. Mér sýnist að þarna hljóti að vera á ferðinni verulega mikið vandamál sem menn þurfi að hafa áhyggjur af. Síðan kemur það líka fram um breidd brúa, sem er flokkuð eftir umferð, að 288 brýr eru mjórri en 6 m af 369 brúm alls. Það þekkja auðvitað allir hv. þm. hvaða hætta stafar af þessum mjóu brúm sem eru víða um landið og þarna er greinilega þörf á miklu átaki til lagfæringa. Ég held að það sé eins og þarna stendur á bls. 31 í kverinu að þar er talað um að það megi gera ráð fyrir því að þær fjárveitingar sem hér er gert ráð fyrir til brúa og varnargarða verði ófullnægjandi. Það hefði þurft að undirbúa þetta svolítið betur og menn hefðu þurft að hafa betri upplýsingar og nákvæmari því ég geri ráð fyrir því að vilji manna til þess að taka t.d. á breidd brúa og burðarþoli geti verið kannski meiri en til ýmislegs annars. Það eru mjög skelfilegir hlutir sem hafa gerst á þessum mjóu brúm okkar og maður talar ekki um ef við þurfum að fara að hafa áhyggjur af því að þær muni bara hreinlega gefa sig.

Ég sé að hæstv. ráðherra er kominn og heyrir mál mitt. Mig langar til þess að fara yfir fáeinar tölur sem lýsa því sem hefur verið að gerast á undanförnum árum í þróun fjárveitinga til almennrar vegagerðar. Þrátt fyrir að hæstv. ríkisstjórn hafi básúnað út hvað hún hafi gert stórkostlega hluti í vegamálum þá hefur ekki miðað eins mikið og menn gætu haldið eftir þeim ræðuhöldum. Ég ætla að grípa niður í stöðuna eins og hún hefur verið frá 1982 og þá eru innifaldar í þessum tölum fjárveitingar til almennra verkefna, bundinna slitlaga og sérstakra verkefna á stofnbrautum og þjóðbrautum og brúargerð. Í tölunum er líka 37,5% fjárveitingar til Ó-vega og þá er einnig meðtalinn sá hluti fjármagns til sérstakra framkvæmdaátaka sem hefur farið til ofangreindra verkefna. Það er ekki talið þarna með stórverkefni höfuðborgarsvæðisins og 63% af fjárveitingum til Ó-veganna. Þessar tölur eru teknar úr skýrslum samgrh. um framkvæmd vegáætlunar. Tölurnar 1994 eru samkvæmt vegáætlun. Tölur 1995 eru samkvæmt fyrirliggjandi till. til þál.

Svo að menn hafi samanburð þá er á árinu 1982, og allt er þetta á sama verðlagi, þ.e. á áætluðu verðlagi ársins 1995 eða vísitölu vegagerðar 4.990, þá eru til almennrar vegagerðar 2 milljarðar 542 millj. kr. Þetta lækkar síðan niður í 2 milljarða og 70 millj. kr., nálægt því á næsta ári þar á eftir. Árið 1984 er þetta aftur í tæplega 2,5 milljörðum, 1985 2,2 milljarðar, 1986 2,2 milljarðar, 1987 dettur þetta niður í 1.867 millj., 1988 1.920 millj., 1989 1.788 millj., 1990 1.739 millj., 1991 1.608 millj., dettur þá verulega niður. Árið 1992, og þá ef hafinn ferill ríkisstjórnarinnar í málinu, 1.828 millj. og 1993 þegar stóra framkvæmdaátakið er í vegamálum 2.293 millj., 1994 1.761 millj. og 1995 samkvæmt áætlun 1.657 millj. kr.

Ég held að það þurfi ekki að fara yfir þessar tölur aftur, menn hafa áttað sig á því hver stefnan er í þessu, hvernig þetta hefur þróast. Almennar fjárveitingar til vegagerðar hafa skroppið saman á þessu tímabili frá 1982 um langleiðina í heilan milljarð á ári, þrátt fyrir öll átök og yfirlýsingar um afrek í vegamálum þá hefur þetta verið á þessari leið. Því miður. Auðvitað þekkja hv. þm. skýringarnar á þessu sem eru margar, m.a. þær sem hæstv. ráðherra hefur verið að nefna, kostnaður vegna ferja og flóabáta, sem ekki var áður inni á vegáætlun og hæstv. ráðherra lét yfir sig ganga að kæmi þar inn án þess að auknar tekjur kæmu. Nú hefur hæstv. ráðherra auðnast að fá auknar tekjur til vegamála en þær eru skilyrtar með þessum sérstaka hætti sem hér hefur verið rætt um, þ.e. að nú er breytt algjörlega út frá þeim reglum sem menn hafa notað til viðmiðunar og gert með þeim hætti að það er óásættanlegt að þannig sé að farið. Ég endurtek að það ber ekki að skilja mín orð þannig að ég sé á móti því að menn endurskoði hve mikið eigi að koma til framkvæmda á höfuðborgarsvæðinu, ég tel að full ástæða hafi verið til að fara yfir þær reglur sem menn hafa lagt til grundvallar og skoða þær vandlega og breyta þeim til samræmis við þarfirnar. Menn eru að fullyrða að þessar þarfir séu miklu meiri hér en annars staðar á landinu og þá er ástæða til þess að fara nákvæmlega yfir þá hluti, skilgreina þá og skoða, en ekki að sletta fram á einhverjum blaðamannafundi úti í bæ ákvörðun um það að nú eigi allt í einu að fara að úthluta stóru framkvæmdaátaki í vegamálum bara eftir höfðatölureglu.

[16:49]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er gaman að talnaleik og það er auðvitað mjög skemmtilegt að bera saman fjárveitingar til vegagerðar og samgöngumála frá einum tíma til annars. En ég átta mig ekki alveg á því hvað þingmaðurinn er að sýna fram á í þessum samanburði þar sem í hans tölum er sleppt fjárveitingum til stórverkefna, fjárveitingum til höfuðborgarsvæðisins, og 63,5% af fjárveitingum til Ó-veganna. Það er alveg ljóst að þær tölur sem hann er með eru valdar þannig að þær sýna ekki nema hluta af myndinni og þá er augljóst að hv. þm. er að reyna að gefa eitthvað í skyn sem er ekki sannleikanum samkvæmt ef hann er allur tíndur til.

Ef við horfum á þetta tímabil, ég er því miður ekki með árið 1982 við höndina, ég hef 1983. Samkvæmt hans tölum er verulega meira fé veitt til vegagerðar á árinu 1982, ég er ekkert að segja að það sé eitthvað viljandi eða óviljandi miðað við það ár, ég hef það ekki við höndina, því miður. En á árinu 1983 var samtals varið til vegagerðar 5 milljörðum 121 millj. kr. á samsvarandi verðlagi sem á þessu ári er 6 milljarðar 942 millj., það munar 1.800 millj.

Ef við berum saman einstök ár þá kemur í ljós að á árinu 1993 voru 7 milljarðar 276 millj. til vegamála á móti 5 milljörðum 686 millj. á árinu 1991 og það var heldur minna árið áður. Það er líka alveg laukrétt að það er ívið minna 1994 og 1995 en 1993, 300 millj. kr. minna en samt sem áður með því hæsta sem verið hef-

ur og hærra en næstu 10 ár á undan. Þannig að það er alveg ljóst að meira fé er varið til vegagerðar nú en verið hefur þó e.t.v. megi finna einhverja þætti innan vegáætlunar sem ekki sýna þá mynd.

[16:52]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það hafa aldrei verið mín orð að hæstv. ríkisstjórn hafi ekki verið að auka fjármuni til vegagerðar, hún hefur hins vegar gert miklu meira úr þeim fjármunum en efni hafa staðið til og verið með talnaleikfimi í því sambandi sem ég tel algjöran óþarfa vegna þess að þessir viðbótarfjármunir til vegamála hafi verið það miklir að það hafi ekki þurft að vera að bæta við það með einhverri talnaleikfimi.

Það var verulega mikið aukið fjármagn til vegamála, sérstaklega á árinu 1993, og það verður verulega aukið fjármagn til vegamála á árinu 1995. En að öðru leyti er um þetta að segja að þetta hefur verið að fara niður á við og við munum sjá ákaflega mögur ár að óbreyttu þegar á að fara að greiða til baka það lánsfé sem hér er búið að ákveða að nota í þessu framkvæmdaátaki. Það er svo greinilegt að fjármunir til vegagerðar eru raunverulega af skornari skammti en verið hefur á undanförnum árum ef ekki kemur til viðbótarfjármögnun og hæstv. ríkisstjórn hefur verið að burðast við að auka fjármagn til vegagerðar með því að auka skatta á bensín. Það eru náttúrlega töluvert miklir peningar sem þar eru á ferðinni. Hins vegar veit ég ekki hve mönnum helst lengi uppi að bæta við bensínverðið eins og nú hefur verið gert. Það er auðvitað spurning sem hæstv. ríkisstjórn verður að svara eða fylgjendur hennar í þessum kosningum hvort það sé meiningin að halda áfram að innheimta svona mikið gjald af bensíni eins og hér hefur verið innheimt núna. Ég er sannfærður um að það mun vera ein af kröfunum í kjarasamningum að það verði með einhverjum hætti lækkuð útgjöld til þess að gera út heimilisbílinn í landinu því það er orðinn einn af allra stærstu liðum reksturs á einu heimili.

[16:54]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hélt að hv. þm. væri kunnugur úti á landi og vissi að drýgst til þess að lækka rekstrarkostnað við heimilisbílinn væri að bæta vegina og á það raunar við á fleiri stöðum svo að ég held að það sé ekki hægt að tala eins og það tvennt sé óaðskilið og komi hvort öðru ekki við.

Ég stend einungis annars upp til þess að segja það mína skoðun að það eru síður en svo horfur á því að framkvæmdir í vegamálum muni dragast saman á næstu árum borið saman við það sem verið hefur. Þó mikið hafi verið á síðustu tveimur árum þá eru horfur á því að framkvæmdir kunni að verða enn þá meiri á næstu missirum, bæði samkvæmt þessari vegáætlun sem er mjög gætileg, það er ekki gert ráð fyrir nema 1,5% vexti umferðar í landinu en gæti vel orðið 2–2,5% sem munar verulegu í vegafé ef sá bati yrði hér í efnahagslífi sem við öll þykjumst sjá fram á. Svo vil ég nú minna hv. þm. á það að enn standa vonir til þess að okkur muni takast að ná samningum um fjáröflun til jarðganga undir Hvalfjörð sem auðvitað kemur til viðbótar því sem við erum hér að segja þar sem þau jarðgöng verða fjármögnuð með sérstökum hætti. Þannig að það er síður en svo að það stefni í það nú að framlög til vegamála fari minnkandi.

[16:55]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég svaraði því ekki hér áðan sem hæstv. ráðherra sagði um þær tölur sem ég fór með. Það voru tölur sem ég fékk hjá Vegagerðinni um það hvernig þróun fjárveitinga hefði verið til almennrar vegagerðar og voru settar fram til upplýsingar því mér sýnist að það skipti æðimiklu máli hvaða fjármunir eru til almennrar vegagerðar. Þessar tölur segja töluvert mikla sögu um það hvernig þessi mál eru að þróast hérna hjá okkur á sama tíma og ég las hér upp tölur yfir hafa fjármunir vegna stórverkefna verið í mjög svipuðu magni í peningum talið. Það hafa verið u.þ.b. 700 millj. eða nálægt því að meðaltali til stórverkefnasjóðs á þessu tímabili og þannig að það er full ástæða til að taka mark á þessum tölum. Það stóra framkvæmdaátak sem nú er verið að tala um hér á höfuðborgarsvæðinu hefur ekki mikil áhrif á þetta vegna þess að það kemur hér inn á árinu 1995. En það er auðvitað athyglivert að á árinu 1995 skuli sjást langlægsta talan sem fyrirfinnst til almennrar vegagerðar allt frá árinu — ja ég hef nú ekki nema aftur að árinu 1982 og það er engin tala til svona lág. Þannig að það er eitthvað sem menn þurfa kannski að velta fyrir sér. Við vitum auðvitað, vegna þess að hv. þm. þekkja það úti um sín kjördæmi, að það hefur verið óskaplega erfitt að skipta fjármagni til vegaframkvæmda í kjördæmunum vegna þess að fjármunir til reksturs kerfisins eru allt of litlir. Menn eru mjög áfram um það að fara í stórar framkvæmdir og nýframkvæmdir en viðhald og viðgerðir á vegum og öðrum samgöngumannvirkjum er trassað. Og það kemur fram í þessari þál. að nú eru menn að gera ráð fyrir að halda áfram að trassa þessa þætti í vegamálum.

[16:58]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Það er nokkuð skemmtilegt að vera hér saman komin til að ræða till. til þál. um vegáætlun í þessum stutta kosningakafla þinghaldsins hér sem verða einar 4–5 vikur. Ég er þá sérstaklega að hugsa um það að hæstv. núv. samgrh. hafði þá afstöðu á sínum tíma að það væri hið mesta óráð, beinlínis rangt að menn væru að afgreiða vegáætlun svona rétt fyrir kosningar. Það vill svo til að ég mundi þessi ummæli og fletti upp á þeim núna áðan mér til skemtunar. Ég vil byrja á því að spyrja hæstv. samgrh. hvort hann sé enn sama sinnis, því að 16. febr. 1993, þegar vegáætlun fyrir árin 1993–1996 var hér til umræðu þá sagði hæstv. ráðherra í andsvari við hv. þm. Guðmund Bjarnason, sem hafði rætt um þessi vinnubrögð í sambandi við vegáætlun, með leyfi forseta:

„Um þetta er það að segja að ég er andvígur því, ég tel það rangt, að ákveða vegáætlun eins og gert var rétt fyrir kosningar.“ Þetta vísar til afgreiðslu vegáætlunar vorið 1991, skömmu fyrir alþingiskosningar þá. (**Grip-**

ið fram í: Sagði ráðherra þetta?) Þetta sagði hæstv. samgrh.: „Ég tel það rangt, ég er andvígur því, að afgreiða vegáætlun eins og gert var rétt fyrir kosningar. Það gefur tilefni til þess að vera með yfirboð. Auk þess sem þeir þingmenn sem þá eru að kveðja eiga ekki að ráða stefnunni í vegamálum næstu fjögur ár." Mér þóttu þetta athyglisverð ummæli hjá hæstv. ráðherra og ég spurði hæstv. ráðherra, sagði reyndar eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Þetta er nú alveg nýtt gullkorn hjá hæstv. samgrh. að það eigi ekki að leggja fram vegáætlun fyrir kosningar, það sé siðleysi og spilling. Er þá hæstv. samgrh. tilbúinn að lýsa því yfir að hann ætli enga vegáætlun að leggja fram veturinn 1995?"

Ég spyr hæstv. ráðherra: Er hann enn sama sinnis að þetta hafi verið svona rangt, eins og hann vildi meina þarna, að afgreiða vegáætlun fyrir kosningar 1991? Og er það þá ekki jafnrangt núna? Er þá ekki skynsamlegra að afgreiða heimildir fyrir yfirstandandi ár eða láta gildandi vegáætlun, þriðja ár hennar standa og leyfa þá nýjum aðilum, nýjum hv. þm. á nýbyrjuðu kjörtímabili að móta stefnuna til frambúðar? Nema orðið hafi geysileg sinnaskipti hjá hæstv. ráðherra og hann tali með tungum tveimur eftir því hvort hann er nýtekinn við völdum eða er að láta af þeim. Því þá ætti hann sjálfum sér samkvæmur að taka því fagnandi ef þingmenn eru tilbúnir til þess að breyta nú vinnubrögðunum í samræmi við það. Út af fyrir sig, hæstv. forseti, að gamni slepptu þá mætti vel hugsa sér að nota þetta tækifæri ef það yrði niðurstaðan til að breyta takti vegáætlunar þannig að hún væri jafnan endurskoðuð á fyrsta og þriðja vetri hvers kjörtímabils en ekki öðrum og fjórða. Þá væri þetta nær kosningunum og ekki með sama blæ og þetta er núna, að vera á árinu sem kosningar fara fram.

Um þessa vegáætlun, hæstv. forseti, er ekki margt hægt að segja í sjálfu sér á átta mínútum og er auðvitað lakara að menn skuli ekki halda því að hafa hér rýmri ræðutíma þegar svona stórar framkvæmdaáætlanir eru til umræðu. Einhvern tímann hélt ég að það hefði átt að gerast sjálfkrafa en það er nú sjálfsagt ekki.

Ég tel að uppsetning á þessu plaggi sé næsta söguleg. Ég minnist þess til að mynda ekki að hafa séð aðferðir af því tagi sem hér er á forsíðu skjalsins, að annars vegar eru færðir fjármunir í ríkissjóð upp á nokkur hundruð millj. kr. og hins vegar eru færðir fjármunir úr ríkissjóði upp á nokkur hundruð millj. kr. Ég spyr að því, hæstv. forseti: Hvað tákna þessar færslur fram og til baka, út og inn úr ríkissjóði? Er það til einhvers fegurðarauka á þingskjalinu að þetta er haft svona? Nær væri þá að setja fram nettóniðurstöðuna, það sem kemur úr ríkissjóði eða fer í hann en ekki færslur fram og til baka af þessu tagi. En þetta er auðvitað arfur af því og hluti af því hvernig hæstv. ríkisstjórn hefur möndlað með þessi mál þannig að í raun og veru stendur þar ekki steinn yfir steini. Peningar eru færðir fram og til baka, teknir að láni og hlutirnir eru skýrðir nýjum nöfnum. Þetta heita framkvæmdaátök og atvinnuátök og annað þar fram eftir götunum og þegar upp er staðið þá er í raun og veru búið að ónýta að mestu leyti þau ákvæði laga og vinnuhefðir sem hér hafa gilt um meðferð vegamála á Alþingi. Þessum málum er meira og minna skipað með einhverju hnjákollasamkomulagi hæstv. ráðherra úti bæ og hæstv. forsrh. meira og minna orðinn einhvers konar yfirsamgönguráðherra og ræður því hvernig vegafé er skipt o.s.frv. Þetta er auðvitað til háborinnar skammar og alls ekki í samræmi við anda vegalaga sem mæla í raun og veru með óvenjuskýrum hætti fyrir um það hvernig vegamálum skuli ráðið til lykta, þ.e. með þáltill. sem Alþingi síðan útfærir og skiptir vegafé.

Þá vil ég nefna skuldir Vegasjóðs, hæstv. forseti. Það er ekki hægt annað en átelja það að á þessu kjörtímabili hefur það gerst að framkvæmdum hefur verið haldið uppi með stórfelldum lántökum þannig að nú er Vegasjóður í umtalsverðri skuld og þannig hefur vandanum í raun og veru verið velt upp á framtíðina.

Það er líka umhugsunarefni hversu langt hefur verið gengið í því að taka fjármagn undir sérstök formerki þannig að til almennra vegaframkvæmda fer nú orðið næsta lítið fé, þ.e. til þess sem nýframkvæmdir geta talist.

Þá vil ég nefna tekjustofna Vegasjóðs. Þar hefur orðið sú slæma breyting að í fyrsta lagi er umtalsvert fé tekið í ríkissjóð eins og áður segir og það er auðvitað algjört nýmæli að það sé gert með þeim hætti sem hefur verið á öllu þessu kjörtímabili. Hæstv. ráðherra bendir gjarnan á fordæmi frá fyrri tíð og það er rétt að það er eitt einasta fordæmi til um það og það var árið 1989 þegar mjög óverulegir fjármunir voru teknir í ríkissjóð á einu ári. Þá var því lýst yrir að það yrði gert í það eina skipti og við það var staðið. Hæstv. ráðherra lætur nú gjarnan eins og þetta hafi verið alsiða en svo er ekki. Hitt er svo mjög slæmt að byrðum upp á um 500–600 millj. kr. hefur verið velt yfir á Vegasjóð án þess að honum væri bætt það upp með auknum tekjum þar sem er rekstur flóabáta og ferja.

Satt best að segja, virðulegur forseti, er ég að verða afskaplega leiður á rógi hæstv. núv. samgrh. um það mál. Ég tel það neðan við allar hellur og neðan við virðingu hæstv. ráðherra að vera með þau mál á heilanum eins og hann hefur verið. Ég óska eftir því, ef hæstv. ráðherra ætlar að halda áfram að ræða þau mál með þeim hætti sem hann hefur gert, að hæstv. ráðherra manni sig upp í það að segja okkur hvaða ferjur hann vill leggja niður. Ég held að fólkið við Ísafjarðardjúp til að mynda eigi heimtingu á að vita hvort hæstv. samgrh. er að tala um Fagranes þegar hann er að tala um óþarfa fjáraustur í ferjurekstur. Eða íbúarnir í Grímsey og Hrísey, hvort hæstv. ráðherra er að tala um Sæfara. Eða Vestmanneyingar, hvort hæstv. ráðherra er að tala um Herjólf. Það er ekki hægt að tala svona aftur og aftur og endalaust, hæstv. samgrh., og ráðast með ómerkilegum og ómaklegum hætti á forvera þinn, þann sem hér stendur, eins og hæstv. ráðherra hefur endurtekið gert, tala um að þarna hafi átt sér stað óráðsíufjáraustur en vera svo ekki maður til að klára þá vísuna með síðustu línunni og segja að það séu þessar eða hinar ferjur sem ekki eigi að reka. Eða

er það kannski Akraborgin sem á að hætta við strax en ekki bara þegar jarðgöngin koma af því að hv. þm. Guðjón Guðmundsson er hér í salnum. (**GuðjG:** Það er ekkert gefið með henni.) Það er nú eitthvað svolítið gefið með henni en hún er að vísu ekki inni í afborgunartölunum. (Forseti hringir.)

Hæstv. forseti. Ég skal fara að ljúka máli mínu. Mér er farið að leiðast þetta, ég verð að segja það alveg eins og er að mér er farið að leiðast þetta ómerkilega skítkast hæstv. ráðherra um þessi ferjumál. Ég er hvenær sem er til í málefnalegar umræður um þetta en ég óska eftir að hæstv. ráðherra sé þá maður til að standa með sínum skoðunum í þessu og leggja þá til hvaða ferjur eigi að slá af.

[17:07]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. er mjög vel kunnugt að á vorinu 1991 stóð Alþingi frammi fyrir því að það var beðið um lánsfjárheimildir vegna ferjukaupa og smíða á ferjum sem síðan hrukku hvergi nærri til. En allt var þetta nú þrautrætt og undirbúið í ríkisstjórninni þegar fjárlög voru undirbúin og lögð fram fyrir árið 1991. En þá kemur í ljós að ekki ein einasta króna var ætluð til nýsmíði eða kaupa á ferjum á þeim fjárlögum. Og það sem er enn þá verra er kannski það að rekstrarskuldir hrönnuðust upp hjá ferjubátum og það kom síðan í minn hlut að greiða úr allri þessari flækju, veita frekari lánsheimildir til að hægt væri að standa við smíðasamninga og leggja til aukafjárveitingar til þess að ferjurnar gætu gengið og þar fram eftir götunum. Ferjumálin voru öll í hinum mesta ólestri og er afskaplega handhægt fyrir hv. þm. að bera saman skuldastöðuna þegar hann tók við sem samgrh. og skuldastöðuna þegar ég tók við sem samgrh.

Það er náttúrlega nokkuð undarlegt þegar menn eru að tala um að það safnist upp miklar skuldir vegna samgöngumála á mínum ferli af þeim sömu hv. alþm. og ekki fást til að ræða ferjumálin nema í styttingi. Auðvitað verðum við að standa í skilum með ferjumálin. Auðvitað verður að greiða þessa milljarða. Spurningin er hins vegar hvernig á því stóð að síðasta ríkisstjórn skyldi ekki leggja fram eitthvert fé á fjárlögum til kaupanna, af hverju ekki var tekin ábyrgari afstaða. Það er nauðsynlegt að menn geri sér grein fyrir því þegar ráðist er í fjárfestingu sem milljörðum skiptir hvernig eigi að standa að greiðslunni.

[17:09]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það lýsir auðvitað mikilli fáfræði hjá hæstv. núv. samgrh. að vita ekki að það var staðið nákvæmlega eins að endurnýjun ferja í tíð fyrrv. ríkisstjórnar og gert hafði verið um langt árabil og í þau skipti önnur þegar ferjur höfðu verið endurnýjaðar. Dæmi: Ferjan Baldur. Og það vill nú svo til að það kom akkúrat í minn hlut að ganga frá lánum og breyta smíðalánum í löng lán vegna ferjunnar Baldurs. Og það var staðið að því með nákvæmlega sama hætti og gert hafði verið og yfirleitt er gert þegar ríkið er að ráðast í fjárfestingar af þessu tagi, þ.e. það eru tekin bráðabirgðalán eða framkvæmdalán á byggingartíma og þegar byggingu er lokið og ferjan hefur rekstur var þeim lánum breytt í löng fjárfestingarlán. Síðan voru þau endurgreidd með svokölluðum stofnframlögum af fjárlögum og þannig hafði þetta verið um langt, langt árabil þegar ferjur voru endurnýjaðar eða keyptar. Dæmi: Gamli Herjólfur, Akraborgirnar tvær, sú elsta og sú sem nú siglir, Betancuria sem keypt var frá Kanaríeyjum ef ég man rétt, fjórða dæmið Baldur sem búið var að taka ákvörðun um að byggja í tíð þarsíðustu ríkisstjórnar og þáv. hæstv. samgrh. Matthías Bjarnason bar þá pólitíska ábyrgð á. Það er því furðulegt að hæstv. ráðherra skuli reyna að koma höggi á menn með þessum hætti. Það var staðið nákvæmlega eins að því að taka ákvarðanir. Það var aflað heimilda á Alþingi í lánsfjárlögum, það voru tekin lán á byggingartíma sem síðan lá alltaf fyrir að yrði breytt í löng lán og endurgreidd af ríkisfé þangað til hæstv. núv. samgrh. skellti þessum byrðum yfir á Vegagerðina án þess að bæta henni það upp á nokkurn hátt í tekjum en með því rýrir hann auðvitað framkvæmdafé til vegamála um ókomin ár sem því nemur.

[17:11]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Nú er það að vísu ekki rétt að gengið hafi verið frá lánum í sambandi við smíði á Baldri áður en ég tók við embætti samgrh. en það munaði ekki miklu svo sem, það voru nokkrir mánuðir sem munaði og það skiptir ekki máli í sambandi við okkar þrætu. Hitt er auðvitað höfuðatriði þessa máls að eftir að smíðasamningurinn um Baldur var gerður með þessum heföbundna hætti sem veldur því að þriðji milljarður hefur safnast saman í skuldir vegna kaupa á ferjubátum og flóabátum, þá varði síðasta ríkisstjórn ekki einni einustu krónu til stofnkostnaðar vegna smíða á Baldri, ekki einni einustu krónu. Það er sá mikli munur sem er á þessu tvennu. Og ef það er rétt að gengið hafi verið frá samningunum á þeim tíma sem Matthías Bjarnason var samgrh., sem ég hygg að sé rétt munað, fyrir kosningarnar 1987, hvernig má það þá vera að öll næstu fjögur ár skuli ekki hafa verið hirt um það á fjárlögum að leggja inn eina einustu krónu til stofnkostnaðar á Baldri? Þetta sýnir hvernig var staðið að þessum málum.

[17:13]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er sjálfsagt þarft verk og ágætt að fara einhvern tíma rækilega yfir þessa sögu. Ég treysti mér alveg til að forsvara fyrir minn þátt í henni af því að ég veit það að að þessum málum var staðið með þeim hætti sem lengi hafði verið gert. Og auðvitað var það alveg ljóst að á allri þessari tíð þangað til hæstv. núv. samgrh. tók þetta málefni yfir á Vegagerðina, þá var þetta verkefni ríkisins og engum datt annað í hug. Og þá var það með einum og öðrum hætti þannig að ríkið bar ábyrgð á endurgreiðslu þessara lána og það var þá framkvæmdaatriði hvernig Framkvæmdasjóður eða Lánasýslan eða hvað apparatið heitir á hverjum tíma sá fyrir því. En ákvarðanatökuferlið var og hefur alltaf verið þetta, að það er ákveðið að ráðast í endurnýjun eða smíði á ferjum. Það er aflað til

þess heimildar í lánsfjárlögum á Alþingi og það var gert í öllum þessum tilvikum. Síðan var yfirleitt um annaðhvort að ræða þegar byggt var nýtt skip að tekin voru bráðabirgðalán á byggingartíma eða þegar keypt voru notuð skip, þá voru yfirtekin lán eða tekin til þess lán sem ríkið síðan endurgreiddi. Og þegar þær endurgreiðslur komu til voru þær skýrðar þessu heiti: Stofnframlög á fjárlögum. Og ég veit að hæstv. núv. samgrh. getur ekki verið svo gleyminn að hann muni ekki eftir vinnunni í samvinnunefnd samgöngumála þegar verið var að ákvarða fjárveitingar til ferja og flóabáta, þá voru þær fjárveitingar um langt árabil aðgreindar með þessum hætti. Það voru rekstrarstyrkir og það voru stofnframlög. Og stofnframlögin voru greidd til hlutafélaganna sem önnuðust reksturinn fyrir hönd ríkis og sveitarfélaganna, hvort sem þau heita Skalla-Grímur, Baldur eða eitthvað annað. Þess vegna er það þannig að þessi vindhögg hæstv. samgrh. hitta engan fyrir annan en hann sjálfan, þessar tilraunir hans til þess að slá einhverjar billegar pólitískar keilur í þessu ferjumáli sem honum er svona hugleikið.

[17:15]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er nú svo stuttur tími sem hér gefst til þess að ræða þetta stóra mál að það tekst ekki að koma öllu að sem maður gjarnan vildi. Við deildum hér áðan, hv. þm. Árni Mathiesen og ég um liði í fyrrverandi og núverandi þál. Ég upplýsti það hér áðan að liðurinn „Sérstök verkefni", sem við vorum að deila um, væri í fyrri þál. og það er vitaskuld rétt. Hann er hér í þeirri þál. sem samþykkt var fyrir árin 1991–1994. Hins vegar var hann ekki tekinn upp þegar hún var endurskoðuð og sett voru inn til viðbótar árin 1995 og 1996 og sama gerist í þeirri þáltill. sem við ræðum nú, að þar er ekki inni liðurinn „Sérstök verkefni". En ég vil benda á að það er ekkert því til fyrirstöðu að hafa hann inni þegar sérstök verkefni þyrfti að taka fyrir og eins og segir á bls. 31, en það hefur einnig komið fram í þessari umræðu að liðurinn „þjóðvegir í þéttbýli" er ekki heldur inni vegna breytinga á vegalögum. Hins vegar er hér inni liður sem heitir „þéttbýlisvegir" og um þann lið segir, með leyfi forseta:

„Með nýju vegalögunum voru þjóðvegir í þéttbýli lagðir niður sem sérstakur vegaflokkur en þeir vegir sem töldust til flokksins falla nú að mestu undir stofnvegi og tengivegi. Fjárveitingar til þjóðvega í þéttbýli samkvæmt eldri lögum voru undir sérstökum lið og fóru að mestu til viðhalds og þjónustu og eiga því heima undir viðhaldi þjóðvega nú." — Það er samkvæmt nýrri skilgreiningu. — „Veghald flestra þessara vega verður væntanlega háð samningum milli Vegagerðarinnar og þéttbýlissveitarfélaga." — Og síðan kemur hér rúsínan í pylsuendanum: „Þykir því hentugt að hafa fjárveitingar til þessara vega undir sérstökum lið, a.m.k. að þessu sinni."

Hér er því verið að setja inn í nýja vegáætlun þennan lið sem raunverulega átti samkvæmt vegalögum að taka út. Og ég tel eins og ég sagði áðan að það hefði verið mikið réttara að hafa þær framkvæmdir, sem flestir viðurkenna að nauðsyn er að ráðast í þó ekki fari fram nægileg athugun á því máli, það hefði þá verið eðlilegt að hafa þær undir sérstökum verkefnum heldur en vera að breyta skiptireglum áður en það hefur nokkuð verið rætt hér á Alþingi.

Ég vil einnig koma því að að ég tel að malarslitlög hafi mjög farið halloka í fjárveitingum á undanförnum árum. Það er talað hér um að það þyrfti í raun og veru að hafa 300 millj. kr. til þeirra árlega en í þessari vegáætlun til næstu fjögurra ára er áætlað að það verði 200 millj. kr. Það er því greinilegt að það er ekki orðið við þeirri þörf sem þar er mikil að hafa hækkandi framlög til þessara mála.

Ég vil einnig taka undir það sem hér kom fram áðan í máli hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar að það væri e.t.v. miklu eðlilegra að endurskoða vegáætlun á fyrsta og þriðja ári kjörtímabils heldur en öðru og fjórða þar sem það er auðvitað alveg rétt að hér er kjörtímabili að ljúka á þessu þingi og því eðlilegra að það verði fjallað um þetta á nýkjörnu þingi.

Ég vil einnig spyrja hæstv. samgrh. þar sem við vorum hér áðan að ræða nokkuð um breytingu á vegalögum vegna girðingamála og í athugasemdum með þessari þáltill. er rætt um það að í árslok 1993 hafi verið ógreiddar girðingakröfur um 190 millj. kr. Síðan er lagt til að fjárveiting til þessa verkefnis verði 27 millj. kr. árin 1995 og 1996 og 30 millj. kr. 1997 og 33 millj. 1998 þannig að það nær ekki einu sinni þessari kröfu sem liggur fyrir í árslok 1993. Ég vil því spyrja hæstv. ráðherra: Er þessi krafa enn þá ófrágengin eða er ætlast til að þessar fjárveitingar á næstu árum verði til þess að greiða þessa kröfu sem hér er? Hver er skýringin á þessum athugasemdum?

Ég tel einnig rétt að vekja athygli enn og aftur, mér finnst það varla hafa komið nægilega skýrt fram hér í umræðum, vekja athygli á því að þegar við erum að ræða um það að fjármunir séu færðir fram og til baka og eins og ég gerði grein fyrir í fyrri ræðu minni þar sem færðar eru í ríkissjóð 275 millj. kr. af vegáætlun og síðan lagt fram framlag úr ríkissjóði 350 millj. kr. í þessari sömu áætlun fyrir árið 1995, þá er hér vitaskuld ekki nema nettó um 75 millj. kr. að ræða. En ég vil einnig benda á að það voru áætluð sérstök framlög til vegamála með sérstöku átaki sem gert var vegna atvinnumála árið 1992 og það var áætlað 1.800 millj. kr. sem var þannig að það voru 900 millj. kr. á árinu 1993, 450 á árinu 1994 og 450 millj. áttu að vera á árinu 1995. Nú eru þessar 450 millj. á árinu 1995 felldar niður, þ.e. sérstök lánsfjáráætlun vegna þessa sérstaka framtaks er felld niður og þessar framkvæmdir á að klára með heföbundnum tekjustofnum þannig að hér er enn og aftur verið að leika sér með tölur og kasta ryki í augu fólks með þessum áætlunum um að þetta sé eitthvert sérstakt framkvæmdaátak og einhver sérstök lánsfjáráætlun sem er áætluð vegna þessa. Þannig er hér í raun og veru verið að fella niður þessa ákvörðun um 450 millj. kr. til framkvæmdaátaks á árinu 1995 og það tekið af heföbundnum tekjustofnum.

Að öðru leyti er auðvitað mikið eftir að skoða þessa

vegáætlun og það gefst einhver tími til þess í hv. samgn. en mér segir nú svo hugur um að það verði erfitt að ná samþykkt á henni fyrir þinglok.

[17:23]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil í fyrsta lagi segja að auðvitað er það rétt hjá hv. þm. að það hefur löngum verið svo að ef menn hafa viljað halda vegum við þannig að til fyrirmyndar sé og fulls sóma þá hefur skort fé til þess. En þingmenn hafa raunar lengi lagt áherslu á það að reyna að koma vegum upp úr snjó og leggja burðið slitlag á veginn og hafa þá látið það sitja fyrir. Þetta þekkir hv. þm. sem er þingmaður Vestf. að áhugi okkar fyrir því að flýta nýbyggingu vega hefur verið mikill. Ef það er á hinn bóginn vilji þingmanna að draga úr hraða við nýbyggingar og leggja meira fé til girðinga og viðhalds vega, þá er það auðvitað sjónarmið sem menn geta sett fram. En reynslan hefur verið sú oftast nær að ráðherrar hafa viljað verja meira fé til viðhalds og slíkra verkefna en þingmenn. Það hefur oftst nær verið þannig að ef við slíku hefur verið hreyft þá hafi það verið á hinn veginn í þinginu.

Um hitt atriðið þá get ég nú ekki annað en látið í ljós mikla undrun yfir því ef það á eftir að sanna sig að þingmaður Vestf. vilji láta þessa vegáætlun bíða.

[17:24]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel að hæstv. ráðherra hafi ekki svarað spurningu minni. Ég spurði hann að því hvort enn þá væru ógreiddar þær girðingakröfur sem getið er um í þessu frv., um 190 millj. kr., því að það er ekki talað um í greinargerð að það sé hugsað að greiða þær. Ég var að spyrja hann um skýringar á því að þetta skuli vera hér í greinargerð en ekki er getið um það hvernig við því verði orðið. Hvað varðar það að ég muni ekki standa að samþykkt þessarar vegáætlunar, þá nefndi ég það líka að það á mikið eftir að fjalla um þessa vegáætlun og er ekki séð fyrir endann á því enn þá hvort hún kemur til síðari umr.

[17:25]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ítreka það sem ég sagði. Ég á svolítið erfitt með að ímynda mér það að þingmaður Vestf. meini það að hann vilji halda vegamálum nú í óvissu.

Ég vil á hinn bóginn út af girðingamálunum aðeins segja að þar hefur verið langur slóði og eftir þeim upplýsingum sem ég hef frá Vegagerðinni hefur hann heldur verið að minnka síðustu árin, heldur verið að minnka og leita jafnvægis. En ef menn vilja fara hraðar í því þá er ekki um annað að gera en taka það af nýbyggingarfé og ég hef ekki treyst mér til þess að fara hraðar en þessi tillaga ber með sér. En það miðar í rétta átt þótt hægt fari í þessu öllu.

[17:26]

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Hér hefur orðið mikil umræða um till. til þál. um vegáætlun fyrir árin 1995–1998 og það er eðlilegt. Hér er verið að boða nokkuð byltingarkenndar breytingar þar sem hér er verið að boða það að höfðatölureglan skuldi gilda við framkvæmdir. Það er því eðlilegt að menn vilji ræða hér mikið og lengi og ekki síst þar sem þessu þingi fer senn að ljúka og hér er áætlun fyrir árin 1995–1998.

Menn hafa hér rætt ýmislegt, viðhald vega er of lítið og nýframkvæmdir eru líka af skornum skammti en mér sýnist að einu sé ofaukið hér og það er varðandi bensíngjaldið. Mér sýnist að áætlanir varðandi bensíngjald séu töluvert ofreiknaðar vegna þess að það kemur fram í þessari þáltill. að bílaeign Íslendinga hefur minnkað verulega, um 3,3%, og bensínsala minnkaði 1993, en hefur eitthvað aukist síðast á árinu 1994 þannig að ég held að þarna sé um dálitla ofáætlun að ræða. En ég ætla ekki að fara í að ræða þessa vegáætlun frekar að sinni. Þetta er fyrri umr. og samgn. á eftir að fjalla um málið og ég veit að það verða miklar breytingar í nefndinni því að hér eru það umfangsmiklar breytingar á ferðinni að ég veit að menn kokgleypa þetta ekki svona í einu vetfangi í samgn.

En það er ein spurning sem mig langar til að bera fram við hæstv. samgrh. og það er varðandi Gilsfjarðarbrú. Mig langar einfaldlega að spyrja hæstv. ráðherra að því: Hvenær verður framkvæmdin við Gilsfjarðarbú boðin út? Í núgildandi vegáætlun er gert ráð fyrir því að brúin verði boðin út árið 1994, en það bólar ekkert á því. Það voru ýmis ljón á veginum varðandi umhverfismál. Nú er umhvrh. búinn að úrskurða í því máli og þar af leiðandi er hægt að bjóða þessa framkvæmd út. Þetta er fyrsta framkvæmdin sem þarf að bjóða út á hinu Evrópska efnahagssvæði vegna þess að þetta er það stór framkvæmd, þetta er framkvæmd sem er áætluð upp á 700–800 millj. kr. en eins og menn vita hefur verið beðið eftir þessari framkvæmd í 10 ár. Í 10 ár eru menn búnir að ræða hér um Gilsfjarðarbrú. Og það er komið að því í hugum Vestfirðinga og Vestlendinga að framkvæmd hefjist.

Bara nú á síðustu vikum hafa fallið 11 snjóflóð í Gilsfirði og fjörðurinn hefur verið gjörsamlega lokaður. Þetta er sama læknissvæði, Dalir og Reykhólasveit, og læknir hefur ekki komist í Reykhólaveit nema með ýmsum öðrum brögðum heldur en í gegnum Gilsfjörð. Þannig er þetta eins og allir vita afskaplega brýn framkvæmd en það er búið að ræða um þetta hér fram og til baka og búið að finna ýmsar leiðir til að fresta þessari framkvæmd og það hlýtur að vera komið að því að við fáum svör við því hér hvenær á að bjóða þessa framkvæmd út.

[17:30]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef frá Vegagerðinni, og Vegagerðin hefur yfirleitt reynst mjög vönduð í sínum vinnubrögðum, þá er áætlunin um bensínsölu algjörlega á raunhæfum grundvelli og ég sé enga ástæðu til að ætla það að Vegagerðinni hafi þar orðið á meiri háttar skyssa. Ég sé enga ástæðu til að ætla það.

Ég vil á hinn bóginn láta í ljósi undrun mína yfir því af hverju hv. þm. á svo erfitt með að segja sannleikann um Gilsfjarðarbrú. Hv. þm. sagði að það hefði

samkvæmt gildandi vegáætlun átt að bjóða út Gilsfjarðarbrú á sl. ári. Það er ekki ein einasta króna frá Vesturlandi, ekki ein króna á sl. ári, ekki ein einasta króna frá Vestfjörðum, ekki ein til Gilsfjarðarbrúar. Það er á hinn bóginn svo að í stórverkefnum til Gilsfjarðar er gert ráð fyrir 24 millj. á sl. ári og ekki er hægt að vinna mikið fyrir þær. Ef við tökum árin 1995, þá er í Gilsfjörð 33 millj. á árinu 1995 frá Vesturlandi og 7 millj. frá Vestfjörðum, 98 millj. af stórverkefnum. Það er hins vegar ekki fyrr en á árinu 1996 sem fer að muna um það fjármagn sem veitt er til brúarinnar. 241 millj. er af stórverkefnafé 1996. Þá koma 59 millj. og 74 millj. frá kjördæmunum. Það sem maður er að spyrja sig um í sambandi við vegáætlun er auðvitað um verklokin, það eru þau sem skipta máli og 20 millj. á sl. ári skipta engu máli í þessu sambandi. Þunginn er á árinu 1996 þannig að það er tilbúningur að ég hafi haft fjárlagaheimildir til að bjóða Gilsfjörð út á sl. ári.

[17:32]

Ingibjörg Pálmadóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Varðandi bensíngjald ætla ég ekki að hafa mörg orð. Ég vona það að þeir hafi rétt fyrir sér í Vegagerðinni. En ég endurtek það sem ég sagði hér áðan að bílaeign Íslendinga hefur minnkað um 3,3% og þar af leiðandi tel ég að það hljóti að seljast minna bensín.

Varðandi hið síðarnefnda, þá er hæstv. samgrh. meistari í útúrsnúningum, hann er útúrsnúinn raunverulega. Auðvitað vitum við það bæði að þetta er verkefni sem stórverkefnasjóður á að framkvæma, að sjálfsögðu. Og ég veit nákvæmlega hvaða tölur eru til þessa verkefnis á hvaða ári fyrir sig. En, hæstv. samgrh., það hefur verið áður tekið lán til framkvæmda og það hefur alltaf verið rætt um að það yrði tekið lán til þessara framkvæmda. Og ég spurði hæstv. ráðherra: Hvenær verður þetta verkefni boðið út? Það hefur verið talað um að það yrði í síðasta lagi í mars, en nú heyri ég það að hann er farinn að tala um árið 1996. Á ég að skilja það svo að þetta verkefni verði ekki boðið út fyrr en árið 1996? Er það réttur skilningur?

[17:34]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það vill nú svo til að flokkur hv. þm. var í ríkisstjórn í 20 ár samfleytt þegar þessi ríkisstjórn tók við. Samt var ekki gert ráð fyrir því af þeirri ríkisstjórn að taka þetta mál á dagskrá á einni einustu vegáætlun sem sú ríkisstjórn gekk frá. Í þessari vegáætlun er gert ráð fyrir verulegu fjármagni, sérstaklega á árinu 1996 og síðan á árinu 1997. Það er á þessum tveim árum sem höfuðþunginn kemur í þetta verk eins og vegáætlun er lögð upp. Og það er heldur ekki rétt að allt fé eigi að koma frá stórverkefnasjóði. Það er gert ráð fyrir að 62,5% komi af stórverkefnum en 37,5% komi frá kjördæmunum sjálfum. Hv. þm. sagði að ég hefði brugðist með því að bjóða verkið ekki út á sl. ári. Mér er ekki kunnugt um að hv. þm. hafi viljað færa fé til innan síns kjördæmis til þessa verkefnis á sl. ári. Það hefur ekki komið mér til eyrna.

Sannleikurinn er sá að verkefnið er á þeim stað sem það hefur verið. Og ég hygg líka að hv. þm. verði að íhuga það að við erum að veita verulega fjármuni til stórverkefna með jarðgöngunum á Vestfjörðum, verulega fjármuni, nær milljarði á sl. ári. Og það eru auðvitað takmörk fyrir því hvað önnur kjördæmi sætta sig við að mikið fé fari samtímis til eins og sama kjördæmisins. Þetta vitum við. Og ef við hefðum ætlað okkur að taka þessar 800 millj. sem við erum að tala um til Gilsfjarðar á sl. ári og þessu, eins og mér heyrðist á hv. þm., þá hefði orðið að taka það frá öðrum kjördæmum. Og frá hvaða kjördæmum vildi hv. þm. taka það? Er þetta bara hljómandi málmur eða hvellandi bjalla?

[17:36]

Ingibjörg Pálmadóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Enn þá er hæstv. samgrh. ekki búinn að svara fyrirspurn minni. Ég spurði að því hvort þetta verkefni yrði boðið út á þessu ári. Ég var ekki að væna hæstv. ráðherra um það að hann hefði svikið eitthvað með því að bjóða ekki út þetta verkefni á sl. ári, það var ég alls ekki að gera þó svo að það hafi verið búið að lofa heimamönnum jafnvel að það yrði og þetta verkefni yrði fjármagnað með lánsfé til að dekka það til 1996 og 1997. Ég sagði hér áðan að það hefðu ýmsar rannsóknir farið fram sem stoppuðu það af að hægt væri að bjóða þetta verkefni út. Nú er það hægt og það hefur verið talað um að það yrði brúað með lántöku þessi tvö ár. En hann hristir höfuðið og þá vitum við það (**Samgrh.**: Það hefur aldrei verið talað um það.) að þetta er ekki að fara í útboð um þessar mundir. (**Samgrh.**: Það hefur aldrei verið talað um það. Aldrei nokkurn tímann.) Þá heyrum við það hér og það eru ekki góð tíðindi fyrir Vestlendinga og Vestfirðinga að heyra það.

[17:37]

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Við erum að tala um yfirgripsmikinn málaflokk sem eru samgöngumálin og ég verð nú að segja það að mér finnst ekki blása byrlega fyrir þeim í gegnum þingið ef tónninn í hæstv. samgrh. ætlar ekki eitthvað að skána, þá held ég að hann megi búast við því að það geti orðið tafir hér í þinginu en ekki af völdum þingmanna eins og hann lét frá sér fara rétt áðan, að þingmenn vildu halda vegamálum í einhverri óvissu eins og hann komst að orði. Ég kannast ekki við það, hæstv. ráðherra, að þingmenn hafi haldið þessu máli í óvissu. Hvar hefur málið verið? Hvar hefur málið verið þangað til það kom hér inn í þingsali fyrir örfáum dögum síðan? Hefur það ekki verið að velkjast á borði ráðherrans sjálfs ...

(**Forseti** (VS): Hæstvirts.)

hæstvirts ráðherra? Ég held að ef einhver hefur verið að tefja þetta mál, þá hefur það verið ráðherrann sjálfur og svo er hann að segja við okkur þingmenn að við séum að tefja málið. Ég veit ekki annað en þegar formaður samgn. hafði samband við okkur til þess að biðja um það og spyrja um það hvort við værum tilbúnir til þess að vera hér á morgun þar sem einu sinni á ekki að vera þinghald til þess að halda fund í samgn.

þingsins til þess að fjalla um þessi mál ráðherrans sem komu fram klukkan að verða hálftólf í tíma þingsins. Auðvitað var já frá okkur stjórnarandstæðingum í því efni. Auðvitað erum við tilbúnir að mæta til fundar til þess að leysa þessi mál. Og það er hart að sitja undir einhverjum svigurmælum frá hæstv. ráðherra í þessum efnum. — Já, ráðherrann má hlæja að því. En svona á ráðherra ekki að tala til nefndar, manna sem eru að vinna í þingnefndum, viðkomandi ráðherra.

Eins og ég segi þarf ég sjálfsagt ekki að eyða löngu máli í umræður um þetta mál nú og ætla mér ekki að gera það. Hér hefur farið fram nokkuð ítarleg umræða en eins og við mátti búast nánast engin svör því að hæstv. ráðherra samgöngumála er meistari meistaranna í að snúa út úr ræðum þingmanna. Og hann er einnig meistari meistaranna í því að svara ekki því sem spurt er um. Hann býr til spurningarnar þegar hann er kominn upp í ræðustól og svarar þeim, spurningunum frá sjálfum sér, ekki því sem þingmennirnir eru að spyrja um. Hann var líka frábær á sínum námsárum sem ræðusnillingur og þetta er sjálfsagt eitt af því sem hann hefur numið á þeim skólaárum sínum í ræðulist. En ég held að hæstv. ráðherra gerði málinu gagn og greiða með því að svara því sem þingmenn eru að spyrja hér um. (**JGS:** Ráðherrann er að ráða krossgátu þannig að hann er búinn að svara.)

Hæstv. ráðherra vék einnig að því að Framsfl. hefði verið í ríkisstjórn í 20 ár og það væri ekki glæsilegt um að litast í samgöngumálum. Ég ætla að leggja eina litla spurningu fyrir hæstv. ráðherra og mér þætti vænt um ef hann svaraði henni. Hvað var hann lengi að keyra til Akureyrar fyrir 20 árum síðan? Hvað er hann lengi í dag? (**Gripið fram í:** Á hvaða hraða?) Já, á hvaða hraða fer hann? Á hvaða hraða ætli hann hafi getað ekið fyrir 20 árum síðan? Þannig er nefnilega mála sannast, hæstv. ráðherra, að það hefur orðið bylting í vegamálum. Það á enginn einn flokkur það, hvorki Framsfl. né aðrir, það hefur orðið bylting í samgöngumálum þjóðarinnar og það veit hæstv. ráðherra. Og það er rétt að enginn ráðherra hefur verið jafntítt á ferðinni sl. ár eins og hæstv. núv. samgrh. með skærin á loftin og klippa og opna nýja möguleika í samgöngumálum. Það hefur margt verið gert og er enn þá margt ógert í samgöngumálum.

Ég vil aðeins minnast á þetta sérstaka átak í vegamálum upp á 3,5 milljarða sem nú er sett fram. Helmingur þessa gjalds upp á 1 milljarð 750 millj. er settur sem beinn orkuskattur á bifreiðaeigendur í landinu. Rúmlega 1 milljarður og 700 millj. er settur sem beinn orkuskattur á bifreiðaeigendur í landinu. Hitt er tekið sem lánsfé þrátt fyrir það þó öllum sé það ljóst hversu gífurlegar lántökur hafa farið fram á undanförnum árum. Það er ekkert við þennan samgrh. sérstaklega að sakast fram yfir aðra, þetta hefur verið gert. En við þurfum líka að gera okkur grein fyrir því að það kemur að því að það þarf að borga þessi lán og það kemur þá niður á framkvæmdum í vegamálum.

Ég held ég muni það rétt að ég hlustaði hér á hæstv. samgrh. ekki fyrir löngu síðan þegar hann lét þau orð falla að skuldir vegna flóabátanna séu nú rétt um 2,5 milljarðar kr. Það er morgunljóst að allar þessar skuldbindingar sem hafa verið settar á Vegasjóð munu draga úr framkvæmdum í almennri vegagerð. Ég vil einnig spyrja hæstv. ráðherra og bið hann að svara því hér vegna þess að við skiptingu þessa sérstaka átaksverkefnis upp á 3,5 milljarða hefur ríkisstjórnin ákveðið að taka upp aðra skiptireglu en hefur verið í gildi í mörg undanfarin ár og ég veit ekki annað en að hafi reynst bærilega og þeir sem að þessum málum hafa komið, bæði fulltúar Vegagerðar ríkisins og þingmenn, hafi unað þessum skiptiprósentum og skiptahlutum nokkuð vel. Þess vegna langar mig til að spyrja hæstv. ráðherra: Er það meiningin að breyta þessum skiptareglum almennt? Er ráðherrann með einhverjar hugmyndir um að breyta frá því sem áður hefur verið farið eftir um skiptingu á vegafé milli kjördæma? Það væri fróðlegt að fá svar við því.

Ég vil hins vegar leggja áherslu á að það sem mér finnst á skorta er það að við þingmenn, og þá beini ég orðum mínum líka til hæstv. ráðherra, að menn leggi aukna áherslu á langtímaáætlun í vegagerð. Ég held að það sé gríðarlega mikilsvert mál að menn vinni að langtímaætlun í vegagerð sem er bæði markviss og framsækin en þó umfram allt þarf hún að vera raunsæ. Ég vil hvetja hæstv. ráðherra til þess að vinna að því máli þó ég viti að hann á ekki langan tíma eftir á ráðherrabekk þá vil ég samt biðja hann og hvetja til þess að fara að leggja línurnar að slíku.

Virðulegur forseti. Ég skal ljúka máli mínu þó margt sé enn ósagt. Ég vildi leggja áherslu á það í máli mínu og hefði viljað benda á það hversu safnvegir í þessum tillögum eru illa haldnir og er vissulega ástæða fyrir okkur í samgn. að ræða þau mál, bæði hvað við kemur safnvegum og landsvegum. En ég skal, virðulegur forseti, hlýða kallinu.

[17:47]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hlýt að biðjast afsökunar á því hafi ég vænt nefndina um að hún væri að reyna að tefja fyrir þessu máli. (**StG:** Þú sagðir það.) Þá hlýt ég að biðjast afsökunar á því. Ég taldi mig ekki hafa sagt það en það sem ég á hinn bóginn sagði var að ég tryði því ekki að menn mundu standa á móti því að þessi þáltill. yrði afgreidd nú á þinginu.

Um hitt atriðið sem spurt var þá er mér ljúft að svara því að það er gert ráð fyrir að um hina sérstöku fjáröflun verði höfðatala lögð til grundvallar.

[17:48]

Stefán Guðmundsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil bara svara fyrra svari ráðherrans um að samgn. væri ekki að tefja málið. Ég segi bara batnandi manni er best að lifa, hæstv. ráðherra. Hitt svarið heyrði ég alls ekki. (**Samgrh.:** Ég sagði að höfðatölureglan yrði lögð til grundvallar.)

Hér er gefin náttúrlega stórmerkileg yfirlýsing. Hér er gefin stórmerkileg yfirlýsing ef hæstv. ráðherra segir hér nú úr sæti sínu að það eigi að breyta almennt skiptireglu sem hefur gilt í mörg ár og tekist hefur góð sátt um milli þingmanna, að nú eigi að breyta þeirri skiptireglu og taka upp almenna höfðatölureglu í skipt-

um fjármagns til vegagerðar. Hér er gefin merkileg yfirlýsing og ég held, hæstv. ráðherra, að þetta mál hljóti að verða það sem verður fyrst á dagskrá samgn. í fyrramálið.

[17:49]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hér hefur verið talað af hv. þm. Stefáni Guðmundssyni og ýmsum öðrum þingmönnum eins og öllu fé samkvæmt vegáætlun hafi verið skipt eftir tilteknum prósentum, það er nú alls ekki svo. Alls ekki svo enda hafa sérstök stórverkefni verið í gangi og stærsta verkefnið fram að þessu eru jarðgöngin fyrir vestan svo að öllu fé hefur síður en svo verið skipt eftir þessari reglu. Á hinn bóginn lá það alveg ljóst fyrir að það hafði verið vanrækt á síðustu árum að leggja fram fé til nauðsynlegrar vegagerðar hér á Reykjavíkursvæðinu. Og eins og ég hef áður sagt þá er víða mjög mikil slysahætta og er auðvelt að sýna fram á arðsemi slíkrar vegagerðar.

Ég held ég geti líka fullyrt að fyrir síðustu borgarstjórnarkosningar í Reykjavík hafi allir stjórnmálaflokkar, allir þeir flokkar sem buðu fram í Reykjavík bæði innan R-listans og einnig þeir sem stóðu að lista Sjálfstfl. verið sammála um að samgrh. hafi illa staðið sig í samgöngumálum Reykvíkinga. Ég hafði því satt að segja talið að það stæði fullur vilji þeirra flokka sem stóðu að R-listanun að því að reyna að bæta þar úr skák. En það hefur kannski verið þannig að einn sannleikur henti hér á Reykjavíkursvæðinu hjá þessum stjórnmálaflokkum og annar úti á landi.

[17:51]

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Hæstv. samgrh. hefur verið duglegur að koma í andsvör og skiptast á skoðunum við einstaka ræðumenn sem hér hafa talað í dag og er ekki nema gott eitt um það að segja. En hins vegar bar ég fram spurningar þegar ég talaði í upphafi þessarar umræðu um hvernig skipting framkvæmdaátaksins yrði á milli kjördæma, hvernig einstök kjördæmi myndu standa þegar þessu fjármagni sem ætlað er til framkvæmdaátaksins hefur verið skipt, hvert framkvæmdaátakið mundi verða í einstökum kjördæmum, hvernig þau muni standa frá því sem áætlað var. Ég fer fram á að hæstv. samgrh. segi mat samgrn. og mat sitt á þessum efnum þó ég viti það reyndar að það mun verða farið yfir málið í hv. samgn. þá trúi ég ekki öðru en að það hafi verið litið á þessi mál við undirbúning þessa máls hvernig einstök kjördæmi munu koma út þegar þessu framkvæmdaátaksfé hefur verið skipt. (**HG:** Þeir hljóta að kunna prósentureikning.) Það hlýtur að vera auðvelt að svara því hvaða mat hæstv. samgrh. leggur á slíka hluti. Ég fer fram á að fá svör við því áður en þessari umræðu lýkur.

[17:53]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér hefur verið bent á að ég mistalaði mig hér áðan. Auðvitað var það sem ég átti við að því fé, sem aflað verður með sérstökum hætti nú með þeirri bensínhækkun sem varð um áramótin, verður skipt milli kjördæma með hliðsjón af höfðatölureglunni með nokkurri leiðréttingu þó fyrir Austurland og Vestfirði hygg ég svo að ekkert kjördæmi tapi miðað við vegáætlun eins og hún lá áður fyrir. Ég hygg að hv. þm. sé það alveg ljóst að það má deila um það hvernig rétt sé að standa að skiptingu vegafjár. Sú ákvörðun var tekin að láta höfðatölureglunа vera ráðandi um þessa sérstöku fjáröflun. Það hafði fyrst komið upp í hugann og hafði raunar líka verið athugað hjá síðustu ríkisstjórn hvort hægt væri að efna til sérstakrar fjáröflunar á grundvelli þeirrar bensínsölu sem væri á viðkomandi svæði eða í viðkomandi kjördæmum. En það er ekki hægt þar sem olíufélögin líta á það sem viðskiptaleynd hversu mikil markaðshlutdeild þeirra sé á einstökum svæðum. Af þessum ástæðum var þessi regla upp tekin. Auðvitað mátti líka hugsa sér að heimila einstökum landsfjórðungum að hækka bensínið hjá sér. Ég hygg að það sé nokkuð sama hvaða leið sé farin af þessum öllum, niðurstaðan sé sú sama og auðvitað ekki hægt að láta höfðatölureglunа gilda sums staðar og annars staðar ekki.

[17:55]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. fyrir svörin því málið hefur nú skýrst örlítið við þetta svar. Það sýnir það náttúrlega að þessi höfðatöluregla sem á að skipta eftir er tómt rugl. Það er sagt að það eigi að nota hana með nokkurri leiðréttingu fyrir Austurland og Vestfirði svo ekkert kjördæmi tapi. Þetta þýðir það á mannamáli að Austurland og Vestfirðir eiga að standa í stað en framkvæmdaátakið á að fara fram í hinum kjördæmunum. Höfðatölureglunа er ekki hægt að nota því ef hún hefði verið notuð þá hefði minnkað framkvæmdafjármagnið á Austurlandi og Vestfjörðum. Þetta er nú aldeilis grautargerð ef ég má komast svo að orði og auðvitað sýnir það að þessi regla sem er verið að taka upp nú er kolvitlaus og það ætti auðvitað að leggja hana fyrir róða strax, taka bara upp gömlu regluna sem hefur reynst vel og verið samkomulag um á Alþingi.

[17:56]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er ekki rétt hjá hv. þm. og skiptir ekki máli hversu oft hann endurtekur það hér eða í Tímanum þar sem hann er ritstjóri. Það er ekki samkomulag um gömlu regluna á Alþingi. Þess vegna er ný regla tekin upp. Ég held að þetta sé ekkert flóknara en þetta, þetta skilja nú allir utan þings en það má vera að sumir í þinginu skilji þetta ekki. Það er auðvitað ekki breytt um vinnubrögð nema menn vilji breyta. Ef enginn vill breyta um vinnubrögð þá er það bara gamli Framsfl.

Ég vil líka segja við hv. þm. að það er svolítið skrýtin niðurstaða ef við tökum sérstaklega Vestfirði þegar það liggur fyrir að sérstök aukafjárveiting var til Vestfjarða upp á 350 millj. kr. til jarðganganna vegna þeirra óhappa sem þar voru að vísu en þetta eru nýjar fjárveitingar þangað vestur sem ekki hafði áður verið gert ráð fyrir. Og hvernig er þá hægt að segja í sama orðinu að verið sé að níðast á Vestfirðingum? Hvers konar málflutningur er þetta? Og ég vil líka

segja ef við erum að tala um Austurland og ef við erum að tala almennt um einstök kjördæmi þá er það svo að verulegt fjármagn af sérstöku verkefnafé er veitt til einstakra kjördæma undir sérstökum kringumstæðum þegar menn telja svo eitthvað sérstaklega brýnt. Nú teljum við í þessari ríkisstjórn sérlega brýnt að flýta því að hringvegurinn sé lagður. Er það þá svo, hv. þm., að það skipti máli hvað peningarnir heita í vegáætlun ef þeir fara austur? Skiptir það þá máli? Fjöllin eru komin undir stórverkefni. Við viljum beita okkur fyrir því að þar sé hægt að vinna áfram. Það var gagnstætt því sem síðasta ríkisstjórn vildi og hv. þm. vildi meðan sú stjórn var við völd.

[17:58]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. samgrh. heldur því fram að það sé ekki samkomulag um gömlu skiptiregluna hér á Alþingi. Ég vil segja í þessu sambandi að það hefur bara ekkert reynt á það. Þessi gamla skiptiregla hefur ekkert verið í umræðunni hér á Alþingi. Það er ákveðið af forsrh. fyrir jólin og tilkynnt opinberlega í sjónvarpi að það standi til að breyta þessari reglu. Þessi ákvörðun var ekki lögð fyrir þingið og hefur ekkert verið rædd hér. Það hefur ekkert komið fram um það að hér sé ósamkomulag um þessa reglu vegna þess einfaldlega að vegáætlun er hér til fyrri umr. þegar ákvörðun er komin frá ríkisstjórninni um að breyta þessari skiptireglu hvað varðar framkvæmdaátakið. Þetta eru þær staðreyndir sem liggja fyrir í málinu.

Ég var ekki heldur að tala um að það væri dæmi um þær spurningar sem búnar eru til hér og svarað úr ræðustól að það hafi verið níðst á Vestfirðingum en hins vegar var fjármagn til Vestfjarðaganga skert á sínum tíma og aukafjárveitingin er vegna óhappa sem komu upp við þessa vegagerð. Það er svo sem ekki nýtt að það sé barið á einstökum landshlutum ef þar kynnu nú að koma stórframkvæmdir upp á þá mega helst talsmenn og þingmenn þeirra landshluta ekki opna munninn eftir það um viðkomandi málaflokk. Ég kannast mætavel við slíkt og þó að það hafi farið fram góð jarðgangagerð á Vestfjörðum þá held ég að það þýði ekki að Vestfirðingar mega ekki opna munninn næstu árin um vegamál.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 10. og 11. mál.

Fundi slitið kl. 18:01.

---

78. FUNDUR

mánudaginn 30. jan.,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Mælingareglur skipa, stjfrv., 306. mál, þskj. 420. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Köfun, stjfrv., 309. mál, þskj. 429. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Skráning skipa, stjfrv., 313. mál, þskj. 453. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Vegalög, stjfrv., 314. mál, þskj. 454. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Atvinnuréttindi vélfræðinga, stjfrv., 315. mál, þskj. 459. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Atvinnuréttindi skipstjórnarmanna, stjfrv., 316. mál, þskj. 460. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Áhafnir íslenskra kaupskipa, stjfrv., 317. mál, þskj. 461. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
8. Vegáætlun 1995–1998, stjtill., 308. mál, þskj. 428. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

Fjarvistarleyfi:

Anna Ólafsdóttir Björnsson, 9. þm. Reykn.,
Árni R. Árnason, 5. þm. Reykn.,
Guðmundur Hallvarðsson, 16. þm. Reykv.,
Guðni Ágústsson, 5. þm. Suðurl.,
Ingibjörg Pálmadóttir, 2. þm. Vesturl.,
Jóhann Ársælsson, 3. þm. Vesturl.,
Matthías Bjarnason, 1. þm. Vestf.,
Stefán Guðmundsson, 4. þm. Norðurl. v.,
Steingrímur J. Sigfússon, 4. þm. Norðurl. e.,
Vilhjálmur Egilsson, 5. þm. Norðurl. v.,
Össur Skarphéðinsson umhvrh.

Útbýting þingskjala:

Alferðir, 353. mál, fsp. VS, þskj. 575.

Ferðaþjónusta, 350. mál, fsp. HN, þskj. 572.

Kostnaður við sameiningu sveitarfélaga, 167. mál, svar félmrh., þskj. 567.

Krónutöluhækkun á laun, 347. mál, fsp. HN, þskj. 569.

Nýsköpun og atvinnumál, 349. mál, fsp. HN, þskj. 571.

Samstarf Alþýðuskólans á Eiðum og Menntaskólans á Egilsstöðum, 351. mál, fsp. HN, þskj. 573.

Stofnun nýsköpunarráðuneytis, 348. mál, fsp. HN, þskj. 570.

Útboðsstefna ríkisins, 352. mál, fsp. HN, þskj. 574.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Borist hefur svohljóðandi bréf, dagsett 27. jan. 1995:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska þess að 1. varaþm. Framsfl. í Norðurl. e., Guðmundur Stefánsson framkvæmdastjóri, Akureyri, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegi forseti.

Guðmundur Bjarnason, 1. þm. Norðurl. e."

Guðmundur Stefánsson hefur áður tekið sæti á Alþingi og er hann boðinn velkominn til starfa.

Mælingareglur skipa, frh. 1. umr.

Stjfrv., 306. mál (lög um vitamál og lögskráningu sjómanna). — Þskj. 420.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:09]

Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁJ, ÁMM, EH, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GÁS, GGuðbj, GJH, GHelg, HBl, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JVK, MF, ÓE, PP, PJ, PBald, PBj, RA, RG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, ÞorstP.

29 þm. (AÓB, ÁRÁ, BBj, DO, EgJ, FrS, GHall, GuðmS, GÁ, HÁ, HN, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JGS, KHG, KE, LMR, MB, ÓRG, SalÞ, SigG, StG, SJS, SvG, VE, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Köfun, frh. 1. umr.

Stjfrv., 309. mál (heildarlög). — Þskj. 429.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:09]

Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁJ, ÁMM, EH, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GÁS, GGuðbj, GJH, GHelg, HBl, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JVK, MF, ÓE, PP, PJ, PBald, PBj, RA, RG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, ÞorstP.

29 þm. (AÓB, ÁRÁ, BBj, DO, EgJ, FrS, GHall, GuðmS, GÁ, HÁ, HN, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JGS, KHG, KE, LMR, MB, ÓRG, SalÞ, SigG, StG, SJS, SvG, VE, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Skráning skipa, frh. 1. umr.

Stjfrv., 313. mál (skráning útlendra skipa). — Þskj. 453.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:10]

Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁJ, ÁMM, EH, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GÁS, GGuðbj, GJH, GHelg, HBl, HN, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JVK, MF, ÓE, PP, PJ, PBald, PBj, RA, RG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, ÞorstP.

28 þm. (AÓB, ÁRÁ, BBj, DO, EgJ, FrS, GHall, GuðmS, GÁ, HÁ, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JGS, KHG, KE, LMR, MB, ÓRG, SalÞ, SigG, StG, SJS, SvG, VE, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Vegalög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 314. mál (stofn- og viðhaldskostnaður girðinga). — Þskj. 454.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:11]

Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁJ, ÁMM, EH, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GÁS, GGuðbj, GJH, GHelg, HBl, HN, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JVK, MF, ÓE, PP, PJ, PBald, PBj, RA, RG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, ÞorstP.

28 þm. (AÓB, ÁRÁ, BBj, DO, EgJ, FrS, GHall, GuðmS, GÁ, HÁ, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JGS, KHG, KE, LMR, MB, ÓRG, SalÞ, SigG, StG, SJS, SvG, VE, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Atvinnuréttindi vélfræðinga, frh. 1. umr.

Stjfrv., 315. mál (STCW-reglur o.fl.). — Þskj. 459.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:11]

Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁJ, ÁMM, EH, EKG, FI, GHH, GE, GuðjG, GÁS, GGuðbj, GJH, GHelg, HBl, HN, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JVK, MF, ÓE, PP, PJ, PBald, PBj, RA, RG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, ÞorstP.

29 þm. (AÓB, ÁRÁ, BBj, DO, EgJ, EKJ, FrS, GHall, GuðmS, GÁ, HÁ, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JGS, KHG, KE, LMR, MB, ÓRG, SalÞ, SigG, StG, SJS, SvG, VE, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Atvinnuréttindi skipstjórnarmanna, frh. 1. umr.

Stjfrv., 316. mál (STCW-reglur o.fl.). — Þskj. 460.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:12]
Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁJ, ÁMM, EH, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GÁS, GGuðbj, GJH, GHelg, HBl, HN, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JVK, MF, ÓE, PP, PJ, PBald, PBj, RA, RG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, ÞorstP.
28 þm. (AÓB, ÁRÁ, BBj, DO, EgJ, FrS, GHall, GuðmS, GÁ, HÁ, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JGS, KHG, KE, LMR, MB, ÓRG, SalÞ, SigG, StG, SJS, SvG, VE, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Áhafnir íslenskra kaupskipa, frh. 1. umr.

Stjfrv., 317. mál. — Þskj. 461.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:13]
Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁJ, ÁMM, EH, EKG, FI, GHH, GE, GuðjG, GÁS, GGuðbj, GJH, GHelg, HBl, HN, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JVK, MF, ÓE, PP, PJ, PBald, PBj, RA, RG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, ÞorstP.
29 þm. (AÓB, ÁRÁ, BBj, DO, EgJ, EKJ, FrS, GHall, GuðmS, GÁ, HÁ, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JGS, KHG, KE, LMR, MB, ÓRG, SalÞ, SigG, StG, SJS, SvG, VE, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Vegáætlun 1995–1998, frh. fyrri umr.

Stjtill., 308. mál. — Þskj. 428.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:13]
Frv. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁJ, ÁMM, EH, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GÁS, GGuðbj, GJH, GHelg, HBl, HN, JóhS, JBH, JHelg, JVK, MF, ÓE, PP, PJ, PBald, PBj, RA, RG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, ÞorstP.
29 þm. (AÓB, ÁRÁ, BBj, DO, EgJ, FrS, GHall, GuðmS, GÁ, HÁ, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JGS, JónK, KHG, KE, LMR, MB, ÓRG, SalÞ, SigG, StG, SJS, SvG, VE, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Fundi slitið kl. 15:14.

---

79. FUNDUR

mánudaginn 30. jan.,
að loknum 78. fundi.

Dagskrá:

Til landbúnaðarráðherra:

1. Ráðstafanir vegna erfiðleika loðdýrabænda, fsp. EKG, 274. mál, þskj. 328.

Til iðnaðarráðherra:

2. Niðurgreiðsla og afsláttur til húshitunar, fsp. EKG, 275. mál, þskj. 329.

Ráðstafanir vegna erfiðleika loðdýrabænda.

Fsp. EKG, 274. mál. — Þskj. 328.

[15:14]

Fyrirspyrjandi (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Eins og öllum er kunnugt hafa dunið miklir erfiðleikar yfir loðdýraræktina í landinu. Í upphafi bundu mjög margir miklar vonir við það að með því að koma á loðdýrarækt á Íslandi væri hægt að renna fleiri stoðum undir atvinnulíf í sveitum landsins og margt benti til þess raunar í upphafi að það mætti takast. Því miður urðu síðan á leiðinni miklir og ófyrirsjáanlegir erfiðleikar sem hafa valdið miklum búsifjum víða um sveitir landsins eins og öllum er kunnugt um. Skuldir hrönnuðust upp og tekjur drógust saman, einkanlega vegna þess að þær forsendur sem menn höfðu byggt sínar fjárfestingar á um verðþróun á afurðunum brugðust að verulegu leyti. Þetta hefur valdið miklum erfiðleikum víða á sveitaheimilum og haft í för með sér ófyrirsjáanlega erfiðleika sem hafa tengst mörgum fjölskyldum vítt og breitt um landið. Þessa sögu þekkja sennilega mjög margir hér inni.

Fyrir nokkrum árum var gripið til þess ráðs að skuldbreyta í rekstri loðdýrabænda og þær skuldir voru tryggðar af Ríkisábyrgðasjóði. Það var þó ljóst mjög fljótlega og kannski jafnvel ljóst þegar gripið var til þessara aðgerða að loðdýraræktin við óbreyttar aðstæður mundi ekki geta risið undir þessum miklu skuldum og í raun og veru var þessi skuldbreyting byggð á verulegri óskhyggju. Þess vegna kom í ljós þegar nefnd sem undirritaður m.a. sat í fór að skoða þessi mál á árinu 1992 að það væri óhjákvæmilegt að grípa til aðgerða sem myndu fela í sér lækkun skulda á loðdýraræktinni í landinu. Það var ljóst að jafnvel þó tekjur greinarinnar kynnu að hækka, sem raunar hef-

ur síðan komið á daginn, þá væri þessi skuldaskafl eins og það var gjarnan nefnt, gjörsamlega ófær og það yrði þess vegna að létta þessum skuldum að einhverju leyti af greininni.

Niðurstaða nefndarinnar sem ég nefndi var sú í meginatriðum að það bæri að grípa til samræmdra aðgerða til að lækka skuldir á loðdýraræktinni í landinu, það væri ódýrast fyrir þjóðfélagið, það væri ódýrast fyrir lánardrottnana og það væri farsælast fyrir landbúnaðinn og sveitirnar í landinu. Niðurstaða nefndarinnar var sú að leggja til afléttingu skulda Ríkisábyrgðasjóðs og lækkun skulda í Stofnlánadeild auk ýmissa annarra aðgerða.

Ég hef leyft mér að leggja fyrir hæstv. landbrh. fyrirspurn sem er í þremur liðum og hljóðar svo, með leyfi virðulegs forseta:

1. Hefur verið lokið við að fullu að gera ráðstafanir vegna erfiðleika loðdýrabænda sem ríkisstjórnin ákvað síðari hluta árs 1992?

2. Hvað leiddu þær ráðstafanir til mikillar skuldalækkunar fyrir loðdýrabúskapinn í landinu?

3. Hver er nú rekstrarstaða loðdýrabúskaparins að loknum þessum skuldalækkunum og í ljósi núverandi heimsmarkaðsverðs á refa- og minkaskinnum?

[15:18]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Fyrst er spurt:

„Hefur verið lokið við að fullu að gera ráðstafanir vegna erfiðleika loðdýrabænda sem ríkisstjórnin ákvað síðari hluta árs 1992?"

Ákvarðanirnar fólust einkum í að lækka eins og frekast var unnt skuldir greinarinnar bæði hjá bændum og fóðurstöðvum og að styðja við rekstur hennar með því að greiða jafnaðargjald á fóður. Stofnlánadeild landbúnaðarins, Byggðastofnun og Framleiðnisjóður hafa lokið skuldaniðurfellingu hjá bændum. Byggðastofnun og Framleiðnisjóður hafa létt skuldum af fóðurstöðvum en ekki hefur endanlega verið gengið frá niðurfellingu lána fóðurstöðva hjá Stofnlánadeildinni. Þá hefur ríkissjóður yfirtekið ábyrgðir bænda hjá Ríkisábyrgðasjóði. Hluti af þessum ráðstöfunum var skilyrtur með þeim hætti að aðrir lánardrottnar þyrftu líka að fella niður skuldir. Sú niðurfelling er metin á 100 millj. kr. Ráðuneytið fékk Gunnar Sturluson lögfræðing til að aðstoða þá bændur sem verst voru settir. Það var gert til að tryggja sem best að allir þeir sem rétt áttu á aðstoð fengju notið hennar. Ríkissjóður og Framleiðnisjóður hafa greitt jöfnunargjald á loðdýrafóður að upphæð 190 millj. kr. á árunum 1992–1994. Ríkissjóður hefur nú hætt þeim greiðslum en Framleiðnisjóður greiðir enn jöfnunargjald á fóður til minkabænda. Jöfnunargjaldið var rétt um 7 kr. á kg fóðurs enn er nú 4 kr.

Nú er litið svo á að lokið sé framkvæmd þeirra ráðstafana sem stefnt var að. Einungis er eftir að ganga frá nokkrum lausum endum í Stofnlánadeildinni í tilvikum þar sem staðið hefur á að uppfylla þau skilyrði sem deildin setti fyrir aðstoð. Þetta á einungis við um fóðurstöðvar.

Spurt er: „Hvað leiddu þær ráðstafanir til mikillar skuldalækkunar fyrir loðdýrabúskapinn í landinu?"

Talið er að þessar ráðstafanir hafi lækkað skuldir búgreinarinnar um nálega 1,3 milljarða kr. Hjá Ríkisábyrgðasjóði um 450 millj. kr., Stofnlánadeild 542 millj. kr., Byggðastofnun 40 millj. kr., Framleiðnisjóði 130 millj. kr. og hjá öðrum 100 millj. kr.

Spurt er: „Hver er nú rekstrarstaða loðdýrabúskaparins að loknum þessum skuldalækkunum og í ljósi núverandi heimsmarkaðsverðs á refa- og minkaskinnum?"

Loðdýrabændur eru nú um 80 og ljóst má vera að þessar aðferðir hafa létt mjög undir með þeim á síðustu árum. Verðþróun á skinnum var fram að yfirstandandi uppboðstímabili jákvæð en veruleg verðlækkun nú í haust, sérstaklega á minkaskinnum, veldur greininni áframhaldandi erfiðleikum. Meðalskinnaverð í mink er rétt um 1.300 kr. en útreikningar gera ráð fyrir að það þurfi að lágmarki að vera um 2.000 kr. til að greiða rekstrarkostnað, laun, afskriftir og afborganir og vexti af stofn- og afurðalánum. Jöfnunargjald á fóður jafngildir um 200 kr. á skinn. Af þessu má ljóst vera að minkabændur eiga enn í erfiðleikum, sérstaklega þeir skuldugu. Meðalverð á refaskinnum er um 5.000 kr. á skinn og gefur það verð þolanlega afkomu. Það má þó ekki lækka mikið til að afkoman fari að verða neikvæð.

Töluverðar breytingar hafa átt sér stað í fóðurframleiðslunni og hefur vaxtakostnaður á hvert kíló fóðurs lækkað. Bændaskólinn á Hvanneyri hefur nú tekið við því hlutverki að vera miðstöð fræðslu í loðdýrarækt og unnið er að því í samvinnu við bændasamtökin að leiðbeiningaþjónusta í loðdýrarækt verði staðsett á Hvanneyri. Þá hefur verið ákveðið að flytja inn ref og mink til kynbóta. Ekki er ljóst hvar refurinn verður vistaður en minkurinn verður vistaður á búi Hvanneyrarskólans. Af þessu má sjá að víða er unnið til hagsbóta fyrir greinina. Þrátt fyrir batnandi hag er ekki talið ráðlegt að hvetja til fjölgunar loðdýrabænda við þær aðstæður sem nú ríkja.

[15:22]

Fyrirspyrjandi (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegur forseti. Ég vil í upphafi þakka hæstv. landbrh. fyrir afar skýr svör við fyrirspurnum mínum. Svörin hafa leitt í ljós að hér hefur verið haldið með markvissum hætti á málum og það hefur tekist sem var aðalmarkmiðið þegar við skiluðum af okkur nefndarstarfinu að tryggja það að skuldir loðdýrabænda gætu lækkað umtalsvert, lækkað þannig að þessar skuldir yrðu viðráðanlegri.

Það er aftur á móti rétt sem fram kom í máli hæstv. landbrh. að það er mjög mikið áhyggjuefni að verðþróun á minkaskinnum sérstaklega varð með þeim hætti sem hún varð nú sl. haust. Við höfðum gert ráð fyrir því flest að nú væri lokið þeirri miklu lægð sem loðdýrabúskapurinn væri kominn í og menn höfðu vænst þess að með þessum almennu skuldalækkunaraðgerðum, sem hið opinbera tók sem betur fer á, væri hægt að búa til borð fyrir báru þannig að menn gætu farið að takast á við framtíðina í þessum búskap og létta af sér þeim mikla klafa erfiðleika og óþæginda

sem hefur plagað þessa grein allt of lengi. Þess vegna eru þetta mikil vonbrigði fyrir okkur en það er ekki á færi stjórnvalda að ráða þar fram úr. Ég tel að aðalatriði þessa máls sé að hér hefur verið leitt í ljós að það hefur í fyrsta skipti verið tekið á skuldamálum loðdýraræktarinnar með myndarlegu átaki og sjálfsögðu átaki. Þó að það hafi verið góðs viti sem gert hafði verið áður að búa til skjól með skuldbreytingum þá var það deginum ljósara og var held ég öllum ljóst á þeim tíma jafnvel að það gæti ekki verið þannig til frambúðar. Menn voru einfaldlega að tefla þar bjölleik og framtíðarákvarðanirnar biðu. Með því að lækka skuldir loðdýraræktarinnar um 1,3 milljarða kr. hefur rekstrarstöðunni verið breytt að svo miklu leyti sem það er á valdi hins opinbera og ríkisvaldsins en það er aftur á móti áhyggjuefni eins og ég sagði áðan þessi verðþróun sem hefur orðið í loðdýraræktinni og hæstv. *landbrh.* rakti.

[15:25]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Það er nú svona með hálfum huga að menn tala um loðdýrabúskap hér á Alþingi. Reyndar er svo með fiskeldi líka. Það hefur verið úthrópað að þar hafi verið gerðar einhverjar sérstakar vitleysur. Þar hafi menn hagað sér með þeim hætti að ekki sé til eftirbreytni. Að vísu er það rétt að í loðdýrabúskap, og þó einkanlega í fiskeldi, réðust menn í sumum tilfellum með of mikilli bjartsýni og vissulega hafa tapast fjármunir. Það er eðlilegt að fella niður skuldir af loðdýrabændum og það ber að þakka sem gert hefur verið. Það er eftir að gera nokkuð og að sjálfsögðu er fjöldi bænda mjög illa kominn fjárhagslega eftir þetta ævintýri. Ég vil þó ekki fara héðan, frú forseti, úr þessum ræðustól að þessu sinni öðruvísi heldur en benda á það að þrátt fyrir að menn hafi básúnað það út seint og snemma að á fiskeldi og loðdýrarækt hafi tapast gífurlegir peningar þá eru þeir peningar sem þar töpuðust ekkert meiri en hafa tapast á verslun á Íslandi á undanförnum árum.

Niðurgreiðsla og afsláttur til húshitunar.

Fsp. EKG, 275. mál. — Þskj. 329.

[15:27]

Fyrirspyrjandi (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Eins og margir þekkja, ekki síst þeir sem búa úti á landsbyggðinni, er einn erfiðasti útgjaldaþáttur í heimilisrekstri víða útgjöld vegna orkukostnaðar. Á köldum vetri eins og núna í vetur eru þessir reikningar himinháir og eru mjög íþyngjandi í heimilisrekstri alls almennings í landinu sem ekki býr við ódýrar hitaveitur eins og þekkjast t.d. hér á höfuðborgarsvæðinu. Þess vegna var það mörgum mikið ánægjuefni þegar svokölluð orkuverðsjöfnunarnefnd, svo sérkennilegt orð sem það nú er, lagði fram skýrslu í mars 1991 þar sem það var tíundað með hvaða hætti væri hægt að jafna orkukostnað í landinu. Það var hugmynd orkuverðsjöfnunarnefndar að þetta yrði gert með tvennum hætti í aðalatriðum. Í fyrsta lagi með því að því yrði beint til þingkjörinna fulltrúa í stjórn Landsvirkjunar að þeir á þeim vettvangi beittu sér fyrir sérstökum aðgerðum til lækkunar á heildsöluverði raforku til hitunar á húsnæði. Síðan enn fremur að úr ríkissjóði kæmi fé til jöfnunar á orkuverði í því skyni að lækka það þar sem það væri hæst og draga þannig úr þessu misvægi eins og það hefur verið hér á landi.

Þetta mál hefur ekki verið mjög einfalt vegna þess að til viðbótar við þetta þá hefur steðjað að orkufyrirtækjunum í landinu ákveðinn vandi sem hefur falist í því að þar hafa menn orðið að bera uppi mikinn kostnað af miklum fjárfestingum sem sannarlega hafa sligað rekstur þessara fyrirtækja og gert svigrúm þeirra til þess að lækka orkukostnaðinn í landinu minna. Þetta er að mínu mati ein meginástæðan fyrir því að við búum enn þá við þetta háa orkuverð í landinu og það hefur ekki tekist þrátt fyrir ýmsar atlögur að því máli, því miður, að ná niður orkukostnaðinum úti á landsbyggðinni þannig að hann gæti talist bærilegur. Engu að síður er það ljóst að ýmislegt hefur verið gert í þeim efnum með þeim beina og almenna hætti sem ríkisvaldið hefur getað beitt. Í fyrsta lagi með því að auka niðurgreiðslur til þessa málaflokks úr ríkissjóði á síðustu árum og enn fremur að afsláttur Landsvirkjunar vegna orkusölu til húshitunar hefur sem betur fer hækkað á undanförnum árum.

Þess vegna hef ég leyft mér, virðulegur forseti, að bera fram til hæstv. iðnrh. eftirfarandi spurninga:

1. Hver hafa verið framlög á fjárlögum til niðurgreiðslu á raforku á árunum 1990–1994, reiknað á verðlagi þessa árs?

2. Hver hefur verið árlegur afsláttur Landsvirkjunar af orkusölu til húshitunar á árunum 1990–1994, reiknað í krónum á kílóvattstund á verðlagi þessa árs?

3. Hefur náðst markmið svokallaðrar orkuverðsjöfnunarnefndar frá árinu 1991 um jöfnun orkuverðs?

[15:30]

Iðnaðarráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Hv. fyrirspyrjandi spyr:

„Hver hafa verið framlög á fjárlögum til niðurgreiðslu á raforku á árunum 1990–1994 reiknað á verðlagi þessa árs?“ Framlög á fjárlögum til niðurgreiðslu á raforku til hitunar íbúðarhúsnæðis og raunverulegar niðurgreiðslur á árunum 1990–1994 til verðlags í janúar 1995 með vísitölu framfærslukostnaðar hafa verið sem hér segir: Á árinu 1990 296,4 millj. kr. en greiddar voru út 264,2 millj., 1991 328,9 millj. en greiddar voru út 304,7 millj., 1992 363,8 millj. kr. en greiddar voru út 360,4 millj., 1993 382,1 millj. kr. en greiddar voru út 382,1 millj. og 1994 401,4 millj. kr. en greiddar voru út 405,8 millj.

Þá spyr hv. fyrirspyrjandi hver hafi verið árlegur afsláttur Landsvirkjunar á orkusölu til húshitunar á árunum 1990–1994 reiknað í krónum á kwst. á verðlagi þessa árs. Afsláttur Landsvirkjunar á raforkusölu til hitunar íbúðarhúsnæðis, einnig á verðlagi í janúar 1995, hefur verið sem hér segir: 1990 90,9 aurar á kwst., 1991 20,1 eyrir á kwst., 1992 21,4 aurar á kwst.,

1993 26,7 aurar á kwst. og 1994 29,7 aurar á kwst. Rétt er að taka fram að til 1. júní 1991 var afslátturinn miðað við allt að 40 þús. kwst. ársnotkun en eftir það við 30 þús. kwst. ársnotkun. Árleg raforkuþörf til hitunar á húsnæði vísitölufjölskyldunnar er tæplega 33 þús. kwst. Afslátturinn nær því ekki til tæplega 3 þús. kwst. af ársnotkun fjölskyldunnar.

Í þriðja lagi spyr hv. þm.: „Hefur náðst markmið svokallaðrar orkuverðsjöfnunarnefndar frá árinu 1991 um jöfnun orkuverðs?" Þótt verulega hafi miðað á kjörtímabilinu hefur markmið orkuverðsjöfnunarnefndar ekki verið náð að fullu. Tillögur nefndarinnar miðuðu annars vegar við að niðurgreiðslur úr ríkissjóði yrðu auknar og hins vegar við sérstakar aðgerðir til lækkunar á heildsöluverði Landsvirkjunar. Þær aðgerðir áttu að miða að því að heildsöluverð á raforku til hitunar íbúðarhúsnæðis lækkaði niður í kostnaðarverð orku frá nýjum virkjunum að viðbættum flutningskostnaði til dreifiveitna. Til þess að ná markmiði orkuverðsjöfnunarnefndar þyrftu niðurgreiðslur ríkisins að hækka úr 1,26 kr. á kwst. í 1,67 kr. á kwst. eða um 41 eyri á kwst. sem jafngildir um það bil 130 millj. kr. hækkun á fjárveitingu. Til að ná markmiði nefndarinnar varðandi Landsvirkjun þyrfti afsláttur fyrirtækisins að hækka um nálega 65 aura á kwst. eða ríflega þrefaldast frá því sem hann er nú. Rétt er þó að taka fram að nefndin gerði ráð fyrir að rúmlega helmingur aukins afsláttar Landsvirkjunar eða um 35 aurar á kwst. yrðu eftir hjá dreifiveitunum þar sem þær greiða nú í reynd niður raforkutaxta til húshitunar. Nefndin gerði ráð fyrir að sá hluti kæmi fram í lækkun á öðrum gjaldskrárliðum veitnanna.

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins í þessu sambandi taka fram að enn er ekki búið að ráðstafa því viðbótarfé sem Alþingi veitti á fjárlögum nú til niðurgreiðslna enda er gert ráð fyrir því að iðnrh. eigi sérstakar viðræður við Landsvirkjun, að Landsvirkjun fyrir sitt leyti láti ekki sinn hlut eftir liggja og veiti álíka aukningu á niðurgreiðslum til húshitunar og ríkið hefur aukið niðurgreiðslur sínar um en þar munar talsvert eins og fyrr er sagt.

Þá vil ég einnig upplýsa að sumar dreifiveitur hafa látið sitt af höndum rakna til þess að auka niðurgreiðslur á íbúðarhúsnæði eða húshitun vegna íbúðarhúsnæðis og er þar sérstaklega að nefna Orkubú Vestfjarða en það má segja að ekki sé mikill munur á orkukostnaði vísitölufjölskyldunnar til húshitunar eins og nú standa sakir og eins og orkuverðsjöfnunarnefnd gerði ráð fyrir að hann yrði en það er ekki síst vegna þess að Orkubú Vestfjarða hefur sjálft að eigin frumkvæði ákveðið að lækka allverulega gjaldskrá til húshitunar og er því með hagstæðari útgjöld á orkuveitusvæði sínu en t.d. gengur og gerist á orkuveitusvæði Rariks.

[15:35]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda fyrir að koma með þessar fyrirspurnir og vekja athygli á því að í tillögum orkuverðsnefndar er lagt til að þessum jöfnuði yrði náð á næstu tveim árum frá árinu 1991 og í dag er raunar árið 1995. Hitunarkostnaður er mjög svipaður og hann var í upphafi árs og fram undir mitt ár 1991. Miðað við byggingarvísitölu er hann nánast sá sami í dag.

Ég vek einnig athygli á því að orkuverðsjöfnunarnefndin lagði til að miðað væri við 35 þús. kwst. meðaltal á heimili en samkvæmt því sem hæstv. ráðherra upplýsti áðan er meðaltalið raunverulega 33 þús. sem kemur út úr þessum útreikningi en í dag eru niðurgreiðslur miðaðar við 30 þús. kwst. Það er því ekki einu sinni farið eftir því sem er meðaltal og ekki heldur farið eftir því sem nefndin lagði til á sínum tíma.

Síðan vil ég einnig beina því til hv. þm., sem kemur með þessa fyrirspurn, hvort hann hafi ekki skoðað þá sérstöku bókun sem fulltrúar Sjálfstfl. gerðu í sambandi við nefndarstarfið því að þar segir að þáv. ríkisstjórn hafi haft langan tíma til að gera ráðstafanir til lækkunar orkuverðs og þeir vísa því á hana að hún hafi ekki gert það sem þurfti að gera og sé að vísa hlutunum til næstu ríkisstjórnar. Nú hafa þeir haft tækifæri til þess að gera eitthvað og ég spyr: Hvað hafa þeir gert?

[15:36]

Fyrirspyrjandi (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. iðnrh. fyrir svör hans. Í fyrsta lagi blasir auðvitað við, og er að hluta til svar við fsp. hv. 6. þm. Vestf., að mjög veruleg aukning hefur orðið á niðurgreiðslum til húshitunar af fjárlögum íslenska ríkisins, úr 296,4 millj. í 401 millj. Ef við tölum um útgreiddar niðurgreiðslur eru það 264 í 405 millj. þannig að við erum að tala um að það hefur orðið eitthvað á annað hundrað millj. kr. aukning ef við miðum við síðarnefndu viðmiðunina. Við erum auðvitað að tala um verulega aukningu. Mér er mætavel ljóst að ýmsar breytingar hafa orðið eins og með virðisaukaskattinn. Það breytir ekki því að það sem eftir stendur er að þrátt fyrir mjög erfiðar aðstæður í ríkisbúskapnum hefur orðið um að ræða verulega aukningu á útgjöldum ríkisins til þess að reyna að lækka orkukostnaðinn í landinu. Þetta er auðvitað svar við fyrirspurninni. (Gripið fram í.) Það sem hins vegar blasir við og er alveg rétt, hv. þm., er það að orkukostnaðurinn er enn þá sligandi úti á landi. Það er alveg ljóst að það þarf enn þá að gera verulegar aðgerðir. Ég hef margoft bent á það og gagrýnt það úr þessum ræðustóli að mér hefur sýnst að Landsvirkjun hafi alls ekki tekið eðlilega á málinu. Ég viðurkenni að vísu að Landsvirkjun á við sinn vanda að stríða sem er vegna þeirra miklu fjárfestinga sem skila sér ekki og fyrirtækið þarf að standa straum af. Það breytir því hins vegar ekki að þegar við skoðum þessar tölur og skoðum það sem hefur komið fram að mati hæstv. ráðherra að það þyrfti að stórauka afslátt Landsvirkjunar til þess að hún stæði við þau markmið sem orkuverðsnefndin kom með. Það er ekki síst þar sem á skortir að við næðum viðunandi árangri til lækkunar á orkuverði. Það kemur fram hjá hæstv. ráðherra að það þyrfti nær að þrefalda afslátt Landsvirkjunar til þess að við værum búnir að ná þeim árangri sem að var stefnt. Ég vil því segja að ég tel að það sé mjög mikilvægt að núna

þegar hæstv. ráðherra fer í þessar viðræður við Landsvirkjun geri hann fyrirtækinu ljóst að mjög mikið vantar upp á að fyrirtækið hafi staðið við það sem að var stefnt með tillögum orkuverðsjöfnunarnefndar í ársbyrjun 1991.

[15:39]

Sturla Böðvarsson:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að hafa vakið athygli á þessu máli sem er afar mikilvægt. Í svari hæstv. iðnrh. og viðskrh. kom fram að niðurgreiðslur úr ríkissjóði hafa aukist verulega og það er nauðsynlegt að halda því til haga auk þess sem Landsvirkjun hefur hækkað hlutdeild sína í niðurgreiðslunum. Samt sem áður er alveg nauðsynlegt að það komi fram við umræðuna að betur þarf að gera og í ljósi þess var sett og samþykkt sérstök heimild í 6. gr. fjárlaga sem gefur hæstv. ráðherra kost á því að ganga til samninga. Ég vil taka undir með hv. þm. Einari K. Guðfinnssyni að það skiptir afar miklu máli að hæstv. ráðherra gangi til þeirra viðræðna með þann vilja þingsins að úr þessu verði bætt. Það er óásættanlegur kostnaður sem mjög margir búa við hvað varðar húshitun og það þarf að gera betur þó að verulega hafi miðað í rétta átt.

[15:40]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Auðvitað er góðra gjalda vert og verðugt viðfangsefni að reyna að lækka hitakostnaðinn. Það er rétt að því hefur verið beint til Landsvirkjunar að taka þátt í því sem hún hefur gert. Ég vek athygli hv. þm. á því að stjórn Landsvirkjunar lýtur ekki alfarið fyrirmælum ríkisins. Landsvirkjun er sameignarfyrirtæki ríkis, Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar og þingkjörnir fulltrúar, þ.e. þeir sem fara ef svo má segja með hlut ríkisins, hafa ekki meiri hluta í þessari stjórn. En Landsvirkjun hefur eins og hér hefur komið fram lagt talsvert mikið af mörkum í það að greiða niður húshitunarkostnaðinn. Landsvirkjun kemst hins vegar ekki til notendanna og þetta þarf að fara í gegnum hendur Rafmagnsveitna ríkisins og það er eðlilegt að Rafmagnsveiturnar taki líka þátt í þessu. En Landsvirkjun hefur ekki mikið svigrúm. Hún er rekin með miklum halla og það hefur verið rakið hér að það er vegna þess að ráðist hefur verið í fjárfestingar eins og Blönduvirkjun án þess að tekjur komi á móti fyrir þá orkuvinnslugetuaukningu sem af því skapast og var 1.772 millj. árið 1993.

[15:42]

Ragnar Arnalds:

Virðulegi forseti. Ég vil eins og fleiri þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að vekja athygli á þessu máli og koma með fyrirspurn sína. Rafhitunarkostnaður er nú talinn vera nærri tvöfalt meiri fyrir meðalheimili en upphitunarkostnaður er samkvæmt verðskrá Hitaveitu Reykjavíkur og þessi munur er að sjálfsögðu allt of mikill. Þrátt fyrir þær niðurgreiðslur sem eiga sér stað og eru vissulega allra góðra gjalda verðar er munurinn svona mikill og hann þarf verulega að minnka. Hægt er að minnka hann með því að yfirtaka skuldir Rafmagnsveitu ríkisins og Orkubús Vestfjarða og fleiri dreifiveitna en það er líka hægt að knýja Landsvirkjun til að veita meiri afslátt og það er hægt að auka niðurgreiðslur úr ríkissjóði. Allar þessar leiðir þarf sennilega að fara, ná því markmiði að jafna verðlag á þessu sviði og draga úr þessu óréttlæti.

Fundi slitið kl. 15:44.

---

80. FUNDUR

mánudaginn 30. jan.,
að loknum 79. fundi.

Dagskrá:

1. Alþjóðleg fjármálamiðstöð á Íslandi, þáltill., 261. mál, þskj. 307. — Fyrri umr.
2. Þingsköp Alþingis, frv., 263. mál, þskj. 312. — 1. umr.
3. Réttur til veiða í efnahagslögsögu Íslands, frv., 264. mál, þskj. 313. — 1. umr.
4. Jöfnun verðlags, frv., 268. mál, þskj. 317. — 1. umr.
5. Lagaráð, þáltill., 321. mál, þskj. 486. — Fyrri umr.
6. Framleiðsla og sala á búvörum, frv., 343. mál, þskj. 547. — 1. umr.

Alþjóðleg fjármálamiðstöð á Íslandi, fyrri umr.

Þáltill. PP og FI, 261. mál. — Þskj. 307.

[15:44]

Flm. (Páll Pétursson):

Frú forseti. Það er háttur margra alþingismanna að gera stutta sögu langa þegar þeir koma í ræðustólinn. Ég ætla að reyna að hafa þetta öfugt og gera langa sögu stutta.

Á þskj. 307 er þáltill. sem við hv. þm. Finnur Ingólfsson flytjum saman um alþjóðlega fjármálamiðstöð á íslandi. Tillgr. hljóðar þannig;

„Alþingi ályktar að kjósa nefnd sjö manna til þess að kanna hvort raunhæfir möguleikar séu á að koma upp alþjóðlegri fjármálamiðstöð á Íslandi. Nefndin kýs formann úr sínum hópi og skilar skýrslu til Alþingis fyrir árslok 1995."

Þannig hljóðar tillögugreinin, frú forseti.

Við þetta er því að bæta að lega Íslands kann að bjóða upp á ákveðna möguleika að koma hér upp alþjóðlegri kauphöll. Á Íslandi er fjármálastofnunum lokað síðar á deginum en í öðrum löndum Evrópu og héðan væri hægt að gera viðskipti vestan hafs síðdegis eft-

ir að hliðstæðum stofnunum hefur verið lokað í þeim löndum sem liggja á austlægari lengdargráðum. Hér eru stofnanir opnaðar fyrr á morgnana en í Ameríku. Með aukinni fjarskiptatækni býður lega landsins e.t.v. upp á möguleika til alþjóðlegra fjármálaviðskipta sem aðrir hafa ekki. Íslendingum er mjög mikilvægt að standa bæði vörð um stjórnarfarslegt og efnahagslegt sjálfstæði sitt og vera sjálfbjarga í landi sínu og þess vegna er okkur nauðsyn á að starfrækja hér fjölbreytt atvinnulíf.

Við flm. teljum að starfsemi sú sem hér er lagt til að könnuð verði gæti stuðlað að því að skjóta nýrri stoð undir efnahagslíf landsmanna og það er ástæða til þess að leggja áherslu á mikilvægi þess að sú starfsemi sem hér um ræðir yrði að vera undir stjórn Íslendinga og virkum yfirráðum og hlíta íslenskum lögum.

Við teljum, frú forseti, sterk rök hníga í þá átt að það sé tímabært að kanna þetta mál. Það er ekkert víst að sú könnun verði jákvæð og þá verður þar við að sitja en hugsanlega eru þarna tækifæri sem óskynsamlegt er að láta ónotuð.

Menn hafa haft á orði að hætta væri á því að í slíkri kauphöll kynni að fara fram peningaþvætti og víst er hætta á því en menn þurfa ekki að láta hugfallast alveg þó að þarna kynnu að vera einhverjir möguleikar á því að óvandaðir menn vildu misnota þessa stofnun til að þvo þar peninga. Þess vegna leggjum við sérstaka áherslu á að þessi stofnun sé undir stjórn Íslendinga og hlíti virkum yfirráðum og íslenskum lögkjörum og á þetta leggjum við sérstaka áherslu í niðurlagi greinargerðarinnar. Ég tel sem sagt að menn eigi ekki að láta hættuna á peningaþvætti hræða sig frá heldur að finna ráð gegn því. Ég legg til, frú forseti, að þessari tillögu verði vísað að lokinni fyrri umr. til hv. efh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Þingsköp Alþingis, 1. umr.

Frv. JGS, 263. mál (framlagning skattafrumvarpa). — Þskj. 312.

[15:49]

Flm. (Jóhannes Geir Sigurgeirsson):

Virðulegur forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga á þskj. 312 um breyting á lögum um þingsköp Alþingis, nr. 55/1991, með síðari breytingum. Breytingin ef af yrði felst í því að aftan við 2. mgr. 36. laganna komi ný málsgrein sem hljóðar þannig:

„Lagafrumvörp, sem varða breytingar á skattalöggjöf, skal leggja fram eigi síðar en sex mánuðum áður en þau eiga að taka gildi."

Þetta þýðir í raun að þær skattabreytingar sem eiga að taka gildi um áramót verða almennt að vera unnar á vorþinginu á árinu á undan. Þessi tillaga er öðrum þræði lögð hér fram til þess að vekja á því athygli að það er mikill brestur í störfum Alþingis hvað snertir ríkisfjármálin sá háttur sem er hér hafður á varðandi framlagningu skattafrumvarpa, þ.e. þeirra frumvarpa ríkisstjórnar á hverjum tíma sem þurfa að fylgja fjárlagafrv. til þess að hægt sé að ganga frá ríkisfjármálum.

Samkvæmt þingsköpum ber að leggja frv. til fjárlaga fram á fyrsta starfsdegi Alþingis að hausti. Það eru engin slík ákvæði varðandi fylgifrumvörpin, skattafrumvörpin, sem eru þó alger forsenda þess að hægt sé að afgreiða fjárlög. Það er skemmst frá því að segja að það fór þannig í vetur að það varð svo mikill dráttur á því að þessi frumvörp kæmu fram að það var ekki mögulegt að klára þingstörf fyrir jól. Það vitum við sem hér vorum að Alþingi var í desember, fyrri hluta og fram um miðjan desember, meira og minna verklaust vegna þess að skattafrumvörpin komu ekki fram. Og vonandi verður þetta víti til varnaðar og menn stefni að öðrum vinnubrögðum hvað þetta snertir í framtíðinni. Þess vegna legg ég fram þetta frv. að það er mín skoðun að það sé nauðsynlegt að ákvæði um þetta séu í lögum um þingsköp. Það kann að vera að hægt sé að koma því á annan hátt fyrir en hér er lagt til en þetta er samt sú niðurstaða sem ég komst að með hjálp og í samráði við góða menn sem hafa af þessu verulega reynslu.

Ég ætla aðeins, virðulegi forseti, í þessu samhengi að ræða stöðu Alþingis gagnvart framkvæmdarvaldinu sem að mínu mati er of veik. Það er kannski sá brestur í okkar stjórnarskipun sem er hvað stærstur í dag. Það hefur verið lögð í það mikil vinna á síðustu árum að skilja betur á milli framkvæmdarvalds og dómsvalds og var það að mínu mati tímabært. Eftir stendur að skilin á milli framkvæmdarvaldsins og löggjafarvaldsins eru afskaplega óljós og svo verður vissulega meðan við höfum hér þingræðisstjórn. Ég er í sjálfu sér og alls ekki að mæla með því að frá því verði horfið en það verður hins vegar að mínu mati með öllum ráðum að styrkja stöðu Alþingis gagnvart framkvæmdarvaldinu. Ég held að það verði m.a. að gera á þann hátt að gera embætti forseta Alþingis hærra undir höfði en er í dag og segi ég þetta með fullri virðingu fyrir þeim sem hafa skipað það embætti nú og áður og forsætisnefnd eftir að hún tók til starfa. En það er skoðun mín að það verði að koma þeim hugsunarhætti inn að staða forseta Alþingis hafi sama „status" og staða forsrh. og forseti Alþingis geti tekið hér á beinið miskunnarlaust bæði þingmenn og ráðherra og agað menn til betri vinnubragða. Að mínu mati í stöðu eins og var uppi nú fyrir jólin þá á forseti Alþingis að setja ráðherrum og ríkisstjórn stólinn fyrir dyrnar, ef frumvörp eru ekki komin fram fyrir einhvern ákveðinn tíma þá fái þau enga afgreiðslu á því þingi sem stendur yfir, þ.e. á haustþinginu.

Það er nú ekki svo að ekkert hafi áunnist í þessum efnum og ég vil ekki vanmeta það sem hefur verið unnið á þessu kjörtímabili í þessum efnum. Ég held að þær breytingar sem voru gerðar á þingsköpum fyrir rúmu ári síðan og fólust m.a. í því að stytta ræðutíma við 1. umr. og ekki síst að deila formennsku í nefndum milli stjórnar og stjórnarandstöðu hafi hafi sannað

sig og sýnt sig vera til mikilla bóta og gert það að verkum að Alþingi lítur meira á sig sem sjálfstæða stofnun sem beri að standa að fullu í ístaðinu gagnvart framkvæmdarvaldinu.

Hins vegar vil ég taka fram til að forðast allan misskilning að vissulega verður forseti og forsætisnefnd að taka fullt tillit til ríkisstjórnar á hverjum tíma varðandi framgang nauðsynlegra mála, enda er það ekki það sem hér er verið að gagnrýna heldur fyrst og fremst hitt að þau mál eru ekki lögð fram.

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa um þetta langa ræðu. Ég hef margsinnis úr ræðustól í hinu háa Alþingi bent á að hér sé úrbóta þörf og það sé þinginu mikil nauðsyn að skerpa sjálfstæði sitt gagnvart framkvæmdarvaldinu og tel ég þetta frv. sem hér er lagt fram lið í því þar sem því verði settar skorður hvað hægt er að draga lengi að koma fram með frumvörp til breytinga á skattalögum í tengslum við fjárlög á hverjum tíma.

Virðulegur forseti. Mér láðist að hugsa það mál til enda hvert ætti að vísa þessari tillögu. Það er kannski tvennt til. Annars vegar að forsætisnefnd taki hana til skoðunar. Hitt væri að vísa henni til allshn. en ég held að ég verði að biðja forsetaembættið að kanna hvað þar kæmi helst til greina.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Forseti mun athuga það áður en atkvæðagreiðsla fer fram hvar ástæða er til þess að vista það mál sem hv. þm. hefur hér mælt fyrir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Réttur til veiða í efnahagslögsögu Íslands, 1. umr.

Frv. TIO o.fl., 264. mál (löndun erlendra veiðiskipa). — Þskj. 313.

[15:58]

Flm. (Tómas Ingi Olrich):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á lögum nr. 13/1992, um rétt til veiða í efnahagslögsögu Íslands. Þetta er 264. mál þingsins á þskj. 313. Flm. er einn af 20 hv. þm. Sjálfstfl. og Alþfl. sem hafa talið nauðsynlegt að gera breytingu á lögum nr. 13/1992, um rétt til veiða í efnahagslögsögu Íslands.

Frv. er í tveimur greinum og efnisgrein frv. hljóðar svo., með leyfi hæstv. forseta:

„2. mgr. 3. gr. laganna orðast svo:

Sjávarútvegsráðherra er þó heimilt að takmarka heimildir skv. 1. mgr. þegar um er að ræða veiðar úr sameiginlegum nytjastofnum sem veiðast bæði innan og utan íslenskrar efnahagslögsögu hafi íslensk stjórnvöld ekki gert samning um nýtingu viðkomandi stofns við stjórnvöld hlutaðeigandi ríkis og alvarlegur ágreiningur er um stjórnun á nýtingu stofnsins.“

Í grg. með frv. þessu er gerð grein fyrir því að frv. hafi verið lagt fram á 117. löggjafarþingi en ekki mælt fyrir því. Frv. er nú endurflutt óbreytt og kemur fram í grg. að með lögum nr. 13/1992, um rétt til veiða í efnahagslögsögu Íslands, hafi erlendum fiskiskipum verið heimilað að landa eigin afla og selja í íslenskum höfnum og sækja þangað alla þá þjónustu er varðar útgerð skipsins. Í lögunum var þó sett löndunarbann á erlend fiskiskip ef um var að ræða veiðar úr sameiginlegum nytjastofnum sem veiðast bæði innan og utan íslenskrar efnahagslögsögu hafi íslensk stjórnvöld ekki gert samning um nýtingu viðkomandi stofns við stjórnvöld hlutaðeigandi ríkis. Í lögunum var hins vegar tekið fram að í slíkum tilfellum var sjútvrh. heimilt að víkja frá löndunarbanninu þegar sérstaklega stóð á. Ekki var í lögunum né í nefndaráliti gerð tilraun til að skilgreina hvaða aðstæður væri átt við að öðru leyti en því að kveðið var á um það í lögunum að erlendum veiðiskipum væri ávallt heimilt að koma til hafnar í neyðartilvikum.

Upphaflegu frv. sjútvrh. um rétt til veiða í efnahagslögsögu Íslands, sem var 135. mál á 115. löggjafarþingi, var breytt í grundvallaratriðum í meðförum þingsins. Í frv. var gert ráð fyrir að erlendum veiðiskipum væri löndun heimil eða eins og kom fram í framsöguræðu sjútvrh., með leyfi hæstv. forseta:

„Meginbreyting þessa frv. frá gildandi rétti er að erlendum veiðiskipum verður almennt heimilt að landa eigin afla og selja í íslenskum höfnum og sækja þangað þjónustu fyrir skipið.“

Sjútvrh. var hins vegar samkvæmt frv. heimilt að takmarka þær heimildir vegna skipa er stunduðu veiðar úr nytjastofnum sem veiðast bæði innan og utan íslenskrar efnahagslögsögu hefðu íslensk stjórnvöld ekki gert samning um nýtingu viðkomandi stofns við stjórnvöld hlutaðeigandi ríkis.

Helstu rök fyrir breytingunni sem gerð var í meðförum þingsins á þessu þingmáli voru þau að löndunarbannið drægi úr líkum á að aðrar þjóðir gætu nýtt sér sameiginlega stofna og hefði bannið því þau áhrif að ýta undir að samningar yrðu gerðir um þá stofna sem ósamið er um við nágrannaþjóðir okkar. Kom í þessu tilliti einkum til álita sameiginlegur karfastofn á hafsvæðinu milli Grænlands og Íslands. Í umræðum um málið var þó vikið að þeirri mikilvægu undantekningu sem hefur verið gerð á þessu grundvallarsjónarmiði að því er varðar rækjustofninn á Dohrn-banka sem er sameign Íslendinga og Grænlendinga. Landað hefur verið úr þessum stofni árum saman þótt ekki hafi verið samið um nýtingu hans við grænlensk yfirvöld. Hefur komið fram að ein af forsendunum fyrir því að sjútvrn. hefur ekki treyst sér til að banna að landa rækju sé sú að það telur bann við löndun úr sameiginlegum rækjustofni Grænlendinga og Íslendinga ekki líklegt til að knýja á um að samkomulag náist um nýtingu stofnsins.

Það er því ljóst að í framkvæmd laganna hefur verið verulegur munur á því hvernig heimildum til löndunar hefur verið beitt eftir því um hvaða afla er að ræða.

Það er rétt að geta þess að löndunarbann á karfa úr sameiginlegum stofnum hefur ekki leitt til þess að

samið hefur verið við nágrannaþjóðir okkar um karfaveiðarnar. Það verður að segjast alveg eins og er að það er afskaplega ólíklegt að löndunarbann á karfa muni hafa þau áhrif að ýta undir að samningar verði gerðir milli Grænlendinga og Íslendinga um karfastofninn. Ástæður þess eru margvíslegar en þó ræður þar mestu að á Grænlandi er mjög takmarkaður áhugi fyrir því að veiða karfa. Er það bæði vegna þess að verð á karfa er þar metið svo lágt að það þjóni ekki hagsmunum Grænlendinga að gera út á hann sjálfir. Þeir eru til þess að gera ánægðir með þá samninga sem þeir hafa nú við t.d. Evrópusambandið um að fá skipti á karfakvótanum fyrir þorskkvóta. Grænlendingar gera ekki út á karfa en þeir gera út á þorsk og því eru þeim þessi skipti hagstæð. Það er einnig ljóst að karfakvóti ESB hefur ekki verið veiddur að öllu leyti og má því segja að hlutur Grænlendinga í þessum samningi sé að nokkru leyti pappírsfiskur.

Grænlendingar hafa engin skip sem henta til karfaveiða og það má því segja að það sé mjög lítill grundvöllur fyrir því að þeir leggi út í veiðar af þessu tagi, þeir eru því ánægðir með skipan mála og engin ástæða fyrir þá að fara sérstaklega út í samninga við Íslendinga um þennan stofn og síst af öllu er hægt að færa fyrir því sterk rök að löndunarbann á karfa ýti undir að slíkur samningur verði gerður. Það eru hreinlega ekki forsendur fyrir þessum samningi og því engin ástæða til þess að láta löndunarbann gilda um karfastofninn fremur en um rækjustofninn.

Virðulegi forseti. Í ljós hefur komið að sjútvrn. hefur litið svo á að ekki séu neinar forsendur fyrir því að nýta ákvæði laganna um heimild til landana þegar um er að ræða skip sem veiða úr sameiginlegum stofnum sem ósamið er um að öðru leyti en að því er varðar rækjuaflann. Hefur þetta komið berlega í ljós þegar Útgerðarfélag Akureyringa hefur sótt um leyfi til að landa karfaafla úr togara Mecklenburger Hochseefischerei sem fyrirtækið á meiri hluta í. Er ljóst að ráðuneytið hefur mótað viðhorf sitt í samræmi við umræður á Alþingi um þetta mál þar sem löndunarbann var lögfest sem grundvallarregla og átti að þjóna því hlutverki að knýja nágrannaþjóðir okkar til samninga og frávik frá því löndunarbanni var skilgreint sem meiri háttar utanríkismál.

Við framkvæmd laganna hefur komið í ljós að aukin atvinna, sem hlýst af löndunum erlendra skipa, er ekki talin koma til álita þegar ráðuneytið fjallar um undanþáguheimildir. Eru meintir samningahagsmunir Íslendinga látnir vega þyngra á vogarskálunum en áhrif á atvinnulíf sem þó er í meiri lægð en verið hefur lengi. Það er því ljóst að þessir meintu samningshagsmunir sem erfitt er að rökstyðja vega þyngra í umræðunni og í framkvæmdinni heldur en þeir atvinnuhagsmunir sem tengjast löndunum erlendra togara hér á landi sem eru þó miklu nærtækari möguleikar.

Í því frv. sem hér er lagt fram, virðulegi forseti, er gert ráð fyrir að horfið verði til þess grundvallarsjónarmiðs, sem kom fram í frv. sjútvrh. sem lagt var fram á 115. löggjafarþingi, að erlendum veiðiskipum sé heimilt að landa eigin afla og selja í íslenskum höfnum. Sjútvrh. er þó heimilt að takmarka heimildir til löndunar þegar um er að ræða veiðar úr sameiginlegum nytjastofnum sem veiðast bæði innan og utan íslenskrar efnahagslögsögu hafi íslensk stjórnvöld ekki gert samning um nýtingu viðkomandi stofns við stjórnvöld hlutaðeigandi ríkis og alvarlegur ágreiningur er um stjórnun á nýtingu stofnsins. Er í því orðalagi tekið tillit til 5. gr. í bókun 9 með samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði. Er gert ráð fyrir að sjútvrh. geti ekki beitt undanþáguákvæði 2. mgr. nema til þess standi gild rök og ljóst sé að það þjóni íslenskum hagsmunum.

Hér er á ferðinni þingmál sem miðar að því að færa núgildandi lög um rétt til veiða í efnahagslögsögu Íslands í áttina til þess frv. sem sjútvrh. lagði fram upphaflega á 115. löggjafarþingi en í því frv. var rétturinn til löndunar grundvallarreglan en heimild til löndunarbanns fráviksákvæði. Þetta gengur því gegn þeirri breytingu sem gerð var í þinginu sem fólst í því að setja löndunarbannið sem grundvallarreglu en heimildina til þess að veita leyfi til að landa afla sem fráviksatriði.

Eini munurinn á þessu þingmáli sem hér er lagt fram á þskj. 313 og á frv. sjútvrh. á 115. löggjafarþingi er það að í lok 2. mgr. 3. gr. laganna, eins og frv. gerir ráð fyrir að hún verði, er tekið fram að það sé áskilið að alvarlegur ágreiningur sé um stjórnun og nýtingu stofnsins. Þar er verið að taka tillit til bókunar 9 sem fylgir samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði. Í 5. gr. þeirrar bókunar, sem fjallar um viðskipti með fisk og aðrar sjávarafurðir, er svohljóðandi ákvæði, með leyfi hæstv. forseta:

„Samningsaðilar skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að öll fiskiskip, sem sigla undir fána annarra samningsaðila, hafi jafnan aðgang og þeirra eigin fiskiskip að höfnum og markaðsmannvirkjum vegna frumvinnslu ásamt öllum tækjum og aðstöðu sem þeim tengjast.

Þrátt fyrir ákvæði undanfarandi málsgreinar má samningsaðili hafna löndun á fiski úr fiskistofnum sem báðir aðilar hafa hagsmuni af að nýta og sem alvarlegur ágreiningur er um stjórnun á."

Þetta orðalag, virðulegur forseti, er tekið upp á þskj. í brtt. sem frv. felur í sér.

Ég tel því að í framkvæmd þessara laga hafi það komið mjög skýrt í ljós að það eru engin sérstök rök fyrir því að löndunarbann sem verið hefur á karfa úr sameiginlegum karfastofni Íslendinga og Grænlendinga hafi ýtt undir samninga um þann stofn. Samningar hafa ekki verið gerðir um rækjustofnana sem eru sameiginlegir. Þar hefur löndun verið heimil og má því segja að nokkurs ójafnvægis hafi gætt í meðferð stjórnvalda á rækjuafla annars vegar og þeirri atvinnu sem hefur hlotist af því að það hefur verið heimilt að afla rækju úr sameiginlegum stofnum og svo að því er varðar karfaaflann en þeim afla hefur verið bannað að landa.

Virðulegi forseti. Ég held að hér sé um að ræða mikilvægt mál sem varðar í raun og veru atvinnulífið miklu. Það skiptir miklu máli hvort við leiðum í lög

sem grundvallarreglu frelsi eða höft. Upphaflega frv. um breytingu á lögum um rétt til veiða í efnahagslögsögu Íslands gekk út á heimild til löndunar. Það var löndunarfrelsi en undanþáguákvæði á því. Lögin sem samþykkt voru fólu í sér grundvallarregluna um löndunarbann. Ég hygg að það hafi verið óheillaspor sem þarna var stigið og full ástæða til að leiðrétta það en tilraun er gerð til þess með þessu þingmáli.

Virðulegi forseti. Ég hef lokið máli mínu og legg til að eftir 1. umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hæstv. sjútvn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Útbýting þingskjals:

Veiting ríkisborgararéttar, 354. mál, stjfrv. þskj. 577.

Jöfnun verðlags, 1. umr.

Frv. RA o.fl., 268. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 317.

[16:15]

Flm. (Ragnar Arnalds):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um jöfnun verðlags. Flm. eru ásamt mér Margrét Frímannsdóttir og Jóhann Ársælsson.

Markmið þessa frv. kemur skýrt fram í 1. gr. en það er að stuðla að því að lífskjör þjóðarinnar verði sem jöfnust, óháð búsetu. Í þeim tilgangi ber að tryggja eftir því sem kostur er að algengustu lífsnauðsynjar og almenn þjónusta verði boðnar á sama verði hvar sem er á landinu.

Það er tvímælalaust löngu orðið tímabært að algengustu lífsnauðsynjar og almenn þjónusta sé boðin á sama verði hvar sem er á landinu. Lífskjör þjóðarinnar eiga að vera sem jöfnust, óháð búsetu. En staðreyndin er sú að á mörgum sviðum er verulegur munur á verðlagi eftir landshlutum. Þar má nefna bæði rafmagns- og hitunarkostnað, símakostnað, smásöluverð í verslunum og yfirleitt verð á hvers konar þjónustu sem háð er flutningskostnaði.

Í þessu frv. er leitast við að jafna þennan mun á þremur sviðum, þ.e. hvað varðar símakostnaðinn, raforkuverðið og hvað varðar heildsöluverð á hvers konar söluvarningi.

Ef við lítum fyrst á símakostnaðinn þá segir í 2. gr. frv., með leyfi forseta:

„Eigi síðar en 1. apríl 1995 skal samgrh. ákveða að landið allt sé eitt gjaldsvæði og öll símtöl innan lands séu verðlögð á sama hátt, óháð vegalengdum milli notenda.“

Það verður ekki séð að nokkur rök eða nokkur sanngirni mæli með því að dýrara sé fyrir símnotanda í einum landsfjórðungi en öðrum að hringja til höfuðborgarsvæðisins, svo dæmi sé nefnt. Hér syðra búa langflestir landsmenn og þar eru langflestar ríkisstofnanirnar, meiri hluti landsmanna. Hingað þurfa margir að hringja. Það eru engin tæknileg rök sem mæla með því að það eigi þá að vera dýrara að hringja inn á þetta svæði úr nálægum sveitarfélögum eða vestan eða austan eða norðan af landi. Mishá gjöld eftir svæðisnúmerum er tvímælalaust leifar frá liðinni tíð þegar símaþjónustan var handvirk. Það má vel vera að það hafi á sínum tíma verið dýrara að tala frá Reykjavík til Akureyrar heldur en frá Reykjavík til Hafnarfjarðar ef tekið var tillit til þess hve margir símastaurar væru á leiðinni. En það er bara liðin tíð að samtöl fari fram í gegnum símastaura eða með aðstoð þeirra. Nú er þetta í loftinu meira eða minna og þarna er um að ræða mismunun sem á engan rétt á sér, sem er algjörlega úrelt og á því tafarlaust að afnema.

Ódýrustu þriggja mínútna símtöl kosta núna 5,60 kr. en þegar taxtinn er hæstur geta símtölin kostað 21,20. Hlutfallið er því tæplega 1:4 nánar tiltekið 1:3,8. Þetta hlutfall er í æpandi ósamræmi við veruleikann og á engan rétt á sér. Þetta hlutfall á auðvitað að vera 1:1 það á að vera nákvæmlega jafndýrt alls staðar að tala í símann. Það má að vísu viðurkenna að hlutfallið hefur farið lækkandi á undanförnum árum. Það var miklu hærra, það var á sínum tíma 1:10 en það hefur farið lækkandi. Hvers vegna er þá ekki þetta spor stigið til fulls og full jöfnun framkvæmd? Það er mér algjörlega óskiljanlegt.

Ég vil í þessu sambandi geta þess að Póst- og símamálastofnunin greiðir árlega 900 millj. kr. til ríkisins, það er um 10% af tekjum. Þarna er því augljóslega um svigrúm að ræða ef stofnunin væri látin greiða í ríkissjóð eitthvað minna, hún væri skattlögð eitthvað örlítið minna þá væri auðvelt að skapa svigrúm til að framkvæma fullan jöfnuð símgjalda.

Ef við snúum okkur svo að jöfnun raforkuverðs þá verðum við að viðurkenna að þar er um miklu flóknara mál að ræða einfaldlega vegna þess að skipulag raforkumála er mjög flókið. En hins vegar þarf enginn að efast um að það er hægt að ná fullri jöfnun raforkuverðs, til þess eru margar færar leiðir. Í þessu frv. er við það miðað að vandinn sé leystur með sameiginlegu átaki Landsvirkjunar og ríkissjóðs svo og hugsanlega einhverju framlagi orkuneytenda í formi orkugjalds ef talið er að ekki verði hjá því komist. Rafmagnsverð til ljósa og heimilisnotkunar er núna 14% hærra hjá Rafmagnsveitum ríkisins en hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Þarna er munurinn vissulega ekki *eins mikill og er í símagjöldunum, þarna er miklu* minni munur því það var 400% munur í símagjöldunum en hér er þó ekki nema 14% munur. En sá munur er auðvitað allt of mikill. Munurinn hefur vissulega minnkað verulega á síðustu árum og á vissum sviðum er svipað verð t.d. á iðnaðartöxtum sem m.a. gilda fyrir fiskvinnsluna, það er góðra gjalda vert. En því miður er þessi mismunur enn fyrir hendi í raforkusölu til ljósa og til almennrar heimilisnotkunar. Það er talið að árssala Rafmagnsveitna ríkisins til ljósa og almennrar heimilisnotkunar mundi lækka um 100 millj. kr. ef taxtinn væri gerður hliðstæður því sem er hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Af því sjáum við að það kostar ekki nema 100 millj. kr. að ná þarna fram fullum

jöfnuði milli Rafmagnsveitna ríkisins annars vegar og Rafmagnsveitu Reykjavíkur, það er ekki stór upphæð. Þegar menn velta fyrir sér hver sé ástæðan fyrir því að þessi munur er fyrir hendi á töxtum þá verður að hafa það í huga að Rafmagnsveitur ríkisins eru látnar bera kostnað af viðhaldi og afskriftum af dreifiveitum um sveitir landsins og þessar afskriftir, bara afskriftirnar einar af dreifilínum í sveitum munu kosta 164 millj. kr. árlega. Rarik fær örlítið brot af þessum kostnaði árlega greiddan úr ríkissjóði, þ.e. 14 millj. kr. en það dregur skammt. Þarna standa út af 150 millj. af kostnaði sem Rarik verður að standa undir og hliðstætt gildir um Orkubú Vestfjarða.

Ég hef aldrei skilið rökin fyrir því að viðskiptavinir Rafmagnsveitna ríkisins, sem m.a. eru að sjálfsögðu í þéttbýliskjörnum víðs vegar um land, eiga einir að standa undir kostnaði af dreifikerfum í sveitum. Af hverju skyldu Reykvíkingar eða Hafnfirðingar eða Akureyringar ekki alveg eins standa undir þessum kostnaði af dreifikerfi í sveitum og þeir sem búa í öðrum þéttbýliskjörnum á landinu? Það er alveg ljóst að ef Rafmagnsveitur ríkisins fengju eitthvað þessum afskriftum, t.d. helming af afskriftum sveitalínanna, greiddan af almannafé árlega þá ætti fyrirtækið auðvelt með að bjóða raforku til heimilisnota á hliðstæðu verði og Rafmagnsveita Reykjavíkur.

Rafhitunarkostnaður var til umræðu fyrr í dag. Þar kom skýrt fram í fyrirspurn frá hv. þm. Einari K. Guðfinnssyni sem hæstv. ráðherra Sighvatur Björgvinsson svaraði áðan að enn hefur jöfnuður ekki náð ýkja langt hvað rafhitun snertir. Það vantar mikið á að þar hafi viðundandi markmið náðst. Ég upplýsti það þá og vil endurtaka hér að rafhitunarkostnaður er nú talinn nærri tvöfalt meiri fyrir meðalheimili en hitunarkostnaður samkvæmt verðskrá Hitaveitu Reykjavíkur. Ég er ekki að segja að það sé raunhæft að jafna þennan mun að fullu þannig að það verði nákvæmlega jafndýrt að hita hús með raforku úti á landi eins og það er að kynda hús með hitaveituvatni hér í Reykjavík. Ég ímynda mér ekki að það markmið sé raunhæft í bráð, þar er margt fleira sem kemur inn í myndina sem ruglar hana og gerir lausn vandans erfiðari, t.d. það að við erum með hitaveitur hringinn í kringum landið sem eru miklu dýrari í rekstri og selja orku á mikið hærra verði heldur en gert er hér í Reykjavík. Ég reikna ekki með að það yrði farið að fara með rafhitunartaxtana eina sér niður fyrir þann hitunarkostnað sem algengur er hjá hitaveitum úti á landi þar sem hann er verulega miklu hærri en í Reykjavík. En það mætti kannski setja sér það markmið að lækka þennan mun á hitunarkostnaði með rafhitun annars vegar og svo hitunarkostnaði samkvæmt hitaveitu í Reykjavík um t.d. 50%. Mér telst svo til og færi rök fyrir því í greinargerð að þetta muni kosta um 250 millj. kr. þegar rafmagnsveiturnar eru annars vegar.

Með þessi rök í huga þá höfum við sem sagt flutt tillögu um það, sem er 3. gr. frv., að eigi síðar en 1. apríl 1995 skuli Landsvirkjun bjóða raforku í heildsölu til dreifiveitna á sama verði um land allt miðað við afhendingu orkunnar í spennistöð viðkomandi dreifiveitu. Jafnframt að ríkisstjórnin skuli vinna að samræmingu raforkuverðs í smásölu með ákvörðun hámarksverðs sem komi til framkvæmda eigi síðar en 1. apríl 1995.

Við segjum líka í þessari frumvarpsgrein að tryggja beri að mismunur á rafhitunarkostnaði og verðskrá Hitaveitu Reykjavíkur fyrir upphitun meðalheimilis lækki um helming frá því sem var 1. sept. 1994 fram til 1. apríl 1995. Í því skyni að gera dreifiveitum raforku kleift að laga sig að samræmdu orkuverði verði ríkissjóði heimilt að yfirtaka hluta af skuldum þeirra, svo og að leggja fast gjald á alla raforkuvinnslu til að standa undir viðhaldi og afskriftum af sveitalínum. Þetta teljum við að sé lausnarorðið í þessum vanda en til viðbótar og jafnhliða gæti að sjálfsögðu komið til greina að auka niðurgreiðslur.

Loks eru það verðlagsmálin almennt sem við gerum hér tillögu um. Það er svo að verðlag er verulega miklu hærra í matvöruverslunum úti á landi en er hér á höfuðborgarsvæðinu. Verðlagsstofnun kannaði þetta mál haustið 1991 í á annað hundrað matvöruverslunum um land allt og fékk það út að vöruverð í þessum verslunum væri allt að 9% hærra úti á landi en er á höfuðborgarsvæðinu. Það var hæst á Vestfjörðum en heldur lægra í öðrum landshlutum. Og það sem verra er, að þessi munur fer verulega vaxandi. Miðað við könnun sem hafði verið gerð tveimur árum áður var ljóst að það dregur frekar í sundur en hitt milli höfuðborgarsvæðisins annars vegar og landsbyggðar hins vegar.

Í skýringum Verðlagsstofnunar á þessu fyrirbrigði kom það fram að ein af mörgum ástæðum gæti verið sú að stórmarkaðir á höfuðborgarsvæðinu hafa veitt vaxandi afslátt. Þeir hafa fengið hjá heildsölum lægra verð en það leikur sterkur grunur á því að þeir sem hafi orðið að borga þann kostnað séu einmitt verslanir á landsbyggðinni sem hafi orðið að gjalda fyrir í hærra innkaupsverði frá heildsölum. Það hefur þá að sjálfsögðu leitt til hærra smásöluverðs úti um land. Sem sagt, það bendir margt til þess að samkeppni stórmarkaða á höfuðborgarsvæðinu sem hefur mjög aukist í seinni tíð hafi orðið til þess að hækka verulega verðlag úti á landsbyggðinni. Landsbyggðin hefur verið látin borga herkostnaðinn af verðstríðinu hér í Reykjavík. Við teljum því að það sé óhjákvæmilegt að Samkeppnisstofnun sé falið að setja reglur sem geti stuðlað að sem jöfnustu vöruverði í landinu og að landsbyggðin njóti ekki verri kjara en gerist á höfuðborgarsvæðinu. Í því skyni er sett fram tillaga um 4. gr. á þann veg að það sé gert að hlutverki Samkeppnisstofnunar að vinna að því að jafna vöruverð í landinu og að Samkeppnisstofnun skuli stuðla að því að heildsölufyrirtæki bjóði smásöluverslunum vörur á sama verði um land allt og undirboð á einum stað séu ekki fjármögnuð með hærra verði annars staðar.

Virðulegi forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði máli þessu vísað til efh.- og viðskn.

[16:33]

Páll Pétursson:

Herra forseti. Einhver kynni að halda að hér væri um sýndarmennskufrumvarp að ræða en ég er ekki í þeim hópi og það vil ég taka alveg skýrt fram. Ég tel að tilgangur frumvarpsflytjenda sé góður og réttmætur. Ég þekki þetta mál dálítið af eigin raun því að ég rek tvö heimili, annað heima hjá mér fyrir norðan, hitt hér í Reykjavík og mér er þessi mismunun ákaflega augljós og tek eftir henni nánast á hverjum degi.

Varðandi 2. gr., þ.e. um símann, að landið sé eitt gjaldsvæði og öll símtöl innan lands séu verðlögð á sama hátt, þá er þetta sjálfsagt mál og aldeilis ótrúleg íhaldssemi hjá símanum að hafa þrjóskast við að stíga jöfnunarskrefið til fulls. Að vísu hefur nokkuð áunnist á undanförnum áratugum en þetta er ekki komið í lag og það er hreint ótrúlegt að þessu máli skuli ekki vera kippt í lag og ég treysti því að það líði ekki mjög langur tími þangað til jöfnuði verði náð á þessu sviði.

Varðandi 3. gr., þ.e. um jöfnun á raforkukostnaðinum, þá er það eins og hv. flm. sagði miklu flóknara mál og það er rétt að taka það fram að Landsvirkjun býður raforku á sömu spennu á sama verði á öllum sölustöðum sínum um land allt, þ.e. Landsvirkjun jafnar verðið á raforku á þeim stöðum þar sem hún afhendir raforku til dreifiveitnanna. Mér skilst að í þessari grein felist það að Landsvirkjun eigi að koma orkunni í spennistöð hjá viðkomandi dreifiveitum. Þetta er nokkuð flóknara mál því að þá þarf að flytja í mörgum tilfellum eða a.m.k. sumum tilfellum orkuna eftir línum sem ekki eru í eigu Landsvirkjunar og Landsvirkjun hefur reyndar engin umráð yfir. Þetta er í rauninni að koma orkunni til hverrar dreifiveitu fyrir sig og það kostar töluvert mikla breytingu á skipulagi rafmagnsmála í landinu. Það er reyndar svo með alla raforkujöfnun, hvort heldur þá sem rætt er um hér í þessari frumvarpsgrein eða raforku til annarra nota að Landsvirkjun hefur þetta mál ekki á valdi sínu. Þarna þarf að koma til samstarf Landsvirkjunar og Rafmagnsveitna ríkisins eða annarra dreifiveitna. Það er reyndar búið að fara illa með Rafmagnsveitur ríkisins og minnka möguleika þeirra til þess að jafna eða standa fyrir stórfelldri jöfnun og Alþingi hefur gert ráðstafanir sem skerða mjög tekjumöguleika rafmagnsveitnanna. Ég nefni það þegar Hitaveita Suðurnesja yfirtók rafmagnssölu á Suðurnesjum sem vafalaust eðli málsins samkvæmt voru á hagkvæmasta orkusölusvæði rafmagnsveitnanna.

Varðandi 4. gr. frv., þ.e. að Samkeppnisstofnun ætti að stuðla að því að heildsölufyrirtæki bjóði smásöluverslunum vörur á sama verði um land allt og undirboð á einum stað sé ekki fjármögnuð með hærra verði annars staðar, þá er hér líka um flókið mál að ræða. Það er mikið ólag orðið á verslun á Íslandi og það er reyndar að skapast alveg stórhættulegt ástand þar sem Hagkaup/Bónus fyrirtækið er búið að ná svo miklum hluta verslunarinnar í landinu undir sig að það er orðið algerlega markaðsráðandi. Út af þessu hafa spunnist ýmis ævintýri og er of langt mál að rekja það hér í þessari umræðu. Ég nefni þó eitt eða tvö dæmi.

Það var frægt í haust þegar þetta fyrirtæki var farið að selja kartöflur á ég man ekki hvort það var 8 eða 5 kr., kartöflur sem voru kannski keyptar af bóndanum eða framleiðandanum á 30 kr. en svo er nú skattalögum háttað hjá okkur að ríkið greiddi fyrirtækinu með þessari kartöflusölu, þ.e. það fékk endurgreiddan virðisaukaskatt fyrir þeim halla sem varð af þessum viðskiptum. Auðvitað haga heildsalar sér og jafnvel innlendir framleiðendur líka mjög óskynsamlega og láta undan þessum risa með undirboðum og ná síðan upp verðinu eða slétta út skaðann af versluninni við Hagkaup/Bónus veldið með því að smyrja á minni kaupendur. Og það eru ekki einasta kaupendur úti á landi heldur líka hinar smærri verslanir hér í Reykjavík sem verða að sæta þessum okjörum að það er ódýrara í sumum tilfellum a.m.k. að kaupa gosdrykki í Hagkaup eða Bónus en að kaupa beint frá framleiðanda. Svona viðskiptahættir eru óheilbrigðir og það er eðlilegt að ráðist sé gegn þeim. Það er hins vegar ekki einfalt mál og gildir þarna það sama og með verslanir sem setja t.d. á útsölu og geta fengið virðisaukaskattinn endurgreiddan eða greitt með frá ríkinu í gegnum virðisaukaskattinn.

Það er reyndar fleira sem kemur upp í hugann af þessu tilefni. Það viðgengst hér að bankarnir, jafnvel ríkisbankar, borga stórum innleggjendum hærri vexti heldur en litlum innleggjendum og þeir flokka líka lántakendur þannig að Jón og séra Jón sitja ekki við sama borð.

Ég tel sem sagt, herra forseti, að hér sé um ágætt mál að ræða. Ég þakka hv. 1. flm. fyrir það frumkvæði sem hann hefur haft af því að hreyfa þessu máli hér og ég vona að það nái afgreiðslu fyrir þinglok. Ef ekki þá tel ég einsýnt að halda áfram að berjast í þeim anda sem fram kemur í þessu frv.

[16:42]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. flm. fyrir að leggja þetta frv. fram, reyndar ekki í fyrsta sinn sem það er lagt fram. Kannski má geta þess í leiðinni að ég hafði einmitt hug á því á þessu þingi að leggja fram sérstaklega frv. um það að landið skyldi gert að einu gjaldsvæði Pósts og síma og sérstaklega með símtöl að þau væru öll verðlögð á sama hátt. En þar sem ég sá að þetta var hér inni í þessu frv. þá finnst mér í raun ekki ástæða til þess að leggja það fram sérstaklega en vil að sjálfsögðu einmitt ekki síst þess vegna taka undir það sem hér segir í 2. gr. frv.

Þó að mikið hafi áunnist í þessum málum til jöfnunar í símamálum þá er löngu orði tímabært að landið sé allt eitt gjaldsvæði. Það mætti kannski einnig vísa því til þeirrar nefndar sem núna er að ræða um jöfnun atkvæðisréttar og hugsanlega landið allt eitt kjördæmi, sem vafalaust verður í framtíðinni, að huga að því að landið verði eitt gjaldsvæði í símamálum og eitt gjaldsvæði hvað snertir allar nauðsynjar sem fólk þarf á að halda. Ég held að það þurfi líka að stefna að því. Ef við eigum að standa undir nafni að þetta sé velferðarþjóðfélag, þá held ég að það sé eitt af þeim meginmarkmiðum sem við verðum að ná að fólk geti búið

við svona svipað verðlag í nauðsynjum hvað varðar lífskjör.

Það er kannski erfitt um vik eins og stendur í 3. gr. að tryggja að það sé enginn mismunur á rafhitunarkostnaði og verðskrá Hitaveitu Reykjavíkur fyrir upphitun heimilis. Við vorum einmitt að ræða þetta mál rétt áðan í fyrirspurnum og sú sem hér stendur hefur oftar en einu sinni rætt það mál í ræðustól á hv. Alþingi en mér finnst einmitt ástæða til að gera hér aðeins betur grein fyrir því eins og þau mál standa núna að það hefur ósköp lítill árangur náðst á þessu kjörtímabili þar sem það er viðurkennd staðreynd frá Rafmagnsveitum ríkisins að kostnaður við upphitun á þeim svæðum sem nota raforku til húshitunar, kostnaður þeirra heimila er nánast nákvæmlega sá sami, jafnvel aðeins meiri heldur en hann var í upphafi kjörtímabils þessarar ríkisstjórnar. Það hefur því engin jöfnun náðst þó það hafi verið auknar niðurgreiðslur eins og þeir réttilega bentu á í umræðum áðan.

Vissulega hafa verið auknar niðurgreiðslur í krónum talið en jafnframt hefur verðið hækkað. Það hefur hækkað þó nokkuð oft frá Landsvirkjun og dreifiveiturnar hafa orðið að taka á sig hækkun líka þar af leiðandi. Síðan hefur virðisaukaskattur verið lagður á húshitun og þannig stendur í dag að kostnaður þeirra neytenda sem búa á þessum svokölluðu köldu svæðum er nánast sá sami miðað við byggingarvísitölu og hann var um mitt ár 1991. Það er leitt til þess að vita að ríkisstjórnin hefur á þessu kjörtímabili lagt 14% virðisaukaskatt á húshitun og það skilar ríkisstjórninni 400 millj. kr. Þegar búið er að taka tillit til þeirrar niðurgreiðslu sem felst í því að jafna kostnað neytandans af virðisaukaskattinum þá hefur ríkissjóður eftir 400 millj. kr. sem heimilin greiða í þennan 14% virðisaukaskatt. Það er nokkurn veginn nákvæmlega sú upphæð sem notuð er til niðurgreiðslu á rafhitun í dag. Þannig hefur nú ríkisstjórnin farið að því á þessu kjörtímabili að standa við loforð sitt um lækkun húshitunarkostnaðar að hún hefur aðeins lagt á virðisaukaskatt á húshitun og fengið þannig tekjur til að standa undir niðurgreiðslunum en þær niðurgreiðslur sem voru í upphafi kjörtímabilsins eru raunverulega ekki lengur fyrir hendi í fjárlögum.

Það er ein hugmynd sem er sett fram í 3. gr. þessa frv. um að hugsanlega sé hægt að gera eitthvað í þessu með því að leggja á fast gjald á alla raforkuvinnslu til að standa undir viðhaldi og afskriftum af sveitalínum vegna þess að það er mjög erfitt að halda við öllum þeim línum sem þurfa að liggja út um landið. Rafmagnsveitur ríkisins hafa engan veginn fengið eðlilegt framlag á fjárlögum til að halda við dreifikerfinu og gerð hefur verið úttekt á því að það þarf nokkur hundruð millj. kr. til þess að halda því við. Hins vegar hefur alltaf verið mjög lítið lagt til þess málaflokks á fjárlögum. Sú hugmynd að leggja fast gjald á alla raforkuvinnslu er í raun og veru góðra gjalda verð og það veltir kannski upp þeirri spurningu hvort það sé í raun og veru eðlilegt að allir þeir sem geta nýtt orkulindir okkar eins og fallvötn og hita í jörðu eigi að hafa aðgang að því án þess að greiða neitt fyrir það. Þá erum við auðvitað farin að ræða um hvort auðlindaskattur í víðara samhengi ætti þá að gilda. Einu sinni var verðjöfnunargjald líka lagt á raforku sem var síðan notað til að jafna út mismundandi kostnað. En það var fellt niður og hefur ekki verið tekið upp aftur hin síðari ár.

Ég held að það sé mjög nauðsynlegt að vinna að jöfnun húshitunarkostnaðar og ég minni aftur á það sem kom áðan til umræðu, þ.e. till. til þál. um lækkun húshitunarkostnaðar. Ef eftir henni væri unnið þá held ég að þetta markmið mundi alveg nást. Að þessari þáltill. stóðu fulltrúar frá öllum stjórnmálasamtökum og það átti samkvæmt áætlun ríkisstjórnarinnar í upphafi þessa kjörtímabils að vinna eftir þáltill. þó hún hafi ekki verið samþykkt fyrir lok síðasta kjörtímabils en það hefur bara því miður ekki verið gert því eins og ég sagði er það nákvæmlega sami kostnaður sem neytendur á hinum köldu svæðum þurfa að greiða í dag ef við miðum við byggingarvísitölu. Raunar hef ég línurit frá Rafmagnsveitum ríkisins þar um þannig að það er hér staðfest.

4. gr. er um að vinna að því að jafna vöruverð í landinu og að breyta lögum um Samkeppnisstofnun og samkeppnislögunum. Það veltir aftur upp þeirri spurningu hvort ekki þurfi verulega að skoða það hvort eitthvað er til í því að heildsölufyrirtæki bjóði smásöluverslunum úti á landi vörur á hærra verði, þau selji þeim á hærra verði vörur í heildsölu en þau gera hér á Reykjavíkursvæðinu og þannig geti þau boðið þetta lægra hér og stórverslanir selt síðan vöruna aftur á lægra verði. Með öðrum orðum: Er landsbyggðin að borga þarna fyrir lægra verð á höfuðborgarsvæðinu? Ég teldi það vera eitt af hlutverkum Samkeppnisstofnunar að skoða þetta mál.

Ég fagna því að þetta frv. er komið fram og það vekur a.m.k. athygli á því óréttlæti sem viðgengst hér á landi hvað snertir nauðsynjar fjölskyldna út um landið, hversu misjafnt það er og hvaða aðgang fólk hefur að þessari þjónustu og þessum vörum á sambærilegum kostnaði. Mér finnst ekki síður þurfa að skoða það í tengslum við þá nýju kjarasamninga sem bæði ríki og vinnuveitendur þurfa að gera við stéttarfélög á næstu mánuðum að skoða hversu misjafn framfærslukostnaður heimilanna er í landinu.

Ég þakka fyrir þetta enn og aftur enda þótt mér sýnist ef maður er raunsær að því miður takist ekki að afgreiða þetta fyrir þinglok en allt um það þá vekur það athygli á þessu þarfa máli.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lagaráð, fyrri umr.

Þáltill. PP, 321. mál. — Þskj. 486.

[16:53]

Flm. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Á þskj. 486 hef ég leyft mér að flytja till. til þál. um lagaráð Alþingis. Tillögugreinin hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að setja á stofn lagaráð til ráðgjafar um lögfræðileg álitaefni, einkum hvað varðar stjórnarskrá lýðveldisins, mannréttindi og alþjóðlegar skuldbindingar og til að gæta lagasamræmis. Skylt verði að leggja fyrir lagaráð öll stjórnarfrumvörp þar sem reyna kann á ákvæði stjórnarskrár.

Lagaráð skal skipað þremur mönnum, einum tilnefndum af Lagastofnun Háskólans, einum tilnefndum af Lögfræðingafélagi Íslands og einum tilnefndum af Dómarafélagi Íslands. Skulu þeir fullnægja skilyrðum um embættisgengi hæstaréttardómara.

Nefndir Alþingis og þingflokkar geta leitað álits lagaráðs.

Kostnaður við störf lagaráðs greiðist af Alþingi."

Þannig hljóðar tillögugreinin, herra forseti.

Nú er það kunnara en frá þurfi að segja að Alþingi skortir mjög óháðan aðila til að kanna og kveða upp úr um lögfræðileg álitaefni. Þetta er einkum bagalegt þegar um er að ræða viðkvæm deilumál er snerta stjórnarskrá Íslands, mannréttindamál og alþjóðlegar skuldbindingar og þegar gæta þarf lagasamræmis. Við höfum fyrir okkur allmörg dæmi þar sem gott hefði verið að hafa slíka stofnun eða slíka nefnd sem hefði getað leiðbeint okkur vil lagasetningu eða verið okkur til halds og trausts.

Við síðustu endurskoðun þingskapalaga var rædd sú hugmynd að setja á stofn sérstaka stjórnlaganefnd, skipaða alþingismönnum. Sú hugmynd hlaut ekki byr að því sinni.

Alþingismenn geta leitað ráðgjafar hjá skrifstofu Alþingis og enn fremur geta þingflokkarnir leitað sér lögfræðilegrar ráðgjafar hjá starfsmönnum eða annars staðar. Loks hafa ráðuneytin á sínum snærum lögfræðinga og leita einnig ráðgjafar annars staðar.

Þetta er þó ekki nægilegt þegar um viðkvæm og flókin úrlausnarefni er að ræða. Enginn óháður aðili er til staðar til að fást við slík mál. Að sjálfsögðu eru starfsmenn þingflokka háðir sínum flokkum og starfsmenn ráðuneyta lúta húsbóndavaldi ráðherra sinna. Sama kann að gilda þegar ráðherra velur tiltekna lögfræðinga til að kanna ákveðin mál. Að sjálfsögðu kemur til tortryggni hjá stjórnarandstöðu varðandi álit frá mönnum ráðherra og þingmenn annarra flokka kunna að rengja niðurstöður frá starfsmönnum þingflokks.

Hér innan húss í starfsliði Alþingis eru ágætir lögfræðingar en þeir eru störfum hlaðnir og þurfa mörgu að sinna og þar af leiðir að stundum fer fram hjá þeim eitthvað sem lagaráð tæki væntanlega eftir.

Ríkisendurskoðun var þar til 1987 deild í fjármálaráðuneyti og laut stjórn fjármálaráðherra. Þessu var breytt að tilhlutan ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar og Ríkisendurskoðun gerð að óháðri sjálfstæðri stofnun undir Alþingi. Engum blandast hugur um að þetta var mikið framfaraspor. Ríkisendurskoðun öðlaðist sjálfstæði við það að verða óháð fjármálaráðherra og hefur eftir breytinguna getað beitt sér af öryggi og jafnvel beint gagnrýni að fjármálaráðherra. Þannig er Ríkisendurskoðun orðin öflug og þörf stofnun í stjórnkerfi okkar.

Meðal grannþjóða okkar er lögfræðilegri ráðgjöf við þjóðþingin háttað með ýmsu móti.

Danska þingið hefur látið taka saman yfirlit um lögfræðilegt eftirlit og sérfræðiráðgjöf í ýmsum þjóðþingum Evrópuríkja og fylgir yfirlitið, dags. 5. september 1991, hér með sem fskj. II. á þskj. 486.

Í öllum þessum ríkjum hvílir sú skylda á þingforseta að athuga hvort frumvörp séu í samræmi við stjórnarskrá áður en þau eru tekin á dagskrá. Ef samt sem áður koma upp efasemdir við meðferð máls um hvort það sé í samræmi við stjórnarskrá er mismunandi úrræðum beitt í einstökum ríkjum.

Danir hafa til þessa beitt þeirri aðferð að forseti þingsins hefur, í samráði við þingskapalaganefndina, notið ráðgjafar lagadeildar og nefndadeildar þingsins og lagadeildar dómsmálaráðuneytis. Þetta hefur valdið gagnrýni og eru uppi hugmyndir um stofnun sérstaks lagaráðs þar sem álit dómsmálaráðuneytis gætu verið vilhöll.

Ekki leikur vafi á að sú skipan, sem Alþingi hefur búið við, er ófullnægjandi og ekki svo markviss sem víðast annars staðar. Að vísu getur Hæstiréttur dæmt endanlega í slíkum málum en það gerist ekki fyrr en lög hafa verið sett og mál höfðað. Þetta er óskynsamleg skipan. Réttara væri að óháður aðili kæmist að niðurstöðu um álitamál strax er frumvarp væri til meðferðar. Að sjálfsögðu hefði Hæstiréttur eftir sem áður síðasta orðið ef svo færi að á Alþingi væru samþykkt lög er einhver teldi fara í bága við stjórnarskrá og hæfi málarekstur.

Þess má að lokum geta að árið 1929 voru sett lög um laganefnd. Þau eru prentuð hér sem fskj. I og eru nr. 48 frá 14. júní. Þessi lög hafa aldrei verið virk og sú skipan, sem þar var ákveðin, er ekki markviss.

Nauðsyn ber til, herra forseti, að koma upp sjálfstæðum óháðum aðila á vegum Alþingis til að fjalla um lögfræðileg álitamál og með því mætti forðast langvinnar deilur um viðkvæm úrlausnarefni.

Ég vil geta þess að þetta frv. hefur áður verið flutt en ekki hlotið afgreiðslu en sífellt eru að gerast þeir atburðir sem sýna enn frekar nauðsyn þess að stofnað verði lagaráð Alþingis.

Að lokinni þessari umræðu legg ég til, herra forseti, að þáltill. verði vísað til hv. allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Framleiðsla og sala á búvörum, 1. umr.

Frv. PP o.fl., 343. mál (nefnd um álagningu verðjöfnunargjalda). — Þskj. 547.

[17:00]

Flm. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Það gerðist hér milli jóla og nýárs að loks fékkst niðurstaða í GATT-málið og 29. des. var samþykkt hér á Alþingi svohljóðandi ályktun:

„Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd samning um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunar sem undirritaður var í Marakess í Marokkó 15. apríl 1994.

Alþingi ítrekar að þrátt fyrir fullgildingu samningsins gildi óbreytt skipulag á innflutningi landbúnaðarvara þar til lögum hefur verið breytt með hliðsjón af samningnum. Þær lagabreytingar, þar með taldar tollabreytingar, skulu gerðar með hliðsjón af GATT-tilboði Íslands til að veita innlendri framleiðslu nauðsynlega vernd. Landbrh. verði tryggt forræði um allar" — ég endurtek — „allar efnislegar ákvarðanir í því stjórnkerfi sem varðar landbúnað og innflutning landbúnaðarvara og komið verður á fót á grundvelli þessarar ályktunar."

Í framhaldi af þessari ályktun Alþingis hef ég leyft mér ásamt með hv. þm. Guðna Ágústssyni og Jóhannesi Geir Sigurgeirssyni að flytja frv. sem prentað er á þskj. 547, frv. til laga um breyting á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.

Eins og menn muna þá urðu miklar umræður á sl. vori um búvörulögin og mikil togstreita í landbn. um það hvernig þeim málum skyldi skipað. Í búvörulögin var bætt við málsgrein sem nú er orðin úrelt og ekki á lengur við. Hún hljóðar svo, herra forseti:

„Við ákvörðun verðjöfnunargjalda skal ráðherra hafa sér til ráðuneytis nefnd þriggja manna. Skal einn skipaður án tilnefningar, annar af fjmrh. og hinn þriðji af viðskrh. Nefndin skal afla upplýsinga um verð sem álagning gjaldanna miðist við en jafnframt tryggja nauðsynlegt samráð milli ráðuneyta þannig að þess sé gætt að samanlögð álagning innflutningsgjalda sé innan þeirra marka sem greinir í 6. mgr. Náist ekki samkomulag í nefndinni skal ráðherra bera málið undir ríkisstjórn áður en ákvörðun er tekin um upphæð verðjöfnunargjalda."

Niðurstaða deilnanna í fyrravor var sem sagt sú að settur var yfirfrakki, og það frekar tveir en einn, á hæstv. landbrh. í þessu efni. Nú hefur Alþingi ákveðið skipan þessara mála í framtíðinni og það er einungis lagahreinsun að samþykkja þetta frv.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og hv. landbn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 17:05.

---

81. FUNDUR

þriðjudaginn 31. jan.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Alþjóðleg fjármálamiðstöð á Íslandi, þáltill., 261. mál, þskj. 307. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
2. Þingsköp Alþingis, frv., 263. mál, þskj. 312. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Réttur til veiða í efnahagslögsögu Íslands, frv., 264. mál, þskj. 313. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Jöfnun verðlags, frv., 268. mál, þskj. 317. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Lagaráð, þáltill., 321. mál, þskj. 486. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
6. Framleiðsla og sala á búvörum, frv., 343. mál, þskj. 547. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Löggilding starfsheita í tækni- og hönnunargreinum, stjfrv., 320. mál, þskj. 485. — 1. umr.
8. Vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar, stjfrv., 324. mál, þskj. 492. — 1. umr.
9. Vernd svæðislýsinga smárása í hálfleiðurum, stjfrv., 325. mál, þskj. 493. — 1. umr.
10. Kísilgúrverksmiðja við Mývatn, stjfrv., 323. mál, þskj. 491. — 1. umr.
11. Læknaráð, stjfrv., 311. mál, þskj. 446. — 1. umr.
12. Tóbaksvarnalög, stjfrv., 312. mál, þskj. 447. — 1. umr.
13. Verslunaratvinna, stjfrv., 326. mál, þskj. 494. — 1. umr.
14. Viðmiðun lágmarkslauna, þáltill., 296. mál, þskj. 388. — Fyrri umr.
15. Endurskoðun á lánskjaravísitölu, þáltill., 291. mál, þskj. 382. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Anna Ólafsdóttir Björnsson, 9. þm. Reykn.,
Árni R. Árnason, 5. þm. Reykn.,
Guðmundur Hallvarðsson, 16. þm. Reykv.,
Hjörleifur Guttormsson, 4. þm. Austurl.,
Ingibjörg Pálmadóttir, 2. þm. Vesturl.,
Jóhann Ársælsson, 3. þm. Vesturl.,
Jón Baldvin Hannibalsson utanrrh.,
Matthías Bjarnason, 1. þm. Vestf.,
Stefán Guðmundsson, 4. þm. Norðurl. v.,
Vilhjálmur Egilsson, 5. þm. Norðurl. v.

Útbýting þingskjala:

Búnaður fyrir heyrnartækjanotendur, 356. mál, fsp. StB, þskj. 579.

Dragnótaveiðar, 359. mál, fsp. StB, þskj. 582.

Framkvæmd jafnréttislaga, 234. mál, svar félmrh., þskj. 576.

Hjúkrunarrými fyrir aldraða, 358. mál, fsp. StB, þskj. 581.

Iðnhönnun, 357. mál, fsp. StB, þskj. 580.

Lán til viðgerða á félagslegum íbúðum, 355. mál, fsp. StB, þskj. 578.

Stjórnunar- og eignatengsl í íslensku atvinnulífi, 360. mál, skýrsla viðskrh., þskj. 583.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Borist hefur svohljóðandi bréf, dags. 30. jan. 1995:

„Þar sem ég af persónulegum ástæðum get ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska eftir því að 1. varaþm. Alþb. í Suðurlandskjördæmi, Ragnar Óskarsson kennari, Vestmannaeyjum, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegi forseti.

Margrét Frímannsdóttir, 4. þm. Suðurl."

Ragnar Óskarsson hefur áður tekið sæti á Alþingi og kjörbréf hans hefur verið rannsakað og hann er boðinn velkominn til starfa.

Alþjóðleg fjármálamiðstöð á Íslandi, frh. fyrri umr.

Þáltill. PP og FI, 261. mál. — Þskj. 307.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:39]

Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁJ, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GGuðbj, GJH, GHelg, HBl, HN, IBA, JGS, JHelg, JVK, ÓE, PP, PBald, PBj, RÓsk, RG, SigG, SAÞ, SP, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.

31 þm. (AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, FrS, GHall, GuðmS, GÁS, GÁ, HÁ, HG, IP, JÁ, JE, JóhS, JBH, JónK, KHG, KE, LMR, MB, ÓRG, PJ, RA, SalÞ, SighB, StG, SJS, StB, SvG, VE) fjarstaddur.

Till. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Þingsköp Alþingis, frh. 1. umr.

Frv. JGS, 263. mál (framlagning skattafrumvarpa). — Þskj. 312.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:40]

Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁJ, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GGuðbj, GJH, GHelg, HBl, HN, IBA, JGS, JHelg, JVK, ÓE, PP, PBald, PBj, RÓsk, RG, SigG, SAÞ, SP, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.

31 þm. (AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, FrS, GHall, GuðmS, GÁS, GÁ, HÁ, HG, IP, JÁ, JE, JóhS, JBH, JónK, KHG, KE, LMR, MB, ÓRG, PJ, RA, SalÞ, SighB, StG, SJS, StB, SvG, VE) fjarstaddur.

Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Réttur til veiða í efnahagslögsögu Íslands, frh. 1. umr.

Frv. TIO o.fl., 264. mál (löndun erlendra veiðiskipa). — Þskj. 313.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:40]

Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁJ, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GGuðbj, GJH, GHelg, HBl, HN, IBA, JGS, JHelg, JVK, ÓE, PP, PBald, PBj, RÓsk, RG, SigG, SAÞ, SP, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.

31 þm. (AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, FrS, GHall, GuðmS, GÁS, GÁ, HÁ, HG, IP, JÁ, JE, JóhS, JBH, JónK, KHG, KE, LMR, MB, ÓRG, PJ, RA, SalÞ, SighB, StG, SJS, StB, SvG, VE) fjarstaddur.

Frv. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Jöfnun verðlags, frh. 1. umr.

Frv. RA o.fl., 268. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 317.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:42]

Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁJ, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GGuðbj, GJH, GHelg, HBl, HN, IBA, JGS, JHelg, JVK, ÓE, PP, PBald, PBj, RÓsk, RG, SigG, SAÞ, SP, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.

31 þm. (AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, FrS, GHall, GuðmS, GÁS, GÁ, HÁ, HG, IP, JÁ, JE, JóhS, JBH, JónK, KHG, KE, LMR, MB, ÓRG, PJ, RA, SalÞ, SighB, StG, SJS, StB, SvG, VE) fjarstaddur.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Lagaráð, frh. fyrri umr.

Þáltill. PP, 321. mál. — Þskj. 486.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:42]

Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁJ, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GGuðbj, GJH, GHelg, HBl, HN, IBA, JE, JGS, JHelg, JVK, ÓE, PP, PBald, PBj, RÓsk, RG, SigG, SAÞ, SP, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.

30 þm. (AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, FrS, GHall, GuðmS, GÁS, GÁ, HÁ, HG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JónK, KHG, KE, LMR, MB, ÓRG, PJ, RA, SalÞ, SighB, StG, SJS, StB, SvG, VE) fjarstaddir.

Till. vísað til allshn. án atkvgr.

Framleiðsla og sala á búvörum, frh. 1. umr.

Frv. PP o.fl., 343. mál (nefnd um álagningu verðjöfnunargjalda). — Þskj. 547.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:43]

Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁJ, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GGuðbj, GJH, GHelg, HBl, HN, IBA, JE, JGS, JHelg, JVK, ÓE, PP, PBald, PBj, RÓsk, RG, SigG, SAÞ, SP, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.

30 þm. (AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, FrS, GHall, GuðmS, GÁS, GÁ, HÁ, HG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JónK, KHG, KE, LMR, MB, ÓRG, PJ, RA, SalÞ, SighB, StG, SJS, StB, SvG, VE) fjarstaddir.

Frv. vísað til landbn. án atkvgr.

Löggilding starfsheita í tækni- og hönnunargreinum, 1. umr.

Stjfrv., 320. mál (heildarlög). — Þskj. 485.

[13:44]

Iðnaðarráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Frv. það sem ég mæli fyrir, frv. til laga um löggildingu nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum, er ætlað að koma í stað laga nr. 62/1986, um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara, landslagshönnuði, húsgagna- og innanhússhönnuði, tæknifræðinga eða byggingarfræðinga. Einnig er frv. ætlað að koma í stað laga nr. 46/1982, um rétt manna til að kalla sig iðnfræðinga.

Ástæða þess að ráðuneytið telur þörf á nýjum lögum um starfsheiti þau sem undir það falla er margþætt. Í fyrsta lagi hefur borist ósk frá Félagi skipulagsfræðinga um að starfsheitið skipulagsfræðingur verði lögverndað. Í öðru lagi óskuðu samtök verkfræðinga, tæknifræðinga og arkitekta eftir endurskoðun á lögum nr. 62/1986, aðallega vegna þess mikla kostnaðar sem féll á einstaklinga sem þurftu að sækja um leyfi til að bera starfsheitin verkfræðingur, tæknifræðingur og arkitekt. Þótti sá kostnaður óeðlilegur í ljósi þess að ekki er um starfsréttindi að ræða heldur eingöngu rétt til að bera ákveðið starfsheiti. Í þriðja lagi hefur ríkt ágreiningur um hver hafi endanlegt úrskurðarvald um það hverjir hafi rétt samkvæmt núgildandi lögum til að bera ákveðin starfsheiti. Í fjórða lagi kalla tvær tilskipanir ESB sem getið er um í athugasemdum frv. á breytingar á núgildandi reglum. Verði þetta frv. að lögum munu þau tryggja að samræmdar reglur gildi um hver hafi rétt til að nota starfsheiti sem falla undir svið iðnrn., auk þess sem uppfylltar verði þær skuldbindingar sem EES-samningurinn leggur á Ísland á þessu sviði.

Í 1. gr. frv. eru taldar upp þær starfsstéttir er lögin taka til. Er hér um að ræða sömu starfsstéttir og nú eru lögverndaðar en jafnframt er lagt til að starfsheitið skipulagsfræðingur verði lögverndað.

Í 2. gr. frv. er gert ráð fyrir að réttur til starfsheitis geti stofnast með tvennum hætti. Í fyrsta lagi með útgáfu leyfis af hálfu ráðherra ef menn uppfylla þau skilyrði sem koma fram í 3. gr. frv. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að ráðherra staðfesti erlend leyfi ef viðkomandi uppfyllir þau skilyrði sem fram koma í 4. gr. frv.

Skv. 3. gr. er það skilyrði fyrir leyfi til þess að nota starfsheiti að umsækjandi hafi lokið fullnaðarprófi í viðkomandi starfsgrein. Gert er ráð fyrir að viðkomandi fagfélög setji sér reglur um hvaða nám sem lokið er með prófgráðu teljist vera fullnaðarmenntun í skilningi frv. Ráðherra skal staðfesta reglur félaganna og öðlast reglurnar gildi þegar þær hafa verið birtar. Ráðherra veitir leyfi til að nota starfsheiti að fenginni umsögn viðkomandi fagfélags ef umsækjandi að mati hans hefur hlotið tilskilda menntun.

Á grundvelli 4. gr. frv. ber ráðherra að staðfesta starfsréttindi manna sem koma frá öðrum ríkjum innan EES ef menntun þeirra uppfyllir þau lágmarksskilyrði sem koma fram með tilskipunum þeim sem tilgreindar eru í greininni. Hlutverk ráðherra er að sannreyna gildi framlagðra vottorða og kanna hvort öllum skilyrðum sé fullnægt. Gera má ráð fyrir að sett verði reglugerð þar sem þessi ákvæði verða nánar útfærð. Áður en leyfi er veitt á grundvelli þessarar greinar skal leita umsagna viðkomandi fagfélags.

Í 5. gr. frv. er ráðherra veitt heimild til að skera úr ágreiningi sem rísa kann um notkun starfsheita. Eins og fram kemur í ákvæði til bráðabirgða er ekki ætlunin að breyta réttarstöðu þeirra manna sem hafa fengið fullgild leyfi til að bera viðkomandi starfsheiti.

Virðulegi forseti. Ég vænti þess að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. iðnn. og vona að unnt verði að afgreiða það á þessu þingi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar, 1. umr.

Stjfrv., 324. mál (brottfall laga). — Þskj. 492.

[13:49]

Iðnaðarráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Frv. það sem ég mæli fyrir, frv. til

laga um að fella úr gildi lög nr. 102/1961, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd Parísarsamþykktina um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar, tengist þeirri ákvörðun ríkisstjórnarinnar að fullgilda Parísarsamþykktina um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar með þeim breytingum sem gerðar voru á henni í Stokkhólmi þann 14. júlí 1967.

Ísland hefur allt frá árinu 1961 verið aðili að svonefndum Lundúnatexta samþykktarinnar frá 1934 og hefur sá texti lagagildi hér á landi. Þann 28. sept. 1984 gerðist Ísland aðili að Stokkhólmstexta samþykktarinnar með þeim fyrirvara þó að fyrstu 12 greinar textans væru undanskildar. Í tengslum við aðild Íslands að samningi um hið Evrópska efnahagssvæði skuldbatt Ísland sig til að ganga frá aðild að þessum hluta samþykktarinnar fyrir 1. jan. 1995. Ákvæði 1.–12. gr. Stokkhólmsgerðar samþykktarinnar, oft nefnd efnisákvæði, kveða einkum á um grundvallarreglur varðandi vernd hugverkaréttinda, þ.e. einkaleyfi, vörumerki, hönnun og fleira. Stokkhólmsgerð þessa hluta samþykktarinnar felur ekki í sér neinar þær breytingar miðað við Lundúnatextann að breyta þurfi grundvallarlögum um hugverkarétt hér á landi. Ísland gerðist eins og áður er nefnt aðili að 13.–30. gr. Stokkhólmsgerðar samþykktarinnar árið 1984. Sá hluti fjallar aðallega um stjórnarstofnanir sem fara með málefni samþykktar á vegum Alþjóðahugverkastofnunarinnar. Aðild að þessum hluta samþykktarinnar var forsenda þess að Ísland gæti gerst aðili að Alþjóðahugverkastofnuninni. Þessi hluti samþykktarinnar hefur ekki lagagildi hér á landi.

Parísarsamþykktin er sáttmáli milli ríkja er kveður á um almennar leikreglur sem hverju ríki er skylt að fylgja varðandi vernd hugverkaréttinda í þágu þegnanna. Það leiðir af eðli og tilgangi samþykktarinnar að óeðlilegt er að hún gildi sem lög gagnvart þegnunum enda er markmið hennar að tryggja að eigandi hugverkaréttar í aðildarlandi geti náð öruggri réttarvernd í hinum aðildarlöndunum. Parísarsamþykktin hefur t.d. ekki lagagildi á öðrum Norðurlöndum.

Hinn 23. des. sl. var framkvæmdastjóra Alþjóðahugverkastofnunarinnar afhent aðildarskjal Íslands vegna 1.–12. greinar Parísarsamþykktarinnar. Ákvæðin skulu því koma til framkvæmda hér á landi þann 23. mars 1995, þ.e. að liðnum þremur mánuðum frá þeim degi sem telst hinn formlegi viðtökudagur aðildarskjalsins.

Af framangreindu leiðir að lög nr. 102 frá 28. des. 1961 eiga ekki lengur við eftir gildistöku hinna nýju efnisákvæða. Með frv. þessu er því lagt til að þau verði felld úr gildi.

Virðulegi forseti. Ég vænti þess að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. iðnn. og það takist að afgreiða það á þessu þingi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vernd svæðislýsinga smárása í hálfleiðurum, 1. umr.

Stjfrv., 325. mál (réttur útlendinga). — Þskj. 493.

[13:53]

Iðnaðarráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Frv. það sem ég mæli fyrir er frv. til laga um breytingu á lögum nr. 78/1993, um vernd svæðislýsinga smárása í hálfleiðurum, og tengist EES-samningi og GATT-samningnum. Í lögum nr. 78/1993 kemur fram í 2. gr. að vernd laganna nái aðeins til íslenskra ríkisborgara og lögaðila. Hins vegar kemur fram í 2. mgr. sömu greinar að ráðherra geti með reglugerð veitt sama rétt ríkisborgurum þeirra ríkja sem veita íslenskum ríkisborgurum sams konar rétt. Þetta skilyrði um gagnkvæmni sem forsendu verndar er undantekning í hugverkarétti. Ástæða þessa fyrirkomulags er sú að flest önnur ríki sem höfðu löggjöf um vernd smárása byggðu á gagnkvæmni og var hugmyndin sú að slíkt myndi knýja á um að sem flest ríki settu lög sem tryggðu vernd svæðislýsinga smárása.

Samkvæmt samningi um hugverkaréttindi í viðskiptum sem er hluti af samningnum um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunar ber Íslandi að veita vernd á sviði allra hugverkaréttinda þar með talið svæðislýsingar smárása á grundvelli jafnréttiskjararreglunnar. Það þýðir að veita verður þegnum erlendra ríkja sama rétt og þegnum þess ríkis sem löggjöfina setur. Í ljósi nefndra skuldbindinga gerir frv. þetta ráð fyrir að vernd samkvæmt lögum um svæðislýsingar smárása nái til allra sem hannað hafa slíka svæðislýsingu eða þeirra aðila sem öðlast hafa rétt til hönnunar án tillits til ríkisfangs.

EES-samningurinn leggur þær skuldbindingar okkur á herðar að veita þarf ríkisborgurum ýmissa ríkja sem ESB hefur komist að samkomulagi við um að veita vernd á gagnkvæmnisgrundvelli sams konar vernd. Eins og löggjöf okkar er háttað verður slíkt aðeins gert eftir tímafrekum og flóknum leiðum. Rita þarf bréf til að fá formlega staðfestingu á gagnkvæmni og síðan þarf að setja reglugerð. Sú lagabreyting sem hér er lögð til er því til einföldunar og hagræðis.

Ég vænti þess, virðulegi forseti, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. iðnn. og það verði afgreitt á þessu þingi.

[13:55]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég get ekki stillt mig um að segja nokkur orð. Það vill svo til að þetta efni hefur verið rætt hér í þingsölum áður, þ.e. vernd svæðislýsinga smárása í hálfleiðurum. Ég ætla að rifja upp þá sögu.

Eins og mörg önnur frv. sem koma úr Brusselfabrikkunni þá settust menn við að þýða frv. um þetta efni frá Brussel. Þeir vissu nú ekkert um hvað þeir voru að fjalla því þeir skildu ekki hvað voru hálfleiðarar frekar en smárásir eða svæðislýsingar og röðuðu saman orðum í texta. Hæstv. fyrrv. iðnrh., Jón Sigurðsson, mælti fyrir þessu frv. á Alþingi og það var

auðheyrt á lestri hans að hann hafði heldur ekki hugmynd um hvað hann var að segja sem var þó óvenjulegt með þann mann sem hafði náttúrlega yfirburðagáfur yfir okkur hina eins og öllum er kunnugt. Síðar kom það í ljós við meðferð málsins í iðnn. þegar við fórum að skoða frv., við skildum það ekki heldur af því að það hafði verið vitlaust þýtt. Í staðinn fyrir smárásir stóð hálfleiðari ef ég man rétt fremur heldur en öfugt. Þegar búið var að raða orðunum rétt í textann kom í ljós að það var svolítil meining í frv. En sýnilega hefur ekki verið nóg að gert og þess vegna neyðist hæstv. iðnrh. til að flytja þetta frv. hér núna. Ég hef ekki efnislegar athugasemdir við það en rifja þessa sögu upp til gamans vegna þess að hér er um mjög merkilegt mál að ræða sem á skilið að eiga sess í þingsögunni.

[13:57]

Iðnaðarráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Ég skal viðurkenna að þegar þetta var kynnt fyrir mér á sínum tíma þá var ég nú ekki fljótur til skilnings en tókst þó að lokum að skilja það enda var það þá þýtt sem vernd svæðisrása í smáleiðurum ef ég man rétt og mér tókst loksins að skilja það en svo féll mér nú allur ketill í eld þegar það kom í ljós að það var allt saman rangt og þetta átti að vera svæðisrásir í hálfleiðurum en ekki svæðisrásir í smáleiðurum. Síðan hef ég nú ekki reynt að brjóta þetta mál til mergjar. Enda myndi það sjálfsagt hafa ofboðið mínum skilningi eftir að ég var búinn að setja mig inn í hinn skilninginn sem áður var efst á baugi. En þetta er engu að síður mikilsvert mál sem tengist alþjóðasamningum okkar og nú síðast en ekki síst GATT og við erum skuldbundin til þess að fá fram og fjallar að sjálfsögðu fyrst og fremst um vernd hugverka. Við hv. þm. Páll Pétursson erum nú miklir stuðningsmenn hugverka og ekki síður þess að það sé hægt að vernda hugverk svo menn séu ekki að stela hugverkum hver frá öðrum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Kísilgúrverksmiðja við Mývatn, 1. umr.

Stjfrv., 323. mál (skatthlutfall, atvinnusjóður). — Þskj. 491.

[13:59]

Iðnaðarráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Frv. þetta, frv. til laga um breytingu á lögum nr. 80/1966, um kísilgúrverksmiðju við Mývatn, hefur tvíþættan tilgang. Annars vegar miðar frv. að því að breyta skatthlutfallstölu 9. gr. laga um kísilgúrverksmiðju við Mývatn og hins vegar hefur frv. þann tilgang að lögfesta ákvæði um sérstakan sjóð sem ætlað er að efla atvinnulíf í þeim sveitarfélögum sem nú eiga verulegra hagsmuna að gæta vegna starfsemi Kísiliðjunnar hf.

Hvað varðar fyrra atriðið þá kemur fram í 9. gr. laga um kísilgúrverksmiðju við Mývatn að ríkisstjórninni er veitt heimild til að kveða svo á með samningi að þau félög sem stofnuð voru til að framleiða og selja kísilgúr úr Mývatni, annars vegar Kísiliðjan hf. og hins vegar Celite Ísland hf. greiði hvort um sig einn tekjuskatt í stað annarra skatta. Skatthlutfallstala laganna er 45% en jafnframt var ríkisstjórninni heimilt að kveða svo á að skattur framleiðslufélagsins færi eigi niður úr tilteknu marki fyrir hvert skattár án tillits til tekna. Lágmarksskattgreiðsla þessi er nú 15 þús. Bandaríkjadollarar á ári.

Eins og kunnugt er hafa á síðustu árum verið gerðar breytingar á skattlagningu hlutafélaga hér á landi. Breytingum þessum er lýst í athugasemdum með frv. og kemur þar fram að þær hafa leitt til lækkunar á skatthlutfalli hlutafélaga. Þykir rétt og eðlilegt að gera hliðstæðar breytingar á skatthlutfallstölu laga um kísilgúrverksmiðju við Mývatn sem í reynd urðu hjá öðrum fyrirtækjum. Að mati fjmrn. hafa ofangreindar skattbreytingar lækkað skatthlutfall hlutafélaga um tæplega 6% af hagnaði eða um 17% af álögðum tekjuskatti. Svarar það til lækkunar á skatthlutfalli greindra laga í 36–39%. Í ljósi þessa alls er því lagt til að skatthlutfallstala laga nr. 80/1966 verði lækkað úr 45% í 36% og að breyting þessi verði látin gilda frá og með álagningu ársins 1994 vegna rekstrar á árinu 1993 í samræmi við gildistökutíma hinnar almennu lækkunar á skatthlutfalli fyrirtækja.

Námaleyfi Kísiliðjunnar hf. var endurnýjað 7. apríl 1993. Í námaleyfinu er ákvæði um stofnun sérstaks sjóðs sem ætlað er að kosta undirbúning aðgerða til að efla atvinnulífið í sveitarfélögum sem nú eiga verulegrar hagsmuna að gæta vegna starfsemi Kísiliðjunnar hf. Ráðstöfunarfé sjóðsins er tiltekinn hluti af námagjaldi verksmiðjunnar, nánar tiltekið 20% til ársins 2001 og 68% frá og með árinu 2002 til og með ársins 2010 en námaleyfið rennur út í lok þess árs. Ef miðað er við að framleiðsla Kísiliðjunnar haldist í svipuðu horfi myndi hlutur sjóðsins af námagjaldinu vera 500–600 þús. kr. á ári á fyrra tímabilinu en um 5 millj. kr. á ári á því seinna. Það hefur sýnt sig að áðurnefndum sjóði hefur verið markaður fullþröngur bás. Því tel ég nauðsynlegt að efla og styrkja þennan sjóð svo hann verði færari um að sinna hlutverki sínu. Í því skyni er í frv. þessu lagt til að bætt verði nýrri grein við lögin um kísilgúrverksmiðju við Mývatn þar sem tilvist, tilgangur og tekjur sjóðsins eru bundnar í lög. Jafnframt er lagt til að ráðstöfunarfé sjóðsins verði aukið með þeim hætti að heimilt verði að láta renna til sjóðsins allt að 20% af tekjum ríkisins sem hluthafa í Kísiliðjunni hf. Heimild þessi nær því ekki til skattekna ríkisins af Kísiliðjunni. Í frv. er gert ráð fyrir að iðnrh. geti með reglugerð sett nánari ákvæði um áðurnefndan sjóð. Eðlilegt þykir þar sem um er að tefla talsverða fjármuni að sjóðnum verði settar skýrar starfsreglur sem tryggi að ráðstöfunarfé sjóðsins komi að sem mestum notum.

Virðulegi forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og til hv. iðnn. og fer þess á leit við hv. nefnd að það verði afgreitt á þessu þingi.

[14:03]

Tómas Ingi Olrich:

Virðulegi forseti. Ég vil lýsa yfir stuðningi við það frv. sem hér er til umræðu. Ég ætla ekki að koma neitt að ráði inn á lagfæringu á skattamálum kísilgúrverksmiðjunnar sem felst í þessu frv. Ég er þeim efnisatriðum fyllilega sammála. En ég ætla hins vegar að fjalla um þann sérstaka sjóð sem frv. gerir ráð fyrir að verði starfræktur og hafi það hlutverk að kosta undirbúning aðgerða til að efla atvinnulíf í þeim sveitarfélögum sem nú eiga verulegra hagsmuna að gæta vegna starfsemi framleiðslufélagsins eins og stendur orðrétt í 2. gr. frv.

Það er svo að Mývatnssveit er vegna þeirra náttúrufyrirbæra sem þar eru mjög sérstakt svæði og öðrum svæðum viðkvæmara að því er varðar atvinnustarfsemi. Þetta er jafnframt einhver vinsælasti ferðamannastaður á landinu, bæði í augum okkar Íslendinga en þó ekki síst í augum útlendinga og fjölmargir útlendingar koma til Íslands með þá hugmynd eina að koma til Mývatns. Ekki aðeins er náttúrufar þar sérstætt að því er varðar eldfjallasvæðið eða „volkanismann" sem stundum er svo kallað heldur er það einnig mjög sérstakt að því er varðar fuglalíf og einstakt í sinni röð að því leyti enda nýtur það sérstöðu í íslenskri löggjöf vegna þessara aðstæðna.

Nú er það svo að kísilgúrverksmiðjan sem þar starfar og er ágætis fyrirtæki var sett á laggirnar áður en almenn sjónarmið um umhverfisvernd höfðu skotið rótum hér á landi og raunar í heiminum þannig að sú verksmiðja var sett á stofn án þess að tillit væri tekið til þeirra sjónarmiða sem síðar ruddu sér til rúms. Ég held að flestallir séu þeirrar skoðunar að öðruvísi hefði verið stofnað til þessarar verksmiðju ef hún hefði verið reist í dag. Þó að ég vilji ekki segja að rekstur hennar samrýmist ekki þeim viðkvæmu vandamálum sem þarna eru þá hygg ég að það hefði verið öðruvísi að því staðið. Það eru ákveðnir erfiðleikar í sambandi við þessa verksmiðju og það hafa verið gerðar ráðstafanir sem setja framtíð hennar í nokkra tvísýnu. Ég tel hins vegar að það mál sem hér er á ferðinni beri ekki að skoða fyrst og fremst í ljósi þessarar tvísýnu sem hefur verið sköpuð um framtíð kísilgúrverksmiðjunnar. Ég held að við eigum að líta svo á að það væri æskilegt að þessi sjóður yrði notaður til þess að rannsaka rækilega hvernig megi nýta þá auðlind sem þarna er að finna og þá á ég við í hugtakinu auðlind bæði t.d. heita vatnið sem þarna er, þau náttúruundur sem þarna er að finna og fuglalífið, hvernig megi nýta þetta íbúum héraðsins til framdráttar með þeim hætti að það skaði ekki á nokkurn hátt þau náttúrulegu verðmæti sem þarna er að finna. Ég er sannfærður um að það er hægt að finna leiðir til þess að ýta undir kröftugt atvinnulíf og þá á ég kannski einkum og sér í lagi við kröftuga ferðaþjónustu í Mývatnssveit með þeim hætti sem er fyllilega samrýmanlegur sjónarmiðum umhverfisverndar. En sannleikurinn er sá að á þessu sviði hefur farið fram mjög lítið rannsóknastarf, virðulegi forseti, sem veit að því að kanna möguleika ferðaþjónustunnar hér á landi og það er engin sérstök rannsóknastofnun sem hefur haslað sér völl á sviði ferðaþjónustu. Það er engin grunnþjónusta á bak við þessa atvinnugrein eins og við höfum t.d. í iðnaðinum. Það má segja að það séu tvær stofnanir sem þjóna iðnaðinum, þ.e. Iðntæknistofnun og Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins og það má segja að Orkustofnun þjóni orkuiðnaðinum sérstaklega. Á sama hátt þjóna rannsóknastofnanir eins og RALA landbúnaðinum og sjávarútvegurinn styðst við Hafrannsóknastofnun og Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins. Ekkert af þessu er að finna í baklandi ferðaþjónustunnar og þar af leiðandi hefur í raun og veru stefnumörkun í þessari grein verið ábótavant. Við skulum ímynda okkur hvað hefði gerst í stefnumörkun í sjávarútvegsmálum sem virðist nú vera þessari þjóð býsna mikið og vandasamt viðfangsefni. En hvað hefði gerst í þeim málum ef þessi atvinnugrein hefði ekki stuðst við öflugt rannsóknarbakland? Þá hefði stefnumörkun í þessari grein orðið mjög erfið. Við ættum að líta á ferðaþjónustuna út frá svipuðum sjónarhóli og segja: Það hlýtur að há ferðaþjónustunni í stefnumörkun til lengri tíma að hún hefur ekki það rannsóknaumhverfi sem hún þarf. Þess vegna vil ég leggja á það áherslu við hæstv. iðnrh. að þegar hann hefur starf við að láta semja reglugerð um þennan sjóð, þá finnst mér það vera verðugt viðfangsefni að kanna fræðilega með rannsóknaverkefnum hvernig hægt væri að ýta undir það að ferðamennskan í Mývatnssveit þróist með þeim hætti að þar væru þeir möguleikar nýttir sem náttúran býður þarna upp á. Það mætti jafnvel bjóða upp á fleiri möguleika eins og t.d. hugsanleg tengsl við þá þekkingu sem hér á landi er í meðferð heits vatns og jafnvel á sviði heilsugæslu, sem gæti þá tengst heilsugæslustofnunum í héraðinu, en að mikil áhersla verði lögð á það við starfrækslu þessa sérstaka sjóðs að styrkja fræðilegan grundvöll þessara athugana. Ég held að þá mundi hæstv. iðnrh. í raun og veru ýta undir brautryðjendastarf í atvinnuþróun hér á Íslandi. Ég get upplýst þingheim um það að á vegum Rannsóknarráðs Íslands er verið að skoða þessi mál beinlínis í þeim tilgangi að reyna að styrkja rannsóknarumhverfi þessarar atvinnugreinar. Það er búið að taka þetta mál sérstaklega til umfjöllunar þar. Það er búið að taka þetta mál inn í langtímastefnumörkun Rannsóknarráðs Íslands. Engu að síður væri það á vissan hátt nýjung af hálfu hæstv. iðnrh. ef hann beitti sér fyrir þessu. Það mundi falla mjög vel að áformum Rannsóknarráðs Íslands í þessum efnum. Þetta gæti orðið upphaf að því að það yrði sérstök þróun ferðamálanna í Mývatnssveit sem ég held að sé orðið brýnt verkefni og gæti orðið þessu héraði og ferðamennskunni í heild mjög til góðs.

[14:11]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Ég þarf í sjálfu sér ekki að hafa mörg orð um þetta frv. Ég lýsi stuðningi mínum við megininntak þess og vil í sjálfu sér ekki tengja inntak þessa frv. þeim umræðum sem hafa orðið og ég hef vissulega tekið þátt í um óheppileg vinnubrögð í kringum áframhaldandi starfsleyfi fyrir kísilnám úr Mývatni. Ég vil út af fyrir sig halda þessu hlutum að-

skildum og ekki blanda því inn í þessa umræðu. Eins og ég nefndi, virðulegi forseti, þá fór hún hér fram fyrr í vetur m.a. í formi utandagskrárumræðu sem sá sem hér stendur hafði frumkvæði að.

Það er alveg rétt sem kom fram hjá síðasta ræðumanni að þessi atvinnurekstur var settur niður í mjög viðkvæmu umhverfi og hefur gert það að verkum að þarna er komin upp ákveðin þversögn. Annars vegar er þarna verksmiðjurekstur, eins og kom fram í ræðu þingmannsins, í viðkvæmu umhverfi frá náttúrulegu tilliti en hins vegar er þessi framleiðsla í sjálfu sér mjög umhverfisvæn sem byggist á að nýta náttúrulegt hráefni og nýta til þess náttúrulegan og umhverfisvænan orkugjafa sem er til staðar á svæðinu. Það er mín skoðun og það kom fram í mínu máli þegar ég ræddi þetta fyrr í vetur að það beri að leita allra leiða til þess að ganga úr skugga um hvort ekki er hægt að samræma og sætta þessi sjónarmið og við getum haldið þessum rekstri áfram.

Það er hins vegar svo að þetta svæði býður upp á ýmsa möguleika, m.a. í ferðamálum eins og hér hefur komið fram. Hv. þm., síðasti ræðumaður, talaði um að það setti sitt mark á stefnumótun í ferðamálum að menn hefðu ekki rannsóknaumhverfi og rannsóknastofnanir til að styðjast við, það er eflaust rétt. Og hv. þm. nefndi sem dæmi hvernig hefði nú farið ef menn hefðu farið af stað með stefnumótun í sjávarútvegi án þess að hafa á bak við þessa víðtæku rannsókna- og þróunarstarfsemi sem þar hefur verið. Kannski höfum við dæmi fyrir okkur núna þar sem eru tillögur sjálfstæðismanna á Vestfjörðum sem í orði í það minnasta hafa aldrei viljað taka mark nema mjög takmarkað á niðurstöðum Hafrannsóknastofnunar og annarra þeirra sem við og alla vega ýmsir aðrir í einfeldni okkar höfum talið okkur skylt að taka tillit til.

Ég vil að lokum í þessu sambandi nefna einn möguleika eða eitt atriði í möguleikum þessa svæðis og það tengist bættum samgöngum. Ég hef talið að þau svæði sem vegur númer eitt fer um í Þingeyjarsýslum á leið sinni austur um land og þegar þeirri vegatengingu lýkur, þá verður hann orðinn heilsársvegur, eigi þeir þéttbýliskjarnar sem eru á þessari leið verulega nýja möguleika, bæði Mývatnssveit og reyndar Laugar í Reykjadal líka sem væru komnir á miklar krossgötur umferðarlega séð og hef talið í þeirri umræðu að gefnu tilefni hvernig heimamenn hafa brugðist við slíkri umræðu, að slíkri uppbyggingu á þessum svæðum ætti ekki og væri ekki á nokkurn hátt beint gegn þéttbýlinu á Húsavík heldur mundi slíkt þvert á móti styrkja hvert annað. Ég hef reyndar í þessu samhengi oft nefnt að það mætti horfa til þeirrar uppbyggingar sem hefur átt sér stað við þéttbýliskjarna í uppsveitunum á Suðurlandsundirlendi.

[14:16]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil nota þetta tækifæri sem ég hef í andsvari til að taka undir þá skoðun sem hv. síðasti ræðumaður lýsti í sambandi við mikilvægi þess vegar sem liggur um Mývatnssveit til Austurlands. Ég fagna því að hv. þm. Jóhannes Geir Sigurgeirsson styður staðfastlega þær áherslubreytingar sem komið hafa fram hjá núv. samgrh. og meiri hluti er fyrir í Norðurl. e. fyrir mikilvægi þeirra vegasamgangna sem nú eru komnar inn sem sérstakt verkefni. Ég er honum efnislega sammála um það að þetta er gífurlega mikilvægt atriði sem full ástæða var til þess að setja inn sem nýtt áhersluatriði í vegamálum á Norðausturlandi.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Forseti vill benda á að það eru ekki beinlínis vegamál á dagskrá.

[14:17]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta fannst mér eiginlega ekki viðeigandi athugasemd því að framtíð þessa svæðis, ekki síst ef þar verða breytingar í atvinnumálum, ráðast ekki síst af því hvernig mál skipast samgöngulega séð.

Varðandi það að ég hafi tekið undir áherslubreytingu núv. samgrh. er nú spurningin hvor tók undir málflutning hvors. Ég minni á að fyrsta mál sem ég flutti inni á þinginu, sem var reyndar á árinu 1988, var um eflingu samgangna um hálendi og milli landshluta og ég hef alla tíð talað sterklega fyrir þessu. Ég man eftir því á sameiginlegum fundi þingmanna beggja Norðurlandskjördæmanna á þinginu 1989–1990 tók ég þetta mál upp og fékk frekar litlar þakkir hjá núv. hæstv. samgrh. Honum fannst ólíklegt að í þetta verk yrði ráðist á allra næstu árum en því betur sá hæstv. ráðherra að sér í þessu máli.

[14:19]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það vill svo vel til að hv. þm. Jóhannes Geir Sigurgeirsson og sá sem hér talar eru jafngamlir á þinginu, voru kosnir í kosningum 1991 þó að hv. þm. hafi haft reynslu í störfum á þinginu áður þegar hann hefur komið inn sem varamaður. En ég vil taka fram að það hefur komið ótvírætt í ljós í störfum á þessu kjörtímabili að þingmenn stjórnarandstöðunnar í Norðurl. e. hafa kvartað undan því að áherslubreyting hafi orðið í þessum málum í Norðurl. e. Þeir hafa kvartað undan því að ekki hafi lengur verið sú gamla, góða samstaða um þessi mál sem áður ríkti. En ég tek það fram að hv. þm. Jóhannes Geir Sigurgeirsson er réttum megin í ágreiningi þingmanna kjördæmisins.

[14:20]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég minni á í þessu sambandi að þingmenn Norðurl. e. hafa lagt metnað sinn í það að ná sameiginlegri niðurstöðu um skiptingu vegafjár og engin breyting hefur orðið hvað það snertir á þessu kjörtímabili þannig að allt tal um óeiningu þar er náttúrlega út í loftið. Lítum á hin opinberu gögn í málinu. Vissulega hefur alla tíð verið svo að menn hafa rökrætt áður en menn hafa komist að niðurstöðu, en niðurstaðan í þessu tilfelli er sameiginleg.

Ég minni einnig á að varðandi persónulega afstöðu mína á fyrsta þingi þessa kjörtímabils flutti ég þáltill. með hv. þm. Eyjólfi K. Jónssyni sem laut að því að

skynsamlegt væri að auka framkvæmdafé til vegagerðar meðan hér væri lægð í vegamálum og við tókum sérstaklega til að ljúka við hringleiðina. Þar var lögð sérstök áhersla á vegasambandið um Norðausturland. Þetta var reyndar áður en tillögur núv. ríkisstjórnar komu fram um aukið fjármagn til vegagerðar.

[14:22]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Það frv. sem er til umræðu kemur inn á ýmislegt sem snertir fleira en kísilgúrverksmiðjuna við Mývatn. Allmiklar deilur hafa verið um verksmiðjuna. Ég ætla ekki að blanda mér í þær deilur hvort hægt sé að halda áfram að taka kísilgúr þarna úr Mývatni eða ekki. Hitt er aftur á móti staðreynd að þetta atvinnufyrirtæki býr við óöryggi. Ég veit ekki hversu langt leyfi það muni raunverulega hafa. Enda þótt gefið hafi verið út leyfi til þessa rekstrar árið 1993 stendur það tímabundið og það háir verksmiðjunni nokkuð. Það er því ágætt til þess að vita að hér skuli vera komið með lagabreytingu þar sem fyrirhugað er að setja á stofn þennan sérstaka sjóð eða kannski hefur hann verið til. Það er alla vega verið að leggja til meira fjármagn í hann núna til þess að kosta undirbúning aðgerða til að efla atvinnulíf í þessum sveitarfélögum sem hér eiga hagsmuna að gæta.

Ég er komin til að taka undir þær hugmyndir sem hér komu fram hjá hv. þm. Tómasi Inga Olrich um að að sjóðurinn skoðaði sérstaklega ferðaþjónustumál. Ég held að það sé einmitt mjög mikilvægur atvinnuvegur í Mývatnssveit og nágrenni og þurfi að efla hann. Hann hefur auðvitað verið talsverður. Sú atvinnugrein hefur blómstrað í Mývatnssveit en það eru líka uppi ýmsar skoðanir á því og áhyggjur af því að jafnvel sé verið að ofnýta staðinn á tiltölulega stuttum tíma úr árinu og það þurfi að skoða það sérstaklega hvort ekki sé hægt að dreifa þeirri atvinnu meira yfir árið og huga betur að því að vernda þá sérstæðu náttúru sem þar er að finna.

Ég vil taka undir þær ábendingar sem hv. þm. Tómas Ingi Olrich kom hér með um að það þyrfti að vera til einhver rannsóknasjóður fyrir ferðaþjónustuna rétt eins og fyrir aðrar atvinnugreinar.

Að öðru leyti vil ég aðeins benda hæstv. iðnrh., sem fer með þetta mál, á að hér er sagt í 2. gr. að stjórn sjóðsins skuli skipuð o.s.frv., talið upp hvaða fulltrúum hún skuli skipuð, frá hvaða aðilum. Ég vildi aðeins beina því til hæstv. ráðherra að hann hlutist til um það að framfylgja jafnréttisáætlun, sem einu sinni var samþykkt og skorað á ríkisstjórn að beita sér fyrir ýmsum þeim aðgerðum í jafnréttisátt til þess að jafna vægi kynja í nefndum, ráðum og stöðum á vegum ráðuneyta, að sú stjórn sem hann trúlega á þátt í að koma á laggirnar verði skipuð konum líka. Ég horfi til þess að konur í Mývatnsveit og nágrenni hafa mikið verið að leita nýrra leiða í atvinnumálum og ég held að þær hafi margar góðar hugmyndir og ég beini því til hæstv. ráðherra að þessi stjórn verði skipuð með jafnréttissjónarmið í huga.

[14:26]

Tómas Ingi Olrich:

Virðulegi forseti. Ég óskaði áðan eftir því að fá að koma upp og bera af mér sakir en hæstv. forseti óskaði eftir því að ég tæki til máls um þennan dagskrárlið og kæmi því sjónarmiði mínu á framfæri þar sem ég ætlaði að taka fyrir undir liðnum að bera af sér sakir.

Því var haldið fram áðan af hv. þm. Jóhannesi Geir Sigurgeirssyni að það væri út í hött að halda því fram og styddist ekki við nein gögn, að það væri ágreiningur innan þingmanna flokksins um áherslur í Norðurl. e. Þessi ágreiningur hefur komið fram og tengist að sjálfsögðu Mývatnssveit og atvinnuuppbyggingunni þar. Þessi ágreiningur hefur komið fram oftar en einu sinni hér í þessum ræðustól og hann hefur komið fram líka að vissu leyti í till. til pál. um vegasamband allt árið milli Austurl. og Norðurl., en flm. að þeirri páltill. eru hv. þm. Hjörleifur Guttormsson og sá þingmaður sem var í umræðunni áðan, hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon. Það er ekkert launungamál að hjá ákveðnum hluta þingmanna Norðurl. e. hefur það verið áhersluatriði að ljúka vegasambandinu um ströndina fyrst og jafnvel að athuga möguleikana á því að þar væri heils árs vegasamband milli Norðurlands og Austurlands tryggt. Gegn þessari skoðun hefur hins vegar verið sett fram sú stefna sem nú hefur verið samþykkt af þingmönnum kjördæmisins, þó með nokkrum semingi af hálfu sumra, að leggja áherslu á tengingu Norðurlands við Austurland um Fjöllin vegna þess að það sé grundvallaratriði í samgöngumálum þessara tveggja landshluta, Norðurlands og Austurlands, að ná sem stystum vegi milli þessara landshluta. Að sjálfsögðu varpa þessi mál, bæði páltill. sem slík og einnig þau viðhorf sem hafa verið viðruð hér í umræðum á þinginu, skýru ljósi á þennan áherslumun, á þennan skoðanaágreining, sem hefur að sjálfsögðu komið fram í vinnu þingmanna kjördæmisins í samgöngumálum. Hins vegar hefur það orðið ofan á að samþykkja þessa áherslubreytingu og styðja það sem sérstakt verkefni að koma á heils árs samgöngum milli Akureyrar og Austurlands um Mývatnsöræfi og um Fjöllin. Þess vegna er það ekki svo að sá sem hér stendur fari með staðlausa stafi heldur hefur hann verið að vitna í þingmál sem hafa verið staðfesting á þessum skoðanaágreiningi.

[14:30]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það liggur við að ég geti farið að taka undir með forseta að nú sé umræðan komin nokkuð út fyrir það mál sem hér er á dagskrá þegar farið er að ræða um viðhorf einstakra þingmanna í Norðurl. e. til vegamála og út af fyrir sig fáránlegt að ég og hv. 5. þm. Norðurl. e. stöndum hér í deilum varðandi þennan mikilvæga þátt samgöngumálanna því ég veit ekki betur en við séum þar algerlega sammála. Vissulega verður vegasamband með ströndinni einnig, en eins og ég hef séð þá tenginu fyrir mér þá endar hún alltaf uppi á fjöllum, annars vegar upp úr Vopnafirðinum og upp á Hólsfjöllin aftur eða þá yfir Hellisheiði eystri. Því ég hef ekki séð það fyrir mér að jarðgangagerð þar

í gegn, og hef ekki séð það frá Austfirðingum, væri í fyrstu forgangsröð.

Síðan eru náttúrlega önnur rök eins og bara vegalengdarlega séð, að vegurinn um Fjöllin milli Akureyrar og Egilsstaða er þó ekki nema rúmlega 270 km. Og þó að þar sé lítil byggð þá sýnir reynslan að þetta er í meginatriðum snjólétt leið og til þess að gera auðvelt að halda henni opinni allan ársins hring og mundi að mínu mati og það hef ég alla tíð sagt, skapa alveg ný viðhorf í byggðamálum með því að tengja saman þessi tvö kjördæmi sem lengst eru frá höfuðborgarsvæðinu og þar af leiðandi eru mestar líkur á auknum samskiptum þeirra á milli heldur en hafa fylgt nánast nokkurri annarri stórri vegatengingu sem ráðist hefur verið í á umliðnum árum.

[14:32]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get ekki fallist á það að sú aðferð sem hv. síðasti ræðumaður notaði til þess að tengja atvinnumál í Mývatnssveit við samgöngumál sé fáránleg. Hann var sjálfur upphafsmaður að þessum útúrdúr þannig að ef honum finnst þessi umræða vera orðin fáránleg þá verður hann að leita að því í eigin ranni. Ég vil hins vegar geta þess að það eina sem ég hef gert athugasemdir við í þessari umræðu er það að ég finn að hv. þm. Jóhannes Geir Sigurgeirsson á í einhverjum vandræðum með að viðurkenna þá stefnubreytingu í samgöngumálum sem núv. samgrh. hefur staðið að. Ég er þeirrar skoðunar og hef ekki dregið dul á það, að ég hef viljað viðurkenna það sem vel er gert í hverju máli og mér finnst alveg ástæðulaust að vera í einhverjum vandræðum með að viðurkenna þessa stefnubreytingu.

[14:33]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég nefndi fáránleika í máli mínu áðan en það var ekki í því samhengi að við ræddum hér um samgöngumál heldur að við hv. þingmenn stæðum í deilum um mál sem við værum alveg sammála um. Ég hef viðurkennt frumkvæði núv. samgrh. í þessu máli og skárra væri það nú því að ég hef talað fyrir þessu alveg frá því að ég byrjaði að taka þátt í opinberri stefnumótun, að þarna væri eitt brýnasta verkefni óleyst í samgöngumálum. Þannig að ég hef ekki borið neinn kinnroða fyrir því og ég er ekki í neinum vandræðum með að ræða þessi mál. En ég benti hins vegar á þá einföldu staðreynd að eins og vegáætlun hefur verið samþykkt á þessu kjörtímabili þá var það gert hvað snertir Norðurl. e. samkvæmt samhljóða tillögu allra þingmanna kjördæmisins.

[14:34]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér þykir í raun og veru mjög vænt um það að þingmenn skuli almennt ekki vera í neinum vandræðum með að viðurkenna þá stefnubreytingu í þessum málaflokki í Norðurl. e. sem núv. samgrh. hefur staðið að. Það er mjög mikilsvert að menn meti þetta að verðleikum og ég er mjög þakklátur fyrir það.

[14:35]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér skilst að málið sem til umræðu er sé kísilgúrverksmiðja í Mývatnssveit og sjóður til atvinnuuppbyggingar þar. Samgöngur eru vissulega stór þáttur í því máli og ég vil undirstrika það varðandi samgöngur milli Norður- og Austurlands að það hefur í mínum huga alltaf legið ljóst fyrir að þær munu liggja í gegnum Mývatnssveit. Hins vegar hefur það verið álitamál hvar vegurinn frá Jökulsá á Fjöllum og austur ætti að liggja og það hillir undir lyktir í því máli fyrir samvinnu þingmanna Norðurl. e. og þingmanna Austurl. Það sem er gallinn við hæstv. samgrh. er að hann hefur ekki viljað hafa samráð í þessum málum eins og áður var gert og sú stefnubreyting sem mun kannski standa upp úr eftir hans feril er sú að breyta skiptingunni milli kjördæma í vegafénu og miða við höfðatölu í staðinn fyrir að miða við gömlu skiptinguna. Sú vegáætlun sem er til umræðu á Alþingi og til umræðu í samgn. núna stefnir inn í þá framtíð. Því hef ég áhyggjur af.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Forseti hefur hins vegar áhyggjur af umræðuefninu, sem hefur fjarlægst dagskrármálið.

[14:37]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég skil áhyggjur hæstv. forseta af því að umræðan sé að fara út um víðan völl og vil gera mitt til þess að koma henni aftur inn á réttan grundvöll. Hér eru til umræðu málefni sem snerta atvinnumál í Mývatnssveit og ég held að það sé rétt að láta það hér standa, að samgöngumálin hafa verulega mikil áhrif á þróun atvinnumála í Mývatnssveit og sú breyting sem orðið hefur á áherslum í þeim efnum er þess vegna Mývatnssveit og atvinnuuppbyggingunni þar mjög hagstæð og það er ástæðulaust að hafa nokkrar áhyggjur af því, hvorki fyrir þingmenn í Norðurl. e. né á Austurlandi.

[14:37]

Iðnaðarráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð. Ég ætla að þakka þeim hv. þingmönnum sem tekið hafa til máls fyrir stuðning við þetta frv. Ég mun taka ábendingar þeirra til athugunar. Hins vegar bendi ég á út af orðum hv. 6. þm. Vestf., að sjóðstjórn sú sem mér ber að skipa samkvæmt frv. ef að lögum verður er skipuð samkvæmt tilnefningu heimaaðila að þeim eina undanteknum sem iðnrh. skipar. Ég get því að sjálfsögðu ekki neitað að taka við tilnefningum heimamanna þó að þær séu ekki í fullu samræmi við þá ósk að skipting kynja verði sem jöfnust í stjórninni.

[14:38]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vænti þess að hæstv. ráðherra taki þær ábendingar til greina sem við þingmenn komum með í þessum umræðum. Hvað varðar það sem hann segir, að hann geti aðeins ráðið því hver sé tilnefndur fyrir iðnrn., þá er það að sjálfsögðu rétt. Hitt vil ég benda á að það eru þrír fulltrúar frá ríkisstjórn-

inni. Það er fulltrúi umhvrh., samgrh. og einn fulltrúi iðnrh. og hann er jafnframt formaður stjórnar, þannig að mér sýnist að hæstv. iðnrh. hafi nokkur áhrif á það hvernig þessi stjórn verður skipuð.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Læknaráð, 1. umr.

Stjfrv., 311. mál (heildarlög). — Þskj. 446.

[14:39]

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Fyrri hluta árs 1991 skipaði heilbr.- og trmrh. nefnd sem falið var að endurskoða lög um læknaráð, nr. 14/1942. Í nefndina voru skipuð Páll Sigurðsson ráðuneytisstjóri, sem var formaður, Gunnlaugur Claessen, páv. ríkislögmaður, Haukur Þórðarson yfirlæknir, Ólafur Axelsson hæstaréttarlögmaður, Ólafur Ólafsson landlæknir, Sigurður Líndal prófessor, Steingrímur Gautur Kristjánsson héraðsdómari og Þorsteinn A. Jónsson skrifstofustjóri. Ritari nefndarinnar var Dögg Pálsdóttir skrifstofustjóri. Nefndin samdi það frv. sem hér er lagt fram.

Í starfi sínu hafði nefndin hliðsjón af breyttum áherslum í málsmeðferð stjórnsýslunnar frá því að lög um læknaráð voru sett árið 1942. Samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu hefur landlæknir veigamiklu hlutverki að gegna varðandi eftirlit með starfi heilbrigðisstétta og heilbrigðisstofnana. Samkvæmt gildandi lögum um læknaráð er landlæknir jafnframt formaður læknaráðs. Það er talið að það geti ekki samrýmst nútíma stjórnsýsluháttum og nýjum stjórnsýslulögum að sami embættismaður fjalli um mál bæði í nefnd sem lög skipa hann til formennsku í og eins í embætti sínu. Slík er þó raunin þegar læknaráð, sem landlæknir er forseti fyrir samkvæmt lögum, sendir álitsgerðir varðandi t.d. siðamál til embættis landlæknis vegna mála sem embættið hefur beint til ráðsins.

Í frv. því sem hér liggur fyrir er gert ráð fyrir umtalasverðri skipulagsbreytingu á læknaráði. Gert er ráð fyrir að læknaráð starfi framvegis í tveimur deildum, réttarmálaráði og siðamálaráði. Gert er ráð fyrir að í siðamálaráði skuli sitja fimm læknar sem læknadeild Háskóla Íslands tilnefnir til fimm ára í senn. Ráðið skal sjálft kjósa sér formann. Hlutverk réttarmálaráðs verður að láta dómurum eða ríkissaksóknara í té sérfræðileg álit varðandi læknisfræðileg efni og meðferð veitt af starfsmönnum heilbrigðisþjónustunnar. Gert er ráð fyrir að um hvert mál fjalli þrír menn, formaður eða varaformaður ráðsins, einn ráðsliði, sem formaður tilnefnir og einn maður utan ráðsins sem hefur sérþekkingu á því álitaefni sem fjallað er um hverju sinni. Niðurstöður ráðsins skulu að jafnaði rökstuddar og ávallt ef sá sem álits beiðist æskir þess, svo og ef ágreiningur er í ráðinu um niðurstöður.

Í gildandi lögum er réttarmáladeild skipuð mönnum sem skipaðir hafa verið í tiltekin embætti hjá ríkinu, en það fyrirkomulag þykir óhentugt nú þegar sérfræðiþekking er orðin jafnfjölbreytt og raun ber vitni. Það fyrirkomulag sem hér er lagt til er því einfaldara í sniðum, en á jafnframt að tryggja vandaða málsmeðferð.

Gert er ráð fyrir í frv. að í siðamálaráði læknaráðs sitji þrír menn, einn lögfræðingur og tveir læknar. Ráðherra skipar formann ráðsins. Siðamálaráði er ætlað að sinna sömu verkefnum og siðamáladeild læknaráðs sinnir nú, auk þess sem gert er ráð fyrir að því verði falin verkefni úrskurðarnefndar um ágreiningsmál samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu. Úrskurðarnefnd um ágreiningsmál hefur fengið sífellt fleiri mál til umfjöllunar á síðustu árum. Starfsaðstaða nefndarinnar hefur á hinn bóginn verið erfið og hún því vanbúin til að sinna málum sem þessum. Samkvæmt frv. verður hlutverk siðamálaráðs að láta almenningi, heilbrrh. og landlækni í té álit sitt á því hvort greining, meðferð, aðgerð, hegðun eða framkoma starfsmanns í heilbrigðisþjónustu sé tilhlýðileg eða ekki og láta heilbrrh., samkvæmt beiðni, í té álit á því hvort svipta beri starfsmann í heilbrigðisstétt starfsréttindum vegna háttsemi eða endurveita honum slík réttindi hafi hann verið sviptur þeim. Niðurstöður siðamálaráðs skulu rökstuddar.

Í frv. eru ákvæði um að læknaráð, þ.e. bæði réttarmálaráð og siðamálaráð, skuli ákveða mál innan tiltekins tímafrests, sem ákveðinn er þrír mánuðir í frv. Þó er gert ráð fyrir að dómari sem óskar álits réttarmálaráðs geti gefið ráðinu styttri frest ef sérstaklega stendur á. Það er talið sérstaklega mikilvægt að setja reglur um málsaðila hjá læknaráði því nokkuð hefur borið á kvörtunum yfir því að seint gangi að fá álitsgerðir þess læknaráðs sem nú starfar. Á þetta ekki síst við um álit sem dómstólar óska eftir hjá læknaráði.

Frv. gerir ráð fyrir að læknaráði verði búin þannig starfsaðstaða að deildir ráðsins geti sinnt starfi sínu með þeim hætti sem frv. gerir ráð fyrir. Gert er ráð fyrir að lög þessi öðlist gildi 1. jan. 1996 og að við gildistöku þeirra falli úr gildi lög um læknaráð, nr. 14/1942 og 2.–7. málsl. 5. mgr. 3. gr. laga um heilbrigðisþjónustu.

Virðulegi forseti. Ég hef nú rakið helstu efnisatriði nýs frv. til laga um læknaráð. Hér er um að ræða nauðsynlega endurskoðun á liðlega 50 ára gömlum lögum sem óneitanlega voru barn síns tíma. Ég ítreka að breyttar kröfur í stjórnsýslunni gera það nauðsynlegt að lagaákvæði um læknaráð séu endurskoðuð með þeim hætti sem hér er lagt til. Ég leyfi mér því að mæla með að frv. þetta fái afgreiðslu á þessu þingi og að frv. verði vísað til 2. umr. og meðferðar hv. heilbr.- og trn.

[14:45]

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Það frv. til laga sem hæstv. heilbrrh. hefur mælt fyrir um læknaráð er að mínu viti um margt merkilegt að því leyti til að það tekur á hlutum sem nauðsynlegt var að breyta, hlutum sem snúa að landlæknisembættinu. Og eins og fram kom í ræðu hæstv. heilbr.- og trmrh. þá er auðvitað óviðunandi að sá maður er gegnir því ágæta embætti sé beggja vegna

borðsins. Ekki það að Ólafur Ólafsson sé ekki þess megnugur heldur hitt að embættið sem slíkt á auðvitað ekki að starfa með þeim hætti. Að því leyti til tel ég að hér sé um hið besta mál að ræða hjá hæstv. heilbr.- og trmrh. Það var full ástæða til að gera þarna bragarbót á og breyta starfsháttum læknaráðs með þeim hætti sem hér er lýst, án þess þó að ég ætli nákvæmlega að lýsa mig samþykkan öllum þeim einstöku breytingum sem þar eru lagðar til. En í heild sinni sýnist mér að málið taki á breyttum stjórnsýsluháttum sem nauðsynlegt er að taka á.

Það var nokkuð merkilegt að þegar til stóð hér fyrir áramót að færa héraðslæknisembættin, leggja þau niður í Norðurl. e. og í Reykv. og færa þau að hluta til undir verkefni landlæknisembættisins, þá fannst mér það alls ekki geta gengið upp stjórnsýslulega séð þar sem landlæknir væri þá í mörgum tilfellum beggja vegna borðsins; að taka ákvarðanir um framkvæmd einstakra hluta en geta síðan síðar meir lent í þeirri aðstöðu að dæma í eigin málum. Þannig er auðvitað útilokað að haga stjórnsýslunni.

Eins og fram kemur í frv. þá er gert ráð fyrir að læknamálaráð starfi í tveim deildum, þ.e. réttarmáladeild og siðamáladeild. Það hefur skort mjög á í störfum læknaráðs að það skilaði nógu fljótt frá sér álitsgerðum bæði til dómstóla og eins í einstökum málum, hvort sem það snýr að starfsfólki heilbrigðisþjónustunnar eða þá að einstaklingum sem leita réttar síns hjá læknaráði. Nú sé ég að í þessu frv. er gert ráð fyrir því að ákveðinn tímamörk séu sett á það hversu langan tíma læknaráð getur í hvorri deild um sig tekið sér til að fjalla um mál og það er mikil réttarbót fyrir þá sem þurfa að búa við og ekki síst þá sem eru að bíða eftir niðurstöðum læknaráðs. Þannig að í heild sinni finnst mér þetta frv. marka tímamót að því leyti til að það er verið að taka þarna á gömlum og úreltum lögum og færa til betri vegar og ekki síst í ljósi þess að það eru orðin ný stjórnsýslulög í landinu sem einmitt eiga að ganga til móts við einstaklingana þar sem þeir hafa eðlilegri aðgang að upplýsingum og um leið líka að fá skjótari og hraðari úrlausn sinna mála. Mér finnst þetta frv. ganga í þá átt og þar af leiðandi lýsi ég mig samþykkan meginefni frv., en áskil mér auðvitað rétt í starfi hv. heilbr.- og trn. til að skoða málið gaumgæfilega.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tóbaksvarnalög, 1. umr.

Stjfrv., 312. mál (heildarlög). — Þskj. 447.

[14:49]

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Það var með bréfi Guðmundar Bjarnasonar, þáv. heilbr.- og trmrn., frá 15. nóv. 1988, sem óskað var eftir tillögum tóbaksvarnanefndar, sem skipuð var í september 1988, um breytingar á lögum um tóbaksvarnir af fenginni reynslu. Þegar var farið að vinna að þessu máli en þá komu fram ýmsar hugmyndir um æskilegar breytingar svo talið var rétt að endurskoða lögin í heild. Þau lög voru síðan endurskoðuð m.a. í samráði við samtök heilbrigðisstétta og við félög áhugamanna um heilsuvernd.

Nefndin lauk síðan við að semja frv. Í nefndinni áttu sæti Egill Heiðar Gíslason framkvæmdastjóri, sem var formaður, Helgi Guðbergsson yfirlæknir og Þorvarður Örnólfsson framkvæmdastjóri.

Þessi nefnd skilaði mér síðan frv. sem ég hafði til skoðunar um nokkurn tíma. En í tóbaksvarnanefnd sem skipuð var haustið 1992, og í eiga sæti Halldóra Bjarnadóttir framkvæmdastjóri, formaður, Helgi Guðbergsson og Þorvarður Örnólfsson, var farið yfir frv. og gerðar nokkrar breytingar á því í samráði við Guðmund Árna Stefánsson, þáv. heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, sem lagði síðan frv. fram á Alþingi í fyrra, en frv. var þar ekki afgreitt.

Meðal nokkurra helstu nýmæla frv. má nefna:

Réttur fólks til reyklauss lofts er afdráttarlaust viðurkenndur og sérstaklega kveðið á um rétt barna.

Munntóbak verður bannað.

Hámark skaðlegra efna í tóbaki skal ákveðið.

Merkja skal sígarettupakka með upplýsingum um tjöru- og nikótíninnihald.

Bannað er að auglýsa varning sem ber heiti eða auðkenni tóbakstegunda í vörumerki sínu.

Uppstilling á tóbaki á sölustöðum er bönnuð.

Tóbakssala á heilbrigðisstofnunum er bönnuð.

Heimild til smásölu á tóbaki er takmörkuð við matvöruverslanir, sælgætisverslanir og veitinga- og gististaði.

Skýrari ákvæði eru sett um takmarkanir á reykingum á veitingastöðum.

Veitt er svigrúm til að heimila reykingar í afmörkuðum hluta húsnæðis í flugstöðvum og umferðarmiðstöðvum. Reykingar eru alveg bannaðar á sjúkrahúsum, nema sjúklingum sem fá til þess undanþágu, svo og í framhaldsskólum og á opinberum fundum.

Vinnuveitendum ber að sjá til þess að starfsfólk njóti réttar til að vinna í reyklausu umhverfi.

Reykingar verða óheimilar í öllu millilandaflugi frá árinu 1996.

Kveðið er á um skyldu forráðamanna húsnæðis og almenningsfarartækja til að gera ráðstafanir til að ákvæðum laganna sé framfylgt.

Veita skal fræðslu á heilbrigðisstofnunum um áhrif tóbaksneyslu.

Fjárveitingar til tóbaksvarna skulu auknar.

Tóbaksveitingar opinberra aðila eru bannaðar.

Við ítrekað brot á banni við tóbakssölu til barna er heimilt að svipta smásöluaðila leyfi til tóbakssölu um tiltekinn tíma.

Og gert er ráð fyrir því að næstu fimm ár eftir gildistöku laganna skuli verð á tóbaki hækka umfram almennt vöruverð.

Eins og heyra má á þessari upptalningu er mjög víða komið við og hertar mjög allar reglur um meðferð tóbaks, sölu tóbaks, tóbaksreykingar og verðlagningu tóbaks. Alveg er ljóst að sumar af þessum regl-

um eru þess eðlis að það er ekki líklegt að þær fái stuðning hér á hinu háa Alþingi, þó aðrar séu þannig að þær séu sums staðar komnar í framkvæmd nú þegar og enn aðrar þannig að þær ákvarðast við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni.

Þó bið ég hv. þm. að hafa það í huga að sá árangur sem náðist til að draga úr tóbaksnotkun og tóbaksreykingum fyrir nokkrum árum síðan er nú á undanhaldi. Nýlega var haldið hér í Reykjavík heilbrigðisþing þar sem m.a. kom fyrirlesari frá Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni. Hann varaði okkur Íslendinga mjög við því að samfara auknum reykingum meðal kvenna færi nú mjög vaxandi lungnakrabbamein meðal kvenna, enda væri nú svo komið að það væri ásamt brjóstakrabbameini það krabbamein sem orsakaði flest dauðsföll meðal kvenna og varaði hann mjög við þessari þróun og hvatti Íslendinga til að spyrna hér við fótum. Það verður auðvitað ekki gert nema með því að draga úr reykingum því það þykir orðið sannað og enginn eða mjög fáir sem mæla gegn því, að tóbaksreykingar eru aðalorsakavaldur lungnakrabbameins í fólki og einn af meginorsakavöldum hjarta- og æðasjúkdóma. Þannig að það er alveg ljóst að það er keppikefli fyrir heill og hamingju þjóðarinnar að dregið skuli úr tóbaksreykingum og við Íslendingar höfum raunar undirgengist þá skilmála að beita okkur fyrir því.

Mér þykir rétt, virðulegi forseti, að óska eftir að frv. verði vísað til hv. heilbr.- og trn. í því formi sem það var flutt hér á Alþingi síðast. Mér er það ljóst að það má búast við að nefndin geri allverulegar breytingar á frv., ef hún fellst á að reyna að afgreiða það, en það verður þá svo að vera. Það er auðvitað Alþingi sem hefur síðasta orðið. En ég hvet nefndarmenn eindregið til þess að reyna að ná samstöðu um það að afgreiða einhverja þætti þessa máls því sannleikurinn er sá að það er löngu orðið tímabært að gera sérstakt átak til þess að draga úr tóbaksneyslu og þá reykingum meðal beggja kynja, ekki síst kvenna þar sem lungnakrabbamein er orðið eitt helsta og algengasta banamein í dag og fer vaxandi og enn fremur að draga úr reykingum meðal skólabarna sem aftur virðast vera að færast í vöxt.

Ég leyfi mér því, virðulegi forseti, að leggja til að frv. verði vísað til hv. heilbr.- og trn. og 2. umr. og mælast til þess við hv. nefndarmenn að þeir reyni að ná samstöðu um að afgreiða a.m.k. einhvern hluta þessa frv. fyrir þinglausnir.

[14:55]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég held að mjög margir aðilar úti í þjóðfélaginu séu farnir að bíða eftir því að þetta frv. fari hér í gegnum þingið og verði samþykkt. Hugsanlega með einhverjum breytingum, ég skal ekkert um það segja. Það er staðreynd að þau lög sem hér voru sett árið 1984 mörkuðu merkileg tímamót í sögu tóbaksvarna hér á landi og skiluðu miklum árangri og vöktu mikla athygli úti um allan heim og alveg rétt sem um það er sagt hér í athugasemdum.

En ég vil einnig í umræðum um þetta frv. vekja athygli á þeirri þál. um íslenska heilbrigðisáætlun sem var samþykkt á Alþingi hinn 19. mars 1991, en þar segir í 8. lið, með leyfi forseta:

„Draga skal úr og helst útrýma neyslu tóbaks með því að fá fólk til að byrja ekki að reykja og þá sem reykja til að hætta. Til þess að ná þessu takmarki verður að auka bæði upplýsingar og áróður og athuga sérstaklega tengsl milli reykinga og annarra lífshátta. Koma þarf í veg fyrir að fólk sem ekki reykir þurfi að líða tóbaksreyk. Verð á tóbaksvörum ætti að hækka umfram almennar verðhækkanir. Útiloka ber áhrif innflytjenda á útsöluverð tóbaksvara."

Ég vil sérstaklega leggja áherslu á þessa næstsíðustu setningu, að verð á tóbaksvörum ætti að hækka umfram almennar verðhækkanir. Ég held að það sé líka einn liðurinn í tóbaksvörnum að það sé hægt að hækka verð á tóbaki og það sé þá liður í því að draga úr sölunni. En það er aftur á móti mjög erfitt að segja slíkt í dag vegna þess að tóbak og áfengi er inni í framfærsluvísitölu og þá hefur þetta allt saman áhrif á verðbólgu og vísitölur og það getur rokið upp úr öllu valdi. Þess vegna hefur alltaf verið tilhneiging til að halda niðri verði á tóbaki líka þess vegna.

Ég held aftur á móti að þessu þurfi að breyta, það þurfi að afnema áhrif tóbaks og áfengis á framfærsluvísitöluna. Ég veit að framfærsluvísitalan er byggð á neyslukönnun. Ég tel bara ekki rétt að hún sé það. Hún á að endurspegla þörfina á framfærslunni en ekki óþarfa og heilsuspillandi vöru eins og t.d. tóbaki.

Ég vildi koma þessu að vegna þess að þetta er í íslenskri heilbrigðisáætlun, sem samþykkt var hér og því eðlilegt að við á Alþingi reynum að vinna eftir þessari áætlun.

Það má einnig minna á það að síðasta setningin í þessari ályktun er, með leyfi forseta:

„Útiloka ber áhrif innflytjenda á útsöluverð tóbaksvara" og það kemur ekki alveg heim og saman við þá stefnu hæstv. ríkisstjórnar að afnema einkaleyfi Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins á innflutningi, sölu og dreifingu áfengis. Hvort þar mundi verða átt við tóbak skal ég ósagt látið. Það hefur einu sinni komið fram á Alþingi frv. um það líka en hefur þó ekki verið lagt fram aftur. Þannig að e.t.v. hefur hæstv. ríkisstjórn hætt við það hvað varðar tóbak, en þetta er enn hér inni á Alþingi óafgreitt hvað varðar áfengi.

Ég vil aðeins lýsa því yfir að ég tel að það sé, eins og ég sagði áðan, mjög þarft að koma fram með þetta og sérstaklega vil ég fagna 8. gr. þar sem segir, að það sé bannað að flytja inn, framleiða og selja munntóbak.

Það hefur verið vaxandi áhyggjuefni þeirra sem hafa áhyggjur af neyslu, sér í lagi unglinga, hvað neysla á munntóbaki hefur aukist og má segja alls konar neysla á slíku tóbaki sem kallað er reyklaust tóbak sem notað er á ýmsa vegu. Þetta er mjög hættuleg notkun og þarf að halda vel á lofti vörnum gegn henni og þess vegna er ég mjög ánægð með að það skuli vera sett í þetta nýja frv. að bannað sé að flytja inn, framleiða og selja munntóbak. Hins vegar finnst mér það nokkur langur aðdragandi að í ákvæði til bráðabirgða skuli

vera að fram að 1. jan. 1997 megi þrátt fyrir þetta ákvæði halda áfram að flytja inn og selja þá tegund munntóbaks sem Áfengis- og tóbaksverslunin hefur haft á boðstólum. Það er því nokkuð langur aðdragandi að því að framfylgja 8. gr. ef frv. verður samþykkt.

Ég vil enn og aftur koma á framfæri þeim áhyggjum sem þeir sem um þessi mál fjalla hvað mest hafa af þessu svokallaða reyklausa tóbaki. Ég vildi spyrja hæstv. ráðherra að því hvort nokkuð sérstaklega sé tekið á því í þessu frv., hvort það sé nokkuð meira en bara um munntóbakið, hvort sérstaklega sé tekið á því sem kallast reyklaust tóbak sem er afar hættulegt.

[15:02]

Pétur Bjarnason:

Virðulegi forseti. Ég kem hérna upp til þess að mæla með því að frv. til tóbaksvarnalaga verði gert að lögum og jafnvel þó einhverjar breytingar verði á. Ég ætla ekki að fjalla um lögin í heild sinni en taka undir það að með tóbaksvarnalögunum sem tóku gildi 1985 varð heilmikil breyting á reykingavenjum landsmanna og í kjölfar þess kom áróður í skólum á meðal ungs fólks. Því miður hafa reykingar unglinga aukist aftur síðan og ég held að þörf sé á átaki og fagna því að það skuli vera ákvæði í frv. um reglubundna fræðslu í skólum. Auk þess þyrfti landsátak sem beindist að ungu fólki.

En það var fyrst og fremst eitt atriði sem ég vildi ræða sem reyndar er ekki í frv. en mér fyndist að ætti að vera þar. Það er lýst í athugasemdum fjórþættum markmiðum tóbaksvarna sem Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur skilgreint þannig:

1. Að ungt fólk byrji ekki að reykja.
2. Að reykingamenn hætti að reykja og fái til þess hvatningu og aðstoð.
3. Að þeir sem hætta ekki að reykja fái sem minnst af skaðlegum efnum úr reyknum.
4. Að þeir sem ekki reykja njóti verndar gegn tóbaksreyk frá öðrum.

Eitt af þessum markmiðum hljóðar þannig að reykingamenn hætti að reykja og fái til þess hvatningu og aðstoð. Mér finnst að þó svo að góður hugur sé á bak við þetta frv. þá vanti þennan þátt alveg inn í. Það er staðreynd, sem hérna kemur fram, að tæpur þriðjungur landsmanna er háður tóbaki, reykingum, þ.e. milli 25–30% að ætla má og það er verulega stór hluti. Sé það markmið með þessum tóbaksvarnalögum og þeirri stefnu sem uppi er að reyna að losa sem flesta undan tóbaksnautninni þá finnst mér að í tóbaksvarnalögum ætti að taka á því máli.

Nú er það þannig að þeir sem hætta að reykja nota til þess ýmis meðul sem fást í lyfjabúðum en eru óhóflega dýr og það dýr að fólk veigrar sér jafnvel við því að nota þau. Í mörgum tilfellum er það dýrara meðan á því stendur að hætta tóbaksnautninni meðan þarf að kaupa þau efni sem eru ráðlögð en halda áfram að reykja. Þarna er atriði sem ég held að nefndin ætti að taka verulega til athugunar, að koma til móts við þennan hóp sé markmiðið, eins og ég held að sé, að aðstoða þennan hóp til þess að losna undan tóbaksnautninni. Þetta eru verulegir peningar og fólk horfir í þetta, e.t.v. með þeim afleiðingum að sú tilraun sem gerð er tekst síður en ella. Ég vildi fyrst og fremst koma þessu á framfæri en að öðru leyti held ég að tóbaksvarnir og það að draga úr neyslu tóbaks hvort heldur sem er reyklaust eða ekki sé markmið sem sé mjög nauðsynlegt að vinna að.

[15:06]

Tómas Ingi Olrich:

Virðulegi forseti. Ég vil fagna því að þetta frv. til tóbaksvarnalaga er fram komið og taka heils hugar undir öll meginmarkmið þess um leið og ég lýsi áhyggjum yfir því að frv. hafi ekki verið lagt fram fyrr enda má reikna með því að sá stutti tími sem við höfum til stefnu geri það erfitt að ná málinu fram þó að ég lýsi því hér yfir að ég muni gera það sem ég get til þess að stuðla að því að málið nái fram að ganga.

Eins og fram kemur í greinargerð með þessu frv. hefur verulegur árangur náðst í baráttunni við reykingar og tóbaksneyslu síðan lög um tóbaksvarnir voru samþykkt og tóku gildi á árinu 1985. Er raunar svo komið að við stöndum til þess að gera vel í þessum málum. Við stöndum framar fjölmörgum öðrum þjóðum og ef maður ber saman ástandið hér á Íslandi t.d. við Mið-Evrópu eða Suður-Evrópu þá er þar ólíku saman að jafna. Ég er að vísu ekki að segja að það sé neitt sérstakt afrek að standa framar en þessar þjóðir því að þær eru djúpt sokknar í þessa neyslu.

Engu að síður eru ákveðnar blikur á lofti hér í sambandi við þann árangur sem náðst hefur. Það eru ákveðnar blikur á lofti sem benda til þess að ný sókn tóbaksneyslunnar geti verið að ríða yfir þjóðfélagið. Ég hefði viljað spyrja hæstv. ráðherra vegna þess að ég geri fastlega ráð fyrir því að hann hafi upplýsingar um það þó að það séu ekki nákvæmar upplýsingar, þá almennar upplýsingar um það hvort menn hafi kannað þessa hluti og hvort þær kannanir bendi til þess að meðal ungs fólks séu reykingar og tóbaksneysla aftur að aukast.

Það er mjög mikilsvert að við séum vakandi í þessu máli því að þau markmið sem sett eru fram í frv. tengjast mjög náið almennri heilsuvernd á Íslandi.

Við 1. umr. hef ég hins vegar í huga að beina athyglinni að einu ákvæði frv. sem er í II. kafla þess sem fjallar um verslun með tóbak. Þar er, virðulegi forseti, í 8. gr. kveðið á um að bannað sé að flytja inn, framleiða og selja munntóbak. Ég hefði viljað spyrja hæstv. ráðherra að því hvort ekki hafi verið í fyrri gerðum frv. ákvæði um það að banna að flytja inn, framleiða og selja fínmalað neftóbak. Það hafa komið fram í máli ræðumanna áhyggjur af því að neysla á fínmöluðu neftóbaki fari vaxandi og það vekur athygli mína að í athugasemdum með 8. gr. frv. segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Munntóbaksneysla er hér um bil úr sögunni og neysla neftóbaks sem framleitt er hér á landi hefur dregist mjög saman og er að mestu leyti bundin við roskna karlmenn."

Nú er það svo að eftir upplýsingum sem ég hef þá

hefur einmitt orðið mjög mikil aukning núna nýverið á innflutningi á fínmöluðu munn- og neftóbaki. Ég hygg að það sé rétt að árið 1994 hafi verið flutt inn mun meira af þessu fínkornaða munn- og neftóbaki en árið áður og að fram hafi komið um 50% aukning á munntóbaksneyslu og neftóbaksneyslu þegar um fínkorna tóbak er að ræða. Sérstaklega hef ég það fyrir satt að um 30% aukningu sé að ræða hjá unga fólkinu í þessum neysluflokki. Þess ber að geta að í þessu fínmalaða tóbaki er nikótínmagn meira en í íslensku framleiðslunni, sem stundum gengur undir nafninu „gamli ruddinn". Í 2,5 g af fínkornuðu tóbaki eru um 31–62 mg af nikótíni en ef við berum þetta saman við íslensku framleiðsluna þá eru í 1 g um 10 mg þannig að í 2,5 g af þessu grófa tóbaki er mun minna en í fínmalaða tóbakinu. Þarna er um að ræða áhyggjuefni sem tengist því að um mjög aukinn innflutning og neyslu á þessari tegund tóbaks er að ræða. Þessi aukna neysla ýtir undir að tekið sé á þessu í frv. og að fellt verði inn í 8. gr. frv. bann við að flytja inn, framleiða og selja fínmulið neftóbak. Ég hef því lagt áherslu á það að fá umfjöllun um þetta við 1. umr. um þingmálið og viðbrögð hæstv. ráðherra og þingmanna við þeirri hugmynd að fella inn í þetta frv. bann við því að flytja inn, framleiða og selja fínmulið neftóbak.

Þetta eru þær ábendingar sem ég kem fram með við 1. umr. málsins en ég endurtek það í lok máls míns að ég fagna því að þetta mál er komið fram og mun styðja það heils hugar að það nái fram að ganga eins hratt og unnt er.

[15:13]

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa mörg orð um þetta frv. við 1. umr. málsins. Það er svo að þetta er orðinn nokkuð góður kunningi okkar í þinginu, frv. til laga um tóbaksvarnir. Það hefur áður verið lagt fram eins og fram kom í ræðu hæstv. heilbr.- og trmrh. Það er ágreiningur um þetta mál og hefur verið nokkuð lengi. Ég man eftir því þegar tóbaksvarnanefnd var að reyna að koma frumvarpsdrögum á blað strax í upphafi.

Það efast hins vegar enginn um þann árangur sem varð af lögunum frá 1984. Það er árangur sem í raun hefur skilað sér með *því að verulega hefur dregið úr* tóbaksreykingum hér á undanförnum árum. Eins og fram hefur komið við umræðuna er margt sem bendir til þess að tóbaksreykingar séu aftur að aukast og ekki síst hjá ungu fólki og við því þarf að bregðast því að það efast enginn um það hversu skaðlegar tóbaksreykingarnar eru. Ég er því í sjálfu sér sammála þeim anda sem fram kemur í þessu frv., að leitað sé leiða til þess að draga úr reykingum. Mér finnst hins vegar þær leiðir sem er bent á og þær leiðir sem á að fara samkvæmt frv. séu að mörgu leyti mjög róttækar. Það er um miklar takmarkanir á sölu að ræða. Það er algert bann við auglýsingum eins og verið hefur. Það eru takmarkanir á því hvar menn mega reykja og þar fram eftir götunum. Þá hlýtur maður að spyrja sig þegar maður veltir öllum þessum takmörkunum fyrir sér: Hvernig erum við í stakk búin til þess að framfylgja öllum þeim takmörkunum sem frv. gerir ráð fyrir verði það að lögum? Því miður held ég að við séum ekki í stakk búin til þess að fylgja þessu eftir verði frv. gert að lögum. Það að banna hluti sem ekki er hægt að fylgja eftir held ég að menn þurfi aðeins að staldra við og spyrja sig þeirrar spurningar hvort það sé skynsamlegt. Mín niðurstaða er því sú að þarna sé verið að stíga fullstórt skref. Það ætti að taka smærri og hafa þau smærri og það fannst mér að hæstv. heilbr.- og trmrh. væri að ýja að hér áðan þegar hann taldi að það væri verðugt verkefni fyrir hv. heilbr.- og trn. að kanna hvort rétt væri að taka einstaka þætti frv. og lögfesta. Því vil ég spyrja: Er þetta réttur skilningur og hvað væri það þá í þessu frv. sem hæstv. heilbr.- og trmrh. vildi leggja sérstaka áherslu á að tekið væri út og lögfest? Ég get tekið undir þetta að ég held að það sé með þeim hætti sem við ættum að vinna málið. Kannski er tíminn of knappur til þess að við komum því öllu í kring á þeim þremur vikum sem eftir eru af þingtímanum en við verðum að bregðast við þeirri vá sem er fyrir dyrum ef sú staðreynd á við rök að styðjast sem haldið er fram að tóbaksreykingar séu aftur að aukast því að allir vita hversu skaðleg áhrifin af slíku eru. Það skiptir því máli að menn séu tilbúnir nú þegar að bregðast við.

Ég vil ítreka spurninguna: Hvað er það þá sem hæstv. heilbr.- og trmrh. telur að ætti að vera fyrsta skref í þessu sem nefndin gæti komið aftur með inn í *þingið því að ég sé það fyrir mér að það er útilokað á* þeim skamma tíma sem eftir er að fá þetta frv. samþykkt í heild sinni vegna þess að hvort sem maður er sammála anda frv. eða ekki þá er þarna um mjög veigamiklar breytingar að ræða og breytingar sem ég held að við séum alls ekki í stakk búin að öllu leyti að fylgja eftir. Því skiptir það máli hver eiga að vera forgangsverkefnin sem menn tækju út og mundu þá reyna að lögfesta strax á þessu þingi.

[15:18]

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég get verið sammála því sem fram kemur í þessu ágæta frv. að það ber að gera allt sem hægt er til þess að draga úr tóbaksnotkun. Enginn deilir um að hún er óheppileg heilsu manna. Hins vegar *held ég að þetta frv. leysi þann vanda ekki af þeirri* einföldu ástæðu að allar lagabreytingar sem breyta háttum manna á svo áhrifamikinn hátt sem hér er ætlast til þar sem 25–30% þjóðarinnar eiga í hlut þá verður það ekki gert með lagasetningu sem þessari. Það getur auðvitað ekkert fengið Íslendinga fremur en annað fólk til að breyta háttum sínum til betri heilsu með því að hætta reykingum nema fræðsla og þegar lög eru sett sem varða daglegt líf fjórðungs þjóðarinnar ber að sýna þeim fjórðungi sem til stendur að breyta alla virðingu og það er ekki gert hér. Það væri ekkert vandamál að fá fólk til að hætta að nota tóbak ef það væri fólki auðvelt en svo er ekki. Þess vegna þýðir ekki að setja boð og bönn eins og hér liggja fyrir.

Að öðru leyti finnst mér líka í þessu frv. ýmsar þversagnir. Ef menn eru fyrst og fremst að sinna því fólki sem kannski geldur þess að vera með reykinga-

fólki og eins og hér er verið að tala um, að vernda fólk gegn loftmengun af völdum tóbaksreyks, þá finnst mér raunar að þessi lög eigi ekki að heyra undir hæstv. heilbr.- og trmrh. heldur umhvrh. Það er dálítið erfitt hins vegar að átta sig á hvernig menn geta orðið fyrir loftmengun af nef- og munntóbaki en hæstv. ráðherra kann sjálfsagt á því einhverja skýringu.

Annað er það atriði sem auðvitað er fullt af tvískinnungshætti og það er sala tóbaksvöru. Það er kynduget að þeir sem eru að selja þessa vöru megi ekki auglýsa hana. Í raun og veru er ég alveg sammála því. En hitt er annað mál að það er ekki réttlátt gagnvart þeim sem eru að selja vöruna og ég vil reyndar spyrja hæstv. ráðherra vegna þess að ég bara hreinlega veit það ekki: Hvaða ráð hefur ráðuneytið til þess að skikka tóbaksframleiðendur til að standa straum af hinu og þessu sem þessi lög ákveða? Hafa framleiðendur engan rétt til þess að hreinlega mótmæla því? Ég átta mig ekki alveg á því hvers konar viðskiptahættir þar eru á ferðinni. Ég vil líka spyrja: Hvað með EES-samninginn? Nú sýnist mér að við séum að setja hér lög sem ekki eru endilega í takt við lög þeirra þjóða sem eru aðilar að EES-samningnum þannig að ég vil spyrja: Hefur verið gengið úr skugga um hvað af þessu er í raun og veru í valdi okkar? Ég satt að segja veit þetta ekki.

Síðan komum við að því, sem er nú kannski vandræðalegast í þessu, að í 15. gr. frv. er upp talið hvar tóbaksreykingar eru með öllu óheimilar og það eru ekki fáir launþegar sem þetta varðar því þarna er um að ræða í grunnskólum, dagvistun, á opinberum samkomum, heilsugæslustöðvum, læknastofum, sjúkrahúsum, framhaldsskólum o.s.frv. Og nú vil ég spyrja hæstv. ráðherra: Segjum nú að í Háskóla Íslands, þar sem búið er að banna notkun tóbaks í öllum stofnunum háskólans, séu menn á miðjum aldri, virtir lærdómsmenn sem þar hafa unnið alla sína tíð og enginn vildi missa. Nú hafa þeir gjarnan sínar eigin skrifstofur og sú spurning hefur auðvitað komið upp hvort þeir hafi ekki leyfi lengur til að reykja eða taka í nefið á skrifstofum sínum. Svarið er nei, það má ekki. Það er óheimilt. Og nú vil ég spyrja: Er svo komið að sæti menn þessu ekki, eigi þeir enga aðra kosti en að segja upp störfum eða hvaða viðurlögum er hægt að beita þá?

Nú má vel vera að allir virðulegir prófessorar, lektorar og dósentar Háskóla Íslands séu tilbúnir til að hætta að reykja en gangi þeim það eitthvað erfiðlega, þá hlýtur maður að spyrja: Á hvort er lögð meiri áhersla að halda góðum starfskrafti eða fá einhvern annan sem ekki reykir? Þetta nær auðvitað ekki nokkurri átt og þetta sér hver maður. Ég býst við að flestir foreldrar hugsuðu sig um ef til stæði að skipta út góðum kennara barnanna sem kannski hefði kennt þeim um árabil en hann treysti sér ekki lengur til að vera í starfi vegna þess að hann mætti ekki reykja allan guðslangan daginn. Vildum við virkilega skipta um kennara? Ég held ekki. Auðvitað verður að fara þarna eitthvert bil beggja og sýna því fólki einhverja lágmarksvirðingu sem hefur nú einu sinni ánetjast þessum lesti. Sannleikurinn er sá að við höfum öll séð það allt í kringum okkur að menn hafa setið að störfum, ekki síst í hinum opinbera geira, stundum létt mjúkir og stundum dauðadrukknir. Það höfum við séð. Það er ekki bannað með lögum. Það stendur hvergi að læknum sé óheimilt að stunda lækningar svo að ég viti undir áhrifum áfengis. (**Heilbrrh.:** Jú, heldur betur, þeir geta misst réttindin.) Já, já, þegar það uppgötvast en svona offors gengur auðvitað ekki. Ég vil enn og aftur taka það fram að ég mæli ekki reykingum bót eða tóbaksnotkun á nokkurn hátt. En að breyta háttum manna, fjórðungi þjóðarinnar, svo umtalsvert í einu vetfangi, er ekki hægt. Þetta vitum við öll. Þetta er einfaldlega ekki hægt. Sem betur fer hefur fólk reynt að hætta þessu en það hefur gengið á ýmsan hátt eins og við höfum séð í kringum okkur og ég geri ekki ráð fyrir að mönnum verði sagt upp störfum þó að þeir reyki. Verri lestir finnast nú þegar öllu er á botninn hvolft. Og ég verð að segja alveg eins og er að mér finnst það stundum dálítið sérkennilegt að maður sér dag eftir dag auglýsingar í blöðum bæjarins þar sem verið er að auglýsa eftir svokölluðum au-pair stúlkum. Einhvern veginn finnst mér að ef ég hefði einhvern tíma auglýst eftir slíkum starfskrafti hefði ég óskað eftir vel menntaðri barngóðri stúlku til að gæta barnanna minna og sem þætti vænt um börn. Nei, þess þarf ekki. Það er ósköp venjulegt að sjá: Au-pair stúlka óskast til að gæta tveggja barna, þriggja barna eða fjögurra barna. Má ekki reykja. Það er eina krafan. Hún má vera hin versta manneskja að öllu leyti bara ef hún ekki reykir.

Hæstv. forseti. Ég held ekki að það sé vit í svona áróðri. Og þetta verkar ekki. Og hvað hefur enda komið í ljós? Á tímabili sá maður það sér til mikillar ánægju og gleði að ungt fólk byrjaði ekki að reykja og stórir hópar ungmenna reyktu ekki og reykja ekki enn þann dag í dag. En nú ber svo við að þetta virðist vera að skjóta upp kollinum aftur. Það er ekki lengur eins óaðlaðandi að reykja eins og var og það skyldi nú aldrei vera að þessi áróður okkar hafi reynst ótrúverðugur. Það er nefnilega þannig að svona herferð verður að vera trúverðug umfram allt til þess að hún hafi einhver áhrif.

Um þetta er svo sem ekki mikið annað að segja. Ég vil ítreka fyrirspurnir mínar til hæstv. heilbr.- og trmrh. Hver eru viðurlög við því að brjóta bann stofnana við reykingum? Nú vitum við að í öllum mannmörgum stofnunum er hópur af fólki sem notar tóbak og við höfum séð þessa raunalegu sjón þar sem starfsfólk sem er búið að vinna áratugum saman, vinsælt og vel látið á sínum vinnustað, hímir úti undir húsveggjum til að fá sér tóbak. Ég vil spyrja: Eru einhver viðurlög við því að nota tóbak t.d. inni á eigin skrifstofum sem ekki geta talist húsnæði fyrir almenning? Ég held að þetta verði að vera alveg skýrt. Og einnig vil ég spyrja hæstv. ráðherra hvernig það sé hvort sala á tóbaki sé í samræmi við það sem gerist í viðskiptum innan Evrópska efnahagssvæðisins. Ég held t.d. að Danir hljóti að vera með allt aðrar reglur inni. Mér sýnist það á öllu. Það þarf ekki annað en koma til þess lands til að sjá það. Þess vegna vil ég vita hvar sá samningur kem-

ur inn í þetta mál. (**PBj:** Viðurlög eru í 27. gr.) Og í þriðja lagi, það er nú rétt að ég trúi því, hv. 2. þm. Vestf., að virtir starfsmenn verði sektaðir fyrir að neyta tóbaks á skrifstofum sínum. Ég á nú aðeins eftir að sjá það í framkvæmd. En maður getur kannski búist við ýmsu. Þá vil ég spyrja varðandi 9. gr. Hér segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Ráðherra ákveður í reglugerð hver séu hæstu leyfileg mörk skaðlegra efna í tóbaksvarningi og reyk sem myndast við bruna hans, hvernig skuli sýna fram á að þau mörk séu virt og hvernig eftirliti skuli háttað.

Tóbaksframleiðendur standa straum af kostnaði við nauðsynlegar mælingar til staðfestingar og eftirlits samkvæmt 1. mgr."

Nú vil ég spyrja hæstv. ráðherra: Hver á að annast þessar mælingar? Og þar kem ég aftur að hugsanlegu hlutverk umhvrn. Hefur virðulegt heilbrrn. vald á slíkum mælingum og er hægt að treysta því að tóbaksframleiðendur kosti þær mælingar? Það er ekki óeðlilegt að um þetta sé spurt.

Að lokum þetta: Ég býst við að ýmislegt kosti þjóðina ómældar milljónir og milljarða, t.d. sælgætisát þjóðarinnar, síaukin efni sem sett eru í matvæli til þess að auka geymsluþol og annað, margt af því er gersamlega órannsakað og eflaust stórhættulegt. Ýmislegt af þessu tagi veldur fólki heilsutjóni og ekki minnst vondar ríkisstjórnir sem gera þjóðinni ólíft í sínu eigin landi, valda hugarangri sem einnig veldur heilsutjóni og svo ótal margt annað sem kemur inn í það þannig að það er erfitt að banna þjóðinni að gera nokkuð það sem valda kynni heilsutjóni. Það má vel vera að tóbaksnotkun sé þar augljósara atriði en ýmislegt annað en að hinumætti einnig huga.

Ég held þess vegna, virðulegi forseti, að til þess að við náum einhverjum árangri í baráttunni gegn tóbaksnotkun hefði verið betra að koma með allt öðruvísi frv., fyrst og fremst frv. um fræðslu sem væri innt af hendi á rólega og fordómalaust. Ég hef ekki trú á því og mér finnst það ekki einu sinni rétt að ætla að kvelja fjórðung þjóðarinnar til að gerbreyta svo háttum sínum sem það er að hætta að nota tóbak að mér er til efs um að það sé verjandi. Hver einasta fullorðin manneskja veit það núna að hún er að skaða heilsu sína með notkun tóbaks. En það er stundum illt að kenna gömlum hundi að sitja eins og við öll vitum en það ætti að leggja áherslu á börn og unglinga með góðri, fordómalausri fræðslu sem börnin sjálf trúa á.

[15:32]

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Nokkur orð um þetta frv. sem hér er til umræðu. Ég vil fyrst taka undir þá spurningu sem fram kom hjá hv. þm. Finni Ingólfssyni hvaða þættir þessa frv. það eru sem hæstv. ráðherra telur sig geta séð af við þennan umgang því að það kom fram í máli ráðherra að hann hvatti til þess að ákveðnir þættir frv. yrðu samþykktir en hann gat þess ekki sérstaklega hvað hann hefði þar í huga. Ég tel að það sé afar mikilvægt fyrir þá nefnd sem fær þetta mál til umfjöllunar að hún viti svona gróft tiltekið hvaða hugmyndir ráðherrann er með í þessu efni.

Ég vil taka undir með þeim sem hér hafa talað og talað fyrir því að auðvitað á að herða áróður og það þarf að herða fræðslu gegn notkun tóbaks og vegna skaðsemi tóbaks og tel reyndar að þar höfum við slakað illilega á seinni árin. Ég held að menn muni það mjög vel að fyrir ekki mjög mörgum árum var farið í mikla fræðslu- og áróðursherferð í skólum landsins og þess bar glöggt vitni í neyslutölum sem birtust á árunum þar á eftir. Síðan var slakað á þessum áróðri og þessri fræðslu og við erum að sjá árangurinn af því núna í að því er virðist aukinni neyslu, alla vega ungmenna. Ég veit hins vegar ekki hvort neysla hefur aukist í það heila tekið og óska eftir upplýsingum um það hvort neyslu á tóbaki árið 1994 hafi verið meiri en árið 1993 og óska einnig eftir upplýsingum um það hvernig það hefur verið t.d. síðustu 20 árin, hvort neysla á einstakling er meiri núna eða í einhverju hámarki eða hvar hún er í þessu ferli miðað við gefin tímabil og þá t.d. 20 ár. Ég held að menn mikli þetta stundum fyrir sér í áróðursræðum sínum gegn tóbaki og noti kannski fullsterkar lýsingar en það kemur þá í ljós í máli ráðherra ef hann hefur þessar upplýsingar.

Hér tala menn mikið um skaðsemi tóbaks sem allir eru sammála um og það verði að draga úr neyslunni eins og kostur er og ég spyr einfaldlega: Hvers vegna er ekki skrefið stigið til fulls, hvers vegna er ekki innflutningur á tóbaki hreinlega bannaður? Menn eru sér mjög meðvitaðir um skaðsemina. Menn eru sér meðvitaðir um kostnaðinn sem þessu fylgir. Það er ekkert gott við þetta, ekki nokkur skapaður hlutur. Hvers vegna koma þeir sem hafa þessar skoðanir ekki hreint fram og segja bara í einu orði eða tveim að innflutningur sé bannaður á tóbaksvörum? Það væri aðferð til að draga úr neyslunni, það væri raunveruleg aðferð. En hér hrista menn hausinn. Vegna hvers? Gæti það verið vegna þess að þetta er verulegur tekjustofn fyrir ríkið? Ætli það sé kannski ekki aðalmálið í þessu öllu að þetta er stór tekjupóstur fyrir ríkið. Ég skil ekki þann málflutning þegar menn tala sig hása um skaðsemina af slíkum varningi að menn skuli á sömu stundinni geta mælt með því að haldið sé áfram að selja slíkan varning svo að ég held að menn ættu að stíga skrefið til fulls og bara banna þetta.

Ég vil hins vegar fá að spyrja hæstv. ráðherra: Hvað líður því stjfrv. sem var lagt fram á síðasta þingi um afnám einkasölu Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins á tóbaki? Nú kemur hér frv. til tóbaksvarnalaga þar sem vitnað er til Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins af og til í nokkrum greinum þannig að það er auðséð á þessu frv. sem hér liggur fyrir að það hlýtur að vera fallið frá stjfrv. um afnám tóbakseinkasölu ÁTVR sem lagt var fram á síðasta þingi. Eða hvort á þá að gilda? Og í framhaldi af því: Stenst þetta til einhvers tíma gagnvart EES? Stenst það hreinlega? Ég hef mínar efasemdir um það og ég óska eftir upplýsingum um það hvort svo sé.

Um einstakar greinar er auðvitað hægt að hafa mörg orð. Ég ætla ekki að gera það. T.d. segir í 2. gr., með leyfi forseta:

„Það er réttur hvers manns að þurfa ekki að anda að

sér lofti sem mengað er tóbaksreyk af völdum annarra."

Þetta er svo víðtækt hugtak að það nánast yrði bannað að reykja úti á götu. Það er spurning hvort þú ert undan vindi eða á móti vindi. Það er svo vítt, þetta hugtak. Mætti t.d. reykja í stúkunni inni á Laugardalsvelli ef við erum að horfa á knattspyrnuleik þar? Samkvæmt þessu mætti það ekki því að hugtakið er svo vítt eins og það er sett fram hér.

Með þessu er einnig verið að banna reykingar inni á heimilum landsins og ég skil ekki hvernig menn ætla að framfylgja slíkum lögum. Hugurinn er góður í þessu máli og ég tek undir hann. En það þýðir ekkert að vera setja lög sem er ekki nokkur einasta leið að framfylgja. Og maður spyr þá: Hvernig á að taka á slíkum hlutum? Ef börnin fara til umboðsmanns barna og kæra foreldrana fyrir að reykja inni á heimilunum, að réttur þeirra til að vera í ómenguðu lofti sé brotinn. Þetta er bara ákvæði sem stenst ekki, það er ekki hægt að bera þetta fram.

Hér hefur töluvert verið rætt um 8. gr. og svo virðist sem snuff, það erlenda neftóbak sem hér er flutt inn, fari óskaplega í taugarnar á mörgum, alveg óskaplega. Það er bent á tölur að það hafi vaxið úr örfáum kílóum upp í 1.475 held ég að það hafi verið, alla vega yfir 1.400 kg sem það var á sl. ári. Ég heyri engan tala um það hver skaðsemin af íslenska neftóbakinu sé. Ætla menn að horfa fram hjá því bara vegna þess að hér er slagorð í gangi sem heitir Íslenskt, já takk? Það er skaðvænt líka, íslenska tóbakið, kannski ekki eins mikið en það veldur skaðsemi engu að síður. Hér talar enginn um það, hugsanlega af því að það er íslenskt. Hér biður enginn um neyslutölur á íslensku neftóbaki. Hverjar skyldu þær vera? Það kemur ekki fram í greinargerð með þessu frv. Það er reyndar ekki minnst einu orði á íslenska neftóbakið, ekki einu einasta orði og menn ætla bara að horfa bláeygir fram hjá því vitandi samt að það veldur skaða. Ég spyr: Hver var neysla á íslensku neftóbaki á sl. ári eða sl. tveim, þrem, fjórum, fimm árum? Hvar var hún? Og hvort ætli sé í raun og veru skaðlegra, íslenska tóbakið eða þetta innflutta? Bæði eru þau slæm. En ég held að íslenska tóbakið sé ekkert betra vegna þess að þetta erlenda tóbak fer að meginstofni til beint í klútinn á meðan hið íslenska fer ofan í maga og það held ég að læknar geti vel komið til og staðfest.

Hvaða skilaboð eru þetta þá til þeirra sem keyptu þessa íslensku framleiðslu af ríkinu, framleiðsluna á íslensku neftóbaki? Keyptu þeir það á fölskum forsendum að þessi framleiðsla verði þá bönnuð innan tveggja, þriggja ára? Það þarf að fá svör við slíkum hlutum.

Í 11. gr., síðustu setningu þeirrar greinar er talað um að tóbak skuli koma þannig fyrir á útsölustöðum þannig að það beri ekki fyrir augu viðskiptavina. Ég sé ekki tilganginn með þessum feluleik, ég sé það ekki. Ég held að menn séu hreinlega að reyna að búa til eitthvað til að friða sjálfa sig. Það á að fara að meðhöndla þetta eins og klámspólur á vídeóleigu og það á að þurfa að fara einhvers staðar undir borð til að finna tóbak. Þetta er eitt af þessum ákvæðum sem ég hreinlega skil ekki og sé ekki neinn árangur í, ekki nokkurn einasta árangur í.

Sama verð ég að segja um 12. gr., að bannað skuli að selja tóbak úr sjálfsölum. Hvers vegna í ósköpunum? Hvers vegna mega leikhús eða skemmtistaðir og kannski sérstaklega skemmtistaðir þar sem má ekki hleypa inn fólki nema það sé orðið 18 ára og eldra, sem má neyta tóbaks, af hverju mega skemmtistaðir ekki veita þessa einföldu þjónustu til að taka af álagið af öðrum stöðum innan veitingahússins? Hvers vegna má slíkt ekki vera þar inni?

Síðan segir í næstu málsgrein, með leyfi forseta: „Ekki er heimilt að selja sígarettur í minna en heilum 20 stykkja pökkum og vindla má aðeins selja í heilum pökkum eða kössum." — Ef menn meina eitthvað með því að reyna að hjálpa fólki við að draga úr neyslu á tóbaki, þá held ég að þeir ættu einmitt að heimila það að selja sígarettur í minni einingum, í 10 stykkja pökkum, vegna þess að það hlýtur að vera freisting fyrir þá sem eru að reyna að draga við sig og minnka neysluna að þurfa alltaf að kaupa 20 stykkja pakka, það hlýtur að hjálpa þeim að vera heimilt að kaupa þetta í minni einingum. Það hlýtur að vera meiri freisting til að fá sér meira tóbak ef menn þurfa að burðast með of mikið magn á sér þannig að þetta ákvæði skil ég ekki. Og sama á við um vindlana. Nú á ekki lengur að vera heimilt að kaupa sér einn vindil, nei takk, nú þarft þú að kaupa þér heilan pakka, vinurinn, og þú skalt freistast til að fá þeir fleiri vinda heldur en þú hefðir kannski fengið þér. Þetta virkar bera öfugt ef eitthvað er svo að ég held að menn ættu að hugsa þetta aðeins betur.

Í 13. gr. segir með leyfi forseta:

„Smásala á tóbaki er ekki heimil nema í matvöruverslunum, í sælgætisverslunum og á veitinga- og gististöðum."

Ég þekki til t.d. í Frakklandi og þar er bannað að selja þetta í matvöruverslunum. Ég hefði vel getað ímyndað mér að sjá slíka tillögu koma fram. Ég efast um að tóbak eigi heima innan um matvöruna en látum það liggja á milli hluta. En það sem mér finnst einkennilegt við þessa upptalningu er t.d. það að á Íslandi er aðeins ein starfandi tóbaksverslun. Hún er hér uppi í Bankastræti og hún selur þetta snuff, þetta fínmalaða neftóbak sem menn tala mikið hér um. Samkvæmt þessum lagatexta mætti tóbaksverslunin ekki selja tóbak. Hún má ekki selja tóbak því að hún er ekki matvöruverslun, hún er ekki sælgætisverslun og hún er ekki veitinga- eða gististaður þannig að frv. bannar einu tóbaksversluninni á Íslandi að selja tóbak. Skynsemi? Ekki mjög mikil.

Hvað með bensínstöðvar t.d.? Á að banna þeim að selja þetta? Þær eru auðvitað fyrst og fremst bensínstöðvar, þær eru ekki sælgætisverslanir þó að sælgæti fáist þar og svona er hægt að tína til ýmsa hluti í þessu frv. sem orkar í það minnsta tvímælis.

Í 16. gr. segir í 1. mgr., með leyfi forseta:

„Sá sem ræður mann til vinnu skal sjá til þess að hann njóti á vinnustaðnum réttar samkvæmt 1. mgr. 2.

gr.“ — þ.e. um að starfa í ómenguðu lofti vegna tóbaksreyks. Ég held að þetta virki líka öfugt. Það er fjöldinn allur af fyrirtækjum þar sem starfa einn, tveir eða þrír menn, eigandi og kannski einn til tveir. Ef eigandinn reykir, hvers lags starfsmann myndi hann þá ráða til sín í vinnu? Hann mundi ráða til sín reykingamann af því að hann vill ekki eiga yfir höfði sér ákæru fyrir það að starfsmaðurinn fái ekki að starfa í ómenguðu lofti. Og þá er frv. orðið hvati til þess að reykingamenn fái vinnu í smærri fyrirtækjum. Skynsemi? Ekki að mínu viti.

Í IV. kafla er talað um fræðslustarfsemi og ég tek undir að það er áríðandi að menn beiti fræðsluáróðri sem allra mest. Sjálfur man ég að þegar ég var í barnaskóla þá voru sýndar myndir frá uppskurði annaðhvort á magakrabbameini eða lungum, ég veit ekki hvort það var, en ég man eftir áhrifum þess. Ég man það mjög skýrt. Þetta er það sem virkar. Það er áróðurinn og fræðslan. Ég tek undir þann kafla þar sem talað er um fræðslustarfsemi og henni á að beita á sem allra virkastan hátt.

Síðan kemur í 21. gr. að skylt sé að verja 0,3% af brúttósölu tóbaks til tóbaksvarnastarfs. Það þýðir það að starf tóbaksvarnaráðs verður þeim mun öflugra sem meiri neysla á tóbaki er. Eftir því sem meira er selt af tóbaki fá þeir meira fé til tóbaksvarnastarfsins. Þetta tel ég rangt. Það á að láta þessa aðila fá peninga annars staðar frá, ekki út af neyslunni. Sama á reyndar við í sambandi við áfengisvarnastarfið.

Síðan tek ég undir að það á auðvitað að refsa mönnum sem selja þetta börnum undir lögaldri og þeir eiga að geta misst sín leyfi og þar fram eftir götum.

Að lokum mæli ég gegn ákvæði til bráðabirgða V í VII. kafla þar sem það er bundið í lög að á árinu 1995–1999 skuli tóbak hækka um a.m.k. 10% árlega umfram almennt vöruverð. Ég vil spyrja, ég man það ekki alveg, er það ekki rétt hjá mér að tóbak sé inni í vísitölu? (**Gripið fram í:** Jú.) Það hygg ég vera, já. Hvað eru menn þá að gera með þessu? Þetta er liður sem ég held að menn ættu aðeins að líta á. Menn verða að gæta sín örlítið í offorsinu. En þegar öllu er á botninn hvolft þá erum við öll sammála um að það á að reyna að draga úr neyslu á tóbaki. Við erum ekki sammála um þær leiðir sem á að fara samkvæmt þessu frv. Leiðirnar eru fyrst og fremst fræðsla og áróður. Fræðsla og áróður. Það er það sem skilar árangri, það hefur sýnt sig í gegnum tíðina, en því miður höfum við slakað á því og þann þráð þurfum við að taka upp aftur.

[15:47]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins taka undir það enn og aftur sem hér hefur verið sagt um þetta munntóbak og þetta fínkorna neftóbak sem svo er kallað. Í 8. gr. er ákvæði um að banna að flytja inn, framleiða og selja munntóbak og þar er vel hægt að bæta þessu ákvæði við.

Ég vil vitna hér í grein um snuff og snus, sem er skrifuð af Þuríði Backmann, fræðslufulltrúa KÍ, í Austra í febrúar 1994. Þar segir, með leyfi forseta:

„Munn- og neftóbaksnotkun hefur lengi tíðkast í Noregi og Svíþjóð og kallast þar „snus“. Þar er notkunin svo algeng að yfirvöld hafa ekki treyst sér til að banna sölu á þessum tegundum frekar en sígarettum. Þar hefur líka verið tekið strangar á reykingum á vinnustöðum en hér og margir reykingamenn því farið í reyklaust tóbak. Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins flutti inn þessar tóbakstegundir fyrir nokkrum árum en hætti því vegna eindreginna tilmæla landlæknis og fleiri aðila. Síðustu árin hefur fínmulið lyktblandað neftóbak þó verið sérpantað fyrir tóbaksverslun í Reykjavík og um skeið einnig munntóbak í grisjum. Útsölustöðum fjölgar stöðugt og dæmi er um sölu í sjoppu menntaskóla.

Á árinu 1987 var innflutningur 45 kíló, en 1993 var magnið orðið 1.475 kíló, sem er 11% af heildarneftóbaksnotkun. Að bera saman neyslu þessara tveggja neftóbakstegunda eftir vigt er svipað og að meta neyslu hass og kókaíns eftir sömu aðferð.

Hvers vegna er þetta fínkorna neftóbak og nýja munntóbak svona varasamt? Í fyrsta lagi vegna þess að það höfðar til ungs fólks og þar með til nýrra nikótínista.“

Þess vegna vil ég leggja áherslu á að það er mjög nauðsynlegt að þetta ákvæði verði inni í þessum nýjum lögum, þetta verði bannað í innflutningi ásamt munntóbakinu vegna þess að þetta er einmitt það sem við erum að gera með því að koma með svona frv. og leggja áherslu á að það verði samþykkt sem lög, það er að reyna að varna því að unga fólkið byrji á þessu.

Eins og kom fram áðan hjá hv. 14. þm. Reykv. er sjálfsagt erfitt að kenna gömlum hundi að sitja og það verður að vera réttur hvers og eins hvort hann vill halda áfram að spilla sinni heilsu með reykingum. Að öðru leyti ætla ég ekkert að svara því sem hún sagði hér. En ég tel að það sé mjög nauðsynlegt að forvarnaaðgerðir séu í gangi og að þetta ákvæði sé einnig inni í lögunum, að banna þetta sérstaka tóbak sem margir hafa lýst miklum áhyggjum út af hversu notkunin á því hefur aukist á síðustu árum.

[15:51]

Guðrún J. Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Aðeins nokkur orð um þetta frv. til tóbaksvarnalaga og þá umræðu sem hér hefur farið fram.

Ég tel að það sé mjög nauðsynlegt að í landinu séu allnákvæm og ströng lög um tóbaksvarnir. Fyrir þá sem stjórna stórum stofnunum þar sem margir vinna er mjög nauðsynlegt að hafa til að styðjast við reglur og lög sem kveða á um það hvað megi í þessum efnum og hvað ekki. Það er nefnilega ekki bara þannig að tóbaksreykingafólk hafi fram til þessa álitið að það væri því leyfilegt að eyðileggja sína eigin heilsu með reykingum heldur hafa þeir líka verið þess fullvissir að þeir mættu eyðileggja heilsu allra annarra í kringum sig. Þetta hefur á mjög mörgum vinnustöðum verið til mikilla erfiðleika því fólk hefur þagað frekar heldur en að lenda í miklum deilum vegna þess að vinnustaðir þar sem miklar deilur eru eru óþolandi og ekki hægt að vinna á þeim.

Þess vegna tel ég að það að hafa strangar reglur um hvar megi reykja og hvort megi reykja á hinum ýmsu vinnustöðum sé mjög nauðsynlegt.

Sá er munurinn á tóbaksreykingum og nef- eða munntóbaksneyslu að þeir sem eru í reykingum menga alltaf loftið í kringum sig og menga þar af leiðandi líka það loft sem við sem ekki reykjum látum ofan í okkur, en þeir sem nota munntóbak og neftóbak eiga þó þetta mál fyrst og fremst við sjálfan sig og í mesta lagi þann sem þvær af þeim, ef þeir gera það ekki sjálfir. Þarna er stór munur á.

Ég tel að það sé augljóst mál af hverju ekki er hægt að banna innflutning á sígarettum og reyktóbaki almennt og það eru þessi 25% þjóðarinnar sem eru í þessari neyslu. Það er ekki hægt að sýna þeim slíkt ofríki að neita þeim um að neyta þess. Á hinn bóginn er vel hægt að neita þeim um að neyta þess hvar sem er vegna þess að þeir þurfa að taka tillit til annarra. Þetta er mjög mikið atriði.

Ég hef horft á það með nokkurri hryggð á undanförnum síðustu árum að ungt fólk sem ég sé í kringum mig er farið að reykja í meira og meira mæli. Ég held ekki að það sé vegna þess að það hafi uppgötvað að sá áróður sem uppi hafði verið gagnvart þeim og öðrum um skaðsemi reykinga væri eitthvað falskur eða allt of yfirdrifinn. Ég held að þarna komi fyrst og fremst upp viss tilhneiging til sjálfstæðis, til að sýna að maður sé töff og maður fyrir sinn hatt, eins og við gerum alltaf á unga aldri. Við þurfum alltaf að bjóða valdhöfunum, þeim sem hafa yfirtóninn í samfélaginu, birginn. Ég held að það sé það sem er að gerast meðal þessa ágæta unga fólk sem við því miður með sorg horfum á hvernig er að fara með sig, margt hvert, með reykingunum.

Þó hefur mér virst sá munur á hjá því unga fólki sem byrjar að reykja núna að það gerir sér grein fyrir því að það er ekki leyfilegt og eðliegt og sjálfsagt að reykja ofan í hvern mann. Mér finnst sá höfuðmismunur á ungu fólki í dag og því gamla sem reykti með mér og í kringum mig árum saman.

Ég tel að það sé nauðsynlegt að setja þessi tóbaksvarnalög, kannski má eitthvað breyta þeim, kannski erum við að fara offari í einhverjum atriðum málsins, það verður náttúrlega rannsakað og skoðað í heilbr.-trn. og líka hér í þinginu. En svona lög þurfa að vera. Þau þurfa að vera ákveðin og styðja þá sem eiga að stuðla að því að reykingar og tóbaksnotkun verði minni í landinu.

[15:56]

Guðrún Helgadóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er afar óvenjulegt að heyra hv. 18. þm. Reykv. tala öðruvísi en af skynsemi, en það gerði hún reyndar núna og af mikilli ósanngirni, sem er einnig henni ólíkt. Það er meira en lítil ásökun að bera reykingafólki það að það hafi allan tímann vitað að það var að skaða annað fólk og kært sig kollótt. Þetta er ekki rétt. Í fyrsta lagi er náttúrlega ekki svo ýkja langt síðan að það varð ljóst að hugsanlegt sé að fólk beri skaða af því að vera í reyk sem annað fólk framleiðir.

Í öðru lagi held ég að þetta vandamál verði ekki leyst með lögum. Auðvitað væri eðlilegast að á hverjum vinnustað kæmu menn sér saman um hvar má reykja og hvar má ekki reykja þannig að enginn þyrfti að líða fyrir þá sem reykja. Slíkar deilur reynir siðmenntað fólk að leysa á vinsamlegan hátt. Ég held að þetta offors þjóni engum tilgangi og ég er satt að segja hissa að heyra hv. 18. þm. Reykv., sem ævinlega mælir mannvit hér í þingsölum, tala í þá veru sem hún gerði nú. Auðvitað langar engan að skaða annað fólk og flestir vildu sjálfsagt vera lausir við þann leiða löst sem reykingar eru. En við værum ekki að deila hér um frv. ef það væri auðvelt mál að losna við þennan löst. Vandinn er sá að þetta er vandamál fyrir allstóran hóp landsmanna og því verður auðvitað að reyna að breyta með einhverri skynsemi og einhverri vinsemd. Við viljum ekki hafa þjóðfélag þar sem einn hópurinn kúgar annan og ég held að á mörgum vinnustöðum hafi deilur um þetta mál vakið meiri leiðindi og verra andrúmsloft en flest annað. Auðvitað verður siðmenntað fólk að reyna að leysa svona mál og það verður ekki gert með neinum látum.

[15:59]

Guðrún J. Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hafi orð mín hljómað þannig að ég haldi það að fólk hafi alla tíð vitað að það væri að skaða aðra með reykingum þá er það rétt að það var óskynsamlega mælt vegna þess að auðvitað vitum við það að lengst af þeirri tíð sem reykt hefur verið vissi fólk ekkert um það. En ég var heldur ekki að segja annað en að bæði ég og aðrir, því ég reykti í fjöldamörg ár og innan um aðra, hefðum kúgað aðra með þessu. Ég lít svo á að það sé kúgun þegar fólk reykir svona hvert ofan í annað. Ég benti líka á það að fólk hefði margt hvert þagað lengi vel einmitt til þess að valda ekki þeim erfiðleikum og átökum á vinnustað sem leiða til afskaplega slæms andrúmslofts. Það benti ég strax á vegna þess að þetta er auðvitað staðreynd.

Ég sagði líka að það væri nauðsynlegt að koma með lög sem væru ákveðin og gætu kveðið nákvæmlega á um það hvaða rétt fólk hefði. Ég sagði ekki einu sinni að þessi lög væru nákvæmlega rétt, ég sagði að fólk mundi koma sér saman um hvað væri rétt í þessu máli eða leið sem hægt væri að fara. Þetta held ég að ég hafi sagt, alla vega ætlaði ég að segja það, vegna þess að auðvitað veit ég manna best vegna þeirra starfa sem ég hef átt utan þessara þingsala að það þarf að finna leið til þess að allir geti verið sáttir og unað nokkurn veginn hlutskipti sínu í störfum og í tilverunni almennt.

[16:01]

Tómas Ingi Olrich:

Virðulegi forseti. Hér hafa spunnist nokkuð athyglisverðar umræður um það þingmál sem hér er til umræðu, frv. til tóbaksvarnalaga, og vil ég koma að nokkrum atriðum sem sett hafa verið fram í umræðunni.

Ég tók eftir því að hv. 5. þm. Reykv., Ingi Björn Albertsson, spurði að því hvers vegna þeir sem væru hlynntir þessu frv. settu ekki fram hugmyndir um al-

gjört bann við reykingum og er í sjálfu sér ekki nema eðlilegt að svo sé spurt. En hann gekk lengra því hann gaf í skyn að það væri tengt þeirri staðreynd að tóbaksinnflutningur til landsins er tekjulind fyrir ríkissjóð og var ómögulegt að skilja hv. þm. öðruvísi en svo að hann teldi að þessi gróðasjónarmið vægju þyngra heldur en heilbrigðissjónarmið og heilsuverndarsjónarmið.

Ég vil fullvissa hv. þm. um það að ég tel mig ekki aðeins vera að tala fyrir eigin sjónarmiðum, þ.e. fyrir þann sem hér stendur, heldur þeirra þingmanna annarra sem hér hafa komið og rætt um þetta, að einhvers konar gróðasjónarmið koma þarna ekki til álita.

Það er nú svo að menn þurfa alltaf að velta fyrir sér hversu raunhæf löggjöfin er. Það er staðreynd að hér er stór hópur fólks sem neytir tóbaks og á það jafnt við um reykingatóbak og annað tóbak og löggjöfin á að miða að því og þetta frv. gerir það vissulega með ítarlegum hætti, að hjálpa reykingafólki og aðstoða það við að minnka sínar reykingar, en vernda jafnframt þá sem ekki reykja og ekki vilja komast í snertingu við tóbaksneyslu.

Hér er veruleg neysla á neftóbaki og þó að ég hafi ekki nákvæmar upplýsingar um neysluna á þessu íslenska neftóbaki, sem hv. þm. Ingi Björn Albertsson spurðist fyrir um, þá hygg ég að það sé svo að það neftóbak sem langmest er neytt hér á landi nú sé þetta tóbak, þ.e. íslenska framleiðslan. Þar á móti kemur að þar er um að ræða neytendahóp sem hefur haslað sér völl hér á löngum tíma og gerði það í raun og veru áður en áróður gegn neftóbaksneyslu hófst og ég held að ég megi fullyrða það, þó það sé sagt með fyrirvara, að þessi hópur tóbaksneytenda, sem neyta einkum og sér í lagi grófa íslenska tóbaksins, sé ekki stækkandi. Þar fari neyslan ekki vaxandi. Menn gera ráð fyrir því, að því er ég hygg, að þessi hópur sé bundinn ákveðnum aldri og þar muni neyslan smám saman minnka og jafnvel deyja út með tímanum.

Það er því lögð áhersla á það í þessu frv. m.a. að auka áróður gegn tóbaksneyslu og á upplýsingastarfsemi sem miðar að því að draga úr tóbaksneyslu. En auk þess er varað við nýju neyslumunstri sem er tengt ungu fólki og hefur m.a. aukist vegna þess að tóbaksframleiðendum hefur tekist að gera ákveðnar íþróttir tengdar tóbaksneyslu.

Ef þær upplýsingar sem ég hef eru réttar þá var það svo að árið 1987 voru flutt inn til landsins 45 kíló af fínkorna munn- og neftóbaki. Árið 1994, ef þessar upplýsingar eru réttar, þá nam þessi innflutningur um tveimur tonnum. Þannig að þarna er um mjög verulega aukningu að ræða. Ég held að þessar upplýsingar séu réttar, það var um 1,5 tonn árið 1993, en mig minnir að það sé komið upp undir 2 tonn árið 1994. En þetta er sagt hér með fyrirvara um að þessar upplýsingar reynist réttar.

Þarna er því um að ræða nýtt neyslumunstur sem tengist m.a. ungu fólki og það er gegn þessari nýju tegund af neyslu sem þessu frv. er ætlað að berjast. Ég held því að við eigum að líta á það sem jákvætt er í þessu frv., bæði út frá því sem raunhæft er að gera fyrir þá neyslu sem fyrir er í landinu og einnig hvað hægt er að gera til að koma í veg fyrir að upphefjist nýtt og aukið neyslumunstur meðal hópa sem hafa einmitt verið að draga úr tóbaksneyslu á undanförnum árum. Þetta vildi ég að kæmi fram í þessari umræðu vegna þess sem kom m.a. fram í máli hv. þm. Inga Björns Albertssonar.

Ég er sammála því sem kom fram í máli hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur að það beri að sýna reykingafólki virðingu. Ég er sammála þessu sjónarmiði. En hinu mega menn ekki gleyma að mjög lengi hafa þeir sem ekki reykja og vilja ekki vera í návist við reykingafólk átt á brattann að sækja. Það hefur verið erfitt fyrir menn að koma slíkum sjónarmiðum á framfæri án þess að spilla andrúmslofti á vinnustað og það er raunar svo enn að þó að þessi viðhorf hafi breyst mjög mikið þá veigra menn sér enn við því að gera slíkar athugasemdir. Þannig að þarna skiptir mjög miklu máli að á meðan við erum að reyna að draga úr reykingum og tóbaksneyslu almennt þá sýni menn hver öðrum tillitssemi og reyni hver eftir sinni getu að koma til móts við þau markmið sem við setjum okkur í heilsugæslu í þessum efnum. Ég tel að það frv. sem hér er um að ræða sé ekki hægt að stimpla sem sérstaklega fjandsamlegt reykingafólki þó það dragi vissulega úr svigrúmi þess.

[16:09]

Ingi Björn Albertsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Tómas Ingi Olrich beindi nokkrum orðum til mín vegna ræðu minnar áðan. Í upphafi fjallaði hann um áskorun mína í raun til þeirra sem hvað harðast ganga fram í þessu máli, hvort ekki ætti að leggja fram frv. sem hreinlega bannaði innflutning á tóbaki. Þingmaðurinn sagði að það væri ekki raunhæft og það yrði að setja fram raunhæfa löggjöf og það væri okkar hlutverk hér. Það er nákvæmlega það sem ég var að benda á í minni umfjöllun um þetta frv. sem hér liggur fyrir, að það er ekki raunhæft í þeim búningi sem það núna er í. Og ég held að það hefði hreinlega mátt skilja hæstv. ráðherra á þann hátt að hann væri nánast sammála því vegna þess að hann talaði mikið fyrir því að hann vildi fá ákveðna þætti samþykkta og gerði sér grein fyrir því að aðrir þættir mundu aldrei nást fram. Þannig að ég held að það megi skilja hæstv. ráðherra á þann hátt að sumt í þessu er afar erfitt og jafnvel ekki raunhæft. En við erum sammála um það að það á auðvitað að stuðla að raunhæfri löggjöf.

Ég tel hins vegar að þeir sem hafa aldekkstu myndina og sjá fyrir sér skaðsemina, sjá fyrir sér sorgina, dauðsföllin og allt slíkt sem neyslu tóbaks fylgir, eigi vitandi allt þetta, ef það á ekki að vera holur hljómur í þeirra málflutningi, að bera fram frv. sem bannar innflutning á slíkum efnum. Það hlýtur að vera.

Í öðru lagi vegna neftóbaksins þá er talað hér um neytendahópa. Ég kannast ekki við neina könnun um aldursskiptingu neytenda á neftóbaki, hvort sem það er fínmalað eða þetta gamla íslenska. Ég kannast ekki við það. Ég mundi gjarnan vilja fá að sjá þá könnun sem þar fór fram. Menn bara gefa sér það, eins og hv. þm.

gerði áðan, að það væru þessir eldri sem notuðu íslenska tóbakið og þar af leiðandi mundi þetta hreinlega deyja út. Ég held að þetta sé hlutur sem menn eru að gefa sér en það liggi engin könnun þarna á bak við.

Hitt er annað mál að ef þetta er í miklum mæli komið yfir í yngra fólkið og þetta fínmalaða verður síðan stöðvað þá er ég ansi hræddur um að það fólk færi yfir í það gamla. Ég held því að ef menn ætla í raun og veru að taka á neftóbaksneyslu þá verða þeir að stöðva hvort tveggja. (Forseti hringir.)

Ef ég heyrði rétt hjá hv. þm. Jónu Valgerði, að snuffið væri 11% af notkuninni, þá er heildarnotkunin um 13.000 kíló af neftóbaki.

[16:11]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að ég geti upplýst hv. 5. þm. Reykv., Inga Björn Albertsson, um að það eru til nýlegar kannanir um þetta atriði sem hann orðaði hér, þ.e. um neyslumunstrið og jafnvel um aldursflokkana. Þannig að ég held að þessar upplýsingar liggi fyrir. Ef þetta er ekki rangt hjá mér þá held ég jafnvel að ég gæti útvegað þingmanninum þessar upplýsingar og skal verða við því að útvega honum þær.

Annars vegar vil ég taka það fram að ég hef skilið það svo að þær athugasemdir sem hér hafa komið fram hjá nokkrum þingmönnum og varða það á hvern hátt er raunsætt að líta svo á að hægt sé að koma þessu frv. í gegn, á hvern hátt frv. verði að teljast raunsætt plagg, þá hef ég litið svo á að það væri kannski fyrst og fremst vegna þess hvað lítill tími er til stefnu og það væri ástæða til þess að skoða málið í því ljósi og líta á helstu áhersluatriðin sem hugsanlega væri hægt að tryggja að næðu fram að ganga, jafnvel þó að menn hefðu efasemdir um það að frv. í heild gæti náð fram.

[16:13]

Ingi Björn Albertsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég átti aðeins eftir að svara hér áðan, tími gafst ekki til þess, þar sem hv. þm. Tómas Ingi Olrich taldi að snuff væri farið að tengjst íþróttafélögum í einhverju verulegu magni. (**TIO:** Ekki félögum, íþróttum.) Íþróttum, fyrirgefðu. Ég kannast ekki við þetta. Ég kannast auðvitað við að þetta er notað af einstaka aðilum en ekki í neinum mæli sem kalla mætti fár. Hins vegar kannst ég við notkun á snus, sem er munntóbak, úr ákveðnum greinum en ekki neftóbak. Ég held að það sé mjög dreifð notkun og skjóti ekkert sérstaklega rótum í einstaka íþróttagreinum.

Ég þakka hv. þm. það ef hann ætlar að færa mér þá könnun sem hann vitnaði í áðan. Ég hef ekki heyrt um slíka könnun, en það væri mjög fróðlegt að fá að berja hana augum.

Hitt er annað mál hvort þetta frv. er raunhæft eða ekki raunhæft og þingmaðurinn vildi meina að þetta væri raunhæft en það væri hins vegar tímaleysi sem hugsanlega kæmi í veg fyrir að hægt væri að samþykkja frv. þar sem ekki væru eftir nema kannski um fjórar vikur af þingi, þá vil ég benda hv. þm. á að fjórar vikur á þingi er ansi mikið ef vilji er fyrir hendi. Stærri mál og erfiðari hafa verið afgreidd á skemmri tíma heldur en fjórum vikum í þinginu. Þó það sé í rauninni ekki til fyrirmyndar þá held ég að tíminn sé alveg nægur til þess að afgreiða þetta mál ef menn eru á eitt sáttir um það.

[16:15]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Sú athugasemd mín í ræðu áðan sem laut að því að munntóbaks- og neftóbaksneysla tengdist ákveðnum íþróttagreinum er byggð á því að ákveðnar íþróttagreinar, kannski fyrst og fremst skíðagreinar, hafa tengst neyslu á munntóbaki en það vill svo til að þetta fínmalaða neftóbak er einnig tekið í munn þannig að skilin á milli munntóbaks og neftóbaks í þessum greinum eru ekki ljós. Um þetta hafa komið upplýsingar m.a. inni á heilsugæslustöðvum. Það eru dæmi um það nú að við höfum tilfelli um verulegar skemmdir í munnholi sem má rekja til bæði munntóbaksneyslu og einnig fínmalaðs neftóbaks sem tekið er í munn. Það er kannski fyrst og fremst byggt á þessu atriði sem margir sakna þess að sjá ekki í 8. gr. frv., rætt um neftóbakið með sömu formerkjum og munntóbakið þannig að þessi athugasemd mín stendur eftir sem áður.

[16:17]

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þingmönnum sem hér hafa tekið til máls fyrir stuðning þeirra við meginefni þessa frv. þótt auðvitað hafi menn sitthvað að athuga við einstök atriði í frv. eins og ég átti satt að segja von á. En ég ætla að svara nokkrum spurningum sem hér hafa komið fram.

Í fyrsta lagi vil ég víkja að fyrirspurn frá hv. 6. þm. Vestf. sem spurði: Hvað um reyklausa tóbakið? Er ekki fjallað um það í þessu frv.? Svarið við því er jú. Það kemur fram í 3. gr. frv., I. kafla, þar sem segir:

„Með tóbaki er í lögum þessum átt við tóbaksjurtir (nicotiana) og allan varning unninn úr þeim til neyslu, svo sem sígarettur, vindla, reyktóbak, neftóbak og munntóbak."

Allt það sem segir í ákvæðum bæði um I. kafla, markmið, gildissvið o.fl., um II. kafla, verslun með tóbak, nema þar sem sérstaklega er tekið fram að um reyktóbak sé að ræða og í IV. kafla um fræðslustarfsemi, svo að dæmi séu nefnd, þar er alls staðar verið að fjalla um reyktóbak og reyklaust tóbak svo að frv. tekur til beggja þessara tegunda.

Hv. 2. þm. Vestf. spurði: Hvað um stuðning við þá sem vilja hætta að reykja? Er ekki fjallað um það sérstaklega í þessu frv.? Svarið er nei. Hins vegar er það Krabbameinsfélag Íslands sem er með fræðslunámskeið fyrir þá sem vilja hætta að reykja og gera það með stuðningi tóbaksvarnanefndar en það er e.t.v. full ástæða til þess og ég beini því til hv. nefndar sem fær þetta frv. til afgreiðslu hvort það væri ekki ástæða til að setja inn í 6. gr. frv., þ.e. um hlutverk tóbaksvarnanefndar, ákvæði um að eitt af hlutverkum nefndarinnar sé einmitt að styðja þá og hjálpa þeim sem vilja hætta að reykja eins og Krabbameinsfélagið og raunar tóbaksvarnanefnd gerir núna.

Hv. 5. þm. Norðurl. e. lagði fram nokkrar spurn-

ingar. Hann spurði í fyrsta lagi um hvaða breytingar eru að verða á reykingavenjum. Um það höfum við í fyrsta lagi sölutölur Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins á tóbaki og í öðru lagi kannanir sem gerðar hafa verið á reykingavenjum hópa og það kemur í ljós að reykingar eru ekki lengur á undanhaldi eins og þær voru í samfélaginu. Það sést á sölutölum Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins og síðan liggur það fyrir í könnun á neysluvenjum að reykingar eru farnar að aukast aftur meðal barna og unglinga þar sem þær höfðu verið á mikilli niðurleið og mikil aukning er í reykingum kvenna sem talið er standa í beinu sambandi við aukningu lungnakrabbatilfella meðal kvenna en eins og ég sagði hefur þar á fáum árum orðið sú breyting að lungnakrabbamein er orðin ein algengasta dánarorsök kvenna. Það er almennt talið sannað þannig að ekki verði um það villst að náið samband sé á milli tóbaksreykinga og lungnakrabbameins. Það er alveg ljóst að þessar auknu reykingar meðal kvenna eru orsökin fyrir því að lungnakrabbamein meðal kvenna skuli vera að aukast svo mjög sem verið hefur á undanförnum árum. Ég vil ítreka það að við Íslendingar fengum sérstaka viðvörun á heilsuþingi frá sérfræðingi frá Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni um þessa þróun og hann hvatti okkur Íslendinga til að grípa til aðgerða til þess að snúa þessari þróun við.

Þá spurði hv. þm. einnig: Var ekki í fyrri gerðum bann við sölu fínmalaðs neftóbaks og svarið er jú. Það var hins vegar ákvörðun fyrrv. heilbrrh. að fella það bann niður úr því frv. sem ég hafði lagt fram á sínum tíma og eins og ég sagði í upphafi máls míns þá geri ég ráð fyrir að leggja frv. fram eins og það var lagt fyrir Alþingi síðast en auðvitað getur þingnefndin sett það ákvæði inn aftur ef hún vill.

Þá spurði hv. þm. hvort það væri ekki réttur skilningur að ég legði til að fremur en frv. strandaði í nefnd eins og það hefur nú gert tvívegis áður, þá reyndu menn að ná saman um að afgreiða einhverja hluta þess þó svo það næðist ekki samstaða um að afgreiða það í heilu lagi. Það er laukréttur skilningur hjá hv. þm. Ég tel að við getum ekki staðið að því þriðja árið í röð að afgreiða ekki frv. eða hluta frv., sem samstaða getur náðst um, þegar við horfumst í augu við að tóbaksreykingar færast nú í vöxt meðal barna og unglinga og meðal kvenna og að þau tíðindi merkja það eins og ég sagði áður að þarna er um að ræða stóralvarlega heilsufræðilega vá.

Þá spurði hv. 14. þm. Reykv. nokkurra spurninga. Hvaða rétt hefur ráðherra, spurði hún, til að leggja kvaðir á tóbaksframleiðendur svo sem eins og í 9. og 10. gr. Svarið við því er að þetta er gert í dag. Það eru lagðar þær kvaðir á tóbaksframleiðendur að til þess að geta selt afurðir sínar hér á Íslandi verði þeir á sinn kostnað að merkja sígarettupakka með viðvörunum. Því aðeins að þeir geri það og á sinn kostnað fá þeir að selja tóbaksvörur hér á Íslandi. Það eru til tóbaksframleiðendur sem vilja ekki hlíta þessum reglum eins og tóbaksframleiðslufyrirtækið Phillip Morris og hefur það dregið sig út af íslenska markaðnum. Þetta sama gildir í öllum löndum sem eru með skyldu um viðvörunarmerkingar þannig að þær kvaðir eru lagðar á tóbaksframleiðendur að vilji þeir selja sína vöru á viðkomandi markaði þá er þeim skylt að greiða kostnaðinn við vörumerkinguna. Hins vegar er mér ekki alveg ljóst hvort það sama getur gilt um ákvæði í 9. gr. þar sem segir að tóbaksframleiðendur skuli standa straum af kostnaði við nauðsynlegar mælingar til staðfestingar og eftirlits.

Þá er spurt um EES. Það er ekkert í EES-samningnum sem kemur í veg fyrir það að við getum gripið til þeirra ráðstafana sem í þessu frv. standa að öðru leyti en því að ég reikna með að við verðum að samræma merkingar, tóbaksviðvaranir, á íslenskum tóbaksvörum þeim reglum sem gilda á EES-svæðinu.

Þá spurði hv. þm. hversu langt bann við reykingum ætti að ná í opinberum stofnunum. Ég tel að það ætti að ná til þeirra svæða sem eru opin almenningi eða almenningur hefur aðgang að. Það er mín skoðun þó að ég sé ekki reykingamaður sjálfur að það sé ekki hægt að ganga svo langt í slíkum reglum að á einkavinnustað starfsmanna eins og t.d. á skrifstofu kennara þar sem nemendur koma ekki að jafnaði, þar sem kennari er einn á sinni skrifstofu, þá sé hann neyddur til þess að hætta að reykja, verði að fara út undir vegg eða eitthvað slíkt til þess, ég lít ekki svo á. En ég tel að almenna reglan eigi að vera sú með þeim undantekningum sem eru í þessu frv., þ.e. þar sem um er að ræða veitingahús þar sem er séraðstaða fyrir þá sem vilja reykja, en almenna reglan sé sú að þar sem gert er ráð fyrir því að almenningur hafi aðgang, þar sé ekki reykt. Þannig er það framkvæmt í dag. Og ég skal alveg taka undir með hv. þm. að framkvæmdin er víða mjög erfið eða með mikilli brotalöm. Ég segi fyrir mig að mér þykir t.d. ekki hægt eins og þó tíðkast í dag að senda það fólk sem reykir út úr húsi og út undir vegg yfir hávetur til þess að geta þar stundað sína iðju. Mér finnst að stofnanir verði að gera ráð fyrir því að hægt sé að hafa eitthvert skýli fyrir reykingamenn þó að það sé kannski ekki merkilegt. Það er bannað að reykja í dag á öllum sjúkrahúsum en þar er gert ráð fyrir því að starfsfólk sem reykir geti þó haft aðgang að herbergi þar sem reykja má. Ég hef komið í nokkur slík herbergi og ég verð að segja eins og er, virðulegi forseti, að það er ekki mest aðlaðandi vinnustaður sem ég hef séð og þar þurfa þeir sem vilja halda þessum ósið áfram mikið á sig að leggja, bæði andlega og líkamlega, til þess að geta staðið áfram að iðju sinni en það er önnur saga.

Hv. 5. þm. Reykv. spurði hvort neysla á tóbaki væri nú að aukast. Já, því miður er það svo og neysla á fínmuldu neftóbaki er í verulegum vexti ef miða á við sölutölur. Hins vegar er ekki ljóst hvaða neytendahópar það eru sem einkum og sér í lagi stunda neyslu á þeim efnum. Það liggja ekki að mínu viti fyrir neinar upplýsingar um það. Þó má það vera. Þá spurði hann að því líka hvers vegna innflutningur er þá ekki einfaldlega bannaður á tóbaki. Mitt svar við því er að ég hef ekki trú á að það sé hægt að takast á við vandamál tóbaksreykinga og tóbaksnautnar með innflutningsbanni. Það er aðeins hægt að takast á við það

vandamál með því að draga úr áhuga Íslendinga á því að nýta sér tóbak með því að fræða þá um hættuna sem því er samfara og ekki síst hættuna sem þeir geta valdið öðrum og þá einkum og sér í lagi með mengun andrúmslofts. Ég tel að það sé ekki hægt að ná tökum á þessu vandamáli með því að banna innflutning heldur með því að ná árangri með fræðslustarfsemi og með því að gera fólk, ég veit að hv. þm. Guðrún Helgadóttir mun ekkert mótmæla því þó ég noti það orðalagið að gera fólk „samfélagslega meðvitað".

Hvað líður frv. um afnám einkasölu á tóbaki spurði hv. 5. þm. Reykv. einnig. Því get ég ekki svarað af því að það er á verksviði fjmrh. svo að ég veit ekki hvað því máli líður.

Þá var ég spurður hvaða þætti í þessu frv. ég gæti hugsað mér að yrðu afgreiddir. Nú ætla ég ekki að hafa vit fyrir hv. nefnd, hún getur mætavel leyst þetta verkefni sjálf, en mér sýnist ef ég ætti að fara fljótt yfir sögu án allrar ábyrgðar að það væri hægt að afgreiða I. kaflann að mestu. Það væri e.t.v. spurning um 2. mgr. 2. gr. og eins og ýmsir þingmenn hafa komið hér að, hvort það sé framkvæmanlegt, að þeir sem beri ábyrgð á barni skuli stuðla að því að það njóti réttar samkvæmt 1. mgr. einnig þar sem reykingar eru ekki bannaðar. Þar geta komið upp ýmsir erfiðleikar, t.d. þegar sá sem vill reykja í húsnæði þar sem reykingar eru ekki bannaðar heldur fram sínum rétti, hvað á þá foreldrið að gera? Á þá foreldrið að fara með barnið út eða á foreldrið að henda út þeim sem ætlar að kveikja sér í sígarettu? Það er umhugsunarmál. Það virðist vera að honum séu báðir vegir færir samkvæmt þessari lagagrein en ég er sammála mönnum um að það sé kannski ástæða til þess að staldra þarna við.

Ég tel að hægt sé að afgreiða 6. gr. eins og hún stendur með þeirri viðbót að tóbaksvarnanefnd eigi að starfa að því líka að aðstoða þá sem vilja hætta reykingum. Og ef við lítum á verslun með tóbak, þá sé ég ekkert því til fyrirstöðu t.d. að afgreiða 7. gr., 8. gr. og 10. gr. Það eru ekki mjög miklar breytingar frá því sem gildir í dag. Ég sé ekkert því til fyrirstöðu að afgreiða meginatriði 11. gr. nema e.t.v. síðustu setninguna: „Tóbaki skal þannig komið fyrir á útsölustöðum að það beri ekki fyrir augu viðskiptavina." Það getur orðið harla erfitt, einkanlega í matvöruverslunum þar sem er um að ræða sjálfsafgreiðslu að hafa tóbaksvörum þannig fyrir komið að þær beri ekki fyrir augu viðskiptavinanna, enda er erfitt líka fyrir viðskiptavinina að ná sér í tóbak ef þeir mættu ekki sjá það sem þeir væru að sækja og væri þá undir hendingu komið hvað þeir tækju, hvort það væri sígarettupakkinn, vindlapakkinn, neftóbakið eða hvað ef þeir velja þetta blindandi svo að þetta getur verið svolítið erfitt að koma þessu ákvæði í framkvæmd.

Eins held ég að meginatriði 12. gr. gæti vel staðið. En meginmálið finnst mér þó vera það sem kemur fram í III. kafla, Verndun gegn tóbaksmengun andrúmslofts. Það má segja að samfélagið geti ekki mikið sagt við því þó að einstaklingur neyti tóbaks svo lengi sem hann skaðar ekki aðra. En hættan á tóbaksmengun andrúmslofts er einmitt sú að þar er tóbaksneytandinn að skaða aðra, þ.e. þá sem í kringum hann eru. Ég veit að það er ekki rétt að vera með einhver dæmi um það en nýlega lést af völdum lungnakrabbameins maður sem var Íslendingum mikils virði og í miklum metum hjá flestu fólki, maður sem aldrei hafði látið sígarettureyk inn fyrir sínar varir. Það var Haukur heitinn Morthens söngvari. Í mínum huga er ekki nokkur vafi á því að sá alvarlegi sjúkdómur sem hann fékk var vinnusjúkdómur sem stafaði af því í hvers konar umhverfi hann vann, þ.e. í reykmettuðu andrúmslofti árum saman. Þess vegna held ég að meginatriði málsins í þessum efnum sem ætti að lögfesta í þessum kafla væri að þeir sem nota reyktóbak hegðuðu notkun sinni þannig að þeir sköðuðu ekki þá sem þeir vinna með, starfa fyrir eða umgangast. Og enn fremur held ég, virðulegi forseti, að það ætti að vera hægt að afgreiða IV. kaflann skulum við segja og VI. kaflann um eftirlit og viðurlög nokkurn veginn óbreytta. Þetta er nú bara mín prívatskoðun ef svo má segja sem má ekki skoða sem tillögu til nefndarinnar heldur einfaldlega hitt að mér sýnist ekki miklum vanda undirorpið ef menn vilja að afgreiða meginatriði frv. sem auðvitað er meginmálið en sleppa svo þeim atriðum sem kannski eru áhöld um hvort skynsamlegt sé að setja í lög eða nokkurn veginn ljóst að verður erfitt að framkvæma.

[16:32]

Guðrún Helgadóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að þessi umræða hafi verið afar gagnleg og í þessum síðustu orðum hæstv. ráðherra kom fram að skoðun hans stangast á við 15. gr. að því leyti að hann lýsti þeirri skoðun sinni að á vinnustöðum bæri að hafa eitthvert afdrep fyrir það fólk sem neytir tóbaks en þó svo að aðrir samverkamenn þurfi ekki að líða fyrir það. Hins vegar stendur í 15. gr. frv. alveg afdráttarlaust, með leyfi hæstv. forseta, að tóbaksreykingar séu með öllu óheimilar í grunnskólum, á opinberum samkomum, heilsugæslustöðvum, læknisstofum, sjúkrahúsum, framhaldsskólum o.s.frv.

Séu það skilaboð hæstv. ráðherra til nefndarinnar, og ég harma nú að fólk í hv. heilbr.- og trn. skuli ekki leggja á sig að hlusta á þessa umræðu, þá skiptir verulegu máli það sem ráðherra sagði og ég er alveg sammála honum. Þessi mál verða ekki leyst nema í vinsemd og fyrst af öllu með uppfræðslu til barna og unglinga og vinsamlegri sambúð við það fólk sem því miður hefur ánetjast tóbaksnotkun. Við værum ekki að tala um þetta eins og ég hef áður sagt ef þetta væri ekkert vandamál. Það er erfitt að hætta að reykja og það fólk sem ekki getur það á einhvern þjóðfélagslegan rétt og getur verið afburða starfsmenn eftir sem áður og því væri fáránlegt að hrekja það fólk burt af vinnustöðum fyrir það eitt að reykja. Ég er þess vegna sammála hæstv. ráðherra um að við leysum þetta á siðmenntaðan hátt og reykingamönnum, hinum bersyndugu, verði veitt einhver og kannski dálítið geðfelldari afdrep en víða tíðkast nú til þess að stunda þennan löst sinn og án þess þó að þurfa að angra aðra. En þá held ég að þurfi að breyta 15. gr. Að vísu er í 18. gr. talað

um að séu reykingar leyfðar samkvæmt ákvæðum 14.–17. gr. skuli það vera á afmörkuðu svæði, en það er afar erfitt eða a.m.k. auðvelt fyrir ofstækisfullt fólk að segja: 15. gr. segir: Tóbaksreykingar eru með öllu óheimilar. Þetta held ég að þurfi að leiðrétta, hæstv. forseti.

[16:35]

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir svör hans en áður en ég kem að þeim vil ég rétt koma inn á það sem hv. þm. Tómas Ingi Olrich sagði í lok sinnar síðustu ræðu þar sem hann staðhæfði að neftóbak væri notað sem munntóbak. Þetta held ég að sé rangt. Það er auðvitað aldrei hægt að koma í veg fyrir alls konar fikt hjá mönnum. En að neftóbak sé notað í munn hef ég aldrei nokkurn tíma heyrt og hef fylgst nokkuð vel með þeirri vöru sem kallast neftóbak þannig að ég vísa þessu á bug og ef menn ætla að vera með þessar staðhæfingar, þá held ég að þeir verði að færa máli sínu stað á einhvern betri hátt.

Það liggur við að maður spyrji hæstv. ráðherra sem hér talaði um það að þetta mál yrði að fá afgreiðslu á þessu þingi þar sem þetta kemur nú fram í þriðja sinn hvers vegna í ósköpunum þetta mál kom ekki fyrr fram. Nú veit ég að það var lagt fram fyrir jólaleyfi en það er verið að mæla fyrir því hér núna þegar aðeins um fjórar vikur eru eftir af þingi. Ef mönnum hefur verið það svo mikið í mun að fá þetta afgreitt þá skil ég ekki af hverju málið kom ekki fyrr fram þar sem augljóst er að það hefur að meginstofni til verið tilbúið og það sem meira er að hæstv. ráðherra hefur ekkert síður mælt fyrir því frv. sem var áður flutt þannig að ég skil ekki þennan drátt á þessu mikilvæga máli.

Það kom fram hjá hæstv. ráðherra að reykingar barna og ungmenna hafi aukist á ný. Þetta er mjög alvarlegt og ég held að þær staðreyndir viðurkenni allir. En ég held að menn sjái það líka það sem ég sagði hér í minni fyrri ræðu að kannski eru orsakirnar fyrst og fremst þær að fræðslu og áróðri hefur verið ábótavant núna seinni árin. Menn hafa fyrir sér dæmi núna fyrir örfáum árum síðan. Ég kann ekki að nefna hvað þau eru mörg, 7, 8 eða 10 ár síðan, þá var öflugur áróður í gangi í þjóðfélaginu og alveg sérstaklega í skólunum og það hafði alveg greinileg og merkjanleg áhrif. Síðan slaka menn á og við sjáum aftur greinileg og merkjanleg áhrif en þau eru bara öfug núna þannig að þetta segir okkur það að fyrst og fremst eigum við að beita okkur fyrir aukinni fræðslu og auknum áróðri. Það held ég að liggi alveg á borðinu.

Það kom fram hjá hæstv. ráðherra, öfugt við það sem hv. þm. Tómas Ingi Olrich sagði, að hann vissi ekki til þess að það lægju fyrir neinar skýrslur um neytendahópa í neftóbaki. En hv. þm. fullyrti það hér og bauðst til þess að afhenda þær skýrslur þannig að það er vafalaust mjög upplýsandi ekki síður fyrir ráðherrann en mig að fá þær skýrslur frá hv. þm.

Við erum auðvitað sammála, ég og hæstv. ráðherra, um að það er ekki hægt að setja innflutningsbann en ég var að lýsa því að þeir sem sæju þetta í þeim aldekkstum litum, þeir menn sem hafa þær skoðanir hljóta auðvitað að koma með þá tillögu að slíkur innflutningur sé bannaður en að öðru leyti erum við ráðherrann fullkomlega sammála um þetta.

Varðandi 9. gr. sem hæstv. ráðherra taldi sig ekki geta hugsanlega mælt með á þessari stundu þar sem talað er um reglugerð hver eru hæstu leyfileg mörk efna í tóbaksvarningi og reyk sem myndast við bruna o.s.frv. þá held ég að þetta sé ekkert vandamál vegna þess að þetta liggur allt fyrir hjá tóbaksframleiðanda. Allar þessar rannsóknir liggja fyrir þannig að þessi grein má mín vegna standa þarna og það er að mínu viti ekkert sem kemur í veg fyrir það að hún standi þarna því að eins og ég segi þessar upplýsingar liggja allar fyrir hjá framleiðandanum.

Ég spurði hæstv. ráðherra hvort árið 1994 markaði einhver þáttaskil í neyslunni. Ég geri mér grein fyrir að hún hefur aukist eitthvað en það sem ég var að reyna að fiska eftir er það hvort við erum komin í einhvern ákveðinn topp í neyslunni. Þess vegna hefði ég gjarnan viljað vita hvernig þetta ferli hefur verið yfir lengri tíma og nefndi ein 20 ár, það mætti verða skemmra. En það er auðvitað mjög alvarlegt ef við erum komin í einhvern topp og neyslan er að aukast svo gríðarlega mikið.

Ég spurði fjölmargra spurninga. Ég ætla ekki að rifja þær allar hér upp en þó tvær eða þrjár. T.d. varðandi neftóbakið, svo að maður haldi aðeins áfram þar, þá skil ég ekki þetta afstöðuleysi gagnvart íslensku neftóbaki. Hér hefur komið fram í umræðu hjá hv. þm. Jónu Valgerði Kristjánsdóttur að fínmulið neftóbak væri um 11% af neyslu neftóbaks sem þýðir það þá að heildarneyslan er eitthvað yfir 13 tonn sýnist mér á þeim tölum. Og ef menn hafa engar áhyggjur af þeirri neyslu, 13 tonna neyslu á móti 1,5 tonnum, þá skil ég ekki alveg hvað menn eru að hugsa vegna þess að það er víðáttulangt frá því að hið íslenska neftóbak sé skaðlaust en það mætti ætla það samkvæmt þessu frv. hér vegna þess að það er eingöngu talað um þetta fínmulda snuff eða innflutta neftóbak. Menn bara gefa sér það að það sé svo skaðlegt að það leggist svo þungt á unga fólkið að það beri fyrst og fremst að banna. Ef menn eru að tala um skaðsemi neftóbaks þá banna menn neftóbak, punktur basta hvort sem það er íslenskt eða erlent. Og í framhaldi af því spyr ég: Með hvaða fyrirvörum var þeim aðilum sem keyptu íslensku neftóbaksframleiðsluna seldur sá framleiðsluréttur? Var þeim gert það ljóst að hugsanlega innan örfárra ára yrði þessu fyrirtæki þeirra lokað og það yrði bannað að framleiða íslenskt neftóbak?

En í 12. gr. finnst mér skjóta svolítið skökku við þegar menn eru að tala um tóbaksvarnir og hugsanlega reyna að hjálpa fólki að draga úr neyslu á tóbaki að þá er bannað að selja sígarettupakka minni en með 20 stykkjum í. Nú eru framleiddir pakkar með 10 stykkjum í og víða seldir um heim og ef einhver ákveðinn aðili er að reyna að draga við sig, að minnka reykingar, þá hlýtur að vera betra fyrir hann að geta keypt sér sígarettupakka með 10 stykkjum í heldur en þurfa að vera með 20 stykkja pakkann í vasanum og vera þar af leiðandi með enn frekari freistingar til að

halda áfram. Það nákvæmlega sama á við um vindlana. Hér er mönnum skylt að kaupa heilan pakka. Hvað eru ekki margir sem fara og kaupa sér einn London Docks eða tvo London Docks eða þrjá en núna verða þeir punktur basta að gera svo vel að kaupa sér heilan pakka og hvað halda menn að muni þá ske? Menn freistast auðvitað til þess að reykja meira. Þetta finnst mér skjóta skökku við í tóbaksvarnafrv. að menn eru nánast knúðir til að kaupa hámarksmagn í staðinn fyrir að mega kaupa lágmarksmagn sem ætti þó að hjálpa þeim við að draga úr neyslunni. Þetta er það sama og hætt yrði að selja pelana í ríkinu, menn yrðu að gera svo vel að kaupa sér heila flösku. Ég efast um að það mundi hjálpa mikið til.

Í 13. gr. er upptalning á þeim verslunum sem mega selja tóbak. Ég kom inn á það hér áðan hvort mönnum fyndist það ekki skjóta skökku við að á Íslandi er ein tóbaksverslun til, hún er hér uppi í Bankastræti og selur þetta margnefnda neftóbak. Samkvæmt frv. má hún ekki selja tóbak. Þetta er eina tóbaksverslunin á landinu og samkvæmt þessum lögum hér má hún ekki selja tóbak. Vegna hvers? Vegna þess að hún er ekki matvöruverslun, hún er ekki sælgætisverslun og hún er ekki veitinga- eða gististaður þannig að samkvæmt laganna bókstaf er bannað að selja tóbak í tóbaksverslun. Og ég verð að segja að mér þykir lítil skynsemi á bak við það.

Þá kom ég aðeins inn á 16. gr. þar sem segir, hæstv. forseti, í 1. mgr.:

„Sá sem ræður mann til vinnu skal sjá til þess að hann njóti á vinnustaðnum réttar samkvæmt 1. mgr. 2. gr." sem er það að mega starfa í ómenguðu starfslofti, þ.e. ómenguðu af tóbaksreyk. Og ég benti á það að það er fjöldinn allur af eins til tveggja, þriggja manna fyrirtækjum. Það er eigandinn og einn eða tveir starfsmenn. Ef eigandinn reykir, þá dettur honum ekki í hug að ráða til sín starfsmann sem ekki reykir vegna þess að hann vill ekki hafa það yfir höfði sér að vera kærður fyrir það að viðkomandi aðili fái ekki starf í því andrúmslofti sem lögin segja, sem segir manni það að það er hvati hér til þess að ráða sérstaklega reykingamenn í vinnu. Sjálfur á ég slíkt lítið fyrirtæki og ég mundi hafa þetta svona. Það segi ég alveg hér. Ég mundi hafa þetta svona. Ég vil ekki hafa þessar kvaðir yfir mér þannig að mér finnst þetta skjóta skökku við að frv. segi nánast: Litlu fyrirtækin, þar sem eigandinn eða yfirvaldið reykir, það er hvati til þess að ráða reykingamenn í vinnu. Og er þetta nú það sem frv. á að snúast um?

Einnig varðandi 21. gr., þar finnst mér það ekki við hæfi að tóbaksvarnaráð skuli reka sig á brúttósölu af tóbaki. Það skuli ráðast af því hve mikið er selt af tóbaki úr hve miklum fjármunum þeir hafa að spila. Mér finnst þetta röng leið. Mér finnst rétt auðvitað að tóbaksvarnaráð fái þá fjármuni sem það telur sig þurfa á að halda en það á að fá það með beinu framlagi úr ríkissjóði eða fjárlögum. Það á ekki að haldast í hendur neysla og það úr hvaða fjármagni þeir hafa að spila.

Aðeins í lokin, hæstv. forseti, í V ákv. til brb. þar sem gert er ráð fyrir að tóbak hækki umfram verðlag um 10% á hverju ári til ársins 1999 þá vil ég mótmæla því vegna þess fyrst og fremst að tóbakið er inni í vísitölunni. Það þýðir það að skuldir heimilanna hækka og þetta dregur úr kaupmætti og þetta er röng aðferð.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Verslunaratvinna, 1. umr.

Stjfrv., 326. mál (takmörkun verslunarleyfis). — Þskj. 494.

[16:46]

Viðskiptaráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Með frumvarpi þessu er verið að fullnægja skuldbindingum sem Ísland hefur tekið á sig með því að gerast aðili að almennum samningi um þjónustuviðskipti, General Agreement on Trade in Services, sem er einn af þeim samningum sem urðu til við lok Úrúgvæ-viðræðna GATT. Samkvæmt þessum samningi hafa ríki skuldbundið sig til að beita reglum um bestu kjör að því er varðar þjónustuviðskipti og einnig til að setja ekki takmarkanir á erlenda aðila umfram innlenda sem hyggjast veita þjónustu á yfirráðasvæði þeirra, nema að því leyti sem sérstakur fyrirvari er um það gerður í tilboði viðkomandi ríkis.

Ákvæði það sem hér er lagt til að verði fellt brott virðist á yfirborðinu fela í sér mikla takmörkun og gefa færi á að beita mismunun eftir þjóðerni eða öðrum högum, án þess að sú ástæða sé gefin upp. Í reynd hefur þessu ákvæði hins vegar ekki verið beitt hin síðari ár, ef því hefur þá nokkru sinni verið beitt. Einnig er ljóst að ákvæðið er ekki í samræmi við nútímaviðhorf um frjálsa samkeppni, svo sem þau birtast t.d. í samkeppnislögum, nr. 8/1993. Ráðherra á algerlega frjálst mat um þjóðhagslega hagkvæmni þegar sótt er um verslunarleyfi fyrir nýjan aðila. Engar leiðbeiningar er að finna í athugasemdum sem fylgdu frumvarpi til laga nr. 7/1970, um breytingu á lögum um verslunaratvinnu, um hvernig beri að túlka ákvæði þetta og mér finnst mjög óeðlilegt að slíkt ákvæði sé í íslenskum lögum.

Virðulegi forseti. Ég legg til að þessu máli verði vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Viðmiðun lágmarkslauna, fyrri umr.

Þáltill. KS o.fl., 296. mál. — Þskj. 388.

[16:48]

Flm. (Guðrún J. Halldórsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir þáltill. okkar kvennalistakvenna um viðmiðun lágmarkslauna við reiknaðan lágmarksframfærslukostnað. Tillaga hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að vinna að því að enginn launþegi í fullu starfi þurfi að sæta launakjörum undir því marki sem reiknaður lágmarksframfærslukostnaður gefur. Markmiði þessu verði náð með lagasetningu, samningum eða öðrum ráðum og verkefninu lokið innan tveggja ára."

Lægstu laun í landinu hafa um langt árabil verið svo lág að þau duga engan veginn fólki á lægstu launatöxtum. Miðað við þær kröfur og aðstæður, sem eru í samfélagi okkar, getur það ekki framfært sig, hýst, fætt eða klætt. Afkoma fólks á lægstu launum byggist þá yfirleitt á því að viðkomandi er á framfæri annarra, lifir við stórkostlegan skort og fátækt eða safnar skuldum. Stundum á allt þetta við. Þessu þarf að breyta og þessu verður að breyta.

Það er óþolandi ástand að atvinnurekendum líðist að nýta sér fulla starfskrafta fólks án þess að greiða því laun sem duga til eðlilegrar framfærslu. Slíku má jafna við þrælahald. Það er misskilningur að halda að það sé styrkur fyrir hagkerfið að halda stórum hópum á smánarlaunum. Þvert á móti veikir það hagkerfið. Það veikir raunar þjóðfélagið allt, spillir heilsufari fólks og lamar efnahagslega hóp sem ætti að standa undir verulegri veltu með neyslu sinni.

Reyndar er ekki við atvinnurekendur eina að sakast varðandi þetta ástand. Allir þekkja hinn óformlega launastiga verkalýðshreyfingarinnar þar sem flestir hópar miða við ákveðið bil milli sín og annarra hópa, bæði þeirra sem hafa hærri laun og hinna sem hafa lægri. Menn reyna að koma í veg fyrir að hinir lægra launuðu nálgist um of og leitast við að fylgja hækkunum hinna hærra launuðu fast eftir. Þessi viðhorf hafa m.a. komið í veg fyrir varanlegar leiðréttingar lægstu launa.

Flutningsmenn hafna þeim nauðhyggjurökum að þessu ástandi verði ekki breytt. Kvennalistakonur hafa ítrekað flutt frumvarp um lögbindingu lægstu launa við eðlilegan framfærslukostnað. Hér er enn sótt að sama marki.

Ýmsar leiðir eru færar til þess að meta lágmarksframfærslu, t.d. kannanir á högum láglaunafólks, gerð lágmarksviðmiða og útreikningar á þeim eða „módelútreikningur". Félagsmálastjórar landsins hafa orðið að reikna sig að einhverri slíkri viðmiðun, sömuleiðis námsmenn. Skattstjórar hafa einnig orðið að finna svokallaða „lífeyristölu" til að geta metið hvort skattgreiðendur geta framfært sig af þeim tekjum sem þeir telja fram og með hliðsjón af breytingum eigna og skulda. Flutningsmenn vilja þó benda sérstaklega á athugun sem þegar hefur verið unnin og er því líklega nánast tilbúin til þess að fram verði lögð.

Þingsályktun um athugun á lágmarksframfærslukostnaði var samþykkt á Alþingi 20. des. 1990. Flutningsmaður var Stefán Valgeirsson. Ályktunin hljóðaði svo eftir afgreiðslu þingsins:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til að vinna að athugun á lágmarksframfærslukostnaði hérlendis. Nefndin kanni meðal annars hvaða not megi hafa af framfærslu- og neyslukönnunum sem þegar hafa verið gerðar og leiti aðstoðar Hagstofu Íslands og annarra sérfróðra aðila.

Nefndin skili greinargerð um störf sín fyrir árslok 1991."

Það á því þegar að vera til staðar viðmiðun til að vinna út frá og þessa niðurstöðu þarf síðan að framreikna.

Grundvallarkrafa í mannúðlegu samfélagi er að fullvinnandi manneskja geti framfært sig. Niðurstöður misfrjálsra samninga hafa þó leitt til þess að stór hluti launþega fer afskiptur frá samningaborðinu og bíður þeirra því líf undir fátæktarmörkum. Tilgangur þessarar tillögu er að hindra slíka nauðasamninga.

Virðulegi forseti. Nú eru farnir af stað og eru að fara í hönd miklir samningar og kannski langvarandi, en alla vega svo miklir að þeir ná til flestra landsmanna. Það er ástæða til að bera fram þessa þáltill. núna og það er sannkölluð nauðsyn að hún verði samþykkt og að ríkisstjórnin reyni að fara eftir henni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Endurskoðun á lánskjaravísitölu, fyrri umr.

Þáltill. MJ, 291. mál. — Þskj. 382.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 16:54.

---

82. FUNDUR

miðvikudaginn 1. febr.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.

2. Löggilding starfsheita í tækni- og hönnunargreinum, stjfrv., 320. mál, þskj. 485. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

3. Vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar, stjfrv., 324. mál, þskj. 492. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

4. Vernd svæðislýsinga smárása í hálfleiðurum, stjfrv., 325. mál, þskj. 493. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

5. Kísilgúrverksmiðja við Mývatn, stjfrv., 323. mál, þskj. 491. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

6. Læknaráð, stjfrv., 311. mál, þskj. 446. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

7. Tóbaksvarnalög, stjfrv., 312. mál, þskj. 447. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

8. Verslunaratvinna, stjfrv., 326. mál, þskj. 494. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

9. Viðmiðun lágmarkslauna, þáltill., 296. mál, þskj. 388. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

10. Endurskoðun á lánskjaravísitölu, þáltill., 291. mál, þskj. 382. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

11. Málefni fatlaðra, skýrsla, 289. mál, þskj. 362. — Frh. umr.

12. Varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, stjfrv., 339. mál, þskj. 536. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Gísli S. Einarsson, 4. þm. Vesturl.,
Halldór Blöndal landbrh.,
Jón Baldvin Hannibalsson utanrrh.,
Þorsteinn Pálsson sjútvrh.

Útbýting þingskjals:

Lágmarksframfærslukostnaður, 330. mál, svar félmrh., þskj. 584.

Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.

Samningar við kennarafélögin.

[13:36]

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Enn á ný er ófriður í skólum landsins. Kennarar hafa boðað til verkfalls með miklum meiri hluta atkvæða, um 86% hjá Kennarasambandinu og 62% hjá Hinu íslenska kennarafélagi.

Hæstv. menntmrh. talar á hátíðastundum um mikilvægi menntunar. Nú stendur þjóðin frammi fyrir því að skólum verður skellt í lás eftir rúmlega hálfan mánuð ef ekki nást samningar við kennara. Er það svo, hæstv. menntmrh., að hæstv. ríkisstjórn sé hætt störfum? Er hæstv. menntmrh. sammála hæstv. fjmrh. um að það sé hlutverk næstu ríkisstjórnar að semja við kennara? Er hæstv. menntmrh. sammála hæstv. forsrh. um að ekki sé hægt að bæta kjör kennara? Mun hæstv. menntmrh., sem er óumdeilanlega ráðherra menntamála í þessu landi, beita sér innan ríkisstjórnarinnar fyrir því að samningar náist innan hálfs mánaðar?

Hér erum við að fjalla um mjög alvarlegt mál sem snertir allt okkar samfélag. Kennarar eru yfirþyrmandi óánægðir með laun sín. Byrjunarlaun eru 68.500 kr. eftir þriggja ára háskólanám. Jafnvel gangavarsla er betur launuð í skólum landsins. Þessi mikla óánægja er farin að hafa alvarleg áhrif á skólastarf og bætist þar við þá miklu óánægju sem almennt ríkir á meðal kennara, að mínu áliti, gagnvart stefnu núv. hæstv. ríkisstjórnar í menntamálum. Því hlýt ég að spyrja hæstv. menntmrh. hvernig hann sér þetta mál fyrir sér og hvernig hann getur beitt sér í þessu máli sem fagráðherra og sem ráðherra sem ber ábyrgð á menntun þessarar þjóðar.

[13:38]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Það þarf nú engar hátíðarstundir til þess að tala um mikilvægi menntunar og það hef ég gert eins og hv. þm. og ég held að flestir geri, að tala um mikilvægi menntunar og meina það.

Ríkisstjórnin er ekki hætt störfum eins og hv. þm. spurði hvort væri. Ég kannast ekki við að hæstv. fjmrh. hafi sagt að það væri hlutverk næstu ríkisstjórnar að semja við kennara. Ég hef ekki heyrt það og vildi gjarnan að hv. þm. fyndi þeim orðum sínum frekari stað. Ég kannast heldur ekki við að hæstv. forsrh. hafi sagt að ekki væri hægt að bæta kjör kennara og ég vildi biðja hv. þm. um að finna þeim orðum sínum líka stað, að hæstv. forsrh. hafi einhvers staðar látið hafa það eftir sér.

Verkfall kennara, ef af verður, er auðvitað mikið áhyggjuefni, ekki bara fyrir menntmrh. heldur hlýtur það að vera áhyggjuefni hvers og eins í þessu landi ef verkfall skellur á. En það er að sjálfsögðu ekki fullreynt. Samningaviðræður standa yfir og ég vona að ég þurfi ekki að útskýra það fyrir hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur að samningamál við kennara eru á vettvangi hæstv. fjmrh. en ekki menntmrh. Menntmrh. hefur hins vegar beitt sér í þessu máli. Ég hef sent samninganefnd ríkisins bréf þar sem ég hef greint frá hver sé skoðun menntmrn. á ýmsum atriðum sem kennarar hafa sett fram í sinni kröfugerð. Það er að sjálfsögðu ekki verkefni mitt að fara að greina frá því hér á hv. Alþingi hvað fer á milli menntmrh. og fjmrh. í sambandi við þetta mál, það væri þá frekar fjmrh. sem mundi gera grein fyrir því máli.

[13:41]

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Það var heldur lítið upp úr því að hafa að spyrja hæstv. menntmrh. um þetta mál. Að sjálfsögðu er mér kunnugt um það að fjmrh. fer með þessa samninga af hálfu ríkisstjórnarinnar, en þar sem hæstv. menntmrh. ber ábyrgð á málaflokknum þá hlýtur hann að hafa áhyggjur af þessu máli. Og við sjáum það fyrir okkur að ef skólum landsins verði lokað í febrúar og þeir ekki opnaðir fyrr en næsta haust þá hefur það gífurleg áhrif á allt okkar samfélag. Og mér er kunnugt um að börn og unglingar eru mjög áhyggjufull út af þessu og treysta á að eitthvað sé hægt að gera. En það er greinilegt að það sem ég sagði í upphafi míns máls áðan, að hæstv. ríkisstjórn væri í raun hætt störfum, það er sannað hér með orðum hæstv. menntmrh.

Greiðsluaðlögun húsnæðislána.

[13:42]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Snemma á þessu þingi fluttum við hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson till. til þál. um greiðsluaðlögun húsnæðislána og í tengslum við þá umræðu kom það fram að þau mál væru til sérstakrar

athugunar, að fullyrt var af þáv. félmrh., á vegum ríkisstjórnarinnar. Síðan hafa þessi mál verið rædd hér undir ýmsum formerkjum bæði utan og innan dagskrár, í raun og veru reglulega svo að segja alveg frá því að þingið hófst og ævinlega hefur því verið borið við að það væri verið að taka á þessum málum með einhverjum hætti af hæstv. ríkisstjórn.

Nú er skammt eftir af þessu þingi eins og kunnugt er og það bólar ekkert á því að á þessum málum hafi verið tekið. Því var lýst yfir af talsmönnum tveggja eða þriggja þingflokka að það væri algerlega óviðunandi að þessu þingi lyki án þess að komið væri til móts við það fólk sem núna er í stórum stíl að missa allar sínar eignir vegna gjaldþrota og alls konar greiðsluerfiðleika sem upp hafa komið, m.a. sérstaklega vegna stefnu núv. ríkisstjórnar. Það er þess vegna ástæða til þess, hæstv. forseti, að spyrja núna hæstv. félmrh.: Er þess að *vænta að ríkisstjórnin muni núna alveg næstu* daga leggja fram frv. um greiðsluaðlögun vegna skulda fólks, m.a. út af húsnæðiskostnaði, eða er ríkisstjórnin með önnur mál af þessu tagi í bígerð alveg á næstunni? Kannanir gera enga stoð í þessu máli því að niðurstöður liggja þegar fyrir. Hæstv. núv. félmrh. hefur borið því við að þessi mál þurfi að kanna og þau verði könnuð, en það er alveg ástæðulaust að vera að eyða tíma í kannanir því að niðurstöður af þeim liggja fyrir ef menn nenna að lesa Lögbirtingablaðið því þar eru birtar niðurstöðurnar úr hinu hversdagslega lífi alþýðufólks á Íslandi um þessar mundir.

En ég spyr: Hvar er málið statt? Er það að koma hér inn í þingið? Ef það ekki að koma inn í þingið þá á auðvitað hæstv. ríkisstjórn að beita sér fyrir því að mál okkar hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar verði samþykkt hér og frv. sem lagt var fram á síðasta þingi um þau efni verði gert að lögum.

[13:44]

Félagsmálaráðherra (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Eins og þingmanninum er kunnugt þá var skipuð nefnd í þetta mál að vinna frv. um greiðsluaðlögun og hún hefur verið að störfum síðan í haust. Það kom í ljós í vinnu nefndarinnar að það var mjög mikilvægt, þó að það hefði ekki verið gert í upphafi, að fá fulltrúa dómsmrn. inn í þetta starf vegna réttarfarsákvæða sem þyrftu að vera í þessu frv. Eftir áramót var fenginn fulltrúi dómsmrn. í nefndina og það er verið að vinna ákveðna textavinnu í frv. núna sem snýr að þeim þætti. Ég get alveg tekið undir það að ég hefði kosið að þetta frv. hefði verið tilbúið þegar við komum hér saman í lok janúar til þings. Það er ekki tilbúið en ég treysti því að mér takist að koma með það hérna inn og þá verði mikil sátt um að ná frv. fram þó skammur tími verði.

Aðeins vegna annarra orða þingmannsins þá er það mér mjög mikilvægt að það sem verður gert í vanda þeirra sem eru í vanskilum séu réttu aðgerðirnar, að *þær beinist að réttum hópum*. Ég vil árétta það hér úr þessum ræðustól að frv. um greiðsluaðlögun mun eingöngu nýtast afmörkuðum hópi þeirra sem eru með skuldir og í vanskilum. Þetta er eingöngu einn afmarkaður þáttur þess sem þarf að vera hjá okkur og hefur reynst vel í nágrannalöndum okkar en þetta er ekki og það má ekki kveikja þær vonir að frv. um greiðsluaðlögun, yrði það að lögum í febrúar, leysi vanda allra þeirra sem menn hafa áhyggjur af.

Hins vegar vegna orða um kannanir — og þær eru mjög mikilvægar — sem ég hef verið að láta gera í þeim efnum, ekki síst það sem verið er að skoða í Húsnæðisstofnun og ég hefði átt að vera að fá upplýsingar um um miðja þessa viku, nefnilega hvort vandi fyrstu kaupenda sé annars eðlis eða meiri en annarra vegna þess að þar höfum við önnur úrræði til dæmis en gagnvart fjöldanum sem er hækkun hlutfalls í lánunum. Það er mjög margt verið að skoða í þeim starfshópi sem ég er með í gangi í verkalýðshreyfingu og fleiri, ýmislegt sem ég bind miklar vonir við að leysi mál þessa fólks sem og skuldbreytingarnar sem eru í *gangi í Húsnæðisstofnun*.

[13:47]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Það er satt að segja dálítið umhugsunarefni að einn af forustumönnum Alþfl. hefur undanfarnar vikur verið að birta í Morgunblaðinu fimm greinar um greiðsluvanda fólks í landinu og nauðsyn þess að á þeim málum verði tekið. Hér á ég við greinar Jóns Karlssonar, sem er fyrrv. aðstoðarmaður hæstv. félmrh. og heilbrrh. Þar hefur það komið alveg skýrt fram að greinilega er gert ráð fyrir því að á þeim málum verði tekið. Þar hefur það komið greinilega fram að þar er ætlunin að taka, að því er virðist, á mjög mörgum málum og víða. Það er greinilegt að hæstv. félmrh. var sérstaklega að veita þessum greinarhöfundi ákúrur þegar hún var að tala um að það mætti ekki vekja falskar vonir. Enginn maður hefur vakið eins víða vonir í þjóðfélaginu með þessum greinum sínum og þessi leiðtogi Alþfl.

Ég tel þess vegna alveg augljóst að það verði að taka á þessum málum og taka þau af ríkisstjórninni. Hún ætlar ekki að gera neitt í málinu. Það lengsta sem ríkisstjórnin hefur komið eru orð hæstv. félmrh. hér áðan um að málið sé í ákveðinni textavinnslu. Ákveðinni textavinnslu og það eru tveir mánuðir eftir, hæstv. forseti, af 48 mánaða kjörtímabili. Þá er þetta gjaldþrotamál enn í ákveðinni textavinnslu. Ja, þvílík reisn, hæstv. félmrh.

[13:48]

Félagsmálaráðherra (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Þetta er rangt. Þetta er rangtúlkun á mínum orðum. Ég var að lýsa því hvað hefði gerst núna eftir áramótin, eftir að fulltrúi dómsmrn. kom til vegna þess að það þurfti að skoða ákveðinn þátt þessara mála sérstaklega með honum og að sú vinna væri í ákveðinni textavinnu. Það er nefnd að störfum, hún er búin að vera það fyrir jól, hún er að störfum núna. Það sem ég átti við var frv. um greiðsluaðlögun og allir sem skoða þau mál vita að það tekur á afmörkuðum, einangruðum þætti í því sem menn tala um í vanda heimilanna. Það er rangt að við séum ekki að vinna að þessum málum. Ég er ekki að veitast að

einhverjum greinarhöfundi eða öðrum, ég hef góðan vilja til að taka á þessum málum, þetta er það mál sem ég daglega kem að og ýti á eftir. Út af orðum þingmannsins um að ríkisstjórnin sinni ekki þessum málum nægilega vel og það þurfi að taka þau úr mínum höndum þá ætla ég að segja það hér við þingheim að ég hef ekki skirrst við að sækja þar til stuðnings í vinnunni aðila vinnumarkaðarins og aðra sem ég hef talið að væri brýnt að fá sjónarmiðin hjá og er ófeimin að vinna með þeim að framgangi þessara mála og hef hitt þessa aðila vikulega og það er gott samstarf okkar um að taka á málum eins og best verður kosið.

[13:50]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Því miður er það þannig að þessi orðaskipti núna eru nákvæmlega þau sömu og fóru fram í þessari virðulegu stofnun fyrir u.þ.b. einu og hálfu ári síðan eða svo. Þá var það fyrrv. hæstv. félmrh., núverandi formaður Þjóðvaka, var kosinn það með yfirgnæfandi meiri hluta atkvæða fyrir nokkru, sem var í hlutverki félmrh. og lýsti því nákvæmlega sama yfir að málið væri í ákveðinni vinnslu og það væri verið að skoða málið. Þáv. hæstv. ráðherra notaði að vísu hvorki textavinnslu eða ritvinnslu en vinnslu, svo mikið er víst. Það var einmitt á þeim tíma sem hv. þm. Sigbjörn Gunnarsson flutti till. til þál. um alhliða greiðsluaðlögun vegna skuldavanda fólks í landinu yfirleitt. Hverjir studdu þá tillögu? Hver skrifaði upp á þá tillögu annar? Hæstv. núv. umhvrh. Það hefur því miður verið þannig, hæstv. félmrh., að öll orð Alþfl. um þessi mál hafa reynst ómagaorð, markleysa, það er það ljóta gagnvart því fólki sem hér er um að ræða og bíður eftir því að Alþingi tali í þessu máli og Alþingi verður að tala áður en það fer heim á þessu vori.

[13:51]

Félagsmálaráðherra (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Það er alveg ótrúlegt að hv. þm. skuli afflytja svona það mál sem hér er til umræðu. Nefndin sem við erum að ræða um, nefnd til að semja frv. um greiðsluaðlögun, var sett á laggir mánaðamótin október/nóvember. Ég tek ábyrgð á öllum verkum samflokksmanna minna. Ég get ekki svarað fyrir fyrirrennara minn og þá ekki þann síðasta heldur þarsíðasta um hvernig hann háttaði störfum sínum í ráðuneytinu. En ég ætla bara að segja það að þessi nefnd var skipuð í október/nóvember, það er ekki spurning um að tala hér. Ég ætla bara að taka undir orð næsta fyrirrennara míns og segja: Það á að gera. Ég ætla að sannfæra hv. þm. um það að ég er að gera í þessum málum, það er verið að taka á þeim og það er verið að vinna í þeim. Það snýst ekki um að standa hér og tala, það snýst um það að koma með niðurstöðu í málinu og það mun ég gera.

Boðað verkfall kennara.

[13:52]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér áðan var hæstv. menntmrh. að svara nokkuð fyrir það hvort hann mundi gera eitthvað til þess að reyna að leysa samningamál kennara áður en til verkfalls kæmi. Ég vil beina spurningu minni til hæstv. forsrh. þar sem hér er ekki viðstaddur hæstv. fjmrh.

Það lítur út fyrir það að samninganefndin hafi ekki haft neitt umboð til þess að ræða mál eins og fjölgun kennsludaga sem kallar á auknar launagreiðslur, hvað þá heldur aðrar breytingar í starfi. Kaupkröfum kennara virðist algjörlega vísað á bug. Þetta snertir á einn eða annan hátt u.þ.b. helming þjóðarinnar. Það snertir okkur sem hér erum inni á vinnustað. Það snertir kennara, foreldra, börn og marga atvinnurekendur. Þess vegna vil ég spyrja hæstv. forsrh. að því hvort hann ætlar að snúa sér eitthvað að þessu máli sem verkstjóri þessarar ríkisstjórnar og reyna þannig að koma í veg fyrir það að skólastarf stöðvist hér hinn 17. febr. nk.

[13:54]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti. Það er rétt að árétta það sem allir vita að það er ekki ríkisstjórnin sem hefur tilkynnt það að skólum verði lokað, það er hinn aðili samningsins sem hefur ákveðið þau úrræði. Enn er hins vegar eftir hálfur mánuður af samningavinnu áður en til þess kemur að verkfall skellur á en ég get deilt þeim áhyggjum sem hér hafa komið fram varðandi þetta verkfall því eins og kröfur eru settar upp þá er mikil hætta á því að þessi verkföll kunni að verða löng og ströng. Það mun auðvitað bitna með mjög alvarlegum hætti á nemendum í skólum landsins og foreldrum og þjóðlífinu öllu og yfir því hljótum við að hafa mjög miklar áhyggjur. Það hafa farið fram viðræður, gagnlegar viðræður, í samninganefndum milli aðila ríkisins og fulltrúa kennarasamtakanna sem ég vona að auðveldi lausn málsins. En það er gömul saga og ný að kjaradeilur, hvorki einstakra hópa við vinnuveitendur eða milli ríkisins og starfsmanna þess séu leystar með umræðum í þessum sal. Þó að það kunni að vera vel til þess fallið í aðdraganda kosninga að fara hér mikinn þá á ég ekki von á því að fulltrúar stjórnarandstöðunnar muni gefa það upp hér og heyrði það ekki á þeim með hvaða hætti eigi að standa að þessum samningum við kennara. Hvort það eigi að fallast á allar þeirra kröfur og leysa málin með þeim hætti eða með einhverjum öðrum hætti. Ég hef ekki heyrt neinar leiðbeiningar um það efni. Ég vil taka það fram að það sem var haft eftir mér eða vitnað í mín orð um að ég hefði einhvers staðar sagt að ekki væri ráðrúm til að bæta laun kennara eru ósannindi.

[13:56]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Það liggur auðvitað fyrir að það þurfi að ræða þessi mál af einhverju raunsæi í samninganefndinni. Því spyr ég hæstv. forsrh. enn og aftur hvernig hann ætlar sér að koma að þessu máli. Ég veit

að hann getur það, það eru fordæmi fyrir því raunar því að í sjúkraliðaverkfallinu sem lauk rétt um síðustu áramót þá held ég að það fari ekkert á milli mála að því lauk vegna þess að hæstv. forsrh. kom að málinu á síðustu stundu. Þannig að það eru fordæmi fyrir því að hann sem verkstjóri ríkisstjórnarinnar geti beitt sér í svona málum.

[13:56]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti. Fjmrh. fer með samningamál við kennara og hann er kominn til landsins og tekinn við sínum störfum þannig að ég gegni ekki starfi fjmrh. lengur sem ég hef gert undanfarinn mánuð. Ég veit að hugur fjmrh. stendur til þess eins og okkar allra, ekki síst sem gamals kennara eins og hæstv. fjmrh. er, að leysa þetta mál. En við hljótum jafnframt að líta til þess að þeir samningar geti ekki orðið til þess að setji hér aðra samninga úr skorðum. Það þarf að horfa til margra átta og auðvitað hljóta báðir aðilar, beggja vegna borðsins, að horfa til allra þessara þátta.

Flatur niðurskurður í fjárlögum.

[13:57]

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég sný mér til hæstv. forsrh. Nú fer að líða að lokum stjórnartíðar þessarar ríkisstjórnar og fer ekki á milli mála hvernig til hefur tekist enda finnur fólkið í landinu fyrir því. En ástæðan fyrir því að ég ber hér upp fyrirspurn til hæstv. ráðherra er að Ríkisendurskoðun skilaði í desember sl. skýrslu um stjórnsýsluendurskoðun á sjúkrahúsi Skagfirðinga, Húsavíkur og Vestmannaeyja. Þar stendur þessi setning, með leyfi, frú forseti:

„Með ítrekuðum flötum niðurskurði undanfarinna ára hafa forsendur fjárlagaáætlana riðlast þannig að nú er svo komið að heilbr.- og trmrn. hefur ekki lengur fullkomna yfirsýn um forsendur að baki fjárveitingum fjárlaga."

Við sjáum hvernig komið er fyrir skólakerfinu og því gæti ég spurt eins, það skyldi nú aldrei vera að menn hefðu með flötum niðurskurði misst alla yfirsýn yfir málaflokkinn? Ég tel að eins og komið er nú í heilbrigðiskerfinu þar sem þjónustugjöld hafa verið aukin þannig að almenningur verður að nýta sér raðgreiðslur til að greiða fyrir heilbrigðisþjónustu eða biðja starfsmenn um að geyma ávísanir og annað fram eftir götunum, sé eðlilegt að spyrja hæstv. forsrh.: Hefur hann traust á ráðuneyti sínu þegar sjálf Ríkisendurskoðun fellir þann dóm að eitt ráðuneytanna hafi ekki lengur yfirsýn yfir forsendur fjárlaga? Og ég vil spyrja hæstv. forsrh.: Hvernig ætlar hæstv. forsrh. hv. formanni fjárln. að vinna við þessar aðstæður?

[13:59]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti. Ég treysti mér ekki til þess að fjalla um þessa sérstöku setningu úr þessari skýrslu þar sem það eru held ég einir tveir mánuðir síðan ég leit í hana en almennt séð vil ég nefna það að flatur niðurskurður við fjárlagagerð hefur lengi tíðkast. En sú breyting var einmitt gerð á í tíð núv. hæstv. fjmrh. að það var nokkuð með öðrum hætti staðið að niðurskurðinum. Það voru markaðir tilteknir rammar og ráðherrarnir, einstakir fagráðherrar, gerðir ábyrgari fyrir fjármálavinnunni heldur en áður var og þeir gátu lagað rekstur sinn innan þeirra ramma sem settir voru. Þannig að menn voru einmitt ekki að festa sig í hinum flata niðurskurði sem var mjög almennur og algengur þegar fjmrh. fór nánast einn með ákvörðunarvaldið við undirbúning fjárlaga. Ég tel að þetta hafi verið til bóta.

Ég hef tekið eftir því og finnst það gott að mjög margir hv. stjórnarandstæðingar hafa verið að lýsa áhyggjum sínum til að mynda í sjónvarpi nú nýverið á því að einn mesti vandi íslenska þjóðfélagsins væri hallinn á ríkissjóði. Ef menn meina það, sem ég hlýt að trúa, þá hljóta allir að vera sammála um að hallanum á ríkissjóði ná menn ekki niður nema að fara að með ýtrasta sparnaði þegar eins stendur á og hjá okkur um sameiginlegar tekjur þjóðarinnar. Það hefur þessi ríkisstjórn verið að gera og sem betur fer náð töluvert miklum árangri. Þannig hygg ég að þeir hv. stjórnarandstæðingar sem nú hafa talað mjög nýlega í sjónvarpi mjög myndarlega um ríkissjóðshalla og slík dæmi hafi ekki komið með mjög margar tillögur um niðurskurð á rekstri ríkisins sem hægt hefði verið að hafa gagn af. Og ég hygg reyndar að ég eigi ekki von á því að hinn kosturinn sem fyrir hendi er þegar menn reyna að taka á vanda ríkissjóðs verði leystur með yfirlýsingum stjórnarandstæðina um að þeir ætli að snarhækka skatta upp úr öllu valdi ef þeir komast að. Ef þeir hafna niðurskurðinum þá eru þeir að lýsa yfir að þeir ætli að snarhækka skatta ef þeir meina eitthvað sem þeir segja með því að menn megi ekki reka ríkissjóð með miklum halla.

[14:02]

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir svarið en er þess jafnframt fullviss að hann veit betur. Það hefur ekkert verið tekið á vanda ríkissjóðs. Fjármagn hefur verið flutt frá þeim sem mikið fjármagn eiga til þeirra sem lítið fjármagn hafa. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar og yfirskoðunarmanna ríkireiknings fyrir árið 1993 kemur fram að tekjuskattur einstaklinga hefur hækkað um 4,4 milljarða kr. Ef hæstv. ráðherra má vera að því að hlusta á mig þá var ég að segja honum sem ég hygg að hann hljóti að vita að tekjuskattur hækkaði á einstaklingum árið 1993 um 4,4 milljarða kr. Það segir sig sjálft að fólk finnur fyrir þessu. Þjónustugjöld hafa verið aukin bæði í skólunum og í heilsugæslukerfinu. Lánasjóður ísl. námsmanna hefur verið rifinn niður og allt þar fram eftir götunum. Það er nefnilega þannig, hæstv. forseti, að ráðherrar ríkisstjórnarinnar og þar með ríkisstjórnin í heild hefur misst alla yfirsýn yfir ríkisfjármálin og taumlaus eyðsla og subbuskapur með fjármál heldur áfram sem aldrei fyrr og eyðslan eykst í sífellu og halli ríkissjóðs þar með. Þetta veit hvert mannsbarn í þessu landi þó að hæstv. forsrh. vilji ekki viðurkenna það.

[14:03]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti. Ég hef vissar efasemdir um að hv. þm. hafi meiri yfirsýn yfir ríkisfjármálin en ég eða ráðherrarnir ríkisstjórnarinnar, það má vel vera að svo sé. En umræða hv. þm. um skattamál er ekki gagnleg eins og hún var sett fram því menn verða að skoða skattana sameiginlega. Þegar menn horfa á skattbyrði þá þarf að skoða skatta sameiginlega. Þá þarf að skoða skatta eins og matarskatta sem voru lækkaðir. Þá þarf að skoða lækkun aðstöðugjalda sem skiluðu sér í lækkun á vöruverði. Alla þessa þætti verða menn að skoða í samhengi ef menn vilja hafa þá yfirsýn sem hv. þm. krefst að ríkisstjórnin hafi þá ber hv. þm. að hafa sambærilega yfirsýn vegna þess að hv. þm. gaf það til kynna að ríkisstjórnin hefði einmitt lagt byrðar á þá sem minnst bera úr býtum þá er það ekki rétt hjá hv. þm. Þannig er nú að þegar menn hafa verið með tekjutengdar bætur þá hefur þess sérstaklega verið gætt og það veit hv. þm. og hefur örugglega yfirsýn yfir það að þá hefur þess verið gætt að vernda einmitt hag þeirra sem lakast hafa kjör og viðurkennt er að það hefur tekist betur í tíð núv. ríkisstjórnar að verja hag þeirra sem lakast eru settir en oftast nær endranær. (**Gripið fram í:** Vitleysa.) Nei, það er rétt.

[14:05]

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Þegar maður heyrir hæstv. forsrh. segja setningu eins og þá að sérstaklega hafi verið gætt hags hinna verst settu í þjóðfélaginu þá vil ég minna hæstv. forsrh. á það að síðasta verk hins háa Alþingis fyrir jólaleyfi var að ráðast á kjör þeirra sem minnst hafa í þessu samfélagi, þ.e. þeirra sem lítið annað hafa en örorkulífeyri eða ellilífeyri. Og ég hygg að hæstv. forsrh. eigi eftir að heyra frá þessu fólki þegar greiðslur hefjast 1. mars. Þá held ég að ýmsir verði illilega fyrir barðinu á þeim lögum sem voru sett þá nótt. Þannig að það er auðvitað engan veginn rétt að hags hinna verst settu hafi verið gætt.

[14:06]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti. Óhrekjanlegar tölur staðfesta að kaupmáttur hinna lægst launuðu hefur aukist á þessu ári þvert ofan í spár. Reyndar hefur það nú verið svo að kaupmáttur hefur iðulega fallið mjög hratt eins og í tíð ríkisstjórnarinnar sem sat frá 1988–1991 þegar kaupmáttur hrapaði, eins og árið 1989, hrapaði frá mánuði til mánaðar. Ég hygg að hv. þm. hafi þá verið forseti og unað sér vel í forsetastóli þegar þetta allt saman gerðist. En núna hefur það hins vegar gerst að kaupmáttur hinna lægst launuðu hefur vaxið á þessu ári og við hljótum sameiginlega að fagna því.

Samningar á almennum vinnumarkaði.

[14:07]

Jón Kristjánsson:

Virðulegur forseti. Ég beini fyrirspurn til hæstv. forsrh.

Í umræðum um kjaramál að undanförnu hafa heyrst þær skoðanir að almenni vinnumarkaðurinn eigi að móta stefnuna í kjaramálum en ekki ríkisvaldið. Ríkisvaldið eigi að fylgja á eftir í samningum þegar samningar hafa tekist á hinum almenna vinnumarkaði. Ég spyr því hæstv. forsrh.: Telur hann líkur til þess að það verði samið á hinum almenna vinnumarkaði fyrir 17. febr. og hefur ríkisvaldið einhverjar aðgerðir í undirbúningi til að greiða fyrir að svo verði? Hvert er hans álit á því?

[14:07]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti. Ég tel að það sé of fljótt að fullyrða nokkuð um það efni sem hv. þm. spurðist fyrir um en viðræður hafa verið í gangi. Ég hef fylgst náið með þeim viðræðum. Ég á í dag fund með forseta Alþýðusambands Íslands og í fyrramálið fund með ýmsum úr röðum launþega. Ég hygg að það sé fullur skilningur á því í röðum allra þessara forsvarsmanna á vinnumarkaði að það er brýnt að ná saman samningum á hinum almenna vinnumarkaði. En það er of fljótt fyrir mig að fullyrða hér úr þessum ræðustól að svo verði, ég bind við það vonir hins vegar.

[14:08]

Jón Kristjánsson:

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir svörin. En reyndar fannst mér ófullnægjandi svar við seinni fyrirspurn minni hvort forsrh. teldi að samningar á vinnumarkaði náist án atbeina ríkisvaldsins. Og ef ríkisvaldið þarf að stuðla þar að hvort það eru möguleikar til að ná þeim aðgerðum fram á þeim tíma sem eftir er til 17. febr.

Ég held að þessi mál séu komin í mikinn hnút en ég vildi gjarnan heyra nánar skoðanir hæstv. forsrh. á þessu.

[14:09]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti. Ég biðst afsökunar á að hafa ekki svarað seinni lið spurningarinnar en ég býst við að það skýrist í dag á fundi mínum með forseta Alþýðusambandsins hver atbeini ríkisvaldsins getur verið. Ég vil taka fram að ríkisvaldið hefur fullan hug á að koma með þann atbeina sem getur stuðlað að lausn málsins þó þar verði að fara að öllu með mikilli gát.

[14:09]

Jón Kristjánsson:

Virðulegur forseti. Það er vissulega góðra gjalda vert að það sé haldið uppi viðræðum um þessi efni en ég vil einungis benda á það hve gífurleg tímapressa er orðin í þessum málum vegna þess að það eru ekki nema um þrjár vikur eftir af þingtímanum og kosningar eru eftir tæpa tvo mánuði. Þannig að þessi mál hafa siglt náttúrlega í mjög harðan hnút.

[14:10]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti. Þótt við deilum hér á stundum að ef sátt hefur náðst á almennum vinnumarkaði og atbeini þingsins þarf að koma til þá hafa þingmenn stjórnar og stjórnarandstöðu á hverjum tíma sýnt að þeir hafa borið gæfu til þess að stuðla að því á tiltölulega skömmum tíma að mál mættu ná brautargengi hér í þinginu.

Og ég treysti, ef til þess kemur, þá muni einnig svo verða nú.

Samstarfsnefnd um málefni útlendinga á Íslandi.

[14:11]

Guðrún J. Halldórsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég beini orðum mínum til hæstv. menntmrh. þó í rauninni varði spurningin feiri ráðuneyti.

Í nóv. 1993 var það samþykkt á ríkisstjórnarfundi eftir því sem hæstv. menntmrh. upplýsti okkur hér í þinginu að skipa samstarfsnefnd sem átti að móta heildarstefnu í málefnum útlendinga á Íslandi. Í þessari nefnd áttu að sitja fulltrúar ýmissa ráðuneyta sem segja má að varðaði þessi mál beint og svo fulltrúar Sambands ísl. sveitarfélaga. Mig langar að beina þeirri spurningu til hæstv. menntmrh. hvernig störfum þessarar nefndar miðar en skipun hennar var mjög þarft og gott framtak hjá honum og ríkisstjórninni á sínum tíma. Hvernig miðar þessum störfum og hvenær eigum við von á að heyra einhverjar niðurstöður af störfum nefndarinnar?

[14:12]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Ég hef því miður ekki upplýsingar við hendina um það hvernig miðar störfum þessarar nefndar en eftir því sem ég best veit þá hefur hún tekið til starfa en ég er reiðubúinn að afla mér gagna um það og upplýsa hv. þm. þegar ég hef aflað þeirra.

[14:13]

Guðrún J. Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh., þó að hann viti ekki eins og staðan er í málinu í dag hvernig staðan er, fyrir að hann skuli vilja fúslega upplýsa mig og aðra þigmenn um málið.

Orsökin fyrir því að ég spyr um þetta er sú að nú fer kjörtímabili þessarar ríkisstjórnar að ljúka og það má segja með sanni að hæstv. menntmrh. hefur staðið sig vel í málefnum nýbúa á Íslandi eins og við köllum þá gjarnan. Ég vildi gjarnan sjá að lengra væri haldið og við fengjum enn þá betri skipan á málefnin því að margt er það sem þarf að komast á hreint. Ég hvet ríkisstjórnina eindregið til að sjá svo til að málefni sem eru í undirbúningi núna verði komin á hreint áður en umboði ríkisstjórnarinnar lýkur.

Löggilding starfsheita í tækni- og hönnunargreinum, frh. 1. umr.

Stjfrv., 320. mál (heildarlög). — Þskj. 485.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:16]

Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GGuðbj, GHelg, HN, IBA, JÁ, JóhS, JHelg, JónK, JVK, ÓE, PP, PJ, PBald, PBj, RA, RÓsk, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, TIO, VS.

28 þm. (BBj, FrS, GE, GHall, GuðmS, GÁS, GÁ, GJH, HÁ, HBl, HG, IP, JE, JGS, JBH, KHG, KE, LMR, MB, ÓRG, SighB, StG, SJS, StB, SvG, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til iðnn. án atkvgr.

Vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 324. mál (brottfall laga). — Þskj. 492.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:16]

Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GGuðbj, GHelg, HN, IBA, JÁ, JóhS, JHelg, JónK, JVK, ÓE, PP, PJ, PBald, PBj, RA, RÓsk, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, SvG, TIO, VS.

27 þm. (BBj, FrS, GE, GHall, GuðmS, GÁS, GÁ, GJH, HÁ, HBl, HG, IP, JE, JGS, JBH, KHG, KE, LMR, MB, ÓRG, SighB, StG, SJS, StB, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til iðnn. án atkvgr.

Vernd svæðislýsinga smárása í hálfleiðurum, frh. 1. umr.

Stjfrv., 325. mál (réttur útlendinga). — Þskj. 493.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:17]

Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GGuðbj, GHelg, HN, IBA, JÁ, JóhS, JHelg, JónK, JVK, ÓE, PP, PJ, PBald, PBj, RA, RÓsk, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, SvG, TIO, VS.

27 þm. (BBj, FrS, GE, GHall, GuðmS, GÁS, GÁ, GJH, HÁ, HBl, HG, IP, JE, JGS, JBH, KHG, KE, LMR, MB, ÓRG, SighB, StG, SJS, StB, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til iðnn. án atkvgr.

Kísilgúrverksmiðja við Mývatn, frh. 1. umr.

Stjfrv., 323. mál (skatthlutfall, atvinnusjóður). — Þskj. 491.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:18]

Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GGuðbj, GJH, GHelg, HN, IBA, JóhS, JHelg, JónK, JVK, KHG, ÓE, PP, PJ, PBald, PBj, RA, RÓsk, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, SvG, TIO, VS.

26 þm. (BBj, FrS, GE, GHall, GuðmS, GÁS, GÁ, HÁ, HBl, HG, IP, JÁ, JE, JGS, JBH, KE, LMR, MB, ÓRG, SighB, StG, SJS, StB, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til iðnn. án atkvgr.

Læknaráð, frh. 1. umr.

Stjfrv., 311. mál (heildarlög). — Þskj. 446.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:18]

Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GGuðbj, GJH, GHelg, HN, IBA, JÁ, JóhS, JHelg, JónK, JVK, KHG, ÓE, PP, PJ, PBald, PBj, RA, RÓsk, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, SvG, TIO, VS.

25 þm. (BBj, FrS, GE, GHall, GuðmS, GÁS, GÁ, HÁ, HBl, HG, IP, JE, JGS, JBH, KE, LMR, MB, ÓRG, SighB, StG, SJS, StB, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Tóbaksvarnalög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 312. mál (heildarlög). — Þskj. 447.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:19]

Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GGuðbj, GJH, GHelg, HN, IBA, JÁ, JóhS, JHelg, JónK, JVK, KHG, ÓE, PP, PJ, PBald, PBj, RA, RÓsk, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, SvG, TIO, VS.

25 þm. (BBj, FrS, GE, GHall, GuðmS, GÁS, GÁ, HÁ, HBl, HG, IP, JE, JGS, JBH, KE, LMR, MB, ÓRG, SighB, StG, SJS, StB, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Verslunaratvinna, frh. 1. umr.

Stjfrv., 326. mál (takmörkun verslunarleyfis). — Þskj. 494.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:19]

Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GGuðbj, GJH, GHelg, HN, IBA, JÁ, JóhS, JHelg, JónK, JVK, KHG, ÓE, PP, PJ, PBald, PBj, RA, RÓsk, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, SvG, TIO, VS.

25 þm. (BBj, FrS, GE, GHall, GuðmS, GÁS, GÁ, HÁ, HBl, HG, IP, JE, JGS, JBH, KE, LMR, MB, ÓRG, SighB, StG, SJS, StB, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Viðmiðun lágmarkslauna, frh. fyrri umr.

Þáltill. KS o.fl., 296. mál. — Þskj. 388.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:20]

Till. vísað til síðari umr. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GGuðbj, GJH, GHelg, HN, IBA, JÁ, JóhS, JHelg, JónK, JVK, KHG, ÓE, PP, PJ, PBald, PBj, RA, RÓsk, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, SvG, TIO, VS.

25 þm. (BBj, FrS, GE, GHall, GuðmS, GÁS, GÁ, HÁ, HBl, HG, IP, JE, JGS, JBH, KE, LMR, MB, ÓRG, SighB, StG, SJS, StB, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Till. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Endurskoðun á lánskjaravísitölu, frh. fyrri umr.

Þáltill. MJ, 291. mál. — Þskj. 382.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:20]

Till. vísað til síðari umr. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GGuðbj, GJH, GHelg, HN, IBA, JÁ, JóhS, JHelg, JónK, JVK, KHG, ÓE, PP, PJ, PBald, PBj, RA, RÓsk, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, SvG, TIO, VS.

24 þm. (BBj, FrS, GE, GHall, GuðmS, GÁS, GÁ, HÁ, HBl, HG, IP, JE, JGS, JBH, KE, LMR, MB, ÓRG, SighB, StG, SJS, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Till. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Málefni fatlaðra, frh. umr.

Skýrsla félmrh., 289. mál. — Þskj. 362.

[14:21]

Félagsmálaráðherra (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi máls míns við þessa seinni ræðu þakka fyrir afar góðar og gagnlegar umræður um þennan mikilvæga málaflokk þegar hann var til umræðu fyrir helgi. Auðvitað er alltaf slæmt þegar ekki er hægt að ljúka allri umræðunni í einu og svara fyrirspurnum meðan spurningar eru ferskar í hugum þeirra sem taka þátt í umræðunni, en ég er því afar fegin að við fáum tækifæri til að ljúka þessari umræðu hér í dag.

Ég vil líka taka undir þau sjónarmið hversu mikilvægt það er að ræða málaflokk fatlaðra og jafnframt lýsa því yfir að ég mun nýta þær ábendingar sem komið hafa fram um ýmis mál varðandi málaflokkinn og þá ekki síst um hvað ætti að vera með í skýrslu þegar slík skýrsla verður lögð fram næst. Það var vilji félmn. Alþingis að alþjóðadagur fatlaðra, 3. des., yrði einmitt nýttur til þess að vekja athygli á þessum málaflokki og það væri vel við hæfi að það yrði gert með skýrslu, annaðhvort um afmörkuð mál innan málaflokksins eða almennt um málaflokkinn eftir því sem við á.

Ég mun leitast við að svara þeim spurningum, virðulegi forseti, sem til mín var beint. Fyrst ætla ég að koma inn á spurningar nokkurra þingmanna sem vörðuðu flutning verkefna til sveitarfélaga og fyrirhugaðan flutning á þessum málaflokki. Vissulega vöruðu menn við smæð sveitarfélaga og að þau væru misjafnlega í stakk búin. Varðandi það mál vil ég enn árétta það að ef ekki sameining sveitarfélaga, þá hlýtur að koma til samvinna sveitarfélaga um verkefni sem tekið verður við, m.a. af þessum toga. Það var spurt um hvernig á að færa verkefnin og hvernig flutningurinn á að fara fram og hvað á að færa. Ég vil geta þess að fullmótaðar hugmyndir eru ekki fyrir hendi varðandi þetta, en það mun fást dýrmæt reynsla með reynslusveitarfélögum og einnig með flutningi grunnskólans til sveitarfélaga vegna þess að þá fæst góð reynsla af ýmsum þáttum sem snerta tilflutning.

Verkefni hafa ekki verið færð til sveitarfélaga samkvæmt 13. gr. laganna um málefni fatlaðra þar sem það hefur sýnt sig að vera erfitt um vik vegna starfsmannamála og m.a. þau mál munu verða í brennidepli varðandi tilflutning grunnskólans. Á fundi Sambandi ísl. sveitarfélaga var talað um að það væri æskilegast að það liðu eins og tvö ár á milli tilflutnings grunnskólans og að málaflokkur fatlaðra yrði fluttur sem þýðir að það væri e.t.v. á árunum 1997–1998 sem þessi flokkur færi til sveitarfélaganna.

Það var spurt um hvaða sveitarfélög hefðu sýnt áhuga sem reynslusveitarfélög að fá málaflokkinn og það eru Reykjavík, Akureyri, Vestmannaeyjar og Hornafjarðarbær.

Það var fjallað nokkuð um málefni geðfatlaðra og að skýrslan væri fáorð um þann hóp fatlaðra og spurt um starf nefndarinnar sem skilaði af sér 1991. Skýrslan frá 1991 lagði til mikla uppbyggingu á sambýlum fyrir geðfatlaða og það má segja að hugmyndir úr skýrslunni hafi skilað sér að nokkru við endurskoðun laganna um málefni fatlaðra sem fram fór á árinu 1991, samanber að 3. tölul. 39. gr. laganna segir, að ríkissjóður muni veita sérstakt framlag til uppbyggingar þjónustu í þágu geðfatlaðra. Framlög ríkissjóðs samkvæmt þessari lagaheimild hafa verið um 20 millj. á ári sl. þrjú ár. Það hefur verið komið upp einum áfangastað sem rekinn er af Geðhjálp, einu sambýli sem er í leiguhúsnæði og unnið er að því að að koma upp áfangastað í Reykjavík á vegum svæðisskrifstofu, en aðaláherslan er þó á íbúðum sem eru á vegum Öryrkjabandalagsins og í samvinnu við svæðisskrifstofu.

Það var einnig spurt hvort þjónusta við geðfatlaða hafi verið skilgreind. Þörfin sem slík hefur ekki verið nákvæmlega skilgreind en hins vegar er vitað að geðfatlaðir þurfa á margs konar félagslegum stuðningi að hjalda og aðhaldi. Það þarf ekki að vera sérfræðiaðstoð heldur stuðningur einkum til að koma reglu á líf þeirra varðandi lyf, fjármál, umgengni o.s.frv. og að sjálfsögðu eiga sum félagsleg ákvæði laganna einmitt við um þann þátt.

Það var spurt um stuðningsfjölskyldur og hvort lausn hefði fengist varðandi skattskyldu þeirra greiðslna sem stuðningsfjölskyldur fá. Já, það hefur fengist niðurstaða og það gilda nú svipaðar reglur um skattlagningu á greiðslum til stuðningsfjölskyldna og til dagmæðra. Þessi nýja tilhögun kemur greinilega fram í leiðbeiningaskjali sem fylgir með skattframtölum einstaklinga og svæðisskrifstofa Reykjavíkur hefur sent leiðbeiningabréf til allra hlutaðeigandi í Reykjavík vegna þessarar nýju tilhögunar og mun einnig senda það bréf til annarra svæðisskrifstofa til leiðbeiningar. Fjárhæðin sem stuðningsfjölskyldur fá greidda í dag er 2.434 kr. á sólarhring en reglugerð um stuðningsfjölskyldur er í endurskoðun núna. Ég vil vekja athygli á því vegna þess að þetta er ekki há upphæð og hefur reynst erfitt að fá fjölskyldur til að vera stuðningsfjölskyldur við mikið fatlaða einstaklinga, en þar er þörfin mjög brýn, að í tengslum við ráðstafanir í ríkisfjármálum fyrir jól var framkvæmdastjóra heimilað að taka þátt í kostnaði við þjónustu stuðningsfjölskyldna mikið fatlaðra barna skv. 21. gr. laganna og með því á að koma til móts við hve erfitt það getur verið þegar þung fötlun er að fá fjölskyldur til þessarar hjálpar.

Það var spurt um ákveðið grátt svæði sem snýr að sjúkdómum og fötlun. Það er mál sem þarfnast góðra úrræða. Það voru nefnd flogaveik börn, sykursjúk börn og krabbameinssjúk börn. Í maí 1993 var samþykkt á Alþingi þingsályktun um að könnuð yrði réttarstaða krabbameinssjúkra barna og annarra langtímasjúkra

barna og var skipuð nefnd í þetta mál á vegum heilbrrn. Mér er kunnugt um að hún hefur hitt bæði foreldrasamtök og hagsmunaaðila varðandi þessi mál og það er verið að ljúka nefndaráliti þar sem fram koma bæði ábendingar og tillögur um hvernig með þessi mál skuli fara. Mér skilst að það hafi átt að ljúka þessu starfi fyrir áramót en það náðist ekki. Það er afar mikilvægt að þetta verði ekki eitt af þeim málum sem fellur niður á milli ráðuneyta eins og gerðist t.d. varðandi túlkaþjónustu. Þess vegna verðum við að skoða það hvenær slík mál hætta að vera heilbrigðismál og verða í raun og veru mál af félagslegum toga. Það er alveg ljóst að þörf er á sams konar þjónustu við þessi langtímasjúku börn og er búið að festa í lög varðandi fötluð börn og stuðning við fjölskyldur þeirra. Ég hef fengið erindi og reyndar heimsókn eftir áramót frá fleiri en einum hagsmunahópi fyrir slík börn með ósk um stuðning og ábendingar um vanda sem þurfi að leysa úr. Það hefur verið sjónarmið stjórnarnefndar um málefni fatlaðra varðandi erindi sem að þeim beindist um úrræði fyrir krabbameinssjúk börn að það félli ekki undir lögin. En ég hef óskað eftir því að stjórnarnefnd fjallaði um það mál aftur á ný. Þetta er mjög mikilvægt mál og ég er alveg sannfærð um að þetta er eitt af þeim stóru málum sem er mjög brýnt að leysa.

Ég vil benda Alþingi á að 2. gr. laganna um málefni fatlaðra hljóðar svo: „Sá á rétt á þjónustu samkvæmt lögum þessum sem er andlega eða líkamlega fatlaður og þarfnast sérstakrar þjónustu og stuðnings af þeim sökum. Hér er átt við þroskahömlun, geðfötlun, hreyfihömlun, sjón- og heyrnarskerðingu." — Síðan kemur þessi setning: „Enn fremur getur fötlun verið afleiðing af langvarandi veikindum svo og slysum."

Það er e.t.v. þetta huglæga mat á hvenær það er orðin afleiðing og hversu lengi á að bíða með að skilgreina að þarna sé um fötlun að ræða. Ég mun láta mig þetta mál varða og reyna að sjá til þess að reynt verði að finna góða lausn á því.

Það var líka rætt um verndaða vinnustaði og látið í ljós að þeir yrðu að vera fyrir hendi og ég er sammála því. En það er mjög mikilvægt að úrræði séu fjölbreytt og þegar kemur að samdrætti á almennum vinnumarkaði sem og að dregið er úr vernduðum vinnustöðum verðum við að gera okkur grein fyrir að það hefur orðið áherslubreyting í núgildandi lögum, m.a. á þann veg að stöðva frekari uppbyggingu verndaðra vinnustaða, styðja frekar við að fötluðum bjóðist úrræði á almennum markaði. Nefnd um atvinnumál fatlaðra hefur verið með tillögugerð um þessi mál og er drepið á þær tillögur í skýrslunni. Lokaskýrsla er væntanleg alveg á næstunni þar sem verða gerðar tillögur um hvernig staða mála verði varðandi markaðinn. Ég minni á reglugerð sem sett var fyrir nokkrum árum um öryrkjavinnu. Þau áform sem þá voru uppi gengu ekki eftir, það varð að gera samning um öryrkjavinnuna og fá til þess stuðning frá Tryggingastofnun, samning til þriggja ára og atvinnurekendur voru ekki tilbúnir til þess. Ég held að sú stefnubreyting sem hefur orðið varðandi þessar áherslur og m.a. af hálfu hagsmunasamtaka fatlaðra að loka ekki fatlaða af heldur að þeir eigi sem víðast heima úti í samfélaginu, líka á vinnustöðum, og það sé ódýrari kostur að styðja fyrirtæki þannig að þau séu með fatlaða í vinnu. Það er mál sem þarf að leysa farsællega.

Búsetumálin eru annað mál sem skiptir mjög miklu máli. Þar var talað um ákveðna hættu á einsemd hjá fötluðum sem byggju í séríbúð. En þeir sem búa í íbúð eiga kost á ýmiss konar þjónustu, bæði heimaþjónustu, liðveislu sveitarfélaga, frekari liðveislu svæðisskrifstofa og heimahjúkrun og ég minni enn á að frekari liðveisla er hjá ríkinu og er m.a. varðandi búsetu og aðstoð úti í atvinnulífinu.

Margir eru einnig í vinnu eða í dagvist. Það var líka talað um millistig milli sambýlis og íbúða og ég bendi á að svokallaðar „verndaðar íbúðir" koma að nokkru leyti til móts við þetta sjónarmið. Þær eru ekki á vegum svæðisskrifstofa en það má benda t.d. á Hátún 10 sem dæmi um slíkt fyrirkomulag. Það er verið að hverfa frá hefðbundnu sambýlunum sem eru með herbergjum og til sambýla með einkarými og sér snyrtiaðstöðu, samanber nýlega reglugerð um búsetu fatlaðra sem var sett á sl. ári og einmitt verið að reyna að koma þá til móts við þá hugmynd sem hv. þm. Guðrún J. Halldórsdóttir orðaði.

Ég vil líka aðeins drepa á Kópavogshælið. Ég ætla að viðurkenna að sú nefnd, sem félmn. óskaði eftir að yrði sett á laggir til þess að tryggja vistmönnum þjónustu sem búa á Kópavogshæli en eru í raun og veru ekki skilgreindir þar verandi á heilbrigðisstofnun, fór aldrei í gang. Þessir einstaklingar áttu þess ekki kost að fá þjónustu samkvæmt lögunum vegna þess að Kópavogshæli er heilbrigðisstofnun. Að mínu mati fór sú nefnd aldrei í gang. Það var önnur nefnd um Kópavogshæli sem hittist í nokkur skipti og það er þess vegna sem svo óljóst er tekið til orða í skýrslunni. Það hefur orðið að ráði milli heilbrrh. og mín að tveir fulltrúar frá honum og tveir frá félmrn. fari í það næstu daga að fjalla um áætlanagerð um útskriftir af Kópavogshæli og með hvaða hætti þjónustu verður háttað við þá sem útskrifast ekki. Það eru u.þ.b. ⅓ hlutar hóps vistmanna sem er hugsanlegt að geti útskrifast á sambýli en um ⅓ sem gæti ekki nýtt sér slíkt úrræði. Ég treysti því að okkur takist þá jafnframt að koma því svo fyrir að meðan fólk býr þarna áfram án þess að komast á sambýli verði því tryggð þjónusta.

Það var komið inn á ferlimálin. Ég bendi á að þau eru málefni sveitarfélaganna en ferlinefnd ráðuneytis hefur það hlutverk að vera ferlinefndum sveitarfélaga til ráðuneytis miðað við framkvæmd áætlana og til að bæta aðgengi. En ég held að framtíðarstefnan í aðgengismálum byggist á víðtæku samstarfi allra þeirra sem bera ábyrgð á skipulagi og eftirliti bygginga og jafnframt í samvinnu við hagsmunasamtök fatlaðra.

Það var spurt um hvað hópur fatlaðra væri stór og hvers konar hópar þetta séu og bent á að þeir væru ólíkir innbyrðis. Ég bendi á að á skrá hjá Greiningarstöð ríkisins og svæðisskrifstofum eru u.þ.b. 2.800 til 3.000 manns en einhvers konar þumalputtaregla segir að fatlaðir geti verið 1% af heildaríbúafjölda. Auðvitað fer þetta eftir skilgreiningunni.

Tíma mínum er lokið og ég hef svarað flestöllum spurningunum þó ég hefði kosið að benda á eitthvað fleira. Námskeið Greiningar- og ráðgjafarstöðvar eru fyrst og fremst haldin í Reykjavík nema námskeið fyrir fagfólk sem verða haldin úti á landi. Spurt var um frekari liðveislu. Fjármagnið sem fór til hennar var á milli 50 og 60 millj. kr. á sl. ári.

Virðulegi forseti. Ég tel að ég hafði náð að svara allflestum spurningunum sem beint var til mín en að öðru leyti hef ég skráð hjá mér allar ábendingar sem komu og ég veit að þær verða skoðaðar vel og nýttar í þágu málaflokksins í ráðuneytinu.

[14:38]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. fyrir þau svör sem hún hafði tíma til að gefa. Ég hafði einmitt spurt um það í ræðu minni hvort það væri virkilega rétt að ekkert hefði annað gerst í málefnum Kópavogshælisins en að einhverjir fundir hefðu verið hjá nefndinni og lítið komið út úr því. Ég tók eftir því þegar hún svaraði spurningunni um það hvað gert hefði verið í málum Kópavogshælisins að hún virtist vera eitthvað í vafa um það hvort unnið hefði verið eftir því sem ákveðið var að gera og að ekki væri búið að skipa þá nefnd sem félmn. hefði ætlað að gera. Það liggur því eiginlega í hlutarins eðli að álykta sem svo að skýrslan sé að meiri hluta til unnin af hæstv. fyrrv. félmrh. sem nú er hv. 12. þm. Reykv. Ég vildi því spyrja hæstv. ráðherra að því hvort það sé rétt skilið og þá um leið vekja athygli á því að sá hv. þm., 12. þm. Reykv., hefur ekki séð ástæðu til að taka til máls um skýrsluna þó hér sé verið að fjalla um stóran málaflokk sem tilheyrði henni í ráðherraembætti.

[14:40]

Félagsmálaráðherra (Rannveig Guðmundsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í fyrsta lagi er ég svolítið upptekin af ákveðinni tillögu sem félmn. setti fram í nál. með lögunum um málefni fatlaðra um að tryggja íbúunum á Kópavogshæli þjónustu sem þeir eiga ekki rétt á samkvæmt lögunum. Við gátum ekki aðlagað lögin að Kópavogshæli, við vildum að Kópavogshæli yrði tryggð þessi þjónusta. Sú vinna fór ekki í gang en nokkrir fundir voru haldnir um hvernig skyldi staðið að útskrift og breytingum á Kópavogshæli. Ég hef farið á fund starfsfólks og yfirmanna á Kópavogshæli fyrir tveimur vikum. Þar eru mjög góð áform í gangi á vegum heilbrrn. Það er búið að vinna tillögur um að Kópavogshælið verði hæfingar- og endurhæfingarstöð fyrir Ríkisspítalana. Það eru nokkuð mótaðar hugmyndir um hversu hratt og hve margir gætu flutt út af Kópavogshæli. Það þarf samvinnu við félmrn. og stjórnarnefnd um málefni fatlaðra til að búa til áætlun um þetta. Þau mál eru núna að fara í fullan gang.

Það hefur verið fundað um aðra þætti um Kópavogshæli, bara ekki nákvæmlega það sem spurt var um í umræðunni. Þess vegna er mjög mikilvægt að héðan í frá vinnum við að útskriftunum, hvernig þær skuli fara fram og hvernig þjónustu þeir fái sem bíða eftir útskrift og hvernig svo verði gengið frá málum þeirra sem eru fatlaðir sjúkir og verða áfram á Kópavogshælinu.

Skýrslan er ekki unnin í tíð fyrirrennara míns vegna þess að því miður dróst mjög að skýrslan yrði unnin þrátt fyrir áhuga okkar í félmn. Hún var því að mestu leyti unnin eftir að ég kom í ráðuneytið en á miklum annatíma og á of skömmum tíma og það var það sem ég átti við þegar ég nefndi í upphafi máls míns í upphafi umræðunnar að ég hefði kosið að hún hefði verið sett fram með öðrum hætti vegna þess að það er mál sem hefði þá þurft lengri aðdraganda og betri yfirferð.

[14:42]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. fyrir þessar skýringar. Ég tek undir með henni að það er mjög nauðsynlegt að vinna að frekari úrbótum í málefnum Kópavogshælisins. Ég man einnig eftir því að þegar var verið að ræða þessi lög á sínum tíma var mikið um þetta rætt í fjárln. sem ég á sæti í. Ég er mjög ánægð með að heyra að það skuli vera fullur vilji fyrir því að vinna að frekari úrbótum í þessum málum.

En enn og aftur vek ég athygli á því að mér finnst það nokkuð sérkennilegt að fyrrv. félagsmálaráðherrar skuli ekki vera staddir til þess að ræða þessi mál því málefni fatlaðra hafa verið stór málaflokkur einmitt á tímabili núv. ríkisstjórnar. Það vill nú svo til að núv. hæstv. félmrh. er sá þriðji, ég held ég fari rétt með, í tíð núverandi ríkisstjórnar.

[14:43]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir þau svör sem hún gaf við fyrirspurnum frá mér fyrr í umræðunni. Mig langar til að bæta örlitlu við þá umræðu sem hér hefur orðið sem hefur verið býsna fróðleg og yfirveguð að mínu mati.

Ég vil fyrst segja um Kópavogshælið að það er augljóst mál að þær breytingar á búsetu vistmanna, sem menn vilja ná fram þar, sem hægt er að flytja úr því umhverfi sem þeir eru í dag og inn í annað, kosta verulega peninga. Þær hafa strandað fram til þessa á því að menn hafa ekki verið tilbúnir til að láta þá peninga af hendi sem þessi breyting kostar. Þarna er um að ræða að flytja fólk af einum bústað yfir á annan og það kostar stuðningsaðila, annaðhvort starfsmenn eða stuðningsfjölskyldu, og það kostar líka allmarga starfsmenn og ný stöðugildi sem þurfa að fylgja vistmönnunum yfir í ný búsetuúrræði.

Krafan um breytingu á högum fólks á Kópavogshæli er ekki sett fram til þess að spara. Hún er sett fram með hagsmuni íbúanna eða vistamannanna í huga og sú krafa kostar verulegt fé ef það á að uppfylla hana. Ég vona að mönnum sé þetta alveg ljóst. Við höfum fengið í félmn. heimsókn frá skrifstofustjóra heilbrrn. og hann gaf okkur upp áætlun um það hversu mikið þetta mundi kosta. Það var greinilegt þó að sú áætlun væri ekki unnin þannig að hún ætti að vera hárnákvæm að hér er um ræða mjög háar tölur. Ég vona því að menn séu sammála um að standa að þeim til-

lögum sem lagðar hafa verið fram um breytingar á Kópavogshæli en vitandi það að verið er að gera tillögur um útgjöld og menn eiga þá að standa að því að reyna að útvega fé til þess að uppfylla þessar tillögur, a.m.k. í áföngum á einhverju árabili.

Þá vil ég í öðru lagi fjalla aðeins um yfirstjórnina á þessum málaflokki og þau áform ráðuneytisins að færa málaflokkinn frá ríki til sveitarfélaga. Ég drap lítillega á þetta undir lok ræðu minnar í síðustu viku og vil hnykkja á þeim sjónarmiðum mínum þar að mér er mjög til efs að það sé farsælt fyrir málaflokkinn að færa hann eins og hann stendur í dag frá ríki til sveitarfélaga. Þó að ég hafi verið hlynntur þeirri breytingu fram til þessa þá er mér mjög til efs í ljósi þeirrar uppbyggingar sem menn hafa staðið að á síðustu árum og þeim breytingum sem menn gerðu 1992 þegar menn lögðu af heildaryfirstjórn á heimavettvangi og tóku upp beina miðstýringu úr ráðuneytinu og hafa verið að byggja málaflokkinn þannig upp að það sé farsælt að svipta þessu til baka eins og ætlunin er. Ég held að sveitarfélögin séu bæði of mörg og nái hvert um sig yfir of lítið svæði til þess að þetta sé framkvæmanlegt. Jafnvel þó að um einhverja breytingu yrði að ræða þar, sameiningu sveitarfélaga í einhverjum umtalsverðum mæli, jafnvel í svo stórum mæli sem lagt var til haustið 1993, þá mundi það ekki duga til því að við værum með eftir sem áður mjög mörg sveitarfélög í hverju kjördæmi. En umdæmin sem menn hafa byggt upp eru grundvölluð á stærð kjördæma. Menn yrðu þá að brjóta niður þjónustu, uppbyggingu, sem er byggð upp á kjördæmavísu, á hvert og eitt sveitarfélag innan kjördæmisins. Hvort sem sveitarfélögin yrðu fjögur, eins og róttækustu hugmyndir gerðu ráð fyrir í einstaka tilvikum, eða sex eða tíu þá er það að mínu viti veruleg afturför. Menn væru þá að brjóta upp þær starfseiningar sem menn hafa verið að byggja upp á svæðisskrifstofunum og gera þannig faglega þróun málaflokksins torveldari. Mér er því mjög til efs að það væri farsælt eins og mál standa núna að fara með málefni fatlaðra yfir á sveitarfélögin þannig að hvert og eitt sveitarfélag ætti að sjá um framkvæmdina innan sinna bæjarmarka. Ég held að það væri farsælla að halda sig við svæðisuppbygginguna. Menn eigi að hafa það sem hornsteininn í uppbyggingunni og yfirstjórninni að hafa svæðið sem einingu. Síðan geta menn fundið einhverja leið, ef menn vilja, til þess að koma því fyrir hver eigi svo að stjórna yfir svæðinu, hvort það eigi að vera ríkið eitt eða sveitarfélögin ein eða samvinna þessara tveggja aðila eða þá menn eigi að byggja upp þriðja stjórnsýslustigið sem ég hef æ meira verið að hallast að að sé eina færa leiðin til að koma einhverri stjórnsýslu út úr Reykjavík og yfir á landssbyggðina. Þessu vildi ég bæta við, virðulegi forseti, varðandi hugleiðingar um þessa framtíðarsýn.

Ég vildi svo að lokum nefna aftur málefni geðfatlaðra. Ég rakti í stuttu máli skýrslu sem unnin var vorið 1991 og gefin út í aprílmánuði það ár, skömmu fyrir síðustu alþingiskosningar. Nefnd sú sem þáv. félmrh. skipaði hafði skilað af sér ítarlegri skýrslu um umfang vandans og tillögur til úrbóta. Ég tek undir með hv. þm. Jónu Valgerði Kristjánsdóttur að mér er það nokkurt undrunarefni að sá þingmaður sem gegndi stöðu félmrh. þá skuli ekki hafa tekið þátt í umræðum um þessa skýrslu um málefni fatlaðra og hafi gengið úr sal áður þegar umræður hófust að nýju. Mér er það nokkurt undrunarefni að sá ágæti þingmaður skuli sýna þessari umræðu slíkt fálæti sem þessi hegðun lýsir.

Það kom fram í svörum hæstv. ráðherra, svo ég víki að þessari skýrslu og tillögum sem þar eru lagðar fram, að tekist hefur að fá fé og setja í gang eitt sambýli og einn áfangastað og síðan hefur verið reynt að mæta þörfinni með því að byggja íbúðir og þá í samvinnu við Húsnæðisstofnun ríkisins. Þetta er allgott og blessað upp til hópa en hins vegar mjög fjarri því að uppfylla þær þarfir sem skýrslan leiddi í ljós að væru fyrir hendi og vantar mjög mikið á að tekist hafi að koma með viðunandi úrræði fyrir þá sem skipa flokk geðfatlaðra. Ég vil því spyrja hæstv. ráðherra hvort á hans borði séu gögn um umfang vandans eins og hann stendur í dag og hvort ráðherrann er að smíða tillögur til þess að bæta þar úr frá því sem nú er.

[14:52]

Félagsmálaráðherra (Rannveig Guðmundsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Fyrst varðandi áhyggjur þingmannsins um að flytja málaflokkinn heim í hérað. Um það ætla ég ekki að ræða nánar vegna þess að það eru mismunandi sjónarmið um hvar þessum málum sé best borgið og gagnlegt að skiptast á skoðunum um það en ég hef greinilega á því örlítið aðra skoðun en þingmaðurinn. Ég bendi hins vegar á varðandi ýmislegt sem hann minntist á um bæði stjórnun og þetta að það á að endurskoða lögin 1996 og ég geng út frá því að það verði eitt af fyrstu verkum þess ráðherra sem tekur við á þessu vori að setja slíka vinnu í gang. Verði ég áfram í félmrn. þá mun ég setja slíka vinnu af stað.

Mér sýnist að niðurstaðan hafi orðið sú að þeim tillögum sem voru í skýrslu um geðfatlaðra verður ekki hrint í framkvæmd. Mér sýnist að niðurstaðan hafi orðið að taka þau ákvæði sem komu inn í lögin og snúa að geðfötluðum en fylgja henni að öðru leyti ekki mikið eftir.

Ég hef ekki tölur um þennan hóp núna á takteinum og ég hef ekki beinlínis verið að vinna með þennan hóp fatlaðra svo ég segi það beint út. En ég mun koma þessum ábendingum áfram.

Ég ætla að nefna varðandi útskrift af Kópavogshæli. Það er rétt að ég tel að það hafi hamlað útskriftum af Kópavogshæli að menn hafa starað á kostnaðinn. Það er ljóst að það sem talað er um núna er að stöðugildi munu fylgja. Hins vegar óttast menn að það sé ekki nægilegt og því var opnað á að það væri heimilað að Framkvæmdasjóður fatlaðra gæti bætt við eða kostað stöðugildi, t.d. eitt eða tvö í viðbót varðandi sambýli sem kæmi, en það stöðvaði ekki á slíku. Við getum ekki gleymt því heldur að áherslurnar hafa verið að breytast þannig að búsetuúrræði sem fyrst og fremst voru kostuð af Framkvæmdasjóði fatlaðra fram að þessu hafa nú að hluta til færst yfir á Byggingarsjóð verkamanna að því leyti sem samtök hafa verið að

sækja um og byggja íbúðir sem fatlaðir hafa haft aðgang að og þetta spilar allt saman.

[14:54]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get tekið undir þau orð ráðherrans að við endurskoðun laganna mun verða tekist á um það hvernig menn vilja koma fyrir yfirstjórn málaflokksins. Það er því kannski óþarft að eyða frekari orðum okkar í milli núna þó að við séum ósammála um það að nokkru leyti. En ég vildi vegna málefna geðfatlaðra hvetja ráðherrann til þess að fá teknar saman upplýsingar um stöðuna þar því það er að mínu viti og samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef verulegt vandræðaástand ef ekki neyðarástand að nokkru leyti. Það eru allmargir einstaklingar sem er þannig ástatt um að það er mjög alvarlegt ástand og hefur verið svo um hríð, reyndar nokkur ár. Við megum til með að taka mjög alvarlega á þessu vandamáli. Og mér finnst að við, skulum við segja, þingmenn og stjórnvöld, höfum ekki tekið nægilega rösklega á í þessum efnum. Það hefur setið eftir að verulegu leyti og við höfum mátt gera miklu betur svo að við gætum verið sæmilega sátt við frammistöðuna. Ég held að við ættum að gera það sem við getum til þess að gera sæmilegt átak í þessum efnum á þessu vori.

[14:56]

Félagsmálaráðherra (Rannveig Guðmundsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil taka það fram að þó að ég léti þess getið að ég væri ekki með beinlínis á borðum hvorki tölurnar um þennan hóp né neinar tillögur þá höfum við afar gott samstarf við Geðhjálp um þessi mál og m.a. í gegnum samstarfssamning sem gerður var við þau. Ég get fullvissað þingmanninn um það að ég mun koma þeim ábendingum sem fram komu við umræðuna um geðfatlaða á framfæri og ég mun tryggja það að þessi mál verði skoðuð og hvort einhverjar tillögur í skýrslunni liggi fyrir sem ástæða sé til að taka upp á borðið aftur.

[14:57]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Það er fjöldamargt sem væri ástæða til þess að ræða um í tengslum við þessa skýrslu en ég ætla út af fyrir sig ekki að fara yfir marga þætti hennar heldur takmarka mig við örfá atriði en víkja fyrst að einu almennu atriði og það er uppbygging á þjónustu við fatlaða á undanförnum árum.

Það er stjórnmálamaður í þessu landi sem talaði einu sinni mikið um glataða áratuginn. Hann heitir Jón Baldvin Hannibalsson og er formaður í Alþfl. Ég er ekki að segja að hann sé glataður, formaðurinn, en það er nokkuð athyglisvert að hugsa um þessa einkunn áratugarins frá 1980, ja, hann var nú reyndar aðallega að tala held ég um áratuginn þar á undan, en skoðum áratuginn sem liðinn er frá því að lögin um málefni fatlaðra voru sett. Hvílík feiknaleg tíðindi hafa orðið hér á landi í þjónustu við fatlaða. Það er fróðlegt að bera þau saman ekki aðeins við ummæli af því tagi sem hæstv. utanrrh. hefur leyft sér að láta sér um munn fara heldur bera þessa niðurstöðu líka saman við umræðurnar um málefni fatlaðra á Alþingi þegar lögin voru sett, endalausa tregðu þingmanna úr ólíklegustu stjórnmálaflokkum ár eftir ár við að afgreiða frumvörpin um málefni fatlaðra og fyrst reyndar frv. um málefni þroskaheftra. Síðan lá hér frv. um málefni fatlaðra fyrir tveimur þingum og það var mjög vel staðið að framkvæmd þeirrar löggjafar að mínu mati og hefur ævinlega verið. Ég tel að félmrn. eigi þakkir skildar fyrir það hvernig að því máli hefur verið staðið út af fyrir sig, hverjir svo sem að því máli hafa komið af hálfu stjórnmálaflokkanna og alveg sérstök ástæða til að geta þess hér vegna þess að þó að stjórnmálamennirnir reyni gjarnan að eigna sér allt það sem vel er gert í þessum blessuðu ráðuneytum þá er það oft þannig að þar er líka fólk sem er að vinna og vinnur vel. Ég tel líka að svæðisstjórnirnar hafi að mörgu leyti heppnast ágætlega og ég tel mikilvægt í þessu sambandi að hafa það í huga að Alþingi sem heild hefur yfirleitt staðið vaktina alveg sæmilega. T.d. hafa menn tekið myndarlega á þessu máli í fjárln. og ég tel ástæðu til að nefna það að í vetur breytti fjárln. fjárlagafrv. talsvert að því er varðaði málaflokk fatlaðra, sérstaklega í Reykjavík vegna þess að við 3. umr. var bætt við forsendum fyrir tveimur nýjum sambýlum í Reykjavík sem voru ekki í fjárlagafrv. og ekki í brtt. við 2. umr. málsins. Ég tel ástæðu til að þakka fyrir að þar hafi verið vel að málum staðið.

Þegar taflan er skoðuð yfir þróun útgjalda til málefna fatlaðra t.d. á árunum 1984–1993, sem fylgir sem fskj. VI á bls. 25 í frv., þá kemur í ljós að geysileg aukning hefur orðið í framlögum til þessa málaflokks. Og þó segir taflan ekki allt vegna þess að í raun og veru ætti þessi tafla að ná alveg aftur til ársins 1981, frá því að lögin um málefni þroskaheftra voru sett því þau voru í raun og veru undirstaða og inngangur að þeirri lagasetningu um málefni fatlaðra sem við seinna ákváðum á þinginu 1983 og síðan var svo ákveðin með breytingum á lögum um málefni fatlaðra á þessu kjörtímabili. Um þessi mál hefur út af fyrir sig alltaf ríkt allgóð samstaða. Það verður þó að viðurkenna að um breytingarnar á lögum um málefni fatlaðra sem voru ákveðnar vorið 1992 voru skiptar skoðanir. Það var ekki unnið nægilega vel í því að tryggja samstöðu um málin að mínu mati. Þess vegna höfðum við mörg fyrirvara á um frv. og einstök atriði þess. Það hefur reyndar komið í ljós, mér liggur við að segja því miður, að þeir fyrirvarar sem við höfðum voru efnislega réttir og t.d. í sambandi við þær umræður sem þá fóru fram um Kópavogshælið hefur komið í ljós að áhyggjur manna áttu við rök að styðjast. Í þessu máli er ég ekki síst að tala almennt um þann málflutning sem hv. 5. þm. Vestf., Kristinn H. Gunnarsson, hafði uppi þegar síðustu lögin voru sett.

Enn allt um það er feiknaleg framför í þessum málaflokki. Nú er hins vegar komið að því að menn þurfa að endurmeta stöðuna og skoða hana betur og ég tel þess vegna fulla ástæðu til þess að efna hér til ítarlegrar umræðu um málefni fatlaðra og ég fagna því að hún fer fram með þeim hætti sem hér er um að ræða. Ég ætla sem sagt að undirstrika að ég tel að hér

hafi verið um góða og víðtæka samstöðu að ræða og að hún hafi skilað stórfelldum árangri.

Það er stundum verið að tala um velferðarþjóðfélag á Íslandi og það er eins og menn viti ekki almennilega hvað er velferðarþjóðfélag. Velferðarþjóðfélag er t.d. það hvernig gert er við fatlaða. Það er spurning um velferðarþjóðfélag. Það er spurning um siðferðilegt stig samfélagsins. Eins er um þjónustu við aldraða, það er líka velferðarþjóðfélag, það er líka spurning um siðferðilegt stig þjóðfélagsins, hver er okkar siðferðilegi mælikvarði, hvernig þessu fólki er sinnt til jafnréttis. Þetta fólk hefur aldrei beðið um ölmusu né heldur þeir sem tala fyrir þess hönd. Það biður um jafnrétti og ekkert annað en jafnrétti. Engin forréttindi af neinu tagi.

Það sem hvatti mig svo í öðru lagi til að koma hér upp eru sérstaklega málefni Kópavogshælisins. Ég átti sæti í stjórnarnefnd Ríkisspítalanna þegar samþykktin var gerð þar um útskriftir af Kópavogshæli, að það væri stefna Ríkisspítalanna að vinna að því máli. Satt best að segja var það mál ekki nægilega vel undirbyggt, m.a. vegna þess að það náðist aldrei eðlilegt samtal um málið á milli heilbrrn. og félmrn. Það virtist vera alveg ótrúlegur stirðleiki í samskiptum á milli félmrn. og heilbrrn. á þeim tíma og var mjög erfitt að ná í raun og veru neinum botni í það mál. Ég tel að Kópavogshælismálið og sú stefna sem þar þarf að fylgja sé eitt stærsta málið í þessum málaflokki um þessar mundir og að það þurfi að marka því alveg ákveðin spor í framkvæmdaáætlun til nokkurra ára. Ég hefði viljað sjá framkvæmdaáætlun til nokkurra ára um Kópavogshæli og reyndar aðra þætti í þjónustu við fatlaða líka.

Þessu næst, hæstv. forseti, vil ég svo víkja að einu einstöku atriði sem snertir Reykjavík alveg sérstaklega og það eru málefni geðfatlaðra. Ég varð eiginlega alveg steinhissa þegar ég heyrði það sem hæstv. félmrh. sagði. Er það þannig að það virðist hafa verið tekin ákvörðun um að framkvæma ekki það sem lagt er til í þessari skýrslu? Hæstv. ráðherra sagði það. Að öðru leyti en því að taka einhvern anda úr skýrslunni inn í lögin um málefni fatlaðra, ég skildi hæstv. ráðherra svo. Sem sagt að þeirri skýrsla sem var ákveðið að semja vorið 1991 hafi bara verið stungið niður í skúffu. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra: Hver tók ákvörðun um að sinna ekki málefnum geðfatlaðra samkvæmt þessari skýrslu? Það hefur ekki verið tilkynnt hér á Alþingi, ég man aldrei eftir því. Var það virkilega þannig að hæstv. félmrh. hafi tekið ákvörðun um að sinna ekki vandamálum geðfatlaðra samkvæmt þessari skýrslu?

Ég nefni þetta sérstaklega, hæstv. forseti, ekki einasta vegna þess að ég er þingmaður þessa kjördæmis heldur líka vegna þess að ég átti aðild að þeirri ríkisstjórn þar sem var tekin ákvörðun um að skipa nefnd til að fara sérstaklega í málefni geðfatlaðra. Ég man eftir því að páv. hæstv. félmrh. kynnti það á blaðamannafundi: Hér á að fara í málefni geðfatlaðra, það eru skipaðir fulltrúar Öryrkjabandalagsins, Félagsmálastofnunar, heilbrrn., geðverndarfélagsins Geðhjálpar o.s.frv. og þessi nefnd átti að skila áliti og menn bundu miklar vonir við þessa yfirlýsingu. Ég man eftir því að aðstandendur geðfatlaðra fögnuðu alveg sérstaklega þessu mikilvæga frv. Það voru skrifaðar greinar eða lesendabréf eða hvort tveggja um hvað þetta væri stórkostlegt að menn væru að sýna þarna eitthvert frumkvæði og auðvitað er það gott að menn sýni frumkvæði. En það á ekki að vekja falskar vonir eins og hæstv. félmrh. sagði hér í öðru samhengi fyrr í dag. Er það það sem menn hafa verið að gera?

Staðreyndin er sú að hér er um að ræða vandamál, vandamál geðfatlaðra, sem er afar alvarlegt hér á þéttbýlissvæðinu alveg sérstaklega, þó ég sé ekki að gera lítið úr þeim vandamálum sem eru uppi annars staðar. Sú nefnd sem hæstv. félmrh. skipaði rétt fyrir kosningarnar 1991, ráðherrann dreif sig í að skipa nefnd rétt fyrir kosningarnar 1991, skilaði áliti og segir þar m.a., með leyfi forseta: „Eins og þessi athugun á vandamálum geðfatlaðra leiðir í ljós er mikill meiri hluti þeirra á Reykjavíkursvæði og er það í samræmi við það sem talið var áður en könnunin var gerð."

Síðan segir hér, með leyfi forseta:

„Starfshópurinn leggur til að á næstu fjórum árum verði komið á fót a.m.k. 16 sambýlum fyrir geðfatlaða í samræmi við úrræði 1 og 2 sem eru talin hérna á undan og verði forgangsverkefni í málefnum fatlaðra." Það stendur hérna: forgangsverkefni. Hvað var svo gert við þessi forgangsverkefni í málefnum fatlaðra sem allir héldu að væru í raun og veru forgangsverkefni? Ja, skýrslunni var stungið ofan í skúffu. Það var eina forgangsverkefnið, skýrslunni var stungið niður í skúffu að sögn hæstv. félmrh. hér áðan sem orðaði þetta þannig: Það var tekin ákvörðun um að sinna þessari skýrslu ekki sérstaklega heldur var andi hennar settur inn í lögin. Hvers lags eiginlega framkoma er þetta, hæstv. forseti? Sem sagt rétt fyrir kosningar 1991 skipar páv. hæstv. félmrh. nefnd til að sinna málefnum geðfatlaðra. Nefndin skilar svo áliti nokkru síðar þegar er komið inn á kjörtímabilið og hvað segir hún? Hún segir: Vandinn er stórkostlega alvarlegur, sérstaklega í Reykjavík og á Reykjanesi. Og segir: Það er ekki bara mikilvægt verkefni — segir það ekki almennum orðum — nei, hún segir: forgangsverkefni að útvega 16 sambýli fyrir geðfatlaða á næstu fjórum árum. Svo hættir þessi félmrh. sem var um tíma og sem virðist hafa tekið ákvörðun um að stinga þessari skýrslu niður í skúffu, henni var bara stungið niður í skúffu, (Gripið fram í.) og ákveður að setja í gang það sem kallað er hér rödd fólksins sem er ekki hægt að setja niður í skúffu, eins og kunnugt er eins og hv. þm. benda á og veruleikinn er sem sagt þessi. Þessi pappír sem allir þessir tugir og hundruð einstaklinga sem sinna þessum málaflokki, t.d. sem starfsmenn eða aðstandendur, bundu miklar vonir við, þegar skýrsla um málefni fatlaða kemur til umræðu á Alþingi Íslendinga árið 1995, aftur rétt fyrir kosningar, þá kemur það í ljós að hún var sett í skúffu og að þær vonir sem voru vaktar stóð ekkert á bak við. Ég verð að segja alveg eins og er að þessi ræða hæstv. félmrh. var afskaplega þungur áfellisdómur yfir forverum hennar í starfi.

Ég held að það sé alveg óhjákvæmilegt að Alþingi

taki í tilefni af þessu sérstaklega á þessu máli úr því að fyrrv. hæstv. félmrh. m.a. ákvað að setja skýrsluna niður í skúffu. Vegna þess að það er líka þannig að við sem höfum sinnt þessum málaflokki fyrr og síðar við höfum áhuga á að taka á málinu og við þekkjum til á þessu sviði. Við vitum að þjónusta við geðfatlaða er í raun og veru brýnt forgangsverkefni. Ég minnist þess þegar við settum lögin um málefni fatlaða á sínum tíma þegar ég var í félmrn. þá komu þessi mál til umræðu. Það er hins vegar alveg ljóst að þegar var verið að fara af stað þá voru þau ekki sett fremst í forgangsröðina félagsmálaráðuneytismegin. Hins vegar var þjónustan við þetta fólk sett fremst í forgangsröðina heilbrigðisráðuneytismegin. Þannig var það. Síðan líður tíminn og menn byggja upp málaflokkinn þjónusta við fatlaða almennt í landinu og svo er niðurstaðan sú að hér er um að ræða tugi manna, það er talað um á milli 35 og 40 manns sem eru alls staðar að af landinu en flestir á Stór-Reykjavíkursvæðinu sem eigi sérstaklega við erfiðleika að stríða á þessu sviði og þar er um stórfellda erfiðleika að ræða. Heildarhópurinn hins vegar sem verið er að tala um er miklu stærri. Af því hæstv. félmrh. var ekki með tölur við hendina áðan þá var verið að tala um það fyrir tveimur árum að hann væri 124 eins og þetta var skilgreint hér. En síðan kemur þessi skýrsla og þá er niðurstaðan þessi: Þetta á að vera algert forgangsmál.

Ég held þess vegna, hæstv. forseti, að það sé alveg óhjákvæmilegt að sjá til þess á því þingi sem nú situr að málið verði það. Það gengur auðvitað ekki að taka svona á máli. Og hæstv. félmrh. má ekki taka þetta þannig, núv. félmrh. og stuðningsmaður Alþfl. frá því að sögur hófust í samskiptum þeirra beggja, þ.e. ráðherrans og Alþfl., má ekki taka þetta þannig að það sé verið að veitast að ráðherranum með einum eða öðrum hætti, því fer svo víðs fjarri. Hins vegar er verið að bjóða ráðherranum í alvöru stuðning til að draga þessa skýrslu upp úr skúffunni því ég er alveg sannfærður um að rödd fólksins tekur undir það að það sé kallað svo hátt að það heyrist ofan í skúffurnar í félmrn.

[15:13]

Félagsmálaráðherra (Rannveig Guðmundsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tek þetta ekkert sem persónulega gagnrýni sem þingmaðurinn sagði en þetta er ótrúlegur útúrsnúningur á því sem ég var hér að segja. Í fyrsta lagi kom þessi skýrsla 1991, í öðru lagi var verið að vinna lögin um málefni fatlaðra, þau tóku gildi 1. sept. 1992. Það var tryggður réttur geðfatlaðra í þessum lögum sem ekki var til staðar þegar var verið að vinna þessa skýrslu. Þeir áttu ekki rétt samkvæmt lögum um málefni fatlaðra áður og það var mjög mikilvægt að koma á þessum rétti.

Ég verð að segja það til að vera sanngjörn að fyrrv. félmrh. bar hag geðfatlaðra mjög fyrir brjósti. Það væri ósanngjarnt af mér að segja annað. Og það voru sérmerkt framlög og hafa verið þessi þrjú ár og að á ákveðnu árabili yrði sérstök áhersla lögð á sérmerkt fjármagn þeim til handa. Hins vegar hefur það orðið þannig að sú mikla áhersla sem var á sambýli og uppbyggingu sambýla í þessari skýrslu hefur breyst og það hefur verið meiri áhersla á íbúðir eftir að þessi vinna fór í gang og að því leyti horfið frá áherslum. Það er rangt að segja að skýrslan hafi verið lokuð ofan í skúffu eða eitthvað annað slíkt. Auðvitað er verið að vinna með þessi mál og það veit þingmaðurinn sem fyrrv. ráðherra og þó ekki hafi verið byggð einhver ákveðinn fjöldi sambýla sem tilgreind voru í skýrslunni þá er verulega búið að leggja áherslu á málefni þessa hóps.

Ég vil þess vegna algjörlega hafna því að það sé hægt að túlka orð mín þannig að einhverri skýrslu hafi verið stungið ofan í skúffu. Hins vegar hafa áherslur breyst í málaflokki sem er sterkur í skýrslunni og samkvæmt lögunum hefur verið stutt mjög við bakið á þessum hópi þó við getum e.t.v. verið sammála um það að í velferðarþjóðfélagi sé seint hægt að segja að nægilega vel sé gert.

[15:15]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. fyrir að hafa leiðrétt mjög alvarlega missögn sem fram kom í mínu máli. Skýrslan kom fyrir kosningar 1991. Nefndin var skipuð 31. janúar 1991, skýrslan kom snemma í apríl 1991, rétt fyrir kosningar. Það var greinilegt að það var ætlunin að láta fólk trúa því að í félmrn. væri vilji til þess að hafa málefni geðfatlaðra í fremstu forgangsröð. Hver var svo niðurstaðan? Það átti að byggja 16 sambýli fyrir geðfatlaða á fjórum árum. Hver er niðurstaðan? Það hefur verið byggt eitt sambýli og einn áfangastaður á þessum tíma. Það er bersýnilegt að hér var í raun og veru ekki tekið með þeim hætti á hlutunum sem eðlilegt hefði verið að gera kröfu um miðað við þær yfirlýsingar sem gefnar voru fyrir kosningarnar 1991. Fólk á auðvitað að gæta sín á því þegar kemur að því að fólk stendur í kosningaslag hvort sem það eru ráðherrar eða aðrir frambjóðendur, að menn séu ekki að gefa gyllivonir sem ekki er hægt að standa við eða kannski er ekki einu sinni ætlunin að standa við.

Þegar ég var að segja það áðan að við þyrftum að taka á þessu máli í þessari virðulegu stofnun var ég auðvitað ekki að veitast að núv. hæstv. félmrh. og ekki heldur að forverum hennar. Það sem ég var hins vegar að segja er það að auðvitað getur Alþingi tekið af skarið því að það er Alþingi sem ræður, hefur bæði löggjafarvaldið og fjárveitingavaldið, þannig að það er auðvitað vilji Alþingis sem ræður úrslitum í þessum efnum. En ég vísa því á bug sem hæstv. ráðherra sagði að þessum málum hefði verið sinnt sérstaklega á undanförnum árum. Það er bersýnilegt að ekki hefur verið staðið við loforðin sem gefin voru nokkrum dögunum fyrir kosningarnar 1991 í málefnum geðfatlaðra.

[15:17]

Félagsmálaráðherra (Rannveig Guðmundsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef lagt áherslu á að sérstök fjárhæð hefur verið afmörkuð í þágu þessa sérstaka

hóps fatlaðra sem ekki er gert gagnvart öðrum og að því leyti til hefur verið lögð sérstök áhersla á stuðning og uppbyggingu fyrir þennan hóp.

Virðulegi forseti. Ég ætla líka að nefna það að varðandi samstöðu um lögin um málefni fatlaðra sem kom fram í máli þingmannsins var ekki ágreiningur uppi um það sem snýr að Kópavogshæli. Það var sameiginlegt sjónarmið nefndarinnar. Önnur ágreiningsmál sem voru þá uppi sneru að öðrum þáttum. Hitt er annað mál að nú loksins er a.m.k. útlit fyrir að það eigi að taka á málefnum Kópavogshælis og vinna þá áætlun sem þingmaðurinn nefndi. Ég nefni þetta í síðara andsvari mínu af því að mér tókst ekki að nefna það í fyrra skiptið.

Ég vil nefna annað. Ég harma það að ráðherrann var í burtu þegar umræðan fór fram fyrir helgi. Einmitt sökum þess að það var ekki tekið fram í skýrslunni fjallaði ég í framsöguræðu minni um fyrstu löggjöf um málefni fatlaðra frá árinu 1936, um fávitahæli, og rakti síðan það sem hefur verið gert alveg fram að þessum áratug og á þessum áratug sem ég tek undir með þingmanninum að er góður áratugur þessa málaflokks og hversu ríkur þessi þáttur er í velferðarsamfélagi okkar. Hvað sem við gætum deilt um hinn glataða áratug getum við verið sammála um að það hefur verið vel gert í málefnum fatlaðra, a.m.k. frá 1983.

[15:19]

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég eyddi ræðutíma mínum við umræðuna sem fór fram fyrir helgina um þessi mál og vegna þess að hér eru ýmsir þingmenn sem þá voru ekki viðstaddir ætla ég aðeins að rifja það upp að ég lagði á það áherslu að mér finnst vanta í allri umræðu um þessi mál ákveðna skilgreiningu á því hvað er fötlun, hversu margir einstaklingar það eru sem þarfnast þjónustu sem heyra undir málefni fatlaðra og jafnframt að því sé fylgt eftir að þessi hópur er sífellt að breytast eins og ég rakti í ræðu minni þá og ég hygg að ég fari ekki að endurtaka það hér.

En það sem sló mig undir þessum fögru orðum sem hér hafa fallið var það að víst er það satt að ýmislegt hefur verið gert í málefnum fatlaðra. En ef við reyndum að setja okkur í spor ungrar fatlaðrar manneskju, sem ekki er að öðru leyti sjúk því að við verðum að gera skýran greinarmun á því, sem hyggst nú lifa lífi sínu eins og hún kann að vera á sig komin, hvernig blasir lífið við henni? Hefur hún góða atvinnu? Ég held að það vanti mikið á það í flestum tilvikum. Hefur hún góða menntun? Ég er hrædd um ekki. Á hún auðvelt með að koma yfir sig húsnæði? Það held ég ekki. Um hvað erum við að tala? Af hverju erum við svona ánægð með þetta? Ég held nefnilega að mönnum hætti til að tala um alla fatlaða í einum hópi og við gleymum því að þarfir þeirra eru auðvitað eins misjafnar eins og þeir eru margir. Það sem ég held að við séum alltaf að segja í þingsölum er að við höfum gert mikið átak í málefnum þroskaheftra, það er alveg rétt. En þroskaheftir eru aðeins einn lítill hópur af þeim sem geta talist fatlaðir í þessu landi. Og ég skal gleðjast yfir því vegna þess að kannski voru kjör þroskaheftra hvað verst í samfélagi okkar og ég ætla ekki að leggja það á hið háa Alþingi að lýsa fyrstu aðkomu minni að Kópavogshælinu árið 1974. Það var ekki falleg aðkoma og ekki nokkurri manneskju bjóðandi. Þar hafa auðvitað verið unnin þrekvirki síðan og við skulum heldur ekki gleyma framlagi foreldra þessara einstaklinga sem hafa sýnt alveg óþreytandi elju við að búa börnum sínum betra líf.

Fólk er fatlað á marga vegu og ég held að það sé dálítið erfitt og vefjist stundum fyrir fólki að gera greinarmun á fólki sem er fatlað, og verður það og við það verður ekki ráðið, og öðrum. Það þarf hins vegar ekkert að vera undir læknishendi meira en við hin. Á því fólki er munur og fólki sem er kannski með langvarandi sjúkdóma sem alltaf er verið að reyna að lækna og í sumum tilvikum tekst það og eftir það þarf manneskjan ekkert endilega að vera fötluð. Ég held að það sé afskaplega mikilvægt að menn geri sér grein fyrir hvað við eigum að kalla fötlun sem heyrir undir félmrn. eins og sagt er á bls. 2 sem mér finnst reyndar orka tvímælis. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Í fyrsta lagi heyrir málaflokkurinn nú óskiptur undir félmrn. en heyrði áður undir þrjú ráðuneyti, félmrn., menntmrn. og heilbr.- og trmrn."

Þetta er gott og blessað ef allt væri í lagi því að hér er svo sagt að það sé lögð áhersla á að fatlaðir njóti þjónustu samkvæmt almennum lögum, svo sem lögum um heilbrigðisþjónustu og lögum um grunn- og framhaldsskóla. Það vantar á það að fatlaðir njóti sömu aðstöðu í grunn- og framhaldsskólum og ekki eru margir dagar síðan var verið að neita fólki um aðgang að framhaldsskóla. Það fólk sem við berum mesta ábyrgð á eru börn sem fæðast fötluð. Þau fengu aldrei tækifæri til að búa sig undir fötlun sína. Það eru margir sem fá það sem verða fatlaðir síðar á ævinni en börnunum verður að sinna alveg frá byrjun. Gerum við það eins og skyldi? Nei, það er nú langt í frá. Mikið vantar á að grunnskólinn geti sinnt þessum börnum einfaldlega vegna þess að það vantar peninga, það vantar sérkennslu. Sérkennsla í landinu er öll í molum nema rétt á höfuðborgarsvæðinu. Þar er hún auðvitað betri en annars staðar. En ég býst við að hv. þm. utan af landsbyggðinni geti staðfest það mál mitt að mikið vanti á að börn fái þá leiðbeiningu og kennslu sem þau þurfa á að halda annars staðar á landinu.

Kannski er þeim líka verst sinnt sem eru skást á sig komin án þess að geta fylgt eðlilegum börnum í skóla. Það eru börn sem eru ekki þroskaheft og geta varla talist fötluð. Oft er í slíkum tilvikum um að ræða börn sem hafa orðið fyrir áfalli við fæðingu. Þau hafa verið fullkomlega heilbrigð börn í móðurkviði en eitthvað hefur gengið illa við að koma þeim í heiminn. Ég held að þessi börn séu afskaplega illa sett í grunnskólakerfi okkar og framhaldsskólakerfi og þannig mætti lengi telja. Þess vegna vil ég spyrja hv. þm. og hæstv. félmrh.: Heldur hún að það sé góð staða og það sé einhver jöfnuður á við okkur hin að sitja í hjólastól, ung manneskja sem vantar atvinnu, vantar íbúð, hefur ekki möguleika á að eignast eigin íbúð? Ég býst við að hæstv. félmrh. viti hverjar bætur almannatryggingar

greiða slíku fólki. Ég held ekki að þetta sé rósrauð framtíð fyrir nokkurn mann. Þess vegna vil ég ekki hlusta á að við séum að nálgast neitt sem heitir jafnrétti fyrir þetta fólk. En ég vil ítreka það að auðvitað eru þarfirnar jafnmisjafnar og fólkið er margt. En ég held að við eigum afar langt í land til þess að geta státað af því að allir Íslendingar séu jafnir fyrir lögum enda hafa þingmenn og þar á meðal sú sem hér stendur reynt að berjast fyrir því að við breytingu á stjórnarskrá landsins verði tekinn af allur vafi um að fatlaðir eigi sama rétt gagnvart stjórnarskránni og aðrir Íslendingar. Alltaf er hægt að segja að allir séu jafnir fyrir lögum en það er hins vegar aðalatriði hvernig þau lög eru. Stjórnarskráin ætti að vera sterkara aðhald til að tryggja þessu fólki jafnrétti.

Ég held að það sem helst og verst brennur á þessu fólki sé menntunin, menntunarleysið og atvinnuleysið og of slakar greiðslur frá almannatryggingum því að auðvitað er mikill munur á því hvort um er að ræða ungar manneskjur sem stofna ef til vill fjölskyldu og eignast jafnvel börn, hvort um slíkt fólk er að ræða eða hvort um er að ræða ellilífeyrisþega sem oftast eru þá í hæsta lagi tveir í heimili. Þessir bótaflokkar hafa oftast fylgst að og það er afar óréttlátt. Jafnvel þó barnalífeyrir komi til er þetta samt ákaflega óréttlátt. Þess vegna held ég að við eigum vissulega að vera glöð yfir því sem gert hefur verið en við skulum ekki tala eins og þetta sé allt að verða harla gott hjá okkur. Það er kannski af því að ég er óskaplega leið á skýrslugerð. Það virðist vera lausn ákveðinna ráðherra, ekki síst ráðherra Alþfl., að komi þeir frá sér skýrslu um eitthvert málefni, þá sé vandinn leystur. Mér leiðast slíkar skýrslur meira en allt annað og einkum um málefni sem ég þekki nokkuð vel og vann við í 10 ár þannig að það þarf ekkert að segja mér voðalega mikið um ástand þessara mála. Það blasir við hverjum manni.

Þar með er ég ekki að segja, virðulegi forseti, að hæstv. félmrh. sé ekki allur af vilja gerður að vinna að þessum málum en ekki hefur langur tími gefist enda hafa menn enst illa í þessu ráðuneyti á því kjörtímabili sem nú er að ljúka svo að maður veigrar sér við að tala við nokkurn þeirra hæstv. ráðherra sem ábyrga fyrir einu eða neinu þar sem þeir hafa ekki haft tíma til að gera neitt vegna þess að þeir hafa allir farið í burtu um leið og þeir voru rétt sestir í stólana.

En að lokum, hæstv. forseti, mér er ljóst að ég hef lokið máli mínu og hef ekki meiri tíma. Við skulum halda áfram að vinna að þessum málaflokki af raunsæi og stefnufestu en berja okkur ekki á brjóst og halda að með skýrslugerðum séum við svona um það bil að leysa þessi mál.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, 1. umr.

Stjfrv., 339. mál (eftirlitsmenn, greiðslur úr ofanflóðasjóði). — Þskj. 536.

[15:30]

Félagsmálaráðherra (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 28/1985. Eftir snjóflóðin í Tungudal á Ísafirði í apríl 1994 samþykkti ríkisstjórnin að beita sér fyrir endurskoðun laga um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum og skipa nefnd til að meta reynsluna af framkvæmd laganna. Nefndin skyldi sérstaklega beina athygli sinni að gerð hættumats, forvörnum og rannsóknum og hvernig auka megi fjármagn til ofanflóðavarna. Nefndin var skipuð af þáv. félmrh. 15. júní 1994. Í hana voru skipaðir: Eiríkur Finnur Greipsson tæknifræðingur, Guðjón Petersen framkvæmdastjóri, Helgi Hallgrímsson vegamálastjóri, Jón Dýrfjörð vélvirki og Húnbogi Þorsteinsson skrifstofustjóri sem jafnframt var skipaður formaður nefndarinnar. Nefndin skilaði tillögum og greinargerð með bréfi dags. 17. nóvember 1994. Frv. það sem hér er flutt er samið í félmrn. á grundvelli tillagna nefndarinnar. Ákvæði frv. um greiðslu til ofanflóðavarna eru jafnframt í veigamiklum atriðum í samræmi við frv. til laga um sérstaka fjáröflun til varnar gegn ofanflóðum og um breytingu á kostnaðarhlut sveitarfélaga sem flutt var á síðasta þingi. Félmn. sem fjallaði um það frv. samþykkti að vísa því til ríkisstjórnarinnar með þeim ummælum að það yrði tekið til athugunar við endurskoðun nefndarinnar á lögunum.

Frv. þetta var samið áður en hin hörmulegu snjóflóð áttu sér stað á Vestfjörðum í janúar. Það er ljóst að nauðsynlegt er að skoða frv. í nýju ljósi með tilliti til þeirra og meta hvaða lærdóm megi af þeim draga og hvaða nýjar tillögur þeir atburðir knýja á um að settar verði fram. Enda þótt ákvæði frv. sé ótvírætt spor í rétta átt verður að skoða gaumgæfilega hvernig betur megi gera.

Eins og kunnugt er var ráðuneytisstjórum falið að fara í sameiningu yfir alla þætti atburðanna í Súðavík og með hvaða hætti hvert ráðuneyti um sig komi að málinu. Í framhaldi af því ákváðu þeir að mynda tvo starfshópa og að annar þeirra skyldi skoða þetta frv. Hefur starfshópurinn einsett sér að vinna hratt og vel að þessu máli og leggja tillögur sínar og ábendingar fyrir félmn. svo fljótt sem unnt er.

Lög um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 28/1985, mörkuðu tímamót í ofanflóðavörnum hér á landi. Með þeim var í fyrsta sinn tekið með heildstæðum hætti á þessum málum. Það er ljóst svo sem fram kemur í greinargerð nefndarinnar að lögin hafi haft í för með sér verulegar úrbætur en hafa verður í huga að eftir gildistöku þeirra varð að byrja á að vinna brautryðjendastarf við að hættumeta þau svæði þar sem hættan hefur verið talin alvarlegust.

Gerð hættumats er forsenda þess að unnt sé að bregðast við ofanflóðahættu. Það liggur mikil vinna í gerð hættumats. Hana varð á flestum stöðum að vinna frá grunni og eftir ákveðinni forgangsröð. Þannig er ljóst að vegna tíðni snjóflóða og þeirra ógna sem þau valda árlega í mörgum byggðum landsins hefur fram að þessu mun minni áhersla verið lögð á hættumat og varnir gegn öðrum ofanflóðum en snjóflóðum, svo sem aurskriðum.

Vegna þeirrar umræðu sem átt hefur sér stað um gerð hættumats eftir snjóflóðin á Vestfjörðum er rétt að taka fram að lög um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum gera ráð fyrir að Almannavarnir ríkisins annist hættumat og setji reglur um gerð þeirra, sbr. 3. gr. laganna. Þegar lögin voru sett var talið heppilegra að Almannavarnir ríkisins sem óháður aðili og stjórnandi almannavarna í landinu hefði með þessi mál að gera frekar en einhverri einni sérfræðistofnun væri falið þetta verkefni. Byggt var á því að Almannavarnir ríkisins gætu falið sérfræðingum að annast framkvæmdina.

Einnig skal vakin á því athygli að samkvæmt 4. gr. laganna er ofanflóðanefnd almannavörnum til ráðuneytis um þessi mál. Ofanflóðanefnd er skipuð fulltrúum þeirra opinberu aðila sem koma næst þessum málum, þ.e. Almannavarna ríkisins, Raunvísindastofnun Háskóla Íslands, Skipulagsstjórn ríkisins, Veðurstofu Íslands og Viðlagatryggingar Íslands.

Í tengslum við störf nefndarinnar sem falið var að meta reynsluna af framkvæmd laganna var unnið að endurskoðun á gildandi reglugerð um hættumat vegna snjóflóða nr. 347/1988. Á sama hátt og nauðsynlegt er að skoða þetta frv. í nýju ljósi eftir hin hörmulegu slys þarf einnig að endurskoða þau drög sem samin höfðu verið að nýjum reglum um gerð hættumats og strax eftir atburðina í Súðavík var tekin sú ákvörðun í félmrn. að stöðva lokafrágang þeirra.

Samkvæmt 3. gr. laganna skulu Almannavarnir ríkisins setja reglur um gerð hættumats sem félmrh. skal staðfesta. Því er ekki þörf á lagabreytingu til að endurskoða reglur um forsendur hættumats.

Meginniðurstaða nefndarinnar var sú að brýnast sé að efla forvarnir en mikilvægustu þættir forvarna eru eftirlit og rannsóknir.

Í greinargerð nefndarinnar kemur fram að eftirlits- og viðvörunarþættir snjóflóðavarna eins og annarra náttúruhamfaravarna séu mikilvægastir þar sem þeir tryggi mesta öryggið fyrir mannslíf í hlutfalli við útgjöld. Taldi nefndin að reynslan af framkvæmd laganna hvað þessa þætti varðar hafi sýnt að erfiðast hafi reynst að fá til starfa athugunarmenn með viðunandi þekkingu til að fylgjast með og meta ástand snævar á hverjum stað. Taldi nefndin nauðsynlegt að endurskoða skipulag snjóflóðaathugana heima í héraði og gerði tillögu um breytingu á 6. gr. laganna, sbr. 1. gr. frv.

Samkvæmt núgildandi lögum byggist staðbundið eftirlit á samstarfi sveitarfélaga og Veðurstofu Íslands en er alfarið háð frumkvæði þeirra sveitarfélaga sem í hlut eiga. Kostnaður vegna þess er greiddur að jöfnu af viðkomandi sveitarfélagi og Veðurstofunni.

Nefndin taldi að ástæður þess að ekki hefur verið unnt að koma upp styrku eftirlits- og viðvörunarkerfi á landsbyggðinni séu fyrst og fremst fjárhagslegar og það hamli skipulagslegri úrlausn. Fjárhagslegu ástæðurnar séu þær m.a. að greiðslur til athugunarmanna séu ekki hvetjandi miðað við það álag sem þeir verða fyrir á þeim tíma sem snjóflóðahætta er viðvarandi. Búnaður þeirra sé einnig of takmarkaður til að sinna eftirlitinu svo vel sé og þeim því ekki boðin sú vinnuaðstaða sem æskileg er. Á það einkum við um búnað til að komast um athugunarsvæði til mælinga í miklum snjóþyngslum og til fjarskipta í öryggis- og upplýsingaskyni. Taldi nefndin nauðsynlegt að tryggja betur fjárhagslegan grundvöll þessara athuguna og gerði tillögu um að kostnaður vegna þeirra verði alfarið greiddur af ofanflóðasjóði að fengnum tillögum Almannavarna ríkisins, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. frv.

Nefndin taldi að það álag, sem er á athugunarmönnum, sé m.a. vegna þeirra tíðu athugana sem þeir þurfa að gera að nóttu og degi, oft í mjög slæmum veðrum, og vegna þess að mismunandi skoðanir séu heima fyrir á því mati sem þeir leggja fram um snjóflóðahættu. Þeir verði fyrir þrýstingi frá íbúum, fyrirtækjum og stundum viðkomandi yfirvöldum í báðar áttir, þ.e. að breyta mati á ástandi til hins betra eða verra, allt eftir hagsmunum viðkomandi á þeim tíma sem matið er gert. M.a. af þessum ástæðum taldi nefndin nauðsynlegt að gera eftirlitsmennina óháðari sveitarstjórnum. Einnig taldi nefndin heppilegra að miða eftirlitssvæði við stærra svæði en eitt sveitarfélag þar sem litið er svo á að hættuástand í landinu sé frekar bundið landsvæðum en sveitarfélögum og viðvaranir hafa svæðisbundin áhrif.

Höfð var hliðsjón af því að bættar samgöngur og þekking á veðurfarslegum þáttum snjóflóða opna möguleika á að einn athugunarmaður þjóni mörgum sveitarfélögum enda liggja sömu athugunar- og snjósöfnunarsvæði oft í fleiri en einu sveitarfélagi.

Nefndin taldi enn fremur nauðsynlegt að tengja skipulag athugana á hverjum stað skipulagi Almannavarna ríkisins þar sem það er mjög mikilvægt að tengsl séu á milli annars vegar eftirlits og viðvarana um hættu og hins vegar skipulegra viðbragða við henni sem eru á ábyrgð almannavarna.

Með vísun til alls þessa telur nefndin að fella eigi þennan þátt snjóflóðavarna fjárhagslega undir ofanflóðasjóð og faglega undir Veðurstofu Íslands en að ráðning og yfirstjórn snjóathugunarmanna í héraði eigi að vera í höndum lögreglustjóra, í samráði við almannavarnanefndir sveitarfélaga.

Fyrir þessu fyrirkomulagi eru enn fremur þau rök að nauðsynlegt var talið að viðhalda formlegum og skipulegum tengslum eftirlitsmannanna við heimabyggðina. Nokkur hætta var talin á því að þeir mundu einangrast sem starfsmenn miðstýrðrar stofnunar, eins og t.d. Veðurstofu. Nefndin taldi að með þessum hætti yrði fjárhagsgrunnur snjóathugana í héraði tryggður betur en nú er, stjórn og framkvæmd athugana, mats og viðvarana samræmd ákvæðum í lögum um almannavarn-

ir og athugunarmaður síður háður hagsmunaþrýstingi í héraði, þar með talið frá vinnuveitanda sínum.

Ákvæði 1. gr. frv. er byggt á framangreindum hugmyndum og tillögum nefndarinnar. Gert er ráð fyrir að lögreglustjórar, sem skv. 1. mgr. 7. gr. laga um almannavarnir fara með stjórn almannavarna hver í sínu umdæmi, sjái um ráðningu eftirlitsmannanna og mörk eftirlitssvæða miðist við umdæmi þeirra. Rétt þykir að einnig verði unnt að fela þessum mönnum að annast athuganir vegna annarra skriðufalla en snjóflóða. Lagt er til að Almannavarnir ríkisins taki ákvörðun um það í hvaða lögreglustjóraumdæmum þessir starfsmenn verði ráðnir. Ekki eru lagðar til breytingar á faglegum tengslum eftirlitsmannanna við Veðurstofu Íslands. Gert er ráð fyrir að þeir starfi samkvæmt vinnureglum og faglegum fyrirmælum hennar. Þeir afla gagna fyrir Veðurstofuna. Veðurstofan vinnur úr þeim og metur hvort ástæða sé til að gefa út viðvaranir um snjóflóðahættu. Felur frv. ekki í sér breytingar á hlutverki Veðurstofu í snjóflóðavörnum en samkvæmt 5. gr. laganna skal Veðurstofan annast öflun gagna og úrvinnslu þeirra. Enn fremur mælingar og rannsóknir og gefa út viðvaranir um snjóflóðahættu.

Rannsóknir eru óhjákvæmileg forsenda fyrir því að nauðsynleg þekking fáist til þess að unnt sé að gera öruggar snjóflóðaspár og gefa út viðvaranir. Þær mynda einnig tölfræðilegan og eðlisfræðilegan grunn fyrir hættumat og stuðli þannig að því að gera það öruggara. Þær séu enn fremur forsenda fyrir vali á varnarleiðum, gerð varnarvirkja og áreiðanleika þeirra. Taldi nefndin að þau ákvæði sem nú eru í lögunum um heimildir ofanflóðasjóðs til að taka þátt í tækjakaupum til rannsókna séu mjög mikilvæg. Vegna mikilvægis þessa þáttar lagði nefndin til að kostnaðarhlutdeild ofanflóðasjóðs við kaup á rannsóknartækjum og búnaði hækki úr 80% í 90% og að sjóðurinn fjármagni að fullu kaup á tækjum sem sannanlega séu liðir í viðvörunartækni heima í héraði.

Þetta er byggt á því að viðvaranir eru háðar skammtímahættumati sem þessi tæki með athugunarmanni gera mögulegt. Hér eru höfð í huga tæki sem fylgjast t.d. með veðri, snjódýpt, lagskiptingu snævar og að senda boð til byggða þar sem athugunarmaður getur fylgst með ástandi snævarins og stöðugleika á hverjum tíma.

Í greinargerð nefndarinnar er gerð grein fyrir því að frá því lögin voru sett árið 1985 hafi átt sér stað mikil undirbúningsvinna þar sem nauðsynlegt hafi verið að gera úttekt og mat á hættu á snjóflóðum áður en ráðist yrði í framkvæmdir við varnarvirki. Sú vinna, sem er bæði tímafrek og flókin, hefur verið unnin í samvinnu staðkunnugra heimamanna, tæknimanna og annarra sérfræðinga.

Til hættumats í snjóflóðabyggðum hefur ofanflóðasjóður nú varið 14.721.000 kr. frá upphafi, eða sem svarar 2.500.000 kr. á ári að meðaltali. Staða þessarar vinnu í nóvember 1994 var sú að búið er að gera hættumat fyrir Patreksfjörð, Flateyri, Ísafjörð, Súðavík, Seyðisfjörð og Neskaupstað og hættumati fyrir Siglufjörð er að mestu lokið.

Undirbúningsvinnu er lokið fyrir flesta aðra þéttbýlisstaði. Beðið hefur verið með að gera hættumat fyrir eftirtalda staði þar til nýjar reglur liggja fyrir: Ólafsvík, Tálknafjörð, Bíldudal og Suðureyri.

Hættumat verður að endurskoða með reglulegu millibili eftir því sem snjóflóðaskráning styrkir þann gagnagrunn sem hættumat byggist á og reiknilíkön þróast. Einnig verður að gera ráð fyrir að hættumeta þurfi í náinni framtíð skíðasvæði og svæði í dreifbýli þar sem húsaþyrpingar eru, svo sem skólar, bújarðir eða atvinnufyrirtæki.

Það er því ljóst að hættumat er verkefni sem verður sífellt í endurskoðun vegna betri gagna til að byggja á, endurbættra reiknilíkana, fullkomnari korta og samtengingu á hættumati og tölvutengdu mati til viðvarana.

Í þessu sambandi er rétt að taka fram að í þeim drögum að nýjum reglum um hættumat sem nefndin samdi er gert ráð fyrir að í öllum þeim sveitarfélögum þar sem hættumat hefur þegar farið fram skuli það endurskoðað á grundvelli nýrra reglna svo fljótt sem því verður við komið. Einnig er rétt að taka fram að enda þótt ljóst sé eftir atburði síðustu vikna að nauðsynlegt er að endurmeta forsendur fyrir skilgreiningu á hættusvæðum þá kemur sú vinna sem þegar hefur verið unnin við gerð hættumats til með að nýtast áfram. Þeir þættir sem hingað til hefur verið byggt á við gerð hættumats hafa ekki misst gildi sitt. Hins vegar hefur hin bitra reynsla síðustu vikna kennt okkur að nauðsynlegt er að taka fleiri þætti með í reikninginn en hingað til hefur verið gert.

Einnig er þess að geta að enn er ekki byrjað að gera hættumat vegna annarra ofanflóða en snjóflóða þótt gagnaskráning vegna þeirra sé hafin. Verður að gera ráð fyrir að sú vinna hefjist jafnskjótt og sér fyrir endann á vinnu við hættumat vegna snjóflóða í þeim byggðum sem brýnast er að hættumeta. Hin mikla tíðni snjóflóða og snjóflóðahættu hefur enn sem komið er þrýst á að hættumat og varnir þeirra vegna hafi forgang. Ekki er á þessu stigi unnt að meta þann kostnað sem ætla verður að hættumat vegna annarra ofanflóða en snjóflóða hafi í för með sér en ljóst er að setja verður reglur um forsendur og framkvæmd hættumats vegna þeirra líkt og nú er gert með snjóflóð. Með hliðsjón af ofangreindu taldi nefndin að árlegur kostnaður við hættumat verði áfram svipaður því þó að dregið geti vel úr honum þegar því stigi verður náð að einungis verði um að ræða endurmat og breytingar út frá nýjum reikniaðferðum og gögnum um snjóflóð þá verður að sama skapi að auka vinnu við hættumat vegna skriðufalla. Lagði nefndin til að ofanflóðasjóður haldi áfram að greiða að fullu kostnað við gerð hættumats.

Þegar búið er að ganga frá hættumati er viðkomandi sveitarfélagi bent á að forsenda sé til þess að velja leiðir til varnar og gera áætlanir um gerð varnarvirkja. Samkvæmt 7. gr. laga um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum skal sveitarstjórn gera tillögu að varnarvirkjum á hættusvæðum. Við gerð laganna var talið affarasælast að sveitarstjórn annaðist gerð þessara til-

lagna til þess að tryggja að ábyrgðin og frumkvæðið sé hjá heimamönnum. Samkvæmt lögunum greiðir ofanflóðasjóður allt að 80% af kostnaði við undirbúning og framkvæmdir við varnarvirki en skv. 2. gr. frv. er lagt til að hlutur ofanflóðasjóðs hækki í 90% eins og fyrr er sagt. Enn fremur er lagt til að ráðherra sé heimilt að veita sveitarfélögunum lán fyrir kostnaðarhlut þeirra vegna varnarvirkja enda sé viðkomandi sveitarfélagi fjárhagslega ofviða að leggja hann fram. Í frv. er ekki gerð breyting á því ákvæði að kostnaður við kaup á löndum, lóðum og fasteignum vegna varna teljist með framkvæmdakostnaði.

Í athugasemdum með þessu ákvæði í frv. til núgildandi laga um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum er tekið fram að sé talið hagkvæmara að kaupa fasteign til niðurrifs í stað þess að gera varnarvirki fyrir hana megi sjóðurinn taka þátt í kaupunum. Þessi heimild hefur hingað til ekki verið nýtt að neinu marki. Líklegt er að atburðirnir á Vestfjörðum muni valda því að það verði skoðað í auknum mæli hvort heppilegra sé að fasteignir verði keyptar í stað þess að byggja kostnaðarsöm og viðhaldsfrek varnarvirki fyrir þær. Heimild til þess er samkvæmt áðurgreindu til staðar í núgildandi lögum en ástæða gæti verið til þess að setja skýrari ákvæði hvað þetta varðar þar sem líklegt er að þessi leið verði notuð í auknum mæli.

Í frv. er nýmæli þess efnis að greiða megi úr ofanflóðasjóði allt að 60% af kostnaði við viðhald varnarvirkja en ekki er talin nægjanlega skýr heimild til þess í núgildandi lögum. Í greinargerð nefndarinnar og í athugasemdum með frv. eru kostnaðargreiðslur úr ofanflóðasjóði raktar og gerð grein fyrir áætluðum kostnaði vegna hættumats og varnarvirkja. Nefndin taldi einsýnt að tryggja þurfi ofanflóðasjóði aukið fjármagn til að gera sjóðnum kleift að standa undir fyrirsjáanlegum og nauðsynlegum verkefnum á næstu árum. Með hliðsjón af því gerði hún tillögu um að á árunum 1995–1999 verði lagt 10% álag á iðgjöld samkvæmt lögum um Viðlagatryggingu Íslands sem renni til sjóðsins. Hefur ríkisstjórnin samþykkt frv. þess efnis til breytingar á lögum um Viðlagatryggingu Íslands. Nefndin taldi jafnframt nauðsynlegt að á þessu tímabili verði unnin áætlun um fjármagnsþörf til lengri tíma og við því brugðist ef hún reynist meiri en nemur lögbundnum tekjum sjóðsins. Ljóst er að atburðirnir á Vestfjörðum hafa nú þegar breytt forsendum útreikninga þannig að búast má við að kostnaður verði mun meiri en nefndin gerði ráð fyrir.

Virðulegi forseti. Ég lýk nú brátt þessari framsögu. Það eru aðeins 10 ár síðan hafist var handa um skipulegar aðgerðir til að verjast þeirri vá sem snjóflóð og skriðuföll eru hér á landi. Mikið hefur áunnist en þó ekki nóg eins og við höfum áþreifanlega komist að raun um. Þetta frv. er áfangi í þeirri baráttu en ljóst er að það þarf að skoða gaumgæfilega í meðförum þingsins eftir þá sorgaratburði sem orðið hafa.

Virðulegi forseti. Ég hef lokið máli mínu og legg til að málinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og félmn.

[15:51]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi lýsa því strax yfir að ég fagna því að þetta frv. er komið nú til umræðu í þinginu. Það var lagt fram eins og fram kom fyrir áramót en gat þá að sjálfsögðu ekki fengið þinglega meðferð. En ég er sannfærður um að það er vilji þingmanna að standa þann veg að þessu máli að það megi auðnast að ljúka afgreiðslu þess fyrir þinglok núna í lok febrúar. Við höfum öll verið minnt svo áþreifanlega á það hversu vanbúin við höfum staðið frammi fyrir þeirri miklu ógn sem snjóflóðahættan er að það gengur þess lengur enginn dulinn að við verðum að taka hér mjög fast á og fljótt á og tryggja það nauðsynlega öryggi sem er auðvitað forsendan fyrir því að fólk vilji búa á þeim stöðum þar sem snjóflóðahættan hefur vofað yfir.

Frv. í þessum anda var flutt af hv. 5. þm. Vestf., Kristni H. Gunnarssyni, í fyrra. Niðurstaðan varð hins vegar sú í félmn. þegar við fórum yfir málin að svo miklar breytingar væru að verða, ekki síst í ljósi þeirra voveiflegu atburða sem höfðu orðið á Ísafirði að það væri nauðsynlegt að taka þessi mál til gagngerðrar endurskoðunar og það frv. til laga um breytingu á lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum sem við höfum nú til umræðu er afrakstur þeirrar vinnu.

Eins og fram kom í máli hæstv. félmrh. erum við hins vegar enn að átta okkur betur á því að það þarf að taka þessi mál aftur til endurskoðunar í ljósi þess sem við höfum því miður upplifað og svo margt er auðvitað að skýrast í huga okkar varðandi þetta sem við sáum ekki fyrir á síðasta vori að það er óhjákvæmilegt fyrir okkur sem sitjum í félmn. Alþingis að fá að kynna okkur málin með hliðsjón af því. Ég fagna þeim upplýsingum sem fram komu í máli hæstv. félmrh. að nefnd ráðuneytisstjóra væri nú að yfirfara þessi mál og ég held að það sé mjög þörf yfirferð og mjög mikilvægt að hún skili góðum árangri. En auðvitað verður hinn faglegi undirbúningur á pólitíska ábyrgð félmn. og ég er viss um það að í félmn. situr fólk sem vill og ætlar að afgreiða þetta mál með vandvirkum hætti og tryggja að það komi örugglega til umræðu í þinginu og afgreiðslu áður en þinginu lýkur núna í febrúarlok.

Það er auðvitað alveg ljóst að sveitarfélögin í landinu í dag eru vanmegnug að takast á við þetta gríðarlega og risavaxna verkefni. Eins og við áttuðum okkur á við yfirferð málsins í félmn. í fyrra hittist líka svo á að mörg þeirra sveitarfélaga sem standa frammi fyrir þessum miklu verkefnum við snjóflóðavarnir eru lítil sveitarfélög, sveitarfélög sem jafnvel hafa orðið fyrir áföllum í atvinnulífinu og hafa orðið að taka á sig alls konar skuldbindingar sem hafa gert það að verkum að þau eru enn þá verr í stakk búin til þess en áður að ráðast í þessar risavöxnu framkvæmdir.

Ég er þeirrar skoðunar og er sammála hæstv. umhvrh. um að það þarf að skoða skipulag þessara mála alveg frá grunni. Ég ætla ekki á þessari stundu að lýsa því sem einhverri bjargfastri skoðun minni hvernig þessu skipulagi eigi að vera háttað í smáatriðum en mér er hins vegar ljóst og hefur orðið það ljóst á síð-

ustu vikum og mánuðum að skipulag þessara mála er ekki alveg jafngott og við mundum vilja hafa það. Það er ekki við neinn að sakast í sjálfu sér. Ég held hins vegar að við þurfum að skoða þessi mál í rólegheitunum í ljósi þeirrar reynslu sem við höfum fengið og við getum ekki unnt okkur hvíldar fyrr en við erum búin að tryggja það að þetta skipulag sé sem best og virkast og skjótvirkast þannig að það þjóni þeim tilgangi sínum að vera tæki til þess að tryggja öryggi fólks því að um það snýst málið í raun og veru, að tryggja öryggi íbúanna á þeim svæðum þar sem snjóflóðahættan er til staðar við tilteknar aðstæður.

Enginn vafi er á því að á undanförnum árum höfum við lagt of litla áherslu á snjóflóðavarnir í landinu. Við erum núna að vakna upp við þann vonda veruleika og átta okkur á því að snjóflóðin hafa á þessari öld tekið meiri toll í mannslífum en við höfðum gert okkur grein fyrir. Við höfum verið að leggja áherslu á margs konar aðrar varnir gegn náttúruhamförum og það er vissulega vel en einhverra hluta vegna höfum við sofið á verðinum hvað snjóflóðin áhrærir. Við höfum hvorki lagt fram fé né mannafla til þess að kynna okkur þessi mál og enginn vafi er á því að við höfum að sumu leyti verið eftirbátar annarra þjóða. Við höfum ekki sótt okkur nægilega þekkingu erlendis í því skyni að byggja upp þessa þekkingu innan lands þannig að við getum staðið vel að málum. Við eigum á að skipa afar hæfu og góðu fólki en við höfum hins vegar hvorki lagt fram nægjanlegt fé né mannafla. Þess vegna vil ég segja að fyrsta skrefið og eitt mikilvægasta skrefið er auðvitað að við stóraukum framlög til rannsókna og stóraukum rannsóknirnar á þessu sviði. Fyrir okkur sem hlustuðum á norska snjóflóðasérfræðinginn, ég hygg að hann heiti Karsten Lid, var það auðvitað ákveðin upplifun að skynja með hvaða hætti Norðmenn hafa tekið á þessum málum og með hvaða hætti þeir meta hættuna af snjóflóðum á sínum svæðum.

Ég er þeirrar skoðunar sjálfur að hin aukna starfsemi sem er fyrirsjáanleg og nauðsynleg verði að eiga sér stað úti á landsvæðunum sjálfum, úti í byggðunum sjálfum, þar sem þessi hætta er til staðar. Auðvitað getur miðstöðin verið á skrifstofu eða á starfssvæði Veðurstofunnar en það er alveg óhjákvæmilegt að hluti þessarar starfsemi fari út til svæðanna þar sem unnið sé að þessum athugunum. Við höfum jarðskjálftaeftirlitsmenn úti um land allt og við þurfum auðvitað að hafa snjóflóðaeftirlitsmenn sem geta unnið að rannsóknum og athugunum, ekki bara hinu venjulega eftirliti heldur þurfum við að hafa á að skipa sérfróðum mönnum úti um landið til þess að vinna að þessum málum á vettvangi. Ég vil a.m.k. varpa því fram og ég trúi ekki öðru en um það geti tekist samstaða að í framtíðinni verði reynt að búa þannig um hnútana að hluti af þeirri starfsemi, sem nauðsynlegt er að efla í framtíðinni, verði úti um landið á þessum svæðum þar sem raunveruleg hætta er til staðar, t.d. á Vestfjörðum. Við gerum okkur auðvitað alveg grein fyrir því að aðstæðurnar til þess að fylgjast með og rannsaka úti á vettvangnum sjálfum eru auðvitað allt aðrar og miklu betri en þó menn reyni að gera sitt besta hér í Reykjavík og ég er síst af öllu að gera lítið af þeirri starfsemi. Reyndar tel ég að þar hafi menn unnið gríðarlega mikið og gott starf við erfiðar aðstæður og allt of lítið fjármagn og of lítinn skilning okkar sem berum ábyrgð á fjárveitingavaldinu í landinu.

Ég legg á það áherslu, og ég ætla mér ekki í sjálfu sér að fara neitt efnislega í þetta frv., að ég tel að það horfi mjög til réttrar áttar, finnst mér vera að þegar upp er staðið þá höfum við búið þannig um hnútana hvað lagasetninguna áhrærir að við höfum gert okkar besta til þess sem ég vil árétta að er auðvitað meginatriði málsins, það er að tryggja öryggi íbúanna sjálfra. Við skulum átta okkur á því að svo lengi sem fólk hefur það á tilfinningunni að það hafi ekki öryggi á heimilum sínum verður búseta þess ekki trygg. Fólk treystir sér ekki til að búa við stöðuga ógn, stöðugan kvíða og stöðugan ótta og ég hef fundið það sjálfur hjá fólki núna upp á síðkastið sem býr við þessar aðstæður að hafa orðið að yfirgefa heimili sín trekk í trekk vegna yfirvofandi hættu að það grefur mjög undan trausti þess á að búa á þessum stöðum til frambúðar. Þess vegna er þetta stórmál fyrir byggðirnar í kringum landið þar sem svona háttar til að tryggja öryggi íbúanna.

Ég hitti fólk á einum af þessum stöðum sem lýsti áhyggjum sínum út af þessu máli við mig. Það var í Hnífsdal, þar sem menn sögðu sem svo: Hún er farin að valda okkur miklum kvíða sú staðreynd að við erum aldrei örugg á okkar eigin heimilum og þetta er farið að hafa veruleg félagsleg áhrif heima við og á börnin okkar sem eru kvíðin fyrir því að fara heim til sín út af þessum ástæðum. Við sjáum það í hendi okkar og um það er enginn ágreiningur hér í þingsalnum að við verðum — og það er lámarkskrafa sem íbúar landsins geta gert til síns samfélags að við gerum allt sem í okkar valdi til að tryggja öryggi þessa fólks.

Okkur hefur orðið það ljóst á undanförnum vikum og mánuðum að það verkefni sem fram undan er varðandi hættumatið og gerð snjóflóðavarna er mun risavaxnara en áður hafði verið talið. Hér í þessari greinargerð er farið með nokkrar tölur um þessi mál. (Forseti hringir.) Ég er að ljúka máli mínu, virðulegi forseti.

(**Forseti** (GHelg)**:** Forseti ætlaði einmitt að spyrja hv. þm. hvort hann kjósi að reyna að ljúka máli sínu á nokkrum mínútum vegna þess að nú er kominn fundartími þingflokka eða hvort hann kýs að fresta máli sínu.)

Ég mun leggja áherslu á að ljúka máli mínu og skal reyna að gera það á fáeinum mínútum. Ég vil leggja mitt af mörkum til að þessu máli sé hraðað sem mest.

(**Forseti** (GHelg)**:** Þá er það leyft.)

Ég tel að fram undan séu þessi stóru verkefni. Við verðum að átta okkur á því eins og fram kom í máli þessa norska snjóflóðasérfræðings að hættumatið er auðvitað ekki spurningin um að draga einhverjar klárar línur. Þetta er spurningin um að skilgreina einhver tiltekin svæði. Þetta er ekki mat upp á einhverja sentimetra, þetta er mat á svæðum. Og við verðum að átta okkur á því að fram undan kunna að vera miklu stærri

og dramatískari ákvæði heldur en við höfum áttað okkur á og við verðum einfaldlega að vera menn til að taka þessar ákvarðanir.

En, virðulegi forseti, ein spurning að lokum til hæstv. félmrh. sem ég óska eftir að hún svari áður en þessari umræðu lýkur. Í 4. tölul. 2. gr. frv. segir, með leyfi forseta:

„Greiða má allt að 90% af kostnaði við undirbúning og framkvæmdir við varnarvirki. Kostnaður við kaup á löndum, lóðum og fasteignum vegna varna telst með framkvæmdakostnaði."

Ég tel mikilvægt, virðulegur forseti, að við fáum nákvæmari skýringu á meiningu þessara orða. Ég fór í athugasemdirnar og eins greinargerð frv., sem allt er til mikillar prýði, en sé hins vegar ekki hvað hér er átt við. Ég held að það sé nauðsynlegt vegna þeirrar umfjöllunar sem fram mun fara í hv. félmn. að þessi mál séu skýr og ljós í hugum okkar sem eigum um þessi mál að fjalla.

Umræðu frestað.

Fundi slitið kl. 16:04.

---

83. FUNDUR

fimmtudaginn 2. febr.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Refsiákvæði nokkurra skattalaga, stjfrv., 319. mál, þskj. 484. — 1. umr.
2. Almenn hegningarlög, stjfrv., 318. mál, þskj. 480. — 1. umr.
3. Lúganó-samningurinn um fullnustu dóma í einkamálum, stjfrv., 328. mál, þskj. 497. — 1. umr.
4. Neyðarsímsvörun, stjfrv., 335. mál, þskj. 532. — 1. umr.
5. Mannanöfn, stjfrv., 336. mál, þskj. 533. — 1. umr.
6. Barnalög, stjfrv., 342. mál, þskj. 542. — 1. umr.
7. Veiting ríkisborgararéttar, stjfrv., 354. mál, þskj. 577. — 1. umr.
8. Áfengislög, frv., 55. mál, þskj. 55. — 1. umr.
9. Réttarstaða fólks í vígðri og óvígðri sambúð, þáltill., 250. mál, þskj. 292. — Fyrri umr.
10. Tjáningarfrelsi, þáltill., 295. mál, þskj. 387. — Fyrri umr.
11. Lánasjóður íslenskra námsmanna, frv., 283. mál, þskj. 355. — 1. umr.
12. Dreifing sjónvarps og útvarps, þáltill., 301. mál, þskj. 394. — Fyrri umr.
13. Stofnun Vilhjálms Stefánssonar á Akureyri, þáltill., 139. mál, þskj. 146. — Fyrri umr.
14. Tilkynningarskylda olíuskipa, þáltill., 340. mál, þskj. 538. — Fyrri umr.
15. Varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, stjfrv., 339. mál, þskj. 536. — Frh. 1. umr.
16. Fjöleignarhús, frv., 247. mál, þskj. 288. — 1. umr.
17. Húsnæðisstofnun ríkisins, frv., 276. mál, þskj. 332. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Halldór Blöndal landbrh.,
Jón Baldvin Hannibalsson utanrrh.

Útbýting þingskjala:

Alþjóðaþingmannasambandið 1994, 361. mál, skýrsla Íslandsdeildar Alþjóðaþingmannasambandsins, þskj. 587.

Barnaklám, 364. mál, fsp. VS, þskj. 590.

Embætti húsameistara ríkisins, 365. mál, fsp. VS, þskj. 591.

Framkvæmd reglna er lúta að siglingamálum, 305. mál, svar samgrh., þskj. 585.

Framleiðsla og sala á búvörum, 362. mál, frv. EgJ o.fl., þskj. 588.

Radíóviti sem þjónar flugi til Önundarfjarðar og Súgandafjarðar, 299. mál, svar samgrh., þskj. 586.

Tekjuskattur og eignarskattur, 363. mál, frv. FI o.fl., þskj. 589.

Tilkynning um utandagskrárumræðu.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti vill upplýsa um utandagskrárumræðu sem fram fer kl. hálftvö í dag. Málshefjandi er hv. 5. þm. Suðurl., Guðni Ágústsson og það er hæstv. sjútvrh. sem verður til andsvara. Umræðuefnið er forkaupsréttarákvæði fiskveiðistjórnarlaga.

Almenn hegningarlög, 1. umr.

Stjfrv., 318. mál (skattalagabrot). — Þskj. 480.

[10:32]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breyting á almennum hegningarlögum. Hér er um að ræða breytingu á 262. gr. hegningarlaganna. Samkvæmt þeirri grein varðar það bókhaldsskyldan mann sektum eða varðhaldi að láta hjá líða að halda lögskyldar bækur eða gerist hann sekur um stórfellda óreglusemi í bókhaldinu.

Í skýrslu fjmrh. um störf nefndar sem kannað hefur umfang skattsvika og lögð var fyrir Alþingi 18. apríl 1986 og í skýrslu nefndar sem fjmrh. skipaði 18. nóv. 1992 um umfang skattsvika og tillögur um að-

gerðir gegn þeim eru ábendingar um að sett verði í almenn hegningarlög nýtt ákvæði sem yrði einn liður í samfelldri heildaráætlun um aðgerðir gegn skattsvikum.

Frv. þetta er einn þáttur í heildarendurskoðun á viðurlagaákvæðum í skatta- og bókhaldslögum. Í almennum hegningarlögum eru nú ekki ákvæði um viðurlög við brotum á skattalögum heldur eru slík ákvæði í viðkomandi skattalöggjöf og áður greind 262. gr. almennra hegningarlaga, sem fjallar um bókhaldsbrot, er að ýmsu leyti gölluð og ófullnægjandi.

Tilgangur þessa frv. er því tvíþættur. Í fyrsta lagi er stefnt að því að auka varnaðaráhrif refsiákvæðanna með því að leggja refsingu við hinum alvarlegri skattsvika- og bókhaldsbrotum í hegningarlögum. Við það er miðað að dómur fyrir hegningarlagabrot hafi að öðru jöfnu meiri varnaðaráhrif en dómur fyrir sérrefsilagabrot. Í öðru lagi er stefnt að þyngri refsiviðurlögum í framkvæmd með því að herða og binda neðra refsimarkið þegar tilteknar aðstæður eru fyrir hendi.

Í frv. er lagt til að lögfest verði eyðuákvæði um alvarleg brot gegn reglum sem lýst er efnislega í öðrum lögum að hluta til eða öllu leyti. Hliðstæðri aðferð var beitt þegar 173. gr. a, sem fjallar um meiri háttar ávana- og fíkniefnabrot, var lögfest.

Ég vil vekja sérstaka athygli á því að þó frv. þetta verði lögfest eru það eftir sem áður refsiákvæði skattalaga sem hafa mesta þýðingu varðandi skattsvik. Í þessu frv. er lagt til að meiri háttar brot einstaklinga gegn þeim skattalögum sem mesta þýðingu hafa varðandi skattsvik varði við almenn hegningarlög. Það sama gildir um brot á lögum um bókhald og lögum um ársreikninga.

Með frv. fylgja ítarlegar athugasemdir og ég vísa til þeirra varðandi einstök ákvæði þess.

Ég legg svo til, frú forseti, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

[10:35]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Á undanförnum árum hafa verið flutt hér ýmis frv. sem snerta breytingar á hegningarlögum og sum þeirra hafa orðið að lögum en önnur ekki eins og gengur. Hins vegar eru ákveðnir þættir í hegningarlögunum sem hafa aldrei fengist teknir fyrir hér á undanförnum árum af einhverjum undarlegum ástæðum, hafa alltaf stöðvast vegna þess að menn hafa sagt að þau mál væru í endurskoðun. Ég er sérstaklega með í huga 108. gr. hegningarlaganna og önnur ákvæði er snerta hin svokölluðu meiðyrðamál. Ég held að það sé æskilegt að spyrja hæstv. dómsmrh. undir þessari umræðu hvort það er á döfinni af hans hálfu að leggja hér fyrir einhverjar breytingar á þessum þáttum hegningarlaganna, m.a. með hliðsjón af því að fyrir þinginu liggur frv. til stjórnarskipunarlaga sem gerir ráð fyrir breytingu á mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar m.a. að því er þetta ákvæði varðar, prentfrelsis- og tjáningarfrelsisákvæðið. Ég teldi að það væri æskilegt að breyta um leið hegningarlagaákvæðum þeim sem lúta að sama málaflokki.

Eins og fram hefur komið þá hefur t.d. Rithöfundasamband Íslands miklar áhyggjur af því að uppsetning mála í stjórnlagafrv. eins og það liggur fyrir sé ekki nægilega afgerandi. Úr því mætti að sjálfsögðu bæta með því að taka af skarið með breytingum á hinum almennu hegningarlögum. Ég vil þess vegna nota þetta tækifæri, auk þess sem málin eru reyndar á dagskrá hér síðar á þessum fundi, til að spyrja hæstv. ráðherra hvort ætlunin sé að draga þau mál hér inn sérstaklega, þ.e. þau ákvæði hegningarlaganna sem lúta að meiðyrðum og tjáningarfrelsi.

[10:37]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Að gefinni þessari fyrirspurn vil ég ítreka það sem hefur áður komið fram af minni hálfu að ég hef ekki séð að það séu gildar ástæður lengur fyrir hinni sérstöku vernd opinberra starfsmanna varðandi þau refsiákvæði sem hv. 9. þm. Reykv. minntist hér á. Þessi mál hafa verið í nokkurri skoðun í ráðuneytingu og sérstök nefnd sem fjallaði um það kom fram með hugmyndir sem unnt væri að styðjast við varðandi breytingar á þeim. Ég geri síður ráð fyrir því að það vinnist tími til þess að koma fram með breytingar á þeim stutta tíma sem eftir lifir af þessu þingi en efnislega er ég þeirrar skoðunar að breyttar aðstæður og breyttir tímar geri það að verkum að það sé eðlilegt að gera breytingar á þeirri sérstöku vernd sem opinberir starfsmenn hafa notið að þessu leyti.

[10:38]

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Það hefur oft komið hér til umræðu hið mikla vandamál sem er skattsvik og hversu stór hluti af fjármagni fer fram hjá skattkerfinu. Því hljóta hv. alþm. að vera sammála um að vilja gera eitthvað til úrbóta í þeim efnum og skoða með jákvæðum huga þau frv. sem lögð eru fram í því skyni. Hins vegar hlýtur það að vekja vonbrigði að þetta frv. skuli vera svo seint fram komið. Í athugasemdum kemur fram að þetta er byggt á skýrslu fjmrh. eða skýrslu nefndar frá árinu 1986 og annarrar sem skipuð var árið 1992 og skilaði áliti í september 1993 þannig að aðdragandinn að því að koma þeim ábendingum frá því í september 1993, í frv. hér inn á Alþingi er býsna langur.

Ég á sæti í þeirri nefnd sem fjalla mun um frv. og ég vil lýsa því yfir að að sjálfsögðu vil ég stuðla að því að þau ákvæði sem til bóta horfa geti náð fram að ganga og verið lögfest. Tíminn er þó orðinn býsna stuttur þar til þingi lýkur, ekki síst fyrir mál sem snerta jafnviðkvæm atriði og þessi og gjarnan þurfa þá ítarlegar skoðunar við til þess að ekki fari fram hjá einhvert atriði sem betur þyrfti að fara.

Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu. Ég veit að allshn. mun skoða málið með jákvæðum huga og vonandi tekst að afgreiða hér fyrir þinglok einhver þau atriði sem gætu leitt til bættrar stöðu þessara erfiðu mála.

[10:40]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. dómsmrh. fyrir þau svör sem hann veitti við fyrirspurn minni hér

áðan varðandi meiðyrðalagaákvæði hegningarlaganna og sérstaklega 108. gr. sem lýtur að sérstakri vernd fyrir opinbera starfsmenn. Það kom fram í máli hæstv. ráðherra að hann er í raun og veru sammála þeim sjónarmiðum sem fram komu í frv. sem hv. 5. þm. Vestf. flutti hér fyrir tveimur árum og sú hugsun sem þar var fékk síðan sérstaka meðferð í ákveðinni nefnd sem hæstv. dómsmrh. skipaði og var undir forustu Ragnhildar Helgadóttur, fyrrv. alþm., ef ég man rétt. Sú nefnd klofnaði að vísu í þrennt minnir mig í sinni niðurstöðu. Einn hluti nefndarinnar taldi eðlilegt eða ekkert við það að athuga að halda ákvæðunum óbreyttum áfram, annar hluti nefndarinnar taldi sjálfsagt að fella niður 108. gr. eins og hún er, þriðji hópurinn vildi fara einhverja millileið. Þannig hefur dómsmrn. út af fyrir sig unnið sína heimavinnu í þessu máli og það hefur verið gerð úttekt á málinu og rækileg skoðun hefur farið fram. Þess vegna tel ég að það sé ekkert að vanbúnaði fyrir Alþingi úr því að hegningarlögin verða á annað borð til meðferðar í hv. allshn., m.a. með hliðsjón af þeim málum sem hér eru á dagskrá á þessum þingfundi, þá tel ég ekkert að því að breyting sem lýtur að 108. gr. verði tekin upp í allshn. og hún beinlínis felld út. Það er auðvitað langhreinlegast að þessi sérstaka æruvernd fyrir opinbera starfsmenn, sem hér hefur verið við lýði, verði felld út. Meðal annars hafa menn eins og Þorgeir Þorgeirsson barist gegn því hetjulegri baráttu bæði hérlendis og erlendis og haft þar fullan sigur tel ég vera og sóma af. Ég tel að Alþingi eigi að svara þeirri málafylgju með þeim hætti sem hér er nefnt þannig að þessi grein verði felld út. Það er ekkert að vanbúnaði fyrir þingið að gera það og það þarf ekkert að flytja neitt sérstakt stjórnarfrv. um þetta mál. Það á bara að fella út þennan forngrip, þessa 108. gr. hegningarlaganna, sem á hvergi heima lengur í nútímaþjóðfélagi nema kannski úti í Þjóðminjasafni vestur á Melum.

[10:43]

Sólveig Pétursdóttir:

Virðulegur forseti. Bara örstuttar athugasemdir vegna þess sem hv. þm. Jón Helgason sagði hér áðan, en við eigum bæði sæti í allshn., að þetta frv. til laga um breyting á almennum hegningarlögum sem hér er mælt fyrir kemur nánast samhliða öðrum frv. til meðferðar í þinginu þar sem verið er að fjalla um í hv. efh.- og viðskn., m.a. um sérstök viðurlög gegn brotum á bókhaldslögum. Það var einmitt verið að fjalla um það frv. í nefndinni í morgun og komu gestir til að tjá sig um það. Þannig að ég vildi upplýsa það hér fyrir hv. þm. að þessi mál tengjast saman, en að öðru leyti vekja athygli á því sem fram kom í framsöguræðu hæstv. dómsmrh. Eins og menn sjá í greinargerðinni með frv. er hér um talsverðar breytingar að ræða varðandi refsimörk.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lúganó-samningurinn um fullnustu dóma í einkamálum, 1. umr.

Stjfrv., 328. mál. — Þskj. 497.

[10:45]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Frv. til laga um Lúganó-samninginn um dómsvald og um fullnustu dóma í einkamálum, sem hér liggur fyrir á þskj. 497, felur í sér annars vegar að heimild verði veitt til að fullgilda samninginn og hins vegar að ákvæði hans fái að því búnu lagagildi á Íslandi þannig að ákvæðin hafi gildi sem lög hér á landi.

Lúganó-samningurinn var gerður 16. sept. 1988 milli aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu, EFTA, sex að tölu og aðildarríkja Evrópubandalagsins sem þá voru 12 þannig að að samningnum standa alls 18 ríki í Evrópu.

Aðdragandi Lúganó-samningsins verður rakinn til samnings sem stofnríki Evrópubandalagsins gerðu með sér árið 1968 og fjallar um sama efni. Smátt og smátt gerðust síðari aðildarríki Evrópubandalagsins aðilar að samningnum sem almennt gengur undir heitinu Brussel-samningurinn. Sá samningur byggist hins vegar á Rómarsáttmálanum þannig að einungis aðildarríki Evrópubandalagsins geta orðið aðilar að honum. Áhugi kom snemma fram á því hjá aðildarríkjum Evrópubandalagsins og EFTA að gerður yrði fjölþjóðasamningur sem hefði að geyma samsvarandi reglur og Brussel-samningurinn með því meginmarkmiði að samræmdar reglur giltu um dómsvald og um fullnustu dóma í einkamálum í öllum ríkjum Evrópubandalagsins og EFTA. Verður þetta m.a. rakið til sameiginlegs ráðherrafundar sem haldinn var í Lúxemborg 1984 þar sem hvatt var til aukins samstarfs ríkjanna. Leiddi þetta til samstarfs sem hófst með stofnun verkefnishóps árið 1985 en niðurstaða þess starfs leiddi svo til Lúganósamningsins sem samþykktur var í september 1988.

Efni Lúganó-samningsins má segja að sé tvíþætt. Annars vegar er um að ræða viðurkenningu á dómum sem kveðnir eru upp í öðrum aðildarríkjum og aðfararhæfi dómanna. Hins vegar er um að ræða samræmdar varnarþingsreglur þannig að varnarþing ræðst af tengslum aðila við tiltekið ríki eða sakarefni. Eru um þetta allt nánari ákvæði í samningnum sjálfum.

Ekki verður efni Lúganó-samningsins rakið hér til hlítar en ítarlega er um það fjallað í athugasemdum með frv. og vísa ég til þeirra að öðru leyti. Þó vil ég nefna hér nokkur meginatriði.

Samningurinn tekur einungis til mála sem flokkast undir einkamál, þar á meðal verslunarmál. Hann gildir því ekki um opinber mál og ekki um skattamál, tollamál eða stjórnsýslumál. Sérstaklega eru og undanskilin mál sem varða persónulega réttarstöðu manna, rétthæfi og gerhæfi, svo og fjárhagsleg réttindi sem eiga rætur að rekja til hjúskapar eða erfða. Hins vegar heyra mál er varða framfærsluskyldu, hvort heldur er með maka eða barni, undir samninginn.

Meginreglan er sú að menn skal lögsækja fyrir dómstólum þess samningsríkis þar sem þeir eiga heimili, þ.e. á heimilisvarnarþingi. Sérstakar varnarþings-

reglur gilda þó í vissum tilvikum og geta leitt til þess að lögsækja megi varnaraðila í öðru ríki en því sem hann á heimili í. Byggjast þær á því að sérstakt samband sé á milli sakarefnis og þess ríkis þar sem dómur er kveðinn upp sem réttlæti frávik frá meginreglunni. Þannig má lögsækja þann sem veldur skaðaverki fyrir dómstóli þess staðar þar sem tjónsatburður varð þótt hann eigi heima í öðru ríki. Sóknaraðili getur að jafnaði valið hvort hann notar sérstakt varnarþing eða heimilisvarnarþing.

Sérreglur gilda um varnarþing í vátryggingarmálum og neytendamálum sem hafa einkum það hlutverk að vernda hagsmuni vátryggingartaka og neytenda. Þá eru ákvæði um svonefnd skylduvarnarþing og verður mál þá einungis höfðað á þeim stað sem tilgreindur er í samningum og hvergi annars staðar. Svo er t.d. um mál er varðar réttindi yfir fasteign sem einungis má dæma þar sem fasteignin er. Samningurinn leyfir yfirleitt að gerðir séu samningar um varnarþing og svipað gildir þegar mætt er á dómþingi og ekki eru gerðar athugasemdir við varnarþing.

Ef krafa milli sömu aðila er til meðferðar fyrir dómstólum tveggja eða fleiri samningsríkja sem byggð er á sömu málsástæðum eða ef skyldar kröfur eru til meðferðar fyrir dómstólum tveggja eða fleiri samningsríkja gilda sérstakar reglur sem koma eiga í veg fyrir að tveir eða fleiri dómar gangi um efnið sem ekki fá samrýmst.

Sérstakar reglur eru sem miða að því að vernda hagsmuni varnaraðila sem ekki hefur mætt í máli. Byggt er á þeirri meginreglu að dómar eins samningsríkis skuli viðurkenna í öðrum samningsríkjum. Taldar eru upp tæmandi ástæður sem geta leitt til þess að dóm skuli ekki viðurkenna og þeim varnarástæðum sniðinn þröngur stakkur.

Dómar hljóta að jafnaði sjálfkrafa viðurkenningu þannig að ekki þarf að óska eftir viðurkenningu þeirra. Erlendur dómur sem þannig hlýtur viðurkenningu hefur því sömu réttarverkun og innlendur dómur og verður hann ekki endurskoðaður af öðrum dómstólum. Þó skal synja um viðurkenningu ef dómur fer gegn varnarþingsákvæðum sem gilda um vátryggingarmál og neytendamál eða ákvæðum um skylduvarnarþing.

Þegar óskað er eftir því að dómsúrlausn verði gerð fullnustuhæf í öðru ríki þarf sérstaka umsókn sem verður að fullnægja tilteknum skilyrðum. Hins vegar eru varnir sem unnt er að hafa uppi takmarkaðar.

Samningurinn kemur í staðinn fyrir almenna þjóðréttarsamninga um sama efni sem aðildarríkin hafa undirgengist. Þeir samningar halda þó gildi sínu á þeim sviðum sem Lúganó-samningurinn tekur ekki til. Hins vegar mun Lúganó-samningurinn víkja fyrir samningum um tiltekin svið sem samningsríkin hafa gert eða kunna að gera í framtíðinni. Slíkir samningar byggjast oft á sérsjónarmiðum og að þeim eru önnur ríki oft aðilar. Vegna tengsla Lúganó-samningsins og Brussel-samningsins sem í öllum meginatriðum hafa að geyma sama efni er leitast við að samræma túlkun beggja samninganna í aðildarríkjunum. Aðildarríki Evrópusambandsins standa þar öðruvísi að vígi þar sem dómstóll Evrópusambandsins getur við viss skilyrði túlkað Brussel-samninginn þannig að bindandi sé fyrir dómstóla aðildarríkjanna og stjórnvöld í þeim ríkjum. Með sérstakri bókun sem fylgir Lúganó-samningnum kemur fram að dómstólar samningsríkjanna skuli taka réttmætt tillit til dómsúrlausna hvers annars að því er varðar túlkun Lúganó-samningsins. Í þessu sambandi er gert ráð fyrir sérstöku upplýsingakerfi.

Lagaákvæði í innlendri löggjöf um það efni sem Lúganó-samningurinn tekur til, þ.e. um aðfararhæfi dómsúrlausna annarra ríkja, viðurkenningu dómsúrlausna annarra ríkja og um alþjóðlegt varnarþing eru fábrotin og almennt er talið að erlendir dómar hafi ekki réttaráhrif hér á landi eða mjög takmörkuð réttaráhrif. Þess er þó að geta að í 1. gr. aðfararlaganna frá 1991 segir að aðför megi gera samkvæmt úrlausn eða ákvörðunum erlendra dómstóla eða yfirvalda eða sáttum gerðum fyrir þeim ef íslenska ríkið hefur skuldbundið sig að þjóðarétti og með lögum til að viðurkenna slíkar aðfararheimildir enda verði fullnusta kröfunnar teljast samrýmast íslensku réttarskipulagi.

Réttarfarsreglur gera þannig ráð fyrir slíkum samningum. Sem dæmi um samninga af þessu tagi er að nefna samning Norðurlandanna frá 1932 um viðurkenningu dóma og fullnægju þeirra sem veitt var lagagildi hér á landi. Eru aðfararhæfir dómar frá einhverju Norðurlandanna bindandi aðfarargrundvöllur í hinum Norðurlöndunum að fullnægðum tilteknum skilyrðum.

Nokkrir fleiri Norðurlandasamningar svipaðs eðlis hafa verið lögfestir, svo sem um hjúskap, ættleiðingu og lögráð, um gjaldþrotaskipti, um erfðir og um skipti á dánarbúum og um innheimtu meðlaga, en ákvæði samninga þessara geta leitt til þess að dómsúrlausnir um viðkomandi málefni í einu aðildarríki séu bindandi og eftir atvikum aðfararhæfir í öðrum aðildarríkjum.

Um efni Lúganó-samningsins er fjallað ítarlega í hinni prentuðu greinargerð og athugasemdum með frv. og vísa ég til þeirra að öðru leyti. Það er eðli samninga eins og Lúganó-samningsins að hann byggist á því að aðildarríki viðurkenni réttarkerfi hvers annars. Í því sambandi skal á það bent að sérstaklega er tekið fram í samningnum að meðal ástæðna sem leitt geta til þess að dómur verði ekki viðurkenndur eða honum fullnægt er sú ef viðurkenningin væri andstæð allsherjarreglu í því ríki þar sem hennar er krafist.

Lúganó-samningurinn varð til áður en samningsumleitanir um Evrópska efnahagssvæðið hófust og hann er í sjálfu sér óháður þeirri samningsgerð. Þó verður að telja víst að íslenskir viðskiptahagsmunir erlendis gætu farið forgörðum ef erlendir dómar frá EFTA-ríkjum og Evrópusambandsríkjum fá ekki sömu meðferð hér á landi og í viðskiptum einstaklinga og lögpersóna í þessum ríkjum. Þar fyrir utan verndar Lúganó-samningurinn íslenska viðskiptaaðila gegn notkun varnarþingsákvæða sem styðjast við ákvæði innlendra laga um alþjóðleg varnarþing. Það er ekki forsenda fyrir aðild að EES-samningnum að ríki fullgildi jafnframt Lúganó-samninginn. Hins vegar eru viss tengsl á milli samninganna.

Um leið og ég lýk að gera hér með almennum orð-

um grein fyrir meginefni samningsins er það von mín að samstaða geti tekist um að samningurinn verði lögfestur hér á landi.

Ég legg svo til, frú forseti, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Neyðarsímsvörun, 1. umr.

Stjfrv., 335. mál. — Þskj. 532.

[10:57]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um samræmda neyðarsímsvörun. Frv. þessu var dreift til kynningar á 117. löggjafarþingi og það er nú lagt fram óbreytt frá þeirri útgáfu. Á undanförnum árum hefur oftlega verið bent á að fyrirkomulag neyðarsímsvörunar í landinu sé ófullnægjandi. T.d. eru a.m.k. um 150 neyðarsímanúmer í símaskrá og mjög mismunandi hvernig svörun er háttað. Á mörgum svæðum landsins er ekki um að ræða sólarhringsvöktun hjá neinum viðbragðsaðila. Fjölmargir aðilar hafa leitað lausna á þessu máli á undanförnum árum en niðurstaða hefur ekki orðið um ásættanlega lausn á landsvísu. Ljóst er þó að hér er um stórt öryggismál að ræða og því mikið hagsmunamál fyrir allan almenning auk þess sem Íslendingar hafa undirgengist alþjóðlegar skuldbindingar á þessu sviði.

Hinn 28. apríl 1993 skipaði dómsmálaráðherra nefnd til að hafa forustu um að koma á samræmdu neyðarsímanúmeri fyrir allt landið. Skyldi haft samstarf við sveitarfélög á hverju svæðisnúmeri og þess gætt að þær leiðir sem farnar væru á hverju svæði væru samrýmanlegar.

Í nefndina voru skipuð: Stefán P. Eggertsson verkfræðingur, sem jafnframt var skipaður formaður, Bergþór Halldórsson, verkfræðingur hjá Póst- og símamálastofnun, Esther Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Slysavarnafélags Íslands, Guðjón Magnússon, skrifstofustjóri í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, Guðjón Petersen, framkvæmdastjóri Almannavarna ríkisins, Hallgrímur Guðmundsson, bæjarstjóri í Hveragerði, og Hrólfur Jónsson, slökkviliðsstjóri í Reykjavík. Nefndin skilaði áfangaskýrslu 20. desember 1993. Var það niðurstaða nefndarinnar í þeirri skýrslu að setja yrði sérstök lög um neyðarsímsvörun. Sú niðurstaða var aðallega byggð á álitsgerð Tryggva Gunnarssonar hæstaréttarlögmans en hann gerði athugun á stjórnskipulegri stöðu málsins og skilaði um það álitsgerð.

Nauðsyn lagasetningar helgast af því m.a. að málefni stofnana og aðila sem lögum samkvæmt ber að taka við neyðartilkynningum heyra undir alls fjögur ráðuneyti. Það er því ekki á færi eins af þeim að koma einhliða upp neyðarsímsvörun fyrir alla þessa aðila nema slíkt sé gert með lögum eða a.m.k. með víðtæku samkomulagi. Lagasetning er heppilegri til að taka af skarið um það hver fari með forræði málsins og hvernig eigi að fara með kostnað af starfseminni. Enn fremur til hvaða tilvika svörun eigi að taka og eftir atvikum hvort semja eigi við aðra aðila um fyrirkomulag á starfseminni, t.d. hvort ríkið eigi að semja við einhvern annan aðila um að annast símsvörunina og flutning símtala til viðeigandi aðila. Það ýtir einnig undir nauðsyn lagasetningar að með EES-samningnum skuldbindur íslenska ríkið sig til að taka upp sameiginlegt evrópskt neyðarnúmer, þ.e. símanúmerið 112, þannig að unnt sé að hringja í það hvar sem er á landinu og koma til skila tilkynningum um neyð. Tryggja þarf samkvæmt samningnum að svörun og úrvinnsla tilkynningar sé viðunandi og íslenska ríkið beri ábyrgð á að það sé gert. Því er eðlilegra að bein lagasetning komi til heldur en að látið verði við það sitja að fjárveitingar í fjárlögum einar ráði ráðstöfun málsins.

Í framhaldi af því að þessi áfangaskýrsla var kynnt í ríkisstjórn var ákveðið að semja það lagafrv. sem hér liggur fyrir og vann Tryggvi Gunnarsson hæstaréttarlögmaður það verk í samráði við nefndina. Í frv. er kveðið á um það að ríkisstjórnin skuli eigi síðar en 31. des. 1995 koma upp samræmdari neyðarsímsvörun fyrir Ísland til að sinna viðtöku tilkynninga um fólk og eignir í neyð og beiðnum um aðstoð lögreglu, slökkviliðs, björgunarsveita og um sjúkraflutninga og aðra neyðaraðstoð. Neyðarsímsvörun þessi skuli jafnframt fullnægja skuldbindingum Íslands samkvæmt samningum um Evrópska efnahagssvæðið.

Í gildandi lögum er að jafnaði ekki fjallað sérstaklega um það hvaða hátt hlutaðeigandi stjórnvöld skulu hafa á viðtöku tilkynninga um neyðartilvik eða hvaða starfsemi þau skuli halda uppi í því skyni. Þessu hafa hinar einstöku stofnanir og stjórnvöld almennt sinnt hvert fyrir sig. Það að taka upp samræmda neyðarsímsvörun felur því í raun ekki í sér nýja starfsemi af hálfu þeirra opinberra aðila sem sinna viðtöku tilkynninga um neyðartilvik heldur er þessi starfsemi samræmd. Slíkt ætti að leiða til öruggari og betri þjónustu auk þess sem möguleiki er á því til lengri tíma litið að draga úr kostnaði við þessa þjónustu. Allt að einu krefst samræming neyðarsímsvörunar ákveðinna útgjalda til sameiginlegrar vaktstöðvar. Nefndin sem vann að málinu taldi að nægjanlegt mundi verða að koma á fót einni vaktstöð en lagaákvæðin setja í sjálfu sér ekki skorður við fjölda þeirra.

Sú þjónusta sem vaktstöð veitir getur verið af þrennum toga. Svörun og símtalsflutningur, svörun og boðun viðbragðsaðila, svörun, boðun viðbragðsaðila og þjónusta við hana í útkalli. Aðili eins og lögreglan í Reykjavík, svo að dæmi sé tekið, sem hefur eigin vaktstöð mundi væntanlega aðeins notfæra sér flutning símtala til sín en það er áætlað að það væru mun færri símtöl en þeim berast nú af ýmsum ástæðum. En aðrir viðbragðsaðilar gætu lagt niður eigin vaktstöðvar. Vaktstöð fyrir neyðarsímsvörun mundi einkum þjóna eins og verkefnum er nú skipað viðbragðsaðilum á vegum ríkisins, lögreglu, sjúkraflutningaliði og sveitarfélögum, einkum slökkviliðum. Auk þess gegndi vaktstöðin því hlutverki að uppfylla skyldur stjórn-

valda gagnvart EES-samningnum. Með hliðsjón af þessu er lagt til að vaktstöðin hafi tekjur bæði frá ríki og sveitarfélögum og kostnaði verði skipt að jöfnu. Til að einfalda greiðslustreymi er talið heppilegast að hlutur sveitarfélaga verði greiddur úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Nefndin benti einnig á þá leið að vaktstöðin fengi tekjur af hverju skráðu símanúmeri. Um yrði að ræða sérstakt árlegt gjald sem tiltekið væri á símareikningum. Miðað við áætlaðan rekstrarkostnað, 50 millj. kr. og 140 þúsund símanúmer yrði gjaldið um 360 kr. á ári.

Í frv. er hins vegar lagt til að fyrri leiðin verði farin. Kostnaður við þá grunnþjónustu sem vaktstöðin veitir verði greiddur að jöfnu annars vegar af ríkissjóði og hins vegar af Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Það er sem sagt miðað við að þessar tekjur, 50 millj. kr., gangi til að mæta stofnkostnaði vaktstöðvar og kostnaður við rekstur símsvörunar, úrvinnslu tilkynningar og það að koma henni til hlutaðeigandi neyðarþjónustuaðila. Óski neyðarþjónustuaðili hins vegar eftir því að vaktstöð sinni boðum þeirra sem veita eiga aðstoðina, svo sem útkalli slökkviliðsmanna eða björgunarsveitarmanna eða annarri þjónustu í hans þágu, er miðað við að greitt verði sérstaklega fyrir þá þjónustu samkvæmt samningi þar um. Varðandi rekstrarform skal það nefnt að í 3. gr. er lagt til að dómsmrh. fái heimild til að semja við opinberar stofnanir, sveitarfélög og einkaaðila um fyrirkomulag, fjármögnun og þátttöku í rekstri vaktstöðva eða stofnun hlutafélags um hana.

Í skýrslu nefndarinnar kemur fram það álit að ekki sé ástæða til eða þörf á að koma upp sérstakri stofnun eða fyrirtæki til að annast þá starfsemi sem felst í neyðarsímsvörun. Bent er á að ýmsir aðilar, bæði opinberir og einkaaðilar, annist nú skyldan rekstur og þessir aðilar hafi látið í ljós vilja til að annast rekstur vaktstöðvar vegna neyðarsímsvörunar. Fram kemur að á síðustu árum hafi það færst í vöxt erlendis að hið opinbera bjóði rekstrar- og þjónustuverkefni út. Algengt sé að opinber fyrirtæki bjóði í verkefnin líka og þannig sé látið á það reyna hvar hagstæðast sé að vinna verkefnin. Þessarar þróunar hafi einnig gætt hér á landi. Nefndin telur að neyðarsímsvörun sé eitt af þeim verkefnum sem til álita komi að bjóða út.

Eins og fram kom, þá heyra málefni þeirra sem koma að neyðarþjónustu og þar með neyðarsímsvörun undir fleiri en eitt ráðuneyti. Stærsti hluti þessara mála kemur þó undir dómsmrn., svo sem lögregla, almannavarnir og landhelgisgæsla. Í 8. gr. frv. er því lagt til að það verði verkefni dómsmrh. að annast framkvæmd þessara laga og hafa forgöngu um þá nauðsynlegu samvinnu sem þarf að koma á milli ráðuneyta, stofnana, frjálsra félagasamtaka og hugsanlega einkaaðila. Lagt er til að komið verði á fót sérstakri samstarfsnefnd sem í eigi sæti fulltrúar sveitarfélaga, ráðuneyta og stofnana sem sinna málum sem lögin taka til, landssamtökum björgunarsveita og annarra aðila sem sinna verkefnum á sviði laganna. Ekki er talið rétt að afmarka það nákvæmlega í lögum hvaða aðilar eigi sæti í slíkri nefnd, en ráðherra ætti einmitt með þessu fyrirkomulagi að geta tekið inn þá aðila sem á hverjum tíma sinna mikilvægum verkefnum á þessu sviði.

Frú forseti. Ég hef nú gert grein fyrir meginefni þessa frv. og tilgangi þess og legg til að því verði vísað að lokinni þessari umræðu til 2. umr. og hv. allsh.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Mannanöfn, 1. umr.

Stjfrv., 336. mál (heildarlög). — Þskj. 533.

[11:07]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Frv. það til nýrra mannanafnalaga sem ég mæli fyrir er á þskj. 533 og er samið af nefnd sem ég skipaði í ágústmánuði 1993. Í nefndinni áttu sæti Drífa Pálsdóttir, skrifstofustjóri í dómsmrn. sem var formaður nefndarinnar, Halldór Ármann Sigurðsson prófessor og Hjálmar Jónsson prófastur. Við samningu frv. var tekið mið af lögum um mannanöfn, nr. 37/1991, en jafnframt litið til eldri laga um mannanöfn frá 1913 og 1925 og frumvarpa til laga um mannanöfn sem lögð voru fyrir 75. löggjafarþing 1955 og 92. löggjafarþing 1971. Enn fremur kynntu nefndarmenn sér sögu íslenskrar nafnalöggjafar að öðru leyti og athuguðu nafnalöggjöf annars staðar á Norðurlöndum eftir því sem ástæða reyndist til. Einkum var þó stuðst við þá reynslu sem fengist hefur af framkvæmd laga nr. 37/1991 og tekið tillit til þeirrar gagnrýni á lögin sem fram hefur komið. Margt í lögum nr. 37/1991, um mannanöfn, var til verulegra bóta. Reynslan hefur þó leitt í ljós ýmsa vankanta á lögunum sem nauðsynlegt er að lagfæra. Einkum hafa ákvæði þeirra um eiginnöfn reynst of ósveigjanleg og ekki í samræmi við ríkjandi hugmyndir um persónufrelsi. Í lögunum er t.d. ekki gert ráð fyrir svokölluðum millinöfnum, þ.e. nöfnum sem eru kynlaus í þeim skilningi að þau eru gefin báðum kynjum eins og t.d. nöfn sem dregin eru af örnefnum og enda á -dal eða -fjörð. Sá siður að gefa slík nöfn hafði þó fengið að þróast að mestu afskiptalaust um langa hríð áður en lög nr. 37/1991 voru sett enda hefur komið í ljós allmikil ásókn almennings í að fá að gefa nöfn af þessu tagi. Með ákvæðum laganna um uppruna og hefð eiginnafna er enn fremur tekið fyrir það að ný tökunöfn skjóti rótum hér á landi og hefur það ekki gerst áður í sögu íslenskrar tungu.

Það er að sjálfsögðu brýnt að unnið sé að varðveislu íslenskra mannanafnaforðans og íslenskra nafnasiða en hins vegar er yfirleitt farsælla að vinna að því markmiði með fræðslu og upplýsingu en með beinu lagaboði. Nafn manns er einn mikilvægasti þáttur sjálfsímyndar hans og varðar fyrst og fremst einkahagi hans en síður almannahag. Réttur foreldra til að ráða nafni barns síns hlýtur að vera ríkari en réttur löggjafans til afskipta af nafngjöfum að sama skapi tak-

markaður. Sumir nafnsiðir eru þó þess eðlis að þeir snerta ekki síður veigamikla hagsmuni samfélagsins en einkahagi manna og er réttur löggjafans til afskipta af þeim þá meiri en ella. Þetta á ekki síst við um íslenska kenninafnasiði eins og gerð er rækilega grein fyrir í athugasemdum með frv.

Markmið frv. eru einkum þrjú:

1. Að auka frelsi í nafngiftum frá því sem nú er, einkum með því að heimila aðlöguð erlend nöfn jafnvel þótt þau styðjist ekki við hefð í íslensku máli og með því að heimila millinöfn.

2. Að jafna nafnrétt manna eftir því sem kostur er, m.a. með því að auka rétt erlendra manna sem gerast íslenskir ríkisborgarar.

3. Að stuðla að því að ættarnöfn verði fremur notuð sem millinöfn en sem kenninöfn.

Enn fremur var lögð áhersla á að gera uppbyggingu frv. sem rökréttasta og gæta samræmis en á það skorti nokkuð í framkvæmd laganna nr. 37/1991.

Frv. skiptist í níu kafla auk ákvæða til bráðabirgða. I. kafli er um fullt nafn og nafngjöf, II. kaflinn um eiginnöfn, III. kaflinn um millinöfn, IV. kaflinn um kenninöfn, V. kaflinn um nafnrétt manna af erlendum uppruna, VI. um nafnbreytingar og sá VII. um skráningu og notkun nafns, sá VIII. um mannanafnanefnd og loks er kafli með ýmsum ákvæðum. Helstu nýmæli frv. eru þessi:

1. Lagt er til að heimilt verði að gefa erlend nöfn að því tilskildu að þau geti tekið íslenska eignarfallsendingu. Með þessu móti er frjálsræði í nafngiftum aukið umtalsvert en um leið tryggt að erlend nöfn lagist að íslenskum beygingareglum a.m.k. að nokkru leyti.

2. Lagt er til að millinöfn verði leyfð með ákveðnum takmörkunum þó. Hér er um að ræða grundvallarbreytingu því að með henni er tekinn upp nýr flokkur nafna sem hefur aðra stöðu í nafnakerfinu en bæði eiginnöfn og kenninöfn. Þessi breyting er óhjákvæmileg ef frv. á að svara kröfum tímans eins og rakið er í athugasemdum með því.

3. Gert er ráð fyrir að þeir sem bera ættarnöfn geti eftirleiðis borið þau sem millinöfn ásamt föður- eða móðurnafni. Ættarnöfn hafa breiðist svo hratt út hér á landi á undanförnum áratugum að íslenska kenninafnasiðnum stendur nokkur ógn af. Breytingunni er ætlað að styrkja þennan æviforna kenninafnasið Íslendinga. Ekki er þó um neina þvingun að ræða því að þeir sem bera ættarnöfn mega gera það áfram kjósi þeir svo. Þó er gert ráð fyrir að menn taki ekki upp ættarnöfn maka sinna sem kenninöfn eftirleiðis en megi taka þau upp sem millinöfn. Ástæðurnar fyrir þessari breytingu eru raktar ítarlega í athugasemdum með frv.

4. Frv. stefnir að því að auka mjög nafnrétt hérlendra manna með erlendum uppruna. Þannig er gert ráð fyrir það þeir sem fá íslenskan ríkisborgararétt með lögum geti haldið nafni sínu alveg óbreyttu kjósi þeir svo og að niðjar þeirra hafi sama nafnrétt og aðrir, t.d. til að halda ættarnafni eða nota það sem millinafn. Nöfn eru ákaflega persónulegt mál og skoðanir manna á því hvaða reglur ber að setja um nafngiftir eru mjög skiptar sem vonlegt er. Í frv. er leitast við að sætta ólík sjónarmið um þetta efni og stefnt að löggjöf sem er frjálslynd og svari kalli tímans en virði um leið sérstöðu Íslendinga og rótgrónar nafnahefðir þeirra.

Það er von mín að Alþingi geti afgreitt þetta mál í góðri sátt og ég legg því til, frú forseti, að frv. verði lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allsh.

[11:13]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegi forseti. Hér er á ferðinni mikilvægt mál menningarlegs eðlis og persónulegs eðlis fyrir hlutaðeigandi og þróun nafngifta á fólki hérlendis í framtíðinni. Það er mjög góðra gjalda vert að mál þetta skuli komið fyrir þingið. Það er auðvitað mjög til efs að þinginu auðnist að afgreiða það á þeim örstutta tíma sem er til þingloka en það er þá ráðrúm til að skoða það til næsta þings. Ég tók ekki eftir hvort ráðherra lagði sérstaka áherslu á málið eða hafði stefnu í því en ég geri ráð fyrir því að þetta sé mál sem er flutt hér frekar til kynningar. Ég hef ekki haft aðstöðu til að fara yfir málið svo sem vert væri en það er eitt atriði sem ég vil sérstaklega koma á framfæri til athugunar fyrir þingnefnd og það er um stöðu nafna þegar um er að ræða fleiri en eina nafngift, þ.e. eiginnafn eða eiginnöfn og svonefnt millinafn. Ég tel að það sé eðlilegt að það sé svigrúm til þess að gefa einstaklingum fleiri en eitt nafn, það sé ekki óeðlilegt, en mér finnst jafnframt að það sé rétt að sá sem nafn gefur þurfi að kveða á um hvert nafn sé það sem er aðalnafn, þ.e. það sé ekki gert ráð fyrir því að það sé kvöð að nota fleiri en eitt nafn um einstakling. Það getur auðvitað þróast með ýmsum hætti innan fjölskyldu og í kunningjahópi en ég tel að gagnvart þeim sem notar nafn og ávarpar með nafni, þá sé eðlilegt að það sé kveðið á um það að í skráningu og þar með af þeim sem gefur nafn hvert nafn og þá aðeins eitt nafn sé aðalnafnið. Þetta tel ég að varði miklu.

Ég vek athygli á því að það er mjög sérkennileg þróun í gangi í sambandi við tvínefni í landinu sem er orðin mjög algeng og hefur sótt mjög á að ég held. Ég hef að vísu ekki neina könnun fyrir mér varðandi það en hún er sú, t.d. í fjölmiðlum, að þegar um tvínefni er að ræða á einstaklingi þá notar fjölmiðillinn gjarnan þetta án föðurnafns en ef um einnefni er að ræða fylgir föðurnafnið með. Þannig virðist svo sem tvínefnið sé að fá svona hliðstæða stöðu eins og ættarnöfn höfðu, þ.e. að menn láti láti nægja að taka tvínefnið, sleppi föðurnafninu eða móðurnafninu ef það er það sem gildir en sé hins vegar um einnefni að ræða þá er að jafnaði notað eftirnafnið eða föður- eða móðurnafn, föðurnafn í flestum tilvikum eins og þau mál hafa þróast hjá okkur.

Þessu vildi ég koma á framfæri vegna þess að ég tel að þetta sé mjög mikilvægt efni í rauninni og það sé óeðlilegt að ætla þeim sem nota nöfn að þurfa að velja þar á milli eða átta sig á því að um fleiri en eina nafngift sé að ræða eða ætlast sé til þess að það séu fleiri en eitt nafn notuð í ávarpi.

Síðan, virðulegi forseti, ekki meira um þetta. Aðeins í sambandi við ættarnöfnin sem hafa þróast hérna.

Þau eru mjög að sækja á í rauninni og mér finnst að þar hafi menn ekki tekið við sér á réttum tíma. Mér finnst þessi ættarnafnaþróun hvimleið eins og hún hefur orðið á þessari öldinni sérstaklega og brjóti í rauninni gegn okkar meginhefðum. Ég er ekki að gera ráð fyrir því að menn reisi rönd við því að það sé almennur vilji fyrir því að breyta slíku, ég tala ekki um þá sem eiga að rýna í ættfræði og hafa gaman af að rekja ættir, þá er það orðið torvelt þegar um þessi ættarnöfn er að ræða. Menn eru í rauninni og voru að brjóta gegn meginhefðum íslenskrar tungu og íslenskrar nafngiftar með þessari upptöku ættarnafna og hefði verið ástæða til þess að fjalla um þá stöðu.

Ég tel í þriðja lagi, virðulegi forseti, að það sé sjálfsagt að hafa frjálsræði eða hafa ótvíræða heimild fyrir útlending sem fær íslenskan ríkisborgararétt að halda sínu nafni. Það er jafneðlilegt að gera kröfu til þess að afkomendur lúti íslenskum reglum og lögum um nafngiftir. Þetta er sú stefna sem mér skilst að sé verið að taka upp í þessum efnum og ég tel að þarna þurfi að vanda mjög til hvernig á er haldið þannig að það verði í rauninni ekki millinafn eða erlent heiti sem þróist sem aðalheiti. En þarna skiptir mjög miklu máli hvernig á er haldið í þessum efnum.

Það voru ekki fleiri atriði, virðulegi forseti, sem ég vildi koma hér að við 1. umr. Ég viðurkenni að ég hef ekki farið yfir fyrirliggjandi frv. í heild sinni eins og vert væri en mun þá koma að atriðum frekar síðar ef mér vinnst tími til þess eða ef málið kemur hér á nýjan leik fyrir þing til 1. umr. við endurflutning sem mér þykir trúlegt að verði um að ræða í þessu tilviki.

Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir það frumkvæði að leggja þetta mál fyrir.

[11:21]

Guðjón Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Setning laga um mannanöfn er nokkuð vandmeðfarið verkefni. Deilur um mannanafnalög og útfærslu þeirra, þ.e. hvaða nöfn skulu leyfð og hver ekki, er sífellt umræðuefni enda er nafnið hluti af persónu hvers einstaklings og afkáraleg nöfn verða þeim sem þau bera í sumum tilfellum til ama og einnig veldur það oft leiðindum þegar bannað er að skíra börn nöfnum sem ekki eru á mannanafnaskrá Hagstofunnar þótt þau hafi jafnvel verið notuð í viðkomandi fjölskyldu í áratugi og jafnvel í aldir. Þannig má t.d. sjá í mannanafnaskrá sem gefin var út 1991 í framhaldi af samþykkt laga um mannanöfn í mars sama ár að nafnið Kalman er ekki lengur leyft en það nafn hefur verið notað í Borgarfirði í nokkrar aldir. Ég er nú það íhaldssamur að mér finnst út í hött að banna svo gamalgróið og fallegt íslenskt nafn, að því er mér er sagt vegna þess að það er skrifað með einu n-i en ekki tveimur. Á sama tíma eru leyfð samkvæmt mannanafnaskrá ýmis nafnskrípi og útlensk nöfn, t.d. Berthel og Betúel, Edgar og Evert, Hubert og Ivan, Sebastian, Sesar og Tandri. Þar má einnig finna stúlknanöfnin Agða og Amanda, Ansela og Anía, Bóel og Ena, Elenóra og Helma, Inger og Irpa, Iva og Judith, Kirstín og Lídía, Malen og Ninja, Sabina, Tanja og Tatjana.

Svo er það ósamræmið. Ég veit um unga stúlku sem nýlega fékk íslenskan ríkisborgararétt. Hún heitir Martha, skrifað með h-i. Henni var gert að breyta nafni sínu í Marta, skrifað Marta, annað væri ekki íslenskt. Og hvernig á að útskýra fyrir þessari ungu stúlku að hún megi ekki skrifa nafnið sitt eins og hún hefur gert síðan hún var skírð þegar kannski í næsta húsi við hana búa stúlkur með þeim rammíslensku nöfnum Amanda, Ninja og Tatjana. Mér virðist að lögin sem sett voru í lok síðasta kjörtímabils hafi ekki verið nógu vel úr garði gerð, enda sá hæstv. dómsmrh. ástæðu til að skipa nefnd til að semja nýtt lagafrv. í ágúst 1993 og það frv. sem hér er til umræðu er afrakstur af vinnu þeirrar nefndar.

Ég tel að ályktun kirkjuþings frá 1986 eigi jafn vel við í dag og fyrir níu árum en þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Mannanöfn hafa breyst mikið, eldri nöfn jafnvel horfið og ný komið í staðinn. Sum hinna nýju nafna orka mjög tvímælis, eru jafnvel afkáraleg og geta orðið þeim sem þau bera til ama. Nafnið er hluti af persónu hvers einstaklings. Persónu- og tilfinningatengsl hvers manns við nafn sitt eru náin og sterk. Því ber að vanda mjög til nafngjafa."

Í athugasemdum við þetta lagafrv. sem hér er til umræðu er greint frá helstu markmiðum nefndarinnar sem samdi frv. og er þar efst á blaði að auka frelsi í nafngiftum frá því sem nú er, einkum með því að heimila aðlöguð erlend nöfn jafnvel þó þau styðjist ekki við hefð í íslensku máli. Árangurinn má svo sjá á bls. 11 þar sem talin eru upp nöfn sem verða heimil verði þetta frv. að lögum. Þar má finna t.d. stúlknanöfnin Amel og Anetta, Aretta og Aþanasía, Benney og Bergetta, Bína og Blín, Dön og Ena, Emelíta og Georgía, Giddý og Hallý.

Ekki eru drengjanöfnin sem þar eru upp talin síðri. Þar má finna Alf og Bert, Davor og Evan, Gerald og Húgó, Manúel og Mekkínó, Orvar og Preben að ógleymdum þeim snilldarlegu nöfnum Skjarpur og Skunnar.

Ég verð að segja að sum þeirra nafna sem hér hafa verið nefnd og eru talin upp í greinargerð með þessu frv. og reyndar flest þessara nafna finnst mér ekki eiga erindi á nýfædda Íslendinga.

Þegar kemur að millinöfnunum þá er tekið fram að þau skulu annaðhvort dregin af íslenskum orðstofnum eða hafa unnið sér hefð í íslensku máli og þau skulu ekki hafa nefnifallsendingu. Það kemur fram í athugasemdum að nefndarmenn hafi rætt það sjónarmið að þetta kynnu að vera of strangar takmarkanir en samkomulag hafi orðið um að hafa þetta svona. Af þessu leiðir að hin ágætu íslensku nöfn Gígja og Gauti verða óheimil sem millinöfn þrátt fyrir að vera heimil sem eiginnöfn auk þess sem Gígja er gjaldgengt sem millinafn ef það er ættarnafn. En nöfnin Þórdís, Agnes, Hermann, Jón og Erling er einnig óheimilt að nota sem millinöfn ef þessi lög verða samþykk. Ég er því ósamþykkur að þessi ágætu nöfn verði bönnuð sem millinöfn og í hrópandi ósamræmi við það að leyfa öll þau óíslensku eiginnöfn sem ég nefndi hér áðan.

Í athugasemdum er getið um það að Íslendingar eru

eina þjóðin á Norðurlöndum og þó miklu víðar væri leitað sem tekist hefur að varðveita þann ævaforna sið að menn séu kenndir til föður eða móður og þessi forni kenninafnasiður marki Íslendingum mikla sérstöðu og sé nátengdur tilfinningu þeirra fyrir sögu þeirra, menningu og sjálfstæði. Þetta er auðvitað hárrétt og full ástæða til að leggja á það áherslu. En mér finnst það hins vegar skjóta skökku við þessa áherslu á sögu okkar, menningu og sjálfstæði að opna fyrir þá skriðu af erlendum nöfnum sem leyfð verða með samþykkt þessa frv. Þess vegna er það mín skoðun að frv. þurfi mikilla endurbóta við í meðferð nefndar og ég vona að það fái þar mjög ítarlega skoðun.

En þrátt fyrir þá varkárni sem ég vil að ríki gagnvart erlendum nöfnum er ég þó sammála því ákvæði 11. gr. að maður sem fær íslenskan ríkisborgararétt með lögum megi halda fullu nafni sínu óbreyttu. Það finnst mér sjálfsögð mannréttindi og löngu tímabær.

[11:27]

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Umræða um nafngiftir er ekki ný af nálinni hér á Alþingi. Vorið 1991 urðu mjög fjörugar umræður um þau lög sem nú er verið að leggja til að breyta. Það var þá þegar bent á ýmsa vankanta á þeim lögum og það er komið í ljós að þær ábendingar voru ekki að ástæðulausu. Nú hefur verið að ákveða að taka upp heimild til þess að bera millinöfn og það er eitt þeirra atriða sem þegar í upphafi var fyrirsjáanlegt að yrði mjög erfitt að mæla gegn vegna þess að þessi siður er bæði nokkuð fastur í sessi hér á Íslandi og enn fremur að það er verið að leysa þarna ákveðið vandamál þar sem fólk í sömu fjölskyldu vill bera saman nafn en við erum engu að síður að reyna að varðveita okkar gamla sið að hafa ekki ættarnöfn heldur föður- og móðurnöfn.

Varðandi föður- og móðurnöfnin í 8. gr. vil ég halda til haga einni athugasemd sem kom einnig fram í umræðunni vorið 1991. Ég held að það þurfi að skoða vandlega hvort eigi ekki að heimila að kenna bæði við föður og móður. En ég fæ ekki betur séð á 8. gr. en þar sé gert ráð fyrir því að einungis sé eitt kenninafn notað þannig að þeir sem nú þegar hafa tekið upp þann sið að kenna sig bæði við föður og móður eru í raun að brjóta þau lög sem nú eru í gildi og verði þetta frv. að lögum einnig þau. Ég held að þetta sé atriði sem þarf að skoða betur. Vissulega sjáum við rökin fyrir því að nöfn geta orðið mjög löng ef bæði er kennt við föður og móður en samt sem áður er þetta staðreynd að það eru margir sem kjósa að hafa þennan háttinn á og ég held að það yrði íslenskri nafnahefð ekki til skaða heldur hugsanlega bara þróun sem er eðlileg og hluti af því sem þegar hefur gerst ef það yrði heimilað að kenna bæði við föður og móður, kjósi fólk það.

Að öðru leyti hef ég ekki miklar athugasemdir við nafnareglurnar sjálfar. Lengd nafns var töluvert í umræðu seinast þegar þetta mál var til umræðu vegna þess að þá var verið að tölvuvæða og menn sáu nokkuð ofsjónum yfir því að ef nöfn færu yfir þann kvóta sem tölvan þyldi en ég sé ekki í fljótu bragði að það sé verið með slíkar undarlegar og ósveigjanlegar reglur lengur. Ég treysti að hæstv. ráðherra leiðrétti mig ef þessi hugmynd er enn inni því hún var svo afkáraleg að ég vil helst ekki eyða fleiri orðum að því. Þar kom m.a. í ljós að ágætir þáv. þingmenn höfðu nöfn sem voru það löng að tölvan í þjóðskránni einfaldlega hafnaði þeim. Þetta er auðvitað algerlega fara út í hött. Við megum ekki fara að láta tæknina ráð yfir nöfnum okkar.

Ég hef eina efnislega athugasemd í viðbót sem varðar ekki nafngiftir sem slíkar heldur réttindi barna. Það er enn og aftur á ferðinni í þessu frv. ákvæði sem ég tel með öllu óásættanlegt og mun aldrei geta fellt mig við, en það er í 13. gr. frv. þar sem enn virðist vera gert ráð fyrir því að það megi breyta eiginnafni eða millinafni barna við ættleiðingu hafi það ekki náð 12 ára aldri án þess svo mikið sem bera það undir barnið, þ.e. barnið upp að 12 ára aldri þarf ekki að samþykkja slíka nafnbreytingu. Mér finnst þetta mjög óheppilegt svo að ekki sé meira sagt og mikil óvirðing við þau börn sem kunna að verða ættleidd og hafa vanist því í kannski allt að 12 ár að heita ákveðnu nafni því nafn er nokkuð mikilvægur hluti af sjálfsmynd barnsins. Ef barn og foreldrar, t.d. ættleiðingarforeldrar komast að þeirri niðurstöðu að það sé í raun inni hægt að breyta þessu nafni þannig að allir séu sáttir þá er út af fyrir sig ekkert því til fyrirstöðu en þarna finnst mér vegið mjög að réttindum barna yngri en 12 ára. Það er þó a.m.k. búið að gera þá bragarbót að nú þarf að bera það undir barnið og fá samþykki þess á aldrinum 12–16 ára. Þakka skyldi. Mér finnst það nú bara lágmark. Ég vil gjarnan spyrja hæstv. ráðherra ef hann hefur tíma til að fylgjast með hvort hann sé ekki tilbúinn að endurskoða þetta atriði varðandi það að barn skuli a.m.k. vera haft með í ráðum og þurfi helst að veita samþykki sitt þó að það sé ekki orðið 12 ára. Ég veit að um það er töluvert deilt hvað er hægt að leggja á börn miklar ákvarðanir séu þau undir 12 ára aldri og þetta ræddum við m.a. þegar barnalögin voru til umræðu en mér finnst þetta það stór hluti af því sem börn upplifa sig sjálf og er sjálfsmynd þeirra að það verði að finna eitthvað ásættanlegra heldur en þetta ákvæði í 13. gr. þessa frv. þar sem einungis segir: „Breyting á eiginnafni eða millinafni barns undir 16 ára aldri skal háð samþykki þess hafi það náð 12 ára aldri.“ Sem sagt, hafi það ekki náð 12 ára aldri, þá þarf ekki að leita samþykki.

Ég held að ég láti þessar athugasemdir nægja. Það má vel vera að síðar í þessum umræðum eða í nefnd komi upp fleiri atriði og hugsanlega verður 2. umr. þessa máls, ef það gengur fram hér á þeim stutta tíma sem eftir er, aðalumræðan því að þetta er mjög viðkvæmt mál. Mannanöfn eru það og við verðum að fara mjög af gát. Reynslan 1991 sýnir okkur það.

[11:35]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir þau sjónarmið sem koma fram bæði í máli hæstv. dómsmrh. og í greinargerð frv. að nöfn fólks eru mjög mikilvægur

hluti af þeirra sjálfsmynd og því mjög mikilvægt að vanda til löggjafar af þessu tagi. Ég er í því sambandi ákaflega stolt af okkar íslensku hefð að konur þurfi ekki að skipta um nafn við giftingu eins og víða tíðkast erlendis. En ég er þó á því að það sé ekki allt í lagi hvað varðar ýmislegt sem snertir þessa löggjöf og ég ætla hér einkum að gera að umræðuefni mál er varðar jafnrétti kynjanna þó að það sé, eins og aðrir hafa komið inn á, mjög margt fleira sem er við þetta frv. að athuga.

Í greinargerð frv. er sagt að með lögunum um mannanöfn frá árinu 1991 hafi að mestu verið útrýmt kynjamisrétti eldri mannanafnalaga, m.a. með ákvæði sem heimilar að ættarnöfn gangi í kvenlegg. Hv. þm. Anna Ólafsdóttir Björnsson kom inn á þetta efnisatriði áðan og ég vil ítreka það hér að ég tel að það sé ekki nógu gott að hafa fyrirkomulagið eins og það er núna. Ég er sem sagt þeirrar skoðunar að í reynd sé enn þá kynjamisrétti í þessum lögum en í meðferð frv. árið 1991 lagði ég fram brtt. þess efnis að fólki væri heimilt að kenna sig bæði við föður og móður. Eftir miklar umræður í nefnd og fleiri aðila í þjóðfélaginu féll ég frá þeirri brtt. fyrst og fremst með þeim rökum að það var mjög erfitt, nöfnin yrðu löng og af tæknilegum ástæðum mundi það ekki ganga upp eins og staðan var þá. Ég tel án þess að ég hafi fullkannað það — nú eru liðin 4–5 ár — að það hefði átt að vera búið að lagfæra slík atriði og er enn sömu skoðunar að ég tel að í 8. gr. eigi að vera heimild til að kenna sig bæði við móður og föður því að það val sem hér er boðið upp á og er í lögunum frá 1991 virkar þannig í reynd að ef um hjónabandsbarn er að ræða þá má líta á það sem móðgun við föður ef nafn móður er valið. Og ég held að það sé ástæðan fyrir því að í reynd eru ekki mjög margir aðrir en börn einstæðra mæðra sem kenna sig móður sína eða einhverjir sem alls ekki vilja kenna sig við föður sinn. Þetta kerfi, þó að fornt og gott sé að mörgu leyti, viðheldur í raun og veru þeirri hefð að gera karlmenn og feður sýnilega en mæður hverfa. Því mæli ég eindregið með að 8. gr. verði breytt þannig að fólk geti kennt sig bæði við föður og móður, þannig að dóttir Jóns og Guðrúnar geti verið Guðrúnar- og Jónsdóttir en ekki bara Jónsdóttir eða Guðrúnardóttir. Slíkar hefðir tíðkast í öðrum löndum og það þýðir ekki að halda því fram að þetta sé gott fyrir sjálfsmynd kvenna, þetta kerfi okkar, því að í raun og veru er það karlmaðurinn sem alltaf er sýnilegur með nöfnum barnanna en konurnar hverfa.

[11:40]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Þegar núgildandi lög um mannanöfn voru sett þá voru í gildi lög frá árinu 1925 um mannanöfn sem voru mjög gölluð og voru í raun og veru brotin í mér liggur við að segja í einstökum atriðum af yfirvöldum í landinu og hafði verið svo um áratuga skeið. Það höfðu verið gerðar fleiri fleiri tilraunir til þess að breyta lögum um mannanöfn og setja ný lög um mannanöfn í þessari virðulegu stofnun og það hafði aldrei tekist. Frumvörp höfðu verið flutt af ríkisstjórnum og einstökum þingmönnum og það hafði aldrei tekist að taka á þeim málum með heildstæðum hætti þannig að þessi gömlu úreltu lög voru sem sagt í gildi alveg til ársins 1991. Það var vegna þess að þessi lög voru orðin úrelt að skipuð var nefnd með bréfi þáv. menntmrh. árið 1989 um að taka á þessum málum, endurskoða gömlu mannanafnalögin og það var skilað inn frv. sem fór í gegnum Alþingi óbreytt í grundvallaratriðum. Nokkrum atriðum var breytt í meðferð þingsins en þau högguðu ekki þeim grundvallaratriðum sem það frv. byggðist á og seinna þau lög.

Síðan hefur það gerst að framkvæmd þessara laga hefur ekki verið nægilega góð að mínu mati. Hún hefur ekki verið nægilega sveigjanleg og það hefur þegar verið nefnt eitt nafn hér á þessum fundi og í þessari umræðu sem er dæmi um það að framkvæmd laganna var óþarflega skörp í raun og veru.

Í 2. gr. gildandi laga er þetta ákvæði, með leyfi forseta:

„Eiginnafn skal vera íslenskt eða hafa unnið sér hefð í íslensku máli. Það má ekki brjóta í bág við íslenskt málkerfi. Eiginnafn má ekki heldur vera þannig að það geti orðið nafnbera til ama.

Hvorki má gefa stúlku karlmannsnafn né dreng kvenmannsnafn."

Það kom hér fram í máli hv. 5. þm. Vesturl. áðan að nafnið Kalman með einu n-i hefði ekki verið talið leyfilegt af mannanafnanefnd og túlkað þannig að með því að nota það nafn væru menn að brjóta gildandi mannanafnalög. Ég er ósammála þessari túlkun og ég þykist geta talað nokkuð eindregið um þessi mál vegna þess að ég flutti það frv. sem ráðherra sem nú eru gild mannanafnalög. Ég tel þetta alveg ótrúlega túlkun, m.a. með hliðsjón af því að í þeim reglum sem eru í gildi um framkvæmd mannanafnalaganna kemur fram að í rauninni ætti þetta nafn að vera heimilt af því að það hefur verið til allt frá manntalinu 1703 og er m.a. til í manntalinu 1910 sem er sérstaklega vitnað til í gildandi starfsreglum mannanafnanefndar. Mér finnst í raun og veru þetta dæmi sem hv. þm. Guðjón Guðmundsson nefndi sýna að það eru ekki lögin sem þarna eru vandinn í sjálfum sér heldur fyrst og fremst það að menn hafa framkvæmt þau með kannski aðeins skarpari hætti en þurft hefði að gera. Og ég tel að margt sem sagt hefur verið um þessi gildandi mannanafnalög byggist á misskilningi, þar séu menn að gagnrýna framkvæmdina en ekki lögin sjálf því að þau skapi býsna mikla möguleika út af fyrir sig.

Í því frv. sem hér er verið að flytja er hins vegar mjög mikilvæg stefnubreyting í meðferð mannanafna, notkun mannanafna og þar með í vissu grundvallaratriði íslensks máls því að hér segir að markmið nefndarinnar sem hefur unnið að þessu verkefni að semja þetta frv. hafi m.a. verið það að auka frelsi í nafngiftum frá því sem nú er. Hvað þýðir það? Það þýðir í raun og veru það að nefndin kemst að þeirri niðurstöðu að það sé nauðsynlegt að losa um þær almennu íslensku málsögulegu grundvallarforsendur sem núgildandi lög byggjast á. Út af fyrir sig kann vel að vera að við séum stödd á þeim punkti í sögu íslenskunnar að nauðsynlegt sé að rýmka þessar reglur með ein-

hverjum hætti en þá eiga menn að segja það. Ég held að það sé alveg ljóst að ef þetta frv. verður samþykkt eins og það lítur út væru menn að stíga fyrsta skrefið í þessari stofnun í þá átt að losa um þær hefðir sem íslensk mannanöfn hafa byggst á mér liggur við að segja um aldir. Það getur vel verið að það sé bara viðurkenning á einhverjum veruleika eins og fólk er einlægt að tala um að það eigi að hneigja sig fyrir einhverjum veruleika alla tíð sem megi svo aldrei gera tilraun til að breyta þó við séum nú reyndar á Alþingi til að reyna að breyta stundum veruleikanum en ekki til að hneigja okkur alltaf fyrir honum. En ég held að menn þurfi að horfast í augu við þetta. Eru menn tilbúnir til að losa um þær almennu grundvallarreglur sem íslensk mannanöfn hafa byggst á? Út af fyrir sig er ég alveg til viðtals um að skoða þá hluti vegna þess að hinn þátturinn er ekki í mínum huga fyrst og fremst sá að koma til móts við kröfur um eitthvað sem heitir aukið frelsi sem er yfirleitt mjög óskilgreint tal, ég leyfi mér að segja hjal, með leyfi forseta, heldur er það kannski frekar hitt að reglur um mannanöfn mega ekki stangast á við það sem kalla mætti grundvallarmannréttindi.

Þá er ég kominn að því sem snýr að reglum og kröfum sem gerðar eru til þess fólks sem verður íslenskir ríkisborgarar og það er hlutur sem mér finnst að eigi að skoða sérstaklega og kemur einhvern veginn aldrei til umræðu í tengslum við lög um íslensk mannanöfn sem þó er alveg meginmál hvort það stenst almenn mannréttindaákvæði að svifta fólk, sem verður íslenskir ríkisborgarar, nafninu sínu. Hvað þætti okkur um það sem heitum þessum glæsilegu íslensku nöfnum, Svavar, Ingi Björn, Ragnar, Guðný, Jóhann að verða kölluð Abdul Kansas ef við yrðum arabískir ríkisborgarar og yrði bannað að bera okkar nöfn? Þessi þáttur er alveg kapítuli út af fyrir sig og á auðvitað að ræða með opnum huga frá almennu mannréttindasjónarmiði en ekki fyrst og fremst út frá því hvort menn eiga að koma til móts við einhvern annan ytri veruleika eða þá það að menn séu að koma til móts við einhvert svona frelsistal eða hjal.

Ég vil í fyrsta lagi vekja athygli á þessu grundvallaratriði, þ.e. vilja menn losa um þær kröfur íslenskrar málsögu og málshefðar sem birtast í gildandi mannanafnalögum? Í öðru lagi bendi ég á það að hér er opnað fyrir að millinöfn komi við sögu. Það var mjög umdeilt mál þegar við tókum þetta til umræðu síðast þegar lögunum var breytt. En hér er gert ráð fyrir því að heimila millinöfn. Það er alveg augljóst mál að það að heimila millinöfn með beinum lagaákvæðum mun ýta undir líkurnar á því að ættarnafnahefðin taki við af eiginnafnahefðinni. Millinöfnin eru gjarnan þannig að þau einkenna fjölskyldur, fólki þykir vænt um nöfnin eins og eðlilegt er og það verður smátt og smátt til þess að löggjafinn eða hver sem er getur ekki staðist kröfur um að þessi hefð verði með einum eða öðrum hætti viðurkennd við hliðina á íslensku mannanafnahefðinni sem aftur þýðir þá að hún muni víkja. Þá er ég ekki að tala um eitthvert eins eða tveggja eða þriggja ára tímabil heldur kannski hálfa öld eða heila.

Það er líka þannig að hugmyndir um að styrkja millinafnið eru með þeim hætti að þær auka líkurnar á því að kenninöfn kvenna víki fyrir kenninöfnum karla eins og menn sjá þegar þeir hugleiða málið. Að öllu samanlögðu tel ég að þetta sé bæði vafasamt út frá því sjónarmiði að þetta geti vikið almennu mannanafnahefðinni til hliðar en ég tel það líka vera óskynsamlegt út frá því sjónarmiði að auðvitað þarf að gæta þess að þeim rétti kvenna í okkar tilviki til að halda nöfnum sínum við hjúskap verði hvergi stofnað í hættu. Hins vegar ef opnað yrði fyrir millinafnahefðina til áratuga þá sjá allir hvert það stefnir mér liggur við að segja þessum skemmtilegasta þætti íslenskrar mannanafnahefðar, þ.e. að fólk heldur sínum nöfnum hvað sem tautar og raular að því er varðar hjúskaparstöðu, bæði karlar og konur.

Ég tel að hvorugt þessara atriða sé augljóst mál og að það eigi að afgreiða þetta frv. eins og þar er lagt til. Hins vegar er rétt sem segir í frv. að það þarf að endurskoða starfsreglur reglulega eins og þær sem getið er um á bls. 12 í greinargerð frv. Það er sjálfsagt mál. Ég skil vel hæstv. dómsmrh. að hann skuli hafa orðið að taka á þessu máli með því að skipa nefnd til að endurskoða þetta vegna þess að það var alveg greinilegt að í framkvæmdinni voru menn búnir að mála sig alveg út í horn í þessu máli þannig að það varð auðvitað að taka einhvern veginn á því. Ég tel sjálfsagt mál að Alþingi ræði þetta en ég tel að það sé ekki einboðið að þær leiðir séu farnar sem hér eru lagðar til.

Síðan varðandi einstök atriði sem ég ætla ekki að ræða hér en ég vil segja að ég get tekið undir það sjónarmið sem kom fram hjá hv. 15. þm. Reykv. varðandi heimild til að kenna sig bæði til nafns föður og móður. Mér finnst alveg sjálfsagt mál að opna fyrir það með beinum lagaákvæðum. Og það undirstrikar bara íslensku mannanafnahefðina að þetta sé opið og hægt að gera þetta á hvorn veginn sem er eða báða.

Í annan stað varðandi einstök atriði ætla ég að benda á að í 2. mgr. 5. gr. þar er gert ráð fyrir því eins og segir þar, með leyfi forseta:

„Stúlku skal gefa kvennmannsnafn og dreng skal gefa karlmannsnafn.“ Það segir á bls. 13:

„Þannig er t.d. óheimilt að gefa drengjum nafnið Ilmur og stúlkum nöfnin Sturla og Blær.“ Það er sem sagt verið að segja það að það sé ekki hægt að gefa stúlku nafnið Sturla, það mundu menn ekki telja gilda íslensku. En það má ekki gefa stúlku nafnið Blær samkvæmt þessu. Það er erfitt mál. Það er stúlka í þessu landi, Blær Guðmundsdóttir, myndarleg stúlka. Á að svifta hana því nafni eða hvernig hugsa menn þetta? Ég tel að hér sé dæmi um það að menn séu of einstrengingslegir. Á sama tíma og menn segja: Það á að opna þetta til þess að hægt sé að laga íslenska mannanafnahefð að erlendum nöfnum af ýmsu tagi enda taki þau innlendum eignarfallsendingum, ætla menn að setja strangar reglur um nöfn af þessu tagi. Það finnst mér vera misskilningur. Þetta finnst mér dæmi um það að menn séu ekki að öllu leyti sjálfum sér samkvæmir varðandi samningu frv.

Ég held hins vegar að það sé af hinu góða að hv.

Alþingi fær þetta mál til meðferðar og ég held að það sé rétt að ég ljúki máli mínu með því að gera að mínum orðum eina málsgrein á bls. 18 í greinargerð frv. sem fjallar um IV. kafla þess en þar segir, með leyfi forseta:

„Það væri menningarslys ef Íslendingar glötuðu þeim merkilega arfi sem kenninafnasiður þeirra er. Þeir hafa þá skyldu við sjálfa sig, afkomendur sína og umheiminn að reyna eftir fremsta megni að varðveita þennan arf."

Ég held að það sé allt í lagi að rifja þetta upp í þessari umræðu, hæstv. forseti.

[11:54]

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Þegar hefur komið fram í þessum umræðum að hér er um mjög viðkvæmt mál að ræða sem hefur margar hliðar og því er eðlilegt að nokkuð skiptar skoðanir séu um það. Það er því augljóst að frv. mun ekki ná fram að ganga á þessu Alþingi. Engu að síður er vert að þakka hæstv. dómsmrh. fyrir að leggja þetta frv. fram nú þannig að hægt sé að fara að ræða þær hugmyndir um breytingar sem þar eru settar fram. Ég held að það sé ákaflega mikilvægt að sú umræða fari sem víðast fram í þjóðfélaginu því að þetta er eins og fram hefur komið málefni sem snertir hvern einstakling.

Ég ætla ekki að ræða einstök atriði í þessu frv. en vildi þó aðeins koma þeirri skoðun minni á framfæri svipaðri og kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni að hér þurfi að fara með gát. Mannanafnahefð okkar Íslendinga er auðvitað stór þáttur í tungu okkar og menningararfleifð. Því held ég að það þurfi að gæta þess vel að gera þar ekki skyndilegar breytingar sem kollvarpa þessari hefð. En það er að sjálfsögðu rétt að lagasetning og lagaákvæði eru erfið að byggja eingöngu á þeim og því held ég að mikilvægt sé að skapa umræðu um þetta í þjóðfélaginu og virðingu fyrir þessari hefð okkar. Ég veit ekki hvort lögð er nægileg áhersla á þetta t.d. í skólum. Mér finnst að það þurfi að kenna það og brýna fyrir nemendum hvers virði tunga okkar er og þessi mikilvægi þáttur hennar sem eru íslensk mannanöfn og mannanafnahefð. Því aðeins held ég okkur takist að varðveita þetta í framtíðinni að það njóti stuðnings í þjóðfélaginu en slíkur stuðningur fæst aðeins með því að það sé sannfæring og tilfinning þjóðarinnar hvers virði er að halda þessum arfi okkar.

Ég skal ekki fjölyrða frekar um þetta að þessu sinni en vildi aðeins leggja áherslu á þetta atriði og að það verði þá haft í huga í sambandi við það sem væntanlega tekst að gera að senda frv. til umsagnar út í þjóðfélagið og þá til sem flestra aðila til þess að það geti stuðlað að slíkri umræðu.

[11:58]

Geir H. Haarde:

Virðulegi forseti. Ég stend fyrst og fremst upp til að fagna því að þetta frv. skuli vera komið fram.

Við vorum mörg sem höfðum afskipti af afgreiðslu þeirrar löggjafar um mannanöfn sem nú er í gildi og var afgreidd á Alþingi vorið 1991. Það vill svo skemmtilega til að hv. þm. Guðný Guðbjörnsdóttir var einmitt í þinginu þá sem varamaður og við áttum ágætt samstarf um ýmsar breytingar sem náðu þá fram að ganga. Niðurstaða í málinu á þeim tíma varð samkomulag. Hins vegar var því ekkert að leyna að ágreiningur var um ýmsa þætti en menn gengu til samkomulags um að afgreiða málið í trausti þess að framkvæmd laganna mundi lánast vel og um þetta gæti orðið sátt meðal þjóðarinnar.

Því miður er það svo eins og fram hefur komið í umræðunum að þessi sátt er ekki fyrir hendi og þá held ég að sé alveg rétt að viðurkenna það með því að breyta lögunum eins og hér er lagt til. Ég held að það sé auðvitað mjög brýnt að við höldum okkar gömlu mannanafnahefð sem reyndar er tvenns konar að því er varðar kenninöfn bæði að menn kenni sig til föður eða móður eða beri ættarnafn. Það sem hefur kannski fyrst og fremst valdið erfiðleikum í framkvæmdinni er annars vegar það sem ég hef leyft mér að kalla vissa þröngsýni að því er varðar heimildir til að bera ákveðin einstök nöfn og hér hafa verið nefnd dæmi í umræðunni. Þar er ekki bara um að kenna framkvæmd mannanafnanefndar heldur er auðvitað því um að kenna líka að mannanafnanefnd hefur ekki treyst sér til að ganga lengra en hún hefur talið að lagabókstafurinn gæfi henni tilefni og leyfi til.

En það sem ég vil fyrst og fremst gera að umtalsefni eru millinöfnin svokölluðu. Ég minnist þess mjög glöggt að þegar þetta mál var hér til meðferðar vorið 1991 þá var í frv. því sem þáv. hæstv. menntmrh., Svavar Gestsson, lagði fram ekki gert ráð fyrir neinni heimild til að menn bæru millinöfn. Ég minnist þess að ég flutti brtt. í neðri deild sem þá var þar sem gert var ráð fyrir slíkri heimild og hún var þar samþykkt. Hún var hins vegar felld í efri deild sem hafði fengið málið fyrst til meðferðar þannig að málið var komið í ákveðið uppnám á milli þingdeildanna út af þessu eina atriði hvort heimiluð skyldu millinöfn. Á endanum varð það niðurstaða af minni hálfu að falla frá þeirri brtt. í stað þess að láta málið niður falla og verða ekki að lögum eins og ella hefði blasað við. Ég ber því að mínu leyti vissa ábyrgð á því eins og aðrir þingmenn á þeim tíma að þetta fór á þann veg að millinöfn eru ekki heimiluð í núgildandi lögum. Þetta gerðu menn að sjálfsögðu, eða við sem vildum hafa heimild fyrir þeim, í trausti þess að eins og ég sagði að þjóðin mundi sætta sig við það. Það hefur bara komið í ljós að millinafnahefð hér á Íslandi er orðin það rík, hvort sem mönnum líkar það betur eða verr, að það er ekki hægt að banna fólki að bera slík nöfn ef það á annað borð vill það. Þess vegna held ég að það sé skynsamlegt að horfast í augu við þá staðreynd og taka slíka heimild upp með jafneindregnum hætti og hér er lagt til í III. kafla frv. og reyndar í 1. gr. þess og reyna þá frekar ef menn eru á móti millinöfnum að stýra því í þann farveg sem lagt er til með þessu frv. T.d. að menn noti þá ættarnöfn sín frekar sem millinöfn o.s.frv.

Ég held að þetta sé eðlileg breyting í ljósi þeirra viðbragða sem fram hafa komið og að hún sé skynsamleg. Reyndar held ég að það væri ekkert ofverk

þingsins að ljúka þessu máli núna í vor. Ég held að þingmenn flestir séu það vel inni í þessu máli og hafi fengið það mikil viðbrögð við núgildandi lögum að þeir geti tekið afstöðu til málsins. Það er það skammt síðan nákvæm umfjöllun var um þetta í þinginu að menn muna það.

Það er nefnilega þannig að það er fullt af fólki, einstaklingum úti í þjóðfélaginu, sem telja að þessi lög hafi bitnað á sér og það hafi verið brotinn á þeim réttur með núgildandi lögum sem bíða eftir því að fá þessi mál í höfn eins og frv. gerir ráð fyrir eða einhverjum viðlíka hætti. Ef til að mynda allshn. gæti hugsað sér að gera einhverjar breytingar sem þó stefna í þessa átt þá held ég að það sé fjöldi fólks sem bíður bara eftir því að málið sé afgreitt jafnvel þó það sé ekki nákvæmlega í þessari mynd eins og hér er ef sú stefna sem hér er mörkuð nær fram að ganga. Ég er því ekki alveg sammála síðasta ræðumanni um að það sé nauðsynlegt að bíða með afgreiðslu þessa máls. A.m.k. treysti ég mér til þess að taka þátt í afgreiðslu þess á þessu þingi því það er náttúrlega alveg ómögulegt að einstaklingar úti í bæ með svona viðkvæm persónuleg málefni eins og nöfn barna sinna eða eigin jafnvel þurfi að bíða í óvissu um hvenær þeir geti ráðið sínum málum endanlega til lykta að þessu leyti til.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Barnalög, 1. umr.

Stjfrv., 342. mál (réttur til upplýsinga um barn o.fl.). — Þskj. 542.

[12:05]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Frv. það til breytinga á barnalögum sem ég mæli hér fyrir og er á þskj. 542 er samið af sifjalaganefnd. Í henni eiga sæti dr. Ármann Snævarr, fyrrverandi hæstaréttardómari sem er formaður nefndarinnar, Guðrún Erlendsdóttir hæstaréttardómari, og Dríía Pálsdóttir, skrifstofustjóri í dómsmrn. Margrét Hauksdóttir, deildarstjóri í dómsmrn., er ritari nefndarinnar.

Aðalmarkmið frv. er að treysta tengsl barns og foreldris sem ekki hefur forsjá þess og er þeim breytingum sem í því felast ítarlega lýst í athugasemdum með frv. Í ljósi reynslunnar sem hefur fengist af meðferð umgengnismála hjá stjórnvöldum þykir tímabært að rýmka inntak umgengnisréttarins. Samkvæmt hefðbundnum skilningi er hann einskorðaður við rétt foreldris til að umgangast barnið, þ.e. að fá barn í heimsókn tiltekinn tíma eða fá að heimsækja barn, með öðrum orðum að hafa barn í návist sinni. Því er lagt í 1. gr. frv. að við 37. gr. laganna bætist nýr málsliður er veiti heimild fyrir sýslumann til að mæla fyrir um rétt foreldris sem ekki hefur forsjá barns og barnsins til að hafa bréfa- og símasamband og hliðstætt samband ef sérstaklega stendur á. Undir orðin „hliðstætt samband" falla m.a. skeyti, símbréf, myndbandsspólur og fleira hliðstætt. Ég tel að slíkt samband foreldris og barns geti styrkt tengslin milli þeirra og stuðlað að auknum kynnum foreldris og barns. Þessi umgengnisþáttur skiptir sérstaklega miklu máli þegar svo hagar til að foreldri og barn geta ekki notið umgengni í hefðbundnum skilningi vegna búsetu þeirra. Ákvæði 1. gr. er í samræmi við þá stefnu sem nú ríkir á sviði sifjaréttar annars staðar á Norðurlöndum.

Í 2. gr. frv. er mælt fyrir um að öðru foreldra sé óheimilt að fara með barnið úr landi án samþykkis hins þegar foreldrar fara sameiginlega með forsjá barnsins. Ákvæði 2. gr. stendur í tengslum við Evrópuráðssamning frá 20. maí 1980 um viðurkenningu og fullnustu ákvarðana varðandi forsjá barna o.fl. og Haag-samninginn frá 25. okt. 1980 um einkaréttarleg áhrif af flutningi barna milli landa með ólögmætum hætti. Er ákvæðið fellt í frv. vegna framkvæmdar samninganna sem nú er ætlunin að fullgilda af Íslands hálfu og er unnið að gerð frv. þar að lútandi í dómsmrn.

Í 3. gr. frv. er lagt til að ný grein, 40. gr. A, verði felld í barnalögin um rétt þess foreldris sem ekki hefur forsjá barns til þess að fá upplýsingar um barnið hjá hinu foreldranna og ýmsum stofnunum og stjórnvöldum sem með málefni barna hafa að gera. Það foreldranna sem ekki hefur forsjá barns á að jafnaði réttmætt tilkall til að fylgjast með barni, heilsuhögum þess, þroskaferli, skólagöngu, uppeldi, félagslegri stöðu o.fl. Lögfesting á slíkum aðgangi foreldris að upplýsingum um barn ætti m.a. að gera því kleift að veita barni stuðning og ráðgjöf og að sinna að öðru leyti foreldraskyldum sínum.

Í ljós hefur komið að veruleg óvissa ríkir um það hjá starfsmönnum skóla og annarra uppeldisstofnana, félagsmálastofnana og fleiri aðila hvort foreldri sem ekki hefur forsjá barns eigi rétt á upplýsingum um persónuhagi þess. Ef 3. gr. frv. verður lögtekin er þar með mótuð sú almenna regla, sem er þó ekki undanteknigarlaus, að það foreldri eigi yfirleitt aðgang að upplýsingum um barnið til jafns við forsjárforeldri.

Ákvæði 3. mgr. 3. gr. frv. um heimild stofnana og stjórnvalda til að synja um upplýsingar tekur mið af 17. gr. stjórnsýslulaga sem fjallar um takmörkun á upplýsingarétti. Upplýsingar þær sem 2. mgr. veitir foreldri rétt til að fá geta varðað mjög viðkvæm málefni og er því nauðsynlegt að þeim stofnunum og stjórnvöldum sem nefnd eru í málsgreininni sé heimilt að synja um upplýsingar ef hagsmunir foreldris af því að notfæra sér þær þykja eiga að víkja fyrir ríkari almanna- eða einkahagsmunum, þar á meðal að telja verður að upplýsingar séu skaðlegar fyrir barnið. Hér geta greinilega vegist á mismunandi hagsmunir og við mat á þeim verður að virða meginreglur 1. mgr. um að foreldri sem ekki hefur forsjá barns eigi rétt á upplýsingum um hagi þess. Synjun stofnunar eða stjórnvalds um upplýsingar má skjóta til sýslumanns sem tekur endanlega ákvörðun í málinu.

Ákvæði 2., 3. og 4. mgr. eiga við um ósk um upplýsingar um tiltekið afmarkað efni en skv. 5. mgr. getur sýslumaður að ósk forsjárforeldris svipt hitt foreldri almennum rétti til að fá upplýsingar um hagi barns.

Ákvæðið, sem er sett til verndar forsjárforeldri og barni, á við ef um bersýnilega misnotkun af hálfu þess foreldris sem ekki hefur forsjá barns er að ræða. Verða stjórnvöld að meta hvort ástæða sé til að svipta foreldri almennt heimild til að fá upplýsingar skv. 2. mgr. en ljóst er að ríkar ástæður þurfa að koma til til þess að slík ákvörðun verði tekin og ber að túlka 5. mgr. þröngt samanber upphafsorð málsgreinarinnar: „Þegar sérstaklega stendur á ..."

Efni 3. gr. frv. er í samræmi við 50. gr. norsku barnalaganna frá 1981 og er einnig í samræmi við ákvæði sem fyrirhugað mun vera að lögfesta í Danmörku. Í 4. og 5. gr. frv. eru ákvæði um heimild dómsmrn. til að lengja málshöfðunarfresti til höfðunar vefengingarmála og mála til ógildingar á faðernisviðurkenningu.

Með 52. gr. barnalaga, nr. 20/1992, var felld niður heimild er dómsmrh. hafði samkvæmt barnalögum frá 1981 til að leyfa höfðun vefengingarmáls þótt lögboðinn málshöfðunarfrestur væri liðinn ef alveg sérstaklega stendur á. Talið var að ekki væri þörf þessarar heimildar þar sem ekki hafði á hana reynt um árabil. En í ljós hefur komið að þörf er á að hafa slíka heimild í barnalögum. Er því lagt til að hún verði lögfest að nýju með 4. gr. frv. og þykir þá eðlilegt að sams konar heimild sé um mál sem höfðað er til ógildingar á viðurkenningu á faðerni barns skv. 53. gr. barnalaga.

Frú forseti. Ég hef þá gert í meginatriðum grein fyrir efni frv. og legg til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

[12:11]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil leyfa mér að taka undir þetta frv. sem hér er lagt fram. Eins og margir vita þá er mikið um skilnaði og það ástand í þjóðfélaginu að aðeins annað foreldri hefur forsjá barns. Ég tel ákaflega mikilvægt að barnið eigi rétt á báðum foreldrum í sem ríkustum mæli eins og núgildandi barnalög segja til um, m.a. með því að sameiginleg forsjá sé möguleg.

Ég tel einnig að varnaglar séu nægjanlegir í þeim ákvæðum sem eru í frv. um synjun upplýsinga ef það er hugsanlega talið skaða barnið að auknar upplýsingar komi til þess foreldris sem ekki hefur forsjá. Ég vil bara taka undir þetta frv. og vonast til að það verði samþykkt.

[12:13]

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil einnig þakka hæstv. dómsmrh. fyrir að koma með þessa breytingu á barnalögum eins og þau eru, lög nr. 20/1992. Það er margsannað að upp koma mál þar sem annað foreldra er því miður að því er virðist meira og minna réttlaust varðandi það að hafa samskipti við barn sitt. Jafnvel þó um hafi verið samið í samningum sem ættu að halda þá virðist það oft vera svo að virðingarleysi eins foreldris gagnvart öðru er svo algjört að það bitnar á barninu. Það er auðvitað alveg rétt sem hv. 15. þm. Reykv. sagði áðan að barnalögin, nr. 20/1992, byggðust á því meginatriði að þau væru til að vernda rétt barnsins, rétt barns til að hafa samskipti við báða foreldra sína ásamt öðru, hvort sem foreldrar kjósa að búa saman eða ekki. Það er auðvitað raunalegt að fólk skuli ekki vera komið lengra í siðferði sínu en svo að geta ekki litið fram hjá eigin innantökum og meinsemdum vegna hinna ýmsu sambúða og leyft barninu að njóta réttar síns.

Við sem töldum rétt og hljótum að telja enn þá að möguleiki sé á sameiginlegri forsjá barns hvort sem foreldrar búa saman eða ekki verðum í sífellu fyrir vonbrigðum af því að svo virðist sem mikið skorti á að allt fólk hafi þann siðferðisþroska að geta unnið að uppeldi barna sinna eftir því fyrirkomulagi.

Ég ætla ekki að fara að efna hér til langrar umræðu um þetta. Ég held að þetta sé heldur til bóta. Það eina sem ég vildi spyrja hæstv. dómsmrh. — nú verð ég að viðurkenna að ég hafði ekki náð í barnalögin og borið saman en ef ég man rétt þá eru viðurlög við því að fara ekki að gerðum samningi. Nú er alltaf verið að breyta lögum og kann að vera búið að taka það út en var það ekki svo, hæstv. forseti, að það er hægt að beita dagsektum ef menn ekki fara að gerðum forsjársamningi? Sé þetta enn þá við lýði þá er alveg ljóst að þetta kemur ekki að neinum notum og er sjaldnast beitt. Ég vildi því spyrja hæstv. dómsmrh. hvað sé hugsanlega hægt að gera til þess að fólk hegði sér og leyfi báðum foreldrum að hafa samband við börn sín eins og samningar gera ráð fyrir.

[12:16]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Það er kannski vandi að svara spurningu af þessu tagi. Auðvitað er mikilvægt að það séu fyrir hendi eðlileg úrræði til þess að þvinga aðila til að standa við gerða samninga en ef, eins og hv. þm. réttilega nefndi, aðilar í tilvikum sem þessum hafa ekki þroska til þess að finna sín á milli leiðir til þess að fara sameiginlega með forsjá barna þá kann að reka til alvarlegra árekstra jafnvel þó að þvingunarúrræði séu fyrir hendi. Og því held ég að það sem skipti mestu máli sé það að menn fjalli um þessi mál og reyni með almennri umræðu að gera þeim aðilum sem eiga hlut að máli glögga grein fyrir því hversu mikil ábyrgð hvílir á herðum þeirra þó að samvistarslit hafi orðið við uppeldi barnanna. Ég held að sú umræða sem átt hefur sér stað upp á síðkastið og samtök sem hafa tekið þessi mál til meðferðar hafa beitt sér fyrir hafi opnað augu manna fyrir þessu og aukið skilning fólks. Það er sá almenni skilningur sem ég held að dugi best.

En að hinu þarf auðvitað að huga að lögin hafi að geyma viðunandi þvingunarúrræði. Ég get ekki án þess að fletta því upp sagt nákvæmlega fyrir um hvernig þau eru, ég hef það ekki við hendina en er sjálfsagt að afla þeirra upplýsinga við framhaldsumfjöllun um málið í hv. nefnd.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Veiting ríkisborgararéttar, 1. umr.

Stjfrv., 354. mál (síðara stjfrv.). — Þskj. 577.

[12:18]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Ég flyt á þskj. 577 frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar. Þetta er samkvæmt venju síðara frv. um veitingu ríkisborgararéttar. Í 1. gr. frv. er lagt til að þar tilgreindum fjórum einstaklingum verði veittur ríkisborgararéttur. Samkvæmt hefð eru einnig í 2. gr. frv. ákvæði um að þeir skuli fullnægja gildandi íslenskum mannanafnalögum. Það hefur verið farið eftir hefðbundnum starfsreglum við tillögugerð um þá sem nú skulu hljóta íslenskan ríkisborgararétt.

Ég legg til, frú forseti, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Réttarstaða fólks í vígðri og óvígðri sambúð, fyrri umr.

Þáltill. AÓB o.fl., 250. mál. — Þskj. 292.

Enginn tók til máls.

Umræðu frestað.

Tjáningarfrelsi, fyrri umr.

Þáltill. SvG o.fl., 295. mál. — Þskj. 387.

[12:21]

Flm. (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Á þskj. 387 flyt ég ásamt fjórum öðrum hv. þingmönnum till. til þál. um endurskoðun laga um tjáningarfrelsi. Flm. auk mín eru hv. þm. Ingi Björn Albertsson, Jón Helgason, Kristinn H. Gunnarsson og Kristín Einarsdóttir. Tillagan er á þessa leið, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hraða endurskoðun þeirra ákvæða hegningarlaganna sem fjalla um meiðyrði. Þá samþykkir Alþingi að fela ríkisstjórninni að láta semja sérstakt lagafrumvarp um prentfrelsi og um framkvæmd á þeim ákvæðum stjórnarskrárinnar sem eiga að tryggja prentfrelsi. Höfð verði hliðsjón af þeim lagaákvæðum sem tryggja eiga prentfrelsi og tjáningarfrelsi í grannlöndum okkar, en þess verði einnig gætt að taka mið af nýrri tækni í fjölmiðlun þannig að ný lög verði í samræmi við þá tækniþróun sem orðið hefur á sviði fjölmiðlunar.

Ríkisstjórnin geri Alþingi grein fyrir þessari endurskoðun og tillögum sínum í upphafi næsta þings."

Í greinargerð er bent á það að ákvæði gildandi laga, almennra hegningarlaga, um meiðyrði eru löngu úrelt. Um það er í raun og veru full samstaða meðal flestra þeirra sem hafa komið að málum af þessu tagi á undanförnum árum að ég segi ekki áratugum. Hér er þess vegna flutt tillaga um að

a. hraðað verði endurskoðun þeirra ákvæða hegningarlaga sem á einhvern hátt snerta tjáningarfrelsi og geta orðið til þess við óvarlega notkun að hefta málfrelsi,

b. kannað verði hvort setja eigi sérstök lög um prentfrelsi og tjáningarfrelsi til þess að fylla betur út í þann ramma sem stjórnarskráin kveður á um og

c. höfð verði hliðsjón af reynslu grannþjóða okkar í þessum efnum.

Gert er ráð fyrir því að ríkisstjórninni verði falið að vinna að þessum verkefnum og gefa Alþingi skýrslu um gang málsins með haustinu.

Á undanförnum þingum hafa verið flutt fjöldamörg þingmál sem lúta að þessum málaflokki. Þannig flutti hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson ásamt hv. þm. Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur frv. til laga fyrir tveimur árum eða svo um það að fella niður 108. gr. hegningarlaganna en sú grein kveður á um sérstaka æruvernd fyrir opinbera starfsmenn. Þessi grein og dómar á grundvelli hennar urðu m.a. kveikjan að máli því sem kennt er við Þorgeir Þorgeirsson og einnig Hall Magnússon blaðamann og eru til marks um það hvað okkar löggjöf og túlkun okkar dómstóla á henni hefur staðnað og trénað og er langt á eftir sinni samtíð. Um dómana yfir Þorgeiri Þorgeirssyni og Halli Magnússyni hefur síðan verið fjallað annars staðar og m.a. hefur það komið í ljós að á vettvangi Mannréttindadómstólsins segir að niðurstaða Hæstaréttar sé brot á mannréttindaákvæðum þeim sem dómstóllinn á að taka tillit til. Það er með öðrum orðum búið að sanna upp á Íslendinga og íslenska dómstóla í þessu sambandi mannréttindabrot og þess vegna ekki seinna vænna að á þessum málum sé tekið.

Nú hefur það auk þess gerst, hæstv. forseti, að það liggur fyrir Alþingi frv. til laga um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands þar sem gert er ráð fyrir veigamiklum breytingum á mannréttindaköflum stjórnarskrárinnar og m.a. kaflanum um tjáningarfrelsi sem nú er aðeins um prentfrelsi. Það verður að segja eins og er að ég geri ráð fyrir því að allir flm. frv. um mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar standi í þeirri góðu trú að þeir séu að flytja frv. sem að því er þetta varðar sé til bóta og tryggi og treysti frelsi manna til tjáningar, hvort sem það er í ljósvakamiðlum eða prentmiðlum eða hvað sem það nú er.

Nú hefur það hins vegar komið á daginn að Verslunarráð Íslands og Rithöfundasamband Íslands hafa, mér liggur við að segja aldrei þessu vant svo sérkennilegt sem það nú kann að hljóma, náð saman í þessu máli og hafa sent frá sér mjög athyglisverðar ályktanir þar sem talið er að tillaga þingflokksformannanna um þetta mál sé ekki nógu góð, að ég ekki segi beinlínis hættuleg, eins og hún lítur út vegna þess að þar er gert ráð fyrir því að heimilað verði við sérstakar aðstæður að takmarka málfrelsi manna eins og þar er nákvæmlega tilgreint.

Í umræðum um þetta hafa síðan komið fram skipt-

ar skoðanir. Það hafa verið skrifaðar um þetta greinar, m.a. af fjölmörgum virtum lögmönnum, t.d. Ragnari Aðalsteinssyni hæstaréttarlögmanni sem hefur látið mannréttindamál mjög mikið til sín taka. Ég held þess vegna m.a. að það sé óhjákvæmilegt að þessi tillaga sem ég er að tala fyrir verði tekin alvarlega og tekið á henni alveg sérstaklega í þinginu núna í vetur til þess að unnt verði að afgreiða mannréttindakafla stjórnarskrárinnar. Það er alveg augljóst mál að ef ákvæði stjórnarskrárfrv. um prentfrelsi og tjáningarfrelsi færu óbreytt í gegnum um þetta þing án þess að eitthvað annað gerðist mundi það vekja stórkostlega mikil og hörð viðbrögð og andstöðu úti í þjóðfélaginu. Þess vegna held ég að flm. stjórnarskrárfrv. þyrftu að athuga hvort ekki er nauðsynlegt að breyta hegningarlagaákvæðunum um tjáningarfrelsi og málfrelsi til þess að koma til móts við þá gagnrýni sem nú er uppi um ákvæði stjórnarskrárfrv.

Ég tel þess vegna að það hafi verið mjög söguleg yfirlýsing sem hæstv. dómsmrh. gaf hér í morgun um að að *hans mati kæmi til greina* að fella niður hina sérstöku æruvernd opinberra starfsmanna sem gert er ráð fyrir í 108. gr. hegningarlaganna og ég hvet til þess að hv. allshn., sem fær væntanlega þetta mál til meðferðar, fjalli um það alveg sérstaklega um leið og hún skoðar hegningarlögin að öðru leyti sem hún gerir hvort eð er, að fella niður þessa 108. gr. Líka vegna þess, eins og ég orðaði það í morgun í umræðum um annað dagskrármál, að dómsmrn. hefur unnið heimavinnuna sína í þessu máli. Það hefur verið skipuð nefnd. Að vísu skilaði hún nefndaráliti þar sem ekki var nú mikil samstaða, það verður að viðurkenna. Það voru þrenns konar álit sem komu frá þessari nefnd en engu að síður kom það greinilega fram í álitinu að flestir telja það harla vafasamt að láta þessi mál standa algerlega óbreytt áfram.

Þess vegna hvet ég til þess í fyrsta lagi að menn komi til móts við þau sjónarmið sem hér eru uppi og m.a. hafa birst í gagnrýni á frv. þingflokksformannanna með því að fella út 108. gr. Mér liggur við að segja, illræmdu 108. gr. sem er orðin Íslendingum til vansa á alþjóðlegum vettvangi.

Í öðru lagi er það alveg greinilegt að meiðyrðaákvæði hegningarlaganna eru algerlega fráleit. Ég er þá ekki að tala fyrst og fremst út frá þeirri reynslu sem ég hef t.d. af þeim lögum, að vera dæmdur alloft á ýmsum dómstigum fyrir brot á þeim ákvæðum hegningarlaganna, heldur er ég fyrst og fremst að tala um það sem hefur færst í vöxt í seinni tíð, að menn séu að *stefna út af alls konar umfjöllun um sjálfa sig* út og suður og tjakka inn á því tugi þúsunda kr. eða jafnvel hundruð þúsunda í einstökum dómsmálum. Það er náttúrlega alveg ótrúlegt þegar menn hundelta prentfrelsið með þeim hætti sem hefur birst stundum á undanförnum missirum þannig að þeir sem leyfa sér að hafa uppi almenna gagnrýni sem jafnvel eru orðréttar tilvitnanir í skýrslur Ríkisendurskoðunar eru dæmdir í sektir og tilvitnanirnar í skýrslur Ríkisendurskoðunar eru dæmdar dauðar og ómerkar af dómstólum Íslands. Það er auðvitað alveg fráleitt að vera með svona lagaákvæði. Ég hélt að það væri hámarkið sem undirritaður lenti í einu sinni þegar tilvitnun í ljóð eftir Þorstein Erlingsson voru dæmd dauð og ómerk, ekki bara í undirrétti heldur í Hæstarétti í meiðyrðamáli sem var höfðað gegn mér. Það voru ljóðlínur, tilvitnun í frægt kvæði eftir Þorstein Erlingsson um Jörund hundadagakonung sem Hæstiréttur gerði sér lítið fyrir og dæmdi dauðar og ómerkar. En þegar farið er að dæma dautt og ómerkt það sem opinber stofnun eins og Ríkisendurskoðun sendir frá sér og að sekta menn fyrir að segja það utan þessa ræðustóls þá er það skerðing á málfrelsi, tjáningarfrelsi, prentfrelsi í landinu. Það gengur ekki. Mér finnst að við sem hér erum, sem njótum rýmra málfrelsis og tjáningarfrelsis en allir aðrir landsmenn, eigum auðvitað að sjá sóma okkar í að breyta svona lagaákvæðum. Þess vegna er þessi tillaga flutt að hraðað verði þeirri endurskoðun ákvæða hegningarlaganna sem fjallar um meiðyrði.

Svo verður auðvitað að tryggja það, virðulegi forseti, að í endurskoðuninni verði staðið þannig að hlutum að tekið verði mið af nýrri tækni í fjölmiðlun. Við erum auðvitað ekki bara að tala um prentað mál heldur verða menn að skoða þar fleiri þætti og gera sér grein fyrir því að í fjölmiðla- og samskipta- og boðskiptaþróun nútímasamfélags er oft óskaplega erfitt að skrifa niður í lögbókina í einstökum atriðum hlutina t.d. um *það hvernig menn eiga að talast við*. Eru ekki 300 milljónir notenda á Internetkerfinu í heiminum um þessar mundir? Nær íslenska hegningarlöggjöfin yfir Internet? Við erum mörg svo gæfusöm að eiga aðgang að Internetinu, veraldarvefnum, sem er eitt merkasta upplýsingafyrirbrigði sem til er. Talað er um að með sömu þróun verði 1,5 milljarðar manna í heiminum tengdir við þennan veraldarvef með einum eða öðrum hætti árið 2005–2010. Ætlum við þá að vera með ákvæði í hegningarlögum á Íslandi sem taka á þeim málum þannig að einhverjir menn geti stefnt fyrir það sem stendur á veraldarvefnum? Þetta gengur ekki. Við erum stödd hér árið 1995 en ekki 1874 en þá voru þessi ákvæði meira og minna skrifuð og hugsuð. Ég held að við endurskoðun allra þessara lagaákvæða þurfi menn að taka mið af nýrri tækniþróun, byltingu í nýrri tækni og horfa til þess veruleika að eftir því sem samskiptaleiðunum fjölgar, eftir því verða möguleikarnir fyrir stjórnvöld til að banna fólki að tala saman svona en ekki hinseginn minni. Það er auðvitað kosturinn við upplýsinga- og boðskiptabyltinguna í heiminum núna að möguleikar stjórnvalda eða einhverra slíkra aðila til að hlutast til um það sem fólk er að bauka sín á milli verða stöðugt *minni og minni*. Þess vegna segi ég það að ég held að það sé mjög mikilvægt að á þessum málum verði tekið ef menn vilja ekki trénast og staðna enn frekar. Þá er ég að hvetja til þess að það verði ekki bara tekið á því að breyta hegningarlögunum því að hér segir líka að það eigi að setja ný lög um tjáningarfrelsið. Þau eru ekki til. Það eru engin lög til á Íslandi um tjáningarfrelsi. Það eru tiltekin ákvæði til í stjórnarskránni. Þau fjalla um prentfrelsi fyrst og fremst. Síðan eru menn að hugsa um að breyta því núna í frv. þingflokksformannanna en það eru engin

sjálfstæð lög til um tjáningarfrelsi í landinu. Þannig er það t.d. heldur ekki í Danmörku sem er með nákvæmlega sömu lagahefð og við í þessum málum þó að dómstólahefðin þar sé ekki eins rosaleg og hér á landi. Aftur á móti er það þannig í Svíþjóð að þar hafa menn sett nýleg lög um tjáningarfrelsi sem ég tel að væri hægt að hafa til hliðsjónar og þar eru menn m.a. að reyna að skrifa inn í lög frelsi manna til þess að hafa samskipti og boðskipti með margs konar nýrri tækni sem var ekki til þegar lögin voru skrifuð sem við styðjumst við í landinu.

Ég held þess vegna, hæstv. forseti, að það sé þannig að ef við ætlum okkur að afgreiða mannréttindafrv. sem hér liggur fyrir verði að taka líka á þessu máli sem lýtur að tjáningarfrelsinu almennt og þess vegna vona ég að málið verði samþykkt eins og þetta lítur út hér. Þetta er tillaga sem flutt er af þingmönnum úr öllum þingflokkum nema einum og ég hvet til þess að það verði skoðað með mikilli vinsemd.

Ég legg svo til, hæstv. forseti, að tillögunni verði að lokinni þessari umræðu vísað til síðari umr. og hv. allshn.

[12:36]

Geir H. Haarde:

Virðulegi forseti. Hér hefur verið lögð fram þáltill. um endurskoðun laga um tjáningarfrelsi eins og hv. 1. flm. hefur gert grein fyrir. Þetta er út af fyrir sig athyglisverð tillaga sem ég vænti að allshn. taki til gaumgæfilegrar athugunar. Reyndar hygg ég að eitthvað af þeirri endurskoðun, sem hérna er mælt fyrir um, sé nú þegar hafin.

Hins vegar gefur þessi umræða færi á að víkja örlítið að kaflaum eða greininni í frv. til stjórnarskipunarlaga sem hv. flm. þáltill. gerði reyndar einnig að umtalsefni og hefur verið nokkuð í fjölmiðlum að undanförnu. En það er engum blöðum um það að fletta að tjáningarfrelsið er einn hornsteinn lýðræðis í landinu og annars staðar í ríkjum sem kenna sig við lýðræðisskipulag og mjög mikilvægt er að standa vörð ekki bara um prentfrelsi eins og gert er í núgildandi stjórnarskrá, heldur um tjáningarfrelsið í miklu víðtækari merkingu. Það er grundvallaratriði og grundvallarmannréttindi að sjálfsögðu að svo sé gert.

Hins vegar er það að mér virðist útbreiddur misskilningur um þessar mundir að engar skorður séu í dag lagðar á tjáningarfrelsið á Íslandi. Það eru margvíslegar skorður á tjáningarfrelsinu í íslenskum rétti í dag þó að þær séu ekki skrifaðar í núgildandi stjórnarskrá. Menn þurfa ekki annað en fletta upp í Stjórnskipun Íslands eftir Ólaf Jóhannesson til þess að komast að raun um það hvernig það er og það er reyndar á grundvelli þess að slíkar skorður hafa verið taldar heimilar sem ýmis lagaákvæði, sem við erum væntanlega öll sammála um, eru nú í gildi. Það er skerðing á tjáningarfrelsi að banna áfengis- og tóbaksauglýsingar. Samt hygg ég að við séum flest sammála um að rétt sé að banna slíkar auglýsingar. Það er gert af heilbrigðisástæðum, vegna heilsu manna. Læknum til að mynda væri ekki heimilt í nafni tjáningarfrelsis að gefa út á prenti viðkvæmar upplýsingar úr sjúkraskrám sjúklinga sinna. Það er skerðing á tjáningarfrelsi þeirra en það er að sjálfsögðu bannað til þess að vernda rétt og hagsmuni þeirra einstaklinga sem þar gætu átt hlut að máli. Þetta er annað dæmi um skorður sem eru í dag á tjáningarfrelsi.

Það er heldur ekki hægt fyrir mann að taka hugverk annars manns, t.d. ritverk, og birta það sem sitt eigið í nafni tjáningarfrelsis. Við því eru sem betur fer og réttilega settar skorður. En það má alveg halda því fram að það séu skorður á tjáningarfrelsi þess manns sem hafði hugsað sér að fremja slíkt athæfi. Um þetta gilda nú þegar reglur eins og allir vita sem hugsa málið.

Sama er að segja um lög sem gilda og eru ætluð til þess að vernda börn t.d. gegn klámi. Við erum með reglur um kvikmyndaeftirlit. Ekkert okkar vill leyfa hér barnaklám. En auðvitað má halda því fram að með því að hafa í gildi slíkt bann sé verið að setja skorður við tjáningarfrelsi þeirra aðila sem kynnu að vilja sýna slíkt klám. Það er því óhugsað þegar menn halda því fram að engar slíkar skorður séu í dag og í þessu frv. sé verið að setja nýjar skorður sem ekki séu fyrir hendi.

Það má líka nefna landráð og þegar talað er um allsherjarreglu má nefna að auðvitað er bannað að egna til eða hvetja til afbrota. Ég hygg að það væri refsivert gagnvart hegningarlögum að hvetja beinlínis til afbrota. Það er það sem átt er við þegar talað er um að setja skorður í þágu allsherjarreglu en vitanlega er verið að hefta tjáningarfrelsi manna sem langar til þess að hvetja til afbrota í stórum stíl. En þetta segir sig sjálft þegar fólk hugsar þetta mál.

Það sem hefur gerst með tillögunni hér í 11. gr. frv. til stjórnarskipunarlaga frá okkur þingflokksformönnum er það að í stað þess að hafa á reiki hvaða atriði gæti verið um að tefla, í stað þess að hafa eitthvert grátt svæði þarna sem gætu risið deilur um, er þetta tekið skýrt fram í 2. mgr. 11. gr. til þess að ekki þurfi að deila um þessa þætti í framtíðinni. Þetta er í samræmi við það sem til að mynda er að finna í mannréttindasáttmála Evrópu. Þar eru þessi atriði tekin upp raunar fleiri en hérna. Þar er um víðtækar undanþágur að ræða og beinlínis gert ráð fyrir því að í öllum lýðfrjálsum ríkjum geti menn sett svona reglur og skorður. Þetta er því ekkert óeðlilegt og þetta tíðkast að sjálfsögðu í öllum siðuðum þjóðfélögum að menn geti hvorki stolið annarra manna hugverkum í nafni tjáningarfrelsis, hvatt til barnakláms eða afbrota, framið landráð eða eitthvað þaðan af verra. Það er þetta sem málið snýst um. Þess vegna tel ég að ef menn velta málinu fyrir sér sé í raun og veru verið að þrengja skorðurnar sem eru í gildi í dag og útvíkka þar með tjáningarfrelsið og gera það rýmra.

Þá hefur verið sagt af sumum að það sé rétt að bæta inn í þetta að ekki megi setja aðrar skorður við tjáningarfrelsi en þær sem samrýmast í lýðfrjálsu ríki, eða eru eðlilegar í lýðræðislegu ríki, en auðvitað þarf ekki að taka fram að við erum að tala um lýðræðisríkið Ísland, við erum að tala um hið lýðfrjálsa land Ísland. Þessi kafli í stjórnarskránni, VII. kafli stjórnarskrár-

innar, svokallaður mannréttindakafli, er auðvitað ekki sjálfstætt plagg út af fyrir sig. Hann er kafli í allri stjórnarskránni og kaflarnir á undan útlista það nákvæmlega hvernig lýðræðið í landinu virkar og hvernig kosningar fara fram til Alþingis og hvernig Alþingi starfar, með verkaskipingu milli löggjafarvalds, framkvæmdarvalds og dómsvalds sem eru forsendurnar fyrir því að ríki geti talist lýðræðisríki og lýðfrjálst ríki. Þess vegna þarf ekki að taka það fram í þessari grein að þetta eigi bara við um lýðfrjálst ríki vegna þess að það kemur fram í stjórnarskránni sjálfri að Ísland er þannig ríki og það vitum við auðvitað. Þess vegna erum við að tala um þetta þar sem við höfum frelsi til þess í okkar lýðræðisríki. En þó að þessi tilvísun til lýðfrjálsra ríkja eigi heima í mannréttindasáttmála Evrópu er rétt að hafa það í huga að mannréttindasáttmálinn er í og með handbók og leiðarvísir fyrir ríki sem búa ekki við slíkt skipulag og eru ekki lýðfrjáls ríki heldur þurfa á því að halda að sérstaklega sé beint til þeirra leiðbeiningum um það hvernig hlutum skuli fyrir komið í lýðfrjálsum ríkjum.

Ég vildi nota tækifærið og koma þessu á framfæri, virðulegi forseti, í tilefni af því sem hv. þm. Svavar Gestsson sagði hér og í tilefni af þeirri tillögu sem hann hefur flutt um þessi atriði. Ég held að við hljótum að vera sammála um að þær skorður sem ég hef t.d. rakið séu eðlilegar og óhjákvæmilegar í samfélagi okkar. Ella verða menn að svara þeirri spurningu hvort þeir vilja leyfa t.d. ótakmarkað barnaklám, ótakmarkaðar áfengis- og tóbaksauglýsingar, ótakmarkaðan hugverkaþjófnað í nafni tjáningarfrelsis og ótakmarkaðan yfirgang gagnvart réttindum annarra og mannorði ef því er að skipta og það viljum við að sjálfsögðu ekki.

Út af öðru atriði sem hv. þm. nefndi, þ.e. 108. gr. almennu hegningarlaganna sem hann vék máli sínu að og hefur oft nefnt, m.a. þegar 1. umr. fór fram um frv. þingflokksformannanna, verð ég að segja það sama og hæstv. dómsmrh. að ég sé ekki að nein sérstök þörf sé á því að vernda opinbera embættismenn sérstaklega umfram aðra eins og sú grein gerir ráð fyrir.

[12:45]

Kristín Einarsdóttir:

Frú forseti. Ég þarf ekki að taka fram að ég styð þessa tillögu þar sem ég er einn flm. Ég vil ekki láta hjá líða að koma hér og ræða aðeins almennt um tjáningarfrelsið því að það er auðvitað eins og aðrir hafa bent á og ég held að við hljótum að vera öll sammála um grundvallaratriði í lýðræðisþjóðfélagi eins og við viljum lifa í. Hins vegar hefur sýnt sig eins og m.a. er rakið í greinargerðinni með þessu frv. í fskj. og hefur reyndar margoft komið fram að þá hefur verið misbrestur á þessu. Það er auðvitað ómögulegt að við skulum búa við það að hægt sé að túlka íslensk lög með þeim hætti sem dómstólar hafa gert varðandi tjáningarfrelsi.

Hv. þm. Svavar Gestsson talaði um það að dómstólar hefðu framið mannréttindabrot. Ég held að erfitt sé að halda því fram og frekar sé hægt að segja heldur að löggjöfin sé bara ekki nógu skýr í þessum efnum þannig að dómstólar skuli geta túlkað lög með þeim hætti sem hingað til hefur verið gert. Dæmin sanna að það þarf að fara fram endurskoðun á löggjöfinni í heild og ákvæðum hegningarlaganna varðandi þetta mál.

Hv. 8. þm. Reykv. Geir H. Haarde rakti ýmis atriði varðandi tjáningarfrelsið sem eru settar skorður nú þegar. Ég held að við verðum að gera okkur grein fyrir því að sú gagnrýni sem hefur komið fram á það ákvæði sem þingflokksformenn settu fram sem tillögu varðandi stjórnarskrána verði að skoðast í ljósi núgildandi ákvæða eða ákvæða sem við teljum mjög mikilvægt að séu í íslenskri löggjöf. Ég get tekið að því leyti til undir allt sem hv. þm. Geir H. Haarde sagði áðan, við hljótum að sameinast um það. Ef það ákvæði sem er í frv. til stjórnarskipunarlaga sem hefur verið til umræðu hér um breytingar á mannréttindakafla stjórnarskrárinnar er hægt að túlka þannig að það sé breyting í þessa átt verður auðvitað að reyna að finna eitthvert orðalag sem er skýrt. En ég þori að fullyrða, og þá vil ég gera það hér fyrir hönd þingflokks Kvennalistans sem stendur að því frv. og hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir er flm. að, það er alls ekki meiningin að þrengja ákvæði sem er í gildandi lögum um tjáningarfrelsi. Ég get sagt það fyrir hönd allra sem eru í þeirri nefnd sem fjallar um þetta mál að það er alls ekki meiningin. Hins vegar vil ég einmitt vara við því að ákvæðið sé svo opið að það megi t.d. túlka það eins og þau atriði sem hér hafa verið nefnd. Ég vil minna á það af því að hér var aðeins talað um að hafa Sviþjóð til fyrirmyndar að þar hafa ákvæði um tjáningarfrelsið verið túlkuð þannig að ekki sé hægt að banna dreifingu t.d. á barnaklámi. Þeir hafa lent í vandræðum vegna þess að þar hefur verið höfðað til ákvæðis stjórnarskrárinnar um tjáningarfrelsi. Ég vara því mjög við því að við túlkum ekki þau ákvæði það rúmt þó við viljum gjarnan tryggja og rýmka tjáningarfrelsið og breyta þessum ákvæðum sem hafa gilt í íslenskri löggjöf þá erum við alls ekki að tala um að við viljum heimila slíkt. Við þurfum því að finna annaðhvort orðalag eða skýringu á því við hvað er átt ef hægt er að misskilja það sem fram kemur varðandi stjórnarskrána, þ.e. þau ákvæði sem verið er að leggja til þar. Það held ég að við hljótum öll að vera sammála um og eigum frekar að einbeita okkur að því að finna leið út úr því í staðinn fyrir að vera að halda það að fólk sé að meina eitthvað annað en það hefur meint varðandi það atriði. Ég vil taka undir það um 108. gr. hegningarlaga að alger óþarfi er að vera með slíkt ákvæði inni í lögum og tel að við eigum að fella það burtu.

Ég vil síðan leggja áherslu á það að endurskoðun laga um tjáningarfrelsi verði hraðað og það er mjög gott ef hægt væri að gera það samhliða endurskoðun á stjórnarskránni. En þó vil ég að mannréttindakafli stjórnarskrárinnar verði samþykktur. Ég vil ekki að þetta tefji það vegna þess að tekið er fram í tillögunni að í upphafi næsta þings eigi að leggja fram tillögu. Ég tel að það geti verið mjög ásættanlegt að ef ekki næst að endurskoða þetta núna fyrir lok þessa þings, sem ég óttast, að það verði þá a.m.k. ekki til þess að hefta það að við getum gert breytingu á stjórnarskránni ef við

náum saman um þær breytingar sem eru til góðs að því er varðar mannréttindakaflann. Þetta vildi ég nú segja af tilefni þessarar tillögu og endurtek að ég vona að við náum saman varðandi mannréttindakafla stjórnarskrárinnar og vinnum að því með jákvæðu hugarfari en förum ekki að ímynda okkur að einhver annarleg sjónarmið liggi að baki þeim breytingum eins og t.d. að það hafi verið meiningin að hefta tjáningarfrelsi. Ég held að það sé af og frá að nokkur hafi haft það í huga.

[12:51]

Flm. (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka fyrir þær umræður sem hér hafa farið fram og tel út af fyrir sig að þær séu til marks um að þingmenn séu jákvæðir gagnvart þessari tillögu sem hér er flutt.

Það sem aðallega hefur verið rætt er mannréttindakafli stjórnarskrárinnar og ég tel að það sé mjög mikilvægt sem fram kom í máli hv. tveggja síðustu ræðumanna, 10. þm. Reykv. og 8. þm. Reykv., um það mál. Ég vil í fyrsta lagi segja að umræðan um þetta mál er jákvæð. Ég tel að það sé gott að þingflokksformennirnir fluttu frv. og það er gott að aðilar í þjóðfélaginu hafa tekið við sér og sent athugasemdir. Það er náttúrlega hið sanna gagnvirka lýðræði að menn skiptist á rökum og gagnrökum. Ég tel að það eigi þess vegna að hlusta á þær raddir sem komið hafa bæði frá Verslunarráðinu og frá Rithöfundasambandinu og velta því fyrir sér hvernig hægt er að koma til móts við þau sjónarmið sem þar eru uppi. En líka við þær raddir sem hafa komið frá Amnesty International um mannréttindaákvæði stjórnarskrárfrv. en þar segja menn t.d. að það vanti mjög mikið á að frv. sé í lagi satt best að segja. Það er eitt atriði líka sem hefur vakið mikla athygli í sambandi við þetta frv. þingflokksformannanna og það snertir svokallað Þorgeirs-mál sem ég nefndi hér áðan og ég held þess vegna að eigi að skoða það í tengslum við þá afgreiðslu sem fram undan er á stjórnarskrármálinu og hegningarlagafrv. sem er inn í allshn. og á þessari tillögu. Ég sé það þá þannig fyrir mér að það mætti hugsa sér að tjáningarfrelsisþáttur málsins yrði afgreiddur með fjórum efnisatriðum. Þá er ég bæði að hugsa um stjórnarskrárfrv. og líka um 108. gr. hegningarlaganna.

Það er í fyrsta lagi að ég held að það sé óhjákvæmilegt að það komi fram í stjórnarskránni að efnaleysi fólks megi ekki skerða möguleika þess á að nýta sér tjáningarfrelsi. Ég held að það sé alveg nauðsynlegt að taka það fram m.a. með hliðsjón af fenginni reynslu og hliðsjón af því að ég er viss um að það er í raun og veru andi stjórnarskrárfrv. að öðru leyti. Hvernig á að koma orðum að því í greininni sjálfri skal ég ekki um segja en ég held að það væri mjög æskilegt að þetta kæmi beinlínis inn í greinina í stjórnarskránni eða þær skýringar fylgdu frá Alþingi að þannig ætti að líta á málið.

Í öðru lagi finnst mér mikilvægt að það komi fram í sambandi við stjórnarskrárfrv. og þessi mál og tjáningarfrelsið að við leggjum ekki að jöfnu illgjörn meiðyrði og særandi sannleiksorð eins og það hefur verið orðað. Ég held að það sé mjög mikilvægt að menn geri greinarmun á þessu tvennu við meðferð mála og mér finnst að helsti skorturinn við umfjöllun um þessi mál af hálfu okkar að undanförnu sé sá að okkur hefur ekki tekist að orða muninn á þessu með nægilega málefnalegum og sannfærandi hætti en á þessu er auðvitað mikill munur. Hvort um er að ræða það sem kallað hefur verið særandi sannleiksorð annars vegar eða illgjörn meiðyrði hins vegar. Á þessu er verulegur munur. Hann er hins vegar ekki „objektívur" heldur „subjektívur", huglægur, og það er erfitt að færa svona hluti í orð. Ég held að það væri sem sagt mjög mikilvægt að þessi tvö atriði varðandi tjáningarfrelsið yrðu skoðuð betur í sambandi við stjórnarskrárfrv. sem slíkt.

Í þriðja lagi tel ég að það væri líka mjög mikilvægt vegna þeirrar umræðu sem nú hefur farið fram um þessi mál úti í þjóðfélaginu að þessi tillaga sem hér liggur fyrir eða efni hennar með einhverjum hætti verði afgreitt á þessu þingi. Þá er ég ekki að tala um að málinu verði lokið á þessu þingi heldur að það verði unnið í málinu í framhaldi af ákvörðun sem yrði tekin á þessu þingi um leið og stjórnarskrárfrv. yrði afgreitt og það lagað.

Ég tel sem sagt að það sé ástæða til að undirstrika það að við sameinumst um að lýsa vilja Alþingis til þess að opna tjáningarfrelsið, styrkja aðgang þjóðarinnar að tjáningarfrelsinu, það er það sem við viljum. En við viljum auðvitað skapa möguleika til þess í þágu almannahagsmuna, t.d. í heilbrigðismálum eins og þeirra sem hér voru nefndir áðan af hv. 8. þm. Reykv., að það verði hægt að koma við vissum takmörkunum á þeim grundvelli.

Í fjórða lagi þá teldi ég að það væri mikilvægt spor í þessari umræðu um tjáningarfrelsi og mannréttindi að fella burtu 108. gr. sem ég held að allir séu að verða sammála um. Á þessum grunni ímynda ég mér að það væri hægt að ná tiltölulega víðri sátt um tjáningarfrelsisþátt stjórnarskrárfrv. sem er langstærsta málið sem við erum með hér til meðferðar. Segjum að við afgreiðum stjórnarskrárfrv. óbreytt. Það má ekki gerast eftir þá umræðu sem farið hefur fram. Það verður eitthvað að koma þarna til viðbótar. Og það t.d. að við erum með þetta stjórnarskrárfrv. annars vegar og hins vegar dóminn vegna Þorgeirs Þorgeirssonar og einnig mál Halls Magnússonar og létum þannig eins og við vissum ekkert af því að þessir dómar væru til, það gengur ekki. Við verðum að taka tillit til þess að þarna hefur fengist alveg tiltekin niðurstaða í máli Þorgeirs Þorgeirssonar og Halls Magnússonar, við viljum taka á því máli og við verðum að taka á því máli. Þess vegna held ég að þær umræður um þá tillögu sem hér hafa farið fram séu jákvæðar og ég hvet þess vegna Alþingi til þess að afgreiða tillöguna og efni hennar með jákvæðum hætti.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 12:58]

Umræður utan dagskrár.

Forkaupsréttarákvæði fiskveiðistjórnarlaga.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Eins og áður hafði verið tilkynnt hefst nú umræða utan dagskrár sem standa mun í hálfa klukkustund. Það er hv. 5. þm. Suðurl., Guðni Ágústsson, sem farið hefur fram á umræðuna og það er hæstv. sjútvrh. sem verður fyrir svörum. Efni umræðunnar er forkaupsréttarákvæði fiskveiðistjórnarlaga.

Eins og hv. þm. er kunnugt hefur málshefjandi leyfi til að tala í fimm mínútur og síðan aftur í tvær og sama gildir um þann ráðherra sem fyrir svörum verður. Aðrir hv. þm. og ráðherrar hafa tvisvar sinnum tvær mínútur.

[13:32]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Lög eru meira en orð á blaði, þau eiga sér anda og hugsun og á bak við þau stendur vilji Alþingis og krafa að eftir þeim sé farið, þess vegna eru þau sett.

Í 11. gr. laganna um stjórn fiskveiða segir, með leyfi forseta:

„Eigi að selja fiskiskip, sem leyfi hefur til veiða í atvinnuskyni, til útgerðar sem heimilisfesti hefur í öðru sveitarfélagi en seljandi á sveitarstjórn í sveitarfélagi seljanda forkaupsrétt að skipinu. Forkaupsréttur skal boðinn skriflega þeirri sveitarstjórn sem hlut á að máli og söluverð og aðrir skilmálar tilgreindir á tæmandi hátt. Sveitarstjórn skal svara forkaupsréttartilboði skriflega innan fjögurra vikna frá því henni berst tilboð og fellur forkaupsréttur niður í það sinn sé tilboði ekki svarað innan þess frests.

Neyti sveitarstjórn forkaupsréttar skv. 3. mgr. þessarar greinar skal hún þegar gefa útgerðaraðilum, sem heimilisfesti eiga í sveitarfélaginu, kost á að kaupa skipið og skal opinberlega leita tilboða í það.

Sé skipi ráðstafað andstætt ákvæðum þessarar greinar um forkaupsrétt getur forkaupsréttarhafi krafist þess að salan verði ógild enda sé málsókn hafin innan sex mánaða frá því að hann fékk vitneskju um söluna. Forkaupsréttur gildir ekki sé skip selt á opinberu uppboði."

Við setningu laganna fyrir u.þ.b. fimm árum síðan er þetta ákvæði var tekið inn sagði hv. þm. Stefán Guðmundsson, sem var 1. frsm. 1. minni hluta, með leyfi forseta:

„Lagt er til að 11. gr. verði breytt þannig að sveitarstjórnum verði veittur forkaupsréttur við sölu fiskiskips úr byggðarlagi. Þetta komi í stað ákvæða um tilkynningarskyldu í 11. gr. frv. Með þessu ákvæði er betur tryggt að heimaaðilum gefist svigrúm til að ganga inn í kaup og er þetta í samræmi við tillögur síðasta fiskiþings."

Nú er það ljóst, hæstv. forseti, að þegar eru nokkur dæmi um það að þetta ákvæði laganna hefur verið sniðgengið. Menn hafa fundið sér smugur eða búið sér til leiðir til að komast fram hjá þessu ákvæði. Nýjasta dæmið, hæstv. sjútvrh., er í Vestmannaeyjum þegar Sigurborgin siglir þaðan til Hvammstanga með 600 þorskígildi án þess að heimamönnum gefist svigrúm til að nýta sér þennan rétt laganna. Þar gerist það, hæstv. sjútvrh., að fyrirtæki, Vonin hf., er stofnað á Strandvegi 80, sem er sennilega lítið herbergi í verbúð, jafnvel klósett í verbúðinni, þar er stofnað fyrirtæki sem heitir Vonin og að því standa Meleyri hf. á Hvammstanga, Kaupfélag Vestur-Húnvetninga og Hvammstangahreppur. Nú geri ég engan ágreining við Hvammstangamenn í þessu efni. Þeir eru kannski að gera eins og hundruð annarra að fara fram hjá lögunum og búa sér til smugur.

En ég er þeirrar skoðunar og vil því spyrja hæstv. sjútvrh. af þessu tilefni: Hefur hæstv. sjútvrh. áhyggjur af þessari þróun? Sættir hæstv. sjútvrh. sig við að lögin séu sniðgengin með þessum hætti og eins og gert hefur verið í fleiri tilfellum? Hvernig hyggst hæstv. sjútvrh. bregðast við? Telur hann að það þurfi að endurskoða lögin eða gera beri skýra kröfu á veðhafa og í mörgum tilfellum opinbera sjóði að þeir krefjist þess að selt skip fari í gegnum forkaupsréttarákvæði fiskveiðistjórnarlaganna? Að þessu vil ég spyrja ráðherrann. Það er nú svo, hv. þm., að það á enn við sem sagt var: Ef við slítum í sundur lögin þá munum við og slíta í sundur friðinn í landinu. Lögin eru til þess að fara eftir þeim og þau þurfa að vera skýr og almenn. Þess vegna er hér hætta á ferðum eins og ég hef bent á í máli mínu að það er farið að sniðganga einhver viðkvæmustu lög þessa lands og það kallar á ófrið milli manna og byggðarlaga.

[13:37]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Þegar meta á hvort andi tiltekinna laga hafi verið sniðgenginn er mikilvægt að menn geri sér grein fyrir því hvað var ætlan löggjafans þegar málið var samþykkt.

Eins og fram kom hjá hv. fyrirspyrjanda var það ætlan þáv. sjútvrh., hv. þm. Halldórs Ásgrímssonar, þegar hann flutti þetta mál inn á Alþingi að ekki væri um að ræða forkaupsréttarákvæði sveitarfélaga heldur einvörðungu tilkynningarskylda og hann sagði svo í athugasemdum þar um: „Með slíkri tilkynningaskyldu eru ekki að öðru leyti lagðar neinar beinar kvaðir varðandi sölu skips á þá útgerð sem hyggst selja. Í reynd er þó næsta víst að tilkynningarskyldan muni verða nokkur hemill á sölu skipa milli byggðarlaga og þar með komið til móts við sjónarmið um aukin tengsl skipa við byggðarlög án þess að kostum markaðshagkerfis sé fórnað á altari miðstýringar."

Hv. þm. Stefán Guðmundsson beitti sér fyrir því í sjútvn. efri deildar að þessu ákvæði var breytt þannig að lögfest var ákvæði um forkaupsrétt þegar skip eru seld. Lagaákvæðið er skýrt í þeim efnum og ég hygg að hv. þm. hafi gert rétt í því að breyta ákvæðinu að þessu leyti. En hér er hvergi vikið að því að takmarka stofnun eða sölu hlutafélaga né viðskipti með hlutabréf. Það skýrist m.a. af svofelldum ummælum þáv. sjútvrh., hv. núv. 1. þm. Austurl., þar sem hann skýrir þessi ákvæði í framsöguræðu með frv.:

„Ég tel miklu skipta að menn takist á við þennan

vanda af raunsæi. Sumir vilja bregðast við með því að hefta framsal aflaheimilda verulega og binda þær við tiltekin byggðarlög með ýmsum hætti. Hætt er við að með því væri öll þróun og framvinda stöðvuð og hagkvæmni aflamarkskerfisins að engu gerð."

M.a. út á þessi viðhorf hv. þm. Halldórs Ásgrímssonar sem einkenna svo þær lagagreinar sem hér er verið að fjalla um þá hefur til að mynda byggðarlagi eins og Vestmannaeyjum tekist að auka aflahlutdeild sína verulega. Hún var um 8,5% þegar kvótakerfið tók gildi en er nú 10,7% þannig að aflahlutdeild Vestmanneyinga er 20% meiri vegna þess að Alþingi tryggði þennan framsalsrétt fyrir forgöngu hv. þm. Halldórs Ásgrímssonar og hv. þm. Stefáns Guðmundssonar, sem ég hygg að hafi verið vel ráðið og a.m.k. er það svo að staða Vestmanneyinga er að þessu leyti betri vegna þessara ákvæða og vegna þess að þeir höfðu skilning á þessari stöðu.

Nú er það auðvitað spurning eins og hér kom fram hjá hv. þm. hvort útfæra eigi forkaupsréttarákvæðin þannig að þau taki einnig til annarra lagasviða eins og hlutafélagalöggjafarinnar að forkaupsréttur sveitarfélaga sé með einhverjum hætti tryggður við stofnun hlutafélaga eða sölu þeirra eða viðskipti með hlutabréf. Ég er fyrir mitt leyti alveg tilbúinn til þess að eiga viðræður um þau efni bæði við hæstv. viðskrh., sem ber stjórnskipulega ábyrgð á þeirri löggjöf, og eins við hv. formann efh.- og viðskn. þingsins og kanna hug þeirra í þessu efni, ég vil ekki útiloka neitt fyrir fram þar um og væri tilbúinn að taka þátt í umfjöllun til að mynda með þessum forustumönnum hér í þinginu um það efni, en við verðum að átta okkur á því að þegar hér er komið sögu málsins erum við komin inn á annað lagasvið, þ.e. þá löggjöf sem fjallar um stofnun hlutafélaga og meðferð hlutabréfa. En auðvitað snertir sú löggjöf starfsemi sjávarútvegsfyrirtækjanna í landinu í mjög ríkum mæli.

[13:42]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég verð að segja að það er vonum seinna að ýmsir eiginleikar og afleiðingar kvótakerfisins renni upp fyrir þeim framsóknarmönnum, hv. málshefjanda Guðna Ágústssyni og fleiri. Staðreyndin er sú að frjálst framsal aflaheimilda felur í sér það ástand, þær hættur og það öryggisleysi fyrir byggðarlögin sem hér er tilefni til umræðna. Það er ósköp einfaldlega þannig að það er ekki bæði hægt að sleppa og halda. Það er ekki bæði hægt að segja: Við ætlum að auka hagræðingu í sjávarútvegi með frjálsu framsali aflaheimilda og tilfærslu þeirra á milli aðila en hins vegar stoppa svo þann tilflutning af með einhverri girðingu. Menn verða að gera þessa hluti upp við sig og ekki síst þeir sem hafa stutt þetta kerfi í bráðum 12 ár eins og framsóknarmenn hafa gert.

Ég hef alltaf haldið því fram að forkaupsréttur væri afar takmörkuð lausn í þessum efnum, af tvennum ástæðum sérstaklega. Annars vegar vegna þess að það mundi reynast auðvelt að fara í kringum hann eins og dæmin sanna og hins vegar vegna þess að þau sveitarfélög sem mest þurfa á því að halda að halda veiðiheimildum í sínum heimabyggðum eru yfirleitt orðin svo illa sett að þau geta það ekki og það hefur reynslan líka sýnt. Dæmin af Patreksfirði, Bíldudal, Bolungarvík og víðar sanna það. Hitt er svo annað mál að ef Alþingi setur reglur þá eiga þær ekki að vera þannig gatasigti að það sé hægt að fara í gegnum þær og ef forkaupsréttur er við lýði á annað borð þá á hann að vera fortakslaus og taka jafnframt til skipa sem veiðiheimilda og það á ekki að vera hægt að fara fram hjá honum með þessum hætti ef það er vilji Alþingis að hafa þessi réttindi í höndum heimabyggðanna að tryggja veiðiheimildirnar hjá sér. Að lokum vekur þetta auðvitað ekki síst athygli á því að það er þörf á því að endurskoða lögin um stjórn fiskveiða og ég minni í því sambandi á frv. okkar alþýðubandalagsmanna sem liggur fyrir þinginu um það efni.

[13:44]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Mér finnst þetta nú vera stormur í vatnsglasi hjá hv. 2. þm. Suðurl. Sigurborgin, eign Sæhamars í Vestmannaeyjum, var til sölu í meira en hálft ár í Vestmannaeyjum og enginn vildi kaupa. Það var stofnað hlutafélag sem er með heimilisfesti í Vestmannaeyjum og greiðir sín gjöld þar til að kaupa þetta skip og þetta var alveg fullkomlega löglegt. Þjóðhagslega er hagkvæmara að afli verði unninn á Hvammstanga heldur en settur í gám í Vestmannaeyjum og fluttur þaðan út. Vestmanneyingar hafa líka keypt skip á kvóta frá Hvammstanga. Hvammstangi er reyndar búinn að missa 80% af sínum kvóta. Vestmanneyingarnar settu að vísu hlutafélagið á hausinn og það er svo önnur saga. Mér finnst það vera allt í lagi þó að Hvammstangabúar reyni að bjarga sér og stofna fyrirtæki annars staðar. Ég sé ekkert á móti því. Og ég tel að Vestmanneyingum sé ekkert betra að eiga skipin bundin í Vestmannaeyjum heldur en koma þeim í verð sem seljendur eru sæmilega ánægðir með. Ég tel að það sé ekki skynsamlegt eða hagkvæmt að vera að setja átthagafjötra á skip og gera þau með því verðlaus. (**Gripið fram í:** Það voru lögin.) Lögin heimila þetta.

(**Forseti** (GHelg)**:** Má ég biðja hv. þm. að nýta sér ræðustól ef þeir hafa eitthvað fram að færa.)

[13:46]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er nokkuð sérkennilegt að hlusta á framsóknarmanninn hv. þm. Guðna Ágústsson koma og deila á þessi fiskveiðistjórnunarlög sem samin eru að tilhlutan Framsfl. og vantar nú hér hv. þm. Halldór Ásgrímsson sem er formaður Framsfl. og höfundur þessara laga. (Gripið fram í.) Ég vil bara benda á það ósamræmi sem er í málflutningi hv. þm. (**GÁ:** Opnaðu eyrun.) Menn eru sífellt að versla með óveiddan fisk og það er einmitt það sem við höfum líka deilt á í sambandi við þessi kvótalög. Það er sífellt verið að versla með óveiddan fisk í hagræðingarsjónarmiði. Það er ekkert tillit tekið til byggðasjónarmiða og það er það sem þarf að gerast. Það er það sem Guðni Ágústsson er að segja núna að eigi að gera, það

eigi að taka tillit til byggðasjónarmiða en hann hefur bara aldrei stutt það fyrr. Og þess vegna þarf hann að standa að því að beita sér fyrir að þessum lögum verði breytt og þau verði endurskoðuð með það að markmiði að eitthvað af kvótanum sé einhvern tíma til ráðstöfunar hjá byggðarlögunum.

[13:47]

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Því miður er nú þetta umræða í styttra laginu og því ekki hægt að fara eins ítarlega yfir þetta mál eins og ástæða hefði verið til. Ég vil þó aðeins segja örfá orð í þessu sambandi og víkja fyrst að því sem hv. þm. Guðni Ágústsson vék að í máli sínu þar sem hann hafði orð á því að ég hefði beitt mér fyrir því við þessa lagasetningu að heimild væri gefin til þess að opna fyrir leiðir til þess að tryggja forkaupsrétt heimamanna á skip. Það er rétt, þetta gerði ég, enda staðfesti hæstv. núv. sjútvrh. það.

Gallinn í málinu sem hér er til umræðu og ef við viljum einangra okkur við það mál eitt og sér sem átti sér stað í Vestmannaeyjum var sá að það er rétt eins og hér hefur komið fram að þetta skip hefur verið til sölu í marga mánuði. Frá því í sumar hefur þetta skip verið til sölu og heimamenn hafa ekki nýtt sér þann forkaupsrétt sem þá var. Það var líka heimamaður að selja skipið frá Vestmannaeyjum. Þetta hlýtur að vera umhugsunarefni. Mér finnst það mjög miður að menn skuli ætla að fara að efna hér til einhvers ófriðar á milli manna og byggðarlaga eða útgerðarfyrirtækja. Ég held að það sé engum greiði gerður með því og ég held að lögin sem slík hafi ekki verið brotin. (**Gripið fram í:** Andi laganna.)

Ég skal einnig segja frá því hér vegna þess að hér er vikið að litlu byggðarlagi norður í landi sem er Hvammstangi: Á þremur árum hefur þetta litla sveitarfélag Hvammstangi misst frá sér eða orðið að selja frá sér hvorki meira né minna en fimm skip með aflaheimildum þannig að það þarf enginn að vera hissa á því þó að það hrikti í á þessum stöðum. En það er mikil einföldun hjá mönnum sem tala yfirleitt um sjávarútvegsmál þegar menn afgreiða það á einn hátt að það sé allt kvótanum að kenna. Það er mikil einföldun á staðreyndum.

[13:50]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Jú, það er einmitt kvótanum að kenna og það er nákvæmlega upphaf málsins að það er verið að færa veiðiheimildir milli byggðarlaga en ekki skip. Það hefði ekki verið neitt vandamál að sjá til þess að forkaupsréttur á skipum yrði virtur. En vandamálið er það að menn tengja þetta kvótanum og það er verið að flytja veiðiheimildirnar á milli byggðarlaganna. Auðvitað er þetta kerfi allt saman á sömu bókina lært að það er verið að taka lífsbjörgina frá þeim byggðarlögum sem eru til vegna fiskimiðanna sem eru í nágrenni þeirra og hafa byggst upp í gegnum tíðina vegna þessara fiskimiða. Svo koma menn allt í einu með kerfi þar sem er hægt að kaupa þessi réttindi fram og til baka um landið og þannig er komið aftan að fólkinu sem hefur byggt upp sína lífsafkomu, hús og eignir á þessum stöðum sem eru til vegna byggðarlaganna. Og hér erum við auðvitað að tala um þetta grunnvandamál sem fylgir kvótakerfinu. (Gripið fram í.) Það þýðir ekkert fyrir hv. þm. Stefán Guðmundsson sem samdi þetta lagaákvæði sem hér er verið að vitna í síðan að koma á eftir og segja að af því að þeir hafi verið svo seinir á sér í Vestmannaeyjum, þá hafi mátt vel skilja þetta. (**StG:** Hvernig var þetta áður en kvótalögin komu, voru ekki seld skip?)

(**Forseti** (GHelg): Forseti hlýtur að biðja þingmenn um að leyfa ræðumanni að halda áfram máli sínu.)

Hæstv. forseti. Mér er ánægja að svara því. Auðvitað voru skip seld áður. Skipin voru notuð til að veiða fisk. En núna er jafnvel verið að kaupa kvóta á milli byggðarlaga sem aldrei er veiddur í þeim byggðarlögum heldur eru menn látnir veiða þennan kvóta annars staðar og það er allt annað en áður var. Þetta eru hlutir, hæstv. forseti, sem Alþingi þarf að skammast sín fyrir að hafa komið á og það þarf að taka þessi lög til endurskoðunar og breyta þeim í grundvallaratriðum þannig að byggðirnar allt í kringum landið sem eru til vegna fiskimiðanna fái að njóta þess sem þær eru grundvallaðar á. Þetta kerfi hefur kollvarpað því sem fólkið byggir afkomu sína á og þetta er bara einn atburður af mörgum sem við höfum horft upp á í langan tíma sem er að gerast núna.

[13:52]

Ragnar Óskarsson:

Hæstv. forseti. Það er vissulega full þörf á því að taka mál sem þetta hér upp á Alþingi. Málið er mér enn ein sönnun þess að lög um fiskveiðistjórnun eru meingölluð. Í því dæmi sem hér um ræðir kemur nefnilega í ljós að með hálfgildings brögðum er auðvelt að fara fram hjá forkaupsrétti sveitarfélaganna á fiskiskipum sem til stendur að selja úr einu byggðarlagi í annað. Þannig er komið í veg fyrir að sveitarstjórn geti stuðlað að atvinnuöryggi í sínu sveitarfélagi.

En málið er auðvitað miklu stærra. Málið snýst um núverandi kvótakerfi í heild sinni. Kvótakerfi sem tekið var upp fyrir svo sem 10 árum, átti að tryggja hvort tveggja í senn að unnt væri að byggja upp fiskstofnana og stuðla að hagræðingu í sjávarútvegi. Nú blasir hins vegar við að þessi markmið hafa mistekist í mörgum meginatriðum. Ýmsir alvarlegir ókostir kerfisins hafa á þessum 10 árum einnig komið í ljós og eru þeir ekki til að auka trú á kvótakerfið í heild sinni. Frjáls sala aflaheimilda hefur t.d. haft það í för með sér að óveiddur fiskur er nú talinn eign sífellt færri og stærri útgerðarmanna. Auðlindin færist þannig á sífellt færri hendur.

Sala aflaheimilda hefur einnig leitt til þess að sjómenn hafa verið neyddir til þess að taka þátt í kvótabraskinu svonefnda. Þá hefur kvótakerfið illu heilli leitt til þeirrar freistingar að smáfiski er hent í sjóinn. Það eitt og út af fyrir sig er afar alvarlegt mál sem án efa hefur mun neikvæðari áhrif á uppbyggingu fiskstofnanna en hingað til hefur verið talið. Svona mætti áfram telja. Þess vegna er það enginn efi í mínum huga að kvótakerfið í núverandi mynd er algerlega ónothæft. Það nær ekki meginmarkmiðum sínum, það er órétt-

látt og því lengur sem það er við lýði, þeim mun meira verður óréttlætið. Það nægir ekki að lagfæra einn og einn þátt þess heldur verður að byggja upp frá grunni og læra af mistökunum. Það er brýn nauðsyn á að hverfa frá núverandi kvótakerfi og taka upp stjórn fiskveiða með öðrum hætti en nú tíðkast. Því fyrr sem þetta er gert, því betra.

[13:55]

Árni Johnsen:

Virðulegi forseti. Það er ágætismál sem er tekið hér til umræðu utan dagskrár hjá hv. þm. Guðna Ágústssyni þótt heldur halli nú að því að það sé orðið að „búmerangmáli" fyrir hv. þm. því að það skaut dálítið skökku við á fundi í Vestmannaeyjum fyrir skömmu þegar hv. þm. ásamt hv. þm. Halldóri Ásgrímssyni lýsti því yfir á fundi með Eyjamönnum að menn væru að fara í kringum kerfið. En það var einmitt sá sem mælti það sem hafði sett kerfið á og þeir félagar báðir. Þess vegna er það svolítið ofgert í sakleysi að koma fram með þessum hætti sem hv. þm. Guðni Ágústsson gerir hér.

Það er auðvitað rétt að það er misræmi í setningu laganna þannig að menn geta, ef menn kalla það svo, spilað á kerfið. Hér er nefnt dæmi um Sigurborgu úr Vestmannaeyjum. Það er engin launung á því að Vestmanneyingar hafa bæði keypt og selt samkvæmt þessu kerfi og hegðað sér samkvæmt því sem kerfið býður upp á. Það þurfa menn að gera ef þeir ætla að halda velli í þessum slag þannig að þetta er ekki á eina bókina lært. Það er líka sagt hér að Vestmanneyingar hafi aukið kvóta sinn um 25% og það er rétt og er ekkert óeðlilegt með stærstu verstöð landsins. En það er hins vegar óeðlilegt að miða í sjálfu sér þá umræðu við kvótaárin sjálf. Það er miklu nær að taka síðustu 30 ár og kanna hvert aflahlutfall var þá í byggðum landsins. Þá er Vestmannaeyjahluturinn ekkert ofætlaður miðað við það sem liggur fyrir í dag.

Það er því til margs að horfa í þessu, virðulegi forseti, og ágætt að reifa þetta mál en menn verða að hegða sér samkvæmt því sem kerfið býður upp á.

[13:57]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Þetta ákvæði í 11. gr. núgildandi laga er komið til vegna þess að menn hafa ákveðið að taka upp stjórnunarkerfi án þess að vera tilbúnir til þess að taka afleiðingunum sem fylgja þeirri stjórnun. Afleiðingin sem menn voru að vandræðast með í lagasetningunni að koma í veg fyrir er hinn frjálsi flutningur aflaheimilda milli byggða, sérstaklega það vandamál sem skapast ef mjög mikið flyst úr einni byggð án þess að annað komi í staðinn. Til þess að mæta þessu vandamáli var þetta ákvæði sett inn í lögin þannig að sveitarfélögin gætu haft viðspyrnu ef þau hefðu bolmagn til þess að neyta forkaupsréttar. En þessu til viðbótar voru líka sett sérstök lög um Hagræðingarsjóð sem áttu að bæta úr ef sveitarfélögin hefðu ekki þessa viðspyrnu og gætu ekki brugðist við. Það var eitt af fyrstu verkum núv. sjútvrh., sem áðan talaði eins og sjútvrh. Vestmannaeyja, að eyðileggja þetta ákvæði í lögunum um Hagræðingarsjóðinn. Það var ekki þarft verk að mínu viti sem hann vann með heilsteyptum stuðningi allra þingmanna Sjálfstfl., líka þeirra sem eru af Vestfjörðum.

En ég vil benda á ágalla í þessu lagaákvæði sem hv. frummælandi umræðunnar hefur réttilega tekið hér upp og er rétt hjá honum að vekja athygli á að það er enginn vandi fyrir þá sem vilja kaupa aflaheimildir að skrá fyrirtæki sitt í því sveitarfélagi þar sem aflaheimildirnar eru til sölu. Það sem gerist einnig við það er að þeir öðlast forkaupsrétt til annarra veiðiheimilda sem til sölu kunna að verða síðar í sama sveitarfélagi. Því ef sveitarfélag neytir forkaupsréttar þá ber því að bjóða þeim fyrirtækjum aflaheimildirnar til sölu sem eru í viðkomandi sveitarfélagi. Menn öðlast því ekki bara rétt til að taka veiðiheimildir úr byggðarlaginu sem þeir eru að kaupa heimildirnar úr heldur öðlast þeir líka forkaupsrétt til þeirra veiðiheimilda sem kunna að verða til sölu í þessu sama byggðarlagi síðar.

[14:00]

Vilhjálmur Egilsson:

Virðulegi forseti. Það er athyglisvert að þessi umræða skuli nú hefjast þegar Hvammstangi er að kaupa sér skip, staður sem engan kvóta á eða sáralítinn, tekur allt í einu upp á því að reyna að bæta þar úr og eignast kvóta sem maður hefði talið að væri meiri dreifing á kvóta en áður hafði verið.

Það var augljóst frá upphafi þegar þetta ákvæði var sett inn í lögin að það var hægt að bregðast þannig við að fyrirtæki gætu fjárfest í öðrum fyrirtækjum, það væri hægt að stofna hlutafélög í því byggðarlagi sem menn vildu kaupa skip frá og flytja það þannig á milli staða. Í rauninni er það þannig í öllum atvinnugreinum að fyrirtæki og starfsemi getur flust á milli staða og það þykir engum óeðlilegt ef um er að ræða verslun, iðnfyrirtæki eða fyrirtæki í hvaða annarri atvinnugrein sem er. Í rauninni hlýtur það alltaf að vera þannig að byggðaþróun í landinu mótist að einhverju leyti af samkeppni á milli einstakra staða.

Það hefur komið fram að það er töluvert mikið basl að koma í veg fyrir fjárfestingu eða tryggja það að erlendir aðilar fjárfesti ekki í íslenskum sjávarútvegi og menn eru í rauninni að gefast upp á því í sama mæli og áður og framfylgja þeim réttindum sem við sömdum um í EES-samningnum og vilja nú leyfa óbeina erlenda eignaraðild í íslenskum sjávarútvegi. Og hvernig halda menn að erfiðleikarnir yrðu ef það ætti að fara að banna fjárfestingar í sjávarútvegi milli einstakra byggðarlaga á Íslandi? Dettur einhverjum í hug að það mundi nokkurn tímann geta gengið upp?

Ég tel að það sem hefði kannski hvað best getað náð þeim markmiðum sem menn settu sér hafi verið tillaga sem kom upp í störfum tvíhöfða nefndarinnar á síðasta vetri en hún var sú að það mætti skrá kvóta á fiskvinnslustöðvar. Það hefði náð þessum markmiðum að einhverju leyti og betur en þetta rugl sem hv. þm. Guðni Ágústsson er að bjóða okkur upp á.

[14:02]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Það hefur sannast hér í dag að alþingismenn eru tilfinningaverur. Það sem kannski hryggir mig eftir þessa umræðu er að þeir bera svo sem ekkert mjög mikla virðingu fyrir lögum sem sett eru af æðstu stofnun landsins, löggjafarþinginu sjálfu. Þegar komið er að kjarna þess máls þá fletja þeir umræðuna út.

Ég var að fjalla um lögin sem eru skýr í þessum efnum. Ég var að fjalla um hvernig væri verið að fara fram hjá lögunum og var því að spyrja hæstv. sjútvrh., sem ber ábyrgð á þessum lögum, hvað hann hygðist fyrir. Ég þakka að vísu hæstv. sjútvrh. fyrir upplýsingarnar um afrek hv. þm. Halldórs Ásgrímssonar og Stefáns Guðmundssonar. Þeir hafa mikið gert fyrir Vestmannaeyjar eins og hann vissi en það snerist ekkert um það. Ég hef hlustað á þessa menn í fortíðinni, ég mun hlusta á þá í framtíðinni en staðan er sú að það er hæstv. sjútvrh. Þorsteinn Pálsson sem í rauninni viðurkennir það í dag að hann er ekki tekinn til starfa og kjörtímabilinu er að ljúka. Hann ber enga ábyrgð. Hann svaraði mér engu um það hvað hann segði um hvort það ætti að breyta lögunum vegna þess að það væri verið að fara fram hjá þeim. Menn væru farnir að stofna í hlutafélög í byggðarögum, jafnvel inni á sameignum eða vaskahúsum eða litlum herbergjum til þess að komast fram hjá löggjöfinni. Hann svaraði mér engu um það hvort gera ætti kröfur til opinberra sjóða um að þeir skyldu gera kröfu um það ef veð eru flutt að sveitarfélagið fengi að nýta sér lögin sem eru slík.

Þetta var í rauninni það sem ég var að tala um. Svo kemur hér upp hv. þm. Árni Johnsen sem ber nú ekki meiri virðingu fyrir lögunum en svo að hann segir að menn eigi bara að hegða sér eins og kerfið býður upp á. Þvílíkur málflutningur á Alþingi og örstutt til kosninga. (**ÁJ:** Það eru lögin.)

Nei, hæstv. forseti. Ég hef fengið lítil svör við fyrirspurnum mínum og það er eitt sem er ljóst að skip hafa alltaf flust á milli byggðarlaga, gengið kaupum og sölum en við framsóknarmenn vildum tryggja það í gegnum löggjöf að þau yrðu ekki hirt af byggðarlögunum og það væri skýrt að forkaupsréttur væri fyrir hendi. Vestmanneyingar, af því að ég er að tala um þá, hafa t.d. nýtt sér það í fjórum tilfellum í sumar og svo hafa önnur byggðarlög gert um land allt. En, hæstv. sjútvrh., það verður hlegið að ráðherranum ef hann ekki segir það í þessum stól á eftir hvernig hann hyggst bregðast við. Gerir hann kröfur á sjóðina eða kemur hann með lagabreytingu þar sem þessi ákvæðum verður þá svipt í burtu eða þau endurskoðuð með öðrum hætti?

[14:05]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Ég geri ekki ráð fyrir að hv. 5. þm. Suðurl. hafi gert ráð fyrir því að hann yrði tekinn alvarlega. Ég framkvæmi auðvitað lögin eins og Alþingi hefur samþykkt þau og eins og þeir hv. þm. Framsfl. aðrir en hv. 5. þm. Suðurl. hafa skýrt þau í þessari umræðu og þau eru býsna skýr. (Gripið fram í.) Ég hef líka sagt að ég er tilbúinn til þess að ræða við aðra menn í þinginu, til að mynda formann allshn., um það að breyta öðrum lögum, hlutafélaglögunum ef það er áhugi fyrir því að setja frekari takmarkanir fyrir stofnun hlutafélaga. En ég vil spyrja hv. þm., þó ég viti að hann geti ekki svarað því nú þá getur hann gert það síðar en bið hann að taka það til hugleiðingar til að mynda vegna hagsmuna Vestmannaeyinga. Þar hafa menn í samráði við önnur fyrirtæki í Þorlákshöfn til að mynda stofnað sameiginleg fyrirtæki til þess að treysta fiskveiðar og fiskvinnslu. Vill hann setja inn í fiskveiðistjórnarlögin eða hlutafjárlögin ákvæði sem takmarkar slíka samvinnu milli byggðarlaga? Gera öðru byggðarlaginu þá kleift að hindra það að slíkir samningar geti farið fram? (**GÁ:** Útúrsnúningar.) Þetta verður hv. þm. að hugleiða áður en allar takmarkanirnar eru settar.

Aðalatriðið er og það er stóri vandi hv. þm. (Gripið fram í.) í þessari umræðu að hann vill bæði eiga kökuna og éta hana. Hann fagnar því að framsalsákvæðin skuli vera með þeim hætti sem raun ber vitni þegar þau leiða til þess að þeir sem hann er í umboði fyrir hafa aukið aflaheimildir sínar (**GÁ:** Segðu hvað þú ætlar að gera ...) en hann vill vera á móti þeim í þeim tilvikum þar sem aðrir njóta sama réttar. Þingmaður sem er í slíkum vanda með sjálfan sig (**GÁ:** Talaðu um sjálfan ....) hann á að hugsa svolítið meira áður en hann stendur upp í ræðustól á Alþingi.

Réttarstaða fólks í vígðri og óvígðri sambúð, frh. fyrri umr.

Þáltill. AÓB o.fl., 250. mál. — Þskj. 292.

[14:09]

Flm. (Anna Ólafsdóttir Björnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um miðlun upplýsinga um réttarstöðu fólks í vígðri og óvígðri sambúð. Flm. auk mín eru hv. þm. Björk Jóhannsdóttir, Guðný Guðbjartsdóttir, Guðrún J. Halldórsdóttir og Kristín Ástgeirsdóttir.

Till. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að láta gera fræðslubækling um réttarstöðu fólks í vígðri og óvígðri sambúð."

Tillaga þessi var flutt á 115. löggjafarþingi en varð ekki útrædd. Fyrsti flutningsmaður þá var Ragnhildur Eggertsdóttir. Tillagan er nú endurflutt óbreytt.

Ég ætla hér til fróðleiks að stikla á því allra stærsta í grg. við tillöguna auk annarra upplýsinga sem að gagni mættu koma í þessu mikilvæga máli.

„Algengt er að upp komi vandamál í sambandi við eignalegan og fjárhagslegan rétt fólks við sambúðarslit eða andlát annars aðila í vígðri eða óvígðri sambúð. Við slíkar aðstæður kemur oft í ljós að það sem fólk hélt að væri réttur þess er það alls ekki. Þessar ranghugmyndir eru á lagamáli kallaðar lögvilla og þær eru sennilega til komnar vegna nokkurra lagaákvæða sem til eru um óvígða sambúð og snerta tryggingalög,

skattalög og lög um húsaleigusamninga. Í þeim lögum er sambúðarfólki áskilinn réttur til bóta frá Tryggingastofnun hafi sambúð varað í a.m.k. tvö ár eða hafi sambúðarfólk átt barn saman.

Raunveruleikinn er hins vegar sá að ef fólk í óvígðri sambúð hefur ekki gert skriflega lögformlega samninga sín á milli um eignir eða erfðaskrá getur sá sem skrifaður er fyrir eignunum farið með þær sem sína eign við sambúðarslit og ef um andlát er að ræða ganga eignir hins látna til lögerfingja hans, sem er þá ekki sá sambúðaraðili sem eftir lifir. Fólki sem býr í óvígðri sambúð verður einna helst líkt við tvo aðila sem stofna með sér fyrirtæki, fjárfesta í fasteignum og tækjum og stofna til skulda. Þegar slíta á fyrirtækinu verður hvor um sig að sanna sitt fjárframlag og gera grein fyrir sinni skuldastöðu.

Munurinn á hjónabandi og óvígðri sambúð er í aðalatriðum þessi: Í óvígðri sambúð eru engar reglur um helmingaskipti eigna og skulda, enginn erfðaréttur er milli sambúðarfólks, enginn réttur til setu í óskiptu búi, engin gagnkvæm framfærsluskylda er fyrir hendi."

Ég vil vekja athygli á því að haustið 1991 skrifaði Svala Thorlacius lögfræðingur tvær mjög fróðlegar greinar um ranghugmyndir um óvígða sambúð og einnig ranghugmyndir um skráningu eigna, skilnað og arð. Í þessum greinum koma fram ítarlegar en hér er gert helstu annmarkar á því að leggja óvígða sambúð að jöfnu við hjónaband enda er kannski ekki hægt að búast við því að það sé æskilegt. Hitt er annað að það er mjög mikilvægt að fólk geri sér grein fyrir í hverju munurinn er fólginn og hafi möguleika á því þá ef það vill tryggja að einhverju leyti réttarstöðu sína í óvígðri sambúð að gera það eins og hægt er samkvæmt þeim lögum og reglum sem gilda.

Við munum væntanlega flest eftir því og það er eitt af því sem Svala kemur inn á í fyrri grein sinni að fólk sem bjó í óvígðri sambúð áður fyrr var gjarnan gert upp þannig eða sú sambúð var gjarnan gerð svoleiðis upp að einhvers konar fébætur eða ráðskonulaun voru greidd til þeirra kvenna sem urðu illa úti við sambúðarslit. Sem betur fer eru nú komnar aðrar reglur en eftir sem áður er það allt of algengt að fólk telji sig hafa nákvæmlega sömu stöðu hvort sem það er í vígðri eða óvígðri sambúð.

Það sem hér er lagt til að gert verði er einfaldlega að láta gera fræðslubækling um réttarstöðu fólks eftir því hvort það er í vígðri eða óvígðri sambúð þannig að öllum megi vera ljóst hvað í þessu felst. Það er auðvitað ákveðið álitamál hvar og hvernig þessi bæklingur getur síðan legið frammi og m.a. er alveg tilvalið að taka á því þegar sambúðarfólk eignast barn, að dreifa upplýsingum til þess þá. Enn fremur er ýmislegt í kerfinu, ýmis réttindi sem fólk sækir sér og má nota þegar það er í óvígðri sambúð og þá er tækifæri til að koma þessum upplýsingum á framfæri. En ég tel mjög brýnt að þessar upplýsingar liggi fyrir á mjög aðgengilegan hátt þannig að hver og einn einstaklingur, hvaða sambúðarform sem hann velur sér, hafi möguleika á því að þekkja sína stöðu því að það er einn grunnur lýðræðisríkis.

Flutningsmenn þessarar tillögu telja að ein leiðin til þess að gera þetta sé einmitt að útbúa slíkan fræðslubækling með upplýsingum um réttarstöðu fólks í vígðri og óvígðri sambúð. Auk þess sem ég hér nefndi þá er hægt að láta þetta liggja frammi hjá prestum, borgardómurum eða sýslumönnum þegar til væntanlegs hjónabands kemur. Það mætti einnig fela Hagstofu eða Tryggingastofnun ríkisins að koma honum til þeirra sem eru í óvígðri sambúð því auðvitað þurfa líka þeir sem ganga í hjónaband að þekkja sinn rétt og muninn á því að ganga í hjónaband annars vegar og vera í skráðri sambúð hins vegar.

Það er einnig viðrað í þessari grg. að láta slíkan bækling fylgja skattskýrslum þeirra sem telja fram saman því að við það fyrirkomulag búum við eins og sakir standa.

Það má einnig hugsa sér, og kemur fram í þessari grg., að nota slíkan bækling sem námsefni í samfélagsfræði í efstu bekkjum grunnskóla og/eða í framhaldsskólum. Slíkur bæklingur gæti auk þess komið að góðum notum hjá fjölskylduráðgjöf kirkjunnar. Það er ljóst að til þess að fræðslubæklingur komi að fullum notum þá má hann ekki vera á of fræðilegu máli heldur vera auðveldur og aðgengilegur öllum. Fólki þarf að vera ljóst ef það óskar eftir að tryggja betur réttarstöðu sína í hjónabandi eða óvígðri sambúð að það er ýmislegt hægt að gera til þess að ná því marki.

Það kemur fram í grein Svölu Thorlacius að þegar þessum hugmyndum var fyrst hreyft, það var um mjög svipað leyti og þessi tillaga var flutt, voru 17.342 einstaklingar skráðir í óvígðri sambúð, þ.e. miðað við tölur 1. des. 1990. Síðan eru ýmsir sem eru ekki skráðir í sambúð af ýmsum ástæðum en þá var talað um að milli 20 og 30 þúsund manns væru í óvígðri sambúð. Það sem kannski skiptir meira máli er það að Svala fullyrðir það í grein sinni að meginþorri þessa hóps, allt að 80–90%, hafi rangar hugmyndir um réttarstöðu sína. Það er auðvitað mjög alvarlegt ef rétt er og ég held að full ástæða sé til þess að líta á þetta. Tölur hafa tæplega breyst mjög mikið frá því að þetta var tekið saman en í tilefni af ári fjölskyldunnar þá hafa ýmsar nýjar upplýsingar legið fyrir og staðfest það, sem í rauninni flestir hafa vitað, að hér er mikið um að fólk a.m.k. hefji sína sambúð í óvígðri sambúð. Þó að sumir festi síðar þá sambúð með hjúskaparheiti er eftir sem áður áberandi og afgerandi munur á þessu ástandi hér á landi og annars staðar á Norðurlöndum.

Það hefur einnig komið fram í þeim upplýsingum sem teknar voru saman í tilefni af ári fjölskyldunnar og þeirri skýrslu sem þá var gefin út að Íslendingar eiga hlutfallslega fleiri börn en aðrir Norðurlandabúar og það eru í mjög mörgum tilvikum börn sem fæðast í fjölskyldum eða hjá foreldrum sem eru ekki í vígðri sambúð en eru í sambúð eigi að síður. Þetta þýðir að það er enn brýnna að réttarstaða sé vel skýr og skilgreind og enginn sem velkist í vafa um hver staðan sé.

Samkvæmt því sem kom fram í þeirri upplýsingaöflun sem fór fram í fyrra á ári fjölskyldunnar þá var á árunum 1986–1990 rúmlega helmingur barna sem fæddust talinn óskilgetinn. Það er að vísu orðalag sem

við erum sem betur fer að losa okkur við, það hefur fengið á sig með réttu eða röngu neikvæða merkingu, en það eru börn foreldra sem ekki eru í hjónabandi. Stór hópur þessara barna fæðist í fjölskyldur þar sem foreldrar eru í sambúð. Það kom einnig fram í þessum upplýsingum að hin svokallaða íslenska röð á hlutunum er dálítið sérstök ef borið er saman við nágrannalöndin. Fyrst hefst sambúð u.þ.b. þegar nálgast fæðingu barns og síðan gengur par í hjónaband oft við skírn frumburðar. Þetta er nokkuð sem þýðir það að við erum með siði sem ýta undir að það er mjög stór hópur sem býr við öðruvísi réttarstöðu heldur en væri ef farin væri sú sama leið og í nágrannalöndum er. Það getur slitnað alveg eins upp úr hjónaböndum og óvígðri sambúð en þar getur líka komið til að það er mjög mismunandi réttarstaða nema gengið sé frá ákveðnum grundvallaratriðum.

Ég ætla ekki að hafa mikið fleiri orð um þetta. Ég tel að þessi tillaga hafi fengið ágæta kynningu þegar hún kom hér fyrst fram en ég harma það að hún skuli ekki hafa fengið afgreiðslu, jafnsjálfsagt réttindamál og hér er á ferðinni. Ég vona að Alþingi sé nú reiðubúið til þess að taka hressilega á málinu og afgreiða þetta sjálfsagða mál og það með þeim hraði sem nauðsynlegur er nú miðað við á hvaða árstíma við erum á kosningaári.

Ég vil, hæstv. forseti, biðja um það að að lokinni þessari umræðu verði tillögunni vísað til síðari umr. og hv. allshn.

[14:21]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég er einn af samflutningsmönnum tillögunnar og þess vegna óþarfi að lýsa beint stuðningi við hana en ég lít á þetta mál sem hluta af stærra máli sem varðar það hvað fólk er lítið frætt um réttarstöðu sína hérna og ekki síst varðandi stöðu fólks í einkalífi. Ég hef verið talsmaður þess og flutt hér á Alþingi tillögu um foreldrafræðslu og reynt að koma því að að fjölskyldufræðsla væri kennd í framhaldsskólum. Ég tel að þessum málum sé verulega ábótavant, fólk veit lítið um sína réttarstöðu varðandi einkamál og þess vegna vil ég ítreka það að það þurfi að reyna að fá þetta réttlætismál í gegn og reyndar að taka víðar til hendinni er varðar fræðslumál af þessu tagi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Dreifing sjónvarps og útvarps, fyrri umr.

Þáltill. StG o.fl., 301. mál. — Þskj. 394.

[14:34]

Flm. (Stefán Guðmundsson):

Virðulegi forseti. Ég tala hér fyrir till. til þál. um dreifingu sjónvarps og útvarps. Flutningsmenn með mér í þessu máli eru Finnur Ingólfsson, Páll Pétursson, Guðni Ágústsson, Ingibjörg Pálmadóttir, Jón Kristjánsson, Pétur Bjarnason og Valgerður Sverrisdóttir. Þáltill. hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að sjá svo um að á næstu tveimur árum verði fjármagn tryggt svo að standa megi við afdráttarlausa viljayfirlýsingu Alþingis frá 11. maí 1988 um að komið verði upp þeim búnaði sem þörf er á svo að allar útsendingar útvarps og sjónvarps náist hvar sem er á landinu og á helstu fiskimiðum við landið."

En í grg. með þáltill. segir m.a.:

„Árið 1987 flutti fyrsti flutningsmaður þessarar þingsályktunartillögu svohljóðandi tillögu um sama efni:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að sjá svo um að á næstu þrem árum (1988, 1989 og 1990) verði nægjanlegt fjármagn tryggt svo að koma megi upp þeim búnaði sem þarf til þess að allar útsendingar Ríkisútvarpsins frá stöðvum þess í Reykjavík náist hvar sem er á landinu.

Í framhaldi af því samþykkti Alþingi 11. maí 1988 svofellda ályktun:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta nú þegar gera kostnaðar- og framkvæmdaáætlun um að útsendingar Ríkisútvarpsins, þ.e. hljóðvarps og sjónvarps, náist hvar sem er á landinu og á helstu fiskimiðum við landið.

Áætlunin miðist við að hægt verði að framkvæma þetta verkefni fyrir árslok 1991.

Engum vafa er undiropið að vilji Alþingis var sá með samþykkt ályktunarinnar að efni tillögunnar yrði framkvæmt, þ.e. að búið yrði þannig að dreifikerfi hljóðvarps og sjónvarps að sendingar næðust á öllu landinu og á helstu fiskimiðum við landið. Vilji Alþingis á ekki að koma á óvart, fremur hitt hvað veldur því að ekki hefur verið framfylgt því sem segir í útvarpslögum: „Ríkisútvarpið skal senda út til alls landsins og næstu miða tvær hljóðvarpsdagskrár og minnst eina sjónvarpsdagskrá árið um kring."

Sú staðreynd blasir við að enn hefur ekki tekist að dreifa hljóðvarps- og sjónvarpssendingum til allra landsmanna. Víða stendur svo á að fólk, sem býr á ákveðnum svæðum, fær ekki notið sjónvarps og nýtur mjög lélegra hlustunarskilyrða hljóðvarps. Enn verra er þetta ástand hvað varðar móttökuskilyrði á miðunum umhverfis landið."

Það ætti öllum að vera ljóst að Ríkisútvarpið er ekki aðeins frétta- og fræðslumiðill, Ríkisútvarpið er einn mikilvægasti hlekkurinn í því öryggisneti sem okkur Íslendingum er svo nauðsynlegur að ekki bresti. Það hefur nú sannast svo áþreifanlega í þeim veðraham sem gengið hefur yfir landið að engin keðja er sterkari en veikasti hlekkurinn.

Eins og ég vék að fyrr er vilji Alþingis alveg ljós í þessu máli. Alþingi vill að því verði komið fram sem segir í útvarpslögum. Það er óásættanlegt að lengur sé vikist undan því að taka á þessu þýðingarmikla máli. Flutningsmenn þáltill. hafa upplýsingar um að um 40–50 bæir hafi ónothæf myndgæði sjónvarps og um 30 hafi mjög slæm gæði myndar. Þetta ástand er ekki viðunandi enda í andstöðu við markaða stefnu í útvarpsmálum. Sú stefna hlýtur að gilda um allar aðalsendingar á vegum Ríkisútvarpsins hvort heldur um

hljóðvarpið er að ræða með sínar tvær rásir eða sjónvarpið.

Mér er það ljóst og okkur flutningsmönnum öllum að hér er endalaust hægt að skjóta sér á bak við það að fjármagnið skorti til þessara framkvæmda. En ég vil benda á að það sem skiptir líka máli er forgangsröðun framkvæmda á vegum Ríkisútvarpsins. Ég tel að þetta sé það verkefni sem eigi að setja fremst í forgangsröð. Ríkisútvarpið hefur miklum skyldum að gegna við fólkið í landinu enda standa landsmenn allir undir kostnaði við rekstur þess, beint eða óbeint. Ríkisútvarpið er samkvæmt tilgangi sínum sameiginleg menningarstofnun þjóðarinnar og aðalfréttamiðill sem ætlað er að ná til alls landsins. Því er ekki hægt að segja að Ríkisútvarpið standi fyllilega undir nafni meðan dreifikerfið er eins og raun ber vitni. Í rauninni þarf Ríkisútvarpið að sinna landsbyggðinni því betur sem þessi samkeppni í útvarpsrekstri á sér fyrst og fremst stað í þéttbýli. Ríkisútvarpið verður að skera sig úr að þessu leyti, miðað við aðrar útvarpsstöðvar, leggja áherslu á að senda út efni sem ætlað er öllum landsmönnum og vinna ötullega að uppbyggingu dreifikerfisins.

Með skipulegum áætlunum og viðeigandi áherslum við röð framkvæmda hjá Ríkisútvarpinu og auknu framkvæmdafé ætti að vera unnt að ná því takmarki sem þessi þingsályktunartillaga stefnir að.

Virðulegi forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að málinu verði síðan vísað til hv. menntmn.

[14:30]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. Stefáni Guðmundssyni fyrir flutning þessarar tillögu. Það er svo sem ekki í fyrsta sinn sem hann flytur þessa tillögu hér held ég en það veitir svo sannarlega ekki af því að minna sífellt á þetta og vonandi að menn fari að vakna til vitundar um hversu nauðsynlegt það er að láta hana hafa eðlilegan framgang og samþykkja hana í þinginu.

Ég tók til máls um þessa þáltill. síðast þegar hún var á dagskrá á síðasta þingi að ég held. Og ég vil bara ítreka aftur stuðning minn við tillöguna og benda á það, eins og hann reyndar gerði í sinni framsöguræðu, hversu mikið öryggismál hér er um að ræða. Það er vissulega alveg rétt sem hann segir að enn þá eru margir bæir sem ekki hafa eðlileg myndgæði og nefnir hann 50 bæi sem hafi ónothæf myndgæði.

Í síðustu hamförum sem gengu yfir Vestfirði þá varð maður áþreifanlega var við það hversu mikið öryggismál þetta aftur á móti er líka því að þeir bæir sem hafa slæm skilyrði — og það á bæði við um þéttbýli og dreifbýli — höfðu hreinlega ekki útvarp á þeim tímum sem það var nauðsynlegt af öryggisástæðum því að Almannavarnir voru sífellt að senda út tilkynningar. Hlustunarskilyrðin voru þannig að FM-stöðin datt iðulega út og þá var ekkert hægt að heyra neinar tilkynningar. Það endaði með því að margir notuðu símann til þess að hringja og vita hvað væri að ske og urðu þá að hringja til Reykjavíkur til þess að fá að vita hjá Almannavörnum ríkisins þar hvað eiginlega væri á ferðinni. En þá kom það líka til að síminn datt út. Þannig að hvorugt þessara öryggistækja, hvorki síminn né útvarpið, voru til staðar í þessum nauðsynlegu öryggismálum.

Það hefur verið mikið rætt um þetta í sambandi við langbylgjustöðina sem ekkert hefur verið gert í á síðustu árum frá því að langbylgjumastrið hrundi á Vatnsenda en það sem kom í staðinn náði allt of stutt út um landið. Vonandi verður nú eitthvað farið að vinna meira að þeim málum þegar Ríkisútvarpið fær að taka yfir stöðina á Snæfellsnesi og getur þá nýtt sér hana til að koma þar upp langbylgju.

En ég þarf svo sem ekkert að orðlengja þetta neitt frekar. Við vitum það raunar að Ríkisútvarpið hefði gert miklu meira í þessum málum ef það hefði fengið sínar lögboðnu tekjur af aðflutningsgjöldum útvarps og sjónvarps á undanförnum árum. Þær tekjur hafa verið skertar umtalsvert og það hefur hamlað því að stofnunin gæti sinnt þessum málum eins og hún hefði átt að gera og segir í hennar lögum.

Ég vil aftur taka undir að það er mjög nauðsynlegt að þetta komi til framkvæmda og ekki hvað síst vegna öryggismála.

[14:34]

Guðjón Guðmundsson:

Hæstvirtur forseti. Hér er hreyft þörfu máli sem hefur nú verið rætt nokkuð oft hér á undanförnum árum, þ.e. móttökuskilyrði fyrir sjónvarp og útvarp, bæði á einstökum landsvæðum og ekki síður á fiskimiðunum í kringum landið. Móttökuskilyrðin eru afar slæm sums staðar á landinu og þarf ekki að fara lengra til að finna slík svæði en hérna rétt vestur fyrir Borgarnes þar sem menn ná ekki Rás 2 og á sumum svæðum sjónvarpi mjög illa. Þetta er svo aftur enn þá verra sjálfsagt þegar kemur á önnur landsvæði og fjær en móttökuskilyrðin eru afleit víða í Vesturlandskjördæmi, sem er þó næsta kjördæmi við höfuðborgarsvæðið.

Ég vil taka undir það sem segir í grg. flutningsmanna að Ríkisútvarpið hafi miklum skyldum að gegna við fólkið í landinu enda standa allir landsmenn undir kostnaði Ríkisútvarpsins beint eða óbeint og þetta er jú sameiginleg menningarstofnun þjóðarinnar og aðalfréttamiðill. Það er auðvitað rétt sem flutningsmenn benda á að það er ekki hægt að segja að Ríkisútvarpið standi fyllilega undir nafni meðan dreifikerfið er eins og raun ber vitni.

Á það hefur verið bent í sambandi við útsendingar, aðallega útvarps, að reynt verði að ná samkomulagi við varnarliðið um hugsanlega nýtingu radarstöðvanna á Bolafjalli og Gunnólfsvíkurfjalli til að koma þaðan útsendingum með viðbótartækjabúnaði. Mér finnst og hef reyndar sagt það áður hér í umræðum að menn ættu að fara í slíkar viðræður og reyna að ná slíku samkomulagi. Ég held að sú ákvörðun ríkisstjórnarinnar og Ríkisútvarpsins um að leggja sameiginlega fé í að kaupa tækjabúnað fyrir mastrið á Gufuskálum sem Ríkisútvarpið fékk til umráða núna um síðustu áramót sé mjög mikilsvert framlag til að bæta úr þessum málum. Það hefur verið vandræðaástand

með langbylgjusendingarnar allt síðan mastrið góða hrundi hér um árið á Vatnsenda. Það er mjög mikilvægt að fá þetta mastur á Gufuskálum og að það skuli vera búið að samþykkja að leggja fram þær 360 milljónir sem þarf til að kaupa þann búnað sem þarf til þess að koma sendingum þaðan. Ég tel að það sé mjög mikilvert innlegg í þetta mál.

Aðstæður til að ná útsendingum útvarps og sjónvarps á fiskimiðunum hafa einnig lengi verið óviðunandi og víða er það nú svo að sjómenn eru nánast sambandslausir við umheiminn dögum saman og það m.a.s. á sumum þeim miðum sem næst liggja landinu. Móttökuskilyrðin eru að vísu mjög misjöfn á fiskimiðunum umhverfis landið. Þau eru allgóð út af Faxaflóa og austur af Ingólfshöfða en afleit út af Austurlandi og gloppótt fyrir Norðurlandi og Vestfjörðum og suður fyrir Snæfellsjökul þó að þau séu að vísu skárri þegar háþrýstisvæði er yfir landinu. Móttökuskilyrði útvarps á fiskimiðunum eru einnig mjög misjöfn. Þannig heyrist langbylgjan víðast hvar, þó illa út af Breiðafirði og Vestfjörðum sem mun væntanlega standa til bóta þegar sendibúnaður verður kominn á mastrið á Gufuskálum. Það mun að sjálfsögðu gjörbreyta ástandinu á því svæði. Miðbylgja heyrist ágætlega út af Suðurlandi, Austfjörðum og Norðausturlandi og Bylgjan heyrist vel á Breiðafirði og við Jökul og inn í Faxaflóa. Og Rás 2 virðist heyrast alls staðar þar sem sjónvarp *næst. En það er að vísu svo að þegar dimmir yfir* grnæfa erlendar stöðvar gjarnan langbylgju og miðbylgju.

Það mun ekki hafa verið gerð áætlun um dreifingu sjónvarpssendinga á fiskimiðin umhverfis landið síðan 1974 og hefur verið stuðst við þá áætlun framreiknaða þegar spurst hefur verið fyrir um þetta í þinginu síðan. Árið 1990 kom fram í svari þáv. menntmrh. að kostnaður við sjónvarp til sjómanna væri talinn 490 krónur á verðlagi í árslok 1988.

En það hefur margt breyst frá 1974 varðandi möguleika á útsendingu sjónvarps og hljóðvarps og það hefur verið mjög ör tækniþróun á þessu sviði og fleygt fram ýmissi útsendingartækni og gervihnattatækni. Þess vegna lagði ég ásamt fleiri þingmönnum fram tillögu á síðasta þingi og endurflutti hana núna á þessu þingi um að Alþingi ályktaði að fela menntmrh. að láta gera könnun á þeim kostum sem eru í boði til að bæta útsendingar sjónvarps og útvarps til fiskimiðanna kringum landið með hliðsjón af þeirri tækniþróun sem orðið hefur á sviði ljósvakamiðlunar. Þessi tillaga fékk mjög góðar umsagnir hjá þeim aðilum sem hún var send til, m.a. Slysavarnafélaginu, Farmanna- og fiskimannasambandinu og LÍÚ og Útvarpsráð og framkvæmdastjóri tæknideildar útvarpsins töldu sjálfsagt að láta gera þessa könnun. Ég reyndar tel að það mál standi þannig núna, þó að það eigi ekki við undir umræðu um þetta mál — að menntmn. gæti afgreitt þetta *mál frá sér núna fyrir þinglok.*

Eins og hér hefur verið nefnt er víða mjög slæmt ástand á landsbyggðinni hvað þessar sendingar varðar. Og það er einnig mjög stór hópur sjómanna sem er langdvölum saman úti á sjó eins og farmenn og togarasjómenn og þeir sem stunda rækjuveiðar, loðnuveiðar, skipverjar á línuskipum og fleiri. Það hefur fjölgað mjög í þessum hópi á síðustu árum með þeirri breytingu sem orðið hefur á sóknarmynstri flotans og mikil fjölgun fullvinnsluskipa og veiða utan fiskveiðilögsögunnar hefur breytt þessu sóknarmynstri þannig að sá hópur sjómanna sem er langdvölum saman úti á sjó hefur stækkað mjög á síðustu árum. Ég held að það hljóti að teljast sanngjarnt að þessi stóri hópur geti fylgst með útsendingum sjónvarps og hljóðvarps að jafnaði ef þess er nokkur kostur. Það er nú svo að þessir menn eru oft sambandslausir við umheiminn dögum saman og heyra ekki í útvarpi, sjá ekki sjónvarp, farsíminn virkar ekki á stórum hafsvæðum og eina sambandið við land er í gegnum talstöð. Bili hún þá eru menn algjörlega sambandslausir. Slíkt er náttúrlega óviðunandi ástand.

Ég tel það tvímælalaust mikið öryggisatriði, bæði fyrir íbúa þeirra landsvæða sem búa við slæm móttökuskilyrði í dag og náttúrlega ekki síður fyrir sjómenn á miðunum kringum landið, að heyra í útvarpi og fylgjast með aðvörunum um hættu, t.d. tilkynningum um ís og fárviðrisspám. Það er nú svo að farsíminn er tvímælalaust mikið öryggistæki en hann dettur út þar sem Rás 2 næst ekki og er þá gagnslaus á þessum sömu svæðum.

En ég vil aðeins lýsa ánægju minni með þessa tillögu *þó hún sé kannski seint fram komin* og ólíklegt að hún fái afgreiðslu á þessu þingi. Mér finnst samt gott að fá hana fram og öll umræða um þessi mál hér á Alþingi er tvímælalaust af hinu góða og ýtir á eftir aðgerðum.

[14:43]

Jóhann Ársælsson:

Hæstvirtur forseti. Ég vil bætast í þann hóp sem tekur undir með flutningsmönnum þessarar tillögu. Ég tel að það sé full ástæða til að ræða þessi mál hér og kannski ættum við að gera það oftar en verið hefur því það hefur sorglega lítið miðað í þessum málum á undanförnum árum og að sumu leyti aftur á bak frá því að langbylgjusendingin versnaði, eins og raun bar vitni eftir að mastrið við Vatnsenda féll niður. Ég hafði ímyndað mér í einfeldni minni að ljósleiðaralagningin í kringum landið mundi flýta þessu verulega, að koma a.m.k. betri útsendingum á á landi, en það hefur ekki orðið raunin a.m.k. enn þá.

Það var síðan einn atburður og það er kannski eini stóri atburðurinn sem hefur gerst um langan tíma, sem varð um daginn þegar tekin var ákvörðun um að hefja undirbúning að því að taka í notkun Gufuskálamastrið. Það má kannski segja um það mál að það virtist eins og það gengi ekkert að taka ákvörðun um það mál fyrr en þessi alvarlegu slys urðu á Vestfjörðum, að þá allt í einu gátu menn gengið frá samningum um það hvernig ætti að standa að fjármögnun þessa verkefnis. *Það er full ástæða til þess að benda á þetta því að* þetta mál var í sjálfheldu og það var komið í eindaga. Menn voru orðnir hræddir um að það yrði tekin ákvörðun um það að fella mastrið næstu daga þegar ákvörðunin var tekin. Svo lengi var sú ákvörðun dregin.

Það er auðvitað ástæðulítið að vera að fjargviðrast yfir því núna þegar loksins er búið að taka ákvörðunina, en ég gat ekki að mér gert að nefna það að svona gekk þetta mál fyrir sig og hefur verið til umfjöllunar missirum saman áður en ákvörðunin loksins var tekin.

Það er eitt sem mig langar að nefna hér í sambandi við þetta mál og það eru aðstæður sjómanna á hafi úti og möguleikar þeirra til þess að hlusta á útsendingar útvarps og sjónvarps. Ég tel að það hljóti að vera hægt að gera eitthvað nú þegar til þess að auka möguleika sjómanna til þess að fylgjast með útsendingum útvarps. Við höfum tekið eftir því að oft á tíðum er útvarpið að senda út stuttbylgjusendingar sem eru hugsaðar fyrir fólk jafnvel annars staðar á hnettinum til að fylgjast með því sem er að gerast á Íslandi. En þessi stóri hópur fólks, sjómenn á hafi úti, sem hefur auðvitað áhuga á því að fylgjast með ýmsum atburðum hér í landi fær enga slíka þjónustu. Ég nefni sem dæmi að það eru auðvitað fjölmargir sjómenn sem hafa áhuga á að fylgjast með íþróttaviðburðum, bara til að nefna eitthvert dæmi. Þeir hafa ekki tækifæri til þess að fylgjast með lýsingum kappleikja eða hliðstæðum atburðum sem eru að gerast. Og mér finnst að Ríkisútvarpið hafi staðið sig mjög illa í því þjónustuhlutverki sem það á að rækja við sjómenn á hafinu í kringum landið. Ég er sannfærður um að það hefði verið hægt að gera töluvert meira heldur en gert er með þeim búnaði sem mögulegt er að hafa aðgang að í dag. Ef þessi þáltill. nær fram að ganga og ef eftir henni verður farið þá er auðvitað verið að tala um að kippa þessum hlutum í lag því að hér er verið að tala um að allar útsendingar útvarps og sjónvarps náist hvar sem er á landinu og af helstu fiskimiðunum við landið og það væri þá lausn á þeim hlutum sem ég er hér að nefna.

Ég ætlaði síðan að nefna annað sem mér finnst vera hluti af þessu máli og það eru útsendingar héðan frá hv. Alþingi. Mér finnst það vera réttur allra Íslendinga, miðað við þá tækni sem orðin er í dag, að Alþingi sé háð í heyranda hljóði. Þá á ég við að allir Íslendingar hafi möguleika á því að fylgjast með öllu sem hér gerist hafi þeir á því áhuga. Það hafa auðvitað verið stigin skref í þessa áttina á undanförnum árum með útsendingum sjónvarps en ég tel að það sé full ástæða til þess að koma útsendingu á útvarpsbylgju frá Alþingi, sem gefur miklu fleiri mönnum í landinu tækifæri og möguleika til að fylgjast með því sem gerist hér á hv. Alþingi. Ég hef ekkert á móti sjónvarpsútsendingum, það má ekki skilja orð mín svo, en ég er sannfærður um að það mun nýtast margfalt fleiri Íslendingum og það mun gefa Alþingi miklu betri möguleika á því að leyfa þjóðinni að fylgjast með því sem er hér að gerast ef það verður útvarpsútsending héðan sem allir geta hlýtt á. Menn geta hlustað á þá sendingu í bílunum sínum, á hafi úti, við vinnu og svo sem hvar sem er, en sjónvarp geta menn ekki horft á nema helst á heimilum sínum og þegar þeir hafa til þess næði og frí.

Ég vildi koma þessu að hér og mér þykir vont að hér skuli ekki vera viðstaddur hæstv. ráðherra til þess að hans hugmyndir og fyrirætlanir og framtíðaráform í þessum efnum komi fram. Það hefur að vísu komið fram að hér á að fara að kippa langbylgjusendingunum í betra horf, en það mun auðvitað ekki leysast fullkomlega um allt land með því að koma upp langbylgjusendingu í mastrinu á Gufuskálum. Það þarf að gera fleira en það og ég þekki satt að segja ekki alveg áætlanirnar sem þar liggja til grundvallar um það að koma þessum sendingum í betra horf.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð mín fleiri. Ég þakka hv. flutningsmönnum fyrir það að taka þetta mál hér upp og ég vona sannarlega að þær hugmyndir sem þeir leggja hér fram fái framgang og að þessum málum verði komið í betra horf sem allra fyrst.

[14:49]

Pétur Bjarnason:

Virðulegi forseti. Ég vil sem einn af flm. þessarar tillögu þakka þær ágætu undirtektir sem hún hefur fengið. En það er reyndar svo að það hefur gerst áður og eins og sjá má í grg. með þessari þáltill. þá var hliðstæð þáltill. flutt 1987 og samþykkt af Alþingi 11. maí 1988 þar sem ályktað er um að láta gera kostnaðar- og framkvæmdaáætlun um útsendingar Ríkisútvarpsins og miðast við að því yrði lokið fyrir árslok 1991. Þannig að þetta hefur fengið góðar undirtektir fyrr og ég held að þar sé kannski ekki vandinn í þessu. Þingmenn hafa tekið undir tillögur eins og þessar og þá sem hérna er flutt, jafnvel samþykkt þær, en síðan brestur eitthvað. Því þegar finna á peninga til þess að gera þetta þá eru þeir ekki fyrir hendi eða ekki vilji til þess að forgangsraða í samræmi við þær ályktanir sem menn hafa áður samþykkt. Þarna er auðvitað stór vandi á höndum en þetta verður að fylgjast að, það að samþykkja tillögur eins og þessa og samþykkja síðan það sem áfram þarf að vera, að hægt sé að hrinda þeim í framkvæmd með fjármagni sem til þess þarf.

Mörgum fannst það mikil bylting og bót þegar FM-bylgja komst á. Og satt er það, að þar sem FM-bylgjan náðist urðu miklar breytingar á gæði útsendinga útvarpsefnis. En ef maður ber saman hvernig það var að hafa útvarp sem öryggisatriði víða um land fyrir 20 árum og það er í dag þá er staðreyndin sú að þessi FM-bylting sem orðið hefur og hefur að mörgu leyti tekist vel, skilur eftir mjög marga skugga. Og eftir að langbylgjumastrið féll á Vatnsenda þá eru mjög stórir hlutar, t.d. af vegakerfi landins, t.d. af grunnslóð á sjónum, algjörlega sambandslausir allan sólarhringinn. Það næst engin FM-bylgja þar og langbylgjan nær ekki nema mjög takmarkað vestur og norður fyrir landið. Og ég fullyrði það — fyrir 20 árum var ég á smábát úti fyrir Vestfjörðum með þau langbylgjuskilyrði sem þar voru, en það náðist alltaf í útvarp. Það náðist alltaf í veðurfréttir. Undanfarin ár næst ekki í neitt og það á grunnslóð undan Vestfjörðum, það hef ég reynt sjálfur.

Þarna er um að ræða öryggisatriði sem skiptir afskaplega miklu máli. Langbylgjan er orðin svo veik að það er ekkert á hana að treysta, síst í litlum bátum þar sem oft á tíðum eru þar að auki truflanir einmitt á langbylgjusviði út frá vélum, tækjum og öðrum bún-

aði sem er í bátunum, þannig að veðurfréttir nást ekki í þessa báta. Þetta er eitt atriðið.

Það kemur fram í grg. með þessari þáltill. að um 50 bæir hafa ónothæf myndgæði og um 30 bæir slæm gæði myndar. Þetta eru um 80 bæir og við þetta bætist síðan mjög stór hluti fiskiskipaflotans, eins og margoft hefur verið rætt hérna og hefur komið fram. Margir af þessum bæjum sem eru í þessari aðstöðu, hafa ýmist ónothæf eða mjög slæm myndgæði, eru líka án Rásar 2 og án FM-sendingar. Áðan var rætt um nauðsyn þess að allir fengju að fylgjast með umræðum á Alþingi, sem ég tek undir og ég held að það væri mjög gott að það gæti verið í hljóðvarpi. Hins vegar er það svo að sú breyting sem gerð var á í haust, að umræður fóru fram í gegnum sjónvarpið, ríkissjónvarpið — vafalaust kemur það mörgum til góða víðs vegar um land og ég heyri að það er víða ánægja með þetta, en það er annað sem gleymist. Sumir þessara bæja sem búa við þessi slæmu skilyrði, sem hafa ekki FM-útvarp, hafa notað sér sjónvarpið fram til þessa, þar sem það þó sást, til þess að ná í fréttir og útvarpsefni yfir daginn. Núna með útsendingum Alþingis þá er þetta frá þeim tekið líka þannig að þeir sjá bara þingsendingarnar en missa af fréttunum. Þetta er nú staðreynd málsins. Það eru bæir hér á landinu sem notuðu sér þó þetta lélega sjónvarp til þess að ná í fréttir, ná í Rás 2, sem ekki náðist öðruvísi. Það næst ekki meðan Alþingi sendir út. Þó ég efist ekki um að þeim finnist mjög fróðlegt að horfa á okkur hérna þá kann að vera að stundum hefðu þeir viljað heyra veðurfréttir eða fréttir af landsmálum sem ekki ná til þeirra öðruvísi og nást ekki í gegnum langbylgju.

En það var fróðlegt að hér kom fram að það eru 20 ár og rúmlega þó, eins og kom fram hjá einum hv. þm. áðan, síðan síðast var gerð kostnaðaráætlun um dreifingu útvarps og sjónvarps til fiskiskipa og hún hefur síðan verið framreiknuð. Það er ábyggilegt að það væri mjög æskilegt að taka þessi mál upp á nýtt með það fyrir augum að sjónvarpið gegni þeim miklu skyldum sínum sem ég held að sé réttilega tekið fram hér og er ekki ágreiningur um að sjónvarpið hefur þau lög en þar segir, með leyfi hæstv. forseta: „Ríkisútvarpið skal senda út til alls landsins og næstu miða þær hljóðvarpsdagskrár og minnst eina sjónvarpsdagskrá árið um kring."

Þetta er hlutverkið sem útvarpið á að rækja og það er m.a. tilgangurinn með þessari þáltill. að knýja á um að þessi lög komist til fullra framkvæmda eða svo nærri þeim sem nokkur kostur er. Það sem verið er að gera í sambandi við mastrið á Gufuskálum er mjög ánægjulegt að skuli vera komið á rekspöl og ég vona að það verði sem fyrst að það mastur rísi og aðrar umbætur verði gerðar á langbylgjusambandinu. Þrátt fyrir allt er langbylgjusambandið það sem er okkur tryggast því FM-bylgjan er svo óbrotgjörn að hún nær ekki að fylla alla þá skugga sem eru kringum hana.

En ég vona svo sannarlega að þessi þáltill. nái tilgangi sínum. Ég heyri að þeir sem hafa talað styðja málið. Ég sé líka á fyrri ályktun Alþingis að þessi málaflokkur á stuðning, a.m.k. þangað til kemur að fjárveitingum. Ég vona að það náist þangað líka í þetta sinn.

[14:57]

Guðmundur Hallvarðsson:

Virðulegi forseti. Ég tek undir þau orð sem margir þingmenn hafa látið falla varðandi þessa þáltill. og ég fagna henni. Ég var meðflm. Guðjóns Guðmundssonar alþingismanns á sambærilegri þáltill. á síðasta þingi. Það er alveg rétt eins og hér hefur komið fram í máli manna að lengi hefur verið talað um þetta vandamál í Alþingi og þingheimur almennt mjög sammála því að hrinda þessu máli af stað og vinna að framkvæmd þess að landslýður allur og sjómenn á hafi út í kringum Ísland nái fyrst og fremst Ríkisútvarpinu og í öðru lagi sjónvarpi. Vilji hefur staðið til þess hjá mönnum en því miður hefur orðið minna um framkvæmd.

Ég held að frá því að þessi þáltill. var fyrst flutt árið 1987, eins og fram kemur í greinargerðinni var 1. flm. Stefán Guðmundsson alþingismaður í fararbroddi þeirrar þál., hafa miklar breytingar, framfarir og tækni orðið í sendingum útvarps og sjónvarps. Það kom fram hjá síðasta ræðumanni að nú væri svo komið með marga bæi í hinni dreifðu byggð sem áður höfðu notið útvarps í gegnum sjónvarp að nú yrðu þeir að láta sér lynda að horfa á það sem gerist á Alþingi og þá ná þeir ekki Ríkisútvarpinu á meðan. Ekki verður á allt kosið á meðan ástandið er svo eins og raun ber vitni í hljóðvarpi okkar Íslendinga og Ríkisútvarpið ber varla það heiti að vera útvarp allra landsmanna á meðan ástandið er svo sem raun ber vitni um.

Ég vildi gjarnan vekja athygli á því þar sem ég gat um þá tækni og þróun sem hefur átt sér stað síðan þessi þáltill. var fyrst flutt 1987 þá er það nú svo að a.m.k. við Reykvíkingar og ég held að flestir á suðvesturhorninu geta nú horft á þriðju sjónvarpsstöðina sem er kristilegt sjónvarp og kemur í beinni útsendingu frá Bandaríkjunum. Það þykir ekkert tiltökumál. Það er hópur kristins fólks sem hefur tekið sig saman og ekki þekki ég þá sögu eða veit hvernig á sendingunni stendur en allténd er hún í gegnum gervihnött. Þegar svo hv. alþm. hafa verið að tala úr ræðustól um að það þurfi að reisa mastur hér og þar og útvarpssenda vítt og breitt um landið til þess að þetta megi gerast þar sem ósk manna er um varðandi þau mál sem koma fram í þessari þáltill. get ég ekki annað en hugsað til þessara gagnmerku ágætu kristilegu sjónvarpsstöðvar sem, eins og ég sagði áðan, hefur útsendingar frá einhverri sjónvarpsstöð í Bandaríkjunum sem nást um allt suðvesturhornið.

Það leiðir auðvitað hugann að því að ég er ansi hræddur um að það hljóti að vera aðrar leiðir til að koma útvarpi Íslendinga til allra landsmanna og jafnframt á miðum með öðrum hætti en hér hefur verið talað um. Erum við ekki að tala bara um eitthvað sem tilheyrir fortíðinni? Getur það verið að tæknimenn Pósts og síma sjái ekki aðrar leiðir en með þessum hefðbundna hætti að leggja annað hvort möstur vítt og breitt og síðan einhverja útvarpssenda með þeim mikla tilkostnaði sem talað er um? Við sjáum líka hvað hef-

ur gerst í þeim ósköpum sem dunið hafa yfir Vestfirðinga ekki fyrir löngu og öll þjóðin tók þátt í þeirri miklu sorg sem þar dundi og þeim ósköpum hvar menn stóðu agndofa yfir. Oftar en ekki var síminn að detta út og útvarp. Maður spyr sjálfan sig: Er það virkilega svo að ekki sé til önnur tækni en sú sem hér hefur komið fram um að það þurfi að reisa möstur og sendistöðvar þegar til þess er litið að hér er kristileg sjónvarpsstöð sem tekur sinn boðskap beint frá Bandaríkjunum á þeirri stundu sem talað mál fer fram þar vestra.

Ég trúi ekki öðru en að til séu lausar rásir í gervihnöttum sem svífa hér yfir sem mundi stytta okkur verulega leið í þessu og eflaust vera miklu öruggari sendiboði til hinna dreifðu byggða en nú er gert með þeim hætti sem nú er. Ég trúi því ekki öðru og trúi því ekki fyrr en ég tek á og sé það á prenti að það sé leið sem ógjörningur er að fara.

Því vildi ég að lokum segja að ég styð heils hugar tillöguna og vona að hún fái skjótan framgang en ég vænti þess líka að það komi fram skýr og skelegg svör frá þeim aðilum hjá Pósti og síma sem gleggsta þekkingu hafa á og eiga nú að fylgjast mjög vel með framförum og tækni nútímans, að það komi skýrt og skeleggt frá þeim hvort hér sé um mjög óraunverulega hluti að ræða þegar ég nefni gervihnattasendingar sjónvarps og síma á landinu.

[15:03]

Flm. (Stefán Guðmundsson):

Virðulegur forseti. Ég þakka þingmönnum fyrir góðar undirtektir við þessa till. og þær koma mér satt að segja ekki á óvart. Það er alveg hárrétt sem hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson benti á að mikil tæknibreyting hefur orðið á hinum síðustu árum í þessum efnum og ég ætla ekki að setja mig í dómarasæti hvað er þar best. Ég trúi því að þeir tæknimenn sem fjalla um þessi mál muni horfa til þeirrar miklu framþróunar og sjá það kannski manna best hvað hentar okkur í þeim efnum.

Ég er þess líka meðvitandi að kostnaðartölur við þetta eru nokkuð háar ef allt er lagt saman en ég vil þó benda á að það er okkur ekki um megn að gera slíkt, það fullyrði ég. Ég bendi einnig mjög sterklega á að mjög víða er hægt að gera úrbætur í þessum málum sem duga bærilega án þess að leggja út í mjög kostnaðarsamar framkvæmdir. Það er alveg ljóst og víða á þessum afskekktari stöðum hefur fólk verið að reyna að búa í haginn fyrir sig í þessum efnum á hinn frumstæðasta hátt og ég er sannfærður um ef tæknilið útvarpsins eða Pósts og síma sem sjá um, held ég, þessa þætti mundi leggjast á eitt þá er hægt að finna og bæta allvíða úr með ekki miklum kostnaði.

Virðulegi forseti. Ég tek einnig undir það sem kom fram hjá hv. 3. þm. Vesturl. að vissulega er galli að vera að tala um þetta mál hér og nú að hæstv. menntmrh. fjarstöddum. Ekki síst vegna þess sem segir í tillgr. en þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela menntmrh. að sjá svo um að á næstu tveimur árum verði fjármagn tryggt svo standa megi við afdráttarlausa viljayfirlýsingu Alþingis frá 11. maí 1988."

Við erum að leggja til að hæstv. menntmrh. verði falið að sjá svo um og það er engin tilviljun að svona stendur þetta í tillgr. Ástæðan fyrir því er einmitt sú sem hér hefur einnig verið vikið að að þann 11. maí 1988 samþykkti Alþingi svohljóðandi ályktun í framhaldi af till. sem ég flutti þá um sama efni:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta nú þegar gera kostnaðar- og framkvæmdaáætlun um að útsendingar Ríkisútvarpsins, þ.e. hljóðvarps og sjónvarps, náist hvar sem er á landinu og helstu fiskimiðum við landið.

Áætlunin miðist við að hægt verði að framkvæma þetta verkefni fyrir árslok 1991."

Í mínum huga hefur Alþingi talað skýru máli með þessari samþykkt. Ekki fer á milli mála hver vilji Alþingis var í þessu efni. Þegar þessi tillaga var til umræðu talaði fjöldi þingmanna í málinu og tóku allir undir að hún væri þörf og við ættum að hrinda þessu í framkvæmd. Þess vegna var aðeins gerð orðalagsbreyting á tillöguflutningnum af menntmn. og það er hún sem flutti þessa till. að lokum sem ég var að lesa upp og var samþykkt á Alþingi.

Því beini ég þessu nú til hæstv. menntmrh. að hann sjái svo um að við samþykkt Alþingis verði staðið. Því tek ég undir það enn og aftur að það er auðvitað galli að hæstv. ráðherra menntamála, sem hér er verið að vísa til, skuli ekki geta tekið þátt í umræðunni. En ég trúi því og tel mig reyndar vita að hæstv. menntmrh. hefur vilja til þess að koma þessu máli í framkvæmd og ég vil trúa því að það verði. Ég vænti þess þó að stutt sé eftir af þinghaldinu væri það sómi fyrir okkur alþingismenn að koma því svo fyrir að þessi tillaga væri afgreidd enn og aftur á Alþingi. Ég held að það sé það sem við þurfum til að geta lokið málinu. Við sjáum hversu alvarleg tíðindi hafa gerst vegna þess að þessi hlekkur í öryggiskeðjunni hefur brostið sem er Ríkisútvarpið sjálft. Við vitum það einnig sem þekkjum til íslenskra sjómanna að ekki er viðunandi lengur að geta ekki orðið við því að þeir geti notið þess að horfa á sjónvarp og hlusta á íslenska Ríkisútvarpið.

Því beini ég þeim orðum mínum mjög eindregið til menntmn. að hún taki þetta mál upp og vinni röggsamlega í því og sjái til þess að málið geti hlotið afgreiðslu fyrir þinglok.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stofnun Vilhjálms Stefánssonar á Akureyri, fyrri umr.

Þáltill. HG o.fl., 139. mál. — Þskj. 146.

[15:10]

Flm. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um stofnun Vilhjálms Stefánssonar á Akureyri. Þetta er 139. mál þingsins á þskj. 146 og er flutt af þingmönnum úr öllum þingflokkum. Ég er þar fyrsti flm. en ásamt mér eru það hv. eftirtaldir þm.: Sturla Böðvars-

son, Kristín Einarsdóttir, Halldór Ásgrímsson og Sigbjörn Gunnarsson.

Þáltill. sama efnis var flutt á síðasta þingi, 117. löggjafarþingi, og bar þá heitið „Tillaga til þingsályktunar um Norðurstofnun á Akureyri." Ég stóð þá einn að flutningi tillögunnar sem fékk umfjöllun í hv. umhvn. og leitað var umsagna um hana. Nú er tillagan flutt undir öðru heiti með nokkrum breytingum, efnislega þó ekki stórum, og við hafa bæst flutningsmenn úr öllum þingflokkum á Alþingi. Ég vænti að sú staðreynd að tillagan kemur nú fram öðru sinni með svo breiðum stuðningi leiði til þess að mál þetta fái umfjöllun í þingnefnd og hugsanlega og að minni ósk væntanlega afgreiðslu fyrir þinglok. Ég legg til að eftir þessa umræðu verði tillögunni vísað til hv. umhvn. sem fjallaði um hana á síðasta þingi.

Ég tel rétt, virðulegur forseti, að fara aðeins yfir efni tillögunnar en tillögutextinn er svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa að sett verði á fót á Akureyri stofnun um heimskautamálefni sem kennd verði við Vilhjálm Stefánsson og hafi það hlutverk að stuðla að sem öflugustum rannsóknum innlendra aðila á norðurslóðum og alþjóðlegri þátttöku Íslendinga í málum er varða heimskautssvæðið.

Meðal verkefna norðurstofnunar" stendur nú með litlum staf þannig að því heiti er haldið í texta þáltill., „verði eftirfarandi:

að vera íslensk miðstöð fyrir norðursamstarf og rannsóknir;

að safna og miðla upplýsingum um heimskautamálefni;

að eiga hlut að og skipuleggja rannsóknir sem m.a. varða umhverfisvernd í norðurhöfum;

að samræma innlenda og alþjóðlega þátttöku Íslendinga í rannsóknum á norðurslóð;

að annast tengsl við hliðstæðar miðstöðvar og stofnanir erlendis og laða þær til samstarfs;

að vera ráðgefandi fyrir stjórnvöld og aðra um norðurmálefni.

Stofnunin heyri undir umhvrn. og verði að meginhluta kostuð af íslenska ríkinu. Hún skal rækta tengsl og samvinnu við innlenda og erlenda háskóla og rannsóknarstofnanir.

Sett verði á fót föst samvinnunefnd um norðurmálefni, skipuð fulltrúum tilnefndum af fulltrúum Háskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri, Hafrannsóknastofnun, Náttúrufræðistofnun Íslands, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Veðurstofu Íslands, Rannsóknarráði Íslands, svo og formanni sem umhvrh. skipi án tilnefningar. Samvinnunefndin velji tvo úr sínum hópi í stjórn stofnunar Vilhjálms Stefánssonar auk formanns. Miðað verði við að stofnunin hefji starfsemi í ársbyrjun 1996."

Eins og þessi tillaga sem ég hef hér lesið ber vott um þá er hún tvíþætt, má segja, þar sem gert er ráð fyrir umræddri stofnun sem verði staðsett á Akureyri, en í öðru lagi að sett verð á fót föst samvinnunefnd um norðurmálefni skipuð fulltrúum tiltekinna stofnana, rannsóknastofnana og háskóla, og að úr samvinnunefndinni verði valin þriggja manna stjórn og formaður sé hinn sami í samvinnunefnd og stjórn stofnunarinnar. Í greinargerð með tillögunni er farið vítt yfir sviðið. Þar er rakin staða norðurmálefna á alþjóðavísu, alþjóðlegt samstarf á þessu sviði og þróun þess og þátttaka Íslands í þessum málefnum. Síðan er í greinargerð með þáltill. dregin fram helstu verkefni íslenskrar norðurstofnunar eins og þau eru fyrirhuguð að mati flm. sem og staðsetning stofnunarinnar og umfang. Í þessari greinargerð held ég að saman séu dregin með víðtækari hætti upplýsingar um stöðu þessara mála en hafa verið aðgengileg almenningi til þessa og þannig sé að því nokkur fengur að greinargerð er þetta viðamikil.

Það hefur verið aukið við greinargerð frá því sem var á síðasta þingi og tekið tillit m.a. til ábendinga sem fram hafa komið um þessi efni, þar á meðal úr umsögn sem barst frá Halldóri Þorgeirssyni sem hefur sinnt þessum málefnum og verið þátttakandi í þeim. Það er að finna í fyrsta þætti greinargerðar þar sem vikið er að rannsóknarviðfangsefnum á norðurslóðum sem tengjast hnattrænum umhverfisbreytingum á einn eða annan hátt. Þar er einnig vikið að skýrslu sem fram kom frá umhvrn. sem afurð starfshóps undir nafninu Efling umhverfisrannsókna á Norður-Atlantshafi og var gefin út í desember 1993.

Í tillögunni endurfluttri er gerð tillaga um breytingu á heiti stofnunarinnar og tengja hana við nafn Vilhjálms Stefánssonar. Það er gert eftir ábendingum sem 1. flm. bárust um þetta efni. Vissulega var áður vikið að Vilhjálmi Stefánssyni landkönnuði í greinargerð tillögunnar á fyrra þingi en hér er gengið lengra og tekið undir þá hugmynd að tengja nafn stofnunarinnar við nafn þessa landkönnuðar sem ávann sér heimsfrægð fyrir rannsóknir á norðlægum heimskautalöndum á sínum tíma. Vilhjálmur var ættaður af Norðurlandi en foreldrar hans, Jóhann Stefánsson frá Svalbarðsströnd og Ingibjörg Jóhannesdóttir frá Skagafirði, fluttust til Vesturheims 1876 og þar fæddist Vilhjálmur í Norður-Dakóta 3. nóv. 1879. Hér ætla ég ekki að víkja frekar að víðtækum rannsóknum hans á norðurslóðum en fyrir þá vinnu alla gat hann sér heimsfrægð og nafn hans er enn stórt á þessu sviði í umræðu og skrifum um þessi mál og ég er ekki í vafa um að það gæti orðið málefninu til ávinnings að kenna þessa stofnun, sem væntanlega verður að veruleika áður en langur tími líður, við nafn Vilhjálms Stefánssonar. Á ensku gæti stofnunin kallast Vilhjálmur Stefánsson Artic Institute.

Í greinargerð með tillögunni um staðsetningu og umfang er vikið að gildi slíkrar stofnunar og rannsókna á hennar vegum fyrir okkur Íslendinga. Það er einnig vikið að því að sjálfsagt sé að líta á hana sem landsstofnun og hún yrði kostuð af framlögum úr sameiginlegum sjóði. Fljótlega ætti stofnunin að geta aflað nokkurra tekna fyrir hagnýta þjónustu, svo og fyrir útsend verkefni. Tilkoma slíkrar stofnunar ætti að greiða fyrir samstarfi innlendra aðila er láta sig heimskautamálefni varða, auðvelda mjög samstarf við erlendar rannsóknastofnanir og því mundi vafalaust

fylgja þátttaka erlendis frá í fjármögnun ýmissa verkefna. Í greinargerð segir, með leyfi forseta:

„Eðlilega verður spurt hver þurfi að vera stærð slíkrar stofnunar í byrjun og um umfang starfseminnar, m.a. vegna áætlunar um stofn- og rekstrarkostnað. Á þessu stigi er ekki hægt að fullyrða um slík atriði en þau mundu skýrast við þann undirbúning sem tillagan gerðir ráð fyrir."

Sett er fram dæmi miðað við það að við stofnunina störfuðu sex manns og tiltekið húsnæði aðeins til þess að fá hugmynd um það hver kostnaður væri fyrir stofnun af þeirri stærð, en það segir einnig:

„Vissulega er ekki útilokað að hefja starfsemi norðurstofnunarinnar innan þrengri ramma en slíkt þarf að skýrast við frekari undirbúning."

Þá segir einnig í greinargerð, með leyfi forseta:

„Þá gæti einnig komið til greina að innlendar rannsóknastofnanir leggi norðurstofnuninni til verkefni og fjármagn og hún verði eins konar sameignarstofnun þeirra og ríkisins. Félli það vel að hugmyndinni um samvinnunefnd rannsóknastofnana sem tillagan gerir ráð fyrir.

Einnig gæti komið til álita að gera samstarfssamning milli stofnunarinnar og Háskólans á Akureyri með hliðsjón af samningum sem gerðir hafa verið milli háskólans og nokkurra rannsóknastofnana."

Það er auðvitað ekki vafamál að tilkoma stofnunar sem þessarar gæti orðið norðurrannsóknum og þátttöku Íslendinga í alþjóðlegu samstarfi til verulegs framdráttar. Einnig að það rannsókna- og vísindaumhverfi sem á Akureyri er til staðar og er þar í þróun og uppbyggingu mundi njóta gagns af tilkomu slíkrar stofnunar og þar yrði um gagnkvæmni að ræða. Mjög athyglisverð þróun hefur verið í gangi einmitt á milli Háskólans á Akureyri við rannsóknastofnanir eins og Hafrannsóknastofnun, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og Iðntæknistofnun um samstarf á sviði rannsókna, sameiginleg afnot af húsnæði og ráðningu sérfræðinga sem hafa kennsluskyldu við háskólann en rannsóknaskyldu við viðkomandi stofnanir. Slík tilhögun gæti vissulega komið til greina í sambandi við stofnsetningu þeirrar rannsóknastofnunar sem hér er gert ráð fyrir, stofnunar sem er ætlað að vera miðstöð fyrir heimskautarannsóknir en langt frá því að hún mundi framkvæma þær í einu og öllu. Þvert á móti er hér gert ráð fyrir þverfaglegum tökum þessara mála og tengsl við allar þær mörgu stofnanir í landinu sem hafa með einhverjum hætti með slíkar rannsóknir að gera, beint eða óbeint, og tillagan um samvinnunefnd þeirra helstu stofnana á þessu sviði sem koma nálægt slíku er einmitt hluti af tillögunni.

Ég held líka að við Íslendingar þurfum að hugsa til þess sem hefur verið að gerast í Norðurhöfum og réttarstöðu okkar á því sviði, bæði varðandi lífrænar auðlindir en einnig ólífrænar. Reynsla síðustu ára m.a. ætti að vera okkur hvatning til þess að stíga það skref fyrr en seinna sem hér er gert ráð fyrir, að fá samtengingu á þau málefni sem varða norðurslóðir. Ég er ekki í nokkrum vafa um það að fjárhagslega mundum við innan tíðar draga björg í bú utan að með þátttöku útlendinga, erlendra rannsóknaraðila í margháttuðum verkefnum sem við gætum tengst og þar sem stofnun sem þessi gæti átt verulegan hlut að máli að koma á slíku samstarfi umfram það sem þegar er í gangi. Í greinargerð með tillögunni hefur verið tekinn upp nú við endurflutning viðbótarþáttur sem varðar norðurrannsóknir á vegum Evrópusambandsins þar sem vísað er til þess sem er að gerast á vegum aðildarríkja þess og þeim rannsóknarþáttum tengjast Íslendingar með vissum hætti eins og þar er um getið. Er auðvitað sjálfsagt að hagnýta sér það og tengja þessa væntanlegu stofnun þegar hún yrði að veruleika við rannsóknir sem fram fara alþjóðlega einnig að því er varðar Evrópusambandið.

Ég vil, virðulegur forseti, um leið og ég ítreka og þakka í rauninni stuðning þeirra þingmanna sem gerst hafa meðflytjendur þessa máls og góða undirtekt við þetta mál, bæði á síðasta þingi og eins við undirbúning að endurflutningi hafa yfir síðustu orð úr greinargerð, með leyfi forseta:

„Nú um skeið hafa forráðamenn þjóða í norðanverðri Evrópu litið mest í suðurátt og eru Íslendingar í þeim hópi. Mál er að horfa til fleiri átta og þar er norðrið nærtækt og örlagavaldur í lífi þjóðarinnar fyrr og síðar. Brýnt er að efla þekkingu okkar á norðurslóðum til að geta stuðlað að sjálfbærri þróun á þessu svæði sem miklu varðar um afkomu Íslendinga."

[15:25]

Tómas Ingi Olrich:

Virðulegi forseti. Hér er til umfjöllunar till. til þál. um Stofnun Vilhjálms Stefánssonar á Akureyri og er það mál efnislega að mestu leyti samhljóða þingmáli sem var flutt á síðasta þingi. Það hefur tekið útlitsbreytingum að mestu leyti og greinargerðin er einnig ítarlegri og var hún þó ítarleg fyrir.

Það verður að segjast eins og er að þó að sá sem hér stendur hafi oft tekist á við hv. þm. Hjörleif Guttormsson, sem er 1. flm. þessarar tillögu, um mörg málefni þá hefur það aldrei verið svo að ég væri ekki fús að viðurkenna það að þau mál sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson undirbýr og flytur hér í þinginu eru yfirleitt framúrskarandi vel undirbúin. Það er svo með þetta mál eins og önnur hans mál að allt er þetta mál vel undirbúið og honum til sóma.

Það mál sem hér um ræðir er allrar athygli vert og ég lýsi stuðningi við þá hugmynd sem þarna er verið að setja fram. Ég held að hún sé rökstudd með sannfærandi hætti í greinargerð með þáltill. og fellst alveg á öll þau rök sem þar koma fram. Hugmyndin fellur mjög vel að þeim málum sem hafa verið að þróast á Akureyri, bæði innan Háskólans á Akureyri og varðandi samvinnuverkefni hans við rannsóknarstofnanir en einnig fellur þessi hugmynd mjög vel að þeim breytingum sem hafa orðið vegna lagabreytinga á starfsemi Náttúrufræðistofnunar Íslands sem nú starfar í tveimur setrum, öðru á höfuðborgarsvæðinu en hinu á Akureyri. Þetta setur Náttúrufræðistofnunar Íslands nýtur nú stuðnings af flutningi veiðistjóraembættisins norður til Akureyrar og er fyrirsjáanlegt að sú breyt-

ing sem varð á lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands verður til þess að styrkja rannsókna- og vísindastarfsemi á Akureyri til muna.

Það er á margan hátt æskilegt að þessi rannsóknastarfsemi verði til þess að beina athygli ekki bara Íslendinga heldur annarra þjóða að þessu mikilsverða svæði frá tilliti umhverfisverndar sem norðurslóðirnar eru. Það er ýmislegt sem er áhyggjuefni að því er varðar þetta mikilvæga svæði heimsins sem norðurslóðirnar eru. Ég hlýt að nefna sem dæmi, þó ekki sé tekið nema eitt, að þróun mála í Rússlandi og í afvopnunarviðræðum og þróun afvopnunarmála hefur leitt til þess að áfangar hafa náðst í ákveðnum málum að því er varðar landhernað, en það hefur orðið áhersluflutningur til sjóhernaðar í kjölfar þessara áfanga í afvopnunarmálum. Þetta er mjög uggvænleg þróun og þess ber einnig að geta að það eru á norðurslóðum frá fyrri tíð mikil vandamál í tengslum við kjarnorkuúrgang sem hefur verið komin fyrir á þessum slóðum með mjög vafasömum hætti, svo að ekki sé tekið dýpra í árinni. Það er alveg ljóst að jafnvel þó horft væri fram hjá þessum alvarlegu atriðum þá er að finna á norðurslóðum uppsprettu mjög mikilsverðra þátta sem marka skilyrði ekki bara fyrir Íslendinga heldur og fyrir þorra þjóðanna sem eiga aðgang að Norður-Atlantshafssvæðinu.

Það er því út af fyrir sig mikilsvert að leggja áherslu á rannsóknir á þessu svæði og það er líka mikilsvert, eins og hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hefur bent á hér, að láta Íslendinga verða eins og þeir hafa reyndar verið öfluga þátttakendur í þessu starfi. Og hugmynd sú sem reifuð er í þessu þingmáli lýtur að þessu.

Sá sem hér stendur átti þess kost að vera einn af flm. þessarar tillögu og þakkar fyrir þann heiður sem honum var sýndur með því að bjóða honum þátttöku í þessu máli en ég kaus að vera það ekki og vil nú gera grein fyrir helstu ástæðum fyrir því. Ástæðurnar eru ekki þær að ég sé ekki innilega sammála því máli sem hér er lagt fram. Ástæðurnar tengjast einungis því að ég tel mjög brýnt að þessar hugmyndir falli afar vel að uppbyggingarhugmyndum Háskólans á Akureyri.

Nú liggur það ljóst fyrir að Háskólinn á Akureyri hefur sent þinginu mjög jákvæð ummæli um þetta mál. En eins og stendur eru áhersluatriði háskólans í rannsóknamálum önnur og tengjast að verulegu leyti rannsóknaumhverfi matvælaiðnaðarins á Norðurlandi og menntun á sviði matvælaiðnaðar og það er mjög brýnt að allra leiða verði leitað til þess að styrkja háskólann í þeirri viðleitni sinni að koma þessum málum sem fyrst í góðan farveg. Það er því eingöngu, virðulegi forseti, með tilliti til forgangsverkefna sem ég hef ekki viljað vera flutningsmaður að þessari tillögu því að mér finnst að það gæfi í skyn að ég teldi að þetta mál ætti að hafa forgang yfir önnur. En efnislega lýsi ég yfir miklum stuðningi við þetta mál og endurtek að ég met það mikils hve vandlega málið er búið í hendur þinginu af hálfu flm.

[15:32]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég kem eingöngu hér til að færa fram þakkir fyrir þetta þingmál, fyrst og fremst hv. 1. flm. Hjörleifi Guttormssyni og öðrum hv. flm., hv. þm. úr öllum flokkum sem hafa lagt saman krafta sína í að flytja tillögu þessa um að komið verði á fót stofnun Vilhjálms Stefánssonar á Akureyri. Mér finnst vel við hæfi sú breyting sem lögð var til frá því að þetta mál var fyrst kynnt í fyrra að stofnuninni verði valið þetta nafn. Það eitt og sér er göfugt verkefni í sjálfu sér að halda á lofti nafni þessa mæta manns.

Í öðru lagi vil ég taka heils hugar undir það, ég held að það sé enginn vafi á því að við höfum ekki sinnt þessum málum sem skyldi á undanförnum árum og áratugum og kemur þar margt til vafalaust, vanefni sem og hitt að meðferð þessara mála hefur verið óskipulögð innan stjórnkerfisins og engin sérstök samræming verið þar á ferðinni. Ég held að það þurfi út af fyrir sig ekki að fara mörgum orðum um nauðsyn þess að við gerum þetta eða rökstyðja það. Það má þó nefna það auðvitað að okkur er bæði rétt og skylt að afla okkur þekkingar á okkar umhverfi og norðursvæðin umhverfis landið eru einu sinni þau sem ráða úrslitum um afkomu þessarar þjóðar og tilvist hennar í landinu.

Ég held í öðru lagi að það sé manninum nauðsynlegt og eðlilegt á hverjum tíma að leita skilnings á umhverfi sínu, læra að þekkja það og skilja og það sé óaðskiljanlegur hluti af sambúðinni við náttúruna.

Í þriðja lagi má nefna gildi þess einfaldlega varðandi efnahagslegan grundvöll þjóðarinnar að stunda rannsóknir á lífríkinu og náttúrunni. Það er nú einu sinni svo að við byggjum okkar efnahagslíf að yfirgnæfandi meiri hluta á nýtingu lífrænna auðlinda og auðlinda hafsins einkum og sér í lagi. Enn er það svo að um 80% útflutningstekna, þ.e. af vöruútflutningi, koma frá sjávarútvegi.

Í fjórða lagi má nefna afleidda hagsmuni okkar sem liggja í því að þekkja þetta umhverfi og gæta réttar okkar á þessum slóðum. Maður kemst ekki hjá því að hugleiða og ekki síst núna síðustu missirin hvort við Íslendingar gætum ekki staðið allmiklu betur að vígi og verið meiri jafnokar nágrannaþjóða eins og Norðmanna hvað varðar réttarstöðu í Norðurhöfum ef við hefðum á undangengnum áratugum sinnt betur rannsóknum á þessum sviðum. Auðvitað kemur það til að nokkru leyti að við erum einfaldlega skemmra á veg komnir og eigum okkur styttri sögu sem sjálfstæð þjóð sem farið hefur með okkar utanríkismál en þeir. Norðmönnum tókst á fyrri hluta þessarar aldar og einkum fyrstu áratugunum að treysta mjög rekstrarstöðu sína á því svæði sem hér um ræðir ekki síst. En enginn vafi er á því að eftir sem áður stendur það óhaggað að það er afar mikilvægt íslensku þjóðinni að þekkja sitt umhverfi og gæta þar réttar síns.

Ég bind vonir við að sú staðreynd að flm. þessarar tillögu eru hv. þm. úr öllum flokkum sem eiga fulltrúa á Alþingi verði til þess að tillagan fái hér jákvæða umfjöllun og vonandi afgreiðslu. Það færi vel á því á hinu nýliðna 50 ára afmæli lýðveldisins, en á

því ári hófst þessi þingvetur, afgreiddum við m.a. mál af þessu tagi.

Ég held einnig að það sé óþarfi, hv. alþm. þekkja til málefna Háskólans á Akureyri og þeirra hluta sem þar hafa verið að gerast og í rannsókna- og menntunarumhverfinu norðan heiða og það er tvímælalaust að viðbót af þessu tagi, tilkoma vísindastofnunar af þessu tagi, mundi verða kærkomin liðsauki einmitt í þeirri uppbyggingu sem þar hefur átt sér stað og stendur yfir. Ég er þess vegna sannfærður um það að tilkoma stofnunar af þessu tagi þó að hún yrði í sjálfu sér ekki mikið bákn, a.m.k. ekki í fyrstunni enda ekki til þess ætlast heldur einkum og sér í lagi til þess að halda utan um þessi mál, samræma okkar starfsemi á þessu sviði, gæti orðið mjög til góðs. Þátttaka okkar í þessum málum í alþjóðlegu samstarfi og að eigin frumkvæði mundi aukast og það yrði okkur sjálfum til hagsbóta og málefninu til góðs. Ég bind því vonir við að þó að ekki sé kannski ýkja langur tími til stefnu til afgreiðslu mála þá megi takast góð samstaða um afgreiðslu þessa máls.

Það hversu langur tími væri svo tekinn í að undirbúa það að stofnunin kæmist á fót er sjálfsagt að ræða og e.t.v. væri hyggilegt, eins og reyndar er nú gert ráð fyrir, samber síðasta málslið tillögreinarinnar, að einhver tími gæfist til undirbúnings og stofnunin mundi hefja starfsemi að 1–2 árum liðnum frá þeim tíma að þingmálið yrði afgreitt. En aðalatriðið er að með þessu er lagt til að marka þessum málum ákveðinn farveg og ganga frá því stjórnskipulega og efnislega hvernig við stæðum að því að framkvæma rannsóknir og taka þátt í þeim verkefnum sem alls staðar í kringum okkur fá nú aukna athygli og aukna fjármuni af hálfu nágrannaþjóðanna.

Sem sagt, hæstv. forseti, ég vil endurtaka þakkir mínar að lokum til flm. og vona að málið fái góðan og greiðan framgang.

[15:40]

Flm. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. tveimur ræðumönnum fyrir ágætan stuðning við þessa tillögu og góð orð í minn garð og okkar flm. tillögunnar. Ég þyrfti út af fyrir sig ekki, virðulegi forseti — um leið og ég nefni að ég fæ kannski aðeins meiri tíma en 28 sekúndur sem eru hér í ræðupúlti — að taka mjög langan tíma til að bæta við málið, en það er vissulega margt sem í huganum er í sambandi við það og nokkur atriði sem tengjast þeim ábendingum sem komu fram hér af hálfu þeirra sem tekið hafa þátt í umræðunni sem ástæða er til að víkja kannski aðeins að.

Ég vil vekja athygli á því að flutningsmenn sem eru úr öllum þingflokkum eru einnig af flestum hornum landsins eða úr hinum gömlu fjórðungum, ef grannt er skoðað og það ætti að auka skilning á því að hér er um landsmál að ræða en ekki sérstakt kjördæmismál eða að það sé verið að ýta fram þessu máli hér til hagsbóta fyrir eitt sveitarfélag í landinu, svo er ekki. Og það finnst mér vera mjög þýðingarmikill þáttur í þessu máli að það skuli hafa tekist svo breið samstaða hér við endurflutning málsins einmitt hvað þetta snertir og að það eru jafnframt þingmenn hér sem hafa lagt sig eftir þessum málum á alþjóðavettvangi. Í hópi flutningsmanna eru ágætir fulltrúar sem þekkja það vel. Hv. þm. Kristín Einarsdóttir, sem á sæti í Norðurlandaráði og hefur fylgst með þessum málum þar og á alþjóðlegum ráðstefnum og hv. þm. Halldór Ásgrímsson, sem er fulltrúi Íslands í sérstakri þingmannanefnd sem sett var á laggirnar eða verið er að reyna að koma á fót í framhaldi af ráðstefnu sem forsætisnefnd Norðurlandaráðs gekkst fyrir og haldin var hér í ágúst 1993. Það eina sem hefur komið í veg fyrir að sú þingmannanefnd — mig minnir að hugmyndin sé að í henni verði 10 fulltrúar — er ekki komin á laggirnar er að það hefur verið tregða hjá Bandaríkjaþingi að taka þátt í þessu samstarfi. Það tengist ákveðnum viðhorfum af þeirra hálfu til Norður-Íshafssvæðisins sem er kannski svona af hernaðarlegum toga meira heldur en annað. En þó eru vonir til þess að þessi afstaða sé að breytast þannig að þessi alþjóðaþingmannanefnd um norðurmálefni komist á innan tíðar. Ég ætla a.m.k. að vona að svo verði.

Ég sé ástæðu til að geta þessa vegna þess að norðurmálefnin eru mjög vaxandi áhugaefni á ýmsum vettvangi, þar á meðal í Norðurlandaráði. Innan Norðurlandaráðs flutti ég ásamt fleirum — ég var raunar 1. flm. tveggja tillagna fyrir tæpum tveimur árum síðan, tillagna um heimskautasvæðið. Önnur varðaði sjálfbæra þróun á heimskautasvæðinu og umhverfisvernd sem meginsjónarhorn. Hin tillagan varðaði hernaðarmálefni og alveg sérstaklega kjarnorkuna, bæði kjarnorkuvæðingu og meðferð á kjarnorkuúrgangi að því er varðaði norðursvæðið, sem hv. þm. Tómas Ingi Olrich réttilega vék að í sinni ræðu að er verulegt áhyggjuefni. Um þessar tvær tillögur var fjallað í umhverfisnefnd Norðurlandaráðs þar sem hv. þm. Kristín Einarsdóttir á m.a. sæti og einn af flm. og voru sameinaðar efnislega í einni tillögu og samþykktar fyrir ári síðan á þingi Norðurlandaráðs í Stokkhólmi. Og sem ein af afurðum þessa tillöguflutnings er skýrsla sem er að koma út núna á vegum norrænu ráðherranefndarinnar um norðurheimskautssvæðið út frá norrænu sjónarhorni og mun væntanlega verða fyrirliggjandi á þingi Norðurlandaráðs sem hefst í lok þessa mánaðar hér í Reykjavík. Það með öðru sýnir að við Íslendingar getum haft áhrif á þróun þessara mála og erum að reyna að tengjast þeim alþjóðlega séð og á því er mikil þörf og full nauðsyn að svo geti orðið.

Ég vék í máli mínu að tengslum við rannsóknastofnanir sem fyrir eru á Akureyri og að þar sé vænlegt umhverfi fyrir slíka stofnun nú þegar og eigi eftir að vaxa og dafna að því er vonir okkar standa til. Ég tel út af fyrir sig að þetta mál þurfi ekki að tengja uppbyggingu Háskólans á Akureyri sérstaklega, þ.e. að það eigi á engan hátt að draga úr okkur að þörfin er á að styrkja Háskólann á Akureyri með sérstökum hætti, eins og hér var að vikið og að þar þurfi ákveðnir þættir að hafa forgang. Stofnunin er ekki hluti, eins og tillagan er fram sett, af Háskólanum á Akureyri heldur fyrst og fremst vísað til þess að sú stofnun geti verið eðlilegur stuðningsaðili við stofnun Vilhjálms Stefánssonar og sú stofnun notið góðs af Háskólanum á Ak-

ureyri sem og öðrum vísindastofnunum þar norðan heiða. Ég nefni þetta hér vegna þeirra ábendinga og skýringa sem komu fram að hálfu hv. þm. Tómasar Inga Olrich í hans ræðu áðan varðandi ákveðin forgangsefni háskólans nyrðra.

Það má með engum hætti draga úr okkur að hrinda þessari hugmynd hér, þessari tillögu, í framkvæmd, enda veit ég að sá er ekki hugurinn sem að baki býr hjá hv. flm. Hann er auðvitað að horfa á þetta út frá víðtæku sjónarhorni og einnig þeirra takmarkana sem alltaf tengjast fjárveitingum. En við skulum hafa í huga að þetta er landsstofnun, þetta er nauðsynjamál á íslenskan mælikvarða í heild og auk þess á víðari mælikvarða alþjóðlegs samstarfs.

Ég leyfði mér auðvitað við endurflutning málsins að hafa frekara samstarf við menn norðan heiða, þar á meðal forstöðumenn Háskólans á Akureyri. Ég átti ágætt samstarf við fráfarandi rektor skólans, Harald Bessason, við undirbúning málsins áður en það kom fyrst fram hér og átti fundi þar nyrðra með ýmsum aðilum, þar á meðal fulltrúum bæjarstjórnar Akureyrar. Eftir að tillagan var flutt þá barst mér úr fórum fyrrv. rektors Háskólans á Akureyri upplýsandi efni um það að hugmyndir höfðu verið á kreiki áður, sem mér var ekki kunnugt um, sem voru ekki alveg ósvipaðs eðlis en meira tengdar háskólanum sem slíkum. Að þeim áttu einnig hlut góðir vísindamenn hér sunnan heiða, menn eins og Þór Jakobsson veðurfræðingur og Jóhann Axelsson, svo dæmi séu tekin. Þannig að það má sjá að hugmyndin á víðar rætur og ætti það að verða mönnum hvatning. Ég hafði einnig samráð við núv. rektor Háskólans á Akureyri sem tók þar við starfi á sl. ári og fékk frá honum hvatningu um að flytja málið sem næst með litlum breytingum, en gaf mér þó gagnlegar ábendingar þar að lútandi og taldi einmitt í bréfi sem ég sendi honum að einn helsti kostur þessarar tillögu væri sá að þar er gert ráð fyrir stofnun sem stundi þverfaglegar rannsóknir á norðurslóðum og tengi saman aðila sem vinna að slíkum rannóknum og að þverfaglegt eðli, eins og hann segir í bréfi til mín „...er einkenni þeirra norðurstofnana sem náð hafa hvað lengst í öðrum löndum.“ Og fleira gagnlegt kom þar fram.

Ég sá það einnig við undirbúning málsins þar sem Morgunblaðið átti viðtal við rektor háskólans, raunar áður en hann tók til starfa, þar sem Þorsteinn Gunnarsson segir, með leyfi forseta, þetta er tilvitnun í viðtal í Morgunblaðinu 18. maí 1994:

„En mér er engin launung á því að ég vil efla rannsóknir innan Háskólans og einnig alþjóðlegt samstarf hans.“ Og það vísar auðvitað til þess að sá alþjóðlegi þáttur sem tengist þessari hugmynd hér mun auðvitað einnig gagnast öðrum vísindastofnunum þar nyrðra, þar á meðal setri Náttúrufræðistofnunar Íslands sem þar er starfandi og sem við sumir, flutningsmenn þessa máls, áttum nokkurn hluta að að undirbúið var á sínum tíma ásamt góðri þátttöku þáv. sveitarstjórnarmanns norður á Akureyri, Tómasar Inga Olrich, sem ég minnist með hlýhug og ánægju heimsókna þegar það mál var í deiglunni. Mál sem átti kannski ekki alveg rakta leið í gegnum kerfið, ef svo má segja, en var í eðli sínu gott mál og þess vegna tókst að vinna því það fylgi hér á Alþingi sem þurfti til ákvörðunar.

Svo ætla ég að vona, virðulegur forseti, að verði einnig með það mál sem hér er flutt og vænti þess að hv. umhvn. taki það til velviljaðrar skoðunar hvort ekki sé hægt að ná samstöðu um afgreiðslu málsins fyrir þinglok og skil ég þá eftir á fimmtu mínútu af mínum tíma þó margt sé órætt. Takk fyrir, virðulegur forseti.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tilkynningarskylda olíuskipa, fyrri umr.

Þáltill. GHall, 340. mál. — Þskj. 538.

[15:51]

Flm. (Guðmundur Hallvarðsson):

Virðulegi forseti. Ég flyt hér þáltill. um tilkynningarskyldu olíuskipa og annarra skipa sem sigla með hættulegan varning. Þáltill. hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að móta skýrar reglur um tilkynningarskyldu og afmörkun siglingaleiða olíuskipa og annarra skipa sem sigla með hættulegan varning inn í íslenska efnahagslögsögu, m.a. heimildir til tafarlausrar stöðvunar ef vart verður mengunar. Reglurnar skulu einnig ná til olíuskipa í siglingum milli hafna innan lands.

Enn fremur verði mótaðar reglur um hvaða ráðuneyti og stjórnsýslustofnanir fari með forræði um allar aðgerðir sem grípa þarf til þegar mengunarslys verða á sjó eða við strendur landsins.“

Í greinargerð segir svo: „Með lögum nr. 14/1979 var ríkisstjórninni veitt heimild til að staðfesta fyrir Íslands hönd þrjá alþjóðasamninga um varnir gegn mengun sjávar af völdum olíu. Þeir samningar mæla annars vegar fyrir um íhlutun strandríkis á úthafinu þegar óhöpp verða sem valda eða geta valdið olíumengun og hins vegar um ábyrgð á tjóni af völdum olíumengunar. Þá eru einnig í gildi lög nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar. Framangreind lög og samningar veita strandríkjum þó ekki rétt til að gera neinar ráðstafanir er takmarkað geta umferð olíuskipa og annarra skipa sem sigla með hættulegan varning um efnahagslögsögu þeirra.

Með hliðsjón af undirstöðuatvinnuvegi Íslendinga og megintekjum af erlendum viðskiptum, sem m.a. byggjast á einstökum ómenguðum náttúruauðlindum hafsins umhverfis Íslands, er um brýnt mál að ræða. Alvarleg mengunarslys hér á landi hafa sem betur fer ekki átt sér stað. Full ástæða er þó til ýtrustu varkárni í því efni, samanber strand danska flutningaskipsins Erik Boye í júlí 1992 og flutningaskipsins Carvik frá Kýpur í september 1994 hér við land. Rétt er að rekja málsatvik í þessum tilfellum aðeins nánar.

Danska flutningaskipið Erik Boye strandaði á skeri í höfninni á Breiðdalsvík að kvöldi 28. júlí 1992. Skipið var að fara frá bryggju þegar óhappið varð, en það hafði losað hluta af saltfarmi á staðnum. Enginn hafn-

sögumaður var um borð í skipinu. Morguninn eftir strandið kom varðskipið Óðinn á staðinn og einnig tveir starfsmenn mengunardeildar Siglingamálastofnunar. Þegar var hafist handa við að reyna að dæla sjó úr skipinu, en þá hafði afturskipið (vélarrúm og íbúðir) fyllst af sjó. Einnig var flotgirðing sett utan um skipið til að hindra frekari mengun, en gat var komið á einn olíutank þess. Ekki tókst að dæla sjó úr skipinu til að losa það. Var þá gripið til þess að dæla allri olíu úr skipinu, tæplega 50.000 lítrum. Síðan var varðskipinu lagt utan á Erik Boye og saltfarmurinn, sem var um 870 tonn, hífður um borð í varðskipið og fluttur með tveimur minni bátum í land á Breiðdalsvík. Þannig tókst að losa skipið af strandstað og koma því að bryggju á Breiðdalsvík. Með þessum aðgerðum tókst að koma í veg fyrir stórfellda mengun og skemmd á lífríki Breiðdalsvíkur. En þar er nokkurt æðarvarp og einnig laxveiðiá.

Fimmtudaginn 22. september sl. að morgni til steytti flutningaskipið Carvik frá Kýpur, sem er 16.200 tonn, á skeri rétt fyrir utan Hafnarfjarðarhöfn. Þegar skipið losnaði varð vart olíubrákar á sjónum og var þá ákveðið að stefna því til hafnar á Grundartanga í Hvalfirði til að kanna skemmdirnar, en þangað var ferð skipsins heitið á vegum Elkem til að lesta 7 þúsund tonn af málmblendi sem fara áttu til Japans. Starfsmenn Siglingamálastofnunar og Reykjavíkurhafnar komu með mengunarvarnabúnað til Grundartanga um kvöldið, en skipið lagðist að bryggju þar um kl. 21.30. Einskis olíuleka varð þá vart.

Síðar kom í ljós að skemmdir á skipinu reyndust meiri en talið var í fyrstu. Í ljós komu fimm göt á skrokknum og eitt, sem var á olíutanki, sýnu stærst. Aðeins um 5 tonn af olíu virtust þó hafa lekið úr skipinu og má þakka köldum sjónum á þessum árstíma að ekki lak meira út.

Þrátt fyrir að ekki færi meira magn af olíu í sjóinn þurfti að hreinsa á annað hundrað tonn af olíumenguðum þara úr fjörunni í Bakkavík á Seltjarnarnesi. Mikið af æðarfugli drapst af þessum sökum.

Skipið lét úr höfn og hélt utan 28. september eftir að samkomulag hafði náðst við hafnsögubátinn í Hafnarfirði um rösklega 2 millj. kr. greiðslu og eigendur og tryggingafélag skipsins höfðu sett 10 millj. kr. tryggingu vegna tjóns sem olíulekinn olli, en auk hafnsögubátsins höfðu Siglingamálastofnun, Reykjavíkurhöfn, Seltjarnarnesbær og Húsdýragarðurinn lagt fram bótakröfur.

Í sjóprófum vegna slyssins kom fram að skipið kom að landi nokkru fyrr en áætlað var. Skipstjórinn hafði reynt að ná sambandi við hafnsögubátinn til að láta um vita um breyttan komutíma, en náði ekki sambandi. Skipið hafði síðan stöðvað við bauju þar sem gert var ráð fyrir að hafnsögumaður kæmist um borð. Haugasjór var þennan dag, um átta vindstig, og skipið hraktist því innar og tók að lokum niðri. Skipinu tókst svo að komast af strandstað fyrir eigin vélarafli á næsta flóði."

Ég vil sérstaklega vekja athygli á því og vísa þá til þess sem kemur fram í þáltill., að það verði mótaðar reglur um hvaða ráðuneyti og stjórnsýslustofnanir fari með forræði um allar aðgerðir sem grípa þarf til þegar mengunarslys verður á sjó eða við strendur landsins. Það tiltekna skip sem ég nefndi áðan steytti á skeri snemma morguns, en það er ekki fyrr en síðla kvölds og skipið er komið í höfn á Grundartanga að til aðgerða er gripið.

Það virðist vera að í stjórnsýslunni hvað varðar mengunarmál hér á landi sé ekki nóg að kveðið um hverjir skuli grípa til aðgerða og til hvaða ráða og jafnframt, eins og hér kom fram í tilvitnun laga, þá virðist það ekki vera heldur samkvæmt þeim alþjóðasamningum sem Ísland á aðild að varðandi varnir gegn mengun hafsins að heimildir séu hér til til þess að grípa til örþrifaráða, tafarlausrar stöðvunar eða að gera það sem kemur fram í þessari þáltill., að skip sem flytja olíu eða mengunarvaldandi varning til landsins, að þar skuli afmarkaðar siglingaleiðir eða að þeim sé gert skylt að tilkynna komu sína innan íslenskra efnahagslögsögu.

Nú er það svo að það er mjög mikið um erlend leiguskip sem koma hingað til landsins, bæði vegna flutninga á mjöli og lýsi. Er það oft svo að þessi skip og erlendir skipstjórnarmenn hafa ekki komið hingað til landsins áður og leita þá oft til þeirra aðila sem eru í þeirri stöðu að vera skipamiðlarar og falast þá gjarnan eftir íslenskum aðilum sem hafa skipstjórnarréttindi og hafa kannski á árum áður siglt sem skipstjórar meðfram ströndum landsins.

Ég hef átt tal við nokkra aðila sem hafa tekið þetta verk að sér og það hefur komið þeim mjög á óvart þegar þeir hafa komið um borð í þessi erlendu skip, sem eru að fara á 10–20 hafnir hér innan lands, að þessir aðilar hafa ekki einu sinni almennileg sjókort til að sigla eftir inn á hinar fjölmörgu hafnir landsins. Það er ekki langt síðan það birtist viðtal í einu blaði við skipstjóra á erlendu skipi frá Austurlöndum þar sem hann lýsti því yfir að hann hefði aldrei fyrr á sínum skipstjórnarferli lent í annarri eins siglingu eins og að sigla með ströndum landsins og inn á hinar fjölmörgu hafnir við Ísland.

En eins og ég sagði áðan þá er hér mjög stórt mál á ferðinni. Við Íslendingar höfum sem betur fer ekki orðið fyrir áfalli mengunar vegna strands olíuskips en ég minni á t.d. hverju Hjaltlendingar lendu í í janúarmánuði 1993 þegar þar strandaði olíuskipið Braer og olli geysilega miklu tjóni. Það sem kannski varð þess valdandi að ekki varð meira tjón en raun bar vitni voru hagstæðir vindar og veður.

Í grg. sem hér fylgir með er jafnframt þessa olíuslyss og mengunar sérstaklega getið, en ég tel ekki ástæðu til þess að lesa upp það sem þar kemur fram en vitna til þess sem ég hef áður sagt um nauðsyn þess að hér séu sett skilvirkari ákvæði í lögum um hver og hvernig skuli gripið til ef vart verður mengunar frá skipum og jafnhliða því að það séu settar hér ákveðnar siglingaleiðir sem skip sem flytja olíu eða hættulegan farm skuli sigla eftir. Jafnframt að nauðsynlegt er að þau tilkynni komu sína í íslenska efnahagslögsögu. Ég tel líka eðlilegt að það séu afmarkaðar siglingaleið-

ir vegna þessara skipa sem sigla með ströndum fram.

Virðulegi forseti. Um leið og ég vísa þessu máli til 2. umr. legg ég til að þáltill. verði vísað til hv. samgn. og ég óska jafnframt eftir því að tillagan verði send hv. umhvn. til umsagnar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, frh. 1. umr.

Stjfrv., 339. mál (eftirlitsmenn, greiðslur úr ofanflóðasjóði). — Þskj. 536.

[16:03]

Pétur Bjarnason:

Virðulegi forseti. Frv. þetta er samið á grundvelli tillagna nefndar sem skipuð var í fyrra eftir að snjóflóð urðu á Vestfjörðum, nánar tiltekið í Tungudal við Skutulsfjörð og til hliðsjónar var haft frv. sem þá lá fyrir þinginu flutt af hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni og fleirum.

Ég fagna því að þetta frv. skuli vera komið á dagskrá jafnframt því sem ég á von á því að á sama hátt og hið fyrra frv., sem nefnt var, var tekið til endurskoðunar eftir atburðina sem urðu í fyrravor þá muni þeir verða hafðir til hliðsjónar við meðferð þessa frv. í nefnd og hvernig á þessum málum verður tekið.

Atburðir síðustu vikna og þau snjóalög sem nú eru komin víðs vegar um landið færa okkur heim sanninn um það að við höfum vanmetið þessa hættu árum saman. Við höfum rekið okkur á það að byggt hefur verið á mörgum svæðum víðs vegar á landinu sem sýnir sig nú að eru fjarri því að vera án hættu vegna snjóflóða.

Það er ánægjulegt að heyra það að nefnd sú sem er að störfum vinnur af kappi og mun væntanlega safna upplýsingum og koma þeim á framfæri og þær munu verða nýttar í vinnu þessa máls á næstunni.

Við sjáum það núna, þó við höfum kannski á undanförnum árum verið fullsofandi varðandi varnir gegn snjóflóðum, þá hafa menn samt sem áður smátt og smátt verið að gera sér ljósar en fyrr mikilvægi þess að tryggja byggð einmitt gegn vá af þessu tagi. Þau okkar sem sátum fund með hinum norska sérfræðingi, Karsten Lid, um snjóflóðavarnir í Noregi, ráku sig á að þeir hafa unnið mun lengur og mun skipulegar. Þeir hafa í höndum miklu meiri gögn frá fyrri tímum og þeir miða sínar varnir og sitt mat við mun lengra tímabili heldur en við höfum gert og e.t.v. við höfum getað gert þar sem heimildir okkar um snjóalög, veðurfar og ýmsar aðstæður aðrar, eru ekki jafnítarlegar og þeir hafa til ráðstöfunar.

Auðvitað er aðalatriðið í þessu máli að tryggja öryggi íbúanna. Það sér hver maður að ef heimili manns er ekki öruggt þá getur búseta hvar sem er ekki verið trygg. Það er frumskilyrði að tryggja öryggi íbúanna og húsa þeirra þar sem þeir búa.

Í athugasemdum við frv. er sagt frá því að varið hafi verið tæpum 15 millj. til hættumats eða sem svarar 2,5 millj. kr. á ári. Það er sýnt að þessa upphæð þarf að stórauka. Það þarf að vinna og það er mjög brýnt að að því verði unnið mun meira, að þessum rannsóknum og hættumat, eins og það hefur verið framkvæmt, þarf þar að auki að taka til gagngerrar endurskoðunar.

Það kemur einnig fram að til varnarvirkja gegn snjóflóðum sé áætlað að verja hátt á sjötta hundrað milljónum, eða 567 millj. kr. Nú þegar þessi mál verða tekin til gagngerrar athugunar hljóta menn að verða að gera upp við sig, þar sem um er að ræða takmarkaðan hluta byggða sem er í hættu eða getur verið í hættu af snjóflóðum, hvort heldur eigi að ráðast í það að byggja mjög dýrar varnir ef hægt er að afmarka þessi byggðasvæði út af fyrir sig — víða háttar svo til að það er hægt — hvort það eigi heldur að verja hundruðum milljóna í varnargarða eða varnaraðgerðir eða færa íbúðahverfi til eða jafnvel að hvort tveggja verði gert. Með varnaraðgerðum verði hættusvæði minnkað, stærra svæði gert öruggt og jafnframt verði þar sem erfiðast er að tryggja varnir — varnir verða auðvitað að vera þannig að tryggt sé eða svo nærri því að tryggt sé sem mögulegt er að komast að ekki falli snjóflóð á þessi svæði. Það hlýtur að vera krafa þeirra sem hafa byggt íbúðarhús sín á svæðum sem nú eru eða verða eftir nýtt mat í ótvíræðri hættu fyrir snjóflóðum að þeim verði bættur sá kostnaður sem þeir verða fyrir við það að yfirgefa hús sín sem þeir byggðu á sínum tíma í góðri trú og samkvæmt heimildum sem giltu.

Það er ekki nægilegt að komið sé til móts við þarfir íbúanna í þessu því þó að hver íbúi fái bættan sinn húsakost þá þarf sveitarfélagið, sem oft og tíðum er vanmegnugt til stórra framkvæmda, að leggja í ýmsan kostnað við það að byggja upp ný hverfi á nýjum stöðum. Það eru alls konar veitukerfi sem þarf að setja upp. Það þarf að skipuleggja ný hverfi, leggja götur og svo framvegis.

Nú er vafalaust allt of snemmt á þessu stigi málsins að vera að fjölyrða eða leggja til lausnir í einstökum atriðum og ég lít svo á að framkoma þessa frv., umræður um það og vinna sem fara mun fram í nefnd um það, verði til þess að menn leggist allir á eitt því hér held ég að sé um mjög brýnt hagsmunamál mjög margra að ræða og íslensku þjóðarinnar í heild, enda held ég að það sé um þetta breið samstaða. Vinna þetta mál eins vel og kostur er og leita þeirra varna sem bestar geta orðið.

Í umræðunni sem frestað var í gær varpaði hv. 3. þm. Vestf. fram spurningu til hæstv. félmrh. sem ég vil gjarnan ítreka og varðar þetta mál. Hann spurði um 4. gr. þar sem stendur, með leyfi hæstv. forseta: „Greiða má allt að 90% af kostnaði við undirbúning og framkvæmdir við varnarvirki.“ Síðan segir: „Kostnaður við kaup á löndum, lóðum og fasteignum vegna varna telst með framkvæmdakostnaði.“ Um þetta er beðið betri skýringa og ég tel nauðsynlegt að séu þær skýringar fyrir hendi nú þegar að fá þeim svarað. Ef ekki, þá í þessari vinnu að leitast við það að þeim verði svarað svo menn geti vitað svolítið á hverju er von.

Eins vil ég ítreka það að þessar aðgerðir hljóta að

miða fyrst og fremst að því að tryggja öryggi íbúanna. Heimilið er helgasti staður hvers manns og helsta vígi og geti hann ekki verið öruggur þar þá skortir margt á lífsgæðin eins og allir gera sér ljóst. Og aðalatriðið í þessari umræðu allri, sem ég vona að verði haft að leiðarljósi, er að tryggja öryggi og síðan hitt að menn meti hvar og hvenær munu varnir koma að gagni og hvar þarf að grípa til róttækari aðgerða.

[16:12]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það er svo, þótt umræðan sé að hefjast um þetta þingmál og það fari nú fram 1. umr. um það, að efnisatriði þess hafa verið rædd hér áður í sölum Alþingis, ekki bara einu sinni heldur í tvígang. Því liggja skoðanir manna í þeim efnum nokkuð fyrir og ég hef t.d. rakið álit mitt til efnisatriða þeirra sem er að finna í þessu frv. að mestu leyti í fyrri umræðu um þetta mál.

Það hefur, eins og fram hefur komið, verið í tvígang til umfjöllunar hér frv. til laga um breytingar á lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum og líka breyting á lögum um Viðlagatryggingu Íslands, þar sem í fyrrgreindu lögunum var verið að gera tillögu um að auka hlut ofanflóðasjóðs í kostnaði vegna snjóflóðavarna og rannsókna og svo í síðara lagi í lögunum um Viðlagatryggingu Íslands að gera breytingu til að tryggja betur en nú er fjárhagslega stöðu ofanflóðasjóðs, sem er þannig að þótt sjóðurinn eigi nokkurt fé þá gengur hratt á það eftir því sem verkefnin koma inn og tekjustofnar sjóðsins eru ekki það digrir að þeir standi undir þeim útgjöldum sem fyrirsjáanleg eru í náinni framtíð.

Frv. þetta, sem ég flutti ásamt tveimur öðrum þingmönnum Alþb., var m.a. rætt á síðasta þingi. Það má segja að um efnisatriðin sem þar er að finna og sem líka er að finna í þessu stjfrv. hafi náðst samstaða meðal stjórnmálaflokka hér á þingi þegar ákveðið var að vísa efnisatriðum þess til sérstakrar nefndar sem síðan kom fram með sínar tillögur sl. haust þar sem þessi atriði eru í tillögum nefndarinnar. Það má því segja að þegar á því stigi hafi legið fyrir að samstaða væri hér á Alþingi um þessar tillögur í öllum meginatriðum.

Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka þingmönnum fyrir góðar undirtektir í þessu þingmáli sem við höfum hreyft hér á undanförnum þingum og vænti þess að menn sameinist um að reyna að afgreiða þetta þingmál frá ríkisstjórninni fyrir lok þessa þings. Það er skammur tími til umráða, það eru ekki eftir nema rúmar þrjár vikur af áformuðu þinghaldi, þannig að nefndin sem fær málið til umfjöllunar verður að láta hendur standa fram úr ermum og mér sýnist að hún hafi ekki meira en tvær vikur til að hafa málið til umfjöllunar og afgreiða það frá sér aftur til þingsins. Það held ég að geti tekist ef vilji stendur til þess og ég hef ekki heyrt annað á þeim sem hér hafa talað en að það muni vera.

Hins vegar ber að gæta að því að sjónarmið hafa auðvitað nokkuð breyst eftir að frv. var lagt fram í ljósi þeirra atburða sem orðið hafa sem gera það að verkum að menn verða að líta á málið að nýju og þá út frá þeim sjónarhóli að tryggja betur en menn höfðu áður hugað að öryggi og rannsóknum og öðru slíku sem miklu máli skiptir í viðvörunarbúnaði og þeim þáttum í málinu sem komið er að í 1. gr. frv. Ég held að menn þurfi að styrkja hana allnokkuð frá því sem lagt er til, en þar er fjallað um snjóflóðaeftirlit. Ég held að menn þurfi m.a. að skoða stjórnkerfið í þessum málum því með þessari tillögu erum við búnir að leggja til að þrjú ráðuneyti komi að málinu þar sem eru dómsmrn., félmrn. og umhvrn. Snjóflóðaeftirlitsmennirnir eiga að vera ráðnir af lögreglustjóra sem heyra undir dómsmrn. Þeir eiga að síðan að starfa í samvinnu við Veðurstofu sem heyrir undir umhvrn. og laun þeirra eiga að vera kostuð af ofanflóðasjóði sem aftur heyrir undir félmrn. Ég held að það sé nauðsynlegt að þingnefndin fari einmitt yfir þetta skipulag og reyni að fá álit fróðra manna á því hvort þarna þurfi að gera úrbætur á til þess að gera skipulagið skilvirkara og boðleiðarnar styttri og öruggari.

Ég vil, virðulegi forseti, ekki lengja umræðuna frekar en orðið er með þessum fáu orðum mínum. Það eru núna liðlega tvö ár síðan ég tók að hreyfa þessu máli hér á þingi með fyrirspurn til félmrh. um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum og mér finnst að nokkuð hafi miðað áleiðis í þessu efni. Ég vænti þess að Alþingi muni taka myndarlega á þessu máli, sem hefur verið vel undirbúið af hálfu ráðherra og ljúki afgreiðslu þess fyrir þingfrestun eftir liðlega þrjár vikur.

[16:18]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil eins og aðrir sem hér hafa talað lýsa yfir ánægju minni með að þessu máli skuli vera hreyft hér á Alþingi og raunar búið að leggja fram þetta frv. í desember sl. Hins vegar hafa þeir atburðir sem gerst hafa hér á landi og sérstaklega á Vestfjörðum hinar síðustu vikur orðið til þess að ýta enn frekar við því að þetta mál verði afgreitt nú.

Það eru í raun aðeins tvær lagagreinar sem með þessum brtt. er verið að leggja til að verði breytt. Ég vil aðeins fara nokkrum orðum um það. Ég vil taka undir það sem kom fram hjá hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni, að ég tel að það þurfi að skoða þetta heildarskipulag því ég tel að það séu of mörg ráðuneyti og þar af leiðandi of margir ráðherrar, sem fara með þessi mál. Hann nefndi áðan að það væru þrjú ráðuneyti sem færu með þetta. Ég held jafnvel, eftir því sem mér sýnist á þessari skoðun, að þá séu þau fjögur því að ofanflóðasjóður er hjá Viðlagatryggingu Íslands og viðlagatrygging heyrir undir heilbr.- og trmrh. Þannig að hugsanlega eru þau þá jafnvel fjögur. Hins vegar heyrir þessi lagasetningin sem við erum hér að ræða undir hæstv. félmrh.

Það er búið að segja svo margt og mikið í þessari umræðu. Þetta er í annað sinn sem þetta er tekið hér til umræðu, það tókst ekki að ljúka þessu á miðvikudaginn. Hér hefur margt verið sagt um þetta og talað bæði um að auka þurfi eftirlit, gera nýtt hættumat og auka fræðslu. Þetta er auðvitað allt saman rétt, en ég vil í framhaldi af því varpa fram þeirri hugmynd hvort þeg-

ar hættumat hefur verið sett á blað og úrskurðað þá séu það ekki aðeins sveitarstjórnir sem viti um það hættumat heldur sé gefið út kort um þetta, hvort það mundi ekki heyra hugsanlega undir Landmælingar ríkisins að gera kort um þá staði sem hættulegir verða þá taldir. Ég held að það sé mjög nauðsynlegt í sambandi við allt eftirlit og fræðslu til fólks að gera fólki það ljóst hvar hættumörkin eru. Þó við getum aldrei dregið neinar ákveðnar línur þá er það þó betra að hafa það skýrt á korti fyrir framan sig hvar hættan er, þó, eins og ég segi, hugsanlega sé aldrei hægt að draga neinar skarpar línur um það, það hefur reynslan kennt okkur.

Í 2. gr. 4. lið er talað um að það megi greiða allt að 90% af kostnaði við undirbúning og framkvæmdir við varnarvirki. Síðan kemur setning sem ég vildi fá aðeins betri skýringar á og hún er svo, með leyfi forseta:

„Kostnaður við kaup á löndum, lóðum og fasteignum vegna varna telst með framkvæmdakostnaði."

Ég vildi spyrja hæstv. ráðherra að því hvernig hún skilur þessa grein. Er þetta kostnaður við kaup á löndum, lóðum og fasteignum til þess að búa til varnir fyrir ofan eða á þeim stað sem fasteignirnar eru eða er þetta til þess að rýma það hættusvæði sem þessar fasteignir eru hugsanlega á? Eða með öðrum orðum er hér átt við það, getur það falist í þessari grein að hægt sé að kaupa upp fasteignir vegna þess að þær séu liður í varnaraðgerðum?

Hér hefur verið hækkað nokkuð það hlutfall sem *ofanflóðasjóði verður heimilað að greiða* af kostnaði við þetta allt saman og raunar nokkuð bætt við þau ákvæði sem ofanflóðasjóður má greiða. Ég býst nú við að þetta verði skoðað mjög vel í nefndinni þannig að ég ætla ekki að fara nákvæmlega út í það. Hugsanlega er eitthvað fleira sem hér mætti taka fram um það hvað heimilt er að greiða kostnað af úr ofanflóðasjóði. Ég vil líka beina því til nefndarinnar að hún skoði þetta rækilega einnig með tilliti til skriðufalla. Við erum hér á hinu háa Alþingi mjög upptekin af því að ræða um snjóflóð af því að við höfum nýverið upplifað þau. Núna er sú árstíð þegar helst er hætta á þeim og einmitt það verðurfar nú, en við skulum ekki gleyma því að þetta þarf einnig að eiga við skriðuföll og hugsanlega þarf þá að skoða þessa grein einnig betur út frá því.

Það væri auðvitað hægt að segja margt og mikið en mér finnst miðað við allar aðstæður og það sem hér hefur gerst á undanförnum vikum að þá sé búið að segja svo margt um það að það sé ekki miklu við að bæta. Ég held að öll þjóðin sé meðvituð um að það þarf að taka á þessum málum, þessum snjóflóðamálum og hættumati í framhaldi af því og hvað við eigum að gera. Það er alveg ljóst að við höfum hugsað allt of lítið um þessi mál. Þau lög sem til eru í dag eru frá árinu 1985 og þess vegna ekki nema tæp tíu ár síðan að lög voru sett hér á Alþingi um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum. Verður það að teljast nokkuð undarlegt í ljósi þess í hvernig landi við búum.

Það má einnig minna á að við höfum miðað hættumat og hugsanlega leyfðar byggingar með því að skoða 50 ár aftur í tímann. Hafi ekki fallið nein snjóflóð eða skriður á viðkomandi svæði síðustu 50 ár þá hefur verið leyft að byggja þar, en í Noregi miða þeir við 1.000 ár. Þannig að við erum a.m.k. ekki í takt við það sem Norðmenn gera í þessum málum.

Að lokum vil ég, virðulegur forseti, aðeins nefna það að þrátt fyrir að við reynum að finna varnir og byggja varnir þar sem það er hugsanlega tilgangur með því, og erum þar með að segja að við getum verið öruggari fyrir þessum náttúruhamförum sem eiga sér stað fyrirvaralaust, án þess að hægt sé að gera ráð fyrir þeim, þá megum við samt ekki leiðast út í þá umræðu að á þeim stöðum þar sem slíkar hamfarir hafa átt sér stað sé ekki búandi. Ég vil bara benda í því sambandi og reyna að láta fólk hugsa svolítið út fyrir Ísland. Við höfum undanfarna daga hlustað á fréttir af vatnavöxtum í Hollandi og á meginlandi Evrópu. Þar hafa í kringum 300 þúsund manns þurft að yfirgefa heimili sín vegna vatnavaxta og það er meira heldur en allir íbúar á Íslandi. Ég hygg að engum detti samt í hug að segja að það sé ekki búandi í Hollandi.

Hvað varðar það að við höfum hugsanlega leyft byggingar á því sem við í dag erum að uppgötva að sé hættusvæði þá hefur þetta einnig gerst hjá öðrum þjóðum því að í Hollandi eru menn nú að tala um það að þeir skilji ekkert í því að það skuli hafa verið leyfðar byggingar svo nálægt þeim svæðum þar sem gætu orðið vatnavextir. Þannig að þó að við séum mest upptekin af því sem hefur gerst hjá okkur og er sannarlega ástæða til og ég vona svo sannarlega að við þurfum ekki að upplifa það aftur, þá er það nú einu sinni svo að við búum í landi þar sem náttúruhamfarir af ýmsum toga hafa verið í gegnum aldirnar og ef við ætlum að búa í þessu landi þá verðum við að sætta okkur við að það geti komið. En við þurfum að vinna miklu betur að því hættumati sem hér hefur verið rætt. Það er úrelt eins og það er í dag. Það hefur ekki verið unnið nægilega mikið í þessum málum. Til þess þarf að taka verulega á þessu máli og ég treysti því að það verði gert.

Útbýting þingskjals:

Framtíðarnýting Safnahússins, 366. mál, fsp. VS, þskj. 592.

[16:29]

Félagsmálaráðherra (Rannveig Guðmundsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir ábendingar sem komið hafa fram í umræðunni og mun að sjálfsögðu fara yfir þær síðar á fundinum. En vegna fyrirspurnar þingmannsins, sem reyndar hv. þm. Einar K. Guðfinnsson setti einnig fram, þá finnst mér mikilvægt að svara eða upplýsa um þann þátt strax þannig að sú upplýsing komi inn í umræðuna.

Það varðar 4. tölul. 2. gr. frv. Þessi tölul. er samhljóða núgildandi lögum að undanteknu því að það er lagt til að kostnaðarhlutdeild ofanflóðasjóðs hækki úr 80% í 90%. Þetta er sem sagt ekki ný grein. Í athugasemdum með þessu ákvæði í frv. til núgildandi laga, þeirra sem eru *í gildi í dag, um varnir gegn snjóflóðum* og skriðuföllum, segir um þetta atriði:

„Sé talið hagkvæmara að kaupa fasteign til niðurrifs í stað þess að gera varnaðarvirki fyrir hana má sjóðurinn taka þátt í kaupunum.“ Og í framhaldi segir: „Þá er sjóðnum heimilt að taka að sama marki þátt í kaupum og uppsetningu tækjabúnaðar sem sérstaklega er aflað til rannsóknar vegna snjóflóðahættu.“

Þetta er sem sagt ákvæði í lögunum í dag. En þessi heimild mun hingað til ekki hafa verið nýtt að neinu marki, en það er mjög líklegt að atburðirnir á Vestfjörðum muni leiða til þess að það verði skoðað í auknum mæli hvort heppilegra geti verið í sumum tilvikum að kaupa upp fasteignir í stað þess að byggja kostnaðarsöm og viðhaldsfrek varnarvirki. Þannig að þessi heimild hefur verið til staðar í lögum en það er full ástæða til að setja skýrari ákvæði nú um hvað þetta varðar, t.d. hvernig standa skuli að slíkum kaupum, hvernig haga skuli verðlagningu eignanna, hvaða aðili hafi umráð eignanna eftir kaupin og hvernig þá skuli háttað nýtingu þeirra ef ekki kemur strax til niðurrifs. Starfshópurinn sem yfirfer frv. mun einmitt gera tillögur um þessi atriði og er okkur öllum ljóst að það er í raun verið að vinna með þessi mál á fleiri en einum vettvangi núna.

[16:31]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þessi svör hjá hæstv. félmrh. Ég vissi raunar ekki að þessi grein hefði verið útskýrð á þennan hátt í núverandi lögum, en hún upplýsti það einnig hér að þetta ákvæði hefur ekki verið notað, en það er auðvitað inni í dæminu að kaupa upp húseignir í staðinn fyrir að gera varnarvirki. Þetta hefur einmitt verið mjög mikið rætt í minni heimabyggð, Hnífsdal, þar sem svo háttar til að það varnarvirki sem búið var að gera teikningu að er talið að muni alls ekki skila þeim árangri sem til er ætlast. Ég er því mjög fegin að heyra það að þetta skuli vera verulega í umræðunni núna og tel að það sé eitt af því brýnasta sem þarf að taka ákvörðun um.

[16:32]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það verður víða vart við það hjá okkur mönnunum að minni okkar nær frekar skammt. Það kemur í rauninni hvergi betur fram eða a.m.k. er það mjög ljóst þegar um er að ræða ýmsa vá af náttúrunnar hendi og við erum óþyrmilega minnt á það þessar vikurnar þegar riðið hafa yfir áföll af völdum snjóflóða í einum landshluta með harkalegri hætti en gerst hefur um langa hríð hérlendis og með óbætanlegu tjóni á mannslífum fyrir utan tjón á eignum.

Það er mikil nauðsyn á því að við hér á Alþingi nú þegar þessi mál eru rædd í tilefni frv., sem ég segi að sem betur fer var fram komið af hálfu hæstv. félmrh. áður en þessi áföll riðu yfir og það er mikil nauðsyn á því að nú verði tekið á þessum málum með þeim hætti að það horfi til bóta fyrir framtíðina. Ég tel að flest í frv. sem hér er til umræðu horfi til bóta. Það þurfi hins vegar að gera á því ákveðnar endurbætur eða vissar breytingar sem ég mun koma að í máli mínu og ég mun víkja að nokkrum þáttum sem að því snúa í þessari ræðu og sýnist, virðulegi forseti, að ég gæti þurft á eitthvað meiri tíma að halda. Og vegna þess að það eru hér ýmis efni sem ég tel nauðsynlegt að fara yfir og koma hér á framfæri við 1. umr. málsins.

Ég vil geta þess í upphafi að ég er kannski í hópi þeirra þingmanna, fárra þingmanna, sem hafa haft talsverða reynslu af þessum málum frá fyrri tíð og leyft mér að hafa nokkur afskipti af þeim hér á Alþingi Íslendinga á liðnum árum af eðlilegum ástæðum. Og mér komu ekki svo mjög á óvart þær aðstæður og það ástand sem við höfum orðið vitni að á Vestfjörðum að undanförnu. Ástæðan er sú að ég reyndi sjálfur áfallið sem reið yfir mína heimabyggð 1974, yfir Neskaupstað, þá fórn sem við urðum þá að færa náttúruöflunum eða færðum náttúruöflunum vegna þess mikla áfalls sem þá varð og þess gífurlega eignatjóns sem því fylgdi. Ég átti hlut að því á dögunum þar á eftir og þá þegar, að reyna að átta mig á því fyrir hönd heimamanna hversu víðfeðm þessi snjóflóð voru sem þá riðu yfir Neskaupstað, bæði byggð en einnig utan byggðar á miklu stærra svæði heldur en til umræðu var almennt, en sem gerði okkur í rauninni nokkuð ljóst við hvaða aðstæður við byggjum að þessu leyti. Ég vann að því fyrir bæjaryfirvöld dagana á eftir að færa þetta inn á kort og taka síðan þátt í því að móta tillögur fyrir bæjarstjórnina, ásamt fleira ágætu fólki og sérstökum starfsmanni sem í það var settur okkur til fulltingis, að vinna að tillögugerð varðandi frambúðarskipan þessara mála þar heima fyrir og tengsl við aðra aðila.

Þetta tók okkur, að mig minnir, nálægt einu ári og á þessum tíma leituðum við allvíða fanga, bæði innan lands og erlendis. Fljótlega kom á vettvang til okkar forstöðumaður svissnesku snjóflóðastofnunarinnar, Kerving frá Davos í Sviss og leit yfir vettvanginn og var okkur til ráðuneytis og einnig Rannsóknaráði ríkisins og Almannavörnum. Nokkru seinna komu samkvæmt sérstakri ósk bæjaryfirvalda í Neskaupstað tveir starfsmenn norskrar stofnunar, Norsk Geoteknisk Institutt, sem heimsóttu okkur sérstaklega, skiluðu skýrslu og lögðu á ráðin um varnir og viðbrögð, þar á meðal um varnarvirki til að verja byggð. Annar þessara tveggja, Kasten Lid, var nú kvaddur hingað til vegna þessara áfalla á Vestfjörðum rúmum 20 árum síðar og þá auðvitað reynslunni ríkari úr sínu heimalandi. En þetta minnir okkur á það að þarna fyrir 21 ári síðan var í Neskaupstað gert mjög mikið til þess að átta sig á þessum aðstæðum. Í framhaldi af þessu, samþykktum bæjarstjórnar Neskaupstaðar, sem tók tillögur nefndarinnar sem ég gat um til umræðu og umfjöllunar og samþykkti þær að segja má í öllum atriðum og gekk þannig frá málum, m.a. varðandi skipulag frekari byggðar í bænum, að menn væru ekki að bæta við inn á hættusvæði.

Í framhaldi af því starfi sem þarna var unnið setti Rannsóknaráð ríkisins á fót starfshóp sem skilaði áliti 1976, undirritað fyrir hönd Rannsóknaráðs af Steingrími Hermannssyni, framkvæmdastjóra Rannsóknaráðs og þá má ég segja orðinn þingmaður Vestfjarða. Þetta er raunar ekki dagsett hér en ég má segja að því hafi verið skilað á árinu 1975 eða 1976, Skipulag snjóflóðarannsókna á Íslandi, snjóflóðarannsókna sem

þarna er sérstaklega á tekið. Í þessum bæklingi hér eru dregnar fram tillögur sem ég held að væri fróðlegt fyrir hv. þingmenn að lesa í dag lið fyrir lið um málstökin varðandi rannsóknina sérstaklega sem var svona það sem yrði að byrja á, en einnig varðandi mat á hættusvæðum og skipulag þessara mála.

Ég var kallaður til fljótlega eftir að þessi nefnd hóf störf og starfaði með henni til loka og reyndi að miðla af minni reynslu inn í þessa vinnu. Þarna var m.a. þetta sem Veðurstofan síðar tók upp, tillögur um það og ýmislegt varðandi hættumat og það sem snýr að skipulagi tekið til umfjöllunar.

Næst gerðist það á Alþingi Íslendinga að það var flutt á þinginu 1980 — næst segi ég, það er að vísu eftir minni, sem kann að vera brigðult, er flutt þáltill. 1980–1981, fyrsti flm. Helgi Seljan, um heildarlöggjöf, skipulag og varnir vegna hættu á snjóflóðum og skriðuföllum. Málið fluttu með honum fjórir aðrir hv. alþm. Þessi tillaga er í stafliðunum frá a til g og hún er samþykkt í öllum aðalatriðum án breytinga því að hún var vel unnin og henni fylgdi ítarleg greinargerð sem þál. Alþingis, 2. apríl 1981, um heildarlöggjöf, skipulag og varnir vegna hættu á snjóflóðum og skriðuföllum. Það er þessi samþykkt Alþingis sem verður til þess að sett er sú löggjöf 1985 sem hér er verið að endurskoða. Þetta er grunnurinn að þeirri vinnu. Þarna er lið fyrir lið farið yfir tillögur. M.a. segir í b-lið, með leyfi forseta:

„Við skipulag byggðar gildir sú meginregla að byggja ekki hús til íbúðar og atvinnurekstrar á svæðum þar sem talið er af sérfróðum aðilum að snjóflóð eða skriðuföll geti náð til. Ekki verði hafin vinna við skipulag vegna byggðar á nýjum svæðum fyrr en fyrir liggur úttekt og afstaða réttra aðila með tilliti til ofangreindra þátta. Sé talið óhjákvæmilegt að byggja á slíkum svæðum liggi fyrir mótaðar tillögur um kröfur til bygginga um varnarvirki, tilkostnað og fjármögnun við gerð þeirra áður en afstaða er tekin til skipulagstillagna af yfirvöldum."

Og síðan lið fyrir lið: „Tryggt verði að ekki sé haldið áfram mannvirkjagerð á líklegum hættusvæðum nema að vandlega athuguðu máli uns viðunandi varnaraðgerðum hefur verið komið í framkvæmd" og margt fleira sem hér er. Þetta eru aðeins tveir af mörgum stafliðum þeirrar þál. sem var samþykkt hér vorið 1981.

Síðan er sett á fót nefnd af hæstv. ráðherra Svavari Gestssyni í ríkisstjórninni sem þá sat en það gekk brösótt að ljúka því verki því að félmrh. sem við tók lagði nefndina niður í sparnaðarskyni og það þurfti sérstakan eftirrekstur á Alþingi Íslendinga til þess að þetta mál yrði aftur tekið upp og reynt að fara eitthvað ofan í saumana á hlutunum í samræmi við samþykkt Alþingis. Ég spurðist fyrir um þetta efni á Alþingi Íslendinga 1984 hvernig á því stæði að nefnd sem sett var í þessi mál hefði verið lögð niður, hvað lægi þar að baki. Þá kom í ljós að það hafði verið tilkynnt að settur hefði verið á laggirnir einhver starfshópur því í millitíðinni hafði fallið snjóflóð vestur í Ólafsvík sem verður tilefni þess að ráðherrann sem lagði nefndina niður hrökk við og sá að sér og setti þá einhverja vinnu í gang. Þessu er fylgt eftir með sérstakri fyrirspurn á Alþingi Íslendinga, þá er það fyrst upplýst, og þá fyrst kemur skriður á það að fara að undirbúa að bregðast við þáltill. sem minnt var á með fyrirspurninni að lægi fyrir. Og það er sett löggjöf hér 1985 sem réttilega er verið að fara yfir og breyta.

Ég er ekki að rifja þetta upp til annars en að minna á það að Alþingi Íslendinga hefur verið að fjalla um þessi mál en það hefur bara ekki náðst sú samfella sem þarf og menn hafa ekki verið reiðubúnir til þess að horfast í augu við og það ekki vitandi vits, ég held að það sé mest óvitandi vegna þess að tilhneigingin til að gleyma er mjög rík og það virðist alltaf þurfa einhver stóráföll til þess að menn hrökkvi við og fari að taka hér á hlutum sem ættu þó að vera hverjum manni augljóst að við búum við í okkar umhverfi og alltaf er verið að minna okkur á þó að það kosti ekki tugi mannslífa. Eins og menn vita þá hafa á annað hundrað manns farist í snjóflóðum á Íslandi á þessari öld á sama tíma og byggðin hefur verið að færast út, þéttast og færast út á hættusvæðum vissulega.

Það er mjög athyglisvert líka sem komið hefur fram í sambandi við þessi mál að á árabilinu frá því fyrir 1930 og fram undir 1970 ríkja þær veðurfarsaðstæður á Íslandi að það er ekki mjög mikið um stór snjóflóð sem hitta byggð eða mannvirki. Það er mjög athyglisvert. Þetta minnir okkur einnig á þá staðreynd að það segir ekkert um hættuna. Og þegar verið er að flokka svæði og spurningin hvað á að vera á rauðum svæðum, þ.e. skilgreindum hættusvæðum, þá hafa t.d. Svisslendingar og ég held Norðmenn miðað við til skamms tíma 300 ár, flóð einu sinni á 300 árum sem meðaltalsaðstæður og þá er svæðið markað sem hættusvæði. Ég held að Norðmenn séu komnir með enn þá lengri tímaskilgreiningu. En auðvitað er lítið um heimildir þegar kemur aftur fyrir eina öld eða svo í þessum málum. Það reyndist t.d. vera í Neskaupstað þegar ég var að grufla í þessu og safna saman heimildum að þær elstu voru rösklega 100 ára gamlar enda byggðin lítið eldri nema bara fáein bóndabýli sem voru á þessu svæði. Þannig háttar auðvitað víða til.

Aðeins til að nefna hvernig þetta hefur borið hér að Alþingi þá ber ég fram 5. nóv. 1987 fyrirspurn til þáv. hæstv. félmrh. um mat á snjóflóðahættu og fjárveitingar til snjóflóðavarna. Efnisatriði tillögunnar án þess að ég fari að rekja hér umræður var þetta:

1. Hversu langt er komið mati á snjóflóðahættu á byggðum svæðum?

2. Hvert er mat ráðuneytisins og ofanflóðanefndar á fjárþörf til snjóflóðavarna?

3. Hversu mikið fjármagn er til ráðstöfunar í snjóflóðavarnir á vegum ráðuneytisins og ofanflóðanefndar?

4. Eftir hvaða reglum er fjármagni úthlutað til snjóflóðavarna?

5. Hvað liggur fyrir af umsóknum frá sveitarfélögum og öðrum um fjárstuðning við snjóflóðavarnir?

Þessu var öllu svarað á þeim tíma og þá var þessi vinna að hættumati skemmra á veg komið en ég hafði

reiknað með og lágu ekki fyrir mjög margar umsóknir á þeim tíma. Síðan gerist það á 116. þingi svo að litið sé á formleg þingmál um þessi efni að hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson ásamt mér flytur það frv. sem vísað var til ríkisstjórnarinnar á síðasta þingi til þess að hvetja sveitarfélög til varnaraðgerða, til þess að hvetja sveitarfélög til þess að ráðast í slíkt en málin eru á þeirra ábyrgð eins og lögum er háttað núna eins og menn þekkja og 80% hámarkið sem verið hefur í gildi í rauninni allt of mikil byrði og það sem út af stendur fyrir sveitarfélögin að taka á.

Virðulegur forseti. Þetta var upprifjun á örfáum þáttum sem snúa að okkur hér á Alþingi eins og þetta hefur legið á liðinni tíð. Nú erum við að endurskoða gildandi lög um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum. Hér hafa komið fram í umræðunni gagnlegar ábendingar og hæstv. félmrh. fór yfir þessi mál skilmerkilega. Ég vil leyfa mér, og bið um að það sé ekki tekið sem einhver alvarleg gagnrýni þó að ég bendi hér á nokkur atriði, bæði varðandi frv. og eins úr máli hæstv. ráðherra, sem ég tel að þyrfti að líta á og athuga varðandi framhaldsmálsmeðferðina.

Í fyrsta lagi held ég að það þurfi nauðsynlega að finna samstarfsvettvang, eins og hér hefur verið bent á af tveimur þingmönnum sem hafa tekið þátt í umræðunni, samstarfsvettvang opinberra aðila sem koma að þessum málum og ekki að búa til kerfi án þess að öruggt samstarf aðila, bæði þeirra opinberu stofnana með aðsetur hér syðra sem og aðila heima fyrir í einstökum sveitarfélögum eða á svæðum sem þar er um að ræða, sé tryggt. Það hefur allt of lengi verið svo í okkar málum varðandi björgunarstarfsemi í landinu, það þekkjum við öll, hvernig skortur hefur verið á eðlilegri samtengingu og samráði og það má ekki koma í veg fyrir að besta árangri verði náð til þess að forðast þá vá sem hér er verið að glíma við. Þess vegna vil ég hvetja til þess að það verði skoðað sérstaklega.

Ég held líka varðandi kostnaðarþáttinn sem gert er ráð fyrir í 2. gr. frv. að það þurfi að líta á 5. liðinn sérstaklega varðandi kaup og uppsetningu á tækjum og búnaði sem sérstaklega er aflað til rannsókna á snjóalögum með tilliti til snjóflóðahættu, athuga hvort ekki sé réttmætt að fara að með sama hætti og gert er ráð fyrir í 3. tölul., þ.e. að allur kostnaður sé tekinn úr ofanflóðasjóði varðandi þessi tæki eins og gert er ráð fyrir með kaup á rannsóknartækjum samkvæmt 3. lið. Ég sé í rauninni ekki nein skýr rök fyrir að halda því aðgreindu. Ég held að það þurfi að athuga mjög vel tengsl ráðuneyta og stofnana að því er þetta varðar.

Það er eitt sem vekur athygli mína í þessu, bæði í frv. og í ræðu hæstv. ráðherra, og það er hvernig gengið er fram hjá skipulagsþættinum, þ.e. því sem snýr að skipulagi ríkisins. Ég sá hvergi þegar ég fór yfir framsöguræðu hæstv. ráðherra að ráðherrann kæmi að skipulagsþættinum sem er algert grundvallaratriði í þessu máli og einnig þegar spurningin kemur upp um það sem hér er verið að tala um, að vísu dálítið óljóst, finnst mér, bæði af hálfu ráðherra og eftir því gengið af þingmönnum, þ.e hvernig menn ætli með að fara varðandi fasteignir sem metnar eru á hættusvæðum. Þar hafa opinberir aðilar sagt dálítið stór orð að undanförnu án þess að menn hafi í rauninni gert sér grein fyrir umfangi málsins og þeim mörgu álitaefnum sem því hljóta að tengjast fyrir utan svo hinar beinu fjárhagslegu skuldbindingar sem að baki kunna að búa og þarna þurfi menn að gæta sín, fara vandlega yfir hlutina áður en farið er að skapa væntingar sem algerlega er óvíst hvort og hvernig hægt sé að standa við eða hvort meiningin sé að standa við eða ekki.

Þarna kemur skipulagið líka varðandi núverandi byggð en einnig varðandi framtíðina inn í málið. Það tengist vissulega hættumatinu sem er mikið til umræðu og að þurfi að fara yfir og endurskoða. Við þurftum ekki snjóflóðin á Vestfjörðum núna til þess að átta okkur á grundvallaratriðum þess. Þarna hefur verið einhver gífurleg brotalöm uppi í sambandi við þetta hættumat. Það þýðir ekkert annað en horfast í augu við það. Menn hafa verið að fela þennan veruleika meira og minna fyrir sjálfum sér og umhverfi sínu, fram hjá því verður ekki horft. Ég þekki þetta ósköp vel af minni reynslu heima fyrir sem annars staðar hvað þetta eru talin viðkvæm atriði. En ef við ætlum að horfast í augu við veruleikann og tala tillit til hans þá er umræðunnar þörf og þá verða menn að átta sig á hvaða forsendur eru gefnar og við hvaða vandamál og verkefni er að fást.

Ég nefni bara, virðulegur forseti, dæmi frá í fyrrasumar þegar við vorum að ræða um spurninguna um Tungudal vestra. Ég leyfði mér að blanda mér aðeins í þá umræðu og þær ákvarðanir sem þá voru teknar og finna svolítið að því í varnaðarskyni, sem varnaðarorð. Það þarf ekki lengra að fara til þess að átta sig á hversu langt veruleikinn sem við búum við virðist vera frá ábyrgðaraðilum í þessum málum. Ég ætla ekki að rifja það upp frekar en minni á það. Það er skelfilegt til þess að vita að við skulum þurfa áhlaup af þessu tagi með allri þeirri þekkingu sem við búum yfir, sem er hér í landinu og annars staðar til þess að taka okkur tak í þessum efnum, en ég óska hæstv. félmrh. til hamingju með að hafa verið með þetta frv. fram komið á Alþingi. Staðan ætti að vera til þess að taka á þessum málum samræmt og skipulega. Við verðum að sameinast um að ná hér landi þó að skammt lifi þings. Það má líka alltaf endurbæta og breyta ákvörðunum sem teknar eru.

[16:57]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi þakka hv. 4. þm. Austurl. fyrir mjög fróðlega ræðu sem var mikilvægt innlegg fyrir okkur, ekki síst okkur sem höfum minni þingreynslu og þekkjum ekki þessi mál í gegnum þingsöguna með sama hætti og hv. þm. sem ég veit að hefur sýnt þessu máli ævinlega mjög mikinn áhuga og kom glögglega fram í hans máli. En vegna þess að hann vék aðeins nokkrum orðum í lok síns máls að uppbyggingunni í Tunguskógi í nágrenni Ísafjarðar vil ég segja það að ég held að við hv. þm., þó að við séum báðir áhugamenn um það að öryggi íbúa sé tryggt og við séum báðir einlægir áhugamenn um að eins vel sé gengið frá snjóflóðavörnum og hægt er,

séum við kannski ekki alveg sammála um það hvernig ætti að standa að málum í uppbyggingunni í Tungudal. Ég vil þess vegna láta það koma fram sem mitt sjónarmið að ég tel að það hafi verið mjög eðlileg niðurstaða hjá yfirvöldum og þar meðal hjá skipulaginu og umhvrn. að standa þann veg að málum eins og gert var í Tunguskógi við Ísafjörð í Skutulsfirði vegna þess að þar var eingöngu verið að tala um að byggja upp sumarhúsabyggð. Þar var ekki verið að tala um það að byggja upp heilsársbyggð. Það kom fram að byggðin þarna er skilyrt með þeim hætti að það er hugsunin að leyfa eingöngu búsetu í byggðinni í Tunguskógi yfir hásumarið á þeim tíma sem snjóflóðahættan er ekki fyrir hendi.

Þetta er mjög þýðingarmikið, þetta skiptir mjög miklu máli og við vitum það að tengsl íbúa Ísafjarðar við byggðina í Tunguskógi er mjög sterk og við sem þekkjum til þarna gerum okkur ljóst að Ísafjörður hefði ekki verið samur eftir snjóflóðið ef ekki hefði verið tekin sú ákvörðun sem tekin var á síðasta ári að heimila byggðina með þessum ströngu skilmálum.

Ég held að menn geri sér allir grein fyrir því, ekki síst íbúarnir á þessu svæði, að þetta leggur þeim þungar skyldur á herðar og menn munu auðvitað reynslunni ríkari umgangast þennan veruleika af miklu meiri alvöru en menn hafa gert fram að þessu. Það er rétt sem hv. þm. sagði að við erum stundum fljót að gleyma, en menn hafa ekki gleymt og munu ekki gleyma þeim voveiflegu atburðum sem þarna áttu sér stað og menn gera sér grein fyrir því að þeir verða að virða þær reglur sem settar voru og þess vegna var þetta eðlileg ákvörðun sem tekin var á síðasta ári.

[16:59]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að fara að draga þessi efni upp sem deiluefni hér. Ég taldi víst og hafði í raun reiknað með því að menn mundu einnig endurskoða þessa þætti jafnhliða öðru í ljósi þess sem hefur gerst núna á þessum vetri. Ég vil bara nefna að það er ekki mjög hvetjandi fyrir þær stofnanir sem eiga að teljast ábyrgar í þessum efnum að gengið sé alveg þvert á þeirra niðurstöður, þeirra ráðleggingu í sambandi við pólitískar ákvarðanir í þessu efni. Það er ekki hvetjandi. Það er ekki skynsamlegt gagnvart almenningi að halda þannig á máli. Það er ekki bara um það að ræða að það sé útivistarsvæði heldur er spurningin um uppbyggingu fasteigna. Það er jafnframt spurningin um tryggingu fasteigna. Ætla menn að ganga þessa götu áfram að byggja fasteignir á svæðum þar sem snjóflóð hafa sannanlega fallið og raunar valdið stórtjóni eins og í þessu tilviki? Ætla menn að gera það og senda svo bara reikninginn á almannasjóði, viðlagatryggingu? Er þetta gatan sem menn ætla að ganga? Ég spyr. Hvað er það löngu fyrir 15. apríl sem eru mörkin fyrir dvöl á umræddu útivistarsvæði? Hvar eru mörkin? 15. apríl, minnir mig. Var það ekki 10 dögum áður sem þarna hljóp þetta stóra snjóflóð? Það er ekki lengra síðan en í fyrra. Menn eru fljótir að gleyma og menn ætla seint að læra, því miður.

Ég held að einnig þessar ákvarðanir þurfi endurskoðunar við með fullri virðingu fyrir tilfinningu manna og öllum aðstæðum.

[17:01]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að það sé alveg óhjákvæmilegt þegar menn eru að leggja mat á hættuástand vegna snjóflóða þá sé það gert út frá þeim sjónarhóli að það er reginmunur á því hvort við erum annars vegar að tala um útivistarsvæði að sumarlagi og sumarhúsabyggð sem eingöngu er til búsetu að sumarlagi eða hvort við erum að tala um heilsársbyggð þorps, kauptúns eða kaupstaðar. Á þessu er reginmunur. Og það sem menn voru að komast hjá með þeirri ákvörðun sem þarna var tekin í fyrra var það að sumarhúsabyggðin í Tunguskógi, sem spilaði svo stórt hlutverk í lífi Ísfirðinga, væri lögð niður með því að setja þau skilyrði að búseta væri háð því að menn væru þar eingöngu á þeim tíma sem álitið væri að snjóflóðahætta væri ekki til staðar.

Nú er það annað mál og sér á parti sem er tryggingaþátturinn sem hv. þm. nefndi áðan. Ef ég skildi það mál rétt á sínum tíma þá er það svo að það væri háð mati tryggingafélagsins og ef tryggingafélag væri tilbúið til þess að tryggja þá væri viðlagatryggingin ábyrg. Það er hins vegar annað mál. Meginatriðið er þetta sem ég sagði, að það er á því reginmunur hvort við erum að tala um svæði þar sem búseta er allan ársins hring eins og í þorpunum og kaupstöðunum vítt og breitt um landið eða hvort við erum að tala um sumarhúsabyggð, sumarhúsalóðir þó það vilji þannig til að þeir séu í nágrenni við þéttbýli. Á þessu er auðvitað mikill munur. Og ég held að það hafi verið skynsamleg niðurstaða sem yfirvöld komust að í fyrra að leyfa þessa byggð með þessum ströngu skilmálum.

Það má vel vera að dagsetningin 15. apríl sé ekki endilega hin kórrétta, ég skal ekkert um það segja. En það varð hins vegar niðurstaðan eftir að menn höfðu skoðað þetta að leyfa þessa byggð með þessum ströngu skilmálum og menn hafa auðvitað virt þetta og munu virða þetta. *Og þó að minni manna nái skammt þá vil* ég fullyrða það sem íbúi á þessu svæði að við höfum ekki gleymt þeim voveiflegu atburðum sem urðu í fyrra og verða sífellt til að minna okkur á þessa miklu hættu sem vofir yfir. Við sem einu sinni höfum staðið frammi fyrir hættunni á snjóflóðum gleymum því ekki svo glöggt. Það get ég fullyrt.

[17:04]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson orðaði það svo að það hefði verið brotalöm uppi í okkar viðbúnaði gagnvart snjóflóðum. Ég tek heils hugar undir þessi orð. Það er staðreynd að það hefur verið brotalöm uppi hjá stjórnvöldum og hjá stjórnendum sveitarfélaga og raunar íbúum á þessum svæðum almennt. Ég tek líka undir þau orð hans að það sé skelfilegt til þess að vita að það þurfi áhlaup af þessu tagi til þess að menn taki við sér.

Nú er það svo að hæstv. félmrh. lagði fram þetta frv. til breytinga á lögum um varnir gegn snjóflóðum

og skriðuföllum samstundis og það var reiðubúið. En eigi að síður er það líka staðreynd að tilurð þessa frv. og nefndarstarfið sem það byggir á var hrundið af stað eftir snjóflóðin á Vestfjörðum vorið 1994. Það er því einfaldlega staðreynd að menn eru allt of daufir, allt of ónæmir fyrir þessari hættu. Það á sér þessar skýringar sem m.a. komu fram í máli hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar. Skipulag byggðarlaga hefur þróast í gegnum öldina og kannski hefur uppbyggingin og vöxtur þeirra verið hvað mestur á árunum milli 1930–1960, en ísótóparannsóknir á jöklum hafa sýnt að það er mesta hlýindaskeið Íslandssögunnar og ekkert sem stenst samjöfnuð við það nema ef vera skyldi tímabilið frá 880–960, einmitt á þeim tíma þegar maður að nafni Ingólfur Arnarson reisti sér fyrsta húsið hér skammt frá.

Það er líka athyglisvert hversu daufir menn hafa verið við þessari hættu þegar horft er til þess að snjóflóð hafa krafist mannfórna allt frá upphafi byggðar. Fyrsta heimildin um snjóflóð er frá árinu 1118 þegar fimm menn fórust í snjóflóðum. Kannski er það svo að vegna þess að slysfarir hafa ævinlega talist til meiri háttar tíðinda eru þær afskaplega vel skráðar í annálum sögunnar. Við vitum t.d. um snjóflóð sem hremmdi 50 manns árið 1613 og fram á þessa öld hafa verið stöðug snjóflóð. Á þessari öld einni saman hafa farist í kringum 145 manns. Alls vitum frá upphafi byggðar frá Íslandi að 655 manns eru taldir hafa látið líf sitt undir snjóflóðum.

Þetta vekur upp spurninguna um áherslur. Við höfum t.d. talið að við höfum staðið bærilega að jarðskjálftarannsóknum hér á landi sem miða að því fyrst og fremst að vara við yfirvofandi hættu og þar með að spara mannslíf. Við eigum fjórar stofnanir sem vinna að jarðskjálftarannsóknum og fjölda starfsmanna sem tengjast þeim. Snjóflóðadeildin sem við höfum yfir að ráða á Veðurstofunni er skipuð tveimur mönnum. Hún hefur ekki verið til sem deild nema frá árinu 1987. Staðreyndin er hins vegar sú að þrátt fyrir alla þessa miklu áherslu sem við leggjum á jarðskjálftaforvarnir hafa 100 manns látið lífið vegna jarðelda og jarðhræringa frá upphafi Íslandsbyggðar, þar af einungis einn á þessari öld. Þetta vekur auðvitað upp alvarlegar spurningar um áherslur.

Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson lét þess getið að hann teldi að forustumenn í stjórnmálum, forustumenn ríkisstjórnarinnar, hefðu e.t.v. talað óvarlega um hvernig ætti að koma til aðstoðar því fólki sem á hús á hættusvæðum. Nú er það svo að á hættusvæðinu í dag er ótrúlegur fjöldi húsa, tugir eða jafnvel yfir 100 hús sem eru á skilgreindum hættusvæðum. Þá ber að líta til þess hver ber í rauninni ábyrgðina á því. Það er erfitt að finna eitthvert stjórnvald sem ber ábyrgðina á því.

Eins og ég gat um hér áðan þá þróaðist byggðin í núverandi form á milli 1930 og 1960 þegar engin meiri háttar snjóflóð voru í byggð og við vitum hvernig byggð hefur þróast á Íslandi. Einhvers staðar við eyri í djúpum firði hefur framtakssamur maður fundið lægi fyrir báta og skip. Hann hefur byggt þar hjalla undir sinn fisk. Í kjölfarið með tækniöld hafa komið fiskvinnsluhús og starfsfólkið hefur byggt sér hús í grennd við þau. Og með framvindunni og með fjölgun þjóðarinnar hefur orðið landnauð á eyrinni og menn hafa teygt byggðina upp í hlíðarnar. Þetta gerðist nákvæmlega á þeim tíma þegar snjóflóð voru afskaplega fátíð og jafnvel engin í byggð eins og ég sagði áðan. Minni manna er afskaplega skammt eins og hv. þm. Hjörleifur Guttormsson gat um áðan og þetta kann að hafa deyft menn fyrir hættunni. En hefði það verið einhver sem hefði átt að hugsa fyrir í þessum efnum þá voru það auðvitað þau yfirvöld sem fara með skipulagsmál. Þess vegna segi ég: Það er þjóðin öll í gegnum ríkisvaldið sem verður að koma þeim til hjálpar sem eiga hús á þessum hættusvæðum og ég tel að það eigi að gera. Ég minni á þau orð sem ágætur maður, íbúi í Súðavík, lét sér um munn fara: Þar sem ekki er öryggi, þar er ekki heimili. Það er auðvitað grunnurinn í þessu máli.

Ég tel að þau lög sem við búum við núna séu um margt afskaplega gölluð og ég er undrandi á því að menn skuli ekki hafa farið fyrr í að endurskoða þau. Ég nefni sem dæmi að það kemur fram í greinargóðri greinargerð með frv. að varnarvirki sem byggð hafa verið eru meira og minna ónýt vegna skorts á viðhaldi. Í greinargerðinni segir á bls. 4, með leyfi forseta:

„Byrjað hefur verið á framkvæmdum á tveimur stöðum, Flateyri og Ísafirði, og einu varnarvirki hefur verið lokið á Ísafirði. Efast má þó um gildi þess varnarvirkis vegna skorts á viðhaldi eftir að það var byggt. Auk þess sem að framan greinir styrkti ofanflóðasjóður að tillögu félmrh. gerð varnarvirkja í Ólafsvík sem byggð voru fyrir gildistöku laganna en þau varnarvirki hafa einnig misst gildi sitt vegna skorts á viðhaldi."

Þetta hefur komið í ljós fyrir einhverjum árum og maður veltir fyrir sér hvernig stendur á því að það er ekki gripið inn í. Hvernig stendur á því að stjórnvöld hafa ekki gripið inn í þetta? Það þarf alltaf svona áföll. Staðreyndin er auðvitað sú að í gildandi lögum hefur ekki verið tekið á því hver á að greiða kostnaðinn af viðhaldinu. Þess vegna hefur ekkert viðhald farið fram. Undir þennan leka er sett með þessu ágæta frv. þar sem mælt er fyrir um að viðhaldskostnaður skuli að 60% greiddur af ofanflóðasjóði og þetta er auðvitað stórkostleg bót. Hvert og eitt einasta atriði er til bóta. En staðreyndin er sú að kerfið hefur ekki verið nógu gott. Það hefur verkað letjandi til byggingar varnarvirkja svo ekki sé minnst á viðhaldið sem ég ræddi um áðan. Það kerfi sem er byggt upp í lögunum frá 1985 er þess eðlis að það hefur beinlínis latt menn til þess að sinna eftirliti nægilega vel.

Í lögunum frá 1985 er fyrirskipað að laun eftirlitsmanna skuli vera greidd að hálfu af sveitarfélagi og að hálfu af Veðurstofunni. Tekið er fram að sá sem hefur ráðningarskylduna er sveitarfélagið. En einmitt út af þessari deyfð, sem við höfum öll sem tökum þátt í þessari umræðu minnst á og kemur reyndar fram í grg. með frv., er það auðvitað svo að menn hafa ekki sinnt þessu nægilega vel. Þess eru dæmi að snjóeftirlitsmaður hefur einfaldlega ekki verið ráðinn. Á svæðum, sem

kunna að vera í hættu vegna snjóflóða, hefur ekki verið snjóeftirlitsmaður öllum stundum.

Í lögunum er ekkert um það rætt hver eigi að greiða kostnaðinn vegna búnaðs snjóeftirlitsmanns. Það hefur leitt til þess að togstreita hefur skapast um það, Veðurstofan hefur ekki talið sér fært að gera það og heldur ekki talið sér skylt að gera það, hefur vitaskuld bent á það að sá sem hefur hina lagalegu ráðningarskyldu ætti að gera það. En því hefur ekki verið sinnt í öllum tilvikum og snjóeftirlitsmennirnir hafa t.d. kvartað yfir því að þeir hafa ekki alltaf eða allt of seint fengið það sem við mundum kalla grunvallarbúnað, búnað eins og snjósleða, til þess að sinna skyldu sinni.

Undir þetta er líka sett í þessu frv. vegna þess að nú á ofanflóðasjóður að greiða laun snjóeftirlitsmannanna. Það verður líka að segjast eins og er að laun snjóeftirlitsmanna hafa verið þannig að það hefur ekki hvatt þá til þess að leggja á sig ærið erfiði og það er líka svo að það hefur jafnan einungis verið einn snjóeftirlitsmaður. En spurningin er hvort það þyrfti ekki að hafa tvo, hafa einn til vara ef sá sem fyrir er, aðaleftirlitsmaðurinn, forfallast þegar mikið liggur við.

Í frv. er líka tekið á hagsmunaárekstrum sem hafa komið upp millum sveitarfélaga og snjóeftirlitsmannanna. Gert er ráð fyrir því að lögreglustjórar skuli í framtíðinni ráða eftirlitsmennina og ég tel að það sé hið besta mál. Það má auðvitað hugsa sem svo að e.t.v. væri ekki óeðlilegt að það væri Veðurstofan sem samkvæmt gildandi lögum, líka eftir samþykkt þessa frv., hefur hið faglega fyrirsagnarvald yfir þeim. Þeir eiga að lúta faglegu valdi hennar. Væri þá ekki réttara að Veðurstofan réði þessa menn? Það eru rök með því en það eru líka gild rök gegn því og ég set mig ekki upp á móti því fyrirkomulagi sem hérna er.

Ég sagði áðan að lögin, eins og þau hafa verið í gildi frá 1985, hafa ekki hvatt sveitarfélög til þess að beita sér fyrir byggingu varnarvirkja. En samkvæmt þessum lögum þá eru það sveitarfélögin sem hafa frumkvæðisskylduna. Þau eiga að vera tillögugerendur að varnarvirkjunum. En varnarvirkin eru óskaplega dýr. Þau kosta í sumum tilvikum tugi og jafnvel h undruð milljóna. Ofanflóðasjóður hefur greitt 80% en sveitarfélögin verða að leggja fram 20%. Í mörgum tilvikum er um það að ræða að sveitarfélögin, sem þurfa á varnarvirkjum að halda, eru fámenn og fjárvana og þau hafa einfaldlega ekki getað ráðið fram úr þeim vanda sem felst í því að reiða fram þau 20% sem á vantar. Auðvitað hefðu menn fyrir löngu átt að vera búnir að sjá þennan ágalla á lögunum en það er alveg ljóst að áherslan hefur ekki verið á þessum málaflokki eins og hv. þm. Hjörleifur Guttormsson rakti áðan með dæmum.

Í frv. er gert ráð fyrir því að ekki aðeins er hlutfallið hækkað úr 80 upp í 90%, sem ofanflóðasjóður á að greiða, heldur hefur félmrh. með frv. heimild til þess að lána þau 10% sem upp á skortir til langs tíma. Þetta er auðvitað afskaplega gott mál.

Ég velti hins vegar einu fyrir mér. Ég er eins og langflestir í þessum sal þeirrar skoðunar að flytja eigi eins mikið vald og hægt er frá ríkinu til sveitarfélaganna. En ég tel, eftir mikla íhugun og eftir þá reynslu sem við höfum af þessu máli, að það eigi að miðstýra þessum vörnum. Ég tel að við ættum að íhuga það í framtíðinni mögulega við meðferð þessa frv. í þingnefndum hvort ekki sé rétt að breyta því þannig að frumkvæðisskyldan sé flutt frá sveitarfélögunum yfir til ríkisins. Ég velti því fyrir mér.

Annað sem mig langar líka til að drepa hér á, virðulegur forseti, er hættumatið. Auðvitað eru augljósir ágallar á gildandi hættumatsreglugerð en sem betur fer er tekið á öllum þeim, held ég, í reglugerð sem liggur til staðfestingar í fullbúningi en ríkisstjórnin hefur óskað eftir að verði beðið með staðfestingu á meðan hún er könnuð með tilliti til ýmissa hluta sem menn kunna að geta lært af því sem gerðist í Súðavík. En hættumat tel ég að hafi á stundum gefið mönnum falska öryggistilfinningu vegna þess að ég kynntist því á dögunum eftir Súðavíkurslysið, í umræðunum um hættumat, við sérfræðinga og við íbúa, að menn virðast treysta því svo fullkomlega að það svæði sem er handan þess sem merkt er hættusvæði á kortunum hafa menn mjög sterka tilfinningu til þess að líta á að sé fullkomlega öruggt svæði. Það er auðvitað ekki svo. Það er ekki hægt að draga neina eina línu þar sem við segjum hérna megin er hættusvæði, hinum megin er öruggt svæði. En það er alveg ljóst ef maður skoðar hvernig skipulagi byggðar hefur undið fram á sumum þessara staða, að menn hafa litið svo á og þeir hafa sums staðar byggt alveg upp í hina svokölluðu hættulínu. Á þessu er tekið í tillögum að nýrri reglugerð um hættumat. En ég held hins vegar að við þurfum að skoða þessa hluti upp á nýtt. Hættumat er nýtt. Það á að vera í höndum faglegra sérfræðinga og þeir eiga að gefa mat sitt á því hvað þeir telja mögulegt hættusvæði og þeir eiga að gefa mat sitt á því hverjar eru líkurnar á því að það komi snjóflóð. Það er hið faglega hættumat. Það á að vera í höndum sérfræðinga. En áhættumatið er einfaldlega annað í mínum huga. Þar byggir meira á pólitísku mati og þar fer fram mat á því hvaða líkur menn telja ásættanlegar fyrir viðkomandi byggðarlag. Milli þessara tveggja tegunda af mati tel ég að þurfi að greina. Ég legg áherslu á það að ég tel að hið faglega hættumat eigi að vera í höndum sérfræðinga en að áhættumatið er pólitískara í eðli sínu.

Nú er það svo, eins og kemur fram í greinargerðinni, að það hafa á stundum skapast deilur eða togstreita á milli mismunandi hagsmuna. Það er auðvitað svo að sveitarfélög gera sér grein fyrir því að þegar svæði er fellt undir skilgreint hættusvæði er það land meira og minna ónýtt fyrir byggðarlagið. Það gefur möguleika á vissri hagsmunatogstreitu og við þurfum að reyna að fjarlægja allan möguleika á slíkum árekstrum út úr því stjórnkerfi sem við munum búa til til framtíðarinnar.

Það er alveg ljóst að stjórnkerfið er afskaplega flókið eins og við búum við það í dag í krafti laganna frá 1985 og margt skrýtið í þeim. Það er þannig að hættumatið er samkvæmt lögunum alfarið undir Almannavörnum ríkisins sem, eins og segir í lögunum, eiga að annast endanlega tillögugerð að hættumati. Almanna-

varnir ríkisins eru undir dómsmrh. en það er ekki dómsmrh. sem staðfestir hættumatið heldur er það félmrh., þ.e. ein stofnun gerir tillögu að hættumati sem annar ráðherra sem er ekki faglega ábyrgur fyrir starfi nefndarinnar staðfestir. Ég tel að þetta sé ekki eðlilegt. Þriðja ráðuneytið sem kemur að þessu máli er síðan umhvrn. sem fer með eftirlit og gagnasöfnun á öllu sem tengist snjóflóðum. Ég held að nauðsynlegt sé að við reynum að einfalda þetta kerfi talsvert í framtíðinni.

En þegar menn tala um að við höfum sofið á verðinum þá eru svo mörg dæmi um það. Til að mynda tekur byggingarreglugerð ekkert á snjóflóðum að öðru leyti en því að þar kemur fram í grein 3.18, frægri grein sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson kannast vel við, að þar er lagt bann við því að byggt verði á svæðum þar sem fallið hafa snjóflóð nema gerðar verði viðeigandi ráðstafanir. Ég hef ekki fundið eitt einasta ákvæði annað sem snertir t.d. hvernig hús eigi að vera byggð eða hvernig þau eigi að liggja miðað við mögulega straumstefnu flóðs. Að vísu er farin af stað vinna til þess að endurbæta þetta en maður er auðvitað dálítið hissa á því að það skuli ekki hafa verið gert fyrr.

Virðulegi forseti. Ég held að nauðsynlegt sé að hraða þessu máli. Það sé nauðsynlegt að ná víðtækri samstöðu um það. Eins og hefur komið fram í mínu máli er ýmislegt sem ég tel þegar maður horfir til baka að mætti e.t.v. færa til enn betri vegar en gert er með þessu frv. Það eru ýmsar breytingar á lögunum í viðbót sem maður gæti vel hugsað sér. En ég tel ekki rétt á þessu stigi að menn fari í eitthvert tog um það, ég held að nauðsynlegt sé að ná fram þessum breytingum sem eru í frv. vegna þess að allar þeirra, hver og ein einasta, eru til stórra bóta, eru sannarlega tímabærar og ég er þakklátur hæstv. félmrh. fyrir að hafa brugðist svo skjótt við því samstundis og tillögurnar koma frá nefndinni sem stofnuð var vorið 1994, um leið og þær tillögur komu fram þá kom þetta frv. fram og það er vel.

[17:22]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. umhvrh. fyrir innlegg hans í umræðuna. Mér fannst þetta mjög fróðlegar vangaveltur af hans hálfu og var að mörgu leyti sammála þeim og sérstaklega þeirri áminningu sem hann veitti auðvitað sjálfum sér og okkur og öllum öðrum fyrir andvaraleysi í málinu. Ég vil nefna tvennt því til stuðnings að menn hafa verið andvaralausir úr hófi fram og ættu í framtíðinni að reyna að læra af því fremur en að það sé sagt til þess að fella dóma um fortíðina. Ég vil fyrst nefna dæmi um bæjarfélag á Vestfjörðum sem á sl. vetri taldi nauðsynlegt að rýma heilt hverfi vegna snjóflóðahættu. Strax í vor þegar snjóa leysti hófust þar byggingar á þremur einbýlishúsum inni á þessu sama svæði sem bæjaryfirvöld höfðu úthlutað þeim aðila sem byggði þau. Þarna tengdu menn ekki saman sumar og vetur. Þarna fóru menn að byggja og úthlutuðu lóðum á svæði sem menn höfðu sjálfir skilgreint sem hættusvæði. Þetta er auðvitað dæmi um andvaraleysi.

Hitt dæmið er úr Tunguskógi. Ég vil segja að sú niðurstaða hæstv. umhvrh. að leyfa eða banna íveru í sumarbústöðum í Tungudal á því tímabili sem snjóflóðahætta er hvað ríkust eins og hann segir í viðtali 17. sept. í Ríkisútvarpinu, þ.e. frá 15. des. til 16. apríl, er að mínu viti örlítið dæmi um andvaraleysi að því leytinu til að við getum ekki afmarkað hættu eða aflýst hættuástandi eftir dagsetningu. Það fer auðvitað eftir aðstæðum og þær eru breytilegar frá einu ári til annars þannig að mér finnst ekki rétt niðurstaða að heimila búsetu eftir tiltekinn dag.

[17:24]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er hárrétt hjá hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni að andvaraleysis gætir víða. Þegar menn ræða um það er ekki verið að fella neina dóma yfir neinum sérstökum. Það mætti t.d. kalla það andvaraleysi hjá mér að ég skuli ekki strax eftir að ég varð umhvrh. hafa farið í það að endurskoða byggingarreglugerðina með tilliti til þess að setja stífari kröfur um styrkingu húsa á snjóflóðasvæðum. Mér kom það bara ekki til hugar. Það þurfti svona áfall til að menn vöknuðu og röknuðu úr rotinu. Við höfum farið í þá vinnu núna eftir þau áföll sem yfir hafa dunið.

Varðandi Tunguskóg er þetta auðvitað umdeilanleg ákvörðun, ég get fallist á það. Menn geta haft mismunandi skoðanir á henni en ég tel að hún hafi verið rökstudd og að hún hafi verið réttmæt. Ég vísaði hér áðan í fyrri ræðu minni til liðar 3.18 í byggingarreglugerð þar sem sagt er: „Heimilt er að leyfa byggingar á svæðum þar sem snjóflóð hafa fallið svo fremi sem viðeigandi öryggisráðstafanir hafa verið gerðar." Við mátum það svo að þetta væru viðeigandi og nægar öryggisráðstafanir til þess að bjarga mannslífum, til þess að koma í veg fyrir að mannslíf færust í snjóflóði á þessu svæði. Það er hárrétt hjá hv. þm. að það er ekki hægt að setja neinn sérstakan dag og segja: Eftir þennan tíma verður ekki snjóflóð. Þetta eru spurningar um líkur. Það væri hægt að fara yfir fjölmörg byggðarlög og gera sterkan greinarmun á hættumati og áhættumati eins og ég ræddi hér áðan þar sem menn annars vegar leggja niður líkur á flóði og hins vegar reyna að komast að niðurstöðu um það hvað er ásættanlega áhætta. Hvaða líkur getum við lifað við? Ég tel sem sagt að ákvörðunin með Tunguskóg hafi verið rétt annars hefði ég ekki tekið hana.

[17:27]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vil bara árétta til að það verði enginn misskilningur og ég held að hann sé reyndar ekki uppi að ég er ekki að nefna þessi mál til þess að deila á hæstv. umhvrh. heldur til að minna á mál sem eru umdeilanleg úr fortíðinni þannig að við getum skoðað þau í nýju ljósi. Ég fer fram á það við hæstv. umhvrh. að hann skoði þetta mál í því nýja ljósi sem komið er og bið hann um að fara yfir það á nýjan leik.

Það ákvæði í byggingarreglugerð sem hann vitnar til er hljóðar svo, með leyfi forseta: „Ekki má leyfa byggingar á svæðum þar sem vitað er að tjón hafi orðið af

snjóflóði.“ Síðar í þessu ákvæði stendur, með leyfi forseta: „Veita má undanþágu frá þessu ákvæði ef gerðar eru öryggisráðstafanir sem byggingarnefnd og Viðlagatrygging Íslands meta gildar.“ Nú hef ég ekki séð álit t.d. frá Viðlagatryggingu Íslands eða byggingarnefnd kaupstaðarins þannig að ég veit ekki hvort þessar tvær stofnanir hafi metið þær öryggisráðstafanir gildar sem gripið var til en þær öryggisráðstafanir eru þær að takmarka búsetu við tiltekið tímabil. Hæstv. ráðherra viðurkenndi að þetta væri ekki fullkomin ákvörðun að því leyti að hún eyddi ekki að öllu leyti hættunni.

Ég tel að það eigi að kalla á það að ráðherra fari yfir málið aftur vegna þess að við vitum að við getum gert betur með því einfaldlega að breyta ákvörðuninni þannig að fela ákveðnum aðilum að gefa það út hvenær aðstæður eru þannig að heimilt er að leyfa búsetu. Við eigum ekki að miða við dag, við eigum að miða við aðstæður, það er mitt sjónarmið. Ég ítreka áskoranir mínar til ráðherra um að fara yfir þetta mál á nýjan leik.

[17:29]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það var tvennt í máli hæstv. umhvrh. sem ég vildi koma að í andsvari. Það er í fyrsta lagi spurningin um viðhald varnarvirkja. Það er alveg rétt að hér er verið í frv. að taka á því máli með ákveðnum hætti. En það var raunar eitt af því sem ég hugðist gera athugasemd við en kom ekki að hér áðan tímans vegna. Mér er til efs að það sé skynsamlegt að hafa hlutdeild ofanflóðasjóðs svo lága sem þarna um ræðir, 60%, hvort ekki þurfi að endurskoða mörkin einnig þar vegna þess að þessi trassaskapur getur verið tilkominn af fjárskorti og erfiðleikum, togstreitunni um peningana. Ég bið um að þetta verði athugað.

Í öðru lagi þetta með skipulagið og staðfestingu skipulags. Ég held að það hafi orðið ákveðin gleymska þegar skipulagmálin voru færð frá félmrn. yfir til umhvrn. Þá er í rauninni allt sem varðar skipulag komið á hendur umhvrh. og viss atriði úr lögunum sem hér er verið að endurskoða og gera tillögu um breytingar á liggja alveg undir félmrh., þar á meðal matið á hvað séu hættusvæði. Það er auðvitað ákvörðun sem á að tengjast skipulagi og skipulagsyfirvaldinu og hefur einfaldlega að því er mér sýnist gleymst að flytja það mál frá félmrh. yfir til umhvrh. þegar skipulagsmálin eru færð til. Ég held að það hljóti að liggja þannig í því.

Svo vil ég aðeins að endingu segja, virðulegur forseti: Við þurfum að byggja upp þekkingu í landinu sjálfu á þessum málum. Sjálfsagt að kalla til útlendinga og heyra álit þeirra en við verðum að móta stefnu okkar til þessara mála og nota hæfileikafólk okkar á þessu sviði til að ráða ráðum og einnig til að fá undirstöður undir það pólitíska áhættumat sem hæstv. ráðherra var að vísa til hér áðan.

[17:32]

Félagsmálaráðherra (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka þá málefnalegu umræðu sem hefur farið fram um það frv. til laga um breytingu á lögum um varnir gegn snjóflóðum sem hér hefur átt sér stað. Ég tek undir þau orð að það er afar mikilvægt að ljúka þessu frv. og það nái að verða að lögum á þeim skamma tíma sem lifir af þingi.

Ég vil líka geta þess að eins og fram hefur komið var þetta frv. lagt fram í desember og ég tel að það hafi átt sinn þátt í hversu skjótt tókst að leggja fram þetta frv. að búin var að fara fram ákveðin vinna og skoðun á þessum málum í félmn. á sl. vetri og ályktun um þetta mál. Vil ég þakka félögum mínum í þeirri nefnd frá þeim tíma fyrir þá ágætu vinnu sem þar fór fram.

Ég vek á því athygli að framsaga mín með þessu frv. tók mið af frv. að mestu leyti eins og það liggur fyrir óháð því sem þarf að gera og þarf e.t.v. að breytast miðað við þá atburði sem hafa gerst eftir að frv. kom fram á þingi. En ég hef lagt mikla áherslu á það að bæði verði frv. skoðað sérstaklega í nefnd með tilliti til þessa og að ákveðin vinna á sér stað í framhaldi af samþykkt ríkisstjórnar en strax á fyrsta degi eftir hina hörmulegu atburði fyrir vestan var öllum ráðuneytisstjórum falið að koma saman og skoða á sem víðtækastan hátt hvernig skuli bregðast við og hvar þurfi að taka á málum. Eins og ég sagði í framsögunni mun sá hópur ráðuneytisstjóra sem skoðar frv. skila tillögum til félmn.

En vegna þeirra atburða sem hafa komið inn í umræðuna og eðlilega vil ég geta þess sem sveitarstjórnaráðherra að ég hef átt fund með sveitarstjóra Súðavíkur og ég hef haft samráð þangað vestur og átt kost á því á þessum fundi að yfirfara stöðu mála eins og hún er þar nú. Áformaður fundur minn með hreppsnefndinni var sl. mánudag en gat ekki orðið sökum veðurs en ég stefni að því að geta farið vestur á sunnudag og setið borgarafund sem þar á að vera, ekki síst til að hlusta á það sem þar kemur fram og þær ábendingar sem þar verða gefnar. Þá er ég líka að vitna til þess sem þarf að gerast varðandi verkefnin fram undan og í framhaldi af atburðum sem gerast og tengjast ekki beint því sem við erum að tala um hér sem eru forvarnir og miða að því að atburðir af því tagi sem hér hefur verið rætt um gerist ekki.

Ég vil þó, virðulegi forseti, áður en ég vík að athugasemdunum, nefna að það hefur á vissan hátt verið nokkuð undarlegt að hlusta á orðaskipti um æskustöðvar mínar og viðhorfin til þess hvernig tekið hefur verið á málum í kjölfar flóðanna vor og kannski ekki síst með tilliti til þess að við gerum okkur grein fyrir að það er eflaust rétt að nokkurs andvaraleysis hefur gætt. En þó vil ég undirstrika það að þegar við tölum um andvaraleysi séum við að tala um það sem skiljanlegan hlut í ljósi veðurfars og framvindu á sl. áratugum en ekki sem óaðgæslu eða ógætni þeirra sem hafa átt að ráða málum og taka tilliti til aðstæðna. Það er nefnilega þannig og það þekkjum við og við erum nokkur í þessum sal sem höfum alist upp á þessum stöðum sem eru svo harðbýlir með hinu litla undirlendi í skjóli hárra fjalla þar sem allt snýst um hafið og sjósóknina og við höfum á vissan hátt fundið það strax sem börn að það er sérstakt að lifa á þeim stöðum þar

sem maður er sífellt minntur á ógn og hamfarir til sjávar og lands. Það gerir það að verkum að á harðbýlum stöðum verður oft næsta eðlilegt, ef mér leyfist að nota það orð, að lifa í návist við vissa ógn. Ég tel að þessir hlutir hafi á vissan hátt haft sitt að segja í því að nú eftir á sjáum við að það hefur e.t.v. verið ákveðið andvaraleysi að leyfa byggð á þeim stöðum, þar sem landið er hin bröttu fjöll og hin litla eyri, að þróast upp í hlíðina í stað þess að víkja örlítið frá þéttbýliskjarnanum. Þetta vil ég að komi fram vegna þess að það má ekki gerast eigi ósk okkar um að gera betur að rætast, að þeir sem heima eru og hafa tekið ákvarðanir í góðri trú upplifi ekki að héðan úr þessum sal komi ásökun. Við ætlum öll að læra af þessu og breyta vinnubrögðum, skipulagi ef þess þarf, ég er ekki viss um að ég sé alveg sammála því að frumkvæðisskylda eigi að fara frá sveitarfélögum til ríkisins en þó ég sé ekki viss um það þá segi ég: Auðvitað eigum við að skoða það eins og annað, við eigum að skoða allt núna og breyta vinnubrögðum okkar. En númer eitt, tvö og þrjú eiga þau að miða að því að það verði góð upplýsingaskylda frá þeim sem hafa þekkinguna til þeirra sem eiga að njóta hennar og búa við hana þannig að hvar sem ákvörðun er tekin sé hún tekin við meðvituð viðhorf bæði þeirra sem taka ákvarðanir og íbúanna. Þarna held ég líka að við þurfum að skoða mjög vel að upplýsingaskyldan sé sem allra best og eins og hér hefur komið fram e.t.v. útgáfa korta og annað þannig að fólk skilji hvað verið er að tala um.

Mig langar líka að nefna það af því að ég hitti ekki þann sérfræðing sem kom hingað heim til að leiðbeina um framvindu mála þá óskaði ég eftir að fá örlítið minnisblað um það að hvaða leyti hlutir eru ólíkir hjá okkur og t.d. í Noregi. Mig langar að rekja í örstuttu máli þá fáu þætti sem voru settir á blað fyrir mig þannig að við getum aðeins séð í hverju það er ólíkt hvernig er unnið hér og t.d. í Noregi. Ef ég tel þetta upp þá er það að hér á landi annast Almannavarnir ríkisins hættumat en í Noregi hefur Norges Geoteknisk Institutt faglegan þátt matsins alfarið á sinni könnu. Á grundvelli útreikninga sem aðallega byggjast á tölfræði og líkum vinnur Norges Geoteknisk Institutt kort sem sýna líkleg þúsund ára snjóflóðasvæði. Eigi að byggja innan þessara marka fer fram sérstök úttekt á því svæði. Hér á landi er í reynd gert ráð fyrir að þekkt snjóflóð séu hámarksflóð eða flóð sem reikna megi með á 100 ára fresti.

Í Noregi leggja menn áherslu á að vísindamenn taki ekki þátt í að ákveða hversu mikla áhættu á fólki og eignum eigi að miða við. Það á að vera pólitísk ákvörðun en hér vantar slíkar ákvarðanir hvar þetta á að liggja. Yfirmaður snjóflóðadeildar NGI, Karsten Lid, sem hér hefur verið vísað til, telur vafasamt að setja stífar reglur um notkun á ákveðnum líkönum. Einnig að heppilegra sé að fræðilegir útreikningar hættumats séu unnir á opinberri stofnun fremur en að það sé gert á samkeppnismarkaði verkfræðistofa. Hér verður þó að taka tillit til alþjóðlegra viðskipta- og samkeppnisreglna sem við höfum skuldbundið okkur til að hlíta. En einmitt hefur það verið gert hjá okkur að sérstakar verkfræðistofur, að mig minnir fjórar, hafa sérhæft sig í gerð hættumats.

Þar sem á annað borð er hugsanlegt að snjóflóð geti fallið er ekki hægt að tala um örugg svæði og framsetning og kynning á hættumati sem þegar hefur verið samþykkt af félmrh. ber þess merki að hagsmunaleg togstreita við sveitarfélög hafi verið mikil og stjórnvöld verða því að setja reglur um ásættanlega áhættu og gera fólki grein fyrir henni. Það er mjög mikilvægt og það sem við eigum að vera mest sammála um er að gera fólki grein fyrir því sem hefur verið skoðað og hvernig þetta er þannig að ekki verði sú togstreita sem hér er svo oft vísað til.

Með reglunum sem áttu að liggja fyrir í nýju reglugerðinni, sem strax var stöðvuð vegna þess að nú ætlum við að skoða þessi mál upp á nýtt, er stefnt að því að fram komi skýrarar en áður sú óvissa sem við er að etja í mati á skriðlengd flóða á einstökum svæðum. Það var hugsað sér að gera með því að skilgreina ákveðið óvissubelti neðan útreiknaðra hættusvæða og að stærð þess beltis miðist við útreikninga á hraða flóðs og ástreymisþrýsting í tungu o.s.frv. Það var gert ráð fyrir því í nýju reglunum að notuð yrði fleiri þekkt reiknilíkön til samanburðar þannig að tölfræðilegt og aflfræðilegt mat á stærð hugsanlegra snjóflóða kæmi betur fram. Þetta átti að koma fram í því að það yrðu bæði skilgreind rauð svæði, eins og áður var gert, og gul svæði þar sem menn væru meðvitaðir um óvissuþætti, ákveðið svæði sem væri óvissa um, neðan þess svæðis sem væri skilgreint sem hættusvæði.

Auðvitað verður þetta skoðað líka og hvort það þurfi að festa enn betur niður og sýna viðbrögð við þessum óvissuþáttum en í reglugerðinni var reiknað með að þetta gula svæði sem tæki við af rauðu yrði aldrei mjórra en 50 metrar, mælt á grunnlínu.

Þetta allt verður skoðað og er í skoðun núna og ég treysti því að við saman, félmn., þeir sem koma að málum og þeir hópar sem eru að starfa, komumst að þeirri niðurstöðu að við vinnum á sem bestan hátt.

Það hefur verið vikið örlítið að skipan mála og skipulaginu og hvort að þarna hafi verið einhver ógætni í því að flytja t.d. ekki ofanflóðamálin með skipulags- og byggingamálum. Ég legg engan dóm á það en minni á að það eru nokkrir þættir sem hefur þótt eðlilegt að hafa í ráðuneytinu vegna þess að það er sveitarstjórnarráðuneyti. Hvort þessir þættir hafa verið skildir viljandi eftir vegna þess eða ekki skal ég ekkert um segja en ég vil bara vekja athygli á því. Við skulum gera allt á sem besta hátt til framtíðar en við skulum ekkert hrapa að neinu í flaustri og þess vegna ætla ég ekkert að lýsa því yfir hér og nú að ofanflóðamálin eigi að fara til umhvrn. en ég segi bara: Skoðum þessi mál og skipulag þeirra og gerum það sem rétt þykir þannig að sem best verði.

Það var vakin athygli á því líka í þessari umræðu að það hefðu farið litlir fjármunir í hættumat, u.þ.b. 2,5 millj. á ári. Við skulum ekki falla í þessa umræðu vegna þess að það hefur verið farið í hættumat á verkfræðistofum og þau unnin, kostnaðurinn varð þessi. Það var ekki verið að verja einhverju litlu eða miklu

heldur beinlínis láta vinna hættumat miðað við þær forsendur sem menn höfðu og út frá þeim mælistikum sem þessar verkfræðistofur hafa og þær kostuðu þetta. Og það er búið eiginlega að vinna hættumat fyrir öll flóðasvæðin. Hvort við þurfum svo, eins og við búumst við, að láta vinna þau öll upp á nýtt út frá nýjum sjónarmiðum er sérmál. En þetta er ekki mælikvarði á hvort við höfum gert vel eða illa.

Hv. þm. Jóna Valgerður Kristjánsdóttir benti á að það væri mikið atriði að gefa út kort þegar hættumat hefur verið unnið og ég er sammála því. Mér finnst það vera hluti af þeirri upplýsingaskyldu og því upplýsingastreymi sem ég gat um áðan og er forsenda þess að skilningur skapist á þessum málum.

Í raun og veru eru það ekki svo ýkja mörg atriði sem hér hefur verið bent á. Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hefur farið mjög vel yfir þessi mál og það var fróðlegt fyrir okkur og sýnir okkur eftir á að e.t.v. hefði verið hægt að gera öðruvísi fyrr þó við vitum ekki hvort það hefði afstýrt áföllum, það vitum við ekki. En hann nefndi hærra hlutfall til viðhaldsþátttöku. Þetta eru beinlínis þættir sem er eðlilegt að skoða í nefndinni. Einnig það sem ég hef þegar komið inn með örugg svæði, bæði þau sem menn skilgreina sem rauð svæði og gul svæði, og einnig hvort á að gera enn betur í kostnaði ríkisins á þessum þáttum.

Þingmaðurinn sagði að við skyldum fara varlega í yfirlýsingar og ég er hjartanlega sammála því. Mér hefur fundist þessi umræða einkennast mikið til af því. Við erum að skoða hvernig best sé að taka á málum, við viljum forðast að koma með stórar yfirlýsingar á viðkvæmri stundu um að allt verði gert fyrir alla. En við eigum sannarlega að sameinast um að taka þannig á málum sem best verður. Ég veit að núna er verið að ræða mjög mikið um það að hve miklu marki eigi að fara í kaupa fasteignir til þess að endurskoða hættusvæði og flytja byggð hreinlega til. Og ég er sannfærð um að það er einn af þeim þáttum sem er mest verið að skoða núna í ráðuneytisstjóranefndinni. Og það eru hlutir sem þarf að skoða, ekki bara gagnvart þeim stað þar sem áfallið varð núna heldur einnig gagnvart þeim byggðarlögum þar sem við vitum að vandinn hefur verið mikill. Við vitum u.þ.b. miðað við þau hættusvæði sem þegar hafa verið skilgreind hvað við erum að tala um mörg hús á hverjum stað sem e.t.v. féllu undir einhverja slíka skilgreiningu. En ég tel mjög mikilvægt að við skoðum þessi mál öll upp á nýtt og reynum að gera það sem best verður.

Það er alveg ljóst að ef farið verður út í það í ríkum mæli að kaupa fasteignir til þess að breyta öruggum svæðum þá þarf að gera betur en bara auka tekjur ofanflóðasjóðs. Þær tillögur sem liggja fyrir í frumvarpinu um fimm ára átak með 10% álagi á gjaldið til að fá aukatekjur inn í sjóðinn, u.þ.b. 50 milljónir á ári, munu ekki duga til þess að fara í slíkar aðgerðir sem menn tala um núna í kjölfar þessara atburða þó það hefði gert mjög vel í uppbyggingu varnarviðbúnaðar miðað við þau viðbrögð sem áður þóttu eðlileg. En það er ekkert sem lokar á það að ef þurfa þyki þá verði sérstaklega samþykkt af hálfu ríkisvaldsins að setja fjármagn eða að kanna það hvort Viðlagasjóður komi á einhvern hátt sjálfur sem slíkur inn í það ef niðurstaðan verður að kaupa upp ákveðnar fasteignir á ákveðnum þéttbýlisstöðum. Ég ætla ekki að setja neina skoðun fram á þessu hér og nú en veit að þetta er eitt af því sem er verið að skoða og eitt af því sem við verðum að skoða auk þess að bregðast öðruvísi við og vera meira á verði í skipulagsmálunum í framhaldi.

En fyrst og fremst, virðulegi forseti, þá þakka ég fyrir hina málefnalegu umræðu sem hér hefur farið fram.

[17:50]]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hæstv. ráðherra kom inn á ýmis efni og það er eitt eða tvennt sem ég vildi aðeins víkja að í andsvari. Það er í fyrsta lagi þessi stóra spurning sem varðar það sjálfsagða markmið að gera byggðina sem öruggasta hvort sem það er unnið með byggingu varnarvirkja og þeim miklu fjárfestingum sem þeim eru tengdar eða með því að færa byggð til með opinberum stuðningi. Ég er sammála því að þetta er mjög stórt mál og lagði áherslu á það í mínu máli áðan að þarna þurfa menn að fara með fullri gát varðandi hvernig á er haldið og hvernig í málið er gengið. Það er vafalaust þannig að það verður ekki allt gert í einu vetfangi í þessum efnum, þess vegna hljóta þeir sem ákvarðanir taka, hvort sem það er á grundvelli samþykkta Alþingis eða hvernig að því nú verður staðið, að fylgja þar einhverri forgangsröð og það getur orðið nokkuð snúið dæmi miðað við það hvað vandinn er stór.

En það er rétt hjá hæstv. ráðherra að það skiptir afar miklu að skipulagsvinnan sé unnin, það dæmi sé unnið og að þar séu hlutirnir gerðir upp. Og skipulag er í höndum heimamanna að verulegu leyti núna og hugmyndir um að færa það enn þá meira þangað, þarna þurfa menn að átta sig á hvað er eðlilegt, með hvaða hætti er eðlilegt að aðrir en sveitarfélögin komi inn í. Hugsanlega eru rök fyrir því að þau geri það meira þegar um er að ræða slíkt hættumat en við venjulegar skipulagsákvarðanir.

Í því yfirliti sem ég vitnaði til frá 1975–1976 þá er öll þessi flokkun hér rakin í þessi svæði og þau álitaefni sem því tengjast. Þannig að þessi mál hafa verið hér á borðum manna býsna lengi og miklu lengur en þessi lög sem við erum að tala um að breyta núna.

[17:52]

Félagsmálaráðherra (Rannveig Guðmundsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í raun er ekki um svar að ræða af minni hálfu, ég þakka bara góða ábendingu og þær ábendingar sem hafa komið fram í þessari umræðu og tek undir orð þingmannsins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fjöleignarhús, 1. umr.

Frv. AÓB o.fl., 247. mál (katta- og hundahald). — Þskj. 288.

[17:53]

Flm. (Anna Ólafsdóttir Björnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um fjöleignarhús, nr. 26/1994, en þetta frv. er að finna á þskj. 288. Flutningsmenn auk mín koma úr öllum flokkum en það eru hv. þm. Gísli S. Einarsson, Guðný Guðbjörnsdóttir, Guðrún Helgadóttir, Ingi Björn Albertsson, Matthías Bjarnason, Pétur Bjarnason og Valgerður Gunnarsdóttir.

Frv. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„1. gr. 13. tölul. A-liðar 41. gr. laganna orðast svo: Um að halda megi hunda og/eða ketti í húsinu ef íbúum stafar heilsufarsleg hætta af því samkvæmt vottorði læknis. Þegar hús skiptist í aðgreinda hluta nægir samþykki þeirra eigenda sem hafa sameiginlegan inngang, stigagang eða annað sameiginlegt húsrými.

2. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1995."

Virðulegi forseti. Varðandi 2. gr. þá þarf að sjálfsögðu að breyta henni aðeins en þarna var gildistími miðaður við það að þessi lagabreyting tæki gildi á sama tíma og lögin sjálf. Nú er því því miður ekki til að dreifa og er það mikill skaði vegna þess að ég veit að það voru ýmsir sem bundu vonir við að það yrði gert.

Lög um fjöleignarhús voru samþykkt á Alþingi 23. mars sl. og tóku sem sagt gildi 1. jan. sl. Í þeim var að finna mörg nýmæli, m.a. ákvæði um bann við katta- og hundahaldi nema að fengnu samþykki allra eigenda í húsinu. Ákvæðinu var bætt inn í frumvarpið á síðustu stigum umfjöllunar á Alþingi að beiðni samtaka astma- og ofnæmissjúklinga. En aðrir hlutaðeigandi munu ekki hafa fengið tækifæri til að segja sitt álit á því. Sjónarmið dýraeigenda voru þar með fyrir borð borin.

Ég tel rétt að geta þess að ég var ein af þeim sem studdu þetta frumvarp og þessa brtt. í trausti þess að ekki yrði um misnotkun á þessu ákvæði að ræða. En það hefur þegar komið fram frá því að lögin voru samþykkt að það stefndi í að það yrðu vandkvæði af völdum þessara laga. Lengi vel batt ég vonir við að þetta væri úr lausu lofti gripið en því miður hafa komið fram vísbendingar og ábendingar um að það muni ekki fara svo. Það er auðvitað mjög miður þar sem við sem studdum þessa sjálfsögðu breytingu, eins og hún var lögð fram, stóðum í þeirri trú að það væri einfaldlega og einungis verið að gæta sjálfsagðra hagsmuna astma- og ofnæmissjúklinga.

En eins og greinin er orðuð að þá er það ekki svo einfalt. Í skýringum með þessari brtt. við frv. sagði: „Tillagan byggist fyrst og fremst á að nokkuð er um að börn og fullorðnir hafi ofnæmi fyrir þessum dýrum. Getur slíkt ofnæmi haft það alvarleg áhrif að fólk geti jafnvel þurft að flytja úr eigin íbúðarhúsnæði gangi ekki að fá skilning sameigenda á þessu vandamáli. Er breytingunum ætlað að koma í veg fyrir slíkar aðstæður." Engar upplýsingar eru gefnar um tíðni slíkra tilvika og engin dæmi nefnd, hvorki í nál. né í þeim umræðum sem urðu á Alþingi.

Þetta ákvæði var að sjálfsögðu sett af góðum hug og umhyggju fyrir ofnæmissjúklingum en við nánari athugun telja flutningsmenn og þar á meðal sú sem hér stendur að það hafi ekki fengið nógu vandaða umfjöllun. Eins og ákvæðið er nú opnar það í rauninni fyrir andstöðu gegn katta- og hundahaldi af hvaða ástæðu sem er. Engin skilyrði eru sett þess efnis að bannið þurfi að rökstyðja með heilsufarslegum ástæðum. Það nægir að einn íbúi segi nei og hann þarf ekki að tilgreina neina ástæðu. Það er því ljóst að með þessu ákvæði er réttur dýraeigenda ekki virtur og hugsanlega er verið að bjóða heim misnotkun af hendi þeirra sem af einhverjum ástæðum hafa andúð á þessum dýrum. Flutningsmenn hafa skilning á því að taka þarf fullt tillit til þess ef heilsu einhvers er hætta búin af návist dýra. Réttlát lagasetning verður hins vegar að byggjast á tilliti til allra sem lagasetningin varðar en ekki bara sumra. Framangreint er auðvelt að leiðrétta ef skilningur og vilji er fyrir hendi.

Frá því að ég lagði fram þetta frumvarp, sem því miður hefur dregist að yrði rætt, hef ég fengið alveg gífurlega mikil viðbrögð. Ég tel rétt að taka fram að einu breytingarnar sem eru gerðar á þessari grein er það að beðið er um að það sé staðfest með vottorði læknis ef íbúum stafar heilsufarsleg hætta af því að þarna sé leyft að hafa hunda og ketti. Þetta er nákvæmlega það sem um er að ræða. Mér hefur hins vegar borist ábending um það að e.t.v. sé of djúpt í árinni tekið að tala um hættu. Mér þykir of skammt gengið hins vegar ef það er talað um óþægindi því slíkt er huglægt mat. Ég tel því að þarna sé hægt að finna, t.d. í nál., ásættanlega niðurstöðu sem allir ættu að geta sætt sig við og ég treysti því þótt skammt líði nú eftir af þessu þingi að það verði farið í fullri og einlægri alvöru að huga að þessu máli vegna þess — og það er kannski meginatriði þessa, sem kemur fram í greinargerðinni, að réttlát lagasetning verður að byggjast á tilliti til allra, ekki bara sumra.

Það eru afskaplega mörg atriði sem þarf að athuga. Annað atriði sem mér hefur verið bent á og tel alveg fulla ástæðu til að taka til greina er að það vottorð, sem talað er hér um að þurfi að liggja fyrir til þess að staðfesta að í rauninni sé um heilsufarsástæður að ræða, komi ekki fyrir sjónir annarra en formanns eða stjórnar húsfélags. Þetta er mjög auðvelt að leysa og ég tel að þessi ábending eigi fullan rétt á sér og mundi hvort sem væri samþykkja breyttan lagatexta eða hins vegar ef það þætti nægilegt að nál. tæki af allan vafa um að að sjálfsögðu þá er ekki verið að tala um að skerða á nokkurn hátt þann rétt sem astma- og ofnæmissjúklingar og þeirra hagsmunir hljóta að hafa. Ég hef vissulega fengið þær athugasemdir frá dýraeigendum sem telja að nokkuð sé að þeim vegið ef astma- eða ofnæmissjúklingur flytur í fjöleignarhús — eða það sem ég vandist nú að kalla fjölbýlishús — og dýr eru fyrir. Ég tel mig ekki geta komið með lausn sem tryggir rétt dýraeiganda þar þótt ég gjarnan vildi nema á kostnað þess sem flytur inn. Þ.e. ef þar er um astma-

eða ofnæmissjúkling að ræða þá finnst mér að hagsmunir þess sjúklings hljóti og verði að vega þyngra. Þetta geri ég þrátt fyrir að ég geri mér fulla grein fyrir því að þetta getur verið mjög sársaukafullt t.d. þar sem börn hafa bundist dýrum tryggðarböndum og þykir vænt um þau og þetta er orðinn hluti af heimili. En ég viðurkenni einfaldlega hinn ríkari rétt þar sem heilsufarssjónarmið gilda og ég er reiðubúin að beygja mig undir það alveg eins og ég gerði þegar ég samþykkti þá brtt. sem hér um ræðir.

Eins og ég gat um áðan hef ég fengið gífurlega mikil viðbrögð og mikinn stuðning við þetta frv. og efni þess frá því að ég lagði það fram og úr ótrúlegustu áttum og ég er að sjálfsögðu mjög glöð yfir því. Ég hafði ekki gert mér grein fyrir því hversu þungt þetta hvíldi á því fólki sem nú óttast um að verða svipt dýrum sínum. Ég hef hins vegar ekki fengið neitt sem neikvætt er um þetta úr þeim ábendingum sem ég þegar hef getið um. Ég hef einfaldlega ekki fengið neinar ábendingar aðrar en þær sem ég hélt til haga og kom á framfæri um að standa ætti öðruvísi að málum.

Það hefur hins vegar lengi verið umræða um dýrahald í þéttbýli hér á landi og ekki síst á því svæði sem er þéttbýlast sem er Reykjavík og nokkrar nágrannabyggðir. Ég get heils hugar tekið undir að dýrahald á alls ekki alltaf við í þéttbýli. Ég get alveg tekið undir það að til eru þeir dýraeigendur sem valda öðrum vanda í kringum sig en ég tel ekki að það eigi að ganga yfir alla þá sem halda dýr í mikilli sátt og samlyndi við nágranna sína. Varðandi þau sjónarmið er lúta að dýravernd gildir það að mínu mati helst að þar höfum við dýraverndarlög og okkur ber skylda til að nýta þau til þess að sporna við ef grunur vaknar um að það sé einhver meðferð á dýrum sem ekki á að sætta sig við. Ég vil frekar að við setjum mjög strönga ákvæði um dýravernd en að við sitjum uppi með það að svipta þá sem hafa mikla ánægju af því að umgangast dýr þeim möguleika, jafnvel þótt þeir búi í sambýli, því það geta ekki allir flutt upp í sveit eða búið í sérbýli sem hafa hug á því og það er ekki sú eignastefna sem ég vil sjá hér á landinu.

Það er eitt atriði í viðbót sem mér hefur verið bent á, sem varðar í rauninni ekki þetta en engu að síður mér finnst ástæða til halda til haga, og er það að í rauninni er í þessu frv. og því frv. sem samþykkt var þann 23. mars sl. ekki tekið á því á hvern kostnaður á að falla af hreinsun á sameign ef astma- eða ofnæmissjúklingur flytur inn í húsnæði. Þetta er ábending sem mér barst eftir að ég lagði frv. fram og þar af leiðandi þá gat ég ekki bætt því hér inn í greinargerð eða vakið máls eða athygli á því.

Fljótlega eftir að ég lagði fram frv. fékk ég upphringingu frá stjórnarfulltrúa í Félagi ofnæmis- og ónæmislækna. Ég hafði raunar fengið boð um að einhver misskilningur væri á ferð varðandi efni þessa frv. en svo var ekki og ég fékk munnlega boð og átti mjög gott samtal við Björn Árdal sem er annaðhvort formaður eða stjórnarmeðlimur í félaginu og stjórn þess félags styður þetta frv. heils hugar og telur að ella þá væri hætta á því að það væri í rauninni verið að misnota ákvæði sem eiga að vera réttilega til verndar astma- og ofnæmissjúklingum og yrði engum í hag. Mér þótti afskaplega vænt um þetta, ekki síst vegna þess að ég þekki, eins og sennilega flestir hér á landi, alvarlegt ofnæmi í fjölskyldu og ég veit hversu mikilvægt það er að gæta hagsmuna þeirra sem hafa ofnæmi og að sjálfsögðu vil ég síst af öllu verða þess valdandi að brjóta að einhverju leyti á því fólki sem á þennan rétt að gæta. Þau rök hafa heyrst að það eigi ekki að vera neinn ofnæmisvaldur í umhverfi fólks og ég held að það sé algjörlega óraunhæft að útrýma alveg t.d. köttum og hundum úr byggð með þeim hætti eins og það er óraunhæft að útrýma t.d. grasi sem er ofnæmisvaldur sem hefur því miður orðið mörgum mjög hvimleiður. Ég held að með skilningi, gagnkvæmri virðingu og sátt eigi að vera hægt að greiða úr þessum málum en það verður að gera það með þeim hætti að ekki sé einum aðila fenginn allur réttur og öðrum enginn.

[18:09]

Félagsmálaráðherra (Rannveig Guðmundsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þar sem ég er viðstödd þessa umræðu og var formaður félagsmálanefndar á þeim tíma sem þetta frv. var afgreitt þaðan og samþykkt frá Alþingi sem lög vek ég athygli á því að það er rétt sem fram hefur komið að fyrst og fremst var ákvæðið sett inn vegna heilsufarsástæðna. Ég tek það fram að ég er enginn dýraóvinur, var sjálf með kött í nær áratug hér á árum áður, en ég vil þó segja að sú þekking sem ég fékk þá vekur sannarlega með mér efasemdir um að það eigi beinlínis heima í fjölbýlishúsum að vera með dýr, hund eða kött. Hins vegar vil ég staðfesta að engin slík sjónarmið giltu um þetta ákvæði heldur fyrst og fremst að setja ákvæði til varnar ofnæmissjúkum eftir mjög sterkar viðvaranir sem komu til félmn. um það eins og þingmaðurinn hefur bent á.

Þess vegna er út af fyrir sig ekkert til fyrirstöðu að það verði orðað skýrar ef ótti er uppi um að þetta ákvæði verði nýtt af einhverjum fjandsamlegum viðhorfum sem ég út af fyrir sig óttast ekki sjálf og fannst á sínum tíma að þetta orðalag væri fullkomlega viðunandi. En ég vil þó segja að orðalagið eins og það er sett fram hér í 1. gr. í þessu frv., að „ef íbúum stafar heilsufarsleg hætta af því" er mjög sterkt orðalag og ég beini því til flm. að því verði breytt í nefnd eitthvað í þá veru að ef slíkt dýrahald hefur heilsufarsleg áhrif samkvæmt læknisvottorði án þess að ég hafi neina sérstaka tillögu um orðalag. En þetta finnst mér vera of sterkt og að á sama hátt getur komið krafa um að það verði að vera eitthvað mjög alvarlegt að til þess að gerð verði samþykkt um að ekki sé hægt að halda dýr í fjölbýlishúsinu.

[18:11]

Flm. (Anna Ólafsdóttir Björnsson):

Virðulegi forseti. Ég gat þess í framsögu minni að ég væri alveg reiðubúin að skoða annað orðalag en orðið „hætta" sem hið eina rétta. Það sem mér er fyrst og fremst í mun er að réttur allra verði virtur, ekki bara sumra. Ég vek hins vegar athygli hæstv. félmrh.

á því, sem ég þakka fyrir að koma hér aðeins inn í umræðuna, því ég veit að þetta var unnið af mjög góðum hug í þeirri nefnd, sem hafði þetta til umfjöllunar undir forustu hennar á sl. þingi. En ég vek athygli á því að þetta orðalag fór ekki fyrir brjóstið á þeim læknum sem eiga um þetta að fjalla og vita mest um þetta.

En ef það gæti orðið til að greiða fyrir framgangi málsins væri ég vissulega tilbúin að sætta mig við hvert það orðalag sem leiddi til þess, svo framarlega sem niðurstaðan yrði sú að réttur allra yrði virtur. Því miður er ástæða til þess að hafa áhyggjur af því að þetta muni verða misnotað. Það hafa verið ákveðnar hótanir í ákveðnu fjölbýlishúsi og þetta er þekkt mál. Sömuleiðis hafa dýralæknar orðið mjög varir við rökstuddan ótta dýraeigenda sem bera mikla umhyggju fyrir dýrum sínum og því miður er þetta frv. flutt að gefnu tilefni.

[18:13]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er ekki algengt að það sé farið upp með brtt. svo stuttu eftir lagasetningu í máli sem er ekki stærra í sniðum eða flokkspólitískt deilumál eins og þessi lagasetning var nú ekki að ég tel um fjöleignarhús og reglur þar. En nokkrir hv. þm. hafa lagt inn brtt. til þess að fá fram breytingar á tilteknu ákvæði sem fór hér fram, ég hélt í allgóðu samkomulagi — ég hef nú ekki athugað atkvæðagreiðslu á liðnu þingi eða þegar þetta var lögfest í mars 1994. Mér finnst hv. flm., sem hefur beitt sér fyrir þessu, vera hér í dálítið heitu vatni með þetta, og ég skil í rauninni ekki þau rök sem er verið að bera fram til þess að opna fyrir þessi ákvæði umfram það sem er í lögum þar sem er áskilið samþykki eigenda í viðkomandi húsi sem gæti nú kannski eins tekið tekið til leigjenda ef svo bæri við, ef íbúðir eru leigðar. Um svona hluti þarf að gilda gott samkomulag og það þarf að vera ríkur réttur þeirra sem geta orðið fyrir barðinu á þeirri ánægju sem aðrir telja sig uppskera af því að halda gæludýr eða standa fyrir slíku, þó það beri auðvitað ekki af meinbægni að ganga lengra en góð rök eru fyrir. Ég held að þessi hugmynd leysi engan vanda og ég held að menn eigi nú að búa við lagasetninguna eitthvað, þurfi að safna svona gildari rökum fyrir breytingu en hér liggja fyrir.

[18:15]

Flm. (Anna Ólafsdóttir Björnsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að ég og hv. 4. þm. Austurl. getum verið sammála um það að okkur beri að vernda rétt allra, hvort sem þeir eru sammála okkur eður ei. Þar af leiðandi fer ég fram á að hann virði þær ábendingar sem ég hef komið með í framsögu minni þar sem það er alveg ljóst að samkvæmt orðanna hljóðan nú getur íbúi án þess að greina nokkuð frá nokkrum ástæðum komið í veg fyrir að íbúi í sama stigagangi, e.t.v. stórum stigagangi, sem heldur kött og hleypir honum aldrei út fyrir íbúðina, fái að hafa sinn kött í friði. Það eru til sem betur fer önnur lög, m.a. um dýravernd, reglur um hundahald sem hefur svolítið komið til umræðu, sem á margan hátt vernda rétt þeirra sem telja sig verða fyrir óþægindum eða hafa áhyggjur af velferð dýranna. Eins og ég gat um er það því miður ekki úr lausu lofti gripið að hafa áhyggjur af þessu. Það er fólk sem er mjög vel kunnugt þessum málum sem hefur komið með ábendingar um þetta og þar eru dýralæknar framarlega í flokki og ég hef fulla ástæðu til þess að taka mark á orðum þeirra.

En ég held að bæði ég og aðrir sem samþykktum þessa brtt. höfum haft hagsmuni þeirra sem eru astma- eða ofnæmissjúkir sérstaklega í huga og ekki gætt að okkur sem skyldi.

[18:18]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er nú svo að það geta verið ýmis fleiri atriði en hér er verið að leggja til breytingu á sem eru álitaefni í þessum efnum og einnig ákvæði sem varða ekki ákvæði dýraverndarlaga. Ég held að það þurfi að ríkja þokkaleg sátt í sambýlishúsum, fjöleignarhúsum, að það reynir auðvitað á það í hópnum sem í hlut á. Ég held að þau tilvik séu nú tæpast mörg þar sem menn af meinbægni vilja standa á móti þessum sjónarmiðum ef ekki eru gildar ástæður fyrir því. En það getur verið fleira en ofnæmi eða heilsufarslegar ástæður, það getur verið spurning um almenn þrif og umgengnisreglur sem er betra að menn hafi þar svona ákveðinn rétt og granninn þurfi að geta varið sig með eðlilegum hætti. Ég minni á að ýmislegt sem mönnum þykir gott er verið að taka á í samfélaginu vegna þess að það veldur óþægindum eða hugsanlega sjúkdómum. Reykingarnar eru þar eitt ágætt dæmi þar sem menn ganga býsna langt í löggjöf.

[18:19]

Flm. (Anna Ólafsdóttir Björnsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er einfaldlega ekki sammála hv. þm. að því leyti til að ég tel að það sé ekki að ástæðulausu og ég ítreka það enn og aftur og áreiðanlega í svona fimmta eða sjötta sinn í dag að þessar ábendingar hafa komið fram. Ég held að það sé heldur ekki hægt að búast við því að dýraeigendur séu verr af guði gerðir en aðrir íbúar húsa. Í langflestum tilvikum er að sjálfsögðu hægt að ná sáttum og ég get ekki ímyndað mér að þeir beiti dýrunum fyrir sig til að ofsækja íbúa fjölbýlishúsa. Ég held að það séu almennar samskiptareglur sem þurfa fyrst og fremst að gilda. Það eina sem ég bið um er einfaldlega það að réttur allra sé tryggður og það tel ég að sé megintilgangur frv.

Að öðru leyti hef ég ekki miklu við þetta að bæta. Ég hefði gjarnan viljað víkja svolítið að hinum sálfræðilega þætti. Reykingar eru mjög óheppileg samlíking og ólíkt reykingum er mjög heilsusamlegt að halda húsdýr. Fyrir einmana gamalt fólk hefur t.d. verið sýnt fram á það að þetta væri kannski eitt af því sem gæti haft verulega heilsufarslega jákvæð áhrif á fólkið. Þetta er að sjálfsögðu dálítið ólíkt því sem reykingar gera heilsu fólks.

En fólk er misjafnt og ég tel að löggjafans sé að tryggja rétt allra og í þeim tilgangi er þetta frv. flutt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Húsnæðisstofnun ríkisins, 1. umr.

Frv. AÓB o.fl., 276. mál (endurmat vaxta). — Þskj. 332.

[18:21]

Flm. (Anna Ólafsdóttir Björnsson):

Virðulegi forseti. Hér er á ferð mjög einfalt frv. sem ég hygg að gæti orðið allgóð sátt um. En þetta frv., sem er að finna á þskj. 332, um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, er flutt af öllum þingkonum Kvennalistans. Og frv. er stutt, 1. gr. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Á eftir 1. mgr. 79. gr. laganna kemur ný málsgrein er orðast svo:

Breytist aðstæður kaupenda verulega er heimilt að endurmeta ákvörðun um vexti lána hans hvenær sem er á samningstímanum sæki kaupandi um það."

Og 2. gr. er svohljóðandi: „Lög þessi öðlast þegar gildi."

Þegar lög um Húsnæðisstofnun ríkisins voru endurskoðuð ítarlega fyrir fjórum árum var tekin sú ákvörðun að endurskoða vexti á félagslegum íbúðum eftir sex ár með tilliti til tekna og eigna íbúðarkaupanda. Ef hann fór yfir ákveðin tekju- og/eða eignarmörk átti hann að greiða sömu vexti og voru á öðrum húsnæðislánum. Hins vegar var ekkert svigrúm til að lækka vextina aftur ef breytingar urðu á högum íbúðarkaupenda til hins verra á nýjan leik.

Þegar lög þessi voru endurskoðuð hafði atvinnuleysi lítt stungið sér niður hér á landi og raunveruleiki flestra var sem betur fer að bættur fjárhagur væri alla vega í flestum tilvikum varanlegur. Miðað við þann raunveruleika var þetta ákvæði sett í lögin.

Nú eru aðstæður breyttar í þjóðfélaginu. Dæmi eru um fólk sem fór yfir tekju- og/eða eignamörk að sex árum liðnum frá húsnæðiskaupunum en er nú atvinnulaust og á fullt í fangi með að standa í skilum með afborganir af húsnæði sínu þótt í félagslega kerfinu sé. Það hefur enn minni möguleika á að greiða fulla vexti af lánum sínum. Því býðst sjaldan önnur úrlausn en greiðsluerfiðleikalán. Sú lausn er skammgóður vermir enda hefur það sýnt sig að helmingur slíkra lána var í vanskilum undir árslok 1994.

Ýmsir þeirra, sem búa við atvinnuleysi og berjast við að halda húsnæði sínu, gætu ráðið við að greiða vexti þá sem bjóðast í félagslega íbúðakerfinu í takt við raunverulegar tekjur og eignir. Því benda flm. frv. á þessa réttlátu leiðréttingu sem unnt er að gera innan gildandi kerfis án mikilla vandkvæða en til ómældra hagsbóta fyrir þá sem standa höllum fæti vegna tekjurýrnunar og eru með skuldabagga á bakinu vegna íbúðarkaupa.

Virðulegi forseti. Ég er með örlitlar upplýsingar um það um hve stóran hóp hér er að ræða en hér mun um að ræða alls 233 íbúðir eða 7.7% af þeim íbúðum sem eru í þessu kerfi. Og af þessum 233 aðilum eru 90 í vanskilum eða voru núna rétt fyrir áramótin. Þetta eru nærri því 40% af þeim hópi sem hefur verið metinn upp í hærri vexti. Það hlýtur auðvitað að segja okkur þá sögu að þeir ráða ekki við þá vexti sem voru hækkaðir og til þess eru ýmsar ástæður. Þetta eru hækkanir sem hafa orðið á þremur árum og þetta eru engir gríðarvextir en þarna er hins vegar oft og tíðum um að ræða fólk sem hefur eignast sínar íbúðir í félagslega kerfinu vegna þess að það hefur haft tiltölulega lítið svigrúm. Það hefur e.t.v. tímabundið farið upp í tekjueða eignamörkum og mér er t.d. kunnugt um eitt tilvik þar sem það var, eins og sá aðili orðaði það, „bíldrusla" sem hækkaði eignamörkin upp í það að það var metið svo að sú fjölskylda stæði undir hækkuðum vöxtum.

Nú stendur svo á að í því tilviki t.d. er ekkert annað til skiptanna en atvinnuleysisbætur. Þarna eru börn á heimili og þarna er einfaldlega um fólk að ræða sem stefnir hraðbyri í mjög erfiða stöðu. Það er tiltölulega einfalt að leysa þetta mál. Ég er ein þeirra sem tóku þátt í þessari endurskoðun á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins og ég verð að viðurkenna það að ég sá þetta ekki fyrir á þeim tíma og ég tel að það hafi verið fleiri sem ekki sáu það fyrir að þarna yrði e.t.v. um ákveðið misgengi að ræða svo að ég grípi til orðs sem áður hefur verið notað í þessari umræðu sem alltaf hefur verið um möguleika fólks til að afla sér húsnæðis.

Hér er ekki um háar upphæðir að ræða fyrir ríkissjóð en það er alveg áreiðanlega um að ræða upphæðir sem geta skipt sköpum hjá þessum fjölskyldum. Það velur sér enginn það hlutskipti að geta ekki staðið í skilum og það velur sér enginn það hlutskipti að þurfa að taka greiðsluerfiðleikalán og það hefur því miður verið pottur brotinn í því að fólk hefði möguleika á að standa í skilum með slík lán.

Ég held að það sé kannski ekki ástæða til að fara öllu fleiri orðum um þetta mál. Mér finnst það tiltölulega einfalt. Ég treysti því að með velvilja verði hægt að koma þessu máli í gegn. Ég hef einnig fengið viðbrögð m.a. frá fólki innan kerfisins ef ég má svo orða sem vill gjarnan sjá þessar breytingar verða og það er fólk sem þekkir til og veit að þessi leiðrétting er bæði mjög einföld og skynsamleg og rökin held ég að séu slík að það sé ekki ástæða til annars en taka þetta til greina.

Ég tek það sérstaklega fram að þarna er einungis verið að tala um að fólk hafi möguleika á því að sækja um að fá breytingar og endurmat á þessari ákvörðun um vaxtahækkun. Ég held að það þurfi ekki nokkur maður að óttast að hér verði um neina misnotkun að ræða, heldur þvert á móti að það verða allir fengir ef þeir hafa slíka lausn í höndunum.

Ég legg til að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. félmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 1., 8. og 11. mál.

Fundi slitið kl. 18:30.

84. FUNDUR

föstudaginn 3. febr.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Almenn hegningarlög, stjfrv., 318. mál, þskj. 480. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Lúganó-samningurinn um fullnustu dóma í einkamálum, stjfrv., 328. mál, þskj. 497. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Neyðarsímsvörun, stjfrv., 335. mál, þskj. 532. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Mannanöfn, stjfrv., 336. mál, þskj. 533. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Barnalög, stjfrv., 342. mál, þskj. 542. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Veiting ríkisborgararéttar, stjfrv., 354. mál, þskj. 577. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Réttarstaða fólks í vígðri og óvígðri sambúð, þáltill., 250. mál, þskj. 292. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
8. Tjáningarfrelsi, þáltill., 295. mál, þskj. 387. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
9. Dreifing sjónvarps og útvarps, þáltill., 301. mál, þskj. 394. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
10. Stofnun Vilhjálms Stefánssonar á Akureyri, þáltill., 139. mál, þskj. 146. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
11. Tilkynningarskylda olíuskipa, þáltill., 340. mál, þskj. 538. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
12. Varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, stjfrv., 339. mál, þskj. 536. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
13. Fjöleignarhús, frv., 247. mál, þskj. 288. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
14. Húsnæðisstofnun ríkisins, frv., 276. mál, þskj. 332. — 1. umr.
15. Framkvæmd búvörusamningsins, skýrsla, 95. mál, þskj. 537. — Ein umr.
16. Landgræðsla, frv., 211. mál, þskj. 239. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Eggert Haukdal, 6. þm. Suðurl.,
Egill Jónsson, 3. þm. Austurl.,
Finnur Ingólfsson, 11. þm. Reykv.,
Gísli S. Einarsson, 4. þm. Vesturl.,
Guðjón Guðmundsson, 5. þm. Vesturl.,
Jóhannes Geir Sigurgeirsson, 6. þm. Norðurl. e.,
Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, 6. þm. Vesturl.,
Jón Baldvin Hannibalsson utanrrh.

Umræður utan dagskrár.

Hækkun áburðarverðs.

[10:36]

Árni Johnsen:

Virðulegi forseti. Breytingar hafa verið gerðir á sölu á kjörum á áburði frá Áburðarverksmiðjunni og það sem er alvarlega gagnrýnisvert í því efni er að áburðarverð til bænda í Árnessýslu, Rangárvallasýslu og til að mynda Borgarfirði hefur hækkað þar sem þeir eru látnir greiða niður áburðarkostnað til annarra landshluta. Um þetta vil ég eiga orðastað við hæstv. landbrh. því mismuninn verður að leiðrétta.

Á hverju ári ákveður Áburðarverksmiðjan verðlista þar sem miðað er við sama verð til bænda utan Þorlákshafnar, Eyja, Akraness og Borgarness þar sem hafnir eru, en þessar hafnir eru ekki til í kerfi Áburðarverksmiðjunnar. Að öðru leyti miðar Áburðarverksmiðjan við eitt verð frá öllum höfnum landsins og hefur þá tekið inn jöfnunarkostnað sem allir bændur landsins greiða og er um 1.200–1.300 kr. á tonn. Ef þessari jöfnun yrði hætt mundi áburður lækka um 6% eða þar um bil tonnið en það kostar um 23 þús. kr.

Fyrir þremur árum var það fyrirkomulag tekið upp hjá Áburðarverksmiðjunni að sunnlenskir bændur, borgfirskir og fleiri sem ekki áttu greiðan aðgang að höfnum stutta leið og sóttu áburð að dyrum Áburðarverksmiðjunnar fengu 500 kr. afslátt á tonnið á áburði. Sá afsláttur hefur verið felldur niður og þó svo áburðarverð hafi nú nýlega lækkað um 3,5% þá er hert á mismunun gagnvart þeim bændum sem eiga langa leið að höfnum. Það er því fyrst að spyrja: Er eðlilegt að nota Áburðarverksmiðjuna sem byggðastyrkjatæki?

Það er einnig í fyllsta máta óeðlilegt að neytendur landbúnaðarvara borgi hærra vöruverð með því að Áburðarverksmiðjan sé notuð sem tæki til mismununar og úthlutunar styrkja til bænda. Bestu svæðin ættu að fá að njóta sín í stað þess að verða refsað. Nefna má að bændur í Vestur-Skaftafellssýslu fá sérstakan áburðarstyrk frá Áburðarverksmiðjunni eða sama og kostar að flytja tonnið af áburði frá Reykjavík til Akureyrar. Kærleikur Áburðarverksmiðjunnar nær þannig austur að Sólheimasandi en bændur vestan Sólheimasands, t.d. bændur undir Eyjafjöllum, verða að greiða 2.500 kr. fyrir flutninginn á tonni að bæ auk hlutdeildar í flutningsjöfnun til annarra landsvæða. Sú 3,5% lækkun, sem ég gat um, þýðir 700 kr. lækkun á tonnið til bænda almennt, en 200 kr. til sunnlenskra bænda, þ.e. Árnessýslu og Rangárvallasýslu auk borgfirskra bænda, á Kjalarnesi og víðar. Þarna er um alvarlega mismunun að ræða og í beinum peningum fyrir bændur til að mynda í Árnessýslu og Rangárvallasýslu þýðir þetta 14 millj. kr. Það er mikil upphæð í erfiðri stöðu bænda og erfiðri stöðu landbúnaðar og þess vegna vil ég spyrja landbrh. hvað hann hyggist gera í þessum efnum því að hæstv. landbrh. hefur sýnt það að hann vill að menn sitji við sama borð og að ekki sé mismunun í þessum efnum.

[10:39]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Eins og hv. þm. er kunnugt varð sú breyting nú um áramótin að innflutningur á áburði hefur verið gefinn frjáls og af þeim sökum hafa auðvitað viðhorf og samkeppnisstaða Áburðarverksmiðjunnar gerbreyst frá því sem áður hefur verið. Það háttar svo um flutninga til og frá landinu að ef vara er skráð á hafnir úti á landi þá kostar það hið sama frá erlendum höfnum hvort sem við erum að tala um Seyðisfjörð,

Akureyri, Reyðarförð eða Reykjavík þannig að flutningskostnaðurinn er inni í verðinu. Að vísu hafa sumir haldið því fram að það sé e.t.v. skammt í það að krafa muni koma upp um það að tillit verði tekið til kostnaðar í sambandi við vöruflutninga til og frá landinu þannig að afskekktar byggðir sitji þar við verra borð heldur en verið hefur. Þessar raddir eru vissulega uppi, en á hinn bóginn er það svo að flutningskostnaður er hinn sami hvert sem farið er.

Þegar við erum að ræða um samkeppnisstöðu Áburðarverksmiðjunnar nú erum við auðvitað að tala um það að hún geti mætt samkeppninni hvar sem er á landinu og ég vil líka minna á að sl. 10 ár hefur Áburðarverksmiðjunni verið mjög vel stjórnað eins og sést á því að áburðarverð á sl. ári var að meðaltali aðeins 57% að raungildi af því sem það hafði verið 10 árum áður. Ég held að það liggi líka fyrir að Áburðarverksmiðjan nú er betur undir samkeppni búin gagnvart öðrum löndum en áður var sem gefur bjartsýni á að lengur en ella sé hægt að halda áburðarframleiðslu hér áfram þannig að hún sé samkeppnisfær.

Ég hlýt líka að minna á í þessu sambandi að verðjöfnun hefur verið á ýmsum framleiðsluvörum, bæði innlendum og erlendum, hvort sem við tölum um bensín eða olíu. Við getum líka aðeins rifjað upp að samkeppni í verslun er orðin svo hörð hér á landi að innlendir framleiðendur eru látnir greiða flutningskostnað fyrir vörur út á land, t.d. til Akureyrar, sem er gert að skilyrði í mörgum tilvikum fyrir því að um slík viðskipti geti orðið að ræða.

Auðvitað má segja að það sé umdeilanlegt með hvaða hætti Áburðarverksmiðjan eigi að svara hinni erlendu samkeppni. Stjórn verksmiðjunnar veltir því upp hvort það geti orðið til hagræðis og jafnræðis við neytendur að lögleiddur yrði sérstakur flutningsjöfnunarsjóður vegna tilbúins áburðar með svipuðum hætti og gildir um flutningskostnaðarjöfnun á sementi svo sem gert var þegar Sementsverksmiðjan missti einokunaraðstöðu sína. Þá er talið augljóst að slík löggjöf hefði gert samkeppnisstöðu verksmiðjunnar til muna betri gagnvart innfluttum áburði. Á hinn bóginn taldi stjórnin að sá háttur hefði mikla fyrirhöfn í för með sér, skýrslugerð og kostnað þannig að til lengdar mundi verðmiðlun af því tagi óhjákvæmilega leiða til hærra áburðarverðs en ella. Því væri best að horfast í augu við orðinn hlut og mæta samkeppni á jafnréttisgrundvelli með bættri þjónustu, betri vöru, lægra og samkeppnishæfu verði og betri skilmálum en vænta má að samkeppnisaðilar gætu boðið. Af þessu leiðir að enda þótt verðskrá Áburðarverksmiðjunnar geri ráð fyrir ákveðnu grundvallarverði eru það fyrrgreindir aðilar, kaupendur og endurseljendur, umboðs- og umsýsluaðilar sem ráða endanlegu verði til neytenda. Ef verksmiðjan ætlaði sér að semja við einstaka neytendur um sérstakan afslátt eftir því hvar þeir búa þá væri hún í raun komin í verðsamkeppni við sjálfa sig, segir í minnisblaði sem ég fékk frá Áburðarverksmiðjunni en auðvitað er það ljóst að endurseljendur hafa nokkurt svigrúm til samninga og geta gefið bændum kost á að flytja sjálfir áburð sinn ef þeir telja sér hag í því.

Ég hef ekki tíma til að ræða þessi mál frekar í fyrri ræðu minni en málið er flókið og menn hafa verið að reyna að finna leiðir til þess að styrkja samkeppnisstöðu Áburðarverksmiðjunnar til þess að hún geti starfað áfram.

[10:45]

Ragnar Arnalds:

Virðulegi forseti. Mér fannst ekki að hv. 3. þm. Suðurl., Árni Johnsen, ræddi þetta mál af mikilli sanngirni áðan þegar hann talaði um það að Áburðarverksmiðjan væri notuð sem tæki til mismununar og byggðastyrkja. Verksmiðjan er að taka upp nýtt verðlagskerfi og lækkar verð til bænda. Hún ætlar að selja áburðinn á sama verði í öllum höfnum landsins eins og gert er í Gufunesi og það er gott mál. Við seljum bensín og olíur á sama verði um allt land og það er líka gott mál. Við fáum hins vegar ekki rafmagn á sama verði um allt land og það er afleitt og ber að leiðrétta. Við njótum ekki símaþjónustu á sama verði um allt land og það er afleitt mál og það þarf að leiðrétta. Matvöruverð er víða hærra úti á landi og það þarf einmitt að leiðrétta. Hins vegar fáum við víst áfengi á sama verði um allt land og það er gott mál. (Gripið fram í.) Nei, það þarf einmitt ekki að leiðrétta og ég tel sem sagt að Áburðarverksmiðjan eigi að fylgja þeirri stefnu að bjóða sína vöru á sama verði um allt land. Verksmiðjan er að berjast fyrir lífi sínu um þessar mundir. Það er mikill samdráttur í landbúnaði og það er þá samdráttur í framleiðslu Áburðarverksmiðjunnar. Ofan á það koma svo EES-samningarnir sem í raun og veru ógna framtíð verksmiðjunnar. Þarna starfa hundrað manns og þetta fólk skilar einum milljarði í þjóðarbúið. Nú er hún að reyna að bæta sína samkeppnisstöðu. Þeir hafa lækkað verðið um 3,5% og þetta er skynsamleg stefna, þeir eru á réttri leið og ég tel að stjórnendur Áburðarverksmiðjunnar eigi þakkir skildar frekar en að vera skammaðir fyrir þá jöfnunarstefnu sem þeir fylgja.

[10:47]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Hertar reglur á bændur, lækkað kaup til bænda. Svik á fyrirheitum upp á hundruð milljóna í tíð núv. ríkisstjórnar, nýjum möguleikum er ekki svarað á neinn hátt þannig að landbúnaðurinn býr við meiri óvissu en nokkru sinni fyrr.

Hvað þetta atriði varðar sem hér er rætt utan dagskrár þá er það eitt dæmið enn. Að vísu skil ég Áburðarverksmiðjuna. Hún verður að mæta hinni erlendu samkeppni og verja sinn markað. En ég tel hins vegar hiklaust að Áburðarverksmiðjan verði að hafa allar hafnir inni í dæminu, það verði að koma jöfnunarpunktur á Selfoss eða Þorlákshöfn og eins hér á Vesturland, Akranes til þess að mæta og menn búi við sömu kjör. Ég hvet því hæstv. landbrh. að taka það upp að það verði punktur alveg eins og Höfn í Hornafirði, Seyðisfjörður, Húsavík, Akureyri, Sauðárkrókur, Ísafjörður og Sunnlendingar njóti þess að eiga þó þessa ágætu höfn í Þorlákshöfn. Ég hef í rauninni miklu meiri áhyggjur, hæstv. landbrn., af þeirri stefnu sem hefur verið fylgt í tíð núv. ríkisstjórnar. Samdrátturinn

í landbúnaðinum ógnar ekki bara Áburðarverksmiðjunni. Við eigum gríðarlega möguleika og því er ekkert mikilvægara nú en að marka nýja framsýna landbúnaðarstefnu sem tekur mið af þeim gríðarlegu möguleikum sem íslenskur landbúnaður á í breyttum heimi. Þá mun Áburðarverksmiðjan dafna. Þá munu kjör íslenskra bænda batna o.s.frv.

[10:49]

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Það var dálítið furðulegt að heyra hv. 3. þm. Suðurl. koma hér upp og kvarta yfir afleiðingum af þeim samþykktum sem hann er búinn að gera. Það var núv. ríkisstjórn sem breytti skipulagi á áburðarverslun hér á landi, skipulagi sem samkvæmt upplýsingum hæstv. landbrh. hefur leitt til þess að á síðustu 10 árum hefur áburðarverð lækkað svo að það er aðeins 57% af því sem það var þá. En við breytt skipulag núverandi ríkisstjórnar neyðist Áburðarverksmiðjan til þess að fara að hugsa um markaðinn, berjast fyrir markaðnum í samkeppni við innflutning þar sem innfluttur áburður er á sama verði á öllum höfnum. Þá eru því miður þau sjónarmið sem verða ofan á og þau sanngirnissjónarmið sem hv. 3. þm. Suðurl. nefndi og hefur verið fylgt hingað til að ekki er lengur möguleiki að halda þeim uppi. En vissulega má segja að það sé hagur allra bænda að Áburðarverksmiðjan haldi hlut sínum og ekki komi aðrir inn á markaðinn hér því að ef þannig færi og það yrði farið að flytja inn áburð í stórum stíl raskast rekstrargrundvöllur hennar að sjálfsögðu og framleiðslukostnaðurinn færi upp úr öllu valdi. En fyrst og fremst, það sem gerst hefur hér er bein afleiðing af samþykktum hv. 3. þm. Suðurl. og annarra stjórnarliða.

[10:51]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Þegar við ákváðum að gerast aðilar að EES-samningnum var náttúrlega kveðinn upp dómur yfir Áburðarverksmiðjunni. Það er tímaspursmál hve lengi hún lifir. Hæstv. landbrh. hefur verið að láta sér detta í hug að framleiða þar sink í því húsnæði sem Áburðarverksmiðjan ræður yfir núna og framtíð hennar er mjög óviss, þ.e. framtíð hennar er ekki björt. Mér finnst hins vegar alveg óþarfaupphlaup hjá hv. 3. þm. Suðurl. að fara hér í utandagskrárumræðu út af þessu atriði. Hann segir að mismununina verði að leiðrétta. Ég tel að það sé eðlilegt að flutningsjafna vöru eins og áburð þannig að hann sé á sama verði hvar sem er á landinu með sömu rökum eins og olíu og annað slíkt og ég tel að það sé þakklætisvert hjá Áburðarverksmiðjunni ef hún reynir að vinna í þessum anda.

[10:53]

Árni Johnsen:

Virðulegi forseti. Það var með ólíkindum að heyra hv. þm. Jón Helgason, fyrrv. landbrh., tala um það að Áburðarverksmiðjan gæti ekki sýnt sanngirni í verðlagningunni og reyna að færa rök fyrir því, hreint ótrúlegt vegna þess að þau lög sem hafa verið samþykkt um Áburðarverksmiðjuna, um breytingu á Áburðarverksmiðjunni yfir í hlutafélag, segja ekkert um það að stjórn verksmiðjunnar geti ekki sýnt sanngirni í verðlagningu á vörunni. Ekkert annað. Það er ótrúlegt að þingmaður Sunnlendinga skuli tala svona. En eins og flestum er kunnugt var Áburðarverksmiðju ríkisins breytt í hlutafélag sumarið 1994, gert vegna EES-samninga og þar sem ekki var í rauninni rúm til þess að einokunarverslun væri með áburð og ekki í anda samningsins.

Hér áður fyrr var stunduð víðtæk byggðastefna eða styrkjastefna í gegnum áburðarflutningsjöfnun út á land. Einu bændur þessa lands, sem fengu borgað fyrir þessa styrkjaleið voru bændur sem bjuggu ekki nálægt höfnum, þ.e. eins og ég vék að í fyrri ræðu minni, í Kjós, á Kjalarnesi, Borgarfirði, Árnessýslu og Rangárvallasýslu þar sem Þorlákshöfn er ekki talin höfn í skilningi Áburðarverksmiðjunnar. Það er hugsað um þetta mál á þeim nótum að þeir bændur sem lengst eiga að sækja að höfnum eða allt að 180 km eigi að fá jöfnunarstyrk. Þess vegna var líka furðulegt að heyra hv. þm. Pál Pétursson tala um það að þessi málflutningur byggðist ekki á því að það ætti að jafna áburðarverð, sem hann mælti með, því að þessi umræða er eingöngu til þess að stuðla að jöfnun og sanngirni í þessum efnum.

Það er alveg augljóst líka að lækkun Áburðarverksmiðjunnar á verði, 3,5%, er hækkun til þeirra bænda sem ég hef nefnt hér sérstaklega í ákveðnum héruðum landsins. Það er hækkun. Það kemur mér ekkert á óvart að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson komi af fjöllum eins og svo oft í mörgum málum en um þetta snýst málið. Menn geta skoðað þessar einföldu tölur og lagt þær á borðið ef Áburðarverksmiðjan ætlar að semja við dreifingaraðila og bændur, auðvitað ætlar hún að gera það.

Virðulegi forseti. Ég vil ljúka máli mínu með því að segja að ef landbrh. beitir sér ekki í þessu efni til leiðréttingar, og ég vona að hann hlutist til um það, þá verður að hvetja sunnlenska bændur til þess að flytja inn áburð beint erlendis frá á hagstæðara verði og það er ekki til góða fyrir Áburðarverksmiðjuna á Íslandi eða íslenskan iðnað yfirleitt.

[10:56]

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Það var alger uppspuni sem hv. 3. þm. Suðurl. hóf ræðu sína á að ég hefði talað um breytingu á Áburðarverksmiðju ríkisins úr beinu ríkisfyrirtæki yfir í hlutafélag. Ég minntist ekki einu orði á það. En veit ekki hv. 3. þm. Suðurl. að hann samþykkti samninginn um Evrópska efnahagssvæðið sem kippti fótum undan því skipulagi sem hér hefur ríkt í áburðarsölumálum með þeim árangri sem náðst hefur? Er það rangt að hann viti það ekki? (**ÁJ:** Það er rangt hjá þingmanninum.) Nei, það er ekki rangt. (**ÁJ:** Alrangt.)

(**Forseti** (SalÞ)**:** Ekki framíköll.)

Þá held ég að hv. þm. viti ekki hvað hann hefur verið að samþykkja því að a.m.k. hafa þau rök verið færð fyrir því að afnema einkarétt Áburðarverksmiðjunnar á áburðarsölu að það sé skylda samkvæmt EES-samningnum. Það er fróðlegt ef hæstv. landbrh.

vill lýsa því yfir að það sé rangt og vænti ég að hann geri það í sinni ræðu hér á eftir. (Gripið fram í.)

[10:57]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Það er rétt hjá hv. þm. að auðvitað gerðu samningarnir um hið Evrópska efnahagssvæði það óhjákvæmilegt að innflutningur á áburði yrði leyfður. Þannig stóðu málin fyrir síðustu kosningar þegar hv. þm. Jón Helgason stóð að stuðningi sínum við ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar og það var ekki einhver uppfinning ríkisstjórnarinnar sem nú situr að bæta því inn í samningana. Því hafa allir þingflokkar fyrir utan Kvennalistann staðið að því að málin yrðu með þeim hætti ef málið er skoðað með réttum hætti.

Ég legg áherslu á að áður hefur verið nokkur flutningsjöfnun á áburði hér á landi. Auðvitað má deila um það hvernig menn eigi að setja upp verð og annað því líkt. Kjarni málsins er sá að stjórn Áburðarverksmiðjunnar er að reyna að rata þann meðalveg sem tryggir að hún sé samkeppnisfær við innfluttan áburð. Auðvitað er alltaf hægt að segja við hvaða höfn sem er: Ef ég næ ekki þessu fram þá kaupi ég erlendan áburð. Það er auðvitað létt verk að segja það. En þetta er sá vandi sem Áburðarverksmiðjunni er á höndum og ég hygg að sú lausn sem hún hefur fundið sé viðunandi enda felur hún í sér verðlækkun á áburði til allra bænda á landinu, líka til sunnlenskra bænda. Það er athyglisvert að þessi árangur skuli nást þrátt fyrir það að ýmis rekstrarkostnaður hafi hækkað á sl. ári. Þannig hækkar t.d. raforka til Áburðarverksmiðjunnar um um það bil 25% frá janúarmánuði 1994 til janúarmánaðar 1995.

Ég vil svo að síðustu leggja áherslu á að auðvitað er það ekki mál sem verður rakið á Alþingi hvaða samningum Áburðarverksmiðjan hefur náð eða einstakir umboðsaðilar við Áburðarverksmiðjuna og auðvitað hafa umboðsaðilar á Suðurlandi nokkurt svigrúm til þess að bjóða viðskiptavinum sínum að flytja áburðinn heim að sínum bæjarvegg ef þeim svo sýnist og þeir telja það hagkvæmt, einnig norður.

[11:00]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Það er að verða einkenni hæstv. ráðherra, hæstv. landbrh., að þeir svara ekki spurningum. Ég ætlaði því, hæstv. forseti, að spyrja hæstv. landbrh. hvort hann teldi ekki eðlilegt að taka það upp að Þorlákshöfn eða Selfoss verði punktur á Suðurlandi til jafnræðis við Ísafjörð, Seyðisfjörð, Höfn á Hornafirði, Akureyri, Húsavík, Sauðárkrók og þar verði sama verð á áburði og í Gufunesi. En nú er hæstv. ráðherra rokinn á dyr eins og vant er þegar á að tala eitthvað af viti við þessa menn.

Tilkynning um dagskrá.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Þar sem ljóst er að ekki næst fram atkvæðagreiðsla nú vegna þess að ekki eru nægjanlega margir hv. þm. mættir hér í húsi þá verður henni frestað. (**Gripið fram í:** Hvað lengi forseti?) Forseti getur ekki svarað því en væntanlega gæti það orðið klukkan hálftvö, að loknu hádegishléi.

Framkvæmd búvörusamningsins.

Skýrsla landbrh., 95. mál. — Þskj. 537.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Borist hefur ósk um að ræðutími í umræðunni um skýrsluna fyrir talsmenn flokka verði lengdur í 25 mín. í fyrri umferð og byggist það á 48. gr. þingskapa. Ef ekki eru andmæli þá mun forseti haga umræðum þannig og ræðutíminn er þá á þann veg að ráðherra hefur allt að 30 mín. í fyrri umferð en 15 mín. í þeirri síðari. Talsmenn flokkanna hafa allt að 25 mín. í fyrri umferð en 15 mín. í þeirri síðari. Aðrir ræðumenn hafa 15 mín., tvisvar sinnum.

[11:03]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Tilefni þessarar umræðu er beiðni hv. þm. Ragnars Arnalds o.fl. þingmanna um skýrslu um framkvæmd búvörusamningsins sem undirritaður var 11. mars 1991. Skýrslan liggur nú fyrir og er hér til umræðu.

Ég þarf ekki að rekja í smáatriðum efni samningsins né aðdragandann að því að hann var gerður. Pólitíski þrýstingurinn vissi að því að fella niður útflutningsbætur enda höfðu þær verið veittar í óhófi og án þess að nokkur hliðsjón væri höfð af því að öðrum þræði yrði byggur upp viðundandi markaður. Aðilar vinnumarkaðarins þrýstu á um hagræðingu og lækkað vöruverð og bændur gerðu sér grein fyrir því að aðstæður voru að breytast og kölluðu á uppstokkun og breyttar áherslur. Í þessu ljósi var skipuð sjö manna nefnd landbrn., aðila vinnumarkaðarins og Stéttarsambands bænda í kjölfar þjóðarsáttarsamninganna 1990. Sú nefnd skilaði tillögum sínum í ársbyrjun 1991 sem búvörusamningurinn var síðan byggður á. Meginefni samningsins fólst í aðlögun sauðfjár- og mjólkurframleiðslu að innlendum markaðsþörfum, afnámi útflutningsbóta, breyttu fyrirkomulagi við framleiðslustýringu og upptöku beinna greiðslna til bænda í stað niðurgreiðslna á heildsölustigi. Þá voru sett ákveðin markmið um verðlækkun kindakjöts samkvæmt skilgreindum framleiðnikröfum.

Samningurinn kvað jafnframt á um það hvernig sauðfjárframleiðslan skyldi aðlöguð markaðsaðstæðum á tveimur árum með uppkaupum ríkisins á fullvirðisrétti og flatri skerðingu að því marki sem uppkaupin dygðu ekki til. Um nánari útfærslu á aðlögun mjólkurframleiðslunnar og framleiðnikröfur í þeirri grein var síðan samið í ágúst 1992. Spurt er um hvernig til hafi tekist um framkvæmd samningsins og um að ná markmiðum hans.

Þegar við nú lítum til baka yfir þau tæp fjögur ár

sem liðin eru af samningstímanum er auðvelt að meta árangurinn á sumum sviðum en annað er óljósara eins og fram kemur við lestur skýrslunnar. Með búvörusamningnum skuldbatt ríkissjóður sig til að kaupa fullvirðisrétt allt að 3.700 tonnum og greiða förgunarbætur fyrir allt að 55.000 fjár. Í því efni var miðað við að heildarfullvirðisrétturinn væri allt að 12.000 tonn að meðtöldum þeim framleiðsluheimildum sem ekki voru nýttar til framleiðslu vegna leigusamninga við Framleiðnisjóð eða fjárleysis vegna riðuniðurskurðar. Miðað var við að ríkissjóður keypti fullvirðisrétt þannig að eftir stæðu 8.300 tonn sem var þá nálægt innanlandsneyslu kindakjöts. Ef þessi markmið næðust ekki með kaupum á fullvirðisrétti skyldi koma til niðurfærsla á öllum fullvirðisrétti. Það var von aðila að sem minnst þyrfti til þess að koma.

Reyndin varð sú að keypt voru út 1.956 tonn en niðurfærður réttur nam samtals 1.706 tonnum. Í raun var stór hluti þeirra 1.956 tonna sem keypt voru út hrein niðurfærsla þar sem margir bændur kusu heldur að selja hluta af rétti sínum til að fá hærri bætur en greiddar voru fyrir niðurfærslu.

Í þessum tölum komu e.t.v. fram mestu vonbrigðin hvað samninginn varðar. Samningsaðilarnir höfðu gert sér vonir um að sá fullvirðisréttur sem var óvirkur vegna leigu til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins eða þar sem skorið hafði verið niður við riðuveiki mundi að stórum hluta skila sér í sölu þannig að flöt skerðing yrði lítil. Þetta gekk ekki eftir enda tæplega raunhæfar væntingar, sérstaklega á þeim svæðum þar sem fjárlaust var vegna niðurskurðar en sauðfjárræktin var að öllu eðlilegu meginstoð landbúnaðar. Vegna áframhaldandi samdráttar í neyslu kindakjöts hefur greiðslumark sauðfjárbænda verið skert árlega eins og fram kemur á bls. 6 í skýrslunni. Það sést að greiðslumark þessa árs er að meðaltali 29% lægra en virkur fullvirðisréttur var haustið 1991.

Vissulega hefur framleiðendum með kvóta fækkað nokkuð eða úr 3.300 í 2.700 á tímabilinu en það eru einkum smáframleiðendur og menn í þéttbýli sem hætt hafa. Þannig að sú skerðing sem taflan sýnir kemur að langmestu leyti fram í smækkun sauðfjárbúanna.

Með búvörusamningnum voru viðskipti með greiðslumark gefin frjáls. Reyndin hefur þó orðið sú að sáralítil sala hefur átt sér stað á sauðfjárgreiðslumarki eins og fram kemur í töflu á bls. 8 í skýrslunni. Hér kemur vafalítið til sú meginástæða sem einnig á við um litla sölu til ríkisins á sínum tíma að atvinnuástandið hefur verið lakara að undanförnu en áður var og bændur því ófúsari en ella að láta af framleiðslurétti sínum og leita á önnur mið. Framboð á kvóta hefur því verið lítið og verðlag úr öllu hófi.

Nokkru öðru máli gegnir um mjólkurframleiðsluna. Þar hafa viðskipti verið nokkur þrátt fyrir hátt verðlag enda er jákvæð þróun í stærð kúabúa þrátt fyrir það að framleiðsluheimildir hafi verið skertar nokkuð. Þrátt fyrir þá óhagstæðu þróun sem ríkt hefur í sauðfjárbúskap og ég hef hér rakið var staðið við þá framleiðnikröfu sem skilgreind var fyrstu tvö árin sem var 2% verðlækkun haustið 1991 og 4% lækkun haustið 1992. Sl. haust hafði verð til bænda lækkað um 10% að raungildi frá því sem var fyrir samningsgerðina en það er auðvitað ekki einfalt að sjá fyrir möguleikana á frekari verðlækkunum næstu ár eins og aðstæður eru nú.

Lækkun kostnaðar við slátrun hefur ekki gengið eftir á sama hátt og veldur þar vissulega miklu hversu bág fjárhagsstaða er hjá flestum sláturhúsum landsins og þungar skuldaklyfjar. Það er svo metið að slátur og heildsölukostnaður hafi lækkað um 3,3% frá haustinu 1991 en vegna þessu hversu sjóðagjöld hafa lækkað hefur raunverð dilkakjöts í heildsölu lækkað um 9–10%.

Enn má svo geta þess að vegna erfiðrar birgðastöðu hefur verð til bænda verið skert um 5% hvert haust síðan 1992 og þeim fjármunum að miklu leyti varið til verðlækkunar með ýmiss konar tilboðum sem í gangi hafa verið. Ef við nú metum stöðuna í dag þá liggur eftirfarandi fyrir:

Útgjöld ríkisins vegna búvöruframleiðslu hafa dregist saman um 3,5 milljarða að raungildi á ársgrundvelli frá því sem var að meðaltali á síðasta kjörtímabili en útgjöldin til landbúnaðarmála alls um 4,3 milljarða á sama tíma.

Í öðru lagi. Virkur framleiðsluréttur í sauðfjárrækt hefur minnkað um 29%, úr rúmum 10 þús. tonnum í 7.200 tonn á þessu ári. Framleiðslan hefur hins vegar ekki minnkað að sama skapi. Margir bændur framleiða umtalsvert magn til útflutnings samkvæmt umsýslusamningum við sláturleyfishafa og á því verði sem fæst. Markaðirnir eru takmarkaðir, verðið of lágt og sauðfjárbændur glíma enn við verulegan birgðavanda.

Í þriðja lagi. Verðlækkun á kindakjöti hefur gengið eftir a.m.k. hvað framleiðendur varðar. Enn er þörf á verulegu átaki til að hagræða í slátrun til að bæta samkeppnisstöðuna hér heima og skapa grundvöll fyrir sókn á markaði erlendis.

Í fjórða lagi. Framkvæmd búvörustjórnunarinnar er nú ákveðnari en áður var á meðan kvótastýringin var í mótun og ýmsar aðgerðir handahófskenndar.

Í fimmta lagi. Tekist hefur að aðlaga mjólkurframleiðsluna markaðsaðstæðum og mæta þar umsömdum hagræðingarkröfum en mjólkurverð til framleiðenda hefur lækkað um 9% og smásöluverð á nýmjólk um 15% frá 1991. Þetta er að ýmsu leyti jávætt en eftir stendur að sauðfjárbændur búa í dag almennt við lakari kjör en viðgengist getur til lengdar eins og ég hef reyndar rakið bæði á fundum Stéttarsambands bænda og Búnaðarfélagsins.

Áætlað hefur verið að rauntekjur sauðfjárbænda af búskap sínum hafi lækkað um a.m.k. 40% á síðustu árum og í ýmsum tilvikum meir. Á móti kemur að vísu að svo virðist sem þeim hafi tekist þrátt fyrir erfitt atvinnuástand að auka nokkuð tekjur sínar utan bús. Samt sem áður vantar nokkuð á að sauðfjárbændur séu hálfdrættingar á við aðrar stéttir þegar litið er til fjölskyldutekna. Þetta er auðvitað alvarlegasta vandamál landbúnaðarins í dag og það sem þarf að takast á við þegar við hugum að endurskoðun búvörusamningsins sem ég hef þegar átt nokkrar viðræður við bændasamtökin um.

Það er alveg ljóst í mínum huga að breytingar eru nauðsynlegar sem fela í sér aukinn sveigjanleik í framleiðslustjórninni án þess þó að hefja nýja kollsteypu sem hefði í för með sér glundroða og mikið óöryggi fyrir bændastéttina. Við eigum enn eftir að finna og ná saman um slíka leið. Og auðvitað getur ekki falist í kerfisbreytingu nein sú töfralausn sem færir stéttinni samstundis auknar tekjur. Á hinn bóginn þarf að auka hvatann til frekari aðlögunar í greininni og skapa möguleika fyrir þá sem ekki eiga þar framtíð fyrir sér til að hasla sér völl á öðrum vettvangi eða veita t.d. rosknum bændum afkomutryggingu með því að þeir annað tveggja dragi úr eða láti af framleiðslu en kvótinn haldist þó á jörðinni.

Ekki þarf að fara um það mörgum orðum hér að staða ríkissjóðs hefur verið mjög þröng allt þetta kjörtímabil. Því hefur vissulega verið gengið fastar fram í sparnaði á sviði landbúnaðarmála en ella hefði verið og ekki hafa gefist sóknarfæri á ýmsum þeim sviðum sem ég hefði kosið. Þær stofnanir sem sinna kennslu, rannsóknum og leiðbeiningum fyrir landbúnaðinn hafa allar orðið að lúta ströngu aðhaldi en það hefur á hinn bóginn a.m.k. á sumum sviðum leitt til markvissari nýtingar á fjármunum og skýrari markmiða. Hvað varðar þær skuldbindingar sem ríkissjóður undirgekkst með búvörusamningnum væri þó ósanngjarnt að halda öðru fram en að við þær hafi verið staðið í öllum veigamestu atriðunum. Þannig er ljóst að staðið hefur verið við allar greiðslur til bænda bæði vegna uppkaupa á fullvirðisrétti og beingreiðslurnar síðan. Reyndar gerði ríkið betur í uppkaupunum en samningurinn kvað á um með því að bjóða hærri greiðslur síðara kaupárið en ákveðið hafði verið en þetta var gert til að freista þess að fá fleiri til að selja fullvirðisrétt sinn og draga þannig úr flatri niðurfærslu. Nokkur ágreiningur kom upp vegna mats á birgðasölu við upphaf samningstímans svo sem frá er greint í skýrslunni og kom ríkisvaldið til móts við gagnrýni bænda sem að hluta til var réttmætt.

Staðið hefur verið við framlög til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins og Lífeyrissjóðs bænda en hvað Jarðasjóðinn varðar vantar verulega á að hann hafi í reynd fengið þau framlög sem samningurinn kvað á um. Framlög til hans á fjárlögum 1992 og 1993 voru ákveðin samkvæmt samningnum 75 millj. kr. hvort ár og skyldi fjárins aflað með sölu jarðeigna. Þær sölur skiluðu sjóðnum einungis 21 millj. kr. þessi tvö ár. Hins vegar reyndist lítil sem engin ásókn í að selja sjóðnum jarðir á þessum árum þannig að varla reyndi á fjárþörfina.

Ég vil í þessu samhengi, hæstv. forseti, aðeins skjóta því inn vegna þess að ég tel nauðsynlegt að það liggi fyrir skjalfest í gögnum þingsins að þau ummæli sem voru höfð eftir mér á nefndaráliti meiri hluta fjárln. í sambandi við jarðræktarframlög voru ekki undir mig borin og voru ekki mín orð.

Gagnrýni hefur komið fram á það að ríkisvaldið hafi ekki efnt þau ákvæði í Viðauka II með búvörusamningnum sem varðar fjáröflun til Byggðastofnunar til að greiða fyrir annarri atvinnuuppbyggingu á þeim stöðum sem viðkvæmastir eru fyrir samdrætti í sauðfjárrækt. Það er vissulega rétt að stofnunin hefur ekki fengið sérgreint fjármagn í samræmi við þetta ákvæði. Hitt er ljóst að ákvæðið fól ekki í sér skuldbindingu um annað en lánsfé og menn geta velt því fyrir sér að hve miklu gagni það hefði komið á umræddum sauðfjársvæðum. Með fyrri fjárveitingum á fjárlögum yfirstandandi árs hafa Byggðastofnun á hinn bóginn verið tryggðar 90 millj. kr. sem framlög til fyrrgreindra verkefna. Um bókun 6 með samningnum sem oft er vitnað til og gaf væntingar um 2 milljarða kr. til landgræðslu og skógræktar fram að aldamótum skal ég ekki að hafa mörg orð. Orðalag þeirrar bókunar eitt og sér sýnir að samningsaðilunum hefur tæplega verið alvara eða þeir sjálfir trúað því að þetta væri raunhæft. Ég harma það hins vegar að hafa ekki getað tekið betur á í þessum málaflokkum en raun ber vitni en bendi jafnframt á að heildarframlög til landgræðslu og skógræktar hafa orðið hærri á þessu kjörtímabili en árin þar á undan þrátt fyrir þá örugleika sem við höfum þurft að glíma við í ríkisfjármálum.

Það er vissulega ástæða til í nýjum búvörusamningi að huga að þessum málaflokki og einnig rannsókna- og þróunarstarfinu af meiri festu og með skýrari markmið en gert var í þeim samningi sem hér er til umræðu.

Ég skal svo, herra forseti, ekki hafa þessi orð miklu lengri. Ég vil leggja áherslu á að í nýjum búvörusamningi hljótum við að leggja til grundvallar með hvaða hætti við getum komið til móts við sauðfjárbændur. Ég vil leggja áherslu á þann þátt málsins hvernig við getum og til hvaða aðgerða við getum gripið til þess að treysta markaðssókn íslenskra landbúnaðarvara á erlendum mörkuðum og hér innan lands eins og ég hef raunar gert ítarlega grein fyrir á öðrum vettvangi. Í þriðja lagi vil ég leggja áherslu á mikilvægi þess að fastar verði tekið á skipulagi rannsókna- og þróunarstarfs og skólastarfi í landbúnaðinum sem ég hygg að verði auðveldara en áður eftir að bændasamtökin hafa skipulagt sig með nýjum hætti og sameinast.

[11:19]

Ragnar Arnalds:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. landbrh. fyrir þá ítarlegu skýrslu sem hann hefur gefið Alþingi um framkvæmd búvörusamnings samkvæmt beiðni okkar níu þingmanna Alþb. Hér er um ágætt yfirlit að ræða sem felst í þessari skýrslu, ágætt yfirlit um stöðu landbúnaðarins og stöðu búvörusamningsins. Hæstv. ráðherra fól framkvæmdanefnd um búvörusamninga að vinna skýrsluna fyrir ráðuneytið og það held ég að hafi verið skynsamlegt af hans hálfu, enda er hún býsna fróðleg og gagnleg, þessi skýrsla. En þó er hún ekki hafin yfir gagnrýni, það skal tekið skýrt fram. Þessi skýrsla sannar það að minni hyggju, sem flestum mun nú vera ljóst, að það vantar töluvert mikið á að staðið hafi verið við þau fyrirheit sem ríkisvaldið gaf við gerð búvörsamnings.

Hitt er annað mál að það er vafalaust óumdeilt að búvörusamningurinn hefur gert sitt gagn. Hann hefur stuðlað að jafnvægi í framleiðslu mjólkur og kinda-

kjöts en hins vegar verður að viðurkennast að flatur niðurskurður í sauðfjárrækt varð miklu meiri en gert var ráð fyrir. Núv. ríkisstjórn, sem fékk það verkefni að framkvæma búvörusamninginn, hefur hins vegar staðið sig heldur slælega í ýmsum þáttum samningsins eins og ég ætla að víkja að hér á eftir. Það er um að ræða margvíslegar vanefndir á samningnum, t.d. hvað varðar framlög í Jarðasjóð, framlög til landgræðslu og skógræktarstarfa og framlög til atvinnubóta í sveitum í gegnum Byggðasjóð. Enn er ekki sjáanleg nein viðleitni í þá átt að bæta bændum það tjón sem þeir verða fyrir vegna fyrirhugaðs innflutnings búvara en það var einmitt ein af forsendum samningsins samkvæmt 9. gr. að því jafnvægi sem stefnt var að með samningnum yrði ekki raskað með innflutningi á samningstímanum.

Ekki eru heldur hafnar viðræður um áframhaldandi stefnumörkin í samræmi við 10. gr. samningsins. Niðurstaðan virðist því vera sú að á þessu kjörtímabili hefur því miður heldur lítið verið aðhafst í málefnum landbúnaðarins enda verður það að segjast alveg eins og er að ríkisstjórnin hefur verið hálfpartinn óstarfhæf í þessum efnum eins og fleirum vegna endalausra innbyrðis illdeilna og þarf ekki að rekja þá sögu öllu frekar hér.

Ég ætla nú að víkja að einstökum spurningum sem fram voru bornar en fyrst var spurt um það hvernig hefði tekist til að ná eftirtöldum markmiðum: Í fyrsta lagi að stuðla að því að í landinu gæti þróast hagkvæmur og öflugur landbúnaður og í öðru lagi að lækka vöruverð til neytenda án þess að það kæmi niður á afkomumöguleikum bænda. Við höfum fengið ítarlegt svar við þessari spurningu og ég vil taka undir það sem hér kemur fram að því miður voru allt of fáir reiðubúnir að selja allan sinn framleiðslurétt og eins og ég tók fram hér áðan þá var hin flata skerðing í sauðfjárrækt með beinni niðurfærslu þar af leiðandi allt of mikil. Framleiðslueiningar minnkuðu og tekjurnar lækkuðu. Þessi mikli samdráttur leiddi því ekki til þeirrar hagræðingar sem vonast var til fyrir þá sem héldu áfram og slátur- og heildsölukostnaður hefur heldur ekki lækkað. Ef staðið hefði verið við fyrirheitin um tveggja milljarða framlög til landgræðslu og skógræktarstarfa og 400 millj. kr. framlög til atvinnubóta í sveitum í gegnum Byggðasjóð í nánum tengslum við kaup á fullvirðisrétti þá hefði vafalaust mátt stuðla að því að 300–350 sauðfjárbændur af alls um 2.700 hefðu alfarið snúið sér að nýjum störfum. Þá hefði fyrri niðurfærslan nægt og flatur niðurskurður orðið miklu minni. Í tengslum við slíka stefnu, nýtt stórátak í landgræðslu og skógrækt, hefði ég talið æskilegt að friða ákveðin svæði alfarið fyrir sauðfjárbeit, bæði í grennd við þéttbýli og vegna sérstakra gróðurverndarsjónarmiða, þar á móti hefði þá mátt skera þeim mun minna niður á þeim svæðum þar sem byggðir eru í mestri hættu vegna samdráttarins og best henta til sauðfjárræktar.

Spurt var um það hvernig hefði tekist til að ná þeim markmiðum að koma á og viðhalda jafnvægi í framleiðslu og sölu mjólkur- og sauðfjárafurða, lækka opinber útgjöld til þessarar framleiðslu og til að stuðla að því að landbúnaður verði í sem mestu samræmi við landkosti og æskileg landnýtingarsjónarmið. Við höfum fengið hér ítarlegt svar ráðherrans. Ég vil benda á það í þessu samhengi að forsendur búvörusamningsins um neyslu innan lands á kindakjöti hafa raunverulega brugðist enda hefur markaðurinn dregist saman um 200–300 tonn á ári að meðaltali. Þetta hefur orðið mikil sparnaður fyrir ríkissjóð til viðbótar við annan áformaðan sparnað en heildarsparnaður ríkissjóðs milli áranna 1991 og 1993 var rúmir 4 milljarðar kr. Miðað við þessar brostnu forsendur hefði ekki verið óeðlilegt að ríkið hefði nýtt sér að einhverju leyti þennan viðbótarsparnað til þess að auðvelda bændum að vinna upp erlenda markaði fyrir lambakjöt.

Ég vík síðan að framlögunum til Byggðastofnunar. Í svari ráðherrans segir eingöngu. „Samkvæmt upplýsingum frá Byggðastofnun hafa verið veittar 20 millj. kr. á grundvelli Viðauka II." Búið, punktur basta. Mér fannst nú þetta svar óneitanlega ansi stutt og efnislítið miðað við þá miklu vanefnd sem þarna var á ferðinni. Samkvæmt búvörusamningnum var kveðið á um það að Byggðatofnun yrði útvegað fjármagn til að greiða fyrir annarri atvinnuuppbyggingu á þeim stöðum sem viðkvæmastir eru fyrir samdrætti í sauðfjárframleiðslu. Upphæðin var 100 millj. árið 1992, 100 millj. 1993 og 50 millj. á árinu 1994–1997. Nú hafa hins vegar einungis komið 90 millj. í þessum tilgangi og því er ljóst að það vantar á um 210 millj. kr. fyrir árin 1992–1995. Hæstv. ráðherra lét að því liggja hér áðan að þarna hefði átt að vera um lánsfé að ræða. Þetta er ekki rétt hjá ráðherranum. Fyrrv. landbrh. Steingrímur Sigfússon hefur staðfest í ræðu hér á Alþingi að við gerð búvörusamningsins hafi það legið ljóst fyrir að um bein framlög átti að vera að ræða. Samkvæmt greinargerð frá Byggðastofnun hafa þau sauðfjárræktarsvæði verið skilgreint þar sem samdráttur í sauðfjárrækt er alvarlegastur og þar kemur greinilega fram að mikil vá er fyrir dyrum ef ekki verður úr bætt.

Ég vil vekja á því athygli að fjárln. gaf síðan Byggðastofnun fyrirmæli um það í áliti sínu 20. des. 1994 hvernig verja ætti þessu fé og segir þar, með leyfi forseta:

„Veittir verði styrkir og/eða lán til nýjunga í atvinnulífi á svokölluðum sauðfjárræktarsvæðum og til þess að styrkja þá starfsemi sem fyrir er og tengist sauðfjárframleiðslu. Verði m.a. veittir styrkir til afurða- og vinnslustöðva á sauðfjárræktarsvæðum er geri þeim kleift að fá viðurkenningu til útflutnings á mikilvæg erlend markaðssvæði."

Ég vil láta það koma hér fram að ég tel ákaflega hæpið að eyða þessu fé til framkvæmda í sláturhúsum. Ég tel eðlilegra að þessu fé sé öllu varið til atvinnuaukningar í sveitum og tel að þessi fyrirmæli fjárln. um ráðstöfun fjárins séu algerlega út í hött.

Þá vík ég að spurningunum um lífeyrissjóðinn. Í svari ráðherrans kom fram að árlega hefðu verið veittar 10 millj. kr. sérstaklega á grundvelli Viðauka II. En ég vil benda á að um leið og þetta aukaframlag var

veitt upp á 10 millj. kr. í sjóðinn samkvæmt búvörusamningi voru önnur framlög skorin niður og staðreyndin er sú að málefni lífeyrissjóðsins eru í miklu uppnámi eins og skýrt kemur fram í einróma áliti landbn. 2. des. sl. en þar er vakin á því athygli, með leyfi forseta:

„Þann 1. jan. 1993 tók gildi ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að binda ríkisframlög í Lífeyrissjóð bænda við þær búgreinar einar sem falla undir búvörusamninginn, þ.e. mjólkur- og sauðfjárframleiðslu. Samtals námu iðgjöld úr þessum tveimur greinum 84% af heildariðgjöldum árið 1993."

Það er sem sagt vakin á því athygli í ítarlegri umfjöllun landbn. um þetta mál að sjóðurinn hefur lent í miklum vandræðum út af því að framlög til hans hafa verið skorin niður með þessum hætti. Einnig vekur landbn. athygli á því að fjárveitingar hafa ekki verið verðbættar eins og kveðið er á um í búvörusamningnum og æskir þess eindregið að það verði leiðrétt.

Ég vík þá að spurningunni um kaup á fullvirðisrétti. Spurt var um það hvernig tekist hefði til um að ná markmiðum um kaup á fullvirðisrétti í sauðfjárrækt og spurt hvort hafi verið fylgt eftir að þeir aðilar lóguðu fjárstofni sínum sem seldu fullvirðisrétt sinn og fengu förgunarbætur fyrir fullorðið fé. Ég hef ekki tíma til að rekja hér allt svar ráðherrans enda er hann búinn að gefa það og það liggur fyrir skriflega, en í *niðurlagsorðum svarsins segir, með leyfi forseta:*

„Því var fylgt eftir að förgun fjár væri í samræmi við gerða samninga en síðan hefur ekki verið sérstaklega fylgst með ásetningi þessara aðila."

Ég vil vekja athygli á þessum lokaorðum. Miklar sögur ganga um framleiðslu og sölu kjöts umfram heimildir. Ástæða er því til að ætla að umframsala hafi talsverð áhrif til að minnka skráða neyslu. Menn eiga ekki rétt á beinum greiðslum úr ríkissjóði jafnhliða framleiðslu umfram heimildir. Það liggur í hlutarins eðli. Þess vegna tel ég að það verði áfram að fylgjast með ásetningi, t.d. með búfjártalningu. Svarti markaðurinn grefur undan núgildandi kerfi og svo lengi sem bændur una þessu kerfi og byggt er á framleiðslustýringu þá virðist óhjákvæmilegt að tryggja að það sé ekki grafið undan kerfinu innan frá.

Ég vík þá að landgræðslu og skógrækt sem spurt var um og það má glöggt sjá á svari ráðherrans að þar er ekki um neina raunaukningu að ræða til skógræktar og landgræðslumála í samræmi við þá yfirlýsingu sem gefin var í bókun 6 í búvörusamningi. Það er að vísu reynt að gera lítið úr þeirri yfirlýsingu sem gefin var um þetta efni með því að kalla hana viljayfirlýsingu, sem því miður hafi ekki verið kostur á að standa við, en auðvitað er alveg ljóst að þetta var fyrirheit um tvo milljarða til landgræðslu og skógræktar og það er alveg sama hvað menn kalla þessa yfirlýsingu. Vissulega var þetta viljayfirlýsing en hún er alveg jafngild fyrir því. Það stóð:

„Í ljósi þeirrar lækkunar á ríkisútgjöldum sem verður þegar til lengri tíma er litið, ekki síst vegna afnáms útflutningsbóta, telja samningsaðilar eðlilegt að gera kröfu til þess að varið verði af hálfu ríkissjóðs í tengslum við nýja landgræðsluáætlun stórauknu fjármagni til þessara verkefna á komandi árum eða um tveim milljörðum kr. út samningstímann. Slík fjárveiting kæmi til viðbótar við aðrar fjárveitingar til landgræðslu og skógræktar. Störf við þau verkefni gætu að nokkru leyti komið í stað þess samdráttar í atvinnu til sveita sem minni sauðfjárframleiðsla hefur í för með sér enda verði bændum tryggður forgangur að störfum við landgræðslu, skógrækt og landbætur hvers konar."

Eins og ég hef sagt, þá hefur engin raunaukning orðið á fjárveitingum til landgræðslu og skógræktarstarfa. Samningurinn var gerður til 6 ára og það mætti því ætla að það hefðu átt að koma þarna 330 millj. kr. á ári hverju til þessara verkefna og ég hef þegar nefnt að ég tel fullkomlega raunhæft að það hefðu hugsanlega 300–350 sauðfjárbændur getað fengið störf við landgræðslu, skógrækt og önnur skyld störf í þágu þjóðfélagsins jafnhliða því sem þeir hafi lagt niður búskap og með þessu hefði unnist tvennt: Við hefðum annars vegar aukið framleiðslurétt bænda að sama skapi og um leið tvöfaldað framlög til skógræktar og landgræðslu en á þeim verkefnum er tvímælalaust mjög mikill áhugi í landi okkar.

Ég vík síðan að spurningunni um birgðastöðuna 1992. Það var spurt: Hvernig afsetti ríkissjóður þær birgðir kindakjöts sem voru til í landinu við lok fyrri búvörusamnings? Hver urðu áhrif þess fyrir sauðfjárbændur? *Síðan er í svari ráðherrans reynt að gera grein* fyrir því sem gerðist hvað varðar birgðir kindakjöts sem skráðar voru í landinu 31. ágúst 1992. Ég vil leggja á það áherslu að þarna voru gerð mjög örlagarík mistök. Í 6. gr. búvörusamningsins ábyrgðist ríkissjóður að birgðir þann 1. sept. 1992 yrðu ekki umfram áætlaða þriggja vikna neyslu eða um 500 tonn. Það sem afgangs væri ætlaði ríkið að taka út af markaðnum og flytja út en í ágúst 1992 var hafin mikil kjötútsala og seld 1.500 tonn eða um 700 tonnum meira en reikna mátti með og því voru aðeins 300 tonna birgðir eftir. Afleiðingin varð lítil sala mánuðina þar á eftir og nýr birgðavandi sem bændur hafa síðan þurft að ýta á undan sér. Aðgerðir ríkisvaldsins til að koma til móts við gagnrýni bænda hafa engan veginn dugað til að mæta þessum vanda. Ég held því að hér sé á ferðinni enn eitt af mörgum dæmum um ógreidda skuld ríkisins við uppgjör búvörusamningsins.

Síðan var spurt að því hversu mikil framlög hefðu komið til Framleiðnisjóðs á árinu 1992–1994. Ég hef tekið eftir svari ráðherrans um þau mál en vil minna hér á álit landbn. Alþingis 2. des. sl. en þar stóð, með leyfi forseta:

„Framleiðnisjóður hefur aðeins varið 10–12% af ráðstöfunarfé sínu til atvinnusköpunar í sveitum. Nefndin telur að þetta sé ekki í samræmi við þær væntingar og þau áform sem lágu til grundvallar tilurð sjóðsins. Þess vegna leggur nefndin ríka áherslu á að fjárveitingar Framleiðnisjóðs taki í auknum mæli mið af þeirri miklu þörf sem fyrir hendi er í sveitum landsins til eflingar atvinnulífi."

Þá komum við að framlögum til Jarðasjóðs en það

var spurt um hver þau hefðu verið á árunum 1992 og 1993 í samræmi við Viðauka II. Í viðauka II stóð:

„Til Jarðasjóðs renni til viðbótar árlegum framlögum ákveðið fjármagn í upphafi samningstímans til að kaupa jarðir bænda sem afsalað hafa fullvirðisrétti og jarðir sem ekki seljast á frjálsum markaði. Leitað verði leiða til að Jarðasjóður geti aðstoðað þau sveitarfélög sem vilja sjálf fá jarðirnar til ráðstöfunar."

Við þetta hefur ekki verið staðið, það er alveg ljóst. Hér er því um beinar vanefndir að ræða. Það er vitað að Jarðasjóður hefur ekki keypt jarðir sem honum hafa boðist vegna fjárskorts. Jarðasjóður átti einmitt að geta orðið mikilvægt stjórntæki til að auðvelda endurskipulagningu landbúnaðarins en það hefur algerlega brugðist og ég get enn vitnað í einróma álit landbn. Alþingis 2. des. 1994 þar sem einmitt er vakin athygli á þessu sem ég hef hér lýst.

Ég nefni það hér að spurt var hver hafi verið niðurstaða endurskoðunar á kerfi verðlagningar sauðfjárafurða og kostum umboðsviðskipta. Síðan var spurt: Hefur skipan fimmmannanefndar verið breytt, sbr. bókun 4? Svar ráðherrans var ákaflega stuttort, enda ekki miklu að svara sennilega. Hann segir einungis, með leyfi forseta:

„Endurskoðun á kerfi verðlagningar sauðfjárafurða hefur ekki leitt til breytinga og skipan fimmmannanefndar hefur ekki verið breytt."

Samkvæmt bókun 4 með búvörusamningi varð samkomulag um að breyta fimmmannanefnd í sjö manna nefnd með því að bæta við einum fulltrúa afurðastöðva og einum fulltrúa bænda en bændur eiga ekki neinn fulltrúa í nefndinni. Af einhverjum undarlegum ástæðum hefur ekki verið gerð nein tilraun til að standa við þetta ákvæði samkomulagsins.

Síðan var í skýrslubeiðninni beðið um svör við þeim spurningum hvort einhver ákvæði samningsins hefðu verið endurskoðuð og ef svo er á hvern hátt og hvort samningsaðilar hafi ræðst við vegna breytinga á starfsumhverfi landbúnaðarins með tilkomu alþjóðasamninga og innflutnings búvara og hvort hafin væri úttekt á framkvæmd samningsins sbr. 10. gr., hvort viðræður hafi farið fram um áframhaldandi stefnumörkun, hvort þær hafi verið undirbúnar sbr. 10. gr. Í svari ráðherrans kemur skýrt fram að á þessu sviði hefur ákaflega lítið verið gert.

Það stóð sem sagt alveg skýrt í 9. gr. búvörusamningsins: „Aðilar eru sammála um að forsenda samnings þessa sé að reglum verði ekki breytt eða ákvarðanir ekki teknar um innflutning búfjárafurða þannig að teflt verði í tvísýnu því jafnvægi og þeim árangri sem að er stefnt." Og í 10. gr. stóð: „Að fjórum árum liðnum skulu samningsaðilar gera úttekt á framkvæmd samningsins með tilliti til markmiða hans. Í framhaldi af því skal hefja undirbúning viðræðna um áframhaldandi stefnumörkun á þessu sviði." Svar ráðherrans ber hins vegar með sér að þótt miklar breytingar séu að verða á starfsumhverfi landbúnaðarins með tilkomu alþjóðasamninga og innflutnings búvara þá eru viðræður enn ekki hafnar. Ég tel að ekki veiti af að þær séu hafnar hið bráðasta og verð að átelja það sinnuleysi sem þessi vanræksla ber með sér.

Að lokum, virðulegi forseti, vil ég leggja á þá áherslu vegna þess að tími minn er senn á þrotum og ég get ekki fjallað um svör ráðherrans öllu frekar að auðvitað er það staðreynd að íslenskur landbúnaður stendur nú á miklum tímamótum. Eftir gerð EES- og GATT-samninga er staða landbúnaðarins afar tvísýn og það er alveg óhjákvæmilegt að það verði mörkuð skýr stefna til framtíðar í ljósi breyttra aðstæðna. Við sem stóðum að þessari skýrslubeiðni töldum óhjákvæmilegt að það væri dregið sem skýrast fram hvað hefði farið úrskeiðis í framkvæmd búvörusamningsins, hvað hefði verið vanefnt, hvað hefði gleymst og hvar hefði mátt gera betur. Þessi skýrsla er töluverður áfellisdómur yfir núv. hæstv. ríkisstjórn og hæstv. landbrh. og landbrn. og það er alveg ljóst að hann hefði mátt gera betur og það er það sem ég vil koma hér að.

Ég vil svo leggja áherslu á það að lokum að þessi skýrslubeiðni var fyrst og fremst hugsuð sem innlegg í hreinskilnislega umræðu sem óhjákvæmilega þarf að fara fram um stöðu landbúnaðarins og stefnumótun til framtíðar og ég ætla að vona að umræðan komi þannig að töluverðu gagni.

[11:44]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég vil byrja á því að þakka skýrslubeiðendum fyrir það að biðja um þessa skýrslu. Betur hefðu þeir beðið hæstv. þáv. fjmrh., Ólaf Ragnar Grímsson, að skrifa undir búvörusamninginn og alla fylgisamninga þannig að við hefðum sloppið við þá vandræðalegu umræðu og vandræðalegu meðferð sem af því hefur hlotist að núverandi ríkisstjórn hefur getað skotið sér á bak við það að ekki var formlega gengið frá öllu af hálfu fyrrv. fjmrh. En það er sannarlega ástæða til þess að ræða málefni landbúnaðarins og að því leyti er fengur að þessari skýrslu.

Þessi skýrsla liggur nú fyrir og ég verð að játa það að mér finnst þetta vera fremur lítilfjörleg skýrsla og hún svarar ekki öllum spurningunum. E.t.v. var ekki spurt réttra spurninga í öllum tilfellum. En þetta er ákaflega sorgleg skýrsla því jafnvel þó að skýrsluhöfundar taki ekki mikið upp í sig, þeir læðast um á kattaþófum, þá er þessi skýrsla opinberun á þeim harmleik sem hefur verið að gerast í sveitum landsins á þeim tíma sem búvörusamningurinn hefur gilt. Hún opinberar þau botnlausu vandræði sem leidd hafa verið yfir fjölda bændafjölskyldna í landinu. Þessi skýrsla sýnir samdrátt. Hún sýnir hrörnun, hún sýnir fátækt sem hefur haldið innreið sína í sveitir landsins. Búvörusamninginn, þó vafalaust hafi hann verið gerður í góðri trú á sínum tíma af þeim sem að því máli komu, hefur ekki reynst bjargráð fyrir bændur og það er augljóst þegar þessi skýrsla er skoðuð.

Ríkisvaldið hefur ekki staðið við sinn hluta samningsins og íslensk bændastétt stendur miklu verr núna en hún gerði við upphaf samningsins. Það er ekki einungis í sveitunum sem þessi samdráttur hefur komið niður. Þéttbýlið sem byggist á úrvinnslu landbúnaðarafurða er náttúrlega nátengt framleiðslunni í sveitunum og þar hefur líka samdrátturinn orðið mjög tilfinn-

anlegur. Ef framleiðslan hrynur þá hrynja þorpin og bæirnir þar sem þjónustustörf við landbúnað eru verulegur þáttur í atvinnulífinu. Ef við gefum okkur að það séu í kringum 4.000 bændur á Íslandi þá er a.m.k. óhætt að margfalda þá tölu með fjórum eða fimm til að finna út hvað margir lifa á landbúnaði.

Nú hefur landbúnaðarframleiðslan dregist saman, þ.e. fyrst og fremst sauðfjárframleiðslan. Hún hefur dregist saman þannig að bóndi sem átti 400 ær við upphaf samningstímans setti á um 260 í haust. Þetta gefur náttúrlega augaleið hver breyting hefur orðið á kjörum þessa fólks. Hæstv. landbrh. sagði hér rétt áðan að þetta hefði orsakað yfir 40% tekjulækkun. Ég held að það sé óhætt að segja 40–60% tekjulækkun a.m.k. og það fólk sem sauðfjárframleiðslu stundar er ekki hálfdrættingar í fjölskyldutekjum á við aðra.

Nú er staða bænda mismunandi, meira að segja sauðfjárbænda því sem betur fer eru örfáir sem hafa enn þá þokkalega afkomu af sauðfjárrækt en þeir eru sárafáir. Það eru sárafá bú á Íslandi sem eru yfir því sem var grundvallarbú þegar samningurinn var gerður.

En hvað á að gera við þetta fólk sem stundað hefur sauðfjárframleiðslu og nú eru ekki orðnir hálfdrættingar á við aðra í landinu að tekjum til? Það hefur orðið fyrir tekjutapi, eignirnar eru vannýttar og það er mikið dulið atvinnuleysi í sveitum. Menn hafa verið að éta upp eignir sínar og margir eru búnir að safna neysluskuldum til þess að draga fram lífið. Þeir hafa ekki möguleika á atvinnuleysisbótum þó ótrúlegt megi virðast. Bændur eru látnir greiða í Atvinnuleysistryggingasjóð en honum er lokað fyrir þeim. Hann er harðlokaður fyrir bændum, þeir þurfa að gefa upp alla von og segja sig hér um bil til sveitar til þess að hafa einhverja möguleika á að fá einhverjar hundsbætur úr Atvinnuleysistryggingasjóði.

Þetta fólk hefur að engu að hverfa. Atvinnuástand í þéttbýlinu er þannig að það er ekki um auðugan garð að gresja til stórfelldra þjóðflutninga úr sveitum landsins í bæina eins og stendur. Það er kannski ástæða til að velta því aðeins fyrir sér hverjar eru orsakirnar fyrir því að sauðfjárframleiðslan er svona illa komin. Sauðfjárbændur búa einir kjötframleiðenda við kvóta. Þeir búa einir kjötframleiðenda við framleiðslutakmarkanir. Raunar búa kúabændur líka við framleiðslutakmarkanir en það er tiltölulega auðvelt að breyta umframmjólk í nautakjöt og það er fyrst og fremst skýringin af hverju framleiðslutakmarkanirnar í nautgriparæktinni hafa tekist, menn hafa getað gefið kálfunum umframmjólk og þrengt þar með að kjötmarkaðinum.

Meiri skerðing kemur náttúrlega ekki til greina því það er algjör dauðadómur. Ég held að auðveldasta leiðin til þess að snúa þessari þróun við sé að lofa sauðfjárbændum að framleiða meira en þeir hafa heimildir til núna. Innanlandsmarkaðurinn er of lítill og það er ekki líklegt að neysluhlutföll kjöttegundanna breytist dilkakjöti í hag alveg á næstunni. Þá er engin leið önnur en að flytja út og leggja aukna áherslu á útflutning. Nú hefur útflutningi verið nokkuð sinnt og reyndar unnið stórmerkilegt starf að reyna að kynna lífrænan landbúnað og þá möguleika sem þar geta skapast vegna hreinleika og sérstakra aðstæðna á Íslandi þá á það að vera Íslendingum þægilegra en flestum öðrum sauðfjárframleiðendum að framleiða hreint og ómengað kjöt.

En þrátt fyrir þetta gefur útflutningurinn ekki viðunandi tekjur þannig að hann geti orðið bjargráð eins og stendur nema til komi a.m.k. einhver tímabundinn markaðsstuðningur. Ég tel að það ætti að binda þennan markaðsstuðning við prósentu af skilaverði þannig að inn í kerfið yrði byggður hvati, byggð svipa á útflytjendur að reyna að ná sem allra hæstu verði. Útflutningsbæturnar unnu sér að vissu leyti til óhelgi með því að það var ekki borgað prósentvís út á skilaverðið heldur var borgað það sem á vantaði að skilaverðið næðist upp í grundvallarverð.

Það má geta þess að sjávarútvegur og útflutningsiðnaður hefur búið við verulegan markaðsstuðning líka og markaðsleitarpeninga.

Það var ekki stoltur hæstv. landbrh. sem stóð hér áðan og flutti þessa skýrslu og lifandis ósköp kenndi ég í brjósti um hæstv. landbrh. fyrir þetta að þurfa að koma hér og leggja fram skýrslu eins og þessa sem við höfum í höndunum. Hann er búinn að vera landbrh. í fjögur ár. Hann bjó að vísu ekki til þennan samning en hann sá um framkvæmd hans og var ábyrgur fyrir framkvæmdinni eins og hún hefur tekist til. Ég held að það sé óhjákvæmilegt að benda á, það þarf reyndar ekki að benda á það, það er öllum ljóst að það hefur verið vesöl frammistaða hjá hæstv. landbrh. Nú veit ég það að hæstv. landbrh. hefur viljað gera betur og hann hefur búið við að vissu leyti óhægar aðstæður þar sem hæstv. utanrrh. hefur tekið að sér að vera yfirlandbúnaðarráðherra og tekið fram fyrir hendurnar á hæstv. landbrh. En það má líka spyrja hvort það var sómasamlegt hjá hæstv. landbrh. að láta undan hæstv. utanrrh. æ ofan í æ.

Hæstv. landbrh. fór að tíunda hvað þyrfti að vera í nýjum búvörusamningi. Ég vil spyrja hæstv. landbrh. hvað líður gerð nýs búvörusamnings. Ég hef grun um að það sé harla lítið sem búið er að gera í því efni. Það er kannski eins skynsamlegt að vera ekki að fela þessum hæstv. landbrh. að ganga frá málinu og láta það heldur bíða nýrrar ríkisstjórnar í þeirri von að ný ríkisstjórn hafi meiri skilning á málefnum landbúnaðarins en þessi hefur haft.

Á búvörusamningstímanum hefur fjármagn frá hinu opinbera, þ.e. frá ríkinu til landbúnaðarins verið stórskert. Landbúnaðurinn hefur orðið fyrir miklu meiri skerðingu af hendi hins opinbera en nokkur önnur atvinnugrein í landinu. Ég tel að í nýjum búvörusamningi, sem e.t.v. einhvern tímann verður gerður og vonandi verður gerður, sé það óhjákvæmilegt að opna aftur fyrir umtalsverðan útflutning á dilkakjöti. Ég tel jafnframt að það verði að endurskoða beingreiðslurnar. Beingreiðslurnar voru teknar upp sem framlag til neytenda. Í staðinn fyrir að greiða vöruna niður, svo að neytendur gætu fengið hana ódýrari voru teknar upp beinar greiðslur. Þær eru ekki styrkur til bænda, þær eru í eðli sínu náttúrlega styrkur til neytenda.

Ég held að það þurfi að athuga í þessu sambandi hvort ekki sé rangt að markaðstengja beingreiðslurnar eins og gert hefur verið, hvort það eigi að hafa þær framleiðslutengdar. Ég held að það þurfi líka í þessu sambandi að athuga vandlega GATT-samninginn og þær skyldur sem hann leggur okkur á herðar, hvort núverandi form stenst. Við höfum heimild til grænna greiðslna og e.t.v. væri formandi að gera þessar greiðslur með einhverjum hætti grænar. Ég held að það sé ómögulegt annað en að endurmeta landbúnaðarstefnuna í heild og þá líka með tilliti til þess að íslenska landbúnaðarstefnan, sú sem fylgt hefur verið undanfarin ár, rímar engan veginn við landbúnaðarstefnu umheimsins. Við erum alveg sér á báti, við höfum farið aðra leið en löndin í kringum okkur, heldur en flest eða öll önnur lönd. Við komumst ekki hjá því að taka eftir þessu, við komumst ekki hjá því að reyna að samræma okkar landbúnaðarstefnu því sem gerist í kringum okkur. Við erum nefnilega ekki einir í heiminum. Nú steðjar ný ógn að landbúnaðinum eða ný hætta þar sem með alþjóðasamningum hefur verið opnað fyrir innflutning landbúnaðarvara sem ekki hafa verið að undanförnu fluttar til landsins. Við erum orðnir aðilar að Alþjóðaviðskiptastofnuninni og það leggur okkur skyldur á herðar.

Ég tel að við höfum lent GATT-málinu eða aðildinni að Alþjóðaviðskiptastofnuninni mjög vel í Alþingi á milli jóla og nýárs og sú ályktun sem þar var samþykkt um fullgildingu sáttmálans eða fullgildingu aðildar að Alþjóðaviðskiptastofnuninni hafi verið eftir atvikum sú besta hugsanleg úr því sem komið var. Við styrktum stöðu hæstv. landbrh. eða landbrh. framtíðarinnar geysilega mikið með þeirri ályktun sem hér var samþykkt. Nú hefur landbrh. fullkomið vald á þessu máli ef hann vill beita því.

Eins og fram hefur komið áður í þessari umræðu og ég hef getið um fyrr þá hefur búvörusamningurinn verið stórlega vanefndur. Það er sök núv. ríkisstjórnar. Það er á ábyrgð núv. hæstv. landbrh.

Hv. 3. þm. Norðurl. v. var að stinga upp á því í ræðustól áðan að fara í búfjártalningu eða ásetningstalningu. Fyrrv. landbrh., Steingrímur J. Sigfússon, lagði einu sinni í það að láta fara að telja búfé landsmanna og ég held að það hafi haft frekar lítið upp á sig enda var mikið til rétt talið fram. En búfjártalning segir út af fyrir sig ekki alla söguna um framleiðslugetuna eða hver framleiðslan verður. Hv. þm. Ragnar Arnalds telur ekki lömbin innan í ánum og hann sér heldur ekki hvort þau verða kílóinu þyngri eða léttari á næsta hausti. Þannig að ég veit ekki hvort þetta hefur verulega þýðingu.

Ég er vantrúaður á tröllasögur sem ég hef heyrt um heimaslátrun og einhverja mikla sölu fram hjá sölukerfinu. Ég held að menn hafi miklað það fyrir sér. Ég a.m.k. þekki ekki til þeirra viðskiptahátta að það sé gert í neinum stórum stíl þannig að ég held að það sé ekki eitt af vandamálunum í þessu dæmi.

Ég tel að landbúnaður á Íslandi eigi framtíð fyrir sér og landbúnaður sé eðlilegur þáttur í þjóðarbúskapnum en þá verður að skapa honum skilyrði til eðlilegs rekstrargrundvallar. Bændafólk þarf að lifa og hafa tekjur til jafns við aðra og það á rétt á lífskjörum til jafns við aðra. Ég tel að það sé verkefni næstu ára að sjá til að svo verði. Bændur eru að endurskipuleggja félagssamtök sín og ég el þá von með mér að hin nýju samtök verði öflug og sterk brjóstvörn fyrir bændastéttina og beri gæfu til að standa á rétti hennar og standa að endurreisn stéttarinnar sem slíkrar. En ríkisvaldið verður líka að bregðast við og skapa þau skilyrði að landbúnaður verði rekinn hér með sæmilegum hætti.

Frú forseti. Ég vil ljúka máli mínu með því að fullyrða að bændur eru líka fólk.

Útbýting þingskjala:

Jafn réttur kvenna og karla til dæmdra bóta, 368. mál, fsp. GGuðbj, þskj. 594.

Yfirtökutilboð, 367. mál, fsp. MB, þskj. 593.

[12:06]

Guðrún J. Halldórsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég vil þakka þeim sem báðu um þessa skýrslu, hv. þm. Alþb. sem á sínum tíma báðu um skýrsluna og hæstv. landbrh. fyrir þá skýrslu sem nú er komin fram.

Í skýrslu hæstv. landbrh. segir að erfitt sé að setja fram staðhæfingar um þróun íslensks landbúnaðar sl. þrjú ár og segja til um það hvort landbúnaður sé hagkvæmur og öflugur.

Að sjálfsögðu eru allar slíkar alhæfingar vafasamar en mér hefur virst að slíkt hafi ekki alltaf vafist fyrir þeim starfsmönnum sem hér ganga um þingsali. Ég tel því það til sóma að hæstv. landbrh. geri sér grein fyrir því að það er vafasamt að hægt sé að koma með slíkar yfirlýsingar.

Þróun íslensks landbúnaðar meginhluta þess tíma sem íslenska lýðveldið hefur staðið hefur falið í sér ýmis óheillaspor þó margt fleira hafi orðið til góðs. Af því sem til óheilla horfir og skeði snemma í tilveru lýðveldisins má nefna niðurbútun jarða á Íslandi. Fjölmargar stórar jarðir voru skornar niður í smáskika og urðu þar af leiðandi þegar til lengdar lét mjög óhagkvæmar í rekstri.

Annað var það að bændur voru hvattir til þess að nota fyrst og fremst tilbúinn áburð. Einmitt þann áburð sem verið var á þessum morgni að kvarta undan hvað kostaði að flytja. En jafnvel að vannýta þann lífræna áburð sem þeir höfðu við fjósdyrnar hjá sér og aðrar húsadyr. Þetta var líka þróun sem gekk allt of langt og fór í vitleysu.

Hagræðing og samvinna t.d. um samnýtingu tækja og því um líkt var ekki heldur höfð á oddi nema bara fyrstu árin á þessu 50 ára skeiði sem ég er að tala um. Þá var það mjög algengt að bændur slógu sér saman um dýrar vélar og nýttu þær saman. Síðan hefur þróunin gengið í þá átt að hver bóndi út af fyrir sig þurfti að eiga dýrar vélar og samnýting varð minni og minni. Ég held að tækjakostur í íslenskum landbúnaði og kostnaðurinn við hann hafi farið fram úr öllum eðlilegum mörkum. Það er eitt af því sem hefur valdið því

hversu erfið staðan er í íslenskum landbúnaði í dag.

Sá niðurskurður eða fækkun gripa sem hefur verið boðaður og knúinn fram hefur orðið til þess að bændur eru orðnir láglaunastétt. Sums staðar virðist farið offari þannig að skortur á nýmjólk er yfirvofandi á vissum stöðum í landinu og einnig er það kunnugt að Íslendingar hafa eða höfðu um hríð möguleika á að flytja út mjólk og mjólkurafurðir til Grænlands en höfðu ekki afl til þess, svo mikill var niðurskurður nautgripa orðinn á Suðurlandi.

Það hafa miklar framfarir orðið í framleiðslu mjólkurafurða og tilboðin eru margvísleg. Framboð á kjötvöru hefur einnig orðið fjölbreyttara en áður en miklar framfarir og hagræðingu þarf enn til þess að bændur geti lifað mannsæmandi lífi, einkum á það við um sauðfjárbændur. En það er sannfæring mín að sauðfjárbú þurfa að stækka en fækka til þess að hver bóndi geti haft sæmandi lífsafkomu og hver bændafjölskylda. Því miður erum við Íslendingar aðeins 260 þús. og neysla okkar er því vissum takmörkunum háð. Við það bætist svo að neysluvenjur almennings, einkum ungs fólks, hafa gjörbreyst. Neysla á vörum úr innfluttu hveiti og kornvörum hefur aukist mjög mikið vegna þess að slíkur matur er bæði auðetinn, auðmeltur og ódýr. Í samkeppni hallar því enn á kjötframleiðendur. Þetta er vandamál sem allir hljóta að standa frammi fyrir og gera sér grein fyrir.

Í skýrslu hæstv. landbrh. kemur í ljós að fáir vildu selja allan framleiðslurétt sinn og því varð flati niðurskurðurinn þeim mun meiri. Þetta hefur auðvitað bitnað afskaplega illa á bændum og þeirra umsvif hvers um sig hafa því orðið miklu minni en í rauninni var þörf fyrir til að lifa af. En hvert áttu bændur að fara ef þeir hættu búskap? Atvinnuleysið hefur blasað við síðustu árin á Íslandi og verið sífellt vandamál. Þeirra beið því mjög oft ekkert annað en aðgerðaleysi og atvinnuleysi, eitthvað það vonlausasta sem til getur verið fyrir þann sem alla tíð hefur unnið og það meira að segja í frelsi búskaparins því fá störf, þó þau séu bindandi, eru eins frjáls eins og starf bóndans sem getur hagað sínum störfum eftir eigin þörfum, vilja og löngunum að svo miklu leyti sem náttúruleg lögmál búskaparins leyfa.

Atvinnuleysi hefur þar af leiðandi blasað við þessum bændum og bændafjölskyldum og fjárframlögin hafa brugðist til að skapa önnur störf í sveitunum eins og þegar hefur komið fram í dag. Ég tel að framtíð íslensks sauðfjárbúskapar byggist á því að við getum unnið erlenda markaði. Erlenda markaði getum við aðeins reitt okkur á ef sú vara sem við bjóðum getur talist sérstök eða lúxus. Við verðum því að leggja áherslu á að aðstoða bændur til að fara út í lífrænan búskap. Íslenskt lambakjöt er afburðagott á bragðið eins og við vitum, um það erum við sammála, en við erum ekki samkeppnisfær við Nýsjálendinga og fleiri þjóðir í suðri því þeir geta rekið risabúgarða með þúsundum fjár á meðan við með okkar litlu jarðir höfum aðeins örsmáar einingar.

Við höfum sem sagt skorið allt of mikið niður. Við höfum aldrei haft slíka risabúgarða eins og þjóðirnar í suðri en þessi niðurskurður jarða sem hófst fyrir 1950, ef ég man rétt, var mjög óheillavænlegur.

Lífræn framleiðsla á íslensku fjallalambi mun í framtíðinni geta orðið arðuppspretta sem kveður að. Það er líka dapurlegt að lesa um það í skýrslunni hve hægt miðar að skapa bændum störf við landgræðslu og skógrækt. Skógarbændum og landgræðslubændum þarf að fjölga. Landið okkar þarfnast þess. Það þarfnast þess sárlega og fólkið í sveitunum þarf að eiga völ á þessum störfum. Þetta er því höfuðnauðsyn allrar þjóðarinnar.

Hv. þm. Ragnar Arnalds hefur í ágætri ræðu hér á undan rakið þá bresti sem orðið hafa í framkvæmd búvörulaga og vonandi á hæstv. landbrh. einhver bitastæð svör við því. En ég vil beina þeirri spurningu til hæstv. landbrh. hvort hann og hans ráðuneyti hafi lagt drög að því að koma á útflutningi mjólkur og mjólkurafurða til Grænlands, næsta nágrannalands okkar, og sé svo hvort bændur á Suðurlandi hafi fengið stuðning til að laga framleiðslu sína að því.

Einnig vil ég spyrja hæstv. landbrh. um það hvað líði stuðningi hans við eflingu lífrænnar ræktunar með það fyrir augum að afla markaðar fyrir þá úrvalskjötvöru sem við höfum upp á að bjóða.

Það kom fram í ræðu hv. þm. Páls Péturssonar að markaðsöflun væri í gangi en gaman væri að vita nánar um það hversu langt það er komið og hversu öflugt það starf er og vona ég að hæstv. ráðherra muni geta svarað einhverju um það.

Samdráttur í íslenskum landbúnaði er sorgarsaga. Bæði ég og aðrir þingmenn þekkja sorglega þróun þessa og höfum heyrt sagnir um furðuleg viðbrögð ráðamanna við því þegar markaðir fyrir sauðfjárafurðir virtust vera að opnast. Sagnir um furðulega þröngsýni og fákænsku. Slíkt má ekki henda.

Íslenskar landbúnaðarafurðir er úrvalsvara og of mikill niðurskurður er það sama og að brjóta eitt af fjöreggjum þjóðarinnar. Ég er sammála hv. þm. Páli Péturssyni um það að bændur þurfi að fá heimildir til að framleiða meira hver um sig. Við eigum góða möguleika og ef rétt er á haldið mun þetta fjöregg reynast okkur hið vænsta.

[12:17]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Varðandi mjólkursölu til Grænlands get ég ekki annað sagt en að þegar ég var þar á ferð fyrir rúmlega ári þá ræddi ég það við grænlenska ráðamenn og landbúnaðarmenn sem ég hitti en ég hygg að úr því hafi lítið komið. En það er laukrétt að um að leið og samgöngur þangað verða greiðfærari þá opnast þar ákveðnir möguleikar.

Um hina lífrænu ræktun er það að segja að nú fyrir jólin var samþykkt rammalöggjöf um það hvernig við ættum að standa að stöðlum í lífrænni ræktun og lífrænum útflutningi. Reglugerð sem er byggð á þeirri löggjöf er nú á lokastigi og ég vonast til þess að hægt verði að ganga frá henni í þessum mánuði.

Ég vil svo að lokum minna á að fyrir þinginu liggur frv. um stuðning sem allir stjórnmálaflokkar standa

að um markaðsstuðning og athuganir á útflutningi á lífrænum vörum frá Íslandi. Og loks er það í athugun hvort og með hvaða hætti rétt sé að nýta aðstöðuna á Sámsstöðum og með vissum hætti á Tumastöðum einnig sem tilraunastöð fyrir lífræna ræktun og garðyrkju.

[12:18]

Guðrún J. Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. landbrh. svörin. Ég held að það séu miklir möguleikar til þess að við getum selt mjólk og mjólkurafurðir á Grænlandi. Ég hef að vísu ekki talað við háttstandandi ráðamenn þar en ég hef talað við aðra aðila sem hafa sýnt þessu þó nokkurn áhuga. Ég er viss um að þarna er leið fyrir okkur. Ég vil líka fagna því að verið er að vinna að því að lífræn ræktun og útflutningur lífrænna vara komist á. Þetta tvennt, lífræn ræktun og útflutningur á lífrænum vörum, er áreiðanlega eitt af því sem er gulls ígildi fyrir okkar smáu þjóð og hreina land.

[12:19]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tek undir með hv. þm. Það eru áreiðanlega möguleikar til útflutnings á landbúnaðarvörum til Grænlands og eins til Færeyja meira en við höfum nýtt okkur. Samgönguráðherra Grænlands hefur hefur gert samning við Íslendinga um að greiða fyrir samgöngum á milli landanna og slíkur samningur er einnig í undirbúningi við Færeyinga. Það er enginn vafi á því að þegar meiri festa kemst á þessa flutninga þá skapast svigrúm til þess að nýta sér markaðsmöguleikana í þessum löndum báðum.

[12:20]

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Það eru nærri fjögur ár síðan núv. hæstv. landbrh. tók það að sér að móta og stjórna landbúnaðarstefnu núv. ríkisstjórnar. Það hefði því verið ástæða til þess að ætla að hann notaði þetta tækifæri sem hér gefst að ræða um þá skýrslu sem hér er til umræðu til þess að gefa víðtækt yfirlit yfir þessi störf og þær línur sem hann hefði lagt í landbúnaðarmálin fyrir framtíðina.

En það hefur komið hér fram það fór fyrir fleirum en mér finnast að það ekki rismikil ræða sem hann flutti. Að vísu er þessi skýrsla um afmarkaðan þátt landbúnaðarins, þ.e. framkvæmd búvörusamningsins frá 1991. Sá þáttur er þó mjög mikilvægur og augljóst að framkvæmd hans byggist mjög á almennri stöðu landbúnaðarins og einnig að hann hefur áhrif út fyrir það þrönga svið sem honum er ætlað að fjalla sérstaklega um. Því hefði það verið eðlilegt að ráðherra hefði gert meiri grein fyrir stöðu landbúnaðarins á breiðari grundvelli.

Það sem mér fannst einkenna ræðu hæstv. landbrh. var afsökunartónn. Ýmislegt hefði mátt fara betur að hans mati og margt bíður framtíðarinnar að leysa. Þetta finnst mér endurspegla það viðhorf hæstv. landbrh. að landbúnaðurinn sé vandamál, vandamál sem verið er að glíma við en ekki annar undirstöðuatvinnuvegur þjóðarinnar með þeim mörgu möguleikum sem þar felast ef rétt er á málum haldið.

Það hafa verið rakin af öðrum hv. ræðumönnum þau atriði sem fram koma í fyrrnefndri skýrslu og ég ætla ekki að endurtaka margt af því. En það er óhætt að fullyrða að búvörusamningurinn sem gerður var 1991 var byggður á bjartsýni af hálfu Stéttarsambands bænda sem gerði þann samning, bjartsýni sem því miður hefur ekki ræst. Sala á kindakjöti hefur fallið meira en menn vonuðust til. Það skiptir þó ekki minna máli sú þróun sem orðið hefur í atvinnulífi þjóðarinnar, þ.e. atvinnuleysið sem hóf innreið sína með valdatöku þessarar ríkisstjórnar. Það var gengið út frá því að bændur mundu nota sér það í miklu ríkari mæli en raunin hefur á orðið að vinnu var víða hægt að fá við önnur verkefni í nágrenni bændabýlanna þannig að það væri hægt að sækja vinnu annað þó að menn héldu áfram búrekstri sínum og byggju á jörðunum. Því miður hafa þessir möguleikar minnkað mjög mikið vegna atvinnuþróunarinnar og víða lokast alveg. Að sjálfsögðu hefur þetta almenna atvinnuástand líka leitt til þess að sumir sem e.t.v. hefðu viljað hætta búskap ef örugga vinnu væri að fá annars staðar að þeir hafa orðið að halda áfram að vera á jörðum sínum og reyna að nýta það sem þar er að hafa.

En þó að þróunin hafi orðið sú að forsendurnar hafa ekki ræst þá hefur núv. hæstv. ríkisstjórn ekkert gert til þess að bæta bændum þessi áföll þrátt fyrir það, eins og hér kom skýrt fram hjá hæstv. landbrh., að útgjöld ríkissjóðs vegna þessa samnings hafa lækkað um a.m.k. 3,5 milljarða. Það hefur ekki aðeins verið látið sitja við það að bæta ekki þessi áföll heldur hefur einnig verið skorið víða niður en samningurinn kveður á um, má segja á öllum öðrum sviðum til landbúnaðarins. Það eru rakin nokkur dæmi um það í áliti landbn. við fjárlög yfirstandandi árs sem sent var til fjárln. og þegar hefur verið gerð nokkur grein fyrir.

Ég vil aðeins minnast á það að í sambandi við Framleiðnisjóð landbúnaðarins þar sem sagt hefur verið að staðið hafi verið við framlög til hans af núv. hæstv. ríkisstjórn, þá var það svo að í lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum var ákveði um það að árið 1992 skyldu renna til Framleiðnisjóðs 4% af verðmæti heildarframleiðslu. Það hafði verið þannig undanfarin ár og var þá á sjöunda hundrað millj. kr. Við þetta ákvæði laganna var ekki staðið við fjárlagagerð fyrir árið 1992 þar sem í þeim fjárlögum voru aðeins 340 millj. til Framleiðnisjóðs.

Það hefur verið rætt um jarðræktarframlögin og ég vil sérstaklega vekja athygli á þeim erfiðleikum sem framkvæmd hæstv. landbrh. á jarðræktarframlögunum veldur bændum, þ.e. að það er reiknað með þessum framlögum í verðlagsgrundvelli sem verður af þeim sökum nokkuð lægri þrátt fyrir það að þessi framlög skili sér ekki. Hæstv. ráðherra sagði að staða mjólkurframleiðslunnar væri allviðunandi skildist mér á honum en það þarf ekki annað en að líta til þeirra staðreynda að á síðustu fjórum árum hafa mjög fá fjós verið byggð í landinu, svo fá að það hefur verið reiknað út að það tæki 200 ár að endurnýja öll fjós með slíkum hraða. Sjá allir í hvert óefni stefnir þegar þannig er

ástandið en þessi staðreynd segir fyrst og fremst eitt, að afkoma og öryggisleysi bænda í þessari búgrein er svo mikið að þeir treysta sér ekki til þess að leggja út í slíka fjárfestingu.

Í þessu sambandi vil ég aðeins víkja að furðulegri yfirlýsingu hæstv. landbrh. hér áðan þar sem hann sagði fullyrðingu sem kemur fram í framhaldsnefndaráliti við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1994 frá meiri hluta fjárln. hreinan uppspuna. En í þessu áliti segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Meiri hluti fjárln. hefur ákveðið í samráði við landbrh. og fjmrh. að leggja til 40 millj. kr. framlag vegna áburðarhúsa og vatnsveitna sem byggð voru á árunum 1992 og 1993 enda uppfylli jarðabætur þessi skilyrði jarðræktarlaga um greiðslur framlags. Jafnframt vilja sömu aðilar láta það koma skýrt fram að ekki verði um frekari fjárveitingar að ræða til framkvæmda samkvæmt jarðræktarlögum."

Þessi setning var mikið til umræðu hér við afgreiðslu fjáraukalaganna og ekki datt hæstv. landbrh. í hug að andmæla þessu þá. Ef þetta eru ósannindi af hverju var hæstv. landbrh. að draga það að leiðrétta þetta þangað til að búið væri að afgreiða fjáraukalögin? Var það til þess að reyna að róa sitt lið að samþykkja þetta eða hver var tilgangurinn?

En það sem mér að sjálfsögðu finnst alvarlegast er að meiri hluti fjárln. skuli koma og leggja fram í sínu nál. algjöran uppspuna. Ég vildi nú vonast til þess að einhver af þessum hv. þm. sem þar skrifuðu undir, en það eru þeir Sigbjörn Gunnarsson, form. og frsm., Sturla Böðvarsson, Einar K. Guðfinnsson, Gunnlaugur Stefánsson, Árni Johnsen og Árni M. Mathiesen, geri grein fyrir þessum vinnubrögðum sínum hér. Það er algjörlega ólíðandi annað en á þessu fáist skýring og það komi skýrt fram hver það er sem er að segja ósatt. Hver er að blekkja hvern? En vissulega er það táknrænt fyrir áhuga núv. stjórnarflokka á landbúnaðarmálum að hæstv. landbrh. er eini fulltrúi stjórnarflokkanna við þessa umræðu. Aðrir hlaupa í felur og þora ekki að láta sjá sig. Hvorki formaður hv. landbn. eða varaformaður láta sjá sig við þessa umræðu. Það sýnir áhuga þeirra á þessum málum eða kannski hafa þeir ekki þrek til að koma hér og vera við þessa dapurlegu umræðu.

Því miður er nú tími minn senn á þrotum að þessu sinni en ég vildi að sjálfsögðu aðeins víkja að nokkrum þeim atriðum sem hæstv. landbrh. sagði að biði framtíðarinnar að leysa. Hæstv. ráðherra vék að því að hann hefði í lok mánaðarins gefið út reglugerð um verðjöfnun við útflutning á vörum sem innihalda landbúnaðarhráefni. Ég spurði ítrekað eftir þessari reglugerð fyrir áramótin og reyndar hefur það verið gert áður og þá lýsti hæstv. ráðherra því yfir að hún yrði gefin út í öndverðum þessum mánuði og það stóðst, hún var gefin út 27. jan. En þó að ég vilji ekki gera lítið úr þeim ávinningi sem kann að felast í þessum reglum og vissulega ber að þakka það sem gert er þá held ég að flestir hafi orðið fyrir vonbrigðum með það hversu takmarkað efni þessarar reglugerðar er. Ég vildi spyrja hæstv. ráðherra að því af hverju reglugerðin var ekki víðtækari. Hvaða lagaheimildir eða lagaákvæði komu í veg fyrir að hægt væri að hafa reglugerðina víðtækari?

Tími minn er senn á þrotum svo ég hef ekki tækifæri til að ræða fleira sem snertir framtíðina en ég vildi aðeins vekja athygli á orðum hæstv. forsrh. sem sagði við umræðu um lánsfjárlög fyrir áramótin, með leyfi forseta: „Hagsmunir atvinnulífsins og skilyrði hafa ekki verið betri í langan tíma í landinu þrátt fyrir að ýmsar ytri aðstæður hafi til skamms tíma gengið okkur í óhag. Samkeppnisstaða atvinnulífsins hefur batnað mjög mikið á þessum tíma."

Er þessi trú hæstv. ríkisstjórnar á stöðu, hinni framúrskarandi góðu stöðu íslenskra atvinnuvega, ástæðan fyrir því að ekki hefur verið gert neitt til að styrkja stöðu sauðfjárræktarinnar? Er það af því að hæstv. ríkisstjórn lifir í þeirri trú að þetta sé allt í góðu lagi eða er hæstv. ríkisstjórn búin að afskrifa algjörlega að landbúnaðurinn og ýmsar greinar hans teljist til atvinnulífs þjóðarinnar?

[12:35]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil fyrst út af jarðræktarframlögunum aðeins segja að ég man ekki betur en hv. þm. hafi þegar hann var landbrh. átt í erfiðleikum með að standa fullkomlega í skilum við bændur í sambandi við jarðræktarframlög og væri rétt að fletta því upp og athuga hvort hann geti með sínum embættisrekstri forðum staðið við þau stóru orð sem hann sagði hér um þau efni.

Ég vil í annan stað segja að það er auðvelt að koma nú á þessum erfiðleikaárum sem síðasta ríkisstjórn skildi eftir sig fyrir hv. þm. sem var ráðherra á veltuárunum á síðasta áratug og hafði þá alla möguleika til þess að vinna að hagræðingu í sauðfjárbúskap hér á landi. Það væri gott ef hann kæmi hér upp og segði okkur frá því hvað hann hafi verið að gera til þess að afla markaða erlendis með öllu því fé sem þá rann úr ríkissjóði í gegnum Samband ísl. samvinnufélaga og um aðra slíka sjóði. Hvar var uppbyggingin á hinum erlendu mörkuðum á lambakjötinu sem við tókum í arf? Hvað var gert á þeim tíma til þess að reyna að stemma stigu við þeim ofvexti sem sannanlega var í sauðfjárræktinni og bændur nú súpa seyðið af? Og hvar var löggjöfin sem hv. þm. studdi sig við þegar hann var að skammta mönnum úr hnefa búmark og framleiðslurétt? Hvar var löggjöfin sem hann studdist við og hvernig er slóðin sem við horfum nú á frá þessum árum og sýnt hefur verið fram á að ekki standist lög?

[12:37]

Jón Helgason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. landbrh. svaraði litlu af þeim spurningum sem ég bar fram til hans. Það sem ég var fyrst og fremst að gagnrýna var þessi yfirlýsing sem hæstv. ráðherra gaf um að ekki ætti að greiða meira til jarðræktarframlaga í framtíðinni sem hann að vísu sagði að væri rangt og ég vildi fá skýringu á því hver það væri þá sem segði ósatt. Þegar ég var landbrh. var

árlega veitt til jarðræktarframlaga 300–400 millj. kr. en vissulega er það rétt hjá hæstv. ráðherra að framkvæmdir voru þá það miklar að þessi upphæð nægði ekki alltaf til að greiða þannig að það þurfti að geyma milli ára.

Mér finnst hæstv. ráðherra vera fljótur að gleyma ef hann man ekki eftir setningu laganna um framleiðslu, verðlagningu og sölu búvara sem hann samþykkti á Alþingi eins og aðrir sem studdu þáv. ríkisstjórn og reyndar fleiri. Lögin voru samþykkt mótatkvæðalaust. Að sjálfsögðu var aðlögun framleiðslunnar byggð á þeim lögum og margvíslegar ráðstafanir gerðar. A.m.k. töluðu bændur þá um harkalega aðlögun að mörkuðunum og þá var í fyrsta skipti raunverulega tekið á til þess að aðlaga framleiðsluna markaðsaðstæðum. Ég held að það hefði verið affarasælla að reyna að ganga hægar fram en gert hefur verið.

[12:39]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það liggur alveg beint við ef við tölum um þróun í landbúnaði og hvernig einstakir ráðherrar hafa staðið sig sem landbrh. að taka tímabilið frá 1971, eftir að Ingólfur Jónsson frá Hellu hætti, sjá hvað síðan hefur gerst og lesa þunga áfellisdóma sem Sigurður Líndal prófessor og aðrir hafa kveðið upp úr um það hvernig staðið var að framkvæmdinni þar sem bent er á það að valsað hafi verið með framleiðslurétt bænda án þess að lagabókstafur væri fyrir hendi og þar sem við getum rakið dæmi um sorgleg slys sem hentu í einstökum tilvikum. (Gripið fram í.) Og það væri líka fróðlegt — hv. þm. Stefán Guðmundsson á nú að láta hv. þm. Pál Pétursson tala um landbúnaðarmál en halda sér að öðru. (Gripið fram í.) Ég verð líka að segja að það væri gaman að reyna að rifja upp hver var heildarframleiðslan í landinu á dilkakjöti á árum hv. þm. Og hvernig stendur á því að þegar þessi ríkisstjórn tók við var algjör sátt um það, líka hjá framsóknarmönnum og kannski fyrst og fremst og helst hjá þeim, að við skyldum leggja niður útflutningsbæturnar? Hvernig stóð á því? Vegna þess að það hefur verið haldið illa á málum landbúnaðarins, vegna þess að við sitjum uppi með vandamál frá þessum tíma og það er þess vegna sem byggðavandinn er svo mikill í dag. Það er þess vegna sem sauðfjárbændur eru svo hart leiknir og hafa svo þröngan kost að það hefur verið haldið illa á þeirra málum og þeir illa undir þá erfiðleika og þann samdrátt búnir sem við stöndum nú frammi fyrir.

[12:41]

Jón Helgason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er athyglisvert að hæstv. landbrh. vill fara langt aftur í tímann og talar um Ingólf Jónsson, fyrrv. hæstv. landbrh., sem kom útflutningsbótunum á og sagði við bændur: Þið skuluð framleiða og framleiða og framleiða. Þið skuluð auka framleiðsluna. Það skiptir engu máli hver tilkostnaðurinn verður því það á bara að auka framleiðsluna.

Það eru afleiðingar af þessari stefnu sem við höfum verið að glíma við í meira en tvo áratugi og reyndar lengur.

En að öðru leyti fékk ég lítil svör frá hæstv. ráðherra við því sem ég var að spyrja um, um þau atriði sem þar höfðu komið fram.

Eins og ég sagði var grundvöllur að aðlögun lagður með lögunum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Á þeim lögum var byggt. En síðan, eins og ég sagði, var samningurinn 1991 byggður á bjartsýni um það hvernig þróunin yrði en því miður, eins og ég sagði í fyrri ræðu minni, þegar þær forsendur brugðust þá greip núv. hæstv. ríkisstjórn ekkert til þess að hlaupa þar undir bagga heldur þvert á móti var skorinn niður stuðningur á öllum sviðum.

[12:43]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að ræða fortíðina mikið, hún er að baki, það er framtíðin sem skiptir máli. Hins vegar vill hæstv. landbrh. ræða fortíðina og kenna öllum öðrum um en Sjálfstfl. Ég vil minna hæstv. landbrh. á það að flokksbróðir ráðherrans, hv. þm. Pálmi Jónsson, varð landbrh. árið 1980 og ég minnist þess að á fyrsta búnaðarþingi sem hann boðaði sína stefnu þá sagði hann: Samdráttarskeiði í landbúnaði er lokið. Var það nú mælt af fullri ábyrgð, hæstv. ráðherra?

Ég vil, hæstv. forseti, þakka þessa skýrslu um framkvæmd búvörusamningsins. Hún er auðvitað tímabær og það sem kannski vekur athygli mína við þessa umræðu er að það eru alþýðubandalagsmennirnir sem biðja um þessa skýrslu, hv. þm. Ragnar Arnalds, Steingrímur J. Sigfússon, Ólafur Ragnar Grímsson, Svavar Gestsson, Guðrún Helgadóttir, Hjörleifur Guttormsson, Ragnar Elbergsson, Kristinn H. Gunnarsson og Margrét Frímannsdóttir.

En hvernig er svo staðan í þingsalnum þegar skýrslan er rædd? Hvar eru þeir sem báru ábyrgð og fóru með landbúnaðarmálin þegar þessi samningur var gerður? Þegar stefnumörkun í mjólkurframleiðslu og sauðfjárrækt var mörkuð síðast undir leiðsögn hv. þm. Steingríms Sigfússonar, ráðherrans sem gafst upp í landbúnaðarmálum á Íslandi, sá enga framtíð, sá ekkert ljós, heldur gafst upp? Hvar eru þessir menn? Það er auðvitað fróðlegt að flokksbróðir hans, hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, var þá fjmrh. og var hinn mikilvægi hlekkur í gjörð þessa samnings. (**Landbrh.:** Týndi hlekkurinn.) Hann er sjálfsagt týndi hlekkurinn eða hlekkurinn sem sveikst um að skrifa undir mikilvæg ákvæði samningsins. Það getur vel verið að augun í þessum alþýðubandalagsmönnum stækki þegar þeir heyra sannleikann en hér er þetta skýrt, að ýmis mikilvæg ákvæði búvörusamningsins frá 1991, sem var kannski agnið til að þess að bændur skrifuðu undir þennan samning, snýr að ýmsu í viðaukum aftur í samningnum. Þar sá hv. þm. og fyrrv. fjmrh. Ólafur Ragnar Grímsson ekki ástæðu til þess að styðja íslenskan landbúnað. Hvar eru þessir menn nú? Hvers vegna senda þeir fram saklausan mann, hv. þm. Ragnar Arnalds, til þess að ræða um gerðir sínar við núv. hæstv. landbrh.? Alþb. ber fulla ábyrgð. Það sá ekkert ljós, það sá enga von nema þá í atvinnustefnu íslensku þjóðarinnar, að hún yrði með eðlilegum hætti.

Því miður er það svo að núv. hæstv. ríkisstjórn hefur á mörgum sviðum svikið þennan búvörusamning en þeir gera það líka í skjóli þess að hæstv. fyrrv. fjmrh., Ólafur Ragnar Grímsson, skrifaði ekki undir viðaukana. Hér stendur það skýrt. Það snýr að landgræðslu og skógrækt og mörgum fleiri atriðum þar sem áttu að koma milljarðar til þess að milda skellinguna sem var fram undan, til þess að gefa mönnum nýja von. Alþb. ber fulla ábyrgð á þessu. Ég lái þeim ekki þó að þeir hafi ekki séð hina nýju von því að framsýni hefur ekki verið ríkjandi í þeim flokki í gegnum tíðina og mörg grundvallaratriði í stefnunni að bregðast um allan heim. En núv. ríkisstjórn, núv. hæstv. landbrh. er vorkunn. Ég vorkenni honum af því að hann er ágætur maður og góður Íslendingur að sitja í ríkisstjórn þar sem hann getur kennt litlum Alþfl. um alla hluti, að hann geti ekki ráðið við nýja stefnumótun þess vegna. Sjálfstfl. á á Alþingi Íslendinga 26 þingmenn. Núv. hæstv. fjmrh., Friðrik Sophusson, er ekki síðri þröskuldur í íslenskum landbúnaðarmálum í dag en hæstv. utanrrh., Jón Baldvin Hannibalsson.

Staðan er sú að á síðustu fjórum árum hafa íslenskir bændur staðið frammi fyrir hertum reglum á mörgum sviðum sem leiða af sér aukinn kostnað á búum þeirra og skerða afkomu þeirra með ranglátri reglugerð þar sem allt of hratt er farið. Þetta snýr bæði að sauðfé og ekki síður að mjólk. Þar ber hæstv. landbrh. að kynna sér málið. Kaup bænda hefur lækkað. Það hefur komið til flöt skerðing á framleiðslurétt bænda sem þýðir að launaliður t.d. sauðfjárbænda hefur lækkað um 50% í mörgum tilfellum. Hrein svik á búvörusamningi og greiðslum til bænda eins og fram kemur í áliti landbn., sem ég er hér með í höndunum við fjárlög, eru upp á 800–1.000 millj., hæstv. ráðherra. Og því miður er staðan sú á nýjum tímum þar sem allt í einu blasa við mörg ný tækifæri um víða veröld til þess að markaðssetja íslenska landbúnaðarvöru að þá eigum við ekki landbrh. Við eigum ekki forustu í ríkisstjórninni til að þora að marka nýja stefnu og taka á móti hinni nýju von.

Hæstv. landbrh. var í upphafi ferils síns digurbarkalegur og sagðist svo sem ekki þurfa að éta það sem Steingrímur J. Sigfússon hefði gert. Hann væri tilbúinn að taka búvörusamninginn upp og endurskoða hann með hagsmuni bænda að leiðarljósi. Ég spyr hæstv. ráðherra: Er hann tilbúinn og hvers vegna hefur hann ekki gengið í það verk? Hefur Stéttarsamband bænda farið fram á það að slíkt verði gert miðað við breytta stöðu? Við skulum hugsa okkur samdráttinn sem sauðfjárbændur standa frammi fyrir upp á 50%. Þeir eru að fá skilaverð úr útlöndum á sinni dýrmætu afurð af því að fólkið biður um hana upp á 150–200 kr. á kg. Ef hæstv. landbrh. tæki nú samninginn upp og segði: Við skulum draga úr atvinnuleysinu. Við skulum bæta 100 kr. á kg með markaðsstyrk. Við skulum í einhverjum tilfellum, sem heimild er til og ekki hefur verið fylgt eftir, sjá til þess að sauðfjárbændurnir fái greiddar atvinnuleysisbætur sem kaupskerðingunni nemur. Þá værum við kannski komnir með verð til bóndans upp í 300–350 kr. Þá fengjum við áfram ull og skinn sem eru að hækka í verði. Sem betur fer hafa konur á Íslandi tekið ullarmálin að vissu leyti í sínar hendur og eru að ná stórkostlegum árangri í framleiðslu afurðanna. Við skulum gera okkur grein fyrir því að ullarpeysur einar eru seldar úr landinu fyrir 300 millj. til ferðamanna. Ég hef séð glæsilega frammistöðu kvenna í ullarmálum í mínum kjördæmi eins og austur í Þingborg og víðar.

Hæstv. ráðherra, það voru bundnar vonir við að vegna breyttra aðstæðna væri starfandi ríkisstjórn sem viðurkenndi að það eru allt önnur tækifæri, það eru allt aðrar sólir á lofti en voru fyrir fjórum árum vegna þess að mannkynið er að biðja um hreinar, mengunarlausar afurðir. Þess vegna er full ástæða til að taka þennan búvörusamning upp með nýjum hætti og eru hrein svik á frammistöðu hæstv. ráðherra að hafa ekki gert það miðað við þessar aðstæður.

Núv. ríkisstjórn hefur gefið innflutning á landbúnaðarvörum frjálsan. Við stöndum frammi fyrir því að einn hæstv. ráðherra, Jón Baldvin Hannibalsson, boðar þær kjarabætur að landbúnaðinum á Íslandi skuli fórnað, við skulum bara gefa hann frjálsan, tolllausan og láta erlenda bændur hafa þennan markað sem þýddi auðvitað að ekki bara 4–5 þús. bændur mundu missa sína atvinnu heldur 10–15 þús. þéttbýlisbúar. Undir þetta taka ýmsir aðilar í þjóðfélaginu og er það sorglegt þegar hin staðreyndin blasir við að við eigum nú nýtt tækifæri til að efla byggðir Íslands með dýrmætri landbúnaðarframleiðslu og fullvinnslu afurðanna í landinu eins og margar afurðastöðvarnar hafa verið að á síðustu árum.

Ég býst ekki við því, hæstv. forseti, að hæstv. landbrh. muni auðnast að vinna mörg afrek hvað landbúnaðinn varðar þá hundadaga eða þá fáu daga sem eftir lifa af kjörtímabilinu og eru að tölu eins og hundadagarnir voru hjá Jörundi. Það er mikilvægt að ný ríkisstjórn verði skipuð með þeim hætti að þar komi vilji til þess að endurskoða búvörusamninginn miðað við nýjar ástæður, gefa sauðfjárbændum það tækifæri sem þeir sannarlega eiga og er enginn vafi í mínum huga að er þjóðhagslega hagkvæmt þegar til lengri tíma er horft. Gagnvart annarri þróun er það náttúrlega mjög alvarlegur hlutur að horfa upp á samdrátt landbúnaðarins. Það er ferðaþjónustan sem verður að byggjast á landbúnaðinum allt í kringum landið.

Því er spáð að á næstu 15 árum muni atvinnu í ferðamennsku fjölga um 50% í heiminum og enn meira á Íslandi. Við erum að fá 180 þús. útlendinga ár hvert. Þeim á kannski eftir að fjölga í 280 þús. einhvern tíma og auðvitað borða þeir okkar afurðir og kaupa þjónustu hér. En það er enginn vafi, hæstv. forseti, að Framsfl. verður á nýjan leik að taka landbúnaðarmálin í sínar hendur og hafa forustu um endurreisn sauðfjárræktarinnar miðað við þau glæstu tækifæri sem nú blasa við í landinu.

Það hefði auðvitað verið gagnlegt að ræða landbúnaðarmálin í heild sinni því að getuleysi ríkisstjórnarinnar í málefnum landbúnaðarins snýr ekki bara að þessum tveimur búgreinum. Það snýr að öllum hinum greinunum, það snýr ekkert síður að garðyrkjunni, það

snýr ekkert síður að þeim miklu möguleikum sem íslenski hesturinn á o.s.frv. Það hefði því auðvitað verið enn mikilvægara að ræða heildarstöðu íslensks landbúnaðar miðað við núverandi aðstæður. En það á kannski ekki að vera að þreyta sig á því. Hitt er mikilvægast, sem ég hef hér sagt, að ný ríkisstjórn verði mynduð sem fyrst og hún taki af festu á þessum búvörusamningi, endurskoði hann og þá má það ekki gerast eins og gerðist hjá Alþb. að fjmrh. sé stikkfrí. Hann var hafður stikkfrí. Var það fyrir þéttbýlið eða var það til þess að ekki væri hægt að standa við búvörusamninginn? Þetta eru stórar spurningar sem blasa við. Við verðum að ná nýrri sátt um landbúnaðinn innan ríkisstjórnar, innan Alþingis, við aðilana í þjóðfélaginu. Við eigum svo mörg glæst og góð tækifæri, hæstv. forseti.

Forseti (Kristín Einarsdóttir):

Nú hafa þrír hv. þm. og ráðherra óskað eftir að veita andsvar. Forseti hafði ætlað að gera hlé á þessum fundi en telur ófært að kljúfa sundur ræðu og andsvar. Þess vegna ætlar hann að veita þingmönnum heimild til að veita andsvar við ræðunni en einungis einu sinni hverjum, þ.e. tvær mínútur og síðan svarar ræðumaður í tvær mínútur.

[12:59]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er nú að koma hér fram einn daginn af öðrum að innan Framsfl. er kominn upp alveg nýr frelsari sem hefur algerlega óbundnar hendur af gerðum flokksins og viðhorfum forustunnar og boðar gull og gleðitíð á hverju sviðinu af öðru. Þetta gerðist í gær þegar hv. þm. fór hér upp með umræðu utan dagskrár og réðist harkalega að því kerfi sem Framsfl. hefur njörvað niður í sambandi við fiskveiðistjórnun og núna hentar hv. þm. að koma upp og boða gull og gleðitíð í landbúnaði bara ef Framsfl. fái að komast til valda og áhrifa. Hann er ansi fljótur að gleyma og er tiltölulega tillitslaus gagnvart sínum samflokksmönnum og þar með þingmönnum úr eigin kjördæmi. Hver man ekki eftir því hver var landbrh. 1983–1988? Hvar man ekki eftir því hver fór með landbúnaðarmál frá 1971 og tók við af Ingólfi Jónssyni þeirri stefnu sem hér var nefnd áðan og var samfellt til 1979 í landbrn.? Það er satt að segja, virðulegur forseti, með slíkum fádæmum þegar þingmaður úr landbúnaðarkjördæmi á Suðurlandi kemur upp og það hefur fennt svona gersamlega fyrir alla glugga þegar litið til fortíðar. Nú eiga menn bara að gleyma Framsfl. og hlut hans í landbúnaðarmálum á þessu tímabili þegar grunnurinn var lagður að búmarkskerfinu á sínum tíma, þegar kvótakerfið var njörvað niður, handónýtt kerfi í báðum tilvikum og flokkur sem streittist við það með Sjálfstfl. ár eftir ár og áratug eftir áratug að standa fastur í sambandi við kerfisbreytingu í landbúnaði sem var auðvitað löngu nauðsynleg til ákveðinnar aðlögunar og tekið var á með búvörusamningnum af ráðherra Alþb. í landbúnaðarmálum.

[13:02]

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég boða nú kannski enga sérstaka gleðitíð eða gull og græna skóga. Ég minnti á ný tækifæri sem allir eru sammála um. Ég sá t.d. meistarakokkana sakna þess við þessar aðstæður þegar tækifærin voru víða í veröldinni að eiga þá ekki neinnar forustu eða hjálpar að vænta í markaðssetningu afurðanna, hvorki úr landbrn. né annars staðar.

Hitt er annað mál að ég skil þó að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson haldi svona ræðu yfir mér því að auðvitað sér hann hvað það er fáránlegt að ræða stefnumörkun í mjólkurframleiðslu og sauðfjárrækt, njörvaðan samning sem þeir gerðu fyrir hönd ríkisstjórnarinnar þingmenn Alþb. núv. og voru ráðherrar þá, hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon og hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, annar landbrh. hinn fjmrh., þegar beðið er um skýrslu þá eru þeir báðir fjarri, þá eru þeir báðir með fjarvistarleyfi í þinginu. Var það ekki sérkennileg niðurstaða að þeir skyldu hvorugur vera hér í dag til þess að fylgja eftir þeim gjörningi sem þeir gerðu fyrir hönd íslenskra bænda og töldu mikilvægt að fá?

Ég gerði ekki annað, hv. þm., en að sakna þessara ágætu manna og sannarlega hefði verið full ástæða til þess, hæstv. forseti, að biðja um frestun á þessari umræðu og hafa þessa menn hér viðstadda eða eru þeir með veikindaleyfi? Hvers vegna veiktust þessir menn og hurfu í dag? Ástæðan er einföld. Þeir hafa auðvitað ekki viljað vera við þessa umræðu.

[13:04]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það eru einungis fjögur atriði. Í fyrsta lagi er það ekki rétt hjá hv. þm. að ríkisstjórnin hafi gefið innflutning á landbúnaðarvörum frjálsan og hlýtur hv. þm. að hafa mismælt sig.

Ég vil í annan stað svara þeirri fyrirspurn hans hvort ég hafi boðist til þess að taka upp viðræður við bændasamtökin um nýjan búvörusamning. Ég hef gert það bæði opinberlega og í einkasamtölum en eins og sakir standa nú þá er verið að bíða stofnfundar nýrra bændasamtaka. Jafnframt standa kosningar fyrir dyrum og er nauðsynlegt af beggja hálfu og eins af einstökum stjórnmálaflokkum að gera grein fyrir sínum málum og undirbúa jarðveginn fyrir nýjan búvörusamning og er unnið að því áfram í landbrn.

Ég hygg að það séu varla forsendur til þess hjá þeim sömu flokkum og ákváðu án skilyrða á öndverðu ári 1991 að leggja útflutningsbætur með öllu niður, hversu mikill sem samdrátturinn yrði hér á landi á mörkuðum fyrir lambakjöt þá skyldi samt sem áður engin smuga vera fyrir útflutningsbætur. Að nú skuli hv. þm. rétt fyrir kosningar stinga upp á 100 kr. á kg þá verkar það ekki sannfærandi. Það er svona yfirboð.

Að lokum vil ég aðeins segja það við hv. þm. að auðvitað ber hann ábyrgð á búvörusamningnum. Hann var í stjórnarmeirihluta þegar að þeim samningi var gengið og hann getur ekki skotið sér á bak við háv. hæstv. fjmrh. Ólaf Ragnar Grímsson þó ég taki undir

með honum að eyðan þar sem nafn hans hefði átt að standa er mjög áberandi.

[13:06]

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það var nú svo í GATT-samkomulaginu að meginreglan skal vera frjáls innflutningur sem ríkisstjórnin markaði og hefur staðið á öllum reglum og það gerðist hér síðast í vetur að allri lagagerð og allri ákvörðun um tolla og hvernig við þessum nýja samningi yrði tekið var frestað til næsta Alþingis. Núverandi ríkisstjórn eða stjórnarflokkar réðu ekki við málið.

Ég fagna því að hæstv. ráðherra segist vera að undirbúa jarðveg til þess að hægt sé að taka búvörusamninginn upp. Ég tel það mikilvægt. Ég hef ekkert skotið mér undan þeirri ábyrgð eins og hann fullyrti að ég beri sem þingmaður ábyrgð á búvörusamningnum. Það geri ég vissulega og tel þó eigi að síður að þeir menn sem þá fóru með þessi mál, hæstv. landbrh., hann ekki fremur en kannski aðrir sáu hvað fram undan var en nú vitum við það fjórum árum síðar að það eru ótal nýir möguleikar fyrir íslenskar landbúnaðarafurðir og þess vegna var ég að leggja hér áherslu á að það er sorglegt að sitja uppi með ríkisstjórn sem ekki viðurkennir þessar staðreyndir og vinnur úr málinu.

Hvað útflutningsbæturnar varðar, hæstv. ráðherra segir að þetta sé yfirboð af minni hálfu að tala um 100 kr. Ég tel það ekkert yfirboð, hæstv. ráðherra. Það mundi tryggja stöðu sveitanna, efla sauðfjárræktina, draga úr atvinnuleysi og miða við einmitt, hæstv. forseti, þá markaði sem við eigum von í í sauðfjárframleiðslunni, þá er ekkert mikilvægara en að viðurkenna þá staðreynd og taka upp styrki með þessum hætti þó menn kalli það ekki útflutningsuppbætur.

[13:08]

Ragnar Arnalds *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get ekki neitað því að mér fannst upphlaup hv. þm. Guðna Ágústssonar í garð Alþb. hér áðan nokkuð undarlegt og mér fannst þessi árás á hendur fyrrv. ráðherrum Alþb. harla yfirborðsleg. Það er vissulega ekkert nýtt að það gerist að Framsfl. og ráðherrar hans standi að aðgerðum en síðan geri einstakir þingmenn flokksins tilraun til þess að skjóta sér undan ábyrgð eftir á. Þetta gerðist vorið 1991. Þá stóð Framsfl. að gerð búvörusamningsins en það mátti heyra í einstöku kjördæmum hjáróma raddir þar sem menn þóttust ekki bera neina ábyrgð á því sem þeir voru nýbúnir að rétta upp hönd til stuðnings við.

Ég vil láta það koma hér fram að að sjálfsögðu báru stjórnarflokkarnir allir á sínum tíma fulla ábyrgð á búvörusamningnum, líka Framsfl. og þingmenn hans sem greiddu atkvæði með honum við afgreiðslu lánsfjárlaga á Alþingi. Hv. þm. sem þá voru ráðherrar, Ólafur Ragnar Grímsson og Steingrímur J. Sigfússon, skrifuðu undir búvörusamninginn fyrir hönd ríkisstjórnarinnar og í samráði við ríkisstjórnina og forustumenn stjórnarflokkanna á þeim tíma, þar á meðal í samráði við þáv. forsrh. Steingrím Hermannsson. Þeir gerðu það á þann hátt sem eðlilegt þótti á þeim tíma. Það er auðvitað hin mesta fjarstæða að koma nú fjórum árum seinna og segja að þetta hafi verið gert á allt annan hátt en gera hefði átt því að auðvitað báru þingmenn og ráðherra Framsfl. fulla ábyrgð á þeirri tilhögun sem þarna var viðhöfð. Og ég ætla sannarlega að treysta því að þingmenn Framsfl. leitist við í framtíðinni að standa við gerðir sínar og sinna ráðherra þegar þeir eru í samstarfi við aðra flokka, þar á meðal við Alþb. sem vel má vera að verði innan tíðar og við skulum vona það að svo fari.

En ég vil svo að endingu eindregið mælast til þess við virðulegan forseta að hann fresti þessari umræðu í dag eftir að mælendaskrá er tæmd vegna þess að það er alveg hárrétt að það kom sér mjög illa fyrir hv. þm. Steingrím J. Sigfússon að geta ekki verið viðstaddur þessa umræðu. Hann hefði gjarnan viljað það og ég kem þessum tilmælum eindregið á framfæri við forseta.

[13:11]

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég fagna því að hv. þm. Ragnar Arnalds hefur viðurkennt að eyðan er stór að hafa ekki mennina hér sem gerðu fyrir hönd ríkisstjórnarinnar fyrrv. búvörusamning. Ég tek undir orð hans að auðvitað ber þeim að vera hér og áttu að vera hér í dag. Ég gerði lítið annað en vekja athygli á að þeirra væri saknað.

Ég hef ekkert skotið mér undan ábyrgð í þessu máli. Ég hef bent á að skaðinn hvað landbúnaðinn varðar er auðvitað að hafa í framhaldi af því að nýjar vonir kviknuðu, nýir möguleikar, að sitja uppi með ónýta ríkisstjórn gagnvart aðalatvinnuvegi landsmanna, landbúnaðinum. Ég er sannfærður um að ef Framsfl. og Alþb. hefðu náð fylgi áfram og skipað ríkisstjórn saman síðustu fjögur árin þá hefðu þessir flokkar miðað við þá miklu möguleika sem landbúnaðurinn á í útflutningi tekið búvörusamninginn upp á nýjan leik með það að markmiði að gefa bændunum nýtt tækifæri eins og þeir eiga. Ég er alveg sannfærður um það.

Hitt er annað mál að Alþb. verður að viðurkenna það að eyðan í búvörusamningnum er afar stór þar sem vantar nafn fyrrv. fjmrh., hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar, og á því hef ég vakið athygli. Og vissulega hefur það skaðað búvörusamninginn því að það var kannski agnið sem gerði það að verkum að menn sáu að það var vilji alla vega landbrh. til að koma til móts við bændur en fjmrh. gerði það viljandi eða óviljandi að láta nafn sitt vanta, hæstv. forseti.

[Fundarhlé. — 13:14]

[13:47]

Stefán Guðmundsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Þegar við mættum í morgun á tilsettum tíma til þingstarfa til þess að vinna eftir auglýstri dagskrá þingsins tilkynnti forseti það úr ræðustól að því miður væri ekki hægt að vinna eftir ákveðinni dagskrá í dag vegna þess að það skorti á að þingmenn mættu til starfa. Ég veitti því þá athygli að það vantaði yfirgnæfandi meiri hluta af þingmönnum stjórnarliðsins. Þá ákvað forseti að fresta þessum lið og

ganga til dagskrár og taka fyrir annað mál. Nú bregður svo við að nýju þegar á að ganga til atkvæðagreiðslu að enn skortir á að það sé hægt að ganga að eðlilegum þingstörfum og enn eru það stjórnarliðar, þingmenn Alþfl. og Sjálfstfl., sem skortir í þinghúsið til þess að eðlileg þingstörf fari fram. Aðeins einn ráðherra hefur verið í allan morgun til þess að vera við umræður. Það er aðeins einn ráðherra enn í þessu húsi, virðulegur forseti, og ég held að það sé því orðið tímabært að menn fari yfir þessi mál og láti ekki þá sem ætíð ganga til þingstarfa gjalda fyrir hina.

Forseti (Kristín Einarsdóttir):

Forseti getur tekið undir að það er mjög slæmt þegar þingmenn mæta ekki til þingfundar, en það lá fyrir þegar í haust að það yrði fundur hér í dag. En við þessu getur forseti ekkert gert.

[13:49]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Frú forseti. Ég vil byrja á að þakka fyrir skýrsluna um framkvæmd búvörusamnings sem liggur fyrir og mig langar að tjá mig í örfáum orðum um innihald hennar. Ég held að það sé alveg ljóst af þeim umræðum sem hafa verið í morgun og af skýrslunni sjálfri að það hefur alls ekki verið að öllu leyti staðið við gerðan búvörusamning, einkum hvað varðar framlög til Jarðasjóðs og skógræktar og flatur niðurskurður á framleiðsluréttindum hefur orðið meiri en til stóð. Það er einnig jafnljóst að ekki hefur að öllu leyti tekist að ná þeim markmiðum sem að var stefnt. Sem sagt, það var gerður samningur og við hann var ekki staðið. Er þetta alvarlegt mál eða er við öðru að búast? Þarf ekki fólk að geta treyst því að ef samningur er gerður að við hann verði staðið?

Auðvitað hlýtur það fyrirkomulag að stangast á að gera samkomulag til þriggja til fjögurra ára undir lok kjörtímabils og ætlast svo til að ný ríkisstjórn standi við þann samning, ríkisstjórn sem stýrir fjárlögum frá einu ári í senn. Í þetta skipti áttu sér stað stjórnarskipti og því fór sem fór. Það er því spurning hvort það fyrirkomulag, sem hefur tíðkast að undanförnu, þ.e. að gera búvörusamning undir lok kjörtímabils, er það stjórntæki sem dugar til að ná þeim markmiðum sem að er stefnt í íslenskum landbúnaði. Þurfum við eitthvað betra stjórntæki eða ætlumst við til að bændur verði sjálfir að bregðast við þeirri stöðu sem þeir eru komnir í einir og óstuddir?

Skýrslan hefur sannfært mig um að það þarf að finna traustari leiðir til að ná þeim markmiðum að í þessu landi geti þróast hagkvæmur og öflugur landbúnaður og að vöruverð til neytenda lækki án þess að kjör bændastéttarinnar verði lakari en annarra stétta. Síðast en ekki síst verðum við að reyna að átta okkur á því að það verður að lækka opinber útgjöld til þessarar framleiðslu því að satt best að segja er þessi hlið á íslenska hagkerfinu alveg með ólíkindum og hefur verið til margra áratuga og löngu er orðið tímabært að stefna í þá átt að veruleg hagræðing eigi sér stað eins og virkilega hefur verið unnið að á undanförnum árum. Því ber að fagna því að það hefur tekist að lækka framlög til landbúnaðar um 3,5 milljarða á ársgrundvelli en það er töluvert betur sem verður að gera ef duga á.

En það þarf að sjá til þess að fólkið, sem starfar að landbúnaði, bændakonur og bændur, hafi að einhverju öðru að hverfa og mér virðist ljóst að þessi skýrsla segir okkur ekki alveg hvernig staða bænda er. Við sjáum engan veginn af henni hvað það er annað sem bændur gera úti í sveitum landsins. T.d. vitum við að konur hafa m.a. staðið þar að öflugri uppbyggingu, ferðaþjónustu og annars konar starfsemi, ullariðnaði og öðru slíku, oft af miklum krafti og hugmyndaauðgi. En það þarf að gera betur til þess að skapa aukin atvinnutækifæri úti í sveitunum þannig að þetta gerist og allir geti við unað. Að mínu mati þarf að finna fleiri valkosti í atvinnutækifærum úti um sveitir landsins og þar tel ég að ferðaþjónustan sé efst á blaði, svo og lífræn ræktun og öll sú starfsemi sem byggir á því að hér er enn þá hreint og fagurt land. Konur úti um sveitir hafa verið að gera margt að þessu leyti og frumkvæði þeirra þarf að styrkja mun betur en hingað til hefur verið gert. Stundum er undan því kvartað að þær ráðist ekki í of dýrar framkvæmdir. Þess vegna fá þær ekki þá styrki sem þeim ber að mínu mati.

Í annan stað þarf að finna öflugra stjórntæki en að gera búvörusamning undir lok kjörtímabils af einni ríkisstjórn sem skuldbindur næstu ríkisstjórn til að standa við hann 3–4 ár fram í tímann. Ég er þeirrar skoðunar að tíminn til þess að gera slíkan samning ef vilji er fyrir hendi til þess að gera hann, sem ég tel að eigi að gera, sé í upphafi kjörtímabils þannig að allir aðilar geti tekist af heilindum á við það verkefni sem fram undan er í íslenskum landbúnaði. Það þurfti að finna öflugra stjórntæki til að ná fram því markmiði að hér verði rekinn landbúnaður sem allir geti verið stoltir af. Vandinn í þessari atvinnugrein á sér auðvitað hliðstæður bæði í landbúnaði annarra landa og í okkar eigin sjávarútvegi. Nú reynir verulega á okkur stjórnmálamenn að finna betri og réttlátari leiðir til þess að stjórna bæði landbúnaðinum og sjávarútveginum ef við eigum að geta komist upp úr þeirri efnahagskreppu eða lægð og stöðnun sem hér hefur ríkt allt sl. kjörtímabil eða í tíð núv. ríkisstjórnar ef við viljum börnum okkar von um bjartari framtíð.

[13:56]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég er sammála hv. þm. sem hér talaði um að það er mikil þörf á því að efla nýsköpun í sveitum landsins og fjölga þar atvinnumöguleikum og þar þarf sannarlega að gera betur en gert hefur verið.

En það er tvennt í ræðu hv. þm. sem ég vildi gera smáathugasemdir við. Það er í fyrsta lagi þar sem hún kom að því að hér rynni óeðlilega mikið fjármagn af opinberri hálfu til stuðnings við landbúnaðinn hjá okkur og hitt atriðið varðaði spurninguna um gerð samnings í lok kjörtímabils. Það er nú svo að ég held að ef grannt er skoðað sé stuðningur við íslenskan landbúnað í rauninni ekki meiri en hægt er að rökstyðja þó að vissulega sé þörf á því að reyna að ná slíkum stuðningi niður með skynsamlegum aðgerðum og með bú-

vörusamningnum var stigið verulega stórt skref í þá átt. Ég held að hv. þm. ættu að líta til grannlanda, m.a. til Evrópusambandsins og hvernig þar er staðið að málum í sambandi við það og ekkert er óeðlilegt þó að stutt sé við grundvallaratvinnugrein eins og landbúnaðinn þó að deila megi um hvaða aðferðum er beitt í þeim efnum. Þrýstingurinn af hálfu neytenda á lægra vöruverð á sínar skýringar og er eðlilegur út af fyrir sig en þó ber að gjalda varhug við því að einblína ekki á slíkt og öll erum við neytendur, bændur sem aðrir í þessu landi.

Hitt atriðið, virðulegi forseti, aðeins eitt orð um það. Ég tel að samningur sem gerður er af réttu stjórnvaldi við hagsmunasamtök eins og bændasamtökin sé fullgildur á þeim tíma sem markar hann og út af fyrir sig sé ekki við því að búast að ríkisstjórn nái því á fyrsta starfsári síns starfstíma að gera heildstæðan samning. Þess vegna átti það sínar skýringar að þessi samningur var gerður í lok kjörtímabils og hann heldur auðvitað fullu gildi og skuldbindur þá ríkisstjórn sem við tekur á meðan hún segir honum ekki upp.

[13:59]

Ragnar Arnalds *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tek undir það sem fram kom hjá hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni sem gerði athugasemdir við ræðu ræðumannsins hér á undan. Ég vildi bæta því við að við verðum að hafa það í huga þegar talað er um að samningur hafi verið gerður í lok kjörtímabils og hann hafi bundið þá ríkisstjórn sem tók við að með þessum samningi var verið að spara fyrir ríkissjóð miklu stærri upphæðir á þeim árum sem komu í kjölfarið, þ.e. árunum 1992–1995, en nam því sem ríkisstjórnin hefur svo aftur svikist um að standa skil á, sem sagt að ríkisstjórnin hefði ekki þurft að verja nema bara hluta af sparnaðinum sem búvörusamningurinn fól í sér fyrir ríkissjóð til þess að standa við öll ákvæði samningsins. Þetta finnst mér að þurfi að koma greinilega fram.

Eins er rétt að hafa það í huga að þegar búvörusamningurinn hafði verið gerður þá var hann lagður fram sem fylgiskjal í tengslum við þær efnahagsaðgerðir sem þá var gengið frá áður en þing var rofið og fór heim og það stóðu allir flokkar að þeim aðgerðum þannig að þeir flokkar sem síðar urðu stjórnarflokkar og tóku við að kosningum loknum báru ekkert síður ábyrgð á þessum búvörusamningi en hinir sem gerðu hann. Með það í huga þá hefur núv. ríkisstjórn ekki neina minnstu afsökun fyrir því að hafa svikið efni búvörusamningsins og þau ákvæði sem þar voru.

[14:01]

Guðmundur Stefánsson:

Hæstv. forseti. Sú skýrsla sem hér er til umræðu um framkvæmd búvörusamningsins er vissulega tímabær og umræða um hana sömuleiðis. Þetta mál á í sjálfu sér ákaflega langan aðdraganda og það eru orðin ein þrjátíu ár síðan farið var að taka á þessum málum. Fyrst í þá átt að auka hér búvöruframleiðslu og síðan í þá átt að draga úr henni og hefur á ýmsu gengið. En nú undanfarin áratug eða svo hafa verið gerðir búvörusamningar og þeir hafa haft það meginmarkmið annars vegar að koma böndum á landbúnaðarframleiðsluna og svo einkum og sér í lagi í seinni tíð að draga beint úr útgjöldum ríkisins til landbúnaðarmála. Það má vel vera að það sé ágætt, það þarf auðvitað að draga alls staðar úr útgjöldum ríkisins eins og nokkur kostur er en það skiptir miklu máli hvernig það er gert og til hvers það er gert. Bændur og landbúnaðurinn hafa í mjög langan tíma búið við ákaflega erfiðar aðstæður og í rauninni ekki verið neinar einfaldar leiðir til að komast frá þeim vandamálum sem þar hefur verið við að etja og það tengist auðvitað ástandi á ýmsum öðrum sviðum þjóðlífsins sem hefur gert það að verkum að svigrúm hefur verið minna en menn hefðu sjálfsagt óskað sér.

Ég ætla ekki sérstaklega að ræða um framkvæmd búvörusamningsins. Ég ætla samt að ræða hér örlítið um þessa skýrslu og önnur þau mál er þessu tengjast. Þessi búvörusamningur, sem segja má að sé á vissan hátt á enda runninn, er að ýmsu leyti ágætur. En hann er ekki nema að hluta til stefnumarkandi og hann er aðeins gerður til fjögurra ára. Í raun má segja að það er engin eiginleg stefna, engin eiginleg formleg stefna ríkjandi í landbúnaðinum. Það má reyndar segja það líka um aðra atvinnuvegi þjóðarinnar. Það er engin heildstæð stefna ríkjandi. Það er tekið á ýmsum atriðum með ýmsum hætti en það er ekki til nein heildstæð stefna sem setur fram skýr markmið og gefur fyrirheit um hvert stefna skuli og hvernig. Það er vissulega verulegum fjármunum varið til landbúnaðarmála, en hvert er markmiðið? Þegar menn ræða um þær fjárveitingar sem fara til landbúnaðarmála þá mega menn ekki einblína á þá upphæð sem þar er um að ræða heldur verða menn líka að skoða hvað fæst fyrir þá upphæð og hvað mundi gerast ef þessum fjármunum væri ekki varið með þeim hætti sem raun er á. Þá hygg ég að ýmislegt kæmi upp sem e.t.v. breytti skoðun fólks á því hvernig þessi mál eru framkvæmd.

En aftur að stefnumörkun í landbúnaðarmálum. Ég sagði hér áðan að ég teldi að það væri engin heildstæð stefna til í atvinnumálum og heldur ekki landbúnaðarmálum og þegar við víkjum að búvörusamningnum, hvert er þá hið raunverulega markmið með þessum samningi? Er ætlunin að tryggja eða stefna að ákveðnum hlutföllum milli búgreina í landinu? Eða vill Alþingi nýta landbúnaðinn til þess að ná fram ákveðnum markmiðum í byggða- og búsetumálum? Eða vill Alþingi með búvörusamningi við bændur, sem heitir reyndar „Stefnumörkun í mjólkurframleiðslu og sauðfjárrækt", vill Alþingi með slíkum samningi tryggja ákveðið umfang í þessum búgreinum sem hér um ræðir, sauðfjárrækt og mjólkurframleiðslu? Svona mætti reyndar áfram spyrja. Það er auðvitað nauðsynlegt að kanna til hlítar hvernig hefur tekist til með framkvæmd þessa búvörusamnings um einstök atriði hans. En það sem mestu máli skiptir samt þegar upp er staðið er til hvers hefur hann leitt þegar á heildina er litið og hver er staða bænda þegar samningurinn er að renna út. Í þeirri skýrslu sem hér liggur fyrir tel ég að

komi nokkuð glöggt fram sú mynd sem blasir því miður afar víða við þegar farið er um sveitir landsins og bændur og bændafólk er sótt heim. Það er ljóst að mjólkurframleiðslan stendur mun betur en sauðfjárframleiðslan en samt sem áður gerir hún ekki meira en að standa í stað og þó hækka skuldir bænda í hlutfalli við eignir þeirra. Eiginfjárhlutfall búanna lækkar. Þegar maður snýr sér aftur að sauðfjárræktinni þá er myndin því miður miklu dekkri og daprari. Kannski eru það einhverjir áfangasigrar að það hafi tekist að lækka verð bænda á sauðfjárafurðum um 8%, að það hafi tekist að lækka slátur- og heildsölukostnað um 3% rúmlega og verð til neytenda hafi lækkað talsvert líka á sama tíma og verð á annarri matvöru hefur hækkað. Allt er þetta ágætt þangað til maður fer að horfa á bakhliðina á þessari medalíu. Þá kemur í ljós að launageta búanna hefur lækkað um rúmlega 25% og í flestum tilvikum er hér um beina kjaraskerðingu að ræða einfaldlega vegna þess að þó menn segi: bændur geta bara farið í eitthvað annað, snúið sér að einhverju öðru, sótt vinnu utan bús og annað og fleira í þeim dúr, þá er það bara ekki svona einfalt. Á tímum atvinnuleysis þá er ekkert annað að snúa sér, menn eiga ekki í önnur hús að venda og það er einmitt það sem er að gerast. Hagur bænda versnar og það sem þeir geta gert er að ganga á eigur sínar, þeir sem þær eiga. Hinir einfaldlega flosna upp og hverfa frá eignum og óðali slyppir og snauðir og hafa í sjálfu sér ekki annað að gera en að leita á mölina, annaðhvort á vit atvinnuleysisins eða þá ef þeir eru svo heppnir að geta fengið einhverja vinnu. Þess vegna held ég að staðan í landbúnaðinum sé því miður þannig að bændur eru einfaldlega, ekki kannski í öllum tilvikum en í allt of mörgum, að éta upp eignir sínar ef svo má að orði komast. Þeir búa við ákaflega mikið óöryggi, þeir vita ekki hvað verður næsta ár, verður enn frekari verðlækkun, verður samdráttur í framleiðsluheimildum? Svo mætti áfram telja auk þess sem EES-samningurinn og nú GATT-samningurinn hafa að sjálfsögðu ákveðið óöryggi í för með sér fyrir bændur. Þeir búa líka við það að verð á eignum er ákaflega lágt, jafnvel þó þeir vilji fara eða þurfi að fara. Það er nú svo að framleiðsluheimildirnar ganga kaupum og sölum og er ákveðið verð á framleiðsluréttinum. Það er svo að ef reiknað er gangverð á framleiðslurétti og ef slegið er lauslega á vélar og bústofn þá er oft hægt að selja jarðir með allri áhöfn og öllu sem þeim fylgir fyrir verð sem svarar til þessara tveggja þátta þannig að íbúðarhús bóndans og fjölskyldunnar, jörðin og ýmislegt annað sem henni kann að fylgja, það er í raun orðið verðlaust. Það getur ekki verið glæsilegt að losa sig við eignir sínar þegar svo er ástatt. Enda er það svo að mjög margir bændur veigra sér við að selja sínar eignir einfaldlega vegna þess að þeir fá langt undir sannvirði fyrir þær og ævistarfið er ákaflega lítils metið þegar upp er staðið, a.m.k. í krónum og aurum hvað þetta varðar. Það er heldur ekki fýsilegt fyrir ungt fólk að taka við jörðunum í mörgum tilvikum einfaldlega vegna þess að í fyrsta lagi er ljóst að það verður erfið afkoma og í öðru lagi þá er hún ákaflega ótrygg þar sem hún þó er fyrir hendi.

Það er líka óvissa í sveitum landsins í kjölfar EES- og GATT-samninganna einfaldlega vegna þess að það hefur ekki verið tekið á þessum málum með þeim hætti að óyggjandi sé og menn vita ekki að hverju þeir ganga og það er kannski það sem er það alvarlegasta að menn eru bara skildir eftir í óöryggi og óvissu um framtíðina, meira heldur en nauðsynlegt er því enginn veit í sjálfu sér nákvæmlega hvað framtíðin mun bera í skauti sér. Það þarf sjálfsagt að gera annan búvörusamning og halda utan um praktísk málefni ef svo má að orði komast. En það þarf að koma til í landbúnaði miklu skýrari stefnumörkun heldur en núna er og menn verða að vita að hverju þeir ganga. Það er ekki hægt að bjóða mönnum upp á það ár eftir ár að það sé stefnt að því að verð á afurðunum lækki og jafnframt verði samdráttur í framleiðslunni. Ungt fólk vill ekki kaupa framleiðslurétt jafnvel þó hann sé falur vegna þess að það veit ekki hvort hann er 10, 20 eða jafnvel 30% lægri eftir aðeins örfá ár. Það vill enginn kaupa sér verðmæti með slíkum afföllum og slíkri óvissu. Þess vegna verður að koma til miklu skýrari stefnumörkun. Það verður að koma til heildstæð stefna í landbúnaðarmálum. Hún verður að taka til þess magns sem á að framleiða, menn verða að vita að hverju þeir ganga. Hér þýðir ekkert að vera með skipulagt undanhald, það verður að spyrna við fótum og menn verða að segja: Þangað ætla ég og þarna ætla ég að vera og fyrir því verða menn síðan að berjast og taka á málinu með þeim hætti. Þetta er forsenda þess að það geti orðið eðlileg þróun í landbúnaði sem er jú öllum atvinnuvegum nauðsynleg. Það er rétt að slík stefna taki auðvitað til fjölmargra annarra þátt og hugsanlega þátta eins og að búvöruframleiðslan sé sveigð meira en verið hefur til ákveðinna landshluta eftir búgreinum o.s.frv. miðað við landkosti. Ég vil í lok máls míns spyrja hæstv. ráðherra hvort hann hafi beitt sér fyrir úrbótum í þessum málum. Hvort hann hafi beitt sér fyrir heildstæðri stefnumörkun og hvort hennar sé von. Hvort menn sjái hana fljótlega eða hvort hann telji að þetta sé allt í eðlilegu lagi og besta gengi. Ég vil gjarnan vita hvort hæstv. ráðherra hefur beitt sér fyrir því að málum verði þannig komið að bændur geti búið við lágmarksatvinnuöryggi, að maður tali nú ekki um eðlilegt atvinnuöryggi, eða hvort bændur eigi áfarm að búa við það öryggisleysi sem verið hefur. Hvort þeir verði áfram að láta reka á reiðanum og aðeins vona það besta. Ég held að slíkt ástand sé því miður ákaflega létt í vasa bænda og og það sem er kannski enn þá verra er að það er líka létt í vasa þjóðarinnar þegar upp verður staðið og til framtíðar er litið.

[14:15]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það eru a.m.k. tvö ár síðan ég lýsti þeim skoðunum mínum, bæði á fundi Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda, að ég teldi forsendur búvörusamningsins brostnar eins og þær voru hugsaðar af þeim sem undirrituðu samninginn á öndverðu ári 1991 og hef boðið bændum að við færum að ræða um það hvort ekki sé rétt að taka upp aðra fram-

leiðslustýringu en verið hefur og sveigjanlegri. Það er því síður en svo að ég hafi ekki vikið að þessum málum.

Ég vil líka segja við hv. þm., því hann er kunnugur atvinnustefnu Framsfl., Framsfl. var hér í ríkisstjórn samfleytt í 20 ár frá 1971 til 1991 og hv. þm. er að tala um heildstæða stefnu í atvinnumálum. Hún leiddi til þeirra hörmunga sem við sjáum sauðfjárræktina nú í og í þessum búvörusamningi var um það samið, eins og hv. þm. er kunnugt, að það yrðu sérstök uppkaup ríkisins á framleiðslukvótum til haustsins 1991. Það væri rétt að hv. þm. gerði grein fyrir því hvernig á því stóð að atvinnuástandið var með þeim hætti þetta sumar að menn treystu því ekki að þeir gætu fengið atvinnu annars staðar. Hverjir höfðu farið með landbúnaðarmálin lengst af þetta tímabil? Hvernig eru sjávarútvegsmálin? Við sjáum hvernig komið er fyrir þorskstofninum, við erum báðir kunnugir fyrir norðan. Við vitum hvernig þorskstofninn hefur dregist saman. Var það hin heilsteypta stefna formanns Framsfl., Halldórs Ásgrímssonar, sem leiddi til þess hruns sem við horfum nú á í sambandi við þorskstofninn?

Svo vil ég spyrja hv. þm. af því hann talar um að búvöruframleiðslan sé sveigð til ákveðinna landshluta. Ég hef spurt þá að því á stéttarsambandsþingi hvort þeir geti hugsað sér þvílíkt. Og ég vil spyrja hann af því hann talar um að það eigi að miða við landkosti hvort hann hafi einhverjar ákveðnar hugmyndir um það hvernig á að snúa sér í þeim efnum, t.d. í okkar eigin kjördæmi, Norðurlandskjördæmi eystra, hvaða skoðun hann hafi á framleiðslustýringu í því kjördæmi út frá þessum forsendum sem hann var að lýsa hér.

[14:17]

Guðmundur Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þetta var að mörgu leyti ákaflega skemmtileg ræða og fróðleg og af því að ég er nú varaþingmaður þá er ég bara talsvert upp með mér að ráðherrann beri slíkt traust til mín að hann beinir öllum spurningunum til mín og svarar ekki nokkrum sköpuðum hlut. Það er glæsilegt.

En mér þykir líka vænt um að ráðherrann hafi lýst því yfir fyrir tveimur árum að forsendur búvörusamningsins væru brostnar og væntanlega veit hann þá hvað er til bóta. Það er ekki nóg að benda á að eitthvað sé slæmt og geta síðan ekkert bætt úr því. Hann hlýtur að hafa einhver svör frekar en það að segja að allt sé ómögulegt. Ég verð þess vegna því miður að vísa spurningunni til baka: Hvað ætlar hann þá að gera í staðinn? Eða hvað ætlaði hann?

Það er ekki mikill tími því miður til stefnu fyrir ráðherrann en þó, það má alltaf taka sig á og betra er seint en aldrei í langflestum tilvikum. Þess vegna spyr ég aftur og endurtek spurningar mínar, sem ég vona að ráðherrann muni, hvað hann ætli sér í þessum málum og hvað hann hafi gert.

Það er svo allt annað mál að þó það hafi oft verið sagt um hæstv. ráðherra að hann sé framsóknarmaður í Sjálfstfl. þá má hann ekki ofmetnast af því og það þýðir ekki að benda á Framsfl. alltaf þegar eitthvað bjátar á. Hér verða menn að standa fyrir máli sínu eins og þeir eru og ef hann vill gerast framsóknarmaður þá á hann bara að ganga í flokkinn, það er enginn millivegur þar á.

En ég held nú að ýmislegt sem hafi farið miður í atvinnumálum ... (**SvG:** Afi hans var nú í Framsfl.) Já, það eru góð ummæli um afa hans. En ég held að ýmislegt það sem hér hefur farið miður í atvinnumálum, *ég veit ekki hvort það er vegna þess að Framsfl. hafi* verið bæði í stjórn og utan stjórnar heldur er miklu líklegra að það sé þrátt fyrir það og það held ég að menn ættu að hafa í huga.

[14:20]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér er mjög ljúft að segja hv. þm. það ef hann hefur ekki með því fylgst að ég hef verið þeirrar skoðunar að það sé mjög nauðsynlegt að auka það svigrúm sem bændur hafa í framleiðslu og tel að þau framleiðslumörk sem nú er miðað við 80%, séu of stíf. Ég hef jafnframt beitt mér fyrir því og raunar fengið það lögfest að heimildir séu til þess að bændur geti komið að öðrum störfum eins og landgræðslustörfum og gróðurvernd og öðru þvílíku, en það hefur því miður ekki verið mikið um að eftir því hafi verið leitað. Ég hef jafnframt bent á að það sé mjög hollt og gæti verið skynsamlegt að bjóða þeim bændum sem hafa minnkandi starfsorku, annaðhvort vegna aldurs eða veikinda, að þeir geti dregið úr framleiðslu sinni, svo lítið sé nefnt. Þessu tilboði hefur á hinn bóginn ekki verið tekið af bændasamtökunum, því miður. Ég hef enn fremur vakið máls á því að það sé eðlilegt að standa öðruvísi að útflutningsmálum, t.d. á dilkakjöti, en verið hefur og hef mjög vitnað til hinnar raunalegu sögu sem bændur hafa gengið í gegnum, hvernig fór fyrir öllu útflutningsfénu sem rann í gegnum SÍS, hvernig á því hefur staðið að engir markaðir eru erlendis fyrir kjötið og hef talað um það að nauðsynlegt sé að bændur reyni að koma sér saman um það hvernig þeir geti staðið saman að sínum markaðs- og sölumálum sem einn maður og geti barist á hinum erlendu mörkuðum sem gæti skilað árangri. Undir þetta hafa raunar ýmsir ágætir bændur tekið, meira að segja sumir sem telja að ekki sé lengur pláss fyrir þá í Framsfl. eins og Guðmundur á Stekkum.

[14:21]

Guðmundur Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég sé ekki mikla ástæðu til að halda þessu orðaskaki áfram. Það hefur ekkert breyst í þessari umræðu og það hefur ekkert lýst hvað það varðar að það vantar hér, ég sagði það áðan og ég endurtek það, heildstæða stefnu í málefnum landbúnaðarins. Það er alveg sama þó menn tíundi einhverjar hugsanlegar orsakir fyrir því, það breytir ekki því að þessa stefnu vantar. Hún er forsenda þess að það sé hægt að taka á þessum málum þannig að þjóðin og bændur geti við unað.

Ég ætla ekkert að fara að taka upp gamlar lummur og hálfviðbrenndar um SÍS og útflutningsmál og annað þess háttar. Það er löngu liðin tíð. Við verjum okk-

ar tíma miklu betur með því að taka á vandamálunum en karpa um eitthvað gamalt sem við getum sjálfsagt aldrei orðið sammála um. (Gripið fram í.)

Það er annað sem ég vildi einnig endurtaka: Staða bænda er þannig, alveg sama hvað hver segir og hvað hefur gerst og hvað menn hafa viljað, að þeir eru að eyða upp eignum sínum, þeir eru að éta upp eignir sínar eins og sagt er á mannamáli. Þeir hafa ekki viðunandi afkomu og hafa ákaflega fá úrræði og búa við ákaflega mikla óvissu. Þetta eru staðreyndir sem allir geta fengið að kynnast, líka hæstv. landbrh. Ef menn bara fara um sveitirnar og ræða við það fólk sem þar býr þá kemur þetta í ljós og er svo skýrt og greinilegt. Það er það alvarlega í þessu máli og það er áríðandi og mikilvægt að við snúum okkur að þessu. Við framsóknarmenn í öllum flokkum eigum að snúa bökum saman og berjast til bættra lausna í þessum málum.

Útbýting þingskjals:

Norræna ráðherranefndin 1994–1995, 369. mál, skýrsla, þskj. 595.

[14:24]

Pálmi Jónsson:

Hæstv. forseti. Sú umræða sem hér hefur farið fram um skýrslu hæstv. landbrh. um framkvæmd búvörusamnings hefur mestan part farið hófsamlega fram. Menn hafa rætt þessi vandamál af yfirvegun og þekkingu og það er rétt að vekja á því athygli að landbúnaðurinn er í þeirri stöðu að það er eðlilegt að ræða þau mál á þeim nótum. Út af þessu hefur að vísu aðeins brugðið og einstaka ræðumaður hefur veist að hæstv. landbrh. og talað til hans með nokkrum gusti.

Það er sjálfsagt að gera sér grein fyrir því að núv. hæstv. landbrh. og núv. hæstv. ríkisstjórn tóku við erfiðu hlutverki. Það hlutverk var erfitt í fyrsta lagi vegna þess að það hafði gengið og hefur gengið mikil lægð yfir efnahagskerfi landsmanna. Það hefur verið samdráttur í efnahagslífinu og það hefur verið samdráttur í þjóðartekjum allt frá árinu 1988 og allt fram á síðasta ár. Þessi staða hefur auðvitað sett sitt mark á þá möguleika sem hafa verið til ráða fyrir landbúnaðinn eins og aðra í þessu þjóðfélagi. Það hefur m.a. átt þátt í því að það hefur verið allt önnur staða til að afla opinberra fjármuna til stuðnings landbúnaðinum heldur en ef veltiár væru í þjóðfélaginu. Þetta er sjálfsagt og nauðsynlegt að hafa í huga og ég hygg að allir þeir sem ræða þessi mál af einhverri yfirvegun hafi á þessu fullan skilning.

Í annan stað þá var staða hæstv. landbrh. erfið að því leyti að hann tók við ákaflega niðurnjörvuðu og margbrotnu kerfi sem fyrri ríkisstjórnir höfðu komið á. Hann tók við búvörusamningi sem næsta ríkisstjórn á undan hafði samið um í lok síns starfstíma þó þannig að sá samningur hafði ekki í öllum greinum verið undirritaður af þáv. hæstv. fjmrh. Þær bókanir sem fylgdu með samningnum höfðu ekki, ef ég man rétt, verið staðfestar af þáv. hæstv. fjmrh. sem auðvitað veikti þær bókanir.

Það kerfi sem komið hafði verið á af fyrri ríkisstjórnum og grundvallaðist á lagasetningu er að mínum dómi komið út í mikla blindgötu og alveg ósýnt hvort hægt sé að búa við það kerfi til nokkurrar frambúðar. Það er mín skoðun að það sé rétt sem hæstv. ráðherra sagði hér áðan að hann hafi gert grein fyrir því, sem ég hef margoft heyrt hann segja, að forsendur búvörusamningsins væru brostnar og það yrði að taka hann upp til endurskoðunar en því miður hefur, eftir því sem hann greindi hér frá, það verk ekki komist verulega áfram vegna þess að því hefur kannski ekki verið sinnt af hálfu bændasamtakanna eins og skyldi, að ganga á lagið, að grípa þá yfirlýsingu hæstv. ráðherra á lofti og taka til við að endurskoða þennan samning.

Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um þetta ástand en ég tel að það liggi fyrir að hæstv. landbrh. hefur þurft að heyja varnarbaráttu fyrir landbúnaðinn á sínum ferli vegna þeirrar stöðu sem er í þjóðfélaginu og vegna annarra orsaka sem hér hafa verið ræddar af ýmsum aðilum. Ég tel að hæstv. ráðherra hafi yfirleitt haldið vel á málum í þessari varnarbaráttu sem oft hefur verið erfið. Auðvitað má deila um einstök atriði eins og alltaf er í stjórnarathöfnum og hv. þm. geta stundum sagt að í einhverjum atriðum sé kannski hægt að gera betur. Slíkt er jafnan svo. En meginniðurstaðan er sú að eftir því sem ég þekki til hefur hæstv. ráðherra það álit að honum hafi tekist að halda vel á málum í þessari erfiðu stöðu. Hann hefur staðið mjög fast á verði fyrir hagsmuni landbúnaðarins og fyrir hagsmuni okkar Íslendinga þegar þurft hefur að takast á um ýmis ágreiningsefni er varða alþjóðasamninga sem við Íslendingar höfum verið að taka þátt í, bæði að því er varðar EES-samninginn og ekki síður að því er varðar GATT-samninginn.

Sú staða hefur ekki alltaf verið auðveld fyrir hæstv. ráðherra því það hefur ekki alltaf verið alveg einboðið að bæði þeir sem standa núv. ríkisstjórn og þeir sem standa að málum á ýmsum stigum þess hafi verið á einu máli. En honum hefur tekist að standa þar fast á verðinum og hefur hlotið virðingu fyrir. Það er sjálfsagt að geta þess og muna eftir því að í þeirri varðstöðu hefur hann haft óskoraðan bakhjarl í hæstv. forsrh.

Ég hjó eftir því hér í umræðum að mitt nafn var nefnt. Hv. 5. þm. Suðurl., Guðni Ágústsson, nefndi nafn mitt. Allir vita það í þessum sal að hv. þm. er manna fornlegastur í tali, að yfirbragði og háttum þegar hann stígur í ræðustól. (**ÓRG:** Og hugsun.) Og hugsun, segir hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson. Það er sjálfsagt rétt. En það er undarlegt með jafnforneskjulegan mann hvað honum hentar illa söguskoðun. Hvenær sem hann fer að vitna til einhverra sögulegra atriða þá má nærri því bóka að hann fer rangt með. Hann sagði hér og hafði eftir mér að sá sem hér stendur, Pálmi Jónsson, hafi á sínu fyrsta búnaðarþingi, eins og hann orðaði það, væntanlega fyrsta búnaðarþingi sem ég kem á sem ráðherra, gefið þá yfirlýsingu að samdráttarskeiði í landbúnaði væri lokið. Eins og ýmsar aðrar tilvitnanir þessa hv. þm. í sögulega atriði er þetta rangt. Ég gaf enga slíka yfirlýsingu. Á hinn bóginn gaf ég yfirlýsingu af þessu tagi á þriðja ellegar

fjórða búnaðarþingi sem ég kom á sem ráðherra. Og hvað hafði þá gerst? Þá hafði það gerst að þegar ég tek við ráðherraembætti í landbúnaðarmálum þá hafði mjólkurframleiðsla í landinu verið árið áður 120 milljónir lítra en að öðru ári var hún komin niður í 103 milljónir lítra eða sem næst í samræmi við innanlandsmarkaðinn. Þetta hafði tekist með þeim stjórntækjum sem þá voru til. Á sama tíma hafði það gerst að nokkuð hafði dregið úr sauðfjárframleiðslu en ég starfaði eftir þeirri stefnu að um leið og við yrðum að draga saman mjólkurframleiðslu þannig að hún væri við hæfi innlenda markaðarins þá gætum við ekki dregið saman aðrar framleiðslugreinar landbúnaðarins að neinu verulegu marki fyrr en við hefðum aukið atvinnu í sveitum í öðrum greinum. Það var það sem ég átti við að þyrfti að haldast í hendur að atvinna ykist í öðrum greinum í sveitum samtímis því sem framleiðsla drægist saman í undirstöðuframleiðslugreinunum.

Ég er ekki að kenna þeim sem á eftir fóru, þeim landbrh. eða þeim ríkisstjórnum sem á eftir fóru um að á þessari stefnu varð ekki framhald eða a.m.k. tókst ekki að halda slíkri stefnu því á þessum árum gátu menn ekki séð fyrir að loðdýraræktin mundi hrynja, að fiskeldið mundi í flestum greinum fara á hausinn og engin af nýgreinum landbúnaðarins mundi í rauninni standa uppi sem einhver burðarás önnur en ferðaþjónusta. Þetta vil ég aðeins uppfræða hv. 5. þm. Suðurl. um og biðja hann að gæta sín aðeins á sögulegum atriðum þegar hann flytur yfirlýsingar í þessum ræðustól.

Hv. 2. þm. Suðurl. talaði hér til hæstv. landbrh. af nokkrum þjósti. Hv. þm. er hæglátur maður og dagfarsprúður og allra manna hæglátastur sem eru hér á þessari samkomu og það fer honum vel. Það fer honum hins vegar ekki jafn vel þegar hann fer að tala af miklum þjósti eins og hann gerði í dag til hæstv. landbrh. vegna þess að enginn ráðherra sem farið hefur með landbúnaðarmál á síðari árum hefur komið eins í bakið á íslenskum bændum og í bakið á forráðamönnum bændastéttarinnar og hv. þm. Jón Helgason, 2. þm. Suðurl., þegar hann var ráðherra landbúnaðarmála. (**StG:** Vill þingmaðurinn ekki endurtaka þetta?) Ég skal skýra í hverju þetta er fólgið. Það gerðist þegar hv. þm., þá hæstv. ráðherra, setti reglugerð við búvörulögin árið 1985. Í þeirri reglugerð var tekin upp ný viðmiðun um framleiðslu, horfið frá svokölluðu kvótakerfi og tekinn upp svokallaður fullvirðisréttur. Það voru engin tengsl höfð á milli réttar einstakra bænda í sauðfjárframleiðslu á milli fullvirðisréttarkerfisins og kvótakerfisins. Þannig var fullvirðisréttarkerfið miðað við framleiðslu á annaðhvort árinu 1983 eða 1984 en alls ekki við þann rétt sem menn höfðu áunnið sér eða fengið með kvótakerfinu. Þetta var gegn því sem hafði verið lýst yfir af forustumönnum bændasamtakanna hvað eftir annað og af þeim sem talað höfðu af hálfu íslenskra stjórnvalda, þvert gegn því og varð til þess að einstakir bændur hvarvetna um landið lentu í þeirri stöðu að þeir voru með einni undirskrift ráðherra sviptir sínum framleiðslurétti. Ég held að hv. þm. Jón Helgason verði að muna eftir þessu áður en hann fer að tala af þjósti til þeirra sem nú fara með þessi mál af hálfu hæstv. ríkisstjórnar.

Ég held að það sem skiptir máli umfram allt annað í landbúnaðarmálum sé það að framleiðsla verður að byggjast á sölu. Þess vegna segi ég enn, eins og ég hef löngum sagt, að það verður að sinna markaðsmálum umfram allt annað. Því ef við getum ekki selt þá er þýðingarlaust að framleiða. Markaðsmál verða að vera númer eitt, tvö og þrjú í öllu því sem forustumenn bænda og forustumenn af hálfu stjórnvalda beita sér í fyrir hagsmuni landbúnaðarins. Ég held að það sé engin spurning að innlendi markaðurinn sé alltaf þýðingarmestur. Þess vegna verðum við að endurtaka, ekki kannski í sama formi heldur í ýmsum tilbrigðum Íslenskt, já takk og gæta þess að leitast við að haga málum þannig að innlenda markaðnum sé sinnt, að reynt sé að þóknast duttlungum hans og bæta stöðuna gagnvart þeim sem eru neytendur í landinu, sem er öll þjóðin, og vinna þar stöðugt verk. (Forseti hringir.) Aðeins að ljúka með einni setningu, hæstv. forseti. Erlendur markaður og útflutningur er heldur ekki úr sögunni en hann verður að byggjast á sérstökum mörkuðum fyrir okkar vöru, dýrum mörkuðum sem verða að byggja á sérstæðum gæðum íslenskrar framleiðslu.

[14:39]

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta var um margt merkileg ræða og ágæt á sinn hátt. Hv. þm. efaðist um þær söguskýringar sem ég hefði hér haft í frammi og fór um þær mörgum orðum. Síðan í lokin þegar hv. þm. var búinn að rekja þetta þá staðfesti hann að þarna muni aðeins þremur árum því hann hafi gefið þessa yfirlýsingu um að samdrættinum í landbúnaðinum væri lokið ekki í upphafi tímabilsins sem hann var ráðherra, ekki á fyrsta búnaðarþingi, heldur á því síðasta. Svona skildi ég hv. þm. Ég ætla ekkert að ræða um þetta. Ég man eftir að þessi yfirlýsing olli því að það fór fagnaðarbylgja um Suðurland og vinsældarlisti hv. þm. Pálma Jónssonar hækkaði verulega. (**VS:** Þetta hefur verið rétt fyrir kosningar.) Þetta var rétt fyrir kosningar, hv. þm. En ég held eigi að síður að þessi yfirlýsing hefði kannski getað náð árangri eins og staðan er orðin í dag.

Nú vil ég, vegna ræðunnar spyrja hv. þm., sem gerði mikið úr því að hæstv. ráðherra hefði tekið við öllu niðurnjörvuðu. Allt í lagi, ráðherrann tók við þessu niðurnjörvuðu úr margra manna og ríkisstjórna höndum. En þegar menn taka við einhverju niðurnjörvuðu og það eru ný tækifæri, eins og hér kemur fram hjá meistarakokkunum í Morgunblaðinu 22. jan. sl., er þá ekki rétt, hv. þm., og er þá ekki mikilvægt að eiga ríkisstjórn sem leysir fjötrana? Við ný tækifæri ber að leysa fjötrana. Þrátt fyrir yfirlýsingar í upphafi ferils síns um að hann vildi leysa fjötrana hefur hæstv. ráðherra því miður ekki svarað því kalli þegar bændasamtökin hafa leitað eftir því að samningurinn yrði endurskoðaður.

[14:42]

Pálmi Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. 5. þm. Suðurl. viðurkennir að

hafa farið rangt með. Það skiptir auðvitað máli hvort yfirlýsing er gefin í upphafi ferils eða eftir að tiltekinn ráðherra og tiltekin ríkisstjórn hefur starfað og bætt úr þeim miklu vandræðum sem þá var við að etja í offramleiðslu. Ég ætla ekki að ræða það frekar en bara benda þessum ágæta þingmanni og forneskjulega í tali á að huga betur að því að hafa hlutina rétta þegar hann fer með þá. (**GÁ:** Þú meinar ártölin.)

Ný tækifæri, segir hv. þm., og það er út af fyrir sig rétt að við eigum allt undir því að reyna að nýta þau tækifæri sem þó bjóðast fyrir landbúnaðinn. Ég segi það og ítreka að við eigum tækifæri í útflutningi. Þau eru kannski á litlum mörkuðum, sérstökum mörkuðum og dýrum mörkuðum, en hreinleiki og sérstæð gæði íslenskrar framleiðslu eru slík að við eigum að geta nýtt þessi tækifæri þannig að þau verði okkur til hagsbóta og eigi þátt í því að tryggja framtíð íslensks landbúnaðar.

[14:44]

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil ítreka það að ég viðurkenndi að ártalið hafði skolast til en yfirlýsingin sem ég fór með eftir ráðherranum var rétt. Hann hefur staðfest það hér að hún var rétt. Ég ætla ekkert að fara að rífast um það atriði. Það var yfirlýsing á þeim tíma og féll með þessum hætti. Ég er ekkert að ásaka hv. þm. eða hans feril sem landbrh. Ég stend ekki í neinum deilum um það atriði.

En ég vil nú spyrja hv. þm. sem viðurkennir að það geta blasað við ný tækifæri og möguleikar. Ég ræddi það t.d. við hæstv. landbrh. í morgun, sem hann hefur ekki svarað, að miðað við þær niðurstöður sem nú blasa t.d. við þegar bændur eru að fá 150–200 kr. í skilaverð af ýmsum sérmörkuðum sem menn eru að finna úti í Evrópu hvort ekki væri þá vel verjandi og hefði ríkisstjórnin ekki átt að bregðast þannig við að taka upp markaðsstyrk, eða útflutningsbætur með öðrum hætti, kannski upp á 50–100 kr. til þess að gefa mönnum tækifæri til að innbyrða þennan markað?

Þarna tel ég að ríkisstjórn og hæstv. ráðherra hafi brugðist illþyrmilega í störfum sínum því að það er ekki nóg að segja: Við erum hér með samning sem fjötrar. Samningar eru við breyttar aðstæður til þess að segja þeim upp. Það er sorglegt að lesa viðtalið við meistarakokka sem hafa farið um heiminn. Íslenska varan hefur verið að vinna sigra og íslenska iðnaðarfólkið hefur verið að vinna sigra en einn þeirra segir t.d.: Við eigum í EB 600 tonna kvóta fyrir lambakjöt en það er ekki vilji til að nýta nema fyrir 20 tonn.

Það er sorglegt, hæstv. forseti, að hafa ónýta ríkisstjórn á tímum þar sem mörg ný tækifæri blasa við.

[14:46]

Pálmi Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. verður að gera sér grein fyrir því að sölumeðferð vara er á hendi verslunaraðila. Auðvitað getur hæstv. ráðherra blandað sér í það og kvatt menn til þess að stunda það starf og kannski gripið til nokkurra aðgerða annarra. En meginatriðið er það að sölumeðferð vara er á hendi þeirra sem annast verslun og viðskipti.

Ég veit til þess að á ódýrum markaði úti í Danmörku hjá verslunarkeðjunni Irma tókst að fá skilaverð sem var 150–160 kr. fyrir kg af dilkakjöti eins og hv. þm. nefndi hér. Úr því að hægt er að fá 150–160 kr. hjá Irma í Danmörku þá tel ég öruggt mál að hægt sé að fá verulega hærra verð hjá sérmörkuðum sem geta tekið við og boðið dýra vöru. Út af fyrir sig er því ekkert hægt að segja um það annað en ítreka að slíku þarf að sinna og slíkt er eitt höfuðverkefni sem þarf að fást við til þess að tryggja hagsmuni landbúnaðarins.

Ég ætla ekki að svara hér fyrir hæstv. landbrh. um útflutningsbætur. Það var fyrri ríkisstjórn sem tók útflutningsbætur af, þar á meðal hv. þm. sem hér er að tala um útflutningsbætur að nýju. Það ferst honum því ekki sérstaklega vel.

[14:48]

Jón Helgason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það voru þung orð sem hv. 2. þm. Norðurl. v. hafði um mín störf hér áðan sem ég vil algerlega mótmæla. Sú reglugerð sem hann minntist á var gerð samhliða samningi og forsenda fyrir samningi sem gerður var við Stéttarsamband bænda og undirritaður 28. ágúst 1985 af fulltrúum Stéttarsambandsins, þeim Inga Tryggvasyni, Magnúsi H. Sigurðssyni, Hermanni Sigurjónssyni og Þórarni Þorvaldssyni, með fyrirvara um samþykki aðalfundar Stéttarsambands bænda og þar var þessi samningur staðfestur. Að segja að ég hafi þar komið aftan að bændum er því algerlega rakalaus fullyrðing.

Það sem hv. þm. mun reyna að finna stoð í sínu máli var það að í þessari reglugerð var gengið út frá því að miða við framleiðslu síðustu ára þannig að heimildum yrði úthlutað til þeirra sem stæðu í búrekstri en ekki til hinna sem væru hættir eða hefðu dregið saman. Sú hugsun sem þarna lá að baki var að þeir nytu þessa magns, sem var það mesta sem hægt var að ná, en ekki þeir sem ekki væru með búreksturinn. Ég er sannfærður um að það var rétt því að að öðrum kosti hefði það orðið þá þungt í skauti að úthluta til hinna sem ekki höfðu framleiðslu á bak við sinn rétt. En að öðru leyti hef ég ekki tíma til að fara frekar út í þetta mál.

[14:51]

Pálmi Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég sagði aldrei að þessi samningur og reglugerð sem fylgdi á eftir hefði ekki hlotið samþykki eftir á. Hins vegar kom þetta í bakið á öllum yfirlýsingum sem áður höfðu gengið af hálfu bændasamtakanna. Mér er mjög vel kunnugt um það vegna þess að ég var í nánu sambandi við forustumenn bændasamtakanna á þessum tíma. Og því var margyfirlýst að þeir sem áttu kvóta eða búmark á jörðum sínum, að það yrði ekki af þeim tekið. Það var margyfirlýst af forustumönnum bændasamtakanna og þeim mönnum sem voru í forsvari fyrir landbúnaðinn á stjórnmálavettvangi og þessi reglugerð kom gersamlega í bakið á þeim. Fjölmargir aðilar keyptu jörð á þessum tíma með miklum kvóta. Það var kannski engin eða lítil framleiðsla og forsvarsmenn bændasamtakanna sögðu:

Þú mátt treysta því að kvótinn verður ekki af þér tekinn en síðan var hann af tekinn með undirskrift ráðherra. Með því var í senn farið þannig í bakið á þessum mönnum og brotin niður jafnræðisregla sem ber að hafa í heiðri samkvæmt íslensku stjórnarskránni. Það er álit lagamanna að þar með hafi verið farið gersamlega í bága við stjórnarskrána. Ef mál væri höfðað þá mundi þessi gerningur væntanlega verða dæmdur ógildur.

[14:52]

Jón Helgason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég get að sjálfsögðu ekki borið ábyrgð á yfirlýsingu forustumanna bændasamtakanna á þeim tíma en þessi samningur og reglugerð voru unnin í nánu samráði við bæði forustumenn og starfsmenn Stéttarsambands bænda og þeir hljóta að bera ábyrgð á sínum gerðum gagnvart bændum og ráðherra hlýtur að vera í góðri trú þegar hann semur um slíkt.

Hitt get ég sagt að á næstu árum á eftir var reynt að koma til móts við þá sem í erfiðleikum stóðu og horfa á málin út frá sjónarmiðum bænda en hæstv. landbrh. var nokkuð þungorður um slík vinnubrögð áðan og gagnrýndi þau.

Hv. 2. þm. Norðurl. v. sagði að ég hefði verið þungorður í garð hæstv. landbrh. Kannski hefur það haft einhver áhrif á mig að ég var áheyrandi á fundi með hæstv. landbrh. í gærkvöldi. Þar var hann gagnrýndur fyrir ýmislegt af sunnlenskum bændum sem voru a.m.k. á annað hundrað og gagnrýndu hans vinnubrögð. Þegar hann svarar þá segir hann að það eigi ekki að vera gagnrýna sig fyrir vinnubrögð og ásakanir um frjálshyggju. Hann gæti eins kallað fundarmenn framsóknarhunda. Það er virðingin sem hann ber fyrir sunnlenskum bændum.

[14:54]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Eins og fram kom í ræðu hér áðan, þá mun þessi umræða að mestu leyti hafa verið málefnaleg og efnisleg og menn haldið sig við staðreyndir. Þó mun hafa legið það sérkennilega á hv. þm. Guðna Ágústssyni, ágætum vini mínum og baráttufélaga til margra ára í umræðum að hann mun hafa kosið að fara með einhverjar sérkennilegar árásarsögur á þann sem hér stendur sem eiga sér enga stoð í veruleikanum og eru í hrópandi ósamræmi við það álit sem forustumenn bændasamtakanna, allir gæðastimplaðir framsóknarmenn í marga ættliði, hafa lýst yfir opinberlega að beri að hafa um fjármálaráðherraferil undirritaðs gagnvart bændastéttinni.

Hv. þm. Guðni Ágústsson er fyrsti maðurinn úr röðum þeirra sem vilja telja sig forustumenn bænda sem hefur farið fram á opinberan vettvang með yfirlýsingar af því tagi sem hann lét frá sér fara hér í dag. Er kosningaskjálftinn í framsóknarmönnum á Suðurlandi virkilega orðinn svo mikill að þeir veigra sér ekki við að koma hér í ræðustól á Alþingi með staðlausa stafi sem forustumenn bændasamtakanna sjálfir eru reiðubúnir að bera til baka? Ég ræddi við Hauk Halldórsson, forustumann bændasamtakanna, eftir að þessi ræða var flutt, mann sem formaður Framsfl. hyllti sérstaklega á fimmtugsafmæli hans fyrir nokkrum dögum síðan. Og Haukur Halldórsson, formaður Stéttarsambands bænda og hinna nýju samtaka landbúnaðarins, tjáði mér að ég mætti fara með það hér í ræðustól á Alþingi, hann væri reiðubúinn að staðfesta það, og ég fer með það orðrétt, „að það skipti sköpum fyrir landbúnaðinn að Ólafur Ragnar Grímsson undirritaði sem fjmrh. búvörusamninginn". Tilvitnun lýkur í Hauk Halldórsson, forustumann bændasamtakanna.

Ég held að hv. þm. Guðni Ágústsson ætti að kynna sér betur það sem hann fer með nema það sé þannig komið fyrir þeim manni sem nú situr í sæti Jóns Helgasonar, öðrum af mætum forustumönnum bændasamtakanna hjá Framsfl. á Suðurlandi, að örvæntingin sé slík að hann hirði ekkert um staðreyndir í málinu.

Ég ætla ekkert að verja löngum tíma hér til þess að ræða þetta. Ég tel þetta satt að segja svo ódrengilegt og ómaklegt að það taki því ekki að vera að ræða það. En ég veit að hv. þm. Jón Helgason er örugglega reiðubúinn að bera vitni um það hvernig ég brást við þegar ég tók við fjármálaráðherraembættinu gagnvart bændasamtökunum og hagsmunasamtökum bænda þegar hagsmunamál bænda höfðu lent í slíkri óreiðu í tíð ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar þegar Jón Baldvin Hannibalsson var fjmrh. að það varð að gera sérstakt átak til þess að greiða úr þeirri óreiðu sem nam mörg hundruð millj. kr. sem leyst var úr fyrir áramótin 1988–1989 í góðri samvinnu við hv. þm. Jón Helgason og forustumenn bændasamtakanna á þeim tíma.

Það sem landbrh. Framsfl. í þeirri ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar tókst ekki í embætti landbrh. tókst honum hins vegar sem þingmanni og forustumanni bændasamtakanna í ágætri samvinnu við hinn nýja fjmrh. haustið 1988. Ég þekki hv. þm. Jón Helgason það vel að drengskap og virðingu fyrir sannleikanum að hann er örugglega reiðubúinn að segja hv. þm. Guðna Ágústssyni þá sögu.

Hv. þm. Guðni Ágústsson var ekki viðstaddur undirritun búvörusamningsins en þar flutti Haukur Halldórsson, forustumaður Stéttarsamtaka bænda, sérstakar þakkir til þáv. fjmrh., þess sem hér stendur, fyrir hlut hans í gerð búvörusamningsins og undirritun búvörusamningsins. Það var nefnilega þannig, hv. þm., að fjmrh. bar engin skylda til þess að undirrita eitt eða neitt varðandi búvörusamninginn. Málið lá þannig fyrir. Fjmrh. bar engin skylda til að undirrita eitt eða neitt verðandi búvörusamninginn. Það var forustumönnum bændasamtakanna kunnugt og þeir fóru þess vegna ekki fram á það að fjmrh. undirritaði eitt eða neitt varðandi búvörusamninginn. En það var sá sem hér stendur sem tók sjálfstæða ákvörðun, hafði sjálfur að því frumkvæði að mæta til undirritunarinnar og undirrita það — og nú bið ég þingmanninn að hlusta vel — undirrita það sem bændasamtökin sem samningsaðili höfðu gengið þannig frá að undirrita skyldi. Það var ekkert það skjal við undirritun búvörusamningsins sem farið var fram á að yrði undirritað sem ég undirritaði ekki. Þetta vita forustumenn bændasamtakanna og eru reiðubúnir að bera vitni um það hvar sem er og

hvenær sem er. Þess vegna er það í senn bæði ódrengilegt, óeðlilegt og á engan hátt í samræmi við sannleikann og efnisþætti máls að ætla nú að fara að gera eitthvað mikið mál úr því hér á Alþingi 1995, að fjmrh. Ólafur Ragnar Grímsson hafi ekki undirritað einhverja þætti búvörusamningsins sem aldrei var farið fram á að hann undirritaði.

Ég held að það væri nær fyrir hv. þm., sem ég hélt að hefði kannski meiri áhuga á að ráðast á Sjálfstfl. í komandi kosningabaráttu heldur en Alþb., að gera mál úr því bæði hér í þingsalnum og á Suðurlandi að það var eitt af fyrstu verkum núv. landbrh. og núv. fjmrh. — ég bið þingmanninn að hlusta og láta ekki hv. þm. Árna Johnsen trufla sig — að fara bæði í ræðustól hér á Alþingi og á Suðurlandi með þá staðreynd að það var eitt af fyrstu verkum núv. landbrh. og núv. fjmrh. að senda búvörusamninginn til ríkislögmanns til þess að fá álit á því hvort ríkisstjórn Davíðs Oddssonar, Halldór Blöndal hæstv. landbrh. og Friðrik Sophusson hæstv. fjmrh., gætu ekki rift búvörusamningnum í heild sinni. Hæstv. landbrh. Halldór Blöndal vildi nefnilega rifta búvörusamningnum í heild sinni, ég tala nú ekki um hæstv. fjmrh. Friðrik Sophusson og Alþfl.

Síðan kom álit ríkislögmanns og hvað stóð í því, hv. þm.? Að vegna undirritunar páv. fjmrh., Ólafs Ragnars Grímssonar, væri ekki hægt að rifta búvörusamningnum. Það getur hv. þm. lesið í greinargerð ríkislögmanns til hæstv. fjmrh., Friðriks Sophussonar. Og ég man ekki betur en hæstv. fjmrh., Friðrik Sophusson, hafi síðan borið mig sökum hér á Alþingi fyrir það, að mig minnir í formlegum umræðum en kann þó að hafa verið á öðrum vettvangi, að ég hafi undirritað búvörusamninginn sem fjmrh. Málið liggur nefnilega þannig, hv. þm., að núv. ríkisstjórn, Sjálfstfl. og Alþfl., vildu rifta búvörusamningnum í heild sinni og svipta bændasamtökin og bændastéttina í landinu öllum þeim réttindum og ákvæðum sem þau fengu í búvörusamningnum. Og það var aðeins eitt sem kom í veg fyrir það ætlunarverk núv. ríkisstjórnar, það var undirritun páv. fjmrh., Ólafs Ragnars Grímssonar.

Ég hélt satt að segja að Framsfl. ætlaði að vera í fylgd með okkur í þessari komandi kosningabaráttu, að ráðast á Sjálfstfl., að ráðast á Alþfl, en það er greinilegt að það er eitthvað annað sem er upp á teningnum hjá leiðtoga Framsfl. á Suðurlandi vegna þess að hann hefur notað þessa umræðu hér til þess að koma með ómaklegar, ódrengilegar og ósannar árásir á formann Alþb. Staðreyndin er nefnilega sú, hv. þm., að það var aðeins eitt atriði sem bjargaði hagsmunamálum bænda í búvörusamningnum í tíð þessarar ríkisstjórnar og það var undirritun fjmrh. Þess vegna væri nær að hv. þm. Guðni Ágústsson, ef hann vill meta einhvers hagsmuni bænda, væri álíka drengur og forustumaður bænda, Haukur Halldórsson, og bera sannleikanum vitni í þessu máli. Nú er hæstv. landbrh. búinn að berja í borðið og af hverju er það? Vegna þess að það er akkúrat þessi flötur á búvörusamningnum sem hæstv. landbrh. er illa við, hv. þm. Hann fagnaði auðvitað árásum hv. þm. Guðna Ágústssonar, eins og hann gerði hér fyrr í umræðunum. Og það var stórkostlegt að hæstv. landbrh., maðurinn sem vildi rifta öllum búvörusamningnum í bandalagi með Friðriki Sophussyni og bað ríkislögmann að finna leiðir fyrir sig um það hvernig væri hægt að rifta búvörusamningnum, er svo að segja í andsvari við ræðu Guðna Ágústssonar að auðvitað sé það alveg rétt hjá þingmanninum að það hafi eiginlega verið hið versta mál að það voru ekki fleiri undirritanir hjá fjmrh. á búvörusamningnum.

Hvílíkur tvískinnungur hjá hæstv. landbrh. Hvílíkur tvískinnungur. Hæstv. landbrh. Halldór Blöndal vildi eyðileggja búvörusamninginn enda töluðu margir frambjóðendur Sjálfstfl. í síðustu þingkosningum gegn búvörusamningnum. Hv. þm. Egill Jónsson talaði gegn búvörusamningnum. Hv. þm. Pálmi Jónsson talaði gegn búvörusamningnum. Ég veit ekki hvað hæstv. ráðherra Halldór Blöndal gerði í Norðurl. e. (**Landbrh.:** Hvað gerði ég annars staðar?) Ja, ég fylgdist nú ekki svo mikið með kosningabaráttu hv. þm. þá. Það var áður en hann tók persónuleikabreytingu við það að setjast í ráðherrastól þannig að ég satt að segja hafði ekki mikinn áhuga á málflutningi þingmannsins eftir að hafa setið undir ræðum hans í stjórnarandstöðu í efri deild á kjörtímabilinu þar á undan.

Nei, hv. þm. Guðni Ágústsson, við skulum frekar sameinast um það að skamma núv. ríkisstjórn fyrir það sem sannað er í greinargerð ríkislögmanns, að það var núv. ríkisstjórn sem ætlaði að framkvæma einhverja stærstu atlögu að bændastéttinni sem fyrirhuguð hefur verið og skipulögð hefur verið með því að rifta búvörusamningnum með fjmrh. Friðrik Sophusson og frjálshyggjuliðið í Sjálfstfl. í fararbroddi og með aftanívagn, hæstv. landbrh., sem þá var reiðubúinn að ganga í þá för þó honum hafi kannski vaxið manndómur síðar á kjörtímabilinu til að rísa upp gegn ætlunarverkum þess liðs. En sem nýgræðingur í ráðherrastól 1991 var hann reiðubúinn að hanga aftan í frjálshyggjuvagninum í Sjálfstfl. og fá ríkislögmann til að gefa út úrskurð um það að búvörusamningurinn væri ónýtur.

[15:08]

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér verður það alltaf áhyggjuefni þegar ég sé hv. þm. Ólaf Ragnar Grímsson svona sáran og viðkvæman og dapran og ég sé, því miður, að Alþb. er að þrengja að þessu karlmenni í pólitík. Það er búið að hengja einhvern dall aftan í Alþb. með óháðum sem kannski „bekenna“ ekki að þessi gamli framsóknarmaður eigi þar samleið. En það var nú önnur saga.

Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson var ekki hér í morgun. Hann veit ekkert hvað hann er að tala um. Hann er að bera upp á mig rangar sakir. Ég skammaði ríkisstjórnina hiklaust fyrir hvernig hún hefði farið með búvörusamninginn. Ég var í sjálfu sér ekki að gera annað hér. Ég sagði, hv. þm., að það væri óeðlilegt að þessi skýrsla sem Alþb. bað um, að þeir menn sem stóðu í forsvari, annar fjmrh. og hinn landbrh. á þeim tíma, væru ekki hér. Ég gerði kröfu um að þeir yrðu hér í þinginu. Ég vakti að vísu athygli á því að í búvörusamningnum, þegar kæmi að bókununum, sem

hefðu kannski verið agnið sem gerði það að menn skrifuðu undir, vantaði undirskrift hæstv. fyrrv. fjmrh., Ólafs Ragnars Grímssonar. Nú hefur hv. þm. staðfest það að hann var aldrei beðinn að skrifa undir. En hins vegar sagði ég jafnframt að ég væri sannfærður um að ef Framsfl. og Alþb. hefðu náð þeirri gæfu að sitja í ríkisstjórn áfram og hefðu stýrt fleyinu síðustu fjögur ár þá hefðu þeir miðað við nýjar aðstæður í markaðsmálum landbúnaðarins endurskoðað búvörusamninginn, minnkað fjötrana sem í honum voru til þess að gefa mönnum tækifæri til að nálgast þessa nýju markaði. Fyrir utan hitt að ég er sannfærður um að ef þessir tveir flokkar hefðu verið saman þá hefði atvinnustefnan í landinu verið öðruvísi og þá hefði búvörusamningurinn kannski fremur náð því markmiði sem honum var ætlað. En að ég hafi hér verið með árásir í þá veru sem hv. þm. var að lýsa er ekki rétt.

[15:11]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég met þessa ræðu sem hv. þm. flutti hér og ætla í sjálfu sér ekki að hafa neina eftirmála af þessu máli. Ég tel að það sé upplýst og skýrt og liggi ljóst fyrir. Ég er þingmanninum alveg sammála um að það hefði öðruvísi verið haldið á framkvæmd þessa máls ef við hefðum setið áfram við stjórnvölinn, ég tala ekki um ef við hefðum verið einir. Auðvitað var það vandamál að vera með Alþfl. í öllu þessu verki. Það er dálítið fróðlegt, bæði fyrir áhugamenn um stjórnmál og aðra, að fletta upp í yfirlýsingum formanns Alþfl. þegar við vorum að gera búvörusamninginn á sínum tíma. Það var nú einmitt þetta nýja bandalag Jóns Sigurðssonar, þáv. viðskrh., fjmrh. Friðriks Sophussonar, utanrrh. Jóns Baldvins Hannibalssonar sem varð til þess að það varð eitt af fyrstu verkum núv. ríkisstjórnar að reyna að ónýta búvörusamninginn. Það ætlunarverk gekk hins vegar ekki upp eins og ég hef upplýst vegna þess að ríkislögmaður úrskurðaði að nafn þáv. fjmrh. á samningnum gerði það að verkum að það væri ekki hægt.

Ég er alveg sannfærður um það að þingið hefði ekki þurft að eyða svona miklu af sínum dýrmæta tíma í deilur ef okkar stefna hefði fengið að ráða þessu áfram og landbúnaðurinn hefði haft meiri og betri möguleika til þess að sækja inn á nýja markaði. Það er auðvitað þannig að í veröldinni þar sem menn biðja um holl og heilbrigð matvæli og barátta gegn mengun er orðið eitt af höfuðviðfangsefnum þjóða um víða veröld á íslensk matvælaframleiðsla, hvort heldur er af landi eða úr sjó, mikla möguleika til þess að færa þjóðinni aukinn auð.

[15:13]

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Nú kunni ég betur við svipinn á hv. þm. Það var glaðara yfir honum og sársaukinn var að mestu horfinn.

Ég sagði að vísu í morgun það eitt um fyrrv. landbrh., Steingrím J. Sigfússon, að hann hefði verið ráðherrann sem gafst upp. Bændasamtökin gáfust kannski líka upp. Við stóðum að þessum búvörusamningi en það sem ég er að velta fyrir mér og alltaf að reyna að vekja athygli á eru þessi fjögur glötuðu ár með nýjum tækifærum sem er svo sorglegt að við skulum hafa misst af, að eiga ekki landbrh. í þeirri stöðu. Mín ræða hér í morgun var söknuður yfir því að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson skyldi ekki vera hér og ég sakna þess enn að hv. þm. og fyrrv. landbrh. Steingrímur Sigfússon skuli bjóða þinginu upp á það að vera fjarri við þessa umræðu, skuli ekki hafa farið fram á frestun á umræðunni svo að hann gæti verið hér viðstaddur.

[15:14]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er misskilningur hjá hv. þm. að þáv. landbrh. Steingrímur J. Sigfússon og forustumenn bændasamtakanna hafi eitthvað gefist upp við gerð búvörusamningsins. Ég tel þvert á móti að búvörusamningurinn beri vitni um kraft, stórhug og áræði bæði forustumanna bænda og þáv. landbrh. til þess að flytja þessi mál inn á eðlilegan farveg og færa landbúnaðinum ákveðið skjól á þeim erfiðu tímum sem allir sáu að voru fram undan. Ég fullyrði það við hv. þm. að ef núv. ríkisstjórn hefði komið að þessum málum án búvörusamningsins og farið í gegnum þá umbrotatíma sem verið hafa á liðnum fjórum árum þá stæði landbúnaðurinn á Íslandi enn verr ef hann hefði ekki haft þetta skjól sem forustumenn Alþb., Framsfl. og forustumenn bændasamtakanna smíðuðu landbúnaðinum í búvörusamningnum, þann skjólgarð sem núv. hæstv. landbrh. vildi rífa á fyrstu mánuðum sínum í embætti. (**GÁ:** Tek undir þetta.)

[15:16]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég átta mig ekki á því hvað hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni gengur til þegar hann heldur því fram fullum fetum að ég hafi ekki viljað standa við búvörusamninginn. Ég hélt að ég hefði sagt það bæði fyrir síðustu kosningar og eftir, einnig eftir að ég kom í sæti landbrh. að við hann vildi ég standa þannig að þetta er eitthvert misminni. Hitt er rétt að þannig var frá honum gengið bæði af ríkisstjórn og með öðrum hætti að þá var talið tryggara að fá um það úrskurð ríkislögmanns hver væri staða samningsins til þess að hægt væri að fylgja honum eftir og standa við hann. Þannig var það mál vaxið.

Ég vil líka segja að það kemur mér pínulítið á óvart ef samningurinn var gerður með því hugarfari af hv. þm. og er kannski skýring á því að hann kaus að skrifa ekki undir hann allan að hann hafði hugsað sér að taka upp útflutningsbætur þegar eftir kosningarnar eins og hann gaf í skyn hér áðan þegar hann sagði að ef hann hefði áfram verið fjmrh. þá væri annað ástand á markaðsmálum landbúnaðarins og gaf fyllilega í skyn að þá hefði komið til fjárveiting úr ríkissjóði til þess að stuðla áfram að útflutningi á dilkakjöti. Nú má vel vera að það sé rétt hjá hv. þm. að það hafi fyrir honum vakað með því að skrifa ekki undir samninginn að hann hafi viljað halda útflutningsbótum áfram og má þá segja að það sé rétt og gott að það komi fram þó seint

sé nú við þessar umræður.

[15:17]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það sýnir nú best hve hæstv. landbrh. telur sig hafa veikan málstað að verja að hann skuli telja sig þurfa að grípa til útúrsnúninga af því tagi sem fram komu í ræðu hans áðan. Það er staðreynd, hæstv. landbrh., enda hefur hæstv. fjmrh. staðfest það að ástæðan fyrir því að ríkisstjórnin skrifaði ríkislögmanni til þess að óska eftir því hvort könnun færi fram á því hvort ekki væri hægt að rifta búvörusamningnum var sú ætlun ráðandi afla í ríkisstjórninni að rifta honum. Það þýðir ekkert fyrir aðstoðarmann landbrh. að sitja hér í hliðarherbergi og hrista hausinn yfir því eða fyrir landbrh. að berja í borðið. Þetta liggur bara fyrir og fjmrh. hefur ekkert verið að liggja á þessu. Það þurfti ekkert að kanna stöðu samningsins sérstaklega hjá ríkislögmanni. Samningurinn var allur með hefðbundnum hætti. Það láta engir menn kanna það hvort samningur er gildur nema þeir sem ætla að rifta honum, það vita nú allir bara af mannlegu atferli. Þeir sem eru ánægðir með samninginn og ætla sér að fara eftir honum fara ekki að hringja í lögfræðinga og kanna hvort þetta sé í lagi. Hver var að heimta að ónýta samninginn? Ekki bændasamtökin, ekki fyrrv. ríkisstjórn, ekki verkalýðshreyfingin. Það var bara einn aðili sem hafði heimtað það opinberlega og það var Alþfl. og frjálshyggjuliðið í Sjálfstfl. og þess vegna var könnunin gerð til að vita hvort það væri ekki hægt að framkvæma þann vilja frjálshyggjuliðsins í Sjálfstfl. og Alþfl. í nafni ríkisstjórnarinnar allrar að rifta búvörusamningnum.

Útúrsnúningur hv. þm. úr orðum mínum um markaðsmál landbúnaðarins er auðvitað fullkomlega út í hött. Hæstv. landbrh. veit það væntanlega og ef hann veit það ekki þá er hann nú satt að segja ansi blár í þessu öllu saman blessaður að það er hægt að stunda útflutning á landbúnaðarafurðum frá Íslandi án útflutningsuppbóta.

[15:20]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kom tvennt fram hjá hv. þm. Annað var það að hann er enn þeirrar skoðunar að ekki sé rétt að taka upp útflutningsuppbætur á nýjan leik eins og ég skildi hv. þm. Ég vona að það sé ekki útúrsnúningur, hann leiðréttir þá.

En það kom líka fram hjá hv. þm. að hann hafði mistalað sig þegar hann talaði um að ég hefði ekki viljað standa við búvörusamninginn. Ég vildi standa við hann. Ég taldi nauðsynlegt að fyrir lægi skýrlega hvaða stöðu ég hefði gagnvart búvörusamningnum og hann væri kannaður sérstaklega. Hitt er svo annað mál og ekki gefst tími til þess hér í andsvari að fara yfir það með hv. þm. hvers vegna orðalagið er svo mismunandi í einstökum greinum samningsins. Það er auðvitað vegna þess að hann er háll í ýmsum atriðum og ástæðan fyrir því er sú að síðasta ríkisstjórn stóð ekki heil að samningnum. Og þegar hv. þm. er að tala um þá nafnana Jón Sigurðsson og Jón Baldvin Hannibalsson, hvernig þeir hafa verið eftir stjórnarskiptin 1991, þá er hann auðvitað að tala um reynslu sína af þeim fyrir kosningarnar og hvernig þeir töluðu þá um búvörusamninginn. Ég held að þetta liggi alveg ljóst fyrir.

Ég skal ekki hafa þessi orð fleiri. Eins og kom fram í seinni ræðu hv. þm. þá var hann ekki að skírskota til mín og það liggur alveg ljóst fyrir að þegar ég settist í sæti landbrh. gaf ég þá yfirlýsingu og hef staðið við hana að ég vilji standa við búvörusamninginn og tel hann gildan. Það er kjarni málsins.

[15:22]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það fer enginn fjmrh. að óska formlega eftir álitsgerð ríkislögmanns um gildi samnings sem fjmrh. hefur undirritað ef sá ráðherra sem undirritaði hann með honum og er áfram í embætti landbrh. er andvígur því. Hæstv. landbrh. hafði það algerlega í hendi sér, vilja til þess að stöðva það að ríkisstjórnin legði af stað í þennan leiðangur að reyna að ónýta búvörusamninginn. (**Landbrh.**: Af hverju átti ég að stöðva það? Var ekki samningurinn skýr?) Vegna þess að það var búið að undirrita samninginn af tveimur ráðherrum og þetta er eini samningurinn sem ráðherrar í núverandi ríkisstjórn hafa ritað til ríkislögmanns um hvort ekki væri hægt að ónýta eða hvaða gildi hefði. Ef málflutningur ráðherrans er eingöngu á þann veg, enda sést náttúrlega hvað ráðherrann er órór hérna í salnum, ef málflutningur ráðherrans er á þann veg að þetta hafi bara verið akademísk æfing til að vita um gildi samningsins svona almennt og yfir höfuð, þá er auðvitað fullt af samningum bæði í fjmrn., landbrn. og öðrum ráðuneytum sem hefði mátt senda til embættis ríkislögmanns til þess að vita hvort þau væru í gildi svona almennt séð, en auðvitað var það ekki þannig. Þetta var eini samningurinn sem sendur var til ríkislögmanns (**Landbrh.**: Það er ósatt.) Hvaða aðrir samningar voru sendir til ríkislögmanns, til að kanna það hvort það væri ekki hægt að ónýta þá? (**Landbrh.**: Það var um kaup á tveim ...) Og þess vegna er það auðvitað alveg ljóst að málið liggur þannig, enda sjá menn bara viðkvæmni ráðherrans hér í salnum þegar þetta er dregið hér upp, ferill Sjálfstfl. gagnvart þessu máli, varaformanns Sjálfstfl. Friðriks Sophussonar í embætti fjmrh.

Varðandi útflutningsbæturnar, þá ætla ég ekkert að endurtaka það sem ég sagði hér áðan. Það er illa komið fyrir landbrh. á Íslandi ef hann gerir sér ekki grein fyrir því að íslenskur landbúnaður á mikla útflutningsmöguleika án útflutningsuppbóta.

[15:24]

Jóhann Ársælsson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Það hefur ítrekað kom fram við þessa umræðu að menn sakna fyrrv. landbrh. við hana og ég tel út af fyrir sig að það sé óheppilegt að hún fari fram án þess að hann sé hér til staðar. Mér finnst eftir að þessi krafa hefur verið ítrekuð og út á þetta sett og eftir að hv. 3. þm. Norðurl. v., formaður þingflokks Alþb., fór fram á það að umræðunni yrði frestað þannig að hæstv. fyrrv. landbrh. gæti verið við hana,

þá sé full ástæða til þess að hæstv. forseti taki málið til skoðunar og fresti þessari umræðu þannig að menn gætu lokið við hana og haft hæstv. fyrrv. landbrh. hér til svara.

Forseti (Pálmi Jónsson):

Forseti vill geta þess það er alllangt síðan þessi umræða var ákveðin af forsætisnefnd. Sú ákvörðun var tilkynnt fulltrúum allra flokka á hv. Alþingi og ekki komu athugasemdir fram. Hv. 4. þm. Norðurl. e., fyrrv. hæstv. landbrh., vissi um þetta eins og aðrir og honum ber að vera hér á fundi eins og öðrum hv. þingmönnum. Kjósi hann að sinna öðrum störfum sem honum kann að vera sjálfrátt, þá er það hans mál, en það hefur verið tekin um það ákvörðun að ljúka þessari umræðu í dag.

[15:26]

Jóhann Ársælsson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Mér þykir menn ganga býsna hart fram í því að ljúka þessari umræðu í dag. Ég tel að það hefði verið full ástæða til þess að fresta henni. Þó svo það hafi legið fyrir um nokkurn tíma að þessi umræða ætti að fara fram í dag þá lá það ekki fyrir að menn söknuðu svo sárt hæstv. fyrrv. landbrh. sem fram hefur komið og ég hefði talið að þó menn sem ættu eftir að tala vikju kannski ræðum sínum hér, þá væri kannski ekki stórhættulegt þó að þessi umræða yrði sett af stað aftur svo að þeir þingmen sem sárast hafa saknað hæstv. fyrrv. landbrh. fái þá a.m.k. að tala við hann um þetta mál. En ég heyri hvað hæstv. forseti hefur hér sagt. (**GÁ:** Hvar er þingmaðurinn?) Ég hef ekki upplýsingar um það hvar hv. þm. er staddur núna, en hv. 3. þm. Norðurl. v. sagði í morgun að hann hefði tjáð sér að hann ætti enga möguleika á að vera hér staddur í dag og þætti það mjög miður.

[15:27]

Páll Pétursson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég tel að úrskurður herra forseta sé eftir atvikum réttur. Ekki það að ekki megi tala um landbúnaðarmál við hv. 4. þm. Norðurl. e., Steingrím J. Sigfússon. En ég vek atygli á því að hann er ekki með fjarvist í dag og það finnst mér skipta verulegu máli. Hann hefur ekki beðið um fjarvistarleyfi og hann sinnir ekki þingskyldum sínum á þessum degi og þess vegna finnst mér tæplega efni til þess að rökstyðja þá kröfu sem hér hefur komið fram frá Alþb.

[15:28]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það hafa þegar orðið allmiklar umræður af tilefni þeirrar skýrslu sem hér er rædd og það er sannarlega mjög góðra gjalda vert því að það er mikil þörf á því að ræða stöðu landbúnaðarins á grundvelli þess samnings sem gerður var 1991 og mjög eðlilegt að inn í þær umræður fléttist ýmislegt sem tengist framtíðinni því að það er auðvitað þangað sem við þurfum að horfa meira en til fortíðar þó að af henni beri að reyna að læra.

Ástæðan fyrir beiðni þingflokks Alþb. um skýrslu er einmitt tilkomin af því að við töldum rétt og æskilegt að fá svör varðandi búvörusamninginn sem enn er í gildi og starfa ætti eftir samkvæmt honum að landbúnaðarmálum að því er varða samskipti ríkisins og bændastéttarinnar. Ég tel að hæstv. landbrh. hafi reitt hér fram málsgagn sem verulegt gagn sé að að fá í hendur til þess að styðjast við m.a. varðandi umræðu um framtíðaraðgerðir í framhaldi af þessum samningi og vegna hugsanlegra breytinga sem verið er að tæpa á að rétt væri að gera á samningnum. Ég tel að hæstv. landbrh. hafi látið vinna þetta mál með mjög eðlilegum hætti að fela framkvæmdanefnd búvörusamninga þar sem sæti eiga fulltrúar Stéttarsambands bænda og fulltrúi fjmrn. og landbrn. að vinna þessa skýrslu og það sé staðið að því með hlutlægum hætti og kannski að mörgu leyti betri en oft og tíðum gerist varðandi svör við skýrslubeiðnum af þessum toga. Hér er í raun inni ekkert verið að draga fjöður yfir það sem aflaga hefur farið í framkvæmd búvörusamningsins eða þau ákvæði sem ekki hefur verið staðið við þó að þar megi vafalaust finna eitthvað ef vel er leitað og lengi megi spyrja og leita fyllri upplýsinga um einstök atriði, þá hefur þessi skýrsla þá kosti að það er hægt að byggja á henni einnig við leit að frekari upplýsingum. Ég held að það sé fyrir alla aðila mjög gagnlegt, fyrir okkur hér á Alþingi og fyrir aðila að búvörusamningnum, að fá þetta mál fram hér með þessum hætti og fá það rætt.

Ég tel líka að sú umræða sem hér hefur orðið um málið hafi verið efnisleg í mörgum greinum þó að eðlilega hafi kastað hér í kekki milli manna og mér finnst það fyrst og fremst vera einn hv. þm. sem hefur skorið sig úr í þessum efnum með ótrúlega ómálefnalegu framlagi til umræðunnar, fullyrðingum og öðru sem hann hefur nú dregið til baka og á ég þar við hv. þm. Guðna Ágústsson sem fór hér mikinn í umræðunni fyrr, en var síðan eins og umskiptingur þegar til andsvara var fjmrh., sem hann réðist á af mikilli hörku í umræðunni áður, fyrrv. hæstv. fjmrh., nú óbreyttur þingmaður, Ólafur Ragnar Grímsson, formaður Alþb. Ég tel að burt séð frá þessu þá hafi margt komið fram sem að gagni megi verða.

Það er svo að íslenskur landbúnaður á í vök að verjast, hefur átt það um allnokkurt skeið og það eru miklar ástæður til þess að hafa áhyggjur af stöðunni eins og hún er nú, eins og þróunin hefur verið í einstökum greinum, sérstaklega í sauðfjárrækt á undanförnum árum en einnig litið til framtíðar vegna þeirra mjög svo breyttu aðstæðna sem við landbúnaðinum blasa vegna alþjóðlegra samninga sem Alþingi hefur fjallað um og staðfest og stjórnvöld hafa áður gert og lagt fyrir þingið. Þar á ég við EES-samninginn sem andstætt því sem fullyrt var í fyrstu grípur inn á ýmsa þætti landbúnaðar og kemur þar mjög við einstakar greinar, t.d. í sambandi við gróðurhúsaafurðir og innflutning sem tengist þeirri framleiðslu svo dæmi sé tekið. En þó enn frekar og miklu frekar sá stóri samningur sem var samþykktur af flestum á þingi 30. des. sl., það er þál. um þann samning, þ.e. GATT-samningurinn á grundvelli Úrúgvæ-viðræðnanna, Úrúgvæ-lotunnar sem gjörbreytir stöðu íslensks landbúnaðar frá því sem verið hefur og hlýtur auðvitað að vera eitt af því sem og kannski það sem öðru fremur ætti að horfa til hvernig menn

ætla að taka á en núv. hæstv. ríkisstjórn hefur ekki staðið skil á því hvernig hún vilji eða ætli og telji rétt að bregðast við þeim samningi í einstökum atriðum með útfærslu á grundvelli lagabreytinga og öðru því sem málinu tengist. Þetta er í rauninni sú nýja blika sem er á lofti varðandi aðstæður fyrir íslenskan landbúnað. Það viðurkenna allir að það er verið að tefla í mikla tvísýnu aðstöðu þessarar atvinnugreinar og þess fólks sem hana stundar á kostnað annarra atvinnugreina og annarra hagsmuna sem menn meta að samanlagt réttlæti að ganga til samnings.

Ég var í hópi þeirra sem sátu hjá við afgreiðslu þessa máls og taldi ekki rétt að gerast ábekingur þessarar þáltill. sem hæstv. utanrrh. bar fram og færði fyrir því rök í máli á Alþingi. Ég tel í rauninni að það væri mikil þörf á því að fara yfir þetta mál áður en gengið verður til kosninga og auðvitað ber ríkisstjórninni skylda til þess, raunverulega siðferðileg skylda, að færa fram sína stefnu til lykta í sambandi við þetta stóra mál með því að leggja hér fyrir þingið lagabreytingar, tillögur að lagabreytingum, og reyna að koma þeim í höfn til þess að standa skil á þeirri stefnu sem hún hefur keyrt fram hér og ber fulla ábyrgð á að því er varðar þennan stóra alþjóðlega samning. Ég tel það í rauninni með miklum fádæmum að þeir þingmenn sem standa að þessum samningi skuli láta það vera meginhuggun sína að ná fram þeirri breytingu sem vissulega var efnisleg og skiptir máli, ég neita því ekki, að forræði í sambandi við þennan samning verði öðru fremur á hendi landbrh. í framtíðinni. En efnislega skiptir það ekki miklu í sambandi við þá gífurlega stóru breytingu sem hér er verið að innleiða fyrir íslenskan landbúnað og um leið fyrir íslenskan þjóðarbúskap að því er varðar þennan samning. Ég tel að fyrst ríkisstjórnin ekki treystir sér til þess að leggja hér útfærð lagafrv. og sýna hvernig hún vildi útfæra þetta mál þá hafi hún ekki átt neina heimtingu á því að Alþingi færi að taka á þessu máli í því formi sem gert var rétt fyrir áramótin. Það er m.a. á grundvelli þess sem ég rökstuddi það að vera ekki aðili að þessu burt séð frá því að ég met það svo að þessi stóri alþjóðlegi samningur sé óvænlegur í mörgum greinum litið til frambúðar, þar á meðal varðandi umhverfismál heimsins og aðstæður þeirra sem búa utan hinna stóru þéttbýlu svæða sem telja sig í bili fá efnahagslega uppskeru af þessum samningi og því opna kerfi sem þar er verið að innleiða.

Ég ætla, virðulegur forseti, ekki að fjalla frekar um það en taldi þörf á að minna á þetta stóra mál sem hér kemur inn á svið þessa búvörusamnings, inn á gildistíma hans, nánast inn á miðjum gildistíma þessa samnings, og gjörbreytir forsendum sem fyrir lágu þegar þessi samningur var gerður. Það er satt að segja ekki vel að verki staðið af hálfu hæstv. ríkisstjórnar að ætla sér ekki annað en að fá hina almennu blessun og verða við kröfu Alþfl. og formanns Alþfl. og hæstv. utanrrh. um þetta efni. Þar hefði ég viljað sjá hæstv. landbrh. standa öðruvísi að málum, standa betur í ístaðinu að því er það snertir.

Ef litið er yfir liðna tíð í sambandi við landbúnaðarmál og menn hafa eðlilega dvalið talsvert við liðinn tíma þá er það svo að margt hefur verið mislagt og það hefur mjög skort á það af okkar hálfu og það er ekki rétt fyrir mig frekar en aðra að skorast undan ábyrgð í þeim efnum en það hefur mjög skort á að menn næðu að bera fram og sameinast um útlínur, þó ekki væri annað en meginlínur í stefnumörkun varðandi þróun íslensks landbúnaðar. Og við gjöldum þess í dag að það verk var ekki unnið, það verk var ekki unnið þegar miklar breytingar urðu á markaðsstöðunni innan lands og þar urðu vissulega veruleg þáttaskil nálægt árinu 1980. Það kerfi sem farið var að innleiða hér 1979 á þeim tíma sem fyrrv. formaður Framsfl., hv. þm. og áður ráðherra, Steingrímur Hermannsson, fór með landbúnaðarmál að vísu ekki um langa hríð, þá var tekið upp þetta búmarkskerfi sem átti að verða haldreipi um skeið. En síðan eru gerðar á því breytingar á árunum sem á eftir fóru og gífurlegt óvissutímabil og síðan innleitt það kerfi fullvirðisréttar árið 1985 byggt á stöðu manna á undangengnum fáum árum. Ég held að það hafi sjaldan verið gengið í rauninni á jafnóhreinum forsendum fram gagnvart fjölda manna og gerðist gagnvart bændum landsins á þessum tíma þegar verið var að, ég leyfi mér að segja, sullast á mjög óljósum forsendum í sambandi við skömmtun á framleiðsluréttí bænda á einstökum jörðum og landinu í heild samanlagt eins og gerðist á þessum tíma. Sárin eftir þessi vinnubrögð eru enn þá opin víða í sveitum landsins. Það er satt að segja mjög merkilegt að ekki skuli hafa verið farið í dómsmál í meira mæli en raun ber vitni út af þeirri málsmeðferð sem stjórnvöld létu sér sæma að standa að á þessum árum.

Ég ætla hins vegar ekki að hefja neinar persónulegar árásir á einstaklinga sem réðu málum á þessum tíma eða fóru með mál, við eigum að reyna að nota skoðun þessara mála til að læra fyrir framtíðina. Þá er um að ræða framtíð sem er óöruggari og ótraustari vegna GATT-samningsins m.a. og ekki síst en verið hefur um langt skeið og hefur þó óvissan verið ærin í sambandi við málefni landbúnaðarins. Það er líka ástæða til þess vegna þess að auðvitað eru menn að horfa á vaxtarmöguleika annarra greina nú sem fyrr fyrir sveitafólk að menn hafi í huga að mörgu leyti mjög misheppnaðar tilraunir til að skjóta fótum undir nýjar búgreinar og hvernig á var haldið. Þar hef ég m.a. í huga loðdýrarækt og fiskeldi sem var mjög eðlilegt að menn festu augun á og reyndu að færast í fang og að líta til sóknar í sveitum landsins þar sem mönnum urðu mjög mislagðar hendur fullyrði ég vegna stjórnvaldsaðgerða, bæði vegna þess sem gert var og ekki var gert í þessum efnum og af því þurfum við sannarlega að læra. Ég er alveg viss um að í báðum þessum stóru greinum felast möguleikar og það er að sýna sig nú að í loðdýraræktinni, sem fór jafnilla og raun ber vitni, er fólk sem heldur velli þrátt fyrir allt og sama er að gerast í fiskeldi. En þarna urðu þau heljarstökk í fjárfestingu sem raun ber vitni um. Menn gættu ekki að sér og fjöldi manna fór að færast í fang á óvissum forsendum og sumpart mjög hvattir til þess af hinu opinbera að fara út í slíka framleiðslu, slíkar greinar.

Ég sé það, virðulegur forseti, að það er ekki tími til þess af minni hálfu að fara hér yfir í einstök atriði í skýrslunni sem varðar það sem ekki hefur verið staðið við. Yfir þau efni fór hv. þm. Ragnar Arnalds. Ég ætla aðeins í lokinn að beina einni fyrirspurn til hæstv. landbrh. áður en ég vík úr stólnum — vona að ég fái ráðrúm til þess — sem varðar viðauka II í búvörusamningnum um kaup á jarðnæði eins og þar var heitið. Ég bar fram fyrirspurn til hæstv. ráðherra á þingi um það hvers vegna ekki hefði verið staðið að jarðakaupum á grundvelli umsókna sem þó komu og þær voru fáar. En ráðherrann svaraði því til að það hefði ekki verið metið rétt. Ég hef ekki sannfærst um að þar hafi verið rétt að máli staðið og ég bið hæstv. ráðherra um frekari skýringar á því að ekki varð þó orðið við þeim fáu umsóknum sem komu um óskir og ég met að hafi í raun verið gildar eins og þær lágu fyrir.

Útbýting þingskjala:

Bjargráðasjóður, 371. mál, stjfrv., þskj. 600.

Lánasjóður sveitarfélaga, 370. mál, stjfrv., þskj. 599.

[15:44]

Árni Johnsen:

Virðulegi forseti. Það er sérstætt í þessari umræðu um búvörusamninginn og framkvæmd búvörusamnings hvernig alþýðubandalagsmenn hafa vaðið fram með neyðaróp og gert þessa umræðu að ákalli um hjálp í komandi kosningabaráttu. Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson hrópaði hástöfum á hjálp frá hv. þm. Guðna Ágústssonar og annarra framsóknarmanna en í kjölfarið kemur hv. þm. Hjörleifur Guttormsson og ræðst á Guðna Ágústsson og kallar hann umskipting. Það er mikið fjaðrafok í Alþb. um þessar mundir. Það hefur verið sérkennilegt í þessari umræðu að hlusta á formann Alþb. gefa út stórar yfirlýsingar sem þó eru löngu fjaraðar út því hv. þm. er uppurinn af digrum yfirlýsingum sínum og málefnafátækt hans er slík að hann hrópar í sífellu til fortíðarinnar en reynir að búa til nýja sögu öndvert við gang mála eins og kom hér fram í umræðunni fyrr.

Í Sneglu-Halla þætti greinir frá því þar sem Þjóðólfur og Sneglu-Halli deila fyrir Haraldi Sigurðarsyni konungi. Haraldur Sigurðarson konungur var elskur að Íslendingum og gaf marga góða hluti til Íslands, m.a. klukku góða til Þingvalla. Í Sneglu-Halla þætti víkur að því þar þeir deila Halli og Þjóðólfur að Halli segir, með leyfi herra forseti:

„Það hygg ég að Þorljótur héti faðir Þjóðólfs. Hann bjó í Svarfaðardal á Íslandi og var hann fátækur mjög en átti fjölda barna. En það er siður á Íslandi á haustum að bændur þinga til fátækra manna og var þá engi fyrri til nefndur en Þorljótur faðir Þjóðólfs og einn bóndi var svo stórlyndur að hann gaf honum sumargamlan kálf. Síðan sækir hann kálfinn og hafði á taum og var lykkja á enda taumsins. Og er hann kemur heim að túngarði sínum hefur hann kálfinn upp á garðinn og var furðulega hár garðurinn en þó var hærra fyrir innan því þar hafði verið grafið torf til garðsins. Síðan fer hann inn yfir garðinn en kálfurinn veltur út af garðinum. En lykkjan er á var taumsendanum brást um háls honum Þorljóti og kenndi hann ei niður fótum. Hékk nú sínumegin hvor og voru dauðir báðir er til var komið. Drógu börnin heim kálfinn og gerðu til matar og hygg ég að Þjóðólfur hefði óskert sinn hlut af honum." Sem sagt föðurbana sínum.

Nú er því í mörgu þannig farið fyrir stöðu Alþb. og ekki síst í þessari umræðu um landbúnaðarmál að fátæktin er mikil og á það að því leytinu til við líkingu þessarar sögu. Það sem hefur kannski verið sérkennilegast í samskiptum Alþb. og Framsfl. í gegnum tíðina er að þessi tvö stjórnmálaöfl hafa keppst við að hengja hvort annað þegar færi hefur gefist. Þannig fór því einnig í málflutning hér fyrr í dag þegar formaður Alþb. hrópaði á hjálp til framsóknarmanna en hv. þm. Hjörleifur Guttormsson kallaði þá umskiptinga, a.m.k. hv. þm. Guðna Ágústsson og vil ég nú taka upp *hanskann fyrir félaga minn á Suðurlandi.*

Það segir kannski líka svolítið um stöðu Alþb. og óróann þar sem kemur fram hér í dag, sem er mjög sérstæður í þessari umræðu, að formaður flokksins skuli í síbylju kalla á hjálp annarra flokka til að ráðast á Sjálfstfl. Kannski er eitt atriðið í þeirri taugaveiklun einmitt tengt hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni, að það trufli eitthvað formann hans því Hjörleifi hefur nú tekist það á Austurlandi sem hvorki Sjálfstfl. né Framsfl. hefur tekist, þ.e. að knésetja Alþb.

En mér þótti ástæða til að segja nokkur orð um þessa stöðu því mér fannst það sérkennilegt hvernig alþýðubandalagsmenn nota þessa umræðu til ákalls um hjálp og aftur hjálp í komandi kosningabaráttu.

[15:51]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Þessar umræður hafa farið mjög víða og verið mjög gagnlegar og mörg atriði komið fram sem vert er að athuga betur og íhuga. Ég vil fyrst segja það að ég hafði örlítið gaman af því áðan þegar hv. þm. Jón Helgason sagði að ég hefði kallað sunnlenska bændur framsóknarhunda. Má kannski rétt vera að maður hafi brugðið á glens. Þegar sagt er við mann að maður sé frjálshyggjudraugur þá vill svo til að í stuðla stendur framsóknarhundur. Veit ég nú ekki hvort er fallegra orð, að vera frjálshyggjudraugur eða framsóknarhundur. Má kannski segja að það sé svona svipaður munur á því eins og mér og hv. þm. Jóni Helgasyni. Verður nú hvor að una við sitt í þeim efnum. Þetta var nú í gamni sagt eins og allir vita. (**Gripið fram í:** Ertu þá frjálshyggjudraugur?) Það vilja nú sumir segja að ég sé frjálshyggjudraugur, já. Það er nú svo og þykir mér ekki alls kostar illt að vera kenndur við frjálshyggju. Raunar af þeirri ætt sem ágætur draugur, Írafells-Móri, hefur lengi fylgt. Var svo í Engey er hann gleymdist í landi að sérstaklega var eftir honum róið.

Ef maður víkur aftur að landbúnaðarumræðunni hér þá vil ég fyrst segja að það var alveg laukrétt hjá hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni að það hafa verið mjög mismunandi áherslur í landbúnaðarmálum innan ýmissa flokka. Ég geri ráð fyrir að Alþfl. sé að því leyti

heilsteyptur í þeim efnum að hann hefur haft mjög ólíka stefnu öðrum stjórnmálaflokkum í landbúnaðarmálum. Ég vil að það komi alveg skýrt fram að það var af þeim sökum sem ég taldi að það mundi styrkja mig sem landbrh. að fá úr því skorið skýrlega hver væri staða búvörusamningsins. Auðvitað vegna þess að ég leit svo á að það væri lögformlegur samningur sem bæri að standa við. Vil ég nú víkja frá mér öllum aðdróttunum um önnur efni þó ég viti að menn grípi oft til ýmissa, menn bregða stundum á glens í þessum ræðustól hér og segja meira en þeir kannski til fullnustu meina.

Ég vil líka segja að sú aðfinning hv. þm. er rétt að ekki hafi nægilega mikið fé verið veitt til landgræðslu og skógræktarstarfa miðað við búvörusamninginn, þó hann sé ekki afgerandi í þeim efnum á hvaða árabili þau framlög komi. Ég hef raunar oft sagt að það hafi valdið mér vonbrigðum að geta ekki knúið fram meiri fjárveitingar til þessara málaflokka, en skýringin er að sjálfsögðu sú mikla lægð sem efnahagsmálin hér á landi hafa verið í, sú barátta sem við höfum átt við ríkissjóðshallann. En á hinn bóginn þá beitti ég mér fyrir lagasetningu þess efnis, eins og ég hef áður sagt, að bændum yrði gefinn kostur á því að snúa sér að þessum störfum en halda beingreiðslunum þannig að þeirra framleiðslukvóti gæti nýst öðrum, sem hefði auðvitað komið sér vel þar sem hærra verð hefði fyrir hann fengist heldur en í útflutningi. En eftir því hefur ekki verið leitað að falla undir þetta ákvæði laganna. Það er aðeins einn bóndi sem hefur spurt mig um þau skilyrði sem séu fyrir slíku og að því leyti er ég ekki sannfærður um að hv. þm. Ragnar Arnalds hafi rétt fyrir sér þegar hann segir að sauðfjárbændum mundi sjálfkrafa fækka um 300–350 ef hægt yrði að fjölga þeim sem sinntu landgræðslu eða gróðurverndarstörfum. (**RA:** Ekki sjálfkrafa.) Þannig að þá erum við auðvitað farin að tala um það hvort slíkum aðgerðum eigi að fylgja einhver skylda eða nauðung á þeim jörðum sem eru kannski á viðkvæmustu svæðunum. Ég hef alltaf sagt að ég vilji ekki fara þá leið heldur telji sjálfsagt að samningsleiðin sé farin og það verði bændum í sjálfsvald sett hvort þeir taki þennan kostinn. En það liggur alveg ljóst fyrir að ég er þess mjög hvetjandi að við reynum að fara leiðir eins og þessar og ég tel að þær séu færar og við eigum að leggja á þær meiri áherslur.

Ég vil jafnframt ítreka það sem ég sagði áður hér í andsvari, að ég tel óhjákvæmilegt að finna leiðir til þess að auka svigrúmið í framleiðslunni fyrir sauðfjárbændur. Ég er á hinn bóginn ekki sammála þeim sem eru að leita eftir leiðum til að tryggja í sessi þá byggð sem er endilega nú á þessu ári. Ég held að það sé óhjákvæmilegt að reyna að vinna að aukinni hagræðingu á sviði sauðfjárbúskaparins með því að finna einhverjar leiðir til að búin geti orðið stærri og það getum við ekki að óbreyttum horfum í útflutningi nema einhvers staðar leggist niður sauðfjárrækt. Þannig að við erum auðvitað að tala um að sama þróun verði í sauðfjárræktinni og mjólkurframleiðslunni að því leyti að búum fækki, þó ég geri mér auðvitað grein fyrir því eins og aðrir hv. þm. að sauðfjárbændur muni í vaxandi mæli leita eftir leiðum til að fjármagna eða standa undir heimilistekjum með öðrum hætti en búskapnum einum.

Það er laukrétt að það er freistandi að reyna að leita að meira fjármagni en við nú höfum til atvinnuuppbyggingar í strjálbýli. Það er nú svo um ferðaþjónustuna að víða er fullbyggt, víða er of mikið af húsnæði þannig að varla verður lengra gengið í þeim efnum. Það hefur nokkuð verið um beiðnir um iðnaðaruppbyggingu en því miður kannski ekki á þeim svæðum sem höllustum fæti standa. Það er líka laukrétt hjá hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni að sums staðar hefur loðdýrarækt gengið upp. Það er auðvitað ekki víða, en sums staðar hefur það gerst. Það er líka rétt að sumum hefur tekist í bleikjueldi og jafnvel laxeldi að ná árangri sem er mjög eftirtektarverður og skapar vissan atvinnugrundvöll. Upp á þessum málum öllum verðum við að fitja nú eða hljótum við í landbrn. að fitja við bændasamtökin og ég vil reyna að leggja áherslu á að við komum eitthvað áleiðis áður en stofnfundur hinna nýju bændasamtaka verður haldinn þannig að upplýsingar og a.m.k. mínar skoðanir liggi skýrar fyrir þá en nú er í sambandi við þau mál sem bændur kjósa að leggja fyrir.

Vegna þess sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson sagði hér síðast þá er ég honum sammála um það að það er nauðsynlegt að gefa því meiri gaum og fá heimildir til þess að kaupa upp jarðir þar sem menn hafa neyðst til að selja kvóta sinn og koma með þeim hætti til móts við þá bændur sem vilja eða eiga kannski ekki heimangengt að geta sótt atvinnu sína í nærliggjandi staði. Við verðum að gefa þessu gaum og öðru því sem má verða til þess að treysta byggðina í sessi og þessi mál eru raunar í sérstakri skoðun nú í landbrn.

Ég sé ekki ástæðu til, herra forseti, að hafa um þetta fleiri orð. Ég tók þessa umræðu svo að hún væri fyrst og fremst um búvörusamninginn eins og hann liggur fyrir og hef ekki séð ástæðu til að nota tækifærið til að fara út í almennar landbúnaðarumræður.

[16:01]

Páll Pétursson:

Herra forseti. Þetta hafa að mínu mati verið fróðlegar og gagnlegar umræður, a.m.k. að sumu leyti gagnlegar og ýmislegt komið þar fram. Sumt var reyndar fyrirséð hvernig þróun mála mundi verða.

Mig langar til, með leyfi forseta, að vitna til ræðu sem ég flutti 10. febr. 1992 þegar lögfest var breyting á lögum um framleiðslu og sölu á búvörum, þ.e. þá voru gerðar lagabreytingar í framhaldi af búvörusamningnum og þetta var stjfrv. sem hæstv. landbrh. bar fram. Ég sagði 10. feb. 1992:

„Búvörusamningur hefur verið gerður og við stöndum frammi fyrir þeim veruleika og verðum að lifa við hann. Ég ætla ekki að ræða hann í smáatriðum hér eða nú. Með þessum búvörusamningi hefur bændastéttin tekið á sig miklar fórnir. Og það eru reyndar ekki einu fórnirnar sem bændastéttin hefur tekið á sig á undanförnum árum því að með geysilegri framleiðsluskerðingu, sem ég efast nú um að almenningur geri sér grein

fyrir hvað hefur verið þungbær, hafa bændur tekið á sig feiknarlegar fórnir. Því er við að bæta að bændur gerðu þjóðarsáttina mögulega með því að falla frá kröfum, réttmætum kröfum sem þeir áttu til verðhækkana á sinni framleiðslu í framhaldi af verðhækkun aðfanga, þannig að bændur hafa út af fyrir sig tekið á sig miklu meiri skerðingu heldur en aðrar stéttir í þjóðfélaginu." — Lýk ég hér að vitna til þess sem ég sagði í upphafi samningstímans.

Þrátt fyrir að ég liti svo á þegar samningurinn var eða vekti athygli á þessu þegar breytingar voru gerðar á búvörulögunum til samræmis við búvörusamninginn þá var ég ekki svo forsjáll að sjá fyrir að búvörusamningurinn yrði ekki uppfylltur eins og hefur komið berlega í ljós. Búvörusamningurinn hefur ekki verið uppfylltur af hendi ríkisstjórnarinnar.

Á þskj. 353, nál. meiri hluta fjárln. um frv. til fjárlaga, þá er prentað sem fylgiskjal VIII álit landbn. um frv. til fjárlaga. Þar er m.a. farið nokkuð ítarlega yfir búvörusamninginn og m.a. stuðst við úttekt Ríkisendurskoðunar. Hér segir t.d. þegar verið er að fjalla um efndirnar:

„Framleiðnisjóður hefur aðeins varið 10–12% af ráðstöfunarfé sínu til atvinnusköpunar í sveitum."

Um Jarðasjóð ríkisins segir:

„Samkvæmt búvörusamningnum áttu fjárveitingar til Jarðasjóðs að vera 150 millj. kr. árin 1992 og 1993. Þær hafa hins vegar reynst miklu lægri eða aðeins 21 millj. kr."

Um Byggðastofnun segir:

„Þá liggur enn fremur fyrir að einungis hafa verið veittar 20 millj. kr. til þessara verkefna og vantar því 230 millj. kr. til að við þetta ákvæði hafi verið staðið og að viðbættri fjárveitingu fyrir næsta ár nemur það sem á skortir 280 millj. kr."

Um Lífeyrissjóð bænda segir að þar vanti 25 millj. kr. Um landgræðslu og skógrækt segir:

„Engin aukning hefur orðið á fjárveitingum til landgræðslu og skógræktarstarfa þrátt fyrir yfirlýsingu samningsins í þessu efni samkvæmt bókun VI. Þessi staðreynd gengur gegn þeirri stefnumörkun Alþingis sem staðfest var í þingsályktun á 113. löggjafarþingi og ríkisstjórnin byggir stefnu sína í landgræðslumálum á í starfsáætlun sinni. Fjárveitingar til þessa málaflokks eru ekki í neinu samræmi við þessar mikilvægu áherslur."

Hvað segir nú um landgræðslu og skógrækt í búvörusamningnum? Jú, herra forseti. Þar segir í bókun VI:

„Á liðnum árum hafa áherslur breyst í málefnum landgræðslu og landverndar. Í ljósi þeirrar lækkunar á ríkisútgjöldum sem verður til lengri tíma litið, ekki síst vegna afnáms útflutningsbóta, telja samningsaðilar eðlilegt að gera kröfu til þess að varið verði af hálfu ríkissjóðs í tengslum við nýja landgræðsluáætlun stórauknu fjármagni til þessara verkefna á komandi árum eða um 2 milljörðum kr. út samningstímann. Slík fjárveiting kæmi til viðbótar við aðrar fjárveitingar til landgræðslu og skógræktar. Störf við þau verkefni gætu að nokkru leyti komið í stað þess samdráttar í atvinnu til sveita sem minni sauðfjárframleiðsla hefur haft í för með sér enda verði bændum tryggður forgangur að störfum við landgræðslu, skógrækt og landbætur hvers konar."

Það er athyglisvert, herra forseti, að undir þessar bókanir, þessar 12 bókanir sem fylgja samningnum, skrifaði þáv. hæstv. fjmrh., Ólafur Ragnar Grímsson, ekki. Hann hefur að vísu munnlegt drengskaparvottorð frá Hauki Halldórssyni og hefur sjálfsagt tekið þar við verðskulduðu þakklæti og kannski hefur hann aldrei verið beðinn að skrifa undir þessar bókanir. En af því hann skrifaði ekki undir bókanirnar þá hefur hæstv. núv. fjmrh. haft þær að engu og þetta eru marklaus plögg. Vegna þess að fyrrv. fjmrh. skrifaði ekki undir þá telur núv. hæstv. fjmrh. sig ekki bundinn af bókununum. Það var litið á þær af hálfu bænda sem óaðskiljanlegan þátt samningsins. Það var litið á pakkann í heild og á grundvelli þess var þessi samningur samþykktur.

Herra forseti. Mér finnst að það sem standi upp úr eftir þessa umræðu sé það að við verðum að leggja höfuðkapp á það að fara að flytja út sauðfjárafurðir. Ég hef klifað í bráðum tvö ár á því að það væri eina raunhæfa leiðin út úr vandanum. Ég fékk litlar undirtektir fyrst en æ fleiri eru að sjá eins og ég að þetta er skynsamlegt og það er óhjákvæmilegt að flytja út og til þess þarf markaðsstuðning.

Við 3. umr. fjárlaga nú fyrir jólin fluttum við hv. 2. þm. Suðurl., Jón Helgason, brtt. við 6. gr., þ.e. að verja hluta af jöfnunargjöldum sem lögð verða á samkvæmt ákvæðum GATT-samningsins til stuðnings sölu á landbúnaðarafurðum erlendis. Því miður náði þessi tillaga ekki fram að ganga, en ég hygg að þeirri hugsun sem að baki liggur hafi vaxið fylgi og vænti þess að áður en mjög langt um líður verði sú lína tekin.

Ég ætla ekki að orðlengja þetta meira, herra forseti. Ég ætla að láta þetta nægja í bili.

[16:11]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Mér er frekar hlýtt til þingmanna Framsfl., eins og raunar allra minna þingbræðra hér og systra, en það er nú svo að það er eitt sem einkennir dálítið framsóknarmenn og þeir skera sig dálítið úr öðrum þingmönnum og þingmönnum annarra flokka og það er hversu auðveldlega þeir falla í þá gryfju að búa sér til áróðursklisjur og sammælast um að flytja þær sammælt, þó þar séu menn auðvitað misjafnlega vandir að virðingu sinni og sumir taka ekki þátt í þeim leik. Þá er ég að vísa til þess sem fram hefur komið hér í þessari umræðu og hv. þm. Páll Pétursson lætur sér sæma að klifa hér á enn og aftur og það er um það að hæstv. fyrrv. fjmrh. hafi ekki skrifað undir bókanir með búvörusamningi og af þeim sökum hafi eftirmaður hans auðveldlega getað svikið ákvæðin eða núv. ríkisstjórn. Menn skulu taka eftir því að hér er Framsfl. kominn af stað í kosningaleiðangurinn, í kosningabaráttuna, með þessa stöðluðu klisju sem á að hafa uppi fund eftir fund, bæ frá bæ. Það eru þessi vinnubrögð sem setja blett á Framsfl. öðrum flokkum fremur. Mér kemur það kannski ekki á óvart

þó hv. þm. Páll Pétursson fari hér í sama farið og hv. þm. Guðni Ágústsson, þrátt fyrir það sem hér hefur komið fram. Þetta er leiðinlegt, það er leiðinlegt til þess að vita að þessir hv. þm. skuli ekki vera sómakærari en svo að hafa slíkt uppi. En það er líka athyglisvert og verður athyglisvert að sjá og heyra þetta hér á komandi vikum fram að kosningum og menn geta átt von á því að þetta verði haft uppi við kaffiborðin sem og á fundum og skulu búa sig undir það, bændur landsins og sveitafólk almennt.

[16:13]

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Herra forseti. Á þeim degi urðu þeir Heródes og Pílatus vinir. Það er mér nokkur nýlunda að heyra hv. 4. þm. Austurl. bera persónulegt og sérstakt blak af hæstv. fyrrv. fjmrh., Ólafi Ragnari Grímssyni, og guð láti gott á vita. Það getur verið að hann þokist eitthvað nær formanni flokks síns eftir því sem fækkar hjá honum á Neskaupstað í liði hans. En því miður þá er nafn fyrrv. fjmrh., Ólafs Ragnars Grímssonar, ekki undir þeim bókunum sem fylgja búvörusamningnum. Hæstv. núv. fjmrh. hefur ekki viljað uppfylla þær skyldur sem bókanirnar leggja á hann og á ríkissjóð og ber því við að nafn fyrrv. fjmrh. standi ekki þar undir. Nú er ég ekki að leggja hæstv. fyrrv. fjmrh., Ólafi Ragnari Grímssyni, það beinlínis til lasts, það getur verið að það hafi gleymst að láta hann skrifa undir eða þá að penninn hafi verið orðinn þurr eða eitthvað. Eða þá að honum hafi legið svo á að fara að láta Hauk Halldórsson hæla sér í samkvæminu þar sem hann undirritaði að hann hafi bara ekki mátt vera að því að ljúka verkinu og skrifa undir til enda.

En einhverra hluta vegna þá vantar þessar bókanir og fram hjá því kemst náttúrlega hinn nákvæmi fræðimaður hv. 4. þm. Austurl., Hjörleifur Guttormsson, ekki. Ég get sýnt honum búvörusamninginn, ég er með hann hér á borðinu mínu og þar er bara ekki nafn Ólafs Ragnars Grímssonar.

[16:16]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. þm. Páll Pétursson gerði nákvæmlega það sem ég bjóst við, að staðfesta það sem ég var að segja hér frá, hvernig klifað yrði á þessari lummu hvað svo sem hver segði. Menn ættu að taka eftir því þegar hv. þm. fer að tala ofan í sig, setur í kverkarnar og fer að tala ofan í sig. Það gerði hann hér og hann á áreiðanlega eftir að láta svipað í sér heyra bæ frá bæ í Norðurl. v. og þeir framsóknarþingmenn sem eru ekki sómakærari en svo að fara að nýta slíka lummu. Það mun ekki koma á óvart.

[16:16]

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er nýlunda að maður þurfi að þrátta um form við hv. 4. þm. Austurl., sem er formfastur maður og mjög nákvæmur í athugunum sínum á pappírum og man þar allt bæði stórt og smátt.

Því miður er hið fagra nafn Ólafs Ragnars Grímssonar ekki undir þessum bókunum. Hv. þm. kallar reyndar manninn alltaf hv. þm. Ólaf Grímsson, því hann notar ekki millinöfn fólks ef honum líkar illa við það, en hann er sjálfsagt tilbúinn að taka Ragnars nafnið með í kippuna núna.

Ég tel mér fullkomlega heimilt að skýra frá staðreyndum og ég lít ekki svo á að hv. 4. þm. Austurl. geti með nokkrum rétti talið það einhverja sérstaka árás á Alþb. þó skýrt sé frá staðreyndum.

[16:17]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er óhjákvæmilegt vegna þess að það hefur verið endurtekið hér hvað eftir annað að leiðrétta það sem sagt hefur verið hér um að fyrirheit hafi verðið brotin í sambandi við landgræðslu og skógrækt. Orðrétt segir svo í búvörusamningi, síðari málsgrein, með leyfi hæstv. forseta, sem að þessu lýtur:

„Í ljósi þeirrar lækkunar á ríkisútgjöldum sem verður til lengri tíma litið ekki síst vegna afnáms útflutningsbóta telja samningsaðilar eðlilegt að gera kröfu til þess að varið verði af hálfu ríkissjóðs" — ég endurtek — „að gera kröfu til þess að varið verði af hálfu ríkissjóðs í tengslum við nýja landgræðsluáætlun stórauknu fjármagni til þessara verkefna á komandi árum eða um 2 milljörðum kr. út samningstímann. Slík fjárveiting kæmi til viðbótar við aðrar fjárveitingar til landgræðslu og skógræktar. Störf við þau verkefni gætu að nokkru leyti komið í stað þess samdráttar í atvinnu til sveita sem minni sauðfjárframleiðsla hefur í för með sér enda verði bændum tryggður forgangur að störfum við landgræðslu, skógrækt og landbætur hvers konar."

Þarna er ekkert loforð gefið um þessa 2 milljarða og getur hv. þm. gengið úr skugga um það ef hann nennir að fletta upp í samningnum. Það er líka rangt hjá hv. þm. að framlög til landgræðslu og skógræktarstarfa hafi minnkað á þeim árum síðan þessi ríkisstjórn kom að völdum. Ég ætla að rifja upp tölurnar: Árið 1989 240 millj. kr., árið 1990 321 millj. kr., árið 1991 370 millj. kr., árið 1992 447 millj. kr., árið 1993 árið 430 millj. og svo minnkaði nokkuð á sl. ári eða niður í 413, en samt sem áður mun meira en var það ár sem mest var í tíð síðustu ríkisstjórnar og auðvitað enn þá frekar ef tekið er meðaltal af öllum þessum árum. Þannig að það er líka rangt að framlög til þessara starfa hafi minnkað.

[16:20]

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Herra forseti. Í bókun VI segir, eins og hæstv. landbrh. var að lesa: „...telja samningsaðilar eðlilegt að gera kröfu til þess að varið verði af hálfu ríkissjóðs". Samningsaðilar, hverjir voru það? Það voru annars vegar landbrh. fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands og hinn samningsaðilinn var Stéttarsamband bænda sem gerðu með sér eftirfarandi samning. Þegar ríkisstjórnin eða landbrh. í umboði ríkisstjórnarinnar og stéttarsambandið komu sér saman um að gera kröfu þá held ég að menn skilji að það er ekki óeðlilegt að bændur litu svo á að þarna væri um ákvörðun að ræða. Hvað varðar hitt atriðið um landgræðslu og skógrækt þá vil ég leyfa mér að vitna til þingskjals 353 þar sem er álit landbn., undirskrifað af Agli Jónssyni og nefndinni

allri, að vísu tveir með fyrirvara, þar sem segir:

„Engin aukning hefur orðið á fjárveitingum til landgræðslu og skógræktarstarfa þrátt fyrir yfirlýsingu samningsins í þessu efni samkvæmt bókun VI. Þessi staðreynd gengur gegn þeirri stefnumörkun Alþingis sem staðfest var með þingsályktun á 113. löggjafarþingi og ríkisstjórnin byggir stefnu sína í landgræðslumálum á í starfsáætlun sinni. Fjárveitingar til þessa málaflokks eru ekki í neinu samræmi við þessar mikilvægu áherslur."

Herra forseti. Hv. 3. þm. Austurl., Egill Jónsson, er ekki viðlátinn hér í salnum, en landbrh. hefur þá við hann að sakast og landbn. ef þetta er ekki rétt.

[16:22]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Sú skýrsla sem ég er með hér í höndum og tók tölurnar úr er unnin fyrir landbrn. af framkvæmdanefnd búvörusamninga sem í eiga sæti tveir fulltrúar Stéttarsambands bænda og fulltrúi fjmrn. og landbrn. Það er sjálfsagt að bera þessar tölur undir fulltrúa stéttarsambandsins hvort hér sé einhver villa í þessu þingskjali, en þingskjalið er alveg afgerandi um það sem ég sagði og það geta ekki verið tveir sannleikar í málinu, það er útilokað. Annað hvort hlýtur að vera rétt. Samkvæmt þessari skýrslu hér, sem er unnin m.a. af Stéttarsambandi bænda, hefur orðið aukning til skógræktar og landgræðslustarfa og má vera að hv. þm. vilji hafa einhvern framsóknarsannleika í þessu máli og þá er ekki við að gera.

Hitt vil ég segja, að ef síðasta ríkisstjórn vildi skuldbinda ríkissjóð til að leggja 2 milljarða út samningstímann til skógræktarstarfa hvers vegna var þá ekki fastar kveðið að orði en svo: „...telja samningsaðilar eðlilegt að gera kröfu til þess að varið verði af hálfu ríkissjóðs". Þetta er auðvitað ekki skuldbindandi. Þetta þýðir á mæltu máli að það er opnað fyrir það að viðræður takist milli samningsaðila um að verja auknu fé til landgræðslu og skógræktarstarfa. Þetta snýr að því. Menn geta auðvitað verið með missterk orð loðinnar merkingar, það fer kannski eftir því hvaðan menn eru af landinu. En það er alveg ljóst að þetta er ekki skuldbinding sem hægt er að festa sig í, því miður. Ég hef á hinn bóginn talið að það sé rétt að taka fastar á þessum málaflokki í sambandi við framlengingu búvörusamnings.

[16:24]

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að fara út í langar orðahnippingar við hæstv. landbrh. út af Agli Jónssyni, hv. 3. þm. Austurl. En í þskj. 353, sem ég hef verið að vitna til, segir Egill Jónsson og vitnar til Ríkisendurskoðunar, ekki bara Egill Jónsson heldur öll hin ábyggilega landbn., að engin aukning hafi orðið á fjárveitingum til landgræðslu og skógræktarstarfa þrátt fyrir yfirlýsingu samningsins í þessu efni samkvæmt bókun VI.

Nú er það rétt og það var ég búinn að reka augun í, að í skýrslu landbrh., sem samin er af nefnd hans, eru aðrar tölur. En þetta er kannski ekki mál sem skiptir öllu máli, hvort það vantar 1,8 milljarða eða 2 milljarða. Það sem upp úr stendur er að það eru stórlegar vanefndir.

Varðandi það hvort bændur hefðu átt að sjá í gegnum það á sínum tíma að orðalagið væri ekki nógu skorinort í bókun VI, það kann að vera. Ég hygg að vísu að á þeim tíma hafi bændur yfirleitt trúað því að það mætti treysta orðum og yfirlýsingum landbrh. og þegar hann gerði kröfu í samkomulagi við stéttarsamtökin þá næði hún fram að ganga. Það eru kannski breyttir tímar, því miður.

[16:26]

Jón Helgason:

Herra forseti. Hæstv. landbrh. sagði áðan í upphafi ræðu sinnar eða gaf í skyn, að það ætti ekki að taka alvarlega orð sem menn létu falla í hita umræðu og ég skal ekkert deila um það við hann, ég get a.m.k. fallist á það að auðvitað eru það málefnin sem skipta mestu máli en ekki það hvaða ummæli menn láta falla. Í þessari umræðu hafa sem betur fer ýmis málefni landbúnaðarins borið á góma sem ég vonast til að geti orðið jákvæð fyrir það starf sem allir hafa látið í ljós að þurfi að vinna, þ.e. að styrkja stöðu landbúnaðarins. Það sem mönnum hefur m.a. verið bent á í sambandi við úrræði framtíðarinnar er ferðaþjónusta, en ég vil taka undir þau varnaðarorð sem jafnframt hafa verið færð að ekki má einblína á einn möguleika og ganga þar allt of langt. Við hljótum að verða að fara með gát í fjárfestingu á því sviði. Það sem hins vegar þarf að gera á þeim vettvangi er að huga meira að betri nýtingu þeirrar fjárfestingar sem fyrir er og þá það að auka möguleika þeirra sem hingað kynnu að vilja koma til þess að eyða tímanum. Að finna sem flest sem laðar þá til að koma hingað. Náttúra landsins gerir það að sjálfsögðu og er þar stærsti pátturinn, en bæði er þá að kynna hana og gera gestum kleift að njóta þess besta sem hún hefur að bjóða og svo að sjálfsögðu ýmislegt fleira sem hægt er að gera þar til stuðnings.

Það kom fram áðan í ræðu hæstv. ráðherra ýmislegt sem ég get tekið undir og eitt vil ég sérstaklega nefna. Það er sú áhersla sem hann lagði á að bændur stæðu saman um hagsmunamál sín. Þeir yrðu að standa saman um útflutningsmálin, það gengi ekki að þar væri hver að vinna í sínu horni og togast á jafnvel og skemma hver fyrir öðrum. Undir þetta vil ég taka en sérstaklega fagna því að hér finnst mér að hæstv. ráðherra hafi tekið alveg heljarstökk í stefnubreytingu. Það vakti athygli margra bænda þegar hæstv. ráðherra, ekki löngu eftir að hann tók við sínu embætti, lýsti yfir þeirri skoðun sinni að bændur ættu í auknum mæli að fara að slátra sjálfir heima hjá sér og koma afurðunum sjálfir á markað, hver að fara með sitt krof og reyna að bjóða það neytendum. Þetta leist mönnum alls ekki á og ég býst við að e.t.v. þetta viðhorf sem hæstv. ráðherra setti þá fram hafi átt töluverðan þátt í því að fundarmönnum á þeim fundi í gærkvöldi sem áður hefur verið rætt um fannst að stefna hæstv. ráðherra væri nokkuð frjálshyggjuleg. En ég vil fagna því að hæstv. ráðherra skuli hér vera búinn að læra af reynslunni.

Það sem ég held þó að eftir standi fyrst og fremst í huga þeirra sem á fundinum voru sem ég nefndi áðan, fyrir utan þau orðaskipti sem ég hef nefnt, var sú niðurstaða sem kom í sambandi við framtíðina. Ágætir starfsmenn hæstv. ráðherra skýrðu þar frá gangi mála, m.a. GATT-samningnum. En þegar menn spurðu: Hvert er framhaldið? Hvernig verður staðan? Þá varð að gefa það svar: Ákvörðun liggur ekki fyrir, það veit enginn. Og ég vil taka undir með hv. 4. þm. Austurl., að þetta er eitthvert alvarlegasta mál íslensks landbúnaðar í dag og ákaflega alvarlegt að svo mikil eyða skuli vera þar í.

Það var að sjálfsögðu ljóst strax og samningurinn hafði verið undirritaður af hæstv. utanrrh. að þarna þyrfti að ganga hreint til verks og taka ákvarðanir. Það gerðu Norðmenn t.d. Og þegar þeir lögðu fram þáltill. um staðfestingu á GATT-samningnum á Stórþinginu, mig minnir að það hafi verið 7. okt. í haust, þá lögðu þeir fram alla útreikninga sem þurftu að fylgja þessu máli. Hér er t.d. fylgiskjal frá norska utanríkisráðuneytinu til Stórþingsins um tolla og álögur.

Það er eitt atriði í sambandi við það sem mig langar að spyrja hæstv. landbrh. um. Ég ætla ekki að reyna að bera fram fleiri spurningar en það snertir fyrsta liðinn í þeirri skrá um tolla sem Norðmenn voru að setja. Hann fjallar um lifandi dýr og fyrsti liðurinn þar eru hestar. Þar er tollurinn ákveðinn 44,25 norskar kr. á hvert kíló, lifandi vigt. Þetta mun þýða eitthvað á annað hundruð þúsund króna toll á íslenska hesta sem eru fluttir til Noregs. Áður voru þeir fluttir inn á undanþágu. Mér hefur verið tjáð að a.m.k. 200 íslenskir hestar hafi verið fluttir til Noregs á síðasta ári svo að hér er um töluvert stóran lið að ræða fyrir þá bændur sem höfðu þessa möguleika.

Mig langar því að spyrja hæstv. landbrh. að því: Hvað gerði íslenska ríkisstjórnin til að koma í veg fyrir að þessi tollur væri lagður á og hvernig brugðust Norðmenn við þeirri málaleitan? Þetta er aðeins eitt dæmi af svo ótal mörgum um það hvað það skiptir miklu máli hvernig á málefnum Íslendinga er haldið í alþjóðasamningum. Ég ætla ekki að fara að telja upp fleiri en nefni þetta sem dæmi af því að þetta er fyrsti liðurinn í þeirri skrá sem norska ríkisstjórnin lagði fram í Stórþinginu til þess að ganga alveg frá þeim málum sem þurftu að fylgja fullgildingu GATT-samningsins.

Við vitum að því miður var allt annar háttur á hér. Þegar þáltill. var lögð fram fylgdi þar ekki nokkur stafur. Það kom strax fram krafa um það, bæði hér á þinginu og í utanrmn., að ályktunin yrði ekki samþykkt nema þessi lagasetning gæti orðið samhliða. Síðan þegar Alþingi kemur til fundar eftir jólin þá kemur fram sú krafa í utanrmn. að málið skyldi afgreitt berstrípað og hvort sem um það næðist sátt eða ekki. Það var þá sem ég taldi að það væri betri kostur að leggja fram tillögu um viðbót sem síðan var flutt af meiri hluta utanrmn. og samþykkt samhljóða á Alþingi, með hjásetu einhverra að vísu.

Ég nefni þetta hér vegna þess að í þessari viðbót er hæstv. landbrh. algjörlega lagðar línurnar hvernig skal vinna að þessu. Honum er falin ábyrgð málsins og sagt alveg út frá hvaða forsendum hann eigi að vinna. Þegar hæstv. ráðherra er búinn að fá þetta í hendur svona, einróma samþykki Alþingis eða a.m.k. allra stuðningsmanna ríkisstjórnarinnar, af hverju var þá ekki gengið í málið og þessi frumvörp lögð fram nú á þinginu? Ég get ekki séð að það hafi verið eftir neinu að bíða fyrir hæstv. landbrh. eftir svo afdráttarlausa samþykkt Alþingis.

Hæstv. utanrrh. vildi gera lítið úr samþykkt Alþingis í þessu máli jafnvel þó að hann hefði samþykkt hana sjálfur og vitnaði til fortíðarinnar, til einhverrar nefndar, minnir mig, sem hefði verið falið að vinna að þessu máli á vegum ríkisstjórnarinnar. En ég tel að með samþykkt tillögunnar skipti fortíðin ekki máli. Þarna var mörkuð skýr stefna og eftir henni bar að sjálfsögðu hæstv. landbrh. og ríkisstjórninni að fara.

Í sambandi við framkvæmd GATT-samninganna eru að sjálfsögðu svo margir óvissuþættir að það er ákaflega erfitt bæði fyrir samtök bænda og stjórnvöld að marka neina stefnu af viti fyrr en ákvörðun um framkvæmd samningsins liggur fyrir. Ég vil að sjálfsögðu þakka hæstv. landbrh. fyrir það boð sem hann gaf um að hann væri til viðræðu um stefnumörkun nú á næstu vikum. Að sjálfsögðu hlýtur slíkt boð að verða þegið. En grundvöllurinn sem á að byggja á getur ekki nema að mjög takmörkuðu leyti verið fyrir hendi meðan þetta veigamikla atriði er í algjörri óvissu.

Ég vonast til þess samt sem áður að árangur verði og ég vænti þess að þær ábendingar sem fram hafa komið í þessari umræðu verði gagnlegar í þessu skyni og megi auðvelda að ná því markmiði, sem að sjálfsögðu allir eru sammála um sem tekið hafa þátt í þessari umræðu, að vinna að því að styrkja stöðu íslensks landbúnaðar.

[16:40]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil fyrst segja að það kom mér mjög mikið á óvart þegar hv. þm. sagði að í gærkvöldi hefði borið á góma þá stefnu sem stéttarsambandið er sammála mér um að rétt sé að taka upp, að athuga með hvaða hætti bændur geti selt framleiðslu sína heima á býlum sínum. Auðvitað höfum við alltaf gengið út frá því að farið yrði að lögum í því efni. Það er því mikill misskilningur hjá hv. þm. ef hann telur að það sé einhver einkaskoðun mín að það sé skynsamlegt og rétt að reyna að bæta stöðu bænda samkvæmt markaðnum, mikill misskilningur, og rétt að lesa ályktanir stéttarsambandsins í því sambandi.

Fyrirspurn hans laut að því hvað við hefðum gert vegna þeirra greina sem hann las upp í Noregi um tollígildi á lifandi hesta sem fluttir yrðu til Noregs. Þá er um það að segja að landbrn. hefur haft samband við utanrrn. og raunar út af samsvarandi ákvæði hjá Svíum þar sem spurst er fyrir um það hvort það sé hugsað að þessi ákvæði taki til innflutnings á íslenskum hestum og auðvitað skírskotað til forsögunnar í því efni.

Ég vil að lokum segja að það er svolítið erfitt að

fara almennt í umræður um GATT-samningana eftir að maður hefur talað tvisvar og hefur ekki heimild til að tala hið þriðja sinnið. Ég hefði auðvitað tekið virkan þátt í þeim umræðum ef hv. þm. hefði um það beðið í sinni fyrri ræðu.

[16:42]

Jón Helgason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Fyrst um GATT-samningana. Ég hafði líka takmarkaðan tíma í minni fyrri ræðu og komst því ekki svo langt að víkja að þeim. Það er sjálfsagt eðlilegt að landbrn. snúi sér til utanrrn. í sambandi við erlend samskipti, þannig liggja leiðir. En því miður varð ég litlu nær um það hvað utanrrn. hefur gert í þessu máli og hvers við megum vænta.

Að lokum aðeins um að það hafi komið ráðherra á óvart þetta með að bændur færu að slátra sjálfir hver út af fyrir sig. Ég held að hann hafi eitthvað misskilið orð mín því að ég sagði að ég byggist við að þessi skoðun sem hæstv. ráðherra mjög hélt á lofti fyrir nokkru síðan hefði e.t.v. átt einhvern þátt í þeim frjálshyggjustimpli sem hann fékk á sig á fyrrnefndum fundi en ekki að það hefði borið þar sérstaklega á góma. Ég held að það sé alveg augljóst að ef menn eiga að standa saman við sölu afurða þá gera þeir það ekki með því að slátra hver fyrir sig enda sjáum við held ég öll hversu dýrt það yrði ef hver bóndi ætti að fara að koma upp aðstöðu til þess að annast sína slátrun sjálfur miðað við þær kröfur sem gerðar eru.

[16:44]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hef orðið var við það stundum að það er verið að reyna að snúa út úr því þegar ég er að tala um að það sé mjög æskilegt að bændur geti gert meira úr afurðum sínum en þeir hafa gert. Það má auðvitað hugsa sér að það sé sláturhús á hverjum bæ ef menn endilega vilja. Það eru ekki mín orð. Það er hægt líka hægt að fara með fé til slátrunar og sækja síðan skrokkinn. Það er auðvitað hægt að gera þetta með ýmsum hætti. (**VS:** Setja upp verslun.) Setja upp verslun meira að segja. Það var nú einu sinni verslun rétt við Lómatjörn ef ég man rétt, hv. þm. Þannig að það er nú hægt að hugsa sér ýmsar leiðir.

En staðreyndin er sú að bændur margir hverjir hafa nóg af tíma sem þeir geta ekki nýtt til tekjuöflunar. Og þá er spurningin: Hvaða leiðir geta þeir farið til þess að svo verði? Hvernig geta þeir nýtt tímann? Fjöldi bænda reykir fisk, silung, fjöldi bænda reykir kjöt. Hvar vill hv. þm. draga mörkin? Það er því síður en svo að bændur komi hvergi nærri fiskverkun eða kjötverkun á býlum sínum og selji síðan. Ég held meira að segja að það sé töluvert um það í Vestur-Skaftafellssýslu og gæti orðið þingmanninum til leiðbeiningar, ef hann óskaði eftir, um að finna slík býli.

Ég sé svo ekki ástæðu til að hafa þessar umræður lengri en það hefur ekki verið í mínum huga að ýta undir ólöglega heimaslátrun eða eitthvað þvílíkt, það er ekki rétt.

[16:46]

Jón Helgason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég var einmitt að þakka hæstv. ráðherra fyrir það hvaða áherslu hann legði á það að bændur stæðu saman um sín afurðasölumál. Vonandi hafa hans ummæli þá verið misskilin áður sem mér virtust ganga í öfuga átt. En að sjálfsögðu er það fagnaðarefni ef bændur geta gert framleiðslu sína verðmeiri eins og hæstv. ráðherra nefndi og ég þekki að sjálfsögðu vel af eigin reynslu iðnað heima á býlunum. En það er náttúrlega allt annað en samstaða um afurðasöluna, afurðasölusamtökin, og, eftir því sem ég gat best skilið á hæstv. ráðherra, fækkun sláturhúsanna. Mér skilst að hann leggi mikla áherslu á það. Og ég hygg að það sé töluverð stefnubreyting frá því sem áður var.

Landgræðsla, 1. umr.

Frv. HG og KE, 211. mál (innfluttar plöntutegundir o.fl.). — Þskj. 239.

[16:48]

Flm. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um landgræðslu, nr. 17/1965, með síðari breytingum. Að flutningi þess stendur auk mín hv. þm. Kristín Einarsdóttir. Frv. er í fimm greinum og ákvæði til bráðabirgða og þar er um að ræða fyrst og fremst viðauka við núverandi lög um landgræðslu þó að vissar breytingar felist um leið á gildandi ákvæðum laga. Ég ætla að gera hér stutta grein fyrir því sem um ræðir varðandi lagabreytinguna.

Gert er ráð fyrir að 1. gr. gildandi laga orðist svo:

„Tilgangur laga þessara er þríþættur: að stuðla að gróðurvernd, að koma í veg fyrir eyðingu gróðurs og jarðvegs og að græða upp örfoka og lítt gróið land.

Við framkvæmd laganna skal byggt á vistfræðilegri þekkingu og varúðarreglu. Við það skal miðað að viðhalda líffræðilegri fjölbreytni og náttúrulegum gróðri landsins."

Breytingin sem hér er um að ræða er að aukið er við tilgangsþáttinn, hinu fyrsta sem upp er talið, að stuðla að gróðurvernd. Síðari málsliðurinn er viðbót þar sem gert er ráð fyrir að við framkvæmd laganna sé byggt á vistfræðilegri þekkingu og varúðarreglu. En varúðarreglan er viðmiðun sem er farið að taka upp í alþjóðlegri umræðu um umhverfismál, eitt af meginatriðum til viðmiðunar í þeim efnum og að því vikið í skýringu við 1. gr. þar sem bent er á skilgreiningar á slíkri reglu.

Síðan er það 2. grein frv. sem gerir ráð fyrir að ný grein bætist við lögin. Það er í rauninni meginefni þessa frv. og tilefni. Þar segir, með leyfi forseta:

„Því aðeins skal taka til notkunar í landgræðslu innflutta plöntutegund að fyrir liggi jákvæð umsögn Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, Rannsóknastöðvar Skógræktar ríkisins, Náttúruverndarráðs og Líffræðistofnunar Háskóla Íslands. Sé nauðsyn talin á skulu

þessir aðilar í samvinnu við Landgræðslu ríkisins beita sér fyrir rannsóknum á viðkomandi tegund, einkum með tilliti til þess hvort hætta sé á að hún valdi röskun á lífríkinu þannig að vegið sé að fjölbreytni þess og náttúrulegum gróðursamfélögum.

Landbúnaðarráðherra skal að höfðu samráði við umhverfisráðherra setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd skv. 1. mgr."

Þá er það 3. gr. frv. sem felur í sér umorðun á 40. gr. laganna um landgræðslu og er svohljóðandi samkvæmt frv. þessu:

„Rannsóknastofnun landbúnaðarins og Rannsóknastöð Skógræktar ríkisins ber ásamt Landgræðslu ríkisins að leita nýrra leiða við uppgræðslu lands og gera rökstuddar tillögur um plöntutegundir sem vænlegar gætu orðið til landgræðslu, enda falli þær að ákvæðum laga þessara um varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni og verndun náttúrulegra gróðurlenda."

4. gr. frv. er umorðun á 41. gr. laga um landgræðslu svohljóðandi:

„Landgræðslu ríkisins, eða öðrum aðilum, er heimilt að fjölga plöntum af þeim tegundum sem ákveðið hefur verið að nýta til landgræðslu á grundvelli laga þessara.

Landbúnaðarráðherra skal að höfðu samráði við umhverfisráðherra setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd skv. 1. mgr."

Þarna er talað um tegundir og að Landgræðslunni eða öðrum aðilum sem eðlilegt er að taka hér inn, áður var eingöngu fjallað um Landgræðsluna, nú er það opnað fyrir það eðlilega að aðrir geti staðið að slíkri framleiðslu og fjölgun á plöntum sem þarna er að vikið.

Ákvæði til bráðabirgða er tvíþætt. Það er í fyrsta lagi gert ráð fyrir því að metið verði hvernig fara skuli með þær tegundir sem nú eru notaðar til landgræðslu. Fyrsti töluliður ákvæðisins er svohljóðandi:

„Rannsóknastofnun landbúnaðarins skal að höfðu samráði við Náttúruverndarráð og Líffræðistofnun Háskóla Íslands leggja mat á hvort einhverjar tegundir, sem nú eru notaðar til landgræðslu, falli ekki að alþjóðlegum skuldbindingum og lagaákvæðum um varðveislu líffræðilegs fjölbreytileika og verndun náttúrulegra gróðurlenda og skila um það áliti til ráðherra fyrir árslok 1995. Landbúnaðarráðherra og umhverfisráðherra skulu fjalla sameiginlega um álitið og gefa út fyrirmæli til Landgræðslu ríkisins á grundvelli þess."

Annar töluliður ákvæðis til bráðabirgða er svohljóðandi og um annað efni:

„Landbúnaðarráðherra skal í samráði við umhverfisráðherra skipa nefnd til að endurskoða lög nr. 17/1965, um landgræðslu, með síðari breytingum, og leggja fram á Alþingi frumvarp að nýjum lögum um gróðurvernd og landgræðslu eigi síðar en haustið 1996."

Þetta er efni þessa frv. sem hér er flutt. Ég ætla fyrst, virðulegur forseti, að víkja aðeins að síðari hluta ákvæðis til bráðabirgða, þ.e. að þörf sé á að taka lögin um landgræðslu í heild sinni til endurskoðunar. Þau eru gömul að stofni til og hefur lítið verið breytt, þeim lögum sem sett voru 1965. Það þarf auðvitað engan að undra þótt að sitthvað í þeirri löggjöf sé ekki í takt við tímann og nýja sýn til mála á ýmsum sviðum og nýja þekkingu. Því er það að mati okkar flm. meira en tímabært að taka lögin í heild sinni til endurskoðunar og því gert ráð fyrir því að svo verði gert. Mér varð satt að segja enn frekar ljóst en mér hafði verið áður þegar ég fór yfir þetta af tilefni þessa frv., sem er í rauninni viðbót við lögin, hversu mjög skortir á að gildandi löggjöf svari kalli tímans. Og ég vænti þess að þetta atriði hljóti góðar undirtektir og verði hrundið í framkvæmd, jafnvel að það verði undirbúið nái þetta frv. ekki fram að ganga á þessu þingi. Því að það getur ekki verið nema eðlilegt að fara yfir svo gamla löggjöf um svo mikilvægt málefni og hér um ræðir.

Í sambandi við efni frv., sem varðar val og notkun á plöntum sem nýttar eru til landgræðslu, þá er af hálfu okkar flm. verið að leitast við að finna leið til þess að skapa og koma á skynsamlegum vinnubrögðum í þessu máli og reyna að koma á með löggjöf sátt um vinnubrögð sem hafa verið og eru mjög umdeild í landi okkar og sem er mjög bagalegt vegna þess að almennt er mjög ríkur vilji á að tekið sé á í þessum efnum. Það þarf ekki að fara mörgum orðum um það, menn þekkja það allir sem hafa komið nálægt þessum málaflokki, að það er verulegur ágreiningur uppi um þær aðferðir sem beitt er. Með tillögum þessa frv. er leitast við að bæta þar úr og það er fyrst og fremst það sem er nýmæli. Í gildandi löggjöf er ekki tekið á þessum þætti.

Markmiðið er að það verði reynt að tryggja að notkun innfluttra plantna til landgræðslu falli að stefnu um gróðurvernd sem og alþjóðlegum skuldbindingum um verndun líffræðilegrar fjölbreytni og er þá vísað til alþjóðasamnings sem staðfestur var hér á Alþingi á síðasta ári. Má í þessu sambandi vitna til 8. gr. þess samnings, sem vikið er að í grg., ég leyfi mér að vitna til þess, með leyfi forseta:

„Hver samningsaðili skal eftir því sem hægt er og viðeigandi koma í veg fyrir að fluttar séu inn erlendar tegundir sem ógna vistkerfum, búsvæðum eða tegundum, að öðrum kosti stjórna þeim eða uppræta þær."

Í grg. og í sérstöku fskj. er vakin athygli á starfi starfhóps sem vann á síðasta ári og veturinn 1993–1994 og var settur á að tillögu umhvrh. í samvinnu við hæstv. landbrh. Starfshópurinn vann að framkvæmdaáætlun í umhverfismálum og landbúnaði og skilaði af sér skýrslu til umhvrh. um ástand, markmið og leiðir í þessum efnum í maímánuði 1994. Má segja að við flutningsmenn byggjum í rauninni efnislega á tillögum þessa starfshóps en tilnefndur forustumaður í hópnum var Sveinbjörn Eyjólfsson, deildarstjóri í landbrn., að ég held, sem leiddi þetta starf.

Ég átti þátt í þessu starfi ásamt 18 öðrum tilnefndum aðilum frá stofnunum, ýmsum stofnunum sem þessi mál varða og frá samtökum, bæði í náttúruvernd og eins í landbúnaði. Ég verð að segja það, virðulegur forseti, að það var afar ánægjulegt að vinna að þessu máli, þessari stefnumörkun sem hópurinn stóð að, vegna þess hversu vel var haldið þar á máli. Þar átti formaður hópsins góðan hlut að máli og ég tel í raun-

inni að afurð þessa starfshóps hafi fengið minni athygli en vert væri. Vonandi á það eftir að verða þótt ekki hafi mikið á því borið. Það hefði verið full ástæða til þess t.d. að víkja að þessari afurð í umræðunni sem fór fram áður um búvörusamninginn og um landbúnaðarmál nokkuð almennt undir dagskrárlið en ég gaf mér ekki tíma til þess sérstaklega að gera það.

Ég vek athygli á áliti starfshópsins um leið og ég vísa til þess í heild sem fylgiskjals, en þar segir í kafla um innflutning plantna, með leyfi forseta:

„Enn sem komið er hafa innfluttar tegundir valdið lítilli röskun á íslenskum gróðurlendum en mörg dæmi eru um að slíkar tegundir séu að breiðast út. Gildandi löggjöf um innflutning plantna tekur ekki til eftirlits og varúðarráðstafana vegna hugsanlegrar ógnunar við vistkerfi landsins. ... Umræða um notkun á innfluttum tegundum og varúðarráðstafanir þeirra vegna þarf að vera þáttur í gerð landgræðslu- og skógræktaráætlana sem vinna á fyrir opnum tjöldum. Í slíkum áætlunum þarf að taka afstöðu til einstakra tegunda með hliðsjón af þeim markmiðum sem stefnt er að á hverju svæði fyrir sig."

Og í tillögum segir jafnframt: „Innfluttum tegundum verði ekki dreift til notenda fyrr en lagt hefur verið mat á hugsanlegan skaða sem leitt gæti af dreifingu viðkomandi tegundar. ... Sett verði löggjöf um innflutning tegunda og um útrýmingu skaðlegra tegunda. Þar verði m.a. tekið tillit til skuldbindinga í rammasáttmála um verndun fjölbreytileika lífs og samþykkta Evrópuráðsins. Kveðið verði á um það hver beri ábyrgð á því að meta hugsanlegan skaða af innfluttum tegundum áður en dreifing þeirra hefst." Þetta læt ég nægja sem tilvitnun í þennan starfshóp.

Eðlilega spyrja menn hvað það sé sem verið sé að vísa til varðandi það sem orðið er í landinu. Það er staðreynd, það sem liggur fyrir, og þar eru ákveðnar tegundir sem eru að nema land hér og hafa talsvert verið umræddar fyrir utan Alaskalúpínu sem mjög hefur borið á góma í þessu sambandi og verið tilefni sérstakra ráðstefna sem eingöngu hafa fjallað um þá tegund. Ég er hér með afurðir af einni slíkri fyrir framan mig en þar fyrir utan má nefna ýmsar fleiri tegundir eins og t.d. Spánarkerfil og skógarkerfil sem eru allstórvaxnar tegundir og öflugar sem gera sig gildandi.

Ég ætla ekki, virðulegur forseti, að taka upp neina sérstaka umræðu um þetta á grundvelli þess sem er að gerast eða að því er varðar einstakar tegundir. Ég tel að það sé mjög mikilvægt að menn líti á þessi efni almennt og reyni að forðast tilfinningasemi sem hefur um of verið áberandi í sambandi við þessa umræðu, þar sem menn eru að skiptast í einhverjar fylkingar með og móti einhverjum tegundum og ágæti þeirra. Það sem mestu máli skiptir er að finna ásættanleg vinnubrögð til þess að eðlilegrar varúðar sé gætt og til þess að sem bestum árangri verði náð.

Ég vísa síðan til þess, virðulegur forseti, og ætla ekki hér að fara að nýta þann tíma sem ég hef til að reifa þetta mál þó að vert væri, en það er nokkuð liðið á dag, og vísa til þess sem segir í grg. um nauðsynina á heildarendurskoðun laga um landgræðslu. Þar er vikið að, bara í upptalningarstíl, ýmsum atriðum sem þyrfti að taka á í sambandi við endurskoðun slíkra laga eða gildandi laga og þá í ljósi þess að setja nýja löggjöf. Og ég vænti þess að það verði tekið eftir þessu og að það verði ráðist í það nauðsynlega verkefni að skoða lögin í heild. En ég tel jafnframt brýnt að tekið verði á þessu máli sérstaklega, sem fyrst og fremst er viðbót við gildandi löggjöf, og við flutningsmenn, sem höfum flutt þetta, höfðum við undirbúning málsins samband við ýmsa aðila frá rannsóknastofnunum sem heyra undir landbrn., eins og sérfræðinga hjá Rannsóknastofnun landbúnaðarins, hjá Skógrækt ríkisins, Tilraunastöðinni á Mógilsá og fulltrúa frá Náttúruverndarráði einnig sem við leituðum til og fleiri aðilar sem gáfu okkur góð ráð í sambandi við undirbúning málsins sem ég vona að verði til framdráttar því máli sem við erum hér að flytja.

Að lokum, virðulegur forseti, legg ég til að málinu verði vísað til hv. landbn. en óska jafnframt eftir að það fylgi með að nefndinni verði gjört eða þess verði óskað að landbn. leiti álits umhvn. varðandi málið svo sem eðlilegt er þar sem gert er ráð fyrir því að bæði ráðuneytin, landbúnaðar og umhverfismála, taki á í sambandi við gróðurvernd og ýmsa þætti sem tengjast því máli sem hér er flutt.

[17:04]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Ég held að hér sé hreyft merkilegu máli og ég held að það sé alveg óhjákvæmilegt að gera ýmis atriði í sambandi við landgræðslustörf og gróðurvernd skýrari en nú er. Og menn verði líka að reyna að glöggva sig á því hvert við erum að fara í þessum málefnum öllum. Ég vil raunar segja að þessi mál hefur, sérstaklega nú tvö sl. ár, oft borið á góma milli mín og forstöðumanna sérstaklega Landgræðslunnar og einnig Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og ég hef nú fyrir skömmu beðið sérfræðinga Rannsóknastofnunar landbúnaðarins að skila til mín minnismiðum sem komu einmitt að því efni sem þetta frv. fjallar um. Þannig að ég tel að hér sé mjög þörfu máli hreyft sem verði að athuga gaumgæfilega og tek undir þau orð hv. flm. að nauðsynlegt sé að eyða tortryggni og metingi sem er á milli þeirra manna sem starfa að þessum málum.

Ég sé ekki á þessu stigi ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð. Ég vona að þetta mál fái mjög ítarlega og góða skoðun í þingnefndum og í þeim stofnunum sem þetta mál heyrir undir og þykist vita að það verði alvarlega á því tekið.

[17:06]

Kristín Einarsdóttir:

Frú forseti. Það þarf kannski ekki að bæta við mörgum atriðum. Það hefur verið gerð grein fyrir því hér í framsögu og eins í grg. með þessu frv. hver tilgangurinn er með því að leggja það fram. En ég vil aðeins leggja áherslu á atriði sem ég tel mjög mikilvægt að verði tekið inn í löggjöfina og það er líffræðilegur fjölbreytileiki eða líffræðileg fjölbreytni, eins og það er orðað í 1. gr., að viðhalda henni, því það er eitt af því sem ég held að við þurfum að vara okkur nokkuð á.

Til þess að við getum gert okkur grein fyrir því hvaða áhrif innlendar plöntur hafa á íslenskt vistkerfi þá er mjög nauðsynlegt að gera á því rannsóknir eins og hægt er og reyna að kanna það hvaða áhrif plöntur hugsanlega geta haft í íslensku vistkerfi. Það er ekki nóg að gera sér eingöngu grein fyrir hvernig plönturnar haga sér í því vistkerfi þar sem þær hafa sín heimkynni heldur verður að líta á það hvernig þær haga sér þegar þær koma á nýja staði.

Mig langar í því sambandi að vitna hér í útdrátt úr erindi sem Þóra Ellen Þórhallsdóttir hjá Líffræðistofnun háskólans flutti í mars á síðasta ári til þess að leggja áherslu á þetta en þar segir hún, með leyfi forseta:

„Reynslan sýnir annars vegar að hegðun tegundar í sínum gömlu heimkynnum segi lítið um stöðu eða hegðun í því nýja. Og hins vegar að framandi tegundir breiðast fyrst og fremst út í opnu og óröskuðu landi en ná yfirleitt ekki fótfestu í lokuðum samfélögum. Má af því ráða að samkeppni við innlendan gróður hamlar oft útbreiðslu. Með því að kanna eiginleika íslenskra gróðurlenda má fá nokkra hugmynd um hvers konar umhverfi þau bjóða aðfluttum tegundum."

Síðar segir hún í þessum útdrætti: „Dæmin sýna að útbreiðsla nýrra tegunda getur haft afdrifaríkar afleiðingar fyrir innlend vistkerfi. Veiti innlenda tegundin hinni nýkomnu litla samkeppni myndar hún oft víðáttumiklar hreinar breiður og útrýmir innlendum gróðri. Þetta leiðir til minni fjölbreytni eins og það hugtak er skilgreint innan vistfræðinnar hvort sem fjölbreytni er reiknuð innan samfélagsins eða yfir stærri landsvæði."

Þetta finnst mér mjög mikilvægt að tekið sé tillit til, ekki síst í ljósi þess að Íslendingar hafa gerst aðilar að samningnum um líffræðilegan fjölbreytileika og voru með fyrstu þjóðum til þess að undirrita þann samning. Þess vegna finnst mér mjög mikilvægt að þetta atriði sé tekið inn í löggjöfina.

Eins og fram kemur í grg., og ætla ég ekki nema rétt að vitna til þess á bls. 3, þá eru þar talin upp nokkur dæmi þess erlendis að innfluttar tegundir, eða þessar fimm tegundir sem settar eru inn á ný svæði sem ekki eru þeirra upprunalegu heimkynni hafa haft verulega skaðleg áhrif. Bæði er þar um að ræða að ákveðnar jurtir hafa útrýmt öðrum jurtategundum eða jafnvel að dýrategundir hafa horfið, bæði er þá þar um að ræða skordýr en einnig eru dæmi um stærri dýr eins og t.d. fugla þar sem vistkerfið hefur breyst það mikið að bústaðir þeirra eyðileggjast. Þannig að þarna verðum við að fara að gæta okkar mjög ef við ætlum ekki að eyðileggja íslenska vistkerfið.

Hér á landi hefur það því miður orðið svo að flutt hefur verið inn tegund, lúpínan, sem hv. 4. þm. Austurl. nefndi varla, vildi varla nefna af skiljanlegum ástæðum því að það hefur verið einkennileg deila uppi hér á landi. Mönnum hefur verið skipt í tvo hópa, með eða á móti lúpínu, eins og það heitir, og deila mjög sérkennilega þannig að ef maður efast um ágæti lúpínunnar sem landgræðsluplöntu hvar sem er á landinu þá liggur við að maður sé á móti landgræðslu. Ég ætla nú samt að leyfa mér að benda á að mjög margir hafa orðið til þess að vara við notkun lúpínunnar í þeim mæli sem hefur verið gert. Það er hægt að benda á sérfræðinga Rannsóknastofnunar landbúnaðarins sem hafa skrifað margar greinar og hafa varað við því að hún sé notuð með þeim hætti sem gert er. Þeir benda jafnframt á það að víða getur lúpínan átt við en það er allt of víða þar sem hún á alls ekki að notast þar sem hún getur breiðst yfir mjög stór landflæmi og ræðst ekki neitt við neitt og útrýmir öðru gróðurfari. Þetta höfum við dæmi um og til þess að ég þurfi nú ekki að lýsa því með mínum eigin orðum, þó að ég vildi það gjarnan, þá langar mig til að vitna hér í grein eftir Borgþór Magnússon sem er sérfræðingur á Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Hann hefur reyndar skrifað mjög margar greinar en það er ein grein hér sem mig langar til að vitna til sem er reyndar úr skýrslu um starfsemi Rannsóknastofnunar landbúnaðarins þar sem hann talar um, með leyfi forseta, ef ég má vitna orðrétt í það sem hann segir:

„Í lúpínubreiðunni verða miklar breytingar á jarðvegi og öðrum umhverfisaðstæðum. Hafi einhver gróður verið fyrir á landinu hverfur hann í skugga lúpínunnar og býr þar við þröng kjör þrátt fyrir aukna frjósemi jarðvegs."

Og aðeins síðar: „Smám saman myndast síðan samfellt botnlag í breiðunni og á það ásamt skuggaáhrifum þátt í að útrýma þeim gróðri sem fyrir var á landinu. Á þessu stigi er lúpínan nær einráð í gróðurfari breiðunnar." Hann er að lýsa þarna framvindunni hvernig hún hegðar sér.

Þarna getur með því að nota plöntur, hvort sem þær heita nú lúpína eða eitthvað annað sem er allsráðandi og fer yfir gróið sem ógróið land, haft mjög víðtæk áhrif til að raunverulega útrýma öðrum gróðri og e.t.v. dýralífi líka. Og þess vegna verðum við að fara ákaflega varlega og í ljósi þess tel ég mjög nauðsynlegt að setja hið fyrsta ákvæði inn í núgildandi landgræðslulög að því er varðar þetta atriði. Og þess vegna tel ég mjög mikilvægt að frumvarp sem þetta verði samþykkt.

Ég hefði gjarnan viljað sjá miklu fleiri breytingar á landgræðslulögum en ég tel að í ljósi þess hve stuttur tími er til stefnu að þá sé það útilokað. Að vísu er nokkuð síðan þetta frv. var lagt fram en ekki hefur verið hægt að mæla fyrir því fyrr en nú. En legg hins vegar áherslu á að það þurfi heildarendurskoðun á lögum um landgræðslu eins og fram kemur hérna í grg. með þessu frv. og fram kom í máli hv. 1. flm. Ég tel að þetta sé ekki það flókið frv. og það ætti að vera það mikil samstaða um efni þess að það þurfi ekki að taka langan tíma fyrir nefnd að athuga hvort hún getur ekki fallist á frv. Það hefur verið haft samband við ýmsa aðila sem hafa lýst ánægju sinni með að slík ákvæði komi inn í núgildandi lög og ég vil líka meina að þetta sé í samræmi við þær skuldbindingar sem Ísland hefur tekið á sig þannig að það ætti ekki að vefjast fyrir Alþingi að taka þessi ákvæði inn í núgildandi landgræðslulög á þessu þingi.

[17:16]

Árni M. Mathiesen:

Hæstv. forseti. Ég vil í upphafi þakka hv. flutningsmönnum fyrir að hreyfa hér afar mikilvægu máli. Ég hef haft tækifæri til þess að skoða þessi mál svolítið og átti m.a. sæti í þeim starfshópi um umhverfi og landbúnaðarmál sem vitnað er til í grg. með frv.

Það er hins vegar alltaf álitamál þegar umdeild atriði eru til umræðu hvernig staðið skuli að því að komast að niðurstöðu í málefninu og þá á ég við hvernig meta skuli hvort að tiltekin planta geti geti skaðað umhverfið ef hún kemst út í náttúruna óheft. Í 2. gr. frv. er fjallað um þetta og þar er gert ráð fyrir því að áður en planta sé notuð til landgræðslu þá þurfi að liggja fyrir jákvæðar umsagnir fjögurra rannsóknaraðila, Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, Rannsóknastöðvar Skógræktar ríkisins, Náttúruverndarráðs og Líffræðistofnunar Háskóla Íslands.

Ég velti því fyrir mér hvort að þetta sé ekki heldur viðamikið batterí sem þarna þyrfti að koma að málinu áður en hægt væri að taka plöntuna til notkunar. Og í málum þar sem skoðanir geta verið skiptar — og þá undirstrika ég skoðanir — hvort það sé þá ekki nánast verið að tryggja það með því að hafa svo marga umsagnaraðila að einhver þeirra muni alveg örugglega segja nei. Og því væri hugsanlegt að málinu væri farið á hinn veginn, að í staðinn fyrir að fyrir liggi jákvæð umsögn allra þessara fjögurra stofnana, hvort það væri ekki nægjanlegt að fyrir liggi jákvæð umsögn einhverra þessara fjögurra aðila.

Ég nefni þetta bara svona til umhugsunar um það hvernig að þessu skuli staðið. Þessu máli verður væntanlega vísað til hv. landbn. þar sem ég á sæti og fæ tækifæri til þess að fjalla um þetta þar og skoða það frá öllum hliðum ásamt öðrum hv. nefndarmönnum.

[17:19]

Flm. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég þakka þær ábendingar sem hér hafa komið fram og undirtektir hæstv. landbrh. sem mér fannst taka mjög jákvætt undir efni þessa máls sem hér er flutt. Og það sem kom fram frá hv. 3. þm. Reykn., um hvernig með skuli farið og hversu margir skulu kvaddir til að meta hugmyndir um nýjar tegundir til landgræðslu, þá er þetta eitt af því sem verður að teljast álitaefni. Ég bendi hins vegar á til stuðnings þeirri tillögu sem liggur fyrir í þessu frv. að ég held það skipti verulegu máli að þeir aðilar sem samkvæmt eðli máls telja sig hafa orð að segja um þessi efni, og ég held að það gildi um alla þessa fjóra sem hér eru, að það sé æskilegt að þeir komi að málinu. Ég hef ekki svo mikinn ótta af því að menn fari að taka á þessu á einhverjum öðrum forsendum heldur en samkvæmt bestu sérfræðinga og bestu manna yfirsýn. Ég held að það sé einmitt sú nálgun sem við þurfum og það hugarfar sem við þurfum að rækta í sambandi við innflutning tegunda inn í okkar lífríki, að reisa ekki múra og tortryggni heldur reyna að eyða því. Og hér er vikið að því að ef nauðsyn sé talin á þá eigi í samvinnu við Landgræðslu ríkisins að beita sér fyrir rannsóknum á viðkomandi tegund og hegðun hennar. Með svona vinnubrögðum ætti að mega koma í veg fyrir eða a.m.k. að minnka óvissu verulega og koma í veg fyrir deilur.

Ég held að það sem hafi skort á sé einkum og sér í lagi að þessi mál hafi haft farveg í stjórnkerfinu og mönnum hafi þótt með réttu að það væri gengið ógætilega fram í sambandi við málið. Menn hefðu þar of rúman rétt, sem er raunar svo rúmur að þessu leyti að það þarf enginn að spyrja kóng eða prest í okkar landi áður en hann fer að dreifa framandi tegund út í umhverfið, eða þannig líta menn á og það er erfitt að finna beina leiðsögn í lögum þar að lútandi.

Þannig að ég held að þetta sé skynsamlegt sem hér er lagt til með frv. Ég vísa hins vegar til þess að landbrh. er ætlað í samráði við umhvrh. að setja nánari reglugerð um framkvæmd 1. mgr. 2. gr. sem hv. þm. vék sérstaklega að og þar er auðvitað hægt að kveða á um nánari útfærslu. Og mér þykir það mjög góðs viti að hv. þm. Árni M. Mathiesen á sæti í landbn. og hefur unnið að þessu máli í starfshópi sem skilaði sameiginlegri niðurstöðu og treysti því að það verði til að greiða fyrir skoðun málsins og afgreiðslu. Ég þakka fyrir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 1.–14. mál.

Fundi slitið kl. 17:23.

85. FUNDUR

mánudaginn 6. febr.,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Almenn hegningarlög, stjfrv., 318. mál, þskj. 480. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Lúganó-samningurinn um fullnustu dóma í einkamálum, stjfrv., 328. mál, þskj. 497. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Neyðarsímsvörun, stjfrv., 335. mál, þskj. 532. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Mannanöfn, stjfrv., 336. mál, þskj. 533. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Barnalög, stjfrv., 342. mál, þskj. 542. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Veiting ríkisborgararéttar, stjfrv., 354. mál, þskj. 577. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Réttarstaða fólks í vígðri og óvígðri sambúð, þáltill., 250. mál, þskj. 292. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
8. Tjáningarfrelsi, þáltill., 295. mál, þskj. 387. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
9. Dreifing sjónvarps og útvarps, þáltill., 301. mál, þskj. 394. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
10. Stofnun Vilhjálms Stefánssonar á Akureyri, þáltill., 139. mál, þskj. 146. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
11. Tilkynningarskylda olíuskipa, þáltill., 340. mál, þskj. 538. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
12. Varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, stjfrv., 339. mál, þskj. 536. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
13. Fjöleignarhús, frv., 247. mál, þskj. 288. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
14. Húsnæðisstofnun ríkisins, frv., 276. mál, þskj. 332. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
15. Landgræðsla, frv., 211. mál, þskj. 239. — Frh. 1. umr. (Atkvgr).

Fjarvistarleyfi:

Halldór Blöndal landbrh.,
Ingi Björn Albertsson, 5. þm. Reykv.,
Rannveig Guðmundsdóttir félmrh.,
Sólveig Pétursdóttir, 6. þm. Reykv.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.,
Þorsteinn Pálsson sjútvrh.

Útbýting þingskjala:

Framkvæmd jafnréttislaga, 233. mál, svar menntmrh., þskj. 596.

Málflytjendur, 89. mál, brtt. IBA, þskj. 598.

Norður-Atlantshafsþingið 1994, 372. mál, skýrsla Íslandsdeildar Norður-Atlantshafsþingsins, þskj. 601.

Skólar á háskólastigi, 238. mál, svar menntmrh., þskj. 597.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Borist hefur eftirfarandi bréf, dags. 3. febr. 1995:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér með vísan til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska þess að þar sem 1. varaþm. Framsfl. í Norðurlandskjördæmi vestra getur ekki tekið sæti á Alþingi vegna sérstakra anna taki 2. varaþm., Sverrir Sveinsson veitustjóri, Siglufirði, sæti á Alþingi í fjarveru minni. Þetta tilkynnist yður hér með, virðulegur forseti.

Páll Pétursson, 1. þm. Norðurl. v."

Borist hefur annað bréf til forseta Alþingis, dags. 3. febr. 1995 að Lækjarmóti:

„Vegna sérstakra anna sé ég mér ekki fært að taka sæti Páls Péturssonar, 1. þm. Norðurlandskjördæmis vestra næstu tvær vikurnar, sem 1. varamaður Framsfl. í Norðurl. v.

Virðingarfyllst, Elín R. Líndal."

Sverrir Sveinsson hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðinn velkominn til starfa.

Almenn hegningarlög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 318. mál (skattalagabrot). — Þskj. 480.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:06]

Frv. vísað til 2. umr. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GuðmS, GÁS, GÁ, GGuðbj, GHelg, HÁ, HN, IP, JÁ, JE, JGS, JHelg, JónK, KE, LMR, MB, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, PBj, RA, RÓsk, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SJS, StB, SvG, SvS, VS, VE.

15 þm. (ÁJ, GJH, HBl, HG, IBA, JóhS, JBH, JVK, KHG, RG, SP, StG, TIO, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Lúganó-samningurinn um fullnustu dóma í einkamálum, frh. 1. umr.

Stjfrv., 328. mál. — Þskj. 497.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:07]

Frv. vísað til 2. umr. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GHall, GuðmS, GÁS, GÁ, GGuðbj, GJH, GHelg, HÁ, HN, HG, IP, JÁ, JE, JGS, JHelg, JónK, JVK, KE, LMR, MB, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, PBj, RA, RÓsk, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SJS, StB, SvS, VS, VE, ÖS.

13 þm. (ÁJ, GuðjG, HBl, IBA, JóhS, JBH, KHG, RG, SP, StG, SvG, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Neyðarsímsvörun, frh. 1. umr.

Stjfrv., 335. mál. — Þskj. 532.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:08]
Frv. vísað til 2. umr. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GuðmS, GÁS, GÁ, GGuðbj, GJH, GHelg, HÁ, HN, HG, IP, JÁ, JE, JGS, JHelg, JónK, JVK, KE, LMR, MB, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, PBj, RA, RÓsk, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SJS, StB, SvS, VS, VE, ÖS.
14 þm. (ÁJ, EKG, EKJ, HBl, IBA, JóhS, JBH, KHG, RG, SP, StG, SvG, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Mannanöfn, frh. 1. umr.

Stjfrv., 336. mál (heildarlög). — Þskj. 533.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:08]
Frv. vísað til 2. umr. með 52 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GuðmS, GÁS, GÁ, GGuðbj, GJH, GHelg, HÁ, HN, HG, IP, JÁ, JE, JGS, JBH, JHelg, JónK, KHG, KE, LMR, MB, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, PBj, RA, RÓsk, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SJS, StB, SvS, VS, VE, ÖS.
11 þm. (ÁJ, HBl, IBA, JóhS, JVK, RG, SP, StG, SvG, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Barnalög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 342. mál (réttur til upplýsinga um barn o.fl.). — Þskj. 542.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:09]
Frv. vísað til 2. umr. með 53 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GuðmS, GÁS, GÁ, GGuðbj, GJH, GHelg, HÁ, HN, HG, IP, JÁ, JE, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KE, LMR, MB, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, PBj, RA, RÓsk, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SJS, StB, SvS, VS, VE, ÖS.
10 þm. (ÁJ, HBl, IBA, JóhS, RG, SP, StG, SvG, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Veiting ríkisborgararéttar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 354. mál (síðara stjfrv.). — Þskj. 577.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:09]
Frv. vísað til 2. umr. með 51 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GuðmS, GÁS, GÁ, GGuðbj, GJH, GHelg, HÁ, HN, HG, IP, JÁ, JE, JGS, JBH, JHelg, JónK, KHG, KE, LMR, MB, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, PBj, RA, RÓsk, SigG, SighB, SAÞ, SJS, StB, SvS, VS, VE, ÖS.
12 þm. (ÁJ, HBl, IBA, JóhS, JVK, RG, SalÞ, SP, StG, SvG, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Réttarstaða fólks í vígðri og óvígðri sambúð, frh. fyrri umr.

Þáltill. AÓB o.fl., 250. mál. — Þskj. 292.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:10]
Till. vísað til síðari umr. með 53 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GuðmS, GÁS, GÁ, GGuðbj, GJH, GHelg, HÁ, HN, HG, IP, JÁ, JE, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KE, LMR, MB, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, PBj, RA, RÓsk, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SJS, StB, SvS, VS, VE, ÖS.
10 þm. (ÁJ, HBl, IBA, JóhS, RG, SP, StG, SvG, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Till. vísað til allshn. án atkvgr.

Tjáningarfrelsi, frh. fyrri umr.

Þáltill. SvG o.fl., 295. mál. — Þskj. 387.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:10]
Till. vísað til síðari umr. með 52 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GuðmS, GÁS, GÁ, GGuðbj, GJH, GHelg, HÁ, HN, HG, IP, JÁ, JE, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG,

KE, LMR, MB, ÓRG, PJ, PBald, PBj, RA, RÓsk, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SJS, StB, SvS, VS, VE, ÖS.
11 þm. (ÁJ, HBl, IBA, JóhS, ÓE, RG, SP, StG, SvG, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Till. vísað til allshn. án atkvgr.

Dreifing sjónvarps og útvarps, frh. fyrri umr.

Þáltill. StG o.fl., 301. mál. — Þskj. 394.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:11]
Till. vísað til síðari umr. með 51 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GuðmS, GÁS, GÁ, GGuðbj, GJH, GHelg, HÁ, HN, HG, IP, JÁ, JE, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KE, LMR, MB, ÓRG, PJ, PBald, PBj, RA, RÓsk, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StB, SvS, VS, VE, ÖS.
12 þm. (ÁJ, HBl, IBA, JóhS, ÓE, RG, SP, StG, SJS, SvG, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Till. vísað til menntmn. án atkvgr.

Stofnun Vilhjálms Stefánssonar á Akureyri, frh. fyrri umr.

Þáltill. HG o.fl., 139. mál. — Þskj. 146.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:11]
Till. vísað til síðari umr. með 51 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GuðmS, GÁS, GÁ, GGuðbj, GJH, GHelg, HÁ, HN, HG, IP, JÁ, JE, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KE, LMR, MB, PJ, PBald, PBj, RA, RÓsk, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SJS, StB, SvS, VS, VE, ÖS.
12 þm. (ÁJ, HBl, IBA, JóhS, ÓE, ÓRG, RG, SP, StG, SvG, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Till. vísað til umhvn. án atkvgr.

Tilkynningarskylda olíuskipa, frh. fyrri umr.

Þáltill. GHall, 340. mál. — Þskj. 538.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:12]
Till. vísað til síðari umr. með 51 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GuðmS, GÁS, GÁ, GGuðbj, GJH, GHelg, HÁ, HN, HG, IP, JÁ, JE, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, LMR, MB, PJ, PBald, PBj, RA, RÓsk, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, SvS, VS, VE.
12 þm. (ÁJ, HBl, IBA, JóhS, KE, ÓE, ÓRG, RG, SP, TIO, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Till. vísað til samgn. án atkvgr.

Varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, frh. 1. umr.

Stjfrv., 339. mál (eftirlitsmenn, greiðslur úr ofanflóðasjóði). — Þskj. 536.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:13]
Frv. vísað til 2. umr. með 52 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GuðmS, GÁS, GGuðbj, GJH, GHelg, HÁ, HN, HG, IP, JÁ, JE, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KE, LMR, MB, ÓRG, PJ, PBald, PBj, RA, RÓsk, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StG, StB, SvG, SvS, VS, VE, ÖS.
11 þm. (ÁJ, GÁ, HBl, IBA, JóhS, ÓE, RG, SP, SJS, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Fjöleignarhús, frh. 1. umr.

Frv. AÓB o.fl., 247. mál (katta- og hundahald). — Þskj. 288.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:13]
Frv. vísað til 2. umr. með 53 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GuðmS, GÁS, GÁ, GGuðbj, GJH, GHelg, HÁ, HN, HG, IP, JÁ, JE, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KE, LMR, MB, ÓRG, PJ, PBald, PBj, RA, RÓsk, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StG, StB, SvG, SvS, VS, VE, ÖS.
10 þm. (ÁJ, HBl, IBA, JóhS, ÓE, RG, SP, SJS, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Húsnæðisstofnun ríkisins, frh. 1. umr.

Frv. AÓB o.fl., 276. mál (endurmat vaxta). — Þskj. 332.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:14]

Frv. vísað til 2. umr. með 55 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GuðmS, GÁS, GÁ, GGuðbj, GJH, GHelg, HÁ, HN, HG, IP, JÁ, JE, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KE, LMR, MB, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, PBj, RA, RÓsk, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, SvS, VS, VE, ÖS.

8 þm. (ÁJ, HBl, IBA, JóhS, RG, SP, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Landgræðsla, frh. 1. umr.

Frv. HG og KE, 211. mál (innfluttar plöntutegundir o.fl.). — Þskj. 239.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 54 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GuðmS, GÁS, GÁ, GGuðbj, GJH, GHelg, HÁ, HN, HG, IP, JE, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KE, LMR, MB, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, PBj, RA, RÓsk, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, SvS, VS, VE, ÖS.

9 þm. (ÁJ, HBl, IBA, JÁ, JóhS, RG, SP, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. vísað til landbn. án atkvgr.

Fundi slitið kl. 15:14.

---

86. FUNDUR

mánudaginn 6. febr.,
að loknum 85. fundi.

Dagskrá:

Til fjármálaráðherra:

1. Skattgreiðslur af útflutningi hrossa, fsp. frá GHelg, 254. mál, þskj. 297.

2. Fasteignamat ríkisins, fsp. frá JVK, 284. mál, þskj. 356.

3. Krónutöluhækkun á laun, fsp. frá HN, 347. mál, þskj. 569.

Til menntamálaráðherra:

4. Aðstaða fatlaðra nemenda í Menntaskólanum við Hamrahlíð, fsp. frá SvG, 287. mál, þskj. 359.

5. Flutningur tónlistar og leikhúsverka í sjónvarpi, fsp. frá StG, 302. mál, þskj. 395.

6. Samstarf Alþýðuskólans á Eiðum og Menntaskólans á Egilsstöðum, fsp. frá HN, 351. mál, þskj. 573.

Til iðnaðarráðherra:

7. Iðnhönnun, fsp. frá StB, 357. mál, þskj. 580.

Skattgreiðslur af útflutningi hrossa.

Fsp. GHelg, 254. mál. — Þskj. 297.

[15:15]

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir):

Hæstv. forseti. Eins og fram kemur í skýrslum Ríkisendurskoðunar er talið að ríkissjóður verði af 11 milljörðum árlega vegna svartrar atvinnustarfsemi. Ótrúlega illa hefur gengið að ná tökum á skattsvikum af öllu tagi þó að embætti skattrannsóknarstjóra geri sitt besta. Hefur athygli manna t.d. beinst að vaxandi svikum í greiðslu á virðisaukaskatti. En ýmsar umfangsmiklar atvinnugreinar hafa fengið að blómstra án þess að skattyfirvöld hafi beint sjónum sérstaklega að þeim. Samkvæmt upplýsingum sem ég hef fengið munu um 2.800 hross hafa verið flutt út árið 1994. Talið er að meðalverð á hross sé allt að 200 þús. kr., þá er hér um að ræða 560 millj. Þá er ekkert sagt um kaup og sölu hrossa innan lands.

Það er ljóst að hér er vaxinn upp atvinnuvegur sem skilar tekjum sem nema hundruðum millj. kr. Í Tímanum 1. febr. sl. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Samkvæmt nýjum lögum, sem samþykkt voru á Alþingi í lok liðins árs, þá verður veruleg lækkun á gjöldum vegna útfluttra kynbrótahrossa.

Gjaldið rennur í Stofnverndarsjóð íslenska hestakynsins. Af útfluttum heiðursverðlaunahesti þarf nú að greiða 100 þús. kr. en var áður 500 þús. kr. og fyrir heiðursverðlaunahryssu 16 þús. kr. en var áður 80 þús. kr. Lægsta gjald fyrir hvern útfluttan stóðhest er nú 8 þús. kr. og fyrir hryssu 1.000 kr.“

Það kemur ekki fram hér í greininni hvað slíkur gripur kostar en það er ljóst að það getur ekki verið undir 4–5 millj. kr. Og einhvern veginn er það nú svo að litlar fréttir fara af þessum miklu auðkýfingum sem stunda þennan atvinnurekstur og það getur því ekki verið óeðlilegt að spurt sé hver sé arður af þessum viðskiptum. Ég hef því á þskj. 297 beint eftirfarandi fyrirspurn til fjmrh. um skattgreiðslur af útflutningi hrossa, með leyfi hæstv. forseta:

„1. Hversu mörg hross hafa verið flutt út frá Íslandi sl. fimm ár og til hvaða landa?

2. Hvert var söluverð þessara hrossa?

3. Hverjar hafa skatttekjur ríkisins verið af þessum útflutningi?“

[15:19]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Sem svar við 1. lið fyrirspurnarinnar hef ég upplýsingar um útflutning hrossa á árunum 1990–1994, en þá voru flutt út um það bil 10.700 hross. Árið 1990 voru þau 1.667, 1991 1.864, 1992 voru þau 1.995, árið 1993 2.449 og samkvæmt bráðabirgðatölum má gera ráð fyrir að á sl. ári hafi 2.700 hross verið flutt út. Langflest eru þau flutt út til Þýskalands eða um það bil 46% af heildartölunni. Fjórðungur fer til Svíþjóðar, 8% til Danmerkur og sama hlutfall til Noregs en afgangurinn, 14%, til annarra ríkja.

Sem svar við 2. lið fyrirspurnarinnar skal það sagt að samkvæmt upplýsingum sem fyrir liggja nam heildarútflutningsverðmætið 870 millj. kr. samanlagt og skiptist þannig á árin: Árið 1990 voru þetta 153 millj. kr., 1991 167,5 millj., tæplega 170 millj. 1992, árið 1993 177,7 millj. og áætlað er að á sl. ári hafi útflutningsverðmætið verið um það bil 205 millj. kr.

Þá er spurt í þriðja lagi: „Hverjar hafa skatttekjur ríkisins verið af þessum útflutningi?" Því er til að svara að ríkissjóður hefur ekki beinar skatttekjur af þessum útflutningi að öðru leyti en því sem skilar sér í formi tekju- og eignarskatta sem og tryggingagjalds af þessari atvinnugrein. Þess vegna liggja ekki fyrir frekari upplýsingar um fjárhæðir þessara skattgreiðslna. Þetta er svarið sem hér liggur fyrir og má af því ráða að það er ekki hægt að svara fyrirspurninni með öðrum hætti en þeim að leita verður þá upplýsinga í framtölum þeirra sem flytja út hross, en þeir gætu haft tekjur af annarri starfsemi jafnhliða.

Ég vona að þessar upplýsingar komi að tilætluðu gagni þótt ekki sé hægt að svara síðustu spurningunni betur en hér hefur verið gert.

[15:21]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Ég vil taka fullkomlega undir það með hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur að Alþingi ber að gera allt til þess að koma í veg fyrir skattsvik og það er náttúrlega sorglegt að hafa horft upp á vinnubrögð hæstv. fjmrh. á þessu tímabili. Tekjuliðir ríkissjóðs og það kerfi sem hann styðst við er eins og gatasigti eftir þessa ríkisstjórn og ef það eru 11–15 milljarðar í neðanjarðarhagkerfinu eins og fullyrt er þá er það alvarleg staða og er algerlega óásættanleg þannig að það er mikið verkefni fyrir næstu ríkisstjórn að taka á þessum málum. En hvað þessa grein varðar að taka sérstaklega hrossabændur þá eru þeir sjálfsagt brot af einhverjum öðrum atvinnugreinum og með misjöfnum hætti. Það mætti alveg eins taka heildsala, veitingamenn eða hvað það er og velta þeim hér uppi í þingsölum og segja: Þarna eru skattsvikararnir. Þeir eru í öllum röðum og öllum stéttum þessa þjóðfélags og því miður er það mikið mál að á því sé tekið, ég tek undir það með þingmanninum. Jafnframt finnst mér gagnvart íslenska hestinn þegar fjmrh. rekur hve miklar tekjur hann er farinn að gefa þá verður að hafa frumkvæði um það að taka tollamál gagnvart hestinum upp í viðræðum við ESB að fá þá niðurfellda.

[15:23]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Athugasemd mín lýtur eingöngu að einum þætti í málflutningi hv. fyrirspyrjanda, það er gagnvart stofnverndarsjóðnum. Þar þótti mér gæta nokkurs misskilnings því að sú lækkun sem þingmaðurinn talaði um er að mínu mati, og ég held að ég fari þar örugglega rétt með, tilkomin vegna þess að í nýsamþykktum lögum um útflutning hrossa var ákveðið að lækka verulega gjaldið í stofnverndarsjóð. Stofnverndarsjóður átti orðið yfir 20 millj. í sjóði og er sjálfstæð stofnun og kemur í sjálfu sér skattheimtu af þessari grein ekkert við. En af ýmsum ástæðum þótti ekki ástæða til þess að innheimta í þann sjóð svo háar upphæðir áfram og þar er komin ástæðan fyrir því, það er einfaldlega miklu lægri prósenta, miklu lægra gjald rennur í stofnverndarsjóð en áður var.

[15:24]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. 14. þm. Reykv. fyrir að taka þetta mál upp og sömuleiðis hæstv. fjmrh. fyrir svörin. Ég tel að það sé mjög mikilvægt að á þessu máli sé tekið hér í þessari virðulegu stofnun og bæði fyrirspurnin, umræðurnar sem fram hafa farið og einnig þær upplýsingar sem fram hafa komið frá hæstv. fjmrh. skapa grundvöll til þess að taka þessi mál í heild föstum tökum. Og ég er sannfærður um það að þeir sem eru að flytja út hross hafa beinlínis áhuga á því að þessi mál séu sett í skipulegri farveg en verið hefur. Mér finnst að í framhaldi af þessari fyrirspurn og þeirri umræðu sem hér hefur farið fram og svörum hæstv. fjmrh. sé rétt að hvetja til þess að fjmrh. og skattayfirvöld efni til skipulegs samstarfs við samtök hrossabænda um hvernig haldið verður utan um þessi mál í heild vegna þess að það er alveg óhjákvæmilegt að þessi grein fái starfsskilyrði sem eru þannig að hún geti staðið upprétt gagnvart skattyfirvöldum og þjóðinni allri.

[15:26]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Það er mjög nauðsynlegt að taka á skattamálum og skattundandrætti af hvaða toga sem er í þjóðfélaginu og á að sjálfsögðu einnig við um þetta afmarkaða mál án þess að með því sé verið að segja á nokkurn hátt að þessi grein eða þessi starfsemi liggi undir grun öðrum fremur. Ég hygg hins vegar að það sé almannarómur og vitað að það er ákveðinn feluleikur í gagni með þau verð sem gefin eru upp og það er oft tekið til marks um það að þarna sé ekki öllu til skila haldið varðandi skattframtöl. Ég hygg hins vegar að þessi atvinnugrein sé ekki sá gróðavegur að það sé yfirleitt ástæða til að óttast að menn lendi í stórkostlega skattskyldum hagnaði þó að þeir tíundi þann afmarkaða hluta teknanna sem búin sum hver hafa af einhverjum útflutningi hrossa.

Hinu ber að fagna að þetta er atvinnugrein sem er að blómstra eins og tölur sem hæstv. fjmrh. nefndi bera með sér og ég hygg reyndar að síðan væri ekki síður ástæða til að taka á ýmsum skipulagsmálum sem varða þennan útflutning heldur en þeim þætti sem hér

var sérstaklega gerður að umtalsefni.

[15:27]

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir):

Hæstv. forseti. Ég minntist á það í upphafi máls míns hér áðan að 11 milljarða vantaði í ríkissjóð ár hvert vegna skattsvika. Það kemur í ljós að með útreikningi hæstv. fjmrh., og ég vil þakka fyrir hans svör þó ófullkomin væru, telur hann strax upp næstum því fyrsta milljarðinn. Nú er auðvitað alveg ljóst að þetta verð sem hann hefur fengið upplýsingar um er alrangt og er miklu hærra. En hvað um það.

Auðvitað vil ég taka undir með öðrum hv. þm. að ég er ekki með þessari fyrirspurn að væna hrossabændur um að vera verri skattsvikarar en hverjir aðrir eru og það er hálfraunalegt að menn skuli segja hér í ræðustól á hinu háa Alþingi að í þessu séu svo sem allir, og menn hafa farið hér með flauelshönskum um þetta mál sennilega í aðdraganda kosninga svo að við tölum ekki um hrossabændur sem einhverja verri skattsvikara en aðra. Ég hef síður en svo á móti því að atvinnuvegir blómstri og menn hafi arð af sínum atvinnugreinum en við eigum öll að greiða hlut okkar í rekstur samfélagsins. Það eiga auðvitað hrossabændur að gera líka. Þá fyrst geta menn eins og hv. 9. þm. Reykv. sagði áðan, staðið uppréttir og horft í augu hver annars. Það getur ekki lengur neinn í þessu þjóðfélagi vegna þess að það eru allir að svindla á samfélaginu.

Ég vil aðeins segja hv. 6. þm. Norðurl. e. að hann sneri út úr máli mínu því að mér var alveg ljóst að ég var ekki að tala um skatta heldur gjöld í stofnverndarsjóð þeirra kynbótahrossa sem virðast skila milli 4–5 millj. í sölu. Það eru auðvitað fæst af þessum dýrum sem eru í svo háu verði en það er alveg ljóst að hæstv. fjmrh. ætti að spyrja fólk sem betur veit um meðalverð þeirra hrossa sem flutt eru út. Síðan koma öll þau kaup og sala á hrossum milli manna í okkar landi sem koma hvergi fram heldur. Ég tel þess vegna, hæstv. forseti, að ég hafi minnt hæstv. fjmrh. á að hér er nokkra fjármuni að sækja upp í þá 11 milljarða sem landar okkar svíkjast um að borga skatt af.

[15:30]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Það er mun að sjálfsögðu vera gert að þessar upplýsingar fari til skattyfirvalda, það er alveg sjálfsagt. Það er eindregið hvatt til þess að það verði um að ræða samstarf þeirra og hrossaútflytjenda. Mér finnst það sjálfsagt. Með því er þó ekki verið að segja af minni hálfu að það sé sérstakur grunur á skattsvikum hrossaútflytjenda. Það liggja ekki fyrir neinar upplýsingar um það og ég vara menn við að draga of víðfeðmar ályktanir af þeim tölum sem hér hafa verið birtar. Ég vil hins vegar nota tækifærið hér til þess að mótmæla því sérstaklega sem kom fram hjá hv. 5. þm. Suðurl. um skattsvik því að ég hygg að það hafi aldrei fyrr verið jafnmikið tekið á þeim málum eins og nú hjá hæstv. ríkisstjórn. Skatteftirlit hefur verið hert og auknar skattrannsóknir. Það hefur verið stofnað sérstaklega til embættis skattrannsóknarstjóra ríkisins. Bókhaldslög hafa verið endurskoðuð og einmitt núna er verið að ræða í hv. efh.- og viðskn. um viðurlög sem þurfa að fara í bókhaldslögin. Það sama á við um almennu hegningarlögin. Við vorum í dag að vísa til nefndar frv. um það efni. Það liggur fyrir frv. um refsiákvæði í skattalögum. Allt þetta hefur verið gert í tíð þessarar ríkisstjórnar. Það hefur verið unnið gegn svartri atvinnustarfsemi aldrei meira en nú. Það hefur verið hækkað reiknað endurgjald hjá sjálfstætt starfandi einstaklingum. Það eru skýrari reglur um rekstrarkostnað nú en áður og með skattframtölum fylgja nú upplýsingar til að ná fram hugarfarsbreytingu varðandi skattsvik.

Þetta allt nefni ég hér til sögunnar til að sýna að það hefur meira verið unnið að þessum málum heldur en ætíð áður, enda er það þannig að formaður Dagsbrúnar, Guðmundur J. Guðmundsson sá ástæðu til þess um daginn að nefna það sérstaklega að núv. fjmrh. hefði unnið mun betur að þessum málum en fyrirrennarar hans.

Fasteignamat ríkisins.

Fsp. JVK, 284. mál. — Þskj. 356.

[15:32]

Fyrirspyrjandi (Jóna Valgerður Kristjánsdóttir):

Virðulegi forseti. Fyrir tveimur árum bar ég fram fyrirspurn um Fasteignamat ríkisins þar sem ég m.a. spurði hvort stofnunin yrði í meira mæli færð út á land. Þar gerði ég grein fyrir því með þessum hætti að hluta til og með leyfi forseta ætla ég að vitna í ummæli mín þá:

„Á fjórðungsþingi 1991 var samþykkt að óska eftir því að starf við mat fasteigna á Vestfjörðum væri flutt til Vestfjarða en ekki til Reykjavíkur frá Borgarnesi eins og þá var ráðgert. Síðar óskaði hreppsnefnd Hólmavíkur eftir því að starfsemin yrði flutt þangað og bauð fram aðstoð við húsnæði og starfsaðstöðu. Fjórðungssambandið studdi þá tillögu og óskaði eftir liðsinni þingmanna við það og var það gert með bréfi þingmanna til Fasteignamats ríkisins. Þetta var síðan ítrekað í bréfi 20. febr. 1992 frá fjórðungssambandinu til Fasteignamatsins. Svar barst síðan frá stofnuninni 20. febr. 1992 eða fyrir ári og þar segir m.a., með leyfi forseta:

Svo sem áður hefur verið rakið var sú ákvörðun að gera Vestfirði að sérstöku matsumdæmi tekin til þess að bæta þjónustu við Vestfirði. Þá var það og haft í huga að sérstök umdæmisskrifstofa yrði staðsett á Vestfjörðum til að skilyrði sköpuðust. Svo segir: Frá stofnun Fasteignamats ríkisins 1976 hefur það verið stefna stofnunarinnar að staðsetja umdæmisskrifstofurnar í þjónustumiðstöðvum þeirra byggða er þær þjóna.“

Það er skemmst frá því að segja að það hefur ósköp lítið gerst síðan. Vestfirðingar hafa árlega verið að senda frá sér ályktanir og áskoranir um þetta mál og m.a. það að starfsmaður sá er sinnir þessum landshluta

hefði aðsetur innan fjórðungsins. Og nýlega ítrekaði fjórðungssambandið þetta enn einu sinni með bréfi sem það hafði sent til Fasteignamatsins og einnig til okkar þingmanna og mér finnst því alveg full ástæða til þess að spyrja hvað þessu líði.

Ég hlusta ekki á þau rök að það sé of dýrt að færa þjónustuna nær fólkinu sem á að nota hana. Þessi stofnun virðist samkvæmt því sem segir í skýrslu Ríkisendurskoðunar um ríkisreikning 1993 hafa getað staðið undir allmiklum yfirvinnugreiðslum starfsmanna. Það hlýtur að vera mun hagkvæmara að fjölga heldur í starfsliði stofnunarinnar og sinna umdæmunum betur með því heldur en yfirvinna sé svo hátt hlutfall af launagreiðslum en hún mun vera kringum 38% af launagreiðslum.

Ég hef einnig heyrt þær fréttir að nú eigi að færa þjónustu Fasteignamatsins við Vestfirðinga til Borgarness. Þess vegna hef ég leyft mér að spyrja hæstv. fjmrh. eftirfarandi spurninga á þskj. 356:

„1. Verður þjónusta Fasteignamats ríkisins við Vestfirðinga flutt frá Reykjavík?

2. Ef svo er, verður þá orðið við ítrekuðum óskum Vestfirðinga og starfsemin flutt til Vestfjarða?"

[15:35]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Hér er á ferðinni gamall kunningi og það er hárrétt hjá hv. þm. að hún hefur áður flutt fyrirspurn þessa efnis og fékk þá svör sem ég hygg að munu lítið breytast í þessu svari. Ég kannast vel við það og get kvittað fyrir það hér og nú að hafa fengið ályktanir frá hinum og þessum samtökum á Vestfjörðum, þar á meðal Fjórðungssambandi Vestfjarða, um þetta mál þar sem beinlínis er farið fram á það að skrifstofa verði sett í umdæminu. Það hafa verið reyndar mismunandi skoðanir á því hvar þá ætti að setja þá skrifstofu niður. Bolvíkingar hafa beðið um slíka skrifstofu og eins Ísfirðingar.

Varðandi fyrri lið spurningarinnar er því til að svara að engin ákvörðun hefur verið tekin um að breyta þjónustu Fasteignamatsins við Vestfirðinga. Það er rétt að í umræðum um Fasteignamatið hefur komið til tals hvort skynsamlegt væri að flytja þjónustuna til Borgarness, en um það hefur engin ákvörðun verið tekin, enda hníga sterk rök að því að það væri öndvert hagsmunum Vestfirðinga.

Það sem á hefur verið bent í þessum viðræðum og umræðum er að skrifstofan í Borgarnesi er fulllítil til þess að um verulega hagkvæmni sé að ræða og þess vegna hafa ýmsir aðilar þar á meðal aðilar innan Fasteignamatsins talið koma til greina að flytja saman á einn stað þá í Borgarnes þjónustuna fyrir Vestfirði og Borgarnes. En eins og ég segi þá stendur það ekki til og verður ekki gert a.m.k. á þessu kjörtímabili.

Þetta svarar reyndar síðari hlutanum einnig því að þar er spurt hvort orðið verði við óskum Vestfirðinga um að starfsemin verði flutt til Vestfjarða. Það eru engin áform uppi um það. Ég skal þó geta þess að það hefur breyst frá því að síðast var spurst fyrir um þetta mál að frá og með síðustu áramótum var skipuð stjórn yfir Fasteignamatið sem m.a. hefur það hlutverk að yfirfara rekstur og þjónustu stofnunarinnar við landsmenn. Í stjórn sitja auk fulltrúa fjmrh. fulltrúi tryggingafélaga og fulltrúi Sambands ísl. sveitarfélaga. Það hefur þegar verið skipuð þessi stjórn og ef ég man rétt er fulltrúi tryggingarfélaganna Sigmar Ármannsson lögfræðingur og fulltrúi sveitarfélaganna Ólafur Sverrisson sveitarstjóri og fulltrúi fjmrn. Þórhallur Arason skrifstofustjóri. Eðlilegt er að stjórnin leggi mat á og skoði með hvaða hætti stofnunin getur best rækt hlutverk sitt gagnvart landsmönnum, ekki síst gagnvart landsbyggðinni. Í því sambandi má benda á jafnframt, ég held að ég fari rétt með að það er ein skrifstofa fyrir bæði Norðurland eystra og Norðurland vestra, ein og sama skrifstofan, þannig að það er ekki einhlítt að í öllum kjördæmum landsins séu skrifstofur á vegum Fasteignamats ríkisins. Það er þó ekkert lögmál en það verður auðvitað að gæta þess að reksturinn sé hagkvæmur og þannig vill til að þegar um er að ræða starf eins og þetta að fulltrúar viðkomandi skrifstofu þurfi að vera mikið á ferðinni til þess að skoða húseignir og það kann í kjördæmum þar sem um er að ræða erfiðar samgöngur að vera erfitt að komast af með 1–2 menn á slíkri skrifstofu. Eitt af því sem þess vegna kemur til greina að skoða fyrir hina nýju stjórn er hvort hægt sé að efna til samstarfs við heimamenn og þá hvort einhver stofnun á vegum heimamanna sé tilbúin til þess að eiga slíkt samstarf við slíka skrifstofu að um hagkvæmni í rekstri sé að ræða umfram það sem nú er þegar þessari starfsemi er sinnt héðan frá Reykjavík. Þetta þarf að kanna en umfram allt liggur ekki fyrir nein ákvörðun þess efnis af minni hálfu að færa starfsemi þá sem snertir Vestfirði til Borgarness og ég tel og ég skal fullyrða að það verður ekki gert á meðan ég er fjmrh., a.m.k. ekki á þessu kjörtímabili því að það er víst ekki hægt að gefa frekari yfirlýsingar því að enginn veit nema maður verði fjmrh. fram yfir aldamótin en það getur auðvitað margt gerst á þeirri leið.

[15:40]

Pétur Bjarnason:

Virðulegi forseti. Mér finnst miður að heyra það að hæstv. fjmrh. skuli taka svona afdráttarlaust ákvörðun um þetta. Það er kannski frekar hægt að sætta sig við þótt þetta yrði ekki á þessu kjörtímabili en verður maður þá að vona að hann verði ekki í embætti áfram eða hvað?

Það er eitt sem ég vil á þessum stutta tíma koma á framfæri. Það er talað um hagkvæmni og það þurfi fleiri störf til þess að renna stoðum undir Fasteignamat t.d. vestur á fjörðum og Ísafirði. Ég vil minna á það að nú eru komnar nýjar reglur um sameiginlegt fasteignamat og brunabótamat. Það styður mjög að þessi starfsemi færist vestur. Ég minni líka á það að Fjórðungssamband Vestfjarða hefur ítrekað sent ályktanir og bæjarstjórn Ísafjarðar sömuleiðs svo að ég fullyrði að Fasteignamatið er aufúsugestur vestur á fjörðum og ég tel mjög líklegt að hægt verði að koma við samstarfi eða á annan hátt samvinnu til þess að liðka fyrir því að þessi skrifstofa geti starfað á Ísafirði og ég

skora á hæstv. fjmrh. að endurskoða þessa yfirlýsingu og styðja með okkur að því að þetta umdæmi sem er sjálfstætt umdæmi meira að segja í símaskrá færist vetur á firði.

[15:42]

Fyrirspyrjandi (Jóna Valgerður Kristjánsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir svörin þó að ég sé ekki ánægð með þá afstöðu hans að hann sé ákveðinn í að stuðla ekki að því að Fasteignamatið komi upp þjónustufulltrúa á Vestfjörðum.

Í Fasteignamati ríkisins skýldu menn sér nokkuð á bak við það fyrir tveimur árum síðan að það væri óhagkvæmt að flytja þetta til Hólmavíkur eins og þá var lögð áhersla á. Ég hygg að sú áhersla hafi minnkað þannig að það gæti þá eins verið um það að ræða að umboðið væri sett upp á Ísafirði en það var það sem Fasteignamatið setti fyrir sig fyrir um það bil 2–3 árum síðan.

Hvað það varðar að það sé ekki nógu hagkvæmt að flytja Fasteignamatið vestur þá vil ég aftur minna á að í skýrslu Ríkisendurskoðunar um ríkisreikning 1993 segir um Fasteignamatið að það hafi ekki verið gerð nein hagkvæmniathugun á því hvernig beri að haga matsstörfum á þeim stöðum sem Reykjavíkurdeildin sinnir úti á landi og Reykjavíkurdeildin sinnir einmitt Vestfjörðum þannig að það hefur engin athugun verið gerð á því og svo í öðru lagi að það hefur verið farið í mikil tölvukaup hjá þessari stofnun núna síðustu ár. Það var byrjað að tölvuvæða þar 1991, einmitt á sama ári og ég byrjaði að minna á þetta. Þá var keyptur tölvubúnaður fyrir 12,6 millj. kr. en þarfagreining vegna verkefna Fasteignamatsins hafði ekki farið fram. Að sögn forráðamanna vannst ekki tími til að gera þarfagreiningu áður en farið var í þessi tölvukaup. Það fór ekkert útboð fram vegna vinnu verktaka í tölvuvæðingunni heldur fyrr en 1. apríl 1993 þegar tölvuvæðingin var komin langt á veg. Þetta skýtur nú stoðum undir það að rekstur þessarar stofnunar sé a.m.k. með þeim hætti að það sé full þörf á því að endurskoða hann og þá með það markmið í huga að stofnunin þjóni þeim sem hún á með sínu hlutverki að þjóna en sé ekki bara í einhverjum tövluleik og þess háttar inni í stofnuninni.

Krónutöluhækkun á laun.

Fsp. HN, 347. mál. — Þskj. 569.

[15:44]

Fyrirspyrjandi (Hermann Níelsson):

Virðulegi forseti. Ég flyt fyrirspurn til hæstv. fjmrh. um krónutöluhækkun á laun. Það fer ekki milli mála að samningar eru lausir um kaup og kjör launafólks. Þá skiptir máli hver afstaða fjmrh. er til lífskjara og launajöfnunar í þjóðfélaginu.

Prósentuhækkanir undanfarinna ára upp allan launastigann hafa veikt stöðu þeirra lægst launuðu og skilið þá eftir nánast undir fátæktarmörkum. Þessu þarf að breyta og rétta hlut þeirra í komandi kjarasamningum.

Ríkisstjórnin hefur lýst yfir því að svigrúm sé til kauphækkana. Það svigrúm á tvímælalaust að nýta til kjarajöfnunar að mínu mati. Besta leiðin er jöfnuð krónutöluhækkun á laun, hækkun skattfrelsismarka og sérstök launauppbót á lægstu laun til viðbótar. Því spyr ég hæstv. fjmrh.:

„Telur ráðherra koma til greina að veita samninganefnd ríkisins heimild til að semja um krónutöluhækkun á laun í stað prósentuhækkunar launa í komandi kjarasamningum?“

[15:46]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég tel nauðsynlegt að samningar við opinbera starfsmenn séu skoðaðir í samhengi við aðra samninga sem gerðir eru á hverjum tíma. Nú vill svo til að langflestir samninganna eru lausir og hafa verið lausir frá síðustu áramótum. Ég tel að fyllilega komi til greina að fara ekki eingöngu þá leið að hækka laun almennt heldur megi skoða rækilega hvort ekki þurfi að koma sérstaklega til móts við þá sem lægst eru launaðir með því að hækka þá sérstaklega eins og hefur reyndar verið gert á undanförnum árum. Einkenni samninga á sl. fjórum árum hafa verið þau að eingreiðslur hafa komið fyrst og fremst til þeirra sem lægst hafa launin og síðan fjarað út þar til ákveðnu launamarki er náð.

Samninganefnd ríkisins hafði að sjálfsögðu heimild til þess að gera slíka samninga og ekkert er því til fyrirstöðu að samninganefnd ríkisins fái heimild til þess að semja um krónutöluhækkanir á laun í stað prósentuhækkunar. Það verður að skoða allt eftir eðli máls á hverjum tíma. Samninganefndin hefur tiltölulega víðtækt umboð. Að undanförnu hefur mestur tími nefndarinnar farið í að ræða við kennarana en þar eru tvö félög sem hafa boðað verkfall sem hefst 17. þessa mánaðar ef samningar hafa ekki náðst. Ég vil taka sérstaklega fram að það er ekki krafa þessara félaga að um krónutöluhækkun sé að ræða. Þvert á móti eru kröfur þær að um almennar launahækkanir sé að ræða í hefðbundnum stíl.

Ég get ekki svarað þessari spurningu öðruvísi en svo að ekkert er því til fyrirstöðu að samninganefnd ríkisins fái heimild til að semja um launahækkanir eins og um semst á almennum vinnumarkaði. Ég tel reyndar nauðsynlegt að báðir aðilar, bæði þeir sem starfa á almennum markaði eins og Vinnuveitendasambandið og Alþýðusambandið annars vegar, síðan ríkið og opinberir starfsmenn hins vegar fari að með svipuðum hætti í samningaviðræðum og ég hef reyndar haldið því fram að það sé afar óheppilegt þegar t.d. einstök félög opinberra starfsmanna boða verkfall og ákveða að efna til verkfalls jafnvel áður en samningaviðræður hefjast á hverjum tíma. En við erum að sjálfsögðu sveigjanlegir í samningaafstöðu okkar og verðum að vera það því að það þarf að taka tillit til þeirra kjarasamninga sem gerðir eru á hverjum tíma.

[15:49]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég verð að segja að mér fannst

uppsetning mála hjá hæstv. fjmrh. nokkuð skrýtin. Í svari hans fólst að ekki væri hægt að tala við kennara, ekki væri hægt að tala við opinbera starfsmenn fyrr en gengið hefði verið frá samningum á hinum almenna vinnumarkaði. Ég tel að þetta jafngildi yfirlýsingu um að hæstv. fjmrh. líti þannig á að opinberir starfsmenn og kennarar hafi ekki virkan samningsrétt vegna þess að það verði alltaf að bíða eftir því sem kemur út úr samningum á hinum almenna vinnumarkaði. Enda þótt ekki sé tími til þess að ræða málið í þessum stutta fyrirspurnatíma tel ég óhjákvæmilegt að láta koma fram að ég tók eftir yfirlýsingu ráðherrans og ég mótmæli henni. Ég tel hana hættulega og mjög hæpna, sérstaklega miðað við þá stöðu sem nú er uppi, t.d. í viðræðum við kennara.

[15:50]

Fyrirspyrjandi (Hermann Níelsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. ítarlegt svar með skýringum og dæmum og er gott til þess að vita að skilningur er fyrir hendi á þessu máli af hálfu fjmrn.

Málið snýst um kaupmátt launa, að finna leið til varanlegra launahækkana og bæta sérstaklega stöðu þeirra lægst launuðu. Það næst best með því að semja um krónutöluhækkun með sérstakri launauppbót á lægri laun, hækkun skattfrelsismarka, millifærslu með tekjutengdum bótum, lækkun á nauðsynjavöru og lækka þannig framfærslukostnað heimilanna. Þessu vil ég koma á framfæri við hæstv. fjmrh. og hvetja hann til þess að fylgja því eftir. Í framhaldi af því langar mig til þess að spyrja ráðherrann: Telur hæstv. fjmrh. að lagfæring á lægstu töxtum eigi að hafa forgang í komandi kjarasamningum? Að vísu vék hann að þessu áðan en ekki er verra að fá það endurtekið.

Mig langar í framhjáhlaupi að víkja nokkrum orðum að kjarasamningum kennara. Í skýrslu 18 manna nefndar sem fjallaði um framhaldsskólafrv., sem nú liggur fyrir Alþingi, eru bætt kjör kennara lögð til grundvallar þeim breytingum sem frv. gerir ráð fyrir. Þær forsendur hljóta að vera teknar með í yfirstandandi samningum milli kennara og fjmrh. fyrir hönd ríkisins og þá vil ég spyrja um álit fjmrh. á því: Gefur þetta svigrúm til rýmri samninga við kennara en gerðir verða á hinum almenna vinnumarkaði?

[15:52]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég vil fyrst endurtaka það sem ég sagði fyrr að ekkert er því til fyrirstöðu að samninganefnd ríkisins taki þátt í samningum þar sem farin verður önnur leið en hækka laun almennt með prósentuhækkunum. Ég benti á það eins og hefur komið fram að við höfum gert þetta á undanförnum árum með svokölluðum eingreiðslum sem koma til skjalanna einu sinni, tvisvar eða þrisvar á ári og koma með mestum þunga til þeirra sem lægst hafa launin og minnstar tekjur almennt.

Það er alveg rangt sem kemur fram hjá hv. 9. þm. Reykv. að það sem ég hef sagt hér eða áður jafngildi því að ég virði ekki samningsrétt opinberra starfsmanna og kennara. Hins vegar er vinsælt að snúa út úr með þessum hætti og hv. þm. er ekki einn um það því að því miður hafa sumir forustumenn Kennarasamtakanna haldið því fram að fjmrh. hafi lýst yfir því að hann sé ekki tilbúinn til að tala við þessa aðila. Þetta er alrangt. Viðtöl hafa verið í gangi, samningaviðræður hafa verið í gangi og það hefur verið unnið sleitulaust í vinnuhópum til þess að kortleggja vandamálið og fikra sig nær lausn í málinu því að öllum er ljóst hve mikilvægt er að komast hjá því að verkfall skelli á.

Áherslan hefur auðvitað fyrst og fremst legið í því að kanna hvort hægt sé að breyta vinnutímanum sérstaklega og það vitum við að kann að kosta ríkissjóð fjármuni en getur komið öllum vel, ekki síst nemendum, foreldrum og kennurum að gerðar verði slíkar breytingar því að ég hygg að skólatíminn sé ekki nægilega vel notaður. Ég veit að mjög margir eru sammála um það, þar á meðal stór hópur kennara sem viðurkennir að skólaárið er ansi gisið og það hefur verið að gisna á undanförnum árum, m.a. af kjaralegum ástæðum. Á þessu hafa menn haft skilning og viljað skoða.

Hins vegar er erfiðara að eiga við launaflokkabreytingar því að þær geta haft í för með sér fordæmisgildi við samninga annarra stétta. Á þetta benti ég mjög rækilega þegar ég átti ágætar og vinsamlegar viðræður við forustumenn kennara mjög snemma á þessu ári eða nánar tiltekið 5. janúar. Þá gerði ég forustumönnum kennara einnig ljóst að ég teldi óráðlegt af þeirra hálfu að boða til verkfalls með þessum hætti svo snemma því slíkt gæti tafið fyrir því að lausn fyndist á almenna vinnumarkaðinum og þess vegna gert stjórnvöldum erfitt fyrir um samninga, enda hljóta allir sanngjarnir menn að sjá hve erfitt það er fyrir fráfarandi ríkisstjórn að gera samninga um verulegar launabreytingar hjá einstökum hópum.

Virðulegi forseti. Ég vil í lok máls míns segja það að í samningaviðræðum við kennara er ekki verið að taka tillit til þeirra frumvarpa sem liggja fyrir. Við horfum algerlega frá því. Það frv. getur hins vegar haft áhrif í næstu lotu en þær viðræður sem nú fara fram miðast eingöngu við það ástand sem ríkir nú í málefnum kennara og ríkisins.

Aðstaða fatlaðra nemenda í Menntaskólanum við Hamrahlíð.

Fsp. SvG, 287. mál. — Þskj. 359.

[15:56]

Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Á haustdögum spurðist það út á öldum ljósvakans að nokkrum fötluðum nemendum hefði verið vísað frá skólavist í Menntaskólanum við Hamrahlíð, fyrst og fremst vegna þess að þar var ekki aðstaða eða möguleikar til að sinna þeim sem skyldi og kom það fram frá forráðamönnum skólans að þeir teldu að hér væri auðvitað um algeran neyðarkost að ræða.

Menntaskólinn við Hamrahlíð hefur fyrir þó nokkrum árum verið útbúinn að nokkru leyti þannig að

hann getur tekið við fötluðum nemendum frekar en aðrir framhaldsskólar á Reykjavíkursvæðinu og ég hygg að segja megi að Menntaskólinn við Hamrahlíð hefur sinnt þessum skyldum sínum mjög vel og eigi þakkir skildar fyrir það.

Hins vegar eru málin þannig að að því er varðar möguleika fatlaðra nemenda og nemenda með sérkennsluþarfir í framhaldsskólum yfirleitt ríkir algert stefnuleysi í landinu. Ýmsir skólar hafa tekið á málum hjá sér eins og Fjölbrautaskólinn á Sauðárkróki og Menntaskólinn við Hamrahlíð, en í það heila tekið er ekki hægt að segja að um neina heildarstefnumótun sé að ræða í þessum málum. Það ber að harma vegna þess að það er alveg ljóst að með vaxandi fjölda nemenda í framhaldsskólum verður jafnframt vaxandi þörf fyrir sérstaka aðstöðu fyrir fatlaða nemendur og fyrir ákveðin sérkennsluúrræði.

Vegna þessara tíðinda sem þarna komu upp og líka vegna þess, hæstv. forseti, að í fyrirliggjandi framhaldsskólafrv. er ekki sérstaklega fjallað um sérkennslu í framhaldsskólum eða kennslu fatlaðra í framhaldsskólum taldi ég rétt að bera fram fyrirspurn til hæstv. menntmrh. á þskj. 359 um aðstöðu fatlaðra nemenda í Menntaskólanum við Hamrahlíð og er fyrirspurnin á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

Hvernig var leyst úr vanda þeirra fötluðu nemenda sem sóttu um skólavist í Menntaskólanum við Hamrahlíð sl. haust en var vísað frá vegna óviðunandi aðstöðu í skólanum? Hafa þeir fengið skólavist annars staðar?

Hvaða hugmyndir hefur menntamálaráðuneytið um að bæta aðstöðu í Menntaskólanum við Hamrahlíð þannig að skólinn geti í framtíðinni sinnt því hlutverki að taka við fötluðum nemendum og um leið bæta þjónustuna við þá sem fyrir eru?

Svo leyfi ég mér að bæta við þriðju spurningunni sem er þessi: Er í menntmrn. unnið að stefnumótun varðandi aðstöðu fatlaðra nemenda í framhaldsskólunum yfirleitt?

[15:59]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Hv. þm. spyr hvernig leyst hafi verið úr vanda þeirra fötluðu nemenda sem sóttu um skólavist í Menntaskólanum við Hamrahlíð sl. haust en var vísað frá vegna óviðunandi aðstöðu í skólanum, hvort þeir hafi fengið skólavist annars staðar. Því er til að svara að fjórum nemendum var vísað frá dagskóla Menntaskólans við Hamrahlíð á vorönn 1995. Tveir þeirra eru komnir af hefðbundnum framhaldsskólaaldri og óskuðu þeir eftir að sitja í tveimur námsgreinum hvor. Nemendurnir þurfa aðstoð við heimanám ásamt túlkum sem veitt er af Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra. Annar þessara nemenda mun halda áfram námi í öldungadeild Menntaskólans við Hamrahlíð samkvæmt upplýsingum sem ég hef frá skólanum. Hinn hefur ákveðið að fresta skólagöngu í framhaldsskóla til næsta skólaárs og raunar snúa sér að öðru námi.

Hinir tveir nemendurnir eru á hefðbundnum framhaldsskólaaldri og óskuðu einnig eftir að sitja í tveimur námsgreinum. Þeir hafa báðir fengið skólavist í Fjölbrautaskólanum í Breiðholti með þeirri aðstoð sem þeir þarfnast þar sem Menntaskólinn við Hamrahlíð treystir sér ekki til að sinna þeim.

Þá spyr hv. þm. hvaða hugmyndir menntmrn. hafi um að bæta aðstöðu í Menntaskólanum við Hamrahlíð þannig að skólinn geti í framtíðinni sinnt því hlutverki að taka við fötluðum nemendum og um leið bæta þjónustuna við þá sem fyrir eru. Þær hugmyndir sem nú eru uppi um kennslu fatlaðra nemenda í Menntaskólanum við Hamrahlíð eru í samræmi við tillögur um kennslu fatlaðra nemenda á höfuðborgarsvæðinu. Nefnd á vegum menntmrn. hefur fjallað um málið en í þeirri nefnd sitja fulltrúar frá ráðuneytinu, Menntaskólanum við Hamrahlíð, Iðnskólanum Reykjavík, Landssamtökunum Þroskahjálp og Öryrkjabandalagi Íslands. Nefndin hefur skilað áfangaskýrslu og lokaskýrsla er væntanleg nú innan tíðar, var raunar væntanleg í síðasta mánuði.

Samkvæmt áfangaskýrslu nefndarinnar er lagt til að í Menntaskólanum við Hamrahlíð verði sérhæfð aðstaða til að sinna líkamlega fötluðum nemendum sem sækja nám ýmist í þann skóla eða aðra framhaldsskóla á höfuðborgarsvæðinu. Gert er ráð fyrir að Iðnskólinn í Reykjavík hafi sama hlutverk gagnvart seinfærum eða þroskaheftum nemendum og að fullorðinsfræðsla fatlaðra sjái um kennslu þeirra einstaklinga sem þurfa kannski aðstoð frá samfélaginu allt lífið.

Í menntmrn. eru að svo stöddu ekki uppi áform um byggingarframkvæmdir við Menntaskólann við Hamrahlíð. Næst á dagskrá í byggingarmálum framhaldsskólanna í Reykjavík eða á höfuðborgarsvæðinu er bygging hins nýja skóla í Borgarholti sem er samstarfsverkefni Reykjavíkurborgar, Mosfellsbæjar og ráðuneytisins, en framkvæmdir við þann skóla hefjast nú á þessu ári.

Varðandi viðbótarspurningu hv. þm. um hvort unnið sé að stefnumótun í ráðuneytinu um þessi mál yfirleitt er því til að svara að skýrsla nefndarinnar þegar hún kemur í endanlegu formi verður að sjálfsögðu tekin til meðferðar í ráðuneytinu og framtíðartillögur byggðar á henni.

Ég vil svo aðeins í lokin segja að Menntaskólinn við Hamrahlíð hefur sinnt þessu viðfangsefni vel og má segja að þar hafi verið gert meira en í öðrum skólum að búa fötluðum nemendum viðunandi aðstöðu og það er vissulega þakkarvert.

[16:03]

Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir svörin. Það kom fram í svari hans í fyrsta lagi að auðvitað er alvarlegt þegar fatlaðir nemendur sérstaklega lenda á hrakhólum með námsúrræði. Vonandi leysist úr vandamálum þessara nemenda með þeim hætti sem hæstv. ráðherra rakti. Það þekkja allir sem þekkja eitthvað til lífs ungra einstaklinga að það getur ráðið miklu að fólk geti komist í nám sem hugur þess stendur til einmitt á þeim tíma sem það hentar og það getur orðið býsna örlagaríkt ef fólk hrökklast frá námi einmitt á þeim tíma sem viðkomandi er tilbúinn

til þess andlega og efnalega, liggur mér að segja, að hefja nám.

Í öðru lagi tel ég mikilvægt að það liggur fyrir skýrsla eða drög að skýrslu um stefnumótun varðandi aðstöðu líkamlega fatlaðra nemenda í framhaldsskólum og ég fer fram á það við hæstv. menntmrh. að hv. menntmn. fái þá skýrslu þannig að hægt sé að hafa hana til hliðsjónar þegar hv. menntmn. fjallar um frv. til laga um framhaldsskóla sem liggur fyrir til meðferðar í þeirri nefnd. Ég vænti þess að í þeirri skýrslu sé að einhverju leyti tekið á sérkennsluþörfum í framhaldsskólum líka. Þá er ég t.d. að tala um aðstoð við lestur og fleira þess háttar þar sem þarf oft sérstakan stuðning, m.a. vegna lesblindu sem snertir 2–3% nemenda í hverjum árgangi og þarf að sinna alveg sérstaklega.

Mér þætti vænt um að í framhaldi af umræðunni yrði það tryggt að þessi skýrsla kæmi í hendur menntmn. þannig að hv. menntmn. gæti haft hana til hliðsjónar við frekari meðferð framhaldsskólafrv.

[16:05]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Ég tel sjálfsagt að hv. menntmn. fái skýrsluna hvort sem það verður þá áfangaskýrslan, sem ég gat um, eða hvort endanleg skýrsla verður komin nú á allra næstu dögum. Ég mun gera ráðstafanir til þess.

Flutningur tónlistar og leikhúsverka í sjónvarpi.

Fsp. StG, 302. mál. — Þskj. 395.

[16:06]

Fyrirspyrjandi (Stefán Guðmundsson):

Virðulegi forseti. Á 117. löggjafarþingi flutti ég till. til þál. um flutning verka Þjóðleikhússins og Sinfóníuhljómsveitar Íslands í ríkissjónvarpinu. Tillgr. hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að leita leiða til að flutningur verka Þjóðleikhússins og Sinfóníuhljómsveitar Íslands geti hafist í ríkissjónvarpinu á árinu 1994. Jafnframt verði athugað með hverjum öðrum hætti starfsemi þessara stofnana og annarra hliðstæðra geti sem best náð til allra landsmanna."

Hv. menntmn. afgreiddi þessa tillögu á þann hátt sem hér segir:

„Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að leita leiða til að stuðla að því að leikhúsverk og tónlistarflutningur Sinfóníuhljómsveitar Íslands og aðrir merkir tónlistarviðburðir skili sér betur til sjónvarpsáhorfenda en verið hefur."

Í framhaldi af þessum tillöguflutningi og þeirri samþykkt Alþingis, sem ég las hér, hef ég leyft mér að bera fram eftirfarandi fyrirspurnir til hæstv. menntmrh.:

„1. Er hafinn undirbúningur að framkvæmd ályktunar Alþingis frá 6. maí 1994 um flutning tónlistar og leikhúsverka í sjónvarpi?

2. Telur ráðherra mögulegt að hægt verði að framfylgja þeirri ályktun fyrir árið 1996 þegar 30 ár verða liðin frá fyrstu útsendingu íslenska sjónvarpsins?"

[16:08]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Hv. þm. spyr hvort hafinn sé undirbúningur að framkvæmd þingsályktunar Alþingis frá 6. maí 1994 um flutning tónlistar- og leikhúsverka í sjónvarpi. Með þessari þál. var menntmrh. falið að leita leiða til að stuðla að því að leikhúsverk og tónlistarflutningur Sinfóníuhljómsveitar Íslands og aðrir merkir tónlistarviðburðir skili sér betur til sjónvarpsáhorfenda en verið hefur.

Undirbúningur framkvæmdar þessarar þingsályktunar hófst með því að menntmrn. óskaði eftir afstöðu Ríkisútvarpsins, Sinfónínuhljómsveitar Íslands, Bandalags ísl. listamanna, Íslenska útvarpsfélagsins hf. og Þjóðleikhússins til málsins. Einungis Ríkisútvarpið og Sinfóníuhljómsveitin hafa sent ráðuneytinu umsögn sína. Ráðuneytið væntir þess hins vegar og mun reka á eftir því að umsagnir annarra aðila berist og í framhaldi af því verði boðað til fundar með þessum aðilum til þess að ræða einstök atriði.

Þá spyr hv. þm. hvort ráðherra telji mögulegt að hægt verði að framfylgja þeirri ályktun fyrir árið 1996 þegar 30 ár verða liðin frá fyrstu útsendingu íslenska sjónvarpsins. Því er til að svara að tímalega séð ætti að vera hægt að framfylgja ályktuninni en þess ber þó að geta varðandi Ríkisútvarpið sérstaklega að afstaða þeirrar stofnunar er sú að hvorki sinfóníutónleikar né leikhúsverk sem flutt eru á sviði séu kjörin sem sjónvarpsefni í stórum stíl. Ríkisútvarpið telur mikilvægara að þróa og efla gerð leikins efnis fyrir sjónvarp en upptökur af sviðsleik í leikhúsum þó að sinna mætti slíku samhliða. Þá telur Ríkisútvarpið að sjónvarp sé ekki hentugur miðill fyrir hefðbundna tónleika sakir einhæfni í mynd og takmarkaðra hljómgæða í viðtækjum. Efni af þessu tagi hefur þó ávallt verið sýnt í sjónvarpi Ríkisútvarpsins og svo verður áfram að sögn forsvarsmanna Ríkisútvarpsins.

Það skal sérstaklega áréttað að ákvörðun um dagskrárefni er lögum samkvæmt á hendi stjórnenda Ríkisútvarpsins og ráðuneytið leggur áherslu á að það forræði sé virt.

Að fengnum umsögnum annarra aðila, sem ég vonast eftir að skili sér og umsögnum sem mál þetta varðar, tel ég rétt að efna til viðræðna milli þessara aðila um áherslur og framkvæmd eins og áður segir og að Alþingi fái þá skýrslu um niðurstöður þeirra viðræðna.

[16:11]

Fyrirspyrjandi (Stefán Guðmundsson):

Virðulegi forseti. Í sjálfu sér kemur mér ekki mikið á óvart í svari hæstv. ráðherra þó að ég hefði vissulega vænst þess að meiri bjartsýni kæmi fram í máli hans. Ég verð að segja það sérstaklega að hvað líður öðrum lið þessarar fyrirspurnar finnst mér gæta þar mikillar íhaldssemi sem veldur mér ætíð vonbrigðum þegar talað er í þeirri tóntegund. Ég hef leitast við að

afla mér upplýsinga um málið og meðflm. minn á þáltill. var upphaflega Þórhildur Þorleifsdóttir, sú merka leikhúskona sem gerþekkir þessi mál, og við veltum þessum málum mjög lengi fyrir okkur og komumst að því að hér væri ekki um stórkostleg vandamál að ræða. Víða erlendis er þetta gert og þykja stórviðburðir þegar sjónvarpað er beint frá frumsýningum mikilla og góðra leikhúsverka.

En ég verð þó að vona að hæstv. ráðherra reyni að hamra járnið aðeins lengur. Ég get trúað því að hann gefist ekki upp við það. Mér er ljóst að eitt af því sem þarf að taka til umræðu eru auðvitað kjaramál þeirra aðila sem þarna er verið að tala um. Það er eitt af því. En ég vil að lokum, virðulegi forseti, segja hæstv. ráðherra að við íbúar landsbyggðarinnar bíðum mjög eftir því að ráðherra gangi fram í þessu máli miðað við þá samþykkt sem hér var gerð. Verum minnug þess að ríkisfjölmiðlarnir eru eins og segir í útvarpslögum, Ríkisútvarpið er sameign þjóðarinnar allrar og Ríkisútvarpinu ber þess vegna ákveðnar skyldur gagnvart þegnum landsins alls. Það bið ég hæstv. menntmrh. að hafa í huga þegar hann ræðir við forstöðumenn þessara stofnana.

[16:13]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Svarið kom hv. fyrirspyrjanda svo sem ekki á óvart og ég verð að segja það líka að umsögn Ríkisútvarpsins kom mér í sjálfu sér ekki á óvart. Mér var kunnugt um þessar (**StG:** Sú mikla íhaldssemi þar.) — ég ætlaði nú ekki að segja það þó að íhaldssemi kunni að vera þar ríkjandi, þá var mér kunnugt um þá skoðun Ríkisútvarpsins að flutningur verka af leiksviði hentaði ekki alltaf flutningi í sjónvarpi. Þá skoðun Ríkisútvarpsins þekki ég mætavel.

Alþingi getur auðvitað sagt Ríkisútvarpinu fyrir verkum. Ráðherra gerir það ekki varðandi dagskrárefni. Ég hef ekki gert það og mun ekki gera það og ég held að forverar mínir hafi heldur ekki gert það. En Alþingi getur vafalaust sagt Ríkisútvarpinu fyrir verkum.

Ég ítreka það sem kom fram í svari mínu og ég byggði á umsögn Ríkisútvarpsins að þessum þáttum verður hins vegar áfram sinnt þó það megi ekki gera ráð fyrir því að það verði einhverjir fastir liðir hjá Ríkisútvarpinu. Þeim verður sem sagt sinnt áfram. Ég ítreka líka að umsagnir annarra aðila eiga eftir að berast og mér þykir eðlilegt vegna þáltill. sem hér var samþykkt að Alþingi fái frekari skýrslu um málið þegar betur hefur verið unnið úr umsögnunum.

Samstarf Alþýðuskólans á Eiðum og Menntaskólans á Egilsstöðum.

Fsp. HN, 351. mál. — Þskj. 573.

[16:16]

Fyrirspyrjandi (Hermann Níelsson):

Virðulegi forseti. Ég fylgi hér úr hlaði fsp. til hæstv. menntmrh. um sameiningu og samstarf Alþýðuskólans á Eiðum og Menntaskólans á Egilsstöðum.

Ríkisstjórnin hefur boðað að framlög til menntamála muni hafa forgang á næstu árum. Það er öllum ljóst að skilvirkt öflugt menntakerfi er lykillinn að framtíð þjóðarinnar.

Alþýðuskólinn á Eiðum hefur lengi verið ein helsta menntastofnun á Austurlandi. Bændaskóli var þar stofnaður 1883 og Alþýðuskóli 1919. Eiðaskóli er nú rekinn sem grunnskóli á kostnað ríkisins en frá 1971 hafa verið starfandi við skólann framhaldsdeildir sem ná nú yfir fjórar fyrstu annirnar. Skólinn hefur yfirleitt verið fullsetinn enda eftirsóttur af nemendum sem til þekkja og grunnskólanemendur hafa haldið áfram námi sínu við skólann í framhaldsdeildum.

Með yfirtöku sveitarfélaganna á grunnskólanum og með tilkomu 10. bekkjar í smærri skólum í heimabyggð hefur samkeppnisstaða Alþýðuskólans versnað og er hann nú aðeins hálfsetinn og aðstaða því hálfnýtt. Mikill áhugi er fyrir sameiningu Eiðaskóla og Menntaskólans á Egilsstöðum meðal forsvarsmanna, kennara og nemenda en eins og allir vita eru örfáir kílómetrar þarna á milli eða um 10 mínútna akstur. Því spyr ég hæstv. menntmrh.:

„1. Hvert er hlutverk þeirrar nefndar sem ráðherra skipaði nýverið til þess að vinna að samstarfi framhaldsdeildanna á Eiðum og Menntaskólans á Egilsstöðum?

2. Hver er afstaða ráðherra til samnýtingar á kennsluhúsnæði og kennslu?

3. Hvernig eru samskiptin hugsuð með tilliti til kennslu í áföngum, kjarnagreinum og valgreinum?

4. Hvenær mun ákvörðun um samstarf skólanna liggja fyrir með tilliti til kennslu í haust?

5. Hver verður staða Alþýðuskólans á Eiðum ef ekki verður af því samstarfi sem nú er í undirbúningi?“

[16:18]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Eins og vitað er hefur staða hinna gömlu héraðsskóla verið ótrygg víða um land sl. ár þar sem þessir skólar falla hvorki undir gildandi lög um grunnskóla né framhaldsskóla. Auk þess hefur sókn nemenda í þessa skóla farið dvínandi eftir því sem framhaldsskólar á landsbyggðinni hafa eflst og fleiri grunnskólar hafa tekið upp kennslu nemenda í unglingadeildum.

Að frumkvæði Samtaka sveitarfélaga á Austurlandi skipaði ég samstarfsnefnd sem skipuð var fulltrúum framhaldsskólanna, sveitarstjórna og menntmrn. til að gera tillögur um framtíðarskipan framhaldsnáms í fjórðungnum. Nefndin skilaði áfangatillögum sumarið 1993 og lokatillögum í nóvember 1994. Þar er m.a. lagt til að Alþýðuskólinn á Eiðum og Menntaskólinn á Egilsstöðum verði sameinaðir í eina stofnun með einni skólanefnd.

Að frumkvæði skólamanna á Eiðum fóru fram á sl. hausti umræður milli fulltrúa Alþýðuskólans og fulltrúa Menntaskólans á Egilsstöðum um hugsanlegt samstarf eða samruna skólanna. Þessir aðilar báðu síðan

um fund með menntmrn. og sá fundur var haldinn í desember sl.

Í framhaldi af tillögum samstarfsnefndarinnar og þeim viðræðum sem átt höfðu sér stað að frumkvæði heimamanna fól ég þremur fulltrúum menntmrn. að vinna frekar að málinu og m.a. að undirbúa fyrirhugaða sameiningu skólanna. Það er stefnt að því að sameiningin hafi þá átt sér stað fyrir upphaf næsta skólaárs.

Í samvinnu við heimaaðila er fulltrúum ráðuneytisins einnig ætlað að marka stefnu um námsframboð og þjónustuhlutverk framhaldsskólanna á Héraði, svo og að vinna að gerð samnings um aðstöðu og frekari uppbyggingu framhaldsskóla á Fljótsdalshéraði.

Þetta er svar mitt við fyrstu spurningunni. Annarri og þriðju spurningu vil ég svara þannig að það þykir rétt að kanna náið tillögur heimamanna um samnýtingu á kennslu og heimavistarhúsnæði en tillögurnar gera á þessu stigi ráð fyrir að um verði að ræða eina skólastofnun. Þannig er ljóst að allt námsframboðið mun lúta sameiginlegri stjórn þó svo að stefnt sé að áframhaldandi skólahaldi bæði á Eiðum og Egilsstöðum.

Þá er spurt hvenær ákvörðun um samstarf skólanna muni liggja fyrir með tilliti til kennslu í haust. Það er lögð áhersla á að hraða þessari vinnu svo sem kostur er og stefnt að því að ákvörðun liggi fyrir á vormánuðum þannig að auglýsa megi nýtt skipulag og e.t.v. breytt námsframboð með nægum fyrirvara fyrir næsta skólaár.

Að lokum er svo spurt hver verði staða Alþýðuskólans á Eiðum ef ekki verði af því samstarfi sem hér er um rætt. Það er ljóst að þessar tillögur miða ekki síst að því að tryggja áframhaldandi skólahald á Eiðum og nýtingu þess mikla húsnæðis sem þar er fyrir hendi. Verði hins vegar ekki af þessari sameiningu þarf að kanna betur hvernig tryggja megi stöðu Alþýðuskólans til frambúðar.

Ég læt að lokum í ljós þá von að samkomulag takist milli ráðuneytisins og heimamanna um þennan samruna skólanna og þykist raunar vita að um það sé áhugi á Héraði og um áhuga ráðuneytisins þarf ekkert að efast.

[16:23]

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að hreyfa þessu máli og menntmrh. fyrir hans svör. Ég tel eðlilegt að þessar tvær menntastofnanir taki upp með sér samvinnu ef þess er nokkur kostur. Það vill svo til að aðsókn að Menntaskólanum á Egilsstöðum er mikil þannig að þessi samvinna mun koma báðum skólastofnununum til góða. Ég tel að það sé áríðandi að það náist niðurstaða í þessi mál eins fljótt og kostur er vegna þess að Eiðaskóli hefur hingað til verið fullsetinn þar til nú og það er ekki góður hlutur að þessi mál dragist þannig að ég vil hvetja til að það verði haldið áfram á þeirri braut sem ég heyri að svör ráðherra hníga til.

[16:24]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Vegna þessarar fsp. vil ég að fram komi að ég er sammála því að athugað sé samstarf og sameining Alþýðuskólans á Eiðum við Menntaskólann á Egilsstöðum og tel að þær aðstæður hafi skapast á undanförnum árum að það sé eðlilegt að þetta mál sé athugað af fullri alvöru. Það var raunar strax og undirbúningur hófst að stofnun Menntaskóla á Egilsstöðum að byggingarnefnd tók þetta mál með vissum hætti á dagskrá og vakti athygli á því og var það gert í samvinnu við menntmrn. á þeim tíma. Aðstæður voru hins vegar þannig á þessum tíma og lengi síðan að full þörf var fyrir Alþýðuskólann á Eiðum til að sinna hlutverki í grunnnámi í fjórðungnum og rekstur framhaldsdeildar tókst þar með ágætum. En ég er ekki í vafa um það að gott samstarf og sameining þessara stofnana á framhaldsskólastigi getur orðið til styrktar framhaldsskólahaldi á Austurlandi. En jafnframt er mikilvægt að grunnskólahald geti farið fram á Eiðum á meðan þörf er fyrir Eiðaskóla í því efni en þar hefur skólinn gegnt miklu hlutverki fyrir nemendur úr strjálbýli á Austurlandi og þar sem ekki hafa verið aðstæður til að reka grunnskóla til loka.

[16:26]

Fyrirspyrjandi (Hermann Níelsson):

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. menntmrh. fyrir góð svör og hvetja hann til þess að fylgja málinu fast eftir og segja það í lokin að hann á þakkir skildar fyrir framgöngu sína í málinu.

Út af dagskrá var tekið 7. mál.

Fundi slitið kl. 16:26.

---

87. FUNDUR

mánudaginn 6. febr.,
að loknum 86. fundi.

Dagskrá:

1. Áfengislög, frv., 55. mál, þskj. 55. — 1. umr.
2. Menntun á sviði sjávarútvegs og matvælaiðnaðar, þáltill., 76. mál, þskj. 76. — Frh. fyrri umr.
3. Vegasamband milli Austurlands og Norðurlands, þáltill., 137. mál, þskj. 144. — Fyrri umr.
4. Embættisfærsla umhverfisráðherra, þáltill., 138. mál, þskj. 145. — Fyrri umr.
5. Brú yfir Héraðsvötn hjá Flatatungu í Skagafirði, þáltill., 272. mál, þskj. 321. — Fyrri umr.
6. Lánasjóður íslenskra námsmanna, frv., 283. mál, þskj. 355. — 1. umr.

Embættisfærsla umhverfisráðherra, fyrri umr.

Þáltill. HG o.fl., 138. mál. — Þskj. 145.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Þingflokkur Alþfl. hefur farið fram á það við forseta að þar sem tillagan beinist að hæstv. umhvrh. verði farið á annan veg en vant er með tíma til andsvara. Í 44. gr. þingskapa segir svo:

„Forseti getur ákveðið frávik frá þessari málsmeðferð [þ.e. 15 mín. og 8 mín.] ef fyrir liggur rökstudd beiðni þingflokks þar að lútandi. Hver þingflokkur hefur rétt til að bera slíka beiðni fram við forseta einu sinni á hverju þingi."

Forseti hefur því ákveðið að verða við þessari beiðni og mun úthluta hæstv. umhvrh. 15 mínútum í fyrri umferð málsins.

[16:28]

Flm. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um skipun rannsóknarnefndar skv. 39. gr. stjórnarskrárinnar til að kanna embættisfærslur umhvrh. gagnvart starfsmönnum embættis veiðistjóra í tengslum við ákvörðun hans um flutning embættisins. Flm. að þessari tillögu með mér eru eftirtaldir hv. þm.: Finnur Ingólfsson, Jón Helgason, Kristín Ástgeirsdóttir, Kristín Einarsdóttir og Svavar Gestsson.

Texti tillögunnar er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar með vísan til 39. gr. stjórnarskrárinnar að kjósa skuli nefnd níu alþingismanna til að kanna embættisfærslu umhverfisráðherra gagnvart starfsmönnum embættis veiðistjóra í tengslum við ákvörðun hans um flutning embættisins frá Reykjavík. Áhersla skal lögð á að kanna réttarstöðu starfsmanna. Nefndin skal skila Alþingi skýrslu um málið fyrir 31. janúar 1995."

Þetta er efni tillögunnar en eins og fram kemur hefur dregist að tillagan kæmist á dagskrá og til umræðu. Hún var lögð fram í þinginu 26. okt. sl. og aðstæður hafa verið þannig að það er fyrst nú sem hún kemur á dagskrá. Sumpart var það vegna þess að ég hafði varamann inni á þingi og einnig að hæstv. umhvrh. var fjarverandi um skeið fyrir jól.

Það er nauðsynlegt, virðulegur forseti, að fara yfir helstu atriði sem tengjast þessum tillöguflutningi sem vissulega er óvanalegur sem betur fer en fyrir tillöguflutningnum eru ærin tilefni og alvarleg.

Það var í janúar 1994 sem hæstv. umhvrh. tilkynnti um þá ákvörðun sína að flytja embætti veiðistjóra frá Reykjavík til Akureyrar. Þessi ákvörðun var tekin fyrirvaralaust og án nokkurs minnsta samráðs við starfsmenn veiðistjóraembættisins sem fengu fyrst vitneskju um ákvörðun ráðherra eftir að hún var tekin.

Það er einnig ástæða til þess að ætla að þessi ákvörðun geti átt rætur í persónulegum árekstri ráðherra við starfsmenn embættisins á óskyldum vettvangi. Upplýsingar sem styðja þetta komu fram af hálfu starfsmanna embættisins í umhvn. Alþingis á 117. löggjafarþingi.

Þar sem hér er um mjög alvarleg málsatvik að ræða sem hugsanlega varða við lög og alþjóðlegar skuldbindingar er að mati flm. þessarar tillögu eðlilegt að sérstök rannsóknarnefnd kanni málavexti. Athugun nefndarinnar er fyrst og fremst ætlað að beinast að samskiptum ráðherrans við umrædda starfsmenn í tengslum við ákvörðun hans um flutning veiðistjóraembættisins en varðar ekki flutning embættisins sem slíks til Akureyrar. Það er nauðsynlegt að undirstrika þetta vegna þess að að því hefur verið látið liggja af þeim sem halda uppi málsbótum fyrir hæstv. ráðherra og embættisfærslur hans að hér sé verið að beina spjótum að þeirri ákvörðun að flytja embætti frá höfuðstaðnum út á land. Það er algjörlega óskylt mál sem við flm. blöndum á engan hátt inn í þetta heldur beinist þetta einvörðungu að samskiptunum við starfsmennina.

Það eru ýmis álitamál sem tengjast málatilbúnaði ráðuneytisins að því leyti eru þau annars eðlis og ekki tilefni flutnings þessarar tillögu. Þar er sérstaklega átt við þennan flutning embættisins sem slíks.

Í tillögunni eru málavextir raktir í aðalatriðum eins og þeir virðast liggja fyrir að mati flm. en jafnframt vísað til umsagna sem birtar eru í fylgiskjölum með tillögunni og bárust umhverfisnefnd við meðferð frumvarps til laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, öðrum en hvölum. Í umræðum um frumvarpið fléttuðust af hálfu starfsmanna veiðistjóra, af eðlilegum ástæðum, saman við málið atriði er varða meint fagleg áhrif flutnings embættisins og áhrif þeirrar aðgerðar á starfsmenn en það er óskylt þeirri rannsókn sem hér er ætlað að fari fram á grundvelli þessarar tillögu.

Í grg. með tillögunni og fylgiskjölum er sýnt fram á það með ljósum rökum að hæstv. ráðherra hafði við málatilbúnað sinn ekki fyrir því að kynna starfsmönnum þessa embættis ákvörðun sína áður en hún var tekin, hvað þá að leita eftir áliti þeirra fyrir fram að því er snertir þá ákvörðun hans og í rauninni undirbjó hann ekki ákvörðun sína með þeim hætti sem eðlilegt hlýtur að teljast þegar um svo ákvarðandi mál er að ræða. En þar sem tillagan varðar einvörðungu framkomuna gagnvart starfsmönnum veiðistjóraembættisins þá ætla ég ekki að rekja það sem varðar hinn faglega þátt málsins þó að mjög margt mætti um það segja út af fyrir sig.

Í fskj. með tillögunni er að finna álit frá laganefnd Bandalags háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna og þar er að finna ábendingar sem varða hugsanleg brot á eðlilegum reglum og hugsanlega á lögum sem sniðgengin eru af hálfu hæstv. ráðherra við hans málafylgju.

Flm. hafa að sjálfsögðu ekki tekið neina afstöðu til þess hvort um lögbrot er að ræða í sambandi við málið því það væri ekki ástæða til þess af hálfu okkar að leggja til skipan rannsóknarnefndar ef það teldist borðleggjandi og fullljóst heldur er einmitt nauðsynlegt að rannsóknarnefnd, sem hér er gert ráð fyrir að verði skipuð, fari yfir þau efni og leiði fram og gefi Alþingi skýrslu um það hvort um slík lögbrot hefur verið að ræða.

Að mínu mati eru það sérstaklega stjórnsýslulögin

sem hljóta að koma til álita í sambandi við þetta mál að því er snertir hina formlegu lagahlið. Stjórnsýslulög nr. 37/1993 en í 10. gr. þeirra er að finna hina svonefndu rannsóknareglu sem er þannig, með leyfi forseta:

„Stjórnvald skal sjá til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin í því."

Í 13. gr. stjórnsýslulaga sem er svohljóðandi, undir fyrirsögninni „Andmælaréttur", með leyfi forseta:

„Aðili máls skal eiga þess kost að tjá sig um efni máls áður en stjórnvald tekur ákvörðun í því, enda liggi ekki fyrir í gögnum málsins afstaða hans og rök fyrir henni eða slíkt sé augljóslega óþarft."

Ábendingar hafa komið fram um að gengið sé á svig við lagafyrirmæli í fleiri greinum, m.a. í nefndu áliti laganefndar BHMR. En ég ætla hér ekki að fara út í þau efni sérstaklega, það eru mál sem rannsóknarnefnd yrði að fjalla um og kveða þar til sérfróða aðila til þess að meta þá þætti.

Ég vil hins vegar, virðulegur forseti, víkja að því atriði sem gerð er grein fyrir af okkur flm. í grg. að um valdníðslu hafi verið að ræða af hálfu hæstv. ráðherra í sambandi við þetta mál, auk þess sem brotið er gegn óskrifuðum lögum um mannleg samskipti.

Nú er það svo að hugtakið valdníðsla er ekki mjög skýrt afmarkað í íslenskri löggjöf eða íslenskum rétti en hins vegar hefur verið um það fjallað af lögfróðum aðilum, löglærðum aðilum, og ég vil vísa til þess, virðulegur forseti, hvar slíkar upplýsingar er að finna. Ástráður Haraldsson héraðsdómslögmaður hefur ritað langa grein um forsendur stjórnsýsluathafna og þar er að finna í tímaritinu Úlfljóti á bls. 135 skýringar á valdníðsluhugtakinu og hvernig beri að túlka það og einnig á bls. 139. Ég hef ekki tíma í minni framsögu að víkja að efni þessa en ég vil jafnframt vísa til greinar eftir annan virtan lögmann sem er Eiríkur Tómasson héraðsdómslögmaður, sem skrifaði greinina „Á vettvangi dómsmála" fyrir nokkrum árum síðan og fjallar þar um þessi efni á bls. 63, hugtakið valdníðslu, þ.e. varðandi ólögmætar ástæður sem búa að baki stjórnvaldsákvörðun og nefnd hefur verið valdníðsla í íslenskum stjórnarfarsrétti. Þetta er að finna á bls. 62 og 63 í nefndri grein eftir þennan virta lögmann.

Ég tel alveg nauðsynlegt að yfir þessi efni sé farið alveg sérstaklega út frá hlutlægum ástæðum sem liggja að baki þessa máls en einnig hljóta menn að horfa á hina huglægu þætti að svo miklu leyti sem réttmætt kann að vera að tengja það málafylgju ráðherrans en hér skal ekkert fullyrt um það hvort slíkar ástæður hafi legið að baki þó að ýmsar vísbendingar hafi komið fram af hálfu málsþolenda þar að lútandi.

Þá vil ég nefna það, virðulegur forseti, að í málafylgju sinni hefur hæstv. umhvrh. gengið gegn þeim leiðbeiningum sem mörkuð eru í nál. stjórnskipaðrar nefndar núv. ríkisstjórnar sem var undir forsæti Þorvalds Garðars Kristjánssonar sem skilaði áliti til forsrn. og gefið er út í júlí 1993. Í grg. er vitnað til þess með svofelldum hætti, með leyfi forseta:

„Með flutningi stofnana er ætlunin að færa atvinnutækifæri til landsbyggðar. Það má gerast hvort sem starfsmenn fylgja með stofnun sinni eða ekki. Hins vegar varðar miklu að stofnun geti haldist á starfsmönnum sínum. Þar er um gagnkvæma hagsmuni að ræða. Verður að leita allra ráða til þess að stofnun haldist á starfsmönnum sínum."

Þetta segir orðrétt í áliti þessarar nefndar. Gegn þessu er auðvitað brotið gróflega. Það er líka ástæða til að vekja athygli á því að í umfjöllun á vegum hæstv. ríkisstjórnar var umrætt embætti ekki á dagskrá á vegum þessarar nefndar þar sem áttu sæti fulltrúar allra þingflokka og á sérstökum fundi sem hæstv. umhvrh. kvaddi saman með fulltrúum stofnana undir sínu ráðuneyti í nóvember 1993 var ekkert að því látið liggja að hugmynd væri uppi um það að flytja stofnun sem ákvörðun er svo tekin um að flutt verði af hæstv. ráðherra nokkrum mánuðum seinna, 1994 í ársbyrjun. Voru þó forstöðumenn umrædds embættis á nefndum fundi.

Það er ástæða til þess við skoðun málsins, virðulegur forseti, að líta til þess hvernig haldið er á hliðstæðum málum í nágrannalöndum. Ég hef undir höndum greinargerðir og málsskjöl frá Noregi sem draga fram hvernig haldið er á málum í flutningi stofnana þar í landi. Þar er um að ræða flutning á Norðurstofnun Norðmanna frá Ósló til Tromsö og þar er fjallað um málið og gerð grein fyrir því með hvaða hætti þetta skuli gert og um samning við starfsmenn um flutning stofnunar, ákvörðun sem tekin er 1993 en flutningurinn á að vera um garð genginn 1998. Þar er um að ræða eðlileg og vönduð vinnubrögð en ekki það handahóf og þau fráleitu málstök sem hæstv. umhvrh. því miður viðhafði þegar hann tók ákvörðun um það án nokkurs minnsta samráðs eða viðvörunar gagnvart stofnunum viðkomandi embættis að flytja það.

Ég er eindreginn stuðningsmaður þess að reynt sé að dreifa stjórnsýsluverkefnum á Íslandi með því að koma þeim fyrir annars staðar en hér í höfuðborginni. En ég tel að vinnubrögð af þessum toga gangi þvert gegn slíkum markmiðum og séu til þess fallin að skapa pólitíska óvild og mótþróa gegn slíku umfram það sem eðlilegt er og að vinnubrögð hæstv. ráðherra séu einnig af þeim sökum afskaplega óheppileg, svo ekki sé fastar að orði kveðið.

[16:44]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson heldur því fram að hann sé hlynntur flutningi stofnana út á land. Ég ætla ekki, virðulegi forseti, að fella dóm yfir þá staðhæfingu hans sem leyfir öðrum mönnum að draga þær ályktanir sem þeir kjósa af þessum tillöguflutningi.

Ég segi það hins vegar, virðulegi forseti, að það er dapurlegt að sjá mann með jafnvandaðan feril og hv. þm. Hjörleif Guttormsson detta niður á það stig sem hann hefur gert með þessari tillögu. Það segir sína sögu að þegar horft er yfir þingsalina þá sé ég af þessum sex meðflm. hans aðeins einn í salnum. Hvar eru hinir? Ég spyr. Getur það verið að þeir hafi séð að sér og séð hversu hátt yfir markið er skotið með þessari fáránlegu tillögu, virðulegi forseti? Það kemur mér til

hugar. Því miður er sú þáltill. sem hér liggur fyrir byggð á hrapallegum misskilningi og grg. sem með henni fylgir og ýmis fylgiskjöl eru með sama marki brennd. Það er dapurlegt líka að sú leið er farin í greinargerð og textum sem fylgja tillögunni að í stað þess að segja hlutina hreint út er ýjað að þeim. Menn þurfa að lesa vel á milli línanna til að skilja hvert hv. 1. flm. er í rauninni að fara. Það var t.d. athyglisvert að hlusta á hv. 1. flm. tillögunnar segja það hreint út í viðtali, sem segir þó ekki í þessari tillögu sem hann hefur lagt fram, að af hans hálfu þá sé tillagan ekkert annað en vantraust á umhvrh., eða svo vitnað sé orðrétt í hv. þm. Hjörleif Guttormsson í kvöldfréttum Ríkisútvarpsins, þann 26. okt. 1994, með leyfi forseta:

„Ja, þetta er auðvitað vantraust á ráðherrann þannig af hálfu minni. Ég vil ekki tala fyrir aðra flm."

Það er fróðlegt að heyra þetta sér í lagi vegna þess að hv. þm. lagði ekki í að segja það beint út í tillögunni. Það er rösklega að verki staðið, hv. þm. Það væri hins vegar fróðlegt að heyra viðhorf annarra þeirra þingmanna sem hafa stutt tillöguna og flutt með hv. þm. og eru staddir í þingsalnum, (**KE:** Það er bara einn.) heyra viðhorf þeirra til þessarar yfirlýsingar hv. þm. Hjöleifs Guttormssonar um hinn ranverulega tilgang með þessari tillögu. Það er líka alveg ljóst þrátt fyrir þá miklu áherslu sem hv. þm. lagði á það áðan að hann væri alls ekki að vega að ákvörðuninni sjálfri um flutning stofnunarinnar. Hann hélt því fram. Auðvitað vegna þess að það er búið að hundskamma hann af öllum í hans eigin flokki og í öðrum flokkum líka vegna þess að hann veit hvað hann er búinn að gera með þessari tillögu. Það er nákvæmlega það og slík vinnubrögð sem gera að verkum að fólk er að ryðjast út úr flokknum í hans eigin kjördæmi vegna þess að hann sinnir allt öðrum verkum en sem snúa að því.

Ég leyfi mér að fullyrða, virðulegur forseti, að þessi tillöguflutningur hv. þm. er ekki fallinn til þess að stuðla að flutningi ríkisstofnana út á land. Það er alveg ljóst þegar maður les texta greinargerðarinnar að þar er líka dregið í efa, ég vísa til greinargerðarinnar á fyrstu bls., að umhvrh. hafi heimild til að taka einhliða ákvörðun um flutning þessarar stofnunar. Það er hins vegar alrangur skilningur hvað varðar embætti veiðistjóra. Í lögum sem giltu um embættið og sem gilda um það eftir að þeim var breytt er ekkert kveðið á um staðsetningu embættisins og ráðherra hefur fulla heimild til að breyta henni. Ég vil vekja sérstaka eftirtekt á því að hin fræðilega greinargerð með tillögunni virðist einkum vera fólgin í áliti laganefndar BHMR. Þar kemur fram, með leyfi forseta, að ráðherra getur sennilega breytt staðsetningu stofnunar án lagabreytingar ef ekki er kveðið á um staðsetninguna í lögum. Sama sinnis voru allir aðrir lögmenn sem um þetta voru spurðir, þar á meðal Eiríkur Tómasson hæstaréttarlögmaður sem veitti ráðuneytinu umsögn um þessa þáltill. sem hér liggur fyrir en það er ágætt að nefna hann hér vegna þess að hv. flm. vísaði einmitt í hann. Það er því engum blöðum um það að fletta að umhvrh. hafði fulla heimild til að taka þessa ákvörðun.

Eins og ég sagði, virðulegur forseti, þá úir og grúir að missögnum og misskilningi í þessari tillögu og auðvitað sætir það furðu að jafnvandaður þingmaður og hv. þm. Hjörleifur Guttormsson skuli kasta höndunum til verka með þessum hætti. Mér finnst það dapurlegt því ég hafði álit á honum og hef raunar enn.

Meginstef þessarar tillögu er að ákvörðuninni um flutning á embætti veiðistjóra hafi stjórnsýslulög verið brotin. Og takið eftir að það var nákvæmlega það sem var burðarásinn í málflutningi hv. þm. Í þessu felst einmitt alvarlegasti misskilningur tillöguflytjenda vegna þess að hér speglast í rauninni fullkominn rangskilningur á eðli og tilgangi þeirra laga. Þessi rangskilningur speglaðist vel í máli þingmannsins. Stjórnsýslulögin gilda um samskipti almennings við stjórnvöld en þau gilda ekki um innri málefni stjórnsýslunnar. Í athugasemdum með 1. gr. stjórnsýslulaganna, sem fjallar um gildissvið þeirra, kemur fram að lögunum er einungis ætlað að ná til ákvarðana stjórnvalda sem beinast að borgurunum. Ákvörðunin verður að beinast að tilteknum aðila eða aðilum svo hún teljist stjórnvaldsákvörðun og falli undir svið þessara laga. Ákvörðunin um að flytja embætti veiðistjóra var í rauninni ákvörðun æðra stjórnvalds sem varðaði lægra sett stjórnvald. Hún er því alveg skýrt dæmi um mál sem er ómögulegt að flokka undir annað en innri mál stjórnsýslunnar. Hún er ekki stjórnvaldsákvörðun í skilningi laganna.

Ég vil, virðulegi forseti, vegna þess að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson dró fram lagaspekinginn Eirík Tómasson til að styðja mál sitt, vitna líka í greinargerð Eiríks Tómassonar sem er nýlega orðinn prófessor í réttarfari við Háskóla Íslands og virtasti sérfræðingur landsins einmitt á sviði stjórnsýslunnar. Hann segir, með leyfi forseta:

„Nefndin" — þ.e. laganefnd BHMR — „gætir þess ekki í álitsgerð sinni að greina þá ákvörðun að flytja aðsetur stofnunar á borð við embætti veiðistjóra frá þeirri ákvörðun að breyta vinnustað einstakra starfsmanna stofnunarinnar. Að sjálfsögðu leiðir síðari ákvörðunin af þeirri fyrri en samt sem áður verður að gera skýran greinarmun á þessum tveimur ákvörðunum í lagalegum skilningi vegna þess að fyrri ákvörðunin er almenns eðlis og beinist að innra skipulagi stjórnsýslunnar á meðan sú síðari beinist að einstökum starfsmönnum og réttindum þeirra."

Síðan segir í greinargerðinni, með leyfi forseta:

„Skv. 2. mgr. 1. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, taka lögin ekki til þeirrar almennu ákvörðunar að flytja embætti veiðistjóra frá Reykjavík til Akureyrar."

Þetta er sama vitnið og hv. þm. leiddi hér fram áðan. Það er sem sagt skilningur Eiríks Tómassonar, hæstaréttarlögmanns og prófessors í réttarfari við Háskóla Íslands, að þetta falli ekki undir þessi lög. Þegar ákvörðunin um flutninginn er tekin þá gilda hins vegar ákvæði stjórnsýsluréttar um þær einstöku ákvarðanir sem kunna að leiða af hinni almennu ákvörðun, þar á meðal um að breyta vinnustað einstakra starfsmanna við embætti veiðistjóra vegna flutnings frá Reykjavík til Akureyrar. Þetta þýðir með öðrum orð-

um að það ber að gefa starfsmönnum kost á því skv. 13. gr. stjórnsýslulaganna að koma á framfæri persónulegum sjónarmiðum vegna fyrirhugaðs flutnings alveg á sama hátt og þegar um er að ræða aðrar veigamiklar breytingar á þeirra störfum. Þetta verða menn að skilja.

Það er rétt að ýmsum reglum sem hafa verið lögteknar með stjórnsýslulögunum, t.d. rannsóknarreglunni sem er að finna í 10. gr., verður einnig beitt sem óskráðum réttarreglum á öðrum sviðum stjórnsýslunnar. Það er t.d. alveg ljóst og það eina sem ég fann rétt í máli hv. þm. að rannsóknarreglan tekur ótvírætt til þeirra ákvörðunar sem fólst í flutningi embættis veiðistjóra frá Reykjavík til Akureyrar. Hvað þýðir það? Það þýðir að ákvörðunin verður að byggjast á því að fram hafi farið málefnaleg könnum á kostum hennar og göllum áður en hún var tekin. Sú ákvörðun fór fram. Hún fór fram í ráðuneytinu. Fór fram af raunvísindamönnum sem samanlagt hafa tvö doktorspróf og fjórar háskólagráður að auki. Niðurstaðan varð sú að það skaðaði ekki embættið að flytja það frá Reykjavík til Akureyrar og raunar tel ég að það styrki embættið og styrki gildi þess fyrir ríkisvaldið.

Þegar ákvörðunin lá fyrir óskuðu starfsmenn eftir því að fá tiltekinn frest til að ákveða hvort þeir vildu flytja með stofnuninni. Á meðan átti ráðuneytið viðræður við Akureyrarbæ og það náðist samkomulag um ákveðin kjaraatriði, ákveðin stuðningsatriði til að auðvelda starfsmönnunum flutninginn. Ráðuneytinu bar í sjálfu sér engin skylda til þess að gera það vegna þess að það eru engin atriði í kjarasamningi BSRB eða BHMR um það. Það var gert samt sem áður og það lá samkomulag á borðinu. Niðurstaða starfsmannanna varð önnur eins og kunnugt er, að flytja ekki með stofnuninni, og þess vegna kom ekki til kasta þessa samkomulags.

Þegar flutningur á stofnun á sér stað þá er réttarstaða starfsmanna alveg skýr. Hún liggur ljós fyrir og ég segi þetta vegna þess að það er spurt sérstaklega um það. Ef launakjör eða önnur starfsréttindi eru ekki skert þá ber starfsmönnum að hlíta ákvörðun um flutning. Að öðrum kosti má líta svo á að þeir hafi sagt upp sínum störfum. Í greinargerð ríkislögmanns frá 1989 um flutning á Skógrækt ríkisins segir, með leyfi forseta:

„Komi sú staða upp að starfsmenn neiti að sæta þessum breytingum á störfum sínum" — þ.e. flutningi stofnunar — „verður að telja að þeir hafi þar með fyrirgert rétti sínum til starfans. Slíkt feli í sér lögmætar ástæður fyrir veitingarvaldshafa til að veita þeim lausn frá störfum. Þetta á jafnt við um skipaða sem ráðna starfsmenn. Starfsmenn ættu við þessar aðstæður ekki neinn rétt til bóta vegna frávikningar úr starfi né heldur ættu hinir ráðnu starfsmenn rétt á þriggja mánaða uppsagnarfresti við þær aðstæður."

Starfsmannaskrifstofa fjmrn. staðfesti þennan skilning með bréfi til umhvrn. Þar segir líka, með leyfi forseta:

„Ákvæði 33. gr. laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, gerir starfsmanni skylt að hlíta breytingum lögum samkvæmt á störfum hans. Sama gildir um breytingar sem yfirmaður ákveður en þeirri ákvörðun má skjóta til ráðherra. Verði störfum starfsmanna ofangreindra ríkisstofnana breytt með lögum eða ákvörðun á þann veg að þeir skuli gegna þeim á öðrum stað en hingað til ber þeim að hlíta slíkum breytingum, skv. 33. gr. laga nr. 38/1954 enda hafi breytingin ekki áhrif til skerðingar á launakjörum hans."

Þetta er samdóma álit allra lögmanna sem ég hef rætt við. Réttur ráðherra er sem sagt ótvíræður. En hvernig skyldi þá illmennið sem situr í stól umhvrh. hafa komið fram við umrædda starfsmenn?

Fyrrv. veiðistjóri, mætur og afar góður vísindamaður sem hefur unnið sér gott orð fyrir alþjóðlegar rannsóknir á ref, vildi ekki flytja með stofnuninni, það var hans réttur. Það hefði verið slæmt að missa jafngóðan vísindamann úr heimi íslenskra vísinda, mann sem ætti heima í embætti fræðimanns við hvaða háskóla sem er og kannski miklu frekar í starfi fræðimanns en í embætti veiðistjóra þar sem menn eru að hneppa oft allt öðrum hnöppum en þeim sem tengjast beinlínis vísindunum.

Ég rifja það upp, virðulegur forseti, að við afgreiðslu fjárlaga var rekstrarframlag til veiðistjóra hækkað. Hækkunin, sem mætti engum andmælum, er skýrð með svohljóðandi hætti í fjárlögum, með leyfi forseta:

„Hækkunin er vegna kennslu- og rannsóknarembættis við Háskóla Íslands og verður staðan kostuð af fjárlagalið embættis veiðistjóra. Miðað er við að staðan verði stofnuð 1. júní 1995." Í framhaldi af því, virðulegur forseti, þá ritaði ég fyrrv. veiðistjóra svohljóðandi bréf:

„Eins og yður er kunnugt hefur umhvrn., að höfðu samráði við Háskóla Íslands, ákveðið að vinna að stofnun prófessorsembættis fyrir yður í stofnvistfræði spendýra við Háskóla Íslands á næsta ári sem kostað yrði af umhvrn. og embætti veiðistjóra. Málið hefur jafnframt verð rætt við menntmrh. Rektor Háskóla Íslands hefur þegar óskað eftir tilnefningum í dómnefnd til að meta hæfni yðar til kennaraembættis af þessu tilefni."

Þetta er gert á grundvelli 37. gr. háskólalaganna sem ég veit að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson er sérfræðingur í.

Virðulegur forseti. Ég hafði samband og lét kanna það hjá öðrum starfsmanni veiðistjóraembættisins hvort hann myndi taka boði um að verða veiðistjóri annaðhvort til frambúðar eða tímabundið. Hann tók sér frest til umhugsunar og gaf að því búnu það svar að hann treysti sér ekki til að flytja með embættinu norður. Þegar því var lokið var honum í samráði við Náttúrufræðistofnun Íslands boðið starf sérfræðings þar. Því starfi hefur hann tekið og er starfandi núna við Náttúrufræðistofnun Íslands hér í Reykjavík.

Þriðja starfsmanninum sem einnig var starfandi við embættið hefur líka verið fundið starf. Með öðrum orðum, hvar liggja þessi meintu réttindabrot starfsmannanna? Ég spyr. Ég verð að segja það, virðulegur for-

seti, að ég er afskaplega undrandi á þessum tillöguflutningi.

Mig langar að lokum að lesa upp úr grein eftir mætan bónda, Hjört E. Þórarinsson á Tjörn, sem birtist í Degi 25. jan. 1994.

„Ég ætlaði varla að trúa mínum eigin eyrum þegar ég heyrði í útvarpsfréttum 16. janúar, að umhverfisráðherra, Össur Skarphéðinsson, hefði ákveðið að embætti veiðistjóra yrði flutt til Akureyrar þar sem það tengdist setri Náttúrufræðistofnunar sem starfar þar. En það er ekki um að villast, þetta var ekki misheyrn. Ákvörðunin hefur verið tekin af þar til bærum aðila. Nú á bara eftir að framkvæma hana.“ (Forseti hringir.)

Síðan segir: „En í því máli að flytja brott úr höfuðstaðnum eina litla ríkisstofnun, sem sinnir þó verkefnum um land allt, hefur ráðherra kunngert þjóðinni vilja sinn afdráttarlausan. Eftir er að sjá viljann birtast í verkinu. Slík aðgerð sem þessi gerist ekki þegjandi og hljóðalaust, það sýnir reynslan.“

Reynslan hér í dag hefur aldeilis sýnt það. Hér er tekin ákvörðun sem styrkir stofnun, sem styrkir rannsóknirnar á Íslandi og þá rjúka menn upp til handa og fóta á Alþingi Íslendinga og rífast. Fyrir nokkrum dögum voru menn að taka ákvörðun um að flytja til Akureyrar 80–100 manns og væntanlega, með sama málflutningi og sömu röksemdafærslu og hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hefur uppi, rífa 80–100 fjölskyldur upp með rótum og flytja til Akureyrar. Hvar voru þingmenn þá? Var ekki verið að ráðast á fólk og flytja það nauðungarflutningi? Ég velti því fyrir mér, virðulegi forseti, (Forseti hringir.) hvort þetta mál sé e.t.v. sprottið af allt öðrum hvötum en þeim sem tengjast flutningi stofnana út á land.

[17:00]

Kristín Einarsdóttir *(um fundarstjórn)*:

Frú forseti. Ég ætlaði einungis að spyrja eftir hvaða grein þingskapa umræður fari fram þar sem ég tek eftir að hæstv. ráðherra talar lengur en átta mínútur. Gildir það einnig um aðra þingmenn?

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti vill upplýsa að það var beiðni þingflokks Alþfl. að hæstv. ráðherra fengi jafnlangan tíma og hv. 4. þm. Austurl. með tilliti til þess að efni tillögunnar væri beint að hæstv. ráðherra. Í 44. gr. þingskapa, eins og ég las upp áðan, segir: „Forseti getur ákveðið frávik frá þessari málsmeðferð“ — sem er hin venjulega — „ef fyrir liggur rökstudd beiðni þingflokks þar að lútandi. Hver þingflokkur hefur rétt til að bera slíka beiðni fram við forseta einu sinni á hverju þingi.“

Þingflokkur Alþfl. mun ekki hafa farið fram á slíka beiðni fyrr og forseti mat það svo að við þessu væri unnt að verða. En forseti hefur jafnframt ákveðið að umræðan haldi nú áfram að venjulegum fundarsköpum, þ.e. að menn hafi framvegis átta mínútur hver.

[17:02]

Árni M. Mathiesen:

Hæstv. forseti. Hér er til umræðu furðulegasta tillaga sem ég hef séð á Alþingi fram til þessa. Tillagan fjallar um, að því er virðist samkvæmt texta og greinargerð, þrjú atriði. Um flutning veiðistjóraembættisins til Akureyrar, um undirbúning þeirrar ákvörðunar og samskipti við starfsmenn og í þriðja lagi um meinta persónulega árekstra umhvrh. og ótiltekinna starfsmanna.

Í tillögunni og í greinargerðinni og fylgiskjölunum rekst hvað á annars horn. Flutningsmenn fullyrða að þeir séu ekki á móti því að flytja embætti veiðistjóra til Akureyrar. En hvers vegna láta þeir þá fylgja fylgiskjal fyrrum veiðistjóra, dr. Páls Hersteinssonar, um það hversu óæskilegt það sé að flytja embættið til Akureyrar? Flutningsmenn efast um réttmæti og lagalegan grundvöll flutningsins af hálfu ráðherrans og það hvernig að honum er staðið og samskipti við starfsmenn embættisins. Hvernig stendur þá á því að tillögunni fylgir fylgiskjal frá laganefnd Bandalags háskólamanna hjá ríkinu þar sem talið er að ráðherrann hafi lagaheimild til að flytja stofnunina þangað og það þurfi ekki að leita sérstakrar heimildar hjá Alþingi eða öðrum til þess? Hvernig stendur þá á því ef samskipti hæstv. umhvrh. og starfsmannanna hafa verið svona óviðunandi að þeir starfsmenn sem ekki vildu flytja hafa allir fengið störf við sitt hæfi á því svæði þar sem þeir kjósa að búa? Í leiðinni stendur til að efla sviptaða starfsemi og um er að ræða hjá Háskóla Íslands og hjá Náttúrufræðistofnun Íslands. Það sem eftir stendur er það sem lesa má milli línanna, það sem ýjað er að. Í greinargerðinni segir:

„Ástæða er einnig til þess að ætla að þessi ákvörðun eigi rætur í persónulegum árekstri ráðherra við starfsmenn embættisins á óskyldum vettvangi.“

Þessari fullyrðingu fylgir ekki greinargerð. Það eru einungis greinargerðir sem ganga þvert á það sem tillögumenn leggja til og gera grein fyrir í sínu máli. Þess vegna læðist að manni sá grunur, og ég vona innilega, hæstv. forseti, að sá grunur sé ekki á rökum reistur, að ástæða tillöguflutningsins eigi, svo ég noti orð úr greinargerðinni, rætur í persónulegum árekstri ráðherra og viðkomandi hv. þm.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti vill geta þess þar sem hún fer innan tíðar úr forsetastól að athugasemdir hafa verið gerðar við úrskurð forseta um að hæstv. ráðherra fengi 15 mín. eins og framsögumaður. Til þess að sá forseti sem tekur við innan skamms þurfi ekki að svara fyrir þessa ákvörðun þá vill forseti leyfa sér að standa við hana. Það eru engin ákvæði um hver frávik séu gerð þyki forseta ástæða til að hafa frávik frá umræðu. Það er hins vegar heimilt að hafa ómældan tíma þegar um er að ræða stórmál eins og mál sem fjalla um stjórnskipun, utanríkis- og varnarmál, staðfestingu framkvæmdaáætlana og annað slíkt. Forseta þykir þetta mál ekki þess eðlis að ástæða sé til að ganga svo langt. Þessi úrskurður er úrskurður þess forseta sem hér stendur og ég vil biðja hv. þm. að angra ekki þann forseta sem innan tíðar tekur við með honum. Ég hygg að rétt sé að farið.

[17:07]

Flm. (Hjörleifur Guttormsson) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegur forseti. Ég ætla ekkert að hafa á móti því að hæstv. umhvrh. fái að tala hér lengi og mikið því ef hann fer ekki betur með sinn tíma en hann gerði áðan þá veitir ekkert af að auka hans svigrúm. En þar sem hér er um mikilsvert mál að ræða, spurninguna um túlkun þingskapa, þá leyfi ég mér að draga í efa að hér sé farið að þingsköpum svo sem venja hefur verið til í sambandi við túlkun á þessari grein.

Ég veit til þess að þingflokkar hafa óskað eftir slíkum rýmri fresti en ef mig misminnir ekki þá hefur það gilt sem almenn regla varðandi umræðu þannig að ekki sé verið að úthluta því til eins einstaks ræðumanns. Þetta tel ég nauðsynlegt að farið sé yfir í forsn. þingsins og komi um það skýring úr forsetastóli til að ekki sé verið að innleiða hér einhverja hefð sem ekki byggir á venjubundinni málsmeðferð. En ég er að sjálfsögðu ekki að gera annað en athugasemd um þetta efni og hef ekki haft aðstæður til að kanna hvernig á hefur verið haldið fram að þessu.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti vill taka fram að þessum orðum sögðum að hér er allóvenjulegt mál á ferðinni þar sem um er að ræða skipun rannsóknarnefndar um embættisfærslu ákveðins hæstv. ráðherra. Forseti taldi ekki ástæðu til að meta þessa umræðu til tímalengdar eins og um vantrauststillögu væri að ræða heldur þótti sanngjarnt að umræddur hæstv. ráðherra fengi jafnlangan tíma og 1. flm. tillögunnar. Þetta er einfaldlega úrskurður forseta og hann stendur og ég bið hv. þm. að tefja ekki tímann með því að ræða það frekar. Komi það í ljós að hér sé um alrangan úrskurð að ræða þá er það auðvitað í valdi þess forseta sem við tekur að hnekkja honum. En ég fæ ekki séð að það sé neitt sem bannar forseta að kveða upp þennan ákveðna úrskurð.

[17:09]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegur forseti. Ég tel að forsetadæmið hafi tekið hárrétta ákvörðun með þessu leyfi. Ég tel líka nauðsynlegt að þetta fordæmi sé veitt og það sé sköpuð hefð að þegar tillögur eins og þessi koma fram þar sem ráðherra er borinn þungum sökum þá fái hann a.m.k. undir öllum kringumstæðum jafnmikinn tíma og flutningsmaður. Að vísu hefur það komið fram að það sé óvanalegt og ég vænti þess að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson sjái að sér og flytji ekki svona vitleysistillögur aftur. Það getur alltaf komið til þess og þá er það bara nauðsynlegt að sá sem verður fyrir því hvert skipti fái jafnmikinn tíma og hv. þm. til að skýra sitt mál jafnvel þótt hann noti tímann illa eins og hv. þm. telur að ráðherrann hafi í þessu tilfelli gert.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti vill geta þess að það var ekki ástæða úrskurðarins að hér væri um að ræða „vitleysistillögu" og forseti vil biðja hv. þm. að nefna ekki tillögur hvers annars slíkum nöfnum.

[17:10]

Gísli S. Einarsson:

Frú forseti. Í upphafi vil ég taka fram að mér finnst úrskurður forseta sanngjarn og hárréttur um tíma til málflutnings í þessu máli.

Ég verð í upphafi míns máls að lýsa sérstakri vandlætingu á þeirri þáltill. sem hér er til umræðu. Mér finnst hún til vanvirðu fyrir þá þingmenn sem að henni standa, sérstaklega eftir að fyrir liggur að gengið hefur verið frá málum þeirra starfsmanna sem hér er verið að fjalla um og það í fullri sátt við þá og samkvæmt lögum.

Vegna þessarar ályktunar hefur sannarlega verið komið í veg fyrir flutning Landmælinga ríkisins til Vesturlands þar sem ráðherra er ekki unnt samkvæmt mati virtustu lögmanna að framkvæma sambærilega stjórnsýsluaðgerð með slíka tillögu yfir sér. Ég hef leitað eftir því sjálfur persónulega við flesta eða alla flutningsmenn tillögunnar, ekki hvað síst fyrsta flm. að hann dragi tillöguna til baka vegna þess að ágreiningsmál varðandi starfsmenn væri leyst. Flest svör flutningsmanna hafa verið bundin við hvað fyrsti flm. vildi gera. Í símtali neitaði hann að draga tillöguna til baka og falla frá flutningi. Afleiðingarnar eru að ekki virðist mögulegt að koma því máli fram við núverandi aðstæður að Landmælingar ríkisins flytji til Vesturlands. Það er undarlegt að standa frammi fyrir því að þeir sem helst koma í veg fyrir flutnings starfa út á land eru landsbyggðarþingmenn. Og nú hluti þeirra með hv. þm. Hjörleif Guttormsson í fararbroddi. Ég held að það sé kannski rétt með öfugum formerkjum að óska þeim til hamingju með félagsskapinn.

Ástæðan fyrir því að ekki er unnt að flytja Landmælingar er að finna í greinargerð tillögunnar þar sem segir, með leyfi forseta:

„Fyrir utan þann miska sem viðkomandi starfsmenn og aðstandendur þeirra hafa orðið að þola er hætt við að vinnubrögð ráðherra í þessu máli vinni gegn almennum áformum um flutning ríkisstofnana. Hið sama má einnig segja um framkomu ráðherrans gagnvart starfsmönnum Landmælinga ríkisins og Skipulags ríkisins í tengslum við athugun á flutningi þessara stofnana á fyrri hluta árs 1994."

Þar er komin ástæðan fyrir því að ekki er hægt að halda áfram með sambærilega stjórnsýsluaðgerð. Án þess, virðulegur forseti, að fara mikið lengra í málflutningi varðandi þá slóð vandamála sem Akurnesingar, sem hlut eiga að máli, hafa lent í í kjölfar þessa þá legg ég hreinlega til að þessi ályktun verði felld þegar í fyrstu atkvæðagreiðslu sem óhæf og órökstudd aðför að hæstv. umhvrh.

Ég ítreka það enn, virðulegur forseti, að mér finnst hörmuleg að enn og aftur skuli landsbyggðarþingmenn eins og hv. þm. Jón Helgason eiga svo mikinn þátt í að koma í veg fyrir að af flutningi stofnana geti orðið að ræða til þeirra byggðarlaga sem hvað verst hafa farið út úr atvinnusamdrætti undanfarandi ára. Ég sé ekki að það sé ástæða til að rekja málið frekar en ég lýsi fyrst og fremst vandlætingu á vanathuguðu máli sem hv. flutningsmenn tillögunnar standa að. Mér þykir mið-

ur, frú forseti, að þegar leitað er eftir því í bróðerni við þessa aðila hvernig mætti leysa málið, hvernig mætti draga þessa tillögu til baka þá var því hafnað.

[17:15]

Kristín Einarsdóttir:

Frú forseti. Hér er á ferðinni tillaga sem virðist skapa ansi mikinn óróa og það er greinilegt að hæstv. umhvrh. er ekki beint rótt þegar hann ræðir um þessa tillögu og les ýmislegt annað út úr henni en ætlunin er af hálfu flutningsmanna.

Ég er einn flutningsmanna og vil upplýsa það að Kristín Ástgeirsdóttir, þingkona Kvennalistans, er líka einn flutningsmanna en hún situr ekki á þinginu núna sem er skýringin á því að hún situr ekki hér en varamaður hennar er nú í salnum. Þetta vildi ég upplýsa vegna þess að verið var að tala um að fólk þyrði ekki að sitja í salnum. Mér þykir það nú hlægilegt.

Þessi tillaga er mjög skýr. Það stendur mjög ákveðið í henni að farið sé fram á að kosin skuli nefnd til að kanna embættisfærslu umhvrh. gagnvart starfsmönnum embættis veiðistjóra. Það er ekki verið að tala um að hæstv. ráðherra hafi ekki haft lagaheimild til að flytja stofnunina til Akureyrar. (**Umhvrh.:** Það er ýjað að því.) Ég veit ekki hvernig hæstv. ráðherra eða aðrir vilja endilega lesa það út úr þessari tillögu. Ég hef margoft lýst yfir því að ég efast ekki um að hann hafi lagalega heimild til þess en hins vegar er hægt að efast um að það sé eðlilega að málinu staðið, það er allt annað mál. Ég get upplýst það hér og nú þar sem ég var spurð sérstaklega að því að raunverulegur tilgangur þessarar tillögu er ekki að lýsa vantrausti á umhvrh. En ef hann vill taka það svo þá verður hann að hafa það fyrir sig. Tilgangur tillögunnar er fyrst og fremst að kanna hvernig að þessum málum hefur verið staðið að því er varðar starfsmenn. Það er ekki að ástæðulausu að þetta er gert. Þegar þessar tillögur komu fyrst á borð t.d. umhvn. Alþingis, þegar við vorum að ræða mál sem voru þessu alls óskylt, við vorum að ræða mál um vernd og veiðar á viltum dýrum sem var samþykkt á síðasta þingi, mál sem umhvn. vann að lengi síðasta þings, þá kom þetta mál á borð okkar. Ég verð að viðurkenna að lýsingin sem við fengum þar á því hvernig ráðuneytið, þá væntanlega undir stjórn hæstv. umhvrh., hefði komið fram við starfsmenn var ekki falleg. Hér hefur hæstv. ráðherra upplýst að búið sé að leysa þessi starfsmannamál, það má vel vera. En það breytir ekki því að sú framkoma sem ráðuneytið viðhafði gagnvart starfsmönnunum var óralangt frá því að vera eðlileg. Þetta hljóta allir að geta séð. Ég vil þess vegna ítreka að ég tel að hvorki felist í þessari tillögu né að ég sjálf hafi nokkrar efasemdir um það að ráðherrann hafi þessa heimild. Ég vil hins vegar að farið sé ofan í þessi mál og það sé ljóst, og þá er ég fyrst og fremst að hugsa um starfsmenn stofnana, að það sé ljóst hvar þeir standa þegar slíkar ákvarðanir eru teknar. Það er ekki víst að alltaf sé hægt að stofna embætti við Háskóla Íslands ef einhverjar stofnanir eru lagðar niður eins og verið er að gera núna. Ég vil auðvitað leggja áherslu á það að ég lít á það sem mjög jákvætt að það rannsóknir séu efldar við Háskóla Íslands á villtum spendýrum en ég bendi á eins og fram kom í umræðum um frv. til fjárlaga að það á að greiða þetta af fjárlagalið embættis veiðistjóra, alla vega að hluta til. Ég veit ekki hvernig það gengur upp. Þannig að það er nú ýmislegt sem vert er að athuga í því máli. Það kemur hins vegar ekki þessu máli við.

Mig grunar jafnvel að það upphlaup sem hefur orðið varðandi þetta mál hafi orðið til að leysa starfsmannamál þessarar stofnunar sem betur fer. En fleiri stofnanir er lagt til að flytji út á land, sem t.d. er lagt til í tillögum nefndar forsrn. Fulltrúi Kvennalistans tók þátt í starfi þessarar nefndar og við vorum sáttar við þá niðurstöðu sem var tekin. Hún er hins vegar ekki í samræmi við það sem hæstv. ráðherra hefur ákveðið. Af því að hér voru nefndar Landmælingar ríkisins sem hv. 4. þm. Vesturl., Gísli S. Einarsson, talaði um þá er ekki talað um að þær eigi að flytja til Akraness heldur til Selfoss. Ég vil bara vekja athygli á þessu, ekki það að ég sjálf hafi farið svo ofan í það hvar þær ættu helst heima. En ég vil benda á að mér finnst eðlilegt þegar verið er að skipa nefndir á vegum ríkisstjórnarinnar og þingflokkar taka þátt í þeim nefndarstörfum sé ekki gengi þvert gegn því og það séu eingöngu persónulegar skoðanir einstakra ráðherra sem skipti máli. En það skiptir aðalmáli þegar verið er að flytja ríkisstofnanir að réttur starfsmanna sé tryggður, það er aðalatriðið.

Í þessu nál. um flutning ríkisstofnana er talað um að það verði að vanda vel flutninginn. Ég vil benda á eina ríkisstofnun sem hefur flust núna ekki alls fyrir löngu. Það var Skógrækt ríkisins sem flutti til Egilsstaða. Það tókst mjög vel til held ég um flutning þeirrar stofnunar enda vandað til þess. Það var undirbúið vel og lagði skógræktarstjóri einmitt mjög mikla áherslu á það þegar haft var samband við hann að það yrði að undirbúa slíkan flutning mjög vel og ekki síst með tilliti til starfsmanna. Það er það sem skiptir máli.

Mér finnst mjög sérkennilegt að menn fari að lesa á milli línanna að þeir sem flytji þessa tillögu séu á móti flutningi ríkisstofnana, það finnst mér alveg af og frá, og þarf ekki annað en vitna til álits frá nefnd á vegum forsrn. til þess að hrekja þetta. Mér þykir ákaflega einkennilegt ef menn halda t.d. að Jón Helgason sé á móti flutningi ríkisstofnana út á land. Mér finnst það vera svo mikil hártogun og vitleysa. Ef slíkur málflutningur á að vera um tillögu sem þessa er það alls ekki til þess að flýta fyrir eða auðvelda flutning ríkisstofnana út á land.

Ég tek einnig fram af því að hv. þm. Árni M. Mathiesen segir að hann gruni að tillöguflutningurinn sé vegna persónulegra árekstra við ráðherrann að mér finnst þetta alveg af og frá. Hver hefur rekist svona persónulega á ráðherrann? Ekki ég. Ef hann þykist lesa það á milli línanna held ég að hann ætti að fara í lestrarkennslu til að sjá að þetta passar ekki með nokkru móti og ég vísa slíkum málflutningi á bug.

[17:24]

Flm. (Hjörleifur Guttormsson) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegur forseti. Ég vil aðeins vegna þess sem var úrskurðað af forseta sem áður sat í stólnum ítreka ein-

dregin mótmæli mín gagnvart þeim úrskurði sem felldur var varðandi meðhöndlun á 44. gr. þingskapa. Ég hef haft ráðrúm til að bera mig saman við þá sem um þessi mál véla á vegum þingsins. Hér hefur verið kveðinn upp rangur úrskurður varðandi málsmeðferð og hefur ekkert fordæmisgildi og ég bið forsetadæmið, forsn., að fara yfir málið og þegar í upphafi næsta fundar að kveða upp úrskurð um það hvað sé eðlileg túlkun í málinu. Ég er ekki að gera því skóna að þingflokkur Alþfl. — ég hef ekki séð ósk hans um umræðutíma eða annað sem veit að þessu — hafi viljað hafa þennan hátt á. Ég hef ekki séð neitt erindi frá þingflokknum. Spurningin er um það hvort umræða er ótímabundin eða ekki. Þannig hefur verið haldið á málinu og það verður þá auðvitað eitt yfir alla að ganga í þeim efnum. Þannig að mismunun af þessum toga, sem hér er ákvaraður, nær auðvitað ekki nokkurri átt og á sér engin fordæmi og hlýtur að verða hnekkt.

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti hefur hlýtt þær athugasemdir sem hv. þm. hefur borið fram og mun að sjálfsögðu taka þær til skoðunar.

[17:26]

Guðjón Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um þá till. sem hér er til umræðu. Mín skoðun er sú að það eigi að flytja ákveðnar stofnanir út á land enda er það stefna ríkisstjórnarinnar og kemur skýrt fram í hvítbók hennar. En það er ekki sama hvernig staðið er að samskiptum við starfsmenn þeirra stofnana sem á að flytja og það er auðvitað stórmál fyrir starfsmenn þegar vinnustaður þeirra er fluttur milli byggðarlaga og full ástæða til að vanda mjög öll samskipti við þá þegar tekin er ákvörðun um flutning stofnunar.

Ástæða þess að ég kveð mér hljóðs er það sem segir í greinargerð með tillögunni um athugun á flutningi Landmælinga ríkisins. En allt síðasta ár stóð til að sögn umhvrh. að flytja þá stofnun til Akraness. Það mun hafa verið nálægt áramótum 1993/1994 sem athuganir á þeim flutningi hófust og gert ráð fyrir að stofnunin yrði flutt í stjórnsýsluhús sem var í byggingu á Akranesi og er reyndar enn. Haft var samband við eigendur hússins og arkitekt fenginn til að hanna húsnæði fyrir Landmælingar á annarri hæð hússins u.þ.b. 1.300 fermetra. Það mun hafa verði rætt við starfsmenn Landmælinga um þennan hugsanlega flutning. M.a. mun formaður Flokks mannsins hafa tekið það verkefni að sér. Svo leið tíminn og ráðherra sagði Akurnesingum að það stæði bara á samþykki fjmrh. því þetta kostaði á annað hundrað millj. kr. Í júlí mun svo umhvrh. hæstv. hafa kallað eigendur stjórnsýsluhússins á sinn fund og tilkynnt þeim að hann væri ákveðinn í að flytja starfsemi Landmælinga ríkisins til Akraness, en að vísu þyrfti samþykki fjmrh. til að kaupa húsnæðið. Heimamenn brugðust við þessu með því að undirbúa stofnun eignarhaldsfélags til að kaupa húsnæðið og leigja það ríkinu. Í ágúst lá svo fyrir að ríkið gæti fengið leigt húsnæði á annarri hæð stjórnsýsluhússins á svipuðum kjörum og það húsnæði sem stofnunin er nú í í Reykjavík. Nú virtist allt tilbúið og ráðherra ekkert að vanbúnaði að taka ákvörðun um flutning Landmælinga ríkisins til Akraness. Þó taldi ráðherra sig þurfa að leggja málið fyrir ríkisstjórn. Þar var málið svo kynnt af umhvrh. en engin tillaga lögð fram um flutning stofnunarinnar. Málið lá svo vikum saman og ekkert gerðist þangað til sú tillaga sem hér er til umræðu kom fram á Alþingi, líklega í október frekar en nóvember, og þá var hún notuð sem ástæða til að slá flutningi Landmælinga ríkisins á frest. Þannig hefur málið legið síðan.

En af hverju málið var ekki afgreitt í ágúst, september, október, er mér hulin ráðgáta. Það er því miður hald manna á Akranesi að það hafi ekki verið full meining í því hjá ráðherra að flytja Landmælingar ríkisins til Akraness. Sumir halda jafnvel að það mál hafi orðið til þegar hæstv. umhvrh. var orðaður við framboð á Vesturlandi fyrir rúmu ári. Ég vil satt að segja ekki trúa því og þess vegna spyr ég hæstv. umhvrh.: Er hann tilbúinn að lýsa því yfir hér og nú að Landmælingar ríkisins verði fluttar til Akraness ef þessi tillaga verður felld eða hún dregin til baka?

[17:29]

Flm. (Hjörleifur Guttormsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hér kom upp hv. 5. þm. Vesturl. og ræddi um spurninguna um flutning sérstakrar stofnunar til Akraness, hann er annar þingmaður kjördæmisins sem kveður sér hljóðs og tengir þetta mál við flutning þessarar tillögu. Ég vil í fyrsta lagi segja að það var ólíkt efnislegri málflutningur sem kom fram frá hv. 5. þm. Vesturl. en mátti heyra frá hv. 4. þm. Vesturl. hér áðan. En ég vil taka fram að af hálfu flutningsmanna þessarar tillögu var hvorki um það vitneskja hvað stæði til varðandi flutninga á Landmælingum ríkisins, hafði raunar heyrt einhverja aðra staði nefnda í því sambandi fyrr á síðasta ári eða árinu þar á undan og ekki á nokkurn hátt hugmyndin að bregða fæti við ákvörðunum af hálfu ráðherra enda á hann sjálfdæmi um það að eigin mati, telur sig í öruggri stöðu varðandi þá ákvörðun sem hér er gagnrýnd með þessari tillögu. Það er þeim sem hér stendur alveg hulin ráðgáta með hvaða hætti hæstv. ráðherra er að tengja þau efni saman.

Hinu vil ég ekkert leyna að ég hef heyrt gagnrýni vegna undirbúnings á fleiri stofnunum eins og vikið er að í greinargerð með till. og það er ástæðan fyrir því að það er nefnt með þeim hætti sem fram kemur í greinargerð. Auðvitað er það mál sem hér er flutt á sinn hátt almenns eðlis. Það er auðvitað fullljóst. En hæstv. ráðherra getur ekki borið það fyrir sig að hann eigi í vörn vegna þessarar till. að taka ákvörðun sem hann hafði boðað. Það hlýtur að vera eitthvað annað sem að baki liggur.

[17:31]

Flm. (Hjörleifur Guttomsson):

Virðulegur forseti. Ástæða flutnings þessarar tillögu er sú að sá sem er 1. flm. hennar og ég held að það gildi um aðra flm., alveg sérstaklega geri ég ráð fyrir að það eigi við um þá í röðum flm. sem störfuðu

á síðasta þingi í umhvn. Alþingis og urðu þar vitni að þeim vinnubrögðum sem eru ástæða tillöguflutningsins og málsgögnum sem komu fram þar að lútandi frá þolendum sem í hlut áttu og báru vitni fyrir þingnefndinni — ég vil segja tæpitungulaust — en ég hef ekki séð ástæðu til þess við þessa umræðu að rekja það í einstökum atriðum vegna þess að till. fjallar um rannsókn. Ekki um dómsuppkvaðningu úr ræðustóli Alþingis. Ég er satt að segja afar undrandi á því með hvaða hætti hæstv. umhvrh. bregst við þessum tillöguflutningi. Það mátti heyra af hæstv. ráðherra að hann stæði traustum fótum í málinu. Það mátti skilja það af hans máli. En hann rökstuddi það ekki og hann reyndi ekki í nokkurri grein að hrekja þær ávirðingar sem raktar eru og fram hafa komið í þessu máli og lesa má m.a. í þeim dagsetningum sem tengjast ákvörðun hans og talar kannski hvað skýrustu dæmi með hvaða hætti hér var haldið á máli. Það var ekki reynt. Hér reyndi hæstv. umhvrh. aðeins að slá um sig með stóryrðum, með fullyrðingum í garð flm. en hann notaði ekkert af tíma sínum til þess að reyna að hnekkja því sem hér kemur fram og sem skiptir meginmáli, hvernig hann virðist hafa staðið að þessari ákvarðanatöku og gengið þar þvert gegn almennum og eðlilegum reglum, óskráðum sem skráðum. Það er alvara málsins.

Við flm. þessa máls erum með þessum tillöguflutningi að bregðast við ósæmilegum vinnubrögðum að okkar mati í þessu máli, það á a.m.k. við um mig sem 1. flm. till. Mjög alvarlegum vinnubrögðum af manni sem hefur vald sem ráðherra í Stjórnarráði Íslands og misbeitir því valdi með þeim hætti sem liggur fyrir. Ég vil aðeins nefna örfá atriði sem þessu tengjast til þess að menn átti sig á hvernig þarna virðist hafa verið haldið á málum. Ef hæstv. ráðherra telur sig hafa gengið eðlilega fram og hafa ekki neitt að óttast í sambandi við athugun málsins ætti hann auðvitað að vera sá fyrsti sem og aðrir þingmenn Alþfl. að fá þessa till. samþykkta og fá þá rannsókn framkvæmda sem till. gerir ráð fyrir. Hvað hafa hv. þm. að óttast? Hvað hafa þeir að óttast í því efni? Er ekki rétt að slík athugun máls fari fram?

Af hálfu hæstv. umhvrh. er tekin ákvörðun um flutning stofnunarinnar, hún liggur fyrir 6. jan. 1994. Á þeim tíma hefur enginn starfsmaður nefnds embættis svo mikið sem grun um að þessi ákvörðun standi til af hálfu hæstv. ráðherra.

Hæstv. ráðherra hafði átt í útistöðum við tiltekinn starfsmann embættisins á óskyldum vettvangi í desembermánuði 1993. Hann hafði átt samtal við veiðistjóra svo seint sem á Þorláksmessu 1993 vegna þessa áreksturs með ákveðnar kröfur uppi. Það er það sem að er látið liggja í greinargerð en nefnir ekki einu orði þá eða fyrr við forstöðumann embættisins að hann hafi í huga að leggja til flutning þess. Síðan er reynt að láta að því liggja af hæstv. ráðherra að fram hafi farið efnisleg athugun á þessu máli, efnisleg athugun á flutningi embættisins yfir hátíðarnar 1993. Fram að þrettándanum og þar hafi vísir menn með fjölmargar lærdómsgráður í ráðuneyti ráðherrans verið að verki.

Hæstv. ráðherra er að skjóta sér á bak við embættismenn vegna síns gjörnings. (Gripið fram í.) Nei, ekki sjálfan sig, á bak við embættismenn og reynir að gera embættismenn ráðuneytisins ábyrga. Það verður auðvitað eitt af verkefnum þeirrar nefndar sem till. gerir ráð fyrir að fara yfir slíka málavöxtu. Fyrir Alþingi er það sem máli skiptir að skapa eðlilegar leikreglur í sambandi við svo mikilvæg mál sem hér um ræðir og gæta þess að ekki sé traðkað á eðlilegum rétti einstaklinga, að eðlilegar reglur séu virtar, hvað þá að ekki sé gengið á svig við lagafyrirmæli. Það eru þessi óhæfilegu vinnubrögð sem ég veit að voru viðhöfð í þessu máli vegna þess að ég tel að það liggi fyrir þannig að ekki þurfi um að véla út af fyrir sig að þetta eru ekki eðlileg vinnubrögð. Þess vegna er till. flutt.

Hv. þm, þetta mál á ekki neitt skylt við spurninguna um það að flytja stjórnsýsluverkefni eða stofnanir út fyrir höfuðstaðinn. Ekki nokkurn skapaðan hlut. Það er algjörlega óskylt mál og það er skýrt tekið fram af okkur flm. En halda menn að hægt sé að láta tilgang helga meðalið í þessu máli frekar en öðru? Mér finnst mjög varhugavert að láta liggja að slíku, vegna þess að það sé gott málefni að dreifa verkefnum í stjórnsýslunni sé mönnum heimilt að ganga fram með þeim hætti sem gert var í þessu efni. Það fær ekki staðist.

Ég er mjög undrandi á því að þingmenn, sem ættu að vita hvernig málið er vaxið, þingmenn eins og hv. 3. þm. Reykn. sem talaði fyrr í umræðunni, Árni M. Mathiesen, eru að láta að því liggja að eitthvað annað búi að baki og eru með fimleikum að gefa í skyn að málið snúist um eitthvað annað en það gerir með vísun í fylgiskjöl. Ég held að hann sé þar á mjög hálum ís. Af hálfu okkar er ekki verið að birta hér nema hluta af svari veiðistjóra varðandi flutning embættisins. Löng greinargerð sem veiðistjóri skilar og vann á stuttum tíma, 10. janúar 1994, er ekki birt hér nema að litlum hluta til vegna þess að við vildum ekki vera að draga inn í málið það sem snýr að hinni faglegu hlið þó að það sé ekki fellt út úr einstökum setningum vegna þess að það er ósaknæmt þó að það fljóti með en meginefni í greinargerð veiðistjóra er um áhrif á starfsmenn og embættis hans í þessu efni.

Það má segja að það komi vel á vondan, hæstv. umhvrh., þegar hann fer í ræðustól á Alþingi að hæla sérstaklega veiðistjóra. Að fara að hafa uppi um hann sérstaka lofgjörð sem gæti orðið löng ef menn vilja það við hafa til þess að skapa skjól fyrir sjálfan sig í þessu máli. Hæstv. ráðherra hefði átt að vera á fundi umhvn. Alþingis þar sem veiðistjóri kom og greindi frá málavöxtum frá sínum bæjardyrum á fundi nefndarinnar sem var bókaður sérstaklega af ritara nefndarinnar þann 15. apríl 1994. Sú greinagerð verður auðvitað útbær fyrir rannsóknarnefnd, sem þyrfti að fara yfir þetta mál, og þá sjá menn hvernig málin lágu á þeim tíma sem hér er um ræðir.

Það var einmitt þannig að það var ekki aðeins um það að ræða að hæstv. ráðherra tók nefnda ákvörðun án minnsta samráðs eða upplýsinga til starfsmanna embættisins heldur ætlaði hann jafnframt að knýja fram lagabreytingu til að fá gjörning sinn innsiglaðan með

því að fá breytt stjórnarfrv. sem lá fyrir síðasta Alþingi. Þeirri hugmynd hæstv. ráðherra var sem betur fer hrundið en sýnir vinnubrögð sem eru að mínu mati mjög óvenjuleg þegar um stjórnarmálefni er að ræða, og þegar þau eru tengd saman við annan gjörning í þessu máli verða þau ekki sérstaklega aðlaðandi.

Ég tel afar mikilvægt, virðulegur forseti, að þess sé gætt við embættisfærslu að farið sé að eðlilegum leikreglum. Ég tel það ekki goðgá að nýta ákvæði íslensku stjórnarskrárinnar, sem hér er vísað til, til að reyna að tryggja að farið sé að eðlilegum leikreglum í slíku máli. Það er ábyrgð að fara með vald, það er mikil ábyrgð sem ráðherra ber og þess þarf að gæta af Alþingi Íslendinga að ekki sé um misbeitingu að ræða. Þess vegna skírskotum við til 39. gr. stjórnarskrárinnar sem hljóðar þannig, hún hefur ekki verið höfð uppi fyrr, virðulegur forseti, með þínu leyfi:

„Alþingi getur skipað nefndir alþingismanna til að rannsaka mikilvæg mál, er almenning varða. Alþingi getur veitt nefndum þessum rétt til að heimta skýrslur, munnlegar og bréflegar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum.“ Það er einmitt þessi grunnur, sem gert er ráð fyrir að verði lagður fyrir störfum þeirrar nefndar, sem hér á hlut að og hér er gerð tillaga um. Hvað óttast hæstv. umhvrh. í því efni? Hvað hefur hæstv. ráðherra að óttast í því efni? Hvað hefur þingflokkur Alþfl. að óttast að slík athugun fari fram?

Ég hef þegar vikið að því, virðulegur forseti, hversu fráleitt það er að ætla að fara að blanda öðrum ákvörðunum hæstv. ráðherra saman við þetta efni og hversu einkennilegt það er að gera kröfu til flm. þessa máls að draga tillögu af þessum toga til baka vegna þess að hæstv. ráðherra beri það fyrir sig í sambandi við aðrar embættisathafnir að þessi tillaga liggur hér fyrir þinginu. Jafnvel þó að ráðherrann teldi sig hafa ástæðu fyrir slíku er með öllu óeðlilegt að falla frá því máli sem hér liggur fyrir vegna þess að málið er almenns eðlis og skiptir miklu þegar um er að ræða mál af þessum toga.

Ég vil, virðulegur forseti, ítreka að það er rík ástæða til þess fyrir Alþingi að sjá til þess að mótaðar verði almennar reglur, sem virða beri í sambandi við ákvörðun Stjórnarráðsins eða stjórnsýslunnar, að því er snertir mál af þessum toga til þess að tryggja að vel sé staðið að máli, að hugsað sé fram í tímann í slíkum efnum og ég vísa til þess sem Norðmenn hafa gert sem hafa staðið að flutningi stofnana og ég vísaði til þar sem mál eru tryggilega frágengin áður en til framkvæmda kemur og áður en endanlegar ákvarðanir liggja fyrir.

Ég vænti að þessi tillaga og flutningur hennar verði til þess að slíkar reglur verði mótaðar og Alþingi eigi þar hlut að máli. Ég veit að þessi tillöguflutningur hefur þegar, virðulegi forseti, haft þau áhrif að hæstv. umhvrh. hefur reynt að klóra yfir verk sín gagnvart þeim starfsmönnum sem eiga í hlut enda fóru hjólin að snúast í þeim efnum eftir að þessi tillaga kom fram. Það breytir hins vegar ekki nokkru um það að ástæða er til að rannsókn fari fram á málafylgju ráðherrans því að söm er gerðin hvað sem líður viðbrögðum eftir að ljóst var að málið yrð flutt inn á vettvang þingsins.

[17:49]

Guðjón Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Ég er út af fyrir sig sammála hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni um það að tillagan ætti ekki að þurfa að hafa nein áhrif á flutning annarra ríkisstofnana en það er nú samt svo að umhvrh. hefur notað þessa tillögu til þess að fresta flutningi Landmælinga Íslands og vitnað til lögfræðings þar að lútandi.

En ástæðan til þess að ég kem upp aftur er sú að ég fékk ekki svar við þeirri spurningu, sem ég lagði fram í lok ræðu minnar áðan, og ég óska eindregið eftir að umhvrh. svari þeirri spurningu. Ég ætla að fá að endurtaka hana:

Er ráðherra tilbúinn að lýsa því yfir hér og nú að Landmælingar Íslands verði fluttar til Akraness ef þessi tillaga verður felld eða hún dregin til baka?

[17:49]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson):

Virðulegi forseti. Það er rétt að ég svari þessari spurningu strax. Ég er ekki tilbúinn til þess. Mig langar hins vegar, virðulegi forseti, vegna þess að þetta mál hefur dregist hér inn að lesa upp úr greinargerð sem ég hef í höndum. Ég vil hins vegar taka það fram að ég er hér til þess að ræða þessa þáltill. en ég ætla ekki að fara að ræða málefni Skipulags ríkisins eða Landmælinga Íslands.

Þegar ég óskaði eftir því við Eirík Tómasson hæstaréttarlögmann að hann gæfi mér greinargerð um efni þáltill. og sér í lagi hinn fræðilega hluta hennar, sem í raun var álit laganefndar BHMR, gerði hann það og jafnframt þegar hann afhenti mér það gat hann þess að hann réði mér frá því að hrinda í framkvæmd ákvörðun um Landmælingar Íslands sem þá voru á lokastigi. Ég óskaði eftir því að hann léti mig fá röksemdafærslu sína skriflega, og les úr henni, með leyfi forseta:

„Ákvæði 39. gr. stjórnarskrárinnar er svohljóðandi:

„Alþingi getur skipað nefndir alþingismanna til að rannsaka mikilvæg mál er almenning varða. Alþingi getur veitt nefndum þessum rétt til að heimta skýrslur, munnlegar og bréflegar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum.“ Svo sem fram kemur í riti Ólafs Jóhannessonar, Stjórnskipun Íslands, hafa rannsóknarnefndir af hálfu Alþingis verð fátíðar og þær litlu skipt um stjórnarháttu hér á landi. Á síðustu áratugum hefur engin slík rannsóknarnefnd verið sett á stofn svo að mér sé kunnugt um, heldur hafa þingnefndir, fyrst og fremst fastanefndir þingsins, kannað öll þau mál sem þingmenn hafa séð ástæðu til að láta athuga sérstaklega.

Í Danmörku hafa stöku sinnum verið settar á stofn rannsóknarnefndir á grundvelli samsvarandi ákvæðis í dönsku stjórnarskránni en frá lokum síðari heimsstyrjaldar hafa þær einvörðungu verið kosnar í því skyni að sanna hvort ástæða væri til að stefna ráðherrum fyrir landsdóm vegna embættisreksturs þeirra. Með hliðsjón af þessu felst að mínum dómi mjög alvarleg ásökun í garð ráðherra þegar flutt er tillaga til þingsályktunar um skipun rannsóknarnefndar skv. 39. gr. stjórnarskrárinnar. Ef ráðherra léti þvílíkan tillöguflutning sem

vind um eyru þjóta og hrinti í framkvæmd ákvörðunum sem lýstar væru senn ámælisverðar og ólögmætir af flutningsmönnum slíkrar tillögu kynni það að baka honum ábyrgð skv. lögum nr. 4/1973, um ráðherraábyrgð, sbr. einkum 2. gr. þeirra laga. Af þessum sökum tel ég það bæði í samræmi við þingræðisregluna og góða stjórnsýsluhætti að þér sem umhvrh. frestuðuð að hrinda í framkvæmd því áformi yðar að flytja aðsetur Landmælinga ríkisins frá Reykjavík til Akraness uns umrædd þáltil. hefði verið tekin til meðferðar og atkvæði greidd um hana á Alþingi.

Virðingarfyllst, Eiríkur Tómasson hrl."

Ég tel rétt að þetta komi hér fram þó að það eigi ekki beinlínis erindi inn í þessa umræðu.

[17:52]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Þessi umræða hefur sannfært mig um það að svona tillögu á ekki að fella á hv. Alþingi. Ég var í miklum vafa um það fyrir þessa umræðu en ég tel að tillaga eins og þessi sem er rökstudd með þeim hætti, sem hér hefur komið fram, hljóti að verða tekin til umfjöllunar og það verði Alþingi til vansa ef hún verður ekki samþykkt. Ég er hræddur um að það verði verst fyrir hæstv. ráðherra ef tillagan verður ekki samþykkt einfaldlega vegna þess að með því að fella slíka tillögu eru menn nánast að segja að það megi ekki skoða málið. Ég tel að full ástæða sé til þess að skoða málið. Ég ætla ekki að fella neinn dóm um það hver sú niðurstaða verður. Mér finnst menn hafa drepið málinu hér á dreif með því að velta mönnum upp úr því að þeir hafi misjafnar hvatir á bak við þessa tillögu og séu jafnvel á móti því að flytja stofnanir út á land, sem ég sé út af fyrir sig enga ástæðu til þess að halda fram í þessu sambandi.

Mig langar til þess að spyrja hæstv. ráðherra: Leggur hann til að þessi tillaga verði felld? Ég held að það verði mjög fróðlegt að hann svari því því ég tel að það mundi veikja hæstv. ráðherra mjög ef þessi tillaga yrði felld hér og ekki benda til annars en þess að hér væri meiri hluti fyrir því að ekki mætti skoða þetta mál. Ég tel það mjög alvarlegt mál þegar slík tillaga sem þessi er borin fram og það þurfi fyrir henni mjög góðan rökstuðning. Rökstuðningurinn hefur komið hér fram og kannski er sá rökstuðningur sem hæstv. ráðherra bar fram sjálfur sá öflugasti. Hann sagði nefnilega frá því að það þurfti að stofna sérstakt embætti, sem ekki var fyrirhugað áður en í þessa vegferð var farið, til þess að sætta menn við niðurstöðuna. Það þurfti að skapa öllum aðilum sem höfðu vinnu hjá þessu embætti ný störf og stofna sérstakt embætti sem er borgað frá veiðistjóra að hluta til þess að það væri hægt að koma þessum málum í þannig horf að menn sættu sig við niðurstöðuna. Mér finnst það út af fyrir sig vera mjög skýr vísbending um að hlutirnir hafi alls ekki verið í lagi.

Ég held að það sé bara hárrétt að þessi tillaga komi til atkvæða og hún verði samþykkt, hæstv. forseti. Ég tel að hæstv. ráðherra hafi með því að segja að það hafi verið kastað til höndunum við þessa tillögugerð, verið að dæma sjálfan sig. Hæstv. ráðherra hefur að mínu viti, en það mun rannsóknin síðan leiða í ljós, líklega kastað til höndunum í samskiptum við starfsmenn veiðistjóraembættisins og það er miður. Ég fyrir mitt leyti segi það að mér finnst líka fáránlegt að vera að ræða um einhverja flutninga á einhverri annarri stofnun í þessu sambandi. Hæstv. ráðherra las upp úr skjali frá lögmanni um að það væri varasamt að standa í flutningi á öðru embætti meðan þessi tillaga væri óafgreidd, en lýsti því jafnframt yfir í þeirri sömu ræðu að þó að þessi tillaga yrði felld þá mundi hann ekki leggja til að þetta embætti yrði flutt til Akraness. Þannig að hann hefur í sjálfu sér rökstutt sjálfan sig eða vísað út í hafsauga sínum eigin dylgjum um það að þetta ylli því að ekki mætti taka ákvörðun um að flytja viðkomandi stofnun upp á Akranes. Fyrir utan að ég tel að hæstv. ráðherra hljóti, ef hann hefur fulla sannfæringu fyrir því að hann hafi farið fram með eðlilegum hætti, þá hefði hann aldrei átt að láta sér detta í hug að hætta við flutninginn á þessu embætti, þessari ríkisstofnun upp á Akranes. Hafi hann verið sannfærður um að hann væri í góðum málum, eins og í dag er svo oft sagt, gagnvart flutningi veiðistjóraembættisins norður, þá átti hann ekki að vera að hlusta á eitthvað sem hann taldi vera tóma vitleysu, eins og menn hafa tekið dálítið djarflega til orða hér um þessa tillögu.

En ég endurtek, hæstv. forseti, að umræðan hefur sannfært mig um að það þarf að láta þessa rannsókn fara fram til þess að öll kurl komi til grafar og til að hv. Alþingi fái skýra niðurstöðu í þetta mál.

[17:58]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Segjum svo að það sé rétt hjá hv. þm., Jóhanni Ársælssyni, að umhvrh. hafi, eins og hann orðaði það, kastað til höndunum í samskiptum sínum við starfsmenn veiðistjóra. Segjum að það sé rétt. Kallar það á sérstaka rannsóknarnefnd til þess að fara ofan í það hvort ráðherra hafi kastað til höndunum í samskiptum sínum við starfsmenn? Ég held að það sé algerlega fráleitt.

Af því að hv. þm. spurði mig hvaða afstöðu ég hefði til þessarar tillögu, þá er það svo að ég tel að það væri slæmt fordæmi og slæm hefð sem yrði sköpuð með samþykkt þessarar tillögu. Ég tel einfaldlega að tilefnin séu þess eðlis að það sé alveg út í hött. Það er auðvitað þingsins að ákveða það, ekki mitt hlutverk.

[17:59]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tel það miður að hæstv. ráðherra skuli hafa þá skoðun á málinu að það sé slæmt fordæmi ef Alþingi ákveður að láta rannsaka mál með þessum hætti. Ég tel að út af fyrir sig hljóti það alltaf að verða á hverjum tíma ákvörðun þingsins hvort efni séu til. En það er mín skoðun að í þessu tilfelli væri það heppilegra fyrir hæstv. ráðherra því ég held þrátt fyrir allt að hann hafi ekki brotið þannig af sér að það verði honum til neinnar ævarandi hneisu það sem út úr þeirri rannsókn kemur. En mér finnst það vera kannski vísbending um að menn séu smeykir og vilji ekki láta hlutina koma til skoðunar og þess vegna þykir mér

miður að heyra að hæstv. ráðherra er á móti því að þessi tillaga verði samþykkt. Ég hefði talið að hann ætti að fagna því og fá þannig að sjá sig hreinsaðan af þeim ásökunum sem hafa komi fram um hans framgang í þessu máli.

Annað ætlaði ég ekki að segja, hæstv. forseti, um þetta mál. Mér finnst að það sé miður hve fáir þingmenn hafa verið hér við þessa umræðu. Mér finnst það miður að flm. tillögunnar skuli ekki hafa verið mættir hér fleiri til þess að taka þátt í umræðunni. Mér finnst þetta vera það stórt mál og alvarlegt sem hér hefur verið til umræðu að þingið hefði átt að sýna því þá virðingu að hér hefðu fleiri verið til staðar og fleiri hefðu komið þá með skoðanir sínar á því sem hér hefur verið til umræðu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Áfengislög, 1. umr.

Frv. RG og PBald, 55. mál (viðvörunarmerki á umbúðir). — Þskj. 55.

[18:01]

Flm. (Petrína Baldursdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á áfengislögum, nr. 82 frá júlí 1969, með síðari breytingum, á þskj. 55. Flutningsmenn eru Rannveig Guðmundsdóttir og Petrína Baldursdóttir.

1. gr. frv. hljóðar svo:

„Við 13. gr. laganna bætist ný málsgrein, er verður 2. mgr., og orðast svo:

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins skal að höfðu samráði við landlæknisembættið og Umferðarráð merkja allar umbúðir undir áfengi, sem selt er í útsölum hennar, á áberandi stað með viðvörun, sem skal vera á íslensku og læsileg, þar sem fram kemur að áfengisneysla barnshafandi kvenna geti valdið fósturskaða og að neysla áfengis og akstur ökutækja fari ekki saman.“

Í greinargerð frv. kemur fram að þetta var flutt á síðasta þingi en varð eigi útrætt.

Íslendingar voru meðal fyrstu þjóða sem lögleiddu að merkimiðar með varnaðarorðum um skaðsemi tóbaks væru settir á allar tóbaksumbúðir. Þetta framtak vakti athygli víða um lönd og enda þótt erfitt sé að mæla bein áhrif slíkra viðvarana eru flutningsmenn sannfærðir um að slík varnaðarorð hafa bæði bein og óbein áhrif.

Fósturskaðar af völdum áfengis voru mikið til umræðu fyrir um áratug og hafa síðan stöðugt verið í umfjöllun en eins og kunnugt er hafa með rannsóknum fengist óyggjandi sannanir fyrir skaðsemi þess fyrir fóstur. Erlendar tíðnitölur sýna að eitt af hverjum 750–1.000 fæddum börnum sé alvarlega skemmt af þessum sökum. Tíðnitölur eru ekki þekktar hérlendis en vitað er um nokkur börn sem eru sköðuð.

Í Bandaríkjunum var fyrir fimm árum lögleitt að viðvaranir um skaðsemi áfengis skuli vera á öllum áfengisumbúðum og er þar ekkert undanskilið, hvorki létt vín né áfengur bjór. Viðvörunin á áfengisumbúðum í Bandaríkjunum er svohljóðandi:

„Opinber viðvörun:

1. Að ráði landlæknis ættu barnshafandi konur ekki að neyta áfengis sökum hættu á fósturskaða.

2. Áfengisneysla dregur úr ökuhæfni og hæfileika til að stjórna vélum og kann að valda heilsutjóni.“

Íslenskt áfengi, sem selt er í Bandaríkjunum, er með viðvörunum eins og að ofan greinir. Annars væri sala á því ekki leyfð. Ekki verður séð að neinir tæknilegir örðugleikar séu samfara því að merkja áfengi sem selt er hér á landi með viðlíka hætti og nú er lögboðið í Bandaríkjunum. Merkingu áfengisumbúða kann að fylgja nokkur kostnaður, en sé ráð fyrir þessu gert strax við prentun merkimiða hlýtur sá kostnaður að vera hverfandi lítill.

Eins og fram kemur í greinargerð frv. hefur umfjöllun á opinberum vettvangi um áfengi og áhrif neyslu þess á vanfærar konur verið mun minni nú á síðari árum en fyrir áratug þegar mikið var rætt og ritað um þessi mál. Það hefur samt á engan hátt dregið úr mikilvægi þess að konur séu þess meðvitandi að neysla áfengis og meðganga fara ekki saman. Hjá landlæknisembættinu liggur frammi bæklingur með fræðslu um þessi mál og þar segir að niðurstöður rannsókna sýni svo að ekki verði á móti mælt að áfengisneysla barnshafandi kvenna geti skaðað fóstrið varanlega. Þar segir einnig að margt bendi til þess að börn geti þegar í móðurkviði ánetjast áfengi. Áfengi getur truflað vöxt og þroska fóstursins, einkum er heila- og miðtaugakerfið viðkvæmt. Afleiðingar eru t.d. skert greind barnanna og erfiðleikar þegar að skólagöngu kemur. Í alvarlegustu tilvikum eru skemmdirnar augljósari og koma fram í sérstökum útlits- og líffæraeinkennum ásamt vaxtareinkennum.

Því er ósvarað hvers vegna vínandi eða áfengi skaðar sum fóstur en önnur ekki. Hverju á þá að svara spurningu verðandi móður um það hve mikið hún má fá sér í glas til að vera með í að nota vínanda en vera örugg varðandi barnið sitt. Ég mundi svara þeirri spurningu hiklaust þannig að til að vera örugg um líf barnsins og þroska á ekki að neyta áfengis meðan á meðgöngu stendur. Ég tel það augljóst að viðvörun á áfengisumbúðir eins og flm. mæla hér með getur haft mikla þýðingu. Í viðvöruninni felst áminning um það að neysla áfengis hjá barnshafandi konu sé hinu ófædda barni til skaða. Stöðug áminning er að mínu mati einungis til góðs, og hlýtur að vekja konur sem áfengis neyta meðan þær eru barnshafandi til umhugsunar. Það getur að mínu mati ráðið úrslitum á viðkvæmum augnablikum ef áminning er á réttum stað. Vissulega getur verið erfitt að mæla hver bein áhrif slíkrar aðvörunar sé. En ég er sannfærð um að slík varnaðarorð geta haft bæði bein og óbein áhrif.

Á tóbaksaðvörum er aðvörun um skaðsemi tóbaks. Ég tel að alveg eins eigi að vera aðvörun um skaðsemi áfengis á áfengisumbúðum. Það hefur verið sannað með rannsóknum að áfengisneysla jafnvel í mjög litlum mæli getur haft áhrif og haft í för með sér fóst-

urskaða hjá konum sem ganga með barn.

Þegar við tölum um æviskeið mannsins tala flestir um lífið frá fæðingu til dauða. Líf nýs einstaklings hefst við getnaðinn. Með því að búa að barninu sem best frá fyrstu tíð er lagður grundvöllur að því að heilbrigt barn fæðist í fyllingu tímans.

Fósturskeiðið er mjög þýðingarmikið æviskeið. Allar barnshafandi konur ættu því að taka fyllsta tillit til hins væntanlega barns. Það er vitað með rannsóknum sem gerðar hafa verið að enginn tími meðgöngunnar er hættulaus. Áfengi sem móðirin neytir fer auðveldlega í gegnum fylgjuna en fóstrið getur ekki unnið úr áfenginu á sama hátt þar sem lifrin er ekki fullþroskuð og þær frumur sem eru að myndast, jafnt heilafrumur sem aðrar, deyja. Þetta á sér einkanlega stað fyrstu sex vikur meðgöngutímans.

Neysluvenjur Íslendinga á áfengi virðast vera að breytast. Nú á tímum er meira framboð á léttum vínum og bjórinn hefur bæst við. Margir standa í þeirri trú að áfefngismagnið skipti máli og þar á ég við að konur og þeirra umhverfi telji sér jafnvel trú um að í lagi sé að drekka lítið og sulla í léttvíni. Lítil en stöðug neysla víns jafnvel þó létt sé virðist fullt eins hættuleg og neysla mikils áfengis stöku sinnum.

Enginn hefur hingað til treyst sér til að segja hvenær konur megi neyta áfengis á meðgöngutíma án hættu á því að valda fóstri sínu skaða. Ég tel að eitt mikilvægasta í okkar þjóðfélagi sé að sinna forvarnastarfi af öllu tagi. Ég lít á þess konar viðvörun sem við flm. þessarar tillögu gerum tillögu um sem einn hlekk í forvarnastarfi á sviði áfengismála. Ég geri mér grein fyrir því að einhver kostnaður mun hljótast af því að setja þess konar viðvörun á áfengisumbúðir. Ég tel þann kostnað vera léttvægan á móti því hverju svona viðvörun geti skilað. Það hlýtur að vera fjárhagslegur ávinningur fyrir þjóðfélagið að stuðla að betra og heilbrigðara þjóðfélagi, m.a. með því að áminna barnshafandi konur um hvað neysla áfengis getur haft í för með sér fyrir hið ófædda barn.

Virðulegi forseti. Það er sannfæring mín að þessi tillaga sé einungis af hinu góða. Hún er liður í því forvarnastarfi í áfengismálum sem þjóðfélaginu ber að sinna. Við flutningsmenn þessa frv. teljum að áminningin sem felst í viðvörun á áfengisumbúðum sé þess virði að hún verði framkvæmd og leitum stuðnings Alþingis við að þetta góða mál nái fram að ganga.

Virðulegi forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Menntun á sviði sjávarútvegs og matvælaiðnaðar, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÁRÁ o.fl., 76. mál. — Þskj. 76.

[18:11]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Herra forseti. Umræðu um þetta mál var frestað í byrjun desember vegna fjarveru minnar og ég þakka fyrir að það skyldi hafa verið orðið við þeirri beiðni vegna þess að mér fannst ástæða til að segja hér örfá orð vegna þessarar þáltill. sem flutt er af hv. þm. Árna R. Árnasyni og fleiri. Tillagan er þess efnis að Alþingi álykti að fela menntmrh. að efla menntun í framhaldsskólum á sviði sjávarútvegs og matvælaiðnaðar með stofnun námsbrauta og þróun námsefnis er njóti forgangs við framkvæmd nýrrar menntastefnu.

Ég hef lesið yfir umræðuna sem fram fór 2. des. sl. og hef svo sem engar sérstakar athugasemdir að gera við það sem fram kom í ræðum hv. þm. sem þar töluðu annað en kannski það að hv. þm. Finnur Ingólfsson sagði að það mætti líta svo á að þessi þáltill. væri að minnsta kosti viðvörun ef ekki árás á hæstv. menntmrh. eins og hv. þm. sagði, á ráðherra sem hefur lagt fram á Alþingi frv. til laga um framhaldsskóla.

Ég vil taka það skýrt fram að ég lít ekki á þessa tillögu sem árás á mig, alls ekki.

Í frv. til laga um framhaldsskóla sem núna liggur fyrir hv. Alþingi er mun ítarlegar fjallað um starfsnám á framhaldsskólastigi en í núgildandi lögum. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að virkja aðila vinnumarkaðarins til áhrifa og samábyrgðar við uppbyggingu og skipulagningu alls starfsnáms á framhaldsskólastigi. Í öðru lagi á að leggja aukna áherslu á samstarf skóla og atvinnulífs við framkvæmd starfsmenntunar. Vonir eru bundnar við að tilkoma starfsgreinaráða fyrir allar starfsgreinar sem njóta fræðslu á framhaldsskólastigi í stað núverandi fræðslunefnda fyrir löggiltar iðngreinar verði til þess að allar starfsgreinar eigi þátt í að móta nám á sínu sviði með formlegum hætti.

Einnig er gert ráð fyrir í því frv. til framhaldsskóla að skólum sem sinna starfsnámi verði heimilt að setja á fót sérstaka ráðgjafarnefnd með fulltrúum aðila vinnumarkaðarins í viðkomandi byggðarlagi til að stuðla að bættum tengslum skóla og atvinnulífs. Þetta er gert til að skólum sé kleift að veita sínu nánasta umhverfi sem besta þjónustu, bæði fyrirtækjum og einstaklingum.

Varðandi eflingu menntunar í framhaldsskólum á sviði sjávarútvegs og matvælaiðnaðar vil ég taka þetta fram.

Í desember 1993 skipaði ég nefnd í samráði við sjútvrh., nefnd til að vinna að endurskipulagningu menntunar á sviði sjávarútvegs í landinu og treysta samstarf fræðsluyfirvalda og hagsmunaaðila á þessu sviði. Nefndin skilaði tillögum sínum í lok ágúst sl. Nefndin leggur til að helstu stefnumið í menntun á sviði sjávarútvegs verði þessi: Byggð verði upp öflug menntun fyrir sjávarútveginn, bæði á framhalds- og háskólastigi. Stefnumörkun fyrir sjávarútvegsmenntun verði bætt og aðilum vinnumarkaðarins tryggð áhrif á ákvarðanir um skipulag og innihald námsins. Efla þarf sveigjanlega starfsmenntun í sjávarútvegi. Sjávarútvegsnám hér á landi verði ávallt í hæsta gæðaflokki í samanburði við hliðstætt nám erlendis. Þekking Íslendinga á sviði sjávarútvegs verði markaðssett á alþjóðlegum vettvangi.

Þá leggur nefndin til að menntmrh. og sjútvrh. beiti

sér m.a. fyrir eftirfarandi aðgerðum:

Skýrar kröfur verði gerðar um kennslubúnað, vinnuferli og árangur lögverndaðs starfsnáms á sviði sjávarútvegs og innra og ytra gæðaeftirlit í skólum sem veita menntun á sviði sjávarútvegs verði eflt. Samræmd próf verði tekin upp í kjarnagreinum réttindanáms.

Á framhaldsskólastigi verði boðið upp á sérstaka sjávarútvegsbraut. Námskrá hennar verði mótuð þannig að nám brautarinnar nýtist nemendum hvort sem þeir hyggja á frekara nám í sérskólum á sjávarútvegssviði eða til undirbúningsnáms á háskólastigi. Fagnám brautarinnar verði metið að fullu til stúdentsprófs.

Á höfuðborgarsvæðinu starfrækir Stýrimannaskólinn í Reykjavík, Vélskóli Íslands og Fiskvinnsluskólinn í Hafnarfirði sameiginlega slíka sjávarútvegsbraut.

Efla þarf stefnumörkun á sviði sjávarútvegsmenntunar og tryggja aðilum vinnumarkaðarins aðild að ákvörðunum um skipulag og innihald náms í greininni. Stofnuð verði fræðslumiðstöð sjávarútvegsins sem stuðli að sveigjanlegu námsframboði og starfsmenntun á sviði sjávarútvegs fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Nám í Fiskvinnsluskólanum í Hafnarfirði verði endurskipulagt í samráði við hagsmunaaðila í sjávarútvegi og lög um skólann endurskoðuð. Námið byggi á almennu framhaldsskólanámi og/eða námi á hinni nýju sjávarútvegsbraut og verði sérhæft matvælafræðinám með áherslu á vinnslu sjávarafurða. Námsframboð á sviði sjávarútvegs verði eflt í grunnskólum. Nám á sjávarútvegsbraut verði metið jafngilt siglingareynslu við innritun í stýrimannanám. Almennt nám sem nú er kennt við stýrimannaskólana verði sem mest kennt sem undanfari fagnámsins. Nýjar námsgreinar verði teknar inn í fagnámið og lög um stýrimannaskólana endurskoðuð, m.a. með tilliti til nýrrar framhaldsskólalöggjafar. Kannaðir verði möguleikar á stofnun alþjóðlegs sjávarútvegsskóla sem bjóði upp á nám á öllum helstu sviðum sjávarútvegs.

Nú er unnið að undirbúningi þess í menntmrn. að hrinda þessum tillögum í framkvæmd. Af framansögðu má sjá að þær tillögur sem koma fram, bæði í frv. til laga um framhaldsskóla og í nál. um endurskoðun sjávarútvegsnáms, erum við að mörgu leyti mjög samstiga þeim tillögum sem fram koma í þessari till. til þál. sem hér er til umræðu.

Herra forseti, þar sem umfjöllun hv. menntmn. um frv. til framhaldsskólalaga er ekki lokið þá þykir mér líklegt og eðlilegt að hv. menntmn. eigi möguleika á að ræða þessa tillögu í samhengi við framhaldsskólafrv. og ég vonast til að hægt sé að vísa tillögunni með formlegum hætti til hv. menntmn.

[18:19]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu ágætis tillaga um eflingu menntunar á sviði sjávarútvegs og matvælaiðnaðar í framhaldsskólum landsins, sem ég vil þakka flm. fyrir. Það sem er hins vegar furðulegt við hana er að flm. eru allir sjálfstæðismenn og ættu því að hafa haft góðan aðgang bæði að ráðherra menntamála og sjávarútvegsmála á þessu kjörtímabili. Þessi tillaga náði hins vegar ekki fram að ganga á síðasta þingi og er nú komin fram rétt fyrir þingslit og kosningar. Hvers vegna? Jú, það er ágætt að setja fram tillögur um gott og kostnaðarsamt verknám, en það er annað að hafa manndóm í sér til þess að fjármagna menntatillögur af þessu tagi eða menntamálum yfirleitt.

Þessi tillaga verður því að skoðast sem sýndarmennskan ein, en vonandi koma þeir tímar, jafnvel á næsta kjörtímabili, að menntamál, þar á meðal starfsmenntun, ekki síst á sviði sjávarútvegs og matvælaiðnaðar, verði forgangsmál. Löngu er orðið tímabært að leggja meira fé ekki bara til starfsmenntunar á framhaldsskólastigi heldur líka til grunnskólans og til háskólastigsins og ekki síst þar Háskóla Íslands.

[18:21]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að mér dugi andsvar. Ég verð að segja að mér þótti þetta svolítið skrítin ræða hjá hv. þm. Guðnýju Guðbjörnsdóttur. Það er í sjálfu sér ekkert furðulegt við það þótt ýmsir þingmenn Sjálfstfl. leggi fram tillögu sem þessa. Hún var lögð fram á síðasta þingi og varð ekki afgreidd og þá var málið svo sem skemmra komið í menntastefnunefndinni heldur en það er nú. Í sjálfu sér þykir mér heldur ekkert athugavert við það þótt tillagan hafi verið endurflutt og það var gert snemma á þessu þingi, áður en talað var fyrir frv. til framhaldsskólalaga. Ég sé ekkert athugavert við það að einstakir þingmenn, þótt í flokki ráðherra séu, komi á framfæri sérstökum áhugamálum sínum og enn þá síður er það athugavert þegar þeirra málflutningur fer saman við þær tillögur eða það frv. sem ráðherra viðkomandi málaflokks og samflokksmaður þeirra hefur flutt. Ég ítreka því að ég sé alls ekkert athugavert við þennan tillöguflutning.

Það er svo sérstakt umræðuefni hvað starfsnám kostar umfram bóknám. Það höfum við rætt í þinginu og ég hef kveðið alveg skýrt að með skoðanir mínar á því og við gerum okkur alveg ljósa grein fyrir því að starfsnám er dýrara en bóknám og breytir þar engu að við leggjum höfuðáherslu á aukið verknám í okkar málflutningi og tillöguflutningi.

[18:23]

Flm. (Árni R. Árnason) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil leyfa mér að þakka þeim sem hafa tekið til máls við umræðu um þessa tillögu, en ég frábið mér þann skilning hv. 15. þm. Reykv. að tillagan sé flutt í skyni sýndarmennsku og vænti þess að ef hv. þm. hugsar sig um betur og fær upplýsingar um það hvenær tillagan kom fyrst fram, hvort hún hefur áður fengið umfjöllun í hv. menntmn. og hvar menntastefnumótunin var stödd þegar hún var fyrst flutt, þá komist hv. þm. að þeirri niðurstöðu að hér er málefnalega að staðið eftir því sem kostur var. Hins vegar má deila um hvort flm. hefðu átt að vera fyrr tilbúnir með sína skoðun á málinu. Ég tel hins vegar miklu meira skipta að við hefjumst handa um meiri verkmenntun í skólum okkar heldur en verið hefur og sýnum henni miklu meiri virðingu en hún hefur notið.

Ég tel miklu skipta að við veitum athygli þeirri umræðu sem á sér stað í dag meðal aðila vinnumarkaðarins, bæði launþegasamtaka og vinnuveitenda, að okkur skorti miklu meiri iðnað og til að mynda iðnað úr þeirri afurð sem við höfum mestan kost á, sjávarafurðum, til þess að fá meira fé fyrir störf góðra Íslendinga. En til þess þurfum við að auka við þekkingu okkar í þeirri vinnslu og hætta að selja þær afurðir sem hráefni en stefna að því að selja þær sem fullunnar afurðir tilbúnar til neyslu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Útbýting þingskjala:

Kostnaður af ráðherraskiptum, 378. mál, fsp. JÁ, þskj. 609.

Kostnaður ríkissjóðs við ár fjölskyldunnar, 377. mál, fsp. GHelg, þskj. 608.

Kostnaður við undirbúning orkufreks iðnaðar, 379. mál, fsp. JÁ, þskj. 610.

Vegasamband milli Austurlands og Norðurlands, fyrri umr.

Þáltill. HG og SJS, 137. mál. — Þskj. 144.

[18:25]

Flm. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um vegasamband allt árið milli Austurlands og Norðurlands. Flm. ásamt mér er hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon.

Efni tillögunnar er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að láta Vegagerð ríkisins ljúka athugun á tengingu Austurlands og Norðurlands með öruggu vegasambandi allt árið um byggðir á Norðausturlandi og um Vopnafjörð, með jarðgöngum undir Hlíðarfjöll. Þessi kostur verði borinn saman við aðra möguleika og síðan mótuð stefna í tengslum við endurskoðun vegáætlunar. Við athugun málsins verði haft samráð við heimaaðila í báðum landshlutum og lokaáliti skilað til Alþingis fyrir 1. febrúar 1995."

Síðustu árin hefur nokkuð verið rætt um hvernig rétt sé að leggja vegi á Norðausturlandi, horft til framtíðar. Stærsta byggðarlagið á þessu svæði er Vopnafjörður og eðlilega hefur spurningin um samgöngur þaðan austur á Hérað og við nágrannabyggðirnar til norðurs verið ráðandi í umræðunni. Fyrir orð þingmanna Austurlands gerði starfshópur, skipaður fulltrúum frá Vegagerð ríkisins, ýmsar athuganir á vegasambandi á þessu svæði og skilaði í apríl 1990 skýrslu sem ber heitið „Vegasamband byggða á Norðausturlandi" og hefur hún margháttaðan fróðleik að geyma.

Síðan hefur með endurbótum á vegi um Hellisheiði eystri fengist bráðabirgðabót á vegasambandi milli Vopnafjarðar og Héraðs en áfram brennur á mönnum spurningin um frambúðarlausn sem aðeins getur fengist með jarðgöngum milli ofangreindra byggðarlaga.

Snemma á árinu 1993 komu fram hugmyndir um að skynsamlegt gæti verið að stefna að því að vetrarleiðin eða svonefnd heilsárstenging milli Austurlands og Norðurlands lægi um Vopnafjörð, annaðhvort með ströndinni og yfir Öxarfjarðar- og Reykjaheiði áleiðis til Akureyrar eða upp úr Vesturdal í Vopnafirði og yfir Einbúasand að Grímsstöðum og áfram til Mývatns.

Fyrsti flutningsmaður þeirrar þingsályktunartillögu sem hér er flutt skrifaði um mál þetta og birtust greinar um það í júnímánuði 1993 í dagblöðum. Þar var hvatt til að nýjar leiðir yrðu skoðaðar til hlítar áður en ráðist verður í að byggja upp nýjan veg yfir Fjöllin. Viðbrögð við þessum hugmyndum voru afar jákvæð, einkum í byggðarlögum á Norðausturlandi.

Þann 14. okt. 1994 var haldinn fundur á Egilsstöðum sem fjallaði um jarðgöng á Austurlandi og sóttu þann fund sveitarstjórnarmenn og alþingismenn kjördæmisins og sérfræðingar frá Vegagerð ríkisins og Byggðastofnun. Sá fundur ályktaði samhljóða um jarðgangaframkvæmdir í Austfirðingafjórðungi en eitt af því sem þar hefur verið á dagskrá eru einmitt jarðgöng milli Héraðs og Vopnafjarðar sem eru nauðsynlegur þáttur í að gera strandleiðina að mögulegum ársvegi og tryggja góðar samgöngur á milli þessara byggðarlaga, sem um leið yrði þá liður í tengingunni milli landshlutanna.

Þáltill. svipuð þeirri sem hér er flutt var flutt á 117. löggjafarþingi en nú er hún endurflutt með nokkrum breytingum í tillögutexta og í grg. Það er tekið tillit til athugana sem fram hafa farið og umræðu frá því tillagan var fyrst flutt. Með flutningi hennar er nú lögð áhersla á að athugun á umræddri leið verði lokið í tæka tíð fyrir endurskoðun vegáætlunar á yfirstandandi vetri.

Ég vil víkja nokkrum orðum, virðulegur forseti, að þeim leiðum sem til álita koma í sambandi við varanlega tengingu milli Austurlands og Norðurlands. Þá er það fyrst sú leið sem hér er vakin athygli á að líta þurfi á sérstaklega, með ströndinni um Öxarfjarðar- og Reykjaheiði. Vegur þessi yrði byggður upp miðað við umferð allt árið og lægi þá í jarðgöngum frá Jökulsárhlíð til Vopnafjarðar og þaðan norður með ströndinni um Bakkafjörð, Þistilfjörð og yfir Axarfjarðarheiði og Reykjaheiði áleiðis til Akureyrar. Þetta er raunar núverandi vetrartenging byggðanna á Norðausturlandi við landsvegakerfið en hún mundi styttast talsvert frá því sem nú er með uppbyggingu vegar um Öxarfjarðar- og e.t.v. einnig Reykjaheiði og yrði þá rúmlega 100 kílómetrum lengri en vegur sem lægi yfir fjöllin.

Leið eins og þessi, sem hér er lýst, væri sú sem best tengir byggðirnar saman og væntanlega yrði auðveldast að halda opinni að vetrarlagi. Eins og fram kemur í fylgiskjölum þá vegurinn á þessari leið hvergi yfir 300 metra hæð og yrði hæsti kafli á honum þar sem hann liggur nú um Víkurskarð milli Fnjóskadals og Eyjafjarðar og geta menn haft af því mið sem þekkja þá leið. Að meginhluta lægi vegurinn skammt frá sjávarmáli frá Egilsstöðum til Akureyrar og minna má á að vegi með ströndinni út fyrir Melrakkasléttu og Tjörnes má nota sem varaleiðir ef óvenjuleg veðurharka

eða snjóþyngsli hindra þjónustu á þeim heiðum sem vikið er að og gætu orðið til styttingar á leiðinni.

Það er síðan leiðin um Jökuldalsheiði og Fjöllin, sá vegur sem hefur verið í notkun, þó með hugsanlegum breytingum og sem unnið er að uppbyggingu á að hluta til nú þegar. Það er hinn meginkosturinn sem er vikið að í þessari tillögu og hlýtur að sjálfsögðu að verða tengivegur milli byggðarlaganna, milli landshlutanna um langa framtíð, a.m.k. að sumarlagi. Gert er ráð fyrir því að unnið yrði að slíku verki þó að hitt yrði ofan á að fara með ströndum fram með ársveg sem yrði reynt að tryggja að yrði opinn allt árið. Þessi leið, þó hugsanlega með nýlagningu um Jökuldalsheiði austan Möðrudalsfjallgarða yfir í Langadal — eða jafnvel norðan Þjóðfells til Grímsstaða — liggur á meira en 100 m kafla í yfir 300 m hæð, þar af eru um 70 km af leiðinni í milli 500 og 600 m hæð yfir sjó. Kaflinn frá Jökuldal til Mývatns liggur þannig um öræfi að mestu fjarri byggð. Vegalengdin milli Egilsstaða og Akureyrar eftir þessari leið er svipuð og eftir núverandi vegi, þ.e. um 270 km, en núverandi vegur er 273 km skv. upplýsingum Vegagerðar. Af þessum aðalvegi yrði afleggjari til Vopnafjarðar með svipuðum hætti og nú er og hringtenging austur á Hérað um Hellisheiði og síðan með jarðgöngum gegnum Hlíðarfjöll. Með þessari tilhögun yrði Vopnafjörður heldur betur settur en nú er en þó áfram úrleiðis miðað við landsumferð, a.m.k. mikinn hluta ársins. Leiðin frá Egilsstöðum yfir fjöllin til Vopnafjarðar mundi hins vegar styttast um nálægt 40 km ef núverandi þjóðvegur yrði fluttur austur fyrir Möðrudalsfjallgarða.

Þriðji möguleikinn sem að er vikið í greinargerð er að leggja veg um Vopnafjörð og síðan yfir Einbúasand til Grímsstaða. Yrði þá farið úr Vesturdal í Vopnafirði um Grímsstaðadal eystri og Einbúasand yfir að gömlu Grímsstöðum og áfram til Mývatns. Þessi leið er komin til hliðar eftir nánari athugun á vegum Vegagerðar og sýnist ýmislegt mæla gegn því að þessi leið yrði valin, jafnvel þó að menn vildu kosta til að fara um Vopnafjörð og eru ýmsar ástæður fyrir því, m.a. að aðstæður á Einbúasandi og í grennd eru lakari en upphaflega var talið.

Samráðshópur hefur starfað á vegum vegamálastjóra um tengingu Norðurlands og Austurlands og Eyþing nyrðra og Samband sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi stóðu að því að koma honum á laggirnar og starfsmenn Vegagerðar unnu með þessum hópi sem vann á vegum Vegagerðar samkvæmt tilmælum samgrh. Samkvæmt áliti þessa hóps þá lítur hann svo á að stefna beri að því að tengja Norður- og Austurland með vegagerð milli Akureyrar og Egilsstaða um Mývatns- og Möðrudalsöræfi, en segir jafnframt: „Álitlegt sýnist að leiðin liggi um Langadal og Hárekstaðaheiði, einkum með tengingu við Vopnafjörð í huga. Nokkrum veigamiklum spurningum er þó ósvarað til að hægt sé að mæla eindregið með þeirri leið."

Ekki fer milli mála að sjónarmið þeirra sem búa í Norður-Þingeyjarsýslu og raunar einnig margra á Vopnafirði og Bakkafirði er eindregið í þá átt að æskilegt væri að árstenging væri um strandleiðina. Hér er auðvitað afar mikið í húfi að vel takist til. Þegar hvatt er til þess að vel sé athugað um að leggja hávetrarveginn eða reikna með að halda honum opnum um strandleiðina liggur auðvitað í augum uppi að kostnaðarminna er að halda einum vegi opnum en tveimur leiðum samtímis sem tengingu milli landshlutanna. Það mun kosta verulegt fjármagn að tryggja að leiðin yfir Fjöllin haldist opin. Á þessum vetri er áætlað að ruðningur á þeirri leið kosti um 30 millj. kr. og er þó engan veginn tryggt að um daglega opnun sé að ræða og auðvitað verður uppbygging kostnaðarsamari ef miðað er við að um heilsárstengingu sé að ræða. Ég er einnig þeirrar skoðunar að það verði mjög torvelt að tryggja örugglega í snjóþyngri vetrum að unnt sé í raun að halda þessari leið opinni yfir háveturinn með viðunandi öryggi og vísa ég til þess að þarna er allra veðra von, þarna er ekið í mikilli hæð um alllanga leið fjarri byggð. Öryggi manna í þeim efnum skiptir auðvitað miklu.

Ég er heldur ekki í vafa um að tryggt vegasamband með ströndum fram, með styttingu þó yfir Öxarfjarðarheiði og e.t.v. Reykjaheiði, væri til geysilegra hagsbóta fyrir Norðausturlandið og mikil trygging fyrir búsetu þar og jafnframt atvinnurekstur. Mér finnst því að full efni séu til þess að þessi mál séu gaumgæfð áður en ráðist er í þær kostnaðarsömu framkvæmdir sem eru nú ráðgerðar þó að vissulega mæli enginn gegn því að æskilegt er að hraða bættum samgöngum á milli nefndra landshluta.

Í greinargerð með nál., sem ég vísaði til að nýlega væri fram komið frá starfshópi Sambands sveitarfélaga í báðum landshlutunum og Vegagerðarinnar, er að finna kostnaðarmat á framkvæmdum og þar er áætlað að vegur milli Akureyrar og Egilsstaða um Fjöllin kostaði eftir nýlagningu og uppbyggingu með bundnu slitlagi 2 milljarða 240 millj. kr. og að auki vegur um Vopnafjarðarheiði 600 millj. kr. Hins vegar er vegur með ströndum fram og uppbyggingu um Öxarfjarðarheiði og jarðgöng undir Hlíðarfjöll samtals metinn á 5 milljarða 460 millj. kr. Jarðgöng milli Héraðs og Vopnafjarðar á þeirri leið eru áætluð að kosti 2.600 millj. kr. af þessum 5 milljörðum 460 millj. Þettar eru ekki nákvæmar kostnaðaráætlanir en segja svona af hvaða stærð þetta er.

Ég er þeirrar skoðunar að ef stefnt væri að því að gera strandleiðina að hinni öruggu tengingu yfir vetrartímabilið réttlæti það betur gerð jarðganga milli Héraðs og Vopnafjarðar fyrr en ella og auðvitað væri að því geysileg samgöngubót, milli þessar byggðarlaga því að þó að veruleg bót sé að tengingu um Hellisheiði og lagfæringu þar er þar ekki um annað en sumar- og haustveg að ræða sem lokast í fyrstu snjóum og er vegna bratta engan veginn hættulaus ef hálka er og aðrar aðstæður bágar.

Ég legg til, virðulegur forseti, að að lokinni þessari umræðu verði tillögunni vísað til hv. samgn.

[18:40]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Ég vil þakka hv. 4. þm. Aust-

url. að hreyfa þessu máli. Það er að mínu mati nauðsynlegt að þetta sé í umræðunni og verði komist að niðurstöðu fyrr en seinna varðandi samgöngumál og hvernig best er hagað tengingu Austur- og Norðurlands.

Ég vil byrja á að nefna að í raun hafa vegamál og vegir sem tengja saman þessa landshluta dregist aftur úr sem áratugum skiptir varðandi uppbyggingu og viðhald. Vegurinn yfir Fjöllin og raunar með ströndinni að verulegu leyti er í sama horfi og við þekktum og urðum að búa við fyrir 20–30 árum. Ég hef stundum nefnt það í þessu samhengi að þegar ég sem unglingur var í framhaldsskólanum á Laugum 1965–1968 voru nokkuð snjóþungir vetur. Þá þótti ekki tiltökumál þó að vikum saman væri lokað vegna snjóa milli Húsavíkur og sveitanna í Þingeyjarsýslum og Akureyrar. Á þeim árum lenti ég í því bæði að fara þar á milli sjóleið með skipi einhvern tíma, með gömlu Esjunni, og tala nú ekki um þau skipti þegar ýmist var brotist með snjóbílum eða jeppum. Nú er svo komið á þessari leið að þar er búið að tryggja nánast daglegar samgöngur allt árið. En til skamms tíma voru samgöngur milli þessara landshluta með þessum sama hætti. Svona aðeins til að varpa ljósi á nauðsyn þess að gera þarna bragarbót.

Í öðru lagi vil ég nefna að nú er svo komið að mjög mikill meiri hluti bíleigenda veigrar sér orðið við að fara með bíla sína út af slitlagi. Það gerir það að verkum að gagnvart til að mynda ferðamennskunni hefur hringvegurinn ekki sama aðdráttarafl og áður. Og í rauninni kemur þetta mjög illa við allt norðausturhornið. Þess vegna vil ég varpa þeirri spurningu til frummælanda því að það leyndi sér ekkert að hugur hans stóð með strandleiðinni, hvernig hann vildi ganga frá veginum yfir Fjöllin sem ég held að gegni afar miklu og mun gegna afar veigamiklu hlutverki gagnvart samgöngum, ekki síst með tilliti til ferðamanna. Er það þá meining flutningsmanns að sá vegur verði skilinn eftir eitthvað í viðhlítandi formi og hann er núna eða er það meining flutningsmanna að þar verði komið á bundnu slitlagi? Ef svo er þá finnst mér þetta kannski vera svolítið deila um keisarans skegg. Er það ekki sú leið sem við höfum til þess að bæta samgöngur milli þessara landshluta að byggja þessa leið upp áfram á hliðstæðum hætti og byrjað er núna vestur frá og koma á hann bundnu slitlagi?

Ég hef í sjálfu sér ekki gert neina sjálfstæða úttekt á því hvernig gengi að halda veginum opnum yfir vetrartímann. En það kemur mér hins vegar á óvart bara núna á þessum vetri hversu oft heyrist að leiðin um Möðrudalsöræfi sé fær sem segir mér að það sé, og kemur mér ekkert á óvart, kannski ekki svo óskaplega mikið mál að halda þessum vegi færum yfir veturinn. Það á það ekki að þurfa að koma neinum á óvart því vegurinn er í úrkomuskugganum norðan Vatnajökuls þannig að úrkoma þarna er frekar lítil.

Það er rétt sem hv. þm. segir að væri farið með veginn algjörlega með ströndinni niður undir sjávarmál, það þekki ég af reynslu, ég hef verið á ferðinni um Norður-Þingeyjarsýslu að vetrarlagi frá 1987 meira og minna alla vetur, að til að mynda með veginn um Sléttu setur aldrei neinn snjó á, það er alveg hárrétt. Það eru í rauninni tveir, þrír staðir þar sem er hætta á að myndist skaflar en að öðru leyti er hann venjulega nánast auður.

Ég held hins vegar, án þess að hafa fyrir mér kannanir á því, að ef farið er upp á Öxarfjarðarheiði, hvað þá Reykjaheiði, þá eru menn komnir í þá stöðu að njóta ekki lengur vegarstæðisins við sjóinn og snjóleysisins þar og ekki heldur úrkomuskuggans frá Vatnajökli og þar séu menn í raun að fara með vegina upp á þau vegarstæði sem yrðu snjóþyngst hvað þetta snertir. Mér finnst nú á heimamönnum í Kelduhverfi að þeir nánast útiloki Reykjaheiðarleiðina. Öxarfjarðarheiðin kemur örugglega.

Það er annað sem ég vil nefna í þessu sambandi sem hv. þm. rakti og taldi að leiðin sem hann nefndi, Akureyri um Reykjaheiði og Öxarfjarðarheiði, Vopnafjörð og jarðgöng undir Hellisheiði, væri strandleiðin sem tengdi byggðirnar saman. En hvað kemur í ljós þegar við lítum á kortið? Húsavík, Kópasker, Raufarhöfn, allir þessir kjarnar eru þá komnir úr alfaraleið. Við erum þá kannski ekki lengur að tala um tvær leiðir sem þarf að viðhalda heldur þrjár. Því að ég hygg nú að flm. telji að við verðum að halda leiðinni yfir Fjöllin. Síðan væru það heiðarnar og til viðbótar mundu væntanlega og skiljanlega íbúar úti á Sléttu, Kópaskeri og nágrenni við Raufarhöfn, gera kröfu til þess að til þeirra væri haldið uppi eðlilega góðu vegasambandi og þá væntanlega með bundnu slitlagi.

Í mínum huga eru þarna mörg álitamálin varðandi þá tillögu sem hv. þm. virðist hallast helst að. Ég hef ekkert verið feiminn við að opinbera þá skoðun mína að sú leið sem við eigum að fara núna og klára til þess að bæta og stórbæta samgöngurnar milli Austur- og Norðurlands er yfir Fjöllin. Því að staðreyndin er sú að það eru ekki nema 270 km sem skilja að miðhéraðið, Egilsstaði og Akureyri, og náttúrlega þeim mun styttra þegar við förum að tala um til að mynda byggðir í Þingeyjarsýslum. Á sæmilega góðum vegi þá er þetta ekki nokkur skapaður hlutur. Þetta er eins og að keyra frá Akureyri og suður í Bifröst. Meira að segja í gærkvöldi þá keyrði ég hingað suður í éljagangi og skafrenningi alla leið og var þó ekki nema sex tíma frá Akureyri og hingað með eðlilegu stoppi sem eru þó 430–450 km.

Við sjáum að þarna mundu skapast mjög breyttar aðstæður og það heyri ég á til að mynda þjónustuaðilum á Akureyri að eftir að opnunin austur var bætt þá hafa íbúar á Austurlandi sótt í mjög auknum mæli til Akureyrar.

Virðulegur forseti. Það var vonum seinna að forseti barði í bjölluna því rauða ljósið var vissulega búið að tifa svolitla stund en ég hef ekki meira til málanna að leggja á þessu stigi.

[18:50]

Flm. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Það eru nokkur orð vegna ummæla hv. þm. sem talaði síðast og sem var hv. 6. þm. Norðurl. e. Það er í fyrsta lagi ástæðurnar fyrir því að

vegasamband er jafnbágt og raun ber vitni milli landshlutanna. Skýringin á því er að mínu mati sú áhersla sem hefur verið lögð á af Austurlandi að tryggja sæmilegt vegasamband sunnan jökla. Þarna varð geysileg viðhorfsbreyting 1974 við þá tengingu sem þá varð staðreynd. Áður lá jú vegasamband Austfirðinga til annarra landshluta til Norðurlands og suður um þeir sem ætluðu lengra. Ég tók þátt í því að keyra þá leið og síðan alveg austur í Skaftafellssýslur um Suðurland. Þarna varð sem sagt mikil breyting á og enn er ekki leiðin suður um með fjörðum komin í viðunandi horf má segja. Þetta er ein meginástæðan að ég tel og sama býst ég við að gildi varðandi mat þingmanna Norðurlandskjördæmanna beggja. Þar hafa menn verið að líta til þess að tryggja samgöngurnar suður um eða um Vesturland og til Reykjavíkur og það hefur haft forgang. Til þess að eitthvað annað hefði orðið uppi á teningnum þá hefðu menn í rauninni þurft að taka hinn svokallaða hringveg út úr og láta hann fá sérstaka meðferð fjárhagslega séð en það varð ekki niðurstaðan.

Síðan beindi hv. þm. til mín fyrirspurn um í hvaða horfi ég vildi sjá veg um Fjöllin í framtíðinni. Ég dreg enga dul á það að ég tel mjög nauðsynlegt og eðlilegt að sá vegur verði sem fyrst klæddur bundnu slitlagi. Álitamál er, og það er hluti af stefnumörkun, hvaða kröfur menn ætla að gera til vegarins varðandi snjóþyngsli. Nú segja ýmsir og sjálfsagt með nokkrum rétti að það þurfi að laga veg undir slitlag. En spurningin um kröfur gagnvart snjóalögum eru þó aðrar og það verður hluti af hönnunarforsendum þessarar leiðar.

Ég vil jafnframt að það komi fram að mínar hugleiðingar um þessi efni og tilefni þessa tillöguflutnings hafa verið byggðapólitísk sjónarmið. Ég vil ekki líta svo til að menn eigi að einblína á tvo punkta sem endastöðvar á leið heldur þurfi menn að skoða hvað er á milli og hvaða þýðingu það hefur að komast í tengingu við örugga leið að vetrarlagi. Og þó að það sé hárrétt hjá hv. þm. að umræddur vegur sem stystur væri strandleiðina lægi ekki alveg um garð á þéttbýlisstöðum eins og Húsavík og Kópaskeri heldur spölkorn frá þá er það þó ekki nein mikil vegalengd sem um er að ræða og í snjóþungum vetrum mundu menn væntanlega fylgja ströndinni út fyrir Sléttu ef of kostnaðarsamt væri metið að keyra Öxarfjarðarheiði.

Það er nú svo að að vetrarlagi þegar snjóþyngsli ríkja þá eru menn ekki að spyrja svo mikið um tíma. Þá skiptir það menn ekki öllu máli hvort þeir eru klukkutímanum lengur eða skemur þangað sem þeir eru að fara heldur er meginmálið að komast sæmilega tryggt á milli. Þetta held ég að varði þá sem flutninga stunda og sé mjög almennt sjónarmið þó að hitt sé auðvitað alltaf uppi að menn vilja geta komist leiðar sinnar á sem skemmstum tíma og ekkert nema eðlilegt.

Hinu er við að bæta, sem ég held að hafi þó komið fram í mínu máli áður, að spurningin um jarðgöng milli Héraðs og Vopnafjarðar kemur sterkt inn í þessa hugsun hjá þeim sem hér talar. Mér þykir einsýnt að hugmyndir um strandleið sem örugga vetrarleið milli Norður- og Austurlands gerir kröfu til jarðganga sem eru æskileg hver sem verður niðurstaðan í tengingu milli landshluta. En augljóslega eru skýrari rök kostnaðarlega séð fyrir því að ráðast í umræddа jarðgangagerð ef hún er liður í því samhengi sem hér um ræðir. Ég tel það mikið framtíðarmál og þykir lakara ef það verður mikill dráttur á því að ráðist verði í örugga tengingu milli Héraðs og Vopnafjarðar með jarðgöngum en fyrir slíkri jarðgangagerð er áhugi á Austurlandi þó að menn hafi enn ekki innsiglað niðurstöðu um forgangsröð þegar til jarðgangaframkvæmda kemur þar.

Ég minni einnig á það að strandleiðinni tengjast að Húsavík meðtalinni um fimm þúsund manns ef taldir eru þeir sem búa milli Ljósavatnsskarðs og Héraðs og það eru mjög margir.

Þetta eru meginrökin, virðulegur forseti, fyrir þessum tillöguflutningi sem ég hef hér farið yfir. Ég vænti að það verði til bóta að þetta mál hafi verið rætt og skoðað með þeim hætti sem gert hefur verið þó að mér sýnist að meirihlutavilji sé fyrir því hjá þingmönnum kjördæmanna að stefna á Fjallaleiðina og ekki ætla ég að skerast úr þeim hópi ef það er niðurstaðan. Báðar leiðirnar hljóta að verða tengileiðir og hitt er aftur álitamál hvað á að hafa forgang varðandi ráðstöfun fjármagns.

[18:57]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég held að þessi ræða hafi staðfest það sem er mín skoðun í þessu máli að það sé í sjálfu sér ekki mikill ágreiningur og staðreyndir málsins séu þær að strandleiðin getur aldrei komið í staðinn fyrir Fjöllin og öfugt. Hv. þm. nefndi að að hans mati ætti að byggja upp veg með bundnu slitlagi austur yfir Fjöllin. Það væri hins vegar álitamál hvað ætti að leggja mikið upp úr þeirri uppbyggingu gagnvart snjóalögum.

Nú kann ég ekki þær tölur en mér segir svo hugur að kostnaðarmunurinn á því hvort sá vegur yrði með bundnu slitlagi, yrði byggður upp með tilliti til þess að halda honum opnum allan veturinn, eða eingöngu sem 7–8 mánaða vegur hlaupi á einhverjum parhundruð milljónum en engum milljörðum. Það er nú bitamunur en ekki fjár held ég í þessu dæmi.

Þess vegna vil ég nú spyrja hv. þm. að því hvað sé hans mat á tímalengdinni sem það tæki að koma þessum umbótum í framkvæmd. Hvað það tæki miklu skemmri tíma að klára Fjöllin en að snúa því við og geyma þau og fara strandleiðina. Mér segir svo hugur um að þar séum við að tala um tíma sem við teljum ekki í árum heldur fylli það í það minnsta áratug. Væri pólitískur vilji fyrir því væri hægt að ná stórum áföngum á hinni leiðinni á mjög skömmum tíma því að eftir því sem styttist það sem er ekki með bundnu slitlagi þá breytist það til þess að gera mjög hratt.

Og að lokum önnur spurning til hv. þm.: Hver telur hann að sé snjóþyngsta leiðin af þessum þrem, annars vegar með ströndinni og út fyrir Sléttu og Tjörnes eins og nú er, Reykjaheiðin/Öxarfjarðarheiðin, eða þá þriðja leiðin þar sem eru Fjöllin?

[18:59]

Flm. (Hjörleifur Guttormsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er spurningin um tímann í þessu. Ég vil ekki telja að um sé að ræða áratug. Ég giska á að ef menn tækju stefnuna nú á strandleiðina með jarðgangagerð milli Héraðs og Vopnafjarðar sem væru þá fyrstu jarðgöngin sem væru byggð á Austurlandi ef þetta væri niðurstaðan, þá séu þetta svona 5–6 ár sem gæti munað á tíma í þessu. Ég held að það þyrfti ekki að fara yfir það.

En varðandi snjóþyngslin met ég það svo að snjóléttasta leiðin á þessu væri sú sem þræddi ströndina hvað mest. Ég tel að næst komi leið þar sem heiðarnar væru, þessar sem færu í 250–300 metra en vísa þó til þess að menn hafa hinn möguleikann uppi, a.m.k. varðandi Sléttuna og auðvitað þyrfti að koma til uppbygging út fyrir Tjörnes ef það ætti að vera örugg tenging og í þriðja þætti væru Fjöllin. Ef litið er til veðurfars, veðurhæðar, skafrennings og annarra slíkra aðstæðna, þá tel ég að Fjöllin séu í þriðja sæti örugglega og bendi á það að ráðgerð tenging austan Möðrudalsfjallgarða sem ég tel þó að eigi að vera fyllilega til álita og er kannski upphafsmaður að að benda á 1974 þegar ég ræddi það við þingmenn Austurlands á þeim tíma að sú leið yrði könnuð austan fjallgarða um norðanverða Jökuldalsheiði, þar eru meiri snjóþyngsli en í Möðrudalnum sjálfum og trúlega meiri skafrenningur og veðurhæð í norðaustanátt en ef núverandi leið um fjallgarða væri farin. En þetta er svona álitamál. Ég held að ég hafi svarað spurningum hv. þm.

[19:02]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er hárrétt að við erum hér að fjalla um álitamál því að við höfum ekki beinar rannsóknir og sjálfsagt er ég komin út á of hálan ís að deila við svo reyndan fjalla- og ferðamann eins og hv. flm. um þessi atriði. En ég get tekið undir með hv. þm. að veðurhæðin og þar með hætta á skafrenningi væri væntanlega meiri á fjöllunum en á heiðunum.

Nú er það svo að það er kannski ekki það sem skiptir öllu máli og varðandi hvar snjór sest á veginn. Það er mín tilfinning að það yrði snjóþyngra og erfiðara um vik sérstaklega þó Reykjaheiðina. Ég verð að viðurkenna að ég hef ekki eins nákvæmar upplýsingar um Öxarfjarðarheiðina en hef þó grun um að hún gæti orðið ærið snjóþung.

En eins og ég sagði ég held að það sé kannski verið að blása það svolítið upp og það er sérstök íþrótt sjálfstæðismanna, bæði á Norðurl. e. og Austurlandi, að blása upp einhvern mikinn ágreining um þessi atriði en ég held að við séum sammála um það að báðar leiðirnar verður að fara og ég virði alveg þetta sjónarmið. Og ég var ekkert að deila á það að þingmenn Austurlandskjördæmis hefðu lagt áherslu á suðurleiðina. Það er alveg rétt að það markaði nokkuð afstöðu þingmanna Norðurl. e. að fyrst var kláruð leiðin vestur um áður en við töldum okkur geta farið þarna. En ég bendi á að við erum samhliða að byrja að fikra okkur áfram með að byggja upp veginn um ströndina um Norður-Þingeyjarsýslu.

[19:04]

Flm. (Hjörleifur Guttormsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er ekki efni til að teygja þetta frekar en ég vil aðeins benda á að athugun hefur verið gerð nýlega á breyttu vegarstæði frá því sem núverandi leið liggur um Öxarfjarðarheiði, þ.e. að fara nokkru norðar með leiðina sérstaklega vestanverða og koma niður í Núpasveit með veginn, þ.e. nálægt Valþjófsstöðum, og það er talið mun vænlegra vegarstæði heldur en menn höfðu horft til áður.

Um Reykjaheiði skal ég ekki heldur fullyrða. Ég þekki hana ekki sem fjallveg, hef aldrei ekið hana og er þar að tala í rauninni úr tómum poka hvað snertir eigin reynslu, en vildi nefna þetta og svo hitt sem seint verður sennilega Íslendingum kennt að segja sem svo: Við rekum eina leið að vetrarlagi frá 1. nóv. til t.d. 1. apríl, eitthvað slíkt, og kostum því til og spörum þá þann kostnað sem er af því að halda tveimur opnum. Ég er ekki að segja að það sé auðvelt verk að almenningur uni slíku ef snjóalög eru t.d. undir meðallagi, ef vetur er snjóléttur en auðvitað væri ákveðin skynsemi í því ef þessu er kostað til að standa þannig að verki.

[19:06]

Stefán Guðmundsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Aðeins örstutt innlegg í þessa umræðu sem er að mörgu leyti fróðleg. Það er af því að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson vék aðeins að því að menn hugsuðu meira til þess að koma veginum í suður eins og hann orðaði það, við Norðlendingar, sem að nokkru leyti er rétt. Þá vil ég að það komi skýrt fram vegna þess að ég átti sæti í þeirri nefnd sem vann að undirbúningi og gerð síðustu langtímaáætlunar. Þar var margsinnis vikið að þessari vegtengingu yfir öræfin fyrir austan og ég einmitt kom með hugmynd þegar var verið að vinna þessa langtímaáætlun að þá þegar mundi Vegagerð ríkisins beita sér fyrir því að þingmenn Austurlands og Norðurlands og mér er það minnisstætt, einmitt bæði Norðurlands eystra og vestra yrðu kallaðir saman til þess að ræða um þessa framkvæmd. Ég er því mikill stuðningsmaður þess að þetta vegasamband komist á og tel í raun og veru að við höfum ekki lokið hringveginum fyrr en þessi vegtenging er að baki.

Ég verð einnig að segja það til þess að koma því hér að í þessa umræðu að samgn. þingsins fór yfir þetta svæði nú sl. sumar í leiðsögn umdæmisverkfræðings Vegagerðarinnar og fleiri frá Vegagerðinni. Það var ákaflega fróðleg ferð og forseti sem hér er og stýrir þessum fundi var einnig með í þessari ferð og við urðum margs fróðari eftir að hafa ekið þennan veg og hlustað á leiðsögn manna um væntanlega veglínu. Ég vil því að það komi skýrt fram að sú vegtenging sem hér er verið að tala um á held ég stuðning, ég hef trú á því, allra þingmanna Norðurlands eystra og vestra. Ég hef ekki trú á öðru og miklu fleiri reyndar. Og þess vegna vil ég bara ítreka það enn og aftur að við hugsum til þess og ég held að það sé líka mikill ávinningur fyrir öll þessi kjördæmi Austur- og Norðurlands að við fáum meiri og aukin tengsl.

[19:08]

Flm. (Hjörleifur Guttormsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ekki greinir okkur hv. 4. þm. Norðurl. v. á um þetta. Það er tímabært að þarna verði breyting á. Það er rétt að þessi mál voru til umræðu í sambandi við langtímaáætlun hinnar síðustu þegar hún var í deiglu og átti ég hlut að því máli. Þá skildum við Austfirðingar við það enn þá opið hvaða leið nákvæmlega yrði valin en hins vegar vikið að því í gerð langtímaáætlunar. Það er síðan um 1990 sem einhverjar alvöruathuganir fara af stað um það hvaða leið skuli valin og enn eru menn að velta málinu fyrir sér þó að það vísi á það að mér sýnist að meiri hluti verði fyrir því að taka þessa fjallaleið þó að ég hafi verið að ýta öðrum áherslum fram, þá verður það meiri hlutinn sem ræður í þessu efni. Mér er sárast um jarðgöngin. Ég hef séð þau dragast milli Héraðs og Vopnafjarðar ef strandleið verður þarna út undan og ekki litið til annars en ársvegar því að rökin fyrir þeirri stóru framkvæmd væru öflugri og skýrari ef það væri liður í vetrartengingu milli landshluta.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Brú yfir Héraðsvötn hjá Flatatungu í Skagafirði, fyrri umr.

Þáltill. StG, 272. mál. — Þskj. 321.

[19:10]

Flm. (Stefán Guðmundsson):

Virðulegi forseti. Ég tala hér fyrir till. til ál. um gerð brúar yfir Héraðsvötn hjá Flatatungu í Skagafirði en svo segir tillögugreinin:

„Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að láta Vegagerð ríkisins gera áætlun um vegtengingu Skagafjarðarvegar, nr. 752, við þjóðveg nr. 1, Norðurlandsveg, með gerð brúar yfir Héraðsvötn hjá Flatatungu í Skagafirði."

Í greinargerðinni segir svo, en hún er stutt:

„Um langt skeið hafa hugmyndir verið uppi um gerð brúar yfir Héraðsvötn við Flatatungu og til skamms tíma var á vegaskrá Vegagerðar ríkisins talað um vegtengingu af Héraðsdalsvegi, nr. 754, yfir brú hjá Flatatungu á þjóðveg nr. 1. Jafnhliða hugmyndum um Villinganesvirkjun var rætt um brúargerð á þessum stað og tengingar við Héraðsdalsveg, nr. 754, eða um Tunguháls á Skagafjarðarveg.

Með þeirri framkvæmd, sem hér er lagt til að verði athuguð, kemst á hringtenging um framhluta Skagafjarðar. Slík vegtenging opnar margvíslega nýja möguleika til hagræðis og mikils ávinnings, svo sem á flutningi afurða og mjög bættum þjónustuleiðum. Slík vegtenging opnar einnig nýjar leiðir fyrir þá er vilja njóta fegurðar skagfirskra dala og þeirra er öræfin heilla og vilja m.a. aka um Sprengisand.

Ferðaþjónusta er mjög vaxandi atvinnugrein. Enginn vafi er á að ferðaþjónusta á þessu svæði mun hafa af því mikinn ávinning að sú áætlun, sem hér er lagt til að verði gerð, komist sem allra fyrst til framkvæmda."

Virðulegi forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að málinu verði vísað til samgn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá var tekið 6. mál.

Fundi slitið kl. 19:13.

---

88. FUNDUR

þriðjudaginn 7. febr.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Áfengislög, frv., 55. mál, þskj. 55. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Menntun á sviði sjávarútvegs og matvælaiðnaðar, þáltill., 76. mál, þskj. 76. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
3. Vegasamband milli Austurlands og Norðurlands, þáltill., 137. mál, þskj. 144. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
4. Brú yfir Héraðsvötn hjá Flatatungu í Skagafirði, þáltill., 272. mál, þskj. 321. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
5. Embættisfærsla umhverfisráðherra, þáltill., 138. mál, þskj. 145. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
6. Refsiákvæði nokkurra skattalaga, stjfrv., 319. mál, þskj. 484. — 1. umr.
7. Vörugjald af olíu, stjfrv., 337. mál, þskj. 534. — 1. umr.
8. Verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf, stjfrv., 255. mál, þskj. 298. — Frh. 1. umr.
9. Gjald af áfengi, stjfrv., 256. mál, þskj. 299. — 1. umr.
10. Matvæli, stjfrv., 331. mál, þskj. 505. — 1. umr.
11. Lánasjóður sveitarfélaga, stjfrv., 370. mál, þskj. 599. — 1. umr.
12. Bjargráðasjóður, stjfrv., 371. mál, þskj. 600. — 1. umr.
13. Leigubifreiðar, stjfrv., 329. mál, þskj. 499. — 1. umr.
14. Fólksflutningar með langferðabifreiðum, stjfrv., 332. mál, þskj. 514. — 1. umr.
15. Vöruflutningar á landi, stjfrv., 333. mál, þskj. 515. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Einar K. Guðfinnsson, 3. þm. Vestf.,
Ingi Björn Albertsson, 5. þm. Reykv.,
Rannveig Guðmundsdóttir félmrh.,

Sólveig Pétursdóttir, 6. þm. Reykv.,
Þorsteinn Pálsson sjútvrh.

Útbýting þingskjala:

Málflytjendur, 89. mál, nál. allshn., þskj. 605; brtt. allshn., þskj. 606.

Lagt fram á lestrarsal:

Erindi frá Sigurði Óskarssyni, fulltrúa í stjórn Hollustuverndar ríkisins.

Athugasemd um dagskrá.

Ræðutími í umræðu um þingsályktunartillögu um embættisfærslu umhverfisráðherra.

[13:37]

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Eftir ósk hv. 4. þm. Austurl., sem hann bar fram í gær á þingfundi, raunar tvívegis, er rædd var till. til þál., sem hann er 1. flm. að, um kosningu rannsóknarnefndar til að rannsaka embættisfærslu umhvrh. í svokölluðu veiðistjóramáli, þá vill forseti, sá sem hér stendur, segja eftirfarandi:

Samkvæmt 44. gr. þingskpa er það reglan að flutningsmaður þáltill. hefur við fyrri umræðu 15 mín. ræðutíma tvisvar. Aðrir þimgmenn og ráðherrar 8 mín. tvisvar. Frá þessari reglu eru tvær undantekningar. Annars vegar ef fyrir liggur rökstudd beiðni þingflokks og hins vegar ef tillaga fjallar um tiltekna málaflokka. Ósk eða beiðni um frávik frá þeim ræðutíma sem í greininni stendur þarf að liggja fyrir áður en umræða hefst og ef á hana er fallist þá gildir almenn regla 55. gr. um umræðuna, þ.e. engin tímamörk. Samkvæmt 72. gr. má þó ákveða ræðutíma sérstaklega eða hve lengi umræða má standa með samþykki allra þingflokka, þ.e. semja um umræðuna eins og það hefur verið kallað.

Úrskurður forseta í gær um að ráðherra, umhvrh. í þessu falli, skyldi hafa jafnlangan ræðutíma og flm., þ.e. 15 mín., hefur því ekki fordæmisgildi við túlkun 44. gr. þingskapa eins og hún er nú.

Á hitt ber að líta, eins og sá forseti sem stjórnaði þingfundinum í gær raunar tók fram, að tillagan sem til umræðu var er óvenjuleg. Í greinargerð með henni eru alvarlegar ásakanir í garð ráðherra. Það var því naumast sanngjarnt, þrátt fyrir skýr ákvæði þingskapa, að ráðherrann hefði aðeins 8 mín. til að svara, helming af tíma flutningsmanns. Við þessum aðstæðum var sá forseti sem sat á forsetastóli augljóslega að bregðast.

Í ljósi þessa telur forseti að þetta atriði þingskapanna þurfi að koma til athugunar við endurskoðun þeirra, annaðhvort að forseti hafi almenna heimild við umræðu til að víkja frá tímamörkum til rýmkunar ef sérstaklega stendur á, svo sem í tilvikum sem þessum, eða að ráðherra sem málið varðar hafi jafnan rétt og flm. við fyrri umræðu um þáltill.

[13:39]

Guðrún Helgadóttir *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég tel nauðsynlegt að gefa hv. þingheimi skýrslu um það sem gerðist hér í gær.

Fyrir dagskrá fundarins lá óvenjulegt mál, svo óvenjulegt að ég minnist ekki í minni þingtíð að annað því líkt hafi legið fyrir, en það var till. til þál. um skipun rannsóknarnefndar til könnunar á embættisfærslu eins ákveðins hæstv. ráðherra, í þessu tilviki umhvrh. Þegar leið að umæðunni kom hæstv. ráðherra til mín og hafði þá verið að átta sig á því að hann fengi einungis 8 mín. til að svara hv. 1. flm., hv. 4. þm. Austurl., og óskaði fyrir hönd þingflokks Alþfl. að með tilliti til þessa óvenjulega máls yrði honum úthlutað 15 mín. eins og 1. flm. Forseti, sem í því tilviki var ég, kannaði síðan 44. gr. þingskapa og þykist vera sæmilega læs en þar stendur á bls. 18 í þingskapalögum breyttum skv. lögum frá 1993. Þetta ákvæði var reyndar í fyrri þingskapalögum. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Við fyrri umræðu má hver ræðumaður tala tvisvar, flutningsmaður allt að 15 mínútum og aðrir þingmenn og ráðherrar allt að átta mínútum í senn. Þá er þessari umræðu er lokið er leitað atkvæða hvort umræðan eigi að ganga til síðari umræðu og nefndar.“ Síðan segir: „Forseti getur ákveðið frávik frá þessari málsmeðferð ef fyrir liggur rökstudd beiðni þingflokks þar að lútandi. Hver þingflokkur hefur rétt til að bera slíka beiðni fram við forseta einu sinni á hverju þingi.“

Ég gerði hæstv. ráðherra grein fyrir því að þar með hefði Alþfl. fyrirgert öðrum rétti til slíkrar beiðni og féllst hann á það.

Hæstv. forseti minntist hér áðan á að það væri sjálfgefið að hvenær sem vikið væri frá þessu þýddi það að gilda skyldi hin almenna regla. Þetta er að mínu mati rangt. Vegna þess að síðar í 44. gr. er grein um allt annað en hún hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Forseta er heimilt að láta ákvæði 55. gr. gilda [þ.e. almenn umræða, ótímabundin] við fyrri umræðu um þingsályktunartillögur, er fjalla um“ — og ég bið menn að hlýða á mál mitt — „stjórnskipun, utanríkis- eða varnarmál, staðfestingu framkvæmdaáætlana, alþjóðasáttmála eða milliríkjasamninga, liggi fyrir ósk um það.“

Ég taldi ekki að þetta mál væri af þeirri stærðargráðu að svo langt þyrfti að ganga og taldi mig þess vegna fullkomlega bæra um ...(Forseti hringir.) Ég hlýt að fara fram á, hæstv. forseti, að ég fái að ljúka máli mínu — fullkomlega dómbæra um það að réttlátt væri að hæstv. ráðherra fengi jafnlangan tíma og hv. 4. þm. Austurl. Ég taldi hins vegar ekki ástæðu til að allir fengju slíkan tíma enda hvað kom í ljós? Enginn sem til máls tók notaði síðari ræðutíma sinn, síðari 8 mínúturnar. Einungis einn meðflutningsmanna hv. 4. þm. Austurl. var í salnum og sá hv. þm., hv. þm. Kristín Einarsdóttir, notaði ekki nema annan ræðutímann. Þannig að um hvað snýst þetta mál eiginlega? Það snýst um sanngirni og réttlæti við óvenjulegar aðstæður. Sé forseti, í þessu tilviki varaforseti þingsins, ekki talinn dómbær þrátt fyrir að hafa stjórnað þessu þingi

í þrjú ár — fyrst kvenna raunar, en það er kannski þess vegna — sé sá forseti ekki talinn dómbær um viðbrögð við svo óvenjulegum aðstæðum þá óska ég eftir að hv. þingheimur segi það og þá skal ég fúslega víkja úr því embætti.

[13:44]

Kristín Einarsdóttir *(um fundarstjórn)*:

Frú forseti. Ég var sú sem vakti athygli á þessu í gær og vil ég lýsa því hér að ég er algjörlega sammála þeim úrskurði sem forseti las hér úr ræðustóli. Ég get tekið undir bæði það sem kemur fram í hennar úrskurði og það sem kom fram í máli hv. 14. þm. Reykv. að það gat verið sanngirni í því að leyfa ráðherra að tala lengur en við verðum auðvitað að fara að settum reglum. Það er það sem skiptir höfuðmáli. Þess vegna vil ég lýsa því yfir að ég er sammála úrskurði forseta að þetta hafi ekki neitt fordæmisgildi og að það þurfi auðvitað að fara að settum reglum.

Það getur hins vegar verið alveg rétt, og ég get tekið undir það, að það getur þurft að endurskoða ákvæði þingskapa hvað þetta varðar. En ég vara samt við því að sú endurskoðun feli það í sér að forseti hafi einn almenna heimild til að veita undanþágur frá þingsköpum heldur sé það þá í samráði við þingflokka eða þá að það sé eftir skýrum reglum þannig að ekki sé hægt að víkja frá ákvæðum þingskapa nema þá að það sé mjög greinilegt í hvaða tilvikum það eigi að gera.

En eins og ég segi enn og aftur ég er sammála úrskurði forseta í þessu máli.

Áfengislög, frh. 1. umr.

Frv. RG og PBald, 55. mál (viðvörunarmerki á umbúðir). — Þskj. 55.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:46]

Frv. vísað til 2. umr. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GHelg, HÁ, HBl, HN, HG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JónK, KHG, KE, LMR, MB, ÓE, ÓRG, PBald, PBj, RA, RÓsk, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SJS, StB, SvG, SvS, TIO, VS, VE.

15 þm. (ÁJ, EKG, FI, GuðmS, GJH, IBA, JE, JGS, JVK, PJ, RG, SP, StG, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Menntun á sviði sjávarútvegs og matvælaiðnaðar, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÁRÁ o.fl., 76. mál. — Þskj. 76.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:47]

Till. vísað til síðari umr. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GHelg, HÁ, HBl, HN, IP, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KE, LMR, MB, ÓE, PJ, PBald, PBj, RA, RÓsk, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SJS, StB, SvG, SvS, TIO, VS, VE.

15 þm. (ÁJ, EKG, FI, GuðmS, GJH, HG, IBA, JE, JGS, ÓRG, RG, SP, StG, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Till. vísað til menntmn. án atkvgr.

Vegasamband milli Austurlands og Norðurlands, frh. fyrri umr.

Þáltill. HG og SJS, 137. mál. — Þskj. 144.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:48]

Till. vísað til síðari umr. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GHelg, HÁ, HBl, HN, HG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KE, LMR, MB, ÓE, PJ, PBald, PBj, RA, RÓsk, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SJS, StB, SvG, SvS, TIO, VS, VE.

14 þm. (ÁJ, EKG, FI, GuðmS, GJH, IBA, JE, JGS, ÓRG, RG, SP, StG, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Till. vísað til samgn. án atkvgr.

Brú yfir Héraðsvötn hjá Flatatungu í Skagafirði, frh. fyrri umr.

Þáltill. StG, 272. mál. — Þskj. 321.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:48]

Till. vísað til síðari umr. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GHelg, HÁ, HBl, HN, HG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KE, LMR, MB, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, PBj, RA, RÓsk, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SJS, StB, SvG, SvS, TIO, VS, VE.

13 þm. (ÁJ, EKG, FI, GuðmS, GJH, IBA, JE, JGS, RG, SP, StG, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Till. vísað til samgn. án atkvgr.

Embættisfærsla umhverfisráðherra, frh. fyrri umr.

Þáltill. HG o.fl., 138. mál. — Þskj. 145.

[13:50]

Ólafur Ragnar Grímsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Hér á Alþingi hafa í áratugi tíðkast þær siðareglur að stjórn og stjórnarandstaða sameinast um að vísa málum til nefndar þótt menn kunni að vera þeim efnislega ósammála. Þannig hefur t.d. stjórnarandstaðan í vetur hvað eftir annað stuðlað að því að hægt væri að vísa málum ríkisstjórnarinnar til nefndar vegna þess að svo fáir stjórnarliðar voru mættir. Stjórnarandstaðan hefur þess vegna talið það eðlilegt í siðuðu þingi að stuðla að því að mál fengju þinglega meðferð og að ágreiningur, efnislegur ágreiningur, kæmi fram í atkvæðagreiðslu annaðhvort við síðari umr. eða 2. umr. Ég held ég muni það rétt að það sé aðeins eitt dæmi frá fyrri áratugum um það að komið hafi verið í veg fyrir að mál fengi eðlilega meðferð í nefnd og þá varð sú skipting ekki milli stjórnar og stjórnarandstöðu.

Ég kvaddi mér hljóðs vegna þess að ég hef verið að heyra það hér í salnum að það hafi verið tekin ákvörðun um það af hálfu ríkisstjórnarflokkanna að í atkvæðagreiðslu um það mál sem nú á að greiða atkvæði um ætli ríkisstjórnarflokkarnir hér á Alþingi að koma í veg fyrir að málið fái þinglega meðferð með því að greiða atkvæði gegn því að málið komi til síðari umr. og verði vísað til nefndar.

Enginn gat um slíka áætlun í umræðum um þetta mál hér í gær. (**Gripið fram í:** Það er ekki rétt.) Er það ekki rétt? (**Gripið fram í:** Ég lagði til að það yrði fellt.) Það er hægt að leggja til að mál verði fellt, hv. þm., það gerum við iðulega hér við 1. umr. Ég vil þess vegna spyrja um það áður en starfið heldur hér áfram og atkvæðagreiðslan hefst: Er þetta rétt? Er það rétt að forustuöfl ríkisstjórnarflokkanna hafi tekið pólitíska ákvörðun um það að beina því til þingmanna sinna að greiða atkvæði gegn því að málið fái þinglega meðferð? Ef svo er þá eru það ný vinnubrögð hér á Alþingi í samskiptum stjórnar og stjórnarandstöðu. Og ef það er svo til viðbótar þannig að forustuöfl þingflokka ríkisstjórnarflokkanna hafi ekki haft manndóm eða heiðarleika til að segja frá því fyrir fram formlega að ætlunin sé að brjóta þessa hefð með þessum hætti við þessa atkvæðagreiðslu þá er það enn alvarlegra mál í siðuðu samfélagi hér í þinginu. Ef ætlunin er bara að lauma því hér inn í atkvæðagreiðsluna sjálfa.

Ég trúi því í raun og veru varla að slíkt sé að gerast hér. Þá er kannski meiri efniviður í þessari tillögu heldur en margir hafa viljað vera láta, ef hún má ekki einu sinni fá þinglega meðferð. (Forseti hringir.) Ég vil þess vegna áður en atkvæðagreiðslan hefst, virðulegur forseti, biðja einhvern af forustumönnum ríkisstjórnarflokkanna, annaðhvort þingflokksformanninn eða sjálfa forustumenn ríkisstjórnarflokkanna að upplýsa okkur um það áður en atkvæðagreiðslan hefst hvort sá orðrómur sem hér gengur um þingsalinn sé réttur og hvort ákvörðun hafi verið tekin (Forseti hringir.) um það að greiða atkvæði gegn þinglegri meðferð þessarar tillögu.

[13:54]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Ég vil svara fyrir mína parta að ég hef fyrir mitt leyti ákveðið að greiða atkvæði gegn því að tillagan gangi til síðari umr. og nefndar. En það breytir ekki því að stjórn og stjórnarandstaða hafa hjálpast til við að koma sínum málum áfram. Það er hinn venjulegi gangur (**Gripið fram í:** Stefnubreyting.) bæði stjórn og stjórnarandstaða. En þetta hefur hins vegar gerst áður og ég hygg að það hafi verið Ólafur Jóhannesson sem á sínum tíma beitti sér fyrir svipaðri málsmeðferð. Þannig að það er ekkert óvenjulegt hvað það varðar við svipaðar aðstæður. (**Gripið fram í:** Jú.) Ég geri ráð fyrir að það tíðkist áfram sú ágæta venja að stjórn og stjórnarandstaða hafa hjálpað málum hvors annars með venjulegum hætti til nefndar.

[13:55]

Hjörleifur Guttormsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegur forseti. Það ætlar að leggjast heldur lítið hér fyrir meiri hlutann á Alþingi ef það er rétt að hann ætli að fylgja hæstv. forsrh. í því að koma í veg fyrir að þingleg tillaga fái efnislega umfjöllun á Alþingi, þar á meðal í þingnefnd. Ég hafði ekki grun um að það væru áform uppi um að koma í veg fyrir eðlilega málsmeðferð eftir fyrri umr. málsins sem fór fram í gær. Það var ekkert sem kom fram við þá umræðu sem vísaði til þess að stjórnarliðið þyrði ekki að láta þessa tillögu fá efnislega umfjöllun hér í þinginu, ganga til nefndar og koma til síðari umr. og það reyndi þá í kjölfarið á það hver væri afstaða til tillögunnar. En vegna orðróms sem ég heyrði hér um hádegisbilið að það væru ráð uppi um það meðal stjórnarliða að koma í veg fyrir þetta og fékk það staðfest hjá þingflokksformanni Alþfl. þegar ég spurði hann að því hér rétt áðan hvort þetta væri rétt, þá liggur það nú fyrir sem yfirlýstur ásetningur þó ég vænti þess að hv. þingflokksformaður Alþfl. hafi fyrir því að gera grein fyrir máli sínu hér fyrir atkvæðagreiðsluna.

Þetta er ekki hægt að kalla öðru nafni en launráð sem hér er verið að vinna, ekkert annað en launráð, þar sem meiri hluti á Alþingi er að bindast höndum um það í laumi að koma í veg fyrir eðlilega þinglega meðferð mála hér í þinginu. Þetta eru algjörlega nýir siðir sem hér er verið að innleiða a.m.k. þann tíma sem ég man eftir hér á Alþingi Íslendinga og ég kvíði satt að segja því fordæmi sem hér er verið að innleiða á Alþingi Íslendinga með þessu. Ég kvíði því gagnvart eðlilegu þinghaldi hér, eðlilegri málsmeðferð og möguleikum þingsins á því að rækja eðlilegt eftirlitshlutverk sitt með framkvæmdarvaldinu.

Ég mótmæli þessum áformum, virðulegur forseti.

[13:58]

Jóhann Ársælsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Mér finnst yfirlýsing hæstv. forsrh. mikil tíðindi. Ég held að það hljóti að vera einsdæmi

að hæstv. forsrh. á einhverjum tíma hafi beitt sér með þessum hætti í þinginu. Það hlýtur að liggja mikið við. Hvað er það sem liggur við? Það er verið að óska eftir því að könnuð verði embættisfærsla ráðherra vegna samskipta við starfsmenn veiðistjóraembættisins. Það liggur fyrir að það er búið að grípa til örþrifaráða til að lægja öldur út af þessari embættisfærslu. Það er búið að stofna nýtt embætti við Háskóla Íslands í þeim tilgangi að lægja þessar öldur. Er ekki ástæða til að skoða þetta mál? Er þetta mál svona stórhættulegt að það megi ekki fara til nefndar og það megi ekki fjalla um það með eðlilegum hætti? Er það virkilega þannig að menn óttist að niðurstaða nefndarinnar verði sú að leggja til að þetta verði samþykkt, að nefndin sem fái þetta til sín leggi til að tillagan verði samþykkt um skipun rannsóknarnefndar? Það getur varla verið annað en það sem menn óttast. Ef menn telja að nefndin leggi til að fella tillöguna þá ættu menn ekki að óttast um niðurstöðuna hér í atkvæðagreiðslu í hv. Alþingi. Það hlýtur að vera eitthvað annað.

Ég segi alveg eins og er að mér finnst þetta fráleitt og ég tel að það verði Alþingi til mikls vansa ef það má ekki láta hreinsa þann hæstv. ráðherra sem tillagan fjallar um af þeim ásökunum sem í henni felast. Og það verði ekki hægt að leggja það út á annan veg en þann að menn treysti því ekki að sú rannsókn hreinsi ráðherrann af málinu og það sé þess vegna sem eigi að fella þessa tillögu, að hún fari til eðlilegrar meðferðar í þinginu. Ég mótmæli þessu, hæstv. forseti.

[14:00]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Ég vek athygli á því að hér fyrr á fundinum var það fyrrv. hæstv. forseti sem vakti athygli á því að þetta mál væri afar sérstaks eðlis og kvað upp úrskurð sem byggðist á sanngirnisrökum sem ég hef fullan skilning á. Og hvers konar mál er þetta? Þetta mál er í eðli sínu lítt dulbúin vantrauststillaga á ráðherra. Vantrauststillögum er aldrei vísað til nefndar. Þær eru annaðhvort samþykktar eða felldar.

[14:01]

Kristín Einarsdóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Frú forseti. Ef satt er að menn ætli að koma í veg fyrir það að tillaga fái efnislega umfjöllun, ef það er rétt þá þykir mér það mjög alvarlegt. Mér finnst það mjög alvarlegt mál að meiri hluti Alþingis ætli að koma í veg fyrir að vísa tillögum til nefnda ef farið er fram á það eða til síðari umræðu. Við verðum að athuga það að með því að greiða atkvæði um þessa tillögu hvort vísa eigi henni til síðari umr., þá er ekki verið að taka neina efnislega afstöðu til málsins. Ég er búin að greiða atkvæði fjórum sinnum hérna í dag um það hvort eitt frv. og þrjár þáltill. eigi að fara til 2. umr. og síðari umr. Ég var í því ekki að taka neina efnislega afstöðu til málsins. Í þau ár sem ég er búin að vera hér á þingi held ég að það hafi aldrei komið fyrir að ég hafi greitt atkvæði gegn því að mál farið milli umræðna. Og þá skiptir engu máli hversu illa mér er við málið eða hversu mikið ég er á móti því. Það eru mörg mál þess eðlis að ég hef greitt atkvæði gegn þeim. En að koma í veg fyrir eðlilega þinglega meðferð, það þykir mér mjög alvarlegt mál. Og það er það sem mér þykir alvarlegt og þá er það algerlega óháð því hvers eðlis málið er.

Hér finnst mér menn vera að blanda því saman hvort í þessu felist vantraust á ráðherra eða ekki. Það hefur ekkert með málið að gera. Tillagan er jú um að athuga embættisfærslu umhvrh., en í dag erum við ekki að greiða atkvæði um það. Við erum ekki að greiða atkvæði um tillöguna. Mér þykir þetta svo alvarlegt mál ef þetta er það sem mun gerast hérna í dag, þetta er það alalvarlegasta sem ég hef heyrt um. Mér finnst þetta vera tilræði við þingræðið ef ekki er hægt að láta tillöguna ganga til síðari umr. og nefndar ef tillaga er um það. Við erum núna ekki að gera annað en það, eins og venja er, að tala um að tillagan gangi til síðari umr. Og það er enginn þingmaður hér, þó hann greiði atkvæði með því að tillagan fari til síðari umr., að taka efnislega afstöðu til málsins. Alls ekki. Ég tel heldur ekki að í því að vísa tillögunni til nefndar felist nokkur efnisafstaða. Ég lýsi því yfir hér og nú að mér þykir þetta eitt af því alvarlegasta sem ég hef nokkurn tíma orðið fyrir ef þetta verður niðurstaðan og ég trúi því ekki enn þá.

[14:04]

Ólafur Ragnar Grímsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. forsrh. hefur staðfest það hér með sínu orðalagi að ríkisstjórnarflokkarnir hafa tekið ákvörðun um það að hindra að þessi tillaga um embættisfærslu umhvrh. fái eðlilega þingmeðferð. Hæstv. forsrh. segir að rökin séu fólgin í því að þetta sé efnislega vantraust á ráðherra. Tillagan er ekki um það. Tillagan er um að þingið geti kallað fram athugun á embættisfærslu ráðherra. Er hæstv. forsrh. virkilega að skapa það fordæmi hér í þinginu að þingið eigi ekki að geta með sjálfstæðum hætti kannað tilteknar og mjög afmarkaðar embættisfærslur ráðherra sem viðurkennt er í öllum þjóðþingum í lýðræðisríkjum að sé sjálfsagður réttur þjóðþings og í Evrópu og Bandaríkjunum er algengt að gert sé án þess að því sé ruglað saman við vantraust á viðkomandi ráðherra?

Ef hér á að koma í veg fyrir að hægt sé með eðlilegum, þinglegum hætti að fjalla um tillögur sem snúast um mjög afmarkaðar embættisfærslur ráðherra, í þessu tilviki flutning á einu embætti af fjölmörgum sem heyra undir ráðherrann, þá er í raun og veru verið að segja að bannað sé af ríkisstjórn Sjálfstfl. og Alþfl. að kanna hér á Alþingi embættisfærslur ráðherra.

Alþfl. hældi sér af því, hæstv. utanrrh., að hann hefði ekkert að fela. Alþfl. vísaði embættisfærslum hv. þm. Guðmundar Árna Stefánssonar til Ríkisendurskoðunar og hældi sér af því að þar væri svo stórt og mikið gert að allt embætti Ríkisendurskoðunar ætti að kanna þær embættisfærslur. Og Alþfl. hefur líka vísað embættisfærslum hæstv. utanrrh. til sérstakrar rannsóknar hjá Ríkisendurskoðun þó að sú skýrsla sé ekki komin enn. En nú ætlar Alþfl. að standa að því hér að knýja Sjálfstfl. með sér til að koma í veg fyrir að af-

mörkuð tillaga um eina embættisfærslu umhvrh. fái þinglega meðferð. Svo mikið er í húfi að það á að rjúfa áratuga hefð hér í þinginu til að koma í veg fyrir þinglega meðferð á þessu máli.

Mér þykir leitt að fornvinur minn, hæstv. umhvrh., skuli ekki vera hér í salnum. Það má segja mér það ekki bara einu sinni heldur tvisvar og jafnvel þrisvar að hæstv. umhvrh. sem sagst hefur ekkert hafa að fela í þessu máli standi líka að því að koma í veg fyrir að þessi tillaga fái þinglega meðferð. Eða er þetta kannski gert að honum forspurðum til þess að setja hann í vont ljós? Hver er skýringin á því að hæstv. umhvrh. er ekki viðstaddur hér og nú? (Forseti hringir.) Því að þessi meðferð er auðvitað sú versta fyrir hæstv. umhvrh., að koma því þannig fyrir hér í þinginu að verið sé að gefa það til kynna að eitthvað stórkostlegt sé falið á bak við þessa embættisfærslu, að það þoli ekki einu sinni þinglega meðferð. Ég bið þess vegna hæstv. forsrh. og forustu Alþfl. að taka sér umhugsunarfrest og beita sér jafnvel fyrir því að þessi atkvæðagreiðsla fari ekki fram í dag svo að menn geti náð hér áttum áður en hún fer fram.

[14:08]

Árni M. Mathiesen *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Sú tillaga sem hér stendur til að greiða atkvæði um hefur ekkert efnislegt innihald. Hún er ekkert annað heldur en persónuleg árás á hæstv. umhvrh. (Gripið fram í.) Mér er ekkert að vanbúnaði að taka afstöðu til þessarar tillögu þegar í stað og mér finnst leggjast lítið fyrir hv. 4. þm. Austurl., hans málatilbúnað í dag bæði við þessa umræðu, og fyrr í dag þegar hann réðst á flokksfélaga sinn, hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur vegna sanngirni sem hún sýndi hérna í umræðunum í gær. Mér finnst þetta vera þeim hv. þm. til skammar sem hér hafa talað í þessu máli og rengt þá hugsanlega niðurstöðu sem hér gæti fengist. Mér er ekkert að vanbúnaði til að taka afstöðu til málsins þegar í stað.

[14:09]

Sigbjörn Gunnarsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Örlítið fyrst vegna þess að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson spurði um fornvin sinn, hæstv. umhvrh., þá þurfti hann að fara af landi brott í embættiserindum nú um hádegisbilið og er því ekki hér í dag. (**ÓRG:** Er umhvrh. samþykkur þessari málsmeðferð?) Ég hef orðið, hv. þm., er það ekki rétt skilið, forseti?

(**Forseti** (SalÞ)**:** Það er rétt.)

Hv. þm. Kristín Einarsdóttir sagði áðan í ræðustól að flutningsmenn tillögunnar tækju ekki afstöðu heldur snerist málið um að vísa því til síðari umr. og óska eftir rannsókn sérstakrar nefndar á þessu máli. Ég vil hins vegar benda á að á bls. 3 í greinargerð flutningsmanna stendur, með leyfi forseta:

„Flutningsmenn þessarar tillögu fá ekki betur séð en að umhvrh. hafi í málafylgju sinni gagnvart starfsmönnum veiðistjóraembættisins beitt mikilli valdníðslu auk þess að brjóta gegn óskrifuðum lögum um mannleg samskipti."

Ef þetta er ekki að taka afstöðu, þá veit ég ekki hvað er að taka afstöðu. (**Gripið fram í:** Má ekki rannsaka það?) Jú, jú. Það má rannsaka allt mögulegt. (**Gripið fram í:** Þið ætlið að banna rannsókn á málinu.)

(**Forseti** (SalÞ)**:** Ekki frammíköll.)

Virðulegi forseti. Hins vegar er alveg ljóst og öllum ljóst og ekki síst 1. flm. þessarar tillögu að þessi tillaga er vantrauststillaga á hæstv. umhvrh., enda sagði hann það beinum orðum í sjónvarpsviðtali skömmu eftir að tillagan var lögð fram. Hann sagði að líta mætti á þessa tillögu sem vantrauststillögu. Það vita allir þeir sem vilja vita. Alþfl. getur ekki sætt sig við það og mun að sjálfsögðu ekki samþykkja vantraust á umhvrh. sem hefur beitt sér mjög farsællega í umhverfismálum á þessu kjörtímabili.

[14:11]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Ég tel eins og ýmsir aðrir sem hér hafa talað að hér sé mjög alvarlegt mál á ferðinni. (**SigG:** Vantraust er alvarlegt mál.) Hér er ekki verið að ræða um vantraust. Hér er verið að ræða um það að vísa máli til nefndar. Ég tel að ef það verður ekki gert í dag, þá sé hér um að ræða atlögu að þingræðinu. Það er verið að koma í veg fyrir lýðræðislega meðferð á þáltill., tillögu hér á Alþingi sem sex þingmenn hafa lagt fram. Ég vil bara benda hv. þingmönnum á það ef þeir skyldu vera búnir að gleyma því að við erum að ræða í sérstakri nefnd á vegum Alþingis um að breyta mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar. Ég tel að hér sé verið að brjóta mannréttindi ef þingmenn sem leggja fram tillögur fá þeim ekki vísað á eðlilegan hátt til nefndar. Það er bara það sem málið snýst um. Og ég vil leiðrétta hv. 7. þm. Norðurl. sem hér sagði áðan að hv. þm. Kristín Einarsdóttir hefði verið að taka efnislega afstöðu til þessarar tillögu. Hún talaði ekkert um það í sínu máli. Hun sagðist ekki hafa tekið efnislega afstöðu til þeirra tillagna sem hún hafði verið að enda við að greiða atkvæði með að færu til síðari umr. og nefndar þannig að það er allt annað mál sem þar er verið að tala um.

[14:13]

Guðni Ágústsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Ég er einn þeirra þingmanna sem áttu kost á því að skrifa upp á þessa þál. en gerði það ekki og við lokaafgreiðslu þessa máls veit ég ekki nema ég greiði atkvæði gegn því. En hér er ég nú kominn upp samt vegna þess að ég undrast ummæli hæstv. forsrh. sem lítur á þáltill. sem hreina vantrauststillögu á ráðherra þegar menn eru að vísa til stjórnarskrárinnar og biðja um athugun á embættisfærslu ráðherrans gagnvart starfsmönnum. Ég fellst á það sem þingmaður og tel eðlilegt sem þingmaður að þetta mál, eins og svo mörg önnur, fái hina þinglegu meðferð og ég tek undir það með hv. þingmönnum að hæstv. umhvrh. verður grunaður um að það séu maðkar í mysunni ef þetta mál fær ekki hina þinglegu meðferð og fær ekki að fara hina réttu leið í þinginu og kemur síðan fullbúið, hæstv. forsrh., úr nefnd þar sem vonandi liggur fyrir að hæstv. umhvrh. verður sýkn saka og

málinu þá vísað frá í fyllingu tímans. Við erum alþingismenn á löggjafarsamkomu þjóðarinnar og verðum að bera virðingu fyrir því að sitt sýnist hverjum. Hér er svo, hæstv. forsrh., að einhver hópur hv. þingmanna telur að brotið hafi verið á starfsmönnum og biður um rannsókn sem þeir eiga fullan rétt á samkvæmt stjórnarskránni og þingsköpum. Hví skyldum við berja þá niður áður en málið hefur verið skoðað?

Svo er einnig um einhvern hluta þjóðarinnar, að hún mun taka undir skoðunina með þessum þingmönnum og segja: Valdið var notað enn einu sinni á Alþingi Íslendinga til þess að fela sannleikann. Það er vond ríkisstjórn sem fer þessa leið.

[14:15]

Jón Helgason *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Það sem þessi þáltill. fjallar um er að það verði kannað hvort sönn sé sú ásökun sem komið hefur fram á hæstv. umhvrh. að hann hafi ekki staðið rétt að annars ágætri ákvörðun um flutning á embætti veiðistjóra norður á Akureyri en ég hygg að flestir hv. alþm. séu sammála um að sú ákvörðun út af fyrir sig er góð. En það undrar mig að hér skuli koma fram sú skoðun að ekki megi athuga og koma í ljós sannleikur í þessu máli og því hlýt ég að verða fyrir vonbrigðum með þá afstöðu.

[14:17]

Steingrímur J. Sigfússon *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Ég fæ ekki betur heyrt en að hv. stjórnarliðar rugli hér stanslaust saman tveimur óskyldum hlutum, þ.e. annars vegar efni þessarar tillögu og afstöðu sinni til hennar, en hins vegar þeirrar prinsippatkvæðagreiðslu sem fer fram hér á eftir um þinglega meðferð þingmáls og það er afar hvimleitt að svo sé gert.

Staðreyndin er sú að ef hv. stjórnarliðar kjósa að líta á þessa tillögu sem vantrauststillögu á hæstv. umhvrh. og vilja fella hana, þá eiga þeir að greiða fyrir þinglegri meðferð málsins og leggja sitt af mörkum til þess að það geti komið sem fyrst hér til efnislegrar atkvæðagreiðslu. Felli meiri hluti þingmanna það hér á eftir að málið fái að koma til nefndar og til síðari umr. er meiri hlutinn ekki þar með að fella tillöguna. Það er grundvallarmisskilningur. Þá kemur aldrei til þess að á Alþingi Íslendinga birtist efnisleg afstaða til málsins þannig að auðvitað liggur það þannig að vilji stjórnarliðar greiða fyrir því að þessi tillaga komi til atkvæðagreiðslu í því skyni að fella hana, þá ber þeim öðrum mönnum fremur að leggjast á árar til þess að flýta framgangi málsins hér í þinginu. Og eðlilegast væri þá að leita eftir samningum um að allri meðferð málsins yrði hraðað þannig að síðari umræða og atkvæðagreiðsla gæti farið fram sem fyrst. Það er út af fyrir sig eðlilegt að stjórnarliðar vilji ekki hafa þetta mál hangandi yfir hæstv. umhvrh. ef þeir hafa valið þann kost að líta á þetta sem vantrauststillögu á hæstv. ráðherra sem ég tel á hinn bóginn enga ástæðu til að gera.

Í öðru lagi er þetta, hæstv. forseti, mjög alvarlegt ef það gerist hér að tillaga um rannsókn á máli, sem því miður eru afar litlar hefðir fyrir á Alþingi Íslendinga en alsiða er erlendis að þjóðþingin beiti sér fyrir rannsókn til að upplýsa mál, fær ekki að koma til efnislegrar umfjöllunar hér í þinginu, tillaga sem flutt er með vísan til ákveðinnar greinar í stjórnarskrá sem gefur mönnum þann rétt að leggja til að rannsóknarnefnd sé skipuð. Ef menn ætla sér að fara með meiri hluta sinn á þinginu með þeim hætti að það sé meira að segja hindrað að það fái að koma til skoðunar í þinginu hvort tilefni sé til að setja á laggirnar slíka rannsóknarnefnd. Hv. meiri hluti virðist horfa fram hjá þeim möguleika að þingnefndin kynni að komast að þeirri niðurstöðu að ekki væri ástæða til rannsóknar, er það vegna þess að meiri hlutinn sé fyrir fram sannfærður um að það sé ekki þorandi að það fái að líta dagsins ljós. Ég held að hér sé verið að gera mikil mistök, innleiða vonda siði í samskiptum stjórnar og stjórnarandstöðu í sambandi við þinglega meðferð mála en verst er þessi niðurstaða tvímælalaust fyrir hæstv. umhvrh. sjálfan. Verði þetta gert, þá mun það hanga í loftinu yfir hæstv. ráðherra allan hans feril sem ráðherra eða þingmanns að það hafi ekki mátt fara ofan í saumana á þessu máli og upplýsa það og þannig er hæstv. umhvrh. í reynd neitað um tækifæri til þess að hann verði hreinsaður af þessu máli.

[14:20]

Vilhjálmur Egilsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Til einhvers er það væntanlega að það er í þingsköpum að það séu greidd atkvæði um mál eftir 1. umr. og þingmenn hljóta að þurfa að vega og meta í hverju tilviki hvort málið sé þannig vaxið að það eigi að halda áfram í þinginu eftir þá umræðu. Það er að sjálfsögðu hin langalgengasta niðurstaða og sem betur fer að málin fara yfirleitt fram. En það getur komið upp sú staða að einstökum þingmönnum finnist mál vera svo vitlaus eða þannig vaxin að þau eigi ekki að halda áfram og mér finnst að menn eigi að taka atkvæðagreiðslu um það og hætta þessari umræðu.

[14:21]

Eggert Haukdal *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Öllum hv. alþm. er kunnugt um „ánægju" mína á stjórnarsamstarfinu við Alþfl. Þrátt fyrir þessa ánægju hef ég nú aðeins lýst því yfir að ég sé tilbúinn að greiða vantrauststillögu á einn hæstv. ráðherra atkvæði úr þeim flokki, hæstv. utanrrh. Ég lít ekki á þessa tillögu sem vantrauststillögu. Ég mun greiða henni atkvæði.

[14:22]

Svavar Gestsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Það er vissulega verið að innleiða hér nýja siði. Ég er satt að segja alveg undrandi á þessari niðurstöðu stjórnarmeirihlutans. Er það skoðun hans sem fram kom í máli hv. þm. Vilhjálms Egilssonar að atkvæðagreiðsla eftir fyrstu umræðu mála sé efnisatkvæðagreiðsla máls? Er það afstaða ríkisstjórnarflokkanna að svo sé, að það sé efnisatkvæðagreiðsla eftir fyrstu umræðu máls, þegar mál fer til annarrar umræðu? Það er mjög athyglisvert og það er rétt að hafa það í huga núna næstu daga þegar menn ætla sér að fara að afgreiða ýmis þingmál. Hefur ríkisstjórnin ekki

fullan hug á því að fá hér ýmis þingmál afgreidd? Ber okkur í stjórnarandstöðunni þá að taka þessar yfirlýsingar sem merki um það að við eigum að innleiða hér alveg ný vinnubrögð líka? Stjórnarliðið hefur þurft að fara bónarveg að stjórnarandstöðunni í mörgum málum og afgreiðslu þeirra á undanförnum mánuðum og stjórnarandstaðan hefur vikist vel við. Hér á að fara að innleiða algjörlega nýja siði og ég er gáttaður á stjórnarforustunni í þessu máli. Ég er gáttaður á henni.

Enn þá sérkennilegra væri það nú, hæstv. forseti, ef það gerðist í atkvæðagreiðslu hér á eftir að þeir sem sitja í forsætisnefnd fyrir stjórnarliðið styðji vinnubrögð af þessu tagi. Það er alveg ótrúlegt, satt að segja ef forsætisnefndin ætlar ekki að standa vaktina fyrir þingræðið betur en svo í þessu máli og verður fylgst grannt með því, hæstv. forseti.

[14:24]

Guðný Guðbjörnsdóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Hér á landi hefur verið mikil umræða að undanförnu um siðferði í íslenskum stjórnmálum, m.a. var nýlega heilt málþing um þau mál uppi í Háskóla Íslands. Einn angi af þeirri umræðu er sá að hér á landi leyfist ráðherrum ýmislegt sem annars staðar mundi leiða til afsagnar.

Hér er núna verið að ræða um þáltill. þar sem embættisfærsla eins ráðherra er til umræðu. Það er rætt um það að koma í veg fyrir að tillagan fái efnislega umfjöllun og þar fer sjálfur forsrh. fremstur í flokki. Ég hef ekki mjög langa reynslu hér á Alþingi en þessi umræða fær mig til þess að álykta að ríkisstjórnin telji að hér ríki bananalýðveldi. Hér er ekki um vantraust að ræða heldur tillaga um rannsókn á máli og í þingræðismáli ber slíkri tillögu að fá efnislega umfjöllun. Annað er grafalvarlegt mál og ekki til að bæta siðferði í íslenskum stjórnmálum.

[14:25]

Guðrún Helgadóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. þingheimi fyrir að sýna fram á það á svo eftirminnilegan hátt að hér er um allsérstætt mál að ræða og því ekki að undra þó forseti kynni að taka óvenjulegar ákvarðanir um fundarstjórn. Hér var minnst á það áðan hvort það væri efnisleg afstaða að vísa máli til nefndar. Auðvitað er það það. Atkvæðagreiðsla um að mál fari til nefndar er um það hvort ástæða sé til að málið fari til nefndar eða eins og segir í sömu 44. gr. þingskapalaga sem hér var vitnað í áðan, með leyfi hæstv. forseta:

„Þá er þessari umræðu er lokið er leitað atkvæða um hvort tillagan eigi að ganga til síðari umræðu og nefndar."

Ég vænti þess að hv. þingheimur viti það að um það eru greidd atkvæði hvort málið eigi að fara til nefndar.

Það hefur auðvitað verið hefð, lýðræðisleg hefð mjög svo, að þingmenn láti mál almennt ganga til nefndar svo að nefnd fái tækifæri til að fjalla um það. En það er auðvitað fráleitt að það sé ekki í valdi þingmanna sjálfra hvort þeir sjái ástæðu til að mál gangi til nefndar. Hitt er annað mál að auðvitað hefur það verið skynsamleg afstaða að láta öll mál ganga til nefndar og ég lýsi fyrir mitt leyti minni skoðun á því að ég tel það afar óviturlegt af hæstv. ríkisstjórn og stjórnarflokkunum að koma í veg fyrir að mál af þessu tagi gangi til nefndar.

Ég held að það sé einungis til að skapa vandræði og ég get lýst því yfir að ég mun styðja það að málið fari til nefndar. Ég hef fylgt þeirri reglu síðan ég kom á þing og mun gera það áfram og má mikið á ganga áður en ég sé ástæðu til þess að neyta atkvæðisréttar míns til þess að hindra það að mál gangi til nefndar.

En ég vil biðja menn að ræða hér ekki um það eins og þeir hafi aldrei lesið lög um þingsköp að það sé ekki efnisleg afstaða að afgreiða mál til nefndar. Vitaskuld er það það.

[14:28]

Matthías Bjarnason *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Ég hafði ekki heyrt um það að það ætti að greiða atkvæði gegn því að vísa þessari tillögu til nefndar fyrr en frá þingmanni Alþb. sem hóf þessar umræður. Ég minnist þess ekki í þau 32 ár sem ég hef setið á Alþingi að ég hafi nokkru sinni greitt atkvæði gegn því að vísa máli til nefndar þó ég hafi verið mjög andvígur mörgum málum sem hafa fyrir nefnd komið.

Ég tel það ekki vantraust á hæstv. umhvrh. Össur Skarphéðinsson að þessi tillaga fari til nefndar. Ég er öruggur um að það er sama til hvaða nefndar tillagan fer, þá muni meiri hluti þeirrar nefndar komast að þeirri niðurstöðu að Össur Skarphéðinsson hafi hvorki í þessu máli né öðru gerst brotlegur við það sem þessi tillaga í raun og veru fjallar um. Ég er sérstaklega andvígur ýmsu í greinargerð þessarar tillögu og ég get sagt það hér og nú að ég mundi greiða atkvæði gegn þessari tillögu ef hún kæmi hér til afgreiðslu. Ég ber fyllsta traust til Össurar Skarphéðinssonar umhvrh. og tel hann með bestu ráðherrum í núv. ríkisstjórn. (**Gripið fram í:** Það er nú ekki mikið sagt.) Ég tel því að hér sé um mikinn misskilning að ræða og sérstaklega hjá síðasta ræðumanni, sem tók alveg rétta afstöðu hér í gær úr forsetastóli, að segja að það sé efnisleg ákvörðun að vísa máli til nefndar. Þetta er alrangt. Ég hef mörghundruð sinnum tekið þátt í því að vísa málum til nefndar sem ég hef verið andvígur. Ég er andvígur þessu máli en ég vil að umhvrh. fái nefndarálit þar sem tekið er upp fyrir hann og ég veit það fyrir fram að það verður gert.

[14:31]

Guðrún Helgadóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Aðeins vegna þess að mér heyrist að menn hafi misskilið mál mitt hér áðan. Atkvæðagreiðsla um hvort mál skuli fara til nefndar eða ekki felur auðvitað í sér það hvort þingmönnum þykir málið þess virði að um það sé fjallað í nefnd. Svo einfalt er málið og það er auðvitað efnisleg afstaða á sinn hátt. Ég sagði aldrei að í því fælist hvort menn væru samþykkir því sem í tillögunni sjálfri fælist. En það er hægt að hugsa sér að mál séu með þeim endemum að þingmenn telji ekki verjandi að málið fái afgreiðslu í nefnd. Það er til og ég vil aðeins minnast á að einu sinni kom það fyrir að forseti, í því tilviki sú sem hér

stendur, hafnaði þingmáli og bar það síðan undir þingheim, en það var fyrirspurn sem fjallaði um það hvort starfsmenn Seðlabankans gerðu ekkert annað en naga blýanta. Forseta þótti þetta ekki mál sem vert væri að ræða og hafnaði fyrirspurninni. Sem betur fer studdi síðan þingheimur þann úrskurð þannig að vel má hugsa sér að mál séu ekki þess virði að fara til nefndar. En um það erum við að greiða atkvæði hvort okkur þyki ástæða til að málið fari til nefndar svo að það sé alveg skýrt hvað ég átti við. Og eins og ég hef áður lýst, þá tel ég að þetta mál eigi að sjálfsögðu að fara til nefndar. (**MB:** Eru ekki allir blýantar uppétnir?)

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:36]

Till. vísað til síðari umr. með 27:26 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: VS, AÓB, EH, FI, GÁ, GHelg, HÁ, HG, IP, JÁ, JE, JóhS, JHelg, JónK, JVK, KHG, GGuðbj, KE, RÓsk, MB, ÓRG, PBj, SvS, RA, StG, SJS, SvG.

nei: TIO, VE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HN, HBl, JBH, LMR, ÓE, PBald, SigG, SighB, SAÞ, StB, SalÞ.

10 þm. (ÞorstP, ÖS, EKG, GuðmS, GJH, IBA, JGS, PJ, RG, SP) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:36]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Í umræðum um þessa atkvæðagreiðslu hefur komið fram að hér er á ferðinni einstætt mál á Alþingi í samskiptum stjórnar og stjórnarandstöðu og í störfum þingsins um áratugi. Hér er við atkvæðagreiðslu með ákvörðun forustumanna stjórnarliðsins verið að koma í veg fyrir það að þingið geti með hlutlægum hætti kannað embættisfærslu tiltekins ráðherra í ákveðnu máli. Hér er verið að ganga gegn því sjálfsagða hlutverki Alþingis að geta verið skjól fyrir þegnana í landinu ef ástæða er til að ætla að á þeim hafi verið brotið. Þessi afstaða forustumanna stjórnarliðsins hér er ólýðræðisleg í eðli sínu. Hún gengur gegn réttaröryggi þegnanna og hún er mjög hættuleg fyrir störf Alþingis og orðstír. Ég harma það að svona er gengið að verki. Ég fordæmi þessi vinnubrögð og ég tel í raun óhjákvæmilegt að ef það verður niðurstaða meiri hlutans hér að fella þinglega meðferð þessa máls með því að vísa því frá hér að lokinni fyrri umr., að koma í veg fyrir að málið fari til þingnefndar og komi hér til umræðu, verði það niðurstaðan, þá sé óhjákvæmilegt að draga fram með opinberum hætti, á opinberum vettvangi atriði sem ekki var hugmyndin að draga hér fram í sambandi við umræðu um þetta mál. Þar eru því miður efnisatriði sem ekki er rétt að liggi í þagnargildi ef menn meta það svo að það þoli ekki ljós hér á Alþingi Íslendinga og í rannsókn sérstakrar nefndar. Ég segi já, virðulegi forseti.

[14:39]

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegi forseti. Með þessari atkvæðagreiðslu virðist svo sem meiri hlutinn hér á Alþingi ætli að koma í veg fyrir það að hægt sé að afgreiða þessa tillögu með eðlilegum hætti. Þetta er auðvitað á margan hátt mjög alvarlegt. Í fyrsta lagi er það mjög alvarlegt að ekki skuli vera möguleiki á því að athuga embættisfærslur einstakra ráðherra, að það skuli þykja svo alvarlegt mál að kanna það hvort embættisfærslur ráðherra séu með eðlilegum hætti eða að það skuli vera litið á það sem vantraust. Mér finnst það mjög sérkennilegt. Það er númer eitt.

Hins vegar finnst mér þó sýnu alvarlegra það tilræði við þingræðið sem í þessu felst, þ.e. að ekki skuli vera hægt með eðlilegum hætti að afgreiða tillögur sem hér koma fram. Ég lýsi því yfir að með því að vísa málum til nefnda og milli umræðna sé ég ekki að taka efnislega afstöðu til málsins. Og ég segi þess vegna já, virðulegur forseti, vegna þess að mér þykir mjög alvarlegt ef þessi tillaga kemst ekki til síðari umr. og eðlilegrar umfjöllunar.

Till. vísað til allshn. án atkvgr.

Refsiákvæði nokkurra skattalaga, 1. umr.

Stjfrv., 319. mál. — Þskj. 484.

[14:43]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á refsiákvæðum nokkurra skattalaga. Um er að ræða breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda og lögum um virðisaukaskatt. Áður en ég fjalla um efnisatriði frv. vil ég gera nokkra grein fyrir ástæðum þess að þetta er flutt og hvaða markmiðum er stefnt að með þeim breytingum sem lagðar eru til með frv.

Í skýrslu nefndar um umfang skattsvika sem skipuð var af fjmrh. í nóvember 1992 og skilaði áliti sínu í september 1993 voru gerðar allmargar tillögur um tilteknar ráðstafanir til þess að draga úr skattsvikum. Ég tel ástæðu til að gera þingheimi grein fyrir því hvað af þessum tillögum hefur komist í framkvæmd og fagna því að örfáir þingmenn skuli vilja sitja undir þeirri ræðu nú.

Í skýrslunni gerði nefndin grein fyrir 11 leiðum sem hún taldi að gætu orðið til þess að draga úr umfangi skattsvika og ég mun rekja þær aðgerðir sem ég hef talið ástæðu til að gangast fyrir í því skyni og stemma stigu við skattsvikum.

Í fyrsta lagi mun ég fjalla um hert skatteftirlit og auknar skattrannsóknir en á starfstíma skattsvikanefndarinnar flutti ég frv. til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, um aðskilnað skattrannsókna frá endurákvörðunarvaldi opinberra gjalda. Varð embætti skattrannsóknastjóra gert að sjálfstæðri stofnun er nefnist nú Skattrannsóknastjóri ríkisins en hafði áður verið hluti af embætti ríkisskattstjóra. Með þeim aðskilnaði hefur skattrannsóknastjóri einbeitt sér að alvarlegri skattsvikamálum og mér sýnist að margt bendi

til að það starf hafi skilað árangri. Samtímis var skattstjórum landsins falið skatteftirlit og heimildir þeirra auknar hvað það varðaði. Jafnframt var störfum við skatteftirlit fjölgað um 20 í landinu öllu og á stærstu skattstofunum settar á fót sérstakar eftirlitseiningar sem sinna skatteftirliti eingöngu.

Í öðru lagi kom fram hjá skattsvikanefndinni að breyta þyrfti skipulagi og starfsháttum skattyfirvalda. Ég er sammála skattsvikanefndinni um að þörf sé á þessari breytingu og nú er unnið að því að taka upp staðlað skattframtal rekstraraðila og ég tel að brýn þörf sé á að slíkt sé gert í samráði við löggilta endurskoðendur og aðra sem atvinnu hafa af framtalsgerð. Hefur fjmrn. hlutast til um að undirbúningur þessa verkefnis er þegar hafinn. Þá hef ég lýst vilja mínum til að unnt verði að taka upp einfalt skattframtal einstaklinga og hafa ýmsir aðrir tekið undir þá skoðun. Alþingi Íslendinga hefur m.a. veitt Fasteignamati ríkisins sérstaka fjárveitingu til að gera skrár sínar nákvæmari en verið hefur en sú aðgerð er grundvallaraðgerð í þessu sambandi. Þess má vænta að af þessari breytingu muni verða á næstu árum en það tekur talsverðan tíma að undirbúa slíka breytingu sem mundi þá fela í sér að skráðar yrðu á framtalsblaðið þær upplýsingar sem koma frá opinberum aðilum, jafnvel frá öðrum aðilum sem yrðu tölvutengdir við skattstofuna, og síðan gætu langflestir framteljendur skrifað undir skattframtalið eða gert á því viðkomandi breytingar og mundi þá niður leggjast það sem er aðalstarf flestra þeirra sem telja fram, að leggja saman tölur frá opinberum aðilum og atvinnurekendum og mesta hættan er á að um samlagningarvillur sé að ræða. Slíkt er auðvitað óþarfi á þeirri tölvuöld sem nú hefur gengið í garð.

Í þriðja lagi vil ég benda á að ég skipaði í ársbyrjun 1993 nefnd sem samdi frv. til bókhaldslaga og laga um ársreikninga sem lögð voru fram á Alþingi nú í haust og urðu að lögum skömmu fyrir jól. Í þau frv. vantaði viðurlagaákvæði en þau ákvæði voru ekki fyrirliggjandi fyrr en á síðustu dögum þingsins fyrir jólaleyfi. Nú er efh.- og viðskn. Alþingis hins vegar að undirbúa lagafrv. til breytinga á lögum um ársreikninga og bókhald með nýjum viðurlagaákvæðum sem fjmrn. hefur unnið að.

Í fjórða lagi hefur verið lagt fram af hálfu dómsmrh. frv. til breytinga á almennum hegningarlögum þar sem stórfelld skattsvik verða gerð refsiverð samkvæmt almennum hegningarlögum. Það frv., viðurlagahluti bókhalds- og ársreikningalaga, og síðan það frv. sem ég er að mæla hér fyrir eru öll hluti af heilsteyptu og skilvirku átaki löggjafans gagnvart skattsvikum og bókhaldsbrotum.

Í fimmta lagi fjallaði skattsvikanefndin um aukna notkun refsiákvæða í skattalögum. Hún taldi í þessu sambandi helst koma til greina að lögfesta lágmarksrefsingar við skattsvikum þannig að refsivistarákvarðanir yrðu skyldubundnar og lágmarksfésektir væru við skattalagabrotum.

Frv. það sem ég mæli hér fyrir gerir ráð fyrir slíkum lágmarksrefsingum.

Í sjötta lagi fjallaði skattsvikanefndin um átak gegn svartri atvinnustarfsemi. Í febrúar 1994 stóð fjmrn. fyrir því að sérstakri skrifstofu hjá embætti skattrannsóknastjóra ríkisins væri komið á fót og hún hefði að aðalstarfi að vinna gegn svartri atvinnustarfsemi. Var það í samræmi við ákvörðun mína um fjölgun á stöðugildum hjá skattrannsóknastjóra úr 12 í 17 þar sem öll aukning mannafla var ætluð í vinnu gegn svartri atvinnustarfsemi. Auk almennra rannsókna á skattsvikum í duldri atvinnustarfsemi hafa starfsmenn skrifstofunnar og embættisins í heild sinni sótt fjölda funda hjá hagsmunaaðilum og fleiri þar sem þetta málefni hefur verið á dagskrá. Þá hefur skattrannsóknastjóri lagt fyrir ráðuneytið tillögur um stefnumótun gegn svartri atvinnustarfsemi og hefur ráðuneytið þá tillögu nú til athugunar.

Í sjöunda lagi benti skattsvikanefndin á að hækka þyrfti reiknað endurgjald hjá sjálfstætt starfandi einstaklingum. Ákvæði laga um tekjuskatt og eignarskatt hvað varðar reiknað endurgjald kunna að þarfnast endurskoðunar eins og kom fram hjá nefndinni. Þess vegna skipaði ég nefnd á árinu 1993 sem hefur m.a. unnið að endurskoðun á gamalli reglugerð um tekjuskatt og eignarskatt. Þegar hefur verið gefin út reglugerð sem byggð er á áfangaskýrslu nefndarinnar. Gert er ráð fyrir að reglugerðarnefndin muni starfa áfram og þá m.a. taka fyrir reiknað endurgjald. Má vel fallast á að tímabært sé að ákvæðum um reiknað endurgjald þeirra sem eru sjálfstætt starfandi verði tekið til endurmats.

Í áttunda lagi kom fram hjá skattsvikanefndinni að ástæða væri til þess að skýra reglur um rekstrarkostnað. Í þeirri reglugerð sem ég nefndi áður í mínu máli og ég vísaði til, þ.e. reglugerð nr. 483/1984, um frádrátt frá tekjum af atvinnurekstri eða sjálfstætt starfandi starfsemi, er tekinn af allur vafi um fjölmörg atriði er tengjast rekstrarkostnaði fyrirtækja. Ætti mun minna að reyna á mat skattyfirvalda á ýmsum kostnaði fyrirtækja svo sem starfstengdum kostnaði og fleira.

Í níunda lagi fjallaði skattsvikanefnd nokkuð um hugarfarsbreytingu hjá þjóðinni og taldi brýnt að vinna að breyttum viðhorfum til skattsvika hjá þjóðinni. Undir þetta geta flestir tekið. Hins vegar er ljóst að erfitt kann að vera að finna réttar leiðir til að móta viðhorf almennings til alvarleika skattsvika. Hafa mál þessi m.a. verið rædd á fundum ráðuneytisins og þeirra stofnana þess er hafa skattframkvæmd með höndum. Ráðuneytið hefur enn fremur haft til umfjöllunar tillögur um hvernig sé heppilegast að standa að fræðslu og áróðri hvað þetta varðar. Þegar hefur verið gefinn út bæklingur sem fylgdi öllum skattframtalseyðublöðum þegar þeim var dreift til landsmanna í lok síðasta mánaðar en frekari aðgerða um þetta er að vænta.

Það má ekki gleyma í þessu sambandi að það er afar mikilvægt fyrir ríkisvaldið að sýna skattgreiðendum að reynt er að ná eins mikilli hagkvæmni í ríkisrekstri og kostur er. Hagkvæmur ríkisrekstur er ein árangursríkasta leiðin gegn skattsvikum því ef fólk hefur skilning á því að ríkisrekstrinn sé með eðlilegum hætti er auðveldara að fá fólk til að borga til sameig-

inlegra þarfa og hin hliðin á þessu máli er sú að þegar fólk sér að opinberu fé er sólundað þá réttlætir það í hugum margra, auðvitað ranglega, að ástæðulaust sé fyrir þann tiltekna einstakling að greiða til samfélagsins en sá böggull fylgir því skammrifi að hugsa þannig að þar með er vandanum ýtt yfir á aðra sem greiða verða brúsann.

Í tíunda lagi fjallaði skattsvikanefndin um opinbera birtingu refsidóma. Með aukinni fjölmiðlaumræðu má segja að birting refsidóma hafi verið tíðari en áður. Ráðuneytið hefur að undanförnu haft þessi mál til athugunar en ákvarðanir hafa ekki verið teknar. Hér er að sjálfsögðu um vandmeðfarið mál að ræða og framkvæmd á þessu atriði gæti verið á ýmsan hátt viðkvæm. Ég tel nauðsynlegt að þetta atriði verði kannað nánar og að ekki sé gengið inn á þessa braut nema að vandlega athuguðu máli. Fyrst þarf að styrkja greinar í lögum sem varða viðurlög og fá nokkra reynslu af slíku áður en til birtingar refsidóma kemur en auðvitað er það alls ekki útilokað til að fæla menn frá alvarlegum bókhaldsbrotum og brotum á skattalögum.

Í ellefta og síðasta lagi var fjallað í skattsvikaskýrslunni um aðgerðir með þátttöku fleiri aðila en stjórnvalda. Í því sambandi var skipuð nefnd til að skoða árangur útboðsstefnunnar og benda á úrbætur og m.a. að fjalla um hvernig hægt sé að treysta útboðsstefnu ríkisins til að koma í veg fyrir misnotkun á útboðum.

Á undanförnum árum hefur borið á því í æ ríkari mæli að lægstbjóðendur í opinberar framkvæmdir standi ekki í skilum með opinber gjöld eða greiðslur til undirverktaka. Á þessu sviði er þörf útbóta og ræðir nefndin hvernig hægt sé að draga úr því að lægstbjóðendur í opinberum útboðum standi ekki í skilum. Hér er oft um að ræða einnig undirverktaka hjá verktökum sem taka að sér opinber verk. Það er auðvitað erfiðara að ná til þeirra. Skoða þarf sérstaklega hvernig hægt er að bregðast við því þegar þeir sem boðið hafa lægst og fengið verkefni við opinberar framkvæmdir standa ekki í skilum, fara á höfuðið en mæta síðan í næsta útboð með nýja kennitölu og lægsta boð. Þetta er auðvitað mikilvægt mál sem er nauðsynlegt að tekið sé á af festu. Endanleg greinargerð nefndarinnar verður kynnt mér seinna í þessum mánuði.

Í þessu sambandi má geta þess að hér er ekki einungis um mál að ræða sem snýr að hinu opinbera heldur er þetta líka samkeppnismál því það er auðvitað útilokað að þeir sem stunda eðlilegan og heiðarlegan rekstur og borga það til samfélagsins sem þeim ber séu í samkeppni við aðila sem svíkja bæði undan skatti og svíkjast um að greiða lögboðin gjöld eða umsamin til annarra aðila eins og t.d. til verkalýðsfélaga.

Auk þeirra aðgerða sem að framan hefur verið lýst hef ég nýlega skipað framkvæmdanefnd þriggja manna sem ætlað er það hlutverk að yfirfara tillögur skattsvikanefndar og aðrar tillögur sem ráðuneytinu hafa borist og kanna möguleika á nýjum aðgerðum. Er framkvæmdanefndinni þannig ætlað að koma með sjálfstæðar tillögur og að fengnu samþykki ráðherra hrinda þeim í framkvæmd. Skipun nefndar af þessu tagi er nokkur nýjung hérlendis og bindur fjmrh. vonir við störf hennar. Framkvæmdanefndin hefur þegar lokið við fyrstu verkefni sín sem er samning frv. þess sem ég mæli hér fyrir og þeirra frv. sem því tengjast. Þá lét framkvæmdanefndin í samráði við fjmrh. og skattstjóra landsins dreifa bæklingi til landsmanna eins og áður hefur verið minnst á þar sem fjallað er um skaðsemi skattsvika. Formaður framkvæmdanefndarinnar hefur tjáð mér að áfangaskýrsla nefndarinnar sé væntanleg um næstu mánaðamót. Þar mun m.a. verða gerð grein fyrir nýrri skoðanakönnun á viðhorfi almennings til skattsvika en samkvæmt þeirri könnun telja 90% aðspurðra að skattsvik séu alvarlegt þjóðfélagsvandamál hér á landi.

Ég tel, virðulegi forseti, eins og ég hef lýst í mínu máli að mjög hafi verið unnið markvisst í tíð þessarar ríkisstjórnar til þess að draga úr umfangi skattsvika og unnið að mörgum nauðsynlegum verkefnum.

Þetta frv. sem ég mæli hér fyrir er einn liður í þeirri starfsemi og mun hv. nefnd ræða það og vonandi afgreiða á þessu þingi. Þetta frv. er liður í heildarendurskoðun viðurlagaákvæða í skattalögum og bókhaldslögum. Annars vegar er um að ræða breytingar á eldri lögum, þ.e. frv. þetta til laga um breytingar á refsiákvæðum nokkurra skattalaga en hins vegar er um nýmæli að ræða. Ber þar fyrst að nefna frv. dómsmrh. um 262. gr. almennra hegningarlaga sem er nýtt að því er skattsvikaþátt hennar varðar en verulega breytt og eflt að því er bókhaldsþáttinn varðar. Í þessu sambandi vil ég geta þess að einmitt núna í dag var þetta frv. dómsmrh. sent til hv. allshn. og ég vil fara fram á það við hv. efh.- og viðskn. að nefndirnar verði samferða um afgreiðslu þessara mikilvægu mála enda er breytingin á almennu hegningarlögunum nánast forsenda fyrir þeim breytingum sem hér er verið að gera annars vegar og breytingum sem verið er að gera á bókhalds- og ársreikningalögum hins vegar. Þá eru til umfjöllunar í efh.- og viðskn. ný ákvæði um viðurlög og málsmeðferð í bókhalds- og ársreikningalögum.

Með öllum þessum ákvæðum sem unnin voru saman er stefnt að heilsteyptu og skilvirku átaki löggjafans gegn skattsvikum og bókhaldsbrotum. Í frv. þessu felast breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda og lögum um virðisaukaskatt eins og ég gat um hér áðan. Óþarft er að gera breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga sem um þetta efni vísa til laga um tekjuskatt og eignarskatt né heldur lög um tryggingagjald sem vísa til laga um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Meginbreytingar þessa frv. lúta að nýskipan refsimarka í tengslum við hið nýja ákvæði 262 gr. almennra hegningarlaga sem gerð er tillaga um í frv. dómsmrh. Í hegningarlagafrv. er gert ráð fyrir að brot gegn tilteknum ákvæðum í skattalögum gætu talist meiri háttar brot samkvæmt 262. gr. almennra hegningarlaga að uppfylltum tilteknum viðbótarskilyrðum þess ákvæðis. Umrædd ákvæði skattalaga eru talin upp í 1. mgr. 262. gr. hegningarlaga og auk þess er í viðkomandi ákvæðum þessa frv. vísað beint eða óbeint til 262. gr. Ef brot telst meiri háttar samkvæmt þessu

varðar það varðhaldi eða fangelsi allt að 6 árum og heimilt er að beita margfeldissektum til viðbótar refsivist. Ef háttsemi telst ekki meiri háttar brot varðar það yfirleitt margfeldissekt allt að tífaldri þeirri skattfjárhæð sem um er að ræða hverju sinni en minnst tvöfaldri þessari fjárhæð. Felst veigamikil breyting í þessu ákvæði um lágmarkssektir.

Nokkur ákvæði frv. hafa vægari refsimörk að geyma eins og fram kemur í athugasemdum um einstakar greinar. Í frv. er lögð áhersla á að skipa efni ákvæða með nýjum hætti þannig að flokkað sé saman það sem saman á og skýrar sé greint á milli mismunandi efnisatriða en gert er í núgildandi lögum.

Í frv. þessu er byggt á sömu saknæmisskilyrðum fyrir refsiábyrgð og í gildandi lögum, þ.e. ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi sem stundum er kallað gáleysi. Framsetning verknaðarlýsinga er í stórum dráttum sú sama. Fullframning athafnabrota er við það miðuð að skattskyldur maður hafi skýrt rangt eða villandi frá einhverju því er máli skiptir um tekjuskatt hans og eignarskatt. Í þessu felst að sök hins brotlega þarf að ná til þess að koma fram rangri álagningu sér í hag og baka þannig hinu opinbera tjón. Hins vegar er það ekki skilyrði laganna að tjón hafi hlotist af háttseminni. Með þessu fæst betri refsivernd fyrir ríkissjóð og aðra gjaldkrefjendur, t.d. bæjar- og sveitarfélög, heldur en ef tjón væri áskilið í einstökum tilvikum. Sama tilhögun er í öðrum ákvæðum frv. um athafnabrot að breyttu breytanda. Í mörgum ákvæðum frv. er aftur á móti á því byggt að brotið sé fólgið í athafnaleysi. Í þeim tilvikum kann aðstaðan að vera sú að athafnaleysið verði lagt að jöfnu við athöfn, t.d. þegar vanrækt er að telja fram til skatts. Er þá skilyrði að með slíku athafnaleysi sé stefnt að undandrætti skatts og með því valdið tjóni eða þá að stórfellt gáleysi standi til slíkrar afleiðingar sem stundum er kallað óbeint athafnaleysi.

Sú fræðilega tilhögun ákvæðanna sem ég hef rakið hér er að mestu leyti sú sama og í gildandi lögum en hér er stuttlega reifuð til glöggvunar og til þess að gefa heildarmynd af uppbyggingu refsiákvæðanna.

Í athugasemdum við frv. eru efnisatriði einstakra greina rakin ítarlega og gerð nákvæm grein fyrir hvað einstök atriði hafi í för með sér og gerð grein fyrir því hvaða breytingar er verið að leggja til og hvað breytist frá gildandi rétti.

Ég tel ekki ástæðu hér við 1. umr. málsins að fjalla frekar um einstök atriði frv. en vísa til athugasemda við það varðandi frekari skýringar á efni þess. Mér er það ljóst að hér er um mikilvægt mál að ræða sem nefndin hlýtur að kanna mjög rækilega í sínu starfi og ég veit að innan hv. nefndar er mikill skilningur á þessum málum og það kann þess vegna að vera að einhverjar smávægilegar breytingar verði gerðar, ekki síst ef um þær koma uppástungur frá mönnum sem vinna að þessum málum í þjóðfélaginu og nefni ég þá sérstaklega til sögunnar löggilta endurskoðun.

Virðulegi forseti. Ég tel ekki ástæðu til að fjalla frekar um þetta frv. sem hér er til umræðu og legg til að því verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

Útbýting þingskjala:

Fríverslunarsamtök Evrópu, 375. mál, skýrsla Íslandsdeildar þingmannanefndar EFTA, þskj. 604.

Norrænt samstarf 1994 til 1995, 382. mál, skýrsla, þskj. 613.

Merking þilfarsfiskiskipa, 383. mál, þáltill. GHall og GuðjG, þskj. 614.

[15:06]

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Frv. það sem hér er til umfjöllunar um breytingar á refsiákvæðum nokkurra skattalaga er flutt af hæstv. fjmrh. Eins og kom fram í máli hans áðan þá var það um síðustu áramót að gott samkomulag tókst um það í efh.- og viðskn. að skilja eftir refsiákvæði bókhaldslaganna og ársreikningalaganna og taka á þeim sérstaklega á þessu þingi. Um þetta var samkomulag. Hér eru komnar fram ýmsar fleiri breytingar á refsiákvæðum einstakra laga og ég tel að það sé af hinu góða. En eins og fram kom í máli hæstv. ráðherra, þá er forsenda fyrir því að allar þessar breytingar nái fram að ganga að gerð verði breyting á 262. gr. almennu hegningarlaganna og það er frv. sem hæstv. dómsmrh. hefur mælt fyrir svo að það þarf að skoðast í samvinnu þessara tveggja nefnda, hv. efh.- og viðskn. og allshn., og ljúka því máli á sama tíma.

Einnig voru samþykkt fyrir áramót ný lög um hlutafélög. Það nýmæli er inni í þeim lögum að gerðar eru verulegar breytingar á refsiþætti eða refsikafla þeirra laga, sérstaklega er snýr að þeim er gjaldþrota verða. Ég tel að sú lending sem varð í því máli hafi bætt verulega þann kafla sem var í upphaflegu frv. með það í huga að þar var eins og frv. lá fyrir viss hætta á því að þeim væri refsað sem alveg með heiðarlegum hætti verða gjaldþrota og geta oft ekki ráðið þeirri atburðarás. En í þessu samhengi vil ég minna á við þessa umræðu að við framsóknarmenn höfum flutt frv. til laga um heimildir til þess að dæma menn í tímabundið atvinnurekstrarbann. Það felur það í sér að þá einstaklinga, sem verða brotlegir í atvinnurekstrinum, hvort sem þeir brjóta skattalög eða önnur lög er snúa að atvinnurekstri og ítrekað brjóta af sér, sé hægt að dæma í tímabundið atvinnurekstrarbann, 5 ár hið lengsta. Þetta á sérstaklega við í þeim tilfellum þar sem sömu einstaklingarnir ástunda þá iðju sífellt að breyta um kennitölu í sínum rekstri, færa reksturinn yfir á annan lögaðila og skilja síðan eftir hjá þeim fyrri stórkostlegar skuldir og fara þannig illa með önnur fyrirtæki, aðra lánardrottna, bankastofnanir eða hverja þá aðila sem hafa lánað til viðkomandi starfsemi. Þannig er í raun og veru verið að skekkja mjög samkeppnisstöðu einstakra fyrirtækja sem starfa með sambærilegum hætti og á sambærilegum markaði.

Ég er þeirrar skoðunar að þetta sé eitt af mörgum þeim málum sem hér þurfi að gera að lögum til þess að gera refsiákvæði skattalaganna, bókhaldslaganna, hlutafélagalaganna og ársreikningalaganna virk. Ég tek þó undir það með hæstv. fjmrh. að það sem hér er verið að leggja til er til mikilla bóta og ég held að í hv. efh.- og viðskn. sé býsna góð samstaða um að koma þessum málum fram og þau verði hér að lögum áður

en Alþingi fer heim.

Það er rétt eins og fram kom hjá hæstv. fjmrh. að það er mjög mikilvægt að skapa samstöðu með þeim aðilum sem mest um þessi mál fjalla, þ.e. atvinnufyrirtækjunum og þeim aðilum sem skattalögin, bókhaldslögin og ársreikningalögin liggja einna þyngst á. Það eru löggiltir endurskoðendur. Þeir hafa komið á fund í hv. efh.- og viðskn., voru þar með athugasemdir við einstök atriði í fyrirliggjandi frumvörpum þar, en mér finnst að það sé hægt að ná samstöðu um það við nefndina og milli þeirra aðila sem sömdu frumvörpin og löggiltra endurskoðenda að menn nái til að skapa heildstæðan og skynsamlegan ramma um þennan viðurlagakafla. Til þess að menn geti í raun og veru talað um og reynt að koma í veg fyrir skattsvik eins og menn hafa verið að burðast við að undanförnu, og það skal viðurkennt að vissir tilburðir hafa verið í þá átt hjá hæstv. fjmrh. á undanförnum árum og það ber að þakka, þá þurfa menn að hafa tvennt í huga:

1. Skattkerfið þarf að vera einfalt en það er þó því miður þannig að í tíð þessarar ríkisstjórnar hefur henni tekist að flækja skattkerfið alveg óskaplega og unnið að vissu leyti nokkur skemmdarverk á því. En forsendan fyrir því að menn geti haft betra eftirlit með skattgreiðslunum, kerfið sé einfalt í framkvæmd og það sé skilvirkt, þá er það frumskilyrði að menn byggi upp skattkerfi sem sé með einu skattþrepi og sé einfalt til eftirlits. En mikilvægur þáttur í því að gera skattkerfið og eftirlit með skattsvikum virkt er að refsiákvæðin séu til staðar þannig að einstaklingarnir sem brjóta af sér hafi í raun og veru ekki hag af því að geta eyðilagt gögn, komið í veg fyrir að skattrannsóknastjóri geti sannað skattsvik á viðkomandi einstaklinga og þar af leiðandi hafi einstaklingar og fyrirtæki oft hag af því að eyðileggja sönnunargögnin eins og nú er þar sem refsingar eru allt of vægar við slíkum brotum. Ég tel að með þessu frv. og öðru því sem lagt hefur verið til í þessum efnum þá séu menn mjög verulega að styrkja þennan viðurlagaþátt bókhaldslaganna, ársreikningalaganna og skattalaganna og tel það vera af hinu góða og menn séu á réttri leið í þeim efnum og mikilvægt að menn nái því fram á þessu þingi að þessi frumvörp verði að lögum.

[15:13]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég tel það mjög ánægjulegt að frv. í þessa veru skuli koma fram á hinu háa Alþingi þó að stuttur tími sé eftir til þingloka, en allt um það, þá er þetta frv. búið að líta dagsins ljós og sýnir það að ríkisstjórnin hefur þá fullan vilja á því að taka á þessum skattsvikamálum. Vissulega get ég tekið undir það með hæstv. fjmrh. að það hefur ýmislegt verið gert í tíð þessarar ríkisstjórnar til þess að taka á þessum málum, m.a. verið lögð aukin áhersla á það með fjárlögum að setja aukna fjármuni til þessara mála og það hefur raunar skilað sér mjög vel aftur í auknum tekjum. Einnig hefur ýmislegt verið gert til bóta í sambandi við lagasetningu. Það hefur verið komið á embætti skattrannsóknarstjóra og ýmislegt slíkt mætti nefna.

Það var einnig rætt fyrir jólin í tengslum við nýja lagasetningu um bókhald og ársreikninga að frv. í þessa veru mundi koma fram þar sem tekið væri á refsiákvæðum nokkurra skattalaga og bókhaldslög yrðu í samræmi við það. Með þessu frv. er verið að breyta lögum um tekjuskatt og eignarskatt, lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda og lögum um virðisaukaskatt þannig að það er tekið á öllum stærstu skattalagaþáttunum. Ég ætla ekki að fara í neina frekari efnisumræðu um þetta frv. Ég hygg að flestir á Alþingi og bara allir þingmenn fagni því að þetta sé hér komið fram. Efh.- og viðskn. fær þetta mál til meðferðar og ég efast ekkert um að hún mun leggja sig fram við það að fara yfir það. En að öðru leyti mun ég geyma mér að fjalla frekar um þetta frv. þangað til það kemur til 2. umr. ef svo fer á þessu þingi. Um framtíðina getur svo enginn sagt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vörugjald af olíu, 1. umr.

Stjfrv., 337. mál. — Þskj. 534.

[15:17]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Með frv. til laga um vörugjald af olíu er verið að leggja til grundvallarbreytingu á tekjuöflun til vegagerðar. Lagt er til að tekið verði upp nýtt skattkerfi í stað núverandi þungaskatts þar sem gjaldskyldan er færð frá bifreiðaeigendum yfir til þeirra sem selja olíuna. Olíugjaldi er ætlað að leggjast á sömu aðila og þungaskatturinn gerir, þ.e. eigendur skráningarskyldra ökutækja sem knúin eru dísilolíu. Olíugjald er í grundvallaratriðum frábrugðið þungaskatti hvað álagningu og innheimtu verðar. Í stað þess að byggja skattlagningu á álestri af ökumælum er öll olía sem notuð er á ökutæki skattlögð nema sérstök undanþága sé gerð þar frá í lögum.

Með olíugjaldi er gjaldtaka af dísilbifreiðum og bensínbifreiðum samræmd. Gjaldtakan breytist frá því að vera gjald á ekna kílómetra yfir í að vera gjald á notað eldsneytismagn. Bifreiðaeigendur munu greiða gjaldið jafnóðum við eldsneytiskaup í stað þess að greiða 2–3 stórar fjárhæðir á ári. Eftirlitið verður fyrst og fremst bókhaldslegt og beinist að gjaldfærslu og notkun eldsneytisins í stað eftirlits með ökumælum.

Til þess að vinna að breytingu skipaði ég á sínum tíma starfshóp sem m.a. átti að kanna hvort rétt væri að leggja niður núverandi þungaskattskerfi og taka þess í stað upp skattlagningu á orkugjafann sjálfan, þ.e. olíuna. Starfshópurinn skoðaði einkum þrjár leiðir til skattlagningar á notkun dísilbifreiða. Í fyrsta lagi að viðhalda núverandi kerfi en gera á því endurbætur, í öðru lagi að taka upp olíugjald með litun olíu, sem ekki á að bera gjaldið, og í þriðja lagi að taka upp olíugjald án litunar.

Hópurinn skilaði skýrslu í september sl. þar sem meiri hluti hans lagði til að núverandi þungaskattskerfi

yrði lagt niður frá og með 1. júlí 1995. Á sama tíma verði tekið upp olíugjaldskerfi án litunar dísilolíu. Áfram verða þó skoðaðir möguleikar á litun olíu með það í huga að taka upp slíkt kerfi síðar ef ástæða þykir til með hliðsjón af reynslu af endurgreiðslukerfi hér á landi og litun í öðrun löndum. Í tilefni af þessu skal tekið fram að nokkur þróun hefur átt sér stað í litun á olíu til þess að merkja olíuna, ef svo má að orði komast, og vera kann að á næstu árum komi fram aðferð sem gerir þá aðferð aðgengilegri en í dag. Ef það verður hægt þá verður allt eftirlit miklu auðveldara, um það er ekki deilt eins og ég mun síðar víkja að, án þess að um verulega kostnaðaraukningu sé að ræða.

Í framhaldi af áliti starfshópsins ákvað ég að skipa nefnd til að semja síðan lagafrv. um olíugjald og endurbúa upptöku þess 1. júlí 1995. Nefndin sem skipuð var í lok september á sl. ári átti í meginatriðum að fara að tillögum fyrrnefnds starfshóps en huga sérstaklega að þeim frávikum og sértilvikum sem vakin er athygli á í skýrslu starfhópsins og leita viðunandi lausna á þeim en í því efni átti nefndin að miða einkum og sér í lagi við eftirfarandi:

Tryggt verði að upptaka olíugjalds íþyngi ekki búrekstri og verði olíugjald vegna hans endurgreitt eða það bætt með öðrum hætti.

Sérleyfishafar og eigendur almenningsvagna fái olíugjald endurgreitt eða starfsemi þeirra verði styrkt á annan hátt, t.d. með beinum framlögum sem þá geta tekið mið af þörf fyrir slíka aðstoð. Auðvitað kæmi í þessu sambandi til greina að beita lækkun annars staðar í tekjukerfi ríkisins, t.d. í vörugjaldi svo dæmi sé nefnt.

Nefndin átti að taka mið af auknum rekstrarkostnaði vegna vinnuvéla og að honum yrði mætt t.d. með lækkun gjalda á aðföng og eftir atvikum með tímabundnum endurgreiðslum.

Gjald af olíu til húshitunar átti að endurgreiða samkvæmt stöðluðum reglum.

Útgerð sem notar gasolíu á fiskiskip verði gert kleift að kaupa olíu án gjalds eða fái endurgreiðslur án óeðlilegrar fjárbindingar. Það skal tekið fram að stór hluti þeirrar olíu sem notuð er í fiskiskipum og reyndar í öðrum skipum einnig, stærri skipum, er þeirrar gerðar að hún er vart nothæf í bíla. Sér í lagi svartolía en einnig ýmis grófari, minna unnin olía sem farið er að nota í skipum og skipavélar og meira en áður tíðkaðist.

Loks átti að kanna hvort rétt væri að hafa auk olíugjalds fast gjald á þyngstu dísilbifreiðar.

Olíugjaldsnefndin hóf starfið með því að leita til Danmerkur um upplýsingar um danska olíugjaldskerfið og fór hluti nefndarmanna utan til viðræðna við danska embættismenn. Danir eru með kerfi þar sem gjald er lagt á orkugjafann en það er síðan endurgreitt í gegnum virðisaukaskattskerfið til þeirra sem ekki er ætlað að bera það. Þó heimila þeir gjaldfrjálsa sölu í vissum tilvikum, t.d. til millilanda- og fiskiskipa. Danir hafa ekki tekið upp litun gjaldfrjálsrar olíu en munu þurfa að gera það vegna samræmingar við önnur lönd Evrópusambandsins.

Við undirbúning frv. hefur nefndin rætt við fulltrúa ýmissa aðila og samtaka sem olíugjald mun hafa áhrif á. M.a. var rætt við fulltrúa olíufélaga, Samtaka landflutningamanna, Félags vinnuvélaeigenda, Samtaka iðnaðarins, Strætisvagna Reykjavíkur og fleiri. Þá var einnig rætt við fulltrúa ýmissa ráðuneyta.

Frv. er byggt upp með hliðsjón af dönsku lögunum varðandi álagningu, undanþágur og endurgreiðslu olíugjaldsins. Endurgreiðslur verða þó nokkru víðtækari samkvæmt þessu frv. því Danir endurgreiða almennt ekki gjald af olíu sem nothæft er sem vélaeldsneyti. Það er rétt að hafa þetta í huga, t.d. varðandi húshitun og ýmsa aðra þætti sem hingað til hafa verið gjaldlausir af okkar hálfu.

Rétt er að taka fram að með frv. þessu er fyrst og fremst verið að leggja til formbreytingu á tekjuöflun til vegagerðar, m.a. vegna óskilvirkni og veikleika í þungaskattskerfinu. Orku- og umhverfismarkmið liggja ekki sérstaklega þar að baki en skattlagning sem þessi er í ýmsum nágrannaríkjum okkar notuð til að ná fram slíkum markmiðum. Í þessu sambandi er ástæða til að minna á það að stefnan sem tekin er í þessu frv. er sú að það verði nánast nákvæmlega þeir sömu sem greiða skattinn til vegagerðarinnar hér eftir sem hingað til þó að örlítil breyting verði auðvitað á milli aðila. Það er svo önnur ákvörðun, sem ekki er verið að leggja til hér en gæti auðvitað komið til álita síðar, hvort breyta eigi því hverjir greiða eigi gjaldið og hvort taka eigi tillit til umhverfissjónarmiða við álagningu slíkra gjalda.

Margt bendir til að undanskot séu mikil í þungaskattskerfinu. Samkvæmt ökumælaskrá er algengt að stórum vöruflutningabifreiðum sem notaðar eru í atvinnurekstri sé ekki ekið meira en sem svarar notkun á einkabifreið. Allmikið er um að ekki sé komið með bifreiðar til álestrar á tilsettum tíma og þá er algengt að ökumælar bili en erfitt er að sannreyna ástæðurnar og færa sönnur á vísvitandi skemmdarverk þó ýmislegt bendi til slíks. Það skal taka fram í þessu sambandi að það er nánast orðið útilokað og mjög erfitt að fá ökumæla í bíla til þess að mæla keyrslu fyrir þungaskattskerfið enda eru afar fáar þjóðir sem viðhalda slíku kerfi ef nokkur. Það eitt út af fyrir sig hefur auðvitað líka áhrif á ákvörðun í þessum málum.

Opinberar álestrartölur sýna að yfir 70% bifreiðanna er ekið innan við 20 þús. km á ári og 90% bifreiðanna er ekið innan við 40 þús. km á ári. Þessar tölur virðast ótrúverðugar í ljósi þess að hér er oft um að ræða mjög dýrar atvinnubifreiðar sem þarf að aka mikið til þess að fjárfestingin beri sig. Í raun eru þetta ótrúlegar tölur. Ég ætla ekki hér og nú að halda því fram að um svik sé að ræða, en tölurnar eru svo ótrúlegar þegar maður skoðar þetta með tilliti til þess t.d. hvernig sams konar tæki eru notuð erlendis þar sem þau eru nánast í notkun daga og nætur. Þá sjá allir að 20 þús. km akstur er kannski 2–3 mánaða akstur en ekki heilsársakstur við slík skilyrði. Það er auðvitað nauðsynlegt til að hægt sé að ná fram fullri hagkvæmni af jafndýrum fjárfestingum og stórir bílar eru.

Miklar kröfur eru gerðar til sönnunar á brotum vegna þungaskatts og erfitt að ná fram refsingu. Auk

þess er flókið og seinvirkt að áætla akstur og beita viðurlögum gagnvart þeim sem gerst hafa brotlegir. Það hefur verið talinn helsti kostur álagningar á þungaskatti að gjaldtakan tengist betur sliti á vegum en t.d. olíugjald. Með afslætti frá gjaldskrá er verulega dregið úr þessum áhrifum og jafnframt er ljóst að þetta á ekki við um fastagjaldið því reiknað sem gjald á kílómetra lækkar það auðvitað við aukinn akstur.

Álagning og innheimta þungaskatts er flókin. Margir aðilar tengjast framkvæmd skattsins jafnt við álestra, álagningu, innheimtu og eftirlit sem og við ísetningu og viðhald mæla. Af þessum sökum er erfitt að tryggja örugga framkvæmd og eftirlit. Stjórnskipuleg uppbygging núverandi kerfis er óheppileg og ófullkomin að ýmsu leyti og ekki í samræmi við uppbyggingu annarra gjaldakerfa ríkisins. Þannig eru innheimtumenn ríkissjóðs í hlutverki álagningaraðila auk þess að innheimta skattinn. Þeir taka ákvörðun um áætlanir og beitingu viðurlaga vegna brota á reglum um ökumæla. Kærur á ákvörðun þeirra fara ekki hefðbundna leið innan skattkerfisins heldur beint til fjmrn. Þannig má sjá að þungaskatturinn hefur verið nokkur „anomalía" í skattkerfinu og öðruvísi farið með þau mál en önnur tekjumál sem ríkið innheimtir.

Þungaskattur er verulegur kostnaðarliður við rekstur dísilbifreiða. Hætta á undanskotum er því mikil. Undanskotin brengla samkeppnisstöðu aðila í rekstri skilvísum aðilum í óhag.

Í núverandi kerfi fá gjaldendur greiðslukröfu ýmist tvisvar eða þrisvar á ári og er þá um verulegar fjárhæðir að ræða. Eykur það hættu á vanskilum og væru jafnari gjaldskil heppilegri. Innheimta vanskila er erfið, mikill kostnaður við aðfarargerðir og þær tryggingar sem fást við fjárnámi í bifreiðum eru oft verðlitlar.

Þungaskattur á einkabíla er óheppilegur. Val eigenda fólksbifreiða með dísilvél stendur á milli fasts gjalds, sem er dýr kostur ef akstur er ekki þeim mun meiri, og gjalds samkvæmt ökumæli sem er mjög hátt og því fylgir verulegt umstang. Í báðum tilvikum falla greiðslur til í stórum fjárhæðum. Afleiðingin er sú að fjölgun dísilfólksbifreiða hér á landi hefur verið mjög hæg þrátt fyrir miklar framfarir í gerð dísilvéla fyrir litla bíla og þrátt fyrir að slíkar vélar séu umhverfisvænni en bensínvélar. Það er auðvitað vegna þeirrar ástæðu að olíuvélarnar, dísilvélarnar, brenna mun minna eldsneyti heldur en bensínvélar.

Með frv. þessu tel ég að sparneytnar dísilbifreiðar verði raunverulegur kostur við val á heimilisbifreið. Þar sem dísilolía er ekki eingöngu notuð á ökutæki heldur einnig aðrar vélar og tæki verður að gera sérstakar ráðstafanir eigi að koma í veg fyrir að gjald á hana valdi auknum kostnaði hjá aðilum sem ekki hafa greitt þungaskatt.

Þungaskattur er ekki greiddur þegar olía til eftirfarandi nota: Í fyrsta lagi á skip og báta, í öðru lagi á vinnuvélar, í þriðja lagi á búvinnuvélar og dráttarvélar, í fjórða lagi fyrir iðnfyrirtæki og orkuveitur, í fimmta lagi til húshitunar og hitunar sundlauga og í sjötta lagi á varaaflsstöðvar.

Þar sem gjaldtöku er beint að þeim sem áður greiddu þungaskatt, þ.e. að notendum vegakerfisins, verður með einhverjum hætti að gæta þess að gjaldið leggist ekki á fyrrgreinda notkun, annaðhvort með endurgreiðslum eða undanþágu eða öðrum jafngildum hætti. Í framkvæmd eru eftirfarandi leiðir færar til þess:

Í fyrsta lagi er hægt að endurgreiða virðisaukaskattsskyldum aðilum olíugjaldið um leið og uppgjör til virðisaukaskatts fer fram. Það má gera með því að bæta nýjum frádráttarreit fyrir olíugjaldið á virðisaukaskattsskýrslu eða með sérstakri endurgreiðsluskýrslu. Skattstjórar hefðu umsjón með endurgreiðslum og eftirlit með olíugjaldi félli að núverandi virðisaukaskattseftirliti. Með þessu væri nýtt sérþekking starfsmanna skattkerfisins í kerfi sem er til staðar.

Í öðru lagi er mögulegt er að veita undanþágu frá olíugjaldi við sölu dísilolíu til ákveðinna aðila. Hér er fyrst og fremst spurning um hvort tæknilega er unnt að ganga þannig frá málum að misnotkun geti ekki átt sér stað.

Í þriðja lagi er unnt er að vera með sérstakar endurgreiðslur, beinar eða óbeinar, til óskattskyldra aðila og aðila sem ekki eru með atvinnurekstur. Til greina kemur að láta skattstjóra annast endurgreiðslu til þessara aðila samkvæmt reikningum. Önnur leið er að endurgreiða þeim samkvæmt reiknaðri meðalnotkun, t.d. vegna hitunar húsnæðis. Í olíugjaldskerfi, sem ekki er algerlega án endurgreiðslna eða undanþága, er sem fyrr segir nauðsynlegt að beina eftirliti skattyfirvalda að notkun gjaldfrjálsrar olíu. Til þess eru tvær meginleiðir færar. Annars vegar að líta alla þá olíu sem afhent er til gjaldfrjálsrar notkunar og gæta þess við eftirlit að sú olía sé ekki tekin til annarra nota, þ.e. þessi litunarleið sem svo hefur verið kölluð. Hins vegar að leggja gjaldið ávallt á við sölu olíunnar en endurgreiða þeim aðilum sem ekki er ætlað að bera það, þ.e. endurgreiðsluleið. Einnig er hægt að hugsa sér blöndu af þessum aðferðum, þ.e. olía til tiltekinna nota sé lituð og seld án gjalds en gjaldið sé lagt á aðra olíu og tilteknir kaupendur fái gjaldið endurgreitt. Þess ber að geta að litunaraðferðin er kotnaðarsamari eftir því sem fleiri fá afhenta litaða olíu.

Litunaraðferðin byggist á vettvangseftirliti og eftirliti með skoðun ökutækja, en endurgreiðsluaðferðin byggir að mestu á bókhaldslegu eftirliti. Til að koma upp um svik í litunarkerfi geta yfirvöld hvenær sem er stöðvað ökutæki og með einfaldri athugun komist að því hvort notuð hafi verið gjaldfrjáls (lituð) olía á ökutækið. Bókhaldslegt eftirlit með endurgreiðslum krefst þess hins vegar að skattyfirvöld fái nákvæmar upplýsingar frá gjaldenda um notkunina sem endurgreiðslur byggjast á og kanni hvort þær séu réttar. Nauðsynlegt er í slíku kerfi að setja skýrar reglur um bókhald og skráningu á olíunotkun.

Þá er einnig nauðsynlegt að hafa strangar refsingar við öllum svikum sem kunna að verða í reynd í nýju gjaldkerfi. Þannig væri æskilegt að lögbinda háar lágmarkssektir vegna afbrota, t.d. í formi margfeldis af þeirri fjárhæð sem reynt er að draga undan og við ítrekuðu broti lægi fangelsisvist. Flestar Evrópuþjóðir

sem tekið hafa upp olíugjald notast við litunarkerfið, en það er mjög kostnaðarsamt því að byggja þarf upp sérstakt dreifikerfi til viðbótar því sem fyrir er. Líklegt er að sá kostnaður leiði til hækkunar olíuverðs. Hjá þeim kostnaði er hægt að komast með því að fara endurgreiðsluleiðina, en þeirri aðferð er sem fyrr segir beitt í Danmörku.

Við undirbúning frv. þessa var athugað í samráði við olíufélögin hvað mundi kosta að koma á litunarkerfi. Niðurstaðan varð sú að dreifikerfi fyrir litaða olíu yrði að vera algerlega aðskilið frá núverandi dreifikerfi fyrir ólitaða olíu. Bent var á fjórar aðferðir, en til lágmörkunar á kostnaði mælt með einni þeirra. Hún felur í sér að öll dísilolía sem á að lita yrði lituð í innflutningsbirgðastöðvum en ólituð olía, þ.e. olía með gjaldi, yrði flutt til strandbirgðastöðva og geymd þar í sem fæstum birgðastöðvum. Ekki væri gert ráð fyrir að lituð olía væri til sölu í venjulegum afgreiðslustöðum olíufélaganna. Dreifing litaðrar olíu frá innflutningsbirgðastöðum yrði með sérstökum bifreiðum öðrum en notaðar eru til að dreifa ólitaðri olíu frá strandbirgðastöðvum. Með þessari aðferð væri þó ekki hægt að tryggja öllum sem ekki er ætlað að bera gjaldið kaup á litaðri olíu vegna óhagræðis við dreifingu. Verktakar og bændur sem byggju á afskekktum stöðum gætu því þurft að kaupa gjaldskylda olíu en fá olíugjaldið endurgreitt.

Áætlað er að nauðsynlegur fjárfestingarkostnaður við þá aðferð sem mælt var með mundi nema um 400 millj. kr. Nálega helmingur þeirrar upphæðar er vegna fjárfestingar í nýjum tankbifreiðum. Kostnaður við rekstur kerfisins á ári að meðtöldum afskriftum er áætlaður um 160 millj. kr. Um 100 millj. kr. af rekstrarkostnaðinum er vegna tankbifreiðanna. Í þessar tölur vantar kostnað vegna eftirlits, en það felst m.a. í því að taka sýni af eldsneyti bifreiða á vegum úti og kanna hvort í því finnist litunarefni. Reikna má með að það eftirlit verði yfirgripsmeira en núverandi eftirlit með ökumælum. Sýni prófun á staðnum að litarefni er í eldsneyti verður að senda sýni til rannsóknar þar sem magn litarefnisins er ákvarðað nákvæmlega. Ekki hefur verið áætlaður kostnaður þeirra notenda dísilolíu sem mundu þurfa að koma sér upp nýjum eldsneytistönkum vegna þess að þeir nota bæði gjaldskylda og ógjaldskylda olíu. Hér er einkum um að ræða bændur og ýmsa verktaka.

Að mati starfshópsins er litunaraðferðin virkara eftirlitskerfi, ekki síst þar sem hún hefur meiri fælingaráhrif. Hins vegar sé ekki hægt að réttlæta þessa leið miðað við þann viðbótarkostnað sem hlýst af rekstri litunarkerfisins að óbreyttu, enda nemi hann um 8% af tekjunum sem eftirlitið snýr að. Auk þess væru veikari forsendur fyrir litunarleiðinni ef taka þyrfti upp endurgreiðslur að hluta til. Því var lagt til að farin væri endurgreiðsluleiðin eins og fram kemur í þessu frv.

Meginástæður og helstu rök fyrir því að taka upp olíugjald án litunar eru þess vegna þessi:

1. Framkvæmdin er ódýrari en litunarkerfi, bæði í bráð og lengd. Eins og ég hef sagt áður í minni ræðu þá geta þær aðstæður þó skapast í framtíðinni að auðveldara verði að nota litunina, kannski í takmarkaðra mæli og nota þess vegna blandaða aðferð. Þá er ljóst að auðveldara er að færa sig yfir í litunaraðferðina eftir að búið er að færa gjaldið úr mælum yfir í orkugjafann sjálfan.

2. Endurgreiðslur og eftirlit er að stærstum hluta hægt að fella inn í núverandi virðisaukaskattskerfi. Eftirlit í því kerfi beinist bæði að tekjum og gjöldum og því getur eftirlit með endurgreiðslum til þessara aðila auðveldlega fallið inn í reglubundið skattkerfi. Hagræði er að því að nýta þekkingu og reynslu starfsmanna í skattkerfinu.

3. Olíugjald án litunar er heppilegur aðdragandi að upptöku olíugjalds eins og ég hef sagt og ef það verður tæknilega hægt síðar.

4. Mögulegt er að taka upp olíugjald án litunar með skömmum fyrirvara og nýta við það danska lagaumgjörð og fengna reynslu af framkvæmd olíugjalds þar í landi.

5. Þrátt fyrir að litur sé talinn hafa mikil áhrif til fælingar frá undanskotum getur hún ekki að öllu leyti komið í veg fyrir undanskot og hefur komið í ljós við framkvæmd erlendis að sönnun fyrir misnotkun litaðrar olíu er í ýmsum tilvikum erfið.

Við breytingu á gjaldtöku frá þungaskatti í olíugjald er eðlilegt að miða við að kostnaður skilvísra gjaldenda breytist sem minnst og heildartekjur sömuleiðis. Þá verður að gæta þess að olíuverð verði ekki hærra en bensínverð.

Gert er ráð fyrir að þungaskattur hafi skilað ríkissjóði 2,1 milljarði kr. á sl. ári. Olíufélögin áætla að um 60 millj. lítrar af olíu fari í ökutæki sem bera þungaskatt. Gera má ráð fyrir að endurgreiða þurfi sérleyfishöfum og rekstraraðilum almenningsvagna um 150 millj. kr. og auk þess verður að gera ráð fyrir auknum kostnaði vegna eftirlits og framkvæmdar. Olíugjald yrði því að skila fast að 2,3 milljörðum kr., en það svarar til 38–39 kr. á lítra miðað við áætlaða olíusölu til notkunar á ökutæki. Að teknu tilliti til alls þessa er lagt til að olíugjaldið verði 38,50 kr. í þessu frv. Með því næst sú niðurstaða að í flestum tilvikum er gjaldbyrði skilvísra greiðenda áþekk því sem verið hefur eða lægri. Tekjur til vegagerðar haldast sem mest óbreyttar eða hækka og verð á olíu stenst samanburði við bensín.

Eins og fram kemur í athugasemdum með frv. er ljóst að miðað við algengan akstur mismunandi tegunda bifreiða verður gjaldbyrði af olíugjaldi yfirleitt áþekk eða lægri en gjaldbyrðin af þungaskatti. Þessi niðurstaða er fengin að gefnum ákveðnum forsendum, ég tek það fram, að gefnum ákveðnum forsendum um olíueyðslu sem fyrr segir. Taka verður fram að raunveruleg eyðsla margra dísilbifreiða sem nú er ekið hér í landi getur verið hærri en reiknað er með í frv. Hins vegar ber að leggja áherslu á að í olíugjaldskerfi er innbyggður hvati til kaupa og rekstrar á sparneytnari bifreiðum og ástundun sparneytni við akstur. Þetta þarf að undirstrika því að það er ljóst að samsetning á ýmsum stærri bifreiðum hér á landi er með þeim hætti að um tiltölulega eyðslufrekar bifreiðar er að ræða því að

það skiptir tiltölulega litlu máli hver var eyðslan þegar skatturinn lagðist fyrst og fremst á aksturinn samkvæmt ökumælum.

Fjmrn. hefur sent ýmsum aðilum frv. þetta til umsagnar og hafa því borist ýmsar og mjög gagnlegar ábendingar sem það hefur til athugunar. Ráðuneytið mun að sjálfsögðu taka saman greinargerð um þessar ábendingar og senda hana ásamt umsögnum til hv. efh.- og viðskn. Það er rétt að taka fram að ýmislegt af því sem kemur fram í umsögnum fjölmargra aðila er ákaflega gagnlegt og hefði verið betra að slíkar ábendingar hefðu komið áður en frv. var lagt fram, en við töldum nauðsynlegt í fjmrn. að frv. kæmi fram en áfram yrði unnið að slíkri gagnaöflun þannig að auðveldað væri nefndinni starfið. Mér er þó ljóst að nefndin á heilmikið starf eftir, en ég get lofað því að starfsmenn ráðuneytisins og þeir sem hafa undirbúið þessa löggjöf eru tilbúnir til að leggja sitt af mörkum til þess að þetta frv. geti orðið að lögum á yfirstandandi þingi.

Virðulegi forseti. Ég tel ekki ástæðu til að fjalla frekar um þetta frv. að svo stöddu eða um einstakar greinar þess, það er hægt að gera við 2. umr. En ég legg til að að lokinni 1. umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

Útbýting þingskjala:

Atvinnuréttindi vélfræðinga, 315. mál, nál. samgn., þskj. 615.

Samsettir flutningar o.fl. vegna EES, 251. mál, nál. meiri hluta samgn., þskj. 616; nál. minni hluta samgn., þskj. 617.

Samþykktir Vestnorræna þingmannaráðsins 1994, 381. mál, þáltill. ÁJ o.fl., þskj. 612.

Vestnorræna þingmannaráðið 1994, 380. mál, skýrsla Íslandsdeildar Vestnorræna þingmannaráðsins, þskj. 611.

[15:44]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Ég þarf í sjálfu sér ekki að hafa hér langa ræðu um þetta mál eða mína afstöðu til þess. Ég er margsinnis á þessu kjörtímabili búinn að lýsa því yfir við hæstv. fjmrh. að ég telji algera nauðsyn á að gera þessa breytingu, að færa olíugjaldið úr mælagjaldinu og yfir í eldsneytisgjald. Fyrir því liggja mörg rök sem hæstv. ráðherra tíundaði í sjálfu sér hér áðan. Það eru síðan að sjálfsögðu í þessu ákveðin álitamál varðandi gjaldtökuna, upphæð gjaldsins, endurgreiðslu, heimildir og annað slíkt, sem nefndin verður að skoða í meðferð sinni. En ég get lýst því yfir sem skoðun minni að ég teldi mjög æskilegt að við gætum afgreitt málið á þessu þingi þó að fáir dagar séu eftir.

Litunarkerfið var að mínu mati kostur sem er bæði dýr og tímafrekur. Það tekur nokkurn tíma að koma því kerfi í framkvæmd og hefur ákveðna galla. Ég vil nefna einn galla sem ég sá þegar ég fékk í hendurnar skýrslur sem voru unnar og komu frá bændasamtökum í nágrannalöndum okkar. Í norskum skýrslum var bent á að það léki grunur á því að lituð olía væri ekki mjög heilsusamleg og þau efni sem notuð væru í litunina hefðu sýnt sig í að geta verið heilsuspillandi og ofnæmisvaldandi með meiru. En út af fyrir sig væri gott að geta losnað við þann þáttinn. Auk þess sem það sýnir sig þegar farið er að skoða málið er að ekki þarf að lita alla olíu sem er gjaldfrí því meginhluti flotaolíunnar, þ.e. svokölluð flotaolía, er þeirrar gerðar að hún verður ekki notuð á önnur ökutæki einfaldlega vegna þess að hún storknar við það lágt hitastig. Hún er ónothæf á vélar og þann búnað fyrir eldsneytisgeymslu sem er í vinnuvélum eða venjulegum bílum og hefur auk þess þá eiginleika að vera ekki nothæf á slík tæki.

Hins er vegar nauðsynlegt að nefndin fái í hendurnar þær hugmyndir sem kunna að vera uppi, nánari útfærslu á endurgreiðslunum, m.a. varðandi olíu til búrekstrar og vinnuvéla sem eru kannski tveir erfiðustu þættirnir hvað þetta snertir.

Sem bílaáhugamaður get ég tekið undir þau rök sem komu fram í ræðu hæstv. ráðherra að það kerfi sem við höfum í dag dæmir okkur úr leik varðandi dísilvélar í minni bíla, fólksbíla og léttari jeppa. Þetta er þó það svið vélaframleiðslu, bílhreyflaframleiðslu, sem hefur verið mest þróun í á síðustu árum og merkilegt nokkuð, a.m.k. fyrir þá sem rekur minni til dísilvéla á fyrri árum sem voru iðulega þannig að úr púströri slíkra bíla stóð svartur mökkurinn, eru dísilvélar í dag þær vélar sem menga umhverfið minnst og nýjar háþróaðar dísilvélar menga ekki nema brot af því sem bensínvélar gera. Margt mælir því með notkun þeirra og að mínu mati henta þær á margan hátt vel hér á landi, bæði hvað snertir gangöryggi og ekki síst fyrir þá sem þurfa að ferðast um langan veg. Ég ætla ekki að rökstyðja það frekar.

Þá ætla ég að nefna einn þátt í því sambandi sem ég tel að þurfi að breyta samhliða ef einhver breyting á að verða á því að hér fari menn að flytja inn að einhverju leyti léttari dísilbíla. Það er gagnvart vörugjaldinu. Vörugjaldið á einkabíla er miðað við rúmmál vélar og var einfaldað fyrir tveimur árum og fært niður í fjóra flokka og hækkað frá 45% og upp í 75% vörugjald og fer hækkandi eftir rúmtaki. Hæsti flokkurinn er 2,5 lítra vélar og stærri.

Gallinn við þetta er sá að eðli dísilvéla er þannig að miðað við sams konar bíl eru þær yfirleitt stærri að rúmtaki. Auk þess eru dísilvélarnar dýrari en það á að vinna sig upp hvað snertir hagkvæmari rekstur. En ef ekki verður breytt viðmiðunarmörkunum varðandi vörugjaldið varðandi rúmtakið sé ég reyndar ekki að það mundi neitt breytast varðandi þennan þátt þannig að ég held að það þurfi að skoða og að mínu mati þarf að hækka mörkin gagnvart dísilbílunum. Ekki þarf aðra breytingu en að þau verði í hverju tilfelli hærri sem nemur 0,2–0,3 lítrum á bílvél. En þetta er hægt að skoða samtímis og er í sjálfu sér mjög einföld breyting ef menn væru sammála um að koma þessu á.

Eftir því sem ég hef heyrt í þeim flutningaaðilum og öðrum þá finnst mér að sú skoðun sé nánast einróma að þessa breytingu eigi að gera og hún er náttúrlega háværust hjá þeim sem greiða skilvíslega samkvæmt mæli sínum. Nú vil ég alls ekki gera því skóna að það sé ekki þannig að það geri allur obbi þeirra sem

reka dísilbíla. Ég held reyndar að svo sé en það er jafnóþolandi að einhverjir komist upp með að skekkja samkeppnisstöðuna með því að víkja sér undan að greiða þessi gjöld. Það eru til þess ýmsar leiðir, það eru til fleiri leiðir heldur en að falsa mælaálestur. Það er til að mynda þekkt að menn hafa átt gamla bíla og keyrt út úr þeim og hent þeim síðan á haugana þegar því er lokið. Til skamms tíma — það er reyndar búið að breyta því núna — var ekki hægt að sækja þessi gjöld til manna því ekki var hægt að taka annað en viðkomandi ökutæki upp í þetta. Því er reyndar búið að breyta.

En að öllu samandregnu, virðulegi forseti, er það skoðun mín að þetta sé löngu tímabær breyting, þó ekki væri fyrir annað en það sem kom fram í ræðu ráðherra að líkur eru á því að við stöndum allt í einu uppi með það að við getum ekki lengur fengið mæla ef svo væri komið að við værum eina þjóðin sem væri með þetta kerfi. Eðli málsins samkvæmt eftir því sem færri nota vöruna, sem eru mælarnir í þessu tilfelli, verða þeir dýrari og erfiðara að halda þeim við.

Ég hlýt hins vegar að lokum, virðulegi forseti, að harma það að hæstv. ríkisstjórn skyldi ekki koma þessu máli fram fyrr. Það eru ekki margir dagar eftir í þinginu en ég geri mér hins vegar vonir um að það kunni að vera hægt að vinna málið þannig að það komist fram, m.a. vegna þess að einstakir nefndarmenn og ég veit reyndar að ráðuneytismenn hafa líka búið sig undir það að takast á við þetta mál í vetur og unnið nokkra forvinnu þó svo að ekki væri búið að mæla formlega fyrir málinu.

Útbýting þingskjals:

Viðlagatrygging Íslands, 384. mál, stjfrv. (heilbrrh.), þskj. 618.

[15:54]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég fagna þessu frv. og lýsi mig í megindráttum hlynntan því. Ég hef lengi verið áhugamaður um að breyting af þessu tagi næði fram að ganga, þ.e. að innheimta þungaskatts færðist yfir í þetta form að gjaldið yrði lagt á við sölu olíu í stað þess að leggja það á sem fastagjald eða kílómetragjald. Ég er þeirrar skoðunar að takist sæmilega til með útfærslu á þessari framkvæmd eigi að vera hægt að tryggja mjög skilvirkari innheimtu á gjaldinu og í raun og veru réttlátari þar sem báðar hinar aðferðirnar eru í raun ósanngjarnar í vissum tilvikum og ekki að öllu leyti heppilegur mælikvarði á það hvernig byrðum af gjaldtöku af þessu tagi sé dreift. Ég held að það eigi að geta orðið til góðs að færa þennan gjaldstofn yfir á eldsneytið eins og er með bensín. Því ætti að fylgja hvatning til þess að nýta þessa orku vel og nota hagkvæmar og sparneytnar bifreiðar til aksturs að þessu leyti eins og öðru og margt fleira kemur þar til.

Ég vil enn fremur lýsa því yfir að ég held að sú útfærsla sem hér er lögð til sé í grófum dráttum sú skynsamlegasta. Það hefur margt verið skoðað í þessum efnum á undanförnum árum og hæstv. ráðherra fór yfir það að nokkru leyti í framsöguræðu sinni, þ.e. hugmyndir um að byggja upp tvöfalt dreifikerfi fyrir dísilolíu og selja hana annars vegar með álögðum skatti og hins vegar án og þá annan flokkinn litaðan en hinn ólitaðan. Tæknilega er þetta að mörgu leyti mjög þróuð aðferð og auðvelt að útfæra hana þannig að í henni felist möguleikar til þess að hafa eftirlit þannig að óyggjandi sé hvort fært sé þarna á milli. En það er alveg ljóst að hún er dýr, henni yrði samfara mikil fjárfesting bæði hjá einkaaðilum, olíudreifingaraðilum og öðrum. Ég sannfærðist um þegar ég skoðaði þessi mál fyrir nokkrum árum og enn frekar nú að það væri of dýrt og ástæðulaust að leggja út í slíkt nema sýnt væri fram á að engin önnur aðferð væri nothæf í þessum efnum. Ég held að flestum þyki nóg um að vera með meira og minna þrefalt eða fjórfalt bensín- og olíudreifingarkerfi uppbyggt í landinu þó að það yrði ekki tvöfaldað með því að öll félögin þyrftu hvert fyrir sig að byggja upp dreifikerfi sem annars vegar væri fyrir litaða dísilolíu eða hins vegar ólitaða. Sama ætti auðvitað við um fjölmarga notendur því að ýmsir þeirra kæmust ekki hjá því að nota hvoru tveggja.

Ég held að sú aðferð að byggja á álagningu gjaldsins á olíusöluna en endurgreiða það svo í þeim tilvikum þar sem menn eiga ekki að bera skattinn, eða ekki nema að hluta til, með þeirri undantekningu þó að gjaldið sé fellt niður gagnvart flotanum, sé skynsamlegasta leiðin og sú sem er í skástu samræmi við aðstæður í landinu. Ég held að það sé rétt að niðurfellingu gagnvart útgerðinni eða flotanum sé að ræða vegna þess að væru menn þar að byggja á endurgreiðslukerfi rúlluðu þar í gegn mjög háar fjárhæðir auk þess sem tæknilega er það orðið svo að sú olía sem þar er notuð er ekki nema að litlu leyti sambærileg við það sem notað er í landi.

Út af fyrir sig mætti hugsa sér að einhvers konar löggildingarkerfi yrði sett á laggirnar til eftirlits með þeim þætti málsins en satt best að segja hef ég ekki miklar áhyggjur af því að veruleg hætta sé á misnotkun á þeim enda, þ.e. að dísilolía af skipum og bátum verði notuð til annarra óskyldra nota en ætlunin er. Hitt er auðvitað miklu erfiðara að útfæra reglur sem eru sæmilega heldar gagnvart því að aðilar í atvinnurekstri, svo sem í iðnaði og landbúnaði og öðru slíku og eiga ekki að bera þennan skatt að ekki geti orðið um einhver brögð af því að ræða að orka frá þeim aðilum lendi til notkunar á tæki sem ættu að bera skattinn. En þá verða menn auðvitað fyrst og fremst að glíma við það að setja þar reglur sem séu sæmilega heldar og sanngjarnar í þessu efni og menn geta í öllu falli huggað sig við það að fyrirkomulagið eins og það er í dag er síður en svo gallalaust þannig að menn eru ekki að hverfa frá neinu sem mikil eftirsjá er í í þeim efnum. Þrátt fyrir tækniframfarir og endurteknar tilraunir til þess að betrumbæta innheimtu þungaskatts hafa menn í raun jafnoft orðið fyrir vonbrigðum því menn hafa jafnoft fundið upp einhverjar aðferðir til þess að komast dálítið á svig við það kerfi að sagt er. Allt er það svo sem meira og minna ósannað en það hlýtur að mega, hæstv. forseti, fara svona með það hér sem er almannarómur að á því séu talsverð brögð.

Ég er því ekki feiminn við að leggja það til að menn helli sér í þá vinnu, m.a. vegna þess að mér er mætavel kunnugt um að það fyrirkomulag sem ríkir í þeim efnum í dag er meingallað.

Ég held að skattlagning í gegnum olíuna verði líka að breyttu breytanda sanngjarnari á ýmsan hátt. Því verður varla á móti mælt að a.m.k. hvað ökutækin snertir þá er eðlilegt að menn greiði nokkurn veginn skatt í samræmi við notkun sína á vegunum og ökutækin eru jú þar. Eldsneytisnotkunin hlýtur að endurspegla að miklu leyti aksturinn þó auðvitað sé til í dæminu að einhverjir aðilar fari illa út úr því vegna þess að þeir nota talsverða orku án þess að um mjög mikinn akstur sé að ræða, þ.e. að tækin gangi í kyrrstöðu o.s.frv. Mismunandi vélastærðir og annað spila þar að sjálfsögðu inn í en það verður aldrei róið fyrir hverja vík í þessum efnum og ekkert kerfi mun finnast sem ekki hefur í sér fólgna einhverja slíka ágalla. Komi það í ljós að svona skattlagning verði bersýnilega ósanngjörn fyrir einhvern notandahóp má líka alltaf hugsa sér að hægt sé að finna einhverja leiðréttingarformúlu sem væntanlega yrði að vera í formi endurgreiðslna til slíkra hópa. Hvort sem það væru einhverjir sérhæfðir notendur ökutækja, þungaflutningatækja eða annað því um líkt, eða vinnuvélaeigenda eða annarra slíkra aðila.

Varðandi endurgreiðslureglur almennt séð þá tel ég að það sé fyrst og fremst mikilvægt að hafa þar að leiðarljósi að í þeim felist hvati til þess að nýta orkuna vel. Hverjar þær reglur sem settar verða um þetta mega ekki verka á þann veg að þær ýti undir sóun á þessari orku. Það er alveg sérstakt markmið og keppikefli að mínu mati að hafa það að leiðarljósi. Það er rétt og skylt af ýmsum ástæðum, þjóðhagslegum og umhverfisverndarsjónarmiðum o.s.frv.

Á hinn bóginn þurfa reglurnar að mínu mati samt að vera þannig að þær séu ívilnandi eða hvetjandi til notkunar á dísilolíu. Það er að mínu mati til skammar hversu óhagstætt það hefur verið að reka dísilbifreiðar á Íslandi í gamla kerfinu og bæri náttúrlega að stefna að því að sú notkun stórykist á næstu árum á kostnað bensínvéla og koma þar ýmsir hlutir til. Hæstv. ráðherra nefndi hér suma eins og orkusparnað og umhverfissjónarmið. Það mætti nefna margt fleira. Það er gangöryggi, viðhald og fleira sem þar kemur til sögunnar og ég held að mæli allt frekar með aukinni notkun á þeirri hlið.

Að þessu leyti til er smíði þessara uppgjörs- og endurgreiðslureglna talsvert vandaverk og ég vona að menn leggi í það þá vinnu sem nauðsynleg er til að gera það sem best úr garði í fyrstu umferð. Síðan verður náttúrlega reynslan og framkvæmdin að einhverju leyti að skera úr um hvernig til tekst og menn verða að ganga að því með opnum huga að sjálfsagt finnast ekki einhlítar reglur um þetta í fyrstu tilraun og að einhverju leyti verður sjálfsagt óhjákvæmilegt að laga þetta til í ljósi þess hvernig til tekst og hvernig reynslan af þeim verður. En það er einfaldlega verkefni sem ég held að menn eigi að skella sér í og hella sér út í með uppbrettar ermar og vera ekki neitt kjarklausir gagnvart því þó þeir rekist þar á einhverja erfiðleika sem þurfi að leysa og eru til þess að leysa þá.

Hæstv. forseti. Ég er jákvæður í garð þessa frv. og segi að ég vildi gjarnan sjá að okkur ynnist tími til að koma því í gegn á þessu þingi og hrinda þessari breytingu í framkvæmd. Ég held að hún sé löngu tímabær og þörf. En það verður þó að metast út frá því hversu þroskað málið er og hvort það sé komið á brúklegt form og menn nægjanlega vel undirbúnir sem um framkvæmdina eiga að véla til þess að hægt sé að láta þetta ganga í gildi með skaplegum hætti á þessu ári. Ef ekki þá er í sjálfu sér engin sérstök ástæða til að afgreiða lagafrv. hér því það má eins vinna í því áfram samtímis því að framkvæmdin er undirbúin.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf, frh. 1. umr.

Stjfrv., 255. mál (innflutningur áfengis). — Þskj. 298.

[16:07]

Jón Helgason *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Mig langaði að bera fram fyrispurn til hæstv. fjmrh. áður en þessi umræða byrjar ef hæstv. fjmrh. gæti aðeins hlýtt á. Það kom fram í upphafi umræðu um þetta mál að það byggist á breytingu á áfengislögum, eins og til hefur verið vitnað. Síðan lagði hæstv. dómsmrh. fram frv. til breytinga á áfengislögunum í samræmi við það frv. sem hér er til umræðu. Það frv. hefur ekki enn þá verið tekið á dagskrá eða mælt fyrir því.

Ég vil því spyrja hæstv. fjmrh. hver ætlunin sé af hans hálfu með því að halda áfram umræðu um þetta mál meðan hitt frv. hefur ekki verið tekið fyrir. Það er ljóst að það þýðir lítið að afgreiða frv. fjmrh. nema sú breyting nái fram að ganga eða hver eru áform hæstv. fjmrh.? Ætlar hann að reyna að fá þessi frv. afgreidd sem lög þó hæstv. dómsmrh. mæli ekki fyrir sínu frv. sem er forsendan fyrir því að þessi frv. hafi eitthvað að þýða?

[16:08]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Það mál sem hér er til umræðu var tvívegis ætlunin að yrði til umræðu fyrir jól. Í fyrra skiptið fórst það fyrir vegna þingskapaumræðu sem hv. þm. hóf, ef ég man rétt, og ástæðan fyrir því að ég féllst þá á að þetta mál yrði ekki tekið til umræðu þann daginn, sem mig minnir að hafi verið 6. des. fyrir nákvæmlega tveimur mánuðum, var að ekki var fram komið frv. dómsmrh. Það hafði fyrir mistök ekki verið lagt fram á Alþingi. Það frv. var lagt fram örstuttu síðar, tveimur eða þremur dögum síðar, og þá hófst umræða um þetta mál og var henni frestað eftir skamma hríð en þó man ég að hv. þm. ræddi málið í löngu og ítarlegu máli.

Mín ætlan er, ef guð og Alþingi lofar, að fá þessi frv. sem ég mæli fyrir afgreidd á þinginu en mér er mætavel ljóst að sú afgreiðsla þarf að vera samferða afgreiðslu á frv. hæstv. dómsmrh. og hann mun að sjálfsögðu mæla fyrir því frv. um leið og hann hefur tækifæri til þess en hæstv. dómsmrh. er ekki við í dag eins og ég veit að hv. þm. veit. Það er með þetta mál eins og svo mörg önnur að þau þurfa að fara saman í gegnum þingið. Ég vil minna á sambærilega stöðu sem upp hefur komið t.d. í máli sem var verið að ræða fyrr á þessum fundi og snýr að refsiviðurlögum skattalaga að það er nauðsynleg forsenda fyrir því að það frv. geti orðið að lögum að frv. til breytinga á 262. gr. almennra hegningarlaga verði samþykkt en það frv. er einnig í höndum dómsmrh. og fer þar af leiðandi til allshn. en ekki efh.- og viðskn. Þetta veit ég að mjög þingreyndur maður eins og hv. 2. þm. Suðurl., fyrrv. forseti sameinaðs þings, þekkir mun betur en ég sem var lærisveinn hans hérna sem ritari á sínum tíma og ég held að hann hljóti að skilja að þetta eru eðlileg og þingleg vinnubrögð.

[16:11]

Jón Helgason *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Það er einmitt vegna þess að ég tel mig skilja framgang mála á Alþingi að ég orða þetta því hæstv. dómsmrh. hefur mælt fyrir mörgum öðrum málum hér síðan þetta frv. hans kom fram en það hefur ekki verið sett á dagskrá. Þess vegna spurði ég hæstv. ráðherra að þessu. Ég held að þeim sem eru búnir að sitja nokkuð á Alþingi hljóti að vera ljóst að jafnumdeilt mál og róttæk breyting á áfengislögunum, það má segja að það eigi að kollvarpa því kerfi sem hér hefur verið við lýði, að harla litlar líkur eru til þess að sú breyting nái fram að ganga þegar ekki hefur verið mælt fyrir frv. og örfáir dagar eru til þingloka.

Útbýting þingskjals:

Markaðssetning á íslenska hestinum, 385. mál, fsp. GÁ, þskj. 619.

[16:13]

Steingrímur J. Sigfússon *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég hlýt að lýsa nokkurri óánægju minni með það einnig að það eigi að taka þetta mál á dagskrá og ræða það við þær aðstæður, eins og áður var búið að benda á, að ekki hefur verið mælt fyrir því frv. sem eðlilegast væri að tekið væri fyrst fyrir og breytir grundvallarstefnunni í þessum málum, frv. sem hæstv. dómsmrh. eðli málsins samkvæmt hlýtur að flytja og tala fyrir úr því að ríkisstjórnin valdi ekki þá leið sem hún hefur haldið mikið upp á, að flytja um þetta bandorm, þannig að hæstv. forsrh. fengi heiðurinn af því að flytja bandorm fyrir hönd ríkisstjórnarinnar. Þá hlýtur þetta að vera þannig. Ég held að það væri eðlilegt að byrjað væri á frv. hæstv. dómsmrh.

Í öðru lagi óska ég eindregið eftir því að hæstv. heilbrrh. verði hér viðstaddur því það er náttúrlega algjörlega viðurkennt að þessi mál eru ekki síst heilbrigðismál og eðlilegt að stefna ríkisstjórnarinnar í heilbrigðismálum sé jafnframt til umfjöllunar því þetta er óaðskiljanlegur hluti af henni og viðurkennt, m.a. af þessari ríkisstjórn, ekki síður en öðrum, að svo sé að tilhögun á sölu og dreifingu áfengis sé hluti sem varði heilbrigðisstefnu viðkomandi landa. Trúi hæstv. fjmrh. því ekki þá getur hann flett upp á fyrirvara Íslands í samningnum um EES sem varðar fyrirkomulag á áfengiseinkasölu en þar er það sérstaklega tekið fram að af hálfu ríkisstjórna Norðurlandanna hyggist þær verja þetta fyrirkomulag á grundvelli þess að það sé hluti af þeirra heilbrigðisstefnu. Við þær aðstæður að nú á að fara að leggja til að breyta þessu, að mínu mati að tilefnislausu, þá tel ég alveg ómögulegt, hæstv. forseti, að fara í þessa umræðu nema hæstv. heilbrrh. sé jafnframt viðstaddur og einnig að eðlilegra væri að byrjað væri á máli hæstv. dómsmrh.

Ég vil ítreka það hvort ekki sé unnt að verða við því að fresta þessari umræðu og taka frekar fyrir önnur mál á dagskrá sem mér skilst að sé nóg af og gott ef ekki önnur mál sem undir hæstv. fjmrh. heyra. Ef svo er ekki þá hlýtur maður að fara að trúa því að hér sé um alveg sérstakt hugarfóstur og uppáhaldsmál hæstv. fjmrh. að ræða.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Dagskrá hefur verið útbýtt og á þeirri dagskrá er ekki það frv. sem hv. þingmenn hafa verið að óska eftir að verði tekið fyrir og þar að auki er hæstv. dómsmrh. með fjarvistarleyfi, staddur erlendis eftir því sem forseti best veit. Forseti hyggst því halda áfram umræðu um það mál sem þegar hefur verið tekið á dagskrá og hefur gert hæstv. heilbrrh. viðvart um að hans sé óskað. Það er kunnugt að hæstv. heilbrrh. er í sínu ráðuneyti en hann hlýtur að geta komið innan tíðar.

[16:16]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ef ég má vitna í samtal úti í salnum, þá færir hæstv. fjmrh. það fram sem alveg sérstök rök að þetta mál þurfi að komast til nefndar og fagna ég mjög þeim sinnaskiptum sem orðið hafa hjá hæstv. ríkisstjórn að nú sé það hið brýnasta mál að mál komist almennt til nefnda. Auðvitað er ég sammála því.

Hæstv. forseti. Ég verð að játa að ég tel þetta ekki vera eitt af forgangsmálum sem ástæða væri til að eyða miklum tíma í núna þegar fáeinar vikur eru eftir af þinghaldinu og tel að því fyrr sem hæstv. fjmrh. verður það ljóst að það sé í raun tímasóun að vera að þrasa um þetta þeim mun betra. En ég að sjálfsögðu skorast ekki undan því að taka þátt í umræðum um þetta og koma mínum sjónarmiðum á framfæri úr því að hæstv. ríkisstjórn leggur svona mikla áherslu á að þetta komist á dagskrá og gangi til nefndar.

Í fyrsta lagi vil ég segja, hæstv. forseti, að ég tel að þetta mál sigli að nokkru leyti undir fölsku flaggi vegna þess að það hefur verið látið að því liggja, gott ef það er ekki í greinargerð, þó man ég það ekki svo glöggt, að mál þetta tengist að einhverju leyti samningnum um Evrópskt efnahagssvæði. Verð ég að segja alveg eins og er að mér finnst þá leggjast lítið fyrir hina sömu ríkisstjórn og gekk frá þeim samningum og þar á meðal sérstökum fyrirvara Íslands, sem er sam-

hljóða fyrirvara annarra Norðurlanda um, að við áskildum rétt til þess að viðhalda okkar fyrirkomulagi á útsölu áfengis sem hluta af okkar heilbrigðisstefnu þrátt fyrir samkeppnisákvæði samningsins um Evrópskt efnahagssvæði ef menn ætla að leka niður á því máli strax fáeinum missirum eftir að frá þessu var gengið í samningnum. Ég hygg að hér sé málið að hluta til sett fram undir fölsku flaggi og hér sé fyrst og fremst á ferðinni áhugi frjálshyggjuliðsins í ríkisstjórninni að einkavæða þessa starfsemi. Er þá græðgin farin að færast heldur betur upp í bekkinn þegar það á að hleypa einkarekstri í ágóðaskyni líka inn í sölu á vímuefni eins og hér á í hlut. Ég er algerlega andvígur slíku og tel að með sama hætti og ríkið, samfélagið, situr uppi með útgjöldin af vandamálum sem tengjast ofnotkun áfengis þá eigi að sjálfsögðu samfélagið eða opinberir aðilar, þeir sem bera útgjöldin, að njóta góðs af þeim tekjum sem dreifing þessarar vöru getur haft í för með sér.

Það er ljóst að það er nauðsynlegt til þess að stemma stigu við ofnotkun þessara efna að þau séu höfð dýr. Það er sú leið sem flestar þjóðir velja og nú orðið eru aðeins fáar þjóðir í heiminum svo ábyrgðarlausar í þessum efnum að þær leyfi sölu á vínanda án þess að á hann séu lögð einhver gjöld til þess gagngert að reyna að stemma stigu við neyslunni og draga úr henni. Mjög víða og þar á meðal á Norðurlöndunum sem að öðru leyti þykja skara fram úr eða hafa þótt skara fram úr í þessum efnum eru þessi gjöld umtalsverð, mörg hundruð eða jafnvel þúsund prósent. Reynslan sýnir samt sem áður að ekki veitir af í baráttunni við þessi vandamál. Það er enginn vafi á því að með stefnu af þessu tagi hafa menn náð að hafa áhrif á áfengisnotkun og þar með líka á þau vandamál sem ofnotkun áfengis eru samfara. Tölur tala mjög skýru máli um það. Hjá Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni, sem er sú stofnun heimsins sem mest sinnir þessum málum, eru Norðurlöndin gjarnan tekin sérstaklega fyrir sem dæmi um það hvernig megi með markvissum aðgerðum stjórnvalda og skynsamlegri stefnu, aðhaldssamri stefnu í þessum efnum ná miklum árangri. T.d. er sá markverði árangur Svía að draga umtalsvert úr áfengisnotkun, þ.e. vínanda á mann, eins og þeim hefur tekist á undanförnum árum, gjarnan tekið sem dæmi um það þegar verið er að ræða þetta á alþjóðavettvangi hvaða árangri sé unnt að ná.

Þessum árangri gætu menn fórnað með þeirri breytingu sem hér er að ástæðulausu verið að leggja til. Það er alveg sama hvað menn munu segja með það að reynslan sýnir okkur að það er öruggasta og skilvirkasta aðferðin í þessum efnum að ríkið eða opinberir aðilar haldi utan um meðferð þessara mála, þar með talið dreifinguna. Það hefur alls staðar orðið niðurstaðan og alls staðar orðið reynslan af þeirri ósköp einföldu ástæðu að um leið og einkaaðilum er heimilað í ágóðaskyni að standa að einhverju leyti fyrir dreifingunni kemur til sögunnar viðbótarhvati fyrir þá að auka sölu á þeim vörum sem þeir fara með og nota til þess ýmsar aðferðir, bæði leyfilegar og óleyfilegar, eins og öllum er kunnugt um að ýmiss konar óleyfileg kynning eða auglýsingastarfsemi á sér stað og kannski erfitt að sporna við því að öllu leyti. Þó manni finnist skörin vera farin að færast upp í bekkinn upp á síðkastið, samanber auglýsingar í blöðum og annað því um líkt þá mun taka steininn úr í þeim efnum ef tugum ef ekki hundruðum einkaaðila verður gert frjálst að standa fyrir dreifingu og sölu á þessari vöru t.d. til allra vínveitingastaða í landinu. Auðvitað gefur það auga leið að þar með muni um leið koma til sögunnar stóraukinn hvati fyrir þessa aðila til þess að auka söluna á sínum tegundum. Sá hvati mun finna sér farveg í formi einhverra aðgerða sem menn komast til að gera.

Ég hlusta því ósköp einfaldlega ekki á órökstuddar fullyrðingar og sleggjudóma um það að með því einu að hafa bara gjald áfram á vörunni þá sé það jafngilt að þetta sé í höndum ríkisins. Það er ekki svo og hefur hvergi reynst svo. Niðurstaðan af því þar sem þessu hefur verið breytt hefur alls staðar orðið sú sama. Neyslan hefur aukist og skýrustu dæmin um það má finna til að mynda í samanburði milli fylkja í Bandaríkjunum þar sem þetta er mismunandi. Í mörgum fylkjum Bandaríkjanna er ströng og aðhaldssöm löggjöf í þessum efnum og opinberir aðilar hafa einkarétt á dreifingunni en í öðrum er þetta frjálst og þar hefur niðuðstaðan án undantekninga, a.m.k. í alveg yfirgnæfandi fjölda tilvika, orðið sú sama að neyslan vex og samanburðurinn er frá áfengisvarnasjónarmiði séð óhagstæður þeim aðilum þar sem opinberir aðilar sleppa hendinni af þessu máli.

Það er þetta ekki síst, hæstv. forseti, sem ég hafði hugsað mér að fá að ræða við hæstv. heilbrrh. Er það svo að það sé til marks um gerbreytta stefnu ríkisstjórnarinnar í áfengisvarnamálum að leggja til þessa breytingu? Ef svo er ekki og menn eru að blekkja sjálfan sig til að halda að í þessu felist engin breyting, þá fullyrði ég að það er misskilningur. Hæstv. heilbrrh. verður þá að fara heim og lesa betur. Ég er viss um að það verða einhverjir góðhjartaðir menn til þess að gauka að honum upplýsingum um það mál. Það er algerlega borin von að horfa fram hjá því að breyting af þessu tagi er í fullkominni andstöðu við til að mynda ákvæði frv. sem hæstv. núv. heilbrrh. sýndi á þinginu veturinn 1991–1992. Í frv. til laga um áfengisvarnir og aðrar vímuefnavarnir var gert ráð fyrir því að ríkið héldi utan um þessi mál og menn rækju mjög aðhaldssama stefnu í sambandi við dreifingu og aðgengi manna að áfengi og öðrum vímuefnum. Hvar er sú stefna nú? Hefur orðið einhver grundvallarbreyting á viðhorfum hæstv. heilbrrh. og hæstv. ríkisstjórnar í þessum efnum? Ég spyr.

Það er auðvitað kostulegt að á þessu þingi flutti einn af núv. hæstv. ráðherrum í ríkisstjórninni frv. til laga um breytingu á áfengislögum sem gengur algerlega þvert gegn þessari stefnu. Þar er verið að tala fyrir allt öðrum viðhorfum, þ.e. þeim að vara enn betur við hættum sem kunna að vera samfara þessari notkun. Er þá hæstv. félmrh. búinn að skipta algerlega um skoðun eða er hún gengin úr ríkisstjórninni eða hver er afstaða hennar til þessa stjfrv.? Eða eru menn enn að

blekkja sig til að halda að þetta skipti engu máli, þetta sé bara einhver saklaus, einföld kerfisbreyting sem hafi engin áhrif á stefnu stjórnvalda í áfengisvarnamálum? Það er þá mikill misskilningur.

Sama mætti segja um fleiri þingmál og afstöðu sem birst hefur á undanförnum árum að auðvitað væri þetta gagnger stefnubreyting og grundvallarstefnubreyting í þessum efnum. Ég hélt satt best að segja að það væri sæmilega þverpólitísk samstaða um það að hér á Íslandi eins og á hinum Norðurlöndunum vildu menn reka aðhaldssama stefnu í þessum efnum og veitir nú ekki af eins og þróunin hefur því miður orðið, til að mynda stóraukin unglingadrykkja og að drykkjan hefur sannarlega samkvæmt könnunum færst niður í yngri aldurshópa. Því miður hafa þá sannast varnaðarorð þeirra sem mæltu gegn því hvernig bjór var lögleiddur hérna á sínum tíma, að í kjölfarið mundi sigla þróun af þessu tagi eða öfugþróun og það hefur því miður orðið raunin á. Er þá ástæða til að bæta við breytingu af þessu tagi og taka áhættu af henni? Ég held ekki. Menn gætu sagt sem svo að ef við hefðum náð t.d. jafnmarktækum árangri í þessum efnum og Svíar náðu á árabili að við hefðum frekar efni á því að taka einhverja áhættu af því að kerfisbreyting af þessu tagi væri gerð ef einhver önnur rök mæltu með henni sem ég tel reyndar ekki vera, en því er ekki að heilsa því miður.

Er það ekki þvert á móti þannig, hæstv. forseti, að það standi yfir sérstakt átak í þjóðfélaginu gegn unglingadrykkju, svo dæmi sé tekið, og það sé verið að reyna að safna saman aðilum til að leggja kraftana saman í það að sporna gegn þeirri skelfilegu þróun sem þar er í gangi, að við höfum á skömmum tíma, á stuttu árabili, horft á meðalaldurinn þegar áfengisneyslan hefst færast niður um kannski 1–1,5 ár? Ég meina, hafa menn engar áhyggjur af því? Er það bara til nota á sunnudögum að standa fyrir einhverju átaki gegn unglingadrykkju en vera svo með breytingar af þessu tagi í farvatninu sem ganga í þveröfuga átt að allra mati sem um þessi mál fjalla?

Ég fullyrði það að hæstv. fjmrh. eða hæstv. ríkisstjórn finna engan einasta aðila sem hefur komið að áfengisvarnamálum, hvorki hér innan lands í áfengisvarnaráði, heilbrigðisstéttum eða annars staðar né heldur erlendis hjá Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni sem mælir ekki gegn breytingu af þessu tagi. Ég held að það sé alveg sameiginlegt yfir línuna að það hafi verið afstaða þeirra manna sem þessum málum sinna, eru að kljást við vandann sjálfir, að það eigi að reka þessa aðhaldssömu stefnu. Og það er sorglegt ef Norðurlöndin sem hafa fram að þessu haft kjark í sér, ég vil segja manndóm í sér, til þess að þora að standa á sinni stefnu í þessum efnum ætla að leka niður í þessu tilviki og jafnvel án þess að láta þá a.m.k. á það reyna fyrst fyrir þessum fínu dómstólum sem búið er að setja upp samkvæmt EES, ESB eða hvað það nú er, að þeim sé þá ekki stætt á því að hafa sjálfstæða stefnu í þessum efnum.

Það segir svo sína sögu um battarfið sem menn eru gengnir í ef það yrði niðurstaðan að það yrði dæmt ólöglegt fyrir Íslendinga, Norðmenn og Svía til að mynda að reka sjálfstæða heilbrigðisstefnu að þessu leytinu til og við skyldum vesgú taka hér upp að þessu leyti til fyrirkomulag og siðu annarra þjóða sem ekki hafa gefist vel í löndum þar sem allt önnur viðhorf ríkja í þessu efni eins og í sunnanverðri Evrópu.

Ég segi alveg eins og er að ég skora á menn a.m.k. að láta fyrr reyna á þennan fyrirvara og láta ganga dóm og það koma í ljós hvort fyrirvarar Norðurlandanna halda í þessu efni eða ekki hvað varðar þann þátt málsins auk þess sem ég sé ekki annað en setja mætti undir þann leka með öðrum aðferðum. Aðfinnslur þeirra aðila, sem eru með þessi samkeppnismál og ákvæði EES og Evrópuréttarins á heilanum, hafa meira snúið að því að fyrirkomulagið sem slíkt mætti ekki mismuna aðilum og e.t.v. yrði að breyta þeim reglum sem hafa gilt um innkaup, val á tegundum og annað slíkt til að tryggja þar fullkomið jafnræði. Gott og vel. Því er hægt að breyta með einföldum hætti þannig að ekki sé á nokkurn hátt lengur á valdi hins opinbera söluaðila eða dreifingaraðila hvaða tegundir eru á boðstólum og allir hafi þar jafnan rétt frá öllum löndum ef svo ber undir ef mannréttindin felast nú orðið í því að geta fengið hvaða tegund sem vera skal. Því er auðvelt að breyta án þess að leggja niður þetta grundvallarfyrirkomulag sem við höfum byggt á og hefur verið hluti af áfengislöggjöf okkar í gegnum tíðina.

Síðan kemur aðeins að því, hæstv. forseti, að ég held að menn þurfi líka aðeins að átta sig á rekstri þessa fyrirtækis sem menn hafa verið með í höndunum og hverju menn væru að fórna í því sambandi. Nú er það svo að áfengisvandamál kosta stórkostleg útgjöld í samfélaginu, bæði bein og óbein. Það er auðvitað ljóst að hið opinbera, sérstaklega ríki og einnig sveitarfélög, hafa milljarða útgjöld sem leiða beint af áfengisvandamálum. Óbeini kostnaðurinn er síðan umtalsverður til viðbótar úti í samfélaginu, hjá fyrirtækjum, opinberum aðilum vegna vinnutaps og annað því um líkt og svo ekki sé minnst á hjá einstaklingunum sjálfum. Upp í þennan kostnað hafa menn þó verið sammála um að taka allan hagnaðinn af dreifingu þessarar vöru í landinu og þau gjöld sem á hana eru lögð til að hafa áhrif á notkunina. En það er að mínu mati alveg ljóst að í kjölfar breytingar af því tagi sem verið er að leggja til mundi sigla þróun sem hefði í för með sér að hundruð milljóna eða jafnvel þúsundir mundu tapast út úr kerfinu og ganga til annarra aðila en þeirra sem sitja uppi með útgjöldin. Ég er alveg sannfærður um að það yrði þróunin. Á skömmum tíma, fáeinum árum, mundi blómgast hér umfangsmikill einkapraxís sem færði auðvitað til gjalda allan kostnað sem hægt væri að heimfæra upp á starfsemi þeirra og menn yrðu að beygja sig fyrir því að svigrúmið til að leggja á gjöld til ríkissjóðs minnkar að sama skapi miðað við einhverja fasta verðviðmiðun í útsölu. Þannig mundi það vera. Það þýðir ekkert fyrir hæstv. fjmrh. að bera á móti því. Ætli áhugi þeirra aðila sem eru auðvitað sólgnir í að komast inn í rekstur þeirra stafi af því að þeir eigi sér það að hugsjón að selja brennivín? Nei, ég er ekki viss um það. Mig grunar að

það sé vegna þess að þeir eigi von á því að hagnast á því. Ég held að það geti verið. Ég er svo illa innrættur og þenkjandi að mér dettur þetta í hug. En það er auðvitað alveg ljóst að ýmsir aðilar úti í þjóðfélaginu eru banhungraðir í það að komast inn í umsvif á þessu sviði, naga þröskuldinn hjá hæstv. fjmrh. til þess að komast inn fyrir og fara að höndla á þessu sviði. Það er ástæðulaust held ég og væri sorgleg afturför og uppgjöf ef menn gæfust upp á slíku. Ég held að það eigi því ekki að gera þessa breytingu á verslun ríkisins með áfengi og tóbak. Það eigi að reka Áfengis- og tóbaksverslunina eins og hún hefur verið rekin og það eigi að ráðstafa öllum hagnaðinum af henni til samfélagsins til að mæta þeim útgjöldum eða hluta þeirra útgjalda sem þessum málum eru samfara.

Hæstv. fjmrh. vann m.a. það afrek snemma á ferli sínum að afhenda einhverjum einkaaðilum framleiðsludeild Áfengis- og tóbaksverslunarinnar. Það hefur síðan verið reiknað út að hún fór fyrir lítið eins og fleira sem hæstv. ráðherra hefur einkavætt og ég er viss um að þó að hæstv. ráðherra hafi orðið að löngun sinni að selja Búnaðarbankann á hálfvirði hefði það verið betri bisness en út úr því kom þegar hann afhenti framleiðsludeild ÁTVR með öllum þeim vörumerkjum og þess vegna getum við sagt viðskiptavild og öllu sem þar var á ferðinni fyrir einhverjar 15 millj. kr. *ef ég man rétt, upphæð af þeirri stærðargráðu.* Það kemur svo auðvitað í ljós að hagnaðurinn af þessari deild var umtalsverður á hverju ári, einar 6–8 millj., auk þess sem hún lagði verulega af mörkum í sameiginlegan kostnað hjá fyrirtækinu. *Mig minnir að* það hafi verið talið að samtals legði deildin með sér upp í sameiginlegan kostnað og í hagnað 17 millj. á ári síðustu árin sem hún var rekin, en svo er þetta allt afhent á einu bretti einkaaðilum fyrir 15 og það fannst mér satt best að segja alveg ákaflega dapurleg ráðstöfun. Með því er verið að veikja nokkuð þetta fyrirtæki án þess að ég sjái að það þjóni nokkrum tilgangi. Það gat verið sjálfstætt mál út af fyrir sig og allt í lagi með það eins og reyndar var búið að leyfa að einkaaðilar gætu spreytt sig við framleiðslu á þessu sviði og allt í góðu lagi með það, sérstaklega ef þeir gætu flutt eitthvað af því út, komið því ofan í aðra en hitt var allt annað mál og alveg ástæðulaust eftir sem áður að afhenda þessa framleiðslu sem Áfengis- og tóbaksverslunin hafði haft með höndum. Ég held að það sé alveg ljóst að ef af þessari breytingu yrði þá yrði Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins ekki nema svipur hjá sjón og svo gott sem komist stærsta skref í að leggja hana niður og færa þetta í formi einfaldrar innheimtu inn í ríkissjóð og það held ég að væri mikil afturför.

Hæstv. forseti. Það hefði nú verið ástæða til þess að fara að fá fréttir af því hvernig þeim líður, hæstv. dómsmrh. og hæstv. heilbrrh., því að ég tel það ekki ganga að umræðan eigi að halda áfram endalaust án þess að orðið verði við óskum um að þeir verði kallaðir til fundar.

(**Forseti** (GHelg): Forseti vonar að sjálfsögðu að þeim líði vel en sá forseti, sem nýlega yfirgaf staðinn, upplýsti að búið væri að koma boðum til þeirra og þeir beðnir um að koma hingað. Frekari upplýsingar hefur forseti ekki.)

Hæstv. forseti. Ég get út af fyrir sig fallist á að ljúka minni ...

(**Forseti** (GHelg): Forseti vill biðjast afsökunar. Hæstv. fjmrh. hefur upplýst að hæstv. dómsmrh. muni vera í leyfi í dag þannig að það er hæstv. viðskrh. sem kemur hingað væntanlega innan tíðar.)

Hæstv. heilbrrh., já. Það er mjög slæmt, hæstv. forseti, og ég vona þá í öllu falli að þessari umræðu ljúki ekki áður en hæstv. dómsmrh. kemur úr leyfi sínu og getur komið hér og tekið þátt í umræðunni og mælt fyrir því frv. sem honum mun vera ætlað að flytja sem hluta af pakka ríkisstjórnarinnar og ég tel það í raun og veru ekki ganga að málin séu þannig tætt í sundur að þessir hæstv. ráðherrar verði ekki hér að einhverju leyti viðstaddir umræðuna að þeir geti svarað spurningum. Ég skal fallast á að ljúka ræðu minni núna í þessari umferð og leggja þá mínar spurningar fyrir hæstv. heilbrrh. þegar hann kemst til fundar eða einhvern tíma síðar en ég tel að alveg nauðsynlegt sé að fá það fram og í raun og veru eðlilegt að á því væri byrjað að fá þá einhverjar upplýsingar um stefnu hæstv. ríkisstjórnar í þessum málum. Ég tel að hún hafi ekki af svo miklu að má hvað frammistöðu snertir á þessu sviði að á það sé bætandi að hún ætli að enda feril sinn með því að *reyna að troða þessu í gegnum þingið.* Hæstv. heilbrrh., þeir hafa víst verið fleiri en einn í þessari ríkisstjórn, þeir hafa reynst skammlífir sumir og hæstv. núverandi var að koma á heimaslóðir á nýjan leik við *svona misjafna hrifningu þjóðarinnar* að endurheimta hann sem heilbrrh. í það starf. Eftir stendur það að ég man nú ekki til þess að það hafi verið mikið aðhafst eða gert sem tíðindum sætir á þessu sviði í tíð ríkisstjórnarinnar nema ef það á að vera þetta, að þetta eigi að vera minnismerki um stefnu ríkisstjórnarinnar í áfengisvarnamálum að afnema einkarétt ríkisins til sölu og dreifingar á áfengi í tengslum við hið opinbera átak um að stöðva unglingadrykkjuna. Það væri öllu nær, hæstv. forseti, að við værum að fjalla um einhverja áætlun eða tillögu frá hæstv. ríkisstjórn, til að mynda hæstv. heilbrrh., um aðgerðir í þessum efnum þar sem menn væru til að mynda að ákveða að ráðstafa einhverjum umtalsverðum fjármunum í sérstakt átak á þessu sviði og menn stæðu hins vegar saman um að verja rétt Íslands til þess að reka sjálfstæða löggjöf eftir okkar þörfum og á grundvelli okkar viðhorfa og þeirra sem ríkt hafa og annars staðar á Norðurlöndunum í gegnum þykkt og þunnt og menn sneru þá bökum saman um að láta þá fyrr dæma það fyrirkomulag ólöglegt en gefa það upp fyrir fram. Einhver verkefni verða þessir fínu dómstólar þarna að hafa.

Fróðlegt væri, hæstv. forseti, að heyra svo betur um það frá hæstv. ráðherrum hvernig þeir hafa hugsað sér ef þessi breyting ætti að ná fram að ganga að fylgjast með því fyrirkomulagi varðandi sölu og dreifingu á áfengi sem þá tæki við. Það er nú frægt að Íslendingar eru allra manna duglegastir við að ná sér í umboð fyrir vörur og fleiri tugir heildsala og heildsölufyrirtækja og jafnvel einstaklinga hér á landi sem hafa um-

boð fyrir mismunandi tegundir áfengis. Það er alveg ljóst að ef þessi breyting verður getur hver einasti maður í þessum hópi og allir þeir til viðbótar sem geta þefað úti í löndum uppi einhvers staðar eitthvert merki á áfengi, hafið innflutning á þessum vörum og farið í það að reyna að koma þeim á framfæri við vínveitingastaði, veitingahús og aðra. Við skulum segja að í þessum hópi yrðu um 300 aðilar. Við skulum bara segja það, hæstv. heilbrrh. Og þeir væru akandi um bæinn með sýnishorn af sinni framleiðslu að reyna að koma þessu á framfæri. Hvernig ætlar hæstv. ríkisstjórn að hafa eftirlit með þessu kerfi? Hefur hæstv. ríkisstjórn engar áhyggjur af því að þetta geti orðið svolítið laust í reipunum og erfitt að ná utan um hvernig staðið yrði að framkvæmdinni? Auðvitað er það alveg morgunljóst að menn væru búnir að missa meira og minna öll tök á því að hafa eftirlit með þessu þegar svo væri komið og stigsmunur en ekki eðlis á því að gefa þá bara söluna á þessu endanlega frjálsa og þetta gæti verið hvar sem er á boðstólunum. Það er næsti bær við, það er þannig. Menn verða bara að ræða þessa hluti eins og þeir eru.

Það eru auðvitað sjónarmið út af fyrir sig að ekkert sé hægt að halda utan um þessi mál að þessu leyti og það eigi bara að gefa þetta allt frjálst eins og það er kallað því að alltaf er það nú frelsið sem er mönnum svo ofarlega í huga, líka frelsi til þess að fara sér að voða einhvers staðar. Það er vissulega sjónarmið sem hægt er að hlusta á að í staðinn eigi stjórnvöld að einbeita sér að því að reka grimman áróður gegn misnotkun á þessu sviði og halda uppi öflugri fræðslu o.s.frv. En er þá frammistaða okkar í þeim efnum trúverðug? Höfum við verið að undirbúa akurinn fyrir breytingar af því tagi ef það væri meiningin? Tala tölurnar sínu máli um það? Er það ekki þannig að reykingar eru að stóraukast í skólunum á nýjan leik, hjá þeim aldurshópum sem eru í skólum? Er það ekki þannig að drykkjan er að stóraukast meðal unglinga og færast niður í yngri aldurshópa? Bendir það til þess að við höfum efni á því að slaka á á einhverju sviði þar sem hægt er að hafa eitthvert aðhald og halda utan um þessi mál? Ég held ekki.

Frammistaðan er auðvitað þannig í þessu efni að hún gefur því miður okkur Íslendingum ekki nógu góða einkunn og við höfum að nokkru leyti sannarlega dregist aftur úr hinum Norðurlöndunum, að undanskildum Dönum sem hafa lengi verið á öðru róli í þessu en við, og hafa náð miklum árangri. Auðvitað er engin tilviljun að þar er ástandið verst, þ.e. í Danmörku og í Grænlandi sem er með sömu áfengislöggjöf og Danmörk sjálf og þarf ekki að fara um það fleiri orðum hvernig afleiðingar þess hafa orðið fyrir þá aumingja þjóð.

Ég skora á hæstv. ríkisstjórn að velta því nú alvarlega fyrir sér hvort hún hafi ekki eitthvað þarfara að gera á síðustu vikum þinghaldsins heldur en vera að nudda með þessi mál. Það er alveg ljóst að þetta er mjög umdeild breyting, hæstv. fjmrh., og ég get fyrir mitt leyti hafi það ekki skilist hingað til í ræðu minni lýst mig þegar algerlega andvígan henni og hef mikinn áhuga á því að koma í veg fyrir að hún nái hér fram að ganga svo vægt sé til orða tekið. Ég held að þetta sé ekki neitt framfaraspor sem með þessu væri verið að stíga og mig grunar að svo verði um fleiri þingmenn og þá fer þetta að verða spurning fyrir hæstv. ráðherra og hæstv. ríkisstjórn hvort ekki sé hægt að sameinast um það að reyna að gera eitthvað sem þarfara megi teljast. Við vorum til að mynda að ræða um mál áðan sem væri miklu æskilegra og þýðingarmeira að gera ef við gæfum okkur tíma til að vinna vel í því. Það varðaði tilhögun á innheimtu þungaskatts á olíu og það er svo um fleiri mál sem hér liggja fyrir þinginu að það væri æskilegt þó margt sé misjafnlega gáfulegt sem hefur verið flutt á þessum vetri, sérstaklega frá hæstv. ríkisstjórn auðvitað, þá er innan um og í bland margt sem væri þarft og áhugavert að kæmist fram á þessum skamma tíma sem er til stefnu. Ég vil segja kost og löst á þeim hlutum og hef lýst mig samþykkan ýmsu, þar á meðal þessu síðasta frv. sem var hér til umræðu en ég get ekki undir nokkrum kringumstæðum fallist á að það sé eitthvert forgangsmál eða brýnt eða þarft að nuddast áfram með þetta í fullkominni andstöðu við alla þá aðila í landinu sem eru að sinna áfengis- og vímuvarnastörfum, í andstöðu við heilbrigðisstéttirnar, í andstöðu við starfsmenn Áfengis- og tóbaksverslunarinnar og í andstöðu við marga þingmenn hér sem ég hygg að eigi eftir að koma í ljós. Okkur væri því náttúrlega fyrir bestu að ná saman um það að víkja þessu máli út af dagskrá sem allra, allra fyrst. Út af fyrir sig er allt í lagi að það fái að fara til nefndar því að það er náttúrlega sjálfsagt réttlætismál í sjálfu sér ef tíminn leyfir og vinnst til að málið fái þinglega meðferð. Sem betur fer var skynsemin hinu gagnstæða yfirsterkari í dag og í frægri atkvæðagreiðslu var það samþykkt að umdeilt mál fengi þó í öllu falli þinglega meðferð og ég ætla svo sannarlega ekki að fara að leggjast gegn því í þessu tilviki þó að ég sé algerlega andvígur málinu og mun þess vegna greiða því atkvæði að það fari til 2. umr. og nefndar, mér dettur ekki annað í hug. En það felur ekki í sér að ég sé að samþykkja það, að sjálfsögðu ekki, að fallast á innihald þess.

Það er svo væntanlega hér næst á dagskránni, hæstv. forseti, fylgifrv. þessa máls sem út af fyrir sig var ekkert óeðlilegt að tengist í umfjölluninni því að í kjölfar afnáms einkaleyfis Áfengis- og tóbaksverslunarinnar, sem hér er verið að leggja til og þarf reyndar þó fyrst og fremst að taka í gegn með breytingu á áfengislögum, koma breytingar sem verður að gera á tilhögun þessara mála. Þá er ljóst að það er ekki lengur hægt að taka allar tekjur og alla álagningu á áfengi inn í gegnum rekstrarhagnað Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins eins og gert hefur verið og hefur í raun og veru verið afar einföld aðferð til þess að skattleggja þessa vöru að á hana hefur verið lagt hátt gjald sem Áfengis- og tóbaksverslunin innheimtir við sölu og skilar svo í formi hagnaðar í ríkissjóð og er einfalt og skilvirkt fyrirkomulag sem ég veit ekki til að neinir meinbugir hafi verið á. Þetta er að sjálfsögðu ekki hægt ef tugir eða hundruð einkaaðila færu að annast

um dreifingu þessarar vöru. Ekki yrði nú auðfenginn í ríkissjóð hagnaðurinn af þeirra atvinnustarfsemi hygg ég enda ætlunin önnur. Menn ætluðu auðvitað út í þetta til þess að græða á því. Þá yrði að nota aðrar aðferðir, sem sagt væntanlega þær að leggja gjald á vöruna við innflutning eða sölu sem skilað væri í ríkissjóð og þar með mundi náttúrlega innheimtumönnum ríkissjóðs fjölga til mikilla muna og ný sveit, vínhöndlararnir, bætast við. Ég sé enga framför í því og get ekki séð að það sé neitt réttlætismál í neinu tilliti, hvorki frá atvinnufrelsislegum sjónarmiðum séð né samfélagslegum viðmiðunum að menn eigi einhvern rétt á því að gera sér þessa starfsemi að féþúfu. Öðru *nær finnst mér það vera heldur svona ógeðfellt*, ég verð að segja það alveg eins og er, heldur ógeðfellt þegar komið er út á þetta svið að það sé yfir höfuð verið að innleiða þar viðhorf og lögmál einkarekstrar í hagnaðarskyni. Og ég er almennt þeirrar skoðunar að í velferðarkerfinu og á viðkvæmum sviðum eins og þessum eigi slík sjónarmið ekki heima, starfsemi sem beint er rekin í þágu samfélagsins vegna slíkra viðfangsefna eða þegar um er að ræða vandasamt jafnvægi af þessu tagi þar sem menn hafa út af fyrir sig orðið sammála um að á því sé ekki stætt eða menn telja það ekki samrýmast nútímalegum viðhorfum eða hvernig það skal nú orðað að banna notkun þessarar vöru en á hinn bóginn viðurkennt í flestum samfélögum heims að um þá notkun verða hins vegar að gilda *strangar reglur þá má segja að við séum á ákveðnu* gráu svæði með áfengi sem liggi á milli vímuefna sem eru bönnuð, þ.e. hverra notkun er bönnuð, og hins sem ekki er talin ástæða til að hafa sérstakar áhyggjur af þó að í því geti falist einhver óhollusta eða annað því um líkt. Þá held ég að það sé að mörgu leyti skynsamlegasta niðurstaðan að opinberir aðilar hafi þá slíka starfsemi með höndum, enda er nóg annað fyrir athafnasama einkarekstrarmenn að gera og mikið væri það ánægjulegra ef maður sæi þessa orku beinast að því t.d. að finna ábatasama möguleika til útflutnings og aukinnar verðmætasköpunar í landinu heldur en þá græðgi sem manni birtist í baráttu sumra aðila fyrir því að komast inn í atvinnustarfsemi sem tengist því að flytja þessa vöru inn og dreifa henni hér innan lands. Og ef *menn gætu með einhverjum hætti sameinast um* að beisla þá orku í jákvæðari farveg og samfélagslega heppilegri heldur en þetta þá væri það vel til vinnandi.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að hafa um þetta fleiri orð í þessari umferð en ítreka það að ég óska eftir því að umræðunni ljúki ekki fyrr en þeir ráðherrar sem ég hef beðið um komi til umræðunnar þannig að hægt verði að leggja spurningar fyrir þá, hæstv. ráðherra í ríkisstjórninni sem sannarlega fara með mál á þessu sviði, þ.e. annars vegar hæstv. dómsmrh. sem er ástæða til að svari fyrir þetta mál á ýmsa lund, líka hvað eftirlitsþáttinn snertir og fleira þar fram eftir götunum en síðast ekki síst hæstv. heilbrrh. sem ber ábyrgð á þessum málum út frá heilbrigðis- og hollustusjónarmiðum séð. Það er auðvitað alger óhæfa að ljúka þessari umræðu eða í raun og veru halda henni mikið áfram án þess að sá hæstv. ráðherra komi hér til fundar.

[16:53]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Því miður verður ekki hægt að svara öllu því sem kom fram í ræðu hv. þm. en mér sýnist að hérna sé verið að reyna að koma í veg fyrir það að mál fari til nefndar. Það er í fyrsta lagi vegna þess að það er beðið um tvöfaldan tíma í tveimur málum sem eru nákvæmlega á sama meiði þannig að í raun og veru er umferðin fjórföld, það er fjórfaldur tími má segja. Þriðja frv. sem er nákvæmlega sama efnis á svo eftir að ræðast líka. Ætli þar verði ekki tvöfaldur tími þannig að hérna er auðvitað verið að beita tæknilegum *bolabrögðum til* þess að koma í veg fyrir að málið fari til nefndar.

Í öðru lagi vil ég taka fram að það að nefna unglingadrykkju í þessu sambandi hélt ég að væri fyrir neðan virðingu hv. þm. Það vita allir og þeir sem þekkja til þess vandamáls að þar er fyrst og fremst á ferðinni brugg en ekki áfengi sem selt er í Áfengisverslun ríkisins sem veldur mestum usla. Það er engin breyting að eiga sér stað í áfengisstefnu Íslendinga því að smásalan breytist ekkert og gjaldið verði það hátt að það verður ekki um verðbreytingar að ræða.

Þá vil ég geta þess að þrátt fyrir fyrirvara sem gerðir voru á sínum tíma við EES þá hefur dómur fallið út af finnsku einokuninni. Svíar hafa breytt hjá sér og Norðmenn eru líklega að breyta líka þannig að það eru *að verða breytingar hjá þeim þjóðum sem* við höfum sótt fyrirmynd til, stórkostlegar breytingar í þessum efnum án þess að nokkur héraðsbrestur sé þar. Forstjóri Áfengisverslunarinnar hefur tekið þátt í þessu starfi þannig að það er ekkert verið að fara á bak við starfsmenn eða stjórnendur þar og loks við ég segja að dómsmrh. mun að sjálfsögðu koma til leiks þegar hann mælir fyrir sínu frv. Það eru til svo íhaldssöm sjónarmið í þessum efnum og það verða margir hissa þegar maður minnist á að það eru örfá ár síðan að afnuminn var einkaréttur ríkisins af verslun með eldspýtur á sama tíma og menn gátu hvar sem er kveikt kveikjara hér á landi. Og því miður, eins og hér hefur heyrst, virðulegi forseti, þá eru fulltrúar þess tíma enn þá að tala á hinu háa Alþingi.

[16:55]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það kom nú í ljós hvað það hefur upp sig að reyna að ræða málefnalega við hæstv. fjmrh. um þetta efni. Það kom mjög vel í ljós í síðustu orðum hæstv. ráðherra og það er þess vegna ekkert ný lífsreynsla fyrir ræðumann að það hefur svo sem ekki mikið upp á sig að reyna að fjalla með málefnalegum hætti um þessa hluti og þá jafnvel ekki viðkvæm mál af þessu tagi, þegar stráksskapurinn kemur upp í hæstv. fjmrh. og hann talar um rugl og útúrsnúninga og ætlar svo að afgreiða menn á einu bretti með því að öll þeirra röksemdafærsla byggist á einhverjum úreltum sjónarmiðum og tengir það við einkarétt á eldspýtum. Ætli það sé ekki þannig að það sé Sjálfstfl. sem hafi meira og minna verið í flestum ríkisstjórnum áratugum saman og haft meirihlutasamstarf hér á þingi og

samt var þessi einkaréttur með eldspýturnar í lögum þannig að hverjum er það þá að kenna að hann er ekki fyrir löngu afnuminn, hæstv. fjmrh.? Ætli það geti ekki verið að meira að segja hæstv. ráðherra sjálfur hafi verið búinn að sitja ár eftir ár á þingi án þess að hreyfa við þessum eldspýtum og koma svo með svona málflutning inn í mál af þessu tagi er náttúrlega svoleiðis neðan við allar hellur, það er svo ræfilslegt af hæstv. fjmrh. að það tekur engu tali. Það er auðvitað vegna þess að hæstv. fjmrh. þorir ekki að ræða um það sem hér er á ferðinni. Það er verið að reyna að selja mönnum það að hér sé engin breyting á áfengisstefnu Íslendinga að gerast. Það er rangt. Það þýðir ekkert að tala svona. Ef dreifingaraðilum fjölgar upp í fleiri tugi eða hundruð sem hafa rétt til þess að flytja inn áfengi og annast sjálfir milliliðalaust dreifingu þess til allra vínveitingastaða í landinu, þá er náttúrlega þvílíkt endemisrugl að reyna að selja það nokkrum hugsandi manni að í því felist ekki grundvallarbreyting frá núverandi ástandi að það gengur bara ekki upp, hæstv. fjmrh. Og íhaldssemi og íhaldssemi. Það er sérkennilegt að heyra hv. íhaldsmennina sjálfa tala um það sem alveg sérstakt skammaryrði. Er það þá svo að það sé eitthvert ljótasta orð sem til sé í heiminum, það sé íhaldssemi? Ég bið fyrst og fremst um að menn ræði þessi mál með rökum og ég frábið mér útúrsnúninga af því tagi sem hæstv. fjmrh. var með sérstaklega í sínum síðustu orðum. En ég er tilbúinn til að ræða við hæstv. ráðherra með rökum.

[16:58]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef rætt við hv. þm. með rökum, gerði það bæði fyrr og nú. Málið er það að það er engin breyting að verða í verðstefnu á áfengi hér á landi. Smásölustöðum fjölgar ekkert við þetta. Við höfum í dag umboðsmannakerfi, umboðsmenn eru að kynna sínar áfengistegundir nú þegar. Við höfum áfengi fyrirliggjandi á frísvæði en munurinn er bara sá að þar verður ríkið að veita alltaf eitthvert leyfi til þess að taka þetta áfengi út. Þetta hefur verið að breytast annars staðar, í nágrannalöndum okkar, vegna þess að það er ekki lengur á færi ríkisins að vera að velja og hafna hvað Íslendingar eiga að drekka frekar en ríkið á að gera það annars staðar. Það er ekki þar með sagt að það eigi að fara hella áfengi ofan í hvern mann meira heldur en góðu hófi gegnir, það er ekki verið að leggja það til í þessu frv. Það eru útúrsnúningar. Og þegar menn eru að verja þetta gamla „system" þá getur vel verið að þeir verði mjög hrifnir þegar þeir eru sagðir vera íhaldsmenn en kannski hefði átt að nota orðið afturhald þegar ég var að lýsa þeim viðhorfum sem komu fram hjá hv. þm. Ég vil bara benda á að hér er um að ræða breytingu sem er eðlileg breyting. Það er ekkert sjálfsagt að ríkið sjái um alla hluti alla tíð þótt það hafi verið það kerfi sem við höfum búið við. En ég er alveg sammála hv. þm. að við eigum að snúa okkur að því að koma í veg fyrir unglingadrykkju og koma okkur af fullri alvöru í að koma í veg fyrir ofdrykkju hér á landi. Það getum við gert og orðið sammála um en það getum við ekki gert ef menn halda að leiðin til þess sé sú að ríkisvaldið hafi einkaleyfi á því að flytja inn áfengi. Það er engin vörn í því. Það getur meira að segja gefið falskar hugmyndir um það að einhver vörn sé í því af hálfu ríkisins.

[17:00]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er aldrei jafnyndislegt að heyra menn úthúða ríkinu og allt sem ríkis er, eins og þegar þeir eru sjálfir ráðherrar og fara með völd ríkisins og hafa haft mestalla ævi sína framfæri hjá hinu opinbera eins og hæstv. fjmrh. hefur haft. Og auðvitað dálítið furðulegt að menn skuli þvert gegn sannfæringu sinni um hið illa vald samfélaganna, ríkið, vera að kássast upp á það og vinna hjá því. Ég veit ekki til þess að neinn maður hafi neytt núv. hæstv. fjmrh. til þess að vera ríkisstarfsmaður alla sína ævi. Hæstv. ráðherra talar stundum eins og þetta séu ill örlög.

Auðvitað þýðir ekkert að mæla á móti því, hæstv. ráðherra, að þetta er grundvallarbreyting hvað fyrirkomulag snertir. Ríkið annast um dreifinguna í dag. Ríkið jafnar flutningskostnaðinn. Þetta hverfur allt úr sögunni og þessir aðilar fá sjálfir frelsi til þess að fara með þetta um og falbjóða þetta hverjum einasta aðila sem áfengisveitingaleyfi hefur. Það stendur skýrt í frv. og fylgiskjölum eða útskýringum með því þannig að hæstv. ráðherra getur ekki neitað því. Og ég skýt því að í leiðinni, ég fékk þær upplýsingar hér úti í salnum, að það mun hafa verið núv. forstjóri Tryggingastofnunar, fyrrv. hv. þm. Karl Steinar Guðnason, sem frelsaði eldspýturnar en ekki Sjálfstfl. Það var mikið baráttumál Alþfl. um árabil að frelsa eldspýturnar og það hafðist eftir áralanga glímu. En mér er ekki kunnugt um að Sjálfstfl. hafi komið nokkurs staðar nærri því máli. Þetta fer því að verða hið versta mál sem hæstv. fjmrh. var að rifja upp með eldspýturnar.

Varðandi EES-dóminn sem hæstv. ráðherra nefndi áðan þá hélt ég nú að þessi fyrirvari hefði verið settur inn og veit það reyndar að hann var settur inn gagngert til þess að styrkja hugsanlega málflutningsstöðu Íslands ef til dómstólameðferðar kæmi. Það stendur í skýringum með fyrirvaranum sem var lagður fram af Íslands hálfu og hinna Norðurlandanna, að þetta væri gert til þess að styrkja stöðu Norðurlandanna ef Evrópudómstóllinn eða EFTA-dómstóllinn færi í að fella dóma um það hvort þetta fyrirkomulag stæðist samkvæmt samkeppnisákvæðum Evrópuréttarins. Ætla menn þá bara að gefa það upp á bátinn fyrir fram? Má ekki einu sinni láta á það reyna? Hvers konar aumingjaskapur er þetta?

Útbýting þingskjala:

Evrópuráðsþingið 1994, 374. mál, skýrsla Íslandsdeildar Evrópuráðsþingsins, þskj. 603.

Ráðstefnan um öryggi og samvinnu í Evrópu 1994, 373. mál, skýrsla Íslandsdeildar RÖSE-þingsins, þskj. 602.

[17:03]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Þetta frv. sem við erum að ræða,

um að breyta lögum um verslun ríkisins með áfengi og tóbak, er að mínu mati, eins og ýmissa sem hér hafa talað, mjög ótímabært. Það er auðvitað ekki rétt sem hæstv. fjmrh. hefur sagt hér að það verði engin stefnubreyting á þessum málum við þetta frv. og önnur þau sem því munu fylgja, enda er hann ekkert sérstaklega að hugsa um það hvort það verður einhver stefnubreyting. Það er ekki málið því í 1. mgr. í athugasemdum með þessu lagafrv. kemur fram hvað er fyrst og fremst verið að stefna að. Það er í samræmi við fyrirheit í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um að draga úr ríkisumsvifum. Það er einkavæðingarstefnu ríkisstjórnarinnar sem hér er verið að framfylgja fyrst og fremst og það er lítið hugsað um hverjar afleiðingarnar geta orðið.

Ég hygg að það væri rétt að minna á minnisblað frá Starfsmannafélagi ÁTVR, sem barst mér í hendur hinn 6. des. sl., þar sem þeir taka fram ýmis atriði sem þeir óska að verði gerð að umtalsefni þegar þetta frv. verður rætt. Það er þá fyrst til þess að taka þar sem hér er um hæstv. fjmrh. að ræða, sem leggur fram þetta frv., að mér finnst það einnig skjóta nokkuð skökku við þær athugasemdir sem starfsmannafélagið gerir hér, að tekjurnar sem nú eru í hendi í sambandi við Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins muni lækka um 50 millj. kr. Og af því að hæstv. heilbrrh. er einnig kominn í salinn þá mætti kannski minnast á það að hann er að koma á tilvísunarkerfi til þess að spara 100 millj. kr. að hans sögn. En hér ætlar hæstv. fjmrh. að leggja fram frv. sem skerðir tekjur ríkisins um 50 millj. kr. Þannig að það virðist vera að önnur höndin viti ekki hvað hin gerir í þessari ríkisstjórn.

Það eru ýmsar ábendingar sem koma fram hjá starfsmannafélaginu og m.a. það að verið sé að vitna í það að þessa breytingu þurfi að gera vegna EES-samningsins, vegna þess að EES-nefndin hefur úrskurðað í þessa veru, að það verði að breyta þessu. En hins vegar er svo einnig hægt að benda á það að Norðmenn hafa ekkert gert í þessum málum enn þá og eru ekki að gera neitt í því að breyta þessu. Starfsmannafélagið bendir hér á ákveðna lausn um breytingu á einni grein í lögunum sem hægt væri að gera til þess að koma til móts við þennan úrskurð EES-nefndarinnar, til þess að það væri hægt að fullnægja samningi.

Það er því ekki rétt hjá hæstv. fjmrh. að það sé verið að gera þessa breytingu til þess að fullnægja EES-samningnum. Hann er aðeins notaður sem skálkaskjól til þess að koma fram einkavæðingarstefnu ríkisstjórnarinnar.

Ég vildi líka spyrja hæstv. ráðherra að því hvernig hann ætlar að koma fram t.d. einhverri verðstýringu í sambandi við áfengissölu. Nú er það viðurkennt að áfengis- og tóbaksneysla er heilbrigðisvandamál og nýlega lagði hæstv. heilbrrh. fram frv. um tóbaksvarnir þar sem áætlað er að hækka verð á tóbaki á næstu árum um 10% umfram aðrar vörur. Það er m.a. notað í þeim tilgangi að með verðstýringu megi hugsanlega draga úr sölu og notkun á tóbaki. En hefur hæstv. fjmrh. hugsað það dæmi, hvort hann hafi nokkur tök á því að stjórna eða hafa einhverja verðstýringu í sambandi við áfengi, allra síst með því að losa um einkasölu ríkisins?

Eftirlitið hlýtur einnig að verða miklu erfiðara, að hafa eftirlit með því hvort menn eru að selja löglega innflutt áfengi eða ekki. Í dag er t.d. allt áfengi sem selt er veitingahúsum merkt sérstaklega og meira að segja hægt að merkja áfengið hverju húsi fyrir sig. Þetta gerir ÁTVR í dag í samráði við lögreglu og skattayfirvöld og þannig er hægt að fylgjast vel með því hvort smygl eða brugg sé á boðstólnum eða ekki. En það kemur ekkert fram í þessu frv. að þetta eftirlit verði haft því það virðist eiga að hætta öllu slíku eftirliti eftir gildistöku þessa frv., ef það verður að lögum. Það á ekki lengur að merkja áfengi sem er selt veitingahúsum.

Það mætti einnig spyrja að því hver á að fylgjast með því að umboðsmenn selji þá eingöngu til veitingahúsa en ekki til almennra neytenda? Hvernig verður yfirleitt eftirlitið háð eða verður það bara alls ekki neitt?

Það mætti auðvitað halda áfram að tala margt og mikið um einkavæðingarstefnu ríkisstjórnarinnar, en hvað snertir þetta sérstaka mál þá er ekki hægt að komast hjá því að minna á það að um mitt ár 1992 seldi fjmrh. framleiðsludeild ÁTVR og tók þá ákvörðun raunverulega einn og sér eða það þurfti a.m.k. ekki að gera neinar lagabreytingar til þess að hann gerði það. Það hefur hins vegar ekki verið fjallað neitt sérstaklega um þessa sölu annað en að þetta var tekið fyrir í skýrslu Ríkisendurskoðunar sem fjallaði um einkavæðingu og sölu ríkiseigna. Það væri fróðlegt fyrir þingmenn að skoða það sérstaklega í þeirri skýrslu hvaða afleiðingar þessi sala hefur haft fyrir ríkissjóð. Salan á framleiðsludeildinni var boðin út og samið við hæstbjóðanda, en samkvæmt kaupsamningi sem var gerður þá fengust rúmlega 15 millj. kr. án virðisaukaskatts fyrir framleiðsludeildina. Og áður en kaupsamningurinn var gerður þá lá fyrir álit yfirmanns framleiðsludeildarinnar um það að þetta væri of lágt verð. Það álit var virt að vettugi og greinilegt að það átti að selja framleiðsludeildina hvað sem það kostaði, rétt eins og aðrar eignir sem ríkisstjórnin tekur ákvörðun um að selja eða gefa, alveg sama hvort hún fær eitthvað sanngjarnt verð fyrir þær eða ekki.

Í þessum útboðsgögnum komu fram tölur úr framleiðslubókhaldi frá ÁTVR. Fyrir árið 1990 kom fram að framleiðsludeildin skilaði hagnaði upp á tæpar 6 millj. kr. og að auki rúmlega 12 millj. upp í fastan kostnað hjá fyrirtækinu. Eftir söluna tapaði ÁTVR auðvitað þessum hagnaði og situr uppi með fastakostnaðinn við reksturinn. Það er því óhætt að segja að tekjutapið var þarna líklega í kringum 17 millj. kr. og söluandvirðið var í raun og veru þá ekki einu sinni fyrir tekjumissi eins árs. Þannig að þá sjáum við hversu hagstæð salan á þessu hefur verið þar sem salan var ekki nema 15 millj. kr.

Það er því flest á eina bókina lært með þessa einkavæðingarstefnu ríkisstjórnarinnar og sölumál í framhaldi af því.

Ég vil þó fyrst og fremst leggja áherslu á þá breytingu sem hér verður á áfengisdreifingunni, sem ég tel að sé mjög hættuleg. Að breyta því skipulagi sem verið hefur, sem hefur gefið góða raun og hefur orðið til þess að hægt er að fylgjast vel með áfengissölunni. Það er alltaf hægt að vita það hvort um er að ræða áfengi sem flutt er inn á vegum Áfengisverslunarinnar eða hvort hér er um brugg að ræða, enda tekst þá í miklu meira mæli, held ég, að koma í veg fyrir brugg og sölu á því. En með því að opna þetta, þó ekki sé verið nema að opna fyrir innflutninginn, þá tel ég að hér sé verið að fara inn á ranga braut. Ég er ansi hrædd um að hér sé bara verið að opna í hálfa gátt og í framhaldi af því verði síðan smásalan gefin frjáls líka. Við vitum að það er alltaf tilhneiging til þess að halda þessu áfram þegar byrjað er á þessu.

Ég get ekki annað en sagt nokkur orð um það sem hæstv. fjmrh. sagði áðan, að þingmenn vildu viðhalda einokun og hefðu haldið lengi við einokunarinnflutningi á eldspýtum. Ég verð að segja að mér finnst verðmætamat hæstv. fjmrh. nokkuð einkennilegt ef hann leggur að jöfnu hvort innflutningur á eldspýtum er frjáls eða hvort innflutningur á áfengi er frjáls og tel ég þar engu saman að jafna í þeim efnum, um ólík mál er að ræða.

Það er einnig ástæða til þess að gera athugasemd við það að þessi frv. sem eru hér frammi um breytingu á áfengislögum og verslun ríkisins með áfengi og tóbak, sem óneitanlega hanga nokkuð saman, skuli hér komin fram áður en mælt er fyrir breytingu á áfengislögum, nr. 82/1969, því að í þau er vitnað í frv. um breytingu á lögum nr. 63/1969 og nánast ekki hægt að ræða þetta frv. nema í tengslum við breytinguna á áfengislögunum sem fyrirhuguð er í tengslum við þetta. Það er mjög sérkennilega að þessu farið að leggja þessi frumvörp fram til umræðu en áður en mælt er fyrir hinu frv.

Ég tel það einsýnt eins og ég sagði og þarf svo sem ekki að hafa um það mörg fleiri orð að ég tel að ríkisstjórnin sé fyrst og fremst að uppfylla sína einkavæðingarstefnu. Hún hugsar ekki um heilbrigðismál í þessu sambandi. Mundi hún gera það þá held ég að hún færi varlegar í þessar sakir. Það er alveg ljóst að þessi opnun er aðeins undanfari annars meira, á því tel ég ekki nokkurn vafa og ég vara eindregið við því að þessi frumvörp verði afgreidd hér þó að sjálfsögðu verði þeim vísað til nefndar en ég tel að við þurfum ekki að hraða okkur við það að afgreiða þessi frumvörp og ég leggst eindregið gegn því að þau verði afgreidd sem lög frá þessu þingi.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti vill upplýsa að hæstv. fjmrh. er nauðbeygður til að fara héðan kl. 5.30 og því hefur verið farið fram á að þessari umræðu verði þá frestað.

[17:19]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Þetta frv. sem hér liggur fyrir er með þeim hætti að það er full þörf á því að það sé rætt nokkuð rækilega. Hér er satt að segja á ferðinni stóralvarlegt mál sem er eins og hv. þm. Steingrímur Sigfússon rakti skilmerkilega fyrr í dag kannski heilbrigðismál. Það er dálítið sérkennilegt að hafa hér uppi umræðu um þetta mál án þess að hafa viðstaddan hæstv. heilbr.- og trmrh.

(**Forseti** (GHelg): Forseti vill upplýsa að hæstv. heilbr.- og trmrh. er í húsinu og hann mun koma hér.)

Ég þakka hæstv. forseta fyrir. Þetta er fyrst og fremst heilbrigðismál og þannig er það, mér liggur við að segja með flestum síðuðum þjóðum, að heilsufarsvá áfengis er látin ráða úrslitum um það hvernig sölu og meðferð áfengra drykkja er yfirleitt háttað. Stofnun eins og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur fjallað um þessi mál mjög rækilega á þingum sínum og Heilbrigðisstofnun Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin WHO hefur lýst því yfir að neysla áfengis sé meðal alvarlegustu heilsufarsvandamála á Vesturlöndum. Það er nokkuð mikið sagt í raun og veru.

Það liggur einnig fyrir samkvæmt upplýsingum sem teknar hafa verið saman að áfengisvandamál eru hvergi hrikalegri á norðurhveli jarðar en í þeim löndum þar sem ekki er áfengiseinkasala heldur er um að ræða frjálsa sölu á áfengi t.d. í Danmörku og ég tala nú ekki um á Grænlandi. Af þessum ástæðum er það t.d. þannig að Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin sem hefur kjörorðið Heilsa handa öllum árið 2000 telur að megin- og helsta aðferðin til að ná þessu markmiði sé sú að reyna að skera niður neyslu áfengis um 25%. Og það verður að viðurkenna það að þessu miðar mjög hægt en þetta segir engu að síður sína sögu um þann veruleika sem blasir við. Landssambandið gegn áfengisbölinu hefur sent okkur þingmönnum áskoranir og bréf út af þessu máli og ég hef hér í höndum bréf sem skrifað er 12. des. 1994 af Herði Zóphaníassyni, formanni Landssambandsins gegn áfengisbölinu, en Hörður er jafnframt einn af virtustu forustumönnum Alþfl. í Hafnarfirði um áratuga skeið. Ég vil satt að segja nota þetta tækifæri til að inna eftir því ef einhver slíkur mætti heyra mál mitt hvort Alþfl. hafi fjallað um þessar alvarlegu aðvaranir sem hafa komið frá Herði Zóphaníassyni, formanni Landssambandsins gegn áfengisbölinu, og ég spyr vegna þess, hæstv. forseti, að ég hef grun um það og mig rámar í það reyndar úr umræðunni um bjórinn á sínum tíma að það þótti í raun og veru ekkert mjög merkilegt sem kom frá þessum samtökum, Landssambandinu gegn áfengisbölinu eða áfengisvarnaráði og ég man eftir því að þegar við vorum að lesa upp umsagnir frá þessum aðilum, m.a. í þessum ræðustól eða í efri deild þar sem ég átti á sæti, þá töldu menn það ekki mjög mikið innlegg í málið vegna þess að þarna væri um að ræða fólk sem í raun og veru hefði ekki rétta sýn á þennan vanda af einhverjum ástæðum. Ég held að okkur sé skylt að sýna því fólki sem stýrir þessu landssambandi fulla virðingu ekki síður en öðrum landsmönnum og það er einnig rétt að víkja að því í þessu samhengi að það er til lögformleg stofnun sem á að ráðleggja stjórnvöldum í þessum málum. Hún starfar samkvæmt lögum. Það er ekki stofnun eða samtök áhugamanna sem hafa

tekið sig saman og sagt sem svo: Við höfum áhuga á því að berjast gegn áfengisbölinu. Nei, áfengisvarnaráð er annars konar stofnun vegna þess að hún byggist á lögum, hún byggist á ákvörðunum sem teknar eru í þessari virðulegu stofnun.

Nú verður að segja það eins og er að það er eðlilegt að menn ræði nokkuð um hlutverk og vinnuaðferðir áfengisvarnaráðs og ég tel að það ætti kannski að gera það við tækifæri að fara aðeins yfir hina almennu stefnumótun í áfengismálum. Því miður hefur það ekki fengist gert. Meðan ég fór með heilbrrn. skipaði ég nefnd sem hafði það hlutverk að gera tillögur um mótun í stefnu hins opinbera í áfengismálum yfirleitt. Sú nefnd skilaði mjög myndarlegu áliti til páv. forsrh. sem síðar tók við. Það var á árinu 1985 sem páv. forsrh. Steingrímur Hermannsson tók við því áliti og það verður að segja það eins og er að það var ekkert gert með þetta álit. Það var unnið af alls konar fólki. Það var ekki einungis Landssambandið gegn áfengisbölinu, áfengisvarnaráð, sem kom þar við sögu heldur fjöldi annarra aðila eins og fulltrúar allra stjórnmálaflokkanna. Ég held að það sé af þessum ástæðum, vegna þess að við höfum ekki breytt lagastoð áfengisvarnaráðs, sem við verðum hvort sem mönnum líkar það betur eða verr að hlusta á það sem áfengisvarnaráð hefur verið að segja. Áfengisvarnaráð hefur sent frá sér sérstakt bréf vegna þeirra frumvarpa sem voru til umræðu á þessum fundi og þar segir m.a. svo, með leyfi forseta:

„Rökstuddar ástæður eru til að vara við því að tugum eða jafnvel hundruðum innflytjenda verði heimilað að selja áfengi beint til yfir 300 áfengisveitingastaða. Hætt er við að sala ólöglegs áfengis, smyglaðs eða bruggaðs, aukist stórum og það því fremur ef hætt verður að auðkenna þetta vímuefni með nafni ÁTVR. Að sama skapi munu tekjur ríkisins af áfengisgjaldi dragast saman."

Ég hef fylgst með þessari umræðu sem hér hefur farið fram í dag og ég hef einnig lesið þau gögn sem fram hafa komið frá hæstv. ríkisstjórn um þetta mál. Ég hef ekki séð satt að segja að hún svari þessum athugasemdum sem er þó aðeins 1. tölul. í þessum athugasemdum sem okkur bárust með sérstöku bréfi frá áfengisvarnaráði sem dags. er í desember 1994. Er hæstv. fjmrh. ósammála því að það sé hætt við því að sala ólöglegs áfengis, smyglaðs eða bruggðas, aukist stórum ef þessu er sleppt út úr ríkiskerfinu? Hefur hann einhver önnur rök? Aðalrök áfengisvarnaráðs eru þau að þar með verður hætt að auðkenna þetta vímuefni með auðkenninu ÁTVR. Þar með verður í raun og veru ekkert sérstakt landsþekkt og landsviðurkennt auðkenni á þessu sérstaka vímuefni, aðeins það vörumerki ef um er að ræða venjulegt áfengi sem notað er í hverju tilviki.

Síðan segir hér í athugasemd áfengisvarnaráðs að tekjur ríkisins af áfengisgjaldi muni dragast saman. Rökin eru þau að það verði margir aðilar sem verði með þetta. Fjmrh. vísar því á bug og segir að það verði enginn vandi að ná þessu gjaldi. Málið er ekki alveg svona einfalt. Hvað er hæstv. fjmrh. að eltast við mikið af skattsvikum á hverju ári? Hvað er hann að eltast við mikið? Hann er að eltast við 11 milljarða kr. sem vantar í ríkissjóð vegna skattsvika, vegna þess að peningar skila sér ekki í framtölum. Halda menn að það verði eitthvað auðveldara að eiga við tekjur af áfengi ef kannski mörg, mörg hundruð aðilar eru farnir að flytja þetta inn og enn mörg mörg hundruð aðilar farnir að keyra þetta út um allar koppagrundir, m.a. hér í Reykjavík þar sem eru 200–300 áfengisveitingastaðir? Halda menn að það verði eitthvað auðveldara að halda utan um þessi mál? Staðreyndin er sú að það verður dýrara fyrir ríkið að halda utan um þetta og það verður minna sem kemur í kassann. Það er tvöfaldur mínus sem þarna er um að ræða þannig að ég segi fyrir mitt leyti að ef ég væri fjmrh. þó það væri ekki nema bara af þessum ástæðum og burt séð frá heilsufarsástæðunum þá mundi ég víkja þessu máli frá mér vegna þess að hér er um tvöfalt tap að ræða.

Í öðru lagi bendir svo áfengisvarnaráð á það að þetta frv. gengur eins og hér segir í áliti áfengisvarnaráðs þvert á stefnu frv. til laga um áfengisvarnir og aðrar vímuefnavarnir sem Sighvatur Björgvinsson, hæstv. heilbr.- og trmrh., sem nú gekk í salinn, lagði fyrir á Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991–1992. Það frv., stendur hér, var afar vel undirbúið eins og sjá má af greinargerð sem því fylgir, segir áfengisvarnaráð. Ég vil spyrja hæstv. heilbrrh.: Er þetta rétt? Er hann sammála þessari skoðun áfengisvarnaráðs og hvað er áfengisvarnaráð gagnvart heilbrrh.? Áfengisvarnaráð er aðalráðgjafi heilbrrh. í þessu málum samkvæmt lögum. Hvað segir hann um það að þetta frv. gangi þvert á stefnu frv. til laga um áfengisvarnir og aðrar vímuefnavarnir?

Í þriðja lagi segir hér í áliti áfengisvarnaráðs og því verður hæstv. ráðherra að svara líka: „Frv. þetta er í beinni andstöðu við frv. til laga um breyting á áfengislögum, nr. 82 2. júlí 1969, með síðari breytingum, sem núv. félmrh. Rannveig Guðmundsdóttir og Petrína Baldursdóttir lögðu fram á þingi því er nú situr."

(**Forseti** (GHelg)**:** Nú verður forseti að trufla ræðu hv. þm. Um það var talað að fresta þessari umræðu um kl. 5.30 og ég vil spyrja hv. ræðumann hvort hann telur sig eiga mikið eftir af ræðu sinni.)

Nokkuð svo, forseti.

(**Forseti** (GHelg)**:** Verði því ekki mótmælt þá hlýtur forseti að biðja hv. ræðumann að fresta ræðu sinni.)

Má ég kannski spyrja hæstv. forseta hvenær ætlunin er að halda umræðunni áfram.

(**Forseti** (GHelg)**:** Ekki hygg ég að það geti orðið fyrr en þá á morgun eða á næstu dögum.)

Ég geri þá hlé á ræðu minni.

Umræðu frestað.

Matvæli, 1. umr.

Stjfrv., 331. mál (heildarlög). — Þskj. 505.

[17:32]

Viðskiptaráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Frv. það sem ég mæli fyrir er lagt fram á Alþingi í þriðja sinn. Það var upphaflega lagt fram á 116. löggjafarþingi 1992–1993 og þá var það lagt fram til kynningar og sá sem hér stendur lagði það fram. Síðan lagði ég það aftur fram á 117. löggjafarþinginu árið 1993. Þann 1. júní sl. færðust hins vegar málefni er varða hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, þar með talin matvæli, til umhvrn. frá heilbrrn. Frv. er nú lagt fram að nýju að mestu óbreytt, en þó hafa verið gerðar nokkrar breytingar á því með hliðsjón af umsögnum sem bárust til heilbr.- og trn. þegar málið var til meðferðar hjá nefndinni á síðasta löggjafarþingi, auk þess sem gerðar eru nauðsynlegar breytingar á frv. með tilliti til þess að það er nú umhvrh. en ekki heilbrh.- og trmrh. sem fer með yfirstjórn málaflokksins.

Frv. þetta var upphaflega samið af nefnd sem Guðmundur Bjarnason, þáv. heilbr.- og trmrh., skipaði í ársbyrjun 1989 og var nefndinni falið að gera tillögur að nýjum matvælalögum sem áttu að koma í stað laga nr. 24/1936, um tilbúning og dreifingu matvæla og annarra neyslu- og nauðsynjavara, svo og annarra síðar tilkominna laga er tengjast framleiðslu, dreifingu, sölu og eftirlits með matvælum. Nefndinni var sérstaklega ætlað að hafa hliðsjón af löggjöf annarra Norðurlanda og Evrópubandalagsins um matvæli.

Meðan nefndin starfaði urðu miklar umræður um matvælalöggjöf, ekki síst í tengslum við samning um Evrópskt efnahagssvæði, en óvíða hefur hann meiri áhrif en einmitt á þessu sviði. Því var ákveðið að nefndin stæði þannig að málum að frv. til nýrra matvælalaga tæki fyrst og fremst mið af reglum Evrópusambandsins. Frv. sem hér er mælt fyrir gerir það í öllum megindráttum.

Ég sé ekki ástæðu til að fara mörgum orðum um aðdraganda frv., hvað þá heldur um þróun matvælalöggjafar og matvælaeftirlits, en vísa í staðinn til framsöguræðu fyrrv. heilbr.- og trmrh. er þeir mæltu fyrir frv. á 117. löggjafarþingi 21. okt. 1993 og á þinginu þar áður, sbr. 85. mál, þskj. 88 frá 21. okt. 1993. Helstu nýmæli frv. eru:

1. Yfirstjórn matvælalöggjafar er samræmd og eftirlitið verður á vegum þriggja ráðuneyta og stofnana þeirra.

2. Meðferð matvæla á einkaheimilum fellur utan laganna nema þar fari fram framleiðsla matvæla til dreifingar utan heimilisins og er það í samræmi við ákvæði í löggjöf Evrópusambandsins.

3. Ákvæði um þekkingu og fræðslu með tilliti til þess að framleiðendur og dreifendur beri ábyrgð á eigin vöru og að vandað sé til framleiðslu og meðferð þeirra eru ný. Jafnframt er það nýmæli að heimildir eftirlitsaðila til að gera kröfur um heilsufarsskoðun starfsfólks sem starfar við framleiðslu og dreifingu matvæla eru samræmdar.

4. Sett eru ákvæði um sérfæði, m.a. fæðu sem ætluð er börnum og er það í samræmi við ítarlega löggjöf Evrópusambandsríkjanna þar að lútandi.

5. Sett eru skýr ákvæði um ábyrgð eiganda eða umráðanda flutningstækis sem flytur matvæli, en slík ákvæði eru ekki í gildandi lögum og teljast mjög brýn þegar matvæli eru flutt langar leiðir, t.d. með vöruflutningabílum.

6. Ákvæði um umbúðamerkingar eru ítarlegri og taka mið af þeirri áherslu sem lögð er á góðar umbúðamerkingar í löggjöf annarra ríkja og má nefna Evrópusambandslöndin og Bandaríkin í því sambandi.

7. Ítarlegri ákvæði eru um fræðslu til almennings en mikilvægt er talið að ná markmiðum bættrar framleiðslu og meðferðar matvæla með því að auka þekkingu og skilning neytenda.

8. Ákvæði eru um tilkynningarskyldu þegar ný framleiðslutækni er tekin í notkun.

9. Ákvæði er um samræmingu á starfsemi eftirlitsaðila sem miða að því að koma í veg fyrir skörun verkefna.

10. Í frv. gætir nýrra viðhorfa um eftirlit þar sem lögð er áhersla á innra eftirlit framleiðenda og dreifenda, auk þess sem fjallað er um faggildingu.

11. Segja má að gjaldskrárheimildir séu þær sömu fyrir allar þær ríkisstofnanir sem tilgreindar eru sem eftirlitsaðilar í lögunum og er þar skírskotað sérstaklega til ákvæða laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, þar sem fjallað er um gjaldtökuheimildir heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga.

12. Heimildir lögboðinna eftirlitsaðila til afskipta eru samræmdar, enda nauðsynlegt að þessir aðilar starfi á grundvelli sömu heimilda og hafi samráð um aðgerðir. Valdsvið og þvingunarúrræði eru þannig samræmd. Sama gildir um málsmeðferð, úrskurð og viðurlög og skiptir ekki máli hvort eftirlitsstofnun starfar á vegum umhvrn., landbrn. eða sjútvrn.

Ég vil vekja athygli á að eina efnislega breytingin sem hefur verið gerð á frv. frá því það var síðast til umræðu hér, ef frá eru taldar breytingar sem byggjast á umsögnum sem bárust heilbr.- og trn. og tilfærslu málaflokksins milli ráðuneyta, sbr. það sem áður segir, er ákvæði 1. mgr. 15. gr. þar sem fram kemur að matvælaumbúðir skulu merktar með nafni og heimilisfangi framleiðenda eða dreifenda með aðsetri á Evrópsku efnahagssvæði. Er það í samræmi við þær skuldbindingar sem Ísland hefur undirgengist í tengslum við Evrópskt efnahagssvæði.

Virðulegi forseti. Eg hef farið hér nokkrum orðum um frv. til laga um matvæli og leyfi mér að leggja til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og meðferðar í umhvn. Jafnframt vil ég lýsa þeirri skoðun minni að ég tel óþarft að leitað verði umsagna um frv. þar sem þeirra var leitað á vegum heilbr.- og trn. þegar frv. var til umræðu á síðasta Alþingi, enda tel ég að ástæðan fyrir því að frv. náði ekki fram að ganga þá hafi verið sú fyrst og fremst að til stóð tilflutningur málaflokksins milli ráðuneyta. Ég tel mjög brýnt að frv. nái fram að ganga á yfirstandandi Alþingi, enda er um að ræða frv. er tengist samningn-

um um Evrópskt efnahagssvæði er tók gildi um síðustu áramót.

Ég hef lokið máli mínu, virðulegi forseti.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Leigubifreiðar, 1. umr.

Stjfrv., 329. mál (heildarlög). — Þskj. 499.

[17:39]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Með frv. þessu er lagt til að sett verði ný heildarlöggjöf um leigubifreiðar í stað gildandi laga um leigubifreiðar frá árinu 1989. Á síðasta löggjafarþingi var lagt fram frv. til breytinga á lögum um leigubifreiðar en varð ekki útrætt.

Þetta frv. er efnislega svipað hinu fyrra að öðru leyti en því að breytingarnar hafa verið felldar inn í meginmál laga nr. 77/1989 og lagt fram frv. til nýrra heildarlaga um leigubifreiðar. Frv. þetta er samið í samgrn. og leitað hefur verið álits hagsmunaaðila. Tilgangur þess er einkum að gera nauðsynlegar breytingar til samræmis við niðurstöður Mannréttindadómstóls Evrópu vegna kæru leigubifreiðarstjóra á hendur íslenska ríkinu vegna ákvæðis í lögum um leigubifreiðar um félagsskyldu. Dómurinn taldi þau ákvæði fara gegn mannréttindasáttmála Evrópu. Helstu breytingar frv. eru þessar:

Gerðar eru nauðsynlegar breytingar í framhaldi af dómi Mannréttindadómstóls Evrópu og afnumin skylda bifreiðarstjóra til að vera í einu og sama stéttarfélagi á þeim svæðum þar sem heimiluð hefur verið takmörkun á fjölda bifreiða í leiguakstri. Lagt er til að sama regla varðandi hámarksaldur gildi um alla atvinnubifreiðarstjóra sem lög þessi taka til, þ.e. jafnt til fólks-, sendi- og vörubifreiðarstjóra á takmörkunarsvæðum sem utan þeirra og verði í því efni miðað við lok 70 ára aldurs. Í ákvæði til bráðabirgða er lagt til að þeir sem stunda akstur leilgubifreiða við gildistöku laganna haldi atvinnuréttindum sínum óskertum til 1. jan. 1996. Eftir þann tíma rennur heimild allra bifreiðarstjóra sem stunda akstur leigubifreiða samkvæmt lögum þessum út við lok 70 ára aldurs þeirra. Þessi aðlögunartími tekur til þeirra bifreiðarstjóra sem reglan um hámarksaldur hefur ekki þegar náð til.

Samhliða þessu frv. er lagt fram frv. til laga um breytingu á lögum um vöruflutninga á landi og lögum um skipulag á fólksflutningum með langferðabifreiðum. Þau frumvörp mæla fyrir um sams konar reglu hjá bifreiðarstjórum flutningabifreiða og hópbifreiða. Með samþykkt þessara frumvarpa verður í þessu efni komið á jafnræði milli allra þeirra sem stunda akstur bifreiða að atvinnu samkvæmt þessum lögum.

Í 3. gr. frv. er lagt til að allir bifreiðarstjórar í leiguakstri verði að uppfylla sömu skilyrði til að stunda slíkan akstur. Fram til þessa hafa einungis fólksbifreiðarstjórar í leiguakstri á svæðum þar sem takmörkun hefur verið ákveðin þurft að uppfylla slík skilyrði.

Allir fólksbifreiðarstjórar í leiguakstri verða að uppfylla skilyrði þessi til að fá útgefið atvinnuleyfi. Sama gildir um alla sendi- og vörubifreiðarstjóra sem stunda leiguakstur.

Skilyrði þau sem hér er kveðið á um eru efnislega í samræmi við 8. gr. laganna. Þau eru einnig í samræmi við þau skilyrði sem sett hafa verið öðrum bifreiðarstjórum í framhaldi af aðild Íslands að samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði, sbr. lög um skipulag á fólksflutningum með langferðabifreiðum og lög um vöruflutninga á landi.

Í 4. gr. frv. er fjallað um heimildir til að takmarka fjölda leigubifreiða, en þetta á við um fólksbifreiðar í leiguakstri, vörubifreiðar og sendibifreiðar. Þróun mála hefur orðið misjöfn eftir því um hvaða flokk bifreiða er að ræða. Nú er í gildi takmörkun á svæðum fimm fólksbifreiðarstjórafélaga, 28 vörubifreiðarstjórafélaga og þriggja sendibifreiðarstjórafélaga.

Í 4. gr. frv. er miðað við að ákvæði um heimild til takmörkunar verði efnislega samhljóða gildandi ákvæðum 5. gr. laganna og samgrn. verði heimilt að takmarka fjölda allra leigubifreiða. Verði slík takmörkun ákveðin er miðað við að um hana gildi II. kafli laganna verði frv. þetta að lögum.

Fjöldi fólksbifreiða í leiguakstri er nú takmarkaður á fimm stöðum á landinu, á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum, Akureyri, Ísafirði og Selfossi. Takmörkunin er framkvæmd með útgáfu atvinnuleyfa til einstakra leigubifreiðarstjóra sem sérstakar umsjónarnefndir annast. Þetta atvinnuleyfakerfi hefur nú staðið í áratugi og er orðið mjög fast í sessi.

II. kafli frv. er í meginatriðum í samræmi við IV. kafla gildandi laga að öðru leyti en því að uppsetningu kaflans hefur verið breytt. Þá er það nýmæli að allir fólksbifreiðarstjórar í leiguakstri þurfi atvinnuleyfi. Fram til þessa hafa einungis verið gefin út atvinnuleyfi á þeim svæðum þar sem heimiluð hefur verið takmörkun á fjölda bifreiða en utan þeirra hefur ekki verið krafist sérstaks leyfis, hvorki frá samgrn. né viðkomandi sveitarstjórnum.

Í 1. mgr. 5. gr. frv. kemur fram sú grundvallarregla að allir bifreiðarstjórar sem stunda leiguakstur fólksbifreiða þurfa til þess atvinnuleyfi. Eins og áður hefur komið fram hafa slík atvinnuleyfi aðeins verið gefin út á takmörkunarsvæðum. Þetta tekur þó ekki til þeirra bifreiðarstjóra sem leysa leyfishafa af tímabundið samkvæmt reglum um það. Þeir bifreiðarstjórar þurfa hins vegar eftir sem áður að uppfylla skilyrði laganna. Byggt er á því að svokallaðar umsjónarnefndir úthluti atvinnuleyfum þar sem kveðið hefur verið á um takmörkun á fjölda bifreiða, en utan þeirra fari eftir reglugerð sem samgrn. setur.

Í ákvæði til bráðabirgða er þeim sem stunda leiguakstur fólksbifreiða þar sem ekki hefur verið kveðið á um takmörkun á fjölda bifreiða veittur kostur á að uppfylla skilyrði laganna og sækja um atvinnuleyfi fyrir 1. jan. 1996.

Í 3. mgr. 5. gr. frv. er kveðið á um það nýmæli að bifreiðarstjórar, jafnt leyfishafar sem launþegar, þurfi að hafa í bílnum skilríki um að þeir hafi heimild til að

stunda leiguakstur með fólk. Tekur þetta ákvæði jafnt til þeirra sem hafa atvinnuleyfi á takmörkunarsvæðum sem utan þeira. Þykir þetta horfa til öryggis fyrir þá sem nýta sér þjónustu leigubifreiða.

Í 3. mgr. 7. gr. frv. er lagt til að samgrh. geti falið umsjónarnefnd eða félögum bifreiðarstjóra að setja reglur um undaþáguveitingar og annast framkvæmd þeirra. Hið svokallaða innra eftirlit verði því hér eftir á hendi annars þessara aðila, þar á meðal að fylgjast með að þeir sem aka í forföllum leyfishafa uppfylli skilyrði laga og reglna um leigubifreiðar. Miðað er við að sá aðili sem hefur þetta með höndum geti gert allar nauðsynlegar ráðstafanir til að annast þetta eftirlit og falið það sérstökum eftirlitsmönnum eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð. Jafnframt eiga bifreiðastöðvar að hafa eftirlit með að reglum þessum sé fylgt.

Í 2. mgr. 10. gr. er lagt til að samgrh. geti þrátt fyrir ákvæði II. kafla veitt tímabundið og skilyrt atvinnuleyfi til reksturs eðalvagna og til bifreiðarstjóra þegar hann er jafnframt leiðsögumaður samkvæmt reglum sem um það gilda.

Ég sé ekki ástæðu til þess, hæstv. forseti, að rekja frekar einstakar efnisgreinar frv. en vísa til greinargerðar þess. Ég dreg enga dul á að það er uppi mikill ágreiningur um það á Alþingi hvort rétt sé að miða við 70 ára hámarksaldur eða ekki. Eins og lögin eru nú þá mismuna þau bifreiðarstjórum eftir því hvar þeir búa á landinu eða hvers konar bifreiðum þeir aka. Menn mega verða áttræðir þess vegna ef þeir aka, hópferðabifreið, áætlunarbifreið, vörubifreið, sendiferðabifreið eins og nú standa sakir eða aka leigubifreið utan þeirra fimm svæða sem ég áður get um. Auðvitað gengur ekki að mismuna mönnum með þeim hætti og ég er þeirrar skoðunar að Alþingi verði að kveða upp úr um að hvaða reglur eigi um þetta að gilda. Það er öldungis ljóst að ef meiri hluti alþingismanna er með því að nema aldurshámarkið úr lögum þá verður það niðurstaðan og þá verða menn að gera það upp við sig hvaða önnur regla komi til greina. Svo má auðvitað hugsa sér að hverfa aftur í fyrra farið að leigubifreiðarstjórar geti þess vegna orðið 85 eða 90 ára gamlir. Eins og fram kemur í þessu frv. tel ég eðlilegt að miða við 70 ára hámarksaldur og legg það því til.

Að svo mæltu legg ég til að frv. verði vísað til 2. umr. og samgn.

[17:47]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Á síðasta þingi flutti ég ásamt hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni frv. til laga um breytingu á lögum um leigubifreiðar þar sem gert var ráð fyrir breytingu á 10. gr. gildandi laga um leigubifreiðar og um það efni er fjallað í 8. gr. þess frv. sem hér liggur fyrir. Það er sú grein sem fjallar um umsjónarnefnd fólksbifreiða og í greinargerð frv. er sérstaklega farið yfir efni hennar. Þar segir svo, með leyfi forseta:

„Nú eru starfandi umsjónarnefndir fólksbifreiða á þremur svæðum, þ.e. á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Þær eru allar þriggja manna, þ.e. einn frá bifreiðarstjórafélögum, einn frá sveitarfélögum og þann þriðja skipar ráðherra án tilnefningar. Frv. gerir ráð fyrir því að fleiri en eitt félag geti verið starfandi á svæðum þar sem takmörkun á fjölda bifreiða hefur verið heimiluð. Með hliðsjón af því er hér lagt til að hlutaðeigandi sveitarfélag eða sveitarfélög sameiginlega tilnefni einn mann og bifreiðastöð eða bifreiðastöðvar sameiginlega tilnefni einn mann og samgrh. skipi formann án tilnefningar."

Í þeirri brtt. sem við fluttum á síðasta þingi, ég og hv. 4. þm. Norðurl. e., segir svo, með leyfi forseta:

„Hlutaðeigandi stéttarfélag fólksbifreiðarstjóra tilnefnir einn nefndarmann, annan tilnefnir sveitarfélag eða sveitarfélög sameiginlega á félagssvæði og hinn þriðja skipar ráðherra samkvæmt sameiginlegri tillögu viðkomandi sveitarstjórnar eða sveitarstjórna og hlutaðeigandi stéttarfélags fólksbifreiðarstjóra. Nefndin kýs sér sjálf formann."

Eins og menn sjá á þessu þá er munurinn á þessum tillögum sá að annars vegar gerir tillaga ráðherrans ráð fyrir því að það verði viðhaft óbreytt fyrirkomulag þannig að ráðherra ákveði einn og án tillits til annars hver verði formaður í þessari sérstöku nefnd. Í tillögu okkar er gert ráð fyrir því að viðkomandi sveitarstjórn og viðkomandi leigubílstjórafélag þurfi að koma sér saman um það hver þriðji maðurinn er. Ég tel algerlega óeðlilegt að ráðherrann ráði svona málum einn vegna þess að þarna þarf að taka tillit til víðtækari hagsmuna. Hér er verið að úthluta takmörkuðum gæðum og það er alveg greinilegt að á atvinnuleysistímum eins og við upplifum nú er gríðarleg ásókn í þá vinnu að fá leigubílaréttindi og vonlaust eða vonlítið, a.m.k. mjög erfitt, fyrir ráðherra að úthluta þessum gæðum þannig að það sé alltaf sanngjarnt og ég tel að það ætti að vera grundvallaratriði í allri stjórnsýslu að ráðherrar séu eins langt frá því að úthluta takmörkuðum gæðum af þessu tagi og mögulegt er. Nú viðurkenni ég að oft verður það að vera þannig að ráðherra komi að málum af þessu tagi en ég tel að grundvallaratriðið ætti að vera það að ráðherrar séu eins langt frá þessari niðurstöðu og mögulegt er.

Þess vegna nefni ég þetta hér, hæstv. forseti, að ég vil fara þess á leit að þau sjónarmið sem við fluttum í frv. frá í fyrra verði líka rædd í hv. samgn. um leið og þetta frv. frá hæstv. ráðherra. Ég ætla ekki að fjalla um efnisatriði frv. hæstv. ríkisstjórnar að öðru leyti. Ég get þó sagt það varðandi aldurstakmörkunina sem gert er ráð fyrir í ákvæði til bráðabirgða að mér finnst nauðsynlegt að þess sé gætt að ekki sé hægt að halda því fram að það sé verið að taka þessa stétt út úr. Það verður að vera þannig að það gildi svipaðar reglur um þá sem aka leigubifreiðum og þá sem t.d. aka langferðabifreiðum þannig að ekki sé hægt að halda því fram að bílstjórum sé mismunað eftir því hvaða tegund af bifreið þeir taka atvinnu sinnar vegna. Þetta er afar viðkvæmt atriði en þetta er mjög mikilvægt mannréttindaatriði og sanngirnismál og þess vegna hvet ég til þess að það verði rækilega farið yfir það í hv. samgn. um leið og ég þakka fyrir það að málið skuli vera út af fyrir sig tekið hér til meðferðar.

Ég legg á það meginháherslu að þetta atriði með umsjónarnefndina verði skoðað sérstaklega. Það frv. sem

við fluttum á síðasta þingi, ég og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, var flutt í framhaldi af viðtölum við fjöldann allan af leigubílstjórum á Reykjavíkursvæðinu sem voru og eru afar ósáttir við það fyrirkomulag sem verið hefur á úthlutun þessara sameiginlegu gæða sem hér er um að ræða, ekki síst í seinni tíð.

Nú þekki ég út af fyrir sig ekki í einstökum atriðum hvernig þetta hefur verið að undanförnu, ég kann það ekki, þ.e. að hve miklu leyti þetta hefur verið gott eða gagnrýnisvert hjá núv. hæstv. ráðherra. Í raun og veru kemur það málinu ekkert við. Það sem kemur málinu við er að faglegar reglur séu í heiðri hafðar og að þeir sem hér eiga um að véla séu sáttir við leikreglurnar. Það er aðalatriðið og þess vegna nefni ég þetta atriði í þessari umræðu.

[17:54]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér finnst það augljóst að ef samgrn. kemur ekki að umsjónarnefndinni þá hljóti hún að starfa á ábyrgð viðkomandi sveitarstjórnar og þá er auðvitað óhjákvæmilegt að breyta frv. með hliðsjón af því ef sú verður niðurstaðan.

[17:54]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alveg rétt, hæstv. ráðherra, og það er auðvitað mikið álitamál hvað ráðherrarnir eiga að vera að blanda sér í mál af þessum toga eða hvort viðkomandi sveitarstjórnir eiga að hafa með þau að gera eftir einhverjum lögformlegum reglum sem eru settar í samvinnu við félög bifreiðarstjóra. Það er satt að segja fullkomið álitamál hvort ráðherrar eiga að þurfa að vera að garfa í málum af þessu tagi af því að þeir hafa enga aðstöðu til þess að gera upp á milli manna varðandi það hver á að fá réttindi til leiguaksturs og hver ekki.

[17:55]

Björn Bjarnason:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. fyrir að leggja þetta frv. fram í þeim búningi sem það er nú. Ég tel að það hafi tekið stakkaskiptum frá því að málið var lagt fyrir á síðasta þingi og þær breytingar sem gerðar hafa verið á frv. séu mjög til bóta.

Ég vil láta það koma fram, hæstv. forseti, í þessum umræðum að svo er komið málum varðandi þetta mál á vettvangi Evrópuráðsins að hvað eftir annað hefur verið fundið að því við fulltrúa Íslands að Alþingi Íslendinga hafi ekki breytt þeim lögum sem í gildi eru varðandi atvinnuréttindi leigubílstjóra. En dómur féll í *máli sem snertir þessi lög frá 1989 hjá Mannréttinda*dómstólnum og samkvæmt ákvæðum stofnsáttmála Evrópuráðsins ber okkur að laga íslenska löggjöf ef dómar falla á þann veg hjá Mannréttindadómstólnum að það er talið að íslenska löggjöfin brjóti í bága við mannréttindasáttmála Evrópu og það var talið í þessum dómi sem féll á árinu 1993. Það er því má segja komið í eindaga fyrir okkur hér að afgreiða þetta mál og búa þannig um hnúta varðandi þessa löggjöf að hún standist almennar kröfur sem settar eru í mannréttindasáttmála Evrópu sem við höfum þar að auki lögfest hér á landi.

Á síðasta þingi þegar þetta mál kom fram flutti ég brtt. við frv. varðandi aldursmörk og rétt manna til þess að aka leigubifreiðum. Í þessu frv. hefur þessum ákvæðum verið nokkuð breytt. Þar er fallið frá þeirri mismunum sem er í gildi í þeim meingölluðu lögum sem enn gilda um þetta mál varðandi atvinnuleyfi eftir búsetu manna og var mismunandi eftir búsetu hvort menn misstu leyfið við 70 ára aldur eða ekki. Áður en hin meingölluðu lög, sem enn eru í gildi voru sett á árinu 1989, var það regla í íslenskum lögum að menn gátu haldið atvinnuleyfinu til 75 ára aldurs.

Í fyrra þegar þetta mál var til umræðu, sem klárðist ekki eins og við vitum enda hefði þetta frv. ekki þurft að koma fram ef við hefðum lokið málinu á síðasta þingi, kom fram brtt. varðandi aldursákvæðin frá sjálfstæðismönnum í samgn. Alþingis. Í ljósi þeirrar brtt. og umræðna sem fram hafa farið um þetta mál þá hef ég ekki flutt brtt. að þessu sinni en ég lít þannig á að ákvæðin um aldursmörkin muni koma til afgreiðslu í þingsalnum eftir að samgn. hefur fjallað um þetta mál. Ég vona það að hún muni skoða málin með svipuðum hætti og fram kom í nefndinni á síðasta þingi þar sem brtt. sem fram kom frá nefndarmönnum gekk út á það að atvinnuleyfið í raun féll ekki úr gildi fyrr en við 75 ára aldur enda uppfylltu menn ákveðin skilyrði sem nefnd eru í brtt. Ég hefði kosið að hæstv. ráðherra hefði tekið mið af þessu í frumvarpssmíð sinni núna og orðað lokamálsgrein 7. gr. á þann veg að atvinnuleyfið félli úr gildi við lok sjötugasta og fimmta árs aldursleyfishafa og hefði talið það vera í góðu samræmi við það sem gilti allt fram til þess að þessi óheillalög voru sett árið 1989 sem hafa orðið okkur til vansæmdar á alþjóðavettvangi þar sem þau brutu í bága við mannréttindasáttmála Evrópu.

Nú er fyrir mannréttindanefnd Evrópu kæra út af þessum lögum frá 1989 vegna þess að ýmsir leigubílstjórar telja að í lögunum hafi falist óbærileg mismunun vegna þessara aldursákvæða sem enn eru í gildi. Það hefur ekki verið tekin afstaða til þessarar kæru af annréttindanefnd Evrópu en niðurstöðu í því máli ætti að vera að vænta nú má segja á næstu vikum. Ef *mannréttindanefndin kæmist að þeirri niðurstöðu* að málið sé þess eðlis að ástæða sé til að höfða mál fyrir Mannréttindadómstólnum yrði það í annað sinn sem mál kæmust fyrir þann dómstól vegna þessara óheillalaga eins og ég leyfi mér að kalla lögin frá 1989.

Ég tel sem sé, hæstv. forseti, nauðsynlegt að áður en þetta mál er afgreitt frá þingi verði tekin afstaða til þess hvort þessi aldursmörk eigi ekki að verða eins og þau voru fram til 1989 og það hljóti að koma hér til álita og það hljóti að koma til álita í nefndinni sem um þetta mál fjallar enda fjallaði hún um málið í fyrra og gerði ákveðnar brtt. í því efni.

[18:01]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Það verður að segjast eins og er að það er afar slæmt að þetta mál skuli ekki koma fram fyrr á þessum vetri. Það er mjög skammur tími til loka þingsins og þessi mál hafa legið fyrir og menn hafa þekkt þetta vandamál sem er aðalundirrótin að því að

þessar breytingar eru hér til umræðu. Auðvitað hefði verið full ástæða til að taka á þessum málum þó ekki hefði sú ástæða komið til. Ég er á þeirri skoðun að það aldurstakmark sem verið er að innleiða hjá bílstjórum sé í sjálfu sér ekki samræming á atvinnuréttindum eins og menn vilja vera að láta. Það er auðvitað hægt að tala um alls kyns sambærileg réttindi eins og það að aka bílum, langferðabílum, leigubílum eða vörubílum. Ég tel að það þurfi að taka samræmt á þessum hlutum þannig að allir sem stjórna atvinnutækjum sem eru hættuleg og þarf sérþjálfun og sérpróf til að stjórna eigi að sitja við sama borð. Það er mín skoðun að það eigi að koma á möguleikum til þess að taka hæfnispróf sem þessir aðilar geti tekið ef þeir vilja halda áfram að nýta sína þekkingu og vilja vinna lengur en aldurstakmark sem þarf að setja segir til um. Ég held að út af fyrir sig geti menn miðað við 70 ára aldurstakmark ef það er mögulegt að fara í hæfnispróf fyrir þá sem vilja halda áfram að starfa.

Mér finnst það óásættanlegur hugsunarháttur að dæma menn frá því að sinna störfum við 70 ára aldur. Það eru margir í fullu fjöri og hraustir á þeim tíma og þó þjóðfélagið í dag sé kannski þyrst eftir atvinnutækifærum vegna atvinnuleysisins þá hefur það ekki alltaf verið svo og vonandi verður það ekki alltaf svo. Þess vegna tel ég að menn eigi að skoða þessi mál betur. Ég tel hins vegar að úr því sem komið er þá verði samgn. að gera hrið að því að reyna að klára þetta mál og koma því frá fyrir þinglokin til þess að sú óvissa sem er núna verði ekki áfram. En ég segi það með þeim fyrirvara að ég tel að það eigi að taka þessi mál til áframhaldandi skoðunar. Ég ætla ekki að fara að ræða þetta mál efnislega meira að þessu sinni. Ég lýsi því bara yfir vegna þess að ég á sæti í samgn. að ég vil gjarnan starfa að því að þessu máli verði lokið fyrir þinglok, hvort sem ég verð ánægður með niðurstöðu málsins eða ekki einfaldlega vegna þess að það þarf að létta þessari óvissu. Ég segi það með þeim fyrirvara sem ég endurtek að menn muni síðan í framhaldinu taka á því að skoða þessi mál heildstætt. Þá er ég ekki að tala eingöngu um þá hópa sem eiga hlut að máli í þeim frv. til laga sem núna liggja fyrir heldur alla sem nýta eða eru með sérstök próf eða sérstaka þjálfun til að starfa með hættuleg tæki. Það er ekki fyrr en þá sem búið er að gera mönnum jafnhátt undir höfði hér á hv. Alþingi.

[18:05]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er verið að mæla fyrir frv. til laga um breytingar á lögum um leigubifreiðar. Þar sem ég á sæti í hv. samgn. finnst mér rétt að nefna það hér að á síðasta þingi var mikið rætt um þessi mál en raunverulega var því vísað til þessa þings sem nú er yfirstandandi að taka frekar á málinu. Það eru uppi ýmis sjónarmið í því hvort miða skuli við 70 ára aldurstakmark í sambandi við rétt til að aka leigubifreiðum og öðrum atvinnubifreiðum eða hvort sú skoðun hafi meira fylgi að menn gangi undir hæfnispróf eftir 70 ára aldur. Við höfum hlustað á nokkra þingmenn ræða þessi mismunandi sjónarmið. Ég verð að lýsa þeirri skoðun minni að ég tel að leigubifreiðastjórar þurfi að sætta sig við svipuð lögmál og gilda á hinum almenn vinnumarkaði, að menn hætta störfum að öllu jöfnu um 70 ára aldur. Hvort hægt er að skoða það sérstaklega að einhverjar undanþágur séu gefnar er ég svo sem opin fyrir að skoða í því sambandi en ég held þó að 70 ára aldurstakmarkið í þessu eins og öðrum starfsgreinum sé það sem eigi að gilda.

Hér hefur nú verið mælt fyrir fyrsta frv. en fyrir liggja þrjú frv. sem eru sama eðlis, þ.e. að það gangi eitt yfir leigubifreiðastjóra og síðan einnig langferðabifreiðastjóra og vöruflutningabifreiðastjóra. Það er einmitt það sem vantaði á síðasta þingi að þetta væri rætt í samhengi, rætt heildstætt út frá því að sama gilti fyrir og gengi yfir alla. Þess vegna lýsi ég yfir ánægju með það að þessi þrjú frv. skuli hafa komið fram öll í einu. En það er mjög leitt til þess að vita að þau skuli ekki hafa komið fram fyrr því það hefði vissulega þurft mikla umfjöllun um þetta. Það þarf að fara vel og rækilega yfir þetta mál og hlusta á sjónarmið þeirra sem málið snertir og gefa sér til þess góðan tíma. Ég held að það verði orðinn lítill tími til þess að gera þetta á þann hátt sem æskilegt er því ég tel að þetta sé mál sem þarf að skoða mjög vel. Að öðru leyti ætla ég ekki að tjá mig um þetta á þessu stigi málsins þar sem ég hef aðstöðu til þess í hv. samgn.

[18:09]

Björn Bjarnason:

Hæstv. forseti. Ég vildi fá leyfi til að taka til máls að nýju vegna þess að misskilja mátti orð mín áðan þegar ég talaði um aldursmörkin eins og þau voru fram til laganna 1989. Það hefði mátt skilja þau þannig að þá hefði verið hámark 75 ára aldur en lagaákvæðin fram til 1989 voru á þann veg að ekkert aldurshámark var í lögum. Vildi ég leiðrétta þetta þannig að það væri ekki misskilningur um þetta atriði. Það sem gerðist árið 1989 var að það voru sett inn í lögin ákvæði um 75 ára hámarksaldur varðandi nokkra menn en meginreglan síðan mótuð sú að eftir að það tímabil rynni út þá yrði hámarksaldurinn 70 ár. Mitt meginerindi í þessar umræður er það að ég tel að þessi 70 ára regla sé ekki einhlít í þessu efni og menn geti ekki litið á þessa atvinnu eins og hverja aðra því hér er um sjálfstæðan atvinnurekstur að ræða og mætti frekar líkja þessu við störf sjálfstæðra kaupmanna eða bænda. Spurningin er fyrst og fremst hvort viðkomandi einstaklingar séu hæfir til að stunda þessi störf frekar en að hægt sé að tala um að þeir eigi að lúta sömu reglum og þeir sem eru í fastri vinnu hjá atvinnurekendum.

Það meginsjónarmið tel ég að við megum ekki hundsa þegar við ræðum þetta og veltum þessu fyrir okkur. Menn geta komið með ýmis rök fyrir því að setja 70 ára aldursmörkin. Ef þau lúta að öryggismálum og umferðaröryggi þá höfum við umferðarlöggjöfina sem mælir fyrir um það hvaða skilyrði menn þurfa að uppfylla til þess að geta stundað akstur. Það er hægt að nálgast þetta mál með ýmsum hætti og ég hvet hv. samgn. til að gera það.

Varðandi tímamörkin þá held ég að þetta mál sé það ítarlega kannað og rætt og sjónarmið skýr og glögg

orðin að ef vilji stæði til að klára málið núna fyrir þinglok þá væri það vel unnt og mundi ekki skaða málið neitt efnislega og formlega tel ég mjög brýnt að þetta mál klárist á þessu þingi vegna stöðu okkar gagnvart Evrópuráðinu þar sem ýtt er á það að við uppfyllum þær skyldur sem okkur ber samkvæmt sáttmála þess. Fyrir okkur sem gamalgróið lýðræðisríki er mjög mikilvægt finnst mér gagnvart því samstarfi öllu að það verði ekki unnt að saka okkur um að draga úr hömlu að gera lagabreytingar vegna ábendinga frá Mannréttindadómstólnum. Evrópuráðið hefur verið að stækka mjög mikið og þar eru nú 34 ríki, mörg nýfrjáls ríki og ríki sem eru að feta sig áfram á lýðræðisbrautinni og fyrir einstaklinga þar skiptir mjög miklu máli að unnt sé að benda á hollustu eldri ríkjanna við ákvæði mannréttindasáttmálans og þær reglur sem þar hafa verið settar. Ég vildi síður sjá Ísland notað sem skálkaskjól fyrir einhverja sem vilja skirrast við að laga lög sín að þessum grundvallarsáttmálum sem snerta mannréttindi og lýðréttindi í Evrópu allri.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fólksflutningar með langferðabifreiðum, 1. umr.

Stjfrv., 332. mál (aldurshámark bifreiðarstjóra). — Þskj. 514.

[18:13]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Þetta frv. er flutt til samræmis við hið fyrra frv. sem fjallar um aldurshámark leigubifreiðarstjóra. Það þarf ekki að fara mörgum orðum um það að sömu rök hníga að því og ekki síðri að bifreiðarstjórar á langferðabifreiðum, hvort sem við tölum um langferðabifreiðar eða hópferðabifreiðar, þurfa að vera á góðum aldri, a.m.k. ef þeir aka að vetrarlagi milli fjórðunga og ekki síður ástæða til að fara gætilega í þeim efnum varðandi hæfni bifreiðarstjóra og aldur þegar um slíkan akstur er að ræða.

Ég vil minna á að auðvitað eru það ekki aðeins hagsmunir bifreiðarstjóranna sem koma að þessum málum heldur einnig þeirra sem eru farþegar og almennt öryggi í umferðinni.

Hæstv. forseti. Ég legg til að málinu verði vísað til 2. umr. og samgn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vöruflutningar á landi, 1. umr.

Stjfrv., 333. mál (aldurshámark bifreiðarstjóra). — Þskj. 515.

[18:15]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Hér er hið þriðja frv. sem að hluta til lýtur að hinu sama að aldur bifreiðarstjóra sem aka í atvinnuskyni skuli bundinn við það að þeir verði ekki eldri en 71 árs og skal ég ekki rekja það. Því til viðbótar er það að segja að með lögum um vöruflutninga á landi, nr. 47/1994, voru settar reglur sem nauðsynlegar voru í framhaldi af aðild Íslands að samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði. Í þeim lögum er fjallað um vöruflutninga á milli landa innan Evrópska efnahagssvæðisins og svokallaðra gestaflutninga. Með gestaflutningum er átt við heimild til að stunda vöruflutninga innan lands í öðrum aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins. Þau lög mæla hins vegar ekki fyrir um sérstakt leyfi til flutninga íslenskra aðila hér á landi með flutningabifreiðum.

Í 2. gr. frv. er lagt til að leyfi þurfi til að stunda vöruflutninga hér á landi á sama hátt og til að stunda flutninga milli landa innan Evrópska efnahagssvæðisins og gestaflutninga.

Verði þetta frv. að lögum verða þeir sem stunda vöruflutninga með flutningabifreiðum að afla sér leyfis og uppfylla skilyrði laganna um óflekkað mannorð, fjárhagsstöðu og starfshæfni. Það eru sömu skilyrði og nú gilda um hópbifreiðarstjóra og lagt er til að gildi um leigubifreiðarstjóra. Ég sé ekki ástæðu til að rekja efni frv. frekar og legg til að því verði vísað til 2. umr. og samgn. og vil taka undir orð Björns Bjarnasonar, hv. 3. þm. Reykv. um að það er mjög brýnt að þessi mál verði afgreidd á þessu þingi. Það eru skiptar skoðanir um efnisatriði en ágreiningurinn liggur ljóst fyrir og er skýr þannig að Alþingi ætti að geta látið hendur skipta um það hver niðurstaðan verður. Ég legg til að málinu verði vísað til 2. umr. og samgn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 9., 11. og 12. mál.

Fundi slitið kl. 18:18.

---

89. FUNDUR

miðvikudaginn 8. febr.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Refsiákvæði nokkurra skattalaga, stjfrv., 319. mál, þskj. 484. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Vörugjald af olíu, stjfrv., 337. mál, þskj. 534. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Matvæli, stjfrv., 331. mál, þskj. 505. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Leigubifreiðar, stjfrv., 329. mál, þskj. 499. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

5. Fólksflutningar með langferðabifreiðum, stjfrv., 332. mál, þskj. 514. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

6. Vöruflutningar á landi, stjfrv., 333. mál, þskj. 515. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

7. Málflytjendur, stjfrv., 89. mál, þskj. 89, nál. 605, brtt. 598 og 606. — 2. umr.

8. Atvinnuréttindi vélfræðinga, stjfrv., 315. mál, þskj. 459, nál. 615. — 2. umr.

9. Samsettir flutningar o.fl. vegna EES, stjfrv., 251. mál, þskj. 294, nál. 616 og 617. — 2. umr.

10. Lánasjóður íslenskra námsmanna, frv., 283. mál, þskj. 355. — 1. umr.

11. Stjórn fiskveiða, frv., 292. mál, þskj. 384. — 1. umr.

12. Einkanúmer á ökutæki, þáltill., 345. mál, þskj. 566. — Fyrri umr.

13. Mat á jarðskjálftahættu og styrkleika mannvirkja á Suðurlandi, þáltill., 346. mál, þskj. 568. — Fyrri umr.

14. Framleiðsla og sala á búvörum, frv., 362. mál, þskj. 588. — 1. umr.

15. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 363. mál, þskj. 589. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:
Einar K. Guðfinnsson, 3. þm. Vestf.,
Halldór Blöndal landbrh.,
Jón Helgason, 2. þm. Suðurl.,
Sólveig Pétursdóttir, 6. þm. Reykv.,
Össur Skarphéðinsson umhvrh.

Aðalmenn taka sæti á ný:
Gunnlaugur Stefánsson, 5. þm. Austurl.,
Kristín Ástgeirsdóttir, 15. þm. Reykv.

Útbýting þingskjals:
Sjúkraliðar, 386. mál, stjfrv., þskj. 620.

Athugasemdir um störf þingsins.

Umfjöllun allshn. um þáltill. um embættisfærslu umhverfisráðherra.

[13:31]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það eru tíðindi í störfum þingsins hér dag hvern. Í gær máttu menn upplifa þá stund að stjórnarliðið reyndi að kom í veg fyrir að mál fengi þinglega meðferð en sem betur fer var það sjónarmið undir og máli því sem um var að ræða, skipun rannsóknarnefndar vegna starfa umhvrh. í tilteknu máli, var vísað til allshn. Það mál var tekið fyrir í allshn. í morgun og enn á ný tókst stjórnarliðinu að brydda upp á nýjungum í þingstörfum með því að koma þar í veg fyrir að nefndin gæti tekið málið fyrir að efni til og fjallað um það. Áður en umræða hófst um málið í nefndinni var lögð fram tillaga starfandi formanns nefndarinnar, varaformanns Alþfl., þar sem segir að nefndin hafi fjallað um málið. Fjórir nefndarmenn, allir fulltrúar stjórnarandstöðunnar, komu fram með óskir um gögn til þess að fá upplýsingar um það mál sem við áttum að fara að athuga. Enn fremur komu fram óskir um aðila til viðtals við nefndina svo menn gætu kynnt sér það mál sem okkur hafði verið með ákvörðun þingsins falið að athuga að efni til. Formaður nefndarinnar, starfandi formaður, varaformaður Alþfl., neitaði þeim óskum. Hann neitaði óskum fjögurra nefndarmanna um gögn og hann neitaði öllum óskum nefndarmanna um menn til viðtals. Að þeirri neitun frágenginni var samþykkt með atkvæðagreiðslu að taka málið út úr nefnd fullkomlega að óathuguðu máli.

Virðulegur forseti. Ég vil mótmæla þessum störfum og vænti þess að forseti hafi bein í nefinu til þess að sjá til þess að stjórnarliðið komist ekki upp með að lítilsvirða þingræðið dag eftir dag með störfum sínum af þessu tagi.

[13:34]

Pétur Bjarnason:

Virðulegi forseti. Það hefur verið lærdómsríkt fyrir mig sem nýliða hér á þingi þó ég hafi verið varaþingmaður í nokkur ár að sitja hér í vetur og fylgjast með ýmsum málum sem ég held að séu kannski ekki lýðræði og þingræði til framdráttar. Ég vil nefna fyrst það sem við fengum að reyna fyrr í vetur að einn þingmanna, hæstv. forsrh., bar fram frávísunartill. á vantraust á hans eigin störf sem er fáheyrt og hitt var kannski enn þá fáheyrðara að sú tillaga var samþykkt af meiri hluta þingheims. Í gær fengum við annað dæmi um þetta þar sem hefðir og venjur þingsins um ár og áratugi voru brotin með því að gerð var tilraun til þess að fella mál eftir fyrri umr. í stað þess að vísa því til síðari umr. og þinglegrar meðferðar eins og allar hefðir og venjur standa til. Síðan eins og kom fram áðan, í morgun var fundur í allshn. þar sem mál var tekið fyrir sem að mínu mati fékk ekki venjubundna og þinglega meðferð. Það hafði verið rætt um það við mig og ég veit um fleiri minnihlutamenn að veita þessu máli brautargengi. Ég féllst á það í þeirri vissu að málið fengi venjulega meðferð í nefnd, þar yrðu lögð fram einhver gögn í málinu og við fengjum svolítið meiri vitneskju heldur en áður. Það er það sem alltaf hefur viðgengist.

Hins vegar eins og að málinu var staðið þá gat ég ómögulega fallist á þessa meðferð málsins.

Ég hef verið mjög efins um þessa tillögu hvort ég ætti að samþykkja hana eða fella. Hins vegar finnst mér öll framganga í þessu máli vera þannig að ég er hreinlega farinn að efast um það hvort hérna geti verið einhver þau mál á bak við sem þurfi að skoða betur önnur eins ofurámersla og lögð er á að koma þessu máli í gegn án venjulegrar meðferðar.

[13:36]

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Innan allshn. hafa að jafnaði ríkt frekar fagleg vinnubrögð og fjallað hefur verið um mál þar jafnvel þó að það séu aðeins einn eða tveir nefndarmanna sem telja að mál þurfi ítarlegri umfjöllun. M.a. eru dæmi þess innan allshn. að mál sem þegar hefur verið afgreitt á einu þingi út úr nefndinni með

meiri hluta, að vísu ekki hinum hefðbundna meiri hluta heldur meiri hluta stjórnarandstöðu og nokkurra stjórnarþingmanna hafa verið tekin til efnislegrar umfjöllunar við endurflutning ári síðar þrátt fyrir að umfjöllun sé lokið og að sjálfsögðu hefur verið orðið við slíku. Nú bregður hins vegar svo við í morgun að það er ekki hvað sem reynt er hægt að fá lágmarks efnislega umfjöllun um það sem nefndinni er ætlað að gera og ber skylda til að gera samkvæmt þingsköpum. Því er einfaldlega vísað á bug og í krafti meiri hluta er knúið í gegn að málið sé afgreitt úr nefndinni án þess að nefndin vinni sitt verk sem henni er ætlað að gera og ber skylda til að gera. Þetta er algjörlega forkastanlegt. Það kom fram á fundi nefndarinnar í morgun að þetta hefði ekki þurft að verða til þess að tefja þetta mál á nokkurn hátt og það var ekki vilji neins. En það er einfaldlega eitthvað annað sem er verið að stöðva ef málið þolir ekki að það sé fjallað efnislega um hvort rök séu fyrir því að samþykkja þessa tillögu eða fella. Þar af leiðandi sé ég mig knúna til þess að gera alvarlegar athugasemdir við störf þingsins.

[13:38]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Virðulegi forseti. Sá málatilbúnaður sem hér er viðhafður af hendi hv. þm. sem gert hafa athugasemdir við störf allshn. frá því í morgun er á misskilningi byggður. Algjörum misskilningi byggður. Ég vil minna þingheim á að sú tillaga sem var til umfjöllunar í allshn. laut að því hvort þinginu bæri að kjósa sérstaka nefnd sem skoðaði tiltekin embættisverk umhvrh. Í tillögunni var ekki ráð fyrir því gert að þessi fastanefnd þingsins, allshn., viðhefði þessa athugun og enda kom það aldrei til greina. Það var sérstök nefnd sem átti að fara til þeirra starfa og þingheimur mun væntanlega taka afstöðu til þess máls í kjölfar síðari umræðu um málið. Verkefni allshn. var að taka afstöðu til þess hvort ástæða væri til að kjósa slíka nefnd, ekki að vinna það verk sem þessi nefnd átti að vinna. Um það var fjallað í nefndinni í ítarlegri umræðu, á klukkutíma löngum fundi í morgun. Niðurstaðan var einfaldlega sú með lýðræðislegum hætti að meiri hluta nefndarinnar taldi ekki ástæðu til þess að kjósa slíka nefnd og lætur það fylgja í sínu nál. Hér er þinglega að farið og í alla staði eðlilega og ég vil minna hv. þm. á sem hér hafa talað að gaumgæfa áður en lengra er haldið um hvað þetta mál snýst og um hvað þessi till. til þál. snerist. Hún snerist ekki um það að allshn. færi í þessa athugun og rannsókn heldur um að taka til þess afstöðu hvort slíka rannsókn ætti að hefja af hendi þar til kosinnar nefndar.

[13:40]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Maður er alveg gjörsamlega gáttaður á þeim hlutum sem hér eru að gerast og þá ekki síst á ræðu hv. síðasta ræðumanns. Ég hef aldrei áður í minni þingsögu heyrt formann nefndar tala með þeim hætti sem hér var gert um innihald og efni starfa í þingnefnd. Ég spyr að því í fyrsta lagi, hæstv. forseti, hvers konar fordæmi er eiginlega verið að gefa hér um það með hvaða hætti menn fara með naumasta meirihlutavald til að mynda í þingnefndum? Ég sé ekki annað en með sama fordæmi geti stjórnarmeirihluti á hverjum tíma rifið ágreiningsmál í gegnum nefndir á einum sólarhring ef honum sýnist svo og látið lönd og leið öll ákvæði um að nefndir skuli vinna eins og þeim er ætlað að málum. Þannig að mér finnst að hæstv. forseti, forsn. og formenn þingflokka verði auðvitað að koma saman og ræða það hvað hér er að gerast. Þessi vetur er að verða alveg dæmalaus hvað snertir umgengni meiri hlutans hér við þingræðið. Það gerist sá fáheyrði atburður fyrir skömmu síðan að vantraustsstill. er vísað frá. Hún er ekki tekin fyrir og afgreidd með eðlilegum hætti. Í gær leggur hæstv. forsrh. það til að þingmáli sé synjað um þinglega meðferð en sem betur fer var það fellt. En hvað gerist þá? Degi síðar er sú atkvæðagreiðsla í raun og veru ómerkt vegna þess að sá vilji meiri hluta þingsins kom fram í gær að þetta mál fengi þinglega meðferð. Það er náttúrlega enn meira hneyksli í ljósi þess að um það fór fram mjög hörð atkvæðagreiðsla hér þar sem meiri hlutinn óskaði eftir því að málið færi til nefndar og fengi þar skoðun með eðlilegum hætti milli umræðna. Það fólst í niðurstöðunni í gær. Þannig að ég sé ekki annað en með vinnubrögðum sínum í morgun í nefndinni sé þessi fimm manna hópur hv. stjórnarliða að reyna að taka sér það vald að hafa að engu niðurstöðu meiri hlutans í gær því það er auðvitað gjörsamlega vonlaust mál að halda því fram að það sé eðlileg umfjöllun um þingmál sem hér var lýst áðan af hálfu þeirra sem frá því greindu hvernig þetta gekk fyrir sig. Algjörlega útilokað mál. Ég held að hv. starfandi formaður nefndarinnar verði að athuga sinn gang og er nú kannski ekki með reyndustu mönnum hvað þingstörf snertir í því hlutverki til þess að vera að útlista það fyrir öðrum hvernig eðlilegt sé að þetta gangi fyrir sig. Það er sem betur fer löng hefð og löng reynsla fyrir því að ákveðnum lágmarksskilyrðum varðandi málsmeðferð og skoðun á málum er fullnægt þar sem unnið er með eðlilegum hætti að þingstörfum.

Ég óska eindregið eftir því, hæstv. forseti, að hæstv. forseti beiti sér fyrir fundi um þetta mál þar sem formenn þingflokka eða forsn. eða þeir aðilar komi saman og ræði það sem hér hefur gerst og þá með það í huga að sjálfsögðu að þessu verði snúið við. Málið tekið aftur í nefndinni og fái þar eðlilega skoðun milli umræðna.

[13:44]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég heyrði ekki upphaf þessarar umræðu, var á leið af fundi til þingfundar, en heyri að það hefur gerst að það mál sem vísað var af meiri hluta þingsins til allshn. í gær hefur verið rifið þar út af meiri hluta og þingviljinn í raun að engu hafður sem fram kom í gær. Svo þegar formaður allshn., hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson, er að rökstyðja þessa málsmeðferð þá er það ekki með þeim hætti að það renni stoðum undir þetta því hann orðaði það svo hér áðan að verkefnið hefði verið fyrir nefndina að meta hvort ástæða væri til að kjósa slíka nefnd en ekki að vinna það verk sem þessi nefnd ætti að vinna. Þetta var

það sem hv. þm. sagði efnislega um þetta. Þetta er hárrétt, auðvitað var það verkefni allshn. að meta það hvort það ætti að kjósa nefndina en það verk hefur ekki verið unnið ef ekki er fallist á að átta sig á því hvort ástæður væru til þess efnislega að setja slíka rannsókn af stað með því að samþykkja tillöguna og kjósa rannsóknarnefnd. Það er eins og hér kom fram með þessari málafylgju verið að koma í veg fyrir það með öllum ráðum að farið sé ofan í málsmeðferð hæstv. umhvrh. á þessu máli. Spillingarmál Alþfl. þola ekki dagsljós. Það fer nú að fenna yfir ályktanirnar og áherðinguna frá Alþfl. sem hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson kannast við að það eigi ekkert að fela, allt eigi að koma fram í dagsljósið, nú eigi að taka upp góð vinnubrögð. Ég tek undir þá kröfu, virðulegur forseti, að forsn. þingsins ræði þessi mál með formönnum þingflokka og reyni að tryggja að ekki verði gengið þannig á eðlilega málsmeðferð í þinginu.

[13:46]

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegur forseti. Ég vil leiðrétta það sem fram kom í máli hv. sitjandi formanns allshn. að málið hafi snúist um það í morgun hvort allshn. fari í efnislega umfjöllun um þetta mál. Það kom skýrt fram af minni hálfu í nefndinni að það eina sem ég bað um var að það kæmu aðilar úr tveimur áttum til þess að nefndarmenn hefðu tækifæri til að gera upp hug sinn og hjálpa þeim til að taka afstöðu til þess hvort nauðsynlegt væri að skipa slíka rannsóknarnefnd og hún tæki þessa efnislegu umfjöllun. Annað var ekki beðið um. Þetta var engin ofrausn. Sú klukkustundar umfjöllun eða þriggja kortera umfjöllun sem varð í morgun snerist ekki um málið heldur hvort leyft yrði að fjalla um málið, taka það til meðferðar og þá tillögugrein sem lá fyrir um hvort ástæða væri til að skipa þessa rannsóknarnefnd. Hafi menn þá hugmynd að ekki sé ástæða til að skipa slíka nefnd þá hefði einmitt umfjöllun getað leitt slík rök í ljós. En ég hlýt að skilja það svo að ekki hafi í rauninni verið hægt að sýna fram á það fyrst menn þorðu ekki í slíka umræðu.

[13:48]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Enn einu sinni á þessum vetri erum við að ræða vinnubrögð hér á hinu háa Alþingi. Ég vil minna á að það er eitt af grundvallarhlutverkum Alþingis að veita framkvæmdarvaldinu aðhald. Sú tillaga sem hér var vísað til nefndar í gær snýr einmitt að þessu aðhaldshlutverki Alþingis. Þar var farið fram á það að nefnd kannaði ákveðna embættisfærslu ráðherra. Nú gerist það að í allshn. í morgun er ákveðið að slík skoðun fari ekki fram. Meiri hlutinn komst að þeirri niðurstöðu að ekki væri þörf á því að skipa þessa nefnd ef ég hef skilið málið rétt. Mér finnst að hv. meirihlutamenn í allshn. þurfi að upplýsa okkur um á hvaða forsendu þeir komust að þeirri niðurstöðu. Hvaða athugun á málinu liggur þar að baki? Hvernig geta þeir komist að þeirri niðurstöðu að það þurfi ekki að veita neitt aðhald eða kanna málið í þessu tilviki? Við þurfum að fá þetta upplýst. Hvaða rök liggja hér að baki? Ég beini þeirri spurningu til hv. þm. Guðmundar Árna Stefánssonar sem stýrði þessum fundi í morgun.

[13:50]

Svavar Gestsson:

Virðulegur forseti. Í morgun tók ég þátt í fundi í tveimur þingnefndum. Í fyrri nefndinni, hv. iðnn., afgreiddum við tvö stjórnarfrv. til samþykktar í þessari virðulegu stofnun og afgreiddum að auki til frekari vinnumeðferðar þrjár þáltill. og tvö stjórnarfrv. Í hv. menntmn. var haldinn aukafundur í hádeginu í dag og formaður menntmn., hv. þm. Sigríður Anna Þórðardóttir, ámálgaði það að haldinn yrði enn einn aukafundur seinna í þessari viku.

Við höfum verið að fjalla um fjölda mála í ágætu samkomulagi og samstarfi stjórnar og stjórnarandstöðu. Hv. 6. þm. Reykn. hefur látið etja sér á það forað af hálfu stjórnarliðsins að segja í sundur þennan faglega frið sem hefur ríkt við þingstörfin. Ég harma það að hann skuli beita sér með þessum hætti. Ég tel í rauninni að það sé mjög alvarlegur hlutur og ég hlýt í framhaldi af orðum hans hér áðan að óska eftir því sem þingmaður að formenn þingflokkanna og forsn. Alþingis fjalli um þessi sérstöku vinnubrögð. Vegna þess að ég spyr: Er ætlunin að halda þeim áfram á öðrum vettvangi? Er ætlast til þess af þingmönnum stjórnarandstöðunnar að þeir haldi málum fram með þessum hætti í öðrum nefndum eða hvað? Er ætlunin að innleiða hér á Alþingi Íslendinga kratavinnubrögðin úr bæjarstjórn Hafnarfjarðar sem voru svipuð vinnubrögðum íhaldsins í borgarstjórn Reykjavíkur sem voru reynd hér á Alþingi og brotin á bak aftur fyrir tveimur árum? Ég er sannfærður um að Alþingi Íslendinga kærir sig ekki um það að láta skammta sér vinnubrögð kratanna í Hafnarfirði eins og hér var gert í morgun. Þess vegna er óhjákvæmilegt, hæstv. forseti, að forusta þingsins sýni að í henni sé einhver manndómur og dugur og hún taki fram fyrir hendurnar á mönnum sem vinna með þeim hætti sem meiri hluti allshn. gerði í morgun.

Forseti (Kristín Einarsdóttir):

Nú eru þær tuttugu mínútur liðnar sem heimilt er samkvæmt þingsköpum að ræða um störf þingsins og geta því ekki fleiri þingmenn tekið til máls. (**Gripið fram í:** Það var gott, mjög gott.)

Refsiákvæði nokkurra skattalaga, frh. 1. umr.

Stjfrv., 319. mál. — Þskj. 484.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:53]

Frv. vísað til 2. umr. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EH, EgJ, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GHall, GuðmS, GÁS, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, HÁ, HG, IBA, IP, JE, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, PJ, PBald, PBj, RA, RÓsk, RG, SigG, SAÞ, SJS, SvG, VS, ÞorstP.

16 þm. (DO, EKG, FrS, HBl, JÁ, JHelg, ÓRG, SalÞ, SighB, SP, StG, StB, SvS, TIO, VE, ÖS) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:53]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég tel að það sé sjálfsagður hlutur, þrátt fyrir þau vinnubrögð sem stjórnarliðið hefur innleitt hér í dag og í gær, að styðja það að þetta mál fari til 2. umr. en ég tel óhjákvæmilegt að láta það koma fram að ég tel rétt að málið fái þinglega meðferð. Hef ég þar með sömu afstöðu í þessu máli og því máli sem fjallað var um hér í gær. Ég tel engu að síður nauðsynlegt að það komi fram hver mín afstaða er a.m.k. þannig að hafa megi hana til hliðsjónar þegar menn meta afstöðu og vinnubrögð stjórnarliðsins og þá sérstaklega Alþfl. og meiri hlutans í allshn. Ég styð það með öðrum orðum að málið fái þinglega meðferð.

[13:54]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ef stjórnarandstaðan ætti að viðhafa viðlíka vinnubrögð og við voru höfð af stjórnarliðum í gær þá ættum við að sjálfsögðu að beita okkur gegn því að mál færu á milli umræðna. Það væru eðlileg viðbrögð ef við fylgdum leiðsögn stjórnarliðsins. Þegar það bætist við eins og hefur komið fram að það er aðeins verið að þjóna formi en ekki innihaldi með því að fylgja ákvörðun sem tekin var á Alþingi í gær um að vísa máli til 2. umr. og nefndar og málið síðan rifið út án athugunar þá er verið að innleiða þannig vinnubrögð í þinginu að það hlýtur að bjóða upp á alvarlega árekstra. Til þess að komast hjá því er nauðsynlegt að forusta þingsins taki þegar á þessum málum.

[13:56]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég er sammála því sem hér hefur komið fram hjá fyrri ræðumönnum að það sé að sjálfsögðu rétt og skylt að þetta mál fái eðlilega þinglega meðferð og því sé skynsamlegt að vísa því til 2. umr. og væntanlega hv. efh.- og viðskn. Hins vegar er því miður ástæða til að spyrja hvernig sú meðferð verður. Þannig vill til að þrátt fyrir að stjórnarandstaðan hafi í sínum höndum formennskuna í efh.- og viðskn. þá eru stjórnarliðar þar í meiri hluta. Maður verður auðvitað að spyrja að fenginni reynslu frá því í morgun: Er þess að vænta að forustumenn stjórnarliðsins í efh.- og viðskn. flytji um það tillögu á morgun að þetta mál verði tekið út úr nefnd? Það vill svo til að það er fundur í efh.- og viðskn. í fyrramálið. Það væri alveg eftir vinnubrögðunum hér í morgun að meiri hluti stjórnarliðsins flytti um það tillögu strax kl. 8.15 í fyrramálið að þetta mál yrði tekið út úr nefnd og afgreitt. Ég óska eftir því að ef hv. 5. þm. Norðurl. v., Vilhjálmur Egilsson, sem er varaformaður efh.- og viðskn. og hefur verið oddviti stjórnarliðsins í þeirri nefnd, staðfesti það hér að slíkt standi ekki til.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Vörugjald af olíu, frh. 1. umr.

Stjfrv., 337. mál. — Þskj. 534.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:58]

Frv. vísað til 2. umr. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GHall, GuðmS, GÁS, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, HG, IBA, IP, JE, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, PJ, PBald, RA, RÓsk, RG, SigG, SAÞ, SJS, StB, SvG, SvS, VS, ÞorstP.

17 þm. (DO, EH, EKG, FrS, HÁ, HBl, JÁ, JHelg, ÓRG, PBj, SalÞ, SighB, SP, StG, TIO, VE, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:58]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Það geta greinilega orðið mjög sérkennilegar atkvæðagreiðslur sem hér fara fram á næstunni þannig að mér finnst ástæða til að geta þess við atkvæðagreiðslu eftir 1. umr. um málið að þó ég styðji það að sjálfsögðu að það fari til 2. umr. og umfjöllunar í nefnd þá er ég ekki efnislega sammála öllu innihaldi þessa frv. Ég tel að þó tekið sé á því að breyta þungaskattinum og innheimta hann í olíuverði þá er ekki tekið á því eins og rætt hefur verið um, þ.e. með litaðri olíu. Að öðru leyti ætla ég ekki að fara efnislega út í þetta en ég tel ástæðu til að geta þess hér að ég er ekki efnislega sammála frv. sem ég hér með greiði atkvæði með að fari til 2. umr. og nefndar.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Matvæli, frh. 1. umr.

Stjfrv., 331. mál (heildarlög). — Þskj. 505.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:00]

Frv. vísað til 2. umr. með 51 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EH, EgJ, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GuðmS, GÁS, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, HÁ, HG, IBA, IP, JE, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, PJ, PBald, PBj, RA, RÓsk, RG, SigG, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, SvS, VS, ÞorstP.

12 þm. (DO, EKG, HBl, JÁ, JHelg, ÓRG, SalÞ, SighB, SP, TIO, VE, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til umhvn. án atkvgr.

Leigubifreiðar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 329. mál (heildarlög). — Þskj. 499.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:00]

Frv. vísað til 2. umr. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, HÁ, HG, IBA, IP, JE, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, PJ, PBald, PBj, RA, RÓsk, RG, SigG, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, SvS, VS, ÞorstP.

13 þm. (EKG, GuðmS, HBl, JÁ, JHelg, MB, ÓRG, SalÞ, SighB, SP, TIO, VE, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Fólksflutningar með langferðabifreiðum, frh. 1. umr.

Stjfrv., 332. mál (aldurshámark bifreiðarstjóra). — Þskj. 514.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:01]

Frv. vísað til 2. umr. með 52 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GuðmS, GÁS, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, HÁ, HG, IBA, IP, JE, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, PJ, PBald, PBj, RA, RÓsk, RG, SigG, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, SvS, VS, ÞorstP.

11 þm. (EKG, HBl, JÁ, JHelg, ÓRG, SalÞ, SighB, SP, TIO, VE, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Vöruflutningar á landi, frh. 1. umr.

Stjfrv., 333. mál (aldurshámark bifreiðarstjóra). — Þskj. 515.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:01]

Frv. vísað til 2. umr. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GuðmS, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HG, IBA, IP, JE, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, PBald, PBj, RA, RÓsk, RG, SigG, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, SvS, VS, ÞorstP.

14 þm. (ÁMM, EKG, GJH, HBl, JÁ, JHelg, ÓRG, PJ, SalÞ, SighB, SP, TIO, VE, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Málflytjendur, 2. umr.

Stjfrv., 89. mál (fjárvarsla, starfsábyrgðartrygging). — Þskj. 89, nál. 605, brtt. 598 og 606.

[14:03]

Frsm. allshn. (Guðmundur Árni Stefánsson):

Virðulegur forseti. Nefndin hefur fjallað um mál þetta og flutt brtt. á sérstöku þskj. og einnig gert grein fyrir áliti sínu á þeim sérstaklega og frv. í heild.

Nefndin fjallaði ítarlega um málið og fékk á fund til sín fjölmarga aðila og ræddi ýmsar hliðar málsins.

Í frv. þessu eru lagðar til breytingar sem snúa m.a. að öryggi viðskiptamanna lögmanna. Í fyrsta lagi verði fé viðskiptamanna geymt á sérstökum reikningum, vörslufjárreikningum, og í öðru lagi verði lögmönnum skylt að kaupa starfsábyrgðartryggingar. Talsvert hefur verið rætt um síðarnefnt atriði í nefndinni og í framhaldi af því eru lagðar til breytingar á 2. gr. frv. Enn fremur hefur, í tengslum við vörslufjárreikninga, verið fjallað um samskipti lögmanna og viðskiptamanna þeirra hvað varðar upplýsingar um innheimtufé. Rætt var um hvort hægt væri að koma því við að lögmenn sendu viðskiptamönnum sínum reglulega yfirlit eða tryggðu þeim með öðru móti upplýsingar um stöðu reikninganna. Nefndin lítur svo á að viðskiptamenn lögmanna geti gert samkomulag um að fá slík yfirlit. Og raunar í flestum tilfellum eðlilegir viðskiptahættir að þannig gangi málin fram. Ekki eru lagðar til breytingartillögur um þetta atriði að sinni en bent er á að nú stendur yfir heildarendurskoðun á lögum um málflytjendur og er gert ráð fyrir að þessi atriði, sem nefnd hafa verið hér að framan, verði athuguð frekar við þá endurskoðun.

Lagðar eru til eftirtaldar breytingar á frv.:

1. 2. mgr. 2. gr. verði breytt þannig að lögmönnum gefist tveir kostir til að sinna skyldu um starfsábyrgðartryggingu, þeir geti keypt ábyrgðartryggingu hjá vátryggingafélagi eða lagt fram aðra jafngilda tryggingu að mati stjórnar Lögmannafélagsins. Síðari möguleikinn verður að vera fyrir hendi ef vátryggingafélag telur sér ekki fært að selja lögmanni ábyrgðartryggingu eða ef ekki semst um skilmála slíkra trygginga milli aðila.

Þá er lagt til að Lögmannafélagið hafi í samþykktum sínum um tryggingarskyldu hliðsjón af góðum venjum á sviði vátrygginga og hagsmunum viðskiptamanna lögmanna og er það í ljósi þess að Lögmannafélagið kveður sjálft á um þessi atriði í samþykktum sínum. Í þessu sambandi er bent á að samþykktir félagsins öðlast ekki gildi fyrr en ráðherra hefur staðfest þær, sbr. lokamálslið 1. mgr. 2. gr., og til að tryggja neytendavernd enn frekar hefur verið bætt við 2. mgr. að ráðherra skuli, áður en hann staðfestir samþykktir um tryggingarskyldu, leita umsagnar samtaka neytenda og vátryggingafélaga.

2. Lögð er til breyting á síðari málslið 4. mgr. 2. gr. í samræmi við síðastnefnda breytingu þannig að ráðherra leiti umsagnar þessara aðila áður en hann setur reglugerð, ef til þess kemur.

Lagt er til að frv. verði samþykkt með þessum breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali sem ég gat um áður.

Fjarstödd afgreiðslu málsins voru Anna Ólafsdóttir Björnsson, Eyjólfur Konráð Jónsson, Ingi Björn Albertsson og Kristinn H. Gunnarsson.

Undir nál. rita Sólveig Pétursdóttir, Guðmundur Árni Stefánsson, Pétur Bjarnason, Tómas Ingi Olrich og Jón Helgason.

[14:07]

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Ég vil í stuttu máli fá að mæla fyrir brtt. sem ég hef lagt fram við þetta mál og er á þskj. 598 og er brtt. við 2. gr. þar sem fjallað er um vörslufjárreikninga.

Í 2. gr. frv. er svohljóðandi setning, með leyfi forseta:

„Lögmanni er skylt að halda fjármunum sem hann tekur við fyrir hönd umbjóðanda síns aðskildum frá eigin fé. Skulu þeir varðveittir á sérstökum reikningi, vörslufjárreikningi."

Ég hef leyft mér að gera svohljóðandi brtt. við þennan þátt þar sem eftir þessari setningu sem ég var að lesa, komi eftirfarandi setning:

„Yfirlit yfir stöðu vörslufjárreiknings skal sent umbjóðanda í upphafi hvers mánaðar."

Þetta tel ég eðlilegt að lögmenn geri. Þeir eru að gæta fjármuna sem umbjóðendur þeirra eiga og ég tel að þeim eigi að vera skylt að senda þeim lista eða yfirlit, hreyfingarlista, yfir þann reikning sem þeir geyma. Meginrök lögmanna gegn þessari brtt. voru þau að þarna væri um verulegan kostnað að ræða en undir þær röksemdir get ég ekki tekið enda sjá allir í hendi sér hvert umfang slíks yrði. Hér er um að ræða annað hvort afrit af útskrift af tékkareikning sem menn þekkja og fá frá sínum banka margir hverjir mánaðarlega eða á þriggja mánaða fresti eftir því hvað menn vilja eða að um bankabók er að ræða. Það sem lögmenn þurfa að gera er einfaldlega að setja bankayfirlitið á ljósritunarvél og skella því í umslag og senda til umbjóðenda sinna.

Ég tel að slíkt sé eðlilegt. Þetta er fjármagn sem umbjóðendurnir eiga og þeir eiga að geta fylgst með hverri hreyfingu sem er á þeirra reikningi og gert þá fyrirspurn og óskað eftir fylgiskjölum með hreyfingum sem þeir verða varir við á þeirra eigin reikningi. Eins og þetta er núna þá hafa þeir ekki tök á að fylgjast með og lögmennirnir hafa heimild til að taka út af þessum reikningi.

Þess vegna hef ég leyft mér að bera fram þessa brtt. Þetta var nokkuð rætt í hv. nefnd eins og fram kemur í nál. Ég vil fá að leiðrétta það sem þar stendur því þar stendur, með leyfi forseta: „Nefndin lítur svo á að viðskiptamenn lögmanna geti gert samkomulag um að fá slík yfirlit." Mér þykir þetta fullsterkt til orða tekið að segja að nefndin líti svo á. Þeir sem undir þetta skrifa eru ekki nema fimm af níu nefndarmönnum þannig að það er hluti nefndarinnar sem lítur svo á. Enda tel ég að nokkrir nefndarmenn muni sjá sér fært að styðja þá brtt. sem ég hér er að mæla fyrir.

Það segir í nál. að nefndin líti svo á að viðskiptamenn lögmanna geti gert samkomulag um að fá slík yfirlit og auðvitað er það rétt. Viðskiptamenn og lögmenn geta gert með sér samkomulag um hvað sem er. En það er ekki það sem þetta snýst um. Þetta snýst um að það sé skilyrt að lögmenn sjái til þess að umbjóðendur geti fylgst með sínum eigin fjármunum inni á þeim reikningum sem heita vörslufjárreikningar og lögmönnum er falið að geyma fyrir umbjóðendur sína. Þetta þykir mér ákaflega eðlilegt og ég skil ekki þá togstreitu sem menn eru tilbúnir að fara út í til að beita sér gegn jafnsjálfsögðum hlut. Ég held að ef þingmenn líta í eigin barm og þeir ættu hugsanlega sjálfir einhverja fjármuni hjá lögmanni þá mundu þeir sjálfir vilja fá að fylgjast með því hvernig með þá fjármuni væri farið. Í mínum huga er þetta mjög eðlileg og sjálfsögð brtt. og hún hefur alls ekki kostnað í för með sér. Ef einhvern þá er hann svo lítill að ég tel að lögmönnum mundi ekki verða sómi að því að leggja hann við það gjald sem þeir annars taka.

[14:12]

Frsm. allshn. (Guðmundur Árni Stefánsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil eingöngu staðfesta það sem hv. þm. Ingi Björn Albertsson nefndi hér að hann kom þessum sjónarmiðum sínum mjög skelegglega á framfæri í nefndinni um upplýsingaskyldu lögmanna til viðskiptamanna sinna. Ég vil árétta að ég nefndi það í minni framsögu að ég teldi það hluta af eðlilegum og venjubundnum viðskiptaháttum lögmanna og umbjóðenda þeirra þar sem sá fyrrnefndi hefði undir höndum fjármagn þess síðarnefnda að upplýsingar af þessum toga væru veittar. Hins vegar varð ekki um það samkomulag í nefndinni að ganga svo langt að skilyrðisbinda það beint eins og brtt. hv. þm. gerir ráð fyrir en undir það tekið í nál. að það sé eitt þeirra atriða sem þurfi að gaumgæfa og skoða mjög rækilega þegar heildarendurskoðun þessara mála nær fram að ganga og verður hér afgreidd.

[14:13]

Ingi Björn Albertsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér þykir það enn undarlegra þegar ég heyri að það þyki þeim eðlilegt sem ekki eru tilbúnir að standa að slíkri brtt. að slík leið sé farin. Mér þykir það enn undarlegra að heyra það héðan úr ræðustól að það sé eðlilegt að fara þessa leið.

Það er nefnilega þannig að það er oft ótrúleg stífni í nefndunum að fylgja brtt. eftir því úr hvaða átt þær koma. Nú er ég alls ekki að beina orðum mínum til hv. síðasta ræðumanns. En það er bara einhvern veginn þannig að tilteknum málum má helst ekki hreyfa við. Þá heyrir maður mjög gjarnan akkúrat þessi tilsvör. Að málaflokkurinn á að fara í allsherjarendurskoðun og þá verður þetta eða hitt tekið þar inn. Þetta eru bara ekki nógu góð rök að mínu viti. Ef menn eru á því að einhver tiltekin tillaga, þessi eða einhver önnur, sé eðlileg, eins og kom fram í máli hv. starfandi formanns nefndarinnar, af hverju í ósköpunum er þá ekki mælt með þeirri brtt.? Ég fæ ekki skilið þau rök að ef eitthvað er eðlilegt þá megi ekki taka það inn af því að

eitthvað eigi að fara í allsherjarendurskoðun. Sérstaklega þegar við erum að tala um jafnlítið mál og þarna er á ferðinni og sérstaklega af því að það hefur verið talað fyrir þessu máli sem sérstöku neytendamáli. Þetta er akkúrat stór liður í neytendavernd, að þeir fjármunir sem neytendur eiga inni hjá lögmönnum að þeir geti fylgst með því dag frá degi hvaða hreyfingar eru á þeirra eigin reikningum með þeirra eigið fé. Það kalla ég neytendavernd.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samsettir flutningar o.fl. vegna EES, 2. umr.

Stjfrv., 251. mál. — Þskj. 294, nál. 616 og 617.

[14:16]

Frsm. meiri hluta samgn. (Pálmi Jónsson):

Hæstv. forseti. Samgn. hefur fjallað um frv. þetta til laga um samsetta flutninga o.fl. vegna aðildar Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu. Nefndin fékk á sinn fund Ragnhildi Hjaltadóttur, skrifstofustjóra í samgönguráðuneyti. Fram kom að frumvarpið felur í sér heimild samgönguráðherra til að fullnægja þeim skuldbindingum EES-samningsins er taka til flutningastarfsemi með setningu reglugerða. Í greinargerð með frumvarpinu eru taldar upp sex gerðir sem staðfesta þarf með reglugerð. Sú sjöunda, reglugerð nr. 1191/69/EBE, sem átti að vera þar á meðal, hefur hins vegar af misgáningi fallið niður og er hún birt sem fylgiskjal með nefndaráliti þessu.

Í nál. meiri hlutans er prentvilla sem ég tel eðlilegt að biðjast velvirðingar á. Þar segir að nefndin leggi til að frv. verði samþykkt. Rétt er að það er meiri hluti nefndarinnar sem leggur til að frv. verði samþykkt með þeirri breytingu að það nái einnig til reglugerðar nr. 1191/69/EBE sem fylgir með nefndaráliti þessu sem fylgiskjal.

Undir nál. meiri hlutans skrifa ásamt mér, Petrína Baldursdóttir, Egill Jónsson, Árni Johnsen, Sturla Böðvarsson, þ.e. fulltúar stjórnarflokkanna í samgn. Minni hlutinn hefur skilað séráliti. Mér þykir rétt að taka fram að það sem valdið hefur því að nefndin varð eigi einhuga um að leggja til að frv. yrði samþykkt eru ekki efnislegar ástæður heldur formlegar. Athugasemdir minni hluta nefndarinnar snúa að því að þeim finnst að of langt sé gengið í því að veita framkvæmdarvaldinu heimildir til setninga reglugerða til að fullnægja gerðum á grundvelli EES-samningsins og má út af fyrir sig taka undir það að þetta er ekki sérstaklega skemmtileg lagasetning. En ég vil taka fram að þetta frv. felur í sér í fyrsta lagi nokkrar heimildir sem geta orðið okkur Íslendingum þýðingarmiklar á sviði flutninga innan landa og á milli landa Evrópusambandsins en þær leggja ekki á okkur kvaðir. Frv. var mjög ítarlega skýrt á fundum nefndarinnar þannig að efnislega veit ég ekki til að sé neinn ágreiningur um efni málsins heldur er ágreiningur um form.

Ég vil einnig greina frá því að þetta frv. er komið í nokkra tímaþröng þannig að mikil nauðsyn er að afgreiða það ef við eigum ekki vegna ákvæða EES-samningsins er að þessari starfsemi lýtur að sæta því að okkar málum þar verði stefnt fyrir dómstól.

Ég skal ekki hafa um þetta fleiri orð, hæstv. forseti, aðeins leggja enn áherslu á að frv. nái afgreiðslu og legg til fyrir hönd meiri hluta nefndarinnar að frv. verði samþykkt í ljósi þeirra athugasemda er nál. fylgja með þá gerð sem nauðsynlegt er að setja reglugerð um og prentuð er sem fylgiskjal með nál.

[14:21]

Frsm. minni hluta samgn. (Jóna Valgerður Kristjánsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. minni hluta samgn. um frv. til laga um samsetta flutninga o.fl. vegna aðildar Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu. Frv. hefur verið til umfjöllunar í samgn. síðustu vikur og er í raun komið í annað sinn til samgn. Á síðasta þingi var einnig flutt svipað frv. sem tókst ekki að klára þar sem mönnum þótti mjög óvenjulegt að Íslendingar þyrftu að samþykkja frv. um flutningastarfsemi sem tæki jafnframt til skipgengra vatnaleiða og járnbrauta o.fl. sem við höfum lítið með að gera á Íslandi þannig að því var vísað til sameiginlegu EES-nefndarinnar. Þar var það skoðað hvort Íslendingar gætu fengið undanþágu frá því að gera sérstakar samþykktir um skipgengar vatnaleiðir og járnbrautir. Skemmst er frá því að segja að menn féllust á að það þyrfti ekki, a.m.k. ekki að öllu leyti. Þó kemur það óbeint inn í þessu frv. Eins og menn hafa séð sem skoðað hafa þetta frv. eins og það liggur frammi er það ekki stórt um sig og segir ekki mikið. Með leyfi forseta, ætla ég að lesa hér hvernig þær tvær greinar eru sem eru efnisatriði frv. 1. gr. er svohljóðandi:

„Tilgangur laga þessara er að fullnægja þeim skuldbindingum sem leiðir af ákvæðum 6. kafla III. hluta samnings um Evrópskt efnahagssvæði um flutningastarfsemi og XIII. viðauka við samninginn og eigi verður skipað í önnur lög."

2. gr. „Samgönguráðherra er heimilt að setja reglugerðir að því leyti sem það er nauðsynlegt vegna skuldbindinga á grundvelli 1. gr."

Þar með búið. Síðan eiga lög þessi að öðlast þegar gildi. Inni í þessu frv. er ekkert um þau efnisákvæði sem setja á reglugerðir um. Aðeins heimild fyrir samgrh. að setja reglugerð á grundvelli skuldbindinga sem við höfum gert vegna EES-samningsins.

Það var oft sagt þegar við vorum að ræða um EES-samninginn að slíkt mundi verða það sem við sæjum í framtíðinni hér á hinu háa Alþingi. Við fengjum inn reglugerðarákvæði sem við yrðum bara að stimpla og þar með væri Alþingi Íslendinga að nokkru leyti orðið óþarft. Við ræddum þetta allmikið í samgn. núna og eins á síðasta þingi og við í minni hluta samgn. getum engan veginn fellt okkur við það að taka það upp á Alþingi að samþykkja slík lög. Þeir lögfræðingar, sem rætt hefur verið við til að skoða þetta frv. eins og það er, eru sammála um að það sé í raun ekki eðlileg afgreiðsla á lögum að koma fram með

lagasetningu af þessu tagi. Vel hefði verið hægt að setja efnisatriði þessara reglugerða í frv. og síðan að gefa út reglugerðir á grundvelli þeirra laga. Það er það sem manni finnst að eðlilegt hefði verið að gera.

Því viljum við í minni hluta samgn. skila eftirfarandi nál.:

„Þessu frumvarpi er ætlað, ef að lögum verður, að veita samgönguráðherra opna heimild til setningar nokkurra reglugerða á flutningasviði til að fullnægja EES-skuldbindingum. Sú lagasetningaraðferð, sem lögð er til í frumvarpinu, er í hæsta máta óeðlileg og til þess fallin að ýta undir það viðhorf sem oft heyrist að Alþingi sé ofurselt framkvæmdarvaldinu og hlutverk þess fremur í ætt við afgreiðslustofnun en löggjafarþing. Mun eðlilegra er að sett verði sérstök lög í hverju tilviki fyrir sig og á grundvelli þeirra verði samgönguráðherra heimilt að gefa út reglugerðir í samræmi við þessar skuldbindingar okkar samkvæmt EES-samningnum. Með skírskotun til framanritaðs leggur minni hluti nefndarinnar til að frumvarpinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar."

Undir þetta skrifa ásamt mér, hv. þm. Jóhann Ársælsson, Guðni Ágústsson og Stefán Guðmundsson.

Á grundvelli þessa nál., virðulegi forseti, leggjum við til að frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar sem hefur það í valdi sínu að gera því efnislegri skil þannig að við getum verið sæmd af því að afgreiða það sem lög hér frá hinu háa Alþingi.

[14:27]

Frsm. meiri hluta samgn. (Pálmi Jónsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tel eðlilegt að gera athugasemd við aðeins eitt í ræðu hv. framsögumanns minni hlutans. Hv. þm. sagði að ekkert í frv. væri um innihald þeirra gerða sem frv. veitir heimild til að settar verði reglugerðir um. Það er ekki í lagatexta en þær sex gerðir sem heimilað er samkvæmt frv. að settar verði reglugerðir um eru skýrðar í greinargerð frv. Sú hin sjöunda sem láðist að taka með við samningu frv. er skýrð í fylgiskjali með nál. meiri hlutans. Þetta er nauðsynlegt að komi alveg skýrt fram og í skýringum við þessar gerðir kemur í ljós að í þeim eru ekki íþyngjandi ákvæði fyrir okkur Íslendinga. En í sumum tilvikum kann það a.m.k. að geta gerst að það sé um að ræða atriði sem varða okkur og okkar fólk miklu ef við tækjum þátt í flutningastarfsemi milli landa og innan landa Evrópusambandsins.

[14:29]

Frsm. minni hluta samgn. (Jóna Valgerður Kristjánsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég deili ekki um það við hv. formann samgn. að það þurfi að gera EES-samningnum skil með þeim hætti að við tökum á okkur ákveðnar skuldbindingar sem við höfum samþykkt að taka á okkur og þurfum að koma yfir í íslensk lög. Við búum við þennan samning í dag og það verðum við að sætta okkur við en við getum gert það á þann hátt að þau lög sem við þurfum að setja í framhaldi af samningnum séu skiljanleg og okkur til sóma. Þó það sé útskýrt hér í athugasemdum með þessu frv. hvaða gerðir er átt við mun það ekki koma til með að standa þegar lögin verða birt. Lögin taka einungis til þess að ráðherra er heimilt að setja reglugerðir. Skýringarnar við það verður ekki að finna í lögunum. Ég ítreka því enn og aftur sem ég sagði áðan: Við getum ekki verið þekkt fyrir það hér á hinu háa Alþingi núna eða í framtíðinni að setja lög sem ekki eru sett í betra lagamál heldur en þetta og við krefjumst þess að það verði breyting á í framtíðinni. Þess vegna leggjum við til að frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Atvinnuréttindi vélfræðinga, 2. umr.

Stjfrv., 315. mál (STCW-reglur o.fl.). — Þskj. 459, nál. 615.

[14:31]

Frsm. samgn. (Pálmi Jónsson):

Hæstv. forseti. Samgn. hefur fjallað um frv. þetta um breytingu á lögum um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum, nr. 113/1984.

Nefndin sendi frv. til umsagnar ýmissa aðila sem málið varða, þ.e. fagfélaga skipstjórnarmanna, Sjómannasambandsins, útgerðaraðila o.fl.

Frv. er samið af nefnd sem skipuð var með bréfi hæstv. samgrh. Halldórs Blöndals, dags. 8. des. 1992. Í nefndinni áttu sæti fulltrúar ýmissa hagsmunaaðila, þ.e. Björgvin Þór Jóhannsson, skólameistari Vélskóla Íslands, Einar Hermannsson, framkvæmdastjóri Sambands ísl. kaupskipaútgerða, Helgi Laxdal, formaður Vélstjórafélags Íslands, Jónas Haraldsson, skrifstofustjóri Landssambands ísl. útvegsmanna, Páll Hjartarson, deildarstjóri hjá Siglingamálastofnun ríkisins, og Sveinn Snorrason hæstaréttarlögmaður, sem jafnframt var formaður nefndarinnar. Með sérstöku bréfi 14. jan. 1993 var einnig Örn Pálsson, framkvæmdastjóri Landssambands smábátaeigenda, skipaður í nefndina og tók hann þátt í störfum hennar.

Helgi Jóhannesson lögfræðingur í samgrn. starfaði með nefndinni og var ritari hennar.

Skemmst er frá því að segja að þessi nefnd, sem sett er saman af fulltrúum allra þeirra aðila sem hér hafa verið nefndir, komst að sameiginlegri niðurstöðu og þær umsagnir sem samgn. bárust gáfu að mati nefndarinnar ekki tilefni til mikilla breytinga. Eftir að hafa rætt málið við ýmsa af þeim hagsmunaaðilum sem hlut eiga að máli og fengið til sín á fundi nokkra af þeim aðilum sem áttu þátt í samningu frv. þá leggur nefndin til að frv. verði samþykkt með þeirri breytingu, að við 6. gr. frv. bætist ný efnismgr., 4. mgr., er orðist svo:

„Skírteinishafi skal hafa skírteinið meðferðis við vélstjórn og sýna það þegar löggæslumaður krefst þess."

Nefndin sem heild leggur til að frv. verði samþykkt með þessari breytingu og ég vil gjarnan geta þess að

fleiri frv. um sambærileg efni liggja fyrir samgn. sem er ætlun nefndarinnar að afgreiða og leita eftir að fái afgreiðslu þessa Alþingis.

[14:35]

Guðmundur Hallvarðsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka formanni samgn. fyrir hans greinargóðu lýsingu varðandi þetta frv., um breytingu á lögum um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum.

Ég tek heils hugar undir það sem kemur fram hér síðast í nál., hvað varðar breytingu við 6. gr., þar sem eðlilegt er að skírteinishafi hafi skírteini meðferðis við vélstjórn og sýni það þegar löggæslumaður krefst þess. Því miður ber allt of mikið á því þá Landhelgisgæslan hefur farið um borð vegna skyndiskoðana á fjölmörgum fiskiskipum hér við miðin, eins og áður hefur komið fram hér á Alþingi, þá hafa menn ekki tilskilin réttindagögn með sér.

Hins vegar vildi ég aðeins geta þess að það kemur mér nokkuð spánskt fyrir sjónir þegar skoðaðar eru hér þær kröfur sem gerðar eru nú til manna hvað áhrærir vélavörslu á hinum smærri bátum. Það er dálítið hjákátlegt að menn kannski á bátum undir 20 rúmlestum, sem hér er gerð krafa til að skuli hafa farið á námskeið og hlotið svokallað atvinnuskírteini, vélgæslumaður, (VM), að eftir námskeið sem haldið hefur verið á vegum vélskóla þá eiga þessir aðilar að hafa þessi svokölluðu réttindi sem eru upp að 300 hestöflum á skipi allt að 20 rúmlestum, sem eru með aðalvél minni en 221 kílóvatt. Nú er það oft svo að þegar sjómenn á þessum minni bátum koma að landi og fara að landa sínum afla þá kemur þar stór völuflutningabíll til að taka við aflanum og vélin í þeim bíl getur verið allt upp í 600 hestöfl. Ekki hafa þeir bílstjórar frekari réttindi en sambærilegum þeim sem þeir hafa þá hlotið hvað varðar meirapróf bifreiðarstjóra.

Síðan er haldið áfram og talað um að menn skuli síðar öðlast og ná sér í meiri réttindi og þá miðað við vélarstærðir. Í frv. er líka komið inn á það að menn öðlast ákveðin réttindi en síðan jafnvel tvöfaldast réttindin miðað við hestaflafjölda vélar eða kílóvött, eins og mælieiningin er nú, þannig að menn öðlast þá aukin réttindi af reynslunni og það er auðvitað vel. Því segi ég það að þeir aðilar sem hér eru á hinum smærri bátum hafa vissulega öðlast líka mikil réttindi hvað varðar þekkingu og reynslu, réttindi kannski af guðs náð.

Ég verð að segja það, virðulegi forseti, að mér finnst, þó ég hafi auðvitað og sé manna sístur til þess að draga úr öryggisþætti sjómanna og vil þann veg sem mestan, þá megum við passa okkur á að ganga ekki svo langt að það sé nánast verið að setja svo ströng og stíf lög gagnvart þessum einyrkjum sem enn stunda sjó og eru enn að reyna að bjarga sér með sjávarfangi að það séu settar slíkar reglugerðir að það sé nánast óviðunandi fyrir þá að sækja sjó. Þetta dæmi sem ég nefni hér er kannski alveg augljóst, að það er ætlast til þess að þeir sem stjórna þessum bátum með 300–400 hestafla vélum skuli hafa tekið allmiklu meiri skóla og þurfi að hafa miklu meiri og lengri reynslu heldur en sá sem kemur niður á bryggju til að sækja aflann á einhverjum trukk sem er kannski með 500–600 hestafla vél.

Þess vegna kom það mér líka á óvart að ég sá ekki í greinargerð að Örn Pálsson, þeirra leiðandi maður smábáta, hafði verið í að semja þetta frv., en því meir kom það mér á óvart hafandi lesið þetta og heyra svo að framsögumaður gat þess að þeir aðilar hefðu hér átt hlut að máli. Þá má kannski segja að þá séu menn aftur komnir á byrjunarreit, þ.e. að fallast á þetta frv. óbreytt, nema með þeim athugasemdum sem hér koma fram frá nefndinni. En samt sem áður, virðulegi forseti, vil ég taka það fram að hér er þó verið að gera aðilum, sem um langan tíma hafa sótt sjó og ekki öðlast þessi réttindi nema af mikilli þekkingu og reynslu, nú er verið að gera kröfu til þeirra að þeir skuli hoppa í skóla og læra kannski það sem þekking þeirra er fyrir á. Mér finnst að hér sé verið að ganga of langt í þessu máli og það er það sem löggjafinn þarf kannski að passa sig fyrst og fremst á að setja ekki svo ströng og stíf lög að nánast óbærilegt er fyrir menn að stunda þennan atvinnuveg.

[14:41]

Frsm. samgn. (Pálmi Jónsson):

Hæstv. forseti. Hv. 16. þm. Reykv. talaði hér og varaði við því að gengið væri of langt með lagasetningu um fyrirmæli og menntunarkröfur og öryggiskröfur, enda þótt hann viðurkenndi jafnframt að slíkar kröfur yrðu að vera, a.m.k. nokkrar til þess að sem allra bests öryggis væri gætt. Ég get í sjálfu sér tekið undir þessi sjónarmið, að Alþingi þarf að gæta sín á því að ganga ekki of langt og stjórnvöld þurfa að gæta sín á því að ganga ekki of langt í kröfum á hendur borgurunum til þess að þeir geti stundað tiltekinn atvinnurekstur. En þau ákvæði frv. sem að þessu lúta eru samin með samkomulagi aðila sem ég taldi hér upp, þar á meðal með aðild fulltrúa frá smábátaeigendum og það var skoðun manna, bæði í samgn. og eins skoðun þeirra aðila sem nefndin átti tal við og sendi málið til umsagnar til, að það væri mjög mikils virði að afgreiða þetta mál. Það var jafnframt skoðun okkar að það væri ekki rétt, úr því að engar sérstakar athugasemdir komu fram varðandi þessi atriði, að Alþingi færi að breyta út af þeim texta sem hér hefur orðið samkomulag um. Því er það tillaga okkar samgn. að málið fari að þessu leyti óbreytt til afgreiðslu við 2. umr. og verði afgreitt þannig frá Alþingi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lánasjóður íslenskra námsmanna, 1. umr.

Frv. SvG o.fl., 283. mál (lánsréttur). — Þskj. 355.

[14:43]

Flm. (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Á þskj. 355 flytjum við þingmenn Alþb. frv. til laga um breytingu á lögum um

Lánasjóð íslenskra námsmanna. Það er breyting sem felur það í sér í stuttu máli sagt að það verði teknar upp samtímagreiðslur námslána að nýju. Hér er í raun og veru á ferðinni mál sem við höfum flutt áður og ástæðan er einfaldlega sú að við teljum að þetta sé alvarlegasti gallinn á gildandi lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna, að nú fá menn ekki greidd lánin fyrir en eftir á.

Það væri kannski fróðlegt fyrir fólk að velta því fyrir sér hvernig það þætti t.d. fyrir alþingismenn ef þeir fengju kaupið sitt á vorin. Ef þeir fengju kaupið sitt á vorin eftir að þing hefði setið allan veturinn. Eða fyrir ráðherra, að þeir fengju kaupið sitt t.d. í lok kjörtímabilsins og þyrftu að taka lán hjá Búnaðarbankanum eða Landsbankanum fyrir framfærslu sinni þangað til kjósendur kvæðu upp úrskurð sinn um það hvort þeir hefðu staðið sig eða ekki. Það gæti líka verið fróðlegt að velta því fyrir sér hvernig þetta kæmi út fyrir aðrar starfsstéttir og hvort aðrar starfsstéttir í landinu mundu sætta sig við það að þannig væri á málum haldið að fólk fengi ekki launin sín fyrr en löngu eftir að vinna væri hafin og sérstaklega með hliðsjón af því að hjá opinberum starfsmönnum a.m.k. er það þannig að menn fá laun sín greidd fyrir fram. Það er auðvitað ofboðslegt hvernig farið er með námsmenn í þessu sambandi í þjóðfélaginu og ég verð að segja það alveg eins og er að ég tel að það sé ótrúlegt hvað menn hafa tekið þessum ósköpum með mikilli þolinmæði vegna þess að hér er náttúrlega um þvílíka kjaraskerðingu að ræða.

Ég hef í sjálfu sér ekki séð útreikninga á því hver kjaraskerðing námsmanna er í tíð núv. ríkisstjórnar, hvað kaupmáttur námslána hefur lækkað mikið í tíð núv. ríkisstjórnar, en ég ætla að fullyrða það hér, virðulegi forseti, að kaupmáttur námslána hefur lækkað miklu meira en kaupmáttur allra annarra stétta sem hafa þurft að búa við kjör frá hinu opinbera. Enda er það kannski ekki að furða, virðulegi forseti, þegar það er skoðað að sá sparnaður sem núv. ríkisstjórn hefur náð í ríkisfjármálum — hvar er hann? Er það þannig að menn hafa verið að skera niður kaup sérfræðinga í læknastétt? Er það þannig að menn hafa verið að skera niður kaup lyfjafræðinga, apótekara, í stórum stíl? Er það þannig að menn hafa verið að skera niður kaup hátekjumanna í stórum stíl? Ónei. Þegar yfirlit Ríkisendurskoðunar um þróun ríkisbúskaparins er skoðað fyrir árið 1991 til áætlunar fyrir 1995 þá kemur í ljós að þeir einu sem hefur verið skorið niður hjá eru ekki þessir aðilar, það eru ekki hátekjuhóparnir — hverjir eru það? Það eru námsmenn og bændur sem hafa orðið að sæta mestri kjaraskerðingu í tíð núv. ríkisstjórnar.

Talan fyrir námsmenn er náttúrlega langhrikalegust, hún er sennilega í kringum 1.000 millj. kr. og segir þó sú tala ekki alla söguna vegna þess að af þeirri námsaðstoð sem menn fá úr Lánasjóði ísl. námsmanna eru námsmenn núna að borga eru vextir til bankanna. Þannig að það sem ríkisstjórnin hefur haft upp úr krafsinu er það að hún hefur verið að fita bankana. Bankarnir taka nú vexti af námsmönnum, verulega fjármuni, sérstaklega og ekki síst banki hv. þm. Guðna Ágústssonar, sem hefur þanist út í tíð núv. ríkisstjórnar og ég verð ekki var við að hv. þm. hafi kvartað undan þeim tekjum Búnaðarbankans. Þannig að það eru hinir fátæku námsmenn sem hafa borgað hundruð millj. kr. inn í bankakerfið og hafa ekki fengið til þess peninga eða stuðning annars staðar frá.

Hér er auðvitað um að ræða alveg ótrúlega stefnu og ríkisstjórnin hefur haldið því fram að með þessari stefnu sé hún að spara í ríkisfjármálum en í raun og veru er hún fyrst og fremst að flytja fjármuni til, frá almanaksári til almanaksárs, af því að þessir fjármunir koma til greiðslu til námsmannanna eftir á þegar þeir hafa lokið sínum námsári með tilteknum árangri.

En bíðum nú við. Er það þannig að þetta hafi kannski mjög lítil áhrif haft? Er það þannig að hér sé um að ræða svo litlar upphæðir að það þurfi ekkert að tala um þær? Skoðum það aðeins nánar.

Á bls. 291 í frv. til fjárlaga fyrir árið 1995 kemur fram hvað framlögin til námsaðstoðar hafa lækkað mikið. Árið 1991 voru þau 2.787 millj. kr. en árið 1995 í fjárlagafrv. voru þau 1.600 millj. kr. Þannig að hér er um að ræða lækkun um u.þ.b. 1.200 millj. kr. á framlögum ríkisins til Lánasjóðs ísl. námsmanna á þessum árum núv. ríkisstjórnar. — 1.200 millj. kr. — Og það er nauðsynlegt að hafa það í huga, hæstv. forseti, að þessir peningar hafa ekki verið notaðir til að auka við háskólann, til að auka við rannsóknir, til að auka við grunnskólann, til að auka við framhaldsskólann, til að auka við endurmenntun og fullorðinsfræðslu. Nei. Þessir peningar hafa ekki verið notaðir til þess vegna þess að allir þessir liðir hafa verið skornir niður. Í heildina tekið hefur menntmrn. verið skorið niður í rauntölum miðað við verðlag frv. til fjárlaga fyrir 1995 — menntmrn. hefur verið skorið niður um liðlega 2 milljarða kr., úr 18,7 millj. í 16,7 milljarða kr. Þetta er veruleikinn sem blasir við, hæstv. forseti. Þannig að það er ekki um það að ræða að þessir peningar sem hafa verið teknir af Lánasjóði ísl. námsmanna hafi farið til þess að byggja upp skólastarf á Íslandi að öðru leyti á þessum tíma.

Og hvar hefur þetta svo komið við, hæstv. forseti? Það er fróðlegt að skoða það og ég er hér með nýjar tölur í þeim efnum sem ég hygg að hafi ekki sést mjög víða áður. Hvernig hefur þetta t.d. komið við námsmenn, sérstaklega í dreifbýlinu — vegna þess að ég tek stundum eftir því að menn taka stundum frekar við sér þegar talað er um dreifbýlið í þessari stofnun heldur en þéttbýli af einhverjum undarlegum ástæðum þó að þetta séu allt sömu Íslendingarnir sem búa í öllu þessu landi. En það er ástæða til að spyrja að þessu sérstaklega með dreifbýlið. Hver er niðurstaðan? Samkvæmt upplýsingum sem ég hef hér frá Stúdentaráði Háskóla Íslands, í bréfi sem var sent fjárln. 22. des. 1994, kemur fram að lánþegum á landsbyggðinni fækkaði um 40% frá því að lögunum var breytt til ársins 1994 — um 40%. Það segir svo í þessu bréfi frá Stúdentaráði Háskóla Íslands, sem ég hygg að fjárlaganefndarmenn hafi fengið, með leyfi forseta:

„Lánþegar utan að landi voru 40% fleiri fyrir breytingar á lögunum um LÍN. Þeim fækkaði úr 1.668 í

1.178 ef Reykjavík og Reykjanes eru tekin út."

Sem sagt, lánþegum Lánasjóðs ísl. námsmanna af landsbyggðinni fækkaði um 40%. Þetta eru athyglisverðar tölur og það eru líka athyglisverðar þær tölur sem birst hafa um kostnað námsmanna við að halda gangandi bankalánunum, en þar er um að ræða kostnað á hverju einasta ári sem fátækir námsmenn þurfa að borga bankakerfinu á Íslandi upp á fleiri hundruð millj. kr. eins og komið hefur fram.

En það er fleira sem liggur hér fyrir í tölum, hæstv. forseti. Það hefur verið athugað hvernig lánþegafjöldinn hefur þróast t.d. hjá barnlausum lánþegum LÍN. Hvernig hefur sá fjöldi breyst?

Árið 1989–1990 voru barnlausir lánþegar hjá LÍN alls 5.234. Þeir voru á síðasta ári 4.113, hafði fækkað um 1.121 á þessum tíma, barnlausum lánþegum hjá Lánasjóði ísl. námsmanna. Ef við skoðum stöðuna á Íslandi sérstaklega þá fækkaði þessu fólki úr 3.549 í 2.883 og ef við tökum námsmenn erlendis þá fækkaði þessu fólki úr 1.685 í 1.230 eða u.þ.b. ¼. Ef við tökum svo lánþega með börn á framfæri þá er talan síst skárri. Þar kemur fram að fjöldi lánþega með börn á framfæri 1989–1990 var 2.283 en 1991, áður en lögunum var breytt, var þessi fjöldi 2.746. Árið 1993–1994 var þessi lánsþegafjöldi kominn niður í 1.823, hafði fækkað um 923 eða um ⅓ bara á árunum 1991–1994. Ef við skoðum fjöldann erlendis í þessu samhengi, lánþegar með börn á framfæri sem eru við nám erlendis, þá kemur í ljós að þeir voru 847 1991–1992, áður en lögin voru sett, en voru í fyrra komnir niður í 583. Ef við tökum lánþega á Íslandi með börn á framfæri þá voru þeir fyrir setningu laganna nákvæmlega 1.900 en eru komnir niður í 1.240. Þeim fækkar um ⅓. Það er því alveg sama hvar er borið niður. Lánþegum úti á landi fækkar um u.þ.b. 40%, í öðrum lánþegahópum fækkar yfirleitt um 25–30%. Þarna er menntastefnan lifandi komin. Vandinn við þetta mál pólitískt er sá að það sést ekki fyrir næstu kosningar eins skýrt og það þyrfti að sjást hvaða afleiðingar þetta hefur af því að afleiðingarnar af niðurskurðinum til menntamála munu auðvitað koma fyrst og fremst fram í verri lífskjörum Íslendinga á næstu öld. Vegna þess að meðan við erum að skera niður peninga til menntamála um 2 milljarða á aðeins fjórum, fimm árum þá eru aðrar þjóðir að gera hvað? Bæta við til menntamála þó þær hafi í raun og veru miklu meira fjármagn fyrir hlutfallslega til menntamála en við.

Eini hópur lánþega hjá LÍN þar sem ekki verður svona gríðarlega mikil breyting eru einstæðir foreldrar, ef maður skoðar tímann 1989–1990 og 1993–1994. En ef maður skoðar t.d. tímann 1991 þá voru einstæðir foreldrar í lánþegahópi LÍN 740, þeir voru í fyrra 430.

Ef við skoðum hópinn sem er í námi hér á landi þá voru þeir 619 áður en lögin voru sett en 345 eftir að lögin voru sett eða í fyrra. Þeim hefur næstum því fækkað um helming.

Ég er ekki í nokkrum vafa um það, hæstv. forseti, að sú ákvörðun ríkisstjórnarinnar að breyta lögunum þannig að námslánin séu ekki greidd fyrr en eftir á er aðalskýringin á þessu svakalega falli. Það er aðalskýringin á þessu svakalega falli þar sem um er að ræða 25–40% fækkun eftir hópum eftir því um hverja við erum að tala. Það er fyrst og fremst sá veruleiki.

Hæstv. forseti. Nú vill þannig til að um þessar mundir gengur yfir sú bylgja — ekki aðeins hér á landi heldur víða erlendis — að menn eru að gera sér grein fyrir því að menntamál borga sig, að skólamál borga sig. Að fjárfesting og framlög til menntamála skila tekjum fyrir þjóðirnar í framtíðinni. Þess vegna eru allar þjóðir í kringum okkur að auka við framlög til menntamála og þær sem standa í niðurskurðinum miðjum hlífa menntamálunum sérstaklega, taka þau algjörlega út úr. Þá ber svo við að núv. ríkisstjórn, sem hefur staðið blóðug upp fyrir axlir í að skera niður framlög til Lánasjóðs ísl. námsmanna á þessu kjörtímabili og til menntamála yfirleitt, áttar sig núna allt í einu á því að það á að fara að kjósa. Þá er lagt þvílíkt ofurkapp á það að þræla í gegn peningalausum frumvörpum um grunnskóla og framhaldsskóla að maður hefur varla upplifað annað eins í nefndum þingsins. Það eru frumvörp, það er ekki einseyringur utan á þeim, það er ekkert nema orð á blaði nema þá helst mínusar. Ólíklegustu menn eru farnir að heimta peninga í skólamál. Þegar ég tala um ólíklegustu menn á ég við hæstv. utanrrh. Það er alveg ótrúlegt hvað sá maður hefur þanið sig á móti framförum í menntamálum um árabil og ævinlega talið sig vita betur en allir aðrir menn um menntamál af því að hann var skólameistari á Ísafirði um skeið af einhverjum ástæðum. Ég veit ekki hverjir sóttu um aðrir en hann lenti í þessu og hann telur sig ævinlega vita betur um skólamálin en allir aðrir menn og þenur sig einlægt um það þegar verið er að tala um þessi mál að þetta þurfi að skera niður og þetta þurfi að lækka og flutti það sem alveg sérstakan boðskap Alþfl. fyrir einhverjar kosningarnar að það þyrfti að skera niður Lánasjóð ísl. námsmanna. Ég hef af því spurnir að það sé ekki aðeins í fyrrv. ríkisstjórn heldur einnig í núv. ríkisstjórn sem hann hafi ævinlega verið með naglaskap þá sjaldan menn leyfðu sér að anda því út úr sér að það þyrfti að hækka eitthvað í menntamálum um svo sem eins og eina krónu, ég tala nú ekki um tvær.

Ég hef sagt frá því áður úr þessum virðulega ræðustól að ég muni gera grein fyrir því í ævisögu minni hvernig þessi ráðherra hagaði sér í umræðum um menntamál í síðustu ríkisstjórn. Það var ótrúlegt. Hann lagðist ævinlega þversum í öllum málum sem snertu menntun og menningu, alveg sama hvað það var. Þetta var auðvitað þeim mun grátlegra þegar þess var gætt að Alþfl. hafði tekist af einhverjum ástæðum að búa til um sig einhverja gloríu í mennta- og menningarmálum út af Gylfa Þ. Gíslasyni svo undarlegt sem það kann að virðast. Það er að mörgu leyti undarlegt, sérstaklega fyrir þá sem muna það að heimsækja þann ráðherra sem ungir stúdentar í menntmrn. hér forðum og skoða Lánasjóð ísl. námsmanna sem þá var ekki einu sinni til, það var sérkennilegt. (**Gripið fram í:** Hvað var verið að skoða ef hann var ekki til?) Og menn bjuggu við fræðslulögin nýju frá 1946 fram til

1974 í skólamálum. Það má margt um það segja.

Nei, þá gloríu, sem tókst að skapa í kringum Gylfa Þ. Gíslason af einhverjum ástæðum, tókst hæstv. utanrrh. í meginatriðum að rífa af Alþfl. í menntamálum og menningarmálum því að það var alveg ótrúlegt hvernig hann hefur gengið fram í þeim málum en núna sé ég að þingmenn Alþfl. og ráðherrar eins og t.d. hæstv. umhvrh. (**Gripið fram í:** Skipaði menningarfulltrúa.) opna ekki svo á sér talfærin að ekki sé nefnd nauðsyn þess að auka peninga til menntamála og menningarmála og svo skipa þeir menningarfulltrúa. Ég kann betur við að tala um það frekar, hæstv. forseti, undir öðrum dagskrárlið, þ.e. um ríkisreikninginn fyrir árið 1993, en hann kemur fljótlega á dagskrá í þessari virðulegu stofnun. Ég efast um að það sé menningarmál.

Staðreyndin er auðvitað sú að þeir hlutir sem við erum að horfa á varðandi þróun lánamála námsmanna eru hrikalegir. Hér er það að gerast í þessu landi að námsmönnum í virku námi er að fækka og þeir eru lengur að ljúka námi en áður. Það er dýrara fyrir þjóðfélagið og þeir sem hafa lokið t.d. BA-prófum geta ekki haldið áfram á meistarastigi í lánshæfu námi af því að það er ekki boðið nám á meistarastigi sem dugir til þess að tryggja þeim 100% námsframvindu þannig að fjöldinn allur af þeim nemum sem nú eru á meistarastigi í Háskóla Íslands eru að taka BA-kúrsa til að uppfylla kröfur Lánasjóðs ísl. námsmanna til þess að framfleyta sér. Halda menn að þetta sé gáfulegt kerfi?

Svo mætti auðvitað líka í þessu sambandi, hæstv. forseti, sem ég hef reyndar flutt tillögu um hér áður, rannsaka vinnubrögð stjórnar Lánasjóðs ísl. námsmanna, hvernig hefur verið farið með hlutina þar. Framkoman við einstaka námsmenn er ótrúleg og um það mætti nefna mörg dæmi þar sem teknar hafa verið ákvarðanir um að skerða rétt námsmanna með nokkurra daga fyrirvara án þess að láta námsmenn eða fjölskyldur þeirra og umboðsmenn vita sem er beint brot á þeim stjórnsýslulögum sem við samþykktum fyrir tveimur eða þremur árum. En þess eru dæmi að stjórn sjóðsins hafi ákveðið að afnema tiltekna lánaflokka með viku eða 10 daga fyrirvara. Þegar þessi mál voru rædd fyrir nokkru í þessari virðulegu stofnun rakti ég 10 dæmi um það hvernig stjórn Lánasjóðs ísl. námsmanna hefði framkvæmt lögin þannig að það mætti halda því fram að hún hefði brotið gegn þeim eða anda þeirra eða a.m.k. gegn anda hinna nýju stjórnsýslulaga.

Nú er það þannig að þessi lög hafa verið í gildi síðan 1992 og það hefur þótt sérstök ástæða til að fjalla um þau m.a. í Háskóla Íslands í sérstakri prófritgerð sem skrifuð hefur verið og ég vænti þess að sem flestir þingmenn geti fengið aðgang að en það er ritgerð sem heitir: „Um stjórnsýslulega stöðu Lánasjóðs íslenskra námsmanna og um réttarstöðu lánþega." Höfundur ritgerðarinnar, Vilhjálmur H. Vilhjálmsson laganemi, kemst þannig að orði í lok ritgerðar sinnar, með leyfi forseta:

„Ef til vill eru helstu annmarkar á núgildandi lögum um LÍN að löggjafinn sjálfur hefur ekki tekið afstöðu til helstu grundvallarréttinda stúdenta og af þeim sökum getur sjóðstjórnin verið að hræra í þessu á milli ára. Réttaröryggi stúdenta væri best borgið ef löggjafinn sinnti stjórnskipulegu og pólitísku hlutverki sínu og tæki af skarið um öll helstu réttindi stúdenta í lögunum þannig að aðeins þyrfti síðan að færa lögin út nánar í stjórnvaldsfyrirmælum. Eins og lögin líta út í dag líkjast þau helst óútfylltri ávísun sem stjórn lánasjóðsins hefur frjálsar hendur um að fylla út í."

Þegar lögin voru til meðferðar á sínum tíma vorið 1992 gagnrýndum við einmitt þetta atriði. Við sögðum: Stjórnin fær of mikið vald. Við sögðum: Þetta vald á annaðhvort að vera hjá Alþingi eða ráðherra. Ráðherra er framkvæmdarvaldshafinn og lýtur vilja meiri hluta Alþingis og þess vegna er eðlilegt að þessi mál séu í höndum hans og nú er svo komið að þeir sem fjalla um þetta á fræðilegum grundvelli undir leiðsögn háskólaprófessora í lögfræði sýna fram á það að í raun og veru séu lögin frá stjórnsýslulegu sjónarmiði séð hreint fúsk fyrir utan önnur efnisatriði sem í lögum þessum eru. Það er af þessum ástæðum, hæstv. forseti, sem við alþýðubandalagsmenn viljum rífa upp lögin með því að breyta ljótustu grein þeirra og gera lánin samtímalán að nýju þannig að námsmenn þurfi ekki að borga hundruð milljóna á ári í bankana og þannig að við þurfum ekki að horfa upp á það að lánþegum í öllum flokkum þeirra sem taka lán hjá Lánasjóði ísl. námsmanna fækki um 25% upp í 40% hjá þeim sem koma af landsbyggðinni. Ég er viss um að a.m.k. vinir mínir á landsbyggðinni sem tilheyra stjórnarflokkunum eru ekki stoltir af þessu afreki.

Við alþýðubandalagsmenn munum leggja á það áherslu að frv. fái einhverja þinglega meðferð og teljum að ekkert sé að vanbúnaði af því að þetta mál hefur áður verið hér til meðferðar og af því að þetta mál hefur tiltölulega skýrar skírskotanir og afleiðingar. Ég tel að með því að láta þetta mál koma til afgreiðslu við 2. umr. muni reyna á hvort einhverjar innstæður eru á bak við yfirlýsingar ráðherranna eins og hæstv. utanrrh. um að það þurfi að taka á þessum málum. Auðvitað meinar sá ráðherra ekkert með því sem hann er að segja í þessum efnum en það er rétt að gefa honum kost á því í atkvæðagreiðslu að segja sinn hug í málinu.

Í trausti þess og vissu að málið fái þinglega meðferð þannig að það séu ekki bara stjórnarfrumvörp sem séu tekin í gegnum hv. menntmn. legg ég til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

[15:11]

Sigríður A. Þórðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil gera að umtalsefni í þessu sambandi fjölda námsmanna en við umræðu um lánasjóðsfrv. vorið 1992 var því haldið fram af fulltrúum námsmanna og stjórnarandstöðu að menn mundu hrekjast frá námi í stórum stíl vegna laganna og þessu hefur verið haldið fram alveg fram á síðustu daga. Þetta hafa sem betur fer reynst hrakspár því að á milli áranna 1991 og 1992, þ.e. síðasta skólaárs sem eldri lög

giltu og svo skólaársins 1994–1995 fjölgaði íslenskum námsmönnum í lánshæfu námi um rúmlega 200. Það er heldur ekki samasemmerki á milli fjölda námsmanna í námshæfu námi og fjölda lánþega lánasjóðsins. Það eru einfaldlega ekki allir sem taka lán þó þeir eigi rétt á þeim. Lánþegum hefur hins vegar fækkað og þeim fækkaði úr rúmlega 8.100 skólaárið 1991–1992 í tæplega 6 þúsund samkvæmt áætlun á þessu skólaári og hlutfall lánþega miðað við fjölda námsmanna í íslenskum skólum hefur lækkað úr 63% á skólaárinu 1990–1991 í 44% skólaárið 1993–1994. En á sama tíma hefur námsmönnum í lánshæfu námi fjölgað. Af þessari staðreynd má draga þá ályktun að fleiri námsmenn sem í raun þurfa ekki á lánum að halda láti vera að nýta sér lánsrétt sinn. Þá má líka í því sambandi minna á að í umræðum um Lánasjóð ísl. námsmanna hafa oft heyrst raddir um að margt fólk hafi nýtt sér þennan rétt þótt það þyrfti ekki endilega á lánsfé að halda vegna námsins.

[15:13]

Flm. (Svavar Gestsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Veruleikinn er sá að lánþegum í Lánasjóði ísl. námsmanna í lánshæfu námi hefur fækkað — fækkað um 28,4% frá 1991–1992 til 1994–1995, þ.e. úr 5.725 í 4.100. Ef við tölum um alla námsmenn er fækkunin 26%. Það kemur líka í ljós að lánþegar í hópi námsmanna í lánshæfu námi voru 60% af námsmönnum fyrir nokkrum árum áður en lögin voru sett en hlutfallið er núna 40%. Af hverju er það? Það er vegna þess að þetta fólk er núna miklu lengur í námi, skólarnir eru fullir af fólki sem er lengur í námi og er að vinna með námi m.a. vegna þess hvernig kjörum er háttað m.a. andspænis bankakerfinu. Það er alveg ofboðslegt til þess að hugsa að formaður menntmn. skuli vera stoltur af þessari niðurstöðu en ekki blygðast sín fyrir hana vegna þess að það er búið að hrekja út úr skólum landsins þúsundir íslenskra námsmanna sem ella væru við nám og hefðu jafnvel lokið því. Og Ísland er eina landið hér á þessu svæði Norður-Evrópu þar sem svona er komið fram við menntakerfið og þar með framtíðina. Þingmenn Sjálfstfl. ættu ekki að monta sig af þessari ósvinnu frammi fyrir opnum tjöldum Alþingis Íslendinga.

[15:15]

Sigríður Anna Þórðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ítreka að staðreyndir sýna að námsmönnum í lánshæfu námi hefur ekki fækkað heldur þvert á móti. Ég vil taka það sérstaklega fram.

[15:15]

Flm. (Svavar Gestsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Skráðum námsmönnum í skólunum hefur ekki fækkað, þeim ætti reyndar að hafa fjölgað. Þeim hefur ekki fækkað. Af hverju hefur þeim ekki fækkað? Það er vegna þess að fólk er miklu lengur í námi en áður og ég geri ráð fyrir því að þeir sem þekkja eitthvað til í háskólanum t.d. viti þetta. Veruleikinn er sá að hlutfall þeirra sem taka lán er núna 40% en var 60%. Hvað segir þetta? Það segir það að lánakerfið er að týna tilgangi sínum af því að unga fólkið þorir ekki að taka lánin sem þið, hv. þingmenn Sjálfstfl., hafið búið til handa þessu unga fólki. (**SAÞ:** Þeir geta það ekki.) Það er veruleikinn sem um er að ræða auk þess sem menn geta það ekki vegna þess að í sumum tilvikum er það þannig að fólk hefur ekki ábyrgðarmenn til að skrifa upp á allan þann lánamassa sem menn þurfa á að halda til að standa bak við námslánin í bankakerfinu í landinu þannig að það er alveg ótrúlegt að þetta fólk skuli leyfa sér að vera stolt af þessum handaverkum sínum. En það verður séð til þess á næstu vikum og mánuðum að það verði minnt á þessa hluti.

Útbýting þingskjala:

Atvinnuréttindi skipstjórnarmanna, 316. mál, nál. samgn., þskj. 622.

Embættisfærsla umhverfisráðherra, 138. mál, nál. meiri hluta allshn., þskj. 624.

Endurskoðun skattalaga, 376. mál, þáltill. RA o.fl., þskj. 607.

Glasafrjóvgunardeild Landspítalans, 387. mál, þáltill. ÍP o.fl., þskj. 623.

[15:17]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Mér datt svo sem í hug að taka með mér eitthvað af gömlum ræðum hv. þm. Svavars Gestssonar frá því að við ræddum málefni Lánasjóðs ísl. námsmanna fyrr á þessu kjörtímabili og ræður fleiri þingmanna en ég hætti við það vegna þess að ég reiknaði með að hv. þm. Svavar Gestsson mundi flytja eitthvað af gömlu ræðunum sínum aftur þannig að ég þyrfti ekkert að vera að rifja þetta upp. Sú hefur raunar orðið reyndin. (**VS:** Enda full ástæða til þess.) Já, það má vel vera að það hafi verið ástæða til og ég reikna satt að segja fastlega með því að hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir sem greip hérna fram í muni líka flytja eina af gömlu ræðunum sínum um lánasjóðinn hér á eftir hafi þingmaðurinn beðið um orðið. (**Gripið fram í:** Ráðherrann hlýtur að vilja fá nýja ræðu.) En það kannski þarf ekki. Það er nóg að fletta þessu upp. (**Gripið fram í:** Málið er óbreytt.) Málefnið er óbreytt já, en það hefur ýmislegt komið í ljós frá því að lögin voru sett 1992, en hv. þm. Svavar Gestsson sem hér hefur þegar talað virðist ekki í neinu hafa tekið tillit til þeirra staðreynda sem við blasa núna. Ég segi þetta eftir að hafa hlustað á ræðu hans.

Hann sagði t.d. í andsvari áðan að nemendur hafi verið hraktir þúsundum saman, þúsundum saman hafi menn verið hraktir frá námi vegna þessara nýju laga frá 1992 um Lánasjóð ísl. námsmanna. Nú bið ég hv. þm., vegna þess að ég veit að hann á eftir að tala aftur, að finna þessum orðum sínum stað. Það er nóg til af skýrslum um þetta. Ég skal láta hann hafa eina hérna á eftir og ég efast ekkert um að hann hefur viðað að sér ýmsum gögnum og þá langar mig til þess að vita hvernig í ósköpunum hann fer að því að lesa þetta út úr þeim skýrslum sem eru til. Ég trúi því að hann muni skýra hv. Alþingi frá því hvernig hann fær þetta út.

Það er sem sagt hamrað á einhverri svakalegri fækkun lánþega eins og hv. þm. orðaði það, einhverri

svakalegri fækkun. Það er þegar búið að nefna tölur, hv. þm. Sigríður Anna Þórðardóttir gerði það hér áðan í andsvari. En það er ekkert talað hins vegar um fjölgun námsmanna. Það er ekki minnst á það, ekki einu orði, það er bara talað um á sama tíma að námsmenn þúsundum saman hafi verið hraktir frá námi vegna laganna um Lánasjóð ísl. námsmanna. Þetta er málflutningur sem er satt að segja ekki sæmandi fyrir hv. alþingismenn og alls ekki fyrir fyrrv. menntmrh. Það er bara ekki hægt að una við svona.

Ég ætla ekkert að fara að verja hæstv. utanrrh. Jón Baldvin Hannibalsson sem hv. þm. var að tala um og hans afskipti af menntamálum. En ég hlakka auðvitað til og vona að mér endist líf og heilsa til þess að lesa ævisögu hv. þm. Svavars Gestssonar sem hann var að boða hérna áðan að mundi koma út, hann sagði ekki hvenær, en ég hlakka ekkert sérstaklega til þess til þess að lesa kaflann um hæstv. utanrrh. heldur ýmsa aðra kafla þar sem ég treysti að verði ekkert dregið undan. Það gæti orðið spennandi lesning. (**SJS:** Það er aðallega í ævisögu Eggerts Haukdals.) Já.

Þetta frv. hv. þingmanna Alþb. gengur fyrst og fremst út á það að teknar verði upp samtímagreiðslur að nýju og hv. 1. flm. talaði um að þetta væri einmitt alvarlegasti gallinn á gildandi lögum, samtímagreiðslurnar. *Lítum aðeins á hvað hefur breyst eftir að lögin* um Lánasjóð ísl. námsmanna tóku gildi 1992. Það sem hefur gerst er að það hefur tekist að forða LÍN frá greiðsluþroti en þetta greiðsluþrot blasti við í upphafi kjörtímabilsins. Það hefur tekist að treysta fjárhag sjóðsins til frambúðar. Að sjálfsögðu hefur verið dregið úr fjárþörf hans en tekist hefur að veita samt sem áður þá námsaðstoð að sókn íslenskra námsmanna í lánshæft framhaldsnám er síst minni en var áður en lögin voru sett 1992. Ríkisstjórnin og stjórn lánasjóðsins settu sér í raun þríþrætt markmið í málefnum sjóðsins á kjörtímabilinu. Það var:

1. Að tryggja að LÍN gæti haldið áfram að gegna mikilvægu hlutverki sínu í þjóðlífinu og stuðla að jafnrétti manna til náms án tillits til efnahags.

2. Að reisa fjárhag sjóðsins við, efla hann og ná jafnvægi til frambúðar í fjárþörf hans.

3. Að stuðla að eðlilegri sókn íslenskra námsmanna í lánshæft framhaldsnám þrátt fyrir aðhaldsaðgerðir sem brýn nauðsyn var að grípa til.

Þessum markmiðum hefur verið náð. Það eru einfaldlega staðreyndir og ég minni á eftirfarandi meginatriði í því samhengi. LÍN var sem sagt forðað frá greiðsluþroti í byrjun kjörtímabils með margvíslegum aðhaldsaðgerðum og fjárhagsstaða sjóðsins hefur verið treyst. En gjaldþrota sjóður stuðlar ekki að jafnrétti til náms, það hljóta allir menn að skilja. LÍN tryggir námsmönnum eftir aðgerðirnar hliðstæða eða meiri fjárhagslega aðstoð meðan á námi stendur en sambærilegir sjóðir á Norðurlöndum en Norðurlönd eru fremst Evrópuríkja á sviði námsaðstoðar. Sérstaða íslenskrar námsaðstoðar er óbreytt. Námsmönnum með börn á framfæri er tryggð meiri námsaðstoð en um getur í nálægum Evrópulöndum.

Þrátt fyrir almennar aðhaldsaðgerðir hafa verið settar ýmsar reglur sem eru námsmönnum til hagsbóta. Námsmönnum í lánshæfu framhaldsnámi hefur fjölgað á gildistíma nýrra laga en lánþegum hins vegar hefur fækkað. Þær hrakspár hafa þess vegna ekki ræst að breytt lög um sjóðinn væru til þess fallin að hrekja menn í stórum stíl frá námi eins og hv. 1. flm. sagði hér áðan að hefði gerst. Það er beinlínis rangt. (**SvG:** Það er ekki rangt.) Það er víst rangt og nú bíð ég eftir að hv. þm. færi þessum orðum sínum stað hér á eftir. Það er engan marktækan mun að greina á hlutfallslegum fjölda í einstökum hópum lánþega LÍN fyrir og eftir lagabreytingu, t.d. eftir kynferði, búsetu í landinu eða fjölskyldustærð. Hv. þm. hamraði á því að lánþegum utan af landi hefði stórfækkað. (**SvG:** 40%.) Ég kannast ekki við þá tölu og langar til að fá að sjá þessa skýrslu, hv. þm. (**SvG:** Þetta er í skýrslu háskólaráðs.) Ákvæði laganna um útborgun námslána eftir að árangri er skilað, þ.e. eftirágreiðslan, hefur treyst alla framkvæmd aðstoðarinnar og auðvitað dregið verulega úr fjárþörf sjóðsins. Ákvæðið og reglan um 100% námsframvindu minnkar fjárþörfina um 600–700 millj. kr. á ári. Það munar um minna. Skil á upplýsingum um námsframvindu hafa gerbreyst til batnaðar og ofgreiðslulán eru hverfandi en þau voru áður mikið og kostnaðarsamt vandamál. Það eru staðreyndir sem lágu á borðinu. Námsmönnum hefur verið bætt*tur* breyttur útborgunartími með vaxtaábót á öll námslán. Um aðferðir við útreikning vaxtaábótar er nú orðin sátt við fulltrúa námsmanna. Um þetta voru deilur en það er sátt í stjórn lánasjóðsins. Þessi ábót nam tæplega 42 millj. kr. skólaárið 1993–1994.

Regla um að fullt lán sé einungis veitt fyrir 100% árangur *hefur leitt til þess að námsárangur lánþega* sjóðsins hefur batnað verulega. Þetta hefur m.a. orðið til þess að virkni stúdenta eins og það er kallað, virkni stúdenta í Háskóla Íslands hefur aukist eins og háskólarektor hefur ítrekað komist að orði. Þjónusta LÍN við námsmenn hefur öll verið endurskipulögð og aukin til muna á kjörtímabilinu og m.a. í samvinnu við námsmannasamtökin.

Ég ætla að víkja örfáum orðum frekar að þessu sem ég hef þegar nefnt. Í raun og veru var ástand sjóðsins, LÍN, þegar núverandi ríkisstjórn kom til valda að það hafði skapast hættuástand í fjármálum sjóðsins. Til marks um það nefni ég að ríkisstjórnin þurfti að hækka ríkisframlag til sjóðsins um 700 millj. kr. á árinu 1991 og auka lánsheimildir um 670 millj. frá því sem var árið áður til þess að ná endum saman. En heildarútlán þá urðu 4.650 millj. árið 1991 þrátt fyrir breytingar sem gerðar höfðu verið á úthlutunarreglum. Og hvers vegna skyldi þetta hafa orðið svo, þessi mikla fjárþörf sjóðsins? Jú, námslán höfðu hækkað um 20% umfram verðlag á árunum 1989–1990 með reglugerð sem páv. menntmrh. Svavar Gestsson setti. En á sama tíma, og menn hafi það nú í huga, voru fjárveitingar af samráðherra hv. þm. Svavars Gestssonar og páv. hæstv. menntmrh., *af samráðherra hans í ríkisstjórn*, Ólafi Ragnari Grímssyni, lækkaðar verulega og síðast við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1991 sem vekur auðvitað sérstaka athygli og sýnir skýrt óraunsæi þeirra félaga

að því er varðar fjarmögnun þessa mikilvæga aðstoðarsjóðs fyrir námsmenn.

Núv. ríkisstjórn gekk sem sagt í það að reisa við fjárhag sjóðsins. Í fyrsta lagi með nýjum lögum, aðhaldsaðgerðum og eðlilegum fjárveitingum þannig að hægt væri að tryggja íslenskum námsmönnum áfram jafnrétti til náms án tillits til efnahags. Gjaldþrota sjóður tryggir engum jafnrétti til náms, það ítreka ég. Helstu aðhaldsaðgerðir til að draga úr fjárþörf voru þessar: Hækkun lána sem ákveðin var 1989–1990 var dregin til baka. Þetta þýddi 16,7% lækkun framfærslulána. Lán vegna skólagjalda voru takmörkuð og eftirágreiðsla samkvæmt 6. gr. og 100% reglan um námsframvindu lækkuðu fjárþörfina um 600–700 millj. eins og ég sagði áðan. Fjárhagurinn var treystur enn frekar með ýmsum aðgerðum. Ég hef t.d. beitt mér fyrir lækkun á lántökukostnaði sjóðsins og að útvega lán til 15 ára til þess að greiða styttri og óhagstæðari lán. Þessi lán sem þannig hefur verið skuldbreytt eru fyrst og fremst tekin til þess að skuldbreyta lánum sem voru tekin á tímabilinu 1989–1991. Með öllum þessum ráðstöfunum hefur fjárhagsstaða sjóðsins breyst til mikilla muna.

Ég hlýt að geta þess líka í þessu samhengi að hefði engu verið breytt í lögum eða úthlutunarreglum frá 1991 værum við nú að glíma við 5.000 millj. kr. vanda — 5 milljarða kr. vanda vegna útlána ef sú upphæð er framreiknuð sem þá þurfti til þeirra þarfa samkvæmt þeim reglum sem þá giltu. Af því hefði þurft að veita 66% framlag úr ríkissjóði samkvæmt útreikningum Ríkisendurskoðunar um kostnað námsaðstoðar samkvæmt eldri lögum, þ.e. 3.300 millj. kr.

Ég hef þegar getið um sérstöðu íslenskrar námsaðstoðar og skal ekki eyða miklu fleiri orðum um það en við sérstöðu námsaðstoðar á Íslandi, þ.e. miklu fjölskyldutilliti, var ekki hróflað í aðhaldsaðgerðum stjórnar LÍN. Þvert á móti hefur stuðningur við námsmenn með börn á framfæri verið aukinn, t.d. við afgreiðslu úthlutunarreglna fyrir skólaárið 1994–1995 þegar hætt var að líta á barnabætur sem tekjur.

Stjórn LÍN hefur samtímis verulegum aðhaldsaðgerðum gert margar og mikilvægar ráðstafanir námsmönnum í hag eins og ég sagði áðan og ég skal nefna nokkur dæmi.

Dregið hefur verið úr skerðingu lána vegna öflunar tekna. Lægra hlutfall af umframtekjum kemur til lækkunar á láni en áður var. Skerðing lána vegna tekna umfram frítekjumark var 75% í tíð fyrri stjórnar en var lækkað í 50% af núv. stjórn og þá var ákveðið að telja ekki barnabætur og barnabótaauka til tekna sem var mjög til hagsbóta fyrir barnafólk. Réttur til sumarlána hefur verið aukinn þegar menn eru að ljúka námi og þetta hefur auðveldað mönnum mjög að flýta námslokum. Svigrúm til aðstoðar í framhaldsskólanámi hefur verið aukið í sumum tilfellum til viðbótar svigrúmi sem menn áttu rétt á samkvæmt fyrri reglum. Mönnum hefur verið veitt lán í eitt viðbótarmissiri ef menn ljúka veigamiklu lokaverkefni, t.d. í mastersnámi. Það hefur verið komið til móts við menn sem hafa verið að ljúka námi eftir að nýjar reglur tóku gildi um námsframvindu. Þeir hafa getað fengið fullt lán þó að einingar sem þeir ljúka nái ekki 100% námsframvindu enda hafi þeir átt eftir meira en 50% af námsárangri eins missiris.

Ég skal ekki fara út í frekari tölur um að námsmönnum hafi fjölgað í lánshæfu námi. Hv. þm. Sigríður Anna Þórðardóttir nefndi þær tölur áðan en ég vil aðeins nefna eina mikilvæga ástæðu fyrir því að nemendum hefur fækkað erlendis. Það er vafalaust sú meginástæða að lánum vegna skólagjalda hefur verið breytt. Nú eru einungis veitt almenn lán vegna skólagjalda fyrir framhaldsskólanám en lán á markaðskjörum banka vegna sérnáms eða grunnháskólanáms erlendis. Þess vegna má segja að sókn íslenskra námsmanna í dýrt grunnháskólanám og sérnám erlendis hafi minnkað en aukist þeim mun meira í slíkt nám hér heima fyrir.

Fulltrúar námsmanna og stjórnarandstöðu héldu því fram að menn mundu hrekjast frá námi og því er raunar haldið fram enn eins og menn hafa heyrt hér í dag í þessari umræðu, þeir mundu hrekjast frá námi í stórum stíl vegna laganna. Þessu hefur verið haldið fram alveg linnulaust, alveg fram á síðustu daga og alveg fram á þennan dag. En þetta hafa sem betur fer reynst hrakspár.

Hlutfallslegur fjöldi einstakra lánþegahópa er svipaður eins og ég sagði áðan. Hlutfall kvenna af heildarfjölda lánþega hefur hækkað jafnt og þétt allan síðasta áratug og hefur verið 49% árið 1991–1992, fór í 48% 1992–1993 og 49% aftur. Hlutfall einstæðra foreldra hefur verið hliðstætt síðustu ár, 7% 1990–1991, 8% 1991–1992 og tvö síðustu skólaár aftur 7%.

Þá sýnir athugun, sem óskað var eftir af fjárln. Alþingis, að hlutfall lánþega eftir kjördæmum er mjög hliðstætt fyrir og eftir lagabreytingu. Þess vegna spyr ég hv. þm. Svavar Gestsson hvaðan hefur hann þessar tölur sem hann kom áðan með. Þetta eru þær tölur sem ég hef og voru lagðar fyrir fjárln. Alþingis samkvæmt beiðni hennar. Á ég að trúa því að hann sé að búa þessar tölur til? Mig langar að fá frekari upplýsingar.

Fjölmiðlar hafa oft á kjörtímabilinu fjallað um fjölda námsmanna í lánshæfu námi og er athyglisvert að hafi komið fyrir að fækkað hafi í lánshæfu námi í íslenskum skólum eins og t.d. varð haustið 1992 þegar konum fækkaði lítillega frá fyrra ári. Þá varð mikið fjaðrafok í fjölmiðlum og lögum og reglum LÍN var kennt um. En það má spyrja: Er þá lögum og reglum LÍN svo að þakka að námsmönnum, bæði konum og körlum, hefur nú fjölgað við Háskóla Íslands um rúmlega 500 manns frá skólaárinu 1991–1992? Er það þá að þakka reglum LÍN? Svari nú hver fyrir sig. Um þetta hefur ekkert verið fjölyrt. Ég var búinn að gera grein fyrir hlutfalli kvenna frá 1990–1991. (**SvG:** Ég sagði kenna.) Eða kenna? Já, það er nefnilega það. Það má kannski orða það svo.

Ég hef líka sagt að þjónusta við námsmenn hafi verið stóraukin. (**Gripið fram í:** Í góðu lagi?) Já, þetta er nefnilega í góðu lagi þó það sé mjög erfitt fyrir hv. stjórnarandstæðinga að viðurkenna það. Hv. stjórnar-

andstæðingar viðurkenna engar staðreyndir sem liggja núna á borðinu. Það má vel skilja áhyggjur þeirra þegar við vorum að setja lögin en að þeir skuli ekki taka tillit til neinna staðreynda sem liggja núna á borðinu, það þykir mér svolítið verra.

Hæstv. forseti. Ég er búinn með tímann en á margt eftir að segja en ég kemst að aftur. Ég vil aðeins í lokin, það tekur mig nokkrar sekúndur, nefna helstu áhrif 6. gr. sem hér er lagt til að verði breytt til fyrra horfs.

Mikilvægustu áhrifin á framkvæmd námsaðstoðar eru þessi: Skil lánþega á upplýsingum um námsframvindu hafa gjörbreyst og eru mun betri en áður. Ofgreidd lán eru nú hverfandi en voru áður verulegt vandamál. Afköst lánþega LÍN í námi hafa aukist. Útborgunartími lána hefur breyst en lán hækkuð með vaxtaábót. Aðhald hefur aukist í allri framkvæmd útlána sjóðsins. Fjárþörf sjóðsins hefur minnkað verulega eða a.m.k. um 600–700 millj. kr. vegna ákvæðis 6. gr. Að sjálfsögðu styð ég að málið fari til 2. umr. og hv. menntmn.

[15:38]

Flm. (Svavar Gestsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir lokaorðin að ríkisstjórnin getur hugsað sér að málið fari til nefndar. (**Menntmrh.:** Ég var bara að tala fyrir mig.) Nú, ég bið ráðherrann að afsaka, ég tók hann kannski valdameiri en hann er en alla vega finnst mér ástæða til að gefa honum a.m.k. einn og hálfan fyrir viðleitni.

En varðandi breytingarnar sem hafa orðið þá er það náttúrlega þannig að lánþegum hefur fækkað á þessum tíma um 2.000, úr 8.100 í 6.000. Það er mikil fækkun. Það er hægt að tala um að menn hafi verið hraktir þúsundum saman frá þessu kerfi. (**Menntmrh.:** Ekki frá námi.) Frá þessu kerfi. Auk þess er það þannig að þó að það séu svipað margir skráðir í skólann og áður veit ráðherrann ekkert um það hvernig námi þessa fólks er háttað m.a. vegna þess að verulegur fjöldi af þessu fólki er núna miklu lengur í námi en var áður, sérstaklega í háskólanámi. Ég ætla að nefna eina tölu: Á næstu árum áður en breytingin átti sér stað fjölgaði lánþegum í iðnskólanámi um 400. Á jafnmörgum árum eftir að breytingin á sér stað fjölgar lánþegum í iðnnámi um hvað? Um 60. Og ef við skoðum tímann, jafnlangan tíma, fyrir nám í tækniskóla fjölgaði lánsþegum á næstu árum áður en breytingin átti sér stað um 170. Á jafnmörgum árum frá því að breytingin átti sér stað hefur lánþegum í tækniskóla fækkað um 70. Með öðrum orðum sú breyting sem hefur átt sér stað hefur sannarlega komið illa við landsbyggð, illa við efnalitla námsmenn og sérstaklega illa við verknámið í landinu.

[15:41]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég bíð eftir því að fá þessar skýrslur í hendurnar, ég skal láta hv. þm. hafa þær skýrslur sem ég hef um fjölda námsmanna. Ég nefni örfáar tölur.

Fjöldi námsmanna og lánþega í Háskóla Íslands, ef við miðum við 1990–1991 — eigum við ekki að miða við það ár — námsmenn 4.397, lánþegar 2.787. 1994–1995, áætlun: Námsmenn í heild 5.568, lánþegar 2.100. Fjöldi námsmanna við Háskóla Íslands, fjöldi námsmanna í lánshæfum skólum, við skulum taka þær tölur: 1990–1991 eru þeir alls 8.769, árið 1995 10.316. Í sérskólum 1990–1991 3.665, í sérskólum nú, 1994–1995, 3.890. Hver er þessi ógnarfækkun sem hér er alltaf verið að hamra á? Ég sé hana ekki. (**SvG:** Þú kannt bara ekki að reikna.) Nei, en ég kann að lesa.

[15:42]

Flm. (Svavar Gestsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. menntmrh. fyrir að lesa upp allar tölurnar sem ég var með sem sýna það auðvitað bersýnilega að það er um að ræða, t.d. ef við skoðum verknámið, verulega fækkun frá því sem var áður á heildarbreytingunni á námsmannafjöldanum og lánþegafjöldinn fer úr 8.100 niður í 6.000. Það er bara þannig. Það þýðir ekkert fyrir ráðherrann að koma hér aftur og aftur og berja höfðinu við steininn. Svo má bæta því við að á næstu árum áður en breytingin átti sér stað fjölgaði lánþegum alls um 18,9% en síðan breytingin hefur átt sér stað á jafnmörgum árum hefur lánþegum fjölgað um 8,6% á sama tíma og skólakerfið hefur þanist út, á sama tíma og það hefði átt að vera að gerast að námsmönnum hefði fjölgað enn þá meira. Það er augljóst mál að stöðnunin í skólamálum sem átt hefur sér stað í besta falli hefur þýtt stórfellda afturför að því er háskólamenntun í landinu varðar og það alvarlega er að verknámið, svo veikt sem það hefur verið, hefur fengið enn þá harðari kjaftshögg og erfiðari en háskólanámið hefur fengið.

[15:43]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég veit ekki hvort það er einhver allsherjarmisskilningur sem gengur hér á milli okkar. Ég hef ekki haldið því fram að lánþegum hafi fjölgað. Ég er að segja að lánþegum hafi fækkað. Það á ekki að vera ágreiningur á milli okkar þar. En ég er hins vegar að segja að námsmönnum í lánshæfu námi hefur fjölgað. Það er meginmálið.

[15:44]

Valgerður Sverrisdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er um þetta mál eins og hv. stjórnarsinnar og hæstv. menntmrh. tali allt annað tungumál en við stjórnarandstæðingar og við sem börðumst gegn þessum vitlausu lögum þegar þau voru sett á hv. Alþingi.

Hæstv. menntmrh. sagði áðan að nú með þessu nýja kerfi væru ofgreidd lán hverfandi. Hann nefndi engar upphæðir í því sambandi. Ég barðist gegn 6. gr. laganna eins og ég mögulega gat alveg fram á síðasta dag vegna þess að mér fannst hún vera fyrst og fremst óhagræði og bara vitlaust hugsuð af þeim sem hana studdu. Hún snerist um 50 millj., hæstv. menntmrh., þessi 6. gr. Nú hefur hæstv. menntmrh. sagt að sjóðurinn þyrfti að leggja út í auknum lánum vegna þessa

nýja fyrirkomulags sem vaxtabætur 42 millj. þannig að þetta kemur út á sléttu fyrir lánasjóðinn. Þessi grein er ekkert annað en óhagræði fyrir námsmenn og ef hæstv. menntmrh. þekkir enga námsmenn af landsbyggðinni þá held ég að hann ætti að reyna að koma sér í kynni við nokkra og heyra þeirra sögu af því hvernig það er að vera námsmaður í dag. Ég get alveg ímyndað mér að þetta sé ágætiskerfi fyrir námsmenn sem búa á Reykjavíkursvæðinu og geta búið heima hjá pabba og mömmu jafnvel. Þá er þetta bara ágætis kerfi. En það er dýrt að eiga heima á landsbyggðinni og stunda nám í Reykjavík.

[15:46]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Nú hefði verið ástæða til þess að rifja upp ýmislegt úr þeirri umræðu sem fór fram vorið 1992 en þá urðu hér mjög harðar deilur um Lánasjóð ísl. námsmanna. Þegar við förum að rifja upp verk núv. ríkisstjórnar í þeirri kosningabaráttu sem fram undan er mun lánasjóðsmálið koma þar allnokkuð við sögu og þá verður ekki hægt að líta fram hjá því að hv. 12. þm. Reykv., Jóhanna Sigurðardóttir, sat á sínum ráðherrastóli og greiddi atkvæði með öllum tillögum ríkisstjórnarinnar þó hún leyfi sér núna að koma með tillögur um námsmannabætur þegar hún fer að átta sig á afleiðingum þeirra breytinga sem gerðar voru.

Það frv. sem hér liggur fyrir tekur fyrst og fremst á því atriði sem snýr að námsmönnum sem eru að hefja nám og mega sæta því að þurfa að uppfylla ákveðnar kröfur áður en þeir fá lánin sín greidd. Nú var það svo að ákveðnar kröfur voru gerðar fyrir þá breytingu sem við erum hér að ræða, þ.e. breytingarnar vorið 1992, en skilyrði voru hert mjög rækilega með þessum breytingum. Það er mjög þarft að taka á þessu, og ég ætla að koma að því betur síðar í ræðu minni, en það er annað atriði sem snýr að þeim breytingum sem urðu vorið 1992 sem ég hef ekki síður áhyggjur af. Það er að núna í vor fara væntanlega fyrstu nemendurnir að ljúka námi sem hafa tekið öll sín lán með núverandi skilyrðum, þ.e. með vöxtum og lántökugjöldum og þeim hertu greiðslukjörum sem fylgdu. Eins og menn eflaust muna úr umræðunni vorið 1992 þá voru reiknuð út dæmi um það hvernig fólk ætti að standa undir þessum greiðslum og það er ástæða til að hafa verulegar áhyggjur af því hvernig þeir námsmenn sem nú koma út á vinnumarkaðinn, og það er ekki mjög auðvelt að fá vinnu um þessar mundir, eiga að standa undir þessum lánum og ekki bara núna heldur í framtíðinni. Og eins og launakjörum er háttað hjá stórum stéttum og þar getum við nefnt t.d. kennara, hjúkrunarfræðinga, sjúkraþjálfara o.fl. sem stunda sitt nám í framhaldsskólum er enn frekar ástæða til að hafa miklar áhyggur af þessu og því að lánasjóðurinn þurfi að grípa til einhverra aðgerða eða ríkisvaldið fari þá leið sem hv. 12. þm. Reykv. hefur lagt til, að taka upp námsmannabætur. Það á alltaf að bjarga öllu með einhverjum bótum, bregðast við eftir á með einhverju bótakerfi sem er að verða vægast sagt flókið og íþyngjandi í okkar stjórnkerfi og þarf að skoða út af fyrir sig.

En ég rifja það upp að vorið 1992 lögðum við stjórnarandstæðingar fram tillögur um breytingar á því frv. sem þá lá fyrir þar sem við vildum milda þessar endurgreiðslur. Þær tillögur eru birtar sem fylgiskjal með þessu frv. Mér finnst ástæða til, virðulegi forseti, að rifja þetta upp sérstaklega vegna þess að þetta er mál sem kemur fyrst fram síðar á þessu ári og það verður afar fróðlegt að sjá hvað kemur út úr því dæmi.

Það er rétt sem kom fram hjá hæstv. menntmrh. og 1. flm. að það markmið sem ríkisstjórnin setti sér um að draga úr lánsfjárþörf, eins og það heitir eða með öðrum orðum að fækka lánþegum Lánasjóðs ísl. námsmanna, hefur náð fram að ganga. Það er alveg ljóst. Lánþegum hefur stórfækkað. En í kjölfar þess hljótum við að spyrja: Hvernig fjármagna námsmenn nám sitt núna? Hvernig fara þeir að þessu? Það væri afar fróðlegt að fá svar við því en ég hef hvergi séð neina könnun á því.

Ég þekki sjálf nokkra nemendur við Háskóla Íslands og það fólk vinnur með námi sínu. Það vinnur mjög hörðum höndum og reynir meira að segja að vera í fleiru en einu starfi yfir sumarið til þess að reyna að forðast það að taka lán. Ég get mjög vel skilið það að nemendur sem huga að framtíðinni skuli reyna komast hjá því að taka lán. Þeir nemendur sem ég þekki fá líka mikla aðstoð frá foreldrum sínum sem þeir hefðu ekki fengið ef lánakerfið hefði verið eins og áður. Þannig gerist það sem við sáum fyrir að foreldrar mundu reyna að hlaupa undir bagga.

Það væri líka afar fróðlegt að reyna að átta sig á því hvort makinn er farinn að vinna fyrir námsmanninum eins og tíðkaðist áður fyrr. Við höfum ekki neina athugun á þessu en staðreyndin er sú að það eru stórir hópar að koma út úr framhaldsskólunum. Hvað eiga þeir að gera? Hvað á fólk að gera? Er einhver betri kostur til núna en að fara í nám? Það er ekki um auðugan garð að gresja á vinnumarkaðinum þannig að það er mjög eðlilegt að fólk haldi til náms og reyni einhvern veginn að bjarga sér, hvernig sem farið er að því. Það er staðreynd að námsmönnum hefur heldur fjölgað við Háskóla Íslands en það væri gaman að vita hvernig er með skóla eins og Tækniskólann, Vélskólann, Sjómannaskólann þar sem iðulega er um fjölskyldumenn að ræða, karlmenn aðallega, sem koma úr vinnu og hafa farið í framhaldsnám eftir að hafa verið um allnokkurt skeið á vinnumarkaðinum. Ég hef ekki þær tölur fyrir framan mig en það þýðir ekkert að horfa á heildartölu. Það þarf að skoða málin, fara ofan í kjölinn á þessum tölum. Það eru framhaldsskólanemar sem koma úr foreldrahúsum, og hafa flestir hverjir notið aðstoðar foreldra sinna, sem fara í háskóla og skóla á framhaldsstigi og halda áfram að fá sömu aðstoð og áður nema þeir sem verða að taka námslán. En hvað um þessa hópa, t.d. einstæðar mæður og ekki síst þá sem hafa farið í skóla sem veita ákveðin réttindi, ég tek sem dæmi Vélskólann og Sjómannaskólann? Ég auglýsi eftir upplýsingum um það.

Það sem ríkisvaldið hefur verið að gera á þessu kjörtímabili í málefnum lánasjóðsins er ekki síst að draga úr beinum framlögum ríkissjóðs til sjóðsins og að ýta lánasjóðnum í æ ríkara mæli út á lánamarkað-

inn. Við í efh.- og viðskn. höfum fengið heimsókn frá stjórn sjóðsins á hverju einasta ári og það hefur verið fróðlegt að fylgjast með þeirri tiltekt sem þar hefur vissulega átt sér stað og hefur m.a. falist í því að leita eftir lengri lánum til þess að hægt væri að standa undir þeim miklu afborgunum sem sjóðurinn þarf að standa skil á. Þarna hefur ýmislegt verið að gerast en allt er þetta spurning um forgangsröð. Það er merginn málsins að forgangsröð ríkisstjórnarinnar er vitlaus. Það hefur verið skorið niður fjármagn til menntamála, til háskólans og þeir nemendur sem hafa sumir hverjir orðið að taka lán til að geta lokið námi sínu reka sig svo á það innan dyra Háskóla Íslands að það er ekki einu sinni námsframboð til þess að geta lokið námi í vissum greinum. Það rekur sig því hvað á annars horn. Annars vegar er námsmönnum gert erfiðara með að taka lán og erfiðara hvað það varðar að standast kröfurnar og hins vegar er skólinn sjálfur, og þá horfi ég einkum á Háskóla Íslands, í kreppu sem margoft hefur komið til umræðu á hinu háa Alþingi en aðeins var reynt að ráða bót á með því að hækka fjárveitingar til háskólans við afgreiðslu fjárlaga þessa árs.

Það væri líka afar fróðlegt að fá greiningu á því hvernig fólk hagar námi sínu. Það hefur komið fram í máli háskólarektors að nemendur reyna að standast þær kröfur sem gerðar eru og reyna að flýta námi sínu en hvað segir það okkur? Hvernig er með gæði námsins? Er ekki verið að koma upp einhverju færibandakerfi og fylgja þeirri stefnu að reyna að útskrifa fólk á sem skemmstum tíma? Er það endilega gott fyrir menntunina? Er það virkilega betra? Og hvað um aðra? Hvað um þann hóp sem þarf að vinna með námi og tefst þar með væntanlega í því að ljúka námi sínu? Það verður að skoða allar þessar hliðar. Það væri fróðlegt að fá könnun á vinnuálagi á þeim nemendur sem eru að reyna að standast þessar hörðu kröfur til þess að fá námslánin sín.

Allt þetta þurfum við að fá að vita til þess að geta lagt mat á þær breytingar sem gerðar voru á lánasjóðnum. En það er staðreynd að lánþegum hefur fækkað og það var markmiðið. Það er staðreynd að það er verið að gera fólki erfiðara fyrir. Þeir sem ekki fá aðstoð eða eiga kost á aðstoð frá foreldrum eða skyldmennum eiga erfiðara uppdráttar og þeim sem ætla sér að fara í nám t.d. á sviði heilbrigðismála eða í kennslu eða í öðrum greinum þar sem fólk sækir vinnu hjá hinu opinbera hefur verið gert stórkostlega miklu erfiðara fyrir með þeim þungu endurgreiðslum sem fylgja þessu kerfi og fer nú, eins og ég nefndi áðan, að reyna á.

Mín skoðun er sú, hæstv. forseti, að það sé miklu heppilegra fyrir þjóðfélagið að efla menntun og gera ungu fólki auðveldara að stunda nám en að setja því stólinn fyrir dyrnar og vísa því út í atvinnuleysi. Það er staðeynd sem við getum ekki horft fram hjá að hér er töluvert atvinnuleysi og eins og við margnefndum í umræðunni á sínum tíma þá er það örugglega miklu betri kostur bæði fyrir einstaklingana og samfélagið að fólk sé í skóla og geti menntað sig en að ganga um og mæla göturnar í atvinnuleysi.

Virðulegi forseti. Þessum þingfundi er alveg að ljúka og eins og væntanlega hefur komið fram þá styð ég þetta frv. sem hér er lagt fram. Ég hefði gjarnan viljað taka upp fleira úr tillögum minni hluta menntmn. frá vorinu 1992 og snýr að endurgreiðslu lánanna en það gefast tækifæri til þess síðar meir. En ég fagna því að við fáum tækifæri til þess að ræða þetta mál og ég held að ríkisstjórnarflokkarnir hafi enga ástæðu til að sýna neinn fögnuð yfir þeirri þróun sem orðið hefur hjá lánasjóðnum og það þurfi að skoða þetta mál í miklu víðara samhengi en eingöngu að rýna í tölu um það hvaðan lánþegarnir koma. Við verðum að skoða hvað býr að baki talnanna.

Útbýting þingskjala:

Kísilgúrverksmiðja við Mývatn, 323. mál, nál. iðnn., þskj. 629.

Vernd svæðislýsinga smárása í hálfleiðurum, 325. mál, nál. iðnn., þskj. 630.

Umræðu frestað.

Út af dagskrá voru tekin 11.–15. mál.

Fundi slitið kl. 16:00.

---

90. FUNDUR

fimmtudaginn 9. febr.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Málflytjendur, stjfrv., 89. mál, þskj. 89, nál. 605, brtt. 598 og 606. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
2. Atvinnuréttindi vélfræðinga, stjfrv., 315. mál, þskj. 459, nál. 615. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
3. Samsettir flutningar o.fl. vegna EES, stjfrv., 251. mál, þskj. 294, nál. 616 og 617. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
4. Skýrsla utanríkisráðherra um utanríkismál.
5. Norræna ráðherranefndin 1994–1995, skýrsla, 369. mál, þskj. 595.
6. Norrænt samstarf 1994 til 1995, skýrsla, 382. mál, þskj. 613.
7. Vestnorræna þingmannaráðið 1994, skýrsla, 380. mál, þskj. 611.
8. Samþykktir Vestnorræna þingmannaráðsins, þáltill., 381. mál, þskj. 612. — Fyrri umr.
9. Alþjóðaþingmannasambandið 1994, skýrsla, 361. mál, þskj. 587.
10. Norður-Atlantshafsþingið 1994, skýrsla, 372. mál, þskj. 601.
11. Ráðstefnan um öryggi og samvinnu í Evrópu 1994, skýrsla, 373. mál, þskj. 602.

12. Evrópuráðsþingið 1994, skýrsla, 374. mál, þskj. 603.
13. Fríverslunarsamtök Evrópu, skýrsla, 375. mál, þskj. 604.

Fjarvistarleyfi:
Egill Jónsson, 3. þm. Austurl.,
Gunnlaugur Stefánsson, 5. þm. Austurl.,
Jóhanna Sigurðardóttir, 12. þm. Reykv.,
Jón Kristjánsson, 2. þm. Austurl.,
Sólveig Pétursdóttir, 6. þm. Reykv.,
Össur Skarphéðinsson umhvrh.

Útbýting þingskjala:
Framleiðsla á kísilmálmi, 391. mál, fsp. JónK, þskj. 628.
Fræðsla um bókhald og fjárreiður ríkisstofnana, 392. mál, fsp. JVK, þskj. 631.
Hlutabréfaeign einstaklinga, 390. mál, fsp. VE, þskj. 627.
Hönnun og viðgerðir á vegum ríkisins, 273. mál, svar fjmrh., þskj. 621.
Jarðgöng undir Hvalfjörð, 389. mál, fsp. HG, þskj. 626.
Löggæslukostnaður, 388. mál, fsp. HG, þskj. 625.
Réttindamál kennara, 393. mál, fsp. JVK, þskj. 632.
Vegtenging milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar, 395. mál, fsp. SvS, þskj. 634.

Tilkynning um dagskrá.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):
Samkomulag hefur orðið um það milli þingflokka, sbr. 48. gr. þingskapa, að talsmenn annarra flokka en flokks utanrrh. hafi ræðutíma allt að 30 mínútur í fyrra sinn. Fyrirkomulag umræðunnar verður þá þannig að utanrrh. og talsmenn þingflokka hafa allt að 30 mínútur í fyrra sinn og allt að 15 mínútur í síðara sinn. Aðrir þingmenn og ráðherrar allt að 15 mínútur, tvisvar.
Gert verður hlé á þessum fundi milli klukkan eitt og tvö.

Skýrsla utanríkisráðherra um utanríkismál.

[10:35]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):
Virðulegi forseti. Alþingi Íslendinga samþykkti undir árslok niðurstöður Úrúgvæ-viðræðna GATT og stofnaðild Íslands að Alþjóðaviðskiptastofnuninni. U.þ.b. 80 ríki eða ríkjasambönd sem samanlagt velta 90% af heimsviðskiptum með vörur og þjónustu hófu nýja árið sem stofnaðilar. Þetta er einhver heillavænlegasta ákvörðun sem tekin hefur verið varðandi tengsl okkar við útlönd. Fá ríki eiga eins mikið undir því og Ísland að festa í sessi öruggar reglur um alþjóðaviðskipti.

Á vettvangi hinnar nýju stofnunar höfum við góða aðstöðu til þess að tryggja íslenska hagsmuni. Þetta á ekki síst við um fjarlæga markaði en sókn íslenskra fyrirtækja á markaði í Austur-Asíu er einhver athyglisverðasti þáttur í þróun íslenskra utanríkisviðskipta undanfarin ár. Innan stofnunarinnar verður úrlausn deilumála skilvirkari en áður og möguleikar ríkja að leita réttar síns verða betri.

Óhætt er að fullyrða að Alþjóðaviðskiptastofnunin og samningar hennar muni leiða til bætts efnahagsástands í heiminum á næstu árum með tilheyrandi áhrifum á efnahagsumhverfi og viðskiptakjör Íslands. Samningsniðurstöður Úrúgvæ-viðræðnanna fela í sér verulegar tollalækkanir fyrir íslenskar útflutningsvörur og sóknarfæri á mikilvægum framtíðarmörkuðum.

Umfang Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar verður mun meira en GATT sem náði eingöngu milli vöruviðskipta. Stofnunin mun að auki fjalla um þjónustuviðskipti, hugverkaréttindi í viðskiptum og fjárfestingar í viðskiptum. Jafnframt styrkir stofnunin og samningar hennar upphaflega ákvæði GATT-samningsins. Hefðbundin en viðkvæm svið eins og viðskipti með landbúnaðar- og vefnaðarvörur eru færð með skýrum hætti undir hennar umsjón. Þá verður stofnunin vettvangur fyrir nýja samningalotu með það að markmiði að stuðla að enn frekara frjálsræði í viðskiptum.

Mikilvægt er fyrir okkur að ganga ákveðin til verks innan Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar og nýta til fulls þau tækifæri sem þar gefast. Á það t.d. við um þær umræður sem þegar eru hafnar um tengsl viðskipta- og umhverfismála. Umræðurnar eiga ekki síst erindi til okkar Íslendinga sem byggjum þjóðarbúskap okkar á nýtingu náttúruauðlinda í hreinu og ómenguðu umhverfi.

Viðskipta- og umhverfisnefnd Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar hefur þessi mál nú til umfjöllunar og er full ástæða til að fylgjast þar með frá upphafi. Innan nefndarinnar virðist vera víðtæk samstaða um að koma í veg fyrir að verndarstefna í viðskiptum verði dulbúin sem umhverfisvernd.

Eitt af meginviðfangsefnum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar er að tryggja að samningsaðilar framkvæmi skuldbindingar Úrúgvæ-viðræðnanna. Það hlýtur að vera metnaðarmál okkur Íslendingum að forðast að fyrstu skref okkar á þessum vettvangi leiði til gagnrýni og hugsanlegra gagnaðgerða.

Í GATT-umræðunum hér á landi var um fátt meira rætt en áhrifin á íslenskan landbúnað. Af þeirri umræðu mátti oft og tíðum draga þá ályktun að samningurinn um Alþjóðviðskiptastofnunina fjallaði einungis um landbúnað eða að samningurinn feli í sér aðför að íslenskum landbúnaði og bændastétt. Því fer fjarri. Sá samningur um landbúnað sem hér um ræðir á rætur að rekja til þess að almenn samstaða hefur myndast á alþjóðavettvangi um að verndarhyggja hafi leitt viðskipti með landbúnaðarvörur á villigötur. Kostnaðarsöm og óhagkvæm styrkja- og verndarkerfi eru að slig-

ast undan eigin þunga, bændum jafnt sem neytendum til óþurftar.

Alþjóðlegu umbótaferli hefur nú verið hrint í framkvæmd. Almennt séð færir það landbúnaðarviðskipti úr myrkviðum hafta og banna í átt til frjálsari viðskiptahátta. Stuðlað er að opnun markaða, reglur settar um beitingu innanlandsstyrkja, dregið úr útflutningsbótum en tollar koma í stað magntakmarkana og annarra innflutningshindrana. Háar tollabindingar sýna að ekki var um sársaukalausar breytingar að ræða þegar vopnabúr verndarhyggjunnar var umreiknað í tollígildi. Landbúnaðartilboð Íslands er dæmi um þetta. Þar má finna tollabindingar upp á mörg hundruð prósentustig. Full ástæða er til að óttast að verði heimildir til tollálagningar nýttar til hins ýtrasta muni umbótaferlið ekki hafa tilskilin áhrif hér á landi.

Alþingi hefur ályktað að nauðsynlegar laga- og tollabreytingar skuli gerðar með hliðsjón af landbúnaðartilboði Íslands til að veita innlendri framleiðslu nauðsynlega vernd. Varast ber þó að túlka nauðsynlega vernd sem hámarksvernd. Það væri andstætt markmiði landbúnaðarsamnings Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar og okkar eigin hagsmunum. Sóknarfæri eru fyrir íslenskan landbúnað jafnt og aðra framleiðslu í því frjálsræði sem Alþjóðaviðskiptastofnunin boðar. Vanda verður til framkvæmdarinnar ef þau eiga að nýtast.

Hvað varðar framtíð EES-samningsins hefur nú það mat mitt að hann stæðist áfram verið staðfest af öllum hlutaðeigandi aðilum á fundi ráðherraráðs EES 20. des. sl.

EES-samningurinn verður áfram traustur grunnur samskipta Íslands og Evrópusambandsins. Það sem þó hefur ekki gengið eftir er að EFTA-megin borðsins er Ísland ekki eitt á báti. Norðmenn munu leggjast á árar með okkur og ef að líkum lætur einnig Liechtenstein frá 1. maí nk. Þetta breytir því þó ekki að róðurinn verður þyngri en áður. Stofnanir EES verða hins vegar umfangsmeiri en annars hefði orðið og ýmiss konar hagræði má af þeim hafa. Fæstum mun til hugar koma að fela okkar ágætu bræðraþjóð Norðmönnum forsvar í íslenskum utanríkis- og viðskiptamálum. Samstarf Íslands og Noregs verður því að vera á jafnréttisgrundvelli. Íslensk stjórnsýsla verður að vera þess umkomin að leggja sjálfstætt mat á þróun og horfur innan ESB og það hvernig íslenskum hagsmunum verður best borgið. Því er nauðsynlegt í ljósi stöðugrar þróunar á löggjöf Evrópusambandsins að tryggja að Íslendingar fylgist vel með málaflokkum EES-samningsins og byggi upp samskiptanet innan einstakra stofnana sambandsins og við aðildarríki þess.

Í þessum tilgangi hefur ríkisstjórnin ákveðið að fjölga fulltrúum ráðuneyta í fastanefnd Íslands í Brussel þannig að flest ráðuneyti geti frá miðju ári fylgst með og haft áhrif á þróun einstakra málaflokka. Yfirumsjón með samningnum í heild sinni verður í höndum utanrrn.

EES-samningurinn býður einnig upp á eflingu pólitísks samráðs sem nauðsynlegt er að nýta. Ríkisstjórnin samþykkti 27. jan. sl. að í samvinnu við Noreg verði leitað eftir sem víðtækustu samráði við aðildarríki ESB um utanríkis- og öryggismál á grundvelli yfirlýsingar EES-samningsins um pólitísk skoðanaskipti. Rétt er að leggja áherslu á að um er að ræða framkvæmd heimildar sem þegar er fyrir hendi á grundvelli EES-samningsins.

Ljóst má vera að EES-samningurinn býður upp á mikla möguleika til frekara samstarfs við viðskiptaaðila okkar og bandamenn í Evrópu sem rétt er að þróa sem mest með íslenska hagsmuni í huga.

Vegna breytinga á tollum fyrrverandi EFTA-ríkja um síðustu áramót skerðast viðskiptakjör Íslands í þessum löndum ef ekkert verður að gert. Framkvæmdastjórnin gat ekki tekið upp viðræður um málið fyrir áramót þrátt fyrir kröfur íslenskra stjórnvalda. Í því sambandi óskaði framkvæmdastjórnin eftir upplýsingum um viðskipti Íslands við fyrrverandi EFTA-ríki nokkur ár aftur í tímann. Íslensk stjórnvöld urðu við þeirri ósk og bíða nú eftir viðbrögðum. Á grundvelli upplýsinganna mun framkvæmdastjórnin gera tillögur um bráðabirgðatilhögun í formi tollfrjálsra innflutningskvóta fyrir okkar mikilvægustu afurðir. Þetta gefur aðilum lengri frest til að ljúka samningaviðræðum vegna breytinga á viðskiptakjörum fyrir Ísland.

Það féll í hlut Íslands að stýra EFTA-fleyinu í sinni gömlu mynd síðasta spölinn. Ísland tók við formennsku samtakanna 1. júlí á sl. ári. Á formennskutímanum síðari hluta árs 1994 þurfti að ganga frá viðskilnaði og uppgjöri við þau ríki sem yfirgáfu stofnunina. Þau ríki sem gengu úr samtökunum munu taka þátt í rekstri stofnunarinnar fram á mitt þetta ár en frá og með þeim tíma munu Noregur, Ísland, Sviss og Liechtenstein kosta reksturinn.

Frá upphafi var ljóst að Stokkhólmssamningurinn yrði áfram við lýði og myndaði ramma um samskipti EFTA-ríkjanna sem eftir yrðu. Nú hafa einnig náðst samningar um það hvernig rekstri EFTA sem stofnunar verði háttað í nýrri mynd. Hið nýja EFTA verður minna að vöxtum. Gert er ráð fyrir því að starfsmenn verði um 55 talsins en voru 170 þegar mest var.

Eftirlitsstofnun EFTA verður áfram rekin í Brussel en hún verður minni í sniðum. Ætlunin er að tryggja ýtrasta sparnað með samnýtingu húsnæðis og rekstrarkostnaðar EFTA og eftirlitsstofnunar. Það virðist geta verið hagstæður kostur að flytja EFTA-dómstólinn til Lúxemborgar m.a. til þess að auka aðgang dómara að aðstöðu Evrópudómstólsins þar. Þetta er nú til athugunar en reynt verður að tryggja að röskun á starfsemi dómstólsins verði sem minnst.

Aðild að Evrópusambandinu er ekki á stefnuskrá þessarar ríkisstjórnar. Á undanförnum árum hafa þó ýmsir, þar með talinn sá sem hér stendur, hvatt til þess að allir kostir verði athugaðir vandlega þegar rætt er um framtíð Íslands í Evrópu. Það ræðst ekki fyrr en á hólminn er komið hvaða kjör standa til boða. Full samstaða er um það meðal íslensku þjóðarinnar að fiskimiðin séu ekki föl. Þau eru að lögum sameign Íslendinga allra og verða aldrei skiptimynt í samningaviðræðum. Stjórnarskrárbinding sameignarákvæðis fiskveiðistjórnarlaganna tæki af öll tvímæli um það.

Fullvíst er að Evrópusambandið mun seint sækjast

eftir því að Ísland verði aðildarríki. Þaðan munu því ekki berast nein boð. Frumkvæði um að sækjast eftir aðild getur aðeins komið frá Íslendingum sjálfum og ekki fyrr en um það hefur skapast pólitísk samstaða.

Vel má vera að Evrópusambandið hafni frekari aðildarviðræðum þar til úrslit ríkjaráðstefnunnar liggja fyrir en hún er þegar á næsta ári. Kýpur og Malta gera sér reyndar vonir um að aðildarviðræður þeirra geti hafist fyrr en Evrópusambandið hefur enn ekki tekið um það endanlega ákvörðun. Hvað sem því líður verður pólitísk umræða að fara hér fram áður en við getum með góðri samvisku sagt að sérstaða Íslands sé slík að Evrópusambandsaðild komi ekki til greina.

Út á við tel ég að við eigum að senda þau boð að Ísland eigi sér þegnrétt í samfélagi Evrópu og sanngjarna kröfu á því að tekið verði tillit til lífshagsmuna Íslands. Ákvörðun um að sækja ekki um aðild eða höfnun umræðu um hugsanlega aðild er út af fyrir sig afdrifarík ákvörðun.

Frá því að ég greindi Alþingi fyrr í vetur frá stöðu mála á vettvangi Atlantshafsbandalagsins hefur það markverðast gerst að utanríkisráðherrar bandalagsins tóku um það ákvörðun á haustfundi 1. des. sl. að hefja athugun á stækkun þess. Áhersla verður lögð á að skoða og skilgreina forsendur fyrir því af hverju bandalagið skuli stækkað og jafnframt hvernig að fjölgun aðildarríkja yrði staðið. Hér er um að ræða vel ígrundað og varfærið skref til undirbúnings hugsanlegrar inntöku nýrra aðildarríkja. Samfara þessu er lögð höfuðáhersla á að tryggja að ekki myndist nýjar átakalínur í Evrópu. Þessi stefnumörkun er íslenskum stjórnvöldum að skapi. Fullsnemmt er að ákvarða hvenær ný ríki fái aðild að bandalaginu og einkar mikilvægt er að stækkunin, ef af verður, fari þannig fram að ekki dragi úr styrk bandalagsins, þessa árangursríkasta varnarsamstarfs vestrænna ríkja. Tryggja þarf þetta höfuðmarkmið bandalagsins.

Fyrir okkur Íslendinga er og verður aðildin að Atlantshafsbandalaginu og varnarsamstarfið við Bandaríkin á grundvelli hennar bjargföst undirstaða stefnu okkar í öryggis- og varnarmálum. Áhersla okkar á vettvangi Atlantshafsbandalagsins og annarra öryggis- og varnarsamtaka hlýtur áfram að verða sú að efla traust tengsl yfir Atlantshafið og styðja áframhaldandi virka þátttöku Norður-Ameríku í öryggis- og varnarmálum Evrópu. Á þessari öld höfum við í tvígang orðið vitni að því að evrópsk borgarastyrjöld leiddi til alheimsátaka.

Hin hraðilega atburðarás í rússneska lýðveldinu Tsjetsjeníu hefur óneitanlega áhrif á samskipti Rússlands við umheiminn þótt flestir telji að þar sé um innanríkismál að ræða. Mannréttindi og mannúðaraðstoð eru hins vegar ekki einkamál ríkja eins og alþjóðasamþykktir staðfesta. Á því sviði verður að halda Rússlandi að sínum skuldbindingum ekki síður en öðrum ríkjum.

Þótt andi köldu í samskiptum Rússlands og Atlantshafsbandalagsins þessa dagana hljótum við að vona að úr rætist sem fyrst. Óneitanlega tekur tíma að byggja upp traust eftir hálfrar aldar spennuástand. Við Íslendingar hljótum að styðja slíka viðleitni, bæði á vettvangi fjölþjóðlegra samskipta og tvíhliða samskipta. Í heimsókn minni til Rússlands 19. des. sl. var undirrituð yfirlýsing um samskipti ríkjanna í þeim anda.

Fram undan er afar flókin umræða um fyrirkomulag öryggismála í Evrópu. Atlantshafsbandalagið hefur, eins og að ofan greinir, hafið vinnu hvað þetta varðar þar sem áhersla er lögð á væntanlega stækkun þess. Evrópusambandið er nú að móta hugmyndir sínar um sameiginlega utanríkis- og öryggismálastefnu sem væntanlega verður lögð fyrir milliríkjaráðstefnu þess á næsta ári.

Vestur-Evrópusambandið hefur þegar hafið vinnu við mótun sameiginlegrar varnarstefnu sem Evrópusambandið gerir væntanlega sinni ásamt því að hefja ígrundun varðandi öryggispólitísk málefni almennt. Vestur-Evrópusambandið er nú orðið samstarfsvettvangur 27 Evrópuríkja um evrópsk öryggis- og varnarmál. Samfara aðild að Evrópusambandinu hafa Svíþjóð, Finnland og Austurríki þegar gerst áheyrnaraðilar. Fjölgun aðildarríkja Vestur-Evrópusambandsins og sú umræða sem þar er nú að hefjast um sameiginlega varnarstefnu sýnir mikilvægi þess fyrir Ísland að hafa þann aðgang sem aukaaðild veitir til að geta fylgst með og haft áhrif á öryggismálaþróun sem varðar Evrópu alla. Rétt er að vekja athygli á því að með áheyrnaraðild Finna og Svía að Vestur-Evrópusambandinu eru Norðurlöndin nú í fyrsta skipti öll aðilar að sama varnarbandalagi þótt með mismunandi hætti sé.

Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu er einnig að hefja umfangsmikla athugun á hugsanlegri skipan öryggismála í Evrópu. Þrátt fyrir viss vonbrigði varðandi árangur á leiðtogafundi RÖSE sl. desember náðist þó sá árangur að RÖSE-ferlið var gert að stofnun og fer fram vaxandi starf innan hennar. Loks má nefna að Evrópuráðið hefur með óbeinum hætti látið öryggismál til sín taka með áherslu á lýðræðislegt öryggi og aðstoð við uppbyggingu lýðræðislegra stofnana og stjórnkerfis í fyrrverandi kommúnistaríkjum. Stefnt er að útgáfu ítarlegs upplýsingarits um Evrópuráðið á vegum utanrrn. í náinni framtíð.

Af þessu yfirliti má ljóst vera að gerjun í öryggismálum í Evrópu er veruleg. Áhrif stækkunar Evrópusambandsins og væntanlega Atlantshafsbandalagsins tengjast þessari umræðu. Öll ríki Mið- og Austur-Evrópu sem sækjast á annað borð eftir aðild að Atlantshafsbandalaginu leggja jafnframt mikla áherslu á aðild að því og Evrópusambandinu. Stjórnvöld í ýmsum Evrópusambandsríkjum hafa einnig lagt áherslu á að stækkun Atlantshafsbandalagsins og Evrópusambandsins verði að haldast í hendur.

Ísland verður að halda öllum seglum í þessu ölduróti evrópskra öryggismála. Vissulega er Atlantshafsbandalagið okkar mikilvægasta haldreipi eins og áður segir og verður um fyrirsjáanlega framtíð. Enginn þarf að efa áherslu okkar á mikilvægi þess og tengslanna í vestur. En vel er þó líklegt að öryggispólitískar ákvarðanir sem teknar verða í öðrum samtökum kunni að hafa mikilvæg áhrif á okkar öryggis-

mál. Atlantshafsbandalagið getur ekki orðið eini grundvöllur framtíðarfyrirkomulags í öryggismálum þessarar álfu. Til þess dugir stofnsamningur þess einfaldlega ekki. Einhvers konar verkaskipting milli Atlantshafsbandalagsins, Evrópusambandsins, Vestur-Evrópusambandsins og hinnar nýju öryggis- og samvinnustofnunar, ÖSE, er ekki ólíkleg niðurstaða af þessari öryggismálaumræðu þar sem jafnvægi skapast og öryggi allra Evrópuríkja verður vonandi tryggt. Í aðdraganda þeirrar ákvörðunar verðum við að taka ábyrgan þátt.

Í febrúar 1992 samþykkti ríkisstjórnin að tillögu minni breytingar í frjálsræðisátt á fyrirkomulagi varnarframkvæmda sem kostaðar eru af Mannvirkjasjóði Atlantshafsbandalagsins. Í framhaldi af því hafa staðið yfir samningar við mannvirkjasjóðsnefndina og bandarísk stjórnvöld. Af hálfu íslenskra stjórnvalda var í þessum samningum lögð áhersla á að verk yrðu boðin út innan lands hvenær sem unnt væri og komið væri á opnu og skilvirku kerfi sem stuðlaði að þátttöku fyrirtækja í útboðum. Þá var af okkar hálfu lögð áhersla á að útboðsskilmálar yrðu sniðnir að ákvæðum íslensks staðals um byggingarframkvæmdir. Þetta hefur gengið eftir og er nú verið að leggja síðustu hönd á útboðsskilmála fyrir fyrsta verkið sem boðið verður út hér á landi samkvæmt þessu nýja kerfi. Þessi niðurstaða er fyrsti liður í nauðsynlegri aðlögun á fyrirkomulagi verktöku fyrir Atlantshafsbandalagið og varnarliðið. Við þá endurskoðun þarf að hafa í huga að auka frjálsræði í ljósi breyttra aðstæðna á verktakamarkaði og kröfu varnarliðsins um ráðdeild í rekstri varnarstöðvarinnar í Keflavík. Á hinn bóginn verður einnig að hafa í huga hagsmuni Suðurnesjamanna sem byggja atvinnu- og rekstrarumhverfi að stóru hluta á samskiptum við varnarliðið.

Sá vonarneisti sem kviknaði við friðarumleitanir Carters, fyrrum Bandaríkjaforseta, í Bosníu-Hersegovínu fyrir jól hefur enn ekki orðið að friðarloga. Enn eru tillögur tengihópsins svokallaða eini raunhæfi samningagrundvöllurinn sem hægt er að byggja friðarsamkomulag á. Það er vissulega ánægjulegt að hægt verður að halda áfram þátttöku Íslands í friðargæslu í Bosníu-Hersegovínu. Þátttaka þessi hefur fært heim sanninn um það að Ísland vill leggja fleira til en orðin tóm og eftir þessu hefur verið tekið meðal bandalagsþjóða okkar.

Nú líður óðum að endurskoðunarráðstefnunni um samninginn gegn útbreiðslu kjarnavopna. Afar mikilvægt er að styrkja þann samning og gefa honum ótakmarkaðan gildistíma. Komið hefur í ljós á undirbúningsfundi í lok janúar að enn ber mikið í milli en mikið er í húfi að takist að framlengja þennan tímamótasamning. Í síðustu viku ákvað Bandaríkjastjórn að framlengja einhliða stöðvun kjarnavopnatilrauna, a.m.k. fram í september 1996 en þá eru vonir við það bundnar að hægt verði að undirrita samning um allsherjarbann við kjarnasprengingum. Vonandi mun þessi ákvörðun auðvelda samstöðu allra þjóða varðandi þennan umdeilda en mikilvæga málaflokk almennt og sérstaklega stuðla að ótakmarkaðri framlengingu samningsins.

Samningurinn um bann við efnavopnum tók ekki gildi um áramót eins og bjartsýnustu áætlanir höfðu gert ráð fyrir þar sem undirbúningur að fullgildingu hefur reynst flóknari en ráð var fyrir gert. Enn vantar verulega upp á þann fjölda staðfestinga sem nauðsynlegur er til að hann öðlist gildi. Stefnt er að því að hægt verði að leggja samninginn fyrir Alþingi til staðfestingar fjótlega.

Sameinuðu þjóðirnar verða eins og kunnugt er 50 ára þann 24. okt. á þessu ári. Á þeim merku tímamótum gefst kærkomið tækifæri til þess bæði að horfa fram á veginn og beina sjónum að því sem vel hefur tekist í starfsemi þeirra. Samtökin hafa oft sætt gagnrýni, sérstaklega að því er varðar varðveislu friðar og öryggis í heiminum. Allir ættu þó að geta verið sammála um að vel hefur tekist til á mörgum sviðum sem tryggja undirstöðu friðar og öryggis. Þannig hefur starf Sameinuðu þjóðanna á sviði nýlendu- og sjálfstæðismála og við eflingu mannréttinda óneitanlega verið árangursríkt. Umtalsverður árangur hefur einnig náðst á undanförnum árum á sviði umhverfis- og þróunarmála.

En þessi tímamót í sögu Sameinuðu þjóðanna eru ekki einungis tilefni til að minnast þess sem vel hefur verið gert. Vandamál heimsins sem samtökin þurfa að glíma við hafa síst minnkað og sífellt meiri kröfur eru gerðar til stofnunarinnar. Engin teikn eru á lofti um að stefni í friðarátt í heiminum og ekkert bendir til þess að mikilvægi Sameinuðu þjóðanna við varðveislu sameiginlegs öryggis hafi minnkað. Mikilvægt er því að laga stofnunina að breyttum aðstæðum svo hún verði vandanum vaxin.

Í þessu ljósi ber einnig að túlka endurskoðun á starfsemi öryggisráðsins sem hefur fengið aukið mikilvægi á undanförnum árum. Ráðgert er að fleiri ríkjum verði gefinn kostur á að eiga sæti í ráðinu í náinni framtíð. Mikilvægt er að fjölgun í öryggisráðinu verði takmörkuð og þannig háttað að hún dragi ekki úr getu þess til að bregðast á árangursríkan og skjótan hátt við vandamálum sem upp koma. Að sama skapi er mikilvægt fyrir Ísland að tryggt að smærri ríki eigi þess kost að eiga sæti í ráðinu.

Búast má við því að breytingar verði á norrænu samstarfi á vettvangi Sameinuðu þjóðanna á komandi árum eftir inngöngu Finnlands og Svíþjóðar í Evrópusambandið þótt norrænt samstarf muni halda áfram á þeim vettvangi sem annars staðar. Hætt er við að Norðurlönd verði að draga úr samstarfi sínu og muni koma sjaldnar saman og fram sem einn samstæður hópur. Því veldur einkum að Evrópubandalagsríkin koma fram sameiginlega í flestum málaflokkum. Verulegur tími fulltrúa Evrópusambandsríkja fer í innbyrðis samráð. Lítill tími verður því aflögu fyrir samráð Norðurlandanna.

Á sama tíma og íslensk stjórnvöld kappkosta að viðhalda norrænu samstarfi á vettvangi Sameinuðu þjóðanna eftir því sem við verður komið verður að huga að leiðum til þess að efla þátttöku Íslands í starfsemi Sameinuðu þjóðanna og fyrirbyggja þannig að rödd Íslands veikist á þeim vettvangi. Ríkisstjórnin hefur m.a. af þeirri ástæðu ákveðið, að tillögu minni, að

Ísland sækist eftir aðild að efnahags- og félagsmálaráði Sameinuðu þjóðanna. Aðild mun auka möguleika á nánara samstarfi við ríki sem eiga sömu hagsmuna að gæta og Ísland, t.d. á sviði hafréttarmála, umhverfismála og mannréttindamála.

Sameinuðu þjóðirnar hafa á undanförnum fjórum árum boðað til fjögurra alþjóðlegra ráðstefna þar sem mannlegi þátturinn hefur verið í fyrirrúmi, þ.e. leiðtogafundar Sameinuðu þjóðanna í New York um málefni barna, ráðstefnu Sameinuðuð þjóðanna í Ríó um umhverfi og þróun, alþjóðaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um mannréttindi í Vín og loks nýlokinnar ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Kaíró um mannfjölda og þróun. Ein af grundvallarniðurstöðum allra þessara ráðstefna hefur verið ákall um aukna samstöðu samfélags þjóðanna við lausn alþjóðlegra vandamála. Mikilvægur leiðtogafundur um félagsmál stendur nú fyrir dyrum í mars í Kaupmannahöfn.

Ráðstefna Sameinuðu þjóðanna um málefni kvenna verður haldin í Peking næsta haust. Mannréttindi kvenna eru viðfangsefni ráðstefnunnar í Peking. Undirbúningsnefnd Íslands hefur tekið mið af þessu meginþema við undirbúningsstarf sitt. Undirbúningsnefndin hefur látið taka saman handbók um mannréttindi kvenna þar sem helstu efnisatriði samninga og yfirlýsinga sem varða rétt kvenna sérstaklega eru rakin. Einnig er áætlað að gefa út bækling með helstu upplýsingum um ráðstefnuna. Undirbúningsnefndin hefur gætt þess í hvívetna að hafa samráð við kvennahreyfingar og önnur félög sem vinna að jafnrétti kvenna og karla. Þá hafa stjórnmálaflokkarnir átt fulltrúa í ráðgjafahópi undirbúningsnefndarinnar.

Skýrsla Íslands til Sameinuðu þjóðanna um stöðu kvenna hér á landi er á lokastigi. Við gerð hennar hefur verið haft samráð við fjölda kvenstofnana og annarra aðila. Skýrslan verður send nefndum Alþingis áður en endanlega verður frá henni gengið.

Athygli skal vakin á því að ítarlegri skýrslu um starfsemi 49. allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna árið 1994 hefur verið dreift á Alþingi.

Starfshópur um stefnumörkun í úthafsveiðimálum hefur haldið áfram vinnu sinni við undirbúning málflutnings Íslands á úthafsveiðiráðstefnu Sameinuðu þjóðanna. Íslenska sendinefndin hefur á undanförnum vikum unnið að því að kynna tillögur okkar sem taka mið af að tryggja sérstöðu og hagsmuni Íslands sem best. Það að fá aðrar þjóðir til að taka tillit til sérstöðu Íslands vegna mikilvægis fiskveiða, hvort sem þær eru nær eða fjær, er lykilatriði í okkar málflutningi. Breytingartillögum Íslands við texta formanns ráðstefnunnar hefur verið dreift til allra aðildarríkja hennar. Þær taka mið af því að tryggja með svipuðum hætti og í 71. gr. hafréttarsamningsins rétt ríkja sem eru efnahagslega í mjög miklum mæli háð nýtingu lífrænna auðlinda.

Það er skýlaus stefna okkar að vinna að gerð bindandi alþjóðasamnings um deilistofna og miklar farteundir á úthafinu, tryggja rétt strandríkja við nýtingu auðlindanna á aðlægum svæðum við efnahagslögsöguna og koma á virku kerfi fiskveiðistjórnunar og fiskverndar utan við 200 sjómílur. Væntanlegur samningur um stjórnun fiskveiða á úthöfunum mun verða stór áfangi í baráttu okkar Íslendinga fyrir verndun fiskstofna og lífríki hafsins. Samningnum er ætlað að setja reglur um stjórnun fiskveiða utan efnahagslögsögunnar. Hann mun því verða ásamt hafréttarsamningnum hinn alþjóðlegi lagagrunnur um verndun, stjórnun og nýtingu fiskstofna.

Á fundi mínum með Andrei Kozyrev, utanríkisráðherra Rússlands, þann 19. des. sl. var ákveðið að halda fund embættismanna til að fjalla um málefni Barentshafs og fiskveiða Íslendinga þar. Einnig var ákveðið að stefna að þríhliða fundi milli Íslands, Rússlands og Noregs. Í sameiginlegri yfirlýsingu um grundvallaratriði í samskiptum Íslands og Rússlands sem undirrituð var á fundi mínum og utanríkisráðherra Rússa eru ákvæði sem lúta að stofnun sameiginlegrar nefndar sem ræða skal samvinnu ríkjanna á sviði efnahagsmála og viðskipta, þar með talin samvinna um fiskveiðar og nýtingu lífrænna auðlinda hafsins. Á fundum embættismanna landanna í Múrmansk þann 20. jan. sl. var síðan rætt um mögulegan samvinnugrundvöll á sjávarútvegssviðinu.

Íslendingar hafa frá upphafi veiða í Smugunni svokallaðri og frá upphafi ágreinings um þær lýst sig fúsa til samninga um málið. Við teljum eðlilegt að Íslendingar fái varanlegan aðgang að veiðum í Barentshafi og raunhæfan en sanngjarnan kvóta til þorskveiða sem af fiskverndarástæðum væri tengdur stofnstærð Barentsþorksins. Ég vil lýsa þeirri von minni að viðsemjendur okkar, Norðmenn og Rússar, skilji mikilvægi þessara veiða fyrir okkur og að samningar megi takast á næstunni um þetta mál.

Eins og alþjóð er kunnugt undirrituðu sjávarútvegsráðherrar Noregs og Kanada samning milli landanna þann 9. jan. sl. um fiskverndun og framkvæmd fiskverndarákvæða. Í samningi þessum er ákvæði sem lýtur að fiskverndarsvæðinu við Svalbarða þar sem ríkin viðurkenna rétt Noregs til að fara með óskoraðan fullveldisrétt og lögsögu sem strandríki ber samkvæmt hafréttarsamningi Sameinuðu þjóðanna og að Svalbarðasamningurinn frá 9. febr. 1920 nái ekki til svæðisins. Kanadísk stjórnvöld hafa fengið lögfræðilega álitsgerð okkar um málið og hef ég óskað þess að þau endurskoði umrætt ákvæði samningsins. Norðmenn geta einungis sótt rétt sinn til fiskverndarlögsögunnar á grundvelli Svalbarðasamningsins og þurfa að virða réttindi annarra ríkja samkvæmt samningnum. Þess skal getið að Noregur og Kanada eiga eftir að undirrita og staðfesta þennan tvíhliða samning.

Í ræðu minni um utanríkismál síðastliðinn október vakti ég máls á mikilvægi þess að tekist yrði á við hvalveiðimálið sem enn væri óleyst. Rétt er að árétta mikilvægi þess að á því máli verði tekið af varfærni en festu, enda um viðkvæmt utanríkispólitískt mál að ræða sem hefur áhrif út fyrir þrönga, efnislega skilgreiningu þess. Við lausn þessa máls verður að gefa gaum að hvoru tveggja í senn, grundvallarsjónarmiðum okkar og langtímahagsmunum varðandi nýtingu auðlinda og samskiptum okkar við helstu viðskiptaaðila og banda-

menn. Lausn málsins verður að finna stað innan alþjóðlegra viðurkenndra vébanda. Undir lok sl. árs ákváðum við sjútvrh. að setja á fót starfshóp til að meta hvernig hagsmunum Íslands verði best borgið á alþjóðavettvangi í máli þessu og í þeim tilgangi m.a. að undirbúa viðræður við þá erlendu aðila sem málið varðar. Ég ítreka mikilvægi þess að framganga okkar í þessu máli verði vel ígrunduð og markviss.

Virðulegi forseti. Fáar þjóðir eiga eins mikið undir því að eiga góð samskipti við umheiminn og við Íslendingar. Sagan kennir okkur að þegar þau eru opin og frjáls vegnar þjóð okkar vel en miklu miður þegar hafta- og einangrunarhyggja ríkir. Okkur Íslendingum er hollt að leita jafnan lausna á sviði utanríkismála með þetta í huga. Á þeim stutta tíma sem til þess er ætlaður hef ég gert grein fyrir nokkrum þeim höfuðatriðum á sviði utanríkismála sem fjalla þarf um. Þær umræður sem nú fara í hönd þurfa þó ekki að takmarkast við þetta yfirlit.

[11:03]

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Ég vil taka undir það með hæstv. utanrrh. sem hann sagði í lok sinnar ræðu að fáar þjóðir eiga eins mikið undir því að eiga góð samskipti við umheiminn og við Íslendingar og það er mjög mikilvægt nú þegar miklar breytingar eru á sviði utanríkismála í heiminum að við metum stöðu okkar af raunsæi og tryggjum það höfuðmarkmið íslenskrar utanríkisstefnu að varðveita sjálfstæði og fullveldi íslensku þjóðarinnar og tryggja öryggi okkar og efla viðskipti við aðrar þjóðir.

Við í Framsfl. höfum talið að markmiðum utanríkisstefnunnar væri best náð með öflugu starfi innan Sameinuðu þjóðanna á vettvangi Norðurlandaráðs og með samningum og samstarfi við öll ríkjabandalög og viðskiptastórveldi. Við styðjum það starf sem Íslendingar standa að innan NATO og það hefur komið í ljós að NATO er meginvettvangur þess pólitíska samstarfs sem nú á sér stað milli austurs og vesturs og miðar að því að tryggja frið í Evrópu. Við erum þeirrar skoðunar að við eigum að auka þátt okkar í þessu starfi og reyna að vera virkari innan þessara samtaka sem við höfum verið aðilar að lengi og hefur verið mikilvæg stoð í utanríkisstefnu Íslands.

Við erum jafnframt stuðningsmenn þess að við höfum nú gerst aðilar að nýrri stofnun, Alþjóðaviðskiptastofnuninni, sem við teljum vera mjög mikilvæga og eigi að geta leitt til frjálsari viðskipta í heiminum sem við erum mjög háðir. Íslendingar byggja svo mikið á alþjóðlegum viðskiptum að það skiptir okkur meginmáli að vel takist til í sambandi við þessa stofnun og ég fagna því að það var unnt að við gátum verið stofnaðilar að henni.

Ég vil þó í ræðu minni nefna nokkur atriði sem ég tel ámælisverð í sambandi við starf núverandi ríkisstjórnar á sviði utanríkismála og vil þá einkum fjalla um stöðu okkar gagnvart Evrópusambandinu, þær deilur sem við höfum átt í við frændur okkar Norðmenn og jafnframt vil ég koma lítillega inn á hvalveiðimálin sem hæstv. utanrrh. kom inn á. Síðar í dag verður væntanlega rætt um norrænt samstarf en nú eiga sér stað miklar breytingar á norrænu samstarfi sem skiptir okkur Íslendinga miklu máli. Ég vænti þess að bærileg samstaða takist í þeim efnum varðandi endurskipulag norræns samstarfs en þar eru ýmis teikn á lofti sem geta reynst okkur hættuleg því að það er afar mikilvægt á þessu stigi að styrkja norrænt samstarf og ég vek athygli á því að á sama tíma og hér hefur jafnvel verið umræða um að leggja niður sendiráð á Norðurlöndunum þá eru Norðmenn að styrkja öll sín sendiráð á Norðurlöndunum, m.a. til þess að reyna að styrkja samstarf við þær Norðurlandaþjóðir sem nú eru aðilar að Evrópusambandinu. Ég tel fráleitt að bregðast þannig við um þessar mundir að draga úr starfsemi sendiráða okkar á Norðurlöndunum. Ég held að við þurfum einmitt með svipuðum hætti og Norðmenn að styrkja starf þeirra og beina því að nokkru leyti inn á Evrópusamstarfið. En það mun verða ríkur þáttur í Norðurlandasamstarfinu í framtíðinni að vinna með öðrum Norðurlandaþjóðum að málefnum sem snerta samvinnuna við Evrópusambandið.

Ég þarf ekki að taka það fram hér að Framsfl. er andvígur því að sótt verði um aðild að Evrópusambandinu og okkur þykir það miður að hér skuli vera umræða um það að nú beri að sækja að Evrópusamstarfinu einmitt þegar við þurfum á því að halda að sameinast um það með hvaða hætti við styrkjum tengslin við Evrópusambandið án aðildar. Mér finnst að það komi svo skýrt fram í þeim skýrslum sem gerðar hafa verið í sambandi við þetta mál að það þyrfti ekki að ræða það á þessu stigi að rétt sé að sækja um aðild.

Ég vil m.a. benda á það sem segir í skýrslu háskólans sem kom nýlega frá Hagfræðistofnun þar sem tekið er fram að það megi búast við því að afkoma ríkissjóðs muni versna vegna hugsanlegrar aðildar um 5–6,5 milljarða kr. Trúlega er hærri talan réttari vegna þess að hún er miðuð við það að við gerumst aðilar að styrkjakerfi Evrópusambandsins og reynum með þeim hætti að ná sem mestu til landsins aftur af því fjármagni sem þarf að greiða til Evrópusambandsins. Það er því alveg ljóst að með þessu væri verið að taka upp nýtt millifærslukerfi í íslensku hagkerfi sem byggðist á því að færa 5–6,5 milljarða til Brussel og fá hluta af því til baka inn í íslenskan sjávarútveg og inn í íslenskan landbúnað. Inni í þessari tölu er m.a. það mótframlag sem ríkissjóður þyrfti að leggja fram á móti.

Maður hlýtur að spyrja þegar þessar tölur liggja fyrir: Hvernig hafa menn hugsað sér að afla þessara tekna? Hafa menn hugsað sér að hækka tekjuskatt einstaklinga? Hafa menn hugsað sér að hækka virðisaukaskatt eða hafa menn e.t.v. hugsað sér að taka upp auðlindaskatt í þessu sambandi? Það þykir mér ekki ólíklegt m.a. vegna þess að sjávarútvegur fengi verulega styrki frá Evrópusambandinu og frá íslenska ríkinu og ég býst við því að mörgum þætti það óeðlilegt að sjávarútvegurinn fengi þessa styrki án þess að greiða eitthvað í staðinn. Þá væri búið að búa til nýtt millifærslukerfi í sjávarútveginum sem byggðist á því að taka af honum verulega skatta og borga svo til baka

út á alls konar hluti, úreldingu skipa, styrki til að byggja ný skip, styrki til að byggja fiskvinnslustöðvar og styrki til að gera hitt og þetta. Ég er þeirrar skoðunar að slíkt kerfi væri eyðileggjandi fyrir íslenskan sjávarútveg. Það setti hann í allt annað ljós og mundi minnka þá hvöt sem þar er til þess að reka góð fyrirtæki og vera samkeppnishæfir á alþjóðlegum mörkuðum. Hitt er svo annað mál að ef við gerumst ekki aðilar að ESB, sem ég hef sagt að við viljum ekki í Framsfl., þá þurfum við að endurskoða aðstöðu sjávarútvegsins, m.a. að því er varðar tolla, og það kemur vissulega til greina að greiða með einhverjum hætti þá tolla sem leggjast á íslenskar vörur af öðrum framleiðslugreinum og jafna þannig skilyrðin innan sjávarútvegsins. Þetta eru að vísu ekki mjög háar fjárhæðir sem betur fer sem við getum reiknað með að við þurfum að greiða.

Það er verið að reyna að semja um þessa tolla og vonandi takast þeir samningar vel en það er gert ráð fyrir því að þessar fjárhæðir miðað við núverandi útflutning verði þó aldrei meiri en kannski á bilinu 100–200 millj. á ári þó engin leið sé að fullyrða um það vegna þess að auðvitað getur samsetning útflutnings breyst. En það er hins vegar óeðlilegt að við búum við allt önnur samkeppnisskilyrði en viðskiptaþjóðirnar í kringum okkur og ég er þeirrar skoðunar að það sé miklu auðveldara að búa til tiltölulega lítið millifærslukerfi innan lands en taka þátt í þeim óskapnaði sem kæmi fram ef við gerðumst aðilar að ESB. Með þessu er ég á engan hátt að mæla með millifærslukerfi. Ég er almennt á móti því og ég ítreka að það millifærslukerfi sem var í sjávarútveginum á sínum tíma með útflutningsgjaldinu var lagt niður og það var mikil hreinsun af því á sínum tíma og við eigum að leitast við að taka slíkt ekki upp á nýjan leik.

Það kemur jafnframt fram í þeirri skýrslu sem sjútvrn. lét gera í október 1994 — og ég hélt nú fram að hefði verið stungið undir stól en hæstv. sjútvrh. hefur sagt mér að þessari skýrslu hafi verið dreift á aðalfundi LÍÚ og dreift til blaðamanna en ég hef ekki orðið var við að þessari skýrslu væri dreift til þingmanna eða utanrmn. eða annarra nefnda þingsins. Ég vænti þess að svo verði gert því að mínu mati er ekki nægilegt að koma henni til annars ágætra manna innan LÍÚ því að þessi skýrsla er það merk að ég tel að hún taki af öll tvímæli um það hver gæti orðið staða Íslands í sambandi við sjávarútvegsmál með hugsanlegri aðild að ESB. Hún svarar þó engan veginn öllum spurningum og þess vegna þarf að vinna að málinu áfram. Það hefur ekki verið gert og ég vil leggja áherslu á það að unnið verði áfram á þeirri braut. Það eru draumórar að ætla sér það að við getum fengið undanþágur frá öllum þeim vandamálum sem þar koma fram. Þessi mál eru það föst í Rómarsáttmálanum að ég tel engar líkur á því við núverandi aðstæður að við gætum komist undan þeim. Ég tel ekki neinar líkur til þess að við getum komist undan því að erlendir aðilar fái að fjárfesta í íslenskum fiskiskipum eins og t.d. Norðmenn voru að gera sér vonir um. Þeir gerðu sér vonir um það vegna þess að það eru skilyrði fyrir því í Noregi að það megi enginn fjárfesta í fiskiskipi nema hafa verið í fiskveiðum í a.m.k. þrjú ár. Ég held að enginn vilji taka upp slíkar reglur hér og þess vegna sé mjög ólíklegt að við komumst undan því. Ég vil líka benda á þá staðreynd að við þyrftum að yfirtaka verulegan hluta af fiskveiðistjórnunarkerfi Evrópusambandins og ég tel að allt þetta mál sé með þeim hætti að það sé út í hött við núverandi aðstæður að láta reyna á málið. Það þarf miklu betri skoðunar við og ég hvet hæstv. utanrrh. að snúa sér að því máli í stað þess að vera sí og æ að tala um aðildarumsókn að Evrópusambandinu og láta reyna á málið.

Það er alvarlegur hlutur að sækja um aðild að ESB. Þeir sem gera það hljóta að ætla sér þangað inn ef þeir fá því framgengt sem þeir vilja. Það er ekki auðvelt að snúa til baka þegar farið er af stað, jafnvel þó það komi í ljós að margt af því sem menn vildu ná fram fái menn ekki. Þannig að slíka ævintýraferð þurfa menn að hugsa vel og undirbúa með öðrum hætti en komið hefur fram í máli hæstv. utanrrh. Ég vil jafnframt gagnrýna hvernig staðið hefur verið að því að nálgast Evrópusambandið í sambandi við hugsanleg áhrif okkar innan þess og í sambandi við okkar mál. Ég hef haldið því fram lengi að það væri nauðsynlegt að útfæra það hvernig hin pólitísku samskipti ættu að vera eftir að aðrar þjóðir hafa gengið inn í Evrópusambandið. Ég minni á það í þessu sambandi að í desember sl. fóru Norðmenn af stað með miklum látum og kröfum á hendur Evrópusambandinu um það hvernig samskiptum Noregs og Evrópusambandsins gæti verið háttað. Hugmyndir Norðmanna voru ýmsar sem ég get ekki rakið hér enda hef ég ekki fengið þann lista. Þeir gerðu ráð fyrir því á þeim lista að það yrðu haldnir fundir milli forsætisráðherra og utanríkisráðherra Noregs með formannslandinu í Evrópusambandinu reglulega. Þeir gerðu ráð fyrir því að Noregur tæki þátt í ýmsum vinnuhópum, þeir tækju þátt í upplýsinganetinu um utanríkispólitík Kóreu og þeir gerðu ráð fyrir að Norðmenn gætu þá tekið þátt í undirbúningi fyrir fundi innan Sameinuðu þjóðanna og fleiri samtaka.

Norðmenn hafa að vísu ekki fengið nein svör í þessu sambandi en ég tel afar mikilvægt að Íslendingar undirbúi hvað það er sem þeir vilja í þessu samhengi. Það hefur að vísu komið fram núna að ríkisstjórnin hefur ákveðið að hafa samstarf við Noreg um þessi mál, sem er af hinu góða, en ég vil minna á að Norðmenn hafa haft, a.m.k. fram að þessu, allt aðrar hugmyndir. Í viðtali sem birtist við utanríkisráðherra Noregs þann 17. des. í Aftenposten þá sagði hann eftirfarandi: Að hann væri þeirrar skoðunar að innan hins formlega ramma gæti átt sér stað og þróast náið samstarf sem geri það að verkum að Noregur muni fá mjög nánari samskipti við Evrópusambandið en t.d. Ísland. Það er sem sagt alveg ljóst hvað norska ríkisstjórnin var að fara. Hún var að reyna að ná fram öðruvísi samskiptum við Evrópusambandið en þeir teldu að Íslendingar ættu að fá. Ég er því ekki þeirrar skoðunar að það sé nægilegt að hengja sig aftan í Noreg í þessu sambandi. Þessi ummæli gefa m.a. til kynna að þeir hafi aðrar hugmyndir í þeim efnum.

Með þessu er ég ekki að segja að ég sé andvígur nánu samstarfi við Noreg á þessu sviði en ég vil fara þess á leit að sem fyrst verði birtur í utanrmn. listi yfir það hvað það er sem Íslendingar vilja fara fram á í þessu sambandi. Ég hef ýmsar hugmyndir um það sem ekki er tími til að rekja hér. Ég hef margoft spurt um það í utanrmn. á sl. hausti, um hugmyndir ríkisstjórnarinnar í þessum efnum, en það hafa engin viðbrögð komið fram. Fyrstu viðbrögðin eru þau að ríkisstjórnin ákvað, eftir því sem utanrrh. upplýsti hér í ræðu sinni áðan, þann 27. jan. að eiga samstarf við Noreg um þessi mál. Við hljótum að þurfa að marka okkur eigin stefnu í þessu sambandi vegna þess að við höfum að mörgu leyti aðra stöðu en Noregur, við höfum aðra stöðu að því leyti til að Noregur hefur nýlega sótt um aðild að ESB og hafnað henni. Það höfum við Íslendingar ekki gert og höfum allan tímann verið að tala um samskipti á grundvelli samningsins um Evrópskt efnahagssvæði og þeirra ákvæða sem þar koma fram með öðrum hætti en Noregur hefur verið að gera. Þannig að því leytinu til erum við í nokkuð annarri stöðu. Það væri líka mjög slæmt ef t.d. Austur-Evrópuþjóðirnar fengju aðild að ýmsum nefndum og ráðum sem við fengjum ekki aðild að eins og ýmsar vísbendingar gefa til kynna. Þess vegna er mikilvægt að þessu máli sé vel sinnt.

Sú deila sem við höfum átt í við Norðmenn er líka þess eðlis að samskipti landanna hafa ekki verið nægilega góð og ég er þeirrar skoðunar að það sé mikilvægt að það sé leitað samninga í þessu máli og reynt að komast að niðurstöðu sem allra fyrst þannig að eðlileg samskipti geti þróast milli landanna. Það er mikið í húfi bæði fyrir Íslendinga og Norðmenn í þessum málum því við eigum mikla sameiginlega hagsmuni, við eigum miklu meiri sameiginlega hagsmuni en andstæða hagsmuni, og við þurfum að líta fyrst og fremst til þeirra.

Ég vænti þess að Norðmenn muni viðurkenna rétt okkar til veiða í Barentshafi sem hlýtur að vera grundvallaratriði í þessu máli. En ég vil líka benda á að það er afar mikilvægt að löndin komi sér sem fyrst saman um síldveiðar og í þessu samhengi líka um veiðar suðvestur af Reykjanesi.

Mér hefur fundist að ríkisstjórnin hafi gengið fram í þessu máli heldur sundruð og oft er talað um það í þeim samtölum sem ég á a.m.k. við Norðmenn að það sé eins og hér séu tvær ríkisstjórnir í þessu máli. Annarri stýri hæstv. sjútvrh. og hinni hæstv. utanrrh. Þetta er afar óheppilegt í svo viðkvæmu máli sem þessu þegar ráðherrar geta ekki komið fram sem ein heild í svo stóru utanríkispólitísku máli. Það er engin ástæða til annars en að Íslendingar eigi að geta sameinast í þessu máli því auðvitað er það kappsmál stjórnarandstöðu á hverjum tíma að stórmáli sem þessu sé komið í höfn.

Ég tel mikilvægt að verði farið af stað með samninga og reynt að ná niðurstöðu sem fyrst á þessu ári og kosningar séu ekki látnar standa í vegi fyrir því að reynt sé að ná samkomulagi í þessu mikilvæga og viðkvæma máli. Við í Framsfl. erum tilbúin til samstarfs í því máli ef ríkisstjórnin telur ástæðu til og viljum ekki að kosningar nú á næstunni trufli samningsumleitanir.

Hæstv. utanrrh. kom í ræðu sinni inn á hvalveiðimál. Hann sagði réttilega í ræðu sinni að þar þyrftu menn að ganga fram af varfærni. Ég get tekið undir það. En það er afar mikilvægt í því stóra og viðkvæma máli að þar sé einhver ein stefna. Það hefur komið fram að hæstv. sjútvrh. er andvígur því að ganga í Alþjóðahvalveiðiráðið en svo virðist vera að aðrir ráðherrar í ríkisstjórninni séu þeirrar skoðunar að það eigi að ganga í Alþjóðahvalveiðiráðið. Þetta er mjög óheppilegt þegar ráðherrar koma fram með mismunandi hætti í svo viðkvæmu máli. Ég vil alls ekki útiloka að það verði gengið í Alþjóðahvalveiðiráðið á nýjan leik. Að sumu leyti heppnaðist það ekki nægilega vel að ganga úr því vegna þess að Norðmenn og fleiri þjóðir héldu áfram að vera í Alþjóðahvalveiðiráðinu. En menn hljóta þá að verða að svara því: Hvað á að gerast þegar gengið verður í Alþjóðahvalveiðiráðið? Halda menn að það verði gefnir út kvótar daginn eftir? Nei, ekki aldeilis. Og þær hugmyndir sem þar eru uppi um kvóta á næstunni eru þess eðlis að við getum ekki reiknað með því að þar verði gefin út mikil réttindi á næstu árum, því miður. Ef við göngum þar inn þá tel ég að við þurfum að halda áfram með þær rannsóknir sem við hófum á árinu 1987. Það er ekki hægt að fylgjast með hvalastofnunum án einhverra veiða. Þetta vita allir sem til þekkja. Við höfum heimild til þess samkvæmt samningum sem gilda innan Alþjóðahvalveiðiráðsins að hefja slíka vísindaáætlun. Við ætluðum okkur að gera það að því er varðar hrefnuna. Það hefur aldrei verið gert. Þess vegna er full ástæða til þess að fara út í allverulegar veiðar á hrefnu þó ekki sé nema til þess að fylgjast betur með hrefnustofninum og gera sér grein fyrir því hvaða áhrif hann hefur á lífríkið í kringum landið. Þetta verður ekki gert án veiða.

Ég vil spyrja: Hvaða viðræður hafa átt sér stað við aðrar þjóðir um þessi mál? Hefur eitthvað verið rætt t.d. við Bandaríkin um þetta efni? En samstarf við þá á þessu sviði er mjög mikilvægt. Hefur verið rætt við ýmsar aðrar þjóðir um hugsanlega samvinnu innan Alþjóðahvalveiðiráðsins ef við þá göngum í það? Mér finnst stefnan í þessu máli vera afar óljós. Og það er slegið úr og í. Það eru menn sem koma hér í þingið reglulega sem virðast hafa fengið loforð um að hvalveiðar verði hafnar á síðasta ári, þessu ári eða næsta ári. Þeir vitna til viðtala við ráðherra og ýmsa aðra og gera sér ávallt vonir um að nú séu veiðarnar að hefjast. Ég held að allir geti verið sammála um að lífríkið í kringum Ísland og auðlindir hafsins verði ekki nýttar með skynsamlegum hætti nema eitthvað sé tekið úr öllum stofnum.

Ég vil þó að lokum koma inn á eitt mál sem ég tel mikilvægt í þessu samhengi og í samhengi við nýtingu auðlindanna almennt og það er samstarf þjóða á Norður-Atlantshafi. Kanadamenn hafa komið með þá tillögu að stofna Norðurheimskautaráð. Ég vil spyrja um stefnu ríkisstjórnarinnar í því máli. Ég er þeirrar skoð-

unar að við eigum að taka þátt í stofnun þessa ráðs og ég tel það mjög mikilvægt að byggja þetta ráð á því starfi sem hafið er í svokölluðu Rovaniemi-ferli, sem hafin var af Finnum, fyrir nokkrum árum og byggist m.a. á nánu samstarfi umhverfisráðherra þessara ríkja.

Ég tel það mjög mikilvægt að byggja upp samstarf annarra ráðherra, m.a. sjávarútvegsráðherrar þessara þjóða við Norður-Atlantshaf til þess að reyna að stuðla að bættri nýtingu auðlinda hafsins og sameinast um stefnu í fiskveiðimálum og í nýtingu hvala- og selastofna. Ég vænti þess að íslenska ríkisstjórnin komi fram með stefnu í þessu máli og vinni að því að koma slíku samstarfi á.

Á vegum Norðurlandaráðs hefur verið unnið mikið starf í sambandi við þetta mál og við höfum að undanförnu verið að vinna að því að koma á samstarfi þingmanna á þessu sviði og nokkur framgangur hefur orðið í því máli, m.a. með þátttöku Kanadamanna og Rússa. Við gerum okkur vonir um að fá jafnframt þátttöku Bandaríkjamanna í þessu þingmannasamstarfi en meiri tregða hefur verið hjá þeim en vonandi verður breyting þar á en svo virðist vera að meiri áhugi sé að kvikna hjá þeim í sambandi við nánara samstarf um Norður-Atlantshaf.

Við eigum svo mikilla hagsmuna að gæta og svo margt sameiginlegt með þessum þjóðum að við hljótum að reyna að auka allt samstarf og samvinnu við þær um okkar brýnustu hagsmunamál.

Virðulegur forseti. Ég hef í þessum orðum mínum reynt að koma inn á nokkur mál sem snerta mikilvæg hagsmunamál Íslands. Ég vænti þess að hæstv. utanrrh. sjái sér fært síðar að svara einhverju af því sem ég hef spurt um. Þó ég hafi gagnrýnt ýmislegt í hans störfum og stefnu ríkisstjórnarinnar þá er margt sem vel hefur verið gert og ég hef ekki komið að í mjög mörgum orðum. En auðvitað er það svo eins og alltaf áður að margt er vel gert og annað miður og það er nauðsynlegt að gagnrýna það og veita ríkisstjórn og utanrrh. á hverjum tíma aðhald sem vonandi verður til þess að hann stefnir inn á réttari brautir.

[11:33]

Björn Bjarnason:

Hæstv. forseti. Margt hefur breyst í alþjóðamálum á þeim tæpum fjórum árum sem liðin eru síðan þetta kjörtímabil okkar alþingismanna hófst. Þá voru þjóðirnar sem bjuggu við ofríki kommúnismans í Austur- og Mið-Evrópu að hefja framgöngu sína til frelsis og framfara undir merkjum lýðræðis og á grundvelli markaðsbúskapar. Þá voru menn vissir um að þessi ganga yrði bæði löng og ströng. Sú spá hefur reynst rétt. Verst er þó ástandið í þeim löndum þar sem fleiri en ein þjóð voru neyddar til að lúta sömu harðstjórn kommúnista eins og í fyrrverandi Júgóslavíu og Rússlandi. Átökin í Júgóslavíu varpa skugga yfir alla Evrópu. Ráðþrota stöndum við frammi fyrir því sem þar er að gerast. Af litlum mætti höfum við Íslendingar lagt mikilvægan skerf að mörkum til friðargæslu á vegum Sameinuðu þjóðanna. Framlag okkar hefur vakið verðuga athygli ekki síst fyrir þá sök að við erum vopnlaus þjóð. Innan vébanda Atlantshafsbandalagsins höfum við einnig staðið að ákvörðunum sem miða að því að koma á friði í umboði Sameinuðu þjóðanna. Við eigum að standa áfram að þessum aðgerðum eins og utanrmn. Alþingis lagði samhljóða áherslu á í áliti sínu vegna fjárlagafrv. fyrir árið 1995.

Ég er þeirrar skoðunar að við nýjar aðstæður í alþjóðamálum þar sem meira er en áður um alþjóðlega íhlutun á svæðum þar sem spenna eða ófriður ríkir eigum við Íslendingar óhikað að láta að okkur kveða ef það mætti verða til að létta undir með fórnarlömbum átaka eða stilla til friðar. Minnumst þess einnig að gæsla lýðræðislegra stjórnarhátta og mannréttinda er snar þáttur í viðleitni manna til að koma í veg fyrir átök og draga úr líkum á að hættuástand skapist. Í því efni ættum við Íslendingar e.t.v. að geta lagt eitthvað af mörkum.

Þróunin í Rússlandi er því miður ekki á þann veg að ástæða sé til mikillar bjartsýni. Stríðið í Tsjetsjeníu hefur dregið athygli manna að þeirri staðreynd að Borís Jeltsín Rússlandsforseti stjórnar í krafti óljósra heimilda og hefur vilja þingsins í Moskvu t.d. að engu þegar honum býður svo við að horfa. Er nú svo komið að eini kunni rússneski þingmaðurinn sem óhikað lýsir yfir stuðningi við Jeltsín er öfgamaðurinn Vladímir Zhírínovskí sem bætir því gjarnan við í ofsafengnum þjóðernisræðum sínum að hann verði næsti forseti Rússlands.

Ástandið var slæmt í Rússlandi á tímum kommúnista en það hefur því miður versnað enn síðan. Leyndarhyggjan ræður enn ríkjum í Kreml og svo virðist sem svokallað öryggisráð forsetans fari með öll völd. Undir forustu þess hefur verið sótt á villimannlegan hátt gegn íbúm Tsjetsjeníu. Lýðræðislegir stjórnarhættir eru að engu hafðir, allir alþjóðasamningar um mannúðlega meðferð á almennum borgurum í hernaðarátökum eru hundsaðir, hjálparsveitum er meinað að komast á vettvang þar sem hundruð þúsunda manna búa við eða hafa flúið undan stríðseyðileggingu. Við sem búum við öryggi og velsæld Vesturlanda getum ekki einu sinni gert okkur þetta ástand í hugarlund. Því miður stöndum við næsta bjargarlausir andspænis ofbeldinu. Vissulega er það ekki á valdi okkar að koma í veg fyrir að Rússland liðist í sundur. Við getum hins vegar lagt að ráðamönnum í Rússlandi að sýna miskunn og sanngirni í stað ofbeldis og grimmdar.

Upplausnin í Rússlandi er þó ekki síst ógnvænleg fyrir þá sök að þar er mikið magn öflugra kjarnorkuvopna. Eru hagsmunir alls mannkyns í húfi þegar leitað er leiða til að koma í veg fyrir að þessi vopn komist í hendur óábyrgra afla eða jafnvel glæpamanna. Þegar litið er á þróunina í Mið- og Austur-Evrópu hafa mestu breytingarnar orðið í austurhluta Þýskalands annars vegar og Tékklandi hins vegar. Þjóðverjarnir sem bjuggu við sósíalisma og kommúnisma hafa notið góðs af sameiningunni við vesturhlutann. Vestur-Þjóðverjar hafa flutt gífurlegt fjármagn til frænda sinna í austri. Er ævintýralegt að koma inn á fyrrverandi hernámssvæði Sovétríkjanna í Þýskalandi og sjá þá endurreisn sem þar fer fram. Er nú svo komið í Þýskalandi að þar telja menn sig komna yfir erfiðasta

hjallann í sameiningu þjóðarinnar í eitt ríki. Hljóta allir að geta tekið undir að Helmut Kohl, kanslari Þýskalands, hafi leitt þjóð sína af óvenju miklum þrótti í gegnum þessar breytingar.

Sömu sögu er reyndar að segja um Václav Havel forseta Tékklands og Václav Klaus forsætisráðherra þess ríkis. Þeir brugðust við spennu innan lands vegna togstreitu milli Tékka og Slóvaka á þann hátt að skilja á milli þessara tveggja hluta Tékkóslóvakíu og stofna tvö ríki. Segja má að í Tékklandi hafi markvisst verið fylgt frjálshyggjustefnu við endurreisn landsins úr rústum kommúnismans. Klaus forsætisráðherra hefur í senn mótað þá stefnu og fylgt henni fram. Hann varar mjög við því að hlaupa frá hálfkláruðu verki við þessar breytingar og líkir því við að læknar yfirgefi sjúkling á skurðarborðinu. Það hefur því miður gerst í nokkrum hinna nýfrjálsu landa þar sem sósíalistar og gamlir kommúnistar hafa komist til valda.

Sagt var þegar þetta breytingarskeið var að hefjast að eitt væri að endurreisa efnahag þessara þjóða og koma á lýðræðislegum stjórnarháttum, annað að lækna þau sálrænu mein sem af ofstjórninni leiddu. Það yrði erfitt fyrir marga að laga sig að frelsi og kröfum lýðræðisins. Auk þess væri ljóst að margir teldu sig hafa harma að hefna. Í Þýskalandi hefur verið gengið skipulega til verks að þessu leyti. Meðal ráðstafana sem stjórnvöld hafa gripið til er að opna verulegan hluta af leyniskjalasöfnum austur-þýsku öryggislögreglunnar Stasi. Tilgangurinn með því var í sjálfu sér ekki að koma höggi á neinn heldur leiða í ljós hina hliðina á hinu kommúníska þjóðfélagi til að menn gætu áttað sig á henni og því sem gerðist á bak við tjöldin. Þá var það einnig markmið með því að opna skjalasöfnin að almenningur ætti þess kost að vara sig á þeim sem höfðu starfað í skjóli Stasi. Í Þýskalandi voru þær upplýsingar sem sagt gerðar opinberar til að koma í veg fyrir að kúgarar fortíðarinnar og samstarfsmenn þeirra gætu kúgað og kvalið á ný.

Umræður urðu um Stasi-skjölin hér á landi strax eftir að austur-þýska kerfið hrundi. Sjálfur fór ég sem blaðamaður til Austur-Berlínar og Prag snemma árs 1990 og átti þess m.a. kost að heimsækja höfuðstöðvar Stasi í Berlín. Þá höfðu starfsmennirnir lagt þær undir sig. Síðan hef ég skoðað safn í Leipzig þar sem dregið er fram ýmislegt úr starfi Stasi. Minnir það allt mjög á söfn til minningar um starfshætti nasista og úrræði þeirra til að hrella fólk og ná tökum á því. Íslenskir sagnfræðingar og fréttamenn hafa síðan komist í skjölin sjálf. Þau staðfesta að formleg og mjög náin tengsl voru milli stjórnmálamanna hér á landi og ráðamanna kommúnistaflokksins í Austur-Þýskalandi. Tveir hv. alþm. nutu m.a. góðs af þessari samvinnu þar sem þeir voru valdir á flokkslegum forsendum til að stunda nám í Austur-Þýskalandi. Hinn sálræni og pólitíski vandi sem tengist hruni kommúnismans teygir sig því hingað til lands og raunar inn fyrir veggi Alþingis. Er ekki unnt að láta þess ógetið þegar rætt er um þróun utanríkismála í lok þessa kjörtímabils.

Í upphafi þess hvatti ég þá sem starfa í Alþb. til að gera upp við þessa fortíð sína og flokks síns. Þeim kröfum var í engu sinnt og gjarnan svarað með skætingi, flissi og útúrsnúningi. Ég heyri ekki betur en að tónninn hafi dálítið breyst eftir þann sjónvarpsþátt sem sýndur var hér á landi um síðustu helgi. Við höfum m.a. á þingi mann sem segist hafa flúið ófrelsið, eins konar pólitískan flóttamann sem þó var sendur á flokkslegum forsendum til náms í Austur-Þýskalandi. Ég hvet enn til þess að Alþb. geri hreint fyrir sínum dyrum. Það fer ekki vel á því að skjöl frá útlöndum hreki menn úr einu víginu í annað.

Með leyfi hæstv. forseta, vil ég í þessu sambandi vitna í ummæli dr. Þórs Whiteheads, sagnfræðiprófessors við Háskóla Íslands, sem ræddi um Alþb. og samskipti þess austur á bóginn í Alþýðublaðinu í gær. Hann sagði m.a.:

„En uppgjör við fortíðina hefur ekki farið fram heldur þvert á móti, þessi gamli kjarni í flokknum hefur alltaf færst undan öllu slíku. Þetta væri ekkert fréttaefni ef svo væri ekki. Hvers vegna sögðu þeir ekki frá þessum tengslum sínum við austur-þýsku leynilögregluna Stasi? Framburður þessara manna var ekki mjög trúverðugur í sjónvarpsþættinum.

Við höfum einungis séð toppinn á ísjakanum. Það eiga eftir að koma fram margvíslegar heimildir sem sanna það. Þetta er líka athyglisvert í því ljósi að það sýnir að hér á landi var háð alþjóðleg barátta á milli fylgismanna alræðisríkjanna annars vegar og lýðræðisríkjanna hins vegar.

Þeir sem vildu Sovét-Ísland hafa alltaf svarið af sér þessi tengsl og vilja draga upp þá mynd af sér að þeir hafi verið þjóðlegir verkalýðssinnar sem hafi barist gegn erlendum áhrifum af föðurlandsást. Mér finnst nú eins og vanti eitthvað upp á þjóðlegu reisnina þegar maður heyrir þeirra eigin lýsingar á samskiptum þeirra við þessa illræmdu leynilögreglu. Þeir lýsa sér sem ofsóttum minnihlutahópi í ríkjum þar sem þeir voru í raun heiðursgestir á vegum síns eigin flokks."

Hæstv. forseti. Um leið og ég geri þessi orð dr. Þórs Whiteheads að mínum vil ég árétta að hér á landi eins og alls staðar er nauðsynlegt að líta á þessi mál bæði í samhengi við þróun alþjóðamála og pólitíska starfsemi innan lands. Gleymum því ekki að Stasi var skilvirkasta njósnastofnun Evrópu og sú sem náði mestum árangri gagnvart NATO og Vesturlöndum. Í sjónvarpsþættinum kom fram hjá austur-þýskum viðmælendum sjónvarpsmannanna að áhugi austur-þýskra kommúnista og Stasi á Íslandi byggðist ekki síst á tilraunum til að grafa undan aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu og varnarsamstarfinu við Bandaríkin.

Enn skiptir aðildin að Atlantshafsbandalaginu og varnarsamstarfið við Bandaríkin sköpum fyrir okkur Íslendinga þegar við hugum að öryggishagsmunum okkar. Á kjörtímabilinu hefur tvennt gerst sem ástæða er til að fagna varðandi þróun íslenskra öryggismála. Í fyrsta lagi hefur náðst víðtækari sátt en áður um það innan lands að nauðsynlegt sé fyrir okkur að vera í NATO og eiga náið samstarf við Bandaríkin í varnarmálum. Vísa ég til umræðna um þetta mál hér á þingi við sambærilegar aðstæður t.d. á síðasta ári.

Í öðru lagi var stofnað til viðræðna við Bandaríkja-

stjórn um gildi varnarsamningsins við breyttar aðstæður í öryggismálum. Í viðræðunum kom fram að í Washington var enginn áhugi á því að hrófla við samningnum og í ársbyrjun 1994 var samið um breytt fyrirkomulag á vörnunum sem að mínum dómi tryggir öryggishagsmuni okkar við núverandi aðstæður. Utanrmn. hafði tækifæri til að ræða þessi mál við bandaríska þingmenn og fulltrúa Bandaríkjastjórnar í fyrstu heimsókn sinni til Washington á síðasta ári. Dreg ég þá niðurstöðu af þeim viðræðum að hið nána samstarf sem við höfum átt við Bandaríkin í varnarmálum í rúma fjóra áratugi muni þróast og laga sig að breyttum aðstæðum. Að sjálfsögðu skiptir mestu máli fyrir okkur að í landinu sé viðbúnaður til að tryggja öryggi þjóðarinnar. Þar skipta traustar loftvarnir ekki síst máli. Að mínu mati eigum við að stefna enn frekar að því að auka hlut Íslendinga í starfsemi Keflavíkurstöðvarinnar. Jafnframt þarf að taka nýjar stefnumótandi ákvarðanir um framtíð þeirra íslensku fyrirtækja sem hafa starfað fyrir varnarliðið ekki síst Íslenska aðalverktaka.

Atlantshafsbandalaginu hefur gengið vel að laga sig að breyttum aðstæðum. Hlutverki þessa mikla friðarbandalags er síður en svo lokið. Samvinna þess og ríkjanna í Mið- og Austur-Evrópu eykst stig af stigi. Á þessu ári verður unnið að því innan vébanda þess að kanna hvernig staðið skuli að stækkun bandalagsins. Litlar umræður hafa farið fram um það mál hér á landi. Þær eru hins vegar nauðsynlegar. Fyrir okkur Íslendinga er stækkun NATO hins vegar minna mál en þær þjóðir sem leggja mest af mörkun til hernaðarsamstarfsins innan þess, þær er í raun að axla ábyrgð á öryggi nýrra ríkja og taka á sig nýjar skuldbindingar í þeirra þágu.

Um leið og athygli NATO beinist í austurátt þegar rætt er um stækkun vaxa áhyggjur ráðamanna innan þess þegar litið er til Miðjarðarhafssvæðisins. Í Norður-Afríku vex öfgasinnuðum múhameðstrúarmönnum ásmegin og beita þeir grimmilegum úrræðum í þágu málstaðar síns eins og hvað best sést í Alsír. Mörg ríki Atlantshafsbandalagsins hafa öryggishagsmuna að gæta á Miðjarðarhafi og því er ekki óeðlilegt að bandalagið leggi áherslu á gæslu öryggis á því svæði eins og nú er á döfinni. Ráðagerðir í því efni tengjast einnig ótta margra við það að til átaka kunni að koma á milli hinna ólíku menningarheilda sem byggjast á kristinni lífsskoðun annars vegar og múhameðstrú hins vegar. Má leiða nokkur rök að því að átökin í Júgóslavíu fyrrverandi og Norður-Kákasus séu að öðrum þræði átök milli menningarheilda þótt þau séu almennt ekki skilgreind með þeim hætti.

Á milli jóla og nýárs náðist góð sátt um það í utanrmn. hvernig staðið skyldi að afgreiðslu tillögunnar sem heimilaði ríkisstjórninni að fullgilda stofnsamninginn um Alþjóðaviðskiptastofnunina sem er arftaki GATT. Umræður um hið nýja GATT-samkomulag hafa orðið af og til á Alþingi á kjörtímabilinu og tel ég að þannig hafi verið á málum haldið og að hagsmuna Íslands hafi verið vel gætt. Fyrir okkur sem eigum jafnmikið undir utanríkisviðskiptum og raun er skiptir aukið frelsi á þessu sviði mjög miklu. Athyglisvert er að lesa niðurstöður þeirra sérfræðinga sem benda á að aukið viðskiptafrelsi leiði til þess að lítil ríki og smáfyrirtæki njóti sín betur en áður. Fjölþjóðlegu risarnir höfðu afl til að brjótast í gegnum viðskiptamúrana og þeim var stundum beinlínis komið á fót til að vera slíkir múrbrjótar. Þegar múrarnir eru hrundir eru mörg þessara fyrirtækja að leysast upp í smærri einingar. Það hefur vakið sérstaka undrun mína að sá hv. þm. sem helst lagðist gegn aðild Íslands að Alþjóðaviðskiptastofnuninni, Hjörleifur Guttormsson, skyldi m.a. rökstyðja andstöðu sína með því að hann vildi ekki þóknast fjölþjóðafyrirtækjum. Hann var einmitt að gera það með því að vera á móti GATT. Risanna er ekki þörf þegar frelsið leyfir hinum smáu að njóta sín. Við sem stóðum að því að afgreiða samninginn um Alþjóðaviðskiptastofnunina í utanrmn. höfum úr ólíklegustu áttum mátt sæta ákúrum fyrir að hafa gengið of langt til móts við landbúnaðinn í ályktun okkar. Var m.a. látið að því liggja um þær mundir sem málið var enn til umræðu í þinginu að þennan samning mætti nota sem eins konar skiptimynt til að lækka matarverð í þeim kjarasamningum sem nú standa yfir. Allt slíkt tal er til þess eins fallið að villa um fyrir mönnum um efni samningsins.

Þá er einnig alrangt að láta í veðri vaka að hér á landi séu menn eitthvað sérstaklega varkárir vegna landbúnaðar í tengslum við GATT. Um heim allan er gengið fram af mikilli gát þegar teknar eru ákvarðanir um aukið frelsi í viðskiptum með landbúnaðarvörur.

Nú í lok janúar bárust fréttir af tveggja daga sérfræðingafundi Alþjóðabankans um þróunarlöndin og Úrúgvæ-samkomulagið sem lá til grundvallar við síðustu breytingar á GATT-samningnum og við stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar. Sérfræðingarnir telja síður en svo að við blasi ótvírætt frelsi í viðskiptum með landbúnaðarvörur. Niðurstöður þeirra stangast mjög á við þá almennu skoðun að landbúnaðarþáttur samningsins hafi verið markvisst skref til að létta höftum af heimsviðskiptum með landbúnaðarvörur. Ef umræður um þessi mál hér á landi eiga að endurspegla þessa faglegu túlkun á landbúnaðarmálunum og GATT held ég að við sem stóðum að niðurstöðunni í utanrmn. séum nær raunveruleikanum en hinir sem berja sér á brjóst og láta eins og með þessum samningi hafi verið stigið eitthvert skref sem dugir jafnvel sem framlag til kjarasamninga á líðandi stundu vegna verðlækkunar á landbúnaðarvörum. Ég vona a.m.k. að væntanlegir kjarasamningar verði byggðir á traustari grunni.

Á fyrri hluta kjörtímabilsins settu deilur um samskipti okkar við Evrópusambandið mikinn svip á störf Alþingis. Hart var tekist á um samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Ég er þeirrar skoðunar að sú sátt sem náðist innan utanrmn. vorið 1993 og staðfest var með samhljóða ályktun Alþingis 5. maí það ár hafi markað heillavænleg þáttaskil í Evrópuumræðunum hér á þingi. Eins og menn muna var EES-samningurinn lagður þar til grundvallar og sagt að gengju fjögur

EFTA-ríki inn í Evrópusambandið mundum við semja tvíhliða við sambandið á grunni EES. Nú fór svo eins og við vitum að Norðmenn sögðu nei í þjóðaratkvæðagreiðslu um aðild að ESB. Engar tillögur komu þó fram um það á Alþingi að hverfa frá ályktuninni sem samþykkt var 5. maí 1993. Var skipulega gengið til þess verks að laga EES-samninginn að breyttum aðstæðum og náðist góð sátt um afgreiðslu þeirra mála milli allra flokka. Verður ekki deilt um EES-samninginn í komandi kosningabaráttu. Eru það í raun veruleg pólitísk tíðindi miðað við hinar hörðu deilur um málið fyrir fáeinum missirum. Hrakspár um að EES-samningurinn yrði lítið annað en orð á blaði eftir stækkun Evrópusambandsins hafa ekki ræst. Sömu sögu er að segja um hræðsluáróðurinn um einangrun Íslands, t.d. í norrænu samstarfi. Þvert á móti má færa sterk rök fyrir því að næsta staðnað norrænt samstarf gangi í endurnýjun lífdaganna vegna viðleitni allra Norðurlandanna til að laga sig að stækkun Evrópusambandsins.

Ég hef aldrei farið dult með þá skoðun mína að við Íslendingar eigum ekki að setja punkt aftan við umræður okkar um samstarf við Evrópuþjóðirnar og aðildina að Evrópska efnahagssvæðinu. Við eigum að vera lifandi þátttakendur og virkir í Evrópuumræðunum þótt við séum ekki í sama klefa og Evrópusambandsríkin eða ríkin í Mið- og Austur-Evrópu í Evrópuhraðlestinni. Á sínum tíma taldi ég að aðild að Evrópska efnahagssvæðinu yrði til þess að draga úr kröfum um aðild að Evrópusambandinu. Ég gekk aldrei jafnlangt og hæstv. utanrrh. sem lýsti því hvað eftir annað yfir á Alþingi að vegna aðildar að Evrópska efnahagssvæðinu þyrftum við ekki að gerast aðilar að Evrópusambandinu. Þetta gerði ráðherrann á þeim tíma þegar við hefðum þurft að taka ákvörðun um aðild að Evrópusambandinu til að komast þar inn fyrir ríkjaráðstefnuna sem hefst á næsta ári. Ákvörðun um aðild að Evrópusambandinu á að ráðast af reynslu okkar á næstu árum af aðildinni að Evrópska efnahagssvæðinu.

Umræður um tengsl Íslands og Evrópusambandsins hafa þróast ört á undanförnum árum. Ég tel eðlilegt fyrir okkur Íslendinga að staldra við og njóta þess sem áunnist hefur. Við höfum tóm vegna þess að Evrópusambandið gengur ekki til viðræðna við nýja umsækjendur fyrr en eftir nokkur ár. Við eigum að nýta reynsluna af Evrópska efnahagssvæðinu til að taka ákvarðanir um framhaldið. Það er ekki tímabært að gefa hástemmdar kosningayfirlýsingar um það hvernig framtíðarsamskiptum okkar við Evrópusambandið skuli háttað. Sagan kennir okkur að slíkar yfirlýsingar duga oft skammt og þær eru ekki í samræmi við hefðir íslenskra stjórnmála. Ekki er með nokkru móti unnt að saka okkur stjórnmálamenn um að fara á bak við kjósendur þó að við leitum ekki eftir umboði til að semja um aðild að Evrópusambandinu í komandi kosningum. Aðild kæmi aldrei til álita án þjóðaratkvæðagreiðslu og breytinga á stjórnarskrá og hún verður ekki gerð án þingkosninga. Spurningin um aðild Íslands að Evrópusambandinu á því ekki að verða meðal höfuðmála í komandi kosningabaráttu.

Sumir vilja setja ESB-aðild í samhengi við stefnumótun íslenskra utanríkismála frá því að lýðveldið var stofnað og telja hana rökrétt framhald þeirrar stefnu sem fylgt hefur verið. Slíkar yfirlýsingar byggjast ekki á sannfærandi rökum ef sagan er skoðuð. Þær minna hins vegar á þá staðreynd að flestar helstu ákvarðanir um íslensk utanríkismál hafa verið teknar án þess að um þær hafi sérstaklega verið ályktað fyrir kosningar. Eitt dæmi má nefna um hið gagnstæða en árið 1956 samþykktu þingmenn Alþfl. og Framsfl. að varnarliðið skyldi hverfa úr landi og fóru með þá samþykkt í kosningar undir merkjum Hræðslubandalagsins svonefnda. Að loknum kosningum bauðst lán frá Bandaríkjunum ef fallið yrði frá því að reka herinn úr landi og var lánið þegið en herinn sat áfram eins og okkur öllum er kunnugt.

Ef litið er á hagsmuni okkar annars vegar og Evrópusambandsins hins vegar með sjávarútvegsmál að leiðarljósi blasir við ágreiningur sem erfitt verður að jafna. Við vitum einnig að aðild okkar fylgdu töluverð útgjöld þótt sumir kunni að hafa hag af aðild að styrkjakerfi Evrópusambandsins. Þetta hvoru tveggja er skýrt og menn þurfa ekki að setjast á rökstóla um samningsmarkmið til að átta sig á staðreyndum af þessu tagi. Á móti nefna menn að með aðild yrðum við þátttakendur í töku ákvarðana á vettvangi Evrópusambandsins. Þetta er rétt að því leyti að aðilar að klúbbi eru almennt betur settir varðandi ákvarðanir um klúbbinn en þeir sem utan hans eru. Á hinn bóginn er það markmið ríkjaráðstefnunnar sem hefst 1996 að breyta innviðum Evrópusambandsins. Hefur smáríkjum á borð við Möltu og Kýpur verið bent á þessa staðreynd í umsögn framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um aðildarumsóknir þeirra með þeirri athugasemd að staða smáríkja kunni að verða önnur en hún er nú að lokinni ríkjaráðstefnunni. Í þessu orðalagi felst ekki að hún muni batna. Um hina jákvæðu hlið aðildarinnar ríkir þannig þó nokkur óvissa fram yfir ríkjaráðstefnuna. Breytingar á innviðum og stjórnskipun Evrópusambandsins hljóta að hafa áhrif á viðhorf hugsanlegra aðildarríkja. Við eigum að bíða og sjá hvernig að þessum breytingum verður staðið. Fyrr er varla tímabært að gera málið að deiluefni hér. Það getur varla verið markmið í sjálfu sér að stofna til pólitískra deilna hér á landi um hugsanlega aðild að Evrópusambandinu.

Fyrir þjóðaratkvæðagreiðsluna í Noregi lá í loftinu að Ísland yrði eitt Norðurlandanna utan Evrópusambandsins og næsta einmana sem EFTA-ríki. Eftir að Norðmenn sögðu nei hefur þetta breyst. Íslendingar og Norðmenn standa saman að Evrópska efnahagssvæðinu og íbúar Liechtenstein einnig þegar þeir hafa gengið frá öllum formsatriðum. Lyktir atkvæðagreiðslunnar í Noregi fækkuðu röksemdum fyrir aðild Íslands að Evrópusambandinu. Áður en Norðmenn sögðu nei var bent á það hér að staða Noregs innan Evrópusambandsins mundi spilla fyrir okkur við fisksölu á Evrópusambandsmarkaði. Þó stöndum við að ýmsu leyti betur að vígi á evrópskum fiskmörkuðum en Norðmenn og ekki er lengur unnt að halda því á lofti að

einangrun Íslands sé meginvandamál við mótun íslenskrar utanríkisstefnu. Í máli eins og þessu verða menn að treysta á rök sem standast betur tímans tönn. Við erum að fjalla um varanlega hagsmuni íslensku þjóðarinnar en ekki eitthvert skyndiupphlaup í stjórnmálum.

Vegna varnarsamstarfsins við Bandaríkin kalla öryggishagsmunirnir ekki á aðild okkar að Evrópusambandinu. Við erum auk þess í nánara samstarfi við helstu ríki Evrópusambandsins í öryggismálum en ýmis aðildarríki sambandsins sem eru aðeins áheyrnaraðilar að Vestur-Evrópusambandinu þar sem við erum þó aukaaðilar. Við eigum að taka vel hugmyndum um frekara samstarf í evrópskum öryggismálum ef óskir koma um sérstakar aðgerðir á vegum Evrópuríkja til að tryggja öryggi á hafsvæðum í nágrenni Evrópu. Ekkert getur þó komið í staðinn fyrir þá tryggingu sem felst í varnarsamstarfinu við Bandaríkin.

Hæstv. forseti. Ég vil í lok máls míns þakka utanrrh. fyrir þá skýrslu sem hann hefur flutt. Ég er sammála öllum meginniðurstöum í skýrslunni og tel ekki ástæðu til að fara mörgum orðum um hana. Varðandi það mál, sem hér hefur komið upp og kom upp hjá hv. síðasta ræðumanni, þ.e. afstöðu okkar til hvalveiða, vil ég eins og hæstv. utanrrh. hvetja til þess að gengið sé fram af varkárni og ég fagna raunar ummælum hv. þm. Halldórs Ásgrímssonar um að aðild að Alþjóðahvalveiðiráðinu komi til álita til að tryggja hagsmuni okkar í hvalamálum. Ég tel að það sé mjög brýnt að víðtæk samstaða skapist um að skoða það mál til hlítar og kanna eins og hv. þm. sagði eftir hvaða leiðum við getum gengið til samstarfs við Alþjóðahvalveiðiráðið að nýju án þess að glata að nokkru þeim rétti okkar til þess að hefja hvalveiðar. Vandinn í því máli er sá eins og hv. þm. er ljóst að árið 1983 samþykkti hið háa Alþingi að mótmæla ekki hvalveiðibanni Alþjóðahvalveiðiráðsins og undir því oki stöndum við enn og ef okkur tækist að létta því af okkur með aðild að Alþjóðahvalveiðiráðinu teldi ég skynsamlega að málum staðið.

[12:01]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það var einn þáttur í máli hv. þm. sem ég vildi víkja að í andsvari. Hann kom í máli sínu að mínu mati með alveg sérstaklega ósmekklegum hætti að þeim sem hér talar og öðrum hv. alþm. sem hann tilgreindi þó ekki með nöfnum og notaði sjónvarpsþátt í íslenska Ríkissjónvarpinu á dögunum til þess að færa það mál inn á Alþingi Íslendinga. Hann tekur undir og gerir að sínum orðum dylgjur, sem komu fram hjá tilteknum söguprófessor í Alþýðublaðinu í gær, og er að láta liggja að því að nefndir þingmenn, ef ég hef skilið hv. þm. rétt, hafi verið með einhver tengsl við erlenda leyniþjónustu. Hann talaði um Stasi-tengsl í þessu sambandi með tilvitnun í umræddan sögupófessor. Ég verð að segja að mér finnst þetta það langt gengið að það er mjög erfitt að vita hvernig við skuli bregðast. Hvað mig snertir hef ég aldrei haft nein tengsl við erlenda leyniþjónustu fyrir austan tjald eða vestan það ég muni eftir eða viti til og ég hafði ekki meiri taugar til þess lands þar sem ég stundaði nám á sínum tíma en svo að ég sótti aldrei um vegabréfsáritun þangað eftir að ég fór þaðan 1963 til þess tíma að það ríki leið undir lok, aldrei nokkurn tíma. Ég kom einu sinni við á kaupstefnu þar sem ekki þurfti vegabréfsáritunar við, ég held 1975, á leið til annars lands. Það er satt að segja mjög sérkennilegt að hv. þm. skuli kjósa að fara upp með þessum hætti hér. Mér þykir satt að segja leitt þingmannsins vegna að hann skuli leggjast svo lágt.

[12:03]

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hefja gagnkvæma vorkunnsemi en ég skil vel aðstöðu hv. þm. og vandræði hans í þessu. Það liggur fyrir í þeim skjölum sem birt hafa verið að gagnvart stjórnvöldum í Austur-Þýskalandi dró hann til baka gagnrýni sína á stjórnarhætti í því landi og skýrir það þannig út að hann hafi orðið að gera það vegna aðstöðu sinnar í þessu þjóðfélagi. Við höfum þetta allt skjalfest og þetta er allt til þannig að það er alveg hægt að rekja þetta og ræða. Ég tel eðlilegt að ræða þetta mál í samhengi við stöðu Íslands í alþjóðlegu samhengi við stöðu Íslands í alþjóðamálum vegna þess að hv. þm. og flokksbróðir hans voru í Austur-Þýskalandi á sínum tíma á flokkslegum forsendum. Því verður ekki mótmælt. Það liggur alveg fyrir og í umræddum sjónvarpsþætti var það svo berlega staðfest að ekki er um það að deila. Það voru flokkslegar ástæður sem lágu fyrir því að hv. þm. var í Austur-Þýskalandi við nám. Þetta er pólitískt málefni sem snertir þróun alþjóðamála, þróun Evrópumála og þróun stjórnmála hér á landi og hvarvetna í nágrannaríkjunum.

[12:04]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ekki bætti hv. þm. úr með orðum sínum hér áðan. Hann leggur að jöfnu það að menn hafi dvalist í einhverju landi og það að þeir hafi haft tengsl við leyniþjónustu viðkomandi ríkis. Þetta er satt að segja alveg ótrúlegur málflutningur.

Á hvaða forsendum sá sem hér talar hafi verið í þessu ríki? Hann gæti spurt ýmsa. Hann gæti spurt hæstv. núv. utanrrh. hvers vegna hann hafi dvalist þar um skeið, að vísu sem ferðamaður eða bróðir hæstv. utanrrh., nú frambjóðandi Sjálfstfl. á Vestfjörðum, hafi verið við nám í þessum ríkjum og átt þar dvöl og annað þessar háttar. Hvar ætlar hv. þm. að draga mörkin? Þetta er með slíkum fádæmum að ég mótmæli svona dylgjum harðlega. Mér finnst þær fyrirlitlegar. En það kom kannski ekki svo sérstaklega á óvart frá þessum hv. þm. Hann hefur verið mjög iðinn við þann kola að reyna að koma slíku að, bæði í ræðu og riti, en það er ekki sæmandi fyrir þingmenn á Alþingi Íslendinga að ganga fram með þessum hætti.

Það er sjálfsagt mál að ræða alþjóðamál í ýmsu samhengi, einnig þá sögu sem er verið að víkja til. Ekki skorast ég undan því og ég hef verið þátttakandi í því. En ég mótmæli áburði og dylgjum af þeim toga sem hér eru hafðar uppi.

[12:06]

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hef hvorki verið með áburð né dylgjur. Ég vitnaði í skjöl sem eru opinber og liggja fyrir og sanna það að hv. þm. var í Austur-Þýskalandi á pólitískum og flokkslegum forsendum sem námsmaður. Það liggur ljóst fyrir. Þetta mál er þess eðlis að hvarvetna ræða menn það fyrir opnum tjöldum og velta því fyrir sér.

Vandinn hér á landi er sá að hvorki hv. þm. né flokksbræður hans hafa viljað kannast við að þetta sé pólitískt vandamál sem þeir eiga að takast á við en ekki aðrir. Það er full ástæða til þess að halda þessu vakandi svo lengi sem ekki er gengið þannig til verks af hálfu Alþb. í þessu máli að viðunandi sé miðað við það sem gert hefur verið í öllum öðrum löndum. Hvers vegna skirrast þessir menn við að taka á málinu öðruvísi en að byrja alltaf að kvarta og kveina yfir því þegar vakið er máls á þessum sögulegu staðreyndum að það sé eitthvað verið að dylgja eða hafa þá fyrir rangri sök? Málið liggur fyrir og í umræddum sjónvarpsþætti kom betur fram en áður að þeir sem tala um þetta af heiðarleika viðurkenna að sjálfsögðu að þeir voru þarna til þess að sinna ákveðnu pólitísku hlutverki og það var verið að búa þá undir að taka að sér pólitísk störf á Íslandi með það fyrir augum að koma á svipuðu kerfi hér á landi og var í Austur-Þýskalandi á þessum tíma.

[12:08]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Það kjörtímabil sem nú er á enda hefur að mörgu leyti verið merkilegt tímabil í sögu heimsmálanna. Árin hafa skilað margvíslegum prófraunum til þeirra sem láta sig þessi mál varða. Þær prófraunir fela ekki aðeins í sér nýja sýn á gamla tíma. Þær fela líka í sér prófraun um það hvort menn hafa eiginleika til að vaxa eða hvort menn sitja fastir í fornum tíma.

Ég hef á þessu kjörtímabili innan vettvangs utanmrn. átt að mörgu leyti ágætt samstarf við hv. þm. Björn Bjarnason. Ég hef sagt það víða á undanförnum missirum að ég tel að hann hafi með formennsku sinni í utanrmn. að mörgu leyti sýnt vit og manndóm til þess að reyna að varða veginn inn í nýja tíma í íslenskum utanríkismálum. Þeir nýju tímar tækju mið af því að menn væru fyrst og fremst að fást við þann veruleika sem blasir við samtímanum og framtíðinni en væru hvorki prælar fortíðarinnar né svo helteknir af dómarahlutverki sínu í sögunni að annað kæmist ekki að. Mér þykir leitt að síðasta ræðan, sem hv. þm. flytur hér sem formaður utanrmn. á þessu kjörtímabili, skyldi að nokkrum hluta vera svo brennimerkt þeim hugsunarhætti kalda stríðsins sem skipti íslenskri þjóð í fjandsamlegar fylkingar, sem skapaði dýpri sár með Íslendingum en nokkuð annað. Ég hélt að það væri verkefni okkar sem nú erum á Alþingi og berum ábyrgð gagnvart íslenskum þjóðmálum að hefja okkur upp yfir þessa fornu tíð og takast í sameiningu á við það sem í raun og veru eru viðfangsefni Íslendinga í utanríkismálum um þessar mundir og í framtíðinni.

Að fella dóm yfir fortíðinni er vandaverk. Það er vandaverk, hv. þm., m.a. vegna þess að málsskjölin eru ekki öll komin fram. Það vita allir sem til þekkja að stórveldin á tímum kalda stríðsins í áratugi stunduðu margvíslega óeðlilega starfsemi á Íslandi og gagnvart Íslendingum. Njósnastofnanir stórveldanna og fylgiríkja þeirra vörðu töluverðum kröftum til þess að eiga samskipti við Íslendinga af margvíslegu tagi. Það gerðu njósnastofnanir Sovétríkjanna, njósnastofnanir Austur-Þýskalands, njósnastofnanir Bandaríkjanna og fleiri ríkja. Það er líka vitað mál að stjórnmálamenn í öllum flokkum á Íslandi, í Sjálfstfl., í Framsfl., í Alþfl., í Sósíalistaflokknum áttu margvísleg trúnaðarsamtök við fulltrúa þessara njósnastofnana og fulltrúa þessara ríkja á þessum ártug. Sem betur fer hafa sum af þessum skjölum verið birt. Önnur eru enn hjúpuð leynd, mikilli leynd, svo mikilli leynd að jafnvel fulltrúar rannsóknastofnana og háskóla í viðkomandi löndum eins og í Bandaríkjunum fá engan aðgang að þeim skjölum. Þess vegna getum við ekki enn þá flett upp samtölum bandarískra sendiráðsins, sem margir störfuðu á vegum CIA, við forustumenn Sjálfstfl. t.d. á tímum Víetnamstríðsins eða á þeim árum sem hv. þm. nefndi áðan, 1956–1958. (Gripið fram í.) Nei, hv. þm. Það er nú ekki þannig að það sé hægt að fletta þeim upp. Sum þeirra hafa fengist, sum þeirra eru verulega útstrikuð, önnur eru ekki til reiðu og m.a. ekki þau sem aðalstofnanir Bandaríkjanna hafa sett saman.

Ég verð að segja alveg eins og er að það er nánast dapurlegt að þurfa að taka tíma í þessari umræðu til að fara inn á þessa braut. Ég hef ekkert að fela í þessum efnum, hv. þm. Ég hef aldrei þurft, svo að ég noti orð hv. þm., að framkvæma neitt uppgjör. En hef verið formaður Alþb. síðan 1987 og það var formaður Alþb. sem skrifaði áramótagrein áður en Sovétríkin hrundu, áður en Austur-Þýskaland hrundi með fyrirsögninni „Hrun kommúnismans“, þar sem formaður Alþb. áður en stjórnkerfi þessara ríkja hrundi lýsti eindregið í áramótagrein sinni, aðalgrein formannsins á hverju ári, afstöðu til þessara stjórnkerfa og hruns kommúnismans og þeirra sögulegu deilna sem staðið hafa um þessi stjórnkerfi þar sem því var lýst yfir að þeir úr röðum sósíaldemókrata, sem höfðu gagnrýnt þessi stjórnkerfi fyrr á árum, hefðu haft rétt fyrir sér. Vilji hv. þm. þess vegna hafa það sem sannara reynist um Alþb. og forustu þess er rétt að hafa öll málsskjölin á borðinu, hv. þm., en ekki bara hengja sig aftan í afmörkuð skjöl, satt að segja flest sárasaklaus sem birt voru í sjónvarpsþætti fyrir nokkrum dögum. Þess vegna er rangt, hv. þm., að af hálfu Alþb. hafi þeirri stefnu sem ríkti í þessum heimshluta og og því stjórnkerfi ekki verið afneitað, það er bara fals að segja það. Það er bara fals að segja það. Alþb. neitaði öllum samskiptum við ráðaflokka þessa kerfis þrátt fyrir það að ýmsir aðrir flokkar, t.d. Framsfl., héldu uppi árum saman nánum flokkslegum samskiptum við kommúnistaflokka Austur-Evrópu. En af hverju kýs hv. þm. að minnast ekkert á það að Framsfl. hafði áratugum saman haft flokksleg samskipti við ráðandi öfl í Austur-Evrópu, m.a. í Austur-Þýskalandi þar sem aðalforustumaður Framsfl. í ut-

anríkismálum, formaður utanrmn., Þórarinn Þórarinsson, hafði náin samskipti við stjórnvöld í Austur-Evrópu, í Austur-Þýskalandi til að vinna að viðurkenningu þess ríkis? Alþb. hefur ekki haft nein flokksleg tengsl við þessi öfl. Alþb. hefur með mótun afstöðu sinnar bæði á Alþingi og annars staðar í stefnuskrá sinni, í formlegum yfirlýsingum formanns flokksins fordæmt það stjórnkerfi sem þarna var við lýði.

Ég gekk með hv. þm. um Washingtonborg í maímánuði á síðasta ári. (**Gripið fram í:** Góður fararstjóri.) Og hv. þm. segir: góður fararstjóri, það er rétt, það var ánægjuleg ganga og komið hefur í ljós að ég þekkti kannski meira til í Washingtonborg en ýmsir ferðafélagar mínir. Ég fór m.a. ásamt hv. þm. Páli Péturssyni og hv. þm. Árna R. Árnasyni að minnismerki sem Bandaríkin hafa reist um þá sem féllu í Víetnamstríðinu.

Bandaríkjamenn hafa gert upp við Víetnamstríðið að mörgu leyti og það hefur verið mjög sársaukafullt uppgjör fyrir bandarísku þjóðina. Þetta minnismerki á grasgrundinni í Washington er vitnisburður um það sársaukafulla uppgjör og sýning sem haldin var í Þjóðminjasafni bandarískrar sögu í Washington á liðnu ári um muni og merki sem bandarískur almenningur hefur skilið eftir við þetta minnismerki er líka vitnisburður um hið sársaukafulla uppgjör sem farið hefur fram í Bandaríkjunum gagnvart Víetnamstríðinu. En ég spyr, hv. þm.: Hvar er uppgjör þeirra sem á Íslandi studdu Bandaríkin eindregið í þessu stríði? Hvar er uppgjör forustumanna Sjálfstfl., hvar er uppgjör ritstjóra Morgunblaðsins, hvar er uppgjör þeirra blaðamanna sem skrifuðu réttlætingargreinar fyrir Víetnamstríðinu í þetta málgagn Sjálfstfl.? Hvar er uppgjör þeirrar ungliðasveitar Sjálfstfl., sem nú er forustusveit flokksins, sem studdi Víetnamstríðið af hálfu Bandaríkjanna? Hvar er það uppgjör, hv. þm.? Hvergi. Ekki orð, ekki setning, ekki grein.

Er það virkilega þannig, hv. þm., að krafa samtímans séu játningar í þingsalnum um fortíðina? Enn þá er margt fleira á borðinu en hörmungarnar í Austur-Evrópu. Það er m.a. stríðið í Víetnam, hv. þm. Þeir eru nokkuð margir í þessum sal sem hér á Íslandi stóðu vörð um morðin í Víetnam, napalmið í Víetnam, stríðsreksturinn í Víetnam. Ég er ekki að knýja á um slíkt sögulegt uppgjör. Ég tel það ekki vera verkefni okkar í samtímanum. En það væri óskandi að hægri menn á Íslandi, m.a. hv. þm. sem hér talaði, m.a. prófessorinn, Þór Whitehead, sem á líka dálítið skemmtilegan feril í skrifum um utanríkismál fyrir nokkrum áratugum, hafi til að bera sama heiðarleikann og margir í Bandaríkjunum hafa haft til að fara í gegnum það sögulega uppgjör. Í þeim efnum geta þeir sótt sér fyrirmyndir til Bandaríkjanna því að það verður að virða bandarísku þjóðina fyrir þann heiðarleika og það afdráttarleysi og þá opnu umræðu sem þar hefur farið fram um þetta sorglega tímabil sem kennt er við Víetnamstríðið.

Þessi svokallaði sagnfræðingur, sem gegnir prófessorsembætti í sagnfræði við Háskóla Íslands, segir í grein sem birtist í Alþýðublaðinu í gær, og hv. þm. vitnaði til, að „hugmyndafræðilegir erfingjar Einars Olgeirssonar ráði þar ríkjum innan Alþb." Það vita allir, hv. þm., að sá sem hér stendur er ekki hugmyndafræðilegur erfingi Einars Olgeirssonar, fjarri því. Það vita líka allir að ávallt hefur verið grundvallarágreiningur milli mín og þessa látna stjórnmálaskörungs í afstöðunni til hugmyndafræði kommúnismans. Ég ætla ekki að fara í neina lýsingu á valdakerfi Alþb. en ég segi hins vegar: Maður sem lætur fara frá sér jafnfáránlega fullyrðingu og sagnfræðingurinn gerir í Alþýðublaðinu í dag um nútíðina ætti að athuga sinn gang hvað fortíðina snertir. Ég vil þess vegna biðja þá sem vilja vanda sig í þessari umræðu að átta sig á því að það er ekki sæmandi að þeir setji fram ályktanir sem standast ekki og af hálfu forustu Alþb. var stjórnkerfi Austur-Evrópuríkjanna afneitað formlega, skýrt og afdráttarlaust og það fordæmt og gagnrýnt löngu áður en það hrundi. Þeir sem vilja m.a. fá staðfestingu á því geta flett upp nokkur ár aftur í tímann þeirri áramótagrein sem ég skrifaði sem formaður Alþb. og bar heitið Hrun kommúnismans. Ég bið líka marga í þessum sal og ekki síst hv. þm. Björn Bjarnason að skemma ekki þá vegferð sem Íslendingar eru í í samtímanum að móta sameiginlega afstöðu til þeirra vandamála sem við glímum við nú með því að setja sig í dómarasæti yfir fortíðinni án þess að hafa öll málsskjölin. Vilji hv. þm. setja réttarhald yfir kalda stríðinu á Íslandi og öllum þeim þáttum þess og hinum hörðu stjórnmáladeilum þeirrar tíðar og samskiptum forustusveitar íslensku stjórnmálaflokkanna allra við erlenda ráðamenn, erlend ríki og leyniþjónustu þeirra ber að hafa það allt á borðinu, hv. þm., en ég tel það ekki þjóna neinum tilgangi. Ég tek undir að mér fannst ósæmilegt að reyna að bendla hv. þm. Hjörleif Guttormsson eins og gert var hér áðan hvað eftir annað af hv. þm. við leyniþjónustu Stasi þegar meginniðurstaða þáttarins er þvert á móti sú að ekkert er hægt að finna af neinu tagi sem bendir til þess.

Verkefni þessarar umræðu er hins vegar ekki að fara að setja á á Íslandi ný kaldastríðsréttarhöld og ég vona að hv. þm. Björn Bjarnason hugleiði í rólegheitum að sú braut sem ég tel að hann hafi verið á í starfi sínu sem formaður utanrmn. á undanförnum missirum er vænlegri fyrir íslenska samtíð og íslenska framtíð en að heyja í þingsalnum áfram ritdeilur fortíðarinnar úr Morgunblaðinu og Þjóðviljanum.

Ég hef fengið upp í hendur áramótagrein mína 30. desember 1989 í Þjóðviljanum „Hrun kommúnismans — Sigur lýðræðisins", áramótagrein formanns Alþb. Ég bið þá sem fara með fullyrðingar af því tagi sem hv. þm. gerði áðan að lesa þá grein. Ein af millifyrirsögnunum er „Gjaldþrot lenínismans". Þar segir m.a., með leyfi hæstv. forseta:

„Kenningin um úrvalsflokkinn og alræði öreiganna hefur í áratugi verið helsti þátturinn í skiptingu hreyfingar jafnaðarsinna í andstæðar fylkingar. Þeir sem fylgdu braut lýðræðis og fjölflokkakerfis vildu hafa í heiðri leikreglur þingræðisins og treysta fólkinu sjálfu til að skapa söguna og varðveita valdið. Byltingarsinnarnir, lærisveinar Leníns, trúðu hins vegar á úrvals-

sveitina og boðuðu að alræði öreiganna í höndum kommúnistaflokksins væri lykillinn að hliðum fyrirheitna landsins.

Kommúnisminn var grundvallarþáttur í stjórnkerfiskenningu Sovétríkjanna og í kjölfar heimsstyrjaldarinnar síðari var honum komið á með hervaldi í mörgum löndum Austur-Evrópu. Lenínisminn var formúlan sem kommúnistaflokkarnir beittu til þess að réttlæta vald sitt. Úrvali verkalýðsstéttarinnar væri best treystandi til að móta söguna ef flokkurinn væri vettvangur hinna útvöldu. Kommúnistarnir bæru af öðrum mönnum. Flokkur þeirra væri siðferðisgrundvöllur ríkisvaldsins.

Lenín varð að tákni hinnar nýju yfirstéttar. Hann varð hinn nýi guð. Styttur voru reistar, myndir og merki borin honum til dýrðar.

Saga mannkynsins geymir fjöldamargar frásagnir af kenningum sem reyndust ekki annað en villuljós og blekkingavefur. Þeirra blómaskeið var stutt því veruleikinn sjálfur er miskunnarlaus gagnrýnandi. Hrun kommúnismans í löndum Austur-Evrópu — frelsishreyfing fólksins sjálfs — hefur dæmt kenningar Leníns í úreldingardeild mannkynssögunnar og sett þær á hauginn með falshugmyndum fyrri alda.

Í tæpa öld hefur jafnaðarhreyfingin liðið vegna mótsagnarinnar milli lenínismans annars vegar og lýðræðisins hins vegar. Veruleikinn sjálfur hefur nú kveðið upp sinn ótvíræða dóm. Kommúnisminn, framlag Leníns og Sovétríkjanna til hugmyndasögu veraldarinnar, hefur beðið endanlegan ósigur. Fólkið sjálft svipti honum burt á fáeinum vikum. Jafnaðarstefna lýðræðissinnanna hefur reynst sigursæl. Samtvinnun jafnaðar og lýðræðis er sú kenning sem ber í sér frelsisþrá fólksins og kraft nýrrar sköpunar. Jafnaðarhreyfing Evrópu getur nú á ný sameinast undir einu merki, tákni frelsis, jafnréttis og bræðralags.

Hin spillta yfirstétt Austur-Evrópu gerði að lokum sjálf út af við kommúnismann, hinar nýju kynslóðir lýðræðissinna og hugdjarfra andófsmanna vefa nú saman á ný hugsjónir jafnaðarstefnu og lýðræðis."

Er hægt, hv. þm., af formanni stjórnmálaflokks að taka sterkar til orða í fordæmingu á þessu kerfi? Ég segi nei, hv. þm. Ég minni hv. þm. enn á það að þetta er skrifað áður en stjórnkerfið í Austur-Þýskalandi hrundi, áður en Sovétríkin hrundu.

Síðan kemur kafli í þessari grein, „Handhafar flokksins: Hin spillta yfirstétt." Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Á sama tíma og skortur á flestum lífsnauðsynjum og hversdagslegum þægindum nútímans varð hlutskipti alþýðunnar í lýðveldunum sem við hana voru kennd bjó yfirstétt kommúnistaflokkanna í vellystingum og skóp sér forréttindi sem skáru sig svo úr hversdagslegu hlutskipti fjöldans að helst verður líkt við líf aðalsins í lénsveldum fyrri alda. Handhafar flokksins hófu sjálfa sig til vegs og dýrðar. Þeir bjuggu í sérstökum hverfum þar sem ekkert skorti. Þeir einir höfðu aðgang að sérverslunum með lystisemdum Vesturlanda, þeir voru fluttir í glæsibifreiðum á sérstökum akbrautum og höfðu einir aðgang að umheiminum.

Kenning Lenín um úrvalsflokkinn reyndist hentugt tæki í höndum hinnar nýju yfirstéttar. Hún fól í sér réttlætingu forréttinda og sérstöðu. Hún tryggði valdið og skóp vopn til að berja niður andstöðu. Flokkurinn og Hreyfingin voru myndbirting hins æðsta valds." — Ég segi, hv. þm., það er ekki hægt með skýrari hætti að fella dóm af formanni stjórnmálaflokks yfir þessu kerfi.

Virðulegi forseti. Ég hef því miður varið mestum hluta tíma míns í þessari umræðu hvað þessa ræðu snertir til þess að fjalla um orð — ég segi ekki svara — heldur fjalla um orð sem ég hélt satt að segja að ég ætti ekki eftir að heyra í þessum ræðustól og allra síst í þessari umræðu. Ég hefði miklu frekar kosið að ræða um þá heimssýn sem blasir við okkur Íslendingum í lok þessarar aldar og á hinni nýju öld. Heimssýn sem felur í sér að kraftvélarnar í hagkerfi tuttugustu og fyrstu aldarinnar verða ekki í Evrópu. Þær verða í Asíu, væntanlega einnig í ýmsum löndum hinnar amerísku heimsálfu. Og það hvort íslensk þjóð getur náð efnahagslegum framförum á nýrri öld ræðst fyrst og fremst af því hvernig við getum fótað okkur í þessu nýja hagkerfi veraldarinnar.

Ég fullyrði að á sama hátt og það var afreksverk af forustumönnum í íslenskum sjávarútvegi að byggja upp markaðskerfi í Bandaríkjunum um og upp úr 1950 og gerðu það með erfiðri flugsamgöngutækni þess tíma, vanþróuðu símakerfi og án þeirrar aðstöðu sem menn hafa nú í viðskiptalífi að þá er það jafnbrýnt en auðveldara fyrir Íslendinga að byggja upp sókn á markaðskerfum Asíu, hinum fjarlægari Ameríkulöndum og annars staðar í heiminum.

Það er alveg rétt sem var sagt áðan að ljósleiðarinn, tölvutæknin og upplýsingabyltingin gjörbreytir öllum hlutföllum, ekki bara milli smáfyrirtækja og hinna stærri heldur einnig milli smáríkjanna og markaðsheildanna. Við ættum að geta fagnað því að íslenskt efnahagslíf eigi slíka möguleika á næstu árum. Þess vegna hefur mér fundist miður að hæstv. utanrrh., bæði í dag og eins á undanförnum vikum og mánuðum, hefur að mínum dómi verið nánast fangaður af því að einblína á þróunina í Evrópu og það sem þar er að gerast og muni gerast. Staðreyndin er sú ef menn kynna sér hvað íslensk fyrirtæki hafa verið að gera á síðustu missirum sem markað getur tíðindi í íslenskum efnahagsmálum eru það ekki aðgerðir á markaðnum í Evrópu. Það er þvert á móti sókn Granda til Suður-Ameríku. Það er sókn Íslenskra sjávarafurða til Namibíu. Það er sókn Hnits til Kamtsjatka. Það er sókn Virkis-Orkint til Kína. Það er sókn Íslenskra aðalverktaka og verkfræðinga og arkitekta til Víetnam. Það er sókn Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna til Indlands. Það eru samningar Flugleiða í Indlandi og það eru tilraunir Hampiðjunnar og ýmissa annarra fyrirtækja til að ná öflugri markaðsstöðu í Mexíkó.

Þetta er myndin sem hinn raunverulegi markaður á Íslandi er að draga upp gagnvart heimsviðskiptunum. Það er þess vegna því miður leitt að á Alþingi skuli utanrrh. flytja skýrslu sem er mótuð af markaðskerfi fortíðarinnar en ekki markaðskerfi framtíðarinnar. Um

það, virðulegi forseti, hefði ég kosið að tala. En mér fannst — sérstaklega vegna ágætrar samvinnu við hv. þm. Björn Bjarnason bæði í vetur og á fyrra þingi — að ég hlyti að segja það sem ég sagði áðan, þótt ég taki það skýrt fram enn á ný, að ég telji réttarhöld yfir sögunni í þessum sal hvorki raunhæf, skynsamleg né í samræmi við þá reisn sem alþingismenn Íslendinga, sem horfa til nýrrar aldar, eiga að sýna.

(Forseti (**KE**): Forseti vill að gefnu tilefni minna hv. ræðumann á ákvæði 54 gr. þingskapa þar sem segir: Ræðumaður skal jafnan víkja ræðu sinni til forseta eða fundarins en eigi ávarpa nokkurn einstakan þingmann.)

[12:39]

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Með ræðu minni áðan var ekki ætlunin að raska þannig hlutföllum í ræðu hv. síðasta ræðumanns að hann kæmi ekki að hugmyndum sínum um þróun íslenskra utanríkismála. Ég vil hins vegar taka fram í tilefni af ræðu hans að ég las grein hans sem hann vitnaði í, hv. þm., á sínum tíma. Ég tók það þá fram að það væri uppgjör við lenínismann eins og þarna kom fram. Það er staðreynd að það leiddi ekki til þess innan Alþb. að menn teldu að uppgjörinu væri lokið því að skömmu eftir að greinin birtist sögðu margir menn sig úr Alþb. í Reykjavík vegna þess að þeir töldu að þetta uppgjör skorti. En þetta eru atriði sem lúta að innra flokksstarfi Alþb., sem mér finnst ekki eiga heima hér, en liggur alveg ljóst fyrir og við getum rætt nánar ef vill.

Varðandi það sem hv. þm. sagði um skrif Morgunblaðsins og um Víetnamstríðið og hvaðeina annað í utanríkismálum get ég fullvissað hv. þm. að ég þarf ekki að draga neitt til baka af því sem ég hef sagt. Og ég gleðst yfir því í hvert sinn, eins og t.d. í gærkvöldi þegar ég hlustaði á sjónvarpsþátt þar sem Árni Björnsson þjóðháttafræðingur viðurkenndi að Morgunblaðið hefði líklega haft rétt fyrir sér að verulegu leyti þegar það fjallaði um þessi mál í Austur-Evrópu og við skrifuðum margir og höfum skrifað margir mjög mikið um.

Það sem hv. þm. gerði síðan einnig var — sem ég þekki vel úr þessum umræðum því að ég er gamalreyndur í þessum deilum — að hann greip til samanburðarfræðanna. Fyrst ég talaði um þetta þá væri rétt að víkja að einhverju öðru og komast síðan að þeirri niðurstöðu að mönnum færist ekki að tala svona af því að það væru einhverjir aðrir atburðir sem hefðu gerst einhvers staðar annars staðar sem réttlættu hugsanlegar ávirðingar. Vandinn er bara sá í þessu að enginn íslenskur flokkur hefur átt sams konar samstarf við erlenda flokka og Alþb. og það er það sem við erum að tala um að þurfi að gera upp.

[12:41]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er rangt hjá hv. þm. að Alþb. hafi einn flokka á Íslandi haft samskipti við aðra flokka af því tagi sem hv. þm. var að tala um. Það er rangt, það stenst ekki sögulega, hv. þm. Ég þekki það ósköp vel, ég er búinn að gegna í þessum flokki bráðum í 20 ár embættum formanns framkvæmdastjórnar, formanns þingflokks og formanns flokksins. Og hv. þm. segir mér ekkert um það. Á þeim tíma hafa aldrei, aldrei farið fram nein flokksleg samskipti milli Alþb. og þeirra flokka sem hv. þm. er að vitna til.

Hins vegar er vitað og hefur lengi verið vitað að á tímum Sósíalistaflokksins, áður en Alþb. varð formlegur stjórnmálaflokkur, voru stundum samskipti af ýmsu tagi. Ýmsir forustumenn, sem höfðu verið áhrifamenn í Sósíalistaflokknum, reyndu að draga Alþb. inn í slík samskipti. En það var einmitt hv. þm. Hjörleifur Guttormsson, sem flutti tillögu í miðstjórn Alþb., sem girti algjörlega fyrir að það væri hægt og eins og kom fram í þeim þætti sem þingmaðurinn vitnar til að Ragnar Arnalds, formaður Alþb. frá 1968–1977, kom einnig algjörlega í veg fyrir það.

En á sama tíma stundaði Framsfl., hv. þm., víðtæk flokksleg samskipti við flokka í fleiri en einu Austur-Evrópulandi. (**Gripið fram í:** Þetta er rangt.) Það er ekkert rangt, hv. þm., vegna þess að í Búlgaríu starfaði flokkur sem var ríkur þáttur af valdakerfi þess lands sem forustumenn Framsfl. sóttu heim. (**Gripið fram í:** Þú hefur nú nóg með að svara fyrir sjálfan þig.) Hv. þm. er alveg velkomið að blanda sér inn í þessa umræðu ef hann vill og ræða um samskipti Framsfl. en það vill nú svo til að ég var einu sinni í þeim flokki og þekki nokkuð vel til þeirra samskipta. Hv. þm. þarf því ekki að segja mér neitt um það. (**Gripið fram í:** Ekki eftir að þú gekkst í Alþb.) Það er greinilega viðkvæmt fyrir Framsfl. að rifja upp þessar staðreyndir og sýnir nú kannski hvað erfitt er að fara í umfjöllun af þessu tagi.

En ég vil bara segja við hv. þm., ég fór ekki í nein samanburðarfræði, ég var bara að reiða fram lýsingar á því hvað það þjónaði litlum tilgangi að ætla í umræðu um skýrslu utanrrh., á þessum degi að fara að innleiða þessar umræður.

[12:44]

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég verð að mótmæla því sem hvað eftir annað hefur komið fram í ræðum hv. alþýðubandalagsmanna að ég hafi ekki mátt tala um þessi mál hér af því að það væri skýrsla utanrrh. Ég setti þetta inn í það alþjóðlega samhengi, sem er eðlilegt, þegar við ræðum um stöðu Íslands og pólitíska starfsemi í landinu. Það er því algjörlega fráleitt að vera alltaf með einhverjar ásakanir um það að um þetta mál megi ekki ræða. Ég skil vel að hv. alþýðubandalagsmenn vilji ekki að málið sé rætt, það er allt annað mál. En að saka menn um að vera að misnota aðstöðu sína hér í þessum ræðustól, að taka þetta mál upp, það er alveg fráleitt. og sýnir hvað málstaðurinn er illur.

Hitt er rétt og verður ekki mótmælt að Alþb. sem arftaki Kommúnistaflokks Íslands er eini flokkurinn á Íslandi sem hefur átt í þvílíku samstarfi við aðra flokka og hefur verið til umræðu. Það kom fram í umræddum sjónvarpsþætti að forustumenn Kommúnistaflokks Íslands voru meira að segja félagar í Kommúnistaflokki Þýskalands. Þeir menn sem voru sendir á vegum Sósíalistaflokksins og Alþb. til Austur-Þýskalands, voru sendir þangað til þess að þjálfa þá í stjórnmála-

störfum með það í huga að þeir kæmu á svipuðu fyrirkomulagi hér á landi og var í Austur-Þýskalandi á þeim tíma. Þetta er yfirlýst. Þetta liggur fyrir. (**Gripið fram í:** Hvar?) Þetta kom fram í máli Þórs Vigfússonar í umræddum sjónvarpsþætti og þetta hefur komið fram margsinnis og liggur fyrir skjalfest og þar að auki viðurkennt af námsmönnum sem þarna voru. (**Gripið fram í:** Hvenær starfaði Kommúnistaflokkur Íslands?)

[12:47]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er erfitt að bera kaldastríðsgrímuna, hv. þm. Það er erfitt að láta hana læsast svo um andlit sitt að maður nái henni ekki af sér. Hv. þm. getur ekki ruglað saman stjórnmálaflokki sem starfaði hér 1930–1938 og stjórnmálaflokki sem stofnaður var 1968, 30 árum eftir að Kommúnistaflokkur Íslands var lagður niður. Á ég að fara að tala um það þegar nasistaflokkurinn, sem starfaði á Íslandi, fór að sameinast Sjálfstfl.? Auðvitað geri ég það ekki, hv. þm., vegna þess að það þjónar engum tilgangi. Eða á að fara að ræða tengsl Alþfl. við jafnaðarmannaflokkana í Skandinavíu og afstöðu Alþfl. gagnvart lýðveldisstofnuninni í framhaldi af því? Auðvitað þjónar það engum tilgangi, hv. þm.

Þessi umræða sem hv. þm. ætlar hvað eftir annað að halda áfram í salnum er greinilega tilraun manns til þess að vekja upp á ný orðræðisstíl, málflutning og röksemdafærslu sem sjúkdómseinkenni á íslenskum stjórnmálum um langa hríð. Ég segi við hv. þm.: Ég ætla ekki að taka þann sjúkdóm. Ég hef aldrei verið haldinn honum og ætla mér ekki að taka hann. En hv. þm. er greinilega svo haldinn honum að hann losnar ekki við hann. Ég er alveg reiðubúinn að ræða við þingmanninn fram og aftur um þessar fullyrðingar hans en hann getur ekki reitt fram rök í málinu. Hann verður að hlaupa aftur til áranna 1930–1938 eða til áranna 1960 eða svo þegar forustumenn Sósíalistaflokksins voru að velja unga menn til þess að fara til náms í löndum Austur-Evrópu. Það eru engin ný fræði, hv. þm. En að ætla að setja Alþb. undir þann hatt er rangt, hv. þm., ósæmandi og eingöngu gert til þess að villa um, bæði fyrir þingi og þjóð en þó kannski fyrst og fremst vitnisburður um sjúklegt hugarfar hv. þm.

[12:49]

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Það hefur verið dálítið kyndugt að hlusta á utanríkismálaumræður sem eru svo helteknar af fortíðarhyggju að nútíðin hefur ekki einu sinni komist að, hvað þá einhver framtíðarsýn. Það er kannski það hörmulega við þá umræðu sem hér hefur gengið að okkur hefur algjörlega skort að ræða það sem við í raun og veru ættum að vera að ræða en kalda stríðið lætur ekki að sér hæða. Víðast hvar er búið að aflýsa því og jafnvel að semja eitthvert vopnahlé en nú eru menn farnir að misnota sagnfræðina, það fag sem ég ber mikla virðingu fyrir, enda eytt fleiri árum í það nám en margt annað og verið er að nýta það til þess að koma ýmsum pólitískum höggum á andstæðinga sína og ætla ég ekki að taka afstöðu til þess hvernig sú rimma hefur farið. Ég hef hins vegar hugsað mér að halda mig við nútíðina og framtíðina og ég lít svo á að mönnum sé hollt að hafa sagnfræðina til hliðsjónar en láta ekki fortíðina villa sér sýn. Ég vil hins vegar taka fram að það getur verið gott að þekkja fortíðina og þekkja hana vel en þá í ljósi þess að eitthvað sé hægt að draga lærdóm af því og þessi umræða hefur svo sannarlega ekki borið vott um það að neinn hafi verið að draga lærdóm af einu eða neinu. Hér er bara um hreint og klárt skítkast að ræða.

Í umræðu um utanríkismál fyrr í vetur spunnust miklar umræður um það hvort ríkisstjórnin talaði einum rómi í utanríkismálum eða ekki. Ríkisstjórnin situr enn og því er von að við veltum vöngum um þetta mál. Það er ljóst orðið, hafi það einhvern tímann verið óskýrt, að það er ekki bara í Evrópumálum sem ágreiningur stjórnarflokkanna kristallast heldur einnig í skilningi stjórnarflokkanna á afgreiðslu GATT-samningsins. Það kom glöggt fram í því misræmi sem var í málflutningi hæstv. utanrrh. annars vegar og hv. 3. þm. Reykv. hins vegar. Það væri svo sem ekki orð á þessu gerandi ef ekki væri um að ræða ein tvö stærstu utanríkismálin sem ríkisstjórnin fæst við undir lok ferils síns. Einar eru þó góðar fréttirnar og þær eru að þetta virðist benda til þess að samstarfið sé í andarslitrunum.

Eitt hefur breyst síðan í haust og það er að Norðmenn sögðu nei en ekki já við inngöngu í Evrópusambandið og rökin um einangrun Íslands í Evrópu voru þar með enn máttlausari en fyrr. EFTA-samstarfinu verður viðhaldið og þar stendur til að sníða stakk eftir vexti sem er að sjálfsögðu mjög viturlegt.

Í ræðu sinni fyrr í vetur spurði hæstv. utanrrh.: Getur Ísland staðið eitt norrænna ríkja og e.t.v. eitt ríkja Vestur- og Mið-Evrópu utan Evrópusambandsins?

Þessi rök eru nú fallin en hæstv. ráðherra situr enn við sinn keip. Að vísu hefur hann vit á því nú að segja ekki orð um háskólaskýrslurnar enda er það vísast sjónarmiðum hans lítt til framdráttar. Það er staðreynd að Alþfl. hefur málað sig út í horn í utanríkismálum og síst skal ég harma það. Haldi formaður hans því til streitu eftir kosningar að stefna inn í Evrópusambandið hefur hann dæmt sjálfan sig til einangrunar og þess að standa utan stjórnar. Umræða um kosti og galla aðildar er hins vegar af hinu góða og engin ástæða til að víkjast undan henni í síbreytilegum heimi og að því leyti get ég tekið undir með sjónarmiðum alþýðuflokksmanna og andmælt sjónarmiðum sjálfstæðismanna sem þora ekki í þessa umræðu vegna þess að þeir vita að þar á bæ er mikið sundurlyndi þrátt fyrir það að stærsti hluti flokksins hafi einlæglega tekið afstöðu gegn Evrópusambandinu og að mínu mati skynsamlega afstöðu.

Aðrir flokkar en Alþfl. eru sem sagt ekki á leið inn í Evrópusambandið nema kannski hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir sem afneitaði Evrópusambandinu fyrr og taldi það eina af skilnaðarorsökunum við Alþfl.

Þessir flokkar, aðrir en Alþfl. og kannski Þjóðvaki, eiga því að geta náð saman um Evrópumálin hafi þeir

á annað borð möguleika til að vinna saman í öðrum málum og á málefnagrundvelli.

Kvennalistinn staðfesti á fjölmennum fundi kvennalistakvenna úr öllum kjördæmum nú nýverið að halda óbreyttri stefnu í Evrópumálum, stunda góða samvinnu við öll lönd en að Ísland standi utan Evrópusambandsins áfram.

Fram undan er mikið verk að vinna í hagsmunamálum Íslands gagnvart Evrópusambandinu. Flest bendir til að þau mál verði leyst með einum eða öðrum hætti og það vekur athygli að það er ekki EES-samningurinn sem reynist helsta haldreipið heldur samstarfssamningar við Norðurlönd, bókun 6 sem löngum hefur reynst okkur drjúg og við megum kannski þakka fyrir ef EES-samningurinn verður ekki dragbítur á okkur þar sem við erum í samfloti með Norðmönnum sem gera nú skýrari kröfur á hendur Evrópusambandinu um hagsmunamál þar sem við stöndum betur að vígi en Norðmenn og gerðum það líka fyrir EES-samninginn.

Það er eitt mál sem sýnir okkur betur en margt annað hvernig þessum málum er komið og hvert hald er í EES-samningnum fyrir okkur þegar á hólminn er komið en það eru átökin sem urðu um fiskflutninginn til Frakklands í fyrra. Þá var lítið hald í samningunum um Evrópska efnahagssvæðið og spurning hvort ýmsar Evrópusambandsþjóðir séu í raun viðbúnar að stunda frjáls viðskipti. Er Kjartan Jóhannsson kom hingað í opinberri heimsókn sem framkvæmdastjóri EFTA nú nýverið spurði ég hann sérstaklega um horfurnar í þessu máli. Svörin voru kannski nokkuð óákveðin en þó á þann veg að líklegast væri búið að sjá við því að slíkt hendi ekki aftur. Forsvarsmenn íslenskrar fiskvinnslu virðast hins vegar ekki á sama máli því að þeir eru farnir að sneiða hjá Frakklandi í innflutningi sínum og flytja fisk sinn um Belgíu og Holland.

Framtíð EFTA í smækkaðri mynd byggist á tvennu: Viðhaldi viðskiptasamnings við þriðju lönd og rekstri EES-samningsins, sem tekur megnið af orku EFTA-þjóðanna núna, þ.e. þeirra sem eiga aðild að honum. Hugmyndin um flutning EFTA-dómstólsins til Lúxemborgar er til athugunar og ég fagna því að sú ákvörðun hefur ekki verið tekin því að ég held að slíka ákvörðun megi ekki taka í neinu bráðræði og það er óneitanlega dálítið ankannalegt að fara að staðsetja EFTA-dómstól utan EFTA-landanna.

Hitt málið, rekstur fríverslunarsamninga við þriðja ríkið, er einnig atriði sem þarf að athuga og það er t.d. vitað að Slóvenar, sem hafa ekki slíkan samning, hafa nú alla vega áhuga á auknu samstarfi við EFTA og það gæti mögulega endað með umsókn.

Er utanríkisráðherra Slóveníu kom hingað í heimsókn á sl. ári voru Slóvenar að stefna inn í Evrópusambandið, a.m.k. var það vilji þeirra. En síðan hefur komið babb í bátinn þar sem Ítalir standa þvert gegn slíkum áformum vegna landadeilna þjóðanna.

Um þessar mundir eru tveir íslenskir þingmenn að ræða við kollega okkar í Slóveníu og á vegum þingmannasamtaka EFTA. Ég tel ekki að ástæða sé til að loka dyrum á Mið- og Austur-Evrópuþjóðir og afgreiða þær þjóðir sem lítt þróaðar hvort sem er í lýðræðis- eða viðskiptamálum. Á þessum þjóðum er að vísu mikill munur innbyrðis og aðstöðu þeirra og hagkerfi frá fyrri tíð en því miður finnst mér gæta nokkurra fordóma og vanþekkingar í umræðu þeirri sem hefur verið um þetta mál, ekki bara hér á landi heldur í allri Vestur-Evrópu.

Framtíð Evrópu sem heildar snýst ekki bara um Evrópusambandið heldur ekki síður um farsæl samskipti við önnur ríki Evrópu þar sem framfarir eru örar en gífurleg vandamál bíða úrlausnar svo sem mengun, t.d. í Eystrasaltslöndunum og Rússlandi, og vaxandi tíðni glæpa og annarra átaka í sömu löndum. Mikilvægir öryggishagsmunir eru í því fólgnir að hefja öfluga sókn gegn umhverfismengun, glæpum og misrétti þjóða á milli.

Í átökum um GATT-samningana varð Alþfl. undir og aðrir flokkar tóku höndum saman og ákváðu að setja innflutning landbúnaðarvara undir forsjá landbrh. og stigu þar með það skref sem unnt var í þeirri stöðu sem er til þess að tryggja hagsmuni Íslands og að hagsmunum landbúnaðar hér á landi yrði ekki fórnað. Við heyrðum í ræðum hv. 3. þm. Reykv. annars vegar og hæstv. utanrrh. hins vegar að hér standa deilur enn.

Margar merkar nýjungar felast í GATT-samningnum og ber þar hæst samninga um hugverkaréttindi og nokkuð aukið frjálsræði í heimsviðskiptum þótt enn vanti stór viðskiptalönd á kortið svo sem Kína, Tævan og fleiri ríki en aðildarumsókn mun liggja fyrir bæði að GATT og Alþjóðaviðskiptastofnuninni. Sagt er að tækifæri Íslendinga séu ekki síst í Austur-Asíu, m.a. vegna þess að ríki eins og Tævan og Kórea hafa dregið úr veiðum sínum á undanförnum árum bæði á heimamiðum og úthafinu. Á sama tíma er mikil og vaxandi eftirspurn eftir sjávarfangi. Við þekkjum öll hvernig viðskiptum okkar við Japan er háttað. Á öðrum svæðum í Austur-Asíu fer kaupmáttur vaxandi og þarna er komin stór millistétt. Þar er heil kynslóð sem hefur unnið mikið og þar er hagvöxtur sem stundum er kallað viðskiptaundrið í Austur-Asíu. Ég held að við megum ekki horfa of þröngt á heiminn. Við megum ekki líta bara á heiminn sem viðskipti við Evrópu, sem vissulega eru okkur mikilvæg, en þar höfum við góða samninga og höfum haft góða samninga. Þeir eru ögn betri núna með þeirri leið sem farin var og væru hugsanlega jafnvel enn betri ef við hefðum þrætt leið tvíhliða samninga frá upphafi en um það er að sjálfsögðu ekkert hægt að fullyrða þar sem sú leið var einfaldlega ekki farin. Hins vegar höfum við í viðskiptum við að glíma tollamúra Evrópusambandsins og þeir eru býsna traustir. Þar á bæ eru menn lítt farnir að læra og okkur er nauðsynlegt að tryggja íslenskan landbúnað gegn þeirri óréttlátu samkeppni sem hann er í gagnvart þessum löndum. Kvennalistinn greiddi fyrir afgreiðslu GATT-samningsins á lokadögum þingsins nú fyrir áramót. Þetta gerði Kvennalistinn í ljósi þess að gott samkomulag náðist milli flestra og raunar allra flokka á Alþingi alla vega í orði.

Þótt Kvennalistinn stæði að samþykktinni var

Kvennalistinn ekki sammála GATT-samningnum í veigamiklu atriði. Bæði hefur Kvennalistinn gagnrýnt stofnanaþátt GATT-samningsins sem í sumra hugum er stærri og veigameiri og kannski sterkari yfirþjóðlega séð en ætlað var. Þessi gagnrýni er síður en svo eingöngu hjá okkur kvennalistakonum því hún nær um allan heim. Hins vegar eru rök Kvennalistans fyrst og fremst þau, og ég hef þegar gert grein fyrir þeim hér úr þessum ræðustól, að við gagnrýnum það að ekki skuli hafa tekist að koma nauðsynlegum umhverfissjónarmiðum að í þessari samningalotu þrátt fyrir að slík umræða sé vel á veg komin í umræðunum. En það er svo að hagsmunir fyrirtækja og framleiðslu eru teknir fram yfir hagsmuni mannlífs og umhverfisverndar og það þykir mér afskaplega vont til að vita. Ég trúi því að í framtíðinni munum við sjá öðruvísi viðskiptasamninga þar sem það hlýtur að vera fyrst og fremst spurning um tíma hvenær þjóðir heimsins vakna verulega til vitundar um hversu gífurlega hagsmuni við eigum í að spilla ekki umhverfi okkar. Átökin í Tsjetsjeníu eru glöggt dæmi um hve viðkvæmt ástandið er í þeim mikla þjóðarpotti sem er á svæðum fyrrum Sovétríkjanna. Ég minni á að gefnu tilefni að það sem skilgreint er sem innanríkismál einn dag er orðið að utanríkismáli næsta dag og nægir þar að nefna fyrrum Júgóslavíu. Gott alþjóðlegt samstarf er lykillinn að lausn þessara mála að mínu mati og þetta alþjóðlega samstarf má ekki bara byggja á ríkisstjórnum heldur verður að byggja á þjóðþingum sem eru víða lýðræðislega kjörin sem betur fer og á samstarfi ýmissa samtaka ekki síður en þjóðríkja. Það næðir stundum um slíkt samstarf og ég held að þrátt fyrir það verðum við að líta á RÖSE og öryggisstofnunina, sem verið er að setja á laggirnar, annars vegar og Sameinuðu þjóðirnar hins vegar sem þær stofnanir sem hafi stærstu hlutverki að gegna. En hernaðarsamtök á borð við NATO og Vestur-Evrópusambandið hljóta að hafa allt annað og afmarkaðra hlutverk. Ég vara við því að vera að reyna að markaðssetja hernaðarbandalag sem eitthvert alþjóðlegt friðarsamband sem það er ekki í eðli sínu. Það má vel vera að einhver þróun í framtíðinni muni breyta þessu en við höfum rekið okkur mjög harkalega einmitt á þessa annmarka þar sem NATO hefur nánast verið undirverktaki hjá Sameinuðu þjóðunum í Júgóslavíu og þar hafa menn verið bæði að gæta hernaðarhagsmuna og það hefur ekki fallið alveg inn í þau vandamál, sem það eru, sem eru ekki einungis hernaðarlegs eðlis heldur ekki síður pólitísks eðlis og menningarlegs eðlis. Þessi skilningur held ég að verði að vera ríkjandi og ég held að það sé einfaldlega ekki í verkahring hernaðarbandalaga að fjalla um slíkt.

Ég hef áður úr þessum ræðustól fjallað mjög ítarlega um ástandið í fyrrum Júgóslavíu. Því miður er langt í land að þeim ósköpum sem þar eru linni. En leiðir Sameinuðu þjóðanna eru hægt og sígandi að sanna gildi sitt. Þar er þó í mörg horn að líta. T.d. stöndum við nú frammi fyrir því að Bosníustjórn hefur krafist þess að bosnískir flóttamenn fái að snúa aftur til síns heima. Flóttamannahjálp Sameinuðu þjóðanna telur það vera of snemmt þar sem ástandið sé mjög ótryggt í þessum löndum. Viðhorf Bosníumanna eru þau að Bosníumenn eigi að snúa við til að koma í veg fyrir að Serbum takist þjóðernishreinsanir sínar og hafa þeir nokkuð til síns máls í því. Bosníumenn krefjast þess að 6.700 börn, sem hafa orðið viðskila við foreldra sína, fái að komast heim. Þeir vilja færa þangað mikið lið handverksmanna og kennara og hefja uppbyggingu og þetta getum við að sjálfsögðu skilið vel en við stöndum enn fremur frammi fyrir því að við höfum alla vega enn sem komið er ekki tæki til þess að tryggja þessu fólki það öryggi sem það þyrfti að hafa einfaldlega vegna þess að það hefur verið leitað hernaðarlausna fremur en pólitískra launa eða menningarlegra lausna. Á Interneti því, sem Alþingi tengist, er að finna nafnalista yfir týnd börn í Bosníu. Við erum núna í þessum alþjóðlega heimi sem sífellt verður nær okkur komin afskaplega beint í tengingu við þessi vandamál sem þarna eru. Við sjáum beinlínis fram á það að þar sem stórir flóttamannahópar koma, því miður þá höfum við Íslendingar ekki staðið okkur sem skyldi í þeim málum, gætum við staðið frammi fyrir því að reyna að koma saman sundruðum fjölskyldum beint frá tölvunni okkar í herberginu okkar eða skrifstofunni okkar og við gætum staðið frammi fyrir því að leysa mál sem áður tók vikur, mánuði, ár og jafnvel eilífð að leysa og urðu ekki leyst. Við höfum ýmis tæki og við höfum ýmsa möguleika og við þurfum að nýta okkur þetta. Það er þetta sem ég átti við þegar ég gagnrýndi hér skort á framtíðarsýn og vildi að menn færu að snúa sér að nútíðinni og framtíðinni í stað þess að vera að karpa um fortíð sem verður ekki breytt hvað svo sem við gerum. Og að vera að núa fólki um nasir hvort sem er afskipti eða skoðanir á Víetnamstríði eða á því sem gerðist í Austur-Evrópu megnið af þessari öld er einfaldlega utanríkisumræða sem við getum ekki fest okkur í.

Nú á 50 ára afmæli Sameinuðu þjóðanna hljóta augu manna að beinast að þessu stóra og að mörgu leyti þunglamalega alþjóðabandalagi. Á því þarf að sjálfsögðu að gera breytingar og þar eins og annars staðar er því miður til staðar ákveðin spilling. En jafnframt er þetta það öryggisnet eða það kerfi sem er þéttriðnast um allan heim og hefur mesta og raunhæfasta möguleika til að verða að einhverju sem við getum notað.

Sameinuðu þjóðirnar eru ómetanlegur vettvangur umræðu og fyrir aðgerðir, ekki síst þegar talað er um að leysa alþjóðleg vandamál svo sem umhverfismengun, ráðstöfun sameiginlegra auðlinda okkar svo sem fiskstofna og þegar verið er að ræða mannfjölgun og frið. Við vitum öll að á vettvangi Sameinuðu þjóðanna hafa mikilsverðar ákvarðanir verið teknar og áhrifa þeirra gætir um allan heim. Ég held að það dugi að nefna mannréttindaráðstefnu og mannfjöldaráðstefnu sem báðar eru frá nánustu fortíð þar sem voru teknar gríðarlega mikilsverðar ákvarðanir og í rauninni gengið mun lengra en nokkur þorði að vona. Þarna hefur verið mótuð markverð stefna, m.a. hefur mikilsverð viðurkenning fengist á því að það beri að líta á stöðu kvenna sem mannréttindamál og það að efla mannrétt-

indi kvenna sé að efla mannréttindi í heiminum. Það er kannski svolítið hlálegt að það skuli þurfa að taka þetta fram en þessi mikilsverða viðurkenning hefur fengist og hún er nokkuð sem mun verða okkur veganesti inn í framtíðina.

Kvennaráðstefna Sameinuðu þjóðanna í Beijing er nú í undirbúningi. Af Íslands hálfu er loksins kominn skriður á þetta mál vonum seinna. Mörg markverð mál munu verða þar til umfjöllunar. Meðal þess sem þar þarf að móta afstöðu til er aukið samstarf kvennahreyfinga í veröldinni þvert á landamæri, múra trúar eða aðstöðumunar, efnahagslegs eða lýðræðislegs. Þrátt fyrir aðstöðumun er margt sem sameinar konur um allan heim. Það eru bæði jákvæðir og neikvæðir þættir. Konur ráða ekki yfir eignum jarðar og alls staðar bera þær lítið úr býtum fyrir langan vinnudag. Konur búa enn fremur við það víðast hvar um heiminn að þurfa að lúta forsjá eða jafnvel ofurvaldi og ógnarvaldi karla hvort sem það eru eiginmenn, bræður eða yfirvöld sem eru skipuð karlmönnum. En þær eiga einnig sameiginlegt að hjá þeim hefur ýmislegt blómstrað, t.d. hafa smáfyrirtæki kvenna alls staðar um heiminn reynst vaxtarbroddur í atvinnulífi. Á Indlandi hafa þær allra snauðustu stofnað með sér banka eða lánaábyrgðasjóð og tekist að sameina mörg smáfyrirtæki í vefnaði og náð þannig að fá betra verð fyrir afurðir sínar og nauðsynlegan og einfaldan tækjakost því að þær eru ekki að byggja stórar og miklar verksmiðjur eins og körlum hættir því miður svolítið til og þetta hefur orðið til framþróunar. Þetta eru konur sem hafa margar hverjar ekki einu sinni möguleika á að afla sér þeirrar lágmarksmenntunar að fá að vera læsar. Þær ganga með sín skilríki með mynd og stimpil og geta stundað bankaviðskipti sín á þennan hátt. En þær reka jafnframt öfluga fyrirtækjakeðju og spjara sig og geta komið dætrum sínum til mennta. Á Vesturlöndum er vaxtarbroddurinn í efnahagslífi margra landa smáfyrirtæki kvenna sem oft mynda með sér samstarfsnet. Konur hafa beinlínis hrakist út á hinn frjálsa markað vegna þess að stórfyrirtækin og ríkisstofnanirnar hafa ekki verið reiðubúin til að hleypa þeim upp fyrir það ósýnilega þak, glerþakið sem konur reka sig ávallt á ef þær ætla að komast til áhrifa og fá umbun fyrir störf sín hjá þessum stöðnuðu fyrirbærum sem stórfyrirtæki og steingerðar stofnanir eru vissulega. Reynsla Alþjóðabankans er sú að lán til kvenna komi nánast alltaf örugglega til baka og fleiri viðskiptastofnanir hafa reynt konur sem hina traustustu viðskiptavini sína.

Það er ýmislegt fleira sem þarf að ræða á kvennaráðstefnunni í Beijing. Staða kvenna á átakasvæðum og þar sem trúarbragðakúgun líðst eða einhver önnur kúgun sem er í nafni einhvers réttlætis eða þess að menn telja sig hafa rétt fyrir sér er sérstakt áhyggjuefni. Við munum hörmungar múslimakvenna í Bosníu, það er glæpur sem má ekki gleymast. Og það er glæpur sem þarf að taka á núna, ekki eftir þrjátíu, fjörutíu eða fimmtíu ár, heldur núna.

Víða um heim búa konur við ófrelsi og ógnanir vegna kynferðis síns. Trúarbrögð eru því miður víða notuð til kvennakúgunar. Skortur á lýðréttindum, ekknabrennur og umskurður kvenna eru aðeins fá dæmi sem ekki er hægt að líta fram hjá og afgreiða sem sérvisku trúarbragða einstakra landa eða einkamál einhverra fámennra hópa eða jafnvel fjölmennra hópa sem skáka í skjóli þess að hafa rétt fyrir sér. Konur um allan heim þurfa að láta sig þessi mál varða og þær geta best gert það með því að koma saman og finna samtakamátt sinn.

Stærstu öryggishagsmunir okkar Íslendinga, virðulegi forseti, snúast ekki um vopn heldur um umhverfismál. Ég hef áður rakið þessa megináherslu Kvennalistans í utanríkismálum, en ég tel mikilvægt að gera það nú og ég tel það mikilvægt ekki síst vegna þess að það þurfa fleiri að gera þau að sínu. Mig langar til að halda til haga þessum hugmyndum þar sem þær hafa lítt og ég held að ég geti sagt ekkert komið fram í þessari umræðu.

Kvennalistinn hefur að undanförnu verið að vinna að málefnagrunni sínum og efnislega er kannski kjarni þess boðskapar sem við höfum fram að færa í friðar- og utanríkismálum sá að það sem ógnar jarðarbúum nú eru einmitt þær hættur sem steðja að umhverfi okkar svo sem sem útbreiðsla kjarnavopna, ótrygg kjarnorkuver, geislavirkur úrgangur, gróðurhúsaáhrif, eyðing regnskóga, auðlindaþurrð og mengun. Í því efni á íslenska þjóðin mikilla hagsmuna að gæta því að framtíð byggðar í landinu stendur og fellur með lífríki hafsins. Kjarnorkuslys við strendur Íslands eða í Norðurhöfum hefðu ófyrirsjáanlegar afleiðingar fyrir lífsafkomu þjóðarinnar. Því er það hlutverk okkar að vinna að friðlýsingu hafs jafnt sem lands og lofts. Ný skilgreining í öryggismálum sem byggist á varðveislu umhverfis fremur en hernaðarstyrk kallar á nýjar aðferðir til að tryggja sameiginlegt öryggi okkar og felur einnig í sér endurmat á því hvar Ísland skipar sér í flokk á alþjóðavettvangi. Þannig eiga Íslendingar að auka frekar samvinnu við þær þjóðir og stofnanir sem helst hafa beitt sér fyrir umhverfisvernd.

Í því sambandi leggur Kvennalistinn áherslu á mikilvægi norrænnar samvinnu og ég vil einnig vona það að sú norðurheimskautasamvinnustofnun sem hugsanlega er í uppsiglingu muni taka þessi mál alvarlega upp á sína arma því að þetta er kannski það allra mikilvægasta sem gæti verið verkefni slíkrar stofnunar.

Samskipti okkar við nágrannaþjóðirnar, m.a. vegna fiskveiðihagsmuna, ber að skoða í þessu ljósi ekki síst, svo og aðild okkar að alþjóðasamstarfi öllu. Per Aasen, fyrrv. sendiherra Noregs á Íslandi sem var hér í 6 ár, lét svo ummælt nú nýverið að þrátt fyrir að báðar þjóðirnar, Norðmenn og Íslendingar, hafi lagt mikið upp úr þessu máli þá sé nauðsynlegt að fara að komast að viðtæku samkomulagi hvað varðar samvinnu landanna á sviði fiskveiða svo hvorugur standi upp sá sem tapar. Haldi deilan áfram tapa báðir. Við þetta vil ég bæta og taka jafnframt undir það sem Per Aasen segir að það er umhverfið sem tapar mestu ef ekki verður hægt að stýra sókn í sameiginlegar auðlindir mannkynsins og gera það með það að leiðarljósi að þeir sem eiga mest undir því að nýta þessar auðlindir beri það úr býtum sem þeim beri.

Við eigum samleið með þeim sem tala máli umhverfisverndar og skynsamlegrar og ábyrgrar nýtingar auðlinda hafsins. Hafréttarsáttmálinn er mikilvægt plagg okkar en jafnframt held ég að niðurstaða úthafsveiðiráðstefnu Sameinuðu þjóðanna muni ekki síður skipta okkur máli.

Virðulegi forseti. Samskipti okkar við umheiminn eru síbreytileg og eiga að vera það. Annað væri stöðnun. *Í ljósi þess hef ég reynt að haga máli mínu hér* og festast ekki í fortíðarhyggju eða skotgrafarhernað.

[Fundarhlé. — 13:20]

Útbýting þingskjals:

Tilraunavinnsla á kalkþörungum, 394. mál, þáltill. PBj og StG, þskj. 633.

[14:16]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Virðulegi forseti. Hér hefur farið fram í morgun um margt fróðleg umræða í kjölfar yfirgripsmikillar og ítarlegrar ræðu utanrrh. um stöðu Íslands í samfélagi þjóðanna. Sú umræða hefur óneitanlega farið í nokkurn annan farveg en vænta mátti og hér átt sér stað orðaskipti sem upphafsræða utanrrh. kallaði ekki sérstaklega á. Sú umræða, sem ég vil nánar fjalla um á eftir, minnir um margt á orðaskipti á árum áður, á tímum kalda *stríðsins þar sem forsvarsmenn tveggja stjórnmálaflokka* bárust á banaspjótum, Alþb. annars vegar og Sjálfstfl. hins vegar. En nánar um það á eftir.

Ég held að í kjölfar ræðu utanrrh. megi þingheimi og þjóð vera ljóst að hvernig sem á er litið þá er staða Íslands í samfélagi þjóðanna sterk og kraftmikil. Viðhorf okkar og sjónarmið til hinna ólíku þátta sem snúa að okkur sérstaklega og viðhorf okkar almennt til lýðréttinda og mannréttinda um heim allan hljóma sterkt svo ekki verður um villst og utanrrh. hefur haldið merki og viðhorfum íslensku þjóðarinnar mjög vel og dyggilega á lofti. Ég held að um þetta verði ekki deilt. Forusta hans í samtökum á borð við EFTA, málflutningur hans í samrunaferli Evrópu að öðru leyti út frá hagsmunum Íslendinga, út frá málinu í heild, er með þeim hætti að eftir er tekið og á er hlustað.

Meginatriðið er kannski það á þessum árum í tíð *núv. utanrrh. og í samhljómi við stefnu Alþfl. til* margra ára og áratuga þá nálgast menn þetta viðfangsefni einfaldlega á þeim grunni að ótti eða minnimáttarkennd er ekki með í farteski né heldur gorgeir og hávaði þess smáa heldur eingöngu festa og ákveðni byggð á sögulegri hefð lýðréttinda hér á landi, sögulegum og efnahagslegum styrk þjóðarinnar þrátt fyrir hina lágu íbúatölu. Eftir þessu er tekið, ekki eingöngu innan lands meðal almennings heldur, eins og ég sagði áðan, meðal okkar helstu vina- og bræðraþjóða.

Við lifum á breyttum tímum í samskiptum þjóða. Veröldin hefur einfaldlega minnkað vegna stórbættra samskipta og samgangna og sem betur fer hygg ég að a.m.k. á okkar helming jarðarinnar sé vonandi að baki umræða öfganna sem því miður hefur einkennt alla stjórnmálaumræðu hér á landi til síðustu ára, a.m.k. þar sem umræðan hefur snúist á grundvelli svart/hvítra viðhorfa og öfgarnar ráðið ferð en köld rökhyggja orðið undan að láta. Eins og ég gat um í upphafi þá er nú kannski styttra í allt þetta en margur hefði haldið fyrir fram og minnir okkur á að það eru ekki mörg ár síðan múrinn féll, ekkert mörg ár frá því að það þíddi milli austurs og vesturs og menn gátu farið að nálgast hin stóru viðfangsefni Evrópu og heimsins alls með nokkuð ólíkum og öfgalausari hætti en áður.

Það þarf ekkert að rifja það upp hvernig þessi umræða blasti við *íslenskri þjóð á áratugum áður* þar sem annars vegar var Sjálfstfl. með Morgunblaðið í broddi fylkingar á öðrum enda og hins vegar Alþb. með Þjóðviljann sem sitt málgagn. Margt má fullyrða að sú barátta sem þar átti sér stað ásanna á milli hafi í raun að sumu leyti grundvallað tilvist þessara stjórnmálaafla, Alþb., og áður Sósíalistaflokksins, að verulegu leyti og hugsanlega Sjálfstfl. að nokkru leyti. Það er því út af fyrir sig fagnaðarefni að loks nú um stundir getum við nálgast þessi mál, bæði tilveru þessara flokka með nýjum og bættum hætti og þetta viðfangsefni, stöðu Íslands í samfélagi þjóðanna, skynsamlegar en áður var.

Ég sagði það áðan og endurtek að afstaða Alþfl. og störf utanrrh. í samskiptum við aðrar þjóðir byggist á óttaleysi og jafnréttishugsjóninni. Við viljum engar undirlægjur vera né heldur neinir einangrunarsinnar. Það er mjög fróðlegt að rifja það upp í nútíð og fortíð *hvernig nálgun íslenskra stjórnmálaflokka gagnvart* flokkssystkinum, skoðanasystkinum í öðrum löndum, gagnvart öðrum þjóðum og öðrum stjórnvöldum hefur verið og er í dag. Alþfl. hefur aldrei leynt því að hann á skoðanasystkini um allan heim og hefur tekið virkan þátt í mannréttinda- og lífskjarabaráttu jafnaðarmanna hvar sem hún er háð á hverjum tíma. Þannig hefur Alþfl. látið til sín taka í alþjóðasamtökum jafnaðamanna, hefur verið í virku og góðu sambandi við skoðanasystkini á öðrum Norðurlöndum og gert þetta allt fyrir opnum tjöldum enda ekkert að fela. Þar fara einfaldlega sjónarmið saman.

Það eru hins vegar ekki allt of mörg ár frá því að Sjálfstfl. kom út úr skápnum, eins og menn orða það nú, vildi loks viðurkenna það að til væru flokkar eða flokksbrot á erlendri grundu sem ættu eitthvað sameiginlegt með hinum íslenska Sjálfstfl. Það var talsvert *vandræðamál fyrir ekki mörgum árum hvernig* skipa ætti Sjálfstfl. í flokkasveit í hinu norræna samstarfi svo ég tali nú ekki um samtök hægri flokka í Evrópu eða heiminum öllum. En á síðari árum hefur flokkurinn hins vegar í þessu tilliti komið út úr skápnum og viðurkennt það að hann á samleið í raun og sanni með hægri flokkum víða í Evrópu og það út af fyrir sig er sérstakt rannsóknarefni að bera saman sjónarmið og stefnumið margra þeirra flokka og Sjálfstfl. á Íslandi.

Framsfl. hefur sumpart átt í sömu vandræðum hvað þetta varðar. Á árum áður birtust af því fréttir að hann hefði gægst yfir járntjaldið, rætt við skoðanabræður í Búlgaríu, jafnvel Austur-Þjóðverja, sem nú eru mikið til umræðu, en almennt reynt að birta þá mynd af sér og sínum að þar færi alíslenskur flokkur sem ætti sér í raun litla sem enga hliðstæðu í erlendum þjóðlöndum.

Alþb. er sérkapítuli í þessu öllu saman og tilvist Alþb. í kjölfar Sósíalistaflokksins hefur um margt helgast af því annars vegar að reyna að afsanna með öllu fyrri tengsl einstakra félaga í Alþb. austur yfir járntjald og gengið svo langt í þeim tilraunum sínum að líkja má við fráhvarfseinkenni. En á sama tíma hefur það auðvitað ekki farið fram hjá nokkrum manni að áhrifa þessara gömlu samskipta hefur gætt í mörgu á stefnumörkun Alþb. og mun ég rekja nokkur dæmi um það hér á eftir.

Ég sagði áðan að í umræðunni í morgun gætti bergmáls fortíðar. Mér dettur ekki í hug að halda fram þessari umræðu á grundvelli þeirra einstaklinga sem hér hafa verið nefndir til sögu og eyði ekki í það miklum tíma hvort hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson hafi notað mestallan sinn ræðutíma til að sverja af sér meint tengsl við kommúnista fyrr eða síðar. Ég hygg ekki að nokkrum hv. alþm. hafi komið það til hugar að í hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni byggi kommúnisti. Hvorki þá né nú. Það vita allir að í honum býr framsóknarmaður þá og nú og þarf ekki um það atriði sérstaklega að deila hér. Það kom mér því persónulega nokkuð á óvart að hann skyldi eyða öllum sínum ræðutíma til þess að sverja af sér þessi meintu tengsl sem ég hef svo sem út af fyrir sig ekki heyrt neinn vilja kenna hann við.

Það breytir ekki hinu að flokkur hans hefur ýmislegt að skýra í þessum efnum. Voru það fráhvarfseinkenni til einangrunarstefnu Alþb. eða var það kannski sá andi sem blés frá Austur-Evrópu sem réð afstöðu Alþb. til samskipta við okkar bræðra- og viðskiptaþjóðir? Afstaða Alþb. til NATO og hersins sem tók í raun engum breytingum um áratuga skeið hvað svo sem leið stöðu alþjóðamála að öðru leyti, afstaða Alþb. til stóriðju og þar með erlendra fjárfesta á Íslandi í uppbyggingu íslenskrar stóriðju er saga sem Alþb. á eftir að gera miklu mun nánari grein fyrir, ástæður þeirrar tregðu. Skyldi það að einhverju leyti hafa átt sér skýringar í hinum gömlu tengslum kommúnismans eða var þar um einhvers konar fráhvarfseinkenni að ræða frá því að Sósíalistaflokkurinn var og hét?

Við þessari spurningu verður auðvitað að gefa svar og ég held að það sé enginn betri en hv. þm. Hjörleifur Guttormsson til að svara því mjög skilmerkilega. Hann var forustumaður Alþb. í þessum málum og mótaði afstöðu þess á þeim tíma sem Alþb. hafði þessi ráð að nokkru leyti í hendi sér með ríkisstjórnarþátttöku 1979–1983.

Á sama hátt dettur manni í hug að skoða afstöðu Alþb. til aðildar að EFTA og nú síðast fyrir ekkert mörgum árum afstöðu þessa sama flokks til aðildar okkar að EES.

Með öðrum orðum, virðulegi forseti, þegar saman er dregið þá hlýtur að læðast að manni sá grunur að eitthvað sé ekki algerlega uppgert í afstöðu Alþb. til þessarar fortíðar með vísan til afstöðu flokksins til þeirra mála sem ég rakti áðan, þ.e. samskipta Íslands í viðskiptalegu og víðtækara tilliti til þeirra alþjóðastofnana sem ég tíundaði áðan.

Virðulegi forseti. Ég sagði áðan að það eru margir sem hafa margt að skýra en ekki á grundvelli einstaklinganna heldur á grundvelli þeirra stjórnarathafna sem þeir hafa í umboði sinna flokka gengið fram með. Alþfl. stendur skýr og klár, jafnaðarstefnan stendur fyrir sínu, hún berst gegn kommúnisma, hefur gert það allar götur og alla tíð, hún berst á sama hátt gegn hinum öfgunum á hægri vængnum, nasismanum, og jafnaðarstefnan er í eðli sínu óbreytt og rótin sú sama og var. Við alþýðuflokksmenn höfum gengist við þeirri stefnu, ekki aðeins hér á Íslandi heldur í heiminum öllum, eigum okkar skoðanasystkini þar og þau eiga okkur hér og höfum og munum bindast bræðaböndum um að ýta fram þeirri göfugu mannúðarstefnu sem hún er. Í þeim anda hefur utanrrh. starfað, í þeim anda mun Alþfl. áfram starfa í alþjóðamálum og utanríkismálum þjóðarinnar.

[14:31]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Það eru aðallega nokkur atriði í ræðu utanrrh. og skýrslu sem liggur fyrir þinginu um allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna sem ég ætla að gera að umtalsefni. Ég kemst þó ekki hjá því að láta fáein orð falla, ekki mörg, um fremur ógeðfellda ræðu sem hv. þm. Björn Bjarnason flutti fyrr í umræðunni. Satt best að segja er nokkuð langt síðan ég hef heyrt svo ógeðfellda ræðu flutta á Alþingi.

Hv. þm. varði stórum hluta ræðutíma síns í afar sérkennilegar dylgjur um þingmenn. Hafði að vísu ekki manndóm í sér til að nafngreina þá og hefur örugglega ekki manndóm í sér til að endurtaka þessi ummæli utan þings, en notaði þá lævíslegu aðferð að taka upp blaðagreinar og gera að sínum í skjóli þinghelginnar og bar menn m.a. þeim sökum að um væri að ræða Stasi-tengsl sem þeir þyrftu að gera grein fyrir, Stasi-tengsl. Þetta er auðvitað mjög alvarlegur áburður, hæstv. forseti, órökstuddur og ósannur rógur og verður að teljast fremur ógeðfellt að heyra menn bera starfssystkini sín slíkum sökum á grundvelli löngu liðinna atburða, fyrir um 30 árum síðan, sem ekki er einu sinni hægt að færa rök fyrir.

Það sem mér finnst reyndar verst við þennan málflutning og ömurlegast er sá hroki og það sjálfskipaða dómaravald sem menn taka sér þegar þeir fjalla um söguna með þessum hætti, í raun og veru að hætti faríseana, því í öðru hverju orði felst milli línanna: drottinn, ég þakka þér að ég er ekki eins og þessir menn. Það er nú einhver munur með mig sem er tandurhreinn og hef alltaf rétt fyrir mér og er fullkominn í einu og öllu.

En það er nú þannig, hæstv. forseti, að oft er dramb falli næst eins og sagt er. Út af fyrir sig er það þannig að ef menn vilja fara að grafa á þessum öskuhaugum sögunnar þá eru þeir öskuhaugar margir. Ekki bara einn. Ég á að vísu ekki von á því að upp úr þeim komi mjög merkilegt eða nytsamlegt sem gagnist Íslendingum í nútímanum eða framtíðinni og satt best að segja skil ég ekki þessa áráttu til einhvers konar pólitísks rétttrúnaðar og rannsóknarréttar í nútímanum yfir löngu liðinni sögu. Ég hélt að það væri aðallega viðfangsefni sagnfræðinga og þeirra sem hafa það að atvinnu

að sannreyna heimildir og kunna með þær að fara að fást um slíkt. Auðvitað er það kostulegt þegar hv. þm. Björn Bjarnason reynir að draga inn í nútímann á Íslandi atburði frá fjórða áratugnum eins og þeir eigi einhver efnisleg tengsl við atburði líðandi stundar í íslenskum stjórnmálum. Hvernig var fjórði áratugurinn, hvernig var upphaf hans? Það var andrúmsloft heimskreppunnar miklu. Það var uppgangstími nasismans í Evrópu. Er það þangað sem við ætlum að sækja okkur einhver tengsl við samtímann? Verður þá ekki að láta söguna njóta þess sannmælis að dæma hana út frá forsendum þeirra tíma þegar hún gerðist en ekki dagsins í dag? Ég hélt a.m.k. að þeir sem hafa einhverja lágmarksnasasjón af sagnfræði létu hana þó gjarnan njóta þess sannmælis. Ef menn vilja reyna að endurskapa, eins og stundum er gert í kvikmyndum, andrúmsloft liðins tíma hvort heldur er andrúmsloft kreppunnar miklu og uppgangstíma nasismans eða andrúmsloft kalda stríðsins þá er það út af fyrir sig hægt með leikmyndagerð og öðru slíku og tæknibrellum af ýmsu tagi. En hvaða tilgangi það þjónar í umræðum um skýrslu utanrrh. uppi á Íslandi á því herrans ári 1995 þar sem væri áhugaverðara fyrir þjóðina að horfa eitthvað til frambúðar fæ ég ekki í fljótu bragði séð. Alla vega er það afar slæm sagnfræði að fjalla þá bara um helming sögunnar, grafa bara á sumum öskuhaugum en ekki öðrum.

Staðreyndin er sú að fyrir okkur sem yngri erum þá er þetta í rauninni óskiljanleg þráhyggja og nauðhyggja að reyna sífellt að draga þá sem nú eru að starfa í stjórnmálum og eru á dögum inn í löngu liðna tíð og endurskapa eitthvað löngu liðið andrúmsloft sem til að mynda í mínu tilviki er mér óskiljanlegt í raun enda var ég ekki þátttakandi í því og tæpast fæddur þegar þessir atburðir voru að gerast sem hv. þm. Björn Bjarnason er svona upptekinn af.

Það er að vísu þannig að auðvitað hefur maður lesið sitt af hverju um þetta af sagnfræðilegum áhuga en að reyna að draga það inn í stjórnmálaumræður á Íslandi hef ég ekki tíðkað. Það hafa komið út ýmsar bækur og verið opinberaðar skýrslur, bæði í Bretlandi og Bandaríkjunum, sem út af fyrir sig eru áhugaverðar um samskipti íslenskra stjórnmálamanna við Vesturlönd á tímum kalda stríðsins og til að mynda mikið rit hér um uppgangstíma nasismans á Íslandi. Það hefur aldrei hvarflað að mér að fara að draga það inn í nútímann með þeim hætti að reyna að rekja til einhvers skyldleika við t.d. starfandi stjórnmálaflokk á Íslandi í dag í þeim efnum. Það er svo fjarri öllu lagi að slíkt þjóni einhverjum vitrænum rökrænum tilgangi. Ég get ekkert annað gert að lokum umfjöllunnar minnar um þetta, hæstv. forseti, en að votta þessum hv. þm., eina og síðasta þingmanni kalda stríðsins, hv. þm. Birni Bjarnsyni, samúð mína að eiga ekki merkilegra erindi í stjórnmál á Íslandi nútímans heldur en það að vera hérna síðasti fulltrúi kalda stríðsins. Að reyna að rembast við það eins og rjúpan við staurinn, eins og sagt er á íslensku, að bera hingað inn í þingsali á því herrans ári 1995 andrúmsloft löngu liðinna heiftarátaka í íslenskum stjórnmálum fyrir 30 eða 60 árum síðan. Verði honum að góðu, þessum hv. þm., að sitja einn eftir uppi núlifandi íslenskra stjórnmálamanna með það hlutskipti að vera þingmaður kaldastríðstímans.

Að öðru leyti, hæstv. forseti, vil ég snúa mér að ræðu hæstv. utanrrh. sem er athyglisverð að ýmsu leyti eins og oft er hjá þeim hæstv. ráðherra en gjarnan er það einnig svo að ég er honum um margt ósammála og það fer að vonum.

Ég tel til að mynda í fyrsta lagi að í umfjöllun hans um Alþjóðaviðskiptamálastofnunina gæti mikillar tilhneigingar til oftúlkana. Ég vara hæstv. utanrrh. og aðra við þeirri miklu bjartsýni sem hæstv. ráðherra hefur þar um að menn hafi höndlað hamingjuna og hinn endanlega sannleika í alþjóðaviðskiptum með þessari stofnun. Það er rétt og skylt og eðlilegt að menn beri í brjósti vonir um að hún nái að einhverju leyti markmiðum sínum fram í fyllingu tímans en það er löng og erfið vegferð fyrir höndum í að bæta ástandið og koma á heilbrigðara viðskiptaumhverfi í alþjóðaviðskiptum. Ég vara til að mynda við þeirri tilhneigingu til oftúlkunar sem kemur fram í umfjölluninni á bls. 1 þar sem annars vegar er fullyrt að Alþjóðaviðskiptastofnunin og samningar hennar muni leiða til bætts efnahagsástands og hins vegar að náðst hafi fram verulegar tollalækkanir fyrir íslenskar útflutningsvörur. Þetta er bara því miður held ég oftúlkun. Það hafa náðst fram nokkrar lækkanir en í sumum tilvikum eru það lækkanir á tollbindingum sem aldrei hafa verið virkar og er jafnvel búið að fella niður eins og í tilvikinu Bandaríkin. Ég vara við svona bjartsýni.

Í öðru lagi er náttúrlega ástæða til að spyrja um frágang ríkisstjórnarinnar á GATT-málinu. Hvar er frágangurinn á málefnum landbúnaðarins? Því hefur endalaust verið skotið á frest.

Í þriðja lagi er orðalag efst á bls. 3 sérlega athyglisvert í þessum efnum. Þar lýsir hæstv. utanrrh. ótta sínum yfir því ef heimildir Íslendinga til að beita jöfnunartollum að fullu á innfluttar landbúnaðarafurðir verði nýttar. Er það stefna hæstv. ríkisstjórnar að það sé eitthvað sem beri sérstaklega að óttast? Er það þá í vændum? Er verið að segja það þarna, hæstv. utanrrh., að þessar heimildir verði ekki nýttar til að tryggja innlendri framleiðslu fullnægjandi og eðlilega vernd í stað þeirra beinu innflutningstakmarkana sem áður var byggt á?

Sömuleiðis mætti ýmislegt segja um orðalagið hvað varðar EES-samninginn. Þar fullyrðir hæstv. utanrrh. efst á bls. 4 að samningurinn hafi að mestu leyti staðið undir þeim væntingum sem við hann voru bundnar. Voru það væntingar hæstv. utanrrh. um 7 milljarðana á ári? Voru það væntingar hæstv. utanrrh. um öll nýju störfin sem að mestu leyti hafa gengið eftir? Það er von að spurt sé. Staðreyndin er auðvitað sú að ósköp lítið hefur breyst og fátt af því sem lofað var í gylliboðunum hefur komið fram.

Um umfjöllun utanrrh. um ESB mætti líka margt segja. Þar er auðvitað á ferðinni alveg kostulegur texti þar sem annars vegar er lýst að ekki sé á dagskrá ríkisstjórnarinnar að sækja um aðild að Evrópusamband-

inu samkvæmt stefnu ríkisstjórnarinnar en í næstu setningu kemur hæstv. utanrrh. að sjálfsögðu með sína stefnu um að það eigi auðvitað að gera. Þetta er fínt fyrirkomulag. Annars vegar lýsir utanrrh., sem fer með utanríkismálin í ríkisstjórninni, stefnu ríkisstjórnarinnar að aðildarumsókn sé ekki á dagskrá. Hins vegar segir þessi sami utanrrh. sem þá er sennilega orðinn eitthvað annað, sennilega bara formaður Alþfl., að það sé auðvitað um að gera að drífa inn umsókn að Evrópusambandinu. Svona er nú ástandið í þessu örlagaríka og stóra máli í hæstv. ríkisstjórn. Svo kemur þetta hlálega atriði um stjórnarskrárbindingu sameignarákvæðis fiskveiðistjórnunarlaganna, sem kratarnir hafa allt í einu uppgötvað, og tekið þar upp áragamalt baráttumál Alþb. um sameign á auðlindum þjóðarinnar. Hlálegast af öllu er nú það að upplýst er í grein í Morgunblaðinu í dag að fulltrúar Alþb. í stjórnarskrárnefnd hafa lagt þetta til þar án þess að fá nokkurn stuðning við það frá Alþfl. sem dettur svo ofan á það snjallræði núna í vandræðum sínum rétt fyrir kosningar með allt niður um sig í skoðanakönnunum, og ætlunin var að gera út á þetta Evrópusambandsmál, að það sé snjallræði að setja það inn í stjórnarskrá að þjóðin eigi fiskimiðin. Svo þarf að vísu að breyta henni um leið og sótt er um aðild eða aðild verður að veruleika en það er ekkert verið að segja frá því í leiðinni. Þetta er nú einhver allra aumingjalegasti málflutningur og lágkúrulegasta lending á einu flokksþingi sem lengi hefur sést og verður þá helst til jafnað landsfundar Þjóðvaka og útgönguliðsins sem þar var. Þetta er auðvitað harla hlálegt, hæstv. utanrrh., auðvitað veit hæstv. utanrrh. manna best að það er ekki hægt að ganga í Evrópusambandið nema að breyta stjórnarskránni og þar með færi þetta ákvæði eins og önnur sem rækjust á við Evrópuréttinn, Rómarsáttmálann, fyrir lítið ef svo bæri undir. Auðvitað er það þannig.

Síðan er, hæstv. forseti, vandræðatexti með NATO eins og venjulega. Liðið er auðvitað í hinum mestu vandræðum með NATO, þeir vita ekkert hvað á að gera með það, og það er vandræðast með það í skýrslunum ár eftir ár að leita að einhverjum tilgangi fyrir þetta hernaðarbandalag sem er auðvitað tímaskekkja eins og önnur slík og ætti að leggja niður og í staðinn að efla þær stofnanir sem eru byggðar á friðsamlegum grunni frá rótum eins og Sameinuðu þjóðirnar og RÖSE til þess að fara með slík hlutverk. Þessi texti er auðvitað hálfneyðarlegur eins og aðrir slíkir hafa verið á undanförnum árum. Sama má segja um kaflann um herstöðina í Keflavík og reyndar er það sérkennilegt að sjá í ræðu utanrrh. að fjallað er um herstöðina í Keflavík í fáeinum línum og ekki er verið að ræða um tilgang hennar eða hlutverk í nútímanum. Nei, hvert einasta orð sem þar stendur er um verktöku fyrir herinn. Það er það eina sem þarf núna að komast inn í skýrslu hæstv. utanrrh. að þessu leyti til og segir kannski meira en flest orð um það. Hvílík tímaskekkja vera þessa hers er orðin og væri auðvitað nær að snúa sér að því sem er að gerast að ganga frá því með samningum við bandarísk stjórnvöld hvernig leifarnar af hernum hverfi úr landi, í hvaða áföngum og hvernig atvinnulíf á Suðurnesjum verði lagað að þeim breytingum.

Fjallað er um svæðisbundin átök en tími minn leyfir ekki að fara djúpt ofan í þau mál. Auðvitað er ástandið í fyrrum lýðveldum Júgóslavíu og Austur-Evrópu hörmulegt víðast hvar og næst að segja að austanverð Evrópa sé í upplausn og því miður lítur út fyrir að svo muni verða enn um langa hríð. Kannski hafa það verið spaklegustu orð sem um það hafa verið sögð, sem Helmut Schmidt sagði í Íslandsheimsókn, að það væri barnaskapur og óraunsæi að reikna með öðru en að það tæki a.m.k. 50 ár, hálfa öld, fyrir austanverða Evrópu að komast í jafnvægisástand á nýjan leik.

Mig langaði svo að gera að umtalsefni, hæstv. forseti, afstöðu Íslands til tveggja eða þriggja mála á vettvangi Sameinuðu þjóðanna sem ég vil mótmæla og lýsa óánægju með. Það kemur fram í skýrslu um allsherjarþingið á bls. 23 að Ísland eitt Norðurlanda sat hjá í atkvæðagreiðslu um tillögu um að afnema skyldi viðskiptabann gegn Kúbu. Þessi tillaga hefur verið endurflutt á nokkrum þingum og henni hefur vaxið fylgi ár frá ári enda löngu brostnar og voru í raun aldrei fyrir hendi neinar réttlætanlegar ástæður fyrir þessu grimmilega viðskiptabanni sem hefur haldið þessari þjóð í heljargreipum um langt árabil. Nú styðja allar Norðurlandaþjóðir nema Ísland að viðskiptabannið verði fellt niður. Ég mótmæli þessari afstöðu sem er höfð í frammi fyrir Íslands hönd og ég krefst þess að hæstv. utanrrh. sjái til þess að á næsta allsherjarþingi verði henni breytt.

Ég sakna þess sömuleiðis að Íslendingar skyldu ekki greiða atkvæði með tillögu um að leita álits alþjóðadómstólsins í Haag um lögmæti hótunar um að beita kjarnorkuvopnum gegn ríkjum. Það er furðulegt að Ísland skuli telja sig í stöðu til þess að greiða atkvæði gegn slíkri ályktun og ámælisvert, hæstv. forseti.

Ég hefði svo viljað fjalla hér um úthafsveiðar, hæstv. forseti, ef tími minn hefði enst en það gerir hann bersýnilega ekki þannig að ég verð þá bara að láta máli mínu lokið.

[14:47]

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er einkennilegt að kvarta undan því að rætt sé um söguna þegar við fjöllum um utanríkismál á þessum breytingatímum. Við stöndum frammi fyrir því í Evrópu, sérstaklega þó í Júgóslavíu fyrrverandi og Sovétríkjunum fyrrverandi, að þar eru menn að takast á við vandamál sem eiga rætur að rekja langt aftur í aldir. Það sem ég hef gert að umtalsefni er þó ekki fjær okkur en kannski fimm ár og er enn þá lifandi í íslenskum stjórnmálum, sá vandi sem ég hef verið að fjalla um.

Ég kvarta ekki undan því, hæstv. forseti, að kenna mig við kalda stríðið. Ef hv. þm. heldur að það sé eitthvert skammaryrði í mínum huga þá er það mikill misskilningur. Hins vegar minnist ég þess að í upphafi þingsins flutti hv. þm. sjálfur tillögur um varnar- og öryggismál sem voru svo úreltar og úr sér gengnar að þær mátti kenna við heimsmynd sem var horfin þeg-

ar þetta þing hófst árið 1991 og hann hefur verið frekar fastur í vandamálum sem snerta allt aðrar aðstæður í alþjóðamálum en nú eru.

Varðandi það að hv. þm. hafa farið hörðum orðum um það sem ég vitnaði í, dr. Þór Whitehead, vil ég, með leyfi hæstv. forseta, taka það aftur upp sem hann sagði og nokkrir hv. þm. hafa gert að umtalsefni og einnig síðasti ræðumaður. En hann sagði í Alþýðublaðinu í gær, með leyfi hæstv. forseta:

„En uppgjör við fortíðina hefur ekki farið fram heldur þvert á móti, þessi gamli kjarni í flokknum hefur alltaf færst undan öllu slíku. Þetta væri ekkert fréttaefni ef svo væri ekki. Hvers vegna sögðu þeir ekki frá þessum tengslum sínum við austur-þýsku leynilögregluna Stasi?"

Þetta sagði hann. Í þessu felast ekki ámælisverð ummæli um nokkra þingmenn, þetta er um þá menn sem komu fram í þessum sjónvarpsþætti og viðurkenndu sumir hverjir að rætt hefði verið við sig af Stasi. Einnig kom fram að fyrsti formaður Alþýðubandalagsfélags Reykjavíkur starfaði fyrir Stasi.

[14:49]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Að sjálfsögðu er mikill misskilningur hjá hv. þm. Birni Bjarnasyni að amast sé við því að menn rökstyðji mál sitt með tilvísun til sögunnar. Það sem er hins vegar ámælisvert er hvernig hv. þm. meðhöndlar söguna og hvernig hann leikur hana í meðferð sinni á málunum og í lágkúrulegum tilraunum sínum til þess að koma pólitísku höggi á andstæðinga sína sem eru, eins og ég segi, einhver þau ómerkilegustu sem ég hef lengi upplifað á þingi.

Ég held að ræða hv. þm. í morgun verði örugglega lengi í minnum höfð sem einhver allra lágkúrulegasta og ómerkilegasta þingræða sem hefur verið haldin um mjög langan tíma. Og hvernig hv. þm. byggði upp ræðu sína utan um ummæli hins svokallaða sagnfræðings og prófessors, Þórs Whiteheads, var auðvitað með endemum því hv. þm. fléttaði inn í það tveimur núv. þingmönnum og var auðvitað ekki annað réð af samhengi og uppbyggingu ræðu hv. þm. en að um þessi Stasi-tengsl væri að ræða í því tilviki sem þeir kæmu að málum.

Hitt er svo ágætt að hv. þm. Björn Bjarnason gengst við því að vera fulltrúi kaldastríðsaflanna á þingi, vera hér síðasti þingmaður kaldastríðstímans og gott ef ekki stoltur af því. Þá bara liggur það fyrir, þá er það bara hans hlutskipti hér að reyna að rembast við það í þessum ræðustóli og sjálfsagt annars staðar í ræðu og riti að bera með sér inn í nútímann og framtíðina andrúmsloft kalda stríðsins og ég endurtek hamingjuóskir mínar og þó í reynd samúð til handa hv. þm. að bera þetta hlutskipti á herðum sér í íslenskum stjórnmálum.

[14:51]

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég get fullvissað hv. þm. um að hlutskipti mitt í þessu efni er léttbærara en hlutskipti hans og þeirra sem starfa í nafni Alþb. enn þá í íslenskum stjórnmálum miðað við forsögu þess flokks. Ég tel að þessi hv. þm. hafi ekki efni á því að saka mig um lágkúru eins og hann talar hér og lét orð falla um dr. Þór Whitehead sagnfræðiprófessor og kallaði hann svokallaðan sagnfræðing, mann sem hefur doktorspróf frá háskólanum í Oxford í sagnfræði. Þetta sýnir hvernig þessir menn halda á þessum málflutningi sem hér er að reyna að verja þennan óverjandi málstað að þeir hlaupa úr einu víginu í annað og ráðast síðan á fjarverandi menn og bera þá lítilsvirðandi sökum.

[14:52]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ef einhver hefur ráðist á einhverja með ómaklegum tilburðum er það auðvitað hv. þm. Björn Bjarnason. Það er það sem er kveikjan að þessari umræðu. Ég á ekki von á því að nokkur maður hefði í umræðunni nennt að eyða orðum að því sem hv. þm. tók hér upp, það hefði ég a.m.k. ekki gert og væntanlega ekki aðrir, ekki formaður Alþb. sem hér talaði fyrr í umræðunni, ef ekki hefðu komið til þessi óvenjulega rætnu og lágkúrulegu ummæli sem hv. þm. gerði að sínum og setti í það samhengi í ræðu sinni að ekki varð annað ráðið af því samhengi en að hann væri að tala um hv. þm. Hjörleif Guttormsson og Svavar Gestsson. Ég spyr hv. þm. Björn Bjarnason: Er hann maður til þess að fara út í þjóðfélagið og segja það þar að Hjörleifur Guttormsson og Svavar Gestsson þurfi að gera grein fyrir Stasi-tengslum sínum? Það var það sem hv. þm. sagði, samanber samhengið í hans ræðu. Nú sé ég að hv. þm. er kominn á flótta, er farinn að draga í land. (Gripið fram í.) Þetta voru tengslin og uppbyggingin í ræðu hv. þm. Ekki var hægt að skilja hana öðruvísi en svo að hv. þm. væri að reyna að læða þessu inn í þingtíðindin og þingsalina. Ég held að hv. þm. ætti að vera maður til þess að koma hér upp og draga þetta til baka, segja að það sé rangur skilningur á orðum hans og biðjast afsökunar í leiðinni hvernig hann hagaði málum sínum hér fyrr í morgun. Hv. þm. er það að sjálfsögðu frjálst og það væri fagnaðarefni ef hann vildi sjá að sér en meðan þetta hangir svona í loftinu þá er ekki hægt að hafa um það önnur orð en að þetta voru ómerkileg, lágkúruleg og auðvitað algjörlega fráleit ummæli og framganga af hálfu hv. þm., honum til stórkostlegrar skammar og er þá mikið sagt.

[14:54]

Tómas Ingi Olrich:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu skýrsla hæstv. utanrrh. og ræða hans um utanríkismál á Alþingi og vekur það athygli mína að hér hafa orðið mjög harkalegar umræður sem snerta uppgjör við fortíðina og snerta að sjálfsögðu skilning á sögunni og tengsl slíks skilnings við stefnu í utanríkismálum. Ég lýsi því strax yfir í inngangi máls míns að nokkuð mikið hefur skort á það í umræðum um utanríkismál að ekki er hægt að grundvalla slíka umræðu öðruvísi en á verulegri þekkingu á sögulegum atriðum og ekki er hægt að fjalla um utanríkismál og framtíðina í stefnunni í utanríkismálum öðruvísi en að hafa hliðsjón af því sem gerst hef-

ur. Það er raunar sérkennilegt hversu margir í þessu þingi eru mótfallnir því að menn sæki rök til fortíðarinnar þegar menn móta stefnu til framtíðar. Hér er talað í miklum fyrirlitningartóni um fortíðarhyggju. Það er einu sinni svo að menn verða að læra af liðinni tíð. Hvers vegna verða menn að læra af liðinni tíð? Það er til þess að endurtaka ekki þau mistök sem þar hafa átt sér stað og það er mjög eðlilegt að umræða um þessi mál nái til fortíðarinnar, nái til mats á því sem liðið er.

Sú umræða sem hefur sprottið upp í þingsalnum um uppgjör vinstri aflanna við fortíð sína er athyglisverð og ég tek eftir því að í andsvörum við ræðu hv. 3. þm. Reykv., Björns Bjarnasonar, ber verulega mikið á orðaleppum og gífuryrðum, ekki síst í máli hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar, sem hvergi var að finna í ræðu hv. þm. Björns Bjarnasonar. Auðvitað bendir þetta til þess að fortíðin sé í raun og veru eins og opin und hjá þessu fólki.

Austur-þýsk og sovésk yfirvöld lögðu á sínum tíma ofurkapp á að fá stuðning meðal annarra þjóða við þann áróður sem þau ráku linnulaust gegn varnarsamstarfi vestrænna ríkja. Í þessari viðleitni sinni beittu þessi ríki fyrir sig ýmsum aðferðum, m.a. þeirri aðferð að bjóða fólki til náms á sérkjörum með því að halda svokallaðar menningarstefnur eins og Eystrasaltsvikuna sem fræg var og með því að virkja fólk í svokölluðum friðarhreyfingum þar sem fram fór skipulegt áróðursstarf gegn varnarsamtökum vestrænna ríkja sem fjármagnað var af Sovétríkjunum og leppríkjum þeirra. Án þess að verið sé að taka afstöðu til þess sérstaka umræðuefnis sem kom upp á þingfundinum, þ.e. um tengsl Íslendinga við alræðisstjórnir Austur-Evrópu er það hins vegar staðreynd málsins að málflutningur fjölmargra alþýðubandalagsmanna í gegnum árin og raunar fleiri og þar á meðal nokkurra þingmanna þessa flokks nú féll eins og flís við rass að áróðri kommúnista í Sovétríkjunum og leppríkjum þeirra. Ég endurtek það fyrst hv. þm. Hjörleif Guttormsson brestur heyrn að enginn munur var á áróðri Austur-Evrópuríkjanna, Sovétríkjanna og leppríkja þeirra og fjölmargra þingmanna Alþb. og þar á meðal þingmanna sem hér sitja á þinginu nú gegn varnarsamtökum vestrænna ríkja árum saman og áratugum saman. Nú hefur hins vegar dregið úr þessum áróðri vegna þess að sú staða er komin upp að í hinum nýfrjálsu ríkjum Mið- og Austur-Evrópu hafa menn upplýst að þessi varnarsamtök voru alla tíð vonarneistinn fyrir þá sem trúðu á lýðræðið. Varnarsamtök hinna vestrænu ríkja, NATO, voru vonarneistinn, héldu lífinu í þessu fólki, sem trúði því að um síðir mundi birta upp, og þeir hafa viðurkennt það hlutverk sem þessi varnarsamtök gegndu í þessum mikla hildarleik sem kalda stríðið var. Þar af leiðandi hefur dregið úr þessum áróðri gegn NATO. Hann er nánast alveg horfinn og til valda í Alþb. hafa hafist menn sem hafa sýnt því skilning hvaða hlutverki þessi varnarsamtök gegndu. Ég tel að full ástæða sé til þess að minna á þetta vegna þess að á þeim sem hér stendur og á öðrum þeim sem voru fylgjandi þessum varnarsamtökum dundi þessi áróður ár eftir ár af mikilli sannfæringu.

Ég vík nú að atriðum í ræðu hæstv. utanrrh. sem mér finnst skipta nokkuð miklu máli og kem ég sérstaklega inn á kaflann í ræðu hans sem fjallar um Ísland og ESB. Ég vek athygli á því að kafli hæstv. ráðherra um Ísland og ESB er mjög stuttur og mjög efnisrýr en kaflinn um Atlantshafsbandalagið og öryggismál Evrópu er hins vegar býsna efnismikill. Það sem er einmitt að gerast á vettvangi Evrópumálanna er það að öryggisþátturinn í starfi ESB er aftur orðinn afar mikilvægur. Ég minni þingheim á hér og nú að þegar samstarf Evrópuríkjanna hófst, þeirra sex Evrópuríkja sem mynduðu með sér nokkur bandalög, þar á meðal Efnahagsbandalag Evrópu, var m.a. tilgangurinn með þessu samstarfi að skapa öryggi í Evrópu. Tilgangurinn var sá að skapa öryggi með efnahagssamvinnu sex ríkja sem höfðu tiltölulega jafna stöðu efnahagslega séð. Hugmyndafræðin var mjög traust. Menn trúðu því að með því að draga úr vægi landamæra, með því að auka sameiginleg efnahagsleg tengsl og þar með sameiginlega hagsmuni væri hægt að finna varanlegan grundvöll fyrir frið meðal þessara ríkja sem höfðu tekist á í fjölmörgum styrjöldum á undanförnum öldum. Þetta samstarf tókst í stórum dráttum en síðar meir þróaðist bandalagið, Efnahagsbandalag Evrópu, yfir á nýjar brautir á áttunda áratugnum eins og ég hef gert grein fyrir í þingræðu og mun ekki fara í nánar.

Það sem síðan hefur gerst á síðustu árum er að það hefur verið opnað á stækkun þessa bandalags til austurs sem er á gersamlega öðrum forsendum, nýjum forsendum miðað við fortíðina. Það er verið að opna bandalagið til þess að gera mjög hratt til móts við þau ríki sem standa ekki á nokkurn hátt efnahagslega jafnfætis Evrópusambandsríkjunum. Það er verið að opna þarna á nýja möguleika og þá er mjög nauðsynlegt að við gerum okkur grein fyrir því hvers vegna er verið að opna á þessa stækkun. Það skortir mjög verulega umræðu í þinginu um það á hvaða grundvelli stækkunin er í raun og veru gerð. Umræðan í þinginu er oft mjög yfirborðskennd um þessi mál. Á sama tíma og við fjöllum ekki um þetta í samræmi við breidd málsins er verið að vinna í öðrum þjóðþingum Evrópu að því að kortleggja þessi mál, þ.e. öryggismál Evrópu, í ljósi þess hvernig Evrópusambandið meðhöndlar þau og getur meðhöndlað þau, öryggi Evrópu í ljósi þess hvernig ÖSE getur starfað á þessum vettvangi, öryggi Evrópu að svo miklu leyti sem NATO getur tekið á þeim málum og við höfum vanrækt að fjalla um þessi mál á nógu víðtækum grundvelli. Þessa umfjöllun er ekki að finna í þessari ræðu og kannski er ástæða til að benda á að það vantar grundvöll fyrir umræðu í þinginu, það vantar nefndarvinnu um þessi mál.

Það sem rétt er að koma inn á í sambandi við þessi mál er að þegar því var spilað út á sínum tíma að það ætti að opna á stækkun Evrópusambandsins til norðurs var það í sjálfu sér ekki grundvallarmarkmið Evrópusambandsríkjanna. Það var millistig í utanríkismálum Evrópusambandsins. Meginmarkmiðið var allt annað. Forsendan fyrir því að Evrópusambandið fór af stað í að stækka sambandið þó að það hefði lýst því yfir að það hefði takmarkaðan áhuga á því var nátengd land-

fræðilegum, pólitískum hagsmunum Þýskalands. Það er alveg ljóst að í langan tíma hefur Þýskaland haft af því þungar áhyggjur að vera á austurlandamærum Evrópusambandsins. Það hefur ekki þótt þægilegt fyrir Þýskaland að hafa þessa stöðu. Þegar Sovétríkin hrundu 1989 litu Þjóðverjar á það sem einstakt tækifæri til þess að breyta þessum hlutum. Þeir litu svo á að ekki væri hægt að gera það nema með einni aðferð, með því að stækka Evrópusambandið til austurs. Það var því gert til þess að grípa þetta einstæða tækifæri sem menn álitu að ekki mundi bjóðast aftur, ekki einu sinni á næstu öld, sem þessi þróun var sett í gang. Menn eiga að hafa þetta í huga þegar þeir reyna að meta þróun öryggismála í Evrópu, hver eru hin yfirlýstu markmið og hver eru hin raunverulegu markmið.

Það er svo í allri utanríkismálaumræðu og utanríkismálapólitík að markmiðin eru mörg. Sum þeirra snerta lýðræði. Sum þeirra snerta hins vegar landfræðilega, pólitíska stöðu ríkja. Þau sjónarmið eru gömul. Þeim er oft haldið við öld eftir öld hvert svo sem stjórnarfarið er í ríkinu.

Hins vegar er það svo ef Evrópusambandið á að verða farvegur fyrir öryggismál á þann hátt að innlima ríki Mið-Evrópu á meðan þetta tækifæri gefst þá komum við að annarri hlið málsins sem er mjög athyglisverð fyrir okkur Íslendinga og full ástæða til þess fyrir okkur að fylgjast nákvæmlega með því máli og snertir að sjálfsögðu áhuga okkar á Evrópusambandinu.

Virðulegi forseti. Ég á stuttan tíma eftir og ég ætla að nota þann tíma aðeins til þess að koma á mjög yfirborðskenndan hátt að þessu máli. Það liggur fyrir að þegar Efnahagsbandalag Evrópu fór af stað var um að ræða samstarf sex ríkja sem voru mjög lík innbyrðis. Þegar næsta stækkunarskref var stigið voru innbyrt ríki, ég nefni sérstaklega Írland, sem stóðu miklu verr að vígi efnahagslega en hin ríkin, að ég tali ekki um ósköpin þegar Efnahagsbandalagið var stækkað þannig að Spánn, Portúgal og Grikkland gengu inn. Þá var búið að taka inn í Efnahagsbandalagið ríki sem voru allt öðruvísi búin efnahagslega en hin ríkin og þá var sérstök stuðningsáætlun sett í gang sem átti að miða að því að koma þessum ríkjum, Írlandi, Spáni, Portúgal og Grikklandi upp á sama efnahagsgrundvöll og hin ríkin. Að hluta til hefur þetta tekist og að hluta til hefur þetta mistekist. Írland hefur náð svipaðri stöðu og hin ríkin í Evrópusambandinu. Allt bendir til þess að Spánn og Portúgal muni ná þessari stöðu en ekkert bendir til þess að Grikkland hafi getað nýtt sér það gífurlega fjármagn sem þangað hefur streymt frá Evrópusambandsríkjunum til þess að bæta efnahag sinn. Allt bendir til þess að þessir gífurlegu fjármunir hafi runnið niður um ræsið og þá hlýtur sú spurning að vakna þegar við lítum til Mið-Evrópuríkjanna: Er það framtíðarsýn Evrópusambandsins að verða samtök ríkja þar sem einhvers konar samhjálp og félagsleg aðstoð er grundvöllur samstarfsins í staðinn fyrir að vera samtök ríkja sem efla með sér samstarf á grundvelli frjálsra viðskipta? Þetta þurfum við að taka til athugunar. Við þurfum að skoða hver staða okkar Íslendinga er gagnvart stækkun Evrópusambandsins ef þetta er framtíð sambandsins, ef það er inn á þessar brautir sem sambandið ætlar að stefna og við þurfum að vega og meta hvaða hagsmuni við eigum í því að fylgja þróun sambandsins ef Evrópuríkjunum tekst að halda utan um þessa þróun.

[15:09]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Hér fer fram umræða um utanríkismál og það er vel. Það mætti vera oftar á Alþingi Íslendinga sem við förum yfir þann málafokk svo mjög sem utanríkismálin snerta okkur orðið nánar en áður og utanríkismál og innlend málefni hafa fléttast saman með þeim hætti að skilin á milli utanríkismála og innanríkismála eru orðin önnur og langtum minni en áður var, ekki síst vegna þeirra alþjóðlegu samninga sem við Íslendingar erum orðnir aðilar að. Þess vegna er óhjákvæmilegt að ræða þessi mál oftar enda ber þau á góma í tengslum við ýmis efni sem við erum að fjalla um hér þó ekki beri það yfirskriftina utanríkismál.

Okkur sem ræðum þetta hér í dag er nokkur vandi á höndum í sambandi við það hvernig taka skuli á málum vegna þess sem hér bar við fyrr í dag, að formaður utanrmn. kaus að nota þennan vettvang, þessa umræðu, til persónulegra árása á alþingismenn og Alþb. sérstaklega. Ég hef mörg atriði, virðulegur forseti, sem ég þarf að ræða varðandi skýrslu hæstv. utanrrh. og mun nota tíma í þessari umræðu til þess í annarri ræðu minni en ég tel óhjákvæmilegt vegna þeirra árása í minn garð sem fram komu hjá formanni utanrmn. fyrr í umræðunni að ég noti fyrri ræðu mína til þess að víkja að hans máli og þáttum sem því tengjast.

Það fór ekki fram hjá neinum hvernig hv. þm. Björn Bjarnason hagaði máli sínu í morgun í umræðunni og það fellur nokkuð að því sem kemur fram í Morgunblaðinu í ritstjórnargrein þann 7. febr. þar sem vikið er að sjónvarpsþætti frá sl. sunnudegi undir yfirskriftinni Stasi-skjölin. Þar segir, með leyfi forseta:

„Sjónvarpsmyndin sýnir að Hjörleifur Guttormsson alþingismaður Alþýðubandalags hefur verið Stasi hugleikinn en hins vegar hafa engar skjalfestar sannanir komið fram um hlutverk hans", segir í ritstjórnargrein Morgunblaðsins.

Litlu síðar segir í þessari ritstjórnargrein: „Allir hafa þeir menn sem hér hafa verið nefndir og koma við sögu í fyrrnefndri sjónvarpsmynd á undanförnum áratugum margsinnis hafnað öllum staðhæfingum bæði Morgunblaðsins og annarra um náin tengsl þeirra við stjórnvöld í Austur-Evrópu. Það er fyrst nú þegar þeir eiga engan annan kost að þeir ýmist játa störf fyrir Stasi eða viðurkenna að eftir hafi verið leitað."

Svona er nú haldið á máli í ritstjórnargrein Morgunblaðsins. Þetta fellur í nákvæmlega sama farveg og málflutningur hv. þm. formanns utanrmn. í morgun. Það er langt seilst til lokunar í þessum efnum. Nú er það svo, virðulegur forseti, að þau efni sem umræddir fréttamenn og myndhöfundar drógu fram og liggja fyrir og sýndu mér eru ekki merkilegri en svo í raun inni að ég varð satt að segja undrandi á því að ekki var meira að finna sem varðaði undirritaðan miðað við það

sem sagt hefur verið frá um nákvæmni þessarar austur-þýsku leyniþjónustu. Og þau eru út af fyrir sig þess efnis að það er ekki lengi verið að fara yfir þau efni. Ég brást nú þannig við að segja að mér sýndist þetta vera frásögn af því að ég hefði verið nánast í sunnudagaskóla þarna eystra, saklaus drengur í sunnudagaskóla. Ég held að það gæti verið fróðlegt að þau væru einhvers staðar til sýnis, annaðhvort á bókasafni eða lestrarsal Alþingis eftir atvikum fyrir þá sem vilja lesa þann fróðleik. En ég vil hins vegar um leið og ég mótmæli og endurtek mótmæli mín við málflutningi hv. þm. rifja hér upp örfá atriði í sambandi við afstöðu Alþb. til ríkjanna í Austur-Evrópu og aðild mína að nokkru að þeim málum.

Í fyrsta lagi það sama og kom fram af minni hálfu í morgun að ég af pólitískum ástæðum tók þá afstöðu eftir að ég kom heim til Íslands frá námi 1963 að fara ekki í ferðalög, að sækja ekki um vegabréfsáritanir í austurveg. Þetta var ekki vegna þess að ég hefði ekki gaman af að fylgjast með og skoða heiminn og ég hef gert það á árunum sem síðan liðu, bæði vestan hafs og í Evrópu. Þetta var gert af pólitískum ásetningi til þess að undirstrika andúð mína á því þjóðskipulagi og þeim vinnubrögðum sem viðhöfð voru í þessum ríkjum. Við þetta stóð ég þangað til 1990 að ég sótti um vegabréfsáritun sem ferðamaður til Eistlands í pólitískum tilgangi til þess að undirstrika samstöðu mína, fyrstur íslenskra þingmanna til þess að heimsækja Eystrasaltsríkin, undirstrika samstöðu mína með þeirri frelsishreyfingu sem þá var þar komin í gang og gaf utanrmn. Alþingis um það skýrslu.

Ég vil líka nefna það vegna þess að það er ítrekað, það er nánast með nokkurra ára millibili að sama platan kemur upp og snýr að þeim sem hér talar þar sem reynt er að koma því á framfæri að ég hafi verið og sé áróðursmaður fyrir þau viðhorf og það kerfi sem ríkti í Austur-Evrópu. Ég held að það væri fróðlegt fyrir þá sem leika þessa plötu, ég tala nú ekki um fyrir þá sem vilja eitthvað grafast fyrir um hvað er raunverulega satt í þessum efnum, að lesa t.d. greinar sem ég ritaði í vikublaðið Austurland 1968 strax eftir að Sovétríkin réðust inn í Tékkóslóvakíu ásamt fylgiríkjum sínum. Undir fyrirsögnum eins og „Hernám Tékkóslóvakíu fordæmt" og „Sovétríkin í pólitískri blindgötu". Ég er með það fyrir þá sem vilja kynna sér það. Ég vil jafnframt nefna það að eftir að ég fór að hafa áhrif í Alþb., og það var nokkru áður en ég kom inn á þing, svona 10–12 árum áður sem ég gerðist forustumaður í alþýðubandalagsfélögum og kjördæmisráði Alþb. og síðan miðstjórn 1974, að ég lagði mig fram um það að í reynd væri staðið við þá samþykkt flokksins sem gerð var 1968 að klippa á samskipti við árásarríkin gegn Tékkóslóvakíu frá 1968.

Það var réttilega minnt á það hér af formanni Alþb. sem opnaði allar gerðabækur Alþb. frá stofnun flokksins og lagði það fram fyrir blaðamenn í fjölriti þannig að allir mega lesa að 1976 flutti ég tillögu í miðstjórn Alþb. um það að alþjóðanefnd, sem sett hafði verið niður af framkvæmdastjórn, yrði tekin til sérstakrar skoðunar og lögð af ef hún væri ekki sett undir miðstjórnina. Um þetta voru greidd atkvæði og þetta var samþykkt. Auðvitað var það ekki gert að gamni sínu að tryggja að það væri ekki hugsanlega verið að fara fram hjá samþykktum í Alþb. Ég var langt frá því að vera einn um það. Við vorum mörg í Alþb. á þessum tíma sem stóðum um það dyggan vörð að ekki væri verið að brjóta samþykktir flokksins í þessum efnum. Um þetta geta menn sannfærst sem vilja kynna sér þessi mál.

Ég vil segja hér eina litla sögu til viðbótar, virðulegur forseti. Á árum þegar ég var ráðherra gerðist sá, út af fyrir sig mundu menn segja, sárameinlausi atburður að í blaðinu Austurlandi, sem ég var tengdur eðlilega og gefið var út í minni heimabyggð, var komið á framfæri spurningakeppni um Sovétríkin eins og það hét með verðlaunum fyrir tvö ungmenni sem kæmu með réttar lausnir. Ég sá í þessum atburði dálítið annað en kannski flestir lesendur blaðsins, sá í honum tilraun til að smygla inn áróðri um Sovétríkin í þetta saklausa vikublað á Austurlandi. Ég leyfði mér að bregðast við þessu nokkuð harkalega. Ég leyfi mér, virðulegur forseti, að vitna til greinar sem ég skrifaði af þessu tilefni þar sem ég lýsti því í upphafi að ég hafi orðið ekki lítið undrandi við að sjá að fyrirhugað væri að leggja blaðið Austurland undir spurningakeppni af þessum toga. Þeir sem að stóðu voru MÍR, Samband sovéskra félaga-, vináttu- og menningartengsla við útlönd, eins og það hét, félagið Sovétríkin/Ísland og sovéska ferðaskrifstofan Spútnikk og síðan segir:

„Það er þannig enginn smáliðssafnaður sem að baki þessu stendur og mikið við haft til að koma tveimur væntanlega austfirskum ungmennum í slíka boðsferð. Ekki er þess getið hver standa eigi undir kostnaðinum en mér þykir ólíklegt að hlutur blaðsins eigi að vera stór í því efni. Satt að segja hélt ég að íslenskir sósíalistar hefðu fengið sig fullsadda af utanstefnum austur fyrir tjald og óþarft að draga saklaus ungmenni inn í þá myllu. Ég ætla hér ekki að gera neina úttekt á „sendinefndakerfinu" sem Sovétríkin og fylgiríki þeirra hafa beitt sér fyrir á liðinni tíð. Aðferðin er vel þekkt og gefur færi á þeirri handleiðslu og leiðsögn sem hæfir lokuðu landi og hver man ekki ferðasögur í lofgerðastíl sem sprottið hafa upp úr slíkum reisum. Þær ásamt „jákvæðu hugarfari" eru raunar það endurgjald sem vænst er af stórveldinu.

Sannarlega get ég unnað mönnum að hleypa heimdraganum og svipast um á áður óþekktum slóðum. En mér þykir meira en lítið athugavert við það að sjá Austurland lagt undir áróðursherferð fyrir Sovétríkin með tilheyrandi vinarhótum. Alþb. hefur frá því það var stofnað hafnað öllum samskiptum við kommúnistaflokka Austur-Evrópu enda á það ekkert skylt við þá hugmyndalega. Alþb. hefur ítrekað fordæmt grófa íhlutun og ofbeldi Sovétríkjanna á áhrifasvæði þeirra og brot gegn mannhelgi og lýðréttindum sem við hér á Íslandi teljum sjálfsögð. Ég á ekki von á að neinn hafi gleymt því hvernig vorið í Prag var traðkað niður í innrás Rússa og dyggustu fylgiríkja þeirra 1968 og allt sl. ár hefur sovéskt herlið reynt að berja Afgani til

hlýðni með grímulausu ofbeldi og vítisvélum. Skyldu þeir ekki hafa fengið nóg af „sovéskum dögum" og hafa þörf fyrir siðferðilegan stuðning vopnlausrar smáþjóðar þótt fjarlæg sé."

Og fleira er sagt í þessum dúr í þessari grein. Hún vakti kannski ekki mjög mikla athygli en um hana var þó skrifað í Vísi 16. febr. 1981 og vakin athygli á því með orðum blaðsins:

„Morguninn eftir útkomu Austurlands í síðustu viku var ljósrit af grein Hjörleifs í umferð á Hótel Borg og höfðu þeir sem sáu stór orð um að þarna væri á ferðinni ein harðasta árás á stjórnskipulagið í Sovétríkjunum sem sést hefði lengi, jafnvel úr borgarapressunni. Maður hélt að þegar ráðherra Alþb. skrifar þannig þá sé það frétt sem birtist strax en ekki einhverjar óljósar tilvitnanir í kjaftadálkum og enginn álítur að svo langt sé á milli Neskaupstaðar og Reykjavíkur að ekki hafi verið fært fyrir helgi að nálgast blaðið Austurland. Hvorki borgarapressan né ríkisfjölmiðlarnir þora að taka almennilega með venjulegum hætti á málinu", segir þar. „Þess vegna er svona ógnarlangt til Neskaupstaðar þegar eitthvað markvert gerist í málgagninu þar eystra."

Ég vil minna á það, virðulegur forseti, í lokin á ræðu minni að ég flutti skömmu seinna tillögu á Alþingi um erlend sendiráð og sú tillaga var samþykkt. Hún fól í sér að utanrrn. skyldi taka á málefnum erlendra sendiráða út frá sjónarmiðum Vínarsamningsins. Í umræðum um það efni dró ég fram hvernig sendiráð stórveldanna væru notuð hér á landi í njósnaskyni og hversu fráleitt það væri að lofa þeim að valsa þannig um á sama tíma m.a. og sovéska sendiráðið hleypti mönnum ekki nema í skömmtum út fyrir borgarmörkin í Moskvu.

Menn ættu að kynna sér þessar samþykktir. Menn ættu að kynna sér viðbrögð Geirs Hallgrímssonar. Menn ættu að kynna sér aðgerðir utanrrh. Sjálfstfl. og síðan Alþfl. við það að framfylgja samþykkt Alþingis. Því miður var ekki mikið að gert í þeim efnum. En það er talað hér og það er dylgjað hér á sama tíma og menn hafa ekki fyrir því að kynna sér staðreyndir eða viðurkenna það hvernig menn taka á málum. Mér þykir það satt að segja raunalegt að tilefni þessarar umræðu skuli notað til að hefja árásir á Alþb. og einstaka þingmenn þess, óréttmætar árásir undir aðferðum Gróu á Leiti, svo ekki sé lengra til jafnað.

[15:25]

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil mótmæla því að menn hafi verið með einhverjar dylgjur hér. Mál hafa verið lögð fyrir og rædd og þau eru til umræðu og ég þakka hv. síðasta ræðumanni fyrir hans greinargerð. Hún er að vísu ekki ný því að eins og hv. ræðumaður hefur sagt er allt þetta komið fram sem hann fór með. Ég minnist þess m.a. að á meðan ég starfaði á Morgunblaðinu þá birtum við viðtal við hann þar sem þetta kom allt meira og minna fram og meira til sem hann hefur frá að segja þegar hann útskýrir afstöðu sína til þessara mála. Það er rétt.

Vandinn sem við höfum verið að ræða er flokkslegur vandi Alþb. og það er málið sem við erum að tala um og sú staðreynd að á flokkslegum forsendum voru námsmenn sendir til Þýskalands, og fyrir liggja gögn um það, til að vera til þess búnir að taka við völdum í Alþb. og breyta íslensku þjóðfélagi í svipað þjóðfélag og var í Austur-Þýskalandi. Um þetta eru til skýrslur sem hv. síðasti ræðumaður ritaði á námsárum sínum þarna úti og um þetta liggja fyrir yfirlýsingar sem voru fluttar í sjónvarpinu á sunnudaginn var.

Það er þetta sem við erum að tala um og það er þetta sem ég hef vakið máls á í þessum umræðum og það er þessi pólitíski vandi sem við stöndum frammi fyrir þegar við ræðum um stjórnmál á Íslandi á líðandi stundu.

[15:26]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það fer nú að ganga dálítið sitt á hvað hjá hv. 3. þm. Reykv. Hann er að tala um flokkslegan vanda Alþb. Alþb. er stofnað sem stjórnmálaflokkur 1968. Það er fimm árum eftir að ég lauk mínu námi. Á sama ári er lagður niður Sósíalistaflokkurinn sem hafði á árunum fyrir 1968 samskipti við flokka í Austur-Evrópu, m.a. í Austur-Þýskalandi. Ástæðurnar fyrir því að þessi flokkur hafði þar meira um að véla en ella hefði verið var auðvitað sú staðreynd að það voru engin stjórnmálaleg samskipti milli Íslands og þessa ríkis. Það voru hins vegar heilmikil viðskiptasambönd og það þyrptust þangað kaupsýslumenn allt að 100 talsins á ári hverju eða tvívegis á ári til þess að eiga viðskipti en það mátti ekki viðurkenna það stjórnmálalega að þetta land væri til.

Menn getur greint á um þá ákvörðun að það voru tekin upp stjórnmálasamskipti. En Alþb. gerði sínar samþykktir við stofnun og stofnanir Alþb. fylgdu því eftir og formaður Alþb. gerði, eins og kom fram áðan í hans ræðu, hreint fyrir sínum dyrum og flokksins áður en Berlínarmúrinn féll. Hann skilaði utanrmn. 1989 sérstakri greinargerð til að vara við þeim vanda viðskiptalegs eðlis sem við væri að fást varðandi Sovétríkin og voru til umræðu í utanrmn. og eftir er lýst í Morgunblaðinu hvort ekki yrði mark á tekið. Svo kemur hv. formaður utanrmn. hér með þann málflutning, sem hann hefur haft uppi í dag og segir að Alþb. þurfi eitthvað að hreinsa til eða hreinsa fyrir sínum dyrum. Það er langt seilst til loku, virðulegi forseti.

[15:29]

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Við höfum hlustað á það hér í dag að 1968 hafi Alþb. verið stofnað og síðan hafi það ekki átt í neinum samskiptum við þessa flokka í Austur-Evrópu. Við höfum heyrt það líka hér að 1976 taldi hv. þm. sig knúinn til að flytja tillögur á þingi Alþb. til þess að árétta það að Alþb. hefði engin tengsl við þessa flokka. Við höfum heyrt það að 1989 sá formaður Alþb. ástæðu til þess að skrifa sérstaka grein í blað til þess að sýna fram á að flokkurinn hefði engin tengsl við þessa flokka. (**Utanrrh.:** Hann var á móti Lenín.) Og lenínisma. 1990 klofnaði Alþb. í Reykjavík og menn gengu úr flokknum af því að þeir töldu að hann hefði ekki gert upp við þennan vanda.

Það þýðir ekkert að koma hér og segja sem svo að 1968 hafi þessi vandi verið leystur í Alþb. Hann er óleystur enn og það er þetta flokkslega vandamál og pólitíska vandamál sem við erum að fjalla um hér þegar við ræðum um stöðu íslenskra stjórnmála og íslenskra utanríkismála. (Gripið fram í.)

[15:30]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er að verða broslegt hvernig hv. þm. hleypur úr einu víginu af öðru og býr sér til söguskoðun og söguskýringar sem eiga ekki nokkuð skylt við veruleikann. Ástæður fyrir því að við vorum að gangast eftir því í Alþb. að ekki væri verið að reyna að fara fram hjá samþykktum flokksins sýndu að sjálfsögðu að okkur var alvara. Þess vegna var gengið til verka eins og um ræðir. Ástæðan fyrir því að formaður Alþb. lagði allar gerðabækur flokksins fram á sínum tíma voru að sjálfsögðu svör við dylgjum frá aðilum eins og hv. 3. þm. Reykv. og öðrum sem stöðugt hafa verið að klifa á því að Alþb. hefði eitthvað að fela í þessum efnum. Það hefur enginn stjórnmálaflokkur gert hreint fyrir sínum dyrum með þeim hætti sem Alþb. gerði með því að opna sínar gerðabækur og leggja allt á borðið og það hefur enginn gengið jafnhart gagnvart sínum meðlimum um það nánast að setja á þá hömlur varðandi ferðafrelsi og það þótti auðvitað sumum svolítið hart undir að búa. Það var skiljanlegt út af fyrir sig. En það var pólitísk nauðsyn á því fyrir Alþb. og ég taldi mig vita að þörf væri á því að standa vörð um það og gæta þess að ekki væri reynt að hafa áhrif bakdyramegin inn í flokkinn. Og ég taldi mig ekki minni mann að reyna að hafa áhrif á það og koma í veg fyrir að það gerðist og ég tel að það hafi haft mikla þýðingu fyrir þróun íslenskra stjórnmála hvernig Alþb. brást við þegar fyrir lok sjöunda áratugsins í sambandi við utanríkissamskiptin.

[15:32]

Árni R. Árnason:

Virðulegi forseti. Það hefur verið athyglisvert að fylgjast með þeim umræðum sem hér hafa farið fram eftir skýrslu hæstv. utanrrh. en hann gaf hér yfirgripsmikla skýrslu. Við sjáum á henni, eins og raunar á miklum hluta þeirra umræðna sem hér hafa orðið, að á undanförnum næstliðnum árum, einmitt á því kjörtímabili sem nú líður senn að lokum, hafa orðið mikil umbrot í Mið- og Austur-Evrópu sem rekja má til falls veldis Sovétríkjanna fyrrverandi og vandasamra viðfangsefna í framhaldi af því í stjórnmálum hinna nýfrjálsu ríkja og samskiptum þeirra við okkur í vesturanverði Evrópu. Á sama tímaskeiði hafa stór spor verið stigin í samvinnu Vestur-Evrópuríkja á sviði efnahagsmála og sú samvinna nær til æ fleiri málaflokka. Við þurfum ekki að rekja samninginn um Evrópska efnahagssvæðið eða fjölgun aðildarríkja að Evrópusambandinu. Á hinn bóginn, svo við víkjum einnig augum okkar að öðrum heimshlutum, staðfestum við nýlega aðild okkar að Alþjóðaviðskiptastofnuninni eða undir lok síðasta árs.

Mér virðist um þetta efni að sú þróun sem átt hefur sér stað í Evrópu um miklu nánara samstarf ríkja um frjáls viðsipti en áður sé að ryðja sér braut til annarra heimshluta, en þá er mjög mikilvægt að við náum að vekja tiltrú manna á þetta samkomulag, á þessa stofnun og væntanlega framkvæmd samningsins í hverju aðildarríki.

Ég varð svolítið uggandi við nýlegar fréttir um að víða væri mikil vantrú á þeim árangri sem menn hafa gert sér vonir um og ég verð að segja að yfirlýsingar sjálfs hæstv. utanrrh. um væntanlega framkvæmd vissra þátta þessa samnings hér heima hafa ekki orðið til að vekja tiltrú manna hér. Raunar hafa þær yfirlýsingar hans verið í bága við þau varnaðarorð sem hann setur fram í skýrslu sinni. Ég verð að segja að þær aðvaranir um hversu mikilvægt er að túlka ekki nauðsynlega vernd sem hámarksvernd finnst mér við hæfi, en hins vegar fyrri staðhæfingar hans ekki við hæfi.

Það er mjög mikilvægt hversu stóraukið gildissvið er tekið til þessa samnings frá því sem var í GATT-samningnum sem skapar færi á frjálsum viðskiptum, lausum við höft og bönn með flestar afurðir, vörur og þjónustu auk fjármagns þannig að miklu fleiri svið viðskipta eru nú frjáls eftir að þessi samningur verður framkvæmdur. Það er mjög mikilvægt fyrir okkur hér heima á Íslandi sem höfum þá reynslu að frjáls viðskipti, ekki síst milli þjóða og yfir landamæri, eru okkur betri og hagfelldari en viðskipti með höftum og bönnum. Það þekkjum við gjörla bæði af fyrri og seinni tímum hver áhrifin hafa verið á okkar kjör. En ég legg áherslu á að skapa tiltrú á þennan samning og framkvæmd hans og þar verðum við að standa okkur í stykkinu hér heima og gæta þess, ekki aðeins við framkvæmdina heldur líka orðin að menn hafi nokkra trú og fái trú á því að við stöndum við okkar skuldbindingar um leið og við ætlumst til að aðrir samningsaðilar geri hið sama.

Eftir að Norðmenn hafa hafnað aðild að Evrópusambandinu hefur mikilvægi stofnana og samráðs um samninginn um Evrópskt efnahagssvæðið stórum aukist sem vettvangur Evrópuþjóða til samskipta um fjölmarga málaflokka og til samstarfs um efnahagsmál og viðskipti. Nú má öllum vera ljóst að samningurinn mun verða við lýði og framkvæmd og þróun hans munu gegna mikilsverðu hlutverki um næstu framtíð, miklu lengri framtíð en menn hér höfðu talað um, stundum gáleysislega og af þeim ástæðum að fleiri Evrópuþjóðir en við hafa ekki séð sér hagkvæmt að ganga í Evrópusambandið. En vegna aðildar þriggja fyrrum EFTA-ríkja að Evrópusambandinu og brotthvarfs þeirra frá EFTA er ljóst að aðild okkar að EFTA og EES-samningnum verður okkur kostnaðarsamari en hingað til auk þess sem hún hlýtur að leiða til umskipta í samráði og samstarfi Norðurlandanna utan hins eiginlega Norðurlandasamstarfs eða samstarfsins innan vébanda Norðurlandaráðs. Flest af þessu kemur okkur þó ekki á óvart því að þegar við samningsgerðina um Evrópska efnahagssvæðið lá það fyrir að fullur helmingur EFTA-ríkjanna hugðist sækja um aðild að Evrópusambandinu og skipta um borð, ef svo mætti segja.

Hvað varðar bein áhrif þessarar þróunar og þessa nýju aðildarríkja að Evrópusambandinu á viðskipta-

kjör okkar óska ég að hæstv. ráðherra láti fram koma síðar hvort Evrópusambandið hefur fram að þessu virt fyrri viðskiptaskuldbindingar nýrra aðildarríkja við ríki utan þess eða, sem haft hefur verið á orði, hvort við eigum undir því að missa þessi viðskipti eða aðgang að nokkuð sérstökum mörkuðum sem fluttust inn fyrir landamæri Evrópusambandsins við fjölgun aðildarríkja þess.

Um önnur áhrif á aðstöðu okkar þarf að fjalla og nokkur atriði þess hafa komið til umræðu. M.a. hafa starfsmenn utanríkisþjónustunnar og starfsmenn nokkurra annarra aðila hér heima, sem eiga þátt í samskiptum okkar við önnur Evrópuríki, til að mynda um þróun ýmissa þátta Evrópska efnahagssvæðisins, bent á að eftir fækkun aðildarríkja EFTA samfara fjölgun Evrópusambandsríkjanna muni mjög þrengja að samskiptavettvangi, ef svo má orða það eða þeim tækifærum sem við höfum til samskipta við aðrar Evrópuþjóðir um þessa sömu málaflokka. Ég hef áður nefnt að það muni hugsanlega breyta samstarfi okkar við önnur Norðurlönd, en sumir hafa haft af því miklar áhyggjur að við munum allt að því verða utangátta í samskiptum þjóðanna. Þó ég taki ekki undir þær áhyggjur þá tel ég ástæðu til að það verði skilgreint hvernig við höldum uppi nauðsynlegum samskiptum og bætum okkur upp þau tækifæri sem við glötum vegna þessara breytinga, vegna þeirra tækifæra sem við höfum ekki lengur aðgang að. Því óska ég að hæstv. utanrrh. láti það fram koma í umræðunni hvað hefur verið unnið í þessu efni, hvernig við tryggjum í framtíðinni hagsmuni okkar og fylgjumst með þróun og viðræðum grannríkja okkar um ný viðhorf sem varða þessi samskipti og þetta samstarf og hvað þær aðgerðir okkar gætu komið til með að kosta í mannafla og fjármunum.

Menn hafa vakið hér upp hvernig tilkoma samstarfs Evrópuríkjanna um viðskipta- og efnahagsmál varð til og ég tek undir þá skoðun sem rekja má í gögnum að hún var meðal margra þátta um samstarf Evrópuríkja sem spruttu í kjölfar friðarsamninganna eftir það sem við köllum seinni heimsstyrjöldina. En þær stofnanir sem efnt var til á þeim tíma eru flestar enn við lýði. Við erum aðilar að þeim vel flestum. Það þarf ekki að nefna en þó er rétt að komi fram. Við erum aðilar að Viðskipta- og þróunarsamvinnustofnun Evrópu. Við erum aðilar að Atlantshafsbandalaginu, að EFTA og nú í framhaldi samninga EFTA við ESB að Evrópska efnahagssvæðinu og við erum aðilar að RÖSE, seinna ÖSE, eða hvaða orðum sem menn kalla þessar stofnanir með stuttum skammstöfunum.

Það er hins vegar að mínu viti þannig að vegna hagsmuna okkar í auðlindum sjávarins, í einhæfu efnahags- og atvinnulífi og vegna lítilla burða okkar til að halda uppi, líkt og margar aðrar Evrópuþjóðir hafa gert, heilum atvinnuvegum með hafta- og styrkjakerfum þá virðist mér af efnahagslegum ástæðum að við höfum lítið sameiginlegt í svo nánu samstarfi sem fer fram innan Evrópusambandsins. Við verðum að gæta þess að það getur orðið okkur sjálfum erfitt í umræðu að ætla sér að taka nýja afstöðu til spurninga af þessu tagi. Við eigum skamma ferð að baki sem sjálfstæð lýðræðisþjóð, það er þess vegna meira tilfinningamál en ella að deila sjálfstæðinu í nánu samstarfi með öðrum.

Ég hef talið af þessum ástæðum rétt að bíða með að taka afstöðu til þess hvort við sækjum um aðild að Evrópusambandinu, auk þess sem sambandið sjálft er enn þá í svo mikilli mótun og svo lítið séð fram á hver niðurstaða hennar verður þar sem menn tala enn þá um marghraða Evrópusamband, Evrópusamband sem þróist til margra átta í senn, Evrópusamband sem er að skerða réttindi og vald eða áhrif hinna smærri ríkja, sem við erum, þá er ekki líklegt að það henti að öllu leyti okkar hagsmunum að gerast aðilar að því.

Á undanförnum árum hafa þingmannasamtök Atlantshafsbandalagsins hvatt til aukinna samskipta og samráðs og raunar samstarfs við ríkin í Mið- og Austur-Evrópu sem ég tel með sanni enn þá hægt að kalla nýfrjáls. Í þessu efni fögnuðu þingmenn Atlantshafsbandalagsríkjanna tillögum um samstarf í þágu friðar sem gert var að umtalsefni í skýrslu ráðherrans. Flest ríki sem áttu aðild að Varsjárbandalaginu fyrrverandi hafa tekið vel og þegið boð um aðild að þessu samstarfi. Raunar höfðu öll þeirra fram að því eindregið óskað þess að þau fengju meira samstarf við Atlantshafsbandalagsríkin, við bandalagið sjálft heldur en menn höfðu fram að falli Sovétríkjanna gert sér grein fyrir að þeir hefðu viljað fyrir. Afstaða Rússa hins vegar vekur nokkrar áhyggjur enda hafa þeir sýnt annars staðar í nágrenni við Evrópu að þeir eru til þess búnir að ráðast á smærri þjóðir. Við þurfum ekki nema að líta til frétta af atburðum í Tsjetsjeníu. Raunar geta atburðir á Kákasussvæðinu sunnar verið jafnmikið áhyggjuefni þó við höfum ekki haft eins miklar fréttir þaðan. Þá verður að segjast að framkoma þeirra gagnvart nágrönnum sínum við Eystrasaltið austanvert er ekki til þess að auka bjartsýni um að þeir ætli sér að standa við þau orð sem þeir höfðu fyrir fáum árum eða þáv. leiðtogar þeirra að þeir vildu viðurkenna rétt smærri þjóða til sjálfsákvörðunar, þeir vildu lifa í sátt við grannþjóðir sínar og þeir væru hættir að reyna að beita þær ofríki. Allt þeirra framferði bendir síður til þess að þetta muni standa.

Ég tel það skipta máli að við sýnum Eystrasaltsríkjunum þremur áfram að við erum tilbúin til að styðja þau í augljósri baráttu fyrir sjálfstæði gagnvart risanum í austri. Ég hygg að það sé nauðsynlegt að greiða þeim leið betur en gert hefur verið fram að þessu inn í frjáls viðskipti Vestur-Evrópulanda. Það er nauðsynlegt að þau fái öll staðfesta samninga um fríverslun við EFTA-ríkin, við Evrópusambandsríkin, og þeim verði sem fyrst komið til framkvæmda. Ég veit að þar eru ekki öll kurl komin til grafar og menn sem hafa komið hingað frá þessum ríkjum telja nokkuð á skorta að við, til að mynda meira að segja við Íslendingar, greiðum götu þeirra eins og þeir telja sig geta átt von á.

Það skiptir miklu fyrir framþróun lýðræðislegra stjórnarhátta og stjórnmálastarfsemi í þessum ríkjum öllum að þeir verði fljótir að fá tækifæri til þátttöku og

fullrar aðildar, já sem fullgildir aðilar, að samfélagi frjálsra og sjálfstæðra þjóða. Við höfum veitt því athygli að á stundum virðist sem í kosningum til þinga þessara landa sé einhvers konar brotthvarf til fyrri stjórnarhátta eða a.m.k. til fylgis við fyrri stjórnarherra. Ég geri mér það í hugarlund að þar brjótist fram ákveðin vonbrigði. Vonirnar sem menn höfðu til nýfengins frelsis, til nýfengins lýðræðis og til nýrra efnahagslegra stjórnarhátta hafi brugðist. Og þar held ég að sannarlega komi til okkar skipta. Ég er þeirrar skoðunar að gagnkvæm samskipti og samstarf séu ein öflugustu tæki og greiðasta leið til að treysta í sessi og greiða fyrir slíkri þróun og þar skiptir verulegu máli að þeir sem meiri reynslu hafa af slíkum stjórnarháttum veiti þann stuðning. Hann sé fyrir hendi, hann sé einbeittur og óbifanlegur.

En ég veiti því athygli, virðulegur forseti, að allmargir vilja ræða, meira að segja hér í þessari umræðu, um að einhverjar af þeim stofnunum sem ég fyrr nefndi eigi sér nú óljós hlutverk eða minnkandi hlutverk. En ég verð að álíta vegna þessa sem ég hef rætt að sú umræða og þær skoðanir þessara manna séu á villigötum, ekki síst út frá því sjónarmiði sem birtist í framkomu þessara nágranna okkar.

Það skiptir okkur geysimiklu máli, virðulegi forseti, að við höldum fast á hagsmunum okkar og málstað á sviði fiskveiðimála. Nú fer fram undirbúningsfundur fyrir næsta starfsfund úthafsveiðiráðstefnu Sameinuðu þjóðanna. Mjög nýlega kom fram að ein af helstu samstarfsþjóðum okkar á þeirri ráðstefnu var tilbúin að undirrita samning við aðra þjóð sem okkur virtist ganga berlega í bága við okkar hagsmuni og sagðist ekki hafa vitað af okkar sjónarmiðum. Ég vil þess vegna hvetja hæstv. ráðherra til þess að okkar sjónarmið, okkar málstaður, verði kynntur betur en áður og gengið eftir því við samstarfsþjóðir okkar að þær gangi ekki gegn okkur.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég tel að sú umræða sem hefur farið fram hér í dag hefði getað verið miklu betri og gallinn við innlegg hv. 3. þm. Reykv. var sá að það var verið að stífla eðlileg skoðanaskipti um hlutina og það er það sem hann vill. Það er leitt til þess að vita. Mér hefur fundist hv. 3. þm. Reykv. væri að sækja sig sem málefnalegur forustumaður í utanríkismálum. Hann setti mjög ofan með ræðu sinni hér í dag því miður og það er leitt til þess að vita. Að sjálfsögðu á hann leiðréttingu orða sinna og gjörða eins og allir menn og vafalaust eru einhverjar skýringar á því af hverju hann féll í viðjar persónuleikans með þeim hætti sem hann gerði hér í dag. Ég vona satt að segja að ummæli hans og framganga í dag sé ekki til marks um það að hann ætli sér stjórnmálaferil með þeim hætti sem hann sýndi á þessum fundi, hæstv. forseti.

Ég verð að segja alveg eins og er að mér finnst aðalgallinn við árásir hv. þm. vera sá að hann er á móti skynsamlegu samtali um utanríkismál. Hann vill stífla, hann vill loka, hann vill ekki „díalóg" á milli manna hér inni. Hann vill ekki brjóta niður múra, hann vill hafa múra. Hann vill að einhverju leyti hafa kalt stríð áfram. Það er slæmt og það er leitt til þess að vita eða þannig upplifði ég hans framgöngu í dag. Ég verð að segja alveg eins og er að mér finnst það dálítið hart, svo ég segi ekki meira, að bregða samþingsmönnum sínum um landráð en það gerði hann í dag. Ég tel að yfirlýsingar hans um það að einstakir þingmenn hafi Stasi-tengsl séu yfirlýsingar um landráð þessara manna. Það sé verið að segja að þeir hafi unnið fyrir tiltekna sveit í ofbeldisríki gegn Íslandi. Það eru landráð. Það er yfirlýsing um landráð. Ég segi fyrir mitt leyti þó ég hafi verið nokkuð lengi í stjórnmálum, satt að segja um áratuga skeið, frá barnungum aldri, þá finnst mér að yfirlýsingar af þessu tagi fyrir utan það að þær eru auðvitað ósanngjarnar og ósannar á allan hátt, þá finnst mér vont að heyra þetta nema hv. þm. vilji meiða okkur persónulega og honum sé persónulega í nöp við okkur sem hér erum með honum í þessari stofnun og það er auðvitað mjög alvarlegt ef hann setur sig þannig á bekk í almennri stjórnmálaumræðu að hann ýti samstarfsmönnum sínum hér úr öðrum flokkum persónulega til hliðar af einhverjum einkaástæðum sem ég kann ekki og skil ekki. Ég harma þess vegna ræðu hv. þm., hann veikir sína stöðu sem framtíðarforustumaður Sjálfstfl. og það tel ég slæmt vegna þess að það er nauðsynlegt að menn geti talað saman hvar svo sem þeir eru í stjórnmálaflokki.

Ég verð einnig að segja það að ég tel að það sé til bóta að fara yfir staðreyndir íslenskrar stjórnmálasögu. Ég hika ekki við að segja það. Ég vil það. Og ég vil gjarnan að menn dragi fram staðreyndir eins og kostur er alls staðar að, bæði að austan og vestan eins og mögulegt er. Ég held það væri gott fyrir okkur ef við færum í það með faglegum hætti, eins og mögulegt er, að fara yfir þessi mál öll því það er alveg rétt sem hv. þm. Tómas Ingi Olrich sagði áðan, auðvitað taka menn afstöðu til nútíðarinnar út frá lærdómum fortíðarinnar. Það gera allir væntanlega. Þess vegna er skynsamlegt að fara yfir þessa hluti en við megum ekki gleyma okkur svo mikið í þeim að við skoðum ekki framtíðina.

Ég tel að það alvarlegasta við meðferð núv. hæstv. ríkisstjórnar á utanríkismálum sé tvennt. Mér finnst að hún hafi ekki mótað fyrir þjóðina neina nýja framtíðarsýn í ljósi þeirrar miklu breytinga sem hafa orðið í alþjóðamálum á undanförnum árum, m.a. frá og með 1989. Ég get tekið undir mjög margt sem hefur verið sagt í þeim efnum í ræðum hér næst á undan, ég held að við eigum ef kostur er, burt séð frá deilum fortíðarinnar, aðeins að reyna að skoða það hvort kannski er möguleiki á því að Íslendingar geti náð saman um utanríkismálastefnu í stað þeirrar sem fylgt var af því að tímarnir hafa breyst. Er hugsanlegt að við getum nú myndað ríkari og breiðari samstöðu um stefnu í utanríkismálum á Íslandi en nokkru sinni fyrr? Ég held að það sé þannig. Ég held að það sé þannig og ég harma að núv. hæstv. ríkisstjórn skuli ekki hafa lagt sig fram um að ná upp þessari umræðu um utanríkismálin og framtíðarsýnina um Ísland, ekki aðeins gagnvart Evrópu heldur Ísland í heiminum, um hina alþjóðlegu

stöðu Íslands. Ég gagnrýni ríkisstjórnina fyrir þetta og ég gagnrýni hana líka fyrir það hvernig hún hefur stundum komið fram í utanríkismálum í samskiptum við ýmsa aðra aðila. Mér fannst það satt að segja niðurlægjandi hvernig hæstv. sjútvrh. og utanrrh. höguðu sér opinberlega þegar var verið að taka á móti kanadískum ráðherra fyrir nokkru, sjávarútvegsráðherra og utanríkisráðherra. Ég tel að þar hefðu menn þurft að vanda sig betur áður en menn fluttu sínar pólitísku yfirlýsingar því það er ekki sama hvernig þjóðin birtist og þjóðin birtist jú í sínum ráðherrum hvort sem okkur líkar betur eða ver, yfirleitt ver, okkur sem erum í stjórnarandstöðu og betur hinum eins og gengur.

Þegar ég er hins vegar að tala um framtíðarsýnina sem mér finnst að við þurfum að ræða í þessari umræðu þá á ég fyrst og fremst við hin alþjóðlegu tengsl sem eru núna að opnast sem aldrei fyrr. Þau hafa aldrei verið önnur eins og núna og það er algjörlega ófyrirsjáanlegt hvernig þau geta þróast.

Horfum bara á þann veruleika að það er talið að um þessar mundir séu í heiminum um 1,7 millj. eða 2 millj. tölvuneta sem eru tengdar við Internet-kerfið, Veraldarvefinn, með einum eða öðrum hætti. Því er spáð að árið 2001 eða 2002 verði 1,5 milljarðar manna tengdir við Internetið eða Veraldarvefinn með einum eða öðrum hætti. Einn og hálfur milljarður manna eða u.þ.b. fjórðungur mannkyns. Sjá menn ekki dínamíkina og kraftinn sem þetta gefur fyrir heiminn í samanburði við þann heim sem við höfum upplifað á undanförnum árum og áratugum? Og sjá menn ekki breytingarnar í áherslum sem þetta hlýtur að kalla á miðað við það sem verið hefur? Evrópusambandið hefur haldið því fram, Evrópusambandið og talsmenn þess, eins og hæstv. utanrrh. hafa haldið því fram að fram undan séu blokkir, heimur blokkanna, Evrópusambandið sé ein blokkin og síðan verði til ýmsar aðrar blokkir, viðskiptablokkir sem berjist sín á milli um hagsmuni í heiminum gráar fyrir járnum. Og að þjóðríkin sem slík verði brotin á bak aftur og þau hætti að vera til.

Ég fullyrði, hæstv. forseti, að þetta eru villukenningar. Það er merkilegt að hugsa um það að 14. mars 1993 gerist það að smáríkið Andorra með 47.000 íbúum verður sjálfstætt ríki og aðili að Sameinuðu þjóðunum með eigin mynt, eigin gjaldmiðil o.s.frv. Þeir sem horfa á þessa þróun segja núna í vaxandi mæli: Ríkjunum mun ekki fækka, þeim mun í rauninni fjölga af því að eftir því sem samskiptamöguleikarnir á alþjóðlega vísu verða meiri, eftir því verður þörfin líka meiri til þess að framhefja sína þjóðmenningu hver á sínu svæði, hver á sínum stað. Og hverjir eru það t.d. sem eru að horfa á íslenska menningu núna og málrækt? Hverjir eru það sem eru núna að horfa á þá staðreynd að við þýðum erlend tækniorð í stórum stíl? Það eru einmitt þessir aðilar sem eru að velta fyrir sér þessum andstæðum í heiminum. Annars vegar þessari ótrúlegu tölvutengingu heimsins alls og hins vegar þörfin fyrir að varðveita, styrkja og efla menningu hvers þjóðríkis fyrir sig. Menn sjá í þessum hlutum ekki aðeins möguleika á samskiptum heldur möguleika um leið á stórfelldum nýjum hagvexti. Í þeim efnum áttum við, ég og hv. þm. Björn Bjarnason, ágætt samtal þegar verið var að tala um GATT, Alþjóðaviðskiptastofnunina, fyrir nokkru. Hæstv. utanrrh. var svo vinsamlegur að kalla þau samtöl okkar hv. þm. Björns Bjarnasonar tilhleypingar. Ég kunni nú ekki að meta það, ég segi það alveg eins og er, en það verður alla vega lítið um orðaleppa af því tagi um samband okkar hv. þm. Björns Bjarnasonar hér á þessum fundi í dag, vænti ég. En það eru einmitt að sjálfsögðu þessir hlutir sem við þurfum að horfa á. Þessir nýju möguleikar fyrir Ísland í þessum heimi. Í honum er t.d. athyglisvert að velta því fyrir sér að í dag starfa 210 millj. manna í heiminum við ferðamennsku og ferðaiðnað af ýmsu tagi. Það er talað um að á næstu árum, fram til ársins 2005, 2010, muni bætast við þennan hóp 150 millj. manna. Þannig að í kringum árið 2010 verði starfandi í heiminum 350 millj. manna við ferðalög, ferðaiðnað. Sjá menn ekki kraftinn í þessu líka? Möguleikana í þessu líka fyrir Ísland? Sjá menn ekki kraftinn í þessu og breytingarnar? Ég vona það satt að segja, hæstv. forseti. Mér finnst nauðsynlegt að við sem hér erum gerum okkur grein fyrir þessu um leið og við verðum auðvitað að gera okkur ljóst að með þessu móti færast menn nær hverjir öðrum, ekki aðeins frá einhverjum Norðurlöndum eða Evrópu, heldur í öllum heiminum því það er ekki aðeins veraldarvefurinn Internet sem mun tengja okkur saman eftir nokkra áratugi heldur fleira. Við munum á næstu árum og áratugum gera heimssamninga um verslun og viðskipti, um umhverfismál, um öryggi og frið, sem mun ekki ná til einhverra lokaðra svæða, heldur til heimsins alls. Þetta eigum við að tala um, hæstv. forseti. Þetta eigum við að reyna að tala um þegar við ræðum um það hvernig við sjáum okkar hlut borgið. Það sem þarf í raun og veru að verða til í okkar samtölum á Íslandi um utanríkismál um þessar mundir er það sem ég kalla ný íslensk heimssýn. Hún er öðruvísi, hún er ekki í skotgröfum kalda stríðsins, hún er reist á þessum nýju tæknimöguleikum sem blasa við. Hugsum um það hvaða möguleika þetta skapar og hugsum líka um það þegar börnin okkar og barnabörnin sem ég kalla stundum Nintendo-kynslóðina, sem er alin upp við tölvuleikina. Þegar þessi hópur fer að ráða heiminum þá munu menn ekki spyrja um samskipti á grundvelli flugvéla og flugáætlana, enn síður járnbrautalesta eða bifreiða. Menn munu spyrja um samskipti á nýjum forsendum nýs tækniheims sem skapar möguleika, fyrir hvað? Fyrir Ísland til að vera til sem sjálfstæð þjóð og fyrir heiminn til að lifa af. Það er þessi bjartsýna heimssýn sem menn þurfa að þora að horfast í augu við en það gera menn því miður ekki nema þeir hristi af sér ok fortíðar.

[16:03]

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. forseti. Ég get tekið undir það með hv. síðasta ræðumanni að hér á þessum stað eigum við að ræða saman og ég hef gert það eins og hann sagði áður í umræðum um utanríkismál við hv. síðasta ræðumann og einnig við hv. formann Alþb. Við

höfum átt ágæt orðaskipti hér um utanríkismál en miklu skiptir að forsendurnar séu skýrar. Mínar forsendur eru alveg skýrar, ég hef sett þær fram og set þær fram óhikað og er óhræddur við það.

Það sem hér hefur hins vegar verið sagt að ég hafi borið ákveðna alþingismenn þeim sökum að þeir hafi brotið gegn hagsmunum þjóðarinnar og framið landráð er náttúrlega algjörlega rangt. Ég vil lesa, með leyfi hæstv. forseta, það sem ég sagði um tvo hv. alþm. í ræðu minni í morgun:

„Íslenskir sagnfræðingar og fréttamenn hafa síðan komist í skjölin sjálf." — Þ.e. Stasi-skjölin. — „Þau staðfesta að formleg og mjög náin tengsl voru á milli stjórnmálamanna hér á landi og ráðamanna kommúnistaflokksins í Austur-Þýskalandi. Tveir hv. alþm. nutu m.a. góðs af þessari samvinnu þar sem þeir voru valdir á flokkslegum forsendum til að stunda nám í Austur-Þýskalandi. Hinn sálræni og pólitíski vandi sem tengist hruni kommúnismans teygir sig því hingað til lands og raunar inn fyrir veggi Alþingis. Er ekki unnt að láta þess ógetið þegar rætt er um þróun utanríkismála í lok þessa kjörtímabils. Í upphafi hvatti ég þá sem starfa í Alþb. til að gera upp við þessa fortíð sína og flokks síns. Þeim kröfum var í engu sinnt og gjarnan svarað með skætingi eða flissi og útúrsnúningum. Ég heyri ekki betur en tónninn hafi dálítið breyst eftir sjónvarpsþátt um síðustu helgi. Við höfum m.a. hér á þingi mann sem segist hafa flúið ófrelsið, eins konar pólitíska flóttamann sem þó var sendur á flokkslegum forsendum til náms í Austur-Þýskalandi. Ég hvet enn til þess að Alþb. geri hreint fyrir sínum dyrum, það fer ekki vel á því að skjöl frá útlendum hreki menn þar úr einu víginu í annað."

Þetta var það sem ég sagði um hv. þingmenn og ég get ekki talið að hér sé um nein landráðabrigsl að ræða.

[16:06]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hygg að hv. þm. hafi sleppt því að lesa það sem verst var í hans ummælum í hádeginu í dag. Það voru ummæli sem komu fram í andsvörum. Ég segi það fyrir mig, hæstv. forseti, að ég tel það landráðabrigsl að segja við mig og um mig að ég hafi haft Stasi-tengsl. Ég tel að yfirlýsing af því tagi sé með þeim hætti að ég geti ekki tekið hana öðruvísi. Ég þakka hv. þm. ekki fyrir ummæli af því tagi, þau eru ósönn og þau eru særandi í alla staði. Hafi hann ætlað, hv. þm., að særa undirritaðan með því að tengja hann við landráðahreyfingu þá tókst honum það. En ég fullyrði, hæstv. forseti, það er ekki til þess fallið að greiða fyrir eðlilegum skoðanaskiptum um framtíðarstefnu Íslands í utanríkismálum.

[16:07]

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hef ekki sakað hv. þm. um nein Stasi-tengsl enda hafa engin skjöl fundist um hann í neinum Stasi-skýrslum þannig að það er ekki hægt að fjalla neitt um það hvernig þau voru eða hvort þau hafa verið. Það sem hv. þingmenn hafa hins vegar gagnrýnt mig fyrir var að vitna einnig í ummæli dr. Þórs Whiteheads sagnfræðiprófessors og hann sagði og ég hef lesið það áður, með leyfi hæstv. forseta:

„En uppgjör við fortíðina hefur ekki farið fram, heldur þvert á móti, þessi gamli kjarni í flokknum hefur alltaf færst undan slíku. Þetta væri ekki fréttaefni ef svo væri ekki. Hvers vegna sögðu þeir ekki frá þessum tengslum sínum við austur-þýsku leynilögregluna Stasi?"

Þetta er það sem ég sagði og ég hef sagt og í þessi tvö skipti sem ég hef notað orðið tengsl. Þannig að það þýðir ekkert fyrir hv. alþýðubandalagsmenn að vera að færa þetta mál á eitthvert annað svið til þess að reyna að gera sig að fórnarlömbum hér. Þeir eru engin fórnarlömb, þeir eru með þessa sögulegu byrði á bakinu og þeir verða að reyna að komast undan henni. Ég held að með mínu framtaki í dag hafi ég auðveldað þeim það. Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hefur hér gert grein fyrir skoðunum sínum. Ég sakna þess að hv. þm. Svavar Gestsson skuli ekki hafa gert það með sama hætti.

[16:08]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Eini maðurinn sem er með fortíðarbyrði á bakinu í þessari umræðu er hv. 3. þm. Reykv. Hann hefur því miður staðfest það að hann er hér fulltrúi kaldastríðsviðhorfa og það ber að harma það. Hann hefur þar með dæmt sig úr leik til þess að ræða með eðlilegum og rólegum og hógværum hætti um þróun íslenskra utanríkismála á næstu árum. Mér finnst það leitt og ég hvet hann til þess að láta fara fram a.m.k. í sínum huga eðlilegt og hógvært uppgjör við fortíðina í staðinn fyrir að koma hér aftur og aftur eins og gangandi fulltrúi kalda stríðsins eins og hann gerði því miður hér áðan.

Útbýting þingskjals:

Greiðsluaðlögun, 396. mál, frv. FI o.fl., þskj. 635.

[16:09]

Tómas Ingi Olrich:

Virðulegi forseti. Í þessari athyglisverðu umræðu um utanríkismál hafa margir þingmenn lagt áherslu á það hve mikilvægt er að ná samstöðu um utanríkismál. Það er óvenjumikilvægt fyrir Íslendinga sem þjóð að ná samstöðu í utanríkismálum. Ekki einungis vegna þess að þeir geta ekki tryggt öryggishagsmuni sína sjálfir heldur ekki síst með tilliti til þess að mjög fáar þjóðir eru eins háðar milliríkjaviðskiptum efnahagslega og þar af leiðandi lifa Íslendingar á því að öryggi í alþjóðamálum geri heimsviðskipti möguleg. Við eigum afkomu okkar, okkar viðskiptalegu hagsmuni undir því að friður ríki. Það er því alveg rétt sem hér hefur komið fram að það er mjög mikilvægt að menn vinni að því að ná samstöðu í utanríkismálum. Jafnframt hefur komið fram gagnrýni á ríkisstjórnarflokkana, þá flokka sem starfa saman í ríkisstjórn og hafa meiri hluta á Alþingi, að þeir hafi ekki unnið að því að skapa grundvöll fyrir sameiginlega utanríkisstefnu og framtíðarsýn í utanríkismálum.

Ég tel að þetta sé rangt og í raun og veru mjög

ósanngjarnt. Minnumst þess að í umræðunni um Evrópska efnahagssvæðið kom í ljós mikill klofningur milli stjórnmálaaflanna hér á Alþingi og þeirri umræðu lauk með því að fullkomið ósamkomulag var um það á þinginu hvernig með það skyldi farið. Síðan hefur verið dyggilega unnið að því að reyna að finna sameiginlegan flöt fyrir flokkana á Alþingi til að taka á sambandinu við Evrópusambandið og það hefur tekist undir forustu hv. formanns utanrmn., Björns Bjarnasonar. Finnst mér full ástæða til að rifja það hér upp þegar menn hafa komið fram með það sem ég kalla ósanngjarna gagnrýni á að ekki hafi verið reynt það sem hægt var til að ná samstöðu í utanríkismálum í þeirri erfiðu stöðu sem við stóðum í eftir umfjöllunina um Evrópska efnahagssvæðið.

Ég gat um það í máli mínu áðan, virðulegur forseti, að ég teldi að það væri ástæða til að vinna betur að upplýsingaöflun um íslensk öryggismál en gert hefði verið. Ég er sannfærður um að það er nauðsynlegt. Ég velti því fyrir mér og varpa þeirri hugmynd hér fram hvort ekki væri rétt að Alþingi léti sérstaklega kanna stöðu íslenskra öryggismála og þá á ég við öryggismála í víðustu merkingu þess hugtaks með hliðsjón af þeirri stækkun Evrópusambandsins sem nú á sér stað, þ.e. með inngöngu Finnlands, Svíþjóðar og Austurríkis, með hliðsjón af ríkjaráðstefnu Evrópusambandsins, með hliðsjón af hugsanlegri stækkun ESB til austurs, sem nú er þegar farið að ræða mjög mikið um innan þjóðþinga Evrópusambandsríkjanna og þá ekki síst á meðal embættismanna þessara ríkja, og þá einnig með hliðsjón af nýjum áhersluatriðum sem hafa komið fram hjá NATO gagnvart múhameðstrúarríkjum við Miðjarðarhafið. Í þessari athugun þyrfti einnig að hafa hliðsjón af þeim átökum milli kristinna manna og múhameðstrúarmanna sem nú eiga sér stað á Balkanskaga og á Kákasussvæðinu. Síðast en ekki síst þyrfti inn í þessa athugun að koma ítarleg umfjöllun og upplýsingaöflun um tengsl öryggishagsmuna Íslendinga, öryggishagsmuna Evrópusambandsins og efnahagsþróunarinnar í Mið- og Austur-Evrópu. Því það er rétt að undirstrika það að þessi missirin fer fram í Evrópusamabandinu mjög ítarleg umfjöllun um tengsl þessara mála, öryggishagsmuna annars vegar og efnahagsþróunarinnar hins vegar. Og það er alveg ljóst að Evrópusambandið er reiðubúið til þess að axla verulegar byrðar, taka verulega áhættu, að því er mér sýnist til að tryggja sína öryggishagsmuni með stækkun Evrópusambandsins austur á bóginn, taka á sig miklar efnahagslegar byrðar til að tryggja sér svigrúm þar og tryggja frið í þeim heimshluta.

Þess vegna varpa ég því hér fram til þess að fá umræðu um það hvort þingmenn telji að ástæða sé til að taka á þessum málum sérstaklega á vegum Alþingis. Ég tel að utanmrn. Alþingis væri ákjósanlegur vettvangur til þess að ráðast í könnun af þessu tagi. Ég tel að það starf sem þar hefur verið unnið fram að þessu sé góður grunnur til að vinna á og að út úr þessu starfi gæti svo komið grundvöllur að frekari tilraunum til að ná saman um framtíðarsýn í öryggismálum okkar í víðustu merkingu þess orðs.

[16:16]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég kvaddi mér hljóðs aðallega til að taka undir það sem fram kom hér hjá hv. þm. Tómasi Inga Olrich varðandi upplýsinga- og gagnasöfnun ekki aðeins varðandi þróun Evrópumálanna heldur líka varðandi alþjóðamálin yfirleitt. Ég held að það væri mjög æskilegt að Alþingi kæmi sér upp aðeins sjálfstæðari stöðu í þessum málum en verið hefur. Reynslan er sú, eins og eðlilegt er, að ríkisstjórnin fer með sín mál og stjórnarandstaða tekur svo á móti þeim. En hins vegar geta hér í þinginu þróast línur með allt öðrum hætti og þess vegna held ég að það gæti verið skynsamlegt að alþjóðastarf yrði skipulegra og opnara en það hefur verið í þessari stofnun. Ég tel að það hafi að nokkru leyti verið óþarflega og óþægilega lokað og kvaddi mér hljóðs til að taka undir þá hugmynd sem mér fannst koma fram hjá hv. þm. og vaka í máli hans, að Alþingi dragi saman eins mikið af gögnum og mögulegt er um utanríkismál og alþjóðlega þróun og hér reyndu menn að koma á eðlilegum samtölum um þróun þeirra mála og íslenska utanríkisstefnu til lengri tíma litið.

Ég verð hins vegar að hryggja hann með því að ég tel að hv. 3. þm. Reykv. geti ekki verið forustumaður í þeim hópi.

[16:17]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil lýsa því hér yfir að ég tel að að mörgu leyti sé Alþingi Íslendinga vanbúið til að takast á við umfjöllun um þennan mikilvæga málaflokk. Ég hef lagt mig svolítið eftir að kynna mér þau úrræði sem þing Evrópuríkjanna hafa til að takast á við málaflokka af þessu tagi. Þau eru veruleg og það liggja fyrir þingmönnum á þessum þingum á ári hverju ítarlegar skýrslur um aðskiljanleg málefni sem mjög brýnt er að þingmenn séu vel upplýstir um og hafi góð tök á. Hér er að sjálfsögðu um að ræða verkefni sem kostar mikið fé og má gera ráð fyrir því að fjármunir þeir sem við höfum til ráðstöfunar setji okkur miklar skorður í þessum efnum. Ég er engu að síður þeirrar skoðunar að á þessum málum verði þingið að taka og reyna að styrkja þann grundvöll sem umræðan um utanríkismálin er byggð á.

[16:19]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Mér finnst að mörgu leyti leitt að hv. þm. Björn Bjarnason skuli ekki vera í salnum vegna þess að ég ákvað að nota þennan síðari tíma minn í dag til að reyna að fara yfir það viðfangsefni sem er sá vettvangur sem Ísland hefur verið í glímu stórveldanna og annarra áhrifaríkja á undanförnum áratugum. Auðvitað er það þannig að okkar litla land og sú stjórnmálastarfsemi sem hefur verið í landinu hefur með margvíslegum hætti tengst stjórnmálaátökum heimsins og Evrópu sérstaklega.

Við lásum um það þegar við vorum í skóla ungir menn að á áratug kreppunnar 1930–1940 hefðu verið á Íslandi hreyfingar sem fyrst og fremst voru útibú fyrir alþjóðlegar hreyfingar, annars vegar kommúnista og

hins vegar nasista. Þessar hreyfingar gengu um götur höfuðborgarinnar í einkennisbúningum og undir flöggum þessara alþjóðlegu hreyfinga og boðuðu það að íslenska ríkisvaldinu skyldi breytt í ríkisvald nasista, fasista eða kommúnista. Margt má segja um þessa sögu og margt af þessu unga fólki gekk svo í aðrar stjórnmálahreyfingar og urðu þar mætir menn. Bæði innan Alþfl., Sósíalistaflokksins, Alþb. og Sjálfstfl. Síðan að loknu stíðinu tók kalda stríðið við. En samt er rétt að rifja það hér upp, hv. þm., að þeir sem glímdu á kreppuárunum undir merkjum þessara alþjóðlegu hreyfinga báru samt sem áður gæfu til að taka höndum saman og stofna íslenska lýðveldið og stóðu þar saman í því að semja þau skjöl sem urðu grundvöllur íslenska lýðveldisins og sýnd voru í þessu húsi í sumar, hv. þm., með nöfnum forustumanna þeirra flokka og m.a. þess manns sem hefur nú sérstaklega verið gerður að umtalsefni hér í dag, Einars Olgeirssonar, sem forustusveit Sjálfstfl. og Framsfl. í aðdraganda lýðveldistímans gerði að ritara þeirrar nefndar sem undirbjó íslenska lýðveldið.

Síðan tók kalda stríðið við og Ísland varð þá vettvangur margvíslegrar íhlutunar þeirrar heimsglímu sem þar var háð. Það eru engar nýjar fréttir og þarf ekki sjónvarpsþátt til að á vegum Sósíalistaflokksins hafi verið sendur til náms í Austur-Evrópu þó nokkur hópur af ungum mönnum og Einar Olgeirsson, formaður Sósíalistaflokksins, hafi valið þessa menn persónulega. Það eru engar nýjar fréttir, það hefur verið vitað lengi. Það eru heldur ekki nýjar fréttir að þótt Alþb. væri stofnað sem kosningabandalag 1959, Sósíalistaflokksins annars vegar og Málfundafélags jafnaðarmanna hins vegar þá hélt Sósíalistaflokkurinn áfram sínum flokkslegu tengslum við Austur-Evrópu og valdi m.a. þessa ungu menn þar til náms. Það var Einar Olgeirsson, formaður Sósíalistaflokksins, sem gerði það en ekki Hannibal Valdimarsson, formaður Alþb. Hannibal Valdimarsson var formaður Alþb. á öllum þessum tímum og kom hvergi nálægt þessu vali mér vitanlega eða hefur nokkur maður leitt fram einhver gögn um það þótt jafnvel tveir synir hans stunduðu nám í Austur-Evrópu á þessum árum?

Auðvitað hlaut það að taka ákveðinn tíma, hv. þm., að slíta algerlega þau tengsl sem forustumenn, fyrst Kommúnistaflokksins og síðan Sósíalistaflokksins vildu gjarnan hafa við þá sem þeir litu á frá fornu og nýju sem sína samherja. En þeir menn voru ekki í flokkslegri forustu Alþb.

Á sama tíma og þetta gerðist var ljóst að með margvíslegum öðrum hætti var reynt að hafa áhrif á íslenskt þjóðfélag. Við vitum það margir í þessum sal að þegar sovéska sendiráðið og austur-þýska sendiráðið náðu ekki árangri í að efla tengsl sín á Íslandi gegnum Alþb. sem flokk fóru þessi sendiráð að byggja upp tengsl við ýmsa aðra aðila. Þeir byggðu upp tengsl við verkalýðshreyfinguna og fóru að bjóða verkalýðsforingjum úr öllum stjórnmálaflokkum í boðsferðir, vináttuferðir og heiðursferðir til Austur-Evrópu. Í þær boðsferðir fóru verkalýðsforingjar úr Sjálfstfl., Alþfl., Framsfl. og fleiri samtökum og verkalýðsforingjar utan flokka. Þeir fóru síðan að rækta margvísleg tengsl við viðskiptaaðila, m.a. úr Sjálfstfl., fyrirtæki sem voru umboðsaðilar fyrir sovéskar vörur, m.a. öflugt og myndarlegt fyrirtæki hér í borginni sem upphaflega varð til vegna þess að Ólafur Thors bað stofnanda þess fyrirtækis að taka að sér þau viðskipti. Síðan var þetta spunnið yfir í samvinnuhreyfinguna sem líka var öflugur viðskiptaaðili. Þessi tengsl voru með þeim hætti. Og eins og ég hef vikið að fyrr í dag að þegar Austur-Þýskaland var að berjast fyrir sinni alþjóðlegu viðurkenningu lagði það mikið kapp á að fá ýmsa forustumenn úr Framsfl. til að heimsækja sig og kynna sín mál fyrir þeim mætu mönnum. Hv. þáv. þm. Þórarinn Þórarinsson, sem gegndi formennsku í utanrmn. og er þess vegna einn af forverum hv. þm. Björns Bjarnasonar, tók virkan þátt í því.

Síðan var líka ljóst að í glímunni um utanríkisstefnuna hér á landi voru stofnuð margvíslega samtök. Þá voru stofnuð samtök um vestræna samvinnu, það voru stofnuð samtökin Varðberg. Það vita líka allir að forustumenn þeirra samtaka völdu einstaklinga til þess að fara í boðsferðir og vera sérstakir gistivinir bæði bandarískra og annarra stjórnvalda. Menn fóru oft í herflugvélum til Bandaríkjanna sérstaklega í slíkar ferðir, voru fluttir með herflugvélum til Brussel og til Bandaríkjanna til að geta sótt þar fundi, ráðstefnur o.fl. Bandaríkin ráku líka sérstakt kerfi þar sem mönnum var boðið að ferðast um Bandaríkin í nokkrar vikur sér að kostnaðarlausu og fengu meira að segja kreditkort í hendur til þess að geta notað það hvar sem var án þess að þurfa að greiða neitt úr eigin vasa. Ég held að hér sitji á þingi þó nokkrir þingmenn sem hafa farið í slíkar svokallaðar VIP-ferðir til Bandaríkjanna og fengið slík kreditkort. Engin hefur vænt slíka menn um að það hafi haft einhver annarleg áhrif á þeirra skoðanir eða viðhorf.

NATO hefur líka um árarаðir beitt hér margvíslegri styrkjastarfsemi. Auglýst alls konar styrki fyrir fræðimenn og vísindamenn og það er mikill fjöldi slíkra á Íslandi sem hefur notið slíks fjárstuðnings. Við sem höfum fylgst með í íslensku þjóðfélagi vitum líka að sendiráðin hafa tíðkað hér margvísleg boð, sérstaka viðræðufundi, samráðsfundi og annað af því tagi með sínum liðsmönnum áratugum saman.

Öll þessi saga er hin margbreytilegasta. Það er nokkuð erfitt, hv. þm., að ætla sér að draga upp einhver mörk og einhverja mælikvarða og segja hvað er eðlilegt og hvað er ekki eðlilegt. Það er mjög snúið, hv. þm. Ég hef t.d. verið þeirrar skoðunar að þiggja boðsferðir frá erlendu ríki þannig að menn séu fluttir í herflugvélum á þess vegum sé hlutur sem menn í áhrifastöðum hljóti að þurfa að velta fyrir sér. Ég hef heldur ekki talið skynsamlegt og þess vegna sótti ég aldrei um það sem fræðimaður að þiggja fræðistyrki frá samtökum eins og NATO sem ekki eru stofnuð til þess að efla fræðistörf heldur fyrst og fremst í öðrum tilgangi. Engu að síður hafa margir þegið slíka styrki með ýmsum hætti en enginn og allra síst ég er að væna þennan mikla fjölda manna sem hefur þegið margvíslega gistivináttu, boð, eða samneyti af þessu tagi eða

viðskiptaaðila sem stunduðu árum saman vináttusambönd við sovéska sendiráðið eða verkalýðsleiðtoga úr öllum flokkum sem voru boðnir í sérstakar heiðursferðir til Sovétríkjanna og Austur-Evrópu um að það sé eitthvað annarlegt og að þeir þurfi að gera eitthvað upp.

Ég tel að ef litið er á þetta fræðilega, hv. þm., og hlutlaust þá sé það þannig að á þessum áratugum hafi margir einstaklingar á Íslandi átt margvísleg tengsl við baráttuöfl kalda stríðsins. Það er margbrotin saga og einhvern tímann kann hún að verða skráð en kannski ekki. En það sem mér finnst hins vegar ekki við hæfi, hv. þm., er að segja að stjórnmálaflokkur, í þessu tilviki sá sem ég hef veitt forustu síðan 1987, skuldi einhverjum eitthvert uppgjör og hafi ekki farið í eitthvert uppgjör sem flokkur. Ég hef lagt allar bækur Alþb. fram á borð og boðið hvaða fræðimanni eða einstaklingi í þessu þjóðfélagi, þar með talið hv. þm., að skoða öll þau gögn. Það eru fundargerðabækur sem fjalla um innanríkismál sem og aðra þætti. Alþb. hefur þess vegna gengið lengra í því en nokkur annar stjórnmálaflokkur á Íslandi að opna allar sínar fundargerðabækur fyrir hverjum sem vill. Það hefur Sjálfstfl. ekki gert, það hefur Alþfl. ekki gert, það hefur Framsfl. ekki gert. Engu að síður stend ég ekki hér upp og segi að það sé eitthvað gruggugt og Sjálfstfl. skuldi þjóðinni það að opna fundargerðabækur sínar, að Framsfl. skuldi þjóðinni það að opna fundargerðabækur sínar. Eða er í einhverri leikfimi í ræðustól af því tagi.

Auðvitað var það þannig að ýmsir eldri menn sem gegndu ekki neinum flokkslegum áhrifum í Alþb. á þeim árum sem hér er verið að tala um urðu fyrir þessari nálgun sendiráða Austur-Evrópuríkjanna alveg eins og viðskiptajöfrar í Sjálfstfl., alveg eins og verkalýðsleiðtogar í ýmsum öðrum flokkum og alveg eins og forustumenn samvinnuhreyfingarinnar. En að heimfæra það yfir á Alþb. sem flokk, hv. þm., er efnislega rétt. Mér þykir það leitt að að mörgu leyti ágætur fræðimaður eins og Þór Whitehead skuli láta frá sér fara í Alþýðublaðinu í gær þessar almennu fullyrðingar sem hann lætur þar frá sér fara og standast ekki fræðilega greiningu. Þá á ég ekki bara við það sem hv. þm. vitnaði í heldur ýmislegt annað í þeim texta.

Ég hélt nú satt að segja, hv. þm. Björn Bjarnason, að það þjónaði kannski betur þeim málstað lýðræðis og þingræðis og mannréttinda sem hv. þm. vill vera fulltrúi fyrir að fagna því framtaki sem bæði Alþb. sem flokkur og við forustumenn þess sem einstaklingar höfum haft í þessum efnum um langt árabil. Ég hefði litið svo á að það væri kærkomið tilefni fyrir aðra lýðræðissinna og stuðningsmenn mannréttinda að lýsa yfir staðfestingu á þeirri breiðu samstöðu frekar en að skipta mönnum upp hér í þingsalnum eftir því hverjir eigi eftir að gera upp eitt eða annað.

Ég segi það, hv. þm., að ég er viss um það að þegar öll skjöl hafa verið opnuð í öllum þeim erlendu ríkjum sem seilst hafa til áhrifa á Íslandi þá muni það koma í ljós að í öllum stjórnmálaflokkum á Íslandi, og það er engin samanburðarfræði heldur bara lýsing á því sem ég held að sé rétt, hafi ýmsir einstaklingar átt samskipti við fulltrúa þessara ríkja sem ég veit að við báðir erum sammála um að séu óeðlileg. Ég ætla ekki að setjast í dómarasæti yfir þessum einstaklingum, þeir voru uppi á öðrum tíma mótaðir af öðrum þjóðfélagslegum veruleika en ég er sannfærður um það getur engin stjórnmálahreyfing á Íslandi sagt þegar upp verður staðið úr þeirri könnun: „Enginn í mínu húsi hefur tekið þátt í slíku".

[16:35]

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. síðasti ræðumaður gaf til kynna að það væri ekki samanburðarfræðingurinn sem talaði heldur stjórnmálafræðingurinn. Það er rétt að hann lagði málið þannig upp að hann talaði eins og stjórnmálafræðingur um þetta sérstaka pólitíska vandamál sem við höfum verið að fjalla um í allan dag.

En mig langar til að spyrja hann þá á sömu forsendum: Hvers vegna heldur hann að sambærilegir flokkar og Alþb. í Frakklandi og á Ítalíu og víðs vegar annars staðar í Evrópu hafi talið nauðsynlegt eftir hrun sovéska kerfisins og hrun kommúnismans að ganga í gegnum eigin sögu og jafnvel gjörbreyta um starfshætti, afneita fyrri stefnu og gera upp við fortíðina eins og hefur verið gert í þessum flokkum? Það er þetta sem við erum að tala um. Við erum að tala um að það vanti sambærilega umræður hér á landi innan Alþb. og fram hafa farið í þessm flokkum. Ef hv. þm. vill ræða þetta á fræðilegum grundvelli þá er ég tilbúinn til þess. Þá vil ég líka bera Alþb. saman við þá flokka sem það bar sig alltaf saman við fyrr á árum, ekki bara austan tjalds heldur einnig vestan tjalds. Og þessir flokkar hafa gjörbreytt sér og hafa gengið í gegnum miklar þrengingar í einstökum löndum vegna þessa uppgjörs. Ef Alþb. hefði gert það en menn hafa yfirgefið Alþb. á þeirri forsendu að flokkurinn hafi ekki viljað horfast í augu við fortíðina. Hugmyndafræðilega er það rétt að gömlu stefnu Alþb. var kippt úr sambandi, önnur stefna sem kennd er við útflutning er komin í staðinn.

Þessar umræður hér í dag hafa mér fundist mjög gagnlegar og ég þakka hv. þm. Alþb. fyrir það hve viljugir þeir hafa allt í einu orðið til að taka þátt í umræðum um þetta mál í þingsölunum. Ég hef beðið eftir því allt kjörtímabilið og það var ekki seinna vænna. Ég tel að þær hafi verið mjög gagnlegar og þær séu skref í rétta átt og þeir lýsi núna meiri vilja en áður til að ræða þessi mál.

[16:37]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Fyrst eru það nú staðreyndirnar. Það er ekki rétt hjá hv. þm. að útflutningsleiðin, sú merka bók, hafi komið í staðinn fyrir stefnuskrána frá 1974. Alþb. samþykkti nýja stefnuskrá á flokksþingi sínu á landsfundi 1991. Ég er satt að segja hissa að jafnkunnugur maður og hv. þm. er íslenskum stjórnmálum skuli verða á sá fingurbrjótur að átta sig ekki á því í ræðustólnum. Það er kannski dálítið fróðlegt fyrir þingmanninn að skoða það skjal og hvað í því felst.

Síðan sagði hv. þm.: flokkar sambærilegir Alþb., og

fór að tala um Ítalíu og Frakkland. Ég segi við hv. þm. sem stjórnmálafræðingur: Það er enginn flokkur á Ítalíu eða í Frakklandi sambærilegur við Alþb. Það er reyndar vandi í umræðunni um íslenska flokkakerfið í fræðilegri umræðu sem allir fræðimenn viðurkenna sem fjalla um íslenska flokkakerfið og samanburð á því og flokkakerfi annars staðar, ekki bara í þessum tveimur löndum eða ýmsum öðrum að íslenska flokkakerfið er nánast „sui generis". Þess vegna m.a. var það mjög erfitt fyrir Sjálfstfl. um tíma að taka þátt í alþjóðlegu samstarfi. Ástæðan fyrir því að kommúnistaflokkurinn á Ítalíu og kommúnistaflokkurinn í Frakklandi þurftu að fara í gegnum þetta uppgjör var sú að þessir tveir flokkar voru í nánum flokkslegum tengslum við kommúnistaflokk Sovétríkjanna allt til loka. En Alþb. hefur frá stofnun sinni 1968 aldrei, hv. þm., verið í neinum flokkslegum tengslum við kommúnistaflokk Sovétríkjanna. En bæði ítalski kommúnistaflokkurinn og franski kommúnistaflokkurinn voru það. Nánum, formlegum, skipulagslegum tengslum.

Þess vegna er það ekki við hæfi, hv. þm., í vandaðri umræðu eins og þingmaðurinn vill hafa hér að bera það á borð, hvorki fræðilega né stjórnmálalega að ætla að fara að líkja þessum flokkum saman.

[16:39]

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í ræðu sinni leitaðist hv. þm., formaður Alþb., við að bera saman hin sérstöku tengsl Alþb. við flokkana í Austur-Evrópu og samskipti sem menn hafa átt við alþjóðlegar stofnanir sem Ísland á aðild að. Þetta er náttúrlega algerlega fráleitt. Eins og fram hefur komið og margsinnis hefur verið sagt voru þessi flokkslegu tengsl við flokkinn í Austur-Þýskalandi m.a. þess eðlis að menn voru sendir þangað til náms á flokkslegum forsendum til að búa sig undir þátttöku í íslenskum stjórnmálum. Þetta er gjörsamlega ósambærilegt við það að fara í kynnisferðir til alþjóðastofnana sem Ísland á aðild að og að taka þátt í fundum þar í boði slíkra stofnana. Þótt hv. þm. hafi undir lok ræðu sinnar dottið í hug orðið samanburðarfræði, sem gengur út á það að komast að þeirri niðurstöðu að aðrir séu kannski ívið verri en kommúnistar og Sovétríkin, þau snerust um það, ræðan var svolítið í þeim dúr að þó þetta væri slæmt þá væri kannski ýmislegt annað sem væri slæmt líka, þá bið ég hann að detta ekki í þá pytti því að það er staðreynd að þessi flokkslegu tengsl voru í pólitískum tilgangi, til þess að hafa pólitísk áhrif og hlutast til um málefni Íslands.

[16:41]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég var í ræðu minni áðan að gera tilraun til að ræða þessi mál á vandaðan hátt því ég veit að hv. þm. Björn Bjarnason á til þann eðliseiginleika að geta rætt mál á vandaðan hátt. Þó utanrrh. finnist það nú ekki og hlær mjög þegar það er fullyrt. Ég tók hins vegar eftir því að þingmaðurinn lagði ekki í að ræða neitt meira þá fullyrðingu sína þar sem hann var að bera saman Alþb. og tiltekna flokka á Ítalíu og Frakklandi og gafst bara upp við það eftir svar mitt. (**BBj:** Ég þurfti ekki að segja meira um það.) Nei, það er alveg rétt, það þurfti ekki að segja meira um það vegna þess að það lá alveg ljóst fyrir. Síðan fór þingmaðurinn að fara aftur með plötu sem hann er búinn að fara með margoft í dag.

Ég var ekki að líkja neinu hér saman, hv. þm. Ég hef ekki gert það í neinni ræðu hér í dag og hef ekki stundað nein samanburðarfræði, hv. þm. Ég var að reyna í korters ræðu að lýsa því fjölþætta samskiptaneti sem öflug erlend ríki hafa haft í íslenskum stjórnmálum á sl. 40–50 árum. Ég sagði alveg skýrt að það væru engar nýjar fréttir, það er búið að liggja fyrir í áratugi, að Sameiningarflokkur alþýðu, Sósíalistaflokkurinn, hafði formleg flokksleg tengsl við flokkana í Austur-Evrópu. Það eru engar nýjar fréttir, hv. þm. Það eru heldur engar nýjar fréttir að formaður þess flokks, Einar Olgeirsson, hafi haft aðstöðu til þess að ákveða það að einstakir ungir námsmenn færu þar til náms. Þetta er búið að liggja fyrir í áratugi, hv. þm. En sá sem var formaður Alþb. á þessum tíma hét Hannibal Valdimarsson. Það sýnir veilurnar í málflutningi hv. þm. og hvað greiningin er þröng að hann hefur aldrei í öllum sínum málflutningi í dag lagt í að nefna einu orði formann Alþb., kosningabandalagsins, á þessum árum sem hann er ávallt að tala um, bara aldrei nokkurn tímann. Það sýnir náttúrlega best að það sem hér hefur farið fram í dag er ekki tilraun til að greina söguna heldur fyrst og fremst einhver óskiljanlegur pyttur frá fortíðinni sem hv. þm. hefur dottið í.

Útbýting þingskjala:

Framleiðsla og markaðssetning vistvænna og líffræðna afurða, 398. mál, frv. GHH o.fl., þskj. 638.

Sjónvarpssendingar til Djúpuvíkur og Reykjarfjarðar, 397. mál, fsp. PBj, þskj. 637.

[16:44]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég ætla nú að snúa mér hér að umræðuefni dagsins ef svo má segja, eins og ég bjóst við að það yrði þegar ég gekk til fundar í morgun, og taka í síðari ræðu minni upp nokkur atriði sem snúa að ræðu hæstv. ráðherra eða því efni sem hann var að fjalla um í ágætri skýrslu sinni sem hann flutti hér munnlega til okkar. Og þegar ég segi ágætri þá er það út af fyrir sig ekki almennt mat á innihaldinu heldur það að hann kom víða við og fjallaði um efni sem eru dagskrármál nú og verða það áfram um nokkurt skeið a.m.k. og það er ágætt.

Ég ætla kannski að byrja með því að ræða svolítið spurninguna um tengslin við Evrópusambandið sem Alþfl. ber mjög fyrir brjósti og hefur gert að stefnu sinni að Ísland eigi að sækja þar um aðild. Þessi atriði sem snúa að samskiptunum við Evrópusambandið eru mjög nærtæk vegna þess að við erum bundin Evrópusambandinu í samningi um Evrópskt efnahagssvæði með mjög ákvarðandi hætti og meiri hluti Norðurlanda, bæði að fjölda til og fólksfjölda, yfirgnæfandi hluti er nú orðinn aðili að sjálfu Evrópusambandinu.

Ég vil nefna varðandi Evrópusambandið að því er stundum haldið fram að það mál hafi ekki verið á dag-

skrá hér á Íslandi og Alþfl. sé nú fyrst að taka það mál á dagskrá og látið að því liggja að menn hafi bara bundið fyrir bæði augu og ekkert verið að hugsa eða fjalla um þau efni, hvort að Ísland eigi að sækja um aðild að Evrópusambandinu. Þetta er mikill misskilningur að mínu mati sem hef verið þátttakandi hér í athugun mála frá því að það hófst með skipulegum hætti 1988 að menn fóru að velta því fyrir sér hver eigi að vera tengslin. Ég var þátttakandi í nefnd undir forustu tveggja ágætra þingmanna, Kjartans Jóhannssonar, sem nú er framkvæmdastjóri EFTA, og síðar Eyjólfs Konráðs Jónssonar hv. þm., sem leiddu Evrópustefnunefnd. Auðvitað var þessi nefnd að skoða samskiptin við Evrópusambandið og stöðu Íslands í Evrópu í breiðu samhengi. Þannig var þetta málefni á dagskrá allan tímann í mínum huga, hvernig við ættum að standa að samskiptunum, og auðvitað kom upp spurningin og var velt upp með beinum hætti innan þeirrar nefndar, m.a. af þingmönnum sem áttu þar sæti, fulltrúum Sjálfstfl. sem áttu þar sæti sem sýndu áhuga á því svipað og Alþfl. nú gerir að sækja um og við ættum að sækja um aðild. Þessi nefnd skilaði af sér í skriflegu formi þeim gleggstu upplýsingum sem þó liggja fyrir um þessi efni á íslensku að ég held í aðgengilegu formi. Hv. fyrrv. formaður lyftir þeirri bók hér, riti nefndarinnar, Eyjólfur Konráð Jónsson, sem átti hlut að þessu starfi með öðrum og forustu í því um nokkurra ára bil.

Það varð niðurstaða Alþb. á þessum árum og er áfram niðurstaða Alþb. að það eigi ekki að koma til greina fyrir okkur Íslendinga að fara að sækja um aðild að Evrópusambandinu og láta á það reyna. Það er búið að álykta um það á þremur landsfundum flokksins eftir ítarlega umfjöllun um þessi málefni og það er, vil ég fullyrða, enginn áhugi á því hjá mönnum innan Alþb. að vera að setja það mál á dagskrá með öðrum hætti. Alþb. er mjög heilsteypt að mínu mati í sambandi við þessi efni. Og það má vera að það séu tveir flokkar hér í landinu, Alþb. annars vegar og Alþfl. hins vegar, sem eru með mjög skýra stefnu og sameinaðir í þeirri stefnu en komast að alveg öndverðri niðurstöðu. Og það segir náttúrlega sitt um flokka sem stundum, aðallega af vankunnáttu að mínu mati, hefur verið fjallað stundum um í samhengi eða samtímis undir merki A-flokkanna svokölluðu af því að heiti þeirra byrja á A. En það er svo langt þarna á milli í nánast öllum þjóðmálum sem máli skipta að það er leitun í rauninni að jafnmikilli gjá á milli flokka eins og þessara andstæðna í íslenskum stjórnmálum. Það er miklu frekar að Alþb. finni skoðanabræður inni í öðrum flokkum eins og Sjálfstfl. og hluta af Framsfl. og Kvennalistanum heldur en hjá forustu Alþfl. Ég segir forustu Alþfl. því ég vil auðvitað ekki vera að alhæfa um of í þessum efnum. Og þetta er, finnst mér, alveg nauðsynlegt að hafa í huga.

Virðulegur forseti. Ég vildi gjarnan að formaður Framsfl. vissi af því að ég er að fjalla um þessi efni því að ég kem aðeins að Framsfl. í máli mínu.

Eftir að knúinn var fram samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði á Alþingi Íslendinga illu heilli 1993 þá höfðu kannski einhverjir reiknað með því að lengra skyldi ekki haldið. En auðvitað vissum við það sem höfðum fylgst með þessu að þar yrði ekki látið staðar numið af hálfu hæstv. utanrrh. Hann fór í þetta mál með nákvæmlega sama hugarfari og Gro Harlem Brundtland og aðrir kratar á Norðurlöndum, forustumenn krata á Norðurlöndum, að aðildin að Evrópsku efnahagssvæði var bara leið að öðru marki sem lá lengra, þ.e. beinni aðild. Og þetta var hreint taktískt herbragð hjá þessum forustumönnum og hefur náttúrlega sýnt sig með skýrum og áþreifanlegum hætti að svo er háttað einnig um Alþfl. hér á Íslandi, sem — eins og ég hef orðað — horfði hvorki til hægri né vinstri í þessum efnum og ákvað bara að demba sér til sunds í þessa hringiðu Evrópu eins og Alþfl. vildi sjá hana þróast, án landamæra með fullt frelsi fyrir fjármagnið til að valsa og ráða þvert á landamæri og annað sem fylgir Rómarsamningnum.

Og hæstv. utanrrh. reynir að bera það á borð fyrir þjóðina að það sé einhver leið fyrir Íslendinga að komast þarna inn í Evrópusambandið, jafnvel þvert á sjávarútvegsstefnu sambandsins, menn geti jafnvel að gamni sínu gælt við að gera hvort tveggja að binda það í stjórnarskrá Íslands að forræðið sé í höndum Íslendinga ævarandi annars vegar og hins vegar að ganga inn í Evrópusambandið.

Ég held að það þurfi ekki mikið að ræða það efni, það ætti a.m.k. öllum sem um fjalla að vera ljóst að þetta rímar ekki saman. En ég vil hins vegar segja að þó að þetta sé afskaplega gilt mál í umræðunni og skipti auðvitað afar miklu að þá er þetta svo óralangt frá því að vera meginmálið eða eina málið sem varðar spurninguna um aðild. Það er svo óralangt frá því að þetta sé aðalmálið eða kannski eina málið sem sé prófsteinninn á það hvort við eigum að láta reyna á aðild að Evrópusambandinu. Þetta er afar mikilsvert mál í þessu samhengi en það eru fjölmörg önnur atriði í mínum huga sem útiloka það að við eigum að láta á reyna með umsókn um aðild.

Spurningin verður áreiðanlega hér á næstu árum: Hvert ætlum við í þessum efnum, hve langt eru íslensku stjórnmálaflokkarnir reiðubúnir að ganga? Sú spurning hlýtur að brenna, einnig á kjósendum. Alþb. hefur svarað fyrir sig, aðrir flokkar hafa uppi ákveðna stefnu í þessum málum og við tökum eftir því en þeir tala ekki mjög skýrt í málinu. Og þetta á auðvitað við um hinn tvíklofna Sjálfstfl. í þessu máli þar sem eru tvær stríðandi fylkingar, önnur sem ólm vill fara inn, það eru kannski hin fjársterku öfl að frádregnum hluta af sjávarútvegshagsmununum sem tengjast flokknum, og hins vegar mjög einörð öfl sem eru því andvíg sem betur fer. Og því skiptir það afar miklu þegar formaður Sjálfstfl. tók þá skynsamlegu afstöðu að færa sig mitt inn á milli þessara fylkinga og greina sig með skýrum hætti frá utanrrh. og flokki hans í þessum málum og segja að málið geti ekki verið á dagskrá á næstu árum, vísar því nokkur ár fram í tímann.

Formaður Framsfl., sem tók við flokknum í vor, hefur verið að velta þessum málum mikið fyrir sér með allt öðrum hætti en fyrrv. formaður Framsfl., eins og

við þekktum það og hans málflutning. Þetta er vissulega framhald af þeim ágreiningi sem þar var uppi í Framsfl. varðandi aðildina að Evrópsku efnahagssvæði. Fyrstu mánuðina eftir að formannaskipti urðu í Framsfl. þá fannst mér formaður Framsfl. ganga býsna langt í því að gæla við að nú gæti verið komin spurningin um að fara lengra. Nú segir hins vegar formaður Framsfl. að það sé stefna flokksins að sækja ekki um aðild að sinni, oft bætt við, ekki núna. En það liggja auðvitað fyrir mörg ummæli frá formanni Framsfl. á undanförnum mánuðum þar sem hann gerir ráð fyrir því að þetta geti orðið á dagskrá innan ekki mjög langs tíma, í náinni framtíð, í einu viðtali sem kom í Mbl. við formann Framsfl. hagar hann orðum sínum þannig. Og þetta hefur gerst og þetta er auðvitað áhyggjuefni í hugum okkar sem teljum að þetta eigi ekki að koma til greina af fjölmörgum ástæðum sem við teljum að þarna séu þess eðlis að við eigum að forðast það.

Kvennalistinn hefur klofnað í þessu máli og einn talsmaður listans, sem nú leiðir borgarstjórn Reykjavíkur, telur að þarna eigi allt að vera opið í þessum efnum svipað og hún slóst í hóp þeirra sem vildu ganga inn í Evrópskt efnahagssvæði þannig að þar er nú ekki neinni heilsteyptri stefnu fyrir að fara.

Auðvitað spyrja menn og það er alveg heiðarlegt að spyrja og hafa þá afstöðu að þetta eigi að vera opið til endurskoðunar innan ekki langs tíma. En þá líka eiga menn að viðurkenna það sem sína stefnu og sitt sjónarmið. Og náin framtíð, fyrir aldamót væntanlega, geti verið tími þar sem væri tímabært að hafa uppi aðra stefnu. Að mínu mati getur þetta stóra mál verið á okkur á komandi kjörtímabili í rauninni og það skiptir þannig afskaplega miklu hvaða styrk þeir flokkar fá sem eru þess sinnis að þarna eigi að keyra hratt eða hinir sem eru tvístígandi. Það skiptir miklu upp á framhaldið og ég tala nú ekki um hvers konar ríkisstjórn verður mynduð hér að kosningum loknum, hver verður hennar stefna í þessu stóra og afdrifaríka máli.

Þetta vildi ég sagt hafa um þessi efni. Það væri ástæða til þess að víkja að Norðurlöndunum í þessu efni og því stórafreki norskrar þjóðar að meiri hluta til að vísa frá samningnum sem gerður hafði verið um Evrópusambandið, aðild að Evrópusambandinu. Við getum komið að því í sambandi við umræðuna um skýrslu varðandi Norðurlöndin hér á eftir.

Svo aðeins hér, virðulegur forseti, fáein atriði varðandi Sameinuðu þjóðirnar og okkar stöðu í utanríkismálum almennt. Ég er alveg sammála því sem kemur fram hjá utanrrh. í skýrslu hans að það sé þörf á því að styrkja stöðu Íslands að því er varðar aðild okkar að Sameinuðu þjóðunum og vinnu á þeim vettvangi. Ég held að þar sé hæstv. ráðherra alveg á réttu spori þegar hann leggur áherslu á þetta og það er nú svo að þó að Sameinuðu þjóðirnar séu oft undir ámæli fyrir að vera heldur óburðugar og ekki geta leyst stór vandamál þá er þetta nú vettvangurinn, hinn alþjóðlegi vettvangur þar sem menn eru að fást við það stóra verkefni að stilla þjóðir heims saman til að taka á sínum málum. Ég vona að það verði úr því fyrr en seinna að það verði tekið betur á ýmsum þáttum sem snúa að aðild okkar að Sameinuðu þjóðunum. Þörfin er aukin m.a. vegna þess að við njótum ekki þess stuðnings af hinum Norðurlöndunum sem við höfðum áður en þau skiptust upp með þeim hætti sem raun ber vitni og áður en Maastricht-ákvæðin um sameiginlega utanríkisstefnu, þ.e. að Evrópusambandið mótaði sér sína utanríkisstefnu fyrir heildina, kom inn á sviðið sem gjörbreytir málum og er eitt af þessu sem hefur breytt eðli Evrópusambandsins með mjög ákvarðandi hætti.

Hæstv. utanrrh. sagði að það væri ekki friðvænlegt í heiminum nú frekar en áður, það jafnvel stæði verr, og það eru vissulega má segja orð að sönnu. Við stöndum frammi fyrir mjög flókinni heimsmynd og hér væri ástæða til að ræða öryggismál í breiðu samhengi, til þess er því miður ekki tími. En öryggismál eru fleira en hermál og það sem snýr að því, öryggismál eru ekki síður spurningin um að vernda umhverfi jarðar fyrir mengun og fyrir þeim vanda sem ágangur á auðlindir er, sumpart óheftur. Það snertir þá fiskveiðistefnu og spurninguna um réttindi í sambandi við fiskveiðar, sem fjallað er um í skýrslu ráðherrans og sem er eitt af þessum stóru málum sem snúa að okkur Íslendingum að reyna að tryggja þar okkar rétt og okkar hagsmuni en þar sem við verðum auðvitað að hafa mjög skýra sjón til þess mikla vanda sem er, ágangurinn í auðlindina með þeirri gífurlegu sóknargetu sem fylgir nútímatækni og nútímafiskiskipum.

[17:00]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Þessi ræðustóll hefur á áratugum lýðveldisins verið vettvangur rökræðna, skoðanaskipta, átaka, stundum harðvítugra og heiftúðugra átaka sem skipt hafa mönnum í flokka út af spurningunni: Hver á að vera staður Íslands í samfélagi þjóðanna? Hvar eigum við að skipa okkur í sveit? Með hverjum eigum við samstöðu? Hvað ber að varast?

Stóru spurningarnar í lýðveldissögunni hafa verið þessar eftir að draumurinn um ævarandi hlutleysi var gefinn upp á bátinn: Eiga Íslendingar heima í varnarsamstarfi lýðræðisríkjanna, varnarsamstarfi Evrópu- og Ameríkuríkja? Eiga Íslendingar að tryggja öryggi sitt, herlaus þjóð, með varnarsamningi við Bandaríkin? Hver eiga að vera samskipti þessarar fámennu eyþjóðar við að byggja upp nútímalegt atvinnulíf? Eigum við að efna til samstarfs við erlenda aðila í okkar atvinnulífi við að byggja upp nútímalegt atvinnulíf?

Deilurnar hafa staðið um álver og þátttöku erlends fjármagns og aðra stóriðju. Deilurnar stóðu um aðild okkar að fríverslunarsamtökunum EFTA. Sl. fjögur ár hafa staðið harðvítugar deilur um það hvort Íslendingar ættu að vera með í samstarfi annarra Norðurlandaþjóða og bandalagsþjóða í EFTA og í framhaldi af því í EES. Um allar þessar spurningar hafa staðið harðvítugar deilur. Svo það er ástæða til að spyrja: Hvar er það sem víglínan er dregin í innlendum stjórnmálum í afstöðu til utanríkismála? Kemur nokkurs staðar fram með jafnskýrum hætti afstaða manna, grundvallarviðhorf manna til stjórnmála, eins og í afstöðu til ýmissa utanríkismála?

Margir eru þeirrar skoðunar að menn skipti sér í stjórnmálaflokka undir gömlu hugtökunum um hægri og vinstri og nota orð eins og félagshyggja, sem mönnum hefur gengið illa að skilgreina, eða frjálshyggja, sem hina tvo andstæðu póla. Mér er nær að halda að innihald þessara hugtaka sé orðið rýrt og sem tæki til þess að lýsa raunverulegum stjórnmálaágreiningi séu þau afar ófullkomin. Og þessi stóru mál sem skipt hafa mönnum í flokka á lýðveldistímanum hér á landi gefa frekar tilefni til þess að spyrja sem svo: Hverjir eru það sem eru þeirrar grundvallarskoðunar — út frá hagsmunum þessar eyþjóðar, sem er mjög háð milliríkjaviðskiptum — að við ættum yfirleitt að fylgja fram málstað fríverslunar í viðskiptum þjóða? Og hverjir eru það sem eru harðvítugastir talsmenn verndarstefnu? Hverjir eru það sem eru fyrst og fremst fylgjandi alþjóðasamvinnu, eru fyrst og fremst fylgjendur alþjóðahyggju og eru fylgjendur alþjóðasamvinnu þegar kemur að sem víðtækustu samstarfi lýðræðisríkja í okkar heimshluta? Og hverjir eru það sem eru helstir talsmenn einangrunarhyggju, oft stutt gildismati sem við kennum gjarnan við þjóðlega íhaldsstefnu? Ég held að þessi hugtök dugi miklu betur til þess að skilgreina og skýra þær deilur sem staðið hafa um stærstu ágreiningsmálin sem upp hafa komið í íslenskum stjórnmálum. Og sannleikurinn er sá að þegar við lítum til framtíðar, af því að þessi umræða hefur nú fyrst og fremst snúist um stjórnmálasögu, þegar við lítum til framtíðar þá er mjög líklegt að Íslendingar skipti sér í afstöðu sinni til stjórnmála fyrst og fremst út frá þessum og álíka spurningum.

Þessi ágreiningur kemur skýrt fram í afstöðu manna og hugmyndum til spurningarinnar um aðild Íslands að Evrópusambandinu. Þessi ágreiningur kemur skýrt fram í þeim hugmyndum sem menn hafa um framtíð og stöðu þjóðríkisins. Sá sem hér stendur er eindregið fylgjandi sem víðtækastri samvinnu lýðræðisríkja og er í þeim skilningi alþjóðahyggjusinni og sem jafnaðarmaður og sem formaður í flokki sem á aðild að alþjóðasamtökum jafnaðarmanna þá er ég alþjóðasinni.

Við hugsum gjarnan á þá leið að hugtökin úr sjálfstæðisbaráttu 19. aldar, þ.e. um þjóðríkið sem endastöð sjálfstæðisbaráttunnar, þau hugtök dugi okkur lítt í aðdraganda nýrrar aldar eða á næstu öld vegna þess að fyrir okkur er heimurinn augljóslega gerbreyttur. Heimurinn er orðinn að alheimsþorpi. Og þjóðríkið er einfaldlega of lítið til þess að ráða við þau stóru vandamál sem við er að fást á þeim tímum sem eru risnir og fram undan eru. Þetta þekkja fáir betur en hv. þm. Hjörleifur Guttormsson sem náttúrufræðingur þegar hann fjallar um afleiðingar mengunar og umhverfisslysa. Þær spyrja ekki um landamæri. Þegar við komum að vandamálum hafréttar þá rekum við okkur á það að fiskstofnar spyrja ekki um lögsögu þjóðríkja. Fjármagnið er orðið algjörlega alþjóðlegt, við búum við alþjóðlegan fjármagnsmarkað. Menntunin, vísindin eru alþjóðleg og þannig mætti lengi telja.

Það er hægt að nefna dæmi frá nýlegum atburðum þess efnis að gjaldeyrisspekúlantar fyrir framan tölvuna sína, sem eru að spá í gríðarlegan hagnað í viðskiptum milli gjaldmiðla, hafa fært til á sekúndubroti stærri fjárhæðir heldur en eru fólgnar í gjaldeyrisforðabúrum svona miðlungsríkja eins og Svíþjóðar, Danmerkur, Noregs. Og geta þannig skipt sköpum með aðgerðum sínum um efnahagslega stöðu viðkomandi ríkja. Ákvarðanir sem teknar eru í einu voldugu ríki, nefnum sem dæmi Þýskaland, um vaxtabreytingar geta skipt meiri sköpum um efnahagslega afkomu í öðrum ríkjum en flestar þær ákvarðanir sem teknar eru innan lands af lýðræðislega kjörnum stjórnvöldum.

Út frá þankagangi eins og þessum þá er það svo að við segjum: Það getur orðið til þess að styrkja áhrif smáþjóða, sem eiga allt sitt undir lögum og rétti, að láta af hendi hluta af hinu svokallaða skilgreinda fullveldi sínu, sem auðvitað er ekki veruleiki, gegn því að færa það til samþjóðlegra stofnana þar sem við erum aðilar og höfum áhrif á jafnréttisgrundvelli. Þess vegna teljum við að Ísland í samfélagi Norðurlandaþjóða sé líklegt til þess að hafa meiri áhrif á sína eigin hagsmuni innan Evrópusambandsins með þjóðum sem eru okkur skyldar og hafa svipaðra hagsmuna að gæta heldur en með því að standa einangraðir fyrir utan sem þiggjendur, áhrifalaus þjóð. En verðum samt sem áður að sæta afleiðingum þeirra ákvarðana sem teknar eru innan dyra. Við vekjum upp spurninguna um það hvort Ísland geti hugsað sér það sem eitt af lýðræðisríkjum Evrópu með þegnrétt í Evrópu að vera eitt eða eitt af örfáum ríkjum sem ætla sér að standa til frambúðar utan allsherjarsamtaka lýðræðisríkja í Evrópu.

Þetta eru auðvitað stóru spurningarnar sem við er að fást þegar við horfum til framtíðarinnar. Ég ber fulla virðingu fyrir sjónarmiðum annarra sem eru andstæðrar skoðunar. En þetta hefur nú verið rauði þráðurinn í stjórnmálaágreiningi lýðveldissögunnar.

Í þessum umræðum, sem snerust um fortíðina, þá er það svo að hv. þm. Björn Bjarnason vakti máls á fortíð Alþb. sérstaklega sem stjórnmálaflokks og gerði að umtalsefni flokksleg tengsl þeirrar hreyfingar frá Kommúnistaflokki/Sósíalistaflokki til Alþb. við alræðisríki kommúnista í Austur-Evrópu. Og vakti einnig máls á spurningunni um það hvort Alþb. hafi nokkurn tíma af andlegum heiðarleika og áræði gert upp við þessa fortíð sína þannig að trúverðugt sé og tók dæmi af ýmsum öðrum flokkum andlega skyldum. Og eins mætti spyrja í framhaldi af því: Er það svo að fortíðin sé nú í ösku og að Alþb. geti með trúverðugum hætti skilgreint sig sem jafnaðarmannaflokk með sama hætti og við vitum að kommúnistaflokkar í gervallri Austur-Evrópu taka nú til þess bragðs að kenna sig við jafnaðarstefnu? Sumir hverjir án þess að nokkurn tíma hafi farið fram nokkurt trúverðugt uppgjör við fortíð þessara flokka sem kommúnistaflokka. Þetta eru auðvitað stórar spurningar en eru fyrst og fremst spurningar sem alþýðubandalagsmenn verða að gera upp við sig sjálfir.

Sérstaklega hefur verið vikið að hlutskipti þeirrar kynslóðar ungra manna sem á sjötta áratugnum fóru í austurveg til að stunda nám í Sovétríkjunum og í ýmsum ríkjum Austur-Evrópu og reyndar til Kína. Það er út af fyrir sig áhugavert efni fyrir sagnfræðinga en um

það hef ég fátt að segja á þessari stundu annað en það sem mér finnst vera kjarni málsins. Ekki álasa ég þeim mönnum sem í æsku sinni gengu á hönd hugsjónum sósíalisma og trúðu á þá fölsku en gylltu mynd af framtíðarríki sósíalismans í Sovétríkjunum sem búin hafði verið til af andlegum leiðtogum Sósíalistaflokksins, ekki bara stjórnmálamönnum eins og Einari Olgeirssyni eða Brynjólfi Bjarnasyni, heldur höfuðskáldum Íslands sem áratugum saman boðuðu þetta trúboð. Spurningin er ekki um það því að vafalaust gerðu menn það af einlægum hvötum og þeim verður aldrei álasað fyrir það. Þessi unga kynslóð fékk sögulegt tækifæri á þessum árum til að kynnast þessum þjóðfélögum af eigin reynslu betur en flestir samtímamanna þeirra annars staðar, t.d. í Evrópu eða Ameríku.

Svo ég taki dæmi af bróður mínum, sem nefndur var til sögunnar af formanni Alþb. Hann fór til Sovétríkjanna árið 1954, stundaði þar nám og lauk því 1959 og var fyrstur manna frá vestrænu ríki eftir stríð til þess að ljúka prófi frá sovéskum háskóla. Hann hafði hins vegar ekki verið lengi þar í landi þegar honum var ljóst að allt var þetta lygi og fals. Að allt það sem honum hafði verið innrætt af höfuðskáldum og leiðtogum þessarar sósíalísku hreyfingar voru ósannindi. Og hann geymdi ekki að gera það upp við sig, samvisku sína og við sína þjóð og Íslendinga almennt. Hann lét ekki stjórnast af þeim hyggindum sem í hag koma að skrifa leynibréf. Hann hegðaði sér ekki með þeim hætti að segja: Það er búið að ljúga svo miklu að almenningur á Íslandi sem trúir þessum mönnum má ekki við því að meðtaka sannleikann. Og hann lét það ekki bíða í einn eða tvo áratugi.

Ræða Ólafs Ragnars Grímssonar hv. þm. hér var óþörf þegar hann var að sanna það að hann hefði skrifað tímamótagrein, vafalaust tímamótagrein, árið 1989, á móti Lenín. Lenín dó upp úr 1920 svo að það kostaði prófessorinn hvorki kjark né spádómsgáfu að ráðast á hann, 70 árum síðar.

Ef menn vilja tala um hlutskipti þessarar kynslóðar þá er spurningin þessi: Hvers vegna var það úr því að þeir kynntust þessu af eigin reynd að þeir gerðu ekki upp á sjötta og sjöunda áratugnum? Hitt er mál Alþb. hvort það sem flokkur hefur einhvern tíma gert þetta; hvort það sem flokkur hefur nokkurn tíma gert þetta með ærlegum hætti og hvort þeir hafa nokkurn tíma dregið réttar ályktanir af því sem þeir sannarlega höfðu rangt fyrir sér með. Hver er prófsteinninn á þau sinnaskipti? Hefur það breytt afstöðu þeirra til Atlantshafsbandalagsins? Hefur það breytt afstöðu þeirra til samstarfs lýðræðisríkja? Hefur það breytt afstöðu þeirra til þátttöku erlends fjármagns í íslensku atvinnulífi? Hefur það breytt afstöðu þeirra til EFTA, til EES? Spurningin er: Hvernig var það með Alþb. hér út af hinu stóra máli EES? Var ekki afstaðan sú sama og gagnvart EFTA? Greiddu þeir ekki atkvæði allir sem einn gegn útflutningsleiðinni? Jú, jú. Hvað hefur þá breyst? Það er kannski þetta fyrst og fremst sem er ótrúverðugt.

Látum nú liggja milli hluta fortíðina en spyrjum: Er það trúverðugt þegar þessir menn koma nú fram, berja sér á brjóst og segja: Fortíð okkar er í ösku, það er að vísu rétt. En nú erum við risnir úr öskunni eins og fuglinn Fönix og segja: Við erum hinir einu sönnu jafnaðarmenn.

Í 50 ár barðist þessi hreyfing gegn íslenskum jafnaðarmönnum og bar þeim á brýn allar vammir og skammir, um að vera handbendi auðvaldsins, um að vera svikarar við málstað sósíalismans o.s.frv. Er það nú trúverðugt að þeir sem eiga slíka fortíð sem flokkur, og ég er ekki að víkja að einstaklingum, geti nú komið fram og sagt: Gleymum fortíðinni. Við erum þrátt fyrir allt hinir einu sönnu jafnaðarmenn.

Virðulegi forseti. Umræðan sem hér hefur farið fram gerði það óhjákvæmilega að verkum að formaður Alþfl. hlyti að segja um það nokkur orð. Reyndar var hún þess eðlis að það var ekki beint til mín miklum spurningum um utanríkismál. En það sannaðist í þessari umræðu að það er í afstöðu til hinna stóru alþjóðamála sem víglínan er dregin milli þeirra sem hafa framtíðarsýn og hinna sem tilheyra fortíðinni.

[17:16]

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Ég átti nú satt best að segja von á því þegar ég bað um orðið að hæstv. utanrrh. ætlaði sér að víkja nokkuð að því sem við sögðum um skýrslu hans. En þessi umræða hefur farið út á allt aðra braut, því miður að mínu mati, vegna þess að við þurfum á því að halda nú að tala um framtíðina og getum ekki endalaust verið að tala um fortíðina. Það hefur að vísu verið mikill áhugi núv. ríkisstjórnar og stuðningsmanna hennar að tala um fortíðina. Hún byrjaði með því að hæstv. forsrh. lýsti yfir miklum áhuga á fortíðinni og í öllum ræðum sínum hér á Alþingi ræddi hann hana.

En ég er ekki með þessu að segja að það eigi aldrei að ræða um fortíðina og um það með hvaða hætti íslenskir stjórnmálaflokkar eigi að koma að alþjóðlegum málum. Ég þarf ekkert að tala hér um Framsfl. í því sambandi vegna þess að Framsfl. er ekki stofnaður á rústum annarra flokka. Hann á sér langa sögu og utanríkismálastefna hans í gegnum tíðina er nokkuð ljós. Ég tel að Jónas frá Hriflu hafi séð langt inn í framtíðina þegar hann barðist fyrir því að við litum mjög til vesturs, til Bandaríkjanna, á sama tíma og aðrir vildu líta til Evrópu. Ég tel það hins vegar nauðsynlegt í dag að við lítum mjög á þróunina í Evrópu og fylgjumst með henni og það þýði ekki neitt að fullyrða um hluti langt í framtíðina eins og hv. þm. Hjörleifur Guttormsson vill gera.

Menn vildu fullyrða hér fyrr á árum að Sovétríkin mundu standa að eilífu og ekkert gæti fellt þau, þar væri sæluríkið. Kommúnisminn mundi aldrei falla. Að mínu mati þýðir lítið að binda sig við slíka hluti. Við verðum að taka ákvarðanir á grundvelli þeirrar þróunar sem við sjáum fram á en getum ekki fullyrt langt inn í framtíðina enda er það annarra stjórnmálamanna oft á tíðum að taka þátt í því og taka ákvarðanir. Það eru t.d. komnir nýir straumar inn í Alþb., menn sem

hafa ríkari lýðræðisheföir en fyrirrennarar þeirra, eins og ég efast ekkert um að því er varðar hv. þm. Ólaf Ragnar Grímsson. Við eigum að sjálfsögðu að dæma flokka út frá því, út frá þessum vilja, en ekki út frá fortíðinni.

Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson er mikill áhugamaður um Framsóknarflokkinn (**HG:** Alltaf verið.) og fór úr honum áður en hann hafði náð fullum þroska að eigin sögn. (**ÓRG:** Þá var hann 14 ára.) Og af hverju ætli hann hafi farið úr honum? Ætli það hafi ekki verið vegna þess að hann var á móti NATO? Og ætli það hafi ekki verið vegna þess að margir alþýðubandalagsmenn börðust á móti NATO alla tíð og eru enn að berjast á móti NATO. Að vísu tala þeir ekki jafnmikið um það. Það var endalaust verið að ráðast á Framsfl. af Alþb. hér fyrr á árum út af þessu máli.

Ég er stoltur af Framsfl. fyrir það að hann stóð að því að Ísland gengi í NATO. (**ÓRG:** Ekki Hermann.) Ég tel að það hafi verið rétt ákvörðun. Ég sagði: flokkurinn stóð að því, (**ÓRG:** Ég bætti bara við: ekki Hermann.) hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson. Ég veit ekki til þess að það sé slík eindrægni í Alþb. að hver einasti þingmaður þess standi ávallt á bak við núverandi formann Alþb. Ég hef ekki orðið var við það. En aðalatriðið er það að í Framsfl. hafa menn komist að slíkum lýðræðislegum niðurstöðum og staðið við það og staðið að því að gera ýmsa erlenda samninga, bæði að því er varðar landhelgismálin og að því er varðar Jan Mayen. Oft á tíðum og oftast ef ekki alltaf hefur Alþb. verið á móti þessum samningum. Það er nú svo skrýtið.

Við stóðum að því ásamt Alþb. að fara út í samninga um Evrópska efnahagssvæðið. Því máli var hrint af stað af ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar sem ég sat í og Sjálfstfl. var þá á móti málinu. Það þýðir ekkert að setja upp einhvern sakleysissvip, hv. þm., og segja: Við komum aldrei að þessu máli. (**HG:** Ég hélt að Sjálfstfl. hefði verið á móti EES.) Hann var á móti. Það var flutt vantraust á þáv. ríkisstjórn, það var hvorki meira né minna en út af þessu máli. Sjálfstfl. taldi þetta vera svo alvarlegt skref sem þáv. ríkisstjórn steig að það var flutt vantraust á Alþingi. (Gripið fram í.) Aldeilis vitleysa, ég heyri að það er nauðsynlegt að formaður Alþb. tali við hv. þm. Hjörleif Guttormsson og uppfræði hann um málið. Það er greinilegt að hann hefur ekki fengið réttar upplýsingar á þeim tíma í þessu máli. (Gripið fram í.) Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson er nú að reyna að halda því fram að formaður Framsfl. tali ekki nógu skýrt í Evrópumálum alveg með sama hætti og hann hefur talað um NATO á árum áður. Nú er hann hættur að tala um það. Nú er þetta komið í staðinn og nú á að reyna að gera Framsfl. tortryggilegan út á ESB vegna þess að NATO-platan, sem er búið að spila mjög lengi, passar ekki lengur.

Ég get fullvissað hv. þm. um það að við teljum í Framsfl. að ekkert bendi til þess að Ísland með okkar ábyrgð muni sækja um aðild að ESB. En hvernig í ósköpunum á ég og aðrir að fullyrða það um alla framtíð að aðstæður geti ekki breyst? Hvað vitum við hvað kemur út úr ríkjaráðstefnunni? Hvað vitum við um það hvernig Evrópa muni þróast í framtíðinni? Auðvitað geri ég mér það ljóst að þessar aðstæður geta allar breyst og ég er ekki maður til þess að fullyrða um það fyrir langa framtíð. Það má vel vera að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson sjái svona langt inn í framtíðina og hafi reynslu af því að hafa séð svona langt inn í framtíðina. Ég tel að reynsla hans sé önnur og hann ætti að hafa lært það að fullyrða ekki allt of mikið um langa framtíð.

Ég er þeirrar skoðunar að Rómarsáttmálinn og sjávarútvegsstefna Evrópusambandsins sé þannig í dag að aðildarumsókn komi ekki til greina út frá hagsmunum Íslands og ég reikna með því að það sé mjög langt í að það muni breytast. Ég held t.d. að innganga Spánverja og Portúgala í sjávarútvegsstefnuna geri það enn þá ólíklegra að þar náist einhver skynsamleg niðurstaða í langri framtíð. Ég sé engin merki þess að menn ætli sér þar á bæ að líta á auðlindir hafsins með sama hætti og auðlindir landsins. Þar af leiðandi sé ég ekki í minni sýn þann dag að það geti komið til greina að Ísland sæki um aðild. En við lifum í svo breytilegum heimi að það getur ýmislegt breyst á stuttum tíma og þess vegna hef ég sagt, það er alveg rétt hjá hv. þm., að ég geti ekki fullyrt um þessa hluti og ég þekki ekki þann mann sem getur með einhverri sannfæringu sagt um það nema menn séu bara almennt á móti öllu alþjóðlegu samstarfi og vilji einangra sig, séu á móti GATT, á móti öllum alþjóðastofnunum eins og hv. þm. hefur verið.

Ég segi fyrir mig að ég sé ekki þá heimsmynd, ég sé ekki að Ísland geti lifað eins einangrað og hv. þm. er talsmaður fyrir. Við erum svo háðir alþjóðlegum viðskiptum og alþjóðlegum samningum á allan hátt að við getum í reynd ekki lifað hér sem sjálfstæð og fullvalda þjóð án öflugs alþjóðlegs samstarfs. Þetta er mín sannfæring og ég tel að við verðum að sýna vissan sveigjanleika á hverjum tíma til að geta mætt þeim aðstæðum sem upp koma á hverjum tíma og við verðum að meta hlutina út frá því sem við sjáum á hverju ári.

Aðeins einu ári áður en Berlínarmúrinn féll sáu menn það ekki fyrir. Ég man það mjög vel, ég kom til Berlínar í janúar sama ár og fór þá í fyrsta skipti yfir þessi landamæri og til Austur-Þýskalands dagpart. Það var eftirminnleg heimsókn. Ég kom ári síðar til Berlínar þegar Berlínarmúrinn var fallinn. Það voru snögg umskipti sem enginn sá fyrir og við höfum lært af þeirri þróun sem þarna fór af stað að það getur ýmislegt breyst á stuttum tíma. Ég er líka þeirrar skoðunar, sem ég veit að hv. þm. er ósammála mér í, að það þjóni ekki okkar öryggishagsmunum að ganga í Evrópusambandið. Ég tel að öryggissamvinnan við Bandaríkin sé okkur afar mikilvæg og skipti miklu máli. Það er alveg ljóst að með inngöngu Íslands í ESB kæmi þessi mynd til með að breytast vegna þess að það er stefna Evrópusambandsins að koma upp algerlega eigin öryggiskerfi. Ég tel það afar mikilvægt að við höldum okkar samskiptum bæði til austurs og vesturs og ræktum sérstaklega Norðurlandasamstarfið. Ég veit að um það erum við hv. þm. sammála og höfum starfað að því í sameiningu að styrkja samskipti Íslands og

Norðurlandanna. Það er að því leyti til rétt að hv. þm. vill sterkt Norðurlandasamstarf. Það hef ég fundið í hans starfi þar.

Þetta vildi ég segja út frá því sem hann sagði hér um Framsfl. Ég vil taka það fram að Framsfl. telur það skyldu sína að taka þátt í alþjóðlegu starfi. Það er alveg rétt að Framsfl. hitti aðila frá Búlgaríu og frá Austur-Þýskalandi. Það voru ekki flokksleg tengsl. Það var með því hugarfari að flokkurinn gæti orðið að liði við þróun lýðræðis. Með sama hætti og við tökum þátt í alþjóðasamtökum frjálslyndra flokka. Á alþjóðaþingi þessara fjálslyndu flokka í sumar var fulltrúi t.d. frá Íran og þar var fulltrúi frá Kúbu. Það var ekki vegna þess að það séu formleg samskipti við flokka innan landamæra þessara landa heldur er hér um menn að ræða sem eru í útlegð og eru að berjast fyrir lýðræði í sínum löndum. Sömu sögu má segja um aðila sem voru frá Malaví og hafa verið að berjast við það að koma Banda nokkrum frá völdum sem ég veit að hæstv. utanrrh. hefur einhvern tíma hitt. Þessi flokkur er nú búinn að koma þessum sama Banda frá völdum sem betur fer og hefur m.a. getað gert það vegna þess að hann hefur haft flokka að baki sér á alþjóðlegum vettvangi.

Auðvitað ber okkur að hafa samskipti við aðila sem eru að berjast gegn einræði í sínum ríkjum og vilja koma á lýðræði. Þetta tel ég að lýðræðislegir flokkar eigi að gera og ég tel alrangt sem hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson sagði að Framsfl. hefði haft einhver formleg samskipti við kommúnistaflokka í Austur-Evrópu. (Gripið fram í.) Það er rétt, það var bændaflokkur í Búlgaríu. Þessi bændaflokkur var deild í kommúnistaflokknum en þessi bændaflokkur var einmitt endurreistur þegar lýðræði var endurreist í Búlgaríu og ætli það hafi ekki skipt máli að það var til einhver lýðræðishefð í þessum löndum. Það er þess vegna sem þessi ríki Austur-Evrópu eru komin lengra en Rússland vegna þess að menn höfðu ekki gleymt því að vera í stjórnmálaflokkum og það skipti þessa menn miklu máli að vera í samskiptum við lýðræðislega flokka í Vestur-Evrópu.

[17:31]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er mjög gagnlegt að eiga hér skoðanaskipti með þessum hætti og hv. 1. þm. Austurl. bæði metur stöðu Framsfl. og það sem þar hefði átt að vera stefnan á sínum tíma öðruvísi en margir gerðu í þeim flokki, m.a. varðandi þátttöku í NATO, ég tala nú ekki um spurninguna um það að kalla hingað erlent herlið á einni nóttu með leynd eins og gert var 1951. Það voru sem betur fer ekki allir framsóknarmenn sem stóðu að því, hvorki þingmenn hvað þá stuðningsmenn flokksins. Auðvitað er það alveg ljóst að hv. núv. formaður, 1. þm. Austurl., metur spurninguna um tengslin við Evrópusambandið með öðrum hætti en forveri hans sem hafði það þó af að hafa meiri hluta í þingflokki á móti aðild að Evrópsku efnahagssvæði. (**Utanrrh.**: Rétt marði það.) Hann marði það. Þarna hafa hins vegar orðið stór umskipti. Auðvitað höfum við tekið eftir því á norrænum vettvangi þar sem við eigum samstarf að hjarta 1. þm. Austurl. hefur ekki slegið með andstöðuöflunum á Norðurlöndunum sem hafa verið að berjast við fjármagnið og mikið ofurefli fjölmiðla gegn því að löndin tengdust Evrópusambandinu. Ég hef ekki heyrt hans rödd í þeim hópi. Og síðan talar hann fyrir flokkinn í sambandi við Evrópusambandið. Ég vona að hann haldi þeirri stefnu sem hann var að boða að væri stefnan núna en það var önnur stefna uppi í vor eftir að hann tók við flokknum. Það var spurningin um einhvers konar aukaaðild að Evrópusambandinu sem átti þá að vera á dagskrá. En ég vona það að hann haldi þeirri stefnu sem hann boðar núna, að hann sjái ekki að það geti gerst eins og horfir í bráð þó að hann hafi vaðið fyrir neðan sig í hinu orðinu.

[17:33]

Halldór Ásgrímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef aldrei nefnt aukaaðild að Evrópusambandinu á nafn. Það er rangt. Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hefur hins vegar gert það og gert þau orð að mínum. (**BBj:** Það er ekki hægt að gerast aukaðili.) Þar að auki er það ekki hægt. Það hefur verið reynt ... (**ÓRG:** Það voru einhverjar nefndir ...) Það er hins vegar rétt. Ég tel að það skipti máli fyrir Íslendinga að hafa áhrif innan Evrópusambandsins. Ég tel til dæmis að það skipti máli að við getum haft áhrif á þær reglugerðir sem við þurfum að yfirtaka samkvæmt samningnum um Evrópskt efnahagssvæði. (**TIO:** Það er rétt.) Er það ekki rétt? (**Utanrrh.:** Jú, rétt.) Eða vilja menn bara yfirtaka þær án áhrifa?

Það er þetta sem ég hef verið að leggja áherslu á og það kemur mér á óvart ef hv. þm. er andvígur því að við reynum að fá aðild að þeim nefndum og ráðum þar sem við getum haft áhrif á þær reglur sem við þurfum að yfirtaka. Samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði er staðreynd hvort sem mönnum líkar betur eða verr. Og ég veit ekki annað en allir flokkarnir hér á Alþingi, þar á meðal Alþb., vilji byggja á þessum samningi. Það getur vel verið að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hafi þar einhverja sérstöðu og ég veit þá ekki á hverju hann vill byggja í þessum samskiptum.

En ég vil hins vegar fullvissa hv. þm. um að það hefur ekki staðið til hér að gerast aðili að málflutningi vinstri sósíalista á Norðurlandaráðsþingi. Það hefur bara aldrei komið til tals og aldrei komið til greina. Ég veit ekki hvað fær hann til þess að halda að ég hafi viljað eða átt að gera það. Mér finnst að hv. þm. tali þannig að hann ætlist til þess að Framsfl. taki undir með honum í alls konar vitleysu. Það bara kemur ekki til greina og hann á engan rétt til að vera eitthvað að tala um Framsfl. þó hann hafi gengið úr honum 14 ára gamall.

[17:36]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er ekki mín krafa og hefur aldrei verið að hv. 1. þm. Austurl. taki undir með sósíalistum á Norðurlandaráðsþingum. En það hefur nú kannski ekki verið aðalburðarásinn í andstöðunni við Evrópusambandsaðild. Hann hefur komið styrkari úr öðrum áttum sem ég hélt að væru eitthvað skyldari hugmyndum og hugsjónum hv. 1. þm. Austurl., mið-

flokkurinn norski, sem reisti það merki með myndugustum hætti norskra stjórnmálaflokka og skipti sköpum en það var ekki stuðning að hafa frá fulltrúum Framsfl. í Norðurlandaráði, ekki nokkurn einasta, í sambandi við það andóf sem þar var uppi og varðaði Norðurlönd öll.

Það er alveg rétt sem formaður Framsfl. segir að það er enga formlega aukaaðild að hafa að Evrópusambandinu í þeim skilningi. En hv. þm. sótti það svo mjög að reyna að komast í nefndir og ráð í Brussel að hann fór í sérstaka ferð í júní til að hitta Bangemann til þess að reyna að fá fulltrúaaðild að nefndum sem hver maður átti að geta áttað sig á að var ekkert opið samkvæmt samþykktum Evrópusambandsins enda var hann rekinn á dyr og heim með það.

Hann spyr um Evrópskt efnahagssvæði hvort það séu ekki allir sem bara blessi þann samning. Hvers konar samningur er samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði? Hann er um það að menn hengja sig aftan í stofnanir Evrópusambandsins og geta engum vörnum við komið í reynd, eru bara dregnir áfram og menn fá afraksturinn á færibandi inn á Alþingi Íslendinga til að stimpla. Ég er andvígur slíku kerfi.

[17:38]

Halldór Ásgrímsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það eru ýmsir gallar við samninginn við Evrópskt efnahagssvæði og það er ýmislegt í honum sem ég vildi öðruvísi hafa. Ég býst við að það eigi við um flesta þingmenn. En hann er hins vegar staðreynd. Það er alveg rétt hjá hv. þm. að ég hef farið nokkrum sinnum til Brussel og talað þar við ýmsa aðila. Ég hef aldrei nokkurn tímann verið rekinn á dyr, mér hefur verið afar vel tekið. Ég hef lært ýmislegt af þeim samtölum og orðið margs fróðari um það hvers megi vænta í framtíðinni. Það er alveg rétt að Bangemann sagði mér það að eitthvað sem heitir áheyrnaraðild að ýmsum nefndum og ráðum væri ekki samrýmanlegt stefnu Evrópusambandins. En hann fullvissaði mig um það að þær pólitísku viðræður sem gert er ráð fyrir í samningnum um Evrópskt efnahagssvæði þyrfti að þróa. Ég ætla ekki að fara út í að ræða það neitt frekar. Ég tel að það sé af hinu góða að alþingismenn og forustumenn stjórnmálaflokka hitti slíka menn og ræði við þá um íslenska hagsmuni og ég tel mig með því vera að þjóna hagsmunum Íslands og tel það nauðsynlegt og geri það í þeim tilgangi. Mér finnst það með öllu ósæmilegt að vera að koma hér upp og reyna að gera það vafasamt og láta í það skína að menn hafi verið reknir á dyr. Það er rétt að hv. þm. hefur fengið afrit af skýrslu frá þessari ferð og ég bið hann um að finna því stað hvers vegna hann leyfir sér að fara með slík ummæli að ég hafi verið rekinn á dyr. Það er honum ósæmilegt eins og margt annað sem hann hefur sagt hér í dag.

[17:40]

Viðskiptaráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Ég ætla mér ekki að lengja þessa umræðu og aðeins að segja þrjár, fjórar setningar. Mig langar til að vitna í þann ríthöfund sem nýlega hefur hlotið sérstaka heiðrun fyrir framlag sitt í þágu bókmennta. Það er Gunnar Dal ríthöfundur. Hann segir svo um þau mál sem hér hafa verið ofarlega á baugi í viðtali við Alþýðublaðið í dag og tilvitnunin er orðrétt sisvona, með leyfi forseta:

„Ég vona að Alþb. geri aldrei hreint fyrir sínum dyrum. Það er nógu mikill skítur í heiminum samt" — segir ríthöfundurinn, virðulegi forseti.

Sú umræða sem hefur verið hér í dag er mjög athyglisverð því að hér hafa gerst mikil tíðindi. Hér hefur það gerst að Alþb. hefur hrokkið aftur í gamla farið. Hér hefur það gerst að Alþb. í afstöðu sinni til utanríkismála og samvinnu við aðrar þjóðir hefur nú aftur einangrað sig í íslenskum stjórnmálum. Það eru mikil tíðindi.

[17:42]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það eru nú nokkur tíðindi að sjá hæstv. viðskrh. í þingsalnum og enn meiri tíðindi að hann skuli nú taka þátt í umræðu um málið. Hins vegar voru mér það engin tíðindi að fylgjast með efnistökum hans og ályktunum hans af umræðunum því þau ríma við fyrri reynslu mína af þeim ágæta ræðumanni svo og reynslu annars þingmanns, hv. þm. Matthíasar Bjarnasonar sem sagði það á framboðsfundi á Patreksfirði árið 1987 um ræðumanninn, hv. þm. Sighvat Björgvinsson,

(**Forseti** (KE): Hæstv. ráðherra.)

að engum manni hefði hann nú kynnst um ævina sem umgengist sannleikann af jafnmikilli léttúð og Sighvatur Björgvinsson.

[17:43]

Viðskiptaráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ítreka tilvitnun mína í Gunnar Dal ríthöfund. Ég umgengst þau ummæli ekki af léttúð ég fer þar ekki með rangt mál. Hann sagði orðrétt: „Ég vona að Alþb. geri aldrei hreint fyrir sínum dyrum. Það er nógu mikill skítur í heiminum samt." Þetta eru hans orð en ekki mín. Þessi orð eru prentuð, ég fer ekki með staðlausa stafi.

[17:43]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Mér finnst það mjög athyglisvert að einn af ráðherrum í ríkisstjórn Íslands, sem fer raunar með nokkur ráðuneyti, skuli sjá ástæðu til þess að gerast einhvers konar þátttakandi við lok þessarar umræðu með því að vera að kasta skít í aðra stjórnmálaflokka með þeim hætti sem hann gerir. Hann hefur uppi dóma um það að Alþb. hafi verið að einangra sig í íslenskum stjórnmálum. Það eru hans orð og hans ályktanir og það eru kannski hans óskir líka. En ég held að hann ætti að spara sér það. Það hafa verði gerðar mjög margar tilraunir til þess síðan Alþb. var stofnað 1968 að einangra það í íslenskri pólitík. Það hefur mörgum ráðum verið beitt í þeim efnum. En Alþb. hefur verið þátttakandi í ríkisstjórnum landsins margoft á þessu tímabili og látið þar að sér kveða, meira að segja átt samskipti við Alþfl. í a.m.k. tvö skipti á þessum tíma og tekist þrátt fyrir allt að eiga þar samstarf við þann flokk sem lætur sér nú sæma það

að reyna að ata Alþb. auri en það lendir framan í þeim sem hér talaði.

[17:45]

Viðskiptaráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef enga tilraun gert til að ata Alþb. auri. Það sem ég hef gert er að vitna í ummæli mæts manns og sagt að það sé mín skoðun að á þessum degi hafi Alþb. hrokkið aftur í gamla farið og einangrað sig í íslenskum stjórnmálum. Það er ekki af mínum völdum, það var ekki að mínum óskum. Það var hins vegar þeirra ákvörðun.

Tilkynning um dagskrá.

Forseti (Kristín Einarsdóttir):

Það er tillaga forseta að umræða um 5. og 6. dagskrármálið fari fram sameiginlega, þ.e. að umræðunni verði hagað þannig að fyrst mæli hæstv. viðskrh. fyrir skýrslu sinni um störf Norrænu ráðherranefndarinnar og síðan mæli hæstv. 1. þm. Austurl., formaður Íslandsdeildar Norðurlandaráðs, fyrir skýrslu deildarinnar um norrænt samstarf.

Þessi tilhögun er byggð á 3. mrg. 63. gr. þingskapa. Ef ekki eru andmæli við þessa tilhögun mun umræðan fara fram samkvæmt henni.

Norræna ráðherranefndin 1994–1995.

Skýrsla ráðherra norrænna samstarfsmála, 369. mál. — Þskj. 595.

og

Norrænt samstarf 1994 til 1995.

Skýrsla, 382. mál. — Þskj. 613.

[17:47]

Viðskiptaráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Frú forseti ég mæli hér fyrr skýrslu um störf Norrænu ráðherranefndarinnar 1994–1995. Þetta starfsár gegndu Íslendingar formennsku í öllum norrænu ráðherra- og embættismannanefndunum þannig að það hefur verið okkur annasamt hvað varðar starfsemi á norrænum vettvangi.

Við undirbjuggum okkur eftir bestu getu undir starfið. Íslensku ráðherrarnir héldu fund með framkvæmdastjóra ráðherranefndarskrifstofunnar í Kaupmannahöfn og auk þess hélt ég fundi með embættismönnum þeim sem áttu að taka við formannshlutverki í norrænu samstarfi. Markmiðið var m.a. að fá upplýsingar um og samræma þau mál sem við Íslendingar hugðumst veita forgang á formennskuárinu. Á grundvelli þessa var gefinn út bæklingurinn Norrænt samstarf 1994–1995, sem dreift var til alþingismanna, fjölmiðla og ýmissa stofnana. Þessar upplýsingar hafði Davíð Oddsson forsrh., jafnframt til hliðsjónar við gerð stefnuræðu sinnar sem hann flutti á Norðurlandaráðsþingi í Stokkhólmi sl. ár. En ræða hans er prentuð sem fylgiskjal með skýrslunni.

Við gerð skýrslna þessara var á ný leitað til ráðuneytanna og fengnar upplýsingar þaðan um störfin á árinu og sérstaklega farið fram á upplýsingar um forgangsmál á viðkomandi sviðum, þá efnisþætti sem snerta Ísland og Íslendinga sérstaklega og hvernig til hafi tekist að koma þeim í framkvæmd. Auk þess byggist skýrslan á upplýsingum úr skýrslu norrænu ráðherranefndarinnar um starfsárið 1994–1995, þ.e. C1, en í öðrum hluta skýrslu þessarar er starfsáætlun ráðherranefndarinnar fyrir 1995, C2, lögð fram í heild sinni í íslenskri þýðingu.

Þrátt fyrir það að óvissa um niðurstöður þjóðaratkvæðagreiðslnanna í Finnlandi, Noregi og Svíþjóð fyrri hluta starfsársins hafi haft þau áhrif að samstarfslönd okkar sáu sig stundum knúin til að fara hægar í sakirnar en við hefðum talið æskilegt er heildarmat mitt það að nokkuð vel hafi til tekist á starfsárinu og ég vil þakka þeim sem hlut áttu að máli fyrir það.

Um efnisatriði samstarfsins vísa ég til skýrslunnar sjálfrar sem liggur frammi en fjalla um framtíð samstarfsins í ljósi aðildar þriggja af Norðurlöndunum fimm í ESB og vík síðan nokkrum orðum að fjárhagsáætlun næsta árs.

Forsætisráðherrar Norðurlanda og forsætisnefnd Norðurlandaráðs skipuðu á þingi Norðurlandaráðs í Tromsö í nóvember nefnd sem á að leggja fram tillögur um framtíðartilhögun og áherslur í norrænu samstarfi í ljósi þeirra breyttu aðstæðna sem skapast hafa vegna aðildar Finna og Svía að ESB. Í nefndinni eiga sæti samstarfsráðherrarnir fimm, fulltrúar forsætisnefndar og sjálfstjórnarsvæðanna þriggja.

Ég og Per Olof Håkansson, forseti Norðurlandaráðs, förum sameiginlega með formennsku. Áfangaskýrsla var lögð fyrir forsætisráðherra Norðurlanda 29. jan. sl. og nefndin hyggst ljúka störfum nú á mánudaginn, 13. febr. nk. og leggja lokaskýrslu fyrir forsætisráðherra og forsætisnefndina. Skýrslan verður síðan væntanlega til umræðu á Norðurlandaráðsþinginu í Reykjavík en það eru að sjálfsögðu forsætisráðherrarnir og forsætisnefndin sem tekur ákvörðun um það og í hvaða formi skýrslan verður til umræðu og hvaða tillögur menn kunna e.t.v. að gera á grundvelli hennar.

Mér finnst rétt að skýra Alþingi frá nokkrum þeirra tillagna sem eru til umfjöllunar í nefndinni, m.a. til að fram geti komið viðbrögð þingmanna. Lagt er til í tillögugerðinni að áherslusvið samstarfsins verði þrjú. Í fyrsta lagi hefðbundið norrænt samstarf með sérstakri áherslu á menningar- og fræðslumálum. Í öðru lagi mál er varða Norðurlönd og evrópska samvinnu og í þriðja lagi samstarf Norðurlandanna við grenndarsvæði þeirra.

Ef við ræðum síðan hvern þessara þátta fyrir sig þá er innan hins hefðbundna samstarfs aðaláherslan áfram lögð á samstarf um menningar- og menntamál en auk þess verða málefni atvinnuveganna, skipulag samgöngumála, umhverfismál og málefni þegnanna með-

al forgangsverkefna. Við leggjum til að metið verði sérstaklega þegar ákvarðanir eru teknar um verkefni sem framkvæma á hvort þau hafi samnorrænt gildi og það mat látið ráða hvort af framkvæmd verður. Jafnframt teljum við rétt að mat fari fram á grundvelli sömu hugsunar um samnorrænt gildi á starfsemi þeirra rúmlega 40 stofnana sem starfræktar eru samnorrænt. Meðal þess sem við leggjum þar áherslu á er að tengja hin vestlægu Norðurlönd eins náið og kostur er þeim löndum sem gengið hafa í Evrópusambandið. Eins leggjum við áherslu á að fylgt verði þeirri almennu reglu sem Nils G. Åsling lagði til í skýrslu þann 21. jan. 1995 að bætt verði inn í Helsingfors-samninginn ákvæði um að norrænir borgarar njóti jafnréttis hvarvetna á Norðurlöndum, þ.e. að aðfluttir Norðurlandabúar njóti sama réttar þar og heimamenn.

Í öðru lagi um mál er varða Norðurlönd og evrópska samvinnu. Þar leggjum við áherslu á að norrænt samstarf verði vettvangur umræðna og samráðs í þeim EES- og ESB-málum þar sem gildismat og hagsmunir Norðurlandnna falla saman. Þar skiptir mestu að norrænt samráð fari fram um stefnumál snemma á ferlinu og eins að norrænt samstarf eigi sér síðan stað eftir ákvarðanatökuna sjálfa þegar kemur að lögfestingu tilskipana. Það er þekkt EES/ESB-löndin hafa nokkuð frjálsar hendur um framkvæmd og lögfestingu tilskipana, því getum við með samstarfi að þess konar löggjafarmálum bæði náð fram sparnaði og hagræðingu með verkaskiptingu og eins haldið eftir mætti norrænni réttareiningu.

Þriðja áherslusviðið er síðan samstarf við grenndarsvæði Norðurlanda. Við leggjum áherslu á að styrkja norrænt samstarf við Eystrasaltsríkin, Norðvestur-Rússland og norðurskautssvæðið. Ástæður þess eru þekktar og þau samstarfsverkefni sem mestu skipta eru á sviði umhverfismála, menningar- og menntamála, samgöngumála og um málefni sem varða þróun lýðræðis. Við leggjum áherslu á að mótuð verði norræn heildarstefna um samstarf Norðurlanda við Eystrasaltsríkin sem byggð sé upp bæði af samnorrænum og tvíhliða verkefnum.

Mikilvægt er að gera norrænt samstarf pólitískara og um leið minnka skrifræði. Í því markmiði teljum við nauðsynlegt að styrkja norrænu flokkahópana og fela þeim e.t.v. að tilnefna fulltrúa í trúnaðarstöður hjá Norðurlandaráði. Við leggjum einnig áherslu á að auka tengsl milli fastanefnda þjóðþinganna og fastanefnda Norðurlandaráðs þannig að leitast verði við að þingmenn séu valdir í fastanefndir Norðurlandaráðs með tilliti til nefndasetu á heimaþingi. Jafnframt leggjum við til að fastanefndum Norðurlandaráðs verði fækkað í fjórar og að leiðtogahlutverk forsætisnefndar ráðsins verði styrkt.

Við teljum rétt í þessum tillögum, sem verða væntanlega til lokaafgreiðslu núna á mánudaginn nk., að fækka Norðurlandaráðsþingum í eitt á ári en að Norðurlandaráð haldi í staðinn verkefnafundi, þemafundi og ráðstefnur með þátttöku þingmanna utan Norðurlandaráðs og þátttöku fulltrúa á Evrópuþingi um ýmis afmörkuð mál sem efst eru á baugi hverju sinni. Að lokum leggjum við áherslu á að hið pólitíska leiðtogahlutverk hjá Norðurlandaráði og ráðherranefndinni verði styrkt og að hugað verði að því hvernig ráðið og ráðherranefndin geti í sameiningu staðið að mikilvægum málum, t.d. er varðar upplýsingaöflun og upplýsingagjöf á alþjóðavettvangi.

Ég hef hér farið yfir þau helstu mál sem nefndirnar eru að ræða og ítreka þá skoðun mína að þær séu til þess fallnar að styrkja norrænt samstarf og gera það virkara. Annað mál er að eins og menn vita þá hafa Svíar upplýst að þeir ætli að minnka framlög sín til norræns samstarfs sem nemur samdrætti í norrænu fjárlögunum um um 150 millj. danskra kr. á næstu þremur árum. Þetta mál hefur enn ekki komið til umræðu samstarfsráðherra Norðurlanda en þeir taka ákvörðun um norræna fjárlagarammann. Gangi þessar niðurskurðarhugmyndir eftir stöndum við frammi fyrir miklum vanda við fjárlagagerð. Líklegast er þó, og er það mín von, að sú upphæð sem nefnd hefur verið sé ekki endanleg. Einnig vil ég að það komi fram að Svíar leggja áherslu á að afstaða þeirra byggist á þeim mikla fjárlagahalla sem þeir standa frammi fyrir en ekki á neikvæðri afstöðu til norræns samstarfs.

Á fundi samstarfsráðherra Norðurlanda þann 13. febr. nk. verður fjallað um málið og ákvörðun væntanlega tekin um fjárlagarammann. Ljóst er að hvort sem fjárlög Norðurlandaráðs verði lækkuð um 50 milljónir árið 1996 eða lægri upphæð þá verður um áherslubreytingar að ræða strax á starfsárinu 1996 sem verður tilfinnanlegt fyrir tiltekin samstarfssvið. En á þessari stundu er ekki tímabært af minni hálfu að fjalla nánar um skiptingu fjárveitinganna milli starfssviða og norrænna stofnana.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri en vísa til skýrslunnar sem er mjög ítarleg og upplýsir og svarar miklu fleiri spurningum en aðstaða er til að taka til álita á svo fáum mínútum sem við höfum til umráða í ræðustóli hv. Alþingis.

[17:57]

Halldór Ágrímsson:

Virðulegur forseti. Ég vil byrja á því að þakka Íslandsdeild Norðurlandaráðs fyrir gott starf á liðnu ári. Ég tel að þar hafi ríkt mikil eindrægni og ágætis samstarf. Við höfum notið góðra starfskrafta í þessu sambandi. Það urðu þær breytingar að Snjólaug Ólafsdóttir, sem lengi hafði unnið fyrir Íslandsdeild Norðurlandaráðs á vegum Alþingis, lét af störfum og fór til annarra starfa á vegum Norðurlandasamstarfsins og vil ég þakka henni ágæt störf. Við hennar starfi tók Elín Flygenring og hefur hún ásamt Lene Hjaltason veitt okkur fulltrúum í Íslandsdeild Norðurlandaráðs þjónustu. Ég vil taka það fram að án þessara starfskrafta væri okkur ómögulegt að gegna okkar starfi á vettvangi Norðurlandaráðs.

Nú er mikið um það rætt að draga úr starfsemi þessara þjóðardeilda og einkum er það meðal hinna landanna. Við Íslendingar tökum lítið þátt í þeirri umræðu að því leytinu til að við teljum ómögulegt að skera meira niður því að það er ekki hægt að sinna þessu starfi með færra starfsfólki. Það má reyndar segja um

Norðurlandasamstarfið almennt að það er rekið af tiltölulega mjög fáum einstaklingum, bæði á það við um þingmannasamstarfið og reyndar ráðherrasamstarfið líka og það er alveg ljóst að Íslendingar hafa mun færra fólk til þess að standa að baki sínum mönnum í þessu samstarfi. Því er oft haldið fram að oft sé um óþarfa peningaeyðslu að ræða sem ég tel alls ekki vera rétt. Til að sinna þessu starfi og ná árangri út úr því þurfa menn að mæta og taka þátt í umræðunni.

Ég held að það sé alveg ljóst að íslenskir þingmenn leggja margir mikið á sig í þessu sambandi og eyða miklum tíma bæði í Norðurlandasamstarfið og margvíslegt annað alþjóðlegt samstarf. Þetta starf er oft á tíðum vanþakkað og lítið upp úr því lagt, t.d. í fjölmiðlum, að því sé bærilega sinnt. En Ísland á mjög mikið undir góðu alþjóðlegu samstarfi og alþjóðlegum samskiptum og því skiptir það máli að lýðræðislega kjörnir fulltrúar sinni þessu starfi bæði af hálfu ríkisstjórnar og þjóðþingsins Alþingis.

Á sl. ári hefur Íslandsdeild Norðurlandaráðs starfað vel að mínu mati. Á árinu hafa framtíðarmálin skipað langstærstan sess í starfinu einkum vegna þess að við sem erum í þessu starfi höfum haft áhyggjur af framtíð Norðurlandaráðs og óttast að það stæði til að draga úr starfi þess og höfum talið að það mundi verða til tjóns fyrir Ísland. Við höfum því lagt áherslu á að leggja okkar af mörkum til að efla þetta samstarf og tryggja það í sessi. Við höfum haldið marga fundi og fengið ýmsa sérfróða aðila til þess að koma á okkar fundi auk þess sem við höfum átt allmarga fundi með ráðherrum og á ég þar við hæstv. forsrh., Davíð Oddsson, og hæstv. samstarfsráðherra Norðurlandamála, Sighvat Björgvinsson. Samstarf við ríkisstjórnina hefur verið gott og enginn ágreiningur verið uppi á milli þingmanna og ráðherranna, a.m.k. ekki sem orð er á gerandi. Samstarf á þessu sviði hefur ekki farið eftir pólitískum skoðunum heldur hafa menn lagt sig fram um samstarf sem fulltrúar þjóðarinnar.

Því er hins vegar ekki að leyna að við höfum nokkrar áhyggjur af því að það er tilhneiging til að draga mjög úr því að aðilar séu fulltrúar þjóðanna og nú er lagt meira upp úr því að færa verulegt vald yfir til flokkahópanna. Ég er ekki þeirrar skoðunar að það eigi að standa algjörlega gegn því að flokkahóparnir fái meira vald en hins vegar tel ég mjög slæmt ef deildir þjóðþinganna starfa ekki áfram og verulegur hluti starfsins sé rekinn á þeirra vegum. Þetta er eitt af þeim málum sem nú er mikið rætt um og vonandi tekst að finna skynsamlega niðurstöðu þar sem þessu er blandað saman með þeim hætti sem hægt er að fallast á.

Ég vil nefna það að við fengum Lars-Åke Engblom til að gera skýrslu á vegum Íslandsdeildar Norðurlandaráðs og skrifstofu Norðurlandaráðs í Stokkhólmi um Ísland, Norðurlöndin og Evrópu. Þessi skýrsla er prýðileg og vel unnin af hans hálfu og gefur ágætar upplýsingar um stöðu landsins í sambandi við þær breytingar sem nú eiga sér stað. Í framhaldi af þessari skýrslu efndum við til fréttamannaráðstefnu í Hveragerði þar sem komu um 40 manns. Þar voru framsögumenn stjórnmálamenn frá hinum Norðurlöndunum ásamt okkur Íslendingum. Þessi ráðstefna var mjög vel heppnuð og var í reynd fyrsta ráðstefnan sem fjallaði um framtíðarmálefni Norðurlandaráðs og skilaði ágætum árangri og umræðu í fjölmiðlum.

Ég vil einnig geta þess að nokkuð hefur áunnist í sambandi við ýmis mál að því er varðar nærsvæðin og vil ég í því sambandi sérstaklega nefna heimskautasvæðin en sá sem hér stendur hefur gegnt formennsku í nefnd sem á að koma á samskiptum þingmanna þjóðanna í heimskautalöndunum. Þessi nefnd hefur fundað nokkrum sinnum og á síðasta fundi tókst í fyrsta skipti að koma á formlegum samskiptum við bæði Kanadamenn og Rússa og er stefnt að því að haldin verði ráðstefna um málefni heimskautasvæðanna í Kanada á þessu ári eða e.t.v. í byrjun næsta árs. Það er vaxandi áhugi fyrir þessum málaflokki innan Norðurlandaráðs og vænti ég þess að hreyfing komist á þau á næstunni, m.a. vegna þess að Kanadamenn vinna nú að því að stofna sérstakt heimskautaráð eða arktískt ráð. Þessi viðleitni Kandamanna er mikilvæg og mikilvægt fyrir okkur Íslendinga að fylgjast vel með og taka fullan þátt í þessu starfi.

Ég vil einnig geta þess að nú á sér stað mikill undirbúningur vegna þings Norðurlandaráðs í Reykjavík sem verður haldið í lok þessa mánaðar og í byrjun mars. Það fylgir mikill undirbúningur slíku þinghaldi og móttaka margra góðra gesta en á þessu þingi mun Íslendingur, hv. þm. Geir Haarde, taka við formennsku í Norðurlandaráði og það verður hlutskipti hans m.a. að taka þátt í þeim breytingum sem væntanlega verða á starfsemi Norðurlandaráðs. Ég er viss um að honum mun farnast það vel og þessu fylgir að Íslendingar geta haft meiri áhrif á þróun framtíðarmálanna. Að sjálfsögðu þurfum við að taka mið af vilja annarra í þeim málum en það fer ekki hjá því að formennska á hverjum tíma skiptir máli þegar breytingar eiga sér stað.

Hæstv. samstarfsráðherra, Sighvatur Björgvinsson, hefur gert grein fyrir vinnunni í sameiginlegu nefndinni sem gert er ráð fyrir að skili af sér næsta mánudag á fundi í Kaupmannahöfn. Ég ætla ekki að gera grein fyrir þeim tillögum sem þar eru komnar á blað því að það gerði hæstv. ráðherra en ég vildi aðeins segja að það er ýmislegt í þessum drögum að nefndaráliti sem ekki er fullrætt og eins og það lítur út í dag þá vil ég taka fram að ég er ekkert sérstaklega bjartsýnn á að því starfi ljúki næsta mánudag. Það hefur að vísu verið tekið tillit til nokkurra mála sem við höfum ýmsir lagt áherslu á en ég tel t.d. alls ekki nægilega ljóst hverjar eigi að vera aðaláherslur í þessu samstarfi. Það stendur að það skuli fyrst og fremst vera menningar- og menntamál og síðan stendur að auk þess beri að leggja áherslu á atvinnumál og samgöngumál eða svokallaðan infrastrúktúr og einnig á umhverfismál og málefni borgaranna. Ég tel þetta ekki vera nægilega skýrt, sérstaklega að því er varðar efnahagsmál, ekki síst með tilliti til þess að á öðrum stað stendur að leggja eigi mikla áherslu á málefni vestnorðursins. Það á að gera með því að leggja áherslu á menningarmál og einnig mál sem hafi þýðingu fyrir atvinnumál þessa svæðis. Ég býst nú við því að þetta orð

beri með sér að þarna sé verið að leggja áherslu m.a. á fiskveiðar en ég tel að þetta þurfi að skýra betur vegna þess að það er mikil tilhneiging að skera niður í þessu samstarfi á ýmsum sviðum og ekki síst vegna þess að Svíar hafa tilkynnt að þeir muni beita sér fyrir því að minnka norrænu fjárlögin eins og hæstv. samstarfsráðherra tók hér fram.

Það er ýmislegt annað sem ég geri athugasemdir við í þessari skýrslu. Ég nefni t.d. tengsl okkar við Evrópusambandið og það upplýsingastreymi sem þar þarf að fara á milli. Ég tel að því séu á engan hátt gerð nægilega góð skil í þessu uppkasti. Ég geri mér hins vegar grein fyrir því að forsætisráðherrarnir hafa ákveðið að það komi ekki til greina að setja á stofn sérstaka skrifstofu í Brussel í þessu sambandi og auðvitað verða menn að beygja sig fyrir þeirri ákvörðun en það er mjög mikilvægt að þessi tengsl séu sem best og stöðugt upplýsingastreymi sé milli Evrópumálanna og norrænu málanna. Það er lögð mikil áhersla á það í þessari skýrslu, sem ég er sammála, að það beri að nota norrænt samstarf og Norðurlandaráð til samstarfs um Evrópumál. Það hlýtur að bera með sér að nauðsynlegt sé að upplýsingarstreymi sé eðlilegt og gott milli annars vegar Evrópumálanna og hins vegar Norðurlandamálanna þó að auðvitað blandist þetta allt saman því að Evrópumálin eru hluti af norrænum málum.

Ég vil jafnframt taka það fram að ég er mjög ósáttur við það sem hér kemur fram um nefndaskipun og skipulag Norðurlandaráðs. Þó að það sé hlutur sem við þurfum fyrst og fremst að ræða sem erum í Norðurlandaráði, þ.e. þingmenn, þá er það atriði sem ég tel ekki vera fullrætt. T.d. er ekki gert ráð fyrir því að þar starfi alþjóðleg nefnd og samkvæmt þessu er sett upp forsætisnefnd sem er mjög stór og hefur með höndum mjög stór og mikilvæg verkefni og ég tel að allt of sé miklu hlaðið á forsætisnefndina.

Þetta þarf að ræða betur og auðvitað er það ekki eingöngu þessi nefnd sem segir síðasta orðið í þessu samhengi. Þar mun Norðurlandaráð þurfa að taka endanlega afstöðu og alveg ljóst að flokkahóparnir þurfa að ræða þessi mál betur áður en endanleg niðurstaða getur fengist. Ég er því ekki fullviss um að endanleg niðurstaða geti fengist í nefndinni á þeim fundi sem nú hefur verið boðaður á mánudaginn en auk þess hefur verið boðaður fundur í forsætisnefnd ráðsins á fimmtudaginn í næstu viku í Kaupmannahöfn. Allt krefst þetta mikils tíma af þeim sem í þessu standa og það er ekki mjög heppilegt við þær aðstæður sem nú eru á Íslandi og í reynd ekki síður í Finnlandi en kosningar eru fram undan í báðum löndunum.

Virðulegur forseti. Ég sé ekki ástæðu til að eyða allt of miklum tíma í upphafi til þess að gera grein fyrir skýrslunni. Hún skýrir sig að flestu leyti sjálf og ég ætla ekki að lesa upp úr henni hér til þess að spara tíma. Það eru mörg mjög mikilvæg mál á dagskrá innan Norðurlandaráðs og þar eru spennandi tímar fram undan. Það skiptir afar miklu máli að vel til takist að því er varðar þær breytingar sem nú eru fram undan. Það eru uppi mismunandi áherslur milli landa, t.d. að því er varðar völd flokkahópanna í þessu samstarfi, en að mínu mati eru flokkahóparnir ekki tilbúnir til þess í dag að yfirtaka öll þau verk sem eru nú hjá deildum þjóðþinganna sem eiga aðild að Norðurlandaráði.

Þetta þarf að yfirfara betur og það er ekki skynsamlegt að stökkva út í breytingar sem menn sjá ekki fyrir endann á. Sannleikurinn er sá að það eru ekki uppi nein sérstök vandamál hjá Norðurlandaráði og það er ekki ástæða til einhverra gífurlegra breytinga þar. Það sem hefur gerst er það að þrjú lönd eru orðin aðilar að Evrópusambandinu og það þarf að aðlaga starfsemi Norðurlandaráðs að þessum staðreyndum. Það er líka staðreynd að tvö lönd, Ísland og Noregur, standa utan og það er mikilvægt fyrir okkur og Norðmenn að hafa sem best samstarf við hinar þjóðirnar, m.a. til þess að hafa áhrif á gang mála innan Evrópusambandsins, sérstaklega þau mál sem snerta okkur og hafa áhrif á okkar þjóðlíf.

Þetta er í reynd verkefnið en það er rangt þegar því er haldið fram að Norðurlandaráð sé eitthvert sérstakt skrifræðisbákn sem þurfi að skera niður og það sé nánast óhugsandi að halda því samstarfi áfram í núverandi formi. Þarna hafa verið allt of ýktar lýsingar að mínu mati, þetta hefur skapað þær væntingar í samfélögunum á öllum Norðurlöndunum að það sé nauðsynlegt að fara út í einhverjar gífurlegar breytingar. Ummæli margra stjórnmálamanna sem þekkja til Norðurlandassamstarfsins hafa skapað þessar væntingar og því miður hafa margir eins og reynt að slá sér upp á því að tala heldur niðrandi um Norðurlandaráð og starfsemi þess.

Ég geri mér hins vegar grein fyrir því að það er nauðsynlegt að þetta starf hafi skilning meðal fólksins og fólkið skynji það að þetta samstarf sé til gagns. Ég vænti þess að Íslendingar skilji það betur en aðrir því að segja má að hver og einn Íslendingur taki þátt í norrænu samstarfi með ýmsum hætti. Ferðalög milli Íslands og hinna Norðurlandanna eru gífurlega mikil og samskipti íslenskra borgara mikil við bræðraþjóðirnar á hinum Norðurlöndunum. Íslenskir námsmenn sækja mjög til Norðurlandanna og ýmsir sækja þangað vinnu og mjög margir íslenskir ríkisborgarar dvelja á hinum Norðurlöndunum. Við njótum menningarsamskipta við þessar þjóðir, við njótum samstarfs á sviði atvinnumála og fjármála, m.a. vegna stofnana sem starfa á sviði fjármála í Helsinki eins og Norræni fjárfestingabankinn, og ýmsar aðrar stofnanir sem skipta þar miklu máli.

Allt þetta samstarf hefur haft mikla þýðingu fyrir Íslendinga í gegnum tíðina og ég tel að norræna samstarfið sé grundvallaratriði í íslenskri utanríkisstefnu og sé í reynd nauðsynlegt í þeim skilningi að Íslendingar geti verið sjálfstæð og fullvalda þjóð. Það er nánast óhugsandi að reka samfélag eins og Ísland án þess að hafa gott samstarf við grannþjóðir og það hefur reynst okkur gífurlega mikilvægt í gegnum tíðina að eiga gott samstarf við hinar Norðurlandaþjóðirnar.

Ég er ekki í nokkrum vafa um að allir þeir sem koma að norrænu samstarfi á Íslandi vilja leggja sig fram um það að tryggja þetta samstarf til frambúðar. Spurningin er aðeins sú hversu langt okkar bræðra-

þjóðir vilja ganga í þessu sambandi og sýna því skilning að þetta samstarf sé nauðsynlegt í ekki mjög breyttri mynd í framtíðinni. Einkum vænti ég þess að Svíar breyti um skoðun í þessu sambandi því það var vont merki frá þeim þegar þeir tilkynntu að þeir hygðust beita sér fyrir niðurskurði á samstarfinu. Það gerðu Danir ekki þegar þeir gengu í Evrópusambandið, þeir lögðu ekkert slíkt til og hafa rækt Norðurlandasamstarfið ágætlega við hliðina á Evrópusamstarfinu og við flest höfðum þær væntingar að þetta mundi ekki breyta miklu fyrir Svíþjóð og Finnland. Því miður eru uppi slíkar hugmyndir í Svíþjóð en það er sem betur fer ekki full pólitísk samstaða um það hjá þeim en Svíar eru mjög ráðandi í þessum efnum enda greiða þeir u.þ.b. 40% af fjárlögum Norðurlandaráðs. Þessi fjárlög eru ekki mjög umfangsmikil þegar litið er til þjóðartekna þessara landa. Hér er aðeins um að ræða rúmar 700 millj. dkr. sem er mikið fé á mælikvarða okkar Íslendinga en ekki mikið fé ef litið er til allra Norðurlandanna. Ég leyfi mér að fullyrða að þessu fjármagni er almennt vel varið. Auðvitað má þar gera betur á ýmsum sviðum og það þarf að vera til stöðugrar endurskoðunar og sjálfsagt að taka þátt í því að leggja ýmislegt niður og taka annað upp í staðinn. En mér þykir ósennilegt að það sé hægt að rækta norrænt samstarf í framtíðinni af einhverjum krafti með minna fjármagni en þarna er til umráða. Og í því sambandi má benda á að ýmis verkefni eru að bætast við eins og nærsvæðasamstarfið við Eystrasalt, á Norðurslóð og nú ekki síst það samstarf sem mun koma til vegna þeirrar þróunar sem er í Evrópu og inngöngu þriggja landa inn í Evrópusambandið og einnig þeirrar staðreyndar að bæði Ísland og Noregur eru aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu og þurfa því að rækta margvíslega samvinnu við Evrópusambandið með líkum hætti og hin Norðurlöndin sem hafa gerst aðilar.

Virðulegur forseti. Ég læt þetta duga hér í upphafi en vil endurtaka þakkir mínar til fulltrúa í Íslandsdeild Norðurlandaráðs fyrir samstarf þeirra og vinnu í sambandi við norræn málefni og jafnframt þeirra starfsmanna sem unnið hafa hörðum höndum að því að gera þetta samstarf árangursríkt.

[18:23]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra, samstarfsráðherra Norðurlanda, fyrir ítarlega skýrslu hans um störf Norrænu ráðherranefndarinnar svo og hv. þm. Halldóri Ásgrímssyni, formanni Íslandsdeildar Norðurlandaráðs, fyrir hans skýrslu um norrænt samstarf. Í áratugi hefur hið norræna samstarf verið hornsteinninn í íslenskri utanríkisstefnu og nú sem fyrr má kannski segja sem aldrei fyrr er Íslendingum brýn þörf á að rækta hið norræna samstarf og styrkja það svo sem mögulegt er. Þar ber okkur Íslendingum að leggja okkar lóð á vogarskál.

Verulegur hluti norrænu fjárlaganna eða fast að helmingur rennur til menningar- og menntamála. Þess vegna vil ég gera þau mál að nokkru umræðuefni. Það hefur komið í minn hlut sem menntmrh. að gegna formennsku á tveimur sviðum norrænu ráðherranefndarinnar nú sl. ár, annars vegar menningarmála og hins vegar menntamála og vísinda. Hin aukna áhersla Norðurlanda á Evrópusamstarfið og aukin þátttaka þeirra í ýmsum evrópskum verkefnum hefur ýtt undir umræðu um stöðu og hlutverk norræna samstarfsins á sviði menntamála og vísinda. Til að ræða þessi mál á breiðum vettvangi hélt ráðherranefndin um menntamál og vísindi mikla ráðstefnu í lok ársins 1993 í Lundi í Svíþjóð þar sem framtíð norræna menntamála- og vísindasamstarfsins var rædd í ljósi þeirrar þróunar sem er og verður á evrópskum vettvangi í nánustu framtíð. Á fundi ráðherranefndar forsætisráðherranna undir forustu hæstv. forsrh. Davíðs Oddssonar þann 29. jan. sl. lýstu forsætisráðherrarnir ánægju sinni yfir því hversu vel hefur gengið að breyta áherslum norræna samstarfsins þannig að u.þ.b. helmingi norrænu fjárlaganna verði veitt til málaflokkanna menningar, rannsókna og menntunar og vænta þeir þess að því marki verði náð á árinu 1996.

Í umræðu um fjárlagagerð Norðurlandaráðs fyrir árið 1995 greindi ég frá þeim þáttum sem Ísland vildi leggja megináherslu á. Þar er um að ræða rannsóknarverkefni um norræna samsemd, norrænt samstarf um mat á skólastarfi og málasamstarf þjóðanna. Þá lagði ég áherslu á Nordplus-styrkina, rannsóknastyrki og styrki fyrir lýðháskólanemendur, umhverfisrannsóknir, upplýsingatækni í skólum svo og menningarkennslu í skólum. Auk þessara verkefna er um ýmis önnur verkefni að ræða. Mörg þeirra hafa verið í gangi á undanförnum árum svo sem málasamstarfið og styrkjakerfin en öðrum var hleypt af stokkunum undir okkar forustu eins og ég gat um áðan. Í skýrslu samstarfsráðherra sem hér liggur fyrir er gerð grein fyrir stefnumörkun mennta- og menningarmálaráðherranna og framvindu þeirra viðfangsefna sem hún tók til. Ég mun því ekki rekja það ítarlega en gera nokkrum þáttum örlítil skil.

Eitt stærsta verkefnið sem ég hef lagt áherslu á í formennsku minni er að ýta úr vör miklu rannsóknarverkefni um norræna samsemd. Hugtakið norræn samsemd eða identitet er mikið notað í umræðu um norrænt samstarf og oft talið að norræn samsemd sé meginstoð í hinu öfluga norræna samstarfi. Með auknu evrópsku samstarfi sem öðru alþjóðlegu samstarfi er mikilvægt að varpa frekara ljósi hvað norræn samsemd felur í sér. Leitast verður við að varpa ljósi á hvaða þættir hafa áhrif á hana, efla hana eða draga úr henni. Sérstaklega verður hugað að því hvaða þættir hafa áhrif á samsemd norrænna unglinga. Þannig eru áhugamál unglinga könnuð, þekking þeirra og viðhorf til norræns samstarfs. Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála hefur verið falið af ráðherranefndinni að leiða þetta rannsóknarverkefni en að því koma sérfræðingar frá öllum ríkjum Norðurlandanna. Á næstu þremur árum verða veittar alls rúmar millj. dkr. í verkið af norrænu menningarfjárlögunum. Við gerum okkur vonir um að þessi rannsókn skili vitneskju sem koma megi að gagni við mótun norræns samstarfs í framtíðinni svo og þátttöku Norðurlanda í auknu evrópsku samstarfi.

Annað verkefni sem hafið hefur verið nú að okkar frumkvæði er mat á skólastarfi. Á undanförnum árum hefur orðið breyting á stjórnun grunn- og framhaldsskóla í öllum ríkjum Norðurlanda. Ábyrgð á valdi og fjármunum hefur í ríkara mæli verið dreift til lægri stjórnsýslusviða og sjálfra stofnananna. Slík valddreifing eykur eftirlitshlutverk yfirvalda. Það er mat menntmrn. að öflugt norrænt samstarf um mat á skólastarfi muni styrkja hinar norrænu þjóðir. Vegna menningarlegrar nálægðar geta þær samnýtt sér þekkingu á þessu sviði og þróað ýmis mælitæki og matsaðferðir. Einnig geta löndið staðið saman að ýmsum úttektum á skólastarfi.

Á árinu var 4,5 millj. dkr. varið í Nordmål-áætlunina. Á þessum árum hafa fjöldamörg námskeið verið haldin fyrir kennara, túlka og kennaranema. Einnig hafa verið gefnar út námsbækur, orðabækur og ýmis upplýsingarit. Hjá Orðabók Háskóla Íslands er nú unnið að orðabók fyrir íslensku og skandinavísku málin. Einnig kom út í ár grunnorðalisti fyrir færeysku og íslensku. Þá stendur yfir rannsókn á dönskukennslunni á Íslandi. Staða norræna skólafulltrúans í Norræna húsinu heldur áfram út árið 1995. Ný framkvæmdaáætlun um norræna málsamvinnu hefur verið undirbúin en fulltrúar frá Félagi dönskukennara og Samtökum móðurmálskennara á Íslandi eru mjög virkir í þessu samstarfi.

Ég vil aðeins drepa á nokkra mikilvæga þætti í viðbót sem varða menntamál, rannsóknir og menningarmál í norrænu samstarfi. Ég nefni þar tölvusamskipti skóla. Í mars sl. opnuðu norrænu forsætisráðherrarnir norrænt tölvusamskiptanet fyrir skóla. Við þróun á þessu tölvuneti var í ríkum mæli stuðst við þá þekkingu og reynslu sem fengist hefur af Íslenska menntanetinu. Má með sanni segja að Íslendingar hafi verið fyrstir Norðurlandabúa til að tengja nær alla grunn- og framhaldsskóla saman í eitt tölvusamskiptanet. Hefur Íslenska menntanetið vakið mikla athygli á Norðurlöndum sem og víðar erlendis. Í norræna skólatölvusamskiptanetinu á að vera hægt að nota alla norrænu bókstafina. Þetta skilyrði var sett í upphafi og hefur tekist að leysa það tæknilega. Netið tengist alþjóðlega tölvunetinu Internet. Vonast er til að þessi tölvusamskipti verði til að örva samstarf bæði nemenda og kennara á Norðurlöndum og styrkja tengsl á milli einstaklinga og stofnana.

Nordplus-styrkirnir á háskólastigi og á framhaldsskólastigi hafa haldið áfram á árinu. Íslenskir námsmenn hafa notið góðs af þessum styrkjum en einnig hefur talsverður fjöldi erlendra námsmanna komið til Íslands. Það er ánægjulegt að sjá að mikið jafnræði ríkir í þessum efnum en ýmsir óttuðust að straumurinn yrði meiri úr landi en til Íslands. Í heild hafa styrkirnir haft mjög jákvæð áhrif á hreyfanleika námsmanna á milli Norðurlanda. Hefur streymið frekar aukist heldur en hitt þrátt fyrir aukna möguleika námsmanna á háskólastigi að fá styrki á grundvelli samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

Norræni lýðháskólastyrkurinn hefur notið mikilla vinsælda, ekki síst hjá íslenskum nemendum. Hafa miklu færri getað fengið styrk en sótt hafa um. 20 íslenskir nemendur hafa fengið styrk á sl. ári.

Styrkirnir á vísindasviðinu sem NORFA, Nordisk Forskerutdanningsakademi, sér um að veita hafa einnig án efa aukið samstarf norrænna vísindamanna. Oft er norræna samstarfið einnig liður í öðru alþjóðlegu rannsóknarsamstarfi, m.a. á vegum rannsóknaráætlana Evrópusambandsins. Fjárveiting til stofnunarinnar var 31,4 millj. dkr.

Verkefnaáætlun um eflingu norrænnar menningarfræðslu í skólum liggur fyrir. Nýr samstarfssamningur um norræna kvikmynda- og sjónvarpssjóðinn er fullbúinn til undirritunar. Framkvæmdaáætlun um menningarstarf í þágu barna og ungmenna er í undirbúningi og verður lögð fyrir þing Norðurlandaráðs í haust. Kerfi ferðastyrkja handa ungum listamönnum er komið í framkvæmd.

Þetta eru að sjálfsögðu aðeins örfá dæmi um þau fjölbreyttu viðfangsefni sem unnið er að á vegum norrænu ráðherranefndanna á sviði menningarmála, menntamála og vísinda. Ávinningur okkar Íslendinga af þátttöku í þessu samstarfi er ótvíræður. Því ber að fagna þeirri samstöðu sem virðist vera fyrir hendi um að áfram skuli leggja rækt við samstarf norrænna þjóða á sviði menningar, menntunar og rannsókna svo sem áréttað var í stefnuyfirlýsingu frá fundi forsætisráðherra Norðurlanda í lok fyrra mánaðar eins og áður gat.

[18:33]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Við ræðum hér um norrænt samstarf af tilefni árlegra skýrslna frá samstarfsráðherra og frá Íslandsdeild Norðurlandaráðs. Og það fer nú svo eins og stundum áður að þessi umræða fær ekki það pláss í þingstörfum eins og vert væri hvað snertir tíma á degi og möguleika til að halda umræðunni áfram. Það ber að harma í raun því að það væri þörf á því að umræða um norrænt samstarf fengi meiri athygli og meira rúm hér á Alþingi og betri stað í dagskrá þar sem hún fer að jafnaði ekki fram nema einu sinni á ári. Raunar er það svo að hún hefur verið halaklippt, virðulegur forseti, í tvö undanfarin ár, ýmist fallið niður eða rétt verið mælt fyrir skýrslum en umræðu að öðru leyti ekki haldið fram.

Ég held að þetta sé í mikilli andstöðu við þann áhuga sem er á norrænu samstarfi í íslensku samfélagi og ég tala nú ekki um í andstöðu við það hvað er í húfi fyrir Ísland að vel takist til um framtíð og þróun norræns samstarfs. Þar er líka mikið að gerast og margt að varast og alveg sérstaklega talsverð óvissa sem er um framhald á hinu formlega samstarfi Norðurlanda. Þar skiptir afskaplega miklu að við Íslendingar séum á vaktinni og reynum að tryggja okkar hagsmuni í þessu samstarfi og laða okkar samstarfsþjóðir til þess að taka á með okkur eftir því sem frekast er kostur.

Við getum að sjálfsögðu ekki gert okkur vonir um það að vera mjög þungt lóð á þeirri vogarskál en þó vil ég engan veginn gera lítið úr þeim stuðningi sem íslenskur málstaður á hjá hinum Norðurlandaþjóðunum og ég tel líka að það sé ekki rangt að meta það svo að

hlutur okkar Íslendinga í þessu formlega samstarfi sé langt umfram það sem svarar til höfðatölu, sem út af fyrir sig er eðlilegt þar sem hér er um samstarf á jafnréttisgrundvelli að ræða. En það hefur raunar verið, að mér sýnist, nú undanfarin ár vaxandi, bæði að því er varðar hlut í hinu flokkspólitíska samstarfi þar sem íslenskir fulltrúar eru jafnvel í forsæti í því samstarfi sem nú er gert ráð fyrir og hefur raunar verið að vaxa að þýðingu til á undanförnum árum. Þetta er, held ég, nauðsynlegt að menn viðurkenni og við getum verið hreykin af því og eigum auðvitað að reyna að gera okkur gildandi eins og frekast er kostur á þessum vettvangi. Ég veit að vísu ekki hvernig þetta var hér svona langt aftur í tímann talið, en það er mitt mat að þarna hafi styrkur Íslendinga í þátttökunni vaxið og það er vel ef það er rétt mat.

Það sem hefur yfirgnæft flest annað á vettvangi Norðurlandaráðs á því ári sem þessar skýrslur ná til eru átökin um afstöðuna til Evrópusambandsins og það sem varðaði það mikla uppgjör sem fór fram í löndunum þremur, Finnlandi, Svíþjóð og Noregi, á haustmánuðum, frá október til nóvember, varðandi afstöðu til þeirra samninga sem ríkisstjórnir landanna höfðu gert. Þetta er raunar búið að setja mark sitt á norrænt samstarf, togstreitan um þessi efni, um margra ára bil og það ekki að ósekju, því auðvitað er hér um að ræða samninga við stóran aðila sem er Evrópusambandið eins og það hefur þróast og spurningin um aðild að því er auðvitað stærsta ákvörðun eftirstríðsáranna, er óhætt að fullyrða, í þessum löndum, hvort sem um var að ræða að segja já eða nei við þeim samningum sem gerðir höfðu verið af ríkisstjórnunum. Og það eru þessir samningar og sú staðreynd að að uppgjörinu loknu standa tvær þjóðir Norðurlanda utan við Evrópusambandið, Ísland, sem ekki sótti um aðild, og Noregur, sem hafnaði aðild að gerðum samningi. Það eru þessar staðreyndir og þrjár þjóðir nú inni, tvær að viðbættri Danmörku, sem þarna var, sem setja mark sitt á þá umræðu um endurmat á samstarfinu og spurninguna um framtíð norræns samstarfs.

Það þarf auðvitað engan að undra þó að það séu kröfur uppi um það af hálfu þeirra þjóða sem eru komnar inn í Evrópusambandið að knýja á um breytingar. Það er margt sem veldur því sem við verðum auðvitað að átta okkur á þó að skoðanir þeirra sem voru já-megin í þessari orrustu séu engan veginn einlitar eða allar af sama tagi þegar þeir eru að meta gildi og framtíð norræns samstarfs. Það er ekki þannig.

Það er t.d. mikill munur á mati fyrrv. forsrh. Svía, Carls Bildts, annars vegar, sem hefur kastað heldur slæmum kveðjum til norræns samstarfs á haustdögum eða á undanförnum mánuðum. Það er mikill munur á sjónarmiðum hans og hins vegar aðaltalsmanns danskra íhaldsmanna, Hans Engels, og ekki annað hægt að segja heldur en nú, sem oft áður, gæti þrátt fyrir allt ríkari skilnings hjá dönskum talsmönnum til þýðingar norræns samstarfs heldur en er að finna hjá hinum nýinnvígðu Svíum í Evrópusambandinu. Það er mjög athyglisvert og tengist vafalítið nálægð Dana við stóra bróður í suðri, Þjóðverjana, að þeir hafa aðra tilfinningu í þessum efnum heldur en Svíarnir.

Nú erum við að takast á um það, höfum verið á undanförnum vikum og mánuðum frá því að uppgjörinu lauk, hvað verður ofan á í þessum efnum og úrslitin liggja fyrir að einhverju leyti, auðvitað ekki endanleg úrslit því að þetta verður í þróun á þingi Norðurlandaráðs í Reykjavík sem er fram undan í lok þessa mánaðar. Þar eru skoðanir skiptar, eins og hér hefur verið rakið í umræðunni, en það er þó von okkar og ég held að við séum mjög samstiga um það, fulltrúar Íslands í Norðurlandaráði, að reyna að halda sem mestu af því sem hefur verið í þessu samstarfi án þess að setja okkur þvert gegn einhverjum breytingum. Það væri ekki skynsamlegt, enda fáum við ekki ráðið því ef allir aðrir leggjast á aðra sveif. Það segir sig sjálft.

Sá hópur á Norðurlandaráðsvettvangi sem ég hef starfað með og sem kallar sig vinstri sósíalista hefur verið þeirrar skoðunar að það bæri að styrkja norrænt samstarf og það er afar eindreginn vilji í þeim röðum að leggja aukna áherslu á það og það alveg óháð spurningunni um Evrópusambandið. Það helgast m.a. af því að flestir í þessum hópi hafa verið í löndunum, í átökunum sem þar hafa farið fram, ekki allir en flestir, verið á móti því að tengjast Evrópusambandinu með beinum hætti og hafa metið það svo að Norðurlöndin ættu að halda sig utan við það samkvæmi. Þetta setur eðlilega mark á okkar viðhorf sem þarna vinnum og við höfum náð mjög vel saman í þessum efnum, átt mjög gott samstarf og lagt talsvert til mála. Þótt hópurinn sé ekki stór sem þarna er að starfi þá hefur hann verið nokkuð virkur, held ég að sé óhætt að fullyrða, á þessum vettvangi. Sumum þykir, virðulegur forseti, að þessi hópur hafi verið of virkur þegar um er að ræða umræður og deilur, því að auðvitað höfum haldið fram okkar sjónarmiðum sem hafa verið býsna eindregin í sambandi við spurninguna um tengsl við Evrópusambandið.

Eitt af því sem við leggjum ríka áherslu á nú, fyrir utan þetta almenna sem ég hef talað, að styrkja sambandið, er að fá þar inn sem mest af málum eða umfjöllun um mál út frá samnorrænum vettvangi án þess að vera að gera Brussel-sjónarhornið að meginatriði. Að reyna að halda af þessum þremur þáttum sem hæstv. samstarfsráðherra gerði grein fyrir hérna, að reyna að gera samnorræna þáttinn sem stærstan, en ekki að taka annan þáttinn, sem er Evrópusamstarfið, að gera það að meginuppistöðu í skoðun málanna heldur að reyna að fá Norðurlöndin sameiginlega til þess að líta á hvar liggja okkar sameiginlegu hagsmunir og reyna þá að koma þeim áherslum inn í þátt tvö, þ.e. samstarfið innan Evrópusambandsins. Það segir sig sjálft að þetta er vandrötuð gata og það er ekkert einfalt fyrir þær þjóðir sem eru orðnar njörvaðar inn í Evrópusambandið með Rómarsamninginn að viðbættum Maastricht að halda þessum kúrs með okkur. Það er ekkert einfalt mál, því að utanríkispólitík er orðinn hluti af Evrópusambandinu og með beinum hætti eftir Maastricht. Og Norðurlöndin, Svíþjóð, Noregur, Danmörk, eru ekkert lengur sjálfráð um utanríkismál frekar en sín innri málefni. Þau eru ekki sjálfstæðar

þjóðir í þeim skilningi sem við höfum notað um það hugtak til skamms tíma heldur eru undirlagðar stjórnarskrá sem er ráðandi, þar sem er Rómarsamningurinn með breytingum sem síðan hafa verið gerðar á honum. Þetta setur málin auðvitað í erfiða stöðu að mörgu leyti.

Við viljum leggja ríka áherslu á það að öryggismálefni, öryggispólitík, utanríkis- og öryggismál í víðu samhengi verði til umfjöllunar á þessum vettvangi. Þar erum við í rauninni að taka undir það sem hefur verið viðurkennt með því að utanrrh. Norðurlanda hafa gefið sínar skýrslur á haustþingum og viljum styrkja það með því að varnarmálaráðherrar landanna verði þar einnig þátttakendur. Og við viljum að það verði litið vítt á öryggismálin, þ.e. félagsmálaþátturinn, félagslegur stöðugleiki, að norrænni velferð meðtalinni, verði hluti af þessu. Að aðstæður í grannsvæðunum, sem er nú farið að kalla nærsvæði, ég er ekki alveg viss um að það sé rétta hugtakið, nærsvæði. Það eru kannski áhrif frá Norðurlandamálunum. Áhrif grannsvæðanna, við þurfum auðvitað að fjalla um þau í þessu samhengi, þau varða okkur. Umhverfismálin í okkar umhverfi og inni í löndunum eru mjög stór þáttur sem tilheyra í rauninni öryggismálum í nútímaskilningi, eins og er farið að fjalla um þau. Kjarnorkumálin, bæði friðsamleg not og hernaðarleg, eru hluti af þessu sem þarf að fjalla um á samnorrænum vettvangi. Þetta er ein af okkar áherslum sem ég vildi nefna hér.

Síðan er auðvitað fjöldi mála. Þessi þriðji þáttur sem eru grannsvæðin varða okkur mjög miklu. Þarna er heimskautasvæðið í rauninni hluti af grannsvæðunum. Eystrasaltssvæðin og svæðin í Norðvestur-Rússlandi eru hluti af þessum grannsvæðum. Ég hef sem fulltrúi í efnahagsnefnd Norðurlandaráðs, sem ég á sæti í auk forsætisnefndar, verið í talsverðum tengslum við Eystrasaltsríkin á undanförnum árum og hef reyndar upp á síðkastið verið formaður í undirhóp sem hefur fjallað um málefni þessara ríkja fyrir hönd efnhagsnefndarinnar eða innan hennar. Það hefur verið mjög lærdómsríkt og norræna samstarfið hefur skilað verulegu inn í samhengi Eystrasaltsríkjanna og gagnkvæmt, verið mjög verðmætt og þarf að auka og styrkja því að þessi lönd og þessar þjóðir eiga tvímælalaust að mínu mati sem smáríki samleið með Norðurlöndunum. Og þrátt fyrir það að við erum nú klofin af Evrópusamandinu þá vona ég að þróunin eigi eftir að verða sú, það mun taka tíma, að þessi hópur nái í rauninni að fylkja sér saman og rífa sig lausan undan því oki sem á þær er lagt af stórveldunum sem ráða ferðinni í Evrópusambandinu. Það verður kannski ekki núverandi kynslóð en vonandi sú næsta og fyrir utan svo stóra bróður í austri, sem allir skjálfa fyrir sem eru nýlausir undan hrammi rússneska bjarnarins.

Virðulegur forseti. Fram undan er þing í Reykjavík um málefni Norðurlanda, þing sem mun hafa mikil áhrif á framtíð norræns samstarfs. Þar munu verða að samfylkja ráðherrar og þingmenn sem eiga aðild að þessu. Íslendingar hafa farið með forustu ráðherramegin og unnið þar að mörgu leyti ágætt starf á liðnu ári. Þarna verður margt uppi, tillögur af ýmsum toga. Menningarsamstarfið, það er sammæli um að viðhalda því og leggja mikið til þess. Það skiptir máli, en við megum ekki gleyma öðrum málaflokkum. Ég nefni það bara hér í lokin, menningarsamstarfið er auðvitað hið sameinandi, má segja, í okkar samstarfi. Það skortir á að það sé gerð grein fyrir Norræna menningarsjóðnum í skýrslunni. Hann mætti fylgja, jafnmikilvægur þáttur og hann er og ég skil ekki af hverju málefni Norræna menningarsjóðsins er ekki inni í þessari skýrslu. Það er kannski af því að að honum standa bæði þingmannaþáttur og ráðherraþáttur. En mikilvægi norræns samstarfs er ótvírætt, meira nú fyrir okkur vil ég halda heldur en oft áður og við eigum því að leggja alla áherslu á að starfa þarna með burðugum hætti og reyna að halda sem mestu af því sem vel hefur reynst fyrir okkur Íslendinga og það er raunar flest á þessum vettvangi.

[18:49]

Kristín Einarsdóttir:

Herra forseti. Eins og fram kemur í þeim tveim skýrslum sem við hér ræðum þá hefur norrænt samstarf á síðasta ári og reyndar á mörgum undanförnum árum spannað mjög vítt svið. Það er leitt til þess að vita að hér eru svo fáir hv. þingmenn sem taka þátt í þessum umræðum og að það skuli einungis vera við sem erum starfandi á norrænum vettvangi sem hér tökum til máls, en það er kannski ekki öll von úti enn. Ég tel að norrænt samstarf sé okkur Íslendingum mjög mikilvægt í framtíðinni, ekki síður en það hefur verið undanfarin ár og áratugi.

Í umræðunni hér á Alþingi og raunar annars staðar hef ég rætt hvað yrði ef svo færi sem nú er orðin raunin að meiri hluti Norðurlandanna gerðist aðili að Evrópusambandinu. Ég hafði af því verulegar áhyggjur að það gæti haft þau áhrif á norrænt samstarf að það mundi verða mjög lítið ef það mundi ekki leiða til þess að það yrði nánast í skötulíki. Því miður sýnist mér að nú séu blikur á lofti og að ýmislegt bendi til þess að sum þau ríki sem nú hafa gengið í Evrópusambandið vilji í raun ekki líta til hinna Norðurlandanna í samstarfi á alþjóðavettvangi og þá er ég þar ekki síst með Svíþjóð í huga.

Það er auðvitað mjög eðlilegt að við þær breytingar sem nú verða á Norðurlöndum, þ.e. Finnland og Svíþjóð hafa ákveðið að gerast aðilar að Evrópusambandinu auk Danmerkur, þá sé samstarfið endurskoðað í ljósi aðstæðna. En mér finnst á þeim tillögum sem hér hafa aðeins verið reifaðar að það sé ansi langt gengið í því að veikja samvinnuna.

Við í Íslandsdeild Norðurlandaráðs höfum rætt tillögur nefndar sem hv. 1. þm. Austurl., Halldór Ásgrímsson, er fulltrúi Íslands í og reyndar er hann einnig fulltrúi miðjuhópsins eins og ég held að hér hafi komið fram. Við höfum rætt tillögur þessarar nefndar og höfum við haft þar ýmislegt að athuga eins og hann skýrði hér frá. Ég hef einnig komið athugasemdum mínum á framfæri á fundi sem deildin var á með hæstv. forsrh. og hæstv. viðskrh., samstarfsráðherra Norðurlanda, þar sem ég lýsti áhyggjum mínum yfir þeim tillögum sem þarna væri verið að setja á blað þó

auðvitað sé margt þar ágætt einnig.

Ég hef verulegar áhyggjur af því að það eigi að færa mikil völd frá landsdeildunum yfir til flokkahópanna og tel það af hinu illa, sérstaklega fyrir Ísland. Ég tel að það sé mjög mikilvægt að Norðurlandasamstarfið sé á jafnréttisgrunni, þ.e. Norðurlöndin hafi þar jafnræði. Ég óttast mjög að með því að auka áhrif flokkanna með þeim hætti sem komið hefur fram í þessum tillögum þá muni það hafa slæm áhrif. Einnig tel ég ekki hepplegt að forsætisnefndin fái eins mikil völd og gert er ráð fyrir í tillögunum. Ég vænti þess og vona raunar að hv. 1. þm. Austurl. fyrir okkar hönd muni geta haft áhrif á þessa tillögur og þeim verði breytt í þá veru sem við munum frekar geta sætt okkur við þær.

Hann lýsti því hér að hann hefði ekki trú á því að þessar tillögur verði samþykktar í næstu viku og það liggur við að ég verði að lýsa ánægju minni með það ef þær athugasemdir sem komið hafa fram verði kannski til þess að menn setjist aðeins betur yfir þessar tillögur og breyti þeim í betra horf. Þó að e.t.v. eigi ekki að vera að fagna því að ekki sé hægt að ljúka störfum þá liggur við að ég verði að lýsa því hér að það gleður mig.

Tillaga Svía um það að skera verulega niður fjárveitingar til Norðurlandaráðs lýsir kannski einna best hvaða áherslur þeir vilja leggja í framtíðinni og ef þær tillögur ganga eftir þá óttast ég að samvinnan á mjög mörgum sviðum muni detta niður. Aftast í skýrslu samstarfsráðherra Norðurlandanna sem hér hefur verið gerð grein fyrir er m.a. áætlun um norrænt samstarf í framtíðinni. Þar er talað um nokkuð mörg svið og sýnist mér að þau samstarfssvið muni flest falla niður ef það gengur eftir sem Svíar hafa nú boðað, að fjárveitingar til samstarfsins verði skertar verulega. Þá óttast ég að mjög mikilvæg svið falli utan við. Ég get bara nefnt eitt sem dæmi sem er svið sem fellur undir þá nefnd sem ég starfa í, umhverfisnefnd, en það er sjávarútvegssviðið. Ég óttast að það muni geta dottið út ef fram heldur sem horfir og það óttast ég að geti haft verulega slæmar afleiðingar fyrir Íslendinga. Einnig er talað um að auka eigi samstarf Vestur-Norðurlanda, sem ég er alveg sammála og er ég einnig með verulegar áhyggjur af því að það muni geta verið erfitt ef draga á verulega úr fjárveitingum til Norðurlandasamstarfsins.

Eins og ég sagði áðan þá er ég í umhverfisnefnd Norðurlandaráðs og hef starfað þar þann tíma sem ég hef verið í Norðurlandaráði og hefur hingað til verið talað um að umhverfismálin eigi að vera það svið sem eigi að leggja áherslu á fyrir utan menningar- og menntamál, sem hefur verið aðalsviðið sem lögð hefur verið áhersla á. Ég vona að við getum haldið því samstarfi áfram því að ég tel það vera mjög mikilvægt. Ég vil vekja athygli á því sem kemur fram á bls. 132 í skýrslu samstarfsráðherranna, þar sem þeir hafa lagt fram sín stefnumál í umhverfismálum, þ.e. að umhverfisráðherrarnir hafa lagt fram sína stefnu. Samkvæmt stefnuskránni, eins og segir í þessari skýrslu, þá hafa norrænu umhverfisráðherrarnir sameinast um að á sviði umhverfismála eigi ævinlega að miða við meginregluna um ströngustu gildandi kröfur. Þetta er dæmi um það að Norðurlandaþjóðirnar hafa ákveðið að vera í fremstu röð að því er varðar umhverfismál og mér finnst mjög mikilvægt að það geti haldist að Norðurlöndin komi fram saman, t.d. á sviði umhverfismála, sem þjóðir sem vilji vera þar í fremstu röð. Þess vegna tel ég svo mikilvægt að Norðurlandasamvinna haldi áfram, ekki bara á sviði menningar- og menntamála heldur á sviði allra annarra mála. Ef eingöngu á að vera um að ræða eitt svið þá er ég hrædd um að samstarfið muni smám saman hverfa og reyndar ekki á svo mjög löngum tíma. Ég vil lýsa því að ég vona að þær fréttir sem borist hafa varðandi tillögu Svía um að skerða fjárveitingarnar verulega, sem og þær tillögur sem liggja fyrir, þessu verði öllu saman breytt og þetta muni líta betur út þegar komið er með þessar tillögur til þings í Reykjavík um mánaðamótin febrúar/mars.

Ég held að ég fari ekki í fleiri atriði að því er varðar þetta samstarf. Það er mjög margt sem hægt væri að taka fyrir í báðum þessum skýrslum. Þetta eru mjög góðar skýrslur sem hér hafa verið lagðar fram og ítarlegar og eins og ég sagði áðan, lýsa hversu mikið samstarfið hefur verið, bæði á vettvangi þingmannasamstarfsins, sem og á sviði ríkisstjórnanna, en þar hefur Ísland haft forustu. Aðeins varð vart við það í upphafi þess tímabils sem Ísland hafði forustu að menn eins og hálfpartinn efuðust um að Ísland gæti tekið þetta að sér, en ég held að það hafi sannast á þessu ári sem nú er liðið frá því að Ísland tók við að við erum auðvitað fullfær um að taka að okkur slík ábyrgðastörf sem í því felst og hefur okkur verið sómi að því að hafa verið þar í forsvari og verið í forustu fyrir Norðurlandasamstarfinu. Ég er viss um að á sviði þingmannasamstarfsins muni það reynast alveg jafn vel, að Íslendingur muni verða þar í forsæti, en eins og fram hefur komið þá hefur Íslandsdeildin einróma sameinast um að styðja Geir H. Haarde í það starf.

Ég vil leggja áherslu á það að lokum, herra forseti, hversu mikilvæg ég tel að norræn samvinna sé okkur og lít raunar á norræna samvinnu sem einn af hornsteinum íslenskrar utanríkisstefnu. Ég vona að það geti orðið það áfram og að þær blikur sem ég sé á lofti og sá ótti sem ég ber í brjósti gagnvart norrænu samstarfi gangi alls ekki eftir. Vonandi getur norrænt samstarf haldið áfram þrátt fyrir að meiri hluti Norðurlandaþjóðanna hafi valið að gerast aðilar að Evrópusambandinu og í raun með þeim hætti rýrt möguleikana á því að geta tekið með öflugum hætti þátt í formlegu samstarfi Norðurlandanna.

Útbýting þingskjals:

Menningarráð Íslands, 399. mál, þáltill. VS o.fl., þskj. 639.

Vestnorræna þingmannaráðið 1994.

Skýrsla Vestnorræna þingmannaráðsins, 380. mál. — Þskj. 611.

Enginn tók til máls.

Samþykktir Vestnorræna þingmannaráðsins, fyrri umr.

Þáltill. ÁJ o.fl., 381. mál. — Þskj. 612.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Alþjóðaþingmannasambandið 1994.

Skýrsla Íslandsdeildar Alþjóðaþingmannasambandsins, 361. mál. — Þskj. 587.

Enginn tók til máls.

Norður-Atlantshafsþingið 1994.

Skýrsla Íslandsdeildar Norður-Atlantshafsþingsins, 372. mál. — Þskj. 601.

Enginn tók til máls.

Ráðstefnan um öryggi og samvinnu í Evrópu 1994.

Skýrsla Íslandsdeildar RÖSE-þingsins, 373. mál. — Þskj. 602.

Enginn tók til máls.

Evrópuráðsþingið 1994.

Skýrsla Íslandsdeildar Evrópuráðsþingsins, 374. mál. — Þskj. 603.

[19:05]

Lára Margrét Ragnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Á undanförnum árum hefur starfsemi Evrópuráðsins tekið nokkrum stakkaskiptum. Ber þar helst að nefna starf sem tengist inngöngu nýrra ríkja, þ.e. fyrrum kommúnistaríkja Austur-Evrópu í Evrópuráðið, enda telja þessi ríki ráðið nánast vera hliðið inn í viðurkennt samfélag lýðræðisríkja Vestur-Evrópu. Það er því þeim hjartans mál að fá viðurkenningu og inngöngu.

Eitt af helstu hlutverkum ráðsins á undanförnum árum og í næstu framtíð verður að leiða þessi ríki í þann farveg að þau verði meðvituð um framkvæmd lýðræðis og að lýðræðisleg vinnubrögð verði höfð í heiðri í þessum ríkjum. Í tengslum við inngöngu þessara *nýju ríkja var fyrir nokkrum árum samþykkt* svokallað halonenákvæði sem kveður á um eins konar eftirlit með því að ný ríki framfylgi lýðræði, ella eigi það á hættu að missa aðild að ráðinu. Þessi regla hefur veitt aðhald fram að þessu og hefur eflaust átt sinn þátt í þróun innan þessara ríkja og sömuleiðis stuðlað að öryggi í Evrópu.

Eins og kunnugt er hafa fyrrum kommúnistar komist aftur til valda í ýmsum fyrrum kommúnistaríkjum og er full ástæða til að fylgjast vel með lýðræðislegum vinnubrögðum þar. Ég vil sem dæmi geta þess að talsmenn frjálslyndra flokka í Búlgaríu, nú í stjórnarandstöðu, óttast mjög skert tjáningarfrelsi og jafnvel ferðafrelsi stjórnmálamanna. Það hefur t.d. verið hætt að útvarpa frá störfum þjóðþingsins sem byrjað var á eftir fall kommúnismans.

Á fáum árum hefur ríkjum Evrópuráðsins fjölgað gífurlega og með inngöngu Lettlands nú í vikunni eru þau orðin 34 en enn eru þó átta lönd sem bíða inngöngu enda samrýmist framkvæmd lýðræðis í þessum löndum ekki þeim reglum sem Evrópuráðið hefur sett sem skilyrði fyrir inngöngu. Skemmst er að minnast umræðu um aðild Rússlands þar sem reynt var að þrýsta á um inngöngu sl. haust en hefur nú svo sannarlega komið á daginn að það land á ekki samleið með lýðræðisríkjum Evrópu eftir þá hroðalegu atburði sem orðið hafa í Tsjetsjeníu.

Undanfarið kjörtímabil hef ég tekið þátt í þremur fastanefndum Evrópuráðsins, félags- og heilbrigðismálanefnd, vísinda- og tæknineFnd og nefnd um tengsl milli þjóðþinga og við almenning þar sem ég gegni nú formennsku. Nefndin á að stuðla að betri tengslum milli þjóðþinga aðildarlandanna og veita upplýsingar og ræða vinnureglur og lýðræðislegar hefðir þinganna og hefur starfið sérstaklega komið að gagni á sl. árum fyrir hin nýju ríki ráðsins. Nefndarmenn reyna að fylgja eftir samþykktum ráðsins með fyrirspurnum um framvindu einstakra samþykkta þess innan þjóðþinganna og enn fremur kemur nefndin með tillögur um hvernig bæta megi tengsl við almenning og upplýsingar um störf ráðsins. Ný verkefni hafa bæst við undanfarið og nefndin fjallað sérstaklega um framkvæmd lýðræðis, ekki eingöngu í nýjum aðildarríkjum heldur einnig í því sem við köllum hefðbundnum lýðræðisríkjum. Það veldur mörgum áhyggjum hversu þingmenn hafa fjarlægst umbjóðendur sína og hvernig ráða megi bót á því. Ekkert síður er það áhyggjuefni hvernig fjölmiðlar hafa iðulega beint og óbeint stýrt pólitískri atburðarás með fréttaflutningi og áherslum sínum.

Enn fremur er nú mikið fjallað um kosti og galla upplýsingaþjóðfélagsins með tilkomu tölvutækninnar. Nefndin hefur og mun áfram gangast fyrir milliþinga-

ráðstefnum um þessi efni þar sem ekki einungis sitja þeir þingmenn sem setu eiga í Evrópuráðinu heldur aðrir þingmenn þjóðþinga og fulltrúar ýmissa félagasamtaka.

Evrópuráðið hefur fyrst og fremst verið þekkt fyrir störf sín að mannréttindum og hefur að mínu mati iðulega ekki notið sannmælis fyrir störf sín, þ.e. störf þess hafa verið vanmetin. Við heyrum iðulega vitnað í Mannréttindadómstólinn í Strassborg en ég hef rekið mig á að margir átta sig ekki á því að dómstóllinn, sem er sjálfstæð stofnun, er á vegum Evrópuráðsins. Reyndin er einnig að ráðið fjallar um nánast allt hið pólitíska litróf nema helst öryggismál þar sem það þó getur haft óbein áhrif eins og ég lýsti hér að framan.

Eins og fram kemur í skýrslunni um hlutverk Evrópuráðsins þá er það að veita ráðherranefnd Evrópuráðsins ráðgjöf en sú skilgreining á hlutverki þingsins eins og segir í skýrslunni endurspeglar engan veginn það vægi sem starfsemi þingsins hefur. Samþykktar tillögur Evrópuráðsþingsins sem fara til ráðherranefndarinnar hafa iðulega verið stefnumarkandi fyrir lagasetningu í þátttökuríkjum ráðsins. Margar þeirra hafa síðan fest sem sáttmálar milli þátttökuríkja og eru slíkir sáttmálar nú um 150 talsins. Að fróðra manna sögn jafngilda þessir 150 sáttmálar 30 þúsund tvíhliða samningum. Meðal þessara sáttmála má nefna mannréttindasáttmála í Evrópu, sáttmála um lyfjasamheiti, nokkuð sem allar lyfjaverslanir í Evrópu geyma eða eiga að geyma, sáttmála um peningaþvætti og sáttmála um arfleifð í arkitektúr en í því efni var Evrópuráðið frumkvöðull í verndun menningararfs.

Á því þingi sem stóð í sl. viku var samþykkt tillaga um sáttmála um lífsiðfræði, sem eflaust á eftir að taka einhverjum breytingum svo viðkvæmt sem málið er, en unnið hefur verið að þessari tillögu innan þingsins í um það bil áratug. Sem dæmi um samþykktir á sl. ári voru samþykktir um jafnrétti kynjanna, umhverfismálaráðstefnu Evrópu, geðlækningar og mannréttindi, stöðu mannúðarmála og þarfir flóttamanna og annarra viðkvæmra hópa í ríkjum Júgóslavíu fyrrverandi, vernd og nýting efna úr mannslíkamanum, matvæli og heilsu, menntun framúrskarandi nemenda og rétt aldraðra til velferðar og læknisþjónustu.

Enn má nefna það frumkvöðlastarf sem Evrópuráðið vann þegar það gekkst fyrir fyrstu ráðstefnu sinni um umhverfismál árið 1970. Þá þótti ekki mörgum til þess koma. Evrópuráðið gekkst einnig fyrir fyrsta umhverfisári í Evrópu árið 1975.

Evrópuráðið hefur á sinni könnu ýmsa sjóði, svo sem félagsmálasjóðinn, en úr þeim sjóði nutu Íslendingar góðs eftir eldgosið í Heimaey 1973. Ekki má heldur gleyma ýmiss konar samkomulagi milli þjóða sem eiga sameiginlegra hagsmuna að gæta. Oftast er um að ræða svæðisbundna hagsmuni, svo sem samkomulag þeirra ríkja sem land eiga að Dóná og Rín um hreinsun ánna, en einnig er um að ræða eins konar eðlislæga hagsmuni, svo sem samkomulag ríkja um aðstoð og fjármögnun við náttúruhamfarir. Loks má nefna Evrópsku ungmennamiðstöðina sem er eins konar þjálfunarmiðstöð fyrir ungt fólk með leiðtogahæfileika. Þar er bæði tungumálakennslan og ýmiss konar önnur námskeið.

Vegna stækkunar Evrópuráðsins undanfarin ár er í gangi endurskoðun á skipulagi þess. M.a. hefur verið rætt um að fjölga fastanefndum. Í þessum fastanefndum fer fram mikil undirbúningsvinna fyrir þær samþykktir sem þingið síðan gerir. Venjan er sú að nefndir velja svokallaðan framsögumann fyrir hvert verkefni og hefur sá aðili mikla möguleika á að hafa ríkáhrif á endanlega skýrslu sem síðan er lögð fyrir þingið til samþykktar. Mín reynsla er að virk þátttaka í nefndum gefi tækifæri til mikilla áhrifa. Það er því ekki eftir litlu að slægjast fyrir íslenska þingmenn að vera virkir þátttakendur í starfi Evrópuráðsins og hafa þannig áhrif á stefnu og lagagerð í Evrópu þótt óbein séu. Með ábyrgri þátttöku eigum við einnig mun betri möguleika á að vekja athygli á Íslandi og kynna íslensk viðhorf sem hafa sérstöðu á hverjum tíma og þetta reyndum við svo sannarlega í umræðum um hvalveiðimál fyrir rúmu ári síðan sem lyktuðu okkur í hag.

Íslandsdeild Evrópuráðsins hefur búið við fjárhagslega þröngan kost til að sinna æskilegri þátttöku í störfum ráðsins og hafa fulltrúar okkar þess vegna ekki átt kost á að sækja ýmsa nauðsynlega nefndarfundi og jafnvel ekki öll þing ráðsins. Þetta er þeim mun bagalega þar sem tekið hefur verið eftir góðu framlagi fulltrúa okkar á þeim fundum sem við höfum sótt. Þess vegna ættum við að eiga möguleika á að auka enn áhrif okkar á starfsemi Evrópuráðsins með aukinni þátttöku. Ég vil þó faga því að utanrrn. hefur viðurkennt aukið mikilvægi þátttöku okkar í Evrópuráðinu með því að opna skrifstofu í Strassborg en ég vil jafnframt leggja áherslu á nauðsyn þess enn og aftur að auka möguleika Íslandsdeildarinnar til þátttöku í starfi Evrópuráðsþingsins og opna þannig leið til aukinna áhrifa.

Fríverslunarsamtök Evrópu.

Skýrsla Íslandsdeildar þingmannanefndar EFTA, 375. mál. — Þskj. 604.

[19:15]

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég hygg að þessi þingdagur hafi verið einn hinn undarlegasti sem ég minnist í 16 ára þingsetu minni. Hér hafa verið til umræðu hvorki meira né minna en utanríkismál. Allur þorri dagsins hefur farið í að ræða fáránlegar hviksögur sem hvergi er hægt að finna stað en þegar kemur að því að ræða um utanríkismál þá nennir enginn að vera hér og hér er enginn í salnum nema hæstv. forseti og ég. Hér eru á dagskrá málefni eins og málefni Vesturnorræna þingmannaráðsins, samþykktir Vestnorræna þingmannaráðsins, Alþjóðaþingmannasambandið, skýrsla, Norður-Atlantshafsbandalagið, skýrsla, Ráðstefnan um öryggi og samvinnu í Evrópu afgreidd hér án umræðu. Og ég spyr, hæstv. forseti: Hvers konar þjóðþing er þetta? Er þetta sú virðing sem við berum fyrir sam-

starfi við aðrar þjóðir? Ég veit ekki hvar þetta kjörtímabil ætlar að enda og þess vegna ber að fagna því að hv. 13. þm. Reykv., Lára Margrét Ragnarsdóttir, sá þó ástæðu til þess að ræða störf sín innan Evrópuráðsins.

Þar sem enginn þeirra sem sitja í þingmannanefnd EFTA er hér staddur nema ég þá get ég ekki látið þessa umræðu fara svo fram að enginn sjái ástæðu til þess að ræða starfsemi EFTA. Ég vil þó taka fram að hv. 5. þm. Norðurl. v., Vilhjálmur Egilsson, er raunar staddur erlendis á vegum þingmannanefndarinnar, svo og hv. 1. þm. Norðurl. v., Páll Pétursson.

Þó að það þjóni nú kannski ekki miklum tilgangi nema til þess að það verði skráð í þingtíðindi þá ætla ég að segja örfá orð um það starf sem ég hef orðið vitni að síðan ég tók setu í þessari ágætu nefnd. Allt þetta kjörtímabil hefur einkennst afar mikið af óvissunni sem ríkti um framtíð EFTA. Við biðum fyrstu tvö árin eftir því hvernig mál þróuðust í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi og eins og allir vita samþykktu Finnar og Svíar að gerast aðilar að Evrópusambandinu en ýmsum að óvörum urðu Norðmenn eftir í EFTA. Þegar það varð ljóst breyttist allt viðhorf manna til EFTA. Það er alveg ljóst að starfsemi þess verður að halda áfram. Fyrir þá sem ekki vita skal upplýst að Kjartan Jóhannsson er framkvæmdastjóri EFTA þannig að það er ævinlega þægilegt, eins og hv. 13. þm. Reykv. minntist á áðan, að hafa íslenska embættismenn á æðstu stöðum og gerir nefndunum að mörgu leyti auðveldara fyrir. En það óöryggi sem ríkt hefur hefur auðvitað orðið til þess að þingmenn EFTA-ríkjanna hafa verið að leita leiða um sína eigin framtíð og hafa að mínu viti ofurlítið vandræðalega beint sjónum sínum mjög til Austur-Evrópu, þeirra ríkja sem hafa verið svo mjög á dagskrá í dag.

Nú er það auðvitað ljóst að mörg þeirra ríkja eru ekkert komin á það stig að auðvelt sé að taka þau inn í Fríverslunarbandalagið þannig að allt hefur það nú verið svona heldur vandræðalegt og mörg málþing verið haldin um málið og ég get ekki neitað því að mér hefur fundist heldur lítið koma út úr þeim. En þessi sérkennilega staða að EFTA-ríkin eru nú einungis Ísland, Noregur, Sviss og Liechtenstein setur okkur auðvitað í mjög sérkennilega stöðu, ekki síst þar sem Sviss er síðan ekki aðili að Evrópska efnahagssvæðinu þannig að það einfaldar ekki starfsemina. Sem dæmi um vandræðaganginn var samstarfsnefnd Evrópuþingsins, Efnahagssambandsins og Fríverslunarbandalagsins samansett af 66 þingmönnum, 33 frá hvorum og fór það að sjálfsögðu eftir mannfjölda viðkomandi þjóða. Þegar þessi litlu og fámennu lönd urðu eftir þótti ýmsum eðlilegt að fækka fulltrúum í samstarfsnefndinni en þá kom það babb í bátinn að þá hefði orðið að fara að taka upp allan samninginn og enginn þorði að hrófla við honum þegar svo var komið. Nefndin er því enn þá skipuð 66 þingmönnum í orði án þess að hún sé það á borði. Og satt að segja stórefast ég um þó ég viti það ekki nákvæmlega að þau lönd sem eru með okkur í Fríverslunarbandalaginu hafi virkilega fyllt upp í tölu þingmanna í þessari ágætu nefnd. Alla vega held ég að menn hittist nú eins og verið hefur og sýnir það hvað þetta er allt saman veikt.

Þrátt fyrir það höfum við þingmennirnir, sú sem hér stendur, hv. þm. Gísli S. Einarsson, 4. þm. Vesturl., hv. 4. þm. Reykv., Eyjólfur Konráð Jónsson. Hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir hætti að sjálfsögðu þegar hún gerðist borgarstjóri og við tók Anna Ólafsdóttir Björnsson. Í millitíðinni gegndi hv. þm. Guðrún J. Halldórsdóttir þessu verki. Þá eru í nefndinni hv. 1 þm. Norðurl. v., Páll Pétursson, og formaður okkar hefur allan tímann verið hv. 5. þm. Norðurl. v., Vilhjálmur Egilsson. Samstarf í nefndinni hefur verið með mestu ágætum og ekki hef ég neitt út á störf hv. formanns að setja. Hann hefur sinnt þessu starfi af stökustu prýði.

Ef ég ætti að upplýsa hv. þm., sem eru farsællega fjarverandi, um hvað við höfum í raun og veru verið að gera er svo sem ekkert af óskaplega miklu að státa, en þó höfum við dálítið skipt okkur af umhverfismálum. Íslandsdeildin tók upp umræður um mengun hafsins af völdum kjarnorkuúrgangs frá kjarnorkuendurvinnslustöðvum innan vinnuhóps þingmannanefndar um umhverfismál. Þegar við settum þá fyrirspurn fram óskuðu Norðmenn eftir að vera með okkur í þeirri fyrirspurn og okkur þótti nokkur sómi að því en við erum enn að bíða eftir svari því að allur ferill slíkra mála er harla hæggengur að mínu mati í þessari ágætu stofnun enda hefur verið unnið að því að einfalda þann feril.

Ég hef átt sæti í fjárhagsnefnd EFTA og þar var auðvitað uppi mjög mikill vandi vegna þess að það er ekkert smámál að snúa niður svo viðamikla starfsemi þegar tvö stórríki hafa horfið úr EFTA. Auðvitað varð að taka upp alla fjárlagagerð og það var rætt um framtíð EFTA og EES á mörgum fundum. Á þessum fundum kom fram að aðildarríki EFTA hefðu gefið fyrirmæli um að starfsfólk yrði einungis ráðið út júní. Þetta olli auðvitað mörgum starfsmönnum miklum erfiðleikum og grun hef ég um að ekki hafi sérstaklega vel verið farið með alla, einkum þá sem lengst hafa unnið. Jafnframt hafa tæki fyrir stofnanir EFTA náttúrlega verið tekin á leigu og þessu þurfti öllu að skila. Ákveðið var að aðildarríki EFTA veittu ríkjum svigrúm varðandi fjárhagsskuldbindingar en þau ríki sem gengu í ESB 1. jan. 1995 mundu virða fjárhagsskuldbindingar við EFTA í sex mánuði eftir að þau væru komin í ESB. Jafnframt þurfti að ákveða hvaða mál yrðu tekin fyrir í dómstólnum og þar var miðað við að það yrði líka tímabundið. Síðan þurfti að breyta stórlega húsaleigu fyrir hús sem tekin höfðu verið til leigu fyrir lengri tíma og við þá samninga verður auðvitað að standa og greiða þá húsaleigu þangað til þeir eru runnir út. Þetta hefur því allt saman mótast af miklu róti og satt að segja verið afar erfitt að ganga til verka eins og við værum að vinna að einhverju sem við vissum að ætti framtíð. Ég skal játa hreinskilnislega að mér hefur oft og tíðum fundist starf mitt í þessari nefnd innihaldsminna en ég á að venjast þar sem ég sit í nefndum. Vegna þess að rætt var um norræna samvinnu áðan er því ekki saman að jafna hvað mér fannst ég gera meira gagn þau sex ár sem ég sat í Norður-

landaráði en þau fjögur sem ég hef setið í EFTA-nefndinni. En um það er ekki við okkur að sakast. Við áttum ekki marga kosti á því að láta mikið til okkar taka.

Við höfum rætt um hvort búið væri að gera ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir að vandamál tengd viðskiptum með fisk, sem komu upp í Frakklandi, gætu komið aftur upp á næsta ári. Við fengum þau svör að framkvæmdastjóri Evrópusambandsins hefði fullvissað samstarfsaðila sína innan EES um að allt yrði gert til að forðast að slík vandamál kæmu upp aftur. Hins vegar var auðvitað bent á að þó að allt yrði gert til að forðast slíkt væri aldrei fulltryggt og hægt að lofa því fyrir fram og var þá vitnað til þess að Evrópusambandið hefði engan her til að ganga eftir slíkum málum og ekki get ég annað en þakkað fyrir að svo er ekki.

Við höfum auðvitað á hverjum fundi auglýst eftir svari við fyrirspurn okkar um kjarnorkuúrganginn en svarið hefur ekki komið enn.

Ég skal, hæstv. forseti, ekki vera að teygja umræðuna. Ég á ekki von á að fleiri taki til máls þar sem hér virðast allar horfnir af vettvangi eftir að hætt var að ræða umfangsmikla njósnastarfsemi þeirra hv. þm. flokksfélaga minna og verð ég nú að dást að því hve lítið hefur fyrir þessu farið innan flokksins en daguinn fór þó að mestu í það.

Rétt að síðustu varð svo dálítil umræða um hvar stofnanir EFTA ættu að vera eftir að þessi tvö ríki voru gengin úr Fríverslunarbandalaginu og Svisslendingar lögðu á það mikla áherslu að höfuðstöðvar EFTA yrðu áfram í Genf þó að hluti starfseminnar yrði að vísu í Brussel. Á fundi með hæstv. utanrrh. Jóni Baldvini Hannibalssyni var upplýst að EFTA-dómstóllinn flyttist til Lúxemborgar. Við það gerðum við athugasemd og hv. 1 þm. Norðurl. v., Páll Pétursson, spurði um þetta mál og lagði áherslu á að EFTA-stofnanir yrðu staðsettar í EFTA-ríkjum en ég á ekki von á að að þeim athugasemdum verði farið og sennilega verður það svo að dómstóllinn mun sitja í Lúxemborg eftir því sem ég best veit.

Rétt að lokum. Einhvern veginn hef ég haft það á tilfinningunni að Evrópuþingið sé í vanda. Ég held að það hafi verið svo um langt skeið að þeim þingmönnum sem eru allmargir, mörg hundruð manns, finnist völd sín og áhrif of lítil og menn hafa talað um að annaðhvort þurfi að styrkja Evrópuþingið eða fækka þingmönnum þess og veita þá meiri völdum til hinna ýmsu þjóðþinga. Á þessu geta orðið allar þær breytingar sem hugsanlegar eru og erfitt að sjá fyrir sér framtíð þessara mála. Það var auðvitað alveg ljóst að þegar Jacques Delors yfirgaf samkvæmið urðu töluverðar breytingar því hann hefur eins og kunnugt er að vissu leyti verið höfundur Evrópska efnahagssvæðisins og Evrópuhugsjónarinnar. Það er auðvitað ágreiningur í Frakklandi um framtíð þessara mála og það er alveg ljóst að Balladur er ekki sami áhugamaðurinn um Evrópusambandið og Jacques Delors og nú hefur hann eins og kunnugt er dregið sig út sem forsetaefni í Frakklandi og menn hafa haft á orði að þar hafi Helmut Kohl misst góðan bandamann. Hvernig sem þessu öllu víkur við og hvernig þetta reynist allt í framtíðinni er auðvitað erfitt að segja. Ég held að við eigum ekki marga kosti aðra en að vinna innan Fríverslunarbandalagsins og Alþingi hefur samþykkt samninginn um Evrópska efnahagssvæðið og við alþýðubandalagsmenn erum vön því að horfast í augu við staðreyndir þannig að við reynum auðvitað að gegna hlutverki okkar þar úr því sem komið er þó að við eigum mörg erfitt með að sjá hvert gagn við höfum haft af því. Ekki eru áhyggjur mínar minni þegar við horfumst í augu við að norrænt samstarf virðist vera að molna niður og allt það sem við höfum stært okkur af um áratuga skeið, svo sem vegabréfsleysi milli landanna og norræna samninginn um félagslegt öryggi. Að mínu mati þurfum við að gæta okkar mjög vel því að ég á eftir að sjá að við höfum meiri hag af Evrópska efnahagssvæðinu en við höfum haft af norrænu samstarfi. En við eigum auðvitað að gera okkar besta á hverjum þeim vettvangi sem við erum sett á og þess vegna þótti mér ekki við hæfi að enginn væri hér til þess að ræða þessi mál og upplýsa þá hv. þm. sem kynnu að renna augum yfir þingtíðindi ef ekki vill betur.

Þá hef ég lokið máli mínu, hæstv. forseti.

Út af dagskrá voru tekin 1.–3. mál.

Fundi slitið kl. 19:33.

91. FUNDUR

mánudaginn 13. febr.,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Málflytjendur, stjfrv., 89. mál, þskj. 89, nál. 605, brtt. 598 og 606. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
2. Atvinnuréttindi vélfræðinga, stjfrv., 315. mál, þskj. 459, nál. 615. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
3. Samsettir flutningar o.fl. vegna EES, stjfrv., 251. mál, þskj. 294, nál. 616 og 617. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
4. Samþykktir Vestnorræna þingmannaráðsins, þáltill., 381. mál, þskj. 612. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

Aðalmaður tekur sæti á ný:

Guðmundur Bjarnason, 1. þm. Norðurl. e.

Fjarvistarleyfi:

Davíð Oddsson forsrh.,
Egill Jónsson, 3. þm. Austurl.,
Guðni Ágústsson, 5. þm. Suðurl.,
Pétur Bjarnason, 2. þm. Vestf.,
Ragnar Arnalds, 3. þm. Norðurl. v.

Útbýting þingskjala:

Félagsþjónusta sveitarfélaga, 401. mál, stjfrv. (félmrh.), þskj. 643.

Lyfjalög, 403. mál, stjfrv. (heilbrrh.), þskj. 645.

Náttúruvernd, 123. mál, nál. meiri hluta umhvn., þskj. 640; brtt. meiri hluta umhvn., þskj. 641.

Réttur til veiða í efnahagslögsögu Íslands, 404. mál, stjfrv. (sjútvrh.), þskj. 646.

Vátryggingarstarfsemi, 402. mál, stjfrv. (forsrh.), þskj. 644.

Erindi lagt fram á lestrarsal:

Frá Foreldrafélagi Laugarnesskóla.

Tilkynning um utandagskrárumræður.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Áður en lengra er haldið vill forseti tilkynna um tvær utandagskárumræður að lokinni atkvæðagreiðslu. Í þeirri fyrri er málshefjandi Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, 6. þm. Vestf., og efni umræðunnar er öryggi í samgöngumálum Vestfjarða. Þetta verður hálftíma umræða.

Í síðari umræðunni er málshefjandi Ólafur Ragnar Grímsson og efni umræðunnar er hringamyndun og samþjöppun valds í íslenskri fjölmiðlun. Það er einnig hálftíma umræða.

Athugasemdir um störf þingsins.

Svör við fyrirspurnum.

[15:06]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Á haustmánuðum lagði ég fram skriflega fyrirspurn á hinu háa Alþingi til forsrh. um sérverkefni fyrir Stjórnarráðið. Mér bárust þau skilaboð að fyrirspurnin væri býsna flókin og erfitt að svara henni þannig að ég tók mig til og vann hana upp á nýtt og skilgreindi hvað átt væri við með fyrirspurninni. Nú hafa vikur og mánuðir liðið og ekki berst svar. Mér er kunnugt um að tveimur ráðuneytisstjórum var falið að ræða við mig um þetta mál ef það mætti leiða til þess að hægt væri að svara þessu en vikurnar hafa einnig liðið frá því að þeim var falið að vinna það verk og ég hef ekkert heyrt frá þeim.

Nú kann að vera að það sé rétt af hálfu ráðuneytanna að hér sé um flókna og viðamikla fyrirspurn að ræða en ég er að sjálfsögðu reiðubúin til þess að ræða við framkvæmdarvaldið um það hvernig hægt sé að skilgreina málið þannig að auðveldara væri að vinna það. Hins vegar er algerlega óásættanlegt að þingmönnum berist ekki svör við fyrirspurnum. Því vil ég fara þess á leit við hæstv. forseta að hann kanni hvernig stendur á því að ekki berst svar frá ráðuneytunum eða að ekki hafi verið leitað til þess þingmanns sem hér stendur um það hvernig hægt verði að leysa málið. Það er óviðunandi að ekki berist svar.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti getur upplýst að það hefur verið ítrekað af hálfu skrifstofunnar að svar berist við þessari fyrirspurn.

[15:08]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Vegna ummæla hv. þm. vil ég taka fram eins og reyndar hefur komið fram fyrr á þessum fundi að hæstv. forsrh. er veikur og hefur fjarvistarleyfi en ég skal á ríkisstjórnarfundi í fyrramálið taka það upp sem dagskrárlið að ræða þær fyrirspurnir sem hefur ekki verið svarað. Ég veit að í mörgum tilvikum, þar á meðal tilvikum sem snúa að fjmrn., er um að ræða flókin viðfangsefni sem tekur langan tíma að svara. Því miður er það svo að embættismenn hafa í mörgum tilfellum öðrum störfum að gegna en svara fyrirspurnum frá hv. þm. þótt vissulega sé það verkefni sem njóti forgangs. Ég mun koma þessum viðhorfum til skila. Ég get ekki lofað því að fyrirspurninni verði svarað strax þess vegna en mun taka málið upp og óska eftir því við aðra ráðherra að þeir geri grein fyrir því að hve miklu leyti þeir treysta sér og embættismönnum sínum til þess að svara fyrirliggjandi fyrirspurnum en það er auðvitað skylda þeirra samkvæmt þingsköpum að senda inn svör við fyrirspurnum á þeim tíma sem tilskilinn er í þeim lögum.

[15:09]

Matthías Bjarnason:

Virðulegi forseti. Þáltill. var samþykkt 19. mars 1992 um yfirtökutilboð og önnur almenn tilboð í hlutafélögum. Þáltill. var mjög einarðlega orðuð og var á þessa leið:

„Alþingi ályktar að fela viðskrh. að undirbúa nú þegar löggjöf um yfirtökutilboð og önnur almenn tilboð í hlutafélög til þess að vernda félagsmenn og aðra sem hagsmuna eiga að gæta. Leggja skal fram frv. um þetta efni fyrir 116. löggjafarþing svo að ný lög um þetta efni geti tekið gildi eigi síðar en 1. janúar 1993."

Ég leyfði mér nú þremur árum síðar að bera fram fyrirspurn til viðskrh. og ég lét í ljós mikla óánægju þegar að fyrirspurnin er ekki á dagskrá í dag. Það er löngu orðið mjög mikilvægt að löggjöf sé sett í þessum efnum og hæstv. fjmrh. sagði hér áðan að embættismenn hefðu ýmsum öðrum hnöppum að hneppa en að svara fyrirspurnum en þá eru líka til önnur vinnubrögð sem eru þau að þingmenn fái þá greidda sérfræðilega aðstoð til þess að semja slík frumvörp og ganga frá þeim og minnka álagið á embættismennina. Ég held að meiri þörf væri á því en mörgum snattferðunum sem eiga sér stað.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill upplýsa að hæstv. viðskrh. er erlendis og að því er forseti best veit mun hæstv. umhvrh. gegna í fjarveru hæstv. viðskrh. Að öðru leyti mun forseti koma athugasemdum hv. þm. til skila en hæstv. umhvrh. var að koma hér í salinn.

[15:12]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson):

Virðulegi forseti. Eins og fram hefur komið er hæstv. viðskrh. erlendis í opinberum erindagerðum en ég mun ganga eftir því við hann að þessari fyrirspurn verði svarað hið fyrsta.

Málflytjendur, frh. 2. umr.

Stjfrv., 89. mál (fjárvarsla, starfsábyrgðartrygging). — Þskj. 89, nál. nál. 605, brtt. 598 og 606.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:14]

1. gr. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EH, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GHall, GÁS, GunnS, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, SvS, VS, ÞorstP, ÖS.

18 þm. (ÁMM, DO, EgJ, GuðjG, GB, GÁ, GJH, GHelg, HÁ, LMR, MB, PBj, RA, RÓsk, SighB, StG, TIO, VE) fjarstaddir.

Brtt. 606.a samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, BBj, EH, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GunnS, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MB, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, SvS, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.

16 þm. (ÁJ, ÁMM, DO, EgJ, GB, GÁ, GJH, GHelg, HÁ, LMR, PBj, RA, RÓsk, SighB, StG, VE) fjarstaddir.

Brtt. 598 felld með 32:16 atkv. og sögðu

já: AÓB, EH, EKJ, HG, IBA, JÁ, JE, JóhS, JVK, KHG, KÁ, KE, MB, ÓRG, SJS, SvG.

nei: ÁRÁ, ÁJ, BBj, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GunnS, HBl, IP, JGS, JBH, JHelg, JónK, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, SvS, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.

15 þm. (ÁMM, DO, EgJ, GB, GÁ, GJH, GHelg, HÁ, LMR, PBj, RA, RÓsk, SighB, StG, VE) fjarstaddir.

Brtt. 606.b samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EH, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GHelg, GunnS, HBl, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MB, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, SvS, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.

15 þm. (ÁMM, DO, EgJ, GB, GÁ, GJH, HÁ, HG, LMR, PBj, RA, RÓsk, SighB, StG, VE) fjarstaddir.

2. gr., svo breytt, samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EH, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GHelg, GunnS, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MB, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, SvS, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.

15 þm. (ÁMM, DO, EgJ, GB, GÁ, GJH, HÁ, LMR, ÓRG, PBj, RA, RÓsk, SighB, StG, VE) fjarstaddir.

3.–6. gr. samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EH, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GHelg, GunnS, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MB, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, SvS, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.

14 þm. (ÁMM, DO, EgJ, GB, GÁ, GJH, HÁ, LMR, PBj, RA, RÓsk, SighB, StG, VE) fjarstaddir.

Ákv. til brb. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EH, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GHelg, GunnS, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MB, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, SvS, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.

15 þm. (ÁMM, DO, EgJ, GB, GÁ, GJH, HÁ, LMR, ÓRG, PBj, RA, RÓsk, SighB, StG, VE) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EH, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GHelg, GunnS, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MB, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, SvS, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.

14 þm. (ÁMM, DO, EgJ, GB, GÁ, GJH, HÁ, LMR, PBj, RA, RÓsk, SighB, StG, VE) fjarstaddir.

Atvinnuréttindi vélfræðinga, frh. 2. umr.

Stjfrv., 315. mál (STCW-reglur o.fl.). — Þskj. 459, nál. 615.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EH, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GHelg, GunnS, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, SvS, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.

13 þm. (ÁMM, DO, EgJ, GB, GÁ, GJH, HÁ, PBj, RA, RÓsk, SighB, StG, VE) fjarstaddir.

2.–5. gr. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EH, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GHelg, GunnS, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, SvS, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.

15 þm. (ÁMM, DO, EgJ, GB, GÁ, GJH, HÁ, ÓRG, PBald, PBj, RA, RÓsk, SighB, StG, VE) fjarstaddir.

Brtt. í nál. 615 samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GHelg, GunnS, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, SvS, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.

14 þm. (ÁMM, DO, EH, EgJ, GB, GÁ, GJH, HÁ, PBj, RA, RÓsk, SighB, StG, VE) fjarstaddir.

6. gr., svo breytt, samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EH, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GHelg, GunnS, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, SvS, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.

14 þm. (ÁMM, DO, EgJ, FI, GB, GÁ, GJH, HÁ, PBj, RA, RÓsk, SighB, StG, VE) fjarstaddir.

7.–8. gr. samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EH, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GHelg, GunnS, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, SvS, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.

14 þm. (ÁMM, DO, EgJ, GB, GÁ, GJH, HÁ, JVK, PBj, RA, RÓsk, SighB, StG, VE) fjarstaddir.

Ákv. til brb. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EH, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GHelg, GunnS, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, SvS, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.

13 þm. (ÁMM, DO, EgJ, GB, GÁ, GJH, HÁ, PBj, RA, RÓsk, SighB, StG, VE) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EH, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GHelg, GunnS, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, SvS, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.

14 þm. (ÁMM, DO, EgJ, EKJ, GB, GÁ, GJH, HÁ, PBj, RA, RÓsk, SighB, StG, VE) fjarstaddir.

Samsettir flutningar o.fl. vegna EES, frh. 2. umr.

Stjfrv., 251. mál. — Þskj. 294, nál. 616 og 617.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. í nál. 617 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar felld með 27:22 atkv. og sögðu

já: AÓB, EKJ, FI, GHelg, GunnS, HG, IP, JÁ, JE, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, ÓRG, StG, SJS, SvG, SvS, VS.

nei: ÁRÁ, ÁJ, BBj, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, JóhS, JBH, LMR, MB, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, ÞorstP, ÖS.

1 þm. (EH) greiddi ekki atkv.

13 þm. (ÁMM, DO, EgJ, GB, GÁ, GJH, HÁ, IBA, PBj, RA, RÓsk, SighB, VE) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:21]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Við erum að greiða atkvæði um

frv. til laga um samsetta flutninga o.fl. vegna aðildar Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu. Í minni hluta samgn. teljum við að um algerlega óhæfa lagasetningu sé að ræða og leggjum því til að frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar og erum við með sérstakt nefndarálit um það. Þess vegna munum við ekki greiða atkvæði með þessu frv. heldur að því verði vísað frá og kvennalistakonur munu a.m.k. greiða atkvæði gegn frv. því að slíka lagasetningaraðferð, sem lögð er til í frv., teljum við í hæsta máta mjög óeðlilega og til þess fallna að ýta undir það viðhorf sem heyrist oft að Alþingi sé algerlega ofurselt framkvæmdarvaldinu og hlutverk þess eingöngu afgreiðslustofnun.

[15:22]

Pálmi Jónsson:

Hæstv. forseti. Þessi liður í þingsköpum er tæplega ætlaður til þess að endurtaka umræðu um mál en vegna orða hv. 6. þm. Vestf. vil ég geta þess að ákvæði frv. fela í sér heimildir til ráðherra til að setja reglugerðir til staðfestingar á gerðum EES-samningsins að því er varðar flutningastarfsemi milli landa í Evrópu og innan landa Evrópusambandsins sem geta orðið okkur Íslendingum til hagsbóta en leggja ekki sérstakar kvaðir á okkur að öðru leyti.

1. gr. samþ. með 31:9 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GunnS, HBl, JóhS, JBH, JHelg, LMR, MB, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, SvS, TIO, ÞorstP, ÖS.

nei: AÓB, GHelg, HG, JÁ, JVK, KHG, KÁ, KE, SvG.

10 þm. (EH, FI, IP, JE, JGS, JónK, ÓRG, StG, SJS, VS) greiddu ekki atkv.

13 þm. (DO, EgJ, GB, GÁ, GJH, HÁ, IBA, PBald, PBj, RA, RÓsk, SighB, VE) fjarstaddir.

2.–3. gr. samþ. með 30:9 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GunnS, HBl, JóhS, JBH, LMR, MB, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, ÞorstP, ÖS.

nei: AÓB, HG, JÁ, JVK, KHG, KÁ, KE, SJS, SvG.

11 þm. (EH, FI, IP, JE, JGS, JHelg, JónK, ÓRG, StG, SvS, VS) greiddu ekki atkv.

13 þm. (DO, EgJ, GB, GÁ, GJH, GHelg, HÁ, IBA, PBj, RA, RÓsk, SighB, VE) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GHelg, GunnS, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, SvS, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.

3 þm. (EH, JVK, StG) greiddu ekki atkv.

11 þm. (DO, EgJ, GB, GÁ, GJH, HÁ, PBj, RA, RÓsk, SighB, VE) fjarstaddir.

Samþykktir Vestnorræna þingmannaráðsins, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÁJ o.fl., 381. mál. — Þskj. 612.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:25]

Till. vísað til síðari umr. með 52 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EH, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GHelg, GunnS, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, SvS, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.

11 þm. (DO, EgJ, GB, GÁ, GJH, HÁ, PBj, RA, RÓsk, SighB, VE) fjarstaddir.

Till. vísað til utanrmn. með 52 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EH, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GHelg, GunnS, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, SvS, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.

11 þm. (DO, EgJ, GB, GÁ, GJH, HÁ, PBj, RA, RÓsk, SighB, VE) fjarstaddir.

Umræður utan dagskrár.

Öryggi í samgöngumálum Vestfjarða.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Eins og áður hafði verið tilkynnt hefst nú utandagskrárumræða. Fyrst verður umræða sem hv. 6. þm. Vestf., Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, hefur beðið um. Efni umræðunnar er öryggi í samgöngumálum Vestfjarða og er samgrh. til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa.

[15:26]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Við höfum óþyrmilega verið á það minnt enn einu sinni hér á landi hve háð við erum veðurfari í öllu lífi okkar og starfi. Þeir dagar geta komið og stundum orðið margir á ári að ekki er hægt að halda uppi samgöngum á láði eða í lofti vegna veðurskilyrða. Þá er sjórinn eina samgönguleiðin. Þannig háttar ekki hvað síst til á Vestfjörðum þar sem vegakerfið er enn ófullkomið á stórum svæðum. Jafnvel þótt svo væri ekki er vegalagning víða þannig að mikil hætta er á að vegur lokist að vetri til og hættulegt geti verið að ferðast um vegina vegna snjóflóðahættu því að oftar en ekki eru þetta sneiðingar í bröttum hlíðum. Þannig er einmitt ástandið með hinn svokallaða Djúpveg í Ísafjarðardjúpi. Frá því um miðjan janúar hefur tæpast verið hægt að halda þar opnum vegi. Bæði er að mikið hefur snjóað og því erfitt um mokstur og dæmi er um að það taki þrjá daga að opna veg-

inn frá Ísafirði til Hólmavíkur og tekst ekki að halda honum opnum nema um nokkra klukkutíma í senn áður en hann lokast aftur.

Þá er einnig rétt að gera sér ljósa þá staðreynd að 50–60 km geta verið á milli byggðra bóla. Það hlýtur því hver maður að sjá að ekkert öryggi er í þeim samgöngum að vetri til þar sem svo er ástatt. Ég tel því fullsannað að hér verði jafnframt að vera til staðar samgöngur á sjó og ekki séð fyrir að hægt sé að leggja þær af og treysta eingöngu á vegina.

Um áratuga skeið hefur Djúpbáturinn hf. þjónað íbúum við Ísafjarðardjúp, haldið uppi samgöngum við eyjarnar í Djúpi, bændur í Inndjúpi og á ströndinni, jafnframt hin síðari ár að flytja bíla milli Ísafjarðar og staða í Djúpi. Árið 1991 var ljóst að endurnýja þyrfti gamla Fagranesið ef það ætti að sinna hlutverki sínu. Endurbætur voru áætlaðar um 80 millj. kr. Var þá ákveðið að festa kaup á notuðu skipi frá Noregi sem bauðst fyrir 45 millj. kr. Það var ekjuskip sem gert var fyrir 24 bifreiðar og 170 farþega. Skipið var keypt með vitund og vilja stjórnvalda og var ætlunin að byggja ferjubryggjur á Ísafirði og í Inndjúpi til að gera rekstur inn hagkvæmari.

Skemmst er frá að segja að þetta mál hefur mjög vafist fyrir mönnum í kerfinu. Ótal nefndir hafa verið settar á fót og gerðar kannanir á mögulegum rekstri. Margar ályktanir og undirskriftalistar hafa borist frá heimamönnum og nú síðast 2. febr. sl. var gerð samþykkt um málið á fundi bæjarstjórnar Ísafjarðar þar sem ítrekuð er ályktun bæjarins frá haustinu 1993 um ferjubryggjur. En í samgrn. virða menn það að vettugi.

Í 6. gr. fjárlaga árið 1992 var heimild til handa samgrh. um að ganga til samninga við heimamenn um smíði á ferjubryggjum. Á fjárlögum 1993 og 1994 hafa verið fjármunir til verksins. Sl. vor gekk samgn. Alþingis frá því með skýrum hætti hvernig að málinu skyldi staðið.

Í september lá á borði Hafnamálastofnunar tilbúið útboð í ferjubryggjur en enn gerist ekkert. Hafnamálastofnun fær ekki heimild til að bjóða verkið út. Því vil ég spyrja hæstv. samgrh.:

1. Hvers vegna voru ferjubryggjur í Ísafjarðardjúpi ekki boðnar út sl. sumar eins og samþykkt samgn. Alþingis gerði ráð fyrir?

2. Ef framkvæmdarvaldið hunsar vilja Alþingis og með aðgerðarleysi gerir Djúpbátnum ókleift að reka skipið, hvernig á þá að halda uppi reglulegum samgöngum við eyjarnar í Djúpi, við íbúa á Snæfjallaströnd og Langadalsströnd og sama má segja um aðra staði í nágrenni Ísafjarðar þegar vegir eru lokaðir svo dögum skiptir?

3. Telur ráðherrann að öryggissjónarmið séu höfð að leiðarljósi ef eingöngu á að treysta á vegasamgöngur í Ísafjarðardjúpi og leggja algerlega af samgöngur á sjó?

[15:31]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Það kemur mér örlítið á óvart að efnt skuli til utandagskrárumræðu um þetta mál eins og nú standa sakir þar sem þessi mál eru nú til athugunar hjá þingmönnum Vestfjarða en ég er þakklátur hv. þm. fyrir að taka málið upp vegna þess að þetta er auðvitað flókið mál, ekki einfalt og það snertir Ísfirðinga og Vestfirðinga margvíslega.

Fyrst er um þetta mál að segja að samkvæmt tillögum Vegagerðar og samgrn. eins og þær eru lagðar fyrir þingmenn Vestfjarða er gert ráð fyrir því að vegaframkvæmdum sé hraðað inn Ísafjarðardjúp. Um það stendur málið að Djúpvegurinn sé tekin í tölu stórverkefna þannig að af sameiginlegu fé landsmanna sé borgað 70% og gert er ráð fyrir því í þeim tillögum að á næstu fjórum árum til 1998 komi af stórverkefnafé alls 338 millj. kr. Miðað við langtímaáætlun eins og hún lá áður fyrir var gert ráð fyrir 56 millj. kr. á þessu tímabili og það kom allt af vegafé Vestfirðinga sjálfra þannig að samkvæmt langtímaáætluninni eins og hún var lögð fram af síðustu ríkisstjórn var ekki gert ráð fyrir því að hefjast handa um Djúpveginn fyrr en um aldamót.

Ég spyr: Telja Vestfirðingar það ekki til hagsbóta fyrir sig að hægt sé að ráðast strax í uppbyggingu Djúpvegarins? Ef gert er ráð fyrir því að Vestfirðingar leggi heimaframlag til er verið að tala um 438 millj. kr. á næstu fjórum árum. Það er auðvitað verulegt fé og meira en helmingur þess fjár sem þarf til uppbyggingar þessa vegar ef undan er skilin brú eða þverun eins og stundum er sagt yfir Mjóafjörð sem er inni í þessu dæmi við Hrútey sem áætlað er að kosti um 300 millj. kr. Það er þess vegna mjög gott boð, álitaefnið er þess virði að um það sé hugsað.

En það er auðvitað alveg ljóst að ekki er hægt að hugsa sér hvort tveggja: Að byggja upp fullkomna aðstöðu fyrir ferjuna og reka hana og hefjast samtímis handa um uppbyggingu Djúpvegar enda hygg ég að engum hv. þm. komi það til hugar og hv. þm. lagði málið heldur ekki fyrir með þeim hætti í fyrirspurn sinni. Ef við erum að tala um hafnaraðstöðu á Arngerðareyri kostar hafnargarður, viðlega og ekjubrú 38 millj. kr., bílastæði, vegur, snyrtiaðstaða, lýsing o.fl. lágmarksaðstaða um 15 millj., þá erum við að tala um 53 millj. og 24 millj. sem það kostar við Ísafjarðarkaupstað. Ég vil líka að það komi alveg skýrt fram þegar rætt er um öryggissjónarmið að það er Slysavarnafélagið sem fengi Fagranesið til þess að reka Slysavarnaskólann og það hefur lýst því yfir að að sjálfsögðu munu þeir stilla svo til að Fagranesið yrði fyrir vestan janúar- og febrúarmánuði. Það er alveg auðgert að það geti verið þar yfir hátíðarnar og fram í mars ef svo viðrar.

Ég ætla ekki að gera lítið úr því sem hv. þm. sagði en ég vil ítreka að ég hef alltaf litið svo á að Vestfirðingar, Ísfirðingar teldu það vera mikið öryggis- og mannréttindamál fyrir sig að Djúpvegur yrði byggður upp.

Ég tek auðvitað undir það með hv. þm. að víða fyrir vestan er mikil snjóflóðahætta, ég geri ekki lítið úr því, mér dettur það allra síst í hug. Þó að ég og nákomnir ættingjar mínir eigi ekki um sárt að binda af þeim sökum nú þá fylgdist öll þjóðin með því sem þar skeði. Á hinn bóginn minni ég á að auðvitað er snjó-

flóðahætta víða. Má vera að hún sé mest á aðalleiðum og Súðavíkurhlíðinni en í sömu andrá nefnum við staði eins og Eyrarhlíð, Hnífsdal, Óshlíð, Ólafsfjarðarmúla og víða annars staðar er snjóflóðahætta. Ég get nefnt Vattarnes, Kambanes, Auðbjargarstaðarbrekku, Skötufjörð, Vatnadalshlíð þannig að snjóflóðahættan er víða og ég geri ekki lítið úr henni. En ég hef á hinn bóginn rætt þetta mál m.a. við Ólafsfirðinga. Ég minnist þess hversu mikill léttir það var fyrir þá þegar göngin komu á sínum tíma. Eftir sem áður er auðvitað snjóflóðahætta í Múlanum en ég hygg að þeir mundu ekki samt sem áður vilja skipta á Múlavegi og gamla Drang.

[15:36]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Ég á bágt með að trúa öðru en því að um það verði samstaða meðal þingmanna Vestfirðinga að hraða vegabótum um Ísafjarðardjúp. A.m.k. var það þannig með mig að á þeim tíma sem ég barðist fyrir því ásamt öðrum þingmönnum Vestfjarða að fá fjárveitingar til ferjubryggja við Ísafjarðardjúp var það alltaf ofarlega í huga okkar að jafnframt þyrfti að vinna að því að í framtíðinni yrði byggður upp vegur inn Ísafjarðardjúp. Þess vegna trúi ég ekki öðru en við séum sammála um að mjög mikilvægt sé í þessu sambandi að vegaframkvæmdum um Ísafjarðardjúp sé hraðað sem allra mest enda muni framtíðin liggja í því að við höfum góðar vegasamgöngur milli þéttbýlisstaðanna við norðanvert Ísafjarðardjúp og raunar í Vestur-Ísafjarðarsýslu með tilkomu ganganna við aðalþjóðvegakerfi landsins. Jafnframt er það mjög mikilvægt að tryggja öryggi íbúanna á svæðinu og tryggja að ekki sé dregið úr öryggisþætti þessa máls. Eins og þessi mál hafa verið kynnt fyrir okkur hv. þingmönnum Vestfjarða er það í bígerð að gera samning milli fyrirtækisins Djúpbátsins hf. á Ísafirði og Slysavarnaskóla sjómanna um það að Slysavarnaskóli sjómanna leigi ferjuskipið Fagranesið til sinna nota. Það hefur líka komið fram hjá fulltrúum Slysavarnaskóla sjómanna að þeir sjá ekkert því til fyrirstöðu að skólinn sé til staðar á Vestfjörðum og sé þess vegna reiðubúinn til þess að grípa inn í og vera öryggis- og samgöngutæki fyrir svæðið á þeim tíma sem aðstæður eru eins og hv. 6. þm. Vestf. lýsti.

Jafnframt hefur komið fram að það er að sjálfsögðu gert ráð fyrir því að þjónustuferðunum við Ísafjarðardjúp sé sinnt og kostað sé til þess almannafé úr ríkissjóði alveg eins og gert hefur verið. Að þessu uppfylltu, þ.e. bæði sé séð fyrir þjónustuþættinum við Djúpið og öryggisþættinum jafnframt því að stórauka vegaframkvæmdir við Ísafjarðardjúp trúi ég ekki öðru en við þingmenn Vestfjarða getum sameinast um ákvarðanir af því taginu.

[15:38]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Vegna fjarveru hæstv. iðnrh. og viðskrh. vil ég nota tækifærið í umræðum um þetta mál til þess að koma á framfæri samþykktum sem félög alþýðuflokksmanna við Ísafjarðardjúp og á norðanverðum Vestfjörðum hafa látið frá sér fara í málinu. Eins og fram hefur komið snýst málið um að falla frá ákvörðun um að byggja ekjubryggjur við Ísafjarðardjúp en á móti á að koma 300–350 millj. kr. á næstu fjórum árum í Djúpveg sem er þó framkvæmd sem vitað er að kostar 1–1,5 milljarða kr. og mun þess vegna taka 10–15 ár að fullgera miðað við þessa samþykkt. Ég undirstrika að samþykktir félaga alþýðuflokksmanna á norðanverðum Vestfjörðum eru þær að við erum andvíg því að hætt verði við byggingu ekjubryggja á Ísafirði og í Inndjúpi. Rökin fyrir því eru ferns konar: Í fyrsta lagi hversu vel úr vegi sem Djúpvegur verður gerður mun hann ætíð liggja um hættulegar snjóflóðaslóðir, það er vitað. Einnig vitum við að umferð um Djúpveg mun stóraukast á veturna þegar Vestfjarðagöng opnast. Fagranesið sýndi að það er að öðrum miðlum ólöstuðum notadrýgst af öryggisástæðum við þær aðstæður sem sköpuðust t.d. nýlega í Súðavík þegar aðrar aðgönguleiðir voru tepptar og út frá spurningum um læknishjálp og sjúkraflutninga við veðurskilyrði sem þar ríkja oft um vetrarmánuði er það nauðsynlegt. Í þriðja lagi vekjum við athygli á því að Fagranesið gegnir lykilhlutverki við uppbyggingu ferðamannaiðnaðar á Vestfjörðum. Ef tillögur Vegagerðarinnar ná fram að ganga er grundvellinum beinlínis kippt undan þeirri ört vaxandi atvinnugrein. Í þessari samþykkt alþýðuflokksfélaganna á norðanverðum Vestfjörðum felst því að menn vilja eindregið beita sér fyrir því að staðið verði við eldri ákvarðanir um ekjubryggjur fyrir Fagranesið og áframhaldandi uppbyggingu Djúpvegar til langs tíma.

Þetta eru meginatriði málsins. Ég tel það afar óskynsamlega ákvörðun að falla frá þeirri ákvörðun, sem fyrir lá um ekjubryggjur og sú hugmynd að taka upp 30 ára gamalt skip, úr sér gengið, gamla Fagranesið, gengur heldur ekki upp.

[15:41]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Þegar núverandi Fagranes var keypt á sínum tíma til landsins 1991 held ég að megi segja að tilgangurinn með því hafi verið þríþættur. Það er í fyrsta lagi sem samgöngutæki, það er í öðru lagi sem öryggistæki fyrir þetta svæði og það var í þriðja lagi vegna mikilvægis þess í vaxandi ferðaþjónustu á svæðinu og samskipta við þjóðgarðinn á Hornströndum og eyðibyggðir þar á sumrin. Öllum þessum þremur markmiðum átti skipið að þjóna. Það vildi hins vegar svo til að í boði var einstaklega ódýrt og gott skip sem ofan í kaupið var ekjuskip en gagnvart þeirri ákvörðun sem tekin var á sínum tíma þá var það aldrei neitt aðalatriði þess máls heldur fylgdi það einfaldlega með í kaupunum að skipið var þannig útbúið. En það var ekki keypt gagngert vegna þess að um ekjuskip væri að ræða og verkefnin sem því var þá ætlað að þjóna voru fyrst og fremst annars eðlis. Þetta finnst mér að þurfi að koma fram til þess að ekki sé verið að blanda hugmyndum sem síðan komu eðlilega upp um að nýta þessa möguleika skipsins inn í þessa ákvarðanatöku.

Aðalatriði málsins finnst mér vera að þetta skip eða annað sambærilegt þarf að vera til staðar á þessu svæði. Ég hef engin rök séð sem breyta þeirri sann-

færingu minni að mikilvægt sé af samgönguástæðum vegna öryggis og líka vegna þessa hlutverks í ferðaþjónustu að skip af þessu tagi séu á svæðinu. Að öðru leyti hef ég ekki aðstæður eða forsendur til að tjá mig um þær hugmyndir sem þarna eru núna uppi en finnst þó í aðalatriðum að það sé illt ef tilvist skipsins á svæðinu þarf að vera að blandast inn í að öðru leyti sjálfsagða baráttu og eðlilega baráttu Vestfirðinga fyrir því að fá sínar samgöngur á landi bættar.

[15:43]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég undirstrika að þetta mál er í tillöguformi lagt fyrir þingmannahóp Vestfirðinga af fulltrúa Vegagerðarinnar fyrir hönd ráðherra og við höfum þessar tillögur til meðferðar. Enn fremur hefur tillagan verið kynnt í samgn. sem hefur hana líka til meðferðar. Þingmenn Vestfjarðakjördæmis hafa ekki komið saman á nýjan leik í sinn hóp til að gera út um það hver niðurstaða þeirra verður í þessum málum. Ég tel því algerlega ótímabært að einstakir þingmenn úr þessum hópi séu að rjúka í fjölmiðla með skoðanir sem byggjast á þeirri fyrir fram gefnu afstöðu að þingmannahópurinn nái ekki sameiginlegri niðurstöðu um lyktir málsins. Þetta vildi ég undirstrika og ítreka að ég tel þessa umræðu vera á villigötum vegna einmitt þess hvernig málið stendur.

Ég vil hins vegar segja almennt um málið að ég er þeirrar skoðunar að Vestfirðingar eigi að tryggja samgöngur sínar við aðra landshluta eftir vegum. Það er sú leið sem dugar best og það er sú leið sem fólk vill helst nýta sér. Góður vegur frá Ísafirði um Djúpið, sem tengir okkur við aðra hluta landsins, kostar minna en t.d. Herjólfur sem tengir Vestmannaeyjar við landið. Þó að þetta séu auðvitað töluvert háar tölur getum við ekki sagt að hér sé um að ræða slíkar tölur að menn eigi að hrökkva frá því að ráðast í þetta verkefni.

Ég vil svo að lokum, virðulegi forseti, láta það koma fram að mér finnst að þingmenn Vestfirðinga eigi að tala mjög gætilega þeir þeir úthrópa vegi Vestfjarðakjördæmis og draga upp og ámálga þá hættu sem þeir telja vegfarendum um þá vegi búin. Ég tel að tveir hv. þm. hafi gengið allt of langt í þessum efnum á undanförnum tveimur dögum að rægja vegakerfið á Vestfjörðum.

[15:45]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég verð að segja eins og er að mér finnst þetta mál ekki bera rétt að og undarlega að því unnið að ýmsu leyti. Það hafa komið yfirlýsingar frá þingmönnum Vestfjarða um það að þeir geti jafnvel ekki neitað slíku tilboði eins og það geti út af fyrir sig verið í myndinni að verið sé að kaupa menn fram og til baka út af því hvort verkefnið sé stórverkefni eða ekki. Ég tel fulla ástæðu til að ræða það í alvöru að þessi framkvæmd sé stórverkefni en það á ekki að setja það í samband við rekstur ferju á svæðinu. Það er allt annað mál. Ég tel að það sé mjög langt í það enda hefur þetta verið áætlað 1.200 millj. kr. verkefni að leggja þennan Djúpveg og það sé þá langt í að hann geti fullnægt samgöngum og öryggi á þessu svæði og þess vegna sé útilokað að setja þetta tvennt í samhengi.

Það er líka annað sem menn verða að skoða í þessu. Það er nýlega búið að ákveða að bæta við stórverkefnum í stórverkefnasjóði. Ég minni á það að núna er gert ráð fyrir að Búlandshöfði sé í stórverkefnasjóði. Það sést ekki í hann á þessari tillögu. Ég ætla ekki að fara að ræða nánar um þessar útfærslur en úr því að farið er að ræða þetta mál í þinginu þá hlýtur það að verða að koma fram að það er ekkert sjálfsagt að það komi ný verkefni inn í stórverkefnasjóð og fari fram fyrir önnur. Og ég held líka að það eigi alls ekki að tengja saman rekstur ferjanna og það að gera þetta að stórverkefni. Þetta er satt að segja orðið farsakennt hvernig hæstv. samgrh. kemur fram í þessum málum. Það koma nýjar tillögur á hverju ári sem hann dregur upp úr pússi sínu um breytingar og að fara allt öðruvísi en gert hefur verið í vegamálum fram að þessu. Síðan eru menn að hæla sér af stórverkefnum og átökum í vegamálum en hver er svo niðurstaðan? Það er verið að fresta t.d. Gilsfirði um tvö ár á þessu kjörtímabili og stórverkefni sem ákveðin voru fyrir tveimur árum eru sett út af borðinu.

[15:48]

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Ég tel það mjög þarft að taka þetta mál upp hér á Alþingi eins mikil og umræðan hefur verið í fjölmiðlum og kannski ekki öllum stundum svo málefnaleg. Það sem mér finnst fyrst og fremst að við berum ábyrgð á hér allir þingmenn, ekki bara þingmenn Vestfjarðakjördæmis, er það að sú ákvörðun sem verður tekin hver svo sem hún verður taki fyrst og fremst tillit til öryggissjónarmiða og einnig að tekin séu inn þau rök sem við höfum núna varðandi þá tímaáætlun sem búast má við að uppbygging Djúpvegarins fari eftir. Þar erum við að tala um allmörg ár sem eru meira og minna í óvissu. Þetta er að vísu afskaplega þörf framkvæmd á þeim tíma sem hún verður tekin fyrir en það er ljóst að þetta er ekki eitthvað sem menn hrista fram úr erminni. Þess vegna tel ég að það verði að taka inn ekki bara annaðhvort eða heldur það sjónarmið að hafa möguleika á því að reka líka góðar ferjur. Við höfum nýlegt dæmi um það að vegur hversu góður sem hann er getur lokast um nokkurn tíma. Þetta er ástand sem við búum við víða á landinu og við verðum að fara að læra að búa með því landi sem við tilheyrum.

[15:49]

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Ég fagna að mörgu leyti þeirri umræðu sem hér fer fram þó að ég hefði kosið að hún hefði farið fram á nokkuð öðrum nótum, en við erum hér að ræða um það hvernig tryggja megi samgöngur til og um Vestfirði.

Það hefur komið fram að nú við gerð nýrrar vegáætlunar er gert ráð fyrir því að Djúpvegur verði tekinn inn sem sérstakt stórverkefni. Ef ég man rétt þá eru áætlaðar kostnaðartölur um að byggja upp Djúpveginn rétt um 1,2 milljarða kr.

Úr því að ég er kominn hér og við eru að ræða um samgöngur um Vestfirði vildi ég nota tækifærið og

spyrja hæstv. samgrh. hvort við sem höfum áhuga fyrir bættum samgöngum til og um Vestfirði megum ekki reikna með því að við þau áform verði staðið að Gilsfjarðarbrú verði boðin út á þessu ári. Það þarf ekki mikið málæði í kringum þetta, já eða nei, þannig að þingheimur og þeir sem við eiga að búa skilji.

Að lokum, virðulegi forseti, vil ég segja við ágæta þingmenn Vestfjarðakjördæmis: númer eitt, tvö og þrjú til þess að ná árangri í þessu máli er að þingmenn Vestfirðinga tali saman, leiði Vestfirðinga að sameiginlegri niðurstöðu í samgöngumálum síns kjördæmis. Það er verðugasta verkefnið sem þingmenn Vestfirðinga eiga í þessu að fara fyrir þeim hópi manna sem vill Vestfjörðum vel og ná ákveðinni sátt um hvernig að þessu málum er staðið. Ég hef trú á því eftir að hafa kynnst þingmönnum og hug þingmanna til samgöngumála að hann standi til þess að bæta úr ástandi þessara mála á Vestfjörðum.

[15:52]

Matthías Bjarnason:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir það sem hv. 5. þm. Vestf. sagði og eiginlega undir hvert einasta orð sem hann sagði í sinni ræðu. Ég tel að þetta mál hafi ekkert erindi átt í utandagskrárumræður. Þetta er tillaga Vegagerðarinnar sem er rædd við þingmenn málefnalega og jafnframt er reifað hvað hægt væri að gera líka á móti. Ég vil fá góðan veg um Djúpið, ég vil fá góða vegi um Vestfirði og allt Ísland. Ég hefði aldrei gengið inn á það að Djúpbáturinn yrði lagður niður nema hann yrði gerður út frá Vestfjörðum sem skólaskip. Þannig stendur á að skólaskipið er ónýtt og það hefði þurft að fara annars í stórfelldar framkvæmdir þess vegna. Því ekki að huga að þessari tillögu og setja það að skilyrði að skipið verði staðsett á Ísafirði þannig að ef eitthvað kemur fyrir, eins og hefur komið fyrir í tvö ár í röð, að það gæti gripið inn og það skipti engu máli hvort það héti Djúpbátur eða skólaskip Slysavarnafélagsins. Ef slíkir samningar nást þá er mikill fengur að því að koma því í gegn. Þetta er á viðræðurstigi núna. Ég hefði aldrei hlustað á það að leggja Fagranesið niður ef ekki væri skip aftur við hendina þó það sé skólaskip og ég tel feng að því fyrir Vestfirðinga að fá það. Ég vil því mælast til þess að menn hlaupi ekki upp með tillögu sem ekki er búið að taka neina ákvörðun um og er á viðræðustigi. Ég tel að það hafi verið mikil fljótfærni hjá hv. þm. að biðja um utandagskrárumræðu á Alþingi.

[15:54]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil benda hv. 1. þm. Vestf. á það að ég bið hann ekki um leyfi til þess að fara upp með utandagskrárumræðu. Hvað varðar það að þingmenn Vestfjarða eigi að hafa samráð um þessi mál þá hafa þingmenn Vestfjarða það vitaskuld.

Að þessi mál eru rædd hér er vegna þess að frá því í haust hafa verið í gangi viðræður milli samgrh. og Vegagerðarinnar um að brjóta þá samþykkt sem gerð var í fyrra, fyrir tæplega einu ári, um hvernig að þessu máli skyldi staðið. Þá lá fyrir samþykkt Alþingis um þá framkvæmd sem við höfum hér verið að ræða um ferjubryggjur. Það var gengið frá málinu í samgn. Alþingis sl. vor. Í sumar voru undirbúnar framkvæmdir og það eru tilbúnar tillögur um það hvernig skuli byggja þessar bryggjur. Þær hafa bara aldrei farið lengra en ofan í skúffuna hjá hæstv. samgrh.

Vitaskuld hafa allir þingmenn Vestfjarða og sú sem hér stendur líka ekki hvað síst lagt mikla áherslu á uppbyggingu Djúpvegar. En það tekur það langan tíma eins og menn hafa verið að rekja hér. Það tekur kannski 12 ár að koma þessum vegi í varanlegt ástand. Er á sama tíma hægt að leggja niður það öryggistæki sem við höfum á þessum slóðum? Ég segi að það sé ekki hægt. Það má skoða það aftur þegar vegurinn er kominn í það ástand að hann sé orðinn varanlegur.

Það hefur verið rakið hér að það kosti í kringum 53 millj. kr. að byggja þessa bryggju á Arngerðareyri, 24 millj. á Ísafirði. Samkvæmt tillögum Hafnamálastofnunar munu þessar bryggjur kosta báðar milli 60 og 70 millj. kr. Það er sú áætlun sem liggur fyrir. Eins og hér hefur verið sagt kostar það 1,2 milljarða kr. að byggja Djúpveg. Við erum að tala um 400 millj. kr. fyrir hverja vegáætlun í fjögur ár og ég segi hér: Það er ekki hægt að segja í dag að Vestfirðingar geti hætt við að reka ferjur vegna þess að þeir eru að fá góðan veg um Djúpið. Sá vegur verður ekki tilbúinn fyrr en eftir 10–12 ár.

[15:58]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Ég er hér að tala um stefnubreytingu varðandi Djúpveginn. Ég er að tala um það að á næstu fjórum árum fari 438 millj. kr. eða svo í Djúpveginn í staðinn fyrir 56 millj. kr. eins og gert er ráð fyrir í þeirri langtímaáætlun sem lá fyrir fyrir síðustu kosningar. Við erum því að tala um mikla stefnubreytingu. Ég verð líka að segja við hæstv. utanrrh., hann er ekki við, að mér þótti hann bölsýnn á það að hægt yrði að halda áfram því átaki sem hér er efnt til ef það verður samþykkt.

Ég get ekki fallist á að það sé óeðlilega staðið að þessum hugmyndum. Það hefur verið lögð áhersla á að kynna þessar hugmyndir fyrir þingmönnum Vestfirðinga og það er unnið að því og auðvitað verða menn að standa frammi fyrir vali. Það er ekki hægt að nota sömu peningana tvisvar. Ég get nefnt sem dæmi vegna þess að það er talað um Sæbjörgu gömlu, gamla Þór. Það skip, skólaskipið núna, er 43 ára gamalt. Það hefur ekki haffærisskírteini til siglinga að vetrarlagi og getur ekki siglt frá septemberlokum og fram í maí. Önnur aðalvél skipsins er ónýt og það kostar 50–60 millj. kr. að gera við það. Að öðrum kosti yrðum við að kaupa nýtt skólaskip. Við erum að tala um það að reyna að spara með því að nýta Fagranesið sem skólaskip, láta það vera fyrir vestan þann tíma eftir áramótin, um hátíðar og fram í mars þegar þannig viðrar. Það er hægt að nota Fagranesið til að grípa inn í fyrir aðra ferjubáta og það er hægt að nota Fagranesið yfir sumarið til ferðaþjónustu ef á þarf að halda en nota þá fjármuni sem sparast til átaks í samgöngumálum Vestfirðinga og til þess að hefja uppbyggingu Djúpvegarins. Ég trúi ekki öðru en þingmenn beri gæfu til þess að

fylgja eftir því vegátaki sem hér er efnt ef sú verður niðurstaðan.

(**Gripið fram í:** Gilsfjarðarbrúin?) Um Gilsfjarðarbrúna er ekki annað að segja en hún verður boðin út á þessu ári ef ég fæ að ráða.

Umræður utan dagskrár.

Hringamyndun og samþjöppun valds í íslenskri fjölmiðlun.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Þá hefst hin síðari umræða utan dagskrár um hringamyndun og samþjöppun valds í íslenskri fjölmiðlun. Málshefjandi er hv. 8. þm. Reykn. en umræðan fer fram skv. 1. mgr. 50. gr. þingskapa.

[16:00]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Við erum á Alþingi að fjalla um stjórnarskrá íslenska lýðveldisins og margvíslegar breytingar á sviði mannréttinda. Grundvallarhugun þeirrar stjórnskipunar sem tíðkast í lýðræðisríkjum Vesturlanda er að greina ríkisvaldið í sjálfstæðar einingar til að koma í veg fyrir vald hinna fáu. Þannig miðast stjórnskipun okkar við óháð dómsvald og aðgreiningu löggjafarvalds og framkvæmdarvalds. Það er samdóma álit fræðimanna að á síðari árum og áratugum hafi vald fjölmiðla orðið svo mikilvægt í lýðræðislegum samfélögum að í reynd séu fjölmiðlarnir orðinn fjórði þátturinn í því að tryggja lýðræðisleg samfélög á okkar tíma. Löggjafarvald, framkvæmdarvald, óháð dómsvald og frjálst og óháð fjölmiðlavald. Það er þess vegna mjög mikilvægt í lýðræðislegu samfélagi, ekki aðeins að tryggja mannréttindi í stjórnarskrá og eðlilegar aðferðir við skipan löggjafarvalds og framkvæmdarvalds heldur einnig að tryggja að fjölmiðlakerfið í hverju lýðfrjálsu landi sé opið og frjálst. Hringamyndanir á sviði fjölmiðla ganga þannig þvert á nútíma hugsun á vettvangi lýðræðis. Þannig hefur í ýmsum lýðræðisríkjum eins og í Bandaríkjunum og Evrópu verið sett í lög margvísleg ákvæði sem koma í veg fyrir hringamyndanir, ákvæði sem koma í veg fyrir það að sömu aðilarnir geti haft ráðandi vald á dagblöðum, á sjónvarpsstöðvum og á útvarpsstöðvum. Engin slík lög eru til hér á Íslandi.

Nú hefur það gerst að myndaður var fyrir nokkrum dögum öflugur fjölmiðlarisi í okkar landi, svo öflugur að hann er að umfangi og veltu stærri en Morgunblaðið. Með samruna DV, Stöðvar 2, Bylgjunnar og fjölmargra annarra fjölmiðla hefur orðið til nýr fjölmiðlarisi. Það er einnig athyglisvert að margir áhrifamenn í þessum fjölmiðlum hafa margvísleg tengsl við Sjálfstfl. Það kemur í ljós að í þriggja manna stjórn þessa nýja fjölmiðlarisa situr aðstoðarmaður forsrh. Sjálfstfl. Fréttastjórinn er fyrrum aðstoðarmaður menntmrh. Sjálfstfl. og starfsmaður Sjálfstfl. Annar ritstjórinn er fyrrum þingmaður Sjálfstfl. og þannig mætti lengi telja.

Nú er ég ekki að halda því fram að Sjálfstfl. sem heild standi á bak við þessa atburði en það vekur óneitanlega tortryggni og dregur úr tiltrú á óháða og sjálfstæða fjölmiðla að svo mikil ítök áhrifamanna í einum stjórnmálaflokki skuli vera innan þessa nýja fjölmiðlarisa. Ég hef því kvatt mér hljóðs, virðulegi forseti, til að spyrja hæstv. menntmrh. eftirfarandi spurninga:

1. Er ekki nauðsynlegt að setja í lög á Íslandi reglur sem knýja á um það, eins og í ýmsum öðrum löndum Evrópu, að ákveðinn tími þurfi að líða frá því að ákvarðanir séu teknar um slíkan samruna fjölmiðla þar til þeim er hrint í framkvæmd og slíkur biðtími sé notaður til þess að samkeppnisstofnanir og aðrir aðilar kanni málið mjög rækilega og þá fyrst þegar gengið hefur verið frá því að allt sé með felldu og engin óeðlileg áhrif séu þessu samfara sé leyfið veitt?

2. Er ekki rétt að setja í lög á Íslandi, eins og gert er víða um heim, að hafi dagblað ákveðna markaðsdrottnun yfir tilteknum mörkum og hafi sjónvarp og útvarpsstöð líka markaðsdrottnun yfir ákveðnum mörkum þá megi ekki steypa slíkum fjölmiðlum eignalega saman í einn hring? Í Bandaríkjunum var hinn mikli fjölmiðlarisi Rupert Murdoch knúinn til þess að selja hlut sinn í dagblöðum vegna þess að hann vildi kaupa sig inn í sjónvarpsstöðvar en í Bandaríkjunum var það talið fullkomlega óeðlilegt að sömu einstaklingarnir gætu ráðið þannig sjónvarpi, útvarpi og dagblöðum.

3. Er ekki nauðsynlegt að setja í lög á Íslandi reglur sem tryggja að starfshættir slíkra fjölmiðla séu með þeim hætti að þeir séu opnir, það ríki ákveðinn trúnaður og það ríki rík upplýsingaskylda? Ég vil t.d. vekja athygli á því að því miður hafa engar upplýsingar komið fram opinberlega um kaupverðið í þessum viðskiptum. Það skapar ekki tiltrú að það eina sem komið hefur í DV um þetta mikla og stóra mál er lítil tveggja dálka frétt á baksíðu á föstudag, ekkert á laugardag og ekkert í dag. Það sýnir að blaðið sjálft er auðvitað heft í umfjöllun sinni um þetta mál.

Að lokum sjáum við það öll í hendi okkar að við höfum á borðum mikla skýrslu um hringamyndun í íslensku atvinnulífi: í sjávarútvegi, í samgöngum, í tryggingafélögum og á fjölmörgum öðrum sviðum. Ef álíka hringamyndun verður í fjölmiðlum og orðið hefur á þeim sviðum atvinnulífsins sem kennd eru við kolkrabbann og smokkfiskinn þá er verið að stefna lýðræðislegu eðli íslenskrar fjölmiðlunar í hættu. Ég vil þess vegna, virðulegi forseti, biðja hæstv. menntmrh. að lýsa yfir viðhorfum sínum til þess að setja löggjöf með þessum hætti og jafnvel knýja á um það áður en þingi lýkur.

[16:06]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Ég vil fyrst segja að það hefði e.t.v. verið réttara fyrir hv. þm. að beina þessari fyrirspurn til hæstv. viðskrh. en ég hef í sjálfu sér ekkert á móti því að svara.

Fyrst vil ég segja það að þótt íslenska útvarpsfélagið kaupi stóran hlut í Frjálsri fjölmiðlun hf. þá held ég að það út af fyrir sig gefi varla tilefni til að setja reglur um samruna fyrirtækja á sviði fjölmiðlunar en það

má kannski segja að annað væri uppi á teningnum ef meiri hluti hefði verið keyptur. En í þessu sambandi sýnist mér rétt að líta sérstaklega til ákvæða samkeppnislaga. Eins og kunnugt er gilda ekki sérstök lög um samruna fyrirtækja á sviði fjölmiðlunar hér á landi. Um það efni gilda samkeppnislögin sem hafa það að markmiði að efla virka samkeppni í viðskiptum og þar með að vinna að hagkvæmri nýtingu framleiðsluþátta þjóðfélagsins. Í lögunum er kveðið á um m.a. að markmiðinu skuli náð með því að vinna gegn óréttmætum viðskiptaháttum, skaðlegri fákeppni og samkeppnishömlum og auðvelda aðgang nýrra keppinauta að markaðnum.

18. gr. laganna er ætlað að sporna gegn hringamyndun í samruna fyrirtækja. Telji samkeppnisráð að samruni fyrirtækja eða yfirtaka fyrirtækis á öðru fyrirtæki leiði til markaðsyfirráða þess eða dragi verulega úr samkeppni getur ráðið ógilt samruna eða yfirtöku sem þegar hefur átt sér stað. Lög þessi eru almenn og taka til hvers konar atvinnustarfsemi, svo sem framleiðslu, verslunar og þjónustu án tillits til þess hvort hún er rekin af einstaklingum, félögum, opinberum aðilum eða öðrum. Það gilda engin sérlög um fjölmiðla í þessu sambandi og því fellur starfsemi þeirra undir samkeppnislögin. Samkeppnisráð hefur hingað til túlkað lögin þröngt varðandi inngrip í samruna fyrirtækja. Mikið hefur þurft til að koma til að gripið verði inn í starfsemi fyrirtækja.

Í þessu umræddu tilviki hefur Íslenska útvarpsfélagið hf. keypt 35% hlut í Frjálsri fjölmiðlun hf. og er því rúmlega þriðjungur síðarnefnda fyrirtækisins nú í eigu þess. Hingað til hefur Samkeppnisstofnun ekki talið ástæðu til þess að aðhafast þegar um slíka eignatilfærslu í fyrirtækjum er að ræða. Það er svo aftur annað mál að víða í nágrannalöndum okkar hefur þótt ástæða til að fjalla um samruna fjölmiðlafyrirtækja, sérstaklega í lögum, m.a. með tilliti til þess að fákeppni á þessu sviði kann að hefta frjálsa skoðanamyndun. Lagaúrræði þessi miða að því að takmarka möguleika á að ná yfirráðum eigna eða fjármuna í fjölmiðlafyrirtækjum. Þetta er gert m.a. með því í fyrsta lagi að takmarka eign í fleiri en einum fjölmiðli á sama sviði, í öðru lagi með því að takmarka möguleika á því að eiga fleiri en einn fjölmiðil á mismunandi sviðum fjölmiðlunar og í þriðja lagi með því að setja skorður við hámarki eignarhlutar í ljósvakafjölmiðli, t.d. með því að draga úr möguleikum meiri hlutans til áhrifa um leið og stuðla að fjölbreytni hluthafa. Úrræðin felast annars vegar í setningu reglna um tiltekin skilyrði eða sérstakri heimild til viðkomandi stjórnvalds til frjáls mats.

Ég hef ekki tíma til að rekja ákvæði í löggjöf ýmissa nágrannalanda okkar en víðast hvar á Norðurlöndum hafa verið sett ákvæði eða slíkt er í athugun. Ég vil benda á að árið 1992 fól ég útvarpslaganefnd að fjalla sérstaklega um það hvaða kröfur beri að gera um eignaraðild einkarekinna ljósvakamiðla, sérstaklega með tilliti til samþjöppunar eignarhalds á þessu sviði. Niðurstaða nefndarinnar varð sú að ekki væri rétt að setja önnur og strangari skilyrði um eignaraðild einkarekinna ljósvakamiðla en gilda um aðra fjölmiðla eða atvinnufyrirtæki almennt á grundvelli samkeppnislaga. Það er þó mitt mat að við verðum að skoða þessi mál í víðara samhengi og fylgjast vel með þróuninni, m.a. þeirri sem á sér stað innan Evrópusambandsins og snertir okkur vegna aðildar að Evrópska efnahagssvæðinu. Ég vil ekki útiloka þann möguleika að lögfesta sérlög um samruna fjölmiðla hér á landi.

Þetta verður að duga sem svar mitt við spurningum hv. þm. Hann gerði nokkuð mál úr því að sjálfstæðismenn væru nokkuð fyrirferðarmiklir sem eignaraðilar að stórum fjölmiðlum hér á landi. Það má vel vera og ég vona satt að segja að svo sé en ég kannast ekki við að Sjálfstfl. sem slíkur sé tekinn einhverjum sérstökum silkihönskum af þessum stóru fjölmiðlum. Það kannast ég ekki við. Auk þess reikna ég ekki með að eignaraðilarnir ráði ritstjórnarstefnunni en það má vel vera að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson telji að svo sé. Ég held að slíkt þekkist ekki lengur nema á hreinum flokksblöðum sem eru ekki mörg eftir. Ef ég man rétt þá eru það Alþýðublaðið, Tíminn og Vikublaðið.

[16:11]

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Það hefur verið þannig í íslenskri fjölmiðlun og er nú orðið svo að þrír stórir aðilar eru í fjölmiðlum á Íslandi. Það er Íslenska sjónvarpsfélagið og Frjáls fjölmiðlun, það er Morgunblaðið og það er Ríkisútvarpið. Ég hef í sjálfu sér engar áhyggjur af því að samkeppni sé ekki fullnægt meðan menn hafa þá stefnu að reka hér ríkisútvarp og ef menn standa almennilega að því. Ég tel að blöðin verði að hafa samkeppnisstöðu. Morgunblaðið hefur nýlega farið inn á það að fara út í svokallaða rafræna fjölmiðlun og það er ekki ástæða til að hefta að fleiri blöð fari inn á þann vettvang. Ég hef kynni af Frjálsri fjölmiðlun eins og þingheimur veit í gegnum það að Frjáls fjölmiðlun hefur gefið út Tímann samkvæmt sérstökum samningi. Það samstarf hefur gengið ágætlega og við höfum haft algerlega frjálsar hendur á Tímanum í okkar ritstjórnarstefnu. Menn mega ekki gleyma því að blaðamenn vinna samkvæmt sérstökum siðareglum og það er ekki hægt orðið nú til dags að segja blaðamannastéttinni fyrir verkum á Íslandi.

Að öðru leyti vil ég ekki tjá mig um þetta mál frekar. Ég tel enga hættu að samkeppni sé ekki nóg á Íslandi eins og er í þessum málum, en nota bene, menn verða að standa að því að reka Ríkisútvarpið vel og fólk eigi aðgang að því þannig að það sé þriðji aðilinn í þessari mynd. Ég er hissa á því ef hv. 8. þm. Reykn. hefur áhyggjur af því að það komi stærri aðili en Morgunblaðið á fjölmiðlamarkaðinn.

[16:14]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Virðulegi forseti. Ég hlýt að deila áhyggjum með hv. málshefjanda Ólafi Ragnari Grímssyni vegna þeirra atburða sem gerst hafa á síðustu dögum varðandi breytt eignarhald á fjölmiðlum á Íslandi, þeim hinum svokölluðu frjálsu og óháðu fjölmiðlum sem eru í eigu einkaaðila. Það gefur auga leið að ritstjórnarstefna

þessara fjölmiðla tekur beint og óbeint mið af eigendum sínum, ekki með beinum hætti endilega heldur einfaldlega með markaðslegum sjónarmiðum, með ákvörðunum um mannahald og mannaráðningar, ráðningu ritstjóra, framkvæmdastjóra, útvarpsstjóra o.s.frv. Hv. þm. Jón Kristjánsson, sem talaði rétt áðan, er kannski talandi dæmi um það. Hann vék að því að Frjáls fjölmiðlun hefði réttilega ekkert með ritstjórnarstefnu Tímans að gera og það kann rétt að vera. En á hinn bóginn, hvað gerir Jón Kristjánsson og hans starfsmenn ef Frjáls fjölmiðlun tekur um það einfalda ákvörðun að hætta þessari útgáfu á örskömmum tíma, telur hana ekki þjóna hagsmunum sínum af einhverjum orsökum? Hvað gera bændur þá, hv. þm. Jón Kristjánsson? Fer þá lítið fyrir þessu frelsi ritstjórnar Tímans með annars fullri virðingu fyrir henni.

Virðulegur forseti. Hér held ég að þurfi að staldra við og íhuga málin. Mat mitt er að ekki verði hjá því komist á þessum viðkvæma þætti fjölmiðlunar að setja um það skýrar og afmarkaðar reglur með hvaða hætti eignarhaldi er háttað á þessum fjölmiðlum. Það er alveg sama hvernig á málið er litið, það liggur fyrir að Árvakur hefur 50% af blaðamarkaði hér, Frjáls fjölmiðlun hefur u.þ.b. 30%, litla Alþýðublaðið er með sína hlutdeild og aðrir ótaldir miðlar það sem eftir liggur.

Á vettvangi ljósvakans eru þessi mál með svipuðum hætti. Þar er Ríkisútvarpið með um 50%, Íslenska útvarpsfélagið um 30%. Þannig að okkur má ljóst vera að þrátt fyrir tilraunir löggjafans á sínum tíma til þess að breikka og auka skoðanamyndun í landinu virðist þróun vera í þá átt að færa hana á æ færri hendur. Til þess var leikurinn ekki gerður á sínum tíma og við skulum staldra við og íhuga aðgerðir til að koma á móts við þessa öfugþróun.

[16:16]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Aldrei þessu vant er ég sammála fulltrúa Alþfl. í þessum umræðum. Þar er fyrst að nefna eins og hefur komið fram að í lýðræðisríkjum er talað um fjölmiðlana sem fjórða valdið í samfélaginu sem hefur það hlutverk að veita stjórnvöldum aðhald og upplýsa almenning. Við höfum reynslu af því frá ýmsum ríkjum og ýmsum skeiðum sögunnar hve hættulegt það er að stjórnvöld eða einstakir aðilar ráði öllu í fjölmiðlum og hafi þannig einhliða áhrif á alla skoðanamyndun.

Á undanförnum áratugum hafa orðið miklar breytingar á íslenskum fjölmiðlamarkaði með fækkun dagblaða og fjölgun útvarps- og sjónvarpsstöðva en það er ekki þar með sagt að sú þróun hafi orðið umræðunni í vil. Að mínum dómi er fjölmiðlaflóran um margt fátæklegri og einlitari en hún áður var og því miður þá sinnir hún heldur illa þeirri skyldu sinni að upplýsa og veita aðhald, hvað þá að stunda vönduð vinnubrögð.

Nú hefur það gerst að mjög sterk tengsl hafa myndast milli annars dagblaðarisans í landinu og þeirra sem reka aðra sjónvarpsstöðina, þ.e. Stöð 2. Eins og hefur komið fram eru víða í gildi lög sem takmarka eignatengsl af þessu tagi og hafa Bandaríkin verið nefnd þar til sögunnar og lögin eru fyrst og fremst til þess sett að tryggja lýðræðislega umræðu í samfélaginu.

Í framhaldi af þessum tíðindum sem okkur hafa borist vil ég taka undir að það er fyllilega ástæða til þess að skoða eignarhald og hagsmunatengsl á íslenskum fjölmiðlum og að kanna hvort sú samþjöppun sem hér hefur orðið stenst samkeppnislögin. Í framhaldi af slíkri könnun þarf að meta hvort ástæða er til þess að setja lög hér á landi sem takmarka gagnkvæma eign á blöðum og sjónvarpsstöðvum.

En fyrst og fremst, virðulegi forseti, eigum við svar við þessari þróun og það er að styðja og styrkja Ríkisútvarpið sem er fjölmiðill allra landsmanna og eign allra landsmanna og það getur verið það mótvægi sem við þurfum til þess að halda uppi málefnalegri, menningarlegri og lýðræðislegri umræðu í landinu.

[16:19]

Tómas Ingi Olrich:

Virðulegi forseti. Það hefði verið æskilegra ef betra tækifæri hefði gefist til þess að ræða þessi mál í þinginu því að málið er flókið í eðli sínu. Slíkt tækifæri hefði að sjálfsögðu gefist ef hæstv. menntmrh. hefði mælt fyrir frv. til útvarpslaga sem hann hefur í sínum höndum en þá hefði gefist tækifæri til þess að skoða ýmsar hliðar þessa máls. Vissulega er rétt hjá málshefjanda að hér er um mál að ræða sem þarf að fylgjast með náið og sem þinginu ber skylda til að fylgjast með. En hin hliðin er sú að íslenskur markaður er svo ofursmár að það er að sjálfsögðu tilhneiging til þess að fjölmiðlar séu vanburðugir til þess að takast á við hlutverk sitt ef þeir geta ekki leitað leiða til að styrkja stöðu sína. Ég verð að segja alveg eins og er að þegar ég hlýði á hv. málshefjanda, Ólaf Ragnar Grímsson, segja að lýðræðislegu eðli íslenskra fjölmiðla sé stefnt í hættu með þeirri þróun sem nú hefur átt sér stað vil ég taka skýrt fram ef við berum saman þann tíma sem nú er í fjölmiðlun og þann tíma þegar hér voru reknir fjölmargir fjölmiðlar, fjölmörg dagblöð sem voru gefin út á forsendum pólitískrar sannfæringar tel ég að sú þróun sem hefur orðið í fjölmiðlum á síðari árum hafi ekki stefnt í hættu lýðræðislegu eðli íslenskra fjölmiðla heldur bætt lýðræðislegt eðli þeirra stórlega.

Ég legg áherslu á að það er mjög mikils virði fyrir lýðræðislega þróun á Íslandi að hér séu sterkir fjölmiðlar, bæði í blaðaheiminum og í ljósvakaheiminum, og ég tel að það sé mjög mikið athugunarmál fyrir Íslendinga að skoða það miðað við hvað aðstæður eru erfiðar til þess að reka sterka fjölmiðla, hversu góða fjölmiðla við rekum þó hér. Það byggist að sjálfsögðu m.a. á styrk þeirra.

[16:21]

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Hér er auðvitað vikið að mikilsverðu máli. Hvað sem gott má segja um ýmsa fjölmiðla hér í landi er það óumdeilanlegt að best treystum við þeim fjölmiðli sem þjóðin á sjálf, þ.e. Ríkisútvarpinu og ríkissjónvarpinu, enda er aðhald að þeim stofnunum um að gera ekki mun á mönnum eða mál-

efnum eftir pólitískum völdum.

Skoðun mín er sú og það verður mitt eina innlegg í umræðuna að komið sé að því að þjóðin þurfi að eignast dagblað þar sem gilda svipuð lögmál og í Ríkisútvarpi og ríkissjónvarpi og Alþingi sjálft kjósi stjórn yfir slíkt dagblað. Ég skal taka undir með öðrum hv. þm. að ég mæli ekki með flokksblöðum. Ég treysti þeim ekki. En til þess að þjóðin fái upplýsingar sem má treysta þar sem aðhald er að ekki sé gerður munur á fólki eða málefnum og hið ískalda vald peninganna nái ekki að stjórna málum held ég að við þurfum málgagn allrar þjóðarinnar þar sem öll sjónarmið og allir þegnar landsins fá sömu meðferð. Ég sé ekkert athugavert við að við eignuðumst ríkisblað eins og ríkisútvarp og ríkissjónvarp.

[16:23]

Árni M. Mathiesen:

Hæstv. forseti. Það liggur við að manni verði orðfall að koma í ræðustól á eftir síðasta hv. þm. Hugmyndin um ríkisdagblað er mér svo framandi að ég bara get varla hugsað hana til enda. (**GHelg:** Þingmaðurinn er ekki sérlega frumlegur heldur.) Sennilega yrði hv. þm. Guðrún Helgadóttir ritstjóri þessa dagblaðs ef hennar flokkur væri í stjórnaraðstöðu til þess að ráða því.

Hæstv. forseti. Ég get ekki tekið undir með hv. málshefjanda að þau tíðindi að Íslenska útvarpsfélagið hafi keypt 35% hlut í Frjálsri fjölmiðlun kalli á sérstaka umræðu um samruna fjölmiðla á markaði. Reyndar kemur mér á óvart að hann skuli ræða samþjöppun valdsins eða samþjöppun áhrifa fjölmiðla á Alþingi því að 18. október sl. þegar hv. þm. Svavar Gestsson hafði frumkvæði að utandagskrárumræðu um málefni Ríkisútvarpsins gerði ég það einmitt að umtalsefni í ræðu minni hversu yfirgnæfandi staða Ríkisútvarpsins væri á okkar litla fjölmiðlamarkaði. Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, sem tók þátt í umræðunni, tók á engan hátt undir orð mín. Reyndar tók enginn hv. þm. undir þessi orð mín. Það kemur mér því verulega á óvart að nú í dag skuli vera mikill áhugi og miklar áhyggjur af því að vald skuli þjappast saman í þessum fjölmiðlaheimi.

En ýmis gullkorn falla í þessari umræðu. Það er ekki bara hv. þm. Guðrún Helgadóttir sem er uppi með góðar og snjallar og skemmtilegar hugmyndir um ríkisdagblað. Starfsmaður samsteypunnar, sem verið er að gagnrýna, hv. þm. Jón Kristjánsson, ritstjóri Tímans, kom í pontu áðan og ræddi m.a. um rafræna fjölmiðlun. Ég velti því fyrir mér hvaða markhópur eða markaðshópur það væri sem mundi í framtíðinni lesa Tímann á Interneti.

[16:25]

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Það er engin tilviljun að erlendar þjóðir sem kenna sig við lýðræði hafa sett sér lög um að ekki megi safnast vald, m.a. í fjölmiðlum, á fárra hendur. Ég held að við megum ekki vera svo kokhraust eða hrokafull að líta ekki á það dæmi. Því miður höfum við dæmi um það hér á landi. Og jafnvel þeir sem hafa komið nálægt blaðamennsku sem hér hafa verið vita að það hefur verið gerð athugasemd við stjórn fjölmiðla af hálfu þeirra sem þar starfa einmitt vegna áhrifa eignarhalds. Sem betur fer er það liðin tíð að tilteknar bílategundir lentu ekki í árekstri í vissum fjölmiðlum og það er fortíð sem við fáum vonandi aldrei yfir okkur aftur. En við stöndum á þröskuldi nýrrar miðlunar og það er mjög mikilvægt að við getum unnið vel að því og þar megum við ekki vera svo bláeyg að við gerum okkur ekki grein fyrir því að peningar eru ákveðið vald í þeim heimi eins og öllum þeim heimi sem við lifum og hrærumst í. Við getum staðið frammi fyrir því að það skipti máli hver og hvernig þessi miðlun er notuð. Þar á ég við þessa margmiðlun. Ég veit að það er mikið af hæfileikaríku fólki sem starfar hjá hinni nýju samsteypu og ég vona það sannarlega að þeirra kraftar nýtist sem best.

Ég held að það sé miklu heillavænlegra að styðja og styrkja sem víðtækast eignarform á slíkri margmiðlun og að þar hefur öll þjóðin, hvort sem hún gerir það í krafti einhvers konar ríkisvalds eða sem ég tel að væri æskilegra með almenningsframtaki, miklu meira að segja og það skiptir máli að öll sú miðlun sem við stöndum frammi fyrir verði sem lýðræðislegust á allan hátt.

[16:28]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Það hefur komið í ljós í þessari umræðu að hún er þörf. Í fyrsta lagi liggur fyrir sem yfirlýsing frá hæstv. menntmrh. að hann telur að það komi til greina, eins og hann orðaði það, að sett verði sérlög til að tryggja tjáningarfrelsi í landinu. Í öðru lagi hefur komið fram hjá hv. þm. Tómasi Inga Olrich að hann telur eðlilegt að þessi mál verði rædd miklu rækilegar hér m.a. þegar sett verður á dagskrá frv. til útvarpslaga sem sagt er að liggi einhvers staðar í skúffum menntmrh. eða jafnvel í skúffum Alþingis, ég átta mig ekki alveg á því. Þannig að það er greinilegt að það er vilji til þess að taka á málinu í þessari stofnun með svipuðum hætti og hv. 8. þm. Reykn., málshefjandi í dag, gerði grein fyrir málinu og það er mjög mikilsverður árangur. Mikilsverður árangur andspænis þeim tíðindum sem hafa birst af þessu nýja fjölmiðlatrölli sem er að verða til í landinu með ljósvakamiðla, með prentmiðla, með gagnabanka og með margmiðlun af ýmsu tagi. Þannig að það er augljóst að Alþingi Íslendinga mun ekki sitja hjá í þessari þróun heldur taka á henni á tiltölulega skýran hátt og vonandi á þessu þingi af því að fyrir þinginu liggur fyrir frv. um að breyta stjórnarskránni og tryggja þar tjáningarfrelsi og mannréttindi. Það er nauðsynlegt einmitt út af fjölmiðlatröllinu sem er að verða til að á þessum málum verði tekið í stjórnarskránni líka og Alþingi láti málið til sín taka þegar á þeim vikum sem í hönd fara þar til því lýkur.

Að lokum, hæstv. forseti, hafi menn þurft að efast um það hvaða áhrif svona fjölmiðlatröll og það að vera í vinnu hjá þeim eða nálægt þeim hefur á einstaklinga þurftu menn ekki annað en að hlusta á þann góða vin okkar allra hér, hv. 2. þm. Austurl. áðan, ritstjóra Tímans, sem er sannarlega kominn í bland við tröllin og

við skulum sameinast um að gera allt sem við getum til að frelsa þann góða mann úr þeim klóm.

[16:30]

Björn Bjarnason:

Hæstv. forseti. Við lifum á tímum sem eru kenndir við upplýsingabyltinguna þar sem menn eru að stíga ný skref til upplýsingamiðlunar og tileinka sér nýja tækni til þess að geta verið virkir þátttakendur í þeirri byltingu. Ég hef skilið það svo að samruni eða samstarf þeirra tveggja fyrirtækja sem hér hefur sérstaklega verið rætt um miði að því að Íslendingar geti orðið virkari þátttakendur í þessari byltingu og hér verði fyrir hendi aðstaða og þekking til þess að nýta sér hana til fullnustu. Ég sé ekki að það sé neitt athugavert við það að fyrirtæki sameinist, einkaaðilar sameinist um slíka starfsemi og tel það því miklu meira í samræmi við tímann heldur en mæla fyrir um það að ríkið auki hlut sinn á sviði fjölmiðlunar. Ég tel að það hafi verið tímanna tákn á sínum tíma þegar Ríkisútvarpið var stofnað að þá voru menn að glíma við tæknileg vandamál sem ekki voru á færi einstaklinga að leysa. Nú eru breyttir tímar og þá eiga einstaklingar að láta að sér kveða með þeim hætti sem skynsamlegast er og það er að gerast í þessu máli.

Það er einnig rangt að halda því fram að hér hafi þrengst um á fjölmiðlamarkaði. Þvert á móti hafa tæknibreytingarnar leitt til þess að það er miklu auðveldara en áður var að stunda fjölmiðlun, bæði í útvarpi og einnig í blaðaútgáfu, enda sjáum við það um land allt og hvarvetna þar sem menn hafa áhuga á að láta að sér kveða að þeir geta gefið út blöð og þeir geta opnað útvarpsstöðvar þannig að það er algerlega rangt að halda því fram að skoðanamyndun í landinu sé að færast á færri hendur. Þvert á móti hefur tæknin leitt til þess að það geta fleiri látið að sér kveða.

Um það hvort þurfi að setja sérstaka löggjöf varðandi þessa starfsemi þá dreg ég það í efa. Ég held að sú löggjöf sem er nú fyrir hendi geri mönnum kleift að stunda þessa starfsemi, bæði blaðaútgáfu, útvarpsstarfsemi og sjónvarpsstarfsemi með þeim hætti að fullnægjandi sé fyrir hagsmuni hins almenna borgara. Og ég mótmæli því að einhver þróun hafi átt sér stað hér í landinu sem miðar að því að færa upplýsingamiðlun á færri hendur. Hið gagnstæða hefur í raun og veru gerst.

[16:32]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Það kemur mér ekki á óvart að síðasti hv. ræðumaður Björn Bjarnason sjái ekkert athugavert við hringamyndun af þessu tagi. Hann var eini alþingismaðurinn sem greiddi atkvæði gegn því á sínum tíma að Samkeppnisstofnun væri falið að gera athugun á hringamyndun í íslensku atvinnulífi. Allir aðrir þingmenn studdu það á sínum tíma.

Ég vil þakka hæstv. menntmrh. fyrir þau svör sem hann gaf hér og tel að í þeim felist mikilvæg viðurkenning á því að þessi mál þurfi að takast til sérstakrar könnunar og skoða mjög rækilega og með opnum huga hvort ekki þurfi að setja reglur og jafnvel lög sem tryggja trúverðugleika fjölmiðlunar í landinu og komi í veg fyrir óeðlileg valdatengsl og hringamyndun á þessu sviði. Það eru auðvitað gildar ástæður fyrir því að þróuð lýðræðisríki, bæði í Evrópu og Bandaríkin, hafa talið nauðsynlegt að setja slík lög og slíkar reglur vegna þess að máttur hinna stóru á þessu sviði er slíkur þótt um leið hafi tæknin opnað fyrir hina smáu að það er ekki hægt í lýðfrjálsu ríki að sætta sig við slíkt vald. Á sama tíma og menn eru að breyta stjórnarskrá í átt að meiri mannréttindum er nauðsynlegt að tryggja þetta. Það sýnir best mátt eignarhaldsins að sá ágæti maður, ritstjóri Tímans, en Tíminn, málgagn Framsfl., hefur nú um nokkurt skeið verið hjáleiga hjá þessum mikla fjölmiðlarisa þar sem áhrifaaðilar í Sjálfstfl. starfa, að ritstjóri Tímans skyldi hér áðan í reynd vera í vörninni fyrir þennan nýja, mikla fjölmiðlarisa.

Ég tel því miður að ritstjórn DV hafi fallið á fyrsta trúverðugleikaprófinu varðandi þennan samruna með því að flytja eingöngu þessa litlu frétt í blaðinu um þetta stóra mál, með því að segja ekkert annað um málið og með því að láta ritstjórann, Jónas Kristjánsson, vera á opinberum vettvangi réttlætingaraðilann fyrir þessa eignarsamsteypu, ritstjórann sem á að tryggja óháða og sjálfstæða ritstjórnarstefnu á viðkomandi blaði. Og mér þykir það leitt að sjá blaðið falla þannig á fyrsta prófinu varðandi trúverðugleika þessa máls. Það er þess vegna alveg ljóst, virðulegi forseti, að það er okkar verkefni hér á Alþingi ekki bara að tryggja mannréttindi í stjórnarskrá heldur tryggja það að hringamyndanir og samþjöppun valds komi ekki í veg fyrir eðlilega, lýðræðislega þróun á Íslandi.

[16:35]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Það er rétt að ég sagði að ég vildi ekki útiloka þann möguleika að setja sérlög um samruna fjölmiðla hér á landi, en ég vil undirstrika það að ég tel þetta sem hér hefur gerst ekki endilega kalla á slíkt. Menn geta deilt um orð. Hér er auðvitað ekki um beinan samruna fyrirtækja að ræða þótt þarna sé um 35% kaup að ræða.

Ég nefndi að löggjöf hefði verið sett í öðrum löndum sem við viljum gjarnan bera okkur saman við. Á Norðurlöndum hafa Danir t.d. sett ákvæði í löggjöf um að skilyrði þess að fá heimild til þess að reka staðbundið sjónvarp sé að umsækjandi reki einvörðungu slíkt fyrirtæki. Í Svíþjóð hefur ríkisstjórnin nýverið ákveðið að stofna sérstaka nefnd sem á að gera úttekt á fákeppni eða samþjöppun eignarhalds á sviði fjölmiðlunar þar í landi og undirbúa lagasetningu ef þörf krefur. Ég ítreka það að mér finnst sjálfsagt að þetta sé kannað hér hjá okkur.

Það sem mér fannst kannski koma einna merkilegast fram í ræðum manna hér var þessi oftrú á ríkisrekna fjölmiðla. Það kom bæði fram hjá hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur sem sagði að svar við þessari þróun væri að styðja og styrkja Ríkisútvarpið og svo kom þessi stórkostlega hugmynd hjá hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur að koma hér á laggirnar ríkisblaði þar sem öll sjónarmið eiga að fá inni, eins og hv. þm. sagði.

Hugsið þið ykkur nú þegar búið verður að kjósa pólitískri kosningu á Alþingi ritstjórnina og væntanlega velja ritstjórann líka, það verður nú aldeilis að það megi treysta því að öll sjónarmið fái inni. En við erum væntanlega búin að fá þá hér upp á borðið stefnu Alþb. í þessum efnum og það er auðvitað afskaplega verðmætt að fá það út úr þessari umræðu. (**SvG:** Þú gefur nú út Lögbirtingablaðið á hverjum degi.)

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Þessari utandagskrárumræðu er nú lokið, tíminn er liðinn sem hún má standa. Hv. 2. þm. Austurl. óskar eftir að bera af sér sakir og biður nú forseti hv. þm. að gera skilmerkilega grein fyrir þeim sökum sem hann þarf að bera af sér í upphafi máls síns.

[16:38]

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Á mig hafa verið bornar þær sakir að ég sé í blandi við tröll sem vilji ógna mannréttindum hérlendis. Ég mótmæli því harðlega. Ræða mín hér áðan gaf ekkert tilefni til þess að draga slíkar ályktanir vegna þess að inntakið í henni var það að það þyrfti að styrkja og reka áfram og standa vel að samkeppnisaðila þess trölls sem hér er um að ræða. Það var inntakið í minni ræðu þannig að getsakir um það að ég sé í vörn fyrir þennan fjölmiðlarisa eru algerlega tilefnislausar og ég mótmæli þeim sökum.

Fundi slitið kl. 16:39.

---

92. FUNDUR

mánudaginn 13. febr.,
að loknum 91. fundi.

Dagskrá:

Til forsætisráðherra:

1. Stofnun nýsköpunarráðuneytis, fsp., 348. mál, þskj. 570.
2. Nýsköpun og atvinnumál, fsp., 349. mál, þskj. 571.

Til fjármálaráðherra:

3. Fræðsla um bókhald og fjárreiður ríkisstofnana, fsp., 392. mál, þskj. 631.

Til félagsmálaráðherra:

4. Samþykktir Sambands húsnæðisnefnda, fsp., 285. mál, þskj. 357.
5. Lán til viðgerða á félagslegum íbúðum, fsp., 355. mál, þskj. 578.

Til samgönguráðherra:

6. Ferðaþjónusta, fsp., 350. mál, þskj. 572.
7. Alferðir, fsp., 353. mál, þskj. 575.
8. Vegtenging milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar, fsp., 395. mál, þskj. 634.

Til sjávarútvegsráðherra:

9. Dragnótaveiðar, fsp., 359. mál, þskj. 582.

Til dómsmálaráðherra:

10. Barnaklám, fsp., 364. mál, þskj. 590.
11. Löggæslukostnaður, fsp., 388. mál, þskj. 625.

Til menntamálaráðherra:

12. Framtíðarnýting Safnahússins, fsp., 366. mál, þskj. 592.
13. Réttindamál kennara, fsp., 393. mál, þskj. 632.

Fræðsla um bókhald og fjárreiður ríkisstofnana.

Fsp. JVK, 392. mál. — Þskj. 631.

[16:40]

Fyrirspyrjandi (Jóna Valgerður Kristjánsdóttir):

Virðulegi forseti. Nýlega barst á borð okkar þingmanna skýrsla Ríkisendurskoðunar um endurskoðun á ríkisreikningi 1993. Í þessari skýrslu sem er í raun meiri að vöxtum en oft áður er sérstaklega fjallað um fjárreiður og bókhald ýmissa ríkisstofnana. Þar kemur það fram að Ríkisendurskoðun er ár eftir ár að gera athugasemdir við oft og tíðum sömu atriðin hjá sömu stofnunum. Sem dæmi um athugasemdir mætti nefna, með leyfi forseta:

1. Ekki eru í gildi nægilega skýr ákvæði um hvort ber að færa ýmsar greiðslur úr ríkissjóði sem gjöld eða til frádráttar frá tekjum. Sama máli gegnir hvort ýmis framlög eigi að færa til eignar eða sem gjöld.

2. Hjá sömu stofnunum þarf að vanda betur til færslu bókhalds, afstemningar á sjóði, bankareikningum, viðskiptareikningum og fleiru. Kostnaðarreikningar eru víða ekki áritaðir af til þess bærum aðila áður en þeir eru greiddir.

4. Reglur ríkisins mæla fyrir um að kostnaður vegna ferðalaga, bæði innan lands og utan, sé gerður upp á sérstökum ferðareikningi. Uppgjör á þessum kostnaði er víða ófullnægjandi. Ýmist eru ferðareikningar ekki gerðir upp, aðeins hluti kostnaðar færður á þá ef úr hömlu dregst að ljúka uppgjöri eða greitt fyrir útgjöld sem starfsmaður á ekki rétt á að fá endurgreidd.

5. Ýmsar stofnanir sem hafa með höndum starfsemi sem undanþegin er virðisaukaskattskyldu leggja ekki virðisaukaskatt á hliðarstarfsemina sem er í samkeppni við sambærilega þjónustu við einkaaðila. Má þar nefna rekstur mötuneyta fyrir starfsfólk, eigin þjónustu, útselda sérfræðiþjónustu o.fl.

Ég tel að það sé fjmrn. að sjá til þess að önnur ráðuneyti og stofnanir ríkisins taki formlega afstöðu til þeirra athugasemda sem gerðar eru með ríkisreikningi og lagfæri síðan málið í framhaldi af því. Það er með öllu óviðunandi að sífellt sé verið að gera athugasemdir af þessu tagi við fjármál ríkisins sem eiga að vera hafin yfir allan vafa um að rétt sé að málum staðið.

Þá er það einnig ljóst að bæta þarf innra eftirlit stofnunar til að koma í veg fyrir hugsanlegt misferli í

fjármálum en það virðist hafa orðið uppvíst hjá þó nokkrum ríkisstofnunum á árinu 1993. Því hef ég leyft mér að bera fram fyrirspurn til hæstv. fjmrn. á þskj. 631 svohljóðandi:

„Hvernig hyggst ráðherra fylgja eftir ábendingum Ríkisendurskoðunar í ríkisreikningi 1993 til starfsmanna ríkisins þar sem segir „að full ástæða sé til þess að auka upplýsingagjöf og fræðslu fyrir þá sem sinna bókhaldi og fjárreiðum ríkisstofnana?"

Ég tel að það sé mjög nauðsynlegt að fá svar við þessu. Ég geri ekki ráð fyrir því að um ríkisreikning 1993 verði neitt fjallað á þessu þingi þar sem mjög lítið er eftir af því og ég tel því alveg tilvalið að hæstv. ráðherra svari því hvernig hann ætlar að bæta hér úr.

[16:44]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Sem svar við þessari fyrirspurn vil ég láta koma fram eftirfarandi:

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar um ríkisreikning fyrir árið 1993 er fjöldi ábendinga og athugasemda við mörg atriði er lúta að rekstri ríkisins og fjárreiðum þess eins og hv. þm. benti á og er að finna m.a. á bls. 34 og 35 í viðkomandi skýrslu. Sú hefur verið venjan að fjmrh. hefur undanfarin ár átt fund með yfirskoðunarmönnum og ríkisendurskoðanda til þess að fara yfir helstu ábendingar og ræða leiðir til úrbóta. Þess konar fundur er áformaður vegna ríkisreiknings 1993 en fundurinn hefur enn ekki verið tímasettur. Skýrsla Ríkisendurskoðunar fyrir ársreikninginn 1993 er meiri að efni ef nokkuð er en skýrslur fyrri ára og jafnframt er augljóst að meira jafnvægis gætir í athugasemdum og ábendingum stofnunarinnar en oft áður.

Athugasemdirnar eru einkum af tvennum toga og má skipta þess vegna í tvennt. Það eru annars vegar almennar athugasemdir sem taka til meðferðar opinbera fjármuni, reglur og framkvæmdir á bókhaldi og ráðstöfun fjármunanna og hins vegar athugasemdir við einstakar stofnanir og starfshætti þeirra. Skýrslan gefur að sjálfsögðu tilefni til athugasemda, m.a. athugasemda af minni hálfu við nokkur atriði sem koma fram í henni og ég tel að það geti verið um leið svar til hv. fyrirspyrjanda.

Í fyrsta lagi er rétt að rifja upp að um árabil hefur verið leitast við að halda uppi margs konar fræðslu fyrir ríkisstarfsmenn á sviði bókhalds, launa og fjárlagagerðar. Um miðjan síðasta áratug efndi fjmrn., þáverandi Fjárlaga- og hagsýslustofnun, til allumsvifamikillar fræðslu undir nafninu Stjórnsýslufræðsla ríkisins, gagngert til að auka upplýsingagjöf og fræðslu um m.a. bókhald og fjárreiður ríkisins. Þessi starfsemi er enn við lýði og er nú rekin í tengslum við endurmenntunarstarf Háskóla Íslands. Jafnframt hefur ríkisbókhaldið lagt mikið af mörkum til þess að festa í sessi og fræða um bókhalds- og áætlunarkerfi ríkisins, svokallað BÁR. Þá má ekki gleyma því að fjmrn. hefur átt fundi með ráðuneytum og stofnunum ríkisins um ýmsar þær nýjungar sem hleypt hefur verið af stokkunum í gerð fjárlaga og í reikningshaldi.

Í annan stað vil ég ekki láta hjá líða að fara nokkrum orðum um þær marghátttuðu breytingar sem átt hafa sér stað í gerð fjárlaga og ríkisreiknings. Þessar breytingar hafa haft umtalsverð áhrif á starfsemi ríkisins og ríkisstofnana og hefur breytingunni almennt verið vel tekið. Sumum kann að virðast að aukið frelsi til fjárráðstöfunar og meðferð opinberra fjármuna kunni að leiða til óábyrgrar afstöðu forstöðumanna. Þessu er alveg öndvert farið að minni hyggju. Niðurstöður reiknings fyrir árið 1993 sýna svo að ekki verður um villst að rekstur ráðuneyta og ríkisstofnana er í góðu samræmi við fjárheimildir fjárlaga. Þær nýjungar sem einkum hafa komið fram á síðustu árum eru m.a. eftirfarandi:

Rammafjárlög þar sem einstök ráðuneyti og stofnanir bera aukna ábyrgð á skiptingu fjármuna, hafa fest í sessi. Yfirfærsla á ónýttum fjárheimildum hefur verið notuð allnokkuð á liðnum árum en það hefur vafalaust leitt til þess að forstöðumenn sýna meiri ábyrgð á ráðstöfun útgjalda og þeim hefur lærst að meta að hægt er að spara og njóta árangursins í starfi stofnananna.

Þá má nefna að ýmiss konar safnliðir sem ráðuneytin skipta og ráðstafa hafa aukist. Má m.a. nefna liðinn Ráðstöfunarfé ráðherra sem er óverulegur að fjárhæð en hefur oft orðið til þess að ekki hefur þurft að leita aukafjárveitinga til lausnar smæstu málum.

Þá vil ég enn fremur nefna nýbreytni sem felst í gerð þjónustusamninga við ríkisstofnanir. Fjórir slíkir hafa verið gerðir í tilraunaskyni. Of snemmt er að dæma um árangurinn en áhugi er mikill.

Þá vil ég einnig minna á verkefnavísa og vísa þar til upplýsinga sem komið hafa frá fjmrn. og loks að ríkisreikninganefnd hefur komist að niðurstöðu um það hvernig breyta eigi uppsetningu og gerð ríkisreiknings og fjárlaga og sammála í þeirri nefnd voru m.a. fulltrúar Ríkisendurskoðunar. Ég tel þess vegna að að öllu samanlögðu hafi verið unnið heilmikið starf í þessum efnum. Ég hef nokkrar áhyggjur af því að Alþingi og Ríkisendurskoðun virðast ekki fylgjast með þeirri breytingu sem er að eiga sér stað hér á landi sem og annars staðar um nýskipan í ríkisrekstri og bókhaldi sem ég hef lýst. Ríkisendurskoðun gerir að aðfinnsluefni í skýrslu sinni hvernig til fjárheimilda er stofnað og lætur að því liggja að erfitt sé að henda reiður á fjárheimildum stofnana og frelsi til fjárráðstöfunar sé í það mesta. Einnig hefur komið upp á Alþingi ágreiningur milli ráðherra og ríkisstjórnar sem ég ætla ekki að ræða hér að sinni.

Mér sýnist að okkur hafi ekki tekist sem skyldi af hálfu ráðuneytisins að skýra þetta út eða vekja athygli á þessum breytingum hjá viðkomandi aðilum og mun það að sjálfsögðu verða gert á næstunni og mun ég kappkosta sem best ég get að hafa samband við viðkomandi aðila sem einkum eru þá tvær nefndir, þ.e. efh.- og viðskn. og fjárln. og yfirskoðunarmenn ríkisreiknings, og skýra út það sem hefur verið að breytast og þær breytingar sem eru að eiga sér stað í þessum málefnum hérlendis og erlendis.

[16:49]

Fyrirspyrjandi (Jóna Valgerður Kristjánsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Þetta var greinargóð skýrsla sem hann gaf um þessi mál en ég tel líka að það sé mjög ámælisvert þegar ár eftir ár þurfa að koma sömu athugasemdirnar frá Ríkisendurskoðun og yfirkoðunarmönnum um sömu atriðin.

Ráðherra sagði áðan að Alþingi og starfsmenn stofnana hefðu ekki fylgst nægilega vel með þeirri breytingu sem væri að verða á nýskipan í ríkisrekstri. Ég vil ekki samþykja að ekki sé fylgst með því, alla vega hefur okkur verið gerð grein fyrir því í fjárln. hvernig unnið er að þeim málum en það sem ég er fyrst og fremst að tala um með þessari spurningu er að Ríkisendurskoðun hefur látið þá skoðun í ljósi að það sé full ástæða til þess að auka upplýsingagjöf og fræðslu til þeirra sem eiga að sinna bókhaldi og fjárreiðum ríkisstofnanna. Það þurfi að setja þar ákveðnar kröfur um menntun og hæfni. Það hefur vissulega oft verið í umræðunni hér á landi að ekki væri nægilega vel staðið að þessum málum, það væri ekki nægilega skýrt og ekki nógu vel að málum staðið og hugsanlega getur það ekki hvað síst orðið í sambandi við þegar þarf að fara að endurskoða ríkisreikning fyrir árið 1994 og er þá hægt að minnast þeirra umræðna sem hér hafa orðið um bókhald og fjárreiður sendiráðsins í London. Ýmislegt virðist því vera athugavert sem hægt er a.m.k. að komast fram með hjá hinum ýmsu ríkisstofnunum og það er spurning hvort fjmrn. þurfi ekki að beita sér enn meira í því máli að starfsmenn ríkisins og stofnana ríkisins séu meðvitaðir um það hvernig með fjármuni og bókhald ríkisins skuli farið.

Það má einnig minna á að það tekst ekki nægilega vel að ljúka þeim málum sem snerta ríkisreikninga því að enn er eftir að afgreiða ríkisreikning bæði fyrir árin 1991 og 1992 og enn ekki farið að mæla fyrir ríkisreikningi 1993.

[16:52]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég hef ekki miklu við mitt fyrra svar að bæta. Ég tek undir að það er að sjálfsögðu nauðsynlegt að þeir sem fara með bókhald og fjárreiður ríkisins séu vel að sér í þeim efnum. Mér finnst það sjálfsagt. Ég lít kannski ekki á þennan texta Ríkisendurskoðunar sem stórkostlega gagnrýni heldur fyrst og fremst ábendingu um það að eftir þessu sé farið og það er stungið upp á því til viðbótar í skýrslunni sem liggur fyrir að hugsanlega geti það orðið skilyrði fyrir embættaveitingu að viðkomandi aðilar hafi sótt námskeið hjá fjmrn. Það þarf auðvitað að skoða en ég get fullvissað hv. þm. um að flestir þeir sem starfa við þessi efni og hafa verið ráðnir til þess á undanförnum árum, jafnvel áratugum, hafa verið menn sem eru vel að sér í þessum efnum, en lífið er að beytast og hlutirnir eru að breytast, ekki síst á þessu sviði þar sem mikill hraði hefur verið á breytingum að undanförnu.

Þó að það komi þessu máli ekki við þá tel ég að það sé skylt og þurfi einnig að líta á og það er hvernig farið skuli með skýrslur eins og skýrslu Ríkisendurskoðunar og hvert eigi að vera hlutverk og hvort yfirskoðunarmenn ríkisreikninga eigi að hafa hlutverk í þessum efnum. Mín skoðun hefur komið fram áður. Ég tel að það eigi að kjósa sérstaka nefnd af hálfu Alþingis til að fjalla um skýrslur Ríkisendurskoðunar, gefa út álit á þeim skýrslum þannig að það liggi fyrir álit þingnefndar eða meiri hluta þingnefndar. Ég tel, og það er ekki sagt til hnjóðs þeim sem hafa verið yfirskoðunarmenn ríkisreikninga, að það þurfi að fella slíka starfsemi niður en þá þurfi að breyta stjórnarskrá íslenska lýðveldisins.

Að lokum vil ég ítreka það að ég mun gera mitt til þess að samband verði sem allra best á milli yfirskoðunarmanna ríkisreikninga á meðan þeir eru og Ríkisendurskoðunar annars vegar og ráðuneytanna, ekki síst fjmrn., hins vegar og ég mun gera mitt einnig til þess að kynna þær gífurlega miklu breytingar sem eru að eiga sér stað hér á landi og annars staðar um meðferð opinbers fjár og meira frelsi og kannski ábyrgð þeirra manna sem fara með bókhald og fjármagn á vegum ríkisins í nafni skattborgara og Alþingis.

[16:54]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég kvaddi mér hljóðs fyrst og fremst til að taka undir þau almennu sjónarmið sem komu fram í þessari umræðu og ætlaði að bæta því við og hef reyndar nefnt það áður úr þessum ræðustól að það sé eðlilegt að mínu mati að það verði tekin ákvörðun um það í fyrsta lagi að fella ákvæðin um yfirskoðunarmenn ríkisreiknings út úr stjórnarskránni. Þau eru tímaskekkja þar. Ég hef nefnt að það verði gert núna af því að menn eru hvort eð er að skoða stjórnarskrána þá eigi að smeygja þeirri breytingu með.

Í öðru lagi finnst mér að það eigi jafnframt að taka ákvörðun um það hvernig farið verði með slíkar skýrslur í þessari stofnun af því að það er engin meðferð á skýrslunum eins og sakir standa og þýðir það að það er engin meðferð á því góða fólki sem er að vinna einhverjar skýrslur fyrir okkur inni í Ríkisendurskoðun ef við sinnum því ekki betur en gert hefur verið. Ég er því sammála sjónarmiði hæstv. fjmrh. og tel raunar að hann hafi alveg eins verið að taka undir mín sjónarmið eins og ég undir hans.

Samþykktir Sambands húsnæðisnefnda.

Fsp. SvG, 285. mál. — Þskj. 357.

[16:55]

Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ég hef leyft mér að flytja til hæstv. félmrh. fyrirspurn varðandi samþykktir ársfundar Sambands húsnæðisnefnda sem haldinn var 12. nóv. sl. en á þeim fundi var ýmsum fyrirspurnum og áskorunum beint til hæstv. félmrh.

Ástæðan til þess að ég tek þetta mál upp er tvíþætt:

Í fyrsta lagi að mér finnst nauðsynlegt að þingið geri það sem hægt er til að koma húsnæðismálum á dagskrá. Það er satt að segja einn ljótasti þátturinn í okkar velferðarkerfi, það eru húsnæðismálin. Það er eins og það sé ekki gert ráð fyrir því enn þá að fólk búi í húsum í þessu kalda landi. A.m.k. er erfitt að sjá að venjulegt launafólk geti búið í almennilegum húsum af því að það er svo dýrt eins og sakir standa. Í öðru lagi vegna þess að ég tel að á þessum ársfundi Sambands húsnæðisnefnda komi saman þeir einstaklingar sem þekkja kannski best húsnæðismál flestra landsmanna með fullri virðingu fyrir ýmsum öðrum og mér finnst ástæða til þess að lyfta þessum fundum dálítið með því að flytja fyrirspurn af þessu tagi.

Nú er það líka þannig að það eru uppi hugmyndir um að breyta húsnæðisnefndunum ansi mikið og hafa verið uppi hugmyndir um það að taka þaðan út fulltrúa verkalýðshreyfingarinnar og það er satt að segja ansi mikil breyting að ekki sé meira sagt að taka fulltrúa verkalýðshreyfingarinnar út úr verkamannabústaðakerfinu og hefði einhvern tíma þótt sérkennileg spásögn ef því hefði verið spáð um Álftanes eða annars staðar að Alþfl. mundi einhvern tíma á öldinni beita sér fyrir því.

Af þessum ástæðum hef ég lagt þessa fyrirspurn fyrir hæstv. félmrh.:

„Hver er afstaða ráðherra til samþykkta ársfundar Sambands húsnæðisnefnda sem haldinn var 12. nóvember sl.?"

Og það sem ég er kannski alveg sérstaklega að inna eftir er í fyrsta lagi samþykkt sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Ársfundur Sambands húsnæðisnefnda, haldinn 12. nóv. 1994, samþykkir að beina þeim tilmælum til hæstv. félmrh. og Húsnæðisstofnunar ríkisins að hin almenna vaxtalækkun í landinu verði einnig látin ná til íbúa í hinu félagslega kerfi. Það er ljóst að vaxtahækkun sú sem varð úr 1% í 2,4% eða um 140% hækkun hefur reynst þessum hópi fólks mjög erfið. Upplýst er að víða um land stendur þetta húsnæði tómt vegna þess að kostnaður við að búa í þessum íbúðum er orðinn það mikill að láglaunafólk ræður ekki við hann."

Síðan er hér heildartillaga varðandi ýmis mál eins og fyrningarprósentu o.fl. og ég vil einnig inna hæstv. félmrh. eftir afstöðu hennar til þeirrar áskorunar.

[16:59]

Félagsmálaráðherra (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Mér er ljúft að svara þessari fyrirspurn varðandi félagslegar íbúðir sem hv. þm. Svavar Gestsson leggur hér fram. Í samþykktum Sambands húsnæðisnefnda er þess farið á leit við félmrh. að hann beiti sér sem fyrst fyrir endurskoðun á lögum nr. 97/1993, um Húsnæðisstofnun ríkisins, hvað varðar þau sex atriði sem fram koma í tillögum Sambands húsnæðisnefnda. Tillögur sambandsins verða teknar orðrétt upp í sex liðum:

1. Fyrsta tillagan felur í sér að fyrningarprósenta verði lækkuð úr 1,5% í 1%. Samkvæmt frv. til laga um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 97/1993, sbr. lög nr. 12/1994, sem lagt er fyrir Alþingi á yfirstandandi þingi en það er mál nr. 338, þá er lagt til að reglur um fyrningu verði samræmdar á íbúðum sem byggðar hafa verið frá og með gildistöku laga nr. 51/1980. Þannig verði 1% fyrning á öllum þessum íbúðum enda eru þær með fullverðtryggð lán úr Byggingarsjóði verkamanna. Þetta er í 26. gr. frv., g-lið.

2. Vaxtaákvörðun verði sveigjanleg, þ.e. samsvarandi ákvæði verði um lækkun vaxta og nú er um hækkun þeirra ef breyting verður á tekjum íbúa. Í 2. mgr. 25. gr. frv. er gert ráð fyrir því að vextir geti jafnt hækkað sem lækkað eftir aðstæðum lántakenda og þannig geti lántakandinn sótt um breytingu á vöxtum sýni hann fram á að tekjur hans hafi lækkað svo að þær falli á ný undir tekjur skv. 64. gr. laganna. Hins vegar vil ég um leið og ég bendi á þetta ákvæði nefna að þetta ákvæði er reyndar í skoðun, þ.e. hvort e.t.v. sé æskilegra að tryggja eða kanna enn betur að aðstæður viðkomandi hafi í raun breyst á þann veg að réttlætanlegt sé að vextir hækki áður en vaxtaákvörðun er tekin eða vaxtahækkun er gerð fremur en fara e.t.v. út í það að vera með hreyfanlega vexti eftir tekjum. Þetta atriði er í skoðun núna en það verður mælt fyrir frv. í lok vikunnar og þar mun að sjálfsögðu koma fram hver niðurstaðan verður á þessu ákvæði.

3. Vaxtaprósenta verði óháð eignarformi, þ.e. því hvort íbúð er keypt eða leigð, en eins og kunnugt er eru vextir ekki lagaatriði heldur ákvörðun ríkisstjórnar að fenginni umsögn Seðlabankans. Þegar lög nr. 70/1991 og núgildandi kafli laganna um félagslegar íbúðir voru samþykkt voru vextir 1% af eignar- og leiguíbúðum að undanskildum almennum kaupleiguíbúðum en vextir af þeim eru 4,5%. Síðan hækkaði ríkisstjórnin vexti af félagslegum eignaríbúðum í 2,4% en leigubúðir voru áfram með 1% vexti. Vextir af almennum kaupleiguíbúðum í leigu voru hafðir óbreyttir, þ.e. 4,5%, og af félagslegum leiguíbúðum þar sem ekki var fyrir hendi aðgerðir til að jafna húsnæðiskostnað milli leigjenda, þ.e. húsaleigubætur en vaxtabætur jafna húsnæðiskostnað íbúðareiganda að því marki sem vaxtabætur hafa þar áhrif á greiðslu- og eignarstöðu. Þetta kom auðvitað skýrt fram í greinargerð húsnæðismálastjórnar frá því í september 1992 sem fjallaði um þetta. En húsaleigubætur ná sem kunnugt er ekki til félagslegra leiguíbúða í eigu sveitarfélaga nema þegar um almennar kaupleiguíbúðir er að ræða og langflestar félagslegar leiguíbúðir eru því utan húsaleigubótakerfisins og þess vegna e.t.v. rök fyrir því að ekki séu sömu vextir á félagslegum leigu- og eignaríbúðum. Auk þess nær húsaleigubótakerfið enn sem komið er til mun þrengri hóps en vaxtabæturnar og tekjumörkin eru lægri en í félagslega kerfinu.

4. Lagt var til að við útreikning á meðaltekjum verði aldur barna miðaður við 20 ár í stað 16 ára og það er einmitt tillaga um það í 15. gr. frv. Um að veittar verði auknar heimildir um að veita undanþágu frá tekjumörkum ef um er að ræða slæma fjárhagsstöðu og samsvarandi undanþágur þurfa að vera á eignar-

mörkum ef tekjur eru lágar og einnig spurt um lán til viðhalds og endurbóta utan húss. Hvor tveggja þessi ákvæði eru í frv. sem hefur verið lagt fram og ég mun nánar gera grein fyrir hér síðar.

[17:04]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að hreyfa þessu máli vegna þess að það er mjög nauðsynlegt að það komist á dagskrá, hvort hægt sé að finna einhverjar leiðir til þess að aðstoða það fóllk sem gjarnan vill og þarf að búa í félagslegu húsnæði en sér sér ekki mögulegt að gera það vegna þess að kostnaður er svo mikill.

Hæstv. félmrh. kynnti frv. sem tekur á ýmsum af þessum málum og segir að það muni koma fram í lok vikunnar. Ég minnist þess þó ekki að það hafi verið á þeirri dagskrá sem við þingflokksformenn fengum í hendur um dagskrá fyrir vikuna, að það ætti neins staðar að vera þar inni. Ég vildi spyrja hann að því hvort það hefur þá gleymst að koma því þar á framfæri. Að öðru leyti tel ég að frv. komi það seint fram að ég sé nú ekki fram á að hægt verði að ljúka afgreiðslu þess á þessu þingi eða gerir hæstv. ráðherra ráð fyrir því að það gangi?

[17:06]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að hreyfa þessu máli og ráðherranum svör hans. Ég tek undir það með hæstv. ráðherra að full þörf er á því að afgreiða svo skjótt sem verða má í þinginu það stjfrv. sem fyrir liggur um breytingar á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, þ.e. þau ákvæði frv. sem sæmileg samstaða á að geta náðst um í þinginu. Ég hef fulla ástæðu til að ætla að geti náðst góð samstaða um margt af því sem í frv. er, þar með talið fyrningarprósentu og fleira sem verulegu máli skiptir við að ákvarða kostnað þeirra sem búa í íbúðunum. Ég vænti þess að þingmenn muni gera það sem í þeirra valdi stendur til að flýta málinu a.m.k. að því marki sem ég gat um áðan.

[17:07]

Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. fyrir þau svör sem hún gaf áðan og ég tel að hafi verið greinargóð og glögg. Ég tók eftir því að hún sagði allt of lítið, sérstaklega um vaxtamálin sem eru kannski það erfiðasta í þessu dæmi þar sem vextirnir eru orðnir allt of háir og allt of erfitt fyrir fólk að fara inn í félagslega kerfið af því að vextirnir eru svo háir að fólk ræður ekki við þá. Þess vegna standa margir tugir íbúða í félagslega kerfinu auðar og þess vegna er alveg nauðsynlegt að á því máli verði sérstaklega tekið. Auðvitað þurfum við að eiga sveigjanlegt húsnæðiskerfi þar sem tekið er tillit til mismunandi tekna fólks á mismunandi aldursskeiðum eftir því hvernig stendur á af ýmsum ástæðum. Æskilegt væri ef fólk er að taka upp húsnæðiskerfi á annað borð eins og tillögur liggja fyrir um að farið væri mjög almennt í það mál. En það er alveg rétt sem hv. síðasti ræðumaður sagði að tíminn til stefnu í þessum efnum er mjög stuttur.

Ég vil hins vegar benda á að það er skoðun mín að það er nauðsynlegt að farið verði í þessar umræður sem allra fyrst því að þetta eru stórmál og þau taka dálítinn tíma. Ég tel satt að segja að þessi mál sem hér eru nefnd, þ.e. breytingar á húsnæðislöggjöfinni, séu brýnni en ýmis önnur mál sem ríkisstjórnin er að tala um að ljúka á þeim fáu dögum sem eftir lifa af þessu þingi. Þess vegna hvet ég hæstv. félmrh. til að fylgja eftir sínum málum svo sem kostur er í umræðum næstu daga.

[17:09]

Félagsmálaráðherra (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil fyrst geta þess að samkvæmt drögum að yfirliti yfir þingvikuna er þetta mál á dagskrá á föstudag og ég get tekið undir að ég mundi gjarnan þiggja að það kæmi á dagskrá fyrr en það er sett þarna. Ég vil líka taka fram að ég hef átt viðræður um mjög marga um frv. og reynt eins og kostur er að tryggja stuðning við það frá þeim sem láta sig þetta mikilvæga mál varða.

Vegna orða þingmannsins um að hann hefði ekki átt von á því eða e.t.v. hefðu ýmsir ekki átt von á því að frv. væri flutt af ráðherra Alþfl. sem setti fulltrúa verkalýðshreyfingar út úr húsnæðisnefndum sveitarfélaga tek ég fram að ég hef tekið við þessu frv. nákvæmlega eins og það hefur komið frá þeirri nefnd sem vann það og var full samstaða um þetta mál í nefndinni og lagt áherslu á að leggja það þannig og strax fyrir þingið. Ég mun hins vegar sjálf gera tillögu um að fulltrúar verkalýðshreyfingar fari ekki út úr húsnæðisnefndum sveitarfélaganna eins og tillaga er um í frv. og það mun náttúrlega koma fram þegar ég mæli fyrir frv.

Ég sé ekki ástæðu til að fjalla nánar um vextina. Það hljómar einfalt að segja: Látum vextina bara lækka aftur. Þetta er e.t.v. flóknari stefnumörkun en svo og ekki má gleyma því varðandi vexti að það eru vaxtabætur sem vigta þar á móti en þetta ákvæði er í skoðun eins og fleiri sem álitamál hafa verið um. Ég hef lagt mikla áherslu á það að þegar mælt verður fyrir þessu frv. verði full sátt um sem allra flest ákvæði og mér þætti mjög mikilvægt þó að skammur tími sé að það komi í ljós að góð sátt sé um úrbótaákvæðin öll sem eru í þessu frv. og að þingmenn muni sameinast um að hleypa þeim í gegn og þá fremur að skilja eftir einhver ákvæði sem e.t.v. mundu á einhvern hátt orka tvímælis. Það er stefna mín að þannig verði staðið að þessu máli því að það eru svo mörg og góð og mikilvæg atriði í þessu frv. sem ég trúi að sem flestir þingmenn leitist við að gera að lögum á þessu vori.

Lán til viðgerða á félagslegum íbúðum.

Fsp. StB, 355. mál. — Þskj. 578.

[17:12]

Fyrirspyrjandi (Sturla Böðvarsson):

Hæstv. forseti. Á þskj. 578 hef ég borið fram fyr-

irspurn til hæstv. félmrh. um lán til viðgerða á félagslegum íbúðum. Hjá mörgum sveitarfélögum er staðið frammi fyrir þeim vanda að viðhaldi fjölbýlishúsa er mjög áfátt. Á það einkum við fjölbýlishús þar sem eru félagslegar íbúðir efnalítilla íbúa. Hefur verið leitað til Húsnæðisstofnunar ríkisins um fyrirgreiðslu í formi lána til íbúðareigenda til þess að standa undir kostnaði við meiri háttar viðgerðir.

Fram hefur komið í viðtölum mínum við talsmenn húsnæðisnefndar að mikill vandi fylgir mati á íbúðum við eigendaskipti þegar meta á vanrækt viðhald. Slíkt mat er í fæstum tilvikum framkvæmt og er í raun mjög erfitt og jafnvel óframkvæmanlegt þegar ekki er vitað hvernig ástand húsnæðisins er og viðhaldi hefur lítt verið sinnt. Það getur hins vegar skollið yfir eigendur með miklum þunga þegar viðhald hefur verið trassað og gert eign verðlausa í raun þegar til endursölu kæmi.

Húsnæðisstofnun hefur ekki talið sig hafa heimildir til þess að veita lán og hefur verið vísað á félmrn. Málefnið er því í hnút. Á meðan safnast upp vandamál þar sem viðhaldi er lítt sinnt. Því vil ég, hæstv. forseti, leyfa mér að bera fram svohljóðandi fyrirspurn til hæstv. félmrh.:

„1. Hefur stjórn Húsnæðisstofnunar gert ráðuneytinu grein fyrir þeim erindum sem hafa verið til umfjöllunar hjá stjórninni og varða lán til viðgerða á félagslegum íbúðum, m.a. á Akranesi?

2. Mun ráðherra beita sér fyrir nauðsynlegri lagabreytingu til þess að heimilt verði að veita lán til viðgerða og/eða endurbygginga félagslegra íbúða á vegum húsnæðisnefnda sveitarfélaga?"

[17:14]

Félagsmálaráðherra (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Húsnæðisstofnun hefur gert ráðuneytinu grein fyrir afstöðu sinni þess efnis og veitt upplýsingar um einstök mál. Skulu hér rakin helstu bréfaskipti milli ráðuneytis og Húsnæðisstofnunar um þetta efni.

Með bréfi Húsnæðisstofnunar til ráðuneytisins, dags. 6. apríl 1992, eru reifuð þau vandkvæði sem komið hafa í ljós varðandi lagfæringar á byggingargöllum sem ekki falli undir tryggingasjóð félagslegra íbúða þar sem íbúðirnar voru byggðar fyrir stofnun sjóðsins. Upplýst var að Húsnæðisstofnun hafði synjað um lánveitingar til slíkra endurbóta á félagslegu húsnæði, enda skorti til þess lagaheimild. Bent er á að vandinn sé mikill þar sem stórbyggingar séu í niðurníðslu í ýmsum byggðarlögum í landinu.

Með bréfi dags. 30. júní 1992 sendi Húsnæðisstofnun ráðuneytinu til upplýsingar afrit af bréfum frá Hvammstanga og Akranesi þar sem rakin er nauðsyn þess að gera meiri háttar endurbætur á húsum með félagslegum íbúðum. Ráðuneytið ritaði Húsnæðisstofnun bréf þann 7. júlí 1992 og benti á að nefnd sem ynni við að meta reynsluna af félagslegum íbúðum mundi taka á þessu máli. Húsnæðisstofnun ritaði ofangreindri nefnd bréf 20. okt. 1992 þar sem upplýst er að Húsnæðisstofnun hafi borist fyrirspurnir frá húsnæðisnefndum sveitarfélaga um heimild til að veita lán úr Byggingarsjóði verkamanna til viðgerða, viðhalds og endurbóta á eldri íbúðum. Upplýst er að slíkum erindum hefði verið hafnað sökum vöntunar á lagaheimild. Ítrekuð ósk um að lagaheimildar verði aflað. Ráðuneytið ritaði húsnæðisstofnun bréf þann 7. jan. 1993 og óskaði umsagnar stofnunarinnar um tillögu frá starfshópi sem vann við að meta reynsluna af félagslegum íbúðum. Tillögur starfshópsins voru þess efnis að veitt yrðu lán úr Byggingarsjóði verkamanna vegna meiri háttar endurbóta utan húss á fjölbýlishúsi enda þótt beina skráða lagaheimild skorti enda væri talið um neyðarástand að ræða. Síðan skyldi unnið að lagabreytingum í þessa veru. Húsnæðisstofnun svarar framangreindu erindi með bréfi þann 4. mars 1993. Þar kemur fram að brýnt sé að lagaheimild fáist til að lána til meiri háttar utanhússviðhalds. 17. mars 1993 ritar Húsnæðisstofnun ráðuneytinu bréf um þetta efni og leggur þar fram áætlun um viðgerðir vegna byggingagalla í íbúðum í tíu sveitarfélögum, Ísafirði, Bolungarvík, Hvammstanga, Grundarfirði, Stykkishólmi, Akranesi, Hafnarfirði, Vestmannaeyjum, Stöðvarfirði og Búðahreppi. Tekið er fram að úttekt hafi ekki farið fram heldur sé þetta lausleg áætlun. Einnig er tekið fram að upptalning á byggingum sé ekki tæmandi, yfirlitið eigi engu að síður að gefa hugmynd um stærð vandans.

Með bréfi dags. 24. maí 1993 veitti Húsnæðisstofnun umsögn um tillögu nefndar sem meta átti reynsluna af félagslegum íbúðum að veita mætti lán til meiri háttar viðgerð utan húss enda lægju hús undir skemmdum. Afstaða húsnæðismálastjórnar var sú að til þessa þyrfti lagabreytingu. Nauðsynlegt væri að gera ráð fyrir lánveitingum af þessu tagi í fjárhagsáætlun Byggingarsjóðs verkamanna. Með béfi Húsnæðisstofnunar til ráðuneytisins 5. okt. 1993 er greint frá útekt á ástandi hússins Höfðabraut 14–16 á Akranesi sem fram fór 10. sept. 1993. Í bréfinu er vitnað til áfangaskýrslu þar sem segir svo í niðurlagsorðum: „...að það ítrekað að nauðsynlegt sé að endurbætur á húseigninni fari fram sem fyrst því annars heldur húsið áfram að grotna niður og rýrnar verðið í því og gæti leitt til fjárhagstjóns fyrir Byggingarsjóð verkamanna ef ekkert er að gert." Húsnæðisstofnun taldi að úttekt lokinni að veðlán hennar með veði í húsinu Höfðabraut 14–16 væru alls ekki í yfirvofandi hættu þannig að þau gætu tapast á næstu mánuðum eða missirum á meðan beðið væri eftir heimild í lögum og því væru ekki fyrir hendi nauðsynlegar forsendur fyrir því að veita viðgerðarlán á grundvelli neyðarréttar án lagaheimilda svo sem áður hafði verið til umræðu. Eins og framangreindar bréfaskriftir bera með sér taldi Húsnæðisstofnun sér óheimilt að veita lán til meiri háttar utanhússviðhalds í félagslegu íbúðarhúsnæði og væri óheimilt að gera hér undantekningu á þó viðgerð væri brýn. Lagastoð væri nauðsynleg.

Er þá komið að efni næstu spurningar: Mun ráðherra beita sér fyrir nauðsynlegri lagabreytingu til að heimilt verði að veita lán til viðgerða og/eða endurbygginga félagslegra íbúða á vegum húsnæðisnefnda sveitarfélaga?

Í frv. til laga um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, sem nú liggur fyrir Alþingi er lagt til að heimilt verði að veita sérstakt viðbótarlán til eigenda félagslegra íbúða í fjölbýlishúsi vegna meiri háttar utanhússviðhalds. Þetta er í 2. mgr. 10. gr. í nefndu frv. Í frumvarpsákvæðinu er skilgreint hvað átt sé við með endurbótum, endurbyggingu eða viðamikilli viðgerð á þaki, gluggum og útveggjum. Skilyrði er að kostnaður við endurbætur verði ekki greiddur úr tryggingarsjóði og lánið komi til greiðslu þegar Húsnæðisstofnun hefur staðfest með úttekt sinni að verkið hafi verið unnið á þann veg sem kemur fram í verklýsingu.

[17:20]

Fyrirspyrjandi (Sturla Böðvarsson):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hæstv. félmrh. fyrir ítarlegt svar sem dregur mjög rækilega fram hvaða vandi hér er á ferðinni því allt frá árinu 1992 hefur þetta mál verið til skoðunar annaðhvort hjá Húsnæðisstofnun eða félmrn. án þess að viðunandi niðurstaða hafi fengist. Eins og fram kom hjá hæstv. ráðherra þá liggur fyrir frv. sem ætti að geta veitt þær heimildir sem stjórn Húsnæðisstofnunar telur sig þurfa að hafa til að veita lán. En ég hef verulegar áhyggjur af því að það frv. nái ekki fram að ganga miðað við stöðu þess hér í þinginu þannig að ég taldi nauðsynlegt að bera fram þessa fsp. til að fá það fram hvort núv. hæstv. félmrh. hefur hugsað sér að leggja ríka áherslu á afgreiðslu þess máls.

Einnig þarf það að liggja alveg klárt fyrir að þær breytingar sem frv. gerir ráð fyrir að verði gerðar á lögunum tryggi að stjórn Húsnæðisstofnunar hafi þær heimildir sem hún telur sig þurfa að hafa í lögum til að veita slík lán. Þarna er um mjög stór verkefni að ræða sem er nauðsynlegt að hægt verði að ganga í á þann hátt að það séu íbúðareigendurnir sem taki lánin þó jafnvel að framkvæmdir séu undir eftirliti húsnæðisnefnda á hverjum stað. Til viðbótar vildi ég segja það, hæstv. forseti, að ég tel afar mikilvægt að skoða lögin um Húsnæðisstofnun hvað varðar lán til viðhalds og endurbygginga húsa vegna þess að ég held að reynslan sýni að það sé mjög mikilvægt að húsnæðisnefndir hafi tiltekið vald á þessum hlutum. Það er spurning um það hvort það sé ekki nauðsynlegt að setja inn ákvæði í lög um skyldu húseigenda fjölbýlishúsa að safna í sjóði til að eiga fyrir nauðsynlegu viðhaldi húseigna. En ég vil þakka hæstv. félmrh. fyrir þetta svar og vænti þess að þetta mál nái fram að ganga sem fyrst því það getur ekki dregist lengur.

[17:23]

Félagsmálaráðherra (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Eins og fram kemur í 10. gr. þess frv. sem hér hefur verið um rætt þá er þar mjög ítarlegt ákvæði til handa Húsnæðisstofnun ríkisins varðandi lánveitingarheimild til endurbóta og viðhalds. Ég tel að með því ætti að fást alveg viðunandi lagaheimild til þess.

Ég vil taka það fram, vegna orða þingmannsins, og við höfum rætt það í umræðu um þá fsp. sem ég var að svara hér fyrir stuttu að þetta frv. er á dagskrá þingsins síðar í þessari viku. Ég hef lagt mikla áherslu á það að reyna að fá gott samráð um frv. af hálfu þeirra sem telja að þeir eigi hagsmuna að gæta. Þar nefni ég helst verkalýðshreyfinguna og Samband sveitarfélaga og tel að þar sé fenginn stuðningur við þetta frv. þannig að ef þingmenn telja sér fært að afgreiða það skjótt þá á það að vera vel fært. Sjálf mun ég leggja svo mikla áherslu á þær úrbætur sem er að finna í þessu frv. að ég mun hvetja til þess við félmn. að sleppa fremur ákvæðum sem ágreiningur væri hugsanlega um heldur en að tefja frv. og að ná ekki fram þeim úrbótum sem vitað er að víðtækur stuðningur er við hér í þinginu.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Það hefur orðið að samkomulagi milli hæstv. sjútvrh. og samgrh. að þær fsp. sem beint er til hæstv. sjútv.- og dómsmrh. komi á dagskrá á undan hinum þó dagskrá segi annað. Verði því ekki mótmælt verður 9. dagskrármál tekið fyrir.

Dragnótaveiðar.

Fsp. StB, 359. mál. — Þskj. 582.

[17:25]

Fyrirspyrjandi (Sturla Böðvarsson):

Hæstv. forseti. Á þskj. 582 leyfi ég mér að bera upp fyrirspurn til hæstv. sjútvrh. um dragnótaveiðar.

Meðal sjómanna eru mjög skiptar skoðanir um það hvort dragnótaveiðar séu skaðlegar lífríki sjávar á þeim veiðislóðum þar sem dragnótaveiðar eru stundaðar.

Á síðasta þingi fluttu þingmenn Vesturl. till. til þál. um lokun Faxaflóa fyrir dragnótaveiðum. Sú tillaga var ekki afgreidd á því þingi. Talsmenn smábátasjómanna sem gera út frá höfnum Faxaflóa hafa mjög amast við snurvoðarveiðum og hvatt til þess að banna þær á þeim svæðum. Á sama hátt hafa sjómenn og útgerðarmenn snurvoðabáta mælt með því veiðarfæri og telja það skaðlaust lífríkinu og eitt hagkvæmasta veiðarfæri sem um getur. Þær deilur sem eru uppi um dragnótaveiðar verða trúlega ekki settar niður hér úr þessum ræðustóli svo heitar sem þær eru yfirleitt.

Á það má benda að bátar sem stunda dragnótaveiðar frá Breiðafjarðarhöfnum hafa stundað þær með mjög góðum árangri. En þess má geta að þar er um að ræða skipstjóra og skipshafnir sem stunda þessar veiðar með ágætum og raunar með mjög góðum árangri og er þar um þýðingarmikla útgerð og mikinn afla oft á tíðum að ræða fyrir viðkomandi verstöðvar.

Þar hafa hins vegar ekki verið uppi mjög alvarlegar deilur á borð við þær sem hafa heyrst við Faxaflóann. Til þess að endurmeta stöðu málsins og varpa betra ljósi á það hef ég lagt svohljóðandi fyrirspurn fyrir hæstv. sjútvrh.:

1. Hversu mikill var afli dragnótabáta tvö sl. fiskveiðiár eftir veiðisvæðum við landið?

2. Hafa verið gerðar rannsóknir á áhrifum dragnótaveiða á lífríki sjávar?

3. Hver er afstaða Hafrannsóknastofnunar og ráðherra til dragnótaveiða?

4. Hyggst ráðherra beita sér fyrir takmörkun á dragnótaveiðum í Faxaflóa eða á öðrum svæðum við landið?

[17:28]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Sem svar við fyrstu spurningunni er það að segja að afli dragnótabáta fiskveiðiárið 1992–1993 var þessi:

Suður- og Vesturland 14.125 lestir, Breiðafjörður og Vestfirðir 6.867 lestir, Norðurland 1.859 lestir, Norðausturland og Austfirðir 1. 470 lestir.

Fiskveiðiárið 1993–1994: Suður- og Vesturland 17.406 lestir, Breiðafjörður og Vestfirðir 8.662 lestir, Norðurland 1.822 lestir og Norðausturland og Austfirðir 1.548 lestir.

Að því er varðar svar við annarri fyrirspurninni segir svo í bréfi Hafrannsóknastofnunar:

„Ekki hafa verið gerðar rannsóknir sem geta gefið afdráttarlaus svör við spurningunni. Hins vegar hafa verið gerðar ýmsar athuganir á dragnótaveiðum, bæði af köfurum og með fjarstýrðum sjónvarpstækjum. Niðurstöður þeirra rannsókna eru í stuttu máli þessar:

Dragnótatógir snerta botninn yfirleitt mjög létt en geta þó hróflað við sandöldum á botninum. Séu grannir vírar notaðir í stað tóga þá hafa þeir frekar tilhneigingu til að plægja sandöldurnar. Fótreipi dragnótarinnar er misþungt eftir aðstæðum en getur rótað sandinum nokkuð upp. Að gefnu tilefni hafa humarveiðisvæði verið rannsökuð með neðansjávarmyndavél. Hvergi fundust ein ummerki eftir dragnótaveiðar. Áhrif dragnótaveiða á sjávarbotninn eru mun minni en við botnvörpuveiðar. Bæði hlerar, grandarar og fótreipi geta rótað botninum mjög mikið upp. Það á einnig við um rækjuvörpur og selfiskplóga. Athuganir Hafrannsóknastofnunar hafa sýnt að dragnótatógir smala flatfiski mjög vel saman. Dragnótin er því mjög afkastamikið veiðarfæri við kolaveiðar auk þess sem það getur veitt mikið af þorski sem stendur þétt."

Um þriðja lið fsp. er þetta að segja svo vitnað sé áfram í bréf Hafrannsóknastofnunar:

„Afstaða Hafrannsóknastofnunar til dragnótaveiða mótast einkum af því að dragnótin er nánast eina aðgengilega veiðarfærið til að nýta kolastofnana við landið sem trauðla yrðu fullnýttir ef dragnótaveiðar yrðu bannaðar. Út frá þessu grundvallarsjónarmiði hefur Hafrannsóknastofnunin lagt til að möskvastærð við dragnótaveiðar verði 155 millimetrar alls staðar við landið en ekki aðeins í Faxaflóa eins og nú er.

Þá verður að telja að dragnótaveiðar eigi ekki að leyfa á mjög grunnu vatni eða mjög nærri landi. Ástæðan er sú að smáfiskur á sér víða griðland í þarabeltinu en dragnótaveiðar á grunnslóð geta haft skaðleg áhrif á það.

Dragnótaveiðar hafa færst í vöxt á undanförnum árum og tækni við veiðarnar hefur einnig tekið miklum framförum. Ýmislegt bendir til þess að sóknin sé of mikil sums staðar við landið. Til þess að kanna það nánar leggur Hafrannsóknastofnun aukna áherslu á rannsóknir og nýtingu flatfiska.

Rétt er að minna á þá staðreynd að þorskfiskar hrygna uppi í sjó og lirfur þeirra halda sig í yfirborðslögum sjávar þannig að botnfæraveiðar eins og dragnótin hafa ekki bein áhrif á hrygningu og klak þessara nytjafiska."

Að því er varðar afstöðu ráðuneytisins er það að segja að það tekur undir þau sjónarmið Hafrannsóknastofnunar að leyfa þurfi dragnótaveiðar við landið undir virku eftirliti. Þessi þáttur veiða er nauðsynlegur í okkar útgerðarmynstri til að sinna veiðum sem önnur veiðarfæri geta ekki sinnt.

Enn fremur ber að geta þess að afli sem fæst í dragnót er fersk og góð vara sem veiddur er með lágmarkstilkostnaði. Einnig má benda á að í dragnót hefur stóraukist afli af vannýttum flatfisktegundum. Má þar nefna sandkola, langlúru, skráplúru, þykkvalúru og fleira. Einnig má nefna geirnyt. Með aukinni nýtingu á þessum tegundum hafa skapast mörg ný störf í landi við fiskvinnslu.

Varðandi fjórða lið fsp. er það að segja að eftir að dragnótaveiðar voru bannaðar í Faxaflóa voru leyfðar ákveðnar tilraunir til skarkolaveiða þar sem leiddu til þess að veiðar voru leyfðar með takmörkuðum fjölda báta og undir mjög ströngu eftirliti og með mjög ströngum skilyrðum um meðafla. Þessar veiðar hafa verið mjög mikilvæg forsenda fyrir því að nýta kolastofninn í flóanum. Það er nokkuð ljóst að þessi stofn yrði ekki nýttur með öðrum hætti. Þó má hugsa sér að ná þessum kola þegar hann gengur út úr flóanum síðar á árinu en þá er hann orðinn mun horaðri og yrði því mun verðminni vara og þar að auki dýrara að afla hans.

Í ljósi þess hversu eftirlit með þessum veiðum er strangt og hversu lítill meðaflinn er af þorski og ýsu þá hefur ráðuneytið ekki haft uppi áform um að stöðva þessar veiðar.

[17:33]

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Það sem rekur mig hér upp í stólinn er einfaldlega það að taka undir það með hæstv. ráðherra að það er hægt með því að afla mikillar þekkingar á málunum að leyfa veiðar sem annars eru gagnrýndar svo framarlega sem það liggur fyrir þekking á umhverfinu. En það sem við kvennalistakonur höfum ávallt bent á er hversu mikið skortir á hjá okkur að könnuð hafi verið áhrif einstakra veiðarfæra á umhverfið, mismunandi umhverfi á mismunandi stöðum. Það er ekki nóg að byggja bara á heildaraflahámarki og ætla að taka allar ákvarðanir út frá því ef ekki er aflað mikillar þekkingar á því hvaða svæði ber að friða fyrir hvaða veiðarfærum og á hvaða tímum. Þetta held ég að sé það grundvallaratriði sem framtíðarstefna í fiskveiðum okkar hlýtur að byggjast á.

Því miður höfum við talað fyrir daufum eyrum þangað til e.t.v. á allra seinustu árum þegar vísindamenn hafa í æ ríkari mæli farið að taka tillit til þessara sjónarmiða og ég held að þær upplýsingar sem hér er verið að biðja um, þær upplýsingar sem hér fara að koma fram, sýni það svo ekki verði um villst að það

er hægt að vinna þetta mál. Ég held að þeim peningum sem er varið í slíkar rannsóknir sé mjög vel varið og geti þegar til lengri tíma er litið fært okkur betri auðlind, betra umhverfi og meiri afrakstur án þess að ganga á auðlindir sjávar.

[17:35]

Petrína Baldursdóttir:

Virðulegi forseti. Reglulega er vakin upp umræða um dragnótaveiðar og venjulega er umræðan neikvæð og um skaðsemi dragnótaveiða á lífríki sjávar. Ég geri ráð fyrir því að hv. þm. Sturla Böðvarsson sem hér beinir fsp. til sjútvrh. vilji beita sér fyrir því að takmarka dragnótaveiðar í Faxaflóa.

Staðreyndin í umræðu um dragnótaveiðar er sú að mjög erfitt hefur verið að rökstyðja þá fullyrðingu að t.d. dragnótin drepi smáfisk í miklum mæli. Svo framarlega sem menn nota veiðarfæri með lögbundinni möskvastærð gerist það ekki. Dragnótin er dregin mun hægar en t.d. botnvarpa og athuganir Hafrannsóknastofnunar hafa leitt í ljós að bolfiskur sleppur betur í gegnum möskva dragnótar en botnvörpu með sömu möskvastærð.

Niðurstaða úr togararalli Hafrannsóknastofnunar frá maí sl. sýnir að Faxaflói kemur einna best út hvað ýsu varðar og það þrátt fyrir það að þar hafi verið stundaðar dragnótaveiðar sl. 15 ár.

Að mínu mati liggja enn engin haldbær rök til þess að takmarka eða banna dragnótaveiðar í Faxaflóa eða á öðrum svæðum.

[17:37]

Guðjón Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Deilur um það hvort leyfa eigi dragnótaveiðar í Faxaflóa hafa staðið í marga áratugi, bæði hér á Alþingi og meðal sjómanna við Faxaflóa. Nú hafa þessar veiðar verið leyfðar í tilraunaskyni í 15 ár. Fyrst í stað með tveimur bátum en undanfarin ár með a.m.k. 15 bátum sem hafa stundað þessar veiðar og þær eiga auðvitað ekkert skylt við tilraunir.

Smábátaeigendur hafa ítrekað mótmælt þessum veiðum og nýlega samþykkti Landssamband smábátaeigenda að skora á stjórnvöld að banna snurvoðarveiðar í Faxaflóa. Með þessari samþykkt fylgdi svohljóðandi greinargerð, með leyfi forseta:

„Við smábátasjómenn við Faxaflóa höfum stórar áhyggjur af veiðum snurvoðarbáta í Faxaflóa. Við teljum brýnt og raunar krefjumst þess að rannsökuð verði tengsl stöðugt aukinnar snurvoðarveiða í Faxaflóa og minnkandi fiskigengdar. Við vekjum athygli á því að Faxaflóinn er hrygningarsvæði og mjög mikilvæg uppeldisstöð fyrir ungfisk. Öll röskun á viðkvæmu jafnvægi lífríkis getur haft afdrifaríkar afleiðingar fyrir bátaútgerð við Faxaflóa og reyndar fyrir fiskstofnana í heild. Hagsmunir útgerða snurvoðarbátanna eru smámunir miðað við það hrun á fiskstofnum í Faxaflóa sem er að verða að veruleika að okkar áliti.

Okkur smábátamönnum þykir það furðulegt að á tímum umhverfisverndar og vitundar um viðkvæmt lífríki sjávar skuli botndregin veiðarfæri enn vera leyfð á uppeldis- og hrygningarsvæðum fisks.

Við skorum á stjórnvöld að banna snurvoðarveiðar í Faxaflóa frá og með næsta vori og láta fara fram ítarlega rannsókn á afleiðingum þeirra á lífríki Faxaflóans."

Svipaðar samþykktir hafa hin einstöku félög smábátaútgerðarmanna við flóann gert, m.a. Smábátafélag Reykjaness sem samþykkti mjög harðorð mótmæli gegn snurvoðarveiðum á fundi sínum í október sl.

Ég vil taka undir þessi orð sem ég las úr greinargerð Landssambands smábátaeigenda og hvet hæstv. sjútvrh. til að hlusta grannt á þessi sjónarmið.

[17:39]

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Við þingmenn Vesturlands lögðum sameiginlega fram till. til þál. í fyrra um bann við dragnótaveiðum í Faxaflóa.

Það er skemmst frá því að segja að sú tillaga fékk ekki góðar undirtektir á hinu háa Alþingi. Þær spurningar sem hér hafa verið lagðar fram hafa oft heyrst og svörin eru svipuð nema hvað mér fannst koma fram í máli hæstv. sjútvrh. áðan að hann viðurkenndi að leyfin væru of mörg í Faxaflóa, að dragnótaveiðileyfin væru of mörg. Ef það er rétt skilið hjá mér þá langar mig til að spyrja hæstv. ráðherra að því hvort hann ætli ekki að fækka þessum leyfum.

Hann sagði einnig í sinni ræðu, sem er líka nýtt, að á sumum svæðum væri sóknin of mikil. Mig langar að spyrja: Á hvaða svæðum er sóknin of mikil?

[17:40]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Það er rétt sem hér hefur komið fram að umræður um dragnótaveiðar í Faxaflóa hafa oft orðið á Alþingi og reyndar um dragnótaveiðar almennt. Þar endurspeglast sú umræða sem gjarnan einkennir umfjöllun um sjávarútvegsmálin að þar takast á hagsmunir mismunandi útgerða og mismunandi veiðarfæra, smárra skipa og stærri, og auðvitað er það oft vandkvæðum bundið þegar stærri skip og smábátar eru að veiða á sömu veiðislóð og mjög mikilvægt að fylgjast með því. En kjarni málsins í þessu tilviki er sá að hér er um að ræða veiðar sem fylgst hefur verið mjög vel með. Þær skaða ekki aðra stofna, þær eru forsenda fyrir því að nýta kolastofninn og við verðum við þær aðstæður sem við búum við í dag að nýta alla þá möguleika sem við höfum. Hrygning þorsksins fer ekki fram á sjávarbotni, hún fer fram uppi í sjónum og þess vegna hafa þessar veiðar ekki að mati okkar sérfræðinga skaðleg áhrif á hrygningarstöðvarnar.

[17:42]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég skil það þannig að hæstv. ráðherra hafi ekki lýst því yfir að hann ætli að beita sér fyrir takmörkunum á dragnótaveiðinni í Faxaflóanum. Mér þykir það miður. En ég tel að það sé a.m.k. full ástæða til þess að farið verði í það að rannsaka þessi mál betur en fyrir liggur og það eru kröfur um það allt í kringum landið að það verði gert. Það er ömurlegt að fá það svar hvað eftir annað frá fiskifræðingum að það sé pólitísk spurning hvernig eigi að veiða fisk við Ísland og að við skulum ekki vera komnir lengra í rann-

sóknum á áhrifum veiðarfæra að því sé svarað nánast út úr af fiskifræðingum þegar þeir eru spurðir eins og ég lýsti hér áðan.

Ég skora á hæstv. ráðherra að beita sér fyrir því að það verði settar af stað meiri rannsóknir sem skýri það hver áhrif af dragnótaveiðum og öðrum veiðarfærum eru á lífríki sjávar.

[17:43]

Fyrirspyrjandi (Sturla Böðvarsson):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hæstv. sjútvrh. fyrir hans svör við fsp. mínum um dragnótaveiðar. En í svörum hæstv. ráðherra kom fram að það eru miklar efasemdir hjá Hafrannsóknastofnun uppi um það að dragnótaveiðar hafi nokkur skaðleg áhrif á lífríki sjávar eða þær veiðislóðir sem dragnótaveiðar eru stundaðar á. Við höfum út af fyrir sig heyrt þetta áður og ég verð að viðurkenna það, hæstv. forseti, að auðvitað er ekki hægt að hafna þessum skoðunum með öllu. En það er eins og það er að það er oft tengt trúarbrögðum þegar menn ræða um veiðiskap og ekki síst það sem tengist snurvoðinni og menn skiptast mjög í tvö horn eins og hefur komið mjög berlega fram í þessari umræðu.

Ég tel hins vegar að þessi fsp. hafi verið mjög tímabær og það sé nauðsynlegt að fá þetta rækilega fram, ekki síst í ljósi þeirra viðbragða sem urðu við þáltill. sem þm. Vesturl. fluttu í fyrra og hv. 2. þm. Vesturl. gat um réttilega. En þau viðbrögð hafa ekki einungis verið frá sjútvrn. og Hafrannsóknastofnun heldur einnig frá sjómönnum bæði á Breiðafirði og í Faxaflóa en á þessum svæðum eru mjög skiptar skoðanir um það hvort það eigi að banna dragnótaveiðar.

Hæstv. forseti. Ég tel það mjög áríðandi að sjútvrh. leggi aukna og meiri áherslu á að rannsóknir fari fram og Hafrannsóknastofnun leiti allra tiltækra leiða til þess að draga betur fram en hefur verið gert kosti þessa veiðafæris eða galla og áhrif þeirra á lífríki sjávar.

Að öðru leyti vil ég þakka fyrir þessa umræðu og vænti þess að hún leiði til þess að hæstv. sjútvrh. skoði þessi mál að nýju.

Barnaklám.

Fsp. VS, 364. mál. — Þskj. 590.

[17:46]

Fyrirspyrjandi (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Á síðasta ári tók ég upp í fyrirspurnarformi málefni hér á hv. Alþingi sem varðar barnaklám og þá spurði ég hæstv. dómsmrh. á þennan hátt, með leyfi hæstv. forseta:

„Eru uppi áform af hálfu ráðherrans að leggja fram frv. til laga um breytingu á almennum hegningarlögum sem lýsi refsivert það athæfi að eiga eða hafa undir höndum efni með barnaklámi?"

Í svari hæstv. dómsmrh. kom þá fram eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Að svo stöddu hafa ekki verið teknar neinar ákvarðanir um að flytja á Alþingi frv. um breytingar á hegningarlögum til þess að gera það refsivert að eiga eða hafa undir höndum efni með barnaklámi. Á hinn bóginn hefur ráðuneytið ákveðið að láta gera greinargerð út frá refsiréttarlegu sjónarmiði."

Það er þess vegna, hæstv. forseti, sem ég tek upp málið á nýjan leik á hv. Alþingi og spyr hæstv. dómsmrh. svohljóðandi fyrirspurnar á þskj. 590:

„1. Hefur dómsmálaráðherra látið gera greinargerð út frá refsiréttarlegu sjónarmiði um það athæfi að eiga eða hafa undir höndum efni með barnaklámi?

2. Ef svo er, hverjar eru aðalniðurstöður greinargerðarinnar?

3. Hafa verið teknar ákvarðanir um viðbrögð?"

Í fyrra þegar málið var til umræðu á hv. Alþingi lá fyrir að Norðmenn höfðu sett lög sem bönnuðu að eiga eða hafa undir höndum efni með barnaklámi. Síðan þá hefur það gerst að Danir hafa sett lög sem banna þetta og þau taka gildi, eftir því sem ég best veit, 1. mars. Auk þess má geta þess að sænska ríkisstjórnin hefur mótað þá stefnu að þetta skuli einnig bannað þar þó að það sé ekki komið í lög enn þá.

Auk þess má nefna að Norðurlandaráð hefur samþykkt tillögu um aðgerðir í baráttunni gegn barnaklámi og í þeirri ályktun kemur eftirfarandi fram, með leyfi hæstv. forseta:

Í fyrsta lagi að Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til norrænu ráðherranefndarinnar að hún geri nauðsynlegar ráðstafanir til þess að saknæmt teljist að hafa barnaklám undir höndum á Norðurlöndum.

Að hún efli samvinnu lögreglu og tollyfirvalda hlutaðeigandi ríkja til að koma í veg fyrir dreifingu barnakláms. Að hún stuðli að því að Norðurlönd verði í fararbroddi í öðrum ráðstöfunum á alþjóðavettvangi í baráttunni gegn barnaklámi.

Í öðru lagi að Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til ríkisstjórna Norðurlanda að sérhvert Norðurlandanna og Norðurlöndin í heild stuðli að því að öll ríki heims samþykki og starfi samkvæmt sáttmála Sameinuðu þjóðanna um vernd barna og ungmenna og að Norðurlöndin túlki sáttmála Sameinuðu þjóðanna um vernd barna og ungmenna með sama hætti.

[17:50]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Eins og fram kom í tilvitnuðum umræðum hv. fyrirspyrjanda þá hefur dómsmrn. fylgst með réttarþróun á þessu sviði, einkanlega á Norðurlöndunum. Enn þá liggur ekki fyrir endanleg greinargerð um þau efni en niðurstaða ráðuneytisins er eigi að síður sú í ljósi þeirra athugana sem gerðar hafa verið að ákveðið hefur verið að semja lagafrv. um þetta efni.

Það eru, eins og fram kom í máli hv. fyrirspyrjanda, fyrirliggjandi ályktanir frá mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna, frá Evrópuráðinu og frá Norðurlandaráði þar sem skorað er á viðkomandi aðildarríki að gera vörslu á barnaklámi refsiverða.

Á Norðurlöndunum hefur þessi réttarþróun verið að eiga sér stað. Norðmenn, eins og hér hefur komið fram, hafa þegar lögfest þetta í löggjöf sinni. Sænska þingið ákvað að gera það refsivert að hafa barnaklám með höndum. Það kemur til framkvæmda á árinu 1999

vegna þess að Svíar þurfa að gera breytingar á stjórnarskrá áður en það getur orðið refsiverður verknaður. Í Danmörku var lagt fram frv. í nóvemberbyrjun eins og fram kom hjá hv. þm. um þetta efni.

Að öllu þessu athuguðu þótti ráðuneytinu það vera rétt að hefjast nú þegar handa við að láta semja frv. um þetta efni. Þar þarf vitaskulda að taka mið af þeirri reynslu sem fram hefur komið og ákveða þær skilgreiningar sem þurfa að gilda þegar mat verður lagt á refsiverðan verknað í þessu falli.

En svarið við spurningunni er að þessi vinna er að hefjast og ákvörðun liggur fyrir þar um.

[17:52]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að hreyfa þessu máli. Það er mjög þarft að við á Íslandi látum þessi mál til okkar taka rétt eins og löndin í kringum okkur því að víða í löndunum er einmitt verið að taka á þessum málum eins og kom fram í máli hv. þm. áðan.

Ég tel að við verðum að þora að setja þær takmarkanir á tjáningarfrelsi að við getum stemmt stigu við því að fólk hafi efni með barnaklámi undir höndum og reyni jafnvel að dreifa því. Ég minni á að í þinginu er enn þá óafgreitt frv. um eftirlit með kvikmyndum, það hefur ekki enn hlotið afgreiðslu, og þar er a.m.k. einn angi af þessu máli. Það er hægt að taka á þessu þar. En ég tel mjög nauðsynlegt og er mjög ánægð að heyra það að hæstv. ráðherra er að láta verulega vinnu fara fram um þetta mál og ég vona að sem fyrst verði teknar ákvarðanir um viðbrögð eins og hér er spurt um.

[17:54]

Fyrirspyrjandi (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir svör hans og ég skil hann þannig að hafin sé vinna í dómsmrn. sem miðar að því að hér á landi verði sett lög sem geri það óheimilt að hafa þetta efni undir höndum. Ég get þó ekki staðist að segja við hæstv. ráðherra að mér fyndist hann hefði getað verið búinn að grípa til aðgerða aðeins fyrr en núna á síðustu vikum þessa kjörtímabils. En það er þó aðalatriðið að málið er komið í þann farveg sem ég held að flestir Íslendingar hljóti að vilja að það sé í, að við setjum lög sem geri óheimilt að hafa undir höndum efni sem inniheldur barnaklám.

Hæstv. forseti. Það er óhugnanlegt að hugsa til þess að það skuli vera rekin starfsemi á sviði ferðamannaiðnaðar sem byggir á kynferðislegri misnotkun á börnum og þar á ég við ferðir eins og til Tælands, Sri Lanka, Filippseyja og fleiri landa. Ég ætla ekki að halda því fram að slík starfsemi sé rekin hér á landi en staðreyndin er sú að hún er rekin í Svíþjóð og í Danmörku og það hefur a.m.k. verið fullyrt að Íslendingar hafi tekið þátt í slíkum ferðum þó þær hafi ekki verið í gegnum íslenskar ferðaskrifstofur.

En þetta er eins og hér kom fram hjá hv. 6. þm. Vestf. að hluta til ákvæði sem snertir frelsi einstaklingsins og friðhelgi heimilisins en ég get ekki trúað því þó að þau ákvæði verði til þess að við Íslendingar, rétt eins og okkar nágrannaþjóðir, getum ekki sett löggjöf sem tekur á þessum málum því það er vilji fólksins. Það er ég alveg sannfærð um.

Útbýting þingskjala:

Endurgreiðsla oftekinna skatta og gjalda, 406. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 652.

Réttur til endurgreiðslu af ofteknum sköttum, 407. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 653.

Löggæslukostnaður.

Fsp. HG, 388. mál. — Þskj. 625.

[17:56]

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Á þskj. 625 er að finna fsp. til dómsmrh. um löggæslukostnað og er ég borinn fyrir henni. Það hefur gleymst að geta þess að hugmyndin var að með mér væri á fsp. Kristinn H. Gunnarsson en okkur hefur láðst að láta prenta þetta upp.

Fsp. er svohljóðandi:

„Hefur ráðherra gefið fyrirmæli til sýslumanna um innheimtu löggæslukostnaðar vegna skemmtana, m.a. af framlengingarleyfum hjá veitingahúsum úti um land, þannig að tryggt sé að mismunun í þessum efnum sé úr sögunni og ef svo er frá hvaða tíma?"

Tilefni þessarar fsp. er væntanlega nokkuð auðskilið. Við fjárlagaafgreiðslu var þetta mál til umfjöllunar og þá mælti formaður fjárln. við 3. umræðu fyrir nýjum fjárlagaliðum eða breytingum og þar er að finna, með leyfi forseta, svohljóðandi um fjárlagalið 413-434 Ýmis sýslumannsembætti.

„Áætlað er að sértekjur nokkurra sýslumannsembætta hafi verið endurskoðaðar þar sem innheimtukostnaður við löggæslu verður minni en áður var ætlað. Fallið verður frá innheimtu hjá samkomuhúsum vegna löggæslu. Alls er gert ráð fyrir að lækkun sértekna nemi 7,8 millj. kr. og hækkar þá framlag til embættanna um sömu fjárhæð. Embættin og fjárhæðin eru sýndar í nál. meiri hluta."

Með því sem þarna var boðað á að vera afnumin mismunun sem hefur verið talsvert til umræðu og mikill þyrnir í augum þeirra sem vilja að nokkurn veginn eitt gangi yfir aðila í þessu landi. Þetta hefur verið rætt hér öðru hvoru í þinginu og ég minni á álit umboðsmanns Alþingis að gefnu tilefni varðandi túlkun á lögum að þessu leyti þar sem umboðsmaður benti á að þessi mismunun fengist tæpast staðið bókstaf laganna. Það var sem sagt innheimtur löggæslukostnaður hjá veitingahúsum m.a. úti um landið á meðan veitingahús á höfuðborgarsvæðinu sluppu við greiðslu á slíkum kostnaði.

Eitthvað bar á því í byrjun ársins að málsmeðferð í þessu sambandi var mismunandi eftir embættum og það er kveikjan að þessari fsp. að fá það alveg á hreint frá hæstv. dómsmrh. hvaða fyrirmæli hann hefur gefið og hvenær til embættanna því við verðum auðvitað að treysta því að með þessu verði endir bundinn á

þessa mismunun gagnvart þeim sem hafa greitt þennan löggæslukostnað. En síðan kemur hitt sem snýr að embættunum hvort þau í raun fái minnkandi tekjur bættar eins og hér er gefið fyrirheit um. Væri gott ef hæstv. ráðherra hefði tíma til að víkja einnig að því atriði í sambandi við málið.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Vegna orða hv. þm. vill forseti taka fram að á þskj. 625 er nafn hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar ekki nefnt.

[18:00]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Dómsmrn. skrifaði lögreglustjórum bréf 13. jan sl. um innheimtu löggæslukostnaðar þar sem lagðar eru línur um samræmingu á innheimtu þessara gjalda í samræmi við þær breytingar sem gerðar voru á fjárlögum fyrir yfirstandandi ár þar sem lögreglustjóraembættum er gert kleift að mæta þessum sjónarmiðum. Þetta bréf tekur til allrar þeirrar starfsemi sem fellur undir reglugerð um löggæslu á skemmtunum og um „slit á skemmtunum og öðrum samkvæmum", eins og það heitir.

Fyrirmæli þessi tóku gildi þegar í stað frá og með því að lögreglustjórar fengu viðkomandi bréf. Ráðuneytinu er kunnugt um það að í tveimur tilvikum a.m.k. hjá einu sýslumannsembætti höfðu innheimtuaðgerðir átt sér stað vegna slíks kostnaðar í janúarmánuði. En eftir að þetta bréf var sent hefur sú innheimta verið látin niður falla. Ég vænti þess að með þessum aðgerðum náist það markmið um aðstöðujöfnun sem að hefur verið stefnt í þessum efnum.

[18:02]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Þau eru í fullkomnu samræmi við afgreiðslu Alþingis við frágang 3. umr. fjárlaga þar sem þetta var ákveðið eins og fram kom í brtt. þá.

Mig langar til að beina fyrirspurn til ráðherrans í framhaldi af svari hans varðandi eldri gjöld sem hefðu verið innheimt og lægju kannski enn ógreidd fyrir árið 1994 og eldri hjá veitingastöðum, einkum í ljósi álits umboðsmanns Alþingis sem benti á að það væru annmarkar á lögum hvað það varðaði að innheimta þennan löggæslukostnað yfir höfuð. Mig langar því til að forvitnast um hver sé afstaða ráðuneytisins til þess að endurgreiða þann löggæslukostnað sem innheimtur var áður en sú ákvörðun tók gildi um síðustu áramót að fella hann niður.

[18:03]

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. forseta fyrir upplýsingarnar og afgreiðslu málsins sem mér sýnist, eins og kom fram hjá síðasta ræðumanni, að sé ótvíræð og skýr. Síðan er auðvitað spurning um það sem liggur lengra til baka eins og fram hefur komið en einnig hvað varðar stöðu embættanna sem missa af tekjunum. Ég nefndi það áðan að ég hef heyrt efasemdir um að það sama sé látið yfir öll embætti ganga í þessum efnum. Ég skal engan dóm fella um það. En væntanlega heyrir hæstv. ráðherra um það frá embættunum ef svo er að þau hafi ekki fengið jöfnun eða bætur vegna lækkunar sértekna eins og fram var tekið við fjárlagaumræðuna. Væri gott ef hæstv. ráðherra gæti vikið aðeins að þessum þætti á eftir.

[18:04]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Vegna fyrirspurnar hv. málshefjanda tek ég fram að leitast var við að jafna þá fjárhæð sem kom á fjárlögum í þessu skyni þannig að eðlilegum kröfum embættanna væri fullnægt í þessu skyni og að ekki yrði um að ræða mismunun á milli þeirra. Auðvitað er það svo að þar geta ýmisleg atriði komið til álita og nánari skoðunar. Ég get því ekki fullyrt um að það hafi gerst þannig að óaðfinnanlegt sé. Enda fjármagnið sem þarna kom til viðbótar vissulega takmarkað og ekki ljóst hvort það er í raun nægjanlegt til að fullnægja þessum kröfum. Það verður þá reynt að taka á því þegar það kemur í ljós.

Varðandi spurningu hv. 5. þm. Vestf. er það að segja að ráðuneytið hefur litið svo á að þessi gjöld hafi verið lögð á grundvelli laga þó sú framkvæmd hafi vissulega falið í sér ákveðna mismunun á milli einstakra lögsagnarumdæma og því hefur það álitaefni ekki verið uppi á borðinu að endurgreiða þau gjöld sem þannig hafa verið innheimt.

Ferðaþjónusta.

Fsp. HN, 350. mál. — Þskj. 572.

[18:07]

Gunnlaugur Stefánsson:

Hæstv. forseti. Ég leyfi mér að bera hér fram fyrirspurn er hv. varaþm., Hermann Níelsson, flytur. Eins og komið hefur fram hefur hann farið af hv. Alþingi nú um sinn.

Fyrirspurnin beinist að hæstv. samgrh. og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„1. Hvaða markvissar aðgerðir hafa átt sér stað til eflingar ferðaþjónustu svo að hún megi verða ein af aðalatvinnugreinum þjóðarinnar?

2. Hver eru áform ríkisstjórnarinnar um framtíðaruppbyggingu greinarinnar?"

Hæstv. forseti. Ég held að þetta séu spurningar í tíma talaðar. Það er alveg ljóst að ferðaþjónustan gegnir afar mikilvægu hlutverki í okkar atvinnulífi og hlutverk hennar fer vaxandi. Velta ferðaþjónustunnar á árinu 1994 er talin hafa verið um 16,8 milljarðar kr. sem segir sína sögu um mikilvægi þessarar atvinnugreinar fyrir íslenskan þjóðarbúskap. Það er mjög brýnt að þannig sé staðið að verki hvað varðar alla skipulagningu og áætlanagerð fyrir ferðaþjónustuna að þar fari allt eins vel og kostur er. Einnig vil ég leggja áherslu á það að ferðaþjónustan er mannfrek atvinnugrein sem þarf á mörgum að halda til starfa og þess vegna er brýnt að þessi grein megi eflast og styrkjast í framtíðinni.

[18:09]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Spurt er: „Hvaða markvissar aðgerðir hafa átt sér stað til eflingar ferðaþjónustu svo að hún megi verða ein af aðalatvinnugreinum þjóðarinnar?"

Umsvif ferðaþjónustu hafa vaxið mjög hér á landi sérstaklega tvo síðustu áratugi. Á árinu 1994, eða á síðasta ári, komu hingað 180 þús. erlendir gestir. Samkvæmt upplýsingum Seðlabanka Íslands námu gjaldeyristekjur af komu þeirra liðlega 16,8 milljörðum kr. Þær tekjur voru um 14,9 milljarðar árið 1993 en þá komu um 157 þús. erlendir gestir til landsins.

Ástæður þessarar jákvæðu þróunar eru margar. Þær má fyrst og fremst rekja til mjög markvissrar vinnu, markaðsátaks, sem efnt var til erlendis og ég vík nánar að síðar. Markaðsvinnu, vil ég segja, fjölmargra aðila. Eins er undirstaða þeirrar vinnu að sjálfsögðu að samgöngumálum hefur mjög fleygt fram, flugsamgöngum til annarra landa og þar fram eftir götunum.

Að mati þeirra sem vinna að ferðaþjónustu hafði opnun hringvegarins feikileg áhrif til eflingar ferðaþjónustu innan lands og eins hversu vel hefur áunnist með lagningu bundins slitlags. Nýjar ferjur hafa verið keyptar til landsins og ég vil líka nefna að nýr millilandaflugvöllur hefur verið lagður á Egilsstöðum sem skapar auðvitað forsendur fyrir enn frekari þróun ferðaþjónustu í þeim landshluta, Austurlandi.

Við afgreiðslu fjárlaga fyrir yfirstandandi ár var samþykkt að lengja lánstíma lána úr Ferðamálasjóði úr 15 árum í 25. Þá vil ég minna á að á síðasta ári veitti samgrn. með sérstökum sparnaði 40 millj. kr. til sérstakrar kynningar á Íslandi erlendis og 10 millj. kr. voru veittar í sama skyni úr Framleiðnisjóði landbúnaðarins. Var það gert í samvinnu við Flugleiðir sem lögðu jafnmikið fé fram þannig að til þessa verkefnis var varið 100 millj. kr. á sl. ári og átakinu beint að fimm helstu markaðssvæðum okkar erlendis.

Við afgreiðslu fjárlaga fyrir yfirstandandi ár var samþykkt heimild til að halda þessu starfi áfram og verja 30 millj. kr. til hins sama verkefnis enda hefur það gefið mjög góða raun.

Starfsemi Ferðamálaráðs hefur mjög vaxið á undanförnum árum og ég vil minna á að á árinu 1993 ákvað ég að opna skrifstofu Ferðamálaráðs á Akureyri til að sinna sérstaklega innlendri kynningu, ráðgjöf vegna uppbyggingar ferðaþjónustu sérstaklega á landsbyggðinni, umhverfismálum og ýmsum öðrum þáttum ferðaþjónustu. Þar vinna nú fjórir starfsmenn en alls eru starfsmenn Ferðamálaráðs 14 en voru átta í upphafi árs 1994.

Á árinu 1993 ákvað ég að efna til sérstaks átaks undir heitinu „Ísland, sækjum það heim" og var átakið framkvæmt á sl. ári. Tilgangur þess var að hvetja Íslendinga til ferðalaga um landið. Samhliða var aukin öll upplýsingastarfsemi um íslenska ferðaþjónustu. Gífurleg umfjöllun varð um ferðaþjónustu vegna átaksins og varð hún til að auka verulega ferðalög samkvæmt niðurstöðum kannana sem gerðar voru sl. vor og haust.

Á árinu 1994 setti ég á stofn verkefnastjórn til að gera tillögur um nauðsynlegar úrbætur og uppbyggingu á ferðamannastöðum. Þessi nefnd hefur unnið mikið starf að söfnun upplýsinga og gert tillögur. Niðurstöður nefndarinnar munu liggja fyrir á næstu vikum.

Strax í sumar verður unnið að úrbótum á þremur stöðum á landinu í samræmi við tillögur verkefnanefndarinnar og Ferðamálaráðs í framhaldi af sérstakri fjárveitingu til úrbóta á fjölsóttum ferðamannastöðum sem samþykkt var við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1995.

Á árinu 1992 var sett á stofn ráðstefnuskrifstofa Íslands þar sem Ferðamálaráð er stærsti rekstraraðilinn. En hlutverk hennar er að markaðssetja möguleika Íslands sem ráðstefnu- og fundarstaðar. Til þessarar skrifstofu hefur ríkið varið um 30 millj. kr.

Þá setti ég á síðasta ári á stofn nefnd til að kanna möguleika til að nýta sögu okkar til eflingar ferðaþjónustu en ljóst er að þar eru miklir möguleikar fyrir hendi. Auk þess er unnið að margvíslegum verkefnum öðrum með sérstöku samstarfi við lönd innan Evrópska efnahagssvæðisins.

[18:14]

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Þar sem hæstv. samgrh. minntist á 40 millj. sem hefði verið varið til kynningar á Íslandi erlendis þá hef ég grun um að það séu þær milljónir sem afhentar voru Flugleiðum án nokkurra kvaða um hvernig brúka skyldi. Mér fyndist forvitnilegt ef hæstv. samgrh. gæti gefið okkur einhverjar upplýsingar um það í sínu síðara svari hvernig þessum fjármunum var varið.

[18:15]

Gunnlaugur Stefánsson:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. fyrir greinargóð svör við þeim spurningum sem ég flutti fyrir hönd hv. varaþm. Hermanns Níelssonar. Eins og kom fram í máli hæstv. ráðherra þá virðist þróunin í þessari atvinnugrein stefna öll í rétta átt. Erlendum ferðamönnum er að fjölga og einnig vilja Íslendingar ferðast um sitt land í ríkari mæli en áður sem er ánægjulegt er.

Eins og ég gat um í inngangsorðum mínum er hér um geysilega mikilvæga atvinnugrein að ræða fyrir íslenskan þjóðarbúskap. Mér er sagt að hver erlendur ferðamaður skili þjóðarbúinu 95 þús. kr. í tekjur og hvert prósent í aukningu á slíkum ferðamönnum hefur náttúrlega mikið að segja fyrir alla afkomu þjóðarinnar. Einnig hitt að hér er um mjög mannaflafreka atvinnugrein að ræða og þess frekar getur það komið að miklu gagni þegar atvinnulífið hefur átt við erfiðleika að stríða eins og glöggt má sjá á undanförnum þremur árum en þetta horfir allt til betri vegar þegar inn í framtíðina er skyggnst.

Ég vil því aftur þakka hæstv. ráðherra greinargóð svör og læt þær óskir í ljós að þetta starf allt saman sem hér hefur verið nefnt megi bera blómlegan ávöxt í komandi framtíð.

[18:17]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Ég tók eftir því að hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir var óánægð yfir því að samgrn. skyldi vinna með Flugleiðum að markaðsstarfi erlendis. Það er ekki tilfellið ef við horfum t.d. til þeirra samninga sem við höfum gert bæði við Grænlendinga og Færeyinga að þeir telji það af hinu illa að nýta sér þá miklu möguleika sem net Flugleiða opnar. Var m.a. sérstaklega beðið um það í för minni í Færeyjum nú á dögunum þegar við vorum að undirbúa sérstakan samning milli Íslendinga og Færeyinga um samvinnu á sviði ferðamála að Flugleiðir kæmu að því máli sem var talinn grundvöllur að því að sá samningur gæti nýst eins og báðar þjóðirnar vilja.

Það hefur staðið öllum opið, hv. þm., að leggja fram fé á móti til markaðsöflunar erlendis. Það stóð öllum opið og stendur öllum opið. Hver og einn er velkominn sem kýs að gera það en það er rétt að Flugleiðir hafa talið það sína hagsmuni og hafa haft bolmagn til að leggja verulegt fé fram og það hafa þeir gert. Mér er mikil ánægja að fara yfir þau mál hér á hinu háa Alþingi hvernig þessum peningum var varið ef sérstaklega verður eftir því leitað í fyrirspurnatíma sem ekki er tilfellið nú því þessar fyrirspurnir vita að öðrum hlutum.

Um áform ríkisstjórnarinnar til framtíðar vil ég aðeins segja að ég tel nauðsynlegt að við Íslendingar reynum að leita allra færa til þess að greiða fyrir sem mestu frelsi á sviði samgöngumála og ferðamála enda hefur reynslan sýnt að það ber ríkulegan ávöxt að vinna með þeim hætti.

Alferðir.

Fsp. VS, 353. mál. — Þskj. 575.

[18:19]

Fyrirspyrjandi (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég hef borið fram fsp. á þskj. 575 til hæstv. samgrh. um alferðir og hljóðar fsp. svo, með leyfi forseta:

„1. Hvenær er að vænta reglugerðar samkvæmt lögum um alferðir, nr. 80/1994?

2. Hyggst ráðherra leggja fram breytingu á lögum um alferðir þar sem gildissvið þeirra er víðtækara en nauðsynlegt er samkvæmt þeirri tilskipun Evrópubandalagsins sem lögin eru byggð á?"

Með lögum nr. 80/1994, um alferðir, var lögfest efni tilskipunar Evrópubandalagsins nr. 90/314 EBE, um ferðapakka, orlofspakka og skoðunarpakka. Markmið laganna er að tryggja aukna neytendavernd á sviði ferðaþjónustu og eru því þau verulega íþyngjandi í garð þeirra er selja slíkar ferðir. Hins vegar hefur löggjafinn gengið lengra en nauðsynlegt var vegna framgreindrar tilskipunar. Þannig er í 2. gr. laganna talað um að ferðaheildsali sé sá sem setur saman alferð og býður hana til sölu hvort heldur beint eða gegnum ferðasmásala.

Í 2. mgr. 2. gr. tilskipunarinnar er hins vegar talað um að efni hennar nái ekki til þeirra sem aðeins stöku sinnum setja saman slíka ferð og bjóða til sölu. Sem dæmi má taka að á vegum Ferðaþjónustu bænda eru bændur víða um land farnir að selja ferðamönnum gistingu. Þar er ekki um alferð að ræða. Í sumum tilvikum eru bændur einnig með einhverja viðbótarþjónustu í boði svo sem hesta, veiði eða skoðunarferðir. Þeir sem gista hjá Ferðaþjónustu bænda og fara í stutta hestaferð meðan á dvöl stendur eru þannig að kaupa sér alferð í skilningi laga nr. 80/1994, óháð því hvort bóndinn er aðeins í stöku skipti að selja slíka ferð eða hvort sala slíkra ferða er orðinn stór þáttur í starfseminni.

Samkvæmt tilskipun Evrópubandalagsins væri hins vegar aðeins um að ræða alferð í síðara tilvikinu. Hér er um mjög mikilvægt atriði að ræða þar sem lög um alferðir leggja miklar skyldur á þá sem selja slíkar ferðir. Auk þess má þess geta að þessi löggjöf hefur mjög slælega verið kynnt í landinu og má alveg reikna með því að fjöldi aðila hafi starfað ólöglega síðan lögin voru sett vegna þess að þau hafa ekki verið kynnt.

[18:22]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Um hina fyrri spurningu er það að segja að í desembermánuði voru drög að reglugerð send hagsmunaaðilum til umsagnar. Því miður hafa ekki allar umsagnir borist en ég hef lagt áherslu á það að reglugerð verði gefin út í þessari viku. Ég hafði raunar ætlað mér að gefa reglugerðina út í janúarmánuði.

Um síðari spurninguna vil ég segja að við undirbúning frv. til laga um alferðir var byggt á tilskipun Evrópusambandsins frá 13. júní 1990 um ferðapakka, orlofspakka og skoðunarferðapakka. Einnig voru höfð til hliðsjónar lög um þetta efni sem sett hafa verið í Danmörku. Ráðuneytið taldi rétt að taka mið af löggjöf Dana í þessu efni enda löng hefð ríkjandi þar í samstarfi Evrópusambandsins.

Við gerð frv. var miðað við að fylgja ákvæðum tilskipunarinnar en segja má að hún kveði á um ákveðnar lágmarksreglur og er einstökum ríkjum heimilt að ganga lengra í þeirri neytendavernd sem tilskipunin felur í sér. Ekki var gert ráð fyrir því að ganga lengra í því efni en tilskipunin gerir ráð fyrir og ég vil undirstrika það. Það verður ekki gert ráð fyrir því af minni hálfu að ganga lengra en tilskipunin gerir ráð fyrir.

Við samningu frv. í ráðuneytinu var leitað umsagnar hagsmunaaðila og komu engar athugasemdir fram af þeirra hálfu um að frv. gengi lengra en nauðsynlegt var með hliðsjón af tilskipun Evrópusambandsins. Eftir að raddir um hið gagnstæða komu upp fól ég lögfræðingum ráðuneytisins að athuga sérstaklega hvort lög um alferðir hafi víðtækara gildissvið en tilskipunin byggir á og bera saman við löggjöf annarra ríkja Evrópska efnahagssvæðisins. Ég álít að það sé mjög nauðsynlegt og ég hef lagt áherslu á að þessi vinna geti legið fyrir í þessari viku og mun ganga eftir því.

Ég get ekki gert að því ef löggjöf um alferðir hef-

ur verið slælega kynnt. Ég veit ekki betur en yfir hana hafi verið farið af hagsmunaaðilum og þeir sem vinna að ferðaþjónustu hafa með sér landssamtök sem væntanlega láta félögum sínum eða meðlimum í té upplýsingar um breytingar á lögum eða reglugerðum eða öðru sem að ferðaþjónustu lýtur. Það er auðvitað nauðsynlegt fyrir fólk í þessari atvinnugrein eins og öðrum að fylgjast með þróuninni og fylgjast með því eftir hvaða leikreglum er farið.

[18:25]

Fyrirspyrjandi (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Það er nú þannig að þegar óbreyttir þingmenn bera fram fsp. þá virðist ýmislegt fara að gerast í ráðuneytunum oft á tíðum. Þá koma út reglugerðir og allt hvað eina. En ég þakka hæstv. samgrh. fyrir hans svör og ég er ekkert að gera því skóna að hann hafi ætlað sér að þessi löggjöf gengi lengra en tilskipun Evrópusambandsins. Engu að síður er staðreynd að svo er vegna þess að þar er kveðið á um það að þeir sem setja saman slíka ferð aðeins stöku sinnum þurfi ekki að heyra undir þau ákvæði sem kveðið er á um í lögum hér og eru mjög ströng og óþægileg fyrir þá sem eru að stunda þessa atvinnugrein í litlum mæli eins og t.d. er með bændur.

Ég vil spyrja hæstv. samgrh. hvort það sé ekki réttur skilningur hjá mér að setji bóndi saman ferð um gæsaveiði og gistingu þá þurfi hann að kaupa sér tryggingu sem kosti 6 millj. þó ekki sé annað upp talið.

Hæstv. ráðherra hafði ekki svör við því á þessari stundu hvort gildissviðið er víðtækara hér en nauðsynlegt er miðað við hans orð áðan. Ég vil þá spyrja hann: Mun hann, ef það liggur fyrir á allra næstu dögum að íslenska löggjöfin gengur óþarflega langt og er óþarflega íþyngjandi fyrir þá sem stunda þessa atvinnugrein í smáum stíl, beita sér fyrir því að lögunum verði breytt á þeim örfáu dögum sem eftir eru af þessu þingi? Ég er reyndar sannfærð um að það getur myndast samstaða um það að breyta þessum lögum ef þau eru óþarflega íþyngjandi.

Þá vil ég spyrja hann líka: Hver telur hann að sé rétti aðilinn til að kynna lögin?

[18:27]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Ég vil ítreka það sem ég sagði áðan að ef lengra er gengið með lögunum en samningurinn um hið Evrópska efnahagssvæði kveður á um þá er þar um mistök að ræða og óhjákvæmilegt að fá úr því skorið. Ég hef falið lögfræðingum ráðuneytisins að athuga það sérstaklega og gaumgæfilega í hverju sá mismunur liggur vegna þess að það er ekki í samræmi við það sem ég lagði fyrir þegar frv. um alferðir var samið. Það er heldur ekki í samræmi við þann skilning sem ég hafði þegar málið var lagt fyrir Alþingi á sínum tíma. Þess vegna tel ég nauðsynlegt að fá úr því skorið hver sá munur er, hvers eðlis hann sé og ég er sammála hv. þm. um að þá sé nauðsynlegt að taka afstöðu til þess hvort þinginu þyki rétt að breyta lögunum. Ég vil fá að sjá niðurstöður þeirrar athugunar.

Spurningin um það hver eigi að kynna lögin — ég segi það sama og áður að hver atvinnugrein fyrir sig verður að fylgjast með lögum og reglugerðum. Það eru haldnar fjölmargar ráðstefnur um ferðamál á hverju ári og ég hélt satt að segja að það væri svo gott samband milli einstakra aðila að upplýsingar lægju á lausu og taldi raunar, svo ég tali sérstaklega um Ferðaþjónustu bænda, að framkvæmdastjóri ferðaþjónustunnar hefði lagt sérstaka rækt við það að kynna bændum þær breytingar sem hafa orðið á starfsskilyrðum á grundvelli ferðaþjónustunnar.

Vegtenging milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar.

Fsp. SvS, 395. mál. — Þskj. 634.

[18:30]

Fyrirspyrjandi (Sverrir Sveinsson):

Virðulegi forseti. Ég hef lagt fram fsp. til samgrh. um vegtengingu milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar. Ég flutti tillögu um þessa vegtengingu árið 1989 og 1990. Meðflm. að tillögunni voru Halldór Blöndal, núv. hæstv. samgrh., Jón Sæmundur Sigurjónsson, Jóhannes Geir Sigurgeirsson, Ragnar Arnalds og Pálmi Jónsson, núv. formaður samgn. Alþingis, allir úr kjördæmum Norðurl. v. og Norðurl. e. Eftir umræðuna um tillöguna í allshn. var hún afgreidd með eftirfarandi hætti:

„Allshn. hefur fjallað um 62. mál þingsins, þál. um gerð jarðganga og vegalagningu milli Ólafsfjarðar og Siglufjarðar í framhaldi af opnun jarðganga um Ólafsfjarðarmúla.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og stuðst við umsagnir frá síðasta þingi, þ.e. frá bæjarstjórnum Siglufjarðar og Ólafsfjarðar, Fjórðungssambandi Norðlendinga og Vegagerð ríkisins.

Nefnd þingmanna úr öllum flokkum vinnur nú ásamt Vegagerð ríkisins að gerð langtímaáætlunar í samgöngumálum. Virðast efni tillögunnar falla inn í verkefni þeirrar nefndar. Nefndarmenn eru því sammála um að heppilegast sé að umræða um jarðgangagerð og könnun hennar fari fram í þeirri nefnd sem vinnur að langtímaáætluninni.

Í trausti þess að efni þessarar tillögu verði komið á framfæri við fyrrgreinda þingmannanefnd leggur nefndin til að tillögunni verði vísað til ríkisstjórnarinnar."

Undir þetta skrifar Guðni Ágústsson, formaður nefndarinnar, Jón Kristjánsson, Karl Steinar Guðnason, Kristinn Pétursson, Guðrún Helgadóttir, Ingi Björn Albertsson og Eggert Haukdal.

Í greinargerð með upphaflegu tillögunni var lagt til að það yrði kannað hvort hagkvæmt væri að athuga jarðgangagerð borið saman við aðra valkosti við vegtengingu milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar og hafa þá sérstaklega hliðsjón af stofnkostnaði, notagildi, viðhaldskostnaði, Byggðaþróun, félagslegum sjónarmiðum, samtengingu þéttbýlisstaða og styttingu vega.

Virðulegi forseti. Í greinargerð með þessari þáltill. sagði svo að árið 1986 hafi þáv. samgrh. skipað nefnd til þess að gera langtímaáætlun um jarðgöng með til-

liti til samgöngubóta á þjóðvegakerfi landsins. Markmið þessarar áætlunar voru skilgreind í skipunarbréfi að tengja þau byggðarlög við vegakerfi landsins sem ekki eiga völ á fullnægjandi tengingu með öðrum hætti. Enn fremur að tengja saman byggðarlög sem mynda eðlilega, félagslega og atvinnulega heild en geta ekki komið á viðunandi sambandi milli sín nema með jarðgöngum eða öðrum álíka mannvirkjum. Átti nefndin að hafa að leiðarljósi í starfi sínu eftirtalin atriði:

1. Samanburð jarðganga við aðrar mögulegar lausnir með tilliti til stofnkostnaðar og viðhaldskostnaðar, notagildis og umferðaröryggis.

2. Röðun verkefna.

3. Framkvæmdahraða og hugmyndir um fjármögnun miðað við að unnið sé samfellt að jarðgangagerð.

Í framhaldi af þessu veit ég til þess, virðulegi forseti, að að það hafa farið fram snjómælingar á Lágheiði og í framhaldi af því þykir mér eðlilegt að spyrja hæstv. samgrh.:

„Hvað líður samanburði á vegtengingu milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar með jarðgöngum um Héðinsfjörð og gerð heilsársvegar um Lágheiði?"

[18:34]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Vegagerðin svarar þessu svo:

„Síðla árs 1993 var gerð eftirfarandi samþykkt í bæjarstjórn Siglufjarðar:

Bæjarstjórn Siglufjarðar beinir því til samgrh. og þingmanna Norðurl. v. og Norðurl. e. að skipaður verði vinnuhópur sem kanni möguleika á endurbyggingu vegarins yfir Lágheiði með það fyrir augum að hann verði heilsársvegur.

Önnur sveitarfélög í nágrannabyggðum tóku undir þessa samþykkt og sendu sams konar ósk til samgrh. sem beitti sér í framhaldi af því fyrir fundi með þingmönnum svæðisins snemma á árinu 1994. Á þeim fundi var samþykkt að taka undir ósk sveitarfélaganna og fela Vegagerðinni að gangast fyrir myndun vinnuhóps og veita henni forstöðu.

Þann 29. ágúst sl. skipaði vegamálastjóri síðan samráðshóp um endurbyggingu vegar um Lágheiði. Markmiðið með starfi hópsins er að mynda vettvang fyrir skoðanaskipti og samráð um lagningu vegar um Lágheiði og málefni sem tengjast því verkefni. Vegagerðinni er síðan ætlað að bera ábyrgð á endanlegum tillögum með venjubundnum hætti."

Eins og fram kemur er hér fyrst og fremst horft til endurbyggingar vegar um Lágheiði þannig að heilsársambandi megi koma á milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar. Í bréfi vegamálastjóra til allshn. Alþingis dags. 20. apríl 1990 kom fram að möguleikar á gerð jarðganga munu verða skoðaðir áður en endanleg ákvörðun um gerð vega verður tekin. Samanburður á þeim tveimur kostum sem nefndir eru í fyrirspurninni mun m.a. byggjast á athugunum sem ýmist eru hafnar eða eru fyrirhugaðar í náinni framtíð.

Þannig hófust athuganir á snjóalögum á Lágheiði nú í haust með niðursetningu snjóstika sem lesið verður af reglulega nú í vetur og næstu vetur. Þá er hafinn undirbúningur að frumathugunum og jarðfræðilegum aðstæðum til jarðgangagerðar sem fram munu fara næsta sumar. Einnig er í undirbúningi að gera umferðarkannanir á svæðinu nú í sumar til að unnt verði að gera raunhæfa umferðarspá. Þegar hafa verið teiknuð grunnkort að vegsvæði frá Ólafsfirði um Lágheiði að Ketilási og fyrstu hugmyndir að veglínum settar á þau kort. Allt eru þetta atriði sem þarf að kanna til að unnt verði að bæta nauðsynlegar forsendur útreikninga við samanburð á vegtengingum milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar með jarðgöngum um Héðinsfjörð og gerð heilsársvegar um Lágheiði. Þessi vinna er hafin.

Ég vil svo segja persónulega að mér er kunnugt um hinn mikla áhuga sem hv. þm. Sverrir Sveinsson hefur fyrir jarðgöngum milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar. Ég álít að þær hugmyndir séu mjög athyglisverðar vegna þeirrar þýðingar sem það hefur fyrir þéttbýliskjarnana við Eyjafjörð að hægt sé að draga sem mest úr fjarlægðum og helst gera allt þetta svæði að einu atvinnusvæði. Það getur skipt sköpum um framtíðaruppbyggingu Siglufjarðar að slík þróun geti orðið í sambandi við uppbyggingu atvinnufyrirtækja þar og í sambandi við samvinnu fiskvinnslufyrirtækja á Siglufirði og annars staðar við Eyjafjörð. Ég tel af þeim sökum að þetta mál sé eitthvert hið mikilverðasta í sambandi við byggðamál á Norðurlandi í heild sinni og vil eftir því sem í mínu valdi stendur flýta fyrir því að þessi athugun geti orðið og reyna að greiða fyrir því að gott vegasamband verði milli Ólafsfjarðar og Siglufjarðar. Það er talið ef ég man rétt að uppbygging vegar um Lágheiði kosti um 600 millj. kr. og skiptist nokkuð jafnt milli kjördæma en ég hef ekki í huga þær fjárhæðir sem verið er að tala um í sambandi við jarðgöng, gæti trúað að það væri einhvers staðar í kringum 1,5 milljarða eða svo, en hv. þm. man það kannski betur en ég.

[18:38]

Fyrirspyrjandi (Sverrir Sveinsson):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. samgrh. fyrir þær upplýsingar sem hann gaf um hugsanlegar athuganir á þessari tillögu sem ég var að spyrjast fyrir um. Það vill svo til að ég hef undir höndum samanburð á kostnaðartölum, annars vegar að heilsársvegi gerðum yfir Lágheiði upp á 600 millj. kr. og hins vegar jarðgöngum um Héðinsfjörð upp á 1,8 milljarða. Það sýnir sig að samanburður með forsendum sem Vegagerðin notar til þess að meta hagkvæmni slíkra fjárfestinga gerir markvexti með jarðgangaleiðinni upp á 14,6% þar sem 8% eru með veginum yfir heiðina. Ég minni á að vegur lagður í 400 metra hæð lokast yfirleitt. Ég minni á veg yfir Steingrímsfjarðarheiði sem við heyrum í fréttum að er mokuð að morgni og oftast ófær að kvöldi.

Jarðgangatækni hefur fleygt fram og við Íslendingar erum komnir töluvert áleiðis í það, og ég vænti þess að núv. samgrh. beiti sér fyrir því jafnvel þó að ég geri mér grein fyrir því að það sé lítið um fjármuni, að hlutast svo til um að jarðgangagerð verði ekki látin falla niður eftir að jarðgangaframkvæmdum um Vestfirði lýkur. Þessi jarðgöng sem bent er á þarna, það eru að vísu tvö göng samtals um 4 km á lengd, eru mjög

fýsilegur kostur að mínu mati til þess að ráðast í eftir að jarðgöngum við Vestfirði lýkur, ef ráðherranum verður að ósk sinni að geta látið fara í heilsársveg yfir Fjöllin að tengja saman kjördæmin Norðurl. e. og Austfirði. Staðreyndin er sú að einmitt vegir og vegtengingar á milli kjördæma verða oft og tíðum út undan. Þess vegna segi ég það, virðulegi forseti, að það er fagnaðarefni þegar samgrh. tekur undir þessa tillögu og fyrirspurn með þessum hætti og ég vonast til þess að hann komi þessum boðskap sínum til samgn. þingsins.

[18:41]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Ég tek undir með hv. þm. að það er mjög brýnt að reyna að vanda sig vel við framhald þessa máls. Vegur frá Ólafsfirði yfir í Fljótin er einhver snjóþyngsti vegur sem byggður yrði upp hér á landi ef ekki sá allra snjóþyngsti þannig að hér er sannarlega nauðsynlegt að sjá vel fram og athuga sinn gang. En við höfum tímann fyrir okkur og ég hef eins og ég áður sagði lagt áherslu á að til alls þessa undirbúnings verði mjög vel vandað.

Ég tek undir með hv. þm. að það er oft vandamál að finna leiðir til þess að afla fjár til vega sem liggja milli kjördæma. Það getur verið miklum erfiðleikum bundið. Svo að ég tali um mitt kjördæmi, Norðurl. e., þá er um fjórar leiðir að velja þó að hálendinu sé sleppt suður um land og allar kostnaðarsamar og það hefur reynst okkur mjög örðugt Norðlendingum að finna fé til slíkrar tengingar og það er auðvitað ástæðan fyrir því hversu hljótt hefur verið um Lágheiðina að sú heiði tengir saman tvö kjördæmi.

Framtíðarnýting Safnahússins.

Fsp. VS, 366. mál. — Þskj. 592.

[18:43]

Fyrirspyrjandi (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég ber fram fyrirspurn á þskj. 592 til hæstv. menntmrh. um framtíðarnýtingu Safnahússins. Fyrirspurnin hljóðar svo, með leyfi forseta:

„1. Hefur verið tekin ákvörðun um framtíðarnýtingu Safnahússins við Hverfisgötu?

2. Ef svo er, hver er hún?"

Þetta kemur í framhaldi af því að í fyrra, nánar tiltekið þann 28. mars, bar ég fram fyrirspurn til hæstv. menntmrh. um Safnahúsið og þá spurði ég svo, með leyfi forseta;

„Hver er fyrirhuguð nýting Safnahússins við Hverfisgötu eftir að Þjóðarbókhlaðan hefur verið tekin í notkun?"

Það er skemmtileg tilviljun að þessi umræða fór fram 28. mars, en Safnahúsið var einmitt formlega vígt 28. mars 1909. Í svari hæstv. menntmrh. kom það m.a. fram að ákvörðun um framtíðarnýtingu Safnahússins hafði ekki verið tekin þá en hann taldi þá æskilegt að sú ákvörðun lægi fyrir innan tíðar og eins og hann orðaði það, áður en brottflutningi Landsbókasafnsins lyki.

Hæstv. menntmrh. talaði þá um þriggja manna nefnd og í skipunarbréfi þeirrar nefndar hefði m.a. komið fram að það skyldi einkum ætlast til að nefndin athugaði hvort nýta mætti húsið í þágu íslenskra fræða að fornu og nýju og bókmennta. En hann minntist einnig á að fleiri hugmyndir hefðu komið upp og meðal annars hefði komið upp sú hugmynd að húsið yrði nýtt sem aðsetur fyrir skrifstofu forseta Íslands. Fleiri hugmyndir nefndi hæstv. menntmrh. í svari sínu fyrir um það bil ári. En ég taldi rétt núna þar sem þingi er að ljúka og það hefur ekki komið um það nein frétt svo ég hafi orðið vör við að þessi framtíðarnýting hafi verið ákveðin. Mér er mjög annt um þetta hús, þó ég sé ekki þingmaður Reykvíkinga þá hef ég fullt leyfi til þess, og því spyr ég hæstv. menntmrh. þessarar spurningar.

[18:46]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Það getur nú varla verið neinn einkaréttur þingmanna Reykvíkinga að hafa áhuga á nýtingu Safnahússins. En hv. þm. spyr hvort tekin hafi verið ákvörðun um framtíðarnýtingu Safnahússins við Hverfisgötu og ef svo er hver sú ákvörðun sé.

Svarið við fyrri lið fyrirspurnarinnar er nei. Ákvörðun hefur ekki verið tekin en það er unnið að undirbúningi hennar og ég skal greina frá því í stuttu máli.

Á fundi ríkisstjórnarinnar 8. nóv. sl. var samþykkt tillaga mín um að ríkisstjórnin fæli menntmrh. að skipa þriggja manna nefnd með fulltrúum frá forsrn., menntmrn. og fjmrn. til að athuga og leggja mat á framkomnar tillögur og gögn um framtíðarnýtingu Safnahússins við Hverfisgötu. Skyldi nefndin skila áliti til menntmrh. sem síðan legði tillögu sína fyrir ríkisstjórn. Eftir að tilnefning fulltrúa hafði borist var nefndin skipuð og eiga sæti í henni ráðuneytisstjórar forsrn. og fjmrn. ásamt ráðuneytisstjóra menntmrn. sem veitir nefndinni forustu. Húsameistari ríkisins starfar með nefndinni.

Nefndinni er samkvæmt skipunarbréfi og í samræmi við framangreinda samþykkt ríkisstjórnarinnar falið að athuga og leggja mat á tillögur og gögn sem fyrir liggja um framtíðarnot Safnahússins og skila með hliðsjón af þeirri athugun áliti til menntmrh. um hvaða hlutverk skuli ætla húsinu eftir að aðalstöðvar Landsbókasafns og Þjóðskjalasafns eru fluttar þaðan. Taka skal mið af friðunarákvæðum sem um húsið gilda. Það er óskað eftir að í áliti nefndarinnar komi fram mat á kostnaðarþáttum sem tengjast tillögum um framtíðarhlutverk hússins svo og áætlun um tíma sem þyrfti til að koma á nýrri skipan.

Ég sagði í svari við fsp. á sl. ári að það væri æskilegt að ákvörðun lægi fyrir áður en brottflutningi Landsbókasafns úr húsinu lyki og sú skoðun mín er að sjálfsögðu í fullu gildi enn þá. En það er rétt að minna á að Þjóðskjalasafn hefur enn afnot af nokkrum hluta Safnahússins og það er fyrirsjáanlegt að svo þurfi að vera um skeið á meðan ólokið er nauðsynlegum framkvæmdum í byggingum Þjóðskjalasafnsins við Laugaveg. Einnig er enn þá nokkur ritakostur á vegum

Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns, varðveittur í Safnahúsinu.

Ég vil líka geta þess að þjóðskjalaverði hefur með bréfi frá ráðuneytinu verið falið að hafa á hendi umsjón með Safnahúsinu frá 1. mars nk. þar til öðruvísi verður ákveðið.

Ég get bætt því við að ég vonast til að nefndin sem hefur verið skipuð ljúki störfum sem fyrst. Ég vona að það geti orðið fyrir lok marsmánaðar án þess að ég vilji fullyrða um það hvort svo verði en ég hef óskað eftir því að nefndin skili áliti fyrir lok mars.

Útbýting þingskjala:

Embættisfærsla umhverfisráðherra, 138. mál, nál. minni hluta allshn., þskj. 649; brtt. KHG o.fl., þskj. 650.

[18:50]

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Um það mál hvert eigi að vera hlutverk Landsbókasafnshússins í framtíðinni vil ég aðeins segja þetta: Húsið var byggt sem landsbókasafn. Þetta er friðað hús og raunar eitt fegursta hús í bænum. Það á auðvitað aldrei að verða neitt annað en bókasafn og hluti af Landsbókasafni.

Menn verða að átta sig á því að þegar bókasafn er annars vegar eykst bókakostur hraðar en menn gera sér í hugarlund. Ef Ísland á að verða aðsetur norrænna fræða og bókmennta þá held ég að nægt hlutverk verði fyrir þetta hús. Ég vænti þess lengstra orða að ekki verði farið að fá þessu húsi eitthvert allt annað hlutverk en það var upphaflega byggt til. Ég undrast það satt að segja að ef ég skildi hæstv. menntmrh. rétt þá séu ráðuneytisstjórar í nefnd að fjalla um framtíð þessa húss. Ég heyrði ekki að landsbókavörður tæki þátt í þeirri vinnu. Ég held að það væri nú eðlilegra að ...

(**Forseti** (GunnS): Ég verð að minna hv. þm. á að tími hans er útrunninn. Þar með bið ég hv. þm. að ljúka máli sínu.)

Ég skal gera mér grein fyrir því, hæstv. forseti. Ég mun gera það með þeirri ósk að Landsbókasafnshúsið verði áfram hluti af Landsbókasafni.

[18:52]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að vekja athygli á þessu máli og rifja það upp að á síðasta þingi flutti ég tillögu þess efnis að Safnahúsið yrði gert að setri íslenskra fræða. Það er eingöngu sleifarlag af minni hálfu að tillagan hefur ekki verið endurflutt og má enn þá úr því bæta. En ég held að einhver starfsemi af því tagi, rannsóknastörf í þágu bókmennta og menningar og þar með talið bókasafn, hæfi þessu húsi best. Mér fyndist koma vel til greina að stofnun Árna Magnússonar tengdist þessu húsi og finnst að það þurfi að athuga það rækilega því það er ýmissa kosta völ.

En ég vil halda því til haga í þessari umræðu, sem reyndar hefur komið fram, að Safnahúsið er friðað hús og að innréttingin sem er í lestrarsalnum er einstök að því að mér er sagt. Það er orðið vandfundin svona gömul innrétting eins og þar er að finna og því er hún dýrgripur út af fyrir sig og því bera að varðveita húsið sem slíkt, hæstv. forseti, og að þar verði bókmenntaiðkun og bókasafn af einhverju tagi.

[18:54]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson):

Virðulegi forseti. Það er við hæfi að menn ræði framtíðarnotkun þessa sögufræga og fallega húss sem Safnahúsið er. Menn hafa talað í þá veru að það sé einsýnt að það verði tekið undir einhvers konar bókaiðju eða fræðaiðju sem tengist bókum og bókasöfnum. Ég vek eftirtekt á því að hæstv. menntmrh. undirstrikaði að það væri ekki búið að taka nokkra ákvörðun um þetta. Ég vil þess vegna halda því til haga að starfsmenn Náttúrugripasafnsins hafa varpað fram þeirri hugmynd að þetta hús yrði notað undir Náttúrugripasafnið. Það er á hrakhólum með húsnæði eins og menn vita og var eitt sinn til húsa einmitt í Safnahúsinu. Ég tel nauðsynlegt að menn gleymi ekki þessu í iðu umræðunnar. Menn eru væntanlega að hugsa um að vernda arfleifðina sem best þegar þeir tala um að nota húsið undir bókasafn en ég vek eftirtekt á því að við eigum líka annars konar arfleifð og sú er náttúrulegs eðlis og við þurfum líka að gæta hennar.

[18:55]

Fyrirspyrjandi (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir hans svör. Ég skal viðurkenna að þó málið sé ekki komið lengra af hálfu hæstv. ráðherra þá gladdi það mig mjög að heyra að ekki hefur verið tekin ákvörðun um eitthvað sem ég get ekki fellt mig við en það var það sem ég óttaðist.

Hér erum við að tala um eitt fallegasta húsið í bænum og það væri mikil synd ef það yrði tekið undir geymslu. Þess vegna þarf að fara þarna fram lifandi starfsemi og ég vil minna á að í lok máls síns þegar málið var til umræðu á síðasta ári þá segir hæstv. menntmrh. svo, með leyfi forseta:

„Af hálfu menntmrn. hefur því ekkert annað verið ætlað en að þarna yrði áfram safn eðs söfn í einni eða annarri mynd."

Hæstv. menntmrh. minntist á Þjóðskjalasafnið sem þarna er að hluta til til húsa, mér er kunnugt um það. Ég vil leggja áherslu á að þar sem Þjóðskjalasafnið hefur fengið húsnæði annars staðar í bænum þá verði þetta hús ekki lagt undir þá starfsemi að öllu leyti. Það held ég að sé ekki æskilegt.

Hæstv. umhvrh. minntist á Náttúrugripasafnið og það er svo sem umræða sem við þekkjum. Ég vil í því sambandi minnast á það að á húsinu eru nöfn bókmenntafrömuða eins og Ara fróða, Guðbrandar Þorlákssonar o.s.frv. þannig að það eflir okkur kannski í þeirri trú og þeirri skoðun að þarna eigi fyrst og fremst að vera safn og starfsemi bókmenntalegs eðlis. Í lok minnar ræðu í fyrra þegar þetta mál var til umræðu hvatti ég hæstv. menntmrh. til þess að ljúka þessu máli og að einmitt slík starfsemi fari fram í þessu fallega húsi sem er, eins og hér hefur komið fram, friðað og eitt fallegasta hús landsins.

[18:57]

Sturla Böðvarsson:

Virðulegur forseti. Mig langar að þakka fyrirspyrjanda fyrir að vekja máls á þessu í þinginu og ekki síður þakka ég hæstv. menntmrh. fyrir svörin. Mér sýnist að þetta mál sé í hefðbundnum farvegi. Það er mjög vandmeðfarið að undirbúa þá ákvörðun hvað fari í Landsbókasafnshúsið. Þetta er fallegt hús og friðað jafnt utan sem innan og þess vegna er alveg nauðsynlegt að fara mjög varlega þegar tekin er ákvörðun um nýtingu þess.

Það fer ekki hjá því að ég hallast helst að því að þarna verði einhvers konar bókasafn en ég vil ekki draga neinar línur þar um en tel að Árnastofnun væri afskaplega vel sett í þessu húsi og miðað við þær aðstæður sem hún býr við núna þá er öllum ljóst að þar verður að gera á bragarbót. Þess vegna hefði ég talið að sú hugmynd að setja Árnastofnun í Landsbókasafnið væri hin merkasta hugmynd. En ég treysti hæstv. menntmrh. mjög fyrir því að undirbúa þetta mál og taka ákvörðun þarna um.

[18:59]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Herra forseti. Eins og ég sagði þá mun nefndin sem nú er að störfum fara yfir allar þær hugmyndir sem komið hafa fram á undanförnum árum um framtíðarnýtingu Safnahússins og ákvörðun hefur ekki verið tekin.

Hv. þm. Guðrún Helgadóttir sagðist vænta þess að húsið yrði ekki nýtt til neins annars en sem bókasafn og þá væntanlega fyrir Landsbókasafnið og það má vel vera að svo verði. Ég bendi hins vegar á að það hefur verið byggt nýtt hús fyrir Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn og það liggur þess vegna ekkert svo sem fyrir að Safnahúsið verði nýtt áfram fyrir hið nýja Landsbókasafn. Það er bara eitt með öðru sem kemur þarna til athugunar. Að sjálfsögðu hafa komið fram hugmyndir um að stofnun Árna Magnússonar verði þarna til húsa, Náttúrugripasafnið eins og hv. umhvrh. nefndi og allar aðrar hugmyndir eins og ég sagði sem þarna hafa verið settar fram verða athugaðar af nefndinni.

Hv. fyrirspyrjandi fagnaði því að ákvörðun hefði ekki verið tekin um eitthvað sem hún hefði ekki getað sætt sig við. Það kynni nú svo að fara að ákvörðunin yrði þannig að hv. þm. gæti ekki sætt sig við hana. Það verður þá að hafa það. En þetta er allt saman sem sagt til athugunar.

En ákvarðanir geta breyst. Ég er hér með bréf í höndunum sem er skrifað 12. mars 1971 og undirritað af þáv. menntmrh., Gylfa Þ. Gíslasyni. Bréfið er til þjóðskjalavarðar. Þar er sagt frá fundi sem þeir höfðu átt, landsbókavörður, þjóðskjalavörður og þáv. háskólarektor, um að Þjóðskjalasafnið skyldi fá til sinnar starfsemi allt Safnahúsið við Hverfisgötu þegar Landsbókasafnið flytur í hina fyrirhuguðu þjóðarbókhlöðu og „ákveður ráðuneytið hér með“ eins og segir í bréfinu, með leyfi forseta, „að svo skuli vera.“

En þetta hefur nú breyst m.a. vegna þess að Þjóðskjalasafnið hefur fengið sérstakt húsnæði til afnota inn við Laugaveg eins og menn þekkja.

Út af dagskrá voru tekin 1., 2. og 13. mál.

Fundi slitið kl. 19:02.

---

93. FUNDUR

mánudaginn 13. febr.,
að loknum 92. fundi.

Dagskrá:

Embættisfærsla umhverfisráðherra, þáltill., 138. mál, þskj. 145, nál. 624. — Síðari umr.

Út af dagskrá var tekið eina mál fundarins.

Fundi slitið kl. 19:03.

---

94. FUNDUR

þriðjudaginn 14. febr.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Minnst látins fyrrverandi alþingismanns.
2. Náttúruvernd, stjfrv., 123. mál, þskj. 128, nál. 640, brtt. 641. — 2. umr.
3. Embættisfærsla umhverfisráðherra, þáltill., 138. mál, þskj. 145, nál. 624 og 649, brtt. 650. — Síðari umr.
4. Atvinnuréttindi skipstjórnarmanna, stjfrv., 316. mál, þskj. 460, nál. 622. — 2. umr.
5. Kísilgúrverksmiðja við Mývatn, stjfrv., 323. mál, þskj. 491, nál. 629. — 2. umr.
6. Vernd sæðislýsinga smárása í hálfleiðurum, stjfrv., 325. mál, þskj. 493, nál. 630. — 2. umr.
7. Viðlagatrygging Íslands, stjfrv., 384. mál, þskj. 618. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Davíð Oddsson forsrh.,
Eggert Haukdal, 6. þm. Suðurl.,
Egill Jónsson, 3. þm. Austurl.,

Guðni Ágústsson, 5. þm. Suðurl.,
Jóhanna Sigurðardóttir, 12. þm. Reykv.,
Rannveig Guðmundsdóttir félmrh.,
Sigbjörn Gunnarsson, 7. þm. Norðurl. e.

Aðalmaður tekur sæti á ný:
Margrét Frímannsdóttir, 4. þm. Suðurl.

Útbýting þingskjala:

Atvinnuréttindi vélfræðinga, 315. mál, þskj. 648.

Flugmálaáætlun 1994–1997, 408. mál, stjtill. (samgrh.), þskj. 654.

Greiðslur til sveitarfélaga úr Atvinnuleysistryggingasjóði, 223. mál, svar félmrh., þskj. 636.

Landmælingar Íslands, 405. mál, fsp. GuðjG, þskj. 651.

Málflytjendur, 89. mál, þskj. 647.

Stjórn lífeyrissjóða, 400. mál, frv. FI o.fl., þskj. 642.

Minning Jónasar G. Rafnars.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Jónas G. Rafnar, fyrrverandi bankastjóri og alþingismaður, andaðist í fyrradag, sunnudaginn 12. febrúar, 74 ára að aldri.

Jónas Gunnar Rafnar var fæddur á Akureyri 26. ágúst 1920. Foreldrar hans voru hjónin Jónas Rafnar, yfirlæknir á Kristneshæli í Eyjafirði, sonur Jónasar prófasts á Hrafnagili Jónassonar, og Ingibjörg Bjarnadóttir prófasts í Steinnesi í Austur-Húnavatnssýslu Pálssonar. Hann brautskráðist frá Menntaskólanum á Akureyri vorið 1940 og lauk lögfræðiprófi frá Háskóla Íslands vorið 1946. Að prófi loknu rak hann lögfræðiskrifstofu á Akureyri frá hausti 1946 til ársloka 1962, varð héraðsdómslögmaður 1947. Jafnframt var hann erindreki Sjálfstfl. á Norðurlandi og Austurlandi 1946–1960. Hann var settur bankastjóri Útvegsbanka Íslands í Reykjavík frá hausti til ársloka 1961 og aftur 1963–1967, en var þá fastráðinn bankastjóri og gegndi því starfi til 1984.

Jónasi G. Rafnar voru falin margs konar trúnaðarstörf. Hann átti sæti í síldarútvegsnefnd 1953–1955, var formaður milliþinganefndar um brunatryggingar utan Reykjavíkur 1954, í flugráði 1955–1963, í stjórn Laxárvirkjunar 1956–1961 og var kjörinn í yfirmatsnefnd um stóreignaskatt 1957. Hann var bæjarfulltrúi á Akureyri og í bæjarráði fyrir Sjálfstfl. kjörtímabilið 1958–1962. Í stjórn Útgerðarfélags Akureyringa var hann 1958–1960, í bankaráði Seðlabanka Íslands 1961–1963 og árið 1962 var hann skipaður formaður nefndar til að endurskoða lög um Iðnlánasjóð, formaður endurskoðunarnefndar laga um síldarútvegsnefnd og formaður nefndar til að endurskoða lög um loftferðir. Árið 1965 var hann skipaður í stóriðjunefnd og átti þar sæti meðan hún starfaði. Hann var kosinn í endurskoðunarnefnd laga um þingsköp Alþingis 1966, stjórnarformaður Lánasjóðs ísl. sveitarfélaga frá stofnun hans 1966–1983, í stjórn Fiskveiðasjóðs Íslands 1967–1973 og í stjórn Iðnþróunarsjóðs 1973–1977. Hann var stjórnarformaður Sambands ísl. viðskiptabanka 1977–1978, í hafnaráði 1984–1992 og formaður bankaráðs Seðlabanka Íslands frá nýári 1985 til ársloka 1986.

Jónas G. Rafnar átti sæti á Alþingi fyrir Sjálfstfl. Hann var þingmaður Akureyringa 1949–1956 og 1959 og Norðurl. e. 1959–1971. Vorið 1957 tók hann sæti á Alþingi í þinglok og var þá varamaður landskjörinna þingmanna. Hann sat á 21 þingi alls. Hann var varaforseti neðri deildar á allmörgum þingum, fyrst 1949, síðast 1967. Forseti efri deildar Alþingis var hann 1967–1971. Hann var fulltrúi á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 1962 og 1970.

Jónas G. Rafnar kaus að nema lögfræði til undirbúnings ævistarfi sínu og á þeim vettvangi hóf hann störf sín að loknu námi. Hann var jafnframt áhugasamur um stjórnmál, var kvaddur til trúnaðarstarfa fyrir flokk sinn og ávann sér vaxandi traust. Hann naut vinsælda í heimabæ sínum og innan þrítugs var hann kjörinn fulltrúi hans á Alþingi. Honum var lagið að fylgja málum fram til sigurs, var hófstilltur og gagnorður í ræðustól og greindi vel kjarna hvers máls. Í forsetastörfum á Alþingi var hann röggsamur og réttsýnn. Hann var kjörinn í stjórnir og nefndir og átti í þeim störfum sínum drjúgan þátt í lagasmíð og umsýslu fjár. Hann var kominn laust yfir fimmtugt þegar hann lét af þingmennsku. Fyrir rúmum áratug hætti hann föstum störfum, kominn nokkuð á sjötugsaldur. Síðustu æviárin tók hann þátt í félagsstörfum aldraðra og voru honum falin þar stjórnarstörf.

Ég bið hv. alþm. að minnast Jónasar G. Rafnars með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Náttúruvernd, 2. umr.

Stjfrv., 123. mál (stjórn náttúruverndarmála o.fl.). — Þskj. 128, nál. 640, brtt. 641.

[13:42]

Hjörleifur Guttormsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegur forseti. Hér var á síðari fundi í gær á dagskrá eitt mál, till. til þál. um embættisfærslu umhvrh. Þegar fundur hafði verið settur, þá var þetta mál tekið umsvifalaust út af dagskrá af forseta, kl. 19 í gærkvöldi, og nú er þetta sama mál sett upp nr. 3 á dagskrá. Hér er um að ræða mál sem nokkur umræða varð um í síðustu viku. Vegna málsmeðferðar meiri hluta ríkisstjórnarinnar sem varð reyndar minni hluti þegar kom að því að vísa málinu milli umræðna og málið var á einum fundi til meðferðar í allshn. þingsins. Þá lá svo mikið á af hálfu meiri hluta í allshn. að því var hafnað að það fengi eðlilega, þinglega meðferð í nefndinni og var tekið út og vísað til síðari umr. og minni hluti allshn. hefur hefur einnig skilað áliti um málið sem lá fyrir á þingfundi í gær.

Mér finnst það mjög sérkennilegt, virðulegur forseti, að þetta mál skuli ekki tekið sem 1. mál á dagskrá þessa fundar, tekið nú til umræðu svo mikið kapp sem á það var lagt að taka málið út úr allshn. þingsins og fara að taka hér sem 2. mál á dagskrá frv. um náttúruvernd, stjfrv. sem afgreitt var í ágreiningi frá umhvn. þingsins í síðustu viku og ljóst er að talsverð umræða hlýtur að verða um.

Ég óska eftir því við virðulegan forseta að það verði breytt til varðandi röð á dagskránni og 3. málið tekið nú til umræðu og skil ekki í öðru en það hljóti að vera einnig ósk hæstv. umhvrh. sem hefur lagt slíkt ofurkapp á það að koma þessu máli áfram í þinginu með einum eða öðrum hætti og allshn. þingsins fékk ekki að fjalla um það með þinglegum hætti, heldur var því vísað til síðari umr. Ég átta mig ekki á því hvers vegna þetta mál er ekki tekið fyrir af því að það var eina málið á dagskrá síðari fundar í gær. Þetta er mín eindregin ósk til hæstv. forseta að 3. málið verði tekið nú til umræðu.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Eins og fram kom í máli hv. þm. þá er þetta mál á dagskrá næst á eftir því máli sem forseti hefur nú lýst að verði tekið á dagskrá og til umræðu. Forseti hefur ekki hugsað sér að breyta því. Væntanlega gefst tími til að ræða einnig 3. dagskrármálið þó síðar verði í dag. Forseti vill minna á að gert er ráð fyrir að það verði kvöldfundur þannig að það gefist tími til að taka þau mál til umræðu og afgreiðslu sem á dagskrá eru.

[13:45]

Ólafur Ragnar Grímsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegur forseti. Það væri æskilegt að hæstv. umhvrh. væri hér í salnum þegar þessi umræða fer fram.

Nú er það þannig, virðulegi forseti, með 2. mál á dagskrá að meiri hluti umhvn. beitti atkvæðamagni í nefndinni til að taka málið út úr nefndinni án þess að okkur gæfist tækifæri til að ræða þær brtt. sem höfðu verið lagðar fram. Það voru satt að segja mjög óvenjuleg vinnubrögð í umhvn. þar sem nefndarmenn, m.a. sá sem hér stendur, hafa yfirleitt kappkostað á þessu kjörtímabili að vera ekki að fjalla um umhverfismál eftir skiptilínunum stjórn eða stjórnarandstaða, heldur reynt að taka afstöðu á grundvelli þeirra efnisþátta sem fyrir liggja. Engu að síður var gengið í það af fulltrúa Alþfl. í nefndinni að krefjast akvæðagreiðslu um að frv. um náttúruvernd yrði tekið út úr nefndinni án þess að tækifæri gæfist þar til þess að skoða þær brtt. sem fulltrúi Alþfl. lagði fram í nefndinni. Það er þess vegna ljóst, virðulegi forseti, að því miður var meðferð nefndarinnar á frv. um náttúruvernd á þann veg að hér verður að fara fram í þingsalnum að verulegu leyti sú umræða sem ella hefði farið fram í nefndinni. Þetta vildi ég að hæstv. forseti vissi.

Síðan hefur það gerst með 3. dagskrármálið, embættisfærslu umhvrh., að það er nánast að verða einsdæmi í þingsögunni og er alltaf sífellt að safnast fleiri og fleiri einkenni í þá sögu. Við þekkjum öll að ríkisstjórnarmeirihlutinn ætlaði sér að fella málið hér við 1. umr. en það tókst ekki. Síðan var þess krafist í nefndinni að það fengi enga umfjöllun þar. Síðan er málið sett í gær eitt mála á dagskrá fundar sem átti að vera í gær, það var ekkert annað mál á dagskránni, hæstv. forseti. Nú, allt í einu kemur það í ljós að það er ekki lengur brýnt að hafa þetta mál í forgangsröð, embættisfærsla umhvrh., heldur er það sett á eftir máli sem ljóst er að mun verða lengi rætt hér í þinginu. Ég vil þess vegna spyrja hæstv. forseta: Er þetta gert samkvæmt ósk hæstv. umhvrh. eða er það forseti sem einn og sér algjörlega án nokkurra tilmæla hefur tekið þessa ákvörðun um röð mála á dagskránni í dag? Ég tel afar brýnt, virðulegur forseti, að fá skýr svör við því.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Það er rétt sem fram kom í máli hv. 8. þm. Reykn. að þetta mál var eina málið á dagskrá 3. fundarins í gær. Forseti hafði svo sannarlega gert sér vonir um að það yrði hægt að taka það mál fyrir og til afgreiðslu en eins og þeim hv. þm. er kunnugt sem voru hér á fundi þegar honum lauk í gær þá var orðið það áliðið tíma, kl. var um sjö þegar kom að þessum 3. fundi og ekki gert ráð fyrir kvöldfundi, svo að málið var ekki tekið fyrir, því miður vill forseti leyfa sér að segja því það hefur gengið vel að koma málum áfram undanfarna daga og vikur.

Forseti getur upplýst að þetta er ákvörðun forseta en hún er gerð í fullu samráði við hæstv. umhvrh. svo forseti svari þeirri spurningu sem hv. 8. þm. Reykn. bar hér fram við forseta.

[13:50]

Ólafur Ragnar Grímsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Það er auðvitað mikilvægt að fá það hér fram að hæstv. umhvrh. er nú allt í einu hættur að vera sérstakur áhugamaður um afgreiðslu þáltill. um embættisfærslu umhvrh. Það hefur legið hér fyrir að hæstv. umhvrh. krafðist þess að ríkisstjórnarmeirihlutinn felldi málið við 1. umr. Það hefur líka legið fyrir að hæstv. umhvrh. krafðist þess að málið yrði tekið út úr nefnd (**HG:** Hvar er ráðherrann?) án þess að nokkuð yrði fjallað um það í nefndinni. Það hefur líka legið fyrir að hæstv. umhvrh. var hér upp úr helginni kröfumaður um það að málið kæmi strax fyrir á mánudegi. Nú allt í einu er hæstv. umhvrh. hættur að hafa sérstakan áhuga á því að þetta mál fái forgang. Það er kannski vegna þess að nú liggur nál. fyrir, nú eru komnar fram upplýsingar í málinu.

Ég verð bara að lýsa þeirri skoðun minni, hæstv. forseti, að mér þykir þetta vera slæm afstaða hjá ráðherranum vegna þess að hann er á góðri leið með það, hæstv. umhvrh., að splundra hér þverpólitískri samstöðu sem hefur ríkt í þinginu óháð skiptingu í stjórn og stjórnarandstöðu varðandi mikilvæg frv. í umhverfismálum.

Ég hef aldrei á þessu kjörtímabili unnið í umhvn. eða í umræðum um þau mál hér eftir því hver afstaða mín væri til þessarar ríkisstjórnar. Ég er viss um að félagar mínir í umhvn. geta staðfest það. En nú allt í einu virðist vera komin upp sú sérkennilega staða að ráðherrann er að beita sér fyrir því að spilla hér

þverpólitískri samstöðu sem á eðli máls að geta tekist um umhverfismál vegna þess að ég tel að þau séu ekki þess eðlis að ágreiningur um ríkisstjórn Alþfl. og Sjálfstfl. eigi að hafa þar afgerandi áhrif. Það er svo ekki til bóta að hæstv. umhvrh. leggur svo ekki í það að vera einu sinni í salnum þegar verið er að ræða kröfur hans um það hvernig meðferð þingsins er háttað á þeim málum sem hann hefur hér flutt.

[13:53]

Valgerður Sverrisdóttir *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Þar sem ég sat fund forsætisnefndar í gær þar sem rædd voru þingstörf vikunnar þá kemur mér ekkert á óvart það sem hér gerist nú vegna þess að þá var það ljóst að fyrsta mál á dagskrá í dag yrði frv. um náttúruvernd. Reyndar var reiknað með að í gær yrði hafin umræða um embættisfærslu umhvrh. en þó svo henni lyki ekki í gær að þá yrði þetta fyrsta málið í dag. Þetta vildi ég bara staðfesta, hæstv. forseti.

[13:53]

Kristín Ástgeirsdóttir *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég vil taka hér undir að það kemur mjög spánskt fyrir sjónir hvernig málum er háttað hér. Tillagan um nefndina sem átti að kanna embættisfærslu hæstv. umhvrh. var afgreidd með miklum hraða og vægast sagt furðulegum vinnubrögðum út úr allshn. og það varð ekki betur skilið en það væri bara upp á líf og dauða að það mál kæmist hér í gegnum þingið á sem allra mestum hraða. Það er því eðlilegt að menn leiti skýringa á því hvað hefur gerst varðandi það mál. Í rauninni væri eðlilegt miðað við þá forgangsröðun mála sem hér hefur komið fram og það að málið var á dagskrá í gær að það væri tekið nú á undan og ég fer þess á leit við hæstv. forseta að sú umræða hefjist. Ég hafði hugsað mér að taka þátt í henni en þetta raskar öllum mínum plönum hvað sem má segja um aðra þingmenn.

[13:55]

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég vil einungis sem meðlimur í allshn. taka undir þær óskir sem fram hafa komið um það að haldið verði óbreyttri forgangsröð frá því sem virtist vera í gær þar sem embættisfærslur umhvrh. virtust hafa sérstakan forgang. Okkur í allshn. er ekkert að vanbúnaði að fara í þá umræðu, sem við hefðum gjarnan viljað taka innan nefndarinnar og hefði verið eðlilegra að ætti sér stað þar. Ég held að það sé ekki eftir neinu að bíða. Það eina sem stjórn og stjórnarandstaða geta sameinast um í þessu máli virðist vera það að vilja sérstaklega fara að taka þessa umræðu þannig að ég bið hæstv. forseta að taka þetta til góðfúslegrar athugunar.

Útbýting þingskjala:

Náttúruvernd, 123. mál, nál. minni hluta umhvn., þskj. 656.

Vatnsveitur sveitarfélaga, 409. mál, stjfrv. (félmrh.), þskj. 655.

[13:56]

Kristinn H. Gunnarsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Eins og aðrir þingmenn sem hér hafa tekið til máls í þessari umræðu, þá undrast ég þann hægagang sem hér er allt í einu orðinn á þessu máli sem áður þurfti slíkan forgang í meðförum þingsins og sérstaklega þingnefndar að menn gripu til þess ráðs að beita alveg sérstöku ofbeldi til þess að koma í veg fyrir að málið stöðvaðist í nefndinni nægilega til þess að þingmenn gætu skoðað það og kynnt sér. Ég verð því að segja það að ég er mjög undrandi á þessari afstöðu forseta sem ég að vísu skil þannig í ljósi þeirra upplýsinga að þetta sé gert í samráði við umhvrh., sem sé vegna þess að það er umhvrh. sem óskar eftir því að umræðan fari ekki fram núna heldur verði annað mál tekið á undan.

Maður hlýtur að velta því fyrir sér: Hvers vegna vill hæstv. umhvrh. ekki að þetta mál, þáltill. um skipun rannsóknarnefndar, verði rætt núna heldur síðar? Sérstaklega í ljósi þess að í gær var lagt til að þetta yrði eina mál á þriðja og síðasta fundi á þeim degi sem var nokkuð fyrirséð að yrði haldinn eftir kl. 5 þegar landsmenn eru hættir að geta fylgst með sjónvarpsútsendingum héðan frá Alþingi. Getur það verið að það séu áform umhvrh. með stuðningi forseta að reyna að leiða þetta þingmál þannig að það verði til umræðu utan þess tíma þegar landsmenn eiga þess kost að fylgjast með umræðu í gegnum sjónvarp? Er hæstv. umhvrh. hræddur við að mæta okkur í umræðu um þetta mál í viðurvist þjóðarinnar? Eða vill hann ræða málið hér á nánast lokuðum fundum?

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill vísa á bug þessum hugrenningum hv. þm. Það hefur ekkert með útsendingar sjónvarps eða útvarps frá Alþingi að gera hvernig málum er raðað hér á dagskrá. Forseti hefur nú þegar skýrt ástæðuna fyrir því hvers vegna málum er raðað á dagskrá eins og raun ber vitni. Það hefur verið staðfest af hv. 3. þm. Norðurl. e. að það var gert ráð fyrir því strax í gær þegar skipulag vikunnar var sett fram að þetta mál yrði fyrst á dagskránni í dag, (**ÓRG:** Forsenda þeirrar ákvörðunar brást, forseti.) sem og hefur orðið og það er engin önnur skýring á þessu.

[13:59]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Auðvitað er það svo að sumir þingmenn vilja helst alltaf vera að velta sér upp úr fjölmiðlunum og það er allt í lagi. (**ÓRG:** Sumir ráðherrar geta aldrei stillt sig.) Það er að vísu rétt, hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, jafnvel sumir ráðherrar, og jafnvel sá sem hér stendur fær stundum snert af þessu. Hins vegar vil ég út af orðum hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar taka alveg skýrt fram að ég var alveg reiðubúinn til þess að þetta mál yrði rætt í gærkvöldi og það var ekki að minni beiðni sem sú umræða fór ekki fram, enda tóku þingmenn eftir því að ég var hér til þénustu reiðubúinn. (**ÓRG:** Það er ekki það sem ég var að spyrja um. Það er röðin í dag, ráðherra.)

[14:00]

Hjörleifur Guttormsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegur forseti. Eftir þau frýjunarorð sem hæstv. umhvrh. hefur mælt hér varðandi þetta þingmál sem snertir embættisfærslu hans, þá hlýtur hæstv. ráðherra að leggjast á sveif með hæstv. forseta um það að þetta mál verði rætt, þetta mál sem var eina málið á síðasta fundi í gær og hæstv. ráðherra segir að hann hafi verið þess albúinn að taka þátt í umræðu. Það var ekkert sérstakt sem tafði þá umræðu, ekkert óvenjulegt sem gerðist á fundi í gær þannig að það mátti vera fyrirsjáanlegt og þó að sú forsenda hafi brugðist að þetta mál kæmi til umræðu í gær þá ætti það að vera til hliðsjónar þegar dagskrá er sett upp á þessum degi að þetta brýna mál komist á dagskrá. En það dylst engum að stjórnarmeirihlutinn í allshn., að beiðni hæstv. umhvrh., knúði málið fram til síðari umr. sem á svo ekki að fara fram í þeirri röð sem greinilega var þó áætlað. Ég skora því í senn á hæstv. forseta og hæstv. umhvrh. að leggjast á sveif með okkur sem óskum eftir því að 3. mál verði tekið til umræðu núna, verði rætt sem næsta mál á dagskrá, þ.e. að frestað verði þeirri umræðu um 2. dagskrármál sem tekið var á dagskrá af hæstv. forseta áðan svo að þessi umræða geti farið fram. Annars verður það ekki skilið á annan veg en þann að það sé hæstv. umhvrh. sem kinokar sér við að ræða þetta mál hér og nú.

[14:02]

Frsm. meiri hluta umhvn. (Petrína Baldursdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir brtt. frá meiri hluta umhvn. sem eru á þskj. 641, 123. mál, brtt. við frv. til laga um breytingar á lögum um náttúruvernd, nr. 47/1971, ásamt síðari breytingum.

Frv. var lagt fram á 117. löggjafarþingi. Frv. hlaut ekki afgreiðslu þá og er endurflutt með nokkrum breytingum. Helstu breytingarnar sem gerðar hafa verið á frv. frá því að það var fyrst lagt fram á Alþingi eru á 1. gr. þess. Við breytingarnar var tekið nokkurt mið af athugasemdum sem Alþingi bárust við frv.

Eitt meginmarkmið breytinganna á frv. er að draga betur fram sjálfstæði Náttúruverndarráðs og aðskilnað þess frá ríkisvaldinu. Þá er leitast við að styrkja friðlýsingarþátt laganna með hliðsjón af aðild Íslands að alþjóðasamningum um vernd líffræðilegrar fjölbreytni sem samþykktur var á Alþingi sl. vor.

Frv. er fyrsta skrefið í heildarendurskoðun náttúruverndarlaga og tekur einkum til II. kafla þeirra. Aðrir kaflar laganna verða síðan endurskoðaðir í heild.

Við umfjöllun málið fékk umhvn. á fund sinn fjölmargra aðila og einnig studdist nefndin við umsagnir frá 117. og 118. löggjafarþingi.

Það má segja að endurskoðun náttúruverndarlaganna sé löngu tímabær, m.a. með stofnun umhvrn. hafi verið óhjákvæmilegt að gera uppstokkun á stjórnkerfi náttúruverndarmála. Sem æðsta stjórnvald verður umhvrn. að bera ábyrgð á stefnumótun og stjórnsýslu í sínum málaflokki og gildir það jafnt um náttúruvernd sem önnur mál. Hlutverk Náttúruverndarráðs samkvæmt gildandi lögum er skipt upp á milli ráðsins og nýrrar stofnunar, Landvörslu ríkisins. Í breytingum meiri hluta umhvn. við 1. gr. c-liðar (4. gr.) þar sem rætt er um hlutverk Landvörslu ríkisins er lagt til að umhvrh. verði gert að ákveða hvort Landvörslu ríkisins skuli falin umsjón annarra svæða en þjóðgarða, friðlýstra svæða eða annarra náttúruverndarsvæða sem kveðið er á um í lögum. Það er eðlilegra en að stofnuninni sé það heimilt með samþykki ráðherra eins og frv. gerir ráð fyrir.

Í e-lið (6. gr.) sem verður c-liður (4. gr.(er lögð til sú breyting að þriggja manna stjórn Landvörslu ríkisins fylgi skipunartíma ráðherra. Talið er eðlilegt að ráðherra sem situr hverju sinni skipi stjórn Landvörslunnar jafnvel þótt ráðherraskipti verði á miðju kjörtímabili.

Í f-lið (7. gr.) er lagt til að stjórn Landvörslunnar skipi þjóðgarðsverði. Meiri hluti umhvn. telur eðlilegt að þar sem þjóðgarðsverðir starfa í umboði Landvörslunnar beri Landvarslan ábyrgð á skipun þjóðgarðsvarða.

Lögð er til breyting á g-lið (8. gr.) í samræmi við 2. gr. frv.

Við 2. gr. frv. er lögð til breyting á b-lið (16. gr.) þar sem þjónustugjöld verða ekki lengur ákveðin einhliða af ráðherra samkvæmt tillögum Landvörslunnar heldur er um að ræða samkomulagsatriði milli samningsaðila.

Í h-lið (9. gr.) þar sem kveðið er á um að náttúruverndarnefndir hjá sveitarfélögum eða héraðsnefndum skuli vera þriggja til sjö manna vill meiri hluti umhvn. taka fram að mönnum er í sjálfsvald sett hvort náttúruverndarnefndir starfa á vegum hvers sveitarfélags eða vegum héraðsnefnda. Heimamenn á hverjum stað eru réttir aðilar til að meta hvað þeir telja æskilegt.

Við i-lið (10. gr.) leggur meiri hlutinn til að tiltekið verði hvaða hópar eigi rétt til setu á náttúruverndarþingi.

Lögð er til breyting á 1. mgr. j-liðar (11. gr.) um kosningu Náttúruverndarráðs.

Ég vil einnig geta þess að við 4. gr. frv., þ.e. 25. gr. laganna, bætist við nýr liður sem kveður á um heimild til að setja á fót ráðgjafarnefnd með þátttöku sveitarstjórnar til að fjalla um rekstur og skipulag þjóðgarða. Þetta ákvæði undirstrikar frekar samstarf við sveitarstjórnir og styrkir grundvöll ráðgjafarnefndar frá því sem nú er.

Virðulegi forseti. Ég hef í máli mínu stiklað á þeim meginbreytingum sem fram koma á þskj. 641 frá meiri hluta umhvn. varðandi breytingar á lögum um náttúruvernd, nr. 47/1971. Ég tel að frv. hafi fengið ítarlega umfjöllun og skoðun í hv. umhvn. og þær tillögur sem hér eru gerðar til breytinga séu af hinu góða og ætti ekki að vera fyrirstaða að þetta ágæta mál verði að lögum nú fyrir þinglok.

[14:07]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ræðumaðurinn sem hér var að tala áðan, hv. þm. Petrína Baldursdóttir, var að mæla fyrir meirihlutaáliti umhvn. Alþingis fyrir breytingum á lögum um náttúruvernd. Ræðumaðurinn hafði ekki

fyrir því að gera grein fyrir tillögum meiri hlutans, hvað þá að reyna að rökstyðja þessar tillögur sem meiri hlutinn leggur fyrir, heldur fór hún hér yfir málið á 3–4 mínútum um það bil, að mæla fyrir brtt. sem liggja hér fyrir í mörgum liðum af hálfu meiri hluta umhvn. sem og nefndaráliti sem fylgir þessu. Ég hef ekki í annan stað nema kannski einu sinni orðið jafnundrandi á málafylgju eins og hér um ræðir að það sé ekki haft fyrir því af hálfu frsm. meiri hluta að reyna að gera efnislega grein fyrir máli sínu. Að reyna það ekki. Af þessu verður ekki annað ráðið heldur en það að þetta mál skipti meiri hluta nefndarinnar sem leggur það hér fram í þinginu nánast engu. Þetta er að sjálfsögðu slík lítilsvirðing við Alþingi sem birtist í þessari framsögu framsögumanns nefndarinnar að ég get ekki orða bundist. Og þetta er gert eftir að svo mikið lá við að sami frsm. reif málið út úr nefnd og henti brtt. jafnhliða samtímis í samnefndarmenn sína sem ekki voru í stjórnarmeirihlutanum og tók málið út úr nefndinni. Þetta eru slík vinnubrögð að það er móðgun við hv. Alþingi að mínu mati og segir auðvitað það eitt um þetta að stjórnarmeirihlutanum hlýtur að vera nákvæmlega sama um afdrif málsins.

[14:10]

Frsm. meiri hluta umhvn. (Petrína Baldursdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get fullvissað hv. þm. Hjörleif Guttormsson um það að meiri hlutanum er ekki sama um þetta mál. Hann má hafa sína skoðun á því hvernig honum fannst framsögumanni til takast. Ég bendi honum á að breytingartillögur og nefndarálit meiri hluta hafa legið fyrir í tvo sólarhringa og hann hefur getað kynnt sér það.

[14:11]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég hef staðið í þeirri meiningu, ég hef talið hingað til að framsaga fyrir málum hér á Alþingi frá nefnd sé til þess að gera þingheimi grein fyrir viðkomandi máli og rökstyðja sínar tillögur því að það er nú svo að þó að nefndarmönnum séu mál sæmilega kunn, þá eru þeir ekki einir um afgreiðslu mála heldur er einmitt framsaga og greinargerð fyrir málum hér í þinginu til þess að þingheimi megi vera ljóst hvað er á ferðinni, þingmenn séu settir inn í málavöxtu. Og þegar er staðið þannig að þessu máli að það er tekið út úr nefnd með mjög óvanalegum hætti, þá skyldi maður ætla að framsögumaður þyrfti m.a. að skýra það og þau vinnubrögð sem viðhöfð voru í nefndinni og hvers vegna þessi afar óvenjulegi háttur var viðhafður í þingnefnd. Svo kemur framsögumaður meiri hlutans hér og svarar nánast skætingi, að þetta sé eitthvert einkamál mitt að kynna mér viðkomandi þingmál og það varði ekki aðra. Það er sannarlega ekki útlit á því að hér fylgi mikið hugur máli, enda er það ljóst að þessi vinnubrögð, sem hæstv. umhvrh. stendur fyrir og sendir fram þennan hv. talsmann sinn í nefndinni, njóta ekki allsherjarhrifningar. Ég er viss um það að þau njóta engrar allsherjarhrifningar stjórnarliða hér á Alþingi. Það væri a.m.k. fróðlegt að heyra það hvort það sé einhver almennur stuðningur við vinnubrögð af þessu tagi og málafylgju eins og hér á sér stað, að lítilsvirða þingið þegar gerð er grein fyrir mjög veigamiklu máli, hvaða skoðun sem menn hafa á brtt nefndarinnar og frv. í heild. (Forseti hringir.)

Ég tel þetta mjög alvarlegt, virðulegur forseti, hvernig hér er á máli haldið af talsmanni meiri hluta umhvn. þingsins.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Hv. 8. þm. Reykn. kveður sér hljóðs um fundarstjórn forseta. Forseti vill benda hv. þm. á að hann hefur nú þegar talað tvisvar um fundarstjórn forseta að því er varðar þetta mál. En e.t.v. ætlar hann að tala um fundarstjórn í öðru samhengi. Sé svo tekur hann til máls.

[14:13]

Ólafur Ragnar Grímsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Fyrr í dag ræddi ég um röð mála á dagskránni og þá fyrst og fremst varðandi 2. mál. En ástæðan fyrir því að ég kvaddi mér hljóðs nú er að hér eru að gerast atburðir varðandi meðferð þessa máls sem skapa okkur sem viljum sinna málum vel og taka efnislega afstöðu afar mikla erfiðleika. Ég sagði það áðan og skal ítreka það að á þessu kjörtímabili hef ég reynt að starfa í umhvn. fyrst og fremst á efnisgrundvelli mála. Ég hef talið það óheppilegt fyrir umhverfismál og fyrir hið nýja umhvrn. að þar væri haldið þannig á málum ef ég má nota það erlenda orð að „pólarísering" stjórnar og stjórnarandstöðu færi að endurspeglast í umhverfismálum. Þannig hef ég t.d. stundum verið verið ósammála mínum ágæta samflokksmanni Hjörleifi Guttormssyni varðandi meðferð mála í nefndinni og afgreiðslur og tekið einfaldlega efnislega afstöðu til mála.

Nú er það hins vegar að gerast hér á allra síðustu vikum þessa kjörtímabils að af einhverju undarlegu offorsi er haldið þannig á málum að það er verið að gera okkur sem viljum fjalla um þessi mál efnislega afar erfitt fyrir. Ég tók þátt í því í haust að greiða fyrir því að þetta mál fengi þannig umfjöllun í nefndinni að það var ekki sent formlega út til umsagnar. Það var gert að sérstakri ósk hæstv. umhvrh. Síðan gerðist það eins og fram hefur komið á fundi nefndarinnar sl. fimmtudag að allt í einu leggur fulltrúi Alþfl. fram brtt. og krefst þess að þá þegar fari fram atkvæðagreiðsla um að taka málið út. Ég lýsti því þá yfir að ég hefði enga afstöðu tekið til þeirrar brtt. þá þegar og óskaði eftir að málið væri látið bíða a.m.k. einn dag því ljóst væri að málið ætti ekki að ræðast í þinginu á föstudegi. Því var hafnað. Það jafngilti auðvitað tilkynningu um að það var á engan hátt óskað eftir samstöðu annarra en stjórnarliða um málið.

Þess vegna átti ég von á því að frsm. meiri hlutans, sérstakur fulltrúi umhvrh. í nefndinni, mundi skýra í sinni framsöguræðu efnisþætti málsins og fjalla um það vegna þess að það var ekki gert í nefndinni. Þessar brtt. hafa þess vegna hvorki verið skýrðar á vettvangi nefndarinnar né hér í framsöguræðu fulltrúa meiri hluta nefndarinnar þannig að við eigum að fara að fjalla um brtt. sem hvergi hafa verið kynntar efnislega, hvorki

fyrir nefndinni né fyrir þinginu. Ég vil nú, virðulegi forseti, beina því bæði til forsetans og sérstaklega til hæstv. umhvrh. að menn hugi að hvert þeir eru að stefna þessu máli og öðrum og haldi ekki áfram umræðunni með þessum hætti og tel skynsamlegast að taka hlé í umfjöllun um þetta mál og gefa mönnum kost á því að bera saman bækur sínar um þetta því við stöndum frammi fyrir því að vera með ítarlegar brtt. í tugum liða sem hvergi á vettvangi þingsins hafa verið skýrðar.

[14:17]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að taka afstöðu til vinnubragða í umhvn. eða hvernig þar hefur verið staðið að afgreiðslu mála en ég ætla samt að nefna af því að mér finnst eiginlega tilefni til þess vegna ummæla hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar einn þátt sem mér hefur oft og tíðum þótt svolítið sérstakur í vinnubrögðum Alþingis. Það er það að annars vegar sé gefið út nefndarálit eftir atvikum allrar nefndar eða meiri hluta og minni hluta þar sem einstakar tillögur og annað slíkt er skýrt út og síðan komi frsm. eða formaður viðkomandi nefndar og lesi nefndarálitið aftur og útskýringarnar að því er mér finnst til þess að tryggja það að þetta komi tvisvar sinnum fyrir í þingtíðindum sem ég hef aldrei skilið almennilega tilganginn með. Ég hef oft velt þessu fyrir mér og rætt þetta reyndar einstöku sinnum við starfsfólk þingsins sem margt telur þetta óþarfa og væri miklu nær að þetta kæmi fram í viðkomandi nefndaráliti.

Virðulegur forseti. Ég velti þessu mikið fyrir mér og ef þetta væri tilfellið og á þessum forsendum, þá finnst mér í sjálfu sér óþarfi að nefndarformaður í hverju tilfelli sé að lesa nefndarálitið upp aftur með öllu því sem er þá þegar prentað í þingtíðindi og hef reyndar reynt að tileinka mér þetta í þeim tilfellum þegar ég hef mælt fyrir málum frá nefnd í þeirri nefnd sem ég veiti forstöðu núna.

Hitt er annað mál að í stórum málum er æskilegt að formenn túlki á einhvern hátt efnislega afstöðu þeirrar nefndar eða þess meiri hluta sem stendur á bak við viðkomandi mál. En ég get hins vegar ekki tekið undir það eins og í þessu tilfelli að útskýringar á viðkomandi brtt. hafa ekki komið fram því að eftir því sem ég hef reynt að kynna mér þá eru þær í grófum dráttum í viðkomandi nefndaráliti.

[14:20]

Ólafur Ragnar Grímsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Hér talar formaður einnar mikilvægustu nefndar í þinginu, efh.- og viðskn., Jóhannes Geir, og ég verð að segja alveg eins og er að ég varð nokkuð undrandi á ræðu hans því að ef ætti að fylgja því sem hann telur eðlilegt í efh.- og viðskn. sem fjallar um skattamál, efnahagsmál og fjölmargt annað þá væru vinnubrögðin þannig í nefndinni að stjórnarmeirihlutinn legði fram brtt. við skattamál og alla efnisþætti málsins og þær væru aldrei ræddar í nefndinni heldur færi bara nokkrum mínútum síðar fram atkvæðagreiðsla um að taka málið út. Það var það sem gerðist í þessu máli, hv. þm. Það þýðir ekkert fyrir þingmanninn að hrista höfuðið yfir því vegna þess að hann var ekki í umhvn. og var ekki viðstaddur.

Hér er verið að fara inn á þær brautir að brtt., ítarlegar og langar, eru lagðar fram í nefndinni af fulltrúa ráðherrans og það gefast ekki einu sinni 5 eða 10 mínútur til að ræða þær heldur er málið umsvifalaust tekið út. Og að vitna svo í nefndarálitið og segja að þær séu skýrðar þar er auðvitað að halda því fram að útskýringar meiri hluta á þingi dugi sem eintal. Það gerir það ekki, hv. þm., og það eru rökin fyrir því að hafa verið um áratugi, meira en 100 ár hér í þinginu, að mæla eigi einnig fyrir nefndaráliti til þess að umfjöllun geti farið fram í heyranda hljóði eins og sagt var á Alþingi 1845, í heyranda hljóði til þess að umræðan sé á jafnréttisgrundvelli. Það eru rökin fyrir því að mælt sé fyrir nefndarálitum vegna þess að þeir sem t.d. utan þingsins eru og ég tala nú ekki um á sjónvarps- og tækniöld hafa auðvitað engan aðgang að þingskjölum sem hér liggja fyrir í kannski 1–2 sólarhringa og geru gefin út í mjög takmörkuðu upplagi, enda þingmönnum bannað að senda þau þskj. út nema í mjög takmörkuðu upplagi. Og þingið er ekki bara vettvangur þingmannanna, hv. þm., heldur vettvangur þjóðarinnar til þess að vega og meta hluti. Og það eru rökin fyrir því að útskýra einnig nefndarálit í framsöguræðu sem er sérstaklega varin þannig, hv. þm., ég bið hv. þm. að hlusta, sem er sérstaklega varin þannig í þingsköpum að hafa meiri rétt hvað tíma snertir og þátttöku í umræðunni heldur en aðrir þingmenn þannig að ég er satt að segja dálítið undrandi á því að jafnágætur þingmaður og hv. 6. þm. Norðurl. e. skuli ekki skilja þau rök sem liggja að baki því að á þingi ber að flytja efnislega framsögu fyrir meiri hluta.

[14:24]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegur forseti. Ég er satt best að segja hálfhissa hvað þessi fáu orð mín hér áðan komu illa við formann Alþb. Ég var einfaldlega að gefnu tilefni að ræða það við forseta hvað væri mikil ástæða til þess að það væri þannig unnið að það væri nánast tvítekið inn í þingtíðindin það sem fjallað er um varðandi nefndarálit. — Nú sé ég að hv. þm. hefur ekki lengur tíma til þess að taka þátt í þessum umræðum eins og honum var mikið niðri fyrir áðan og það gefur kannski til kynna ... (**ÓRG:** Ég hef ekki rétt til að tala aftur.) Hv. þm. segir að hann hafi ekki rétt til að tala aftur og hann túlkar það þannig að það sé þá engin ástæða til fyrir hann að hlusta á rök þess sem hann er að ræða við og segir þetta nú kannski meira um viðhorf hv. þm. heldur en margt annað.

Ég vil taka það skýrt fram að ég er ekki á nokkurn hátt afsaka það ef stjórnarmeirihluti rífur mál út úr nefnd umræðulítið eða umræðulaust. Ég hef verið þeirrar skoðunar og er að umfjöllun nefndar eigi að vera sem ítarlegust. En ég var eingöngu að velta því hér upp í þessari umræðu hvað það væri mikil ástæða til þess að tvítaka nánast orðrétt það sem stendur í nefndaráliti eins og mér finnst að sé allt of algengt að sé gert í umfjöllun um mál. Og ég vil kannski segja að með því séu nefndarmenn að stytta sér leið og spara

sér vinnu í stað þess eins og hv. þm. benti réttilega á að nota þá framsöguna til þess að reifa málið og sín sjónarmið til þess.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Eins og forseti hefur áður bent á var búin að fara fram umræða um fundarstjórn forseta sem sneri að þessu máli sem nú er hafin umræða um, en hv. 4. þm. Austurl. óskar eftir að taka til máls um fundarstjórn forseta og væntir forseti að þá verði efni ræðu hans fundarstjórn forseta.

[14:26]

Hjörleifur Guttormsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Það var vikið að þeim sem hér talar sérstaklega af ræðumanni sem fékk að flytja sitt mál eðlilega og átölulaust sem ég geri enga athugasemd við og mér finnst að hér sé vikið að það þýðingarmiklu máli að virðulegur forseti geti unnt okkur þingmönnum að reifa það fyrir hæstv. forseta. Ég tel að það sé afar mikill misskilningur að fara að ræða um störf Alþingis út frá einhverjum pappír í þingtíðindum. Hér var af hv. 8. þm. Reykn. réttilega að því vikið að þingið fer fram í heyranda hljóði og á að fara fram í heyranda hljóði og það er allt annað mál það sem snýr að einhverjum skrifræðistriðum sem varðar prentun á þingmálum. Auðvitað erum við ekki að biðja um það að nefndarálit séu lesin upp frá orði til orðs heldur að það sé flutt efnisleg framsaga fyrir mikilvægu máli, bæði fyrir þingmenn almennt og fyrir þá sem á hlýða, áheyrendur hér á þingpöllum og þá sem fylgjast með málum úti í samfélaginu.

Þetta er auðvitað grundvallaratriði og ef formenn nefnda fara að tíðka það að stytta sér leið út frá einhverjum skrifræðissjónarmiðum í sambandi við frágang á þingtíðindum, þá er kannski næsta lítil ástæða til að vera að halda uppi þinghaldi í heyranda hljóði, sýnist mér. Ég vil vekja athygli á því sem ætti að vera sjálfsagt mál að það skiptir auðvitað verulegu máli margt af því sem kemur fram í framsögu nefndarmanna eða þeirra sem annast framsögu fyrir nefnd og nefndarálitum þar sem sú túlkun kemur næst nefndarálitinu sjálfu hinu prentaða í sambandi við álitaefni sem upp kunna að koma varðandi þau lög sem kunna að verða sett á grundvelli þessa álits. Þetta eru því mjög mikilvæg efnisatriði að ræða að mínu mati og ég get ekki látið því ómótmælt að það sé vikið að því í framhaldi af þeim eindæmum sem hér gerðust að mínu mati þegar hér er hrist fram úr ermi á 3–4 mínútum framsaga fyrir fjölda brtt. á stjfrv. eins og gerðist áðan.

Útbýting þingskjala:

Greiðsla á bótum til þolenda afbrota, 411. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 659.

Náttúruverndarár Evrópuráðsins, 410. mál, fsp. KÁ, þskj. 657.

[14:29]

Frsm. minni hluta umhvn. (Kristín Einarsdóttir):

Frú forseti. Ég mæli hér fyrir nefndaráliti minni hluta umhvn. sem er á þskj. 656 um frv. til laga um breytingu á lögum um náttúruvernd. Vegna þess sem hér var til umræðu áðan, þá vil ég einnig lýsa undrun minni á því hversu illa var gerð grein fyrir þeim brtt. sem hér liggja frammi á þskj. 641. Það er ekki reynt að gera tilraun til að skýra út af hverju ýmislegt þar er lagt til og ég get bara tekið eitt dæmi. Það segir m.a. í lið nr. 22 í nál 640:

„Lagt er til að orðalagið í g-lið 5. gr. verði breytt þar sem orðalagið „í umboði ráðherra“ er talið óheppilegt.“ Af hverju er það talið óheppilegt? Það kemur hvergi fram. Þetta er bara eitt dæmi sem ég get bent á.

Sem formanni nefndarinnar finnst mér hálfslæmt að ekki skuli reynt að gera betur grein fyrir þessum brtt. en hér var gert eða ég vil segja alls ekki. Ég stýrði fundum nefndarinnar í vetur að meiri hluta til þegar verið var að fara yfir þessi mál og mér er kunnugt um ýmsar þær brtt. sem voru gerðar við frv. og vil ég í upphafi taka fram að mjög margar eru til bóta þó að ekki sé með þeim tekið á grundvallaratriðum frv. Gæti ég alveg tekið að mér að skýra þessar brtt. þó að það hafi alls ekki sama vægi og þegar frsm. meiri hluta nefndarinnar skýrir ákvæðin af því að ég fjallaði ekki um þessar brtt. sérstaklega. Ég hafði heldur ekki gert ráð fyrir því að ég þyrfti að gera það og hafði þess vegna ekki undirbúið mig fyrir það en ég sé að líklega er best fyrir mig að reyna að gera það síðar í dag vegna þess að mér þykir nauðsynlegt að þingmenn fái að vita af hverju margar þessar brtt. eru lagðar fram en um það er mér vel kunnugt. Eins og ég segi tel ég margar þessara brtt. til bóta á því frv. sem hér er lagt fram þó að ekki sé tekið á þeim grundvallaratriðum sem ég hefði talið þurfa að gera og þess vegna varð ég mjög undrandi á ræðu hv. frsm. meiri hluta nefndarinnar en ekki vegna þess að ég telji endilega að það hafi þurft að lesa nál. nákvæmlega vegna þess að það skýrist ekki allt í því að mínu mati. Þess vegna var ég mjög undrandi á framsögunni.

Það breytir ekki því að ég ætla að mæla fyrir nál. minni hluta umhvn. sem er, eins og ég sagði áðan, á þskj. 656.

Á síðasta löggjafarþingi var þetta frv. lagt fram og það var reyndar nokkuð undir lok þingsins sem hægt var að mæla fyrir því. Nefndin sendi það til umsagnar til fjölmargra aðila og eru þeir aðilar allir taldir upp í nál. meiri hluta nefndarinnar á þskj. 640 og vísa ég til þess. Eins og þar kemur fram fengu fjölmargir aðilar þetta frv. þá sent til umsagnar. Á síðasta þingi var frv. lagt fram frekar seint og nefndin hafði mjög mikið að gera á síðasta þingi, afgreiddi m.a. tvenn grundvallarlög frá Alþingi, lög um dýravernd og um vernd og veiðar á villtum dýrum eins menn muna vel frá síðasta þingi. Þessi tvö frv. tóku meiri hluta tíma nefndarinnar á síðasta ári og þar af leiðandi var af eðlilegum ástæðum ekki tími til að vinna frekar í þessu máli og var nánast ekki fjallað neitt um það á síðasta löggjafarþingi. Frv. var síðan lagt fram aftur í nóvember, held ég að það hafi verið, alla vega kom það til nefndarinnar í nóvember og þá ákvað nefndin að senda málið ekki aftur til umsagnar þrátt fyrir að um verulegar breytingar á frv. væri að ræða.

Náttúruverndarráð gagnrýndi nefndina fyrir það að hafa ekki sent það til umsagnar og kemur það fram í áliti Náttúruverndarráðs sem er birt sem fskj. við nál. Um athugasemd Náttúruverndarráðs segir, með leyfi forseta:

„Náttúruverndarráð gagnrýndi nefndina fyrir þessa ákvörðun í umsögn sinni og bendir á að þar sem gerðar hafi verið grundvallarbreytingar á frumvarpinu hafi verið full ástæða til að senda frumvarpið til sérstakrar umsagnar."

Án þess að ég ætli að gagnrýna það sérstaklega þá verð ég að viðurkenna að ég tek á vissan hátt undir þessa gagnrýni Náttúruverndarráðs en ég var ekki formaður nefndarinnar þegar þetta var ákveðið. Það var hins vegar einróma samþykkt á fundi nefndarinnar og það verður auðvitað að standa eins og það var gert. Hins vegar óskaði nefndin eftir því að nokkuð margir aðilar kæmu til viðtals til þess að fara yfir málið og var þeim aðilum sent frv. Þeir komu á fund nefndarinnar á nokkuð mörgum fundum og komu margir með skriflegar brtt. Ítarlegustu breytingarnar komu frá Náttúruverndarráði en flestir voru ekki með eins ítarlegar tillögur og komu fram á 117. löggjafarþingi. Þegar farið var yfir frv. í nefndinni reyndum við að styðjast eins og hægt var við þær athugasemdir sem komu fram á 117. löggjafarþinginu að svo miklu leyti sem það átti við. Að sumu leyti var búið að taka tillit til einhvers af því sem þar kom fram og stundum var svolítið flókið fyrir okkur að fara nákvæmlega eftir því þar sem búið var að gera nokkuð margar breytingar á frv. og, eins og ég sagði áðan, nokkrar grundvallarbreytingar sem viðkomandi aðilar gátu þá ekki tekið afstöðu til.

Þegar við vorum síðan að fara yfir málið í desember sl. og kölluðum fyrir alla þá fjölmörgu aðila sem höfðu verið boðaðir til fundar við nefndina, bæði á reglulegum fundum nefndarinnar sem og aukafundum, þá upplýsti fulltrúi Alþfl. í nefndinni, hv. þm. Petrína Baldursdóttir sem er frsm. meiri hluta nefndarinnar, því yfir að meiri hlutinn ætlaði að afgreiða frv. frá nefndinni fyrir jólahlé þingsins. Þá upplýsti ég það sem formaður nefndarinnar að ég treysti mér ekki til þess að vinna að frv. með þeim hætti og taldi óraunhæft að fara yfir frv. á þeim stutta tíma sem var fram að jólahléi og lagði ég því til að hv. þm. Petrína Baldursdóttir yrði kjörinn frsm. nefndarinnar í þessu máli skv. 27. gr. þingskapa sem þingmenn þekkja. Það gerði ég vegna þess að ég treysti mér ekki til að reyna að ná samstöðu um málið á þeim tíma sem þá var til stefnu en ég hef lagt mig fram um það í umhvn. og tel mjög mikilvægt að nefndin geti komist að sameiginlegri niðurstöðu í stórum málum sérstaklega sem varða náttúruvernd fyrirleitt og það ætti ekki að koma mönnunum á óvart að það taldi ég vera mjög mikið atriði. Ég lagði mig mjög fram um það á síðasta þingi, bæði að því er varðaði dýraverndarfrv. og eins frv. um vernd og veiðar á villtum dýrum, að reyna að komast að samkomulagi sem tókst að lokum. Held ég að það hafi verið vel og málunum báðum til framdráttar og það hafi skapast nokkur sátt um þau lög eftir að þau tóku gildi. Það er mjög hæpið að það skapist sátt um frv. sem miklar deilur eru um á Alþingi og vil ég sérstaklega leggja áherslu á að það gildir í málum eins og náttúruverndarmálum og umhverfisverndarmálum.

Það fór svo að stjórnarliðarnir hættu við að afgreiða málið óunnið frá nefndinni fyrir jólahlé þar sem ljóst var að við höfðum ekki einu sinni tíma til að kalla alla aðila á fund nefndarinnar. Þó að það hefði kannski hafist með einum aukafundi í viðbót var ljóst að við hefðum ekki á neinn hátt getað farið yfir frv. ef það hefði átt að afgreiða það fyrir jólahlé og sem betur fer var það ekki gert. Við byrjuðum aftur yfirferð yfir frv. í janúarlok þegar þing kom saman aftur og tókst okkur á nefndarfundum að komast yfir allt frv. og gera ýmsar athugasemdir. Ég sé að sumar hafa ratað inn í brtt. meiri hluta nefndarinnar sem betur fer því að ég held að ef frv. hefði verið lagt fram eins og það var þá hefði það verið mjög gallað og þá er ég ekki að tala um efnislega heldur tæknilega séð.

Eins og ég segi komu fram mjög margar athugasemdir og það komu gestir á fundinn og þeir gerðu líka mjög margar athugasemdir við frv. Á fundinum 9. febr. sl. sem stóð alveg til hálfellefu þá gerðist það 2–3 mínútum fyrir hálfellefu að frsm. meiri hluta, hv. þm. Petrína Baldursdóttir, leggur fram brtt. og nál. og leggur jafnframt til að málið verði afgreitt frá nefndinni. Við öll fjögur lýstum því yfir að við teldum að málið væri ekki tilbúið til þess en ég þarf ekki að orðlengja það, þetta var samþykkt af meiri hluta nefndarinnar, þ.e. fimm aðilar sem mynda meiri hlutann samþykktu frv. en við sem stöndum að þessu nál. mótmæltum þessum vinnubrögðum og þessari sérkennilegu málsmeðferð.

Eins og lýst hefur verið fyrr í dag og ég get tekið undir hefði það a.m.k. verið lágmark að fólki hefði verið gefið tækifæri til að skoða brtt. og taka afstöðu til þess hvort það vildi styðja brtt. eða ekki. Það var sagt að það væri svo mikill grundvallarágreiningur í nefndinni að það þýddi ekki að reyna að ná samstöðu og getur vel verið að það hafi verið ljóst. Þó vil ég ekki meina að svo hafi ekki verið. Mér var ekki ljóst að það hafi komið fram á nefndarfundum að þeir fjórir nefndarmenn sem standa að þessu nál. væru í grundvallaratriðum á móti frv. en það getur vel verið að það hafi verið hægt að túlka það þannig. Ég vil a.m.k. meina að það hafi ekki verið reynt að ná samstöðu. Mér fannst aldrei reyna á að það hafi verið gerð nokkur tilraun til þess að breyta þessu frv. í þá veru að a.m.k. fleiri nefndarmenn gætu fallist á það.

Ég vil minna á það að á síðasta þingi vorum við með tvö frv. þar sem var grundvallarágreiningur um ýmis ákvæði þeirra en við gátum komist að samkomulagi eftir þó nokkuð mikla vinnu af því að við gátum farið fram hjá ýmsum ákvæðum sem mjög margir sögðu um: Þetta er grundvallaratriði. Ég get aldrei sætt mig við þetta. En með því að vinna að málinu gátum við komist að sameiginlegri niðurstöðu og ég held að það sé mjög farsælt. Ég tel að það hafi verið til bóta að vinna þannig. Þess vegna þykir mér slæmt að það skyldi ekki einu sinni hafa fengist tækifæri til lágmarksyfirferðar. Ég hefði talið að það hefði þurft meiri

tíma, t.d. einn dag eða tvo. En það hefði þó hjálpað. Ég hefði t.d. getað sagt: Ég get samþykkt þessa tillögu og þessa sem er komin fram en ég fékk aldrei tækifæri til þess, ekki einu sinni það.

Þess vegna lýsi ég vonbrigðum mínum með það að við skyldum ekki einu sinni fá lágmarkstíma til að lesa nál. og a.m.k. geta sagt skoðun okkar á því, við fjögur, og hvort við vildum styðja þessar brtt. Og það getur vel verið að það hafi einhver verið. Ég veit um mig að ég get ekki stutt þær allar en ég get ekki talað fyrir hönd annarra.

Þetta var um vinnubrögðin, frú forseti. Ég verð að lýsa miklum vonbrigðum með þessi vinnubrögð og ég verð að viðurkenna það þó að það eigi kannski ekki að vera að viðurkenna einhverja viðkvæmni hér í stólnum, en mér var nokkuð misboðið vegna þessara vinnubragða. Ég skal alveg viðurkenna það. Mér fannst mjög slæmt að þetta skyldi þurfa að fara eins og fór á þessum fundi. Ég var meira að segja búin að undirbúa mig fyrir það að leggja til að við héldum aukafund jafnvel strax daginn eftir þó að ég hafi ekki getað rætt það við aðra nefndarmenn en ég hefði verið tilbúin að beita mér fyrir því og var að hugsa það þegar ég sá að tími nefndarinnar var búinn að það hefði verið eðlilegt að reyna a.m.k. að lesa yfir brtt. og skoða þær. En það gekk ekki. Ég tel að þetta séu mjög slæm vinnubrögð og alls ekki til eftirbreytni. Þessi vinnubrögð eru gagnrýni verð.

Í frv. sjálfu er valin sú leið að endurskoða einn afmarkaðan þátt laganna. Það er að vísu farið aðeins yfir í aðra þætti en það er talað um að eingöngu sé verið með þessu frv. að endurskoða stjórnunarþátt umhverfismála. Fjölmargir aðilar hafa bent á að þetta væri ekki rétt leið og miklu eðlilegra að taka allan lagabálkinn í heild því að það sé ekki hægt að skilja þetta að, þetta sé allt saman í raun það sama, bæði það að taka stjórnunarþáttinn og aðra þætti í þeim lögum sem við erum hér að ræða. Í nál. meiri hluta nefndarinnar er tekið fram að þetta sé aðeins fyrsti hluti endurskoðunarinnar og fyrsta skrefið en reyndar sé byrjað á undirbúningi að endurskoðun heildarlaganna. Ég hefði talið miklu eðlilegra að þetta hefði gerst í einu lagi og við í minni hlutanum tökum undir þessar ábendingar og í nál. okkar er tökum við undir ábendingar Náttúruverndarráðs eins og kemur fram á bls. 2 í nál. Ég tek það fram að það var ekki bara Náttúruverndarráð sem benti á þetta heldur fjölmargir aðrir aðilar sem ég gæti tínt til hverjir voru en það er aukaatriði í sjálfu sér því að það var meiri hlutinn af þeim sem komu með ábendingar.

Það að setja á stofn nýja ríkisstofnun, Landvörslu ríkisins eins og gert er ráð fyrir í frv. hafa margir bent á að sé raunverulega mjög stórt atriði ekki bara stjórnunarlega heldur muni það grípa í ýmsa aðra þætti og sé mjög slæmt að setja á laggirnar þessa stofnun án þess að horft sé á málið í heild. Það falla fjölmargar stofnanir undir umhvrn. sem þessi mál varða og hefur verið bent á það að miklu eðlilegra sé að líta á málið heildstætt, að skoða allar stofnanir umhvrn., þeirra hlutverk og stöðu í stjórnkerfinu og athuga hvort ekki sé ástæða til að líta til þess að þarna hafi hæstv. umhvrh. ekki hitt naglann á höfuðið í lausn þessara mála.

Samkvæmt tillögum frv., og það er ekki gerð brtt. um það, þá er gert ráð fyrir að þarna sé einungis þriggja manna stjórn og skipuð af ráðherra án tilnefningar, þ.e. stjórn Landvörslu ríkisins. Um þetta segjum við í nál. okkar að með þessu verði stjórnin aðeins framlengdur armur ráðherrans, eins og það var reyndar orðað af einum nefndarmanni í umhverfisnefnd, hv. þm. sem hefur reynslu af Stjórnarráðinu og ég er viss um að hann mun ræða þetta atriði hér á eftir og ætla ég ekki að gera það frekar að umtalsefni, nema að það er ákvæði í frv. sem gerir ráð fyrir að ráðherrann ekki aðeins skipi þessa nefndarmenn — hann skipar reyndar einn eftir tilnefningu Sambands ísl. sveitarfélaga en tvo án tilnefningar — heldur á ráðherrann að kveða nánar á í reglugerð um hlutverk og starfsskyldur framkvæmdastjórnar og stjórnar Landvörslunnar, þannig að hann ætlar að hafa þar tögl og hagldir. Er nokkuð augljóst að í þessu felst veruleg miðstýring sem er mjög óheppilegt með tilliti til eðlilegrar stjórnsýslu.

Í frv. sem lagt var fram á 117. löggjafarþingi var lagt til varðandi stjórn Landvörslunnar að það væru ákveðnir tilnefningaraðilar og það hafa fjölmargir aðilar bent á að það væri miklu eðlilegra að þarna væri um að ræða fimm manna stjórn en það reyndi aldrei á það innan nefndarinnar hvort að það gæti hugsanlega náðst samkomulag um að það yrði kannski stærri stjórn og það yrðu ákveðnir tilnefningaraðilar, hvort stjórnin yrði kosin á Alþingi eða náttúruverndarþingi eða með einhverjum öðrum hætti. Við ræddum þetta aldrei, við komumst aldrei svo langt heldur gátum við aðeins komið á framfæri okkar athugasemdum. En hvaða tillögur hugsanlega væri hægt að ná samstöðu um var ekkert fjallað í nefndinni.

Við bendum á það að á undanförnum árum hefur komið fram sú gagnrýni á störf Náttúruverndarráðs að það hafi bæði með höndum framkvæmda- og eftirlitshlutverk. Ég hef verið ein af þeim sem hafa tekið undir þetta og viljum við benda á þetta atriði. Hefur þetta verið af mörgum talið óheppilegt og hefur m.a. ráðið sjálft komið með hugmyndir um breytingar á þessu og bent á að þetta gæti verið óheppilegt. En frv. gerir ráð fyrir að Landvarsla ríkisins og umhvrn. taki við hlutverki Náttúruverndarráðs og með þeim hætti verður Landvarslan bæði framkvæmda- og eftirlitsaðili, eins og svo mikið var gagnrýnt varðandi Náttúruverndarráð. Að því leyti þá er eins og bara sé skipt um nafn en hlutverkin séu þau sömu, að vísu hefur ráðherrann beintengingu inn í stjórnina og ætlar að stýra þessu frá ráðuneyti sínu beint.

Það er gert ráð fyrir því að Náttúruverndarráð verði áfram við lýði en það er nánast bara nafnið samkvæmt frv. og mjög lítið er eftir af því hlutverki sem ráðið á að hafa. Það má vera umsagnaraðili og tillöguaðili en engin formleg völd eiga að vera fólgin í þeirra hlutverki. Fjárveitingar til ráðsins eru mikilli óvissu háðar og í umsögn fjmrn., sem er fskj. með sjálfu frv. sem liggur hér frammi og þingmenn hafa með höndum, er sérstaklega tekið fram að ekki sé gert ráð fyrir öðru

en að þessar breytingar samkvæmt frv. rúmist innan ramma núverandi fjárveitinga.

Ég átta mig alls ekki á hvernig það á að vera hægt, hvernig hægt er að láta sér detta í hug að til sé Náttúruverndarráð og Landvarsla ríkisins og það eigi að rúmast innan þeirra fjárveitinga sem núverandi Náttúruverndarráð hefur. Það er mér algjörlega hulin ráðgáta og þætti mér fróðlegt að fá svör við því.

Mikill veikleiki í frv. og tillögum meiri hlutans felst í tillögum við skipan náttúruverndarnefnda og í því svo mjög takmarkaða hlutverki sem þeim er ætlað að sinna. Skynsamlegt hefði verið að deila landinu upp í svæði, kjördæmi eða minni einingar, og gera ráð fyrir að þau yrðu umdæmi sérstaklega kjörinna náttúruverndarnefnda heimaaðila sem fengju hlutverk og styddu við m.a. væntanlega náttúrustofur í sínu starfi.

Ég vek athygli á því að í frv. sem var lagt fram á 117. löggjafarþingi var gert ráð fyrir að það yrðu kjördæmi sem þessar náttúrustofur næðu yfir. Það kom fram gagnrýni á það fyrirkomulag frá nokkrum aðilum. Hins vegar finnst mér alveg koma til greina að þessu yrði deilt upp í aðrar einingar, en það gátum við ekki rætt frekar en annað innan nefndarinnar þar sem við bentum bara á að það væri mjög mikilvægt að þessar náttúruverndarnefndir hefðu eitthvert raunverulegt hlutverk, þ.e. að þær hefðu eitthvert vægi og eitthvert vald þannig að heimamenn hefðu í raun eitthvað að segja í þessum málum, að það sé ekki bara miðstýring frá ráðuneytinu og ekkert annað. Samband ísl. sveitarfélaga segir einmitt í umsögn sinni að það hefði verið miklu eðlilegra að víkja frá þessu og veita náttúruverndarnefndunum meira vald, og eins og segir í þeirra umsögn þá telja þeir að það sé eðlilegt að náttúruverndarnefndir taki þarna yfir en svo segja þeir orðrétt, með leyfi forseta:

„Stefna frumvarpsins gengur í þveröfuga átt. Miðstýring umhvrn. er aukin og náttúruverndarnefndir sveitarfélaga og héraðsnefnda hafa einungis það hlutverk að stuðla að náttúruvernd með ábendingum og tillögugerð."

Þetta finnst mér mjög alvarlegt og við tökum undir það í okkar nál. að þetta hefði þurft að vera í allt aðra átt.

Ákvæði frv. varðandi friðlýsingar hefði þurft að athuga nánar, miklu nánar, með tilliti til ýmissa ábendinga og athugasemda. Hlutverk og bein afskipti umhvrn. af friðlýsingarmálum á undirbúningsstigi geta orkað mjög tvímælis og hefði þurft að kanna þann þátt miklu betur.

Náttúruverndarráð gerir athugasemd við þetta og ætla ég bara að vísa til þess sem stendur í umsögn Náttúruverndarráðs en það er fskj. með nál. minni hlutans og er beint vitnað til þess í nál. Einnig hafa fleiri aðilar gert athugasemd við þetta atriði, t.d. Páll Sigurðsson, forseti Ferðafélags Íslands og prófessor í lögum við Háskóla Íslands. Hann benti á að fyrirkomulag frv. væri mjög óeðlilegt, þ.e. að hlut umhvrh. sjálfs væri mjög óeðlilega skipað innan þessa kerfis og hefði þurft að fara miklu betur ofan í þetta mál og kanna miklu betur hvernig þessu ætti að vera eðlilega fyrir komið. En eins og annað var ekki talin þörf á því af hálfu meiri hlutans að fara nánar ofan í þetta mál.

Ég vil sérstaklega benda á að Páll Sigurðsson sendi minnisblað til umhvn. þar sem hann segir um frv. — og ég vil vekja sérstaklega athygli á því og kemur það fram á bls. 4 í nál. minni hluta umhvn., með leyfi forseta vil ég vitna orðrétt, að „með óheppilegum og vafasömum hætti sé gert ráð fyrir ákvarðanatöku umhvrn. á frumstigi sem um leið skaðar í reynd möguleika á stjórnlegri kæru til ráðuneytisins."

Þetta þykir mér mjög alvarleg fullyrðing af hálfu lagaprófessorsins og finnst mér mjög óheppilegt og slæmt að við í umhvn. skyldum ekki geta farið sérstaklega yfir frv. með tilliti til þessara athugasemda. Við komum að því nokkrum sinnum þegar við vorum að fara yfir frv. en við gátum ekki farið kerfisbundið í gegnum þetta með tilliti til þess hvort að ástæða væri til að breyta þessum atriðum. Ég get rakið það betur síðar í umræðunni þar sem ég hélt satt best að segja að hv. frsm. meiri hluta nefndarinnar mundi gera grein fyrir þessum athugasemdum og skýra af hverju ekki væri tekið tillit til þeirra ábendinga, eða þá tekið tillit til þeirra að einhverju leyti, þar sem ábendingar Páls Sigurðssonar eru að mínu mati mjög alvarlegar. Þess vegna hefði ég talið miklu eðlilegra að við hefðum getað farið yfir þetta og tekið afstöðu til þess hvort við teldum þetta á rökum reist og þá e.t.v. að fá álit annarra á þessu atriði. Nú eru brtt. sem hér liggja fyrir sem ganga í þá átt að reyna að leiðrétta þetta en það er alls ekki að öllu leyti og þess vegna þykir mér þetta atriði nokkuð alvarlegt og vil vekja athygli á því.

Ég vil einnig vekja athygli á því að að hans áliti hefur Náttúruverndarráð alls ekki staðið sig illa og raunar vel, eins og hann orðaði það ef ég man rétt, með tilliti til þess hversu knappar fjárveitingar hefðu verið til ráðsins. Þannig að það væri fyrst og fremst það sem hamlaði því að Náttúruverndarráð gæti sinnt lögboðnu hlutverki sínu en ekki það að ráðið væri ekki í stakk búið til þess faglega að gera það.

Eins og ég hef hér rakið á undan þá var að mínu mati og að mati minni hlutans nefndin alls ekki tilbúin til þess að afgreiða málið frá sér og vil ég taka fram að óskir komu fram um það að kalla fleiri aðila fyrir nefndina til frekari umfjöllunar. Ég skal taka það algjörlega á mig. Það var nokkuð langt um liðið frá því að ég hafði fengið þessa ósk, bæði á nefndarfundi og eins hafði ég fengið uppgefinn lista yfir nokkra aðila sem óskað hafði verið eftir kæmu á fund nefndarinnar. Ég taldi hins vegar miklu eðlilegra að við færum saman, nefndin í heild, yfir frv. áður en við færum að kalla fleiri aðila til fundar við nefndina og frestaði ég því þar af leiðandi að verða við þeim óskum. Ég hef hins vegar að reynt að gera það ef það hafa komið fram óskir um að kalla fyrir fólk á fundi nefndarinnar þá hef ég reynt að verða við því og man ég ekki til þess að ég hafi orðið að neita því. Ég tek það hins vegar fram að ég neitaði því ekki á þeim forsendum að ég ætlaði aldrei að uppfylla þessar óskir heldur vildi ég fresta þeirri ákvörðun til þess að hægt væri að meta þegar búið væri að fara yfir frv. hvort e.t.v. var ekki

hægt að stytta þann lista sem mér hafði verið réttur. En ég gat auðvitað ekki farið neitt yfir það mál því að það var aldrei tekið fyrir formlega í nefndinni nema þá með þeim hætti að það var ákveðið að nú væri yfirferð lokið.

Ég vil að lokum vekja sérstaklega athygli á því að það er alls ekki ljóst hvernig eigi að koma Landvörslu ríkisins á fót við gildistöku laganna. Það er gert ráð fyrir því að lögin öðlist gildi nú þegar og ég sé ekki hvernig hægt er að koma Landvörslunni á fót þá þegar ef frv. verður að lögum. Ég man ekki til þess að það hafi verið gert ráð fyrir því í fjárlögum, neinu fjármagni til Landvörslu ríkisins, og þess vegna hlýtur að vera nokkur óvissa um hvernig á málum eigi að halda ef frv. verður að lögum núna fyrir lok næstu viku sem ætlað er að þinginu ljúki.

Ég bendi á að starfsmenn Náttúruverndarráðs eru auðvitað starfsmenn Náttúruverndarráðs og verða alls ekki sjálfkrafa starfsmenn Landvörslu ríkisins þó þetta frv. verði að lögum að óbreyttu. Ég t.d. vek athygli á því að þjóðgarðsverðir eru starfsmenn Náttúruverndarráðs en þetta frv. gerir ráð fyrir að Landvarsla ríkisins geri tillögu til umhvrh. að því er varðar þjóðgarðsverði sem verði þá skipaðir af umhvrh. Og það væri fróðlegt að vita hvort það sé búið að tala við starfandi þjóðgarðsverði sem eru tveir, ef ég veit rétt, þ.e. í Jökulsárgljúfrum og í Skaftafelli, hvort að þeir vilji starfa áfram, því að það er auðvitað ekkert augljóst í þeim efnum. En ég geri nú ráð fyrir því að þeir — án þess að ég viti neitt um það, ég hef ekki haft tækifæri neitt til að ræða við þá enda kannski ekki í mínum verkahring á neinn hátt að tala við þá — en ég velti því fyrir mér hvernig þetta muni eiga að gerast.

Ég veit heldur ekki hvernig hefur verið hugsað varðandi starfsmenn Náttúruverndarráðs. E.t.v. verða einhverjum boðin störf hjá Landvörslu ríkisins en öðrum ekki og þess vegna hlýtur það að vera ákaflega óheppilegt akkúrat núna að setja starfsmennina í þá stöðu að þeirra réttarstaða eða þeirra staða sé nánast í uppnámi — ég held að réttarstaða þeirra sé kannski ekki í uppnámi heldur aðallega staða þeirra. Það hlýtur að vera mjög slæmt að vita ekki hvort að þeir starfi áfram. Ef til vill er gert ráð fyrir því að Náttúruverndarráð starfi áfram með óbreyttum starfsmannafjölda. Það vekur óneitanlega athygli að þarna er ekki neitt fjallað um það hvort Náttúruverndarráð hafi til bráðabirgða störf þau sem það hefur haft hingað til eða hvernig svo sem hægt er að taka á því, e.t.v. með því að fresta gildistöku laganna eða hvernig svo sem menn hafi hugsað sér þetta. Þetta er allt í uppnámi. Ég veit ekki hvort að það er einhver heimild í fjárlögum fyrir því að það sé hægt að það fé sem ætlað er Náttúruverndarráði samkvæmt fjárlögum, að það sé hægt að taka hluta af því og setja það yfir í Landvörsluna. Ég efast um að það sé heimild til þess í fjárlögum en þó getur það vel verið, ég hef ekki kannað það sérstaklega.

En ég vil enn og aftur segja að lokum varðandi þetta nál. sem ég er hér að mæla fyrir að þetta mál er langt frá því að vera fullunnið og var alls ekki frambærilegt til afgreiðslu hér í þinginu þegar það var tekið út úr nefnd. Við teljum að það sé miklu eðlilegra að málið verði undirbúið betur og þess freistað að leggja fyrir næsta reglulegt þing heildstætt frv. um náttúruvernd sem sæmileg sátt getur orðið um í þjóðfélaginu. Með vísan til þessa leggur minni hlutinn til að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Undir nál. minni hluta umhvn. skrifa Kristín Einarsdóttir, Hjörleifur Guttormsson, Jón Helgason og Ólafur Ragnar Grímsson.

Eins og ég gat um áðan þá eru fskj. með þessu nál., í fyrsta lagi umsögn Náttúruverndarráðs um frv. í heild, þ.e. þetta frv., sem lagt er fram á 118. löggjafarþingi. Síðan er líka sem fskj. með þessu umsögn Sambands ísl. sveitarfélaga frá 17. des. 1994 og síðan fskj. III, það stendur reyndar Úr umsögn stjórnar Ferðafélags Íslands, frú forseti, en ég vil taka það fram að þetta er einungis örstutt brot af þeirri umsögn, og ég ítreka það, þar sem Ferðafélag Íslands sendi nefndinni mjög ítarlegt álit þar sem með fylgdu bæði athugasemdir við einstakar greinar þessa frv., eða reyndar frv. sem lagt var fram á 117. löggjafarþingi, sem og alveg heilt frv., heildarlög. Þannig að til þess að halda öllu til haga þá verður það að koma fram að Ferðafélag Íslands sendi mjög ítarlega umsögn til okkar í umhvn. en þetta er aðeins örstutt brot úr því.

Áður en ég vík hér úr stólnum, virðulegur forseti, þá langar mig aðeins að bæta við nokkrum orðum og það er varðandi athugasemdir Náttúruverndarráðs. Það er sérstaklega það sem ég hef ástæðu til að benda á. Það kemur fram reyndar í þeirri umsögn sem birt er með okkar nál. En þeir benda sérstaklega á að það hafi fallið niður ákveðnir þættir ef þetta frv. verði að lögum og vil ég sérstaklega vekja athygli á því. Mig langar reyndar að spyrja hv. frsm. meiri hluta nefndarinnar hvort þetta sé af ásettu ráði gert. Þetta er í þeirra athugasemdum og eru númeruð atriði og er líklega á þriðju síðu eða svo hjá þeim. En það sem fellur niður, ef þetta verður að lögum, er í fyrsta lagi umsagnir vegna mats á umhverfisáhrifum, sem er í núgildandi lögum. Það fellur niður samráð við hönnun mannvirkja. Og svo fellur einnig niður samráðsvettvangur Náttúruverndarráðs við aðrar opinberar stofnanir. Þetta er sem sagt það sem er áskipað í núgildandi lögum. Þetta finnst mér mjög mikilvægt að komi fram. Er það af ásettu ráði að þetta fellur burtu? Það er ekki búið að ákveða að Landvarsla ríkisins taki þetta yfir heldur er þetta bara algjörlega dottið út úr lögunum. Er þetta meðvitað eða eru þetta mistök?

Ég vil einnig taka það fram, frú forseti, að nánast allir sem hafa skrifað umhvn. umsagnir um þetta frv. lýsa því að þeir vilji ekki að frv. verði samþykkt. Það eru örfáir sem taka þann pólinn í hæðina að frv. verði samþykkt, heldur eru flestir sem mæla með því að málinu verði nú frestað og frv. verði ekki lögfest á þessu þingi.

Í því sambandi vil ég benda á að t.d. Náttúruverndarráð tekur fram að það telji miklu eðlilegra að þetta verði tekið aftur til endurskoðunar og vil ég í því sambandi benda á að Náttúruverndarráð gerði grein fyrir

því á 8. náttúruverndarþingi í október 1993 hvernig þeir teldu að skipan náttúruverndarmála ætti að vera. Ég ætla ekki að fara að lesa það upp, það er reyndar ekki nema ein síða, en ég vil benda á að þar koma fram hugmyndir um það hvernig þessum málum væri best fyrir komið. Mig langar til að lesa þar bara eitt atriði af því að það tengist á vissan hátt þessum atriðum. Þar segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Lagt er til að stofnuð verði sérstök deild, Landvarsla," — þarna kemur væntanlega nafnið eins og það er í frv. — „undir yfirstjórn Náttúruverndarráðs og annist hún eftirlit, rekstur og viðhald þjóðgarða og annarra friðlýstra svæða." Og síðan útskýra þeir þetta betur síðar í þessu hefti og segir, með leyfi forseta, þar sem fjallað er um Landvörsluna, á bls. 29 ef einhver skyldi vilja kynna sér það:

„Umsjón nokkurra fjölsóttra friðlýstra svæða er nú í höndum landvarða en í Skaftafelli er þjóðgarðsvörður. Sótt hefur verið um heimild til þess að ráða þjóðgarðsvörð við Jökulsárgljúfur" — og ég tek það fram að það er búið að gera það, þetta er sem sagt frá 1993. — „Eftirlitsmenn með almennum framkvæmdum starfa í hlutastörfum í hverjum landshluta, starfsmenn ráðsins auk ráðsmanna taka auk þess þátt í almennum eftirlitsstörfum og umönnun svæða."

Og síðan eru þeirra tillögur: „Æskilegt er að afmarka landvörsluhlutverkið betur en nú er. Í þeim tilgangi er lagt til að stofna sérstaka deild, Landvörslu, í umsjón Náttúruverndarráðs." Síðan segja þeir: „Landvarslan yrði framkvæmdaraðili sem sæi um umönnun, þ.e. eftirlit, rekstur og viðhald þjóðgarða og annarra friðlýstra svæða að frátöldum fólkvöngum nema öðruvísi semjist. Náttúruverndarráð færi með yfirstjórn deildarinnar. Landvarslan hefði samvinnu við náttúruverndarnefndir um umönnun svæða." — Þarna taka þeir náttúruverndarnefndir inn og telja að þær eigi að hafa ákveðið hlutverk.

Síðan segja þeir: „Hugsanlega yrði hægt að fela deildinni einnig umönnun og eftirlit á öðrum svæðum en þeim sem friðlýst eru samkvæmt náttúruverndarlögum. Má þar nefna ýmsa vinsæla ferðamannastaði, menningarminjar, skógræktarsvæði, veiðilendur o.fl. en þá er jafnframt æskilegt að samráð sé haft milli aðila t.d. í formi samráðsnefnda."

Ég vildi bara vekja athygli á þessu þar sem Náttúruverndarráð hefur lagt mikla áherslu á það að þetta frv. yrði ekki gert að lögum heldur yrði reynt að fara í málið heildstætt. Það hafa komið fram ýmsar hugmyndir frá Náttúruverndarráði um að breyta fyrirkomulaginu þannig að það eru til mjög margar hugmyndir í þá veru sem eru miklu betri heldur en þær hugmyndir sem koma fram í þessu frv.

Ég held að ég láti þessu lokið í bili, frú forseti, en ég vil taka það fram að ég hef hugsað mér síðar í umræðunni að fara betur yfir breytingartillögur í ljósi þess að umhvn. fjallaði um þessi atriði öll á fundi og finnst mér eðlilegt að þingmenn fái nokkra skýringu á því hvaða athugasemdir komu fram í einstökum tilvikum. Ég get alls ekki skýrt fyrir hönd meiri hlutans af hverju tillit var tekið til sumra athugasemda og ekki annarra og af hverju ekki var fallist á að gera frekari breytingartillögur. Ekki var gerð nein tilraun til þess í ræðu hv. frsm. meiri hluta nefndarinnar að skýra hvers vegna lá svona gífurlega mikið á að koma þessu máli út úr nefnd og að ekki væri hægt að fjalla um það með eðlilegum hætti. Mér finnst að hv. frsm. skuldi okkur skýringar á þessu öllu. Það er auðvitað eingöngu hún sjálf sem getur ráðið því hversu mikið hún vill skýra en ég vil lýsa því að mér fannst langt frá því að það væri viðunandi til þess að þingið gæti tekið afstöðu til breytingartillagnanna.

[15:17]

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Það hefur komið fram nokkuð í umræðunum hvernig farið var með þetta mál eða hvernig unnið var að því í umhvn. sem var á þann hátt að það voru fengnir til viðræðu þeir aðilar sem talið var að þetta frv. snerti mest og þeir komu á fund nefndarinnar, bæði fyrir jól og eins þeir sem ekki hafði unnist tími til að fá til viðræðu fyrir jólin komu á fyrsta fund eftir áramót. Að því loknu var í nefndinni hlaupið yfir einstakar greinar og þær bornar saman við skriflegar athugasemdir sem komið höfðu við frv., reyndar langflestar frá því á síðasta þingi þegar annað frv. var til meðferðar, því það frv. sem við erum nú að fjalla um er töluvert breytt frá því sem það var á síðasta þingi eins og þegar hefur komið fram. Þetta olli því að þessi yfirferð nýttist verr í nefndinni þar sem það þurfti að gæta þess hvort þær athugasemdir sem þar voru settar fram ættu lengur við það frv. sem við vorum að fjalla um núna eða ekki.

Það bætti svo heldur ekki eða auðveldaði nefndarmönnum starfið að það voru má segja á hverjum fundi að koma nýjar breytingartillögur frá umhvrn., í ýmsum tilvikum sjálfsagt til þess að koma til móts við athugasemdir sem komið höfðu fram við frv. og sjálfsagt sumar hverjar og kannski allar til bóta, en það gerði athugun nefndarinnar heldur erfiðari. En svo gerist það þegar á hraðferð er lokið þessari yfirferð, að þá er ákveðið af meiri hlutanum að taka frv. út úr nefndinni án þess að það gæfist kostur á því að ræða frekar um stefnu frv. og þær alvarlegu ábendingar sem munnlega komu fram við það. Og við fengum ekki heldur fulltrúa frá umhvrn. á fund okkar. Það vannst ekki tími til þess þó að það hefði komið fram í yfirferð að æskilegt væri að fá skýringar frá umhvrn. á sumum þeim breytingum sem frá því voru að koma. Þessi tímaskortur var þó alls ekki vegna þess að formaður héldi ekki fundi. Það var fundað stíft, bæði fyrir jól og nú eftir að þing kom saman, svo stíft að stundum voru boðaðir fundir þó að ég a.m.k. ætti að mæta á öðrum nefndarfundum og gat því ekki alltaf hlýtt á mál gesta sem vissulega var mjög athyglisvert að heyra.

Það er kannski rétt að taka það fram til að fyrirbyggja misskilning að í þessari yfirferð okkar síðast gátum við í minni hlutanum eins og aðrir nefndarmenn skotið inn athugasemdum og fyrirspurnum og sumt af því var tekið til greina, virðist mér vera, í brtt. meiri hlutans þegar ég fer að lesa þær nú eftir að þeim

hefur verið dreift hér í þinginu. Mér dettur t.d. í hug að benda á f-lið 1. gr. frv. Ég sagði að þetta væri svo mikil endileysa að það væri ekki nokkur leið að botna í þessari grein og með leyfi hæstv. forseta les ég hluta af henni eins og hún er orðuð í frv.:

„Í hverjum þjóðgarði starfar þjóðgarðsvörður sem *umhvrh. skipar til 5 ára í senn að fenginni* tillögu stjórnar Landvörslu ríkisins. Þjóðgarðsverðir starfa í umboði Landvörslu ríkisins og annast stjórn og daglegan rekstur þjóðgarða. Þeir ráða landverði og annað starfsfólk þjóðgarðanna. Umhvrh. getur, samkvæmt tillögum Landvörslu ríkisins, falið þjóðgarðsvörðum víðtækara eftirlits- og stjórnunarhlutverk á svæðum í umsjá stofnunarinnar í viðkomandi landshluta."

Þarna er reyndar tekið fram að þjóðgarðsverðir starfi í umboði Landvörslu ríkisins þó þeir séu skipaðir af umhvrh. en þetta kemur fram í brtt. meiri hlutans að þeir hafa samt talið óþarflega flókna atburðarás og því var breytt. En það var þó sérstaklega þetta orð, „víðtækara" sem ég vakti athygli á, hvernig á að fela þjóðgarðsvörðum víðtækara hlutverk en felst í því að annast stjórn og daglegan rekstur þjóðgarða? Á því gat ég enga skýringu fengið. Eins og ég sagði gafst okkur ekki kostur á að fá hina snjöllu höfunda þessa frv. frá umhvrn. til að gefa þessar skýringar, en meiri hluti nefndarinnar hefur ekki heldur getað skýrt það og í brtt. leggur meiri hlutinn til að þetta orð „víðtækara" falli brott og þar með er einnig hægt að fara að skilja hvað er átt við í greininni.

Ég nefni þetta hér aðeins til þess að benda á að út af fyrir sig ef tími hefði gefist til að rökræða málið og benda á atriði í frv., þá fannst mér a.m.k. ekki vera sá veggur hjá meiri hlutanum þegar við vorum að fara yfir málið, — hann myndaðist ekki fyrr en við ákvörðun um *afgreiðslu, að það hefði verið hægt að nálgast* a.m.k. meira hvern annan. En vegna þessara vinnubragða var það meiri hlutinn sem valdi þá leið að hætta umfjöllun um málið í umhvn. og þá m.a. um meginatriði þess, þ.e. hvert er verið að stefna með þessum breytingum, og hvort sú stefnubreyting sé til bóta. Umræðan hlýtur því að færast nú inn í þingið og þess vegna vil ég við þetta tækifæri víkja að nokkrum grundvallaratriðum sem eru mér ofarlega í huga í sambandi við þetta frv.

Það er nokkuð áberandi í umsögnum sem okkur bárust að það er kvartað yfir því að stefnumörkun vanti einmitt og undir það er vissulega hægt að taka, sérstaklega með tilliti til þess hvernig staða þessara mála er nú. Það fer held ég ekki fram hjá neinum hversu gífurlegar viðhorfsbreytingar eru að verða í öllum umhverfismálum og því eðlilegt að það sé vegið og metið hvernig þau lög eiga að líta út sem leggja einn af hornsteinum meðferðar þessa málaflokks hjá ríkisvaldinu. Það þarf ekki að fara mörgum orðum um það atriði en e.t.v. mun ég víkja eitthvað að því í sambandi við athugasemdir og ábendingar sem ég ætla að koma hér fram með.

Í núgildandi lögum er fyrst fjallað um hlutverk náttúruverndar, en síðan kemur stjórn umhverfisverndarmála. Þar er 2. gr. aðeins ein örstutt setning, þ.e. í núgildandi lögum segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Umhverfisráðuneytið fer með yfirstjórn náttúruverndarmála."

En eftir þessa sjálfsögðu grein sem yfirleitt er í öllum lögum um það undir hvaða ráðherra viðkomandi lög heyra, þá kemur svo 3. gr. í núgildandi lögum og hún fjallar um náttúruverndarnefndir, þ.e. í hverri sýslu, kaupstað og bæ skuli starfa þriggja til sjö manna náttúruverndarnefnd. Þannig eru náttúruverndarnefndirnar gerðar að undirstöðu stjórnkerfis náttúruverndarmála og þar sem þessi lög eru nú orðin 24 ára, þá finnst mér satt að segja aðdáunarverð sú framsýni sem var við setningu þessara laga að byggja á þessari undirstöðu sem nú í dag er talinn algjör hornsteinn að náttúruvernd og að tökum verði náð á umhverfismálum, þ.e. það séu þeir sem á vettvangi eru, vörslumenn landsins, bændur og aðrir sem eru þar í nágrenni, að þeirra sé ábyrgðin og þeir verði að gera sér ljósa þá ábyrgð sem á þeim hvílir að annast um þessi mál. Ég segi það að ég dáist að þessari framsýni vegna þess að ég hygg að þetta sjónarmið hafi alls ekki verið jafnviðurkennt þá eins og þetta er orðið í dag.

Ég held ég hafi áður látið það koma fram í umræðu hér á Alþingi að ég hef kynnst þessu nokkuð á vettvangi alþjóðabændasamtaka að þau létu þessi mál mjög lítið til sín taka, umhverfismálin, lengi vel og forustumenn þeirra samtaka nú segja að það hafi verið fyrst með ráðstefnu sem haldin var hér í Reykjavík haustið 1991 sem þau fóru að hefja afskipti af þeim. Það var að vísu skömmu fyrir Ríó-ráðstefnuna en samt nægði það til þess að þau samtök höfðu þar nokkur áhrif, en fyrst og fremst varð þó til að vekja þessi samtök til meðvitundar um það að þetta er brýnt hagsmunamál og lífsspursmál að sjálfsögðu fyrir bændastéttina í heiminum, *en líka fyrir þessi umhverfismál öll að þau verði* tekin föstum tökum af bændum og eins og kom fram nýlega í umræðum á Alþingi, þá var þeim það ljóst en að vísu ekki fyrr en of seint hversu dapurlegt það er að þessi þáttur gleymdist við GATT-samningaumræðurnar sem kenndar eru við Úrúgvæ og við vorum nú að staðfesta fyrir skömmu hér á Alþingi.

En í staðinn fyrir 3. gr. gildandi laga um náttúruverndarnefndirnar sem á að vera undirstaða að skipulagi náttúruverndarþings sem kýs svo náttúruverndarráð, að þær komi þarna í upphafi, þá eru þær gerðar hornreka, settar miklu aftar í lögin því að það er annar aðili sem nú skal taka við og það er ný stofnun, Landvarsla ríkisins. Ég vil áður en ég fjalla meira um þennan þátt taka það fram að það kemur fram í ýmsum umsögnum að það geti verið eðlilegt að aðgreina hreinan framkvæmdaþátt frá eftirlitsstörfum, þ.e. framkvæmdaþátt eins og rekstur þjóðgarða. En því er ekki að heilsa að þannig sé á málum haldið við þessa breytingu að það sé verið að aðgreina verkefnin á þennan hátt heldur þvert á móti. Á eftirlitshlutverki Landvörslu ríkisins er hert eins og ég mun víkja betur að síðar. En það kom fram í máli hv. frsm. minni hlutans að um það eru ábendingar frá ýmsum að það sé hægt að fela þetta rekstrarhlutverk einhverjum öðrum aðila. Samband ísl. sveitarfélaga kemur þar með tillögu og

leggst alfarið á móti þessari stofnun og skógræktarstjóri ríkisins kom fram með tilboð um það að Skógrækt ríkisins tæki að sér rekstur þessara svæða eins og hinna mörgu svæða sem Skógræktin ber ábyrgð á og hefur umsjón með. Þar vitnaði hann til fordæmis Norðmanna sem töldu sig hafa ekki efni á því að fara að byggja upp nýja stofnun. Jafnvel í olíulandinu Noregi töldu þeir að þeir hefðu ekki fjármagn til þess að fara að fjölga stofnunum heldur ákváðu að fela norsku skógræktinni umsjón með þjóðgörðum. Um þetta atriði fóru í sjálfu sér engar umræður fram frekar en um annað í nefndinni og ekki gafst kostur á að spyrja fulltrúa frá umhvrn. á það hvernig þeim litist á þessa hugmynd og hvað stæði þar í veginum.

Ef ég held svo áfram að ræða um þessa nýju stofnun, Landvörslu ríkisins, þá er henni hagað þannig eins og kom fram í máli hv. minni hluta umhvn. að þetta er raunverulega deild í umhvrn. Hún er algjörlega á vegum umhvrh. og til að undirstrika það er þessi þriggja manna stjórn sem er skipuð af honum einum án allra tilnefninga, (Gripið fram í.) stjórn Landvörslunnar, er það ekki í brtt.? Ég verð að viðurkenna að ég hef kannski ekki lesið nógu vel þessar síðustu breytingartillögur. Jú. Í e-lið (6. gr.) brtt. sem verður c-liður (4. gr.) segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Umhvrh. skipar Landvörslu ríkisins þriggja manna stjórn, þar af formann sérstaklega og jafnmarga til vara og ákveður stjórnarlaun. Skipunartími skal fylgja skipunartíma ráðherra.“ Þetta undirstrikar því enn að þetta er aðeins verkfæri ráðherra á hverjum tíma um leið og breyting verður á ráðherrastóli, þá skal skipa nýja stjórn.

Þetta er það atriði sem ég held að sé mest gagnrýnt í þeim umsögnum sem okkur bárust við frv. og ég ætla að grípa niður í nokkrum þeirra. Í umsögn frá stjórn Ferðafélags Íslands segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Frumvarpið gerir ráð fyrir því að stjórnunarsvið umhverfisráðuneytis verði mun víðtækara en verið hefur til þessa sem mun m.a. leiða til stóraukinna daglegra afskipta ráðuneytisins af ýmiss konar ágreiningsefnum sem ætíð hljóta að rísa í samskiptum manna við stjórnvöld á þessu sviði, en um leið skapast hætta á því að gagnsemi ráðuneytisins sem áfrýjunarstjórnvalds skerðist frá því sem nú er (og almennt hefur verið um Stjórnarráð Íslands).“

Hér er reyndar vikið að öðru atriði sem gagnrýnt var mjög af formanni stjórnar Ferðafélags Íslands, þ.e. skipting valds í þessu frv. sem hann telur að standist ekki stjórnskipunarlög. Ég mun kannski víkja aðeins að því síðar en halda mig við þessi atriði sem sérstaklega fjalla um þá nýju miðstýringu sem umsagnaraðilar telja að þessi breyting hafi í för með sér.

Frá Félagi ísl. landslagsarkitekta kemur stutt athugasemd. Ég ætla að lesa upp nokkrar setningar frá þeim, með leyfi hæstv. forseta:

„Félagið vill leggja sérstaka áherslu á nauðsyn þess að skapa betri tengsl á milli opinberra aðila sem fjalla um náttúruvernd og þeirra sem búa í hinum dreifðu byggðum landsins. Uppstokkun og ákveðnari verkaskipting milli ráðherra, ráðuneytis og stofnana þess á höfuðborgarsvæðinu eins og frv. gerir ráð fyrir er góðra gjalda verð, en er marklaus ef ekki kemur samtímis til valddreifingar út á landsbyggðina. Eðlilegast er að frumkvæði og ábyrgð í umhverfismálum færðist í sem ríkustum mæli yfir á sveitarstjórnarstigið í þeim tilvikum þar sem sveitarfélögin eru nægilega stór til þess að takast á við þessi mál.“

Í umsögn frá stjórn Jarðfræðifélags Íslands segir m.a., með leyfi hæstv. forseta:

„Í fyrsta lagi gerum við athugasemd við þá meginstefnu frv. að færa umsjón náttúruverndarmála að miklu leyti undir pólitíska stjórn. Við teljum á engan hátt óhjákvæmilegt að umhvrn. taki á svo afgerandi hátt við því hlutverki sem Náttúruverndarráð hefur haft. Þetta álit byggir ekki á ókunnugleika á stjórnsýslu ríkisins. Þvert á móti vitum við að ráðuneytið getur falið öðrum aðilum stjórn ýmissa mála eins og raunar kemur fram í þessu frv.“

Síðar fjalla þeir um fjárhag þessarar stofnunar, en ég mun víkja að því síðar.

Í umsögn frá áhugamannahópi um umhverfisvernd og náttúruverndarnefnd í Vestur-Skaftafellssýslu kemur allítarleg umsögn. Efni hennar kom m.a. fram í erindi sem haldið var á ráðstefnu um náttúruvernd 19. febr. á sl. ári, en þar eru þessi atriði dregin saman á þennan hátt, með leyfi hæstv. forseta:

„1. Frv. stefnir að aukinni miðstýringu og ríkisafskiptum í umhverfismálum á sama tíma og augu manna eru að opnast fyrir nauðsyn valddreifingar ef tryggja á árangur á því sviði.

2. Frv. spyrðir um of saman pólitísk verkefni, eftirlit og framkvæmd innan sömu stofnana í stað þess að greina skýrt á milli þeirra sem setja reglurnar, þeirra sem hafa eftirlit með framkvæmd þeirra og þeirra sem sjá um rekstrarhliðina, en slíkt eykur hættu á hagsmunaárekstrum og tvöföldu siðgæði.

3. Frv. skortir samræmingu við stefnumótun núverandi ríkisstjórnar í umhverfismálum. (Sjá ritið „Á leið til sjálfbærrar þróunar“ þar sem höfuðáhersla er lögð á sjálfbæra nýtingu auðlinda og valddreifingu.)“

Ég hef ekki athugað þetta atriði sem þarna er bent síðast á að frv. stangist á við þessa frægu stefnu ríkisstjórnarinnar „Á leið til sjálfbærrar þróunar“ en það hefur ekki verið mikið vitnað síðustu vikur og mánuði í stefnuyfirlýsingar núverandi hæstv. ríkisstjórnar (**Gripið fram í:** Við viljum nú gleyma þeim flestum.) sem kom fram í pésum frá henni á árdögum hennar.

Það er svo stuttorð umsögn frá umhverfisnefnd Njarðvíkur sem tengist þessu og ég ætla að lesa í beinu framhaldi, með leyfi hæstv. forseta:

„Til umhverfisnefndar Alþingis.

Á fundi umhverfisnefndar Njarðvíkur 24. mars 1994 var tekið heils hugar undir þá skoðun sem fram kom í erindi Einars H. Ólafssonar sem flutt var á ráðstefnu um náttúruvernd 19. febr. 1994“. — En það var það erindi sem ég var að nefna áðan og var í samræmi við umsögnina sem ég las síðast. En áfram segir umhverfisnefnd Njarðvíkur: „Við teljum að í stað þess að auka miðstýringu í umhverfismálum beri að dreifa valdi og ábyrgð til fólksins í heimabyggð.“

Þá kemur hér umsögn frá stjórn Arkitektafélags Íslands og þar segir m.a., með leyfi hæstv. forseta:

„Arkitektar, landslagsarkitektar og aðrir sem vinna að skipulags-, náttúruverndar- og umhverfismálum gera sér grein fyrir nauðsyn þess að lög og reglur um þau efni séu skýr. Þau séu ótvíræð og ábyrgð og framkvæmd þeirra sé ljós. Þetta gildir ekki síst um samskipti ríkis og sveitarfélaga, samskipti við félög og áhugamannasamtök og einstaka landeigendur og umráðamenn lands. Árangri við framkvæmd laga um skipulags-, náttúruverndar- og umhverfismál verður að okkar dómi best náð með því að færa framkvæmd laganna sem næst fólkinu í landinu og því stjórnsýslustigi sem stendur því næst, sveitarstjórnarstiginu."

Í þessari umsögn er reyndar athyglisverð frásögn af undirbúningi þessarar ályktunar sem ég ætla að lesa líka, með leyfi hæstv. forseta:

„Að þessari upplýsingasöfnun undangenginni fundaði starfshópur og var sammála um að þau frumvarpsdrög sem fengist höfðu til aflestrar væru um margt óskýr og illa unnin. Einkum þótti sem óskýrt væri það nauðsynlega samræmingarhlutverk Skipulags ríkisins sem menn töldu nauðsynlegt og vænlegast til árangurs. Einnig virtist sem Náttúruverndarráð yrði eftir lagabreytinguna tilgangs- og valdalaust friðþægingarbákn fyrir lífsleiða nöldurseggi og því e.t.v. best að farga því alveg.

Starfshópurinn komst að þeirri niðurstöðu að ekki væri það amstursins vert að reyna að umskrifa einstakar greinar frv. eða endurbæta stílbrögð. Ákveðið var að skrifa stutta, almenna ábendingu til lagahöfunda um að þeir vönduðu betur starf sitt og legðu aukna rækt við skipulagsþáttinn og samræmingu hinna ýmsu laga og reglugerðarbálka. Ályktun starfshópsins fylgir hér með sem fylgiskjal." — Og það var úr því sem ég var að lesa þess stuttu tilvitnun.

Þá er hér hluti úr umsögn frá Félagi íslenskra náttúrufræðinga, með leyfi hæstv. forseta:

„Umhverfisnefnd Félags íslenskra náttúrufræðinga telur að við stækkun náttúruminjaskrár sé afar nauðsynlegt að hafa gott samráð við landeigendur og því ætti fremur að efla starf náttúruverndarnefnda sveitarfélaga en hitt. Athugandi væri að færa rekstur og eftirlit með náttúruverndarsvæðum til sveitarfélaganna og mætti samræma þá vinnu við aðra starfsemi sveitarfélaganna sem tengist umhverfinu."

Þá er hér örstuttur kafli úr umsögn frá nefndarmönnum í náttúruverndarnefnd Eyjafjarðarsýslu, með leyfi hæstv. forseta:

„Við teljum frumskilyrði að auka valddreifingu í náttúruvernd svo sem í öðrum þjóðfélagsmálum. Því erum við algjörlega mótfallnir þeim mikla tilflutningi á völdum sem felst í því að víða kemur orðið „umhverfisráðherra" í stað „Náttúruverndarráðs". Í stað þess að auka völd ráðuneytisins á að auka virkni og völd þeirra sem eru næst vettvangi."

Það væri hægt að halda þessum lestri lengi áfram því svo víða kvað við þennan tón en ég ætla að láta hér staðar numið í sambandi við þetta atriði. En ég vil aðeins benda á það sem hv. frsm. minni hlutans las upp áðan frá Sambandi ísl. sveitarfélaga þar sem síðasta setningin er stutt og skýr, með leyfi hæstv. forseta:

„Samband ísl. sveitarfélaga leggur til að frv. verði gjörbreytt og tekið tillit til framangreindra sjónarmiða."

Það er þó rétt að taka fram að ákvæðum um náttúruverndarnefndir hefur verið breytt en ég mun víkja að því aðeins síðar. En ég vildi aðeins ræða frekar þessa nýju stofnun, þessa framlengingu á valdi umhvrh., eins og ég orðaði það í umhvn. Ég vil ekki trúa að hv. fulltrúar Sjálfstfl. í umhvn. hafi raunverulega gert sér grein fyrir því hvers konar kúvending hér er á málum gerð með þessu frv. og að þeir raunverulega vilji hafa þann hátt á sem gert er ráð fyrir í frv. Hér er að vísu aðeins einn hv. fulltrúi Sjálfstfl. í umhvn., hv. 3. þm. Reykn., Árni M. Mathiesen. Því miður virðist ekki vera áhugi hjá fleirum að fylgjast með þessu. En ég vildi samt spyrja hv. 3. þm. Reykn. að því hvort hann geri sér grein fyrir hvað felst í þessari fyrstu setningu í d-lið 1. gr. frv., en hún hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Landvarsla ríkisins skal fylgjast með því að náttúru landsins sé ekki spillt með athöfnum eða framkvæmdum sem brjóta í bága við lög þessi."

Ég trúi því ekki að það sé raunverulega ætlun hv. þm. Árna M. Mathiesens og hinna nefndarmanna, hv. þm. Árna R. Árnasonar, hv. þm. Láru Margrétar Ragnarsdóttur og hv. þm. Tómasar Inga Olrichs að setja hér upp svona eftirlitskerfi. Landvarsla ríkisins á að vaka yfir því um allt land að náttúru landsins sé ekki spillt.

Af því að hér situr næst mér hv. 1. þm. Vestf. þá held ég að það geti ekki verið að hann sé samþykkur því að fara að setja upp nýtt bákn, eftirlitskerfi úr Reykjavík, deild í umhverfisráðuneytinu á að vera vakandi auga yfir athöfnum hvers einasta aðila sem hætt er við að spilli náttúrunni.

Hér er um svo víðtæka ábyrgð að ræða sem verið er að fela þessu nýja ríkisfyrirtæki, Landvörslu ríkisins, að í fyrsta lagi sé ég ekki að hún geti nokkurn tímann orðið í stakk búin til að standa undir þessu. En ef hún ekki gerir það þá er þessi nýja stofnun og þar með þá hæstv. umhvrh. að brjóta lög. Hann gegnir þá ekki þeirri skyldu sem honum er falin. Þetta apparat eða batterí, sem eins og sagt er í einni umsögninni að menn óttist að þessi nýja stofnun verði — og vissulega er ástæða til að óttast það að með þessu víðtæka hlutverki þá verði því ekki sinnt með fámennum mannskap.

Mér finnst það dapurleg breyting að hverfa frá því lýðræðislega kerfi sem er í uppbyggingu núgildandi laga um náttúruvernd þar sem það eru heimamenn á hverjum stað sem eru grundvöllurinn og eiga fyrst og fremst að bera ábyrgð á þessum málaflokki. Og það er eins og ég sagði áður einmitt í samræmi við þá þróun sem hefur orðið á síðustu árum um viðhorf til þessara mála.

Ég tel að Framsfl. standi það kannski nær að reyna að standa vörð um þetta lýðræðislega kerfi heldur en ýmsum öðrum og koma í hug orð hæstv. umhvrh. sem

hann viðhafði við opnun sýningar og umhverfisárs fyrir rúmri viku þar sem hann benti á forustu Eysteins Jónssonar, fyrrv. formanns Framsfl., að setningu þessara laga og mótun þeirra sem formaður Náttúruverndarráðs fyrstu árin.

Nú er ég ekki að segja það með þessu að allt sem gert hefur verið í skjóli þessara laga sé hafið yfir gagnrýni og ekki þurfi að endurskoða framkvæmdina að einhverju leyti og kannski þá einhver lagaákvæði. En ég vil vara eindregið við því að hverfa frá þessu grundvallaratriði í uppbyggingu þessa mikilvæga málaflokks.

Þá vil ég aðeins víkja að náttúruverndarnefndunum. Eins og ég sagði áður er búið að færa þær langt aftur í frv. og gera þær þar að hornrekum. Í frv. er fjallað um þær í h-lið 1. gr., sem verður i-liður eftir brtt. meiri hluta umhvn., og í þeirri brtt. segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Á vegum hvers sveitarfélags eða héraðsnefndar skal starfa þriggja til sjö manna náttúruverndarnefnd. Sveitarstjórnir og héraðsnefndir ákveða fjölda nefndarmanna og kjósa þá til fjögurra ára í senn og ákveða formann."

Hér er um að ræða veigamikla breytingu frá því sem er í núgildandi lögum þar sem kveðið er á um að í hverri sýslu, kaupstað og bæ skuli starfa þriggja til sjö manna náttúruverndarnefnd.

Ég er ekki að segja að þessi breyting geti ekki átt rétt á sér en ég held að þó að svona ákvæði væri ekki í lögum þá sé viðhorfið orðið svo breytt að á vegum hvers einasta sveitarfélags í landinu yrði kosin einhver nefnd sem mundi fjalla um þennan mikilvæga málaflokk. Gjarnan munu þær þá vera eitthvað í tengslum við skipulagsmál líka sem tengjast þessum málum mjög mikið. En eftir þessa breytingu er sem sagt ekki neitt ákvæði um að það skuli vera nein samtök þessara náttúruverndarnefnda út fyrir sveitarfélagið. Það er ekki lengur sagt að það skuli vera innan hverrar sýslu. Mér finnst í því sambandi athyglisvert að líta á bréf sem kom frá umhverfisráði Mosfellsbæjar. Það skýrir kannski aðeins þessa stöðu og ég ætla að lesa það, með leyfi hæstv. forseta, það er umsögn um náttúruverndarlög:

„Nýlega barst undirrituðum í hendur bréf Kristínar Einarsdóttur, formanns umhverfisnefndar Alþingis, stílað á náttúruverndarnefnd Kjósarsýslu þar sem óskað var eftir ofangreindri umsögn.

Samkvæmt upplýsingum Ingunnar Finnbogadóttur, formanns nefndarinnar, hætti nefndin í raun störfum er Mosfellshreppur varð Mosfellsbær árið 1987. Á vegum bæjarfélagsins starfar umhverfisráð sem hefur á sinni hendi þau málefni er áður tilheyrðu náttúruverndarnefnd. Þess er vinsamlegast farið á leit að framvegis verði erindum af ofangreindu tagi beint til umhverfisráðs Mosfellsbæjar."

Þetta segir þá sögu sem ég hygg að muni verða reyndin á víða þegar einstök sveitarfélög innan byggðarlags, kannski þau stærstu, fara að draga sig út úr samstarfi náttúruverndarnefnda og telja sig ekki þurfa á því að halda, þá muni slíkt samstarf falla að meira og minna leyti niður. Þannig að eftir standa náttúruverndarnefndir sveitarfélaganna sem vissulega eru næstar vettvangi og eiga því auðveldast með að fylgjast með. En ég bendi sérstaklega á þetta vegna þess að enn þá er eftir þessu frv. gert ráð fyrir að náttúruverndarnefndirnar eigi aðild að náttúruverndarþingi. En þar kemur einn kapítuli einn í frv. sem er ákaflega furðulegur og það er sá lagarammi sem settur er um Náttúruverndarráð og náttúruverndarþing því í brtt. frá meiri hluta umhvn. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Hlutverk náttúruverndarþings er að fjalla um náttúruverndarmál og kjósa fulltrúa í Náttúruverndarráð. Náttúruverndarþing er vettvangur þeirra sem fjalla um náttúruverndarmál. Þar skulu eiga sæti, auk Náttúruverndarráðs, fulltrúar náttúruverndarnefnda, fulltrúar frjálsra félagasamtaka og stofnana sem vinna að náttúruvernd og aðrir sem ráðið telur rétt að eigi seturétt hverju sinni. Jafnframt skulu fulltrúar ráðuneyta og þingflokka á Alþingi og þjóðgarðsverðir eiga rétt til setu á náttúruverndarþingi sem áheyrnarfulltrúar með tillögurétt."

En hvernig á að skilgreina þetta? Þarna eru fulltrúar náttúruverndarnefnda. Er það þá einn fulltrúi frá hverri nefnd? Það er skýrt tekið fram í núgildandi lögum að það skuli vera einn fulltrúi frá náttúruverndarnefnd sem nái yfir sýslufélög eða bæjarfélög. (**HG:** Framsögumaður hlýtur að skýra það.) Já, eða á eftir að gera það. Ég vonast til þess að það komi fram á eftir. Á sem sagt að vera einn fulltrúi frá hverri náttúruverndarnefnd hversu stórt sveitarfélag sem býr að baki nefndinni? Eða eiga stærri sveitarfélögin að eiga fleiri fulltrúa? Þarna er ljóst ef sú þróun gerist sem mér sýnist mjög líkleg eftir þessa breytingu og ég tel að geti út af fyrir sig haft sína kosti að það verði náttúruverndarnefndir hvers sveitarfélags en þar með fjölgar auðvitað geysimikið fulltrúunum ef hver nefnd á að hafa leyfi til að senda einn fulltrúa. Eða á að vera hægt að svipta sumar nefndirnar þeim rétti að eiga fulltrúa á náttúruverndarþingi?

Reyndar segir svo áfram í frv., með leyfi hæstv. forseta:

„Náttúruverndarráð skal semja reglur fyrir hvert náttúruverndarþing, þar sem kveðið er á um hverjir eiga rétt til setu á þinginu og kjörgengi og kosningarétt þingfulltrúa. Reglurnar skal senda umhverfisráðuneytinu sem auglýsir þær í Stjórnartíðindum í síðasta lagi fjórum vikum áður en náttúruverndarþing hefst."

Þarna er tekinn upp sá háttur að Náttúruverndarráð sem kosið er af náttúruverndarþingi skal ákveða hverjir skuli eiga seturétt á þinginu og þar með að kjósa ráðið. Mér virðist að þetta sé sambærilegt við það að ríkisstjórn ákveði það á hverjum tíma, fyrir hverjar kosningar, hverjir skyldu eiga sæti á Alþingi til þess að velja næstu ríkisstjórn. Það er síðan einn varnagli, með leyfi hæstv. forseta:

„Verði deilur um seturétt, kjörgengi og kosningarétt á þinginu skal vísa slíkum málum til úrskurðar á þinginu sjálfu." — En þar hljóta aðeins að eiga um að fjalla þeir fulltrúar sem hlotið hafa náð fyrir augum Náttúruverndarráðs að verða þarna löggiltir fulltrúar.

Það getur verið að það þurfi kannski ekki að vera að hafa miklar áhyggjur af þessu ef það rætist spáin sem ég las upp áðan frá Arkitektafélaginu um örlög Náttúruverndarráðs, að það verði eins og þar sagði, með leyfi hæstv. forseta, eftir lagabreytinguna „tilgangs- og valdalaust friðþægingarbákn fyrir lífsleiða nöldurseggi". Þá þarf kannski ekki að vera að hafa miklar áhyggjur af þessum málum. (**JGS:** Vill hv. þm. lesa tilvitnunina aftur?) Ég skal gera það ef þess er sérstaklega óskað úr því að hv. þm. heyrði ekki það sem ég sagði hér áðan, með leyfi hæstv. forseta:

„Að þessari upplýsingasöfnun undangenginni fundaði starfshópurinn og var sammála um að þau frumvarpsdrög sem fengist höfðu til aflestrar væru um margt óskýr og illa unnin. Einkum þótti sem óskýrt væri það nauðsynlega samræmingarhlutverk Skipulags ríkisins sem menn töldu nauðsynlegt og vænlegast til árangurs. Einnig virtist sem Náttúruverndarráð yrði eftir lagabreytinguna tilgangs- og valdalaust friðþægingarbákn fyrir lífsleiða nöldurseggi og sé e.t.v. best að farga því alveg."

Hv. framsögumaður meiri hluta umhvn. sagði hér í sínum fáu orðum að þessar breytingar miðuðu að því að styrkja Náttúruverndarráð. Það eru lítil rök sem hún sækir a.m.k. í umsagnir sem við fengum með þessu frv. fyrir þessari fullyrðingu sinni. Það er líka mjög dregið í efa hjá mörgum að þessar stofnanir hafi burði til að gera mikið af því sem þeim er ætlað jafnvel þó menn hafi nú ekki í huga þetta alsjáandi auga eftirlits Landvörslu ríkisins um allar jarðir þar sem í umsögn frá fjmrn. með frv. er gert ráð fyrir því að þetta hafi ekki útgjaldaauka í för með sér. Í frv. eru ákvæði um greiðslu kostnaðar við framkvæmd laganna og í a-lið 2. gr. segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Kostnaður við framkvæmd laganna skal greiddur úr ríkissjóði, eftir því sem fé er veitt til þess á fjárlögum."

En þetta er nú ekki talið nóg þar sem í greininni um Náttúruverndarráð er einnig ákvæði um þetta í j-lið 1. gr. þar sem segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkissjóður greiðir laun framkvæmdastjóra og veitir framlag til reksturs skrifstofu eftir því sem ákveðið er í fjárlögum hverju sinni. Ríkissjóður greiðir ennig fasta þóknun til ráðsmanna fyrir setu í Náttúruverndarráði."

Þarna er þrátt fyrir hið almenna ákvæði um að greiða kostnað við framkvæmd laganna úr ríkissjóði talið nauðsynlegt að setja það inn í greinina um Náttúruverndarráð. Ég vakti athygli á hinni nýju túlkun núv. hæstv. ríkisstjórnar á þessu orðalagi, hvað raunverulega í því felst eftir því sem ákveðið er í fjárlögum hverju sinni. Þetta ákvæði var sett inn í jarðræktarlög árið 1992 og núv. hæstv. ríkisstjórn hefur skilið það þannig að þar með eigi ekki að veita krónu enda þá sagt: Það er ekki verið að brjóta nein lög úr því við getum vitnað í það þó engin króna sé veitt. Hvort það er áformað að hafa svipaðan hátt á við Náttúruverndarráð, það skal ég ekki segja um en fordæmið er þarna fyrir hendi.

Í m-lið 1. gr. í frv., sem reyndar er orðinn að n-lið skv. brtt. frá meiri hluta umhvn., segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Umhverfisráðuneytið skal ásamt Landgræðslu ríkisins vinna að gróðurvernd ..."

Hér er umhvrn. ætlað að fara að vinna beint með stofnun annars ráðuneytis. Þetta hygg ég að sé eitt þeirra atriða sem minnst var á að komið hefði fram í máli Páls Sigurðssonar lagaprófessors, formanns Ferðafélags Íslands, á fundi umhvn. Það voru vissulega athyglisverð ummæli. Ég skrifaði niður nokkrar setningar sem mér fundust athyglisverðar í máli hans og reyndar kemur margt af því fram í hinu skriflega áliti sem framsögumaður minni hluta umhvn. vitnaði í áðan.

Ef ég gríp aðeins niður í nokkrar setningar sem þar komu fram þá má benda á að margt væri óskýrt og villandi í þessu frv. Ferðafélagið væri ósátt við meginstefnu frumvarpsins. Það væri ekki rétt að taka stjórnunarþáttinn svona út úr og vel framkvæmanlegt að taka allt til endurskoðunar. Og það væri röng stefna um stjórn þessara mála, þetta stóra atriði, að dregin væru undir ráðuneytið sjálft svo mörg mál sem leiddi til þess að það þyrfti að standa í þrasi og þjarki við fjölmarga aðila og gerði sig svo þá meira og minna vanhæft að gegna hinu mikilvæga úrskurðarhlutverki. Þess vegna væri þetta frv. í andstöðu við stjórnsýslulög og það bæri ekki með sér rétta stefnu. Þetta var nú tónninn í orðum margra sem komu á fund nefndarinnar. En eins og ég sagði þá var aldrei sest yfir það að fjalla um þessar munnlegu athugasemdir og ræða um þessa stefnumörkun.

Það er eitt atriði sem ég vildi enn minnast á og getur að mínu mati fallið undir það sem Páll Sigurðsson var að vara við að væri óskýrt og vafasamt í þessu frv. en það er brtt. við 3. gr. frv. frá meiri hluta umhvn. Í henni segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Umhvrh. skal setja reglugerð um akstur utan vega, umferð hesta, umgengni í óbyggðum, merkingu bílslóða og vega og leyfilegan öxulþunga vélknúinna ökutækja sem fara um óbyggð svæði."

Ég vakti athygli í nefndinni á þessu atriði og spurði hvort ekki þyrfti þarna að vera eitthvað skýrar að orði kveðið því mér sýndist að þarna mundi þetta stangast á við umferðarlög. Hér er afdráttarlaust verið að fela umhvrh. að setja reglugerð um merkingu vega og ekkert þar undanskilið. Þýðir þetta að það er ekki lengur orðið hlutverk Vegagerðarinnar að merkja vegi? (**Gripið fram í:** Í óbyggðum.) Það er ekkert tekið fram að þetta sé í óbyggðum. Þetta er sagt bara að setja reglugerð um akstur, talið upp akstur utan vega, umferð hesta, umgengni í óbyggðum, merkingu bílslóða og vega. Þetta eru að sjálfsögðu nýrri lög en umferðarlögin þannig það er spurning hvort þetta gengur þá lengra. Þetta gefur líka leyfi til að setja öxulþunga vélknúinna ökutækja sem fara um óbyggð svæði. Ég veit ekki hversu víðtæk þessi heimild er. Hvað eru óbyggð svæði? Nær þetta til aksturs dráttarvéla um tún? Felur þetta heimild til þess að umhvrh. má setja reglugerð um akstur allra tækja hjá bændum o.s.frv.? Þetta er aðeins eitt dæmi um þær mörgu spurningar sem vakna við það að lesa þetta yfir.

Ég ætla ekki að fara að tíunda mikið meira. Ég gleymdi einu atriðinu þegar ég var áðan að fjalla um náttúruverndarnefndirnar. Það kom fram í umhvn. frá meiri hlutanum að þrátt fyrir ákvæði sem nú er orðið 16. gr. frv. eftir breytinguna, að kostnaður við framkvæmd laganna skuli greiddur úr ríkissjóði, þá sögðu fulltrúar meiri hlutans að náttúruverndarnefndirnar mundu ekki fá neitt greitt úr ríkissjóði fyrir sitt starf. Ég minnist þess ekki að framsögumaður meiri hlutans hafi vikið að þessu í máli sínu hér áðan. Það getur þó vel verið, ég þori ekki að fullyrða það. En það þykir sem sagt betra að greiða eftirlitsmönnum hinnar voldugu eftirlitsstofnunar, Landvörslu ríkisins, sem á að fylgjast með öllum framkvæmdum um allt land að greiða þeim fyrir sitt eftirlit frekar en heimamönnum, að þeir fái einhverja umbun fyrir sín verkefni.

Ég ætla þá að fara að stytta mál mitt. En vildi kannski í lokin lesa hér upp niðurlagsorð frá nefndarmönnum í náttúruverndarnefnd Eyjafjarðarsýslu um þetta frv. þar sem segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Svo miklu þarf að breyta og svo mikið vantar inn í frumvarpsdrögin að við leggjum til að þeim verði ekki fylgt eftir heldur verði þau tekin til gaumgæfilegrar endurskoðunar."

Eins og fram kemur í því nefndaráliti sem ég hef skrifað undir er ég sammála þessu og legg því til að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar. Ég vil undirstrika að þessi málaflokkur er svo mikilvægur fyrir okkur öll að ekki má afgreiða þessi mál í flaustri og gera margvíslegar breytingar sem sumar hverjar virðast vera lítt hugsaðar og sem geta þá haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar. Ég vænti þess því að meiri hluti hv. umhvn., sem er svo ánægður með þetta afkvæmi sitt að hann hefur lagt áherslu á að þetta yrði afgreitt í flaustri, endurskoði afstöðu sína m.a. með tilliti til þeirra ábendinga sem ég hef komið fram með og málið fái eðlilega meðferð. Það verði hægt að sníða af því þá hnökra og annmarka, stóra og smáa sem ég tel vera á því til þess að viðunandi sé fyrir Alþingi að afgreiða það sem lög.

[16:33]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég byrja á því að óska eftir því að hæstv. umhvrh. og frsm. nefndar verði viðstödd umræðuna meðan ég flyt mál mitt í þingsal og vil ekki hefja það fyrr en þau eru komin á vettvang.

(**Forseti** (VS)**:** Forseti hefur gert ráðstafanir þannig að það er vonandi að hæstv. umhvrh. og hv. þm. Petrína Baldursdóttir komi innan tíðar.)

Virðulegur forseti. Ég doka við vegna þess að frsm. meiri hluta umhvn. er ekki viðstaddur. Það virðist lágmark að óska eftir því að ráðherra og frsm. meiri hluta nefndar séu í sal og er furðulegt að það skuli þurfa að ganga eftir því (Gripið fram í.) — ekki í þingsal. Ég óska eftir því að hann sé í þingsal. Ég vil, virðulegur forseti, til að þurfa ekki að vera að endurtaka slíkar óskir koma því hreint á framfæri við hæstv. ráðherra og frsm. meiri hlutans að það er ósk mín að þau verði í þingsal á meðan ég flyt mál mitt og trúi ekki öðru en ekki þurfi að ganga eftir því frekar.

Það frv. sem við ræðum hér um breytingu á lögum um náttúruvernd á sér býsna langan aðdraganda og sögu sem nauðsynlegt er að fara aðeins yfir í upphafi vegna þess að hún er lærdómsrík en afar sérkennileg og ekki til fyrirmyndar. Það er líka rétt, virðulegur forseti, að víkja í inngangi að stefnu ríkisstjórnarinnar í umhverfismálum sem bar heitið „Á leið til sjálfbærrar þróunar" þegar hún var kynnt og var lýst sem stefnu og framkvæmdum ríkisstjórnar Sjálfstfl. og Alþfl. í umhverfismálum. Við skyldum ætla að þessi stefnumótun sé væntanlega grundvöllurinn undir það sem hæstv. ríkisstjórn tekur sér fyrir hendur í þessum málaflokki en því miður rímar ekki allt saman á milli þeirrar stefnu og þess sem borið er fram af hæstv. umhvrh. og raunar fleirum í þessum málaflokki. Það er ekki hægt, virðulegur forseti, að taka undir það sem sagt er í flokksmálgagni hæstv. umhvrh. þegar fjallað er um þetta frv. að hér sé á ferðinni róttæk uppstokkun á náttúruvernd, a.m.k. ekki í jákvæðum skilningi. En það var fyrirsögn og frásögn af þessu frv. 11. nóv. sl., daginn eftir að mælt var fyrir frv. sem liggur hér fyrir öðru sinni í þinginu. Þar standa þau tíðindi í undirfyrirsögn að vald Náttúruverndarráðs sé fært undir þingið. Það er skilningur Alþýðublaðsins á inntaki í þessum málaflokki að vald Náttúruverndarráðs sé fært undir ríkið eins og það hafi ekki verið háð ríkisvaldinu til þessa. Ekki er von að annað gangi eftir ef skilningurinn er ekki meiri en þetta á því sem hér er á ferðinni og hverju menn ætla að breyta í þessum málaflokki.

Það hefur ekki skort á stór orð af hálfu hæstv. umhvrh. yfir eigin verkum. Hann hefur verið einkar duglegur við að halda þeim fram og þakka sér bæði það sem hann sjálfur telur sig hafa lagt til mála í þessum málaflokki sem heyra undir ráðuneytið en ekki síður að skreyta sig með fjöðrum sem eru fengnar að láni frá öðrum og þar sem aðrir hafa unnið að málum.

Það frv. sem við ræðum í dag í 2. umr. sker sig ekki úr að því leyti miðað við þau frumvörp sem hæstv. umhvrh. hefur lagt fyrir þingið á undanförnum árum að það er afskaplega flausturslega og illa unnið mál eins og það kemur fyrir þingið. Það endurspeglast í breytingartillögum við þetta frv. sem er að finna á þskj. sem eru margar og snerta margar greinar þessa frv. ráðherrans. — Ég óska eftir því, virðulegi forseti, að ráðherrar haldi ekki uppi samtölum í þingsalnum, (Gripið fram í.) ráðherra og fyrrverandi ráðherrar. Já, það sakar ekki að geta þess því að hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson vermir ekki ráðherrastól lengur. En það hefur verið markið á hverjum lagabálkinum af öðrum sem við höfum fengið frá ráðuneytinu á undanförnum árum að mikið hefur skort á að þau væru þannig unnin að þau væru í raun frambærileg fyrir Alþingi. Það er því góð nýbreytni sem er tekin upp í nefndaráliti meiri hlutans með þessu frv. að endurprenta væntanlega lagasetningu í heild sinni með þeim breytingum sem fram koma og hefði raunar þurft að gera það varðandi mörg önnur frumvörp sem umhvn. hefur fjallað um á liðnum árum og þurft að gera gífurlega miklar breytingar á þannig að í rauninni er um ný mál að ræða þegar þau koma fyrir þingið.

Ég er að mæla þetta, virðulegi forseti, vegna þess að sú lagasetning sem hefur verið gerð á undanförnum árum á grundvelli þess sem frá umhvrn. hefur komið er í rauninni ný lagasetning ef borin eru saman þau frumvörp sem fyrir Alþingi hafa verið lögð og þær tillögur sem umhvn. hefur síðan lagt fyrir þingið og fengið samþykkt sem lög. Það nægir að nefna mál eins og um upplýsingaskyldu stjórnvalda, frv. um mat á umhverfisáhrifum, frv. um friðun, verndun og veiðar á villtum dýrum og frv. um dýravernd. Þessir stóru lagabálkar fengu mikla og vandaða umfjöllun í umhvn. og þar tókst um þau gott samkomulag að þau náðu fram að ganga að lokum á Alþingi. Ég held að ástæða hefði verið fyrir hæstv. umhvrh. að gefa gaum að þessari reynslu með það frv. sem hér um ræðir, að reyna að laða saman sjónarmið og fá samstöðu í þessum mjög svo mikilvæga málaflokki til þess að einhver von væri til þess að lög sem áformað er að setja eða breyting á lögum um náttúruvernd nái fram að ganga og fái staðist til einhverrar frambúðar. Þannig er ekki að verki staðið í þessu tilviki heldur þvert á móti. Það er lítið sem ekkert gert í því að hlýða á ábendingar sem komnar eru frá fjölmörgum umsagnaraðilum um þetta mál á tveimur þingum og hvað þá að tekið sé tillit til sjónarmiða og tillagna sem eru komin frá stjórnarandstöðuþingmönnum í umhvn. og raunar á undirbúningsstigi málsins sem búið er að vera á dagskrá frá því haustið 1993 í núverandi formi.

Það kann ekki lukku að stýra þegar þannig er unnið þegar þetta er hugarfarið í málaflokki sem á ekki að þurfa að vera stórt pólitískt ágreiningsefni og a.m.k. að eðlilegt væri að reynt væri að laða saman sjónarmið og byggja á fenginni reynslu m.a. þeirra sem hafa lengi unnið að þessum málum. Það á að sjálfsögðu við um Náttúruverndarráð og þá sem unnið hafa að þeim málum fyrr og síðar og ég leyfi mér að nefna í því sambandi sem dæmi þá vönduðu umsögn sem er komin frá stjórn Ferðafélags Íslands um þetta mál þar sem nú er forseti Páll Sigurðsson, lögfræðingur og prófessor í lögum við Háskóla Íslands og maður sem hefur setið í Náttúruverndarráði að mig minnir um 6 ára skeið. Hann hefur í umsögn sinni og málflutningi fyrir umhvn. Alþingis borið fram fjölmörg veigamikil rök fyrir því að frv. þurfi slíkra grundvallarbreytinga við að vart verði upp á það lappað á núverandi grunni. Þetta eru ekki orð forseta Ferðafélagsins sem ég hef hér yfir en efnislega mat ég að það væri inntakið í hans máli og umsögn stjórnar Ferðafélagsins talar fyrir sig. Svo er um ýmsa fleiri sem veitt hafa umsögn um frv.

Hæstv. ráðherra hefur lagt á það mikla áherslu að knýja þetta mál hér fram í ósamkomulagi við minni hluta umhvn. og ég leyfi mér að fullyrða, með hangandi stuðningi ýmissa þeirra sem skrifa þó undir álit meiri hluta nefndarinnar. Þetta er mjög alvarlegt mál, það ber að harma vinnubrögð af þessum toga og það eru síst of veik orð sem um það eru höfð í áliti minni hluta nefndarinnar sem ég stend m.a. að.

Það er mjög sérkennilegt að hæstv. umhvrh. skuli leggja það ofurkapp á að fá þetta frv. lögfest með ágreiningi og hafa valið úr verulega stóru safni mála, sem hafa verið á undirbúningsstigi og hefði þurft að þoka fram að mínu mati áður en þetta mál kom til afgreiðslu hér í þinginu og þar er ég m.a. að vísa til frv. til skipulags- og byggingarlaga sem flutt var á fyrri þingum. Ég man ekki, virðulegur forseti, hvort það var einu sinni eða tvisvar, ég vil þó halda að það hafi verið tvívegis á yfirstandandi kjörtímabili, en hæstv. umhvrh. sá ekki ástæðu til þess að leggja þessa þýðingarmiklu löggjöf fram til endurskoðunar í frumvarpsformi á liðnu hausti og kann ég engar skýringar á því hvað réði því vali. Í rauninni er með skipulagslöggjöfinni, þar sem sameinuð eru skipulags- og byggingarlög í þeim frv. sem fyrir þingið voru lögð á þessu kjörtímabili, að finna ákveðinn grundvöll sem gott væri að væri lagður áður en löggjöfin um náttúruvernd kæmi til endurskoðunar. Og ég tel að það sé í rauninni afar brýnt að fá fram endurskoðun í þeim lagabálki, m.a. með tilliti til þeirrar löggjafar sem sett var á síðasta þingi varðandi mat á umhverfisáhrifum framkvæmda sem varða á margan hátt skipulagsmálin. Það ber því að mínu mati að harma að hæstv. ráðherra skuli hafa lagt þetta mat sem birtist í þeirri forgangsröð sem hann leggur með flutningi þessa máls öðru sinni og öðru atfylgi í sambandi við málið.

Ég vil, virðulegur forseti, víkja nokkuð að málafylgju annars ráðherra Alþfl. sem fór með þessi mál á undan núv. hæstv. umhvrh., þ.e. af fyrrv. ráðherra, Eiði Guðnasyni, en hann tók við umhvrn. við myndun núv. ríkisstjórnar 1991. Hann hafði allt önnur málstök uppi í sambandi við undirbúning máls heldur en núv. hæstv. ráðherra. Hann setti fljótlega á laggirnar nefnd, mig minnir það vera í ársbyrjun 1992, til að endurskoða lög um náttúruvernd. Og eins og upphafinu í starfi þeirrar nefndar var háttað þá skildi ég það svo að hugmyndin væri að endurskoða náttúruverndarlöggjöfina í heild sinni. Og hvaða aðferð valdi þessi fyrrverandi ráðherra Alþfl. í þessu máli? Hann óskaði eftir því við þingflokka að þeir tilnefndu hver fyrir sig fulltrúa í þessa nefnd og skipaði jafnframt tvo menn, formann og varaformann, af hálfu ráðuneytis síns. Þessi nefnd, sem starfaði í rösklega eitt ár, á árunum 1992–1993, lagði sig fram um það að endurskoða og safna saman efni er varðaði endurskoðun laga um náttúruvernd. Ég átti sæti í þessari stjórnskipuðu nefnd af hálfu þingflokks Alþb. Þar voru fulltrúar annarra þingflokka, ýmist þingmenn eða fólk utan þings, tilnefnt af sínum þingflokkum. Ég fullyrði að af hálfu okkar sem sátum í þessari stjórnskipuðu nefnd var ríkur vilji til að ná saman um endurskoðun á lögum um náttúruvernd. Það má eitt og annað finna að starfi nefndarinnar og forustu ráðuneytisins um störf hennar á þessu tímabili, en ég fullyrði að það skorti ekki vilja af hálfu þeirra sem þar voru starfandi og tilnefndir af þingflokkum til að vinna það verk vel og hraða því eftir því sem ráðuneytið óskaði og það var ekki á ábyrgð fulltrúa þingflokkanna að störf gengu ekki hraðar í þessari nefnd en raun bar vitni.

Það hafði verið safnað miklu af gögnum á vegum þessarar nefndar. Það hafði verið rætt við fjölmarga aðila um endurskoðun laganna og menn höfðu borið

sig saman og dregið að upplýsingar, m.a. erlendis frá. Mér sýnist hins vegar að um leið og núv. hæstv. umhvrh. lét það verða eitt sitt fyrsta verk að leggja þessa nefnd niður með ráðherrabréfi þá hafi lítið verið gert í því að nýta þær upplýsingar og þau sjónarmið sem lágu fyrir bókuð í gögnum þessarar stjórnskipuðu nefndar. Ég gerði athugasemd við málafylgju hæstv. núv. umhvrh. haustið 1993 eftir að borist hafði bréf varðandi málið frá ráðuneytinu og þessi mál voru þá rædd hér á Alþingi Íslendinga.

Ég rifja þetta hér upp, virðulegur forseti, vegna þess að þetta sýnir ótrúlega skammsýni að mínu mati í sambandi við það hvernig á að nálgast málaflokk af þessu tagi því ráðherrann brá á það ráð þegar haldið var áfram vinnu og undirbúningi að því máli sem við ræðum hér að loka endurskoðun laganna inni í eigin ráðuneyti og fela það einvörðungu embættismönnum á vegum ráðuneytisins að sinna endurskoðun laganna. Það er einmitt þetta sem hefur leitt til þeirrar niðurstöðu sem blasir við í núv. frv. að það hefur ekki verið lögð rækt við það að hlusta á ráð og raddir utan úr samfélaginu í sambandi við endurskoðun laganna og að reyna að stilla saman strengi, m.a. frá stjórnmálaflokkunum sem eiga fulltrúa á Alþingi, í sambandi við væntanlega lagasetningu.

Ég efast um, virðulegur forseti, að það frv. sem hér liggur fyrir leiði til lagasetningar hér á Alþingi eins og allt er í pottinn búið. Ég efast um það. Við í minni hluta nefndarinnar höfum eindregið lagt það til að máli þessu verði vísað til ríkisstjórnarinnar. Og verði okkar tillaga niðurstaðan hér á Alþingi þá vona ég sannarlega að þeir sem við taka við það nauðsynjaverk að endurskoða lög um náttúruvernd í heild sinni reyni að læra af þeirri dapurlegu reynslu sem hér liggur fyrir af málafylgju núv. hæstv. ráðherra.

Ég ætla ekki að lesa upp úr gögnum sem varða starf þeirrar stjórnskipuðu nefndar sem ég átti sæti í, en þar liggur fyrir mikið efni sem er að sjálfsögðu aðgengilegt fyrir þá sem vilja kynna sér það og væntanlega getur það nýst við frekari athugun þessara mála þegar nýr aðili verður tekinn þar við forustu, sem væntanlega verður að kosningum loknum.

Eftir að hæstv. ráðherra hafði tekið þetta mál, endurskoðun laga um náttúruvernd, úr höndum umræddrar nefndar þá hugðist hann hafa skjót handtök og reiða fram tillögur um endurskoðun laganna, sérstaklega að því er varðaði stjórnsýsluþáttinn. Það var glaður og reifur maður sem birtist á náttúruverndarþingi, hinu áttunda, í október 1993 og kynnti þar þingheimi hugmyndir sínar á sviði náttúruverndarmála, m.a. varðandi endurskoðun laga um náttúruvernd. Málafylgja hæstv. umhvrh. þá í byrjun ferils síns bar vissulega einkenni þess sem hefur verið markið á hans stjórnarathöfnum mjög mörgum, þó ég vilji engan veginn alhæfa í þeim efnum, að þar hefur gætt talsvert mikils fljótræðis og einkennt málafylgjuna að vilja koma sinni stefnu fram skjótt án þess að taka mikið tillit til þess hvað aðrir hafa að segja í þessum efnum.

Í ræðu sinni á náttúruverndarþingi vék hæstv. ráðherra að þessum málum með svofelldum orðum, með leyfi forseta. Hann sagði m.a. þetta í ræðu sinni:

„Breytt viðhorf til umhverfismála, stofnun umhvrn., aukið vægi þeirra stofnana sem starfa á sviði umhverfismála innan stjórnsýslunnar og ný löggjöf kalla á endurskoðun laganna um náttúruvernd frá 1971. Liður í slíkri endurskoðun er ný stefnumörkun í náttúruverndarmálum í ljósi breyttra viðhorfa. Hér fyrir þinginu liggur tillaga Náttúruverndarráðs að nýrri stefnu og fylgir henni ítarleg greinargerð. Greinargerðin fjallar um flest svið náttúruverndar og þar eru skilgreind þau vandamál sem við er að glíma og fram settar hugmyndir um aðgerðir til úrlausnar. Þetta er vel unnið verk sem ætti að auðvelda þinginu að móta stefnu í þessum málum. Ég er að flestu leyti sáttur við þá stefnumörkun sem þar er sett fram, en eins og ég mun koma að hér á eftir þá geri ég fyrirvara um nokkur mikilvæg atriði."

Þetta er dálítið merkilega að orði kveðið ef borin er saman sú stefna sem Náttúruverndarráð lagði fyrir þingið og er í þessari gulu bók hér sem heitir Stefna í náttúruvernd, gefin út í september 1993. Þar er að finna tillögur þess Náttúruverndarráðs sem var að skila af sér störfum á þessu áttunda náttúruverndarþingi haustið 1993 og þar er uppi allt annað en það sem ráðherrann hugðist knýja fram sem sinn vilja og fá samþykktan á þessu þingi, þó hann orði það svo í ræðu sinni að hann sé að flestu leyti sáttur við þá stefnumörkun þó hann gerði fyrirvara.

Það væri þess virði, virðulegur forseti, að fara yfir stefnumörkun Náttúruverndarráðs eins og hún var lögð fyrir að því er snertir endurskoðun laganna. Ég vil ekki gera það í ítarlegu máli en vísa til þess sem er að finna í þessum tillögum, svo og ýmsar athugasemdir sem komu fram af minni hálfu skriflega við þessar hugmyndir og frá Hinu íslenska náttúruverndarfélagi, sem lagði fyrir þingið athugasemdir ásamt ýmsum fleiri aðilum.

Í stefnumörkuninni er í tölul. 9. fjallað um skipan náttúruverndarmála og verksvið Náttúruverndarráðs. Ég leyfi mér tilvitnun, með leyfi forseta, í upphafið á þessum kafla:

„Náttúruverndarráð starfar eftir lögum sem að stofni til eru frá 1971, en með tilkomu umhvrn. 1990 verður breyting sem gefur tilefni til að verksvið Náttúruverndarráðs og stefna í náttúruverndarmálum almennt sé endurskoðuð. Verkaskipting milli umhvrn. og Náttúruverndarráðs þarf að vera sem skýrust. Æskilegt er að Náttúruverndarráð fjalli einungis um náttúruverndarmál." Þar er talið upp: „Skráningu náttúruminja, skipulag vegna náttúruverndar, vernd landslags, vernd jarðmyndana, vernd lífverutegunda og lífríkis, vernd svæða, rekstur friðlýstra svæða, náttúruverndarstaðla, fræðslu, aðgang almennings að náttúru landsins. Mál sem ekki ættu að heyra undir Náttúruverndarráð eru t.d. almenn starfsleyfi og mengun. Almenn skipulagsmál í dreifbýli og óbyggðum verði skilin frá náttúruvernd. Gengið er út frá því að starfsemi umhvrn. felist einkum í því að hafa yfirumsjón með og samræma starfsemi stofnana þeirra er annast þjónustu, rannsóknir og eftirlit í umhverfismálum og úrskurða í vafamál-

um og ágreiningsmálum. Enn fremur að ráðuneytið samræmi umhverfisstefnu annarra ráðuneyta og opinberra aðila og hafi umsjón með alþjóðasamstarfi."

Þetta er upphafið á þessum tillögum sem fyrir náttúruverndarþingið voru lagðar. Þar er einnig að finna útfærðar tillögur varðandi náttúruverndarþing sem fela ekki í sér stórfelldar breytingar. Þar segir, með leyfi forseta, að verkefni náttúruverndarþings verði:

Að vera fagleg ráðstefna um náttúruvernd og fjalla hverju sinni um afmörkuð svið náttúruverndarmála.

Að koma ábendingum til Náttúruverndarráðs.

Að álykta um náttúruverndarmál.

Að tilnefna á fjögurra ára fresti tvo menn af fimm í fjórar fastanefndir Náttúruverndarráðs.

Síðan eru tillögur Náttúruverndarráðs á þessum tíma um skipan ráðsins að þar var gert ráð fyrir því að náttúruverndarþing kysi sex ráðsmenn og sex varamenn óbundinni kosningu en ráðherra skipi formann og varaformann. Það eru færð rök fyrir þessari tillögu í nokkru máli. Þar segir m.a. um núverandi skipulag: „Helstu kostir núverandi skipulags eru þessir: Áhugasamir náttúruverndarmenn geta boðið sig fram til starfa í Náttúruverndarráði. Heppilegt er að hafa sjálfstæða náttúruverndarstefnu vegna þess að náttúruvernd gengur oft þvert á hagsmuni sem stjórnmálamenn eru hlynntir. Ákvarðanaferillinn er alllangur og flókinn sem ætti að stuðla að betri ákvörðunum. Oftast er sæmilega auðvelt að ná samstöðu milli ólíkra sjónarmiða. Augljós ókostur er hins vegar að ekki er nægilega tryggt að sérfræðiþekking á ýmsum sviðum sé innan ráðsins."

Það var í ljósi þessa sem Náttúruverndarráð lagði til að ráðið yrði skipað af ráðherra til fjögurra ára og í því eigi sæti sjö menn þar af formenn fastanefnda ráðsins, tveir fulltrúar kosnir af náttúruverndarþingi og formaður skipaður án tilnefningar. Varamenn með hliðstæðum hætti. Þessar hugmyndir Náttúruverndarráðs voru meðal þess sem var til athugunar í þeirri stjórnskipuðu nefnd sem ráðherrann hafði afmunstrað nokkru fyrir þingið. Var það eitt fyrsta verkefni hans á hans valdaskeiði. Ég vil ekki fullyrða að þessar tillögur í óbreyttu formi væru þess eðlis að rétt væri að taka þær upp til lögfestingar, en eins og menn sjá af þessu er þarna ekki um neina stórfellda breytingu á núverandi skipan að ræða samkvæmt þessum hugmyndum að öðru leyti en því að hugmyndin var að laða inn í Náttúruverndarráð sem mest af faglegri þekkingu og tryggja þar faglega umfjöllun mála.

Tillögur Náttúruverndarráðs, eins og þær birtust á þinginu, voru einnig í þá átt að skilja betur á milli ráðsins og skrifstofu þess þannig að það væru ljósari stjórnsýslumörk þar á milli, annars vegar ráðsins sem stefnumótandi aðila og ákvarðandi aðila í mörgum málum lögum samkvæmt, en hins vegar skrifstofunnar sem sæi um daglega vinnu og dagleg störf undir framkvæmdastjóra. Ég held að þær ábendingar hafi fyllilega átt rétt á sér og vísi einmitt til þess sem þyrfti að gera í þessum efnum í stað þeirra breytinga sem verið er að leggja til í þessu frv. með því að setja á fót nýja stofnun, nýja ríkisstofnun, og viðhalda Náttúruverndarráði í raun valdalausu og félitlu eins og gert er ráð fyrir samkvæmt tillögum frv.

Nú bregður svo við, virðulegur forseti, að hæstv. ráðherra er farinn úr sal, kemur hér aftur, en framsögumaður meiri hluta umhvn. er á braut og verð ég nú að gera hlé á máli mínu á meðan úr rætist. Ég óska, virðulegur forseti, eftir því að framsögumaður nefndar, og ætti ekki að þurfa að ganga eftir því, sé viðstaddur umræðuna.

(**Forseti** (GunnS)**:** Forseti mun nú kanna hvernig aðstæðum framsögumanns hv. umhvn. er háttað.)

Í máli sínu og tillögugerð á náttúruverndarþingi, þar sem hæstv. ráðherra kynnti sína stefnu, lagði hann fram hugmyndir sem að nokkru leyti ganga eftir í því frv. sem hér er til umræðu. Ég tel rétt að fá leyfi forseta til að vitna hér til máls ráðherrans á náttúruverndarþingi um þetta efni, en þar sagði hann m.a.:

„Ég mun nú fjalla almennt um nokkur atriði í tillögu Náttúruverndarráðs um stefnu í náttúruverndarmálum og nefna dæmi sem sýna að ráðuneytið hefur nú þegar tekið á sumum þeim vandamálum sem upp eru talin og jafnframt mun ég nefna einstök mál sem ég hyggst beita mér sérstaklega fyrir á næstunni endist mér tími til þess í ráðherrastól.

Ég er sammála því að ný lög um náttúruvernd eigi að byggjast á lögunum frá 1971 sem hafa að mörgu leyti reynst vel. Að minni hyggju er þó brýnast að endurskoða stjórnunarþátt laganna. Í umhvrn. er nú unnið að tillögum um breytt stjórnkerfi náttúruverndarmála. Tillögurnar eru ekki fullfrágengnar en ég mun eigi að síður leggja þær fyrir þetta þing til umfjöllunar og vonast til að fá hér faglega umræðu um þær."

Þetta er ræða sem er flutt í byrjun þingsins sem stóð í tvo daga að morgni og í lok þingsins reyndi ráðherra með aðstoð fulltrúa sinna á þinginu að knýja fram samþykkt á þeirri stefnu sem hann var að kynna þarna í fyrsta sinn á þessum vettvangi. Nú kemur aftur tilvitnun í ræðu ráðherrans, með leyfi forseta:

„Markmið þessara tillagna eru: Í fyrsta lagi að laga stjórnun þessa málaflokks að stofnun umhvrn. Í öðru lagi að styrkja stefnumótun um friðlýsingar og framkvæmd friðlýsinga. Í þriðja lagi að skapa grundvöll fyrir sjálfstætt og virkt Náttúruverndarráð. Í fjórða lagi að skilja ríkisrekstur frá annarri starfsemi Náttúruverndarráðs, ekki síst til að tryggja sjálfstæði þess gagnvart Stjórnarráðinu. Í fimmta lagi að samræma verksvið ráðuneytis og stofnana þess. Í sjötta lagi að samræma lög um náttúruvernd nýjum lögum um umhverfismat, lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands og löggjöf á sviði mengunarvarna."

Síðar í ræðu sinni vék ráðherrann að þessu með svofelldum hætti, með leyfi forseta:

„Fyrr í ræðu minni minntist ég á endurskoðun stjórnunarþáttar náttúruverndarlaganna. Kjarninn í þeim tillögum sem nú eru til umræðu í ráðuneytinu" — takið eftir til umræðu í ráðuneytinu — „hníga í þá átt að skipta þeim verkefnum ríkisins sem Náttúruverndarráð hefur nú með höndum á umhvrn. og stofnanir þess en skapa nýjan grundvöll fyrir sjálfstætt Náttúruverndarráð óháð valdboði umhvrh." — Þetta valdboð umhvrh. er feitletrað í þeirri ræðu sem ráðherrann dreifði

á þinginu og þannig lögð á það sérstaklega þung áhersla. Það er kannski vert, virðulegur forseti, að hafa það í huga ef hér kemst á dagskrá til umræðu 3. dagskrármál þessa fundar, um sérstaka athugun á embættisfærslu hæstv. ráðherra, því hann hefur greinilega haft vel bak við eyrað það sem lýtur að ráðherravaldinu. Nú er framhald á tilvitnun: „ ...óháð valdboði umhvrh. sem á að geta veitt stjórnvöldum hiklaust og óvægið aðhald ef svo ber undir.“ Þ.e. Náttúruverndarráð. „Eftir stofnun umhvrn. er eðlilegt að það hafi sjálft yfirumsjón með stefnumótun í náttúruverndarmálum og taki við þeim stjórnvaldsaðgerðum sem Náttúruverndarráð hefur í dag. Reglugerðir, leyfisveitingar, undanþágur og ýmiss konar erindi eiga heima í umhvrn. sem er æðsta stjórnvald á sínu sviði. Á sínum tíma, löngu fyrir daga umhvrn., var Náttúruverndarráði falið að sinna vissu ráðuneytishlutverki, en ástæðan fyrir því er sögulegs eðlis. Þetta var á miklum umbrotatímum í kjölfar umhverfisráðstefnunnar sem haldin var í Stokkhólmi 1972 og á þeim tíma treysti náttúruverndarfólk ekki menntmrn. til að framfylgja nýjum hugmyndum. Nú eru breyttir tímar, sérstakt umhvrn. er orðið að veruleika og gildar ástæður til að endurskoða þetta fyrirkomulag sem þó var vissulega gott á sínum tíma.“

Ég vil leyfa mér, virðulegur forseti, að gera nokkrar athugasemdir varðandi þennan kafla úr ræðu hæstv. umhvrh. á náttúruverndarþingi. Ég spyr samt áður, virðulegur forseti, hvað dvelur framsögumann meiri hluta umhvn. sem flutti okkur mál sitt í þrjár til fjórar mínútur við upphaf þessarar umræðu og ætlar vafalítið að bæta um betur þótt síðar verði. Hvað dvelur framsögumann meiri hluta umhvn.?

(**Forseti** (GunnS)**:** Forseti vill upplýsa hv. þm. um að framsögumaður hv. umhvn. hefur dvalið ágætlega vel og lengi við þær ræður sem hér hafa verið fluttar af hv. þm. við þessa umræðu. Þannig háttar til að nú stendur yfir fundur í hv. menntmn. Alþingis hér í húsinu. Það er örstuttur fundur sem boðað var til skilst mér í samkomulagi allra aðila. Hún á sæti í þeirri hv. nefnd og ég vona að hv. þm. muni taka undir með forseta um að hún geti sinnt því starfi nokkur augnablik. Ef hv. þm. vildi kannski haga ræðu sinni þannig að taka tillit til þess en hún kemur strax og þeim fundi lýkur.)

Virðulegur forseti. Ég þakka fyrir upplýsingarnar. Mér finnst hins vegar dálítið sérkennilegt að það sé verið að boða til fundar með framsögumanni þingnefndar í máli sem er til umræðu. Ég skal, ef þetta verður stutt fjarvera, ekki gera alvarlegar athugasemdir við það og treysti því, virðulegur forseti, að úr þessu rætist þó hið eðlilega væri að gera hlé á fundinum á meðan þessi fundur stendur yfir svo sem þingsköp í raun mæla fyrir sem aðalreglu.

En ég ætla að koma hér að fáeinum ábendingum varðandi þessa fyrstu kynningu hæstv. umhvrh. á hugmyndum sínum um breytingu á náttúruverndarlögum því þessar hugrenningar sem þarna birtust á náttúruverndarþingi endurspegla viss atriði sem hafa reynst mikið villuljós að mínu mati við endurskoðun málsins innan ráðuneytisins því innan ráðuneytisins hefur þetta verið unnið með litlu og lítið loftað út, eða lítið loftað inn kannski öllu heldur, frá samfélaginu í sambandi við meðferð málsins á undirbúningsstigi. Hér er verið að halda því fram að það liggi fyrir einhver stjórnsýsluleg nauðsyn að breyta löggjöfinni frá núverandi horfi vegna þess að til sé komið sérstakt umhvrn. Þessi hugsanavilla og rökleysa gengur víða í gegnum málflutning þeirra sem eru að bera fram þær tillögur sem í frv. er að finna um endurskoðun stjórnsýslunnar. Það er af ráðherra í Stjórnarráði Íslands verið að láta liggja að því í þessari ræðu hér fyrir náttúruverndarþingi að Náttúruverndarráð hafi gegnt einhvers konar ráðuneytishlutverki. Sagt með beinum hætti, „ ...var Náttúruverndarráði falið að sinna vissu ráðuneytishlutverki“. Hvað er ráðherrann í rauninni að fara í þessum efnum? Er þá það Náttúruverndarráð sem nú starfar með einhvers konar ráðuneytishlutverk? Það var þegar við stofnun umhvrn. flutt undir það ráðuneyti og hélt áfram að starfa eftir þeim lögum sem nú gilda og ég tel að það sé í rauninni ekkert lagalega séð eða stjórnsýslulega séð sem krefst breytinga á þessu, enda hlyti það að sjálfsögðu að hafa verið gert þegar 1990 við stofnun ráðuneytisins og verkaskiptingu undir því, því að þá var verið að taka á ýmsum málum og er ég þar með ekki að segja að það útiloki breytingar á stjórnkerfinu út af fyrir sig. En hér er um mikið villuljós að ræða sem notað hefur verið af ýmsum þeim sem hafa verið að kasta steinum í núverandi stjórnskipan og með óréttmætum hætti, að mínu áliti, að gagnrýna núverandi Náttúruverndarráð og koma á það ómaklegu höggi. Það á ekki skylt við eðlilegan málflutning að mínu mati að fara að kenna Náttúruverndarráði um og ekkert í stjórnskipuninni eða stjórnsýslunni sem mælir fyrir um að þessu kerfi verði að breyta. Hér sagði ráðherrann að eftir stofnun umhvrn. sé eðlilegt að það hafi sjálft yfirumsjón með stefnumótun í náttúruverndarmálum. Var eitthvað sem bannaði menntmrn., sem fór með þennan málaflokk og hafði undir sér lög um náttúruvernd frá 1971 allt til 1990, og ráðherra menntamála sem fór með náttúruverndarmál að móta stefnu í náttúruverndarmálum? Ekki nokkur skapaður hlutur. Auðvitað hlaut sá ráðherra sem hefði ætlað sér það og gerðu ýmsir atrennur að því og hugðu þar gott til mála þó ekki hafi kannski verið stórt á tekið þá var auðvitað æskilegt nú sem fyrr að það verði gert í góðri samvinnu við Náttúruverndarráð og aðra þá aðila sem fóru með þessi mál. En þörf er á að vekja athygli á þessum þætti sérstaklega.

Á öðrum degi náttúruverndarþingsins eftir að búið var að fara yfir stefnutillögu ráðherrans í starfshópum lagði fulltrúi ráðherrans á þinginu fram beina ályktunartillögu sem rétt er að lesa hér, virðulegur forseti, því að nokkuð var tekist á um þessa málafylgju á þinginu, með leyfi forseta:

„Áttunda náttúruverndarþing, haldið í Reykjavík 29.–30. okt. 1993, ályktar að við endurskoðun laga nr. 47/1971, um náttúruvernd, skuli eftirfarandi markmið höfð að leiðarljósi: Að laga stjórnun þessa málaflokks að stofnun umhvrn., að styrkja stefnumótun um friðlýsingar og framkvæmd friðlýsinga, að skapa grund-

völl fyrir sjálfstætt og virkt Náttúruverndarráð, að skilja ríkisrekstur frá annarri starfsemi Náttúruverndarráðs sem miðar að því að tryggja sjálfstæði þess gagnvart Stjórnarráðinu, að samræma verksvið ráðuneytisins og stofnana þess til að tryggja markvisst náttúruverndarstarf, að samræma lög um náttúruvernd nýjum lögum um mat á umhverfisáhrifum lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur og löggjöf á sviði mengunarvarna. Jafnframt skal taka mið af stefnumörkun Náttúruverndarráðs og athugasemdum náttúruverndarþings við hana." Þetta var tillagan. Með þessum tillöguflutningi var reynt að fá náttúruverndarþingið til að stimpla með þessum hætti vilja hæstv. ráðherra, sem kynntur var deginum á undan, og síðan átti væntanlega að nota þetta sem keyri á Náttúruverndarráð sem á lögum samkvæmt að taka mið af stefnumarkandi ályktunum náttúruverndarþings og auðvitað svo gagnvart Alþingi Íslendinga til að auðvelda ráðherranum að koma fram vilja sínum í þessum málum. Þetta nefni ég hér, virðulegur forseti, vegna þess að þetta er því miður mjög einkennandi fyrir málafylgju hæstv. umhvrh. að því er þetta mál varðar sem við ræðum hér og átti eftir að endurtaka sig með ákveðnum hætti eins og ég kem hér að nokkru síðar.

Ég vil hins vegar áður en ég skil alveg við málflutning hæstv. umhvrh. á þessu þingi víkja að einum þætti sem kom fram í máli hans og ástæða er til að vekja athygli á hér þegar við ræðum þetta mál nú sem tengist endurskoðun á ákvæðum um friðlýsingu lands og landsvæða. Ráðherrann, með leyfi forseta, mælti svo 29. okt. 1993:

„Sem ráðherra hef ég lagt mikla áherslu á friðlýsingar og aðrar verndunaraðgerðir og umönnun friðlýstra svæða." Ráðherrann hafði setið frá því í júnímánuði sumarið áður því þarna var vetrarbyrjun. En hann talar eins og þarna sé verið að líta yfir stórt sögulegt tímabil.

„Það má segja að þau mál séu einna efst á forgangslista þess ráðherra og að mínu mati hefur of lítið verið gert í þessum málum á undanförnum árum. Eitt fyrsta verk mitt í ráðuneytinu var að beita mér fyrir átaki á þessu sviði. Í skýrslu OECD um umhverfismál á Íslandi sem kom út í sumar eru Íslendingar hvattir til að setja sér það markmið að friðlýst og vernduð svæði verði um 15% af landinu í lok aldarinnar. Þetta er verðugt verkefni en til þess að það geti orðið að raunveruleika þurfum við að mynda trausta framtíðarstefnu í þessum efnum byggða á ítarlegum rannsóknum. Rannsóknir eru ein af meginstoðum náttúruverndar og í framtíðinni munu Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur gegna mun veigameira hlutverki við undirbúning friðlýsinga og annarra verndunaraðgerða en til þessa.

Friðlýsingar kosta peninga. Á það hafa menn rekið sig í gegnum tíðina. Sjaldnast er nægilegt að auglýsa og staðfesta friðlýsingu, henni þarf í flestum tilfellum að fylgja eftir með skipulegri umönnun og eftirliti. Á þessu hefur orðið nokkur misbrestur á undanförnum árum. Ég hef því beitt mér fyrir því að aukin framlög verði veitt til reksturs friðlýstra svæða og stjórnun og rekstur þeirra verði endurskoðaður."

Síðan segir í ræðunni:

„Að undanförnu hefur verið unnið að friðlýsingu fjölmargra svæða sem væntanlega koma til framkvæmda á næstu mánuðum. Ég get nefnt sem dæmi, Snæfell, vestur Öræfi og Hafrahvammagljúfur en friðhelgi þessa svæðis er á lokastigi. Sama er að segja um Kollengi og Tunguey sem er mjög fjölbreytilegt votlendissvæði. Einnig er unnið að stofnun friðlanda í Ölfusforum, Oddaflóði, Blautós og Innstavogsnesi og ármótum Hvítár og Brúarár. Ég get líka nefnt Grunnafjörð, Öskjusvæðið og Veiðivötn. Friðland við Hvanneyri vegna blesgæsar er langt á veg komið en tengt því að samkomulag fjögurra þjóða, Íra, Dana, Breta og Íslendinga um verndun blesgæsar sem væntanlega verður undirritað innan tíðar. Skylt því máli er milliríkjasamningur um verndun margæsa sem við eigum frumkvæði að. Ég á nú í viðræðum við starfsfélaga mína í Kanada og Írlandi um það mál og á von á að línur fari að skýrast. Jafnframt er unnið að stofnun griðlands fyrir margæs á Álftanesi, m.a. í landi Bessastaða, sem gæti fengi viðurkenningu sem verndarsvæði á alþjóðlegum mælikvarða.

Áður en ég hætti þessari upptalningu á væntanlegum friðlöndum má ég til með að nefna Látrabjarg þar sem eru mestu fuglabjörg í Norður-Atlantshafi. Eins og fram hefur komið í fréttum keyptum við verulegan hluta þess fyrir skömmu, svokallað Bæjarbjarg þar sem er ríflega helmingur fuglanna. Markmiðið með þessum kaupum er að vernda þessi stórkostlegu fuglabjörg. Það er vert að þakka frumkvæði og árvekni Náttúruverndarráðs í því máli sem og velvilja heimamanna." Svo segir: „Ágreiningur er yfirleitt lítill um friðlýsingu náttúruvætta og tiltölulega einfalt að hrinda slíkum friðlýsingum í framkvæmd. Ég hef lagt á það áherslu við Náttúruverndarráð að átak verði gert í friðlýsingu náttúruvætta. Sem dæmi um æskilega friðlýsingu mætti nefna Hvítserk og Goðafoss og hella sem brýnt er að varðveita. Einnig mætti nefna hveri og önnur jarðhitasvæði, þau náttúruvætti sem lengst eru komin í friðlýsingarferlinu eru Hraunbollar við Ölfusá og Grýlupottar á Selfossi. Þá er sömuleiðis vert að nefna að senn verður hafinn undirbúningur að friðun allra steingervingalaga í landinu." Tilvitnun lýkur í þennan kafla úr inngönguerindi hæstv. ráðherra inn á sviðið því í rauninni var þetta inngönguerindi inn á sviðið á áttunda náttúruverndarþingi.

Það er líka vert að hafa það í huga, virðulegur forseti, að skömmu áður, tveimur og hálfum mánuði áður hafði — ég bið virðulega þingmenn og alveg sérstaklega úr stjórnarandstöðu trufla ekki málflutning sem þarf að ná eyrum hæstv. umhvrh. (**Gripið fram í:** Ég bið afar mikið forláts.) — Ég er að rifja það upp í tilefni af þessum friðlýsingarlestri úr inngönguerindi hæstv. umhvrh. á sviðið að röskum tveimur og hálfum mánuði fyrr hafði hann tekið svo um munaði í hnakkadrambið á framkvæmdastjóra Náttúruverndarráðs þannig að, ég veit ekki hvað segja skal, hæstv. forseti, það er kannski rétt að ræða það nánar undir öðru máli sem er hér á dagskránni, en að minnsta kosti

þannig að allóvenjulegt verður að teljast. Aðfinnsluefnið sem hæstv. umhvrh. átti við framkvæmdastjóra Náttúruverndarráðs 6. ágúst 1993 var að hann hefði tíundað í blaðaviðtali í Morgunblaðinu hinn sama morgun áhugaefni og vinnu Náttúruverndarráðs í friðlýsingarmálum og farið um það nokkrum orðum. Bið ég nú einhvern velviljaðan þingmann að rétta mér málskjal sem liggur hér frammi en tengist öðru máli sem er álit minni hluta allshn. Alþingis sem varðar þó þetta mál með beinum hætti og það sem ég er hér að víkja að .

Hæstv. umhvrh. átti það erindi við formann Náttúruverndarráðs og framkvæmdastjóra fyrri hluta dags held ég að það hafi verið eða um miðjan dag 6. ágúst 1993 að finna að því að framkvæmdastjóri Náttúruverndarráðs hefði leyft sér að hafa uppi í viðtali við Morgunblaðið nokkra frásögn af því sem Náttúruverndarráð væri að að vinna og hefði í huga í sambandi við friðlýsingarmál. Ég sé ástæðu til þess að fá leyfi forseta til að vitna í umrædda grein sem varð til þess að hæstv. umhvrh. krafðist afsagnar framkvæmdastjóra ráðsins á stundinni fyrir að hafa leyft sér að eiga viðtal um þessi efni (**Umhvrh.:** Það er nú bara lygi.) Það er bara lygi segir hæstv. umhvrh., það er bara lygi. Það er ágætt en það ætti að verða til þess að hæstv. umhvrh. greiði fyrir því og hefði átt að gera það fyrr að greiða fyrir því að mál nr. 3 á dagskránni kæmi til umræðu og það yrði samþykkt sem lagt er til í 3. dagskrármáli þessa fundar um kosningu sérstakrar nefndar til að athuga embættisfærslu hæstv. umhvrh. Þá væri það nú einmitt vettvangurinn til þess að flytja mál af þeim toga sem hæstv. ráðherra nefnir að hrekja það sem er í hámælum skulum við segja í þessum efnum því að einmitt margt af því á heima, ég viðurkenni það hæstv. forseti, það er tæpast að það sé yfir hafandi hér í þingsölum, á miklu betur heima með heimild sérstakrar þar til kjörinnar rannsóknarnefnar.

Þá ætla ég að koma að þessu saknæma viðtali í Morgunblaðinu þennan morgun, með leyfi forseta:

„Náttúruverndarráð vinnur nú frumkönnun á því hvort komi til greina að stækka einstök þjóðgarða eða einstök friðlönd. Þóroddur Þóroddsson, framkvæmdastjóri ráðsins, segir þessa hugmyndavinnu skammt á veg komna og bendir á að í ýmsum tilvikum séu ekki hafnar viðræður við landeigendur. Þóroddur nefndi hugmyndir um stækkun þjóðgarðsins í Jökulsárgljúfrum en sú stækkun fæli í sér að austurbakki gljúfranna tilheyrði þjóðgarðinum. Einnig segir hann að rætt sé um að stækka þjóðgarðinn í Skaftafelli og að stofna friðlönd vestast á Snæfellsnesi, á miðhálendinu og að fjallabaki frá Heklu að Laka. „Með því að friðlýsa svæði gefst tækifæri til að setja ákveðnari reglur um umgengni, mannvirkjagerð og umferð um viðkomandi svæði. Við getum því haft aukin áhrif á það hversu langt megi ganga í framkvæmdum," sagði Þóroddur.

Hann sagði að Náttúruverndarráð vinni nú fyrstu drög að hugmyndum um stækkun þjóðgarða eða friðlanda. „Það er áhugi á því að fjölga friðlýstum svæðum en síðustu ár höfum við ekki lagt í að friðlýsa fleiri svæði þar sem við eigum fullt í fangi með að sinna eftirliti á þeim svæðum sem þegar eru friðlýst." Hann sagði að því valdi tvennt. Annars vegar skorti fjármagn til starfseminnar og hins vegar felist starf ráðsins æ meira í ráðgjöf og umsögnum vegna mannvirkjagerðar. „Við höfum viljað breyta þessu og leggja ríkari áherslu á eftirlit, upplýsingasöfnun og aðgerðir sem nauðsynlegar eru til verndunar á hverju svæði."

Jökulsárgljúfur og Skaftafell.

Þóroddur skýrði frá því að kynnt hefði verið sú stefna Náttúruverndarráðs að stækka þjóðgarðinn í Jökulsárgljúfrum. „Okkar áhugi beinist helst að austurbakka Jökulsár á Fjöllum og ef af stækkun yrði bættist við garðinn landræma meðfram jökulánni." Hann segir að eðlilegt sé að fossarnir, Dettifoss og Selfoss, séu friðlýstir að öllu leyti en ekki aðeins vesturhlutinn og margar náttúruperlur séu nú austan árinnar svo sem Forvöðin.

Einnig hefur lítillega verið rætt um að stækka þjóðgarðinn í Skaftafelli að sögn Þórodds. Sú stækkun fælist í því að hafa Öræfajökul og nágrenni hans inni í garðinum. Hann segir umferð á jöklinum mjög mikla og telur að ástæða sé til að kanna hvort hafa þurfi eftirlit með þeirri umferð.

Friðlönd stækkuð.

Þóroddur segir að umræða spinnist oft um stofnun friðlanda hér og þar á landinu. Dæmi um hugmyndir, sem nú séu ræddar, séu stofnun friðlands vestast á Snæfellsnesi og tengingu og stækkun friðlanda og náttúruminja á miðhálendinu og á svæðinu að fjallabaki. Hann leggur aftur á móti ríka áherslu á að þessi áform séu enn á hugmyndastigi og að eftir eigi að ræða málið við landeigendur.

Á miðhálendinu kemur til greina að mati Þórodds að stofna friðland sem tengi saman náttúruminjar frá Hvítárvatni við Langjökul í vestri norður til Hveravalla og næði yfir Kerlingarfjöll, Þjórsárver allt að Tungnafellsjökli í austri. Á sama hátt mætti hugsa sér að stækka friðland að fjallabaki verulega og láta það jafnvel ná yfir Heklu, Þórsmörk, Kötlu og Eldgjá eða ganga enn lengra og hafa Lakagíga og Veiðivötn einnig innan þess. Hann segir þó mörgum spurningum enn ósvarað, svo sem hvort stækkun sé hagkvæm frá verndunarsjónarmiði auk þess sem eftir eigi að ræða við landeigendur.

Samstarf mikilvægt.

Hann segir að Náttúruverndarráð muni setja kraft í að vinna að þessum hugmyndum í haust og næsta vetur. „Það er mjög mikilvægt," sagði Þóroddur, „að öll verndun og allt eftirlit með friðlýstum svæðum sé rækt í góðu samstarfi við íbúa og landeigendur viðkomandi svæða. Samstarfið er víða allt of lítið núna og fjarri því að vera nógu víðtækt," sagði hann. „Til dæmis þarf að fjölga heimsóknum á svæðin verulega og um þessar mundir er einn starfsmaður ráðsins á ferð um landið til þess að skoða svæðin, lagfæra merkingar og hitta landeigendur."

Þetta var þetta blaðaviðtal sem birtist í Morgunblaðinu 6. ágúst 1993 og að er vikið í nefndaráliti minni hluta allshn. með ákveðnum hætti en ég ætla ekki að fara út í það að öðru leyti en því að þar seg-

ir: „Mun íhlutun ráðherrans hafa leitt til þess að Þóroddur sagði starfi sínu lausu þá um haustið.“ Þ.e. sú yfirheyrsla eða sá yfirlestur sem hæstv. ráðherra hafði uppi við þáv. framkvæmdastjóra Náttúruverndarráðs út af þessu blaðaviðtali sem var tilefni þess að hæstv. ráðherra tók framkvæmdastjóra Náttúruverndarráðs til sérstakra bæna. Þetta er vert að hafa í huga þegar menn fara yfir boðskap ráðherrans á náttúruverndarþingi tveimur og hálfum mánuði síðar þar sem hann í raun inni var að gera lítið úr Náttúruverndarráði og starfi þess að friðlýsingum og það væri hann, það er ég sem ætla nú aldeilis að taka til hendinni í þessum málum, og boðaði þar stefnu sína. Það er einmitt þetta sem tengist þeim breytingum á lögum sem hæstv. ráðherra er að leggja fram í þessu frv. hér, það er að taka frumkvæði í friðlýsingarmálum frá stofnanalegri meðferð, hvort sem það er Landvarsla ríkisins eða Náttúruverndarráð, yfir á eigið borð.

Það er vert fyrir menn að hafa í huga í ljósi þessarar sögu og í ljósi þeirra mála sem hæstv. ráðherra hefur verið að leggja fyrir þingið varðandi friðlýsingar og liggja fyrir yfirstandandi þingi að hluta til að þau hafa því miður ekki verið unnin á þann faglega hátt og af þeirri vandvirkni sem þörf er á að liggi til grundvallar undirbúningi að friðlýsingum og ætti að verða mönnum nokkurt víti til varnaðar í sambandi við meðferð þessara mála. Og það er ástæðan fyrir því, virðulegi forseti, að ég tengdi þetta inn í mitt mál að vara einmitt við þessum þankagangi sem þarna er á ferðinni.

En hvað hefur svo gerst í öllum þessum friðlýsingarmálum sem mátti skilja á ráðherra haustið 1993 að væru á lokastigi og hann mundi aldeilis tryggja að hrist væri fram úr erminni á næstunni? Jú, það hafa farið fram á núverandi kjörtímabili fjórar friðlýsingar. Fjögur svæði hafa verið friðlýst. Það er niðurstaðan og það er rétt, virðulegur forseti, að nefna þessi svæði hér. Það er í fyrsta lagi fólkvangur í Böggvisstaðafjalli hjá Dalvík. Það er í öðru lagi lítið friðland í Pollengi, vissulega eitt af því sem ráðherrann nefndi haustið 1993. Það er í þriðja lagi Grunnafjörður sem friðland í Skilamannahreppi og Mela- og Leirársveit, ef ég man rétt, og það er í fjórða lagi friðland við svonefnd Oddaflóð á Rangárvöllum. Þetta eru friðlýsingarnar sem fram hafa farið á yfirstandandi tímabili eða frá 1991 og ég fæ ekki séð að þarna hafi orðið einhver stökkbreyting þrátt fyrir yfirlýsingar hæstv. umhvrh. Ég er út af fyrir sig ekki að væna hæstv. ráðherra um skort á vilja í þessum efnum, hvað þá Náttúruverndarráð sem hefur þó komið þessum friðlýsingum í framkvæmd, gert þær að veruleika með undirbúningi og eru með mörg önnur mál á undirbúningsstigi. En þessi mál eru bæði nokkuð seinfær hvað snertir undirbúning sem þarf að vera vandaður þar sem margir koma við sögu og kosta auk þess fjármagn og þó að það hafi verið aflað sérstaks fjár úr atvinnubótafjármagni árið 1993 til að sinna þessum málum á vettvangi Náttúruverndarráðs, það var góðra gjalda vert og kannski skilaði þessum friðlýsingum í höfn sem ég nefndi hér, þá er það svo að þessi mál taka ákveðinn tíma og ég tel að það sé ekki vegna skorts á lagabreytingu eða vöntun á að lögum hafi verið breytt sem ekki hefur gengið hraðar í þessum efnum heldur liggi þar aðrar ástæður til grundvallar. Ég vara því við þeim anda sem svífur yfir vötnum í því frv. sem við ræðum hér að því er varðar breytingar á undirbúningi friðlýsinga og að fara að taka það mál inn á borð sjálfs umhvrh. Það þarf hins vegar ekki að fela í sér að ráðherra hafi ekki allan rétt og nokkuð sé við það að athuga að hann veki máls á slíku og geri tillögur um slíkt og hjálpi til að koma slíkum málum í höfn. Allt er þetta af hinu góða þar sem það á við en ég er ekki viss um að það hins vegar leiði til þeirrar vandvirkni í vinnubrögðum sem þörf er á að hafa uppi þegar um er að ræða friðlýsingu lands að náttúruverndarlögum.

Ég ætla þá, virðulegi forseti, að hverfa frá náttúruverndarþinginu haustið 1993 og málafylgju hæstv. umhvrh. á því þingi en minni á að fyrir liggja fyrir framtíðina tillögur Náttúruverndarráðs á þessu þingi og athugasemdir við þær sem sá sem hér talar átti m.a. hlut að að setja saman. Má vera að eitthvað af því gagnist fyrir framtíðina og verði kannski endingarbetra heldur en sumt af því sem hér er verið að leggja til.

Næsti þáttur í þessu máli var sá að innan umhvrn. var sett saman frv. til laga um náttúruvernd eða breytingar á lögum og því var skilað til Náttúruverndarráðs með bréfi 29. nóv. 1993. Í bréfi ráðuneytisins til Náttúruverndarráðs sagði, með leyfi forseta:

„Á náttúruverndarþingi 29. nóv. sl. kynnti umhvrh. tillögur sínar um nýtt fyrirkomulag á stjórn náttúruverndarmála. Á grundvelli þessara hugmynda hafa nú verið unnin drög að frv. um breytingar á lögum um náttúruvernd, nr. 47/1971. Þessi frumvarpsdrög eru hér með send Náttúruverndarráði til umsagnar. Afar mikilvægt er að álit Náttúruverndarráðs liggi fyrir sem allra fyrst þar sem stefnt er að því að leggja frv. fram á Alþingi fyrir jól.“

Svo að öllu sé til skila haldið, þá lauk bréfinu þannig: „Með frv. fylgir vinnuskjal þar sem breytingartillögurnar eru felldar inn í lögin eins og þau eru í dag. Þetta er einungis gert til að auðvelda ráðsmönnum að sjá áhrif breytinganna á lögin í heild sinni.“ Undir þetta bréf til Náttúruverndarráðs ritar Birgir Hermannsson.

Einum eða líklega tveimur dögum síðar eftir dagsetningu þessa bréfs, rétt eftir mánaðamótin, kom Náttúruverndarráð saman til fundar og fjallaði um þetta erindi ráðherrans. Á það var lögð afar rík áhersla að Náttúruverndarráð lyki umsögn sinni um væntanlegt frv. á þessum fundi. Ráðsmönnum barst þetta í hendur annaðhvort stuttu fyrir fund eða á fundinum sjálfum. Fundir Náttúruverndarráðs eða fundalotur munu standa að jafnaði einn eða tvo daga þar sem reynt er að safna málum saman og margt er á dagskrá þannig að ráðrúmið til þess að fara yfir þetta frv. á þessu stigi var ekki ýkja mikið en það var samt reynt með svipuna á lofti hvað tíma snertir að knýja Náttúruverndarráð til að taka afstöðu til þessara hugmynda.

Þarna var á ferðinni, virðulegur forseti, sama bráðræðið, sami þrýstingurinn af hálfu ráðuneytisins í sam-

bandi við undirbúning málsins, endurtók sig sama sagan og gerðist á náttúruverndarþingi þar sem krafa ráðherrans var: Stimplið þið mínar tillögur hið allra fyrsta. Þið verðið að koma með ykkar álit. Ég er að fara að leggja málið fyrir Alþingi. Það gerðist svo ekki. Ráðherrann fékk umsögn Náttúruverndarráðs sem reyndi að verða við kröfu hans á þessum stutta tíma sem því var settur til þess að skila áliti en frv. leit ekki dagsins ljós á þessu ári, 1993.

Það sem næst gerðist í þessu máli svo að vart yrði við út á við var það að Náttúruverndarráð boðaði til fundar, ég má segja að það hafi verið 19. febr. sem kvatt var til sérstakrar ráðstefnu sem ályktað hafði verið um á náttúruverndarþingi að haldin skyldi til þess að ræða um stefnumörkun í náttúruvernd. Fyrir þessa ráðstefnu hafði verið samin dagskrá og fengnir til ýmsir aðilar til þess að ræða um stefnumótun í náttúruvernd og var sá sem hér talar einn af mörgum sem settu fram hugmyndir á þessum fundi. Þar var ætlunin af hálfu náttúruverndarþings að fram kæmi með skýrari hætti heldur en áður hugmyndir m.a. varðandi breytingu á náttúruverndarlögum sem og ýmis önnur atriði. En hæstv. ráðherra mátti ekki vera að því að bíða eftir þessari ráðstefnu því að hann lagði fyrir hana það sem túlkað var sem nánast fullbúin drög að frv. til endurskoðunar laga um náttúruvernd og þessi drög voru kynnt mönnum í upphafi ráðstefnunnar þann 19. febr. 1994 í þingskjalaformi og málið kynnt þar á ráðstefnunni af hálfu talsmanna ráðherra sem og ef ég man rétt í máli hæstv. ráðherra sjálfs sem kom til fundarins.

Enn endurtóku sig sömu vinnubrögðin og höfðu gerst á náttúruverndarþingi og höfðu gerst gagnvart Náttúruverndarráði um mánaðamótin nóvember/desember. Það er komið á elleftu stundu með fullbúin drög að frv. sem átti að leggja fram á Alþingi og til kynningar. Og það er eins og gengur þegar margt er á dagskrá á þessari ráðstefnu að auðvitað var ekkert einfalt fyrir þátttakendur þar að setja sig í einstökum atriðum inn í hugmyndir ráðherrans varðandi lagafrv. þó að það væri vissulega gagnlegt að fá það þó til umfjöllunar þarna, en það bar við á þessum fundi m.a. að ýmsir fulltrúar í Náttúruverndarráði kvörtuðu yfir því og greindu frá því með hvaða hætti ráðið hafði fengið málið til umsagnar nokkrum vikum eða tveimur og hálfum mánuði eða svo fyrr og haft lítið ráðrúm til þess að fara yfir það og komu þar fjölmargar ábendingar til viðbótar af hálfu Náttúruverndarráðs í sambandi við þessi efni.

Sá sem hér talar flutti á þessu þingi nokkrar ábendingar varðandi þetta frv. sem ég hafði þó ekki haft mikið ráðrúm til þess að skoða og setti fram marghátta gagnrýni á þær hugmyndir sem þar voru uppi. Ég ætla ekki hér að fara að rifja það upp, enda mun það koma fram í mínu máli síðar þegar ég fjalla um einstaka þætti frv.

Kemur nú að því, virðulegur forseti, sem næst er í þessu máli að víkja að framlagningu málsins eins og það kom fram í marsbyrjun á 117. löggjafarþingi, í marsbyrjun 1994. Þá birtist okkur það frv. sem ráðherrann hafði kynnt á umræddri ráðstefnu og þar var fyrir því mælt. Þetta var fyrri útgáfan, við erum hér að ræða hina síðari. Þetta frv., þessi útgáfa var rædd á Alþingi Íslendinga ef ég man rétt 10. mars, vil þó ekki alveg fullyrða dagsetninguna, en var vísað til umhvn. Og umhvn. tók sig til og sendi þetta mál þá þegar til fjölmargra aðila til umsagnar. Ég hef ekki alveg tölu á því en það voru mjög margir sem fengu frv. í þeim búningi sem það lá þá fyrir og bárust umsagnir frá fjölmörgum aðilum en það fór hins vegar svo að þær voru ekki að öllu leyti til gagns þegar kom fram á yfirstandandi þing og önnur útgáfa málsins mjög breytt í mörgum mjög þýðingarmiklum atriðum kom fram á þinginu en umhvn. því miður hafði ekki fyrir því að senda málið á nýjan leik til umsagnar þeirra aðila sem um það höfðu fjallað á fyrra þingi og var það gert samkvæmt sérstökum tilmælum af hálfu ráðuneytisins að sá háttur var á hafður. Sá sem hér talar var þá ekki inni á þingi þegar um þetta var fjallað og núverandi útgáfa frumvarpsins var komin til nefndarinnar, en hafði komið því á framfæri með öðrum hætti að ég hefði talið rétt að málið færi á nýjan leik til umsagnar allra þeirra sem fengu hið fyrra mál vegna þess að um breytingu væri að ræða. Ég tel að þetta hafi verið mikil mistök hjá umhvn. að halda þannig á máli en þarna var í rauninni enn verið að bregðast við þrýstingi af hálfu ráðuneytisins vegna þess að það lá svo lífandis ósköp á að þeirra mati.

Það hefur einkennt þetta mál frá byrjun og málafylgju hæstv. ráðherra að hann hefur alltaf verið í spreng með málið. Hann hefur þurft að reiða umsagnir fram með skjótum hætti eða það er ekki tími til að óska eftir umsögnum og það var sú röksemdafærsla sem umhvn. tók á móti frá ráðherranum í nóvembermánuði sl. varðandi 2. útgáfu.

Þær fjölmörgu athugasemdir sem bárust varðandi fyrri útgáfuna eru því ekki að öllu leyti gildar og vantar raunar nokkuð á gagnvart þeirri útgáfu sem nú liggur fyrir og hér er rædd þannig að þeim aðilum sem þarna unnu gott verk, reyndu að setja sig inn í mál og koma á framfæri við Alþingi sínum athugasemdum, var ekki gert kleift að fylgja því eftir eins og málið nú liggur fyrir.

Frá Náttúruverndarráði barst umsögn við hina fyrri útgáfu, dags. 6. apríl 1994, þar sem segir í fylgibréfi frá formanni ráðsins, með leyfi forseta:

„Náttúruverndarráð hefur á fundum sínum þann 17., 24. og 28. mars og 5. apríl fjallað um erindi umhvn. dags. 8. mars sem ráðinu barst þann 16. sama mánaðar um frv. til laga um breytingu á lögum um náttúruvernd, nr. 47/1971, með síðari breytingum. Meðfylgjandi er umsögn Náttúruverndarráðs. Umsögn Náttúruverndarráðs um frv. eins og það þá leit út er á mörgum blaðsíðum og tekur til fjölmargra atriða í því frv. sem þá lá fyrir. Ég ætla hins vegar ekki hér, tel ekki rétt að fara yfir þessa gildu umsögn sem lá fyrir frá ráðinu á þeim tíma, en víkja hins vegar að þeirri umsögn sem barst um núverandi frv. sem tekið hafði verulegum breytingum og nauðsynlegt er að hafa til hliðsjónar við umræðu um þetta mál. Ég kem að því síðar.

Ég vil hins vegar og tel mér það í raun skylt að koma hér að ýmsum atriðum sem koma fram í athugasemdum við frv. eins og það lá fyrir á fyrra þingi frá aðilum sem ekki gátu borið hönd fyrir höfuð sér ef svo má segja gagnvart þeirri útgáfu sem hér er rædd og því frv. sem hér er til umræðu þar sem þeir fengu það ekki til umsagnar á nýjan leik. Umsagnirnar eru vissulega blandaðar hvað snertir afstöðu til frv. Það finnast aðilar sem eru ánægðir með frv. eða gera tiltölulega fáar athugasemdir við það, það er skylt að taka fram. Hins vegar eru þeir margir og í meiri hluta sem gera mjög veigamiklar athugasemdir við frv. eins og það þá lá fyrir, efnislegar og málefnalegar athugasemdir og sumar eru mjög harðorðar þannig að ég get tekið undir í rauninni þau orð sem komu fram hjá frsm. minni hluta nefndarinnar fyrr í dag að þeir eru ekki mjög margir sem hafa lýst ánægju með það mál sem hér liggur fyrir til umræðu. Ég grip hér niður, virðulegi forseti, í umsögn frá sjálfboðaliðasamtökum um náttúruvernd frá síðasta þingi sem segja m.a. í umsögn sinni eftirfarandi. Komudagur hennar er 5. apríl 1994 inn í málasafn umhvn., með leyfi forseta:

„1. Það er full ástæða til þess að endurskoða lög um náttúruvernd, enda eru þau orðin 20 ára gömul og umræður og áherslur í umhverfismálum breytast hratt. Því fögnum við frv. og þeim umræðum sem framlagning þess leiðir af sér.

2. Eðlilegt er að í upphafi séu gerðar úrbætur á þeim hluta sem fjallar um skilgreiningar á náttúruvernd, hvað er átt við með því hugtaki og að hverju er stefnt og framkvæmdin svo miðuð út frá því. Í þessu frv. er að okkar mati byrjað á röngum enda þar sem aðeins framkvæmdahliðin er endurskoðuð en þröngar og úreltar skilgreiningar um hvað sé náttúruvernd látnar halda sér. Í þær skilgreiningar vantar alfarið mengunarvarnir, hvort sem er á sjó, í landi eða í lofti, eyðingu ósonlagsins, gróðurhúsaáhrif, verndun lífríkis á hafsbotni svo að eitthvað sé nefnt.

3. Við þessa endurskoðun er framkvæmdarvald fært frá Náttúruverndarráði en það verður ráðgjafaraðili. Eðlilegt er að um leið sé valdsvið þess til ráðgjafar aukið þannig að öll almenn náttúruvernd sé innan þess verksviðs en ekki aðeins þurrlendið. Hafið, strendurnar og loftið eru umhverfi sem ættu einnig að falla undir vettvang þess og það því að vera umsagnaraðili við framkvæmdir sem að þeim snúa."

Þetta er brot af umsögn frá sjálfboðaliðasamtökum um náttúruvernd. Í umsögn frá Náttúruverndarsamtökum Austurlands sem barst 28. mars 1994 segir m.a., með leyfi forseta, þar sem vikið er að náttúruverndarnefndum, 9. gr.:

„Hér er sú breyting gerð að í hverju kjördæmi skuli vera ein náttúruverndarnefnd skipuð 7 mönnum í stað tveggja nefnda eða fleiri eins og nú er víða. Stjórn Naust er andvíg þessari breytingu hvað varðar Austurlandskjördæmi. Til þessa hafa þar verið þrjár nefndir, í sinni sýslu hver, skipuð 3–5 mönnum. Sýnilegt er að með fyrirhugaðri breytingu er tilkostnaður meiri og hætta á minni skilvirkni."

Frá Félagi ísl. landslagsarkitekta barst umsögn þar sem segir m.a., með leyfi forseta:

„Félagið vill leggja sérstaka áherslu á nauðsyn þess að skapa betri tengsl á milli opinberra aðila sem fjalla um náttúruverndarmál og þeirra sem búa í hinum dreifðu byggðum landsins. Á þessu hefur því miður verið misbrestur sem eflaust er að miklu leyti afleiðing úreltrar löggjafar. Uppstokkun og ákveðnari verkaskipti milli ráðherra, ráðuneytis og stofnana þess á höfuðborgarsvæðinu eins og frv. gerir ráð fyrir er góðra gjalda verð en er marklaus ef ekki kemur samtímis til valddreifing út á landsbyggðina. Það virðist liggja beint við að starfsemi (útibú á vegum stofnana sem heyra undir umhvrn.) verði komið fyrir í hverjum landshluta. Hér er átt við að eftirlit með verklegum framkvæmdum, byggingar- og skipulagsmál, heilbrigðiseftirlit, mengunarvarnir, umsjón og eftirlit með friðlýstum svæðum og fleira myndi umhverfismálakjarna í landshlutum."

Í umsögn frá Einari E. Sæmundsen er að finna sérstaka ábendingu að því er varðar útilíf og almannarétt og lögð áhersla á nauðsyn þess að taka upp skilvísari og almennari leiðbeiningar varðandi umgengni við landið og því nauðsynlegt að það byggi á skýrum lagabókstaf og þar er vikið að nokkrum ályktunum sem samþykktar voru á náttúruverndarþingi í október 1993.

Stjórn Jarðfræðifélags Íslands veitti umsögn sem er dagsett 24. mars 1994 og barst í skjaladeild umhvn. degi síðar. Ég leyfi mér að vitna til nokkurra atriða úr þessari umsögn varðandi frv. eins og það þá leit út, en það varðar að hluta einnig núverandi útgáfu málsins, með leyfi forseta:

„Megingagnrýni Jarðfræðifélags Íslands lýtur að skorti á stefnumótandi þáttum um náttúruvernd í frv." — Nú sakna ég, virðulegur forseti, frsm. meiri hluta nefndarinnar sem enn á ný er farinn úr þingsal og er vonandi ekki kominn á nefndarfund.

(**Forseti** (KE)**:** Forseti skal gera þingmanninum viðvart um að hans sé óskað.)

„Þá telur félagið mjög vegið að nauðsynlegu frumkvæði og valdi Náttúruverndarráðs í þessum málaflokki, m.a. vegna óljósra skilgreininga á hlutverki þess og óvissri fjárhagsstöðu. Að mati félagsins ætti umsjón náttúruverndarmála að vera óháð pólitískri stjórn og ætti því að hætta við ráðherraskipun formanns og varaformanns Náttúruverndarráðs. Stjórn félagsins lítur á stofnun Landvörslu ríkisins sem jákvætt skref svo framarlega sem séð verði til þess að sú stofnun hafi ekki lamandi áhrif á starfsemi Náttúruverndarráðs varðandi fjárhagslegan styrk til að sinna hlutverki sínu. Sala á þjónustu innan friðlýstra svæða er þó varhugaverð leið til að fjármagna umsjón þeirra.

Hver á að ráða? Í fyrsta lagi gerum við athugasemd við þá meginstefnu frv. að færa umsjón náttúruverndarmála að miklu leyti undir pólitíska yfirstjórn. Við teljum á engan hátt óhjákvæmilegt að umhvrn. taki á svo afgerandi hátt við því hlutverki sem Náttúruverndarráð hefur haft. Þetta álit byggir ekki á ókunnugleika á stjórnsýslu ríkisins. Þvert á móti vitum við að ráðuneytið getur falið öðrum aðilum stjórn ýmissa mála eins og raunar kemur fram í þessu frv. Við teljum að

með styrkingu Náttúruverndarráðs sem skipað væri áhugafólki um náttúruvernd mundi umhvrn. gefa gott fordæmi um dreifingu valds til aðila sem væru óháðir pólitísku umhverfi hvers tíma.

Um Landvörslu ríkisins. Við teljum stofnun nýrrar ríkisstofnunar undir nafninu Landvarsla ríkisins í sjálfu sér ágæta hugmynd. Framkvæmd hennar hlýtur þó að vera ótímabær þar sem starfsemi hennar er ætlaður fjárhagur ásamt starfsemi Náttúruverndarráðs innan ramma núverandi fjárveitinga eins og tekið er fram í fskj. fjmrn. með frv. Þó verksvið það sem Landvörslunni er ætlað sé nokkru þrengra en verksvið Náttúruverndarráðs er nú hlyti sérhver alvarleg tilraun þessarar nýju stofnunar til að sinna hlutverki sínu að lama starfsemi skrifstofu Náttúruverndarráðs og augljóst er einnig að geri Náttúruverndarráð ekkert nema halda uppi svipuðum lágmarksrekstri og verið hefur er stofnun Landvörslu ríkisins orðin tóm.

Um Náttúruverndarráð. Í frv. er mikið rætt um óháð og sjálfstætt Náttúruverndarráð. Þó virðist, ef grannt er skoðað, að með lögum þessum sé starfsemi þess svo takmörkuð og þröngar skorður settar að í raun sé verið að slá það af. Eins og þeir gerst vita sem fást við stjórn landsins er ekkert sjálfstæði án fjárhagslegs styrks. Eins og fyrr segir er ekki gert ráð fyrir öruggri fjárhagsstöðu Náttúruverndarráðs í frv. þessu og raunar reiknað með skerðingu fjárveitinga frá því sem nú er. Hlutverk Náttúruverndarráðs er mjög óljóst skilgreint í frv. Hinir ýmsu aðilar skulu leita álits þess en frumkvæðið er frá því tekið og ekkert vald er því falið. Skipan manna í Náttúruverndarráð stefnir ekki heldur að því að gera það „sjálfstætt" og „óháð". Enn skal ráðherra skipa formann og varaformann en að auki kveður frv. á um skipan fulltrúa tveggja hagsmunaaðila í ráðið, þ.e. Ferðamálaráðs og Sambands ísl. náttúruverndarfélaga." — Þessu atriði er breytt í núverandi útgáfu frv. þannig að það á ekki lengur við. En umsagnaraðilar leggja til að á þessu verði breyting.

Fleira er um margt athyglisvert sem fram kemur í áliti stjórnar Jarðfræðifélags Íslands, sem segir í lok umsagnar sinnar, með leyfi forseta:

„Við gerum athugasemdir við þær miklu breytingar sem frv. gerir ráð fyrir á 29. gr. gildandi laga. Við álítum að þeir tveir málaflokkar sem þar eru teknir undan umsjá Náttúruverndarráðs, mengunarmál og hönnun stórra mannvirkja, séu þau mál þar sem mest þörf er á eftirliti óháðra aðila sem hafa ekki hagsmunatengsl við viðkomandi framkvæmdir, hafa enga hugsjón nema lífið eins og skáldið sagði."

Undir þetta ritar Guðrún Sverrisdóttir fyrir hönd stjórnar Jarðfræðifélags Íslands.

Frá Vík í Mýrdal, áhugamannahópi um umhverfisvernd og náttúruvernd Vestur-Skaftafellssýslu, barst ítarleg umsögn um frv. á þessum tíma. Í þá umsögn hefur verið vitnað, ef ég tók rétt eftir, virðulegur forseti, í máli hv. þm. Jóns Helgasonar og ég ætla ekki að endurtaka það hér tímans vegna.

Félag ísl. náttúrufræðinga sendi umhvn. umsögn, sem er dags. 24. mars, og segir m.a. í henni, með leyfi hæstv. forseta:

„Áður en frv. til laga um breytingar á náttúruverndarlögum, nr. 47/1971, verður lagt fram telur nefndin nauðsynlegt að skilgreina nánar hvað felst í hugtakinu náttúruvernd þannig að skýrt komi fram að náttúruvernd er hluti af umhverfisvernd. Skilgreining hugtaksins er einnig forsenda þess að unnt sé að samræma lög og reglugerðir þeirra sviða sem falla undir umhverfisvernd, sbr. reglugerð um mat á umhverfisáhrifum og lög um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Í 5. gr. segir: „Landvarsla ríkisins getur með samningum falið öðrum aðilum umsjón náttúruminja og friðlýstra svæða að þjóðgörðum undanskildum, t.d. sveitarfélögum og einstaklingum." Og í 6. gr. segir: „Á vegum Landvörslunnar starfa landverðir sem sjá m.a. um eftirlit og fræðslu á svæðum í umsjón stofnunarinnar." Umhverfisnefnd Félags ísl. náttúrufræðinga telur eðlilegt að tryggð verði hæfi þeirra starfsmanna sem koma til með að vinna á náttúruverndarsvæðum. Þetta gildi einnig fyrir náttúruverndar- og skógræktarsvæði sem eru í umsjón annarra ráðuneyta en umhvrn. Brýnt er að góð samvinna ráðuneyta verði tryggð."

Í lok umsagnarinnar segir: „Umhvn. Félags ísl. náttúrufræðinga leggur áherslu á að það lagafrv. sem hér er til umfjöllunar felur einungis í sér takmarkaða endurskoðun á lögum um náttúruvernd, nr. 47/1971. Í ljósi fenginnar reynslu og aukinnar umhverfisvitundar meðal þjóðarinnar er nauðsynlegt að lögin í heild verði sem fyrst tekin til rækilegrar endurskoðunar."

Frá mörgum öðrum aðilum bárust umsagnir um þetta frv. og má þar nefna Búnaðarfélag Íslands, Samband sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslu um Eyþing, sem gagnrýndu frv. út frá sínu sjónarhorni, og frá náttúruverndarnefnd Borgarfjarðarsýslu barst einnig umsögn og frá Æðarræktarfélagi Íslands. Allir þessir aðilar bera fram gagnrýni á frv. og finna m.a. til forátttu miðstýringu sem þar sé að finna sem gangi til muna of langt í sambandi við málaflokkinn. Náttúrufræðistofa Kópavogs skilaði gildri umsögn um frv. og Hilmar J. Malmquist, forstöðumaður hennar, undirritar umsögnina, sem er mjög ítarleg og lofsvert framtak að fara svo rækilega yfir þingmál eins og þar kemur fram. Umhvn. fjallaði um margar af þessum athugasemdum og eitthvað af þeim mun hafa skilað sér inn í þær brtt. sem fyrir liggja þó það sé nú ekki verulegt.

Sú umsögn sem er einna athyglisverðust varðandi þetta mál á síðasta þingi og það gildir einnig um umsögn varðandi frv. á þessu þingi, kom frá stjórn Ferðafélags Íslands. Ég leyfi mér, virðulegur forseti, að vitna til upphafsins á þeirri umsögn sem hljóðar þannig:

„Stjórn Ferðafélags Íslands leggur mikla áherslu á að þjóðin búi við haldgóða náttúruverndarlöggjöf, enda beiti félagið sér m.a. fyrir umhverfisvernd. Af þeirri ástæðu fagnar stjórnin rökstuddum tillögum sem eru til þess fallnar að skapa umræðu um framtíðarskipan náttúruverndarmála hér á landi, þar með talið um stjórnunarþátt þeirra mála. Frv. það sem hér liggur fyrir er tvímælalaust virðingarvert framlag til þeirrar umræðu, enda horfa sumar þær breytingar sem þar er gert ráð fyrir vafalaust til bóta.

Engu að síður verður að telja að athugasemdir megi

gera við ýmsa þætti frv. sem og um endurskoðun náttúruverndarlaga almennt sem vissulega er þarft og brýnt verkefni."

Virðulegur forseti. Enn sakna ég frsm. meiri hluta umhvn. sem hefst lítið við í þingsalnum og bið forseta um að gera viðvart ef frsm. er í þinghúsi.

(**Forseti** (KE): Forseti hefur nú þegar látið hv. þm. vita að hans sé óskað í þingsalinn og getur því miður ekki meira að gert.)

Ég var þar kominn að vitna í umsögn stjórnar Ferðafélags Íslands.

„Engu að síður verður að telja að athugasemdir megi gera við ýmsa þætti frv. sem og um endurskoðun náttúruverndarlaga almennt sem vissulega er þarft og brýnt verkefni. Verður þá heldur ekki komist hjá því að benda á að í frv. þessu er að sjálfsögðu einungis stungið upp á einum kosti af fleirum sem vissulega koma sterklega til álita þegar ákvarða skal um framtíðarskipan þessara mála og vill félagsstjórnin í því sambandi leyfa sér að bera, til samanburðar og hliðsjónar, fram heildstæðar tillögur til nýrrar náttúruverndarlöggjafar þar sem haft er mið af þörfum tímans, sbr. nánar síðar.

Áður en vikið verður að einstökum atriðum frv. skal tekið fram að eigi verður betur séð en að Náttúruverndarráð hafi á liðnum árum valdið hlutverki sínu með ágætum miðað við þær rýru fjárveitingar sem það hefur fengið til að sinna lögboðnum verkefnum sínum. Þau vandamál, sem ráðið hefur þurft að etja við, hafa eigi stafað af skorti á fullnægjandi innra stjórnunarskipulagi þess, heldur fyrst og fremst af fjárskorti til að ráða nægan mannafla til að sinna öllum þeim verkefnum sem að hafa kallað. Ekki verður séð að frv. það, sem hér er til umfjöllunar, geri ráð fyrir neinum úrbótum á fjárhagsvanda ráðsins.

Þá er rétt að benda á, m.a. með hliðsjón af því sem var síðast sagt, að ekki er víst að svo brýna nauðsyn beri til að endurskoða þurfi stjórnunarþátt náttúruverndarmálanna að eigi megi jafnframt, þ.e. í sömu verklotu, vinna að almennri endurskoðun náttúruverndarlaganna, enda má benda á ýmsa þætti þeirra laga, aðra en stjórnunarþáttinn, sem þarfnast mjög endurbóta hið fyrsta, sbr. m.a. ákvæði laganna um aðgang almennings að náttúru landsins og varðandi umgengni manna um landið. Virðist því ýmislegt mæla með að náttúruverndarlögin verði nú þegar tekin til endurskoðunar í heild og þá m.a. hugað rækilega að stjórnunarþætti þeirra. Er mikilvægt að rökstudd afstaða verði m.a. tekin til þessa atriðis áður en ráðist verður í að breyta stjórnunarþætti laganna einum saman.

Frv. gerir ráð fyrir því að stjórnunarsvið umhvrn. verði mun víðtækara en verið hefur til þessa sem mun m.a. leiða til stóraukinna daglegra afskipta ráðuneytisins af ýmiss konar ágreiningsefnum sem ætíð hljóta að rísa í samskiptum manna við stjórnvöld á þessu sviði, en um leið skapast hætta á því að gagnsemi ráðuneytisins sem áfrýjunarstjórnvalds skerðist frá því sem nú er (og almennt hefur verið um Stjórnarráð Íslands).

Ýmislegt getur mælt með því að daglegur rekstur, svo sem eftirlit á friðlýstum svæðum, rekstur þjóðgarða og því um líkt, verði aðskilinn betur en nú er frá hinum eiginlegu stjórnunarstörfum Náttúruverndarráðs sjálfs eins og oft hafa komið fram hugmyndir um, m.a. frá ráðinu sjálfu, en af þeirri ástæðu ber þó ekki nauðsyn til þess að kljúfa núverandi starfsemi algerlega í tvennt og gera af tvær ríkisstofnanir. Þar verður m.a. alltaf hætt við ýmiss konar skörun verkefna milli þessara stofnana sem annars væri óþörf og síst af öllu horfir þessi nýbreytni til sparnaðar. Verði Landvörslu ríkisins komið á fót virðist margt mæla með því að hún verði undir stjórn Náttúruverndarráðs."

Virðulegur forseti, ég vek sérstaka athygli á þessu sem hér kemur fram frá stjórn Ferðafélags Íslands en núverandi forseti þess átti um sex ára skeið eða svo sæti í Náttúruverndarráði. Enn fremur segir:

„Við nákvæma athugun einstakra ákvæða frumvarpsins kemur í ljós að mjög margar athugasemdir mætti gera við allar greinar þess og yrðu þá að sjálfsögðu ýmsar þeirra jákvæðar.

Hér verður þó látið nægja að benda á eftirtalin atriði að sinni en almennt áréttað að mikilvægt er að frumvarpið fái nákvæma og ítarlega umfjöllun á Alþingi áður en það verður tekið til endanlegrar afgreiðslu þar."

Þetta læt ég nægja að tíunda hér úr þessu mjög svo gilda áliti frá stjórn Ferðafélags Íslands sem lætur fylgja heildstæða endurskoðun af sinni hálfu á frv. til laga um náttúruvernd. Er það alveg sérstaklega lofsvert framtak sem gæti gagnast þeim sem opnum huga vildu fara yfir þessi efni og endurskoða lögin og hlusta þá í leiðinni á tillögur sem koma frá öðrum aðilum.

Landvernd veitti á síðasta þingi umsögn um það frv. sem þá lá fyrir á þremur þéttrituðum blaðsíðum. Landvernd og fulltrúar þeirra áhugasamtaka komu á fund umhvn. og gáfu jafnframt skriflega umsögn við núverandi frv. og liggur hún fyrir. Það er mjög gagnrýnin umsögn sem ég mun koma að lítillega síðar og er hér aðeins gripið niður í örfáar af fjölmörgum þeim umsögnum sem bárust á síðasta þingi. Má t.d. nefna athugasemdir frá Landavarðafélagi Íslands við frv. sem eru mjög ítarlegar og gagnlegar en eiga eins og fleiri ekki nema að hluta við það frv. sem hér liggur fyrir.

Sama er að segja um Samband ísl. sveitarfélaga sem gáfu ítarlega umsögn um frv. á síðasta þingi en veittu einnig umsögn um núverandi frv. sem liggur fyrir og er að finna sem fskj. með áliti minni hluti umhvn.

Verkfræðingafélag Íslands gaf umsögn 11. apríl sl. við frv. og margt af því sem þar kemur fram er í fullu gildi varðandi það mál sem við ræðum. Ég leyfi mér því að grípa hér niður í umsögn Verkfræðingafélags Íslands sem undirrituð er af þremur fulltrúum, Sigurði Þórðarsyni, Guðrúnu Ólafsdóttur og Gísla Júlíussyni, ef ég man rétt, allt saman fólk sem hefur látið sig náttúruverndarmál varða og sumpart verið fulltrúar á náttúruverndarþingum enda sýnist mér að margt sé af hyggindum mælt í þessari umsögn sem ég gríp niður í, með leyfi forseta:

„Með nýju lögunum er Náttúruverndarráði ætlað að vera óháður aðili en að okkar mati verður það ekki þar sem fjárráð þess eru mjög takmörkuð og algjörlega háð

ríkisvaldinu. Leitað skal álits Náttúruverndarráðs um fjölmarga hluti án þess að fullkomlega sé tryggt að ráðið hafi fjárhagslegt bolmagn til þess. Ljóst er að einn starfsmaður sem er á launum hjá Náttúruverndarráði samkvæmt lögunum" — þetta á væntanlega að vera samkvæmt frv. — „getur engan veginn annað þeirri umsagnarkvöð sem ráðið hefur. Við teljum að með nýju lögunum sé verið að veikja stöðu og starfsemi Náttúruverndarráðs en betra hefði verið að styrkja ráðið frekar frá því sem nú er. Stofnun nýrrar ríkisstofnunar og nýs Náttúruverndarráðs, eins og hér er lagt til, virðist ekki styrkja starfsemina eins og þörf er á. Víða í frumvarpinu eru reglugerðarákvæði sem gera lögin óljós meðan reglugerð liggur ekki fyrir og setur auk þess óeðlilega mikið vald til framkvæmdarvaldsins þar sem frekar ættu að vera skýr ákvæði í lögunum."

Síðar segir: „Í frumvarpinu er listi um þá aðila sem sæti skulu hafa á náttúruverndarþingi. Með samanburði við lista í núverandi lögum hafa ýmis félög og samtök, sem fulltrúa eiga nú á þinginu verið felld út." Þessi upptalning er felld niður í núverandi útgáfu og á því þessi ábending ekki beint við.

Í lok umsagnar frá Verkfræðingafélagi Íslands segir: „Við teljum að betra hefði verið að láta fara fram heildarendurskoðun laganna en ekki eins og hér er gert með innskotsbreytingu á eldri lögum. Við endurskoðun er nauðsynleg nákvæm samræming við t.d. lög um mat á umhverfisáhrifum og sömuleiðis lög um mengun og mengunarvarnir. Slík samræming virðist ekki hafa verið gerð hér nema að nokkru leyti. Má þar t.d. nefna að ekki er talað beint um mengun í frumvarpinu en ljóst er að náttúruvernd og mengunarvarnir fara óhjákvæmilega saman. Einnig teljum við nauðsynlegt að Náttúruverndarráði sé skapaður betri fjárhagslegur grundvöllur til að starfa en gert er í frumvarpinu."

Frá náttúruverndarnefnd Eyjafjarðarsýslu barst umsögn 6. apríl 1994 og aðeins stutt tilvitnun í hana, með leyfi forseta: „Við teljum frumskilyrði að auka valddreifingu í náttúruvernd svo sem í öðrum þjóðfélagsmálum. Því erum við algjörlega mótfallnir þeim mikla tilflutningi á völdum sem felst í því að víða kemur orðið umhverfisráðherra í stað Náttúruverndarráðs. Í stað þess að auka völd ráðuneytisins á að auka virkni og völd þeirra sem eru næst vettvangi."

Þetta, virðulegur forseti, ætla ég að láta nægja sem fáein atriði sem gagnrýna frv. eins og það lá fyrir á síðasta þingi. Því miður gafst þeim aðilum sem ég var að vitna til mörgum hverjum ekki tækifæri til að fjalla um frv. í núverandi búningi og er það vissulega mjög miður.

Ég mun þá, virðulegur forseti, víkja í framhaldinu að því frv. sem barst inn í þingið í byrjun nóvember á þessu þingi, þ.e. frv. sem við ræðum hér og sem er veruleg breyting frá frv. sem lá fyrir þingi síðast. Við þetta frv. hafa komið ýmsar umsagnir frá þeim þó fáu aðilum sem fengu kost á því að veita umsögn um frv. Ég vil fyrst af öllu, virðulegur forseti, vitna til umsagnar frá Náttúruverndarráði sem nú öðru sinni fjallaði um þetta mál og gagnrýnir í fylgibréfi þá málsmeðferð, sem ég hef oft vikið að að uppi var höfð af umhvn., að senda frv. aðeins takmörkuðum hópi. Í bréfi ráðsins sem undirritað er af Aðalheiði Jóhannsdóttur framkvæmdastjóra og dags. 2. des. 1994, segir svo í fylgibréfi með áliti ráðsins, með leyfi forseta:

„Vísað er til bréfs umhvn. dags. 24. nóv. sl. sem barst Náttúruverndarráði 1. des.

Eins og fram kemur í bréfi umhvn. telur nefndin ekki ástæðu til að senda málið út til umsagnar að nýju þar sem frv. sé lítils háttar breytt frá fyrra frv. Náttúruverndarráð telur hins vegar að full ástæða hafi verið til þess að senda frv. til sérstakrar umsagnar Náttúruverndarráðs og annarra umsagnaraðila enda hafa verið gerðar grundvallarbreytingar á frv. Náttúruverndarráð lýsir jafnframt undrun sinni á vinnubrögðum umhvn. vegna máls þessa."

Eins og ég gat um hafði ég ekki aðstöðu til þess að hafa áhrif á þessa málsmeðferð þar sem ég sat ekki á þingi á þessum tíma. En ég hafði reynt að hafa áhrif á það óbeint að önnur meðferð yrði á höfð en ráðuneytið lagði áherslu á til að flýta málsmeðferð að senda málið aðeins völdum aðilum og kalla aðra í staðinn fyrir nefndina. En ráðrúm gafst ekki til þess nema að takmörkuðu leyti vegna þeirrar málsmeðferðar sem uppi var höfð í nefndinni undir lokin. En ég ætla að leyfa mér, virðulegur forseti, að vitna í nokkurn þátt í umsögn Náttúruverndarráðs, sem fjallaði um þetta mál á fundi sínum 1. des. og segir svo í upphafi:

„Náttúruverndarráð hefur á fundi sínum 1. des. sl. fjallað um frv. til breytinga á lögum nr. 47/1971. Á bls. 9 í athugasemdum við lagafrv. kemur fram að frv. sé „endurflutt með nokkrum breytingum". Eftir skoðun Náttúruverndarráðs verður ekki fallist á þetta því grundvallarbreytingar hafa verið gerðar á frv. því sem nú er lagt fyrir Alþingi miðað við frv. það sem lagt var fyrir 117. löggjafarþing.

Æskilegt hefði verið að endurskoða alla löggjöf um umhverfismál, þar með talið lagareglur sem varða náttúruvernd, í heild sinni og taka mið af því sem nágrannaþjóðir Íslendinga hafa gert í þessum efnum. Auk þessa hefði þurft að endurskoða uppbyggingu allra þeirra stofnana sem með einum eða öðrum hætti fjalla um umhverfismál. Í stað þessa hefur verið valin sú leið að leggja til breytingar á löggjöf sem hentaði ágætlega á þeim tíma sem hún var sett. Jafnframt hefði verið ástæða til þess að endurskoða hlutverk þeirra stofnana sem heyra undir umhvrn.

Náttúruverndarráð telur mikilvægt að nálgast náttúruverndarmál á jákvæðari hátt en gert er í frv. Meðal annars þykir nafnið Landvarsla ríkisins vera neikvætt og ekki til þess fallið að almenningur líti jákvæðum augum á stofnunina eða hlutverk hennar. Lagt er til að stofnuninni verði valið annað nafn og er stungið upp á eftirfarandi:

1. Friðlönd ríkisins,
2. Náttúruminjar Íslands og
3. Þjóðgarðar Íslands.

Í umfjöllun þeirri sem fer hér á eftir verður nafnið Þjóðgarðar Íslands notað.

Í frv. virðist skorta nokkuð á skilning á margþætt-

um tilgangi friðlýsinga og meginhersla lögð á þann þátt sem snertir ferðamenn og ferðamennsku. Tilgangur friðlýsinga er fyrst og fremst sá að vernda náttúrulegt umhverfi, vistkerfi og tegundir. Jafnframt eru friðlýst svæði mikilvæg til að tryggja almenningi aðgang að fjölbreyttri og fagurri náttúru. Það er ekki sjálfgefið að svæði sem mikilvægt er að friðlýsa sé áhugavert fyrir ferðamenn. Hagsmunir ferðamennsku og náttúruverndar fara ekki alltaf saman. Enn fremur er á það að líta að sum friðuð svæði og svæði sem ástæða kann að vera til að friða eru það viðkvæm að nauðsynlegt er að takmarka að einhverju leyti eða öllu aðgang að þeim, *samanber reglur þær sem um Surtsey gilda. Einnig má* benda á að ekki er með öllu ljóst hvaða stofnun á að gæta þess að svokallaður almannaréttur sé virtur en mikilvægt er að það sé tryggt.

Verði frv. óbreytt að lögum verður hlutverk Náttúruverndarráðs sambærilegt við stöðu ýmissa frjálsra félagasamtaka sem um náttúruvernd fjalla. Þó verður sá munur á að félögunum verður mismunað því Náttúruverndarráði er ætlað fast fjárframlag úr ríkissjóði sem önnur frjáls félagasamtök á þessum vettvangi njóta ekki."

Síðan kemur upptalning á hlutverki Náttúruverndarráðs. Segir þar: „Samkvæmt gildandi lögum er hlutverk Náttúruverndarráðs í stórum dráttum að:

1. móta stefnu og forgangsraða verkefnum (náttúruverndarþing),
2. stuðla að almennri náttúruvernd í landinu,
3. eiga frumkvæði að friðlýsingu náttúruminja og landsvæða,
4. undirbúa friðlýsingu,
5. sjá um framkvæmdir á friðlýstum svæðum,
6. eftirlit með friðlýstum svæðum,
7. veita leyfi vegna framkvæmda á friðlýstum svæðum,
8. veita umsagnir vegna hönnunar stærri mannvirkja og vegna mats á umhverfisáhrifum,
9. hafa eftirlit með mannvirkjagerð,
10. veita fræðslu um náttúruverndarmál,
11. vinna að gróðurvernd og eftirliti með ástandi gróðurs og
12. undirbúa og gefa út náttúruminjaskrá.

Ef frv. sem lagt var fram á 117. löggjafarþingi og það sem nú liggur fyrir Alþingi eru borin saman má sjá að verulegar breytingar hafa verið gerðar á hlutverki Náttúruverndarráðs. Samkvæmt frumvarpinu sem lagt var fyrir 117. löggjafarþing var hlutverk ráðsins í stórum dráttum að

1. fjalla um stefnu stjórnvalda í náttúruverndarmálum og stefnu Náttúruverndarráðs (náttúruverndarþing),
2. stuðla að almennri náttúruvernd í landinu og vera stjórnvöldum til ráðgjafar,
3. gefa umsagnir um lagafrv. á sviði náttúruverndar,
4. fjalla um lögbundið mat á umhverfisáhrifum,
5. gera tillögur um friðlýsingar,
6. fjalla um náttúruminjaskrá,
7. hafa eftirlit með því að náttúru landsins sé ekki spillt og
8. hafa eftirlit með mannvirkjagerð.

Hlutverk Landvörslu ríkisins samkvæmt frumvarpinu sem lagt var fyrir 117. löggjafarþing var einkum að:

1. undirbúa friðlýsingarmál (frumkvæði hjá umhvrn.),
2. sjá um framkvæmdir á friðlýstum svæðum,
3. sjá um rekstur friðlýstra svæða,
4. veita leyfi vegna framkvæmda á friðlýstum svæðum og
5. veita fræðslu um náttúruverndarmál.

Samkvæmt frumvarpinu sem lagt hefur verið fram á 118. löggjafarþingi er nánast ekkert eftir af Náttúruverndarráði og er hlutverk þess að:

1. stuðla að almennri náttúruvernd,
2. fjalla um náttúruvernd og vera vettvangur frjálsra félagasamtaka, stofnana og fræðimanna (náttúruverndarþing),
3. vera ráðgefandi fyrir stjórnvöld og m.a. gefa umsagnir um stjórnarfrv.,
4. fjalla um náttúruminjaskrá (umhvrn. gefur skrána út) og
5. gera tillögur að friðlýsingu (heimild).

Hlutverk Landvörslu ríkisins er samkvæmt frumvarpinu að:

1. fylgjast með því að náttúru landsins sé ekki spillt,
2. undirbúa friðlýsingarmál (frumkvæði er hjá umhvrn.)
3. sjá um framkvæmdir á friðlýstum svæðum,
4. sjá um rekstur friðlýstra svæða,
5. veita leyfi vegna framkvæmda á friðlýstum svæðum,
6. veita fræðslu um náttúruverndarmál í samráði við umhvrn. og
7. hafa eftirlit með framkvæmdum.

Ef miðað er við núgildandi lög hafa eftirfarandi þættir fallið niður:

1. umsagnir vegna mats á umhverfisáhrifum,
2. samráð við hönnun mannvirkja og
3. samráðsvettvangur Náttúruverndarráðs við aðrar opinberar stofnanir (NASL og SINO).

Umhvrn. tekur samkvæmt frumvarpinu við:

1. stefnumótun um náttúruvernd, framkvæmdir og fræðslu,
2. gróðurverndarmálum,
3. frumkvæði að friðlýsingum og
4. útgáfu náttúruminjaskrár.

Verði það niðurstaða umhvn. Alþingis að styðjast við frv. það til breytinga á lögum nr. 47/1971 sem nú hefur verið lagt fram gerir Náttúruverndarráð eftirfarandi athugasemdir við frv. Ef hins vegar umhvn. ákveður að endurskoða lög um umverfismál sem nú gilda á Íslandi, þar með talin náttúruverndarmál, þá vísar Náttúruverndarráð á afgreiðslur ráðsins frá síðasta náttúruverndarþingi."

Síðan eru taldar upp lið fyrir lið athugasemdir Náttúruverndarráðs á fjölmörgum blaðsíðum þar sem ráðið leggur til veigamiklar breytingar á frv. frá því sem fyrir liggur og í raun kveður þar nú við allt annan tón og liggur fyrir allt annað, víðtækara og gagnrýnna mat

en Náttúruverndarráði gafst ráðrúm til að veita undir þrýstingi frá hæstv. ráðherra í byrjun desember 1993 varðandi það frv. sem lá fyrir á fyrra þingi. Fyrir utan það voru ýmsar veigamiklar breytingar gerðar sem ráðinu líst síður en svo á í sambandi við frv. Er skemmst frá að segja, af því að ég vil ekki vera að taka allt of mikinn tíma í að fara yfir þessar umsagnir og umsögnin frá Náttúruverndarráði fylgir áliti minni hluta umhvn. fyrir þá sem vilja kynna sér hana, virðulegur forseti, að þær tillögur sem liggja fyrir frá Náttúruverndarráði mundu breyta frv. í mörgum veigamiklum atriðum en meiri hluti umhvn. tekur ekki nema lítið af þeim tillögum í sínar brtt. sem liggja fyrir.

Það ber vissulega að harma, virðulegur forseti, og er satt að segja með ólíkindum að umhvrh. skuli telja að viðhorf sem fæðst hafa innan veggja hans ráðuneytis séu gildari en viðhorf þeirra sem hafa verið að fást við þessi mál árum saman og helgað sig vinnu að þeim bæði sem áhugamenn og sem kjörnir fulltrúar í Náttúruverndarráði.

Eins og ég sagði ætla ég ekki að fara í að fara yfir einstakar umsagnir í smáatriðum en ég tel mjög verðmætt að Náttúruverndarráð hefur lagt þessa miklu vinnu í að meta frv. og bera saman hvað er ætlað að falli undir hinar ýmsu stofnanir sem hér er verið að leggja til, hina nýju ríkisstofnun Landvörslu ríkisins, hvað eftir standi hjá Náttúruverndarráði og hvað það er sem ráðið tekur við.

Vil ég þá víkja, virðulegur forseti, að öðrum atriðum sem komu fram við frv. Það bárust skriflegar athugasemdir frá nokkrum aðilum en ég ætla aðeins að víkja frekar að því sem fram kom í máli Páls Sigurðssonar sem kom tvívegis á fund nefndarinnar og lagði þar fram á nýjan leik þá umsögn sem Ferðafélag Íslands hafði komið á framfæri en bætti við ýmsum atriðum sem ég tel svo þýðingarmikil að nauðsynlegt sé að víkja að þeim hér sérstaklega. Á fundi nefndarinnar flutti forseti Ferðafélags Íslands með mjög skýrum hætti veigamikil rök fyrir því að ýmis ákvæði í frv. stönguðust beinlínis á við eðlilega stjórnsýslu. Hann sagði, m.a. samkvæmt minnispunktum sem ég skráði eftir honum og aðra skildi hann eftir skriflega, að varðandi meginstefnuna í frv. teldi hann ekki rétt staðið að málum, þ.e. að taka stjórnunarþáttinn einan út úr en láta önnur atriði standa óhreyfð. Þvert á móti hefði verið ástæða til að taka öll náttúruverndarlögin til heildarendurskoðunar. Hann benti á þá tillögu sem stjórn Ferðafélagsins gerir að nýjum lögum til þess að sýna að unnt sé að vinna að þessum málum öðruvísi og í það hafði stjórn Ferðafélagsins lagt mikla vinnu eins sú tillaga að frv. ber vott um sem stjórn félagsins vísaði til.

Varðandi stjórnunina sérstaklega þá taldi forseti Ferðafélagsins að hæpið væri að draga undir ráðuneytið margvísleg stjórnunaratriði sem ættu að vera í stofnun á vegum ráðuneytisins. Með þessu væri verið að koma í veg fyrir hlutverk ráðuneytisins sem áfrýjunaraðila og þetta gengi í raun þvert á ákvæði stjórnsýslulaga. Af þessu er ástæða til að hafa áhyggjur.

Forseti Ferðafélagsins lagði á það áherslu að hann teldi að það væri ekkert sem kallaði sérstaklega á það að fara að slá Náttúruverndarráð af í núverandi horfi og lagði áherslu á það að Ferðafélag Íslands hefði gott samstarf við ráðið á heildina litið og að ráðið hefði almennt séð staðið sig mjög vel í sínu starfi og það væri síst af öllu brýn ástæða til að breyta stöðu þess en láta ýmislegt annað ógert í sambandi við endurskoðun á lögunum.

Í skriflegri ábendingu sem barst umhvn. 16. des. frá Páli Sigurðssyni gefur hann síðan ábendingar um hvar sé að finna þau atriði sem hann hafi sérstakar áhyggjur af að því er stjórnsýsluþáttinn varðar, hvernig með óheppilegum og vafasömum hætti sé gert ráð fyrir ákvarðanatöku umhvrn. á frumstigi sem um leið skaðar í reynd möguleika á stjórnlegri kæru til ráðuneytisins. Það er ástæða til að minna aftur á það, virðulegur forseti, að hér talar prófessor í lögum við Háskóla Íslands sem gagnrýnir þetta frv. með þessum hætti.

Í umsögn í áliti minni hluta umhvn. er að finna tilvísun í álit stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga sem er mjög harðorð í garð frv., sérstaklega að því er varðar náttúruverndarnefndir. Það ætti að vera dálítið umhugsunarefni fyrir meiri hlutann sem ber ábyrgð á þeim brtt. sem hér liggja fyrir að stjórn sem mælir fyrir heilt stjórnsýslustig, þ.e. sveitarstjórnir í landinu, skuli bregðast við með þessum hætti. En það nægði ekki til að hreyfa við þeim sem meiri hlutann mynda, ekkert var gert með þetta sjónarmið stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga.

Ég ætla þá, virðulegur forseti, að koma að nokkrum atriðum sem snúa að frv. almennt þó að þar mætti fara yfir margt lið fyrir lið og væri svo sem ástæða til þess. En ég vil benda á nokkra efnisþætti og í fyrsta lagi taka undir þau sjónarmið sem fram koma í mörgum af umsögnunum um frv., bæði frá umsagnaraðilum og þeim sem komu á fund nefnarinnar, hversu hæpið það er að vera að ráðast í endurskoðun á aðeins hluta af gildandi löggjöf og ætla að skilja mjög þýðingarmikla þætti eftir óendurskoðaða.

Síðan vil ég nefna það sem er kannski uppistaðan í frv. hvað snertir stjórnsýsluþáttinn en það er sú stefna að leggja til að setja á fót nýja ríkisstofnun, Landvörslu ríkisins, og rímar það lítið saman við það sem uppi var haft af hálfu hæstv. umhvrh. á náttúruverndarþingi sem ég vitnaði til áður en á þeim tíma var ekki komin fram þessi snjalla lausn um Landvörslu ríkisins. Þá var meginatriðið að fella þessi mál undir ráðuneytið en það varð ekki niðurstaðan þegar tillögur komu síðan fram um endurskoðun á lögunum heldur það að setja á fót nýja ríkisstofnun sem tæki í raun við flestum verkefnum af Náttúruverndarráði.

Ef litið er til aðstöðu þessarar ríkisstofnunar og þeirra sem eiga að stýra henni þá er svigrúmið til þess að fjalla um það í einhverri fjarlægð frá valdboði ráðuneytisins ekki ýkja mikið. Eins og menn sjá af frv. og tillögum meiri hlutans er sett yfir Landvörslu ríkisins þriggja manna stjórn og er formaður hennar sérstaklega skipaður af umhvrh. og raunar stjórnin öll og jafnmargir til vara og skipunartími á að fylgja skipunartíma ráðherra. Við það ákvæði að láta skipunartíma

stjórnar fylgja starfstíma ráðherra geri ég út af fyrir sig ekki athugasemd og hef ég þá sérstaklega í huga formenn slíkra stjórna sem eru hugsaðir sem tengiliðir við viðkomandi ráðherra. En hér er gengið miklu lengra en algengt er í sambandi við yfirstjórn stofnana. Í stað þess að leita eftir tilnefningaraðilum þá ætlar ráðherra sér allan hlut í því máli að skipa stjórnina í heild og enn frekar að setja í reglugerð, eins og kveðið er á um í 4. gr. væntanlegra laga: „Ráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli um hlutverk og starfsskyldur framkvæmdastjóra og stjórnar." Ráðherra sem ber þessa tillögu fram ætlar sér í rauninni allan hlut gagnvart þessari ríkisstofnun með mjög óvenjulegum hætti og færa undir þessa nýju ríkisstofnun, sem verður undir hans forsjá með þeim hætti sem kveðið er á um í frv., flest af verkefnum núverandi Náttúruverndarráðs.

Það er kveðið á um verkefnin lið fyrir lið í sambandi við Landvörslu ríkisins og má gera margar athugasemdir við hvernig þar er haldið á máli. Þó að um sumt sé fyrst og fremst um að ræða endurtekningu á því sem er í gildandi lögum og fellur undir ráðuneytið þá er einnig aukið við nýjum atriðum. Það segir t.d. um Landvörslu ríkisins, með leyfi forseta:

„Landvarsla ríkisins skal hafa forgöngu um fræðslu á svæðum í umsjón hennar, m.a. útgáfu á fræðsluefni um náttúrufar.

Landvörslu ríkisins er heimilt að setja á stofn og reka gestastofur í þjóðgörðum og á öðrum náttúruverndarsvæðum eftir því sem ákveðið er í fjárlögum hverju sinni. Í gestastofu skal veita fræðslu um náttúru staðarins, jarðmyndanir og lífríki, fornleifar og aðrar þjóðminjar, reglur sem gilda um svæðið, náttúruvernd og sögu byggðar og landnýtingar. Heimilt er að taka gjald fyrir fræðsluefni og veitta þjónustu í gestastofu."

Hér er verið að innleiða, virðulegur forseti, heimild til gjaldtöku fyrir þjónustu í gestastofu og er margt talið upp í þessu. Hins vegar vantar í rauninni skilgreiningu á því hvað átt er við með „veitta þjónustu" sem á að vera gjaldtökuhæf og er eitt af því sem er mjög óskýrt í þessum texta.

Við hljótum líka að vekja athygli á því að um leið og Landvörslu ríkisins er ætlað að hafa forgöngu um fræðslu á svæðum í umsjón hennar, útgáfu á fræðsluefni og öðru þess háttar þá er þessu öllu ætlað að falla undir núverandi fjárlagaramma eins og sjá má af umsögn með frv. og með vísan í ræður hæstv. ráðherra þegar hann mælti fyrir frv. þá á þetta ekki að verða til neins teljandi kostnaðarauka heldur á starfsemin samkvæmt þessum lögum, bæði það sem varðar Náttúruverndarráð og Landvörsluna, að falla fjárhagslega undir þann kostnaðarramma sem Náttúruverndarráði er nú sniðinn.

Varðandi Landvörsluna sérstaklega ætla ég að víkja, virðulegur forseti, að því sem snýr að náttúruverndarnefndunum sem er annar þáttur þessa máls. Þó er rétt, virðulegur forseti, að ég víki aðeins áður að væntanlegri 9. gr. frv. sem snýr að Landvörslunni. Þar segir:

„Að fengnu áliti Landvörslu ríkisins getur umhvrh. með samningum falið öðrum umsjón náttúruminja og friðlýstra svæða, að þjóðgörðum undanskildum, t.d. sveitarfélögum, ferðafélögum, áhugasamtökum um náttúruvernd og einstaklingum. Í samningum skal kveðið á um réttindi og skyldur samningsaðila hvað varðar umsjón með svæði, mannvirkjagerð þar og aðrar framkvæmdir, landvörslu og menntun starfsmanna, móttöku ferðamanna og fræðslu og þjónustugjöld. Um ráðstöfun þjónustugjalda fer skv. 3. mgr. 17. gr.

Eftirlit með framkvæmd slíkra samninga er á hendi Landvörslu ríkisins."

Hér er verið að gera ráð fyrir mjög víðtækri heimild til þess að fela öðrum umsjón náttúruminja og friðlýstra svæða. Manni býður í grun að þetta sé eitt af því sem hæstv. ráðherra ætlar til sparnaðar í sambandi við meðferð þessara mála. Nú getur það vissulega komið til greina og hefur verið tíðkað að leita sér samninga við aðila um eftirlit með svæðum og umsjá svæða og vissulega getur það komið til greina. Hins vegar skiptir afar miklu máli að þar sé samræmis gætt og að sá aðili sem á að hafa eftirlit með höndum geti rækt það eftirlit þannig að ekki rekist þar hvað á annars horn í málsmeðferð. Ég hef af því nokkrar áhyggjur hvernig á þessu máli verði haldið. Óskað var eftir því í umhvn. að fá frá umhvrn. sérstaka greinargerð um það efni hvernig ráðuneytið hygðist standa að þessum málum, en hún barst ekki þrátt fyrir óskir þar að lútandi og verður að telja það miður að svo var ekki. Ráðuneytið var hins vegar að koma með brtt. alltaf öðru hvoru inn í nefndina og setja fram sjónarmið og um viss atriði fékk nefndin ábendingar á síðasta stigi frá umhvrn. sem ég mun koma að nokkru síðar.

En þá að náttúruverndarnefndunum skv. 10. gr. Þar segir, með leyfi forseta:

„Á vegum hvers sveitarfélags eða héraðsnefndar skal starfa þriggja til sjö manna náttúruverndarnefnd. Sveitarstjórnir og héraðsnefndir ákveða fjölda nefndarmanna og kjósa þá til fjögurra ára í senn og ákveða formann. Varamenn skulu kosnir jafnmargir til sama tíma.

Náttúruverndarnefndir hafa það hlutverk að stuðla að náttúruvernd hver á sínu svæði, m.a. með ábendingum og tillögugerð til sveitarstjórna, umhvrn., Landvörslu ríkisins og Náttúruverndarráðs."

Má segja að hér sé kannski ekki að formi til stórfelld breyting á því sem verið hefur að öðru leyti en því að ekki er kveðið á um hlutverk nefndanna með útfærðum hætti og látið nægja að vísa til þess að hlutverk þeirra sé að stuðla að náttúruvernd hver á sínu svæði með ábendingum til þar til nefndra aðila. Ég held að þetta sé einn af stóru veikleikunum í frv., að ganga ekki öðruvísi frá málum. Að því er vikið í áliti minni hluta nefndarinnar og svo ég segi mína skoðun á þessu þá hefði ég talið að það ætti að skilgreina sem skýrast umdæmið fyrir náttúruverndarnefndir, t.d. að miða umdæmi þeirra við kjördæmi. Þá er ég að sjálfsögðu ekki að tala um náttúruverndarnefndir sem nú starfa á vegum sveitarfélaga eða héraðsnefnda heldur að kjósa sérstaklega náttúruverndarnefndir í vel skilgreindum umdæmum sem gjarnan mættu falla að starfssvæðum náttúrustofa sem nú hafa byrjað starf-

semi sína og að þær fengju ákveðin hlutverk og meiri en hér er að stefnt. Í því sambandi vísa ég til þeirra mörgu ábendinga og gagnrýnisradda sem finna má í umsögnum um frv., að gert sé of lítið af því að fela aðilum heima fyrir, sem tengjast svæðunum, skilgreind verkefni samkvæmt lögunum.

Það eru mistök að mínu mati að vera að blanda umhverfisnefndum sveitarfélaga í þessa löggjöf. Ég tel að það eigi að vera verkefni sveitarfélaganna að ákvarða um slíkt og kjósa slíkar nefndir að sjálfsögðu, en ég tel að það væri mun betur fallið að hafa umdæmi náttúruverndarnefnda sem störfuðu samkvæmt löggjöf um náttúruvernd stærri og vel skilgreind og hlutverkin skýrt afmörkuð. Það væri vissulega vel til fundið að á þeim svæðum sem náttúruverndarnefndir starfa, t.d. í kjördæmum landsins, væri kvatt til þinga árlega eða með einhverju tilteknu millibili til þess að fara yfir náttúruverndarmál á viðkomandi svæði og efla þar með frumkvæði og hlut heimamanna í þessum málum.

Í þessu sambandi er vert að minna á það að samkvæmt gildandi lögum er ríkinu ætlað að standa straum af kostnaði við framkvæmd laganna þar á meðal við störf náttúruverndarnefnda. Nú kann að vera að í reynd hafi ekki mikið reynt á þau ákvæði en þarna er hins vegar verið að létta af ríkinu þessari kvöð að því er náttúruverndarnefndirnar varðar og gert ráð fyrir því að kostnaður af störfum þeirra sé borinn uppi af sveitarstjórnum, hverri fyrir sig eða þeim sem kjósa náttúruverndarnefnd á vegum héraðsnefnda ef þær sameinast um slíkt. Enn má minna á það að fjárveitingaramminn sem ráðherra og ríkisstjórn hafa markað um þessa lagabreytingu er hinn sami og verið hefur þannig að ekki er gert ráð fyrir kostnaðarauka.

Ég ætla hér, virðulegur forseti, ekki að víkja að mörgum fleiri atriðum sem snerta náttúruverndarnefndir en tel óhjákvæmilegt að koma inn á verkefni og valdsvið Náttúruverndarráðs sem eftir situr samkvæmt þeim tillögum sem hér eru mótaðar og liggja fyrir við 2. umr. málsins. Það er gert ráð fyrir því að náttúruverndarþing sem komi saman annað hvert ár, kjósi Náttúruverndarráð sem skipað skal sjö mönnum og jafnmörgum varamönnum. Eins og fram kemur í væntanlegri 12. gr. laga undir k-lið í yfirliti með nál. meiri hluta umhvn. þá segir þar, með leyfi forseta:

„Náttúruverndarráð hefur skrifstofu og ræður framkvæmdastjóra til að veita henni forstöðu og aðra starfsmenn eftir því sem þurfa þykir.

Ríkissjóður greiðir laun framkvæmdastjóra og veitir enn fremur framlag til reksturs skrifstofu eftir því sem ákveðið er í fjárlögum hverju sinni. Ríkissjóður greiðir einnig fasta þóknun til ráðsmanna fyrir setu í Náttúruverndarráði."

Þó að þessi ákvæði geti út af fyrir sig heimilað fjárveitingavaldinu að skammta rúmar en þarna er vikið að varðandi tiltekin verkefni sjá það allir sem þekkja til, ekki síst með tilliti til þess sem segir í umsögn um frv. frá fjmrn., að hér er ekki gert ráð fyrir miklum umsvifum að því er snertir Náttúruverndarráð. Hlutverk ráðsins er líka, eins og fram er dregið í umsögn Náttúruverndarráðs við frv., orðið harla léttvægt og kallar kannski ekki á mikið fjármagn. Þó dreg ég mjög í efa að það fjármagn sem þó er gert ráð fyrir samkvæmt tillögunum að gangi til Náttúruverndarráðs nægi til þess að standa undir eðlilegri starfsemi miðað við þann ramma sem dreginn er um starfsemi ráðsins.

(Forseti (SalÞ)**:** Forseti vill aðeins skjóta hér inn orði og spyrja hv. þm. hvort hann eigi eftir mikið af ræðu sinni þar sem gert hafði verið ráð fyrir að gera hlé milli sjö og hálfníu í kvöld. Óskar hann eftir að ljúka henni eða fresta henni?)

Virðulegur forseti. Ég er staddur í yfirferð yfir frv. og á eftir allverulegan þátt sem snýr að frv. þannig að ég mundi kjósa að gera hlé á máli mínu og taka þráðinn upp þegar fundi er fram haldið. — Vill forseti að ég geri hlé núna? Það skal gert, virðulegur forseti.

[Fundarhlé. — 19:01]

Virðulegur forseti. Ég var þar kominn í máli mínu við að fjalla um frv. sem hér er til umræðu þar sem fjallað er um hlutverk Náttúruverndarráðs, væntanlegri 13. gr. frv. Í athugasemdum mínum styðst ég við fskj. II með nál. frá meiri hluta umhvn. þar sem lögin um náttúruvernd með breytingu samkvæmt frv. og brtt. meiri hluta umhvn. eru prentuð og breytingar eru skáletraðar. Þetta segi ég til skýringar, virðulegi forseti, þannig að ekki fari milli mála við hvaða texta ég styðst. Ég hef áður talað um að það sé jákvætt að fá þannig heildaryfirlit yfir tillögurnar eins og þær liggja fyrir og mætti verða til eftirbreytni í málum þar sem svo mikið er um brtt.

Í 13. gr. er fjallað um hlutverk Náttúruverndarráðs og það sýnist vera heldur rýrt þannig að ýmsir hafa varpað fram spurningu um hvort ástæða sé til að viðhalda þessu kerfi og viðhalda Náttúruverndarráði ef það yrði ofan á að setja á fót aðra ríkisstofnun, Landvörslu ríkisins eins og hún er kölluð í þessu frv. Eitt af því sem lagt er á Náttúruverndarráð samkvæmt tillögum meiri hlutans er að veita umsögn um öll stjfrv. á sviði náttúruverndar áður en þau eru lögð fram á Alþingi svo og umsögn við setningu reglugerðar um náttúruvernd. Þó að ég hafi ekki á móti því að þannig sé haldið á máli að leitað sé eftir áliti Náttúruverndarráðs þá vekur það óneitanlega nokkra athygli að það skuli vera lögboðið með þessum hætti sem leggur þá ríkisstjórnum á herðar að leita eftir áliti ráðsins á öllum stjfrv. á sviði náttúruverndar áður en þau eru lögð fram á Alþingi. Mér sýnist þetta vísa til þess að Náttúruverndarráð fái þarna umsagnarrétt um stjfrv. væntanlega eftir að þingflokkar hafa um þau fjallað og áður en frv. er fullbúið lagt fyrir þingið án þess að ég vilji taka ómakið af þeim sem eiga að útfæra þetta mál. En þetta getur vissulega haft nokkur áhrif og væntanlega til bóta þannig að efnislega hef ég ekki á móti þessu en vek aðeins athygli á að þetta er nýstárlegt fyrirmæli og jafngott að við það verði staðið í reynd en upp kunna auðvitað að koma ýmis markamál um það hvað eru stjfrv. á sviði náttúruverndar. Eins og við vitum þá teygir sig náttúruvernd, ég tala ekki um ef um umhverfisvernd er að ræða, býsna víða og væri þá ástæða til að túlka þetta ákvæði rúmt ef að lögum verður.

Í lok 13. gr. er ákvæði sem mér finnst vera dálítið

sérstætt að ætla að lögbjóða ráði undir stjórn umhvrn. þar sem segir orðrétt í lok 13. gr.:

„Náttúruverndarráð og umhvrh. hafa fund með sér tvisvar á ári eða oftar ef þurfa þykir um stefnu og ákvarðanir stjórnvalda er varða náttúruvernd."

Hér er fast að kveðið í þessum efnum um að ráðherra skuli eiga fund með Náttúruverndarráði tvívegis á ári eða oftar. Þetta er einnig allnýstárlegt í löggjöf að kveða svo á um en þykir kannski ástæða til. Ég er ekki að segja að þetta sé neitt til að andæfa á móti sérstaklega en manni finnst það kannski vera sjálfsagðir hlutir að það ætti að mega koma svona starfsháttum við án þess að kveðið sé á um það í lögum.

Þetta minnir hins vegar á það, virðulegi forseti, að hér er afskaplega fátæklegt í þingsal af þeim sem bera þetta mál fram sem hér er rætt. Hvorki hæstv. ráðherra né frsm. meiri hluta nefndarinnar hafa sýnt sig enn sem komið er. Ég óska eftir því eindregið, virðulegur forseti, að þeir komi í þingsalinn svo að ég sé ekki að tala hér yfir tómum bekkjum fyrir utan hv. ...

(**Forseti** (SalÞ): Báðir tilgreindir aðilar eru í húsi og hér birtist nú hv. 11. þm. Reykn. og hæstv. umhvrh. er einnig í húsinu svo væntanlega kemur hann fljótlega.)

Mætti ég biðja um, virðulegi forseti, að það verði gerð boð eftir ráðherranum, að óskað sé eftir nærveru hans í þingsal? En ég ætla síður en svo að vanmeta það að á mál mitt hefur hlýtt frá því að ég hóf það á nýjan leik hv. 15. þm. Reykv. og er að því verulegur stuðningur fyrir utan nærveru hæstv. forseta.

Þetta voru þessi tvö atriði í 13. gr. sem mér fannst vera nokkuð sérstök og ég vildi vekja athygli á.

Í 14. gr. er kveðið á um að Náttúruverndarráð skuli annast vörslu friðlýsingarsjóðs og raunar að tilnefna formann þriggja manna stjórnar þar sem einn á að vera frá Náttúruverndarráði, einn frá Landvörslu ríkisins tilnefndur og sá þriðji tilnefndur af Náttúrufræðistofnun Íslands, allir þrír skipaðir af umhvrh. til tveggja ára að loknu náttúruverndarþingi. Það er kannski það gildasta sem Náttúruverndarráð er sett yfir fyrir utan að mega gera tillögur og veita umsagnir um eitt og annað að forvalta þennan friðlýsingarsjóð. Það getur verið ágætt að ráðið hafi þar ítök með þessum hætti og hér hefur orðið sú bót á ráði frá því sem áður var, sýnist mér, að vísað er til skipulagsskrár þjóðhátíðarsjóðs en ekki er hins vegar að því vikið í tillögunum hver fari með þessar skipulagsskrár, þ.e. hver breyti henni. Mér er það ekki í minni hvort það er tekið fram í skránni sjálfri en samkvæmt greininni er hæstv. ráðherra ætlað að setja í reglugerð nánari fyrirmæli um starfsemi friðlýsingarsjóðs. E.t.v. á að skilja það svo að gert sé ráð fyrir að ráðherrann geti breytt skipulagsskránni en þetta finnst mér svolítið óljóst eftir uppsetningunni og vek athygli frsm. meiri hluta umhvn. á þessu atriði.

Í 15. gr. frv. eins og það er sett upp til glöggvunar í fskj. II er vikið að gróðurvernd. Þar hafa svo sem ekki önnur tíðindi orðið en þau að umhvrn. skal ásamt Landgræðslu ríkisins og Skógrækt ríkisins sinna þessum þáttum. Þar segir, virðulegi forseti, það er kannski rétt samhengis vegna að ég lesi ákvæði greinarinnar, með leyfi forseta:

„Umhvrn. skal ásamt Landgræðslu ríkisins vinna að gróðurvernd og hafa eftirlit með ástandi gróðurs. Getur ráðuneytið falið gróðurverndarnefndum slíkt eftirlit.

Umhvrn. skal ásamt Skógrækt ríkisins vinna að verndun og eftirliti með náttúrulegum birkiskógum og skógum til útivistar.

Umhvrh. getur í samráði við landbrh. ákveðið friðunar- og uppgræðsluaðgerðir á sviði gróður- og skógverndar skv. 1. og 2. mgr."

Hér er sem sagt umhvrn. sett inn í staðinn fyrir Náttúruverndarráð en þegar umhvrn. var sett á stofn 1990 var gerð breyting á lögunum um náttúruvernd og þessi veiki vísir að íhlutunarrétti umhvrn. um gróðurverndarmál settur inn. Hann hefur að engu leyti styrkst við þessa breytingu sem hér er lögð til. Það er í rauninni allt að öðru leyti óbreytt og hefur nánast næsta lítið orðið úr því sem núv. hæstv. umhvrh., ef ég man rétt, ætlaði sér þegar hann tók við starfi að færa út áhrif ráðuneytisins á þessu sviði sérstaklega og bjó sig undir reipdrátt við hæstv. landbrh. um þessi mál. Svo virðist sem hæstv. umhvrh. hafi orðið nokkuð léttur á toginu og ekki halað neitt inn til umhvrn. að þessu leyti en ég vil taka það fram að ég hefði stutt hæstv. ráðherra ef míns liðsinnis hefði verið óskað eða ég getað lagt því eitthvert lið því að ég hef lengi verið þeirrar skoðunar að almennt eftirlit með gróðurríki, með gróðri landsins sem auðlind eigi að falla undir umhvrn. og umhvrh. en síðan verði byggt á landnotaskipulagi um það hvernig háttað er nýtingu gróðursins sem auðlindar, m.a. með skipulagsákvörðun um það hvar skuli vera landbúnaðarsvæði með beitarréttindum fyrir þá sem standa fyrir beit, þ.e. bændur, en almenna eftirlitið sé í höndum umhvrn.

Þetta er því miður ekki tilfellið samkvæmt þessum tillögum og hér sú undarlega staða uppi, að mér finnst, að ráðuneytið er sett í jafnstöðu við stofnanir undir landbrn. en ekki að það sé landbrn. sem umhvrn. eigi samstarf við, sé hinn formlegi aðili, heldur er beinlínis vísað til stofnana á vegum landbrn. Það finnst mér skjóta mjög skökku við og hefur vissulega verið vakin athygli á þessu af fleirum en mér. M.a. minnir mig að að þessu sé vikið í ábendingum frá Páli Sigurðssyni lögmanni og fleiri hafa að þessu vikið og þetta kom til umræðu í nefndinni án þess að á þvíhafi verið gerðar breytingar. Hér er sú sérkennilega skipan, sem er óbreytt að ég hygg frá gildandi lögum, þar sem segir: „Getur ráðuneytið falið gróðurverndarnefndum slíkt eftirlit."

Nú er það svo að gróðurverndarnefndir eru starfandi samkvæmt lögum um landgræðslu frá 1965 og þau lög heyra undir landbrn. Lögin um landgræðslu og gróðurverndarnefndirnar heyra undir landgræðsluna og í útvíkkuðu formi undir yfirstjórn landbrn. svo að mér finnst þetta vera nokkuð kynleg lagasetning sem raunar á rætur í lögunum um breytingu á Stjórnarráðinu og þeim breytingum sem voru gerðar með stofnun umhvrn. 1990. Á þessu vek ég athygli, virðulegur forseti, og ég hefði ekki viljað standa að þessu svona og væri ekkert á móti því að ábyrgðaraðilar þessa máls skýrðu

það hvernig þeim dettur í hug að gera slíkar tillögur eins og þessa. Er ég þá ekki að tala um stóra málið, sem sagt að setja gróðurverndarþáttinn í mun ríkara mæli undir umhvrn. eins og ástæða væri til.

Athugasemd mín sem snýr að stofnuninni Landgræðsla ríkisins á jafnframt við um Skógrækt ríkisins sem er gerð þarna að jafnstöðuaðila við umhvrn. Síðan segir í síðustu málsgreininni að umhvrh. geti í samráði við landbrh. ákveðið friðunar- og uppgræðsluaðgerðir á sviði gróður- og skógverndar. Þetta er líka bastarður frá 1990 að ég held og ekki átta ég mig á því hvort umhvrh. getur í rauninni boðið þetta og ákvæðið í samráði við sé aðeins hægt að túlka sem formsatriði. Trúlega er það á hinn veginn að þetta þurfi að vera samþykki beggja án þess að ég viti um hvernig á þessu máli hefur verið haldið en mér er næst að halda að það hafi afskaplega lítið gerst í krafti þessara ákvæða hér umfram það sem í gangi var þegar umhvrn. var stofnað, þ.e. þetta nefndakerfi sem kallað er NASL og er samstarfsnefnd Náttúruverndarráðs, Landgræðslu, Skógræktar og líklega, ég man ekki hvort Rannsóknastofnun landbúnaðarins fylgdi þar með en það er önnur saga.

Það er áhyggjuefni að ekki hefur gengið betur í þessu máli en raun ber vitni og ég minnist þess að um það leyti sem núv. hæstv. umhvrh. var að taka við ráðuneytinu hafði hann uppi talsvert ákveðin orð um það að hann mundi leggja í þá glímu við landbrn. að ná þarna einhverjum áhrifum og við sjáum hver er niðurstaðan ef marka má þær tillögur sem hér liggja fyrir.

Virðulegi forseti. Þá er kaflinn um greiðslu kostnaðar af framkvæmd laganna eftir því sem fé er til þess veitt á fjárlögum. Það er ríkissjóður sem á að annast það. Nú var það svo að í gildandi löggjöf er þetta svipað en þar mátti túlka það svo að kostnaður við starfsemi náttúruverndarnefnda féll á ríkið en ég sé ekki að tekið sé á því máli í 10. gr. um náttúruverndarnefndirnar. Það virðist því standa opið þó að ég hafi heyrt hina túlkunina, að kostnaðurinn við náttúruverndarnefndirnar eigi að greiðast af viðkomandi sveitarfélögum. Ég vek athygli á þessu. Það kann að vera að mér hafi missýnst og þessu sé einhvers staðar fyrir komið þannig að tryggt sé. En öryggisins vegna, samkvæmt varúðarreglu, kem ég þessu á framfæri.

Þá kemur 17. gr. sem hefur að geyma allþýðingarmikil ákvæði en skv. 2. mgr. hennar er umhvrh. heimilt að fenginni tillögu Landvörslunnar að ákveða tímabundið gjald fyrir aðgang að náttúruverndarsvæðum. Heimild þessi nær þó aðeins til svæða þar sem spjöll hafa orðið af völdum ferðamanna eða hætta er á slíkum spjöllum. Þetta er nýmæli í löggjöf að ætla með þessum hætti að lögbjóða slíka heimild um gjaldtöku eins og hér er gert ráð fyrir.

Ég er, virðulegi forseti, að líta á skýringar í upphaflegu frv. varðandi þetta efni og leyfi mér að vísa til þess sem stendur á bls. 14 í grg. með frv. Þar segir, með leyfi forseta:

„Í nýrri 16. gr. verður umhvrh. heimilt, að fengnum tillögum Landvörslu ríkisins, að ákveða gjald fyrir veitta þjónustu í þjóðgörðum og friðlöndum. Heimild þessi er þó bundin því skilyrði að vel sé skilgreint hverju sinni hvað verið er að greiða fyrir. Jafnframt verður ráðherra heimilt skv. 1. mgr. nýrrar 16. gr. að ákveða tímabundið gjald fyrir aðgang að náttúruverndarsvæðum, að fenginni umsögn Landvörslu ríkisins, ef spjöll hafa orðið af völdum ferðamanna á slíku svæði eða hætta er á spjöllum. Skv. 3. mgr. skal sú almenna regla gilda að tekjum skuli varið til eftirlits eða framkvæmda á sama svæði og þeirra er aflað."

Svo segir áfram í skýringunni og er um mjög mikilvægt atriði að ræða, tel ég vera, virðulegi forseti:

„Ferðamenn þurfa nú víða að greiða fyrir veitta þjónustu á friðlýstum svæðum og nægir þar að nefna greiðslu fyrir tjaldstæði og aðgang að hreinlætisaðstöðu. Slík gjöld eru t.d. innheimt í þjóðgörðunum, sem eru ríkisreknir, og á svæðum þar sem ferðafélög hafa komið upp aðstöðu fyrir ferðamenn. Gjaldtaka þessi er ekki nema að litlu leyti samræmd og í sumum tilfellum hafa gjöld verið hærri en nauðsyn krafði til að standa straum af kostnaði."

Þetta er dálítið sérkennilegt orðalag í þessari skýringu og erfitt að vita hvað við er átt. Það hefði verið betra að tala skýrt í þessum efnum þar sem verið er að vísa til þessa. Síðan segir í skýringunni:

„Eðlilegt er að tekjum sé varið til framkvæmda og rekstrar á sama svæði og þær eru innheimtar en fyrir því er engin trygging nú. Áhöld hafa einnig verið um hvort heimild er fyrir þeirri gjaldtöku sem tíðkast hefur. Í ljósi þessa þykir rétt að setja í lög skýr ákvæði um gjaldtöku í þjóðgörðum, friðlöndum og á öðrum náttúruverndarsvæðum. Rétt þykir að heimila sérstaka gjaldtöku á svæðum þar sem spjöll hafa orðið eða hætta er á spjöllum. Tilgangur slíkrar gjaldtöku er að draga úr aðsókn, sérstaklega stórra hópa ferðamanna og til að afla fjár til forvarna."

Þetta er dálítið merkileg samsetning, virðulegur forseti, og dálítið erfitt að átta sig á því hvernig eigi að útfæra þetta og í rauninni hvert sé markmiðið með þessu. Í lagatextanum sjálfum segi í lok 2. mgr.: „Heimild þessi nær þó aðeins til svæða þar sem spjöll hafa orðið af völdum ferðamanna eða hætta er á slíkum spjöllum."

Hér koma upp mörg túlkunaratriði og mörg matsatriðin og ég óskaði eftir því í umhvn. að fá um það skýringar hvernig á þessu yrði haldið og hvernig ráðuneytið túlkaði þessi ákvæði. Við því fengust engin svör áður en málinu var svipt út úr nefndinni af meiri hluta. Er það mjög miður því ef svo fer að þetta frv. verði að lögum hefði verið betra fyrir þann sem á að taka við þessum samsetningi — fyrirgefið orðbragðið, taka við þessari afurð að hafa hugmynd um hvaða hugsun liggur þarna að baki eitthvað skýrar en er að finna í grg. sjálfri og með þessu opna orðalagi sjálfs lagatextans. Það væri ekkert úr vegi að hæstv. umhvrh. og e.t.v. hinn orðvari og orðfái frsm. meiri hluta umhvn. veitti þingheimi þá úrlausn og rausn að segja eitthvað um þetta efni sem gæti orðið til skýringar á þessum allþokukenndu ákvæðum að því er varðar gjaldtöku.

Hér er verið að innleiða í rauninni alveg nýja siði

með þessu, þ.e. með því að fara að selja aðgang. Fyrir þjónustu hafa menn tekið gjöld og að því er vikið að þörf geti verið á því að afla til þess skýrari lagaheimildar en verið hefur. Ekki ætla ég að hafa á móti því og engar athugasemdir geri ég við það að heimild sé til gjaldtöku fyrir skilgreinda þjónustu sem veitt er og eðlilegt getur talist að taka fyrir gjald, svo sem vegna dvalar á tjaldsvæði og er það kannski fyrst og fremst það sem hefur verið í reynd. Ég tel að það beri að fara mjög varlega samt með þessa þætti varðandi gjaldtöku af þjónustu þó geta þar legið fyrir eðlileg atriði og eitt af því er t.d. sala á rituðu máli í einhverju umfangi umfram almennar upplýsingar sem er ekki rétt að fara að selja sem eru til að fyrirbyggja náttúruspjöll og greiða götu ferðamanna á náttúruverndarsvæðum. Ef um er að ræða einhver gildari ritverk þá er ekkert óeðlilegt að þau séu seld eins og hverjar aðrar bókmenntir.

En þetta með aðganginn að náttúruverndarsvæðunum og gjaldtöku þar. Í fyrsta lagi tel ég að það verði ekki mikill gróðavegur, ef það er hugsunin að einhverju leyti, að fara að selja aðgang að náttúruverndarsvæðum. Ef maður reynir að átta sig á hvernig á verði haldið, hver hugmyndin sé í þessu efni þá hlýtur það að verða með þeim hætti, svo ég taki nú eitt það svæði sem ég þekki hvað best sem er þjóðgarðurinn í Skaftafelli, ég sé ekki að þeir séu undanþegnir gjaldtöku, að væntanlega verði á þjóðgarðsmörkum, þar sem nú er hlið eða merki, sett upp innheimta á aðgangi að þjóðgarðinum, því það er það sem verið er að tala um, og öllum gert að kaupa sig þar inn. Þetta er alveg nýtt hérlendis. Ég hef orðið var við slíkan aðgangseyri erlendis. Ég man bæði eftir því vestan hafs og í þjóðgarði í Afríku að verða fyrir því að þurfa að greiða smáupphæð í aðgangseyri þannig að málið er ekki óþekkt erlendis frá en varðandi náttúruverndarsvæði þar sem ekki er mikil aðsókn þá held ég að gjaldtakan verði mjög kostnaðarsöm í raun og frekar útgjaldaefni en tekjuliður vegna kostnaðar við innheimtuna. Álitaefnin eru því mörg í sambandi við þetta.

Síðan er það þetta stóra matsatriði sem varðar stjórnun, þ.e. aðgangseyri sem fyrirbyggjandi aðgerð, einhvers konar náttúruverndaraðgerð sem gert er ráð fyrir sbr. orðalagið „nær þó aðeins til svæða þar sem spjöll hafa orðið af völdum ferðamanna eða hætta er á slíkum spjöllum.“ Það er það. Hætta á að ferðamenn valdi spjöllum. Þetta er afskaplega stórt grátt svæði, eins og stundum er sagt, óljóst hvernig með skuli farið.

Það er til orðið jarðvöðull, virðulegur forseti, í íslensku máli ef ég man rétt, jarðvöðull, þessi og hinn sé jarðvöðull. Þá eru það væntanlega slíkir jarðvöðlar sem þarf að girða fyrir að mæti þarna. En þó hygg ég nú að ...(**Gripið fram í:** Látinn borga.) Látinn borga mikið. En þó hygg ég nú svona í fullri alvöru mælt að þarna hafi menn í huga slit á landi almennt séð, slit á gangstígum sem lagðir eru o.s.frv. og hugsi sér að fara að setja upp aðgangseyri til að draga úr aðsókn eins og segir í skýringunni því að það er beinlínis vikið að því að tilgangur slíkrar gjaldtöku — þar sem spjöll hafa orðið eða hætta er á spjöllum — tilgangur slíkrar gjaldtöku sé að draga úr aðsókn, sérstaklega stórra hópa ferðamanna og til að afla fjár til forvarna. Það er hvort tveggja samkvæmt því. Þá fer þetta nú að verða talsvert gjald áreiðanlega ef þetta á að virka þannig að þetta dragi úr aðsókn, talsverð upphæð grunar mig eða a.m.k. eitthvað sem viðkomandi telur sig muna um að greiða og þá er farið svona að. Þá kemur álitaefnið að því er varðar mismunun miðað við gjaldþol hjá fólki.

Síðan er í 3. mgr. 17. gr. atriði sem var talsvert umræðuefni í umhvn. og ég sé mig tilknúinn til að víkja að hér sem er sú almenna regla að tekjunum skuli varið til eftirlits, lagfæringar eða uppbyggingar á sama svæði og þeirra er aflað. Þetta var t.d. forseta Ferðafélags Íslands tilefni til mikillar brýningar á fundi umhvn. en þangað kom forseti Ferðafélagsins á fund 15. des. sl. og hafði af þessu miklar áhyggjur vegna þess hvernig Ferðafélag Íslands hefur hagað sinni gjaldtöku en þeir eru með rekstur sem kunnugt er inni á náttúruverndarsvæðum allvíða, uppbygging sem varð hér fyrr á öldinni þegar menn höfðu ekki sýn til þess að varast það sem má teljast eðlilegt, varast það að setja niður dvalaraðstöðu á viðkvæmum náttúruminjum inni á verndarsvæðunum sjálfum. Forseti Ferðafélagsins orðaði það eitthvað á þá leið í nefndinni að frá fyrsta degi muni það valda miklum ágreiningi, þetta snúi mjög að Ferðafélagi Íslands og deildum þess en Ferðafélagið rekur 30–40 skála í óbyggðum og tekur fyrir gistigjald og gjald fyrir svefnpokapláss og kostar mikið fé að sögn forseta Ferðafélagsins að halda við þessum skálum. Þessu tengist net gönguleiða og gönguskála sem komið hefur verið upp sem mjög er notað og er vinsælt og Páll Sigurðsson sagði fyrir nefndinni, ég held að ég hafi það nokkurn veginn orðrétt: „Fari aðrir að ráðskast með þessa gjaldtöku er hætt við tjóni fyrir Ferðafélag Íslands og deildir þess.“ Hann vísaði til þess að Ferðafélag Akureyrar hefur sent nefndinni erindi um þetta og hann tók eindregið undir sjónarmið Akureyringanna og taldi að það yrði að skýra þetta í tengslum við b-lið 2. gr. frv. ef ég hef náð að skrá það rétt niður sem er breyting á 16. gr. náttúruverndarlaga og þetta snýr auðvitað sérstaklega að skálum innan friðlanda Náttúruverndarráðs, þar sem Ferðafélagið rekur skála innan friðlanda Náttúruverndarráðs. Forseti Ferðafélagsins taldi að þarna væri verið að vinna í þágu almennings í rekstri félagsins og þeir hafa ekki viljað í Ferðafélaginu lúta ákvörðun annarra varðandi þessa gjaldtöku og ekki miða sinn rekstur við hagnaðarsjónarmið eins og hann komst að orði, held ég.

Ég tel nauðsynlegt að koma þessum aðvörunarorðum og ábendingum á framfæri við þingið hvað þetta snertir og það er þá fyrst og fremst þetta sem snýr að tekjum á sama svæði og þeirra er aflað og ég hafði haldið að það væri í huga meiri hluta umhvn. eða nefndarinnar í heild því að um skeið var það svo að við væntum þess að geta staðið sameiginlega að brtt. um þetta frv. áður en fór í verra og hljóp í baklásinn hjá meiri hlutanum og varaformaður nefndarinnar fór að sýna tilþrif öllum að óvörum og svipti málinu út úr

nefndinni, gerði hana ómynduga að því er varðaði frekari málafylgju um þetta mál. Það má segja að varaformaðurinn hafi bara tekið upp vöndinn, sópað þessu öllu út úr nefnd hér inn í þingsali án þess að reynt væri að ná samkomulagi um nokkurn hlut. Á það reyndi ekki neitt. Ég held að það hafi ekki verið farsælt skref. Þó að það geti verið gott að hafa góða vendi og taka til eftir sig öðru hvoru þá er ekki sama hvernig þeim er beitt.

Nú erum við búnir að missa hæstv. ráðherra, virðulegur forseti, sem ber talsverða ábyrgð á málafylgju frsm. og varaformanns umhvn. að ég held. Það þykir mér heldur lakara og vona að það standi ekki lengi.

Umrædd umsögn Ferðafélags Akureyrar sem ég nefndi hér tekur einmitt á þessu efni sem varðar 17. gr. og ég leyfi mér að vitna til þessarar umsagnar sem er frá 11. des. 1994, þ.e. við frv. það sem lagt var fram í haust. Þar segir, með leyfi forseta, í framhaldi af því að sagt er að stjórn Ferðafélags Akureyrar hefur fjallað um frv. og vill í því sambandi beina eftirfarandi til hv. umhvn. Alþingis:

„Í 5. gr. frv. segir m.a. að Landvarsla ríkisins geti falið öðrum aðilum umsjón náttúruminja og friðlýstra svæða. Þar segir enn fremur að í samningum skuli kveðið á um réttindi og skyldur samningsaðila hvað varðar umsjón með viðkomandi svæði, mannvirkjagerð þar og aðrar framkvæmdir, móttöku ferðamanna og fræðslu og ráðstöfun tekna af gjaldtöku ef hún er leyfð og ákveðin samkvæmt 18. gr. laganna. Í 18. gr. frv. er fjallað um gjald fyrir veitta þjónustu í þjóðgörðum og friðlöndum. Segir þar m.a. að um ráðstöfun tekna sem aflað er skuli gilda sú almenna regla að tekjunum skuli varið til eftirlits, lagfæringar eða uppbyggingar á sama svæði og þeirra er aflað.“ Síðan segir: „Í athugasemdum við frv. er fjallað nánar um einstakar greinar þess. Þar segir m.a. um 5. gr. frv. að gert sé ráð fyrir að Landvarsla ríkisins feli öðrum, svo sem sveitarfélögum, ferðafélögum, einstaklingum og fleiri í ríkum mæli að annast framkvæmdir og rekstur á svæðum í umsjón Landvörslu ríkisins, t.d. á friðlýstum svæðum. Í athugasemdum við 18. gr. frv. er síðan fullyrt að gjaldtaka fyrir veitta þjónustu á friðlýstum svæðum sé ekki nema að litlu leyti samræmd og í sumum tilfellum hafa gjöld verið hærri en nauðsyn hefur verið til að standa straum af kostnaði.“

Þetta er ákvæði, það er innskot mitt, sem ég vék að og er að finna þarna á bls. 14 í frv. sjálfu og skýringum við það. Síðan segir í umsögn Akureyringa:

„Þeir sem samið hafa athugasemdirnar við frv. rökstyðja ofangreinda ásökun ekkert nánar.“ — Ég vek athygli á orðalaginu, „ásökun“, þeir taka þetta beint til sín sem þarna er. —„Ferðafélag Akureyrar hefur hins vegar ástæðu til að ætla að hér sé átt við gjöld fyrir þjónustu eins og gistingu í skála (skálagjöld eða tjaldgjöld) og viðdvöl að degi til með afnotum af salerni og eldhúsi eða daggjöld á friðlýstum svæðum eins og í Herðubreiðarfriðlandi. Ferðafélag Akureyrar afneitar því með öllu að skálagjöld, tjaldgjöld og daggjöld hafi verið ónauðsynlega há í Herðubreiðarlindum. Ferðafélag Akureyrar hefur í samvinnu við Náttúruverndarráð séð um landvörslu og þjónustu við ferðafólk í Herðubreiðarfriðlandi allt frá 1973. Allan þann tíma hefur verið fullkomlega útilokað að láta reksturinn standa undir sér. Á þessu hefur og verið fullur skilningur til skamms tíma hjá Náttúruverndarráði sem hefur í öll þessi ár greitt verulegan hluta kostnaðar við landvörsluna í Herðubreiðarfriðlandi.

Þegar sjálfboðavinna félaga Ferðafélags Akureyrar er reiknuð með eðlilegu verði kemur í ljós að Ferðafélag Akureyrar hefur tapað frá kr. 150 þús. til 600 þús. á ári nú undanfarið vegna rekstrar Herðubreiðarlinda. Sjálfboðavinna hefur hins vegar stundum gert Ferðafélagi Akureyrar kleift að nota tekjuafgang úr Herðubreiðarlindum til að byggja upp aðstöðu fyrir ferðafólk víðar á Ódáðahraunssvæðinu. Nægir hér að nefna byggingu skála við Bræðrafell 1977 og í Dyngjufjalladal 1993. Þessi uppbygging þjónar m.a því hlutverki að dreifa umferð fólks á Ódáðahraunssvæðinu frá viðkvæmum stöðum eins og Herðubreiðarlindum. Þannig hefur Ferðafélag Akureyrar notað fé úr Herðubreiðarfriðlandi til að vernda friðlandið sjálft með uppbyggingu þjónustu utan marka friðlandsins.“

Í lok umsagnarinnar segir, með leyfi forseta, og sér nú lítið til hæstv. ráðherra: „Stjórn Ferðafélags Akureyrar varar eindregið við þeirri hugsun sem fram virðist koma í 18. gr. þessa frv. og athugasemdum við hana að landvarsla og rekstur friðlýstra hálendissvæða sé gróðavænleg atvinnugrein sem ferðafélögin hafi hagnast óeðlilega á undanfarin ár. Þvert á móti vonast Ferðafélag Akureyrar eftir farsælu samstarfi við Landvörslu ríkisins ef af stofnun hennar verður líkt og verið hefur um samstarf Ferðafélags Akureyrar og Náttúruverndarráðs í Herðubreiðarfriðlandi undanfarna áratugi. Með vinsemd og virðingu, fyrir hönd Ferðafélags Akureyrar, Sigurður Jónsson formaður.“

Þetta er atriði sem mér finnst að hafi ekki fengið eðlilega umfjöllun og hefði ekki verið úr vegi að frsm. meiri hluta umhvn. hefði af náð sinni og lítillæti sagt þingheimi eitthvað um skilning meiri hluta nefndarinnar á þessari grein í heild sinni, en því miður, sjálfsagt af einhverjum gildum en fyrir mig lítt skiljanlegum ástæðum sá frsm. meiri hluta nefndarinnar ekki ástæðu til að yrða á þingheim nema í 3–4 mínútur ef ég hef talið rétt í framsöguerindi fyrir þessu ágæta dagskrármáli. Það ber að harma en verður væntanlega úr bætt síðar í þessari umræðu skulum við ætla því annað væri auðvitað algert hirðuleysi og gáleysi vegna þess gildis sem framsaga hefur fyrir nefndarálitum gagnvart túlkun laga.

Ég ætla þá, virðulegur forseti, þó að ástæða væri til að dvelja lengur við þessa grein, að víkja að öðrum atriðum og kem þá að kafla sem varðar aðgang almennings að náttúru landsins og umgengni. Þar er ekki um stórbreytingar að ræða en hefur þó verið gripið inn í nokkrar greinar og þá fyrst og fremst í þá veru sem síðar er að setja inn umhvrh. fyrir Náttúruverndarráð og Landvörslu ríkisins í stað Náttúruverndarráðs eða til viðbótar við Náttúruverndarráð því að mjög víða í lögunum kemur upp þetta að í stað þess að við höfum haft eina ríkisstofnun, þ.e. Náttúruverndarráð, þá eru bún-

ar til tvær. Það sem átti að einfalda hefur farið eins og í ævintýrinu um tréð fyrir utan kóngshöllina og þið munið eftir, karlssoninn sem fór að reyna að ná verðlaununum frá kóngi sem hét því að ef einhver megnaði að höggva tré sem tók af birtuna í höllinni þá fengi hann kóngsdótturina og ekkert minna og jafnvel ríkið líka. Gott ef þetta er ekki í ævintýrinu um Tuma þumal án þess að ég þori að sverja fyrir það án heimilda, virðulegi forseti. En eins og menn muna þá spreyttu sig margir á þessu áður en Tumi þumall kom að verki og það fór á þá leið að fyrir hverja eina grein sem höggvin var spruttu tvær. Þannig hefur farið fyrir hæstv. umhvrh. við þennan gjörning og aðstoðarmenn hans í meiri hluta umhvn. (**Gripið fram í:** Og er hann þó enginn Tumi þumall.) Er hann þó enginn Tumi þumall, segir utan úr sal. Það hafa sprottið tvær ríkislimar á þennan meið og því er síðan fylgt eftir með viðauka í frv. í fjölmörgum greinum þar sem þau hlaupa hvor á eftir annarri, Landvarsla ríkisins og Náttúruverndarráð.

Það sem er fyrir utan þetta — þykir mér miður, virðulegur forseti, ef við erum búin að tapa alveg af hæstv. umhvrh. og hefði óskað eftir því, virðulegur forseti, að það yrði borin fram vinsamleg ósk við hann að koma í þingsal. Þetta er mál sem hann hefur nokkuð um vélað og þó ég líti svo til að frsm. og meiri hluti sem ber fram frv. við 2. umr. sé ábyrgðaraðili þess þá er það nú svo að ráðherrar vilja oft gera sig nokkuð gildandi um meðferð mála sem þeir hafa lagt fyrir þingið. Því undrast ég það nokkuð að hæstv. ráðherra er jafnkvikur og raun ber vitni á þessum degi og hefst varla við í þingsalnum. Er þess ekki að vænta, virðulegur forseti, að ráðherra komi í sal?

(**Forseti** (SalÞ)**:** Forseti telur að hæstv. ráðherra sé hér til hliðar til að fylgjast með umræðunum.)

Hæstv. ráðherra hefur ekki sést í hliðarherbergjum, ekki svo ég hafi numið. Ber hann þá fyrir á hægri hönd.

Í 20. gr. er hins vegar að finna brtt. frá gildandi lögum varðandi akstur utan vega. Þetta ákvæði er svohljóðandi:

„Umhvrh. skal setja reglugerð um akstur utan vega, umferð hesta, umgengni í óbyggðum, merkingu bílslóða og vega og leyfilegan öxulþunga vélknúinna ökutækja sem fara um óbyggð svæði. Þar sem hætta er á náttúruspjöllum er akstur utan vega og merktra slóða óheimill."

Hljóp hér aldeilis á snærið fyrir umhvrn. ef þessi ákvæði verða lögleidd þegar umhvrh. stendur í því, því að hann er sérstaklega tilgreindur en engin stofnun á vegum ráðuneytisins, að setja reglugerð um það sem þarna er kveðið á. Umferð hesta og umgengni í óbyggðum er út af fyrir sig eðlilegt verkefni en merking bílslóða og vega er almennt og óskilgreint. Er þetta þá greinilega tekið úr höndum þeirra sem um hafa vélað fram að þessu. En þetta mun hafa verið á vegum dómsmrn. að einhverju leyti í sambandi við umferðarlög að ég held og Vegagerðar ríkisins að einhverjum hluta að því er varðar merkingar. En hér er þetta sett undir umhvrh. Og leyfilegur öxulþungi vélknúinna ökutækja sem fara um óbyggð svæði. Vaknar þá spurningin bæði um það hversu víðtækt ákvæðið er, hvort þetta sé allt frá kerrum sem um er að ræða, vafalaust eru þarna traktorar, og hvað séu óbyggð svæði í skilningi þessa texta. Er það allt utan túns t.d., svo maður hafi þetta frekar velviljaða túlkun því að þegar út fyrir túnið er komið í dreifbýli er komið á óbyggð svæði. Er hér allnokkuð til umhugsunar fyrir frsm. meiri hluta umhvn. og verkefni að skýra fyrir þingheimi hvernig með skuli farið því að ég er ekki alveg viss um að þetta hafi komið fyrir í texta og framsögu frsm. meiri hluta nefndarinnar í dag sem fór fram milli kl. 14.03 til kl.14.07 eða svo, rúmt talið.

Hæstv. ráðherra kann e.t.v. eitthvað að skýra þennan texta og þessi splunkunýju verkefni sem þarna eru komin á hendur ráðuneytisins.

Að öðru leyti er ekki mikið nýtt í þessum greinum og t.d. er alveg fram hjá því hlaupið sem hefði kannski verið verkefni og ég er síður en svo að gera lítið úr 20. gr. varðandi aksturinn. Það er auðvitað mjög verðugt mál við að fást en hefði mátt hönduglegar til takast og sérstaklega hefði það verið ánægjulegt með tilliti til þess að fyrir daga hæstv. umhvrh. í Alþfl., áður en hann smeygði sér þar inn um þrönga rifu, kom flokkurinn að þessu máli og tók að sér nefndarskipun á grundvelli ályktunar Alþingis frá líklega 1987 sem vísað var til dómsmrh. Var ályktun um það að tekið skyldi nú á og skýrð ákvæði og hert varðandi akstur utan vega. Þá setti þáv. dómsmrh. Jón Sigurðsson, nú bankastjóri í Helskini, á laggirnar í nefnd og fól þáv. alþm. Árna Gunnarssyni að leiða nefndina sem tók að sér þetta verkefni. Hún vann af krafti í hálfan mánuð en þá var botninn dottinn úr formanninum. Síðan fylgdu, virðulegur forseti, fyrirspurnir á Alþingi bornar fram af öðrum en mér í tvígang a.m.k. til að spyrja um örlög þessarar nefndar. Jafnoft voru höfð uppi fyrirheit um að að hún mundi vasklega skila af sér að fáum vikum liðnum frá því að fyrirspurn var fram borin en ekki gekk rófan og aldrei kom neitt út úr nefndinni. Þessi viðleitni af minni hálfu til þess að fá þetta mál skýrt varð að engu og tel ég þetta mál vera mjög á ábyrgð Alþfl. sem skipaði nefndina og átti formann nefndarinnar sem var þingmaður á þeim tíma. Satt að segja er hörmulegt til að vita þegar farið er þannig með vilja þingsins eins og þarna sannaðist og hér hefur ekki tekist enn, finnst mér, sem skyldi að reka slyðruorðið af Alþfl. eftir þessa málsmeðferð sem ég nefni hér að gefnu tilefni. (**PBald:** Þú hefur væntanlega ekki áhyggjur af því.) Það var eitthvað annað, virðulegur forseti. Það eru einmitt áhyggjur sem ég hef verið að rekja því að ég er að mæla hér í mikilli alvöru um þetta efni og er þá sama hver það er sem hleypur undan merkjum að því er varðar að framfylgja vilja Alþingis.

Önnur er sú grein sem ekki er breytt efnislega nema við er aukið orðinu „Landvörslu ríkisins" á eftir Náttúruverndarráði til samræmis við það að tvennt skuli vera ætíð tíundað í staðinn fyrir eitt áður og það er 24. gr. um malarnám, sandnám, grjótnám, gjallnám og vikurnám. Man ég þó ekki betur en hæstv. umhvrh. hafi

stundum brýnt raustina í þeim efnum og heitið miklum tilþrifum til þess að koma við lagabótum í þessu máli en þeirra sér ekki stað í þessum tillögum, því miður. Þau þröngu ákvæði og rúmu fyrir landeigendur og eigendur malarnáms sem lögleidd voru 1971 eftir óhæfilegan þrýsting, að mínu mati, hagsmunaaðila á þingheim 1971 og hef ég þá fyrir því frásögn ekki ómerkari manns en Eysteins heitins Jónssonar sem stóð fyrir þeirri löggjöf sem formaður í menntmn. þingsins á þeim tíma og undirbjó grunn þeirra laga sem hér er verið að breyta og hafa reynst endingargóð. En í upphaflegum tillögum menntmn. á þeim tíma voru ákvæðin mun strangari frá sjónarhóli náttúruverndar og hefði sannarlega verið þörf á að koma þar við breytingum í því efni.

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að reyna að spá í það sem ekki hefur verið gerð tilraun til. Það er sýnilegt að það hefur ekki verið áhugi á því að glíma við það verk í tengslum við þetta en þetta er eitt af því sem varðar þá meinbugi að vera að grauta í þessum lögum án þess að taka þau til endurskoðunar í heild svo sem betur hefði orðið eins og lagt var upp með af Eiði Guðnasyni eftir því sem ég skildi hans skipunarbréf í þeirri nefnd sem sett var í að endurskoða þessa löggjöf snemma árs 1992 ef ég man rétt.

Þá vík ég, virðulegur forseti, að kafla sem miklu varðar sem er kaflinn um friðlýsingu náttúruminja og stofnun útivistarsvæða. Ég kom nokkuð að þessu efni þegar ég var að fjalla um málflutning hæstv. umhvrh. á náttúruverndarþingi haustið 1993 en þá hafði hæstv. ráðherra uppi mikil frýjunarorð í því efni og hafði mikið undir um áætlanir varðandi friðlýsingar. Mátti af því lesa harða gagnrýni á þá sem áður gengu um garða í þessum málum og þá ekki síst Náttúruverndarráð en svo liggur það nú fyrir að uppskeran eftir starfstíma hæstv. ráðherra er ekki ýkja mikil og verður tæpast á hans kontor skrifaðar til tekna þær fjóru friðlýsingar sem fram hafa gengið á hans starfstíma og Náttúruverndarráð hefur undirbúið.

En það var ekki það efni sem ég ætla að ræða hér heldur efni þeirra brtt. sem hér eru fram bornar og þá það sem endurspeglast hér grein eftir grein eftir grein í þessum kafla að umhvrh. er settur í það hlutverk sem Náttúruverndarráð var í áður: að gerast frumkvæðisaðili varðandi friðlýsingar. Eins og menn vita er það verkefni samkvæmt gildandi lögum á hendi Náttúruverndarráðs en ráðuneytinu ætlað að ganga frá friðlýsingu með formlegum hætti og auðvitað bannar enginn umhvrh. að gildandi lögum fremur en öðrum að hafa forgöngu um og hvetja til friðlýsinga en hér er um mikla stefnubreytingu að ræða í lagatexa sem endurspeglast í þessu.

Ég hef þegar getið þess og endurtek það, virðulegi forseti, að ég tel þetta óvænlega stefnu og óttast það að með því að gera stofnanir ráðuneytisins sem eiga að fjalla um framkvæmd mála á þessu sviði og eftirlitið að einhverju leyti nánast ómyndugar og setja þær í hlutverk umsagnaraðila, því lítið lengra gengur það, jú og rekstraraðila að vísu þar sem Landvarslan er þegar kemur að rekstri svæðanna, sé ekki líklegt til þess að skila þeim árangri sem að er stefnt. Við höfum fengið sýnishorn af þessu bæði í hugmyndum hæstv. ráðherra og eins í fram bornum þingmálum sem hafa verið skelfilega hroðvirknislega unnin sum hver og hef ég þá m.a. í huga hugmyndirnar um friðlýsingu Breiðafjarðar sem efnislega eru góðra gjalda verðar en er mjög kastað til hendi og virðist sem sá sem þar hefur um vélað hafi ekki hugmynd um að til sé stofnun sem heitir Skipulag ríkisins og löggjöf sem kveður á um skipulagsmál.

Þetta er ekki farsælt. Þessu getur einnig fylgt, sem ekkert er ólíklegt, að metnaðarfullir umhvrh. rjúki upp til handa og fóta í byrjun starfsferils síns og taki til við að safna í afrekaskrána, hvetja til friðlýsingar hér og friðlýsingar þar. Allt getur það verið af góðum hug, ekki ætla ég að draga úr því. En ég er ekki viss um að það sé farsælt að ganga þannig til verka því að það þarf að fara bæði af vandvirkni, varfærni og gætni til þess að ná árangri í þessum málum og samkomulagi við þá fjölmörgu sem í hlut eiga. Það þjónar litlum tilgangi að vera með tillögugerð í formi fyrirsagna ef ekki er gætt að undirbúningi og að plægja akurinn eins og þarf til þess að ná árangri í þessum efnum.

Það er þetta sem ég hef í huga þegar ég vara við þessari stefnu í löggjöf. Það gerði ég einnig við 1. umr. þessa máls, bæði í ár og í fyrra ef ég man rétt. Ég held að þetta sé óvenjulega að staðið miðað við löggjöf nágrannalandanna. Án þess að ég hafi farið djúpt ofan í þá hluti held ég að ekki sé mikið um þetta. Að vísu má í norskri löggjöf víða sjá að kóngurinn gerir þetta og hitt en það er almennt þak á aðgerðum norskra stjórnvalda. Ég held að þó að hæstv. núv. umhvrh. sé gildur maður sé ekki rétt samt að fara af þeim sökum að setja þetta í löggjöf út frá hlutverki kónga í grannlöndum enda ekki víst að hæstv. ráðherra hafi haft það sem fyrirmynd.

Virðulegi forseti. Ég vek athygli á því að í 37. gr. frv. er komið svohljóðandi nýmæli, með leyfi forseta:

„Ákveði umhvrh. friðlýsingu og liggi ekki þegar fyrir samþykki eiganda, annarra rétthafa eða sveitarfélags þess sem hlut á að máli, skal Landvarsla ríkisins semja tillögu um friðlýsinguna."

Síðan á að senda hana landeigendum sem geta komið fram með athugasemdir, mótmæli og gert bótakröfur til Landvörslunnar. Þá er Landvarslan aftur komin að sögunni. En hér sýnist mér verið að bregðast við þessu meginákvæði í löggjöfinni að umhvrh., þessi mikli frumkvæðisaðili friðlýsingarmála, getur ákveðið friðlýsingu án þess að í rauninni liggi nokkuð fyrir, sé búið að vinna málið. Auðvitað getur það verið hugsanlegt að menn grípi til nauðvarnar, þ.e. yfirvald umhverfismála grípi til nauðvarnar til þess að stöðva eitthvað sem að þess mati ekki horfir til rétts vegar en þá er fjölmargt annað tiltækt en friðlýsing. Og ég efast um að það sé slík nauðvörn sem hér er á ferðinni skv. ákvæði 37. gr. Þarna eru menn að fara inn á braut sem mér líst ekki vel á.

Síðan er það varðandi ýmsa aðra þætti sem snúa að þessu máli sem setur stofnanir undir ráðuneytinu, Náttúruverndarráð, Landvörslu ríkisins og Náttúrufræði-

stofnun Íslands í þetta aukahlutverk og á vissum stöðum koma þessar þrjár stofnanir við sögu þannig að það lítur út fyrir að það sé bara ein þeirra sem þurfi að segja eitthvað um málið og ráðherrann geti plokkað úr hver komi við sögu. Svo ég finni þessu stað er t.d. í 28. gr. vikið að því að umhvrh. geti friðlýst sérstæðar náttúrumyndanir ef telja verður mikilvægt að varðveita þær sakir fræðilegs gildis eða þess að þær eru fagrar eða sérkennilegar að mati Náttúruverndarráðs, Landvörslu ríkisins eða Náttúrufræðistofnunar Íslands, einhver þessara þriggja. Svona er uppsetningu mála eins og hún er í þessum kafla víðar háttað.

Ég, virðulegi forseti, vakti athygli á því í þingnefnd að mér fyndist vera álitaefni hvort ætti að lögbjóða íhlutun Náttúrufræðistofnunar Íslands sérstaklega í sambandi við friðlýsingarmál. Það er nýmæli í þessu. Mér finnst ekki sérstök efni til þess út frá löggjöfinni um Náttúrufræðistofnun Íslands sem ég átti hlut að að móta á sínum tíma í stjórnskipaðri nefnd. Þó ég vilji veg Náttúrufræðistofnunar Íslands mikinn og telji að þar hafi tekist vel til í sambandi við aukið starfssvið hennar og skiptingu í setur o.s.frv., þá er mér til efs hvort lögbjóða eigi hlutverk Náttúrufræðistofnunar í lögum um náttúruvernd. Það segir sig sjálft að mönnum finnst að sú gilda stofnun sem safnar upplýsingum um náttúru landsins hljóti að vera mjög þýðingarmikill ráðgjafi með beinum og alveg sérstaklega óbeinum hætti og upplýsingabanki fyrir stjórnvald náttúruverndarmála til þess að sækja í rökstuðning, vitneskju og upplýsingar að því er varðar undirbyggingu tillögugerðar um friðlýsingar m.a. sem og á öðrum sviðum.

Kveðið er á um þetta bæði í 28. og 29. gr. og raunar víðar ef allt er talið, virðulegur forseti. Náttúrufræðistofnunin kemur einnig að framkvæmd friðlýsingar í 35. gr. þannig að þetta kemur fram á allnokkrum stöðum.

Svo að ég víki að 30. gr. sérstaklega sem varðar friðlönd og friðlýsingu undir merki friðlanda er einnig vikið að Náttúrufræðistofnun Íslands sé ég er. Ég hafði ekki nefnt það, en þar segir í lokin:

„Umhvrh. getur að fenginni umsögn Landvörslu ríkisins veitt undanþágu frá settum fyrirmælum í friðlýsingu, ef ástæður eru fyrir hendi."

Þarna er þetta sett í hendur ráðherra að veita undanþágu frá settum fyrirmælum og aðeins talað um umsögn Landvörslunnar. Mér er ekki alveg ljóst hvernig þetta er hugsað, þ.e. af hverju ekki er gert ráð fyrir tillögu Landvörslunnar og staðfestingu umhvrh. sem mér hefði jafnvel fundist skynsamlegri leið í sambandi við þetta. Auðvitað getur þurft á því að halda við vissar aðstæður að einhverjar undanþágur þurfi að gera frá fyrirmælum í friðlýsingu en mér sýnist að það gæti verið betra að koma því fyrir með dálítið öðrum hætti.

Þá er ég, virðulegi forseti, kominn alla leið að 31. gr. sem varðar ekkert minna en þjóðgarða. Þar er nú aldeilis um að ræða ákvæði sem þarf aðeins að fjalla um og veit ég að hv. frsm. meiri hluta umhvn. tekur það niður sem henni býður í sambandi við mínar ábendingar. En það segir hér, og það er nýmælið, að ég tel, með leyfi forseta:

„Þjóðgarðar skulu að jafnaði vera í ríkiseign, nema sérstakar ástæður mæli með öðru og um það náist samkomulag milli umhvrn. og landeigenda."

Hér er á ferðinni alveg nýtt ákvæði í íslenskri löggjöf sem opnar það að hægt sé að lýsa svæðið þjóðgarð þó í einkaeign sé. Þetta hefur, veit ég, komið til umræðu á fyrri stigum oftar en einu sinni og oftar en tvisvar, m.a. í Náttúruverndarráði. Ég minnist þess frá þeim tíma sem ég átti þar sæti að þessi mál bar á góma. En aldrei fyrr hefur það orðið að niðurstöðu að leggja fram tillögu um breytingu á þeirri kröfu til þjóðgarðs að um sé að ræða ríkiseign á landi. Ég hef verið að athuga það, virðulegur forseti, hvernig þessu er háttað í grannlöndum okkar sem mér finnst ekkert óeðlilegt að við lítum til því að margt er skylt í þeirra málsmeðferð þó ekki vilji ég fara að taka gagnrýnislaust upp eftir þeim lagaákvæðin, svo ekki sé farið sunnar í álfu en Alþfl. hefur séð fyrir því að drjúgur hluti af íslenskri löggjöf er pantaður þaðan og Alþingi Íslendinga má engum vörnum við koma nema segja nei og fá á sig svipuna fyrir. En í löggjöf grannlandanna er ekki að finna ákvæði af þeim toga sem hér er lýst. Ég vísa til Stórþingsskýrslu nr. 62 frá 1991–1992, „Ny landsplan for nasjonalparker og andre større verneområder i Norge", sem er mjög upplýsandi rit um bæði ákvæði varðandi þjóðgarða og auk þess sem þar eru hugmyndir um útfærslu og nýja þjóðgarða. Þar er tekið fram alveg sérstaklega að ekki sé horfið frá þeirri meginstefnu að þjóðgarðar skuli vera ríkiseign.

Það segir á bls. 7 í þessari Stórþingsskýrslu, sem ég leyfi mér að kalla svo því að þeir hafa þetta ágæta form, sem mér finnst að mörgu leyti til fyrirmyndar, að stjórnvald leggur mál í skýrsluformi fyrir þing og þingnefnd fjallar um og ályktar. Þetta er geysilegur upplýsingabanki og minnir mig á það, virðulegur forseti, að einu sinni var ég hinum megin, þ.e. stjórnarráðsmegin í þessum málum og reyndi að kom ýmsu á framfæri við þingið en það var ekki alltaf tekið mjög vel upp. Man ég jafnvel eftir umkvörtunum yfir því að Alþingi Íslendinga fékk upplýsingar í formi skýrslna ofan úr ráðuneyti. En ég hef ekki farið ofan af því, það sannfærði mig um að það mætti gjarnan meira af gera en minna í þeim efnum gagnvart þinginu og ég hef alltaf tekið því vel þegar ráðherrar leggja fyrir upplýsingar og hugmyndir í því formi fyrir þingið, en hins vegar vantar farveginn fyrir meðhöndlunina sem norska Stórþingið hefur í sínum störfum sem er mjög til eftirbreytni að mér sýnist.

Það segir á bls. 7 í Stórþingsskýrslunni:

„Gildandi lög gefa ekki tilefni til að koma á fót þjóðgörðum á þessum svæðum." Í aðdraganda þess segir að nokkrir þjóðgarðar sem gerðar eru tillögur um í landsáætlun eða samkvæmt landsskipulagi liggi að öllu leyti eða að hluta á einkalandi. Síðan segir að gildandi lög gefi ekki tilefni til að koma á fót þjóðgörðum á þessum svæðum og að ríkisstjórnin meti það skynsamlegt — eða „vurderer det som hensiktsmessigt" — að koma við eignarnámsheimild í náttúruverndartilgangi með breytingu á náttúruverndarlögum og hefur í huga að leggja fram tillögu um þetta svo

fljótt sem verða má.

Ég skil þetta sem áherðingu á þeirri stefnu að viðhalda kröfunni um ríkiseignarland þegar stofnaðir eru þjóðgarðar í Noregi.

Í sænsku lögunum um umhverfismál segir í enskri þýðingu sem ég hef á þeirri löggjöf frá 1993 um þjóðgarða í kafla 4 að land sem tilheyri ríkinu sé hægt að taka til hliðar — „can be set aside" sem þjóðgarð. Sem sagt krafan um ríkiseign „land belonging to the state" eins og þar stendur í enskri þýðingu.

Svoleiðis að ég hef það fyrir satt á meðan ekki er annað framreitt hér, sem væri breyting frá þessum tíma, að um sé að ræða kröfuna um ríkiseign á landi ef stofnað er til þjóðgarðs.

Ég er eindregið þeirrar skoðunar að við eigum ekki að hverfa frá þessari kröfu í íslenskri löggjöf. Það eru bæði þau úrræði að kaupa land undir þjóðgarða og það eru jafnframt þau úrræði að friða undir öðru merki eins og talsvert hefur verið gert af hérlendis, jafnvel stór svæði, þar sem einkaeignarréttur er viðurkenndur en samkomulag hefur tekist við umráðaaðila lands um friðun landsins eftir tilteknum reglum eða friðlýsingu. Eitt stærsta svæðið sem ég kannast allvel við er friðlandið á Lónsöræfum sem er vissulega þjóðgarðsígildi og er þó háð einkaeignarrétti. Ég held að menn eigi að nálgast þetta öðruvísi og það sé mjög tvísýnt að fara að gera undantekningu eins og hér er stefnt að að opna fyrir.

Annað nýmæli er í þessari grein og það varðar heimild til þess að stofna með reglugerð ráðgjafarnefnd með þátttöku sveitarstjórna til að fjalla um rekstur og skipulag þjóðgarða. Ég tel út af fyrir sig að það geti verið í besta lagi að hafa slíka heimild en þess þarf vissulega að gæta við meðferð máls að þetta leiði ekki til ruglings í stjórnun, þ.e. að ekki verði um að ræða breytingar frá almennum reglum sem eðlilegt er að gildi sem meginviðmiðun þó svo að menn bregðist við staðbundnum aðstæðum á einstökum sviðum. Ég hef fyrir mér þessa norsku Stórþingsskýrslu þar sem er að finna mjög skýr aðvörunarorð, virðulegur forseti, einmitt varðandi slíkt efni í Noregi, ef ég hef lesið rétt í textann, þar sem hefur verið sú skipan á að stjórnun á viðkomandi svæði hafi verið vísað eða falin öðrum „på kommunenivå" eins og þar segir, þ.e. á sveitarfélagagrunni.

Það er sagt í þessari skýrslu, og þetta mæli ég sem heilræði í eyru þeirra sem um véla: Reynslan af stjórnunarskipan á Hardangervidda sýnir að mismununinn í stjórnun, „forvaltningspraksis", milli sveitarfélaganna hefur orðið stærri en staðbundnar aðstæður réttlæta — „skulle tilse" á norskunni. Þetta hefur leitt til átaka eða „konfliktsituasjoner" með tilliti til meginmarkmiða við stofnun og stjórnun þjóðgarðsins.

Það eru svona atriði sem menn þurfa að hafa vel í huga og gæta að í sambandi við meðferð af því tagi og heimild eins og hér er að vikið.

Ég þekki það sjálfur að það er mjög nauðsynlegt að hafa góð samskipti, og það gildir auðvitað ekki bara um þjóðgarða heldur um önnur friðlýst svæði, við heimaaðila. Fátt er mikilvægara í rauninni til að ná árangri en að það geti orðið en það má ekki vera á kostnað verndunarmarkmiðanna og á ekki að vera það enda enginn um það að biðja. En það getur verið býsna snúið að standast staðbundinn þrýsting og þess vegna finnst mér að það þurfi að fara með gætni í mál af þessum toga og gæta þess að meginreglum um verndun og verndunarkröfum sé ekki raskað og gott að líta til reynslu hjá nágrönnum okkar í þessum efnum.

Það er nú svo, virðulegur forseti, að þjóðgarðar verða að jafnast til þjóðargersema og eru þjóðargersemar. Það er mikil ábyrgð sem hvílir á þeim sem fara með stjórn þeirra og það er afskaplega mikil þörf á því að þar sé gætt fyllstu árvekni og samskipta við hlutaðeigandi þannig að náttúruverndarmarkmiðum sé náð. Ég er hérna með grein sem er sótt í norskt rit sem heitir, minnir mig — ég er því miður ekki með forsíðuna á ritinu en það er held ég „Miljø årbok" sennilega frá árinu 1993 án þess að ég vilji fullyrða það en höfundurinn heitir Susanne Jeggi. Fyrirsögn greinarinnar er: „Nasjonalparkerne krever ny tenkning" — þjóðgarðarnir kalla á nýja hugsun. Það er mjög fróðlegt sem er að finna í þessari grein og mörg aðvörunarorð mælt, m.a. að gæta þess að rasa ekki um ráð fram og láta ekki undan sérhagsmunum í sambandi við þetta og alveg sérstaklega að gæta samfellu í stjórnun þjóðgarðanna. Það eru nefnd þrjú aðalmarkmið í stjórnun friðaðra svæða og þjóðgarða. Tímans vegna, virðulegi forseti, ég vil ekki ganga um of á tíma þingsins og fara að lesa hér upp annars fróðlegt mál sem er á norsku og ég er enginn snillingur í að snúa af því máli og gætu þó ýmsir orðið mér að liði þar eins og hv. 3. þm. Norðurl. e. sem ég hygg að kunni það mál langtum betur en ég, en fyrirsagnirnar þessara þriggja meginmarkmiða eru: „Nærhet" og það veit ég satt að segja ekki hvernig ég á að þýða nákvæmlega. (**VS:** „Nærhet"?) „Nærhet". Komið með þýðinguna hérna úr salnum, annað eins hefur nú verið mælt. (**VS:** Er það ekki nágrenni?) Það er nú það. En það skýrist af textanum sem ég ætla samt að spara að lesa. Og það er samfella, það get ég þýtt „på stående fod", eins og danskurinn segir, þ.e. „kontinuitet" og það er árvekni eða „vökenhet". Undir þessu er að finna útfærðan texta sem er að mínu mati mjög athyglisverður.

En undir hugtakinu „nærhet" til þess aðeins að lesa betur í það segir að náið sambandi á milli þeirra sem reglur setja og hins vegar stjórnenda á staðnum þurfi að vera til staðar. Náið samstarf. Þetta segir eitthvað um hvað í hugtakinu þarna felst sem ég hef gefist upp við að þýða á gott mál.

Virðulegur forseti. Þá ætla ég ekki að eyða meira máli hér í það sem snýr að hinum þýðingarmikla þætti friðlýsingar sem eru þjóðgarðarnir þó að það gæti verið ástæða til en víkja aðeins að því sem segir í 32. gr. um fólkvanga, sem eru eins og kunnugt er friðlýsingareining þar sem sveitarfélög eru aðalstjórnendur. Þar sé ég að ekki hefur verið tekið tillit til ábendinga sem gefnar voru í umhvn. um breytingar, það hefur ekki verið metið réttmætt og vantar mig að ná sambandi við frsm. meiri hluta umhvn. ef forseti gæti leyst úr því efni því á ábyrgð frsm. er þessi aðfinnsla mín sem ég

er að reyna að koma á framfæri. Þar segir í upphafi, með leyfi forseta:

„Nú óskar eitt sveitarfélag eða fleiri að tiltekið svæði verði lýst fólkvangur og skal það (þau) þá bera fram ósk til umhvrn. um slíkt.“ — Síðan segir: „Ef umhvrh. getur á tillöguna fallist að fenginni umsögn Náttúruverndarráðs og Landvörslu ríkisins skal það tilkynnt í Lögbirtingablaði, ...“

Látum það nú vera. Hér er eins og víðar umhvrn., umhvrh., gerður að geranda máls. En síðan segir í sömu grein, 3. mgr. — og birtist nú frsm. meiri hluta umhvn. og ég fagna því: „Þegar frestur skv. 2. mgr. er liðinn skal Landvarsla ríkisins ákveða hvort athugasemdir er kunna að hafa borist séu svo veigamiklar að ástæða sé til að breyta upphaflegri fyrirætlun eða hverfa frá henni.“

Í framhaldi af því segir í 4. mgr. 32. gr.: „Ef Landvarsla ríkisins og fulltrúa sveitarfélaga sem í hlut eiga verða sammála um að haldið verði fast við ákvörðun um stofnun fólkvangs, breytta eða óbreytta, skal Náttúruverndarráð hlutast til um að dómkvaddir verði matsmenn til að meta bætur fyrir tjón er aðilar sem athugasemdir gera, sbr. 2. mgr., kunna að verða fyrir við stofnun fólkvangs.“

Hér er sem sagt tvennt sem ég vil gera ábendingu um. Mér finnst óeðlilegt að umhvrh. sé settur í það hlutverk hér, eins og víðar, en alveg sérstaklega að því er varðar fólkvanga en síðan verði í rauninni öll málafylgjan lögð í hendur Landvörslu ríkisins eins og segir í 3. mgr.: „Þegar frestur skv. 2. mgr. er liðinn skal Landvarsla ríkisins ákveða hvort athugasemdir er kunna að hafa borist séu svo veigamiklar“ o.s.frv. Og einnig í næstu málsgrein: „Ef Landvarsla ríkisins og fulltrúar sveitarfélaga sem í hlut eiga verða sammála um ...“

Af hverju er verið að setja umhvrh. þarna inn en Landvarslan ekki gerð að meginaðila og þeim aðila sem taki við ósk sveitarfélagsins og hafi þá málafylgjuna með sér og alveg sérstaklega þar sem ekki er talað um annað í 2. mgr. greinarinnar en umsögn Landvörslu ríkisins? Umhvrh. biður Landvörsluna um umsögn. Það er ekkert annað. En svo á Landvarslan, sem er aðeins með umsagnarrétt, að fjalla um alla útfærslu málsins sem oft er auðvitað flókin ekki síður en friðlýsingarmál. Mér finnst þetta ekki á réttum stað, ég gerði athugasemd við þetta í þingnefnd. Það var ekkert með það gert. Það verður að hafa það en ég vildi, virðulegur forseti, koma því á framfæri við þingið að mér finnst ekki rétt að staðið þessu í mótun máls varðandi fólkvanga.

Fyrir nú utan það að ég trúi því ekki að menn ætli að afgreiða hér texta með svigaskýringu varðandi fleirtölu í 1. mgr. 32. gr. svo sem lesa má á bls. 17 í uppfærðum texta og hef eiginlega ekki séð fordæmi þess og er auðvelt að komast hjá slíku ef málsnjall aðili en ekki orðmargur eins og hv. frsm. meiri hluta umhvn. mundi á þetta líta. Það væri örugglega hægt að komast hjá svona hortitt í lagatexta.

Síðan kemur í 4. mgr., virðulegur forseti, eiginlega alveg óútskýrður hlutur og óskýranlegur fyrir mig, að Náttúruverndarráð er allt í einu sett í það að hlutast til um að dómkvaddir verði matsmenn til að meta bætur fyrir tjón. Náttúruverndarráð sett í það verkefni. Hvað er hér á ferðinni? Hvaða lifandis ósköp hefur mönnum legið á við þennan texta ef þetta er afurðin? Það hefði kannski verið ráð að doka við einhver dægur til þess að ræða málið við annars vesælan minni hluta umhvn. sem reyndi af vanmætti að koma ábendingum á framfæri. Ég tók það skýrt fram, hæstv. ráðherra, að ég styðst við uppsetningu eins og hún liggur fyrir á þskj. 640 og ef það liggur annars staðar fyrir breytt þá er jafngott að það verði fært til samræmis. Ég hef ekki borið saman brtt. frá nefndinni. Ég heyrði ráðherra muldra eitthvað í barm sér í þá átt að þetta væri að finna í brtt. Það hefur ekki skilað sér í þennan samræmda texta sem okkur er ætlað að styðjast við til auðveldunar.

Í 6. efnisgrein, eins og það á að heita að hætti Björns Guðfinnssonar, er kveðið á um og er nýmæli: Ef þau“, þ.e. sveitarfélög — „óska slíks og umhvrn. samþykkir skal ráðuneytið birta ákvörðun um stofnun fólkvangs í B-deild Stjórnartíðinda.“

Ástæða þess að ég staldra við þetta er það að hér er talað um að umhvrn. samþykki. Mér finnst gæta þarna og reyndar víðar í textanum að ýmist er notað heiti ráðuneytis en þó yfirgnæfandi nefndur til sögunnar umhvrh. Mér finnst að menn hefðu átt að gera upp við sig hvort þeir ætli að nota. Hugsanlegt er að nota hvort tveggja, ég vil ekki útiloka það, en þarna finnst mér t.d. einsýnt að ætti að kveða á um að þetta væri umhvrh. því honum er ætlað að samþykkja en ekki ráðuneytinu. Ég vænti að menn skilji hvað við er átt og skal ekki eyða orðum frekar að því.

Í lok þessarar greinar stendur: „Nú rís ágreiningur um skilning á grein þessari eða upp koma sérstök vafaatriði sem snerta rekstur fólkvangs, og sker þá umhvrh. úr um málið.“

Umhvrh. sem samþykkir sker þá úr um málið. Hér er komið upp, virðulegur forseti, eitt af þeim atriðum sem Páll Sigurðsson lagaprófessor var einmitt að vara nefndina við með mjög skýrum orðum og með skriflegum ábendingum að það sé ekki svo sjálfgefið að fela ráðherra í stað stofnunar æðsta vald eða málsmeðferð en ætla honum svo jafnframt að vera úrskurðaraðili í ágreiningi. Mér finnst vera þarna á ferðinni eitthvert sullumbull, svo ég noti kannski svolítið stráksleg orðalag, í lagasmíð og leyfi mér því að vekja athygli á þessu.

Það er auðvitað mjög eðlilegt að ráðherra sé ætlað úrskurðarvald en lakara er ef það á að vera í eigin máli eftir að hann hefur tekið ákvörðun um fólkvang o.s.frv. Í hlutverki ráðherrans var áður í sambandi við meginmálsmeðferð Náttúruverndarráð en nú er ráðherra settur í stað þess og mér sýnist að það geti stofnað eðlilegri málafylgju í tvísýnu.

Þá skal ég ekki taka fleira hér fyrir varðandi 32. gr. en vík þá að 33. gr. frv. þar sem fjallað er um stuðning við útivist almennings og sett er inn Landvarsla ríkisins í stað Náttúruverndarráðs og segir þar í upphafi, með leyfi forseta:

„Til stuðnings við útivist almennings getur Landvarsla ríkisins eða náttúruverndarnefndir gengist fyrir að halda opnum göngustígum, strandsvæðum til sjóbaða, vatnsbökkum og öðrum stígum" o.s.frv. — Og í lokin segir: „Framkvæmdir samkvæmt þessari grein skulu einungis gerðar með samþykki landeiganda."

Hér stendur ekkert um kostnað og á meðan gilda væntanlega hin almennu ákvæði frv. um greiðslu kostnaðar þar sem segir í 16. gr.: „Kostnaður af framkvæmd laganna skal greiddur úr ríkissjóði eftir því sem fé er veitt til þess á fjárlögum."

Samkvæmt þessu á að greiða samkvæmt fjárlögum þann kostnað sem náttúruverndarnefndir stofna til að þessu leyti. Ég geri ráð fyrir að sá skilningur teljist réttur í þessu efni.

Ég er ekki að segja að það þurfi að vera stórt árekstrarefni ef frá því er gengið með þeim hætti að áskilnaður sé um greiðslu kostnaðar af fjárlögum en það leiðir til þessa sem er opið varðandi greiðslu kostnaðar náttúruverndarnefndanna og ég hef þegar vakið athygli á, að ekki er tekið ákveðið fram hver eigi að bera kostnað sem þær stuðla að eða standa fyrir.

Svo komum við, virðulegur forseti, að 34. gr. þar sem fjallað er um náttúruverndarsvæði. Þau eru skilgreind með þessum hætti, með leyfi forseta:

„Staðir og svæði sem búið er að friðlýsa samkvæmt ákvæðum þessara laga eða eru á náttúruminjaskrá nefnast náttúruverndarsvæði. Til náttúruverndarsvæða teljast einnig afmörkuð svæði á landi og sjó sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt öðrum lögum vegna náttúru eða landslags."

Það er spurning hvernig eigi að skilja hvar mörkin liggi. Í þingnefnd vakti ég athygli á t.d spurningunni um skógræktarsvæði sem njóta verndar gegn beit og hvort þau gætu fallið undir þetta. Hér er að vísu vísað til laga þannig að það er kannski það sem þrengir þetta nægjanlega til þess að ekki séu uppi álitaefni og skal ég ekki dvelja lengur við það, virðulegur forseti.

Í 35. gr. frv. er komið að kafla sem heitir „Framkvæmd friðlýsingar." Þar eru nokkur atriði sem ég vildi leyfa mér að víkja að. Það er í fyrsta lagi 4. mgr. sem byrjar svo, með leyfi forseta:

„Á náttúruminjaskrá skal einnig vera listi yfir örverur, jurtir, dýr og vistkerfi, sem æskilegt þykir að vernda, m.a. til að tryggja varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni."

Það er þessi upptalning, örverur, jurtir, dýr, af hverju ekki lífverur? Hér er þetta svona. Ég fæ táknmál úr hliðarherbergi sem ég skildi svo að það væri búið að breyta þessu og þar fór í verra með þann texta sem ég er að styðjast við og átti að vera til auðveldunar ef búið er að breyta þessu atriði og kannski í þá veru sem ég er hér að fjalla um og væri það betur. En ég þori ekki að fara í samtöl hvað þá út fyrir þingsalinn, virðulegi forseti, þó að ég leyfi mér að nema þetta táknmál úr hliðarsal. En ég staldraði við þetta.

Síðan segir í næstu efnisgrein, með leyfi forseta: „Landvarsla ríkisins og Náttúrufræðistofnun Íslands skulu með aðstoð náttúruverndarnefnda og náttúrustofa gera rökstuddar tillögur til umhvrn. um svæði, náttúrumyndanir, lífverur og vistkerfi á náttúruminjaskrá."

Þessir tveir aðilar, Landvarsla ríkisins og Náttúrufræðistofnun skulu með aðstoð náttúruverndarnefnda gera rökstuddar tillögur en í framhaldinu kemur aðili sem ekki er haft það við að lögbjóða. Það er kannski tillit við hið frjálsa og óháða Náttúruverndarráð þar sem segir:

„Náttúruverndarráð, félagasamtök eða einstaklingar geta jafnframt gert slíkar tillögur og skal þá ráðuneytið fallast á eða hafna tillögunni með rökstuddu áliti innan fjögurra mánaða frá því að hún berst."

Hér er settur tímafrestur, fjórir mánuðir, sem er vissulega nokkurt álitaefni að skera úr slíkri ósk innan þessa tíma. En það sem ég vildi vekja athygli á þarna, virðulegi forseti, er það að Landvarsla ríkisins og Náttúrufræðistofnun skulu en Náttúruverndarráð og félagasamtök geta.

Síðan segir: „Leita skal eftir áliti Náttúruverndarráðs á öllum tillögum áður en á þær er fallist." Síðan Náttúruverndarráð setti umsagnarhlutverk gagnvart heildinni.

Í 36. gr. segir í upphafi, með virðulegs forseta:

„Ef umhvrh. telur ástæðu til friðlýsingar eða annarra náttúruverndaraðgerða samkvæmt lögum þessum skal fela Landvörslu ríkisins að freista þess að komast að samkomulagi við landeigendur, sveitarstjórnir og aðra ..."

Hér kemur þessi stefna alveg innsigluð. Til frumkvæðis er ætlast af umhvrh. sérstaklega, en síðan á Landvarslan að taka við pokanum og útfæra málið. Það er til samræmis og svo sem ekki annað en er uppi annars staðar í þessari löggjöf.

Ég hafði áður vakið athygli á 37. gr. sem snýr að umhvrh. varðandi friðlýsingar og er nýmæli en þar er Landvörslu ríkisins gert að semja tillögu um friðlýsinguna. Það er spurningin um þessa meginstefnu sem er í þessum texta.

Í 38. gr. segir, svo ég hraði nú yfirferð, virðulegi forseti, af fremsta vilja en takmörkuðum mætti kannski:

„Berist mótmæli gegn friðlýsingu eða bótakröfu vegna hennar getur ráðherra falið Landvörslu ríkisins að semja á ný um bótakröfurnar og breytt friðlýsingunni í samræmi við mótmælin". Einnig hér er ráðherra pósthólfið og ákvörðunaraðilinn en ekki Landvarsla ríkisins, þessi nýja stofnun.

Síðan er skrautfjöður í hatti annars valdalauss Náttúruverndarráðs í 39. gr. þar sem segir:

„Áður en ráðherra tekur ákvörðun um friðlýsingu skal leita eftir áliti Náttúruverndarráðs. Gefa skal ráðinu 6 vikur til að gera athugasemdir."

Þetta er aldeilis ótrúlega rúmt miðað við það sem uppi hefur verið í samskiptum núv. hæstv. ráðherra og Náttúruverndarráðs því að ráðið hefur að jafnaði fengið einn í besta falli tvo sólarhringa til að bregðast við óskum ráðuneytisins um mikilvæg efni eins og breytingar á löggjöf þeirri sem hér er fjallað um.

Ég er þá kominn, virðulegur forseti, nálægt lokum yfirferðar yfir frv. sjálft. Ég tek eftir því að í 45. gr.

stendur: „Lög nr. 59 1928, um friðun Þingvalla, halda gildi sínu þrátt fyrir gildistöku laga þessara."

Ég þarf að fá hæstv. umhvrh. til að mæta aðeins ef hæstv. ráðherra getur ómakað sig í þingsal. Mér verður hugsað til hinnar ábúðarmiklu stefnumótunar ríkisstjórnarinnar sem ber heitið „Á leið til sjálfbærrar þróunar" í mars 1993, þar sem á bls. 28 er mjög skýrt fram tekið í þessu sérriti sem ég vænti að allir þingmenn hafi undir höndum og heitir „Á leið til sjálfbærrar þróunar". Virðulegur forseti. Ég sakna hæstv. umhvrh. og óska eftir nærveru hans. — Virðulegi forseti. Ég hinkra við eftir hæstv. ráðherra. (**KE:** Um hvaða grein er þingmaðurinn að tala?) Þingmaðurinn er að fjalla um 45. gr. samkvæmt uppsetningu á bls. 19 í áliti meiri hluta umhvn. Nú bregður svo við, virðulegur forseti, að hvorki frsm. meiri hluta umhvn., hinn orðvari hv. þm. Petrína Baldursdóttir, er hér stödd ...

(**Forseti** (SalÞ)**:** Hæstv. ráðherra er rétt ókominn í salinn. Hann er á leiðinni.)

Það eru góð tíðindi en ég hefði viljað sjá frsm. meiri hluta nefndarinnar í salnum. Þetta er nokkuð tafsamt, virðulegur forseti, ef við þurfum að taka mikinn tíma í að bíða eftir þessum ábyrgðaraðilum máls. Nú veit ég að það er mót vilja forseta en erfitt virðist að fá þessa aðila til að staldra hér við. Ég fer að efast um að viðkomandi beri mjög fyrir brjósti að koma þessu ...

(**Forseti** (SalÞ)**:** Hv. 11. þm. Reykn. þurfti að fara í símann. Það var áríðandi símtal sem hún var kölluð í en hæstv. ráðherra er kominn í salinn.)

Virðulegur forseti. Ég gleðst yfir að hæstv. ráðherra er kominn í sal. Ég var að spjalla um 45. gr. sem undanskilur lög um friðun Þingvalla, segir að þau haldi gildi sínu og var mér þá hugsað til þeirrar bókar sem hlýtur að vera efst á náttborði hæstv. umhvrh. og heitir „Á leið til sjálfbærrar þróunar" og er stefna og framkvæmdir ríkisstjórnar Sjálfstfl. og Alþfl. í umhverfismálum, hvorki meira né minna. Þar segir á í tölul. 101 í upptalningu á bls. 28, með leyfi forseta:

„Með umsjón þjóðgarðsins á Þingvöllum verður farið með sama hætti og annarra þjóðgarða og allir þjóðgarðar landsins verða undir einni og sömu stjórn."

Hvað er hér á ferðinni? Skýrsla sjálfrar ríkisstjórnarinnar um framkvæmdir í umhverfismálum, fortakslaust ákvæði um það að með umsjón þjóðgarðsins á Þingvöllum verði farið með sama hætti og annarra þjóðgarða og allir þjóðgarðar verði látnir verða undir einni og sömu stjórn. Hins vegar blasir við að engin brtt. er sett fram um ákvæði laganna. Er ríkisstjórn landsins að brjóta gegn eigin stefnu í umhverfismálum með svo ákvarðandi hætti? Man ég ekki betur en hæstv. umhvrh. hafi haft það sem fremsta stefnumál, ég held bara klukkutíma eftir að hann fékk lyklana að ráðuneytinu í hendur, að það yrði hans fyrsta mál og eitt helsta baráttumál að færa þjóðgarðinn á Þingvöllum undir stjórn umhvrn. Ég er ekki frá því að ég hefði viljað ljá hæstv. ráðherra hjálparhönd í því ætlunarverki en ég kom nokkuð á fyrri árum að málefnum þjóðgarðsins á Þingvöllum svo þetta stingur vissulega mjög í auga. Hér stangast á orð og efndir að því er varðar efndir ríkisstjórnarinnar annars vegar og frv. þetta sem við ræðum hér hins vegar.

Þá erum við komin nálægt lokum yfirferðar minnar á sjálfu frv. Á bls. 19 stendur ekkert um gildistöku laganna en ég lít svo til að það séu mistök og það sé að finna í 7. gr. á bls. 11, að lögin öðlist þegar gildi en síðan er þetta undanþáguákvæði varðandi Náttúruverndarráð sem sitji uns náttúruverndarþing hefur verið haldið en hér er ekki tekið fram sýnilega hvenær það verður. En það kann að vera að það leynist einhvers staðar í þessum textum.

Ég ætla, virðulegur forseti, í framhaldi af þessu aðeins að víkja að málsgagni sem mér tókst ekki að fjalla um í beinum tengslum við yfirferð á einstökum greinum en það er skýringartexti sem barst umhvn. frá ráðuneytinu frá Birgi Hermannssyni, aðstoðarmanni hæstv. umhvrh., dags. 2. febr. 1995 sem er svör við spurningum vegna náttúruverndarfrv. af hálfu nefndarinnar. Í tölul. 2.a í bréfinu er vikið að gjaldtöku varðandi náttúrustofur með svofelldum hætti, ég vildi vekja athygli á þessari túlkun, með leyfi forseta:

„Fjárveitingavaldið hefur skammtað gestastofum og annarri fræðslustarfsemi Náttúruverndarráðs takmarkaða fjármuni hingað til. Til að auðvelda uppbyggingu og rekstur gestastofa er ekki óeðlilegt að innheimta gjald fyrir aðgang, sérhæfða fræðslu eða t.d. bæklinga."

Hér er verið að boða þá stefnu, ef ég fæ rétt skilið, að það eigi að innheimta aðgangseyri að gestastofum. Mér finnst það satt að segja langt gengið ef í fyrsta lagi þarf að greiða aðgangseyri til að komast inn á svæðið og síðan er farið að rukka fyrir að komast í gestastofu, þá er gestrisnin orðið takmörkuð. En hitt er annað mál að taka gjald fyrir veitta þjónustu á slíkum stöðum eða sölu á bókum, það er annars eðlis.

Síðan er í sama erindi vikið að 29. gr. núgildandi laga um náttúruvernd sem talin er úrelt og þar segir, með leyfi forseta:

„Varðandi eftirlitshlutverk Landvörslunnar vill ráðuneytið taka eftirfarandi fram:

Við gildistöku laga um mat á umhverfisáhrifum urðu miklar breytingar á undirbúningi framkvæmda og gerði í raun 29. gr. núgildandi laga um náttúruvernd úrelta. 29. gr. núgildandi laga kveður á um skyldu til að leita álits Náttúruverndarráðs og rétt ráðsins til að stöðva framkvæmdir sé það ekki gert. Mat á umhverfisáhrifum er opið ferli þar sem allir geta komið" — undirstrikað — „með athugasemdir við fyrirhugaða framkvæmd. Samkvæmt nýrri grein, 5. gr., ber Landvörslunni að fylgjast með því að náttúru landsins sé ekki spillt. Telji stofnunin að fyrirhuguð framkvæmd hafi slíkt í för með sér ber henni að koma á framfæri athugasemdum til skipulagsstjóra.

Hlutverk Náttúruverndarráðs skv. nýrri 12. gr. ber að skilja á sama hátt.

Landvarsla ríkisins og Náttúruverndarráð gæta því sjónarmiða náttúruverndar við mat á umhverfisáhrifum."

Og í framhaldi, svo að ég klári það sem ég ætla að vitna til úr þessum þætti bréfsins, með leyfi forseta:

„Í frv. er ekki kveðið á um skyldur skipulagsstjóra

til að leita álits þessara stofnana. Þar sem um opið og auglýst ferli er að ræða er auðvitað álitamál hvort slíks þurfi. Í annan stað er vafamál hvort slík skylda eigi heima í lögum um náttúruvernd. Ráðuneytið mun í reglugerð um mat á umhverfisáhrifum tryggja það að skipulagsstjóri leiti álits Náttúruverndarráðs og Landvörslunnar þannig að öllum efasemdum í málinu verði eytt. Varðandi eftirlit með framkvæmdum er ekki fyrirhuguð nein breyting á núverandi kerfi. 5. gr. mun raunar stórlega bæta lagalegar forsendur núverandi eftirlits."

Þetta er satt að segja, virðulegur forseti, dálítið sérstakur texti sem við fáum hér en hann hefur að mínu mati gagnvart þingnefndinni — og nú vantar mig talsmann meiri hluta umhvn. sem segir utan þingsalar að hann sé að finna í hliðarsal. Það sem er um að ræða í þessu bréfi er viðleitni til lagaskýringar sem svör við spurningum af hálfu þingnefndar Mér finnst þetta ekki vera mjög glöggur texti sem við fáum frá aðstoðarmanni hæstv. umhvrh., því miður. Og ég er ekki sammála þeirri túlkun sem hér kemur fram að það sé í rauninni fyllt í þá eyðu sem skilin er eftir varðandi almennt eftirlit með framkvæmdum sem ekki lúta endilega mati á umhverfisáhrifum og nú hefur í reynd verið sett undir Náttúruverndarráð með ákveðnu eftirlitskerfi á þess vegum. Mér finnst menn vera að skilja eftir verulega stóra eyðu og ætla að sleppa fram hjá henni með því að setja skipulagsstjóra inn í málið og ætla sér í framhaldinu einhvern tíma: „Ráðuneytið mun í reglugerð um mat á umhverfisáhrifum tryggja það að skipulagsstjóri leiti álits Náttúruverndarráðs og Landvörslunnar þannig að öllum efasemdum í málinu verði eytt."

Þetta er ekki fullnægjandi, hv. frsm. meiri hluta umhvn., því miður, og óhjákvæmilegt að fyrir því verði gerð önnur og skýrari grein hvernig með skuli fara og hef ég þó fulla samúð með aðstoðarmanni hæstv. umhvrh. og þakka viðleitni sem uppi er höfð í þessu bréfi til nefndarinnar. En það veitir ekki þá úrlausn sem um var beðið og eftir stendur mjög áberandi eyða varðandi það framkvæmdaeftirlit sem Náttúruverndarráð hefur í reynd haft með höndum og byggt á ákvæðum 29. gr. gildandi laga um náttúruvernd. Sú eyða verður ekki fyllt með tilvísun í mat á umhverfisáhrifum einum saman þó að vissulega geti það leyst málið að nokkru leyti þegar um er að ræða framkvæmdir sem falla undir þá löggjöf.

Þetta tel ég vera alvörumál í sambandi við þetta efni hér.

Síðan er að finna í þessu ágæta bréfi frá 2. febr. þessa árs, virðulegur forseti, ef ég mætti að lokum vitna til textans, með leyfi forseta:

„Töluliður 4 heitir „Varðandi hugtakið yfirstjórn." Hugtakið kemur fram í nýrri 3. gr., með leyfi forseta, en þar segir að Landvarslan sé ríkisstofnun undir yfirstjórn umhvrn. Náttúruverndarráð vill í umsögn sinni breyta orðalagi til fyrra horfs þar sem talað er um Landvörsluna sem sjálfstæða ríkisstofnun. Hér er um nokkurn misskilning að ræða. Eiríkur Tómasson segir í grein í nýlegu hefti Úlfljóts (Hugleiðingar um réttarstöðu ráðherra):

„Stjórnarskráin kemur að minni hyggju í veg fyrir að löggjafinn geti að eigin geðþótta lýst stofnanir sjálfstæðar og þar með tekið þær undan yfirstjórn ráðherra. Það verður einungis gert í takmörkuðum mæli, einungis er skýr efnisrök mæla með því."

Tilvitnun í Eirík Tómasson lýkur. Ég dreg í efa að hann hafi skilað þessum texta svona. Það er eitthvað að íslenskunni þarna.

„Greinin eins og hún er orðuð nú er því lögfræðilega réttari en áður og í samræmi við upphaflegan tilgang. Hugtakið yfirstjórn ætti að vera auðskilið í þessu sambandi."

Ég er ekki viss um að hér hafi aðstoðarmaður umhvrh. hitt naglann á höfuðið þótt hann leiti til stuðnings fanga í grein eftir þann virta lögmann Eirík Tómasson. Mér finnst skjóta skökku við að tala um yfirstjórn eins og gert er í lögunum. Lagabálkurinn fellur undir umhvrh. Hann fer með málin. En að vísa síðan til yfirstjórnar í öðru samhengi finnst mér orka tvímælis í þessum textum.

Í viðbót segir aðstoðarmaður umhvrh., með leyfi forseta:

„ Í nýrri 6. gr. segir að stjórn Landvörslunnar hafi á hendi yfirstjórn stofnunarinnar. Hvað í því felst er útskýrt í 2. mgr. Þetta er rétt að bera saman við „daglega stjórn" sem framkvæmdastjóri stofnunarinnar hefur með höndum skv. 3. mgr."

Þá er farið að hafa það sem þrep, annars vegar daglega stjórn og hins vegar yfirstjórn. Þetta er ekki mjög sannfærandi röksemd og ég treysti því að fámáll en vökull frsm. meiri hluta umhvn. taki efni þessa bréfs, ég segi ekki til „eftirretning" eins og sagt er á skandinavísku en til skoðunar með tilliti til þess texta sem hér er fram lagður.

Hef ég þá lokið að fara yfir þetta bréf sem varðar allnokkru varðandi textaskýringu og textarýni að því er varðar þetta frv.

Vegna þess að ég er með bókina góðu sem varðar stefnu ríkisstjórnarinnar í umhverfismálum get ég ekki alveg skilið við þetta mál, virðulegur forseti, fyrstu ræðu mína við 2. umr., án þess að líta til þess hvernig haldið er á máli varðandi þetta frv. annars vegar og hins vegar stefnu ríkisstjórnarinnar í umhverfismálum að því er varðar frv. þetta sérstaklega. Það væri að æra óstöðugan að fara að líta á samkvæmnina varðandi aðra þætti þannig að ég skal fyrst og fremst staldra við það sem segir um þetta. Hef ég þegar vakið athygli á ósamræminu hvað varðar yfirstjórn þjóðgarðsins á Þingvöllum annars vegar og hins vegar efni frv. þar sem ekki gætir samræmis.

Það voru hér viss atriði sem ég ætlaði að vísa til. Á bls. 23 í þessu riti „Á leið til sjálfbærrar þróunar", ríkisstjórnin á leið til sjálfbærrar þróunar, segir í tölul. 68, með leyfi forseta. — Ég geri ráð fyrir að hæstv. ráðherra þekki þetta, þurfi kannski ekki að lesa meira en töluliðina til að hann megi nema hvað um er að ræða: „Stofnað verður umhverfisþing sem boðað verður til reglulega. Þingið kemur í stað náttúruverndarþings og verður ekki í beinum tengslum við Náttúruverndarráð. Þingið verður umræðuvettvangur stjórnvalda, vísinda-

og fræðimanna, hagsmunasamtaka og annarra félags- og stjórnmálasamtaka um umhverfismál og sjálfbæra þróun."

Ekki er neitt að finna í þessu frv. sem vísar til framkvæmdar á þessu atriði svo að eitthvað hefur skolast á milli ríkisstjórnar annars vegar og umhvrn. hins vegar því að náttúruverndarþing er hér enn á blaði en ekkert umhverfisþing. Síðan segir í framhaldinu:

„Hvatt verður til að stofnað verði samsvarandi umhverfisþing í hverju kjördæmi." — Það er þó ekki nema hvatning. — „Þau verði vettvangur umræðu um umhverfismál og þróun í héraði."

Svo segir í tölul. 70 sem ég ætlaði að kanna í dag en vannst ekki tími til: „Stofnuð verður samráðsnefnd ráðuneytanna undir forsæti umhvrn. til að efla samræmingu og samvinnu Stjórnarráðsins á sviði þróunar- og umhverfismála og auka ábyrgð stjórnenda á hverju stjórnsýslustigi." (**JGS:** Hvað eru þau mörg?) Það er nú það. Þrátt fyrir ágætt atfylgi, ef ég man rétt, hv. 6. þm. Norðurl. e., þá hefur ekki enn þá orðið að lögum það sem ég hefði kosið að komið væri á hið þriðja stjórnsýslustig. Væri þá öðruvísi umhorfs í sambandi við ýmislegt í landinu ef það hefði náð fram að ganga, ekki síst auðveldað þá valddreifingu sem ég veit að við hv. þm. berum fyrir brjósti, m.a. á sviði umhverfismála. Þá hefðum við ekki verið í vandræðum með náttúruverndarnefndirnar eða framlengja vald ríkisins að því er varðar stjórnun heima fyrir ef við hefðum haft þetta stjórnsýslustig. Það er í hverri löggjöfinni eftir aðra sem við rekumst á þetta. Ég er að verða uppgefinn á því að mæla fyrir þessu máli og undrast það satt að segja að það skuli ekki hafa komið lengra áleiðis í gegnum Alþingi Íslandinga. (**Gripið fram í:** En er ekki Náttúruverndarráð sjálfstætt?) Svo er nú það. Það er víst verið að svipta það nokkrum völdum ef marka má þennan texta sem við erum að fara yfir.

Svo er eitt atriði hér sem varðar nýbreytni í framkvæmd sem ég má til með, virðulegur forseti, að vekja athygli á þó það varði ekki kannski ekki frv. beint en þó. Það er tölul. 75 á bls. 24 þar sem segir, og ég bið þá sem hafa unnið endurskoðun stjórnarskrárinnar að leggja við hlustir. Þar lesum við:

„Við endurskoðun stjórnarskrárinnar verður tryggður jafn réttur allra til heilnæms umhverfis nú og í framtíðinni, svo og verndun umhverfis svo það fái að þróast með eðlilegum hætti."

Ég hef það að vísu ekki alveg á hreinu hvar þessir textar eru staddir hjá þeirri ágætu þingnefnd sem er að fjalla um endurskoðun stjórnarskrárinnar, hvort þetta ákvæði er þar inn komið, en ég tók svo til við 1. umr. um frv. um breytingu á stjórnarskránni að ekki hefðu náð fram að ganga eindregnar óskir, a.m.k. okkar alþýðubandalagsmanna og ég vil halda fleiri, að því er snertir að stjórnarskrárbinda umhverfisvernd. Hafði mér þá sést yfir og verð að viðurkenna það sem mikla yfirsjón að ég hafði ekki nýlega farið yfir þessa bibl-íu hæstv. ríkisstjórnar varðandi umhverfismál „Á leið til sjálfbærrar þróunar" þar sem þetta er gullslegið og er ekki seinna vænna ef þetta vantar enn í textann að koma því þar að. Vart stendur á hæstv. umhvrh. að leggja því lið.

Þetta er það helsta sem ég vildi vísa til beint, virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fara að minna á önnur atriði og þó. Á bls. 40 stendur: „Aukin verður ábyrgð sveitarfélaga og þeirra sem reka ferðaþjónustu á náttúruvernd og uppbyggingu nauðsynlegrar þjónustu við ferðamenn á umráðasvæðum þeirra." Aukin verður ábyrgð sveitarfélaga o.s.frv. á náttúruvernd og uppbyggingu nauðsynlegrar þjónustu. Ég sakna þess nokkuð að mér finnst þetta ekki endurspeglast sem skyldi í þessum textum sem við erum með.

Og áður en við leggjum saman þessi spjöld „Á leið til sjálfbærrar þróunar" sakar ekki að minna á tölul. 170 þó það liggi við vegkantinn að því er þetta mál varðar, virðulegur forseti, þar sem við lesum, með leyfi forseta:

„Það er stefna ríkisstjórnarinnar að þróunaraðstoð nemi árlega fyrir næstu aldamót a.m.k. 0,4% af vergri þjóðarframleiðslu. Þessu markmiði verður náð með því að auka framlög um 20% ár hvert."

Það var nú það og ekki meira um það.

Virðulegur forseti. Það fer að fækka þeim atriðum sem ég ætlaði að taka fyrir sérstaklega við umfjöllun þessa máls í minni fyrstu ræðu við þessa umræðu. Ég veit ekki hvort ég hef rétt til þriggja en það er kannski álitaefni. En ég vil draga saman nokkur atriði undir lokin, virðulegur forseti. Ég tel að því miður hafi tekist afar óhönduglega til við undirbúning þessa máls og þar hafi hæstv. umhvrh. orðið á allveruleg mistök og meiri hluta umhvn. þingsins sem reif þetta mál út úr þingnefnd fyrir fáum dögum án viðleitni til að ná samkomulagi, þó ekki væri nema hluta málsins. Það er ekki farsælt í sambandi við mál af þeim toga sem hér um ræðir að ætla að reyna að koma því í gegn og lögfesta það í miklum ágreiningi, ekki bara innan þings heldur meðal þjóðarinnar. Ég tel ástæðulaust að halda þannig á máli. A.m.k. hafi engan veginn verið reynt sem skyldi að ná samstöðu og það hafi verið röng stefna að taka málið til mótunar úr höndum stjórnskipaðrar nefndar og færa það inn fyrir veggi ráðuneytisins til frágangs af hálfu núv. hæstv. umhvrh. Það er erfitt úr þessu að bæta eins og nú er komið málum þegar við erum komin með þetta mál til 2. umr. í þeirri stöðu sem þar um ræðir.

Hæstv. umhvrh. ætlaði sér mikinn hlut þegar hann tók við starfi og hann hefur sýnt jákvæð tilþrif á mörgum sviðum í sambandi við sína málafylgju og áhuga á sínu starfssviði. Það verður ekki af honum tekið. Hann sagði það í upphafi í einu fyrsta blaðaviðtalinu sem hann átti að hann yrði ekki pissudúkka og það segir væntanlega nokkuð. Það eru einkunnarorð sem hæstv. ráðherra valdi sér við upphaf ferils síns. Ég er með þetta viðtal við ráðherrann og hæstv. ráðherra hefur án efa leitast við að fylgja eftir því heilræði sem hann gaf sjálfum sér við upphaf máls. (**Gripið fram í:** Hann hefur keypt pissudúkku handa dótturinni.) Og segir hér utan úr þingsal að dóttirin hafi fengið þá pissudúkku sem reynt yrði kannski að troða upp á hann eða gera hann að.

Í þessu viðtali ber eitt og annað á góma, m.a. þann reipdrátt sem ráðherrann ætlaði að leggja í við hæstv. landbrh. í sambandi við þau mál sem bæði ráðuneytin hafa með höndum samkvæmt gildandi löggjöf og ætlaði sér talsverðan hlut. Því miður hefur það ekki gengið eftir og það þrátt fyrir þá atorku og atgervi sem hæstv. ráðherra hefur til að bera og m.a. endurspeglast í frásögn af Drangeyjarferð hans í blaðaviðtali 4. ágúst 1993 þar sem tíundað er og myndskreytt hvernig hann kleif þar þrítugan hamarinn svo að ég fari ekki lengra út í þau efni sem bar þar á góma.

Ég verð að segja, virðulegi forseti, að ég varð fyrir vonbrigðum með málafylgju hæstv. umhvrh. í þessu máli. Ég efast ekkert um að hann hefur haft góðan hug og góðan ásetning í þessum efnum. Mér finnst afurðin ekki vera sú sem við hefðum vænst að gæti orðið og við stöndum því í þeim erfiðu sporum við umfjöllun þessa máls að uppi er ágreiningur sem ekki var unnt að leysa af hálfu meiri hluta umhvn. og ekki var boðið upp á að reynt yrði að leysa. Við höfum neyðst til þess, talsmenn minni hlutans sem sátum eftir með sárt ennið, vil ég segja, eftir að málið hafði verið rifið út úr nefnd af meiri hlutanum án þess að reynt væri að ná saman um efni málsins. Þetta ber að harma og það er því miður dálítið erfitt að sjá hvernig úr því verði bætt að þessu sinni.

Við hv. 3. þm. Norðurl. e. fjölluðum um þessi efni í stjórnskipaðri nefnd fyrr á kjörtímabilinu og við höfðum nokkra von um það, a.m.k. gildir það um mig, að þar mætti ná landi með því að leggja saman hugmyndir og reynslu þeirra sem þar voru til kvaddir en á þann þráð var klippt af þeim ráðherra sem við tók og það hefur að mínu mati ekki reynst heilladrjúgt.

Ég ætla hins vegar að vona það, virðulegur forseti, og skal láta það vera mín síðustu orð nú, að menn gefist ekki upp við að koma við æskilegum lagabótum á sviði náttúruverndarmála þó að þetta frv. feli ekki í sér þær æskilegu lagabætur og að þeir sem við taka leggi sig fram um að efna í samráð um það hvernig megi koma þessum málum sem best fyrir í okkar landi.

Umhverfismálin eru stórmál. Náttúruverndin er hjartans mál mjög margra í landinu og við þurfum á því að halda að um hana geti tekist farsælt samstarf og farsæl stefnumótun og okkur ber að sjálfsögðu skylda til að leggja okkur fram til þess að svo megi verða. Ég segi fyrir mig að ég er þess albúinn að taka þátt í slíku starfi hvenær sem eftir er kallað ef það má verða til þess að ráða málum til sæmilegs vegar. Ég er ekki að fullyrða neitt um að ég búi þar yfir heilræðum öðrum fremur en nokkurri reynslu þó og er til reiðu að miðla henni ef eftir er óskað hver sem heldur um stjórnvöl og vona það að þó að þetta mál standi miður en við væntum megi takast að koma við áður en langt um líður æskilegum lagabótum. En hitt má þó vera til huggunar að gildandi löggjöf um umhverfismál, sem Eysteinn Jónsson efndi í á sínum tíma af mikilli framsýni, ég segi efndi í, auðvitað hafði hann fólk sér til aðstoðar og fulltingis og Alþingi innsiglaði málið með þeirri löggjöf sem við erum að ræða um breytingar á, þar erum við með ótrúlega endingargóða löggjöf sem við getum vel búið að enn um hríð á meðan menn eru að leita að betri úrræðum.

[22:50]

Frsm. minni hluta umhvn. (Kristín Einarsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. kom víða við í ræðu sinni og það voru nokkur atriði sem hefði mátt gera athugasemdir við og ég mun gera það síðar þegar ég hef aðeins meiri tíma. Það var aðeins eitt atriði sem ég vildi vekja athygli hans á vegna þess að það gætti nokkurs misskilnings varðandi það að hann sagði nokkrum sinnum í ræðu sinni að svo virtist sem það væri ekkert vald eftir hjá Náttúruverndarráði. Það var eins og hann gerði sér ekki grein fyrir því að það er tilgangur frv. og vil ég í því sambandi vitna til orða hæstv. umhvrh. þegar þetta frv. var til 1. umr. þann 17. nóv. Á síðari degi umræðunnar sagði hæstv. ráðherra með leyfi forseta: „Tilgangur þessa frv. hins vegar, virðulegur forseti, er að svipta Náttúruverndarráð valdi. Það er beinlínis tilgangurinn að taka það vald sem Náttúruverndarráð hefur og færa það inn í stjórnkerfið."

Ég vildi bara árétta það því það var eins og hv. þm. gerði sér ekki grein fyrir því að það er tilgangur ráðuneytisins og hæstv. umhvrh. að svipta Náttúruverndarráð öllu valdi og þess vegna er eðlilegt að lítið sé eftir af því valdi sem Náttúruverndarráð ætti að hafa. Þó virðist svo í umræðunni og stundum í frv. eins og reynt sé að fela það. Það er kannski þess vegna sem ekki er svo auðvelt að gera sér grein fyrir því því það er verið að tala um framkvæmdastjóra og skrifstofur og ýmislegt alveg eins og um einhver völd sé að ræða. Þetta vildi ég bara í tilefni orða þingmannsins benda honum á.

[22:52]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. 10. þm. Reykv. fyrir ábendingar og tilvitnun í mál hæstv. umhvrh. varðandi valdsvið Náttúruverndarráðs. Þessi tilvitnuðu ummæli hafa farið fram hjá mér. Ég tók ekki eftir hvenær ræðan var haldin? (**KE:** 17. nóv.) Það var 17. nóv. og passar við það að þá sat ég ekki á þingi þannig að þetta atriði hefur fram hjá mér farið af eðlilegum ástæðum. Það er skýrar orðað þarna af hæstv. ráðherra en stundum má ætla af textum og m.a. textum sem ég hef vitnað til í mínu máli, þar á meðal frá 8. náttúruverndarþingi 29. okt. 1993 þegar hæstv. ráðherra flutti sína inngangsræðu gagnvart þinginu og talaði mjög fjálglega um hið frjálsa eða sjálfstæða, það mun hafa verið orðað þannig: hið sjálfstæða, óháða Náttúruverndarráð sem reynt hefur verið að gera mikið úr í sambandi við þann málflutning sem tengist þessu frv.

[22:54]

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Það er ekki auðvelt að koma í pontu að lokinni ræðu hv. 4. þm. Austurl. því það verður ekki annað sagt en hann hefur yfirburðaþekkingu á náttúruverndarmálum. Þó að ekki sé þar með sagt að ég sé sammála honum í öllum atriðum þá er þekkingin til staðar. Á því er enginn vafi.

Ég ætla að hafa nokkur orð um þetta frv. sem er komið til 2. umr. Ég tók lítillega þátt í 1. umr. um málið, benti þar á nokkur atriði sem mér fannst vera mikilvæg og vildi færa til betri vegar. Hæstv. umhvrh. hlýddi á mál mitt og taldi meira að segja í andsvari að að hægt væri að taka tillit til þeirra ábendinga sem ég hafði þá uppi, en það er ekki að sjá í þeim brtt. sem lagðar eru til af meiri hluta hv. umhvn. að þar hafi hugur fylgt máli. Þá á ég sérstaklega við það að ég hafði orð á því að það væri óeðlilegt að hæstv. umhvrh. skipaði stjórn Landgræðslu ríkisins án tilnefningar. Ég kem kannski betur að því síðar.

Áður en lengra er haldið, hæstv. forseti, þá held ég að ástæða sé til þess, vegna þess að hér er greinilega um ágreiningsmál að ræða, að vitna til orða hæstv. forsrh. sem hann viðhafði nýlega í viðtali við blað sem ber nafnið „Viðskiptablaðið" vikuna 8.–10. febr. 1995. Þar er svo vitnað til hæstv. forsrh., með leyfi forseta:

„Davíð bendir á að fáir dagar séu eftir af þinghaldi og ef ekki sé sæmileg sátt um afgreiðslu einstakra mála þá verði þau ekki afgreidd. Hann vill fremur að þingið verði í anda málfundar en lagasetningarvettvangs því að það sé hluti af verkefni þingsins að vera málstofa og þó honum finnist kjaftagangurinn oft of mikill þá sé ágætt skömmu fyrir kosningar að þingið einkennist af skoðanaskiptum. Ég hef alltaf haft þá skoðun að afgreiða eigi færri frumvörp en fleiri", er síðan vitnað orðrétt í hæstv. forsrh.

Þess vegna spyr maður sig nú á þessari stundu þegar klukkan er 11 að kvöldi og við erum að fjalla um mál sem greinilega er mikið ágreiningsmál, til hvers þar sem það er greinilega ekki meiningin að afgreiða þetta mál? Er þetta bara ekki eintóm tímasóun, hæstv. forseti? Engu að síður fyrst hér er haldið áfram fundi ætla ég að segja það að í mínum huga erum við að fjalla um mjög mikilvægan málaflokk sem eru náttúruverndarmál og umhverfismál. Mér finnst mikilvægt að þetta frv. verði ekki afgreitt í flaustri en ég skal hins vegar viðurkenna það að þegar mælt var fyrir því á hv. Alþingi gerði ég mér von um að það yrði hægt að afgreiða það sem lög á þessu þingi og um það gæti náðst sátt í hv. umhvn. Því það getur ekki verið þannig að skoðanir hv. þingmanna á umhverfismálum fari svo nákvæmlega eftir flokkspólitík, sem er að sjá á umræðunni og er að sjá á því hvernig hv. umhvn. afgreiddi málið. Það eru miklu meiri líkur á því að ástæða þess að þarna náðist ekki samstaða sé sú að vinnubrögðin hafa ekki verið sem skyldi.

Reyndar er það ekki einsdæmi því að það er þannig á síðustu dögum þingsins að við erum að upplifa álíka vinnubrögð í öðrum þingnefndum. Það er ekki reynt að nálgast stjórnarandstöðuna heldur vita stjórnarsinnar í nefndinni að þeir hafa meiri hluta og eru ekkert að reyna að leggja sig fram um það að nefndin geti staðið saman að afgreiðslu mála. Þetta tel ég vera alvarlegt mál og í algerri andstöðu við það sem við ætluðum okkur með breytingum sem gerðar voru á þingsköpum. Þar var lögð áhersla á að auka nefndastarfið og reyna að koma því þannig fyrir að umræða gæti farið fram miklu meira í nefndum en hér fyrir opnum tjöldum á hv. Alþingi. En þetta virðist ekki hafa tekist hverju sem þar er um að kenna. Hvort hluti af því máli er það að nýliðar eru að stjórna nefndum sem ekki hafa þingreynslu og kannski átta sig ekki á þessu mikilvæga hlutverki löggjafans. En ekki meira um það.

Ég tók þátt í 1. umr. um þetta mál eins og ég sagði áðan og reyndi að vera frekar jákvæð. Þess vegna hélt ég kannski að það yrði gert eitthvað með mínar ábendingar. En það sem ég held að sé það alvarlegasta við frv. eins og það lítur út nú eins og það kemur frá nefnd og með þeim brtt. sem meiri hluti nefndarinnar leggur til er að verið er að auka miðstýringu en það sem þjóðin vill eða það fólk sem ég þekki vill er meiri valddreifing. Frv. gengur þvert á þær skoðanir.

Hv. 2. þm. Suðurl., Jón Helgason, lét koma fram í ræðu sinni í dag að hann telur að hægt hefði verið að ná betur saman ef málið hefði verið unnið betur í hv. umhvn. og hann hafði einmitt þær skoðanir að með frv. væri verið að auka mjög á miðstýringu. Við framsóknarmenn erum þeirrar skoðunar og erum hlynnt því að landið sé nytjað en að það sé ekki skemmt og við viljum færa aukið vald heim í hérað. Ég veit það og geri mér vel grein fyrir því að það er ekki alveg einfalt en oft er hægt að finna lausnir á málum ef að því er unnið. Af því að hv. 4. þm. Austurl., síðasti ræðumaður, talaði um þriðja stjórnsýslustigið sem hefði kannski getað komið að notum nú er ég þeirrar skoðunar líka að ef við hefðum haft millistig í stjórnsýslunni, þ.e. það sem einu sinni var kallað þriðja stjórnsýslustigið, hefðum við átt auðveldara með að færa aukið vald heim í hérað. En það er ekki þar með sagt að það sé útilokað þó svo að við eigum ekki þetta stjórnsýslustig. Ég er óskaplega hrædd um og vildi gjarnan fá frekari upplýsingar um það frá hv. nefndarmönnum þar sem ég sit ekki í umhvn. hvort reynt var í nefndinni að móta slíkar tillögur sem færðu aukið vald heim í hérað. Það hefði mér þótt forvininlegt að heyra frekar um.

Þær nefndir sem kveðið er á um í frv. og eru breyttar frá núgildandi lögum og mega annaðhvort vera á vettvangi sveitarstjórnar eða héraðsnefnda eru svo sem skárri en ekki neitt en þar sem þær eru þetta illa skilgreindar koma þær á engan hátt í staðinn fyrir það sem ég er að tala um þegar ég tala um aukið vald heim í hérað. Og að hafa það opið í lögunum hvort nefndirnar eru í sveitarfélögum hverju fyrir sig eða ná yfir heilu héraðsnefndasvæðin tel ég mjög vafasamt. Enda kom það fram áður í umræðunni að kosning til náttúruverndarþings er mjög gölluð. En það er kannski eins og fleira sem hér hefur komið fram í dag að málið er ekki nógu vel unnið. En undir ráðuneytið eru dregin ýmis mál sem með réttu ættu að vera heima í héraði.

Svo er það með aðgang almennings að landinu sem er kannski ekki svo mjög kveðið á um í þessum lögum þar sem ekki er um heildarendurskoðun á löggjöfinni að ræða. En það er eitt af þeim málum sem eru mjög mikilvæg og við framsóknarmenn erum ekki þeirrar skoðunar að það eigi að loka landið af, það þarf að vera opið fyrir almenning til að geta notið þess og það þarf að leggja vegi. Það er mikilvægt að það séu

þó það sæmilega góðir vegir í óbyggðum að bílar fari um þá en ekki utan þeirra. Það var mjög athyglisvert að sjá brtt. frá meiri hluta hv. umhvn. þar sem kveðið er á um akstur utan vega en umhvrh. skal setja reglugerð um akstur utan vega og umhvrh. skal líka hafa undir sínum höndum merkingu bílslóða og vega og er þar með kominn inn á verkefni Vegagerðarinnar eftir því sem við þekkjum til. Þannig að þarna held ég að sé vandamál sem þarf að skoða frekar.

Grundvallarbreytingin, sem hér er lögð til, er náttúrlega eins og allir sjá stofnun Landvörslu ríkisins sem samkvæmt frv. á að hafa gífurlega mikil völd og í augum landsbyggðarmanna er þarna mikið Reykjavíkurvald. Þess vegna rifjast upp fyrir mér þær skoðanir sem komu upp og þær hugmyndir sem komu upp í nefnd, sem skipuð var af fyrrv. hæstv. umhvrh., og átti að móta tillögur um breytingar á lögum um náttúruvernd og þar kom m.a. fram sú hugmynd að skipta nánast Náttúruverndarráði upp og hafa náttúruverndarráð landshlutanna sem hefði hugsanlega mátt verða kjördæmanna. Þessi hugmynd var eiginlega strax slegin út af borðinu án þess að hún væri útfærð frekar en þetta finnst mér vera hugmynd sem hefði verið upplagt fyrir hv. umhvn. að velta betur fyrir sér. Eins og kom fram í andsvari síðasta ræðumanns er verið að svipta Náttúruverndarráð valdi eða draga úr því allar tennur. Ég hef svo sem ekki haft neina sérstaka ást á Náttúruverndarráði þannig að það er ekki aðalgagnrýni mín á frv. en mér finnst oft að Náttúruverndarráð hafi verið með heldur neikvæðan tón og þar af leiðandi má gjarnan gera breytingar á hvað það snertir að mínu áliti. En það er spurning hvað á að koma í staðinn. Miðað við að samkvæmt áliti fjmrn. á þetta nýja fyrirkomulag ekki að kosta ríkissjóð meiri fjármuni en það fyrirkomulag sem nú gildir tel ég alveg víst að höfð verði uppi slík sveltistefna hvað snertir fjárveitingar að þetta verði hvorki fugl né fiskur því auðvitað kostar þetta peninga. Og að reka þetta batterí, Landvörslu ríkisins, mun kosta mikla fjármuni ef eitthvert vit á að verða í því. En það sem mér finnst vera mikilvægt og þar kem ég aftur að skipun umhvrh. í stjórn þessarar stofnunar, þar hefði verið ástæða að mínu mati til að nýta áhuga almennings á náttúruverndarmálum því að það er ekki lengur þannig að það séu bara fáir útvaldir sem hafa áhuga og beita sér í náttúruverndarmálum. Þorri landsmanna gerir það og hefur áhuga en hann þarf að fá verkefni og það er einmitt það sem þetta frv. gengur ekki út á að hann fái. Ég er sannfærð um að það er einn af stóru göllunum á frv. að ekki er reynt að nýta þann mikla áhuga sem hefur komið í ljós hjá almenningi á náttúruverndarmálum. Fólk vill virkilega fá að taka þátt og fá einhverja ábyrgð.

Það hefur líka verið nefnt og um það var haldin ráðstefna í kjördæmi mínu á síðasta ári hvort sveitarfélögin eins og þau eru í dag geti ekki tekið að sér þetta hlutverk, þ.e. landvörslu ríkisins. Ég skal viðurkenna að það finnst mér vera of langt gengið og þar held ég að við finnum ekki lausnina vegna þess hve sveitarfélögin eru mörg og fámenn. Þar yrðu of miklir hagsmunaárekstrar og ekki kraftur til að taka við þessu hlutverki. En þá kem ég aftur að því sem ég sagði áðan að okkur vantar kannski stjórnsýslustig en þó tel ég með lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur hefði getað opnast möguleiki til að nýta í þessu tilfelli. Nú veit ég að þau lög eru ekki komin að fullu til framkvæmda en það er meiningin að opnaðar verði náttúruverndarstofur í öllum kjördæmum og á þann hátt gætum við fundið vettvang sem hefði eftirlitshlutverk hvað snertir náttúruvernd.

Það er annað sem kemur mér líka á óvart. Náttúruverndarráð var gagnrýnt sérstaklega fyrir að hafa með höndum bæði framkvæmd og eftirlit og þetta þótti afskaplega slæmt. Nú er það svo með Landvörslu ríkisins að hún hefur hvort tveggja með höndum þannig að þarna er ekki verið að gera þær breytingar sem sætta þá sem hafa haldið fram þeim skoðunum að þetta geti ekki farið saman og er ég reyndar þeirrar skoðunar líka að það hefði verið betra ef þetta hefði geta verið á annan hátt.

En, hæstv. forseti, ég ætla ekki í fyrri ræðu minni að hafa fleiri orð um þetta frv. Ég vil bara endurtaka það sem ég sagði áðan að mér finnst slæmt að ekki skyldi nást samstaða í hv. umhvn. um þetta mikilvæga mál vegna þess að ég geri mér grein fyrir því að með tilkomu umhvrn. þurfti að taka á þessu hvað snertir stjórnsýsluna og ég er alveg sannfærð um að hægt hefði verið að nálgast skoðanir okkar framsóknarmanna ef í það hefði verið lögð vinna, ég treysti mér ekki til að svara fyrir aðra flokka en það virðist ekki hafa verið vilji fyrir því í nefndinni.

[23:13]

Frsm. minni hluta umhvn. (Kristín Einarsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. spurði hvort ekki hefði verið reynt í hv. umhvn. að fá um það einhverja samstöðu eða hugmyndir um dreifingu valds og vald heim í hérað. Eins og ég rakti í ræðu minni hér áðan var ákaflega lítill tími til að ræða nokkrar hugmyndir eða tillögur vegna þess að áður en nefndin gat raunverulega rætt þær tillögur og hugmyndir sem höfðu komið var borin fram tillaga um að taka málið út úr nefnd eða ljúka yfirferð málsins og eins og hv. þm. er vel kunnugt er formanni skylt að bera þá tillögu upp strax sem formaður gerði og þar af leiðandi var ekki hægt að fjalla um þær hugmyndir sem vissulega höfðu komið fram. Ég vil benda á að á bls. 2 í nál. minni hlutans segir m.a., með leyfi forseta: „Mikill veikleiki í frumvarpinu og tillögum meiri hlutans felst í tilhögun við skipan náttúruverndarnefnda og því mjög svo takmarkaða hlutverki sem þeim er ætlað að sinna. Skynsamlegt hefði verið að deila landinu upp í svæði, kjördæmi eða minni einingar og gera ráð fyrir að þau yrðu umdæmi sérstaklega kjörinna náttúruverndarnefnda heimaaðila sem fengju hlutverk og styddust m.a. við væntanlegar náttúrustofur í starfi sínu."

Þetta var hugmynd sem við mörg reyndum að koma fram inn í nefndina og töldum að þarna væri kannski einhver vettvangur til þess að færa meira vald heim í hérað. Ég vildi bara benda á að þessar hugmyndir komu vissulega fram en það var ákaflega lítið rætt því

að ekki virtist vera neinn vilji til að reyna að koma til móts við mismunandi sjónarmið. Við í minni hlutanum, ef ég get talað fyrir okkur öll, vorum auðvitað oft að reyna að finna hvernig við gætum komið til móts við þessa gagnrýni á mikla miðstýringu í frv.

Útbýting þingskjala:

Varnir gegn mengun af útblæstri bifreiða og brennslu olíu og bensíns, 414. mál, fsp. GJH, þskj. 663.

Varnir gegn mengun frá bifreiðum og vélum, 413. mál, fsp. GJH, þskj. 662.

[23:16]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Ég hef reynt að fylgjast með framgangi þessa máls í gegnum þingið og ég verð að segja að allur málatilbúnaður ríkisstjórnarinnar í þessu máli hefur valdið mér miklum vonbrigðum. Í sjálfu sér sé ég ekkert eftir því þó að hlutverki Náttúruverndarráðs sé breytt og hef reyndar margsinnis lýst því yfir í Alþingi að ég telji að það hafi þurft og þurfi að gera þó ekki sé út frá öðrum forsendum en þeim að stjórnsýslulega séð er Náttúruverndarráð hálfgerður bastarður í kerfinu eins og það er í dag og mun ég koma að því síðar.

Það sem veldur mér hins vegar vonbrigðum er að mér finnst svipurinn á málinu ekki nógu góður. Hann ber allan keim af miðstýringu og í stað Náttúruverndarráðs og þess hlutverks sem það hafði stjórnsýslulega séð kemur Landvarsla ríkisins sem er þá annað miðstýrt apparat. (**KE:** Enn þá miðstýrðara.) Enn þá miðstýrðara, segir hv. þm. Kann að vera en þó hefur það fram yfir Náttúruverndarráð að mínu mati að hafa þó í raun rétta stjórnskipulega stöðu, þ.e. að lúta ríkisstjórn og Alþingi sem Náttúruverndarráð gerir því miður ekki.

Það sem ég sakna hins vegar mest í þessu frv. og þessum málatilbúnaði er að finna ekki þann anda sem mér finnst að eigi að einkenna umræðu um náttúruvernd í dag og þeir sem hafa náð bestum árangri hvað það snertir eru allir sammála um að þurfi að vera. Það er ekki sá andi sem hefur svifið yfir vötnum Náttúruverndarráðs sem hefur verið: Vér einir vitum og vér einir erum færir um að umgangast þetta land. Við náum aldrei árangri á þessu sviði öðruvísi en með þeim hætti að við gerum og reynum að virkja sem flesta landsmenn sem náttúruverndarfólk.

Ég hef stundum í þessu sambandi tekið litla dæmisögu úr íslensku þjóðlífi. Það er íslensk jeppamenning sem fyrir nokkrum áratugum, 20–25 árum, var á miklum villigötum, einkenndist af töffurum sem spændu upp um fjöll og firnindi og skildu eftir sig ljót sár í landinu. Þá voru uppi nokkuð háværar kröfur um það að banna umferð þessara farartækja utan vega. Sjálfsagt hefði sjálfsagt verið hægt að fara þá leið og þá værum við enn þann dag í dag að eltast við töffara sem létu ekki segjast. Það var hins vegar góðu heilli ekki gert og það sem hefur gerst þar er það sem ég vil kalla siðbót innan frá. Þessir aðilar tóku málin í eigin hendur og skipulögðu sig í samtökum sem hafa góða umgengni við landið að leiðarljósi og ég efast um að við höfum í annan tíma á jafnskömmum tíma eignast eins marga virka náttúruverndarsinna og í kringum þetta. Það sama má raunar segja um snjósleðaferðirnar og þann stóra hóp sem hefur í ferðum á þeim kynnst töfrum íslenskrar náttúru. Mér hefur hins vegar oft og tíðum fundist að þeir sem eru lengst á hinum pólnum séu þeirrar skoðunar að aðrir megi ekki umgangast landið en sú elíta sem telur sig eina hafa til þess burði og þá helst ekki nema berfætt. Eins og ég sagði, því miður er ekki þessi andi í þessu frv. Áfram er byggt á miðstýringu. Áfram er byggt á því að það sé miðstýrt kerfi sem eigi að hafa vit fyrir okkur.

Virðulegur forseti. Við þingmenn í Norðurl. e. höfum fylgst á umliðnum árum með afar sérstöku máli í tengslum við þjóðgarðinn í Jökulsárgljúfrum sem lýtur að því að duglegur hópur af ungu fólki í Héraði hefur haft áhuga af því að taka helminginn af túnunum í Ási, sem Náttúruverndarráð á og stendur á austurbakka Ásbyrgis, og koma þar upp golfvelli og maður skyldi nú halda að þessu hefðu allir tekið fagnandi. Það gerðu flestir aðilar en þar hefur þó verið einn þrándur í götu og það er Náttúruverndarráð. Það hefur vægast sagt verið skondið að fylgjast með vörn Náttúruverndarráðs í málinu.

Fyrstu viðbrögðin voru þau að golfvellir væru í sjálfu sér lífshættulegir og af lýsingum að dæma var eiginlega ekki hægt að ætla annað en við golfvelli lægi fólk í valnum í stórhópum. Það var kannski hægt að sansa einhverja á að svo væri nú ekki.

Þá kom næsta vörn. Hún var sú að samkvæmt alþjóðlegum stöðlum um þjóðgarða mætti ekkert gera þar, mest sem mætti gera til dægradvalar væri að skipuleggja gönguleiðir. Allt umfram það samræmdist því ekki. (Gripið fram í.) Það var nokkuð fljótlegt að finna dæmi þess, bæði vestan og austan hafs að inni í þjóðgörðum væru golfvellir. Þá var að finna eitthvað nýtt. Ég man eftir einum fundi sem við þingmenn kjördæmisins áttum með formanni og framkvæmdastjóra Náttúruverndarráðs. Þá var því borið við að það væri ekki víst að grassvörður í íslenskum túnum væri góður til þess að byggja á golfvelli. Bestu rökin fannst mér samt þau þegar Náttúruverndarráð vildi fara að hafa vit fyrir þessu unga fólki þarna og kom með tölulegar upplýsingar um að þetta yrði allt of dýrt og það mundi aldrei geta rekið þetta. Svona hefur verið farið úr einu víginu í annað og þó að ljóst sé að allir heimaaðilar séu málinu fylgjandi, ljóst sé að þetta sé að fullu samræmanlegt við starfsemi þjóðgarðsins, þó að ljóst sé að hæstv. núv. umhvrh. sé málinu fylgjandi kemst það ekki fram vegna þess að mátturinn og dýrðin er Náttúruverndarráðs. Það eru mál af þessum toga sem að mínu mati eru stórhættuleg fyrir skipulag náttúruverndar hér á landi og eru til þess fallin að grafa undan því sem ég er vissulega sammála að þarf að vera til staðar, eitthvert yfirvald í þessum málaflokki. En málatilbúnaður af þessum toga er ekki til þessa fallinn. Þannig stendur þetta núna.

Náttúruverndarsinnar, þeir „einu og sönnu“, segja að nú þegar menn séu lausir við búskap þarna eigi land-

ið bara að hverfa til síns uppruna aftur, það eigi ekkert að gera. Við þekkjum það sem höfum staðið í einhverri ræktun hvað það tekur gamalgróin tún mörg ár að breytast aftur í lyngmóa eða hvað sem þarna var áður en því miður var þetta viðhorfið. Í staðinn fyrir að fagna því að áhugasamt fólk vilji koma með starfsemi, að mínu mati mjög náttúruvæna, koma með líf og fjör inn í þjóðgarðinn leggjast menn á allan hátt á móti þessu. Þetta er að mínu mati afar sorglegt dæmi um starfsemi yfirvalda í náttúruverndarmálum, ekki síst vegna þess að það vita allir sem hafa fylgst með að hönnun og uppbygging golfvalla í dag byggist á því að fella þá sem best að náttúru sinni og í raun að bæta landið. Ein hugmynd og ein tillaga Náttúruverndarráðs var sú að menn gætu bara farið með þetta út á Jökulsáraurana og grætt þá upp af því að mönnum væri svo mikið í mun að koma þessari starfsemi á.

Virðulegur forseti. Það liggur fyrir að það er mjög vaxandi áhugi almennings um allt land til náttúruverndar og til landgræðslu. Við getum nefnt fjölmörg dæmi. Landbn. heimsótti fyrir rúmu ári áhugasamt og stórhuga fólk í Öræfasveit sem þar er búið að girða af stór svæði til uppgræðslu. Stórhuga aðilar norður í Þingeyjarsýslu eru að byrja að græða upp Hólasand sem er að vísu umdeilanlegt hvort er það verkefni á því svæði sem er brýnast en að mínu mati er engin ástæða til þess að leggja stein í götu þeirra sem vilja stuðla að slíku.

Ég nefndi áðan samtök jeppaeigenda, 4x4, sem víða um land standa fyrir landgræðslustörfum. Það er þetta starf sem við þurfum að örva og efla. En mér finnst vanta inn í þetta frv. hvatningu í þá veru.

Virðulegur forseti. Nú liggur ekki fyrir enn þá hver verða afdrif þessa frv. á þessu þingi og ég vil kannski segja að því miður stefnir allt í það að þessu kjörtímabili ljúki án þess að takist að endurskoða og breyta lögum um Náttúruverndarráð. Ég tel það í sjálfu sér miður en hlýt hins vegar að varpa allri ábyrgð á hæstv. ríkisstjórn og hæstv. umhvrh. hvað það snertir. Tækifærin hafa verið næg til þess að vinna að þessum málum og ef hefði verið staðið á annan hátt að.

Ég ítreka það sem ég sagði í upphafi máls míns að í grundvallaratriðum er ég sammála því að breyta verksviði Náttúruverndarráðs og færa það yfir til hins rétta stjórnvalds sem hlýtur að mínu mati að vera umhvrn. En ég ítreka það sem ég hef einnig sagt að það er miður að ekki skuli um leið vera stigin ákveðin skref til valddreifingar, ekki bara til nýrrar stjórnsýslu heldur ekki síður niður til grasrótarinnar, sem er kannski, virðulegi forseti, ágætis samlíking hvað þetta snertir þegar við ræðum um náttúruvernd og meira kapp lagt á það að virkja þá stóru hópa náttúruverndarfólks sem hvarvetna eru í þjóðfélagi okkar. Ekki síst vegna þess að það er nú einu sinni þannig að það eru ein af forréttindum þess að búa í þessu landi og vera Íslendingur að eiga greiðan aðgang að náttúru landsins og að mínu mati ber að stuðla að því að sem flestir hafi tækifæri til þess.

[23:32]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég vildi beina þeirri spurningu til hæstv. forseta hversu lengi muni eiga að halda áfram í kvöld. Það var rætt um kvöldfund og nú er klukkan að nálgast miðnætti þannig að það væri æskilegt að vita hversu lengi er fyrirhugað að halda áfram eða hvort þessum kvöldfundi sé ekki að verða lokið sem fyrirhugaður var. Ég vildi beina þeirri spurningu til hæstv. forseta hvort það sé ekki mál að fara að hætta þar sem flestir hér inni eiga að mæta á nefndarfundi kl. 8 í fyrramálið.

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):

Hv. 6. þm. Vestf. hefur spurt forseta um það hvort ástæða væri til að hætta umræðum núna. Forseti vill upplýsa hv. þm. um að á mælendaskrá eru enn sex hv. þm. og forseta þykir eðlilegt að gefa hv. þingmönnum tækifæri til að ljúka ræðum sínum og ræða þetta mál og þess vegna er forseti reiðubúinn til þess að sitja hér svo lengi sem hv. þm. vilja ræða þetta mál. (Gripið fram í.)

[23:34]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þessar upplýsingar. Það munu vera sex enn þá á mælendaskrá. Ég vil þá vekja athygli forseta á því að ég held að það séu ekki nema sex búnir að tala um þetta mál síðan um hádegi í dag þannig að það gæti tekið ansi langan tíma. Er ekki réttara að skoða málið í ljósi þess?

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):

Forseti vill upplýsa hv. 6. þm. Vestf. um að einmitt í ljósi þess að aðeins sex hv. þingmenn hafa komist að með ræður sínar í þessu máli frá því um miðjan dag þykir forseta það brýn ástæða og réttlætismál að gefa fleiri hv. þm. kost á því að taka þátt í umræðum og samfelldri umræðu. (Gripið fram í.)

[23:35]

Finnur Ingólfsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ef ég hef skilið rétt var talað um að það yrði kvöldfundur í kvöld og eins og fram hefur komið eru sárafáir þingmenn búnir að tala við þessa umræðu og ég spyr hæstv. forseta: Er það virkilega svo að forseti ætli að halda því til streitu að ljúka umræðu um málið á þessum fundi? Þá er alveg ljóst að það mun bíða eitthvað fram á nótt ef svo fer og þá hefði auðvitað þurft af hálfu forseta að tala um það við þingmenn og þingflokksformenn ef breyting væri á að menn ætluðu að halda hér næturfund en ekki kvöldfund.

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):

Forseti vill í tilefni af athugasemdum hv. þm. minna á að aðeins sex hv. þm. hafa enn komist að með ræður sínar og mér finnst það mjög sanngjörn krafa að verða við óskum hv. þm. um að fá að flytja mál sitt hér og það í samfelldri umræðu sem hlýtur að vera

eðlilegt miðað við gang málsins. Forseti er reiðubúinn til að sitja hér þar til umræðu lýkur og forseti hefur aldrei hræðst það að vera við umræður að nóttu til og forseti er ekki vanur því að hlaupa í koju á meðan dekkið er fullt af fiski.

[23:37]

Jóhann Ársælsson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég held að enginn efist um vilja og getu hæstv. forseta að sitja yfir ræðum þingmanna. Hins vegar gætu kannski einhverjir aðrir sem hér eru staddir haft meiri áhuga á því að hvílast fyrir morgundaginn en hæstv. forseti. Ég verð að segja það alveg eins og er að ég tel að það væri ekki heppilegt að menn vektu alla nóttina vegna þeirra starfa sem þeir þurfa að fara til að morgni og mér finnst að hæstv. forseti tali í hálfgerðum hálfkæringi um störf þingsins. Ég verð að segja alveg eins og er að þó að sex þingmenn séu búnir að tala hér get ég enga grein gert mér fyrir því hve langan tíma tekur að hlusta á þær sex ræður sem eftir eru fyrir utan það að ég býst við að einhverjir bætist á mælendaskrána. Ef við miðum við næstsíðustu ræðu sem hér var haldin þá mundum við þurfa líklega rúman sólarhring til að hlusta á þær sex ræður sem eftir eru. Ég er því hræddur um að önnur störf þingsins færu þá að víkja illilega fyrir þeim fundi sem nú stendur. Ég verð að segja alveg eins og er að ég held að þetta hafi kannski ekki svo mikinn tilgang þegar mál fara að dragast með þessum hætti. Því miður er ekki mjög fjölmennt í þinginu núna til þess að hlýða á ræður þeirra sex þingmanna sem eiga eftir að tala og býst ég þó við að þeir eigi eftir að leggja margt gott til þessa máls og full ástæða sé til þess að fylgjast með því sem þar kemur fram.

En aðallega kom ég hér upp, hæstv. forseti, til þess að segja það að mér finnst í raun og veru ekki þjóna neinum sérstökum tilgangi að tala um þetta mál langt fram eftir nóttu. Svo langar mig til að spyrja um það hvort það sé ætlun hæstv. forseta að taka fleiri mál á dagskrá eftir að umræðu um þetta lýkur hvenær sem henni muni nú ljúka.

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):

Forseti vill í tilefni af athugasemdum hv. 3. þm. Vesturl. upplýsa hv. þm. um að oft hafa Íslendingar þurft að starfa á nóttunni þegar brýn nauðsyn krefur og þurfa enn að gera. Ég trúi því að hv. þm. séu reiðubúnir til að feta í fótspor þess dugnaðarfólks sem er tilbúið að leggja á sig mikilvæg störf í þágu þjóðarinnar og vilji ekki skorast undan þegar mikil þörf er á eins og núna. Það eiga aðeins sex hv. þm. eftir að ljúka ræðum sínum og ég vona að hv. þm. sýni þá almennu tillitssemi að gefa þeim kost á að flytja ræður sínar við samfellda umræðu sem hlýtur að vera réttlætismál þegar svo stendur á. Það er hárrétt hjá hv. þm. að það er stutt til þingloka og þess vegna getur það komið fyrir að við þurfum að ræða málin á nóttunni og ég vil eindregið hvetja hv. þm. til þess að vera reiðubúnir að feta í fótspor þeirra Íslendinga sem það gera gjarnan þegar mikið liggur við eins og nú.

[23:42]

Kristín Ástgeirsdóttir *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Við hljótum að spyrja hvaða nauð rekur til þess að við séum á næturfundi til að ræða þetta mjög svo umdeilda mál. Ég lýsi því að ég er ein af þeim sem eru á mælendaskrá og mér er ekkert að vanbúnaði að bíða til morguns með að flytja ræðu mína. Ég mun ekki gera athugasemd við það þó að umræðu verði hætt hér fljótlega og hún verði ekki samfelld. Við höfum oft lent í því á hinu háa Alþingi og þegar um stórt mál er að ræða sem krefst svona ítarlegrar umræðu og margir vilja tjá sig um að þá er eðlilegra að ræða það um hábjartan dag og vera ekki að teygja fundi svona fram á nótt. En ég spyr hæstv. forseta hvað rekur okkur til þess að ræða þetta mál fram á rauðanótt. Mér er ekki kunnugt um að það hafi komið fram nein forgangsröð mála í þinginu og ég vil upplýsa hæstv. forseta um að í Viðskiptablaðinu sem kom út fyrir vikuna 8.–15. febrúar er að finna viðtal við hæstv. forsrh. Davíð Oddsson þar sem það kemur fram að það sé ekki um nein forgangsmál að ræða af hálfu ríkisstjórnarinnar nema ef vera kynni skólamálin sem ég hygg þó að muni ekki hljóta mikinn frama á næstu dögum. Ég hlýt því að spyrja hvað liggur á og hvaða nauðsyn er til þess að við séum að ræða um málið langt fram á nótt. Ég ítreka að ég geri ekki athugasemd við það þó að ég verði að fresta minni ræðu til morguns.

[23:44]

Steingrímur J. Sigfússon *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég vissi ekki betur en hér hefði samkvæmt þeirri starfsáætlun ef svo svo má kalla sem fyrir liggur verið gert ráð fyrir einungis kvöldfundi þannig að ég vil nú fyrir það fyrsta einungis taka það fram að þá er ekki venjan að halda fundi a.m.k. mjög langt fram yfir miðnætti þegar svo stendur á. Venjan er að boða hv. þm. ef til stendur að hafa næturfundi en það var ekki minnst á neitt slíkt svo að ég yrði var við í dag þegar þingflokksformenn voru að ræða saman eða a.m.k. okkar þingflokksformaður var hér í húsinu.

Í öðru lagi er ég einn af þeim sem eru aftarlega á þessari mælendaskrá og ég vil alveg fullvissa forseta um það að ég geri síður en svo kröfu um það að flytja mína ræðu einhvern tíma um miðja nótt. Ég vil frekar ræða þetta í björtu og þvert á móti væri mér frekar þægð í því að henni væri frestað til morguns. Það er ekki vegna neinnar sjálfsvorkunnsemi eða hlífðar við mig út af fyrir sig en það hafði ekki verið gert ráð fyrir næturfundi og ég hafði ekki reiknað með honum.

Sömuleiðis eru nefndir boðaðar til fundar í fyrramálið og ég held að eðlilegast sé að hafa venjulegt verklag á þessu. Ég beini þeim tilmælum til hæstv. forseta að hann hugleiði hvort ekki sé vænlegt að fresta annaðhvort þessari umræðu nú enda rétt að verða komið miðnætti eða þá að gera samkomulag um að taka 1–2 raðir í viðbót og fresta þessu kannski á milli kl. 12 og 1 eða undir 1. Ég býst við að þingmenn mundu una því að vera eins og eina stund fram yfir miðnætti þó að það hefði einungis átt að vera kvöldfundur. Þetta sýnir sig að vera mál sem kallar á miklar umræður og enn

er ekki séð fyrir endann á því hvort margir bætast á mælendaskrána eða hve mikil þessi umræða verður. Hún getur kviknað upp aftur ekkert síður um miðjar nætur en á öðrum tímum sólarhringsins eins og kunnugt er. Ég beini því til forseta sem er íhugull maður að hann velti því fyrir sér hvort ekki sé skynsamlegt að hafa góðan anda í þessu undir þinglokin og gera samkomulag um að við frestum umræðum annaðhvort nú eða a.m.k. fljótlega og tökum svo bara upp þráðinn á morgun. Ég veit ekki til að það liggi svo mikið fyrir á dagskrá að það sé ekki vel hægt, langur dagur er fram undan á morgun.

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):

Forseti hefur þegar tilkynnt hv. þm. um ætlan sína og þessar umræður hafa ekki breytt þeirri niðurstöðu forseta.

[23:47]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er alveg greinilegt að það er mjög tímafrekt mál sem verið er að ræða. Það er skiljanlegt af hæstv. forseta að vilja nota nóttina til þess líka.

Þetta frv. til laga um breytingar á lögum um náttúruvernd er komið fram í annað sinn og inn í það hafa raunar verið teknar einhverjar breytingar þó að ekki hafi verið tekið tillit til mjög margra þeirra athugasemda sem gerðar voru í athugasemdum við frv. á síðasta þingi þegar það hafði verið sent út til umsagnar.

Ég hef mjög margt við þetta frv. að athuga en samkvæmt góðri siðvenju ætla ég samt að byrja á því að fagna einu atriði í 1. gr. þessa frv. þar sem stendur með leyfi forseta: „Við mótun stefnu í náttúruvernd og framkvæmdir og fræðslu á því sviði skal umhvn. hafa samráð við Náttúruverndarráð, bændur og aðra landnotendur" og þetta hygg ég að sé komið inn eftir athugasemdir sem komu fram um frv. á síðasta þingi og ég vil virkilega fagna því að við mótun stefnu í náttúruvernd og framkvæmdir og fræðslu í þeim málum eigi að fara að hafa samráð við bændur og landnotendur. Í því sambandi vil ég einmitt geta þess að á ferð minni um landið á síðasta sumri kom mjög skýrt fram og oft í viðræðum við fólk úti á landsbyggðinni og ekki hvað síst bændur og forsvarsmenn þeirra að fólk var ekki alltaf sátt við þær ákvarðanir og framkvæmdir sem Náttúruverndarráð stóð fyrir og vildi gjarnan hafa eitthvað meira um það að segja og taldi sig geta lagt ýmislegt til málanna á grundvelli þekkingar heima fyrir. Þó margt sé athugavert í þessu frv., virðulegi forseti, tel ég þetta vera aðeins til bóta.

Skemmst er frá því að segja að það að koma á stofnun sem á að heita Landvarsla ríkisins og hafa með höndum bæði framkvæmd og eftirlit í náttúruverndarmálum tel ég alls ekki vera skref í rétta átt því að frekar hefur verið tilhneiging til þess í hinu opinbera kerfi að skilja að framkvæmd og eftirlit og talið betra að það væri ekki sami aðilinn samanber þegar verið var að skipta upp löggæslunni með eftirlit og framkvæmd á því stigi. Mér finnst vera afturför en ekki framför í þessari breytingu að ein stofnun sem er aðeins þrír stjórnarmenn undir stjórn umhvrh. eigi þarna að hafa bæði framkvæmd og eftirlit með þessum málum. Mér hefur heyrst það á þeim sem hafa gert athugasemdir við frv. og rætt það í dag að þetta sé eitt af þeim stærri málum sem nefndarmenn í hv. umhvn. hafa athugasemdir við og einnig þeir sem hafa sent umsagnir um frv.

Það er alveg ljóst að hér horfir til miðstýringar heldur en hitt. Ekki er verið að víkka þessi mál út þannig að fleiri komi að þeim. Þrátt fyrir þetta ákvæði sem ég nefndi og var að gleðjast yfir að ætti að hafa fleiri til skoðunar um náttúruverndarmál er stjórnin mjög þröng og er skipuð af umhvrh. sem skipar þarna þriggja manna stjórn og formann sérstaklega og stjórnin á að hafa á hendi alla yfirstjórn Landvörslu ríkisins. Hún á að fjalla um starfs- og fjárhagsáætlanir, fylgjast með fjárhag og ráðstöfun fjár, gæta samráðs við Náttúruverndarráð, ferðamálaráð, sveitarstjórnir, bændur og aðra landnotendur og samtök áhugamanna um náttúruvernd. Síðan kemur einnig að ráðherra á að skipa framkvæmdastjóra Landvörslunnar þannig að þarna er ráðherra að taka sér eins konar alræðisvald yfir þessum málum að ég mundi segja. Þó að ég treysti hæstv. ráðherra til margra góðra verka þá held ég að hann sé að taka sér of mikið miðstýringarvald og selja það í hendur þeirra sem koma síðan á eftir honum.

Það eru margar athugasemdir við frv. og samkvæmt því sem segir í athugasemdum minni hluta hv. umhvn., hefur nefndinni ekki tekist að fara mjög vel yfir frv. vegna tímaskorts. Í nefndaráliti minni hlutans segir að nefndin hafi lokið fyrstu yfirferð yfir frv. 9. febr. og ekki eru margir dagar síðan. Síðan hafi verið lagðar fram brtt. og málið afgreitt úr nefnd þannig að ekki hefur gefist mikill tími til þess að ræða breytingartillögurnar og taka meira tillit til þeirra ábendinga sem hafa komið.

Náttúruverndarráð gaf umsögn um frv. þar sem segir að æskilegt hefði verið að endurskoða alla löggjöf um umhverfismál og þar segir, með leyfi forseta: „þar með taldar lagareglur sem varða náttúruvernd, í heild sinni og taka mið af því sem nágrannaþjóðir Íslendinga hafa gert í þessum efnum. Auk þess hefði þurft að endurskoða uppbyggingu allra þeirra stofnana sem með einum eða öðrum hætti fjalla um umhverfismál. Í stað þessa hefur verið valin sú leið að leggja til breytingar á löggjöf sem hentaði ágætlega á þeim tíma sem hún var sett. Jafnframt hefði verið ástæða til þess að endurskoða hlutverk þeirra stofnana sem heyra undir umhverfisráðuneytið." Svo segir í áliti minni hlutans að mjög margir hafi tekið undir þetta sjónarmið.

Þá vildi ég einnig spyrja hæstv. ráðherra um það þar sem greinilega er verið að koma á fót nýrri stofnun hvort það sé liður í sparnaðaraætlunum ríkisstjórnarinnar að bæta við ríkisstofnun sem hlýtur að kalla á aukið fjármagn og jafnframt hvort hugsað sé fyrir fjármagni fyrir þessa stofnun í fjárlögum yfirstandandi árs. Samkvæmt því sem segir í lögunum eiga þau að taka þegar gildi. Það segir í 7. gr. að lögin öðlist þegar gildi. Ég hefði haldið að ýmislegt þyrfti að skoða áður en svona lög geta tekið gildi og m.a. hvernig farið

verður með þá starfsemi Náttúruverndarráðs sem Landvarslan á að yfirtaka. Jafnframt með starfsfólk sem vinnur hjá Náttúruverndarráði, hvernig verður með þeirra störf. Ég geri því skóna að hæstv. ráðherra hafi áhuga á því að vita hvað verður um þá starfsmenn hans sem vinna hjá Náttúruverndarráði. En mér finnst að þar sé mjög hlaupið án skoðunar í það að láta lögin taka gildi ef þau hafa engan aðdraganda heldur eiga að taka gildi á þeim tíma um leið og þau eru samþykkt en ekki gefinn aðlögunartími til þess að breyta þeirri stofnun skrifstofu Náttúruverndarráðs sem Landvarsla ríkisins á að yfirtaka og einnig með tilliti til starfsmanna.

Þá mætti einnig spyrja um hvernig er með fyrirhugaðar framkvæmdir Náttúruverndarráðs á næsta sumri því að nú notar Náttúruverndarráð yfirleitt veturinn til þess að gera ýmsar áætlanir um starf sitt og það sem það hefur eftirlit með, framkvæmdir og eftirlit á hinum ýmsu stöðum á sumrinu. Hvernig verður sú verkaskipting? Hefur Náttúruverndarráð undirbúið ýmsar framkvæmdir á næsta ári og er þá alveg sjálfgefið að Landvarslan taki við þeirri framkvæmd eða hvernig verður háttað verklokum Náttúruverndarráðs yfir til Landvörslunnar? Væri mjög fróðlegt að heyra það hjá hæstv. ráðherra hvernig það mál verður og hvort einhverjir starfsmanna Náttúruverndarráðs verða eftir breytinguna starfsmenn Landvörslunnar.

Með tilliti til þess sem segir í áliti minni hluta umhvn. get ég ekki séð að búið sé að vinna þetta frv. nægilega vel til þess að afgreiða það á næstu dögum. Minni hlutinn leggur til að þessu máli verði vísað til ríkisstjórnarinnar og ég held að ég sé knúin til þess að taka undir það miðað við þá stöðu sem mér sýnist málið vera í.

Það er ýmislegt fleira sem ég vildi spyrja hæstv. ráðherra um af því að hann er staddur hér og situr yfir þessum umræðum. Í brtt. meiri hluta umhvn. segir á bls. 3 í 3. lið, þ.e. breyting við 3. gr. frv., að í stað 2. mgr. 13. gr. komi ný málsgrein sem hljóði svo, með leyfi forseta:

„Umhvrh. skal setja reglugerð um akstur utan vega, umferð hesta, umgengni í óbyggðum, merkingu bílslóða og vega og leyfilegan öxulþunga vélknúinna ökutækja sem fara um óbyggð svæði. Þar sem hætta er á náttúruspjöllum er akstur utan vega og merktra slóða óheimill."

Ég vildi spyrja hæstv. ráðherra að því hvort hann telur þetta ekki stangast á við önnur lög. Samkvæmt því sem segir í áliti minni hlutans gafst ekki tími til þess að skoða það. Málið var tekið það fljótt út úr nefndinni að menn komust ekki í að athuga allt sem athuga þurfti. Í umferðarlögum, nr. 50/1987, segir í 3. gr.:

„Ákvæði um umferð ökutækja gilda, eftir því sem við á, einnig um reiðmenn." Þess vegna vildi ég spyrja hæstv. umhvrh. hvort hann gæti þá sett reglugerð um umferð hesta ef í umferðarlögum eru ákvæði um umferð reiðmanna. Er það ekki nokkurn veginn það sama?

Í öðru lagi segir einnig að umhvrh. skuli setja reglugerð um leyfilegan öxulþunga vélknúinna ökutækja. En í þessum sömu umferðarlögum og ég nefndi áðan, lögum nr. 50/1987, segir í 76. gr. um öxulþunga og þyngd, með leyfi forseta:

„Dómsmrh. setur reglur um hámark öxulþunga og heildarþyngdar ökutækja með og án farms."

Þarna sýnist mér a.m.k. tvær greinar í umferðarlögum komi einmitt inn á þessa grein hér þar sem er verið að tala um að umhvrh. eigi að setja reglur um þessi tilteknu atriði. Það er þá orðið nokkuð óvanalegt ef bæði dómsmrh. og umhvrh. eiga að fara að setja reglur um sömu atriðin. Ég hef ekki haft tíma til að leita að og skoða hvort þetta væri á fleiri stöðum í brtt. meiri hlutans.

Þetta vildi ég spyrja hér um, virðulegi forseti, en annars almennt um náttúruverndarlög tel ég mjög slæmt ef það þarf að vera að afgreiða frv. til laga um breytingu á lögum um náttúruvernd sem engin sátt er um að afgreiða á hinu háa Alþingi og ekki sátt um í þjóðfélaginu ef marka má þær athugasemdir sem komið hafa um frv. frá því að það var fyrst lagt fram.

Ég hefði haldið að það væri ekki mjög erfitt að ná ákveðinni sátt um náttúruvernd. Allar þjóðir eru orðnar mjög meðvitaðar um að náttúruvernd er eitt af því nauðsynlegasta sem þarf að taka á á næstu árum, umhverfismál og náttúruvernd í framhaldi af því, og það er mjög nauðsynlegt að lagasetning um umhverfismál sé í sátt við hverja þjóð sem þau lög eiga að ná yfir. Ég held að flestir hér á landi séu sammála í hjarta sínu um það að þeir vilji verndun umhverfisins og vilji vernd náttúrunnar auðvitað með tilliti til notkunar og sjálfbærrar þróunar. Ég held að það sé skammsýni og fljótfærni að ætla að afgreiða lög um breytingu á náttúruvernd í fullkominni andstöðu við margt það fólk sem hingað til hefur látið sig náttúruvernd miklu skipta og þjóðina almennt. Til þess að vinna að þessum málum, sem ég efast ekki um að hæstv. ráðherra hefur hug á að gera, væri miklu æskilegra að hægt væri að gera það í sæmilegri sátt við þá sem lögin eiga að snerta.

Það er nú einu sinni svo að á hinu háa Alþingi hafa nefndir, sem hafa ákveðin mál til umfjöllunar, mjög leitast við það að skoða þau frv. sem eru til meðferðar mjög vel, kalla til þá hagsmunaaðila og aðila úti í þjóðfélaginu sem málið snertir hverju sinni, heyra sjónarmið þeirra, fá umsagnir og leita eftir því hvort hægt sé að ná samkomulagi eða samstöðu um það hvernig skuli farið með löggjöfina. Það er hlutverk nefnda að fara vel yfir frv. og leita þessara leiða og ég hygg að ekki hafi unnist tími til að gera það í sambandi við einmitt þetta frv.

Það hefur verið sagt svo margt og mikið um frv. í dag og væri sjálfsagt hægt að segja talsvert meira enn þá en ég mundi fyrst og fremst leggja áherslu á það, virðulegi forseti, að betri tími gefist til þess að skoða málið og ekki sé reynt að keyra það í gegn enda hef ég ekki heyrt það á neinum í Alþingi að mjög mikið liggi á því að afgreiða þetta frv. Samanber þau ummæli sem hér voru höfð eftir hæstv. forsrh. um forgangsmál í þinginu og afgreiðslu lagafrv. virtist ekki vera lögð áhersla á að afgreiða lagafrv. Ekkert var nefnt í því sambandi og allra síst þau frv. sem mikill ágreiningur væri um. Ég get því engan veginn séð eins og ég sagði

í upphafi neina nauðsyn á því að keyra þetta frv. í gegn enda hygg ég að mjög mikil umræða sé eftir um þetta mál.

Það sem hefur komið inn sem brtt. í viðbót við það sem ég las áðan upp sýnist mér vera mjög miklar orðalagsbreytingar en ekki miklar efnisbreytingar og ekki hefur verið tekið mikið tillit til þeirra efnisatriða sem komið hafa í umsögnum og athugasemdum yfirleitt um frv. Hér er verið að breyta sem dæmi orðinu lífsvæði í búsvæði og breyta ýmsum styttri setningum, hvort þær eru í nútíð eða þátíð eða eitthvað slíkt þannig að það eru mjög margar veigalitlar breytingar í þessum brtt. Ég tel að þurft hafi að fara miklu betur yfir það hvort ekki væri hægt að breyta þessu þannig að meiri sátt væri um frv.

Virðulegi forseti. Ég held ég geti ekki að þessu sinni komið með fleiri athugasemdir en vafalaust verða þær fleiri sem ég kem auga á með því að hlusta á þær umræður sem eiga eftir að fara fram og ég vænti þess einnig að ég fái svör við þeim spurningum sem ég lagði fyrir hæstv. ráðherra. En til öryggis, virðulegi forseti, hyggst ég setja mig aftur á mælendaskrá síðar í nótt svo að ég geti þá komið með fleiri athugasemdir sem ég á vafalaust eftir að finna.

[00:10]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég get ekki hafið ræðu mína án þess að gera aftur athugasemd við það að við skulum vera að ræða þetta mjög svo umdeilda mál að næturlagi. Slíkt hefur reyndar gerst áður á kjörtímabilinu. (Gripið fram í.) Hér er forsetinn að ganga hart að hæstv. umhvrh. með því að halda því til streitu að vera með næturfundi og veit enginn hvaða afleiðingar það mun hafa á næstu dögum. Við vitum að hann hefur nóg að gera heima fyrir í barnauppeldi sínu og því finnst mér forseti vera harður í horn að taka við hæstv. umhvrh.

En að öllu gamni slepptu er afar athyglisvert að skoða þau vinnubrögð sem beitt er þessa dagana á hinu háa Alþingi og einkennir þetta mál sem er til umræðu eins og fleiri sem við erum að upplifa þessa dagana. Við þingmenn hljótum að velta því fyrir okkur hvað er á ferðinni og hversu eðlilegt og hversu gott það sé að meiri hlutinn sé sífellt að beita valdi sínu og rífa mál út úr nefndum sem eru alls ekki fullunnin. Það kemur mjög greinilega fram hér í nál. minni hlutans að þetta mál er ekki fullunnið og skýringar vantar við ýmis atriði. Hið sama hefur verið að gerast í öðrum málum. Í dag var grunnskólafrv. rifið út úr menntmn. gegn atkvæðum stjórnarandstöðunnar og var bent á það í umræðunni að það að taka málið út úr nefndinni á svo viðkvæmu stigi kynni að hafa alvarlegar afleiðingar úti í þjóðfélaginu þar sem kennarar standa í kjarasamningum.

Fyrir nokkrum dögum gerðist það í allshn. að mál komst varla þar á dagskrá, tillaga sem lá fyrir nefndinni var tekin fyrir á einum fundi og þegar allsherjarnefndarmenn mættu á fund nefndarinnar var þar tilbúið nál. og málið afgreitt á nokkrum mínútum án þess að það fengi nokkra umfjöllun.

Ég verð að segja það, hæstv. forseti, að svona vinnubrögð valda mér áhyggjum. Mér finnst að við berum mikla ábyrgð. Við eigum að veita framkvæmdarvaldinu aðhald, við förum með löggjafarvaldið og fjárveitingavaldið og okkur ber að vanda okkur í öllum okkar vinnubrögðum. Þess vegna er alltaf leiðinlegt upp á það að horfa að ráðherrar séu að beita sér og meiri hlutinn sé að beita sér með þessum hætti í mjög alvarlegum og umdeildum málum. Í rauninni finnst mér gilda það sama bæði um grunnskólafrv. og þetta frv. sem hér er til umræðu að þarna eru á ferðinni mál sem mjög góð sátt þarf að ríkja um í samfélaginu. Við rekum ekki grunnskólana í ósátt við kennarasamtökin og ég óttast að verði þetta frv. að lögum miðað við allar þær athugasemdir sem við það eru gerðar þá verði að setja lög um náttúruvernd í óþökk flestra þeirra sem starfa að þeim málum. Ég held að þetta sé ekki skynsamlegt. Stundum kemur það fyrir og þau mál eru til að menn verða að taka af skarið. Við getum t.d. deilt um tekjuöflunarleiðir og skattafrv. og fleira sem eru hápólitísk mál. En önnur málefni eru þess eðlis að um þau verður að ríkja sátt. Ég lít þannig á að málið sé með þeim hætti. Ég ætla aðeins að rökstyðja það, hæstv. forseti.

Það er einu sinni svo að staða náttúruverndarmála og þau miklu vandamál sem heimurinn á við að glíma á þeim sviðum eru svo alvarleg og eru þess eðlis að samstaða verður að ríkja um hvernig eigi að taka á þeim. Mikil ráðstefna var haldin í Rio de Janeiro sumarið 1993 og komst hún að mjög viðamiklum niðurstöðum um hvernig staðið skyldi að umhverfis- og náttúruvernd í heiminum. Einmitt sú ráðstefna og niðurstöður hennar sýna okkur og sanna hversu nauðsynlegt er að ríki heims komist að samkomulagi. Í smærri mynd gildir auðvitað hið sama um okkur Íslendinga. Við verðum t.d. að standa saman um að snúa þróuninni við hvað varðar uppblástur. Við eigum öll sameiginlegra hagsmuna að gæta hvað varðar verndun fiskimiðanna í kringum landið. Við eigum öll sameiginlegra hagsmuna að gæta varðandi það að ganga vel um íslenska náttúru og ekki aðeins það sem snýr að okkur sjálfum heldur ekki síst það að við erum að reyna að markaðssetja land okkar sem óspillt og ómengað land sem býður upp á stórfenglega náttúru og við spillum auðvitað þeirri ímynd með ýmsum aðgerðum okkar og með því að snúa ekki vörn í sókn á þeim sviðum þar sem verulega reynir á. Þar er ekki síst að nefna umgengni okkar, sem hér búum, um náttúruna með allri eyðslu okkar og neyslu sem m.a. leiðir af sér mikið sorp og ýmis konar mengunarvandamál í frárennsli og öðru slíku. Við þurfum að standa saman til að taka á þessum vandamálum.

Mér finnst rétt að geta þess í þessu samhengi, virðulegur forseti, að svo vill til að einmitt þessa daga sem við erum að ræða þetta frv. um breytingar á lögum um náttúruvernd er rétt nýhafið náttúruverndarár Evróputáðsins. Það færi vel saman að hér væri mikil og góð samstaða um að setja ný náttúruverndarlög en því miður er aðeins verið að taka á ákveðnum þáttum þeirra laga og margir þeirra sem sendu umsagnir til umhvn. þingsins benda einmitt á nauðsyn þess að hér fari fram

heildarendurskoðun á lögum um náttúruvernd í landinu. Náttúruverndarár Evrópu var haldið í fyrsta sinn árið 1970 fyrir 25 árum og þótti gefast það vel að ástæða væri til að endurtaka það og nú er verið að halda það í annað sinn. Í bréfi, sem mér barst frá umhvrn., er skýrt frá þessu átaki, náttúruverndarári Evrópu 1995 og þar segir, með leyfi forseta:

„Á ráðherrafundi Evrópuráðsins í Lucern í Sviss 28.–30. apríl 1993 var ákveðið að Evrópuráðið og aðildarlönd þess helgi árið 1995 náttúruvernd og gangist fyrir kynningarátaki undir nafninu Náttúruverndarár Evrópu 1995. Umhvrn. hefur ákveðið að taka þátt í þessu átaki og gangast fyrir kynningu á umhverfis- og náttúruvernd hér á landi. Evrópuráðið stóð fyrir sambærilegri upplýsingarherferð um náttúruvernd í Evrópu árið 1970 þar sem m.a. var lögð áhersla á að fræða fólk um náttúruna og þær ógnir sem að henni steðjuðu. Á þeim árum voru augu fólks að opnast fyrir vaxandi mengun og þeim áhrifum sem maðurinn gat með athöfnum sínum haft á náttúruna. Þá var almennt álitið að stofnun þjóðgarða, friðlanda og friðlýsing lands væri besta leiðin til að varðveita náttúruna og náttúrulegan fjölbreytileika lífríkisins. Því var lögð áhersla á að fjölga friðuðum svæðum í Evrópu. Í kjölfarið fylgdi svo gerð margra evrópskra náttúruverndarsamninga sem miðuðu að því að vernda tegundir dýra og plantna og búsvæði þeirra. Meðal þeirra má nefna Ramsar-samninginn og Bernar-samninginn. Á síðustu árum hefur fólk áttað sig á því að það er ekki nóg að hafa þjóðgarða og friðlýst svæði til þess að viðhalda náttúrunni og náttúrulegum fjölbreytileika ef ekki er að sama skapi hlúð að náttúrunni utan þessara svæða. Í auknum mæli er farið að hvetja til almennrar náttúruverndar utan friðlýstra svæða, sérstaklega í nágrenni við þéttbýli enda hefur komið í ljós að þéttbýlisbúar sækja í auknum mæli í fjölbreytta náttúru til útivistar.

Á náttúruverndarári Evrópu 1995 verður megináhersla lögð á náttúruvernd utan friðlýstra svæða. Tilgangurinn með árinu er að opna augu almennigs, landeigenda, skipulagsyfirvalda, bæjar- og sveitarstjórna fyrir því að ekki sé nóg að vernda náttúruna með því að friðlýsa ákveðin svæði svo sem þjóðgarða, friðlönd eða náttúruvætti þar sem náttúran geti þróast eftir sínum eigin lögmálum. Eigi náttúruvernd að vera virk og árangursrík er einnig nauðsynlegt að hlúa að náttúrunni utan friðlýstra svæða. Einkunnarorð ársins eru: Hyggjum að framtíðinni, hlúum að náttúrunni. Umhvrn. ákvað árið 1993 að taka þátt í náttúruverndarári Evrópu 1995 og var sérstök undirbúningsnefnd undir forustu Baldvins Jónssonar skipuð til að skipuleggja, undirbúa og sjá um framkvæmd ársins hér á landi í samráði við umhvrn. Nefndin er skipuð tíu fulltrúum áhugamannasamtaka, félagasamtaka og stofnana. Undirbúningsnefndin og umhvrn. hyggjast m.a. beita sér fyrir aðgerðum sem stuðlað geti að aukinni þátttöku almennings í náttúruvernd, almennri vitundarvakningu, ekki síst meðal barna um mikilvægi náttúru- og umhverfisverndar. Aukinni náttúruvernd og útivist í nágrenni þéttbýlis, aukinni áherslu skipulagsyfirvalda og bæjar- og sveitarstjórna á verndun náttúrulegra svæða í og við þéttbýlissvæði.

Í aðildarlöndum Evrópuráðsins sem eru nú 33 talsins er mikill áhugi fyrir náttúruverndarárinu. Áherslur landanna eru að vonum mismunandi en mörg lönd munu leggja áherslu á náttúruna í nágrenni borga og bæja, líffræðilegan fjölbreytileika, landnýtingu og almannarétt. Auk þess mun Evrópuráðið standa fyrir ýmsum uppákomum, m.a. málþingum í samvinnu við aðildarlöndin og ljósmyndasamkeppni. Umhvrn. vonast til þess að sem víðtækust þátttaka verði í náttúruverndarárinu hér á landi. Sveitarstjórnum, stofnunum, fyrirtækjum, áhugamannasamtökum, félögum og öðrum sem vilja taka þátt í aðgerðum náttúruverndarársins er bent á að hafa samband við umhvrn. eða undirbúningsnefnd náttúruverndarársins."

Virðulegur forseti. Þar með lýkur tilvitnun í þetta bréf sem ég hef nú lesið og í því er að finna ákveðna stefnumörkun fyrir þetta umhverfisár og ég fæ ekki betur séð en að það frumvarp sem hér er til umræðu gangi nokkuð þvert á stefnumörkun Evrópuráðsins í náttúruverndarmálum. Hér er að því vikið hversu nauðsynlegt er að vera í góðu samstarfi við alla aðila og komið er inn á ýmis þau atriði sem fjallað er um í þessu frv. en sem umhvrh. og umhvrn. er að taka allt í sínar hendur og mun ég koma betur að því hér á eftir. Maður spyr sig: Hvernig á að vera hægt að halda upp á þetta ár hér á landi þegar hæstv. umhvrh. er kominn í hálfgerða styrjöld við alla þá sem vinna að náttúruvernd hér á landi? Ég spyr nú: Er þetta skynsamlegt? Hefði ekki þurft að vinna þetta mál betur?

Í nál. minni hluta umhvn. kemur fram að það liggur fyrir mikil gagnrýni á þetta frv. og að minni hlutinn umhvn. hefði óskað þess að fá að skoða ýmsa þætti frv. betur. Þess hefði verið óskað að leitað hefði verið eftir samkomulagi en því miður var rétt einu sinni ákveðið að beita meirihlutavaldinu og keyra frv. út. Ég er því miður hrædd um að afgreiðsla málsins sé nú nokkuð lýsandi fyrir afstöðuna til náttúruverndar. Að vísu skal tekið tillit til þess að umhvrn. er auðvitað að reyna að styrkja stöðu sína í stjórnkerfinu og ég get tekið undir að mikil þörf er á að styrkja umhvrn. En ég held því miður að þessi aðferð sé ekki líkleg til að skila miklum árangri. Við hljótum að verða að líta á það að stjórn umhvrn. á málaflokkum sínum verður að vera í samræmi við aðrar stjórnsýsluheffðir og ég hlýt í því sambandi, hæstv. forseti, að benda á umsögn Ferðafélags Íslands sem Páll Sigurðsson skrifaði, sem er lögfræðingur, ég held hann sé prófssor við Háskóla Íslands, reyndar er önnur umsögn frá honum, þar sem bent er á að ráðuneytið sé komið í tvöfalt hlutverk, sem framkvæmdaraðili og sem eftirlitsaðili. Þetta er einmitt atriði sem við höfum verið að taka í gegn í stjórnkerfi okkar, að koma í veg fyrir að stofnanir ríkisins séu í þessu tvöfalda hlutverki. Ég vil spyrja hæstv. umhvrh., sem nú gengur í salinn, hvað hann segi um þessa athugasemd Páls Sigurðssonar. Ég fæ ekki betur séð en þetta standist hjá honum að komist sú skipan á sem frv. gerir ráð fyrir er umhvrn. beinn aðili að öllu eftirliti með náttúruvernd í landinu í gegnum Landvörslu ríkisins sem ráðherra einn skipar stjórn

í, þetta er beint undir ráðherra og Landvarsla ríkisins gegnir gríðarlega breiðu hlutverki, hún hefur mjög víðtækt hlutverk. Þeir sem ákvarðanir eða framkvæmdir Landvörslunnar bitna hugsanlega á eða ef menn eru ósáttir við þær og vilja leita til ráðuneytisins þá situr ráðuneytið beggja vegna borðsins. Finnst hæstv. umhvrn. þetta skynsamlegt? Ég spyr.

Ég hlýt að gera að umtalsefni áður en ég kem að einstökum atriðum það sem hefur aðeins komið hér við sögu í umræðunni og ég kom inn á við 1. umr. um þetta mál. Það er það sem snýr að samvinnu við sveitastjórnir eða það sem við getum kallað heimamenn. Að mínum dómi er ástæða til að hafa verulegar áhyggjur af þeim málum. Ég get aftur rifjað það upp að þar er ég bæði að hugsa um samskipti ráðuneytisins við Mývetninga og eins við félagasamtökin á Húsavík, sem ætluðu sér að græða upp Hólasand, og þó ég telji að þar hafi verið kannski staðið heldur óhönduglega að hlýtur það að vera áhyggjuefni þegar heimamenn bera bæði náttúruverndaryfirvöldum, þ.e. Náttúruverndarráði og umhvrn., söguna illa og kvarta yfir því að ákvarðanir séu teknar yfir hausamótunum á þeim og ekki sé hlustað á heimamenn. Ég er alveg sannfærð um að við náum ekki árangri í náttúruvernd og uppgræðslu hér á landi svo þau dæmi séu bara tekin, við gætum tekið verndun fiskstofnanna líka, öðruvísi en samkomulag sé um það. Það sé skilningur, þekking og vilji til að taka á málunum. Mér er það áhyggjuefni að heyra úti á landsbyggðinni, ég hugsa sérstaklega um þessa tvo staði og kannski eru Mývetningar nokkuð sér á parti hvað þetta varðar. En þegar ég kom þangað í heimsókn ásamt fleiri kvennalistakonum vakti það okkur vissulega áhyggjur að heyra hvernig þeir töluðu um yfirvöld í þessu samhengi. Mér finnst því miður að í frv., og mér finnst það vera mikill galli á því frv., þá er ætlast til þess að áhugamannasamtök og félagssamtök og sveitarfélögin séu einhvers konar áhugaaðilar um þessi mál. Þau mega koma með ráðleggingar og ábendingar og tillögur en þau hafa ekki bein áhrif á þróun mála eða á ákvarðanir. Þar er það ráðuneytið sem ræður öllu. Þó að ég sé á þeirri skoðun að í umhverfisverndarmálum þurfi ráðuneytið að hafa rétt til íhlutunar og þurfi að hafa nokkurn styrk í því að taka stundum óvinsælar ákvarðanir þá finnst mér of langt gengið hér. Mér finnst þetta nokkuð sérkennilegt að sveitarfélögin í landinu eigi að setja upp náttúruverndarnefndir sem eiga fyrst og fremst að gegna því hlutverki að koma með tillögur og ábendingar en ekki að stjórna neinu eða halda utan um mál í sínu sveitarfélagi. Ég held að það þurfi að skoða þetta mál betur.

Sama gildir um Náttúruverndarráð. Það er einhvern veginn verið að stíga skrefið til hálfs. Það er sett á laggirnar ný stofnun sem á að hafa mjög mikil völd og mikla umsýslu og reyndar er mjög óljóst í mínum huga hvernig hún á að starfa, hvernig hún á að geta sinnt þessu öllu. Fyrst ég kem að því vil ég gjarnan beina þeirri spurningu til hæstv. umhvrh. hvernig hann sér þessa stofnun fyrir sér. Hvað erum við að tala um stóra stofnun? Hvað þarf þessi stofnun að vera stór til þess að hún geti sinnt hlutverki sínu almennilega og í samræmi við þessi lög? Hvað erum við að tala um stóra stofnun? Ég sé ekkert um það í þeim gögnum sem ég hef fengið í hendur og kemur hvergi fram í umsögnum eða í nál. meiri hlutans. Hvað eru menn að tala um?

Ég var komin að atriðinu með samvinnuna við sveitarfélögin og félagasamtök og ég nefndi það að menn væru að stíga skrefið til hálfs. Það er sett á laggirnar ný stofnun og völd og áhrif tekin af Náttúruverndarráði en það á að vera til samt sem áður sem einhvers konar ráðgefandi umsagnaraðili. Hver á að vera hvatinn, hæstv. umhvrh.? Hvað er það sem á að hvetja fólk og félagasamtök til að taka þátt í þessu? Bara áhuginn? Hefur hæstv. umhvrh. trú á því að Náttúruverndarráð muni virka áfram og hafa eitthvað að segja með þeim formerkjum að vera eingöngu ráðgefandi og vera að halda þing og hinir og þessir, m.a.s. þingmenn, mega mæta á þingið og ýmsir fulltrúar. Það er auðvitað góðra gjalda vert að ræða náttúruverndarmál á breiðum grundvelli en hvers vegna ætti fólk að vera að leggja þetta á sig ef það hefur engin áhrif?

Ég verð að viðurkenna það að ég hef miklar efasemdir um það að þetta virki. Enda er á það bent í umsögnum um frv., eins og ég nefndi reyndar áðan, að það hefði verið miklu nær að skoða lög um náttúruvernd í heild. Þetta kemur m.a. fram í umsögn Náttúruverndarráðs og hjá Ferðafélagi Íslands og hjá fleiri aðilum sem sendu inn umsagnir. Það væri vert, þó að hæstv. umhvrh. eigi nú kannski ekki eftir langan tíma í sínu embætti þó maður viti svo sem aldrei, að beina spurningu til hæstv. umhvrh. hvort hann hafi í huga eða hvort það standi til að skoða lög um náttúruvernd í heild. Ég get vel ímyndað mér að það sé mikil þörf á því. Það er tekinn hér stjórnunarþátturinn en aðrir þættir skildir eftir. Það er margt að gerast í náttúruverndarmálum og hugmyndir og aðferðir að breytast.

Síðan er það enn ein spurning t.d. hvernig Náttúrufræðistofnun Íslands og þær náttúruverndarstofur sem verið er að stofna úti á landi koma inn í þessa mynd. Hvernig verður tengingin þarna á milli? Ég verð að viðurkenna að ég á mjög erfitt með að sjá fyrir mér þetta kerfi. Ég hef verið að reyna að átta mig á þessu en mér finnst erfitt að sjá hvernig þetta kerfi virkar.

Flestir ræðumenn sem hér hafa talað, ég er líklega sá áttundi í röðinni í dag, hafa gert athugasemd við það hvernig stjórn Landvörslunnar á að vera skipuð. Ég get tekið undir það að mér finnst hér um óeðlilega mikið vald ráðherra að ræða. Þar við bætist að skipunartími þessarar stjórnar á að fylgja setu ráðherrans. Ég spyr: Hvers vegna í ósköpunum? Er þetta svo hápólitísk nefnd að það sé nauðsynlegt að stjórnin víki um leið og ráðherrann? Það segir í brtt. með frv., með leyfi forseta: „Skipunartími skal fylgja skipunartíma ráðherra.“ Ég vil nú spyrja hæstv. umhvrh. hvort hann telji þetta nauðsynlegt eða hvort hann sé reiðubúinn til þess að breyta þessu. Hvers vegna í ósköpunum þarf að vera að gera náttúruvernd og stjórn sem á að annast um landvörslu og friðlýsingar og þjóðgarða — á slík stjórn ekki að vera hafin yfir eitthvert pólitískt þras? Hvaða nauðsyn rekur til þess að slík stjórn þurfi að

víkja um leið og hæstv. umhvrh.? Ég bara spyr.

Það hefur líka komið sterklega fram í umræðunni gagnrýni á þá miklu miðstýringu sem hangir saman við það mikla vald sem hér er fært til umhvrh. og einmitt velt upp þeirri spurningu, sem ég reyndar kom að hérna áðan, hvort það skipulag sem hér er verið að koma á sé í samræmi við þær stjórnsýsluhefðir og þá endurskoðun á stjórnsýslu sem hér hefur átt sér stað.

Ég ætla ekki að fara hér ítarlega út í þessa stofnun meira en ég hef gert eða þau hlutverk sem hún á að hafa og það sem verið er að færa frá Náttúruverndarráði yfir til Landvörslu ríkisins. Í nál. minni hlutans er líka bent á það varðandi Landvörsluna, með leyfi forseta: „Sérstaka athygli vekur að ekki er gert ráð fyrir eftirliti með framkvæmdum af hálfu Náttúruverndarráðs en Landvörslunni ætlað að yfirtaka einnig það hlutverk.“ Þarna kemur enn að því sama að Landvarslan á að gefa umsagnir og leyfi en hún á jafnframt að hafa eftirlitið með framkvæmdunum. Það eru einmitt svona vinnubrögð sem menn hafa verið að reyna að uppræta í íslensku stjórnkerfi, að menn séu að fylgjast sjálfir með sínum eigin ákvörðunum.

Í nál. minni hlutans er varpað fram þeirri spurningu hvort ekki hefði verið skynsamlegra að skipta landinu upp í náttúruverndarsvæði til þess að auðveldara væri að hafa eftirlit með þeim. Þetta tengir okkur þeirri spurningu hvernig í ósköpunum Landvarslan eigi að hafa eftirlit með þessu öllu saman. Á það að verða einhvers konar kerfi, landvarðakerfi, eða hvernig á þetta að vera? Ég verð að segja það, hæstv. forseti, að enn einu sinni stöndum við frammi fyrir því á hinu háa Alþingi að það er verið að samþykkja lög og lagabálka án þess að það sé í rauninni gerð nægjanlega vel grein fyrir því hvernig framkvæmdin á síðan að vera, hvað þetta þýðir, hvers konar uppbygging, hvers konar kerfi það eru sem verið er að koma á fót. Það er einmitt ekki síst það sem sú sem hér stendur var að gagnrýna í sambandi við grunnskólafrv., að menn vissu í rauninni ekkert hvað þeir væru að samþykkja, menn vita ekkert hvað er verið að færa yfir á sveitarfélögin. Hér gildir það sama og ég hlýt að spyrja að því: Hvernig á þessi nýja stofnun að komast yfir það að fylgjast með allri náttúruvernd og stöðu náttúruverndarmála í landinu?

Ég hygg að það hafi verið komið að því atriði sem bent er á í nál. að ákveðnir þættir í verkefnum Landvörslunnar kunni að skarast við verkefni dómsmrn. og nefndin virðist ekki hafa kannað það mál til hlítar. Mig langar að spyrja hæstv. umhvrh. hvort það hafi verið eitthvað skoðað frekar um árekstra þarna á milli. Þá er fyrst og fremst verið að tala um akstur utan vega og eftirlit með hrossum og fleira slíkt sem eru svo sem engin stóratriði en þurfa þó að vera ljós. (Gripið fram í.) Já, þarf að vera ljóst hvernig á þessu á að halda. Sem ég rek augun í þennan punkt rifjast það upp fyrir mér að Náttúruverndarráð gerir reyndar athugasemdir við nafnið á þessari stofnun og finnst að þetta sé mjög neikvætt nafn. Og fyrst við erum rétt að byrja 2. umr. um málið er vert að velta því fyrir sér hvort ekki sé vilji til þess að breyta nafninu. Mig langar að spyrja hæstv. umhvrh. að því: Finnst honum koma til greina að gera nafn þessarar stofnunar jákvæðara? Að vera ekki með þetta vörsluhugtak heldur að skoða aðrar tillögur? Það er að finna tillögur um önnur nöfn í umsögn Náttúruverndarráðs.

Mig langar líka að spyrja hæstv. umhvrh. um það hvað fyrirhugað er með starfsmenn Náttúruverndarráðs þegar eða ef þessi breyting verður. Hefur það eitthvað verið rætt? Ég vil biðja hæstv. umhvrh. að upplýsa mig um það hvort ríkið hefur einhverjar skyldur gagnvart þessum starfsmönnum. Nú er þetta í rauninni varla ríkisstofnun. Ég verð nú að viðurkenna fáfræði mína hvað þetta varðar, ég átta mig ekki á því hvernig staða þeirra er í þessu kerfi en það þarf auðvitað að vera ljóst þegar slíkar breytingar eru gerðar.

Hæstv. forseti. Ég ætlaði aðeins að koma inn á einstakar brtt. í frv. ef ég hef ekki gert það áður. Mér þykir fyrir því ef ég er að endurtaka það sem aðrir þingmenn hafa spurt um í dag. En mig langar fá að vita hvernig fyrirhugað er að Þingvellir komi inn í þetta dæmi. Það kemur fram í brtt. og í frv. að þjóðgarðar landsins muni heyra undir Landvörsluna og mig langar að fá það upplýst hér hvort það hefur verið rætt og hvort það er fyrirhugað að gera breytingar á skipulagi Þingvalla, þ.e. undir hvern Þingvellir heyra. Eins og við vitum þá heyra Þingvellir undir sérstaka nefnd, Þingvallanefnd, sem kosin er af Alþingi og þar er sú sérstaða að þjóðgarðsvörðurinn er um leið prestur í Þingvallakirkju. En þarna er um svo umfangsmikinn rekstur að ræða og — það er erfitt að leggja dóm á þjóðgarðana en á ég að segja að þetta sé kannski okkar dýrmætasti eða merkilegasti þjóðgarður frá sögulegu sjónarmiði og auðvitað hlýtur umhvrn. að koma að rekstri hans eins og annarra þjóðgarða.

Í brtt. er líka komið inn á það að Landvörslu ríkisins sé heimilt að setja á stofn og reka gestastofur í þjóðgörðum og öðrum náttúruverndarsvæðum eftir því sem ákveðið er í fjárlögum hverju sinni. Þetta er hugsað sem eins konar fræðslumiðstöðvar og mér finnst þetta mjög góð hugmynd. En það hljóta þó að vera sett mjög ströng skilyrði fyrir því hvaða starfsemi má fara fram innan þjóðgarða því að tilgangurinn með þjóðgörðum er sá fyrst og fremst að vernda umhverfið og vernda sögulegar minjar. Nú er ég ekki að gera athugasemd í rauninni við þetta en ég átta mig ekki á því hversu viðamikil starfsemi þetta er og hvort þá er fyrirhugað, hæstv. umhvrh., að það eigi sér stað byggingarframkvæmdir, t.d. í þjóðgarðinum í Jökulgljúfrum eða hugsanlega á Þingvöllum. En ég verð að viðurkenna það að ég er því ákaflega mótfallin að verið sé að byggja í þjóðgarðinum á Þingvöllum meira en orðið er.

Hæstv. forseti. Ég held að ég sé búin að koma flestum mínum spurningum á framfæri. Ég kann að hafa gleymt einhverju. En að lokum vil ég aðeins koma að því að við erum nú að endurskoða mannréttindakafla stjórnarskrárinnar hér á hinu háa Alþingi og reyndar eru það nokkur önnur atriði sem hafa verið tekin til umfjöllunar. Og ég verð eiginlega að segja það að mér þykir leitt að hafa ekki látið mér detta í hug, þegar ég

var að vinna að undirbúningi þeirra breytinga ásamt þingflokksformönnum, að taka inn í brtt. ákvæði um náttúruvernd, um að náttúruvernd sé lögbundin í stjórnarskránni, þ.e. skylda okkar til þess að vernda íslenska náttúru. Ég held að þetta sé atriði sem væri mjög vert að velta fyrir sér.

Það er nú einu sinni svo, hæstv. forseti, að það er nokkuð inngróið í hugsunarhátt Vesturlandabúa að við höfum rétt til þess að nýta náttúruna oft á tíðum meira en góðu hófi gegnir og við eigum mjög langt í land með að breyta hér hugarfari gagnvart náttúrunni. Við sjáum það kannski best í umræðum um okkar fiskveiðistjórnun og þegar verið er að úthluta afla og verið að tala um takmarkanir á veiðum hve málin verða viðkvæm þegar kemur að hagsmunum einstaklinganna og því að menn þurfi hugsanlega að skera eitthvað niður sjálfir eða að láta í einhverju af hagsmunum sínum. Þar komum við að því atriði að lýsa auðlindir okkar þjóðareign sem ég hef alltaf verið hlynnt og ég hef alltaf verið hrifin af þeirri tillögu Alþfl. að lýsa landið þjóðareign. Ég vildi reyndar ganga lengra og mér finnst að, nú ætla ég að vona að ég móðgi ekki mjög hv. þm. Jón Helgason, sem er nú einn helsti talsmaður bænda á Alþingi, en mér hefur í rauninni lengi þótt það óeðlilegt hvernig landeigendur geta nýtt og hafa í rauninni lagt eignarhald á auðlindir sem þeir eiga engan þátt í að skapa. Þar er ég t.d. að hugsa um heitt vatn í iðrum jarðar og jafnvel kalt vatn. Við minnumst þess fyrir nokkrum árum þegar erfingjar ákveðinna aðila í Reykjavík seldu land fyrir 60 milljónir vegna þess að Reykjavíkurborg var að afla sér vatnsréttinda og ætlaði reyndar að fara að nýta jarðhita. Í þessu samhengi mætti líka nefna laxveiðiár sem ættu að vera eign sveitarfélaga en ekki einstaklinga að mínum dómi.

En rétt í lokin, hæstv. forseti, langar mig til að rifja upp nokkur orð um hugsunarhátt hins hvíta manns, sem við erum nú hluti af, og vitna til mjög frægrar ræðu sem haldin var árið 1854 af indíánahöfðingja vestur í Bandaríkjunum en indíánar áttu í deilum við hvíta menn sem voru að reyna að ná af þeim landinu. Þessi ræða þykir í dag ákaflega merkileg vegna þess að hún lýsir viðhorfi til náttúrunnar sem við Vesturlandabúar erum því miður komin ákaflega langt frá en er kannski einkenni hins upprunalega bændasamfélags og þeirra sem þurftu að lifa á landinu og vissu að ef gengið væri of nærri landinu og dýralífinu þá var manninum hætta búin. Hér lýsir þessi indíánahöfðingi, sem hét Seattle og ég hygg að borgin Seattle sé kennd við, þessum viðhorfum til náttúrunnar. Hann segir, með leyfi forseta:

„Hvernig getur nokkur selt eða keypt himininn, ylgjafa jarðar? Sú hugmynd er afar framandleg. Vér getum ekki slegið eign vorri á ferskleika loftsins né á blik vatnsins. Hvernig getið þér þá keypt þetta af oss? Hvert fótmál jarðar er voru fólki heilagt. Hver tindrandi barrnál, hvert sandkorn á ströndinni, hver daggarperla hinna myrku skóga, hvert rjóður og hvert skorkvikindi er heilagt í minningum og reynslu míns fólks. Hinn rammi safi er stígur upp boli trjánna geymir minningar hins rauða manns. Dauðir gleyma hvítu mennirnir því landi sem fæddi þá af sér, farnir á gönguferð milli stjarnanna. En vér erum partur jarðar og jörðin er partur af oss. Ilmberandi blómin eru systur vorar. Hjörturinn, hesturinn, hinn mikli örn, allir þessir eru bræður vorir. Gilklungrin, vessar jarðar í enginu, búkvarmi hestsins og maðurinn, allir heyra þeir sömu fjölskyldunni til."

Þetta er kjarni málsins, hæstv. forseti. Við erum hluti af náttúrunni og við höfum miklar skyldur gagnvart náttúrunni og verndun hennar. En því miður hygg ég að í þessu frv. hafi hæstv. umhvrh. lent á villigötum. Í stað þess að leita samráðs og samvinnu við landsmenn og félagasamtök, í stað þess að veita sveitarfélögunum hlutverk þannig að þau sinni sínu umhverfi og veiti raunverulegt aðhald og eftirlit er því miður verið að safna miklu valdi í hendur umhvrn., of miklu valdi þó að, eins og ég hef nefnt, það þurfi að hafa ákveðið vald, það þurfi að geta skorið úr. En hér er of langt gengið og það er svo greinilegt á viðbrögðum þeirra sem eiga að vinna við þessi mál að það ríkir ekki sátt um þetta mál og það þykir mér miður. Mér finnst að við ættum að taka þetta mál aftur til umhvn. og reyna að leita þar leiða til þess að við getum náð sátt um það. Ég hygg að það þurfi ekki mjög miklar breytingar til þess að slík sátt geti náðst.

[00:56]

Jón Helgason *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Mig langaði að spyrja aðeins hvernig fundarstjórn forseta yrði hagað á næstunni. Það hafa verið bornar fram mjög margar spurningar í sambandi við þetta frv. eins og eðlilegt er þar sem svo mörg atriði eru óljós í því og mörgu ósvarað. Þessar spurningar eru að sjálfsögðu mjög mismunandi en ég skal aðeins nefna eitt.

Það hefur komið fram hjá ýmsum ræðumönnum að Páll Sigurðsson lagaprófessor bæði kom á fund nefndarinnar og sendi mjög ítarlegar ábendingar til nefndarinnar. En það sem mér fannst þó standa upp úr af varnaðarorðum hans var það að mörg atriði frv. gætu ekki staðist, þau stönguðust við stjórnskipunarlög. Þetta er mjög alvarleg ásökun og við fengum ekki fulltrúa frá umhvrn. til þess að ræða þetta og spyrja hversu ítarlega frv. hefði verið athugað út frá þessu sjónarmiði og að hve miklu leyti þær fáu brtt. sem meiri hluti umhvn. gerði og hnigu í þá átt að koma til móts við þetta sjónarmið.

Ég nefni þetta sem eitt dæmi um þau fjölmörgu atriði sem hefur verið spurt um og öll áframhaldandi umræða um frv. hlýtur mjög að byggjast á hvernig svör fást við. Ég vil því spyrja hæstv. forseta þingsins að því hvort við eigum ekki von á því að fá svör við þessum veigamiklu spurningum áður en umræða heldur mikið lengur áfram eða hvernig hæstv. forseti hefur hugsað sér að haga stjórninni á fundi nú áfram.

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):

Eins og áður hefur komið fram hefur forseti ætlað að halda þessum umræðum áfram enda eru enn allmargir hv. þm. á mælendaskrá. Það hefur komið fram eindregin ósk í umræðunum um það að þessu máli

verði gefinn góður tími. Og það hefur komið fram hjá hv. þm. í umræðunum að málinu verði gefinn góður tími og forseti mun ekki enn sem komið er grípa til 57. gr. þingskapa er segir: „Ef umræður dragast úr hófi fram getur forseti úrskurðað að ræðutími hvers þingmanns skuli ekki fara fram úr ákveðinni tímalengd."

Að svo stöddu sér forseti ekki ástæðu til að grípa til þessarar greinar en forseti er að tjá hv. þm. að hann muni gefa hv. þm. góðan tíma til þess að ræða þetta mál hér eftir sem hingað til.

[01:00]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég skildi það svo á máli hv. þm. Jóns Helgasonar að hann óskaði eftir því að á þessu stigi umræðunnar mundi umhvrh. veita svör við ýmsum þeim spurningum sem til hans hefur verið beint. Ég vil bara segja að það er alveg sjálfsagt mál að ég hér og nú geri grein fyrir ýmsum atriðum sem hefur verið spurt um ef það má verða til þess að greiða fyrir umræðunni.

[01:01]

Jón Kristjánsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Mér þykja það nokkur tíðindi ef hafðar eru uppi hótanir að skera niður umræður af hendi hæstv. forseta. Ég man einu sinni hér fyrir nokkuð mörgum árum þegar ég sat í þessum stól að á kvöldfundi orðuðu einhverjir óþolinmóðir menn við mig að beita þessari grein. Ég fór að kanna það — mér fannst þetta heldur óyndisleg uppástunga — hvenær henni hefði verið beitt síðast. Það var 30. mars 1949. Mér þætti nokkur tíðindi ef það væri farið að beita þessari grein í þessu máli. Hins vegar vil ég spyrja: Hver gegnir störfum forsrh. í veikindaforföllum hæstv. forsrh., getur forseti upplýst það? Ég spyr. Er ekki hægt að fá svör við því, herra forseti? Ég spyr vegna þess að ég get ómögulega skilið hvers vegna verið er að hamast í þessu máli á næturfundi vegna þess að hæstv. forsrh. hefur látið hafa það eftir sér í viðtali við eitt virðulegt blað hér í bæ í síðustu viku — þar stendur eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Davíð bendir á að fáir dagar séu eftir af þinghaldi og ef ekki sé sæmileg sátt um afgreiðslu einstakra mála verði þau ekki afgreidd. Hann vill fremur að þingstörf verði í anda málfundar en lagasetningarvettvangs því það er hluti af verkefnum þingsins að vera málstofa og þó honum finnist kjaftagangurinn oft of mikill þá sé ágætt skömmu fyrir kosningar að þingið einkennist af skoðanaskiptum."

Síðan segir hann, innan gæsalappa: „Ég hef alltaf haft þá skoðun að afgreiða eigi færri frv. en fleiri."

Ég er svo sem ekki (Forseti hringir.) að telja eftir mér að ...

(**Forseti** (GunnS): Ég verð að biðja hv. þm. um að virða það að hans ræðutími er úti um fundarstjórn forseta.)

hafa hér málfund að ósk hæstv. forsrh. en ég biðst ...

(**Forseti** (GunnS): Ég verð að biðja hv. ræðumann að ljúka máli sínu strax.)

undan því á næturfundi að hafa uppi slíkan málfund en er fús til þess að degi til.

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):

Í tilefni af ummælum hv. 2. þm. Austurl. um að forseti hafi verið með hótanir í garð hv. þm. sem forseti telur mjög alvarleg ummæli vill forseti vekja athygli hv. 2. þm. Austurl. á því að forseti var spurður um hvernig hann mundi haga fundarstjórn sinni. Forseta þótti skylt að svara spurningu hv. þm. með því að vitna til þingskapa sem hv. Alþingi, er nú situr, hefur samþykkt samhljóða og forseti tekur ekki einn ábyrgð á.

Varðandi þá spurningu hver gegndi embætti hæstv. forsrh. hefur forseta verið tjáð að það muni vera hæstv. fjmrh.

Varðandi þá spurningu hvernig forseti muni halda áfram þessum umræðum þá eru enn á mælendaskrá sjö hv. þm. Þeim hefur fjölgað frá því að umræður fóru síðast fram um fundarstjórn forseta klukkan tuttugu mínútur fyrir tólf í kvöld. Þá þykir forseta enn frekari ástæða til þess að verða við þeim óskum sem hafa komið fram í fjölmörgum ræðum um það að þessu máli verði gefinn góður tími og það skoðað gaumgæfilega. Í því er fólgin mikil sanngirni að það sé gert í samfelldum umræðum.

[01:06]

Hjörleifur Guttormsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegur forseti. Það er út af fyrir sig vonum seinna að hæstv. umhvrh. býðst til þess að bregðast við í umræðunni ýmsum fyrirspurnum sem til hans hefur verið beint af hálfu ræðumanna og er ég í þeirra hópi og kom að ekki ófáum atriðum sem varða þetta mál sem hér er rætt. Í rauninni gera þingsköpin, virðulegur forseti, ráð fyrir því að ráðherra geti komið inn í umræðu hvenær sem er og það er auðvitað hugsað til þess að geta greitt fyrir umræðum með því að ráðherra sitji ekki og þrumi yfir gögnum án þess að bregðast við orðum hv. þm. og fyrirspurnum.

Í öðru lagi vildi ég nefna það sem ég er búinn að heyra frá mörgum hv. þm. undanfarna klukkutíma að gert hafi verið ráð fyrir því að hér yrði kvöldfundur en ekki næturfundur. Með tilliti til þess finnst mér það bera mjög einkennilega við að hæstv. forseti talar um að halda áfram umræðu án þess að greina frá hversu lengi þegar klukkan er að ganga tvö að nóttu. Það er ljóst að mikið er eftir órætt í þessu máli og það er það einnig af minni hálfu þó ég sé ekki á mælendaskrá. Ég tel að það sé mjög óskynsamlegt upp á störf þingsins næstu daga að ætla að fara að keyra umræðuna áfram langt fram á nóttina en ég ætla ekki að skorast undan því ef það er eindreginn ásetningur forseta. Auðvitað er hægt að gera það en það hlýtur að bitna á þingstörfum á næstu sólarhringum ef svo verður við haft. Mér finnst því að hæstv. forseti þurfi að hugsa ráð sitt í sambandi við framhald fundar.

Ég tek undir það sem kom áðan fram að það er afar óviðfelldið að heyra það orðað af munni forseta að hann ætli ekki að sinni að beita ákvæði um skerðingu á ræðutíma, hvort sem hann kallar það hótun eða einhverju öðru nafni er matsatriði. En óviðfelldið er það

a.m.k. svo ekki sé meira sagt. Ég skora á virðulegan forseta að hugsa sitt ráð og væri ekki illa til fundið að umræðunni lyki með því að hæstv. umhvrh. brygðist við einhverju af því sem fram hefur komið í fyrirspurnarformi til hans.

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):

Forseti verður í tilefni af athugasemd hv. 4. þm. Austurl. að minna hv. þm. á að forseti las úr 57. gr. þingskapa í tilefni af fyrirspurn frá hv. 2. þm. Suðurl. um það hvernig forseti mundi haga fundarstjórn. Forseta þótti skylt að vitna í þingsköp í svari sínu. Ef 57. gr. þingskapa felur í sér hótun þá er það mál Alþingis að fjalla um þingsköpin. Forseta er skylt þegar spurt er um fundarstjórn að vitna til þingskapa sem hann gerði.

[01:11]

Finnur Ingólfsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Mér er alveg fyrirmunað að skilja þennan óskaplega þvergirðingshátt hjá hæstv. forseta við stjórn fundarins í kvöld.

Hv. stjórnarandstöðuþingmenn sátu á fundum í nefndum í kvöld, eins og í hv. heilbr.- og trn., og gerðu ekki athugasemdir við það þó að þingfundur stæði yfir á sama tíma og það ætti núv. hæstv. forseti að vita að þetta gerðu hv. stjórnarandstöðuþingmenn án þess að gera athugasemdir. Nú þegar óskað er eftir því að umræðu verði frestað um málið í nótt fyndist mér það ekki til mikils mælst þó hæstv. forseti yrði við slíkri ósk að gefa málinu góðan tíma. Eins og hæstv. forseti hefur ítrekað í umræðunni hvað eftir annað þá er þetta náttúrlega alls ekki góður tími til að ræða málin að næturlagi. Þetta er tími sem gert var ráð fyrir að málið yrði ekki á dagskrá þar sem gengið var út frá því að það yrði bara um kvöldfund að ræða. Nú er komið fram yfir miðnætti, klukkan er farin að ganga tvö og ekki leikur nokkur vafi á að þetta er orðinn næturfundur og það var ekki gengið út frá því þegar þingfundur hófst í dag að um næturfund yrði að ræða. Því er farið fram á það við hæstv. forseta að nú verði fundi frestað og málið tekið fyrir síðar og því gefinn góður tími til umræðu og langur tími til umræðu eins og ég skil hæstv. forseta að hann vilji gera það þannig að öll sjónarmið komi fram. En það er farið fram á það að umræðunni verði frestað á þessari nóttu.

[01:13]

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Í fyrsta lagi varðandi 57. gr. þingskapa sem hér hefur aðeins komið til umræðu þá tel ég að hv. 2. þm. Suðurl. geti upplýst það hvort það hafi verið það ákvæði sem hann hafði í huga þegar hann spurði hvernig forseti hygðist haga störfum sínum. Ég þykist þekkja hv. þm. það vel að það hafi ekki verið nákvæmlega það sem hann hafði í huga enda nefndi hann annað atriði sem var öllu nær lagi. En ég vil líka upplýsa það að ég var í þeirri nefnd sem sá um endurskoðun á þingsköpum og þar var sérstaklega tekið fram varðandi þessa grein að hér væri um algjöran neyðarrétt að ræða og þessu væri sérstaklega haldið inni í ljósi reynslunnar og trausts þess sem menn hefðu á því að slíkt væri ekki misnotað. Það þótti rétt að halda þessu inni en þetta er ekki það fyrsta sem ég taldi að hlyti að koma upp í huga forseta.

Hins vegar var ástæðan fyrir því að ég bað um orðið um fundarstjórn forseta sú að mig langar til þess að biðja hæstv. forseta að upplýsa hvort hér séu margir fulltrúar Sjálfstfl. staddir í þinghúsinu. Ég hef beðið með óþreyju eftir því að heyra þeirra hlið á málinu þar sem ég hef rökstuddan grun um að þeim sé ekki svo mjög hugnanleg þessi mikla miðstýring sem frv. hefur í för með sér. Ég sá ekki annan kost vænni en að setja sjálfa mig á mælendaskrá til að knýja fram þessar upplýsingar þegar ég var orðin úrkula vonar um að nokkur málsvari Sjálfstfl. tæki til máls. Mér þykir það orðið mjög undarlegt í umfjöllun þessa máls ef enginn treystir sér til að styðja hæstv. umhvrh. í hans mikla kappi í að koma þessu máli áfram með því svo mikið sem að segja orð um þetta mál. Ég hlýt að túlka það þar sem ég hef fyrir mér umræðu sem var fyrr í vetur, þann 15. nóv. sl. nánar til tekið, þar sem einn af fulltrúum Sjálfstfl. í umhvn. gagnrýndi sérstaklega miðstýringarárátttu umhvrn. Ég hef rökstuddan grun um að það sé ekki í þökk sjálfstæðismanna að öllu leyti, a.m.k. ekki þeir hlutar þessa frv. sem lúta að aukinni miðstýringu. Þar af leiðandi mun ég biðja um þegar að mér kemur, sem ég vona að verði ekki á þessari nóttu, ég tek undir beiðni um að hér verði ekki haldið áfram með næturfund, að hér verði sjálfstæðismenn til svara fyrir flokk sinn í þessu máli.

[01:16]

Steingrímur J. Sigfússon *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég beindi því til forseta fyrir um tveim tímum eða svo að hæstv. forseti íhugaði hvort ekki væri skynsamlegt að reyna að ná einhverju samkomulagi um fundarhaldið hér í kvöld og ljúka því ekki langt frá miðnættinu þar sem ekki hefði verið talað um næturfund í dag og þingmenn ekki almennt búið sig undir næturfundi. Þvert á móti eru fundir í flestum nefndum strax kl. 8 eða 8.15 í fyrramálið og því ekki mjög heppilegt að halda mönnum á fundi hér langt fram á nótt og raunar ekki í samræmi við venju þar sem venjan er að vara menn við og láta boð út ganga ef menn hafa ástæðu til að ætla að það stefni í næturfund. Það mun hafa verið rætt á fundi formanna þingflokka að komi gæti til þess að kvöldfundir yrðu tvö kvöld í þessari viku, í kvöld og á fimmtudagskvöld en annað ekki. Þá er það nú þingvenja að miða slíkt við miðnætti, að það sé verið að tala um að fundir standi ekki a.m.k. öllu lengur en fram að miðnætti.

Í öðru lagi verð ég að segja, hæstv. forseti, að mér finnst hæstv. forseta ekki mjög lagið að fá þingmenn til samstarfs við sig um fundarhaldið á þessu kvöldi. Ég verð að láta þá skoðun mína í ljós. Það er afar óheppilegt, hæstv. forseti, að svara eðlilegum fyrirspurnum um tilhögun fundahaldsins með tilvitnun í 57. gr. og taka þannig til orða að það standi ekki til að sinni

(**Forseti:** (GunnS): Ekki að sinni.)

að beita ákvæðum um að takmarka málfrelsi sem ekki hefur verið gert í tæp 46 ár í þinginu. Er hæstv.

forseti virkilega að gefa það í skyn að það sé að styttast í andrúmsloft af því tagi í samskiptum manna hér sem varð tilefni þeirrar valdbeitingar og þeirrar hörmungar og nauðungar sem þá gekk yfir þing og þjóð? Ég trúi ekki öðru en þetta hafi verið vanhugsuð orð af hálfu hæstv. forseta og hann ætti að hugleiða að draga þau til baka, hverfa frá að vera að blanda þessari nefndu grein í umræðurnar um venjulega fundarstjórn á þessu kvöldi um mál sem ég held að engum þingmanni fyrr en hæstv. forseta hafi svo mikið sem dottið í hug að gæti orðið tilefni til vangaveltna af þessu tagi að farið yrði út í að takmarka málfrelsi manna hér.

Ég ítreka það, hæstv. forseti, að ég held að það fari að verða kominn sá tími sem skynsamlegt sé í öllu falli að fara að hugsa sinn gang og reyna að leita eftir samkomulagi um tilhögunina. Ég tek undir að það færi vel á því ef hæstv. umhvrh. vildi svara á þessu stigi umræðunnar því sem hann hefur verið spurður að í umræðunni í dag og menn létu svo staðar numið og tækju upp þráðinn aftur á morgun og hefðu þá nægan tíma. Þegar verið er að biðja um eðlilegt fundarhald er ekki verið að biðja um að menn hafi ekki tíma til að tjá hug sinn heldur þvert á móti að þær umræður geti farið fram á eðlilegum tímum sólarhringsins.

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):

Forseti vill í tilefni af spurningu hv. 9. þm. Reykn. þess efnis hversu margir hv. þm. Sjálfstfl. séu til staðar hér í þinghúsinu benda hv. þm. á að upplýsingar um þetta má fá á skrifstofu þingsins. En ef hv. þm. (Gripið fram í.) óskar sérstaklega eftir því að forseti láti fara fram talningu sem hann telur nú kannski ekki viðeigandi þá getur hann gert það ef sérstaklega verður eftir því óskað. (**SJS:** Nú gekk forseti ...)

Í sambandi við athugasemd hv. 4. þm. Norðurl. e. enn og aftur þess efnis að forseti hafi verið með hótun um það að beita 57. gr. þá fólst það ekki í orðum forseta enda tók hann það skýrt fram að hann ætlaði ekki að grípa til þessarar greinar en þótti ástæða til vegna spurninga hv. 2. þm. Suðurl. þess efnis hvernig fundarstjórn væri háttað og einnig vegna þess að margítrekað hefur komið fram í athugasemdum um fundarstjórn forseta að þessi fundur væri kominn óhóflega fram á miðja nótt og það er einmitt þannig tekið til orða í 57. gr. að „ef umræður dragast úr hófi fram" og það er nú einmitt það sem hv. þm. hafa verið að ræða hér (**SJS:** Aldeilis ekki.) að umræður hafi dregist úr hófi fram. (**SJS:** Hvers konar ... er þetta?) Af þessu tilefni vitnaði forseti í þessa grein, í tilefni af spurningu hv. 2. þm. Suðurl.

[01:22]

Frsm. minni hluta umhvn. (Kristín Einarsdóttir) *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég hef ekki heyrt enn þá að nokkur þingmaður hafi kvartað yfir því að þessar umræður hafi tekið of langan tíma. Ég vil minna hæstv. forseta á að 1. umr. þessa máls tók tvo daga, þ.e. 10. nóv. og 17. nóv. Það var ekki gerð ein einasta athugasemd við það hvorki af forseta né öðrum að þær umræður væru slitnar í sundur og þær tækju yfir tvo daga. Það kom sér t.d. ekki sérlega vel fyrir mig vegna þess að ég þurfti að vera annars staðar síðari daginn en auðvitað gerði ég ekki athugasemd við það á þeim tíma. Ég man ekki til þess að forseti hafi þá farið að vitna til þess að það þyrfti að grípa til 57. gr. þingskapa. Það vildi þannig til að ég var hér og heyrði þegar hv. 2. þm. Suðurl. spurði um hvernig þessum fundi mundi fram haldið og var fyrst og fremst að vitna til þess að hann vildi gjarnan fá svör hæstv. umhvrh. Ég skil ekkert í af hverju hæstv. forseti vitnar ekki til 56. gr. frekar vegna þess að þar stendur, með leyfi forseta: „Forseti gefur þingmönnum venjulega færi á að taka til máls í þeirri röð er þeir beiðast þess þá er dagskrármálið er tekið fyrir. Þó getur hann vikið frá þeirri reglu við ráðherra, sem hlut á að máli ..." Það er einmitt það sem hv. þingmaðurinn var að tala um. Hann var ekkert að tala um að hann væri að ætlast til að forseti færi að stytta umræður eða skerða málfrelsi. Ég leit svo á að að fara að vitna til 57. gr. í tilefni orða hv. þm. væri algerlega út úr kortinu. Mér þykir mjög alvarlegt þegar umræður hafa ekki tekið lengri tíma en þetta í stóru ágreiningsmáli þá skuli forseti vitna til 57. gr. þingskapa. Mér þykir þetta mjög alvarlegt.

[01:24]

Jón Kristjánsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég vil inna hæstv. forseta eftir því hvaða samkomulag hafi verið gert um fundarhald á þessum degi sem nú er reyndar liðinn og kominn nýr dagur. Það er náttúrlega alveg ómögulegt að það sé látið í veðri vaka að það verði kvöldfundur og síðan sé haldið áfram í rólegheitum fram á nóttina þegar þingmenn reikna með að fundi ljúki um miðnættið. Það hefur komið fram að nefndarfundir hafi verið boðaðir í fyrramálið. Nefndarfundir hafa verið boðaðir á þingtíma í dag alveg án hiks og ég vil spyrja hæstv. forseta hvort hann hafi verið viðstaddur fundi um þinghaldið í gær. Hér hafa komið óskir frá formönnum þingflokka, m.a. frá formanni þingflokks Framsfl., um að fundi verði frestað. Þeirri ósk hefur ekki verið svarað. Ég vil inna eftir því hvort það á ekki að taka tillit til þeirra óska sem fram hafa komið eða a.m.k. gera fundarhlé og ræða málin. Það er það allra minnsta sem hægt er að fara fram á.

Ég hlýt að benda á það virðingarleysi við Alþingi og málið í heild að ekki skuli nokkur einasti þingmaður frá öðrum stjórnarflokknum vera viðstaddur umræðuna. Það er ekkert leyndarmál að það er enginn sjálfstæðisþingmaður staddur í húsinu. Það er satt að segja með ólíkindum hvernig hv. stjórnarþingmenn hundsa umræður í þinginu dagana langa.

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):

Forseti hefur margsagt frá því að það eru margir hv. þm. á mælendaskrá og forseti vill leggja sig fram um að gefa þessu máli góðan tíma og því er hann reiðubúinn til að sitja hér áfram svo hv. þm. geti haldið áfram að flytja sínar ræður um þetta mál. Það er ekkert að vanbúnaði að halda umræðunum áfram. Ef hv. þm. eigi að síður hafa gott og mikið þrek að geta haldið áfram umræðum um form fundarins þá er forseti

þingsins líka reiðubúinn að sitja undir þeim umræðum og hlusta á ræður og athugasemdir um sína fundarstjórn og er reiðubúinn til að fjalla um það fram eftir nóttu ef verða vill. (**SJS:** Nema hvað.) (**KE:** Til hvers?)

[01:28]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegur forseti. Forseti hefur marglýst því yfir að hann vilji leyfa þeim sem enn eru á mælendaskrá að klára sínar ræður á meðan nóttin endist. Virðulegur forseti benti einnig á það að við hverja eina ræðu sem hér hefur verið flutt undanfarið hefur bæst einn við á mælendaskrá. Nú vil ég inna hæstv. forseta eftir því hvaða líkur hann telji á því að það takist að klára þessa umræðu í nótt ef svo heldur fram að við hverja eina ræðu bætist einn hv. þm. á mælendaskrá. Ekki síst ef, eins og var reiknað út nokkru fyrr í kvöld þegar sex voru eftir á mælendaskrá, að það gæti tekið allt að 30 tíma ef við tækjum lengd þeirra lengstu ræðna sem hér hafa verið haldnar. Ég vil því í hinni mestu vinsemd biðja forseta að íhuga hvaða líkur séu á því að þessari umræðu ljúki í nótt.

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):

Eins og gefur að skilja getur forseti ekki mælt tímalengd á ræðum sem ekki hafa verið fluttar og forseti hefur ekki lagt í vana sinn að spyrja hv. þm. um það hversu langar ræður þeir muni halda. Þess vegna getur forseti ekki svarað þessari spurningu en hann er í góðri von um að hér verði áfram haldnar mjög málefnalegar ræður og kjarnyrtar og skorinortar eins og hv. þm. eiga að venjast úr ræðustól á Alþingi og eins og virðingu þess samboðið.

[01:30]

Jón Helgason *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Mig undrar inn á hvaða braut hæstv. forseti beindi umræðu hér í tilefni af fyrirspurn minni áðan um það hvort við mættum ekki vænta þess að fá einhver svör við þeim fjölmörgu spurningum sem hafa verið bornar fram í umræðunni. Vegna þess hvernig hæstv. forseti beindi umræðunni hefur þessi umræða um fundarstjórn forseta staðið í klukkutíma og óraði mig ekki fyrir því þegar ég fór að inna eftir þessu að sú yrði raunin.

Ég gerði ekki meira en að fara fram á það að fá svör frá hæstv. umhvrh. Ég beindi máli mínu ekki til frsm. meiri hluta umhvn. sem kannski hefði verið eðlilegast að snúa máli sínu til og óska eftir svörum. Ég gekk ekki heldur eftir spurningum sem ég bar fram við hv. þingmenn Sjálfstfl. sem eru fulltrúar í umhvn. og aðeins birtust á hlaupum í dag þegar ég var að tala og gat þá beint til þeirra orðum en þeir hafa kosið að svara því engu.

Hér hafa síðan verið bornar fram aðrar spurningar og óskir í sambandi við þessa umræðu og það hefur komið fram hjá sumum hv. þm. að þeim finnst að þeir hafi litlar undirtektir fengið við þær óskir.

Eftir þá reynslu sem við hv. þm. stjórnarandstöðunnar fengum t.d. í síðustu viku í sambandi við beiðni um meðferð mála í nefndum þá þarf það kannski ekkert að koma á óvart því vissulega gaf það tóninn um það hvernig hér ætti að halda á málum. Óneitanlega hvarflaði það að mér þegar ég heyrði svar hæstv. forsrh. við spurningunni um það hver yrði fyrsta stjórnarmyndunartilraun hans að loknum kosningum að ef nægilegt fylgi væri til þá yrði að sjálfsögðu reynt við núv. stjórnarflokka, hvort núv. stjórnarflokkar séu orðnir svo öruggir um að þeir muni halda völdum áfram að þeir þurfi ekkert að taka tillit til annarra.

[01:34]

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég tel að það mál sem ég bar upp áðan sé upplýst þar sem hv. 2. þm. Austurl. upplýsti það og tók þar með ómakið af hæstv. forseta að enginn sjálfstæðismaður væri í húsinu og ég tel að það sé rétt. Ég reyndi að finna á skjánum einhverjar upplýsingar en það vill nú svo til að skjárinn er auður, ég veit ekki nákvæmlega hvað það merkir eða hvort það ber að leggja mjög djúpa merkingu í það. (**Gripið fram í:** Það merkir að það er enginn sjálfstæðismaður við.) A.m.k. tókst mér ekki að fá þessar upplýsingar með öðruvísi en að biðja um þær úr þessum stóli. (**Gripið fram í:** Það er ágætt að vera laus við þá.) Ég tel að þetta mál sé upplýst.

Hér er kallað fram í að það sé ágætt að vera laus við þá. Ég er ekki alveg sammála og ég rökstuddi það. Ég hef ákveðnar spurningar. Ég veit ekki hvort röðin er að koma að mér eða ekki en ég hef rökstuddan grun um það og mun færa rök fyrir því þegar röðin kemur að mér að þeir séu efnislega ósammála grundvallaratriði sem í frv. sem er aukin miðstýring umhvrn. Þetta er mál sem ég tel útilokað að ræða nema hér séu einhverjir sjálfstæðismenn við. Ég vil því í mestu vinsemd beina þessu til hæstv. forseta sem ég vona að sé farinn að átta sig á því að hér er ekki mjög mikil gleði ríkjandi yfir þeirri stefnu forseta að ætla að halda áfram fundi. Ég vil benda hæstv. forseta á það að hann ásamt a.m.k. tveimur öðrum þingmönnum sem hér eru staddir á að vera mættur á fund klukkan 8.30 í fyrramálið í sjútvn. Venjan er sú og einkum í ljósi þeirrar gagnrýni sem sjútvrh. hefur haft á nefndina að það væri ágætt að mæta vel sofinn á fundi. Nú hefur sjútvrh. sakað sjútvn. um það að vera að reyna að hvetja hann til að brjóta lög. Ég held að það væri ljómandi gott ef við sem eigum að vera mætt á sjávarútvegsnefndarfundi í fyrramálið reyndum alla vega að ná svefni það sem eftir er nætur þannig að við komum sæmilega skýr í kollinum og þetta komi ekki fyrir aftur ef ásakanir hæstv. sjútvrh. eiga við rök að styðjast.

[01:37]

Finnur Ingólfsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég er ekki viss um að hæstv. forseti sé að greiða fyrir framgöngu þessa máls í þinginu með þeim vinnubrögðum sem nú eru viðhöfð við stjórn fundarins.

Hér eru inni tíu hv. þm. stjórnarandstöðunnar, þrír hv. stjórnarþingmenn. (**Gripið fram í:** Og allt kratar.) Og allt saman kratar. Það væri því fróðlegt að sjá

hvernig hæstv. forseti ætlaði að tryggja tillögu sinni um skertan ræðutíma meirihlutafylgi í þinginu þegar þyrfti að bera það upp.

Ég hélt að það skipti nokkru máli fyrir hæstv. umhvrh. að fá þetta mál í gegnum þingið en eins og hæstv. forseti hefur haldið hér á máli þá er ég alveg sannfærður um að hann hefur stórskemmt fyrir því að þetta mál geti fengið eðlilega umræðu og framgang í gegnum þingið.

Ég hef beðið um að þessari umræðu yrði frestað og fundi slitið í nótt og málið tekið upp á öðrum fundi. Ég hef ekki fengið svör hjá hæstv. forseta við þeirri spurningu minni. Til vara ætla ég að óska eftir því að forseti geri hlé á fundi og formenn þingflokka, forseti þingsins og hæstv. umhvrh. gefi sér örlítinn tíma og ræði um hvernig hægt sé að ljúka þessu í nótt.

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):

Hv. 11. þm. Reykv., formaður þingflokks Framsfl., hefur lagt fram mjög ákveðna beiðni um það að gert verði örstutt hlé á þessum fundi til þess að ræða við forseta og formenn þingflokka og hæstv. umhvrh. um fyrirkomulag þessa fundar. Það er sjálfsagt að verða við þeirri beiðni og þá verður gert fimm mínútna hlé á þessum fundi.

[Fundarhlé. — 01:40]

[01:56]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Það verður ekki hjá því komist að nefna aðeins í upphafi nokkur atriði sem varða meðferð þessa máls í þinginu og vinnubrögð og verður því miður að segja eins og er að þar hefur kannski ekki til tekist sem skyldi. Auðvitað er það alltaf heldur bagalegt þegar menn ná ekki sæmilega saman um mál af þessu tagi og ekki síður þegar það liggur fyrir samkvæmt fjölmörgum umsögnum um þetta mál sem borist hafa þinginu, reyndar bæði á síðasta þingi og því sem nú starfar, að málið er nokkuð svo umdeilt og fjölmargir áhugasamir aðilar um umhverfismál og náttúruvernd úti í þjóðfélaginu hafa reifað ólík sjónarmið í umsögnum. Við slíkar aðstæður er enn fremur en ella ástæða til að gefa sér góðan tíma og vinna sig vandlega í gegnum mál og reyna að ná sem víðtækastri samstöðu um þau og taka til greina þær ábendingar eins og kostur er sem áhugasamir aðilar um mál á viðkomandi sviði færa fram.

Ég get því miður ekki séð af yfirferð á brtt. sem lagðar eru nú fram við frv. og samanburði við umsagnir að mönnum hafi miðað mikið í þeim efnum að sætta sjónarmið við afgreiðslu þessa máls. Því miður ekki. Það kemur reyndar rækilega fram og er rökstutt í nál. minni hluta að það hefur ekki tekist.

Þetta er miður, hæstv. forseti, að svona skuli takast til og við þær aðstæður er sérstaklega ámælisvert að meiri hluti í þingnefnd skuli beita sér með þeim hætti sem hér hefur orðið raunin á og reyndar eru fleiri dæmi um frá undanförnum sólarhringum. Satt best að segja fer það svo að sá sem hér stendur hefur farið að velta því fyrir sér hvort breytingar þær sem gerðar voru á þingsköpum og vörðuðu m.a. starf í þingnefndum hafi ekki verið misráðnar því það virðist ljóst að menn beita þar ákvæðum sem hugsuð voru sem öryggisákvæði gagnvart þeirri breytingu að stjórnarandstaðan fengi formennsku í þingnefndum. Menn beita nú þeim öryggisákvæðum trekk í trekk til að rífa mál út úr nefnd, jafnvel án nokkurrar umræðu og skoðunar. Það var aldrei ætlunin og fáheyrt í þingstörfunum að svo sé gert eins og nú hefur gerst því miður að því er virðist í hv. allshn. og að nokkru leyti einnig í hv. umhvn.

Þetta hljótum við að gagnrýna, hæstv. forseti, og ég vil gera það hér.

Í öðru lagi er ljóst að hér er ekki á ferðinni sú heildarendurskoðun á lögum um náttúruvernd og skipulag umhverfismála sem maður hefði út af fyrir sig getað átt von á þegar komið er að lokum kjörtímabils. Úr því að hæstv. ríkisstjórn og hæstv. ráðherra ætla sér einhverjar afgreiðslur á þessum hlutum þá hefði verið skemmtilegra að hér hefði legið fyrir heildstæð yfirferð á þessum málaflokki og heildstæð endurskoðun en svo er ekki. Hér er aðeins verið að breyta tilteknum þáttum í stjórnsýslulegri meðferð þessa málaflokks og hér vantar að best verður séð alla stefnumörkun og heildstætt yfirlit yfir málaflokkinn. Þetta kemur rækilega fram í mörgum umsögnum og þeir aðilar sem hafa lagt metnað sinn í að fara rækilega yfir frv. og það frv. sem lagt var fram á síðasta þingi geta þess gjarnan sérstaklega að þeir telji að þetta sé einn mesti ljóður á málinu að hér vanti heildstæða stefnumörkun og ekki sé um heildaryfirsýn yfir þetta að ræða. Það hlýtur líka að vera fremur óheppilegt að breyta einum þætti í uppbyggingu og meðferð málaflokks af þessu tagi, þ.e. stjórnsýsluuppbyggingunni einni án þess að það sé gert í samhengi við önnur ákvæði viðkomandi laga eða viðkomandi málaflokks.

Mörg atriði vekja strax athygli og umhugsun, hæstv. forseti, eins og hér er að málum staðið. Það fyrsta sem ég vil nefna er sú mikla miðstýringartilhneiging sem þarna er óumdeilanlega á ferðinni, því miður. Þá á ég við miðstýringu í þeim skilningi að annars vegar er hún í vissum tilvikum beinlínis að aukast ef maður gefur sér að það sé í miðstýringarátt að færa völd og verkefni frá ráði sem er skipað af fjölmörgum áhugaaðilum og hagsmunaaðilum á viðkomandi sviði. Færa þau verkefni undir ráðuneytið sjálft, ráðherrann sjálfan, eða stjórn í nýrri stofnun sem ráðherrann velur einn og sér án tilnefninga. Ég held að þetta sé einnig miðstýring í þeim skilningi að menn höfðu auðvitað gert sér vonir um að hið gagnstæða mundi gerast, þ.e. að það yrði um nokkra verkefna- og valddreifingu að ræða í þessum málaflokki næst þegar breytingar yrðu gerðar á verkaskiptingu og verkefni mundu færast út til heimaaðila til byggðalaga og sveitastjórna og annarra slíkra en því er í raun og veru ekki að heilsa. Það vekur t.d. mikla athygli, hæstv. forseti, hvernig á að standa að því að setja þessari nýju stofnun, Landvörslu ríkisins, stjórn. Eiginlega er að verða næsta fágæt ákvæði eins og þarna er lagt til í e-lið 1. gr. að 6. gr. kaflans, um stjórn náttúruverndarmála, sem á að verða II. kafli

laganna, fjalli um stjórn Landvörslunnar með þeim hætti að umhvrh. skuli skipa hana þremur mönnum, þar af formann sérstaklega án tilnefninga. Þetta er ekki mjög valddreift eða mjög breitt eða vítt ef til að mynda hæstv. núv. umhvrh. mundi skipa þrjá krata í stjórn Landvörslu ríkisins. (**Umhvrh.:** ...yfirleitt bara sjálfstæðismenn.) Læðist nú að mér sá grunur. Að vísu hefur hæstv. umhvrh. ekki verið manna verstur í því en flokksbræður hæstv. ráðherrans hefðu ekki hikað við að skipa þrjá krata og jafnvel alla af Suðurnesjum ef svo bæri undir eða úr Hafnarfirði ef það hentaði. Þá er ekki orðin mjög valddreifð uppbygging á þeirri stjórnsýslu því undir þá stofnun á að færa býsna mikil völd. Þetta fyrirkomulag tel ég satt best að segja vera bastarð, hæstv. forseti. Ég lít svo á að ef ráðherra fer með mál þá sé í sjálfu sér fullkomlega eðlilegt að það heyri undir ráðuneyti. Stofnun undir ráðuneyti geti farið með verkefni þó að hún lúti þeim reglum sem hefðbundnar ríkisstofnanir gera, þ.e. að sú stofnun byggir ósköp einfaldlega á starfi samkvæmt lögum og heyri undir ráðuneytið þá standi samkvæmt venju að ráðherra fari með yfirstjórn málaflokksins o.s.frv. En að ráðherra skipi einn án tilnefningar sérstaka stjórn fyrir stofnun sem undir hann heyrir er óskaplega skrítið fyrirkomulag. Ég sé beinlínis ekki tilganginn með því að flækja stjórninni í málin við slíkar aðstæður. Ég held að stjórn yfir ríkisstofnun þjóni fyrst tilgangi að hún sé annaðhvort lýðræðislega kjörin eða skipuð samkvæmt tilnefningum einhverra mismunandi aðila með ólík sjónarmið eða þeirra sem hafa ólíka hagsmuni gagnvart málinu. Ég hef t.d. ekki séð að það mundi breyta miklu þó að samgrh., svo dæmi væri tekið sem ræðumanni er tamt, færi að handvelja sjálfur nokkurra manna stjórn yfir Póst og síma eða eitthvað því um líkt. Til hvers væri slíkt? Það gæti auðvitað farið eftir því hvernig sá hæstv. ráðherra færi með vald sitt. En ef hann gerði það nú með þröngum hætti og handveldi einhverja sérstaka pólitíska trúnaðarmenn sína í það þá er verr af stað farið en heima setið. Þar með er dregið úr hinum faglega myndugleik viðkomandi stofnunar. Það verður til pólitískur milliliður milli ráðherrans og stofnunarinnar. Ég held að samskipti fagstofnunar og ráðherra séu hreinni, beinni og eðlilegri ef þau lúta bara þeim reglum sem hefðbundið er, að stofnunin heyri undir viðkomandi ráðherra, starfi samkvæmt lögum og með þeim takmörkunum auðvitað að viðkomandi ráðherra fari með yfirstjórn málaflokksins.

Ég spyr að því, hæstv. forseti: Hvaðan kom mönnum þessi snilld að búa til þriggja manna stjórn fyrir svokallaðri Landvörslu ríkisins ef einhvern tímann verður af því að stofna það batterí og að hún sé þá handvalin svona af ráðherra? Þarna hefði auðvitað verið lágmark að einhverjir eðlilegir tilnefningaraðilar hefðu a.m.k. tilnefnt þá tvo að þremur stjórnarmönnum. Maður hefði getað hugsað sér að Samband ísl. sveitarfélaga tilnefndi t.d. þarna einn mann og náttúruverndarsamtök, náttúruverndarþing eða einhverjir slíkir aðilar bættu þá öðrum við og síðan skipaði ráðherrann formann.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að fjölyrða um þetta á þessu stigi en ég hefði gjarnan viljað að hæstv. ráðherra mundi eitthvað tjá sig um þetta. Mér finnst þetta voðalega skrítið og sérkennilegt fyrirkomulag og ég sé satt best að segja ekki ljósið í sambandi við þetta fyrirkomulag, ég verð að segja alveg eins og er.

Í öðru lagi, hæstv. forseti, ætlaði ég lítillega að gera að umtalsefni það sem mér sýnist vera óhjákvæmileg afleiðing af þeirri kerfisbreytingu ef hún nær fram að ganga. Það er að Náttúruverndarráð virðist hanga í lausu lofti. Það er í raun gert að verulegu leyti ómyndugt og ég fer þá að spyrja sjálfan mig eins og fleiri gera reyndar og kemur m.a. fram í umsögnum, hvaða tilgangi þjónar það að búa þarna til nýjan aðila, gera Náttúruverndarráð hálfutanveltu í kerfinu, draga úr myndugleik þess en ætla samt sem áður að hafa það áfram? Ég skil vel þau sjónarmið sem koma fram í a.m.k. einni umsögn þó ég sé þeim ekki sammála: Hvort ekki sé þá rétt að stíga skrefið til fulls og leggja Náttúruverndarráð einfaldlega niður og byggja með einhverjum öðrum hætti á samskiptum við áhugasamtök og aðra aðila um náttúruvernd? Er þá tilefni til að hafa ráð af því tagi starfandi ef dregið er úr myndugleik þess með þeim hætti sem frv. virðist gera ráð fyrir.

Ég vil þá einnig nefna, hæstv. forseti, hvernig komið er að samskiptum í þessu máli við ýmsa áhugaaðila sem unnið hafa hið merkasta starf á sviði náttúruverndar eða ferðamála eða öðru slíku. Ég óttast að umhvrn. eða hæstv. ráðherra og þeir sem hafa komið að málinu og samið þetta frv. og það sem á undan því kom hafi ekki vandað sig nóg í sambandi við samskipti við slíka aðila og orðalag þegar um þau samskipti er rætt. Ég tek þar undir t.d. umsögn Ferðafélags Akureyrar að nánast sé vikið með ósæmilegum hætti að starfsemi slíkra aðila í greinargerð með frv. því sem hér var lagt fram á fyrra þingi þar sem látið er að því liggja að í gegnum starfrækslu slíkra aðila á ferðamannastöðum þar sem gjald er tekið fyrir gistingu eða afnot af skálum og annað slíkt sé í raun verið að okra eða að taka inn tekjur með óeðlilegum hætti. Satt best að segja finnast mér slík ummæli, ef þau eru sögð af einhverri alvöru og á bak við þau stendur þessi meining, alveg furðuleg. Ég hélt að það væri, eins og er vitnað í í umsögn Ferðafélags Akureyrar varðandi athugasemdir við 18. gr. frv. eins og þær voru úr garði gerðar, að gjaldtaka fyrir veitta þjónustu á friðlýstum svæðum í höndum slíkra aðila sé ekki nema að litlu leyti samræmd og í sumum tilfellum hafi gjöld verið hærri en nauðsyn hafi verið til að standa straum af kostnaði. Ég hélt að flestir vissu að þessir aðilar vinna gífurlegt starf í sjálfboðavinnu og það fer náttúrlega fjarri því að þeirra framlag sé reiknað til verðs, fjarri því. Á bak við liggur ógjaldfærð sjálfboðavinna, á bak við liggja afnot af eigin bílum og framlag sem gerði það væntanlega að verkum að í staðinn fyrir einhverjar tekjur sem menn hafa út úr rekstri slíkra svæða eins og Herðubreiðarlinda kæmi í raun og veru margra millj. kr. tap ef menn ættu að reikna sér fullt kaup fyrir vinnu sína og fullan kostnað fyrir afnot af bílum o.s.frv. Ég hlýt að spyrja að því hér: Hver er meining

manna í þessu? Er það virkilega svo að umhvrn. eða einhverjir aðilar sem hafa komið að þessum málum þar séu búnir að fá þá flugu í höfuðið að aðilar eins og ferðafélögin og aðrir slíkir, sem sjá um sumar af hálendisvinjunum og suma skálana, séu að reka þarna einhvert dúndrandi gróðafyrirtæki? Eru menn virkilega svo heillum horfnir að þeir haldi slíkt? Hvað á orðalag af þessu tagi að þýða? Væri nú ekki betra fyrir hið háa ráðuneyti og þá sem þar eru að starfa að reyna að koma sér með öðrum hætti til eðlilegra samskipta við þessa aðila en vera að gefa slíkt í skyn? Ég segi nú ekki dylgja um slíkt. Mér finnst leiðinlegt, hæstv. forseti, að andrúmsloftið í þessum samskiptum skuli vera svona eins og kemur reyndar fram hér í fjölmörgum fleiri umsögnum að það er ekki nógu góður tónn og nógu góður andi í þessum samskiptum.

Ég vil þá einnig almennt séð, hæstv. forseti, vara við þeim hugmyndum sem koma fram á köflum um aukna gjaldtöku gagnvart þeirri þjónustu sem verið er að veita á þessum stöðum almennt. Ég vara mjög við því að menn fari inn á þá braut að láta borga sérstaklega fyrir hvert viðvik sem unnið er til þess að gæta að náttúruperlum og varðveita náttúruminjar í landinu. Hvar endar slíkt? Hvar ætla menn að draga mörkin? Ég held að það sé mjög varhugaverð þróun og nær væri svo dæmi sé tekið að sleppa slíku en skila þá frekar til t.d. aðila eins og ferðaþjónustunnar þeim fjármunum sem henni eru ætlaðir samkvæmt gildandi lögum þannig að aðili eins og Ferðamálaráð gæti sett tugi og helst hundruð millj. í fyrirbyggjandi aðgerðir í umhverfismálum og menn þyrftu þess vegna ekki að vera beiningamenn nánast í öllu tilliti þegar að þessu kemur. Það er auðvitað það sem er að í dag. Ef menn bogna undan þessu ástandi til að fara að heimta gjald af mönnum í hvert skipti sem þeir stíga út úr bíl á Íslandi býð ég ekki í það hvernig það verður orðið eftir fimm eða tíu ár að ferðast um landið eða reka ferðaþjónustu. Ætli mönnum þyki Ísland ekki nógu dýrt eins og það er þó að það bætist ekki við. Ég vara við því sem mér finnst brydda á í umfjöllun um þetta, m.a. í greinargerð með frv. og fram kemur í sumum athugasemdunum að gagnrýnt er að menn haldi of langt út á þessa gjaldtökubraut.

Hæstv. forseti. Ég hafði reyndar hugsað mér að fara yfir nokkrar af þeim athugasemdum sem nokkrir aðilar hafa gert en ég veit að hæstv. forseti er áhugasamur um að fara að ljúka umræðunni eða fresta fundinum á þessari nóttu. Það vill svo til að ég veit af þessu og skal nú leggja forseta lið í því að stytta eins og ég get mál mitt og áskil mér frekar rétt til að koma að nokkrum atriðum síðar í umræðunni einhvern tímann á næstu dögum.

Það sem ég vil þá segja fyrst og fremst að lokum er að ég vil aftur hverfa að þessu með stjórnsýsluþáttinn og spurninguna um vald og verkefnadreifingu í þessum málaflokki almennt. Það vill svo til til að mynda að í kjördæmi mínu hafa ýmsir verið að ræða þau mál allmikið á undanförnum missirum. Þannig var að ég sat fund sveitarstjórnarsamtaka kjördæmis míns á sl. hausti og þar fór fram ágæt umræða í starfshópi sem ég sat reyndar í og á þinginu sjálfu um það hvort ekki þyrfti í raun og veru meira og minna að stokka upp og endurskipuleggja samskipti yfirvalda, ríkisins, ráðuneytis og ráðs ef svo bæri undir í umhverfismálum annars vegar og sveitarfélaganna, félagasamtaka, hugsanlega héraðsnefnda og annarra slíkra aðila hins vegar. Það sem menn höfðu einfaldlega í huga var hvort ekki væri hægt að færa verkefni á þessu sviði nær heimamönnum án þess þó að með því veiktist um of yfirstjórnunarvald ráðuneytis og möguleiki óháðra aðila til að hafa áhrif og vera á verði í málefnum umhverfis- og náttúruverndar. Þarna hljóta menn ósköp einfaldlega að þurfa að leita skynsamlegs jafnvægis milli þessara tveggja meginmarkmiða, annars vegar þess að heimaaðilar, sveitarfélög, félagasamtök, héraðsnefndir eða aðrir slíkir aðilar geti eins og kostur er annast verkefni sem eru næst þeim á vettvangi og hins að auðvitað gengur ekki annað en áfram sé fyrir hendi virk yfirstjórn í þessum málaflokki. Ég hef allan tímann haft gagnvart þessu þau varnaðarorð þegar menn ræða möguleikana á þessum verkefnaflutningi af eðlilegum ástæðum að menn verði auðvitað að muna eftir hinu að menn geta verið settir í mikinn vanda gagnvart þeim sem standa næstir hagsmununum ef þeir eiga jafnframt að taka hinar afdrifaríku ákvarðanir um takmarkanir á umsvifum manna gagnvart náttúrunni og jafnvel sársaukafullar ákvarðanir sem í vissum tilvikum geta verkað hamlandi á umsvif og atvinnulíf á viðkomandi svæði. En gagnvart því verða menn auðvitað að vera með hlutina á hreinu að umhverfisvernd og friðun náttúru og friðun svæða verður lítið nema nafnið tómt ef menn geta aldrei tekið ákvarðanir sem kosta í vissum tilvikum auðvitað ákveðnar takmarkanir á umsvifum manna. Nærtækt og mjög nýleg dæmi er auðvitað efnistaka sem er nú mjög vaxandi hér af ýmsu tagi, ekki síst til útflutnings, og það er auðvitað lítið gagn í þeirri náttúruvernd sem aldrei mætti leggja neinar hindranir í veg þess að menn megi moka upp hverju sem er, hvaða náttúruperlum sem er, með tímabundinn gróða í huga þó þar færu forgörðum náttúruminjar sem aldrei yrðu endurskapaðar. Slíkt er ágætt dæmi um að auðvitað verða menn að leita ákveðinnar málamiðlunar milli þessara tveggja sjónarmiða.

Ég hef því miður ekki á tilfinningunni að menn séu að ná neinum árangri í þessu tilliti, í þessari breytingu. Ég sé það því miður ekki þó að þarna verði til þessi Landvarsla ríkisins og hún taki við hluta verkefna Náttúruverndarráðs. Ég sé ekki að verið sé að breyta því sem ég hefði gjarnan viljað sjá. Ég væri t.d. mjög áhugasamur um að það yrði kannað hvort heimaaðilar gætu að einhverju eða jafnvel öllu leyti yfirtekið vörslu og gæslu ákveðinna friðlýstra svæða. Mér svíður það allan tímann pínulítið sem Norður-Þingeyingi að hafa orðið nánast útlægur ger úr perlu okkar, Ásbyrgi, og spyr að því: Gætum við sýslungarnir ekki tekið það aftur að okkur að sjá um það svæði og að sjálfsögðu í samráði við hið háa ráðuneyti og undir yfirstjórn þess en þannig þó að heimamenn gætu haft þar meira hönd í bagga og farið með daglega stjórnun og meðferð á svæðinu í samráði við einhverja yfirstjórn.

Hluta af slíku tagi hefði ég gjarnan viljað sjá komast eitthvað áleiðis en því miður sé ég ekki örla mikið á slíku.

Ég tek því undir athugasemdir sem koma fram m.a. í umsögn Sambands sveitarfélaga og í umsögn Náttúruverndarnefndar Eyjafjarðarsýslu sem hér er að finna einhvers staðar í þessum bunkum.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri að sinni en ég vona að umhvrh. komi og svari einhverjum af þeim spurningum sem hafa komið fram í umræðunni og mér skilst að það sé ætlunin. Ég beindi sérstaklega til hans einni spurningu, þeirri hvaðan í ósköpunum hugmyndin að þessari sérkennilegu stjórn fyrir Landvörslu ríkisins er komin.

[02:21]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson):

Virðulegi forseti. Vegna þess að langt er liðið nóttu og hv. þm., sem hér sitja, og hafa flutt mál sitt skörulega í kvöld hafa óskað eftir því að umræðan verði stytt eftir föngum mun ég reyna að verða við því. Ég ætla að drepa á ýmis atriði sem hefur verið beint til mín en vil jafnframt að fram komi að ég er reiðubúinn og mun svara frekari spurningum og atriðum sem ég kem e.t.v. ekki inn á núna og sem verða væntanlega fjölmörg síðar þegar umræðunni verður haldið áfram.

Fyrst vil ég segja að það er alrangt að sú uppstokkun, sem er lögð til, njóti víðtækrar óvinsældar. Þess í stað er það svo að mjög margir koma nálægt náttúruverndarmálum sem hafa einmitt lokið lofsorði á það. Ég bendi á það líka að þegar frv. var rætt í þinginu í fyrra þá komu fulltrúar allra stjórnmálaflokka nema Kvennalistans og lýstu stuðningi við meginhugsunina í frv., þar á meðal formaður Alþb., hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson sem lýsti stuðningi við meginhugmyndina í frv. Ég man ekki betur en hv. þm. Páll Pétursson hafi líka tekið undir það.

Ég vek eftirtekt á því að það sem hér er verið að leggja til að gera er að samræma lögin um náttúruvernd ýmsum lögum sem hafa tekið gildi eftir að uppstokkun hófst á þeirri löggjöf sem varðar umhverfismál. Það gerðist í kjölfar stofnunar umhvrn. á sínum tíma og í rauninni er verið að fara þá leið að taka inn undir ráðuneytið það vald sem Náttúruverndarráð hefur í dag. Í dag starfar Náttúruverndarráð sem eins konar örráðuneyti. Hins vegar er það afskaplega skrýtilega saman sett. Eins og menn vita rennur fjármagn til rekstrar þess og allrar starfsemi frá ríkinu. Ríkið hefur þar einn fulltrúa meðan hinir eru kosnir annars staðar frá á náttúruverndarþingi. Veltum því fyrir okkur hvaðan þessi hugmynd hafi fyrst komið. Mig langar af því tilefni, virðulegi forseti, og til þess að sýna fram á að þetta er ekki bara spunnið upp á örskammri stundu í hugum einhverra manna sem sitja í ráðuneytum, að vísa í það sem Elín Pálmadóttir, sem gegndi stöðu varaformanns Náttúruverndarráðs, sagði fyrir hönd ráðsins þegar hún kynnti tillögur um breytingar á 6. náttúruverndarþinginu 1987, með leyfi forseta:

„Miðað við þau verkefni sem Náttúruverndarráð hefur lögum samkvæmt sýnist tilurð þess orðin óeðlileg. Það er þetta blandaða kjör þar sem ráðherra skipar formann og varformann og frjáls félög sín úr hverri áttinni auk náttúruverndarnefndanna kjósa sex fulltrúa sína. Þegar til daglegra vinnubragða kemur er ráðinu svo ætlað að starfa á ábyrgð ráðherra. Það hefur vissa ábyrgð gagnvart stefnu ríkisstjórnarinnar og framkvæmd hennar eins og hún er hjá ríkisstjórn hverju sinni. En Náttúruverndarráð er rekið í umboði ráðherra og fyrir fé frá ríkissjóði. Það getur ekki eðli sínu samkvæmt starfað sem frjálst félag þótt meiri hluti ráðsmanna taki umboð sitt úr þeirri átt og við höfum stundum orðið vör við þennan tvískinnung, t.d. í hvalamálinu.“ Síðan segir, virðulegi forseti: „Stjórnskipulega er Náttúruverndarráð því hálfgerður bastarður. Raunar voru strax skiptar skoðanir um þetta fyrirkomulag 1971 enda hvergi verið tekið upp síðan. Við teljum farsælla að greina þarna á milli.“ Takið eftir því að þarna talar varaformaður fyrir hönd ráðsins.

Þetta finnst mér mikilvægt að komi fram vegna þess að það undirstrikar að hugmyndir um uppstokkun í þessa veru hafa lengi verið á kreiki.

Mig langar síðan líka, virðulegi forseti, að leiðrétta þann misskilning sem hefur komið fram hjá mjög mörgum að hér hafi með þeirri aðferð sem þessi umhvrh. hefur tekið upp við endurskoðun á lögunum verið brugðið út af leið fyrirrennara hans. Það er alls ekki svo. Ég vek eftirtekt á því að uppstokkunin varðar fyrst og fremst stjórnskipunarþáttinn og fyrirrennari minn, sá hinn síðasti, skipaði í janúar 1992 nefnd til þessa endurskoða einmitt þessa þætti. Sú nefnd átti að ljúka störfum að mig minnir fyrir júlílok 1992. Þegar ég kom í ráðuneytið ári síðar bólaði ekki á neinum frá nefndinni. Þegar ég gekk eftir því hvernig starfi hennar hafði verið háttað kom í ljós að miðað við þau gögn sem mér voru send af páv. formanni nefndarinnar hafði hún ekki verið að sinna þessu starfi. Þess vegna var gripið til þess ráðs að taka þetta inn í ráðið. Þetta hef ég raunar rakið áður.

Þetta vil ég taka fram til þess að glöggva hv. þm. á því að hér er verið að endurskoða þennan þátt. Síðan er endurskoðun á öðrum þáttum náttúruverndar. Hún er eftir. Það kemur skýrt fram í greinargerð með frv. að þarna er um að ræða tvískipt starf, nákvæmlega eins og fyrirrennari minn hóf sína för eftir.

Menn hafa farið vítt yfir sviðið og hv. þm. stjórnarandstöðunnar hafa fundið frv. margt til foráttu. Það lýsir kannski umræðunni nokkuð að einn hv. þm. lét þess getið að stíllinn á frv. væri afleitur. Þess vegna þykir mér rétt að geta þess að frv. var lesið yfir á Íslenskri málstöð sem lauk á það sérstöku lofsorði.

Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson, sem flutti fimm tíma ræðu ef ég man rétt, kom víða við. Að mörgu leyti var ræða hans lýsing hans eigin skoðana og hann vildi skýra hluti fyrir mönnum. Það bar ekki mjög mikið á því að hann væri að óska eftir sérstökum skýringum þó auðvitað væri það þar á meðal. Eitt af því sem hann sagði var að það væri ekki tekið tillit til sjónarmiða minni hlutans. Þess vegna vil ég vísa í mál hv. formanns umhvn., Kristínar Einarsdóttur, sem sagði að margt væri til bóta í þeim brtt. sem liggja fyrir.

Menn tala um að meiri tíma hefði þurft til þess að kanna þetta mál. Málið er búið að liggja í nefndinni í allan vetur og ég held að ég fari rétt með þegar ég segi að nefndin hefur ekki afgreitt neitt annað mál frá sér þannig að hún hefur haft mikinn tíma til þess að sinna þessu.

Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson fór aðeins yfir svið friðlýsingar. Það er hárrétt hjá þingmanninum að ég hef lýst miklum vilja til þess að efla friðlýsingar. Menn geta velt því fyrir sér hvers vegna. Það er vegna þess að engar friðlýsingar hafa átt sér stað frá árinu 1988. Ég hafði og hef mikil áform um friðlýsingar og þau hafa að ýmsu leyti gengið eftir, það er hárrétt hjá hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni að ég hefði gjarnan viljað sjá meira gerast. Ég gerði þó mitt. Ég útvegaði fjármagn til þess að standa straum af sérstökum starfskrafti sem sinnti starfinu. Ég minni á að ríkisstjórnin veitti að forgöngu minni 15 millj. kr. sérstaklega til þess að efla friðlýst svæði og má vel vera að hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni þyki afköstin lítil en þó er búið að friðlýsa fjögur svæði og þingmenn geta grennslast fyrir um það hjá skrifstofu Náttúruverndarráðs hvernig það er tilkomið en ég held að óhætt sé að segja að frumkvæðið kom að verulegu leyti frá ráðuneytinu og vegna þess eftirreksturs sem ráðuneytið sýndi frá fyrsta degi ráðherratíðar minnar, fyrsta málið sem ég ræddi við nokkra stofnun og ræddi yfirleitt í ráðuneytinu var einmitt þetta mál.

Það eru 3–4 svæði í viðbót sem eru komin nærri lokastigi að því er framkvæmdastjóri Náttúruverndarráðs hefur tjáð mér og ég held þess vegna að þegar maður horfir yfir sviðið sé hægt að segja að þetta sé breyting frá því sem áður var. Það voru engar friðlýsingar frá 1988 og þangað til ég kom í þetta ráðuneyti.

Menn hafa deilt á það að frv. sé verulega breytt frá því í fyrra. Þess vegna vil ég lýsa þeirri skoðun minni að þar sé ekki að finna nema eina verulega efnisbreytingu sem menn geta kallað svo. Hinar breytingarnar eru flestar breytingar sem eru gerðar með hliðsjón af athugasemdum sem komu fram þegar frv. var lagt fram í hið fyrra sinnið. Þetta er algeng aðferð til þess að taka tillit til þeirra sjónarmiða sem koma fram. Ég get bent á það að hv. þm. Jóna Valgerður Kristjánsdóttir þakkaði sérstaklega fyrir að það var komin breyting í 1. gr. þar sem lagt var fyrir um að leitað skyldi álits m.a. bænda. Það er vegna athugasemda sem komu fram frá þeim.

Það hefur verið rætt um stöðu starfsmanna og hvað yrði um framtíð þeirra og jafnframt hefur verið spurt hvort það hafi verið rætt við þá. Þessu er til að svara að réttur þeirra er varinn með lögum, mig minnir, nr. 26/1954, einkanlega 14. gr. Það er ljóst að þessum starfsmönnum verða boðin sambærileg störf, þeir munu vinna áfram á sama stað. Breytingin felst sem sagt í því að skrifstofan er tekin undir ráðuneytið. Það er rétt að það komi líka fram vegna þeirra spurninga sem ég gat um áðan að að frumkvæði ráðuneytisins hefur verið rætt við starfsmenn, þar á meðal þjóðgarðsverði.

Talsvert margir hv. þm. drápu á náttúruverndarnefndirnar. Eins og hv. þm. muna eftir þá var í hinni upphaflegu gerð frv. tekin upp, að mig minnir, að meginstofni til tillaga Náttúruverndarráðs um að stækka umdæmi náttúruverndarnefndanna, láta þau fylgja kjördæmum. Þetta er góð hugmynd. Þessi hugmynd mætti mikilli andstöðu, sér í lagi sveitarfélaga. Mörg sveitarfélög sögðu: Við viljum hafa okkar eigin náttúruverndarnefndir og við viljum ekki að það sé ráðuneyti í Reykjavík sem er að skipa okkur fyrir að því leyti til eða Alþingi sé að skipa okkur að leysa upp okkar nefndir. Við þekkjum hins vegar öll vandann sem hafa fylgt þessum nefndum. Þær hafa verið ákaflega starfslitlar og sá vettvangur sem þeim hefur verið haslaður hefur verið óljós. Fjármagnið til þeirra hefur líka verið naumt skammtað.

Það hefur verið spurt um kostnað vegna náttúruverndarnefndanna. Þær hafa verið greiddar af sveitarfélögunum og það er gert ráð fyrir því óbreyttu í þessu frv. Þess er að vænta hins vegar að í framtíðinni vegna aukinnar áherslu sveitarfélaga og landsmanna almennt þá munu áherslur sveitarfélaganna á náttúruvernd í landinu og umhverfismál almennt, ég mundi telja að það hafi orðið vakning meðal sveitarfélaga á síðustu árum sem er eðlilegt og í samræmi við þá þróun sem er um heim allan.

Mig minnir að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hafi kvartað undan fjárveitingum til ráðsins og málaflokksins. Ég tek undir það með honum að ég vildi gjarnan sjá þær hærri. En ég held að hv. þm. ætti að bera saman t.d. þá upphæð sem á nýsamþykktum fjárlögum stendur við liðinn Náttúruverndarráð og sama lið í fyrra. Ég veit ekki betur en þar sé nokkuð drjúg hækkun.

Eðlilega hafa menn fundið að fyrirkomulagi gjaldtöku eins og hún er rædd í frv. og mjög margir af þeim sem gáfu álit á frv. fundu hnökra á þessu. Þarna er auðvitað komið að mjög djúpstæðri, pólitískri spurningu: Á að heimila gjaldtöku? Ég tel það fullkomlega skiljanlegt viðhorf að leggjast gegn því. Ég var áður fyrr á þeirri skoðun að það ætti ekki að gera það, var svipaðrar skoðunar og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon lýsti hér áðan. Ég hef í gegnum árin hugsað þetta upp á nýtt og ég tel að það sé rétt að heimila þessa gjaldtöku. Ég tel að slík þjónustugjöld séu eðlileg. Ég tel rétt að beita þeim mjög hóflega og í stíl við að sem gerist sums staðar núna og þær tekjur sem af þeim stofnast á að sjálfsögðu að nota til að byggja upp landið, byggja upp þau svæði. Einhver drap hér á og spurði: Hvað felst í orðinu forvarnastarf? Í því felst m.a. lagning göngustíga, gerð hliða. Jafnvel mætti kalla uppsetningu salerna vissa forvarnaaðgerð.

Mig minnir að það hafi verið hv. þm. Hjörleifur Guttormsson sem spurði hvort það væri ætlunin að fara að taka gjöld fyrir aðgang að gestastofum. Ef ég man rétt er það svo að í lögunum er talað um þjónustu. Ég tel t.d. ekkert óeðlilegt við það að þegar menn koma í gestastofu og fá t.d. bæklinga sem eru hluti af þjónustu, þá séu þeir seldir á kostnaðarverði. Ég tel það. Um þetta geta verið skiptar skoðanir.

Um eitt vil ég sérstaklega gera ágreining við hv.

þm. Hjörleif Guttormsson varðandi gjaldtökuákvæðið og tilgang þess. Hann tjáði það viðhorf að ef ætti að fara þá leið sem lögð er til í frv. að beita gjaldtöku til þess að létta nauð á landi sem er undir álagi þá þurfti það gjald að vera tiltölulega hátt og hann spurði í framhaldinu: Mun það ekki reynast mörgum auralitlum ferðamanninum ofviða? Mun hann þá ekki sneiða hjá slíkum stöðum? Og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon bætti um betur og sagði: Endar er þetta með því að menn geta ekki stigið út úr rútu neins staðar á landinu án þess að þurfa að borga fyrir það? Það er hin öfgakennda hlið á málinu en það er alls ekki að sem stefnt er að.

Hins vegar, hv. þm. Hjörleifur Guttormsson, vil ég sérstaklega benda á eitt dæmi. Það er Höfði í Mývatnssveit þar sem menn hafa girt af tiltölulega lítið svæði og taka fyrir það gjald, 100 kr. á mann. Ég heimsótti þetta svæði í sumar og hreifst af því hvað það var að mörgu leyti vel úr garði gert vegna þess að tekjurnar sem komu inn fyrir aðgangsgjaldið runnu til þess að byggja svæðið upp. En ég spurðist fyrir um það hjá landvörðum: Hvaða áhrif hefur þetta á komu ferðamanna? Viðmælandi minn, landvörður, sagði mér að þetta hefði leitt til þess að stórir hópar, þ.e. á rútum, sneiddu í vaxandi mæli hjá þessum stað þó það kosti einungis 100 kr. á manninn. Þetta þykir mér benda til þess að svona lág upphæð geti haft talsvert stýriafl og þetta tel ég rétt að komi hérna fram.

Það hefur líka verið rætt mikið um það sem kallað er miðstýringarárátta í þessu frv. Ég á erfitt með að fallast á þá skoðun. Miðstýringin er minnkuð frá því sem nú er. Það hefur verið deilt á það að ekki sé viðleitni til þess að færa vald út til sveitarfélaga og þegar menn eru að tala um miðstýringuna þá hafa mjög margir þingmenn nefnt einmitt þetta atriði. Ég hef lýst því yfir að ég er þeirrar skoðunar að það eigi að reyna þetta eftir föngum og það er nákvæmlega þess vegna sem sú stefnubreyting er tekin í þessu frv. að það er hægt að fela sveitarfélögum, reyndar líka öðrum félögum og einstaklingum, umsjón slíkra svæða. Það eru fyrst og fremst sveitarfélög sem hafa svona kalsað þetta mál. Það er áhugi mjög víða og vaxandi enda tengjast hugmyndir um yfirtöku sveitarfélaga á umsjón með slíkum svæðum hugmyndum þeirra og áformum um uppbyggingu ferðaþjónustu. Ég tel að þetta sé vel. Ég kalla þetta valddreifingu. Ég segi það hiklaust og menn geta svo haft mismunandi skoðanir á því að þetta geri það að verkum að í þessu frv. er gert ráð fyrir minni miðstýringu en áður.

Ég vek líka sérstaka athygli á því að samkvæmt frv. og brtt. er gert ráð fyrir því að við þjóðgarðana sé heimilt að setja upp ráðgjafarnefnd sem einmitt fulltrúar sveitarfélaganna eigi aðild að. Til hvers er það gert? Einmitt til þess að auka ítök þeirra um stjórnun þjóðgarðanna. Þeirri hugmynd hefur verið hreyft í umræðunni í kvöld hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni, hafi ég skilið hann rétt, hvort ekki væri mögulegt að sveitarfélögin gætu beinlínis tekið yfir þjóðgarðana og rekstur þeirra. Ég taldi það ekki rétt. Þetta er auðvitað áhorfsmál en ég taldi nægjanlegt á þessu stigi að fara þá leið að hægt væri að heimila sveitarfélögum að taka yfir ýmis friðlönd.

Hv. þm. Jóna Valgerður Kristjánsdóttir innti eftir því hvað liði framkvæmdum Náttúruverndarráðs á næsta sumri og hvort Náttúruverndarráð hefði undirbúið næsta sumar. Það er sjálfgefið að Náttúruverndarráð starfar með eðlilegum hætti og undirbýr af kappi starfsemi næsta sumars. Hún spurði jafnframt hvort það væri sjálfgefið að Landvarslan, ef frv. þetta yrði að lögum, tæki yfir þann undirbúning. Að sjálfsögðu er það svo. Það er gert ráð fyrir því, eins og ég hef greint frá, að starfsmönnum skrifstofu Náttúruverndarráðs verði boðin hliðstæð störf, þ.e. í rauninni að skrifstofan verði sett undir ráðuneytið, þetta hef ég lokið við að fara yfir, að Landvarslan taki yfir þetta starf. Ástæðan fyrir því að gert er ráð fyrir því ef frv. verður samþykkt að lögin taki strax gildi er einmitt sú að geta lokið þessari yfirtöku á góðum tíma áður en mesta álagið kemur.

Hv. þm. Jóna Valgerður innti eftir því hvort heimild sem kemur fram á bls. 3 í frv., þ.e. um að sett verði reglugerð um akstur utan vega, meðferð hesta og öxulþunga, stangaðist á við önnur lög og nefndi sérstaklega lög sem falla undir dómsmrh. Þess vegna vil ég að það komi fram að það var kannað hjá Ólafi Walteri Stefánssyni hvort þarna væri um einhverja skörun að ræða. Svo var ekki.

Virðulegi forseti. Það er ýmislegt fleira sem ég hefði talið rétt að svara hérna. Það eru fáir eftir í salnum og ég féllst á það með forseta og formönnum þingflokka áðan að stytta mál mitt og er þegar kominn því miður nokkuð yfir það sem ég ætlaði að takmarka mig við og þess vegna læt ég máli mínu lokið núna en segi það jafnframt að ég mun svara því sem ég á eftir síðar í þessari umræðu.

[02:43]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er vissulega mörg atriði sem ástæða er til að koma að úr máli hæstv. ráðherra og ég mun gera það síðar í þessari umræðu. En það er tvennt sem ég ætla að nefna sérstaklega sem hann vék að. Það er í fyrsta lagi sú staðhæfing hæstv. ráðherra að hann hafi í engu breytt frá stefnu forvera síns í sambandi við undirbúning þessara mála. Það tel ég fráleita staðhæfingu. Forveri hæstv. ráðherra í starfi skipaði nefnd með tilnefndum fulltrúum þingflokka til að vinna að undirbúningi málsins undir sinni forustu með formann og varaformann, en hæstv. umhvrh. lagði þá nefnd af og setti embættismenn í undirbúning málsins, innan húss í sínu ráðuneyti.

Nefndin sem Eiður Guðnason skipaði 29. jan. 1992 fékk það verkefni að endurskoða þá þætti laga nr. 47/1971, um náttúruvernd, sem lúta að hlutverki Náttúruverndarráðs og stjórn náttúruverndarmála. Einnig segir í skipunarbréfi: „Nefndin skal að endurskoðun lokinni semja drög að frv. til laga um breytingu á lögum um náttúruvernd og um aðrar lagabreytingar sem hún telur æskilegt að gera varðandi stjórn náttúruverndarmála."

Um það var spurt snemma í nefndarstarfi hvort það

ætti að takmarka það við sem lyti að Náttúruverndarráði sérstaklega og stjórnunarþættinum en því var svarað að svo væri ekki. Það gæti allt verið undir sem varðaði lögin um náttúruvernd. Það var tilefnislaust að mínu mati að leggja þessa nefnd af þó hún hafi ekki getað klárað verkefni sín á tilsettum tíma. Það var ekki vegna fyrirstöðu fulltrúa þingflokka í nefndinni. Það kann að eiga að skrifast á trúnaðarmenn ráðherra. Ég vil ekki leggja mat á það en svo fer nú oft um nefndastörf.

Síðan aðeins, virðulegur forseti, atriði sem ég kem þá að síðar þegar ég hef rétt til andmæla.

[02:46]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég get ekki alveg fallist á málflutning hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar. Hann las hér upp úr væntanlega skipunarbréfi sínu og þar kom alveg skýrt fram að hlutverk nefndarinnar var að endurskoða þá þætti náttúruverndarlaga sem lúta að hlutverki Náttúruverndarráðs og stjórn náttúruverndarmála og annarra atriða sem varða stjórn náttúruverndar. Ég hygg að ég muni það rétt og hafi heyrt það rétt. Það er því engum blöðum um það að fletta að það var fyrst og fremst þessi stjórnsýslulegi þáttur sem átti að vera undir. Þegar ég kom í þetta ráðuneyti og innti eftir stöðu málsins sökum þess áhuga sem ég hafði á náttúruverndarmálum kom í ljós að það virtist afskaplega lítið liggja eftir þessa nefnd samkvæmt þeim upplýsingum sem trúnaðarmaður ráðuneytisins, formaður, veitti okkur. Ég fékk í hendurnar drög að frv., ég man ekki nákvæmlega tímasetningu þeirrar afhendingar, sem fjallaði um flest annað en akkúrat stjórnsýsluþáttinn. Mig rekur minni til þess að í þeim umræðum sem spunnust um það þegar ég ákvað að leggja þessa nefnd af þá hafi það komið fram hjá hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni að hann hafi ekki ekki einu sinni séð þetta frv. Það þótti mér á þeim tíma og þykir enn bera vott um furðuleg vinnubrögð í nefndinni. Það má vel vera að það sé hægt að setja þá sök á ráðuneytið í gegnum trúnaðarmann þess, eins og það er orðað, en ég held að þetta hafi gefið fyllilega tilefni til þess og sér í lagi með hliðsjón af því að það var ár liðið frá því hún átti að ljúka störfum og það hillti ekki undir lok starfsins að stokka aðferðina alla upp á nýtt.

[02:48]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Forusta nefndarinnar var alfarið í höndum ráðuneytisins, formanns nefndarinnar og varaformanns sem var starfsmaður úr ráðuneytinu. Mitt mat laut fyrst og fremst að vilja okkar tilnefndra fulltrúa þingflokka.

Hæstv. ráðherra vék áðan að fjármálum Náttúruverndarráðs. Ég kom ekki þar að neinum samanburði milli ára. Það sem ég mælti um það efni varðaði það mat fjmrn. af kostnaði vegna frv., þ.e. að ekki væri gert ráð fyrir kostnaðarauka af breytingu á lögunum í heild sinni. Það var það sem ég gekk út frá.

Varðandi gestastofu þá byggði ég á bréfi aðstoðarmanns umhvrh. frá 2. febr. 1995 sem talar ekki aðeins um gjaldtöku fyrir þjónustu um möguleika heldur telur hann ekki óeðlilegt að innheimta gjald fyrir aðgang, sérhæfða fræðslu eða t.d. bæklinga, svo orðrétt sé til vitnað. Þetta er bara til glöggvunar.

[02:50]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Aðeins til glöggvunar á orðalagi í bréfinu þar sem hv. þm. vísar til gestastofa. Þar segir svo, með leyfi forseta:

„Til að auðvelda uppbyggingu og rekstur gestastofa er ekki óeðlilegt að innheimta gjald fyrir aðgang, sérhæfða fræðslu eða t.d. bæklinga."

Hér er ekkert sem segir að það sé endilega átt við aðgang að gestastofum. Gestastofur verða væntanlega í framtíðinni flestar á friðlýstum svæðum eða í þjóðgörðum. Við stefnum að því með þeirri heimild eða nánast fyrirmælum sem er að finna í frv. að fjölga þeim. Ég vil að þetta komi fram.

[02:50]

Frsm. minni hluta umhvn. (Kristín Einarsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætlaði ekki að fara yfir öll svör hæstv. umhvrh., mér gefst betra tækifæri til þess síðar. En það var ýmislegt sem ég hef við hans svör að athuga og eins og hann kom sjálfur að þá vantaði heilmikið enda ekki von í svona stuttri ræðu að hægt væri að koma nema inn á á örfá atriði sem menn hafa nefnt í umræðunni.

Það má kannski orða það svo að það sé ónákvæmni í orðalagi þegar hann sagði að nefndin hafi haft frv. í allan vetur til umfjöllunar. Ég vil benda á að þetta mál kom til nefndar þann 18. nóv. sl. og umfjöllun nefndarinnar hófst fljótlega eftir það. En þá er ekki nema mánuður til jólahlés þingmanna og síðan hefur verið mánuður núna eftir. Mér fannst hæstv. ráðherra eins og gefa það í skyn að nefndin hefði heldur slegið slöku við vinnu að þessu máli. Ég vil mótmæla þessu vegna þess að það er búið að halda fjölmarga fundi og hef ég gengið nokkuð hart eftir að boða fundi á ólíklegustu tímum. Ég hef nýtt tímann í hádeginu og kl. átta morgnana og stundum gengið nokkuð á rétt þingmanna eins og einn þingmaður kvartaði við mig um og minntist á hér að ég hefði stundum gengið á rétt þingmanna þegar þeir höfðu verið boðaðir á aðra fundi sem voru þó reglulegir fundir og áttu kannski nokkuð meiri rétt en aukafundir í umhvn.

Það var fyrst og fremst þetta sem ég vildi gera athugasemd við í tilefni af orðum ráðherrans.

Umræðu frestað.

Út af dagskrá voru tekin 3.–7. mál.

Fundi slitið kl. 02:53.

95. FUNDUR

miðvikudaginn 15. febr.,
kl. 13.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.
2. Samsettir flutningar o.fl. vegna EES, stjfrv., 251. mál, þskj. 294. — 3. umr.
3. Atvinnuréttindi vélfræðinga, stjfrv., 315. mál, þskj. 648. — 3. umr.
4. Skýrsla umboðsmanns Alþingis.
5. Starfsskýrsla Ríkisendurskoðunar 1993.
6. Atvinnuréttindi skipstjórnarmanna, stjfrv., 316. mál, þskj. 460, nál. 622. — 2. umr.
7. Kísilgúrverksmiðja við Mývatn, stjfrv., 323. mál, þskj. 491, nál. 629. — 2. umr.
8. Vernd svæðislýsinga smárása í hálfleiðurum, stjfrv., 325. mál, þskj. 493, nál. 630. — 2. umr.
9. Framleiðsla og markaðssetning vistvænna og líffrænna afurða, frv., 398. mál, þskj. 638. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Davíð Oddsson forsrh.,
Egill Jónsson, 3. þm. Austurl.,
Eyjólfur Konráð Jónsson, 4. þm. Reykv.,
Guðni Ágústsson, 5. þm. Suðurl.,
Rannveig Guðmundsdóttir félmrh.

Aðalmaður tekur sæti á ný:

Ólafur Þ. Þórðarson, 2. þm. Vestf.

Útbýting þingskjals:

Aðgerðir í landbúnaðarmálum, 412. mál, þáltill. SJS o.fl., þskj. 661.

Tilkynning um utandagskrárumræður.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Forseti vill tilkynna um utandagskrárumræður sem fram munu fara í dag. Í fyrsta lagi fer fram umræða kl. tvö að beiðni hv. 9. þm. Reykv., Svavars Gestsonar. Hann beinir máli sínu til hæstv. menntmrh. og er gert ráð fyrir að sú umræða standi í eina klukkustund. Umræðuefnið er staðan í kennaradeilunni með hliðsjón af afgreiðslu grunnskólafrumvarpsins.

Í öðru lagi er utandagskrárumræða sem fer fram um kl. hálffjögur og þar er málshefjandi hv. 3. þm. Norðurl. e., Valgerður Sverrisdóttir og beinir hún máli sínu til hæstv. sjútvrh. Sú umræða fer fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa og umræðuefnið er hrefnuveiðar.

Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.

Aðgerðir ríkisstjórnarinnar til lausnar kjaradeilum.

[13:36]

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Ég vil beina máli mínu til hæstv. fjmrh. Það liggur í loftinu að gerðir verði kjarasamningar á næstunni og það virðist vera að ríkisstjórnin muni koma inn í þá kjarasamninga með einum eða öðrum hætti og það liggur fyrir að núv. hæstv. ríkisstjórn þurfi að leggja fram frumvörp hér á Alþingi til þess að greiða fyrir hugsanlegum kjarasamningum. Ég vil því spyrja hæstv. fjmrh.: Hvaða undirbúningur er í gangi af hálfu ríkisstjórnarinnar í þessum málum? Hvaða aðgerðir eru líklegar að gripið verði til af hálfu hæstv. ríkisstjórnar? Og hvenær er líklegt að frumvörp um þetta efni verði lögð fram á Alþingi?

Það virðist vera að ef kjarasamningar nást þurfi allmarga daga í að fjalla um þau mál á Alþingi og þess vegna er líklegt að þingið verði að taka að mestu leyti tíma sinn í þau mál í næstu viku. En svo virðist vera sem hæstv. ríkisstjórn hafi allt aðrar áherslur því að hér er verið að reyna að koma í gegnum þingið málum sem engar líkur eru á að geti klárast og enginn friður er um, enda hefur hæstv. forsrh. lýst því yfir að hann leggi ekki áherslu á að ljúka svo sem einu eða neinu hér og þessi yfirlýsing lá fyrir fyrir löngu. En á sama tíma eru ýmsir hæstv. ráðherrar að reyna að potast hér áfram með eitt og eitt mál og fara mikinn með hjálp nokkurra samþingmanna sinna. Auðvitað hlýtur það að verða meginverkefni þingsins að takast á við þessi mál þegar þau koma fram og þess vegna tel ég nauðsynlegt að hæstv. fjmrh. upplýsi okkur um gang mála.

[13:38]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegur forseti. Það er rétt hjá hv. þm. að samningaviðræður standa yfir og flestir vona að sjálfsögðu að af kjarasamningum geti orðið sem allra fyrst, bæði á hinum almenna vinnumarkaði og eins á milli opinberra starfsmanna annars vegar og ríkisvaldsins hins vegar. Það er mín skoðun og ég hygg hv. þm. og flestra annarra að það sé yfirleitt ekki góð regla að ríkisvaldið hafi of mikil afskipti af kjarasamningum yfir höfuð. Það kann að þurfa að gerast þegar illa stendur á í þjóðarbúinu eins og hefur verið á undanförnum árum, en almenna reglan hlýtur að vera sú að þeir sem semja, atvinnurekendur og launþegar, semji um kjör sín á milli en sendi ekki reikninginn á skattborgarana. Komi hins vegar til þess, þá þarf það að gerast í tengslum við víðtæka kjarasamninga. Það liggur í augum uppi og það þurfa að koma sameiginlegar tillögur fram af hálfu þeirra sem eru að semja hverju sinni.

Fyrir liggja kröfur eða tillögur Alþýðusambandsins annars vegar og svokallaðs Flóabandalags hins vegar. Þær hafa verið birtar opinberlega. Í fjmrn. hefur verið litið á þessar kröfur og lauslega slegið á að annars vegar kosti þær í heild sinni fyrir utan greiðsluseink-

un í húsnæðiskerfinu 4–5 milljarða eða þá 8–9 eftir því hvor tillagan er tekin. Engar sameiginlegar viðræður aðila vinnumarkaðarins annars vegar og ríkisvaldsins hins vegar hafa farið fram, en að sjálfsögðu verður tekið á móti þeim aðilum ef slíkar viðræður kunna að verða til þess að geta leyst kjarasamninga. Þess vegna er ekki hægt að svara fyrirspurn hv. þm. með neinum beinum hætti því að sameiginlegar tillögur um víðtækt samkomulag liggja ekki fyrir á þessari stundu.

[13:40]

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Ég vil lýsa vonbrigðum mínum með þetta svar hæstv. fjmrh. Það liggur sem sagt ljóst fyrir að þetta mál er á algjöru frumstigi. Við vitum að Alþingi mun ekki starfa lengur en næstu viku nema ríkisstjórnin hafi hugmyndir um annað þannig að þetta mál allt er mjög óljóst. Ég verð að lýsa mikilli undrun yfir því að engar formlegar viðræður hafa átt sér stað milli ríkisvaldsins og aðila vinnumarkaðarins um þessar kröfur. Ég hef eins og hæstv. fjmrh. lesið þær í blöðunum en ég hélt satt að segja að hæstv. fjmrh. hefði gert eitthvað meira en að lesa bara blöðin í þessu viðkvæma og erfiða máli og vil lýsa yfir mikilli furðu á þeirri afstöðu að þessu skuli vera sinnt með þeim hætti.

[13:41]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég get auðvitað ekki komið í veg fyrir það að hv. þm. lýsi yfir furðu sinni, það er hans mál. En svarið varð auðvitað að vera samkvæmt sannleikanum. Ég vil hins vegar til þess að fyrirbyggja allan misskilning láta það koma fram að auðvitað hafa launþegasamtökin átt viðtöl við fulltrúa ríkisvaldsins og auðvitað hafa atvinnurekendasamtökin átt viðræður við ríkisvaldið. En það hafa engar sameiginlegar kröfur komið fram og ég tel að það sé forsenda til þess að hægt sé að ræða um aðgerðir ríkisvaldsins í tengslum við kjarasamninga að það komi fram sameiginlegar kröfur.

Í öðru lagi er það ljóst að fjmrn. hefur slegið á og reiknað út þessar kröfur og við erum í viðbragðsstöðu hvenær sem er, en það liggur í eðli kjarasamninga að ekki sé verið af hálfu ríkisvaldsins að gefa út einhver boð um það fyrir fram hvernig það hyggist leysa samninga á milli aðila á vinnumarkaði og ég veit að hv. þm. sem er reyndur úr fyrri ríkisstjórnum skilur það.

Skýrsla um stöðu EES-samningsins.

[13:42]

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Það mætti eflaust spyrja margra spurninga í lok kjörtímabilsins um öll þau mál sem virðast vera í lausu lofti þegar þessi hæstv. ríkisstjórn lýkur störfum. Undanfarið hafa verið fundir bæði utanríkisráðherra og forsætisráðherra Norðurlandanna um framtíð norræns samstarfs og er það vel þar sem ráðherrar hittast með fullri virðingu hver fyrir annars þjóð og ræða það samstarf við breyttar aðstæður.

Annað er uppi á teningnum þegar um er að ræða Evrópusamstarfið og ég beini því fyrirspurn minni til hæstv. utanrrh. hvort til standi að fara frá þessu þingi án þess að gefa þinginu skýrslu um hvernig komið er fyrir samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Í kvöldfréttum í gær mátti heyra umræðu frá Evrópuþinginu þar sem samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið er kallaður skrímsli. Þar taka til máls menn eins og Willy De Clercq og Gary Titley, sem er formaður okkar í samstarfsnefnd Evrópusambandsins og EFTA, og þeir segja skýrt og skorinort að það verði að draga úr áhrifum Noregs, Íslands og þessara fáu EFTA-landa sem eftir eru og menn segja berum orðum að samningurinn sé út af fyrir sig einskis virði lengur.

Nú er formaður okkar í EFTA-nefndinni ekki staddur hér og hefur það komið fyrir áður þannig að það er erfitt að fá nokkrar upplýsingar um þessi mál. Á vettvangi hins háa Alþingis er nær engin vinna lögð í þetta starf þannig að við sem eigum að heita að sitja í nefnd um þetta samstarf, og ekki einni heldur tveimur, fáum engar upplýsingar um það sem er að gerast þarna suður í Evrópu. Fundum hefur auðvitað fækkað og við höfum minni og minni tök á að fylgjast með framgangi mála þar. Ég ætla því að leyfa mér, hæstv. forseti, að spyrja hæstv. utanrrh.: Telur hann að samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið sé þegar einskis virði? Og hvernig ætla menn að bregðast við því áður en þessi ríkisstjórn fer frá völdum?

[13:45]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Það eru ekki margir dagar frá því að hér var lögð fyrir hið háa Alþingi skýrsla utanrrh. þar sem m.a. var gerð grein fyrir niðurstöðum um stöðu EES-samningsins og það er ekki við utanrrh. að sakast þótt áhugi hv. þingmanna á skýrslu utanrrh. hafi verið mjög takmarkaður og önnur mál hafi yfirskyggt þau mjög. En að því er varðar spurninguna: Telur utanrrh. EES-samninginn einskis virði? Nei, því fer nú fjarri. Og að því er varðar vísan til fréttaflutnings af umræðum í Evrópuþinginu, þá er niðurstaðan sem fyrir liggur skýr og hún er sú að EES-samningurinn er ekki í hættu. Því hefur ekki verið lýst yfir að menn muni beita sér fyrir uppsögn á honum. Hann verður út af fyrir sig staðfestur. Það liggur allt fyrir.

Umræðurnar voru hins vegar um það að þau tvö EFTA-ríki sem nú eiga aðild að EES-samningnum, Noregur og Ísland, geti ekki gert ráð fyrir því að áhrif þeirra við undirbúning, mótun og ákvarðanatöku séu hin sömu og aðildarríkjanna. Tilefnið er beinlínis það að af hálfu norskra stjórnvalda var í kjölfar neikvæðrar niðurstöðu í þjóðaratkvæðagreiðslu, þ.e. höfnun á aðild, mjög eindregið leitað eftir því að Noregur héldi uppi áhrifum sem voru umfram það sem EES-samningurinn tryggði. Norðmönnum hefur verið sagt afar skýrt: Norðmenn höfnuðu aðild og Norðmenn hafa þess vegna ekki rétt til þeirra áhrifa sem aðildarríki hafa. Það segir sig sjálft og við það geri ég engar athugasemdir og við það getum við engar athugasemdir gert. Í umræðunum kom einnig fram að áhrif

EES-ríkjanna, þessara sem eftir eru, eru auðvitað afar takmörkuð. Ef við spyrjum um pólitísk áhrif, þá hefur verið um það samið að þau eru byggð á EES-samningnum sjálfum, en við höfum ekki lengur atbeina hinna fyrrverandi EFTA/EES-ríkja til þess að gefa þessum samningsbundna áhrifarétti okkar þá pólitísku vigt sem til þarf.

[13:48]

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég tek ekki til mín yfirlýsingar um áhugaleysi á umræðu um utanríkismál þar sem ég var ein af fáum sem gerði grein fyrir skýrslu minnar nefndar, þ.e. EFTA-nefndarinnar hér undir kvöld þegar hlaupið hafði verið yfir án umræðu einar fimm aðrar slíkar þannig að ég tek það ekki til mín.

Frú forseti. Ég er satt að segja hneyksluð á svari hæstv. utanrrh. Hann talar um að eftir atkvæðagreiðsluna í Noregi geti Noregur ekki vænst sömu áhrifa og áður. Hvað hefur gerst? Hefur eitthvað breyst um samninginn um Evrópska efnahagssvæðið? (**Utanrrh.:** Ekki sömu áhrif og hin aðildarríkin.) Hæstv. utanrrh. veit það jafn vel og ég að allt samstarf EFTA og Evrópsambandsins er á forsendum Evrópusambandsins. Það vissum við allan tímann. Þess vegna vorum við mörg á móti þessum samningi og það er ekkert nýtt fyrir okkur að áhrifin séu lítil. En við sjáum ekki ástæðu til þess að þau minnki þó að þeim þjóðum fækki sem eru aðilar að EFTA-hliðinni.

Mér er alveg ljóst að sjálfsagt verður samningnum ekki sagt upp, en það hlýtur að vera umhugsunarefni þegar hann er kallaður skrímsli af virðulegum hv. þingmönnum Evrópuþingsins og ég geri kröfu til þess, frú forseti, að utanrrh. kanni stöðu þessara mála, hitti að máli kollega sína á vegum EFTA-landanna og við förum ekki heim af þessu þingi án þess að vita hvar við stöndum varðandi samninginn.

[13:49]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Þær ályktanir sem hv. þm. dregur af umræðum í Evrópuþinginu eru villandi og það er algjörlega ástæðulaust að hafa uppi einhverjar efasemdir um það að EES-samningurinn sé í gildi, hann er staðfestur. Það eru engir tilburðir um að segja honum upp. Ummæli einstakra þingmanna um það að við núverandi kringumstæður hefði Evrópusambandið ekki haft vilja til þess að gera slíkan samning er annar hlutur sem og ummæli einstakra þingmanna um það að þetta er óvenjulegur samningur í ljósi þess að hann er „dínamískur", breytilegur og einstök aðildarríki áður í EFTA, nú aðilar að Evrópusambandinu hafa flutt sig hinum megin við borðið. Eftir standa færri ríki þannig að EFTA-stoðin er veikari en áður. Um það er ekkert meira að segja. Þetta eru sögulegar staðreyndir. Það er ekkert sem íslensk stjórnvöld þurfa að gera til þess að eyða efasemdum um EES-samninginn. Hann er í gildi, hann er virkur. Spurningin er einfaldlega um það hvort áhrif okkar á grundvelli samningsins séu nú minni en var vegna þess að við njótum ekki atbeina upphaflegra bandalagsþjóða okkar í EES.

[13:51]

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Hvað er hér að gerast? Hæstv. utanrrh. hefur gert það að sínu máli á þessu kjörtímabili að fá fram samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Hér stendur hann svo örfáum mánuðum eftir að þessi samningur var samþykktur og segir: Hann er auðvitað máttlausari nú vegna þess að við höfum tapað ferðafélögum meðal EFTA-landanna. Það sem hann er að segja er að samningurinn er auðvitað afar lítils virði. Við erum þar gjörsamlega máttlaus aðili og afrek hæstv. utanrrh., þetta stóra afrek á kjörtímabilinu er því einfaldlega fallið niður með hliðum hans sjálfs og eftir stendur ekki neitt. Og það er ekki sérkennilegt þó að hæstv. ráðherra grípi svo til þess einasta haldreipis sem hann hefur. Án þess að segja að þetta hafi allt verið vitleysa, þá segir hann núna: Við verðum að ganga í Evrópusambandið. Hann á auðvitað enga kosti til að bjarga sér eftir alla þá orku, tímaeyðslu og orðaflaum sem við eyddum í þetta mál sem er svo þegar upp er staðið eftir örfáa mánuði frá samningnum einskis virði.

[13:52]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Mér þykir miður að hv. þm. skuli sjá ástæðu til þess nú að bæta í öfugmælasafn stjórnarandstæðinga sumra um EES-samninginn. Það er ekkert tilefni til þess. Að sjálfsögðu er það fjarri öllum sanni að segja að EES-samningurinn sé ekki neitt. Hvað á hv. þm. við? Tekur hún ekki þátt í þingmannasamstarfi á fullu ásamt öðrum hv. fulltrúum Alþingis? Veit hún ekki betur en þetta? Og að eigna mér þá skoðun að EES-samningurinn sé lítils virði er auðvitað fjarri öllu lagi. EES-samningurinn er Íslendingum afar mikils virði og ég tek undir með t.d. hæstv. forsrh. sem hefur sagt: Ef við ekki hefðum þennan EES-samning, þá væri staðan sennilega sú að okkur væri nauðugur einn kostur til þess að tryggja okkar efnahags- og viðskiptahagsmuni að sækja um aðild að Evrópusambandinu. Samningurinn er mjög mikils virði. Hann hefur fært okkur margvíslegar hagsbætur. Hann hefur gerbreytt markaðsstöðu íslensks sjávarútvegs. Hann er einn af þeim þáttum sem knýja núna efnahagsbata í íslensku þjóðfélagi og þetta tal er algjörlega út í hött og vekur furðu að þingmaður sem tekur þátt í þingmannasamstarfi EFTA skuli fara með slíka staðlausa stafi.

Fullgilding Haag-sáttmálans um málefni barna.

[13:53]

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Ég beini fyrirspurn minni til hæstv. dómsmrh. Á ráðstefnu Barnaheilla um mannréttindi barna 29. okt. sl. upplýsti hæstv. dómsmrh. að verið væri að leggja lokahönd á það verk að fullgilda Haag-sáttmálann frá 25. okt. 1980 um einkaréttarleg áhrif á brottnámi barna til flutnings milli landa. Ég hef spurt hæstv. dómsmrh. utan þingsalar um framgang

þessa máls og hann hefur tjáð mér að því miður muni þetta mál tæplega komast á dagskrá á þessu þingi, bæði vegna þess að það er ekki frágengið að fullu og vegna þess skamma tíma sem eftir lifir þings. Það er mjög slæmt að vita af því, en úr því verður sjálfsagt ekki bætt úr þessu.

Annað mál þessu tengt var afgreitt út úr allshn. með góðri sátt nú í morgun, en það voru breytingar á barnalögum sem hníga að hluta til í sömu átt og þessi samningur. Í athugasemdum við 2. gr. þess frv. er raunar tekið fram að ætlunin sé að fullgilda Haag-samninginn af Íslands hálfu. Og nú vil ég spyrja hæstv. dómsmrh.: Til hvaða ráðstafana hyggst hæstv. ráðherra grípa til þess að tryggja framgang þessa máls þannig að ekki þurfi að koma til neinna frekari tafa við fullgildingu Haag-sáttmálans í upphafi næsta þings?

[13:55]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Eins og fram kom í máli hv. fyrirspyrjanda, þá var það ætlun ráðuneytisins að hafa lokið undirbúningi að því að unnt væri að fullgilda Haag-samninginn. Í vinnslu málsins hafa komið upp nokkur álitaefni sem vinna hefur þurft meira í en ráðgert var og það hefur leitt til þess að það tókst ekki að standa við þá tímaáætlun sem áður hafði verið sett. Ég geri fastlega ráð fyrir því og tel það nokkuð öruggt að fyrir næsta þing verði þessari undirbúningsvinnu lokið og þá geti Alþingi tekið málið til meðferðar og gefið heimild til fullgildingar á sáttmálanum.

[13:56]

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin. Mér var ekki kunnugt um að það væri vegna álitamála eða hugsanlegra ágreiningsmála sem þessi töf hefði orðið heldur vegna þess að ráðuneytið væri fáliðað og þar af leiðandi væru það mörg mál sem eru mikilvæg og get ég tekið undir það. Ég vona að þetta verði ekki til að tefja málið eða hindra framgang þess hér því að ég hygg að um þetta mál sé býsna mikil sátt. En mig langar í framhaldi af þessu að inna ráðherra eftir því hvort það sé nokkur hætta á að þetta muni verða málinu til trafala.

[13:57]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Ég tel að þetta verði málinu ekki til frekari trafala þó að það hafi valdið nokkurri töf á frágangi málsins. Ég óskaði eftir því við þá embættismenn sem að þessu vinna í morgun að þeir gerðu hv. allshn. þingsins grein fyrir stöðu málsins þannig að hún gæti fylgst með framvindunni og þeirri vinnu sem unnið hefur verið að í þessu sambandi í ráðuneytinu.

Lækkun húshitunarkostnaðar.

[13:58]

Gunnlaugur Stefánsson:

Hæstv. forseti. Ég beini spurningu til hæstv. iðnrh. Í 6. gr. fjárlaga er að finna heimild sem felur það í sér að semja við orkusölufyrirtækin um aðgerðir til að lækka húshitunarkostnað þar sem hann er hæstur og greiða allt að 50 millj. kr. í mótframlag úr ríkissjóði umfram það sem þegar hefur verið gert af hálfu stjórnvalda með niðurgreiðslum og yfirtöku skulda orkufyrirtækja. Mig langar til þess að spyrja hæstv. iðnrh. um það hvenær megi búast við að fyrirhugaðar aðgerðir komi til framkvæmda og hvað má búast við mikilli lækkun á húshitunarkostnaði þar sem hann er dýrastur.

[13:59]

Iðnaðarráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Í framhaldi af þessari heimild í 6. gr. fjárlaga hef ég ritað stjórn Landsvirkjunar bréf með beiðni um það að hún gangi til viðræðna við iðnrn. um sameiginlegar aðgerðir til að lækka húshitunarkostnað á köldu svæðunum. Stjórn Landsvirkjunar hefur tekið þetta bréf fyrir og samþykkt fyrir sitt leyti að ganga til þeirra viðræðna. Ég legg allt kapp á það að þeim viðræðum verði lokið fyrir næstu mánaðamót. Þá hef ég einnig rætt málið við Rarik. Og hvað varðar Orkubú Vestfjarða er það að segja að Orkubú Vestfjarða hefur gengið orkufyrirtækja lengst í því að leggja fram sinn hlut til lækkunar húshitunarkostnaðar á hinum köldu svæðum þannig að það munar ekki lengur mjög miklu á milli húshitunarkostnaðar á orkuveitusvæði Orkubús Vestfjarða og þeim markmiðum sem orkunefndin svokallaða setti sér árið 1991. Ég lít svo á að hér sé fyrst og fremst um að ræða verkefni í samvinnu milli iðnrn., Landsvirkjunar og Rafmagnsveitna ríkisins og eins og ég sagði legg ég allt kapp á það að fá niðurstöðu í þeim viðræðum í þessum mánuði.

[14:00]

Gunnlaugur Stefánsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. iðnrh. svörin og fagna því að von sé á niðurstöðu í viðræðum við Landsvirkjun og Rafmagnsveitur ríkisins liggi fyrir um mánaðamótin þannig að það megi búast við því að aðgerðir til lækkunar á húshitunarkostnaðinum þar sem hann er dýrastur komi til framkvæmda strax í næsta mánuði.

Ég varpaði einnig fram þeirri spurningu hvort fyrir lægi eða hvort það væri hægt að sjá fyrir um hve mikil lækkun kæmi til framkvæmda. Hæstv. ráðherra svaraði því ekki en ef það liggur að einhverju leyti fyrir, þá væri vissulega kærkomið ef hægt væri að upplýsa um það.

[14:01]

Iðnaðarráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Það liggur að sjálfsögðu ekki fyrir. Það eina sem liggur fyrir er heimild Alþingis um allt að 50 millj. kr. úr ríkissjóði til þessara þarfa, en ég vil ítreka það sem ég sagði áður að ef t.d. Landsvirkjun hefði aukið niðurgreiðslur sínar á raforku til húshitunar jafnmikið hlutfallslega og ríkissjóður hefur gert, þá væri um það bil búið að ná og mundi nást á þessu ári takmarkið sem orkujöfnunarnefndin setti sér árið 1991. Hversu langt Landsvirkjun er hins vegar reiðubúin til að ganga í þessum samningum get ég ekki

fullyrt fyrir fram, en það hlýtur að vera þeim Landsvirkjunarmönnum til nokkurrar umhugsunar að ef þeir hefðu fylgt ríkisvaldinu, þá væri vandamálið mun minna heldur en það er í dag.

Breytingar á reglum Þróunarsjóðs.

[14:02]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Mig langar að beina máli mínu til hæstv. sjútvrh. og spyrja hann að því hvort hann hyggist beita sér fyrir breytingum á reglum Þróunarsjóðs hvað varðar skilyrði fyrir greiðslu úreldingarbóta til fiskiskipa. Ástæðan fyrir þessari spurningu er sú að það er að verða menningarsögulegt slys vegna eyðileggingar á elstu eða nýjustu, það er nú kannski rétt að orða það þannig, skipunum, tréskipunum sem voru smíðuð hér, síðustu tréskipunum sem voru smíðuð á Íslandi til útgerðar. Fyrirmæli úreldingarsjóðsins eru að þessi skip skuli brotin í spón og eyðilögð eða flutt úr landi og það er að gerast í stórum stíl. Meira að segja þeir sem hafa í hyggju að kaupa slík skip til að nýta í ferðaþjónustu eða annað slíkt hér á landi standa frammi fyrir því að geta það ekki og þurfa að flagga þeim út. Það hefur gerst nú þegar að sumum af þessum skipum hefur verið flaggað út og eru komin undir erlent flagg. Það mun ekki verða eftirlit með þeim skipum framkvæmt af hálfu Siglingamálastofnunar ríkisins. Þau munu vera eftirlitslaus hvað varðar öryggismál á Íslandi. Þetta er hið versta óhappaverk sem þarna er að gerast. Ég spyr hæstv. ráðherra hvort hann ætli að beita sér fyrir breytingum á þessum reglum og með hvaða hætti og hvenær megi þá búast við því að það gerist eitthvað í því máli því að það liggur fyrir að nú þegar eru kröfur á þeim sem hafa óskað eftir úreldingu um það að eyðileggja þessi skip áður en þeir fá greiðslur fyrir úreldinguna.

[14:04]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Það er ekkert til fyrirstöðu samkvæmt þeim reglum sem um þessi mál gilda að tryggja að bátar sem taldir eru hafa menningarsögulegt gildi geti varðveist og fordæmi eru fyrir því þegar fyrir liggur mat sérfróðra manna um að það séu menningarverðmæti sem rétt sé að varðveita, þá stangast það ekki á við þær reglur sem í gildi eru. Á hinn bóginn ef einungis er verið að tala um almenna notkun skipa, þá hafa ekki verið uppi sérstök áform um að breyta þeim reglum sem í gildi hafa verið.

[14:05]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Það er rangt sem hæstv. ráðherra er að segja að það sé ekkert til fyrirstöðu að varðveita þessi skip. Það skilyrði er sett fyrir því að það megi varðveita þau að þau verði sett á land og geymd á byggðasöfnum og það eru bara ekki þannig aðstæður hjá byggðasöfnum landsins að þau geti tekið við þessum skipum öllum. Það eru aftur á móti margir áhugaaðilar sem vilja eiga þessi skip sem skemmtibáta, sem báta til nota í ferðaþjónustu. Nú þegar hafa svona skip verið seld úr landi til nota í Noregi og víðar í ferðaþjónustu. Það er ömurlegt að menn skuli með slíkum reglum sem þessum að ætla að fyrirkoma síðustu tréskipunum sem voru smíðuð á Íslandi og ég efast ekki um að það verður dæmt hart af þeim sem hafa áhuga á slíkum málum í framtíðinni. Og ég skora á hæstv. ráðherra að endurskoða afstöðu sína til málsins og beita sér fyrir því að það verði opnað fyrir möguleika til þess að geyma þessi skip og þá á ég ekki við að geyma þau endilega á byggðasöfnum.

Umræður utan dagskrár.

Staðan í kennaradeilunni með hliðsjón af afgreiðslu grunnskólafrumvarpsins.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Eins og áður hefur verið tilkynnt hefst nú utandagskrárumræða. Málshefjandi er hv. 9. þm. Reykv., Svavar Gestsson. Efni umræðunnar er staðan í kennaradeilunni með hliðsjón af afgreiðslu grunnskólafrumvarpsins. Það hefur orðið samkomulag um að ræðutími verði með þeim hætti að málshefjandi og hæstv. ráðherra hafi 8 mínútur hvor í fyrra sinn og 4 mínútur í það síðara og aðrir hafi 4 mínútur. Þessi umræða má standa í eina klukkustund.

[14:07]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Fyrir réttum fjórum árum var verið að afgreiða hér í þessari virðulegu stofnun frv. til grunnskólalaga. Það var frv. sem hafði verið gert ágætt samkomulag um við kennarasamtökin í landinu, foreldrasamtökin í landinu, samtök skólastjóra, yfirkennara og aðra þá aðila sem yfir höfuð koma að skólamálum hér á landi. Það merkilega var svo líka það að um þetta frv. sem þá var verið að ræða varð fullt samkomulag hér í þessari virðulegu stofnun og ég man eftir því þegar var gengið frá lokagerð frv. með samningum, m.a. á milli mín sem þá var menntmrh. og hv. formanns þingflokks Sjálfstfl. sem er núv. hæstv. menntmrh. og hæstv. núv. forseta Alþingis. Með öðrum orðum þá náðist í raun og veru mjög víðtæk eining um þetta mál á þeim tíma og það var stefna okkar sem unnum að því að samstaðan skipti miklu máli vegna þess að hún gæti síðan myndað vörn, skjól fyrir skólakerfið og þar með börnin sem eru innan skólakerfisins í landinu.

Því miður er það svo, hæstv. forseti, að í tíð núverandi ríkisstjórnar hefur verið unnið allt öðruvísi að málum. Sú stefna sem full samstaða náðist um var sett niður í skúffu. Það var tekin ákvörðun um að breyta nýsettum grunnskólalögum. Það var ákveðið að skera niður framlög til menntamála um 2.000 millj. kr. að raunvirði þannig að framlög til menntamála á þessu ári eru núna 14,5 milljarðar en ættu að vera 16,5 miðað við það sem var á síðasta heila ári fráfarandi fyrri ríkisstjórnar. Og þegar hæstv. ráðherra fór svo loksins að vinna að menntamálum, þá ákvað hann að skipa 18 manna nefnd vina sinna, kunningja og nær eingöngu

flokksfélaga til þess að fjalla um grunnskólamál og framhaldsskólamál. Hann lagði blátt bann við því að þessi nefnd segði frá sínum málum út á við. Hann bannaði henni samráð við kennara, hann bannaði henni samráð við foreldra, hann bannaði henni samráð við sveitarfélögin í landinu. Og nú er hæstv. menntmrh. að *uppskera af þessum ótrúlega feluleik sem hefur verið* stundaður meiri hlutann af þessu kjörtímabili.

Það liggur fyrir að frá því grunnskólafrv. sem nú á að fara að ræða næstu daga var gengið án samráðs við kennara, án samráðs við sveitarfélögin og það sem meira er, í dag liggur það fyrir að það er ætlunin að afgreiða þessi mál af meiri hluta menntmn. í fullri andstöðu við stjórnarandstöðuna vegna vinnubragða, í fullri andstöðu við sveitarfélögin í landinu, Samband ísl. sveitarfélaga gerði sérstaka samþykkt um þetta mál í gærkvöldi, og í fullri andstöðu við Kennarasamtökin í landinu þannig að í gærkvöldi fór svo að Kennarasamtökin töldu sig til þess knúin að stöðva samningafund sem annars hafði farið fram í mjög góðu andrúmslofti þangað til meiri hluti menntmn. ákvað í gærkvöldi að rífa málið út úr nefndinni í blóra við alla aðila.

Það er alveg bersýnilegt að þau vinnubrögð sem hér eru höfð uppi geta ekki haft neitt annað í för með sér en það að annaðhvort strandi grunnskólafrv. hér eða að það verði tekið í gegn í átökum og það er mjög alvarlegt mál, hæstv. forseti. Ég tel að það sé mjög brýnt að um grunnskólann sé sem víðtækust pólitísk og fagleg samstaða í landinu. Grunnskólalög eru í raun og veru lög um réttindi barna til skóla og til fræðslu og það á að umgangast þau með þeim hætti. Það hefur hæstv. núv. ríkisstjórn ekki gert og þess vegna eru vinnubrögð meiri hluta menntmn. frá í gær fordæmd hér harðlega.

Á fundinum í gær óskuðum við eftir því, fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna, að það yrði beðið eftir áliti stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga. Því var neitað þó það væri vitað að stjórnin mundi skila áliti eftir örfáa klukkutíma og því var neitað að fara sérstaklega yfir málin frekar, t.d. í þingflokkunum í dag þannig að unnt yrði að skoða málin með hliðsjón af þeirri viðkvæmu stöðu sem nú er uppi í kjaramálum og kjarasamningum kennara. Ég tel því að meiri hlutinn í menntmn. hafi vísvitandi stefnt í uppnám þeim kjaraviðræðum sem staðið hafa yfir við kennara og þess vegna sé hætta á því að næstu daga skelli hér á verkfall í grunnskólum og framhaldsskólum landsins. Af þessari ástæðu, hæstv. forseti, hef ég óskað eftir þessari utandagskrárumræðu og legg fyrir hæstv. menntmrh. eftirfarandi spurningar:

1. *Hvernig* hyggst *menntmrh.* stuðla að því að samningar náist þannig að skólastarf geti haldið áfram með eðlilegum hætti?

2. Hvar eru frumvarpsdrögin sem menntmrh. hefur haldið fram í marga mánuði að liggi fyrir um réttindamál kennara? Hvar eru þessi frumvarpsdrög? Af hverju eru þau enn þá leyniplagg?

3. Telur hæstv. menntmrh. hugsanlegt að hefja núna þær þríhliða viðræður ríkisvalds, sveitarfélaga og kennara um hugsanlegan flutning grunnskólans til sveitarfélaganna sem gerð var tillaga um í nefndaráliti 15. apríl 1994 og ítrekuð í nefndaráliti frá september 1994 af nefnd sem starfaði undir forustu hv. þm. Sturlu Böðvarssonar?

4. Er hæstv. menntmrh. tilbúinn til þess að fresta á þessu þingi meðferð grunnskólafrv. til þess að skapa eins góða sátt um þessi mál og mögulegt er og hefja tafarlausar viðræður við sveitarfélögin og við kennarasamtökin um farsæla lausn á þessum mikilvægu málum?

[14:14]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Herra forseti. Alltaf þykir mér það nú fara hv. þm. Svavari Gestssyni jafnilla þegar hann er að skrúfa sig þetta í ræðustól eins og hann er mikið ljúfmenni svona í persónulegum samtölum, líka þegar við erum að ræða um skólamál, en hann verður að hafa þann hátt á sem hann vill.

Hv. þm. ræddi fyrst um afgreiðslu grunnskólafrv. á vorþinginu 1991 og var að bera það saman við það sem nú er að gerast og ræddi um að það hefði skapast um það góð sátt, m.a. milli hans sem menntmrh. og *mín sem þáv. formanns þingflokks sjálfstæðismanna.* Það er rétt. Það varð sátt og samkomulag um afgreiðslu málsins en það var ekki fyrr en á lokastigum þess og þegar komið var að lokaafgreiðslu. Sáttin varð vegna þess að það var tekið tillit til fjölmargra ábendinga sem við sjálfstæðismenn komum fram með við meðferð málsins en það hafði verið mikið deilumál í þinginu alveg eins og grunnskólafrv. nú hefur verið nokkurt deilumál. Grundvöllurinn að samkomulaginu var sá að það var tekið tillit til fjölmargra atriða sem við lögðum áherslu á.

Ég verð bara að treysta því að það sé ekki fullreynt enn þá. Það eru nokkrir dagar sem lifa til þinglausna og ég vona að við getum talað saman um þetta mál og kannað til þrautar hvort ekki náist samstaða.

Hv. þm. fór enn með þetta gamla vers sitt um átján manna nefndina sem öll átti að hafa verið kunningjar mínir og flokksfélagar. Síðast fór hann með þennan pistil á fundi sem við vorum saman á, á fundi Alþb. á Selfossi sl. fimmtudagskvöld. Ég veit ekki hvað hann er búinn að fara oft með þessa ræðu í þinginu og ég nenni ekki satt að segja að vera að fara yfir þessa nefndarskipun einu sinni enn. Hún er öll til í þingskjölum og ég veit að allir þingmenn hafa heyrt þetta áður.

Það sem hv. þm. sagði hins vegar ranglega var að ég hefði bannað nefndinni að hafa samráð við foreldra, við kennara, við sveitarfélögin og yfirleitt við alla sem ættu að búa við þessa löggjöf. Þetta er beinlínis rangt. Ég fullyrði það að engin nefnd sem hefur unnið að undirbúningi frumvarpsgerðar hefur haft eins víðtækt samráð við þá fjölmörgu aðila sem við löggjöfina eiga að búa eins og átján manna nefndin gerði. Ég fullyrði að það hafi aldrei áður verið eins víðtækur undirbúningur og samráð við hina fjölmörgu aðila og átti sér stað hjá átján manna nefndinni.

Hv. þm. hefur beint til mín nokkrum spurningum

sem ég skal reyna að svara. Í fyrsta lagi hvernig ég hyggist stuðla að því að samningar náist þannig að skólastarf geti haldið áfram með eðlilegum hætti. Ég þarf ekki að rekja það í þennan hóp að samningar eru ekki á minni hendi. Þeir eru í hendi fjmrh. og samninganefndar ríkisins. Ég hef hins vegar að sjálfsögðu átt fundi með samninganefnd ríkisins og veitt þar umbeðnar upplýsingar um skoðanir menntmrn. á ýmsum atriðum sem vissulega koma mjög ákveðið inn í þessa samningsgerð alla. Ég er að sjálfsögðu reiðubúinn til þess að gera svo áfram bæði eftir því sem eftir er leitað og eins að mínu eigin frumkvæði. Ég hef átt frumkvæði að slíkum fundum við samninganefndina og við fjmrh.

Frumvarpsdrögin sem ég gat um að hefðu verið gerð á sl. sumri varðandi réttindamál kennara eru í mjög svo eðlilegum farvegi. Þau eru í fjmrn. Við höfum átt fundi, fulltrúar menntmrn. og fjmrn., um þessi mál. Nefndaráliti nefndar sem ég skipaði, skipuð fulltrúum frá kennarasamtökunum, félmrn., fjmrn., sveitarfélögunum og menntmrn. var skilað á sl. vori og á grundvelli þess álits var frv. samið, á vegum menntmrn. Umfjöllun fjmrn. er einfaldlega ekki lokið og ég sé ekki að nokkur ástæða sé til að gera þetta mál eitthvað sérstaklega tortryggilegt vegna þessa. Fjmrn. þarf að líta til fleiri þátta en eingöngu réttindamála kennara þegar um svona flókið og viðkvæmt mál er að ræða því að vissulega er það svo.

Þá spyr hv. þm. hvort ég telji koma til greina að hefja þríhliða viðræður ríkisvalds, sveitarfélaga og kennara um hugsanlegan flutning grunnskólans til sveitarfélaga. Um það vil ég segja að ég tel að þær viðræður séu í raun og veru í gangi. Ég skipaði sérstaka nefnd með fulltrúum menntmrn., fjmrn., kennarasamtakanna, félmrh. og Sambands ísl. sveitarfélaga til þess að fylgjast með allri þróun þessa máls og flutningi grunnskólans þar til hann í raun mun eiga sér stað eftir því hvert ákvæðið verður um gildistökuna á flutningnum sjálfum í löggjöfinni eins og hún kemur til með að verða. Þær viðræður eru í raun og veru í gangi sem ég tel líka afskaplega mikilvægt.

Þá spyr hv. þm. hvort ég sé tilbúinn að fresta meðferð grunnskólafrv. á Alþingi nú til þess að skapa sátt um málið við hlutaðeigandi aðila. Ég skil þessa spurningu svo að hann sé að spyrja hvort ég sé tilbúinn að draga frv. til baka nú þannig að það komi ekki til afgreiðslu á þessu þingi. Ég er að sjálfsögðu ekki tilbúinn til þess. Ég vil að það verði látið reyna á það hvort Alþingi er tilbúið til að samþykkja þessa löggjöf á þessu þingi. Ég vænti þess að það eigi ekki að koma neinum á óvart þó að ég sé ekki tilbúinn til að samþykkja slíka frestun þar sem þetta er síðasta þing kjörtímabilsins.

Að öðru leyti er svo sem sitthvað um þetta mál að segja en tími minn er mjög svo takmarkaður. Það hefur verið vikið hér að bæði ályktun Sambands ísl. sveitarfélaga og þeirri kröfu sem á að hafa verið gerð í gærkvöldi af samninganefnd kennarasamtakanna um að samningaviðræðum yrði frestað þá vegna afgreiðslu menntmn. á grunnskólafrv. Mér er mætavel kunnugt um að það lá fyrir í gærkvöldi áður en þeir fengu þessa frétt, eins og það heitir, að menntmn. hefði afgreitt frv., að kjarasamningaviðræðum yrði frestað til dagsins í dag. Það lá bara fyrir þó að það þyki henta að gera þetta að einhverju stórmáli í fréttum útvarps og sjónvarps í gærkvöldi. Ég hef þetta beint frá formanni samninganefndar ríkisins. Ég ræddi við hann í gærkvöldi.

Varðandi ályktun Sambands ísl. sveitarfélaga og það sem formaður sambandsins sagði í fréttum í gærkvöldi að það hafi komið honum eitthvað sérstaklega á óvart sá kúrs sem málið tók, eins og hann orðaði það. Hvað er það sem kemur formanninum á óvart? Vissi hann ekki af því að það stóð til að afgreiða þetta frv.? Menntmn. er að verða við ítrekuðum kröfum sveitarfélaganna í landinu að þau fái grunnskólann að fullu til sinna umráða. Þarna er því ekkert sem átti að koma á óvart. Það er ekkert í ályktun Sambands ísl. sveitarfélaga sem ég get ekki séð að við getum náð sátt um utan eitt og það er skilyrðið með gildistökuna, að það verði að hafa orðið samkomulag á milli Sambands ísl. sveitarfélaga og ráðuneytisins. Ég trúi því ekki fyrr en ég tek á því að hv. málshefjandi sé sammála slíkri kröfu eins og kemur fram hjá sambandinu að það verði að hafa orðið eitthvert samkomulag milli aðila um að tilteknir atburðir gerist, að slíkt sé hægt að setja í lög. Ég trúi því ekki.

[14:23]

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Það eiga sér stað viðburðir á hv. Alþingi nánast í hverri viku. Mál eru illa unnin í nefndum sem gengur þvert á þá fyrirætlan sem fólst í nýjum þingskapalögum um að gera nefndir virkari og stytta umræður í þinginu.

Maður veltir því fyrir sér hvernig bregðast skuli við og hver sé ástæðan, hvort ástæðan sé kannski sú að hv. þingmenn sem hafa ekki reynslu af þingstörfum eru gerðir að formönnum í nefndum. Mér hefur dottið í hug, hæstv. forseti, hvort það þyrfti kannski að efna til námskeiða í upphafi kjörtímabils til þess að koma í veg fyrir að slíkt endurtaki sig.

Það er eins og hagsmunir hjá meiri hluta nefnda eða hugsanirnar séu þessar: Við höfum meiri hlutann. Það er bara tímasóun að vera að halda þessa fundi til þess að nefndin reyni að komast að sameiginlegri niðurstöðu. En það er hins vegar staðreynd að það ríkir nokkuð góð samstaða hjá þjóðinni vil ég meina um það að grunnskólinn verði færður að fullu yfir til sveitarfélaganna. En það er ekki sama hvernig það er gert. Af hálfu hæstv. menntmrh. og formanns menntmn. finnst mér nánast eins og það sé beinlínis lagt sig fram um að láta þetta mistakast. Samt er sagt í hinu orðinu að það þurfi að gera þetta í sátt við hagsmunaaðila, sátt við þá sem málið varðar.

Hæstv. menntmrh. sagði t.d. aðspurður á fundi í menntmn. í gær að hann hefði aldrei haft frumkvæði að fundi með formönnum kennarafélaganna. Ég vil halda því fram að mannleg samskipti séu helmingurinn af því að ná saman um mál og ræða hæstv. menntmrh. áðan fullvissar mig enn frekar um það að hæstv.

menntmrh. áttar sig ekki á mikilvægi þessara mannlegu samskipta. Það kemur mér reyndar á óvart vegna þess að ég þekki hæstv. menntmrh. svolítið persónulega og hélt að hann gæti alveg átt til takta sem gætu leitt til árangurs á þessu sviði. En það gerist að þegar tveir sólarhringar eru í verkfall kennara ákveður formaður menntmn., hv. þm. Sigríður Anna Þórðardóttir, að nýta sér meirihlutavald í hv. menntmn. til að taka út grunnskólafrv. og jafnframt að reyna að stefna að því að það verði að lögum á þessu þingi.

Fulltrúar stjórnarandstöðunnar reyndu bæði með góðu og illu að sýna henni fram á að þetta væri eins og að kasta sprengju inn í þær samningaviðræður sem fara fram á milli ríkisvaldsins og kennara, fyrst og fremst vegna þess að réttindamál kennara eru óleyst og svo má líka benda á að það hafi verið tekið mjög lítið tillit til aðfinnslu kennarafélaganna um frv. Málið var engu að síður afgreitt í andstöðu við fulltrúa stjórnarandstöðuflokkanna. En ég vil reyndar segja það að það voru fremur rislágir hv. þm. stjórnarflokkanna sem tóku þátt í þessari afgreiðslu með hv. þm.

Sveitarfélögin hafa lýst því yfir að þau vilja fá rekstur grunnskólans að fullu. Formaður Sambands ísl. sveitarfélaga sagði hins vegar á fundi með hv. menntmn. að hann hefði engar sérstakar áhyggjur af því þó að þetta gerðist ekki með lögum núna. Hins vegar þar sem málið væri það langt á veg komið mundi það ekkert stranda. Þessir aðilar, bæði sveitarfélögin og kennarar, settu fram skilyrði eða fyrirvara um samþykkt þess að grunnskólinn flyttist og því miður, hæstv. forseti, þá er vinnsla málsins ekki komin það langt í þessari viku að ég get ekki séð að grunnskólafrv. verði afgreitt sem lög frá Alþingi.

[14:28]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Frú forseti. Ég get ekki annað en lýst undrun minni yfir viðbrögðum hæstv. menntmrh. í þessum umræðum. Ég held að okkur hljóti öllum að vera ljóst að sú ákvörðun meiri hluta menntmn. í gær að afgreiða málið út úr nefndinni kæmi sem sprengja inn í þær viðræður sem nú standa yfir um kjaramál og þegar þar við bættist að Samband ísl. sveitarfélaga var á fundi vegna þessa máls þá var mjög óeðlilegt að afgreiða málið áður en niðurstöður lægju fyrir á fundi sveitarfélaganna og ekki síst þegar haft var í huga hve viðræður kennarasambandanna og ríkisvaldsins voru á viðkvæmu stigi og eru enn. Þar við bætist að grunnskólalög eru þess eðlis og rekstur og inntak grunnskólans eru þess eðlis að um það verður að ríkja sæmileg sátt í þjóðfélaginu hvernig sá rekstur skuli vera og hvað þar beri að gera. En við upplifum það hér dag eftir dag að mál eru rifin út úr nefndum af meiri hlutanum á hinu háa Alþingi og það kostar átök og grunnskólamálið er þess eðlis að um það eiga ekki að vera átök.

Ég harma það mjög hvernig staðið hefur verið að þessu máli vegna þess að ég get sagt það hér að ég er efnislega sammála mjög mörgu í þessu frv. en ég tel aftur á móti að ýmsir þættir þess séu nánast óræddir og þar séu atriði sem hefði þurft að kanna mun betur. Ég nefni þar sérstaklega sérkennsluþátt frv. og sérkennslupólitíkina sem þar kemur fram, skólanefndirnar, áhrif kennara á ákvarðanatöku og stefnumótun í skólastarfinu, hlutverk Námsgagnastofnunar, sérfræðingaþáttinn o.fl. sem nefndin átti eftir að ræða, nefndarmenn áttu eftir að ræða sín á milli og komast að niðurstöðu um.

Við höfum fengið fjölda gesta á fund nefndarinnar og mikið af umsögnum þar sem ýmis sjónarmið koma fram en það er alveg ljóst að það var ekki tekið neitt tillit til sjónarmiða kennara og þetta áttum við einfaldlega eftir að ræða og kanna hvort það væri möguleiki að ná sáttum um þessi atriði. Þar við bætist og það sem er hið stóra í þessu máli, sá þáttur að öll réttindamál kennara eru óleyst við þennan flutning frá ríki til sveitarfélaga. Í þessu frv., og ég vil leggja áherslu á það, eru þættir sem t.d. valda breytingum á vinnutíma kennara. Þarna er um hrein samningsmál að ræða og þess vegna mjög óeðlilegt og óheppilegt að þetta frv. komi inn í þær samningaviðræður sem nú standa yfir.

Síðan er auðvitað það sem snýr að Sambandi ísl. sveitarfélaga og við stöndum frammi fyrir því að kostnaðarhliðin á þessu máli er mjög óljós og sveitarfélögin hafa sett ákveðna fyrirvara varðandi þennan flutning. Þeir snúa annars vegar að samningum við kennara og hins vegar að samningum milli ríkis og sveitarfélaga varðandi tekjuöflun sveitarfélaganna. Í bréfi sem okkur barst í gær frá Sambandi ísl. sveitarfélaga er líka bent sérstaklega á eitt atriði sem Samband ísl. sveitarfélaga hefur nefnt hvað eftir annað um fjölda nemenda í bekkjardeildum. Þetta er atriði sem við eigum einfaldlega eftir að ræða í nefndinni. Þetta er órætt mál.

Ég hlýt að gagnrýna það harðlega að málið skyldi afgreitt með þessum hætti og ég harma þann harða tón sem kemur fram í máli menntmrh. varðandi það að knýja málið í gegn á næstu dögum. Það er ekkert sem kemur í veg fyrir það að þetta frv. geti beðið. Við þurfum að hafa heildarmyndina. Við þurfum að vita hvað við erum að gera, hæstv. menntmrh., en það er algerlega óljóst hvað þetta þýðir fyrir kennara, það er óljóst hvað þetta þýðir fyrir sveitarfélögin og sú niðurstaða á að liggja fyrir.

[14:33]

Sigríður A. Þórðardóttir:

Virðulegi forseti. Vinnubrögð meiri hluta menntmn. hafa verið gagnrýnd af hv. þingmönnum sem hafa talað af hálfu stjórnarandstöðunnar í þessu máli sem er til umræðu. Ég vil upplýsa það hér að það eru fá mál sem hafa fengið jafnlanga og ítarlega umfjöllun í þingnefnd og grunnskólafrv. Við höfum tekið það fyrir á 15 fundum og fjallað hefur verið um það í yfir 20 klukkutíma svo að málið stendur einfaldlega þannig að það var komið að því að afgreiða það. Það er ekki hægt að þæfa mál endalaust inni í nefnd og það hefur líka legið fyrir að það var ætlunin að afgreiða þetta mál á þessu þingi þannig að það ætti ekki að koma neinum á óvart.

Fyrirvarar Sambands ísl. sveitarfélaga hafa verið gerðir að sérstöku umtalsefni og það er alveg ljóst að það þarf að leysa réttinda- og lífeyrismál kennara og

ákvarða sveitarfélögunum tekjustofna til að standa undir grunnskólanum. Það er enginn ágreiningur um þessi atriði. Það hefur alltaf legið ljóst fyrir að þessi mál þyrfti að leysa.

Meiri hluti menntmn. hefur komið verulega til móts við fyrirvara Sambands ísl. sveitarfélaga með því að breyta gildistökuákvæði frv. á þann veg að skilyrða framkvæmd laganna því að Alþingi hafi 1. jan. 1996 samþykkt breytingar á ákvæðum laga um tekjustofna sveitarfélaga og einnig hafi skiptingu skatttekna milli ríkis og sveitarfélaga verið breytt með tilliti til þeirra auknu verkefna sem sveitarfélög taka að sér samkvæmt frv. Þetta þýðir einfaldlega það að hafi Alþingi ekki samþykkt slíkar breytingar fyrir 1. jan. 1996 koma grunnskólalögin ekki til framkvæmda.

Undirbúningur nýrrar löggjafar um grunnskólann hefur tekið langan tíma og það hefur verið vandað til hennar í hvívetna. Hér er mikið framfaramál á ferðinni og það er lagt til að lögfestar verði ýmsar brýnar umbætur í grunnskólanum, svo sem lengri daglegur skólatími, fleiri skóladagar samfara einsetningu. Það er aukin áhersla á námsmat og eftirlit með skólastarfi, upplýsingamiðlun til almennings og stjórnvalda um skólastarf og árangur þess, áhrif foreldra og svo mætti lengi telja.

Það er ljóst að ágreiningur um efni sjálfs frv. er óverulegur og til marks um það hafa fulltrúar stjórnarandstöðunnar ekki komið fram með neinar breytingar í hv. menntmn. (**KÁ:** Málið er bara ekki komið á það stig.) Þetta er slæmt og það veldur vonbrigðum að menn skuli kjósa að gera afgreiðslu málsins í menntmn. að bitbeini í viðkvæmri kjaradeilu ríkis og kennara og koma hugsanlega með því í veg fyrir að frv. nái fram að ganga á þessu þingi. Samþykkt frv. nú gerir áframhaldandi vinnu við þau mál sem ólokið er og tengjast því eins og réttinda- og lífeyrissjóðsmál kennara og tekjustofnafrv. að ýmsu leyti auðveldari því að með lögfestingu frv. er kominn fastur grunnur til að byggja framhaldið á. Ég tel að í þessu máli eigi menn að spara stóru orðin og sigla þessum framfaramálum farsællega í höfn í þinginu. Það er fráleitt að túlka afgreiðslu menntmn. á grunnskólafrv. sem hefur verið til umfjöllunar í þinginu frá því í október sem eitthvert sérstakt innlegg í kjaradeilu kennara við viðsemjanda sinn. Það hefur verið lögð áhersla á að afgreiða grunnskólafrv. fyrir vorið og með tilliti til þess var ekki seinna vænna að afgreiða málið úr hv. menntmn.

[14:37]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég tel tímabært að ræða það hvernig á að standa að því að lögtaka þetta frv. um flutning grunnskólans til sveitarfélaganna. Það hefur komið fram að mjög margt er eftir að gera í sambandi við þá undirbúningsvinnu sem þar þarf að fara fram. Ég vil geta þess hér að ég ætlaði einmitt á mánudaginn var að bera fram fyrirspurn um réttindamál kennara og hafði óskað eftir því að fá svar við því en það kom í ljós að það var svo viðamikið mál að það var í raun og veru alls ekki hægt að svara því á þeirri stundu. Ég hef einmitt grun um að mjög margt sé eftir að vinna í þessu máli og það er kannski hægt að kristalla það nokkuð í umsögn frá Fjórðungssambandi Vestfirðinga sem hefur sent umsögn um frv. til laga um grunnskólann þar sem þeir taka sérstaklega fram að allt of naumur tími sé til þess að ljúka öllum nauðsynlegum samningum og undirbúningi fyrir flutning grunnskólans til sveitarfélaganna. Ég tel mjög vafasamt að vera núna á þessum síðustu dögum þingsins að reyna að keyra það í gegn að þetta frv. verði samþykkt og á sama tíma kemur hv. formaður menntmn. og segir að það sé verið að tala um að fresta gildistökunni til 1. jan. á næsta ári og það sé háð því að þá sé búið að ganga frá öllum lausum endum sem eru mjög margir.

Ég sé ekki betur en það væri betra fyrir alla aðila að reyna að hafa samkomulag um þetta mál þannig að það væri hægt að vinna þetta í góðri sátt við þá sem þurfa að vinna við þetta í framtíðinni og taka á þessu í sumar og fram á haustið og sjá þá til hvort þetta getur tekið gildi um næstu áramót. Ég sé ekki nauðsynina á því endilega að samþykkja þetta núna með þessu bráðabirgðaákvæði þar sem það er ljóst að það er svo margt og mikið sem enn þá á eftir að gera til þess að þetta geti gengið í gegn.

Það hefur raunar einnig líka komið fram að það eru sveitarfélögin sem hafa samþykkt að taka við rekstri grunnskólans en þau hafa jafnframt hvert á fætur öðru lýst því yfir núna síðustu daga að það sé svo margt óunnið í þessum málum og meira að segja það sveitarfélag sem best er í stakk búið til að gera þetta, þ.e. Reykjavíkurborg, hefur líka athugasemdir fram að færa við það að þeir vita ekkert hvernig þeir eiga að framfylgja þessu. Þeir vita ekkert enn þá um tekjustofnana, þeir vita ekkert enn þá um réttindamál kennara. Það er algerlega ótímabært að keyra þetta mál í gegn núna með svona marga lausa enda.

[14:40]

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég hef ekki unnið að þessu máli í hv. menntmn. en eigi að síður hef ég komið nokkuð að sveitarfélagaþætti málsins og kynntist á frumstigi þeirri ákvörðun að flytja grunnskólann yfir til sveitarfélaganna. Ég vil geta um það hér og undirstrika það sérstaklega að á öllum þeim samkomum sem ég hef setið með forsvarsmönnum sveitarfélaga, sem eru orðnar nokkuð margar um þetta mál, og m.a. landsþing Sambands ísl. sveitarfélaga í haust, þá var ætíð lögð höfuðáhersla á tvö atriði sem yrðu að fylgja þessari ákvörðun, að það væri frágengið hvaða tekjustofnar fylgdu þessu máli og að lífeyrisréttindamál kennara væru frágengin. Staðan í þessu máli er einfaldlega sú að það er ekki orðið fullþroskað eins og fyrrv. iðnrh., sem nú er kominn til Finnlands, sagði oft í ræðustól. Þetta mál er bara hreinlega ekki tilbúið en það á að hafa framvinduna þannig að taka ákvörðunina nú um flutninginn með lögum og skilja þessi mál eftir opin. Málið stendur einfaldlega þannig.

Vinnubrögðin í hv. menntmn., ég var kallaður inn þar í gær sem varamaður til að sitja einn fund í nefnd-

inni þegar sú ákvörðun hafði verið tekin, væntanlega fyrir fram, af hv. formanni nefndarinnar og vafalaust í samráði við sinn ráðherra og sinn þingflokk að taka þetta mál út hvað sem yfir dyndi. Við fórum fram á það í nefndinni að fá að skoða málið til morguns eða þangað til í dag og þingflokkarnir fengju að skoða málið núna seinni partinn, núna kl. 4. Hv. 9. þm. Reykv. bar fram tillögu þar um. Tillagan fékkst ekki tekin fyrir í nefndinni og formaður sagði á þá leið að sín tillaga um að taka málið út gengi lengra en tillaga hv. 9. þm. Reykv. og hún var ekki borin undir atkvæði einu sinni. Síðan var málið tekið út. Ég var einu sinni kallaður ofbeldismaður í nefndarstörfum af hæstv. menntmrh. (**Menntmrh.:** Það er rétt.) og hann hafði stór orð í ræðustól um vinnubrögð mín í nefnd þegar ég tók einu sinni út mál með atkvæðagreiðslu. En ég hef aldrei neitað að taka fyrir tillögur sem fram eru bornar í nefnd á þeim tíma sem mér auðnaðist það að vera nefndarformaður og hafa hæstv. menntmrh. hjá mér sem óbreyttan liðsmann sem var ágætt því mér er ljúft að vitna um það hérna að hæstv. menntmrh. var góður liðsmaður í nefnd og vann bara af heilindum. En ég hef aldrei kynnst þessum vinnubrögðum á hv. Alþingi.

[14:44]

Sturla Böðvarsson:

Hæstv. forseti. Það er vissulega óheppilegt að það skuli gerast að mikilvægar breytingar á grunnskólalögum skuli bera upp á sama tíma og yfir stendur kjaradeila við kennara. Það er að því leyti óheppilegt að sú hætta er vissulega fyrir hendi að þetta mál verði skekkt og skaðað vegna þessarar kjaradeilu. En umræðurnar hér sem eru utan dagskrár eru merkilegar þegar maður fylgist með afstöðu hv. stjórnarandstöðuþingmanna. Hér kom hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir og sagði að það ríkti samstaða og sátt meðal þjóðarinnar um þær breytingar sem verið er að gera á grunnskólalögum. Þetta er mikilvæg yfirlýsing fyrir okkur stuðningsmenn frv. Síðan kemur hv. þm. Svavar Gestsson og segir að þetta frv. fari ekki í gegn, það verði ekki tekið í gegn nema með átökum. Síðan kemur hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir og segir að frv. sé óunnið og það vanti mikilvægar niðurstöður. Ég vil segja við hv. þingmenn: Það er rangt. Við vitum að samningar við kennara hafa ekki náðst en þetta frv. og öll hliðarvinna við frv. er afar vönduð og ég efast um að í annan tíma hafi verið betur unnið að undirbúningi breytinga á svo mikilvægri löggjöf og þær breytingar sem er verið að vinna að á vegum hæstv. menntmrh. En þetta er rangt hjá hv. þm. Það hittist þannig á að ég veitti formennsku nefnd sem vann að undirbúningi þess að meta kostnaðinn við færslu grunnskólans til sveitarfélaganna. Þessi nefnd skilaði áliti um mánaðamótin ágúst/september. Í þeirri nefnd var formaður Sambands ísl. sveitarfélaga og formaður kennarasamtakanna og það var fullkomin samstaða um þær niðurstöður sem voru lagðar fyrir hæstv. menntmrh. Í þeirri skýrslu, sem hv. þm. Svavar Gestsson vitnaði í, var gerð tillaga með hvaða hætti væri unnið að málinu. Það var full samstaða í nefndinni og þarna voru þessir ágætu menn sem ég nefndi áðan í hópnum. Þess vegna kom mér mjög mikið á óvart, bæði þegar ég varð var við viðbrögð Eiríks Jónssonar, formanns kennarasamtakanna, og eins þegar ég heyrði afstöðu Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar, formanns Sambands ísl. sveitarfélaga, til þessa máls í sjónvarpi í gær, en það á sér vafalaust sínar skýringar og verður að líta á það eins og það er. En ég vil leggja á það áherslu, hæstv. forseti, að þetta mál er mjög vel undirbúið og ég tel að það væri mikill skaði, ef ekki tekst að ná málinu fram áður en þingi lýkur. Ég verð að segja það alveg eins og er, hæstv. forseti, að mér finnst afstaða hv. stjórnarandstæðinga bera þess merki að þeir hafa nokkrar pólitískar áhyggjur af afgreiðslu þessa máls. Þeir geta ekki unnt okkur þess að ná þessu máli fram, ná því fram á kjörtímabilinu að færa grunnskólann til sveitarfélaganna, framkvæma þá aðgerð sem hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir segir að þjóðin sé sammála um, en stjórnarandstaðan ætlar að koma í veg fyrir á þingi.

[14:49]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Auðvitað er búið að klúðra þessu máli illa eins og svo mörgu öðru á starfstíma hæstv. ríkisstjórnar og það er auðvitað sárt að horfa upp á að búið sé að eyða öllum tíma til ónýtis nánast fram á þennan dag hvað varðar samninga við kennara. Það er nánast orðið útilokað að hægt sé að ganga frá eðlilegum samningum við kennara. Verkfall skellur á eftir rúma tvo sólarhringa og á sama tíma er verið að taka út grunnskólafrv. sem er auðvitað mjög mikilvægt í sambandi við bæði samninga við kennarana og líka hvað varðar sveitarfélögin sem ætlað er að taka við þessum málefnum frá næstu áramótum samkvæmt síðustu yfirlýsingum stjórnvalda. Þetta eru auðvitað ekki vinnubrögð sem hægt er að hafa. Sveitarfélögin sem eiga að taka við þessu gífurlega stóra verkefni eru ekki kölluð til. Auðvitað er ekki hægt að leysa þessi mál öðruvísi en allir aðilar komi saman að þeirri lausn. Það eru engir alvörusamningar sem samið verður við kennara núna þar sem sveitarfélögin koma ekki að ef þau eiga að taka við kennurunum og kennarar eiga að verða starfsmenn þeirra um næstu áramót. Það eru engar alvöruákvarðanir um tilhögun skólastarfs ef þessir þrír aðilar koma ekki að þessari ákvörðun. Þessum hlutum hafa hæstv. menntmrh. og hæstv. ríkisstjórn verið að klúðra. Það er ekki nema ein leið hér út og hún er sú að menn sjái villu síns vegar og fari bónarveg bæði að sveitarfélögunum og kennurunum og biðji um að fá að fara í það að leysa þessi mál á eðlilegan hátt þannig að allir geti sest yfir málin fram að næsta þingi. Það er eina skynsamlega leiðin og eina leiðin sem getur orðið til þess að menn leysi þessi mál almennilega. Hvernig á að ákvarða hvaða tekjustofnar eiga að fara til sveitarfélaganna ef ekki er einu sinni búið að ná samkomulagi um hvernig þessi ákvæði eiga að túlkast og virka, bæði samningar kennara og starfstilhögun? Allt þetta er óklárt og það er mjög óskynsamlegt af Alþingi að afgreiða grunnskólafrv. öðruvísi en að sátt sé um það. Ég held að einsýnt sé að

það þurfi að gera bráðabirgðasamkomulag eða réttara sagt gera tilraunir til þess að ná bráðabirgðasamkomulagi um launamál kennara og um starfstilhögun og annað sem gildir þar til almennt samkomulag næst og stefnt verði að því að ná því áður en næsta þing kemur saman. Þannig held ég að menn verði að reyna að gera tilraun til að vinna sig út úr þessu. Það er ekki víst að það takist, það getur verið að það sé of seint. Menn eru búnir að standa þannig að þessum málum, stjórnvöld hafa staðið þannig að þessum málum, en það er svo sem aldrei of seint að reyna. Ef menn klúðra í gegn einhverjum samningum við kennara núna og þessu frv. gegnum þingið er næsta öruggt að átök verða um framhaldið við sveitarfélögin og það verða langir samningar og erfiðir og þeir samningir munu ekki duga því að sveitarfélögin þurfa síðan að fara í samninga við kennara í framhaldi af því. Ég tel því að það hafi verið staðið rangt að þessu máli frá upphafi til enda og ég vísa til föðurhúsanna því sem hv. síðasti ræðumaður var að segja um að menn hefðu pólitískar áhyggjur. Ég held að þeir sem bera ábyrgðina á öllum þessum ferli ættu að hafa pólitískar áhyggjur af því hvernig þeir eru búnir að klúðra þessum málum allan þennan tíma og fram á þennan dag og ættu að fara að huga að því að reyna að vinna sig út úr því.

[14:53]

Petrína Baldursdóttir:

Virðulegi forseti. Hv. menntmn. eða meiri hluti hennar hefur nú afgreitt út úr nefnd frv. til laga um grunnskóla sem m.a. er til umræðu. Ég vil taka undir það sem hv. þm. Sigríður Anna Þórðardóttir talaði um áðan að ég tel að þetta mál hafi verið mjög vel undirbúið og í alla staði hafi verið mjög vel að vinnu staðið í hv. menntmn. Hins vegar varð ljóst við afgreiðslu málsins í gær að stjórnarandstaðan ætlaði ekki að afgreiða þetta mikilvæga mál út úr nefnd með meiri hluta anum. Ég tel að sú afstaða þeirra sé búin að liggja ljós fyrir í nokkurn tíma, hins vegar ákveði þeir nú að spyrða andstöðu sína gegn afgreiðslu málsins við að ekki sé tímabært að afgreiða málið vegna þeirrar kjaradeilu sem kennarasamtökin eiga í við viðsemjendur sína. Fulltrúar kennara sem komu á fund menntmn. í gær töluðu einnig á þá leið að mjög slæmt yrði að frv. færi í gegn áður en niðurstaða væri fengin í kjaraviðræður þeirra og ríkisvaldsins. Þeir skírskotuðu m.a. til þess að ekki lægi ljóst fyrir hvernig farið yrði með réttindamál þeirra. Vissulega skal sú sem hér stendur viðurkenna að óskastaðan við afgreiðslu málsins út úr nefndinni væri sú að niðurstaða varðandi réttindamál kennara hefði legið ljós fyrir. Það hefði einnig verið óskastaðan að samkomulag lægi fyrir við sveitarfélögin við kostnað sem hlýst af gildistöku laganna fyrir sveitarfélögin og sá kostnaður lægi nú þegar ljós fyrir.

Meiri hluti menntmn. leggur hins vegar áherslu á í nefndaráliti sínu að sem fyrst verði náð samkomulagi við sveitarfélögin um mat á kostnaði og samfara því verði lögum um tekjustofna sveitarfélaga og skiptingu skatttekna milli ríkis og sveitarfélaga breytt. Nefndin gerir það einnig í nefndaráliti sínu að skilyrði að til þess að lögin um grunnskólann komist til framkvæmda liggi fyrir samþykkt Alþingis á breytingum á lögum um tekjustofna sveitarfélaga og samkomulag um réttinda- og lífeyrismál kennara.

Kjaradeila kennara er vissulega stóralvarlegt mál sem snertir allt þjóðfélagið, ekki einungis kennara heldur öll heimili í þessu landi og ekki síst börnin. Ég verð hins vegar að segja það og lýsa vonbrigðum mínum yfir því að mér fannst hv. málshefjandi, hv. þm. Svavar Gestsson, koma ekki inn á þá hluti í ræðu sinni og um þá mikilvægu þætti í þessu máli og áhyggjum sínum af kjaradeilum kennara heldur ákvað hann að ræða um nefndarskipan menntmrh. Ég tek undir með hæstv. menntmrh., ég er orðin ansi leið á að heyra hann tala um þessa nefndarskipan menntmrh. aftur og aftur og aftur og aftur.

Ég tel ekki rétt af stjórnarandstöðunni að spyrða afgreiðslu þessa máls við kjaradeilu kennara. Sú sem hér stendur skal fyrst manna og hef reyndar gert það áður úr ræðustóli á hinu háa Alþingi viðurkenna að það þarf að leiðrétta kjör kennara. Kjör kennara eru mjög slæm og þau eru alls ekki til að hrópa húrra fyrir. En þau kjaramál, kjaramál kennara, verða hins vegar ekki leyst í ræðustól á hinu háa Alþingi.

[14:57]

Björn Bjarnason:

Hæstv. forseti. Það er mjög bagalegt þegar jafnmikilvæg mál og þessi verða bitbein vegna formsatriða en mér finnst að hv. stjórnarandstæðingar hafi frekar beint athygli sinni og gagnrýni að formsatriðum en efnisatriðum. Vissulega geta formsatriðin skipt mjög miklu máli og afgreiðsla mála úr nefndum er oft mjög viðkvæmt mál og ber að vanda hana eins og kostur er. En aðalatriðið í þessu máli er það að í hv. menntmn. kom aldrei fram sá efnislegi ágreiningur sem ætti að valda því að menn vildu ekki að þetta mál næði fram að ganga. Ég tel að meðferð nefndarinnar á málinu hafi verið þess eðlis og nægileg tækifæri hafi gefist til þess í málsmeðferðinni að koma fram með efnistriði sem leiddu þá í ljós hvort unnt væri að nálgast málið þannig að samkomulag tækist en hin efnislegu ágreiningsefni voru mjög léttvæg að mínu mati og menn hafa alla tíð í þessu máli fest sig frekar við formsatriði.

Nú er það svo að auðvitað skiptir máli með hvaða hætti grunnskólinn er fluttur yfir til sveitarfélaganna, hvernig staðið er að réttindamálum kennara og hvernig staðið er að tekjuskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga í tengslum við málið. Það sem við í meiri hlutanum í hv. menntmn. gerðum var að bæta inn í lokaákvæði frv. texta sem tengir þessi mál öll saman þannig að komið var til móts við þessa gagnrýni og tekið á henni og þannig gengið frá málum að það er með engu móti unnt að halda því fram að að þessu formstriði hafi ekki verið hugað af nefndinni eins og tillögur meiri hlutans bera með sér.

En þá eru fundin út önnur ádeiluefni sem snerta ekki málið sjálft, kjaradeilu kennara, en það kom fram hjá kennurum að þeir geta samið um kaup sitt og kjör hvað sem líður frv. en hv. stjórnarandstæðingar kjósa

þá að tengja þetta við kjaradeiluna og áður hafa þeir kosið að tengja það við hvernig ráðherrar stóðu að skipun nefndar sem undirbjó málið á prýðilegan hátt. Það deilir enginn um að málið hefur verið vel lagt fyrir. En efni málsins er það að menn eru sammála um að það sé skynsamlegt skref að flytja grunnskólann yfir til sveitarstjórnanna. Það er dapurlegt að vegna annarra atriða skuli menn standa nú í þessum deilum og ætla að reyna að koma í veg fyrir að þessi stóri áfangi náist. Einhver verður að stíga fyrsta skrefið. Einhvern tíma verður að stíga fyrsta skrefið. Með þessu er fyrsta skrefið stigið, skapaðar forsendur fyrir því að menn geti tekið á tekjuskiptingarmálunum, skapaðar forsendur fyrir því að menn geti tekið á réttindamálunum þannig að menn viti um hvað málið snýst og Alþingi á náttúrlega að stíga fyrsta skrefið með ákvörðun sinni. Alþingi á ekki að hengja sína ákvörðun og enginn vilji kom fram í hv. menntmn. sem gekk út á það að ákvörðun Alþingis ætti að hanga á ákvörðunum einhverra annarra. Þvert á móti ætti að vera skýrt hvað Alþingi hefði ákveðið. Með þessu frv. eins og það liggur fyrir og brtt. hv. menntmn. er vinnulagið ákveðið, efni málsins er ákveðið án þess að Alþingi sé að ganga á rétt nokkurs sem þarf að koma að málinu. Mér finnast þessar málsástæður hv. stjórnarandstæðinga því frekar veigalitlar um leið og ég tek undir það með þeim að auðvitað kann formið og afgreiðsla mála úr nefndum að skipta máli í umræðum og í starfsháttum á Alþingi en þegar um stórmál er að ræða verðum við líka að geta vikið slíkum atriðum til hliðar og vikið að efni málsins og séð og litið á það hvernig við greiðum úr því og um það var ekki neinn stór ágreiningur og ég vil segja næsta lítill ágreiningur í hv. menntmn., ágreiningur sem vafalaust hefði verið unnt að jafna ef menn hefðu viljað.

[15:01]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Það er einkar athyglisvert sem haldið var fram af hv. síðasta ræðumanni að kennarar séu ekki efni málsins. Ég hefði haldið að mjög erfitt væri að reka skóla án þess að vera með kennara og þeir hefðu kaup og þeir hefðu réttindi. Þetta umtal um kennara af hálfu meiri hluta nefndarinnar og hæstv. menntmrh. lýsir auðvitað svo botnlausu skilningsleysi á stöðu kennara og að ég segi ekki fyrirlitningu á stöðu þeirra í skólunum að það er engu lagi líkt. Þegar því er svo bætt við af hv. síðasta ræðumanni og hæstv. menntmrh. og hv. formanni nefndarinnar að sveitarfélögin og sá sem á að borga séu heldur ekki efni málsins heldur sé það einbert formsatriði sem engu máli skiptir. Þessi ummæli lýsa betur en nokkuð annað af hverju þessi mál eru komin í hnút og málið liggur auðvitað þannig að maður gæti haldið að þessir hv. þm. hefðu óvart stefnt málunum í hnút en eftir þessa umræðu er engu líkara en þeir hafi vísvitandi ætlað sér að setja öll þessi mál í harðan hnút.

Staðreyndin er sú, hæstv. forseti, líka út af ummælum hér, að málið er illa unnið. Það hefur aldrei verið reynt að taka í gegn á Alþingi grunnskólafrv. sem er eins illa unnið og þetta. Beri menn saman grunnskólalögin 1974. Beri menn saman grunnskólalögin 1991. Þar er um að ræða vinnubrögð sem eru í grundvallaratriðum allt öðruvísi af því að það var í báðum tilfellum unnið opið gagnvart öllu þjóðfélaginu. Nú voru málin lokuð inni í þessari átján manna nefnd sem meiri hlutinn skammast sín nú orðið svo mikið fyrir að ekki má einu sinni nefna hana í þessari virðulegu stofnun.

Staðreyndin er líka sú að ummæli hv. meiri hluta um að stjórnarandstaðan hafi engar breytingartillögur flutt eru auðvitað með ólíkindum. Vegna hvers? Vegna þess að aldrei var boðið upp á það að málin væru tekin fyrir á þeim forsendum sem stjórnarandstaðan kaus heldur var málið rifið út úr nefndinni í andstöðu við stjórnarandstöðuna, í andstöðu við sveitarfélögin og í andstöðu við kennarasamtökin í landinu. Vinnubrögð ykkar í hv. meiri hluta menntmn. í þessu máli eru auðvitað með endemum að öllu leyti.

Af hverju kom þetta formanni Kennarasamtaka Íslands á óvart? Af hverju? Af því að hann hefur væntanlega búist við því að tekið yrði mark á kennarasamtökunum þó að ekki væri nema einn, tvo eða þrjá sólarhringa eða svo. Formaður kennarasamtakanna gerði grein fyrir því að það gæti haft slæm áhrif á kjaradeiluna að fara að taka málið út í ágreiningi úr nefndinni í gær Ég var ekki viðstaddur þá yfirlýsingu en mér var sagt af henni. Þrátt fyrir þessa viðvörun og ábendingu formanns Kennarasambands Íslands er ákveðið að rífa málið út. Formaður Kennarasambands Íslands leyfði sér að hafa þá skoðun og væntingu í hjarta sínu að menntamálanefndarmeirihlutinn á Alþingi tæki mark á sér en það var greinilega til of mikils ætlast af því að meiri hluti menntmn. Alþingis ætlaði aldrei að taka mark á kennarasamtökunum né heldur hæstv. menntmrh. í málinu.

Það er rétt, hæstv. forseti, að óskastaðan í þessu máli er náttúrlega sú að menn semji um alla þessa hluti í einu, rekstraraðilana, tekjustofnana, kjör kennara og aðra þessa þætti og ríki, sveitarfélög og kennarar komi að málinu í heild og öll verði málin leyst í einum punkti. Það væri fráleitt af mönnum að neita sér um að skilja þá einföldu staðreynd að það er vonlaust fyrir kennarasamtökin að fallast á vinnubrögð af þessu tagi með öll kjör sín í uppnámi miðað við það sem á undan er gengið, ekki síst hinn botnlausa, endalausa og illa heppnaða feluleik í átján manna nefndinni.

Þessar umræður hér hafa auðvitað afhjúpað algerlega eitt og það er að meiri hlutinn ætlar að knýja málið í gegn hvað sem tautar og raular. Hann um það, hann ræður.

[15:05]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Fyrst nokkur orð um ræðu hv. þm. Valgerðar Sverrisdóttur. Hún talaði þar um að málið væri illa unnið, nefndastarfið hefði verið illa af hendi leyst og sagði að sennilega þyrfti að hafa eitthvert námskeið fyrir óreynda þingmenn til þess að þeir dygðu sem formenn í þingnefndum. Þetta er slíkur dónaskapur gagnvart formanni menntmn. að mér finnst að hv. þm. ætti að biðjast afsökunar á þessum orðum sínum.

Hv. þm. talaði um að nú hefði verið kastað sprengju inn í kjaramálaumræðurnar. Hver valdi 17. febr. sem einhvern örlagadag í þessum kjarasamningum? Það voru kennarasamtökin. Þau ákváðu að það skyldi verða verkfall 17. febr. Kennarasamtökunum eins og öllum í þessum sal mátti vel vera ljóst að einmitt á þessum tíma yrði frv. til grunnskólalaga til lokameðferðar í þinginu.

Hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir lýsti sérstakri undrun yfir viðbrögðum mínum og yfirleitt allri þróun þessa máls að mér skildist. Það kemur í sjálfu sér ekkert á óvart að einhverjir aðilar utan þings skilji ekki hvernig Alþingi starfar. Hins vegar kemur mér á óvart að alþingismenn virðast ekki gera sér grein fyrir að stjórnarfrumvarp sem er eins vel unnið og þetta og hefur fengið eins mikla meðferð í þingnefnd og þetta skuli halda að það hafi bara verið lagt fram til kynningar en ætti ekki að afgreiða það. Það liggur við að maður ráði það af þessum málflutningi. Auðvitað vita þingmenn þetta og þeir eiga ekki að halda uppi þessum blekkingaleik gagnvart almenningi og fjölmiðlum.

Hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir nefndi líka að í þessu væru ýmsir þættir sem valda breytingum á vinnutíma kennara. Það hefur alla tíð verið vitað, alla tíð. En ég ítreka það enn og aftur að kennarar eru ekki að semja á grundvelli þessa frv. Það hefur frá byrjun samningaviðræðna við kennara verið öllum ljóst að þeir eru að semja á grundvelli gildandi laga, annað ekki.

Það er jafnframt vel ljóst hvað þetta frv. þýðir. Það fylgir því útreikningur frá fjármálaskrifstofu fjmrn. en auðvitað verður það ekki nákvæmlega vitað fyrr en frv. hefur verið samþykkt í fyrsta lagi og í öðru lagi þegar samið hefur verið við kennara og þá fyrst er hægt að ákveða hvaða fjármálaleg yfirfærsla á að fara fram til sveitarfélaganna. Það er einkennilegt að menn skuli aldrei geta skilið að þetta er gangurinn sem verður að vera á málinu. Þetta ræddi hv. þm. Björn Bjarnason í mjög skýru máli áðan í lok ræðu sinnar. Þetta getur ekki gengið öðruvísi en svona. Þetta grundvallaratriði verða menn að skilja og ég ætlast til þess að menn skilji það en hætti þessum stöðugu útúrsnuningum.

Það eru líka miklir útúrsnúningar hjá hv. þm. Svavari Gestssyni að kennarar séu ekki efni málsins. Hver hefur sagt það? Eða sveitarfélögin séu heldur ekki efni málsins. (**SvG:** Björn Bjarnason.) Það er rangt, það eru útúrsnúningar og ekkert annað og hv. þm. til vansæmdar að tala svona. (**SvG:** Björn Bjarnason sagði þetta.)

Þá er enn verið að halda því fram að málið sé illa unnið og borið saman við málsmeðferðina 1991. Mér er mætavel kunnugt að það frv. var sent út um allar jarðir til umsagnar en mér er jafn vel kunnugt um að það var ekki nema að mjög litlu leyti farið eftir þeim athugasemdum sem bárust. Þvert á móti hefur það verið gert í þessu tilviki. Ég fullyrði að ekkert frv. hefur fengið aðra eins meðferð. Fyrst var það kynnt eftir það kom frá menntastefnunefndinni, frá átján manna nefndinni. Það voru teknar til greina fjömargar athugasemdir um það sem betur mætti fara og síðan er það aftur sent til umsagnar sömu aðila eftir að það kemur til þingnefndar. Það hefur ekkert frv. fengið eins góða meðferð og þetta.

Hæstv. forseti. Tími minn er því miður búinn. Það er fleira sem ég hefði þurft að koma að en ég held þó að ég hafi svarað öllum aðalatriðum.

Samsettir flutningar o.fl. vegna EES, 3. umr.

Stjfrv., 251. mál. — Þskj. 294.

[15:10]

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skýrsla umboðsmanns Alþingis.

[15:10]

Sólveig Pétursdóttir:

Virðulegi forseti. Skýrsla umboðsmanns Alþingis var tekin fyrir á fundi allshn. 31. janúar sl. Á fundinn kom Páll Hreinsson aðstoðarmaður umboðsmanns til viðræðna við nefndina um efni skýrslunnar. Rætt var sérstaklega um það sem fram kemur í skýrslunni um að lög sé oft óskýr um stöðu stofnana og embætta í stjórnsýslukerfinu og það valdi vafa á því hvort aðila máls er heimilt að kæra ákvörðun hlutaðeigandi stjórnvalds til ráðuneytis, svo og hverjar stjórnarheimildir ráðherra séu gagnvart umræddu stjórnvaldi. Á fundinum kom fram að mikilvægt er að lög séu skýr hvað varðar kæruleiðir en meginreglan er sú að menn geta kært ákvörðun lægra setts stjórnvalds til æðra stjórnvalds. Oft leiki vafi á þessu í nýjum lögum og það sé sérstaklega áberandi í sveitarstjórnarlögunum, þ.e. hvort hægt sé að kæra ákvarðanir sveitarstjórna og með hvaða hætti. Skortur er á að fjallað sé nægilega vel um þetta við samningu frumvarpa og við lagasetningu. Í Danmörku er tekið af skarið í sambærilegum lögum og kveðið beint á um hvaða ákvarðanir séu kæranlegar og með hvaða hætti.

Hugtakanotkun er líka oft á reiki þegar um er að ræða tengsl og stöðu stofnana og embætta. Dæmi um það er þegar kveðið er á um að stjórnvald starfi í umboði annars stjórnvalds. Þá vakna spurningar um hvort þarna séu á ferðinni valdframsal eða hvað sé í raun átt við með þessu orðalagi.

Dæmi um þess háttar ákvæði eru 1. mgr. 2. gr. þjóðminjalaga, nr. 88/1989, en þar segir að þjóðminjaráð fari með þjóðminjavörslu í landinu í umboði menntmrh. og í 1. mgr. 3. gr. sömu laga segir að fornleifanefnd fari með yfirstjórn fornleifavörslu og fornleifarannsóknir í landinu í umboði þjóðminjaráðs. Ekki er nægilega skýrt að mæla fyrir um tengsl stjórnvalda með þessum hætti.

Til þess að skýra hugtakanotkun í stjórnsýslu almennt er sá kostur fyrir hendi að bæta skilgreiningu

við stjórnsýslulögin. Hins vegar mætti hugleiða hvort Alþingi eigi að taka af skarið, t.d. með því að setja sér reglur við lagasetningu sem aftur mundi nýtast við reglugerðarsetningu. Samræmi fengist þannig í hugtakanotkunina og þar af leiðandi ætti réttarstaðan að skýrast t.d. hvað varðar kæruleiðir í stjórnsýslu. Því má bæta við að fram kom hjá aðstoðarmanni umboðsmanns að fyrir utan eiginleg mál kæmi embætti umboðsmanns Alþingis borgurum til aðstoðar með hvert þeir ættu að leita ef vafi léki á hvert væri æðra stjórnvald. Borgararnir fengju takmarkaða leiðsögn í stjórnsýslunni sjálfri.

Það hlýtur að teljast til grundvallaratriða í stjórnsýslu að þessi mál liggi ljós fyrir þannig að borgararnir þurfi ekki að eyða tíma og fyrirhöfn í að leita að réttu stjórnvaldi til að fá úrlausn mála sinna. Kemur fram sú skoðun umboðsmanns í skýrslu hans að hann telji mikilvægt að kæruheimildir séu skýrar, einfaldar og aðgengilegar enda um að ræða mikilsvert úrræði fyrir borgarana sem grundvallist á sjónarmiðum um aukið réttaröryggi.

Auk þess að fjalla um ársskýrslu umboðsmanns hefur allshn. fengið til meðferðar hjá forsætisnefnd álit umboðsmanns er varðar meinbugi á lögum, sbr. 11. gr. laga um umboðsmann Alþingis, en þar segir að verði umboðsmaður þess var að meinbugir séu á gildandi lögum skuli hann tilkynna það Alþingi, hlutaðeigandi ráðherra eða sveitarstjórn. Álit þessi eru nú orðin allmörg og hefur allshn. fjallað um þau eftir föngum. Til þess að stuðla að því að brugðist verði við álitum þessum hefur nefndin tekið upp þá venju að senda þar sem við á bréf til ráðuneyta þar sem leitað er eftir upplýsingum um hvað þau hafi aðhafst í málinu. Að jafnaði hafa svör borist frá ráðuneytum og er það skoðun allshn. að með þessum hætti verði aukinn sá þrýstingur að bætt verði úr þeim annmörkum sem fyrir hendi eru enda hafa verið gerðar mikilvægar úrbætur. Þetta er að sjálfsögðu mikilvægt atriði.

Á fundi nefndarinnar kom einnig fram ánægja af hálfu umboðsmanns með tengsl embættisins við hið háa Alþingi.

Þessi skýrsla er mjög ítarleg og þar komu margir merkilegir hlutir fram en ég vil að lokum, virðulegi forseti, benda á það sem segir hér í formála skýrslunnar, með leyfi virðulegs forseta:

„Hinn 1. janúar 1994 gengu í gildi stjórnsýslulög, nr. 37/1993, og 30. maí 1994 lög nr. 62/1994, um mannréttindasáttmála Evrópu. Þessi lög efla rétt einstaklinga og hafa því mikla þýðingu fyrir starf umboðsmanns Alþingis, svo sem það hefur verið ákveðið 2. gr. laga nr. 13/1987, um umboðsmann Alþingis. Má í rauninni fullyrða að lög þessi marki þáttaskil í þeim efnum."

[15:16]

Björn Bjarnason:

Hæstv. forseti. Í inngangi að þessari skýrslu umboðsmanns fyrir árið 1993 segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Skiptar skoðanir eru á því hvort þjóðþing sé heppilegur vettvangur fyrir umræður um álit umboðsmanna í einstökum málum. Að sjálfsögðu er það Alþingis að ákveða hvaða hátt skuli hafa þar á. Ég legg hins vegar í því sambandi áherslu á nauðsyn þess að ráðuneyti og aðrar stjórnsýslustofnanir fari að lögum um umboðsmann Alþingis og gefi Alþingi fullnægjandi upplýsingar um einstök mál ef umræða um þau er tekin upp."

Síðan bætir umboðsmaður við: „Þar skorti verulega á í viðbrögðum utanrrn. við áliti mínu í nefndum tveimur málum" sem hann hefur áður greint frá og koma fram í bréfi hans frá 21. ágúst 1994 en bréfið er rakið í skýrslunni.

Síðan greinir umboðsmaður frá því að honum hafi borist svar frá utanrrn. og greinargerð varðandi það mál sem hann gerir þarna að umtalsefni.

Hæstv. forseti. Ég taldi eðlilegt að vekja athygli á þessu. Það er að vissu leyti eins og umboðsmaður segir að það kunna að vera skiptar skoðanir um það hvort skýrslur sem þessar skuli ræddar á Alþingi. Ég tel fulla ástæðu til þess að við alþingismenn ræðum þessar skýrslur á Alþingi og tökum afstöðu til einstakra mála sem í þeim eru reifuð og veltum því fyrir okkur hvað er til umbóta.

Eins og fram kom í máli hv. formanns allshn. þá hefur sú venja skapast í starfi nefndarinnar á þessu kjörtímabili að hún kallar til viðræðna við sig umboðsmann eða fulltrúa hans og fær skýringar á einstökum atriðum sem beðið er um. Einnig sendir forsætisnefnd Alþingis til nefndarinnar álit sem varða og snerta meinbugi í lögum.

Ég tel ákaflega mikilvægt fyrir Alþingi að leggja rækt við þetta starf og fylgja þessu eftir því í umræðum í þjóðfélaginu um bætta stjórnarhætti er nauðsynlegt að þau tæki séu notuð til hins ýtrasta sem Alþingi hefur lagt mönnum til með ákvörðunum sínum. Þar eru m.a. lögin um umboðsmann Alþingis og stjórnsýslulögin og einnig leyfi ég mér að nefna lögfestingu mannréttindasáttmála Evrópu en sú lögfesting á ekki síst rætur að rekja til ábendinga frá umboðsmanni. Á undanförnum missirum og þessu kjörtímabili hafa bæði verið teknir upp nýir starfshættir varðandi meðferð á skýrslu umboðsmanns og einnig hafa verið lögð til í þjóðfélaginu ný tæki af hálfu Alþingis til þess að gera starf hans skilvirkara og réttindi borgaranna skýrari.

Í þeirri skýrslu, sem liggur nú fyrir, kemur fram að einmitt umræður á Alþingi um síðustu skýrslu umboðsmanns hafa leitt til þess að mál eru betur upplýst en þá var og komið hefur fram að full ástæða var til þess í þeim umræðum að ræða það mál sem helst bar þá á góma. Mér þótti ástæða til þess hér, hæstv. forseti, án þess að ég ætli að fara út í einstök efnisatriði í skýrslunni frekar nema tilefni gefist til, að vekja athygli á þessu og leggja áherslu á það að Alþingi leggi jafnvel enn meiri rækt við að sinna starfi sínu sem felst í þessum umræðum og grundvallast á prýðilegu starfi umboðsmanns Alþingis.

[15:21]

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Hér ræðum við enn skýrslu umboðsmanns Alþingis. Það er orðinn árviss viðburður og

ég tel að umræðan hafi verið í nokkuð góðu formi, einkum eftir að það var aflagt að mestu að fjalla um einstök málefni sem því miður gætti aðeins í upphafi.

Því miður var ég ekki viðstödd er fulltrúi umboðsmanns Alþingis kom á fund nefndarinnar vegna ófyrirsjáanlegra orsaka þegar sjútvn. varð veðurteppt á Snæfellsnesi og þykir mér það mjög miður því þetta hafa verið mjög fróðlegir fundir.

Það eru sömu atriði að nokkru leyti og hv. fyrri ræðumenn hafa komið hér inn á sem mér finnst einkum sitja eftir núna að þessu sinni. Það er annars vegar sú bragarbót sem verið er að reyna að gera á viðbrögðum kerfisins í heild gagnvart athugasemdum umboðsmanns því þar var pottur brotinn. Ég held að þó ekki væri nema út af því þá sé alveg nauðsynlegt að hafa umræðuvettvang á Alþingi um skýrslu umboðsmanns. Þetta er baktrygging eða bakland sem umboðsmaður hefur og hann hefur tækifæri til að koma ábendingum sínum á framfæri. Síðan er hægt að beita framkvæmdarvaldið ákveðnum þrýstingi, alla vega síðferðilega til þess að gera betur en fortíðin gæti sýnt okkur.

Það bar aðeins á því í upphafi að ábendingum, sem komu frá umboðsmanni, væri tekið með of miklu fálæti og jafnvel hunsaðar en ég held að það sé að færast í betra horf og ekki síst fyrir þá umræðu sem hér hefur verið.

Annað sem mér þótti áhugavert varðandi þá skýrslu, sem hér er til grundvallar, er sá vaxandi fjöldi mála sem er að koma og einkum þá bættu stöðu sem einstaklingar standa í frammi fyrir stjórnsýslunni með nýjum stjórnsýslulögum og mannréttindasáttmála Evrópu sem hefur einnig verið lögtekinn hér.

Þetta eru atriði sem hafa komið fram með einum eða öðrum hætti í tengslum við og alla vega að hluta til vegna þess að við bárum gæfu til þess að setja á laggirnar starf umboðsmanns Alþingis.

Ég hef einnig heyrt frá kærendum sérstaka ánægju með viðtökur og með starfsemi embættis umboðsmanns Alþingis og það er mjög ánægjulegt og þau samskipti hafa oft leitt til þess að náðst hefur sátt eða leiðréttur misskilningur en í sumum tilvikum hefur þurft að fara lengra með málin og ég hef heyrt frá fleiri en einum aðila að það hafi verið sérstaklega ábyrg afstaða og góðar viðtökur, skýr og markviss vinnubrögð sem hafi mætt þessum aðilum þegar þeir hafa þurft að sækja til umboðsmanns Alþingis. Það þykir mér mjög ánægjulegt að heyra.

Í þessari skýrslu er vissulega margt sem er forvitnilegt að skoða. Það kemur kannski ekki á óvart að það er dómsmrn. og fjmrn. sem eru með mesta málafjölda þeirra erinda sem berast og það skýrist a.m.k. að miklu leyti af því að þar er einfaldlega um mjög viðkvæm mál að ræða, annars vegar í dómsmrn., oft mjög viðkvæm mál í einkarétti sem ber að ráðuneytinu með einum eða öðrum hætti og í fjmrn. eru að sjálfsögðu ýmis atriði sem varða bæði gjaldtöku og skattamál til umfjöllunar.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri. Ég tel að þessi farvegur á Alþingi sé það sem við þurfum. Við þurfum kannski á einhverjum öðrum tímum að hafa lengri og ítarlegri umræður en að þessu sinni sýnist mér að hægt sé að láta þessi orð duga.

Umræðu frestað.

Útbýting þingskjals:

Vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar, 324. mál, nál. iðnn., þskj. 664.

Umræður utan dagskrár.

Hrefnuveiðar.

[15:29]

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Nú eru aðeins örfáir dagar eftir af þessu þingi. Síðasta þingi á þessu kjörtímabili. Það er því eitt og annað sem hæstv. ríkisstjórn verður að standa skil á gagnvart þingi og þjóð og eitt er víst að margt er ógert af því sem ríkisstjórnin hafði uppi áform um að koma til framkvæmda á árdögum kjörtímabilsins.

Eitt af því sem hæstv. sjútvrh. skuldar þjóðinni svör við er hver sé stefna hæstv. ríkisstjórnar í hvalveiðimálum og hvenær hefja beri hrefnuveiðar.

Þann 14. október 1993 skipaði hæstv. sjútvrh. nefnd til að gera tillögur um stefnu Íslendinga í hvalamálum og hvort hvalveiðar skuli hafnar að nýju og þá með hvaða hætti. Í skipunarbréfi nefndarinnar segir orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Er eðlilegt að ákvörðun um þetta efni sé í höndum Alþingis og er því við það miðað að tillögur nefndarinnar verði lagðar fyrir Alþingi er það kemur saman eftir jólaleyfi.“ — Þ.e. eftir jólaleyfi í upphafi árs 1994. Nefndin skilaði af sér seinna en óskað var, eða í byrjun maí 1994. Það hefur samt sem áður verið nægur tími til að leggja fram á Alþingi tillögur nefndarinnar og ef vilji hefði verið fyrir hendi. Meginniðurstaða nefndarinnar er þessi:

Eðlilegt er að Íslendingar hefji á ný hvalveiðar í atvinnuskyni þó þannig að farið sé að öllu með gát, gætt sé heildarhagsmuna Íslendinga með tilliti til stöðu landsins á alþjóðavettvangi, markaða fyrir hvalaafurðir og áhrifa hvalveiða á aðra útflutningsmarkaði landsmanna.

Í dag er 15. febr. 1995. Enn heyrist ekkert frá hæstv. sjútvrh. um aðgerðir og er ríkisstjórnin hætt störfum. Það leikur enginn vafi á því að hæstv. sjútvrh. hefur það vald að geta tekið ákvörðun um að hrefnuveiðar skuli hefjast og því hlýt ég að spyrja: Verða þær hafnar á þessu sumri?

Ég geri mér grein fyrir því að hér erum við að fjalla um viðkvæm mál og það þarf að ganga fram af varfærni. En fyrr má nú vera varfærnin af hálfu hæstv. sjútvrh. að gera ekki neitt, eða er eitthvað verið að vinna í þessum málum? Hefur t.d. verið reynt að efna til viðræðna þjóðanna við Norður-Atlantshaf um nýtingu sjávarfangs og þar á meðal hvala?

Það er ekki hægt að ræða hvalveiðar án þess að

nefna vistkerfið. Auðvitað þarf að nýta auðlindir hafsins með skynsamlegum hætti og það verður ekki gert nema tekið verði úr öllum stofnum. Sjómenn tala um ógrynni af hval á miðunum. Hrefnur eru um 30 þúsund við landið og talið er að hver þeirra éti um 20 tonn af fiski á ári sem er nokkurn veginn á við meðalveiði eins smábáts. Hrefnum fjölgar mikið og er talað um að þeim fjölgi um 1.000–1.500 á ári. Hvers vegna er ástandið svona í hafinu? Loðnan finnst ekki í því magni sem gert var ráð fyrir og fleira má nefna. Hafa hvalirnir afgerandi áhrif á viðgang fiskstofna og eru þau e.t.v. meiri en talið hefur verið? Ég krefst þess að fá skýr svör frá hæstv. sjútvrh. hvers vegna hann hefur ekki lagt þáltill. fyrir þingið um að hefja hrefnuveiðar.

Þann 31. október sl. svarar hæstv. sjútvrh. fyrirspurn á hv. Alþingi um hvalveiðar. Þar segir hæstv. sjútvrh. orðrétt:

„Í samræmi við niðurstöður þessarar skýrslu hef ég lagt drög að þáltill. fyrir ríkisstjórnina sem felur í sér að hrefnuveiðar verði hafnar að nýju með þeim hætti sem nefndin leggur hér til og að eðlilegar viðræður verði hafnar við aðrar þjóðir til þess að kynna þann málstað og leita sem víðtækastra sátta um ákvarðanir okkar í þessum efnum.

Þessi drög að þáltill. eru til umfjöllunar í ríkisstjórninni og ég vænti þess að hún muni taka ákvarðanir þar um mjög skjótt."

Þetta segir hæstv. sjútvrh. þann 31. október sl. Og ég spyr því að lokum: Þýðir aðgerðarleysi hæstv. sjútvrh. að búið er að afskrifa málið?

[15:34]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Hv. málshefjandi hefur ágætlega gert grein fyrir aðdraganda þessa máls, en eins og fram kom í máli hans skilaði sérstök nefnd sem skipuð var fulltrúum allra þingflokka undir forustu hv. 1. þm. Vestf. áliti sl. vor þar sem talið var eðlilegt að Íslendingar hæfu á ný hvalveiðar í atvinnuskyni. Í nefndarálitinu segir: „ ...þó þannig að farið sé að öllu með gát. Gætt sé heildarhagsmuna Íslands með tilliti til stöðu landsins á alþjóðavettvangi, markaða fyrir hvalaafurðir og áhrifa hvalveiða á aðra útflutningsmarkaði landsmanna."

Nefndin taldi eðlilegt að byrja á hrefnuveiðum og takmarka leyfi í upphafi við sölu afurða á innanlandsmarkaði.

Það er rétt sem fram kom hjá hv. málshefjanda að á sl. hausti lagði ég fyrir ríkisstjórnina till. til þál. sem byggðist í öllum meginatriðum á nefndaráliti því sem þingmannanefndin skilaði sl. vor. Sú tillaga var til umfjöllunar í ríkisstjórninni. Það er rétt að taka það skýrt fram að ég hef litið svo á að hvalveiðar yrðu ekki hafnar á ný nema Alþingi samþykkti ályktun þar að lútandi. Það er að vísu svo að samkvæmt lögum hefur sjútvrh. heimildir til þess að gefa út leyfi til hvalveiða en á sínum tíma kaus ríkisstjórn Íslands að leggja fyrir Alþingi þá ákvörðun hvort mótmæla ætti hvalveiðibanni Alþjóðahvalveiðiráðsins eða ekki. Formlega hafði ríkisstjórnin vald til þess að taka afstöðu til þess sjálf á þeim tíma en hún kaus að leggja það fyrir Alþingi og fyrir þá sök hef ég litið svo á að hvalveiðar yrðu ekki hafnar á ný nema Alþingi hefði samþykkt um það ályktun sem heimilaði sjútvrh. að beita gildandi lagaákvæðum.

Það varð sammæli sjútvrn. og utanrrn. eftir að tillaga af minni hálfu hafði verið lögð fram og greinargerðir af hálfu utanrrh. að skipaður var starfshópur embættismanna á vegum þessara tveggja ráðuneyta sem unnið hafa að skoðun og athugun málsins síðan. Og á ríkisstjórnarfundi í gær lagði ég fram að nýju endurskoðaða útgáfu að till. til þál. sem samkomulag varð um í starfshópi þessara tveggja ráðuneyta. Þar er gert ráð fyrir því að Alþingi álykti að fela ríkisstjórninni að gera ráðstafanir til að hvalveiðar geti hafist á ný að fengnum tillögum Hafrannsóknastofnunar og skýrslu starfshóps embættismanna um halveiðihagsmuni Íslendinga á alþjóðavettvangi og það er ráð fyrir því gert að þær skýrslur liggi fyrir í mars 1996. Það er jafnframt gert ráð fyrir því að fullnægt sé skilyrðum og alþjóðlega viðurkenndum reglum um eftirlit með hvalveiðum og ég geri ráð fyrir því að í framhaldi af samþykkt ríkisstjórnarinnar í gær um þetta efni fái þingflokkar ríkisstjórnarinnar þetta til umfjöllunar á þingflokksfundum sínum í dag. Þannig hefur verið haldið á málinu og ríkisstjórnin fyrir sitt leyti lagt til að þáltill. af þessu tagi verði lögð fyrir Alþingi. Það er í fullu samræmi við nefndarálit þingmannanefndarinnar frá því í vor sem leið þó að útfærsla tillögunnar sé með nokkrum öðrum blæbrigðum en í upphafi var ráðgert.

[15:39]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Þetta mál er búið að vefjast allmikið fyrir ríkisstjórninni allt þetta kjörtímabil. Sú nefnd sem minnst var á hér áðan og ráðherra fékk til að fjalla um málið var sammála um að hefja ætti hrefnuveiðar a.m.k. fyrir innanlandsmarkað til að byrja með og Hafrannsóknastofnun hefur komist að þeirri niðurstöðu að það sé alveg ótvírætt að hrefnustofninn við Ísland þoli veiðar. Hún benti á í því sambandi að það sé hæfilegt að veiða 120–200 dýr. Ég skil satt að segja ekki þennan seinagang alltaf hjá hæstv. ráðherra og nú er alveg greinilegt að hann er búinn að fresta þessu máli fram á næsta ár, fram á árið 1996. Það er auðvitað alveg sjálfsagt að fara að öllu með gát en það er alveg ótvírætt að það er óhætt samkvæmt öllum vistfræðilegum rannsóknum að hefja veiðar. Við verðum líka að skoða það að samkvæmt því sem sjómenn og þeir sem á hafinu eru segja þá er allt orðið svo vaðandi í hrefnu að það er stundum ekki hægt að komast að því að veiða neinar aðrar tegundir fyrir þessari hrefnu. Ég vil skora á hæstv. ráðherra að hafa svolítið meiri hraða á í þessum málum en hingað til hefur verið gert.

[15:40]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég átti sæti í þeirri nefnd sem hæstv. sjútvrh. stóð fyrir og skilaði áliti 2. maí sl. Það varð samhljóða niðurstaða í nefndinni. Ég tel að það

hafi verið mikilvægt og lagði mig fram um það að svo gæti orðið. Þar greinir frá því svo að ég vitni í niðurstöður nefndarálits:

„Eðlilegt er að Íslendingar hefji á ný hvalveiðar í atvinnuskyni, þó þannig að farið sé að öllu með gát. Gætt sé heildarhagsmuna Íslands með tilliti til stöðu landsins á alþjóðavettvangi, markaðar fyrir hvalaafurðir og áhrifa hvalveiða á aðra útflutningsmarkaði landsmanna.

Ástand sumra hvalastofna við Ísland er með þeim hætti að ekkert mælir vistfræðilega gegn hóflegri nýtingu þeirra. Nefndin telur þó skynsamlegt að leyfa aðeins í fyrstu takmarkaðar veiðar á hrefnu og miða í upphafi við sölu afurðanna innan lands, jafnframt því sem möguleikar á sölu hrefnuafurða erlendis séu kannaðir."

Síðar segir: „Ekki er rétt að Ísland leiti eftir inngöngu í Alþjóðahvalveiðiráðið á meðan það stendur í vegi fyrir sjálfbærri nýtingu hvalastofna andstætt því sem vísindanefnd ráðsins mælir með."

Þetta tel ég að séu meginatriðin sem þurfi að vera til skoðunar nú eins og staðan er. Ég hef verið þeirrar skoðunar að menn þurfi að fara varlega í þessi efni, horfa til margra átta og hagsmuna okkar á heildina litið en að þarna sé opnað fyrir það af hálfu nefndarinnar samhljóða að það verði farið í veiðar á hrefnu í takmörkuðum mæli. Þannig er málið búið í hendur hæstv. sjútvrh. og það er síðan að sjálfsögðu ríkisstjórnarinnar að fara með þetta og leggja málið fyrir Alþingi ef hún kýs að gera það.

Ég vara við því að menn séu að reikna sig fram til þess hvað ein hrefna étur eða eitt stórhveli étur í hafinu. Það eru hlutir sem ekki liggja neinir möguleikar til að meta miðað við okkar þekkingu og þetta er tekið fram á bls. 17–18 í áliti okkar. Við erum auðvitað langt frá því að geta farið að taka út úr einstökum stofnum út frá stjórnun á vistkerfi hafsins og þurfum að efla rannsóknir. Takmarkaðar veiðar geta verið liður í því að treysta okkar þekkingu.

[15:43]

Tómas Ingi Olrich:

Virðulegi forseti. Það er alveg ljóst að engar vistfræðilegar ástæður koma í veg fyrir það að við veiðum hvali hér við land. Við höfum haldið til streitu okkar rétti til að nýta hvalastofninn og það skiptir miklu máli að við höldum þeim rétti til streitu áfram. Það er hins vegar alveg ljóst að það er nauðsynlegt að fara með gát í þessu máli vegna þess að það eru miklir hagsmunir tengdir því. Þeir hagsmunir tengjast okkar erlendu mörkuðum fyrir fiskafurðir og það er held ég öllum ljóst hér í þessum þingsal að málið er afar viðkvæmt og það ber að stíga hvert skref í því varlega.

Ég vil taka það fram vegna orða síðasta ræðumanns að það er mjög brýnt að við reynum að afla okkur upplýsinga sem veita okkur stöðu til þess að taka á þessu máli líka á þann hátt að við séum að gæta jafnvægis í ástandi fiskstofna og hvalastofna hér í kringum landið með því að minnka þessa stofna. Það skiptir miklu máli að við komum okkur upp rökum til þess að taka á þessu máli frá þeim sjónarhóli séð, ekki einungis frá sjónarhóli nýtingarinnar. Ég er sjálfur þeirrar skoðunar að það væri mjög æskilegt að við gætum hafið veiðar á hrefnu, ekki síst eftir því fororði sem hér var nefnt áðan, þ.e. að afurðirnar séu nýttar á heimamarkaði, en ég tel einnig að það sé óhjákvæmilegt að líta á það hvaða skaði hefur orðið meðal þeirra sem höfðu lífsviðurværi sitt að hluta til af því að nýta hrefnur og vil ég beina þeirri áskorun til ríkisstjórnarinnar að það væri tekið á þessu máli sértaklega og skoðað hvort ekki væri hægt að bæta þeim sem höfðu lífsviðurværi af þessum veiðum upp tekjutap sitt.

[15:45]

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Mig langar til að beina þeirri spurningu til hæstv. ráðherra hvað ríkisstjórnin hafi gert til að vinna heimavinnuna sína varðandi kynningu málsins erlendis. Það er alveg ljóst að það er hluti af því dæmi sem við erum að ræða hér enda kom það glöggt fram bæði í máli hæstv. ráðherra og hv. málshefjanda að það var beinlínis í verkahring ríkisstjórnarinnar að athuga það og mig langar að spyrja hvað því máli líði. Þetta er mjög mikilvægt vegna þess að það er alveg ljóst að þau rök sem hafa komið m.a. frá sölusamtökum um að e.t.v. þurfi að fara sér hægt hér, eru ekki vistfræðileg, það eru ekki líffræðileg rök sem eru þarna heldur efnahagsleg rök og ég tel að með góðri vinnu megi alveg ná árangri þannig að við séum ekki að taka þá óþarfa áhættu sem við gerum ef við sinnum ekki þessum málum svo sómasamlegt sé. Þetta kom glöggt fram þegar utanrmn. fór til Bandaríkjanna sl. vor og þá var mikið rætt um hvalveiðar og ég held að það sé alveg áreiðanlegt eftir þá ferð að með góðri og öflugri kynningu á málstað okkar þá er hægt að ná töluverðum árangri. Við munum aldrei sannfæra alla en það sem við getum gert er að fylgja eftir okkar málflutningi og þá gjarnan í samráði við aðra sem eiga svipaðra hagsmuna að gæta og þetta ber okkur að sjálfsögðu að gera. Hvað er ríkisstjórnin að gera í þessu máli?

[15:47]

Guðmundur Hallvarðsson:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka fyrir þessa umræðu. Það er ekki langt síðan það var haft eftir Greenpeace-mönnum að það að stöðva hvalveiðar væri ekki lokaatriði í þeirri baráttu að friða nánast allt lífríki sjávar. Næst þegar búið væri að stöðva hvalveiðar þá yrðu netaveiðar teknar fyrir og þorskveiðarnar þá væntanlega bannaðar.

Það liggur ljóst fyrir, virðulegi forseti, að á fiskmörkuðum í Japan er hægt að fá keypt hvalkjöt. Ég get sagt öllum þeim hér á landi sem eru svo mjög í vafa um að rétt sé að byrja að veiða hvalveiðar frá viðskiptalegu sjónarmiði að það er rangt. Ekki veit ég til þess að Bandaríkjamenn hafi lagt stein í götu eðlilegra viðskipta við Japan.

Með tilliti til þess að nú hefur hvaltegundum fjölgað allverulega á miðum hér við land og menn hafa meira að segja haft orð á því að svo mikið sé af hvalnum að loðnuveiðimenn hafa mjög kvartað og jafnframt

skulum við vera minnug þess og í ljósi þess að alvarlegt ástand er að skapast varðandi markaðsmál á hvalafurðum ef ekki verður gripið til einhverra ráða og þá þeirra ráða, þ.e. að hefja hvalveiðar og þá helst á vordögum.

Það er annað líka sem rétt er að benda á að vísindamenn okkar hafa verið með allnokkuð yfirgripsmikla talningu á miðunum og þeir telja að það sé nú komið svo með sumar tegundir hvala hér við Ísland að fjöldi þeirra sé á við það sem var fyrir 100 árum þegar hvalveiðar hófust. Ég beini því til sjútvrh. og vænti þess að það verði gengið til þess að hefja hvalveiðar að nýju svo fljótt sem verða má.

[15:49]

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegi forseti. Það er ekki rétt sem hæstv. sjútvrh. sagði að þáverandi ríkisstjórn hafði kosið að leggja það fyrir Alþingi hvort hvalveiðibanni yrði mótmælt eða ekki. Það var hv. þm. Eiður Guðnason sem lagði fram þáltill. á Alþingi ef ég man rétt sem var þá til afgreiðslu og þá var sú þáltill. felld hér, ef ég man rétt, með eins atkvæðis mun. Sú þingsályktun kom ekki frá þáv. hæstv. ríkisstjórn.

Hitt er svo annað mál að það er eðlilegt að ríkisstjórnin vilji styrkja sinn málstað með því að leita eftir vilja Alþingis í þessu máli þó hún þurfi ekki á því að halda. En það er náttúrlega ófært að málið sé rekið með þeim hætti að á hverju ári sé verið að láta í það skína að það eigi að leita eftir slíkri heimild. Það var gert í fyrra og það var sagt að það ætti að leggja fram slíka tillögu í upphafi þings. Hvar er sú tillaga? Það á að ræða hana í þingflokkum stuðningsmanna ríkisstjórnarinnar í dag og þing endar eftir nokkra daga. Auðvitað vita allir að það verður ekkert tóm til þess að afgreiða slíka tillögu. Og hver er ástæðan? Er hún ekki hreinlega sú að það er ósamkomulag um málið í ríkisstjórninni? Ríkisstjórnin kýs að hafa þann hátt á að koma með málið fram þegar það er orðið nokkurn veginn vonlaust að hægt sé að afgreiða það. Það er þessi framgangsmáti sem er ekki hægt að sætta sig við og þurfa svo að hlusta á þessa umræðu sitt á hvað frá stuðningsmönnum stjórnarinnar ár eftir ár í þessu máli. Það er miklu betra að segja þá bara eins og er: Það *stendur ekki til að hefja hrefnuveiðar á næsta sumri.* Þá vita þeir sem við það eiga að búa hver er niðurstaðan en vera ekki með þessar blekkingar ár eftir ár.

[15:51]

Guðjón Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Hvalveiðar hafa verið til umræðu á Alþingi af og til allt þetta kjörtímabil, bæði bæði vegna *fyrirspurna og eins urðu verulegar umræður um till. til* þál. um hvalveiðar sem ég flutti ásamt hv. þm. Matthíasi Bjarnasyni á tveimur síðustu þingum þar sem ríkisstjórninni var falið að gera ráðstafanir til þess að hvalveiðar gætu hafist næsta sumar á grundvelli rannsókna Hafrannsóknastofnunar á stærðum og veiðiþoli hvalastofna. Sjútvn. Alþingis sendi þessa tillögu vítt og breitt til umsagnar og fékk hún mjög jákvæðar umsagnir, jafnt sjómannasamtaka, útvegsmanna, verkalýðssamtaka og sölusamtaka. Þessar umsagnir sýndu auðvitað mjög glöggt þann mikla og almenna vilja sem er til þess hér á landi að við nýtum þessa auðlind, hvalinn, innan skynsamlegra marka. Þessi vilji landsmanna hefur einnig verið ítrekað staðfestur í nokkrum skoðanakönnunum þar sem mikill meiri hluti aðspurðra hefur mælt með hvalveiðum.

Ég er sammála því sem hæstv. sjútvrh. sagði að Alþingi á auðvitað að taka afstöðu til hvalveiðanna. Því miður hefur Alþingi veigrað sér við því síðan í febrúar 1983 ef ég man rétt að hér var samþykkt með eins atkvæðis mun, illu heilli, að mótmæla ekki hvalveiðibanni Alþjóðahvalveiðiráðsins. Tillaga okkar kom ekki til atkvæða á síðasta þingi vegna þess að hæstv. sjútvrh. skipaði þá nefnd sem hér var vitnað í áðan með fulltrúum allra þingflokka til að gera tillögu um stefnu Íslendinga í hvalamálum og hvort hvalveiðar skuli hafnar að nýju og þá með hvaða hætti. Við sem skipuðum þessa nefnd komumst að einróma niðurstöðu og sendum hana hæstv. sjútvrh. í maí 1994. Helstu niðurstöður nefndarinnar hafa verið raktar hér af hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni en meginniðurstaða nefndarinnar var sú að leyfa takmarkaðar veiðar á hrefnu og miða í upphafi við sölu afurðanna innan lands jafnframt því sem möguleikar á sölu hrefnuafurða erlendis væru kannaðar.

Hæstv. forseti. Það er mín skoðun að við eigum að hefja hvalveiðar að nýju og því lengur sem það dregst því meiri líkur eru á að úr því verði ekki. Þess vegna tel ég að við eigum að leyfa hrefnuveiðar strax í sumar og stefna eindregið að frekari hvalveiðum sem fyrst.

[15:54]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Mönnum er auðvitað ljóst að hér er vandasamt mál á ferð en það réttlætir ekki þann mikla drátt og þann feluleik sem hefur tíðkast í þessu málli hjá hæstv. ríkisstjórn og satt best að segja verkar það eins og lélegur brandari að þessa dagana, á síðustu sólarhringum þinghalds á þessu kjörtímabili, eigi að fara að kynna einhver drög að þál. í þingflokkum stjórnarliðsins. Ja, til hvers? spyr ég nú bara. Ég held að það hafi verið almenn trú manna á sl. vori að sú samstaða sem náðst hafði eftir mikið starf í sérstakri nefnd þýddi að menn væru að komast að samkomulagi um það hvernig þessum málum yrði aftur komið á hreyfingu eftir langa kyrrstöðu. Ég er þeirrar skoðunar að það beri að stefna að því að hefja nýtingu á hrefnu á nýjan leik og reyndar tel ég og hef lengi gert að það hafi verið mistök í málafylgjunni af hálfu okkar Íslendinga að viðhalda ekki allan tímann einhverri takmarkaðri *nýtingu á smáhval og láta þá frekar rannsóknir eða nýt*ingu á stórhval mæta afgangi. Hrefnuveiðin sem strandveiði hér stunduð á minni bátum frá fjölmörgum byggðarlögum fellur miklu betur að þeim reglum sem sambærilegar veiðar gera og helst hafa þó fengist viðurkenndar á undanförnum árum.

Að lokum, hæstv. forseti, er einn angi þessa máls sem er óþolandi að ekki skuli vera tekið á og það er staða *hrefnusjómanna.* Það er staða þeirra útgerðar-

manna sem hafa í 6–8 ár beðið árangurslaust eftir því að fá að hefja hrefnuveiðar. Nú eru mörg þau fyrirtæki að komast í þrot. Þessir menn stunduðu hrefnuveiðar á þeim árum þegar viðmiðun fyrir aflamarki í bolfiski var fengin og hafa af eðlilegum ástæðum lélegri kvóta sem því nemur að þeir stunduðu hrefnuveiðar á þessum tíma og það er algert óréttlæti að þeir skyldu ekki hafa fengið það á nokkurn hátt bætt þegar stjórnvöld hafa ákveðið að banna þeim ár eftir ár að nýta þá stofna sem voru stór hluti eða uppistaða í tekjum þeirra útgerða á löngu árabili. Það verður að taka á því máli og ef hæstv. sjútvrh. tæki nú á sig rögg þó ekki væri nema í því litla atriði og kippti því í liðinn þá væri það þó í áttina.

[15:56]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Það eru vissulega mjög mikil vonbrigði að ekki skuli takast að hefja hrefnuveiðar þegar á þessu ári. Ég verð að játa það að eftir þær umræður sem urðu um þessi mál á sl. hausti þegar í ljós kom að það var mikill stuðningur við þetta sjónarmið hér á Alþingi og við vitum að þetta sjónarmið nýtur mikils stuðnings úti í þjóðfélaginu, þá hafði ég satt að segja vænst þess að það mundi takast að hefja hrefnuveiðar og jafnvel hvalveiðar í vísindaskyni að einhverju marki á þessu ári.

Það vita allir og hefur margoft komið fram og því hefur raunar aldrei verið mótmælt að rök hníga til þess að hefja þessar veiðar. Það eru líffræðileg rök, það eru vísindaleg rök, það eru öll rök sem menn skoða í þessu sambandi sem segja okkur að það sé sjálfsagt og eðlilegt að hefja hrefnuveiðar tafarlaust. Það er ekkert sem segir að það geti skaðað þennan stofn eða haft nokkur áhrif nema þá jákvæð á lífríkið í sjónum í kringum landið þannig að þetta eru auðvitað himinhrópandi rök. Maður hefði þess vegna gert ráð fyrir því að það mætti takast á þessu ári að hefja veiðar að nýju og ég er alveg sammála því sem hv. 5. þm. Vesturl. sagði hér áðan að eftir því sem þetta mál dregst lengur þeim mun verra verður að koma því aftur af stað.

Ég lít hins vegar þannig á að sú þáltill. sem hæstv. sjútvrh. kynnti að hefði orðið samkomulag um í ríkisstjórninni og ætti að kynna í stjórnarflokkunum núna á eftir væri vísbending um ásetning um það að menn vildu hefja þessar veiðar að nýju. Ég lýsi hins vegar aftur yfir sárum vonbrigðum mínu yfir því hversu seint þetta er á ferðinni og hversu seint ætlar að ganga að hefja þessar veiðar að nýju. Ég tek undir með hv. 4. þm. og 5. þm. Norðurl. e. um að það er ekki hægt að þeim hrefnuveiðisjómönnum sem urðu fyrir því að þeir voru sviptir raunverulega lífsbjörginni að hluta með því að taka af þeim réttinn til þess að veiða hrefnuna skuli ekki vera útvegaðar einhverjar bætur til þess að komast yfir þetta tímabil. Þeir hafa orðið fyrir mjög miklum tekjumissi og möguleiki þeirra til þess að afla sér tekna er minni vegna þess að veiðireynsla þeirra skertist í þorski meðan þeir voru að veiða hrefnuna.

[15:58]

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. sjútvrh. fyrir hans svör en ég gagnrýni hann harðlega fyrir framtaksleysi í þessu máli. Það er ekki nema um tvennt að ræða: Það er annaðhvort framtaksleysi af hálfu hæstv. sjútvrh. eða ósamstaða í hæstv. ríkisstjórn og mér finnst að hæstv. sjútvrh. ætti að upplýsa það hér hvort er um að ræða í þessu sambandi. Það er náttúrlega alveg með endemum að ætla núna þegar vika er eftir af þinginu að leggja fyrir stjórnarflokkana tillögu þess efnis að veiðar verði hafnar árið 1996. En ég vil þó að segja að ég er þakklát sjálfri mér fyrir að hafa tekið þetta mál hér upp á hv. Alþingi því að ég held að það hljóti bara að vera eitthvert samhengi þar á milli að þetta skuli einmitt vera að gerast núna þessa dagana og mér þykir verst að ég skuli ekki hafa tekið málið upp fyrir mörgum mánuðum.

Ég vil einnig þakka þeim hv. þingmönnum sem hér hafa tekið til máls og það sýnir sig og hefur sýnt sig nú eins og svo oft áður að það er vilji fyrir því að hrefnuveiðar geti hafist að nýju. Og ég er sannfærð um að það verður ekki erfitt að koma því máli í gegnum hv. Alþingi ef það hefði bara á annað borð verið reynt.

Það hefur verið minnst á kynningarstarf og ég tek undir að það er mikilvægt að það fari fram. Ég veit að það eru erfiðleikar í þessu máli. Mér dettur ekki í hug að neita því og það eru öfgahópar sem gera sér ekki nokkra grein fyrir út á hvað þetta mál gengur en hugsa fyrst og fremst sem svo: Ef þjóð veiðir hval þá er hún ekki umhverfissinnuð. Þetta eru náttúrlega öfgar sem er erfitt að fást við, ég veit það, en það þarf að vinna í þeim málum og því hlýtur hæstv. sjútvrh. að svara því í sinni ræðu hvað hefur verið gert til þess að kynna málið erlendis.

[16:01]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Fyrst að því er varðar spurningu um hvernig staðið hefur verið að kynningu þessa máls er rétt að taka það fram að málið hefur af hálfu stjórnvalda verið ítarlega rætt við þau ríki sem helst eiga hlut að máli og í viðkomandi alþjóðastofnunum. Af hálfu ráðuneytisins hefur verið staðið að mjög skipulögðum bréfaskriftum og upplýsingamiðlun víðs vegar um heim.

Hv. málshefjandi talaði um framtaksleysi og má að sjálfsögðu gera það. Ég er þeirrar skoðunar að það sé mjög almennur vilji til þess að taka upp hvalveiðar að nýju. Það er og hefur verið stefna núv. ríkisstjórnar. Það er á hinn bóginn ekki mjög einfalt mál eins og mjög skýrt kemur fram í skýrslu nefndar sem hér hefur verið vitnað til og skipuð var fulltrúum allra þingflokka. Ég hef lagt á það ríka áherslu að reyna að viðhalda samstöðu í þessu efni. Þó að við séum flest sammála um hvert eigi að stefna þá geta verið skiptar skoðanir um það með hvaða hætti eigi að vinna að framgangi málsins og það er fullkomlega eðlilegt. En við eigum hér í mjög erfiðu máli. Það er ekki hægt að hafa neitt alvöruleysi á bak við mál þar sem fyrir liggur að eitt öflugasta ríki veraldar er stöðugt uppi með

hótanir um viðskiptaþvinganir og fámenn þjóð eins og við, þó við höfum öll rök með okkur, verður því að fara varlega. Og við munum ekki ná árangri nema við stöndum saman og víkjum pólitískum ágreiningi til hliðar.

Ég hef reynt að haga störfum mínum þannig að reyna að viðhalda þessari samstöðu og nefnd með fulltrúum allra þingflokka lagði mikið af mörkum til þess og á þeim grunni hefur verið unnið síðan. Ég vona að okkur takist að halda samstöðu í þessu efni út á við vegna þess að öðruvísi er vonlítið um árangur. Það hefði vissulega verið æskilegra að þingið hefði getað fengið þessa tillögu til umfjöllunar fyrr. En ef um þetta mál er samstaða þá eigum við að geta stigið það skref sem hér er lagt til. Það er enginn lokaáfangi í þessu máli en getur verið mikilvægt skref fram á við.

[Fundarhlé. — 16:03]

Útbýting þingskjala:

Áhættumat fyrir Reykjavíkurflugvöll, 415. mál, fsp. JE, þskj. 665.

Grunnskóli, 126. mál, nál. meiri hluta menntmn., þskj. 666; brtt. meiri hluta menntmn., þskj. 667.

Samþykktir Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, 288. mál, svar félmrh., þskj. 658.

Tvísköttun af lífeyrisgreiðslum, 101. mál, svar fjmrh., þskj. 660.

Vernd barna og ungmenna, 197. mál, nál. félmn., þskj. 668; brtt. félmn., þskj. 669.

Skýrsla umboðsmanns Alþingis, frh. umr.

[18:02]

Árni R. Árnason:

Virðulegi forseti. Enn á ný hlýtur það að vekja athygli okkar þingmanna þegar við fjöllum um skýrslu umboðsmanns Alþingis að málafjöldi fer vaxandi og nærfellt 20% aukning á fjölda mála frá árinu á undan. Fyrir mér er það alvarlegt umhugsunarefni hvers vegna það er að nærfellt öll ráðuneyti, hvers konar viðfangsefni sem þau hafa í stjórnkerfinu, skuli sæta alvarlegum ábendingum umboðsmanns um framgöngu þeirra og ákvarðanir sem hafa bein áhrif á hag og möguleika einstaklinga og fyrirtækja í landinu. Þessar athugasemdir eru allar varðandi það hvernig þau framkvæma raunverulegan stjórnsýslurétt.

Eitt ráðuneyti hefur sérstaklega vakið athygli mína hvað þetta varðar í skýrslunni nú og raunar líka í skýrslu fyrra árs sem við ræddum fyrir um það bil ári síðan. Það er utanrrn. sem samkvæmt sérstökum ákvæðum í varnarsamningi okkar og Bandaríkjanna fjallar sérstaklega um leyfi fyrirtækja til að sinna viðskiptum við varnarliðið auk þess sem það hlýtur að fjalla um ráðningar eða val einstakra manna sem starfsmanna við ríkisstofnanir á varnarsvæðunum en ekki einungis þeirra stofnana sem sinna varnarsamstarfinu heldur einnig stofnana sem sinna eðlilegum flugsamgöngum, eins og við sögðum fyrr í dag, á viðskiptalegum forsendum. Mér finnst það skipta máli að í skýrslu umboðsmanns eru nú atriði sem ég hef aldrei séð áður. Umboðsmaður sér sérstaklega ástæðu til að taka upp í sérstökum kafla skýrslunnar framhaldsumræðu um álit sem hann taldi sig hafa gert endanlega grein fyrir í skýrslu fyrir um það bil ári síðan vegna þess að við umræðu um þá skýrslu viðhafði hæstv. utanrrh., sem því miður er ekki hér í salnum, orð sem kölluðu á framhaldsathugun af hálfu umboðsmanns. Það er stórmerkilegt að það skyldi koma fram í þeim gögnum og þeim orðum sem umboðsmaður viðhefur að þar greindi hæstv. utanrrh. frá því að hann hefði í höndum bréf varðandi mál sem álit umboðsmanns frá árinu áður hafði fjallað um, mál sem þá var orðið nærfellt fjögurra ára en bréfið sem ráðherra nefndi um það bil ársgamalt en reyndist samt sem áður skrifað löngu eftir að málinu lauk. Mér finnst þetta stórfurðulegar athafnir og stórfurðuleg framkvæmd á stjórnsýslurétti sem varðar rétt borgara, einstaklinga og fyrirtækja til að njóta jafnræðis, til að njóta samræmis, til að vera bornir saman á mælikvarða sem þeir vita fyrir fram hverjir eru. Og einmitt þessi atriði eru þau sem umboðsmaður Alþingis hefur gert stóralvarlegar athugasemdir við, framkvæmd utanrrn. undir stjórn hæstv. núv. utanrrh. enn og aftur.

Vegna þess sem ráðherra hefur sagt um þessi mál fyrr á þingi verður að taka fram, það geri ég a.m.k., að þó að hann hafi sagt að slíkar athafnir hafi hann gert vegna slæms atvinnuástands á Suðurnesjum þá hlýt ég að taka fram að það virðist mér vera fyrirsláttur vegna þess að því fer fjarri að ákvarðanir sem hann hefur framkvæmt á þeim forsendum hafi bætt hag Suðurnesjamanna sem eiga skipti við eða starfa fyrir þá aðila sem um ræðir, varnarliðið eða stofnanir í kringum varnarstarfsemina. Mér finnst skipta miklu meiri fyrir Suðurnesjamenn sem borgara, sem einstaklinga, sem eigenda að fyrirtækjum sem eru nánast einu tekjumöguleikar þeirra sem þau eiga, að þeir njóti faglegrar meðferðar á umsóknum um störf eða leyfi til að starfa. Það verður að segjast að eftir þá reynslu sem þeir hafa af ákvörðunum af þessu tagi þá er þeim algerlega óljóst enn þá hvort til efnis verður tekið eða til athugunar kemur menntun þeirra, kunnátta, reynsla, tæknilegir burðir fyrirtækja þeirra eða sérhæfing í formi tækja eða annars búnaðar. Kannski skiptir meiru máli það sem við höfum haft á orði áður og ég vil leyfa mér að nefna, flokksleg tengsl við sjálfan ráðherrann en þessi faglegu atriði.

Ég vil eindregið hvetja hæstv. utanrrh. til þess í þessari umræðu ef hann sér ástæðu til þess að svara orðum mínum að gera grein fyrir því hvort hann hyggst setja sjáanlegar, skiljanlegar og fyrir fram þekktar reglur fyrr en ákvörðun liggur fyrir í hverju tilviki um hæfi einstaklinga til starfa, um hæfi verktakafyrirtækja eða annarra til að eiga viðskipti við varnarliðið á Íslandi. Ég tel að þessa aðila og þá ekki síst Suðurnesjamenn skipti miklu að þarna verði faglegar ákvarðanir teknar á faglegum forsendum og samkvæmt venjum stjórnsýsluréttar.

[18:08]

Árni M. Mathiesen:

Hæstv. forseti. Fyrir rúmu ári ræddum við á hv. Alþingi skýrslu umboðsmanns fyrir árið 1992. Þá barst m.a. í tal mál sem nú er gerð grein fyrir í skýrslu umboðsmanns fyrir árið 1993. Þetta mál fjallar um leyfisveitingu til þess að gera samninga um tiltekin verk við varnarliðið og sá aðili sem með þessi verk hafði farið var sviptur því leyfi og hann ásakar utanrrh. um valdníðslu. Umboðsmaður tekur undir með þeim sem kvartar og telur að utanrrn. hafi ekki sýnt fram á að lögmæt sjónarmið hafi legið til grundvallar fyrir ákvörðun ráðuneytisins að neita viðkomandi aðila um það að gera samninga við varnarliðið. Um þetta mál var fjallað þó nokkuð fyrir rúmu ári og ég ætla ekki að fara frekar út í þá umræðu að öðru leyti en því að við umræðuna komu fram frekari upplýsingar frá hæstv. utanrrh. Þetta varð tilefni til þess að umboðsmaður Alþingis skrifaði utanrrh. bréf sem hljóðar svo að hluta til:

„Við umræður á Alþingi 18. nóv. 1993 um skýrslu umboðsmanns Alþingis komi til umræðu álit mitt frá 30. ágúst 1993 í máli [A] hf., (nr. 630/1992). Í máli yðar kom fram að ástæðan fyrir því að [X] hf. var úthlutað þessari vinnu hefði verið óvenjubágt ástand á Suðurnesjum þar sem atvinnuleysið var orðið tvöfalt á við það sem það var að landsmeðaltali."

Síðar í bréfinu segir: „Að ofangreindu tilefni er þess óskað, sbr. 7. og 9. gr. laga nr. 13/1987, um umboðsmann Alþingis, að ráðuneyti yðar skýri hvers vegna ekki var í bréfi ráðuneytisins frá 6. ágúst 1992 gerð grein fyrir þeim sjónarmiðum sem nú er haldið fram að legið hafi umræddri ákvörðun til grundvallar. Þá óska ég einnig upplýsinga um það hvort fleiri sjónarmið sem enn hefur ekki verið gerð grein fyrir hafi komið til athugunar við nefnda ákvörðun."

Af lestri skýrslu umboðsmannsins verður ekki séð að hæstv. utanrrh. hafi gert fullnægjandi grein fyrir þessu máli eða svarað athugasemdum umboðsmanns. Þegar maður veltir þessu máli fyrir sér eru tveir möguleikar í stöðunni. Annaðhvort hefur utanrrn. ekki uppfyllt lagalega skyldu sína gagnvart umboðsmanni og gert honum grein fyrir öllum málsatvikum eða öllum ástæðum fyrir úrskurði ráðherrans eða úrskurði ráðuneytisins eða utanrrh. hefur verið með eftiráskýringu í umræðunum á Alþingi. Ef haft er í huga að sá aðili er hóf þetta mál á Alþingi fyrir rúmu ári síðan, hv. þáv. þm. Steingrímur Hermannsson, var einnig þingmaður þess kjördæmis sem ráðherrann vísaði til að þar væri bágt atvinnuástand þá gæti manni komið til hugar að eftiráskýringin hefði að einhverju leyti átt ástæðu að rekja til þess frá hvaða kjördæmi þingmaðurinn kom og hefði verið sett fram til að koma honum sérstaklega illa í málinu og að gera erfiðara fyrir hann að taka upp málið og fylgja því eftir á Alþingi.

Ég held að það sé nauðsynlegt bæði fyrir hv. Alþingi og hæstv. utanrrh. að hann geri fullnægjandi grein fyrir þessu máli. Ég held að það sé öllum þessum aðilum fyrir bestu og ég vil minna á það að í umræðunum fyrir rúmu ári, þá í víðara samhengi, skoraði ég á hæstv. utanrrh. að breyta vinnubrögðum sínum í tilteknum atriðum. Ég ætla ekki að endurtaka þá áskorun, hún er í fullu gildi og ég vona að ráðherrann hafi tekið tillit til hennar í sínum verkum. Ég ætla að leggja fram þá ósk að í skýrslum umboðsmanns Alþingis á næstu árum munum við ekki sjá mikið af slíkum málum frá ráðuneyti hæstv. utanrrh. eins og þau sem við höfum þurft að ræða um síðustu tvö ár.

[18:15]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Umboðsmaður Alþingis gerir athugasemd við tvö mál sem falla undir utanrrn. í skýrslu sinni. Annars vegar er um að ræða ráðningu í fasta stöðu tollvarðar hjá Tollgæslunni í Keflavík árið 1990. Hins vegar er um að ræða tilnefningu varnarmálaskrifstofu utanrrn. á tilteknu fyrirtæki við sorphirðu og sorpförgun fyrir varnarliðið.

Til þess að átta sig á þeim upplýsingum sem fram komu í skýrslu umboðsmanns um veitingu fyrrgreindrar stöðu er nauðsynlegt að hafa hliðsjón af áliti umboðsmanns í skýrslu hans árið 1992. Aðfinnslur hans voru eftirfarandi:

1. Annmarkar voru á auglýsingu stöðunnar þar sem hún var auglýst í helstu dagblöðum landsmanna en ekki jafnframt í Lögbirtingablaði.

2. Embættismenn utanrrn. hafi ekki kallað eftir öllum gögnum áður en ákvörðun var tekin um ráðningu. Embættismenn hefðu því ekki sinnt rannsóknarskyldu sinni eins og lög kveða á um og skal þó skýrt tekið fram að ráðherra ber fulla stjórnskipulega ábyrgð á þeirra störfum.

3. Þar sem enginn umsækjenda uppfyllti öll hæfniskilyrði hefði ráðuneytið átt tveggja kosta völ. Annars vegar að auglýsa stöðuna að nýju eða, eins og lög heimiluðu, að víkja frá skilyrðum samkvæmt heimild í reglugerðarákvæði. Umboðsmaður gagnrýndi hins vegar að utanrrn. hefði ekki sýnt fram á tilvik í þessu máli sem réttlætti frávik frá hæfniskilyrðum.

Eitt alvarlegasta aðfinnsluefnið að mínu mati er það að utanrrn. svaraði ekki erindum umboðsmanns samviskusamlega og uppfyllti þar með ekki ákvæði laga um upplýsingaskyldu stjórnvalda gagnvart umboðsmanni Alþingis.

Utanrrn. hefur tekið athugasemdir umboðsmanns Alþingis til alvarlegrar athugunar og gert umboðsmanni grein fyrir aðgerðum sem gripið hefur verið til í þeim tilgangi að lagfæra þá galla sem á hefur verið bent sem í ljós hafa komið varðandi málsmeðferð ráðuneytisins.

Í grg. sem fylgir áliti umboðsmanns er gerð grein fyrir aðgerðum ráðuneytisins sem stuðla munu að vandaðri afgreiðslu og stjórnsýsluháttum. Í því felst m.a. leiðrétting atriða sem tíðkast hafa við opinbera stöðuveitingar á Keflavíkurflugvelli um áratuga skeið. Umboðsmaður Alþingis hefur ekki talið tilefni til frekari athugasemda af sinni hálfu í ljósi aðgerða utanrrn. Hann lítur með öðrum orðum svo á að málinu sé af hans hálfu lokið.

Ég vil taka það sérstaklega fram að því er varðaði

þessar mannaráðningar og það undirstrikar það að ég hef persónulega tekið málið alvarlega að ég hef haft samband við þann einstakling sem ber bókstafsheitið B í þessum greinargerðum, ég hef beðið hann velvirðingar á því að hann var ekki kallaður til viðtals á sínum tíma og honum þannig gefinn kostur á að upplýsa nánar um sín framtíðaráform.

Það skal tekið fram að þessi ágæti maður starfar við góðan orðstír í stofnun sem fellur undir utanrrn. Hann hefur verið fullvissaður um það að sjálfsögðu að þetta mál muni ekki varpa skugga á starfsferil hans í þágu íslenskra stjórnvalda. Einnig má geta þess að ég hef tilnefnt tvo embættismenn sem sérstaka tengiliði við umboðsmann Alþingis í þeim tilgangi að koma í veg fyrir að mistök endurtaki sig í framtíðinni og tryggja gott samband og gott verklag í samskiptum við embætti umboðsmanns.

Nú nálgast kosningar eins og heyra mátti á máli tveggja hv. þm. vegna þess að í stað málefnalegrar umræðu um vandaðri stjórnsýsluhætti hefur þetta mál verið notað til þess að þyrla upp pólitísku moldviðri í þeim tilgangi að ráðast að mér persónulega og Alþfl. Það hirði ég ekki um og er maður til að bera það. Hitt þykir mér öllu verra að fórnarlömb þessarar umræðu eru þeir einstaklingar sem allir í þeirra heimabyggð þekkja og vita hverjir eru. Ég hef, eins og ég vék að, reynt í þessu máli að rétta hlut starfsmanns B eins og ég hef áður greint frá. Hins vegar hefur verið erfiðara að leiðrétta hlut þess manns sem ráðinn var og ber bókstafsheitið C. Að því hefur nefnilega verið látið liggja að algjörlega óhæfur maður hafi verið ráðinn og hann þar af leiðandi sætt ámæli. Slík staðhæfing kemur hvergi fram af hálfu umboðsmanns Alþingis. Í álitinu kemur eingöngu fram gagnrýni á embættisfærslu en ekki á einstaklinginn eða starfhæfi hans.

Mér er því ljúft og skylt að staðfesta hér að hann hefur reynst hæfur og farsæll starfsmaður að mati samstarfsmanna sinna. Og til þess að svara dylgjum sem farið var með áðan eru hvorki hann né foreldrar hans flokksbundin í Alþfl. og þetta mál er gjörsamlega og með öllu óviðkomandi flokkslegum tengslum.

Ég vil því leyfa mér að beina því til þeirra sem um *þetta mál fjalla á flokkspólitískum nótum* að kynna sér málið gaumgæfilega og sýna lágmarkstillitssemi, ekki vegna mín eða Alþfl., það er óþarfi og ég fer ekki fram á það, heldur vegna þeirra einstaklinga sem hafa saklausir blandast inn í þetta mál. Slík málefnaleg umræða mundi auk þess verða til þess fallin að stuðla að vandaðri stjórnsýsluháttum sem er markmiðið með starfi umboðsmanns Alþingis.

Þá vík ég að máli númer tvö. Tvö fyrirtæki sóttu eftir samningum við varnarliðið um sorpförgun á árinu 1992. Annað fyrirtækið, fyrirtæki A, hafði sinnt verkefnum um sjö ára skeið og hafði við það tvo menn í vinnu. Hitt fyrirtækið, fyrirtæki B, var tilbúið að vinna verkið fyrir sama verð og fyrirtæki A en ætlaði að skapa 11 manns atvinnu. Það hefur verið opinber stefna utanrrn., ekki bara í minni tíð heldur á undanförnum árum, að Suðurnesjamenn njóti sem mest þeirra atvinnutækifæra sem bjóðast í vinnu fyrir varnarliðið, sérstaklega í ljósi bágborins atvinnuástands á Suðurnesjum á þeim tíma sem hér um ræðir.

Gagnrýni umboðsmanns Alþingis á utanrrn. byggir ekki á því að utanrrn. hafi tekið sér vald sem það ekki hafði. Gagnrýnin byggir á því að ráðuneytið hafi ekki gætt þess að færa efnisleg rök fyrir vali *sínu á* fyrirtæki til verktöku í þessu ákveðna tilviki.

Um áratuga skeið hefur verið byggt á því fyrirkomulagi við úthlutun á verkum á Keflavíkurflugvelli að eitt fyrirtæki hefur verið tilnefnt til samninga um ákveðið verk. Það hefur verið gert á grundvelli skýrrar heimildar í varnarsamningnum. Umboðsmaður segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Í gögnum málsins kemur hins vegar ekkert fram um það að af þessari ástæðu hafi verið talið óheppilegt að veita Suðurvirki hf. auk annarra heimild til að leita eftir samningum við varnarliðið um umrætt verk."

Með þessu leggur umboðsmaður nýjan skilning í ákvæði varnarsamningsins og viðauka við hann þannig að utanrrn. beri að rökstyðja það sérstaklega ef aðeins eitt fyrirtæki er tilnefnt til samninga við varnarliðið eins og hefur verið hin almenna regla áratugum saman. Almenna reglan eigi sem sagt að vera að fleiri fyrirtæki en eitt fái heimild til samninga við varnarliðið. Þessi túlkun umboðsmanns er í fullkomnu ósamræmi við 40 ára stjórnsýsluvenju á þessu sviði og á sér ekki stoð í fordæmi Hæstaréttar frá árinu 1961 sem snertir svipað mál.

Utanríkisráðherrar hafa um áratuga skeið farið þá leið að velja einn verktaka og heimila honum einum að semja við varnarliðið um viðkomandi verk. Lögfræðingar utanrrn. hafa haft í frammi efasemdir um að álit umboðsmanns Alþingis standist ákvæði í viðauka við varnarsamninginn og þá stjórnsýsluvenju sem skapast hefur á þessu sviði. Ég tel hins vegar ekki rétt að þræta við umboðsmann um lögfræði þessa máls enda er það að mínu viti ekki síður pólitísks eðlis en tæknilegs. Hins vegar verður að taka *tillit til* fjölmargra þátta sem ég mun víkja nánar að. Mikilvægast er að menn átti sig á því að Ísland ákveður ekki einhliða breytingar á þessu fyrirkomulagi vegna þess að þarna höfum við samningsskuldbindingar við varnarliðið.

Að mínu viti stendur eftir ein spurning sem þarf að svara: Hvernig ber að haga þessum málum í framtíðinni? Hvernig er hægt að skapa umgjörð fyrir samninga íslenskra fyrirtækja við varnarliðið sem uppfyllir þær kröfur sem eðlilegt er að gera til stjórnsýslunnar á þessu sviði?

Þá vík ég að því að í febrúar árið 1992 samþykkti núv. ríkisstjórn í kjölfar þeirrar stefnu sem ég hafði mótað um breytingar á fyrirkomulagi í verktöku í frjálsræðisátt og afnám einokunar, að verktaka varnarframkvæmda yrði aðlöguð venjulegum háttum verktöku innan NATO-ríkja *á yfirstandandi kjörtímabili*. Í kjölfar þessarar ákvörðunar náðist samkomulag við Mannvirkjasjóð Atlantshafsbandalagsins um að verk sem kostuð eru af sjóðnum yrðu boðin út frá og með 1. apríl 1995. Nú nýlega gengu svo fulltrúar íslenskra og bandarískra stjórnvalda frá framkvæmdaatriðum vegna þessa samkomulags og náðu samkomulagi um

útboðsskilmála vegna þessara framkvæmda og undirbúningur fyrsta útboðs er nú langt á veg kominn. Þau verk sem greidd eru af Bandaríkjamönnum eru hins vegar bæði fleiri og umfangsmeiri. Af hálfu íslenskra stjórnvalda hefur því verið tekið mið af bágbornu atvinnuástandi á Suðurnesjum á síðustu árum þegar horft hefur verið til þess hvert framhaldið gæti orðið í auknu frjálsræði á þessum markaði. Markvisst hefur verið unnið að samráði við varnarliðið um að auka frjálsræði í verktökunni stig af stigi. Af hálfu utanrrn. er horft til þess að niðurstaða þessa samráðs geti haft í för með sér sátt um verktöku fyrir varnarliðið til frambúðar, sátt sem byggir á því að seljendum vöru eða þjónustu verði ekki mismunað og tryggðir verði heilbrigðir viðskiptahættir ásamt því að tekið verði eðlilegt tillit til þeirra sérstöku hagsmuna sem Suðurnesjamenn hafa af atvinnu fyrir varnarliðið auk annarra atriða.

Það þarf að hafa í huga að kerfi það sem komið verði á fót taki mið af þjóðréttarlegum skuldbindingum Íslands og Bandaríkjanna, öryggishagsmunum og þeim skuldbindingum ríkjanna sem kom fram í bókun sem undirrituð var 4. jan. 1944 af þáv. aðstoðarvarnarmálaráðherra Bandaríkjanna og utanrrh. Íslands.

[18:25]

Árni R. Árnason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í orðum hæstv. utanrrh. var ýmislegt að finna, sérstaklega í fyrri hlutanum þar sem hann beindi orðum sínum til okkar hinna sem höfum vakið máls á umræddu áliti umboðsmanns. Ég verð að vekja athygli hans á því að í orðum okkar hefur ekki komið fram að við álítum að vanhæfir hafi orðið fyrir valinu. Síður en svo. Við höfum hins vegar ítrekað bent á að það er niðurstaða umboðsmanns Alþingis að í fleiri en einu máli sem varðar hans ráðuneyti undir hans stjórn hafi verið viðhafðir jafnvel viðvarandi óvandaðir starfshættir. Það er það sem við bendum á og höfum í okkar orðum hvatt til þess að hann bæti úr þessum atriðum, viðhafi og komi á vönduðum starfsháttum.

[18:26]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það hefur komið skýrt fram að utanrrn. hefur tekið gagnrýni umboðsmanns Alþingis alvarlega. Að utanrrn. hefur gert fulla grein fyrir sínum málum og að það hefur gripið til aðgerða til þess að koma í veg fyrir að mistök af þessu tagi endurtaki sig. Og að umboðsmaður Alþingis segir í skýrslu sinni, í ljósi þess sem gert hefur verið, að hann líti svo á að málinu sé lokið af hans hálfu. Með öðrum orðum, það hlutverk umboðsmanns Alþingis að gagnrýna það sem miður fer í stjórnsýslu hefur borið árangur og það er ekki ástæða til þess að fjölyrða frekar um það. Þetta varðar mannaráðningar

Að því er varðar seinna málið þá hef ég gert rækilega grein fyrir því og þar er einfaldlega um það að ræða að ef farið yrði eftir þeirri gagnrýni að gefa ætti öðrum kost á þegar verið er að tilnefna einn verktaka, eins og við höfum gert á grundvelli varnarsamningsins og viðauka við hann áratugum saman, þá er þar nýr skilningur á íslenskri stjórnsýslu. Og hvernig höfum við brugðist við? Jú, við höfum brugðist við með þeim hætti í fyrsta lagi með ákvörðun ríkisstjórnar að við höfum tekið upp breytingar sem enginn forveri minn í stóli utanrrh. hefur beitt sér fyrir. Annars vegar að því er varðar allar framkvæmdir á vegum Mannvirkjasjóðs Atlantshafsbandalagsins. Þar er búið að gera samkomulag sem var lengi í undirbúningi og var erfitt í samningum þar sem þurfti að þræða bil beggja, annars vegar að fara út í útboð en hins vegar að tryggja að um málin yrði fjallað á grundvelli íslenskra staðla og byggingarákvæða o.s.frv.

Að því er varðar síðan frekari framkvæmdir í þágu varnarliðsins, sem kostaðar eru af Bandaríkjamönnum, þá varð ég að gera grein fyrir því að við erum að fitja upp á þeim nýjungum á grundvelli samkomulagsins frá 4. jan. 1994 að auka frjálsræði í þeim efnum. Það er stefnubreyting frá því sem verið hefur, stefnubreyting í frjálsræðisátt sem hv. þm. telur væntanlega ekki gagnrýnivert. En ég undirstrika að þetta er vandasamt að því leyti að ef við ætlum að hafa frjáls útboð en jafnframt tryggja hagsmuni Suðurnesjamanna og forgang þá verður að vanda þar vel til verka.

[18:28]

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég verð í upphafi máls míns að segja að mér þykir ánægjulegt að hæstv. utanrrh. hefur reynt að bæta fyrir þau brot sem umboðsmaður taldi að hann hefði gerst sekur um varðandi tollvarðaveitingarnar og beðið B velvirðingar og reynt að rétta hans hlut. Hins vegar finnst mér ekki ástæða til þess hjá hæstv. utanrrh. að telja þessa umræðu vera einhvern sérstakan lið í kosningabaráttunni. Það var ekki stutt til kosninga þegar þessi mál voru til umræðu fyrir rúmu ári síðan og þar af leiðandi engin ástæða til þess að gera hv. alþm. upp annan tilgang í ár heldur en var fyrir ári síðan, að vekja athygli á því sem misfarist hafði og ánægjulegt að hann hefur tekið tillit til þeirrar umræðu sem þá átti sér stað.

Hæstv. utanrrh. hefur hins vegar ekki svarað þeim spurningum sem ég bar fram hér áðan vegna ummæla hans í umræðunni fyrir rúmu ári síðan, hvort ástæðan fyrir þeim ummælum voru eftiráskýringar hans eða hvort ástæðan fyrir því að þau ummæli voru ekki í takt við það sem utanrrn. hafði áður sagt væri einhvers konar handvömm í ráðuneytinu eða einhver önnur skýring. Hann hefur ekki komið fram með neinar skýringar á þessu atriði í sinni ræðu.

Hvað varðar hins vegar stefnuna í verktökunni þá er hún okkur vel kunnug og alveg ljóst hvað varðar sorpförgunina að þá var ekki farið eftir anda þeirrar stefnu.

[18:30]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hér var ekki um neinar eftiráskýringar að ræða. Ég minni hv. þm. á að það var hv. þáv. þm. Steingrímur Hermannsson sem tók þetta mál hér upp til umræðu óundirbúið þrátt fyrir að það var þá

ekki efni skýrslu umboðsmanns og þau svör sem ég gaf, nefnilega að þarna hefði verið höfð hliðsjón af bágbornu atvinnuástandi á Suðurnesjum, koma fram í okkar skýringum eins og ég hef þegar farið með.

Að því er varðar umfjöllun um málefni einstaklinga þá vil ég bara geta þess að í framhaldi af málflutningi hv. þm. hafa fjölmiðlar fjallað um þetta mál með þeim hætti að er meiðandi fyrir viðkomandi einstaklinga. T.d. vík ég að því að vegna skipulagsbreytinga við Tollgæsluna þá fengu fjórir menn stöðuhækkun um þetta leyti. Fjölmiðlar héldu því blákalt fram að hér hefði verið um að ræða alþýðuflokksmenn þó sannanlegt sé að svo hafi ekki verið.

Að því er varðar Suðurvirkismálið, þ.e. spurninguna um tilnefningu verktaka, þá vek ég athygli hv. þm. á því að utanríkisráðherrar hafa farið með ákveðið vald á grundvelli varnarsamningsins um áratuga skeið. Meðferð mín á því máli hefur verið nákvæmlega sú hin sama og í engu frábrugðin meðferð forvera minna. Sú gagnrýni sem hv. þm. er því að bera fram á það kerfi beinist ekki síður að forverum mínum, þ.e. hv. fyrrv. þm. og utanríkisráðherrum Matthíasi Á. Mathiesen, svo ég nefni aðeins eitt nafn. Ég hef á hinn bóginn hafið breytingar á þessu kerfi í frjálsræðisátt með stuðningi af samþykkt ríkisstjórnar, eins og ég hef þegar greint frá, og það er sú stefnubreyting á því kerfi sem við búum við sem verið er að gagnrýna sem væntanlega mun þá verða til bóta þegar við lítum til framtíðar. Að því er þetta mál varðar, þ.e. verktökumálið, þá árétta ég það og stend við það fyrir hönd utanrrn. að það eru góð rök fyrir þeirri ákvörðun eins og rakið hefur verið af hálfu ráðuneytisins.

[18:32]

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Af orðum hæstv. utanrrh. dreg ég þrjár ályktanir. Sú fyrsta er að það hafi verið mistök af hálfu utanrrn. þegar það svaraði umboðsmanni Alþingis, að geta ekki um grundvöll ákvörðunarinnar sem ráðherrann gerði síðan grein fyrir hér í ræðustól á Alþingi. Önnur er sú að við eigum ekki von á því að hæstv. utanrrh. taki svipaðar ákvarðanir og hann tók í hinu svokallaða Suðurvirkismáli og sú þriðja er varðandi það er hann ræddi meiðandi ummæli um einstaklinga, að hann telji það meiðandi að vera talinn alþýðuflokksmaður.

[18:33]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég lýsi vonbrigðum mínum á þessum málflutningi hv. þm. Væntanlega gengur hv. þm. það til að því er varðar skýrslu umboðsmanns Alþingis, að taka mark á málefnalegri og rökstuddri gagnrýni umboðsmanns og væntanlega þá þannig að það leiði til málefnalegrar umfjöllunar. En síðasta athugasemd þingmannsins staðfestir að það er eitthvað allt annað sem vakti fyrir honum og hún er ekki svara verð.

[18:34]

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að fjalla um einstök mál í þessari skýrslu umboðsmanns Alþingis þó að vissulega sé þar skýrt frá mörgum athyglisverðum málum sem gæti gefið ástæðu til að fjalla um, fleiri heldur en því sem verið var að ljúka við skoðanaskiptum um. Ég vildi fyrst og fremst nota þetta tækifæri til að þakka fyrir þessa skýrslu og jafnframt þakka umboðsmanni og hans starfsliði fyrir þau ágætu störf sem þar voru unnin á árinu 1993 sem þessi skýrsla fjallar um og í annan tíma.

Það eru áreiðanlega fáir sem mundu nú vilja missa þetta embætti svo mikla þýðingu hefur það haft í okkar þjóðfélagi og jákvæð áhrif. Það hefur gert mörgum einstaklingum kleift að leita þangað, bæði til að fá leiðréttingu mála sinna og þó þeir hafi ekki haft rök fyrir leiðréttingu þá hafa þeir fengið upplýsingar um stöðu sína. Og fáir vefengja að sú niðurstaða sem þar er gefin sé á traustum rökum byggð.

Það fer heldur ekki fram hjá neinum að umboðsmaður og ábendingar hans hafa haft áhrif í stjórnsýslunni. Þaðan hefur stjórnsýslan fengið mörg góð ráð og leiðbeiningar og ég hygg að það sé undantekningalítið orðið svo að reynt sé að taka tillit til þeirra og þá að láta ekki henda aftur það sem kvartað hefur verið yfir.

Þrátt fyrir það er vissulega athyglisvert að þeim málum sem umboðsmaður fær til meðferðar fækkar ekki og sýnir að þörfin er rík fyrir þetta starf áfram, enda alltaf að sjálfsögðu að koma upp ný álitamál í okkar þjóðfélagi. Það er einnig gott fyrir okkur alþingismenn að hafa það í huga að það skiptir ekki aðeins miklu máli hvernig stjórnsýslan framkvæmir lög og veitir aðra þjónustu heldur ber okkur að hafa í huga að setning laga er mjög mikið vandaverk. Þingmenn þurfa að reyna að leitast við að lög séu sem skýrust og ótvíræð til þess að sem fæst álitaefni komi upp við framkvæmd þeirra. Það er áminning til okkar að vega og meta má segja hvert orð sem í þeim stendur þar sem það getur haft mikil áhrif hvaða orð eru þar notuð. Þetta kemur sérstaklega í hugann nú vegna þess að yfir því hefur verið kvartað á síðustu dögum að ekki hafi gefist nægur tími til að vega og meta allar ábendingar sem fram hafa komið við nefndastörf, en ég vildi nota þetta tækifæri til að undirstrika það hversu mikilvægt löggjafarstarfið er og mikil ábyrgð hvílir á alþingismönnum að vanda þar vel til verka sinna, eins vel og nokkur kostur er.

Ég skal svo ekki fjölyrða frekar um þessa skýrslu umboðsmanns, en láta í ljós þá von að það starf sem þar verður unnið verði jafnfarsælt í framtíðinni eins og þann tíma sem hefur liðið frá því að umboðsmaður Alþingis tók til starfa.

[18:40]

Sólveig Pétursdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vildi aðeins koma með stuttar athugasemdir. Það hefur m.a. verið minnst hér í umræðu á þá fjölgun mála sem orðið hefur hjá umboðsmanni. Þannig segir t.d. í formála þessarar skýrslu um málfjöldann, með leyfi virðulegs forseta:

„Á árinu 1993 voru skráð 238 ný mál og á árinu tók ég [þ.e. umboðsmaður] þrjú mál upp að eigin frumkvæði. Skráð mál á grundvelli kvartana sem bornar

voru fram voru 235. Tekið skal fram að mál eru því aðeins skráð að skriflegt erindi hafi borist, oftast í formi skriflegrar kvörtunar eða að umboðsmaður taki mál upp að eigin frumkvæði. En einnig er algengt að menn hringi eða komi á skrifstofu umboðsmanns og beri upp mál sín og leiti upplýsinga. Er þá oftast greitt úr máli með skýringum eða með því að koma þeim í réttan farveg innan stjórnsýslunnar án þess að til skráningar komi."

Fleiri athyglisvert atriði koma fram í þessari skýrslu, m.a. um skiptingu kvartana eftir málaflokkum, aldri og ýmislegt annað sem ég ætla ekki að tíunda hér frekar. Ég vil aðeins segja að lokum að það er að sjálfsögðu rétt að taka undir orð hv. alþingismanna um prýðilegt starf umboðsmanns Alþingis og þakkir fyrir þessa vel unnu skýrslu.

Starfsskýrsla Ríkisendurskoðunar 1993.

[18:42]

Pálmi Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir hönd forsætisnefndar fyrir starfsskýrslu Ríkisendurskoðunar fyrir árið 1993. Samkvæmt 12. gr. laga nr. 12/1986, um Ríkisendurskoðun, ber stofnuninni árlega að semja heildarskýrslu um störf sín á liðnu almanaksári og leggja fyrir Alþingi. Í samræmi við lagaskyldu þessa tók Ríkisendurskoðun saman skýrslu um starfsemi sína á árinu 1993 og birti í maímánuði sl. Hér á eftir mun ég gera grein fyrir þessari skýrslu í stórum dráttum.

Með starfsskýrslu þeirri sem hér er til umræðu er fyrst og fremst verið að lýsa störfum stofnunarinnar og verkefnum á árinu 1993, svo og starfsmannahaldi og reikningsskilum ársins. Í skýrslunni eru einstök verkefni sem stofnunin tók að sér ekki tekin fyrir eða brotin sérstaklega til mergjar. Slíkt er gert í sérstökum skýrslum stofnunarinnar um hin einstöku verkefni og nægir að vísa til þeirra vilji menn kynna sér þær nánar. Niðurstöður þessara skýrslna og umræður um þær eiga því eðli málsins samkvæmt tæpast heima undir þessum dagskrárlið.

Starfsemi Ríkisendurskoðunar er í meginatriðum skipt í þrjá þætti, þ.e. fjárhagsendurskoðun, stjórnsýsluendurskoðun og loks þjónustu við Alþingi og yfirskoðunarmenn ríkisreikninga. Á árinu 1993 var starfsemin með nokkuð hefðbundnu sniði. Almenn fjárhagsendurskoðun er sem fyrr meginviðfangsefni stofnunarinnar. Fjárhagsendurskoðun felst einkum í því að fylgjast með rekstri og fjárvörslu ríkisstofnana, svo og hvort fjárheimildir séu virtar og hagkvæmni og hagsýni gætt í rekstri þeirra. Kannað er í þessu sambandi hvernig færslu bókhalds og gerð ársreiknings er háttað hjá ríkisstofnunum. Athugasemdum sem gerðar eru í tengslum við endurskoðunina er komið á framfæri við viðkomandi stofnun og það ráðuneyti sem hún heyrir undir. Helstu niðurstöður fjárhagsendurskoðunarinnar birtast síðan í endurskoðunarskýrslu er fylgir ríkisreikningi hlutaðeigandi ára og vísast til þeirra í þessu sambandi.

Á árinu 1993 komu út tvær skýrslur um endurskoðun ríkisreikninga, önnur fyrir árið 1991 og hin fyrir 1992. Endurskoðunarskýrslur eru sem fyrr unnar í nánu samstarfi við yfirskoðunarmenn ríkisreiknings sem Alþingi kýs samkvæmt 43. gr. stjórnskipunarlaga. Vert er að geta þess að endurskoðunarskýrsla vegna ársins 1992 er fyrsta skýrslan þeirrar tegundar um áratuga skeið sem tekist hefur að birta vegna ríkisreiknings á næsta ári eftir að viðkomandi reikningsári er lokið. Það er vissulega von mín að framhald verði á því að hægt verði að standa skil á skýrslum á eðlilegum tíma svo sem þarna tókst og er ljóst mikilvægi þess að ekki líði of langur tími frá því að ríkisreikningi er lokað og þar til formlegri endurskoun hans lýkur.

Við fjárhagsendurskoðun vakna iðulega spurningar um hvort nægjanlegrar hagsýni sé gætt í rekstri, svo og hvort skipulag eða starfshættir þeirrar stofnunar eða fyrirtækja sem verið er að endurskoða hverju sinni þjóni best þeim markmiðum sem að er stefnt með starfsemi þeirra. Kerfisbundin athugun á þeim málum heyrir á hinn bóginn fremur undir hina svokölluðu stjórnsýsluendurskoðun, sem er að verða sífellt viðameiri þáttur í störfum stofnunarinnar.

Á árinu 1993 var lokið við tvær athuganir af því tagi. Sú fyrri fjallaði um Landgræðslu ríkisins og þau verkefni sem sú stofnun sinnir á sviði gróðurverndar og jarðvegsverndar. Hin síðari fjallaði um Framleiðnisjóð landbúnaðarins og var tilefni hennar að gerðar höfðu verið athugasemdir við tiltekin atriði í rekstri sjóðsins í skýrslu Ríkisendurskoðunar fyrir árið 1991. Einnig töldu yfirskoðunarmenn í skýrslu sinni um ríkisreikning 1991 æskilegt að freista þess að meta reglulega árangur af lögheimiluðum fjárframlögum ríkisstofnana og opinberra sjóða til ákveðinna verkefna og nefndu sem dæmi Framleiðnisjóð landbúnaðarins. Af þessu tilefni var ráðist í umrætt verkefni og var tilgangur þess að meta hvort styrkir sjóðsins hefðu skilað þeim árangri sem til var ætlast með hliðsjón af lögbundnum markmiðum með starfsemi hans. M.a. var kannað hvort styrkir til búháttabreytinga hefðu leitt til betri afkomu bænda á lögbýlum, svo og hvort framlög til atvinnusköpunar hefðu leitt til þess að sú atvinna sem sjóðurinn hafði reynt að viðhalda ellegar koma á fót í dreifbýli yrði til frambúðar.

Ég hef valið að nefna efni og eðli þessa verkefnis einungis í þeim tilgangi að taka það sem dæmi og sýna fram á að oft kann að vera náið samband á milli almennrar fjárhagsendurskoðunar og stjórnsýsluendurskoðunar og reyndar oft margt skylt í þeim athugunum þó auðvitað sé slíkt ekki algilt.

Eitt af lögbundnum verkefnum Ríkisendurskoðunar er að hafa eftirlit með framkvæmd fjárlaga. Á árinu 1993 voru þrjár skýrslur gefnar út um framkvæmd fjárlaga. Samkvæmt lögum nr. 19/1988, um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, annast Ríkisendurskoðun ákveðið eftirlit sem felst í því að halda skrá yfir tekjur, gjöld, eignir og skuldir allra skráðra sjóða og stofnana sem staðfestingu

njóta samkvæmt þeim lögum. Jafnframt ber henni að gera athugasemdir við reikninga þessara aðila ef ástæða þykir til. Í samræmi við 6. gr. laganna hefur í samvinnu við dómsmrn. verið unnið markvisst að því að leggja niður sjóði sem eiga óverulegar eignir, þ.e. 50 þús. kr. eða minna.

Á árinu 1993 voru 137 sjóðir lagðir niður en 15 nýir bættust á skrá. Í árslok voru skráðir 634 sjóðir og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá. Á sama hátt og árið áður var endurskoðun ársreiknings skrifstofu EFTA fyrir árið 1992 í höndum Íslands og Finnlands og sá Ríkisendurskoðun um þátt Íslands í því starfi. Loks er þess að geta að á árinu 1993 fékk stofnunin fjölmörg erindi til umfjöllunar, svo og beiðnir um úttektir og upplýsingar frá ýmsum nefndum Alþingis, svo og frá ráðuneytum.

Á árinu 1993 tók Ríkisendurskoðun í notkun tölvutengt verkbókhald um vinnuframlag við endurskoðun. Með þessu upplýsingakerfi gefst kostur á að sjá raunverulegan kostnað stofnunarinnar við framkvæmd verkefna. Með þessu er lagður mun betri grunnur að áætlanagerð og vinnuskipulagi en áður hafði tíðkast. Enn fremur verður auðveldara að bera saman eigin endurskoðunarkostnað við aðkeypta endurskoðunarþjónustu og meta hagkvæmni aðkeyptrar endurskoðunarþjónustu hverju sinni. Rétt er þó að undirstrika að endurskoðunarstörf hjá hinu opinbera eru á ýmsan hátt frábrugðin þeim sem tíðkast á hinum almenna markaði og þar af leiðandi er samanburður við einkaaðila á sviði endurskoðunar ekki alltaf einhlítur. Sé rýnt í helstu niðurstöður umræddss verkbókhaldskerfis kemur í ljós að starfsmenn Ríkisendurskoðunar skiluðu samtals 55.511 vinnustundum við endurskoðun, athugun á bókhaldi og fjárreiðum og skyld verkefni á árinu 1993. Að auki keypti stofnunin þjónustu af löggiltum endurskoðendum á sama ári sem svaraði til 5.482 vinnustunda.

Vinna sem fer fram við endurskoðun einstakra ráðuneyta fer í aðalatriðum eftir fjárhagslegu umfangi. Þannig var um 22% af þessum tíma varið til endurskoðunar á heilbr.- og trn. en um 16% vegna stofnana á vegum fjmrn., þar með talið stofnana í B-hluta ríkisreiknings. Um 11% var vegna menntmrn. og um 10% vegna dómsmrn. Um 12% af vinnumagninu var ráðstafað til ýmissa óskiptra verkefna, m.a. endurskoðunar ríkisreiknings, athugana á framkvæmd fjárlaga og verkefna fyrir fjárln.

Á árinu 1993 urðu litlar breytingar á starfsmannahaldi stofnunarinnar. Í árslok 1993 voru fastráðnir starfsmenn alls 40 eða jafnmargir og stöðuheimildir hennar segja til um. Eins og fyrri ár kaupir Ríkisendurskoðun þjónustu af löggiltum endurskoðendum vegna reikningsskila ýmissa ríkisfyrirtækja og stofnana í eigu ríkisins, enda beinlínis reiknað með því í lögum um stofnunina að henni sé þetta heimilt. Þetta helgast af því að stofnunin býr hvorki yfir starfskrafti né aðstöðu til þess að sinna að fullu lögbundnum verkefnum á sviði fjárhagsendurskoðunar. Í árslok 1993 voru í gildi samningar við 27 löggilta endurskoðendur eða endurskoðunarskrifstofur um endurskoðun 82 ríkisfyrirtækja og stofnana. Samningum hafði fjölgað um tvo og fyrirtækjum um fjögur á milli ára. Einkum er hér um að ræða sjúkrastofnanir svo og fyrirtæki og sjóði í B-hluta ríkisreiknings.

Útgjöld Ríkisendurskoðunar á árinu 1993 námu 157,7 millj. kr. Laun vega þar þyngst eða um ⅔. Sértekjur stofnunarinnar námu 6,2 millj. kr., en þar er um að ræða útselda endurskoðunarvinnu. Útgjöld að sértekjum frádregnum námu 151,6 millj. Í fjárlögum fyrir árið 1993 var ráð fyrir því gert að veittar yrðu 154,7 millj. kr. úr ríkissjóði til reksturs stofnunarinnar. Greiðsluheimildir voru síðan hækkaðar um 8,8 millj. vegna rekstrarafgangs frá árinu 1992. Nam fjárheimild ársins þannig samanlagt 163,5 millj. kr. og útgjöld urðu því 11,9 millj. undir því sem heimildir sögðu til um.

Í samræmi við 5. gr. laga um stofnunina skipar forseti Alþingis sérstakan endurkoðanda reikninga hennar og hefur Guðmundur Skaftason, löggiltur endurskoðandi haft það embætti með höndum.

Sem fyrr er að vikið er Ríkisendurskoðun ætlað að gegna eftirlitshlutverki innan opinberrar stjórnsýslu og að miðla upplýsingum til Alþingis og ríkisstofnana um fjárhagsleg málefni. Stofnunin hefur á hinn bóginn ekki framkvæmdarvald. Því er mikilvægt að athugasemdir og ábendingar sem fram koma í skýrslum hennar fái umfjöllun hjá Alþingi og að Alþingi hlutist til um breytt vinnubrögð ráðherra og embættismanna ef það telur ástæðu vera til.

Forsn. Alþingis ákvað á síðasta ári að skýrslum Ríkisendurskoðunar skuli vísað til einstakra fagnefnda Alþingis og þær teknar þar til umfjöllunar og um þær væri ályktað ef tilefni þætti til. Með þessu móti gefst hlutaðeigendum innan opinbera stjórnkerfisins einnig tækifæri til að skýra sjónarmið sín til þeirra athugasemda sem stofnunin hefur gert. Ég tel þessa breytingu mikilvæga og vona að hún leiði til enn meiri árangurs af starfi Ríkisendurskoðunar hér eftir. Hlutverk Alþingis er þýðingarmikið í þessu sambandi.

Ég tel að ástæða sé til að leggja á það áherslu að sú breyting, sem gerð var með lögunum 1986 þegar stöðu Ríkisendurskoðunar var breytt í stjórnkerfinu þannig að hún heyrði undir Alþingi en ekki lengur undir fjmrn. eins og áður hafði tíðkast, hefur reynst vel. Ekki einungis það heldur hafi sú breyting verið bæði tímabær og nauðsynleg. Með þeirri breytingu varð stofnunin óháð framkvæmdarvaldinu. Hún hefur einnig aukið starfsemi sína og sinnt margþættari verkefnum en áður tíðkaðist og aflað sér virðingar með starfi sínu. Ég legg mikla áherslu á að aldrei má skerða sjálfstæði Ríkisendurskoðunar. Þess þarf að gæta að hún verði ekki að nýju færð undir væng framkvæmdarvaldsins. Enn fremur legg ég áherslu á að Ríkisendurskoðun má ekki fá yfir sig pólitíska stjórn. Hún þarf að vera óháð og sjálfstæð þó svo hún heyri undir Alþingi. Ég tel að þau samskipti sem orðið hafa á milli Ríkisendurskoðunar og hæstv. forseta Alþingis hafi verið góð. Hitt er svo aftur annað mál að ég tel að enn þurfi að bæta meðferð skýrslna sem frá stofnuninni berast til Alþingis og gera athugun á þeim markvissari og virkari. Þeirri hug-

mynd hefur verið hreyft sem er í samræmi við það sem gildir í sumum öðrum löndum að sett verði á laggir sérstök þingnefnd sem fái skýrslur Ríkisendurskoðunar til meðferðar, taki þær til athugunar, kalli fyrir forstöðumenn stofnana og ráðuneyta, sem ástæða þykir til, svo að þeir aðilar geti gefið skýringar á því sem þykir aðfinnsluvert í skýrslum Ríkisendurskoðunar og leggi síðan fyrir Alþingi ályktun í framhaldi af athugun á skýrslunum eftir því sem tilefni þykir gefa til. Þessi hugmynd er að mínum dómi athyglisverð en ég tel að eftir að forsn. ákvað að senda allar skýrslur stofnunarinnar til fastanefnda þingsins hafi þó verið verulegt skref í rétta átt. E.t.v. má segja að það kerfi geti gengið áfram en þó finnst mér að fastanefndir þingsins þurfi í ýmsum tilvikum að rækta það endurskoðunarstarf og athugunarstarf sem þeim er ætlað þegar þær fá slíkar skýrslur í hendur með þeirri vinnutilhögun sem ég hef lýst hér áðan um að gefa þá framkvæmdarvaldinu kost á að bera fram skýringar sínar og leggja síðan fyrir Alþingi niðurstöður úr athugun nefndarinnar.

Þessi mál tel ég ástæðu til að taka til athugunar í þeim tilgangi að það mikla og mikilvæga starf sem unnið er af hálfu Ríkisendurskoðunar skili meiri og virkari árangri en e.t.v. hefur gerst til þessa þó að það hafi vissulega mátt sjá árangur á mörgum sviðum.

Ég tel ekki ástæðu til að lengja mál mitt þótt margt megi segja um starfsemi þessarar stofnunar. Ég vil aðeins, hæstv. forseti, eftir að hafa rakið það helsta úr starfi Ríkisendurskoðunar á árinu 1993 flytja fyrir hönd forsn. og væntanlega allra hv. alþm. Ríkisendurskoðun og starfsmönnum hennar þakkir fyrir vel unnin störf á því ári sem hér hefur verið fjallað um.

Atvinnuréttindi skipstjórnarmanna, 2. umr.

Stjfrv., 316. mál (STCW-reglur o.fl.). — Þskj. 460, nál. 622.

[19:02]

Frsm. samgn. (Pálmi Jónsson):

Hæstv. forseti. Samgn. hefur fjallað um frv. til laga um breytingu á lögum um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum og fengið á sinn fund Svein Snorrason hrl., Pál Hjartarson aðstoðarsiglingamálastjóra og Einar Hermannsson, framkvæmdastjóra Sambands íslenskra kaupskipaútgerða. Enn fremur Helga Jóhannesson, lögfræðing í samgönguráðuneyti. Þessir menn komu allir að samningu þess frv. sem hér er verið að fjalla um.

Ásamt þeim áttu sæti í nefnd sem samdi frv. Jónas Haraldsson skrifstofustjóri Landssambands íslenskra útvegsmanna, Guðjón Ármann Eyjólfsson, skólameistari Stýrimannaskólans í Reykjavík, Guðjón A. Kristjánsson, formaður Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Guðlaugur Gíslason, framkvæmdastjóri Stýrimannafélags Íslands, og Örn Pálsson, framkvæmdastjóri Landssambands smábátaeigenda.

Því er þetta rakið hér við 2. umr. að ég vil gjarnan sýna fram á að þeir aðilar sem komu að samningu þessa frv. voru frá hinum margbreytilegustu sviðum hagsmunaaðila sem tengjast þessu máli. Nefndin fjallaði allítarlega um frv. og var sammála um afgreiðslu þess. Nefndin ákvað að leggja til að frumvarpið verði samþykkt með tveimur brtt. sem birtar eru á þskj. 622 og fjallar fyrri brtt. um það að taka af allan vafa um að skipstjórnarmenn þurfi að hafa atvinnuskírteini sín meðferðis á skipi til að auðvelda Landhelgisgæslu ríkisins eftirlitsstörf að þessu leyti. Síðari brtt. er gerð til samræmis við frv. til laga um breytingu á lögum um atvinnuréttindi vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum, 315. mál.

Þetta frv. ásamt frv. því sem hér er getið um, um breytingu á lögum um atvinnuréttindi vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum, eru mjög samhangandi. Svo er einnig um frv. til laga um áhafnir íslenskra skipa sem nefndin hefur enn eigi afgreitt. Það er þó von mín að samgn. takist einnig að afgreiða það mál samhljóða en með tilliti til þess að þau mál tengjast nokkuð þykir mér rétt að 3. umr. um dagskrármálið og einnig um frv. um breytingu á lögum um atvinnuréttindi vélstjóra og vélavarða doki þangað til séð verður hvort afgreiðsla tekst ekki á hinu þriðja frv. sem þessu eru tengd, þ.e. frv. til laga um áhafnir íslenskra skipa.

En samgn. leggur einróma til að frv. verði samþykkt með þeirri breytingu sem hér hefur verið kynnt og þeim brtt. sem prentaðar eru á þskj. 622.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Framleiðsla og markaðssetning vistvænna og lífrænna afurða, 1. umr.

Frv. GHH o.fl., 398. mál. — Þskj. 638.

[19:07]

Flm. (Geir H. Haarde):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir frv. um átaksverkefni um framleiðslu og markaðssetningu vistvænna og lífrænna afurða. Hér er á ferðinni frv. sem lætur ekki mikið yfir sér og er flutt í samkomulagi allra þingflokka af formönnum þeirra. Efni þessa máls er það að hér er lagt til að sett verði á laggirnar sérstakt átaksverkefni um vöruþróun og sölu íslenskra afurða undir merkjum hollustu, hreinleika og sjálfbærrar þróunar.

Í frv. er gert ráð fyrir því að sérstök þriggja manna stjórn annist þetta verkefni og í henni verði fulltrúar frá landbrn., umhvrn. og bændasamtökunum. Síðan eru nánari ákvæði um þessi verkefni. Sömuleiðis er gert ráð fyrir að ríkissjóður leggi þessu verkefni til 25 millj. kr. á ári næstu fjögur árin en jafnframt án þess að það standi í lögunum er þess vænst að Framleiðnisjóður landbúnaðarins leggi fram jafnháa fjárhæð þennan tíma.

Ég vil vekja á því athygli að það er heldur óvenjulegt að það skuli mælt fyrir í lögum um að ríkissjóður skuli leggja ákveðna fjárhæð til tiltekins verkefnis

um ákveðið árabil og má segja að slík lagafyrirmæli séu á undanhaldi og sjaldséðari en áður var. En tilefni málsins er hins vegar það að þetta var eitt af þeim verkefnum sem til greina kom þegar valin voru mál til að styrkja í tengslum við þjóðargjöfina 17. júní sl. Þá var að vísu ekki samkomulag um að hafa þetta mál, framleiðslu og markaðssetningu vistvænna og lífrænna afurða, inni í þeim pakka ef svo mætti segja en samkomulag um að taka það upp að nýju að hausti. Niðurstaðan í því er þetta frv. sem nú liggur fyrir. En til samræmis við það sem ákveðið var um lýðveldissjóð og þau verkefni sem hann fæst við var ákveðið að festa þarna ákveðna tölu sem færi til verkefna er tengdust fyrst og fremst landbúnaði og má segja að það sé til samræmis við þau framlög sem ákveðin voru í lýðveldissjóð til verkefna tengdum sjávarútvegi og hafrannsóknum.

Ég tel að landbn. þurfi að fjalla nokkuð ítarlega um þetta mál. M.a. eru áhöld um hvort hægt sé að gera ráð fyrir því að Framleiðnisjóður leggi fram framlög eftir árið 1997 vegna þess að þá er óvíst um framtíð hans. Þetta er eitt af þeim atriðum sem nefndin þyrfti að kanna.

Aftur á móti vil ég láta það sömuleiðis koma fram að ýmsir aðilar sem starfa að framleiðslu lífrænna afurða og kalla sig sameiginlega hina lífrænu hreyfingu hafa hreyft athugasemdum við frv. við okkur flm. Ég hef beint því til þeirra aðila að þeir komi athugasemdum sínum á framfæri við landbn. og ég vænti þess að þær athugasemdir fái málefnalega skoðun í landbn.

Ég held að efni þessa máls horfi mjög til framfara og um það geti allir í raun og veru sameinast að skynsamlegt sé og tekjuaukandi fyrir okkur Íslendinga að reyna að leggja áherslu á að koma á erlenda markaði því sem nú er kallað vistvænar og lífrænar afurðir. Ég tel að við eigum meiri möguleika í þeim efnum en mörg önnur lönd. Það þarf hins vegar að vinna markvisst að því máli og ég hef fulla trú á því að stjórn í verkefni sem þessu mundi taka á verkefni sínu af fullri ábyrgð. Hér er um að ræða mikla fjármuni sem er auðvitað brýn nauðsyn að sé vel varið og skynsamlega.

Að svo mæltu legg ég til, virðulegi forseti, að þessu máli verði vísað til 2. umr. og hv. landbn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 3., 7. og 8. mál.

Fundi slitið kl. 19:13.

---

96. FUNDUR

fimmtudaginn 16. febr.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Samsettir flutningar o.fl. vegna EES, stjfrv., 251. mál, þskj. 294. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
2. Atvinnuréttindi skipstjórnarmanna, stjfrv., 316. mál, þskj. 460, nál. 622. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
3. Framleiðsla og markaðssetning vistvænna og lífrænna afurða, frv., 398. mál, þskj. 638. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Grunnskóli, stjfrv., 126. mál, þskj. 131, nál. 666, brtt. 667. — 2. umr.
5. Náttúruvernd, stjfrv., 123. mál, þskj. 128, nál. 640 og 656, brtt. 641. — Frh. 2. umr.
6. Embættisfærsla umhverfisráðherra, þáltill., 138. mál, þskj. 145, nál. 624 og 649, brtt. 650. — Síðari umr.
7. Vernd barna og ungmenna, stjfrv., 197. mál, þskj. 223, nál. 668, brtt. 669. — 2. umr.
8. Kísilgúrverksmiðja við Mývatn, stjfrv., 323. mál, þskj. 491, nál. 629. — 2. umr.
9. Vernd svæðislýsinga smárása í hálfleiðurum, stjfrv., 325. mál, þskj. 493, nál. 630. — 2. umr.
10. Vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar, stjfrv., 324. mál, þskj. 492, nál. 664. — 2. umr.
11. Atvinnuréttindi vélfræðinga, stjfrv., 315. mál, þskj. 648. — 3. umr.
12. Verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf, stjfrv., 255. mál, þskj. 298. — Frh. 1. umr.
13. Gjald af áfengi, stjfrv., 256. mál, þskj. 299. — 1. umr.
14. Áfengislög, stjfrv., 269. mál, þskj. 318. — 1. umr.
15. Greiðsla á bótum til þolenda afbrota, stjfrv., 411. mál, þskj. 659. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Árni R. Árnason, 5. þm. Reykn.,
Davíð Oddsson forsrh.,
Geir H. Haarde, 8. þm. Reykv.,
Halldór Ásgrímsson, 1. þm. Austurl.,
Hjörleifur Guttormsson, 4. þm. Austurl.,
Sigbjörn Gunnarsson, 7. þm. Norðurl. e.

Útbýting þingskjals:

Menningar- og tómstundastarf fatlaðra, 416. mál, þáltill. MF o.fl., þskj. 670.

Lagt fram á lestrarsal:

Erindi frá Lögmannafélagi Íslands.
Erindi frá Samtökum iðnaðarins.

Tilkynning um dagskrá.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill, áður en gengið er til dagskrár, geta þess að samkomulag er um að taka ekki 4. dagskrármálið, grunnskólann, fyrir fyrr en kl. hálffjögur í dag.

Náttúruvernd, frh. 2. umr.

Stjfrv., 123. mál (stjórn náttúruverndarmála o.fl.). — Þskj. 128, nál. 640 og 656, brtt. 641.

[10:39]

Frsm. minni hluta umhvn. (Kristín Einarsdóttir):

Frú forseti. Ég átti satt að segja ekki von á því að þurfa að taka til máls nú í þessu máli. Ég hélt að það væri ekki á dagskrá fyrr en síðar á fundinum þannig að ég hafði ekki reiknað með því að ég kæmi strax á dagskrá auk þess sem ég vissi að aðrir voru á mælendaskrá á undan mér, en það breytir ekki því að ég skal gjarnan koma þeim atriðum á framfæri sem ég hafði ætlað mér.

Í fyrstu ræðu minni í þessu máli mælti ég aðallega fyrir nál. minni hluta umhvn. og skýrði hvers vegna við teldum að ekki væri ástæða til þess að afgreiða þetta frv. nú, en eins og þingmenn muna, þá voru höfð í frammi ákaflega einkennileg vinnubrögð að því er varðaði afgreiðslu þessa máls og nefndin fékk í raun ekki tækifæri til að skoða málið með þeim hætti sem viðunandi verður að teljast. Og eins og ég sagði, þá var það svolítið erfitt fyrir okkur fjögur sem ekki stöndum að áliti meiri hlutans að gera okkur grein fyrir hvaða þætti frv. við værum þó sátt við og hvað ekki og eins brtt. sem lagðar voru fram á fundi nefndarinnar um leið og tillaga var lögð fram um það að taka málið út úr nefnd. Ég get því ekki talað nema fyrir eigin munn um það hvaða breytingar og hvaða áherslur rétt væri að leggja í þessum málum þar sem við fjögur, sem stöndum að þessu nál. sem ég mælti fyrir fyrr í þessari umræðu, höfum ekki endilega sömu skoðanir á því hvernig þessum málum sé best fyrir komið.

Nú gerði hv. 2. þm. Suðurl., Jón Helgason, grein fyrir máli sínu fyrr í umræðunni og skýrði sín sjónarmið og eins hefur hv. 4. þm. Austurl., Hjörleifur Guttormsson, gert grein fyrir sínu og ég ætla þá aðeins að fara yfir nokkur atriði að því er varðar sjálfa mig.

Það vakti athygli mína og reyndar fleiri að hv. 11. þm. Reykn., Petrína Baldursdóttir, skýrði ákaflega lítið og gerði ákaflega litla grein fyrir þeim brtt. sem meiri hlutinn lagði til og skýrði á engan hátt hvers vegna svo mikið hefði legið við á fundi nefndarinnar að þurft hefði að beita þeim vinnubrögðum sem þar var gert og verð ég að segja að ég hef enga skýringu á því hvers vegna meiri hlutinn taldi að nauðsynlegt væri að viðhafa svo óvönduð vinnubrögð sem þar voru höfð í frammi. Ekki er hægt að kenna því um að vilji hafi ekki verið til að halda fund í nefndinni því að aukafundir voru boðaðir á ólíklegustu tímum til þess að reyna að flýta afgreiðslu málsins.

Í 1. gr. frv. er tekið á því að umhvrn. fari með yfirstjórn þessara mála og það held ég að enginn ágreiningur sé um og það eru vonandi flestir sem telja nú orðið að það hafi verið til farsældar að umhvrn. skyldi hafa verið stofnað þó vissulega hafi verið deilur um það mál í þinginu á sínum tíma. Ég hef að vísu heyrt það að ýmsir séu ekki alls kostar ánægðir með framgöngu umhvrn. í mörgum málum og margir líffræðingar sem ég þekki og fólk innan þeirra stofnana sem undir ráðuneytið falla eru á margan hátt mjög ónægðir með framgöngu ráðuneytisins að því er varðar afskipti af innri málum stofnana. Þetta vildi ég segja til þess að taka fram að það eru svo sem ekki allir alveg 100% ánægðir með það hvernig ráðuneytið hefur hagað sér, þó að flestir ef ekki allir sem ég þekki til í þeim geira séu ánægðir með að umhvrn. hafi verið stofnað, en það verður auðvitað að taka á málum af myndugleik, en ekki að vera að skipta sér stöðugt af daglegum rekstri og innri málum. Það er allt annað mál, þannig að þó að þarna sé ekki um neina efnisbreytingu að ræða þá eru allir nokkuð ánægðir með þetta.

Varðandi þá aðila sem taldir eru upp í a-lið 1. gr., þá er það mjög til bóta að það skuli eiga að hafa samráð við Náttúruverndarráð, bændur og aðra landnotendur, sveitarstjórnir og samtök áhugamanna um náttúruvernd. Ég vil taka það fram að í nefndinni komu fram ýmsar athugasemdir varðandi samráðsaðila, þ.e. að þeir þyrftu að vera fleiri. M.a. kom fram frá Ferðamálaráði athugasemd um að það væri mjög nauðsynlegt að fulltrúar ferðamálageirans væru þarna inni vegna þess að frv. miðar að mörgu leyti við að það sé verið að taka á aðstæðum á ferðamannastöðum og þess vegna var eðlilegt að það kæmu fram athugasemdir um það að fulltrúar Ferðamálaráðs eða aðrir fulltrúar ferðamálageirans væru í nefndinni. Nefndin ræddi þetta svo sem ekki frekar en margt annað vegna þess að við höfðum ekki tækifæri til að ræða um það hvort ástæða væri til þess að taka tillit til þessa sjónarmiðs.

Ég verð að segja það, frú forseti, að ég er ekki viss um að það sé endilega rétt að bæta þarna við og að fulltrúi Ferðamálaráðs eigi að vera þarna inni svo að ég segi mína skoðun á því. Ég held að þeir samráðsaðilar sem þarna er, t.d. bændur og aðrir landnotendur, sveitarstjórnir og samtök áhugamanna um náttúruvernd, dekki mjög vel það sem þarna er um að ræða og ég kem aðeins að því síðar að ég tel raunar að það sé óþarfi í náttúruverndarlögum alltaf að vera að tala sérstaklega og mikið um ferðamenn fram yfir aðra eins og gert er því þeir eiga ekki að vera neitt sérgreindir eins og mér finnst stundum vera tilhneiging til, en ég kem aðeins að því síðar, þannig að að því leyti til er ég nokkuð ánægð með þessa grein frv.

En það er þegar kemur að b-lið 1. gr. sem verður 3. gr., þegar á að koma á fót nýrri stofnun, Landvörslu ríkisins, sem efasemdir mínar fara að koma fram. Ég hefði miklu fremur talið að það væri eðlilegt að Náttúruverndarráð héldi áfram starfsemi, það yrði áfram eins og frv. reyndar gerir ráð fyrir, en það mætti svo

sem heita eitthvað annað, ég er ekki að finna að því, heldur að Náttúruverndarráði yrði skipt upp, það yrði deildaskipt þannig að það væri annars vegar rekstur-inn, rekstur t.d. þjóðgarða og friðlýstra svæða, og hins vegar væri þá eftirlitið þannig að það væru ekki sömu aðilar sem væru með framkvæmdir og rekstur og þeir sem væru með eftirlit. Það er akkúrat eitt af því sem hefur verið talað um að væri mjög óheppilegt, t.d. varðandi Náttúruverndarráð að þar sé raunverulega öllu grautað saman. Náttúruverndarráð er með framkvæmdir, þeir eru með eftirlit, þeir eru með fræðslu og þeir eru með friðlýsingarnar og náttúruminjaskrána og þeir eru með allt og sitja raunverulega beggja vegna borðs. Ég held að það hafi verið varaformaður Náttúruverndarráðs á náttúruverndarþingi, ég man ekki alveg hvaða þing það var, sem vitnað var til fyrr í umræðunni, sem sagði að Náttúruverndarráð væri orðið einhvers konar bastarður ef ég man rétt og vitnaði hæstv. umhvrh. til þeirra orða hér. Það út af fyrir sig getur verið alveg rétt að þegar komin er ein stofnun með margs konar hlutverk, þá getur það verið mjög óheppilegt og sérstaklega þegar maður hugsar um að fólk verður að hafa áfrýjunarrétt og það er erfitt að það sé sami aðilinn sem sé með alla þessa þætti. Og varðandi b-liðinn, þar sem aðallega er tekið á um Landvörsluna, að hún skuli stofnuð, þá hef ég efasemdir um að það sé rétt að stofna nýja stofnun við hliðina á annarri, þ.e. Náttúruverndarráði. En það er kannski út af fyrir sig í lagi ef fólk vill endilega nýjar stofnanir sem hafi gott hlutverk, þá er það í lagi.

En ef skoðaður er síðan c-liðurinn, og skoðað er hlutverk Landvörslunnar, þá fer nú aðeins að vandast málið því að samkvæmt honum á Landvarsla ríkisins að hafa umsjón með þjóðgörðum og friðlýstum svæðum. Hún á líka að gæta að umferð ferðamanna, sem er auðvitað eðlilegt því að það er þá aðallega á friðlýstum svæðum og í þjóðgörðum, en síðan á Landvarslan, auk þess að vera með eftirlit, að vera með fræðslu, hún á að vera með umsjón þannig að þegar skoðað er grannt, og ég bið hv. þm. að athuga það sérstaklega, að Landvarsla ríkisins er einmitt orðin sú stofnun sem Náttúruverndarráð hefur fengið sem mesta gagnrýni fyrir að vera, þ.e. þar inn er kominn allur sá grautur, ef ég get notað svo ómerklegt orð, sem er inni á skrifstofu Náttúruverndarráðs, það er bara komið inn á borð til Landvörslu ríkisins. Og hver er þá tilgangurinn með þessu öllu saman?

Ég átta mig alls ekki á því hvers vegna það hefur verið valið að taka öll verkefni Náttúruverndarráðs og setja þau yfir á nýja stofnun. Af hverju var ekki reynt að huga að þeim tillögum sem fram hafa komið um að það væri ein stofnun sem væri þá tvískipt, eins og Náttúruverndarráð hefur komið með tillögur um, sem gæti heitið Landvarslan eða svo sem hvað annað því að menn hafa reyndar gagnrýnt þetta nafn, Landvörsluna, sem væri þá með þá tvenns konar hlutverk? Það getur vel verið að það séu einhverjir gallar á því fyrirkomulagi, en það virðist greinilega ekkert hafa verið athugað þannig að þegar þetta frv. er skoðað og hlutverk Landvörslunnar, þá óttast ég mjög og er raunar sannfærð um það að við fáum nákvæmlega sömu óvissuna og sömu óánægjuna með þessa stofnun eins og margir hverjir eru að tala um Náttúruverndarráð. Ég er ekki ein af þeim sem hafa gagnrýnt Náttúruverndarráð eins hart eins og margir aðrir en hins vegar hef ég viljað breyta mjög starfsemi þess og talið að það þyrfti að endurskoða það og laga. Aðalvandamál Náttúruverndarráðs hingað til hefur verið fjárskortur og það hefur ekki verið hægt að taka á þessum málum þannig að varðandi 3. gr. vil ég lýsa því að ég tel að það gangi ekki upp að gera þetta með þessum hætti, að setja á stofn stofnun sem hefur þessu hlutverki að gegna sem þarna er gert ráð fyrir.

Ég minntist aðeins á nafnið, Landvarsla ríkisins. Þessa hugmynd að nafni sá ég fyrst á náttúruverndarþingi sem haldið var í október árið 1993 þar sem Náttúruverndarráð kom með hugmynd um að sett yrði á stofn sérstök deild innan Náttúruverndarráðs sem héti Landvarsla, sem væri þó undir yfirstjórn Náttúruverndarráðs, og hún ætti að annast eftirlit, rekstur og viðhald þjóðgarða og annarra friðlýstra svæða. Ég hafði svo sem engar skoðanir á því eða tilfinningu fyrir því að það væri neikvætt orð eða óæskilegt, en hins vegar hafa mjög margir orðið til þess að benda á að það væri neikvætt að tala um Landvörslu ríkisins. Þetta gæti virkað eins og svona lögregla eða eitthvað þess háttar. Aðrir hafa orðið til að benda á að þetta hljómaði mjög líkt Landgræðslu ríkisins og Landgræðsla ríkisins benti á það í sinni umsögn að þetta gæti valdið ruglingi og misskilningi og fulltrúar þeirrar stofnunar sem komu á fund nefndarinnar bentu á að á fundi sem hafði verið haldinn nýlega, mig minnir á Akureyri, þá hafi fólk á þeim fundi sífellt verið að rugla saman Landvörslu ríkisins og Landgræðslu ríkisins og vildi meina að þarna gæti orðið um rugling að ræða. Ég vil lýsa því að ég er alveg sammála þessum ábendingum, en við ræddum aðeins um það í nefndinni hvort það væri hægt að finna eitthvert annað nafn á stofnunina og báðum reyndar fulltrúa Landgræðslu ríkisins að koma með einhverjar hugmyndir en þeir gátu ekki bent okkur á það og við komum ekki auga á neitt gott nafn í staðinn fyrir þetta, en það hafa komið upp ýmis nöfn eins og Þjóðgarðar ríkisins, en þá yrði nú, held ég, að breyta örlítið hlutverkinu. Umhverfisstofnun ríkisins var ein tillagan og það hafa komið upp ýmsar hugmyndir. En ég hef ekki verið ánægð með þær uppástungur heldur. T.d. finnst mér að Þjóðgarðar ríkisins væri of takmarkað vegna þess að þessari stofnun er ætlað miklu, miklu meira og víðtækara hlutverk þannig að það væri mjög óeðlilegt að mínu mati að kalla hana því nafni. Varðandi Umhverfisstofnun ríkisins eins og hefur verið talað um að kalla hana líka, þá hefði mér fundist slæmt að þurfa að nota það orð á þessa stofnun sem hefur þetta hlutverk þar sem ég tel og hef reyndar haft þá skoðun að það væri ekkert óeðlilegt að athuga þann möguleika að setja á stofn einmitt Umhverfisstofnun ríkisins sem hefði með að gera miklu, miklu fleiri hlutverk heldur en þessari stofnun er falið. Ég vil í því sambandi einmitt leggja áherslu á það að endurskoðað verði hlutverk ýmissa stofnana sem und-

ir umhvrn. falla og e.t.v. að fella þar einhverjar stofnanir saman og hugsanlega að búa til eina nýja stofnun úr fleirum en einni af þeim stofnunum sem þar eru þannig að það yrði skilvirkara sem undir umhvrn. félli varðandi umhverfismál. Þess vegna er ég t.d. ekki hrifin af því að nota nafnið Umhverfisstofnun yfir þessa stofnun. Þannig að þó að ég sé á vissan hátt óhress með og geti fallist á þau rök sem eru gegn þessu nafni, þá hef ég ekki tillögu hér og nú um neitt annað betra svo að það verður að notast við þetta landvörslunafn eins og gert er ráð fyrir í frv. En ég kem þessu hér á framfæri vegna þess að þeir voru nokkuð margir sem bentu nefndinni á þetta atriði sem við því miður gátum ekki orðið við sökum þess sem ég hef nú sagt frá.

Ég vil gera einnig að umtalsefni það sem hér kemur fram í þessari grein, þ.e. c-lið þessarar greinar, varðandi gjald fyrir fræðsluefni og veitta þjónustu af því að hér hefur það aðeins verið rætt og gagnrýnt af sumum. Ég tel mjög eðlilegt að það sé tekið gjald fyrir fræðsluefni og veitta þjónustu, t.d. í gestastofum og reyndar annars staðar þar sem um fræðsluefni er að ræða þó að ég telji að það sé mjög mikilvægt að það sé hóflegt gjald, að það sé bara fyrir kostnaði en ekki sé raunverulega neinn gróðavegur. Það er mjög mikilvægt að mínu mati að í bæklingum sem fólk fær t.d. þegar það kemur inn í þjóðgarða eða á önnur friðlýst svæði séu einhverjar leiðbeiningar um hvernig fólk eigi að haga sér, hvað má gera og hvað má ekki gera og ýmislegt sem getur komið í veg fyrir náttúruspjöll. Og þess vegna finnst mér að ekki megi selja ákveðið fræðsluefni eða ákveðna bæklinga, sem eru upplýsingabæklingar, það megi ekki selja slíkt og er ég þá t.d. að vitna til þess sem dæmi að þegar maður kemur í þjóðgarðinn í Skaftafelli og fer inn á tjaldstæði, þá er manni afhentur bæklingur sem gefur ýmsar upplýsingar um þjóðgarðinn og ég tel það mjög mikilvægt. Þannig að þegar verið er að tala um þetta og gjald fyrir veitta þjónustu og fræðsluefni o.fl., þá vil ég leggja áherslu á það í fyrsta lagi að þarna sé um mjög hóflegt gjald að ræða, enda held ég að það hafi alltaf verið meiningin en hefði talið eðlilegra að það hefði verið reynt að setja inn, en ég vil líta svo á og ég geri ráð fyrir því að ráðuneytið og þeir sem þarna um fjalla ætli sér ekki að gera þetta þannig að það sé óviðráðanlegt fyrir fólk raunverulega að ná í það fræðsluefni sem þar verður á boðstólum.

Hins vegar vil ég vara við ákvæðum um aðgangseyri. Ég veit að það eru mjög skiptar skoðanir á því hvort það eigi að taka aðgangseyri inn á svæði og eins inn í gestastofur eða eitthvað samsvarandi. Ég hef mjög miklar efasemdir og vil lýsa því fyrir mína hönd að ég leggst gegn því að það sé tekið upp. Ég veit hins vegar að það eru mjög margir sem vilja það og það er eitt af því sem kom mjög fram í umsögnum þeirra sem komu til nefndarinnar. Það voru mjög margir þeirrar skoðunar að það yrði að vera ákvæði um að það mætti taka gjald inn á svæði.

Eitt af því sem hefur verið bent á og sem ég vil taka sem dæmi er t.d. svæðið við Dyrhólaey sem hefur verið talað um að væri eðlilegt að mætti taka gjald inn á. Ég skil alveg sjónarmið þeirra sem þar um fjalla að þeir eru í miklum vandræðum. Ábúendur þar hafa sett upp girðingar, þeir hafa sett upp stíga og þeir eru í hálfgerðum vandræðum með það að geta sinnt þessu svæði eins og þeir vilja. Þeir höfðu gert sér vonir um það að með því að friðlýsa þetta svæði mundi ríkisvaldið koma til móts við þá aðila sem þar eru en því miður hefur það ekki orðið. Auðvitað hefur ríkisvaldið skyldum að gegna gagnvart svona svæðum og það er ekki nóg að friðlýsa. Það verður að sinna svæðunum. Þetta gildir ekki bara um þetta svæði, heldur auðvitað um mörg önnur svæði. Ég held að menn hafi ekki reiknað dæmið alveg til enda þegar verið er að tala um það að hafa aðgang að svona svæðum og ég átta mig ekki alltaf á því hvernig fólk hefur hugsað sér að framkvæma þetta.

Það er líka geysilega dýrt að setja upp hlið og innheimtusvæði og ráða fólk til að innheimta. Það þarf væntanlega að hafa einhvern skúr eða eitthvert hús þar sem fólk gæti verið til innheimtu og þetta getur orðið nokkuð flókið. Hins vegar ef um er að ræða einhvers konar þjónustu eins og t.d. er víða, við getum tekið sem dæmi að víða á hálendinu er veitt ákveðin þjónusta. Við getum tekið Salerni sem byggð hafa verið, ég held að það séu bæði Náttúruverndarráð og Ferðafélag Íslands sem stundum hafa haft samvinnu um það að byggja salerni með ærnum tikostnaði og síðan hefur verið tekið gjald af því fólki sem kemur vegna þess að það notar þá aðstöðu sem fyrir er og það þykir mér alveg koma til greina og þykir mér meira að segja mjög sérkennilegt að fólk skuli vera að fetta fingur út í það að það þurfi að taka gjald t.d. til þess að nota slík salerni vegna þess að það er mjög dýrt að koma þeim upp og það er dýrt að reka þau. Ég vil því vara mjög eindregið við því að það verði settar inn heimildir til að setja aðgöngugjald að svæðum og vil jafnframt benda á að það er í flestöllum ef ekki öllum tilvikum nánast útilokað að framkvæma það. Ef við horfum á Ísland, þá er það þannig að það er ekkert svæði það afmarkað held ég að það sé ekki hægt að komast að því frá fleiri en einum stað þannig að þetta væri erfitt ef menn ættu síðan að fara að elta uppi einhverja sem hafa slæðst inn á eitthvert svæði og fara að rukka þá um hundrað kall fyrir að vera þar. Ég held að þetta verði menn að kanna nokkuð vel og athuga hvort þetta sé alveg það rétta.

Það komu ábendingar um það á fundi nefndarinnar og reyndar hjá nefndarmönnum að þessi grein væri allt of löng og ítarleg og þyrfti að skipta henni upp og það er ein af þeim brtt. sem hér eru og þykir mér það mjög til bóta að að skuli vera gert í brtt. á þskj. 641 frá meiri hluta umhvn. Í þeim brtt. sem eru raunar alveg samhljóða því sem kemur fram í frv. í þessum c-lið, þ.e. í b-lið brtt. á þskj. 641, í lok þeirrar brtt. og lok ákvæðisins þá segir, með leyfi forseta, og vil ég þá bara helst segja að ég vitni til frv.: „Stofnunin skal hafa samvinnu við sveitarstjórnir, yfirvöld ferðamála og skóla um kynningu á friðlýstum svæðum og náttúruminjum, m.a. þar sem ástæða þykir til að hvetja til heimsókna ferðamanna.“

Einmitt að þessu atriði vildi ég koma þar sem ég talaði um ferðamannaáherslu í frv. Ég tel mjög mikilvægt að varðandi ferðamenn sé þess gætt að reyna að beina fólki inn á aðra staði heldur en þessa helstu ferðamannastaði sem flestallir vilja heimsækja. En mér finnst orðalagið „þar sem ástæða þykir til að hvetja til heimsókna ferðamanna" mjög sérkennilegt í þessum lagatexta. Ég tel að það eigi ekkert sérstaklega að vera að hvetja fólk til þess að heimsækja friðlýst svæði og náttúruminjar umfram önnur svæði og ég held að það væri ástæða til þess fyrir okkur að athuga það að ferðamenn sem ferðast um Ísland, bæði Íslendingar og erlendir ferðamenn, koma ekki bara til að skoða náttúruminjar og friðlýst svæði heldur ýmislegt annað. Það eru sögustaðir og það er ýmislegt annað sem fólk vill skoða sem við getum miklu frekar reynt að hvetja fólk til að heimsækja og ég gerði athugasemd við þetta orðalag. Mér fannst miklu eðlilegra, ef ástæða væri á annað borð til þess að vera að hafa ferðamenn þarna inn í, að reyna frekar að segja eitthvað á þá leið að það ætti að gæta þess að það yrði ekki of mikið um átroðning og þá ekki endilega ferðamanna heldur bara fólks á friðlýstum svæðum og náttúruminjum. Það er þetta sem mér finnst svolítið sérkennilegt að þessi áhersla skuli alltaf lögð á ferðamenn. Auðvitað kemur fleira þarna til en þetta eru áhersluatriði sem ég vildi vekja athygli á og fannst eðlilegt að við mundum líta aðeins betur á hvort ekki væri rétt að orða einhvern veginn öðruvísi.

Að því er varðar fræðsluefni fyrir skóla sem nú er búið að taka út úr frv. eða réttara sagt að brtt. meiri hlutans ganga út á það að hlutverk Landvörslu ríkisins að gefa út fræðsluefni fyrir skóla sé tekið út og ég vil lýsa því að ég er algerlega sammála því sem þar kemur fram. Ég tel að að sé miklu eðlilegra að það sé menntmrn. og Námsgagnastofnun sem gera það, en auðvitað verður það að vera í samvinnu við þá aðila sem þarna eru sérfræðingar á sviði umhverfismála og hefði mér fundist eðlilegt að þarna kæmi umhvrn. til sögunnar að því er þetta atriði varðar, þ.e. námsefni fyrir skóla. Ég býst við því að það sé gert, en ef um það væri að ræða og mér finnst ekkert endilega að það eigi við í þessum lögum að kveða nákvæmlega á um það, en mér finnst mjög mikilvægt að umhvrn. komi að námsgagnagerð eins og ég held að það geri nú. Það þyrfti að koma því í einhvern skipulagðan farveg.

Þá erum við komin að því sem ég gerði athugasemd við áðan, þ.e. ég ætla að ítreka það aðeins nánar. Í d-lið 1. gr. frv. er gert ráð fyrir að Landvarsla ríkisins fylgist með því að náttúrunni sé ekki spillt með athöfnum eða framkvæmdum og það vil ég sérstakega gera að umtalsefni að þarna á Landvarsla ríkisins að taka yfir það hlutverk sem Náttúruverndarráð hefur haft með höndum, þ.e. framkvæmdum. Ég held að þetta sé mjög óheppilegt fyrirkomulag. Ég tel að það sé óheppilegt að sama stofnunin sem á að vera þessi jákvæða stofnun, sem á að reka friðlýst svæði og þjóðgarða og hafa þessa jákvæðu ímynd gagnvart almenningi, sé líka með framkvæmdir og eftirlit með framkvæmdum. Mér þykir þetta mjög óheppilegt og finnst ástæða til að spyrja: Af hverju var þessi leið valin? Í frv. sem við höfðum til umfjöllunar á 117. löggjafarþingi var ekki gert ráð fyrir að Landvarslan hefði þetta hlutverk heldur var gert ráð fyrir að Náttúruverndarráð héldi því hlutverki sem það hefur nú og kom mér þetta nokkuð á óvart. Ég átta mig ekki á því hvers vegna þessi tillaga kom fram. Þó að auðvitað sé það skýrt að það sé óeðlilegt að þetta svokallaða óháða og ósjálfstæða Náttúruverndarráð væri með slík verkefni, þá finnst mér mjög óheppilegt að Landvarsla ríkisins sé með þau, eins og hún var að því er ég hélt hugsuð. En það er kannski búið að breyta algjörlega hugsunarganginum í þessu, og ég vil reyndar fullyrða að svo sé, og það sé bara hugsunin að Landvarsla ríkisins taki yfir öll verkefni Náttúruverndarráðs, þ.e. flestöll og síðan umhvrn. þá restina. Ég tel að þetta sé mjög óheppilegt fyrirkomulag og hefði þurft að breyta þessu. Þó svo að hægt hefði verið að fallast á að stofna Landvörsluna þá finnst mér mjög óheppilegt að hún skuli hafa þetta hlutverk þannig að mér finnst í raun að Landvarslan sitji bara alls staðar kringum borðið eins og margir hafa gagnrýnt Náttúruverndarráð fyrir að gera.

Þá er ég komin að e-liðnum sem ég er algjörlega ósammála og það er um það hvernig stjórnin er skipuð. Ég átta mig ekki á því hvers vegna ráðuneytið gafst upp við það að hafa stjórnarfyrirkomulag þar sem gert var ráð fyrir tilnefningum. Á síðasta ári var gert ráð fyrir því í frv. sem við höfðum þá til umfjöllunar að ákveðnir aðilar tilnefndu í stjórn Landvörslu ríkisins. Vissulega komu fram margar athugasemdir um það hversu margir ættu að vera þar og hvernig hún ætti að vera skipuð. Ég er þeirrar skoðunar að þriggja manna stjórn sé kannski í það minnsta, hefði verið eðlilegra að hafa fimm manna stjórn en ætla svo sem ekki að gera það að miklu ágreiningsefni en fimm manna stjórn hefði mér þótt vera miklu eðlilegri. Mér þykir mjög eðlilegt að umhvrh. á hverjum tíma skipi formann stjórnar slíkrar stofnunar þar sem hann þarf auðvitað að hafa náin tengsl við slíka stofnun, undirstofnun umhvrn., en mér þykir ákaflega óeðlilegt að stjórnin skuli skipuð af umhvrn. án tilnefningar. Þetta getur ekki verið eðlileg stjórnsýsla. Ef um er að ræða stofnun sem á að hafa eitthvert vægi og eitthvert sjálfstæði, þá getur það ekki verið eðlilegt að hún sé raunverulega eins og deild í umhvrn. Mér finnst þá miklu eðlilegra að það sé þá bara gengið það skref. En ég er ósammála því að það eigi að gera það. Ég tel að það sé mikilvægt að umhvrn. hafi þarna fulltrúa en að það sé sjálfstæð stofnun sem taki ákvarðanir en sem að sjálfsögðu eigi að vera undir yfirstjórn umhvrn. eins og gert er ráð fyrir í þessu frv. Það er tekið fram að hún eigi að starfa í nánum tengslum við Náttúruverndarráð, Ferðamálaráð, sveitarstjórnir o.fl. Það er auðvitað gott og blessað en ég hefði talið miklu eðlilegra að þarna hefði nefndin, og þá væntanlega hefði verið best að umhvrn. hefði komið með tillögu, en að nefndin hefði ráðist í það verk að gera tillögur um að þarna væri fimm manna stjórn með ákveðnum aðilum sem mundu tilnefna.

Mér hefði einnig fundist alveg koma til greina að í slíkri stjórn mundi Alþingi kjósa einhverja ákveðna aðila. Mér hefði alveg fundist það koma til greina, en best hefði verið að þarna hefðu verið ákveðnir tilnefningaraðilar. Ég vil vekja athygli á því að það komu mjög margar athugasemdir einmitt við þetta atriði, þ.e. varðandi stjórnarskipunina og ég er algjörlega sammála þeim athugasemdum sem þar komu fram. Mér finnst alveg út í bláinn að þarna sé ráðherra með alla stjórnarmenn, ekki síst með tilliti til þess að í frv. er gert ráð fyrir því að umhvrn. fari með ákaflega marga þætti þessara mála sem ég tel að vísu vera mjög óeðlilegt og kem ég að því síðar, en að hann skuli skipa alla stjórnarmenn tel ég algerlega út í bláinn og mjög óheppilega stjórnsýslu.

Í f-liðnum er rætt um þjóðgarðsverði. Eins og frv. er sett upp, þá er gert ráð fyrir að þjóðgarðsvörður starfi og að umhvrh. skipi þjóðgarðsverði en brtt. gerir ráð fyrir að Landvarsla ríkisins skipi þjóðgarðsverði og er ég sammála þeirri brtt. Ég tel að það sé eðlilegra að það sé Landvarsla ríkisins sem skipi þjóðgarðsverði fremur en að þeir séu skipaðir beint af umhvrh. Mér þykir þetta eðlilegra fyrirkomulag og tel að þetta sé brtt. sem ég get verið sammála að sé til bóta.

Einnig eru aðrar brtt. í f-lið þessarar brtt. meiri hlutans sem ég tel að séu mjög til bóta, enda bentum við í nefndinni á að það stæðist engan veginn að hafa þetta frv. sem þarna var lagt fram með þeim hætti sem þar var gert ráð fyrir þar sem orðalagið var þannig að það var hægt að láta sér detta í hug að þjóðgarðsvörður ætti að annast stjórnina á þjóðgörðunum en ekki raunverulega Landvarslan eins og annars staðar er gert ráð fyrir í frv. þannig að það hefði valdið miklum ruglingi ef frv. hefði verið samþykkt óbreytt þannig að þessa brtt. tel ég vera mikið til bóta.

Ég gleymdi að vísu að geta þess áðan varðandi stjórnina, sem er þriggja manna stjórn, að í fyrri ræðu minni minntist ég örlítið á þessa stjórn og reyndar varð það til þess að ég greip líka fram í fyrir einum þingmanni sem hér talaði, hv. þm. Jóni Helgasyni, þar sem hann var að tala um stjórnina. Ég hélt því fram að einn stjórnarmanna væri tilnefndur af Sambandi ísl. sveitarfélaga. Þetta voru mistök af minni hálfu vegna þess að ég var nýbúin að lesa annað frv. sem hv. umhvn. er að vinna með, þ.e. breytingar á frv. til laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit. Þar var gert ráð fyrir breytingum á stjórn og í því frv. er talað um Samband ísl. sveitarfélaga og hafði ég verið með það í huga þegar ég kom hér og fór að ræða þessi mál þannig að ég verð eiginlega, frú forseti, að biðjast afsökunar á því að ég skyldi halda þessu fram og eins að grípa fram í og trufla ræðumann hér vegna þess að ég hélt að þetta væri þannig en það virðist vera ákveðin tilhneiging hjá umhvrn. að taka stjórnir og minnka þær niður í kannski þrjá og fá alla stjórnarmenn helst sjálf, að það sé allt án tilnefningar, það sé beint undir ráðuneytinu. Þetta truflaði mig aðeins og fannst mér þó allt til bóta að það væri einhver tilnefningaraðili en í þessu tilviki, þ.e. þessari stjórn er enginn tilnefningaraðili. Þetta ætlaði ég að leiðrétta hjá sjálfri mér vegna þess að þetta voru smámistök af minni hálfu þar sem ég var að vinna í öðru máli samhliða.

Ég set ákveðið spurningarmerki við þessa grein, þ.e. f-lið sem er 7. gr. varðandi þjóðgarðsverði. Ef frv. verður að lögum, þá er gert ráð fyrir því að Landvarsla ríkisins taki við rekstri þjóðgarða og verði yfirstofnun og að hún ráði þjóðgarðsverði. Nú eru þjóðgarðsverðir ráðnir af Náttúruverndarráði og eru þeirra starfsmenn þannig að ef við skoðun fjárlög, þá er gert ráð fyrir því að Náttúruverndarráð sé með ákveðinn póst á fjárlögum. Ég velti því fyrir mér hvort ekki þurfi að breyta fjárlögum þegar fyrst er ákveðin stofnun og ákveðið lið og síðan er allt í einu ákveðið að stofna nýja stofnun, Landvörslu ríkisins, sem ekki hefur neinn fjárlagalið, er þá hægt að taka peninga sem eru ætlaðir Náttúruverndarráði og setja þá bara yfir á nýja stofnun? Þessu velti ég fyrir mér. Því hefur verið haldið fram í mín eyru að það sé allt í lagi að taka þá án þess að heimild sé til þess þannig að ég velti því fyrir mér hvort ekki sé nauðsynlegt að setja einhvers staðar heimild, hvort sem það er gert með þetta eða með eitthvað annað, að það séu bara teknir af Náttúruverndarráði peningar sem því eru þó ætlaðir samkvæmt fjárlögum og settir yfir á algjörlega nýja stofnun þegar viðkomandi stofnun heldur áfram, hún er ekki lögð niður. Þetta finnst mér vera athugunarefni en eins og annað fengum við ekki að fara ofan í þetta mál en ég hélt að það væri nauðsynlegt og hefði talið nauðsynlegt að það þyrfti að kveða á um það en það getur vel verið að þetta sé misskilningur hjá mér. En þetta er einn af þeim þáttum sem ég tel að þurfi að athuga sérstaklega því að ekki viljum við að þjóðgarðarnir standi uppi með það að ekki sé hægt að reka þá eða þá friðlýstu svæðin og þá er ég að hugsa um það fé sem þarna verður óhjákvæmilega að flytjast á milli. Ég hef heldur ekki séð nokkrar áætlanir um það hvernig þetta megi vera vegna þess að það er talað um að Náttúruverndarráð starfi áfram með skrifstofu og með framkvæmdastjóra alla vega. Það er áskilið í lögunum. Síðan er verið að tala um nýja stofnun sem er þá Landvarslan sem þarf væntanlega að hafa eitthvert aðsetur og væntanlega einhverja starfsmenn. Þetta hlýtur að kosta ákveðna peninga þó ekki sé nema bara stofnkostnaðurinn þannig að ég átta mig ekki á því hvernig í ósköpunum það er hægt að halda því fram eins og fjárlagaskrifstofa fjmrn. segir að þetta muni ekki valda neinum kostnaðarauka. Mér finnst það alveg ótrúlegt og ég skil ekki hvernig þeir geta komist að þeirri niðurstöðu hjá fjmrn. að þarna muni ekki verða um neinn kostnaðarauka að ræða. Mér er það algjörlega hulin ráðgáta. En ef hægt er að gera miklu meira fyrir miklu minni peninga, þá er það auðvitað vel, en það krefst þá skýringa hvernig í ósköpunum það er hægt. Hvernig er hægt að setja á laggirnar heila stofnun og það eru engir peningar sem á að verja til þess? Þarna held ég að verði að gæta að og ef þetta verður að lögum að þarna verði ekki nein óvissa að því er það varðar hvernig má flytja fé þarna á milli. Og svo gagnrýni ég harðlega að það skuli ekki vera gert ráð fyrir auknu fjármagni í þennan málaflokk því það er eitt af því sem ég tel að

sé nauðsynlegt. Mér finnst að miðað við þau verkefni sem Náttúruverndarráð hefur núna, þá hefði ekkert veitt af því fé sem þar er til þess að halda því við. Það er liðið langt á árið og það er óhjákvæmilegt að það kostar peninga að setja þetta á stofn. Og ef þetta frv. verður ekki til þess að auka neitt á vægi þessa málaflokks og það eigi bara að setja á stofn nýtt apparat, eins og einhver hefur orðað það, án þess að það sé neitt skilvirkara eða neitt betra, og það hafa allir viðurkennt það að Náttúruverndarráð hefur fengið allt of lítið fjármagn í gegnum tíðina, og síðan á núna að segja: Það á ekkert að taka þarna á, heldur verður bara í raun að mínu mati minna fjármagn til raunverulegra athafna þar sem við erum nú komin með tvær yfirstjórnir í staðinn fyrir eina áður. Þetta finnst mér vera spor aftur á bak og í raun mjög alvarlegt ef þarna á ekki að vera tekið neitt á.

Í brtt. meiri hluta umhvn. er líka gert ráð fyrir því að flytja greinina um stjórnina fram fyrir áður en talað er um hlutverk hennar og er ég sammála þeirri brtt. líka. Ég tel að það sé miklu eðlilegra að þetta sé í þeirri röð sem þar er gert ráð fyrir.

Þá kem ég að g-lið greinarinnar sem er gert ráð fyrir að verði 8. gr. Þar er fjallað um að Landvarsla ríkisins geti falið öðrum umsjón náttúruminja og friðlýstra svæða, að þjóðgörðum undanskildum. Þetta finnst mér alveg geta komið til greina, en það verður að fara mjög varlega í þessum efnum. Það er mjög mikilvægt að ef Landvarslan gerir þetta í einhverjum mæli, þá sé það gert með þeim hætti að reglurnar séu ákaflega skýrar hvernig með á að fara, þ.e. að Landvarsla ríkisins setji reglurnar um svæðin og að það sé ekki hætta á því að þeir sem þarna eru taldir upp, sveitarfélög, áhugasamtök um náttúruvernd og fleiri, hafi raunverulega frjálsar hendur um hvernig með svæðið skuli fara. Þannig að þó að þetta geti í vissum tilvikum átt við þá mundi ég vilja að það yrði farið mjög varlega með þetta ákvæði og ábyrgðinni yrði ekki varpað yfir á aðra aðila. Vil ég í því sambandi benda á t.d. það sem ég tel hafa frekar óhönduglega tekist til og það er það sem ég nefndi áðan, sem er bara eitt dæmi og það er varðandi Dyrhólaey. Eins og ég kom að áður hafa þeir aðilar sem reka það svæði ekki fengið neina aðstoð og auðvitað undir yfirstjórn Náttúruverndarráðs, en vegna fjárskorts hefur ekki verið hægt að sinna því svæði sem skyldi og það er gert af miklum vanmætti, en raunverulega þrátt fyrir allt af miklum stórhug og dugnaði hvernig tekið hefur verið á því máli.

Í þessari grein er einnig ákvæði varðandi gjaldtökuna sem ég ætla að koma aðeins að síðar, en það hafa einmitt margir bent á það að mikilvægt sé að það sé ljóst hver þarna á að halda á málum. Í 1. mgr., þessari sérgrein stendur, með leyfi forseta:

„Stofnuninni er heimilt með samþykki ráðherra að semja um að taka að sér umsjón ...“ Ég held að það sé brtt. sem segir svo, með leyfi forseta: „Umhvrh. getur falið Landvörslu ríkisins umsjón“ o.s.frv. Af því að minnst er á þetta í nál. minni hlutans, þá ræddum við um athugasemdir Páls Sigurðssonar varðandi þetta frv. og það var einmitt þetta atriði sem hann benti sérstaklega á að þyrfti að breyta og þess vegna reikna ég með að þessi breyting hafi komið fram án þess að mér sé það kunnugt. Hann taldi að það væri mjög óeðlilegt að hafa í greininni eins og hún er í frv. að stofnuninni sé heimilt „með samþykki ráðherra að semja um að taka að sér umsjón“, þá stendur hérna: „Umhvrh. getur falið Landvörslu ríkisins umsjón með öðrum svæðum.“ Ég er ekki alveg viss um að þetta sé eðlilegt því að þarna var Páll Sigurðsson að benda á að með því að orða þetta svona, að stofnunni sé heimilt með samþykki ráðherra — hann benti sérstaklega á ýmis atriði að því er varðaði áfrýjunarrétt og hann taldi að það gæti verið óeðlileg stjórnsýsla ef umhvrn. kæmi þarna beint inn. Og ég er ekki alveg viss um að þetta orðalag sem þarna er gerð tillaga um breytingar, þ.e. að umhvrh. geti falið Landvörslu ríkisins umsjón, sé eðlilegt miðað við þær ábendingar sem Páll Sigurðsson, prófessor í lögum frá Háskóla Íslands, minntist á því að það voru einmitt svona atriði sem hann kom til nefndarinnar um að væri óeðlileg stjórnsýsla eins og hann orðaði það.

Þetta vildi ég bara benda á. En þarna kom einmitt atriði sem ég ætlaði að gera athugasemdir við fyrir utan þetta sem ég er ekkert viss um. Ég skal alveg viðurkenna það að þetta voru ábendingar Páls sem ég er ekki alveg búin að fara nákvæmlega yfir og gat ekki tekið raunverulega afstöðu til upp á nýtt eða skoðað, og það var þetta um að umhvrh. geti falið Landvörslu ríkisins umsjón, og í hinu tilvikinu að stofnuninni sé heimilt með samþykki ráðherra, ég er ekki alveg viss um að þetta sé eðlilegt orðalag og hefði talið að þarna þyrfti að fara betur yfir og skoða hvort þetta er rétt miðað við þær athugasemdir sem komu til nefndarinnar, þ.e. ef menn vilja fara eftir þeim athugasemdum og skoða þær sérstaklega.

Ákvæði um að Landvarsla ríkisins geti haft umsjón með öðrum svæðum sem sérstök þykja sakir landslags, gróðurfars og dýralífs er ég ekki viss um að sé heppilegt fyrirkomulag. Ég hefði talið að það væri eðlilegt að athuga þetta örlítið nánar og vil geta þess að það komu nokkrar athugasemdir fram á fundi nefndarinnar einmitt varðandi þetta atriði, þ.e. hvort eðlilegt væri að gera þetta svona. Það kom meira að segja fram hjá nefndarmönnum að það þyrfti að skoða þetta sérstaklega með tilliti til þess hvort ekki væri rétt að fella þetta ákvæði algerlega út úr frv. En við gátum ekki tekið afstöðu til þess sem heild og ég sé að meiri hluti nefndarinnar hefur ekki tekið það atriði til skoðunar þó svo að sú athugasemd sem kom fram kæmi frá einum sem skrifaði undir nál. meiri hlutans. Það hefur greinilega ekki verið talin ástæða til að breyta þarna.

Þá erum við komin að h-liðnum sem fjallar um náttúruverndarnefndir. Ég verð að segja að ég varð miklu ánægðari með ákvæði frv. sem lagt var fram á 117. löggjafarþingi en þar var gert ráð fyrir að náttúruverndarnefndir væru í hverju kjördæmi sem mundu sjá meira um svæðin í heild. Það voru mjög margir sem gerðu athugasemdir við þetta atriði og í þessu frv. hefur umhvrn. ákveðið að taka tillit til þeirra athugasemda en auðvitað voru ekki allar athugasemdir sam-

hljóða. Ég tek fram að mér finnst að kjördæmin þurfi ekkert endilega að vera umdæmi náttúruverndarnefndanna heldur geti það alveg eins verið minni svæði eða hugsanlega stærri ef einhverjir hefðu viljað það en ég hefði haldið að það væri frekar örlítið minni svæði, nái yfir fleiri sveitarfélög eða þvert á sveitarfélagamörkin til þess að ná utan um náttúruvernd á því svæði. Með því er ég ekki að segja að það eigi að breyta fyrirkomulaginu varðandi sveitarstjórnirnar vegna þess að ég tel mjög mikilvægt að hver sveitarstjórn hafi umhverfis- eða náttúruverndarnefnd sem hún hefur algerlega óháð þessum lögum. Þó ekkert ákvæði væri í þessum lögum um að sveitarstjórnir hefðu náttúruverndarnefndir þá gætu þær gert það alveg óháð því vegna þess að samkvæmt sveitarstjórnalögum hafa sveitarstjórnir heimildir til að gera það og það hefur verið gert, held ég nú orðið sem betur fer, í mjög mörgum sveitarfélögum. Í Reykjavík heitir það umhverfismálaráð og víða heitir það náttúruverndarnefnd eða eitthvað annað, það heitir ekki alls staðar það sama. Sveitarstjórnirnar hafa, sem betur fer held ég, flest allar upp á síðkastið reynt að koma sér upp slíkum nefndum því að sveitarstjórnir eru flestar sammála mörgum okkar hér og kannski flestum að umhverfismál séu ein mikilvægustu mál hvers samfélags og reyndar heimsins í heild.

Ég hefði talið miklu eðlilegra að það væru náttúruverndarnefndir sem hefðu ákveðin hlutverk og þær bæru ábyrgð á málum innan héraðs og hefðu þá bakhjarl, t.d. í náttúrustofum sem vonandi komast á stofn. Auðvitað hefðum við orðið að þróa þetta vegna þess að við erum ekki komin með slíkt fyrirkomulag alls staðar en þó er það að koma upp á fleiri og fleiri stöðum. Mér finnst því ástæða til að staldra við og hugsa: Hvaða hlutverki hafa þessar náttúruverndarnefndir að gegna?

Í ákvæðinu á þskj. 641 um hlutverk náttúruverndarnefnda kemur fram að þær eiga að stuðla að náttúruvernd hver á sínu svæði með ábendingum og tillögugerð til sveitarstjórna og umhvrn., Landvörslu ríkisins og Náttúruverndarráðs. Þetta er að vísu allt gott og blessað en ég tel mjög mikilvægt að það sé ákveðið og víðtækt vald og ákveðið hlutverk sem náttúruverndarnefndum er ætlað á svæðinu til þess að þær geti verið, ef maður getur sagt, eins konar stjórnsýslustig í náttúruvernd milli ráðuneytis og sveitarstjórna. Það má vel vera að rétt sé hjá þeim þingmönnum sem hér hafa komið fram að þarna hefði þurft þriðja stjórnsýslustigið til að koma skikk á þessi mál. Ég ætla ekki að fara að taka afstöðu til þess hér og nú hvort það hefði verið heppilegt ég skil alveg þeirra röksemdafærslu. Ef það hefði verið til þá hefði þetta kannski verið einfaldara. En þar sem það er ekki til þá þýðir ekki að vera að hugsa um það heldur reyna að finna upp eitthvert það kerfi sem gerir það að verkum að ábyrgð og vald heimamanna á málaflokknum sé aukið því um leið og það er gert þá finna einstaklingarnir meira fyrir mikilvægi málaflokksins og telja sig betur þurfa að sinna þeim verkum sem þarf að sinna á sviði umhverfismála á þeirra svæði.

Náttúruverndarnefndirnar eins og gert er ráð fyrir þeim í frv. og brtt. meiri hluta nefndarinnar tel ég ekki vera heppilegar, því miður. Nefndunum er ætlað allt of lítið hlutverk og ég óttast að það verði eins og er núna að þessar nefndir starfa víðast hvar ekki eða starfa illa og finni sig raunverulega ekki í því að hafa mikla starfsemi þar sem þeirra hlutverk er svo óskilgreint. Þetta gildir auðvitað ekki um allar náttúruverndarnefndir en þær eru víðast hvar mjög óvirkar og hafa þeir aðilar sem eru í forsvari fyrir þeim kvartað yfir því að þarna vanti alveg hlutverk.

Það má vel vera að ef sveitarfélögin stækka í framtíðinni, sem ég held að flestir voni, þá verði auðveldara að ráða við þetta en ég tel mjög óheppilegt þar sem við erum að breyta lögunum um stjórnskipulegan þátt þessara mála þá skuli ekki vera tekið á þessu. Þetta ásamt stjórn Landvörslunnar þykir mér vera eitt óheppilegasta atriði frv., þ.e. með þessu eykst miðstýring ráðuneytisins verulega og allt vald í þessum málum verður samþjappað hér á Reykjavíkursvæðinu, í ráðuneytinu og ég tel það alls ekki heppilegt fyrir málaflokkinn. Ég held að það sé mjög mikilvægt að þarna komi margir að og að menn finni til þess að það skipti máli að tekið sé á málum og þá sérstaklega úti á landi.

Ég ætla að lesa hér fimm línur úr nál. til þess að leggja áherslu á það að þeir nefndarmenn sem skrifa undir nál. minni hluta umhvn. eru sammála í þessu efni. Með leyfi forseta stendur þar: „Mikill veikleiki í frv. og tillögum meiri hlutans felst í tilhögun við skipan náttúruverndarnefnda og því mjög svo takmarkaða hlutverki sem þeim er ætlað að sinna. Skynsamlegt hefði verið að deila landinu upp í svæði, kjördæmi eða minni einingar og gera ráð fyrir að þau yrðu umdæmi sérstaklega kjörinna náttúruverndarnefndar heimaaðila sem fengju hlutverk og styddust m.a. við væntanlegar náttúrustofur í starfi sínu."

Síðan er lögð áhersla á það í nál. að eftir sem áður hefðu náttúruverndar- og umhverfisnefndir sveitarfélaga ákveðnu hlutverki að gegna fyrir sveitarfélagið. Það hefði ekki breyst og engin ástæða til þess.

Þá er ég komin að náttúruverndarþingi og vil lýsa skoðun minni á því. Ég tel náttúruverndarþing ákaflega mikilvægan vettvang fyrir umræðu um náttúruverndarmál. En það verður að gæta þess að einhverju máli skipti það sem þar er gert og þar kemur fram, þ.e. að þeir sem á náttúruverndarþing koma finni að það skiptir máli að þeir mæti þar og það sé hlustað á það sem þar er sagt og að ályktanir náttúruverndarþings séu teknar til greina. Á náttúruverndarþingi eins og það er nú eru flestir kosnir í Náttúruverndarráð en ráðherra skipar formann eins og gert er ráð fyrir núna. Þetta fyrirkomulag hefur gert það að verkum að þegar náttúruverndarþing ályktar í einhverju máli hefur Náttúruverndarráð talið sér skylt að taka tillit til þeirra ályktana. Núna eru engin slík tengsl milli náttúruverndarþings og Náttúruverndarráðs, þ.e. yfirstjórn málaflokksins, af því að ég ruglast stundum á Náttúruverndarráði og Landvörslu ríkisins því ég tel að þarna sé raunverulega bara verið að skipta um nafn á fyrir-

bæri og skipa stjórn. Náttúruverndarþing hefur því frekar litlu hlutverki að gegna. Það á núna að kjósa Náttúruverndarráð en eins og fram kemur í frv. og áréttað var af hæstv. ráðherra við 1. umr. málsins er tilgangur frv. sá að svipta Náttúruverndarráð valdi, eins og það er orðað þar. Eins og áréttað er er það beinlínis tilgangurinn að svipta Náttúruverndarráð valdi og þess vegna hljóta þeir sem mæta til náttúruverndarþings að finna til þess að þeirra hlutverk sé ákaflega lítið.

Ég þeirrar skoðunar að það hefði verið eðlilegt að náttúruverndarþing kysi áfram einhvern hluta af Náttúruverndarráð eða samsvarandi stofnun og því yrði falið víðtækara hlutverk og reynt yrði að halda því skemmtilega fyrirkomulagi, sem mér finnst vera til valddreifingar, að frjáls félagasamtök kjósi til slíkrar stjórnar. Ég hefði alveg getað látið mér detta í hug að náttúruverndarþing kysi kannski færri í Náttúruverndarráð eða samsvarandi stofnun, og ég er þá að tala um Náttúruverndarráð sem hefði víðtækara hlutverk en frv. gerir ráð fyrir, síðan mundi ráðherra hugsanlega skipa formann án tilnefningar eins og gert er ráð fyrir í núgildandi lögum en síðan yrðu hugsanlega einhverjir aðilar tilnefndir eða það gert á einhvern annan hátt. Ég er opin fyrir öllu mögulegu fyrirkomulagi en ég er mjög ósátt við það fyrirkomulag sem frv. gerir ráð fyrir, þ.e. þriggja manna stjórn sem skipuð er af ráðherra án tilnefningar, ég er ákaflega ósátt við það fyrirkomulag.

Ég er hins vegar algjörlega sammála því og þykir óheppilegt eins og sagt er í grg. með frv. og kemur fram í frv. sjálfu að vera að telja upp alla þá aðila sem eiga sæti á náttúruverndarþingi. Ég var mjög sátt við þá breytingu þó ég telji að frv. sé algerlega út í bláinn eins og það er að Náttúruverndarráð ákveði sjálft hverjir mæta á náttúruverndarþing. Þess vegna tel ég rétt að tekið sé á því eins og er gert í brtt. meiri hluta nefndarinnar að sett sé inn svona leiðbeinandi hverjir eiga að mæta. Ég tel eðlilegt að t.d. fulltrúar þingflokka eigi þarna ekki aðeins áheyrnarfulltrúa með tillögurétt heldur yrði vægið meira þannig að þeir hefðu sama rétt og aðrir vegna þess að ég tel mjög mikilvægt að pólitískt kjörnir fulltrúar hafi hlutverk í þessum málum. Þess vegna hefði mér alveg fundist koma til greina að Alþingi kysi stjórn slíkra stofnana eins og Landgræðsluna eða Náttúruverndarráð með breyttu hlutverki ef ég fengi einhverju um ráðið.

Þetta vildi ég minnast á einmitt varðandi náttúruverndarþing. Ég vil taka það fram svo það valdi ekki neinum misskilningi að ég tala fyrir mig sjálfa, ekki fyrir hönd þingflokksins því við höfum ekki rætt sérstaklega um einmitt þennan þátt. En innan Kvennalistans hefur verið starfandi hópur um náttúruvernd, sérstaklega í tengslum við það að Kvennalistinn átti fulltrúa í nefnd sem skipuð var af fyrrv. umhvrh. Í þeirri nefnd var Sigrún Helgadóttir fulltrúi Kvennalistans. Þegar við fjölluðum um hennar starf í þeirri nefnd höfðum við hóp í kringum það og þá komu fram ýmsar hugmyndir varðandi einmitt skipan Náttúruverndarráðs en við vorum ekki komnar niður á neina einstaka tillögu heldur vorum við með ýmislegt í huga og vil ég bara halda því til haga að það eru ýmsar hugmyndir uppi um það hvernig þessu skuli skipað. Ein af þeim hugmyndum sem við vorum að kanna er hugmynd sem ég held að sé að vissu leyti ættuð frá Náttúruverndarráði en hún er að Náttúruverndarráð skiptist í ákveðnar deildir og síðan sitji forstöðumenn þeirra deilda eða fulltrúar þeirra í stjórn ráðsins.

Þetta eru hugmyndir sem voru kynntar m.a. á náttúruverndarþingi árið 1993. Ég skal upplýsa það hér að ég er ekkert mjög hrifin af þeirri hugmynd og tel að ekki sé heppilegt að stjórn stofnunar sé skipuð því fólki sem starfar innan stofnunarinnar. Þó að það geti alveg átt þar áheyrnaraðild þá finnst mér ekki rétt að það skipi stjórnina sjálft. Þess vegna verð ég að segja það að mér finnst það fyrirkomulag ekki heppilegt og vil í því sambandi geta þess að á fund umhvn. komu fulltrúar Landverndar og kynntu svipaðar hugmyndir en ég er ekki í hópi þeirra sem fallast á að slíkt sé heppilegt stjórnarfyrirkomulag.

Þetta vildi ég að kæmi fram en halda til haga að þegar ég er að tala er ég ekki að tala fyrir hönd Kvennalistans því við erum ekki búnar að fjalla sérstaklega um þetta atriði. Nú er ég að tala um mína persónulega skoðun á þessu. Að sjálfsögðu er ég ekki heldur að tala fyrir hönd neinna annarra en mín varðandi nál. til þess að það sé alveg á hreinu að þar erum við sjálfsagt með fjórar mismunandi skoðanir einmitt á þessu atriði þó við gagnrýnum stjórnarfyrirkomulagið eins og frv. gerir ráð fyrir.

Þessu vildi ég koma á framfæri til þess að skýra af hverju ég er sérstaklega óhress með þetta þó ég sé ekki þar með tilbúin til þess að koma með brtt. um þetta atriði hér og nú. Það er m.a. ein af ástæðunum fyrir því að ég tel rétt að þetta mál sé skoðað miklu nánar.

Eins og ég segi þá er hlutverk Náttúruverndarráðs nánast að engu orðið og vil ég vekja athygli þingmanna á því að í fskj. með nál. á þskj. 656 er birt umsögn Náttúruverndarráðs. Þar kemur mjög greinilega fram og vil ég vekja athygli hv. þm. á því og biðja þá um að skoða sérstaklega þar sem farið er yfir hlutverk Náttúruverndarráðs eins og það er samkvæmt núgildandi lögum. Síðan er farið yfir það hvað Náttúruverndarráði var ætlað samkvæmt frv. sem lagt var fram á 117. löggjafarþingi og síðan er farið yfir það hvaða hlutverki því er ætlað samkvæmt þessu frv. Það kemur í ljós eins og menn sjá að þarna er raunverulega tekið það litla af Náttúruverndarráði sem eftir var í frv. frá því í fyrra og skýrir kannski hvers vegna Náttúruverndarráð lagðist ekki gegn frv. í fyrra en leggst mjög eindregið gegn því núna. Auk þess bendir Náttúruverndarráð á að ákveðin atriði í hlutverkum sem ráðið hefur með höndum núna falla út.

Ég ætla ekki að telja þetta upp, ég vil bara vekja athygli á þessu til þess að menn geti séð að þarna er raunverulega verið að framfylgja því sem er stefna frv., að svipta Náttúruverndarráð valdi. Hef ég tekið eftir því í umræðunum að það eru nokkrir sem telja það vera af hinu góða en ég er ekki viss um að þeir hinir sömu séu endilega sammála því að þar með sé búin til ný stofnun sem taki við öllu því sem Náttúruverndar-

ráð gerir í dag, ef ég hef skilið umræðurnar rétt.

Þá ætla ég að gera að umtalsefni það ákvæði k-liðar frv. sem mér þykir ákaflega sérkennilegt um að það eigi að leita álits Náttúruverndarráðs á öllum stjfrv. á sviði náttúruverndar áður en þau eru lögð fyrir Alþingi. Mér finnst mjög sérkennilegt að lögbinda slíkt ákvæði, ég viðurkenni það. Ekki það að ég sé á móti því að leitað sé álits Náttúruverndarráðs á öllum stjfrv. áður en þau eru lögð fram, mér finnst bara ákaflega sérkennilegt að lögbinda slíkt ákvæði. Ég tek eftir því að margir umsagnaraðilar, Náttúruverndarráð og fleiri, telja að þetta sé mjög gott og jákvætt. Ég get ekki verið sammála því. Ég átta mig ekki á því af hverju ríkisstjórn og umhvrn. geti ekki lagt fram frv. á sviði náttúruverndar áður en þau eru borin undir Náttúruverndarráð.

Ég vil einnig benda á óvissuþátt í þessum málum ef þetta verður að lögum. Hvað er á sviði náttúruverndar? Ég vil benda á að þetta getur átt við mjög mörg atriði og þykir mér þess vegna óheppilegt að það skuli vera gert þannig að binda hendur ríkisstjórnar með þeim hætti sem þarna er gert ráð fyrir. Það er kannski ákaflega sérkennilegt að ég skuli vera að finna að þessu atriði, svo mikið sem ég vil hafa samráð við fólk, en það er fyrst og fremst það að mér finnst asnalegt að lögbinda eina stofnun, að hún verði að fá að segja álit sitt á stjfrv. áður en þau eru lögð fram. Ég vil bara vekja athygli á þessu. Ég hef reyndar komið að þessu áður en ég hef fengið frekar litlar undirtektir við þetta sjónarmið mitt en ég vil koma þessu á framfæri eftir sem áður. Mér þótti það enn þá verra eins og ákvæðið var á síðasta þingi. Þá var gert ráð fyrir að leita skyldi álits Náttúruverndar á öllum lagafrv. sem lögð yrðu fram. Það fannst mér enn þá verra að menn mættu ekki leggja fram frv. nema leita álits og þetta þykir mér frekar óheppilegt. Þá tek ég það enn og aftur fram að ég er alls ekki á móti því að leitað sé álits Náttúruverndarráðs eða annarra heldur að þetta ákvæði skuli vera lögbundið.

Þá kem ég að næstu grein, l-lið. Það er gert ráð fyrir að Náttúruverndarráð annist vörslu friðlýsingarsjóðs. Ég get út af fyrir sig alveg fallist á þetta og finnst þetta ákvæði ágætt en vil hins vegar benda á að það eru mjög margir sem gera athugasemd við þetta og segja að það sé óeðlilegt ef Náttúruverndarráð á að fara algjörlega út úr allri stjórnsýslu og vera algjörlega valdalaust að ráðið sé yfirleitt með friðlýsingarsjóð. Ég er ekki sammála þeim athugasemdum og þess vegna styð ég það að þetta sé eins og gert er ráð fyrir í frv.

Ég vil hins vegar benda á að í ákvæðinu stendur, með leyfi forseta:

„Tilgangur sjóðsins er að fjármagna einstök verkefni í þágu náttúruverndar, sbr. skipulagsskrá þjóðhátíðarsjóðs."

Þetta orðalag gerðum við athugasemd við og töldum óheppilegt að vísa í lögum í að það skuli vera samanber skipulagsskrá þjóðhátíðarsjóðs. En það hefur ekki verið tekið tillit til þeirra athugasemda og átta ég mig ekki á af hverju það hefur ekki verið gert. Það getur vel verið að það sé allt í lagi að hafa þetta með þessum hætti en í nefndinni komu fram þær athugasemdir að miklu eðlilegra væri annaðhvort að sleppa þessu eða tilvísunin væri skýrari þannig að ekki færi á milli mála hvað við væri átt ef ætlunin er að vitna í þjóðhátíðarsjóð. Ég geri athugasemd við þetta og tel að það þurfi að skoða nánar hvort þetta geti staðist.

Einnig var gerð athugasemd við það af nokkrum aðilum að í stjórn sjóðsins sæti formaður Náttúruverndarráðs og fulltrúi Landvörslunnar. Ég ætla ekki að gera það að neinu ágreiningsefni og tel að það sé út af fyrir sig allt í lagi þó svo að það geti verið eðlilegra að það stæði að í stjórn sjóðsins sæti fulltrúi Náttúruverndarráðs í staðinn fyrir að það sé ákveðið að það sé formaður. Þetta er bara til athugunar en mér finnst þetta ekki vera stórvægilegt atriði.

Síðan kem ég að m-lið sem hefur verið mikið gagnrýndur og ég get tekið undir þá gagnrýni. Þar segir:

„Umhvrn. skal ásamt Landgræðslu ríkisins vinna að gróðurvernd" — þ.e. umhvrn. vinnur að gróðurvernd ásamt Landgræðslu ríkisins. Landgræðsla ríkisins tilheyrir jú landbrn. eins og fyrirkomulagið er nú. Ég get byrjað á því að segja að ég hefði talið miklu eðlilegra að Landgræðsla ríkisins félli undir umhvrn. og þá hefði verið hægt að segja að Landgræðsla ríkisins vinnur að gróðurvernd og þyrfti þá ekkert að vera að segja að umhvrn. gerði það.

Mér þykir mjög einkennilegt að taka svona til orða í lagasetningu og hefði fundist miklu eðlilegra að einhver undirstofnun umhvrn. ynni að gróðurverndarmálum ef það þarf að taka það sérstaklega fram því ég sé ekki fyrir mér að umhvrn. geti gert þetta beinlínis. Þess vegna hefði mér fundist eðlilegra að það hefði þurft að áskilja þarna landbrn. ef það er talið heppilegt að hafa þetta orðalag á annað borð, þar sem þarna er umhvrn. falið ákveðið hlutverk ásamt stofnun sem tilheyrir öðru ráðuneyti. Þetta benda nokkuð margir aðilar á og innan nefndarinnar var einnig fjallað um að það væri ákaflega óeðlilegt að setja málin svona upp.

Það sama gildir einnig um 2. mgr. þar sem talað er um umhvrn. ásamt Skógrækt ríkisins.

Þessu vil ég vekja athygli á sérstaklega vegna þess að það voru svo margir sem minntust á þetta en það hefur greinilega ekki verið talin ástæða til að tekið væri á þessu og athugað hvort þetta væri í lagi.

Ég tek það fram að landbrn. gerði ekki athugasemdir við frv. en við höfðum ekki tækifæri til að kalla þá til fundar við okkur til að spyrja nánar út í þetta eftir að athugasemdir um það komu fram innan nefndarinnar.

Þetta er það sem ég vil segja um 1. gr. Við hana er brtt., l-liður, þar sem talað er um stjórn sjóðsins. Ég tel það orðalag brtt. á þskj. 641 miklu betra en frv. gerir ráð fyrir þannig að ég styð það orðalag og finnst það miklu betra en ákvæði frv. hljóða þó efnislega sé ekki breyting á því, þ.e. að skipa í stjórn sjóðsins að loknu náttúruverndarþingi.

Þá er ég komin að 2. gr. og fer nú að styttast í þessari yfirferð en fyrst er þar brtt. í b-liðnum. Þetta var ein af þeim athugasemdum sem prófessor Páll Sigurðsson gerði við frv., þ.e. að umhvrh. sé heimilt að

fengnum tillögum Landvörslu ríkisins. Hann benti einmitt á að það væri miklu eðlilegra að ákveðin stofnun tæki þarna á málum og það er tekið tillit til þess eins og sést á þessari brtt., þar stendur: „Landvörslu ríkisins er heimilt að ákveða gjald" o.s.frv. og þá er auðvitað hægt að skjóta þeirri ákvörðun til umhvrh. Það er þetta sem hann var að gera athugasemdir við.

Ég vek hins vegar athygli á því að það er ekki tekið tillit til þeirra athugasemda sem hann gerir þó við önnur atriði. Það kemur fram víðar í þessari grein að umhvrh. sé heimilt að ákveða tímabundið gjald fyrir aðgang að náttúruverndarsvæðum. Það er þetta umdeilda atriði. Þetta telur hann einnig að sé aðfinnsluvert eða það þurfi a.m.k. að athuga mjög gaumgæfilega hvort sé rétt að hafa með þessum hætti því það verði að vera ótvírætt þegar talað er um að umhvrh. sé heimilt að gera eitthvað og umhvrh. geti veitt, þá þurfi það að vera mjög ljóst að það sé ekki verið að ganga á rétt einstaklinganna til áfrýjunar til æðra stjórnvalds. Það var einmitt í svona atriðum sem hann var sérstaklega að tala um og það er víðar sem ekki er tekið tillit til þeirra athugasemda sem hann hefur en þó er á nokkrum stöðum tekið tillit til þess að því er mér sýnist. Ég vil taka fram að nefndin gat ekki farið yfir frv. sérstaklega með tilliti til þessa og fengið þá aðra sérfræðinga á sinn fund til þess að kanna þetta nánar. En mér þykir mjög mikilvægt að ekki sé vafi á því að ekki sé gengið á rétt einstaklinga að því er varðar slík atriði.

Ég gagnrýndi áðan að í frv. væri þetta gjald, þ.e. aðgangseyrir, og sagði reyndar að það væri mjög vafasamt að taka það upp og tel ég raunar að það gangi ekki upp en ég vil taka það fram að það voru nokkrir aðilar, m.a. þjóðgarðsvörðurinn í Skaftafelli sem taldi að það væri rétt að það yrðu ótvíræðar heimildir til að taka aðgangseyri og fannst ákvæðið meira að segja of veikt í frv. — svona til þess að taka það fram að það eru auðvitað ekkert allir alveg sammála þessu atriði.

Ég vil sérstaklega vekja athygli á því að í 3. mgr. segir og það er ekki brtt. um það: „Umhvrh. er þó heimilt að veita undanþágu frá þessari reglu". Svo ég taki það einmitt til þá var það þetta atriði sem Páll t.d. tiltók sérstaklega að væri óeðlilegt en ég skal alveg viðurkenna það að ég fór ekki nákvæmlega út í það hvernig væri betra að breyta þessu ákvæði til þess að það yrði í samræmi við það sem hann teldi eðlilegt og það er heldur ekkert endilega víst að allir séu honum sammála. Við höfðum ekkert tækifæri til að fara yfir það. Ég er ekki að segja það að hans athugasemdir séu endilega þær einu réttu og að ekki megi horfa á þetta með öðrum augum. Þetta er bara ábending vegna þessa atriðis.

Ef við snúum okkur þá að 3. gr., ég er búin með 2. gr. Þær brtt. sem hún gerir ráð fyrir eru þá fyrst og fremst að það er verið að flytja hlutverk Náttúruverndarráðs yfir til umhvrh. Mér finnst það ansi langt gengið í öllu frv. og ætla ég ekki að hafa nein sérstök orð um það hér því almennt tel ég að þarna þurfi að athuga miklu betur hvernig á málum er haldið. En það er þó eitt atriði við 3. gr. sem ég vil sérstaklega gera að umtalsefni og það er b-liðurinn þar sem kemur ný grein sem hljóðar þannig, og þá les ég brtt., með leyfi hæstv. forseta:

„Umhvrh. skal setja reglugerð um akstur utan vega, umferð hesta, umgengni í óbyggðum, merkingu bílslóða og vega og leyfilegan öxulþunga vélknúinna ökutækja sem fara um óbyggð svæði. Þar sem hætta er á náttúruspjöllum er akstur utan vega og merktra slóða óheimill."

Þetta tel ég mjög vafasamt. Í fyrsta lagi finnst mér ákaflega hæpið að setja inn í lög að gert sé ráð fyrir akstri utan vega. Mér finnst að það verði að vera alveg ljóst í lögum að það sé algjör undantekning ef leyfður er akstur utan vega. Og eins og segir að umhvrh. skuli setja reglugerð um akstur utan vega — mér finnst þetta mjög slæmt. Mér finnst það verða að vera heimild fyrir því að setja reglur um akstur í óbyggðum, mér finnst það allt í lagi eins og gert er ráð fyrir í núgildandi lögum, en mér finnst það þurfi að nálgast þetta með hinu hugarfarinu. Ég t.d. verð að viðurkenna það að þegar ég sé þessar myndir sem stundum birtast í sjónvarpinu um akstur þvers og kruss um hálendið, t.d. um jöklana og annað, með hálfgerðri auglýsingamennsku, að ég er mjög óhress með það hvernig á þeim málum er haldið og ég hef verulegar áhyggjur af því að þarna sé verið að ganga inn á ákveðna slóð sem er mjög hættuleg. Þess vegna get ég ekki fellt mig við þetta orðalag og vonast ég til þess að menn geti nú sameinast um eitthvað annað. Ég verð að viðurkenna að þetta er það atriði sem ég vildi helst reyna að gera einhverja brtt. við, þó ég vilji helst að ríkisstjórnin taki frv. aftur og vinni það betur og setji heildstæð lög en mér finnst þetta hættulegt ákvæði.

Í núgildandi lögum er gert ráð fyrir að þarna sé sett reglugerð eða reglur eins og það heitir af Náttúruverndarráði í óbyggðum og þetta ákvæði hefur verið nánast haldlaust, því miður. Það hefur ekki verið hægt að taka raunverulega á þessum málum. Ákvæðið er orðað svo núna, með leyfi forseta:

„Náttúruverndarráð skal setja sérstakar reglur um akstur ökutækja og umgengni ferðamanna í óbyggðum, þar á meðal um merkingu bílslóða. Er ráðinu skylt að banna allan óþarfa akstur utan vega og merktra slóða þar sem náttúruspjöll geta hlotist af." Nálgunin er betri í þessu heldur en það sem núna er lagt til. Þetta þykir mér vera til hins verra. Þess vegna legg ég áherslu á það að þarna verði reynt að bæta úr og laga þennan texta.

Ég get líka tekið undir þær ábendingar sem komið hafa fram bæði úr þessum ræðustól og komu raunar fram á fundi nefndarinnar einnig að það er ákaflega sérkennilegt að gera ráð fyrir því að umhvrh. setji reglur um akstur utan vega og umferð hesta — út af fyrir sig getur verið að sé allt í lagi — og umgengni í óbyggðum. En umhvrh. á að setja reglur um merkingu bílslóða og vega og leyfilegan öxulþunga vélknúinna ökutækja sem fara um óbyggð svæði. Ég vek athygli á því að þetta fellur undir dómsmrn. Þeir sjá um merkingu bílslóða og ég hélt hingað til að þeir sæju ásamt Vegagerðinni líka um að það væru aðrir sem sæju um leyfilegan öxulþunga. Ég held að þetta ákvæði, eins og

það hljómar þarna, sé þannig að það mætti skilja það að umhvrn. ætti að setja reglugerð um nánast allan akstur sem ekki væri í byggð. Ég vildi reyndar ekki skilja þetta ákvæði þannig þegar ég las það en eftir ábendingar annarra þá sé ég að það er vel hægt að gera það og mér finnst það ákaflega slæmt og tel rétt að þetta ákvæði verði skoðað sérstaklega með tilliti til þess.

Ég vil geta þess hér að við óskuðum eftir því að það yrði haft samráð við dómsmrn. vegna þessa ákvæðis og ráðuneytisstjóri dómsmrn. taldi að þetta mundi, eins og ég held að skilaboðin hafi verið, ekki valda vandræðum. Við óskuðum hins vegar eftir því að hann kæmi með skriflega umsögn um það hvernig þessu yrði fyrir komið en þá umsögn fengum við ekki af mér ókunnum ástæðum. Mér skilst að alla vega til að byrja með, fyrstu dagana hafi hann ekki verið við, hann hafi verið erlendis að vinna en ég veit ekki hvers vegna við höfum ekki fengið um þetta nánari upplýsingar. En þarna finnst mér mjög mikilvægt að ekki leiki neinn vafi á því hver það er sem fer með vald á þessu sviði. Það má ekki vera þannig að einhverjir geti ímyndað sér að það sé umhvrn. sem eigi að merkja bílslóða og vegi og svo dómsmrn. líka. Þetta verður að vera mjög skýrt og mér finnst að þetta geti valdið misskilningi. Ég held að það væri miklu eðlilegra að við reyndum að finna eitthvert orðalag sem væri ótvírætt að akstur utan vega væri algjör undantekning. Þessu vil ég koma á framfæri því ég tel að þetta geti verið mjög af hinu verra að hafa þetta ákvæði eins og það þarna er.

Ekki vildi ég gera athugasemdir við fleiri ákvæði þessarar greinar en þetta þykir mér það alvarlegasta. Orðalagið er hægt að sjá í nál. minni hlutans, tillögu sem er einmitt um þetta atriði frá Náttúruverndarráði. Ég er ekki alveg viss um að þar hafi Náttúruverndarráð hitt naglann á höfuðið heldur og að þeirra tillaga sé skotheld en það þyrfti auðvitað að athuga. En þetta atriði tel ég að geti valdið miklum ruglingi og geti orðið til þess að þarna skapist óvissa.

Í 4. gr. frv. er talað um friðlýsingar og til þess að átta sig á því hvernig því á fyrir að koma þá vil ég vísa í nál. meiri hluta umhvn. en aftast í því nál. er birt fskj. þar sem sýnt er hvernig lögin litu út ef þetta frv. væri orðið að lögum. Þetta tel ég til mikillar fyrirmyndar og ætti að vera miklu betra fyrir þingmenn að átta sig á hvernig þessum málum er fyrir komið og vil ég skora á þingmenn að kynna sér þá grein en það er 28. gr. og aftur úr og vil ég hrósa þeim sem hafa látið sér detta það í huga að gera þetta svona því ég held að það sé mjög gott þegar verið er að breyta frv. eins og hér er gert ráð fyrir því þá getur verið mjög erfitt fyrir þingmenn að átta sig á hlutunum. En þar verð ég að lýsa því að mér finnst mjög óeðlilegt hvernig hlutur umhvrh. er í því máli svo að ég taki það í einu lagi. Ég tel miklu eðlilegra að frumkvæði að friðlýsingu sé hjá ákveðinni stofnun sem sjái um það, þ.e. að fara í gegnum það mál, en umhvrh. hafi tillögurétt þar eins og aðrir. Það á að vera alveg ljóst að það sé umhvrh. sem hafi frumkvæði að því að nánast að framkvæma vegna þess að það er mjög mikilvægt að fólk hafi eins og áður einhvern áfrýjunarrétt, það sé ekki alltaf á hæsta stjórnsýslustigi sem allar ákvarðanir eru teknar. Þetta þykir mér ákaflega mikilvægt. Ég vil í því sambandi minna á að Páll Sigurðsson bendir einmitt á þetta atriði í athugasemdum sínum að óeðlilegt sé að allar ákvarðanir séu alltaf teknar á efsta stjórnsýslustigi og reyndar hafa fleiri bent á þetta og það gildir t.d. á nokkuð mörgum þáttum innan þessarar greinar. Þessu þykir mér rétt að koma á framfæri.

Ég vil líka koma á framfæri þeim athugasemdum sem ég hef reyndar gert í umhvn. og það er að mér þykir mjög óeðlilegt að fræðilegt bakland varðandi friðlýsingar sé eingöngu í höndum Náttúrufræðistofnunar Íslands. Það eru til fleiri stofnanir á sviði náttúrufræða. Mér þykir mjög eðlilegt ef um er að ræða friðlýsingar eins og gert er ráð fyrir geti fleiri stofnanir verið faglegt bakland en það sé ekki bara bundið við eina stofnun. Þessar athugasemdir hafa ekki verið teknar til greina af hálfu meiri hluta. Þetta finnst mér vera mjög mikilvægt því að þó að Náttúrufræðistofnun Íslands sé auðvitað grunnrannsóknarstofnun á sviði íslenskrar náttúru eru til mjög margar aðrar stofnanir. Ég get t.d. nefnt Líffræðistofnun Háskóla Íslands, jarðfræðistofnun og miklu fleiri stofnanir. Þær sjá um mjög mörg önnur svið og mér finnst ekki rétt að takmarka það við eina stofnun. Ég hefði viljað hafa aðrar rannsóknarstofnanir með. En allt í lagi, þessi athugasemd mín hefur ekki hlotið náð. Í þessari grein finnst mér miklu betra orðalag sem meiri hluti nefndarinnar leggur til bæði varðandi líffræði og vernd örvera og fleira þess háttar sem hér er lagt til og finnst mér að þar hafi verið tekið tillit til þeirra orðalagsábendinga sem hafa komið fram á fundi nefndarinnar og séu mjög jákvæðar og til bóta þannig að ég get tekið undir það.

Ég held að ég sé nokkurn veginn búin að skýra athugasemdir mínar. Að vísu vil ég taka það fram, herra forseti, að ég hefði getað farið miklu betur ofan í þennan kafla um friðlýsingar því að ég tel að hann sé alls ekki með þeim hætti sem hægt sé að sætta sig við. Allt of mikið sé gert ráð fyrir því að umhvrn. verði þar með puttana í. Ég ætla ekki að rekja nákvæmlega hvaða þættir það eru sem hér eru á móti. Ég held að það verði að byggja greinina algerlega upp á nýtt þannig að gert sé ráð fyrir því að ákveðin stofnun sjái um allar þessar framkvæmdir en síðan taki auðvitað umhvrn. ákvörðun eins og gert er ráð fyrir núna. Auðvitað á engin stofnun að geta tekið slíkar ákvarðanir. Það verður að vera umhvrn. sem það gerir.

Ég vil reyndar taka fram að mér finnst orðið verndaráætlun miklu betra en vörsluáætlun sem kemur fram í brtt. við 4. gr. Þar er talað um verndaráætlun í staðinn fyrir vörsluáætlun, ég er alveg sammála því. Ég er sammála flestum þeim brtt. sem þarna koma. Bæði finnst mér orðalagið miklu betra auk þess sem við fljóta yfirferð get ég samþykkt flestar breytingartillögurnar sem eru við 4. gr. Enda þótt ég sé á móti grunnhugmyndinni í greininni þá finnst mér samt orðalagið betra eins og þarna er lagt til. Þess vegna er stundum dálítið erfitt þegar maður vill vera sammála þeim

breytingum, sem gerðar eru til að lagfæra löggjöfina svo að hún bara standist, gangi upp og sé eðlileg, og það að vera með í grunnatriðum á móti því hvernig greinin er byggð upp. Þetta eru vandamál þeirra sem stundum eru að reyna að gera sitt besta í því að löggjöfin sé sæmilega orðuð þó að maður sé á móti ákveðnum ákvæðum.

Ég tel ekki rétt að ráðuneytið sjái um náttúruminjaskrá. Ég held að miklu eðlilegra sé að fela ákveðnum aðilum að sjá um hana sem umhvrn. hefur auðvitað hönd í bagga með og allt það eins og eðlilegt er. Ég hefði því talið eðlilegra að Náttúruverndarráð sæi um náttúruminjaskrána svo að ég haldi því til haga hvaða athugasemd ég hef varðandi það atriði.

Herra forseti. Í 6. lið stendur við ákvæði til bráðabirgða: „Síðari málsliður falli brott." Ég held að það hljóti að vera prentvilla. Þetta eru þrír málsliðir eins og þetta er núna og eins og frv. er prentað upp í fskj. á bls. 19 í nefndaráliti meiri hlutans í þskj. 640 hefur þetta verið prentað þannig upp að þrátt fyrir ákvæði 7. gr. situr núverandi Náttúruverndarráð uns náttúruverndarþing hefur verið haldið. Síðan held ég að það hafi fallið brott þar sem segir í frv., með leyfi forseta:

„Umhvrh. boðar til 9. náttúruverndarþings eigi síðar en í árslok 1995." Ég hugsa að það hafi ekki verið meiningin að fella þetta brott. En eins og þetta er orðað er það óvíst. Þetta þarf að laga og ég býst við að það eigi að standa: Brtt., ákvæði til bráðabirgða, síðasti málsliðurin falli brott. Þetta finnst mér rétt að athuga þar sem málsliðirnir eru þrír. Annaðhvort verður að segja tveir eða tveir síðustu málsliðir falli brott. Það þarf að minnsta kosti að gæta þess að orðalagið sé nákvæmt og ég held að einungis hafi verið ætlunin að fella síðasta málsliðinn brott. Þetta er ábending sem mér finnst við eigum að gæta að svo að þetta sé ekki óvissu háð hvenær boða eigi næsta náttúruverndarþing því að þetta er eitt af því sem kom athugasemd fram í ræðu fyrr í umræðunni. Ég skal alveg viðurkenna að ég ákvað að það væri varla mitt að skýra það sem ég hélt að lægi að baki brtt. En af því að hv. frsm. nefndarinnar var ekki staddur í þingsalnum láðist mér að benda henni á það til þess að hún gæti þá leiðrétt þennan misskilning sem ég hélt að hlyti að vera en það er þá hægt að gera það hér eftir. En ég læt lokið máli mínu, virðulegi forseti, að svo komnu máli.

Útbýting þingskjala:

Barnalög, 342. mál, nál. allshn., þskj. 671; brtt. allshn., þskj. 672.

[12:24]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Það frv. sem er til umræðu varðar mikilvægan málaflokk sem er náttúruvernd í landinu. Það má segja að í þessum málum hafi orðið stökkbreyting á undanförnum árum, ekki síst í hugarfarinu. Mönnum er að verða sífellt betur ljóst að mikilvægi óspilltrar náttúru er mikið, bæði fyrir sálarlíf landsmanna og efnahagslífið. Þessi tengsl við efnahagslífið eru að verða meira og meira áberandi og það snertir umhverfismál almennt.

Ég man svo langt í Alþingi að hér stóðu um það harðar deilur hvort það ætti að setja umhverfismál undir sérstakt ráðuneyti. Ég tók þátt í þeim slag á sínum tíma sem var mjög harður svo að ekki sé meira sagt, var mesta deilumál þingsins á þeim vetri meðan þau átök stóðu yfir. Ég held að það sé alveg ljóst að það hefur verið rétt skref að setja umhverfismálin í þennan ákveðna farveg.

Þetta mál er angi af þeim breytingum sem var ýtt úr vör með stofnun umhvrn. Með þessu frv. er verið að aðlaga starfsemi Náttúruverndarráðs að þessum nýju viðhorfum í stjórnsýslunni. Það er svo að tengsl atvinnulífsins við umhverfismál eru afar mikilvæg, en þetta frv. snýr kannski meira að þjóðgörðum og friðuðum svæðum og hvernig á að standa að verndun þeirra.

Ég vil ekki láta hjá líða í þeim orðum sem ég legg inn í umræðuna að geta um það að það er auðvitað nauðsyn sem ber til þess að huga að vernd allrar náttúrunnar, hvort sem það er um friðuð svæði að ræða eða ekki og umhverfisins alls. Því miður er allt of algengt að koma jafnvel í þéttbýli, jafnvel við sjávarsíðuna þar sem úir og grúir af rusli í kringum fyrirtæki sem eru þó í matvælaframleiðslu og eiga að selja á erlendan markað undir þeirri ímynd að hér sé um hreina og jafnvel náttúruvæna vöru að ræða. Þessi mál þarf auðvitað að tengja saman, breyta hugarfarinu og auðvitað hefur orðið stökkbreyting í þeim efnum. Ég vil undirstrika að stofnun umhvrn. á sínum tíma var rétt og þörf á því að marka þessum málaflokki sérstakan stað í stjórnsýslunni.

Hér hafa verið ítarlegar umræður um þetta frv. og hv. 2. þm. Suðurl. hefur haldið ítarlega ræðu um málið, enda hefur hann átt sæti í þeirri nefnd sem um það hefur fjallað. Ég hef ekki átt aðild að þessu máli í Alþingi en eigi að síður vil ég fara um það nokkrum orðum af því að ég hef áhuga á þessum málaflokki. Brtt. í þessu frv. eru í afar mörgum liðum og ég hef satt að segja heldur illan bifur á málum sem koma með svona miklum skjölum um brtt. því að auðvitað bendir það til þess að það hafi verið í upphafi margt sem þurfti athugunar við og þá geti allt eins verið að það sé stefnt í ranga átt með frv.

Það hefur komið fram í umræðunni að þeir sem talað hafa finnst frv. stefna um of í átt að miðstýringu á mörgum sviðum og ég verð að taka undir það að ég held að margt í þessu frv. stefni þvert á nútímahugmyndir um stjórnsýsluna. Það er svo að það er annað mál til umræðu og á dagskrá í dag um það að færa grunnskóla frá ríkinu til sveitarfélaganna. Sú hugmynd sem á bak við það er er að dreifa valdi og dreifa stjórnsýslunni. Hér er aftur eftirlitsþáttur þessara mála settur undir umhvrn. Ég er í stórum dráttum sammála því að auðvitað hefur umhvrn. yfirstjórn yfir þessum málaflokki en ég held að þessi stefna sé samt í þveröfuga átt við þær valddreifingarhugmyndir sem núna eru efst á baugi í þjóðfélaginu enda stendur í umsögn Sambands ísl. sveitarfélaga eða athugasemdum um málið, en það hafa margir fengið þetta mál til meðferðar, að stefna frv. gangi í þveröfuga átt og miðstýr-

ing umhvrn. er aukin og náttúrunefndir sveitarfélaga og héraðsnefnda hafa einungis það hlutverk að stuðla að náttúruvernd með ábendingum og tillögugerð. Síðan kemur m.a. fram í 6. gr. þar sem kveðið er á um að umhvrh. skipi alla þrjá stjórnarmenn Landvörslu ríkisins án tilnefningar.

Þetta er veigamikill þáttur í þeirri gagnrýni sem frv. hefur fengið við 2. umr. Ég tel að þessi þáttur frv. þurfi endurskoðunar við. Það þurfi að skoða þennan þátt þess miklu betur og hann er ekki síst ástæða þess að það hafa verið slíkar umræður við 2. umr. málsins. Ég tel e.t.v. að þetta frv. hafi liðið fyrir þá stefnu sem virðist vera efst á baugi hjá ráðherrum ríkisstjórnarinnar að láta keyra mál út úr nefndum eða reyna að hafa áhrif á það án þess að um það sé samkomulag og án þess að málin hafi verið nægilega vel skoðuð.

Einn er sá þáttur í þessum málum sem ég vildi koma sérstaklega inn á þó að ég hafi undirstrikað mikilvægi þess að varðveita og halda hreinni eftir því sem kostur er allri náttúru landsins eru þó svæði sem þurfa sérstakrar umhirðu við en það eru þær dýrmætu perlur sem við höfum tekið frá og eru þjóðgarðar í landinu. Skipulag þeirra og varsla er afar mikilvæg og það fer saman að þessir þjóðgarðar eru dýrmætar perlur fyrir Íslendinga og þeir eru einnig fjölsóttir og vinsælir ferðamannastaðir fyrir vaxandi ferðamennsku.

Það er einnig svo að þar sem þessir þjóðgarðar eru þá eru þeir miðpunktar í þeim byggðarlögum sem hlut eiga að máli. Þeir eru þungamiðjan í þeirri ferðamennsku sem þar er og þeir eru aðdráttarafl fyrir bæði fyrir íslenska og erlenda menn. Ég þekki a.m.k. til þess í því kjördæmi sem ég fulltrúi fyrir. Þar er einn þjóðgarður, í Skaftafelli, og hann er afar mikilvægur miðpunktur fyrir þá ferðamannaþjónustu sem er að byggjast upp þar í sveitinni sem er gríðarlega mikil og þar lifir fólk í vaxandi mæli á og hefur sótt inn í ferðaþjónustu þegar dregst saman í landbúnaði. En þjóðgarðurinn í Skaftafelli spilar mikið hlutverk í þeirri uppbyggingu sem þar er.

Það þarf ekki að lýsa fyrir ykkur, hv. alþingismönnum, Skaftafelli eða öðrum þjóðgörðum í þessu landi. Ég þarf ekki að eyða mörgum orðum þar að en þetta eru dýrmætar perlur sem ekki er sama hvernig gengið er um. En eigi að síður verður að fara saman í þeirri umgengni ást á landinu og náttúrunni og þjónustulund við það fólk sem vill sækja þessa staði heim. Þess vegna skiptir miklu máli hvernig að vörslu þeirra er staðið. Það gildi um það skýrar og ákveðnar reglur hvernig á að ganga um þessa staði en eigi að síður að þær séu þannig að fólk hafi aðgang að þeim og geti verið þar sér til ánægju. Ég held satt að segja að það þurfi að varast að miðstýra þessari vörslu of mikið. Það verður að finna til þess leiðir að heimafólk geti komið í ríkara mæli að þessum málum heldur en þetta frv. gerir ráð fyrir.

Það er nú svo með þeim breyttu sjónarmiðum sem eru til náttúruverndar í landinu að fólk hefur og vill ganga vel um landið og þeir sem búa á stöðunum og hafa þar sitt lífsviðurværi eru ekki síðri vörslumenn landsins en aðrir og alls ekki. Það er því mín eindregna skoðun að það þurfi að búa svo um hnútana varðandi vörslu þjóðgarðanna að heimafólk komi þar að í meira mæli en hefur verið.

Það eru og hafa verið árekstrar varðandi þjóðgarðana og umgengni þar. Þessir árekstrar stafa að sumu leyti af ólíkum tilgangi ferðamanna með ferðum sínum og ólíku mannlegu eðli. Þeir stafa af ólíkum umgengnisháttum erlendra manna sem eru hér á ferðalögum og Íslendinga. Erlendir menn sem eru á ferðalögum fara yfirleitt snemma í háttinn en Íslendingar sem eru á ferðalögum lifa kannski margir hverjir í anda setningarinnar eða anda ljóðlínunnar: Hver getur sofið um sumarnætur? Og þessir þjóðgarðar verða að rúma allt þetta fólk. Það má ekki vera neinn einstrengingsháttur í því. Auðvitað verða allir að fara eftir settum reglum um umgengni á þessum stöðum, en eigi að síður verða þjóðgarðarnir að rúma ólíka lífshætti, þeim verður að stjórna fólk sem hefur bæði ást á landinu og þjónustulund til að sinna því fólki sem þar kemur.

Ég nefni þetta vegna þess að ég tel að það sé viss hætta í því fólgin að koma upp miðstýrðri stofnun til þess að annast þessi mál og ég hefði ráðlagt heilt í því að skoða það mál miklu betur hvernig að þessu verður staðið. (**Gripið fram í:** Hvaða hættu?) Ég tel vissa hættu í því fólgna, segi ég, að miðstýra vörslu þjóðgarðanna, að vörslu þjóðgarðanna annist miðstýrð stofnun undir umhvrn. Ég tel eðlilegt að umhvrn. hafi yfirstjórn þessara mála en heimamönnum verði falið aukið hlutverk í þessu efni og ég hefði ráðlagt að þau ákvæði frv. sem hníga að þessu verði skoðuð betur. Það kæmi t.d. vissulega til greina að bjóða hreinlega út rekstur þessara þjóðgarða undir ákveðnum formerkjum og ákveðinni lýsingu á því sem þar á að fara fram og þeim reglum sem þar á að viðhafa og fela þeim aðilum sem vildu bjóða í rekstur þeirra. Ég held að það væri alveg athugandi sú hugmynd.

Ég hef orðið þess áskynja að ýmsum hugmyndum hefur verið velt upp í störfum nefndarinnar. Ef sú niðurstaða verður að Landvörslu ríkisins verði komið á fót þá eru ýmsar stofnanir til sem gætu sinnt þessu hlutverki. Það hefur m.a. komið fram, veit ég, í störfum nefndarinnar ábendingar um að Skógrækt ríkisins geti annast þetta hlutverk. Ég hygg að sú hugmynd sé fullrar athugunar verð. Mér kann að verða bent á það til baka að Skógrækt ríkisins heyri ekki undir umhvrn. Hún heyrir undir landbrn. Ég man vel eftir þegar átökin voru um umhvrn., þá voru átök um hvar ætti að vista skógrækt og landgræðslu. Niðurstaðan varð sú að vista Skógræktina undir landbrn. Það var gert á þeim forsendum að þá var verið að fara út í víðtæka skógrækt á bændabýlum, bændaskógrækt, bæði í minni heimabyggð og annars staðar á landinu og það var talið að þessi ræktunarþáttur ætti betur heima undir landbrn. Hins vegar er hlutverk Skógræktarinnar mjög að breytast. Skógræktin er ekki lengur stór atvinnurekandi í því að rækta plöntur eins og hún áður var. Sá þáttur hefur færst frá henni. Hún er orðin leiðbeiningarstofnun. Hún er orðin eftirlitsstofnun og hún er vörslustofnun stórra landsvæða sem eru skógi vaxin þannig að þetta hlutverk, t.d. að fylgjast með þjóð-

görðunum, mundi ekkert falla illa að starfsemi Skógræktar ríkisins og væri sú hugmynd alveg fullrar athygli verð. Þess vegna hefði ég viljað skoða þá hugmynd miklu betur og vista þá þessa nýju Landvörslu ríkisins, ef af henni verður, í aðalstöðvum Skógræktar ríkisins. Ég held að þessi hugmynd hafi ekki fengið þá skoðun sem hún verðskuldar í starfi hv. umhvn.

Mikilvægur þáttur í starfi náttúruverndarmanna er fræðsluþátturinn. Ég bendi á varðandi fræðsluþáttinn að samkvæmt nýjum náttúruverndarlögum er búið að stofna svonefndar náttúrustofur í landshlutunum og m.a. á Austurlandi var ein slík náttúrustofa að taka til starfa og var verið að ráða henni forstöðumann. Einn þáttur í starfi þessarar náttúrustofu og starfslýsingu hennar er einmitt sá að annast fræðslustarfsemi um náttúruvernd svo að ég held að það beri allt að sama brunni í þessu að það má dreifa þessari fræðslustarfsemi meira en orðið er eða frv. gerir ráð fyrir.

Ég vil undirstrika það hve fræðslan er mikils virði og ég er þeirrar skoðunar með fræðsluþáttinn eins og aðra þætti þessa máls að þeir eru betur komnir ef valdinu er dreift heldur en ef það er dregið allt undir eina stofnun. Ég er með undir höndum umsögn um þetta frv. sem er skrifuð fyrir hönd Náttúruverndar Austur-Skaftafellssýslu af þeim ágæta manni Sigurði Björnssyni á Kvískerjum. Vegna þess að ég tek meira mark á honum heldur en flestum öðrum þegar ég heyri náttúru og náttúruvernd berast í tal þá vil ég vitna í lokaorð þessarar skýrslu varðandi fræðslumálin. Þar segir hann, með leyfi forseta:

„Þó að sjálfsögðu sé best að náttúruverndarnefndir séu einfærar um allt sem þær þurfa að skipta sér af mun þess vart að vænta í náinni framtíð og því mikil þörf á að þær eigi kost á að leita til manna sem þekkja þau svæði sem þær starfa á og einnig mikilvægt að hann geti veitt þeim hvatningu til starfa.

Takmark stjórnar náttúruverndarmála verður að vera að gera þjóðina svo vel upplýsta um verndun náttúrunnar að ekki þurfi boð og bönn til þess að menn lifi í sátt við hana. En þó að miðað hafi í rétta átt síðan náttúruverndarlög voru sett og megi sem dæmi nefna hvað minna ber á rusli við vegi nú en þá, þá er mjög langt í land með að komast í það horf að ekki þurfi skýr ákvæði um það hvernig þarf að umgangast landið. Það verður lengi þörf fyrir að lög um náttúruvernd séu svo skýr að þau séu ekki misskilin og stuðli að sem bestum samskiptum við náttúruna. Það er því von náttúruunnenda að þeim sem ljúka gerð þessara laga takist að gera þau svo úr garði að þau þjóni þeim tilgangi svo vel sem verða má."

Ég vil undirstrika það að fræðslu er þörf og það er auðvitað þörf að það sé aðili sem hefur yfirumsjón með því fræðsluhlutverki en ég vil minna á að árangur er undir því kominn að valdi sé dreift í þessum efnum og almennum skilningur sé á því. Það er stórhættulegt að draga þessi mál í of ríkum mæli undir eina stofnun, en ég viðurkenni þörfina á því að breyta um skipulag í stjórnsýslunni í þessum efnum eftir að umhvrn. hefur verið sett á stofn. Ég tel að það væri mjög þarft og nauðsynlegt til þess að þetta mál fái farsælar lyktir á hv. Alþingi að kalla inn málið aftur til nefndarinnar, líta betur á það, fara yfir þau atriði sem komið hafa fram og freista þess að ná samkomulagi um afgreiðslu þess frá þinginu. Það er að vísu skammur tími til stefnu. En tímann má auðvitað nota vel. Ég hef trú á því að við framsóknarmenn, og tala ég þar fyrir mig og aðra þá sem hafa lagt orð í belg um þetta mál, séum tilbúnir til þess að leggja á okkur þá vinnu, freista þess að ná landi um þá þætti sem mest hafa verið gagnrýndir í þessu máli. Ég er tilbúinn til þess að leggja lóð á vogarskálina í því efni en það fer auðvitað eftir því hver samkomulagsviljinn er hverjar lyktir þess máls verða. 2. umr. um þetta mál stendur yfir, 3. umr. er eftir. Það er engin goðgá að líta betur á það milli umræðna og freista þess að ná samkomulagi um að afgreiða þær skipulagsbreytingar sem nauðsynlegar eru og reyna að gera það með víðtæku samkomulagi í hv. Alþingi. Ég held að þetta mál sé þannig vaxið að um það eigi ekki að standa pólitískar deilur ef samkomulagsvilji er fyrir hendi.

[13:00]

Kristinn H. Gunnarsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Það er nú svo á síðustu dögum þingsins að menn eru að funda nokkuð stíft í nefndum og þingsölum eins og eðlilegt er og um það er jafnan nokkuð gott samkomulag. Hins vegar verður að gæta þess að ganga ekki of langt í að láta fundahöld skarast. Ég vil minna á að nú er að hefjast fundur í allshn., einmitt í þessum töluðu orðum, þar sem nefndarmenn eru einhuga um að reyna að vinna í og afgreiða mál sem ríkisstjórnin leggur áherslu á að hljóti afgreiðslu á þessu þingi og vonir standa til að takist að ná nokkuð góðu samkomulagi um. Því höfum við haldið aukafundi í þeirri nefnd og munum væntanlega gera eins og kostur er til þess að ljúka þessum verkum.

Mér þætti verra ef þingfundur stæði hins vegar yfir nú að þessu sinni á meðan allshn. heldur sinn fund sem er löngu ákveðinn og var ekki annað vitað, að ég held, þegar hann var ákveðinn að það yrði fundarhlé hér og því er fundartíminn miðaður við það, milli kl. eitt og tvö. Að því loknu er nefndarmönnum síðan boðið til athafnar hér í bænum vegna afmælis Hæstaréttar og teljum við okkur að sjálfsögðu skylt að mæta þar.

Ég vildi því í allri vinsemd, virðulegi forseti, fara þess á leit við forseta að fundahöld í þingsalnum nú verði skorin verulega niður eða verði jafnvel ekki á meðan allshn. heldur sinn fund núna.

Forseti (Pálmi Jónsson):

Forseti vill taka fram að ætlunin er að gera fundarhlé frá kl. 13.30 til 15.30. Forseta er kunnugt um að allshn. er senn að hefja fund og er það í fullu samkomulagi að það rekist ekki á við mælendaskrá. Einn af nefndarmönnum í hv. allshn. er á mælendaskrá. En hv. 8. þm. Reykn. er á leiðinni og kemur væntanlega senn og ég bið hv. alþm. að hafa biðlund því hann kemur alveg á næstu mínútum.

[13:03]

Jón Helgason *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég tek undir það sem hér hefur kom-

ið fram, að ég er að fara á fund í allshn. Ég er að vísu ekki á mælendaskrá, ég er ekki búinn að setja mig þar aftur. Ég óskaði eftir því við lok umræðunnar í fyrrinótt að fá upplýsingar frá hæstv. umhvrh. Hann hafði þá takmarkaðan tíma og gat því ekki farið yfir allt sem um hafði verið spurt. Ég var því að bíða eftir því hvort það mundu koma frekari upplýsingar frá honum nú, sem ekki hefur orðið enn, en ég mun að sjálfsögðu ræða málið út frá því sem hæstv. ráðherra sagði þar ef það mætti verða til þess að skýra eitthvað málin og þá ítreka mínar spurningar eða til þess að hægt væri þá að athuga betur hvort menn gætu þar miðlað svo málum að það væri hægt að fá ásættanlegri niðurstöðu. En ég er því miður nú að fara á nefndarfund.

Forseti (Pálmi Jónsson):

Forseti ítrekar það að hann væntir þess að það þurfi ekki að rekast á við fund allshn. þótt hér verði haldið áfram fundi til klukkan hálftvö. En tveir hv. alþm. eru á mælendaskrá sem ættu að geta verið hér viðstaddir og þeirra er senn von.

[13:05]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Það má vera að sakir þingæsku minnar og lítillar reynslu í þessum sölum þá sé ég ekki kunnugur þeim hefðum sem ríkja, en ég vek athygli hæstv. forseta á því að sá hv. þm. sem hér er beðið eftir er ekki staddur í húsinu. Er það venja að halda fundi með þeim hætti, að menn sitji og bíði eftir manni sem staddur er úti í bæ?

Forseti (Pálmi Jónsson):

Forseti hefur greint frá því að honum er kunnugt um að sá hv. þm. sem hér á hlut að máli er á leiðinni og að honum hafi verið gert viðvart fyrir nokkru síðan og ég vænti þess að við þurfum ekki að bíða langa stund eftir að hann komi til fundarins.

[13:06]

Kristinn H. Gunnarsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka forseta svör hans og upplýsingar um að áform hans séu að þingfundur standi eigi lengur en til hálftvö og að þess verði gætt að mælendaröð skarist ekki við fundahöld í allshn. að því leyti að nefndarmenn verði ekki kvaddir hér í ræðustól meðan þeir sitja þann fund.

Að öðru leyti skil ég áform forseta þannig að ræðumaður sem á leiðinni er muni flytja mál sitt og hann muni taka tillit til þeirra óska hv. 2. þm. Suðurl. að gæta þess að halda ekki umræðunni lengur fram en svo að ef hæstv. umhvrh. tekur hér til máls til að svara fram komnum spurningum sem hv. 2. þm. Suðurl. bíður svars við og reyndar fleiri spurningum þá verði honum og öðrum nefndarmönnum gert viðvart. Ég tel þetta fyllilega ásættanleg áform af hálfu forseta og hef ekki neinar athugasemdir við það frekar.

Umræðu frestað.

Um fundarstjórn.

Umræður um dagskrármál.

[13:08]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson):

Virðulegi forseti. Hér hefur verið mál á dagskrá í allan morgun sem er umdeilt og þarfnast umræðu, þarfnast tíma undir þá umræðu. Mér finnst í hæsta máta miður og jafnvel undarlegt hjá hæstv. forseta ef umræðu er frestað vegna þess að menn sem hafa skráð sig á mælendaskrá sjá ekki sóma sinn í því að mæta til umræðunnar. Mér finnst það furðulegt og vil lýsa því hér.

[13:08]

Kristín Einarsdóttir:

Herra forseti. Ég get út af fyrir sig tekið undir það með hæstv. umhvrh. að það sé óeðlilegt að vera að bíða eftir fólki úti í bæ sem ekki getur mætt til fundarins þegar um er að ræða umræður í þinginu. Hins vegar vil ég benda á það að aðrir hv. þm. sem hér eru á mælendaskrá, alla vega gildir það um einn hv. þm. Kvennalistans, varð að velja um það að mæta hér á fund og að mæta á nefndarfund. Til þess að hægt sé að halda nefndarfund á fundartíma, sem er óvanalegt og þarf sérstakt leyfi forseta til, þarf að taka tillit til þess varðandi stjórn fundarins. Og þess vegna þykir mér eðlilegt að forseti taki hér annað mál og það var kannski að minni ábendingu vegna þess að ég er tilbúin til að mæla fyrir litlu máli til að flýta fyrir svo við notuðum tímann frekar en að við frestuðum þessum fundi þangað til eftir hádegishlé.

Forseti (Pálmi Jónsson):

Vegna athugasemdar hæstv. umhvrh. þá lítur forseti svo á að það verði eigi til að greiða fyrir meðferð málsins að strika þá hv. þm. út af mælendaskrá sem hér eru eigi viðstaddir og vill forseti nýta tímann meðan beðið er ræðumanna í því máli með því að taka hér fyrir 9. dagskrármálið eins og kynnt hefur verið.

Vernd svæðislýsinga smárása í hálfleiðurum, 2. umr.

Stjfrv., 325. mál (réttur útlendinga). — Þskj. 493, nál. 630.

[13:10]

Frsm. iðnn. (Kristín Einarsdóttir):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. iðnn. um frv. til laga um breytingar á lögum nr. 78/1993, um vernd svæðislýsinga smárása í hálfleiðurum.

Þetta er frekar lítið mál eins og fram kemur á þskj. 493. Mönnum er væntanlega enn í fersku minni þegar iðnn. fjallaði um þetta mál í þinginu en að lokum tókst um það samkomulag hvernig þessum málum væri best fyrirkomið og lögðum við til á sínum tíma ákveðna meðferð þessara mála.

Í núgildandi lögum er gert ráð fyrir að verndin nái aðeins til íslenskra ríkisborgara og lögaðila en eins og fram kemur í athugasemdum við lagafrv. eru þó

ákveðnar undantekningar í 2. mgr.

Þetta frv. gerir ráð fyrir því að vernd, samkvæmt lögunum um vernd svæðislýsinga smárása í hálfleiðurum, nái til allra sem hanna svæðislýsingar smárása hvort sem um er að ræða íslenska ríkisborgara eða ekki. Hv. iðnn. telur að þetta séu eðlilegar breytingar á lögunum og mælir með samþykkt frv. einróma, þ.e. allir nefndarmenn sem mættir voru á fundinum, Svavar Gestsson, Kristín Einarsdóttir, Pálmi Jónsson, Guðjón Guðmundsson, Gísli S. Einarsson, Sigríður A. Þórðardóttir, Tómas Ingi Olrich og Sverrir Sveinsson. En Guðmundur Stefánsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Náttúruvernd, frh. 2. umr.

Stjfrv., 123. mál (stjórn náttúruverndarmála o.fl.). — Þskj. 128, nál. 640 og 656, brtt. 641.

[13:13]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Ég hlustaði seint í gærkvöldi á hæstv. umhvrh. í sjónvarpsviðtali. Þar flutti hann sem rök fyrir verkum sínum í ráðherraembætti að hann hefði faglega þekkingu og faglegan metnað. Þess vegna ætti að dæma verk hans og ummæli með tilliti til þess. (Gripið fram í.) Að sjálfsögðu vísindalegan metnað, hæstv. ráðherra, því það er sá metnaður sem átt er við á þessu sviði hvort sem fræðigreinin er líffræði, umhverfisverkfræði, lögfræði eða aðrar fræðigreinar.

Ég nefndi það hér fyrir nokkru síðan að þegar ég tók sæti í umhvn. í upphafi þessa kjörtímabils þá gerði ég það gagngert til þess að leggja mitt af mörkum svo hægt væri að þróa þann skilning í þinginu og með þjóðinni að umbætur í umhverfismálum ættu ekki að mótast af átökum stjórnar og stjórnarandstöðu á hverjum tíma. Það ætti að kappkosta að halda þannig á þessum málaflokki að hann gæti orðið sameign þjóðarinnar. Hann yrði ekki fórnarlamb átaka eða flokkshagsmuna, valdabaráttu einstaklinga milli flokka eða innan flokka eða hér í þinginu.

Ég vona að hægt sé að segja það um verk mín í umhvn. á þessu kjörtímabili að ég hafi fylgt þessu fyrirheiti. Ég hef hvað eftir annað stutt hæstv. umhvrh. í verkum hans þegar ég hef talið að efnisrök lægju þar að baki. Ég hef haft á ýmsum málum aðra skoðun heldur en sá ágæti meðnefndarmaður minn sem situr í sama stjórnmálaflokki og ég og tekið afstöðu hverju sinni eftir því sem væri að mínum dómi heillavænlegast fyrir umhverfisvernd á Íslandi og framþróun þeirra mála. Mér finnst þess vegna afar leitt að það skuli vera að gerast hér á síðustu vikum þessa kjörtímabils að hæstv. umhvrh. kappkostar að spilla eins og hann getur þeirri breiðu samstöðu sem alla jafna á að hafa í þessum málaflokki. Umhverfismál eru ekki bitbein Alþfl. eða Alþb., Sjálfstfl. eða Framsfl., stjórnar eða stjórnarandstöðu.

Sá ráðherra sem sest í stól umhvrh. þarf að gera sér grein fyrir því að honum hefur ekki aðeins verið falið nýtt ráðuneyti heldur hefur honum einnig verið falin hagsmunagæsla þess sem þjóðin á sameiginlega og telur með því dýrmætasta sem hún á. Hæstv. umhvrh. er fulltrúi flokks sem hefur líkt og minn flokkur lagt á það kapp að auðlindir hafsins séu sameign þjóðarinnar. En auðlindir náttúrunnar og umhverfisins á landi eru einnig að verulegu leyti sameign þjóðarinnar og það er afar illt þegar svo er haldið á málum að að ónauðsynjalausu eru þau sett í algjöran hnút. Og ég skal segja það hér strax að það er mér algjörlega óskiljanlegt hvers vegna hæstv. umhvrh. kýs að vinna svo ófaglega, óþinglega og óskynsamlega að þessum málum á síðustu vikum þingsins.

Ég tók þátt í því með fulltrúum ríkisstjórnarflokkanna í umhvn. á fyrri hluta þessa vetrar að greiða fyrir því að þetta mál gæti fengið þannig afgreiðslu í nefndinni að ekki þyrfti að senda það út á nýjan leik til allra umsagnaraðila og reyndar þyrfti ekki að senda það út til umsagnar heldur að eingöngu væri leitað eftir því að takmarkaður fjöldi — og ég legg áherslu á orðið takmarkaður — kæmi til nefndarinnar og gerði grein fyrir skoðun sinni. Í sjálfu sér var ekkert sem mælti með því að ég sem þingmaður stjórnarandstöðu væri að ganga í verk af þessu tagi. Ég taldi það hins vegar eðlilegt í samræmi við þau vinnuhorf sem ég hefði viljað fylgja í þessum málaflokki að stuðla að því.

Ég skal að vísu játa það hér að á fyrstu vikum þingsins eftir áramót var ég önnum kafinn við ýmis verk sem formenn flokka þurfa gjarnan að sinna í aðdraganda kosninga og hafði þess vegna ekki þann tíma sem ég hefði kosið til þess að sækja fundi í þessari ágætu nefnd. Ég kom hins vegar á fund í nefndinni í síðustu viku. Hvað gerðist á þessum fundi? Fulltrúi Alþfl. lagði fram brtt. á fundinum og krafðist þess jafnframt að fram færi atkvæðagreiðsla um það að málið yrði tekið út úr nefndinni. Ég benti á að ég hefði ekki haft neinn tíma til þess að skoða þessar brtt. sem væru hinar endanlegu tillögur fulltrúa ráðherrans í nefndinni um það hvernig frv. ætti að líta út og krafa um að taka málið þá umsvifalaust út úr nefndinni var formleg pólitísk tilkynning um það að skipta afstöðu til þessa frv. í stjórnarþingmenn annars vegar og stjórnarandstöðuþingmenn hins vegar. Það var pólitísk ákvörðun um að taka þetta mál út úr hugsanlegum samflokkslegum farvegi og stilla því í brennidepil átakalínunnar milli stjórnar og stjórnarandstöðu.

Ég tel að hæstv. umhvrh. verði að skýra það hér í umræðunum hvers vegna hann hefur kosið, því ég tel að fulltrúi Alþfl. hafi ekki verið að taka þessa ákvörðun upp á eigin spýtur heldur hafi gert það sem fulltrúi ráðherra og ég gagnrýni það ekki, það er fullkomlega eðlilegt. Þess vegna er það ráðherrann sem verður að skýra það hér fyrir okkur sem allt þetta kjörtímabil höfum sýnt það í verki að við höfum ekki tekið afstöðu til mála eftir skiptilínunni stjórn og stjórnarandstaða þegar umhverfismál hafa átt í hlut, hvers vegna hæstv. ráðherra kaus að tilkynna okkur að frekara sam-

starfs væri ekki óskað. Sérstaklega í ljósi þess að ég tók þátt í því með þingmönnum stjórnarflokkanna í umhvn. og með hæstv. ráðherra hér á fyrri hluta þings að ýta þessu máli úr vör í þingnefndinni með allt öðrum hætti.

Ég óskaði eftir því í nefndinni að það gæfist a.m.k. dagsfrestur til þess að skoða þessar brtt. og bæði ég og aðrir í nefndinni gætum átt kost á því að meta það hvaða tillögum við vildum fylgja, við hverjar við hefðum fyrirvara og hvort það væru einhverjar sem við teldum óhjákvæmilegt að vera á móti. Það var ekki gert. Þvert á móti var bara tilkynnt að allur pakkinn, eins og hann lagði sig, skyldi vera farangur stjórnarflokkanna hér inn í umræðuna og samvistum frv. við einhverja þingmenn stjórnarandstöðuflokkanna skyldi slitið.

Mér er líka kunnugt um það að formaður nefndarinnar hafði gert ráðstafanir til þess að halda nefndarfund næsta dag, föstudag, svo hægt væri þá að taka málið út úr nefndinni ef þess væri óskað. Það var þess vegna á engan hátt þannig að það væri verið að koma í veg fyrir það að málið væri tekið út úr nefndinni í tæka tíð fyrir vinnu þingsins í þessari viku. Engin slík ætlun var uppi í nefndinni. Það er mér fullkunnugt um, hæstv. ráðherra.

Ég hef aldrei vanist því hér í þinginu, aldrei, ekki einu sinni í hörðum pólitískum deilumálum á sviði efnahagsmála, skattamála, kjaramála, milli stjórnar og stjórnarandstöðu, að brtt. séu lagðar fram ítarlegar og í mörgum liðum og á sömu stundu sé óskað eftir því að málið sé tekið út úr nefndinni. Ég hef aldrei vanist því. Það má vel vera að slíkir siðir hafi verið teknir upp í einhverjum öðrum nefndum hér á þessu kjörtímabili en allan þann tíma sem ég hef starfað í þinginu frá 1978 hef ég aldrei kynnst svona vinnubrögðum. Þegar ljóst er að málið átti ekki að koma fyrir á föstudeginum hér í þinginu þá var ekkert, hæstv. ráðherra, bókstaflega ekkert sem kallaði á það að taka það út úr nefndinni sl. fimmtudag og engin rök fyrir því að neita ósk um að bíða einn sólarhring svo að menn gætu skoðað í friði þær brtt. sem voru lagðar fram.

Ég óska eftir því, hæstv. ráðherra, að fá skýringar á því af hverju var þetta svona brýnt. Hvað lá á? Er þetta bara orðið þannig að sálarástand ráðherrans ráði ferðinni í málinu? Eru það faglegu vinnubrögðin, er það yfirvegunin? Eru það hinir nýju hættir sem áttu að koma með yngri forustumönnum í Alþfl.?

Hæstv. ráðherra kann að segja að þær athugasemdir sem fram hafi komið í nefndinni séu svo léttvægar og lítilfjörlegar að það hafi ekki verið ástæða til þess að huga neitt að þeim. Þá vil ég benda hæstv. ráðherra á það að Páll Sigurðsson, lagaprófessor við Háskóla Íslands, er forseti Ferðafélags Íslands. Páll Sigurðsson, prófessor í lögum við Háskóla Íslands. Hann kom tvívegis á fund nefndarinnar og lét nefndinni jafnframt í té minnisblað. Þar segir, eins og fram kemur í nál., með leyfi hæstv. forseta, að í frv. sé „... með óheppilegum og vafasömum hætti gert ráð fyrir ákvarðanatöku umhvrn. á frumstigi sem um leið skaðar í reynd möguleika á stjórnlegri kæru til ráðuneytisins."

Þessi ummæli Páls Sigurðssonar prófessors og reyndar ýmislegt annað sem fram kom í umfjöllun nefndarinnar gefur til kynna að út frá almennum stjórnsýslulegum vinnureglum í nútímastjórnsýslu og lögum sé frv. gallað. Umhvrn. hefur lögfræðing á sínum snærum. (**Gripið fram í:** Þrjá.) Meira að segja þrjá lögfræðinga, það er gott að heyra það. Ég hélt að umhvrn. væri kappsmál að leggja fram eitthvert svar við þessari gagnrýni Páls Sigurðssonar, prófessors í lögum við Háskóla Íslands. En kannski hefur sá lögfræðingur umhvrn. sem átti að semja svarið verið svo önnum kafinn við að undirbúa framboð sitt fyrir Alþfl. í Suðurlandskjördæmi að hann sé búinn að leggja hin faglegu verk til hliðar. Og aðstoðarmaður umhvrh. var eins og kunnugt er önnum kafinn við að undirbúa ályktanir flokksþings Alþfl. sem haldið var fyrir skömmu.

Er það virkilega þannig, hæstv. umhvrh., að þetta litla ráðuneyti sé orðin slík „station" fyrir áróðursdeild Alþfl. í komandi þingkosningum að faglegri vinnu að máli af þessu tagi sé ýtt til hliðar og henni ekki sinnt? Eða er það virkilega þannig að hæstv. ráðherra, sem í sjónvarpinu í gær talaði um vísindaheiður sinn og faglegan metnað, sýni ekki prófessorum í lögum við Háskóla Íslands sams konar virðingu fyrir fræðilegum metnaði þeirra og vísindaheiðri þeirra? Eða á vísindaheiðurinn bara við líffræðina, hæstv. ráðherra? Auðvitað er það ekki þannig.

(**Forseti** (PJ)**:** Forseti vill greina frá því að ætlunin var að gera hlé á fundinum klukkan hálftvö til klukkan hálffjögur. Forseti vill því spyrjast fyrir um það hvort hv. ræðumaður er um það bil að ljúka máli sínu eða hvort hann kýs að gera hlé á ræðu sinni.)

Virðulegi forseti. Ég kýs að trufla ekki þá ætlun forseta að gera nú fundarhlé. Mér skilst að Hæstiréttur Íslands eigi afmæli í dag og það sé m.a. af virðingu við lögin í landinu, dómarana og kannski líka prófessorana í lögum við Háskóla Íslands sem þjóðþingið ætlar að taka sér núna hlé. Ég legg til að hæstv. umhvrh. mæti á afmælishátíð Hæstaréttar og setjist hjá nokkrum lagaprófessoranna og hugleiði ummæli lagaprófessoranna um það frv. sem hér er til umræðu en er að öðru leyti reiðubúinn að hefja ræðu mína að nýju þegar forseti tekur ákvörðun um það og fresta nú ræðu minni.

[Fundarhlé. — 13:30]

Útbýting þingskjala:

Fyrning skulda og annarra kröfuréttinda, 417. mál, þáltill. JÁ og MF, þskj. 673.

Grunnskóli, 126. mál, nál. 1. minni hluta menntmn., þskj. 674; till. til rökst. dagskrár, VS o.fl., þskj. 676.

Grunnskóli, 2. umr.

Stjfrv., 126. mál (heildarlög). — Þskj. 131, nál. 666 og 674, brtt. 667, till. til rökst. dagskrár 676.

[16:03]

Frsm. meiri hluta menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til laga um grunnskóla á þskj. 666 og brtt. á þskj. 667 frá meiri hluta menntmn.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið sem kveður á um flutning á rekstri grunnskóla frá ríki til sveitarfélaga. Flestar breytingar frumvarpsins frá gildandi lögum um grunnskóla, nr. 49/1991, byggjast á flutningi grunnskólans. Gert er ráð fyrir að öll ábyrgð á framkvæmd skólahalds á grunnskólastigi færist til sveitarfélaga, að undanskilinni útgáfu námsgagna. Sveitarfélög munu því taka við ráðningu starfsmanna og launagreiðslum til skólastjórnenda, kennara og annarra sérfræðinga sem starfa í grunnskólum og eru nú ráðnir hjá ríkinu. Aðrar breytingar, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, lúta að umbótum í skólastarfi. Í því sambandi ber sérstaklega að nefna að gert er ráð fyrir fjölgun kennslustunda og kennsludaga samfara einsetningu grunnskólans og aukin áhersla er lögð á námsmat og eftirlit með skólastarfi, upplýsingamiðlun til almennings og stjórnvalda um skólastarf og árangur þess og áhrif foreldra.

Frv. það sem hér er til umræðu hefur fengið mjög ítarlega og vandlega meðferð og umfjöllun í hv. menntmn. Nefndin hefur fengið fjölmarga aðila á sinn fund til að veita upplýsingar og ræða þetta mikilvæga mál. Nefndinni bárust mjög margar umsagnir um frv. þar sem fram komu gagnlegar athugasemdir og ábendingar og það er greinilegt að mikil vinna liggur að baki umsagnanna. Það tel ég að endurspegli mikilvægi málsins og áhuga þeirra sem um hafa fjallað að það fái sem farsælastan framgang. Fyrir þetta vil ég þakka sérstaklega og einnig þeim aðilum sem hafa komið til funda nefndarinnar fyrir mjög málefnalegar og góðar viðræður.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerð er grein fyrir á sérstöku þingskjali. Helstar þeirra eru:

1. Lagt er til að við 9. gr. bætist nýmæli sem gerir ráð fyrir að menntamálaráðherra geri Alþingi grein fyrir framkvæmd skólastarfs í grunnskóla á þriggja ára fresti. Mikilvægt er talið að Alþingi fylgist með reglubundnum hætti með framkvæmd skólastarfs í grunnskólum. Forsenda fyrir slíkri umfjöllun er að fyrir liggi ítarlegar upplýsingar um framkvæmd skólastarfs og árangur af því. Gert er ráð fyrir að það verði hluti af eftirlitsskyldu menntamálaráðuneytis að afla reglulega upplýsinga úr skólum og standa fyrir því að gerðar verði rannsóknir og úttektir á tilteknum þáttum skólastarfs. Í því sambandi má nefna 9., 10., 46., 49., 51. og 53. gr. frumvarpsins.

2. Lagt er til að í 11. gr. verði kveðið á um að sveitarstjórnum sé heimilt að skipta sveitarfélagi niður í skólahverfi. Talið er nauðsynlegt að lögfesta slíka heimild fyrir stærri sveitarfélög og má í því sambandi nefna Reykjavíkurborg og önnur fjölmenn sveitarfélög. Meiri hlutinn telur eðlilegt að sveitarfélögum sé falinn sjálfsákvörðunarréttur varðandi skipan þessara mála. Það er sjálfsagt og í anda frv.

3. Breytingin, sem lagt er til að gerð verði á 12. gr., er talin nauðsynleg samhliða þeirri breytingu sem lögð er til á 11. gr. Sú breyting hljóðar svo: „Í sveitarfélögum þar sem skólahverfi eru fleiri en eitt skal áætlun um starfstíma nemenda jafnframt staðfest af viðkomandi sveitarstjórn.“ Meiri hlutinn telur eðlilegt að sveitarstjórnir geti haft íhlutunarrétt þegar teknar eru ákvarðanir um skólatíma í einstökum skólum ef talið er rétt að skólatími innan sama sveitarfélags sé samræmdur enda þótt skólanefndum sé að öðru leyti veitt svigrúm til að móta skólastarf innan þess ramma sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

4. Lagt er til að 20. gr. verði breytt á þann veg að sveitarstjórn ákveði sjálf nafn skóla án umsagnar menntamálaráðuneytis og örnefnanefndar. Það fyrirkomulag, sem frumvarpið gerir ráð fyrir er í samræmi við þá framkvæmd sem verið hefur um árabil en við flutning grunnskóla til sveitarfélaga er talið eðlilegt að sveitarfélög hafi sjálfdæmi um þetta atriði.

5. Lagt er til að í 33. gr. verði með óyggjandi hætti kveðið á um það að Námsgagnastofnun sinni hlutverki sínu áfram og ríkið kosti náms- og kennslubækur og námsgögn fyrir nemendur í skyldunámi. Stofnunin hefur gegnt veigamiklu hlutverki í skólastarfi og telur meiri hlutinn mikilvægt að áfram verði tryggt nægilegt framboð af námsbókum og námsgögnum sem standast kröfur gildandi laga og aðalnámskrár. Gert er ráð fyrir að menntamálaráðherra setji í reglugerð nánari ákvæði um endurgjaldslausa úthlutun námsgagna. Þá er gert ráð fyrir að menntamálaráðherra kveði á um ýmis önnur atriði í reglugerð á grundvelli heimildar í 6. mgr., m.a. það hvaða námsgögn skuli afhent nemendum til eignar.

Að síðustu vil ég taka þá breytingu að lagðar eru til verulegar breytingar á gildistökuákvæði laganna í 57. gr.

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að lögin í heild komi fyrst til framkvæmda 1. jan. 1996 og þá að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Meiri hlutinn telur nauðsynlegt að þá liggi fyrir samþykki Alþingis á breytingum á lögum um tekjustofna sveitarfélaga og á ákvæðum laga um tekju- og eignarskatt, um skiptingu skatttekna milli ríkis og sveitarfélaga. Þetta eru helstu brtt. sem meiri hluti menntmn. leggur til að gerðar verði á frv.

Í tengslum við umfjöllun um grunnskólafrumvarpið hafa verið ræddar hugmyndir um að enska taki við af dönsku sem fyrsta erlenda tungumálið í grunnskóla. Um þær hugmyndir eru skoðanir skiptar. Meiri hlutinn leggur áherslu á að ef fyrirhugaðar eru breytingar af þessu tagi fái menntamálanefnd tækifæri til þess að segja álit sitt á þeim.

Við umfjöllun um frumvarpið lögðu fulltrúar Heyrnleysingjaskólans, Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra og kennsluráðgjafar Menntaskólans við Hamrahlíð áherslu á að táknmál heyrnarlausra yrði

viðurkennt sem þeirra móðurmál og að heyrnarlausum yrði í samræmi við það tryggð kennsla á táknmáli. Meiri hlutinn telur að þetta atriði eigi heima í aðalnámskrá sem hefur ígildi reglugerðar. Meiri hlutinn vill í því sambandi sérstaklega benda á að í 2. mgr. 29. gr., sem fjallar um námskrárgerð, segir að við setningu aðalnámskrár, skipulagningu náms og kennslu og við gerð og val námsgagna skuli þess sérstaklega gætt að allir nemendur fái sem jöfnust tækifæri til náms. Þá segir einnig í 3. mgr. 29. gr. að markmið náms og kennslu og starfshættir grunnskóla skuli vera þannig að komið sé í veg fyrir mismunun, m.a. vegna fötlunar. Meiri hlutinn telur ástæðu til að við næstu endurskoðun aðalnámskrár verði sérstaklega hugað að því hvort viðurkenna beri táknmál heyrnarlausra sem móðurmál þeirra.

Nokkur umræða hefur spunnist um að í frumvarpinu er hvergi minnst á sérkennslu. Meiri hlutinn vill í því sambandi benda á að hugtakið sérkennsla virðist hafa óljósa merkingu og í skýrslu nefndar um mótun menntastefnu er m.a. vitnað í niðurstöður rannsóknar Sigríðar Þ. Valgeirsdóttur (1992) sem benda til að framkvæmd og skipulagi sérkennslu í skólakerfinu sé í ýmsu ábótavant. Meiri hlutinn leggur áherslu á að nám sé skipulagt með það fyrir augum að mæta þörfum hvers og eins og að markmið kennslunnar eigi að vera hin sömu fyrir alla. Meiri hlutinn vill í þessu sambandi einnig benda á að í frumvarpinu er gengið út frá því að fatlaðir nemendur stundi nám í heimaskóla. Þá er jafnframt lagt til að starfandi séu sérskólar og sérdeildir til að veita nemendum, sem ekki geta notið kennslu við hæfi í almennum bekkjardeildum grunnskóla, sérhæft námsumhverfi í lengri eða skemmri tíma. Einnig er kveðið á um þjónustu- og ráðgjafarhlutverk sérskóla og sérdeilda við almenna grunnskóla.

Að lokum vill meiri hlutinn benda á að þegar unnið var að frumvarpi þessu var lögð rík áhersla tvennt, annars vegar að samkomulag næðist um réttinda- og lífeyrismál kennara, samfara flutningi grunnskólans, og hins vegar að sveitarfélögum yrðu tryggðar tekjur til að standa undir hinum aukna kostnaði. Jafnframt var lögð áhersla á að réttindi kennara skertust í engu við flutninginn og að um það næðist gott samstarf við kennarasamtökin. Meiri hlutinn tekur undir framangreind atriði og telur að hraða þurfi þeirri vinnu sem ólokið er þannig að viðunandi lausn náist sem fyrst. Meiri hlutinn leggur áherslu á að sem fyrst verði náð samkomulagi við sveitarfélög um mat á þeim kostnaði sem af gildistöku frumvarpsins leiðir og í framhaldi af því gerðar breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga og skiptingu skatttekna milli ríkis og sveitarfélaga svo að frumvarpið geti að fullu komið til framkvæmda um næstu áramót eins og kveðið er á um í 57. gr. Bent skal á að 12. des. sl. skipaði menntamálaráðherra nefnd sem ætlað er að vinna að framkvæmd flutnings grunnskólans. Henni er m.a. ætlað að skilgreina kostnaðarauka sveitarfélaga samfara gildistöku nýrra laga um grunnskóla og skila tillögum um aukna tekjustofna til sveitarfélaga til að standa undir þeim kostnaði er yfirtökunni fylgir. Meiri hlutinn leggur ríka áherslu á að nefndin ljúki störfum fyrir haustið.

Í þeirri umræðu sem þegar hefur farið fram um þetta mál, bæði í fjölmiðlum og hér í þinginu, hefur mikið verið talað um ágreining og andstöðu bæði Sambands íslenskra sveitarfélaga og kennarasamtakanna. Með leyfi forseta, vil ég vitna í ályktun 15. landsþings Sambands íslenskra sveitarfélaga sem var haldið 31. ágúst til 2. sept. sl.:

„15. landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga minnir á að sveitarfélögin hafa gegnt þýðingarmiklu hlutverki í uppbyggingu grunnskólanna í landinu. Sveitarfélögin hafa einnig víða um land gengist fyrir því langt umfram lagalegar skyldur sínar að tryggja skólastarf með margs konar hætti auk þess sem mörg þeirra hafa beitt sér fyrir nýmælum og framþróun í skólastarfi. Samstarfsverkefnum ríkis- og sveitarfélaga hefur fækkað á undanförnum árum. Yfirfærsla á öllum grunnskólakostnaði frá ríki til sveitarfélaga er rökrétt framhald á þeirri viðleitni jafnframt því sem hún eflir sveitarstjórnarstigið og eykur ábyrgð þess. Meginmarkmið með tilfærslunni er að bæta menntun íslenskra grunnskólabarna. 15. landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga telur því rétt að fela sveitarfélögunum að fullu rekstur grunnskóla. Landsþingið hefur þó skýra fyrirvara á þessari afstöðu.

1. Fullt samkomulag náist milli ríkis og sveitarfélaga varðandi flutning verkefna og tekjustofna til sveitarfélaganna til að standa undir öllum þeim aukna kostnaði er yfirtökunni fylgir, þannig að grunnskólanám allra barna í landinu verði tryggt.

2. Vanda sveitarfélaga sem yfirtaka hlutfallslega háan grunnskólakostnað miðað við tekjur verði mætt með jöfnunaraðgerðum.

3. Fullt samkomulag náist milli ríkis og sveitarfélaga og stéttarfélaga kennara um kjara- og réttindamál kennara, þar með talið meðferð lífeyrisréttinda. Niðurstaða þarf að hafa náðst í þessum málum fyrir áramót, þ.e. 1994–1995, svo yfirtaka sveitarfélaga geti átt sér stað á næsta ári. Þingið leggur þunga áherslu á mikilvægi þess að góð samstaða ríkis, sveitarfélaga og kennara náist um þessa þýðingarmiklu verkefnatilfærslu. Þingið beinir því til sveitarfélaga í hverjum landshluta fyrir sig að koma sér saman um yfirtöku þeirra verkefna er fræðsluskrifstofurnar eiga að sinna samkvæmt lögum. Landsþingið leggur til að af hálfu sveitarfélaganna verði kjarasamningagerð við kennara öll á einni hendi. Samband íslenskra sveitarfélaga verði eflt fjárhagslega til að sinna því verkefni ásamt faglegri ráðgjöf til sveitarfélaganna varðandi málefni grunnskólans."

Þann 14. febr. sl. ítrekaði Samband íslenskra sveitarfélaga alla þessa fyrirvara sína. Fyrirvarar kennarasamtakanna ganga í sömu átt. Það er fullljóst að það er enginn ágreiningur um að þessi mál þarf að leysa. Meiri hluti menntmn. hefur komið verulega til móts við fyrirvara Samband íslenskra sveitarfélaga og kennarasamtakanna með því að skilyrða framkvæmd laganna samþykkt tekjustofnafrv. sem ljóst er að hlýtur að verða lokahnykkurinn í þessari vinnu. Slíkt frv. getur

ekki komið fram fyrr en réttinda- og lífeyrismál kennara hafa verið leyst og samkomulagi náð um það hvaða tekjur sveitarfélögin þurfa að fá til að standa undir kostnaði af tilflutningnum.

Meginmarkmið skólastarfsins er að grunnskólarnir búi öllum nemendum ákjósanleg skilyrði til náms og þroska. En samtímis er brýnt að bæta árangur skólastarfsins. Það ber að stefna að aukinni valddreifingu í skólakerfinu bæði á grunn- og framhaldsskólastigi. Ákvarðanataka verði færð sem næst vettvangi og ábyrgðarskylda sveitarfélaga og skóla aukin. Samtímis er lögð áhersla á námskrá með skýrum markmiðum og samræmt mat á námsárangri nemenda á vissum stigum námsferilsins svo fræðsluyfirvöld, skólafólk og almenningur fái stöðugt vitneskju um það hvort framkvæmd skólastarfsins sé í samræmi við gildandi skólastefnu. Loks er lögð áhersla á reglubundið eftirlit með skólastarfi, einkum sjálfsmat stofnana og gæðastjórnun og aukna upplýsingamiðlun til almennings um árangur skólastarfs.

Meginbreytingar samkvæmt frv. eru tvíþættar. Annars vegar er tilfærsla grunnskólans til sveitarfélaga og skipulagsbreytingar sem af henni leiða og lúta m.a. að stoðþjónustu grunnskólans, starfsmannahaldi og ýmsu fleiru. Hins vegar eru umbætur í skólastarfi þar sem höfuðáhersla er lögð á að efla skólastarfið og ná betri árangri í námi og kennslu. Helstar þeirra eru: Það er hert á einsetningu skólanna, skólatíminn er lengdur á þann hátt að kennsludögum er fjölgað úr 144–145 í 172 og daglegur skólatími er lengdur. Samræmt námsmat er aukið, hver skóli skal gefa út skólanámskrá og taka upp aðferðir til að meta sitt innra starf. Skilgreindar verða kjarnagreinar í aðalnámskrá grunnskóla, áhrif foreldra eru aukin með tilkomu foreldraráða við hvern skóla.

Ég vík nú nánar að tilfærslu grunnskólans til sveitarfélaga. Það var athyglisvert við umræðurnar hér í þinginu í gær að ýmsir stjórnarandstæðingar lýstu yfir stuðningi við efni frv. einkanlega það sem lýtur að yfirtöku sveitarfélaganna á grunnskólanum. Þannig að það kom mjög greinilega fram í þessum umræðum að efnislegur ágreiningur um þetta frv. er óverulegur. (**SvG:** Þetta er rangt.) Ég vil gera að sérstöku umtalsefni hér hlutverk sveitarfélaganna varðandi grunnskólann. Það hefur verið þannig frá 1990 eftir nýju verkaskiptalögin að sveitarfélögin hafa greitt stofnkostnað og almennan rekstur grunnskólans. Ríkið hefur hins vegar greitt kennaralaun og laun við stjórnun og síðan stoðþjónustuna. Það er nú svo að samrekstur ríkis og sveitarfélaga hefur yfirleitt ekki gengið nógu vel. Á slíku fyrirkomulagi eru ýmsir gallar. T.d. þurfa skólastjórar að stýra bæði starfsmönnum sveitarfélaga og starfsmönnum ríkis og þá má líka ætla að fjármagn yrði betur nýtt þegar sveitarfélögin væru með þetta á sinni hendi ein heldur en að vera að skipta verkefninu með þeim hætti sem gert er í dag.

Sveitarstjórnarmenn á hverjum stað þekkja best þarfirnar og þeir hafa líka að sama skapi mikinn metnað til að sinna þeim störfum sem þeim er trúað til. Ég tel að þeir hafi í raun og veru sýnt þennan metnað sinn í verki varðandi grunnskólann. Það er mjög athyglisvert eftir að sveitarfélögunum var falið að sjá alfarið um byggingar grunnskólanna þá hafa þau verið mjög dugleg við uppbyggingu og verið í raun og veru að búa sig undir það sem menn hafa verið að tala um mjög lengi að það væri eðlilegt að færa grunnskólann yfir til sveitarfélaganna. Það má líka nefna í þessu sambandi að sveitarfélögin hafa haft rekstur tónlistarskólanna með höndum frá síðustu verkaskiptingu og ég tel að reynslan af því fyrirkomulagi hafi í raun og veru sannað að rétt væri að stíga þetta skref líka varðandi grunnskólann.

Það hefur nokkuð verið talað um stöðu lítilla skóla í tengslum við yfirfærsluna og ég vil að það komi fram af minni hálfu að ég tel að það eigi að vera tiltölulega auðvelt að leysa vandamál þeirra í gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Það er hins vegar alveg ljóst að mörg þéttbýlustu sveitarfélögin standa frammi fyrir því að þurfa að leggja í stórframkvæmdir varðandi byggingar til þess að þau fái risið undir þeirri kröfu að einsetja skólana.

Verkefni sveitarfélaganna eftir tilfærsluna verða þá allur kennslukostnaðurinn, laun kennara og stjórnenda og annarra starfsmanna grunnskólans og stoðþjónustan við grunnskólann, sérskólar og sérdeildir og fleira mætti nefna. Náms- og kennslugögn verða hins vegar kostuð af ríkinu á sama hátt og verið hefur til þessa.

Samkvæmt frv. fer menntmrh. með yfirstjórn grunnskóla og fylgist með að fylgt sé þeirri stefnumörkun um nám og kennslu sem lög kveða á um. Menntmrh. ber ábyrgð á að sett sé aðalnámskrá fyrir grunnskóla og reglugerðir um skólahald á grundvelli gildandi laga. Hann ber einnig ábyrgð á eftirliti með skólastarfi, öflun og úrvinnslu upplýsinga um starf í grunnskólum, svo og upplýsingamiðlun til foreldra, almennings og stjórnvalda, þar með talið Alþingis, um skólastarf og árangur þess. Ráðuneytið leggur skólum til samræmd próf og ber ábyrgð á að fram fari mat á skólum og skólastarfi. Það er jafnframt úrskurðaraðili í einstökum atriðum er varðar skólahaldið, sbr. 6. gr., 33. gr., 41. gr. og síðan greinargerð með 46. gr.

Í frv. er lögð áhersla á samstarf heimila og skóla. Í 16. gr. frv. er kveðið á um að við hvern skóla skuli starfa foreldraráð sem skipað er þremur fulltrúum foreldra barna í skólanum. Á þann átt opnast foreldrum nýir möguleikar til að fylgjast með og hafa áhrif á skólastarfið. Verksvið foreldraráðs verður að veita umsögn um skólanámskrá og aðrar starfsáætlanir skólans og fylgjast með að þeim sé framfylgt. Það er alveg ljóst að það er krafa af hálfu foreldra að fá að hafa aukin áhrif á skólastarfið. Við höfum orðið mjög vör við það á undanförnum missirum og árum og ekki hvað síst núna upp á síðkastið þannig að það er mjög svo nauðsynlegt að það verði sem best samstarf við heimilin og það er raunar forsenda þess að skólarnir geti sinnt hlutverki sínu sem skyldi.

Það er hert á einsetningu skóla með samfelldum skóladegi um allt land til að öll börn geti hafið nám að morgni. Það felur í sér að allir grunnskólanemendur geti verið við nám á sama tíma og að vinnudagur

þeirra sé skipulagður í samfellu frá því kl. 8 eða 9 að morgni og fram yfir hádegi. Með þessu fyrirkomulagi skapast meira samhengi í skólastarfinu og það eykst festa í lífi grunnskólabarna og fjölskyldna þeirra. Það hefur verið allsendis óviðunandi það fyrirkomulag sem hefur tíðkast fram til þessa að tvísetja skólana þannig að foreldrar eru í óvissu um skólatíma barna sinna á hverju hausti. Hér er verið að lögfesta það að öll börn séu í skólanum á sama tíma.

Samkvæmt frv. er árlegur skólatími grunn- og framhaldsskóla lengdur og áhersla er lögð á að starfstími skóla verði betur nýttur í skólastarf með nemendum. Samkvæmt núverandi fyrirkomulagi fá grunnskólanemar í 9 mánaða skólum á bilinu 144–155 kennsludaga árlega. Frv. gerir ráð fyrir að kennsludagar verði 172 sem er mjög mikil breyting frá því sem er í dag.

Í 30. gr. frv. sem fjallar um aðalnámskrá er ákvæði um að þar séu skilgreindar kjarnagreinar. Kjarnagreinar eru þær námsgreinar sem öðrum skyldunámsgreinum fremur eru taldar hafa afgerandi þýðingu fyrir framhaldsnám, atvinnu og almenna menntun. Í skýrslu nefndar um mótun menntastefnu er lagt til að kjarnagreinar verði íslenska, stærðfræði og enska. Þessi tillaga nefndar um mótun menntastefnu hefur valdið nokkrum umræðum úti í þjóðfélaginu og þá hafa þær að mestu gengið út á stöðu dönskunnar og að það væri óskynsamlegt að danska yrði ekki áfram fyrsta erlenda tungumálið. Í því sambandi er vísað til mikilvægis norrænnar samvinnu og menningarlegra tengsla okkar Íslendinga við Norðurlöndin. Þetta er auðvitað mál sem ég geri mér fulla grein fyrir að skiptar skoðanir eru um, en ég vil benda á í því sambandi að þessi tillaga tengist skilgreiningunni á hvað eigi að vera kjarnagreinar og nefnd um mótun menntastefnu lagði til að þær yrðu íslenska, stærðfræði og enska.

Hins vegar er lögð mjög þung áhersla á það í skýrslu þeirrar nefndar að dönskukennsla verði efld, að sami tímafjöldi verði ætlaður til dönskukennslu hér eftir sem hingað til og að fagmenntaðir kennarar í dönsku sinni dönskukennslunni sem er mikill misbrestur á.

Í 31. gr. frv. er kveðið á um að hver skóli skuli gefa út skólanámskrá. Hún er rökstudd áætlun um skólastarfið og unnin af starfsfólki skólans undir faglegri forustu skólastjóra. Skólanámskrá skal borin undir foreldraráð og skólanefnd.

Önnur nýjung sem einnig lýtur að því að styrkja fagmennsku í skólastarfi og efla innra starf skóla er í 49. gr. þar sem kveðið er á um að sérhver grunnskóli taki upp aðferðir til að meta skólastarfið, þar á meðal kennslu- og stjórnunarhætti, samskipti innan skólans og tengsl við aðila utan skólans.

Samræmdum prófum í grunnskóla verði fjölgað, sbr. 46. gr. og prófað oftar en nú er til að kanna hvort nemandinn hafi náð þeim markmiðum sem tilgeind eru í aðalnámskrá grunnskóla fyrir tiltekið aldursstig. Með því að prófa oftar á námsferli nemenda verður hægt að grípa fyrr inn með viðeigandi stuðningsaðgerðum ef nauðsyn ber til. Í 4. bekk grunnskóla verður prófað í grunnþáttum í íslensku og stærðfræði og í 7. bekk verður prófað í tilteknum þáttum íslensku, stærðfræði og ensku.

Við lok grunnskóla verða lögð fyrir a.m.k. fjögur samræmd próf með svipuðum hætti og verið hefur til þessa. Niðurstöður samræmdra lokaprófa úr grunnskóla gegna miklu hlutverki við inntöku nemenda í framhaldsskóla og þess vegna þurfa prófin að standast alþjóðlegar kröfur um réttmæti og áreiðanleika.

Ég hef nú rakið helstu áhersluatriði grunnskólafrv. Frv. tryggir rétt allra nemenda til náms. Sú skylda er lögð á skólann að mæta hverjum og einum nemanda eftir eðli hans og þörfum. Það leggur faglegar skyldur á herðar skólastjóra og kennara að skipa skólastarfi með tilliti til alls nemendahópsins. Í frv. er eðlilega hvergi talað um sérkennsluráðgjöf, heldur um kennslufræðilega ráðgjöf. Slík ráðgjöf nær til alls nemendahópsins eðli málsins samkvæmt.

Áhersla er og hefur verið á að skólar þrói starfshætti sína í þá veru að þeir séu betur færir um að mæta þörfum einstaklinganna og geti betur fengist við kennslu allra barna í sínu umhverfi. Mikið hefur áunnist á því sviði á undanförnum árum og því er tímabært að löggjöfin taki mið af því. Meginstefnan er að allir nemendur stundi nám í heimaskóla. Jafnframt þessu verða áfram starfandi sérskólar eða sérdeildir fyrir nemendur sem ekki geta notið kennslu við hæfi í almennum bekkjardeildum grunnskóla. Hlutverk þeirra samkvæmt frv. er tvíþætt: Annars vegar að veita nemendum sérhæft námsumhverfi í lengri eða skemmri tíma og hins vegar að veita starfsfólki almennra grunnskóla ráðgjöf og kennslufræðilegan stuðning.

Að undanförnu hefur verið mikið fjallað um skólamál. Það eru að sjálfsögðu eðlilegar ástæður fyrir því. Bæði er það að menntunin skiptir okkur öll miklu máli, menntunin er undirstaða allra framfara, bæði í þessu landi og öðrum og síðan er auðvitað einmitt þessa dagana viðkvæm kjaradeilda uppi milli kennara og viðsemjenda þeirra.

Sú sem hér talar hefur margsinnis lýst þeirri skoðun að skóla- og menntamál eigi að vera forgangsmál í íslensku þjóðfélagi. Við eigum að krefjast þess besta í þeim efnum okkur til handa. Með frv. því sem hér er til umfjöllunar er stigið stórt framfaraskref í skólamálum þjóðarinnar. Látum ekki karp og dægurþras líðandi stundar spilla umfjöllun um brýnar úrbætur í skólamálum.

Ég hlakka til að taka þátt í þessum umræðum og veit að þegar um svo stórt og brýnt mál er að ræða, hljóta þær að verða bæði hreinskilnar en umfram allt málefnalegar.

[16:37]

Frsm. 3. minni hluta menntmn. (Svavar Gestsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það kom mjög glöggt fram í ræðu hv. frsm. menntmn. að meiri hluti menntmn. gerir sér ekki grein fyrir því um hvað þetta mál snýst í dag. Vinnubrögð meiri hluta menntmn. hafa orðið til þess að hafa áhrif og spilla fyrir þeirri kjaradeilu sem nú stendur yfir, sem er eitt út af fyrir sig mjög alvarlegur hlutur, auk þess sem meiri hluti menntmn. hefur

kosið að standa þannig að málum að formaður nefndarinnar hefur neitað að taka fyrir í nefndinni tillögur til eðlilegrar afgreiðslu. Fyrir liggur að réttindamál kennara eru öll í uppnámi í kringum þetta mál. Og það liggur líka fyrir að sveitarfélögin hafa ekki hugmynd um hvernig þau eiga að taka á þessu máli. Fjármunir eru ekki til. Þess vegna er það algjörlega fráleitt að afgreiða frv. með þeim hætti sem hér er gert ráð fyrir og ég vil láta það koma fram af minni hálfu að jafnvel þó að meiri hlutanum takist núna að knýja málið til afgreiðslu á þeim skamma tíma sem eftir lifir af þessu þingi, þá minni ég á að það eru aðeins örfáar vikur til kosninga og þannig kann að fara í þeim kosningum að þeir sem nú ráða meiri hluta á Alþingi ráði honum ekki mikið lengur. Þess vegna vil ég láta það koma fram, hæstv. forseti, sem mína skoðun og lýsa því yfir að ég tel algjörlega óhjákvæmilegt að knýi meiri hlutinn fram niðurstöðu með þessum hætti á þessu þingi, þá verður að taka málið aftur til afgreiðslu og meðferðar á vorþinginu þegar það verður kallað saman. Það er augljóst mál að það er útilokað að láta staðar numið með þeim hætti sem ríkisstjórnin ætlar að gera á þessu þingi þar sem hún ætlar að beita meiri hluta til þess að knýja fram mál sem allir aðilar eru ósáttir við. Og það er slæmt að formaður nefndarinnar skuli ekki gera sér betri grein fyrir því hvaða þýðingu grunnskólalögin hafa fyrir uppeldisaðstæður barnanna í landinu en raun bar vitni í ræðu hennar hér áðan. Þess vegna læt ég það koma fram sérstaklega, hæstv. forseti, og lýsi því yfir: Þessi mál koma hér aftur til meðferðar á vorþinginu hvað svo sem meiri hlutanum þóknast að afgreiða á þessu þingi.

[16:39]

Frsm. meiri hluta menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég mótmæli því að vinnubrögð í menntmn. hafi spillt fyrir í viðkvæmri kjaradeilu. Þetta er eingöngu áróðursbragð sem hv. þm. notaði til að reyna að spilla fyrir góðu máli, að tengja það á þennan veg við þá viðkvæmu kjaradeilu sem nú er uppi. Ég tel að menn eigi að nálgast þetta mál frá allt öðru sjónarhorni. Löggjöfin er hald fyrir áframhaldandi vinnu við þetta mál og auðveldar hana að ýmsu leyti og það er augljóst að tekjustofnafrv. og samþykkt þess hlýtur að verða lokapunkturinn í þessu ferli.

[16:41]

Frsm. 3. minni hluta menntmn. (Svavar Gestsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það þýðir bersýnilega ekkert að karpa við hv. formann nefndarinnar um þetta því að formaður nefndarinnar vill ekki skilja það sem verið er að segja. (**SAÞ:** Hún skilur það ágætlega.) Veruleikinn er sá að meiri hlutinn er að spilla fyrir sátt um grunnskólalög á Íslandi. Meiri hlutinn er að efna til stríðs á Alþingi í fyrsta lagi. Í öðru lagi er meiri hlutinn að efna til átaka við kennarana í landinu sem starfa í skólunum og það er sem kunnugt er ekki hægt að reka skóla nema þar vinni kennarar. Og í þriðja lagi er meiri hlutinn að efna til átaka við sveitarfélögin í landinu.

Það hefur aldrei gerst áður á seinni árum að meiri hluti Alþingis og ríkisstjórn hafi hagað sér með þessum hætti gagnvart kennarasamtökum eða öðrum rekstraraðilum skólanna á Íslandi og ég fullyrði að það hefur aldrei verið reynt að knýja grunnskólafrv. fram á síðustu áratugum jafnilla undirbúið og jafnilla unnið og jafnlítið rætt og það frv. sem hér liggur fyrir.

[16:42]

Frsm. meiri hluta menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst dapurlegt að hlusta á þennan málflutning og ég mótmæli honum sem rakalausum þvættingi. Þetta snýst fyrst og fremst um það að stjórnarandstaðan vill tefja þetta nauðsynjamál sem horfir til framfara í skóla- og menntamálum þjóðarinnar og koma í veg fyrir að það nái framgangi á þessu þingi.

[16:42]

Frsm. 2. minni hluta menntmn. (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mig langar aðeins til þess að koma að því sem hv. formaður menntmn. sagði í sinni ræðu áðan og lagði mikla áherslu á þegar hún sagði að þetta frv., ef að lögum yrði, tryggði rétt allra nemenda til náms.

Mig langar til þess að biðja hana að útskýra í örstuttu máli hvernig hún sér fyrir sér að tekið verði á málum ef sveitarfélög standa ekki við lög um grunnskóla eða reglugerðir þar um. Hvernig verður tekið því?

Í öðru lagi stenst ég það ekki að segja við hv. formann menntmn. þar sem hún lauk máli sínu með því að segja að skóla- og menntamál eigi að hafa forgang. Þetta hljómar fallega. Hvernig stendur þá á því og hvernig fer það saman að sami hv. þm., sem er nú að ljúka sínu fyrsta kjörtímabili á hv. Alþingi sem formaður menntmn. og sem aðaltalsmaður Sjálfstfl. í menntamálum, hefur öll þessi ár skert fjármagn til grunnskólans, mismunandi mikið eftir árum, en öll árin hafa verið samþykkt sérstök lög hér á hv. Alþingi til að skerða framlög til grunnskólans. Hvernig getur þetta farið saman og hvernig getur hv. formaður menntmn. staðið við þau orð að skóla- og menntamál eigi að hafa forgang?

[16:44]

Frsm. meiri hluta menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var beint til mín tveimur spurningum annars vegar um það hvernig yrði tekið á því ef sveitarfélögin stæðu ekki við sitt gagnvart grunnskólanum. Það er auðvitað alveg grafalvarlegt mál ef sveitarfélögin standa ekki við það sem lög kveða á um, það er augljóst, og ég tel að sterkasta aðhaldið gagnvart því muni koma frá almenningi í því sveitarfélagi. En síðan eru auðvitað til viðbótar þessu mjög mörg ákvæði í frv. sem eiga að tryggja eftirlit ráðuneytisins og menntmrh. er síðan æðsti yfirmaður þessa málaflokks.

Hvað varðar skert framlög til grunnskólans á undanförnum árum, þá get ég upplýst hv. þm. um að það

var ekki af neinni gleði sem sú sem hér talar stóð að því að skera niður framlög í menntamálum. Það var einfaldlega af illri nauðsyn eftir slæman viðskilnað fyrri ríkisstjórnar að við stóðum frammi fyrir því að það þurfti að draga saman í útgjöldum ríkisins. Það voru einfaldlega ekki til fjármunir til að standa undir öllu okkar velferðarkerfi og þar að auki hefur eins og allir vita verið hér stórkostlegur niðurskurður í aflakvóta þannig að þjóðartekjurnar höfðu minnkað. Þetta eru ástæðurnar, það er svo einfalt. Það voru einfaldlega ekki til fjármunir, en forgangsröðin held ég að sýni sig best í þeirri vinnu sem búið er að vinna á vegum hæstv. menntmrh. og liggur hér frammi í frv. í þinginu, bæði grunnskólafrv. og framhaldsskólafrv. Þar kemur fram vilji til að taka þessi mál í forgangsröð.

[16:46]

Frsm. 2. minni hluta menntmn. (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. talaði um grafalvarlegt mál ef sveitarfélög stæðu ekki við lög um grunnskóla og ég er sammála henni um það.

Nú er það svo að sveitarfélögin eru sjálfstætt stjórnsýslustig og það hefur sýnt sig t.d. í Noregi þar sem Stórþingið ákvað að veita fjármagni til grunnskólans með því að fjölga kennslustundum en sveitarfélögin notuðu ekki þetta fjármagn til grunnskólans heldur í eitthvað allt, allt annað. Það mál fór fyrir Hæstarétt og sveitarfélögin unnu það mál vegna þess að Stórþingið gat ekki sagt þeim fyrir verkum og þetta vil ég benda hv. þm. á í þessu sambandi.

Varðandi hitt atriðið sagði hv. þm. að hún hafi af fullri nauðsyn samþykkt skerðingu á framlögum til grunnskóla öll þau ár sem hún hefur setið á hv. Alþingi. Nú er það svo að sami hv. þm. sagði í viðtali á Stöð 2 ekki alls fyrir löngu að það væri samband á milli efnahagsmála og menntamála, það væru tengsl þarna á milli. Samt sem áður notaði hv. þm. það sem rök að það væri samdráttur í þjóðfélaginu en rétt áður hafði hún sagt að menntamál ættu að hafa forgang þar sem þau væru í raun efnahagsmál þannig að hv. þm. er kannski ekki búinn að sjá enn þá hvaða afleiðingar það hefur, þessi niðurskurður sem hefur verið viðhafður í grunnskólum landsins einmitt á þessu kjörtímabili og það á e.t.v. eftir að valda efnahagserfiðleikum síðar meir.

[16:48]

Frsm. meiri hluta menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég treysti sveitarfélögunum mjög vel fyrir þessu verkefni og ég tel raunar eins og ég sagði áðan í minni framsögu að þau hafi sýnt vilja sinn í verki nú þegar til þess að standa vel að rekstri grunnskólans.

Hvað varðar þau síðari atriði sem þingmaðurinn nefndi, að skólamálin ættu að vera forgangsmál og vitnaði þar m.a. í ummæli mín, þá stend ég við þau ummæli. Það er sannfæring mín að skólamál eða menntamál eru stærstu efnahagsmálin því að það að vel sé staðið að þeim er í raun og veru undirstaðan undir öllu hinu, undirstaða velferðar og framfara.

[16:49]

Frsm. 1. minni hluta menntmn. (Kristín Ástgeirsdóttir):

Frú forseti. Sl. laugardag birtist viðamikil auglýsing í Morgunblaðinu frá samtökunum Heimili og skóla þar sem á fremstu síðu var auglýst eftir þingmönnum fyrir börnin, einhverjum sem ætti að vilja taka að sér skólamálin, einhverjum sem eru tilbúnir til að ræða skólamálin. Það held ég að hafi vakið athygli og svolítið blendnar tilfinningar hjá okkur mörgum þingmönnum að sjá þetta því að þegar litið er yfir þetta kjörtímabil sem nú er að renna sitt skeið, þá er staðreyndin sú að hér hefur verið mikið rætt um skólamál á þessu kjörtímabili. Það stafar auðvitað fyrst og fremst af því að sú ríkisstjórn sem enn situr en mun nú vonandi ljúka sínum störfum innan tíðar réðist af miklu offorsi á skólakerfi landsins strax á fyrstu mánuðum og það er ástæða til þess að rifja það upp hvernig staðið hefur verið að skólamálum þessi fjögur ár þegar Sjálfstfl. loksins þóknast að leggja hér fram frv. um grunnskóla og framhaldsskóla til þess að geta nú veifað framan í þjóðina þegar kemur til kosninga. En eins og kom fram í andsvörum áðan, þá eigum við eftir að súpa seyðið af þeim mikla niðurskurði sem hér hefur átt sér stað til skólamála.

Það er rétt að rifja það upp að þegar hæstv. menntmrh. Ólafur G. Einarsson tók við störfum í menntmrn., þá fór hann að senda frá sér mikið af bréfum í ýmsar áttir og þegar líða tók á sumarið 1991, þá greip hann til ýmissa aðgerða og vægast sagt óvæntra. Hann hætti við að lengja kennaranám við Kennaraháskóla Íslands úr þremur árum í fjögur, hann stöðvaði áætlanir Menntaskólans við Hamrahlíð um ýmsar breytingar, hann kynnti áform um að koma á skólagjöldum sem reyndar tók árið að koma á og hann kynnti tillögur til niðurskurðar á öllum skólastigum og kannski voru langalvarlegastar þær tillögur sem gengu eftir um niðurskurð til framlaga í grunnskólum landsins og við stjórnarandstæðingar börðumst hér gegn nótt eftir nótt. Þegar á allt er litið, þá nemur niðurskurðurinn til skólamála um 2 milljörðum kr. á þessu kjörtímabili, 2 milljörðum kr., hæstv. menntmrh., þegar litið er á öll skólastig og Lánasjóð ísl. námsmanna. Hann er inni í dæminu. Og það er ekki hægt að segja annað en að hér hafi orðið nokkur stefnubreyting á þessu kjörtímabili sem felst í þeirri hugmyndafræði núv. ríkisstjórnar að láta landsmenn borga sérstaklega fyrir þá þjónustu sem þeir eru reyndar áður búnir að borga með sköttum sínum. Hér var mikið talað um það á fyrstu árum þessa kjörtímabils að fólk fengi þjónustu ókeypis, ókeypis skólagöngu, ókeypis þjónustu á sjúkrahúsum og heilsugæslustöðvum, allt þetta sem við borgum með sköttunum okkar og sköttunum er ætlað að standa undir. Og það er heldur hlálegt að horfa nú upp á þessi miklu áform um þessar miklu breytingar á skólakerfinu og fagurgala um það hve menntunin sé okkur mikilvæg þegar horft er á þennan mikla niðurskurð. Og hef ég þó ekki komið inn á þær gríðarlegu breytingar sem gerðar voru á Lánasjóði ísl. námsmanna og ég ætla

ekki að gera að umtalsefni hér, hvað þá meðferðina á Háskóla Íslands sem einn af prófessorum skólans sagði á fundi hér í Reykjavík fyrir örfáum dögum að væri að verða annars flokks háskóli. Og menn geta rétt ímyndað sér að það er alvarlegt mál þegar prófessorar skólans ganga um og lýsa því yfir að skólinn sé að verða annars flokks vegna stefnu núv. ríkisstjórnar, vegna þess niðurskurðar og þess minnkandi námsframboðs sem þar er, en við minnumst þess kannski að alþingismenn skömmuðust sín og veittu aukið fé til háskólans við samþykkt síðustu fjárlaga, en það dugar auðvitað ekki til þess að bæta upp þann skaða sem unnin hefur verið á undanförnum árum.

Það er vert að átta sig aðeins á stöðu skólamála við þessa umræðu sem hér á sér stað vegna þess að við stöndum frammi fyrir mjög mikilli og stórri breytingu á íslenska skólakerfinu og þá fyrst og fremst grunnskólanum, nái þetta frv. fram að ganga. Með fræðslulögunum sem sett voru árið 1907 voru þeir skólar sem þá voru starfandi, þ.e. þeir skólar sem kenndu börnum, færðir undir ríkið frá sveitarfélögunum. Fyrir 1907 var það hlutverk hvers sveitarfélags að annast kennslu barna samkvæmt þeirri fræðsluskyldu sem þá var í gildi. Frá 1907 hafa grunnskólarnir heyrt undir ríkið en nú stendur til að færa þá aftur yfir til sveitarfélaganna.

Ég held að í raun sé orðin sæmileg sátt um það að færa skólann til sveitarfélaganna. Slík þróun hefur átt sér stað á Norðurlöndunum, reyndar með allmismunandi árangri að því er mér er sagt. Ég þekki t.d. Íslendinga sem eru að kenna við skóla í Svíþjóð og fer tvennum sögum af því hverng hafi tekist til og tengist reyndar umræðum um skólastefnur og það hversu miklu sveitarfélögin eigi að ráða um innra starf skóla, hversu mikið svigrúm sveitarfélögin eigi að hafa til þess að semja við kennara. Á að kenna öllum það sama? Eiga að gilda sömu samningar við alla kennara o.s.frv.? Þessi umræða hefur átt sér stað í Svíþjóð og eftir því sem mér skilst þá hafa sveitarfélögin þar haft nokkurt rými sem hefur leitt til þess að skólarnir hafa orðið býsna mismunandi. Þetta er hugmyndafræðileg umræða sem þar á sér stað og margir eru ósáttir við að skólar þróist hver í sína áttina og bjóði upp á mismunandi kjör. Þetta eru allt mjög stórar spurningar.

Sú spurning sem vaknar kannski fyrst varðandi þetta frv. sem hér er til umræðu er sú staðreynd að vegna tímaskorts stöndum við frammi fyrir því að hugsanlega verði þetta grunnskólafrv. samþykkt en framhaldsskólafrv. verður eftir í hv. menntmn. Sannleikurinn er sá að nefndin hefur ákaflega lítið unnið í því frv. og ég get reyndar ítrekað það sem mína skoðun að ég tel að grunnskólafrv. sé alls ekki fullrætt og mun koma nánar að því í mínu máli. Þar eru ýmsir þættir sem hefði þurft að skoða miklu betur og nefndin hefði þurft að kanna og komast að niðurstöðu um. Það er einhvern veginn þannig oft í nefndastarfi á hinu háa Alþingi að þegar búið er að kalla til aðila og heyra ýmsar skoðanir þá er eins og menn haldi að málið sé rætt í stað þess að þá á nefndin sjálf eftir að vinna sitt starf og fara ofan í þá þætti sem menn vilja skoða betur. En sú spurning sem ég ætlaði að koma að hér er það hvaða afleiðingar það hefur að framhaldsskólafrv. verður skilið eftir og þar með verður ekki sú heild sem nefndin um mótun menntastefnu lagði til. Það er eingöngu hluti af hennar vinnu sem kemst til framkvæmda og það mun auðvitað velta mjög á næstu ríkisstjórn hvort frv. eða þau lög sem hugsanlega verða samþykkt verða tekin upp á nýtt, hvort þessu starfi verður haldið áfram eða hvað gerist.

Að mínum dómi er þetta nokkuð óheppilegt vegna þess að það er ákveðin heild í þessu verki, það er ákveðin hugsun, það er ákveðin stefna í þessu verki sem ég er mismunandi mikið sammála. Ég er í raun inni frekar sammála þeim breytingum sem verið er að gera á grunnskólanum en ýmsu því sem stendur í framhaldsskólafrv.

Það er ljóst að það náðist ekki samkomulag um þetta frv. í menntmn. og var reyndar ekki leitað eftir því. Það lá svo mikið á að koma málinu út úr nefndinni og það leiddi til þess að málið var afgreitt út á því miður afar óheppilegum tíma. Það er afgreitt í ósátt við kennarasamtökin, það er afgreitt með nýjum og ítrekuðum samþykktum Sambands ísl. sveitarfélaga um þá fyrirvara sem þeir setja. Ég get ekki annað en vitnað í bréf sem mér barst í dag og er dagsett í dag, að ég held, frá kennarasamtökunum, bæði Kennarasambandi Íslands og Hinu íslenska kennarafélagi. Þar er sérstök klausa vegna þessarar afgreiðslu og þar segir, með leyfi forseta:

„Vegna afgreiðslu laga um grunnskóla frá menntmn. Alþingis 14. febr. 1995 vilja kennarafélögin taka fram eftirfarandi:

1. Afgreiðsla frv. úr nefnd án þess að nokkur niðurstaða sé fengin um meðferð ráðningarbundinna réttinda grunnskólakennara við flutning grunnskólans er hneyksli. Þessi dæmalausa málsmeðferð er líkleg til þess að tefja og torvelda samningaviðræður.

2. Stóraukin áhersla verður lögð á það í viðræðum að meta nákvæmlega áhrif nýrrar lagasetningar á störf kennara og annarra faglegra starfsmanna skólanna.

3. Samningstími verður metinn með tilliti til gildistökuákvæða."

Það er alveg ljóst að það að svona hittist á að verið er að reyna að afgreiða þessi lög á sama tíma og kennarar standa í vinnudeilum leiðir til þess að hugsanlega verða gerðir einhverjir tímabundnir kjarasamningar núna, vonandi takast þeir, en síðan verður að setjist yfir þessi mál öll aftur í ljósi þessara nýju laga vegna þess að þær lagabreytingar sem hér eru á ferð fela í sér breytingar á stöðu og kjörum kennara. Bara það eitt að fjölga kennsludögum leiðir til þess að það þarf að semja sérstaklega um það hvernig við því verður brugðist vegna þess að þó að starfsdögum grunnskólakennara verði fækkað eða þeir einhvern veginn teknir út fyrir kennslutímann þá þarf að vinna þá vinnu sem unnin er á þeim dögum og hún fer þá út fyrir þann tíma og þá þarf að semja um það. Það er ýmislegt annað í þessu frv., eins og kennarar vekja athygli á, sem þarf að semja um sérstaklega.

Málið er afgreitt í óþökk kennarafélaganna og ég hygg að það ráði ekki litlu um þeirra afstöðu að þeg-

ar niðurstaðan er skoðuð, þ.e. frv. og brtt., þá kemur í ljós að það hefur ekkert tillit verið tekið til athugasemda kennara. Þetta frv. felur í sér að það er dregið úr áhrifum kennara á mótun skólastarfs og á vinnu innan skólanna. Kennarar hafa gert ítrekaðar athugasemdir um það mál en það er ekkert tillit tekið til þess.

Það mætti hafa langt mál um stöðu skólamála í landinu og ég ætla aðeins að nefna það áður en ég kem að sjálfu frv. og breytingunum á því. Ég mun koma dálítið nánar að stöðu kennara og sveitarfélaganna á eftir en að mínum dómi eru helstu gallarnir á íslensku skólakerfi það flæði sem þar ríkir, þ.e. það er straumur upp í gegnum grunnskólann, inn í framhaldsskólana og loks í lok framhaldsskólans er einhver þröskuldur settur, einhver mælikvarði við það að ná stúdentsprófi sem þó er um margt óljóst og síðan eru háskólar hér á landi, sem betur fer, mjög opnir nemendum þó reyndar megi velta því fyrir sér hvort þar sé eðlilega að verki staðið og hvort ýmsar háskóladeildir ættu ekki að hafa heimildir til þess að gera ákveðnar kröfur til sinna nemenda. Ég veit að þetta er mjög umdeilt atriði með þetta flæði, með tilgang prófa og það hvað próf mæla í raun og veru en ég er þeirrar skoðunar að það hafi verið slakað allt of mikið á kröfum í íslensku skólakerfi á undanförnum áratugum. Ég hef mikla reynslu af því sem framhaldsskólakennari að taka við þessum straumi nemenda í grunnskólum sem voru ekki á nokkurn hátt búnir undir það nám sem þar var boðið upp á. Það er ekki samræmi milli námsins í grunnskóla og þess sem boðið er upp á í framhaldsskóla. Það segir okkur að mínu mati að annars vegar séu kröfurnar ekki nægilega miklar í grunnskólanum og hins vegar bjóði framhaldsskólinn nemendum ekki upp á nógu fjölbreytt nám. Hann býður ekki upp á þá fjölbreytni sem þarf til að taka mið af mjög mismunandi stöðu nemenda.

Það var ákaflega athyglisvert að heyra það hjá skrifstofustjóra menntmrn., Stefáni Baldurssyni, hversu miklum tíma og miklu fé er varið til sérkennslu í okkar skólakerfi. Ég held reyndar að hún megi vera meiri vegna þess að hér hafa orðið gríðarlegar þjóðfélagsbreytingar sem hafa leitt það af sér annars vegar að margir nemendur fá ekki það aðhald sem þeir þurfa. Það sem áður gerðist og fólst í því að arfur kynslóðanna barst á milli frá foreldrum til barna eða frá öfum og ömmum til barna, sú menningarhefð hefur því miður rofnað á mörgum heimilum, m.a. vegna vinnuálags og mikilla breytinga sem orðið hafa á fjölskyldulífi og fjölskylduháttum. Við þessu hafa skólarnir ekki brugðist. Menn voru kannski lengi að átta sig á þessum þjóðfélagsbreytingum og jafnframt hafa menn verið ákaflega seinir að taka við sér varðandi þá þjónustu sem þarf að veita þeim hluta nemenda sem á við ýmiss konar vanda að stríða og þá er ég bæði að tala um félagslegan vanda og það sem við getum kallað líffræðilegan vanda eða námsörðugleika sem kalla á sérstaka þjálfun og sérstaka þjónustu.

Af fleiri göllum menntakerfisins vil ég sérstaklega nefna allt of litla list- og verkmenntun, allt of litla áherslu á skapandi hugsun og skapandi störf í skólunum sem m.a. ræðst af áherslum og of litlum fjárframlögum. Við sjáum að brottfall nemenda er mjög hátt í íslenskum skólum, þá er ég að tala um framhaldsskólana fyrst og fremst. Það er mikið um að nemendur verði að endurtaka sitt nám, m.a. vegna slælegs undirbúnings.

Síðast en ekki síst er megingallinn, stóri gallinn á íslensku menntakerfi, hin lágu laun kennara sem ég held að valdi og hafi valdið ótrúlegum skaða. Ég get bara vitnað til minnar eigin reynslu af verkfallinu 1989 og bráðabirgðalögunum sem sett voru í júlí 1990 þar sem kennarar í framhaldsskólum voru sviptir þeim launabótum sem búið var að semja um, bæði verkfallið og bráðabirgðalögin höfðu alveg ótrúleg andleg áhrif á þá sem unnu í skólunum. Menn bara nenntu ekki lengur að standa í þessu. Það sem kallað er vinnuandi eða vinnusiðferði varð fyrir miklum skaða.

Ef við hugsum til þess að kennarar í Kennarasambandi Íslands fóru í verkfall 1984, þá voru gerðir kjarasamningar sem urðu skömmu síðar að engu og mér er sagt að hafi einnig haft mjög lamandi áhrif á skólastarf og afstöðu kennara. Það er ekki fyrr en nú, tíu árum síðar, sem félagar í Kennarasambandi Íslands eru fyllilega komnir í það form að treysta sér aftur í harða kjarabaráttu. Kennarar í framhaldsskólum sögðu upp störfum og gengu út árið 1986. Þeir fóru í þriggja vikna verkfall 1987 ef ég man rétt og síðan var sex vikna verkfall BHMR 1989. Allt þetta var, eins og ég nefndi áðan, gert að engu með bráðabirgðalögunum 1990.

Allt þetta sýnir að það er mjög mikil óánægja í kennarastéttinni og allt slíkt, óánægja með kaup og kjör, hefur áhrif á allt skólastarf. Þess vegna er svo brýnt að nota tækifærið við þær breytingar sem hér er verið að gera til að finna leiðir til að bæta kjörin. Það verður að hætta þessum tröppuhugsunarhætti sem hér ríkir að líta á þjóðfélagið eins og einhvern stiga þar sem hver hópur eða stétt situr rígföst í sinni tröppu og engu má breyta, engu má bylta, enginn má fá bætur. Þetta gengur ekki upp. Kjör kennara hafa versnað mikið á undanförnum áratugum, og ég hef ekki séð útreikninga um það en ég hef einfaldlega dæmi frá fólki sem hefur verið lengi í kennslu sem segir að fyrir um það bil 20 árum var hægt að lifa og framfleyta fjölskyldu á einum kennaralaunum. Núna duga varla laun tveggja opinberra starfsmanna til að halda uppi rétt venjulegri vísitölufjölskyldu. Það væri fróðlegt að sjá samanburð á launum kennara og ýmissa annarra stétta því að það er staðreynd að kennarar hafa dregist mjög mikið aftur úr. Þetta er aðdragandi að frv. og ég ætla þá að koma að því sjálfu.

Hv. formaður menntmn. hefur haldið því fram að það væri ákaflega lítill ágreiningur um innihald frv. Þetta er að mínum dómi alls ekki rétt. Það var útbúið hefti fyrir nefndarmenn þar sem dregnar voru saman helstu athugasemdir við þetta frv. og þetta hefti sem er ljósritað báðum megin er upp á 63 síður. Það eru gerðar mjög miklar athugasemdir við þetta frv. Þær eru auðvitað mismunandi alvarlegar en þarna er um mjög margar spurningar að ræða og að mínum dómi tók

meiri hlutinn lítið tillit til þeirra athugasemda.

Það má rifja það upp að á síðasta ári var lagt fram frv. um breytingar á lögum um grunnskólann og þá fór í gang töluvert mikil umræða sem leiddi til þess að það voru gerðar allnokkrar breytingar á frv. Kannski var stærsta atriðið sem tekið var út frá því að tillögur átján manna nefndarinnar voru lagðar fram hugmyndir um lengingu skólaársins. Það kom í ljós að lenging skólaársins um einn mánuð mætti mikilli andstöðu.

En hér liggur frv. fyrir eftir þessa meðferð sem það hefur fengið í hv. menntmn. og með þeim breytingum sem nefndin leggur til. Ég ætla ekki að fara ítarlega í einstök efnisatriði en hins vegar langar mig til þess að koma að þeim atriðum sem ég tel að hafi verið nánast óræddd og sem nefndin hefði þurft að vinna mun betur.

Í fyrsta lagi er að nefna sjálfan flutninginn yfir til sveitarfélaganna og þá fyrst og fremst það hvernig að honum skuli staðið og hvað hann felur í sér. Eftir að hafa farið rækilega í gegnum frv. og þær umsagnir sem nefndinni bárust eru margir þættir óljósir varðandi þennan flutning, hvernig sveitarfélögunum er ætlað að taka þar á ýmsum þáttum og hver kostnaðurinn er. Frv. fylgir umsögn fjmrn. þar sem bent er á ýmis atriði en það er alveg ljóst að þetta frv. felur í sér að sveitarfélögin eiga að veita mun meiri þjónustu en ríkið hefur treyst sér til þess að veita hingað til. Loksins þegar grunnskólinn er fluttur yfir til sveitarfélaganna eiga þau gera hann almennilegan en ríkið hefur ekki treyst sér til þess. Hvað kosta þessar breytingar? Hvað kostar einsetning grunnskólanna? Hvað kosta máltíðir í skólum, hvernig á að standa að þeim? Hvað kostar sérkennsluþátturinn? Hvað kostar það starf sem fræðsluskrifstofur hafa unnið hingað til og sveitarfélögin eiga að sinna? Hvað kosta sérskólarnir og hvernig verður samstarfið milli einstakra sveitarfélaga hvað þau varðar o.s.frv.? Hvað kosta samningar við kennara og þannig mætti lengi telja.

Í umsögnum sveitarfélaganna er bent á ýmsa þætti sem valda auknum kostnaði. Þar voru t.d. athugasemdir kaup á námsgögnum sem meiri hlutinn hefur nú ákveðið að gera breytingar á og það verður óbreytt stefna varðandi Námsgagnastofnun. Hún mun áfram bæði framleiða bækur og dreifa þeim til skólabarna. Þá er rétt að minna á það hvað Námsgagnastofnun hefur verið sársvelt árum saman og ýmis þau námsgögn sem verið er að afhenda grunnskólabörnum eru orðin bæði mjög gömul og námsbækur vantar á ýmsum sviðum. T.d. má benda á það sem kom fram þegar við vorum að velta fyrir okkur þjóðargjöfinni í tilefni af 50 ára afmæli lýðveldisins. Þá var ég með hugmyndir um það að setja peninga í skólabókaútgáfu eða vinna námsgögn fyrir grunnskólana sem sérstaklega tengdust sögu þjóðarinnar. En þá bentu þeir hjá Námsgagnastofnun á að það sem vantaði langsamlega mest væri ný landafræði og orðabók fyrir skólanemendur. Þar væri ýmist ekkert til eða fornaldarástand ríkjandi. Þá vaknar spurningin hvernig ríkisvaldið muni standa að námsgagnagerðinni fyrst sá þáttur verður hjá ríkinu.

Það sem veldur mér miklum vangaveltum og kemur víða við í þessum umsögnum er það sem snýr að sérkennslumálunum. Það er gengið út frá því í frv. að öllum skólabörnum verði gefinn kostur á sérkennslu í sínum heimaskóla. Það er jafnframt gert ráð fyrir því að þeir sérskólar sem nú starfa starfi áfram.

Nú er það svo að stærstu sérskólarnir eða nánast einu sérskólarnir sem eru starfandi á landinu eru í Reykjavík og þar af leiðandi kemur það í hlut Reykjavíkurborgar að taka við þeim og væntanlega gera samninga við alla vega nágrannasveitarfélögin, hugsanlega öll sveitarfélög á landinu, um það hvernig rekstri þeirra skóla verði háttað. En það sem maður spyr sig er það hvernig skólar landsins eru í stakk búnir til þess að sinna sérkennslunni heima fyrir. Þeir gera það að nokkru leyti núna en það er alveg skýlaus réttur barnanna að fá þessa sérkennslu. Og hvernig eru skólarnir í stakk búnir til þess að sinna henni?

Það sem ég hefði viljað sjá og heyra í þessari umræðu var það að við í hv. menntmn. fengjum okkur tækifæri til þess að fara rækilega ofan í sérkennslumálin því að það vill svo til að í landinu eru nokkuð skiptar skoðanir um það hvernig staðið skuli að sérkennslumálum. Það eru tveir meginstraumar en það er kannski einn straumur sem gengur hvað lengst. Annars vegar er það hin svokallaða blöndun sem hefur átt mjög upp á pallborðið á undanförnum árum og felst í því að það eigi að gefa t.d. fötluðum börnum kost á því að vera í almennum skólum. Sumir ganga svo langt að segja að öll fötluð börn eigi að vera í almennum skólum. Þau eigi að vera eins og hver önnur börn í skólakerfinu og skólakerfið eigi að bjóða þeim upp á alla þá þjónustu sem þau þurfa á að halda. Síðan er straumur sem gengur aðeins lengra en það og vill ekki viðurkenna neins konar sérkennslu og segir að í orðinu sérkennsla felist mismunun. Það sé verið að mismuna nemendum og hver kennari eigi að fera fær um að kenna öllum nemendum. Þetta er hinn nýi straumur sem er mjög til umræðu og gengur mjög langt.

Þarna á móti eru svo þeir sem segja að það eigi að veita sérþjónustu og að sumir nemendur hafi þörf og þeim beri réttur til þess að fá að vera með sínum líkum, fái að vera í sínu umhverfi, t.d. heyrnarlaus börn sem eigi að vera í sínu sérstaka málumhverfi þar sem allir tala þeirra mál og þau skilja hvert annað.

Það er mikil hugmyndafræðileg umræða sem þarna á sér stað og ég held að við hefðum átt að gefa okkur tíma til þess að fara svolítið ofan í þessi mál. Ég velti því fyrir mér hvort sú blöndunarstefna sem þetta frv. gengur út frá sé raunhæf. Það er reynt að fara bil beggja. Það er ekki verið að taka neina afstöðu með þessum straumum en það hefði vissulega verið ástæða til þess að fara rækilega ofan í þetta.

Varðandi fræðsluskrifstofurnar er allt mjög óljóst um það hvernig því starfi muni verða háttað, hvort sveitarfélögin muni ná einhvers konar samkomulagi á ákveðnu svæði um rekstur á slíkum þjónustumiðstöðvum eða hvað. Og eftir því sem ég best veit er allt starf varðandi þróun fræðsluskrifstofanna meira og minna í lamasessi. Menn hafa til að mynda verið að bíða eftir niðurstöðum í þessu máli.

Eitt atriði enn vegna þess að það kom fram í umræðunum í gær að minni hluti menntmn. hefur ekki komið fram með neinar brtt. Ég vil taka það fram að málið var einfaldlega ekki komið á það stig í nefndinni að það væri kominn tími til að gera brtt. Ég hefði viljað gera brtt. varðandi skólanefndirnar og veita foreldrum beina aðild að skólanefndum með atkvæðisrétti. Ég veit það að slíkt fyrirkomulag er í Danmörku og hefur gefist ákaflega vel. Ég hef lesið greinar um það að þessi beina aðild foreldra hafi orðið til þess að auka foreldrastarf mjög mikið og orðið til þess að foreldrar hafi orðið miklu áhugasamari og ábyrgðarfyllri varðandi allt skólastarf og hafi sett sig betur inn í hina faglegu hlið málanna.

En hér er ekki gengið svo langt heldur eiga foreldrar aðeins áheyrnaraðild að skólanefndunum. Reyndar eru miklar athugasemdir við skólanefndirnar í umsögnunum og mér finnst reyndar að þar gæti ákveðins vantrausts í þeirra garð og menn séu að gefa sér það að það þurfi alltaf fagfólk í allt. En auðvitað er með skólanefndir eins og ýmsar aðrar nefndir á vegum sveitarfélaganna að þær þurfa að taka á alls konar viðkvæmum málum hvort sem það eru félagsmálanefndir, barnaverndarnefndir, húsnæðisnefndir og hvers vegna skyldi fólk, hinn almenni borgari ekki geta tekið þátt í umræðum og ákvörðunum um skólamál. Skólamál koma okkur öllum við og ég held einmitt að það að haga skólanefndunum með þessum hætti, þó að ég hefði viljað fá foreldra þarna inn í beint, að það verði einmitt til þess að auka umræður um skólamál. Menn mega ekki ganga út frá því að það hafi engir vit á skólamálum aðrir en þeir sem hafa sérmenntun í þeim efnum. Auðvitað hafa foreldrar skoðun á því hvað á að gera í skólunum og þeir hafa rétt til þess að setja þær skoðanir fram.

Enn eitt atriði sem hv. formaður menntmn. kom að í sinni framsögu og aldrei var rætt í nefndinni, það var sú tillaga að lögfesta táknmál sem móðurmál heyrnarlausra. Þetta var aldrei rætt. Því máli er vísað til reglugerðar, en ég held að það hefði verið mjög til bóta og verið gott mál að lögfesta og styrkja þannig stöðu heyrnarlausra að lögfesta þeirra táknmál. Mér finnst þetta vera mannréttindamál en þetta var ekkert rætt.

Sama gildir um þá miklu gagnrýni sem kemur frá kennarafélögunum um það hvernig verið sé að draga úr áhrifum kennara á skólastarfið. Þetta kemur ítrekað fram í þeirra umsögn, þar er bent á fjölda atriða sem m.a. er verið að taka út úr lögum um umsagnarrétt kennara og þetta var bara ekkert rætt í nefndinni. Hver er stefnan? Er þetta í samræmi við það sem gildir í öðrum ríkisstofnunum? Hver er pólitíkin í þessu? Hvernig á pólitíkin að vera? Hvað eru menn tilbúnir að gera varðandi áhrif starfsmanna á rekstur þeirra stofnana sem þeir vinna hjá?

Enn eitt atriði sem var aldrei rætt eða aldrei tekin afstaða til var um stærð bekkja. Samband ísl. sveitarfélaga leggur mikla áherslu á það og reyndar kennarasamtökin líka að það sé kveðið á í lögum um hámarksstærð bekkja. Ég er ekki sammála því. Mér finnst það svolítið gamaldags hugsun að vilja lögbinda starf bekkja því að skólastarf nú á dögum er svo fjölbreytilegt. Menn eru með alls konar form, eins og í hinum opnu skólum, þar sem verið er að taka út hópa og bekkurinn hefur ekki sömu merkingu og fyrr. Þannig að ég er ekki viss um og ekki á þeirri skoðun að það hefði átt að gera það, en hins vegar veit ég það vel og skil það vel að þetta hefur verið grundvallaratriði í samningamálum kennara og er náttúrlega partur af því að gera kannski skólastarfið bærilegt fyrir kennara vegna þess agaleysis sem hér ríkir, því miður.

Ég sá í viðtali við íslenska konu sem býr í Japan, hún átti lítinn dreng í grunnskóla og þar voru 45 börn í bekk og heyrðist hvorki hósti né stuna. (Gripið fram í.) Já, þar var agi. Það þurfa að vísu að vera ákveðin takmörk fyrir aganum, en það má kannski eitthvað á milli vera þess agaleysis sem hér ríkir og þess stranga uppeldis sem japönsk börn hljóta. Stærð bekkjarins segir auðvitað ekki allt en þetta hefði þurft að ræða. Þetta hefði nefndin þurft að ræða, en það var ekki gert.

Enn eitt sem ekki var rætt í nefndinni eru þær margítrekuðu athugasemdir sérfræðinga, m.a. skólasálfræðinga, sem fram koma í umsögnum þar sem þeir fara fram á það að þeirra starfsheiti komi fram í lögunum og það sé skilgreint og tekið fram hvert þeirra hlutverk sé. Þetta ber svolítinn keim af því að menn eru að reyna að tryggja stöðu sína í skólakerfinu og kannski gengið svolítið út frá því að það geti ekki aðrir komið að þessum málum, en það er ekki þar fyrir að öll þessi sérfræðiaðstoð sem kveðið er á um í frv. er býsna óljós.

Þá er það enn eitt sem er nokkuð óljóst í mínum huga og það er það eftirlit sem ríkið á að hafa með grunnskólanum. Ef við horfum aðeins á þetta skipulag þá er það Alþingi sem setur rammann um skólakerfið með lögum og þar fer menntmrh. og menntmrn. með æðstu völd. Það ákveður hvaða greinar á að kenna, það gefur út námsbækurnar og það á að hafa eftirlit með því að lögum sé framfylgt og skólarnir standi við lögin. Hvernig á þetta eftirlit að fara fram? Það er aldeilis óljóst. Á að kalla til erlenda aðila, á Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála að annast þetta eða hvað? Þarna er enn einn þátturinn sem er býsna óljós.

Það mætti fleira telja í þessu efni, en ég ætla nú að fara að stytta mál mitt, frú forseti, og reyna að draga saman að lokum að ástæðan fyrir því að ég, eins og aðrir fulltrúar minni hlutans í menntmn., leggst gegn afgreiðslu þessa máls eru auðvitað þessir tveir meginþættir, að það er verið að afgreiða þetta mál í óþökk kennara og við þær aðstæður að öll þeirra réttindamál eru í lausu lofti. Í öðru lagi hafa enn þá ekki náðst samningar við sveitarfélögin um það hvernig að þessum málum muni staðið. Það er ekki ljóst hvaða kostnaður hlýst af þessu frv. og þó að ég sé sammála þeirri röð að fyrst sé að ákveða rammann, síðan að ganga frá samningamálum og réttindamálum kennara og loks að ákveða tekjustofna til þess að standa undir þessu öllu saman þá hefði það samt átt að gerast nokkurn veginn á sama tímapunkti með kannski þriggja daga millibili eða eitthvað slíkt.

Þannig að að mínum dómi er ótímabært að samþykkja þetta frv. og það er alveg augljóst að þetta eru fyrst og fremst metnaðarmál hæstv. menntmrh. og formanns menntmn. að koma þessu frv. hér í gegn. En að gera það við þessar aðstæður, gegn mótmælum kennara og á þeim tíma þegar kennarar standa í samningaviðræðum, sem mun auðvitað leiða til þess að það þarf að taka alla þá samninga upp aftur, og gegn mótmælum og athugasemdum sveitarfélaganna, þetta er bara mjög óskynsamlegt. Það er mjög óskynsamlegt að standa svona að verki. Og að meiri hluti nefndarinnar skuli afgreiða málið út rétt á meðan Samband ísl. sveitarfélaga var að funda um málið er auðvitað alveg fráleitt.

Í bréfi sem Samband ísl. sveitarfélaga skrifaði okkur 14. febr. sl. þá er allt ítrekað varðandi fyrri skilyrði sem sveitarfélögin setja. Þau vilja auðvitað vita að hverju þau ganga. Þau vilja fá að vita hver niðurstaðan verður í samningamálum kennara og varðandi réttindamál kennara. Það er ekkert smáræði sem sveitarfélögin eru að fá yfir sig í lífeyrismálum, í ráðningarmálum, í orlofsmálum o.s.frv. Það hefði verið langeðlilegast að ganga frá þessu öllu á nokkurn veginn sama tíma. Ég hugsa að hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson, sem er vanur samningamaður fyrir stéttarfélag, hefði ekki verið kátur með það að setja fyrst sjómannalög og gerbreyta stöðu sjómanna og koma svo sex mánuðum síðar og semja um öll réttindamálin, hvernig eigi að taka á breytingum.

Menn verða að hafa yfirsýn yfir það hvað þeir eru að gera, en það er þannig, frú forseti, að þá yfirsýn skortir. Við vitum ekki hvað samþykkt þessa frv. hefur í för með sér, hver kostnaðurinn verður og mér finnst það óviðunandi að samþykkja lög með þeim hætti. Það hefði verið hægt að ljúka sjálfri vinnslu frv., sem eins og ég hef hér rakið er alls ekki lokið, og ég tek það fram í mínu nál. að ég harma það hvernig meiri hlutinn ákvað að standa hér að verki vegna þess að ég hef þá trú að það hefði mátt ná alla vega víðtækara samstarfi eða við hefðum fleiri getað staðið að afgreiðslu þessa máls ef meiri hlutinn hefði sýnt vilja til þess að reyna að ná samkomulagi með því að fara betur ofan í málið og með því að við hefðum þó ekki væri nema gengið frá yfirlýsingum, fengið yfirlýsingar varðandi réttindamál kennara.

En ég harma það hvernig að þessu var staðið og mér finnst þetta svo óheppilegt og ég segi það í mikilli hjartans einlægni, að skólamál eru þess háttar mál sem mjög eða alla vega þokkaleg samstaða þarf að ríkja um í samfélaginu. Það gengur ekki að vera að setja lög um jafnviðkvæmt mál og framtíð barna þessa lands og alla þá aðstöðu og aðbúnað sem kennarar búa við, að vera að setja slík lög í óþökk kennara án nægjanlegs samráðs og í sátt við sveitarfélögin og án þess að það sé nokkurn veginn samstaða á hinu háa Alþingi um það hvernig þeim málum skuli háttað. Ég held að þetta þýði bara það að næsta ríkisstjórn rífur þetta allt saman upp og hamingjan má vita hvað út úr því kemur og það mun bara dragast að koma hér fram úrbótum í skólamálum á Íslandi sem ekki er vanþörf á. Þess vegna ítreka ég það að ég harma það hvernig hér hefur verið að málum staðið.

Útbýting þingskjala:

Grunnskóli, 126. mál, nál. 2. minni hluta menntmn., þskj. 675; nál. 3. minni hluta menntmn., þskj. 678

Verkfall sjúkraliða, 322. mál, skýrsla heilbrrh., þskj. 679.

[17:38]

Frsm. 2. minni hluta menntmn. (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég ætla að mæla fyrir nál. 2. minni hluta menntmn. sem skipaður er þeirri sem hér stendur og hv. þm. Jóni Kristjánssyni. En áður en ég kem að því vildi ég, eins og hv. síðasti ræðumaður, nefna aðeins þá auglýsingu sem birtist í Morgunblaðinu nýlega þar sem óskað var eftir þingmönnum sem treystu sér til þess að tala máli grunnskólans á hv. Alþingi. Ég tel mig hafa gert það og mun sækja um að fá að gera það áfram og ég þarf sennilega að senda formlega umsókn þar um. En ég get líka tekið undir með hv. þm. þar sem hún sagði í lok sinnar ræðu að það er mikils vert að það sé sátt í þjóðfélaginu um grunnskólann og það að hv. menntmn. skuli ekki hafa náð saman um frv. og um stefnu í grunnskólamálum finnst mér miður og hef látið það koma fram því að ég hef ekki trú á því að skoðanir fólks á hvernig grunnskólinn eigi að vera geti farið svo nákvæmlega eftir flokkspólitík.

Hæstv. forseti. Ég mun þá fara yfir þetta nefndarálit.

Nefndin hefur fjallað um frv. á allmörgum fundum enda um mjög vandmeðfarið mál að ræða. Frv. fjallar annars vegar um flutning grunnskólans að fullu til sveitarfélaganna og ýmsar breytingar sem því tengjast og hins vegar um ýmsar grundvallarbreytingar á grunnskólastarfi og þeirri stoðþjónustu sem fræðsluskrifstofur hafa veitt og hefur verið að eflast með ári hverju.

Annar minni hluti nefndarinnar gagnrýnir vinnubrögð meiri hluta nefndarinnar og er þeirrar skoðunar að málið hafi ekki verið unnið nægilega vel í nefndinni og að nefndarmenn hafi ekki fengið tækifæri til að skiptast á skoðunum um einstaka umsagnir og breytingartillögur. Þar að auki gafst ekki tími til að ræða áherslur minni hlutans á efnisinnihald frv. Það reyndi því aldrei á það að fullu hvort samstaða gat náðst við 2. minni hluta um sjálft innihald frv., þ.e. það sem snýr að skólastarfinu sjálfu.

Annar minni hluti gagnrýnir harkalega vinnubrögð formanns nefndarinnar við afgreiðslu málsins úr nefndinni. Ætlun hans var sú að afgreiða málið á fyrsta fundi eftir að breytingartillögum meiri hlutans hafði verið dreift. Þá var beiðni 2. minni hluta hafnað um að fá til viðræðna við nefndina fulltrúa frá landsbyggðarkjördæmi, t.d. Norðurl. v., til þess að greina nefndinni frá því hvar vinna við yfirtöku á starfsemi fræðsluskrifstofa væri á vegi stödd. Enn fremur var hafnað beiðni um að menntmn. fengi að sjá réttindafrv. vegna réttindamála kennara sem sögur fara af að sé til í kerfinu. Þessu var líka hafnað. Beiðni um að menntmrh.,

fjmrh. og fulltrúar frá Sambandi ísl. sveitarfélaga og kennarafélögunum kæmu á fund nefndarinnar var hins vegar tekin til greina og var ákveðið að halda fund næsta dag. Á þeim fundi kom fram hjá menntmrh. að réttindamál kennara yrðu tekin til umfjöllunar í tengslum við meðferð réttindamála starfsfólks heilbrigðisstofnana. Hann sagði jafnframt að engum hefði dottið í hug að réttindi kennara skyldu skerðast við yfirfærsluna. Spurningin snerist meira um það hver réttindi þeirra sem verða ráðnir eftir breytinguna skuli verða. Það kom jafnframt fram að kennarar munu fá réttindafrv. til umsagnar áður en það verður lagt fram á Alþingi.

Á fundinum kom fram hjá formönnum kennarafélaganna að kennarar eru andvígir því að grunnskólafrv. verði samþykkt sem lög nú, m.a. vegna réttindamálanna sem eru algjörlega „fljótandi". Það kom jafnframt fram að mögulegt hefði verið að flytja grunnskólann til sveitarfélaganna án þess að það væri í andstöðu við kennara ef öðruvísi hefði verið að málum staðið.

Á fundinum kom fram hjá formanni og framkvæmdastjóra Sambands ísl. sveitarfélaga að fundur yrði haldinn í stjórn sambandsins mjög fljótt um það hver afstaða sambandsins væri til þess að grunnskólafrv. yrði samþykkt við núverandi aðstæður. Seinna sama dag var haldinn fundur í stjórninni en á sama tíma boðaði formaður menntmn. til fundar í menntmn. og tók málið út með atkvæðum fulltrúa Sjálfstfl. og Alþfl. gegn atkvæðum Framfl., Alþb. og Kvennalista. Tillaga þess efnis að beðið yrði eftir niðurstöðu stjórnarfundar Sambands ísl. sveitarfélaga fékkst ekki borin upp á fundinum.

Stjórnin ályktaði m.a. eftirfarandi (þ.e. stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga), með leyfi forseta:

„Stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga ítrekar fyrri umsagnir sínar um frv. til laga um grunnskóla og samþykkt 15. landsþings Sambands ísl. sveitarfélaga um yfirfærslu á öllum grunnskólakostnaði frá ríki til sveitarfélaga.

Stjórn sambandsins telur að heppilegra hefði verið að sameiginleg undirbúningsvinna ríkis, sveitarfélaga og samtaka kennara vegna yfirfærslu alls grunnskólakostnaðar frá ríki til sveitarfélaga væri að mestu lokið áður en ný lög um grunnskóla eru samþykkt."

Þá segir enn fremur, með leyfi forseta: „Verði frv. til nýrra grunnskólalaga samþykkt á yfirstandandi Alþingi er lögð áhersla á að sveitarfélögin hafi nægan tíma til að undirbúa flutninginn. Því er lagt til ef frv. verður samþykkt að lögin komi í fyrsta lagi til framkvæmda 1. ágúst 1996."

Það er skoðun 2. minni hluta að það sé rangt að samþykkja frv. á þessu þingi sem lög þar sem ekki hefur náðst niðurstaða um kostnaðartilfærslu til sveitarfélaganna, réttindamál kennara og þjónustu fræðsluskrifstofa. Þannig er tekið undir þær skoðanir Sambands ísl. sveitarfélaga og kennarafélaganna að fresta beri afgreiðslu málsins.

Annar minni hluti tekur undir með formanni Sambands ísl. sveitarfélaga sem sagði á fundi nefndarinnar að engin hætta væri á því að um of drægist á langinn að grunnskólinn flyttist að fullu til sveitarfélaganna þótt ekki yrði af samþykkt laganna nú.

Samkvæmt fylgiskjali fjmrn. er áætlað að frv. hafi í för með sér kostnaðarauka upp á 680–910 millj. kr. Þá er einungis átt við skólastarfið sem slíkt en þegar allt er talið á því tímabili þar til lögin hafa öðlast gildi að fullu er kostnaður sá sem flyst yfir til höfuðborgarsvæðisins og sér 5–6 milljarðar kr. að mati Sambands ísl. sveitarfélaga og eru þá lífeyrisskuldbindingar vegna kennara ekki taldar með. Í fjárlögum fyrir árið 1995 er heildarfjárveiting til grunnskóla 1995 5.390 millj. kr.

Öðrum minni hluta finnst það grátbroslegt að horfa upp á þá þversögn sem kemur fram í meðferð ríkisstjórnarflokkanna á grunnskólanum. Annars vegar er hamast við að skera niður um 100–200 millj. kr. á ári með sérstökum lögum allt kjörtímabilið með því að fækka kennslustundum og fjölga í bekkjum. Hins vegar er, þegar kjörtímabilinu lýkur og ríkisstjórnin veit að hún er að fara frá, hægt að vera með metnað fyrir hönd grunnskólans með fjölgun kennslustunda. Það mun hins vegar ekki nýtast þeim börnum sem hafa verið svo ólánsöm að vera í grunnskóla þau ár sem ríkisstjórn Davíðs Oddssonar hefur setið að völdum.

Annar minni hluti er þeirrar skoðunar að þær breytingartillögur, sem lagðar eru fram af meiri hlutanum, séu flestar til bóta þó að í sumum tilfellum sé ekki gengið nægilega langt. Stærstu gallar frv., þegar tekið er tillit til breytingartillagna meiri hlutans, eru eftirfarandi:

Í fyrsta lagi. Óeðlilega mikið er dregið úr áhrifum kennara á stjórn skóla og má segja að það sé gegnumgangandi nokkuð áberandi í frv.

Í öðru lagi. Ekki er gert ráð fyrir fjöldatakmörkunum í bekkjardeildir. Þarna finnst okkur að sé um mjög stórt mál að ræða og eitt af þeim málum sem stendur öllu skólastarfi mjög fyrir þrifum, sérstaklega á Stór-Reykjavíkursvæðinu og einnig má nefna Akureyri í því sambandi.

Þegar sú grundvallarbreyting var gerð á grunnskólanum að hætt var að flokka nemendur í bekki eftir námsgetu þá hlaut það að hafa það í för með sér að það þyrfti að fækka í bekkjardeildum til þess að einn kennari nái að sinna svo stórum hóp. Með sérstökum lögum eins og áður hefur komið fram í tíð núv. ríkisstjórnar hefur verið sett inn ákvæði sem heimilar að fjölga í bekkjum og þá hefur ekkert tillit verið tekið til aðstæðna, til stærðar skólastofa né annars. Og þetta er það sem hefur valdið miklum erfiðleikum og mikilli óánægju á meðal kennara og meðal alls þess fólks sem lætur sig grunnskólamál varða og mér finnst það mjög hættulegt að hafa ekki ákvæði í lögum hvað þetta varðar.

Í þriðja lagi. Þá nefni ég að of mikil áhersla er lögð á samræmd próf að okkar mati og skal þeim beitt niður í 4. bekk grunnskólans. Það sem við óttumst ekki síst í því sambandi er að það að hafa yfir höfði sér samræmt próf verði of ráðandi í skólastarfi og þar að auki er þetta óskaplega kostnaðarsamt. Miðað við það

hvernig staðið hefur verið að fjárveitingum til skóla upp á síðkastið þá finnst mér það með ólíkindum að svo mikil áhersla skuli vera lögð á þetta atriði. Ég er ekki að tala gegn samræmdum prófum. Mér finnst þau mjög mikilvæg við lok grunnskóla og gæti hugsað mér líka að þau yrðu að einhverju leyti tekin upp í 12 ára bekk en að fara með þau alveg niður í 4. bekk er ég einfaldlega andvíg.

Í fjórða lagi. Þá gagnrýnum við að sérfræðiþjónusta og sérkennsla er illa skilgreind. Ákvæði um sérþarfir nemenda eru óljósar. Þetta höfum við fengið mjög margar ábendingar um í hv. menntmn. og vil ég leyfa mér, hæstv. forseti, að koma lítillega inn á það. En í 2. mgr. 9. gr. frv. stendur, með leyfi forseta:

„Ráðuneytið skal fylgjast með að allir grunnskólar landsins eigi kost á sérfræðiþjónustu ...“ Þetta er í sjálfu sér gott svo langt sem það nær en það er spurning hvort það er nægilega skýrt orðað og þetta er málefni sem eins og kom fram hjá síðasta ræðumanni er nokkur ósamstaða um í þjóðfélaginu, þetta með blöndun eða sérskóla. Ég er þeirrar skoðunar að það sé ekki rétt að leggja niður sérskóla en að sjálfsögðu þarf að vera matsatriði hverju sinni hvenær nemendur eiga að sækja slíka skóla. Mig langar, hæstv. forseti, að vitna lítillega í nokkrar umsagnir sem snúa að þessu atriði.

Ég nefni fyrst umsögn frá Heyrnleysingjaskólanum. Ég tek undir það með hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur að mér finnst að það hefði átt að kveða sterkar á um að táknmál skuli viðurkennt sem fullgilt mál. Hér segir, með leyfi hæstv. forseta, undir lok umsagnar frá Heyrnleysingjaskólanum:

„Við teljum og nauðsynlegt að sérmerkja fjármagn frá ríkissjóði til útgáfu á sérhæfðu námsefni sem nýtist fáum nemendum. Við bendum á að námsefni á táknmáli er nánast ekkert og þar af leiðandi tilfinnanlegur skortur á slíku námsefni í skóla sem kennir táknmál sem móðurmál.“

Nú gerðist það við afgreiðslu fjárlaga fyrir jólin að veitt var 3,8 millj. kr. til þess að Heyrnleysingjaskólinn geti áfram rekið leikskóla og ber að þakka það því að það var mjög mikilvægt fyrir skólann. Mér finnst að framtíð hans sé óljós og legg áherslu á að þeir nemendur sem eru heyrnarlausir þurfa á sérkennslu að halda og blöndun hvorki í leikskóla né í grunnskóla getur verið úrræði fyrir slík börn.

Safamýrarskólinn er sérskóli á grunnskólastigi sem hefur verið starfandi alllengi. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Erfitt er að taka afstöðu til hvort rétt sé að færa rekstur sérskóla til sveitarfélaga þar sem afar óljóst er um útfærslu, einkum hvað varðar fjármál. Hugsanlegt er að fleiri en eitt sveitarfélag standi að rekstri einstakra sérdeilda eða sérskóla og deili rekstrarkostnaði eftir nánari reglum sem þau koma sér saman um.“ Síðan segir og er það sérstaklega dregið hér út, með leyfi forseta:

„Mikilvægt er:

1. að tryggja að þeim nemendum sem á þurfa að halda standi til boða nám í sérskóla ef þess er óskað, skýr þörf og aðstæður leyfa, t.d. vegna búsetu,

2. að hægt verði að leita eftir ráðgjöf til sérskólanna varðandi nemendur sem stunda nám í öðrum grunnskólum,

3. að sérskólarnir hafi áfram það hlutverk að safna og miðla fagþekkingu og þróa frekar vinnubrögð og framkvæmd og séu búin skilyrði til þess (þekkingarmiðstöð á sínu sérsviði).“

Ég er með bréf úr mínu kjördæmi frá Hvammshlíðarskóla sem er á Akureyri. Þar segir, með leyfi forseta:

„Engum blöðum er um það að fletta að skoðanir eru og verða skiptar um aðgreiningu eða blöndun og gott eitt um það að segja að stefna verði skýrt mörkuð. Frá mínum sjónarhóli er það óábyrgt af ríki að afsala sér allri ábyrgð hvað varðar sérhæfða þjónustu vegna ólíkra fatlana.“ Síðar segir: „Samkvæmt frv. verður enn aukið á mismunun til sérúrræða fyrir fötluð börn eftir búsetu því að eins og skilja má á gr. 38 verða Reykjavíkurborg afhentar byggingar og búnaður þessara sérstofnana á meðan önnur sveitarfélög virðast eiga að byggja upp þjónustu sína frá grunni.“

Við þessu vildi ég gjarnan fá viðbrögð frá hv. formanni menntmn. þar sem ekki gafst tími til þess að fjalla um umsagnir í hv. menntmn. áður en málið var tekið þar út. Eins og ég hafði áður sagt verður það að sjálfsögðu til þess að lengja umræðuna í þingsalnum á hv. Alþingi.

Fræðsluskrifstofa Reykjavíkurumdæmis bendir líka á ákvæði sem snúa að sérfræðiþjónustunni en það virðist vera einhver feluleikur í frv. varðandi orðanotkun og er varla nokkurs staðar minnst á sálfræðiþjónustu. Það hafa komið nokkuð margar ábendingar um að í sérfræðiþjónustu ætti í ýmsum tilfellum að tala um t.d. skólasálfræðinga eða sálfræðing skóla. En þetta er ekki nægilega skýrt í frv. eins og það liggur fyrir Alþingi á þessari stundu og ég tek undir að það hefði verið áhugavert að fjalla miklu meira í hv. menntmn. um þetta mikilvæga úrræði sem má ekki misfarast við yfirfærslu til sveitarfélaganna.

Í fimmta lagi gerum við athugasemdir við að ekki er kveðið á um að hægt sé að grípa til aðgerða ef sveitarfélög uppfylla ekki ákvæði laga og reglugerða um grunnskólann. Að þessu máli kom ég lítillega í andsvari við hv. formann menntmn. og í hennar svari kom fram að hún telur fyllilega hægt að treysta sveitarfélögunum til að reka grunnskóla. Það má ekki túlka mín orð þannig og það er ekki mín hugsun að það sé eitthvert vantraust á sveitarfélögin að velta því fyrir sér að þegar löggjafinn er um það bil að samþykkja lög eða einhver hluti hv. alþm. ætlar sér að samþykkja ný lög um grunnskóla þar sem grunnskólinn er fluttur að fullu yfir til sveitarfélaganna. Þegar slíkt gerist veltir maður því svolítið fyrir sér hvernig verði tekið á málum ef sveitarfélög standa sig ekki í stykkinu og framfylgi ekki þessum lögum. Það þarf ekkert að leggja það út á versta veg þó að maður velti þessu fyrir sér.

Ég minntist áðan á atvik sem átti sér stað í Noregi þar sem sveitarfélögin höfðu fullan rétt til þess að nota fjármagn sem Stórþingið hafði ætlast til að yrði notað til grunnskólans í annað. Það er einmitt þetta sem ég

hef áhyggjur af og finnst að sé ekki nægilega skýrt og hefði viljað taka á með öðrum hætti í frv.

Sveitarfélögin eru sjálfstætt stjórnsýslustig eins og allir vita en það var athyglisvert að sjá það í umsögn frá Sambandi ísl. sveitarfélaga að þeir velta því upp hvort e.t.v. þurfi að setja á laggirnar sérstaka úrskurðar- og samráðsnefnd ríkis og sveitarfélaga um grunnskólamál. Þangað væri hægt að vísa ágreiningsmálum sem upp kunna að koma varðandi það hvort farið er að lögum og reglugerðum en samkvæmt frv. hefur menntmrn. ákveðna eftirlitsskyldu en eftirlitsskylda er eitt og það að geta gripið til einhverra aðgerða er annað. Þetta atriði um sérstaka úrskurðar- og samráðsnefnd var aldrei rætt neitt í hv. menntmn. þannig að ég vildi gjarnan fá skoðun hv. formanns á þessari ábendingu sem kemur frá Sambandi ísl. sveitarfélaga. Einhvers staðar verður að vera vettvangur til þess að geta lokið málum sem upp kunna að koma og varða það að sveitarfélögin standi sig hvað varðar lög og reglugerðir.

Í sjötta lagi höfum við áhyggjur af því að hlutverk skólanefnda sé of umfangsmikið, sérstaklega með tilliti til lítilla sveitarfélaga. Það hefur verið gagnrýnt í litlum sveitarfélögum og fólk hefur kvartað yfir því að það sé erfitt að sitja í barnaverndarnefnd þar sem fámennið er hvað mest þegar erfið mál koma upp. Ég get alveg séð það fyrir mér að það geti verið alveg það sama með skólanefndirnar því að skólastjóri vísar samkvæmt frv. ýmsum viðkvæmum málum til skólanefndar sem hún á síðan að taka á. Þetta er atriði sem hefur verið gagnrýnt og ég tek undir þá gagnrýni. Mér finnst gengið of langt þarna en ég geri mér grein fyrir því að ýmislegt sem fræðsluskrifstofurnar höfðu með höndum áður verður annaðhvort að flytjst heim í sveitarfélögin eða til ráðuneytis sem er í Reykjavík og ekki finnst mér það betra.

Í sjöunda lagi gerum við athugasemdir við það að okkur finnst samkvæmt frv. að verkefni séu flutt frá fræðsluskrifstofum til menntmrn. Í dag vitum við lítið um það hvernig sú starfsemi verður sem á að taka við af fræðsluskrifstofunum. Það er eitt af því sem ég vildi skoða miklu betur í hv. menntmn. og fannst það vera ábyrgðarhluti af nefndinni að afgreiða málið án þess að hafa fengið nokkra hugmynd um það hvernig þessi mál standa víðs vegar um landið. Sú tillaga sem ég gerði um að fá fulltrúa frá Norðurlandi vestra til viðræðu við nefndina, og ég nefndi sérstaklega það kjördæmi vegna þess að Samband ísl. sveitarfélaga *sýndi málinu áhuga með því að senda okkur vandaða* umsögn um það, en því var hafnað að þeir kæmu á fund og ég held að hv. formaður menntmn. hafi bara ekki nokkra hugmynd um hvernig þessi mál standa, það sé bara treyst á guð og lukkuna að sveitarfélögin nái einhverri samstöðu. Það sem er kannski hvað varhugaverðast er það að bæirnir taki sig út og þeir móti einhverja skólamálaskrifstofu en sveitarhrepparnir verði út undan. Þetta er mjög stórt mál því að auðvitað er þetta geysiviðfangsmikið og mikilvægt starf og mikilvæg þjónusta sem er innt af hendi á fræðsluskrifstofum og hefur verið að eflast mjög mikið á síðustu árum.

Hér er aðeins fátt upp talið sem 2. minni hluti telur að sé ekki útrætt og hefur efasemdir um og snertir það grunnskólafrv. sem hér er til umfjöllunar.

Aðalathugasemdir 2. minni hluta lúta að afgreiðslu málsins nú í andstöðu við sveitarfélögin og kennarafélögin þar sem lausn hefur ekki fundist á mikilvægum skilyrðum sem þessir aðilar setja við því að grunnskólinn flytjist til sveitarfélaganna. Auk þess hefur málið ekki fengið fullnægjandi umfjöllun í hv. menntmn.

Þess vegna er lögð fram tillaga til rökstuddrar dagskrár um að vísa málinu frá. Verði sú tillaga felld, sem mér finnst mjög ótrúlegt að verði, þá munu fulltrúar Framsfl. sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Undir nál. ritar auk þeirrar sem hér stendur Jón Kristjánsson.

Ég vil aðeins koma frekar inn á það sem kemur fram í lok okkar nál. og það er þetta með að sitja hjá við afgreiðslu á svo mikilvægu máli sem grunnskólafrv. er. Auðvitað hefði verið miklu ánægjulegra að geta greitt því atkvæði en til þess að svo hefði getað orðið hefði þurft að vinna meira í hv. menntmn. og taka tillit til ýmissa athugasemda sem við höfum við frv. og ekki gafst tími til að ræða.

Hæstv. forseti. Í lok míns máls, ég hef víst leyfi til þess að tala þrisvar og ætla ekki að orðlengja þetta sérstaklega núna, eru nokkur atriði sem ég vil spyrja hv. formann um vegna þess að hún er viðstödd umræðuna. Það varðar t.d. ábendingu frá Sambandi ísl. sveitarfélaga. Mér finnst eins og það sé ekki almennilega ljóst miðað við brtt. meiri hlutans og frv. eins og það liggur fyrir hver það er sem tekur ákvörðun um það hvort námsgögn eru afhent nemendum ókeypis eða ekki. Ég veit ekki hvort þetta er eitthvað sem er ljóst en ég hef ekki tekið nógu vel eftir en mér finnst að þessi ábending sem kemur fram frá Sambandi ísl. sveitarfélaga eigi við rök að styðjast að þarna þurfi að vera skýrar að orði kveðið.

Þá langar mig til að tala um stóran þátt í öllu skólastarfi og mjög mikilvægan þátt sem reyndar hefur verið vanræktur bæði á grunnskólastigi og framhaldsskólastigi og þar á ég við námsráðgjöf. Við höfum fengið bréf frá Félagi námsráðgjafa sem harmar að í frv. til laga um grunnskóla er lítil sem engin umfjöllun um námsráðgjöf og hlutverk námsráðgjafa líkt og er í 14. gr. frv. til laga um framhaldsskóla. Hér segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Eins og fram kemur í greinargerð með frv. til laga *um framhaldsskóla þá er mikið fall við upphaf fram*haldsskóla og margir nemendur hverfa frá námi.“ Á bls. 18 segir orðrétt: „Einnig er gert ráð fyrir að nemendum standi til boða námsráðgjöf til að auðvelda námsval í upphafi náms og á síðari stigum þess. Með inntökuskilyrðum, námsráðgjöf og aukinni áherslu á náms- og starfsfræðslu í unglingadeildum grunnskóla skapast forsenda fyrir því að nemendur velji sér nám í framhaldsskóla sem hentar námsundirbúningi þeirra og áhugasviði.“

Þetta finnst mér vera eitt af stóru málunum, þ.e. að hjálpa börnunum og það strax í grunnskóla til að finna

sér rétta leið og um það eru ekki nægilega skýr ákvæði í frv. sem við erum hér að fjalla um.

Þá langar mig að koma aðeins að foreldraráðunum sem kveðið er á um í frv. og er það ágætismál í sjálfu sér. Þar kem ég aftur að litlu sveitarfélögunum en um þetta efni var ábending frá Sambandi sveitarfélaga í Norðurlandi vestra sem telja ekki að þetta sé úrræði í litlum sveitarfélögum. Það er spurning hvort í slíkum tilfellum þar sem enn þá eru óskaplega litlir hreppar á Íslandi og það liggur við að allir séu komnir í nefndirnar þegar við tökum sveitarstjórnina, skólanefndina og þetta foreldraráð, hvort ekki hefði verið miklu aðgengilegra að foreldrar hefðu átt beina aðild að skólanefndum og spurning hvort það er ekki einmitt skref sem hefði átt að stíga til fulls.

Ég nefndi áðan að menntmrn. fengi mikið hlutverk samkvæmt frv. Eitt af því sem menntmrn. þarf að sjá um að verði gert, hvort sem það ætlar að gera það sjálft eða með því að fá aðra í það verkefni og hafa vottunarstofur verið nefndar í því sambandi, þá verður það óneitanlega yfirþyrmandi starf að gera úttekt á sjálfsmati skóla á fimm ára fresti. Ég viðurkenni það að ég sé ekki fyrir mér hvernig það getur gerst. En þar erum við að skapa heilmikla vinnu og það er kannski gott og þá er kannski eitthvað jákvætt við þetta frv. Ég veit að þetta er eitt af því sem hefur ekki verið hugsað til enda en ég geri hins vegar ekki lítið úr því að það þarf að hafa eftirlit með sjálfsmati og það mat á skólastarfi sem tekið er inn í þetta frv. finnst mér vera mikilvægt og ég styð það eindregið. En mér þætti mjög forvitnilegt að frétta eitthvað frekar af því hvort meiri hluti hv. menntmn. sér fyrir sér þetta ferli varðandi úttekt á mati á skólastarfi, eftirlitið sem sagt. Það sé ég fyrir mér sem mikið starf. Fleira mætti nefna í því sambandi. Það er geysilega mikið sem menntmrn. ætlar samkvæmt frv. að hafa eftirlit með og fylgjast með þannig að ég er ekki búin að sjá að hér sé verið að auka mikið valddreifingu. Ýmislegt finnst mér frekar bera merki miðstýringar.

Hæstv. forseti. Það er af mörgu að taka og ástæða til að hafa allnokkra umræðu um grunnskólann og grunnskólamálin. En ég vil þó bara ítreka það í lokin að ástæða þess að við leggjum fram frávísunartillögu í þessu máli er fyrst og fremst sú að það er engin samstaða um að flytja grunnskólann til sveitarfélaganna í dag sem hefði verið svo mikilvægt að hefði getað náðst.

[18:14]

Frsm. meiri hluta menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. síðasti ræðumaður beindi til mín nokkrum spurningum. Það er ljóst að ég get ekki svarað þeim öllum í stuttu andsvari en ég mun gera það síðar í umræðunni. En þó var fátt eitt sem ég vildi bregðast við strax.

Mér hefur fundist í umfjöllun hv. þm. koma fram töluvert vantraust á sveitarfélögin og ég er mjög undrandi á því að heyra þann tón í öllum þeim málflutningi. Mér finnst það ósanngjarnt í garð sveitarfélaganna. Ég treysti þeim mjög vel fyrir verkefninu og ég ítreka það að mér finnst þau hafa sýnt það í verki að þau hafi fullan hug á því að standa vel að yfirfærslu grunnskóla.

Það var spurt sérstaklega um verkefni fræðsluskrifstofanna. Mér var ekki alveg ljóst í hverju þær athugasemdir voru fólgnar nema það væri það eftirlit sem ráðuneytinu er fengið. Ég vildi upplýsa það hér vegna þess að þingmaðurinn fullyrti að þau mál væru öll í lausu lofti að í ýmsum fræðsluumdæmum hefur verið unnið mjög vel að því að koma þessum verkefnum fyrir eftir yfirtöku sveitarfélaganna á grunnskólanum. Ég veit að sú vinna er mjög langt komin og ég get nefnt að á Suðurlandi hafa menn unnið mikla vinnu, Reykjanesi, Norðurlandi eystra og fleiri umdæmi mætti nefna þannig að ég tel að það sé verið að vinna mjög markvisst að þessu máli. Ég vísa líka í ályktun frá landsþingi sveitarfélagana sl. haust þar sem sérstaklega er beint til sveitarfélaganna að þau fari að huga að þessum málum.

[18:17]

Frsm. 2. minni hluta menntmn. (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er gamla ráðið ef maður fer að tala um sveitarfélögin og að það þurfi að hafa eitthvert eftirlit eða vera hægt að grípa til einhverra aðgerða ef sveitarfélögin standi sig ekki þá er það strax borið upp á mann að maður vantreysti sveitarfélögunum. Það er náttúrlega besta ráðið til þess að þagga niður í manni svo að ég segi það bara beint út því það geri ég ekki. Mér finnst það bara mikill ábyrgðarhluti af hálfu ríkisins að kasta frá sér grunnskólanum, ef svo mætti að orði komast, að fullu án þess að vita mikið um það hvað tekur við.

Það er einmitt það sem ég á líka við þegar ég er að tala um fræðsluskrifstofurnar. Ég segi það alveg satt að ég veit ekki nógu mikið um það hvernig þau mál standa. En þó hef ég reynt að kynna mér það í nokkrum kjördæmum og ég veit það að á Norðurlandi eystra og Suðurlandi standa mál nokkuð vel en víða annars staðar ekki. Þetta er svo ólíkt hvort við erum að tala um t.d. Reykjavík eða landsbyggðarkjördæmi. Ég veit að þetta er einfalt mál í Reykjavík þar sem sveitarfélagið er eitt kjördæmi en það er ekki eins einfalt víða annars staðar. Ég heyrði það á orðum hv. þm. að hún veit ekki meira um þetta en ég.

[18:19]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil vegna ræðu hv. þm. Valgerðar Sverrisdóttur aðeins nefna að það kemur oft upp sá misskilningur hjá hv. þingmönnum að ástæða sé til að vantreysta fremur litlu sveitarfélögunum til þess að taka við grunnskólanum en þeim stóru. Ég held að þarna sé mikill misskilningur á ferðinni, m.a. varðandi það að mjög víða hjá minni sveitarfélögum er t.d. fullkomin aðstaða til einsetins skóla og í mjög mörgum litlum sveitarfélögum er einsetinn skóli. Hvers vegna skyldi þetta nú vera? Það eru ýmsar ástæður sem hafa leitt til þess að sveitarfélögin úti um land hafa lagt mjög mikla og ríka áherslu á uppbyggingu fræðslustarfseminnar og ekki síst grunnskólans. Ég þekki það

úr mínu sveitarfélagi í Stykkishólmi. Þar er rekinn einsetinn skóli. Þar verður ekki rekið upp neitt ramakvein þó að þess sé krafist að grunnskólin sé einsetinn á sama hátt og Samband ísl. sveitarfélaga rekur nú upp fyrir höfuðborgina þar sem ekki eru tök á því að hafa einsetinn skóla.

Ég held þess vegna að hv. þm. ættu að láta af því að vantreysta litlu sveitarfélögunum því að þau hafa í mörgum tilvikum staðið miklu betur að uppbyggingu grunnskólans en þau hin stærri.

[18:20]

Frsm. 2. minni hluta menntmn. (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það kemur sama tuggan hjá hv. 1. þm. Vesturl. að ég vantreysti litlum sveitarfélögum. Ég var að velta því fyrir mér meðan hv. þm. var að tala, ætli ég komi ekki bara úr minnsta sveitarfélaginu af öllum hv. þm.? A.m.k. af þeim sem hér eru viðstaddir, það er ekki vafi. Og það er ekki það og ég get fullyrt það með mitt litla sveitarfélag að þar er grunnskólinn ólíkt betri en var þegar ég gekk í skóla. Og þegar verið er að tala um það ... (**Gripið fram í:** Samt ert þú hér.) Samt náði ég þeim stórkostlega árangri að komast á Alþingi. (Gripið fram í.) En það er einmitt þetta sem ég hef verið að benda á og það vil ég að hv. þingmaður viti. Þegar ég hef stundum verið að tala fyrir því að grunnskólinn færist að fullu yfir til sveitarfélaganna þá hef ég einmitt bent á að það er a.m.k. ólíkt meira jafnrétti til náms núna en var fyrir 20–30 árum því þá voru ekki merkilegir barnaskólar alls staðar á landinu. Þegar ég byrjaði í skóla, af því að ég veit að hv. þingmaður er fróðleiksfús, þá mætti ég aðeins þrjár vikur á vorin og þrjár á haustin alveg þangað til ég var 10–11 ára. Svona er ég komin til ára minna.

[18:22]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ætlaði ekki að æsa hv. þm. upp gagnvart því að hv. þm. vantreysti sínu eigin sveitarfélagi, öðru nær. Ég veit að hv. þm. gerir miklar kröfur til þess sveitarfélags og fær góða þjónustu eins og fleiri. En ég vildi vekja athygli á þessu vegna þess sem ég gat hér um að það kom einmitt fram hjá hv. þm. fyrr í umræðum um þetta mál í þinginu að það væri almenn samstaða meðal þjóðarinnar um að flytja grunnskólann til sveitarfélaganna. Þess vegna kemur mér mjög mikið á óvart og er í algeru ósamræmi við allan málflutning þessa ágæta fólks og þessara ágætu hv. þm. ekki, síst hv. 9. þm. Reykv. sem var áður menntmrh., að ætla að fella þetta mál í þinginu, flytja frávísunartillögu til að koma í veg fyrir allar þær úrbætur og umbætur sem grunnskólafrv. gerir ráð fyrir. Þetta er fullkomið ábyrgðarleysi af hv. stjórnarandstöðuþingmönnum að standa með þeim hætti að málum, ekki síst þegar þeir eru síðan að lýsa því sérstaklega yfir að engir, ekkert stjórnkerfi, ekkert í stjórnkerfinu tryggi betur framgang grunnskólamála en einmitt það að sveitarfélögin taki við þessum málum. (**SvG:** Það eru engar umbætur í þessu frv., ekki króna.)

Ég hef heyrt marga hv. þm. tala um það einmitt að í þessu felist miklar úrbætur og m.a. hv. stjórnarandstöðuþingmenn Ég varð ekki var við að hv. 9. þm. Reykv. sem var menntmrh. stæði fyrir miklum fjáraustri í grunnskólann. Hann barði í gegn á síðustu dögum síns ferils breytingar á grunnskólalögunum með dyggri og í raun mikilli hjálp og stuðningi páv. borgarstjóra, núv. hæstv. forsrh. Ég er alveg sannfærður um það að þær breytingar hefðu aldrei farið í gegn ef ekki hefði komið til atfylgi páv. borgarstjóra.

[18:25]

Frsm. 2. minni hluta menntmn. (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er alveg hissa á hv. þm. sem fyrrverandi sveitarstjórnarmanni að hann skuli ekki gera neitt með vilja Sambands ísl. sveitarfélaga í þessum efnum. (**StB:** Viljinn hefur komið fram.) Vilji Sambands ísl. sveitarfélaga er sá að það verði beðið með afgreiðslu málsins. (Gripið fram í.) Ég get sagt hv. þm. að formaður sambandsins sagði á fundi hjá hv. menntmn. að hann hefði engar áhyggjur af því að málið teðist um of þó að frv. yrði ekki samþykkt núna sem lög. Svo vil ég segja það að ég skil hv. þm. svo að vegna þess að ég er í grundvallaratriðum samþykk því að grunnskólinn flytjist til sveitarfélaganna þá sé mér ekki heimilt að bera fram fyrirspurnir um þetta mál hér á hv. Alþingi.

[18:26]

Frsm. 3. minni hluta menntmn. (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Það væri satt að segja mikið meira gaman að vera að fjalla um frv. til laga um grunnskóla ef það væri betri samstaða um málið, ekki aðeins í þessari stofnun heldur líka úti í þjóðfélaginu. Þetta er þriðja grunnskólafrv. sem reynt er að taka í gegnum Alþingi núna á 20 árum. Það fyrsta var afgreitt vorið 1974 og um það var gríðarlega góð samstaða. Það var gríðarlega góð samstaða við kennarasamtökin í landinu og það var mjög vel unnið að undirbúningi þess frv. Það var efnt til funda um allt land með skipulegum hætti undir forustu formanns nefndarinnar, Birgis Thorlacius ráðuneytisstjóra. Nefndin gekk lengra heldur en nokkur önnur nokkru sinni varðandi samstarf við almenning um það mál. Hún auglýsti eftir breytingartillögum. Hún beinlínis auglýsti eftir breytingartillögum í blöðunum og ég hygg að það sé einsdæmi eða alla vega brautryðjendastarf sem þar var unnið. Þannig að þar var unnið ákaflega opið.

Sjálfstfl. kaus hins vegar að gera þetta mál að pólitískum skotspæni vorið 1974 vegna deilnanna um slit páv. ríkisstjórnar Ólafs Jóhannessonar og í umræðum um grunnskólafrv. flutti einn af þingmönnum Sjálfstfl. þá líklega lengstu ræðu sem haldin hefur verið í sögu Alþingis (**Menntmrh.:** Það var næstum því búið að slá hana um daginn.) sem hefur oft verið reynt að slá en aldrei tekist. Sjálfstfl. reyndi allt sem hann gat til að stoppa grunnskólafrv., grunnskólalögin vorið 1974. Það mistókst hjá honum og það voru sett ný grunnskólalög í staðinn fyrir fræðslulögin nýju sem höfðu verið sett vorið 1946 af páv. ríkisstjórn undir forustu páv. menntmrh., Brynjólfs Bjarnasonar, sem var fulltrúi

Sósíalistaflokksins í þeirri samstjórn Sjálfstfl.. Alþfl. og Sameiningarflokks alþýðu — Sósíalistaflokksins. Í raun og veru hefur því Sjálfstfl. aldrei komið að því með jákvæðum og uppbyggilegum hætti nema einu sinni, það var undir forustu Brynjólfs Bjarnasonar, að setja lög um fræðslumál og grunnskóla á Íslandi og má segja að þar komi vel á vondan að því er Sjálfstfl. varðar.

Það urðu mjög miklar umræður um grunnskólalögin vorið 1974, en enn þá meiri umræður höfðu farið fram næstu ár á undan vegna þess að grunnskólalögin 1974 höfðu verið í undirbúningi í fjögur ár. Það var sett af stað nefnd í tíð Gylfa Þ. Gíslasonar menntmrh. til að undirbúa þau lög. Sú nefnd lauk hins vegar ekki störfum og þegar Magnús Torfi Ólafsson tók við starfi menntmrh. í júlí 1971 þá gerbreytti hann þeirri nefnd af því að viðreisnarstjórnin hafði auðvitað bara skipað sína menn eins og núverandi stjórn gerir, eins og 18 manna nefndin makalausa, handvalin nefnd af íhaldinu, menntmrh. Og þegar vinstri stjórnin tók við sumarið 1971 endurskipulagði hún þessa nefnd og kallaði til fólk utan af akrinum því að það er svo skrýtið með ríkisstjórnir í þessu landi, fyrir utan viðreisnarmynstrin, að þær treysta fólki, það er svo sérkennilegt. Þær treysta jafnvel kennurum, foreldrasamtökum, sveitarfélögum, sálfræðingum, jafnvel sérkennurum og mynda jafnvel nefndir með þessu fólki. Þannig að þessi nefnd sem skipuð var haustið 1971, held ég að það hafi reyndar verið, undir forustu Birgis Thorlacius, hún var með fólki alls staðar að í greininni.

Síðan var unnið að endurskoðun þessara laga og það átti reyndar að endurskoða þau innan tiltekins tíma sem var ekki gert. Og það var svo makalaust hvernig að þessum málum öllum var staðið að það var ekki einu sinni farið í það að gefa út aðalnámskrá grunnskóla, sem var þó kveðið á um að gera í lögum, fyrr en miklu seinna heldur en lög kváðu á um. Sjálfstfl. fór samt með menntmrn. þarna mann fram af manni, en hann treysti aldrei fólki til að semja aðalnámskrá grunnskóla. Þeir sem höfðu forustu um þau mál fyrir hönd Sjálfstfl. fyrir nokkrum árum, 1987–1988, treystu ekki fólki. Þeir treystu ekki fræðslustjórunum, þeir treystu ekki námsstjórunum, þeir treystu ekki fólki. Það var hver einasta lína ... (**VS:** Treystu þeir sveitarfélögunum?) Að sjálfsögðu ekki sveitarfélögunum, guð minn góður. Samt var Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson ekki tekinn við, sem er greinilega sá allra versti skúrkur sem sögur fara af miðað við það sem athugasemdir síðasta ræðumanns bentu til og er athyglisvert orðið samkomulagið í Sjálfstfl.

Það vill þannig til að einmitt núna þessa stundina er verið að fjalla um þessi mál hér ekki langt undan og ég geri ráð fyrir að tíðindi komi af því sem verði svipuð og áður hafa heyrst frá Vilhjálmi Vilhjálmssyni. Hvert einasta orð sem kom frá námsstjórum og fræðslustjórum um endurskoðun aðalnámskrár grunnskóla var ritskoðað af yfirritskoðunarmanni Sjálfstfl. í menntmrn., hvert einasta orð. Þess vegna var það þannig að þegar breytt var um áherslu þar haustið 1988 þá kom það fólki á óvart hvernig þá var á hlutum haldið af því að þá var fræðslustjórum og námsstjórum treyst. Núna varð niðurstaðan sú að treysta engum, að treysta í raun og veru ekki öðrum en þeim sem voru ráðherranum þóknanlegir. Og það er nokkuð magnað að það er búið að halda marga fundi um þetta grunnskólafrv. í nefndinni, nokkuð marga, en þeir sem nefndin hefur fengið að tala við eru yfirleitt ekki þeir sem hafa unnið með grunnskólamálin mjög lengi í menntmrn. Þeir fengu yfirleitt ekki að koma til fundar við nefndina. Það var mjög atyglisvert að þar var raðað í fremstu víglínu hinni nýju forustu sem núv. menntmrh. hefur valið. Öðrum var ekki treyst. Það er nokkurt umhugsunarefni fyrir samhengið í embættisfærslu í okkar þjóðfélagi þegar ráðherrar koma fram við embættismenn með þessum hætti.

Þegar undirbúningur hófst að setningu nýrra grunnskólalaga 1988–1989 þá var kallað í alla þá aðila sem skipta máli í þessu samhengi. Niðurstaðan varð heildarstefnumótun í menntamálum, eina heildarstefnumótunin í menntamálum sem unnið hefur verið að í landinu með þessum hætti. Það var tekið á leikskólamálum, grunnskólamálum, framhaldsskólamálum, rannsóknum og vísindum, fullorðinsfræðslu og endurmenntun. Allir þessir þættir voru teknir fyrir, lagðir fyrir í bókinni „til nýrrar aldar", studdir af öllum aðilum skólastarfs og samþykktir í grundvallaratriðum hér á Alþingi Íslendinga með löggjöf sem er hornsteinn þessarar stefnu. Það var þetta sem núv. hæstv. menntmrh. ekki þoldi og hann setti sér það mjög snemma að rífa út úr lögbókinni eins mikið og hann gæti af þeim lögum sem fyrri stjórn hafði sett burt séð frá innihaldi þeirra af því að hann vildi í raun og veru ekki viðurkenna það hvernig þar hefði verið staðið að málum, faglega.

Þessi mikla reisn Sjálfstfl. eftir margra, margra ára ræfildóm í menntmrn. og svo þegar hann kemur þar inn aftur, hagar sér með þessum hætti, er auðvitað alveg ótrúlegt og það verður auðvitað fróðlegt fyrir framtíðina að skrifa sögu Sjálfstfl. í menntamálum. Hann setti sig þversum gegn grunnskólanum 1974, gerði ekkert í tíð þriggja menntmrh. annað en reyna að skrifa aðalnámskrá grunnskóla undir forustu ritskoðunarmeistara Dagblaðsins sem síðar varð. Það eru nú öll ósköpin. (Gripið fram í.) Öll ósköpin. Og svo þegar haldið er áfram með þessa hluti og Sjálfstfl. tekur við vorið 1991, hvað gerir hann þá? Hvar er þá reisnin í menntamálum? Reisnin í menntamálum er sú að henda þeirri stefnu sem unnin hafði verið. Og ég spyr, hæstv. forseti: Hvernig á að vinna að menntamálum á Íslandi, stefnumótun í menntamálum á Íslandi, ef það er yfirvofandi að viðtakandi ráðherrar gangi yfir verk þeirra sem þar hafa unnið á undan á skítugum skónum, troðið því niður í skúffur og neiti að gera svo mikið sem að lesa það? Hvernig á þá að vinna að stefnumótun í menntamálum? Hvernig á að gera það?

Menn geta út af fyrir sig velt því fyrir sér hvernig hugsanlegt er að unnið verði að stefnumótun í menntamálum eftir að núv. ríkisstjórn lætur af völdum því að það eru ekki margar vikur til kosninga. Ég vil láta það koma fram af minni hálfu að ég tel að það eigi ekki að

henda því sem gert hefur verið heldur eigi að umgangast verkin og það fólk sem unnið hefur verkin með fullri virðingu. Það eigi að lesa saman þau mál sem unnið hefur verið í með hliðsjón af því sem áður var unnið, en það á ekki að lítillækka sjálfan sig með því að henda í burtu þeim verkum sem hundruð manna um allt land hafa verið að vinna að um langt árabil.

Auðvitað má segja að þessi ákvörðun að henda stefnunni „til nýrrar aldar" hafi verið síðan boðskapur þess sem kom og fólst í því að framlög til menntamála á Íslandi hafa verið skorin niður um 2.000 millj. kr. frá því að þessi stjórn tók við, á föstu verðlagi. Heimild: Fjárlagafrv. Heimild: Friðrik Sophusson, hæstv. fjmrh. Því að í greinargerð fjárlagafrv. á bls. 291 kemur fram að heildarframlög til menntamála á verðlagi þessa árs eru 16,7 milljarðar kr. og hafa lækkað úr 18,8 milljörðum kr. frá því sem var á árinu 1991. Verulegur hluti þessa niðurskurðar er Lánasjóður ísl. námsmanna þar sem menn hafa ekki einasta skorið niður eftirspurn eftir námslánum heldur í raun og veru líka heildarframlög. Því að þegar þau eru skoðuð þá kemur í ljós að þau hafa lækkað mjög verulega þannig að það er ekki hægt að halda því fram að þessir peningar hafi farið til að styrkja námslánakerfið í landinu frá því sem verið hefur. Það eina sem hefur verið gert í þeim efnum er það að byrðin af námslánakerfinu hefur verið flutt yfir á námsmenn og fjölskyldur þeirra. Það hefur ekkert verið gert til þess að styrkja sjóðinn sem slíkan með auknum framlögum úr ríkissjóði. Það hefur heldur ekki verið gert. Enn síður hefur hæstv. menntmrh. dottið það í hug að nota þessa fjármuni til þess að styrkja aðra þætti skólastarfsins á sama tíma vegna þess að þeir hafa allir lækkað í verði líka, háskólar og rannsóknir úr 2,7 milljörðum í 2,5, grunnskólar og sérskólar úr 5,7 milljörðum í 5,4, námsaðstoð úr 2,8 milljörðum í 1,6 og fleiri þættir einnig. Í heildina tekið hefur Ísland sem eitt landa á norðurhveli jarðar og þó víðar væri leitað, ef við skoðum Austur-Asíu eða Norður-Ameríku, verið að skera niður framlög til menntamála. Það er litið á menntamál í öðrum löndum sem undirstöðuþátt. Hér á Íslandi halda ráðherrar í núverandi ríkisstjórn að menntamál séu hluti af því sem kallað er velferðarkerfi, þ.e. því kerfi sem á að bregðast við þegar eitthvað kemur fyrir fólk.

Formaður Alþfl. greindi frá því á fundi fyrir nokkrum dögum að hann teldi menntamálakerfið á Íslandi, skólana, vera hluta af velferðarkerfinu. Ég lít þannig á að menntamál séu undirstöðuþáttur í þjóðfélaginu og hluti af atvinnulífi og efnahagskerfi þessa lands og eigi að fjalla um þau sem slík. En því miður er það þannig að menntamálageirinn hefur ekki fengið að njóta þessa í tíð hæstv. núv. ríkisstjórnar. Þvert á móti hafa framlög til þessa málaflokks verið skorin gífurlega niður.

Ég hef stundum sagt það að það slæma við þetta er kannski fyrst og fremst að það sést ekki núna hvaða afleiðingar það hefur að fara svona með menntmrn. Það mun sjást eftir nokkur ár vegna þess að niðurskurður á framlögum til menntamála þýðir fyrst og fremst ákvörðun um það að lífskjörin á Íslandi verði lakari en ella hefði verið eftir 5–10 ár eða svo. Það er verið að dæma Ísland til þess að dragast aftur úr í lífsgæðasamkeppni heimsins á komandi árum og áratugum. Ef við ætlum að hagnýta okkur þá möguleika sem felast t.d. í samskiptabyltingu tölvuheimsins, Veraldarvefsins, þá verðum við að hafa þekkingu til að nota okkur hana. Það er talið að upp úr aldamótum verði notendur Veraldarvefsins og þeir sem hafa aðgang að honum einn og hálfur milljarður manna í heiminum öllum, þ.e. fjórði hver íbúi jarðar. Til þess að við getum hagnýtt okkur þá stórkostlegu möguleika sem þessi þekkingarbylting tölvunnar getur fært okkur þá verðum við að setja peninga í menntamál. Þegar ég er spurður á fundum að því: Já, en hvað ætlið þið að gera, hvar ætlið þið að ná í peningana til þess að auka fjármuni til menntamála, þá finnst mér það næstum eins og að segja: Hvar ætlið þið að ná í peninga til að reka spítala, lögreglu eða einhver grunnatriði í þjóðfélaginu eða Alþingi sem menn telja að verði að vera til? Því ekkert nútímaþjóðfélag getur náð að þrífast eða náð að þroskast öðruvísi en það þori að sækja fjármuni til menntamála.

Þetta hefur ekkert með að gera það sem kannski margir telja grundvallaratriði, þ.e. þá almennu húmanísku afstöðu að fólk eigi að sýna börnum virðingu. Þetta hefur fyrst og fremst með það að gera að menn geri sér grein fyrir því að undirstaða lífskjara framtíðarinnar er almennilegt skólakerfi. Þetta er sem sagt beinharður, efnahagslegur veruleiki sem ég er hér að ræða um til viðbótar við hin almennu húmanísku grundvallartriði sem allir í orði kveðnu segjast vera sammála um.

Við höfum á þessu kjörtímabili tekist mjög á um menntamál. Það hafa satt að segja sjaldan verið harðari umræður um menntamál í þessari stofnun en einmitt á þessu kjörtímabili og því veldur margt. Ég tel að ein aðalástæðan fyrir þeirri miklu umræðu sem verið hefur um menntamál sé sú að við settum af stað víðtæka stefnumótunarumræðu á árunum 1988–1991. Ég tel að hvað sem má segja um málið síðan þá verði að viðurkenna það að sú umræða er smátt og smátt að skila árangri í auknum áhuga stjórnmálamanna á skólunum. Ég tel t.d. að sú umræða sem fór fram fyrir sveitarstjórnarkosningarnar 1994, þegar öll framboð keppttust um að lofa öllu fögru í skólamálum, hafi að nokkru leyti átt uppruna sinn í þeirri umræðu sem sett var af stað á árunum 1988–1991. Sú umræða hefur því vissulega skilað mjög miklum árangri.

Það er í samræmi við annað, hæstv. forseti, að þegar núv. ríkisstjórn fer svo af stað með þessi mál eftir að hafa skorið niður fjármuni, eftir að hafa lokað þessa stefnumótun „Til nýrrar aldar" niðri í skúffu, þá náttúrlega velur hún sitt fólk í nefnd sem á að semja frv. til laga um grunnskóla og frv. til laga um framhaldsskóla. Ofan á allt annað var það þannig að nefndin mátti helst ekki hafa samband við aðra. Það var haldið þannig á þessu máli að henni var skipað að þegja um verk sitt gagnvart öðrum aðilum eins og t.d. kennurum í landinu. Það mátti ekki tala um þetta úti í frá. Leyndin var ótrúleg. Fulltrúar kennarasamtakanna

reyndu aftur og aftur að ná sambandi við menntmrn. út af þessu máli en þeir fengu aldrei neitt samband. Einn orðhagur kennari hefur orðað það þannig við mig síðustu daga að sambandið við menntmrn. á kjörtímabilinu hafi ekki verið í frostmarki heldur hafi þar legið við alkul sem er eins og kunnugt er það kaldasta sem menn geta skráð.

Menntmrn. sinnti aldrei kennurunum að því er þessa hluti varðar heldur lokaði öll mál inni í nefnd, átján manna nefnd valinna manna, einn og hálfur postulahópur sem þar var saman kominn. Þessi hópur sendi frá sér skýrslu sem var mjög óljós. Það var svona almennt glamur um að það ætti að bæta verkmenntun í landinu. Það var ekkert á því að græða og hefur enginn tekið mark á því, sérstaklega ekki hæstv. menntmrh. vegna þess að það hefur ekkert verið gert í þeim málum. Staðreyndin er sú að það hefur ekki verið tekið neitt sérstaklega á þeim málum sem er lýst yfir í skýrslunni.

Þó er eitt atriði sem skagaði alveg upp úr í þessari skýrslu og það er sú oftrú sem þar kom fram á próf, prófatrúin. Hún reið þar ekki við einteyming. Það áttu að vera próf út og suður, í miðjum tímanum, lok tímans, inngöngupróf og ég veit ekki hvað og hvað og hvað. Þetta ótrúlega prófafargan, þessi prófaveiki sem virðist hafa helte/kið menn, er dálítið sérkennileg og satt að segja fannst mér það einna spaugilegast hér áðan þegar ég heyrði það orðað þannig að ástæðan fyrir vanda framhaldsskólans væri sú að það væru ekki gerðar nógu miklar kröfur til barnanna í grunnskólanum. Ég hef ekki orðið var við það að börnin batni endilega út af fyrir sig við það að til þeirra séu gerðar meiri kröfur. Ég held að menn þurfi fyrst og fremst að reyna að átta sig á þeim veruleika sem börnin geta glímt við á hverjum tíma. Þessi gífurlega oftrú á próf og aftur próf sem kom fram í skýrslu þessarar nefndar um mótun menntastefnu var það eina sem var handfast í þeirri skýrslu. Að öðru leyti var hún satt að segja heldur efnisrýr.

Í framhaldi af henni var sagt: Það á að semja frumvörp og við biðum. Frv. átti að koma í þessum mánuði, kom ekki og svo þessum og kom ekki og svo hinum og kom ekki. Svo kom þetta loksins. Og hvað er þá í þessu frv.? Það er tvennt í þessu frv. sem aðallega skiptir máli. Í fyrsta lagi á að flytja skólann til sveitarfélaganna en það er ekki búið að ganga frá því hvernig á að fara að því en það er ákveðið að flytja skólann til sveitarfélaganna. Og í öðru lagi próf og mat og sjálfsmat, eftirlit með sjálfsmati og eftirlit með eftirliti og eftirlit með eftirliti á sjálfsmati. Að öðru leyti er óskaplega lítið nýtt í þessu frv. frá skólapólitísku sjónarmiði séð, uppeldislegu sjónarmiði séð. Það eru auðvitað fjöldamörg atriði sem hægt er að gagnrýna í frv. Ég mundi t.d. skrifa mjög margar greinar talsvert mikið öðruvísi en þar er gert. Hv. formaður nefndarinnar hefur sagt það aftur og aftur og ég held hæstv. menntmrh. líka að það sé eiginlega enginn ágreiningur um frv. Það er mesti misskilningur Það hefur bara verið þannig eins og hv. meðnefndarmenn mínir í hv. menntmn. hafa upplýst að undanförnu, það hefur ekki fengist nein umræða til hlítar um einstök efnisatriði.

Ég punktaði það hjá mér, hæstv. forseti, hversu margar brtt. ég mundi vilja gera við frv. (**SAÞ:** Það væri fróðlegt að fá þær fram.) ef ákveðið verður að flytja skólann til sveitarfélaganna og maður stendur frammi fyrir því að menn ætli að keyra það í gegn. Mér sýnist að þær séu milli 60 og 70 og ég mun gera hv. 10. þm. Reykn. það til ánægju að rekja þær við tækifæri, þær eru 64. Ég verð að segja það alveg eins og er að mér þykir vænt um það að geta gert þingmanninum eitthvað til skemmtunar því að þingmaðurinn hefur verið heldur viðskotaillur í minn garð og kvartað yfir því að ég hafi verið að skaprauna formanninum. En svona er nú líf stjórnmálamannanna stundum. Ég mun að sjálfsögðu fara yfir þær.

Það er alveg ljóst að frv. er sem tæknileg smíð bara út frá því að verið sé að flytja málið til sveitarfélaganna mjög gallað. Það vantar mjög mikið á að það geti gengið upp.

Það eru satt að segja, hæstv. forseti, nokkur almenn atriði sem þarf að nefna í sambandi við þetta frv. hins vegar áður en kemur að hinum einstöku atriðum. Ég ætla fyrst að nefna eitt atriði, inngangsatriði af minni hálfu, áður en lengra er haldið og það er þetta: Við skulum hætta að reyna að svara fólki með því að það vantreysti sveitarfélögunum. Það held ég að enginn geri eða ég þekki það a.m.k. ekki. Hins vegar er geta sveitarfélaganna misjöfn, er það ekki? Hljótum við ekki öll að vera sammála um það að geta sveitarfélaganna er misjöfn? A.m.k. byggist frv. á því að geta þeirra sé misjöfn. Frv. og nál. og ræður hæstv. ráðherra viðurkenna það að geta sveitarfélaganna er misjöfn. Það er til að mynda alveg ljóst í mínum huga að fyrir Reykjavík er þetta mál tiltölulega einfalt. Ég get alveg hugsað mér að menn tækju á þessu máli varðandi þennan tilflutning í einhverjum áföngum eða með einhverjum skipulegum hætti. Aftur á móti er það þannig t.d. með lítil sveitarfélög, segjum t.d. á Vesturlandi sem við þekkjum ágætlega til, ég og hv. 1. þm. Vesturl. og reyndar hv. formaður menntmn. líka, þar eru afar lítil sveitarfélög sem eiga erfitt með að ráða við hlutina. Þá liggur málið þannig að það er meiningin að flytja hluta af þeim peningum sem ætlunin er einhvern tíma í framtíðinni að flytja yfir, til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til þess að styðja við þessi litlu sveitarfélög þannig að þau geti ráðið við verkefni sín.

Þá kemur einn vandi upp í þessu, hæstv. forseti, og það finnst mér alveg óskaplegt að hugsa til þess í sjálfu sér. Að vera þannig staddur að maður eigi að heita að vera að afgreiða svona frv., mér mundi alla vega líða illa ef ég væri í stjórnarliðinu og hefði aldrei áttað mig á því nákvæmlega hvernig drögin að þessari reglugerð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga líta út, a.m.k. „prinsippíellt", ég hef ekki séð það. Það að ég nefni þetta stafar ekki af því að ég vantreysti sveitarfélögunum heldur finnst mér bara að við verðum að vinna okkar heimavinnu og taka okkur pínulítið alvarlega þegar við erum að taka um það ákvörðun að skipta um rekstraraðila skóla og flytja þetta frá ríkinu, sem er einn „hómógen" aðili, yfir til mjög margra aðila sem

eru sveitarfélögin og sem eru misjöfn.

Fyrir nokkrum mánuðum skilaði nefnd áliti sem um þetta mál fjallaði í rauðri bók. Vafalaust eftir ákvörðun formanns nefndarinnar var hún höfð rauð. Þar er bent á nauðsyn þess að það verði farið í viðræður um þessi mál í einstökum atriðum við sveitarfélögin. Mér þætti það miklu betra ef ég hefði það á tilfinningunni núna við afgreiðslu málsins að menn vissu hvernig á að lenda þessu. Ég veit að menn geta ekki skrifað niður framtíðina í smáatriðum, það er aldrei hægt. En menn geta kannski áttað sig á grundvallaratriðunum. Það er það sem ég hefði viljað sjá gert en það liggur ekkert fyrir um það. Og við eigum ekkert að vera að reyna að afgreiða hvert annað með þeim hætti sem hér var reynt áðan að fólk treysti ekki sveitarfélögunum eða treysti. Auðvitað eru þau misjöfn, sum eru góð, önnur ekki. Sumir sveitarstjórnarmenn eru árvökulir í skólamálum. Aðrir síður eins og gengur. Það er því ekki hægt að nota neinn heildarmælikvarða á þá. Spurningin er aðallega um þann heildarramma sem þeir eiga að glíma við.

Þetta finnst mér nauðsynlegt að nefna og líka það að mér finnst það satt að segja ekki alveg innlegg í málið að halda því fram að það séu rök í málinu að litlu sveitarfélögin hafi byggt skóla á undanförnum áratugum. Já, þau hafa gert það. En þau hafa náttúrlega fengið stuðning ríkisins til þess.

Ég nefni bara mitt litla byggðarlag sem er vestasti hluti Vesturlands. Ég satt að segja efast um það að litlu sveitarhrepparnir í Dalasýslu hefðu ráðið við uppbygginguna í Sælingsdalslaug öðruvísi en þar hefði verið um sameiginlegt heildarátak að ræða. Og það er heldur ekki hægt að segja sem svo: Sjá, dreifbýlið víða, þar eru skólarnir einsetnir. Jú, þeir eru einsetnir og það er fínt. En af hverju eru þeir sumir einsetnir? M.a. vegna þess að þar hefur fólki verið að fækka stórkostlega miðað við það sem gert hafði verið ráð fyrir. Það væri t.d. fróðlegt að ræða þessi mál við hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur. Byggðarlagið þaðan sem hún er ættuð átti aðild að uppbyggingu skólans á Stóru-Tjörnum. Fljótlega eftir þá uppbyggingu ákveður Grýtubakkahreppur að taka sig út úr þeirri heild og byggja upp skóla í Grenivík. Niðurstaðan verður sú að Stóru-Tjarnarskóli er satt að segja skröltandi tómur miðað við það sem gert var ráð fyrir í upphafi. Niðurstaðan er líka sú að skólinn í Grenivík er afar rúmur eins og sakir standa. Ég held því að það sé ekki hægt að nota þetta sem einhver rök fyrir því að færa málið til sveitarfélaganna, eins og hv. 1. þm. Vesturl. gerði áðan, að þessum hlutum sé núna svona háttað í þessum byggðarlögum.

(**Forseti** (GHelg): Forseti vill upplýsa að til stendur að fresta þessum fundi milli kl. 7 og kl. 9. Forseti vill spyrja hv. þm. hvort hann eigi ekki eitthvað eftir af ræðu sinni.)

Jú, eitthvað aðeins, hæstv. forseti.

(**Forseti** (GHelg): Þá hlýtur forseti að óska þess að hann fresti ræðu sinni.)

Ég mun tafarlaust verða við þeim óskum hæstv. forseta. [Fundarhlé. — 18:59]

Virðulegi forseti. Í ræðu minni fyrr í dag fór ég aðeins yfir almennan aðdraganda að þessu máli sem hér er á dagskrá, frv. til laga um grunnskóla, fór nokkrum orðum um menntastefnu almennt og dálítið ræddi ég líka um þá vinnu sem hefur verið í gangi varðandi grunnskólafrv. og muninn á því hvað þetta er unnið mikið þrengra núna í tíð þessarar ríkisstjórnar en var t.d. 1974 og 1991 og fór síðan aðeins yfir þetta með menntastefnuna almennt varðandi framlög til menntamála og síðan nokkrum orðum um þetta tal sem er gjarnan uppi af hálfu stjórnarsinna núna um að það sé ríkjandi vantraust á sveitarfélögunum og þess vegna séu menn gagnrýnir á þennan tilflutning. Ég tel það ekki rétt en hins vegar gera menn sér grein fyrir því að geta sveitarfélaganna til þess að eiga við þessi mál er að sjálfsögðu misjöfn.

Ég var kominn þar í máli mínu, hæstv. forseti, að ég ætlaði aðeins að fara yfir þau almennu atriði sem mér líst einna verst á í kringum málið og í málinu sjálfu. Þau eru má segja ein fimm eða sex þessi atriði og ég ætla að rekja þau. Það er þá fyrst varðandi kaup og kjör kennara. Þau mál eru í uppnámi og þá er ég ekki að tala um þá kjaradeilu sem nú stendur yfir vegna þess að í sjálfu sér byggist hún á gildandi grunnskólalögum og gildandi fyrirkomulagi í þessum efnum. Ég er að tala um hvernig með kaup kennara verður farið þegar og ef grunnskólinn verður fluttur til sveitarfélaganna.

Kjaramál kennara að þessu leytinu til eru í mínum huga í þrennu lagi: Það er í fyrsta lagi kaupið sjálft. Í frv. er gert ráð fyrir því að hvert sveitarfélag fari með samningsréttinn við sína kennara. Stykkishólmur fer með samningsréttinn við sína kennara, Ólafsvík við sína kennara o.s.frv. Út af fyrir sig er alveg eins gert ráð fyrir því í sambandi við frv. að sveitarfélög geti síðan slegið sér saman og samið sem hópur á landsvæði eða jafnvel í landinu öllu við kennarana. Þetta mál er núna í lausu lofti og það er mjög sérkennileg staða vegna þess að samkvæmt lögum frá 1907 hefur það verið svo að ríkið hefur haft þá skyldu á herðum að halda uppi skólum í landinu, tilteknum skólum, og veita börnum tiltekna fræðslu. Þar af leiðandi hefur ríkið borgað brúsann í meginatriðum. Nú er verið að breyta þessu þannig að skyldan er ákveðin hér, réttur barnanna til fræðslu er ákveðinn hér, en kostnaðurinn við að standa undir þessum kröfum verður annars staðar. Hann verður hjá einstökum sveitarfélögum. Þarna er verið að gera hvað? Það er verið að dreifa hinni samfélagslegu ábyrgð frá ríkinu eða heildinni yfir til einstakra sveitarfélaga.

Sum sveitarfélög munu eiga mjög auðvelt með að eiga við þetta, t.d. Reykjavík., Reykjavík getur mjög auðveldlega gert þessa hluti og að mörgu leyti hefði ég talið að það hefði verið skynsamlegt að byrja þessa vegferð í Reykjavík og þróa málin aðeins út frá henni í staðinn fyrir að reyna að steypa allt landið í nýtt kerfi í einu vetfangi. Reykjavík, Akureyri og einhver þess háttar byggðarlög sem hafa bersýnilega fulla burði til að komast fram úr verkinu. En önnur sveitarfélög munu eiga erfitt með þetta og það er eðlilegur hlutur

að kennararnir hafi áhyggjur af þessu og segi: Við viljum semja um kaupið okkar, þ.e. um samningsferlið, áður en lagt er af stað í þessa vegferð. Annars er eins og verið sé að stilla okkur upp við vegg.

Í öðru lagi er það sem snýr að kaupinu, lífeyrir kennara og hann er dálítið flókið mál, aðallega af tveimur ástæðum. Í fyrsta lagi þeirri ástæðu að ríkið hefur borið ábyrgð á verðtryggingu lífeyrisins. Hvernig verður það eftir að kennarnir eru komnir í vinnu hjá sveitarfélögunum? Hver ber þá ábyrgð á verðtryggingu lífeyrisins? Verður það ríkið áfram? Mun ríkið bera ábyrgð á þeirri verðtryggingu sem er á fallin þegar flutningurinn á sér stað og taka sveitarfélögin þá við? Eða mun ríkið bera ábyrgð á verðtryggingu lífeyris kennara áfram þrátt fyrir tilflutning? Út af fyrir sig held ég að allt sé skoðandi í þessum efnum.

Við þetta bætist svo það í öðru lagi sem er sérstaklega flókið með lífeyri kennara eins og annarra opinberra starfsmanna. Þegar gerður er samningur um lífeyri kennara þá hækkar eftirlaunarétturinn um leið. Hann fylgir laununum, þ.e. þegar gerður er samningur um laun fyrir kennara, um kaup og kjör, þá hefur það áhrif á eftirlaunin sem sá kennari fær sem kominn er á eftirlaun vegna þess að eftirlaunin taka mið af síðast gildandi samningum hverjir svo sem þeir eru.

Þá erum við komin í nokkuð sérkennilega stöðu. Kennari hefur, segjum, verið að kenna hjá ríkinu í 40 ár en á eftir eitt eða tvö í þessu nýja kerfi sem verið er að tala um hér, fær svo lífeyri á grundvelli gamla kerfisins, með hliðsjón af því, en svo gerist það að sveitarfélagið sem hann býr í gerir nýjan launasamning við kennara á sínu svæði. Er þá sveitarfélagið að gera samninga um breytingu á eftirlaunum mannsins líka eða hvað? Með öðrum orðum hver fer með eftirlaunasamningsréttinn fyrir þá kennara sem eru að hætta að starfa en hafa verið í báðum kerfunum? Ég held að það væri mjög æskilegt ef hæstv. menntmrh. gerði aðeins grein fyrir því í umræðum um þessi mál hér á eftir hvernig hann sér þessa hluti fyrir sér. Ég veit það vel og ég er ekkert að ætlast til þess af hæstv. ráðherra að hann kunni svör við þessu alveg í smáatriðum en þetta er þó býsna stórt prinsippatriði og ég held að ef menn ekki ganga sæmilega vel frá svona hlutum fyrir fram þá geti eftirmálin orðið svo dýr, fyrir ríkið og fyrir einstaklinga og skólana. Þetta er því eitt dæmi um atriði sem ég tel að megi ekki láta hanga í lausu lofti.

Þriðji þátturinn varðandi kjarasamninga kennara sérstaklega sem gerir þá öðruvísi en aðra eru samningar um alls konar launatengd atriði sem eru ekki við atvinnurekandann beint, þ.e. sveitarfélagið í þessu tilviki. Í sambandi við það er ég t.d. að hugsa um árganga og fagstjórn. Það er hugsanlegt að um það sé samið við sveitarfélagið. En þegar aftur á móti kemur að öðrum atriðum eins og t.d. samningum um leiðsögn nýliða þá eru þeir ekki við sveitarfélagið eða við kennarana þar heldur gerir sveitarfélagið samning við Kennaraháskóla Íslands um þá tilhögun sem er á leiðsögn nýliða. Hvernig verður því fyrir komið?

Með þessu finnst mér, hæstv. forseti, að ég hafi nefnt þrjú gild dæmi sem segja það alveg fullum fetum að það er ábyrgðarlaust að ganga frá málinu núna í svona uppnámi, fyrst og fremst með tilliti til barnanna sem í skólunum eru og þurfa að njóta þeirrar kennslu sem þar verður boðið upp á. Þess vegna segi ég: Það á að fara í þessi mál sem snerta kjaramál kennara, eftirlaunarétt og lífeyrismál, og reyna að semja um þau núna.

Út af fyrir sig er það alveg rétt sem hæstv. menntmrh. segir og ég heyri að formaður menntmn. segir líka: Þessi mál eru nú þannig að það er ekki hægt að ganga frá þeim endanlega fyrr en menn vita hvernig lögin eru. Það er alveg rétt. En menn þekkja það í þessari stofnun að við höfum mjög oft gengið frá lögum svo að segja, vitað nokkurn veginn hvernig þau mundu líta út og síðan er farið í samninga við þá aðila úti í þjóðfélaginu sem um málin hafa að fjalla og svo er komið með þau aftur hingað inn og gengið frá þeim endanlega á grundvelli þeirra samninga sem gerðir hafa verið við þann aðila sem eru úti í þjóðfélaginu. Þetta er vel hægt og þegar hæstv. menntmrh. talar alltaf um þessa röð, fyrst þetta, svo þetta og svo þetta þá er ég bara ósammála því. Mér finnst að menn eigi að gera þetta eins og á að gera hlutina í siðuðum þjóðfélögum og reyna að gera þetta í einu, fella þessa mósaikmynd saman í einu svo að hún sjáist öll í meginatriðum en ekki sé verið að stilla kennurum upp við vegg.

Annar aðili, hæstv. forseti, sem hér er stillt upp við vegg eru sveitarfélögin. Það er náttúrlega tvímælalaust verið að stilla þeim upp við vegg. Það er verið að flytja verkefni til sveitarfélaganna sem kosta mjög mikla fjármuni, við vitum nokkurn veginn hvað þau kosta, en það er ekki búið að fytja peningana. Þá er vandinn sá að hér er verið að flytja verkefni sem gert er ráð fyrir að fari vaxandi á næstu árum. Það er gert ráð fyrir því í ákvæði til bráðabirgða með frv. að verkefnið muni fara mjög verulega vaxandi á næstu árum, þetta verði dýrara og dýrara og hagsýsluskrifstofan segir að þetta muni kosta milljarða í viðbót. Hvernig er þetta þá gert? Það er gert þannig, hæstv. forseti, að það eru teknir sex milljarðar eða svo af staðgreiðslusköttunum og fluttir yfir til sveitarfélaganna. Þeir eru nákvæmlega fluttir yfir til sveitarfélaganna. Þeir eru ekki fluttir yfir til skólanna. Þeir eru fluttir yfir til sveitarfélaganna sem slíkra þannig að það er síðan 100%, svo að segja, á þeirra valdi hvernig staðgreiðslupeningunum er ráðstafað.

Nú vita menn að það stendur misjafnlega á fyrir sveitarfélögunum, sumum illa, öðrum vel eftir atvikum og það er auðvitað dálítið varasamt að skilja börnin eftir í óvissu í þessu sambandi. Ég er bara að tala um þá óvissu sem börnin geta staðið frammi fyrir og foreldrar þeirra við uppáfallandi erfiðleika í viðkomandi sveitarfélagi og þá endurtek ég það að ég er ekkert að vantreysta þessu sveitarfélagi eða sveitarfélögum. Málið er ekki það heldur eru bara hlutirnir erfiðir og mismunandi hvernig þeir bera upp á í hinum einstöku sveitarfélögum. Við þekkjum það alveg að það er mikið öðruvísi hvernig hlutirnir þróast t.d. í Reykjavík og bera upp á hér eða segjum víða úti á landi þar

sem t.d. áföll í atvinnulífinu geta verið miklu hrottafengnari og haft í för með sér meiri skakkaföll en við erum nokkurn tíma vön að sjá fyrir okkur hér. Hvað verður þá að gera? Þá verður að tryggja það að börnin fái alltaf tiltekið lágmark í kennslu og sveitarfélögin geti aldrei farið niður fyrir þetta lágmark.

Það er þetta atriði sem hv. 3. þm. Norðurl. e. var að spyrja um fyrr í dag. Hvernig göngum við þannig frá þessum hlutum að börnin fái örugglega þessa lágmarkskennslu, þessa lágmarksþjónustu, hvað sem tautar og raular? Hvernig göngum við frá því? Það er ekkert smámál. Við viljum með öðrum orðum að börnin sem eiga heima í Bolungarvík eða á Akureyri og í Reykjavík eigi kost á tilteknu lágmarki að því er varðar kennslu. Þá geta menn komið og haldið þessa venjulegu ræðu um vantraustið á sveitarstjórnunum og þá segi ég: Hvernig hefur þetta verið annars staðar? Nú hafa skólar verið fluttir til sveitarfélaga. Það hefur gerst í Danmörku, við þekkjum það. Og það hefur gerst í Finnlandi, við þekkjum það. Og hv. 3. þm. Norðurl. e. þekkir til dæma frá Noregi.

Sl. sumar komu fréttir í Ríkisútvarpinu um tilflutning skólans til sveitarfélaganna í Finnlandi. Það voru alveg svakalegar fréttir vegna þess að þar var greinilegt að ekki hafði verið gengið frá því að börnunum væri tryggð lágmarkskennsla og niðurstaðan varð sú að börn í einu byggðarlagi fengu miklu lakari kennslu, lakari þjónustu en í öðru byggðarlagi. Það var þannig.

Ég spyr hv. þm.: Hvernig á að ganga frá þessu atriði þannig að börnin fái alls staðar svipaða eða sömu lágmarksþjónustu og hvernig á að ganga þannig frá því að þessi lágmarksþjónusta verði ekki allt of lítil? Ég er þá ekki að tala um það að við sættum okkur við eitthvað miklu minna en gengur og gerist í dag sem lágmarksþröskuldinn og raunar gerir frv. ráð fyrir auknингu frá því sem er í dag.

Þetta eru atriði sem hæstv. menntmrh. verður að svara í þessari umræðu. Af þessum ástæðum er það sem stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga hefur áhyggjur af málinu. Mér finnst það satt að segja mjög sérkennilegt að hv. 1. þm. Vesturl. hjólar í fjarstaddan formann Sambands ísl. sveitarfélaga, eins gert var í dag, en í ályktun sem stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga samþykkti á fundi sínum 14. febr. segir svo, með leyfi forseta:

„Stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga ítrekar fyrri umsagnir sínar um frv. til laga um grunnskóla og samþykkt 15. landsþings Sambands ísl. sveitarfélaga um yfirfærslu á öllum grunnskólakostnaði frá ríki til sveitarfélaga. Stjórn sambandsins telur að heppilegra hefði verið að sameiginleg undirbúningsvinna ríkis, sveitarfélaga og samtaka kennara vegna yfirfærslu alls grunnskólakostnaðar frá ríki til sveitarfélaga væri að mestu lokið áður en ný lög um grunnskóla eru samþykkt.“ — Má ég staldra við þetta, með leyfi forseta.

Þegar við segjum þessa hluti sem Samband sveitarfélaga segir þá segir hv. formaður menntmn. alltaf og hæstv. menntmrh.: Misskilningur. Það þarf ekkert að vera svona. Hvernig í ósköpunum stendur á því að forusta Sambands ísl. sveitarfélaga er svona ferlega illa mönnuð að hún misskilur allt eins og stjórnarandstaðan sem er að mati hv. 1. þm. Vesturl. tiltölulega slök til höfuðsins? Hvernig má það eiginlega vera að allir bara misskilja allt sem kemur frá þessari ríkisstjórn? Eru menn svona miklir asnar eða hvað í stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga að þeir séu bara næstum því eins og stjórnarandstaðan? Eða kennararnir, þeir misskilji allt? (**StB:** Sumir eru af sama sauðahúsi.) Af sama sauðahúsi. Það er verið að flokka menn hérna. Sumir eru asnar, aðrir ekki og það er kannski rétt að hv. 1. þm. Vesturl. hengi þá upp í stjórn Sambands ísl sveitarfélaga sem eru af vitlausu sauðahúsi, vitlausri fjárhúskró að hans mati. Það er best að hann telji inn í þessu rolluhús sín. Það er kannski þannig að sumir séu verðugir en aðrir ekki.

Og það er best að fá þá upplýsingar um það hvers lags eiginlega lið þetta er sem misskilur alla hluti sem sagt er við þá af hæstv. menntmrh. og öðrum. Það er nú meira fólkið í þessu landi. Síðan segir áfram, með leyfi forseta:

„Full samstaða hefur verið meðal sveitarstjórnarmanna um að sveitarfélögin yfirtaki að fullu rekstur grunnskólans. Á 15. landsþingi sambandsins sem haldið var á Akureyri 31. ágúst til 2. september 1994 var samþykkt samhljóða að rétt væri að fela sveitarfélögunum að fullu rekstur grunnskólans. Landsþingið hafði þó skýra fyrirvara á þessari afstöðu, þ.e. að fullt samkomulag næðist milli ríkis og sveitarfélaga varðandi flutning tekjustofna til sveitarfélaganna til að standa undir þeim kostnaði er yfirtökunni fylgir. Enn fremur að samkomulag næðist milli ríkis, sveitarfélaga og stéttarfélaga kennara um kjara- og réttindamál kennara, þar með talin meðferð lífeyrisréttinda.

Það hefur ávallt verið afstaða stjórnar sambandsins að niðurstaða í þessum málum þyrfti að liggja fyrir áður en ný grunnskólalög yrðu samþykkt.“

Þá er þetta sagt í umboði Sambands ísl. sveitarfélaga. Það er alveg ljóst að þetta er skoðun Sambands ísl. sveitarfélaga sem er t.d. ráðgjafi félmrh. í sveitarstjórnarmálum samkvæmt lögum. Væri kannski fróðlegt að vita hvort Alþfl. hefur einhverja skoðun á þessum málum. Síðan segir hér, með leyfi forseta:

„Sé það hins vegar eindreginn vilji Alþingis að samþykkja fyrirliggjandi frv. til laga um grunnskóla leggur stjórnin þunga áherslu á að við afgreiðslu þess verði tekið fullt tillit til athugasemda stjórnarinnar í umsögnum hennar um málið. Stjórnin ítrekar sérstaklega þær athugasemdir við einstakar frumvarpsgreinar sem formaður og framkvæmdastjóri sambandsins kynntu menntmn. á fundi hennar í morgun og lúta að 11. gr., 19. gr., 25. gr., 26. gr., 28. gr. og 33. gr. frv. Sérstaklega eru áréttaðar tillögur varðandi fjölda nemenda í bekkjardeildum og hlutverk Námsgagnastofnunar og að skyldur ríkisins varðandi kostun og útvegun námsgagna verði óbreyttar frá því sem nú er.“

Ég leyfi mér að gera hér visst hlé á ræðu minni, hæstv. forseti. Það vill svo til að ég var að tala við menntmrh. í ákveðinni sjónvarpsstöð áðan. Þar sagði hæstv. ráðherra að það væri komið til móts við allar brtt. Sambands ísl. sveitarfélaga. (**Menntmrh.:** Flest-

ar.) Já, það sagði hann ekki áðan, hann sagði allar áðan nefnilega. Svona fer nú mönnum fram ofan af Bæjarhálsi og hingað niður eftir. Það er auðvitað alveg greinilegt að það er hérna fjöldi brtt. sem Samband ísl. sveitarfélaga vill halda til haga en meiri hlutinn hefur ekki viljað hlusta á. Síðan segir hér:

„Brtt. menntmn. við 57. gr. frv. og sá fyrirvari sem þar er gerður varðandi gildistöku laganna er algerlega óviðunandi að mati stjórnar sambandsins þar sem ekki er tekið nægjanlegt tillit til fyrirvara sambandsins og landsþings þess. Stjórn sambandsins getur ekki fallist á samþykkt þessa frv. nema í meginatriðum sé tekið tillit til fyrrgreindra athugasemda. Verði frv. til nýrra grunnskólalaga samþykkt á yfirstandandi Alþingi er lögð áhersla á að sveitarfélögin hafi nægan tíma til að undirbúa flutninginn. Það er því lagt til, ef frv. verður samþykkt, að lögin komi í fyrsta lagi til framkvæmda 1. ágúst 1996."

Með öðrum orðum segir Samband ísl. sveitarfélaga nei við málinu eins og það liggur hérna fyrir. Og ég endurtek: Ætla menn að standa að því að flytja 5–6 milljarða verkefni til sveitarfélaganna þegar þau segja: Nei, takk, við treystum okkur ekki til að taka við verkefnunum við þessar aðstæður? Eða, og það er spurning sem ég ber fram við hæstv. menntmrh.: Er hann tilbúinn til þess að fallast á þá kröfu Sambands ísl. sveitarfélaga að frv. eða lögin öllu heldur taki ekki gildi, ef þau verða samþykkt hér, fyrr en 1. ágúst 1996 þannig að þar verði um að ræða hina endanlega lögákveðnu gildistöku þannig að Alþingi, ríkisstjórn, kennarar og sveitarfélög hafi tíma til þess frá og með deginum í dag að telja að semja sig í gegnum þessa flækju? Þessa spurningu vil ég bera fram við hæstv. menntmrh. vegna þess að ég verð að segja það alveg eins og er að ef menn væru tilbúnir til þess að ræða hlutina á þessum nótum þá tel ég að þeir lituð æðimikið öðruvísi út, alla vega gagnvart Sambandi ísl. sveitarfélaga.

Þriðja atriðið af almennu tagi sem ég ætla svo að ræða hér, hæstv. forseti, sem ég hef sérstakar áhyggjur af í þessu frv. er sérkennslan. Hún er ómöguleg eins og þetta lítur út hér. Frá upphaflegum drögum frv. hefur heilmiklu verið breytt. Það er betra núna en það var í upphaflegum drögum sem ég sá um þessi efni í 42. gr. Vandinn er hins vegar sá að þarna er gert ráð fyrir því að það verði sveitarfélögin sem framkvæmi þetta en ekki ríkið. Þarna er ríkið ekki að leggja lagaskyldur á sjálft sig heldur aðra og það er flóknara að leggja lagaskyldur á aðra, jafnvel fyrir ríkið, þegar ekki er um að ræða sömu skylduna sem nær svo að segja hlutfallslega jafnt yfir alla landsmenn. Ég held þess vegna að ef menn ætla í gegn með frv. eins og það lítur út þá sé óhjákvæmilegt að herða verulega á orðalagi 42. gr. vegna þess að ég tel greinina slæma og ófullnægjandi gagnvart sérkennslunni eins og hún lítur út núna. Ég ætla út af fyrir sig ekki að fara ítarlega yfir hana í augnablikinu í þessum kafla ræðu minnar en kem kannski aðeins nánar að sérkennslunni á eftir.

Það er auðvitað mjög skrýtið, hæstv. forseti, að fella út hugtakið sérkennsla, það er mjög skrýtið. Það er mjög skrýtið að gera það með þeim rökum sem uppi eru vegna þess að á sama tíma er talað um að það eigi að vera blöndun í bekki. Það er náttúrlega augljóst mál að það er mjög erfitt að þróa blöndun í bekki með heppilegum hætti nema það séu talsverð sérkennsluúrræði. Ég bendi á umsögn Félags ísl. sérkennara og þar sem farið er yfir þessi mál og ég held að það gæti verið lærdómsríkt fyrir hv. þm. að kynna sér það sem þar stendur.

Fjórði almenni þátturinn sem ég ætla að nefna í frv. á eftir kennarakjörunum, fjármagninu hjá sveitarfélögunum og sérkennslunni er svo staða litlu sveitarfélaganna í hinu dreifðasta dreifbýli, ekki til sérkennslu út af fyrir sig heldur til skólahalds almennt. Ég endurtek að hér er ekki um það að ræða að mér sé ekki ljóst að þeir sem stjórna t.d. fámennum sveitahreppum vilji standa sig vel. Það þekkjum við örugglega öll sem hér erum inni að þar er um að ræða fólk sem vill standa sig af miklum metnaði með sína skóla og sín skólamál eins og hér hefur verið margoft ítrekað. En það er erfitt. Og það eru líka misjafnir möguleikar fjárhagslega og af öðrum ástæðum til að taka á málum í þessum plássum. Ég hef ekki tilfinningu fyrir því að nægilega vel sé frá þessum hlutum gengið að því er varðar það sem ég kalla hið dreifðasta dreifbýli.

Kannski vita hæstv. ráðherra og hv. stjórnarsinnar nákvæmlega hvernig þeir sjá þetta fyrir sér, t.d. varðandi sérkennsluna og dreifbýlishreppana og þá væntanlega fáum við upplýsingar um það, mér þætti vænt um að fá þær upplýsingar. Getum við fengið t.d. drög að reglugerð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um það hvernig á að kosta sérkennslu og kennslu í dreifbýlishreppunum? Þau drög að reglugerð hljóta að vera til en hvar eru þau drög? Liggja þau fyrir einhvers staðar? Það hlýtur að vera að menn hafi komið sér niður á þau? Hversu stór hluti af heildarpakkanum í skólamálum er gert ráð fyrir að fari í gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga? Hversu stór hluti er það? Ég held að menn hafi verið að tala um eins og einn fimmta, þ.e. einn milljarð af þessum 5 en þessa tölu hef ég ekki séð á blaði heldur bara heyrt henni fleygt. Ég vildi gjarnan spyrja hæstv. menntmrh. að því hvort hann vildi vera svo vinsamlegur að fara einhverjum orðum um það hversu stór hluti af tilfærslunni til sveitarfélaganna fer hugsanlega í gegnum Jöfnunarsjóðinn.

Þá vil ég líka segja, og menn geta kallað það vantraust á einhverja ef þeim sýnist, að mér finnst óskaplega skrýtið að láta félmrn. fara að ráða skólamálum hér. Ég verð að játa að ég treysti því ekki fyrir því. Menntmrn. er menntmrn. og félmrn. er félmrn. Ég tel hugsanlegt að þarna verði gripið til jöfnunaraðgerða og mér er alveg ljóst að ef það á að flytja skólann verður að grípa til jöfnunaraðgerða. Þá væri langeðlilegast að þessar jöfnunaraðgerðir færu í gegnum menntmrn. Það er mín skoðun. Menntmrn. veit hvað er skóli. Félmrn. veit kannski hvað er skóli en því ber engin lagaleg skylda til að vita það. Menntmrn. ber lagaleg skylda til að vita það og þess vegna spyr ég: Hafa menn ekki velt því fyrir sér að þetta jöfnunarhlutverk verði innt af hendi í gegnum menntmrn.? Það er auðvitað langeðlilegast að þetta sé í gegnum menntmrn.

Í fimmta lagi ætla ég að segja um frv. almennt að mér finnst að í frv. sé, þrátt fyrir tilflutning á peningum og þrátt fyrir að sveitarfélögin borgi út launatékkana, sums staðar um að ræða alveg ótrúlega miðstýringu í frv. eins og það lítur út. Þannig er t.d. um hnútana búið að mál sem hafa verið hjá fræðslustjórunum og fræðsluskrifstofunum fara núna öll í menntmrn. Úrskurðarmál t.d. varðandi undanþágur frá skólaskyldu og alls konar hlutir af því tagi fara í menntmrn. Þarna finnst mér að 18 manna nefndin eða ráðuneytið hefði átt að staldra aðeins við. Þetta er eitt af þeim málum sem hefði þurft að ræða. Ég hef séð hugmyndir um þjónustuskrifstofur kjördæmanna sem sinna tilteknum þjónustuþáttum í skólamálum rétt eins og fræðsluskrifstofurnar gera í dag. Fyrir okkur hæstv. menntmrh. var á dögunum lögð hugmynd á almennum fundi til fróðleiks um þjónustuskrifstofu í einu kjördæmi. Mér finnst það athyglisverð hugmynd og mér finnst eðlilegra að úrskurðarmál af því tagi eins og hver er í skóla og hver ekki og er skólinn lengri og styttri o.s.frv., sé í byggðarlaginu í heild frekar en á skrifstofu menntmrh. En í frv. hafa menn ekki leyst þessa gátu og í staðinn tekið málið úr hverjum einasta skóla, upp á skrifborð menntmrh. án þess að það geti staldrað við á neinu millistjórnsýslustigi. Ég vil einnig segja að ég tel að þarna sé um að ræða nýja og aukna miðstýringu frá því sem verið hefur og ég gagnrýni það. Ég tel að það eigi a.m.k. að reyna að varðveita þá valddreifingu sem er í gildandi grunnskólalögum, raunverulega valddreifingu. Það tel ég ekki gert með þessum hætti og gæti reyndar nefnt fleiri dæmi í því sambandi.

Loks er svo í sjötta og síðasta lagi það, sem ég vil nefna sem galla við frv. og allan málatilbúnað, að það er ekki hluti af heildarmenntastefnu. Ég vil að grunnskólinn sé hluti af heildarmenntastefnunni. Hæstv. menntmrh. hefur ekki gert okkur grein fyrir hver er hans heildarmenntastefna, hver er sú heildarsýn sem menntmrn. hefur til einstakra skólastiga, hvort sem um er að ræða leikskóla, grunnskóla, framhaldsskóla, fullorðinsfræðslu, endurmenntun, rannsóknir, vísindi, háskóla eða hvað það nú er. Allir þessir hlutir þurfa að koma upp á borðið um leið og menn eru að tala um það mál sem hér er á dagskrá, þ.e. frv. til laga um grunnskóla.

Þetta eru nokkur almenn atriði, hæstv. forseti, sem ég vildi fara yfir og víkja þessu næst lauslega að nefndaráliti 3. minni hluta menntmn. á þskj. 678 þar sem fjallað er um þessi mál. Má segja að þar sé flest það sem áður hefur komið fram í máli mínu og ég vil ekki lengja tímann um of með því að endurtaka það, það er engin ástæða til þess, nema ég vil aðeins vitna í tilvitnun í ályktun 7. fulltrúaráðsfundar Kennarasambands Íslands frá apríl 1994. Þar var fjallað um þessi mál og Kennarasambandið sagði: Það þarf fyrst að gera þetta og það þyrfti að gera þetta og þetta og svo skulum við fara í málið. Það var sagt á fulltrúaráðsfundinum í apríl 1994: Það er eftir að ganga frá fjárhagsmálunum. Það var sagt: Það er eftir að ganga frá því hvernig stoðkerfinu verður komið fyrir, þar á meðal fræðsluskrifstofunum.

Ég talaði mikið, hæstv. forseti, um kennarana áðan, um laun þeirra og eftirlaun en ég ætla að spyrja um fræðsluskrifstofufólkið. Hvað með fræðsluskrifstofufólkið? Er meiningin að segja því upp núna eða hvernig sér hæstv. menntmrh. það fyrir sér? Við þurfum að fá svör við því. Síðan sagði Kennarasambandið í fyrra að það hefði áhyggjur af starfsemi Námsgagnastofnunar. Og í þriðja lagi að rekstrargrundvöllur sérskólanna væri óljós og í fjórða lagi væru öll samningsbundin og lögbundin réttindi kennarastéttarinnar í uppnámi eins og staða þessara mála væri nú.

Staðreyndin er sú að öll þessi mál sem Kennarasamband Íslands nefndi í ályktun sinni í apríl 1994 eru nákvæmlega eins og þau voru þá. Það hefur ekkert gerst síðan í þessu máli. Ég spyr hæstv. menntmrh.: Hvernig hafa menn notað tímann? Hvað hafa menn verið að gera í raun og veru því að í lok ályktunar Kennarasambands Íslands í apríl 1994 segir svo, með leyfi forseta:

„Ekkert af þessu hefur verið tryggt og telja kennarafélögin fráleitt að samþykkja frv. til laga um grunnskóla sem hefur það að markmiði að flytja grunnskólann til sveitarfélaganna eins og staðan er."

Þetta er nákvæmlega eins núna. Ég held því að menn þurfi að gera sér grein fyrir því að ekki einasta eru hlutirnir í steik núna. Það hefur ekki verið unnið nógu vel. Mér finnst ekki hafa verið unnið nógu vel og skipulega. Ég held að það hefði t.d. verið skynsamlegt að kalla til alla þessa aðila sem ég var að nefna fyrr í ræðu minni og reyna að hjálpast eitthvað að við þetta mál í staðin fyrir að það er reynt að leysa alla hluti helst í lokuðum flokksherbergjum Sjálfstfl. sem mögulegt er og helst í Reykjaneskjördæmi ef kostur er. (**Menntmrh.:** Þetta er alrangt.) Þetta er nú rétt, hæstv. ráðherra. (**Menntmrh.:** Þetta er rangt.) Þetta er yfirleitt rétt, á ég víst að segja, hæstv. ráðherra. (**Menntmrh.:** Það er kominn tími til að hætta þessari þvælu.) Ráðherra ræður engu um þingsköp hér. Ráðherrann þolir ekki að heyra sannleikann, honum er bara orðið illt.

(**Forseti** (SalÞ)**:** Ekki frammíköll.)

Nei, það er nefnilega það, ekki frammíköll. Það er bara að hafa stjórn á þessu, hæstv. forseti, og gott að fá góðan forseta úr Reykjaneskjördæmi til að sussa á þessa Reyknesinga sem eru hér, hæstv. forseti.

Staðreyndin er sú að það hefur ekki verið farið yfir þessa hluti nægilega samviskusamlega. Það er nú það. Maður hefur verið að spyrja forustumenn og talsmenn kennara og sveitarfélaga undanförnum misserum: Hvað er að gerast? Vitið þið nokkuð? Eru fundir? Og menn segja: Nei, við vitum ekkert. Það er aldrei talað við okkur. Og það er sagt: Reynið þið ekki að ná sambandi við ráðuneytið? Og það er sagt: Jú, við reynum það. Og hvernig eru samskiptin við ráðuneytið? Besta svarið sem ég hef fengið er þetta sem ég fékk í dag: Það er ekki frostmark sem ríkir í samskiptum okkar og ráðuneytisins heldur alkul, mesta frost sem mælanlegt er innan ramma nútímavísinda.

Ég held þess vegna að það verði a.m.k. að viðurkenna það af þeim talsmönnum menntmrn. og mennta-

málanna sem alltaf segja, misskilningur, við okkur hin, bæði stjórnarandstöðuna, sveitarfélögin og kennaraforustuna, að það sé ekki hægt að tala um að þetta jaðri við mannlega fullkomnun eins og haldið hefur verið á málum á undanförnum missirum. Það er ekki hægt að halda því fram með góðri samvisku að þetta jaðri við mannlega fullkomnun bara í almennum vinnubrögðum, burt séð frá öllu öðru. Og ég skil það vel að hæstv. menntmrh. skuli vera heldur ókyrr yfir þessu tali, enda veit hann náttúrlega upp á sig skömmina því að hæstv. ráðherra ber ábyrgð á þessu öllu þó að hann hafi fengið ágæta menn til að hjálpa sér í seinni tíð sem ganga fram af fullmiklu offorsi stundum fyrir minn smekk.

Ég vil þá þessu næst, hæstv. forseti, víkja að öðrum almennum atriðum áður en ég kem að einstökum brtt. sem ég vil nefna varðandi þetta frv. Það er ekki nóg með það að það sé kallað misskilningur sem við erum að segja. Hámark einkunnagjafarinnar hjá formanni menntmn. eru orðin rakalaus þvættingur. Það er samheiti á málflutningi okkar stjórnarandstæðinga, sveitarfélaganna og kennarasamtakanna, rakalaus þvættingur, sem menn hafa verið með. Ég held að ómögulegt sé að halda öðru fram en því að menn hafi hér gert grein fyrir sínum málum með rökum enda þótt menn séu ekki alltaf sammála þeim.

Ég vil varðandi einstök atriði og áður en ég kem að einstökum breytingartillögum, hæstv. forseti, sem ég mundi vilja sjá á þessu frv. geta þess sérstaklega að ég harma það að menn skuli ekki hafa, þó ég ætli ekki að skipta mér af brtt. meiri hluta nefndarinnar, þá verð ég að segja alveg eins og er að ég harma það að menn skuli ekki hafa haft myndarskap í sér til þess að ákveða að táknmál heyrnarlausra verði viðurkennt í grunnskólalögum. Það er reyndar þannig að í ýmsum löndum hefur þetta þegar verið gert. Í Svíþjóð var táknmálið viðurkennt árið 1980 og í Danmörku var táknmálið viðurkennt árið 1990 — og ég held að það mætti hugsa sér að það yrðu sett hér sérstök lög um táknmálið og rétt heyrnarlausra — en ég held þó að það væri ekki rétt því að ekki eru til nein sérstök lög um móðurmál. Og þess vegna held ég að það væri skynsamlegast og vil beina því til hæstv. menntmrh. til umhugsunar að smeygja inn í grunnskólalögin ákvæði um táknmál heyrnarlausra og ef svo fer fram að menn vilja keyra þessa hluti áfram, þá er ég vís með að gera um það sérstaka tillögu þó að ég teldi að hitt væri miklu heppilegra eins og ég mun koma aðeins að síðar að fresta þessu í heild eins og það liggur fyrir, en það að taka inn táknmál heyrnarlausra væri vissulega almennt mannréttindaspor og ég skora á hæstv. menntmrh. að íhuga það og spyr hann um það.

Hv. 10. þm. Reykn. lýsti því yfir að hv. þm. mundi hafa gaman af að heyra tillögur mínar við breytingar á grunnskólafrv. Mér þykir vænt um að hv. 10. þm. Reykv. skuli hafa gaman af því. Það er alveg sjaldgæf skemmtanafíkn sem birtist með þessum hætti og ég verð að segja að mér þykir vænt um að það skuli fréttast af svona glaðsinna fólki á síðkvöldum hér í þessari virðulegu stofnun. Þess vegna vil ég fara yfir nokkur atriði og ég tek fram að þau eru ekki í mikilvægisröð. En þau eru nokkurn veginn eftir greinum í frv.

Ég nefni þar í þessu sambandi minni háttar breytingar sem ég tel að hefði verið hægt að gera alveg útlátalaust á 4. gr. frv. og sem m.a. koma fram tillögur um bæði í umsögnum frá Kennarasambandi Íslands og þó alveg sérstaklega í tillögu skólaskrifstofu Reykjavíkur.

Ég tel líka í annan stað að það hefði mátt hugsa sér að ræða sérstaklega þær breytingar sem gerðar eru tillögur um á 5. gr. frv. Þar segir svo, með leyfi forseta:

„Sveitarstjórn getur borið fram við menntmrn. rökstudda beiðni um tímabundna undanþágu frá því að uppfylla að fullu ákvæði 1. og 26. gr. laga þessara um skólaskyldu og skólatíma. Menntmrn. úrskurðar hvort eða að hve miklu leyti slík undanþága skuli veitt."

Kennarasamband Íslands og Hið íslenska kennarafélag leggja til að þessi grein falli brott og gera kröfu um það að allir skólar verði 9 mánaða skólar. Það er athyglisvert að það kemur sérstök umsögn um þessa grein frá skóla í dreifbýli og það er oft verið að tala um að þeir hafi önnur sjónarmið gagnvart þessum hlutum en skólarnir í þéttbýlinu. Það kemur með öðrum orðum frá fræðslunefnd Kirkjubæjarskóla á Síðu sem telur þessa grein óþarfa og ástæðulaust að veita undanþágur með þessum hætti og ég vil nefna þessa fræðslunefnd Kirkjubæjarskóla á Síðu. Ég tel að hún eigi það að lágmarki skilið að hún komi til sögunnar í þingtíðindum vegna þess að hún sendi mjög margar afskaplega athyglisverðar ábendingar í sinni umsögn.

Ég vil einnig nefna sérstaklega og það er mikið stærra mál þar sem segir í 6. gr. frv. varðandi pólitískt kjörnar skólanefndir. Það er auðvitað alveg ótrúlegt í þessari meðferð málsins að menn skuli ekki taka skarpar á því sem lýtur að pólitískt kjörnum skólanefndum. Pólitískt kjörnar skólanefndir, hvað er það? Það eru nefndir sem eru kosnar af sveitarstjórnunum og þær eiga að taka á málefnum einstakra nemenda og ég tel að það sé avleg nauðsynlegt að kveða sérstaklega á um þagnarskyldu þess fólks sem er í þessum nefndum umfram það sem er almennt í sveitarstjórnarlögum. Þetta er dæmi um atriði sem hefði þurft að ræða betur við meðferð málsins í hv. menntmn.

Í umsögn skólaskrifstofu Reykjavíkurborgar segir svo, með leyfi forseta:

„Hér tel ég að því er þetta varðar að skólaskrifstofur á viðkomandi svæðum ættu að hafa forustuhlutverk og úrskurðarvald og að ágreiningsmálum mætti síðan skjóta til skólanefnda. Slíkt mundi spara verulegan herkostnað við fundahöld viðkomandi nefnda. Menntmrn. getur svo að sjálfsögðu verið lokaáfanginn í ferlinu."

Um þetta hefði ég viljað ræða í menntmn. Ég hefði viljað kanna það hvort hægt væri að fara yfir þessa 6. gr. betur miðað við það sem gert er ráð fyrir hér. Það er einnig í umsögnum sem komið hafa fullboðlegar brtt. varðandi 7. gr. frv. og hið sama er að segja varðandi 9. gr. frv. Ég bendi þar á t.d. ábendingar Kennarasambands Íslands og Hins íslenska kennarafélags um samstarfsvettvang ráðuneytisins og sveitarstjórnar og það er spurt í þeirra umsögn, með leyfi forseta:

„Hvernig verður eftirlitið framkvæmt?“ Við viljum vita það. Hvernig hugsa menn sér í menntmrn. að framkvæma það eftirlit sem gert er ráð fyrir í greininni um stjórnun grunnskóla samkvæmt 9. gr. frv.? Og samtök fámennra skóla segja einnig, með leyfi forseta:

„Hérna vantar útlistun á eftirlitsskyldu ráðuneytisins. Hve oft og hvernig ætlar það að sinna henni?“ Ég spyr: Hvernig ætla menn að sinna þessari eftirlitsskyldu?

Í greininni er líka talað um að veita kennslu við hæfi og hvað segir Skólaskrifstofa Reykjavíkur, þ.e. forstöðumaður Skólaskrifstofu Reykjavíkur. Ég hygg að það sé hann sem skrifar þetta, Viktor Guðlaugsson. Hann segir:

„Að mínu mati gengur ekki að hafa svona í lögum. Hvað er kennsla við hæfi? Setja þarf tiltölulega skýrar reglur um lágmarksþjónustu.“ Þetta vantar. Þetta var aldrei rætt svo að ég nefni dæmi.

Í umsögn Sambands ísl. sveitarfélaga um þessa sömu grein segir: „Það hefði komið til álita að setja inn ákvæði um sérstaka samráðs- eða úskurðarnefnd er tæki til umfjöllunar ágreiningsmál er upp kunna að koma milli einstakra sveitarstjórna og menntmrn.“ Ég spyr: Hefði ekki verið ástæða til þess að ræða þetta mál rækilega?

Í umsögn Sambands sveitarfélaga í Norðurl. v. kemur fram að menntmrh. hefur bæði ákvörðunarvald og eftirlitshlutverk með málefnum grunnskólans. Er það ekki skrýtið? Er það ekki sérkennilegt að sami aðilinn fari bæði með eftirlit og ákvörðunarvald yfir sjálfum sér eða sínum eigin verkum? Er ekki t.d. hv. iðnn. búin að vera hér langdvölum að fjalla um breytingar á Rafmagnseftirliti ríkisins vegna þess að eftirlit, ákvarðanir og úrskurður megi ekki fara saman? En hér er gert ráð fyrir því í 9. og 10. gr. þessa frv. í raun og veru að menntmrh. hafi eftirlit með sjálfum sér og taki ákvarðanir um það hvernig hann eigi að vinna þá hluti sem aflaga kunna að hafa farið.

Dæmi um breytingu sem hefði þurft að gera er líka á 11. gr. frv. sem Kennarasamband Íslands og Hið íslenska kennarafélag segja: „Kennarafélögin telja að setja eigi inn ákvæði um skiptingu sveitarfélaga í skólahverfi miðað við íbúafjölda“ og þetta er samþykkt. Þetta er mjög mikilvægt atriði og ég tel að það sé framför að það skuli nást fram og ég fagna þeim sinnaskiptum sem komið hafa fram hjá þingmönnum Sjálfstfl. í þessu máli sem beittu sér sérstaklega gegn þessu á sínum tíma.

Um 12. gr. segja kennarasamtökin m.a., með leyfi forseta: „Kennarafélögin telja óskynsamlegt að ætla skólanefndum að taka við faglegu hlutverki fræðsluskrifstofu.“ Ég verð að taka undir það. Mér finnst að við höfum kannski ekki rætt þessa hluti nægjanlega vel þannig að það sé skýrt og skilið á milli faglegrar forustu og faglegrar ábyrgðar annars vegar og pólitískrar forustu og pólitískrar ábyrgðar hins vegar. Menn eiga ekki að grauta saman pólitískri yfirstjórn og faglegri yfirstjórn í lögum af þessu tagi.

Varðandi 14. gr. leggja kennarafélögin áherslu á breytingar með því að taka inn gr. 21 í núgildandi lögum og jafnframt benda þau á nauðsyn þess að sett verði að nýju reglugerð um kennarafundi og kennararáð. Og skólanefnd Kópavogs bendir á mjög mikilvægan þátt sem er þessi: Fram þyrfti að koma að skólastjóri beri ábyrgð á starfi skóla í umboði sveitarstjórnar. Kennarasamband Íslands gerir sérstaka tillögu um breytingu á 2. mgr. 15. gr. og Kennarasambandið og Hið íslenska kennarafélag gera líka sérstaklega að umtalsefni ákvæðið um skólaráð og ég ætla að ræða það aðeins nánar. Í umsögninni segir svo, með leyfi forseta:

„Kennarafélögin taka undir að auka þurfi áhrif foreldra á skólastarf en benda á að í núgildandi lögum um grunnskóla er ákvæði um skólaráð sem því miður hefur ekki komist til framkvæmda. Kennarafélögin telja að skólaráð sem skipað er bæði kennurum og foreldrum sé betur til þess fallið að efla samstarf heimila og skóla en foreldraráð. Frv. gerir ráð fyrir aukinni vinnu skólastjóra sem þarf þá að semja um sérstaklega segir hér o.s.frv. Og ég segi: Ákvæði gildandi grunnskólalaga um skólaráð, hvaðan eru þau komin? Þau eru komin frá hv. 2. þm. Reykn. Það er byggt á frv. sem hún flutti í þinginu ár eftir ár ásamt öðrum þingmönnum Sjálfstfl. á sínum tíma. Þess vegna var þessi hugmynd tekin inn um þennan sameiginlega vettvang kennara og foreldra. Og þegar málin voru til meðferðar vorið 1991 þá var þetta eitt af þeim nýju atriðum sem komu inn í lögin. Ég spyr: Af hverju hefur þetta ekki verið framkvæmt og af hverju mátti þetta ekki standa eins og það er? Það hafa ekki komið fram nein gild rök eða farið fram gildar umræður um það af hverju þessir hlutir eru nákvæmlega eins og þeir eru þarna.

Eitt af því sem er mjög athyglisvert við þetta frv. er að það er hvergi gert ráð fyrir því eða óvíða og óvíðar en í gildandi lögum að kennarar og skólastjórar séu hafðir með í ráðum. Það er mikið um það að kennurum og skólastjórum sé hent út úr ákvarðanaferli miðað við það sem er í gildandi lögum. T.d. er bent á það varðandi III. kafla um skólahúsnæði sem fram kemur í 18. gr. og fræðslunefnd Kirkjubæjarskóla á Síðu sem áður hefur verið getið í þessari ræðu lofsamlega fjallar einnig um það mál. Svo ætla ég að hæla meiri hluta nefndarinnar fyrir það að hún hefur ákveðið að leyfa sveitarstjórnunum sjálfum að ráða því hvað skólarnir heita. Það er mikið framfaraspor og ég styð það eindregið.

Varðandi 20. gr. kemur fram mjög athyglisverð ábending. Í gildandi grunnskólalögum er gert ráð fyrir því að þar séu ákvæði um listskreytingar í skólum. Af hverju er það hvergi? Af hverju má það ekki vera hér inni? Af hverju má ekki setja um að einhverjar almennar viðmiðunarreglur? Hvað með listskreytingasjóð? Er ekki hugsanlegt að hann styrki sveitarfélögin til þess að annast listskreytingar í sínum skólum? Af hverju mátti ekki taka það inn? Af hverju mátti ekki skoða það?

Varðandi 21. gr. leggja kennarafélögin áherslu á reglugerð um búnað skóla og varðandi 22. gr. leggja samtök fámennra skóla sérstaka áherslu á að leita skuli

umsagna og veita heimild í samráði við skólastjóra og kennara varðandi lokun skólamannvirkja en það er ekki gert ráð fyrir því í frv. eins og það er heldur að sveitarfélögin ráði þessu alveg án þess að þurfa nokkurn tíma að bera það undir kennarana eða skólastjórana.

Það er einnig athyglisvert að Samband sveitarfélaga í Norðurl. v. sem er mjög virkur umsagnaraðili í þessu máli öllu leggur til að ákvæði greinarinnar um ráðstöfun á skólahúsnæði falli brott. Þetta er eitt dæmið um mál sem hefði þurft að ræða betur vegna þess að þarna eru menn bersýnilega ekki sammála. Þarna er t.d. verulegur ágreiningur á milli kennara og sveitarfélaga og þetta er mál sem hefði þurft að ræða.

Þá kem ég að kannski einum aðalágreiningsþætti þessa frv. sem lýtur að 23. gr. þess og áfram. Þar er um að ræða ráðningu skólastjóra og aðra starfsmenn skólans. Þar segir svo í umsögn hagsmunaaðila, með leyfi forseta:

„Kennarafélögin leggja til að við 1. mgr. greinarinnar bætist: „Að fengnum rökstuddum tillögum og umsögnum skólanefndar og kennarafundar kennararáðs." *Kennarafélögin taka undir að við ráðningu* aðstoðarskólastjóra sé tekið mið af fjölda þeirra sem við skólann starfa en ítreka að setja þurfi inn heimild til að ráða fleiri en einn aðstoðarskólastjóra.

Varðandi 3. mgr. 23. gr., er fjallar um ráðningu kennara og annarra starfsmanna, er rétt að benda á að ýmis atriði er varða ráðningu og réttindi þeirra eru ófrágengin. Þess vegna hafa kennarafélögin allan fyrirvara um þessa málsgrein. Kennarafélögin telja að til að tryggja framkvæmd laga um lögverndun þurfi að kveða á um störf undanþágunefnda eða að öðrum kosti hætta alfarið að ráða nokkra aðra til kennarastarfa en þá sem hafa til þess réttindi.

Kennarafélögin telja einnig mikilvægt að eftirfarandi ákvæði gildandi laga falli ekki brott."

Og þá spyr ég hæstv. menntmrh. um þetta allt: Af hverju mátti þetta ekki vera hér inni? Af hverju mátti ekki vera 31. gr. um umsagnarrétt kennara við ráðningu skólastjóra? Af hverju mátti ekki vera 32. gr. um umsagnarrétt kennara við ráðningu aðstoðarskólastjóra? Af hverju mátti ákvæðið ekki vera áfram um það að kennsla skuli falin föstum kennurum þar sem kostur er á því? Af hverju mátti ekki vera ákvæðið um að það væri heimilt að ráða kennara í eina eða fleiri kennslugreinar fyrir tvö eða fleiri skólahverfi? Af hverju mátti ekki vera inni ákvæðið um undanþágunefnd? Af hverju mátti ekki vera inni ákvæðið um námsráðgjafa? Af hverju mátti ekki vera inni ákvæðið um skipun kennara og skólastjóra þangað til búið var að semja um annað? Af hverju mátti ekki vera ákvæðið um auglýsingar um stöðu og ráðningar fyrir 1. maí? Af hverju mátti ekki vera ákvæðið um störf kennara og skólastjóra samkvæmt lögum og reglugerð með erindisbréfi og um kjarasamninga og lögverndun eins og er í 38. gr.? Af hverju mátti ekki vera nánar um starf á heimavistum? Af hverju þurfti þetta allt að fara út? Það hafa engin rök verið flutt fyrir því. Þetta var aldrei rætt sérstaklega sem sjálfstætt, sérstakt viðfangsefni í hv. menntmn. Hér er um að ræða einar tíu greinar sem eru í raun og veru teknar út að því er virðist fyrst og fremst til þess að gjörbreyta innri uppbyggingu skóla og draga úr möguleikum, m.a. kennaranna, til þess að hafa áhrif á ráðningu skólastjóra og annarra yfirmanna o.s.frv.

Ég bendi einnig á þær ábendingar sem fram koma við 24. gr. frv. og einnig þær ábendingar sem birtast varðandi 25. gr., m.a. frá sálfræðideild skóla í Reykjavík. Það eru afskaplega margar athyglisverðar umsagnir sem koma frá sálfræðideild skóla í Reykjavík. Varðandi þá grein ber einnig að nefna að þar er komið inn á mikilvæg kjaraatriði sem menn vilja auðvitað ræða, þ.e. þessi orlof sem kennarar hafa haft.

Þá kem ég að þættinum um starfstíma grunnskóla og þá ætla ég að spyrja hæstv. menntmrh.: Hvað gera menn ráð fyrir að sú breyting á starfstíma grunnskóla sem þarna er verið að tala um kosti mikið miðað við óbreytta samninga og lög?

Ég heyrði það í fréttum í kvöld, hæstv. forseti, að það er verið að tala um það að auka launakostnað í skólum upp á eitthvað 500–700 millj. kr. Hvað segir það manni? Ætli launapakkinn í framhaldsskólum og grunnskólum sé ekki svona 7 milljarðar, ég ímynda mér það. Er þetta þá hækkun á þeim pakka? Nei, ég skil það ekki þannig. Ég skil það þannig að hluti af þessu sé meiri vinna heldur en menn hafa innt af hendi til þessa sem er þá verið að kaupa með auknu fjármagni. Er það þá að einhverju leyti framkvæmd á þessum ákvæðum sem menn eru þarna að ræða um? Er það svo? Ef það er þannig þá eru menn náttúrlega bersýnilega farnir að gera kjarasamninga á grundvelli frv. sem liggur hérna fyrir eða a.m.k. með hliðsjón af frv. sem liggur hérna fyrir, sem er þá þvert á það sem hæstv. menntmrh. hefur haldið fram að allar kjaraumræðurnar sem nú standa yfir séu á grundvelli gildandi laga. En auðvitað geta menn vikið frá því í sjálfu sér.

Eru menn að taka mið af þessum ákvæðum í þessum kjaraviðræðum? Menntmrn. hlýtur að vera inni í því máli og ég ætla að spyrja: Hvað er þetta mikið og hvernig sjá menn þetta fyrir sér?

Ég vek einnig athygli á umsögn Sambands ísl. sveitarfélaga um þetta mál. Þar segir svo, með leyfi forseta:

„Gert er ráð fyrir að vikulegum kennslustundum verði fjölgað í áföngum úr 293 í 336 stundir frá núgildandi grunnskólalögum með áorðnum breytingum. Árlegur kostnaðarauki þegar breytingarnar eru að fullu komnar til framkvæmda er 430 millj. kr. Nauðsynlegt er að taka tillit til þessa kostnaðarauka við yfirfærslu tekjustofna til sveitarfélaga. Á bls. 300 í fjárlagafrv. fyrir árið 1995 er gert ráð fyrir því að á móti kostnaðarauka vegna fjölgunar stunda skuli náð fram hagræðingu er nemi um 1% af rekstri, sbr. fjárlagaliður, grunnskólar, almennt, eða um 40 millj. kr. Því er mótmælt að slík órökstudd breyting sé gerð á sama ári og ætlað er að flytja allan rekstrarkostnað grunnskóla til sveitarfélaga."

Ég vil biðja hæstv. menntmrh. að fara nokkrum orðum um þessi mótmæli Sambands ísl. sveitarfélaga. Það er dálítið skrýtið að á sama tíma og hæstv. menntmrh.

segir að hann sé að skila aftur tímum sem hann skar niður í upphafi ferils síns þá hugsar hann sér að skila því með því að skera niður alla. Það er það sem í raun og veru gerist. Þannig að rausnarskapurinn er ekki upp á 60 millj. heldur 20 millj. nettó sýnist mér hér. En látum það vera. Hér mótmælir Samband ísl. sveitarfélaga þessu sérstaklega í þessari umsögn sem ég var hér að lesa og ég vil gjarnan spyrja hæstv. menntmrh. um það mál.

Í 28. gr. er fjallað um skólaleyfi og þar er einnig um að ræða minni háttar brtt. sem ég tel þó að hefði vel mátt hugsa sér að fallast á.

Í 30. gr. frv. er fjallað um kjarnagreinar. Ég hefði gjarnan viljað að þingmenn hefðu rætt aðeins nánar um þessar kjarnagreinar. Hvað á að vera mikið í lögum um kjarnagreinar? Það finnst mér vera álitamál. Ég er t.d. ekki alveg viss um að það sé skynsamlegt sem er í núgildandi lögum í þeim efnum úr því að menn eru að breyta þessu á annað borð. Er þetta þá ekki óþarflega mikil upptalning eins og þetta er? Ætti þetta ekki jafnvel að vera enn þá minna en í gildandi lögum? En hér er þetta gríðarlega ítarleg upptalning og það er líka talað um að umræðan um kjarnagreinar þurfi lengri tíma.

Hér er komið að mikilvægu atriði sem er þetta atriði með dönskuna. Það verður auðvitað að segja það eins og er að þar myndaðist nýr þverpólitískur meiri hluti í nefndinni sem formaðurinn varð að beygja sig fyrir. Vinir dönskunnar í öllum stjórnmálaflokkum tóku höndum saman þannig að það endaði með því að danskan hafði bara þó nokkurn sigur eða áfangasigur alla vega og ég tel að það sé heldur til bóta. Ég veit að hv. 5. þm. Reykv. er heldur leiður yfir því. En hann átti mjög ötulan fulltrúa í nefndinni sérstakan, þ.e. hv. 10. þm. Reykn., sem hélt eins og venjulega fram hlut hv. 5. þm. Reykv. af alefli.

Ég vil einnig víkja að skólanámskránni í 31. gr. Það er eitt af því sem meiri hlutinn og hv. formaður menntmn. er að tala mikið um að sé nýjung sem þau hafa fundið upp í 18 manna flokksnefnd Sjálfstfl. Staðreyndin er sú að skólanámskrár hafa verið gerðar hér í skólum í mörg ár og ákvæði um skólanámskrár hafa verið í aðalnámskrá grunnskóla mjög lengi. Ég held a.m.k. frá 1989 og jafnvel lengur. Þannig að það er engin nýlunda að gert sé ráð fyrir skólanámskrám og það er í raun og veru sjálfsagður hlutur í nútímaskóla að það sé unnin skólanámskrá. Það er enginn skóli í nútímanum sem ekki vinnur skólanámskrá og ef skóli á að vera af einhverju viti þá vinnur hann námskrá fyrir svo að segja hvern einasta nemanda. En þetta hrópa þau stöðugt um á torgum sem einhverja stórkostlega nýjung í menntamálum, en hér er auðvitað um að ræða ævagamalt atriði, ég segi ekki fornt, ævagamalt atriði í stjórn menntamála í landinu.

Það er einnig gagnrýnt varðandi 32. gr. að það sé verið að takmarka rétt til valgreina. Síðan kemur í 33. gr., með leyfi forseta, það sem var erfiðast að skilja í frv., ég játa það. Það er um Námsgagnastofnun. Hún átti í raun og veru bæði að vera ríki og ekki ríki og sveitarfélög og ekki ríki nema hvort tveggja sé og þó hvorki né. Þar satt að segja sneri allt meira og minna á haus. Niðurstaðan hefur orðið sú að meiri hluti menntmn. bakkar að nokkru leyti fyrir gagnrýninni í sambandi við Námsgagnastofnun og hér segir, með leyfi forseta, í brtt. 10 a-lið á þskj. 667 sem er við 2. mgr. 33. gr. frv.:

„Ríkinu er skylt að leggja til og kosta kennslu- og námsgögn er fullnægja ákvæðum aðalnámskrár." — Síðan segir að 4. mgr. orðist svo: „Námsgagnastofnun skal tryggja að ætíð sé völ á námsbókum og öðrum námsgögnum sem standast kröfur gildandi laga og aðalnámskrár, annaðhvort með eigin útgáfu eða útvegun frá öðrum aðilum. Menntmrh. setur í reglugerð ákvæði um endurgjaldslausa úthlutun námsgagna til nemenda í skyldunámi að fengnum tillögum námsgagnastjórnar."

Þetta er eitt af því sem hefði þurft að ræða satt að segja miklu betur í hv. menntmn. og fékkst ekki rætt þegar offorsið greip formann nefndarinnar hér á dögunum.

Ég vil spyrja hæstv. menntmrh.: Hver verður að hans mati staða Námsgagnastofnunar ef þetta verður samþykkt? Verður hún óbreytt þannig að Námsgagnastofnun fái fé frá ríkinu til rekstrar og hún framleiði þessi námsgögn fyrir skólana, hluti þeirra verður endurgjaldslaus en hluti gegn greiðslu — eða hvað? Gerir hæstv. menntmrh. ráð fyrir því að Námsgagnastofnun verði svipuð að umfangi og hún er núna eða gerir hann ráð fyrir einhverjum veigamiklum breytingum í þeim efnum? Ég fagna því auðvitað ef menn hættu við að framkvæma ákvæðið eins og það er, en ég bendi á að Samband ísl. sveitarfélaga telur að þessi breyting varðandi Námsgagnastofnun hefði jafnvel mátt ganga aðeins lengra. Ég held því að það sé alveg óhjákvæmilegt að biðja hæstv. menntmrh. um að fara nokkrum orðum um þetta atriði varðandi Námsgagnastofnunina alveg sérstaklega.

Hæstv. forseti. Ég kem þá að 35. gr. frv. þar sem bent er á breytingar sem æskilegt væri að gera og æskilegt er að gera að mínu mati. Tillögurnar eða ábendingarnar eru frá sálfræðideild skóla í Reykjavík og frá Skólaskrifstofu Reykjavíkur. Ég bendi einnig sérstaklega á 36. gr. Þar ætti sennilega þetta ákvæði um táknmálið að koma. Ef það kæmi inn í lögin þá sýnist mér að það mundi eiga heima þar, þar sem stendur: „Nemendur sem hafa annað móðurmál en íslensku eiga rétt á sérstakri kennslu í íslensku." — Eins og breytingin er núna. En þarna í þessari grein ætti líklega táknmálsákvæðið að koma. Ég vil spyrja hæstv. menntmrh. að því hvort hann gæti hugsað sér að setja það ákvæði inn varðandi íslenska táknmálið sem er móðurmál heyrnarlausra.

Ég vil einnig vekja athygli á þeirri breytingu sem gerð er tillaga um í 37. gr. frá sálfræðideild skóla í Reykjavík og reyndar frá kennarasamtökunum og Sambandi ísl. sveitarfélaga líka. Samband ísl. sveitarfélaga segir t.d. um 37. og 38. gr., með leyfi forseta:

„Hér er mörkuð sú stefna að kennsla barna og unglinga sem eiga erfitt með nám, m.a. vegna fötlunar, skuli fara fram í heimaskóla. Jafnframt er lögð sú skylda á herðar sveitarfélögunum að reka sérskóla og

sérdeildir fyrir fatlaða og útvega sérfræðiþjónustu fyrir þá nemendur. Slík sérþjónusta hefur verið vanrækt að undanförnu og mun í framtíðinni kosta mikla fjármuni. Aðstæður sveitarfélaganna til að sinna þeim kröfum eru jafnframt mjög misjafnar. Jöfnunarsjóð sveitarfélaga þarf að efla sérstaklega til að mæta misjöfnum aðstæðum í sveitarfélögum vegna þessa verkefnis og taka þarf tillit til þess við flutning tekjustofnanna til sveitarfélaganna."

Ég les þetta nú hér sérstaklega, hæstv. forseti, til að vekja athygli á því að Samband ísl. sveitarfélaga hefur sérstakar áhyggjur af sérkennslunni.

Umsögn Félags íslenskra sérkennara er sérstaklega athyglisverð í sambandi við 37. gr. Þar er bent á mjög mörg atriði sem nauðsynlegt sé að mati félagsins að taka inn úr því að verkefnið er flutt til sveitarfélaga. Það er t.d. að kveðið verði skýrt á um að skólum verði séð fyrir fjármagni til sérkennslu. Að það verði sérmerkt fjármagn frá ríkissjóði á sérhæfðu námsefni sem nýtist fáum nemendum. Það er alveg ljóst að slíkt námsefni getur verið mjög dýrt og þess vegna þarf að merkja sérstakt fjármagn í því skyni. Síðan er það gagnrýnt að hugtakinu sérkennsla er útrýmt úr lögunum, það er ekki hér. Ég hef satt best að segja aldrei fengið nægilegar skýringar á því af hverju hugtakinu sérkennsla er útrýmt. Vegna þess að ef áfram á vera blöndun í bekki þá verður auðvitað að vera um einhverja sérþekkingu að ræða á sviði sérkennslu og blöndun í bekki kallar á sérhæfð vinnubrögð sem aftur krefst sérþekkingar á þessu sviði. Ég held því satt að segja, hæstv. forseti, að það verði að fara aðeins betur yfir það mál ef þessi ósköp eiga að verða að lögum. Til viðbótar má svo benda á það að Kennaraháskóli Íslands hefur skipulagt framhaldsnám í sérkennslu víða um land sem leitt hefur til mikillar fjölgunar á sérmenntuðu fólki í sérkennslu í grunnskólum um allt land og ég spyr: Hvað á að verða um það fólk?

Varðandi 38. gr. bendi ég einnig á ýmsar ábendingar frá Heyrnleysingjaskólanum sem mér finnst vera allrar athygli verðar. Sömuleiðis á athugasemdir sálfræðideildar skóla varðandi 39. gr. um nemendaverndarráðin.

Ég bendi einnig á athugasemdir Kennarasambands Íslands og Hins íslenska kennarafélags varðandi skólanefndirnar í 40. gr. Þarna er aftur komið að því sem við vorum að tala um áðan, hæstv. forseti. „Vafasamt er", segir hér, „að málum einstakra nemenda sé vísað til skólanefndar sem er pólitískt kosin." Ég er algjörlega sammála því. Það er ekki smekklegt að grauta saman fagi og pólitík eins og gert er aftur og aftur í frv.

Ég bendi síðan á fjölmargar athugasemdir sem ég tel að hefðu kallað á brtt. við 42. gr. frv. um skyldu skólanna til að sjá fyrir sérfræðiþjónustu eða skyldu sveitarfélaganna. Ég tel þetta ekki nógu skýrt. Ég hefði viljað hafa þetta miklu þéttara og ég segi alveg eins og er að ef svo fer að menn ætla að þjösna þessu í gegnum þingið þá mun ég berjast fyrir því að þessari grein verði breytt. Hún er alveg ómöguleg. Það er engin trygging fyrir því að þau börn sem þurfa á sérkennslu og sérstökum stuðningi að halda fái þá sérkennslu. Hér verður því að kveða betur að orði eins og bent er á bæði í umsögn sálfræðideildar skóla í Reykjavík og frá fleiri aðilum.

Þá vík ég þessu næst sérstaklega að 46. gr. þar sem þessi óskaplega prófaveiki er komin inn. Það á að prófa svo mikið. Það er trúin á tommustokkinn sem menn hafa tekið hér. Að lausnin á vandamálum skólanna sé sú að mæla krakkana sem oftast. Það er rétt eins og menn ákveði að breyta hitastiginu eða laga veðurfarið á Íslandi með því að hafa veðurathuganir oftar en þær eru í dag. Þegar menn kveða svo upp úr með það að þeir halda líka að það leysi agavandamál skólanna að vera alltaf með þennann mæli í gangi, það er alveg ótrúlegt satt að segja. Ég hef ekki mikla trú á því og held að það mál liggi ekki þannig. Ég tel að það eigi að vera próf sem eru í grófum dráttum svona: Í fyrsta lagi eigi að vera könnunarpróf til að mæla skólana og hvort þeir geti eitthvað. Það á að mæla skólana og getu þeirra til að mennta börnin. Það á að mæla getu kennarana til að kenna börnunum. En það á ekki einlægt að vera að bregða þessari stiku á börnin sjálf fyrst of fremst vegna þess að það getur í mjög mörgum tilvikum þegar um er að ræða krakka sem eiga við erfiðleika að etja farið illa með þau. Þeir sem hafa kennt einhvern tíma áður, eins og sá sem hér stendur t.d., vita að þessar stöðugu mælingar á krökkum sem eiga við erfiðleika að etja, þessar endalausu samanburðarathuganir miðað við þennan, miðað við þennan og hinn, hafa gert það að verkum að ágætir einstaklingar hafa brotnað niður í skólunum. Ég held að það eigi ekki að vera með svona kerfi. Enn er verið að innleiða þetta prófafargan hér eins og frv. lítur út. Ég bið menn að hugsa aðeins betur áður en þeir fara of langt með málið eins og gert er í 46. gr.

Þegar núv. menntmrh. tók við þá fjölgaði hann prófum um 100%, þ.e. úr tveimur í fjögur, hann hafði svo mikla trú á að það væri lausn á málum skólans. Þetta er engin lausn. Og að tala þannig eins og það sé einhver lausn á málum framhaldsskólans að gera meiri kröfur í grunnskólanum. Málið snýst ekki um kröfur heldur snýst málið fyrst og fremst um það: Er um að ræða þroskavænlegt umhverfi fyrir börnin? Menn geta gert svo vitlausar kröfur til barnanna að þau brotni niður og ráði þess vegna ekki neitt við neitt. Og ég neita því alla vega fyrir mitt leyti að taka þátt í því að leysa vandamál framhaldsskólans með því að fjölga tommustokkunum í grunnskólanum. Ég kann ekki við svoleiðis skólapólitík, ég segi það alveg eins og er.

Ég held að það væri skynsamlegra að vera með könnunarpróf bæði á skólana og á kennarana líka og þar með einstaka bekki, könnunarpróf sem er hvolft yfir undirbúningslaust eða undirbúningslítið. Í janúarmánuði er prófað hvernig skólarnir koma út á Vestfjörðum, segjum í eðlisfræði, í febrúarmánuði er prófað í Breiðholtinu hvernig þeir koma út í dönsku o.s.frv. Þetta er fyrst og fremst gert til þess að yfirvöld geti metið: Getur skólinn kennt börnunum? Geta kennararnir kennt börnunum? En þetta er ekki gert til þess að brjóta krakkana á bak aftur af því að þau fá 2,2 í

dönsku. Þessi ógnarlega prófatrú sem er í þessari grein, og það er reyndar aðalnýjungin í frv., ég gleymdi að geta þess. Það er aðalskólanýjungin í frv. að fjölga prófum og ég satt að segja tel það enga framför vegna þess að próf gera enga stoð nema þeim sé síðan fylgt eftir með einhverjum hætti og það kemur ekki fram í frv. hvernig svo á að nýta þessi próf sem kennslu- og þroskatæki fyrir börnin.

Þetta prófatal er oft sprottið upp af því að menn vilja vera að framleiða einhverja úrvalseinstaklinga með einhverjar óskaplega háar einkunnir og þess háttar til að geta montað sig af með skólana sína. Það er satt að segja alveg átakanleg umræða oft á tíðum. Alveg átakanleg. Ég kannast ekki við að þau börn séu endilega neitt betri sem fá 9 en þau sem fá 8,8. Ég kann ekki við svona tal, satt best að segja. Það er verið að ýta undir svona millimetramælingu á vitsmunum fólks í þessum textum eins og þeir eru. Það er misskilningur, það á ekki að gera þetta. Próf eru oft vond við börn og eru verri fyrir börn en engin próf. Það kemur oft fyrir. Það er lítil speki stundum í þessum prófum.

Varðandi 51. gr. þá segir þar: „Menntmrh. ber ábyrgð á að fram fari mat á skólum og skólastarfi sem ætlað er að tryggja að skólahald sé í samræmi við ákvæði laga og aðalnámskrár. Menntmrh. getur falið Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála eða öðrum aðilum að annast framkvæmd slíks mats.

Niðurstöður af mati á skólum og skólastarfi skulu m.a. hafðar til hliðsjónar við endurskoðun aðalnámskrár."

Það er spurning hvað verður svo gert við þessar niðurstöður matsins. Mér finnst að þetta sé víða þannig að menn segi: Já, það á að vera eftirlit, já, það á að vera mat, það á að vera sjálfsmat, það á að vera eftirlit með eftirliti og eftirlit með eftirliti og sjálfsmati en einhvern veginn setja menn þetta ekki í heildarsamhengi. Og staðreyndin er líka sú fyrir utan hvað þetta gerir oft lítið gagn að þetta prófafargan kostar fullt af peningum. Enda hefur Rannsóknastofnun uppeldismála blásið út í tíð núv. ríkisstjórnar, blásið út meira en nokkur önnur stofnun enda er hún lík eftirlitsiðnaðinum sem er aðalframlag ríkisstjórnarinnar á atvinnumálum eins og kunnugt er, það er eftirlitsiðnaðurinn. Rannsóknastofnun uppeldismála er dálítið þannig. Það á að líta eftir skólunum og prófa sem allra mest.

Ég hefði einnig talið að það væri ástæða til að ræða sérstaklega ákvæðin um skólasöfn, ákvæðin um heilsugæslu og síðan alveg sérstaklega gildistökuákvæðin. T.d. gert ráð fyrir því í gildistökuákvæðinu að það sé teygja í því. Það er alveg nýjung í lögum, það er teygja í gildistökuákvæðunum. Þessi lög öðlast sem sagt gildi þegar menntmrh. sýnist. Eða eins og hér stendur: „Menntmrh. ákveður í reglugerð hvaða ákvæði laga þessara koma til framkvæmda fyrir 1. ágúst 1995". Hann getur sem sagt haft þetta sem viðfangsefni næstu mánuðina. 1.–10. gr. taka gildi í apríl, 11.–20. gr. í maí o.s.frv.

Þetta er ómöguleg lagasetning og ég tel að sú uppsetning á málum sem fram kemur hjá meiri hluta hv. menntmn. í þessu efni geri heldur enga stoð og leysi engan vanda. Aðalspurningin er þessi: Er ráðherra tilbúinn til að ganga þannig til móts við Samband ísl. sveitarfélaga að lögin taki yfir höfuð ekki gildi fyrr en 1. ágúst 1996 og tíminn verði notaður til þríhliða viðræðna um málið milli kennara, sveitarfélaga og ríkisins?

Á þeim forsendum, hæstv. forseti, stend ég að tillögu til rökstuddrar dagskrár í málinu, frv. til laga um grunnskóla sem lýkur svona:

„Með vísan til framanritaðs og þess að málið hefur ekki fengið fullnægjandi umfjöllun af hálfu menntmn. telur Alþingi rétt að vísa málinu frá og tekur fyrir næsta mál á dagskrá."

Ég sé þetta að sjálfsögðu þannig fyrir mér að ákvörðunin hefði það ósköp einfaldlega í för með sér að það yrði farið í þessa umræðu. Ég finn að málið liggur þannig að menn reikna með því að skólinn flytjist a.m.k. til stærstu sveitarfélaganna. Ég reikna með að málið liggi þannig og þá er að fara í að reyna að leysa það praktískt eins skynsamlega og mögulegt er. Mér finnst það ekki vera gert með þeim málatilbúnaði sem hér er uppi og spyr síðan menntmrh. að lokum hvort hann telji ekki ástæðu til þess að fresta málinu þannig að hundrað prósent sátt náist um það hvernig skólinn verður fluttur til sveitarfélaganna, í sátt við kennara og aðra aðila sem hlut eiga að máli. Mætti auðvitað hugsa sér að það mál verði tekið til sérstakrar athugunar í tengslum við þá kjarasamninga sem eru í gangi akkúrat þessa stundina.

Útbýting þingskjala:

Almenn hegningarlög, 318. mál, nál. allshn., þskj. 686; brtt. allshn., þskj. 687.

Hvalveiðar, 420. mál, stjtill. (sjútvrh.), þskj. 688.

Verslunaratvinna, 326. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 684.

[22:24]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. menntmn. fyrir það mikla starf sem hún hefur lagt af mörkum varðandi þetta mál. Ég hlýt hins vegar að lýsa vonbrigðum mínum yfir því að ekki náðist samstaða í nefndinni um afgreiðslu frv. Stjórnarandstaðan, sem samanstendur af þremur flokkum, klofnaði líka í þrennt. Það sýnist mér út af fyrir sig vera veikleikamerki hjá stjórnarandstöðunni og raunar sé ég ekki mikið bitastætt í gagnrýni minni hlutanna þriggja. Ég tek eftir því að í nál. 1. minni hluta, hv. þm. Kristínar Ástgeirsdóttur, er tekið undir nokkur meginatriði frv. Ég met það vissulega og því ber að fagna.

Það veldur líka vonbrigðum að það skuli vera niðurstaða þessara þriggja minni hluta hv. menntmn. að vísa beri málinu frá með rökstuddri dagskrá eins og kemur fram á sérstöku þskj. 676. Mér sýnist að rökstuðningur hv. þm. fyrir dagskrártillögunni séu fyrirvarar Sambands ísl. sveitarfélaga og ályktun 7. fulltrúaþings Kennarasambands Íslands. Það er rökstuðningurinn fyrir því að málinu skuli vísað frá að þar sem þeim fyrirvörum sem Samband ísl. sveitarfélaga setti

á þingi sínu 31. ágúst til 2. sept. 1994 hefur ekki verði fullnægt og heldur ekki ályktunum 7. fulltrúaþings Kennarasambandsins þá skuli málinu vísað frá. Þetta þykir mér að vísu dálítið sérkennileg röksemdarfærsla svo ekki sé fastar kveðið að. Ég tala nú ekki um ef farið er yfir fyrirvara Sambands ísl. sveitarfélaga sem sumir hverjir eiga ekki lengur við, einfaldlega vegna þess að tímasetningar eru orðnar allt aðrar.

En látum það vera. Hv. þm. verða náttúrlega að nota þær röksemdir sem þeim sýnist þótt mér þyki þær ekki trúverðugar. Ýmsar röksemdir hafa svo sem aðrar komið þótt þeirra sé ekki getið í þskj. um tillögu til rökstuddrar dagskrár.

Ég ætla að nota tímann til að fara yfir nokkur atriði sem komið hafa fram í ræðum hv. þm. og frsm. minnihlutaálitanna.

Hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir hóf ræðu sína með því að segja að núv. ríkisstjórn hefði ráðist með miklu offorsi á skólamálin, eins og hv. þm. orðaði það. Ég hefði byrjað á því að senda bréf í ýmsar áttir, fellt úr gildi ákvörðun um að kennaranám skyldi verða fjögur ár. Það er rétt, ég gerði það. Það var ein af aðhaldsaðgerðum ríkisstjórnarinnar og líka gerð vegna þess að um það var engin sérstök eining. Þannig var t.d. álit þeirrar nefndar sem undirbjó kennaranám við Háskólann á Akureyri þess eðlis að þar var talið réttara að hafa kennaranámið þrjú ár. Ég hefði einnig stöðvað fyrirætlanir Menntaskólans við Hamrahlíð að breyta mjög námskránni til stúdentsprófs. Það er rétt, ég gerði það, sérstaklega vegna ábendinga sem komu frá Háskóla Íslands. Það hefur einmitt sýnt sig í seinni tíð að kröfurnar um samræmd stúdentspróf fara vaxandi. Hvort sem okkur líkar betur eða verr munum við verða að taka upp einhverja samræmingu á stúdentsprófunum. Við komumst ekki hjá því. Ég kem kannski betur að því síðar.

Þá nefndi hv. þm., sem er margbúið að ræða í þinginu og ég skal ekki eyða miklum tíma í, niðurskurðinn á grunnskólanum. Það er rétt að við skárum niður vikulegan kennslutíma og það var eðlilega það sem mest munaði um í aðhaldsaðgerðum varðandi grunnskólann vegna þess að kostnaður ríkisins er jú eingöngu í sambandi við launakostnað og stjórnunarkostnað í grunnskólum. En eins og ég hef líka margtekið fram þá erum við að skila þeim 12 stundum sem voru teknar og það hefur ekki gerst áður á sama kjörtímabili og vikulegar kennslustundir hafa verið skornar niður að þeim hafi verið skilað aftur.

Hv. þm. nefndi einnig þau orð sem hafa fallið m.a. frá, þingmaðurinn sagði prófessor við Háskóla Íslands, að Háskóli Íslands væri að verða annars flokks háskóli. Ég hef bent á það áður á hv. Alþingi að svona talsmáti sé háskólanum hættulegur og sérstaklega ef hann kemur frá aðilum í háskólanum sjálfum. Það er vísasti vegurinn til þess að koma því inn hjá fólki að Háskóli Íslands sé að verða annars flokks háskóli. Það er ekki rétt. Háskóli Íslands nýtur fullrar virðingar og það er ekkert hættulegra en einmitt svona málflutningur fyrir Háskóla Íslands.

Hv. nefndi, eins og fleiri hafa gert, að það væri óljóst hvað flutningur til sveitarfélaganna fæli í sér og hvað það kostaði. Í grg. með grunnskólafrv. eru útreikningar sem gerðir voru af fjárlagaskrifstofu fjmrn. Þar er frv. reiknað út þannig að öllum má ljóst vera hver áætlunin er. Þar er talið að lágmarkskostnaður til viðbótar því sem kostnaðurinn er í dag sé 678 millj. en hámarkið 909 millj. Þetta eru tölur sem miðast við frv. eins og það var lagt fram. Þetta á vitanlega allt eftir að reikna út að nýju og fer raunar fram núna ákveðið endurmat á þessu af þeirri nefnd sem er starfandi með fulltrúum félagsmála-, fjármála- og menntamálaráðuneytis, Sambandi ísl. sveitarfélaga og kennarasamtökunum. Þar er verið að leggja mat á þetta að nýju en verður auðvitað ekki hægt að leggja endanlegt mat á þennan kostnað fyrr en við vitum hvernig löggjöfin verður. (**KÁ:** Bara einsetning skólanna er upp á milljarða.) Bara einsetning skólanna? En það er ekkert nýtt markmið sem við erum að setja fram í frv. Það er í gildandi lögum. (**KÁ:** Þeim hefur ekki verið framfylgt.) Þar er að vísu sagt að það skuli stefnt að einsetningu skóla og sett tiltekið markmið, tiltekið ár, um aldamót. Við kveðum fastar að orði og segjum að það skuli ekki stefnt að heldur skuli þetta gert. Þetta er skylda sem þegar hefur verið lögð á sveitarfélögin. Það er ekkert nýtt. Við erum ekki að leggja neina nýja skyldu á sveitarfélögin að því er tekur til þessa atriðis, það var gert með lagasetningunni 1991. (Gripið fram í.) Nei, það var gert í grunnskólalögunum 1991. Þar var þessi skylda lögð á sveitarfélögin.

Hv. þm. nefndi nokkur atriði sem eiga að hafa áhrif á kostnaðinn sem sveitarfélögin hafa af þessu, nefndi einsetninguna og máltíðir. Það er líka komið inn áður. Það er ekkert nýtt. Síðan nefndi þingmaðurinn fræðsluskrifstofurnar og sérskólana. Það liggur ljóst fyrir að þau viðfangsefni sem fræðsluskrifstofurnar hafa í dag og munu færast yfir til sveitarfélaganna verður tekið inn í allan þennan útreikning. Það á öllum að vera ljóst. Það er ekkert verið að leggja eitthvað á sveitarfélögin sem þau fá ekki bætt. Þetta kemur greinilega fram í athugasemdum með frv. og í skýrslu menntastefnunefndarinnar.

Hv. þm. telur, eins og fleiri stjórnarandstæðingar, að það sé ótímabært að samþykkja frv. og raunar óskynsamlegt og telur að þetta sé fyrst og fremst metnaðarmál mitt og formanns menntmn. Það væri nú aldeilis ef öll skólapólitík í landinu eigi að ráðast af persónulegum metnaði ráðherrans og formanns menntmn. Þetta er mál sem er búið að vinna að síðan í marsmánuði 1992 og svo reka menn upp stór augu í þinginu núna þegar á að fara að afgreiða málið. Það er alveg eins og menn haldi að þetta hafi allt verið gert að gamni og að frv. sé eingöngu lagt fram til kynningar. Auðvitað hefur það legið alla tíð fyrir að ætlunin sé að koma þessu máli í gegnum þingið. (**Gripið fram í:** Ekki er það hugmynd forsrh.?) Ekki það, nei? Ég kannast ekki við annað en að hann sé stuðningsmaður þess að þetta mál nái fram að ganga. Hins vegar geri ég mér grein fyrir því og áreiðanlega forsrh. líka að á hv. Alþingi sitji afskaplega þrekmiklir þingmenn í stjórnarandstöðunni sem vafalaust geta talað alveg endalaust þannig að þeir

geti með þeim hætti komið í veg fyrir að málið nái fram að ganga. Það verður þá að koma í ljós. (Gripið fram í.) Það kemur í ljós — sagði þm. það? (**VS:** Það kemur í ljós.)

Ég vildi spyrja hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur hvort hún telji rétt að ganga að öllum skilyrðum Sambands ísl. sveitarfélaga, t.d. skilyrðinu um gildistökuákvæðið. Að það skuli hafa náðst samkomulag milli Sambands ísl. sveitarfélaga og ríkisins til þess að yfirfærslan eigi sér stað, að það skuli vera textinn í gildistökuákvæðinu. Það væri mjög fróðlegt að fá beint svar við því.

Hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir kom inn á ýmis atriði, þar á meðal upplýsti hún að yfirfærslan mundi kosta Reykjavíkurborg 5 milljarða kr. (**VS:** Þetta átti að vera höfuðborgarsvæðið.) Þó það væri höfuðborgarsvæðið, að það kosti 5 milljarða kr. Þetta eru tölur sem þingmaðurinn má til með að renna stoðum undir. (**VS:** Ég skal gera það á eftir.) Gott, þá skal ég ekki ræða það frekar. (**SvG:** ... þegar einsetningin væri öll komin.) Já, við erum bara að tala um það hver kostnaðaraukinn fyrir sveitarfélögin er við þessa breytingu sem við erum nú að gera.

Ég fékk spurningu á þinginu fyrr í vetur frá einum af fyrrv. félmrh. þessa kjörtímabils sem spurði hvernig við ætluðum að leysa þetta þar sem yfirfærslan mundi kosta 12 milljarða. Það væri kostnaðaraukinn sem sveitarfélögin hefðu af því að taka við því sem eftir er af grunnskólanum. Menn sem tala svona þurfa aðeins að lesa betur hvað við erum að gera áður en þeir koma upp í ræðustól og spyrja svona algjörlega út í bláinn.

Hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir kom inn á nokkur atriði sem getið er um í nál. hennar og hv. þm. Jóns Kristjánssonar. Þar eru talin upp sjö atriði sem, ef ég skil þetta rétt, hv. þm. 2. minni hluta, líst ekkert á. Þar er t.d. eitt atriði sem þingmaðurinn hefur gert oftar en einu sinni að umræðuefni um hvernig staðið verði að málum ef sveitarfélögin fari ekki að lögum, t.d. um vikulegan kennslutíma eins og hv. þm. nefndi. Ég er að velta því fyrir mér hvort þingmaðurinn sé að tala um að refsiákvæði vanti í frv. Getur það verið? (Gripið fram í.) Nei, ég veit ekki alveg við hvað er átt. Það á alveg að vera ljóst hvaða meðul það eru sem eru til taks til að halda því að sveitarfélögunum að fara eftir lögunum. Það eru mörg atriði í frv.

Ég nefni t.d. bara upplýsingamiðlun til almennings sem er lögð rík áhersla á. Ég er alveg sannfærður um að það hefur verulegt gildi að miðla upplýsingum til almennings um skólastarfið.

Ég hef líka sagt að ég efist ekkert um metnað sveitarfélaganna til þess að sinna þessu viðfangsefni eins og verðugt er, það er ég alveg viss um. Hv. þm. nefndi eitthvert dæmi um að Stórþingið í Noregi hefði lagt fram peninga til sveitarfélaganna til þess að leggja í aukningu á vikulegum kennslutíma ef ég skildi þetta rétt. Það verða ákvæði í þessum lögum um vikulegan kennslutíma og auðvitað ber sveitarfélögunum að hlíta því. En þau fá ekki skammtað eitthvert sérstakt fjárframlag til þess að sinna þeim sérstaka þætti. Þau fá aukin fjárframlög, þau fá aukna hlutdeild í staðgreiðslunni til þess að sinna þessu viðfangsefni. Þau hafa þegar tekið við öllum rekstri grunnskólans fyrir utan launin og ég veit ekki betur en sveitarfélögin sinni þeim þætti vel og það mjög vel. Þau fengu auðvitað aukna tekjustofna þegar þau tóku við þessum viðfangsefnum, m.a. þegar þau tóku við öllum byggingarframkvæmdum grunnskólans. Ég held að hægt sé að fara alveg í kringum landið frá því að það viðfangsefni var lagt á sveitarfélögin og það sést að þau hafa staðið sig með afbrigðum vel í því að byggja yfir grunnskólann.

Hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir hafði áhyggjur af því að skv. 9. gr. frv., ég held að það hafi verið 9. gr., væri réttur nemenda sem þyrfti á sérstökum stuðningi að halda ekki nógu vel tryggður. Ég vil benda á að í 37. gr. frv. kemur skýrt fram að börn og unglingar sem eiga erfitt með nám sökum sérstakra námsörðugleika, tilfinningalegra eða félagslegra örðugleika eða fötlunar eiga rétt á sérstökum stuðningi í námi. Afdráttarlausara getur þetta ekki verið.

Þá hafði þingmaðurinn einnig áhyggjur af því að námsráðgjöf til handa nemendum væri horfin úr grunnskólalögum en eins og kemur fram í 42. gr. frv. er öllum sveitarfélögum skylt að sjá skólum fyrir námsráðgjöf. Þetta kemur allt saman fram í frv. og á ekki að þurfa að tala svona.

Þá hafa komið upp efasemdir um hvernig ætti að standa að úttektum og starfi skóla. Aðrar þjóðir telja sjálfsagt að fylgjast með starfi sem fer fram í skólum og það verður auðvitað útfærsluatriði hvernig staðið verður að slíkum úttektum.

Þá kem ég að ræðu hv. þm. Svavars Gestssonar. Ég verð að hryggja hv. þm. strax með því að ég ætla ekki að fara eins ítarlega yfir málið og hv. þm. gerði. Við höfðum eiginlega talað um það okkar á milli að vera ekki fram eftir allri nóttu með þetta mál en ef ég ætti að svara öllum spurningunum og fara aftur í gegnum þetta stóra plagg sem hv. þm. gerði, umsagnir allra sem nefndadeild Alþingis hefur útbúið mjög skilmerkilega, verðum við að vera töluvert fram yfir miðnætti. (**SvG:** Það þurfti að skemmta ...) Ef tilgangurinn hefur ekki verið annar þá má ég leggja þetta plagg frá mér. Ég skil það svo. (**SvG:** Ráðherrann ræður því.) Það er gott. (**SvG:** Er það vandamál?) Nei, það er ekki vandamál mitt og auðvitað ræð ég hvað ég geri. Það þarf ekkert að taka það fram. (**Gripið fram í:** Þú hefur tíma til 12.) Já, já, ég hef tíma til 12 og sjálfsagt lengur.

Hv. þm. hóf ræðu sína með því að segja að engar úrbætur væru í þessu frv. Þannig var það afgreitt og hann hefði kannski ekki þurft að segja meira því að ekki rökstuddi hann þá fullyrðingu sína að engar úrbætur væru í frv. Ég bendi honum á að lesa grein sem fyrrv. ráðunautur hans í skólamálum skrifaði fyrir nokkru þar sem borin var saman skýrsla menntastefnunefndar og bók sem hann vitnar gjarnan í, Til nýrrar aldar, og þar með ýmis ákvæði í þessu frv. og gildandi lögum. Mig minnir að fyrrverandi ráðunautur hafi komist að þeirri niðurstöðu að við værum a.m.k. 70% sammála þannig að mér þykir það slæm

einkunn sem hv. þm. gefur fyrrv. ráðunaut sínum.

Þá var hann að taka sem dæmi hvernig staðið hefði verið að setningu grunnskólalaganna 1974 og tók sem dæmi að þá hefði verið auglýst í blöðum, að mér skildist í dagblöðunum, eftir athugasemdum við frv. Við gengum að vísu ekki svo langt að setja auglýsingar í blöðin en ég hef rakið það áður og get nefnt það einu sinni enn að ég efast um að kynningin á þessu frv. og aðdraganda þess hafi verið öllu meiri við önnur frumvörp sem hafa verið lögð fyrir þingið en einmitt var gert núna. Skýrslan var send út, áfangaskýrslan var send út, frv. var sent til fjölmargra aðila og tekið tillit til fjölmargra ábendinga og síðan sendi menntmn. frv. aftur til umsagnar þessara sömu aðila og þeir hafa enn sent umsagnir og það hefur enn verið tekið tillit til ábendinga og tillagna um það sem betur mætti fara. Síðan er hamrað á því, ekki bara í ræðustól heldur líka í nefndaráliti hv. þm. Svavars Gestssonar, að menntastefnunefndin hafi starfað algerlega lokað allan þann tíma sem hún var að störfum. Hvernig getur hv. þm. leyft sér að fara með svona fleipur? Það er honum til vansa, ekki bara að tala svona heldur að skrifa svona og setja þetta í þskj. vegna þess að þetta er rangt alveg frá grunni. Hann bætir við, með leyfi hæstv. forseta:

„Það var bannað að hafa þar samskipti við kennarasamtök eða aðra aðila, enda hafa samskipti menntmrn. við kennarasamtökin í tíð núv. ríkisstjórnar" — og svo kemur rúsínan í pylsusendanum sem hann er óskaplega hrifinn af að hafa fundið út, þó hann þykist hafa þetta eftir öðrum er ég viss um að hann hefur fundið þetta sjálfur — „ekki verið við frostmark heldur við alkul." (Gripið fram í.) Þingmaðurinn er búinn að skýra hvað alkul er ef hv. þm. veit það ekki, það er skýrt út í ræðu hans. Það kemur í þingtíðindum. Alkul, já. (**Gripið fram í:** Hvað er það?) Nú, veit þingmaðurinn það ekki? (**Gripið fram í:** Nei.) Æ, æ, þar fór í verra. Þið verðið að hlusta betur á hv. þm. Svavar Gestsson þegar hann brillerar í ræðustól.

Hv. þm. Svavar Gestsson nefndi líka að Sjálfstfl. hefði ekki komið með jákvæðum hætti eins og hann orðaði það að setningu grunnskólalaga síðan á dögum nýsköpunarstjórnarinnar. Það var nú ekkert annað. Það verður að vísu að viðurkenna að Sjálfstfl. var býsna lengi áhrifalítill í menntmrn. Ef ég man rétt liðu 30 ár þar til Sjálfstfl. hafði menntmrn. til ársins 1983. Það verður að segja það alveg eins og er og það veit ég að hv. þm. Svavar Gestsson gerir sér alveg grein fyrir að það er vont þegar skipt er oft um menntmrh. og þeir fá ekki tíma til þess að vera nema svona tvö til tvö og hálft ár. (**SvG:** Það fer eftir því hver hann er.) Nei, það fer nefnilega ekkert eftir því hver hann er. Það veit ég að þingmaðurinn veit af því að hann þekkir það af eigin raun. Það er að vísu hægt að koma ýmsu frá sér í ráðuneytinu en það fer ekki eftir magni hvernig þau mál eru leyst. En þetta er ástæðan fyrir því að Sjálfstfl. var þetta lengi frá þessu ráðuneyti.

Já, svo hælir hv. þm. sér enn og aftur af því að eina heila stefnumótunin í skólamálum sem gerð hefur verið hafi verið gerð í ráðherratíð hans. Svo telur hann upp: Leikskólann, grunnskólann, framhaldsskólann og það sem mér þótti nú einna sniðugast hjá honum voru rannsóknir og vísindi. Hvað er orðið um þessi mál, hv. þm.? Við höfum sett ný lög um leikskóla og mig minnir að hv. þm. hafi viðurkennt það þegar við vorum að setja þá löggjöf ef ég man rétt 1993 að ég hefði afrekað það sem honum tókst ekki, það var að ná því fram sem hann vildi en gat ekki fyrir ofríki páv. félmrh. Jóhönnu Sigurðardóttur. Var það ekki rétt? (**SvG:** Þetta er allt Petrínu að þakka.) Ja, það var betri en enginn stuðningur hv. þm. Petrínu Baldursdóttur, það er alveg rétt. Ég er með það. (**SvG:** Ég vil halda afrekum Petrínu hér á lofti.) Já, ég er alveg tilbúinn að taka undir það.

Það mætti svo sem ýmislegt segja um afskipti hv. þm. Svavars Gestssonar af framhaldsskólalöggjöfinni og ég kem kannski svolítið að því síðar. En um afrek hans á sviði löggjafar um rannsóknir og vísindi held ég að hann ætti ekki að hafa mjög hátt. Að vísu var lögð fram áætlun í ríkisstjórninni um hver skyldi verða stefna ríkisstjórnarinnar í rannsóknum og vísindum en það varð ekkert meira en að leggja það fyrir ríkisstjórnina og ef ég man reyndar rétt var það lagt líka til kynningar fyrir Alþingi. En meira var ekki gert. Það hefur hins vegar verið gert í tíð þessarar ríkisstjórnar að setja nýja löggjöf um Rannsóknarráð Íslands þar sem ráðin eru sameinuð, gamla rannsóknaráðið og vísindaráðið og rannsóknasjóðurinn gamli hefur verið tvöfaldaður í tíð þessarar ríkisstjórnar.

Hv. þm. verður tíðrætt um að stefnunni til nýrrar aldar, eins og hann orðar það, hafi verið hent. Áður hefur hann orðað það þannig að hún hafi verið lokuð niðri í skúffu. Það er að vísu ekki rétt. Þessi bók hefur verið föl í ráðuneytinu fyrir þá sem hafa viljað sækjast eftir henni, en ég veit satt að segja ekki hvað það eru margir. Ég hef sem sagt greint frá því áður að það er rangt að ég hafi hent þessari bók. Ég bendi hins vegar á það að sú bók felur ekki í sér stefnu. Þetta er eins konar óskalisti sem svo sem allir geta tekið undir og menn verða að átta sig á muninum á stefnu- og upplýsingariti. Þetta var að mörg leyti mjög svo fróðleg samantekt. En þetta var heldur ekki framkvæmdaáætlun þótt hv. þm. kalli þessa bók gjarnan því nafni. Til þess vantar forgangsröðun og hvernig framkvæma skyldi þá þætti sem þar er getið um.

Ég hlýt að nefna það líka af því að hv. þm. Svavar Gestsson vitnaði í Brynjólf Bjarnason og það er kannski rétt að nefna það í leiðinni af því að þingmaðurinn er alltaf að tala um þetta prófafargan sem á að vera einkenni á þessu frv. að Brynjólfur var svo framsýnn að hann áttaði sig á því að samræmd próf væru einmitt ómetanlegt tæki til þess að tryggja nemendum, sem eru með einum eða öðrum hætti verr settir en aðrir, jafnrétti. Fyrir þessu talaði Brynjólfur á sínum tíma en ég vil þó taka það fram til þess að fyrirbyggja allan misskilning að við erum ekki í þessu frv. að taka upp gamla landsprófið, það erum við ekki að gera.

Ég verð að segja að mér þykir það dálítið broslegt þegar hv. þm. Svavar Gestsson er að guma af því að hann hafi með afrekum sínum í menntmrn. sett í gang

þá miklu umræðu sem átt hafi sér stað í skólamálum nú á síðustu missirum. Það er alls ekki rétt. Hann hafði lokið sínu hlutverki með lagasetningunni sem hann taldi hér upp og vissulega voru sett lög um þessi skólastig öllsömul en það var ekki kveikjan að umræðunni sem átt hefur sér stað nú á undanförnum missirum. Kveikjan að umræðunni er einmitt sú nefndaskipan sem ég setti af stað og skýrslur þeirrar nefndar.

Þá sagði þingmaðurinn að ekkert hafi verið gert í sambandi við verkmenntunina í landinu á þessu kjörtímabili. Það er beinlínis rangt. Ég hef t.d. gert sérstaka samninga bæði við prentiðnaðinn og bílgreinarnar sem munu hafa veruleg áhrif og áreiðanlega fordæmisgildi fyrir kennslu í öðrum greinum.

Hv. þm. nefndi það sem hefur áður verið gert að mér skildist svona til viðvörunar það sem hefur gerst í Finnlandi og minntist á frétt sem birtist ef ég man rétt einhvern tíma á sl. ári um að allt væri að fara um koll í grunnskólakerfinu í Finnlandi eftir að grunnskólinn var færður yfir til sveitarfélaganna í því landi. Það er rétt að í Finnlandi var grunnskólinn færður yfir til sveitarfélaganna í þrepum á fjórum árum. Fyrir þann tíma var ábyrgð á rekstri grunnskólans alfarið á herðum ríkisins. (**SvG:** Á fjórum árum?) Á fjórum árum já, hann var færður yfir í þrepum á fjórum árum. Við ætlum líka að færa þetta í þrepum. Það eru ákveðin þrep í frv. það veit þingmaðurinn. Það er þó ekkert víst að hann viti það. En ef hann læsi frv. þá mundi hann sjá það. Auðvitað verður löggjöfin sett en við náum ekki að koma henni að fullu til framkvæmda nema á nokkrum árum. Það er alveg ljóst.

En ég vil bara benda á í sambandi við þessa frétt um ástandið í finnska grunnskólakerfinu að það ríkir einmitt mikil óánægja hjá finnska kennarasambandinu en hún stafar ekki af því að skólarnir hafi verið fluttir yfir til sveitarfélaganna heldur af því eða samhliða því að skólarnir voru fluttir yfir til sveitarfélaganna voru einmitt samræmd próf felld niður. Það var gert í Finnlandi. Og nemendur eru vissulega mjög misvel undirbúnir og finnska kennarasambandið hefur einmitt sett fram þá kröfu að samræmd próf verði tekin upp, þeim verði komið á aftur.

Það er líka mjög slakt eftirlit með því að skólahaldið og stjórnunin er alfarið í höndum sveitarfélaganna, það er slakt eftirlit af hálfu ríkisins þannig að þetta eru höfuðástæðurnar fyrir því hvernig komið er fyrir finnska grunnskólakerfinu. Þar á ofan hefur kennslustundum verið fækkað eftir að skólarnir voru færðir til sveitarfélaganna. Það er ekkert slíkt sem stendur til hjá okkur þannig að menn mega ekki vera að taka þetta sem eitthvert dæmi um að það gangi ekki að flytja skólana yfir til sveitarfélaganna.

Hv. þm. nefndi stöðu litlu sveitarfélaganna í hinu dreifðasta dreifbýli eins og hann orðaði það og spurði hvernig Jöfnunarsjóðurinn ætti að koma inn í þetta. Það liggur ljóst fyrir að hluti af þeim peningum sem verða yfirfærðir til sveitarfélaganna fer í Jöfnunarsjóðinn, verður sennilega sérstök deild í honum og það er unnið að því á vettvangi sveitarfélaganna að ráða fram úr því hvernig þessum hluta sjóðsins verður skipt til hins dreifðasta dreifbýlis ef ég má nota þau orð. Það er alls ekki þannig eins og hv. þm. lét liggja að að félmrn. færi að ráða skólamálum á Íslandi. Það hefur aldrei staðið til og það er ekkert í frv. sem leyfir slíka túlkun. En Jöfnunarsjóður sveitarfélaga heyrir eðlilega undir félmrn. Það er sem sagt unnið að því, ég hef ekki á hraðbergi tölur um það hvaða hlutfall af þessari fjárhæð sem fer yfir til sveitarfélaganna fara í jöfnunarsjóðinn, en ég treysti sveitarfélögunum alveg fullkomlega til þess að meta hvað þar þarf.

Þá spurði hv. þm. hvað yrði um fræðsluskrifstofufólkið eins og hann orðaði það. Það liggur ljóst fyrir að fræðsluskrifstofurnar í sinni núverandi mynd verða lagðar niður en það er jafnljóst að sveitarfélögin geta tekið sig saman m.a. þá um stofnun þjónustuskrifstofa eins og hv. þm. nefndi að við hefðum heyrt tillögur um og það kæmi mér satt að segja ekki á óvart þótt sveitarstjórnirnar mundu vilja nýta þekkingu og reynslu þeirra sem í dag starfa á fræðsluskrifstofunum. En verði þær starfandi áfram í núverandi eða breyttri mynd þá verða þeir sem þar starfa starfsmenn sveitarfélaganna en ekki ríkisins.

Hv. þm. spurði hvernig menn hefðu starfað og notað tímann og í spurningu hans lá að tíminn hefði verið illa nýttur. Það hafa verið starfandi nefndir til þess að sinna ýmsum sérstökum þáttum, bæði að því er varðaði kostnaðarútreikningana og réttindamál kennaranna og ein nefnd er núna starfandi sem er skipuð fulltrúum frá öllum þeim aðilum sem þarna koma helst að máli.

Hv. þm. nefndi líka Námsgagnastofnunina og mér fannst hann vera að tala þar eins og hann hefði ekki lesið breytingartillögurnar, hélt sig við frv. (**SvG:** Ég las þær.) Þá skil ég ekki alveg hvað hv. þm. var að tala um í sambandi við Námsgagnastofnunina vegna þess að hún verður að mestu leyti óbreytt. Það er gerð tillaga um eina breytingu sem er skýrð í nefndaráliti meiri hluta menntmn. og á að vera alveg ljóst hvað þar er átt við. Það er breyting á 6. gr. í lögunum um Námsgagnastofnun og 33. gr. frv. þannig að það er gert ráð fyrir að Námsgagnastofnun starfi áfram sem ríkisstofnun og að langmestu leyti í óbreyttri mynd þannig að það á að vera alveg ljóst.

Hv. þm. gerði nokkuð mikið úr því að það væri ekki tekið tillit til ábendinga Sambands ísl. sveitarfélaga. Ég veit satt að segja ekki hvernig hann les það út. Ég er hérna með bréf sambandsins frá 4. febr. sl. þar sem talað er sérstaklega um nokkrar greinar, 11., 19., 25., 26., 28. og 33. gr. og svo 57. gr. Mér sýnist að það sé tekið tillit til athugasemda þeirra við 11. gr. Það er samþykkt, 19. gr. einnig. Við 25. gr. er einnig tekið tillit til þess. 26. og 28. gr. sem varðar ákvæði um hámarksfjölda nemenda í bekk er að vísu ekki komin inn en það er nokkuð sem ég hef áður látið í ljós álit á að ef það er eindregið ósk sveitarfélaganna að þau ákvæði komi inn í lögin þá verður það gert. Ég skil að vísu ekki hvers vegna. sambandið vill það en látum það vera. í 33. gr. eru einnig teknar til greina ábendingar Sambands ísl. sveitarfélaga.

Það sem er ekki hins vegar fallist á er 57. gr. þar

sem segir, með leyfi forseta, í athugasemdum sambandsins:

„Fyrir lok nóvember 1995 skal liggja fyrir samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga um mat á kostnaði og tekjustofnum til sveitarfélaga. Liggi sú niðurstaða ekki fyrir á þeim tíma frestast gildistaka laga þessara til 1. ágúst 1996."

Það er þetta ákvæði sem meiri hluti nefndarinnar getur ekki fallist á og ég er búinn að skýra það áður hvers vegna ekki. En ég tel að hið skilyrta gildistökuákvæði eigi að duga sambandinu til þess að fallast á þetta.

Mér sýnist sem sagt að rök þeirra sem vilja vísa frv. frá séu í hnotskurn einkum þrenn: Að málið sé illa unnið. Það er rangt. Máli er óvenjulega vel unnið, það hef ég margsinnis rakið. Í öðru lagi sé óljóst hvað sveitarfélögin eigi að fá af fjármagni flutt til sín. Ég hef líka skýrt það að það dæmi verður ekki reiknað út endanlega fyrr en ljóst er hvernig löggjöfin verður. Í þriðja lagi er talað um að lífeyrisréttindin séu óljós. Það er að vissu leyti rétt og ég hef viðurkennt það að þar sé um flókið mál að ræða. Ég held hins vegar að það megi segja að það hafi engum dottið í hug að áunnin lífeyrisréttindi verði tekin af neinum, það hefur ekki staðið til. (Gripið fram í.) Nei, það hefur heldur engum dottið í hug, ég ítreka það, að taka áunnin réttindi af kennurum eða yfirleitt af öðrum opinberum starfsmönnum þannig að kennarar þurfa ekki að hafa áhyggjur af því.

Hæstv. forseti. Nokkur orð um það hvers vegna nauðsynlegt er að lögfesta þetta frv. Ég held að það megi segja að það vanti pólitíska stefnumótun fyrir skólakerfið og það þarf að staðfesta þá stefnumótun í lögum um grunn- og framhaldsskóla. Ég held að það megi fullyrða að gallar skólakerfisins í dag séu ótal margir. Ég nefni nokkra. Kennslustundir sem íslensk börn fá á ári hverju eru mun færri en hjá nágrannaþjóðum. Til skamms tíma hefur fjöldi manns með ófullnægjandi menntun sinnt kennslu í grunn- og framhaldsskólum víða um land og það hefur ekki verið uppi stefna um það hvernig laða megi hæft fólk til kennslu og uppeldisstarfa. Allt umtal um samræmt próf í skólum hefur verið litið hornaugua og það er ítrekað heldur betur í þessum umræðum. Þó er það vitað að einungis þannig er hægt að mæla hlutlægt og á samanburðarhæfan hátt hvernig tiltekst með kennslu og uppfræðslu nemenda.

Það skortir verulega á skilgreindar kröfur í skólakerfinu, t.d. um þekkingu og færni nemenda á ýmsum aldri í grundvallargreinum eins og íslensku, stærðfræði og erlendum tungumálum. Ástandið er jafnvel enn verra ef litið er til greina eins og náttúrufræði og sögu svo dæmi séu tekin. Skoðanakannanir hafa leitt í ljós óánægju almennings með hvernig skólarnir sinna hlutverki sínu. Það heyrist oft sú gagnrýni að nemendur með góða námsgetu fái of sjaldan viðfangsefni við hæfi. Ýmsir vilja ganga svo langt að kalla skólakerfið útungunarstöð fyrir þjóðfélag meðalmennskunnar.

Eftirlit með skólastarfi af hálfu stjórnvalda hefur verið svo lítið hér á landi að líkja má við sinnuleysi. Í löndum með langa menntunarhefð þykir sjálfsagt að viðhafa stöðugt eftirlit með skólastarfi. Opinberar eftirlitsstofnanir t.d. í Bretlandi eiga sér aldagamla hefð og skólamenn sækjast eftir því aðhaldi og þeim stuðningi sem slíkar stofnanir veita.

Mér þykir nauðsynlegt að fara hér nokkrum orðum um framhaldsskólann þótt hann sé ekki á dagskrá. Það hafa líka aðrir gert í umræðunni eins og hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir. Í dag er gerð krafa um að allir unglingar geti stundað framhaldsskólanám. Hvað felur þessi krafa í sér? Íslenskur framhaldsskóli á rætur að rekja til gömlu latínuskólanna annars vegar og iðnskólanna hins vegar. Þessir skólar höfðu skilgreindu hlutverki að gegna í þjóðfélagi stöðugleika. Annars vegar að búa ungt fólk undir háskólanám, hins vegar að undirbúa það undir handverksstörf í þjóðfélaginu. Hlutverk framhaldsskólans í dag er að sinna þessu hvoru tveggja: Búa ungt fólk undir störf í atvinnulífinu og frekara nám. Jafnframt ber framhaldsskólanum að veita ungu fólki almennan undirbúning undir lífið sem einstaklingar og þjóðfélagsþegnar. Almennt menntunarhlutverk framhaldsskólans verður sífellt veigameira eftir því sem þjóðfélagið er flóknara. Það þarf að vanda til undirbúnings ungs fólks áður en það getur tekið við einstaklings- og þjóðfélagsskyldum á ábyrgan hátt.

Gagnrýnin umræða hefur ekki átt sér stað um stöðu framhaldsskólans í dag að neinu marki. Menntamálayfirvöld sinntu ekki þeirri skyldu að spyrja ákveðinna áleitinna spurninga um árangur af skólahaldi sem hrundið var af stað á grundvelli heimildarákvæðis í lögum og ekki var búinn lagalegur rammi fyrr en um 15 árum síðar. Þá hafði kerfið þanist út, skólunum fjölgað jafnt og þétt og aðsókn nemenda að framhaldsskólanámi margfaldast. Lög um framhaldsskóla frá 1988 eru í raun ekki annað en tilraun til að lýsa því ástand sem þá var. Lögin fela ekki í sér stefnumótun um skólastarf í framhaldsskólum, enda átti sér ekki stað nein slík umræða um skólamál í þjóðfélaginu.

Mikilvægt er að rofið verði enn frekar en gert hefur verið á undanförnum missirum það samsæri þagnarinnar, sem ég vil nefna svo, sem ríkti um framhaldsskólann og helst verður viðhaldið með skorti á upplýsingum um starf og árangur framhaldsskólanna. Það þarf að leita leiða til að meta árangur kerfisins á hlutlægan hátt en ríkjandi kennsluskipulag í áfangaskólum torveldar verulegan aðgang að greinandi og samanburðarhæfum upplýsingum um árangur skólastarfsins. Þær fáu niðurstöður sem til eru eru ekki uppörvandi. Rannsókn sem gerð var á árgangi nemenda sem fæddir eru 1969 sýndi að af öllum árgangnum höfðu ekki nema um það bil 45% lokið prófi úr framhaldsskóla sex árum eftir grunnskóla, þar af um það bil 35% stúdentsprófi. Yfir helmingur þeirra sem innritast í framhaldsskóla hefur ekki lokið neinu prófi úr framhaldsskóla. Þetta hlutfall er margfalt hærra hér á landi en hjá samkeppnisþjóðum okkar og ætti eitt að duga til að vekja okkur til umhugsunar um hvert muni stefna í íslensku skólakerfi.

Námsframboð framhaldsskólans hefur þanist út á

síðustu árum. Skólamenn hafa í samkeppni um nemendur verið ákafir í að búa til nýjar námsbrautir og nýja námsáfanga um margvísleg efni. Það kemur þó á daginn að framboðið í einstökum skólum er í raun mun fátæklegra en gefið er í skyn í námsvísum þeirra. Vegna nemendafæðar er ekki hægt að halda uppi kennslu nema í hluta þeirra áfanga sem þar eru upp taldir. Þannig er í raun um sýndarfjölbreytni að ræða. Samkeppni milli framhaldsskóla hefur verið haldið uppi á forsendum sem engu máli skipta fyrir menntun einstaklingsins. Menn hafa lent í kapphlaupi um magn á kostnað gæða. Það gerir ekki gæfumun að bjóða nemendum einum áfanganum fleiri eða færri að velja úr heldur eru það gæði skólastarfsins sem ráða úrslitum um menntunargildið fyrir nemendur. Á sama tíma og orkan hefur farið í að búa til nýja námsáfanga til að auka valmöguleika nemenda hefur ekki þótt ástæða til að laga námsframboð í grundvallarnámsgreinum að ólíkri námsgetu og þörfum þess breiða hóps nemenda sem nú sækir framhaldsskóla.

Með breytingu á lögum um framhaldsskóla sem gerð var í ráðherratíð hv. þm. Svavars Gestssonar voru afnumin öll inntökuskilyrði á námsbrautir framhaldsskólans. Það voru ekki gerðar ráðstafanir til að mæta þeim vanda sem þessi lagabreyting hlaut að hafa í för með sér. Í nafni jafnréttis og jöfnuðar er öllum nemendum boðið sama nám í íslensku, stærðfræði, ensku, dönsku, félagsfræði og fleiri greinum án tillits til undirbúnings þeirra úr grunnskóla eða námsgetu. Allir stefna að sömu markmiðum í námi, einungis með mismunandi hraða. Afleiðingin er m.a. stórfellt fall nemenda í byrjunaráföngum framhaldsskólans og svo virðist sem að jafnaði sé um það bil einn og hálfur árgangur skráður á fyrsta ár framhaldsskólanáms. Það er ljóst að bæði nemendur og kennarar líða undir þessu ófremdarástandi, að ekki sé talað um þjóðfélagslegar afleiðingar slíkrar skólastefnu.

Í framhaldsskólum eru engin samræmd viðmið, t.d. fyrir lokapróf. Kennarar ákveða sjálfir hvað skuli kennt í hverri námsgrein og hvað skuli tekið til prófs. Námsmatið er alfarið í þeirra höndum án þess að nokkur utanaðkomandi aðili komi þar nærri. Af þessu leiðir að misræmi er á námi nemenda milli skóla og jafnvel innan sama skólans. Það er blekking ef menn ímynda sér að íslenskt stúdentspróf standi fyrir samræmt nám. Enda kemur á daginn að æ fleiri erlendir háskólar eru farnir að draga gildi íslenska stúdentsprófsins í efa. Háskóli Íslands hefur gengist fyrir rannsókn sem staðfestir að sterk tengsl eru milli árangurs nemenda í háskólanámi og þess framhaldsskóla sem þeir hafa útskrifast frá.

Ég vil aðeins bæta því við að samtök háskóla á Norðurlöndum hafa nýlega hafið vinnu við stöðlun einkunna úr norrænum framhaldsskólum til að framfylgja jöfnum aðgangi norrænna nemenda í öllum ríkjum Norðurlanda. Þar blasir sú napra staðreynd við að einkunnir úr íslenskum framhaldsskólum eru ekki samanburðarhæfar milli skóla hér á landi, að ekki sé talað um milli annarra þjóða. Það hljóta allir sem láta sig menntun varða að átta sig á því að nauðsynlegt er að ljóst sé fyrir hvað stúdentsprófið stendur.

Um grunnskólann vil ég svo aðeins segja þetta: Ég held að það megi fullyrða að almennur pólitískur vilji sé fyrir því að flytja grunnskólann yfir til sveitarfélaga. Sveitarfélögin hafa sótt þetta mjög ákveðið. Það er augljóst hagræði að reksturinn sé alfarið í höndum eins aðila í stað þess sem nú er, að launagreiðslur til kennara séu í höndum ríkisins. En grunnskólinn verður ekki fluttur nema til komi veruleg breyting á stjórnskipulagi hans, þ.e. að ný lög um grunnskóla taki gildi. Samkvæmt hinu nýja skipulagi verður fagleg og fjárhagsleg ábyrgð á höndum sveitarfélaga. Við það breytist t.d. hlutverk skólanefndar sem fjallar þá bæði um fagleg og rekstrarleg málefni í umboði sveitarstjórnar. Fræðsluskrifstofur, sem eru eins konar framlengdur armur ráðuneytis, verða lagðar niður í núverandi mynd og sveitarfélög taka við hlutverki þeirra. Hlutverk menntmrn. breytist einnig. Þar fer fram stefnumótun, setning reglugerða og námskrár, svo og eftirlit með framkvæmd skólahalds.

Hæstv. forseti. Það er svo sem fjölmargt annað sem ég vildi nefna en ég ætla ekki að tefja tímann öllu meira. Ég vil aðeins nefna eitt sem kemur fram í nál. 3. minni hluta menntmn., hv. þm. Svavars Gestssonar, þar sem hann dregur upp í súluriti framlög til menntamála eftir árum frá 1991 til og með 1995. Á þessu súluriti lítur þetta svo sem ekkert mjög fallega út. En það gera menn ekki að búa til súlurit með þessum hætti að byrja á tölunni 15,5. Þetta er nokkuð sem menn gera ekki. Þetta er afskaplega blekkjandi að sýna svona súlurit. Menn geta hins vegar lesið úr tölunum. Það er annað mál.

Ég veit að ýmsum spurningum er ósvarað sem beint var til mín. Ein var sú, ef ég man rétt, hvort ég væri tilbúinn að ljá máls á því að breyta enn gildistökunni á yfirfærslunni frá því, ef ég skildi rétt, sem er í brtt. að gildistakan verði 1. jan. 1996 og í það að breyta henni til 1. ágúst 1996. Ég hef sagt það einhvern tíma áður að mér þykir rétt að athuga það gaumgæfilega hvort sé heppilegra fyrir skólann að þessi yfirfærsla eigi sér stað á áramótum. Það er vafalaust einfaldara fyrir bæði ríkið og sveitarfélögin vegna fjárlaga og fjárhagsáætlana að miða við almanaksárið en það kann vel að vera að fyrir skólann sé heppilegra að það gerist á mótum nýrra skólaára. Ég vil aðeins segja vegna þessarar spurningar að ég er tilbúinn að athuga það og með því læt ég máli mínu lokið.

Útbýting þingskjala:

Kostnaður af ráðherraskiptum, 378. mál, svar fjmrh., þskj. 677.

Refsiákvæði nokkurra skattalaga, 319. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 682.

Samningsgerð, umboð og ógildir löggerningar, 99. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 685.

Virðisaukaskattur, 257. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 681.

Vog, mál og faggilding, 419. mál, frv. efh.- og viðskn., þskj. 683.

[23:22]

Tómas Ingi Olrich:

Virðulegi forseti. Við 2. umr. um frv. til laga um grunnskóla hefur málflutningur manna farið nokkuð um víðan völl enda er það eðlilegt. Þetta mál snertir mjög mikilvægan þátt menntamálanna og mörg þeirra vandamála sem því frv. sem hér er verið að ræða er ætlað að leysa eiga sér líka langan aðdraganda.

Þess var getið í ræðu eins hv. þm. að Sjálfstfl. hefði verið mjög áhrifalítill í menntamálum lengi og þetta er því miður rétt. Það má segja að Sjálfstfl. hafi verið sérlega áhrifalítill í menntamálum t.d. á 8. áratugnum en þá áttu sér stað, ekki bara hér á landi heldur víðast hvar í Evrópu mjög djúptækar breytingar á menntamálum. Innra starfi skólanna hrakaði og það átti bæði við um grunnskóla, framhaldsskóla og háskóla. Ég er hér að tala almennt um þá þróun í skólamálum sem átti sér stað á árunum eftir 1970 sem mátti reyndar rekja til nýrra viðhorfa til skólamála sem komu fram í lok 7. áratugarins. Innra eftirlit og innra starf skólanna leið mjög á þessum áratug vegna þess að eftirliti hrakaði og faglegum sjónarmiðum hrakaði líka. Menn voru fljótir að átta sig á því sem var að gerast víða í Evrópu. Þessi mál þróuðust mjög misjafnlega eftir löndum. Ég tek tvö lönd sem dæmi þar sem annars vegar gætti mikillar íhaldssemi í skólamálum, það var Frakkland, og hins vegar þar sem menn gengu mjög langt til móts við þau nýju viðhorf sem spruttu upp í skólamálum í lok 7. áratugarins en það var Belgía.

Ég hygg að í Frakklandi hafi verið gerð einna víðtækust úttekt á skólamálum af öllum þeim löndum þar sem ég hef getað kynnt mér þessi mál. Það var gert á árunum 1981 ef ég man rétt og frumkvæði að því hafði sá maður sem ég hygg að hv. þm. Svavar Gestsson mundi helst vilja ganga í flokk með, François Mitterrand, sem var þá kominn til valda og hafði brotið af sér hlekki kommúnismans. Hann hafði hafið sósíalistaflokkinn upp til vegs og virðingar í Frakklandi gegn kommúnistaflokknum og átti samstöðu í þessu máli með hægri flokkunum. Hægri flokkarnir í Frakklandi og sósíalistarnir voru sammála um að það væri óþolandi að gengið væri gegn hinum faglegu sjónarmiðum í skólunum. Og á árunum rétt eftir að François Mitterrand varð forseti Frakklands lét hann gera heildarúttekt á frönsku samfélagi og þar á meðal á menntakerfinu. Þar komust menn að þeirri frómu niðurstöðu að þessi nýju viðhorf sem voru kölluð hálfgert hernám kennslufræðinnar í skólamálum höfðu látið hin faglegu viðhorf í hverri greininni á fætur annarri víkja fyrir mjög ríkjandi kennslufræðilegum viðhorfum. Pedagógíkin var hafin til skýjanna á kostnað faggreinanna. Menn komust að þeirri niðurstöðu að þetta vær vont fyrir skólamálin. Þetta hefði spillt skólunum og grafið undan hinni faglegu umfjöllun.

Þessi neikvæða þróun átti sér að sjálfsögðu stað hér líka á þessum tíma. Ég fann fyrir þessu sjálfur sem foreldri. Ég skynjaði það sem kennari að þessar breytingar áttu sér stað. Það stóðu reyndar margir af hinum íhaldssamari kennurum, bæði í grunnskólum og framhaldsskólum, gegn þessari þróun og tókst að verja stöðuna ótrúlega vel lengi uns kennarastéttin sjálf fór að skynja það að þarna hafði verið stigið víxlspor. Ég get ekki annað en tekið undir það sem hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir varpaði ljósi á í umfjöllun sinni um grunnskólafrv. áðan og þar sagði hún raunar margt mjög gott. Enda hefur hún góðan skilning á skólamálum og hefur starfað lengi sem kennari. Hún þekkir þau mál eins og sá sem hér stendur.

Ég tek heils hugar undir það sem hún sagði að fram hefðu komið brotalamir í starfi skólanna sem nauðsynlegt var að lagfæra. M.a. var þetta vegna þess að það skorti innra mat, sjálfsmat skólanna. Það skorti að fylgjast með starfinu, það skorti að veita skólunum upplýsingar um stöðu þeirra gagnvart öðrum skólum, það skorti upplýsingar til nemenda til að þeir gætu metið stöðu sína fyrir sjálfa sig og fyrir aðra og það skorti mat á því hvaða námsárangri nemendur höfðu náð. Árangurinn varð sá að menn stóðu uppi t.d. með stúdentspróf sem veittu aðgang að æðri skólastofnunum án þess að hægt væri að bera þessi próf saman. Þetta var að sjálfsögðu orðið óþolandi og það var mjög margt í íslensku skólakerfi sem var orðið óþolandi.

Ýmsar breytingar höfðu verið gerðar á framhaldsskólunum sem ekki voru til bóta. Ég nefni hér sérstaklega að það höfðu verið gerðar breytingar á starfsnámi sem voru að miklu leyti gerðar á forsendum bóknámsins en ekki á eigin forsendum starfsnámsins og þetta hafði valdið spjöllum á starfsnáminu. Það hafði verið fjölgað ótrúlega mikið ýmiss konar sérhæfðum brautum framhaldsskólans sem skólarnir stóðu ekki undir. Þetta var sýndarmennska að miklu leyti. (**Gripið fram í:** Hálfkák.) Það er hálfkák, segir þingmaður utan úr sal og ég tek undir þann þunga dóm þingmannsins. Á sama tíma var það svo að í sumum framhaldsskólum hrakaði almennri menntun. Það var erfitt fyrir skólana sem tóku við eftir stúdentsprófið að leggja mat á það hver kunnátta nemenda væri og svo var komið að um tíma þótti Háskóla Íslands sem hann yrði að leggja á inntökupróf til að geta lagt mat á það hvort nemendur gætu stundað þar nám eða ekki. Það var því löngu orðið tímabært að taka á þessum málum.

Hv. þm. Svavar Gestsson hefur rakið afrek sín í sæti menntmrh., ítarlega og af mikilli sjálfumgleði. Ég verð að segja eins og er að mér blöskrar satt að segja sjálfumgleði þingmannsins þegar hann er að lýsa eigin afrekum. Það verður að segja alveg eins og er að annaðhvort vissi hv. þm. ekki af þeim vandamálum sem voru bæði á grunnskólastiginu og framhaldsskólastiginu þegar hann gegndi embætti menntmrh. ellegar hann kaus að taka ekki á þeim því það gerði hann ekki. (**SvG:** Hvaða vandamál voru það?) Það er von að þingmaðurinn spyrji hvaða vandamál því hann virðist almennt ekki hafa haft hugmynd um hvaða vandamál voru uppi (Gripið fram í.) í grunnskólanum og framhaldsskólanum. (**Gripið fram í:** Hvaða læti eru þetta í þér?) Ég er búinn að halda ræðu í nokkurn tíma og hef lýst sérstökum vandamálum grunnskólans og framhaldsskólans (Gripið fram í.) og ég er að taka það fram að þrátt fyrir öll þau miklu afrek sem hv. þm. Svavar Gestsson lýsti hér ítarlega að hann hefði unnið í sæti

menntmrh. þá verð ég að segja eins og er að þau vandamál sem ég ýjaði að áðan og komu einnig fram í máli hv. þm. Kristínar Ástgeirsdóttur glímdi hv. þm. Svavar Gestsson alls ekki við þegar hann var í stól menntmrh., vandamál sem sneru að innra starfi skólanna og sjálfsmati skólanna, samræmingu námsins og þó fyrst og fremst því hvernig hægt væri að samstilla skólastigin.

Þess vegna er raunar ekki svo undarlegt að þegar þetta frv. til laga um grunnskóla er komið fram þá verði það heldur rýrt sem stjórnarandstaðan hefur fram að færa efnislega gegn þessu frv. Og það er staðreynd málsins að það er heldur rýrt ef litið er í þau gögn sem lögð eru fram, nál. stjórnarandstöðunnar sem eru reyndar þrjú talsins, sem er afar athyglisvert, ekki síst vegna þess að þingmenn stjórnarandstöðunnar hafa gert sér sérstaklega far um að tala um hversu mikilvægt væri að meta þessi mál sameiginlega, standa að þeim saman, en stjórnarandstaðan getur ekki einu sinni staðið saman að nál. um þessi mál. Það er mjög sérkennilegt eftir allar ræðurnar sem hér hafa verið haldnar um það hversu eðlilegt sé að menn geti staðið saman. Menn ætla að skapa sér sérstöðu í þessu máli hver á sínu nál.

Það hefur margt komið fram í ræðum manna sem er athyglisvert. Ég sagði áðan að það væri meðal meginmarkmiða frv. að tryggja betra samræmi milli skólastiga og bæta innra starf. Það er mjög athyglisvert að hv. þm. Svavar Gestsson hefur lagst verulega gegn prófum sem hann telur vera allt of mörg og allt of mikil í frv. Þá er rétt að rifja það upp af því að hér er verið að leggja drög að því að nemendur hafi uppfyllt ákveðin lágmarksskilyrði áður en þeir fara milli skólastiga að hv. þm. Svavar Gestsson hafði frumkvæði að því í ráðherratíð sinni 1989 að fella niður ákvæði sem voru í lagagrein um að nemendum væri skylt að stunda fornám í einstökum námsgreinum samkvæmt námskrá hefðu þeir ekki náð tilskildum lágmarksárangri. Enn fremur var á þessum tíma fellt niður ákvæði um heimild til að setja lágmarkskröfur til inngöngu í ákveðna námsáfanga. Að þessu leyti bar hv. þm. því fulla ábyrgð á því að framhaldsskólinn var opnaður, ég verð að segja, fyrirhyggjulaust fyrir alla án tillits til þess hvort nemendur væru búnir undir það nám sem þar fór fram eða hefðu möguleika á að standa sig í þessu námi. Þannig hafði hv. þm. frumkvæði að því að reyna að koma í veg fyrir að tekið væri á þessum málum sem þó var mjög brýnt. (**SvG:** Hvað voðalega er þingmaðurinn pirraður í dag, klukkan að verða tólf.) Hv. þm. sendir mér tóninn úr sæti sínu en það er ekki svo hv. þm. að sá sem hér stendur sé neitt sérstaklega pirraður (**SvG:** Nú?) en hann leyfir sér að ræða þetta mál að því er hann heldur af stillingu og yfirvegun og lætur það ekki hagga sér þótt verið sé að kalla fram í utan úr sal.

Þegar litið er yfir nál. frá 3. minni hluta menntmn. þá er það aðallega plagg sem gagnrýnir vinnubrögð meiri hluta menntmn. Satt best að segja er ekkert við því að segja þótt hv. þm. Svavar Gestsson gagnrýni vinnubrögð nefndarinnar. Það er staðreynd að tíminn er orðinn naumur, meiri hluti nefndarinnar varð að taka afstöðu til þess hvort hann ætti að taka málið út úr nefnd eða ekki. Hann hafði fullan hug á því og hafði lýst því yfir að hann ætlaði sér að ná þessu máli fram. Þó æskilegt hefði verið, og skal fúslega tekið undir það, að hafa meiri tíma til umfjöllunar um þetta mál þá var sá tími ekki til. Það eru því einkum og sér í lagi vinnubrögðin sem hér eru gagnrýnd. Efnisleg gagnrýnisatriði koma ekki fram í nál. Maður á reyndar von á því að þau komi fram undir lok nál. en þar koma engar tillögur fram. Þar eru hins vegar kynntar þessar tillögur og að þær muni koma og verður að sætta sig við það.

Hv. þm. Svavar Gestsson lét þau orð falla fyrr í umræðunni að meiri hluti nefndarinnar hefði gert sér far um að spilla viðræðum kennara við sína viðsemjendur. Það er að sjálfsögðu svo að það er mjög óheppilegt að umræðan um þetta frv. skuli koma á sama tíma og þessar viðræður eru á viðkvæmu stigi, allir gera sér grein fyrir því. Það er hins vegar ekki svo að þarna sé um neina fyrir fram ákveðna tímasetningu að ræða af hálfu meiri hluta menntmn. Ég veit reyndar að hv. þm. Svavar Gestsson ætlar okkur ekki það. En ég geri mér hins vegar mætavel grein fyrir því að hv. þm. Svavari Geststsyni finnst ekkert illt að geta tengt þetta mál við kjarabaráttu kennara. Honum þykir ekki leitt að geta alið á sundrungu í sambandi við þetta mál og höfðað til tilfinninga kennara þegar þeir eru af skiljanlegum ástæðum á mjög viðkvæmu stigi í sinni kjarabaráttu. (Gripið fram í.)

Auðvitað er það eðlilegt að samtök kennara haldi fast á sínum baráttumálum. Það er í þessu máli veikleiki sem er fólginn í því að ekki er hægt að segja að fyrir liggi nákvæmar upplýsingar um það hvernig tekjustofnum sveitarfélaga verður háttað, hvernig skiptingu skatttekna verði breytt í samræmi við þau nýju verkefni sem sveitarfélögin taka að sér. Menn hafa sagt að það væri nauðsynlegt að þessi mál lægju fyrir og auk þess réttindamál kennara. Nú vill svo til að staðan leyfir það ekki og það er nauðsynlegt að stíga þetta skref, m.a. til þess að skýra grundvöll þess sem samningarnir um réttindi kennara eiga að byggjast á og frv. um tekjustofnana geta byggst á einnig. Í brtt. frá meiri hlutanum við 57. gr. er tekinn fram fyrirvari um gildistökuna sem segir að fyrir þurfi að liggja áður en lögin taki gildi að tekjustofnum sveitarfélaga og skiptingu skatttekna hafi verið breytt í samræmi við þau verkefni sem sveitarfélögin taka að sér.

Hv. þm. sagði að með þessu væri verið að stilla kennurum og Sambandi ísl. sveitarfélaga upp við vegg. Er ekki hægt að segja sem svo einnig að það sé verið að stilla ríkisvaldinu upp við vegg með þessum hætti? Það verður að ganga frá þessum málum áður en gildistakan getur átt sér stað. Ég get því ekki séð að þetta viti neitt sérstaklega að samtökum kennara eða Sambandi ísl. sveitarfélaga umfram það sem það veit að ríkisvaldinu sem verður að tryggja þessi mál til þess að lögin geti komið til framkvæmda.

Það er að sjálfsögðu mjög eðlilegt að þegar málið er afgreitt með þessum hætti, þá mótmæli kennara-

samtökin því. Þau þurfa að leggja áherslu á það að þeirra réttindamálum verði sinnt og það er mjög eðlilegt að Samband ísl. sveitarfélaga sem hagsmunasamtök leggi áherslu á það að gengið verði frá tekjuskiptingarmálinu. Það er einnig mjög eðlilegt. En svo vaknar spurningin hvort það er eðlilegt að stjórnmálamennirnir á Alþingi gangi nákvæmlega í spor hagsmunasamtakanna sem gera þessar athugasemdir. Ég leyfi mér að efast um það. Þingmenn hér á Alþingi eru ekki talsmenn hagsmunasamtaka og eiga ekki að vera það. En hér þræðir stjórnarandstaðan þá slóð sem hún hefur þrætt samviskusamlega allt þetta kjörtímabil, **(Gripið fram í:** Ertu að tala um Guðmund Árna?) þ.e. að setja sig í spor hagsmunasamtaka, gera málflutning þeirra að sínum og gera engan greinarmun á hlutverki sínu sem alþingismanna og þessara þrýstihópa. Og með þessum hætti hefur það gerst hvað eftir annað að þingmennirnir hafa gerst málsvarar hagsmunahópa og skilja ekki á milli sinnar skyldu sem þingmenn og svo því sem er að gerast úti í þjóðfélaginu með fullkomlega eðlilegum hætti hjá hagsmunahópum.

Að lokum varðandi þann hv. þm. Svavar Gestsson sem hér talaði áðan, þá er rétt að koma að því hvernig hann hefur reynt að gera sig í þessu máli að sérstökum talsmanni hagsmuna kennara. Hann hefur reynt að gera sig að sérstökum trúnaðarmanni kennarastéttarinnar. Mér finnst þetta athyglisvert hvernig hv. þm. hefur sett sig í þær stellingar að kennarastétt landsins eigi hauk í horni þar sem hann er og sérstakan varnaraðila. Það vill svo til að sá sem hér talar kemur úr kennarastétt og það sakar svo sem ekki að segja frá því af því að það getur orðið mönnum til nokkurrar skemmtunar hér á þessari kvöldstundu að á árinu 1988 hafði hv. þm. Svavar Gestsson haft uppi um það mjög mörg orð og sannfærandi að laun kennara væru allt of lág. Hann átti þar skoðanabróður í hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni. Báðir höfðu um það mikil og hástemmd orð að það þyrfti að hækka laun kennara mjög verulega og ég býst við því að hv. þm. minnist þessara ræðuhalda sinna. Og það var nú svo að þegar það gerðist á haustdögum 1988 að hv. þm. Svavar Gestsson varð allt í einu menntmrh. og hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson varð fjmrh., þá kom einn gamansamur kennari í Menntaskólanum á Akureyri og sagði kollegum sínum frá því að hann hefði opnað tvo bankareikninga, annan fyrir það sem Ólafur Ragnar Grímsson hafði lofað og hinn fyrir það sem hv. þm. Svavar Gestsson hafði lofað. **(SvG:** Númer hvað?) Síðan fóru atburðirnar að gerast. Nú fór hv. þm. Svavari Gestssyni að gefast tækifæri til að standa við stóru orðin.

Í apríl og maí 1989 stóðu kennarar Hins íslenska kennarafélags í sex vikna verkfalli við ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar. Framhaldsskólar og grunnskólar að hluta til voru lamaðir í sex vikur. Það tókst ekki fyrr en eftir svona langt og sársaukafullt verkfall að semja við framhaldsskólakennara. Kjarasamningurinn var til 5 ára. Hann var undirritaður í maí 1989 og honum var lýst af páv. fjmrh., núv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni, sem tímamótasamningi. Ég hef heyrt það að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, sem þá var fjmrh., hafi ekki verið í hjarta sínu mjög stoltur af þessum samningi, hann hafi metið samninginn hættulegan en að samningurinn hafi verið knúinn fram af öðrum ráðherrum í ríkisstjórninni og einkum og sér í lagi forsrh. Steingrími Hermannssyni og menntmrh. Svavari Gestssyni. Samningurinn gekk út á sömu launahækkun og BSRB hafði samið um fyrsta árið en innbyggð var árleg launahækkun sem tryggja átti hækkun umfram það sem fengist á almennum vinnumarkaði. Þetta var það sem gerði samninginn að tímamótasamningi.

Efndirnar urðu þær satt best að segja að þessi samningur var numinn úr gildi með bráðabirgðalögum og gerður að engu. Tímamótasamningurinn við kennara var eyðilagður og þeir stóðu uppi slyppir og snauðir. Og hv. þm. sem er mikill orðsnillingur hafði þau orð hér um samskipti núv. menntmrh. og kennarastéttarinnar að þar ríkti alkul eins og hann vildi orða það, þar ríkti alkul. **(SvG:** Hvað er það kalt?) **(SJS:** Það eru mínus 273.) En það get ég sagt af eigin reynslu og það er mjög atyglisvert að hv. þm. Svavar Gestsson skuli hafa þá reynslu sem kennarar urðu fyrir af sviksemi hans á þessum tíma í flimtingum og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hefur þessi mál líka í flimtingum. Ég minnist þess ekki af því að ég var í kennarastétt á þessum árum að kennarar hefðu talað um þessi mál eins og þau skiptu engu máli. Og ég minnist þess ekki heldur að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, sem kom reyndar skömmu eftir þessi brigsl við kennarastéttina í heimsókn í Menntaskólann á Akureyri, hefði þessi mál í flimtingum satt best að segja, ég minnist þess ekki. En nú hins vegar finnst þessum mönnum gott að breyta þessum málum í fimm aura brandara eins og þeir voru að hér áðan, voru flissandi úti í sal vegna þess að ég minntist á þessa sáru reynslu kennaranna. Ég get sagt ykkur það að það ríkti ekki alkul í samskiptum kennara og þessara ágætu ráðherra ríksstjórnar Steingríms Hermannssonar. Það ríktu sár vonbrigði. Það voru bornar fram ásakanir um svik í tryggðum, tvöfeldni og siðleysi og allt þetta kannast þessir góðu menn við. Á þessu báru þeir ábyrgð og ég gæti best trúað því að framhaldsskólakennarastéttin hafi ekki enn náð sér eftir þetta áfall. Ég hygg að það sé rétt að framhaldsskólakennarastéttin hafi ekki náð sér eftir þetta áfall. **(KÁ:** Það er hárrétt.) Ég hef hins vegar ekki heyrt hv. þm. Svavar Gestsson biðja kennarastéttina afsökunar á þessu framferði sínu og mér finnst undarlegt að hann skuli nú hér blygðunarlaust gera sjálfan sig að sérstökum varnarmanni kennarastéttarinnar. Mér finnst það skrýtið. En sjálfsagt á hv. þm. auðvelt með það hvernig svo í dauðanum sem hann fer að því. **(SvG:** Ég held að þingmaðurinn lasinn alla vega, hann ..) Ég heyri það að hv. þm. Svavar Gestsson hefur þó þá sómatilfinningu að honum líður illa undir þessum lestri. **(SvG:** Það er vitleysa, ég er bara syfjaður, klukkan er orðin tólf.) Hann verður þá að eiga það við sjálfan sig ef honum líður ekki illa. **(SvG:** Ekki undir þessum lestri.)

Nú mun ég koma að því sem fram kom í máli hv. þm. Valgerðar Sverrisdóttur. Ég sakna þess að sjá hana

ekki hér, ég ætlaði að spjalla við hana svolítið úr ræðustól og ég hygg að ég snúi mér þá fyrst að því sem kom fram í máli hv. þm. Kristínar Ástgeirsdóttur. Ég tek það fram að mjög margt af því sem fram kom í máli hv. þm. Kristínar Ástgeirsdóttur var sagt af mikilli þekkingu á skólamálum og ég get tekið undir mjög margt af því sem fram kom í máli hennar sem snertir hina faglegu hlið grunnskólamálanna og framhaldsskólamálanna. Hins vegar verð ég að segja eins og er að ég var svolítið undrandi yfir því þegar hún lýsti stefnubreytingu ríkisstjórnarinnar í skólamálum. Hún lýsti því yfir að það hefði verið tekin upp sú stefna að skera niður skólamálin, það hefði verið meginstefna ríkisstjórnarinnar að skera niður skólamálin. Það er að vísu alveg rétt að lengi vel hefur visst ábyrgðarleysi riðið húsum í Kvennalistanum. Þær hafa ekki viljað taka ábyrgð á stjórn þjóðmála hér og þess vegna er í raun og veru ekkert mjög undarlegt þó að sú stefnubreyting sem ríkisstjórnin stóð vissulega fyrir sé vanmetin af hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur. Stefnubreytingin fólst í því, hv. þm., að snúa frá þeirri stefnu, að við gætum eytt án tillits til þess hvers við öfluðum. Það var gengið í það að skera niður útgjöld ríkisins, það var farið fram undir því merki að á öllum sviðum þyrftum við að gera meira fyrir minna. Og hver sá sem hefði viljað taka á þessum meginvanda íslensks samfélags sem hafði eytt í tvo áratugi meira en það aflaði, hver sá sem vildi taka á þessum vanda hlaut að gera þá kröfu að innan allra geira þjónustustarfseminnar hvort sem um væri að ræða heilbrigðiskerfið eða menntakerfið, þá yrðu menn að reyna að leitast við að gera meira fyrir minna á nákvæmlega sama hátt eins og menn voru að því í atvinnulífinu. Og þetta var stefnubreyting ríkisstjórnarinnar. Ég geri mér grein fyrir því að í stjórnarandstöðunni hefur aldrei verið viðurkennt að þetta hafi verið nauðsynlegt.

Í nefndaráliti frá 1. minni hluta koma fram ótvírætt vísbendingar um það að hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir er efnislega að mörgu leyti ánægð með þetta frv. Að mörgu leyti er hv. þm. ánægð með þetta frv. Það eru fyrst og fremst þeir meinbugir á þessu máli að mati þingmannsins að tekjustofnafrumvörp og samkomulag um réttindamál kennara liggja ekki fyrir. Þetta gerir hún að svo miklu máli að hún getur ekki treyst sér til þess að standa að samþykkt þessa máls. En miðað við það að meiri hluti menntmn. hefur lagt til að gildistökuákvæði frv. verði tengd fyrirvara um þessi mál þá kemur mér það satt að segja á óvart að hv. þm. með þann skilning sem hún hefur á mikilvægi þessa máls muni greiða atkvæði gegn frv. Mér finnst það ekki hafa verið skýrt nægilega í kvöld.

Virðulegi forseti. Ég ætla að koma aðeins inn á umfjöllun hv. þm. Valgerðar Sverrisdóttur um þessi mál. Hv. þm. kom á sama hátt inn á þá stefnubreytingu sem hefði orðið með tilkomu núv. ríkisstjórnar þegar skert hefði verið fjármagn til grunnskólans og taldi að við hefðum unnið mikið óþurftarverk í menntamálum þjóðarinnar. Þetta óþurftarverk endurspeglast í því að hér hafi verið lögð fram á þinginu frumvörp um framhaldsskóla og grunnskóla sem taka á raunverulegum vanda þessara skóla eins og ég kynntist þessum vanda, bæði sem foreldri og sem kennari og eins og ég hef heyrt talað um þennan vanda sl. 20 ár. Á sama tíma og ríkisstjórnin hefur gert þá kröfu til samfélagsins að það skili meiru fyrir minna í skólamálunum sem og annars staðar þá er þó ekki hægt að neita því að frjálst rannsóknarfé hefur verið aukið um helming og það er ástæðulaust að líta fram hjá þessu. Ef hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir hefði viljað líta til síns eigin kjördæmis þá hefði hún getað áttað sig á því að þar er háskólastofnun sem var til þess að gera veik en hefur nú náð fullum skrið og ýmsar raddir sem áður heyrðust og sögðu að þarna væru allt of fáir nemendur, þarna væri of lítil aðsókn, eru þagnaðar. Það er mikil aðsókn að sjávarútvegsdeild háskólans, kennaradeildin er mjög kröftug og háskólinn er nú búinn að fá góða kjölfestu til að taka á sínum viðfangsefnum í framtíðinni. Og það er dálítið merkilegt ef hv. þm. lítur fram hjá þessum frumvörpum sem hér hafa verið flutt í skólamálum, lítur fram hjá því sem hefur verið gert í rannsóknamálum, því aukna fjármagni sem þangað hefur verið varið, lítur fram hjá því sem hefur verið að gerast í háskólamálum í eigin kjördæmi og vítir ríkisstjórnina fyrir það sem hún hefur verið að láta gott af sér leiða í þessum efnum. Það er mjög merkilegt.

Í nál. frá 2. minni hluta menntmn., þeim hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur og Jóni Kristjánssyni, koma fram nokkrar athugasemdir um efnisinnihald frv. í 7 liðum. Tvær þessara tillagna eru þess eðlis að það er ekki hægt að líta á þær öðruvísi en sem vantraust á sveitarfélögin þó að hv. þm. hafi hvað eftir annað reynt að bera það af sér. (**VS:** Það er sama tuggan hjá ykkur.) Í fyrsta lagi er það sú athugasemd að ekki sé gert ráð fyrir fjöldatakmörkunum í bekkjardeildum. Þetta er að sjálfsögðu mál sem sveitarstjórnirnar munu taka á eins og mörg önnur mál sem þær munu taka á þegar þær axla þessa ábyrgð og sem þær hafa lýst sig reiðubúnar til að taka á.

Í öðru lagi er ekki kveðið á um hvað hægt sé að gera til að grípa til aðgerða ef sveitarfélög uppfylla ekki ákvæði laga og reglugerða um grunnskóla. Þar tengist það vandamál að sjálfsögðu því hvernig eftirlitið verður með þessu máli. Ég býst við að þingamaðurinn sé þeim sem hér talar sammála um það, hv. 3. þm. Norðurl. e., að það þarf að vera eftirlit með þessum hlutum, eftirlit með því að sveitarfélögin standi við sínar skuldbindingar og þetta eftirlit á að sjálfsögðu að vera í menntmrn. geri ég ráð fyrir. En á sama tíma er hér 7. liður í athugasemdum hv. þm. sem segir að flutt séu verkefni frá fræðsluskrifstofum til menntmrn., en það er einmitt eftirlitshlutverkið sem þar er verið að tala um. Þannig að í einni setningunni er þingmaðurinn að velta því fyrir sér hvernig eftirlitshlutverkið verði innt af hendi og í annarri setningu er hann að velta vöngum yfir því hvers vegna sé verið að flytja þetta eftirlitshlutverk frá fræðsluskrifstofunum yfir í menntmrn. Þetta stangast á. Það er engin heil brú í þessari hugsun hjá hv. þm. Þetta er bara þannig að það er ekki heil brú í þessum athugasemdum hér.

Faglega koma fram tvær athugasemdir í þessu þskj.

Of mikil áhersla er lögð á samræmd próf og skal þeim meira að segja beitt í 4. bekk, segir hv. þm. Síðan er það svo að sérfræðiþjónusta og sérkennsla er illa skilgreind. En það hefur þá farið fram hjá þingmanninum að samræmdu prófin eru aðferð til þess að fá upplýsingar um þá nemendur sem eiga í erfiðleikum. Hv. þm. hristir hér höfuðið og virðist ekki gera sér grein fyrir því að slíkar aðferðir eru notaðar um alla Evrópu markvisst til þess að finna þessi vandamál og þingmaðurinn virðist ekki gera sér grein fyrir því að við fáum upp í framhaldsskólann núna fólk sem á við erfiðleika að etja, sem hefur ekki fundist í grunnskólakerfinu. Fólk sem á að geta notið úrræða í grunnskólanum en hefur ekki notið þeirra vegna þess að það hefur ekki fundist. Það eru dæmi t.d. um lesblindu af þessu tagi. Það er verið að glíma við lesblindu í framhaldsskólunum vegna þess að hún hefur ekki fundist á lægri skólastigum.

Það er því svo, að því er virðist, að sumir hv. þm. stjórnarandstöðunnar virðast ekki hafa áttað sig á því hver er andi þessa frv. og það er einnig þannig einmitt með þetta hlutverk sveitarfélaga. Auðvitað er það ekki svo að ríkisvaldið og Alþingi leysi vandamálin fyrir sveitarfélögin, þau munu axla þessi vandamál. Það munu koma upp vandamál, það er ekki spursmál. Það er alltaf verið að glíma við vandamál í skólastarfinu. En það er ekki skynsamlegt þegar við erum að fela sveitarstjórnunum þetta mikla hlutverk að ganga fram í því máli þannig að menn ætli sér að kíkja yfir öxlina í sveitarstjórnunum og stýra hendinni á þeim þegar þær taka við þessu mikla máli. Þau hafa metnað til að taka á málinu og þau munu glíma við það. En ég er hins vegar sammála hv. þm. um að það skiptir miklu máli að sveitarfélögunum verði tryggðir tekjustofnar og það stendur til að gera.

Ég er þeirrar trúar að mjög lítið beri milli mín og hv. þm. í þessu máli, mjög lítið, annað en þetta sem stjórnarandstaðan hefur látið koma skýrt fram að það er óvissa um réttindamál kennara og það er óvissa um tekjustofnana. Þetta er rauði þráðurinn í gagnrýninni sem kemur hér fram og þá er svar okkar við því: Á það ákvæði sem varða gildistökuna setjum við ákveðinn fyrirvara og það er í raun og veru merkilegt ef stjórnarandstaðan getur ekki heils hugar tekið undir þann fyrirvara.

Þetta vildi ég nú segja hér, virðulegi forseti, við þessa umræðu. Ég held að efnislega hafi stjórnarandstaðan ekki haft mikla ástæðu til þess að skera sig frá okkur í þessu máli. Það er ljóst að það er mikil spenna í kringum samningamál kennara. Það er ástæðulaust fyrir stjórnarandstöðuna að reyna að nýta sér þetta ástand. Það væri æskilegt að um þetta mál gæti náðst víðtæk samstaða. Því hefur verið hótað hér úr ræðustól að ef málið nái fram að ganga þá verði það brotið upp eftir kosningarnar. Ég er ekki þeirrar skoðunar að það verði gert og ég satt best að segja vona að menn vinni ekki það óþurftarverk. Því að það er rétt sem hv. þm. Svavar Gestsson sagði í umræðunni áðan, að það er illa gert að vera að brjóta upp vel unnin verk og ég held þess vegna að ég taki undir það með honum, að ég held að það yrði mikið óþurftarverk að brjóta þetta mál upp, ef það yrði að lögum, strax eftir kosningar.

[00:04]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Tómas Ingi Olrich flutti hér allmerkilega ræðu. Sérstaklega fannst mér sá hluti ræðu hans merkilegur þegar hann húðskammaði stjórnarandstöðuna fyrir það að hafa lent í því að vera sammála kennarasamtökunum og talaði þá um hagsmunahópa. Þetta gengur ekki upp, hv. þm. Það gerist ekki þannig, hvorki að hv. þm. Tómas Ingi Olrich banni þingmönnum Alþb. eða öðrum þingmönnum að lenda í því af og til að vera sammála kennarasamtökunum. Það er einfaldlega ekki hlutverk hv. þm. Auk þess er þessi röksemdafærsla út í hött því að auðvitað getur það oft og iðulega gerst að þingmenn verði sammála faglegum áherslum stéttarfélags eða forsvarsmanna þess. Þó það nú væri. Og það er einu sinni þannig að það er mikill misskilningur hjá hv. þm. að skyldur þingmanna sem þingmanna geri það að verkum að þeir megi ekki lenda í slíkri stöðu. Þingmenn hafa eina skyldu umfram aðrar og það er að fara eftir sannfæringu sinni í málum. Og ef það er þeirra skoðun í einhverju tilviki að áherslur kennarasamtakanna eða annarra stéttarfélaga séu réttar þá ber þeim að sjálfsögðu að fara eftir því og hegða sér í samræmi við það. Og sem betur fer er það auðvitað svo að það gerist oft og iðulega að áherslur einhverra þingmanna og stundum allra fara saman við þær sem stéttarfélög, hagsmunasamtök eða fagaðilar hafa, þó það nú væri.

Síðan mótmæli ég því að ég hafi haft í flimtingum erfitt verkfall hér á fyrri árum sem hv. þm. nefndi. Ég hvorki gerði það þá né nú og ummæli hv. þm. um það eiga sér ekki stoð í því sem gerðist hér í þingsalnum og frekar óvenjulegt að vitna með þeim hætti úr ræðustól um það sem gerðist úti í sal. Í öðru lagi er það svo að þeir atburðir setja menn ekki úr leik fyrir lífstíð til þess að ræða um skólamál eða kjör kennara. Og varðandi frammistöðuna í skólamálum þá liggur það alveg fyrir að verk fyrri ríkisstjórnar þola vel samanburð við þá hörmung sem hefur tíðkast á þessu kjörtímabili.

[00:06]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vissulega getur það gerst að alþingismenn geti orðið hagsmunasamtökum fyllilega sammála, það er rétt. En það er hins vegar athyglisvert að stjórnarandstaðan hefur á þessu kjörtímabili yfirleitt alltaf tekið upp óbreyttan málflutning sérhverra hagsmunasamtaka sem hafa fjallað um þau mál sem hér hefur verið meginmál þessarar ríkisstjórnar, þ.e. að ná böndum á ríkisútgjöldunum sem hefur gengið erfiðlega og var raunar líka helsta viðfangsefni fyrri ríkisstjórnar. Þeir hafa gerst málsvarar allra athugasemda hagsmunasamtaka, undantekningarlaust. (**Gripið fram í:** Sjávarútvegsmálin.) Undantekningarlaust. Og þá er nú rétt að heyra það hér úti í sal sagt að það sé undantekning um sjávarútvegsmálin. Það er að vísu rétt af því að þar eru allir flokkar klofnir.

Síðan var verið að mótmæla því að menn hefðu haft gamanmál í frammi varðandi verkfallið sem ég var að minnast á hér frá 1989. Það er bara því miður ekki rétt. Hafi hv. þm. sjálfur ekki haft slík ummæli í frammi þá var með framíköllum verið að reyna að gera lítið úr þessu hér af hálfu hv. þm. Svavars Gestssonar og það býst ég við að hafi heyrst. Þannig að ég tek því ekki þegjandi og hljóðalaust sem kennari að menn geri lítið úr þessu verkfalli. Ég mun aldrei gera það. Ég býst við að ég hafi öðlast þarna reynslu fyrir lífið og það hafa margir aðrir kennarar gert og m.a. kinkar nú hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir kolli því hún þekkir þessa reynslu.

[00:08]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Ég held að ég leyfi mér að fullyrða það, hæstv. forseti, að það var enginn að gera lítið úr þeim erfiðu átökum sem áttu sér stað á þessum vetrarmánuðum 1989. Hv. þm. verður að gera greinarmun á annars vegar því þegar menn gera athugasemdir og láta jafnvel í ljós með látbragði úti í þingsalnum athugasemdir eða óánægju við málflutning hv. þm. og hinu, því efni sem hann var að fjalla um. Ég hygg að það hafi verið hvernig hv. þm. setti fram mál sitt og hafði talað í sinni ræðu af þó nokkrum sjálfbirgingshætti, að mér fannst, um það sem hann einn vissi betur en allir aðrir menn um þessi mál. Og alhæfingar af því tagi sem hér voru uppi hafðar um að stjórnarandstaðan hafi í öllum tilvikum á þessu kjörtímabili elt öll hagsmunasamtök í þjóðfélaginu, þetta er auðvitað bara út í loftið, þetta er bull. Það hefur að vísu oft gerst að stjórnarandstaðan hafi á þessu kjörtímabili reynt að verja ýmsa aðila fyrir árásum ríkisstjórnarinnar, bæði kennarasamtökin, sveitarfélögin í landinu og fleiri slíka. En hvað með það? Er það eitthvað óeðlilegt þegar efni standa til slíks? Og hvað með afstöðu stjórnarandstöðunnar til þessa máls? Jú, hún fer saman við óskir uppeldisstéttanna í landinu og sveitarfélaganna sem eru á móti því að afgreiða málið eins og ríkisstjórnin ætlar að gera nú. Og er það ómálefnaleg afstaða þegar það liggur rökstutt fyrir að það er enginn frágangur á þessu máli? Þó að afstaða stjórnarandstöðunnar og þessara fjölmennu samtaka, heildarsamtaka sveitarfélaganna í landinu og samtaka kennara með 5.000 félagsmenn og rúmlega það innan borðs, fari saman, er þá eitthvað að því? Er það eitthvað ómálefnalegt? Er það eitthvað óábyrgt? Er það eitthvað lítilsiglt? Þetta dæmir sig sjálft, alhæfingar af þessu tagi.

Og mér fannst sá beturvitrungsháttur sem birtist hér í framsetningu hv. þm. í raun og veru fella hans eigin málflutning. Það er auðvitað ekki þannig að það sé hægt að afgreiða allar athugasemdir þingmanna úr menntmn. við þetta frv. á grundvelli þess að þeir skilji ekki málið, viti ekki betur o.s.frv. eins og hér var gert áðan við málflutning hv. þm. Valgerðar Sverrisdóttur. Sama á sér stað um umfjöllun hv. þm. um ræðu Svavars Gestssonar, fyrrv. menntmrh. Það gerir málflutning hv. þm. ekki trúverðugan að ætla að afgreiða slíkt bara út af borðinu í einu vetfangi eins og hann reyndi með sínum orðum hér áðan.

[00:11]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég skil það í raun og veru mjög vel að hv. þingmönnum stjórnarandstöðunnar líði illa undir umfjöllun um verkfallið 1989. Þeir greiddu atkvæði með því þegar bráðabirgðalögin voru staðfest. Ég býst við að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hafi greitt atkvæði með því þó að ég hafi ekki skoðað það sérstaklega þannig að hann bar fulla ábyrgð á því hvernig komið var aftan að kennarastéttinni í þessu máli og því er ósköp eðlilegt að hann taki illa upp umfjöllun og upprifjun um þetta mál. En það var gert að gefnu tilefni, hv. þm., vegna þess að Alþb. og sérstaklega fyrrv. menntmrh., hv. þm. Svavar Gestsson, gerði sig að sérstökum trúnaðarvini kennarastéttarinnar.

Að því er varðar þessa hefðbundnu stjórnarandstöðu stjórnarandstöðuflokkanna að ganga nánast inn í málflutning hagsmunasamtaka sem ég gerði að umtalsefni þá var það nú svo að þetta gerði hv. stjórnarandstaða kerfisbundið uns hún gafst upp á því 1992 og lýsti því yfir að hún hefði gefist upp á hefðbundinni stjórnarandstöðu og misst sannfæringuna fyrir því að hún væri einhvers virði og bauð fram í stuttan tíma samstarf við stjórnarflokkana til að takast á við þá miklu kjararýrnun þjóðarinnar sem þá varð. (**SJS:** Það var við atvinnuleysið sem við vorum að berjast við.) Og svo þegar það boð var ekki þegið þá tóku menn aftur upp hefðbundna stjórnarandstöðu eins og þeir höfðu áður stundað.

[00:13]

Frsm. 1. minni hluta menntmn. (Kristín Ástgeirsdóttir) *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég vil spyrja að því hversu lengi eigi að halda áfram. Ég hafði fengið þau tíðindi að það ætti að hætta umræðum í kvöld að lokinni ræðu hv. þm. Tómasar Inga Olrich og ég vil inna forseta eftir því. Það eru nefndarfundir í nánast öllum nefndum þingsins í fyrramálið og við erum búin að vera á kvöldfundi fyrr í vikunni og reyndar langt fram á nótt. Það var talað um kvöldfund þegar kynnt var plan fyrir vikuna, hvernig starfi þessarar viku skyldi háttað. Nú er komið fram yfir miðnætti og því inni ég forseta eftir því, hvort fyrirhugað er að halda hér áfram eða hvort ekki eigi að hætta og fara heim að hátta og ég fer fram á það að við látum nú gott heita og tökum upp þráðinn síðar meir.

Forseti (Pálmi Jónsson):

Forseta er kunnugt um að það stóð til að viðræður færu fram um framhald fundarins á þessu kvöldi. Forseta hafa ekki borist nein orð um niðurstöðu úr þeim viðræðum. En ég hef nú fengið orð um það að samkomulag sé um það að eftir ræðu næsta ræðumanns verði umræðunni frestað og fundinum slitið.

[00:15]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Það er dálítið merkilegur skilningur á því hvenær sé kvöld þegar hv. þingmenn eru látnir halda ræður eftir kl. 12 á kvöldfundum. Ég er viss um að það tímatal gildir í Húnavatnssýslu að það sé kom-

in nótt kl. 12 en eigi að síður ætla ég að leggja nokkur orð inn í þessa umræðu sem hér hefur staðið í dag.

Það hefur verið deilt um þetta mál einkum á þeim forsendum að afgreiðsla þess sé ekki tímabær nú. Það hafa verið færð rök fyrir þeirri frávísunartillögu sem minni hluti hv. menntmn. flytur.

Það hefur einnig verið rifjað upp hvernig þetta frv. varð til og þær aðferðir sem voru í kringum það að undirbúa það. Ég vil segja það eitt um það mál að mér dettur ekki í hug að telja að það hafi ekki verið hæfir menn í þeirri 18 manna nefnd sem undirbjó frv. Hins vegar var skipun hennar óskynsamleg og óskynsamleg byrjun á þessu máli. Ég ætla svo sem ekki að hafa fleiri orð um það.

En það hefur komið fram að auðvitað eru ýmis atriði í þessu frv. til bóta en það er nú svo að það hafa verið samþykkt grunnskólalög fyrr og það er ekki búið að framkvæma þau grunnskólalög sem í gildi eru þannig að það vill verða svo að góður vilji gerir enga stoð.

Það er þannig með þessa löggjöf sem við erum að samþykkja hér ef af verður að Alþingi samþykkir lögin en ætlar síðan sveitarfélögunum að framkvæma þau. En það er þátturinn sem snýr að sveitarfélögunum í þessu máli sem hefur verið mest til umræðu hér og ég ætla að víkja örlítið að honum. Auðvitað er það einn veigamesti þátturinn í þessu frv. að laun kennara við grunnskóla eiga að færast yfir til sveitarfélaganna en árið 1989 var samkvæmt nýrri verkaskiptingu rekstur grunnskóla fluttur til sveitarfélaganna. Það var umdeilt mál á sínum tíma og einnig var það umdeilt mál að t.d. rekstur tónlistarskóla fór þá algerlega yfir til sveitarfélaga. Það var tortryggni um það mál og fleiri kennarar og starfsmenn tónlistarskólanna báru kvíðboga fyrir því. En ég má segja að það hefur reynst vel og það varð til þess að áfram var haldið að hugsa um þessi efni og fyrstu tillögur í þessu efni eftir gömlu verkaskiptinguna 1989 má rekja til starfs svokallaðrar sveitarfélaganefndar sem var skipuð árið 1991 og hélt áfram að íhuga nýja verkaskiptingu.

Það hefur verið fullyrt hér við þessa umræðu í dag, m.a. af hæstv. menntmrh., að það sé mikil samstaða hjá sveitarfélögunum í landinu um þetta mál. Ég verð því miður að hryggja hæstv. menntmrh. með því að það er ekki alger samstaða hjá sveitarfélögum í landinu um málið. Stóru sveitarfélögin kalla á breytta verkaskiptingu í þessu efni en þau minni bera kvíðboga fyrir þessari breytingu. Það er spurt mjög að því hvort þetta mál fari í gegn á Alþingi í vetur og það er einmitt vegna þess að minni sveitarfélögin bera kvíðboga fyrir þessari breytingu og telja sig fara út í óvissuna, eru óviss um það með hverjum hætti þau geta staðið að rekstri skólanna eftir þessa breytingu, þá er þessi afgreiðsla hér alveg ómögulegt svo ekki sé meira sagt, að málið sé afgreitt í þvílíkri óvissu sem það er nú því að það er hreinlega ekki búið að klára málið.

Það hefði verið rétt afgreiðsla á þessu máli að það fylgdist að afgreiðsla tekjustofna sveitarfélaga, og afgreiðsla á réttindamálum kennara og að það hefðu verið lögð fram frumvörp um nauðsynlegar lagabreytingar varðandi þetta um leið og þetta frv. er samþykkt. En það er ekki gert og þess vegna er málið í þvílíkri óvissu sem það er nú.

Það er alveg ljóst að aðstaða sveitarfélaganna til þess að taka öll þessi verkefni að sér er afar misjöfn og auðvitað eru lagðar á þeirra herðar margvíslegar skyldur með þessu grunnskólafrv. sem hér er verið að ræða um, margvíslegar skyldur fram yfir það að greiða kennurunum laun. Og aðstaða sveitarfélaganna til þess að svara þeim skyldum er afar misjöfn.

Ég sat í hinni svokölluðu sveitarfélaganefnd á sínum tíma þar sem m.a. þessi verkaskipting var til umræðu. Og það var alveg ljóst af þeim viðræðum, nefndin átti viðræður við nánast hverja einustu sveitarstjórn í landinu, að málefni grunnskólans voru númer eitt, tvö og þrjú í huga þessara sveitarstjórnarmanna og alviðkvæmasta málið í sambandi við sameiningu sveitarfélaga og nýja verkaskiptingu sveitarfélaga. Öllum sveitarstjórnarmönnum var grunnskólinn og málefni skólanna efst í huga varðandi þessi mál. Ég tala þar af reynslu því að ég sat fjölmarga fundi víða um land um þetta mál þar sem það var til umræðu hvernig þessi mál yrðu leyst eftir sameiningu sveitarfélaga og breytta verkaskiptingu. Og ég vil undirstrika að það má ekki gleymast í framhaldsvinnu þessa máls, hvað sem verður um afgreiðslu hér sem við reiknum með að ríkisstjórninni og stjórnarliðum sé full alvara að knýja þetta mál í gegn fyrir þinglok, þá má það ekki gleymast hver aðstaða smærri sveitarfélaganna er til að sinna þessum verkefnum. Þetta mál má ekki koma niður á jafnrétti til náms sem á að vera fyrsta takmark með þessum grunnskólalögum.

(**Forseti** (PJ)**:** Mætti ég biðja hv. þm. að slota fundi þarna á einum stað í þingsalnum?) (**Gripið fram í:** Skal gert, forseti.)

Hér hefur verið nokkur umræða um áhrif og áhrifaleysi Sjálfstfl. í menntamálum. Ég ætla svo sem ekki að blanda mér mikið inn í þá umræðu. Hæstv. menntmrh. sagði að það væri svo vont að skipta oft um menntmrh. Það má vel vera en það vill nú svo til að það eru kosningar hér á fjögurra ára fresti og það er nú yfirleitt skipt um ráðherra og verður vonandi skipt um ráðherra eftir kosningar í vor (**Gripið fram í:** Láttu ekki svona.) og það komi önnur og betri ríkisstjórn. Ég held satt að segja að Sjálfstfl. hafi ekki af sérstaklega miklu að státa í menntamálum á þessu kjörtímabili. Ég ætla svo sem ekki að fara út í það nánar en mér finnst hæstv. ráðherra tala af nokkurri svona sjálfumgleði í þessu efni.

Hæstv. menntmrh. sagði að sveitarfélögin hefðu sótt mjög fast að fá grunnskólann. Það er rétt, það eru til sveitarfélög sem sækja það fast. En það eru stór sveitarfélög, sveitarfélög sem eru með t.d. skólaskrifstofur innan sinna vébanda og það eru ekki miklar skipulagsbreytingar. Það eru einfaldari stjórnunarhættir í stórum skólum þar sem allur kostnaður við skólana heyrir undir sama aðilann. En hins vegar er það svo að a.m.k. úti á landsbyggðinni þar sem ég þekki til skipa fræðsluskrifstofurnar veglegan sess í þessu kerfi. Það er eitt af því sem ég vil vara mjög við að stefna þeim

málum út í óvissuna eins og gert er. Það er jú sagt: Sveitarfélögin sjá um þetta, þau munu koma sér upp skrifstofum til að sjá um þessa þjónustu sem fræðsluskrifstofurnar hafa séð um hingað til. En er nokkur trygging fyrir því? Er nokkur trygging fyrir öðru en að stærri sveitarfélögin taki sig út úr með þessa þjóustu og skilji minni sveitarfélögin eftir? Þetta er eitt af þeim málum sem eru í óvissu varðandi þetta mál.

Það er einnig borin von að minni sveitarfélögin ráði við þann kostnað sem fylgir grunnskólanum nema Jöfnunarsjóður sveitarfélaga komi inn í það mál. Það er eitt af því sem er alveg í óvissu einnig eftir hvaða reglum jöfnunarsjóðurinn fer í þessu efni. Það getur farið svo þegar þessi breyting er um garð gengin að rekstur grunnskólanna verði smærri sveitarfélögunum um megn og það verði farið að sameina skóla í stórum stíl í sparnaðarskyni. Það er viðkvæmt mál það get ég sagt hæstv. menntmrh. Það eru til dæmi um það hve þau átök geta orðið harðvítug þegar á að fara að leggja niður skóla ef það verður í auknum mæli.

Ég ætla nú ekki að hafa að þessu sinni öllu fleiri orð um þetta mál. Mitt innlegg í þessa umræðu eru varnaðarorð að gá að sér að taka þessa ákvörðun nú og stefna síðan að allri útfærslunni út í óvissuna. Þetta er það viðkvæmt mál að það getur leitt til ófarnaðar, það getur leitt til þess að þessi verkefnatilflutningur sem er nokkuð víðtækt samkomulag um þó að það sé langt frá því að sveitarstjórnarmenn séu einhuga um þetta mál, það getur leitt til ófarnaðar að ganga illa frá málinu og flaustra að því að afgreiða þessa löggjöf áður en það er sýnt hvernig sveitarfélögin eigi að taka við þessum verkefnum.

Umræðu frestað.

Út af dagskrá voru tekin 1.–3., 6.–8. og 10.–15. mál.

Fundi slitið kl. 00:31.

---

97. FUNDUR

föstudaginn 17. febr.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Náttúruvernd, stjfrv., 123. mál, þskj. 128, nál. 640 og 656, brtt. 641. — Frh. 2. umr.
2. Embættisfærsla umhverfisráðherra, þáltill., 138. mál, þskj. 145, nál. 624 og 649, brtt. 650. — Síðari umr.
3. Húsnæðisstofnun ríkisins, stjfrv., 338. mál, þskj. 535. — 1. umr.
4. Bjargráðasjóður, stjfrv., 371. mál, þskj. 600. — 1. umr.
5. Lánasjóður sveitarfélaga, stjfrv., 370. mál, þskj. 599. — 1. umr.
6. Félagsþjónusta sveitarfélaga, stjfrv., 401. mál, þskj. 643. — 1. umr.
7. Vatnsveitur sveitarfélaga, stjfrv., 409. mál, þskj. 655. — 1. umr.
8. Viðlagatrygging Íslands, stjfrv., 384. mál, þskj. 618. — 1. umr.
9. Sjúkraliðar, stjfrv., 386. mál, þskj. 620. — 1. umr.
10. Lyfjalög, stjfrv., 403. mál, þskj. 645. — 1. umr.
11. Endurgreiðsla oftekinna skatta og gjalda, stjfrv., 406. mál, þskj. 652. — 1. umr.
12. Réttur til endurgreiðslu af ofteknum sköttum, stjfrv., 407. mál, þskj. 653. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Halldór Blöndal landbrh.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 13. þm. Reykv.,
Stefán Guðmundsson, 4. þm. Norðurl. v.

Lagt fram á lestrarsal:

Erindi frá stjórn deildarhjúkrunarforstjóra og hjúkrunarframkvæmdastjóra í heilsugæslu.

Tilkynning um utandagskrárumræðu.

Forseti (Pálmi Jónsson):

Forseti vill greina frá því að í dag er gert ráð fyrir utandagskrárumræðu þar sem málshefjandi er hv. 4. þm. Norðurl. e., Steingrímur J. Sigfússon, en félmrh. verður til andsvara. Umræðan fer fram skv. 50. gr. þingskapa, þ.e. hálftíma umræða, og efni hennar er launamyndun og kynbundinn launamunur. Áætlað er að umræðan hefjist kl. 15.30.

Náttúruvernd, frh. 2. umr.

Stjfrv., 123. mál (stjórn náttúruverndarmála o.fl.). — Þskj. 128, nál. 640 og 656, brtt. 641.

[10:33]

Ólafur Ragnar Grímsson (frh.):

Virðulegi forseti. Það er nokkur galli á þingstörfum hér eins og þau eru skipulögð af hálfu forsetaembættisins að hlaupið er í það að taka fyrir flókin mál, ætlaður til þess naumur tími og síðan hlaupið í að taka fyrir annað flókið mál og síðar hið fyrra að nýju og svona koll af kolli. Svona er þetta búið að ganga hér síðustu daga. Ég var t.d. að reifa vinnubrögð og sjónarmið varðandi þetta frv. í gær þegar forseti tilkynnti mér að ákveðið hefði verið að fresta fundi og síðan þegar fundur hófst að nýju var tekið fyrir frv. um grunnskóla.

Í sjálfu sér beygir maður sig undir þessar ákvarð-

anir forsetaembættisins en þær eru ekki mjög skynsamlegar. Ég held að skýringin sé innbyrðis togstreita í ríkisstjórninni um það hvaða mál á að afgreiða og það er mjög vont ef ríkisstjórnin getur ekki komið sér saman um mál með þeim hætti að þingið geti sinnt þeim á eðlilegan hátt. Ég sé t.d. ekki, hæstv. forseti, að það sé eitthvað sérstakt unnið við það að ræða þetta mál áfram fyrri part dags í dag. Skynsamlegra væri fyrir hæstv. umhvrh. og aðra að átta sig á því hvort ekki er hægt að ná einhverju efnislegu samkomulagi um málið og verja tímanum í það frekar en láta bæði mig og aðra halda áfram ræðuhöldum sínum í þessu máli, sérstaklega með tilliti til þess að á dagskránni, virðulegi forseti, eru 11 önnur mál. Þar að auki á að fara fram utandagskrárumræða í dag og eins og allir vita er ljóst að þingfundi verður að ljúka í dag í síðasta lagi kl. 4 eða 5.

Ég verð að lýsa því í upphafi, virðulegi forseti, að ég er alveg hættur að skilja stjórnina á þessu öllu saman.

Ef það er vilji ríkisstjórnarinnar, sem mér finnst skynsamlegur, að mæla fyrir þeim mikla fjölda mála sem eru til 1. umr. í dag þá held ég að það væri skynsamlegast að fara í það verk, virðulegi forseti, og bíða svo með umræður um 1. málið og 2. málið sem ljóst er að verða miklar umræður um. Nú veit ég ekki hvort fram hafa farið viðræður við forustumenn þingflokkanna um að taka fyrir þessi mál frá og með 3 og til og með 12, mæla fyrir þeim og reyna að koma þeim til nefndar svo að þingnefndir geti á mánudag byrjað að fjalla um þau. En ef það á að fylgja þeirri venju í dag, virðulegi forseti, að ganga á málin í númeraröð þá er alveg ljóst að það mun aldrei koma að máli nr. 3, virðulegi forseti, og gott ef kemur að því fyrr en á miðvikudag eða fimmtudag í næstu viku ef fylgja á þessari númeraröð. Ég vil þess vegna spyrja virðulegan forseta, áður en ég fer í það verk að halda áfram ræðu minni hvort það sé virkilega þannig að það sé enginn að reyna að koma einhverju viti í þetta og hvort forsetaembættið og þingflokkaformenn geti ekki náð þeirri skynsamlegu niðurstöðu að taka einhverja klukkutíma í að mæla fyrir þessum málum og ef það verður búið um eða upp úr hádeginu þá getum við haldið áfram með þessa umræðu hér. Ég er alveg tilbúinn til þess, virðulegi forseti. Mig langaði bara til að spyrjast fyrir um þetta áður en ég held áfram.

(**Forseti** (PJ)**:** Vegna athugasemda hv. ræðumanns vill forseti taka fram að áætlað er að halda áfram umræðu um 1. dagskrármálið eins og kynnt var í upphafi fundar. Forseti getur ekki sagt til um það frekar hvort þeirri umræðu muni ljúka en sú umræða er hafin og hv. 8. þm. Reykn. hefur orðið.)

Virðulegi forseti. Mér er alveg ljóst að hún er hafin. En ég varð við þeim tilmælum forseta í gær að fresta ræðu minni og þá sá forsetaembættið ekki ástæðu til þess að halda áfram þeirri umræðu, síðdegis í gær, heldur tók fyrir annað mál. Það er því ekki alltaf þannig að fylgt sé þeirri reglu að fyrst ég hef hafið ræðu þá verði að halda þeirri umræðu áfram. Ég er svo sem alveg reiðubúinn til að hliðra til á nýjan leik en mig langar til að spyrja: Er það virkilega þannig að það sé bara hæstv. umhvrh. sem krefjist þess að þetta sé gert svona og enginn annar, hvorki af hálfu ríkisstjórnarinnar, forsetadæmisins eða þingflokkanna geti komið skynsamlegri röð á meðferð mála? Mér sýnist að með þessu áframhaldi komist þau mál sem eru til 1. umr. ekki til nefndar fyrr en í fyrsta lagi á þriðjudag.

(**Forseti** (PJ)**:** Forseti metur áhyggjur hv. 8. þm. Reykn. af framvindu þeirra mála sem hér eru síðar á dagskrá. Hv. ræðumanni og hv. alþm. er ljóst að sá forseti sem hér stendur er varaforseti í þinginu og ákvarðanir um hvernig mál eru tekin fyrir eru stundum teknar án þess að varaforsetar séu kvaddir til en sú ákvörðun liggur fyrir að ræða hér, a.m.k. um sinn, 1. dagskrármálið og ég vænti þess að hv. 8. þm. Reykn. geri sér það að góðu og haldi fram ræðu sinni.)

Virðulegi forseti. Ég skal gera það en ég mælist til þess að tíminn sé notaður meðan ég er að tala til að taka þá skynsamlegu ákvörðun að láta mæla fyrir þeim málum sem eru til 1. umr., og ég reikna ekki með að það verði miklar umræður um þau, til að hægt sé að koma þeim til nefnda og nefndir geti þá tekið til við þau mál á mánudag. Svo er hægt að halda áfram þessari umræðu og umræðu um mál nr. 2 um eða upp úr hádeginu. Í trausti þess að einhverjir skynsamir menn reyni að hafa samráð um það hvernig við vinnum í þinginu þá skal ég halda áfram ræðu minni en ég mælist til þess að þetta sé skoðað. Ég sé ekki að það þjóni neinum sérstökum tilgangi að vera að hindra það að þessi mál sem eru til 1. umr. fái að komast til nefndar í dag. Ég vil biðja formann þingflokks Alþfl., sem ég sé í salnum, að skoða það mál.

Ég var að reifa í gær það sjónarmið mitt, sem ég tel mig hafa fylgt á þessu kjörtímabili, að lagasetning um umhverfismál eigi að vera þannig að sem flestir í þinginu geti staðið að henni. Við höfum held ég öll þá tilfinningu gagnvart íslenskri náttúru að hún sé sameign okkar og varðveisla hennar sé skylda okkar kynslóðar gagnvart framtíðinni og sú skylda sé hafin yfir ágreining milli flokka. Það sé ekki fyrr en allar aðrar leiðir hafi verið þrautkannaðar að farið sé inn á þá braut að skipta þinginu upp eftir átakalínum stjórnar og stjórnarandstöðu varðandi þau mál sem snerta umhverfisvernd og varðveislu náttúruauðæfa Íslands. Þess vegna hef ég talið að umhvrh. og umhvrn. væri í nokkuð sérstakri stöðu meðal ráðuneyta. Það ætti ekki að pólitísera, ef ég má nota það orð, þau mál sem þar eru heldur sérstaklega leita eftir víðtækari samstöðu um meðferð þeirra.

Við höfum öll tilfinningu gagnvart þjóðgörðum landsins, hvort sem það eru Þingvellir eða þjóðgarðurinn í Skaftafelli. Við höfum öll tilfinningu gagnvart varðveislu Breiðafjarðar og við höfum öll tilfinningu gagnvart íslenskum fossum og fjöllum og öðru því dýrmæta sem gerir það að verkum að okkur þykir vænt um þetta land.

Ég ætla ekki að endurtaka það sem ég sagði í gær en ítreka í upphafi að ég hef reynt að starfa þannig að þessum málum að breið samstaða geti myndast um af-

greiðslu þeirra. Ég tel líka mjög óheppilegt að það festist í sessi sú starfsvenja í umhvrn., eins og t.d. bryddar dálítið á í öðrum ráðuneytum, að sérhver nýr ráðherra þurfi að taka málin upp ætíð og ávallt til að setja mark sitt á þau. Ég tel þvert á móti að það eigi að vera kappsmál umhvrh. að ganga þannig frá löggjöf að ekki þurfi að hreyfa hana langtímum saman. Það er afar óheppilegt ef afrekadýrkun íslenskra ráðherra, sem því miður er nokkur atvinnusjúkdómur í íslenskum stjórnmálum, fari að setja svip sinn á umhvrn.

Auðvitað er það þannig að þegar ráðuneytið er nýtt og komið er að þeim verkefnum sem þar hafa beðið á þessu sviði þá kann að vera að á fyrstu árum ráðuneytisins sé mikilvægt að sinna þeim verkum sem beðið hafa. Þótt þau verkefni séu mikilvæg þá tel ég til heilla að sá ráðherra sem í ráðuneytinu situr gangi þannig frá löggjöfinni að það verði samdóma álit yfirgnæfandi meiri hluta þings að hún sé svo vel úr garði gerð að ekki þurfi að hreyfa hana á næstu árum. Umhvrn. á þess vegna ekki aðeins að vernda og friða náttúru landsins. Umhvrn. ber að skapa frið um þá löggjöf sem ríkja á á þessu sviði. Það tel ég vera verkefni umhvrn. númer eitt, tvö og þrjú. Umhvrn. sem komið er í stríðsham við þing og þjóð er komið á rangar brautir. Þeir ráðherrar sem eru óhræddir við að berjast, svo notað sé frægt orðalag, og kjósa kannski frekar stríðið en friðinn ættu að vera í öðrum ráðuneytum. (Gripið fram í.) Ég ætla ekkert að taka neina afstöðu til þess. Það ræður hver flokkur hvern hann setur til ráðherraembætta.

Mér er þetta mikið alvörumál vegna þess að t.d. að Eysteinn Jónsson sem hafði fyrir rúmum 20 árum forgöngu um það á þingi að stigin voru mikilvæg skref í náttúruvernd á Íslandi starfaði í þeim anda að skapa breiða pólitíska samstöðu um náttúruvernd og umhverfismál. Engu að síður var Eysteinn Jónsson einhver harðasti baráttumaður í íslenskum stjórnmálum í áratugi. Um hann voru og höfðu verið lengi meiri deilur en flesta aðra menn í íslenskum stjórnmálum á lýðveldistímanum. Hann bar hins vegar gæfu til þess að stíga út úr þeim átakafarvegi og skapa víðtæka samstöðu á þingi og meðal þjóðarinnar um nýskipun laga á sviði náttúruverndar.

Nú er hæstv. umhvrh. að rífa upp þessa löggjöf sem Eysteinn Jónsson myndaði breiða samstöðu um á sínum tíma. Mér finnst það miður að verklagið er þannig að það verður óhjákvæmilegt ef niðurstaðan er á þann veg sem hér liggur fyrir að áframhald verði á deilum um málið eins og nú er orðið hér á þingi. Það stafar ekki af flokkspólitískum sjónarmiðum og það stafar ekki af einhverri persónulegri afstöðu heldur fyrst og fremst af því að margt bendir til að í þessu frv. og brtt. sé verið að ganga þvert á það sem taldar eru mikilvægar grundvallarreglur, bæði í náttúruvernd og stjórnsýslu. Ég skal nefna nokkrar.

Í fyrsta lagi er það mikla viðfangsefni að skilja á milli eftirlitshlutverksins og framkvæmdahlutverksins. Ég er þeirrar skoðunar að það sé grundvallaratriði í framtíðarskipan náttúruverndar að skilja algerlega á milli eftirlitshlutverksins og framkvæmdahlutverksins. Ég held að ég hafi lýst því fyrr á kjörtímabilinu í umræðum um þessi mál að það gæti vissulega komið til greina að breyta hlutverki Náttúruverndarráðs og gera það að öflugum sjálfstæðum aðila sem ekki væri hluti af stjórnsýslunni og ég útilokaði ekkert að slíkar breytingar yrðu gerðar. En þá verða menn að hafa það rækilega í huga að aðrir aðilar sem taka við þeim verkefnum sem Náttúruverndarráð hefur haft falli ekki í þá gryfju að rugla saman óskyldum hlutverkum.

Annað atriði sem mikilvægt er að hafa í huga er staða umhvrn. á þessu sviði. — Ég verð að segja, virðulegi forseti, að mér er afar illa við það að annaðhvort sé hæstv. umhvrh. í símanum eða í samræðum við menn í salnum þegar ég er að reyna að útskýra afstöðu mína til þessara mála. Ef málið er svo mikilvægt að það verður að halda áfram umræðum um það hér og nú þá er nauðsynlegt að menn geti rætt saman um málið án slíkra truflana.

Annað atriðið er að umhvrn. hafi þann sess í þessum málaflokki að það sé nánast ofan við hina eiginlegu undiraðila sem annast eiga bæði eftirlitsverkefnið, framkvæmdaverkefnið og hugsanlega frumkvæðisverkefnið. Ef umhvrn. fellur í þá hefðbundnu gryfju íslenskra ráðuneyta að vilja vera allt í öllu, vegna þess að ráðherrarnir hafa svo gaman af því að vasast í öllu því að þá fer mikið fyrir þeim og margir verða varir við þá, þá erum við komin inn á hættulega braut með þetta nýja ráðuneyti. Það er erfðasjúkdómur íslenska framkvæmdarvaldsins að vilja vera allt í öllu. Það var kannski eðlilegt á fyrri áratugum þegar þjóðin var fámenn og verkefnin voru af því tagi að kannski var það óhjákvæmilegt að ráðuneytin yrðu að gera sig gildandi ef hlutirnir áttu á annað borð að gerast. En ég hef talið að það væri nokkuð samdóma álit flestra þeirra sem að þessum málum koma að það ætti að stefna frá því einkenni íslensku stjórnsýslunnar yfir á nýtt og nútímalegt hlutverk ráðuneytanna.

Með frv. sýnist mér hins vegar að verið sé að stefna umhvrn. alveg þráðbeint inn í þennan gamla farveg íslenskra ráðuneyta. Það getur haft það í för með sér að umhvrh. verður mikill karl, ef það má orða það þannig, í hversdagslegri önn og það verði eins með hann og menntmrh. áður fyrr að það gat ekkert gerst í skólakerfinu, það var ekki hægt að skipa kennara, það var ekki hægt að gera smábreytingu á starfsháttum skóla hvar sem var á landinu nema fá um það bréf undirritað af menntmrh. Þannig var gamla kerfið í menntmrn. og er að hluta til enn. En menn hafa engu að síður verið að reyna að feta sig frá því. Fyrrv. menntmrh. Svavar Gestsson tók t.d. upp þá skipan að Háskóli Íslands hefði miklu meira sjálfstæði um ráðningu manna til kennslu við háskólann. Og nú er verið að ræða hér breytingar á grunnskólanum um að flytja grunnskólann alfarið yfir til sveitarfélaga. Mér finnst þess vegna vanta algerlega rökstuðning fyrir því hvers vegna umhvrn. telur nauðsynlegt að koma þessum málum fyrir í gamla stílnum með þeim hætti sem gert er í frv.

Ég vék að því í gær að Páll Sigurðsson, prófessor við Háskóla Íslands, forseti Ferðafélags Íslands, hefði bent á alvarlegar, lögfræðilegar ávirðingar sem á frv.

eru. Hann segir m.a. í umsögn Ferðafélagsins að með því að gera ráð fyrir ákvarðanatöku umhvrn. á frumstigi séu skaðaðir í reynd möguleikar á stjórnlegri kæru til ráðuneytisins. — Ég held að hæstv. umhvrh. ætti að láta aðstoðarmann sinn vera algerlega utan við þetta mál en ekki í hliðarherbergjum sýknt og heilagt blandandi sér inn í umræðuna. (**Gripið fram í:** Er eitthvað óeðlilegt við það?) Nei, það er kannski ekkert óeðlilegt en það væri skynsamlegra að umhvrh. færi að hugsa dálítið sjálfstætt í málinu.

Nú hefur það verið þannig á sviði dómsmála að við höfum verið að gera viðamiklar breytingar á íslensku réttarkerfi til þess að koma í veg fyrir að þeir aðilar sem koma að máli á frumstigi væru jafnframt úrskurðaraðilar þegar kæra kemur til meðferðar. Það var gagnrýnt af hálfu Evrópuráðsins á sínum tíma að við værum með slíka skipan hér á landi og við sameinuðumst um það hér, þingið — og ég legg áherslu á orðin sameinuðumst — að gera viðamiklar breytingar á íslenskri dómstólaskipan og íslensku réttarfari til þess að fyrirbyggja nákvæmlega það sem er verið að innleiða í þessu frv. á sviði umhverfismála. Það var þess vegna sem ég vék að því í gær hvert væri svar lögfræðinga umhvrn. gagnvart þeim ábendingum og athugasemdum sem Páll Sigurðsson lagaprófessor hefur sett fram í embættisnafni forseta Ferðafélagsins. Ég hef ekki séð neitt slíkt svar. Ég sagði í léttum dúr að kannski væri skýringin sú að einn af lögfræðingum ráðuneytisins og kannski sá sem um þetta mætti fjalla hafi verið önnum kafinn að undirbúa framboð sitt fyrir Alþfl. í Suðurlandskjördæmi þar sem það er greinilega talið meira virði að undirbúa kosningabaráttu Alþfl. í Suðurlandskjördæmi en að sinna efnislegum svörum sem fram hafa komið varðandi meðferð þessa máls. Og ég spyr hæstv. umhvrh. gagngert að því hér: Hvar er svar umhvrn., faglegt, ítarlegt, rökstutt svar umhvrn. við þessu sjónarmiði?

Páll Sigurðsson lagaprófessor hefur einnig bent á það í álitsgerð að frv., eins og segir í álitsgerðinni, muni „leiða til stóraukinna daglegra afskipta ráðuneytisins af ýmiss konar ágreiningsefnum sem ætíð hljóta að rísa í samskiptum manna við stjórnvöld á þessu sviði en um leið skapast hætta á því að gagnsemi ráðuneytisins sem áfrýjunarstjórnvalds skerðist frá því sem nú er (og almennt hefur verið um Stjórnarráð Íslands).“

Þetta er auðvitað mjög alvarlegur hlutur, hæstv. umhvrh. Þetta er ekki eitthvað sem hægt er að hlaupa bara frá í einhverju hendingskasti og láta aðstoðarmann sinn ganga um ganga þingsins og segja að þetta skipti engu máli. Þetta skiptir nefnilega höfuðmáli. Ástæðan er sú að við höfum á Íslandi, eins og ég sagði áðan, verið að sameinast um það á undanförnum árum að innleiða margvíslegar réttarbætur í stjórnsýslunni og í dómsmálum. Og eins og málið liggur fyrir að mínum dómi er með þessu frv. á því mikilvæga sviði sem er umhverfisvernd verið að ganga þvert á þær grundvallarreglur sem eðlileg, nútímaleg stjórnsýsla kveður á um.

Ef verið er að skapa hættu á því, hæstv. umhvrh., eins og segir í álitsgerð Páls Sigurðssonar lagaprófessors, að gagnsemi ráðuneytisins sem áfrýjunarstjórnvalds skerðist frá því sem nú er, þá segi ég við hæstv. ráðherra: Það er ekkert vit í því að vera að innleiða og festa í sessi löggjöf sem felur það í sér.

Í þriðja lagi er margt í frv. sem felur í sér þær breytingar að miðstýring umhvrn. sé aukin. Nú er auðvitað hægt að ræða það út frá ýmsum sjónarmiðum hvort sé skynsamlegra að efla valddreifingu á sviði umhverfisverndar eða styrkja miðstýringu í sessi og ég geri mér fyllilega grein fyrir því að það kunna að vera rök á bak við það sjónarmið að þeir aðilar sem standa nær vettvangi séu hugsanlega svo hagsmunalega tengdir málunum að nauðsynlegt kunni að vera að miðstjórnarvald geti gripið inn í. Engu að síður, hæstv. ráðherra, þá hefur þeirri skoðun vaxið fylgi, m.a. hefur hæstv. landbrh. talað fyrir því og ýmsir aðrir að það eigi að styrkja vald héraða í umhverfismálum og reyna að efla skilning heimamanna og frekar hagnýta sér umhyggju heimamanna fyrir þeim náttúruauðlindum sem þar eru frekar heldur en óttast hagsmunagæslu þeirra og þar með fela hinu miðstýrða stjórnvaldi einhvers konar drottnunarvald fyrir fram.

Fyrir kannski rúmu ári síðan var það afstaða mín að líklegast væri nú skynsamlegt að halda sér að einhverju leyti í miðstýringarþáttinn. En eftir að hafa hugsað þetta mál meira, eftir að hafa kynnt mér meira hvað er að gerast í þessum málum víða um veröld er það niðurstaða mín nú að það eigi að styrkja heimavaldið. Það eigi að halda inn á þær brautir að efla vald héraðastjórna og svæðisstjórna í þágu umhverfisverndar til þess beinlínis að byggja upp á heimavettvangi gæslusveitir í þágu umhverfisverndar. Í þessu frv. er hins vegar á vissan hátt gengið gegn þeirri stefnu og á annan hátt málin skilin eftir í svo lausu lofti að það er mjög erfitt að átta sig á því hvað á raunverulega að gerast.

Í fjórða lagi sýnist mér að í þessu frv. sé gengið gegn því sem ég hélt fyrir ári síðan að ætti að vera einn meginþáttur í breytingum af þessu tagi að efla og styrkja nýtt hlutverk Náttúruverndarráðs. Mér sýnist þvert á móti að eins og gengið er frá frv. sé Náttúruverndarráð skilið eftir í svo lausu lofti og svo veikburða og í slíkri óvissu að hlutverk þess hlýtur að veikjast. Í staðinn er verið að leggja hér til annars vegar styrkingu umhvrn. sem stofnunar og flétta það inn í málin nánast á öllum stigum í þessum gamla, íslenska valdagræðgisstíl ráðuneytanna, svo að ég orði það bara eins og það er, og svo hins vegar að búa til nýja stofnun, Landvörsluna, sem á að vera bæði framkvæmdaraðili og eftirlitsaðili og gengur þannig þvert á öll grundvallarsjónarmið í nútímastjórnsýslu.

Auðvitað verða alltaf verulegir hagsmunir á sviði umhverfisverndar og á flestum sviðum munu einhverjir aðilar birtast sem telja að með ákvæðum um umhverfisvernd og náttúruvernd sé verið að ganga þvert á þeirra hagsmuni. Þá er mikilvægt að eftirlitsaðilinn sé algerlega sjálfstæður. Nú er það svo að á ýmsum öðrum sviðum í íslenskri stjórnsýslu höfum við á síðustu 5–7 árum verið að styrkja slíkan sjálfstæðan eftirlitsaðila. Það hefur verið talið eitt af þeim mikilvægu

verkefnum sem tengjast alþjóðavæðingu íslenskrar stjórnsýslu að gera eftirlitsaðilana sjálfstæða, skilja þá frá þeim stofnunum þar sem þeir störfuðu áður og koma upp óháðum og sjálfstæðum eftirlitsaðilum á *fjölmörgum sviðum, sviði viðskiptalífs*, sviði framleiðslu og öðrum greinum. Með þessu frv. er gengið þvert á þá meginstefnu og ég skil ekki rökin.

Virðulegi forseti. Ég sagði það áðan að sá mikli baráttumaður íslenskra stjórnmála Eysteinn Jónsson hefði borið gæfu til þess að ná þingi og þjóð saman um það fyrir bráðum aldarfjórðungi síðan að þjóðin eignaðist löggjöf um náttúruvernd sem hún var sátt við alllengi. Að sjálfsögðu er nauðsynlegt að endurnýja þá löggjöf. Að sjálfsögðu þarf að breyta henni til þess að taka mið af breyttum sjónarmiðum og nýjum aðstæðum. En þá er það lykilverkefni hæstv. umhvrh. að halda þannig á málum að breið samstaða þings og þjóðar skapist um þá nýju löggjöf. Að halda þannig á málum að hér komi hver maðurinn á fætur öðrum og gagnrýni efnislega þessa þætti, fólk, sem er almennt fullt af velvilja gagnvart málaflokknum, er ekki skynsamlegt, hæstv. ráðherra. Ef frv. verður lögfest í þeim búningi sem það er nú þá er verið að gefa út tilkynningu um það að fyrsta verk nýs umhvrh. hljóti að verða að taka þetta mál upp, ekki bara vegna þess að það hafi ekki skapast nægileg samstaða um málið heldur vegna þess eins og ég tel mig hafa verið að sýna hér fram á að frv. í núverandi búningi gengur þvert á flestar þær grundvallarreglur sem við höfum verið að reyna að fylgja á sviði stjórnsýslu, úrskurðarmála, valddreifingar og öðrum þeim þáttum sem almennt eru taldir til framfara í okkar þjóðfélagi.

Virðulegi forseti. Það væri margt fleira sem hægt væri að segja um þetta mál. Ég hef kosið í minni ræðu að gera grein fyrir þessum almennu sjónarmiðum frekar en vera að fara ofan í einstakar greinar í frv. Ég er í sjálfu sér alveg reiðubúinn að gera það síðar ef nauðsynlegt er en á þessu stigi málsins tel ég skynsamlegt fyrir hæstv. umhvrh. að taka sér umhugsunarfrest yfir helgina og hugleiða með opnum huga þau sjónarmið sem hér hafa komið fram og kanna hvort það sé nú ekki skynsamlegri bautasteinn eða a.m.k. áfangaminnisvarði um störf ráðherrans í embætti að hann hafi frekar tekið sér til fyrirmyndar Eystein Jónsson á sviði náttúruverndar heldur en að gerast hér í þingsölum á síðustu vikum þessa kjörtímabils eins konar pólitískur arftaki Jóns Sigurðssonar, fyrrv. iðnrh. og viðskrh., sem aldrei gat haldið á nokkru máli af viti í þinginu.

[11:10]

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Það hefur vakið athygli mína í þessari umræðu að ekki einn einasti sjálfstæðismaður hefur tekið til máls né heldur sýnt þessari umræðu þann sóma að vera viðstaddur nema í mjög takmörkuðum mæli og lengst af þessarar umræðu hafa sjálfstæðismenn ekki sést hér og síst af öllu þeir sjálfstæðismenn sem skrifuðu undir nefndarálitið. Það eru tíðindi þegar loksins birtist einn hérna og ég vona að það sé vísbending um að þeir muni gera grein fyrir sinni afstöðu því að eins og ég lýsti hérna yfir á næturfundi um daginn þá hef ég ástæðu til að ætla að sjálfstæðismönnum sé ekki endilega svo mikið í mun að koma á þeirri miðstýringu sem hér hefur mjög verið umrædd *eins og hæstv. umhvrh. og flokkssystkinum hans er*. Ég fagna því að einn af fjórum sjálfstæðismönnum sem skrifuðu undir nefndarálit það sem er að finna á þskj. 640 er nú loks mættur til þessarar umræðu og að sjálfsögðu hlýt ég að spyrja: Hvar eru hinir? Það er ekki ástæða til að skamma þá sem hér eru. Hvar er Lára Margrét Ragnarsdóttir, fulltrúi Sjálfstfl. í umhvn., sem skrifar undir nefndarálitið þann 9. febr. sl.? Hvar er Árni R. Árnason sem einnig skrifar undir þetta sama nefndarálit og hefur ekki sést í þessari umræðu? Hvar er Tómas Ingi Olrich sem einnig skrifar undir þetta álit og hefur beitt sér verulega í umhverfismálum hér í umræðu og m.a. og ekki síst gagnrýnt mjög miðstýringarárátту umhvrn. eins og ég mun rekja á eftir. Og ég spyr líka: Hvar er hæstv. umhvrh.? Hann hefur þó séð sóma sinn í að vera hér í þessari umræðu en þó að ég lýsi eftir sjálfstæðismönnum úr umhvn. þá þýðir það ekki það að ég hafi sent hæstv. umhvrh. í frí þar með því að ég held að það sé mjög brýnt að hann viti og átti sig á því hvers eðlis sú gagnrýni er sem sjálfstæðismenn hafa verið með á miðstýringu í umhverfismálum. Og ég bið hæstv. forseta að gera ráðstafanir til þess að tryggja það að hæstv. umhvrh. geti verið viðstaddur umræðuna.

(**Forseti** (PJ)**:** Það verða gerðar ráðstafanir til þess að hæstv. umhvrh. komi hingað í þingsalinn.)

Ég þakka hæstv. forseta fyrir það vegna þess að ég held að það sé brýnt að hæstv. umhvrh. viti hvern hug þingmenn bera til þessa máls. Eins og hér hefur mjög glögglega komið fram þá fer því fjarri að það sé verið að gagnrýna öll efnisatriði þessa máls en hins vegar eru hér býsna margar ábendingar sem ég tel að vegi mjög þungt og mér finnst alveg nauðsynlegt að við komumst til botns í því hver kjarni ágreiningsins er og ég tel mig hafa nokkuð fram að færa í því. Ég mun ekki í mínu máli sérstaklega víkja að hinum faglegu forsendum þessa máls þar sem það hefur verið gert mjög vel og allítarlega og ég tel að það sé af hinu góða vegna þess að hér er um mjög mörg álitaefni faglega séð að ræða. — *Mér þykir vænt um að ég sá* hæstv. umhvrh. bregða hér fyrir en það var rétt í sjónhendingu og vona ég nú að þetta fari að skýrast hver staða hans í þessari umræðu ætlar að vera, hvort hún verður innan salar eða utan.

Þau atriði sem ég er einkum áhyggjufull út af eru ef rétt er að sú gagnrýni sem hér hefur fram komið mjög sterklega: Er rétt að hér sé umhvrn. að seilast til miðstýringar sem á nánast enga sína hliðstæðu? Hér hefur það verið rakið mjög ítarlega að það er beinlínis verið að gefa umhvrh. vald til að skipa menn í yfirstjórn Landvörslunnar sem tekur við af Náttúruverndarráði og það er verið að setja hann með fingurna nánast í hvert einasta smáatriði sem þar er fjallað um.

Nú vill svo til að þann 15. nóv. sl. fór fram hér umræða sem snerist raunar upp í orðahnippingar eða orðaskipti á milli mín og hv. 5. þm. Norðurl. e., Tómasar

Inga Olrich, sem á sæti í umhvn. fyrir hönd Sjálfstfl. Í þeirri umræðu þá tók ég svari umhvrh. sem var fjarstaddur. Ég hlýt að fá nokkra bakþanka og gera mér grein fyrir því að e.t.v. hefur gagnrýni hv. þm. Tómasar Inga Olrich verið á rökum reist. En það mál sem þá var til umræðu var frv. hv. þm. Tómasar Inga Olrich um mat á umhverfisáhrifum. Þar er hann beinlínis að leggja til atlögu við það vald sem umhvrh. hefur og það vald sem hann telur að umhvrh. hafi tekið sér. Það leyndi sér ekki í þessari umræðu að hv. þm. taldi að hæstv. umhvrh., sem hann titlar nú lengst af þessarar umræðu því stóra orði „framkvæmdarvaldið" hafi tekið sér mun víðtækari heimild en nokkurn tímann hafi verið meining umhvn. og því hlýtur maður að spyrja: Hvernig stendur þá á því að hv. þm. og fulltrúi Sjálfstfl. í umhvn. er reiðubúinn að færa umhvrh. á silfurfati miklu víðtækari völd en nokkru sinni í því máli sem þarna var um rætt? Í því máli sem Tómas Ingi Olrich hv. þm. var að ræða þarna þá var um hagsmunaárekstra að ræða milli nýtingarráðuneyta annars vegar og umhvrn. hins vegar. Mér fannst það fullkomlega eðlilegt að sjónarmið umhvrn. eða þau sjónarmið sem umhvrn. ber að gæta hefðu þarna forgang frekar en sjónarmið nýtingarráðuneytis. Mér finnst það í rauninni mjög umhugsunarvert núna þegar það horfir í það að embættismenn á vegum umhverfismála og stjórnmálamenn eða stjórnvald á vegum umhverfismála telur sig þess umkomið að taka fram fyrir hendurnar á faglegum aðilum sem hafa starfað í þessum málefnum lengst af. Mér þykir þetta í rauninni mjög sérkennilegt að ég segi ekki órökvíst og órökrétt því ég held að það ætti að vera styrkur hins unga og að mörgu leyti veikburða umhvrn., sem mætti mikilli andstöðu hér þegar verið var að setja það á laggirnar, ég held að það eigi að vera hagur umhvrn. að vinna með fagaðilum á vegum umhverfismála jafnvel stundum þannig að umhvrn., þ.e. stjórnsýslueiningin, og fagaðilarnir vinni saman þegar í odda skerst milli þeirra og þeirra sem hafa nýtingarsjónarmiðin að leiðarljósi. En ég held að það sé mjög varhugavert að ætla með stjórnsýslustofnun og ráðherravaldi að ganga gegn athugasemdum fjölmargra fagaðila sem vilja þessari grein vel, umhverfismálum, og hafa án efa stutt betur við bakið á stofnun umhvrn. og þeirri starfsemi sem þar fer fram en margir aðrir. Þetta í rauninni er sá kjarni málsins sem ég tel að við höfum verið að takast á um hér. Ég held að það væri mjög æskilegt ef það væri hægt að fara að komast til botns í því.

Ég spyr hæstv. ráðherra hvort hann sé reiðubúinn til að sjá þetta mál fara í nefnd á milli 2. og 3. umr. og ekki að fara áfram með málið nema full sátt náist í málinu, full sátt við þá hagsmunaaðila sem hafa gagnrýnt þá framkvæmd sem hér er um að ræða. Mér er það fullljóst að hér er um mjög erfið atriði að ræða sem þarf að fjalla um og áreiðanlega er það veik von að það verði hægt að ná botni í þessu máli eins og sakir standa. Engu síður væri forvitnilegt hvort ráðherra getur komið með einhver þau efnisatriði eða einhverja sáttatilraun nú í 2. umr. sem gæti orðið til þess að það yrði hægt að vinna áfram með þetta mál og kannski forgangsraða þeim breytingum sem gæti orðið sátt um núna og slá hinu á frest og vinna það betur. Vinna málið frá grunni þannig að það verði sátt á milli fagaðila og stjórnsýsluaðila. Öðruvísi erum við að veikja bæði stjórnsýsluþátt umhverfismála og einnig þann þátt sem hefur verið fram til þessa á vegum ýmissa félagasamtaka, fagaðila og stofnana um allt land þar sem hefur verið í raun þverpólitísk samvinna og þverpólitísk sátt um markmið og leiðir í þessu mikilvæga máli.

Ég gat þess í upphafi máls míns að í umræðu þann 15. nóv. sl. hafi komið fram hjá hv. þm. Tómasi Inga Olrich býsna hörð gagnrýni á hæstv. umhvrh. Eins og ég gat um hér þá kom það í minn hlut að taka svari hæstv. ráðherra þá. Út af fyrir sig get ég enn staðið við þá meiningu mína að ég tel að umhverfissjónarmið eigi að vera nýtingarsjónarmiðum æðri en að vissulega þarf að taka tillit til beggja. En ég hlýt hins vegar að hafa nokkrar efasemdir um það að hafa farið að verja hæstv. ráðherra í þessari umræðu í ljósi þess sem síðar hefur sýnt sig. Í ljósi þess að hann reynist ekki traustsins verður þegar að því kemur að láta á það reyna hvort honum sé annara um að halda valdi og öllum þráðum í sinni hendi annars vegar eða hins vegar að vinna á faglegum forsendum í sátt og samvinnu við þá sem hann á samleið með í umhverfismálum.

Ég vil, með leyfi hæstv. forseta, fara aðeins út í þessa umræðu þar sem hv. 5. þm. Norðurl. e., Tómas Ingi Olrich, hefur þar nokkuð alvarlegar ásakanir uppi í garð hæstv. umhvrh. og vill meina að hann hafi farið langt út fyrir þær samþykktir sem hv. umhvn. hafði gert eða þann skilning sem nefndin hafði lagt í samþykktina á frv. um mat á umhverfisáhrifum. Nú er mér fullljóst að um þetta er deilt en þar sem það vill svo til að þarna er um samherja hæstv. umhvrh. að ræða í stjórnarsamstarfi, í orði a.m.k., og þarna er einnig um að ræða mann sem skrifaði undir nál. sem ég gat hér um, nál. meiri hluta umhvrn. á þskj. 640, þá held ég að það væri mjög merkilegt ef það væri hægt að komast til botns í því hvort eitthvað er að marka þessar samþykktir sem gerðar eru í umhvrn. eður ei.

Hv. þm. segir í ræðu sinni, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég vil taka það fram, virðulegur forseti, að af hálfu umhvn. Alþingis var lögð áhersla á að varlega yrði farið í framkvæmd laganna. Við vinnslu málsins í umhvn. Alþingis var raunar sú ákvörðun tekin að gera enn harðari kröfur um það hvaða framkvæmdir skyldu ganga sjálfkrafa í mat á umhverfisáhrifum en tilskipun um þetta sama efni frá Evrópusambandinu gaf tilefni til. Gerður var þrengri rammi um þessi lög en annars staðar gildir. Var það gert í þeirri trú að náttúra Íslands væri að mörgu leyti viðkvæmari fyrir röskun en gerðist í Evrópu.

Hins vegar blandaðist aldrei hugur um það af hálfu nokkurs þingmanns að ég tel að lagasetningin beindist fyrst og fremst að þeim aðgerðum sem væru líklegar til að valda spjöllum á umhverfinu en lagasetningin var ekki gerð til að hindra framkvæmdir sem slíkar eða breytingar sem gætu hlotist af framkvæmdum."

Síðar í sömu ræðu segir hv. þm.:

„Ljóst er að markmiðsgrein laganna ásamt þeirri breytingu sem gerð var að tilhlutan hv. umhvn. Alþingis hafa valdið því að þessum lögum hefur verið beitt á landgræðsluverkefni þó svo að það kæmi skýrt fram í umfjöllun umhvn. Alþingis að hún hafnaði því að þessi verkefni ættu að vera föst verkefni laganna um mat á umhverfisáhrifum. Ég tel nauðsynlegt að taka af öll tvímæli um þetta mál og legg því fram þetta frv. til laga um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum í þeirri trú að það geti orðið til þess að framkvæmd laganna verði skýr og óumdeild og þar með að meiri sátt verði um framkvæmd þessara laga en komið hefur í ljós."

Þarna er hv. þm. — og það er ekkert launungarmál — að vísa til þess að hæstv. umhvrh. hafi að hans mati gengið allt of langt í framkvæmd laganna. Hvernig stendur þá á því að hv. þm. vill lögfesta möguleika hæstv. umhvrh. á því að geta haft án þess að þurfa að spyrja kóng eða prest alla stjórn Landvörslu og hlutverk sem tekið er af Náttúruverndarráði í sínum höndum nánast sem einráður og láta stjórnir fylgja skipunartíma ráðherra? Hvernig stendur á því að sá sem telur, og ég er raunar ekki sammála honum um það, að það hafi verið gengið of langt í því að beita lögunum um mat á umhverfisáhrifum og það er engum öðrum til að dreifa en hæstv. umhvrh. sem þar er átt við að hafi gengið of langt, hvernig stendur á því að þessi þversögn kemur upp? Hvernig stendur á því að það á að lögfesta með þessum lögum svona óskaplega mikil völd í hendur ráðherra sem þegar hefur verið lýst vantrausti á af hálfu samstarfsflokksfulltrúa, þ.e. hv. 5. þm. Norðurl. e., þar sem hann telur að honum sé ekki einu sinni treystandi fyrir að fara með núgildandi lög um mat á umhverfisáhrifum óbreytt.

Ég er ekki að segja þetta neitt út í loftið því hv. þm. segir í næstu ræðu sinni í þessari umræðu, með leyfi hæstv. forseta:

„Þar sem það hefur komið í ljós við framkvæmd laganna að það gætir tilhneigingar til þess hjá framkvæmdarvaldinu" — virðulegi forseti, það er umhvrh. í þessu tilviki — „að yfirfæra þessi lög yfir á framkvæmdir sem ekki er hægt með nokkru móti að flokka undir spjöll á náttúrunni sem lögum samkvæmt eiga að bæta ástandið í náttúrunni, þá verður það að teljast alveg augljóst mál að það er verið að skerpa þann skilning laganna sem upphaflega var til grundvallar lagasetningunni en alls ekki verið að breyta anda laganna." — Þarna á hv. þm. við þær breytingar sem hann leggur til á þessum lögum. — „Ef það væri hins vegar svo að menn hengdu sig í þetta orðalag „umtalsverð áhrif á umhverfið" í þeirri von að geta fært út valdsviðið sem framkvæmdarvaldinu er fengið með þessum hætti yfir á ýmis önnur framkvæmdaatriði sem heyra undir önnur ráðuneyti þá er að sjálfsögðu verið að gera allt annað með þessum lögum. Þá er verið að búa til valdatogstreitu milli aðila, milli framkvæmdarvaldsins, milli einstakra handhafa framkvæmdarvaldsins, og það er verið að gera lagasetninguna að þessu leyti uppsprettu tortryggni og vandræða." — Þetta er mat hv. þm. Tómasar Inga Olrich á því hvernig hæstv. umhvrh. fer með vald sitt og því telur hann að það sé nauðsynlegt að gera breytingar á lögunum til þess í rauninni að svipta hæstv. umhvrh. því valdi sem hann hefur tekið sér að mati hv. þm.

Hv. þm. Tómas Ingi Olrich segir stuttu síðar: „Það er ekki meiningin að með lögunum um mat á umhverfisáhrifum sé búið til einhvers konar yfirstjórnvald sem tekur að sér verkefni annarra ráðuneyta. Það er afar mikilsvert að menn fái skilning á þeim vanda sem hér er verið að ræða um."

Í þessari umræðu spunnust áfram grundvallarskoðanaskipti um það hvaða hagsmunir skuli víkja og hvaða hagsmunir skuli ríkja þegar umhverfismál annars vegar og landnýtingarmál hins vegar rekast á að einhverra mati. Ég verð að ítreka það að ég hef svo sem ekki skipt um skoðun um það að ég tel að ábyrgð okkar gagnvart umhverfinu sé í rauninni sú stærsta og þar af leiðandi ítreka ég það sem fram kom í þessum umræðum að ég held að a.m.k. umsagnarvald umhvrn. yfir nýtingarráðuneytinu sé nauðsynlegt en í ljósi þeirrar reynslu sem við höfum um það hvernig hæstv. umhvrh. fer með sitt vald þá hlýt ég að hafa dálítið miklar efasemdir um það hversu mjög er óhætt að binda það vald í lögum. Mér finnst það skjóta skökku við ef það á að fara að taka fram fyrir hendurnar á faglega hæfu fólki sem hefur starfað að málum náttúruverndar í fjöldamörg ár. Það er enginn að segja að það hafi ekki verið hægt að bæta og breyta stjórnkerfi náttúruverndarmála. Síður en svo. En ég held að sú leið sem var valin og sú aðferð sem er hér sé ekki það sem við erum að biðja um. Við erum ekki að biðja um að þau séu teknar faglegar ákvarðanir í ráðuneytum, því sé stýrt hvaða mannskapur má koma að málunum og að það sé meira og minna í hendi ráðherra hvernig haldið sé á þessum málum. Þetta er einfaldlega miðstýringarvald sem við getum ekki sætt okkur við.

Ég vil gera orð hv. þm. Tómasar Inga Olrich að mínum þar sem hann segir að hann sé þeirrar skoðunar að við rekum ekki umhvn. með einu miðstýrðu ráðuneyti sem ætlar sér að höndla þessi mál og vera með puttana á öllum öðrum aðilum. Þetta er það sem hv. þm. Tómas Ingi Olrich sagði í þessari umræðu. Þannig gerist þetta ekki og þannig hefur þetta hvergi gerst. Þvert á móti þurfum við að reka náttúruverndar- og umhverfismál með því að styrkja forsendur þess að hér sé umhverfissinnuð þjóð og umhverfissjónarmið komi fram á öllum stigum ríkisvaldsins og undir þetta get ég heils hugar tekið. Ég hlýt að krefja hæstv. ráðherra svara um það hvort hann er ekki tilbúinn að fara að reyna að ræða þessi mál á öðrum nótum og öðrum forsendum þó að það taki tíma, þó það geti þýtt það að niðurstaða þessa máls verði ekki í hans ráðherratíð. Ég held að við verðum einfaldlega að taka þá áhættu að þetta mál geti dregist og ganga myndarlega frá því frekar heldur en að stíga það óheillaskref að fara út í hreina miðstýringu og ráða svo ekki neitt við neitt.

[11:35]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson):

Virðulegi forseti. Ég vil ítreka það sem ég hef áður sagt hér í þessum ræðustól í umræðum um það dagskrármál sem er nú til umræðu að það er ekki svo að þessi uppstokkun sem hér er verið að ræða á málum náttúruverndar í landinu sé eitthvað sem hafi fyrst og fremst skotið rótum í mínum huga eða starfsmanna umhvrn. Ég bendi á það að innan Náttúruverndarráðs hefur árum saman verið talað um nauðsyn þess að breyta skipan náttúruverndarmála og aðlaga hana þeim breytingum sem hafa orðið síðustu árin. Hér á ég við t.d. stofnun umhvrn og síðan setningu ýmissa laga sem hafa komið í kjölfar þess, ekki síst setningu laga um umhverfismál sem eru afskaplega yfirgripsmikil og hafa mikil áhrif, ekki síst á eftirlit með framkvæmdum í landinu. Ég vil aftur, virðulegi forseti, minna á það sem þáv. varaformaður Náttúruverndarráðs, Elín Pálmadóttir, mælti fyrir hönd Náttúruverndarráðs árið 1987 þegar hún sem varaformaður Náttúruverndarráðs lýsti kerfinu þannig að það væri orðið hálfgerður bastarður. Svo ég leyfi mér, virðulegur forseti, að vitna beint til orða Elínar Pálmadóttur: „Stjórnskipulega er Náttúruverndarráð því hálfgerður bastarður."

Hún tekur það líka fram að það hafi strax verið skiptar skoðanir um þetta mál árið 1971 þegar núgildandi lög voru sett. Það sem mér finnst mikilvægt í þessari umræðu er að menn geri sér grein fyrir því að það sem verið er að gera með þessu frv. er að breyta stöðunni eins og hún er í dag. Í dag er hún nánast orðin þannig að það er tvöfalt kerfi, það er tvöfalt stjórnkerfi og það er tvöfalt eftirlitskerfi. Þannig er það.

Hv. þm. Kristín Einarsdóttir ræddi það talsvert í ræðu sinni um gjaldtöku og hún lýsti þeirri skoðun sinni og það voru reyndar fleiri þingmenn sem ræddu hér um gjaldtöku enda er það eitt af þeim pólitísku málum sem ég skil vel að er afskaplega umdeilt í þessu frv. Ég er þeirrar skoðunar að það eigi að hafa heimild til gjaldtöku, annars vegar til þess að standa undir kostnaði ýmissa hluta, eins og t.d. bæklinga og þjónustu sem veitt er. Ég kalla það þjónustu þegar menn t.d. leggja og viðhalda göngustígum sem lagðir eru til þess að vernda landið þannig að þar er um eins konar forvarnastarf að ræða.

Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson gat þess í sinni ræðu einnig að það væri vafasamt hvort hægt væri að ná því markmiði frv. að draga úr aðsókn ferðamanna á tiltekin svæði sem sæta álagi með því að nota gjaldtöku. Hann sagði að það væri allavega nauðsynlegt að slík gjaldtaka yrði talsvert umfangsmikil til þess að stemma stigu við aðsókn manna á svæðinu. Ég vil þess vegna benda á svæðið Höfða í Mývatnssveit þar sem ég hef komið nokkrum sinnum. Þegar maður kemur þangað á afskaplega lítið svæði, snyrtilegt og sem er vel við haldið, þá greiðir maður 100 kr. Hvaða áhrif hefur það? Mér er sagt það af landvörðum í Mývatnssveit að ein afleiðing þess sé sú að stærri hópar ferðamanna séu teknir að sneiða hjá þessu svæði þannig að þarna er um það að ræða að afskaplega hófleg gjaldtaka bersýnilega hefur áhrif. Ég dreg því þá ályktun að það sé með þessu hægt að beita gjaldtöku til þess að stýra ef menn vilja. Ég tel að það sé réttlætanlegt ef um er að ræða svæði sem sæta ánauð vegna of mikillar ágengni. Ég bendi á það að allar spár vísa til þess að fjöldi erlendra ferðamanna muni stóraukast á næstu árum og það er nauðsynlegt fyrir okkur að byggja upp ný svæði og það kann að vera nauðsynlegt líka að beita gjaldtöku með þessum hætti til þess að vernda fjölfarin lítil svæði. En auðvitað er þetta umdeilt mál og ég skil það óskaplega vel.

Hv. þm. Kristín Einarsdóttir ræddi líka um eftirlitshlutverk Landvörslunnar. Nú er það svo að 5. gr. frv. kemur í staðinn fyrir 29. gr. núgildandi laga. Það er hins vegar ekki ætlunin að breyta hinu raunverulega eftirlitskerfi á neinn máta. Náttúruverndarráð hefur í dag haft eftirlitsmenn, u.þ.b. einn í hverju kjördæmi sem hafa eftirlit með þeim framkvæmdum sem ástæða er til. Það má nefna vegagerð, línulagnir, virkjanir o.s.frv. Hátturinn hefur verið sá að viðkomandi framkvæmdaraðili hefur greitt kostnaðinn við þetta eftirlit. Lagastoðin fyrir þessu er hæpin, en það er verið að festa hana hérna. Þetta kerfi hefur reynst vel og það hefur verið gott samstarf við framkvæmdaraðilana.

Það hefur verið gagnrýnt m.a. af hv. þm. Kristínu Einarsdóttur og fleirum að það sé ekki alveg ljóst hver gæti hagsmuna náttúruverndar vegna mats á umhverfisáhrifum. Nú er það svo að menn verða að gera sér grein fyrir því að mat á umhverfisáhrifum er opið ferli þar sem allir geta gert athugasemdir til skipulagsstjóra um þau mál.

Samkvæmt 5. gr. frv. á Landvarslan að gæta þess að framkvæmdirnar spilli ekki náttúrunni og stofnuninni ber að gera athugasemdir til skipulagsstjóra ef hún telur þess þörf og samkvæmt 12. gr. ber Náttúruverndarráði að gera slíkt hið sama. En menn verða að gera sér grein fyrir því að undirbúningur framkvæmda hefur gjörbreyst við lög um mat á umhverfisáhrifum. Þar er sleginn ansi gildur varnagli. Það er mikilvægt að menn geri sér grein fyrir því.

Mér fannst hv. þm. Jón Helgason misskilja 5. gr. í þeirri ræðu sem hann flutti hérna og hann taldi að verið væri að setja eins konar lögreglu sem fylgdist með athöfnum hvers einasta manns í landinu. Ég tók mál hv. þm. Jóns Helgasonar þannig en það er auðvitað alls ekki svo. Ég vil bara ítreka það að ætlunin er ekki að breyta á neinn hátt hinu raunverulega eftirlitskerfi sem núna er á. Það er ekki verið að búa til hlutverk einhvers stóra bróður. En það kann vel að vera að það væri nauðsynlegt að skýra þetta með einhverjum hætti betur. Ég segi það að ég er alveg til viðræðu um það.

Menn hafa gagnrýnt að eftirlitshlutverkið og framkvæmdarvaldið séu á sömu hendi. Ég lít svo á að hér sé um nokkurn misskilning að ræða. Eftirlitshlutverk Landvörslunnar er fyrst og fremst hlutverk eftirlits hins opinbera með framkvæmdum sem eru ekki á vegum stofnunarinnar eða umhvrn. þannig að ég lít ekki svo á að hér sé um hagsmunaárekstur að ræða. Ég bendi á það að í frv. sem var lagt fram í fyrra var eftirlitshlutverkið á hendi Náttúruverndarráðs. Ég hef skilið mál þingmanna þannig, til að mynda hv. þm. Ólafs Ragn-

ars Grímssonar sem ræddi snjallt mál og langt áðan, að menn séu óhressir með það að þetta eftirlitshlutverk sé með þeirri breytingu að það sé nú komið yfir á Landvörsluna. Það kann að vera, ég lít ekki svo á, en ég er til viðræðu um þetta mál. Þarna er um að ræða að því er mér finnst í máli þingmanna sem hafa rætt um þetta mál sennilega einn stærsta ásteytingssteininn, annars vegar á skoðun minni og frv. og hins vegar skoðun þeirra sem hér hafa rætt. Ég er alveg reiðubúinn að fara að ráðum hv. þm. Önnu Ólafsdóttur Björnsson og gera það sem hægt er í samráði við menn til að mölva þann ásteytingsstein.

Eitt af því sem nánast hver einasti hv. þm. stjórnarandstöðunnar hefur drepið á er stjórn Landvörslunnar. Einn þingmaður nefndi það sjö sinnum. Svo mikið var honum niðri fyrir. Það sem menn sætta sig illa við er að umhvrh., eins og einhver orðaði það, sé að safna að sér miklu valdi og setja þrjá menn í stjórn Landvörslunnar og skipa þá alla sjálfur. Skiljanlegt sjónarmið. Muna menn hvernig þessu var varið í fyrra? Þá var gert ráð fyrir því að þarna væri um stjórn að ræða þar sem væru tvær tilnefningar. Það spunnust harðar deilur um þessar tilnefningar. Ýmis samtök sem ekki höfðu tilnefningarrétt í þessa litlu stjórn mótmæltu þessu harðlega og vildu koma sínum fulltrúa þar að. Þetta var gagnrýnt mjög harðlega af mörgum umsagnaraðilum og margir þeirra töldu að þeir ættu ekki síður en einhverjir aðrir að fá menn í stjórnina.

Ég minni á að í þessari umræðu komu fram ýmis sjónarmið um það hvernig eigi að hafa þessa stjórn. Áður en við ræðum það verða menn að gera sér grein fyrir því að hér er ekki um að ræða stóra stofnun. Þarna er um að ræða stofnun sem í framtíðinni munu starfa við einhvers staðar á bilinu 7–10 manns. Kannski fleiri ef umsvif hennar aukast sem ég á ekki von á. Ég á frekar von á því að það dragi úr þeim einmitt vegna ákvæða sem er að finna í frv.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hugsaði upphátt í þessum ræðustól og sagði: Til hvers að hafa stjórn? Það er svo sannarlega sjónarmið sem er vert að íhuga. En mér finnst sjálfum að það væri mjög óþægilegt og óhentugt að hafa stóra stjórn með mörgum tilnefningum yfir svona lítilli stofnun. Mér finnst hins vegar vel koma til greina að yfir svona stofnun sé engin stjórn en þá erum við náttúrlega komin enn meira undir vald umhvrh. sem ég skil vel að menn vilji ekki. Ég segi að það var ekki ætlun mín að safna miklu valdi í hendur umhvrn. Þær breytingar sem menn hafa bent á í frv. og talið dæmi um það eru einungis aðlaganir að því nýja kerfi sem verið er að leggja til í frv. Það er hins vegar heppilegt, tel ég, að hafa einhvers konar yfirstjórn sem fer yfir starfs- og fjárhagsáætlun frekar að það sé einungis á hendi eins framkvæmdastjóra. En þetta mál, eins og ég lýsti yfir í svari við fyrirspurn frá hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur þegar ég hafði framsögu fyrir frv. í nóvember, er mér svo sannarlega ekki fast í hendi.

Þá kem ég að öðrum þætti sem menn hafa gagnrýnt mjög og það er að hér sé um að ræða aukna miðstýringu. Ég get alls ekki fallist á það að hér sé um að ræða aukna miðstýringu. En ég bendi á það að í dag er það svo að Náttúruverndarráð sem hefur þessi mál á sinni hendi er gríðarlega miðstýrt apparat, gríðarlega valdamikið og miðstýrt apparat.

Eins og kemur skýrt fram í athugasemdum með frv. þá er Landvarsla ríkisins í rauninni að stofni til skrifstofa núverandi Náttúruverndarráðs. Hún er ekki nýtt bákn, síður en svo. En það finnst mér að margir hafi misskilið. Það er því jafnvel hæpið að kalla hana nýja stofnun. Það sem við erum að gera er að við erum að laga stjórnsýsluna að breytingum. Þessar breytingar felast annars vegar í stofnun umhvrn. og nýjum lögum á sviði umhverfismála. Ég ítreka að það er sérstaklega mikilvægt að benda á áhrif nýrra laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og lög um mat á umhverfisáhrifum.

Ein leið til þess að draga úr miðstýringunni sem er fyrir í núverandi kerfi er einmitt að efla náttúruverndarnefndirnar. Hv. þm. Jón Helgason benti á það. Má vera að ég hafi misskilið mál hv. þm. en mér fannst hann misskilja hlutverk náttúruverndarnefndanna eins og það er í dag. Mér fannst eins og hann skildi það svo að vægi þeirra væri mjög mikið og þær væru í rauninni undirstaða kerfisins. Það væri æskilegt að það væri þannig. En hið rétta er að nefndirnar eru valdalitlar, það er lögð lítil áhersla á þær af sveitarfélögunum og þær hafa aldrei virkað eins og til var ætlast. Það var einmitt þess vegna sem Náttúruverndarráð hefur lengi haft það á sinni stefnu að stækka umdæmi þessara nefnda. Það var gert í hinu upphaflega frv. sem var lagt fram í fyrra. Það sætti mjög harðri gagnrýni sveitarstjórnarmanna og það var í samræmi við vilja sveitarstjórnarmanna að það var fallið frá því. Ég hef ítrekað sagt það að með þessu frv. er verið að fara í fyrri af tveimur hlutum á uppstokkun náttúruverndarmála, þ.e. núna erum við að taka á stjórnkerfinu síðan verður farið í afganginn á endurskoðuninni.

Ég féllst á það sjónarmið eftir viðræður við sveitarstjórnarmenn að þeim hluta sem lýtur að valdi, verksviði og umdæmum náttúruverndarnefndanna yrði frestað til seinni hluta, það var gert samkvæmt þeirra ósk. En ég er sammála því að náttúruverndarnefndirnar gætu orðið, ef tækist að fella undir þær traustar stoðir, undirstaðan í þessu kerfi. Þær eiga að vera það. Ég er sammála því.

Einhver hv. þm. sem hér tók til máls ræddi málið þannig að kleift væri að hafa þetta hvort tveggja. Annars vegar að hafa náttúruverndarnefndir einstakra sveitarfélaga og hins vegar einhvers konar yfirnefndir sem tækju þá þess vegna á náttúruvernd í heilum kjördæmum. Ég segi það sem mína skoðun að mér lýst ekki á slíkt kerfi sem er í rauninni tvöfalt kerfi. Ég vil benda á það, sem mér finnst menn einfaldlega ekki skilja í þessari umræðu, að eitt veigamikið atriði er að finna í frv. sem dregur alveg stórlega úr miðstýringu. Í 8. gr. frv. er gert ráð fyrir því að sveitarfélög, að heimamenn, að félagasamtök, eins og t.d. ferðafélögin, geti tekið að sér umsjón með svæðum sem eru undir í þessum efnum, þ.e. með friðlöndum. Það skiptir auðvitað alveg gríðarlega miklu máli. Þar með er þessi umhvrh.

að lýsa yfir þeim vilja sínum að valdið verði fært út til sveitarfélaganna. Auðvitað skiptir þetta verulega miklu máli.

Ég bendi líka á það nýmæli sem er í frv. að í kringum þjóðgarðana verði settar upp ráðgjafarnefndir sem hafa lagastoð með þátttöku heimamanna. Þetta er ekki hægt annað en túlka sem vilja til þess að færa aukið vald út til heimamanna.

Hv. þm. Jón Kristjánsson ræddi nauðsyn þess að stíga skrefi lengra og fela þeim t.d. umsjón með þjóðgörðunum. Ég tók undir slíkar hugmyndir í ræðu sem ég flutti, mig minnir að það hafi verið á síðasta ári, að það væri í rauninni æskilegt vegna þess að það er vilji minn að reyna að flytja vald í þessum efnum út til sveitarfélaga. Ég er ekki viss um hvort það tækist samkomulag um það að lögin mundu einnig kveða á um það að eins og með önnur friðlönd væri hægt að fela umsjón þjóðgarða í hendur heimamanna. Það kann vel að vera að það sé mögulegt. Þjóðgarðar, eins og orðið segir, eru garðar sem þjóðin á að njóta öll. Ég bendi á það að í frv. er talað um að umhvrh. setji reglur um meðferð og rekstur þjóðgarða. Það er hægt að taka með einhverjum hætti á því frekar í þeim reglum að færa umsjónina með þjóðgörðunum út til sveitarfélaganna en það verður aldrei hægt að ganga frá því að það verður að vera Landvarslan sem hefur hina eiginlegu náttúruverndarumsjón með þjóðgörðunum.

Hér hefur einnig verið rætt talsvert um gagnrýni Páls Sigurðssonar en margir hafa gagnrýnt ýmis atriði í frv. á grundvelli þeirra ábendinga sem fram komu hjá Páli Sigurðssyni. Ég held að óhætt sé að segja að það sé einn af veigamestu gagnrýnispunktunum sem fram hafa komið.

Ég hef í höndum bréf sem Páll Sigurðsson skrifaði umhvn. 16. des. sl. þar sem hann segir að frv. geri með óheppilegum eða varasömum hætti ráð fyrir ákvarðanatöku umhvrn. á frumstigi sem skaði í reynd möguleika á stjórnsýslukærum.

Það er rétt að það komi fram að auðvitað tók ég þessa gagnrýni alvarlega. Ég var að vísu staddur erlendis þegar þetta kom en mér var greint frá þessu og ég óskaði eftir því að það yrði haldinn fundur með Páli og ráðuneytisstjóri og tveir lögfræðingar ráðuneytisins áttu fund með honum 16. des. Þegar farið var mjög nákvæmt yfir málið þá kom í ljós þegar beðið var um hin rökstuddu dæmi að hér var fyrst og fremst átt við 9. og 17. gr. frv. sem varðar gjaldtökuheimildir. Það er rétt að ítreka að það var komið til móts við sjónarmið Páls í þessum efnum og í brtt. meiri hluta umhvn. er gert ráð fyrir breytingum á þessu. 9. gr. fjallar um samninga ráðuneytis og annarra aðila, t.d. ferðafélaga, um umsjón með landi. 17. gr. fjallar um gjaldtöku.

Í upphaflegri gerð frv. hefðu þeir aðilar sem tóku að sér umsjón með svæðunum þurft að lúta ákvörðunum ráðherra um gjaldtöku án þess að hafa heimild til málskots. Í brtt. er hins vegar gjaldtakan samningsatriði og það er Landvarslan sem ákveður gjaldtöku á þeim svæðum sem hún hefur umsjón með og þar með er hægt að skjóta þeim ákvörðunum til ráðherra. Þetta er mjög mikilvægt vegna þess að þetta var helsti gagnrýnispunktur Páls Sigurðssonar. Það er líka rétt að geta þess að meiri hlutinn hefur komið til móts við sjónarmið Páls t.d. um það að gert er ráð fyrir því að stjórn Landvörslunnar skipi þjóðgarðsverði en ekki ráðherra eins og hið upphaflega frv. segir til um.

Í brtt. meiri hlutans í umhvn. er þannig búið í mjög veigamiklum og veigaþyngstu atriðunum að koma til móts við þessi sjónarmið.

Ég á erfitt með að sjá önnur rökstudd dæmi sem hægt er að taka úr þessu sem gætu fallið undir þessa gagnrýni Páls. Ég get auðvitað farið yfir þau lið fyrir lið. Í c-lið 1. gr. kemur hann fram með ákveðna gagnrýni en með brtt. umhvn. getur ráðherra falið Landvörslunni umsjón með öðrum svæðum en náttúruverndarsvæðum. Þetta telur Páll óeðlilegt. Ég er því ósammála vegna þess að hér gæti ekki verið um að ræða stjórnsýsluákvarðanir sem varða þriðja aðila án hans samþykkis. Það er ekki um að ræða úrskurð sem hægt væri að kæra. Ég bendi líka á það að umsjón af þessu tagi hefur í för með sér aukin umsvif Landvörslunnar og hún hefur í för með sér fjárútlát. Ég tel ekki óeðlilegt að ráðuneytið komi að slíkum ákvörðunum.

Að því er varðar t.d. f-liðinn þá er búið að breyta honum. Stjórn Landvörslunnar getur falið þjóðgarðsvörðum stjórn á öðrum svæðum. En hér er hins vegar um að ræða innra málefni stjórnsýslunnar og það fellur ekki undir stjórnsýslulög.

Varðandi 2. gr. frv. er búið að breyta henni og koma til móts við sjónarmið Páls að því er varðar, mig minnir að það hafi verið b-liður 3. mgr. Þar var um að ræða skilyrta undanþáguheimild og ég tel að ráðherra verði að hafa hana, m.a. vegna ákvæða um gjaldtöku í samningum við aðra aðila sem taka að sér umsjón með svæðunum.

Varðandi 3. gr. Er það ekki rétt munað hjá mér að hún varði að það verði ráðherra í stað Náttúruverndarráðs sem setji reglur um berjatínslu ef nauðsyn krefur? Í því kerfi sem við setjum upp þá tel ég ekki eðlilegt að Náttúruverndarráð geri það en það er kannski eðlilegt að það væri frekar Landvarslan en þetta er ekki mjög stórt atriði. (**Gripið fram í:** En skattstjórunum?)

Páll gagnrýnir, að því er mér virðist, líka þau ákvæði sem varða friðlýsingarnar. Þess vegna er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því að í dag þá þarf ráðherra að staðfesta ákvarðanir Náttúruverndarráðs í þeim efnum þannig að í dag er ekki möguleiki á stjórnsýslukærum í þeim. Það er ekki málskotsréttur þar. Páll virðist vera þeirrar skoðunar, að því er mér virðist á bréfi hans, að Náttúruverndarráð eigi áfram að friðlýsa eins og í dag. Þar er ekki um lögfræðilega skoðun að ræða heldur pólitíska skoðun hjá honum. Ég tel að svo eigi ekki að vera en ég ítreka það að í dag er það þannig að það er ráðherrann sem staðfestir friðlýsingarnar.

Ég tel að þegar búið er að gera hinar veigaþyngstu breytingar sem ráðist var í til að koma til móts við sjónarmið Páls Sigurðssonar þá sé í rauninni búið að skjóta undir þennan leka sem hv. þm. hafa bent á að sé í hinni upphaflegu gerð frv. og vísa til gagnrýni Páls

Sigurðssonar í þeim efnum.

Þetta hygg ég, virðulegi forseti, að sé að mestu leyti þau stærstu ágreiningsefni sem hér hafa komið fram. Ef ég vísa líka til þeirrar ræðu sem ég flutti fyrir nokkrum dögum þá held ég að ég sé búin að drepa á mest af þeim ágreiningsatriðum og þeim ádeiluatriðum sem fram hafa komið. Ég hef svarað spurningum um málefni starfsmanna, ég hef svarað spurningum um gagnrýni Páls Sigurðssonar og ég hef svarað gagnrýni á miðstýringu.

Það er kannski eitt atriði sem ég hef ekki drepið á og það varðar friðlýsinguna. Friðlýsingarákvæði þessa frv. eru að mestu aðlögun að breyttu stjórnkerfi náttúruverndarmála. Það eru fyrst og fremst tvær undantekningar frá því. Það er annars vegar náttúruminjaskráin sem menn hafa gagnrýnt að sé í höndum ráðuneytisins og hins vegar er það víkkun á friðlýsingarheimildunum en þær eru m.a. vegna samningsins um líffræðilega fjölbreytni. Að öðru leyti, eins og hefur margoft komið fram hjá mér, bíða friðlýsingarákvæði og margt annað í þessu seinna þreps endurskoðunar á þeim lögum sem nú eru í gildi. Við erum með þessu frv. fyrst og fremst að taka á stjórnkerfinu og gera ýmsar breytingar sem leiða af breytingum á því.

Í dag er það svo að í frv. hefur ráðherra frumkvæðisvald varðandi friðlýsingar. Ég tel það ekki óeðlilegt, ég verð að segja það. Mér finnst þetta raunar vera í hæsta máta eðlilegt. Það er hins vegar Landvarsla ríkisins sem vinnur alla undirbúningsvinnu friðlýsingar en það eru aðrir sem geta haft frumkvæði þar að. Ég er þeirrar skoðunar að sem flestir eigi að geta komið að því ferli og sem flestir eigi að geta bent á og komið með tillögur um það hvar eigi að friðlýsa vegna þess að við eigum öll landið. Þess vegna er þetta opið ferli þó að ráðherra hafi frumkvæðisvald og Landvarslan vinni alla undirbúningsvinnu. Hverjir aðrir geta haft frumkvæðið? Landvarsla ríkisins, Náttúruverndarráð, stofnanir og einstaklingar. Hver einasti Íslendingur getur komið með tillögur til friðlýsingar sem samkvæmt frv. er lagaleg skylda að taka afstöðu til. Er ekki þar með verið að færa aukið vald, aukið frumkvæði út til fólksins? Friðlýsingarferillinn verður opnari og hann verður markvissari en ekki miðstýrðari. Þetta þykja mér vera veigamikil rök í málinu.

Með náttúruminjaskránni sem fær miklu meira vægi en áður er líka verið að gera undirbúning friðlýsinganna markvissari og stefnumörkunina skýrari. Markmiðið er að rökstyðja sem best og sem fræðilegast, með sem vísindalegustum hætti, markmið friðlýsinga og hvaða svæði sé æskilegt að friðlýsa og hvers vegna. Það er gert ráð fyrir því að umhvrn. gefi skrána út, auglýsi í Stjórnartíðindum, en vinnan við undirbúning hennar færist yfir til stofnana ráðuneytisins, þ.e. Landvörslu ríkisins og Náttúrufræðistofnunar.

Einn hv. þm., mig minnir hv. þm. Kristín Einarsdóttir, spurði um það hvert yrði hlutverk Náttúrufræðistofnunnar og náttúrufræðistofa. Í hinu nýja kerfi sem er í uppbyggingu á grundvelli laganna um Náttúrufræðistofnun er gert ráð fyrir því að Náttúrufræðistofnun og náttúrustofurnar þegar þær eru teknar að virka þá verða það þær sem verða hinn fræðilegi bakhjarl friðlýsinganna. Þetta tel ég vera til stórra bóta.

Það hefur spunnist umræða um friðlýsingar við þessa umræðu. Staðreyndin er sú að það er alveg hárrétt sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson sagði að þessi ráðherra hefur mikinn áhuga á friðlýsingum. Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson gerði að vísu spott að því en það er mér mikið hjartans mál. Ég vek athygli á því að frá árinu 1988 var ekkert friðlýst fyrr en á síðasta ári. Ég held ég fari með rétt mál þar, hv. þm. Það var ekkert friðlýst. Friðlýsingarstarfið lá niðri. Náttúruverndarráð einfaldlega tókst ekki að koma friðlýsingum fram á þeim tíma. Þegar ég kom í ráðuneytið var það fyrsta sem ég gerði, fyrsta embættisverk mitt, að undirstrika gagnvart Náttúruverndarráði mikinn áhuga minn á því. Það liggja mörg bréf frá mér um þau efni, mörg símtöl, mörg samtöl um friðlýsingar. Ég útvegaði sérstakan starfsmann til þess, ég bauð að lána starfsmenn úr umhvrn. til þess. Ég útvegaði fjármagn til þess. Því var borið við, sem ég skildi vel, að það væri einfaldlega ekki atgervi innan Náttúruverndarráðs þá til að vinna hinn fræðilega hluta. Það var þess vegna sem það var sett fjármagn og það var settur maður einmitt í það mál, manneskja, ef ég man rétt, sem var sérstaklega menntuð í fræðum sem lúta að þessu. Það er því alveg rétt, ég taldi nauðsynlegt að breyta friðlýsingarferlinu og ég taldi ekkert óeðlilegt við að gera það með þeim hætti sem kemur fram í frv.

Virðulegi forseti. Ég held að ég hafi drepið á öll hin stærstu ágreiningsmál sem fram hafa komið. Ég er sannfærður um að ýmsar spurningar um smærri atriði hafa e.t.v. farið fram hjá mér. Ég hef rætt bæði núna og reyndar í miklu ítarlegri málum fyrr í vikunni um gjaldtökumálin. Ég held þess vegna, virðulegi forseti, að ég láti þessari yfirferð minni og svörum lokið að sinni. En ég ítreka að ég er reiðubúinn til að kanna hvort það er samkomulagsvilji um þetta mál. Ég tel nauðsynlegt að gera þessa breytingu og ég vísa aftur í það sem varaformaður Náttúruverndarráðs sagði 1987, og sem fjölmargir hafa síðan rætt um, það er nauðsynlegt að gera svona breytingu.

Það hefur komið fram að mönnum þykir ekki gott að tvískipta þessu ferli, þ.e. taka annars vegar fyrst þessa stjórnskipunarlegu uppstokkun og fara síðan í ýmis önnur mál. Það er auðvitað hægt að deila á þá stefnu ráðherra. Ég taldi að það væri rétt að gera það. Við höfum áður rætt um þá nefnd sem sett var niður til þess að vinna málið og hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hefur deilt harðlega á mig fyrir að hafa leyst hana upp. Það var einfaldlega svo að hún átti að vera búin að skila ári fyrr og þegar ég kom í ráðuneytið og kallaði eftir því hvað lægi fyrir var það ljóst að því verkefni, sem var meginhlutverk nefndarinnar í skipunarbréfi fyrrv. umhvrh., hafði lítið verið sinnt. Ég dró þá ályktun ekki bara af viðræðum við menn í nefndinni nokkra heldur líka á þeim frumvarpsdrögum sem mér voru skiluð.

[12:07]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er góðra gjalda vert að

hæstv. ráðherra taki þátt í umræðu. Það finnst mér þakkarvert og hefði mátt vera meira af því fyrr í umræðunni að hann notaði sinn rétt til þess.

En ég vil víkja að því sem síðast kom fram hjá hæstv. ráðherra að hann vilji láta reyna á hvort það sé samkomulagsvilji varðandi þetta mál. Þetta er nokkuð seint í rass gripið. Ráðherrann búinn að standa fyrir því að málið sé rifið út úr umhvn. að hans frumkvæði í ósamkomulagi án þess að nokkuð sé reynt að koma til móts við sjónarmið stjórnarandstöðufulltrúa í nefndinni sem vissulega höfðu ekkert samræmt sín viðhorf innan nefndarinnar heldur unnið í góðri trú að það ætti að reyna að vinna þetta mál heildstætt í nefndinni. Ráðherrann hafði bara ekkert fyrir því heldur lét fulltrúa sinn rífa málið út úr nefnd. Svo kemur hæstv. ráðherra viku fyrir þinglok, ef allt er talið, og fer að tala um að hann sé reiðubúinn að láta reyna á samkomulagsvilja varðandi málið, vísar fjölmörgum af ásteytingsefnum sem hafa verið uppi í nefndinni út í hafsauga og að hann telji að við þau beri að standa, fer yfir einstök atriði. *Það met ég allt saman, allt á sínum stað.* En það er hverjum manni ljóst að ef það á eitthvað að verða úr þessu þá er það tillaga minni hlutans í nefndinni að þetta mál verði að fá aðra og betri yfirferð áður en þingið taki afstöðu til hennar. Þess vegna er tillaga minni hlutans um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar auðvitað sú eina sem er rökrétt í þessari stöðu mála.

Umræðu frestað.

Húsnæðisstofnun ríkisins, 1. umr.

Stjfrv., 338. mál (félagslegar íbúðir, kaupskylda, forkaupsréttur og endursala). — Þskj. 535.

[12:10]

Félagsmálaráðherra (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins. Frv. er samið af nefnd sem félmrh. skipaði seinni hluta árs 1993. Í nefndina voru skipuð Ingi Valur Jóhannsson, deildarstjóri í félmrn., formaður, Einar K. Guðfinnsson alþingismaður, Hilmar Þórisson, aðstoðarframkvæmdastjóri Húsnæðisstofnunar ríkisins, Jóna Ósk Guðjónsdóttir, forstöðumaður húsnæðisnefndar Hafnarfjarðar, og Sveinn H. Ragnarsson félagsmálastjóri. Með nefndinni störfuðu Gísli Gíslason, deildarstjóri í Húsnæðisstofnun ríkisins, og Þorgerður Benediktsdóttir, deildarstjóri í félmrn., en fundarritari var Elín S. Jónsdóttir, deildarsérfræðingur í félmrn.

Nefndin var skipuð til að undirbúa frv. á grundvelli tillagna sem fram komu í skýrslu frá maí 1993 en sú skýrsla var samin af starfshópi skipuðum af félmrh. Helstu markmið nefndarinnar við endurskoðun laganna var að auka ábyrgð sveitarstjórna, auka sveigjanleika innan kerfisins, auk þess að sníða ýmsa agnúa af lögunum og skerpa og skýra margvísleg atriði. Markmiðinu um aukna ábyrgð sveitarstjórnar lagði nefndin til að náð yrði með því að húsnæðisnefnd yrði alfarið skipuð af sveitarstjórn með sama hætti og aðrar nefndir samkvæmt sveitarstjórnarlögum sem þýðir að þegar sveitarstjórn kýs fulltrúa í nefndir þá hefur við venjulegar aðstæður viðkomandi meiri hluti sveitarstjórnar meiri hluta í viðkomandi nefnd.

Í beinum tengslum við hina nýju gerð af húsnæðisnefnd yrði henni ætluð aukin ábyrgð, þ.e. að sjá endanlega um úthlutun íbúða til einstaklinga sem þýðir að húsnæðisnefndin bæri ábyrgð á því að eignir og tekjur umsækjenda væru innan tilskilinna marka svo og að greiðslugeta væri innan ákveðins ramma. Nefndin lagði áherslu á að með því að húsnæðisnefndin væri alfarið á vegum sveitarstjórnar gengi það upp að ábyrgð sveitarstjórnar ykist um leið og húsnæðisnefnd yrði falin meiri ábyrgð og völd. Auk þess leit nefndin svo á að afskipti verkalýðsfélaga af félagslega húsnæðiskerfinu heyrði liðinni tíð og væri liður í merkum kafla sögunnar. Þáttaskipti í þeim efnum hefðu orðið á árinu 1990 þegar lög nr. 70/1990 tóku gildi en samkvæmt *þeim var málaflokkurinn færður nær sveitarstjórnum* með því að stjórnir verkamannabústaða voru aflagðar en þess í stað komið á húsnæðisnefndum sveitarfélaga með takmarkaðri aðild verkalýðsfélaga.

Nefndin taldi því að nú væri tímabært að reka smiðshöggið á þessa þróun og færa málaflokkinn undir stjórnsýslu sveitarfélaga.

Ég óskaði heimildar ríkisstjórnarinnar til að leggja frv. fram á Alþingi eins og það kom frá nefndinni en hafði þó fyrirvara á varðandi mál sem þyrfti að taka afstöðu til í frv. og m.a. afstöðu ASÍ til skipan húsnæðisnefndar. Á grundvelli athugana sem húsnæðishópur ASÍ hefur nú gert á frv. og eindreginna skilaboða frá þeim um þetta efni ákvað ég að leggja til þá breytingu á frv. að skipan húsnæðisnefndar verði óbreytt að því undanskildu að formaður nefndarinnar verði kjörinn af sveitarstjórn. Með því móti er nokkuð komið til móts við þær hugmyndir um að auka vægi sveitarstjórna í húsnæðisnefnd en um leið viðhaldið áratuga hefð um þátttöku verkalýðsfélaga í nefndinni sem ASÍ leggur ríka áherslu á eins og áður sagði. Óbreytt stendur hins vegar að húsnæðisnefnd verði falin aukin ábyrgð eins og nefndin lagði til en það felur í sér mikilsverða valddreifingu eins og ég rek nánar hér á eftir.

Ég vil taka það fram að ég hef haft samráð við formann Sambands ísl. sveitarfélaga um þetta atriði og hann hefur fullan skilning á því sjónarmiði sem ég hef sett fram og telur að þeir hagsmunir sem eru í húfi með þeim breytingum sem frv. felur í sér séu svo miklir að ekki verði gerður ágreiningur um það að skipan húsnæðisnefnda verði óbreytt.

Auk breytingarinnar á húsnæðisnefnd geri ég tvær tillögur aðrar til breytinga á frv. m.a. að höfðu samráði við fjmrh. Sú fyrri lýtur að tilfærslu lána milli lánaflokka en í 9. gr. frv. er heimildarákvæði um að húsnæðismálastjórn sé heimilt að færa lán milli lánaflokka.

Fallið hefur verið frá því að festa slíka heimild í lög en gert er ráð fyrir óbreyttri framkvæmd þar sem til-

færsla milli lánaflokka hefur verið heimiluð í undantekningartilfellum. Síðari brtt. snýst um vaxtabreytingar vegna tekna hjá lántakendum félagslegra eignaríbúða.

Í upphaflegu frv. var lagt til að vextir, sem hefðu verið hækkaðir út af tekjum, gætu lækkað ef tekjur færu á ný undir tekjumörk. Frá þessu hefur verið fallið með þeirri brtt. sem ég kynni hér en þess í stað er lögð til algerlega ný tilhögun um vaxtabreytingar hjá einstaklingum vegna tekna. Sú tilhögun felur í sér að færri sæta vaxtahækkun en nú er, þ.e. ákvæðið verði þrengt, en í því felst augljós kjarabót fyrir lántakendur félagslegra eignaríbúða. Með þeirri breytingu á sínum tíma að hækka vextina eftir að viðkomandi færi yfir ákveðin tekjumörk fólst í raun viðurkenning eða það sjónarmið á stöðu þess sem í hlut ætti að hann félli ekki undir það mat sem haft var í upphafi um þá sem ættu heima innan félagslega húsnæðiskerfisins. Hins vegar er alveg ljóst að þar sem tekið er tillit til ákveðins meðaltals undangenginna ára í lögunum í dag þá getur eitt ár fleytt fjölskyldu upp fyrir þessi mörk enda þótt ekki sé um varanlega breytingu á högum fjölskyldunnar að ræða.

Að öðru leyti er frv. þetta samhljóða tillögu nefndarinnar sem samdi það í upphafi og ég mun kynna helstu atriði þess.

Í fyrsta lagi hvað varðar aukna ábyrgð sveitarfélaga:

Húsnæðisnefnd verði falið að bera endanlega ábyrgð á úthlutunum íbúða sem þýðir að húsnæðisnefndin sjái ein um að umsækjendur uppfylli skilyrði um eignir og tekjur svo og um greiðslugetu. Hér búa að baki tvö grundvallaratriði, þ.e. að sýna húsnæðisnefndum þetta traust svo og valddreifing þar sem hvert einstakt mál þarf ekki lengur að fara til staðfestingar Húsnæðisstofnunar eins og verið hefur. Frá hagkvæmnissjónarmiði sparast því bæði tími og fyrirhöfn þótt grundvallaratriði vegi þyngra að mínum dómi. Atbeini Húsnæðisstofnunar komi einvörðungu fram með almennum hætti með því að Húsnæðisstofnun geri úrtakskönnun á úthlutunum. Enda verði húsnæðisnefndum gert að senda Húsnæðisstofnun yfirlit yfir úthlutanir.

Í tengslum við þetta nýja fyrirkomulag er lagt til að húsnæðisnefndum verði veitt aðhald af hálfu Húsnæðisstofnunar. Komi þannig á daginn í úrtakskönnum stofnunarinnar að húsnæðisnefnd hafi ekki gætt skilyrða um eigna- og tekjumörk verði húsnæðismálastjórn heimilað að ákvarða að hlutaðeigandi húsnæðisnefnd skuli senda öll gögn um úthlutanir til staðfestingar í Húsnæðisstofnun í eitt ár. Komi til þess að einstaklingur fái úthlutað íbúð af hálfu húsnæðisnefndar í blóra við gildandi eigna- og tekjumörk sæti hann vaxtahækkun þannig að vextir verði þeir sömu og af lánum til kaupa á almennum kaupleiguíbúðum. Einstaklingi mátt vera ljóst hver eigna- og tekjumörk væru. Það er því ljóst að ábyrgð húsnæðisnefndar verður þung. Bæði að sjá til þess að allt fari löglega fram svo og að veita einstaklingum upplýsingar um réttindi þeirra og skyldur.

Í öðru lagi er aukið sjálfsforræði sveitarfélaga. Lagt er til að sveitarfélögunum verði ekki lengur skylt að leggja fram 3,5% framlag vegna félagslegra íbúða á vegum félagasamtaka heldur þurfi til þess samþykki sveitarstjórna. Rökin eru þau að sveitarfélög hafa mörg hver bent á hversu bagalegt það sé að félagasamtök geti krafist þessa gjalds af sveitarfélögunum án þess að sveitarstjórnir hafi átt kost á að fylgjast með fyrirætlunum félagasamtaka í þessum efnum. Því hafi krafa um 3,5% framlag af kostnaðarverði félagslegrar íbúðar sem getur verið umtalsverð fjárhæð komið ýmsum sveitarstjórnum í opna skjöldu og þær ekki getað gert ráð fyrir þeim í fjárhagsáætlunum sínum. Vegna þessara vandkvæða hefur Samband íslenskra sveitarfélaga komið með þá tillögu að sveitarstjórnir verði leystar undan þeirri lagaskyldu að greiða þetta framlag þegar aðrir framkvæmdaraðilar en sveitarfélög eiga í hlut. Ekki náðist þó samstaða í nefndinni sem samdi frv. þetta um að ganga svo langt en þess í stað var lögð til sú millileið sem rakin var hér að framan, þ.e. að samþykki sveitarstjórnar þurfi að koma til. Ólíklegt er talið að sveitarstjórnir muni synja um greiðslu 3,5% framlagsins nema í undantekningartilvikum enda eru félagasamtök að leysa úr brýnni húsnæðisþörf í sveitarfélaginu svo sem fyrir fatlaða og aldraða. En það breytir því ekki að það hefur mikla þýðingu fyrir sveitarfélögin að hvert mál skuli borið upp til samþykkis í sveitarstjórn.

Þá er gert ráð fyrir sveigjanlegra fyrirkomulagi samkvæmt frv. en samkvæmt gildandi lögum. Heimamenn í hinum ýmsu sveitarfélögum hafa bent á nauðsyn þess að viss sveigjanleiki sé innan félagslega húsnæðiskerfisins þar sem aðstæður í sveitarfélögum eru mismunandi. Ýmsar þessar ábendingar skila sér í frv. en þó hefur verið fallið frá tveimur þeirra frá upphaflegu frv. og vísa ég til þess sem ég rakti í upphafi ræðunnar um tilfærslu milli lánaflokka og breytingar á vaxtakjörum vegna tekna. En atriðin, sem gera fyrirkomulagið sveigjanlegra, eru þessi: Reglur um greiðslugetu eða svokallað greiðslumat verði undanþægar. Víkja megi frá reglum um hámarksstærð íbúða þegar um notaðar íbúðir er að ræða. Telja megi fjármagnskostnað annarra aðila en Byggingarsjóðs verkamanna lánshæfan. Heimilt verði að veita sérstakt viðbótarlán vegna meiri háttar utanhússviðhalds á fjölbýlishúsum með félagslegum eignaríbúðum. Heimilað verði að hækka eldri 85% lán upp í 90% lán og snýr það í framkvæmd einkum að húsnæðissamvinnufélögum. Sérstök úrræði verði lögfest til að koma til móts við þann vanda sem rís þegar félagslegar eignaríbúðir koma til endursölu en standa auðar. Annars vegar er um að ræða sérstaka lánveitingu og hins vegar að selja megi íbúð á almennum markaði. Þessum atriðum eru gerð rækileg skil í frv. og óþarft að endurtaka það hér. Þó tel ég rétt að víkja nokkuð að þeim ofantöldu atriðum sem ég tel mestu máli skipta. Gert er ráð fyrir að veita megi undanþágu frá reglum um greiðslugetu ef kaupandi sýnir fram á að hann geti borið þyngri greiðslubyrðar en segir til um í væntanlegri reglugerð um það efni.

Í þessu sambandi skal lögð áhersla á að í frv. er lagt til að kveðið verði á um greiðslugetu skuldara í reglu-

gerð með sama hætti og innan húsbréfakerfisins. Nú er reglan sú að greiðslubyrði fari ekki yfir þriðjung af tekjum kaupanda en sú viðmiðun þykir of há og því gert ráð fyrir að hún verði lægri í væntanlegri reglugerð. Rétt þykir að sá möguleiki rúmist innan laganna að fólk geti þolað þyngri greiðslubyrði lána en reglan kemur til með að segja til um enda meti húsnæðisnefnd það svo það sé með öllu óhætt. Vert er að benda á í því sambandi að húsnæðisnefnd getur haft að geyma staðgóða þekkingu á högum fólks og á það ekki síst við í smærri sveitarfélögum. Má þar nefna margháttaða aðstoð vandamanna, formlega sem óformlega sem gerir einstökum kaupendum fært að takast á við þunga greiðslubyrði meðan verið er að komast yfir erfiðasta hjallann. Ekki er þó gert ráð fyrir að húsnæðisnefnd ákvarði um slíka undanþágu heldur fari erindi af þessu tagi fyrir Húsnæðisstofnun ásamt rökstuðningi húsnæðisnefndar.

Varðandi sérstök lán til utanhússviðhalds vil ég segja þetta: Þau eru fyrir nokkru orðin mjög aðkallandi sem kom fram í fyrirspurn sl. mánudag þar sem fjallað var um þessi mál og rakin samskipti bæði Húsnæðisstofnunar og félmrn. varðandi beiðni um lán til utanhússviðhalds. Húsnæðisstofnun hefur ekki talið sér heimilt að veita slík lán án beinnar lagaheimildar enda þótt hús kunni að liggja undir skemmdum. Því er lagt til að húsnæðismálastjórn verði heimilt að veita eigendum félagslegra eignaríbúða í fjölbýlishúsi sérstakt viðbótarlán til meiri háttar utanhússviðhalds.

Í frv. er skilgreint hvað teljist til meiri háttar utanhússviðhalds og hvaða skilyrðum lánveiting verði háð. Vænti ég þess að með lánum þessum verði því afstýrt að veð Byggingarsjóðs verkamanna liggi undir skemmdum auk þess hve miklu máli það skiptir almennt séð að húsum sé vel við haldið. Það er því jöfnum höndum hagur íbúðareigenda, sjóðsins og almannahagsmuna að leysa úr þessu brýna máli eins og ég rakti reyndar í svari mínu sem ég gat um hér áðan. Sú lausn sem lögð er til í frv. til að leysa úr þeim hnút þegar eignaríbúðir standa auðar og fólgin er í því að selja megi íbúð á almennum markaði, felur í sér grundvallarbreytingu sem vert er að vekja sérstaka athygli á. Félagslega íbúðakerfið hefur ávallt verið lokað kerfi í þeim skilningi að sala utan þess er óheimil allt fram til þess að íbúð hefur verið í eigu sama eiganda í 30 ár samfleytt. Nú hefur hins vegar komið í ljós að nokkuð er um að félagslegar eignaríbúðir sem koma til endursölu standa auðar og tapa allir hlutaðeigandi aðilar á því ástandi. Rétt þykir að bregðast við slíkri stöðu með því að heimila sölu á almennum markaði enda sé sýnt fram á að íbúðin henti ekki sem félagsleg íbúð, sé annaðhvort of stór og dýr eða í lélegu ásigkomulagi og endurbætur þyki of kostnaðarsamar. Ég mun koma nánar að þessu efni þegar raktar verða helstu breytingar sem gert er ráð fyrir á endursölu íbúða.

Einn þáttur frv. snýr að einföldun á lánakerfinu. Fram hafa komið ábendingar um að lánakerfi félagslegra íbúða sé of flókið og viðamikið, einfalda mætti það og fækka lánaflokkum án þess að valmöguleikar fólks skerðist. Bent er á að kaupleigufyrirkomulagið, með sínum valmöguleikum, feli í raun og veru í sér þá þrjá kosti sem nú standa til boða, þ.e. kaup, leigu, eða leigu með eignarhlut. Engu að síður eru menn ekki sammála um slíka einföldun. Þannig er m.a. bent á að nauðsynlegt sé að viðhalda eignaríbúðum, þær falli vel að íslenskri hefð og hafi gefist vel. Sama sé að segja um hreinræktaðar leiguíbúðir. Hér er því ekki að þessu sinni lögð til róttæk einföldun á lánafyrirkomulaginu en einungis gert ráð fyrir einföldun innan almennu kaupleiguíbúðanna með þeim hætti að í stað tveggja lána, 20% og 70% lána, verði veitt eitt 90% lán. Lánið verði til 43 ára hvað varðar eignaríbúðir og til 50 ára hvað varðar leiguíbúðir. Með þessu móti fást hagkvæmari lánskjör. Hagkvæmari lánskjör með einu 90% láni skýrist af því að lánstími 20% lánsins var skammur en hann var upphaflega aðeins fimm ár en var lengdur í 25 ár með lögum nr. 12/1994. Með einu 90% láni til almennra kaupleiguíbúða til 43 eða 50 ára er sú þunga greiðslubyrði sem 20% lánið hafði í för með sér úr sögunni.

Þá eru lagðar til í frv. nýjar reglur um fyrningu. Lagt er til að samræma og einfalda reglur um fyrningu þannig að fyrningin verði 1% fyrir hvert ár af öllum íbúðum byggðum frá og með gildistöku laga nr. 51/1980. Allar þessar íbúðir eru með fullverðtryggðum lánum Byggingarsjóðs verkamanna. Nú eru í gildi margs konar fyrningar. Íbúðir byggðar samkvæmt lögum nr. 51/1980 með 1% fyrningu fyrstu 20 ár eignarhaldstíma en 0,5% fyrningu eftir það. Íbúðir byggðar samkvæmt lögum nr. 70/1990 með 1,5% fyrningu fyrstu 20 ár eignarhaldstíma en 0,75% eftir það. Í raun er því verið að lækka fyrninguna því ákvæðið um 0,5% fyrningu hefur ekki komið til framkvæmda eðli málsins samkvæmt. Hér er því um réttarbót að ræða en lántakendur sem og aðrir hafa bent á að fyrningin væri óeðlilega há. Ég mun nú gera örlitla grein fyrir því efni frv. sem snýr að kaupskyldu, forkaupsrétti og endursölu íbúða.

Í fyrsta lagi er ákvæðum um þetta efni stillt upp með öðrum hætti en verið hefur. Ákvæðin hafa þótt ákaflega óaðgengileg, jafnvel torskilin á köflum. Ekki bætir úr skák að eðli málsins samkvæmt ná ákvæðin yfir langa sögu félagslegra eignaríbúða sem gerir málaflokkinn flóknari en ella. Óljós lagasetning dregur að sjálfsögðu úr réttaröryggi og því ekki vanþörf á að gera bragarbót. Þessum lagatæknilegu atriðum er ætlunin að kippa í liðinn í frv. eins og fram kemur í hinni viðamiklu 26. gr. frv.

Af efnisbreytingum má helst nefna að skýrt er kveðið á um kaupskyldu sveitarstjórnar komi til nauðungaruppboðs og hvert kaupverðið skuli vera. Að kaupskylda miðist við afhendingardag íbúðar en ekki afsal. Að svonefnd bráðabirgðalán til framkvæmdaraðila við endursölu íbúða verði lögfest í skráðum lögum. Að fram komi í lögum að Húsnæðisstofnun setji skýrar reglur um mat á verðgildi endurbóta á íbúð. Að tekin verði af öll tvímæli um hvenær seljandi eigi rétt á fullnaðargreiðslu og við hvaða dag skuli miðað. Að ákvæðið um 4% aukaverðbætur vegna íbúða byggðra 1980 komi skýrt fram í lögunum. Að ákvæði um sölu-

verð íbúða byggðra fyrir 1980 séu nægilega skýr. Að við útreikning á eignarhlut seljenda vegna íbúðar sem byggðar voru til útrýmingar á heilsuspillandi húsnæði fyrir 1980 verði farið eftir sömu reglum og um aðrar íbúðir frá þeim tíma. Að ljóst sé að húsnæðismálastjórn eigi að úrskurða um vafaatriði sem rísa við sölu á öllum félagslegum íbúðum burt séð frá því á hvaða tíma íbúðirnar voru byggðar.

Auk þess skal vikið að einu mikilsverðasta nýmæli sem tengist endursölu íbúða en það er hvernig leysa skuli úr þeim vanda sem rís þegar íbúðir, sem koma til endursölu, standa auðar eins og drepið var á framar í ræðu minni. Þar eru lagðar til tvær leiðir til lausnar. Annars vegar sérstök lánveiting til framkvæmdaraðila þegar í ljós kemur að íbúð verður hvorki seld né leigð og svo hafi verið ástatt í a.m.k. sex mánuði. Um leið og úr rætist og kaupandi er til staðar verði lánið gjaldfellt og veitt nýtt lán út á íbúðina samkvæmt almennum reglum. Hins vegar er gert ráð fyrir að heimilt verði að selja íbúð á almennum markaði ef íbúðin telst ekki henta sem félagsleg íbúð, annaðhvort vegna þess að hún sé of stór og dýr eða sökum þess að hún sé í lélegu ásigkomulagi. Hér er um grundvallarbreytingu á lögunum að ræða og einungis heimildarákvæði sem beitt kann að verða í einstaka tilvikum.

Að lokum vil ég vekja athygli á tveimur atriðum sem fela í sér réttarbætur fyrir einstaklinga innan þessa kerfis auk þeirra réttarbóta sem felast í hinum ýmsu ákvæðum frv. Þá nefni ég fyrst þá veigamiklu breytingu að eignaauking geti ekki leitt til vaxtahækkunar en svo er nú. Við framkvæmd málaflokksins í Húsnæðisstofnun hefur orðið vart við að núverandi skipan geti komið hart niður á fólki enda bætir eignaaukning ein og sér ekki raunverulega hagi fólks. Er hvað þetta varðar einkum bent á aldraða sem margir hverjir hafa tekjur undir tekjumörkun þrátt fyrir að hrein eign fari yfir núgildandi eignamörk sem eru nú rúmlega 1,9 millj. kr. Það getur því verið harkaleg niðurstaða að vextir hækki af þeim sökum, að verðmæti eigna að íbúð meðtalinni fari yfir eignamörk enda þótt tekjur séu undir tekjumörkum. Þetta er ætlunin að leiðrétta.

Í öðru lagi bendi ég á að lagt er til að tekjur barna undir 20 ára aldri teljist ekki til tekna fjölskyldunnar þar sem tekjur eru eins og kunnugt er undirstöðuatriði þess að fólk eigi aðgang að félagslegum íbúðum. Auk þess sem tekjur geta leitt til vaxtahækkunar er hér augljós kjarabót á ferðinni. Aldurs barna er ekki getið í núgildandi lögum og er framkvæmdin sú að tekjur barna 16 ára og eldri eru teknar með í reikninginn. Það aldursmark er að mínu mati orðið úrelt með lengri skólagöngu ungmenna. Þetta er því að mínum dómi mikilsvert umbótamál.

Í þessu samhengi vil ég bæta við að lagt er til að eigna- og tekjumörk verði ákvörðuð í reglugerð en ekki fastbundin í lögum. Gefin verði út sérstök reglugerð um þetta efni sem skuli endurskoða árlega að fengnum upplýsingum frá Þjóðhagsstofnun. Rökin fyrir þessu eru annars vegar þau að ekki þyki rétt að ákveða slíka fjárhæð í lög þar sem lög geta ekki endurspeglað þær breytingar sem á fjárhæðunum kunna að verða og hins vegar að tryggja að umsækjendur geti nálgast þessar mikilsverðu upplýsingar í sérstakri reglugerð.

Hæstv. forseti. Ég hef nú gert grein fyrir meginefni þessa frv. Ég legg áherslu á að brýnt er að lögunum um Húsnæðisstofnun ríkisins verði breytt með þeim hætti sem frv. og þær brtt. sem ég hef hér nefnt segja til. Ég legg þunga áherslu á þær réttarbætur sem felast í frv. láglaunafólki til handa svo og að komið hefur verið til móts við óskir sveitarfélaga um aukið vægi þeirra í þessum mikilvæga málaflokki.

Virðulegi forseti. Ég geri mér fyllilega grein fyrir því að það er erfitt að mæla fyrir slíku frv. þegar svo langt er liðið þings. En ég vil árétta það sem ég gat um í upphafi að þetta mál kom úr nefnd skömmu fyrir jól og ég sótti það mjög fast að það yrði strax sett inn í þingið þannig að þeir sem á þyrftu að halda gætu kynnt sér málið strax jafnvel þó að það þýddi að hugsanlega yrði ég að flytja eða kynna brtt. við frv. eftir að það hefði komið fram. Með þessu móti var m.a. hægt að fá verkalýðsfulltrúa ASÍ, húsnæðisnefnd ASÍ og fleiri aðila til þess að líta á þetta frv. og vera búinn að átta sig á því hvað í því fælist og hvers eðlis það væri fyrir láglaunafólk. Með þessu móti væri jafnframt hægt að kynna málið fyrir Sambandi sveitarfélaga og taka það upp eins og ég hef þegar gert að þetta mál nái hugsanlega fram að ganga þrátt fyrir að húsnæðisnefndirnar verði óbreyttar og þar með að meiri hluti sveitarstjórna á hverjum tíma hafi ekki meiri hluta í húsnæðisnefndum. Við þetta er stuðningur þessara aðila og hann er mjög mikilvægur fyrir félmn. þegar hún tekur nú málið til skoðunar. Ég óska eftir því við félmn. að hún sé tilbúin til að kalla til þá aðila sem henni finnst mikilvægt að ræða við vegna þessa frv. og ef svo fari að ákvæði í frv. sé þess eðlis að ekki náist um það sátt, verði fremur leitast við að afgreiða þau ákvæði frv. sem sátt er um en að láta málið liggja því að svo mörg umbótaatriði felast í frv. að ég kýs fremur að ná því fram sem hægt er en að málið stöðvist á einhverju sem ágreiningur yrði um.

Virðulegi forseti. Ég legg að endingu til að málinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. félmn.

[12:39]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Eins og fram kom í máli hæstv. ráðherra er málið á síðustu stigum þinghalds á þessum vetri og ljóst að það getur ekki hlotið afgreiðslu nema um það náist góð samstaða svo að málið fari í gegn og verði að lögum á þeim skamma tíma sem eftir er. Ráðherrann hefur kynnt hugmyndir um breytingar á frv. sem liggur fyrir sem eru ætlaðar til þess að greiða fyrir því að samkomulag náist af þessu tagi. Mér sýnist að þær breytingar sem ráðherrann hefur þegar kynnt séu fyrst og fremst afrakstur samkomulagsvinnu á milli stjórnarflokkanna og sú staðreynd að ekki hefur verið mælt fyrir málinu fyrr en nú upp úr miðjum febrúar, tæplega tveimur mánuðum eftir að það var lagt fram, hlýtur að skýrast af því að einhver ágreiningur hefur verið milli stjórnarflokkanna um ein-

stök efnisatriði. Þeir hafa að mínu viti eftir að hafa hlýtt á ræðu ráðherrans náð samkomulagi um þessi ágreiningsefni og ég vil segja fyrir mitt leyti að ég er tilbúinn til þess að stuðla að því eftir því sem föng eru á að greiða götu frv., a.m.k. þeirra atriða sem menn ná sæmilegri sátt um og mér sýnist að mjög margt í þessu frv. sé þess eðlis að ég geti fellt mig við það og staðið að því að það hljóti framgang. Ég vil a.m.k. láta það koma fram af minni hálfu og þingflokks míns að við erum tilbúnir til að standa að því að leitast við að ná lausn á málinu með þessum hætti.

Það er ekki nýlunda, verð ég að segja, að fyrir þingið séu lögð stjfrv. um Húsnæðisstofnun ríkisins. Ég lét áðan taka saman fyrir mig yfirlit yfir breytingar eða stjfrv. sem lögð hafa verið fram um breytingar á þessum lögum í tíð Alþfl. frá því að hann fékk félmrn. 1987. Það kemur í ljós að þetta stjfrv., sem hér er flutt, er sextánda frv. til breytinga á þessum lögum og mörg af þessum frumvörpum hafa verið mjög veigamikil og gríðarlega efnismiklar breytingar þar á ferðinni. Segja má að búið sé að umturna löggjöfinni með þessum 16 frumvörpum og þar af hafa 15 verið afgreidd á Alþingi.

Í þessu 16. frv., svo merkilegt sem það er, sem kannski kemur okkur ekki mjög á óvart, sem höfum fylgst með þessu starfi á undanförnum árum er allmikið af efni frv. fólgið í því að leiðrétta gerðir í fyrri stjfrv. og lögum sem síðar urðu. Verið er að gera breytingar sem taka til baka ýmislegt af því sem félmrh. Alþfl. hafa keyrt fram, sumt af því í verulegum ágreiningi og eru nú að sjá að sér að það verður að breyta lögunum til samrýmis við gagnrýni sem fer þá fram og m.a. eru breytingar hér sem eru til samræmis við þá gagnrýni sem ég setti fram á stjfrv. eftir að ég tók hér sæti. Þar á ég einkum við breytingar á lögunum til 1991 og síðar.

Um einstök efnisatriði málsins vil ég fjalla lítillega. Ég vil fyrst segja það að ég fagna breytingunni sem er í 1. gr. frv. um að breyta lánveitingum til almennra kaupleiguíbúða þannig að í stað þess að veita tvö lán, annað 70% og hitt 20%, verði hér eftir veitt eitt lán sem er 90%. Ég minni á að við afgreiðslu á stjfrv. fyrir tveimur árum, 1993, lagði ég einmitt fram brtt. sem var nánast samhljóða þessari og fól í sér að breyta lánveitingum til almennra kaupleiguíbúða á þennan veg. Ástæðan var augljós. Þau tvö lán, sem voru lánuð til almennra kaupleiguíbúða, voru með þannig kjörum og lánstíma að greiðslubyrðin var mjög þung meðan var verið að greiða niður 20% lánið sem var 5 ár. Nauðsynlegt var að breyta þessu ef unnt átti að vera að selja þessar íbúðir. Því miður höfnuðu stjórnarliðar og páv. félmrh. þeirri tillögu en tóku síðar upp þá breytingu að lengja 20% lánið í 25 ár. Núna er skrefið stigið til fulls og lögð fram sams konar tillaga að efni til og ég flutti fyrir tveimur árum og stjórnarliðið þá gat ekki sætt sig við, en hefur nú greinilega séð að tillagan á þeim tíma var réttmæt og tekur hana upp. Ég fagna því að sjálfsögðu þegar stjórnarliðar ganga í smiðju til okkar stjórnarandstæðinga og sækja þangað hugmyndir og tillögur til að flytja í sínum frumvörpum, þótt ég geti ekki látið hjá líða að láta það koma fram af minni hálfu að ég teldi það betra að þeir tækju mark á okkur strax.

Þá er líka önnur breyting í þessu frv. sem er mjög veigamikil í raun og það er ákvæðið um fyrningu íbúðanna eða afskriftir að lækka hana úr 1,5% niður í 1% sem hefur gríðarlega mikla þýðingu fyrir íbúa þessara íbúða því hún lækkar kostnaðinn við að búa í íbúðunum verulega. Hún skiptir líka verulegu máli fyrir sveitarfélögin og auðveldar þeim þar með að selja íbúðirnar og finna kaupendur sem geta staðið undir þeim. Hún tekur í raun aftur breytingu sem gerð var með stjfrv. 1990 ef ég man rétt og var þá lögð mikil áhersla á að hækka afskriftir upp í 1,5%, talið að annars mundi kerfið ekki ganga fjárhagslega upp en sem betur fer hefur félmrh. nú áttað sig á því að þetta byggðist ekki á réttum rökum og reynist nauðsynlegt að breyta þessu og að sjálfsögðu er ég sammála því og stend að því að afgreiða það mál hér.

Þriðja efnisatriðið sem er í raun verið að taka aftur þar sem stjórnarliðið áður hefur ákveðið í fljótræði er að það er að nokkru leyti gengið til baka að innheimta 3,5% skatt á hlutafélögin fyrir íbúðir eða nýbyggingar fjármagnaðar úr Byggingarsjóði verkamanna. Það var tekið upp fyrr á þessu kjörtímabili, líklega fyrir tveimur og hálfu ári eða svo í frv. tengdu afgreiðslu fjárlaga að láta sveitarfélögin borga 3,5% af byggingarkostnaði hverrar íbúðar sem skatt til Húsnæðisstofnunar. Þessi skattheimta var auðvitað mjög umdeild og að mínu viti greiddi hún ekki fyrir uppbyggingu kerfisins eins og nauðsynlegt hefði verið og menn eiga auðvitað í þessari stöðu að gæta að því að breytingar gangi ekki gegn tilgangi laganna sem er auðvitað að byggja upp félagslegt húsnæði og það skýtur skökku við ef menn eru að gera breytingar sem torvelda framkvæmdarvaldinu, sveitarfélögunum, og ráðuneytinu að ná því markmiði. Nú er að nokkru leyti gengið til baka með þessa skattheimtu, þó ekki stórt skref, en það er þó í áttina og í því felst viðurkenning á því að hér er um alvarleg mistök að ræða af hálfu stjórnarliðsins á þeim tíma.

Sú breyting sem er verið að gera er að 3,5% framlagið vegna íbúða sem aðrir standa að að byggja en sveitarfélagið sjálft verður nú hér eftir, ef ákvæðið nær fram að ganga, háð samþykki sveitarstjórnar og það er auðvitað grundvallaratriði að útgjöld úr sveitarsjóði séu fyrst og fremst ákvörðuð af sveitarstjórn en ekki öðrum aðilum og það hefur kannski verið það allra versta við þetta 3,5% ákvæði að aðrir aðilar hafa ákveðið eða ákvarðað útgjöld úr sveitarsjóði. Með því að húsnæðismálastjórn hefur úthlutað framkvæmdaheimildum til félagasamtaka, þá hefur í þeirri ákvörðun falist útgjöld úr sveitarsjóði þeirra sveitarfélaga það sem byggt hefur verið. Það er stjórnsýslulega óviðunandi að búa við slíka löggjöf og ég veit að félmrh. hlýtur að vera þungbært að hafa þurft á sínum tíma að standa að þessu, sérstaklega í ljósi þess að félmrh. er jafnframt yfirmaður sveitarstjórnarmála. Ég fagna því nú að það skuli þó gerð sú breyting að útgjöldin sem felast í 3,5% skattinum skuli háð samþykki sveitarstjórnar. Ég

tel það eiginlega grundvallaratriði að menn viðurkenni rétt sveitarstjórnarinnar til að ráðstafa sínum fjármunum í verkefni sem því ber að sinna.

Eins og fram kemur í frv. og greinargerð með því er býsna margt annað af breytingum í þessu frv. og reyndar miklu meira en hægt er að taka fyrir í 1. umr. málsins þannig að ég verð að sleppa ýmsu af efnisatriðunum og geyma mér það til síðari tíma að fjalla um þau atriði. En ég vil þó nefna tvennt sem mér finnst óhjákvæmilegt að fjalla lítillega um. Það er fyrst fyrirhuguð breyting á skipan húsnæðisnefndanna á þann veg að setja út fulltrúa verkalýðshreyfingarinnar. Ég fagna því að hæstv. ráðherra hefur gefið út yfirlýsingu um það að þessi breyting verði dregin til baka og núverandi skipan verði látin standa.

Ráðherrann nefndi í sínu máli að á móti þessu kæmi sú tillaga að sveitarstjórnin kysi formann nefndarinnar. Ég geri ekki ágreining um þá tillögu og sé ekkert athugavert við það í sjálfu sér að sveitarstjórn skipi formann nefnda þannig að af minni hálfu er engin fyrirstaða í því að þetta mál nái fram að ganga. En ég ítreka og undirstrika af minni hálfu að ég tel algert grundvallaratriði að viðhalda tengslunum á milli félagslega íbúðakerfisins og verkalýðshreyfingarinnar. Ég var mjög andvígur því á sínum tíma þegar fulltrúum launþegasamtakanna var hent út úr húsnæðismálastjórn og tel reyndar að reynsla sem fengin er eftir að það var gert færi mér a.m.k. sönnun þess að það hafi verið óskynsamleg ákvörðun. Það var verulegt gagn af fulltrúum verkalýðshreyfingarinnar í húsnæðismálastjórn og ég mundi verða þess fýsandi að menn gengju til baka hvað það varðar.

Hitt atriðið sem ég vil fjalla um er sú breyting að færa ábyrgðina meira til sveitarfélaganna eins og það heitir. Þetta er auðvitað sígilt verkefni að taka ákvörðun um stjórnsýslulega hvernig verkefnin skiptast milli ríkisvalds annars vegar og sveitarfélaga hins vegar og hvernig ábyrgð skiptist í samræmi við það. Með lögunum 1990 varð sú grundvallarbreyting að ríkisvaldið eða félmrn. í raun afsalaði sér forræði þess máls að fara með félagslega íbúðakerfið í sveitarfélögunum eins og hafði verið fram til þessa með svonefndum stjórnum verkamannabústaða sem var samstarfsvettvangur verkalýðshreyfingar, sveitarfélags og ríkis en á ábyrgð ríkisvaldsins. Í staðinn voru teknar upp svonefndar húsnæðisnefndir sem störfuðu á ábyrgð sveitarfélaga.

Mér finnst að menn verði að gera rækilega upp við sig hvorum megin hryggjar menn vilja liggja í þessu máli. Menn geta ekki haft málin báðum megin og óljósa skiptingu ábyrgðar eins og nú er. Þegar menn færðu málaflokkinn til sveitarfélaga eins og sagt var árið 1990 þá var það ekki nema að nafninu til í meginatriðum vegna þess að menn skildu eftir fjármálin hjá ríkinu. Og þetta mál er ekki verkefni eða á forræði sveitarfélaga eins og málin standa í dag með sérstakri ríkisstofnun sem sér um að úthluta framkvæmdaheimildum og fjármagninu á hverju einasta ári. Enn fremur er það þannig að það er á höndum þessarar ríkisstofnunar að samþykkja og úthluta fé vegna innlausnar, endurbóta o.s.frv. Og meðan menn hafa það kerfi þá gengur hitt afar illa upp að vera að láta sveitarfélögum eftir að taka ákvarðanir um útgjöld þegar tékkheftið er hér áfram í Reykjavík. Það er svo mótsagnakennt að í því felast árekstrar á milli aðila sem eiga að framkvæma þetta og getur ekki endað á annan veg en að ríkisstofnunin meira og minna ráði málinu og í meira og minna ósamkomulagi við þá sem vilja hins vegar ráða og telja sig eiga að ráða, þ.e. sveitarstjórnarmennina. Mér finnst að menn eigi að vera með þetta á öðrum hvorum vettvanginum til fullnustu eða þá ef hægt er að skapa sameiginlegan vettvang ríkis og sveitarfélaga fyrir málaflokknum. Því hef ég nokkuð velt fyrir mér og tel vel framkvæmanlegt að sveitarfélögin og ríkisvaldið stæðu sameiginlega að þessum málaflokki og með ákveðnum breytingum á þeirri ríkisstofnun sem fyrst og fremst sér um þennan málaflokk. En það er of langt mál að fara út í þær vangaveltur hér, en vandinn í því kerfi sem við höfum núna kemur m.a. fram í frv., að menn ætla að láta sveitarfélögin sjá um að úthluta íbúðunum eftir reglum sem eru ákvarðað miðstýrt og fjármagnið sem á að fylgja er líka ákvarðað miðstýrt. Ég held að menn átti sig á því þegar menn hugsa þetta að þetta verður afar skrýtið í framkvæmd og þessi breyting sem lögð er til er mjög vandræðaleg og leysir ekki úr þeirri sjálfheldu sem stjórnsýsluþáttur málsins er í.

Ég vil svo að lokum, virðulegi forseti, af því að ég sé að tíma mínum er að verða lokið aðeins víkja að fjármálum stofnunarinnar eða öllu heldur því fjármagni sem veitt er í þennan málaflokk. Það hefur verið stefnan á undanförnum árum að veita framkvæmdaheimildir fyrir 500 íbúðir árlega. Nú hefur verið gerð sú breyting að fjárframlag frá ríkissjóði hefur verið skorið verulega niður auk annarra breytinga sem þrengja stöðu sjóðsins sem úthlutar þannig að á þessu ári er ljóst að það verður ekki unnt að úthluta nema um 130–140 framkvæmdaheimildum í stað 500 áður. Og það væri fróðlegt að fá svör ráðherra við því hvað ríkisstjórnin hyggst gera til þess að mæta þessum mikla niðurskurði eða hvort þetta eru í reynd áform ríkisstjórnarinnar að skera svona mikið niður.

[13:00]

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Hér er komið enn eitt frv. til laga um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins og í þetta sinn breyting á lögum um félagslega íbúðakerfið. Það er rétt sem kom fram hjá hv. 5. þm. Vestf. að það er ekki nýlunda hér á Alþingi að það séu lögð fram frv. til breytinga á lögum um húsnæðismál. Það voru margir hv. þm. viðstaddir 75 ára afmæli Hæstaréttar í gær en fyrir þá sem voru þar ekki viðstaddir hefði það áreiðanlega verið fróðlegt því að þar var mjög fróðleg dagskrá þar sem m.a. var komið inn á þá lagasetningarárátту sem löggjafarstofnunin er haldin og var mjög athyglisvert að hlusta á þau erindi því að ég var sammála mörgu sem þar var sagt. Það er trúa margra að það sé öll framvinda undir því komin að brjóta upp lagabálka ítrekað og helst hafa sem minnstan tíma í að ganga frá þeim breytingum. Það er náttúrlega alveg fráleitt að það skuli vera mælt fyrir svo

viðamiklu frv. um húsnæðismál í 1. umr. viku fyrir þinglok eða þegar um það bil vika er eftir og hv. félmn. er ætlað að fara yfir málið á þessum tíma. Eigi að síður vil ég segja það að ég mun ekki skorast undan því að fara yfir þetta frv. og reyna að afgreiða þau atriði sem til bóta horfa því að ástandið er einfaldlega þannig í þessum málaflokki að við það verður ekki unað. Ástandið er einfaldlega þannig að fjöldamargar félagslegar íbúðir standa auðar, seljast ekki, sveitarfélögin í vandræðum með hvað þau eiga að gera við þær og það er vegna þess að fólkið sem á að njóta þessara íbúða, sá hópur sem þessi löggjöf er fyrir, fjárhagsleg afkoma þeirra er þannig að það ræður ekkert við að búa í þessum íbúðum með þeim skilmálum sem gilda. Ég er ekkert viss í því að þetta frv. út af fyrir sig lagi þau mál. Það er miklu víðtækari vandi sem þar er við að etja, það er afkomuvandinn í landinu, láglaunastefnan, atvinnuleysið og slæm afkoma og vanskil sem spila þar inn í. En það er sjálfsagt að vinna í þessu máli og reyna að laga þau atriði sem stendur í okkar valdi að gera.

Ein meginbreytingin í þessu frv. er að færa aukna ábyrgð á þessum málaflokki til sveitarfélaganna en það er rétt sem fram hefur komið að auðvitað er fjármálavaldið og yfirstjórnin enn í höndum Húsnæðisstofnunar þrátt fyrir þessar breytingar. Eigi að síður held ég að það sé rétt stefna að auka ábyrgð sveitarfélaganna á þessum málum. Þau eru nær vettvangi og eiga að hafa aðstöðu til þess að meta aðstæður í þessu efni frekar en þeir sem eru fjarri.

Ég vil í þessu sambandi minna á að við höfum nýlega samþykkt í Alþingi löggjöf um svokölluð reynslusveitarfélög. Mér er ekki kunnugt um hvar samningar um þau mál standa nú og hvaða verkefni sveitarfélögin hafa valið sér sem hafa verið kölluð til þessara samninga. En vissulega í þessari umræðu sem á undan er gengin í sveitarfélögunum um þau málefni voru einmitt félagsleg húsnæðismál eitt af þeim verkefnum sem til umræðu voru að sveitarfélögin mundu velja sér og gera tilraun með að sjá um stjórnsýsluna og úthlutun lána. Ég held að það væri ekki úr vegi að reyna slíkt þó að kannski liggi utan frv. sem hér er til umræðu sú skipan mála. Það hefur því miður verið þannig að félagslegar íbúðabyggingar hafa í mörgum tilfellum verið frekar miðaðar út frá hagsmunum ýmissa byggingarverktaka en þeirra sem eiga að njóta þeirra og það er nauðsyn að þar verði breyting á, að það sé fyrst og fremst reynt að búa þannig um hnútana að láglaunafólk eigi kost á húsnæði sem það getur staðið í skilum með afborganir af, það sé grundvöllurinn. Það hefur því miður ekki verið svo. Það hefur oft verið þannig að þessar íbúðir eru allt of dýrar. Þær eru afhentar fullkláraðar. Það hefur verið lítill eða enginn sveigjanleiki fyrir fólkið sjálft að leggja fram vinnuframlag að klára þessar íbúðir. Þær hafa jafnvel verið afhentar með lóð og dyramottunni og öllu saman. Nú er ég ekki að lasta það í sjálfu sér en þetta kostar mikla fjármuni sem láglaunafólkið ræður ekkert við. Það væri æskilegt að í þessu væri sveigjanleiki en ég sé ekki að þetta frv. í sjálfu sér taki á þessum málum.

Það hefur verið þannig í gegnum tíðina að einstaklingar í landinu lögðu mikið af mörkum í húsbyggingum, lögðu mikið frá sjálfum sér, lögðu fram vinnu og sköpuðu sér þannig aðstöðu, sköpuðu sér þannig eign og verðmæti. Ég held að það megi ekki klippa þennan möguleika frá láglaunafólkinu í landinu eða útiloka þennan möguleika að fólk geti lagað fyrir sér með þessum hætti. En ég sé ekki að það séu ákvæði í þessu frv. sem taka á því.

Ég mun taka þátt í því í félmn. að reyna að fara yfir þetta frv. eftir því sem tími er til en það er teflt auðvitað á mjög tæpt vað með því að mæla svona seint fyrir þessu máli jafnvel þó að inn séu komnar brtt. sem hæstv. félmrh. vill gera á málinu og eru ætlaðar til þess að greiða fyrir framgangi þess. Það er m.a. horfið frá því að húsnæðisnefndirnar séu algerlega á ábyrgð sveitarfélaga heldur á verkalýðshreyfingin þar aðild að áfram. Það er mál sem hefur verið um rætt lengi og mér er alveg kunnugt um það að fulltrúar verkalýðshreyfingarinnar leggja á það mikla áherslu að eiga aðild að húsnæðismálunum. Auðvitað flækir það að vissu leyti stjórnkerfið en ég mæli ekki gegn því út af fyrir sig. Ég veit alveg um hvernig andrúmsloftið er í þessu efni og ég mun ekki mæla gegn því að verkalýðshreyfingin hafi þessa fulltrúa inni. Hins vegar vil ég undirstrika það og það er tækifæri til þess í gegnum reynslusveitarfélögin ef það eru einhver sveitarfélög tilbúin til þess að reyna nýja skipan í þessum efnum. Ég held að það sé mál sem ætti að skoða.

Það kann að vera eins og hv. síðasti ræðumaður kom inn á að frv. sé svona seint á ferðinni vegna þess að það hafi verið ósamkomulag um málið í stjórnarflokkunum. Það finnst mér ekki ótrúlegt. Það er fremur regla en undantekning að málin séu þæfð í þessari ríkisstjórn fram á síðustu stundu, þangað til allt er komið í eindaga. Mér þykir það afar líklegt að þessi dráttur málsins sé af þeim sökum og auðvitað er hann af þeim sökum. Það vita allir að ríkisstjórnin hefur verið meira og minna óstarfhæf allt síðasta ár fyrir innbyrðis sundurlyndi og tíð mannaskipti í félmrn. Þaðan hafa menn flúið unnvörpum og, eins og stendur í Alþýðublaðinu í morgun, enda kannski sem pólitískir flakkarar í Reykjavík. Ég á ekki við núv. hæstv. félmrh. í því efni og ég veit um góðan vilja hennar til að reyna að koma þessu máli fram en auðvitað eru þessi vinnubrögð algerlega forkastanleg. En þetta er ekkert nýtt eins og ég segi fyrir þessa ríkisstjórn. Þetta er fremur regla heldur en undantekning. Við í stjórnarandstöðunni vinnum á ábyrgan hátt eins og áður og ég er alveg tilbúinn til þess að leggja einhverja vinnu af mörkum í næstu viku til þess að reyna að koma viti í þetta mál. En góð vinnubrögð eru þetta ekki eða til eftirbreytni að leggja fram þessa miklu lagabálka um afar flókið mál og ætla Alþingi að klára málið á einni viku þegar stjórnarflokkarnir eru búnir að þæfa þetta á milli sín í fleiri mánuði. Ég mótmæli harðlega þessum vinnubrögðum þó að ég efist ekkert um vilja hæstv. félmrh. til að koma þessu fram. En þetta eru forkastanlegir stjórnarhættir sem því miður eru ekkert einsdæmi núna undir þessari ríkisstjórn sem við erum von-

andi að losna við innan fárra vikna. Og ég hlakka til þess.

[13:14]

Félagsmálaráðherra (Rannveig Guðmundsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég geri mér fyllilega grein fyrir því og lagði áherslu á það í inngangi minnar ræðu að vissulega væri þetta mál seint fram komið og ég hefði kosið að þetta væri á annan hátt. Ég er þess meðvituð að það er teflt á tæpasta vað með að þetta mál nái fram að ganga en ég vil geta þess að málinu var skilað mjög seint í frumvarpsformi til mín. Það náðist til ríkisstjórnar rétt fyrir jól og ég lagði mikla áherslu á að frv. kæmi fram til þess að það væri sýnilegt og möguleiki á að fá sátt um málið frá öllum þeim aðilum öðrum en hv. Alþingi sem hafa skoðun á þessu máli og hafa um það að segja hvernig húsnæðismálunum er skipað hjá okkur. Síðan er það svo að hæstv. fjmrh. var í burtu mun lengur en ég hafði vitað um en við hann þurfti ég að sjálfsögðu að eiga viðræður um margt í þessu frv. sem vissulega felur í sér meiri útgjöld en áður, alla vega felur það í sér breytingar sem geta kallað á meiri útgjöld. Hins vegar er það svo að það eru mörg mál sem hafa þurft að komast að eftir að frá þessum málum var gengið af minni hálfu. Mér finnst það mjög miður að hafa ekki komist að fyrr með þetta mál en ég vona að það takist sátt um að afgreiða eins mikið og menn treysta sér til af þessu máli. Ég held að það liggi það ljóst fyrir og um það sé það mikil sátt hjá öllum þeim sem félmn. venjulega ræðir við um frv. þessarar gerðar að það eigi að vera nokkuð auðvelt og fljótlegt fyrir félmn. að átta sig á hvar ágreiningur liggur og hverju félmn. kýs að sleppa úr frv.

[13:16]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tók það reyndar fram í minni ræðu að ég efast ekkert um vilja hæstv. félmrh. til að koma þessu máli fram enda kom það fram í andsvari ráðherrans að hún hefur verið að vinna í málinu síðan hún fékk það í hendur. En það varð seint. Það staðfestir það sem ég var að segja, verkleysi ríkisstjórnarinnar að koma ekki þessu máli frá sér á síðasta ári. Ég var ekkert að ásaka hæstv. núv. félmrh. fyrir það að hún hefði ráðið ferðinni í þessu máli. Það er á ábyrgð ríkisstjórnarinnar en ekki hæstv. félmrh., sem er búin að vera í embætti síðan rétt fyrir áramót, hvernig þessi mál eru komin.

Ég lýsi ábyrgð á hendur ríkisstjórnarinnar fyrir þessi vinnubrögð og önnur vinnubrögð og auðvitað forsrh. sem ræður þessu og er verkstjóri ríkisstjórnarinnar (**Gripið fram í:** Hvar er hann?) og hefur látið þessi vinnubrögð viðgangast í hverju málinu á eftir öðru, mánuð eftir mánuð, þar sem hver höndin hefur verið upp á móti annarri. Það hefur reyndar ekkert komið fram í þessari umræðu enn þá hvort Sjálfstfl. er sammála þessu máli en hins vegar sé ég að hv. 3. þm. Vestf. var við umræðuna og tekur vafalaust til máls á eftir og lýsir þá yfir afstöðu síns flokks til málsins. En hæstv. félmrh. er búin að lýsa því yfir að hún sé búin að sætta öll öfl í þjóðfélaginu nema þingið við málið og þá sjáum við hverju fram vindur.

[13:19]

Félagsmálaráðherra (Rannveig Guðmundsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ekki ætla ég að halda því fram að slík kraftaverkakona sé ég að ég sé búin að sætta öll öfl í þjóðfélaginu en einhver þeirra hef ég verið að fást við. Hins vegar kem ég hér til að lýsa því yfir að það er alveg fráleitt að áfellast forsrh. fyrir þetta mál sem ég er að mæla fyrir í dag, hvort sem í því felst handvömm eða seinagangur. Sé það svo þá er það mínu ráðuneyti um að kenna og engu öðru og ekki hægt að búast við því að forsrh. sé að fylgja því eftir hvað líði störfum nefndar í félmrn.

Það má ekki gleyma því að slíkar breytingar sem þessar verða til við það að það er skipuð nefnd í málið og slík nefnd starfar og skilar skýrslu. Þegar þeirri skýrslu hefur verið skilað fer ríkisstjórnin yfir málið og fellst á að frv. komi. Það gekk mjög skjótt fyrir sig frá því að skýrslan kom, frumvarpssmíðin sem slík gekk skjótt fyrir sig en skýrslan var bara ekki komin fyrr en það seint á haustdögum að þó vel væri haldið á spilum þá náðist ekki að leggja þetta mál fram fyrr en laust fyrir áramót. Það verður því að ásaka einhverja aðra um það og þótt það sé kannski ekki eitthvað sem ég þarf að vera að hafa áhyggjur af að hv. þm. áfellist forsrh. þá kem ég hins vegar í þessu máli á fullu til varnar honum.

[13:20]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ræða mín fjallaði um verkstjórn almennt í ríkisstjórninni. Ég sé að hæstv. félmrh. vill tala hlýlega um hæstv. forsrh. núna á síðustu vikum fyrir kosningar og getur það kannski bent til að hæstv. félmrh. hafi von um að það gangi saman með þessum aðilum aftur eftir kosningar en ég vona að það verði ekki afl til þess þegar fólkið hefur sagt sitt og vona að það verði einhverjir aðrir sem halda um þennan stjórnvöl styrkari hendi þegar kosið hefur verið 8. apríl.

[13:21]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Það frv. sem við ræðum er ekki hið fyrsta sinnar tegundar sem fjallar um húsnæðismál eða málefni félagslegs íbúðarhúsnæðis heldur hafa þessi mál dúkkað upp nokkuð reglubundið ár eftir ár vegna þess að menn hafa einfaldlega staðið frammi fyrir nýjum verkefnum og nýjum aðstæðum. Það frv. sem litið hefur dagsins ljós og er til umræðu er ekkert frábrugðið að því leytinu að það hefur tekið býsna langan tíma að vinna að því einfaldlega vegna þess að hagsmunirnir eru býsna stríðir í málinu og mjög mörg álitaefni sem koma upp. Það kom í ljós við undirbúning þessa frv. að ýmislegt af því sem menn höfðu kannski ekki séð fyrir þegar farið var af stað í upphafi kom upp á yfirborðið og menn urðu að taka á því með ýmsum hætti.

Ég hef tekið eftir því stundum í umræðum að hv. stjórnarandstæðingar láta í ljósi mikinn söknuð yfir fjarvistum einstakra ráðherra. Ég verð að vísu að játa

það að svona söknuður hefur aldrei gripið mig neitt sérstaklega. En vegna þess að við erum að ræða um þetta húsnæðisfrv., sem er mikið að vöxtum og á sér aðdraganda allt til ársins 1992, vekja athygli á því að hv. 12. þm. Reykv., félmrh. til margra ára, er fjarstödd og hefði mörgum held ég þótt nokkuð kyn að hv. þm. léti það henda sig að vera fjarstödd þegar við erum að ræða annað eins mál og þetta, mál sem lýtur að endurskoðun sjálfs húsnæðiskerfisins og eins veigamesta þáttar þess, þ.e. hins félagslega þáttar húsnæðiskerfisins sem hv. þm. hefur borið mjög fyrir brjósti. Ég geri ekki lítið úr hlut hv. þm. í því máli, síst af öllu meðan hún var félmrh. En það vekur óneitanlega athygli, skapar að vísu engan sérstakan söknuð, að hv. þm. er fjarstödd og ég tel ástæðu til að vekja athygli á því.

Ég vil segja varðandi þetta mál annars almennt að það hefur verið býsna lengi í undirbúningi. Það var kallað eftir áliti fjölda fólks sem starfar að þessum málum, m.a. í húsnæðisnefndum, vítt og breitt um landið. Sérstök nefnd fór um og hlustaði á þau sjónarmið sem uppi voru. Það var kallað eftir áliti fólks á ráðstefnum um þessi mál og þar fram eftir götunum. Síðan var farið til þess verks að reyna að moða úr þessu og vinna heillegt frv. Ég get vel fallist á að þetta mál hefur tekið býsna langan tíma einfaldlega vegna þess að þetta er flókið mál, viðkvæmt og flókið, og grípur inn á marga þætti. Það eru mjög mörg álitamál uppi í þessu sambandi.

Ég vil áður en ég vík að efnislegri umfjöllun minni um frv. segja að ég hlýddi á hæstv. félmrh. kynna tilteknar breytingar sem hæstv. ráðherra vildi gera á þessu frv. Ég mun ekki leggjast gegn þeim breytingum ef þær gætu orðið til að greiða fyrir framgangi málsins sem ég held að standi mjög til bóta. Ég vil hins vegar að það komi mjög skýrt fram að ég held að það bæti síst af öllu lagasetninguna sú hugmynd að taka út það ákvæði frv. þar sem kveðið er á um skipan húsnæðisnefnda. Ég held að það sé miklu eðlilegra það form sem gert er ráð fyrir í frv. sjálfu, þ.e. að húsnæðisnefndirnar séu kosnar af sveitarstjórnunum eingöngu vegna þess að það er hinn rauði þráður þessa frv. að auka völd og áhrif sveitarfélaganna og um leið ábyrgð þeirra. Það er auðvitað rétt sem hv. 5. þm. Vestf. sagði að þetta er dálítið vandamál vegna þess að ríkið annast í fyrsta lagi fjármögnunina. Síðan er gert ráð fyrir því að sveitarstjórnin beri ábyrgð á framkvæmdinni og þess vegna finnst mér það vera til hins verra þegar þriðji angi þessa máls er gerður þannig að gert er ráð fyrir því að meiri hluti sveitarstjórna sem samt sem áður á að bera ábyrgð á málinu sé kominn í minni hluta húsnæðisnefndarinnar. Það var einfaldlega það sem bjó að baki þegar við undirbjuggum þetta frv. í nefndinni sem ég sat í. Okkar hugsun var sú að segja sem svo: Það má segja að annars vegar er um það að ræða að fjármagnið komi frá ríkinu en að ábyrgðin sé klárlega á hendi þeirrar sveitarstjórnar sem situr og menn geti ekki í meiri hluta sveitarstjórnar sagt sem svo: Við tókum ekki þessa ákvörðun, ákvörðunin var húsnæðisnefndar sem við höfðum ekki fullt vald á.

Ég ætla hins vegar ekki að gera stóran ágreining um þetta mál en vildi að það kæmi fram strax við þessa umræðu að ég tel að þessi breyting sé ekki til bóta og sé alls ekki sjálfsögð eins og kannski er verið að tala um en þetta er ekki meginatriði málsins.

Ég nefndi það að í þeirri vinnu sem átti sér stað við undirbúning frv. hefðu komið upp ýmis vandamál sem menn sáu kannski ekki fyrir í upphafi. Það sem ég hafði ekki hvað síst í huga var það vandamál sem við höfum verið að kynnast, ekki síst þingmenn víða af landsbyggðinni, sem lýtur að því að fjölmörg hús og íbúðir á vegum hins félagslega íbúðakerfis standa nú skyndilega auð. Ég segi skyndilega en auðvitað væri réttara að segja að þetta hefur verið þróunin, þetta hefur verið að gerast á undanförnum árum. Það er ekki þannig að ein ástæða sé fyrir þessu. Þetta gerðist á ákveðnum tíma og á sér ýmsar skýringar, breyttir atvinnuhættir, minni aflaheimildir, færra fólk, minni yfirvinna, minni tekjumöguleikar og enn fremur ýmsar aðstæður í hinu félagslega kerfi, hækkandi vextir að einhverju leyti og fyrningarreglur o.s.frv. Stærstu máli skiptir þó ábyggilega í þessu sambandi að atvinnuástand hefur verið í ýmsum tilvikum ótryggara og tekjurnar minni. Þetta er ekkert sem hefur gerst á einu, tveimur eða þremur árum, þetta er hlutur sem hefur þróast yfir ákveðinn tíma. Við sem þekkjum til á landsbyggðinni vitum að það hefur orðið vaxandi verðbil á milli annars vegar hins félagslega íbúðarhúsnæðis sem hefur verið verðlagt eftir tiltekinni reglu, að mestu án tillits til markaðsaðstæðna, og hins vegar íbúðarhúsnæðis sem er verðlagt eingöngu á hinum almenna markaði, á markaðsverði. Þar hefur komið að gagnstætt því sem manni sýndist í upphafi að menn væru að flýja hinn almenna markað inn í skjól félagslega íbúðarhúsnæðisins, eins og mér fannst málið standa fyrir svona fjórum árum, þá hefur það verið að gerast núna að menn hafa verið að flýja hið félagslega íbúðarhúsnæði, einmitt tekjulægra fólkið sem þetta húsnæði er þó ætlað fyrir. Einmitt það fólk hefur verið að flýja félagslega íbúðarhúsnæðið inn á hinn almenna markað og eftir stendur félagslega húsnæðið autt og yfirgefið á kostnað og ábyrgð sveitarfélagsins.

Ég hygg að flestir þingmenn úr kjördæmum landsbyggðarinnar a.m.k. kannist við þetta vandamál. Þetta er misalvarlegt vandamál. Ég vek t.d. athygli á því að sveitarfélagið Stöðvarfjörður sendi okkur í fjárln. Alþingis minnisblað þar sem þetta var dregið fram. Mjög mörg dæmi um þetta þekkjast einmitt í mínu kjördæmi á Vestfjörðum þó misalvarleg séu að sjálfsögðu.

Þetta mál var mjög mikið til umræðu á seinni stigum nefndarvinnunnar sem miðaði að því að undirbúa þetta frv. Það er þannig og verður bara að játast, og ég held að það sé ekki rétt að vera með neina sýndarmennsku í þeim efnum, að þetta mál er ekkert auðvelt viðfangs. Það eru engar einfaldar töfra- eða patentlausnir á þessu máli frekar en flestum öðrum. Menn eiga bara að átta sig á því og viðurkenna að það er ekkert einfalt að leysa þetta mál. Þegar það gerist að markaðsverð íbúðarhúsnæðis úti á landi er innan við helming af brunabótamati og jafnvel dæmi um lægri

tölur en hið félagslega íbúðarhúsnæði er verðlagt á eitthvað nálægt brunabótamati mínus fyrningu þá verður auðvitað þarna gríðarlegt verðbil.

Menn geta auðvitað spurt: Hver á að vera ábyrgur? Menn geta sagt að það eigi að vera íbúarnir en það er óréttlátt vegna þess að þeir fara inn í þetta kerfi, gangast undir tiltekna skilmála þar sem alls ekki er gert ráð fyrir því að þeir beri þessa ábyrgð. Það má segja að það séu sveitarfélögin og það má segja að það sé kannski Húsnæðisstofnun eða Byggingarsjóður verkamanna en ég held að það sé mjög erfitt að alhæfa um það að einhver einn þessara aðila beri þessa ábyrgð einn og sér. Það eru að vísu sveitarfélögin sem taka þessar ákvarðanir að lokum um byggingu eða kaup á húsnæðinu en aðstæðurnar hafa verið að breytast af mörgum ástæðum eins og ég var að rekja hérna áðan. Sú niðurstaða sem hér var fengin, og getur að líta í 92. og 93. gr. á bls. 11 í frv., var það sem mönnum þótti skásta lendingin, eins og það er stundum orðað og var fengin m.a. eftir að hafa rætt mjög ítarlega við sveitarstjórnarmenn úti um landið og fulltrúa Sambands ísl. sveitarfélaga sem út af fyrir sig ber ekki ábyrgð á þessari niðurstöðu en sem hafa hins vegar sagt að hún sé athyglisverð og skynsamleg og miði að því að leysa þessi mál.

Þar er í fyrsta lagi gert ráð fyrir því að í þeim tilvikum sem ég lýsti sé húsnæðismálastjórn heimilt að veita framkvæmdaraðila, þ.e. sveitarfélaginu, lán eða öðrum aðilum sem líkt er á komið, sem nemi söluverði íbúðanna og lánskjör séu þau sömu og gilda um lán til leiguíbúða og miðast lánveiting við innlausnardag.

Hér er verið að miða við það að þegar það ástand hafi ríkt í hálft ár, sex mánuði, að sveitarfélögin geti ekki selt húsnæðið þá sé heimilt að veita þeim sérstakt nýtt lán á vægari kjörum miðað við innlausnardag þannig að hægt sé að setja íbúðirnar í leigu og hafa af þeim einhverjar tekjur til þess að standa undir þessari fjármögnun á þessum lánskjörum sem þarna er verið að lýsa. Þetta má segja að sé í fyrsta lagi hugmyndin til þess að skapa tiltekið skjól. Ef það er ljóst að þessar íbúðir eru óseljanlegar í þessu félagslega kerfi þá er opnað á heimild sem að vísu er, og ég viðurkenni það fyrstur manna, ákaflega þröng. En að mínu mati er þó verið að viðurkenna og innleiða tiltekið prinsipp sem er það að sveitarfélaginu er í þessu tilviki heimilað að opna á sölu á þessum húsum úti á markaði. Ég er hins vegar alveg með á því að þetta ákvæði verður lítið notað einfaldlega vegna þess að þegar menn eru komnir í þessa nauðvörn þá þýðir sá kostur að selja húsnæðið út á hinn almenna markað þar sem markaðsverðið er lágt í þessum tilvikum að það þarf að afskrifa þennan mun. Við erum því að tala um afar þröng tilvik, tilvik sem þarf hins vegar að mínu mati að vera lagaleg heimild til þess að nota við ýtrustu aðstæður.

Virðulegi forseti. Ég hefði auðvitað getað farið yfir ýmis önnur nýmæli í frv., svo sem þau að hér er verið að breyta reglum um fyrningu, hér er verið að breyta lánaflokkum og hér er verið að gera breytingar á vaxtakjörum o.s.frv. En það læt ég liggja á milli hluta við 1. umr. Þetta mál fær meðhöndlun og afgreiðslu í félmn. þingsins þar sem ég á sæti og fæ þar tækifæri til að ræða það frekar en ég tel að í meginatriðum sé þetta mál til bóta og tekið á ýmsum álitamálum og áleitnum vandamálum sem uppi hafa verið. Auðvitað er ekkert fullkomið í þeim efnum en ég er sannfærður um það að samþykkt frv. í þessum anda yrði mjög til bóta fyrir það fók sem er notendur í hinu félagslega íbúðarhúsnæði sem er svo mikilvægt fyrir fjölda fólks í okkar landi.

[13:36]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Þetta frv. sem hér er verið að fjalla um er hluti af miklum lagabálki. Húsnæðislöggin eru geysilega stór lagabálkur og hér eru þó nokkuð viðamiklar breytingar á honum.

Ég vil samt byrja á því að lýsa yfir ánægju minni með það að frv. skuli hafa komið inn í þingið þó seint sé og ég vona svo sannarlega að það takist að afgreiða frv., alla vega einhverjar greinar þess eins og hæstv. félmrh. hefur lýst yfir.

Ég vildi spyrja, hæstv. forseti, hvort ráðherrann muni ekki koma fljótlega í salinn þar sem ég hef hug á að spyrja hana nokkurra spurninga en hyggst ekki lengja mál mitt neitt mikið við þessa umræðu.

(**Forseti** (StB): Forseti mun gera ráðstafanir til þess að hæstv. ráðherra komi í salinn.)

Ég mundi þá gjarnan vilja fara yfir þessi nokkur atriði sem ég var að nefna. Er það fyrst að fyrir utan það að vera ánægð með þetta, mér sýnist að það sé góður punktur að húsnæðisnefndirnar fái aukið vald, mundi ég vilja spyrja hæstv. ráðherra hvort hún telji að í frv. sé verulega tekið á þeim vanda sem skapast hefur mjög víða þar sem kaupleiguíbúðir standa auðar og einnig er þetta að gerast í hinu almenna félagslega kerfi. Mjög víða úti um landið hafa sveitarfélög ekki getað selt sínar íbúðir. Þetta á kannski fyrst og fremst við um kaupleiguíbúðirnar en ég vildi þó gjarnan fá nánari skýringar á því hvort verulega er tekið á þessum málum. Það má vel vera að hæstv. ráðherra hafi skýrt þetta nægilega vel í morgun en því miður höfum við þingmenn mjög mikið að gera þessa dagana og þurfum að hlaupa á hina og þessa nefndafundi, jafnvel á meðan verið er að ræða málin í þinginu. Ég vildi gjarnan að það kæmi fram aftur ef það hefur gerst í morgun að gefin var nánari skýring á því hvernig á að taka á þessum málum og hvort það er komið verulega til móts við þau sjónarmið að það þurfi í þessum brtt.

Hér er tekið á því að vegna þess að í lögunum í dag er heimilt að hækka vexti á lánum vegna þessara verkamannabústaða hafi tekjur hækkað umfram tekjumörkin. Hér er hins vegar tekið á því að þetta verði ekki svona ríkbundið heldur lögð áhersla á að ákveðin breyting á vöxtum feli í sér að vextir geti bæði hækkað og lækkað eftir aðstæðum fólks. Þá vil ég minna á það að við kvennalistakonur höfum einmitt lagt það til með sérstöku frv. um breytingu á húsnæðislögum að tekið sé tillit til þess að vextir geti bæði hækkað og lækkað. Mér sýnist að þarna eigi að koma

til móts við þetta. En þetta hefur verið mjög umdeilt atriði og hugsanlega er mjög erfitt að eiga við þetta á einu ári og er kannski spurning hvort ekki væri betra að það væru bara föst vaxtakjör heldur en að vera að hlaupa með þetta sitt á hvað eftir tekjum. Þetta getur orðið mjög erfitt í framkvæmd.

Hér er tekið einnig á því að rýmka ákvæði laganna um lán til bílskýla sem hefur verið mjög gagnrýnt á síðustu árum, þ.e. að ekki sé leyfilegt að lán taki til kostnaðar vegna bílskýlis. Í frv. eru þau lög rýmkuð þannig að, eins og ég sagði í upphafi, er mjög margt í þessu frv. sem er til bóta og er að lagfæra núgildandi lög.

Ég vildi spyrja nánar um kaupleiguíbúðirnir og einnig það að í athugasemdum stendur að ef íbúðir standi auðar þó þær henti sem félagslegar íbúðir þá verður húsnæðismálastjórn heimilt að veita framkvæmdaraðila lán sem nemi söluverði íbúða og það verði jafnvel heimilað að selja félagslegar íbúðir á almennum markaði. Ég vildi spyrja hæstv. ráðherra að því hvort það hafi verið eitthvað kannað hvernig þetta er í framkvæmd. Þessar íbúðir eru í dag margar hverjar svo dýrar að það er spurning hvort virkilega er hægt að selja þær á almennum markaði jafnvel þó svo að lögin mundu heimila það að félagslegar íbúðir verði seldar á almennum markaði. Við hliðina á þeim eru íbúðir sem eru miklu ódýrari ef markaðsverð er ráðandi. Í sumum byggðarkjörnum úti á landi getur verið miklu ódýrara að kaupa húsnæði á hinum almenna markaði og þá verða þessar íbúðir ekki heldur samkeppnisfærar. Þá sé ég ekki hvort það leysir það vandamál að íbúðirnar standi auðar og enginn vilji leigja þær og enginn vilji kaupa þær.

Hér er verið að taka á þessum fyrningarreglum sem breytt var fyrir nokkrum árum þegar fyrningarnar voru hækkaðar í 1,5%, held ég að það hafi verið, en núna verða þær 1% aftur eins og þær voru fyrir breytingu. Það tel ég vera mjög til bóta því þetta var bara dulin vaxtahækkun og var engum til hagsbóta nema auðvitað lækkaði þetta verðið eitthvað á íbúðunum en þetta var ekki þeim til hagsbóta sem voru að kaupa íbúðirnar því þeir gátu ekki reiknað sér þessa fyrningarprósentu inn í vaxtakostnaðinn eða fengið hann neitt metinn á þann hátt.

Ég vildi einnig spyrja hvað sé átt við í þessu frv. með því að það sé sveigjanlegra fyrirkomulag. Hvort það er sveigjanlegra fyrirkomulag í þessu þannig að það megi búast við að þau vandamál sem eru uppi núna í þessu kerfi, sem hefur oft verið rígbundið, leysist með þessu frv. Það má segja að það sé nokkuð skondið að hér er talað um að það séu mjög mismunandi aðstæður í sveitarfélögum, sem er vissulega alveg rétt, og það kalli á sveigjanleika til þess að kerfið geti þjónað einstaklingum í ólíkum sveitarfélögum sem best.

Mér dettur í hug í sambandi við það að ég held að þetta sé eitt af því sem verið er að gagnrýna í sambandi við skólamálafrv. sem er til umræðu þessa daga í þinginu að þar er verið að setja alla grunnskóla undir einn hatt því að það eiga að vera nákvæmlega eins sveitarfélög sem geta staðið að rekstri þeirra. Mismunandi aðstæður í sveitarfélögum kalla auðvitað á að ekki er hægt að færa skólann einhliða til sveitarfélaganna því að margt þarf að athuga í því sambandi. Hæstv. félmrh. virðist vera sér meðvitaðri með þessu frv. um að mjög mismunandi aðstæður séu í sveitarfélögunum sem kalli á sveigjanleika í sambandi við þessi húsnæðismál og mætti það þá verða öðrum til eftirbreytni.

Virðulegi forseti. Eins og ég sagði í upphafi vona ég svo sannarlega að það sem er til bóta í frv., og það held ég að sé mjög margt, verði til þess að menn nái samkomulagi um að afgreiða málið þó að það sé seint fram komið og eitt enn til viðbótar vildi ég spyrja hæstv. ráðherra um. Hér er talað um að hægt verði að lána meira en verið hefur til endurbóta á félagslegu húsnæði. Þetta eru atriði sem hafa verið að koma inn hin síðari ár að það hefur verið erfitt að fá framkvæmdalán til endurbóta á félagslegum íbúðum og ég þekki dæmi um að fólk í blokk hefur þurft að taka í hinu almenna bankakerfi lán, kannski til þriggja ára eða svo, til þess að fara út í nokkurra millj. kr. viðhald utan húss og þarf síðan að taka það að sér og greiða það mánaðarlega í viðbót við þær föstu mánaðarlegu greiðslur sem kerfið býður upp á. Verður þetta að einhverju leyti afturvirkt, þ.e. getur það fólk, sem hefur kannski á síðasta ári staðið í verulegum endurbótum utan húss og orðið að taka til þess bankalán sem þarf að greiða upp á stuttum tíma, er hugsanlegt að það fólk geti komist inn í þennan lánaflokk eða hvernig er það hugsað í framkvæmd?

Að öðru leyti, virðulegi forseti, held ég að ég hafi komið þeim aðalathugasemdum á framfæri sem ég vildi gjarnan spyrja um og ég hef þá tækifæri til þess að koma hér aftur upp síðar ef svo ber undir.

[13:48]

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Þegar frv. til laga um Húsnæðisstofnun ríkisins kemur til umfjöllunar á Alþingi er auðvitað ekki hægt annað en taka smátíma í að ræða örlítið almennt um húsnæðismálin. Það langar mig til að gera og um leið að gera grein fyrir áherslum okkar framsóknarmanna í þeim efnum. Ekki er nokkur einasti vafi og því verður reyndar ekki á móti mælt að það ástand sem er núna í húsnæðismálum landsmanna er grafalvarlegt. Þess vegna kemur dálítið á óvart að fyrrv. hæstv. félmrh., núv. hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, formaður Þjóðvaka, hreyfingar fólksins, skuli ekki vera viðstödd þá umræðu sem fer fram því að sá hv. þm. er kannski sá aðili sem mesta ábyrgð ber á undangengnum sjö árum á því húsnæðiskerfi sem búið er að byggja upp í landinu. En auðvitað bera þeir stjórnmálaflokkar sem hafa verið í ríkisstjórn á hverjum tíma með Alþfl. ábyrgð líka og á þeim áherslum er þáv. hæstv. félmrh. vildi leggja í húsnæðismálum.

Ástandið hjá fólki í landinu er hrikalegt um þessar mundir í húsnæðismálunum. Neyðarástand er að skapast á þúsundum heimila vítt og breitt um landið og það neyðarástand birtist í göllum húsbréfakerfisins, styttri lánstíma, hærri vöxtum og þar af leiðandi stóraukinni greiðslubyrði.

Í öðru lagi birtist þetta í þeirri stefnu er ríkisstjórn Alþfl. og Sjálfstfl. rekur almennt í efnahags- og atvinnumálum. Nefna má atvinnuleysi, hærri vexti, hærri skatta, lækkun á barnabótum, hækkun á þjónustugjöldum í heilbrigðisþjónustunni og hækkun á þjónustugjöldum í menntamálum. Þetta hefur orðið til þess að heimilin hafa orðið fyrir meiri útgjöldum heldur en áður. Þetta hefur orðið til þess að þær greiðsluáætlanir sem Húsnæðisstofnun ríkisins og bankarnir lögðu upp með fyrir þessa einstaklinga hafa farið úr skorðum og nú er svo komið að neyðarástand blasir við.

Hæstv. ríkisstjórn hefur allt síðan árið 1992 sagt á hverju þingi og þá yfirleit með hæstv. félmrh., hver svo sem hann er hverju sinni, í broddi fylkingar að nú ætti að taka á greiðsluerfiðleikum þessara einstaklinga, það ætti að gera það alveg eftir ákveðnum leiðum. Einstakir hv. þm. Alþfl. hafa flutt till. til þál. á Alþingi um að koma upp greiðsluaðlögun í húsnæðiskerfinu. Þegar sú tillaga kom til atkvæða í þingsal treystu hv. þm. Alþfl. sér ekki til að standa við eigin tillögu þannig að ekki var tekið á þeim málum á þeim tíma. Hæstv. núv. félmrh. hefur ítrekað lýst því yfir hvort sem það er í fyrirspurnatímum eða í umræðum utan dagskrár í þinginu að það stæði til og frv. væri væntanlegt frá hæstv. ríkisstjórn um greiðsluaðlögun. Ekkert af þessum aðgerðum hefur litið dagsins ljós.

Nú er ekki nema vika eftir af þingtímanum og ekkert bólar enn á frv. ríkisstjórnarinnar um greiðsluaðlögun. Ekkert bólar á aðgerðum af hálfu ríkisstjórnarinnar til að koma til móts við þá einstaklinga sem búa við alvarlega og viðvarandi greiðsluerfiðleika. Því höfum við þingmenn Framsfl. flutt inn á Alþingi frv. til laga um greiðsluaðlögun og því vil ég spyrja núv. hæstv. félmrh. sem ég trúi að hafi kynnt sér þetta frv.: Er hæstv. félmrh. tilbúinn til þess að beita sér fyrir því og til að standa við yfirlýsingarnar um að eitthvað sé að gerast, að þetta frv. fái sömu meðferð og sama hraða í gegnum hv. Alþingi og það frv. sem hæstv. félmrh. hefur mælt fyrir um Húsnæðisstofnun ríkisins? Ef hæstv. félmrh. er ekki tilbúin til að beita sér fyrir slíku og ef ríkisstjórnin er ekki tilbúin til að beita sér fyrir því að frv. um greiðsluaðlögun verði lögfest er auðvitað ekkert og hefur ekkert verið að marka yfirlýsingar einstakra ráðherra og ríkisstjórnarinnar í heild um að það eigi að taka á þeim greiðsluerfiðleikum sem einstaklingar eru í.

Það er hins vegar þannig að frv. sem við framsóknarmenn höfum flutt um greiðsluaðlögun tekur ekki á þeim heildarvanda sem er við að fást í skuldastöðu heimilanna. Frv. tekur einvörðungu á þeim hluta þeirra einstaklinga sem búa við langvarandi og viðvarandi greiðsluerfiðleika, þeirra einstaklinga sem hafa í raun og veru misst stjórn á eigin fjármálum og kannski blasir ekkert annað við en gjaldþrot. En hvað þýðir gjaldþrot? Það þýðir tap fyrir þá sem hafa lánað, það þýðir tap fyrir þá sem skulda og það þýðir tap fyrir þjóðfélagið í heild vegna þess að stærstur hluti þessa fólks mun þurfa eftir slíka aðgerð á að halda aðstoð frá Félagsmálastofnun. Því gerir frv. okkar framsóknarmanna ráð fyrir því að þeir einstaklingar sem eru í langvarandi og viðvarandi greiðsluerfiðleikum fari og fái mjög svipaða meðferð og lögaðilar, fyrirtæki fá í nauðasamningum. Í raun og veru sé verið að gera með skipulögðum hætti nauðasamninga við þetta fólk sem á við þessa miklu erfiðleika að stríða.

Það hlýtur að vera hægt að taka eins á málum einstaklinga og tekið er á málum fyrirtækjanna því tilgangurinn er sá að lágmarka tap allra, lánardrottnanna, skuldarans og samfélagsins í heild. En það þarf meira til að koma heldur en bara greiðsluaðlögun því staðreyndin er sú að stór hópur fólks sem féll alls ekki undir greiðsluaðlögunina en er í skilum með öll mál sín hefur orðið fyrir þessari miklu kjaraskerðingu sem ríkisstjórnin hefur beitt sér fyrir: Skattahækkunum Sjálfstfl. En Sjálfstfl. lofaði fyrir kosningarnar 1991 að tekjuskatturinn færi niður í 35% en hann er núna kominn upp í tæp 42%. Lækkun skattleysismarkanna niður í tæp 60 þús. kr. sem Alþfl. lofaði fyrir kosningarnar 1991 að yrðu 80 þús. kr. Tæplega þriggja milljarða kr. auknar álögur í heilbrigðisþjónustunni undir forustu Alþfl., sjálfsagt hátt í þá upphæð í menntamálunum undir forustu Sjálfstfl. og þannig mætti lengi telja. Lækkunina á vaxtabótunum, lækkunina á barnabótunum. Þegar þetta er allt dregið saman sér auðvitað hver maður að þeir einstaklingar sem gerðu greiðsluáætlanir við allt aðrar aðstæður eru að verða fyrir gríðarlegri kjaraskerðingu. En það er að rembast við og hver einasta króna hjá þessu fólki fer í að reyna að standa í skilum með allt sitt en það er í raun að missa stjórn á fjármálum sínum. Þess vegna þurfa að koma til mjög víðtækar skuldbreytingar fyrir þennan hóp og fyrsta aðgerð í þeim efnum er að mati okkar framsóknarmanna að lengja húsbréfin úr 25 árum í 40 ár. Ég býst við að hæstv. félmrh. muni segja að það sé ekki hægt og þá á ég við: Lánin, sem fólkið er með núna, kosta fjármuni. Það mun skapa ákveðið bil í greiðsluflæði húsbréfadeildarinnar í Húsnæðisstofnun. En fjármögnunina á þeim mismun sem þar verður á inn- og útgreiðslum verður stofnunin að fjármagna með útgáfu bréfa sem stofnunin verður að selja á markaði.

Húsbréfakerfið hefur sannað okkur að það er vitavonlaust að halda því lengur áfram. Það er búið að lána út 60 milljarða kr. í húsbréfakerfinu. 12 milljarðar af þessum 60 hafa farið í afföll. Einstaklingarnir, sem verða að greiða, eru ekki að greiða 5 eða 6% vexti. Sumir hverjir, sem þurftu að selja sín bréf með 25% afföllum eins og var lengst af þeim tíma sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir var félmrh., eru núna að greiða 10–11% raunvexti og munu gera það næstu 25 árin. Þetta kerfi gengur ekki upp.

Við viljum fara þá leið að flytja almenna húsnæðislánakerfið frá Húsnæðisstofnun ríkisins og til bankakerfisins. Þar verði sérstakur lánaflokkur sem gert sé ráð fyrir að þeir sem eru að byggja eða kaupa íbúðir geti fengið lán til 35–40 ára með sömu vöxtum og eru á ríkisskuldabréfum hverju sinni. Þennan lánaflokk á að fjármagna með fjármunum bankakerfisins og fjármunum lífeyrissjóðanna því að undir næstu aldamót munu lífeyrissjóðirnir verða með 300 milljarða kr. til ráðstöfunar. Og hverjir eiga þá fjármuni? Það eru

launamennirnir. Það eru launamennirnir sem eru í húsbréfakerfinu að greiða 10% raunvexti. Af hverju ekki að nýta þessa fjármuni launafólksins til að koma til móts við þá einstaklinga og það fólk sem er úti á markaði að kaupa sér íbúðir með því að hafa vextina lága? Ávöxtunin fyrir lífeyrissjóðina er í dag á bréfum sem þeir eru að kaupa eins og ríkisskuldabréfum 5–6%. Þetta eru breytingar sem nauðsynlegt er að gera en við leggjum áherslu á að félagslega húsnæðislánakerfið verði áfram hjá Húsnæðisstofnun ríkisins.

Við leggjum líka áherslu á að Húsnæðisstofnun ríkisins verði breytt og hennar hlutverk skilgreint upp á nýtt. Hún verði endurreisnar- og ráðgjafarstöð heimilanna sem leiðbeini einstaklingum sem eru að fara út í miklar fjárfestingar í íbúðarhúsnæði, aðstoði þá sem eiga við gríðarlega fjárhagserfiðleika að stríða og hafi það hlutverk að halda utan um félagslega íbúðalánakerfið.

Mér þótti fróðlegt að heyra það hjá hv. 6. þm. Vestf., og reyndar fleirum sem hér hafa talað, að það skuli vera úti á landi mikið af íbúðarhúsnæði í eigu sveitarfélaganna sem stendur autt en á sama tíma eru í Reykjavík fjórir, fimm og stundum sex einstaklingar sem sækja um hverja þá íbúð sem byggð er. Maður hlýtur að spyrja sig: Hvernig hefur þessum fjármunum verið ráðstafað ef það er fullt af íbúðarhúsnæði út um land í félagslega íbúðalánakerfinu sem stendur autt en fimm til sex einstaklingar um hverja íbúð sem byggð er í Reykjavík í þessu kerfi? Ég held að menn þurfi að hafa þetta í huga þegar menn eru að ráðstafa fjármununum til uppbyggingar.

Margt er það í þessu frv. sem mér finnst verulega horfa til bóta og ég trúi því að hægt sé í góðri sátt að lögfesta marga þætti í því sem hér er kynnt. Ég get þó ekki sagt að við framsóknarmenn sættum okkur við alla hluti sem eru í frv. en nokkur af þeim áhersluatriðum sem við höfum sagt að breyta þurfi í félagslega eignaríbúðakerfinu tel ég að séu þarna inni og standi verulega til bóta.

1. Fyrningarprósentan verði lækkuð úr 1,5% í 1% til þess að flýta fyrir eiginfjármyndun.

2. Mikilvægt ákvæði er það að vaxtaprósentan verði gerð sveigjanleg. Hjá þeim sem fara upp í tekjum í skamman tíma og eru í eignaríbúðakerfinu hækka vextirnir en ef tekjurnar lækka síðan aftur þá lækkar prósentan ekki. Það er auðvitað réttlætismál að þetta verði lagfært og því fögnum við.

3. Ég tel vera mikilvægt sem ég hef þó ekki séð að sé í þessu frv. og vil spyrja hæstv. félmrh. hvort komi til greina að vaxtaprósentan í félagslega kerfinu verði óháð eignaformi, þ.e. ekki sé mismunandi vaxtaprósenta eftir því hvort þú ert að eignast íbúð í félagslega eignaríbúðakerfinu eða félagslega leiguíbúðakerfinu.

4. Við framsóknarmenn höfum lagt áherslu á það atriði að Byggingarsjóði verkamanna verði heimilað við sérstakar aðstæður að lána til viðhalds og endurbóta utan húss.

5. Ég tel vera mikilvægt, sem þó er verið að ýja að að gera þurfi breytingar á, að ábyrgð og valdsvið húsnæðisnefnda sveitarfélaganna verði aukið. Ég tel þetta vera gríðarlega mikilvægan þátt. Með því að fela húsnæðisnefndum sveitarfélaga einstaka þætti, einstök verk, þá verði að auka valdsvið þeirra og ábyrgð.

6. Það kom fram hjá hv. 6. þm. Vestf. áðan og það er kannski ástæðan fyrir því að mikið af því íbúðarhúsnæði sem stendur autt úti á landsbyggðinni er svo dýrt að menn treysta sér einfaldlega ekki til þess að kaupa íbúðirnar. Það getur verið rótin að þessu öllu saman en engu að síður ef það er staðreynd að mikið af þessum íbúðum eru auðar þá hafa menn verið að ráðstafa fjármunum með röngum hætti, vil ég segja, vegna þess að þeir geta nýst betur annars staðar.

Það er mjög mikilvægt, og á það vil ég leggja áherslu, að Húsnæðisstofnun leiti leiða í samvinnu við Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins til þess að lækka byggingarkostnað þessara íbúða sem sveitarfélögin eru að byggja. Það á að gefa því fólki sem hefur fengið inni í þessum íbúðum meira tækifæri til að geta sjálft lokið við íbúðina og hafa áhrif á hvernig hún lítur endanlega út, í innréttingum og öðru slíku, en ekki að húsnæðisnefndirnar og sveitarfélögin sjái algerlega um allt, frá a til ö, meira að segja að planta trjánum í garðinum. Það á að leyfa fólki sem er að flytja inn í þessar íbúðir að hafa örlítið um það að segja hvernig það lítur út í kringum það.

[14:09]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. 11. þm. Reykv. taldi að það væri mjög undarlegt ef félagslegt húsnæði og kaupleiguíbúðir stæðu auðar úti á landsbyggðinni á sama tíma og það vantaði húsnæði í Reykjavík. Það eru ýmsar skýringar á þessu og ekki bara einhlítar. Tekjumörkin hafa verið ákveðin það lág að fólk hefur ekkert ráðið við afborganir af íbúðum í þessu kerfi. Ég get nefnt sem dæmi að ef miðað er við lágtekjufólk sem þarf að fara inn í þessar íbúðir þá þarf það að greiða kannski 60–70 þús. kr. í mánaðarlegar greiðslur af kaupleiguíbúðum sem er auðvitað nokkuð sem enginn ræður við.

Í öðru lagi getur líka verið um félagslegt húsnæði að ræða og þá hefur oft og tíðum orðið breyting tvö síðustu ár eða svo vegna þess að inn í það spilar fækkun íbúa og atvinnuástandið kemur líka inn í dæmið. Ég held að það sé engin einhlít skýring á þessu. Þetta eru hlutir sem alltaf þarf að endurskoða. Í dag er staðan sú að sveitarfélögin eiga mjög erfitt sums staðar, sérstaklega í allra minnstu sjávarplássunum, með að standa undir því að leysa aftur út þetta húsnæði. Þar er því komið upp vandamál.

Hvað varðar það að þarna hafi fjármunum verið ranglega ráðstafað þá held ég að oft og tíðum hafi verið gerðar of miklar kröfur um það húsnæði sem á að vera félagslegt húsnæði. Ég nefni sem dæmi að það þurfi sífellt að mála alla íbúðina þó að fólk skipti um jafnvel á eins til tveggja ára fresti. Það gerir ekki venjulegt fólk, það málar kannski á fjögurra ára fresti sem dæmi. Ég held að það sé ein skýringin á því að þessu húsnæði hafi verið haldið dýru að það séu gerðar of miklar kröfur.

[14:11]

Finnur Ingólfsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tek undir þetta allt saman hjá hv. 6. þm. Vestf. Ég held einmitt að þarna liggi ástæðurnar fyrir því af hverju húsnæði úti á landsbyggðinni stendur autt. Ég var ekkert að gera lítið úr þeim vanda sem þarna er við að etja, síður en svo. Það voru hins vegar fréttir fyrir mig við þessa umræðu að svo væri komið hjá mörgum sveitarfélögum að félagslega eignaríbúðahúsnæðið stæði autt og það er miður. Ástæðan er eins og hv. þm. sagði: Það eru gerðar of miklar kröfur, þetta er of dýrt út af þeim kröfum sem menn gera. Þetta er allt saman tilbúið í hendurnar á fólki þegar það á að flytja inn og í þriðja lagi eru það tekjurnar. En það er sama vandamálið yfir allt landið, sama hvort menn búa í Reykjavík eða úti á landsbyggðinni. Það er kannski að verða eitt stærsta vandamálið í félagslega eignaríbúðakerfinu. Ríkisstjórnin hefur gengið þannig fram í sinni kjara- og efnahagsstefnu að kjörin hjá þessu fólki eru orðin svo bág, tekjuskerðingin hefur orðið svo gríðarleg í tíð þessarar ríkisstjórnar að fólk sem fær úthlutað íbúðarhúsnæði — og úthlutun er eitt, síðan er það að geta sýnt fram á að það geti staðið við þær skuldbindingar — og þegar farið er að reikna það allt saman í Húsnæðisstofnun og bankakerfinu þá kemur því miður í ljós að tekjurnar eru það litlar hjá fólki að það stendur ekki undir greiðslubyrðinni. Og þetta er ekki bara vandamál á landsbyggðinni. Þetta er vandamál um allt land og ekkert síður í Reykjavík.

[14:13]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Já, þetta er auðvitað alveg rétt og ég geri ráð fyrir að við hv. 11. þm. Reykv. séum sammála um að þetta sé nokkuð mikið vandamál. Það er alveg rétt hjá honum að það eru launin sem eru kannski undirrót alls þessa. Það er verið að velja fólk í þessar íbúðir sem er á lægstu launum til þess að það svari þeim kröfum sem gerðar eru um þá sem fá íbúðirnar. Sannleikurinn er sá að það láglaunafólk stendur ekkert undir greiðslunum. Núna er ástandið orðið þannig að það verður að velja fólk sem hefur haft mjög lág laun síðustu þrjú árin til að fá þessar íbúðir og jafnframt með það í huga að það fólk geti aukið tekjur sínar verulega á næstu árum. Þannig er nú staðreyndin orðin í dag og þegar fólk þarf að fara þannig í kringum þetta kerfi þá er það ekki réttlátt.

[14:14]

Félagsmálaráðherra (Rannveig Guðmundsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil náttúrlega taka þær efnislegu athugasemdir sem komu fram í ræðu þingmannsins fyrir þegar ég svara ræðum þingmanna á eftir og fer yfir það sem spurt hefur verið um og reyni að veita svör eins og hægt er. En ég má til að svara örstutt þeirri djörfu framsögu sem þingmaðurinn hélt og sem mér fannst nokkuð hávær og bera nokkurn keim af því að vera eins konar framboðsræða. Ég er ekkert að harma það þó menn noti þennan ræðustól til slíkra hluta en hins vegar finnst mér það mjög mikilvægt í þessu góða máli sem við erum að ræða hér að menn haldi sig við það.

Ég vil segja það, virðulegi forseti, að mér finnst það ótrúleg skammsýni af þingmanni að halda því fram að ekkert sé verið að vinna og ekkert að gerast í málum sem snúa t.d. að skuldum heimilanna sem ég kýs venjulega að segja: Sem snúa að ákveðinni tegund vanskila heimilanna. Ég hafna því að sífellt sé notað að skuldir heimilanna séu af hinu slæma vegna þess að síaukin hlutdeild góðra húsnæðislána í lánum til húsnæðisöflunar er mjög mikilvæg og lán til félagslegra íbúða eru mjög mikilvæg. Í hvert skipti sem hefur verið úthlutað þúsund íbúðum þá hafa skuldir heimilanna verið auknar um 6 milljarða og ég segi: Það er góð skuldaaukning.

Það er skammsýni að telja að ekkert sé verið að gera ef ekki er verið með málin á þinginu. Ég minni á að það eru stöðugt skuldbreytingar í gangi hjá Húsnæðisstofnun ríkisins og heimild til þess að halda því áfram þegar sú upphæð er búin sem veitt var fyrir ári síðan. Það er verið að vinna að þessum málum af fullum krafti á mörgum vígstöðvum. Ég er með náið og gott samstarf við stóran hóp fólks frá verkalýðshreyfingu og bönkum og ég vil minna á að það frv. sem verið er að ræða núna hefur verið unnið í frá 1993 og það er verið að taka á ákvæðum sem þingmenn þekkja mjög vel, næstum hvert einasta ákvæði. Það er búið að vera hér uppi í fyrirspurnatímum aftur og aftur. Samt sem áður hika menn við og hafa áhyggjur af hversu skammt er eftir af þingi þegar frv. er lagt fram. Ég minni bara á að það er ekki eins einfalt að koma löggjöf hér inn og þingmenn láta stundum.

[14:16]

Finnur Ingólfsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Varðandi frv. sjálft sem hér liggur fyrir þá var ég ekki á nokkurn hátt í minni ræðu að koma í veg fyrir að það gæti orðið að lögum. Ég benti á að það væri margt í frv. sem ég tel til verulegra bóta og er tilbúinn til samstarfs um þá hluti og að koma því í gegnum þingið.

Að skuldaaukning heimilanna sé af hinu góða fer eftir því hvernig sú skuldaaukning er komin til, hæstv. félmrh.

Þegar svo er komið að einstaklingar fá ráðgjöf frá hinu opinbera að þeir geti greitt af svo og svo háu láni, hafi þeir þetta í tekjur, verði skattarnir þessir, hafi þeir þessar barnabætur, hafi þeir þessar vaxtabætur þá sé þeim óhætt að fjárfesta í viðkomandi íbúð, taka viðkomandi lán. Síðan þegar ríkisstjórnin sem núv. hæstv. félmrh. ber ábyrgð á og öllum hennar gerðum ásamt núv. hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, formanni Þjóðvaka, fyrrv. hæstv. félmrh., gengur þannig fram að lækka vaxtabæturnar, lækka barnabæturnar, hækka skattana og auka álögurnar á heimilin í gegnum menntamálin og í gegnum húsnæðismálin þá er sú skuldaaukning sem þannig verður til ekki af hinu góða. Vegna þess að það er þessi skuldaaukning sem er að setja heimilin út í gjaldþrot og það verður að koma í veg fyrir. Það verður ekki gert nema menn grípi til

greiðsluaðlögunar og mikilla og viðvarandi skuldbreytinga í húsnæðiskerfinu.

[14:18]

Félagsmálaráðherra (Rannveig Guðmundsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég var í miðju kafi að geta þess að að því máli sem við erum að fjalla um nú hefði verið unnið frá 1993. Ég var að geta þess vegna þess að þegar verið er að kalla eftir því af hverju frv. um greiðsluaðlögun sé ekki komið og hvort það sé ekki að koma þá vil ég minna á að það er mjög skammt síðan nefnd var sett á laggirnar að skoða þau mál. Þetta er mikil réttarfarslöggjöf og það er mikil einföldun að halda að það sé hægt að taka norskt frv., þýða það og gera það að íslensku. Hér þarf að aðlaga hluti mjög að okkar aðstæðum. Það er mjög margt sem er ólíkt hjá okkur og í nágrannalöndunum svo sem hin langvarandi og mikla eignastefna sem hér ríkir. Það þarf að vanda sig með þessa hluti og það er ekki endilega svo að ekki sé vel haldið á málum ef mál koma ekki fram eins hratt og menn kalla eftir úr þessum ræðustól.

Aðeins varðandi skuldirnar. Ég er sammála því að það á að skoða þau vanskil sem eru erfið hjá fólki, það á að skoða hópana og það á að vita um hvað er verið að tala og á hverju er verið að taka þegar aðgerðir koma. Það hefur sýnt sig við bráðaúttekt að mjög stór hluti lántakenda Húsnæðisstofnunar sem er í vanskilum er fólk með háar tekjur og eignir jafnvel upp á 9 til 10 millj. Það má vel vera að einhverjar breytingar á barnabótum eða vaxtabótum hafi haft áhrif fyrir þetta fólk en við skulum ekki gleyma því að þegar erfiðlega árar er verið að taka á slíkum velferðarmálum í öllum nágrannalöndum okkar og hv. þm. getur þurft að taka á slíku líka þegar illa árar.

Hitt er annað mál að við eigum að verja þá sem á að verja og við eigum að beina aðgerðum okkar og fjármagni til þeirra sem á að verja og á að styðja og það hef ég haft að leiðarljósi í minni vinnu.

[14:20]

Finnur Ingólfsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég býst við að hæstv. félmrh. svari kannski frekar á eftir með afstöðu sína til þess frv. sem við framsóknarmenn höfum lagt hér fram um greiðsluaðlögun. Það er hárrétt að hugmyndin er komin frá Noregi. Hún er þýdd og aðlöguð íslenskum aðstæðum. Það að tími hafi ekki verið nægjanlega mikill fyrir þá hæstv. félmrh. Alþfl. sem hafa verið í ríkisstjórninni og verið í félmrn. síðan 1987 til að taka upp þetta fyrirkomulag sem greiðsluaðlögunin er er náttúrlega út í loftið því að einstakir hv. þm. Alþfl. fluttu þáltill. um það árið 1991, ef ég man rétt, frekar en 1992 að komið yrði á í húsnæðiskerfinu greiðsluaðlögunarfyrirkomulagi.

Það tók okkur hv. þm. Framsfl. ekkert óskaplega langan tíma að koma því frv. saman sem hérna liggur fyrir og ég vil fá skýra afstöðu hæstv. félmrh. til þess frv. og spyr um leið: Hvað er það, hæstv. félmrh., í þessu frv. sem hentar ekki íslenskum aðstæðum? Hvað er það sem kemur í veg fyrir það að ríkisstjórnin treystir sér til að fá þetta frv. í gegnum þingið?

Staðreyndin er sú, hæstv. félmrh., þó að menn hafi þurft að bíða í biðröðum hjá Húsnæðisstofnun 1986 eftir að fá lánin sín þá er það skárri kostur en að þurfa nú að bíða í biðröðum hjá héraðsdómi eftir því að verða úrskurðaðir gjaldþrota. Hitt hlutskiptið var betra.

[14:22]

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Hæstv. félmrh. getur ekki undrast það að ræðumenn hafi áhyggjur af því að hér sé frekar um sýndarplagg að ræða en raunverulegan vilja hæstv. ríkisstjórnar til þess að gera bragarbót á ýmsum atriðum er varða húsnæðismál og einkum vanda þeirra sem eiga í erfiðleikum. Ég ætla út af fyrir sig ekki að efast um góðan hug hæstv. félmrh. en ég tel að í þeim félagsskap sem hún hefur verið, í bland við tröllin, hafi hún ekki mátt sín mikils og því miður sé þessi ríkisstjórn bæði vanbúin, vanhæf og viljalaus til þess að taka raunverulega á þeim vandamálum sem upp hafa komið varðandi okkar húsnæðiskerfi. Þar er fyrst og fremst um að ræða það kerfi sem við erum með og þau vandamál sem upp hafa komið vegna þröngrar stöðu heimilanna nú. Þær fjölskyldur sem hafa samkvæmt ráðgjöf reynt að koma sér upp húsnæði með einum eða öðrum hætti hafa lent í stórfelldum greiðsluvanda. Jafnvel þótt þær hafi haft þokkalegan möguleika á því að afla sér tekna þá er um mjög mikla og dýra fjárfestingu að ræða á Íslandi og það er einfaldlega þannig að það þarf miklar tekjur til að mæta henni. Þegar ofan á það er skattaánauð, launastefna, sem við munum ræða frekar síðar í dag, launastefna svoleiðis fyrir neðan allar hellur að hér er í rauninni hvorki hægt að lifa né deyja á þeim launum sem eru látin viðgangast, þar að auki skerðing á vaxtabótum, kostnaðarhækkanir, skerðing á barnabótum og eitt og annað slíkt þá sjáum við að sjálfsögðu fram á það að fólk er í stórfelldum vanda jafnvel þótt það hafi möguleika á að afla sér tekna. En hver er þá staða þeirra sem eru atvinnulausir og hafa orðið fyrir mikilli tekjuskerðingu?

Ég veiti því athygli að í 25. gr. frv. er komið efnislega nákvæmlega það frv. sem sú sem hér stendur flutti ásamt öðrum kvennalistakonum og mælti fyrir 2. febr. sl. — og vona ég nú að hæstv. félmrh. fylgist með þótt úr hliðarherbergi sé. Þetta frv. sem er að finna á þskj. 332, og því miður var ekki hægt að mæla fyrir fyrr en 2. febr. sl., tekur á nákvæmlega sömu málum og ég held að það sé óhjákvæmilegt að a.m.k. þessi hluti þessa frv. komist í gegn. Ég bendi hæstv. félmrh. á að ef hennar frv. kemst ekki í gegnum þingið á þeim skamma tíma sem nú er eftir er a.m.k. hægt að samþykkja það frv. sem við kvennalistakonur fluttum og taka á vanda þeirra sem allra versta stöðu hafa, þ.e. þeim sem hafa lent í því að vera metnir upp í vöxtum vegna tímbundinnar tekju- eða eignaaukningar en standa síðan frammi fyrir því að tekjur rýrna þannig að vanskilin verða mikil og fólk er að borga hærri vexti og nýtur ekki þeirra kjara sem er þó boðið upp á í félagslega kerfinu þrátt fyrir að það búi við þær aðstæður að það ætti að vera á lægri vöxtunum.

Frv. okkar kvennalistakvenna tekur á svo mikilvægu atriði að ég held að ég hljóti að verða að fara fram á það að ef þetta frv. sem hér um ræðir fer ekki í gegn þá verði okkar frv. samþykkt. Ég hef áhyggjur af því að það muni ekki fara í gegn fyrst og fremst vegna þess að það er mjög seint fram komið, hér um bil mánuði á eftir frv. okkar kvennalistakvenna og reyndar töluvert lengra ef það er miðað við hvenær frv. var lagt fram en mælt fyrir því síðan tveimur vikum seinna. Engu að síður höfum við haft möguleika á því að fjalla um það frv. nú þegar í hv. félmn. og ég vona svo sannarlega að það hafi verið gert sómasamlega, að þingmannafrv. fái umfjöllun þar. Ég held að þetta sé algerlega óhjákvæmilegt því að hér er verið að tala um slíkan bráðan og brýnan vanda að það er ekki hægt að horfa fram hjá honum.

Í framsögu minni með nefndu frv. kom fram að hér væri um að ræða um það bil 40% af þeim sem hefðu verið metnir upp í vöxtum og borguðu nú hærri vexti sem væru í vanskilum núna. Þetta segir okkur að þetta fólk er ekki borgunarfólk fyrir þessum háu vöxtum og fyrir því eru ýmsar ástæður. Ég fagna því að í 25. gr. frv. er tekin sú ákvörðun að hætta að láta eignamörk vega og einungis litið á tekjumörk. Ég held að það verði að líta á það sem raunhæft, einkum í ljósi þess sem fram kemur í greinargerð með frv., að þetta bitnar oft mjög illa á ellilífeyrisþegum og öðrum slíkum sem kannski eftir langa hríð eru búnir að koma sér upp einhverjum eignum en hafa sáralitlar eða engar tekjur, hafa kannski farið í einhvers konar íbúðaskipti og átt rétt á því og sitja svo í súpunni og verða að eyða sínum elliárum í eilífa bras þannig að þetta tel ég að sé til bóta. Ég er alveg reiðubúin til þess að gera þær breytingar á frv. okkar kvennalistakvenna sem yrðu til þess að gera þessar greinar algerlega samhljóða því að ég er sammála þeim viðbótaráherslum sem þarna sjást.

Í þessum endurbótum er jafnframt talað um það í 25. gr. þessa frv., sem hér er til umræðu, að skattstjóra sé skylt að láta Húsnæðisstofnun í té upplýsingar sem nauðsynlegar eru við framkvæmd vaxtabreytinga samkvæmt þessari grein og það finnst mér alveg sjálfsagt mál og er líka reiðubúin til að taka það inn í mitt frv. ef það mætti verða til þess að alla vega þessi efnisatriði næðu í gegn. En mér þykir það mjög hart að það skuli núna á allra seinustu dögum þingsins loksins koma viðbrögð við þessum málum. Ég lagði fram mitt frv. í byrjun desembermánaðar og það mátti vera ljóst og var búið að benda á að á þessu brýna verkefni þyrfti að taka og á því þyrfti að taka fljótt. Þarna er um slíkt réttlætismál að ræða að ég trúi því ekki að nokkur hér á þessu þingi sé andvígur þessum breytingum efnislega. Ég vil því spyrja hæstv. félmrh. hvort hún sé mér ekki sammála í því að alla vega þetta atriði verði með einum eða öðrum hætti að komast í gegn núna áður en þingi lýkur og eins og ég segi, mitt tilboð stendur með það, ég er tilbúin að taka orðrétt þau ákvæði sem eru þarna í 25. gr. þessa frv. ef það verður til að greiða fyrir málinu þar sem það frv. kom miklu fyrr fram eða ella að láta mitt frv. liggja ef það yrði tryggt að þessi grein, 25. gr. þessa frv., fengi að komast í gegn. Og ég ítreka það að ég er alveg sannfærð um að það er ekki nokkur ágreiningur, það er ekki nokkur maður sem er ósammála því að taka þetta áfram.

Það sem ég er sérstaklega að hafa áhyggjur af er það sem kom fram í ummælum hæstv. félmrh. nú áðan að það séu ákveðin mál sem hugsanlega sé ágreiningur um enn þá í þessu frv. og með því að spyrða þetta allt saman erum við að setja allt málið í uppnám. Við erum í rauninni í þeirri stöðu að það er ekki hægt að bjóða upp á svona pakka, allt eða ekkert, að góð mál séu látin danka bara til þess að koma öðrum sem eru umdeildari í gegn og þess vegna er kannski betra að taka hvert efnisatriði fyrir sig og leita sátta og samstarfs um að koma því í gegn sem þar er tvímælalaust til bóta og réttlætis og leyfa hinu þá bara að liggja. Það verður að hafa það, það þýðir ekki að setja þessa þumalskrúfu á þá sem þurfa að fjalla um þetta í miklum flýti í hv. félmn. að þeir taki annaðhvort allt eða ekkert. Og ég hef trú á því og þykist raunar hafa heyrt það á hæstv. félmrh. að hún sé reiðubúin að kanna það eða reyna til þrautar hvernig þetta væri hægt en ég vil gjarnan fá það staðfest hvort þetta sé réttur skilningur minn.

Það eru mörg atriði sem ástæða væri til að fjalla um í þessu frv. því að hér eru í bland bæði ákveðið réttlætismál tekið fyrir og svo breytingar sem eru frekar stjórnsýslulegar. Það er alveg áreiðanlegt að sumt af því er umdeilanlegra. Ég veit það að hv. félmn. mun án efa reyna sitt til að taka á þessu máli á þeim mjög svo skamma og í rauninni hræðilega skamma tíma sem henni gefst til þess og sé það veganesti alveg örugglega að þarna verði hægt að taka út forgangsatriði þá hef ég trú á því að þarna náist niðurstaða sem verður við unað.

Virðulegi forseti. Þrátt fyrir það að hér væri ástæða til þess að fjölyrða um fleiri greinar, þá held ég að ég láti það duga. Ég get tekið undir ýmislegt af því sem hefur komið fram fyrr í þessari umræðu og vonast til þess að hæstv. félmrh. gefi mér greið svör við fyrirspurnum mínum.

[14:35]

Félagsmálaráðherra (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég hef gert grein fyrir því í framsögu með máli þessu að það eru nokkrar breytingar sem ég legg til á þessu frv. Það hefur verið lagt fram nákvæmlega eins og það kom frá nefnd um leið og það var unnt milli jóla og nýárs einmitt til þess bæði að það yrði sýnilegt og til þess að auðveldara yrði að fjalla um það við ýmsa þá hópa sem láta sig málið varða. Þannig hef ég gert grein fyrir því að það verði fallið frá þeirri tillögu sem er í frv. að fulltrúar verkalýðshreyfingarinnar falli út úr húsnæðisnefndum og að það hefur náðst sátt um það mál við forustu Sambands sveitarfélaga svo að ýmis þau atriði sem tekið er á í frv. er sátt um utan veggja þessa húss þó svo að það sé hér sem það ráðist, hversu mikið af frv. kemst í gegn, hversu lítill hluti eða e.t.v. allt í þeirri mynd sem lagt er til hér.

Ég hef líka sagt að þingmenn þekki svo vel til ýmissa og allflestra þeirra ákvæða sem frv. tekur til, ekki síst þeir sem sitja í félmn. og hafa verið að fjalla um þessa hluti og hafa jafnvel beðið eftir sumum ákvæðunum, að ég treysti því að menn sameinist um það að gera það sem þeir geta í að hleypa mikilvægum ákvæðum í gegn þó svo skammt lifi eftir af þinginu.

Hins vegar er það svo að í nokkrum tilfellum er brtt. af minni hálfu og ég hef valið að kynna það strax í þessari framsögu. Ein brtt. á einmitt við um 25. gr. sem síðasti ræðumaður ræddi hér um, um breytingu vaxta. Ég ætla ekkert að fjalla um það sem þingmaðurinn nefndi hér um hversu margir hafa verið í vanskilum sem lentu í vaxtahækkuninni en þá er þó eitt sem við megum ekki gleyma og sem var nýtt fyrir margt af því fólki og það er að á móti því að vextir hækkuðu þá komu einnig vaxtabætur sem eiginlega komu ekki til eða sáralítið áður en vaxtahækkun kom til hjá þessum hópum. En sem sagt, sú tillaga sem þingmaðurinn vísaði til í 25. gr. stendur ekki óbreytt eftir og mun ég síðar kynna þær brtt. sem ég fór yfir í minni framsögu.

Ég ætla áður að svara örfáum af þeim spurningum sem hér hafa komið fram, m.a. spurningu hv. 11. þm. Reykv., Finns Ingólfssonar: Af hverju standa íbúðir auðar úti á landi og hvaða stefna er það að 4–5 bíði eftir íbúðum í Reykjavík en annars staðar standi íbúðir auðar? Auðvitað eru á þessu ýmsar skýringar. Á ákveðnu tímabili var miklu meira byggt upp af félagslegu húsnæði úti á landi og það var sótt mjög um það og sótt mjög eftir því og í miklu ríkara mæli af sveitarfélögum úti um land að byggja upp félagslegt húsnæði og á sumum stöðum á landsbyggðinni er yfir 20% af húsnæði félagslegt húsnæði á meðan það telur hér kannski fáein prósent og ekki mörg ár síðan t.d. félagslegt húsnæði á Reykjanesi var í kringum 3% af húsnæði.

Það verður að segjast eins og er að það er mjög margt sem bendir til þess að oft hafi verið sótt mjög mikið eftir því að fá úthlutað félagslegu húsnæði til þess að viðhalda störfum og í raun og veru með tilliti til þess byggingariðnaðar sem var á hverjum stað. Þess vegna var það eitt af því sem ég vildi bregðast við og brást við þegar ég kom að sem formaður stjórnar Húsnæðisstofnunar ríkisins með því að sú stjórn setti nýjar reglur og það var að e.t.v. á sama tíma og sveitarfélag var að úthluta íbúð og óskaði eftir undanþágu til að mega úthluta henni til einhvers sem var yfir tekjumörkum vegna þess að aðrir umsækjendur væru ekki til staðar einmitt núna, á sama tíma var sama sveitarstjórn e.t.v. að sækja um að fá að byggja 4, 6 eða 8 félagslegar íbúðir á næsta ári og með umsókn inni um nýja úthlutun. Auðvitað gaf þetta ýmsar vísbendingar og þegar var tekið á þessu máli og bæði sótt eftir aðstoð Byggðastofnunar varðandi kaupleiguíbúðir, hvar þær ættu best heima miðað við vaxtarbrodd í sveitarfélögum, þá var það svo að það var brugðist mjög illa við af þeim sem ekki fengu úthlutað út á þá reglu að þeir sem hefðu á yfirstandandi ári úthlutað til einstaklinga sem voru yfir tekjumörkum, og fengu ekki úthlutað nýjum íbúðum næst. Auðvitað eru á þessu ýmsar skýringar en að sumu leyti hefur þetta þótt eðlilegur hlutur að byggja félagslegar íbúðir en ekki kannski litið á það sömu augum og í sveitarfélögum í þéttbýlinu að það hafa bæði verið gerðar kannanir og eins að það hefur verið mjög strangt eftirlit með hverjir hafa fengið þær og að fólk væri undir tekjuviðmiðun.

Það er líka spurt um hvort það hafi verið tekið á vanda varðandi kaupleiguíbúðir sem standa auðar með frv. og vísað til þess að það að þær standa auðar hljóti að þýða að þær séu dýr kostur. Það er þannig að kaupleiguíbúðir reyndust dýr kostur, sérstaklega meðan lánin voru 70% lán til langs tíma frá Húsnæðisstofnun og 20% lán eingöngu til 5 ára frá sveitarfélagi. Með því að fólk væri kannski að taka lán fyrir sínum eigin 10% skapaði mjög þunga greiðslubyrði þessi fyrstu 5 ár og gerði það að verkum að ef það væri litið á þessa íbúð sem kost til framtíðar þá hafa margir talið að þetta reyndist mjög góður kostur eins og búseturéttaríbúðirnar, en þetta þótti mjög erfitt og margir vildu fara út úr þessum íbúðum aftur á þessum fyrstu 5 árum.

Þessu var breytt í meðförum félmn. fyrir ári síðan þannig að 5 árin voru lengd í 25 ár og nú hefur verið tekið á þessu máli þannig að það verður eitt 90% lán sem verður veitt til kaupleiguíbúða. Allt lánið er til 43 ára og ekki þessi aðskilnaður og ekki þessi mismunur á greiðslubyrði.

Það hefur líka verið spurt um sölu íbúða út úr kerfi. Ég vísa til þess af því að það er mjög greinargott hvernig farið er yfir það á bls. 11 í frv., þ.e. 92. og 93. gr. undir 26. gr., en þar kemur fram hvernig skuli staðið að fyrirgreiðslu til þess að hjálpa til ef íbúðir standa auðar og ef á að selja þær eða ef á að styðja við sveitarfélagið meðan íbúðin stendur auð. En þá vil ég líka geta þess að það er ekki ákvæði þarna um að lækka íbúð ef hún er dýr í kerfinu og það á að selja hana eins og hér kom fram. Hvernig á að vera hægt að selja íbúðina ef hún er svo dýr að enginn vill kaupa hana af því að markaðsverð hefur hrunið á staðnum? Það er ekki ákvæði þarna um að það eigi að fara að lækka íbúð sem stendur í einhverri ákveðinni upphæð eða hefur ákveðið söluverð en ef það er eitthvað sem kemur í ljós að gerist að íbúð standi auð þrátt fyrir heimildir til þess að selja hana út úr kerfinu og þá breytingu sem hér er gerð þá verður að sjálfsögðu að taka á því.

Það var líka nefnt hvernig ætti að fara með lán til endurbóta og þá minni ég á það að innan húss eru íbúðir alltaf endurgerðar og standsettar áður en þeim er úthlutað. Þannig er það því að í flestum tilfellum er félagslegt húsnæði í mjög góðu ástandi innan húss en það er utanhússviðhaldið sem oft hefur reynst mjög erfitt og sem er stundum haldið fram að heilar íbúðarblokkir eða fjölbýlishús standi undir skemmdum vegna þessa og það er tekið á því í þessu frv. að það er heimild til þess að lána til utanhússviðhalds og það er ákvæði sem er mjög mikilvægt og hefur verið beðið eftir og kallað eftir að væri sett í lög.

Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson spurði einnig um það hvernig ætti að bregðast við því ef ekki yrði út-

hlutað nema um 130 framkvæmdaheimildum á þessu ári. Ég kannast ekkert við það að um það hafi komið tillaga að fækka svo úthlutunum að öðru leyti en því að eins og þingmenn vita, þá var gerð samþykkt um það að fara af stað með færri félagslegar íbúðir á þessu ári en árinu á undan sem að meðaltali hefur verið um 500 íbúðir vegna þess að það var gert samkomulag við upptöku húsaleigubóta og við lagasetninguna þar að þessum íbúðum yrði fækkað um 100. En ég geri mér grein fyrir því að þingmaðurinn vísar til skoðunar á greiðsluflæði út og inn í Byggingarsjóð verkamanna. Það er búið að miða að því í langan tíma að jöfnuður yrði í áætlunum þegar til framtíðar er litið og að það hefur komið skekkja inn í þá framtíðaráætlun, ef ég get tekið þannig til orða, þar sem endursöluíbúðir hafa ekki verið inni í tölunni yfir þær íbúðir sem hefur verið úthlutað heldur hafa þær komið utan við þær 500 íbúðir sem hefur verið úthlutað á ári og það er ekki hlutur sem er leiðréttur í einni úthlutun eða á einu ári. Það er spurning um það hvort það hafi einhverjum íbúðum fleiri en menn gerðu ráð fyrir verið úthlutað og yrði þá tekið á á löngum tíma svo að ég svara því ekki öðruvísi en svo að það er að sjálfsögðu hlutur sem er jafnað uppi í sjóðnum ef þessar endursöluíbúðir hafa skekkt eitthvað myndina og hef reyndar aðeins heyrt um þetta en ekki komið að því máli öðruvísi en ég vil að sjálfsögðu skoða það.

Ég vil að lokum, virðulegi forseti, fjalla um þær breytingartillögur sem ég kynnti í minni framsögu og þær eru þá í fyrsta lagi það að 4. gr. frv. fellur brott og eftirfarandi grein kemur inn:

„Í sveitarfélögum með 400 íbúa eða fleiri skal sveitarstjórn skipa húsnæðisnefnd að afloknum hverjum sveitarstjórnarkosningum. Nefndarmenn skulu vera þrír, fimm eða sjö eftir ákvörðun sveitarstjórnar og jafnmargir til vara. Skal meiri hlutinn kjörinn af sveitarstjórn en minni hlutinn, þ.e. einn af þremur, tveir af fimm eða þrír af sjö, tilnefndur af fjölmennustu samtökum launafólks í sveitarfélaginu.

Formaður og varaformaður skulu kjörnir af sveitarstjórn. Að öðru leyti skiptir nefndin með sér verkum.

Nefndin fer með stjórn og samræmingu félagslegs húsnæðis á vegum sveitarfélagsins í umboði sveitarstjórnar og veitir almennar upplýsingar og ráðgjöf varðandi húsnæðismál."

Og eins og þingmenn heyra er þarna verið að halda ákvæðum frv. að öðru leyti en því að fulltrúar verkalýðshreyfingar koma þarna inn í þetta ákvæði.

2. l. mgr. 6. gr. frv. fellur brott og í staðinn kemur:

„Ábyrgð á úthlutun félagslegra íbúða á vegum sveitarfélags til einstaklinga er á vegum húsnæðisnefndar, sbr. 3. tölul. 45. gr."

Niðurlag 9. gr. frv. fellur brott. Það niðurlag fjallaði um tilfærslu á milli lánaflokka sem er fremur flókið mál. Það hefur verið heimild til þess í undantekningartilvikum að Húsnæðisstofnun geti flutt á milli lánaflokka og hún hefur gert það í sumum tilfellum og þá ætíð þannig að jöfnuður hafi verið innan kerfisins í þessum efnum. Það hefur kannski verið skipt á ákveðnum fjölda af félagslegum íbúðum í Reykjavík á móti heimildum fyrir almennum kaupleiguíbúðum en ávallt þó þannig að áætlun sem gerð er um úthlutun þessara flokka héldist, þ.e. jöfnuður væri innbyrðis vegna þess eins og ég benti á áðan að inngreiðslur í kerfið og greiðsluflæði sjóðsins er mjög mikilvægt en ég gerði mjög vel grein fyrir þessu í minni framsögu.

1. og 2. mgr. 25. gr. frv. falla brott og í stað þeirra kemur eftirfarandi málsgrein og það er einmitt það sem lýtur að vöxtunum. 79. gr. hljóði svo:

„Byggingarsjóður verkamanna skal að liðnum sex árum frá undirritun kaupsamnings um félagslega íbúð kanna hvort meðaltekjur kaupenda síðustu þrjú ár, þar af heildartekjur tvö síðustu árin, hvort ár fyrir sig, nemi hærri fjárhæð en tekjumörk samkvæmt b-lið 64. gr. kveða á um. Komi í ljós að þær tekjur eru yfir tekjumörkum skal breyta vöxtum af láni hans þannig að þeir verði hinir sömu og af láni til kaupa á almennum kaupleiguíbúðum. Upp frá því skal slík könnun gerð á þriggja ára fresti."

Að vísu stendur hérna tekjur en það er sjálfsagt átt við heildartekjur. Þarna er verið að gera þá breytingu að meðan áður var það þannig að vextir gátu hækkað ef meðaltekjur á síðustu þremur árum fóru yfir mörk þá er þarna verið að taka mið af meðaltekjum ákveðinn fjölda ára en tekjur tvö samliggjandi ár og hvort fyrir sig verða að hækka til að viðkomandi fari í raun út úr kerfinu sem er það sem verið er að gera þegar vaxtahækkun verður. Og þarna er verið að þrengja mjög þann hóp sem getur skyndilega lent í vaxtahækkun og verið að leitast við að þetta virki eins og til var ætlast að það sé verið að taka á því þegar fólk er komið í þær aðstæður að það kallar ekki lengur eftir eða réttlætir ekki að viðkomandi búi í þessu félagslega kerfi við svo mikið niðurgreidda vexti.

Að lokum, virðulegur forseti, breytist 26. gr. örlítið, þ.e. að næstsíðasti málsliður í 1. mgr. g-liðar orðast svo:

„Fyrning reiknast 1% af framreiknuðu verði íbúðar fyrir hvert ár."

Þetta er orðalag þeirra tillagna sem ég kynnti í upphafi, virðulegi forseti, og ég minni enn á að þær eru komnar til sökum þess samráðs sem lögð var áhersla á að hafa frá því að frv. var lagt inn í þingið, en það var lagt inn í þingið um leið og nefndin skilaði af sér og hefur verið kynnt fyrir öllum hlutaðeigandi.

[14:51]

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hafi ég skilið hæstv. félmrh. rétt, þá hefur fallið út grundvallaratriðið í 25. gr. að mínu viti og það er þessi setning:

„Sýni íbúðareigandi fram á að tekjur hans hafi lækkað svo að þær falli á ný undir tekjumörk, sbr. b-lið 1. mgr. 64. gr., getur hann sótt um breytingu á vöxtum."

Ef þetta hefur fallið út þá er í rauninni kjarninn úr þessari grein horfinn vegna þess að þarna er ekki verið að tala um endurskoðun á þriggja ára fresti heldur

nákvæmlega það að hægt sé að taka þetta mál til athugunar þegar í stað en ekki eftir að vandinn er orðinn kannski allt að þriggja ára uppsafnaður vandi því að hér eins og stendur í greinargerð við 25. gr., sem ég tek alveg fyllilega undir, þá er verið að tala um það að sveiflur á tekjum fólks undanfarin ár, svo sem vegna atvinnuleysis, tekjulækkunar, aldurs, veikinda eða annarra breytinga á högum sýna fram á þörf þess að viðmiðanir um endurskoðanir vaxta séu sveigjanlegar og í samræmi við raunverulega hagi fólks. Því þykir sjálfsagt réttlætismál að vexti megi lækka vegna versnandi kjara auk þess sem það er í beinu samræmi við markmiðsákvæði laganna, 35 gr., um að opinber aðstoð í húsnæðismálum taki mið af aðstæðum fólks hverju sinni.

Þremur árum seinna getur kannski verið komið út í það óefni að þetta verður ekki sú hjálp sem það á að vera. Þetta er grundvallaratriði.

[14:53]

Félagsmálaráðherra (Rannveig Guðmundsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef skýrt þetta mál mjög vel í þessari umræðu og það er verið að falla frá þessari 25. gr. Það er alveg rétt að af hálfu þeirra sem sömdu frv., þá fannst þeim mjög mikilvægt að vextir gætu lækkað alveg eins og þeir gætu hækkað. Það er hins vegar miklu stærri stefnumörkun sem felst í því að fara að láta vexti fylgja tekjum fólks upp og niður og það er mjög flókið þegar það er skoðað að vera að hækka vexti og lækka og það er í raun og veru eitt ár sem getur skipt sköpum í hvoru tilfellinu fyrir sig.

Það er vitað að t.d. tekjur barna eins og þær hafa verið reiknaðar hafi getað sett upp tekjur heimilis kannski eitt ár þannig að meðaltal þriggja ára hafi sett fólk upp fyrir tekjumörkin en síðan hafa börnin flutt að heiman og eftir situr fólkið við sömu aðstæður og áður og með hærri vexti.

Það hefur líka verið þannig að það var heimilt að hækka vexti út á aukna eignamyndun. Það er tekið á því í þessu frv. að aukinn eignarhluti í íbúð mun ekki valda vaxtahækkun. Hins vegar er búið að breyta 25. gr. þannig að í henni er tekið á því að það þarf meira til að fólk lendi í vaxtahækkuninni. Það þarf bæði að hafa farið í meðaltekjum yfir tekjumörkin sem félagslega kerfið miðast við í þrjú ár að undangengnum sex og það þarf líka að hafa lent í tekjum fyrir ofan tekjumörkin í tvö ár og hvort árið um sig. Þetta er öðruvísi útfærsla. Það er verið að þrengja þann hóp sem lendir í vaxtahækkuninni en það er verið að breyta því að í þessu frv. á ekki að þessu sinni að fara út í það að vextir geti lækkað aftur. Þetta er ég búin að fara mjög vel í gegnum í minni framsögu og þykir það miður að þingmaðurinn hafi ekki getað fylgt málinu frá upphafi.

[14:55]

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er ekki góð framsaga eða góð rök sem skipta hér sköpum heldur efnisinnihaldið og það er þetta efnisinnihald sem ég er að mótmæla. Það breytir því ekki að ef það á að fella þetta út þá er verið að stíga skref til baka frá því sem frv. hljóðar. Frv. er gott og ég verð að harma það mjög ef menn eru farnir að krukka í það á þennan veg að þetta sem er eitt hið allra besta í þessu frv. verður fellt út. Þá er bókstaflega verið að grafa undan því að þessi leiðrétting eigi sér stað.

Ég er út af fyrir sig alveg sammála því að það séu ekki eins miklar líkur á því að fólk hækki í vöxtum eins og fyrir er. En þetta kemur hins vegar ekki þeim til góða sem þegar sitja í súpunni, hafa af einhverjum ástæðum lent í því að vera metnir upp og það þýðir þriggja ára bið áður en þessir aðilar eiga möguleika á leiðréttingu mála sinna og eins og ég gat um í mínu máli, þá eru um 40% af þeim hópi sem voru eða hafa verið metnir upp í vöxtum í vanskilum núna og það fólk er ekki allt í vanskilum vegna þess að það sé eitthvað að gera það að gamni sínu. Það gerir það ekki nokkur maður að gamni sínu. Það eru einfaldlega ýmsar ástæður og mér er kunnugt um að það eru allmörg dæmi um það einmitt að þarna sé um að ræða fólk sem hefur lent í atvinnuleysi, tekjulækkun og öðrum slíkum hremmingum og jafnframt fólk sem hefur látið glepjast til þess að fá sér e.t.v. í skárri tíð bifreið eða eitthvað slíkt og lent í því að vera metið upp. Þetta fólk fær ekki leiðréttingu fyrr en það er kannski orðið of seint.

[14:57]

Félagsmálaráðherra (Rannveig Guðmundsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er hárrétt hjá þingmanninum, það er búið að krukka í frv. frá því að það var lagt fram og það er hárrétt hjá þingmanninum að það eru efnisatriðin sem skipta máli en ekki framsagan en í framsögunni kom fram að það er ekki mælt fyrir frv. eins og það var lagt fram á milli jóla og nýárs og það er það sem ég er að árétta. Það er gerð breyting á því að íbúðir verði ekki færðar á milli lánaflokka. Það er gerð breyting á ákvæðinu sem sneri að því að vextir gætu lækkað aftur. Það er líka gerð breyting á því að sveitarfélögin áttu að fá mjög mikið vægi í húsnæðisnefndunum enda verið að flytja mikið vald heim í héraðið og það er fallist á það af hálfu þeirra að fulltrúar verkalýðshreyfingarinnar verði áfram í húsnæðisnefndunum sem var ákveði sem verkalýðshreyfingin lagði mjög mikla áherslu á. Það er því tekið á nokkrum þáttum í samkomulagi við ýmsa aðila, ekki alla þá sömu, og búið að gera sátt um frv. sem þar af leiðandi er mælt fyrir svo breyttu frá því að það var lagt fram. Ég hef kynnt mjög vel hver efnistriði frv. eru og hverjar breytingar þess eru fyrir öllum sem sitja í félmn. og ég hef haft samráð við ASÍ og formann Sambands ísl. sveitarfélaga. Hárrétt hjá þingmanninum. Það er dregið úr ákveðnum ákvæðum varðandi tilflutning milli lánaflokka varðandi það að lækka vexti aftur.

[14:59]

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Ég ætla að taka til máls aftur við þessa umræðu en ástæðan er sú að ég fékk í rauninni ekki svör við einni mjög mikilvægri spurningu sem ég spurði hæstv. félmrh. um. En áður en ég kem inn á það

vil ég ítreka það sem ég hef áður sagt við þessa umræðu að frv. efnislega og þær brtt. sem hæstv. félmrh. er að kynna finnst mér að mörgu leyti vera mjög góðar og þær eru alveg í samræmi við þær áherslur er við framsóknarmenn höfum viljað leggja og lögðum á því flokksþingi sem við héldum í lok nóvember þannig að ég tel að um þetta frv. geti myndast nokkuð víðtæk samstaða hér í þinginu. Ég lýsti því yfir að við erum til samstarfs reiðubúin í þeim efnum. Það eru hins vegar aðrir hlutir þarna inni í sem ég ætla ekki að fara út í nákvæmlega núna að gera grein fyrir sem mér finnst nauðsynlegt að séu teknir til athugunar áður en gengið er beint til þess verks að samþykkja það eins og það liggur nú fyrir.

Hæstv. félmrh. svaraði því áðan í sinni svarræðu að þeim færi fækkandi þeim íbúðum sem byggðar yrðu í félagslega íbúðalánakerfinu á þessu ári. (Gripið fram í.) Á næsta ári. Þá hef ég ekki skilið hæstv. félmrh. rétt því á síðustu árum hafa verið byggðar um 500 íbúðir (Gripið fram í.) en fækkað í 400 á þessu ári. En samkomulag var gert um það að um leið og húsaleigubæturnar voru teknar upp þá fækkaði íbúðum í félagslega kerfinu til samræmis við það. Ég spyr hæstv. félmrh.: Hvenær var þessi samþykkt gerð? Í tíð hvaða félmrh. Alþfl. var þessi ákvörðun tekin, að fækkað skyldi byggingum félagslegra íbúða á sama tíma og teknar væru upp húsaleigubætur?

Það kom fram í máli hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar við umræðuna að það stæði til að þessar íbúðir yrðu ekki nema 130, ef ég hef skilið hv. þm. rétt, og þá er náttúrlega alveg ljóst að íbúðunum er að fækka. Veit hæstv. félmrh. ekki um þessar tillögur, um fækkun íbúða úr 400 niður í 130? Ef svo er ekki þá held ég að það væri rétt að hæstv. félmrh. kynnti sér það og spyr um leið: Hvar er þá meiningin og hvernig á að úthluta íbúðum með tilliti til þessarar miklu fækkunar og ekki síður með tilliti til þess að ef mikill fjöldi íbúða stendur auður, er þá rétt að halda áfram eða er ekki öllu heldur rétt að huga mjög vel og rækilega að því hvar þörfin er þegar til úthlutunar kemur?

En aðalástæðan fyrir því að ég stóð upp í annað sinn er sú að ég vil ganga eftir því við hæstv. félmrh. hver sé afstaða hæstv. ráðherra til þess frv. er við framsóknarmenn höfum lagt hér fram um greiðsluaðlögun? Það kann að vera og ég veit að það þarf ákveðinn tíma til að koma þessu skipulagi á, en það var svo að einstakir hv. þm. Alþfl. fluttu till. til þál. um að koma þessu fyrirkomulagi á sem kallast greiðsluaðlögun. Var það meiningarlaus tillöguflutningur? Það voru auðvitað hæg heimatökin hjá hæstv. ráðherrum Alþfl. sem verið hafa í félmrn. að fara af stað með það starf að undirbúa greiðsluaðlögunarfrv. og láta það sjá hér dagsins ljós. Í fyrirspurn fyrir fáum dögum síðan kom það fram hjá hæstv. núv. félmrh. að að öllum líkindum mundi hæstv. ráðherra leggja fram frv. á Alþingi um greiðsluaðlögun. Verður það gert eða verður það ekki gert? Treystir hæstv. félmrh. sér til að stuðla að því að það frv. sem við hv. þingmenn Framsfl. höfum lagt fram á þessu þingi fái afgreiðslu? Ef svo er ekki, hvaða ástæður liggja þá þar að baki ef ekki er hægt að koma þessu frv. í gegnum þingið?

Staðreyndin er sú að upphaflega var þetta frv. sem við höfum lagt fram þýtt, en það hefur verið algerlega aðlagað að íslenskum aðstæðum, að íslenskum rétti. Og ef hæstv. félmrh. er því ekki samþykkur þá spyr ég: Hvað er það sem hæstv. félmrh. treystir sér ekki til að standa að er snertir þetta frv.?

[15:05]

Félagsmálaráðherra (Rannveig Guðmundsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er ekki tilbúin til að koma með neina yfirlýsingu um það hér og nú úr þessum ræðustól að hve miklu leyti ég sé sammála efnistriðum í frv. þingmannsins eða að hve miklu leyti ég mundi vilja standa að slíku frv., þessu frv. yfirleitt vegna þess að mínir dagar hafa verið þannig að undanförnu að ég verð að viðurkenna að ég hef ekki gefið mér tækifæri til þess að fara ítarlega ofan í frv. þingmannsins. Hins vegar hef ég óskað eftir því að aðrir gerðu það og fyrstu viðbrögð sem ég hef fengið er að þetta sé fyrst og fremst þýtt frv. frá norska frv. og að í því séu þættir sem séu öðruvísi heldur en hjá okkur og það mundi ekki vera hægt að taka það beint eins og það er. Að sjálfsögðu mun ég láta skoða þetta frv. vel og ég get engu svarað um það á þessari stundu hvort frv. frá mér sé að koma fram eftir helgi eða ekki. Ég er búin að reka mjög á eftir þeirri vinnu. Ég hef líka sagt það fyrr í þessari umræðu að þetta eru mjög flókin mál. Þetta eru ekki eingöngu mál sem hvíla á félmrn. að láta vinna. Þetta er kannski mun meira málefni dómsmrn. og samvinna þarf að vera mjög rík um framgöngu í þessu máli öllu. Ég læt nóg sagt um það.

Varðandi fækkun félagslegra íbúða þá var það samkomulag okkar í ríkisstjórn, okkar í Alþfl., að til að ná fram svo miklu hagsmunamáli sem húsaleigubætur voru og nýjum útgjöldum með þeim á erfiðum tíma þá fannst okkur réttlætanlegt að byggja og fara fram með færri félagslegar íbúðir á þessu ári vegna þess að svo margir þeirra sem ella hefðu þurft á fyrirgreiðslu varðandi félagslegar íbúðir að halda mundu e.t.v. ekki þurfa þess með tilkomu húsaleigubóta.

Varðandi það sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson nefndi áðan um enn þá meiri fækkun þá var ég að færa fyrir því rök í minni framsögu að hann væri að ganga út frá því að í einni úthlutun yrði leiðrétt greiðsluflæði í sjóðinn sem byggðist á því að endursöluíbúðir hefðu verið utan við þessar 500 íbúðir. Það er að sjálfsögðu hlutur sem ég mun skoða en hef enga trú á að komi til á þessu eina ári.

[15:08]

Finnur Ingólfsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. svörin. Ég fagna því að vissu leyti að hæstv. ráðherra útilokar ekki að það komi fram eftir helgi frv. til laga um greiðsluaðlögun frá ríkisstjórninni. Það er mikilvægt vegna þess að það er stór hópur einstaklinga sem býr við mjög erfiðar aðstæður sem bíður eftir því að það komi einhver úrræði af hálfu ríkisstjórnarinnar til að takast á við þá miklu greiðsluerfiðleika sem heimilin standa nú frammi fyrir.

Það hlýtur að vera svo að frv. sem er að fyrirmynd úr Skandinavíu og hér er flutt hlýtur að vera svolítið öðruvísi heldur en það sem við erum með og ekki síst í ljósi þess að við erum ekki með neitt. Frv. er nýtt, gerir ráð fyrir alveg nýju fyrirkomulagi um það hvernig á að taka á ákveðnum erfiðleikum sem einstaklingar standa frammi fyrir. En það get ég sagt hæstv. félmrh. að frv. hefur algerlega verið lagað að íslenskum aðstæðum, íslensku réttarfari.

En ég spyr af því að hæstv. félmrh. ýjaði að því áðan í sinni ræðu: Strandar málið í dómsmrn. hjá hæstv. dómsmrh.? Ég spyr: Á hverju strandar þar þá ef svo er?

[15:10]

Félagsmálaráðherra (Rannveig Guðmundsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef ekkert haft nein orð uppi um að neitt strandaði og mér er farið að finnast þetta orðhengilsháttur að vera sífellt að fara inn á aðrar brautir en það mál sem hér er til 2. umr. Ég ætla ekkert að hafa fleiri orð en ég hef þegar haft um greiðsluerfiðleika og sem við höfum farið í gegnum í þessari umræðu reyndar.

En ég ætla að nefna annað sem ég hafði ekki tíma til að koma inn á í mínu andsvari áður og það var spurning þingmannsins um hvort ekki þyrfti að skoða ef íbúðir standa auðar út um allt land í tengslum við það þegar hann var að fjalla um fækkun íbúða. Ég mundi svara því: Jú. Það þarf nefnilega að skoða það á hverjum tíma hvernig samsetning þeirra félagslegu íbúða eiga að vera sem verið er að úthluta. Það getur á einum tíma verið réttlætanlegt að leggja mikla áherslu á úthlutun leiguíbúða og á öðrum tíma að vera með öðruvísi samsetningu úthlutunar þó að það mundi þýða færri íbúðir en ella miðað við þarfirnar og óskirnar frá þeim sem eru að sækja um.

Mitt svar er því að það eigi á hverjum tíma að reyna að átta sig á því af hverju það hefur gerst á einhverjum stað að íbúðir standa auðar. Það er líka þannig að það er e.t.v. eðlilegt að ákveðið hlutfall félagslegra íbúða sé á hverjum stað og þegar ákveðnu hlutfalli sé náð þá sé mjög hægt á úthlutun til þess sveitarfélags. Þetta eru allt hlutir sem má skoða stöðugt og hafa mikið samráð um við sveitarfélögin og aðra aðila sem um þessi mál fjalla.

[15:12]

Finnur Ingólfsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Orðhengilsháttur eða ekki. Ég ætla ekkert að deila um það. Hins vegar þegar húsnæðismál eru til umræðu þá hljóta menn auðvitað eins og ástandið er hjá því fólki sem hefur lent í húsbréfakerfinu og býr við þessar hrikalegu aðstæður, þá verður ekki undan því vikist að slíkt ástand blandist inn í umræður þegar húsnæðismál eru til umræðu á Alþingi á annað borð.

Auðvitað er það erfitt fyrir hæstv. félmrh. að standa og sitja undir slíkri umræðu vegna þess að staðreyndin er sú að Alþfl. – Jafnaðarmannaflokkur Íslands, sem hæstv. félmrh. er í og er ráðherra fyrir í hæstv. ríkisstjórn, ber ábyrgð á því neyðarástandi sem hefur verið að skapast á undanförnum árum á mörgum heimilum í landinu. Ráðherrann ber ábyrgð á því vegna þess að hæstv. félagsmálaráðherrar þessa flokks hafa í gegnum tíðina sífellt verið að krukka í húsnæðislánakerfið, sífelldar breytingar. 140% vaxtahækkun á einni nóttu í félagslega íbúðalánakerfinu í tíð fyrrv. hæstv. félmrh. Jóhönnu Sigurðardóttur. Og þannig mætti lengi, lengi telja. Ég skil það ósköp vel að það er erfitt fyrir hæstv. félmrh. að sitja undir slíkri umræðu og vilja ekki taka þátt í henni og einskorða sig bara við það góða í því frv. sem núna er lagt hér fram og er verið að leiðrétta. Ég skil þetta mætavel. En ábyrgðin er Alþfl. í þessu máli, hæstv. félmrh.

[15:14]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Mér finnst ástæða til að bæta örlitlu við það sem ég hafði um málið að segja í fyrri ræðu minni og nýta mér því síðari rétt til að tala í þessari umræðu. Ég vil fara aðeins betur yfir stjórnsýsluþáttinn í málinu og beina athyglinni að því hversu mjög sú breyting að flytja ákveðna þætti yfir til sveitarfélaga hefur gert framkvæmd málanna flóknari og skapað nokkur vandamál vegna þess að ekki hefur farið saman forræði málsins og ákvörðunartakan annars vegar og ábyrgðin á ákvarðanatökunni hins vegar.

Eitt skýrasta dæmið um þetta er að finna í reynslunni af almennu kaupleiguíbúðunum þegar þáv. félmrh. ákvað og beitti sér fyrir því að stofna nýjan útlánaflokk sem síðan var lögfestur, svokallaðar kaupleiguíbúðar, bæði almennar og félagslegar. Í framhaldi af því beitti ráðherrann, þáv. varaformaður Alþfl., sér fyrir því að veitt yrði verulegu fé til að koma á fót þessum íbúðum. Því var haldið nokkuð að sveitarstjórnarmönnum að nýta sér þennan nýja valkost í lánakerfinu. Að sjálfsögðu nýttu sveitarstjórnarmenn sér það að peningahrúga væri í boði til að byggja íbúðir og í allnokkrum sveitarfélögum var það gert í umtalsverðum mæli þar sem menn fengu mjög ríflegar úthlutanir í því skyni. Má t.d. nefna Siglufjörð og Ísafjörð sem dæmi um það.

Reynslan af þessu er því miður sú að þeir sem fengu úthlutunina tóku sjálfir ákvarðanir um íbúðastærðir og byggingar og völdu verktaka og ákváðu hvernig yrði staðið að því að finna sér verktaka. Þetta er eitt allra skýrasta dæmið um þá stöðu sem uppi er að menn hafa hlutina á tveimur höndum. Í annarri hendinni er aðilinn sem tekur ákvörðunina um útgjöldin, stofnar til útgjaldanna, þ.e. heima í héraði, en í hinni hendinni er aðilinn sem á að borga, þ.e. ríkisstofnunin. Og af því að ábyrgðin var ekki á sömu hendi og ákvarðanatakan í þessu varð reynslan sú og niðurstaðan, getum við sagt, að menn byggðu of stórar íbúðir. Menn byggðu íbúðir sem voru of dýrar og með hörmulegum afleiðingum. Þær seldust ekki og urðu mikið vandamál fyrir þá aðila sem stóðu að framkvæmdinni.

Það hefur ekki farið mjög hátt en eitt af verkefnum húsnæðismálastjórnar hefur verið að leysa úr þessu vandamáli sem fyrrv. félmrh. bjó til með ábyrgðarlausum uppboðsmálflutningi eins og enn þá hendir ein-

staka ráðherra í Alþfl. Er hæstv. viðskrh. nýjasta dæmið um yfirborðsráðherra sem iðkar gylliboð og yfirboð í ýmsum málum, en það er önnur saga og höldum honum utan við þessa umræðu um húsnæðismálin.

Það hefur því miður lent á stofnuninni að finna lausnir sem hafa verið fólgnar í því að auka niðurgreiðslur ríkissjóðs á þessum íbúðum, með því að færa þær á milli lánaflokka úr almennri kaupleiguíbúð og yfir í félagslega lánaflokka sem þýðir að menn hafa verið að taka ákvörðun um að greiða niður þessar íbúðir um svo og svo háar fjárhæðir, allt eftir því hvað lánin eru há í hverju tilviki. Má nefna sem dæmi að meðalniðurgreiðsla ríkisins af félagslegri íbúð sem kostar um 6 millj. kr. er um 2 millj. Það eru um 2 millj. kr. sem ríkið er að borga með hverri íbúð með því að lána út á vöxtum sem eru lægri en þeir vextir sem stofnunin er látin taka til að fjármagna lánið. Þessi fjárhæð er þeim mun hærri í þeim tilvikum sem íbúðirnar voru stærri og dýrari en í þeim tilvikum sem ég er að ræða um varðandi almennu kaupleiguíbúðirnar eru mjög margar íbúðir sem voru dýrar, kostuðu 8, 9 og 10 millj. kr. Þarna gerðu menn breytingu í stjórnsýslunni sem var „poppuler", hún var poppuð. Hún innihélt klisjuna: Færum valdið heim í hérað. Gerði það hins vegar ekki í raun heldur færði bara ákveðinn ákvörðunarþátt út í hérað en skildi ábyrgðina eftir. Fyrir vikið urðu menn að borga af sameiginlegum sjóðum stofnunarinnar til þess að leysa úr þessu vandamáli.

Þetta er því miður verulegt vandamál í félagslega húsnæðislánakerfinu í dag og þetta frv. tekur ekki á því. Það er út af fyrir sig stærra mál en svo að við getum ætlast til að finna lausn á því á þeim stutta tíma sem eftir er til þinglausna en ég tel það eitt allra stærsta málið í húsnæðislöggjöf að menn komi sér niður á lausn í þessu efni. Menn verða að velja úr hvorri Keflavíkinni menn ætla að róa. Ég er ekkert endilega að tala fyrir því að hlutirnir eigi að öllu leyti að vera ákvarðaðir af ríkinu. Ég er miklu frekar talsmaður þess að færa hlutina heim í hérað en þá í miklu ríkari mæli en gert er í núverandi löggjöf þar sem menn hafa aðeins á yfirborðinu fært heim í hérað ákveðna þætti en haldið eftir í hinu miðstýrða stjórnvaldi alla meginþætti málsins.

Ég vil, virðulegi forseti, líka nefna eitt atriði sem ég tel þýðingarmikið og það er að laga útlánaflokkana að þörfum þeirra sem þeim eru ætlaðir. Ráðherrann kallaði þetta áðan í framsöguræðu sinni sveigjanlegra lánakerfi og það er út af fyrir sig ekki nýtt hugtak. Við alþýðubandalagsmenn höfum oftlega slegið þessu fram og ég vil minna á það sjónarmið okkar að við teljum að við eigum að laga útlánaflokkana að getu fólksins sem á að borga lánin. Við eigum ekki að vera að miða útlánaflokkunina við steinsteypu eða kjörin á lánunum við steinsteypuna. Við eigum að miða þau við getu fólksins sem á að standa undir þeim. Það er segja að við eigum að hafa það breytilegt hvort íbúð er, getum við sagt, á almennum markaði eða félagsleg íbúð eða í hvaða lánaflokki innan hinna félagslegu íbúða. Það fer eftir getu þess sem í íbúðinni er. Við eigum að breyta lánskjörunum eftir því sem hagur viðkomandi breytist en ekki að flytja hann út úr íbúðinni og finna honum aðra íbúð. Það er einstaklingurinn sem á að vera aðalatriði málsins en ekki íbúðin eða steinsteypan.

Þetta tel ég að menn eigi að hafa að leiðarljósi við endurskoðun laganna og til þess að það nái fram að ganga þarf m.a. að auka sveigjanleikann í kerfinu þannig að unnt sé að breyta lánskjörum eftir aðstæðum hverju sinni.

Ég minni á að við höfum flutt þingmál um þetta á yfirstandandi kjörtímabili, annars vegar lagafrv. um greiðslufrestun fasteignaveðlána þar sem við gerum ráð fyrir því að greiðslubyrði lánanna verði breytt í samræmi við minnkandi tekjur þeirra sem eiga að borga af þeim og svo hins vegar till. til þál. um greiðsluaðlögun húsnæðislána. Hvorugt þessara þingmála hefur náð fram að ganga en ég er sannfærður um að þær breytingar sem flokkarnir hugsa sér að gera á þessari löggjöf á næsta kjörtímabili grundvallast allar á því atriði að laga kjörin á lánunum að getu þess fólks sem á að borga af þeim.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Bjargráðasjóður, 1. umr.

Stjfrv., 371. mál. — Þskj. 600.

[15:25]

Félagsmálaráðherra (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á lögum um Bjargráðasjóð, nr. 51/1972, með síðari breytingum. Frv. er flutt að beiðni Sambands ísl. sveitarfélaga og er tilgangur þess að undanþiggja Bjargráðasjóð ákvæðum laga um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði, nr. 123/1993.

Með þátttöku í Evrópska efnahagssvæðinu skuldbatt Ísland sig til að lögfesta sams konar reglur um lánastofnanir og gilda innan Evrópusambandsins og voru áðurgreind lög um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði samþykkt af því tilefni. Í lögunum eru ýmsar almennar reglur um lánastofnanir sem í sumum tilvikum ganga mun lengra en fram kemur í ýmsum gildandi sérlögum um lánstofnanir hér á landi, þar á meðal lögum um Bjargráðasjóð.

Í 1. mgr. 2. gr. laga nr. 123/1993 er hugtakið „lánastofnun" í merkingu laganna skilgreint. Með því er átt við „félög eða stofnanir sem hafa að meginverkefni að veita lán í eigin nafni og afla sér í því skyni fjár með útgáfu og sölu á skuldabréfum og endurgreiðanlegum skuldaviðurkenningum til almennings". Í athugasemdum með frv. að lögunum segir og að í skilgreiningu á lánastofnun felist að til lánastofnana teljist öll félög og stofnanir hér á landi sem hafa heimild í lögum eða samþykktum til að veita lán í eigin nafni og afla til þess fjár með útgáfu og sölu á skuldabréfum og öðrum endurgreiðanlegum skuldaviðurkenningum til almennings þó svo að þær nýti sér ekki og hafi jafnvel

aldrei nýtt sér þá heimild heldur afli fjár með öðrum hætti, t.d. með framlögum úr ríkissjóði, tekjum af mörkuðum tekjustofni eða beinum lántökum hjá ríkissjóði eða öðrum stofnunum eða félögum.

Skilyrði þess að stofnun teljist lánastofnun samkvæmt lögun eru samkvæmt framangreindu tvö. Annars vegar að stofnunin veiti lán í eigin nafni og hins vegar að hún afli fjár til útlána með útgáfu og sölu á skuldabréfum og öðrum endurgreiðanlegum skuldaviðurkenningum til almennings. Bæði skilyrðin verða að vera uppfyllt svo að stofnun teljist lánastofnun í skilningi laganna.

Bjargráðasjóður skiptist í tvær deildir skv. 4. gr. bjargráðasjóðslaga, nr. 51/1972, almenna deild og búnaðardeild. Þær veita hvor um sig fjárhagsaðstoð vegna tjónstilvika sem nánar er lýst í 8. og 9. gr. sömu laga. Samkvæmt 10. gr. laganna er fjárhagsaðstoð beggja deilda sjóðsins fólgin í veitingu styrkja og/eða lána eftir reglum sem sjóðstjórn setur. Samkvæmt 15. gr. laganna er gert ráð fyrir því að Bjargráðasjóður geti tekið „nauðsynleg lán fyrir sjóðinn". Heimildin til lántöku er því fyrir hendi hvort sem hún er „nýtt" eða ekki.

Ljóst er samkvæmt þessu að Bjargráðasjóður telst til lánastofnunar í skilningi laga nr. 123/1993 og þyrfti því samkvæmt þeim lögum að laga sig að þeim. Hins vegar er starfsemi Bjargráðasjóðs þess eðlis að ekki er ástæða til að laga starfsemi hans sérstaklega að reglum og kröfum Evrópusambandsins, sbr. ákvæði laga nr. 123/1993. Sjóðurinn þarf ekki að afla sér lánsfjár með útgáfu og sölu á skuldabréfum og öðrum endurgreiðanlegum skuldaviðurkenningum til almennings. Með því að taka það sérstaklega fram í 15. gr. laganna, eins og lagt er til í 1. gr. frv., fellur sjóðurinn ekki lengur undir skilgreiningu laga nr. 123/1993 á hugtakinu lánastofnun og þarf þar af leiðandi ekki að gera breytingar á starfsemi sinni. Er mjög mikilvægt fyrir starfsemi sjóðsins að frv. nái fram að ganga á þessu þingi og hefur Samband ísl. sveitarfélaga lagt á það mikla áherslu.

Virðulegi forseti. Ég hef lokið þessari framsögu. Ég legg til að málinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. félmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Útbýting þingskjala:

Starfræksla póst- og símamála, 421. mál, frv. JVK o.fl., þskj. 689.

Tryggingagjald, 236. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 691.

Lánasjóður sveitarfélaga, 1. umr.

Stjfrv., 370. mál (lántökur). — Þskj. 599.

[15:29]

Félagsmálaráðherra (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um Lánasjóð sveitarfélaga og er þetta mál sams konar og það sem ég hef mælt fyrir um Bjargráðasjóð.

Ég tel ekki þörf á að endurtaka það sem ég sagði þá um lög nr. 123/1993. Hins vegar er ástæða til að víkja stuttlega að starfsemi Lánasjóðs sveitarfélaga og skýra ástæður sem liggja varðandi hann að baki þessa frv.

Samkvæmt lögum um Lánasjóð sveitarfélaga er það m.a. hlutverk sjóðsins að veita sveitarfélögum stofnlán til nauðsynlegra framkvæmda eða fjárfestinga sem eru svo kostnaðarsamar að fjár til þeirra verður ekki aflað af tekjum sveitarfélags nema á löngum tíma. Þá segir í 1. málsl. 6. gr. laganna að stjórn sjóðsins sé heimilt að gefa út skuldabréf fyrir hans hönd til þess að afla sjóðnum lánsfjár samkvæmt c- og d-lið 5. gr. laganna. Ljóst er samkvæmt þessu að Lánasjóður sveitarfélaga telst lánastofnun í skilningi laga nr. 123/1993.

Í ákvæði I til bráðabirgða með þeim lögum er tekið fram að lánastofnanir sem falla undir skilgreiningu laganna og starfandi eru við gildistöku þeirra skuli hafa aðlagað starfsemi sína ákvæðum laganna fyrir 1. jan. 1995. Gert er þannig ráð fyrir því að lög þeirra stofnana sem undir lögin eiga að falla verði samræmd lögum nr. 123/1993 fyrir 1. jan. 1995. Því verður að breyta lögum þeirra stofnana sem falla nú undir hugtakið lánastofnun eins og það er skilgreint í lögum nr. 123/1993 en ekki er ætlast til að lögin nái til.

Lánasjóður sveitarfélaga hefur afar sérstöku og afmörkuðu hlutverki að gegna við sveitarfélögin í landinu. Engin ástæða er til að breyta lögum hans í veigamiklum atriðum og laga hann sérstaklega að reglum og kröfum Evrópusambandsins.

Sjóðurinn þarfnast ekki heimildar til útgáfu og sölu á skuldabréfum eða öðrum endurgreiðanlegum skuldarviðurkenningum til almennings til að fjármagna starfsemi sína. 1. gr. frv. þessa gerir því ráð fyrir tekið verði sérstaklega fram í 6. gr. laganna að sjóðnum sé ekki heimilt að afla sér lánsfjár með útgáfu og sölu á skuldabréfum og öðrum endurgreiðanlegum skuldaviðurkenningum til almennings. Eftir þá breytingu rúmast starfsemi sjóðsins ekki lengur innan þeirrar skilgreiningar á lánastofnun sem fram kemur í 1. mgr. 2. gr. laga nr. 123/1993.

Í þessu sambandi er rétt að geta þess að í 15. gr. laga um Þróunarsjóð sjávarútvegsins er að finna sambærilegt ákvæði og þetta og það ákvæði var beinlínis sett til þess að Þróunarsjóður sjávarútvegsins heyrði ekki undir lög nr. 123/1993.

Virðulegi forseti. Þetta frv. er ekki efnismikið en það er mikilvægt fyrir starfsemi Lánasjóðs sveitarfélaga að það verði samþykkt á þessu þingi og hefur Samband íslenskra sveitarfélaga lagt mikla áherslu á það. Ég legg til að málinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. félmn. og 2. umr.

Umræðu frestað.

Umræður utan dagskrár.

Launamyndun og kynbundinn launamismunur.

[15:33]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég vil leggja nokkrar spurningar fyrir hæstv. ráðherra í tilefni af útkomu skýrslu um launamyndun og kynbundinn launamismun sem unnin er af Félagsvísindastofnun háskólans fyrir Jafnréttisráð. Ég vil fyrst láta það sjónarmið koma fram að ég held að þetta sé hin merkasta skýrsla og hin merkasta niðurstaða og Jafnréttisráð, norræna jafnlaunaverkefnið og höfundar eiga hrós skilið fyrir þetta framtak. Það kemur fram í inngangi skýrslunnar að ein ríkisstofnun hafi neitað að taka þátt í verkefninu og ég tel réttmætt að upplýsa hvaða opinbera stofnun er þar á ferðinni þó að öðru leyti verði ekki gefin upp nöfn. Ég skora á hæstv. félmrh. að sjá til þess að sú stofnun verði dregin fram í dagsljósið.

Fyrst nokkur orð um helstu niðurstöður skýrslunnar. Ef skoðaðar eru heildartekjur karla og kvenna og þær bornar saman þá hafa konur einungis um 59% af tekjum karla. Þetta skýrist að sjálfsögðu að einhverju leyti af mismunandi starfshlutfalli. En þegar aðeins eru bornar saman tekjur þeirra sem eru í fullu starfi er hlutfall tekna kvennanna þó aðeins 65% þannig að mismunandi starfshlutfall dugar skammt til að skýra muninn. Ef skoðað er hvernig heildartekjur karla og kvenna í þessum hópi sem skýrslan fjallar um eru saman settar kemur í ljós að konur eru með 78% af hreinum dagvinnulaunum karla. Þegar aukagreiðslur eins og óunnin yfirvinna, þóknunareiningar og bílastyrkir og fleira því um líkt bætist við hallar á konurnar því við þetta hækkar kaup karlanna um 16% en kvennanna aðeins um 4%. Þegar yfirvinnu er svo bætt við og fundið út meðaltímakaup dregur enn í sundur og er meðaltímakaup eða jafnaðarkaup kvennanna aðeins 68% af meðalkaupi karla.

Ef skoðað er samhengi menntunar og launamunar kemur sú ískyggilega mynd fram að launamunur vex með aukinni menntun. Ekki er marktækur munur á launum karla og kvenna með grunnskólamenntun, konur sem lokið hafa framhaldsskólaprófi eru með 78% af launum sambærilegra menntaðra karla og konur með háskólamenntun aðeins 64%.

Þegar þetta er betur skoðað kemur í ljós að eiginlegur launamunur eða launamisrétti heldur innreið sína samfara aukinni menntun. Það er ekki marktækur munur á meðaltímakaupi í verkamanna-, iðnaðar-, þjónustu- og skrifstofustörfum eftir kynjum. Meiri heildartekjur karla í þessum stéttum skýrast af lengri vinnutíma. En slíkar skýringar duga ekki þegar um fólk með meiri menntun er að ræða. Þá er orðinn marktækur munur á meðaltímakaupi og í reynd verður ekki séð að neinar hefðbundnar skýringar svo sem mismunandi störf, mismikil menntun, mismikil yfirvinna, mismunandi starfsaldur o.s.frv. dugi til. Hér virðist því vera um blákalt launamisrétti að ræða.

Eitt aðalbirtingarform þessa misréttis eru aukagreiðslur ýmiss konar. Mun fleiri karlar fá miklu hærri aukagreiðslur af ýmsu tagi en konur í sambærilegum hópum. Rætur þessa vanda virðast ekki síst liggja í því hvernig laun og kjör eru ákveðin og þeim viðhorfum sem eru ríkjandi í þeim efnum. Viðhorf til mannaráðninga og stöðubreytinga sem könnuð voru staðfesta að rík tilhneiging virðist vera til þess að láta konur gjalda þess að eiga ung börn og jafnvel láta undar konur gjalda þess möguleika að þær gætu átt barneignir í vændum.

Sem sagt, hæstv. forseti, niðurstaðan er harla ljót. Það viðgengst grimmilegt launamisrétti eftir að allar gjaldgengar skýringar til að útskýra launamun karla og kvenna eru þrotnar. Það, hæstv. forseti, er lögbrot framan við nefið á okkur. Í opinberum stofnunum ekki síður en einkafyrirtækjum eru bersýnilega ekki virt þau ákvæði laga að greiða sömu laun fyrir jafnverðmæt störf. Önnur grein laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla segir: „Konum og körlum skulu með stjórnvaldsaðgerðum tryggðir jafnir möguleikar til atvinnu, launa og menntunar." Í 4. gr. er enn þá betur hnykkt á þessu og tekið fram að þar sé átt við allar greiðslur, yfirborganir og þóknanir af hvaða tagi sem er einnig. Vandinn, hæstv. forseti, er ekki sá að við eigum ekki góð lög heldur hinn að það er ekki farið eftir þeim.

Í opinberum stofnunum er verið að skrifa upp á óunna yfirvinnureikninga, semja um nefndareiningar eða þóknunareiningar, bílastyrki og svo framvegis sem í reynd búa til launamistétti. Skýrslan er afhjúpandi um það. Léleg laun og tvöfalt launakerfi ýta undir þetta því í gegnum aukasporslurnar, sem eru aðferð manna til að bæta sér upp léleg laun, kemur launamisréttið. Svarið hlýtur að felast í einföldu og gagnsæju launakerfi þar sem öllum, jafnt konum sem körlum, eru greidd mannsæmandi umsamin föst laun.

Ég vil að lokum leggja eftirfarandi spurningar fyrir hæstv. félmrh.:

Hverjar eru að mati ráðherrans markverðustu niðurstöður skýrslunnar?

Kalla niðurstöðurnar á breytingar á jafnréttislögum, framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum eða öðrum framkvæmdaatriðum í jafnréttismálum?

Telur félmrh. koma til greina að láta yfirmenn stofnana og fyrirtækja sæta aukinni ábyrgð og telur ráðherra rétt að endurskoða 6. kafla jafnréttislaga um viðurlög og réttarfar?

Til hvaða ráðstafana telur ráðherra rétt að grípa sérstaklega gagnvart þeirri niðurstöðu skýrslunnar að launamunur vex með aukinni menntun?

Að lokum: Telur ráðherra að starfsmat til að mynda hjá opinberum stofnunum sé ein af þeim leiðum sem vænleg sé til árangurs til að vinna bug á launamisréttinu?

[15:39]

Félagsmálaráðherra (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Já, þetta er merkileg skýrsla og rannsóknin er liður í samstarfsáætlun jafnréttisráðherra Norðurlanda fyrir tímabilið 1989 til 1994 og var á sviði launajafnréttis kvenna og karla og kallað nor-

ræna jafnlaunaverkefnið. Hún er einnig þáttur í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar til næstu fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna.

Enda þótt niðurstöður skýrslunnar séu síður en svo ánægjuefni vil ég fagna þeirri umræðu sem átt hefur sér stað undanfarna daga um efni hennar. Mér virðast viðbrögð almennings benda til þess að þær aðstæður séu loksins að skapast í þjóðfélaginu að hægt sé að ráðast að rótum vandans sem fyrst og fremst felast í því að launakerfi hins opinbera er gengið sér til húðar og lágum grunnlaunum á almenna vinnumarkaðnum. Ég held að stjórnmálamönnum og stjórnendum fyrirtækja sé þetta löngu ljóst. Enda er þetta margra ára vandi sem hér er staðfestur.

Spurningin er að mínu mati ekki sú hvort endurskoða þurfi launakerfi heldur hvenær það verður gert. Og þetta ástand er með öllu óviðunandi og á því verður ekki ráðin bót nema með víðtæku samstarfi og samkomulagi í þjóðfélaginu. Það þarf viðhorfsbreytingu.

Ég vil að því er varðar skýrsluna lýsa ánægju minni með hana. Hún er fagmannlega gerð og þeim til sóma sem sáu um samningu hennar. Ég vil þó vekja athygli á þeim varnaðarorðum sem koma fram í skýrslunni, fjöldi einstaklinga sem haft var samband við var takmarkaður, dreift var 1.250 spurningaskrám og bárust svör frá 685. Þessi hópur var ekki valinn með tilviljunaraðferð. Af þessari ástæðu er varhugavert að alhæfa út frá niðurstöðum hennar þó að vísbendingarnar séu afar sterkar.

Mér finnst sérstök ástæða til að þakka þeim atvinnurekendum og forstöðumönnum opinberra fyrirtækja sem veittu upplýsingar úr bókhaldi fyrirtækja sinna og svöruðu spurningum því annars hefði þessi skýrsla tæplega komið fram. Það er ekki hægt að gefa upp hvorki þá sem voru með né þá sem neituðu vegna þess að það er afar mikilvægt að geta átt slíkt samstarf aftur.

Það er þó ljóst að þessi könnun staðfestir allar aðrar hliðstæðar kannanir. Það má nefna könnun Þjóðhagsstofnunar um tekjur karla og kvenna og könnun kjararannsóknanefndar frá árinu 1992. Sú niðurstaða skýrslunnar að menntun leiði til launahækkunar bæði hjá konum og körlum kom mér ekki á óvart en sú staðreynd að hún leiðir til meiri launahækkunar hjá körlum en konum kom mér í opna skjöldu. Launamunur kynjanna hverfur því ekki þegar tillit er tekið til menntunar fólks. Þetta eru gífurleg vonbrigði sérstaklega þegar litið er til þeirrar fjölgunar sem orðin er á langskólagengnum konum. Að vísu er enginn munur á launum karla og kvenna sem ekkert nám hafa stundað eftir grunnskóla en töluverður munur er á launum karla og kvenna sem hafa lokið framhalds- og háskólaprófi.

Niðurstöður sýna einnig að sérsamningar launþega og vinnuveitenda leiða til aukinns munar á launum karla og kvenna. Í þeim stéttum þar sem sérsamningar eru algengastir er langmesti munurinn á launum kynjanna. Þegar tekið er tillit til starfsstéttar, menntunar, starfsaldurs, fjölda yfirvinnutíma, inntak starfs og fjölda sem vinnur í sama herbergi eru konur með 11% lægri dagvinnulaun og aukagreiðslur á klukkustund en karlar. Í skýrslunni er fjallað um viðhorf starfsmanna til starfsins og viðhorf yfirmanna til starfsmanna. Það kemur fram að yfirmenn hvetja karla frekar en konur til að sækja ráðstefnur og koma með eigin hugmyndir og að vinna að sjálfstæðum verkefnum. Það er athyglisverður munur á viðhorfi. Forgangsröðun kvenna eða tilhneiging þeirra til að láta fjölskylduna ganga fyrir vinnunni var ekki eina ástæðan sem var gefin fyrir því að þær væru síðri starfskraftur. Margir töldu þær einnig hafa önnur viðhorf til vinnu, þær hefðu ekki sama áhuga og væru ekki tilbúnar til að fórna sér fyrir stofnunina eða fyrirtækið.

Ég vil minna á það enn og aftur hversu mikilvægt það er í þessu efni að stjórnvöld setji sér fjölskyldustefnu vegna þess að við erum ekki eingöngu að slást við viðhorf heldur einnig aðstæður.

Hvort skýrslan kalli á breytingar á jafnréttis- og framkvæmdaáætlun á eftir að skoða nánar. En ég vil benda á að skv. 4. gr. jafnréttislaga skulu konur og karlar fá sömu laun og njóta sömu kjara fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf. Þessa lagagrein tel ég að þurfi að útfæra nánar hvort heldur er í reglugerð eða með setningu leiðbeinandi reglna fyrir vinnumarkaðinn. Ég tel vel koma til greina að settar verði leiðbeinandi reglur sem þá mundu jafnframt nýtast við beitingu starfsmats, eins og þingmaðurinn spurði um, hjá einstöku fyrirtæki eða stofnun og sem gæti nýst bæði hinu opinbera og almenna vinnumarkaðnum. Til þessa þarf gagnasöfnun sem er fyrsta skrefið.

Einnig finnst mér mjög mikilvægt að mynda starfshóp, setja vinnu í gang eins og gert hefur verið á öðrum Norðurlöndunum, þar sem yrði unnið að starfsmatsreglum í samráði við aðila vinnumarkaðarins. Ég hef þegar ákveðið að skipa slíkan hóp. Öðrum spurningum verð ég að koma að síðar í máli mínu.

[15:45]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Sú skýrsla sem hér er til umræðu er að sönnu ágæt en hún er bara enn ein skýrslan, enn ein könnunin, sem leiðir í ljós það sem við höfum lengi vitað, að laun kvenna eru á bilinu 50 til 65% að meðaltali af launum karla. Sú niðurstaða sem fram kemur í skýrslunni um það að aukin menntun leiði af sér aukið launabil hefur líka legið fyrir í mörg ár. Kannanir sem BHMR hefur gert hjá sínum félagsmönnum hafa leitt í ljós að því meiri menntun þeim mun breiðara launabil milli karla og kvenna.

Staðreyndin er sú, hæstv. forseti, að það er nóg komið af könnunum. Við vitum hvernig málin standa og það er kominn tími aðgerða. Það er löngu orðið tímabært að grípa til aðgerða. Það standa yfir kjarasamningar í samfélaginu og þeir gefa tækifæri á því að leiðrétta þennan mun. Það liggur tillaga fyrir Alþingi um uppstokkun á launakerfi ríkisins, flutt af okkur kvennalistakonum. Það má samþykkja hana og hefjast þegar í stað handa. Það þarf að vinna ókynbundið starfsmat og þannig mætti lengi telja upp aðgerðir sem hægt er að grípa til ef vilji er til þess. Við kvennalistakonur höfum flutt tillögur ár eftir ár um endur-

skoðun á launakerfinu og ýmsar aðgerðir til að bæta kjör kvenna en þær hafa ekki náð fram að ganga á hinu háa Alþingi. Gömlu flokkarnir hafa allir átt sæti í ríkisstjórnum á undanförnum árum og hafa haft tækifæri til að taka á launamun kynjanna en þeir hafa bara ekki gert það. Þeir hafa ekki sýnt því máli neinn áhuga og hafa ekkert gert. Áhuginn hefur sannast að segja verið minni en enginn. Og ekki er hægt að hrósa verkalýðshreyfingunni, hvort sem litið er á opinbera starfsmenn eða Alþýðusamband Íslands. Launamál kvenna, launamisréttið, hefur bara ekki verið á dagskrá. Þess vegna fagna ég því að það skuli loksins tekið til umræðu og vona að það boði betri tíð og bæði Alþfl. og Alþb. fari að sinna þessum málum. Það sem þarf, hæstv. forseti, er hugarfarsbyltingu og aðgerðir strax.

[15:47]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Sú skýrsla sem hér er til umræðu er athyglisverð þó ekki sé hægt að segja að niðurstöður hennar komi að öllu leyti á óvart. Kannski er athyglisverðasta niðurstaðan í þessari skýrslu að þröskuldarnir skuli hækka fyrir konur eftir því sem menntun þeirra eykst og eftir því sem um sérhæfðari störf er að ræða. Ég hygg að ástæðan sé sú að launakerfið er flókið, það viðgangast alls konar aukagreiðslur fyrir óunna yfirvinnu, fundarsetur og önnur slík mál og fólki er ekki borgað eftir einföldum launatöxtum. Þetta gerir samanburð erfiðan og erfitt að framfylgja þeim lögum sem í gildi hafa verið um nokkurt skeið um launajafnrétti karla og kvenna. Það er einhvern veginn svo að það er eins og forsvarsmenn fyrirtækja séu enn þá fastir í þeirri hugsun að konan sé afgangsstærð á vinnumarkaðinum og henni beri að víkja ef kreppir þar að.

Það má spyrja hvað hér sé til ráða. Löggjöfin er fyrir hendi en ég held að erfiðleikarnir séu fólgnir í því að það þarf að koma til hugarfarsbreyting í þessum efnum hjá forsvarsmönnum fyrirtækja og hjá öllum almenningi. Það er alveg hárrétt sem fram hefur komið hér að hið opinbera launakerfi er gengið sér til húðar, sérstaklega í stjórnunarstöðum. Það viðhaldast alls konar aukagreiðslur þar og þess er skemmst að minnast að það var kveðinn upp frægur kjaradómur sem var ætlað að taka á þessum málum og það yrðu föst laun. Sá kjaradómur var brotinn á bak aftur og Ríkisendurskoðun hefur haldið því fram að þar hafi menn misst af tækifæri til að koma böndum á laun stjórnenda hjá ríkisvaldinu. Ég held að ríkisvaldið ætti að ganga á undan og breyta þessu aftur.

[15:50]

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Launamismunur á Íslandi hefur farið vaxandi á undanförnum árum. Það þarf því engan að undra þó kynbundinn launamismunur hafi einnig vaxið. Öruggasta leiðin til að brjóta niður regluna um sömu laun fyrir sömu vinnu er að brjóta niður verkalýðshreyfinguna. Einkasamningar við starfsmenn eru vitanlega til þess fallnir að auka á launamismun enda oft bundnir trúnaði við einstaka starfsmenn og jafnvel inni á vinnustöðum.

Launakerfið í landinu er löngu hrunið og samningar um lágmarkslaun eru enginn mælikvarði á hin raunverulegu laun. Þess vegna er erfitt að sakast í sífellu við verkalýðshreyfinguna. Það sem máli skiptir er alls kyns önnur laun og sporslur og því meiri sem hærra kemur í launastigann. Það eru engar sporslur hjá fiskvinnslufólkinu eða iðjuverkafólkinu heldur því hærra sem kemur upp í launastigann þeim mun hærri verða sporslurnar. En þessi laun eiga konur miklu erfiðara að sækja en karlmenn og einkum og sér í lagi konur með fjölskyldur vegna ójafnrar stöðu varðandi skyldur við börn og heimili. Þetta þekkir hver kona. Hvort skyldu t.d. fleiri mæður en feður vera að gæta barna í dag meðan ríkisstjórnin heldur kennarastéttinni í verkfalli?

Það er ljóst að það þarf fyrst og fremst hugarfarsbreytingu til að breyta þeirri stöðu, ekki aðeins meðal atvinnurekenda heldur meðal þjóðarinnar allrar. Félagsmálaráðherrar Alþfl. hafa vanrækt þessi mál árum saman meðan þeir höfðu aðstöðu til að sinna þeim og ég verð að segja það, hæstv. forseti, að við viljum ekki fleiri kannanir, við þurfum þær ekki. Við vitum nákvæmlega hvernig þessi mál standa og ég ætla að vona að ný ríkisstjórn sem tekur við innan skamms gangi til verka og hætti að láta gera kannanir.

[15:52]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. málshefjanda fyrir að hreyfa þessu máli og vil upplýsa það að í fyrstunni var ég ekkert ákaflega þakklát því ég var tveimur tímum á eftir honum til að biðja um þessa umræðu. Hann segir að þetta sé hin merkasta skýrsla og það er auðvitað alveg rétt. En þetta er ekki skýrsla sem kemur okkur nokkurn skapaðan hlut á óvart sem höfum verið að skoða þessi mál undanfarin ár. Ég vil bara spyrja að því hvort fólk virkilega treysti þessum flokkum sem eru búnir að vera í ríkisstjórn undanfarin ár til þess að taka á þessum málum. Málshefjandi, sem talaði um þetta, hefur að vísu ekki verið í ríkisstjórn síðustu fjögur ár en hann var í ríkisstjórn þar áður og ég veit ekki hvort hann hefur gert nokkuð mjög mikið þá heldur.

Það er kannski rétt að nefna það líka hér að við kvennalistakonur höfum verið ásakaðar fyrir það að fara ekki í ríkisstjórn og taka á einhverjum málum. Árið 1987 settum við það fram, við lögðum allt undir í viðræðum um myndun ríkisstjórnar eftir kosningarnar 1987, til þess að knýja á um leiðréttingar á stöðu kvenna. Við ræddum við Alþfl. og Sjálfstfl. sem núna hafa verið í ríkisstjórn og vildum láta á það reyna hvort ekki væri hægt að leiðrétta þennan kynbundna launamun. Það náðist ekkert samkomulag. Þeir voru ekki til viðræðu um það þá. Ég ætla bara að vona að m.a. þessi skýrsla verði til þess að þeir verði kannski til viðræðu um það núna, að það verði frekar tekið á þessum málum við myndun næstu ríkisstjórnar en var 1987 og hefur verið síðustu fjögur árin.

Fólk talar hér um að það þurfi viðhorfsbreytingu. Það þarf vissulega viðhorfsbreytingu, það er bara ekki nóg. Það verður að vera í gangi jákvæð mismunun á meðan er verið að breyta þessum málum og það verða allir að taka þátt í því, bæði konur og karlar. Þess

vegna er mjög ánægjulegt að heyra þá karla sem hér hafa tekið til máls tala svona jákvætt um þetta og ég vona að það sé komin veruleg viðhorfsbreyting hjá þeim og vonandi fleirum.

[15:55]

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Hvað sýnir þessi skýrsla okkur sem hérna liggur fyrir? Hún sýnir okkur að hér er framið mannréttindabrot. Það er ekkert minna. En það kemur engum á óvart sem er í salnum. Þetta hefur viðgengist lengi. Jafnaðarmannaflokkur Íslands hefur farið með jafnréttismál í átta ár. Í átta ár hefur Jafnaðarmannaflokkur Íslands farið með jafnréttismál. Og hver er staðan í dag? Hún hefur sennilega ekki verið verri í ein 50 ár. Þetta er sannleikurinn.

Við sjáum t.d. mismuninn á fullum launum karla og kvenna, þá er fyrir sambærilegt starf, það er talað um meðallaun, karlmaðurinn með 173 þús., konan með 112 þús. kr. Og hver er ástæðan? Við hljótum að skoða hver er ástæðan. Er það menntunarleysi kvenna? Nei, það er ekki vegna menntunarleysis vegna þess að eftir því sem konur eru meira menntaðar þeim mun meira dregur á milli karla og kvenna. Er það viljaleysi kvenna til að taka ábyrgð á sig á vinnumarkaðinum? Nei, það er ekki þess vegna. Þegar við horfum t.d. til heilbrigðisstétta, sem er mjög lágt launaður hópur, er yfirleitt sagt: Það er svo erfitt að rétta þennan mismun á launum vegna þess að þetta eru svo stórar stéttir.

En ég tek undir með þeim sem segja að það er komið nóg af skýrslum. Málið er þetta: Þetta er ofmat á störfum karla og vanmat á störfum kvenna.

[15:57]

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Ég vona sannarlega að þessi umræða í dag reynist þörf en mikið óskaplega vildi ég að það væri ekki ástæða til að efna til hennar.

Allir þeir flokkar sem taka þátt í umræðunni hafa verið í ríkisstjórn á undanförnum átta árum nema Kvennalistinn. Þessir flokkar hafa allir brugðist nema Kvennalistinn. Tillögum Kvennalistans um lögbindingu lágmarkslauna og endurskoðun á launakerfi ríkisins hefur verið hafnað, svæft í nefnd. Hugmyndir Kvennalistans um krónutöluhækkun á öll laun ríkisstarfsmanna voru hunsaðar í stjórnarmyndunarviðræðum 1983. Tillögum Kvennalistans um úrbætur í launamálum var aftur hafnað í næstu stjórnarmyndunarviðræðum 1987. Það hefur enn ekki tekist þjóðarsátt um launajöfnun.

Launamunur milli karla og kvenna er þekktur í flestum löndum en til eru leiðir til að bæta ástandið og ein af þeim leiðum er starfsmat. Í sumum fylkjum Kanada, m.a. í Ontario, hefur náðst mjög góður árangur í launajöfnun með svokölluðu kynhlutlausu starfsmati og það ætti að vera hægt að leita í smiðju til Kanadamanna ef einhver vilji er í raun til þess að bæta úr því smánarlega ástandi sem við búum nú við.

Launakerfið er ónýtt og það gefur færi á því að hygla körlum umfram konur, taxtalaunin eru greinilega ekki mönnum bjóðandi en konum er boðið upp á þetta. Við vitum af því að það er ósýnilegt launaþak sem konur komast ekki upp fyrir en uppi á því glerþaki er allt morandi af körlum.

Sé einhver raunverulegur vilji til þess að taka á þessum málum þá skora ég á hæstv. Alþingi að samþykkja frá kvennalistakonum t.d. þá þáltill. sem liggur fyrir um viðmiðun lágmarkslauna við reiknaðan lágmarksframfærslukostnað. Það yrði svo sannarlega kjarabót fyrir konur.

[15:59]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég tel að hér sé um mjög merka skýrslu að ræða og ég játa það að mér var ekki ljóst innihald hennar og tel að þeir séu mjög vel að sér sem hafi vitað það fyrir. Nú vill svo til að stærsti launagreiðandinn er íslenska ríkið en stærsti greiðandi launa í landinu hjá sveitarfélögum er Reykjavíkurborg. Þess vegna tel ég nauðsyn að fá fleiri skýrslur, fá skýrslu um það hvernig þetta ástand var hjá Reykjavíkurborg áður en núv. borgarstjóri tók við völdum og hvernig ástandið verður þegar núv. meiri hluti fer frá völdum vegna þess að mér finnst það ekki ná neinni átt að hér standi upp kvennalistakonur og tali eins og hreinar meyjar í þessum efnum.

Við höfum kosið forseta yfir Alþingi, tvo forseta hæstvirta sem hafa verið konur. Hafa þær tryggt það á þessum vinnustað að farið væri eftir þeim leikreglum sem hér er verið að boða? Hefur það verið rannsakað?

Það er vissulega rétt að refsiákvæðin vantar í þessi lög. Hvernig haldið þið að það gengi að framkvæma umferðarlögin ef engin refsiákvæði væru í þeim? Og hvernig getur hæstv. félmrh. sagt að það sé ekki hægt að gefa upp nafnið á ríkisstofnun sem neitar að gefa upplýsingar? Hvað er verið að fela og hverjir eru þá að taka þátt í því að þessu er haldið leyndu? Ég hélt að það væri einfalt mál að óska þá eftir því að það sé Ríkisendurskoðun sem veiti upplýsingarnar um viðkomandi stofnun nema það hafi verið Ríkisendurskoðun sem neitaði. Þá eru menn náttúrlega komnir í slæmt mál að fá upplýsingarnar.

Herra forseti. Ég hef lokið máli mínu.

[16:01]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Því miður komst ég ekki til fundar fyrr og hef þess vegna ekki hlustað mjög ítarlega á allar ræður þó ég hafi hlustað á flestar þær fyrstu. Ég tel að sú skýrsla sem liggur fyrir sé merkilegt framtak. Ég hef kynnt mér meginniðurstöður skýrslunnar. Ég held að það séu ekki nein ný sannindi sem koma fram í skýrslunni og ég tel að gagnsemi skýrslunnar muni felast fyrst og fremst í því að örva umræður um þessi mikilvægu mál. Ég held að meginatriðið sé það að okkur ber að líta á þá starfsmenn sem vinna bæði hjá hinu opinbera og eins á einkamarkaði fyrst og fremst sem einstaklinga en ekki sem hóp af konum og hóp af körlum. Ef við gætum tileinkað okkur þennan hugsunarhátt væri þetta dálítið auðveldara, það skýrði fyrir okkur í hverju vandamálið liggur en það liggur í verka- og hlutverkaskiptingu kynjanna, ekki síst inni á heimilunum sjálfum þangað sem lögin ná ekki til, þangað sem vald ríkisins nær ekki til. Það býr í ómeð-

vitaðri afstöðu okkar sjálfra, okkar allra.

Ég get ekki á örstuttum tíma haft langt mál um þetta en vegna þess að í skýrslunni kemur fram að nokkur munur sé á launakjörum einstaklinga, kvenkyns einstaklinga hjá hinu opinbera og hjá hinum sem vinna á almennum markaði hef ég gert ráðstafanir til þess að fjmrn. kanni þessa skýrslu rækilega og tillögur verði enn fremur gerðar um það hvernig bregðast skuli við. Það er auðvitað ódýrt og einfalt að segja frá því að það séu gallar í launakerfi hins opinbera eða launakerfi á almennum vinnumarkaði. Þetta eru launakerfi sem hafa þróast um áratuga skeið og auðvitað tekur nokkurn tíma að bæta úr en aðalatriðið er að menn taki niðurstöðu skýrslunnar alvarlega og ég vildi láta koma fram að þetta mál verður að sjálfsögðu skoðað í fjmrn. að því marki sem málið snýr að því.

[16:04]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Um leið og ég þakka þessa umræðu og svör hæstv. félmrh. kemst ég ekki hjá því að segja að ég er algjörlega ósammála hæstv. fjmrh. og þeirri frjálshyggju eða einstaklingshyggjustefnu í launamálum sem hann boðar. Skýrslan sannar einmitt hið gagnstæða, hæstv. fjmrh., hún sannar að það er í gegnum persónubundnu greiðslurnar sem launamisréttið heldur innreið sína en meðan mönnum er borgað samkvæmt kjarasamningum standa menn sæmilega jafnt að vígi. Ef það er eitthvað sem þessi skýrsla sannar umfram annað þá er það að öflugasta aðgerðin í launamisréttismálum væri sú að hækka grunnkaupið og greiða öllum samkvæmt umsömdum kjarasamningum.

Ég er ósáttur við þá niðurstöðu hæstv. félmrh. að ekki megi birta nafn þeirrar opinberu stofnunar sem neitaði að taka þátt í þessu verkefni. Að sjálfsögðu ber að veita einkafyrirtækjunum nafnleynd hvort sem þau taka þátt í verkefninu eða ekki en ég tel að opinber stofnun hafi engan rétt til þess að skorast undan þátttöku í verkefni af þessi tagi. Treysti hæstv. félmrh. sér ekki til að gefa upp nafn þessarar stofnunar skora ég héðan úr þessum ræðustól á þá stofnun að gefa sig fram.

Um launakerfið og viðhorfin vil ég segja þetta: Ég held að það sé ekki rétt að skella allri skuldinni á launakerfið sjálft. Ekki í þeim skilningi að hin umsömdu laun valdi mismunun. Það er fyrst og fremst hið lága kaup, lágt umsamið grunnkaup, sem skapar þrýsting á óumsamin réttindi sem síðan fela í sér launamisréttið. Svarið liggur því einmitt í að gera launakerfið einfaldara og gagnsærra, að semja um mannsæmandi grunnkaup og með því að færa allar þessar sporslur inn í grunnkaupið.

Ég þakka svo aftur hæstv. ráðherra þessa umræðu og ég vona að hún sé aðeins upphafið en ekki endir að aðgerðum í þessu máli. Ríkjandi ástand er okkur öllum til vansa, það er óþolandi, og hvar í flokki sem menn standa ber þeim að sameinast um að taka á því.

[16:06]

Félagsmálaráðherra (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Það er afar gott og mikilvægt að ræða þessa skýrslu en það er fráleitt að nota umræðuna til þess að ráðast á ríkisstjórn núverandi eða fyrrverandi eða Alþfl. eins og hér hefur verið gert. Við eigum að taka á þessu á allt annan hátt en þannig og við eigum að vinna úr þessari skýrslu. Ég bendi á að það var ráðherra Alþfl. sem festi það í sessi að þál. sem þessi væri gerð og framkvæmdaáætlun til fjögurra ára sem tekur á mjög þýðingarmiklum hlutum til að vinna bug á þeirri stöðu sem er í launamálum kvenna og karla.

Að öðru leyti ætla ég að nefna það vegna fyrirspyrjanda míns sem ég gat ekki svarað endanlega í ræðu minni áðan. Hann spyr t.d. um hvort það eigi að láta yfirmenn stofnana og fyrirtækja sæta aukinni ábyrgð og e.t.v. viðurlögum varðandi réttarfarið. Þá vil ég segja að ég tel vænlegra til árangurs að yfirmenn stofnana og fyrirtækja fái meira aðhald m.a. með því að bæta tölfræðilega upplýsingaöflun fremur en að refsileiðinni sé beitt. Tölfræðihópur norræna jafnlaunaverkefnisins hefur skilað tillögum að úrbótum á því sviði sem er mjög nauðsynlegt að skoða nánar. Víst er að ríkið sem atvinnurekandi getur sýnt ákveðið frumkvæði með því að birta reglulega upplýsingar um launakjör og ýmis hlunnindi starfsmanna sinna aðgreint eftir kyni, starfsstétt o.s.frv.

Sú niðurstaða sem birtist í könnuninni að ungum menntuðum konum hefur ekki tekist að sannfæra yfirmenn sína um að þær vilji í raun gefa starfi sínu og frama forgang gerir miklar kröfur til yfirmanna og sú spurning vaknar hvort réttlætanlegt sé að skylda yfirmenn stofnana og ráðuneyta til að gera bindandi starfsmannaáætlun sem feli í sér nánari útfærslu á starfsmannakafla framkvæmdaáætlunar ríkisstjórnarinnar um jafnréttismál. Ég tek undir það með fyrirspyrjanda eða stofnanda þessarar umræðu, við eigum að nota þessa skýrslu, við eigum að láta hana vera vinnugagn, við eigum að bæta þessa stöðu, ekki með upphrópunum heldur með markvissu átaki og við þurfum að breyta viðhorfum. Ekki bara úti í þjóðfélaginu, ekki bara hjá hinu opinbera heldur líka heima.

Útbýting þingskjala:

Almenn hegningarlög, 423. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 693.

Bókhald og ársreikningar, 418. mál, frv. efh.- og viðskn., þskj. 680.

Opinber fjölskyldustefna, 422. mál, stjtill. (félmrh.), þskj. 692.

Endurgreiðsla oftekinna skatta og gjalda, 1. umr.

Stjfrv., 406. mál. — Þskj. 652.

og

Réttur til endurgreiðslu af ofteknum sköttum, 1. umr.

Stjfrv., 407. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 653.

[16:10]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir tveimur frv. Annars vegar frv. sem er að finna á þskj. 652 og hins vegar 653. Bæði frv. fjalla um sama málið en það er endurgreiðsla oftekinna skatta og gjalda.

Frv. er ætlað að tryggja að rétt til endurgreiðslu og vaxta af sköttum og gjöldum sem greidd eru umfram lagaskyldu í þeim tilvikum þar sem ákvæðum annarra laga er ekki til að dreifa. Aðdraganda að gerð þessa frv. má rekja til bréfs sem umboðsmaður Alþingis sendi Alþingi í nóvember 1993 þar sem hann óskaði eftir því að tekið yrði til athugunar hvort ekki væri ástæða til að setja lagareglur um endurgreiðslur opinberra gjalda sem greidd eru umfram lagaskyldu.

Efh.- og viðskn. Alþingis fékk málið til umfjöllunar og lagði um vorið fram frv. um endurgreiðslu oftekinna skatta og gjalda. Fjmrn. taldi undirbúning þess frv. ekki nægilega ítarlegan og mælti með því að málið yrði skoðað betur áður en ráðist yrði í lagabreytingar og í framhaldi af því skipaði ég nefnd sem falið yrði að kanna gildandi reglur á þessu sviði og gera tillögur til úrbóta. Nefndin lagði fram drög að þessu frv. ásamt öðru frv. um breytingar á ákvæðum nokkurra skattalaga til samræmis við þær reglur sem settar eru fram í þessu frv.

Meginatriði frv. eru þessi: Í fyrsta lagi er settur ótvíræður réttur skattgreiðenda til endurgreiðslu ofgreiddra skatta og gjalda. Sú meginregla er sett fram að gjaldandi sem ofgreitt hefur skatta eða gjöld eigi rétt á endurgreiðslu svo fljótt sem mistökin uppgötvast óháð því hvort hann hefur greitt með fyrirvara eða ekki. Gert er ráð fyrir að stjórnvöld hafi frumkvæði að endurgreiðslum þegar ljóst er að ofgreitt hefur verið og ofgreidd gjöld verði endurgreidd með sama hætti og óháð því hvort rekja megi ofgreiðslu til atvika er varða gjaldanda sjálfan eða mistök stjórnvalda eða önnur atvik.

Í öðru lagi er um að ræða að endurgreiðslur verði með vöxtum. Ofgreitt skattfé sem endurgreitt er samkvæmt frv. beri vexti frá því að ofgreiðslan á sér stað nema féð sé endurgreitt innan 30 daga. Vextirnir verði jafnháir hæstu vöxtum óbundinna sparireikninga á hverjum tíma en slíkir vextir eru nú 3%.

Í þriðja lagi er greint frá því í frv. og gert er ráð fyrir greiðslu dráttarvaxta af ofgreiddu fé ef endurgreiðsla fer ekki fram innan 30 daga frá því að sett er fram krafa um endurgreiðslu. Ef stjórnvöld endurgreiða ekki skatt innan þeirra tímamarka mun það í flestum tilvikum stafa af því að ágreiningur er um skattskylduna eða fjárhæð skattsins. Í slíkum tilvikum er eðlilegt að skattgreiðandi eigi rétt á dráttarvöxtum ef réttur til endurgreiðslu er viðurkenndur á síðari stigum enda ber honum að standa skil á greiðslu skattsins þrátt fyrir ágreininginn.

Þá er í frv. að finna sérreglu um endurgreiðslu gjalda fyrir opinbera þjónustu sem greidd eru fyrir fram eða samkvæmt áætlun og ákvæðum um fyrningu og endurgreiðslu krafna. Gert er ráð fyrir að frv., ef það verður að lögum, öðlist gildi 1. jan.

Virðulegi forseti. Það er annað frv. sem fylgir þessu og þetta er sama málið, ég mæli þá jafnframt fyrir því. Tildrögin eru þau sömu. Ég vil geta þess jafnframt að hv. þm. Tómas Ingi Olrich hefur sýnt þessu máli áhuga og flutt um þetta frv. sem hafa legið fyrir hv. efh.- og viðskn. og fengið umræðu þar en afgreiðslu málanna hefur verið frestað af þeim sökum að búast mátti við framlagningu þessa frv. og gert er ráð fyrir því að þetta frv. geti fengið afgreiðslu, bæði frv. reyndar, af því að hv. nefndarmenn í hv. nefnd hafa lýst áhuga sínum á því að leysa úr þessu viðfangsefni. Vil ég geta þess m.a. að haldinn hefur verið fundur í fjmrn., bæði með formanni og varaformanni nefndarinnar og báðir hafa þeir lýst yfir eindregnum stuðningi við frumvörpin.

Breytingarnar sem felast í síðara frv. eru í fyrsta lagi að um er að ræða verðbætur á endurgreiðslu staðgreiðslufjár eins og kemur fram í 1. gr. Í 2. gr. er um að ræða að almennir vextir séu hækkaðir og dráttarvextir greiddir í ákveðnum tilvikum og þessu er lýst í 2. gr. frv. og til hvaða viðmiðana er gripið. Í þriðja lagi er fjallað um fresti yfirskattanefndar en í 3. gr. frv. eru gerðar breytingar á lögum nr. 30/1992 um yfirskattanefnd í þá veru að lögfesta ákveðna fresti til úrskurðar í öllum málum. Samkvæmt núgildandi lögum eru engin tímamörk í málum þar sem nefndin hefur ákveðið sérstakan málflutning, sbr. 2. mgr. 7. gr. laganna. Þessi breyting er nauðsynleg til að hægt sé að ákvarða tiltekinn dag sem upphafsdag dráttarvaxta samanber þá breytingu sem nefndin leggur til á 112. gr. tekju- og eignarskattslaganna.

Virðulegi forseti. Það er ekki tími til þess hér af sérstökum ástæðum að fara efnislega frekar ofan í frv. Þetta eru tiltölulega auðskilin mál en þó þau séu flókin þegar farið er í gegnum alla löggjöfina. Hér er um réttlætis- og framfaramál að ræða og ég leyfi mér í lok ræðu minnar að óska eftir því að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

[16:16]

Tómas Ingi Olrich:

Virðulegi forseti. Ég vil lýsa því yfir hér að ég er mjög ánægður með að þessi frv. skuli hafa verið lögð fram. Eins og kom fram í máli hæstv. fjmrh. þá eru þessi frv. að hluta til um sama efni og frv. sem sá sem hér stendur hefur flutt. Ég tel að þarna sé um mikið og sjálfsagt réttlætismál að ræða og fagna því að frv. eru fram komin og vona að þau nái fram að ganga á þessum stutta tíma sem eftir er þings.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 2. og 6.–10. mál.

Fundi slitið kl. 16:17.

98. FUNDUR

mánudaginn 20. febr.,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Samsettir flutningar o.fl. vegna EES, stjfrv., 251. mál, þskj. 294. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
2. Atvinnuréttindi skipstjórnarmanna, stjfrv., 316. mál, þskj. 460, nál. 622. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
3. Vernd svæðislýsinga smárása í hálfleiðurum, stjfrv., 325. mál, þskj. 493, nál. 630. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
4. Húsnæðisstofnun ríkisins, stjfrv., 338. mál, þskj. 535. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Bjargráðasjóður, stjfrv., 371. mál, þskj. 600. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Endurgreiðsla oftekinna skatta og gjalda, stjfrv., 406. mál, þskj. 652. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Réttur til endurgreiðslu af ofteknum sköttum, stjfrv., 407. mál, þskj. 653. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
8. Framleiðsla og markaðssetning vistvænna og líf-rænna afurða, frv., 398. mál, þskj. 638. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

Fjarvistarleyfi:

Jón Kristjánsson, 2. þm. Austurl.,
Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, 6. þm. Vestf.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 13. þm. Reykv.,
Salome Þorkelsdóttir, 2. þm. Reykn.

Aðalmaður tekur sæti á ný:

Páll Pétursson, 1. þm. Norðurl. v.

Lagt fram á lestrarsal:

Erindi frá Bergþóri Atlasyni, Vestmannaeyjum.

Tilkynning um utandagskrárumræðu.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Hér er tilkynning um utandagskrárumræðu sem fer fram í dag kl. 15.10. Málshefjandi er hv. 2. þm. Vesturl., Ingibjörg Pálmadóttir. Hún beinir máli sínu til hæstv. heilbrrh. Umræðan fer fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa og umræðuefnið er tilvísanakerfið.

Samsettir flutningar o.fl. vegna EES, frh. 3. umr.

Stjfrv., 251. mál. — Þskj. 294.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:05]

Frv. samþ. með 35:4 atkv. og sögðu

já: ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, FI, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GunnS, HÁ, HBl, IBA, JE, JGS, JHelg, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBald, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: AÓB, GHelg, HG, KE.

3 þm. (EH, IP, SJS) greiddu ekki atkv.

21 þm. (ÁRÁ, DO, EKJ, FrS, GB, GÁ, GJH, JÁ, JóhS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, ÓÞÞ, RA, RG, SalÞ, StG, SvG) fjarstaddur.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 702).

Atvinnuréttindi skipstjórnarmanna, frh. 2. umr.

Stjfrv., 316. mál (STCW-reglur o.fl.). — Þskj. 460, nál. 622.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:06]

1. gr. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, ÁMM, BBj, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JGS, JHelg, KHG, KE, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, SigG, SAÞ, SP, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

16 þm. (ÁRÁ, DO, FrS, GB, GJH, JóhS, JBH, JónK, JVK, KÁ, LMR, RG, SalÞ, SighB, StG, SvG) fjarstaddir.

2.–9. gr. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁJ, ÁMM, BBj, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JGS, JHelg, KHG, KE, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, SigG, SAÞ, SP, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

16 þm. (AÓB, ÁRÁ, DO, FrS, GJH, JóhS, JBH, JónK, JVK, KÁ, LMR, RG, SalÞ, SighB, StG, SvG) fjarstaddir.

Brtt. a í nál. 622 (ný 10. gr.) samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, ÁMM, BBj, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JGS, JHelg, KHG, KE, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, SigG, SAÞ, SP, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

15 þm. (ÁRÁ, DO, FrS, GJH, JóhS, JBH, JónK, JVK, KÁ, LMR, RG, SalÞ, SighB, StG, SvG) fjarstaddir.

11. gr. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁJ, ÁMM, BBj, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JGS, JHelg, KHG, KE, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, SigG, SAÞ, SP, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
15 þm. (ÁRÁ, DO, FrS, GJH, JóhS, JBH, JónK, JVK, KÁ, LMR, RG, SalÞ, SighB, StG, SvG) fjarstaddir.

Brtt. b í nál. 622 (ný grein, verður 12. gr.) samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁJ, ÁMM, BBj, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JGS, JHelg, KHG, KE, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, SigG, SAÞ, SP, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
15 þm. (ÁRÁ, DO, FrS, GJH, JóhS, JBH, JónK, JVK, KÁ, LMR, RG, SalÞ, SighB, StG, SvG) fjarstaddir.

12. gr. (verður 13. gr.) samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁJ, ÁMM, BBj, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JGS, JHelg, KHG, KE, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, SigG, SAÞ, SP, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
15 þm. (ÁRÁ, DO, FrS, GJH, JóhS, JBH, JónK, JVK, KÁ, LMR, RG, SalÞ, SighB, StG, SvG) fjarstaddir.

Ákv. til brb. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁJ, ÁMM, BBj, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JGS, JHelg, KHG, KE, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, SigG, SAÞ, SP, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
15 þm. (ÁRÁ, DO, FrS, GJH, JóhS, JBH, JónK, JVK, KÁ, LMR, RG, SalÞ, SighB, StG, SvG) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁJ, ÁMM, BBj, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JE, JGS, JHelg, KHG, KE, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, SigG, SAÞ, SP, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
17 þm. (ÁRÁ, DO, FrS, GJH, GunnS, JÁ, JóhS, JBH, JónK, JVK, KÁ, LMR, RG, SalÞ, SighB, StG, SvG) fjarstaddir.

Vernd svæðislýsinga smárása í hálfleiðurum, frh. 2. umr.

Stjfrv., 325. mál (réttur útlendinga). — Þskj. 493, nál. 630.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:09]
1. gr. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁJ, ÁMM, BBj, EH, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, HG, IBA, IP, JE, JGS, JHelg, KHG, KÁ, KE, MF, MB, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RA, SigG, SAÞ, SP, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
19 þm. (ÁRÁ, DO, EgJ, FrS, GJH, HÁ, JÁ, JóhS, JBH, JónK, JVK, LMR, ÓÞÞ, PP, RG, SalÞ, SighB, StG, SvG) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁJ, ÁMM, BBj, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JGS, JHelg, KHG, KÁ, KE, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PBald, RA, SigG, SAÞ, SP, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
15 þm. (ÁRÁ, DO, FrS, HÁ, JóhS, JBH, JónK, JVK, LMR, PP, RG, SalÞ, SighB, StG, SvG) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁJ, ÁMM, BBj, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JGS, JHelg, KHG, KÁ, KE, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PBald, RA, SigG, SAÞ, SP, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
14 þm. (ÁRÁ, DO, FrS, JóhS, JBH, JónK, JVK, LMR, PP, RG, SalÞ, SighB, StG, SvG) fjarstaddir.

Húsnæðisstofnun ríkisins, frh. 1. umr.

Stjfrv., 338. mál (félagslegar íbúðir, kaupskylda, forkaupsréttur og endursala). — Þskj. 535.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:11]
Frv. vísað til 2. umr. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁJ, ÁMM, BBj, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JGS, JHelg, KHG, KÁ, KE, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, SigG, SAÞ, SP, SJS,

StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
13 þm. (ÁRÁ, DO, FrS, JóhS, JBH, JónK, JVK, LMR, RG, SalÞ, SighB, StG, SvG) fjarstaddir.

Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Bjargráðasjóður, frh. 1. umr.

Stjfrv., 371. mál (EES-reglur). — Þskj. 600.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:11]
Frv. vísað til 2. umr. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁJ, ÁMM, BBj, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, HÁ, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JGS, JHelg, KHG, KÁ, KE, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
13 þm. (ÁRÁ, DO, FrS, HBl, JóhS, JBH, JónK, JVK, LMR, RG, SalÞ, StG, SvG) fjarstaddir.

Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Endurgreiðsla oftekinna skatta og gjalda, frh. 1. umr.

Stjfrv., 406. mál. — Þskj. 652.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:12]
Frv. vísað til 2. umr. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁJ, ÁMM, BBj, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, HÁ, HG, IBA, IP, JE, JGS, JHelg, KHG, KÁ, KE, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
17 þm. (ÁRÁ, DO, FrS, HBl, JÁ, JóhS, JBH, JónK, JVK, LMR, RA, RG, SalÞ, StG, SJS, SvG, TIO) fjarstaddir.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Réttur til endurgreiðslu af ofteknum sköttum, frh. 1. umr.

Stjfrv., 407. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 653.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:13]
Frv. vísað til 2. umr. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁJ, ÁMM, BBj, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JGS, JHelg, KHG, KÁ, KE, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
14 þm. (ÁRÁ, DO, FrS, JóhS, JBH, JónK, JVK, LMR, RG, SalÞ, StG, SJS, SvG, TIO) fjarstaddir.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Framleiðsla og markaðssetning vistvænna og lífrænna afurða, frh. 1. umr.

Frv. GHH o.fl., 398. mál. — Þskj. 638.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:13]
Frv. vísað til 2. umr. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁJ, ÁMM, BBj, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GJH, GHelg, GunnS, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JGS, JHelg, KHG, KÁ, KE, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
15 þm. (ÁRÁ, DO, FrS, GÁ, HÁ, JóhS, JBH, JónK, JVK, LMR, RA, RG, SalÞ, StG, SvG) fjarstaddir.

Frv. vísað til landbn. án atkvgr.

Fundi slitið kl. 15:14.

---

99. FUNDUR

mánudaginn 20. febr.,
að loknum 98. fundi.

Dagskrá:

Til forsætisráðherra:

1. Stofnun nýsköpunarráðuneytis, fsp., 348. mál, þskj. 570.
2. Nýsköpun og atvinnumál, fsp., 349. mál, þskj. 571.
3. Embætti húsameistara ríkisins, fsp., 365. mál, þskj. 591.

Til fjármálaráðherra:

4. Endurgreiðsla virðisaukaskatts til sveitarfélaga, fsp., 224. mál, þskj. 259.

Til iðnaðarráðherra:

5. Iðnhönnun, fsp., 357. mál, þskj. 580.
6. Framleiðsla á kísilmálmi, fsp., 391. mál, þskj. 628.

Til viðskiptaráðherra:

7. Yfirtökutilboð, fsp., 367. mál, þskj. 593.

Til félagsmálaráðherra:

8. Jafn réttur kvenna og karla til dæmdra bóta, fsp., 368. mál, þskj. 594.

Til umhverfisráðherra:

9. Náttúruverndarár Evrópuráðsins, fsp., 410. mál, þskj. 657.

10. Varnir gegn mengun af útblæstri bifreiða og brennslu olíu og bensíns, fsp., 414. mál, þskj. 663.

Til dómsmálaráðherra:

11. Varnir gegn mengun frá bifreiðum og vélum, fsp., 413. mál, þskj. 662.

Til samgönguráðherra:

12. Áhættumat fyrir Reykjavíkurflugvöll, fsp., 415. mál, þskj. 665.

Umræður utan dagskrár.

Tilvísanakerfið.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Eins og tilkynnt hafði verið fer nú fram utandagskrárumræða að beiðni hv. 2. þm. Vesturl., Ingibjargar Pálmadóttur, og beinir hún máli sínu til hæstv. heilbrrh. Umræðan fer fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa. Umræðuefnið er tilvísanakerfið.

[15:15]

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Ný reglugerð um tilvísanakerfi tekur gildi í dag, 20. febrúar. Tilvísanakerfið var í landinu til ársins 1984. Þá þurfti Tryggingastofnun ekki að greiða reikninga sérfræðinga nema þeir hefðu tilvísun heimilislæknis. Í reynd voru undantekningarnar margar og menn voru sammála um að framkvæmdin hefði verið þeim þeim hætti að kerfið hefði nánast engu skilað. Nú er hins vegar ákveðið að hverfa aftur til fyrra horfs.

Nokkuð harðar deilur hafa spunnist um málið og nú þegar reglugerðin um tilvísanir liggur fyrir vakna spurningar sem eru tilefni beiðni minnar um þessa utandagskrárumræðu. Ég tek undir það markmið sem er stefnan í þessu nýja en annars gamla tilvísanakerfi að sjúkrasögu sjúklings sé haldið til haga á einum stað og þá hjá heilsugæslulækni eða heimilislækni. Það getur verið mjög mikilvægt atriði fyrir sjúkling og lækna og jafnvel skipt sköpum í bráðatilfellum. Það eru hin faglegu rök fyrir tilvísanakerfinu.

En þá vaknar fyrsta spurningin: Hvernig er það betur tryggt með en án tilvísanakerfis? Sá sérfræðingur sem í dag skilar ekki skýrslu til heilsugæslulæknis, hvað hvetur hann frekar á morgun til slíkra bréfaskrifta? Þetta er mikilvæg spurning því mér sýnist þetta vera annar af tveimur aðalkostum tilvísanakerfisins en hinn kosturinn er að spara 100 millj. kr. sem vekur aðrar spurningar: Hvernig sparast þetta fé? Sú hugsun byggist á að komum til sérfræðinga muni fækka um 85 þúsund, úr 270 þúsund komum í 185 þúsund. Margir veikleikar virðast vera í þessum útreikningum. Því spyr ég: Er ekki hér verið að auka verulega álögur á sjúklinga?

Við sem búum úti á landi við það að eiga góða heilsugæslulækna hlaupum ekki til sérfræðings nema í undantekningartilvikum og þau eru t.d. þessi: Konur vitja kvensjúkdómalæknis vegna þess að þær vilja fara milliliðalaust til hans með mál sem þær vita fyrir að sá sérfræðingur einn mun bæta úr. Það geta konur gert þrátt fyrir nýtt kerfi en borga þá meira fyrir þjónustuna og greiða þá fyrir allar rannsóknir. Foreldrar með veikt barn sem vitað er fyrir af fyrri reynslu að þarf á sérfræðiaðstoð að halda. Það er auðvitað aukið álag fyrir barnið að vitja tveggja lækna og það getur líka tafið fyrir bata. Jú, það er hægt að fara beint til barnasérfræðings en þá er borgað meira fyrir það. Gamalt fólk sem þarf nú að fara tvær ferðir í stað einnar áður ef það þarf að heimsækja sérfræðing, það er dýrt fyrir gamalt fólk sem t.d. hefur ekki yfirráð yfir farartæki. Nú er ég að tala um tilvik þar sem það er fyrirséð, t.d. af fyrri reynslu, að sérfræðinga er þörf. En stóra spurningin er: Hvað gerist þegar uppsagnir um eða yfir 200 sérfræðinga rennur út við Tryggingastofnun ríkisins? Hvað mun sú uppsögn þýða fyrir sjúklinga?

Spurningar mínar eru þessar, þær eru sex og ég ætla að lesa þær upp:

1. Hvað gerist þegar uppsagnir yfir 200 sérfræðinga við Tryggingastofnun ríkisins taka gildi?
2. Hvernig getur tilvísanakerfið sparað 100 millj.?
3. Hvernig verður það betur tryggt í nýja tilvísanakerfinu að sjúkrasaga sjúklings vistist á einum stað hjá heilsugæslulækni?
4. Hvað er talið að nýtt tilvísanakerfi kosti sjúklinga?
5. Hvað kostar það ríkið að koma þessu nýja tilvísanakerfi af stað?
6. Átta þúsund Reykvíkinga vantar heilsugæslulækni. Hvernig verða þeir tryggðir?

[15:19]

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Ég skal reyna að svara þeim spurningum sem hv. þm. lagði hér fram í lok máls síns. Hún spyr fyrst: Hvað gerist þegar uppsagnarfrestur yfir 200 sérfræðinga við Tryggingastofnun ríkisins rennur út?

Ég ætla aðeins að skýra þetta örlítið. Samningur sérfræðilækna við Tryggingastofnun ríkisins rann út fyrir einu og hálfu ári síðan þannig að samningar eiga að vera búnir að vera lausir í á annað ár. Ítrekaðar tilraunir til að fá nýja samninga fram hafa ekki tekist. Það sem hins vegar er verið að ræða um er það að hver og einn sérfræðingur hefur þar að auki heimild til þess að segja sig frá viðskiptum við Tryggingastofnun ríkisins. Það er hans ákvörðun og þegar hann hefur gert það þá vinnur hann ekki lengur að sinni eigin ákvörðun fyrir íslenska heilbrigðiskerfið sem sérfræðingur með stofupraxís heldur algerlega á eigin vegum.

Það eru skráðir alls 373 sérfræðingar hjá Tryggingastofnun ríkisins. 195 þeirra hafa sagt upp starfi eða sagt sig frá viðskiptum við Tryggingastofnun ríkisins.

Sú uppsögn tekur gildi þann 1. maí nk. Þá eru eftir um það bil 50% sérfræðinga sem eru í störfum hjá Tryggingastofnun ríkisins eftir 1. maí. 37 þeirra hafa sagt upp störfum miðað við 1. júní þannig að þá verða eftir um 40% sérfræðinga enn í störfum hjá Tryggingastofnun ríkisins

Hvað gerist þegar þessir menn hætta störfum er einfaldlega það að þá reikna ég með því að þeir sem vilja sækja sérfræðilæknishjálp hjá sérfræðingum sem eru á samningum við ríkið eiga um tvennt að velja. Annars vegar að leita til þeirra sérfræðinga sem þá eru eftir, hins vegar að leita á göngudeildir spítalanna.

Það er spurt: Hvernig getur tilvísanakerfið sparað 100 millj. kr.? Niðurstaða þeirra sérfræðinga sem unnið hafa að kostnaðarmati á tilvísanakerfinu síðan árið 1993 er sú að það sé líklegast að það spari nettó um 120 millj. kr. Við í heilbrigðisráðuneytinu höfum viljað hafa varlega fyrir neðan okkur og ekki fullyrt meira um það en 100 millj. kr.

Þá er líka spurt hvað það kosti sjúklingana. Samkvæmt þessum athugunum lækka útgjöld sjúklinganna um 56 millj. kr. þegar tilvísanakerfið verður tekið upp. Auðvitað byggjast svona áætlanir að nokkru leyti á spásögnum og það er auðvitað reynslan sem sker úr. Til þess að fylgjast grannt með kostnaðaráhrifum tilvísanakerfisins mun ég þess vegna fara þess á leit við Hagfræðistofnun Háskóla Íslands að á því tveggja ára tímabili sem gert er ráð fyrir að tilvísanakerfið verði keyrt til reynslu þá fylgist Hagfræðistofnun Háskóla Íslands með kostnaðaráhrifunum frá degi til dags.

Það er spurt: Hvernig verður það betur tryggt í nýja tilvísanakerfinu að sjúkrasaga sjúklings vistist á einum stað hjá heilsugæslulækni? Það er meginmarkmið kerfins. Eins og nú standa sakir veit heimilislæknir ekki einu sinni hvort sjúklingur sem hann hefur til meðferðar er jafnframt í meðferð hjá sérfræðingi. Og sérfræðingur sem hefur sjúkling til meðferðar veit ekki hvort sá sjúklingur er í meðferð hjá öðrum sérfræðingi í sömu grein eða hjá öðrum sérfræðingum í annarri grein. Og sérfræðingar og heimilislæknar vita ekki um þær rannsóknir sem hvor um sig er að gera á viðkomandi sjúklingi. Kjarninn í tilvísanakerfinu er að tryggja þetta og það tilvísanakerfi í því sambandi er alþjóðlega viðurkennt. Það er alþjóðlega viðurkennt að það er til þess að bæta fjárhagslega nýtingu opinbers fjár í heilbrigðisrekstri og til þess að bæta samskipti lækna um meðferð sjúklinga og ég vísa einfaldlega til skýrslna OECD í þessu sambandi þar sem þetta kemur mjög glöggt fram.

Hvað er talið að nýtt tilvísanakerfi kosti sjúkling í peningum? Ég hef svarað því að það er gert ráð fyrir því að það dragi úr útgjöldum sjúklingahópsins um 56 millj. á ári.

Hvað kostar það ríkið að koma þessu tilvísanakerfi á? Í fjárlögunum er ekki gert ráð fyrir neinum sérstökum framlögum til þess þannig að heilbrrn. hefur enga möguleika á því að verja einhverju fé í heilbrigðiskerfið í þessu sambandi. Þvert á móti er gert ráð fyrir því í fjárlögunum að þetta kerfi spari ríkinu peninga en ekki að það kosti ríkið fé.

Þá er sagt að 8 þúsund Reykvíkinga vanti heilsugæslulækni, hvernig eru þeir tryggðir? Samkvæmt upplýsingum heilsugæslunnar í Reykjavík stafar þessi tala, 8–10 þúsund manns sem vantar heimilislækni, af því að þegar börn flytjast úr tryggingu foreldra sinna yfir í sjálfstæðar tryggingar þá verður alltaf tímadráttur á því að viðkomandi skrái sig hjá heimilislækni. Ég hef trúað þessu, eins og hv. þm., að þetta væri svona, en fullyrðingar heilsugæslunnar í Reykjavík eru að það sé ekki svo. Og eins og nú standa sakir þá eru tólf heilsugæslulæknar í Reykjavík, eftir þeim upplýsingum sem ég hef fengið, sem geta tekið við sjúklingum. Þannig að eftir þeim upplýsingum sem heilsugæslan í Reykjavík gefur mér þá á þetta ekki að vera vandamál og fagna ég því, því satt að segja óttaðist ég að þarna gæti orðið um að ræða eitthvert vandamál í Reykjavík.

[15:25]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. Ingibjörgu Pálmadóttur fyrir að taka þetta mál hér upp því satt að segja eru æðimargar spurningar sem hafa vaknað á undanförnum dögum og í þessari umræðu á undanförnum vikum og mánuðum um tilvísanakerfið. Það er með tilvísanakerfið, eins og ýmsar aðrar ákvarðanir sem hæstv. ráðherra hefur tekið á sínum ráðherraferli, að það er afar umdeilt vægast sagt og deilurnar hafa náð inn í hans eigin flokk þar sem menn og jafnvel fyrrv. heilbrrh. eru ekki sammála um ágæti þessa tilvísanakerfis.

Hæstv. ráðherra svaraði nokkrum spurningum sem hv. þm. bar fram og ég vildi gjarnan heyra enn frekari svör um það hvernig í ósköpunum þetta á að spara eða þýða 56 millj. lækkun til sjúklinga þar sem í raun er um það að ræða að sjúklingurinn þarf að borga fyrst komugjald á heilsugæslustöð og síðan hjá sérfræðingi þannig að það er um tvöföldun að ræða á útgjöldum sjúklings. Ég vildi gjarnan heyra það hverjar verða tekjur ríkisins af þessu tilvísanakerfi. Það má vera að það náist fram einhver sparnaður, sem sagt þetta á að skila einhverjum tekjum inn. Því ef það eru um 60 þúsund komur til sérfræðings, sem eru að vísu miklu fleiri, en setjum nú svo að þær séu 60 þúsund, þá þýðir það 36 millj. kr. sem skila sér inn til heilsugæslunnar í landinu vegna þess að 600 kr. komugjald er á hverri stöð fyrir hvern sjúkling. Mér finnst þetta vera fyrst og fremst óhagræði og kostnaðarsamt og er sannfærð um að þetta mun ekki skila þeim árangri í sparnaði sem ráðherra hefur haldið svo mjög á lofti. Og reyndar hefur fyrrv. hæstv. heilbrrh., Guðmundur Árni Stefánsson, fullyrt það líka að þetta muni ekki skila þessum árangri.

[15:27]

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Mér þykir afskaplega hæpið af ráðherra sem er að hætta að setja jafnumdeilda reglugerð eins og hér ber raun vitni. Í fyrsta lagi er hér augljóslega um mikið óhagræði fyrir sjúkinga að ræða, þ.e. aukið snatt fyrir sjúklinga og þeir eru því miður einmitt sjúklingar og mega síst við því að verða send-

ir bæjarenda á milli. Ég held að það sé heldur engin tilviljun að sjúklingafélög hafa tekið mjög harða afstöðu á móti þessari reglugerð.

Í öðru lagi er um kostnaðarauka fyrir sjúklinga að ræða hvað sem hæstv. heilbrrh. segir.

Í þriðja lagi hefur ekki, og ég endurtek ekki, verið sýnt fram á sparnað ríkisins og jafnvel verið leiddar getur að því að hér væri um kostnaðarauka að ræða og m.a. hefur verið dregið fram að aukning um 10% á álagi í heilsugæslu muni aldrei kosta minna en 80 millj. auk þess sem hún mundi kalla á fjárfestingu í nýju húsnæði. Heilsugæslustöð fyrir fimm lækna kostar á bilinu 160–200 millj. Hvers konar reikningskúnstir eru hér á ferðinni? Hvaða sparnaður er þetta hjá hæstv. ráðherra?

Það er annað sem einnig hefur mjög verið dregið hér fram og það er að menn vilja oft fá að ráða sínum sérfræðing og vilja gjarnan fara með einstaka sjúkdóma eða kvilla til ákveðinna sérfræðinga. Það er t.d. mjög algengt að konur vilji helst eiga orð við konur sem eru úr læknastétt og það er ekki boðið upp á það á öllum heilsugæslustöðvum að það séu konur þar starfandi þannig að þarna er beinlínis um mannréttindi kvenna að ræða. Auk þess hefur hér verið dregið fram og er alveg hárrétt, að það eru ýmsir sem ekki hafa fastan heilsugæslulækni og ég spyr: Hvar er þessi örugga skýrslugerð sem á að vera?

Þetta er aðeins fátt eitt af því sem hér er til umræðu og ég vil líka benda á að göngudeildir eru ekki í stakk búnar til að taka við auknu álagi.

[15:30]

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Það var ákvörðun Sjálfstfl. og Alþfl. að heimila hæstv. heilbrrh. með reglugerð að taka upp það kerfi sem menn vilja kalla tilvísanakerfi. Það er því á ábyrgð þessara flokka hvernig til tekst. Ég sagði það við atkvæðagreiðslu þegar ég sat hjá að ég væri af fjárhagslegum og faglegum ástæðum að mörgu leyti sammála því að taka upp tilvísanakerfi, hins vegar skipti það höfuðmáli hvernig að hlutunum yrði staðið. Það sem nú er að gerast er að deila hæstv. heilbr.- og trmrh. og sérfræðinga er að verða kjaradeila og hún er að taka á sig grafalvarlega mynd vegna þess að staðreyndin er sú að það er ekki hægt að koma hér á tilvísanakerfi nema í sátt við bæði heimilislækna og sérfræðinga. Sérfræðingar, sem segja sig núna frá samningi við Tryggingastofnun ríkisins, munu í heilum sérgreinum hverfa í burtu og ekki taka á móti sjúklingum í þjónustu nema þeir greiði reikninginn að fullu. Þetta þýðir að það myndast slíkur þrýstingur á hæstv. heilbr.- og trmrh. að ráðherrann þarf að setja reglugerð um hve stóran hluta af þeim reikningi er sérfræðingar sjálfir setja upp tryggingarnar ætli að taka þátt í að greiða. Mismunurinn á reglugerð hæstv. heilbr.- og trmrh. og þeirri gjaldskrá sem sérfræðingarnir setja verður sjúklingaskatturinn. En þegar við komum að því og höfum það í huga að það eru 270 þús. komur til sérfræðinga á einu ári og Tryggingastofnun ríkisins er opin 270 daga á ári, þá þarf hún að afgreiða þúsund manns sem koma í stofnunina hverjum einasta degi til þess að fá reikningana sína endurgreidda. Og ég segi: Ef þetta gengur fram með þessum hætti þá mun því miður þetta kerfi ekki ná fram að ganga.

[15:32]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég vil láta það álit mitt koma fram sem hefur lengi verið að skynsamlegt sé að efla grunnheilsugæsluþrepið og það hljóti að vera bæði ódýrast og eðlilegast að reyna að leysa eins mörg heilbrigðisvandamál á fyrsta þrepi heilsugæslunnar og kostur er. Að því leyti til get ég stutt þá hugsun sem liggur að baki hugmyndum um einhvers konar tilvísunarkerfi. Gallinn er bara sá að eins og hæstv. heilbrrh. hefur haldið á þessu máli og í raun og veru klúðrað því þá sé ég alls ekki að aðgerð hans sé að ná tilgangi sínum, því miður. Það sem ég held að sé aðalmeinsemdin í þessu eru þau skemmdarverk sem búið er að vinna fyrir á heilbrigðiskerfinu. Er ég þá alveg sérstaklega að tala um komugjöldin og þá aðgöngumiða sem menn þurfa núorðið að kaupa sér að heilbrigðisþjónustunni.

Það gefur auga leið að með tilkomu komugjaldanna er orðin allt önnur aðgerð að taka síðan í viðbót upp tilvísunarskyldu þannig að menn þurfi fyrst að borga komugjöld til að fá tilvísun, þ.e. sá hluti sjúklinganna sem þarf sannanlega á þjónustu sérfræðinga að halda. Svo bætist það við að þegar hæstv. ráðherra lendir í illindum með þetta eins og flest annað sem hann hefur aðhafst í heilbrigðismálum og allt fer upp í loft og ekki er samkomulag um nokkurn hlut þá bitnar það á sjúklingunum sem missa tryggingaverndina með því að samkomulaginu er sagt uppp. Málið er því í hinu megnasta óefni.

Sömuleiðis vil ég mótmæla þeim skollaleik sem er í kringum þetta mál af hálfu stjórnarflokkanna. Fyrst heimilar Sjálfstfl. við fjárlagaafgreiðsluna að ráðherrann megi taka upp þessa tilvísunarskyldu en hleypur svo frá málinu rétt fyrir kosningar og formaður einhverrar heilbrigðisnefndar, eða hvað það nú er í því batterí, í Sjálfstfl., hv. þm. Lára Margrét, kemur allt í einu í bakið á ráðherranum og það er ekki annað að sjá en stuðningur Sjálfstfl. við málið sé gufaður upp. Manni verður því á spyrja: Er svo kannski þetta brölt allt saman aðeins til þess að tilvísunarkerfið standi í nokkrar vikur með stórkostlegum illindum og ólátum sem fyrst og fremst bitna á sjúklingunum? Þá er sennilega verra af stað farið en heima setið.

[15:34]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég rifja það upp í byrjun að á fyrra tímabili hæstv. heilbrrh. á þeim stóli gerði hann tilraun til að koma á tilvísunarkerfi en það var stöðvað vegna mikillar andstöðu. Ég held að okkur sé öllum ljóst að það er afar óskynsamlegt að koma á breytingu eins og þessari í fullkominni andstöðu við þá sérfræðinga sem eiga að vinna eftir þessu kerfi. Það er ekki vænlegt til árangurs að vinna með svona aðferðum eins og dæmin sanna.

Ef tilvísunarkerfinu verður komið á þá mun það ótvírætt valda mjög mörgum sjúklingum óhagræði. Það verður um minna val að ræða og ég nefni sérstaklega

að fyrir þær konur sem vilja fara til kvensjúkdómalæknis og hafa sinn kvensjúkdómalækni er það mikið óhagræði að þurfa að fara fyrst á heilsugæslustöð. Þó að hæstv. heilbrrh. hafi haft orð um að halda kvensjúkdómalæknum utan við þá er staðreyndin sú að þessi læknahópur er allur að segja upp samningum sínum við Tryggingastofnun og verður úti á hinum sjálfstæða markaði. Það gefur auga leið að ef þessi reglugerð gengur í gildi þá fer allt í háaloft eftir því sem hún nær til hinna ýmsu hópa sérfræðinga.

Mergurinn málsins er þessi: Það hefur ekki verið sýnt fram á að það náist neinn sparnaður. Við hljótum að krefjast þess að hæstv. heilbrrh. leggi fram þetta mat sem hann hefur vitnað til og skýri fyrir okkur nákvæmlega í hverju þessi sparnaður felst. Það er ekki nokkur leið að sjá að þegar fólk þarf að fara tvær ferðir í staðinn fyrir eina, þó að tilvísunin gildi svo í lengri tíma, lýsi það sér í einhverjum sparnaði til lengri tíma. Hvað um vinnutap fólk vegna þessara ferða? Hvað um langtímaáhrif þess að fólk frestar því að fara til læknis? Hvað um kostnaðinn við það að koma kerfinu á?

Við þurfun að fá svar við þessu og meðan slíkt svar fæst ekki og ekki hefur verið sýnt fram á sparnað þá er ég algerlega andvíg því að þessu kerfi sé komið á.

[15:37]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Heilbrigðis- og tryggingamálin eru fjárfrekasti liður íslenska ríkisins. Enn er tekist á við hálaunastétt sérfræðinga í læknastétt sem hafa búið við það frelsi að vera 75% starfsmenn ríkisspítala en geta vísað sjúklingum við útskrift beint á sína einkastofu.

Ég tel heilsugæsluformið grunn að aðhaldssömu og góðu heilbrigðiskerfi sem geymir og skráir upplýsingar um hvern mann. Það þarf hins vegar að tryggja að fjölhæfustu og bestu læknarnir vilji vera heilsugæslu- og heimilislæknar. Þar mega ekki þrífast skussar. Eitt versta axarskaftið sem núv. ríkisstjórn gerði var að taka upp komugjaldið á heilsugæslustöðvarnar. Það hefur komi sér illa fyrir sjúklinga og barnmargar fjölskyldur. Það gjald verður að afnema.

Ég óttast að vísu að hæstv. heilbrrh. hefði þurft að vinna sína heimavinnu af meiri gætni. Það er gallinn við hæstv. heilbrrh. að kjarkur hans og áræði er yfirleitt þannig að hann byrjar á því að setja öll mál í loft upp og síðan fer mikill tími í að semja frið. Ég hefði viljað sjá hann standa af meiri gætni að þessu máli.

Ég segi það, hæstv. forseti, hálaunalæknar og sérfræðingar verða að sætta sig við að skipulag ríki og að sá sem borgar brúsann, eins og ríkið í þessu tilfelli, gerir kröfu um lipurt og réttlátt kerfi sem sparar peninga og á ekki að bitna á sjúklingum. Ég óttast að ef við höldum ekki skipulaginu í lagi í gegnum heilsugæslustöðvar þá stöndum við frammi fyrir alvarlegu „kaosi" hvað heilbrigðismálin varðar í framtíðinni.

[15:39]

Sturla Böðvarsson:

Hæstv. forseti. Hér hafa hv. þm. Framsfl. hafið umræðu um tilvísanakerfið sem á að koma á. Hins vegar hefur það vakið athygli að það er ekki ljóst hver afstaða hv. þm. Framsfl. er til þessa kerfis. (**GÁ:** Nú?) Það hafa þrír hv. þm. talað en það hefur ekki verið nokkur einasta leið að finna út hvort þeir væru með eða móti tilvísanakerfi. Þá rifjast það upp að á sinni tíð voru uppi áform hjá Framsfl. um að taka upp tilvísanakerfið. Það hlýtur að vera mikið umhugsunarefni fyrir hæstv. heilbr.- og trmrh. sem hefur staðið í þessari orrustu síðustu vikurnar að fá ekki sterkari stuðning úr þeirri átt, þ.e. frá Framsfl. (**GÁ:** Hlustaðir þú ekki á mína ræðu?)

Hins vegar er ekki óeðlilegt að þessi umræða fari fram í þinginu og er í rauninni vonum síðar miðað við hina miklu umræðu sem hefur farið fram í þjóðfélaginu um tilvísanakerfið. Ég tel að sú harkalega umræða hafi verið skaðleg og hafi að ýmsu leyti dregið úr tiltrú manna á því að árangur náist við þá kerfisbreytingu sem ég tel eðlilegt að skoða, skoða kerfisbreytingu hvað varðar grunnheilbrigðisþjónustuna. Ég tek undir með hv. 4. þm. Norðurl. e. að það er afar mikilvægt að styrkja grunnheilbrigðisþjónustuna og breyta henni þannig að það megi draga úr kostnaði við heilbrigðisþjónustuna þannig að sérfræðingar hafi ekki algerlega frjálsar hendur um aðgang að þjónustu við sjúklingana án þess að áður komi til þess að grunnheilbrigðisþjónustan, þ.e. heilsugæslulæknarnir, komi þar að. En ég tel að viðbrögð sérfræðinga hafi satt að segja verið allt of harkaleg. Það hlýtur að vera hægt að ná niðurstöðu í samkomulagi milli þessara heilbrigðisstétta. En ég legg áherslu á að það verður að ná niðurstöðu, gera breytingu á kerfinu sem er öruggt að spari en að við leggjum ekki út í mikla orrustu til þess að breyta þessu kerfi án þess að það komi sparnaður út úr því.

[15:42]

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. heilbrrh. fyrir þau svör sem hann veitti þó að þau væru engan veginn fullnægjandi, enda bjóst ég alls ekki við því vegna þess að það er greinilegt að þessi undirbúningur er ekki nægjanlega góður. En mig langar að segja það áður en ég fer út í einstaka liði varðandi hæstv. ráðherra að síðasta ræða var alveg með eindæmum. Hér stendur upp hv. 1. þm. Vesturl. og talar um það að hann skilur ekkert í Framsfl. að spyrja nokkurra spurninga um þetta tilvísanakerfi. Við höfum ekki verið að skrifa skítagreinar í blöðin um tilvísanakerfið. Það hafa sjálfstæðismenn aftur á móti verið að gera þannig að mér finnast þessi tilsvör þingmannsins undarleg. En það er algjört aukaatriði, enda vissi ég ekki hvar hann var staddur í þessu máli því að hann hafði engin rök, hvorki með né á móti þessu kerfi.

En faglegu rökin sem hæstv. heilbrrh. talaði um að væru tryggð í þessari reglugerð um tilvísanir tel ég alls ekki vera tryggð. Ég tel engan veginn meiri tryggingu nú en áður fyrir því að sjúkrasaga sjúklingsins sé vistuð hjá heilsugæslulækni. Það tel ég ekki vera nægilega öruggt eins og þetta er í dag því að það tel ég vera til mikilla bóta ef það næðist. Ég tel, eins og margir hafa talað um, að auðvitað eigi grunnheilsu-

gæslan að vera á heilsugæslustöðvunum. En ég tel að það þurfi margt að gerast áður. T.d. þarf að byggja í Reykjavík einar þrjár til fjórar heilsugæslustöðvar og eitthvað hlýtur það að kosta af því að hann talaði um sparnaðinn af þessu kerfi. Hæstv. ráðherra talaði líka um það að göngudeildirnar geti tekið á móti þeim sjúklingum sem ekki fari til sérfræðings. Það er alger misskilningur vegna þess að þær göngudeildir sem eru starfandi í Reykjavík eru fullbókaðar allar saman.

Hæstv. heilbrrh. sagði að þetta mundi spara sjúklingum 56 millj. Þá hlýtur ráðherra að vera að tala um það að sjúklingar hætti að fara til sérfræðings. Annars geta þessar 56 millj. alls ekki sparast.

Það er sem sagt niðurstaða mín eftir þessar umræður að þetta sé enn einn nýr sjúklingaskatturinn og það er ekki gott.

[15:44]

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Undirbúningur að upptöku tilvísanakerfis hefur staðið í mörg ár. Það var unnið mikið undirbúningsverk í tíð fyrrv. heilbrrh. Guðmundar Bjarnasonar. M.a. voru sóttir erlendir sérfræðingar til viðræðna við sérfræðilækna, sérfræðingar frá Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni, en þar liggur fyrir að það er álit Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar að það kerfi sem gagnist best til að tryggja fagleg samskipti milli lækna og skynsamlega nýtingu fjármuna sé einmitt tilvísanakerfi.

Árið 1992, þegar ég byrjaði undirbúninginn að því kerfi, óskaði ég sérstaklega eftir því að Félag heimilislækna og Félag sérfræðinga skipuðu hvorn sinn fund fulltrúa til samstarfs við heilbrrn. til að þeir gætu komið sínum sjónarmiðum að. Félag heimilislækna féllst á þetta en Félag sérfræðinga neitaði því. Það var því að þeirra eigin frumkvæði sem ekki var haft það samráð við sérfræðinga sem ég vildi allt frá árinu 1992.

Skoðun á kostnaðaráhrifum hófst rétt eftir áramótin 1993 og hefur staðið síðan. Það hefur því farið fram mikill og vandaður undirbúningur að þessari aðgerð. Mér er það ljúft og raunar skylt að bjóða flokkum þingsins það að ef menn vilja fá fólk til viðræðna við sig frá heilbrrn. til að útskýra þær breytingar sem þarna er verið að gera, kostnaðarleg áhrif þeirra, fagleg áhrif þeirra o.s.frv., þá er það alveg sjálfsagt.

Aðeins örfá orð því það er ekki mikill tími sem gefst til þess að svara. Það var sagt: Kallar ekki 10% aukning á komum á heilsugæslustöðvar á aukinn kostnað? Komum á heilsugæslustöðvar fækkaði árið 1993 um 10%. Nú eru menn að tala um að komum á heilsugæslustöðvar kunni að fjölga aftur um 10–15%. Menn eru því að tala um álíka margar komur á heilsugæslustöðvar á árinu 1995 og þær voru á árinu 1993. Ég tel því ekki að það hafi mikil kostnaðaráhrif í för með sér.

En ég ítreka það, virðulegi forseti, af því það gefst stuttur tími til að ræða þessi mál hér að þau hafa fengið mikinn og vandaðan undirbúning á mörgum sviðum og að þeim þingflokkum sem óska eftir að fá frekari upplýsingar um þetta kerfi er það guðvelkomið og ég skal beita mér sérstaklega í því að þær upplýsingar verði lagðar fram.

Endurgreiðsla virðisaukaskatts til sveitarfélaga.

Fsp. MF, 224. mál. — Þskj. 259.

[15:48]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Eins og kunnugt er hefur verið ágreiningur um túlkun á reglugerð nr. 48/1990, um virðisaukaskatt af skattskyldri starfsemi opinberra aðila. Ágreiningsatriðin eru mörg og brenna mismikið á sveitarfélögunum en ágreiningurinn er fyrst og fremst á milli sveitarfélaga og ríkis. Ég hef kosið að beina fyrirspurn til hæstv. fjmrh. varðandi tvo tölulið fyrrnefndrar reglugerðar. Það er túlkun fjmrn. á tölulið 1 í 12. gr. reglugerðarinnar þar sem um er að ræða þau tilvik er sveitarfélögin bera ábyrgð á söfnun, flutningi og förgun úrgangsefna. En ég spyr um skilgreiningu ráðuneytis á því hvaða útgangsefni falla undir orðið sorp.

Tilefni þessarar spurningar er m.a. erindi sem send hafa verið frá samtökum sveitarfélaga þar sem mótmælt er þeirri túlkun að brotamálmar falli ekki undir orðið sorp í reglugerðinni. Ég er hér með bréf, hæstv. forseti, sem mig langar til að vitna í en það er frá Sambandi sveitarfélaga í Norðurlandskjördæmi vestra þar sem leitað er eftir túlkun ríkisskattstjóra á sömu reglugerð. Í svari sem barst frá ríkisskattstjóra til Hvammstangahrepps og Sambands sveitarfélaga í Norðurlandi vestra segir að ekki beri að túlka reglugerðina þannig að brotamálmar falli undir orðið sorp í reglugerðinni. En Samband sveitarfélaga í Norðurlandi vestra mótmælir þessu og bendir á að þeir buðu út brottflutning á brotamálmum á sl. vori, samtals 1.200 tonn frá fimm stöðum á Norðurlandi vestra. Þegar útboðið var gert datt ekki nokkrum manni í hug að virðisaukaskattur fengist ekki endurgreiddur af þessari vinnu. Virðisaukaskatturinn hækkar kostnaðinn við verkið um 1,3 millj. kr. og þeir segja að það sé augljóst að sveitarfélögin muni snúa sér að einhverju öðru en brottflutningi brotamálma á meðan þessi úrskurður er í gildi.

Jafnframt kemur fram í þessari greinargerð frá ríkisskattstjóra að ekki skuli greiða virðisaukaskatt af þessari starfsemi vegna þess að brotamálmar fari til endurvinnslu og því geti þeir ekki talist sorp. En því er nú þannig háttað að það er æðimargt sem fellur undir orðið sorp sem fer í endurvinnslu. Þá ber líka að geta þess að það hefur verið boðað ein þrjú ár í röð, held ég, að hér verði lagt fram frv. um brotamálma en það er ekki komið fram enn. Við vitum því ekki hvernig á að fara með þessi mál.

Þá spyr ég fjmrh. um túlkun ráðuneytis á 4. tölul. 12. gr. sömu reglugerðar þar sem um er að ræða endurgreiðslu virðisaukaskatts af björgunarstörfum og öryggisgæslu vegna náttúruhamfara og almannavarna. Þar hefur komið fram að einungis er um endurgreiðslu að ræða vegna kostnaðar sem opinberir aðilar verða fyrir vegna björgunarstarfa sem miða að því að koma í veg fyrir að meiri eyðilegging verði af sama atburði eða að eyðilegging vegna sama atburðar haldi áfram á

þeim tíma sem náttúruhamfarir standa yfir.

Reglugerðin gerir hins vegar ekki ráð fyrir að það verði endurgreiddur virðisaukaskattur vegna forvarnaaðgerða eða aðgerða vegna afleiðinga náttúruhamfara og hlýtur það að teljast bagalegt.

[15:52]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegur forseti. Sem svar við fyrri hluta fyrirspurnar hv. þm. vil ég segja þetta:

Reglugerð nr. 248/1990 kveður annars vegar á um skattskyldu opinberra aðila, þar með talin sveitarfélög, þegar þessir aðilar selja skattskyldar vörur og þjónustu eða inna af hendi þjónustu eða framleiða vöru til eigin nota. Hins vegar kveður reglugerðin á um endurgreiðslu virðisaukaskatts til ríkisstofnana og sveitarfélaga vegna kaupa á tiltekinni vinnu og þjónustu. Markmiðið með setningu reglugerðarinnar var fyrst og fremst að leysa úr samkeppnisvandamálum sem upp geta komið þegar opinberir aðilar, sem almennt eru ekki skattskyldir, hafa með höndum starfsemi sem einnig er stunduð af einkaaðilum á hinum almenna markaði og ber þá virðisaukaskatt. Þá var einnig verið að viðhalda endurgreiðslum sem höfðu átt sér stað í gamla söluskattskerfinu t.d. vegna snjómoksturs en slíkur kostnaður fellur misþungt á sveitarfélög. Samkeppnisvandamálin eru leyst þannig í reglugerðinni að opinberum aðilum er ýmist gert að greiða virðisaukaskatt af þeirri starfsemi sem rekin er í samkeppni við atvinnufyrirtæki eða að virðisaukaskattur sem greiddur er vegna kaupa á tiltekinni vinnu eða þjónustu er endurgreiddur. Í þeim tilvikum sem virðisaukaskattur fæst endurgreiddur er sams konar starfsemi sem sveitarfélög annast ekki skattskyld.

Báðar aðferðirnar eiga að leiða til þess að álagning virðisaukaskatts sé hlutlaus gagnvart því hvort ríkisstofnun eða sveitarfélag kemur sér upp eigin þjónustudeild eða kaupir þjónustu af einkaaðila. Sorphreinsun er dæmi um starfsemi sem sveitarfélög ýmist inna af höndum sjálf eða kaupa af einkafyrirtækjum. Þar sem virðisaukaskattur af sorphreinsun er endurgreiddur þurfa sveitarfélög ekki að leggja skatt á þá starfsemi ef þau annast hana sjálf.

Ákvæðið um endurgreiðslu á sorphreinsun er svohljóðandi: „Endurgreiða skal sveitarfélögum og ríkisstofnunum virðisaukaskatt sem þau greiða við kaup á eftirtalinni vinnu og þjónustu:

1. Sorphreinsun, þ.e. söfnun, flutningi og eyðingu sorps. Virðisaukaskattur vegna endurvinnslu fellur ekki hér undir...“

Með sorpi í skilningi ákvæðisins er átt við leifar, rusl og umbúðir sem falla til við heimilishald, þ.e. neysluúrgang. Einnig er átt við úrgang sem fellur til við aðra starfsemi og hefur svipaða eiginleika. Hér er því átt við eiginlegt heimilissorp en t.d. ekki úrgang eins og tréafskurð, mold, möl, grjót, járnarusl og fleira þegar slíkur úrgangur verður til við hreinsun á götum eða opnum svæðum sveitarfélags.

Með ákvæðinu er fyrst og fremst átt við hina eiginlegu sorphirðu, þ.e. tæmingu ruslatunna og gáma vegna heimilissorps og flutning sorpsins á ruslahauga ásamt urðun eða eyðingu.

Það skal tekið fram að þegar við höfum skoðað endurgreiðslurnar milli ára kemur í ljós að þær hafa aukist mun meira en annað sambærilegt í slíku eða um 35% á milli áranna 1992 og 1993. Þar af kemur í ljós að endurgreiðslur vegna sorphreinsunar hafa aukist um 48% sem sýnir að hér er um gífurlega aukningu að ræða hvað þetta snertir.

Varðandi síðari fyrirspurnina sem snýr að björgunarstörfum skal þetta tekið fram: Ákvæðið er túlkað á þann veg að endurgreiða skuli virðisaukaskatt af kostnaði sem ríkisstofnun eða sveitarfélag verður fyrir vegna björgunarstarfa og öryggisgæslu meðan á náttúruhamförunum stendur eða í órofatengslum við þær. Síðar tilkominn kostnaður vegna viðgerða og lagfæringa vegna tjóns sem orðið hefur telst ekki falla undir ákvæði. Ekki er talið skipta máli í þessu sambandi hvort um bráðabirgðaviðgerðir er að ræða eða varanlegar framkvæmdir.

Fá mál hafa komið upp vegna þessa ákvæðis. Þó er vitað um eitt mál sem farið hefur fyrir yfirskattanefnd og var þessi túlkun staðfest af yfirskattanefnd en mér skilst að því máli hafi síðan verið vísað til dómstóla en endanleg niðurstaða dómstóla er ekki enn komin.

Ég vona, virðulegur forseti, að þetta svari nokkuð fsp. hv. fyrirspyrjanda en vil enn á ný vekja athygli á því að svo virðist sem endurgreiðslur ríkisins til sveitarfélaganna á virðisaukaskatti milli áranna 1993 og 1994 gefi til kynna að þessar endurgreiðslur hafi aukist til muna og mun meira en gera má ráð fyrir vegna breytinga á umfangi slíkrar starfsemi á undanförnum árum.

Þetta vildi ég láta koma fram þótt það væri ekki eiginlegur hluti af svari við fyrirspurn hv. þm.

[15:57]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég þakka ráðherra fyrir svör hans en ég verð að segja að ég er mjög ósátt við þá túlkun að söfnun og flutningur á brotamálmum falli ekki undir orðið sorp í þessari reglugerð, einkum og sér í lagi vegna þess að hér hefur verið boðað frv. þar sem verði tekið sérstaklega á meðferð og flutningi brotamálma en það frv. hefur ekki komið fram og við höfum ekki séð það í þinginu. Meðan svo er að ekki gilda um þetta reglur, og þetta er stór hluti af umhverfisátaki sem er í gangi hjá mjög mörgum sveitarfélögum, þá finnst mér eðlilegt að endurgreiðslan eigi sér stað. Sveitarfélögin fóru á sínum tíma fram á að sett væri á laggirnar nefnd þar sem sveitarfélögin og ríkisvaldið kæmu að til að fjalla um þetta. Mér skilst að starfshópur hafi verið skipaður árið 1990 sem var samstarfshópur fjmrn. og sveitarfélaganna. Í bréfi frá skattstjóra sem er frá því í október 1994 stendur, með leyfi forseta:

„Hópur þessi kom saman í fáein skipti á árinu 1990. Var þar helst á döfinni að ræða fjárhagsleg áhrif skattsins á afkomu sveitarfélaganna en ágreiningur var á milli ríkis og sveitarfélaga um það verkefni. Á haustmánuðum 1991 var ákveðið að skipta hópnum í tvennt.

Þannig var öðrum hluta hans var falið að kanna ýmis lagatæknileg atriði og hinum hluta hópsins var falið að kanna nánar fjárhagsleg áhrif af upptöku virðisaukaskattsins. Á starfstíma hópsins hafa örfáir fundir verið haldnir og ekki finnast nema tvær fundargerðir þ.e. frá 20. maí 1992 og 1. júlí 1992. Rétt þykir að benda á að fulltrúar frá embætti ríkisskattstjóra höfðu ekkert frumkvæði að því hve oft þessi starfshópur kom saman.“

Þetta segir kannski svolítið um það af hverju þessi ágreiningur hefur síðan komið upp milli Sambands íslenskra sveitarfélaga og fjmrn. um túlkun á þessari reglugerð. Ég mundi vilja biðja hæstv. ráðherra að beita sér fyrir því að þessi starfshópur verði virkur.

[15:59]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég vildi láta það koma fram að ég er afar ósáttur við þá túlkun sem hæstv. fjmrh. fór með áðan um það að brotamálmar flokkist ekki undir sorp. Ég held að það sé mjög mikilvægt að stuðla að því að brotamálmar séu hirtir og endurunnir. Ég tel að ef reglugerðin er virkilega með þeim hætti að túlkun hæstv. ráðherra standist þá verði bara að breyta henni. Þetta er óeðlilegt fyrirkomulag. Ég þekki til í sveitarfélögum sem hafa lagt í geysilegan kostnað til þess að safna brotamálmum, hafa fegrað umhverfið og lagað mikið til hjá sér en lagt í mikinn kostnað. Ég tel mjög óeðlilegt að virðisaukaskattur fáist ekki endurgreiddur af þessu. Ef túlkun ráðuneytisins á reglugerðinni er rétt í þessu efni þá er ekkert um annað að gera en að breyta henni.

[16:01]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Það má vel vera að einstakir hv. þm. hafi athugasemdir að gera við reglugerðina og telja að hér sé verið að túlka hlutina þröngt. Ég ætla ekki að gera athugasemd við þann málflutning því auðvitað byggir hann á skoðunum hvers og eins. Ég vil hins vegar benda á að endurgreiðslurnar eins og þær eru framkvæmdar núna eru þannig að ég held að ríkið greiði fyllilega til baka það sem ráð var fyrir gert í upphafi þegar samningar voru gerðir við sveitarfélögin um endurgreiðslu af þessum sökum en hún var tekin upp þegar virðisaukaskattskerfið var innleitt.

Ég minni á að brotamálmum hefur í gegnum tíðina verið safnað af einkafyrirtækjum. Í þessu liggja verðmæti sem þau hafa getað nýtt sér og í sumum tilvikum er þarna um söluvöru að ræða. Það er a.m.k. fyrir vörslumenn ríkissjóðs íhugunarefni hvort víkka skuli hugtök eins og hugtakið sorp þegar um endurgreiðslur er að ræða úr ríkissjóði til sveitarfélaganna. Mér finnst sjálfsagt að málið sé til skoðunar í þeirri nefnd sem fjallar um þessi málefni og önnur er varða fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga en tel að í mæltu máli hljóti sorp að þýða það sem kemur fram í reglugerðinni.

Ég vil jafnframt geta þess að fyrir Alþingi kemur til með að liggja frv. sem snertir fráveitumál sveitarfélaganna þar sem um verulegar peningagreiðslur yrði að ræða frá ríkinu til sveitarfélaga. Það mál þarf auðvitað að taka upp í tengslum við fjárhagsleg samskipti þessara aðila og þannig gefst tækifæri til að ræða það, þetta mál og ýmis fleiri á næstu vikum, mánuðum, árum og væntanlega áratugum.

Iðnhönnun.

Fsp. StB, 357. mál. — Þskj. 580.

[16:03]

Fyrirspyrjandi (Sturla Böðvarsson):

Hæstv. forseti. Á þskj. 580 leyfi ég mér að flytja fsp. til hæstv. iðnrh. um iðnhönnun.

Iðnhönnun er orð sem er ekki sérlega greypt í þjóðarvitundina að mínu mati þrátt fyrir vaxandi iðnaðarframleiðslu okkar. Engu að síður eru til samtök þeirra sem starfa að iðnhönnun, Form-Ísland heita þau og eru samtök áhugafólks um hönnun. Aðilar að því eru bæði einstaklingar og félög, þ.e. fagfélög hönnuða, og samtök í atvinnulífinu. Samtökin hafa staðið að kynningu á íslenskri hönnun, iðnframleiðslu og handverki á undanförnum árum innan lands og erlendis og hafa góð alþjóðleg tengsl við samsvarandi samtök víða um lönd.

Fagfélög sem tengjast iðnhönnun eru m.a. Arkitektafélag Íslands, Félag húsgagna- og innanhússarkitekta, Félag iðnhönnuða á Íslandi, Textílfélagið, Leirlistafélagið, Félag gullsmiða, Félag fatahönnuða og Félaga íslenskra teiknara, svo nokkur séu nefnd.

Það ætti flestum að vera ljóst að átak við nýsköpun verður ekki í íslenskum framleiðsluiðnaði án þess að þekking og færni hönnuða jafnt sem handverksmanna sé til staðar.

Á flestum sviðum í atvinnulífinu er þörf fyrir vandaða hönnun. Árangur við framleiðslu og sölu á iðnvarningi getur verið og er háður vönduðum undirbúningi og snjöllum lausnum. Telja verður eðlilegt að opinberir aðilar komi að eflingu iðnhönnunar beint eða óbeint.

Í stefnumótun Alþýðusambands Íslands í efnahags- og atvinnumálum, Atvinnustefna til nýrrar aldar, sem kynnt hefur verið m.a. á sérstökum fundi í mínum þingflokki, kemur glöggt fram hversu ríka áherslu verkalýðshreyfingin leggur á hvers konar nýsköpun í atvinnulífinu. Þekking, menntun og hæfni á sviði iðnhönnunar er ekki síst sú uppspretta hagvaxtar sem atvinnustefna framtíðar verður að byggjast á. Því hef ég lagt fyrir hæstv. iðnrh. svohljóðandi fsp.:

„1. Með hvaða hætti hefur iðnaðarráðuneytið stuðlað að eflingu iðnhönnunar í tengslum við framleiðsluiðnað?

2. Hefur iðnaðarráðuneytið stuðlað að styrkveitingum í því skyni að efla iðnhönnun?

3. Liggja fyrir áætlanir um með hvaða hætti iðnhönnun verði efld í samstarfi opinberra aðila og samtaka iðnaðarins?“

[16:06]

Iðnaðarráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Ráðuneytið hefur staðið beint og óbeint að ýmsum aðgerðum til að efla iðnhönnun hér á landi sem m.a. kemur fram í stuðningi við verkefni því tengt. Ráðuneytið hefur lagt vaxandi áherslu á stuðning við vöruþróunarverkefni innan fyrirtækja þar sem m.a. er tekið á hönnunarmálum í nánum tengslum við markaðssetningu. Svo nokkur dæmi séu nefnd þá nefni ég í fyrsta lagi stofnun hönnunarstöðvar á árinu 1994 en á árinu 1994 stóð ráðuneytið að stofnun hönnunarstöðvar með aðilum í atvinnulífi. Með stofnun hönnunarstöðvar hér á landi hefur skapast nýr vettvangur til að takast á við hönnun, vöruþróun og markaðssókn. Að hönnunarstöðinni standa aðilar sem tengjast hönnun svo sem Arkitektafélag Íslands, Félag húsgagna- og innanhússarkitekta, ASÍ, framleiðendur, Samtök iðnaðarins, Iðntæknistofnun og Útflutningsráð. Starfsemi hönnunarstöðvarinnar miðast því ekki við eina atvinnugrein heldur mun hún nýtast öllu atvinnulífi. Reksturinn er kostaður af Samtökum iðnaðarins og með framlagi frá iðnrn. Um er að ræða tilraunarekstur til tveggja ára en að þeim tíma liðnum mun starfið verða endurmetið í ljósi reynslunnar.

Hönnunarstöðin vinnur nú að ýmsum verkefnum og má ég nefna Hönnunardag 95, umbúðasamkeppni, þróun á innlendri framleiðslu sjúkrarúma í samráði iðn.- og heilbrrn., hönnunarhvatning til fyrirtækja, tengsl við norrænar systurstofnanir, innréttingar í félagslegar íbúðir fyrir Reykjavíkurborg og fleira.

Af öðrum verkefnum vildi ég nefna í fyrsta lagi vöruþróunarverkefni hjá fyrirtækjum við hönnun í trjávöruiðnaði, markaðsverkefni húsgagnaiðnaðarins 1993, bækling um íslenska húsgagnaframleiðendur og hönnuði í byrjun ársins 1993, vöruþróunar- og markaðsverkefni í skipaiðnaði 1994 sem hófst 1994 og stendur til 1995, Vettvang, sem er samstarfsverkefni sjávarútvegsaðila og iðnaðarins þar sem unnið er að þróun vara sem tengjast iðnaði og sjávarútvegi, stuðning við vöruþróunarverkefni Iðntæknistofnunar og Iðnlánasjóðs. Þá er unnið að gæðaverkefni í matvælaiðnaði í samstarfi við aðila í atvinnulífi sem standa mun í eitt ár en verkefnið fór af stað á árinu 1994. Þá hefur ráðuneytið stutt styrkveitingar í smáiðnaði undanfarin ár í sérstöku verkefni og framhald verður á því á þessu ári. Og loks má nefna að unnið er að tillögugerð um vöruþróunarverkefni innan fiskimjölsverksmiðjunnar og málmiðnaðarins sem miðar að þróun aukinnar gæðavinnslu fiskimjöls hér á landi. Tillögur að þessu verkefni eru unnar innan skipaiðnaðarnefndar og koma til umfjöllunar og ákvörðunar fljótlega innan ráðuneytisins.

Önnur spurning hv. þm. var: „Hefur iðnaðarráðuneytið stuðlað að styrkveitingum í því skyni að efla iðnhönnun?“

Eins og rakið hefur verið hefur ráðuneytið stutt fjölmörg verkefni sem tengjast bæði beint og óbeint hönnun samkvæmt áðurnefndri upptalningu. Auk slíkra verkefna hefur ráðuneytið styrkt félagasamtök á sviði hönnunar til að auðvelda félagsmönnum þeirra að sækja erlendar sýningar með hönnunarverk sín.

Þriðja spurning: „Liggja fyrir áætlanir um með hvaða hætti iðnhönnun verði efld í samstarfi opinberra aðila og samtaka iðnaðarins?“

Svarið við því er já. Ég hef vísað til hönnunarstöðvarinnar sem komið var á fót á sl. ári en rekstur hennar er kostaður sameiginlega af Samtökum iðnaðarins og iðnrn. Fyrirhugað er að þetta verkefni standi í tvö ár og í ljósi þeirrar reynslu sem þá hefur fengist verður það endurmetið. Auk þess er að geta þeirra verkefna sem ég hef þegar nefnt á vegum hönnunarstöðvarinnar sem unnin er í samvinnu við iðnaðar- og heilbrigðisráðuneytin, þ.e. hönnun á húsgögnum og húsbúnaði fyrir sjúkrahús og dvalarheimili, gæðaátak í matvælaiðnaði, sérstakt átak til þess að styrkja framleiðendur húshluta, bæði glugga og hurða og fleira. Það eru því mörg verkefni sem þarna er verið að vinna að.

Ég vildi að lokum fara örfáum orðum um eitt af þessum verkefnum sem er Vettvangur, sameiginlegt verkefni sjútvrn. og iðnrn., þar sem reynt er að laða til samvinnu fyrirtæki í sjávarútvegi og fyrirtæki í iðnaði með það að markmiði að fá út úr þeirri samvinnu ný atvinnutækifæri svo sem í byggingu vinnslulína og við hönnun annars búnaðar sem málmiðnaðurinn getur unnið í samstarfi við sjávarútveginn.

[16:10]

Fyrirspyrjandi (Sturla Böðvarsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. iðnrh. fyrir mjög greinargóð svör við mínum spurningum. Mér sýnist að þessi svör leiði það í ljós að á vegum iðnrn. og í samstarfi við aðila atvinnulífsins sé ýmislegt verið að gera sem lýtur að iðnhönnun og hvers konar hönnun og áætlanagerð er styrkir framleiðsluiðnaðinn í landinu.

Tvennt vil ég þó draga sérstaklega fram. Það er annars vegar samstarf sem snýr að sjávarútvegi. Það fer ekki á milli mála að íslenskir hönnuðir og íslenskir iðnaðarmenn hafa lyft grettistaki í framleiðslu á margs konar vélbúnaði sem tengist vinnslu sjávarafurða. Það er ástæða til að draga það fram hér.

Að hinu leytinu vildi ég nefna að ég tel að það sé eitt svið í íslenskum iðnaði sem þyrfti að taka alveg sérstaklega til meðferðar og það er íslenskur byggingariðnaður. Það er mjög kvartað undan mikilli greiðslubyrði húsbyggjenda og húseigenda og yfirleitt litið á það frá því sjónarhorni að tekið sé of mikið af lánum. Ég tel að það þyrfti að gera sérstakt átak við þróunarstarf í íslenskum byggingariðnaði til þess að leita allra leiða til að lækka byggingarkostnað, bæði á húshlutum, innréttingum og öðru. Það væri e.t.v. mikilvægasta og merkasta kjarabót sem íslenskir launþegar gætu fengið ef verulega góður árangur tækist á því sviði.

Ég þakka hæstv. iðnrh. fyrir svörin en legg áherslu á það að þó að þessu verkefni hönnunarstöðvar ljúki að loknum tveimur árum þá vinni iðnrn. að því að undirbúa nýja áætlun sem taki við þegar þessu tímabili lýkur því mér sýnist að af nógu sé að taka.

[16:13]

Iðnaðarráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. og legg áherslu

á það, eins og hann hefur gert, að það eru mörg tækifæri í því fólgin að leiða saman þekkingu og verkkunnáttu úr fleiri en einni atvinnugrein. Það er einmitt takmarkið sem við höfum verið að stefna að, m.a. með samvinnu sjútvrn. og iðnrn. í Vettvangi og ekki síður með samvinnu iðnrn. og matvælaframleiðenda um hönnun og þróun og markaðsátak í matvælaiðnaði. Í þriðja og síðasta lagi hefur það líka gerst að í samvinnu heilbrrn. og iðnrn. hafa náðst fram mjög merkileg nýmæli sem nýlega voru kynnt í sérstökum sjónvarpsþætti, þ.e. tölvubúnaður sem byggður er á samstarfi þessara tveggja ráðuneyta og er líklegur til þess að geta haslað sér völl, ekki bara innan lands heldur erlendis líka.

Um byggingariðnaðinn þá vil ég taka undir með hv. þm. að það er nauðsynlegt að tryggja og treysta þá starfsemi sem þar fer fram. Það höfum við verið að gera, m.a. með átakinu í hönnun húsgagna sem hefur staðið með litlum hléum frá 1993 og stendur enn og með því gæðaátaki sem verið er að gera núna í sambandi við framleiðslu húshluta og byggingarhluta hér á Íslandi.

Útbýting þingskjala:

Iðnþróunarsjóður, 426. mál, stjfrv. (iðnrh.), þskj. 697.

Sjálfskuldarábyrgðir einstaklinga, 428. mál, þáltill. GE, þskj. 699.

Umferðaröryggi, 425. mál, stjtill. (dómsmrh.), þskj. 695.

Yfirtökutilboð.

Fsp. MB, 367. mál. — Þskj. 593.

[16:16]

Fyrirspyrjandi (Matthías Bjarnason):

Virðulegi forseti. Ég flutti að mig minnir tvívegis þáltill. um yfirtökutilboð og önnur almenn tilboð ásamt hv. 4. þm. Reykv. Þetta mál var afgreitt 19. mars 1992 með þessari samþykkt:

„Alþingi ályktar að fela viðskrh. að undirbúa nú þegar löggjöf um yfirtökutilboð og önnur almenn tilboð í hlutafélög til þess að vernda félagsmenn og aðra sem hagsmuna eiga að gæta. Leggja skal fram frv. um þetta efni fyrir 116. löggjafarþing svo að ný lög um þetta geti tekið gildi eigi síðar en 1. jan. 1993."

Það er því orðinn æðilangur tími liðinn að ekki skuli vera komið hér fram, og það fyrir löngu, frv. um þetta mikilvæga atriði. Flest lönd sem við eigum mest samskipti við, bæði viðskiptalega og stjórnmálalega, hafa sett lög um yfirtöku og einstaka lönd hafa sett sérstakar reglur og þá í sambandi við kauphallarviðskipti.

Ég tek fram að þetta fyrirkomulag um þingsályktanir er heldur hvimleitt fyrirkomulag og væri því nær að Alþingi léti þingmenn hafa til umráða fjármagn til að semja sjálfir frv. sem þarf að leita lagalegra fyrirgreiðslu til. Þetta er aðferð til að ýta þessu inn í ráðuneytin og það er afar ríkt í þeim mörgum hverjum að leggjast á samþykktir löggjafans og þetta er ekkert einsdæmi. Mér finnst leitt til þess að vita að ekki skuli vera hægt að fá unnið jafnþarft verk og hér er um að ræða.

Tilgangurinn með því að leggja fram þessa þáltill. og vinna að því að fá hana samþykkta var sá að koma í veg fyrir að meiri hluti í hlutafélögum gæti selt hlutafjáreign sína og skilið minni hlutann eftir með tiltölulega verðlítil hlutabréf. Í sumum löndum þarf alls ekki 50% eigenda til þess að slíkar skyldur séu lagðar á.

Ég læt í ljós mikla óánægju mína með hvernig að þessu máli hefur verið staðið. Ég tel að hér sé um mjög þýðingarmikið mál að ræða að setja löggjöf um yfirtökutilboð.

[16:19]

Viðskiptaráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Lagafrv. um þessi efni sem hv. fyrirspyrjandi spyrst fyrir um voru lögð fram á Alþingi á 117. löggjafarþingi snemma árs 1994 eftir að leitað hafði verið umsagna og afgreitt á 118. löggjafarþingi skömmu fyrir jól 1994. Ástæðan fyrir því að frv. kom ekki fyrr fram var að þegar þáltill. var afgreidd á Alþingi 1992 var gert ráð fyrir að samningurinn um Evrópska efnahagssvæði gengi í gildi 1. jan. 1993 en gildistaka samningsins frestaðist og þess vegna voru frv. lögð fram einu ári síðar en gert hafði verið ráð fyrir í þáltill.

Í framsöguræðu minni og í frv. var nánar tiltekið gerð grein fyrir því að hliðsjón hefði verið höfð af þingsályktunartillögunni við breytingu á ákvæðum um innlausnarskyldu og innlausnarrétt. Réttindi minni hluta í hlutafélögum og nú einnig einkahlutafélögum hafa verið aukin til muna. Þar er ekki lengur einungis miðað við innlausnarskyldu eins og í 131. gr. eldri hlutafjárlaga þegar móðurfélag á meira en ⅔ hlutafjár í dótturfélagi heldur nægir nú að hluthafi eigi meira en ⅔ hlutafjár í hlutafélagi. Talið var eðlilegt við endurskoðun þessara þátta hlutafélagalöggjafarinnar, sem var gerð með vísan í þáltill. hv. þm., að miða varðandi innlausnarskyldu eða yfirtökutilboð við ný dönsk lagaákvæði sem sett voru vegna EES-reglnanna því við höfum yfirleitt farið þá leið, eins og hv. 1. flm. þáltill. gerði ráð fyrir, að miða okkar lagasetningu við það sem gerist og gengur á Norðurlöndum og við kusum að miða okkur við ný dönsk lög í þessu sambandi. Ekki er annað vitað en að efh.- og viðskn. og þingið sem afgreiddi hlutafélagalöggjöfina svo og allir umsagnaraðilar hafi talið ákvæðin fela í sér eðlilega lausn á málinu.

Erlendis eru reglur um innlausnarskyldu eða yfirtökureglur reyndar mismunandi en þær fela í sér takmörkun á frelsi á hlutabréfamarkaði. Nefna má að í Bandaríkjunum eru ekki reglur um innlausnarskyldu þegar eignaraðild fer yfir ákveðinn hundraðshluta. Sú regla er heldur ekki almennt fyrir hendi í ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu. Takmarkaðar reglur snúast að talsverðu leyti um upplýsingaskyldur þegar ákveðnu eignarhlutamarki er náð svo sem nú er í verðbréfalöggjöfinni hér.

Þá má nefna að gerðar hafa verið tilraunir innan Evrópusambandsins til að samræma reglur um innlausnarskyldu eða yfirtökutilboð. Framkvæmdastjórnin lagði fram tillögu í janúar 1989 um þetta efni þegar lögð voru fram drög að 13. tilskipun á sviði félagaréttar. Samkvæmt tillögunni er sá aðili sem eignast bréf í hlutafélagi er veita honum yfir þriðjung af heildaratkvæðisrétti í félaginu skyldur til að gera tilboð í öll eftirstandandi bréf í félaginu. Þriðjungsreglan sýnist ganga mjög langt og mun lengra en nýju ákvæðin í hlutafélaga- og einkahlutafélagalögunum hér á landi nú. Þess ber þó hins vegar að gæta að samkvæmt tillögu Evrópusambandsins tekur innlausnarskyldan aðeins til hlutafélaga en ekki til einkahlutafélaga og meira að segja ekki til allra hlutafélaga heldur a.m.k. í bráð aðeins til þeirra hlutafélaga sem hafa hlutabréf sín skráð á verðbréfaþingi.

Hér á landi eru aðeins 25 hlutafélög af 10.000 skráðum hlutafélögum skráð á Verðbréfaþingi Íslands. Er því ljóst að innlausnarskylduákvæði nýju laganna um hlutafélög og einkahlutafélög ná til miklu fleiri aðila en verða mundi ef ákvæðum draga að 13. félagaréttartilskipuninni hefði verið fylgt.

Þess má geta að sumir hafa efasemdir um setningu laga á þessu sviði, þ.e. að gallarnir við að skerða frelsi markaðarins séu meiri en kostirnir. Sé innlausnarskylda fyrir hendi við ákveðið mark gæti það með öðrum orðum orðið til þess að keyptir verði hlutir upp að því marki þegar viðkomandi félagi væri gagnlegra að keyptur væri enn stærri hlutur til að treysta rekstur félagsins.

Varðandi annan lið fyrirspurnarinnar má ítreka að með nýju löggjöfinni um hlutafélög og einkahlutafélög hefði réttur minni hluta hluthafa hér á landi verið tryggður mun betur en áður og almennt mun betur en vera mundi ef teknar hefðu verið upp reglur sem eru drög að í 13. félagaréttartilskipun Evrópusambandsins. Ekki er unnt að meta áhrif þess á minni hluta í fjölmennustu félögunum, þeim fáu félögum sem skráð eru á Verðbréfaþingi Íslands ef miðað hefði verið við lægra mark en ⅔, þ.e. ⅓ sem almenna reglu í samræmi við drög að 13. félagaréttartilskipuninni m.a. vegna þess að óvíst er að Alþingi hefði talið rétt að setja slíka reglu á sínum tíma og alls óvíst er hvernig tillögunni reiðir af í Evrópusambandinu og á EES. Umsagnir innlendra aðila gætu einnig haft áhrif við mat á því hvort slík regla yrði sett. Niðurstaða í málinu á Alþingi varð ⅔ í báðum tegundum félaga. Væri æskilegt að fleiri aðilar í þjóðfélaginu gæfu viðmiðunarmörkunum sérstakan gaum en minna má enn á í því sambandi að tillaga Evrópusambandsins nær aðeins til þeirra örfáu félaga sem skráð eru á verðbréfaþingi, með öðrum orðum 25 hlutafélaga á Íslandi eins og nú standa sakir og ekki einkahlutafélaga enda eru engin hlutabréf í einkahlutafélögum samkvæmt nýju löggjöfinni.

[16:24]

Fyrirspyrjandi (Matthías Bjarnason):

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir upplýsingarnar svo langt sem þær náðu. Út af því sem hann minntist á Evrópuráðið þarf Evrópa ekki á þvingaðri samræmingu lagareglna að halda heldur á heilbrigðri samkeppni milli ríkisstjórna. Refskák yfirtökufélaga þarfnast ekki Evrópureglna heldur skýrra reglna einstakra landa sem farið er eftir svo fjárfestar viti hvað þeir eru að kaupa og verðleggi hlutabréfin í samræmi við það. Góðar lagareglur munu nægja til að laða hluthafa, sem eru í minni hluta, til kaupa á hlutabréfum jafnframt því að það tryggir möguleika á yfirtöku til að halda stjórnendum hlutafélaganna við efnið. Þrír meginþættir skipta hér máli. Upplýsingar um hlutafé, upplýsingar um tilboð og sanngjörn meðferð á hlut höfum þeirra félaga sem fyrirhugað er að yfirtaka. Því síðastnefnda ætti að vera hægt að ná, ekki með því að tilboðsgjafar komi með endanleg tilboð heldur að þeir kaupi hlutfallslega jafnmikið af öllum hluthöfum sem vilja selja. Hvert land verður samt sem áður að móta sínar vinnureglur í samræmi við hefð í eigin fjármálaheimi.

Hæstv. ráðherra sagði að margir efist um gildi þessara reglna og tillagna sem tillagan fól í sér. Ég segi: Er ekki þessi tillaga samþykkt Alþingis Íslendinga? Ef Alþingi Íslendinga samþykkir að þetta eða hitt skuli gert þá á framkvæmdarvaldið að verða við því sem Alþingi Íslendinga samþykkir en ekki hvað einhverjir menn úti um borg og bý segja um þetta atriði eða hitt.

Þetta finnst mér vera höfuðatriðið. Það sem gert hefur verið nær ekki nema að mjög takmörkuðu leyti og það óréttlæti heldur áfram að minni hlutinn er lítilsvirtur í fjölmörgum hlutafélögum í landinu.

[16:27]

Viðskiptaráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegur forseti. Eins og ég tók fram þá voru frv. um félagaréttarákvæði lögð fram á Alþingi, þ.e. hlutafélagalög, á 117. löggjafarþingi snemma sl. árs. Þau voru afgreidd fyrir örfáum vikum, rétt fyrir jólin. Í frv. var sérstaklega vísað til þáltill. þeirrar sem hv. þm. hafði flutt og skýrt frá með hvaða hætti tekið væri tillit til þeirra ábendinga sem þar komu fram. Menn voru sammála um afgreiðslu málsins á hinu háa Alþingi. Alþingi hefur því þegar afgreitt málið með vísan til þeirrar þáltill. sem hv. þm. flutti og gerði það án ágreinings. Það var enginn ágreiningur hér í hinu háa Alþingi um hvernig það væri gert þannig að Alþingi hefur sagt sitt síðasta orð.

Hins vegar má vel vera að það sé rétt og skylt að taka málið upp aftur og taka það til endurskoðunar. En þá bendi ég á það sem kom fram í svari mínu áðan að í öllum þeim tilvikum þar sem það er gert eru menn eingöngu að tala um hlutafélög sem skráð eru á verðbréfaþingum viðkomandi landa. Af 10.000 hlutafélögum á Íslandi eru ekki skráð á Verðbréfaþingi Íslands nema 25 félög. Sú vernd sem minni hluti í félagi hlýtur í dag er þess vegna miklu meiri en sú vernd sem minni hluti myndi hljóta ef við fylgdum þeim erlendu fordæmum sem ganga lengra því þau takmarkast öll við það að viðkomandi félög séu skráð á verðbréfaþingi.

[16:29]

Fyrirspyrjandi (Matthías Bjarnason):

Virðulegi forseti. Það hefur aldrei staðið til að miða þessa löggjöf við þau hlutabréf sem eru á verðbréfamarkaði heldur við öll hlutafélög. Það skiptir auðvitað höfuðmáli og það er það sem hefur verið í framkvæmdinni að minnihlutaaðilar hafa orðið að sætta sig við smánarverð þegar þeir sem mest eiga hafa getað selt fyrir hátt verð.

[16:30]

Viðskiptaráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegur forseti. Þessi sjónarmið eiga fullan rétt á sér en ég minni bara á að Alþingi afgreiddi þetta mál fyrir örfáum vikum og afgreiddi það, eftir því sem ég best veit, samhljóða og án ágreinings þannig að það yrði þá að taka málið upp að nýju. (**MB:** Afgreiddi það að hluta.)

Áhættumat fyrir Reykjavíkurflugvöll.

Fsp. JE, 415. mál. — Þskj. 665.

[16:31]

Fyrirspyrjandi (Jóhann Einvarðsson):

Hæstv. forseti. Á þskj. 665 hef ég leyft mér að bera fram svohljóðandi fsp. til samgrh.:

„1. Hvað hefur verið gert í framhaldi af skýrslu nefndar frá nóvember 1990 sem vann að áhættumati fyrir Reykjavíkurflugvöll?

2. Hefur verið ákveðið að fylgja eftir tillögum nefndarinnar um að öllu ferjuflugi og millilandaflugi verði beint til Keflavíkur?

3. Ef tillögunum hefur verið hafnað, hvaða forsendur liggja þá að baki?“

Nefnd þessa skipaði hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, fyrrv. samgrh. 7. des. 1988 og í henni voru: Álfheiður Ingadóttir formaður, Guðjón Petersen, framkvæmdastjóri Almannavarna ríkisins, Pétur Einarsson, fyrrv. flugmálastjóri, Þórður Þ. Þorbjarnarson, fyrrv. borgarverkfræðingur, og Jóhann Á. Jónsson, framkvæmdastjóri hjá Flugmálastjórn. Þessi nefnd skilaði tillögum til samgrn. 30. nóv. 1990.

Í lokaáliti nefndarinnar var mælt með því að öllu ferjuflugi og millilandaflugi einkaflugvéla öðru en sérstöku gestaflugi yrði beint til Keflavíkur. Bætt þjónusta við smærri flugvélar mundi einnig tengja innanlandsflug með farþega og frakt, til að mynda með ferskan fisk, við millilandaflug frá Keflavíkurflugvelli.

Tillögur þessar, en þetta er ein tillagan í nefndaráliti nu, eru byggðar á áhættumati nefndarinnar og mati á slysalíkum umhverfis flugvöllinn. Full samstaða tókst um tillögurnar í nefndinni.

Tillögur nefndarinnar miða að því að draga úr augljósum áhættuþáttum, ónæði og mengun án þess að skerða mikilvægi Reykjavíkurflugvallar sem miðstöð samgangna í innanlandsflugi sem þó er rétt að skoða nánar þó síðar verði. Ég vil því með tilvísun til ofangreinds spyrja ráðherra: Hver er framvinda þessa máls, hefur verið ákveðið að fylgja eftir tillögum nefndarinnar og ef svo er þá hvenær? Ef tillögunum er hafnað hvaða forsendur liggja þá að baki þeirri ákvörðun?

[16:34]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Á undanförnum árum hefur átt sér stað mikil umræða um Reykjavíkurflugvöll, staðsetningu hans, nálægð við þéttbýli með tilliti til hávaðamengunar og slysahættu fyrir byggðina annars vegar og hins vegar hlutverk hans í flugsamgöngum í kerfinu þar sem ljóst er að hann gegnir mjög þýðingarmiklu hlutverki.

Eins og fram kemur í fsp. hv. þm. var skipuð nefnd í desember 1981 af þáv. samgrh., hv. þm. Steingrími Sigfússyni, til að vinna áhættumat vegna Reykjavíkurflugvallar. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að gerð áhættumats vegna flugvallarins krefðist yfirgripsmeiri og sérhæfðari rannsókna en væru á færi nefndarinnar auk þess sem ekki lægi fyrir ákvörðun um hvað geti talist ásættanleg áhætta af rekstri flugvallar í Vatnsmýrinni.

Það sem gert hefur verið í framhaldi af skýrslu nefndarinnar er eftirfarandi:

Flugmálastjórn hefur haft til athugunar svæði í Óbrynnishólabruna í landi Hafnarfjarðar þar sem byggja mætti flugvöll fyrir æfingakennslu í einkaflugi í því skyni að draga úr umferð við Reykjavíkurflugvöll með því að þannig mætti minnka slysahættu fyrir byggðina. Bæjaryfirvöld í Hafnarfirði gáfu það svar á sínum tíma að þau væru mótfallin því að byggja flugvöll á þessu svæði vegna mengunarhættu, m.a. vegna nálægðar við vatnsból. Ekki hefur enn fundist annað svæði í nágrenni Stór-Reykjavíkursvæðisins sem gæti þjónað þessu hlutverki jafn vel og Óbrynnishólalandið.

Skráning á brautarnotkun hefur verið tekin upp en aðrir þættir sem áhersla var lögð á af nefndinni eins og flutningur gas- og eldsneytisgeyma er til athugunar og vinnslu hjá viðkomandi aðilum, þ.e. hjá borgaryfirvöldum og Skeljungi.

Á undanförnum árum frá því að skýrslan um áhættumatið kom út hafa helstu framkvæmdir á Reykjavíkurflugvelli verið eftirfarandi:

Gerð öryggissvæða við suðurenda norður/suður flugbrautar, framkvæmdir við nýja girðingu, viðhald á flugskýli númer þrjú, endurnýjun á stefnusendi og nýbygging fyrir véla-, trésmíða- og rafmagnsverkstæði. Auk þess var byggð ný spennustöð ásamt vararafvélum og ljósaspennum. Einnig hefur verið keyptur aðflugshallasendir, vindmælar og skýja- og skyggnismælir.

Önnur spurning laut að því hvort ákveðið hefði verið að fylgja eftir tillögum nefndarinnar um að hætta öllu ferjuflugi og að millilandaflugi yrði beint til Keflavíkur.

Ekki hefur verið framkvæmanlegt að beina erlendum minni flugvélum frá Reykjavíkurflugvelli til annarra flugvalla þar sem flugvöllurinn er skráður alþjóðlegur flugvöllur í flugmálahandbók, skammstafað AIP.

Lendingargjöld vegna erlendra flugvéla hafa verið

hækkuð verulega umfram gjaldskrá Keflavíkurflugvallar en lítið hefur samt sem áður dregið úr umferð þessara flugvéla um Reykjavíkurflugvöll. Það að leggja niður notkun á norðaustur/suðvestur braut, skammstafað 07–25, hefur ekki reynst gerlegt m.a. vegna þess að sambærileg flugbraut á Keflavíkurflugvelli hefur ekki verið snjóhreinsuð vegna sparnaðaraðgerða varnarliðsins og eru það eindregin tilmæli flugrekenda að braut 07–25 á Reykjavíkurflugvelli verði ekki lokuð.

Notkun á þessari flugbraut hefur verið tiltölulega lítil á undanförnum árum ef undanskildir eru veturnir 1992 og 1993 en vegna ríkjandi suðvestanvinda þá var brautin mjög oft notuð í áætlunarflugi.

Þriðja spurning hv. þm. hljóðar svo: „Ef tillögunum hefur verið hafnað, hvaða forsendur liggja þá að baki?"

Svarið er: Eins og að ofan greinir hefur tillögum nefndarinnar ekki verið hafnað heldur hefur verið leitast við að framkvæma tillögur hennar eftir því sem kostur er og mögulegt hefur verið.

[16:38]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Reykjavíkurflugvöllur er geysilega mikilvægur fyrir þjóðina og hann er ómetanlegt samgöngumannvirki, bæði fyrir höfuðborgina og jafnframt fyrir landsbyggðina. Með nokkrum hætti mætti segja að Reykjavíkurflugvöllur væri eitt af því sem gerir Reykjavík að höfuðborg landsins. Þess vegna þurfum við að vanda mjög umgengni um hann og við hann. Það getur verið nokkur áhætta og ónæði af flugrekstri inni í miðri borg en þá áhættu eigum við að minnka eftir því sem kostur er. Ég tel að stefnan eigi að vera sú að nota Reykjavíkurflugvöll fyrst og fremst fyrir farþegaflug innan lands en alveg skilyrðislaust að koma ferjufluginu til Keflavíkur. Það á engan rétt á sér inn á Reykjavíkurflugvöll. Það er rétt að kennsluflugi og einkaflugi þarf að finna annan stað, annaðhvort við Óbrynnishóla eða annars staðar. Síðast en ekki síst vil ég nota þetta tækifæri til að hvetja hæstv. samgrh. til þess að taka upp þetta mál með snjóhreinsun á brautinni í Keflavík. Það er náttúrlega alveg fráleitt að hafa jafngóðan völl lokaðan vegna þess að þessi braut er ekki snjóhreinsuð.

[16:39]

Fyrirspyrjandi (Jóhann Einvarðsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka ráðherranum fyrir hans svör en mér heyrist á þeim svörum að lítið hafi tillögunum verið fylgt eftir, a.m.k. að því er þennan lið varðar og ég ætla ekki að fara að ræða um aðrar tillögur nefndarinnar. Ég tek undir með hv. 1. þm. Norðurl. v. að það er sjálfsagt að reyna að draga úr bæði áhættu og ónæði sem er vegna þessa flugvallar í miðri Reykjavíkurborg, ónæði sem við verðum m.a. vör við stundum í þessu húsi.

Það er alveg ljóst að þegar eitthvað ber út af í ferjuflugi þá hefur raunverulega alltaf verið leitað til Keflavíkurflugvallar með þær vélar og reyndar hefur björgunarsveit varnarliðsins oftar en ekki verið tilkvödd til þess að veita aðstoð þegar þannig hefur borið við.

Ég skora því á ráðherrann að taka þetta mál fastari tökum því svo ég vitni í nefndarálitið aftur þá segir á bls. 76:

„Farþegaflugi og einkaflugi útlendinga má beina til Keflavíkurflugvallar með því að bæta þar þjónustu við smáflugvélar en einnig með umtalsverðri hækkun lendingargjalda og þjónustugjalda á Reykjavíkurflugvelli fyrir millilandaflug. Nú eru komin hótel í Keflavík og á Keflavíkurflugvelli er góð aðstaða til tollafgreiðslu og útlendingaeftirlits eins og nauðsynlegt verður að teljast. Góð þjónusta við smærri flugvélar mundi einnig tengja innanlandsflug með farþega og frakt, til að mynda með ferskan fisk, við millilandaflug frá Keflavíkurflugvelli."

Ég held að því verði ekki á móti mælt að öll þjónusta suður frá er miklu betri en er á Reykjavíkurflugvelli fyrir þetta flug og ég held að þó að við ræðum síðar um hluti eins og kennsluflugið og því um líkt þá tek ég undir með hv. 1. þm. Norðurl. v. að það á skilyrðislaust að flytja ferjuflugið og einkaflug útlendinga suður eftir og það á að beita hvaða ráðum sem mögulegt eru til þess og jafnvel enn meiri hækkun gjalda hér en hefur verið gert þó að þar hafi eitthvað verið að gert.

Aðstaðan öll er orðin mjög góð suður frá og þetta mundi draga mjög úr þeim áhættuþáttum og ónæði sem er af flugvellinum í Reykjavík.

Ég vil svo að lokum skora á ráðherrann að taka þetta mál upp þó ekki væri nema þennan lið í tillögum nefndarinnar.

[16:42]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Ég vil aðeins ítreka það sem hefur komið fram í svari mínu að lendingargjöld vegna erlendra flugfélaga hafa verið hækkuð verulega umfram gjaldskrá Keflavíkurflugvallar. Stefna Flugmálastjórnar er sú að beina fluginu þangað þó á hinn bóginn sé ekki hægt að loka augunum fyrir því, heldur ekki gagnvart hinum smærri flugvélum, að Reykjavíkurflugvöllur er skráður alþjóðlegur flugvöllur í flugmálahandbók.

Vegna ummæla hv. þm. Páls Pétursson þá minni ég á að Keflavíkurflugvöllur er undir stjórn utanrrn. eða ráðherra og skal ég koma þeim tilmælum til hans sem hér var vakin athygli á.

Varnir gegn mengun af útblæstri bifreiða og brennslu olíu og bensíns.

Fsp. GJH, 414. mál. — Þskj. 663.

[16:43]

Fyrirspyrjandi (Guðrún J. Halldórsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég hef leyft mér að beina svolátandi fsp. á þskj. 663 til hæstv. umhvrh.:

„Með hvaða hætti hyggst ráðherra vinna að því að efla varnir gegn mengun:

a. af völdum útblásturs bifreiða,

b. frá brennslu olíu og bensíns í vélum og við upphitun?"

Mengun sem við mannfólkið eigum við að stríða og sköpum oftast sjálf er margs konar og mismunandi eftir menningarsvæðum veraldarinnar. Við á Vesturlöndum höfum bæði verið iðin við að skapa mengun en erum líka nokkuð meðvituð um að eitthvað þurfi að gera til þess að hindra að skaðinn verði og að okkur beri skylda og jafnvel lífsnauðsyn til þess að bæta þann skaða sem orðið hefur. Fsp. mín til hæstv. umhvrh. beinist að tveimur veigamiklum þáttum mengunarvarna, mengun af völdum útblásturs úr bifreið og frá brennslu bensíns og olíu í vélum og til upphitunar.

Í hugum almennings er mengun frá útblæstri bifreiða einstaklega hættuleg og hvimleið, ekki síst vegna þess að börn verða oft illilega fyrir blæstrinum, lítil börn í kerru eða við hönd foreldra sinna á ferð um göturnar ber oft við hæð útblástursröranna og verða því beint fyrir mekkinum. Bifreiðar í lausagangi fyrir utan leikskóla og skóla bera vitni skelfilegu hugsunarleysi hinna fullorðnu sem eiga erindi á þessa staði. Það er líka dapurlegt að sjá og finna á lygnum sumardögum í höfuðborginni hve mengunin frá útblæstri bifreiða er hrikalega mikil.

Nú liggur fyrir Alþingi lagafrv. um reykingavarnir og er það vel en það skýtur nokkuð skökku við að við megum koma akandi til vinnu spúandi eitri út í andrúmsloftið en megum síðan hlíta ströngum reglum um varnir gegn reykingum innan húss. Hér þarf sannarlega samræmingu og varnir á öllum sviðum.

Í annan stað varðaði fyrirspurn mína um mengun frá brennslu olíu og bensíns í vélum og við húshitun. Það er öllum ljóst sem sjá reykinn sem leggur frá ýmsum dísilvélum að hér er um mikla mengun að ræða. Sú mengun er e.t.v. ekki eins algeng því að dísilvinnuvélar eru a.m.k. ekki eins oft fyrir augum okkar en fnykurinn er þeim mun sterkari þegar hann finnst. Líka sögu má segja um olíubrennslu til upphitunar.

Nokkrir þingmenn hafa vakið athygli á þessum vanda á undanförnum árum, síðast með umfjöllun um vissa þætti mengunarvarnanna og er það vel, en aldrei er of oft brýnt fyrir okkur öllum að við þurfum að gera eitthvað í málinu. Þeir sem síðast hafa lagt fram athugasemdir — ég þarf kannski ekki að vera að telja þá upp að svo stöddu — en það má gjarnan koma inn á þau mál sem þeim lá á hjarta vegna þess að þau eru nátengd því sem ég spyr um.

[16:47]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. fyrir að vekja máls á nauðsyn þess að efla varnir gegn mengandi útblæstri í bifreiðum og reyndar frá brennslu olíu og bensíns. Nú er það ekki svo, eins og mátti ráða af máli hv. þm., að mönnum væri leyfilegt að koma á bifreiðum sem spúa mengandi efnum nánast óhamið eins og ég skildi mál hv. þm. Staðreyndin er sú að við höfum ákveðnar reglur til þess að fara eftir og höfum á síðustu árum verið að þrengja þær reglur.

Varðandi svar við fyrri lið fyrirspurnar hv. þm. er það að segja að í 6. viðauka með mengunarvarnareglugerð nr. 48 frá síðasta ári, sem var raunar breytt síðast í október, eru ákvæði um leyfilegt hámark tiltekinna mengunarefna í útblæstri bifreiða. Þau mörk sem þar eru sett jafngilda kröfu um fullkominn hreinsibúnað á útblásturinn. Þannig að það er raunhæft að gera ráð fyrir því að mengun frá útblæstri bifreiða muni minnka á næstu árum eftir því sem notkun eldri bifreiða, sem fluttar voru inn fyrir mitt ár 1992, verður hætt.

Þá er þess að geta að markaðshlutdeild blýlauss bensíns hefur stöðugt vaxið á undanförnum árum og er nú um það bil 85% af markaðnum. Þetta hefur haft í för með sér að styrkur blýs í andrúmslofti hefur minnkað til muna. Þessi þróun hefur verið staðfest með mælingum Hollustuverndar ríkisins á ákveðnum mengunarefnum í andrúmslofti hér í Reykjavík þar sem kemur t.d. fram að mengun núna að því er blý varðar er einungis fimmtungur af því sem hún var áður. Þessi þróun mun væntanlega halda áfram enda eru allar nýrri bifreiðar gerðar til þess að nota eingöngu blýlaust bensín. Það er vitaskuld líka nauðsynlegt að tryggja að hreinsibúnaður bifreiða sé virkur. Eftirlit með og mæling á efnasamsetningu útblásturslofts fer fram samhliða árlegri skoðun bifreiða og þá eru gerðar athugasemdir ef útblástur fer yfir ákveðin mörk. Það er gerð krafa um endurskoðun. Í alvarlegri tilvikum eru bifreiðar teknar úr umferð.

Það er alveg hárrétt hjá hv. þm. að lausagangur bifreiða er vandamál og er nánast óþolandi og sérhver ætti auðvitað að byrja í sínum eigin bakgarði. Það er nú einu sinni þannig, hv. þm., að einmitt við þetta hús, Alþingi Íslendinga, má mjög oft sjá bifreiðar í lausagangi einmitt hérna fyrir utan. Þarna þurfa menn auðvitað að taka höndum saman, ekki bara umhvrn. heldur Alþingi og raunar flestar stofnanir og landsmenn allir.

Varðandi seinni spurningu hv. þm. er því til að svara að það hafa ekki enn þá verið gerðar kröfur til útblásturs annarra tækja en bifreiða. Þessi mál hafa samt verið athuguð af kostgæfni og það er í undirbúningi tilskipun Evrópusambandsins þar sem verða settar fram kröfur til útblásturs véla annarra en bílvéla sem eru notaðar hér á landi. Ísland tekur þátt í þessu og sömu kröfur verða gerðar hér og í ESB þegar þar að kemur.

Nýlega hefur hins vegar verið sett reglugerð um leyfilegt hámark brennisteins í gasolíu hér á landi. Hún tekur yfir alla notkun gasolíu, hvort heldur er um að ræða til upphitunar, í iðnaði eða til þess að knýja vélar ýmissa tækja.

Annað sem skiptir líka miklu máli varðandi upphitun og notkun olíu í iðnaði er förgun og nýting olíuúrgangs. Það þarf vitaskuld að koma þeim málum í miklu betri farveg heldur en hefur verið á undanförnum árum. Úrgangsolían hefur oft verið notuð til húshitunar og í iðnaði á undanförnum árum, oftast við óviðunandi aðstæður. Í úrgangsolíu geta verið óæskileg úrgangsefni, t.d. þungmálmar og ýmis önnur óæskileg efni sem þarf að farga með sérstakri varúð. Þetta hefur verið talsvert vandamál hér innan lands en það hefur verið unnið ötullega að þessu síðustu missiri og nú er komin viðunandi förgunarleið hér á landi sem

um leið nýtir þá orku sem er fólgin í olíuúrganginum.

Þá er þess líka að geta að það er í undirbúningi tilskipun á vegum Evrópusambandsins um takmörkum á brennisteinsinnihaldi í öllu eldsneyti af jarðefnatoga. Það verður auðvitað fylgst með þróun þeirra mála og kröfur sem verða mótaðar innan hins Evrópska efnahagssambands munu einnig gilda hér á landi og þar með verður dregið úr útblástursmengun af völdum brennslufljótandi jarðolíueldsneytis.

Það má líka geta þess að það hafa verið unnin drög að framkvæmdaáætlun til þess að draga úr losun efna sem geta valdið svokölluðum gróðurhúsaáhrifum. Áætlunin felur m.a. í sér betri nýtingu á orku og aukna hlutdeild hreinni orkugjafa. Það er fyrst og fremst koltvíildi sem kemur frá brennsluolíum og kolaeldsneyti sem skiptir hér mestu máli, sú takmörkun á losun efna sem getur valdið gróðurhúsaáhrifum og ef það verður samkomulag um þessa takmörkun þá mun það einnig hafa veruleg áhrif á útblástursmengun á Íslandi af völdum brennslu á olíu í framtíðinni. En ég vek athygli á því að hér er um að ræða vandamál sem er auðvitað ekki einskorðað við Ísland heldur við heiminn allan, einmitt út af þessum gróðarhúsaáhrifum sem að stórum hluta til koma af brennslu eldsneytis af jarðefnatoga. Þá kunna að verða veðrabreytingar sem geta leitt til þess að heilar þjóðir og heil menningarsamfélög í ákveðnum hlutum heims munu bókstaflega hverfa undir yfirborð sjávar. Það geta jafnframt orðið straumbreytingar hér á norðurhveli jarðar sem geta leitt til þess að innan einhverra alda kynni Ísland ekki að vera jafnbyggilegt og það er nú fyrir tilstilli Golfstraumsins.

[16:53]

Gísli S. Einarsson:

Frú forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. Guðrúnu Halldórsdóttur fyrir að vekja athygli á þessu máli sem hér er til umræðu. Ég vil einnig vekja athygli á því að það er aðeins einn nefndarmaður í hv. umhvn. viðstaddur þessa umræðu og þykir mér það mjög miður að þeir þingmenn sem hvað mest hafa látið til sín taka varðandi umhverfismengun, hv. þm. Hjörleifur Guttormsson og hv. þm. Kristín Einarsdóttir, skuli ekki vera hér. En ég vil þakka það að hv. þm. Jón Helgason er viðstaddur því að ég ásamt Petrínu Baldursdóttur flutti á þessu þingi og síðasta þingi þáltill. um notkun mengunarvarna og sparnaðarbúnaðar í skip og á bifreiðar. Búnaður sem heitir „Cleanburn" og „Powerplus", eða aflauki og eldsneytissía, sem er e.t.v. sá eini sem getur gert Íslendingum kleift að standa við skuldbindingar sínar í Ríó-sáttmálanum um loftmengun.

Í tillögunni er bent á að um geti verið að ræða, hæstv. forseti, 350–500 millj. kr. sparnað fyrir landsmenn. Það dugir ekki til heldur er um að ræða 20–40% minnkun mengunar og það dugir samt ekki til til þess að fá þáltill. til umfjöllunar.

Ég segi það, hæstv. forseti, það væri gott að hafa þær 500 millj. sem um er að ræða til þess að deila út meðal láglaunafólks í dag.

[16:54]

Fyrirspyrjandi (Guðrún J. Halldórsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. umhvrh. skelegg svör hans, en ég vil í framhaldi af því sem hv. þm. Gísli Einarsson sagði áðan benda á það að Jóhann Ársælsson, 3. þm. Vesturl., lagði fram árið 1993 fyrirspurn um líkt efni og væri gaman að vita hvað hefði orðið um niðustöðu þeirrar nefndar sem mun hafa verið í gangi til að ræða einmitt um notkun brennsluhvata í bensíni.

Í skýrslu sem forveri núv. hæstv. umhvrh., Eiður Guðnason, lagði fyrir Alþingi í mars árið 1993 sagði að hæstv. ríkisstjórn hefði það að markmiði að Ísland yrði um næstu aldamót hreinasta land hins vestræna heims. Stórt orð Hákot. Það er hátt stefnt og það er vel. Því er ég undrandi á að heyra það að hæstv. umhvrh. ætlar sér að setja öll mörk um varnir gegn umhverfismengun sömu og aðrar þjóðir Vestur-Evrópu. Ef við ætlum að verða hreinasta landið og bera af þá verðum við að gera betur. Við verðum að hafa ákveðnari og sterkari löggjöf, gera meira heldur en hinir og ég hvet hann og alla aðra til þess að gera svo vel og gera svo.

[16:56]

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Hv. 4. þm. Vesturl. var að gera athugasemd við störf umhvn. Ég kannast ekki við það að ég hafi staðið á móti afgreiðslu á tillögu hv. þm. og ég minnist þess ekki að stjórnarandstaðan hafi gert það heldur. Hins vegar er okkur öllum kunnugt að það hefur verið rekið mjög á eftir af hæstv. umhvrh. að afgreiða önnur mál í nefndinni og fjalla um þau og vænti ég að hann muni geta staðfest það hér á eftir. En að sjálfsögðu er eðlilegt að hv. varaformaður umhvn., hv. 11. þm. Reykn., geri að öðru leyti grein fyrir meðferð þessa máls í umhvn.

[16:58]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson):

Virðulegi forseti. Mér er ljúft að staðfesta það að ég hef nokkuð gengið eftir því að tiltekin mál verði afgreidd úr hv. umhvn. án þess þó að ég vilji fallast á það að ég hafi endilega látið prælapískinn ríða á hryggleng ju þeirra sem þar sitja. En að því er varðar þessa fsp. þá vil ég þakka hv. þm. Guðrúnu Halldórsdóttur fyrir að hafa vakið máls á þessu mikilvæga efni. Í hennar inngangsorðum mátti e.t.v. ráða að hér væri fyrst og fremst um að ræða staðbundið vandamál þó ég viti vel að hún og Kvennalistinn geri sér grein fyrir því að hinar alvarlegustu afleiðingar mengunar af völdum útblásturs frá bifreiðum eru auðvitað miklu víðtækari, ná til veraldarinnar allrar eins og ég gat um í máli mínu áðan. Það er alveg ljóst að hálfur milljarður bifreiða víðs vegar um veröldina, sem spúir frá sér útblæstri, og í sumum heimsálfum a.m.k. sætir engum takmörkunum eins og við höfum þó þrátt fyrir allt hér á vestur- og norðurhveli jarðar, mun, ef ekkert verður að gert, leiða til þess að afleiðingarnar verða geigvænlegar. Ég gat um það í lokaorðum mínum áðan að gróðurhúsaáhrifin, sem ekki síst stafa af koltvíildinu sem kemur út úr bifreiðum og verður til við brennslu

jarðefna, mun leiða til þess að veðrahjúpur jarðar mun hitna hægt og sígandi með tímanum. Nú þegar er merkjanleg aukning á hitastigi jarðar síðustu 100 árin. Þetta mun valda því að jöklar munu bráðna, sjávarborð mun hækka og eyríki í sunnanverðu Kyrrahafi, tiltölulega mörg, kunna á einhverjum tíma að hverfa algerlega undir yfirborð sjávar.

Þetta kann líka að leiða til þess að það verða alvarlegar breytingar á hafstraumum á norðurhveli jarðar sem gætu leitt til þess sem ég kom aðeins inn á áðan, gætu leitt til þess að það verði ekki jafnbyggilegt hér á norðurhjara veraldar eins og er í dag, gætu leitt til þess að Golfstraumurinn mundi breyta farvegi sínum. Þá fer nú að sneiðast um hólmann þar sem barist er.

Útbýting þingskjals:

Vegtenging um utanverðan Hvalfjörð, 429. mál, stjtill., þskj. 700.

Náttúruverndarár Evrópuráðsins.

Fsp. KÁ, 410. mál. — Þskj. 657.

[17:01]

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Frú forseti. Hinn 1. febrúar sl. var ég viðstödd opnunarhátíð náttúruverndarárs Evrópuráðsins úti í Strassborg meðan þing Evrópuráðsins stóð þar yfir. Þar kom fram að efnt var til náttúruverndarárs árið 1970 sem þótti takast mjög vel. Þá var sjónum einkum beint að villtum svæðum og svæðum fjarri mannabyggð, villtu dýralífi og jurtalífi og öðru slíku sem ástæða þótti til að benda fólki á að þyrfti að vernda.

Nú er hafið náttúruverndarár Evrópuráðsins árið 1995 og á því er ætlunin að beina sjónum að náttúrulífi og náttúru í nágrenni mannabyggðar eða jafnvel innan mannabyggðar. Í tilefni af þessu náttúruverndarári langar mig að beina þeirri spurningu til hæstv. umhvrh., sem er að finna á þskj. 657, sem er svohljóðandi:

„Hvað ætla íslensk umhverfisyfirvöld að gera í tilefni af náttúruverndarári Evrópuráðsins 1995?"

[17:02]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson):

Virðulegi forseti. Eins og hv. þm. og þingheimi öllum er vafalaust kunnugt þá var tekin ákvörðun um það á ráðherrafundi Evrópuráðsins í Luzern árið 1993 að tileinka árið 1995 náttúruvernd og það var ákveðið að Evrópuráðið og aðildarlönd þess mundu standa fyrir upplýsingaherferð undir heitinu: Náttúruverndarár Evrópu 1995, en í ár eru einmitt liðin 25 ár frá því að Evrópuráðið stóð fyrir sínu fyrsta náttúruverndarári. Þá var athyglinni fyrst og fremst beint að nauðsyn þess að koma upp friðlöndum og þjóðgörðum. Í ár er það hins vegar svo að athyglinni er fyrst og fremst beint að nauðsyn þess að vernda náttúruna og umgangast hana með jákvæðum hætti, líka utan friðlanda og ekki síst í nágrenni byggðarlaga og jafnvel innan byggðarlaga. Þetta er afskaplega mikilvægt.

Í framhaldi af ákvörðun ráðherrafundarins og ósk Evrópuráðsins um undirbúningsnefndir í aðildarlöndunum þá tók umhvrn. fyrir hönd Íslands ákvörðun um að taka þátt í þessu ári og skipuleggja aðgerðir hér á landi. Það var leitað eftir tilnefningum nokkurra félagasamtaka í undirbúningsnefnd sem skipuð var á haustdögum 1993. Í þessari nefnd sitja fulltrúar Alþýðusambands Íslands, Bandalags ísl. skáta, Sambands ísl. sveitarfélaga, Íþróttasambands Íslands, Búnaðarfélags Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands, Kennarasambands Íslands, Náttúruverndarráðs, Landverndar og auk þess fulltrúi umhvrn. Formaður nefndarinnar var Baldvin Jónsson.

Þessari nefnd var falið að gera tillögu að dagskrá ársins hér á landi og í samvinnu við umhvrn. að undirbúa og sjá um framkvæmd náttúruverndarársins hérlendis. Nefndin skilaði tillögum um aðgerðir síðla síðasta árs sem ráðuneytið samþykkti að flestu leyti og nú er unnið að því að hrinda þessum hugmyndum í framkvæmd. Reyndar fór það líka svo að við ákváðum að reyna að draga inn fleiri félagasamtök og aðila og erum raunar að opna þetta þannig. Við höfum auglýst eftir því að sem flestir komi með hugmyndir og menn geta gert það eftir því sem líður á árið og við munum reyna að taka þátt í því að hrinda því í framkvæmd.

Eins og hv. þm. er kunnugt þá var árið formlega sett í Ráðhúsi Reykjavíkur þann 4. febrúar. Þá var opnuð sýning á 33 verðlaunamyndum úr ljósmyndasamkeppni sem Evrópuráðið stóð fyrir í tilefni af náttúruverndarárinu. Þessi samkeppni var kynnt hér á landi með sérstökum bæklingi sem var dreift til fjölmiðla, samtaka ljósmyndara og lá frammi í ljósmyndavörubúðum og svo skemmtilega vill til að það var einmitt Íslendingur sem bar sigurorð af öllum öðrum 2.200 keppendum, Sigrún Stefánsdóttir fréttamaður, sem vann til 1. verðlauna með ljósmynd sem hún tók á Grænlandi. Við höfum líka látið gera sérstakt merki fyrir hið íslenska náttúruverndarár. Það er gert af Áslaugu Jónsdóttur myndlistarmanni og byggir á hugmyndum um þjóðarblóm Íslendinga, holtasóley. Jafnframt hefur verið kynnt opinberlega lag náttúruverndarársins hér á landi sem var samið af Melkorku Ólafsdóttur sem hún gerði þegar hún var 10 vetra gömul. Textinn er eftir Sigrúnu Helgadóttur. Það er unnið að hljóðritun lagsins sem á síðan að dreifa.

Aðgerðunum hefur í megindráttum verið skipt í tvennt. Annars vegar aðgerðir sem ráðuneytið í samvinnu við undirbúningsnefndina eða aðra aðila stendur sérstaklega fyrir í tilefni ársins og hins vegar aðgerðir sem skipulagðar eru af ýmsum frjálsum félagasamtökum, áhugamannasamtökum, fyrirtækjum, stofnunum og sveitarfélögum og undirbúningsnefndin samþykkir að falli undir markmið ársins og heimilar þá viðkomandi aðilum að nota slagorðið, merkið og lagið. Með þessu er ætlunin að reyna að fá sem flesta til þess að taka þátt í þeim framkvæmdum sem hér tengjast náttúruverndarári Evrópu.

Á árinu hyggst umhvrn. í samvinnu við landshluta-

samtök sveitarfélaganna standa fyrir kynningarfundum í landshlutunum um málefni sem tengjast náttúrunni og náttúrulegum svæðum í nágrenni byggðar í viðkomandi landshlutum. Þess má líka geta að Evrópuráðið fór þess á leit að allar póst- og símamálastjórnir í Evrópu gæfu út sérstakt frímerki í tilefni ársins. Við höfum kannað hvort það er mögulegt hér á landi og okkur hefur borist svar frá Pósti og síma um að það sé mögulegt og munum óska eftir að það verði gert og sérstakur póststimpill jafnframt.

Í samvinnu við menntmrn. áformar umhvrn. að standa fyrir ritgerðasamkeppni í grunnskólum landsins um efni sem tengist megináherslum náttúruverndarársins, m.a. náttúrlegum svæðum í nágrenni skólanna og í nágrenni heimilanna.

Við höfum líka í samvinnu við Ungmennafélag Íslands ákveðið að standa fyrir hreinsunarátaki á árinu þar sem verður lögð áhersla á umgengni við hafið, strendur og ár og vötn landsins. Þetta átak verður kynnt bráðlega. Á vegum ungmennafélaganna verða þá um allt land haldnar ráðstefnur um umhverfismál á tímabilinu frá mars og fram í júní og í sumar mun þessu átaki ljúka með mjög víðtækri fjöruhreinsun á vegum félagsmanna hreyfingarinnar sem umhvrn. styrkir með fjárframlögum. Í lok átaksins verður síðan tekið saman hver árangur hreinsunarinnar hefur verið, hversu mikið og hvers eðlis rusl á fjörum landsins er.

Þá má jafnframt geta þess að innan skamms verður haldin ráðstefna sem umhvrn. hafði frumkvæði að. Hún verður haldin með Siðfræðistofnun háskólans og í tengslum við þjóðkirkjuna og tengist náttúruverndarárinu. Hún mun fjalla um siðfræði náttúrunnar og verður öllum opin. Það er ýmislegt fleira, virðulegur hv. þm., sem ég gæti tínt til ef ekki væri hinn strangi forseti sem nú vill mig hrekja héðan úr pontu.

[17:08]

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. umhvrh. fyrir þessi svör. Það er greinilegt að það hefur víða verið leitað fanga eftir hugmyndum til þess að sinna þessu umhverfisverndarári hér og ég held að það veiti ekki af vegna þess að það er ekki síst fræðsluþátturinn sem mér finnst að við höfum ekki sinnt sem skyldi hér á landi. Við höfum dágóðan skilning á því hve mikilvægt lífríki hafsins er fyrir okkur og að koma í veg fyrir mengun þess. En við megum hyggja miklu betur að okkar nánasta umhverfi og við þurfum að ala Íslendinga upp í virðingu við umhverfið og ég held einmitt að fræðsluþátturinn í þessu sé mjög mikilvægur.

Ég fagna því sérstaklega að það skuli eiga að gera átak í fjöruhreinsun því að ég hef séð það á ferðum mínum um landið að þar er víða pottur brotinn og hrein hörmung aðð sjá ástandið og þarf auðvitað að koma í eitthvert horf eða eitthvert lag öðruvísi en að það sé gripið til átaks á nokkurra ára fresti, þó að það sé í sjálfu sér ágætt að virkja fólk til þess að hreinsa umhverfið. En ég vona að þetta gangi allt eftir sem hæstv. umhvrh. hefur kynnt hér og ítreka það að ég held að við eigum mjög mikið verk óunnið í umhverfisvernd hér á landi og í því að skapa vitund, sterka vitund almennings fyrir því hve mikilvæg náttúran er og ekki síst það að við ætlum íslenskri náttúru að skapa okkur tekjur í framtíðinni. Við ætlum að efla ferðamannaþjónustu og það gerist ekki öðruvísi en að við séum sjálf meðvituð um það hvernig best er að umgangast íslenska náttúru og þá ekki síst okkar nánasta umhverfi.

[17:10]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson):

Virðulegi forseti. Eins og yfirleitt alltaf þá er ég sammála hv. síðasta ræðumanni. Ég vil halda aðeins áfram þar sem ég lauk máli mínu áðan. Ég tel að það sé mikilvægt að umhvrn. hefur haft frumkvæði að því að ná tengslum og samvinnu við þjóðkirkjuna um náttúruvernd. Erlendis er að svo að kirkjan hefur í vaxandi mæli tekið umhverfisvernd upp á sína arma og ég tel að það sé mjög þarft verk. Og mér finnst það vera mikilvægt framlag til umræðu um náttúruvernd á Íslandi að draga Siðfræðistofnun háskólans inn í þetta eins og umhvrn. hefur reyndar gert áður, vegna þess að ég er alltaf að reka mig á það betur og betur að ýmis erfiðustu úrlausnarefni umhverfisverndar á Íslandi eru ekki tæknilegs eðlis, þau eru siðferðlegs og siðfræðilegs eðlis. Og ég tel að ein af þeim stofnunum sem í framtíðinni mun vafalaust leika talsvert hlutverk í þróun umræðu um umhverfisvernd á Íslandi sé einmitt Siðfræðistofnun háskólans. Það er þess vegna sem við reynum með þessum hætti að draga hana þarna inn.

Annað sem ég vil sérstaklega vekja athygli hv. þm. á, vegna þess að ég veit að hún hefur kosið sér það hlutskipti í lífinu að vera uppalandi og starfar sem kennari þegar hún er ekki að stjórna landinu, það er að öll áhersla umhvrn. í tengslum við nátúruverndarárið og þessa yfirgripsmiklu áætlun sem við höfum liggur á ungu fólki, vegna þess að við erum sammála hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur um það að það er fyrst og fremst æskuna sem þarf að vekja til vitundar. Hún mun ekki bara erfa okkur heldur líka landið og það er hún sem skiptir máli þegar við tölum um að reyna að vekja bætta vitund um umhverfisvernd í landinu. Og vegna þess að ég syndgaði upp á náðina hjá virðulegum forseta áðan þá ætla ég að gefa henni þær 8 sekúndur sem nú lifa eftir af mínu máli.

Varnir gegn mengun frá bifreiðum og vélum.

Fsp. GJH, 413. mál. — Þskj. 662.

[17:12]

Fyrirspyrjandi (Guðrún J. Halldórsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég hef á þskj. 662 leyft mér að beina svolátandi fyrirspurn til hæstv. dómsmrh.:

„1. Með hvaða hætti hyggst ráðherra tryggja að varnir gegn mengun af útblæstri bifreiða og vinnuvéla verði skilvirkari?

2. Hvernig er háttað reglum um gamlar bifreiðar og

vélar? Er von á hertum reglum fyrir þær?

3. Hvernig er séð fyrir því að ný tæki séu lítt mengunarvaldandi?" — Þ.e. ný tæki sem flutt eru til landsins eða framleidd hér.

Fyrir nokkrum vikum vorum við fáeinir þingmenn í heimsókn í erlendu landi þar sem mengun var slík að áhyggjur hlýtur að vekja alls fólks og meðal allra þjóða því að mengunin á sér engin landamæri og þarna sáum við að vörnum var greinilega áfátt. En þessi reynsla varð til þess að mér varð litið í okkar eigin barm. Er ekki ástæða til að við skoðum hvernig málum er háttað hjá okkur?

Við búum í strjálbýlu landi sem gerir okkur kleift að ráða betur við mengun en þar sem mannmergð og plássleysi er. Því ber okkur skylda til að vera í fararbroddi og kjörorð okkar ætti að vera hraust þjóð í hreinu landi og hreint og ómengað land er fjöregg framtíðar okkar, eins og fram kom í síðustu umræðu, vegna þess að við ætlum að njóta þess og við ætlum að lifa á því. Við ætlum að hafa lífræna ræktun og við ætlum í alla staði að vera hreinasta land Vesturlanda eins og kom fram í máli mínu áðan.

Undir hæstv. ráðherra heyra umferðarlög og þar með ákvæði um búnað bifreiða. Því hreyfði ég þessu máli við hann þó að önnur hlið sama máls snúi að umhvrn., þ.e. upplýsinga- og áróðursmál og ýmislegt sem snertir sjálft umhverfið. Hér er því um að ræða tvær hliðar á sama peningi og ástæða til að vekja athygli beggja ráðherra og heyra hvað báðir ráðherrar hafa fram að færa um áætlanir í þessum málum.

[17:15]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Sem svar við 1. lið fyrirspurnarinnar er þetta að segja: Á undanförnum árum hafa verið gerðar æ strífari kröfur til þeirra er framleiða hreyfla í bifreiðar um fullkomnari bruna eldsneytisins. Þá hafa verið gerðar kröfur um að afgas bensínhreyfla fari í gegnum efnahvarfa, hvarfakút, þar sem fram fer eftirbruni. Þessi búnaður vinnur allvel eftir að hreyfillinn hefur náð vinnuhita og hreinsast afgasið þá verulega.

Framleiðendum dísilhreyfla hafa verið settar reglur um að framleiða hreyflana þannig að í afgasinu sé mun minna af mengandi efnum en áður gerðist. Fylgt hefur verið þeim strífustu reglum sem gilt hafa innan Evrópska efnahagssvæðisins. Í undirbúningi eru reglur innan Evrópusambandsins sem gera framleiðendum hreyfla og bifreiða að draga enn verulega úr mengandi efnum í útblæstri bifreiða. Ráðuneytið mun fylgja þessum nýju kröfum eftir þegar þær verða samþykktar. Um vinnuvélar, sem að mestu falla undir eftirlit Vinnueftirlit ríkisins, eru alþjóðlegir staðlar um mengun í útblæstri takmarkaðri.

Sem svar við 2. tölul. spurningarinnar er þetta að segja: Við árlega aðalskoðun bifreiða með bensínhreyfli er kolsýringur í útblæstri mældur og því fylgt eftir að hann sé svo lágt hlutfall af afgasinu sem unnt er. Ekki hefur hins vegar verið farið út í að afskrá gamlar bifreiðar þótt framleiðsla hreyflanna sé þannig að nokkurt magn kolsýrings sé í útblæstri, enda þessar bifreiðar farnar að eldast og koma fljótlega til með að úreldast. Tæknilega er illframkvæmanlegt að búa bifreið efnahvarfa ef hún hefur ekki verið framleidd með slíkan búnað. Við árlega aðalskoðun bifreiða með dísilhreyfli er athugað hvort óeðlileg sótmengun sé í afgasi bifreiðarinnar. Ef sótmengun er óeðlileg er umráðamanni bifreiðarinnar gert að bæta úr ágallanum.

Að því er varðar 3. lið fyrirspurnarinnar er þetta að segja: Þegar bifreið er flutt til landsins eru lögð vottorð um að hún uppfylli kröfur um mengunarvarnir. Ýmis tæki, t.d. vélknúnar sláttuvélar, vélsleðar og vinnuvélar, eru flutt til landsins án þess að krafa sé gerð um vottorð varðandi mengun í útblæstri þeirra, enda í fáum tilvikum til alþjóðlegar eða svæðisbundnar kröfur til framleiðenda tækjanna sem um staðla er varða mengunarvarnir. Í reglugerð um gerð og búnað ökutækja eru fjölmörg ákvæði um búnað ökutækja sem ætlað er að draga úr mengun af ýmsu tagi, t.d. hljóðmengun, rafsegultruflanir og útblástursmengun.

Í undirbúningi eru ákvæði um neglingu hjólbarða. Fyrirhugað er að gera kröfur um léttari nagla en tíðkast hefur og draga þannig úr sliti á yfirborði akbrautar og þar með ryk- og tjörumengun. Í undirbúningi eru einnig allviðamiklar Evrópusambandsreglur um búnað tveggja og þriggja hjóla bifhjól þar sem m.a. er komið inn á mengunarvarnir. Ráðuneytið mun fylgjast náið með framvindu þessara reglna innan Evrópusambandsins og væntanlega taka þær upp þegar þær hafa verið samþykktar á þeim vettvangi.

[17:18]

Gísli S. Einarsson:

Frú forseti. Ég vil enn þakka hv. þm. Guðrúnu Halldórsdóttur fyrir að vekja máls á mengunarmálum. Hæstv. dómsmrh. nefndi að hvarfakútur skyldi vera í nýjum innfluttum bifreiðum með lögum frá 1990 eða 1991. En ég vil bara segja það að með prófun á því að mæla afgas bifreiðar með hvarfakút annars vegar, sem eykur eldsneytisnotkun, og afltækinu eða „Powerplus", sigurhólknum, hins vegar kom í ljós verulega minni mengun í afgasi með þessu „Powerplus"-tæki en með hvarfakútnum. Þetta er auðprófað og er hægt að gera hjá Bifreiðaskoðun Íslands.

En eins og fyrr kom fram í mínu máli í dag er um að ræða og möguleiki á 20–40% minnkun á mengun með notkun þessara tækja og þar að auki sparnaði upp á 350–500 millj. ef menn vilja, frú forseti, sinna því.

[17:20]

Fyrirspyrjandi (Guðrún J. Halldórsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir svör hans. Það er ánægjulegt til þess að vita ef menn eru nokkuð vel á verði gagnvart ýmsum þeim hættum sem við eigum við að etja varðandi þennan þátt mengunar.

En ég vil endurtaka það að ég álít að ef við ætlum að eiga hreinasta land á hinu vestræna hveli jarðarinnar og þá sennilega í heiminum þá verðum við að gera betur heldur en að fylgja erlendum stöðlum, við þurfum að ganga lengra. Annað er ekki hægt.

Í Morgunblaðinu síðasta sunnudag var grein um hvarfakúta, af því að þeir hafa komið til umræðu hér,

og þar er sagt frá, á mjög fræðilegan hátt, hvernig nýting hvarfakúta er. Og það kemur í ljós að í landi eins og hér, þar sem er oftast stutt keyrt og vélarnar hitna ekki mjög mikið, þá nýtist hvarfakúturinn kannski ekki eins vel og það „Powerplus" sem hv. 4. þm. Vesturl., Gísli Einarsson, gerði að umtalsefni. Því álít ég að það þyrfti að rannsaka mjög vandlega hvort ætti heldur að snúa sér að hvarfakútum eða að „Powerplus". Þetta er hvort tveggja sjálfsagt gott, en það sem betra er á auðvitað að nota.

Það vill svo til að í dag lagði hæstv. dómsmrh. fram á þingi skýrslu nefndar um stefnumörkun að bættu umferðaröryggi til ársins 2001. Í þessari skýrslu er ekki, að því er virðist, nefnt neitt um öryggi í umferðinni gegn mengun. Og mér finnst ástæða til að benda á það, þó að skýrslan sé auðvitað ekki til umræðu hér að öðru leyti, en að það hefði kannski verið eðlilegt og sjálfsagt í þessari annars mjög athyglisverðu skýrslu að helga einhvern kafla vörnum gegn mengun vegna þess að hætta af mengun í umferðinni er sannarlega ekki síðri og slys geta skapast af mengun ekki síður en af öðrum þáttum sem þarna eru ræddir.

Út af dagskrá voru tekin 1.–3., 6. og 8. mál.

Fundi slitið kl. 17:23.

---

100. FUNDUR

mánudaginn 20. febr.,
að loknum 99. fundi.

Dagskrá:

1. Kísilgúrverksmiðja við Mývatn, stjfrv., 323. mál, þskj. 491, nál. 629. — 2. umr.
2. Vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar, stjfrv., 324. mál, þskj. 492, nál. 664. — 2. umr.
3. Vernd barna og ungmenna, stjfrv., 197. mál, þskj. 223, nál. 668, brtt. 669. — 2. umr.
4. Tryggingagjald, stjfrv., 236. mál, þskj. 277, nál. 691. — 2. umr.
5. Virðisaukaskattur, stjfrv., 257. mál, þskj. 300, nál. 681. — 2. umr.
6. Samningsgerð, umboð og ógildir löggerningar, stjfrv., 99. mál, þskj. 102, nál. 685. — 2. umr.
7. Verslunaratvinna, stjfrv., 326. mál, þskj. 494, nál. 684. — 2. umr.
8. Almenn hegningarlög, stjfrv., 318. mál, þskj. 480, nál. 686. — 2. umr.
9. Refsiákvæði nokkurra skattalaga, stjfrv., 319. mál, þskj. 484, nál. 682. — 2. umr.
10. Barnalög, stjfrv., 342. mál, þskj. 542, nál. 671, brtt. 672. — 2. umr.
11. Málflytjendur, stjfrv., 89. mál, þskj. 647. — 3. umr.
12. Bókhald og ársreikningar, frv., 418. mál, þskj. 680. — 1. umr.
13. Viðlagatrygging Íslands, stjfrv., 384. mál, þskj. 618. — 1. umr.
14. Sjúkraliðar, stjfrv., 386. mál, þskj. 620. — 1. umr. 15. Lyfjalög, stjfrv., 403. mál, þskj. 645. — 1. umr.
16. Vátryggingastarfsemi, stjfrv., 402. mál, þskj. 644. — 1. umr.
17. Greiðsla á bótum til þolenda afbrota, stjfrv., 411. mál, þskj. 659. — 1. umr.
18. Almenn hegningarlög, stjfrv., 423. mál, þskj. 693. — 1. umr.
19. Réttur til veiða í efnahagslögsögu Íslands, stjfrv., 404. mál, þskj. 646. — 1. umr.
20. Grunnskóli, stjfrv., 126. mál, þskj. 131, nál. 666, 674, 675 og 678, brtt. 667, till. til rökst. dagskrár 676. — Frh. 2. umr.
21. Félagsþjónusta sveitarfélaga, stjfrv., 401. mál, þskj. 643. — 1. umr.
22. Vatnsveitur sveitarfélaga, stjfrv., 409. mál, þskj. 655. — 1. umr.
23. Lánasjóður sveitarfélaga, stjfrv., 370. mál, þskj. 599. — Frh. 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Jón Kristjánsson, 2. þm. Austurl.,
Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, 6. þm. Vestf.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 13. þm. Reykv.,
Salome Þorkelsdóttir, 2. þm. Reykn.

Kísilgúrverksmiðja við Mývatn, 2. umr.

Stjfrv., 323. mál (skatthlutfall, atvinnusjóður). — Þskj. 491, nál. 629.

[17:24]

Frsm. iðnn. (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Iðnn. hefur fjallað um frv. til laga um breytingu á lögum um kísilgúrverksmiðju við Mývatn. Efni frv. er í raun og veru mjög einfalt. Það gengur út á það að samræma skattprósentu kísilgúrverksmiðjunnar og annarra fyrirtækja í landinu, þ.e. þannig að kísilgúrverksmiðjan borgi 36% eins og önnur fyrirtæki í landinu. Iðnn. er sammála því að það sé sjálfsagt að það sé samræmi í skattlagningu fyrirtækja og það sama eigi við um þetta fyrirtæki og önnur.

Fjárlagaskrifstofa fjmrn. fjallaði sérstaklega um þetta mál áður en það var lagt hér fram og fylgir álit fjárlagaskrifstofunnar í sérstöku fskj. með frv. þar sem gerð er grein fyrir hinum efnislegu afleiðingum þess ef það verður samþykkt, því að það segir:

„Verði frv. að lögum má gera ráð fyrir að tekjutap ríkissjóðs verði um 8,3 millj. kr. árið 1994 sem breytist síðan í hlutfalli við afkomu fyrirtækisins."

Nú er það því miður svo, hæstv. forseti, að málið er ekki alveg svona einfalt vegna þess að tekjur ríkisins

af tekjuskatti kísilgúrverksmiðjunnar hafa runnið til Skútustaðahrepps til uppbyggingar þar samkvæmt sérstöku samkomulagi sem Gunnar Thoroddsen, þáv. félmrh. og iðnrh., gerði við staðaryfirvöld fyrir allmörgum árum. Þegar frá þessu máli var gengið og um það var fjallað við 1. umr. og sömuleiðis í hv. iðnn. þá lágu ekki fyrir upplýsingar um þetta efni og það var ekki fyrr en hv. þm. Guðmundur Bjarnason og fleiri þingmenn Norðurl. e. höfðu heyrt í trúi ég sveitarstjóranum í Skútustaðahreppi að á þetta atriði var bent og þess vegna settum við það í sérstaka skoðun.

Ég ræddi sjálfur við sveitarstjórann í Skútustaðahreppi og niðurstaða hans var sú að þrátt fyrir þennan ágalla á málinu teldi hann engu að síður rétt að frv. yrði samþykkt eins og það lítur út hér, en lét það koma fram að hann mundi á síðari stigum fyrir hönd sveitarfélagsins taka upp viðræður við ríkissjóð og fjmrh. þannig að Skútustaðahreppur yrði ekki af peningum vegna samþykktar þessa frv.

Með öðrum orðum, nefndin mælir með samþykkt frv. og telur sig hafa þar á bak við sig ekki einasta stuðning flokkanna sem fulltrúa eiga í iðnn. heldur líka sveitarstjórnar Skútustaðahrepps, þó að henni sé ljóst hvaða vandi fylgir afgreiðslu málsins fyrir sveitarfélagið. Við leggjum með öðrum orðum til, hæstv. forseti, að frv. verði samþykkt eins og það lítur út á þskj. 491.

[17:27]

Guðmundur Bjarnason:

Hæstv. forseti. Ég vil í upphafi láta það koma fram að ég er fylgjandi afgreiðslu þessa frv. og þeim efnisatriðum sem þar er verið að fjalla um, þó svo að ég hafi því miður ekki tekið þátt í afgreiðslu nefndarinnar á málinu, þótt ég eigi sæti í hv. iðnn., en ég var þá utan þings þegar málið var þar til umfjöllunar og afgreiðslu eins og fram kemur í nál. En eins og fram kom hjá hv. þm. Svavari Gestssyni, frsm. og formanni nefndarinnar, þá fjallaði nefndin lítillega um málið aftur og það er aðeins í framhaldi af því sem mig langar að segja örfá orð.

En fyrst þetta. Ég er efnislega sammála frv. Ég tel eðlilegt að kísilgúrverksmiðjan við Mývatn greiði svipaða hlutfallstölu í tekjuskatt af sínum tekjuafgangi eða hagnaði eins og önnur fyrirtæki í landinu og einnig það sem hér er rætt um í 2. gr. frv., um að starfrækja sérstakan sjóð til þess að kosta undirbúning aðgerða til þess að efla atvinnulíf í þeim sveitarfélögum sem nú eiga verulegra hagsmuna að gæta vegna starfsemi félagsins. Þetta tel ég að sé afar mikilvæg grein einnig og væri hægt að fara mörgum orðum út af fyrir sig um hana og það sem kann að vera fram undan hjá þessari verksmiðju og starfsemi hennar.

Ég leyfi mér að ala enn þá von í brjósti að starfsemi Kísiliðjunnar sé ekki nú þegar að renna sitt skeið. Það séu enn möguleikar á því að vinna áfram kísilgúr úr þessari námu án þess að spilla lífríki eða umhverfi og að Kísiliðjan geti enn starfað af krafti og til hagsbóta fyrir sveitarfélögin, fyrir íbúa þeirra og fyrir auðvitað landið allt, því að afkoma þessarar verksmiðju hefur verið góð flest árin sem hún hefur starfað.

En það var ekki það sem ég ætlaði að ræða nú, virðulegur forseti, heldur þetta sem hv. formaður iðnn. greindi frá áðan að það hlýtur að verða að telja ámælisvert að fskj. með þessu frv., sem á lögum samkvæmt að fylgja öllum frumvörpum, frá fjárlagaskrifstofu fjmrn., þar sem gerð er grein fyrir áhrifum frumvarpa á afkomu ríkissjóðs, skuli ekki vera gert af meiri nákvæmni og með betri upplýsingum heldur en hér er um að ræða og hv. frsm. rakti.

Það verður að koma fram líka að ég átti tal við starfsmenn fjmrn. og innti þá eftir því hvort þetta væri virkilega rétt, að tekjutap sem hér er greint frá komi eingöngu niður á ríkissjóði og hafi engin áhrif á afkomu viðkomandi sveitarfélaga. Starfsmenn ráðuneytisins ítrekuðu þá, þegar átti að fara að afgreiða málið frá hv. Alþingi, að það hefði engin áhrif á afkomu sveitarfélaganna, sem er alrangt eins og fram kom í framsöguræðu hér áðan. Og það er ekki aðeins að þetta hafi áhrif á afkomu sveitarsjóðs Skútustaðahrepps heldur mun þessi lagabreyting einnig hafa áhrif á skattgreiðslu fyrirtækisins sem selur kísilgúrinn eða framleiðsluvöru verksmiðjunnar og tekjuskattur þess fyrirtækis hefur áhrif á skattgreiðslur til Húsavíkurkaupstaðar, svo að þetta hefur áhrif á afkomu fleiri sveitarfélaga.

Ég vildi aðeins, virðulegur forseti, ítreka það sem hefur komið fram í máli mínu við sveitarstjóra þessara tveggja sveitarfélaga sem ég hef nefnt, Skútustaðahrepps og Húsavíkurkaupstaðar, að það sé eðlilegt að iðnrn. og fjmrn. taki upp viðræður við þessi sveitarfélög og fjalli um það hvernig endurnýja megi þá samninga sem þau hafa gert varðandi tekjur þeirra af starfsemi þessara fyrirtækja, þ.e. kísilgúrverksmiðjunnar annars vegar og sölufyrirtækisins hins vegar.

Ég held að það sé nauðsynlegt að það komi hér alveg skýrt fram að það sé álit a.m.k. sumra nefndarmanna og ég vona reyndar allra nefndarmanna í hv. iðnn., að það sé álit okkar að þessi tvö ráðuneyti taki upp viðræður við fulltrúa sveitarfélaganna og geri nýtt samkomulag um það hvernig tekjum verður skipt milli ríkissjóðs annars vegar og sveitarfélaganna hins vegar þar sem um þetta gilti sérstakt samkomulag. Því verði ekki rift einhliða. Og ég endurtek það að ég lýsi undrun minni að það skuli ekki hafa verið ljóst í ráðuneytunum sem um þetta frv. hafa fjallað og samið það í raun og lagt það fram, að það skuli ekki hafa verið ljóst þar eða vitað hvernig þessar tekjur skiptust milli ríkisins og sveitarfélaganna.

Þetta vil ég að komi skýrt fram sem skoðun mín. Ég get auðvitað ekki talað fyrir munn annarra hv. nefndarmanna, en ég vænti þess þó að eftir umræður í nefndinni þá séu menn sammála um að þetta mál þurfi að skoða sérstaklega og beini ég því til hæstv. ráðherra þessara tveggja málaflokka, þótt þeir séu því miður ekki viðstaddir umræðuna, en vænti þess að það berist þeim til eyrna, að það sé eðlileg krafa að þeir taki upp viðræður við þessi sveitarfélög.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Útbýting þingskjala:

Framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum, 430. mál, stjfrv., þskj. 704.

Hlutabréfaeign einstaklinga, 390. mál, svar fjmrh., þskj. 696.

Mælingareglur skipa, 306. mál, nál. samgn., þskj. 701.

Ríkisfjármál 1994, 424. mál, skýrsla fjmrh., þskj. 694.

Vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar, 2. umr.

Stjfrv., 324. mál (brottfall laga). — Þskj. 492, nál. 664.

[17:34]

Frsm. iðnn. (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Á þskj. 452 er birt frv. til laga um að fella úr gildi lög nr. 102 frá 28. desember 1961, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd Parísarsamþykktina um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar.

Ástæðan fyrir því að farið er fram á lagaheimild til að fella niður þessa sérstöku heimild er sú að ríkisstjórnin vill fyrir sitt leyti fullgilda viðbót við þessa Parísarsamþykkt um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar með þeim breytingum sem gerðar voru á henni í Stokkhólmi 14. júlí 1967. Hér er um að ræða ákvæði 1.–12. gr., sem oft eru nefnd efnisákvæði, sem einkum kveða á um grundvallarreglur varðandi vernd hugverkaréttinda, einkaleyfi, vörumerki, hönnun o.fl., en Ísland hefur frá árinu 1991 verið aðili að svonefndum Lundúnatexta samþykktarinnar frá árinu 1934 og hefur sá texti haft lagagildi hér á landi.

Stokkhólmsgerð þessa hluta samþykktarinnar felur hins vegar ekki í sér neinar þær breytingar miðað við Lundúnatextann að breyta þurfi gildandi lögum um hugverkaréttindi hér á landi. Ísland gerðist aðili að 13.–30. gr. Stokkhólmsgerðar samþykktarinnar árið 1984. Sá hluti fjallar aðallega um stjórnarstofnanir sem fara með málefni samþykktarinnar á vegum Alþjóðahugverkastofnunarinnar. Aðild að þessum hluta samþykktarinnar var forsenda þess að Ísland gæti gerst aðili að Alþjóðahugverkastofnuninni og þessi hluti samþykktarinnar hefur hins vegar ekki lagagildi. Parísarsamþykktin er sáttmáli milli ríkja er kveður á um almennar leikreglur sem hverju ríki er skylt að fylgja varðandi vernd hugverkaréttinda í þágu þegnanna. Það leiðir af eðli og tilgangi samþykktarinnar að óeðlilegt er talið að hún gildi sem lög gagnvart þegnunum. Með frv. þessu er því lagt til að samhliða því sem Ísland gerist aðili að breyttum efnisákvæðum samþykktarinnar frá 1967 verði lögin nr. 102/1961, sem frá árinu 1984 hafa aðeins gilt um efnishluta hennar, felld úr gildi.

Hv. iðnn. hefur fjallað um frv. þetta og leggur til samhljóða að það verði samþykkt sem lög frá Alþingi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vernd barna og ungmenna, 2. umr.

Stjfrv., 197. mál (barnaverndarstofa). — Þskj. 223, nál. 668, brtt. 669.

[17:38]

Frsm. félmn. (Gísli S. Einarsson):

Frú forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 668 um frv. til laga um breyting á lögum um vernd barna og ungmenna, nr. 58/1992.

Félmn. hefur verið með þetta mál í allnokkurri umfjöllun. Fékk til sín fjölmarga aðila sem fjalla um þennan málaflokk, flestalla að ég tel sem til voru kvaddir og ég vil leyfa mér að þakka þeim aðilum og síðan hv. nefndarmönnum fyrir mjög góða vinnu og fyrir að greiða fyrir því að þetta mikilvæga mál næði fram að ganga.

En frv. sem hér er til umræðu er liður í endurskipulagningu barna- og unglingamála. Unglingaheimili ríkisins verður lagt niður, en í stað þess komi annars vegar barnaverndarstofa er starfi undir stjórn félmrn. og hins vegar móttöku- og meðferðarstöð fyrir unglinga. Meðal hlutverka barnastofu er að veita heimilum, stofnunum og barnaverndarnefndum leiðbeiningar og hafa með þeim eftirlit.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með nokkrum breytingum sem gerð er góð grein fyrir á þskj. 668, m.a. er lögð til breyting á 14. gr. og 5. mgr. 16. gr. laganna með hliðsjón af því hlutverki sem dómstólar hafa eftir aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði og samkvæmt nýrri réttarfarslöggjöf, en þeir hafa nú ekki lengur með höndum rannsóknarhlutverk.

Hvað snertir breytingar á 14. gr. eru ákvæði 2. og 3. mgr. víðtækari en 1. mgr. að því leyti að þær taka ekki eingöngu til mála þar sem grunur leikur á að refsiverður verknaður hafi verið framinn af barni eða gegn því heldur einnig til mála þar sem tekin er skýrsla af barni sem vitni. Ákvæði um rétt foreldris til að vera viðstatt skýrslutöku af barni styðst við b-lið í 2. mgr. 40. gr. samnings um réttindi barnsins. Synjun lögreglu um að foreldri fái að vera viðstatt væri unnt að bera undir dómstóla, sbr. 75. gr. laga um meðferð opinberra mála.

Þetta er ásamt fleiri liðum sem hér eru helstu atriðin. M.a. er lagt til að bætt verði við 10. og 11. gr. ákvæðum sem taka til vistforeldra og barna í sveit. Til þess að réttarstaða þess fólks verði skýr er lagt til að kveðið verði á um þessa starfsemi í lögum og heimilt verði að setja reglugerð um hana, þar á meðal um skilyrði til leyfisveitingar vegna starfseminnar. Í reglugerð þarf enn fremur að skilgreina nánar um hvers konar heimili sé að ræða til að greina þau nánar frá heimilum samkvæmt b-lið 10. gr. frv.

Nefndin mælir með samþykkt frv. með þeim breytingum sem gerð er grein fyrir á sérstöku þskj., en það er þskj. 669, sem fjallar um sjálfar brtt.

Ég tel, frú forseti, ekki ástæðu til að fara nánar út í að lesa það upp hér, en legg til að málinu verði vísað til 3. umr. og afgreiðslu samkvæmt reglum.

[17:40]

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Það er öllum ljóst að hér er um mjög vandasaman málaflokk að ræða sem er vernd barna og unglinga og vissulega þörf á því að reyna að skipa meðferð mála þannig að sem bestan árangur gefi. Í þessu frv. er lagt til að stofnuð verði barnaverndarstofa á vegum félmrn. sem annist málaflokkinn að miklu leyti fyrir hönd ráðuneytisins og jafnframt verði þessi stofnun til ráðuneytis fyrir barnaverndarnefndir, sem vissulega vinna mjög erfitt starf oft og veitir ekki af að geta leitað góðra ráða.

Ég skrifaði undir þetta nál. með fyrirvara og einnig vil ég geta þess að það gerði annar nefndarmaður, Jón Kristjánsson, sem er með fjarvistarleyfi í dag og getur því ekki gert grein fyrir sínum fyrirvara. En það sem við höfðum í huga var það að okkur er ekki að fullu ljóst hversu umfangsmikil stofnun þetta verður og vildum leggja áherslu á að það yrði að sjálfsögðu að horfa á þá hliðina líka, þó að mest um vert sé auðvitað að árangurinn verði sem bestur af starfseminni.

Hins vegar er síðan gert ráð fyrir því og það er annað atriði sem við erum með fyrirvara við, þ.e. að það verði breyting á rekstri meðferðarstofnana fyrir börn og ungmenni og gert ráð fyrir því að reisa þar nýja byggingu í stað þeirra sem fyrir eru. Okkur er heldur ekki að fullu ljóst hversu mikið það horfir til bóta, sú ráðstöfun, og að sjálfsögðu getur enginn fullyrt um það fyrr en á reynir. En eins og ég sagði er ástandið í þessum málum þannig að það þarf mikið að gera og því miður allt of mörg börn og ungmenni sem þurfa að leita aðstoðar eða afskipta bæði barnaverndarnefnda og síðan meðferðar á stofnunum.

Mér er mjög í huga staðreynd sem einn af starfsmönnum ríkisins, sem fjallar um málefni þeirra sem hafa orðið undir í lífsbaráttunni, þegar hann sagði að því miður væri ástand svo hjá of mörgum foreldrum að hann gæti sagt með vissu að þegar þau eignuðust barn þá mundi það innan 20 ára vera búið að gista meðferðarheimili eða jafnvel fangelsi ef því entist líf svo lengi. Því miður er aðbúnaður of margra barna sem fæðast hér á landi þannig að hann taldi af þeirri reynslu sem hann hefði öðlast í starfi sínu að hann gæti sett fram þessa staðreynd.

Eins og við vitum þá er umræða nú mikil, m.a. hér á Alþingi, um mannréttindamál og því hefur vaknað í huga mínum sú spurning hver séu mannréttindi þessara ungu barna þar sem þjóðfélagið hefur skapað þær aðstæður sem leiða til þessarar staðreyndar. Mér finnst að stjórnvöld séu allt of sinnulaus um þessa nöturlegu staðreynd og um það hversu gífurlega mikið vandamál hér er á ferðinni og allan þann mannlega harmleik sem þetta ástand hefur í för með sér. Þess vegna held ég að það verði ekki um of brýnt fyrir þeim sem ábyrgð bera í þjóðfélaginu að reyna að breyta þessu ástandi, skapa þær breytingar á viðhorfi sem knýja á um að leggja meiri skyldur á alla forráðamenn, bæði stjórnvöld og að sjálfsögðu heimili og foreldra, að reyna að snúa þessari óheillaþróun við. Á meðan það tekst ekki, og að sjálfsögðu verður þessu aldrei breytt að fullu þó að ég voni að augu nægilega margra opnist fyrir því að þessu þurfi að breyta og menn verði að sýna í verki þá ábyrgð að leggja sig alla fram um það, þá er að sjálfsögðu nauðsynlegt að hafa tilbúið skjól til að taka við þeim sem við þessar aðstæður búa. Ég vil einu sinni enn undirstrika að það eru að sjálfsögðu ekki ungbörnin og unglingarnir sem ráða því umhverfi sem þau fæðast og alast upp í. Það er þjóðfélagsins og þeirra sem þar bera ábyrgð hver á sínu sviði.

Það kom fram í meðferð málsins í félmn. þar sem þessu frv. var breytt eins og frsm. hefur gert grein fyrir að þau ungmenni eða unglingar sem þarf að taka með valdi og koma fyrir á stofnunum séu svo illa farin að það sé ekki verjandi að koma þeim fyrir annars staðar en á sjúkrahúsum. Það var samkomulag í nefndinni að breyta frv. á þann hátt. Að sjálfsögðu ætti það þá að draga úr rekstrarkostnaði þessa heimilis þar sem ekki þarf að hafa eins öfluga gjörgæslu allan sólarhringinn og hefði þurft að hafa til taks fyrir þá sem eru svo illa farnir.

Það var spurning í mínum huga og reyndar fleiri hversu mikið ynnist við það að loka einni byggingu og reisa aðra, ekki svo fjarri, til að annast móttöku þessara ólánssömu ungmenna, og ég vil undirstrika enn, sem þjóðfélagið hefur skapað þessi örlög. Ef þetta má til þess verða að bjarga einhverjum sem í þessa ógæfu hafa ratað þá má segja að réttlætanlegt sé að leggja nokkuð á sig, bæði með fyrirhöfn og fjármagni. Það er að sjálfsögðu von okkar sem stöndum að þessu nefndaráliti að árangurinn verði sá. En ég vil undirstrika það samt að við megum ekki, þó við reynum að koma upp svona hjálpar- og meðferðarstofnunum, gleyma því að mestu máli skiptir að draga úr þeirri sáru þörf að taka á móti þeim fjölda sem á þessari meðferð þurfa að halda og við megum ekki láta það svæfa samvisku okkar þó við leggjum þetta fram og viljum hjálpa gagnvart því að reyna að gera allt sem í okkar valdi stendur til að koma í veg fyrir að þessi þörf verði til.

[17:53]

Guðrún J. Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég skrifa undir þetta nefndarálit með fyrirvara líkt og þeir félagar mínir, hv. þm. Jónarnir tveir, voru að gera grein fyrir. Þegar lögin sem nú er verið að breyta voru sett á sínum tíma fyrir nokkrum árum þá var Kvennalistinn með miklar efasemdir um að það væri rétt að reisa heimilið að Tindum svo nærri Reykjavíkurborg sem gert var og héldum að annaðhvort þyrfti þetta heimili að vera innan borgarmarkanna eða þó nokkuð lengra í burtu. Það hefur komið á daginn að við höfðum rétt fyrir okkur. Nú á að flytja þessa starfsemi til borgarinnar að hluta til og að öðru leytinu lengra burtu. Ég álít að það sé rétt að gera þetta því að hitt hefur sýnt sig að takast ekki til eins og vænst var.

Ég held að allar þær breytingar sem við höfum komið inn og voru gerðar á frv. séu til bóta. Ég ætla ekki að fjölyrða um þær nema þá einu að inn kom ákvæði um vistforeldra, ákvæði um starfsemi vistforeldra, en slíkt ákvæði hefur ekki verið og varðar fólk

sem tekur börn til dvalar í skemmri eða lengri tíma og er ekki fagfólk heldur venjulegir borgarar. Mér finnst svo oft hinn venjulegi borgari gleymast þegar verið er að tala um meðhöndlun á vandamálum.

Raunin er nefnilega sú að hinn venjulegi borgari getur lagt geysilega mikið af mörkum því það er hann sem lifir því lífi sem viðkomandi eiga síðan að lifa. Þar af leiðandi koma unglingarnir í umhverfi sem þau eiga að geta hrærst í en ekki í hið velverndaða umhverfi heimilanna eða stofnananna. Ég hef séð í störfum mínum hvernig meira að segja ungmenni sem lengi hefur verið á þessum stofnunum draga dám af því sem þar fer fram innan dyra, ekki það að ég sé að leggja þessari starfsemi neitt last heldur að það er öðruvísi líf sem lifað er á stofnunum en á venjulegum heimilum landsins.

Ég vil taka undir með hv. þm. Jóni Helgasyni að það þyrfti að breyta mörgu í þessu þjóðfélagi til þess að svo margir rötuðu ekki í þær raunir sem vitni ber. Til þess álít ég að þurfi heila þjóðlífsstefnubreytingu. Við þurfum að breyta viðhorfum okkar til verðmætamats og til þess lífs sem við viljum lifa, til þess sem við viljum leggja áherslu á og þess sem við viljum hafna. Og við þurfum númer eitt, tvö og þrjú, og nú tala ég ekki sem þingmaður heldur sem kennari, að innræta hverri einustu persónu ábyrgðartilfinningu, þ.e. ábyrgð á eigin gerðum og þá á ég ekki bara við foreldrana heldur líka börnin. Þetta er eitt af því sem hefur verið vanrækt í íslensku uppeldi sl. 30 ár.

Það væri hægt að halda langar ræður um það hvernig við höfum farið út af sporinu á ýmsa vegu en þetta er kannski ekki réttur staður og stund til þess. En orsökin fyrir því að ég skrifa undir nefndarálitið með fyrirvara er sú að ég álít að það þurfi að endurskoða þessi lög öll með það í huga að færa ýmsa aðra þætti nær því sem nútíminn þarf en í lögunum er. En allt sem hefur komið þarna fram held ég að sé til bóta og því skrifa ég undir.

[17:58]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Eins og fram hefur komið af hálfu frsm. nefndarinnar þá stendur nefndin sameiginlega að áliti um málið. Einnig stendur hún sameiginlega að því að gera nokkrar breytingartillögur við frv. sem gerð hefur verið grein fyrir.

Eins og sjá má á nefndarálitinu þá skrifa fjórir nefndarmenn undir það með fyrirvara og þar á meðal ég og þykir mér rétt að gera grein fyrir í hverju sá fyrirvari er fólginn jafnframt því að fjalla almennt um málið.

Eins og fram kemur í frv. er verið að gera breytingar á stjórnsýslunni í þessum málaflokki og í samræmi við álit nefndar sem skipuð var til þess að endurskoða umrædd lög. Í áliti nefndarinnar, sem dags. er 5. okt., er fjallað í stuttu máli um tillögur þær sem nefndin gerir en enn fremur segir undir lok álitsins, með leyfi forseta:

„Nefndin vekur athygli á því að sú leið var valin við samningu frumvarpsdraganna að leggja einungis til nauðsynlegar breytingar á lögunum til þess að umrædd skipulagsbreyting á stjórnsýslu málaflokksins geti komist á hið fyrsta. Það er hins vegar álit nefndarinnar að afar brýnt sé að endurskoða lögin í heild sinni. Þess má t.d. geta að frá gildistöku laganna hefur vafi leikið á um túlkun einstakra lagaákvæða sem hafa mikla þýðingu fyrir málsmeðferð barnaverndarmála, til að mynda vistun barna í langtímameðferð. Af þessum sökum telur nefndin rétt að henni verði falið að halda áfram endurskoðun laganna."

Út frá þessu áliti og einnig athugasemdum sem koma fram í nokkrum umsögnum þá er ég þeirrar skoðunar að eðlilegast hefði verið að menn endurskoðuðu lögin í heild sinni og gerðu ekki frekari breytingar fyrr en menn hefðu heildstæðar tillögur í þessu efni. Ég hef þó fallist á að standa að afgreiðslu þessa máls með þeim fyrirvara að ég tel sem sé að menn eigi að vanda verkið og ljúka því að öllu leyti.

Ég minni á að það eru ekki nema rúm tvö ár síðan við afgreiddum þessi lög, þau tóku gildi 1. jan. 1993, og það er ekki góð ending á starfi okkar hér að það skuli vera álit þeirra sem til þess eru fengnir að fara ofan í þessi verk að það þurfi að endurskoða lögin í heild sinni og ekki liðin tvö ár frá því að þau tóku gildi.

Mér er nokkuð sárt um vinnubrögðin á þingi og ég leyni því ekki að mér finnst að hér sé oft á tíðum afar mikil fljótaskrift á meðferð mála. Ráðherrar draga það að leggja fram mál og leggja síðan ofurkapp á að þau verði afgreidd. Nefndirnar eru mjög aðþrengdar í störfum sínum og fá knappan tíma til að setja sig inn í mál og fá sérfróða menn til ráðuneytis. Þess sér stað í ýmsum lögum sem menn hafa verið að samþykkja hér og kannski sérstaklega í því að ráðherrar hafa fljótlega eftir að lögin hafa verið samþykkt komið fram með frv. til breytinga á þeim lögum. Það eru reyndar mörg dæmi önnur en þetta um lögin um vernd barna og ungmenna.

Ég tel, virðulegi forseti, að hér eigi menn að leggja megináherslu á að líta á þessi mál í heild sinni. Það kemur fram m.a. í umsögnum að það er ljóst að það markmið hefur ekki náðst sem skyldi að lögin séu skýr hvað varðar skil á milli ráðuneyta og skil á milli ríkis og sveitarfélaga.

Ég vil nefna að við meðferð málsins komu athugasemdir frá tveimur ráðuneytum sem er afar óvenjulegt, sérstaklega í ljósi þess að stjórnarfrumvörp eru lögð fram með samþykki allra ráðherra og ekki hafa komið fram við kynningu málsins við 1. umr. eða í þingskjalinu sjálfu neinir fyrirvarar af hálfu annarra ráðherra. Því kom það mjög á óvart að fá athugasemdir við málið frá bæði dómsmrh. svo og heilbrrh.

Ég sá á viðverutöflu að heilbrrh. er staddur í húsinu, eða var það þegar ég sté í stólinn, og ég vildi því biðja hæstv. forseta að hlutast til um að kveðja ráðherra hingað í þingsal því mig langar að bera fyrir hann fyrirspurn um athugasemd þá sem hann lagði fram í þingnefndinni.

Við upphaf málsins í nefndinni, 9. des., var lagt fram bréf frá ráðuneytinu þar sem greint var frá því að ráðherrann hefði tækifæri til að koma skoðunum sín-

um á frv. að við meðferð málsins og óskaði ekki eftir að gefa umsögn til félmn. að svo stöddu.

Tveimur mánuðum síðar, eða 9. febr. sl., barst eftirfarandi bréf frá heilbrrh., með leyfi forseta:

„Heilbr.- og trmrh. óskar eftir að gera eftirfarandi athugasemdir vegna þessa frv.:

Í c-lið 10. gr. frv. er gert ráð fyrir breytingu 51. gr. laga um vernd barna og ungmenna þannig að félmrn. skuli sjá um að sérhæfð heimili og stofnanir séu tiltækar fyrir börn og ungmenni þegar úrræði barnaverndarnefnda hafa ekki komið að gagni. Hér sé átt við heimili og stofnanir þar sem fram fari sérhæfð meðferð svo sem vímuefnameðferð, vistun í bráðatilvikum vegna meintra afbrota og alvarlegra hegðunarerfiðleika. Slík heimili og stofnanir skulu rekin af ríkinu eða einkaaðilum undir yfirumsjón og eftirliti barnaverndarstofu.

Ráðuneytið leyfir sér að lýsa áhyggjum sínum yfir því fyrirkomulagi sem þarna er ráðgert að taka upp og bendir í því sambandi á ákvæði laga um heilbrigðisþjónustu, sbr. 24. gr. Verði umrætt frv. að lögum er hætt við að ágreiningur kunni síðar að rísa upp um það hvers konar stofnanir sé að tefla og undir hvaða aðila þær í raun heyri því augljóst hlýtur að vera að sérhæfð meðferðarstofnun fyrir t.d. vímuefnameðferð hlýtur að vera sjúkrastofnun samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu." Undir þetta ritar Sighvatur Björgvinsson.

Þarna er eðlilega vakin athygli á því að ágreiningur kunni að rísa um undir hvaða ráðuneyti tilteknar stofnanir kunni að heyra, heilbrrn. eða félmrn. Mig langar að bera þá spurningu fram við hæstv. heilbrrh. hvort þessi ágreiningur hafi verið leystur á milli ráðuneytanna og ef svo er á hvaða veg niðurstaðan sé. Undir hvaða ráðuneyti umræddar stofnanir og heimili muni heyra samkvæmt frv.

Þetta þykir mér, virðulegi forseti, þýðingarmikið að liggi ljóst fyrir, sérstaklega þar sem ágreiningur hefur verið gerður um það við meðferð málsins. Það má ekki vera síðar þegar lögin hafa verið sett ágreiningur milli ráðuneyta um forræði heimila og stofnana. Sá ágreiningur mun efalaust fyrst og síðast bitna á sjúklingunum sem í hlut eiga.

Í öðru lagi vil ég geta þess að mér finnst skilin á milli ríkis og sveitarfélaga hvað þetta verkefni varðar vera enn óljós og hef efasemdir um að rétt sé að afgreiða málið ekki betur úr garði gert hvað þetta varðar þó að ég hafi, eins og ég hef tekið fram, komist að þeirri niðurstöðu að ekki sé rétt að tefja framgang málsins þrátt fyrir þessar efasemdir.

Ég hef yfir höfuð efasemdir um það hvort rétt sé að sveitarfélög séu með þennan málaflokk og ef þau eru með hann að hve miklu leyti þau eiga að annast þessi tilteknu mál.

Sú greining sem skín í gegnum lagafrv., að sérhæfðu úrræðin eigi að vera á höndum ríkisins, er umdeilanleg og menn þurfa að hafa nokkuð skýran lagatexta til þess að ekki verði um þessi skil deilt. Ég hef efasemdir um það að svo flókin mál sem þessi, sem augljóslega verða ekki unnin nema með mjög sérhæfðum starfsmönnum, sé rétt að fela sveitarfélögunum. Þau eru bæði of mörg og of smá til þess að hægt sé að búast við því að þau geti almennt veitt þá þjónustu og búið yfir þeirra hæfni sem þegnarnir mega og eiga að krefjast. Ég því verið nokkuð hallur undir þá skoðun að í tilvikum og málum sem þessum ætti þetta að vera verkefni ríkisins sem það byggði upp á landsvísu með ákveðnum miðstöðvum. Mér finnst líka að röksemdafærslan fyrir því að hafa skiptinguna eins og hún er sé ekki alveg nógu sannfærandi, sérstaklega þegar litið er til þess að við athugun málsins er ríkishlutinn af verkefninu þannig saman settur að þeir einstaklingar sem ríkið er að annast koma að mestu leyti héðan af höfuðborgarsvæðinu sem aftur eru þau sveitarfélög sem hvað öflugust eru að mati þeirra sem vilja halda því fram að þetta eigi að vera hjá sveitarfélögunum. Mér finnst mótsögn í málflutningnum. Stóru sveitarfélögin sem menn telja að hafi afl til þess að sinna þessu vel koma af sér dýrasta þættinum af þessum málaflokki í hendur ríkisins. Fyrst það er niðurstaðan þá finnst mér það vera mjög til skoðunar hvort ekki eigi að stíga skrefið til fulls og færa það að fullu og öllu til ríkisins í takt við þær hugleiðingar sem ég setti fram hér áðan.

Virðulegur forseti. Ég tel að það væri út af fyrir sig rétt við meðferð málsins að gera grein fyrir athugasemdum sem fram hafa komið og vil aðeins stuttlega drepa á þær án þess þó að rekja þær til neinnar hlítar en þó minnast á þær þannig að mönnum sé ljóst að þær hafi komið fram.

Frá Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar kom umsögn þar sem m.a. var bent á það að þessi breyting á stjórnsýslu málaflokksins gerði kæruleið enn óljósari en hún er í dag og óskaði stofnunin eftir tilteknum breytingum.

Þá komu fram athugasemdir frá Lögmannafélagi Íslands þar sem sett var fram sú skoðun að verið væri að skerða sjálfstæði barnaverndarnefnda að því er varðaði meðferð fósturmála og slík breyting ekki talin til bóta.

Þá var bent á að með þessari breytingu væri verið að koma á nokkurs konar þriðja stjórnsýslustigi í þessum málaflokki og greinilega ekki tekið sterklega undir þá breytingu. Sama kom frá samtökunum Barnaheill varðandi það stjórnsýslustig sem felst í barnaverndarstofu. Þar var minnt á að þegar slíkt er gert þyrfti að gæta vel að því að kerfið í heild yrði ekki flóknara og svifaseinna en áður.

Enn fremur var bent á að í lagatextanum vantaði öll ákvæði um stjórnskipulag barnaverndarstofunnar og skýrar reglur um stjórnsýslukærur. Samtökin leggja ríka áherslu á að vinnu við endurskoðun laganna sé fjarri því lokið.

Frá félagsmálaráði Kópavogskaupstaðar barst umsögn sem var bæði jákvæð og hafði einnig að geyma athugasemdir. M.a. var gerð sú athugasemd að svo virtist sem barnaverndarstofa eigi að fara með eftirlit með og ráðgjöf við eigin stofnun auk þess að innan hennar ætti að starfa sérstakt fagteymi sem á að taka til meðferðar og umsagnar.

Þá voru settar fram efasemdir um það hlutverk

barnaverndarstofu að hafa umsjón með öflun hæfra fósturforeldra fyrir barnaverndarnefndir.

Virðulegur forseti. Ég hef þá gert grein fyrir fyrirvara mínum við nál. og einnig skoðunum mínum varðandi hvernig ætti að byggja þennan málaflokk upp. Ég hallast helst að því að hér ættu menn að hafa málaflokkinn á hendi ríkisins og byggja hann upp faglega um allt land en alls ekki með einni miðstýrðri stöð.

Ég vil svo að lokum, virðulegi forseti, láta það koma fram að það var mér nokkurt undrunarefni þegar ég fékk þá vitneskju að í reynd væri búið að hrinda veigamiklum þáttum frv. þegar í framkvæmd, þ.e. stofna umræddar stofnanir sem frv. á að lögfesta. Ég get ekki látið hjá líða að hafa uppi gagnrýni á þessa málsmeðferð hjá hæstv. félmrh. Ég tel að menn verði að umgangast Alþingi með sæmilegri virðingu. Þó svo að staðreyndin sé sú að framkvæmdarvaldið sé það öflugt að það ræður mjög miklu um framgang mála þá var að mínu viti of langt gengið hér í því að líta svo á að afgreiðsla Alþingis væri formsatriði. Ég vil mælast til þess að hæstv. ráðherrar láti það ekki henda sig oftar að vera á undan Alþingi í þessum efnum.

[18:17]

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Hv. þm. á sæti í þeirri nefnd sem um málið fjallaði og honum er kunnugt um það að náðst hefur samkomulag milli þeirra ráðherra sem að málinu standa. Ég vísa í nál. frá félmn. sem er undirritað af hv. þm., brtt. 2, í henni felst það samkomlag sem orðið hefur.

[18:17]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hér er hæstv. ráðherra kominn í sinn venjulega leik með útúrsnúningana. Í nefndinni höfum við bréf frá ráðherranum með athugasemdum sem hefur hvorki verið dregið til baka né komið annað bréf sem tekur af efni þess þannig að ég vænti þess að ráðherrann svari efni fyrirspurnarinnar.

[18:18]

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. á sjálfur sæti í þeirri nefnd sem hefur fjallað um málið. Hann skrifar undir nefndarálitið. Honum er kunnugt um að fullt samkomulag hefur tekist milli ráðuneyta. Það er ekki vaninn að menn dragi bréf til baka ef fyrir liggur að samkomulag hefur tekist. Honum hefur verið tjáð þetta, í nefndinni, virðulegi forseti. Þetta er í annað sinn sem hv. þm. segir þetta hér úr þessum ræðustól. Honum er fullkunnugt um málið.

[18:18]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég óskaði eftir því í nefndinni að fram kæmi skrifleg staðfesting á þessu samkomulagi. Það kom ekki og hæstv. ráðherra hefur ekki getað gefið neina yfirlýsingu um það aðra en þá sem felst í útúrsnúningum hans.

[18:19]

Frsm. félmn. (Gísli S. Einarsson):

Virðulegur forseti. Vegna þeirra athugasemda sem hafa fallið hér tel ég mér skylt að gera grein fyrir því að boð komu um það til nefndarinnar í gegnum formann nefndarinnar, sem er ég, og ég gerði nefndinni grein fyrir því að það væri fullkomin sátt og þetta væri lausn í málinu sem heilbr.- og trn. sætti sig við. Ég gerði grein fyrir því og taldi það vera nægjanlegt og ég kannast vel við að beðið var um að fá bréf en það var ekki talin ástæða. Ég taldi ekki vera ástæðu til þess að staðfesta frekar með bréfi og lét það duga að eiga símtal við þá aðila, sem þarna áttu hlut að máli, svo að ég má til með að gera þessa grein fyrir málinu.

[18:20]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Þannig er að þegar menn samþykkja lög þá stendur lagatextinn og annað ekki. Í bréfi því sem ég vitnaði til frá 9. febr. gerir hæstv. heilbrrh. athugasemdir við c-lið 10. gr. frv. og bendir á að hætt sé við að ágreiningur kunni að koma upp um hvaða ráðuneyti hafi forræði yfir viðkomandi stofnun eða heimili. Ekki er gerð nein tillaga um að breyta frumvarpsgreininni sem er svo óljós að mati heilbrrh. Hafi heilbrrh. gert samkomulag við félmrh. verður það að koma fram. Það verður að koma fram hvað felst í því samkomulagi til þess að draga úr líkum á því að menn muni síðar deila um túlkun á frumvarpstextanum sem verður þá orðinn lagatexti. Hvernig eiga menn að skilja lagatextann með bréf við höndina sem býður í raun og veru upp á ágreining?

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tryggingagjald, 2. umr.

Stjfrv., 236. mál (sérstakur gjaldflokkur). — Þskj. 277, nál. 691.

[18:22]

Frsm. efh.- og viðskn. (Jóhannes Geir Sigurgeirsson):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti á þskj. 691 frá efh.- og viðskn um frv. til laga um breytingu á lögum, nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á fund sinn Braga Gunnarsson lögfræðing fjmrn.

Nefndin mælir með því að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem eru á þskj. með sama númeri og þeim rökstuðningi sem þar fylgir. Undir þetta rita allir nefndarmenn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Virðisaukaskattur, 2. umr.

Stjfrv., 257. mál (skráningarskylda, endurgreiðsla, álag o.fl.). — Þskj. 300, nál. 681.

[18:24]

Frsm. efh.- og viðskn. (Jóhannes Geir Sigurgeirsson):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá efh.- og viðskn á þskj. 681 um frv. til laga um breytingu á lögum, nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið til sín Jón Guðmundsson frá fjmrn. og Jón Steingrímsson frá ríkisskattstjóra. Það kom fram við yfirferð á málinu að nauðsynlegt var að gera breytingar vegna nýrra laga um bókhald sem voru samþykkt núna fyrir áramótin. Nefndin leggur því til að frv. verði samþykkt með þeim breytingartillögum sem eru á þskj. með sama númeri. Undir þetta rita allir nefndarmenn í efh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samningsgerð, umboð og ógildir löggerningar, 2. umr.

Stjfrv., 99. mál (EES-reglur). — Þskj. 102, nál. 685.

[18:25]

Frsm. efh.- og viðskn. (Jóhannes Geir Sigurgeirsson):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá efh.- og viðskn. á þskj. 685 um frv. til laga um breytingu á lögum, nr. 7/1936, um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, með síðari breytingum.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á fund sinn Jón Ögmund Þórmóðsson, skrifstofustjóra í viðskrn. Í máli hans kom fram að nokkrar lagfæringar þyrfti að gera á frv. áður en það yrði afgreitt en þær felast eingöngu í umorðun á greinum til að gera þær skýrari en áður var. Nefndin mælir því með samþykkt frv. með þeim breytingartillögum sem eru á þskj. með sama númeri.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Verslunaratvinna, 2. umr.

Stjfrv., 326. mál (takmörkun verslunarleyfis). — Þskj. 494, nál. 684.

[18:28]

Frsm. efh.- og viðskn. (Jóhannes Geir Sigurgeirsson):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá efh.- og viðskn. á þskj. 684 um frv. til laga um breytingu á lögum, nr. 41/1968, um verslunaratvinnu, ásamt síðari breytingum.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jón Ögmund Þormóðsson, skrifstofustjóra í viðskrn. Nefndin mælir með samþykkt frv. með breytingu sem er á þskj. með sama númeri. Undir þetta skrifa allir nefndarmenn í efh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Refsiákvæði nokkurra skattalaga, 2. umr.

Stjfrv., 319. mál. — Þskj. 484, nál. 682.

[18:29]

Frsm. efh.- og viðskn. (Jóhannes Geir Sigurgeirsson):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá efh.- og viðskn. á þskj. 682 um frv. til laga um breytingu á refsiákvæðum nokkurra skattalaga.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á fund til sín Skúla Eggert Þórðarson skattrannsóknarstjóra og Guðmund Guðbjarnason, fyrrv. skattrannsóknarstjóra. Fram kom á fundi nefndarinnar að ákvæði frv. um hlutlæga ábyrgð lögaðila væru ekki nægilega skýr og leggur því nefndin til að frv. verður samþykkt með breytingu sem er á þskj. með sama númeri.

Undir þetta rita allir nefndarmenn.

Virðulegur forseti. Kannski er ástæða til þess að taka það fram að sú breyting sem fólst í þessu frv. var efnislega í tveim liðum: annars vegar að lögfesta að lágmark refsingar í skattsvikamálum væri tvöföld sú upphæð sem undan var skotið. Í raun þýðir þetta ekki nema um það bil 1,75 vegna þess að það dragast þó frá þær álögur sem hafa verið lagðar á, þ.e. dráttarvextir og einnig varðandi hina hlutlægu refsiábyrgð lögaðila.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almenn hegningarlög, 2. umr.

Stjfrv., 318. mál (skattalagabrot). — Þskj. 480, nál. 686, brtt. 687.

[18:31]

Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti á þskj. 686 og meðfylgjandi brtt. allshn. á frv. til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19 frá 1940.

Nefndin hefur fjallað um málið og fékk á sinn fund Skúla Eggert Þórðarson skattrannsóknarstjóra og Jónatan Þórmundsson prófessor.

Frv. er þáttur í heildarendurskoðun viðurlagaákvæða í skattalögum og bókhaldslögum. Það er lagt fram ásamt tveimur öðrum frumvörpum, frv. til laga

um breytingu á refsiákvæðum nokkurra skattalaga, 319. máli, og enn fremur frv. til laga um breytingu á lögum um bókhald, nr. 145/1944, lög um ársreikninga, nr. 144/1994, og fleiri sem efh.- og viðskn. flytur.

Allshn. leggur til nokkrar breytingar á frv. sem eru tæknilegs eðlis. Annars vegar er um að ræða breytingar á 1. mgr. 1. gr. sem helgast af því að ákvæði laga um tekjustofna sveitarfélaga og laga um tryggingargjald, sem tilgreind eru í frv., eru eyðuákvæði sem vísa átti um lög um tekjuskatt og eignarskatt. Hins vegar er lagt til samkvæmt ábendingu frumvarpshöfunda að tilvísanir í 2. mgr. 1. gr. verði nákvæmari.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þskj. Fjarverandi við afgreiðslu málsins voru Guðmundur Árni Stefánsson og Ólafur Þ. Þórðarson en aðrir nefndarmenn allshn. undirrita þetta nefndarálit.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Barnalög, 2. umr.

Stjfrv., 342. mál (réttur til upplýsinga um barn o.fl.). — Þskj. 542, nál. 671, brtt. 672.

[18:33]

Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti allshn. á þskj. 671, um frv. til laga um breytingar á barnalögum, nr. 20/1992, ásamt meðfylgjandi brtt. á þskj. nr. 672.

Allshn. hefur fjallað um frv. um breytingu á barnalögum. Það var sent til umsagnar og bárust munnlegar athugasemdir annars vegar frá barnaverndarráði og var tekið tillit til þeirra, sbr. brtt. sem nefndin leggur til, og hins vegar frá Lögmannafélagi Íslands sem gerði ekki athugasemdir við frv. Þá kom á fund nefndarinnar Drífa Pálsdóttir, skrifstofustjóri dómsmrn.

Þá barst skrifleg athugasemd frá Barnaheillum daginn eftir að málið var afgreitt úr allshn. en þar er m.a. bent á að ekki verði annað séð en að þessar fyrirhuguðu breytingar séu til góðs. Frv. hefur það markmið að treysta tengsl foreldris við barn sem hefur ekki forsjá þess sbr. ákvæði 1. og 3. gr.

Í 1. gr. er lagt til að umgengnisréttur skv. 37. gr. barnalaga verði rýmkaður og látinn ná til símasambands, bréfasambands og annars hliðstæðs sambands foreldris við barn. Hinn hefðbundni umgengnisréttur gengur út á að foreldri hafi rétt til að umgangast barnið, þ.e. að fá það í heimsókn eða heimsækja það. Þannig miðast hann við að foreldrarnir hafi barnið í návist sinni. Hins vegar getur staðið svo á að foreldri hafi ekki tök á að umgangast barnið sökum fjarlægðar við það. Er því kveðið á um í frv. að þegar sérstaklega standi á geti sýslumaður að ósk foreldris, sem hefur ekki forsjá barns, mælt fyrir um rétt þess til að hafa fyrrnefnd samskipti við barnið.

Í 3. gr. er mælt fyrir um rétt foreldris, sem hefur ekki forsjá barns, til að fá upplýsingar um hagi barns hjá hinu foreldrinu og ýmsum stofnunum sem barnið tengist, svo og stjórnvöldum og starfsmönnum er fjalla um málefni barnsins. Fram kom sú ábending frá barnaverndarráði varðandi 2. efnismgr. að ekki væri nægilegt að telja félagsmálastofnanir meðal þeirra aðila sem foreldri gæti fengið upplýsingar hjá því að þær væru ekki alls staðar til staðar í öllum sveitarfélögum. Lögð er fram brtt. á sérstöku þskj. til að bæta úr þessu þar sem kveðið er á að þetta eigi einnig við um félagsmálanefndir sveitarfélaga og barnaverndarnefndir auk félagamálastofnana og annarra stofnana sem taldar eru upp í ákvæðinu.

3. gr. hefur ekki síst gildi fyrir foreldri sem sökum fjarlægðar við barnið getur ekki fylgst með högum þess með því að umgangast það. Auk þess mun hafa ríkt veruleg óvissa hjá starfsmönnum skóla og annarra uppeldisstofnana, lækna, heilsugæslu og félagsmálastofnana hvort foreldri, sem hefur ekki forsjá barns, eigi rétt á upplýsingum um persónuhagi þess.

Í 2. gr. frv. er kveðið á um að fari foreldrar sameiginlega með forsjá barns er öðru foreldra óheimilt að fara með barnið úr landi án samþykkis hins. Ákvæðið stendur í tengslum við Evrópuráðssamning frá 20. maí 1980, um viðurkenningu og fullnustu ákvarðana varðandi forsjá barna o.fl. og Haag-samninginn frá 25. október 1980 um einkaréttarleg áhrif á brottnámi barna til flutnings milli landa en ætlunin er að fullgilda þessa samninga af Íslands hálfu.

Í 4. og 5. gr. eru ákvæði um heimild dómsmrn. til að lengja málshöfðunarfresti til höfðunar vefengingarmála og mála til ógildingar á faðernisviðurkenningu. Nefndin telur að frv. feli í sér verulega réttarbót og mælir með samþykkt þess með framangreindri breytingu á 3. gr. sem lögð er fram á sérstöku þskj.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Bókhald og ársreikningar, 1. umr.

Frv. efh.- og viðskn., 418. mál (viðurlög og málsmeðferð, breyting ýmissa laga). — Þskj. 680.

[18:38]

Frsm. efh.- og viðskn. (Jóhannes Geir Sigurgeirsson):

Virðulegur forseti. Ég flyt frv. þetta fyrir hönd efh.- og viðskn. Alþingis. Í desember sl. urðu frv. um bókhald og ársreikninga að lögum. Þegar þau frumvörp voru lögð fram var ólokið að semja ítarleg ákvæði um viðurlög og málsmeðferð. Sérstök nefnd á vegum fjmrn. vann að því máli. Efh.- og viðskn. fékk hins vegar þær tillögur ekki í hendur fyrr en skömmu fyrir þinghlé. Þar sem sýnt var að ekki gæfist tími til að fara vandlega yfir tillögurnar og fá athugasemdir hagsmunaaðila fór nefndin þá leið að afgreiða frumvörpin. Formaður tók þó fram í framsöguræðu með málinu að unnið yrði að viðurlagaákvæðum á vorþingi.

Að undanförnu hafa frumvarpskaflar þeir, sem áður lágu fyrir, sætt frekari athugun. Á fund nefndarinnar

hafa komið Snorri Olsen, deildarstjóri í fjmrn., Skúli Eggert Þórðarson skattrannsóknarstjóri, Guðmundur Guðbjarnason, fyrrv. skattrannsóknarstjóri, Jónatan Þórmundsson prófessor, Rúnar B. Jóhannsson, löggiltur endurskoðandi og Árni Tómasson, löggiltur endurskoðandi. Fjórir þeir fyrstnefndu eru aðalhöfundar frv.

Þá sendi nefndin málið til umsagnar Félags löggiltra endurskoðenda, Íslenskrar verslunar, Lögmannafélags Íslands, Verslunarráðs Íslands og Neytendasamtakanna. Að teknu tilliti til fram kominna athugasemda hefur nefndin ákveðið að leggja fram það frv. sem ég mæli fyrir.

Virðulegi forseti. Ég vil nota þetta tækifæri til þess að þakka þeim sem unnu að samningu þessa frv. Þar vil ég nefna sérstaklega þá Skúla Eggert Þórðarson, skattrannsóknarstjóra og Guðmund Guðbjarnason, fyrrv. skattrannsóknarstjóra sem hafa verið nefndinni innan handar við alla meðferð málsins.

Frv. það sem hér liggur fyrir er í sex köflum. Í I. kafla eru breytingar á lögum um bókhald, í II. kafla breytingar á lögum um ársreikninga, í III. kafla breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, í IV. kafla breytingar á lögum um virðisaukaskatt, í V. kafla breytingar á lögum um yfirskattanefnd og í VI. kafla eru gildistökuákvæði.

Frv. þetta er liður í heildarendurskoðun viðurlagaákvæða í skattalögum og bókhaldslögum. Sérstakt frv. liggur fyrir til breytinga á 262. gr. almennra hegningarlaga, svo og hefur fjmrh. flutt frv. til breytinga á refsiákvæðum nokkurra skattalaga. Bæði þessi frumvörp hafa verið afgreidd úr nefndum til síðari umræðu og voru reyndar til 2. umr. á undan þessu máli.

Virðulegur forseti. Með þeim frumvörpum og því frv. sem ég mæli fyrir er stefnt að heilsteyptu og skilvirku átaki löggjafans gegn skattsvikum og bókhaldsbrotum. Í skýrslu nefndar, sem skipuð var af hálfu fjmrn. og kannaði umfang skattsvika, var komist að þeirri niðurstöðu að tekjutap ríkis og sveitarfélaga næmi 11 millj. kr. á ári vegna skattsvika. Neðanjarðarhagkerfið var talið hafa minnkað við upptöku staðgreiðslu og virðisaukaskatts en síðan hefur sigið aftur á ógæfuhliðina. Sambærileg könnun hafði áður verið gerð fyrir áratug og niðurstaða skattsvikanefndar hinnar fyrri var á þá lund að skattsvikin væru svipuð. Í niðurstöðum beggja skattsvikanefndanna var á það bent að refsingar fyrir bókhaldsbrot væru ónóg og nauðsynlegt væri að málsmeðferð og viðurlög við bókhaldsbrotum væru skilvirkari en verið hefði.

Efh.- og viðskn. telur að með því frv., sem liggur hér fyrir, sé verulegt átak gert til að vinna gegn bókhalds- og skattalagabrotum. Ætla verður að almenn varnaðaráhrif geti verið allnokkur. Þá eru hin nýju ákvæði ítarleg og til þess fallin að eyða óvissu um mörk löglegra athafna hvað bókhald varðar.

Í 1. gr. I. kafla frv. eru sex stafliðir. Um er að ræða breytingar á lögum nr. 145/1994, um bókhald. Hver stafliður er ný lagagrein í lögum um bókhald og skal hér gerð nokkur breyting fyrir hverjum þeirra.

A-liður 1. gr. frv. fjallar um hvaða saknæmisskilyrði eru fyrir refsiábyrgð og hvernig henni er háttað. Í ákvæðinu felst mikilvæg nýskipun refsimarka í tengslum við hin nýju ákvæði í 262. gr. almennra hegningarlaga. Í hegningarlagafrv. var gert ráð fyrir að brot gegn bókhaldslögum, ásetningslögum og gegn tilteknum ákvæðum skattalaga varðandi bókhald geti talist meiri háttar brot skv. 262. gr. hegningarlaga að uppfylltum tilteknum viðbótarskilyrðum þessa ákvæðis.

Ákvæði IV. kafla bókhaldslaga og X. kafla laga um ársreikninga í heild, svo og tvö tiltekin ákvæði skattalaga eru talin upp í 2. mgr. 262. gr. og eins er í þessum ákvæðum vísað til 2. mgr. 262. gr. hegningarlaga. Ef brot telst meiri háttar samkvæmt þessu liggur við því varðhald eða fangelsi allt að sex árum og heimilt er að beita fésektum til viðbótar refsivist. Þó er möguleiki samkvæmt ákvæðinu að dæma einungis í fésekt fyrir meiri háttar brot ef málsbætur eru miklar. Ef háttsemi telst ekki meiri háttar brot varðar hún venjulegum fésektum allt að hámarki því sem tilgreint er í 50. gr. hegningarlaga að hámarki 4 millj. kr. Sérstaklega er ákveðið að brot gegn b-lið frv. sem verður 37. gr. laganna skuli ætíð teljast meiri háttar brot og varðar þau því refsingu skv. 2. mgr. 262. gr. hegningarlaga án tillits til þess hvort eitthvert þeirra viðmiðunaratriða telst vera fyrir hendi sem talin eru upp í 3. mgr. 262. gr. hegningarlaga. Séu málsbætur miklar er þó eins og fyrr hefur verið sagt heimilt að dæma aðeins í fésekt fyrir brot sem telst minni háttar.

B-liður 1. gr. frv. tekur til háttsemi bókhaldsskyldra manna eða fyrirsvarsmanna bókhaldsskyldra lögaðila að undantekinni 2. mgr. ákvæðisins sem varðar refsiábyrgð annarra manna sem aðstoðar framangreinda menn við bókhaldsbrot eða stuðla að þeim á annan hátt. Eins og áður getur tekur ákvæðið til athafna og athafnaleysistilvika sem talin eru svo alvarlegs eðlis að rétt þykir að virða þau ætíð sem meiri háttar brot. Í stórum dráttum felast í verknaðarlýsingum hinna einstöku liða samhverf brot sem eru refsiverð án tillits til hugsanlegra afleiðinga þeirra. Frávik frá þessu almenna einkenni er í 4. tölul. sem lýsir því tjónsbroti að eyðileggja bókhaldsbækur eða bókhaldsgögn eða skjóta þeim undan, þ.e. áskilið er að tilteknar afleiðingar af háttseminni komi fram í eyðileggingu eða hvarfi gagnanna.

Í 1. tölul. er lýst þeirri alvarlegu vanrækslu að færa ekki tilskilið bókhald fyrir sjálfan sig eða þann lögaðila sem hinn brotlegi starfar fyrir þannig að hann uppfylli ekki kröfur laga í meginatriðum. Um vanrækslu, sem gengur skemmra að þessu leyti, er hins vegar fjallað í 1. tölul. c-liðar 1. gr. (38. gr. laganna) frumvarpsins og varðar það brot þá fésektum nema það uppfylli skilyrði 262. gr. hegningarlaga.

Í 2. tölul. er ákvæði sem er eðlilegt framhald af 1. tölul. og tekur til vanrækslu um að varðveita fylgiskjöl eða önnur bókhaldsgögn svo að ógerningur sé að rekja bókhaldsfærslur til viðskipta og byggja bókhaldsbækur og ársreikning á þeim. Um brot þar sem bókhald er ekki fært á nægilega skýran og aðgengilegan hátt þannig að erfitt sé að rekja viðskipti og notkun fjármuna má beita 2. tölul. c-liðar 1. gr. (38. gr. laganna).

Í 3. tölul. er fjallað um rangfærslu bókhalds eða

bókhaldsgagna, tilbúning gagna sem ekki eiga sér stoð í viðskiptum við aðra aðila og þá háttsemi að vantelja tekjur kerfisbundið, svo sem með tvöföldu tekjuskráningarkerfi og öðrum svipuðum athöfnum. Í 5. tölul. sama ákvæðis er fjallað um rangfærslu ársreiknings eða einstakra hluta hans. Öll rangfærslubrot falla undir b-lið 1. gr. (37. gr. laganna) og teljast því ætíð meiri háttar brot. Rétt þykir að gera þann fyrirvara að beitt skuli 158. gr. hegningarlaga ef skilyrði hennar eru uppfyllt þótt hámarksrefsing samkvæmt því ákvæði sé fangelsi allt að þremur árum.

Í 4. tölul. er ákvæði um þann sem eyðileggur bókhald sitt eða bókhald lögaðila sem hann starfar fyrir, hvort sem það nær til bókhaldsins í heild eða einstakra hluta þess, sömuleiðis ef hann skýtur þeim undan eða torveldar aðgang að þeim með öðrum hætti. Sama á við um hvers konar bókhaldsgögn.

Í 5. tölul. er fjallað um vanrækslu á að semja ársreikning er hafi að geyma þá reikninga og skýringar sem lög þessi kveða á um. Enn fremur er í ákvæðinu vikið að rangfærslu ársreikningsins eða einstakra hluta hans, eins og áður segir.

Í 2. mgr. er vikið að háttsemi manna sem aðstoða bókhaldsskyldan mann við brot þau sem lýst er í 1.–5. tölul. ákvæðisins eða stuðla að þeim á annan hátt. Með þessu ákvæði er fyrst og fremst átt við verklega aðstoð en þar sem því sleppir má beita hinu almenna ákvæði um hlutdeild í brotum skv. d-lið 1. gr. frumvarpsins (39. gr. laganna).

C-liður 1. gr. frv. fjallar um önnur bókhaldsbrot. Í því ákvæði eru sex töluliðir og sé ég ekki ástæðu til að fara mjög nákvæmlega yfir hvern fyrir sig en vil víkja að þeim nokkrum almennum orðum.

Brot þau sem í ákvæði þessu er lýst lúta að ýmis konar athöfnum og athafnaleysi bókhaldsskylds manns. Brot samkvæmt þessu ákvæði varðar yfirleitt fésektum en getur þó varðað þyngri refsingu ef brotin teljast meiri háttar skv. 262. gr. almennra hegningarlaga. Megineinkenni þessa lagaákvæðis er þó að lýst er ýmiss konar verknaði sem ekki telst vera eins alvarlegt brot og hliðstæðar verknaðarlýsingar b-liðar frv. sem ég rakti hér að framan.

Í 2. mgr. er ákvæði um hlutdeild. D-liður 1. gr. hefur að geyma tilvísun til III. kafla almennra hegningarlaga um tilraun og hlutdeild í brotum á lögum þessum eða að öðru leyti því sem lýst er í b- og c-liðum 1. gr. frv. þessa.

Refsimörk eru fésektir skv. 50. gr. almennra hegningarlaga.

E-liður 1. gr. um refsiábyrgð lögaðila er sama efnis hliðstæðum ákvæðum í því frv. sem hér liggur fyrir og varðar breytingar á nokkrum ákvæðum skattalaga er fjalla um málsmeðferð og viðurlög.

F-liður 1. gr. lýtur að málsmeðferð vegna brota á lögunum. Þar er meginreglan vitaskuld sú að hinn brotlegi sætir hefðbundinni sakamálameðferð af hálfu ákæruvalds og dómstóla. Í þessu ákvæði frv. er þó heimiluð önnur meðferð að sönnu nokkru vægari en aðalmeðferðin en hliðstæð við það sem heimilað er vegna refsiverðra brota á skattalögum.

Samkvæmt því ákvæði er gert ráð fyrir að skattrannsóknarstjóri ríkisins annist rannsókn vegna brota á lögum þessum, leggi mál fyrir yfirskattanefnd og komi fram af hálfu hins opinbera fyrir nefndina þegar hún úrskurðar sektir.

Skattrannsóknarstjóri ríkisins getur rannsakað brot á lögum þessum að eigin frumkvæði eða samkvæmt tilkynningu ríkisskattstjóra eða skattstjóra um að bókhaldsbrot hafi verið framið sbr. ákvæði 96. og 101. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt og 27. gr. laga um virðisaukaskatt eins og gert er ráð fyrir að þeim verði breytt við meðferð þessa frv.

Þá getur skattrannsóknarstjóri ríkisins á hvaða stigi rannsókna sem er vísað máli af sjálfsdáðun til opinberrar rannsóknar.

Sektarmeðferð yfirskattanefndar er lokuð málsmeðferð og úrskurðir yfirskattanefndar í málum af þessu tagi eru endanlegir. Yfirskattanefnd ákvarðar ekki vararefsingu og innheimta sektar fer samkvæmt lögum sem gilda um innheimtu opinberra gjalda.

Grundvallarregla í þessu sambandi er þó að hinn brotlegi getur hverju sinni skorast undan sektarmeðferð yfirskattanefndar og gildir þá meginregla laganna um málsmeðferð hjá lögreglu og dómstólum. Það er kunn staðreynd að bókhaldsbrot og brot á skattalögum fara alloft saman og því augljós hagræðing af því að unnt sé að sameina meðferð skattsvikamála og bókhaldsbrots.

Efh.- og viðskn. Alþingis hefur rætt þessa tilhögun allnokkuð og er þeirrar skoðunar að valkvæð refsimeðferð að þessu leyti sé til þess fallin að stuðla að einföldun, samræmingu og sparnaði við málsmeðferð án þess að réttaröryggis skattaðila sé á nokkurn hátt skert. Um sakarfyrningu í lokamálsgrein ákvæðisins er stuðst við fyrningarákvæði skattalaga en hefur verið gert nokkuð nákvæmara en áður hefur verið og er það í samræmi við túlkun yfirskattanefndar á þessu ákvæði.

Ég vil þá sérstaklega geta um það atriði að ekki verði tafir á rannsókn máls eða ákvörðun refsingar. Yfirskattanefnd hefur í allmörgum málum hafnað sektarbeitingu þar sem of langur tími hefur liðið frá því að endurákvörðun opinberra gjalda hefur lokið og þar til krafist hefur verið refsingar.

Virðulegur forseti. Næst mun ég víkja að helstu breytingum sem verða á lögum um ársreikninga skv. 3. gr. frv. Það ákvæði er í sjö stafliðum en ég sé ekki ástæðu til að fjalla sérstaklega ítarlega um þá alla heldur vísa til þess sem ég hef hér fjallað um þar sem mörg ákvæði ásetningslagafrv. eru af sama stofni og frv. um bókhald.

B-liður 3. gr. fjallar um háttsemi stjórnarmanna og framkvæmdastjóra þeirra félaga sem talin eru upp í 1. gr. laga um ársreikning og getur varðað refsingu samkvæmt frv. Þar eru alvarlegustu brot að láta undir höfuð leggjast að semja ársreikning, rangfæra þá eða einstaka hluta þeirra. Hvers konar rangfærsla á ársreikningum eða einstökum hlutum þeirra telst vera meiri háttar brot á lögunum og fellur undir 83. gr. laganna eins og hún verður samkvæmt frv.

C-liður 3. gr. nær til brota sem ekki teljast vera eins

alvarleg og b-liður greinar þessarar. Verknaðarlýsingar þar ganga skemur en brot á 83. gr. laganna svo sem einstök vanrækslubrot, birtingu ársreikninga eða ekki sé rétt staðið að kosningu endurskoðenda eða skoðunarmanna.

D-liður 3. gr. fjallar um tiltekin refsiverð brot löggiltra endurskoðenda og skoðunarmanna. Þar er lýst í þremur töluliðum brotum sem varða við ákvæðið. M.a. er lýst refsivert að framkvæma endurskoðun án þess að skilyrði laganna séu uppfyllt. Endurskoðandi má ekki vera háður stjórnendum félagsins, mökum þeirra né vera tengdur þeim eða fjárhagslega háður félaginu og áritun hans má ekki vera villandi. Þá mega störf endurskoðenda ekki brjóta í bág við góða endurskoðunarvenju.

Í III. og IV. kafla frv. er mælt fyrir um breytingar á nokkrum skattalögum og eru það allt breytingar sem leiða beint af ákvæðum í I. og II. kafla frv.

Virðulegur forseti. Ég tel að frv. það sem hér er mælt fyrir muni verða líklegt til að hvetja til góðrar reglusemi í bókhaldi og við ársreikninga. Mun það styrkja mjög þau lög sem Alþingi samþykkti rétt fyrir síðustu jól en höfðu því miður að geyma heldur fátækleg viðurlagaákvæði. Með frv. þessu hefur verið bætt úr því ástandi.

Virðulegur forseti. Þar sem efh.- og viðskn. flytur þetta frv. og hefur unnið að því á allmörgum fundum eftir jólaleyfið tel ég ekki þörf á að því verði vísað til nefndar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Útbýting þingskjals:
Vegalög, 314. mál, nál. samgn., þskj. 705

Sjúkraliðar, 1. umr.

Stjfrv., 386. mál (heildarlög). — Þskj. 620.

[18:56]

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um sjúkraliða sem er 386. mál þingsins á þskj. 620. Frv. þetta gerir ekki ráð fyrir miklum breytingum á ákvæðum gildandi laga, þær eru í höfuðatriðum aðeins tvær. Í fyrsta lagi er í 5. gr. frv. veitt heimild til þess að sjúkraliðar geti starfað sem stoðstétt lækna, ljósmæðra og sjúkraþjálfara. Og í 7. gr. er gert ráð fyrir því að umsögn Sjúkraliðafélags Íslands sé leitað hafi sjúkraliði verið sviptur starfsleyfi og standi til að ráðherra veiti honum leyfi aftur.

Þetta eru þær einu meginefnisbreytingar sem frv. gerir á gildandi lögum um sjúkraliða. Það kemur einnig fram í fskj. frá fjmrn., fjárlagaskrifstofu, að samþykkt frv. hafi ekki í för með sér nein bein áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

Virðulegi forseti. Ég leyfi mér að mælast til þess að frv. eigi greiða leið í gegnum hv. Alþingi, því verði vísað til heilbr.- og trn. og ég legg áherslu á að frv. verði afgreitt þaðan sem fyrst og gangi hér til atkvæða.

[18:58]

Guðrún J. Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Það frv. sem hér er mælt fyrir af hálfu hæstv. ráðherra mun vera liður eða afsprengi þeirra samninga sem gerðir voru við sjúkraliða um nýárið. Það var vel að samningar voru loksins gerðir milli viðsemjenda og vonum seinna sem það gerðist. Þetta frv. er því gott að því leyti að það á að kveða á nánar um reglur og réttindi sjúkraliða og er nauðsyn að svo verði.

Það er nú þannig að allar starfsstéttir, einkum og sér í lagi kvenna, finnast mér vera dálítið óóruggar um sinn hag. Hvar endar starf mitt og hvar byrjar starf þess næsta? Það hefur nánast rignt yfir okkur á þinginu alls konar athugasemdum við frv. og verða vafalaust teknar vandlega til athugunar í heilbr.- og trn. sem ég geri ráð fyrir að þetta frv. fari fyrir.

Eins og ég sé málið þá sýnist mér að það séu 3. gr. og 5. gr. sem hugsanlega gæti orðið einhver ásteytingarsteinn. Í 3. gr. stendur að óheimilt sé að ráða sem sjúkraliða aðra en þá sem hafa starfsleyfi samkvæmt lögum þessum sem þýðir þá að ef einhver hjúkrunarfræðingur eða hjúkrunarkona, sem hefur ekki sjúkraliðaleyfi, vildi komast í sjúkraliðastarf þá hefur hún ekki leyfi til þess þó hún hafi sennilega meiri menntun en ætlast er til.

Einnig eru ýmsir þættir í 5. gr. sem hjúkrunarfræðingar hafa gert miklar athugasemdir við og raunar hafa sjúkraliðar sjálfir líka sent inn athugasemdir og finnst þetta frv. alls ekki ganga nógu langt. Það verður margs að gæta þegar við í heilbr.- og trn. förum að fjalla um þetta frv. Ég læt í ljós þá von að við náum heilum sáttum í málinu og það finnist fletir sem allir geta sætt sig við.

Það munu ekki verða miklar umræður um frv. núna vegna þess að verið er að reyna að liðka fyrir því að þetta mál komist sem fyrst í nefnd og verði sem fyrst afgreitt. Ég vildi benda á að það eru 3. og 5. gr. sem gætu orðið einhverjir ásteytingarsteinar og ég vil líka undirstrika það að hver starfsstétt fyrir sig á rétt á því að starf hennar sé ákvarðað þannig í lögum og reglugerðum að fólk þurfi ekki að verða dauðhrætt um hag sinn gagnvart öðrum. Það skemmir vinnuandann á stofnunum og gerir fólk óhæfara til þess að fást við þann vanda sem þarf að leysa. Kannski gætu hagsmunir þriggja stétta rekist eitthvað saman. Það eru náttúrlega hjúkrunarfræðingar sem hafa mótmælt mikið og svo sjúkraliðar og svo Sóknarkonur en ég tek fram að engin mótmæli hafa borist frá þeim. Okkur er nokkur vandi á höndum að finna rétta leið út úr þessu máli en ég hef ekki trú á öðru en það verði reynt að gera það þannig að réttlætið nái fram að ganga og sjúkraliðar geti orðið ánægðir með hag sinn í þessu máli.

[19:02]

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Ég vildi aðeins benda á að 3. gr. í þessu frv. sem hljóðar svo: „Óheim-

ilt er að ráða sem sjúkraliða aðra en þá sem hafa starfsleyfi samkvæmt lögum þessum" er óbreytt frá sömu grein í gildandi lögum þannig að þarna er ekki verið að breyta neinu. Þarna er verið að kveða orðrétt á um það sama og í gildandi lögum.

Auðvitað er það svo að það er sjaldan sem það er sátt um alla hluti sem lagðir eru til. Sumum sýnist þetta ganga of skammt en öðrum of langt. Ég vil aðeins láta það koma fram að ég er eindreginn stuðningsmaður þessa frv. og fer þess á leit að það verði afgreitt.

[19:03]

Guðrún J. Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Sé 3. gr. óbreytt frá síðustu lögum verð ég að segja að mig undrar það stórlega að hún hafi verið svona.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Viðlagatrygging Íslands, 1. umr.

Stjfrv., 384. mál (álag á iðgjöld). — Þskj. 618.

[19:03]

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um Viðlagatryggingu Íslands. Frv. er aðeins í tveimur greinum ef gildistökugreinin er talið með. Í fyrri grein frv. er lagt til að við lögin um Viðlagatryggingu Íslands bætist ákvæði til bráðabirgða er hljóði svo:

„Á árunum 1995–1999 skal innheimta 10% álag á iðgjöld skv. 11. gr. Tekjur af þessu álagi á iðgjöld skulu renna í ofanflóðasjóð sbr. 10. gr. laga um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum ..."

Með þessu móti mundi ráðstöfunarfé ofanflóðasjóðs hækka úr liðlega 20 millj. kr. í um 80 millj. kr. en til viðbótar kæmu bein framlög á fjárlögum til sjóðsins. Eins og segir í greinargerð þarf vart að hafa mörg orð um nauðsyn þess að endurmeta allt áhættumat vegna snjóflóðahættu og gera átak í snjóflóðavörnum á Íslandi. Með því viðbótarfjármagni sem fengist með þessari lagabreytingu yrði unnt að gera átak í þessum efnum.

Virðulegi forseti. Ég leyfi mér að mælast til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

[19:05]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það er fljótgert að lýsa yfir afstöðu til málsins. Ég vil leyfa mér að upplýsa að af hálfu okkar alþýðubandalagsmanna er fullur stuðningur við efnisatriði þessa máls enda er það það sama í þessu frv. og var í frumvörpum sem við lögðum fram á tveimur þingum, breytingu á lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum og breytingu á lögum um Viðlagatryggingu Íslands þar sem við gerðum einmitt ráð fyrir þessu 10% álagi á iðgjöld til að fjármagna framkvæmdir í snjóflóðavörnum. Það var byggt á mati á framkvæmdaþörf eins og hún lá þá fyrir í ljósi hættumats, sem unnið hafði verið á allmörgum stöðum, og framkvæmda sem menn sáu fram á að yrði að ráðast í.

Ég vil taka fram að ég er ekki sammála því sem fram kemur í greinargerð eða lok hennar að með lagabreytingu þessari fáist nauðsynlegt viðbótarfjármagn til að gera nauðsynlegt átak í þessum efnum. Það þarf mun meira fjármagn til þess að gera nauðsynlegt átak á landinu öllu í snjóflóðavörnum en felst í frv. Hins vegar munar mikið um þetta fjármagn og ég held að það sé til verulegra bóta að frv. verði samþykkt. En menn mega ekki ganga út frá því að með því að samþykkja frv. hafi menn fjármagnað nauðsynlegar varnir að fullu. Það vantar mikið á að mínu mati.

Ég vil svo að lokum, virðulegi forseti, gera stuttlega athugasemd við upphaf greinarinnar þar sem segir að nýlega hafi nefnd skilað áliti o.s.frv. Það var á sl. hausti sem nefndin skilaði áliti sínu og félmrh. skilaði af sinni hálfu frv. um lagabreytingar fyrir jól og það var svo skilið að það frv., sem er nú til umræðu, hafi átt að fylgja með. En einhverra hluta vegna hefur þetta orðið viðskila og þetta frv. sem var eiginlega seinni hlutinn í tillögum nefndarinnar kemur ekki fram fyrr en 7. febr. og það er heldur laklegt að mínu viti þó að ég voni að það verði ekki til þess að frv. nái ekki fram að ganga. Ég vonast til að þingmenn geri það sem hægt er til að greiða götu málsins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lyfjalög, 1. umr.

Stjfrv., 403. mál (refsiákvæði o.fl.). — Þskj. 645.

[19:08]

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lyfjalögum, nr. 93/1994. Í frv. eru þrjár efnisgreinar. 1. gr. fjallar um að óheimilt sé að auglýsa lausasölulyf í sjónvarpi en eins og vitað er hefur verið heimilað með lyfjalögum, sem samþykkt voru hér á Alþingi á sl. ári að auglýsa lausasölulyf, þ.e. lyf sem ekki þarf lyfseðil út á. Hins vegar var rætt um það í hv. heilbr.- og trn. þegar sú heimild var veitt að nefndin liti svo á að ekki væri þó heimilt að auglýsa lausasölulyf í áhrifamesta fjölmiðli landsmanna sem væri sjónvarpið. Það hefur hins vegar komið í ljós að eins og frá lögunum er gengið er ekki nógu ótvírætt að auglýsing lausasölulyfja í sjónvarpi sé bönnuð. Mér er sagt að það hafi komið fram í heilbr.- og trn. Alþingis þegar hún hafði málið til meðferðar í fyrra að ef léki einhver vafi á því að auglýsing lausasölulyfja í sjónvarpi væri ekki heimil yrði að taka af þann vafa með lagasetningu. Þar sem á því leikur vafi nú að áliti heilbrrn. er ekki um annað að ræða en leggja fyrir nefndina tillögu um að af því verði tekinn allur vafi og er það gert í 1. gr.

Þá gerðist það í meðförum nefndarinnar í fyrra að vegna vangár féllu niður refsiákvæði í frv. og er gerð tillaga um að þau verði sett inn í gildandi lög og það er efni 2. gr.

Í 3. gr. er gerð tillaga um að ráðherra verði heimilt að setja í reglugerð ákvæði um takmörkun og eftirlit með framleiðslu og markaðssetningu tiltekinna efna sem nota má við ólöglega framleiðslu á ávana- og fíkninefnum. Talið er nauðsynlegt að fá þessa heimild inn í lög þar sem Evrópusambandið hefur nú þegar sett sérstaka tilskipun um þetta efni sem er tilskipun ráðsins nr. 92/109 frá 14. desember 1992 en höfð verður hliðsjón af þeirri tilskipun þegar reglugerð verður sett hér á landi. Ég mun að sjálfsögðu beita mér fyrir því að hv. heilbr.- og trn., sem fær málið væntanlega til meðferðar, fái eintak af þessari tilskipun og geti þá kynnt sér það með hvaða hætti reglugerðin verði sett.

Þá fylgir í fskj. umsögn frá fjárlagaskrifstofu fjmrn., þar sem ekki verður séð að frv. hafi nein áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

Virðulegi forseti. Ég leyfi mér síðan að leggja til að frv. þessu verði að lokinni umræðunni vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Greiðsla á bótum til þolenda afbrota, 1. umr.

Stjfrv., 411. mál. — Þskj. 659.

[19:12]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota á þskj. 659. Frv. er flutt í framhaldi af samþykkt Alþingis á þáltill. frá því í maí 1993 en 1. flm. þeirrar tillögu var hv. þm. Sólveig Pétursdóttir, formaður allshn.

Meginmarkmið frv. er að styrkja stöðu brotaþola með þeim hætti að ríkissjóður greiði bætur fyrir líkamstjón og miska vegna tjóns sem leiðir af broti á almennum hegningarlögum, svo og fyrir tjón á munum sem leiðir af slíku broti enda sé viðkomandi vistaður á stofnun ríkisins vegna afbrots eða gegn vilja sínum. Bætur vegna tjóns sem leiðir af broti á almennum hegningarlögum og tjónvaldur er dæmdur til að greiða tjónþola er í flestum tilvikum ekki raunverulegt verðmæti þar sem tjónþoli hefur í fæstum tilvikum möguleika á að greiða bæturnar og í mörgum tilvikum að hann hafi í náinn framtíð möguleika til þess. Meginákvæði frv. er að ríkið greiði bætur vegna líkamstjóns og miska sem leiðir af broti á almennum hegningarlögum. Almennt er það skilyrði að brotið sé framið innan lögsögu íslenska ríkisins.

Frv. gerir ráð fyrir því að ákvörðun um greiðslu bóta verði tekin af sérstakri nefnd, bótanefnd, og miðað er við að nefndin ákveði hvort skilyrði bótagreiðslu sé til staðar og fjárhæð bóta. Þegar dómur hefur gengið um bótakröfuna er almennt miðað við að bætur verði greiddar í samræmi við niðurstöður hans.

Að öðru leyti, herra forseti, vísa ég um efni frv. til þeirra athugasemda sem með fylgja. Ég bendi á fskj. um dóma sem dæmdir hafa verið í Héraðsdómi Reykjavíkur á árunum 1993 og 1994 og gætu fallið undir ákvæði frv.

Ég legg svo til, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almenn hegningarlög, 1. umr.

Stjfrv., 423. mál (meiðyrði í garð opinbers starfsmanns). — Þskj. 693.

[19:15]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Frv. það sem ég mæli fyrir um breytingar á almennum hegningarlögum felur að meginstefnu í sér að gert er ráð fyrir því að 108. gr. hegningarlaganna falli brott. Ég skipaði sérstaka nefnd til þess að fjalla um þetta álitaefni og um leið og fjallað var um hvort rétt væri að lögleiða ákvæði mannréttindasáttmála Evrópu. Það hefur nú verið gert eins og kunnugt er og í framhaldi af því nefndaráliti, sem fyrir liggur um þetta efni, hefur verið unnið það frv. sem hér liggur fyrir.

Nefndin sem um þetta fjallaði benti á nokkra kosti við útfærslu á þeim möguleikum sem fyrir hendi væru varðandi niðurfellingu á 108. gr. hegningarlaganna en almennt hefur það komið fram af minni hálfu í umræðum um þessi efni að ekki væri lengur unnt eða skynsamlegt að hafa sérstök ákvæði til þess að verja æru opinberra starfsmanna með þeim hætti sem nú er gert. Í ljósi breyttra aðstæðna og þeirra tillagna sem fyrir liggja í þessum efnum er lagt til að þessi meginbreyting verði gerð.

Að öðru leyti vísa ég til athugasemda með frv. og legg til að því verði vísað 2. umr. og hv. allshn. að lokinni þessari umræðu.

[19:17]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég lýsi yfir stuðningi við þetta mál af eðlilegum ástæðum. Ég hef á tveimur þingum flutt þingmál sem er að efni til það sama og felst í þessu stjfrv., þ.e. að felld verði úr almennum hegningarlögum 108. gr. þeirra laga.

Í fyrra sinnið var málinu vísað til nefndar en komst ekki þaðan og varð ekki útrætt. Í síðara sinnið var málið tekið út úr nefnd í maíbyrjun 1993. Þar klofnaði nefndin í tvo hluta, reyndar jafnstóra, og annar hlutinn mælti með að málið yrði samþykkt og hinn hlutinn mælti með því að málinu yrði vísað til ríkisstjórnarinnar. Það varð ekki vegna þess að þingfrestun bar óvenjubrátt að það vor þannig að ekki var gengið til 2. umr. og afgreiðslu á tillögum nefndarhlutanna.

Ég fagna því að hæstv. ráðherra hafi flutt þetta mál, einkum í ljósi þess að það voru flokksmenn hans sem lögðust gegn því fyrir tveimur árum að málið yrði sam-

þykkt og vænti ég þess að ráðherrann tryggi stuðning þeirra við málið að þessu sinni.

Virðulegi forseti. Ég vil ekki hafa frekari ræðuhöld um þetta mál. Það er nokkuð ljóst og hefur lengi vel verið allnokkuð umrætt í þjóðfélaginu en ég minni á að nefnd sú sem ráðherra vísað til skilaði af sér í apríl-mánuði 1993 frv. að lögum um að lögfesta Evrópusáttmálann en það var ekki fyrr en ári síðar 10. apríl 1994, þá eftir nokkra eftirgangsmuni að nefndin skilaði af sér tillögum varðandi 108. gr. Ég fékk ekki vitneskju um niðurstöðu nefndarinnar hvað það varðar fyrr en laust fyrir síðustu jól þegar ég fékk senda álitsgerð nefndarinnar frá dómsmrn.

Virðulegur forseti. Það er auðvitað fortíð að rifja upp gang málsins fram til þessa og ekki ætla ég að leggjast í sérstakan meting við ráðherrann eða stjórnarliða um framgang málsins heldur stuðla að því ásamt þeim að málið nái fram að ganga og bendi á að fyrir liggur í skjölum þingnefndarinnar álitsgerðir allmargra umsagnaraðila um efnið, þ.e. hvort fella eigi brott 108. gr. þannig að ég tel að slík gögn liggi fyrir frá allmörgum aðilum sem málið varðar, muni mjög flýta fyrir meðförum málsins nú í þinginu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Réttur til veiða í efnahagslögsögu Íslands, 1. umr.

Stjfrv., 404. mál (erlend eignaraðild að skipum). — Þskj. 646.

[19:21]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Það frv. sem liggur fyrir til breytinga á lögum um rétt til veiða í efnahagslögsögu Íslands er flutt til samræmis við annað frv. sem er til meðferðar á hinu háa Alþingi um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri. Meginefni beggja þessara frumvarpa lýtur að því að heimila svokallaða óbeina eignaraðild að sjávarútvegsfyrirtækjum. Eins og kunnugt er eru gildandi lög þess eðlis að erfitt hefur reynst að framkvæma þau. Hér er ekki gert ráð fyrir því að leyfð verði bein eignaraðild útlendinga að sjávarútvegsfyrirtækjum heldur stigið þetta mjög svo takmarkaða skref.

Herra forseti. Ég vísa svo að öðru leyti til athugasemda með frv. og legg til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

Umræðu frestað.

Út af dagskrá voru tekin 11., 16. og 20.–23. mál.

Fundi slitið kl. 19:23.

101. FUNDUR

þriðjudaginn 21. febr.,
kl. 2.45 miðdegis.

Dagskrá:

1. Kísilgúrverksmiðja við Mývatn, stjfrv., 323. mál, þskj. 491, nál. 629. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
2. Vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar, stjfrv., 324. mál, þskj. 492, nál. 664. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
3. Vernd barna og ungmenna, stjfrv., 197. mál, þskj. 223, nál. 668, brtt. 669. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
4. Tryggingagjald, stjfrv., 236. mál, þskj. 277, nál. 691. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
5. Virðisaukaskattur, stjfrv., 257. mál, þskj. 300, nál. 681. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
6. Samningsgerð, umboð og ógildir löggerningar, stjfrv., 99. mál, þskj. 102, nál. 685. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
7. Verslunaratvinna, stjfrv., 326. mál, þskj. 494, nál. 684. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
8. Almenn hegningarlög, stjfrv., 318. mál, þskj. 480, nál. 686, brtt. 687. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
9. Refsiákvæði nokkurra skattalaga, stjfrv., 319. mál, þskj. 484, nál. 682. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
10. Barnalög, stjfrv., 342. mál, þskj. 542, nál. 671, brtt. 672. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
11. Bókhald og ársreikningar, frv., 418. mál, þskj. 680. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
12. Viðlagatrygging Íslands, stjfrv., 384. mál, þskj. 618. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
13. Sjúkraliðar, stjfrv., 386. mál, þskj. 620. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
14. Lyfjalög, stjfrv., 403. mál, þskj. 645. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
15. Greiðsla á bótum til þolenda afbrota, stjfrv., 411. mál, þskj. 659. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
16. Almenn hegningarlög, stjfrv., 423. mál, þskj. 693. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
17. Grunnskóli, stjfrv., 126. mál, þskj. 131, nál. 666, 674, 675 og 678, brtt. 667, till. til rökst. dagskrár 676. — Frh. 2. umr.
18. Náttúruvernd, stjfrv., 123. mál, þskj. 128, nál. 640 og 656, brtt. 641. — Frh. 2. umr.
19. Embættisfærsla umhverfisráðherra, þáltill., 138. mál, þskj. 145, nál. 624 og 649, brtt. 650. — Síðari umr.
20. Vernd svæðislýsinga smárása í hálfleiðurum, stjfrv., 325. mál, þskj. 493. — 3. umr.
21. Mælingareglur skipa, stjfrv., 306. mál, þskj. 420, nál. 701. — 2. umr.
22. Vegalög, stjfrv., 314. mál, þskj. 454, nál. 705. — 2. umr.
23. Lánasjóður sveitarfélaga, stjfrv., 370. mál, þskj. 599. — Frh. 1. umr.
24. Félagsþjónusta sveitarfélaga, stjfrv., 401. mál, þskj. 643. — 1. umr.

25. Vatnsveitur sveitarfélaga, stjfrv., 409. mál, þskj. 655. — 1. umr.
26. Vátryggingastarfsemi, stjfrv., 402. mál, þskj. 644. — 1. umr.
27. Flugmálaáætlun 1994–1997, stjtill., 408. mál, þskj. 654. — Fyrri umr.
28. Vegtenging um utanverðan Hvalfjörð, stjtill., 429. mál, þskj. 700. — Fyrri umr. *Ef leyft verður.*
29. Framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum, stjfrv., 430. mál, þskj. 704. — 1. umr. *Ef leyft verður.* 30. Iðnþróunarsjóður, stjfrv., 426. mál, þskj. 697. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
31. Réttur til veiða í efnahagslögsögu Íslands, stjfrv., 404. mál, þskj. 646. — Frh. 1. umr.
32. Hvalveiðar, stjtill., 420. mál, þskj. 688. — Fyrri umr.
33. Verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf, stjfrv., 255. mál, þskj. 298. — Frh. 1. umr.
34. Gjald af áfengi, stjfrv., 256. mál, þskj. 299. — 1. umr.
35. Áfengislög, stjfrv., 269. mál, þskj. 318. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:
Jón Kristjánsson, 2. þm. Austurl.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 13. þm. Reykv.

Útbýting þingskjala:
Atvinnuréttindi skipstjórnarmanna, 316. mál, þskj. 703.
Hjúkrunarrými fyrir aldraða, 358. mál, svar heilbrrh., þskj. 690.
Opinber lögfræðiaðstoð, 433. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 708.
Starfshættir þjóðkirkjunnar, 432. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 707.
Umgengni um auðlindir sjávar, 431. mál, stjfrv. (sjútvrh.), þskj. 706.
Viðlagatrygging, 239. mál, nál. heilbr.- og trn., þskj. 709; brtt. heilbr.- og trn., þskj. 710.

Tilkynning um utandagskrárumræðu.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):
Í dag um kl. 3.00 fer fram utandagskrárumræða. Málshefjandi er hv. 4. þm. Suðurl., Margrét Frímannsdóttir, og beinir hún máli sínu til hæstv. iðnrh. Umræðuefnið er raforkukostnaður garðyrkjunnar og fer umræðan fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa.

Kísilgúrverksmiðja við Mývatn, frh. 2. umr.

Stjfrv., 323. mál (skatthlutfall, atvinnusjóður). — Þskj. 491, nál. 629.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:52]
1. gr. samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, GHH, GE, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, HG, IP, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, KHG, KÁ, MF, MB, ÓE, PJ, PBald, RA, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, SvG, TIO, VS, VE.
21 þm. (ÁJ, EKJ, FI, FrS, GuðjG, GB, GJH, HÁ, IBA, JÁ, JónK, KE, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, PP, SalÞ, StG, SJS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddur.

2.–4. gr. samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, FI, GHH, GE, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, IP, JE, JóhS, JBH, JHelg, JVK, KHG, KÁ, MF, MB, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RA, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÖS.
20 þm. (ÁJ, EKJ, FrS, GuðjG, GB, GJH, HÁ, HG, IBA, JÁ, JGS, JónK, KE, LMR, ÓÞÞ, PP, SalÞ, StG, SJS, ÞorstP) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 42 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, FI, GHH, GHall, GÁS, GHelg, GunnS, HBl, HG, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, KHG, KÁ, MB, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RA, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, SvG, TIO, VS, VE.
21 þm. (ÁJ, EKJ, FrS, GE, GuðjG, GB, GÁ, GJH, HÁ, IBA, JónK, KE, LMR, MF, ÓÞÞ, PP, SalÞ, StG, SJS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddur.

Vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 324. mál (brottfall laga). — Þskj. 492, nál. 664.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:53]
1. gr. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, HG, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, KHG, KÁ, MF, MB, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RA, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÖS.
16 þm. (ÁJ, EKJ, GuðjG, GB, GJH, HÁ, IBA, JónK, KE, LMR, ÓÞÞ, PP, SalÞ, StG, SJS, ÞorstP) fjarstaddir.

2. gr. samþ. án atkvgr.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, HG, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, KHG, KÁ, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBald, RA, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÖS.
15 þm. (ÁJ, EKJ, GuðjG, GB, GJH, HÁ, IBA, JónK, KE, LMR, ÓÞÞ, SalÞ, StG, SJS, ÞorstP) fjarstaddir.

Vernd barna og ungmenna, frh. 2. umr.

Stjfrv., 197. mál (barnaverndarstofa). — Þskj. 223, nál. 668, brtt. 669.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:54]
1. gr. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, HG, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, KHG, KÁ, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBald, RA, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÖS.
15 þm. (ÁJ, EKJ, GuðjG, GB, GJH, HÁ, IBA, JónK, KE, LMR, ÓÞÞ, SalÞ, StG, SJS, ÞorstP) fjarstaddir.

2.–4. gr. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GHall, GÁS, GHelg, GunnS, HBl, HG, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, KHG, KÁ, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBald, RA, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÖS.
16 þm. (ÁJ, EKJ, GuðjG, GB, GÁ, GJH, HÁ, IBA, JónK, KE, LMR, ÓÞÞ, SalÞ, StG, SJS, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 669,1 (tvær nýjar greinar, verða 5.– 6. gr.) samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, HBl, HG, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, KHG, KÁ, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBald, RA, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÖS.
16 þm. (ÁJ, EKJ, GuðjG, GB, GJH, GunnS, HÁ, IBA, JónK, KE, LMR, ÓÞÞ, SalÞ, StG, SJS, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 669,2 samþ. án atkvgr.
5. gr. (verður 7. gr.), svo breytt, samþ. án atkvgr.
6.–9. gr. (verða 8.–11. gr.) samþ. án atkvgr.

Brtt. 669,3 (ný grein, verður 12. gr.) samþ. án atkvgr.
Brtt. 669,4 samþ. án atkvgr.
10. gr. (verður 13. gr.), svo breytt, samþ. án atkvgr.
Brtt. 669,5 samþ. án atkvgr.
11. gr. (verður 14. gr.), svo breytt, samþ. án atkvgr.
12.–14. gr. (verða 15.–17. gr.) samþ. án atkvgr.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 43 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, FI, FrS, GHH, GE, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, HG, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, KHG, KÁ, MF, MB, ÓRG, PP, PJ, PBald, RA, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, VE, ÖS.
20 þm. (ÁJ, DO, EH, EKG, EKJ, GuðjG, GB, GJH, HÁ, IBA, JónK, KE, LMR, ÓE, ÓÞÞ, SalÞ, StG, SJS, SvG, ÞorstP) fjarstaddir.

Tryggingagjald, frh. 2. umr.

Stjfrv., 236. mál (sérstakur gjaldflokkur). — Þskj. 277, nál. 691.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:58]
Brtt. 1 í nál. 691 (ný 1. gr.) samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, FI, FrS, GHH, GE, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, HG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, KHG, KÁ, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBald, RA, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, VE, ÖS.
18 þm. (ÁJ, EKG, EKJ, GuðjG, GB, GJH, HÁ, IBA, JE, JónK, KE, LMR, ÓÞÞ, SalÞ, StG, SJS, SvG, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 2 í nál. 691 (ný 2. gr.) samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, HG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, KHG, KÁ, MF, MB, ÓRG, PP, PJ, PBald, RA, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÖS.
18 þm. (ÁJ, EKJ, GuðjG, GB, GJH, HÁ, IBA, JE, JónK, JVK, KE, LMR, ÓE, ÓÞÞ, SalÞ, StG, SJS, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 3 í nál. 691 samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, HG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, KHG, KÁ, MF, MB, ÓRG, PJ, PBald, RA, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, VE, ÖS.

19 þm. (ÁJ, EKJ, GuðjG, GB, GJH, HÁ, IBA, JE, JónK, KE, LMR, ÓE, ÓÞÞ, PP, SalÞ, StG, SJS, SvG, ÞorstP) fjarstaddir.

3. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.
4. gr. samþ. án atkvgr.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, HG, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, KHG, KÁ, MF, MB, ÓRG, PP, PJ, PBald, RA, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÖS.
16 þm. (ÁJ, EKJ, GuðjG, GB, GJH, HÁ, IBA, JónK, KE, LMR, ÓE, ÓÞÞ, SalÞ, StG, SJS, ÞorstP) fjarstaddir.

Virðisaukaskattur, frh. 2. umr.

Stjfrv., 257. mál (skráningarskylda, endurgreiðsla, álag o.fl.). — Þskj. 300, nál. 681.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:00]
1. gr. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, HG, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, KHG, KÁ, MF, MB, ÓRG, PP, PJ, PBald, RA, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÖS.
17 þm. (ÁJ, EgJ, EKJ, GuðjG, GB, GJH, HÁ, IBA, JónK, KE, LMR, ÓE, ÓÞÞ, SalÞ, StG, SJS, ÞorstP) fjarstaddir.

2.–3. gr. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, FrS, GHH, GE, GHall, GÁS, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, HBl, HG, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, KHG, KÁ, MF, MB, ÓRG, PP, PJ, PBald, RA, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÖS.
17 þm. (ÁJ, EKJ, FI, GuðjG, GB, HÁ, IBA, JónK, KE, LMR, ÓE, ÓÞÞ, RG, SalÞ, StG, SJS, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 1 í nál. 681 (tvær nýjar greinar, verða 4.–5. gr.) samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GHall, GÁS, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, HBl, HG, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, KHG, KÁ, MF, MB, ÓRG, PP, PJ, PBald, RA, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÖS.
15 þm. (ÁJ, EKJ, GuðjG, GB, HÁ, IBA, JónK, KE, LMR, ÓE, ÓÞÞ, SalÞ, StG, SJS, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 2 í nál. 681 (ný 4. gr., verður 6. gr.) samþ. án atkvgr.
5.–7. gr. (verða 7.–9. gr.) samþ. án atkvgr.
Brtt. 3 í nál. 681 (ný 8. gr., verður 10. gr.) samþ. án atkvgr.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GHall, GÁS, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, HBl, HG, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, KHG, KÁ, MF, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÖS.
16 þm. (ÁJ, EH, EgJ, EKJ, GuðjG, GB, HÁ, IBA, JónK, KE, LMR, ÓE, SalÞ, StG, SJS, ÞorstP) fjarstaddir.

Samningsgerð, umboð og ógildir löggerningar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 99. mál (EES-reglur). — Þskj. 102, nál. 685.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:03]
1. gr. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GHall, GÁS, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, HBl, HG, IP, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, KHG, KÁ, MF, MB, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÖS.
18 þm. (ÁJ, EgJ, EKJ, GuðjG, GB, HÁ, IBA, JÁ, JE, JónK, KE, LMR, ÓE, ÓRG, SalÞ, StG, SJS, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 1 í nál. 685 samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GHall, GÁS, GJH, GHelg, GunnS, HBl, HG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, KHG, KÁ, MF, MB, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÖS.
19 þm. (ÁJ, EgJ, EKJ, GuðjG, GB, GÁ, HÁ, IBA, JE, JónK, KE, LMR, ÓE, ÓRG, RG, SalÞ, StG, SJS, ÞorstP) fjarstaddir.

2. gr., svo breytt, samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GHall, GÁS, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, HBl, HG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, KHG, KÁ, MF, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÖS.
16 þm. (ÁJ, EKJ, GuðjG, GB, HÁ, IBA, JE, JónK, KE, LMR, ÓE, RA, SalÞ, StG, SJS, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 2 í nál. 685 samþ. án atkvgr.
3. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.
Brtt. 3 í nál. 685 samþ. án atkvgr.
4. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.
Brtt. 4 í nál. 685 samþ. án atkvgr.
5. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.
Brtt. 5 í nál. 685 samþ. án atkvgr.
6. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GHall, GÁS, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, HBl, HG, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, KHG, KÁ, MF, MB, ÓÞÞ, PJ, PBald, RA, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, SvG, VS, VE, ÖS.
18 þm. (ÁJ, EKJ, GuðjG, GB, HÁ, IBA, JónK, KE, LMR, ÓE, ÓRG, PP, RG, SalÞ, StG, SJS, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Verslunaratvinna, frh. 2. umr.

Stjfrv., 326. mál (takmörkun verslunarleyfis). — Þskj. 494, nál. 684.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:06]
Brtt. í nál. 684 (ný 1. gr.) samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GHall, GÁS, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, HBl, HG, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, KHG, KÁ, MF, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, RA, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÖS.
16 þm. (ÁJ, EKJ, GuðjG, GB, HÁ, IBA, JónK, KE, LMR, ÓE, PP, PBald, SalÞ, StG, SJS, ÞorstP) fjarstaddir.

2. gr. samþ. án atkvgr.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, FI, FrS, GHH, GE, GHall, GÁS, GJH, GHelg, GunnS, HG, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, KHG, KÁ, MF, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, RA, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÖS.
18 þm. (ÁJ, EKG, EKJ, GuðjG, GB, GÁ, HÁ, HBl, IBA, JónK, KE, LMR, ÓE, PP, PBald, SalÞ, StG, ÞorstP) fjarstaddir.

Almenn hegningarlög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 318. mál (skattalagabrot). — Þskj. 480, nál. 686, brtt. 687.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:07]
Brtt. 687 samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GHall, GÁS, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, HG, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, KHG, KÁ, MF, MB, ÓRG, PBald, RA, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÖS.
18 þm. (ÁJ, ÁMM, EKJ, GuðjG, GB, HÁ, HBl, IBA, JónK, KE, LMR, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, SalÞ, StG, ÞorstP) fjarstaddir.

1. gr., svo breytt, samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GHall, GÁS, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, HG, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, KHG, KÁ, MF, MB, ÓRG, PJ, PBald, RA, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÖS.
17 þm. (ÁJ, EKJ, GuðjG, GB, HÁ, HBl, IBA, JónK, JVK, KE, LMR, ÓE, ÓÞÞ, PP, SalÞ, StG, ÞorstP) fjarstaddir.

2. gr. samþ. án atkvgr.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, FI, FrS, GHH, GE, GHall, GÁS, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, HBl, HG, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, KHG, KÁ, MF, MB, ÓRG, PJ, PBald, RA, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÖS.
16 þm. (ÁJ, EKG, EKJ, GuðjG, GB, HÁ, IBA, JónK, KE, LMR, ÓE, ÓÞÞ, PP, SalÞ, StG, ÞorstP) fjarstaddir.

Refsiákvæði nokkurra skattalaga, frh. 2. umr.

Stjfrv., 319. mál. — Þskj. 484, nál. 682.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:08]
Brtt. í nál. 682 samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GHall, GÁS, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, HBl, HG, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, KHG, KÁ, MF, MB, PJ, PBald, RA, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÖS.
17 þm. (ÁJ, EKJ, GuðjG, GB, HÁ, IBA, JónK, JVK, KE, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, SalÞ, StG, ÞorstP) fjarstaddir.

1.–3. gr., svo breyttar, samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GHall, GÁS, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, HG, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, MB, PJ, PBald, RA, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÖS.
17 þm. (ÁJ, EKJ, GuðjG, GB, HÁ, HBl, IBA, JónK, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, SalÞ, StG, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

4. gr. samþ. án atkvgr.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GHall, GÁS, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, HBl, HG, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, PJ, PBald, RA, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÖS.
16 þm. (ÁJ, EKJ, GuðjG, GB, HÁ, IBA, JónK, LMR, MB, ÓE, ÓÞÞ, PP, SalÞ, StG, SvG, ÞorstP) fjarstaddir.

Barnalög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 342. mál (réttur til upplýsinga um barn o.fl.). — Þskj. 542, nál. 671, brtt. 672.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:09]
1. gr. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GHall, GÁS, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, HG, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, MB, ÓRG, PJ, RA, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÖS.
16 þm. (ÁJ, EKJ, GuðjG, GB, HÁ, HBl, IBA, JónK, LMR, ÓE, ÓÞÞ, PP, PBald, SalÞ, StG, ÞorstP) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GHall, GÁS, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, HG, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, MB, ÓRG, PJ, PBald, RA, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÖS.
17 þm. (ÁJ, EgJ, EKJ, GuðjG, GB, HÁ, HBl, IBA, JónK, LMR, ÓE, ÓÞÞ, PP, SalÞ, StG, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 672 samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GHall, GÁS, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, HG, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, MB, PP, PJ, PBald, RA, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÖS.
16 þm. (ÁJ, EgJ, EKJ, GuðjG, GB, HÁ, HBl, IBA, JónK, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, SalÞ, StG, ÞorstP) fjarstaddir.

3. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.
4.–6. gr. samþ. án atkvgr.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GHall, GÁS, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, HG, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, MB, PP, PJ, PBald, RA, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÖS.
15 þm. (ÁJ, EKJ, GuðjG, GB, HÁ, HBl, IBA, JónK, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, SalÞ, StG, ÞorstP) fjarstaddir.

Bókhald og ársreikningar, frh. 1. umr.

Frv. efh.- og viðskn., 418. mál (viðurlög og málsmeðferð, breyting ýmissa laga). — Þskj. 680.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:11]
Frv. vísað til 2. umr. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GHall, GÁS, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, HG, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, MB, ÓRG, PP, PJ, PBald, RA, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÖS.
15 þm. (ÁJ, EgJ, EKJ, GuðjG, GB, HÁ, HBl, IBA, JónK, LMR, ÓE, ÓÞÞ, SalÞ, StG, ÞorstP) fjarstaddir.

Viðlagatrygging Íslands, frh. 1. umr.

Stjfrv., 384. mál (álag á iðgjöld). — Þskj. 618.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:12]
Frv. vísað til 2. umr. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GHall, GÁS, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, HBl, HG, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, MB, ÓRG, PP, PBald, RA, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÖS.
14 þm. (ÁJ, EKJ, GuðjG, GB, HÁ, IBA, JónK, LMR, ÓE, ÓÞÞ, PJ, SalÞ, StG, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Sjúkraliðar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 386. mál (heildarlög). — Þskj. 620.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:12]
Frv. vísað til 2. umr. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GHall, GÁS, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, HBl, HG, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, MB, ÓRG, PP, PJ, PBald, RA, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÖS.
14 þm. (ÁJ, EKJ, GuðjG, GB, HÁ, IBA, JónK, LMR, ÓE, ÓÞÞ, RG, SalÞ, StG, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Lyfjalög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 403. mál (refsiákvæði o.fl.). — Þskj. 645.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:13]
Frv. vísað til 2. umr. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GHall, GÁS, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, HG, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, MB, PP, PJ, PBald, RA, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÖS.
16 þm. (ÁJ, EKJ, GuðjG, GB, HÁ, HBl, IBA, JónK, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, SalÞ, StG, SvG, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Greiðsla á bótum til þolenda afbrota, frh. 1. umr.

Stjfrv., 411. mál. — Þskj. 659.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:14]
Frv. vísað til 2. umr. með 43 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, FrS, GHH, GE, GHall, GÁS, GÁ, GJH, GHelg, HG, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JVK, KHG, KÁ, MF, MB, PP, PJ, PBald, RA, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÖS.
20 þm. (ÁJ, EKJ, FI, GuðjG, GB, GunnS, HÁ, HBl, IBA, JHelg, JónK, KE, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, SalÞ, StG, SvG, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Almenn hegningarlög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 423. mál (meiðyrði í garð opinbers starfsmanns). — Þskj. 693.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:14]
Frv. vísað til 2. umr. með 43 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, FrS, GHH, GE, GHall, GÁS, GJH, GHelg, GunnS, HG, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, KHG, KÁ, KE, MF, MB, PP, PJ, PBald, RA, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÖS.
20 þm. (ÁJ, EKJ, FI, GuðjG, GB, GÁ, HÁ, HBl, IBA, JHelg, JónK, JVK, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, SalÞ, StG, SvG, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Afbrigði um dagskrármál.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):
Þannig háttar til með 28., 29. og 30. dagskrármál að of skammt er liðið frá útbýtingu þeirra. Til þess að þau megi koma á dagskrá þarf að leita afbrigða og verður þeirra nú leitað.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Afbrigði samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GHall, GÁS, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, HG, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, MB, ÓRG, PP, PJ, PBald, RA, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÖS.
15 þm. (ÁJ, EKJ, GuðjG, GB, HÁ, HBl, IBA, JHelg, JónK, LMR, ÓE, ÓÞÞ, SalÞ, StG, ÞorstP) fjarstaddir.

Umræður utan dagskrár.
Raforkukostnaður garðyrkjunnar.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):
Eins og tilkynnt hafði verið þá hefst nú utandagskrárumræða að beiðni hv. 4. þm. Suðurl. og beinir hún máli sínu til hæstv. iðnrh. Umræðuefnið er raforkukostnaður garðyrkjunnar. [15:16]

Margrét Frímannsdóttir:
Virðulegi forseti. Samanlagt flatarmál gróðurhúsa á Íslandi er um 170 þúsund fermetrar. Verðmæti gróðurhúsanna er talið vera um 1,8 milljarðar kr. og eru þá ekki meðtaldar þær 400 millj. kr. sem felast í í aðstöðuhúsum né þau verðmæti sem bundin eru í íbúðarhúsum. Á árinu 1990 var framleiðsluverðmæti blóma og grænmetis um 1 milljarður kr. Heilsársstörf eru tal-

in vera um 350 í þessari framleiðslu, auk um 200 sumarstarfa. Ef reiknað er með að tvö störf í þjónustu tengist hverju ársstarfi í frumframleiðslu má gera ráð fyrir að á annað þúsund manna vinni við garðyrkjuna. Þessi framleiðsla hefur aldrei notið styrkja svo að neinu nemi né verðábyrgða.

Það er alveg ljóst að rekstrarskilyrði garðyrkjunnar eru ekki ásættanleg í því markaðsumhverfi sem hún býr við. Íslensk garðyrkja er að keppa við erlenda garðyrkju sem nýtur verulegra styrkja. Í skýrslu sem Markús Möller vann fyrir landbrn. kemur fram að þessir samkeppnisaðilar njóta styrkja sem nema um 10–20% af framleiðsluverðmæti og að byggingarkostnaður er mun hærri hér en í garðyrkju samkeppnisaðilanna.

Eins og rekstrarumhverfi græna geirans er nú hér á landi er útflutningur afurða ekki mögulegur. Sem dæmi um þetta get ég nefnt að sl. haust athugaði einn garðyrkjubóndi í Hveragerði möguleika á að flytja blóm til Svíþjóðar og selja þar. Markaðurinn og áhugi Svía var fyrir hendi en hvernig sem reiknað var reyndist það verð sem bóndinn þurfti að fá fyrir afurð sína um 20% of hátt miðað við verðlag í Svíþjóð og þar var ekki síst um að kenna of háu orkuverði. Við það bætist að Ísland samdi eitt ríkja um einhliða innflutningsheimildir í EES. Þann fórnarkostnað sem af þeim hlaust hafa íslenskir garðyrkjubændur orðið að bera bótalaust ef frá eru talin tolla- og gjaldaniðurfelling á rekstrarvörum, svo sem perum og græðlingum. Enn hefur ekki verið tekin ákvörun um útfærslu tollígilda á garðyrkjuafurðum vegna GATT-samninga og á meðan svo er hangir framtíð íslenskrar garðyrkju í lausu lofti.

Aðstæður á markaði og fyrirsjáanleg opnun markaðarins vegna EES og GATT-samninganna hafa hvatt framleiðendur í garðyrkju til að hagræða í rekstri og fjárfesta í lýsingar- og kolsýrubúnaði til að auka nýtingu annarra fjárfestinga og lækka framleiðslukostnað. Þrátt fyrir þessar aðgerðir er rekstrarumhverfi garðyrkjunnar með þeim hætti að útflutningur er, eins og ég sagði áðan, ekki mögulegur sem er bagalegt vegna þess að framleiðslugeta fyrirtækjanna er töluvert meiri en sem svarar eftirspurn innan lands. Það segir þó ekki alla söguna. Til þess að geta nýtt fjárfestingarnar og sinnt innanlandsmarkaði á veturna þarf að lýsa á ræktunina. Hér á landi þarf t.d. um helmingi meiri orku en í Hollandi til að framleiða sama magn afurða á tímabilinu frá október til marsloka miðað við sömu gæði.

Þegar orkukostnaður garðyrkjustöðva er skoðaður kemur fram að orkan er of stór hluti af rekstrarkostnaði þeirra miðað við aðstæður á markaði og í raforkumálum. Nú er orkan að meðaltali um 15% af rekstrarkostnaði garðyrkjustöðva. Frá 1. jan. 1993 hefur verið í gildi samningur milli garðyrkjubænda og Landsvirkjunar um kaup á svokallaðri umframorku í gegnum orkukaupasamlög. Samkvæmt þessum samningi fá þeir einnar krónu afslátt á hverja kwst. sem þeir kaupa umfram þá orku sem þeir keyptu 1992. Garðyrkjubændur telja eðlilegra að miða við notkun ársins 1990, en með því yrði meira tillit tekið til þeirrar þróunar sem átt hefur sér stað á undanförnum árum. Þessi breyting á viðmiðunarári mundi skila garðyrkjunni um 7 millj. kr. á ári í afslátt í stað tæpra 3 millj. miðað við orkunotkun síðasta árs.

Stærstur hluti raforku sem notaður er til gróðurlýsinga er nú keyptur samkvæmt víkjandi taxta. Í því felst að Rariks gefur rofið raforku til lýsingar þegar orkukaup Rarik frá Landsvirkjun eru umfram umsamið afl. Á meðan á þessu rofi stendur verða garðyrkjubændur að greiða þrefalt verð fyrir orkuna. Mikil rof þýða einnig að það dregur úr gæðum vörunnar og jafnvel að hún ónýtist.

Þegar samningur garðyrkjubænda og Landsvirkjunar var gerður var miðað við að roftími taxta víkjandi orku yrði um 200 klukkustundir. Roftími síðasta árs var hins vegar 339 klukkustundir og í dag er roftíminn kominn yfir 230 klukkustundir frá áramótum. Nú er daglegur roftími í Hverageröi t.d. 14 klukkustundir á dag og honum fylgir veruleg hækkun á orkukostnaði fyrir þá bændur sem verða að lýsa á þeim tíma. Þetta gerist þrátt fyrir næga raforkuframleiðslu og flutningsgetu kerfisins.

Í fyrradag var einhver mesti blómasöludagur ársins, en vegna tíðra rofa og lágrar spennu er framleiðslan langt frá því að vera nægjanleg og gæði blómanna minni en væri ef eðlileg lýsing hefði náðst. Garðyrkjan ræður einfaldlega ekki við að greiða þetta háa orkuverð við þau skilyrði sem henni eru búin.

Rarik óskaði eftir því við Landsvirkjun nú í haust að aflkaupum þeirra yrði breytt þannig að roftíminn þyrfti ekki að vera óeðlilega mikill. Þeirri ósk var hafnað. Ég spyr iðnrh. hvort hann hyggist beita sér fyrir því að samningar Rariks og Landsvirkjunar verði endurskoðaðir vegna þess hve tíð rof hafa verið hjá notendum víkjandi orku á þessu og síðasta ári og hvort komið verði í veg fyrir að garðyrkjubændur séu beittir refsigjaldi vegna gróðurhúsalýsinga á roftíma. Það er vitað hver orkunotkun garðyrkjunnar þarf að vera hjá hverri veitu fyrir sig og ætti þess vegna að vera hægt að undanskilja garðyrkjuna þegar gripið er til roftíma. Garðyrkja er þýðingarmikil atvinnugrein hér á landi og það verður að skapa henni skilyrði í samræmi við þá stöðu.

Samband garðyrkjubænda hefur óskað eftir því að viðmiðunarmörk raforkusamninga þeirra verði færð aftur og að raforkuverð til lýsinga verði lækkað verulega. Ég spyr iðnrh. hvort hann sé reiðubúinn að beita sér fyrir lækkun á orkuverði til garðyrkjunnar í samræmi við óskir þeirra. Mun ráðherra beita sér fyrir því að gerðir verði fastir orkusölusamningar við garðyrkjubændur sem tryggi þeim eðlilegan aðgang að orku á sanngjörnu verði sem taki mið af markaðsskilyrðum?

[15:22]

Iðnaðarráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Rarik tók upp svokallaðan víkjandi taxta hinn 1. jan. 1992. Um er að ræða forgangsorku sem má rjúfa meðan stýring afltopps er virk. Þessi taxti er þannig miðaður við að notkun samkvæmt honum myndi ekki afltopp hjá Rarik. Taxtinn er sérstaklega sniðinn að starfsemi sem lagst getur nið-

ur tímabundið meðan rofið er. Þó er heimilt að leyfa afhendingu orku á stýritíma með 10% álagi til að mæta orkutapi.

Á þessu ári, einkum nú í febrúar, hefur stýritíminn verið óvenjulangur. Það á hins vegar ekki við um sl. ár eins og ég mun koma að á eftir. Stýritíminn ræðst fyrst og fremst af veðurfari. Þegar mjög kalt er í veðri verður hitunarálag mjög mikið jafnframt því sem rennsli til virkjana Rariks er þá í lágmarki. Um þessar mundir er orkuvinnsla í Lagarfossvirkjun óveruleg. Þegar svo bætist við sérstakt álag, t.d. vegna frystingar og bræðslu loðnu, eykst stýritími enn. Það er einmitt á þessum árstíma sem þörf er fyrir lýsingu í gróðurhúsum er hvað mest. Þessi árstíðarsveifla í orkunotkun endurspeglast í orkuverðinu og er verðið hjá Landsvirkjun fyrir orkuna tvöfalt hærra á veturna en á sumrin. Rarik hefur sagt þeim sem vilja nýta sér taxtann fyrir víkjandi orku að búast megi við að roftíminn sé að jafnaði 300–400 klukkustundir á ári. Í þessu sambandi má nefna að roftíminn var 322 stundir 1992, 382 stundir 1993, 339 stundir 1994 og í gærkvöldi var roftíminn orðinn 311 stundir frá áramótum. Rofið var því hvorki á síðasta ári né á árunum 1992–1993 meira en notendur gátu vænst. Hins vegar stefnir í að svo verði á þessu ári. Eigi að síður hefur Rarik aukið afláskrift sína um 2,4 mw. frá síðasta ári.

Ráðuneytið hefur rætt bæði við starfsmenn Rariks og Landsvirkjunar og beðið þá um að ræða sín á milli hvort unnt sé að breyta þessari skipan með það að markmiði að stytta roftímann. Rarik hefur formlega farið fram á það við Landsvirkjun að fá breytingu á samningnum um áskriftarafl til að stytta þennan roftíma. Landsvirkjun hefur hins vegar ekki talið sér fært að koma til móts við þessa ósk án undangenginna viðræðna við allar rafveitur sem eru í viðskiptum við fyrirtækið. Þær viðræður munu fara fram á næstu vikum.

Þá er spurt hvort það verði komið í veg fyrir að garðyrkjubændur séu beittir refsigjaldi vegna gróðurlýsingar á roftíma. Þeir, eins og aðrir sem kaupa raforku af orkusölufyrirtækjunum, undirgangast þá söluskilmála sem koma fram í gjaldskrám fyrirtækjanna. Sama gildir um viðskipti milli orkufyrirtækjanna. Á stýritíma þarf Rarik þannig að greiða umframaflgjald til Landsvirkjunar vegna aflkaupa umfram áskriftarafl. Iðnrh. getur ekki vísað Rarik á að senda þann reikning annað en til þeirra sem þjónustunnar njóta. Þess má geta að á árinu 1991 var umframaflgjald í gjaldskrá Landsvirkjunar lækkað verulega með það fyrir augum að koma í veg fyrir að orkufyrirtækin noti dísilstöðvar til að framleiða raforku á stýritíma.

Þá er spurt hvort ráðherra sé reiðubúinn að beita sér fyrir lækkun á orkuverði til garðyrkjunnar í samræmi við óskir garðyrkjubænda. Ef þingmaðurinn á við að garðyrkjubændur eða aðrir raforkunotendur ákveði sjálfir verðið á því rafmagni sem þeir vilja greiða er svarið nei, það getur iðnrh. ekki. Ég hef hins vegar reynt og mun áfram reyna að stuðla að því að garðyrkjan eins og aðrar atvinnugreinar fái rafmagn á eins lágu verði og aðstæður leyfa.

Á undanförnum árum hafa raforkufyrirtækin gert ýmislegt til að stuðla að aukinni raflýsingu í gróðurhúsum og þannig reynt að hlúa að þeirri nýsköpun sem þar á sér stað. Fyrirtækin hafa sömuleiðis tekið þátt í margvíslegu samstarfi í þessu efni. Meðal þess sem nefna má er að í heildsölugjaldskrá Rariks er heimild til samrekstrarsamninga við rafveitur. Samningur milli Rariks og rafveitustofnunar Hveragerðis tók gildi 1. jan. 1991 og hafa bæði veitustjóri og garðyrkjubændur lýst sérstakri ánægju með þann samning.

Þegar hefur verið getið víkjandi taxta fyrir rafmagn sem Rarik tók upp í byrjun árs 1992. Sá taxti var sérstaklega sniðinn að þessari notkun. Í október 1992 samþykkti stjórn Landsvirkjunar almenna söluskilmála um sölu á umframrafmagni. Samkomulagið fól í sér að fyrirtækið veitti einnar krónu afslátt á hverja kwst. í viðbótarraforkusölu umfram 300 mwst. á ári. Sérstakt samkomulag var gert við garðyrkjubændur sem heimilaði þeim að mynda samlög um orkukaupin og fá þeir því afslátt á alla aukningu. Slíkir samningar hafa ekki verið gerðir við aðra aðila að sama skapi.

Þá hafa Landsvirkjun og Rarik tekið þátt í samstarfshópi með Búnaðarsambandi Suðurlands, Sambandi garðyrkjubænda, atvinnuráðgjöf Suðurlands, Garðyrkjuskóla ríkisins, landbrn., iðnrn. o.fl. um rannsóknarverkefni á lýsingu tómat- og paprikuplantna. Rarik tekur þegar þátt í forverkefni til að kanna áhrif lýsingar á tómatplöntur og fjármagnaði fyrirtækið tímabundið kaup á lömpum í gróðurhús til að verkefnið gæti farið af stað strax upp úr sl. áramótum. Ef samkomulag næst um að fara út í stærra rannsóknarverkefni, sem áætlað er að taki þrjú ár og lýtur að lýsingu bæði tómat- og paprikuplantna, munu Rarik og Landsvirkjun væntanlega taka þátt í verkefninu með afslætti og með því að leggja til mælistöðvar. Verkefninu er m.a. ætlað að leita svars við því hvort raunhæft sé að nota lýsingu á þessar plöntutegundir, hvort slík ræktun verði arðbær og veita upplýsingar um hvernig ná megi sem mestum árangri við sem lægstum kostnaði.

Virðulegi forseti. Ég hef ekki tíma til að svara fjórðu og síðustu spurningu hv. þm. en mun reyna að gera það í síðari ræðutíma mínum hér á eftir.

[15:28]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Mér finnst að hv. 4. þm. Suðurl. hefði ekki einasta átt að beina máli sínu til hæstv. iðnrh. vegna þess að það er fullkomin ástæða til þess að ræða þetta mál við hæstv. utanrrh. og hæstv. landbrh. líka. Hæstv. utanrrh. hefur fórnað hagsmunum garðyrkjunnar og hæstv. landbrh. hefur látið hann gera það án þess að reisa þar við rönd. Þannig að það er ekki bara við hæstv. iðnrh. að tala um þetta mál.

Það er búið að koma garðyrkjunni í þrot og það er fyrst og fremst með stjórnvaldsaðgerðum. Það er út af fyrir sig gott og blessað að biðja um lægra orkuverð en á því er náttúrlega sá hængur að annaðhvort verður að hækka taxta einhvers staðar annars staðar ellegar að auka við halla orkufyrirtækjanna og hvorugur kosturinn er góður. Landsvirkjun hefur, eins og kom fram í ræðu hæstv. iðnrh., komið talsvert til móts við garðyrkjuna með afslætti síðan 1993. Og mér var það sér-

stakt ánægjuefni og beitti mér sérstaklega fyrir því í stjórn Landsvirkjunar að þessi afsláttur yrði veittur. Samþykktin um viðmiðunina var gerð þá undir þeim kringumstæðum sem þá voru svo að ég sé ekki alveg einfaldan flöt á því að færa klukkuna aftur til 1990 eins og hv. 4. þm. Suðurl. lagði til.

Orkufyrirtækin þurfa náttúrlega að koma inn í tilraunastarfsemina og hafa vilja til þess. Ég vil láta það koma hér fram að það er Rarik sem rýfur en ekki Landsvirkjun. Það er sjálfsagt að kanna hvort hægt er að koma þarna að einhverjum mýkri skilyrðum og almennt séð tel ég að það sé eðlilegt miðað við kringumstæður að reyna að koma eftir því sem mögulegt er til móts við garðyrkjuna í hennar miklu erfiðleikum.

[15:30]

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Margréti Frímannsdóttur fyrir að taka þetta mál upp. Að mínu mati er hér fyrst og fremst um að ræða stefnumótun raunverulega gagnvart íslenskum iðnaði og ekki síst ylrækt, en ekki bara þá útfærslu sem við erum að reyna hér og þær lausnir sem bent hefur verið á að séu misgreiðar. Við erum að tala um á hvern hátt sé hægt að nýta raforku landsins til atvinnusköpunar og til verðmætasköpunar og það er það sem fyrst og fremst skiptir máli.

Raforka til stóriðju hefur löngum sætt sérmeðferð og mikið reynt til þess að markaðssetja hana, en við kvennalistakonur höfum ávallt bent á að það væri mun nær að líta frekar sér nær og styðja við bakið á þeim greinum sem þegar hafa sýnt sig hér og er töluverð þekking fyrir hendi í, eins og t.d. í ylrækt, sem er góður kostur í atvinnulífi landsins, þrátt fyrir mismunandi samninga sem gerðir hafa verið og hafa gert þessum atvinnugreinum erfiðara fyrir. Þetta finnst mér fyrst og fremst skipta máli. Við erum að tala um atvinnugrein þar sem stofnkostnaður er ekki gífurlegur. Við erum að tala um atvinnugrein þar sem við höfum byggt upp þekkingu. Við erum að tala um atvinnugrein þar sem við höfum ákveðið forskot, þar sem við höfum bæði ylinn úr iðrum jarðar og við höfum aðgang að raforku, sem á stundum virðist vera hægt að falbjóða hér býsna hressilega. Það er þetta sem mér finnst við fyrst og fremst þurfa að horfa í hér. Það eru mörg störf í húfi og það eru einnig mikilvægir hagsmunir einstakra byggðarlaga í húfi og við höfum hreinlega ekki efni á því að segja: Íslenskt, já takk, en framfylgja því svo ekki í þessu máli.

[15:32]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Hæstv. iðnrh. gaf það til kynna hér áðan að það væru takmörk fyrir því hvað ráðuneytið gæti beitt sér í þessu máli. Iðnrn. hefur engu að síður á undanförnum mánuðum verið að leita eftir samningsaðilum víða um veröldina til þess að kaupa ódýra orku á Íslandi og m.a. bankað upp á hjá aðilum í Sviss sem lýstu því yfir að þeir hefðu ákveðið að sýna iðnrh. þá kurteisi að ræða við hann.

Nú vill svo til, hæstv. iðnrh., að á Íslandi eru orkukaupendur í garðyrkju sem samanlagt eru öflugur orkukaupandi sem eru líka reiðubúnir að kaupa viðbótarorku og tryggja föst viðskipti. Það eru tvíþætt rök fyrir því að stjórnvöld, sérstaklega iðnrn. eigi að beita sér fyrir samningum við garðyrkjubændur og draga Landsvirkjun og Rarik að samningsborði um þetta mál. Í fyrsta lagi eru þau rök að það viðurkenna allir nauðsyn nokkurra ára aðlögunartíma vegna þeirra erlendu samninga sem hér var vikið að áðan. Í öðru lagi er ljóst að við eigum í garðyrkjunni mikilvæga auðlind til þess að styrkja markaðsímynd Íslands sem framleiðanda á vöru sem menn geta treyst og er dýrmæt í menguðum heimi. Það er hlutur í alþjóðlegri markaðssókn Íslendinga, samkeppnisstöðu okkar í veröldinni og á þess vegna að vera þáttur í atvinnuuppbyggingu framtíðarinnar.

Landsvirkjun tók þá ákvörðun að gera sérsamninga við fiskimjölsverksmiðjur, loðnuverksmiðjur, vegna þess að það var talið skynsamlegt. Það eru þess vegna ærin dæmi um að það er hægt að taka frumkvæði í þessu máli ef viljinn er fyrir hendi og ég skora á hæstv. ráðherra að búa nú til umræðuborð, samningaborð um þetta mál þar sem ráðuneytið, Landsvirkjun, Rarik og garðyrkjubændur koma allir að og leysa málið á næstu vikum.

[15:34]

Eggert Haukdal:

Virðulegi forseti. Það er orðið ærið oft sem við stöndum frammi fyrir umræðu á hv. Alþingi einmitt um garðyrkjuna. Það var síðast fyrir forgöngu hv. 5. þm. Suðurl., Guðna Ágústssonar, 31. okt. að mig minnir og síðan er aðeins nokkuð á fjórða mánuð.

Eins og komið hefur hér fram hefur enn ekkert gerst í þessum hlutum og það er nú orðið mál hjá hæstv. ráðherra þar sem styttist í valdastöðu hans að fara að gera eitthvað nema hann sé búinn að tryggja sig fyrir næstu fjögur ár. Það kemur í ljós innan skamms sem vonandi verður nú ekki.

Hv. 1. þm. Norðurl. v. sagði áðan það sem segja þurfti. Hann gat um að hv. 4. þm. Suðurl., Margrét Frímannsdóttir, hefði einnig þurft að spyrja landbrh. og utanrrh. við þetta tækifæri.

(**Forseti** (VS): Hæstvirta.)

Hæstvirta. Hins vegar hefði hv. þm. Páll Pétursson getað bætt því við að hann hefði að sjálfsögðu ásamt hv. þm. Margréti Frímannsdóttur verið duglegur við að styðja hæstv. utanrrh. Jón Baldvin og þessa ágætu menn í EES og öllu því þangað til ég fór að styðja hæstv. utanrrh. Jón Baldvin.

Virðulegi forseti. Það er orðið mál að tekið sé á vandamálum þessa atvinnuvegar, garðyrkjunnar og þó fyrr hefði verið. Hún var lamin niður með samningunum í EES þegar garðyrkjunni var fórnað sem skiptimynt í samningum um sjávarútveg. Hvenær á að taka þetta til baka og laga stöðuna? Það er sannarlega orðið mál og við skulum vona ef hæstv. ráðherra kemur þessu ekki af áður en hann fer að við fáum meira líf í þessa hluti og betri ráðherra til að taka á þessum málum.

[15:37]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Hér er í gangi deila sem bitnar á bændum en snýst fyrst og fremst um það að Rarik og Landsvirkjun virðast ekki geta komið sér saman um reglur. Landsvirkjun er glæsilegt fyrirtæki í eigu Íslendinga en því miður minnir það mig á níska búra, *eignamann*, svipaðan Bárði á Búrfelli sem átti skemmur sínar fullar af feitu kjöti og tólg en tímdi ekki að gefa sínu fólki almennilega að éta. Landsvirkjun á 700 gwst. af rafmagni sem enginn getur notað og enginn notar. Það er eins og þeir skilji ekki enn að á Íslandi ríkir lögmál um framboð og eftirspurn.

Það er ófært, hæstv. ráðherra, að Landsvirkjun komist upp með það miðað við þessar aðstæður að beita aflgjaldi sem er ekki raunhæft hjá Landsvirkjun við núverandi aðstæður þegar umframframleiðslugetan er eins og ég sagði 700 gwst. Blanda rennur enn til sjávar án þess að nokkur nýti hana. Ég tel að þetta mikla fyrirtæki, hæstv. iðnrh., verði að taka þátt í nýsköpun á Íslandi. Við eigum mikla möguleika í mikilvægustu stóriðju heimsins sem er matvælaframleiðslan. Við höfum sýnt það í sjávarútvegi. Við eigum tækifærin í landbúnaði. Þess vegna á að taka þátt í tilraunum með lýsingu í garðyrkjunni og skaffa eitthvað af þessari offramleiðslu á föstu, ódýru verði. Það á einnig að gera í fiskeldinu og fleiri greinar mætti nefna til.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að leggja margar bænaskrár á borð þessarar hæstv. ríkisstjórnar sem nú er að fara frá þó að ég hvetji hæstv. iðnrh. til þess að beita afli sínu þær sjö vikur sem hann á eftir að sitja í ráðherrastól til þess að ná árangri í að Landsvirkjun verði að taka þátt í því að skapa hér störf og framleiða holl matvæli.

[15:39]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Vandi garðyrkjubænda er mikill. Það er ekkert minna en framtíð garðyrkjunnar sem alvöruatvinnugreinar sem er í húfi. Samþykkt EES-samningsins og samþykkt GATT-samningsins, Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, þýðir algerlega nýtt umhverfi fyrir garðyrkjuna á Íslandi og þegar GATT-samningurinn kemur til framkvæmda verður að leyfa verulegan innflutning með lágum tollum. Þó að leggja megi 30–40% tolla á vegur það ekki upp á móti þeim niðurgreiðslum sem leyfðar eru.

Við þetta bætist síðan algerlega tollfrjáls árstíðabundinn innflutningur vegna EES-samningsins því að stjórnarflokkarnir gleymdu nefnilega garðyrkjubændum og sitja þeir þess vegna uppi með tollfrjálsan innflutning á samkeppnisvörum sínum, vörum sem talið er að séu niðurgreiddar um a.m.k. 15–20%. Og núna reynir á þegar örlög atvinnugreinarinnar eru núna prófsteinn á getu okkar og ekki síst vilja til að láta ekki okkar hlut í viðskiptunum í því alþjóðlega viðskiptaumhverfi sem við höfum valið okkur að keppa í. Orkumálin eru eitt af úrslitaatriðunum fyrir garðyrkjubændur.

Það er annars sárgrætilegt hve erfiðlega það gengur ár eftir ár að finna leiðir til að koma ónotaðri orku frá virkjunum okkar til nýtingar fyrir okkur sjálfa. Það virðist ekki standa á því að nefna lágar tölur ef stóriðja er nefnd á vegum útlendinga en sé um almenningsnot til húshitunar eða iðnaðar hér á landi að ræða þá virðast öll sund lokast. Og ráðherrann sem er svo kotroskinn og kraftmikill þegar hann er að berja á sérfræðingum og hefur staðið sig nokkuð vel upp á síðkastið fyrir skipasmíðarnar verður örmagna, grútmáttlaus og liðónýtur þegar á að fást við orkumálin. Þannig hefur þetta verið allt kjörtímabilið og svör hæstv. ráðherra nú benda ekki til að það verði neitt öðruvísi það sem eftir er, þá fáu daga sem hann mun sitja í ráðherrastóli, því miður. En það hefði verið gaman að hæstv. ráðherra gæfi yfirlýsingu í sinni seinni ræðu um það hvað hann ætlast fyrir í málefnum garðyrkjunnar á þeim fáu vikum sem hann á eftir ósetið í ráðherrastólnum.

[15:42]

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Á forsíðu blaðsins „Græni geirinn" sem er gefinn út af garðyrkjubændum stendur: Víðtækar breytingar í aðsigi. Jarðyrkja og ylrækt leggjast að stórum hluta af leiti stjórnvöld ekki allra ráða til að laga rekstrarumhverfi græna geirans að nýju GATT-samkomulagi.

Þarna er mikið sagt. Hæstv. iðnrh. var spurður einnar spurningar varðandi raforkuna. Svör hans juku ekki á bjartsýni manna. Hvernig getum við Íslendingar keppt við sífellt meiri innflutning á blómum og grænmeti? Það er ekki nema eitt svar við því. Það er með því að lækka tilkostnað. Stundum spyr maður sig að því hvort það vanti samkeppni í raforkusölu. Það er ekki hægt að búa við það fyrir garðyrkjubændur að eiga sífellt von á því að rafmagn verði rofið. Á sama tíma og rafmagn rennur ónotað til sjávar eru góð fyrirtæki í garðyrkju að gefast upp. Við getum ekki sætt okkur við þetta. Við skuldum garðyrkjunni lægri rekstrarkostnað.

[15:44]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég kann ekki við að vera að afþakka orðið hérna dag eftir dag eins og frægt er orðið þannig að ég ætla að nýta mér þetta tækifæri. Það er þannig að garðyrkjan hefur verið ein sú grein íslensks landbúnaðar undanfarin 10–15 ár eða svo sem hefur verið í helstum vexti og menn hafa í þessari grein í góðri trú verið að fjárfesta og byggja sig upp, m.a. tæknivæða framleiðsluna til þess að lengja framleiðslutímann og nú er svo komið að ekki vantar mikið upp á að unnt sé að fullnægja eftirspurn eftir mörgum tegundum mestallt árið.

Eitt sem haldið hefur aftur af þessari þróun öðru fremur er þó hátt orkuverð undanfarin ár. Það er þeim mun furðulegra þegar haft er í huga að allan þennan tíma, eða frá því að Blönduvirkjun komst í gagnið, hefur verið bullandi umframorka í kerfinu sem runnið hefur ónýtt til sjávar.

Það er ekki hægt að ræða þessi mál nema koma jafnframt inn á alþjóðasamninga og áhrif þeirra á garðyrkjuna. Það er alveg ljóst að garðyrkjan er sú grein

sem er í mestri hættu allra íslenskra landbúnaðargreina og það er rétt sem hv. þm. Páll Pétursson sagði að það hefði þurft að taka þá á beinið, hæstv. utanrrh. og hæstv. landbrh. ekki síður en hæstv. iðnrh. Þegar það svo bætist við að hæstv. ríkisstjórn er í raun og veru óstarfhæf í málefnum landbúnaðarins og hefur verið svo til allt þetta kjörtímabil þá er auðvitað ekki von á góðu. Og enn hanga málefni þessarar greinar sem og landbúnaðarins almennt algerlega í lausu lofti hvað varðar meðferð GATT-samninganna og álagningu jöfnunartolla.

Á krataþingi boðar hæstv. utanrrh. að það beri að leggja á eins lága og jafnvel enga tolla til þess að lækka matvælaverð og hæstv. landbrh. virðist hvorki komast lönd né strönd með þetta mál. Síðan heyra menn svör hæstv. iðnrh.: Alger þoka, hrein og klár Austfjarðaþoka svífur yfir vötnunum þegar kemur að iðnrn. hvað sé hægt að gera í þessu þó tiltölulega einfalda máli. Ætli það mundi nú setja Landsvirkjun á hausinn eða valda öðrum búsifjum þó að garðyrkjan fengi á þessum erfiða tíma sæmilega hagstæða orku til nota næstu 2–3 árin eða svo?

[15:46]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er rétt sem hér kom fram hjá hv. þm. Páli Péturssyni að vissulega hefði verið ástæða til að ég beindi máli mínu líka til hæstv. landbrh. og hæstv. utanrrh. en þar sem aðeins er um hálftíma að ræða og um það sérstaka vandamál hvað roftími hefur verið mikill í raforkunotkun hjá garðyrkjubændum á undanförnum dögum þá tók ég þá ákvörðun að beina máli mínu fyrst og fremst til iðnrh.

Ég þakka hv. þm. Páli Péturssyni fyrir það hvað hann kom þessu málefnalega á framfæri eins og hans er von og vísa. Hins vegar er erfitt að standast það að svara hv. þm. Eggert Haukdal í sömu mynt og segja það að hv. þm. beri fulla ábyrgð á því hvernig komið er fyrir garðyrkjunni og því rekstrarumhverfi sem garðyrkjan býr við í dag. Menn hlaupast ekki undan þeim merkjum rétt á síðustu dögum áður en skipt er um ríkisstjórn.

Ráðherra sagði að þessi taxti víkjandi orku væri miðaður við starfsemi sem getur lagst af tímabundið. Þannig er því ekki háttað með garðyrkjuna. Ef roftími er mikill, og hann þarf í raun og veru ekki að vera nema tvo daga vikunnar, þá eru allt önnur gæði á framleiðslunni og jafnvel hætta á að sú lýsing sem þó hefur verið hina fimm daga ónýtist. Við sjáum bara hvað var að gerast um síðustu helgi þegar við gátum ekki annað innanlandsmarkaði. Það var ekki mögulegt og hér sátu blómakaupmenn alla nóttina fyrir utan heildsölurnar í bílunum sínum til að reyna að ná sér í blóm og mér er sagt að sumir þeirra hafi kannski haft upp úr krafsinu svo sem tvo vendi þegar nóttin leið. Það þarf nauðsynlega að gera orkukaupasamninga við garðyrkjuna, horfa á þetta sem okkar von inn í framtíðina. Þarna eru útflutningsmöguleikar okkar. Við eigum að nýta þá og við eigum að virða þessa atvinnugrein það mikið að við gerum við hana sérstaka orkukaupasamninga.

[15:49]

Iðnaðarráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að fara út í umræðu um Evrópusambandið enda heyrir það ekki til þessu ráðuneyti þó að sá sem hér stendur sé stuðningsmaður þess að EES-samningurinn hafi verið gerður og telur að hann hafi verið til mikilla heilla fyrir þjóðina. En ég vil aðeins minna menn á það að á þeim tíma þegar þau mál voru í deiglunni var rætt um innflutning á ákveðnum framleiðsluvörum gróðurhúsa á tilteknum árstíma þegar slík ræktun átti sér ekki stað við þær aðstæður sem þá voru. Það sem hefur síðan breyst er það að gróðurhúsaframleiðendur eru farnir að stunda framleiðslu allt árið, m.a. með gervilýsingu yfir köldustu mánuðina.

Ég vil aðeins vekja athygli manna líka á því að rof Rarik byggjast m.a. á samningum um afláskrift Rarik við Landsvirkjun og iðnrn. hefur haft milligöngu um það að óska eftir því að Landsvirkjun endurskoði þá samninga við Rafmagnsveitur ríkisins til þess að draga úr rofþörfinni. Landsvirkjun hefur svarað því til að hún sé reiðubúin að gera það en hún þurfi þá að fara í viðræður um þau mál við aðra dreifendur orku en bara Rarik. Ég lít því svo á eða bind a.m.k. vonir við það að sú málaleitun okkar skili árangri.

Þá var einnig rætt um það hvort möguleiki væri til þess að fá hliðstæða samninga fyrir gróðurhúsaframleiðendur og t.d. eigendur fiskimjölsverksmiðja. Ég bendi hv. þm. á að ég hef ekki boðvald yfir Rarik. Rarik er sjálfstætt fyrirtæki og ríkið á minni hluta í því fyrirtæki. Ég hef komið ýmsum ábendingum og beiðnum á framfæri við Landsvirkjun, t.d. varðandi húshitun á köldum svæðunum sem Landsvirkjun hefur ekki virt nema að hluta til. Landsvirkjun er sjálfstæð stofnun sem verður að taka um þetta sjálfstæða ákvörðun.

Ég lýsi því hins vegar yfir að ég vil gjarnan stuðla að því að þetta stóra rannsóknarverkefni nái fram að ganga en því er ætlað að leita svars við þeirri spurningu hvort garðyrkjan geti greitt verð sem skili raforkufyrirtækjum framlegð af orkusölu til lengri tíma. Það er auðvitað það sem við verðum að stefna að að sé hægt. Við þurfum að kanna það hvort möguleiki sé á því með gervilýsingu að skila íslenskum orkufyrirtækjum því verði til lengri tíma sem þau þurfa að fá. Þessi rannsókn þarf að fara fram til þess að leiða það í ljós og ég er reiðubúinn að standa að því.

Iðnþróunarsjóður, 1. umr.

Stjfrv., 426. mál (framlenging laga). — Þskj. 697.

[15:52]

Iðnaðarráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Frú forseti. Við inngöngu Íslands í Fríverslunarsamtök Evrópu árið 1970 var ákveðið að Norðurlöndin settu sameiginlega á laggirnar norrænan iðnþróunarsjóð til að stuðla að aukinni iðnþróun á Íslandi. Í samningi Norðurlandanna frá 12. des. 1969 um þenn-

an sjóð, sem síðar nefndist Iðnþróunarsjóður, var kveðið á um að stofnframlag Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar skuli endurgreitt á 15 árum. Þessum endurgreiðslum skal að fullu lokið að loknum 25 árum frá stofnun sjóðsins. Þá fellur samningur Norðurlandanna um stofnun og starfsemi sjóðsins úr gildi og eftir það verður sjóðurinn eign og undir stjórn íslenska ríkisins. Sjóðurinn telst hafa verið stofnaður 9. mars 1970 þegar fyrrgreindur samningur tók gildi.

Með lögum nr. 9/1970, um Iðnþróunarsjóð, var ríkisstjórninni heimilað að staðfesta fyrir Íslands hönd fyrrgreindan samning ríkisstjórnar Norðurlandanna um norrænan iðnþróunarsjóð. Texti samningsins fylgir lögunum og telst hluti af þeim og hafa ákvæði hans lagagildi hér á landi. Í honum er m.a. kveðið á um þátttöku Norðurlandanna í stjórn sjóðsins en í athugasemdum með frv., sem varð að lögum nr. 9/1970, segir m.a., með leyfi forseta:

„Sú löggjöf sem hér er sett um sjóðinn getur gilt fyrstu 25 árin í starfi hans, þ.e. gildistíma samnings landanna um sjóðinn meðan hann er í sameign þeirra. Að þeim tíma loknum, ef starfsemin heldur áfram, er nauðsynlegt að setja sjóðnum ný lög undir alinnlendri stjórn án erlendrar aðildar."

9. mars 1995, þ.e. eftir nokkra daga, verða 25 ár liðin frá stofnun Iðnþróunarsjóðs. Þá skal inna af hendi lokagreiðsluna á stofnfé hinna Norðurlandanna og samtímis fellur úr gildi samningur Norðurlandanna um Iðnþróunarsjóð. Fyrir þann tíma þarf Alþingi að vera búið að taka ákvörðun um framtíð sjóðsins.

Aðstæður á innlendum lánsfjármarkaði hafa gerbreyst frá því að Iðnþróunarsjóður var stofnaður fyrir 25 árum. Iðnfyrirtæki sem og önnur fyrirtæki landsins eiga nú greiðan aðgang að stofnlánum hjá ýmsum lánastofnunum auk þess sem nokkur þeirra hafa aflað sér lánsfjármagns með útgáfu skuldabréfa á verðbréfamarkaði. Því er ekki lengur sama þörf á stofnlánastarfsemi Iðnþróunarsjóðs og áður.

Í þeirri efnahagsstöðnun sem ríkt hefur hér á landi frá 1987 hefur það berlega komið fram að nauðsynlegt er að auka fjölbreytni og styrkja innviði íslensks atvinnulífs. Í því felst m.a. að hefja framleiðslu á nýjum framleiðsluvörum, hefja markaðssókn á innlendum og erlendum markaði og auka framleiðni í öllum atvinnugreinum. Ýmsar ábendingar hafa komið fram um leiðir til að stuðla að slíkri nýsköpun. Í skýrslu nefndar frá september 1993 um stuðning stjórnvalda við nýsköpun í atvinnulífi sem skipuð var af iðnrh. í kjölfar samþykktar ríkisstjórnarinnar í október 1992 kemur fram að skortur sé á fjármagni til þróunarvöru frá rannsóknarstigi til framleiðslustigs. Hið sama gildir um fjármagn til þróunar þjónustugreina og markaðsstarfsemi bæði hér á landi og erlendis. Í skýrslu nefndar sem iðnrh. skipaði til að fjalla um starfsskilyrði iðnaðar og út kom í september 1994 kemur fram að brýnt sé að stuðla að aukinni framleiðni, hagræðingu og nýsköpun í iðnaði og bent á að beita megi Iðnþróunarsjóði í því skyni þegar Íslendingar fá hann til ráðstöfunar.

Ríkisstjórnin hefur nú þegar stigið skref í þá átt að stuðla að nýsköpun í íslensku atvinnulífi. Ákveðið hefur verið að efla rannsóknarstarfsemi í landinu og hafa framlög í rannsóknasjóð Rannsóknarráðs ríkisins, sem nú heitir Tæknisjóður Rannsóknarráðs Íslands, verið aukinn verulega. Þá hefur Þróunarsjóður sjávarútvegsins verið settur á laggirnar en hlutverk hans er m.a. að stuðla að nýsköpun í sjávarútvegi. Mikilvægur liður í því að hrinda nýsköpunarstefnu í framkvæmd er að tryggja aukið fé til nýsköpunarverkefna. Því er lagt til að áherslum í starfi Iðnþróunarsjóðs verði breytt þannig að hann fjármagni í auknum mæli verkefni er stuðli að nýsköpun í íslensku atvinnulífi en dragi úr heföbundnum fjárfestingarlánum sínum að sama skapi. Í því sambandi skal bent á að sjóðurinn getur sinnt nýsköpunarverkefnum samkvæmt fyrrgreindum samningi Norðurlandanna um hann. Þess skal einnig getið að sjóðurinn hefur langa reynslu af nýsköpunarverkefnum þó sú starfsemi hafi að mestu legið niðri undanfarin ár. Hann hefur haft með höndum styrkveitingar og áhættulánveitingar vegna vöruþróunarverkefna og hefur verið öflugur þátttakandi og frumkvöðull í stofnun hlutafélaga á sviði áhættufjármögnunar. Hann er stærsti einstaki hluthafi í Þróunarfélagi Íslands hf. með 11% hlutafjár. Hann á 57% hlut í Draupnissjóði hf. og annast daglegan rekstur hans.

Í ljósi þess að Iðnþróunarsjóður verður ein helsta meginuppspretta fjár til nýsköpunarverkefna verður að telja eðlilegt að hann freisti þess eftir megni að samræma starf þeirra aðila sem fjármagna nýsköpun og laða slíka aðila til samstarfs.

Hér á landi eru starfandi fjölmargir fjárfestingarlánasjóðir atvinnuveganna. Upphaflega voru þeir stofnaðir til að tryggja aðgang einstakra atvinnugreina að lánsfé á tímum lánsfjárskorts. Allir hinir stærstu eru í eigu ríkisins. Aðstæður á íslenskum fjármagnsmarkaði hafa gerbreyst frá stofnun þessara sjóða. Fyrirtæki eiga nú mun greiðari aðgang að fjármagni en áður, bæði innan lands og utan. Þá gera nýjar reglur um lágmark eiginfjár og lágmarkseiginfjárhlutfall lánastofnana auknar kröfur til fjárhagslegs styrkleika þessara sjóða.

Loks leiða fyrstu almennu lögin um starfsemi lánastofnana annarra en viðskiptabanka og sparisjóða, sem eru lög nr. 123/1993, til þess að fjárfestingarlánasjóðirnir hafa nú mjög rúmar starfsheimildir, m.a. til að sinna öllu atvinnulífinu svo framarlega sem sérlög um þá kveða ekki á um annað. Breyttar aðstæður á íslenskum fjármagnsmarkaði og aukin samkeppni við erlenda lánveitendur, við verðbréfamarkaðinn og í einhverjum tilvikum banka og sparisjóði kalla á endurskoðun á fjárfestingarlánasjóðskerfinu. Á vegum ríkisstjórnarinnar hafa verið kannaðar ýmsar leiðir til að koma á nýskipan fjárfestingarlánasjóða atvinnuveganna í tengslum við þau tímamót þegar Iðnþróunarsjóður kemst alfarið í eigu íslenska ríkisins. Jafnframt hafa verið kannaðar leiðir til að kaupa fé til nýsköpunar.

Starfandi hefur verið óformlegur vinnuhópur um þessi mál á vegum hlutaðeigandi ráðuneyta. Hefur vinnuhópurinn kannað sérstaklega viðhorf ýmissa forustumanna samtaka atvinnulífsins. Í þessum viðræð-

um var fjallað um hugmyndir sem lúta að framtíðarskipan fjárfestingarlánasjóðanna. Þar var m.a. rætt um þann möguleika að sameina núverandi fjárfestingarlánasjóði iðnaðar og sjávarútvegs í einn öflugan fjárfestingarbanka en ýmsir aðrir kostir voru einnig ræddir. Jafnhliða yrði stofnaður sameiginlegur nýsköpunarsjóður atvinnuveganna og hefði hann sem fastan tekjustofn hluta arðs í hlutafélögunum eða fjárfestingarbankanum auk sérstaks stofnframlags.

Ljóst er að svo viðamiklar breytingar sem hér hefur verið lýst verða ekki afgreiddar á þeim stutta tíma sem eftir er af þinginu. Ríkisstjórnin ákvað því á fundi sínum hinn 17. febr. 1995 að taka sérstaklega út úr þessum áformum þann þátt sem brýnastur er, þ.e. tímabundna framlengingu á starfsemi Iðnþróunarsjóðs, og beina starfsemi hans í auknum mæli að nýsköpunarverkefnum. Til að undirstrika að hér er um fyrsta skref í viðameiri nýskipan fjárfestingarlánasjóða atvinnuveganna að ræða samþykkti ríkisstjórnin eftirfarandi stefnumörkun í ljósi niðurstaðna úr fyrri viðræðum og þá gríp ég til beinnar tilvitnunar, með leyfi hæstv. forseta:

„Fiskveiðasjóði annars vegar og Iðnlánasjóði og Iðnþróunarsjóði hins vegar verði breytt í tvö hlutafélög er taki til starfa 1. júlí 1996. Samtímis stofnun hlutafélaganna verði stofnuð nefnd fulltrúa ríkisins og þeirra atvinnuvega er standa að sjóðnum er hafi það hlutverk að undirbúa samruna sjóðanna tveggja eða gera tillögur um framtíðarskipan fjárfestingarlánasjóða atvinnuveganna. Stefnt verði að því að sú framtíðarskipan verði komin á í ársbyrjun 1988.

Fulltrúar atvinnulífsins hafa haft áhrif á stefnu og starfsemi fjárfestingarlánasjóðanna með setu í stjórnum þeirra. Þess vegna verður nýskipan fjárfestingarlánasjóða atvinnuveganna einungis hrint í framkvæmd að höfðu nánu samráði við fulltrúa atvinnulífsins í framhaldi af þeim viðræðum sem átt hafa sér stað og þeim sjónarmiðum sem þar hafa fram komið. Jafnframt verði undirbúin löggjöf um nýsköpunarsjóð er taki til starfa 1. júlí 1996. Tekjur hans verði hluti arðs í hinum nýju hlutafélögum er stofnuð verða um Fiskveiðasjóð, Iðnlánasjóð og Iðnþróunarsjóð. Auk þess fái hann tiltekið framlag af eigin fé Iðnþróunarsjóðs. Hlutverk sjóðsins verði að fjármagna nýsköpunarverkefni í öllum greinum íslensks atvinnulífs. Lögum um Iðnþróunarsjóð verði breytt í febrúar 1995 þannig að hann geti starfað áfram frá 9. mars 1995 til 1. júlí 1996. Á þessum tíma sinni Iðnþróunarsjóður nýsköpunarverkefnum í auknum mæli." — Tilvitnun lýkur í samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 17. febrúar sl.

Meginefni þess frv. sem hér er lagt fram er þannig að stíga fyrsta skrefið í átt til þeirrar niðurstöðu sem að framan var lýst. Gerðar verði lágmarksbreytingar á lögum um Iðnþróunarsjóð þannig að hann geti starfað áfram. Sjóðurinn kemst, eins og fyrr segir, alfarið í eigu ríkisins 9. mars nk. því þá fellur úr gildi samningur ríkisstjórna Norðurlanda þar um. Samningurinn er birtur sem fskj. með lögum nr. 9/1970 og í honum eru ýmis mikilvæg atriði sem nauðsynleg eru vegna áframhaldandi starfsemi sjóðsins og er þeim haldið. Þó að ákvæði frv. byggist að mestu leyti á ákvæðum fyrrnefnds samnings er engu að síður gert ráð fyrir breyttum áherslum í starfsemi sjóðsins þann stutta tíma sem lagt er til að sjóðurinn starfi áfram, eins og ég sagði áðan, og þannig er gert ráð fyrir því að áhersla aukist á fjármögnun nýsköpunarverkefna en verulega dragi úr hefðbundnum stofnlánum eða fjárfestingarlánum. Í gildistökuákvæði frv. er síðan lagt til að lögin nr. 9/1970, um Iðnþróunarsjóð, falli úr gildi og ákvæði um skipan stjórnar Iðnþróunarsjóðs dregur dám af því að hér er um bráðabirgðaráðstöfun að ræða sem aðeins er ætlað að standa í skamman tíma.

Virðulegi forseti. Mér er það ljóst að þetta frv. er seint fram komið. Það hefur verið kynnt fyrir hv. iðnn. sem væntanlega fær frv. til sín þannig að nefndinni hefur gefist aðeins tækifæri til þess að skoða málið. Ég tel að sú breyting sem hér er verið að gera, ég á ekki von á því að hún sæti andstöðu út af fyrir sig hér á Alþingi því að þetta er í samræmi við vilja sem hefur komið fram hér hjá ýmsum þingmönnum, að reyna að auka fjárveitingar til nýsköpunarverkefna, þó sumir hafi bent á að einmitt Iðnþróunarsjóður sé góður vettvangur fyrir slíka starfsemi. Ég vænti því þess og vona að þó að langt sé liðið á þetta þinghald þá gefist tími til þess að afgreiða málið sem lög frá Alþingi.

Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

[16:05]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Það mál sem hér er lagt fram á það sammerkt með ýmsum öðrum stórum málum sem núv. hæstv. ríkisstjórn hefur gefist upp á að koma í framkvæmd, að þeim er vísað til næstu ríkisstjórnar og næsta Alþingis. Það er út af fyrir sig góðs viti að núv. hæstv. ríkisstjórn treystir því að það taki við aðilar sem komi því fram sem hún er að heykjast á.

Ég get tekið undir það með hæstv. iðnrh. að okkur vantar ekki fleiri fjárfestingar- eða stofnlánasjóði hér á landi og því miður er það svo að margt í rekstri og starfsemi opinberu stofnlánasjóðanna á umliðnum árum hefði mátt fara betur. Það hefur hins vegar bráðvantað áhættulánasjóð hér á síðustu árum. Það vantar sjóð sem getur veitt víkjandi lán til vænlegra atvinnukosta, sem getur lagt fram hlutafé í góðar, nýjar hugmyndir og sem getur lánað í þriðja lagi veð ef á þarf að halda til aðila sem eiga þau ekki til staðar. Það gengur ekki til lengdar að það sé svo að ungt fólk með góðar hugmyndir sem eiga erindi inn í íslenskt atvinnulíf geti ekki hrint þeim í framkvæmd á annan hátt heldur en að leggja alla sína fjárhagslegu framtíð að veði. Og því miður hefur það verið þannig á síðustu árum að þeir sem hafa farið út í nýja atvinnustarfsemi byrja frá grunni, hafa í flestum tilfellum orðið að fjármagna sig með okurlánum og því miður með þeim afleiðingum að sá rekstur hefur ekki staðið langa stund og endað í allt of mörgum tilfellum með gjaldþroti og þannig hafa margar góðar hugmyndir glatast sem hefðu getað orðið að vaxtarbroddi í okkar atvinnulífi ef betur hefði verið staðið að.

Ég minni hæstv. viðskrh. á að lungann úr þessu

kjörtímabili var það svo að skammtímafjármagn, sem oft og tíðum var það eina sem þeir áttu völ á sem voru að fara út í nýja atvinnustarfsemi, bar allt að 20% raunávöxtum, þ.e. nafnvextir í núll verðbólgu, þegar þeir voru 20%, þá er það svo einfalt mál að þar voru menn að borga 20% raunvexti. Þetta er kannski hluti af því að það er svo komið að okkar unga og vel menntaða fólk fer ekki út í sjálfstæða starfsemi, það er ekki tilbúið til að hætta eigum sínum í atvinnurekstri. Þannig að það er og hefur verið þörf breytinga á þessu sviði og þessi umræða er búin að vera í gangi, um að sameina að einhverju leyti stofnlánasjóðina og gera þá betur í stakk búna til þess að taka þátt í uppbyggingu í atvinnulífinu, hefur verið í gangi í mörg ár og ég vil ekkert láta núv. ríkisstjórn bera alla ábyrgð á því. Þessi umræða var komin upp áður en hefur því miður alltaf strandað, hefur aldrei náð fram að ganga.

Ég vil nefna, virðulegur forseti, svona sem dæmi um það hvernig þessir sjóðir sumir hafa starfað. Iðnlánasjóður hefur verið rekinn með myljandi hagnaði á umliðnum árum, en hann gengur hins vegar svo hart að þeim sem þar taka lán til uppbyggingar að það er ekki nóg með að það sé tekið veð í húsnæði viðkomandi atvinnustarfsemi heldur er einnig tekið veð í öllum vélum og tækjum og til viðbótar þeim vélum og tækjum sem kunna að vera keypt inn í viðkomandi rekstur. Menn hafa ekki áttað sig á þessu en vakna allt í einu upp við vondan draum og þetta setur mönnum stólinn fyrir dyrnar með fjárfestingar vegna þess að ný fjárfesting verður sjálfkrafa hluti af þeim veðum sem stofnlánasjóðurinn hafði. Það er ekki mikið þó að svona sjóðir geti sýnt góðan hagnað eftir árum því að þarna eru menn bæði með belti og axlabönd.

Á nýafstöðnu flokksþingi Framsfl. var lögð nokkuð mikil áhersla á þessa þætti, á atvinnulífið, og þar lögðum við til að þegar við eignuðumst Iðnþróunarsjóð að fullu þá yrði höfuðstól hans ekki að hluta eins og hér er rætt um heldur að öllu leyti beitt til nýsköpunar í atvinnulífinu og til viðbótar hluti af hagnaði annarra fjárfestingarsjóða. Þær tillögur sem hér er rætt um og næstu ríkisstjórn er ætlað að framkvæma ganga að nokkru leyti í þessa átt og undir það get ég tekið.

Við framsóknarmenn bentum á til viðbótar að það þyrfti að gera róttækar breytingar. Það þyrfti að leggja niður Byggðastofnun í núverandi mynd, sameina hana Atvinnuleysistryggingasjóði og iðnráðgjöfum og skilgreina markmið þeirrar stofnunar upp á nýtt. Með þessi tæki í höndunum er ég sannfærður um að við gætum hafið nýja sókn í atvinnulífinu. Því miður hefur stefna núv. ríkisstjórnar verið nánast hreinn thatcherismi. Það hefur átt að fara sömu leiðina og hafði beðið skipbrot á Bretlandseyjum og dagskipunin hefur verið sú að stjórnvöld mættu helst hvergi koma að þróun atvinnulífsins sem er að mínu mati mikill misskilningur. Atvinnulífið á vissulega að lúta almennum viðskiptalögmálum en ef við lítum yfir sviðið og sjáum hvernig hefur verið staðið að málum hjá ýmsum þeim þjóðum sem hafa náð mestum hagvexti og bestum lífskjörum þá hefur það gerst með þríhliða samskiptum atvinnulífsins, stjórnvalda og verkalýðshreyfingar. Og það er sú leið sem við hljótum að fara og við getum ekki farið aðra leið í eins fámennu þjóðfélagi og okkar þar sem við verðum hvort sem okkur líkar betur eða verr að standa saman. En að sjálfsögðu verður þetta allt að byggjast á þeim grunni, sem hefur verið byggður á síðustu árum með fullri samstöðu allra stjórnmálaflokka, að við tökum fullan þátt í frjálsum viðskiptum og frjálsum fjármagnshreyfingum á milli landa. Allt byggist þetta á eðlilegum viðskiptasjónarmiðum.

Virðulegi forseti. Þetta frv. kemur mjög seint fram og því miður er það að gerast hér að ríkisstjórnin er að koma með stór mál ekki á síðustu vikum heldur á síðustu dögum þessa þinghalds og það er vandséð hvernig það verður afgreitt allt saman á þessum fáu dögum ef yfir höfuð á að gera það, ekki síst þar sem eftir því sem við heyrum, í það minnsta almennir þingmenn, engin umræða er í gangi um það hvernig eigi að haga afgreiðslu mála þessa þrjá vinnudaga eða svo sem hér eru eftir í þinginu og það er náttúrlega ljóst að ef svo verður áfram þá dagar þorri þeirra mála uppi sem hér er verið að fjalla um þessa dagana hvort sem þar er um að ræða ágreiningsmál eða mál eins og þetta sem hefði verið hægt að ná samstöðu um að afgreiða ef menn hefðu einhvern tíma.

[16:15]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Eins og fram kom í máli hæstv. iðnrh., þá hefur verið fjallað lauslega um þetta mál í drögum í hv. iðnn. og aðallega þó það atriði að það verður að framlengja þessi ákvæði sem í gildi eru um Iðnþróunarsjóð af því að lög um hann falla úr gildi 9. mars 1995 og til þess að ekki myndist tómarúm í löggjöf um málið, þá verður að framlengja lagaákvæðin. Í fljótu bragði lítur þetta kannski þannig út að hérna sé um að ræða minni háttar tæknilega lagfæringu.

Í óformlegri umfjöllun um þetta mál í hv. iðnn. kom það greinilega fram að nefndarmenn eru tilbúnir til þess að greiða fyrir því að hérna verði ekki slys eða áföll í löggjöf landsins, en því verður hins vegar ekki neitað að það hvernig þetta mál ber að er satt að segja mjög sérkennilegt.

Það var rifjað upp þegar við ræddum þetta mál í hv. iðnn. þegar minnst var að ég hygg 900 ára afmælis biskupsstóls í Skálholti, tók einhver maður þannig til orða að þetta afmæli hefði verið undirbúið um skeið en kannski ekki gefist nægilegur tími þar sem þetta hefði borið býsna brátt að. Eins finnst mér vera með þessa lagabreytingartillögu sem hér er á dagskrá í þessu frv. að það hefur eiginlega legið fyrir í um 25 ár að það mundi verða nauðsynlegt að taka á þessu máli fyrir 9. mars 1995 þannig að það hefur gefist talsvert mikill tími til þess að fara yfir málið og ég verð að segja alveg eins og er að ég skil ekki af hverju þetta kemur svona rosalega seint hérna inn og vil spyrja hæstv. iðnrh. af hverju það er og biðja hann að lýsa því, hvað það er sem veldur því að þetta mál kemur núna inn. Það er verið að tala um að ljúka þinginu á laugardaginn, það er þriðjudagur í dag, það eru eftir þrír heilir þingdagar af þessu þingi. Hvernig stendur á því að málið kemur fyrst inn með þessum hætti?

Ég met það mikils sem formaður iðnn. að hæstv. ráðherra skuli bera það traust til nefndarinnar að henni auðnist að afgreiða þetta mál á þremur dögum eða illa það, en ég verð að segja alveg eins og er að mér finnst þetta nokkuð sérkennilegt og vil spyrja hæstv. ráðherra um það: Hefur verið ágreiningur um málið í ríkisstjórninni? Á hverju hefur þetta mál strandað? Það hefur komið fram opinberlega að það hefur ekki verið full samstaða um það hvernig ætti að fara með þennan sjóð í framtíðinni, m.a. um það hver ætti hann og það hafa komið fram upplýsingar um það að hæstv. forsrh. hafi haft á þessu máli talsvert aðra skoðun en hæstv. iðnrh. og það kann að vera skýringin á þeim átökum sem verið hafa um málið og skýringin á því hversu seint það kemur fram. En það er alveg óhjákvæmilegt að skýra þetta vegna þess að ég tel nauðsynlegt að hæstv. iðnrh. geri grein fyrir því hvað þetta á eiginlega að þýða.

Svo verð ég í annan stað að kvarta undan því hvernig málið er lagt hér fram. Það er lagt fram sem hluti af einhverri almennri atvinnustefnu núv. hæstv. ríkisstjórnar sem mjög fáir hafa orðið varir við og birtist kannski fyrst og fremst í atvinnuleysistölum allt það kjörtímabil sem nú er senn á enda. En þegar málið er kynnt hér þá er það sett fram eins og einhver hluti af atvinnustefnu núv. ríkisstjórnar, alla vega núverandi ríkisstjórnar þessar vikur sem hún á eftir ólifað. Og mér finnst það satt að segja ekki greiða fyrir málinu. Ég hélt að hérna væru menn einfaldlega að leggja fyrir nánast tæknilegar breytingartillögur en í raun og veru er hv. Alþingi stillt upp við þann vegg að þurfa að taka afstöðu til iðnaðarstefnu núv. ríkisstjórnar og þá má segja að réttast væri að taka þau mál til rækilegrar umræðu í framhaldi af greinargerð frv. og framsöguræðu hæstv. iðnrh. vegna þess að þar gaf hann upp boltann fyrir það að hér færu af stað almennar umræður um þróun atvinnumála og áherslur flokkanna í þeim efnum svo að ég tel að framlagning málsins sé pólitískt gölluð. Hún trufli það að hægt sé að taka það fyrir með þeim hætti sem ég hafði gert ráð fyrir að yrði gert í hv. iðnn. sem svona fyrst og fremst tæknilega lagfæringu vegna þess að hlutirnir væru á síðasta snúningi.

Ég vek athygli á þessu atriði, hæstv. forseti. Auðvitað má segja að það komi ekkert á óvart þó iðnrh. Alþfl. leggi fram frv. nákvæmlega með þessum hætti einmitt þessa dagana. Það er bersýnilegt að stjórnarflokkarnir eru að búa sig undir það að reyna að halda þannig á málum í næstu kosningum að þeir hafi meiri hluta til áframhaldandi samstarfs núverandi stjórnarflokka. Ég held að menn þurfi alveg að gera sér grein fyrir því að eins og horfur eru núna bendir ýmislegt til þess ef menn ekki ugga að sér að svo illa gæti farið að þessi stjórn gæti jafnvel setið áfram. Með hliðsjón af því má auðvitað segja að það sé ekkert óeðlilegt þó að núv. hæstv. ráðherra leggi fram tillögu að iðnaðarstefnu fyrir ríkisstjórnina og stjórnarflokkana báða. En ég kann satt að segja ekki að meta þetta vegna þess að málið er ósköp einfaldlega það að það verður ekkert farið í gegn með þetta mál nema stjórnarandstöðuflokkarnir taki með einhverjum hætti þátt í því.

Út af fyrir sig er það þannig að það hefur aldrei verið nein deila uppi um það á þessu kjörtímabili að það þyrfti að taka á atvinnumálum með öðrum hætti en gert hefur verið. Við alþýðubandalagsmenn höfum lagt á það áherslu að það þyrfti að reyna að þróa sóknarlínur atvinnulífsins með stuðningi og þátttöku allra aðila í þjóðfélaginu. Við höfum talið að sú stefna núv. ríkisstjórnar að halda stjórnvöldum og sveitarfélögum alveg frá þessu verki hafi mistekist alls staðar og við höfum m.a. í tillögum okkar um atvinnumál, þar sem við birtum fleiri hundruð nýjar hugmyndir um þróunarverkefni í atvinnulífinu undir heitinu „Útflutningsleið", sýnt fram á mjög sterka möguleika til þess að þróa íslenskt atvinnulíf einmitt í samvinnu allra þessara þátta. Og í þessu sambandi má kannski benda á að í skýrslu Alþjóðabankans og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um þróun atvinnulífs í Austur-Asíu núna á síðustu árum er það sérstaklega undirstrikað að það hefur verið um að ræða samvinnu fjármagnseigenda, fyrirtækjanna, sveitarfélaganna, ríkisins, verkalýðsfélaganna, stéttarfélaganna og allra aðila til þess að ná upp hagvexti og til þess að rífa atvinnulífið upp úr því vonleysi sem hefur ríkt hér á landi. Og það er auðvitað sá kjarni málsins sem núv. ríkisstjórn hefur neitað að horfast í augu við og þetta frv. breytir auðvitað engu um það að það er greinilega ekki meiningin á því sem eftir lifir af þessu kjörtímabili að breyta neinu í þessum efnum.

En til viðbótar við þessa samþættingu allra aðila sem koma nálægt atvinnulífinu þá hefur í Austur-Asíu verið lögð alveg sérstök áhersla á það að menntakerfið vinni með atvinnulífinu. Hér á landi hefur þessu verið þveröfugt farið. Hér hefur verið haldið þannig á þessu að framlög til menntamála hafa verið skorin niður að raungildi frá 1991–1995 um 2 þús. millj. kr. Framlög til rannsókna og vísinda hafa ekki aukist í raun og á sama tíma horfum við upp á stórfellt atvinnuleysi þannig að núv. ríkisstjórn hefur á þessum sviðum í raun og veru gert allt öfugt miðað við það sem eðlilegt er talið og menn þekkja frá öðrum löndum þar sem reynt hefur verið að flétta þessa hluti saman, annars vegar þróunarlínur atvinnulífsins og hins vegar menntakerfið. Og vandinn er auðvitað sá með núverandi hæstv. ríkisstjórn að hún lítur á menntakerfið sem hluta af velferðarkerfinu. Hún lítur ekki á menntakerfið sem undirstöðuþátt í efnahags- og atvinnuuppbyggingunni í landinu. Það er litið á menntakerfið svipað og aðstöðu til mjaðmargrindaraðgerða en ekki sem meginþátt sem alltaf verði að vera til og verði að vera mjög gildur þáttur í þróun atvinnulífsins.

Það er mjög athyglisvert að lesa þær samþykktir ríkisstjórnarinnar sem eru nefndar nokkrar og þar sem farið er yfir þessi mál og þar sem er í sumum tilvikum ekki nærri alltaf farið einu sinni rétt með, hvað þá heldur meira. Hér er auðvitað rakinn þessi skelfingarferill. Auðvitað verður að segja eins og er að forveri núv. hæstv. iðnrh. var náttúrlega alveg ótrúlegur „dogmatíker", með leyfi forseta, í þessum efnum, kreddu-

trúarmaður. Það mátti aldrei gera neitt á vegum félagslegra aðila eða ríkisins, aldrei nokkurn tíma. Þó var hann nú í Alþfl. sá, enda hefur Alþfl. stundum verið hægra megin við íhaldið í þessari stjórn eins og kunnugt er, en á þessum málum hefur hins vegar aðeins verið tekið í seinni tíð með aðeins öðrum hætti, m.a. í góðri samvinnu við iðnn. Alþingis. Þar er ég t.d. með í huga það sem gert hefur verið í skipasmíðum sem ég tel að sé lítið en gott það litla sem það er svo að í sjálfu sér hefur ríkisstjórnin á því sviði þar sem skipasmíðarnar eru brotið odd af oflæti sínu og fylgt annarri stefnu heldur en gert verið að öðru leyti.

Varðandi þessi iðnþróunarmál yfirleitt, þá vísa ég sem sagt til stefnu okkar alþýðubandalagsmanna, útflutningsleiðarinnar sem við höfum gert mjög rækilega grein fyrir og er undirstaðan undir þeim tillögum, m.a. í velferðarmálum sem við höfum gert grein fyrir og fjölluðum um á kosningaþingi okkar núna um síðustu helgi og sjálfsagt er auðvitað að hafa til hliðsjónar ef ríkisstjórnin ætlast til þess að hér verði farið í almenna umræðu um þróun iðnaðar og þróun atvinnulífs en ekki eingöngu að fjalla um almenn tæknileg málefni.

Ég segi fyrir mitt leyti að að svo miklu leyti sem þetta frv. gengur út á það að bjarga ríkinu og þjóðinni liggur mér við að segja, af því að þetta er norrænn sjóður að nokkru leyti, frá skömm þá mun ekki standa á iðnn. að reyna að hrista málið af sér en hins vegar lítum við ekki þannig á geri ég ráð fyrir í iðnn., a.m.k. ekki öll, að með þeirri afgreiðslu værum við að vegsama iðnaðarstefnu eða stefnuleysi núv. hæstv. ríkisstjórnar.

[16:28]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég verð að viðurkenna að ég skildi þetta frv. eilítið öðruvísi heldur en sá hv. þm. sem var að tala og það kemur náttúrlega kannski til reynsluleysi mitt í stjórnmálum. Í barnaskap mínum hélt ég að ástæðan fyrir því að þessu var vísað til næstu ríkisstjórnar væri sú að nú væri ríkisstjórnin að vitkast og sæi fram á það að væntanlega kæmi önnur og betri stjórn sem væri treystandi til þess að framfylgja þessari stefnu sem hér er sett fram. En nú bendir hv. þm. á að e.t.v. megi túlka þetta þannig að þeir ætli sér að sitja áfram og ég verð að segja alveg eins og er að mér brá nokkuð þegar ég áttaði mig á að það var hægt að skilja þetta á þennan veg líka.

Ég tek alveg undir með ræðumanni að það verða allir aðilar þjóðfélagsins að vinna saman, verkalýðshreyfingin, atvinnurekendur og stjórnvöld, ég tek alveg undir þetta og hef talað fyrir þessu allt þetta kjörtímabil. Mér finnst hins vegar nokkuð langt seilst að þurfa að sækja samlíkinguna til Asíu vegna þess að þar er svo margt sem ég held að við viljum ekki sjá. Ég held að við viljum ekki sjá hvernig þeir umgangast verkalýðinn, umhverfismálin og réttindi fólksins sem þeir byggja að nokkru leyti sinn hagvöxt á. Við þurfum ekki að fara lengra en til Evrópu og bera saman Frakka, Þjóðverja og Austurríkismenn sem hafa að nokkru leyti byggt á þessari samþættingu þjóðfélagsaflanna, við Breta hinum megin við Ermarsundið til þess að sjá muninn á þessum stefnum. En að sjálfsögðu verðum við að útfæra þetta eftir íslenskri leið en hvorki evrópskri né asískri.

[16:30]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. 6. þm. Norðurl. e. er greinilega alveg sammála mér þannig að ég tel svo sem enga ástæðu til þess að eiga við hann langar orðræður um þetta mál. Ég er alveg sammála honum um það að það sem skiptir máli er að menn lagi sínar ákvarðanir í efnahagsmálum eftir þeim aðstæðum sem eru í þessu landi og það hafa menn gert á síðustu árum og áratugum, breytt mjög verulega rekstrarformum fjölmargra fyrirtækja miðað við það sem lagt var af stað upp með þau í öndverðu. Ég held að aðalatriðið sé að menn átti sig á því að hinn hrái kapítalismi sem hefur verið rekinn á Bretlandseyjum er óframkvæmanlegur. Hægri stefnan sem Sjálfstfl. hefur viljað reka að nokkru leyti á Íslandi hefur reynst óframkvæmanleg vegna þess að hún hefur haft það í för með sér að atvinnuleysingjarnir á OECD- og Evrópusvæðinu eru tugir milljóna. Má segja að það séu þau kaflaskipti í stjórnmálum heimsins að það séu svo að segja allir að átta sig á því að hinn hrái kapítalismi hægri stefnunnar sem Sjálfstfl. og forusta hans boðaði að nokkru leyti eftir landsfund Sjálfstfl. 1991, hin harða hægri stefna, hefur beðið skipbrot og ég held að það sé mjög mikilvægt að átta sig á því að menn sjái hlutina í því samhengi að sú stefna er ekki framkvæmanleg og síst af öllu hér á landi.

[16:31]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er alveg hárrétt hjá hv. þm. að hinn harði kapítalismi er að bíða skipbrot víðast hvar aðeins örfáum árum eftir að kommúnisminn beið skipbrot og eftir stendur að það er hin hófsama miðja sem á framtíðina fyrir sér sem byggist ekki á átökum aðilanna í þjóðfélaginu heldur samvinnunni. (**BBj:** Samvinnustefnunni.) Hv. þm. Björn Bjarnason nefndi samvinnustefnuna. Ég er alveg tilbúinn að taka viðtal við þingmanninn um það þegar við höfum tækifæri til þess hér. Ég býst við að hvað það snertir sé hv. þm. inni í sömu, þröngu kompunni ofan í Morgunblaði eins og þegar hv. þm. ræðir alþjóðleg stjórnmál frá miðjum og fyrri hluta þessarar aldar og það sé svona álíka að ræða við hv. þm. um þá þætti á vitrænum nótum eins og því.

En ég ítreka það sem ég sagði að mér finnst hv. þm. Svavar Gestsson staðfesta hér að það sé hin hófsama miðja sem byggist á samvinnu allra þátta þjóðfélagsins, ekki stéttabaráttu eða yfirgangi auðvaldsins í kapítalismanum.

[16:33]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þykir nú hv. þm. vera heldur að hressast að hann skuli hafna yfirgangi auðvaldsins og það má segja að það sé nokkuð langt síðan að framsóknarmenn og leiðtogar Framsfl. hafa tekið með svona róttækum hætti til orða úr þessum ræðustól og

það er auðvitað sérstakt fagnaðarefni. Ég held að það sé aðalatriðið að menn leggi saman við það að reyna að losa sig undan þessum yfirgangi gróðastefnunnar og ég held að menn þurfi að átta sig á því að það gera menn ekki með því að taka endana í þjóðfélaginu og deila í þá með tveimur eins og Framsfl. hefur oft viljað gera. Ef menn ætla að koma fram einhverjum raunverulegum þjóðfélagsbreytingum í þágu alþýðu manna í landinu þá verða menn að vita í hvorn fótinn þeir ætla að stíga og ef menn ætla að framkvæma vinstri stefnu, þá verða menn að þora að taka ákvörðun um það. En að deila alltaf í umhverfið með tveimur kann ekki góðri lukku að stýra eins og þeir framsóknarmenn þekkja ákaflega vel m.a. úr sínum rekstri um undangengna tíð.

[16:34]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Það er mjög miður að þetta frv. skuli koma svona seint fram. Ég tel samt að það sé mjög nauðsynlegt að það fái afgreiðslu og að það verði alla vega ekki lagður steinn í götu þess að hægt verði að nýta sér Iðnþróunarsjóð til hjálpar við atvinnulífið. Ekki veitir af.

Ég aftur á móti kem hér upp fyrst og fremst til þess að benda á það að sú stefnumörkun sem hér er verið að boða með frv. þarf miklu meiri umræðu en getur fari fram á þessum tíma sem fram undan er til þess að afgreiða þetta mál en ég tel samt að það verði að finna leið til þess að menn komi málinu í gegn og með þessum fyrirvörum vil ég leggja því lið.

Ég tel að það sé miklu fleira sem þurfi að ræða í þessu sambandi heldur en hér hefur verið gert. Ég er ekki alveg viss um að það sé endilega rétta leiðin að steypa þessum þremur sjóðum saman og gera ekkert meira, Iðnþróunarsjóður, Iðnlánasjóður og Fiskveiðasjóður eiga nú kannski ekki óskaplega mikið sameiginlegt. Ég held að það gæti komið til greina að skoða bankakerfið og starfsemi ríkisbankanna í tengslum við þessar breytingar. Það er mín reynsla á undanförnum árum með kynnum af bankakerfinu og þessum sjóðum að það myndast ákveðin togstreita og þannig ástand að fyrirtækin í landinu sem hafa yfirleitt mest af sínum bankaviðskiptum við þann banka sem er á því svæði sem þau starfa á, leita yfirleitt til þess banka um stuðning við sínar fyrirætlanir. Þeim er þá gjarnan vísað annað, bent á það hvort Iðnþróunarsjóður eða Fiskveiðasjóður eða Iðnlánasjóður sé ekki rétti aðilinn til þess að skoða þær hugmyndir sem viðkomandi atvinnurekandi er með á prjónunum. Þetta hefur oft valdið erfiðleikum og vandræðum. Ég tel að það eigi að vera eðlilegt hlutverk banka sem starfar á viðkomandi atvinnusvæði að sinna fyrirtækjunum sem þar eru. Það eigi að vera fyrst og fremst nýsköpunarverkefni af stærra taginu sem eigi að fjármagna með öðrum hætti og ég tel að það eigi að skoða þá hugmynd að sjóður eins og þessi, sem hér er verið að tala um, láni þá frekar til bankanna, hafi forgöngu um fjárútvegun til bankanna í þeim tilgangi að koma af stað nýsköpunarverkefnum á þeim svæðum sem um er að ræða.

Það hefur a.m.k. ekki reynst vel þar sem ég þekki til að slíta þessa hluti í sundur eins og við höfum gert á undanförnum árum. Það mætti t.d. skoða það í tengslum við uppstokkun í bankakerfinu og sjóðakerfi landsmanna hvort það sé ástæða til þess að reka tvo ríkisbanka, hvort það ætti nú ekki að sameina þessa tvo banka og gera þá að öflugum stofnunum þannig að þeir geti sinnt þessum svæðum sem þeir hafa undir og boðið fyrirtækjunum sem eru í viðskiptum við þá upp á alla þá fjármagnsþjónustu sem um er að ræða.

Ég vildi koma aðeins að þessu hér og ég vil líka minnast á það sem hv. 6. þm. Norðurl. e. nefndi að það þarf að verða veruleg breyting á í landinu hvað varðar fjármögnun í nýjum hugmyndum. Þessi steinsteypuhugsjón þeirra sem hafa stjórnað peningakerfinu í landinu fram að þessu er aftan úr fortíðinni. Menn eru ekki enn farnir að meta fyrirtækin einu sinni út frá því hvernig þeim hefur gengið að reka sig á undanförnum árum. Það þýðir ekkert að koma og benda á möguleika fyrirtækisins aftur í tímann og sýna fram á það. Það verður að vera hægt að benda á einhvern húskumbalda eða eitthvað sem ágætir bankastjórar telja einhvers virði, einhverja fasteign til þess að það sé hægt að fá lánafyrirgreiðslu. Og sannleikurinn er sá að á ýmsum svæðum í landinu má benda á hnignun atvinnulífsins sem er hreinlega tilkomin vegna þess hvernig bankakerfið hefur verið rekið á því svæði. Ég tel að það sem menn þurfi að ræða í alvöru í tengslum við þá uppstokkun sem hér er verið að tala um séu þessir hlutir og þeim sé komið öðruvísi fyrir.

Það hefur líka gerst á undanförnum árum að það er búið að hræða nánast framkvæmdaþrána úr fólki. Ungt fólk í landinu er ekki nándar nærri því eins tilbúið til þess að leggja til atlögu við einhverjar nýjar hugmyndir, setja sig í skuldir til þess að koma nýjum hugmyndum á framfæri til þess að reyna sig við ný verkefni einfaldlega vegna þess að fólk sér allt í kringum sig hvernig farið hefur fyrir þeim sem hafa reynt fyrir sér á undanförnum árum. Hin blinda fjármagnshyggja sem hefur í raun og veru stjórnað öllum peningamálum í landinu á undanförnum árum hefur ekki hlíft fólki. Þar hafa vextir og kostnaður vegna lántöku og lánamála keyrt þannig úr hófi fram að þeir sem voru settir í steininn fyrir okur fyrr á öldinni hefðu verið taldir afreksmenn. Þetta hafa yfirvöld í landinu blessað og talið gott og sérstaklega hæstv. ríkisstjórn sem lýsti því yfir í upphafi síns ferils að það ætti að hækka vextina til að lækna sjúklinginn. Það var sams konar aðgerð og stunduð var fyrrum að taka sjúklingnum blóð. Honum átti að batna af þessu. En af einhverjum ástæðum lögðu læknavísindin þetta af að taka mönnum blóð. En hæstv. ríkisstjórn prófaði þetta eina ferð og átti síðan í miklum erfiðleikum með að snúa til baka en reyndi það og hefur að vísu tekist að snúa lítillega til baka en það er langt frá því að þar hafi nægilegur sigur unnist. Kostnaður bankakerfisins er gífurlegur. Þeir sem bera núna uppi þann herkostnað allan eru að sligast. Mörg fyrirtækin í landinu eru að sligast undan þeim álögum sem bankakerfið neyðist til þess að setja á þessi viðskipti til þess að krafsa sig upp úr þeim pytti sem þessi stefna hefur sett okkur í. Og

það er ekki bara við hæstv. ríkisstjórn að sakast. Það er lengri tími sem þarna liggur að baki.

En ég tel og það skulu vera mín lokaorð, hæstv. forseti, að það eigi að taka á miklu fleira. Það eigi að skoða allt bankakerfið og fjármálastarfsemina í landinu í tengslum við þessar breytingar og þegar menn eru farnir að tala um að slá Fiskveiðasjóði og Iðnlánasjóði saman við Iðnþróunarsjóðinn þá þýðir ekkert minna en líta yfir allt sviðið og út úr því þurfa að koma einhvers konar möguleikar sem virkilega ýta undir fólk að reyna fyrir sér við ný atvinnutækifæri. Það þarf t.d. að bjóða mönnum upp á það og ég bið hæstv. iðnrh. sérstaklega að hlusta á þetta, bjóða fólki í fiskiðnaðinum virkilega upp á það að fjármagna sérstaklega það að þessi fiskiðnaðarfyrirtæki geti nýtt sér þá möguleika sem nú eru fyrir hendi við útflutning á fullunnum iðnaðarvörum. Það þarf sérstaklega að bjóða fram hjálp til þess og það er hluti af því sem við alþýðubandalagsmenn erum að kynna hér með stefnu okkar, þ.e. útflutningsleiðinni. Það er að menn sameinist og reyni að samhæfa alla krafta til þess að taka svona á en hluti af því hlýtur að verða að fjármálakerfið í landinu taki á með og verði kannski prímus mótor númer eitt með í því að ýta á stað möguleikunum fyrir nýja atvinnustarfsemi. Það er ömurlegt að hafa horft upp á það á undanförnum árum að stefnan í þessum málum skuli hreinlega hafa lagt atvinnulífið nánast í rúst á sumum svæðum landsins og þar ætla ég ekki að fara að telja fram hvað ég á við en það er á fleiri en einum stað í landinu sem ég hef fylgst með því að starfsemi bankakerfisins hefur gengið það nærri atvinnulífinu að það hefur litla björg sér getað veitt og atvinnuleysið hefur vaxið mjög af þessum ástæðum.

Með þeirri von, hæstv. forseti., að menn muni halda göngunni áfram þá mæli ég eindregið með því að þetta frv. fái framgang í þinginu.

[16:44]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það frv. sem hér er til umfjöllunar hefur vakið upp umræðu um atvinnuþróunarmál og það er í rauninni mjög eðlilegt að það sé tengt þessu máli sem hér er fyrir lagt, ekki síst ef litið er á bakgrunninn sem er viðleitni af hálfu hæstv. ríkisstjórnar til þess að koma fram stefnu varðandi fjárfestingarlánasjóði í landinu en sem virðist hafa strandað ef marka má það sem óbeint kom fram í framsöguræðu hæstv. ráðherra en með skýrum hætti verður lesið úr greinargerð með frv. á bls. 4 sem ég kem aðeins að á eftir.

Þetta frv. sem er sérstaklega tekið út úr áformum ríkisstjórnarinnar með samþykkt þann 17. febr. 1995, eins og þar stendur, er svona hálfgerð neyðarlending út úr þessu starfi sem ríkisstjórnin hefur verið að reyna að koma fram í sambandi við fjárfestingarlánasjóðinn og þá sumpart einnig þróunarsjóði að svo miklu leyti sem þeir hafa gegnt slíku eða gegna slíku hlutverki.

Sá sjóður sem hér um ræðir, Iðnþróunarsjóður, er merkileg stofnun og merkilegt dæmi um samstarf Norðurlanda og góðvild í garð okkar Íslendinga af hálfu frændþjóða okkar á Norðurlöndum sem áttu hlut að því að stofna þennan sjóð fyrir um það bil 25 árum síðan. Ég hafði eðlilega á sínum tíma nokkur afskipti af málum sjóðsins þegar ég var að störfum í iðnrn. og minnist góðra samskipta sem þá ríktu við bæði stjórn sjóðsins og þá sem í henni sátu og þá sem með málefni sjóðsins fóru hér heima fyrir. En eins og fram er tekið og menn þekkja sem hafa starfað að þessum málum þá er það í raun framkvæmdastjórn og framkvæmdastjóri sem þar hafa farið með hinn daglega rekstur og tekið ákvarðanir í umboði stjórnarinnar og samkvæmt þar til settum reglum. Þessi sjóður hefur gert verulegt gagn í okkar atvinnumálum á þeim tíma sem hann hefur starfað þó að hér liggi ekki fyrir nein úttekt um það sem hefði þó verið fróðlegt að fylgdi með á þessum tímamótum, þá þekkja margir til þess að þessi sjóður hefur lagt gott til, bæði einn og sér en einnig í samvinnu við aðra aðila sem hann hefur tekið þátt í fyrirgreiðslu varðandi fyrirtæki og varðandi þróun á nýjum verkefnum. Auðvitað hefur það ekki allt saman gengið eftir sem vonir stóðu til í sambandi við ráðstöfun fjármagns Iðnþróunarsjóðs og við þekkjum það úr gjaldþrotasögu fyrirtækja á undanförnum árum, gjaldþrotin eru mörg bæði í fáum og stórum fyrirtækjum hér á landi, að Iðnþróunarsjóður hefur tapað fjármagni við slíkar aðgerðir og það er vissulega ekkert óeðlilegt út af fyrir sig þó að það gerist hjá áhættulánasjóðum þó að gjaldþrotin hafi aldrei talist góð niðurstaða úr rekstri. Ég er að nefna þetta hér vegna þess að mér finnst nauðsynlegt að það komi fram við umræðu um þetta mál skilningur á því að hér var lagt upp með gott mál og margt gott hefur sprottið af starfsemi þessa sjóðs sem hér er verið að gera ráð fyrir að ljúki sínum störfum eða breyti nokkuð um áherslur í sambandi við þetta þar sem Íslendingar einir taki við málefnum sjóðsins og verði lagður af á miðju ári 1996 samkvæmt ákvæðum 6. gr. þessa frv. Reyndir menn hafa komið að stjórn þessa sjóðs á liðnum tíma og ef ég man það rétt þá hefur fyrrv. seðlabankastjóri Jóhannes Nordal fylgt þessu máli líklega alla sögu sjóðsins og verið fulltrúi okkar í stjórn sjóðsins og lagt þar mikið til mála. Framkvæmdastjóri sjóðsins hefur verið hinn sami um langt árabil og kannski alla tíð án þess að ég muni það nákvæmlega og sinnt þessum verkum vel.

Ég ætla ekki, virðulegi forseti, að staldra við þessa sögulegu þætti þó að ég nefni þetta hér í mínu máli, en ég vil taka það fram að mér finnst ofur eðlilegt að nú þegar við eigum þess kost að taka við þessu samkvæmt stofnskrá sjóðsins að 25 árum liðnum þá séu lagðar eitthvað breyttar áherslur í sambandi við starfsemi hans og svona það meginhlutverk sem hér var reifað af hæstv. ráðherra og kemur fram í frv. er auðvitað mjög eðlilegt að reyna að nýta Iðnþróunarsjóð að breyttum lögum til atvinnuþróunar í landinu, nýsköpunar eins og við köllum það og það verði áherslan á meðan hann starfar.

Ég hlýt að nefna það hins vegar, virðulegur forseti, að mér er nokkuð til efs að það sé skynsamlegt að fara að lögbjóða starfslok þessa sjóðs eins og gert er með 6. gr. frv. Það mætti lesa út úr því svipað og einhver

gerði hér við umræðuna að þeir sem gerðu bókun 17. febr. sl. við ríkisstjórnarborð að þeir ætli að halda þessa götu greitt fram og ljúka málum í framhaldi af því sem þar er látið að liggja um samruna á fjárfestingarlánasjóðum atvinnuveganna, Fiskveiðasjóði annars vegar og Iðnlánasjóði og Iðnþróunarsjóði sem verður breytt í tvö hlutafélög er taki til starfa 1. júlí 1996 eins og það er orðað í bókun ríkisstjórnarinnar á nefndum degi en síðan að einnig verði gert ráð fyrir því og stefnt að því að þessi tvö hlutafélög verði síðan sameinuð og renni saman í eina stofnun í ársbyrjun 1998. Hér er sem sagt verið að gera ráð fyrir því að lögleiða það að lög á grundvelli þessa frv. falli úr gildi nákvæmlega á miðju ári 1996. Það getur verið út af fyrir sig eðlilegt að endurskoða lög, en beinlínis að bjóða það að þau falli úr gildi og byggja það á ríkisstjórnarstefnu, stefnu ríkisstjórnar sem nú er vonandi að leggja upp laupana, alla vega tekur við enn þá endurnýjuð ef svo ólíklega færi að hún fengi til þess umboð, sem við skulum vona að verði ekki, fyrir lok þessa vetrar og það væri skynsamlegt að hafa þarna annan hátt á en bjóða þetta eins og fram kemur í 6. gr. frv.

Samkvæmt frv. er gert ráð fyrir því að breyta verulega til um stjórn sjóðsins og að ráðherra skipi þrjá menn í stjórn Iðnþróunarsjóðs og einn þeirra sé skipaður formaður stjórnar. Það er ástæða til að nefna það hér að þetta ákvæði er og samkvæmt því ætlar núv. hæstv. iðnrh. að skipa stjórn Iðnþróunarsjóðs að lögfestu þessu frv. svo lengi sem lögin halda gildi eða a.m.k. til loka samkvæmt 6. gr. til 1. júlí 1996. Mér finnst ástæða til þess að íhuga hvort að sé rétt að fela hæstv. núv. iðnrh. þetta skipunarvald á sjóðstjórninni sem þarna er gert ráð fyrir þó að það geti kannski verið svolítið umhendis að koma við öðrum ákvæðum miðað við hvernig þetta mál er vaxið, þ.e. það er svona seint fram komið og tekur mið af núverandi reglum eða samþykktum Iðnþróunarsjóðs. En það er alveg ljóst að hér er verið að fela hæstv. núv. iðnrh. þetta skipunarvald samkvæmt frv. á stjórn sjóðsins.

Í 2. gr. frv. er að finna ákvæði sem varða hlutverk sjóðsins. Þar er tekið fram í síðustu málsgrein að sjóðurinn megi ekki verja hærri fjárhæð samanlagt til verkefna samkvæmt 3. og 4. tölul. 2. mgr. en 250 millj. kr. Um þetta er fjallað í skýringum með frumvarpsgreininni en það er ekki tekið skýrt fram hæstv. ráðherra, svo að ég leyfi mér, virðulegur forseti, að beina máli til hæstv. ráðherra. Mér finnst ekki vera með skýrum hætti tekið fram vegna hvers upphæðin 250 millj. er til viðmiðunar, hvort það eru eignir sjóðsins eða það fjármagn sem þar um ræðir en það er ekkert að finna það ég sá við yfirlestur málsins um eignalega stöðu sjóðsins og það er dálítið merkilegt. Ég hafði haldið út af fyrir sig að þetta lægi allt saman fyrir og hefði verið eðlilegt, finnst mér, að á þessum tímamótum væri það upplýst og hefði verið ofureðlilegt að það lægi hér fyrir sem fylgiskjal, a.m.k. ef ekki eru lokareikningar eða lokauppgjör fyrir hendi á síðasta ári eða með fyrirvara því að það er dálítið erfitt að meta þetta mál og þær hugmyndir sem liggja þarna í 2. gr. frv. um heildarfjárhæð þegar ekki liggur fyrir staða sjóðsins, stofnfé sem yrði að breyttum lögum sem yfirtekin væru. Því leyfi ég mér að inna eftir þessu atriði hér við 1. umr. málsins.

Það er líka ástæða til þess, viðurlegi forseti, af minni hálfu að spyrja um það sem vikið er að í greinargerð með frv. þar sem segir á bls. 5, með leyfi forseta:

„Með hliðsjón af ákvæðum 61.–64. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög nr. 2/1993, og ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA um málsmeðferð og efni reglna á sviði ríkisaðstoðar frá 19. jan. 1994 er ljóst að tilkynna verður til stofnunarinnar þá aðstoð við atvinnulífið sem felst í þeirri áherslubreytingu sem lögð er til á starfsemi Iðnþróunarsjóðs."

Þetta gengur sjálfsagt skýrt fram ef menn hafa þessi ákvæði fyrir framan sig og kafa ofan í það. Ég átta mig ekki á því hvaða takmarkanir hugsanlega felast í þessu sem þarna er. Ég hef ekki borið þetta saman sérstaklega en um það er eðlilegt að fjallað verði í viðkomandi þingnefnd.

Ég vil líka vekja athygli á því, virðulegur forseti, að samkvæmt 4. gr. frv. eru heimildir til stjórnar Iðnrþróunarsjóðs nokkuð rúmar eins og það er fram sett þarna og það er ekki gert ráð fyrir því að ég fæ séð að það verði settar reglur eða reglugerð varðandi starfsemi stjórnarinnar af hálfu hæstv. ráðherra. Ég inni hæstv. iðnrh. eftir því hvort það hafi verið metið eða hvort það sé hugsað af hans hálfu sem ég geri tæplega ráð fyrir fyrst þetta er lagt fram sem stjfrv. að ganga frá þessu með þeim hætti sem getur um í 4. gr., síðustu efnisgrein 4. gr., þar sem segir, með leyfi forseta:

„Stjórn Iðnþróunarsjóðs ákveður áherslur í starfi sjóðsins í samræmi við ákvæði 2. gr. og setur reglur um skilyrði fyrir þátttöku sjóðsins í verkefnum, um umsóknir þar að lútandi og um meðferð þeirra. Þess skal gætt að reglur um meðferð umsókna tryggi sem best óháða og faglega umfjöllun um þær."

Þetta er vissulega ljós andi sem þarna kemur fram í sambandi við starfshætti stjórnar sjóðsins fyrirhugaða en þetta er nokkuð rúmt. Það getur verið álitamál hversu víðar heimildir stjórn sjóðs sem er rekinn á ábyrgð og er í eigu íslenska ríkisins séu eða hvort gera á ráð fyrir nánari útfærslu og þá reglugerðarheimild til viðkomandi hæstv. ráðherra í sambandi við meðferð málsins.

Þetta voru þau efnistriði sem ég vildi vekja athygli á við 1. umr. áður en þetta mál fer til nefndar. Ég tek undir það sem hér hefur komi fram, að það er afskaplega óheppilegt að jafnveigamikið mál og hér um ræðir sé svo seint fram komið á þingi og ekki síður sú sérstaka aðstaða sem við erum í hér við umfjöllun mála á hv. Alþingi, að ekkert liggur fyrir um vilja ríkisstjórnarinnar varðandi þann sæg mála sem liggur fyrir þinginu, stór og smá mál. Það er mjög óvenjulegt, hæstv. forseti, að þannig sé háttað starfi þingsins og eru aðeins örfáir dagar þar til þingi hlýtur að ljúka. Þetta setur þingið og þá sem eru hér að starfi í talsverðan vanda því að auðvitað er öllum ljóst að þau mál sem hér er verið að mæla fyrir verða sum hver tæpast lögfest. Það þarf a.m.k. talsverð vinna fram að fara og

mjög góðan vilja til að það verði gert, sem ég efast ekki um að sé hjá þingmönnum öllum til þess að fjalla um mál eftir bestu getu, en þetta eru ekki góð vinnubrögð.

Áður en ég kveð efni frv. þá bendi ég á það sem kemur fram í umsögn frá fjmrn., fjárlagaskrifstofunni, þar sem fjallað er um ábyrgð ríkissjóðs af fjárskuldbindingum, en samkvæmt lögum frá 1970 þá verður á ábyrgð ríkissjóðs, svo að ég leyfi mér að vitna beint í þetta, með leyfi forseta:

„Sú breyting verður á ábyrgð ríkissjóðs á fjárskuldbindingum sjóðsins að samkvæmt lögunum frá 1970 ber ríkissjóður ábyrgð sjóðins umfram stofnfjárframlög en eftir lagabreytinguna ber ríkissjóður ábyrgð á öllum skuldbindingum hans umfram eignir." — Svo er rifjuð upp þessi takmörkun og segir í lokin: „Af þessu má ljóst vera að ríkissjóður ætti hvorki að bera kostnað né taka á sig auknar ábyrgðir við lagabreytinguna."

Þetta kann að vera alveg réttmæt staðhæfing, en mér finnst þetta samt ekki fullljóst svo ég leyfi mér að nefna þetta til ábendingar fyrir viðkomandi þingnefnd. Ég sé, virðulegur forseti, að tími minn er þrotinn hér. Það hefði verið freistandi, virðulegur forseti, að taka frekar upp þann þráð um almenna atvinnuþróun og atvinnustefnu og hvernig standa beri að þeim málum sem hér fór fram við þessa umræðu. Ég hef ekki tíma til þess og sé ekki ástæðu til þess að ræða það sérstaklega hér og nú, en áherslur Alþb. þar að lútandi liggja fyrir í tillögugerð flokksins, sem ber heitið Útflutningsleið, og þar er tekið undir að æskilegt sé að sameina fjárfestingarlánasjóði og banka og efla starfsemi þeirra til átaka í íslensku atvinnulífi.

Útbýting þingskjala:

Málflytjendur, 89. mál, brtt. allshn., þskj. 724.

Staðfesting ákvörðunar EES-nefndarinnar, 435. mál, stjtill. (utanrrh.), þskj. 727.

Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda, 190. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 726.

Tryggingagjald, 236. mál, frhnál. efh.- og viðskn., þskj. 725.

Veiting ríkisborgararéttar, 354. mál, nál. allshn., þskj. 721; brtt. allshn., þskj. 722.

[17:04]

Guðmundur Bjarnason:

Hæstv. forseti. Þar sem ég á sæti í hv. iðnn. þá fæ ég tækifæri til þess að fjalla nánar um efni þessa frv. í nefndarstarfinu og ætla þess vegna ekki að eyða löngum tíma við 1. umr. hér í hv. þingi um frv. Ég vil þó segja það út af því sem fram kom í máli hæstv. ráðherra og eins hjá hv. formanni iðnn., hv. þm. Svavari Gestssyni, þá höfum við fengið lítils háttar kynningu á efni frv. í nefndinni af hálfu starfsmanna iðnrn. Þar hafa verið lagðar fram þær hugmyndir sem hæstv. ráðherra og hæstv. ríkisstjórn hefur haft að leiðarljósi við undirbúning þessa frv.

Ég verð þó að segja það og taka undir með hv. formanni nefndarinnar að það kom mér ofurlítið á óvart að heyra hvernig hæstv. ráðherra lagði hér upp efni frv. í sinni framsöguræðu og vitnaði reyndar til greinargerðar sem við sáum ekki og höfðum ekki séð í iðnn. í þeirri stuttu kynningu sem við fengum á málinu, enda var það meira lagt upp fyrir nefndina þess eðlis að það þyrfti að bregðast við, tími sjóðsins væri að renna út og það þyrfti að framlengja lög um sjóðinn í einhverju formi, en það yrði þá líka að taka á nokkrum þáttum sem því fylgja þar sem núgildandi lög gætu ekki gilt áfram óbreytt. Ég hygg að það megi segja að viðbrögð nefndarinnar við málinu í því formi hafi verið jákvæð. Nú er ég ekki að segja að þau þurfi endilega að breytast eða séu neikvæð þó að hér komi fram frv. með nokkuð öðrum formerkjum. Mig langar að ítreka þá skoðun mína með því að vitna til greinargerðar í frv. þar sem segir, með leyfi forseta:

„Til að undirstrika að hér er um að ræða fyrsta skref í viðameiri nýskipan fjárfestingarlánasjóða atvinnuveganna samþykkir ríkisstjórnin eftirfarandi stefnumótun í ljósi niðurstaðna úr fyrrgreindum viðræðum."

Ég hirði ekki um að lesa þessa stefnumótun hæstv. ríkisstjórnar í atvinnumálum eða hvað varðar nýskipan í málefnum fjárfestingarlánasjóðanna. Ég vona eins og fleiri hv. þm. sem hér hafa talað að hennar líftími sé senn að styttast og það verði aðrir herrar sem taka á því að setja fram stefnumótun í uppbyggingu atvinnulífsins.

Nú er ég ekki að segja að það séu ekki vissir þættir í þessu sem hér er sett á blað sem eru jákvæðir og við getum fallist á, t.d. jákvæð hugsun í 2. og 4. gr. frv. um verkefni sjóðsins. Ég leyfi mér að vitna t.d. til 2. gr. 4. tölul. þar sem segir: „Að veita lán með hagstæðum kjörum eða framlög, m.a. til tækniaðstoðar, rannsókna, vöruþróunar og markaðsathugana." Allt er þetta jákvætt, en að sama skapi nokkuð seint fram komið af hálfu þessarar hæstv. ríkisstjórnar sem nú situr og er kannski í stíl við annað sem frá henni hefur komið í sambandi við uppbyggingu atvinnulífsins og stuðning við það og er þá skemmst að minnast yfirlýsingar sem kom frá hæstv. ríkisstjórn á haustdögum með fögrum fyrirheitum um það sem ætti að gera, en slík yfirlýsing hefði átt að koma fram fyrr á starfsferli hæstv. ríkisstjórnarinnar ef eitthvað hefði átt með það að gera.

Þetta vildi ég nefna hér, virðulegur forseti, af því að mér finnst nauðsynlegt að það komi fram af því að það var vitnað til þess að hv. iðnn. hefði fengið málið til forathugunar. En mér finnst að það hafi verið undir nokkuð öðrum formerkjum heldur en hér er lagt upp í greinargerð og í framsöguræðu hæstv. ráðherra.

Hér hafa síðan farið fram nokkrar umræður um atvinnumál almennt og sjálfsagt hefði verið ástæða til þess að taka nokkra umræðu um það og gæti auðvitað gerst þó að fáir dagar lifi nú eftir af þinginu. En ég býst við að hér eigi eftir að koma fyrir þing frv. sem varða aðgerðir tengdar kjarasamningum og síðast en ekki síst má minna á það að eldhúsdagsumræða er fram undan og þar verður auðvitað fjallað um hin pólitísku mál. Ég ætla því ekki að eyða löngum tíma í það núna. Það var þó nefnt í umræðunni áðan að fram-

sóknarmenn í sínum málatilbúnaði á flokksþingi í haust og fyrir væntanlegar kosningar hafi auðvitað lagt á það áherslu að það þurfi að huga að nýsköpun atvinnulífs og stuðningi við það með ýmsu móti og m.a höfum við rætt um hlutverk Iðnþróunarsjóðs í því sambandi. Hv. þm. Jóhannes Geir Sigurgeirsson gerði grein fyrir þessum hugmyndum okkar áðan og ég ætla þess vegna ekki að orðlengja um það. Það má hins vegar minna líka á það í framhaldi af þeirri umræðu sem hér fór fram áðan að það er nú eitt af meginviðfangsefnum þjóða í kringum okkur, ekki síst þjóða í Evrópusambandinu og þjóða sem taka þátt í svokölluðu OECD-starfi, að eitt af aðalviðfangsefnum þeirra nú er að berjast gegn atvinnuleysinu, hinu mikla atvinnuleysi sem þar ræður ríkjum og hrjáir þessar þjóðir, ekki bara atvinnulíf þeirra heldur líka hinn félagslega þátt og þær félagslegu afleiðingar sem alls staðar eru fylgifiskur hins alvarlega atvinnuleysis. Það hefur m.a. komið fram á fundum og ráðstefnum sem ég hef setið erlendis að eitt af því sem þessar þjóðir eru nú að átta sig á er það að markaðshyggjan ein og sér, markaðshyggjan sem lögmál, leysir ekki öll vandamál. Hún getur bara ekki ráðið uppbyggingu atvinnulífs svo vel fari þannig að það sé í fullri sátt við uppbyggingu þess velferðarþjóðfélags sem við Íslendingar höfum í það minnsta viljað byggja upp hér. Það er einu sinni staðreyndin. Og því trúi ég eða a.m.k. vona, að hæstv. iðnrh. og þeir flokksbræður hans í svokölluðum jafnaðarmannaflokki hafi enn þá einhverja tilfinningu fyrir því og einhvern snefil af hugsun um það að það þurfi í raun að sætta þessi sjónarmið. Markaðskerfið er auðvitað kerfi sem við erum ekki að leggja af og hugsum okkur ekki að leggja af til þess að taka upp eitthvert annað þjóðfélagsform sem byggi á allt öðrum gildum eða allt annarri þjóðfélagsstýringu eða stjórnarfari. En það þarf að ná saman með þessum sjónarmiðum. Það þarf að sætta, ef það má orða það svo, sjónarmið markaðskerfisins og sjónarmið þess velferðarþjóðfélags sem við viljum treysta og styrkja og tryggja það að við brjótum ekki niður með því að markaðshyggjan sé látin ráða ferðinni með þeim alvarlegu afleiðingum sem oftar en ekki eru fylgifiskar, því miður, eins og vaxandi atvinnuleysi og þau félagslegu vandamál sem þar fylgja með.

Þetta er kannski komið örlítið út fyrir efni þessa litla frv. sem lætur ekki mikið yfir sér. Það er ekki margar greinar. Það fjallar þó um efni sem varðar uppbyggingu atvinnulífs, stuðning og styrk við atvinnulífið og að því leytinu til eru efnisatriði frv. jákvæð og sjálfsagt að skoða það ítarlega í nefnd þó að í því geti ekki falist að með því sé verið sérstaklega að styðja eða taka undir atvinnustefnu núv. hæstv. ríkisstjórnar sem varla er hægt að hrópa húrra fyrir.

Aðeins að lokum, virðulegur forseti, um 1. mgr. 4. gr. þar sem fjallað er um skipan stjórnar Iðnþróunarsjóðs, þá er það ljóst að stjórnarskipaninni þarf að breyta. Þar er um að ræða nokkurs konar tveggja þrepa stjórnarfyrirkomulag sem ekki gengur áfram eftir að hlutverk sjóðsins hefur breyst. En mig langaði að spyrja hæstv. ráðherra hvort ekki hefði verið eðlilegt að við skipan þeirra þriggja manna í stjórn sjóðsins, sem hér er gert ráð fyrir að ráðherra skipi, kæmu tilnefningar frá einhverjum aðilum sem málið varða heldur en að það sé eingöngu á borði ráðherra að velja alla þessa þrjá menn og skipa stjórnina með þeim hætti sem hér virðist eiga að gera.

[17:13]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það gæti nú verið þörf á einhverju meira en andsvari af minni hálfu, ekki af tilefni síðustu ræðu sérstaklega, en þó. Hér er verið af fleiri en einum hv. ræðumanni að færa inn spurninguna um almenna atvinnustefnu eða réttara sagt hvernig þjóðfélagið er rekið. Það er ekkert minna undir í máli manna. Og vegna þess sem hv. þm. Guðmundur Bjarnason mælti hér áðan, um takmarkanir og hættur markaðskerfisins, hins frjálsa, óháða markaðskerfis eins og það er um það rætt, þá er vissulega hægt að taka undir það. Mér fannst hins vegar að hv. þm. ræddi um það sem möguleika sem væri í uppsiglingu að þessi sjónarmið yrðu sætt.

Ég fæ ekki séð að sú skipan mála sé á leiðinni eða hafi verið hér uppi. Við erum nýlega gegin í hið Evrópska efnahagssvæði þar sem hin ég vil segja nær altæku lögmál markaðarins eru innleidd með fjórfrelsinu svokallaða. Nú veit ég að hv. þm. greiddi atkvæði gegn þeim samningi góðu heilli, en nærri því helmingurinn af hans þingflokki hafði ekki fyrir því að reyna að spyrna við þessari altæku markaðsvæðingu innan hins Evrópska efnahagssvæðis. (**VS:** Og er stolt af.) Og er stolt af, segir samþingmaður hv. þm. úr Norðurl. e., hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir. Ég verð að segja að mér finnst þetta tal hér af hálfu manna sem taka fullum fetum þátt í því að herða hér á markaðsvæðingunni, eins og raun ber vitni, að þeir hinir sömu geti ekki haft uppi tal um það að það séu að takast þarna einhverjar sættir eða séu í sjónmáli.

[17:16]

Guðmundur Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það þarf kannski ekki út af fyrir sig að lengja mjög þessa umræðu en sjálfsagt að koma hér örstutt upp í tilefni af vangaveltum hv. 4. þm. Austurl. út af máli mínu. Ég leyfi mér að halda því samt sem áður fullum fetum fram að það sé nauðsynlegt að horfa til þessara sáttarsjónarmiða, ef ég held mig áfram við það að tala um þessi sáttarsjónarmið með þeim þjóðfélagskerfum — það er kannski ekki rétt að tala um tvö þjóðfélagskerfi. Við erum þó annars vegar að tala um markaðskerfi, markaðsbúskap sem við höfum byggt hér upp og höfum auðvitað fetað okkur áfram á þeirri leið og ég tel að það séu ekki líkur á að við hverfum burtu frá. En ég leyfi mér að fullyrða að það sé vilji til þess hjá stjórnmálaöflum í þessu þjóðfélagi sem vilja sátt með hinu félagslega kerfi. Þó þau kunni sjálfsagt að finnast hér þau stjórnmálaöfl sem ekki vilja slíka sátt, sem eru tilbúin til þess að keyra markaðsleiðina til hins ýtrasta og til enda hvað sem tautar, þá leyfi ég mér að álíta að það séu enn þá til þau stjórnmálaöfl í þessu landi sem vilji leita annarra

leiða til þess að ná því fram að við búum við fulla atvinnu og að við reynum að verjast þeim félagslegu áföllum sem atvinnuleysið hefur í för með sér og við höfum nú þegar fengið smjörþefinn af, þó að það sé ekki í neinni líkingu við það sem gerist í nágrannalöndunum í kringum okkur og það eigi í sjálfu sér ekki endilega skylt við það þó að við tökum þátt í samstarfi við aðrar þjóðir sem hafa kannski markaðsstefnuna enn frekar að leiðarljósi heldur en við gerum þó.

Þetta vildi ég láta koma alveg skýrt fram og get vitnað aftur til þess, virðulegur forseti, að ég hef hlýtt á fulltrúa þeirra þjóða sem þó kenna sig mjög við markaðshyggju sem eru nú að viðurkenna það, augu þeirra eru að opnast fyrir því, að atvinnuleysið og félagslegar afleiðingar þess eru alvarlegt vandamál sem verður að horfast í augu við. Markaðshagkerfið leysir ekki öll vandamálin sem því hefur þó sjálfsagt verið ætlað að gera.

[17:18]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vil þakka hv. þm. fyrir hans útskýringar. Ég er honum alveg sammála um það að óheftur markaðsbúskapur leiðir yfir okkur stórfelld vandræði og eins og raun ber nú vitni í Evrópu þar sem þessi þróun er langt fram gengin og þó enn verið að ýta þar undir með því að taka höft og hömlur úr vegi markaðarins þar sem atvinnuleysið er að verða 20 millj. manna og viðurkennt í rauninni af forráðamönnum Evrópusambandsins að ekki séu neinar líkur á því að uppsveifla í hagkerfinu höggvi í þennan fjölda atvinnuleysingja. Það er það sem menn standa í rauninni ráðþrota frammi fyrir, þeir hinir sömu og ríghalda í fjórfrelsi Rómarsáttmálans.

Ég er ekki í vafa um að hér á landi eru stjórnmálaöfl sem vilja taka málin með öðrum hætti, ekki aðeins innan Alþb. heldur líka í öðrum flokkum og í Framsfl. þar á meðal. En það bara gengur ekki upp þegar menn eru búnir að kasta frá sér möguleika á því að setja lög í landinu í sambandi við það svið sem hið Evrópska efnahagssvæði tekur yfir. Hv. þm. veit auðvitað nákvæmlega að það þýðir ekkert að reyna það nema þá um leið að menn átti sig á því að þeir eru að leggja til atlögu við þennan samning sem hér var innleiddur frá ársbyrjun 1994. Þetta er hinn kaldi veruleiki, virðulegur forseti.

[17:20]

Guðmundur Bjarnason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það gefst sjálfsagt tími til þess síðar að ræða enn frekar um samninga okkar Íslendinga við aðrar þjóðir, alþjóðlega samninga og þar með talið EES-samninginn. Ég ætla ekki frekar en orðið er að blanda honum inn í þessa umræðu. En ég vil árétta enn frekar að ég tel að þrátt fyrir allt sé t.d. bara að finna í þessu frv., þó að það megi kannski telja það undarlegt að það skuli koma frá þessari hæstv. ríkisstjórn., kannski að það örli enn þá eitthvað á jafnaðarmannahugsjóninni hjá einhverjum hæstv. ráðherrum, stuðningur við uppbyggingu atvinnulífs. Þannig að stjórnvöld og opinberir aðilar sjái sig þó eftir allt og enn knúin til þess. Þrátt fyrir yfirlýsingar sem við höfum oft hlýtt á frá hæstv. ráðherrum núv. ríkisstjórnar um það að atvinnulífið verði bara að bjarga sér og menn hverfi frá öllu sem þeir hafa kallað sjóðasukk og ég veit ekki hvaða heiti þeir hafa gefið stuðningi við atvinnulíf með opinberum aðgerðum er eins og hér örli þó reyndar á, að viðurkenna að það sé nauðsynlegt að aðstoða atvinnulífið. Það er eitt af því sem menn þurfa að gera og hljóta að gera þegar þeir verða að bregðast við með einhverjum hætti því alvarlega atvinnuleysi sem hefur verið að berja hér að dyrum hjá okkur. Ég vænti þess að stjórnvöld muni áfram hafa að leiðarljósi baráttu gegn atvinnuleysinu. Ég vænti þess a.m.k. að ríkisstjórn sem Framsfl. kynni einhvern tíma að eiga aðild að muni áfram eins og áður hafa það að meginmarkmiði að losna við atvinnuleysið, að það sé atvinna fyrir alla í þessu landi. Það er rétt sem kom fram hjá hv. 4. þm. Austurl. að því miður standa þessar þjóðir sem við erum oft að bera okkur saman við frammi fyrir því nánast ráðþrota að búa við 10, 15, 20% atvinnuleysi. Það er alvarlegt vandamál. En ég hef heyrt fulltrúa þessara þjóða og efnahagsráðgjafa þessara þjóða lýsa því yfir að það sé óásættanlegt ástand og við því verði að bregðast.

[17:22]

Iðnaðarráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Ég ætla að takmarka umræðuna af minni hálfu við að reyna að svara þeim fyrirspurnum og ábendingum sem fram hafa komið en leiða hjá mér að þessu sinni almenna umræðu um atvinnumál eða atvinnumálastefnu, þó að það sé rétt hjá hv. þm. að það sé vissulega ástæða til að taka slíka umræðu. En ég tel að hún eigi af minni hálfu ekki við við þessar umræður.

Í fyrsta lagi er spurt hvernig standi á því að frv. sé svona seint fram komið og í öðru lagi hvort Alþingi sé með þessu frv. og afgreiðslu þess að taka afstöðu til iðnaðarstefnu þeirrar sem ríkisstjórnin samþykkti á fundi sínum 17. febrúar sl. og fram kemur í greinargerð með frv. Að sjálfsögðu er ekki svo. Ég vil taka það fram til þess að forðast allan misskilning um það. Hins vegar á svarið við spurningunni, af hverju er málið svona seint fram komið, rætur sínar að rekja einmitt til þess sem fram kemur í greinargerðinni.

Fyrir um það bil tveimur árum síðan var lagt fram á Alþingi frv. til laga um Fjárfestingarbanka iðnaðarins. Þar var gert ráð fyrir að Iðnlánasjóður og Iðnþróunarsjóður yrðu sameinaðir í hlutafélagabanka, þar sem eignaraðildin skiptist í ákveðnum hlutföllum á milli hins opinbera eða ríkisins og samtaka iðnaðarins fyrir hönd þeirra sem greitt hafa iðnlánasjóðsgjald til þessara sjóða. Þetta frv. var lagt fram hér til kynningar og það komu talsverð viðbrögð við því, m.a. frá samtökum iðnaðarins, þannig að það var ljóst að það var ekki sátt um málið.

Þá var farið að leita annarra leiða, en það sem má segja að hafi skipt sköpum í því sambandi var það sem gerðist í kjölfar laga sem Alþingi setti um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði. Það kom nefnilega í ljós þegar farið var að grandskoða þau lög og lögfræðingar voru beðnir um álitsgerðir á grund-

velli þeirra laga, hvað þær þýddu fyrir starfsemi fjárfestingarlánasjóðanna, að samkvæmt þeim lögum hafði verið rutt úr vegi öllum hindrunum fyrir því að fjárfestingarlánasjóðir atvinnuveganna einskorðuðu sig við „sínar atvinnugreinar". Niðurstaða úttektarinnar var með öðrum orðum sú að t.d. Iðnlánasjóður gæti starfað að öllu leyti eins og venjuleg lánastofnun að undanteknu því að sjóðurinn hafi ekki heimild til að taka við innlánum. Iðnlánasjóður hafði samkvæmt þeirri lagasetningu frá Alþingi heimild til þess að lána hvaða aðila sem var, aðila í sjávarútvegi, aðila í landbúnaði, aðila í verslunarrekstri o.s.frv., þannig að búið var í raun að eyða mörkunum á milli fjárfestingarlánasjóðanna, sem sett voru í því gamla kerfi þar sem atvinnugreinarnar voru alveg aðgreindar.

Það kemur fram í greinargerðinni með þessu frv. að það sama á við um þá fjárfestingarlánasjóði þar sem ekki er skýrt tekið fram í lögum að starfsemi þeirra skuli afmarkast við eitthvert tiltekið svið. Þegar svo er komið þá er eðlilegt að menn spyrji sig: Fyrst svo er komið er þá eðlilegt að menn séu enn með fjárfestingarlánasjóði atvinnuveganna í mörgum sjálfstæðum sjóðum fyrst búið er að ryðja úr veginum þeim hindrunum sem áður voru á starfsemi þeirra, þannig að Fiskveiðasjóður gæti þá lánað í iðnað, iðnaður í fiskveiðar o.s.frv.?

Þetta varð til þess að menn settust yfir þá hugmynd, sem út af fyrir sig er ekki ný í þingsölum, en var ný að þessu leytinu til að það var búið að eyða þessum mörkum á milli sjóðanna. Þá settust menn yfir að skoða hvort það væri þá ekki rétt að athuga að sameina þessa lánasjóði, þessa fjárfestingarlánasjóði, í einn fjárfestingarlánasjóð atvinnuveganna. Við fyrstu sýn töldu menn ekki rétt og þá er ég að sjálfsögðu að meta afstöðu ráðherra í þeirri ríkisstjórn, að Stofnlánadeild landbúnaðarins væri þar með vegna sérstöðu hennar. Hún veitir lán sem eru eins og hv. þm. vita nokkuð niðurgreidd eða hafa verið og aðstæður hennar eru nokkuð öðruvísi en hinna fjárfestingarlánasjóðanna.

Sú ákvörðun út af fyrir sig, ja, ekki ákvörðun en sú afstaða getur orkað tvímælis. Menn geta sagt einfaldlega: Fyrst þetta er orðið svona er þá ekki rétt að sameina alla þessa fjárfestingarlánasjóði í einn þannig að allar atvinnugreinar búi við sömu aðstæður hvað varðar lánastarfsemi? Það var hins vegar tekin sú ákvörun af okkur sem unnum í málinu að láta það a.m.k. bíða. Til þess að geta sameinað þó ekki væri nema Fiskveiðasjóð, Iðnlánasjóð og Iðnþróunarsjóð þá þarf að eiga sér stað mikið og talsvert tafsamt samráð við þá aðila sem hagsmuna eiga að gæta í greinunum. Það var gert. Ég segi það eins satt og ég stend hér að það kom mér á óvart hve jákvæð viðbrögð komu frá þeim aðilum, þeir voru alveg opnir fyrir því. En sannast sagna þá vannst okkur ekki tími til að ljúka málinu og ég tek alveg undir það með þeim hv. þingmönnum sem hér hafa talað að slík stefnumörkun sem lögð yrði fyrir Alþingi, það er ekki hægt að gera ráð fyrir því að Alþingi afgreiði það á nokkrum dögum. Til þess þarf Alþingi að gefa sér góðan tíma og til þess þarf að gefa þeim hagsmunaaðilum sem vilja eiga þar hlut að máli og koma að því máli tíma til þess að hafa afskipti og áhrif á það mál.

Þess vegna brá ríkisstjórnin á það ráð að skilja það verkefni eftir í höndunum á nýju þingi og nýrri stjórn, hvernig svo sem hún verður skipuð og hverjir svo sem sitja á Alþingi, en gera hins vegar eingöngu það sem ekki bindur hendur manna við afgreiðsluna nú en gæti samt sem áður opnað leið fyrir því, sem er áhugamál flestallra ef ekki allra þingmanna, að nýsköpunarviðfangsefnum sé hægt að sinna í meira mæli en gert er. Frá þessu er greint í greinargerðinni einfaldlega sem frásögn, en afgreiðsla á þeirri stefnumörkun sem þar fer fram fer að sjálfsögðu ekki fram við afgreiðslu á þessu frv. Því með því að afgreiða þetta frv. eru menn að framlengja líf Iðnþróunarsjóðs í eitt ár. Menn eru að gera ráð fyrir því að hann geti starfað undir bráðabirgðastjórn þann tíma. Menn eru að gera ráð fyrir því að honum verði skipuð bráðabirgðastjórn þann tíma. Það er gert ráð fyrir því að hann getið aukið sín afskipti af áhættulánaveitingum. Síðan er það mál skilið eftir í höndunum á nýju þingi og nýrri stjórn hvernig framhaldsvinnsla málsins verður og með afgreiðslu þessa frv. eru alþm. að sjálfsögðu ekkert að binda sig við það.

Þá kem ég að því sem hv. þm. Jóhann Ársælsson, 3. þm. Vesturl., sagði, að auðvitað hefði verið rétt að ræða í því samhengi líka sameiningu ríkisbankanna. En það mál er ekki á dagskrá hér og er ekki gerð nein tillaga um það, en ég er honum sammála um það að ef við hefðum verið að ræða svona mikla breytingu og svona nýja stefnumörkun þá hefðu menn þurft að gefa sér tíma til að ræða það líka.

Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson spurði: Hvernig stendur á því að í síðustu mgr. 2. gr. er takmarkað við 250 millj. kr. hvað Iðnþróunarsjóður má verja til áhættulána? Svarið er að það er verið að ganga út frá því að ganga ekki um of á eigið fé sjóðsins. Eign sjóðsins er nú um 2,5 milljarðar þannig að við erum að tala um 10% eða svo af eign sjóðsins eins og hún er nú, sem er eitthvað ívið meira en menn geta gert ráð fyrir að vaxtatekjur og verðbætur verða, en þó ekki mikið umfram það. En ég vísa á skýringar við 2. gr., í athugasemdum við einstakar greinar. Það er nefnilega þetta sama hlutfall sem gert var ráð fyrir í upphafi sjóðsins að hann mætti verja til skyldra viðfangsefna, þ.e. um 10% af eigin fé sínu. Við erum því einfaldlega að setja þar sambærilegar reglur fyrir þetta eina ár.

Hv. þm. spyr: Af hverju er lagt til að ráðherra skipi? Ég legg til að sjóðstjórnin verði ekki skipuð eins og hún hefur verið, þ.e. af fulltrúum bankanna. Hin raunverulega sjóðstjórn sem stjórnar daglegum rekstri sjóðsins hefur verið skipuð af fulltrúum bankanna, stjórnendum bankanna. Það hefur komið fram frá mér áður að ég tel að það sé ekki rétt að stjórnendur viðskiptabanka sitji í stjórnum svona sjóða. Þetta er hins vegar algert bráðabirgðafyrirkomulag sem menn eru að ræða um, þriggja manna stjórn og þess vegna geri ég ekki tillögur um það að hún skuli skipuð samkvæmt tilnefningu. Ef það væri verið að gera tillögur um það

að sjóðurinn ætti að starfa til einhverra langframa, til lengri tíma en svo skamms tíma, þá hefði ég að sjálfsögðu gert tillögur um það. En til þess að það sé alveg ljóst að hér sé um hreint bráðabirgðaástand að ræða er ekki gerð tillaga um að í stjórninni sitji fleiri en þrír aðilar og að þeir séu skipaðir án tilnefningar.

Þá er spurt: Hvað um reglugerð um starf sjóðstjórnar þetta eina ár? Starfsreglur sjóðstjórnarinnar koma nokkuð vel fram í 4. gr. en þó er gert ráð fyrir því, eins og segir í lokamálsgrein í skýringum við 4. gr., með leyfi forseta:

„Verði talin þörf á því síðar að kveða nánar á um verkefni og starfshætti stjórnar sjóðsins getur ráðherra gert það í reglugerð á grundvelli almennrar heimildar í 7. gr. gildandi laga."

Ráðherra hefur því slíkt í hendi sér, en það er spurning hversu mikla reglugerðarsetningu eigi að viðhafa fyrir sjóðstjórn sem á aðeins að starfa í eitt ár þar sem koma fram í lagatextanum sjálfum nokkuð ítarlegar reglur um starfsemina.

Virðulegi forseti. Ég held að ég hafi svarað öllum þeim spurningum sem komu um efni þessa frv. Ég ítreka að mér er ljóst að það er mjög seint fram komið. Við höfðum hins vegar samband við iðnn. um leið og við tókum þá ákvörðun sem ég tel að hafi verið skynsamleg, að flytja málið svona fyrir Alþingi fremur en að reyna að flytja á síðustu dögum þingsins eitthvað stærra mál sem lengri tími hefði þurft að fara í. Ég vonast satt að segja til þess að iðnn. treysti sér til að afgreiða málið á þinginu þó ég geri mér fyllilega ljóst að það eru ekki æskilegir starfshættir af ráðherra að flytja mál svona seint eins og hér er gert.

[17:33]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hæstv. ráðherra rakti nokkuð forsögu þessa frv. og hvers vegna það ber svona seint að hér. Þá langar mig að spyrja hæstv. ráðherra um það, mér fannst einhvern veginn að hann gleymdi ákveðnum kafla úr því ferli. Við sem fylgdumst með þessu í fjölmiðlum og af viðtölum við ráðherra heyrðum að á einhverju stigi stóð á því að vilji, í það minnsta hluta ríkisstjórnarinnar, hafi verið að taka Iðnþróunarsjóð og nota hann til að styrkja eiginfjárstöðu Landsbankans. Mig langar til að biðja hæstv. ráðherra, af því hann gerði forsögu þessa frv. svona greinargóð skil, að fræða okkur um þennan þátt málsins einnig.

[17:35]

Iðnaðarráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þar sem ég er viðskrh. get ég upplýst að slíkar óskir hafa aldrei komið fram frá Landsbankanum, enda mundi það hafa þýtt það að ef eignareikningur Landsbankans hefði verið stækkaður með einhverjum slíkum hætti þá hefði orðið að auka lausafjárstöðu bankans sem því nemur. Þannig að það mál hefur ekki verið á dagskrá. Hvaða hugmyndir einstakir menn kunna að hafa haft eða hafi haft eða vildu hafa haft vil ég ekkert um segja.

[17:35]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hæstv. ráðherra ræddi um hugmyndir einstakra ráðherra. Nú vil ég ekki fullyrða neitt, því það er ekki gott að trúa alltaf öllu sem maður les í blöðunum. En ef ég man rétt þá voru þessir einstöku menn í ríkisstjórninni, hugsanlega í forsæti fyrir ríkisstjórnina. Mig langar til að spyrja hæstv. ráðherra hvort þetta hafi komið til tals innan ríkisstjórnarinnar og hvort þetta hafi verið hugmyndir einstakra ráðherra þar.

[17:36]

Iðnaðarráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég geti ekki svarað fyrir aðra ráðherra en þann sem hér stendur. Ef aðrir ráðherrar hafa haft einhverjar hugmyndir í þá veru eða einhverja aðra veru þá verður hv. þm. að spyrja þá. Það liggur fyrir að hvorki í iðnrn. né viðskrn. voru uppi hugmyndir um slíkt og ekki heldur af stjórnendum Landsbanka Íslands.

[17:36]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir þær skýringar sem hann gaf hér á nokkrum atriðum, m.a. svo mikilvægum þætti sem þeirri viðmiðun sem lægi til grundvallar því hámarki sem væri til ráðstöfunar af hálfu sjóðsins, 250 millj kr. og nokkuð sérstakt að það skuli ekki fram tekið í greinargerð hvernig á því stendur eða hvað haft er í huga.

En það var tvennt sem ég vildi inna hæstv. ráðherra frekar eftir. Þrennt kannski. Það er í fyrsta lagi rökstuðningur fyrir því að lögin falli úr gildi 1. júlí 1996. Ég gerði það atriði nokkuð að umræðuefni í mínu máli og sé að það tengist samþykkt núv. ríkisstjórnar, sem rakin er í greinargerð. En mér finnst það ekki vera rök í þessu máli, ég sé það ekki.

Í öðru lagi er það spurningin um reglugerðarsetningu þar sem segir í lokaefnisgrein skýringa við 4. gr.:

„Verði talin þörf á því síðar að kveða nánar á um verkefni og starfshætti stjórnar sjóðsins getur ráðherra gert það í reglugerð á grundvelli almennrar heimildar í 7. gr. gildandi laga."

Ég hélt að það væri verið að fella gildandi lög og les það hér að þau falli úr gildi samkvæmt 6. gr. og hér er verið að vísa í reglugerðarheimild í lögum sem á að fella brott. Nú hætti ég að skilja lagasmíð hér af hálfu Stjórnarráðsins.

Þriðja atriðið sneri að því sem segir efst á bls. 5 í greinargerð, að því er varðar hliðsjón af ákvæðum 61.–64. gr. samningsins um Evrópskt efnahagssvæði, þær takmarkanir sem þar eru. Það væri gott ef hæstv. ráðherra greindi okkur aðeins frá því hvaða meginsjónarmið eru það sem þar verður að taka tillit til.

[17:39]

Iðnaðarráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta frv. er lagt fram til þess að tryggja ákveðið ástand í aðeins eitt ár, þannig að þetta

er lagt fram af hálfu ríkisstjórnarinnar sem bráðabirgðalausn. Ef hv. nefnd þykir tilhlýða að breyta því og gera þetta að viðvarandi eða réttara sagt að miða ekki við að þetta sé takmarkaður gildistími, þá koma auðvitað til álita spurningar eins og um stærð stjórnar og tilnefningu og fleira slíkt. Og það getur vel verið, ég held að það sé flestra þingmanna mál, þó að það sé ekki búið að reyna á það enn, virðulegi forseti, að aðgerð af því tagi sem hér er verið að grípa til eigi ekki að festa sísvona til frambúðar. Það hefur komið fram hjá þeim hv. þingmönnum flestum sem hér hafa talað.

Um athugasemd hv. þm. verð ég einfaldlega að segja, að það er rétt ábending hjá honum um tilvitnun í 7. gr. Annaðhvort er þetta lapsus, eins og er gengið frá þessu hér, eða að það má vera að þarna sé verið að vitna í 7. gr. laga um innlánsstofnanir aðrar en banka og sparisjóði, sem er almenn rammalöggjöf um sjóði af þessu tagi. Það þori ég ekki að fullyrða héðan úr þessum ræðustól hvort heldur er, þetta sé lapsus eða verið sé að vitna í 7. gr. þeirra laga, en að sjálfsögðu geri ég ráð fyrir því að hv. iðnn. muni skoða það mál.

[17:41]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég saknaði þess að hæstv. ráðherra veitti einhverja úrlausn varðandi þriðju fyrirspurnina, að því er varðar EES-samninginn sem og ákvarðanir Eftirlitsstofnunar EFTA um málsmeðferð og efni reglna á sviði ríkisaðstoðar frá 19. jan. 1994. Auðvitað getur þingnefnd skoðað þetta, en það hefði verið æskilegt að megininntakið kæmi fram í greinargerð með frv. sem þarna er um að ræða og setur starfsemi sjóðsins takmörk vegna þessara tilvitnuðu ákvæða.

Varðandi síðan spurninguna um gildistíma laga þá vil ég ítreka það sjónarmið að mér finnst í rauninni ekki boðlegt að fara að setja svo stuttan gildistíma þessarar löggjafar með greinilegri vísan til ríkisstjórnarsamþykktar frá 17. febr. sl. því að þar er auðvitað ljóst samhengi á milli þar sem um er að ræða mjög stórt mál sem er spurningin um sameiningu fjárfestingarlánasjóða atvinnulífsins. Og hvers vegna ætti að fara að binda hendur komandi ríkisstjórnar að því er varðar þetta, að þurfa að fara að brjóta upp löggjöf um Iðnlánasjóð eða breyta henni þegar ætti að vera hægurinn hjá að sníða löggjöfina a.m.k. það skýra að þetta geti gengið um eitthvert árabil, sem og hitt að auðvelt er að fella lög úr gildi og ganga frá þeim í tengslum við þá skipan mála sem hér eru hugmyndir um og ég ætla ekki að ræða út af fyrir sig frekar.

[17:43]

Iðnaðarráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þá skal rétt vera rétt. Þetta frv. er frv. til laga um breytingu á lögum nr. 9/1970, um Iðnþróunarsjóð. 6. gr. gerir ekki ráð fyrir því að þau lög falli úr gildi fyrr en 1. júlí 1996 með þeim breytingum sem á þeim kunna að hafa verið samþykktar. Með því móti að vísa til 7. gr. í lögunum eins og þau eru nú er verið að vísa til heimildar sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Iðnrh. getur að tillögu stjórnar sjóðsins sett með reglugerð nánari ákvæði um rekstur sjóðsins."

Það er ekki gerð tillaga um að í þessu frv. til breytinga á lögum um Iðnþróunarsjóð verði þessu ákvæði breytt. Þannig að 7. gr. stendur þangað til lögin falla öll úr gildi 1. júlí 1996 verði frv. samþykkt.

Um annað atriði sem hv. þm. spurði, þá segir hann að hann vilji fá að vita nánar um það hvers vegna beri að tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA um málsmeðferð og efni reglna á grundvelli þessa frv. ef samþykkt verður. Það er vegna ákvæða um að það sé verið að heimila að veita styrki til atvinnulífs, ríkisstyrki til atvinnulífs. Það ríkir ekki bann við því, en það er ákvæði um það að slíkt verði að tilkynna til Eftirlitsstofnunar EFTA. Það er skýringin á því hvers vegna athygli er vakin á því. Við erum þar eingöngu að fullnægja samningsskyldum sem við höfum gengist undir sem ríki og hv. Alþingi hefur samþykkt. Um það snýst málið.

[17:45]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég tel að sú umræða sem hér hefur farið fram hafi skýrt þetta mál nokkuð, ekki síst með hliðsjón af þeim fyrirspurnum sem hv. 4. þm. Austurl. bar fram til hæstv. ráðherra. Það er auðvitað bersýnilegt að það verður að leggja dálitla vinnu í þetta mál áður en hægt verður að afgreiða það og það verður örugglega reynt að gera það í hv. iðnn. eins og kostur er.

Hér hefur ýmsum spurningum verið svarað, en það er þó ýmislegt sem þarf að skoða betur. Í því sambandi nefni ég í fyrsta lagi að við þurfum auðvitað að fara yfir efnahagsreikning Iðnþróunarsjóðs til þess að átta okkur á stöðu sjóðsins og möguleikum hans til þess að veita stuðning, lán og annað til þeirra verkefna sem talin eru upp í 2. gr. frv. þar sem gert er ráð fyrir vissum breytingum á 2. gr. gildandi laga nr. 9/1970. Það er mál sem við verðum að fara mjög rækilega yfir til að átta okkur á því að ekki sé sjóðnum ofboðið né heldur sé þannig tekið á málum að þar sé óþarflega skammt gengið. Það er auðvitað hlutur sem hv. iðnn. verður að leggja sitt mat á.

Í öðru lagi er nauðsynlegt að átta sig á því hvort það er hugsanlegt að ná samkomulagi um það að einhverjir aðilar tilnefni í þá stjórn sem sjóðnum yrði skipuð, hvort sem það væru einn, tveir eða þrír aðilar sem þar kæmu við sögu. Ég hef í sjálfu sér ekki neinar hugmyndir eða tillögur um það á þessu stigi málsins, en ég er út af fyrir sig hlynntur því að framkvæmdarvaldið beri ábyrgð á stjórnum sjóða þannig að ég geri engar kröfur um það og dettur ekki í hug að flytja neinar tillögur um að Alþingi kjósi stjórn í svona sjóði. En ég hefði viljað hafa skoðun á því hvernig best væri að fara í málið og mér finnst allt í lagi að hæstv. ríkisstjórn hafi eitthvert samráð við iðnn. eða Alþingi um það mál eða þá að greininni verði beinlínis breytt þannig að þar verði um að ræða tilnefningu frá einhverjum aðilum varðandi stjórn sjóðsins.

Ég tek hins vegar undir það að ég tel að það sé alveg ástæðulaust að bankarnir séu með fulltrúa í þess-

ari sjóðstjórn. Ég er hlynntur því að fella það niður og ég tel að það sé út af fyrir sig mikill ávinningur fyrir iðnaðinn að ná þó þessu tangarhaldi á sjóðnum sem hér er gert ráð fyrir að gera þó að það sé ekki nema til bráðabirgða.

Þriðja atriðið sem mér finnst að þurfi að skoða vel, aðeins betur, en ég átta mig ekki almennilega á hvernig menn hugsa sér það, er gildistökuákvæðið. Mér finnst það dálítið skrýtið og mér finnst ég ekki hafa fengið nægilega skýr svör við því hér og er í sjálfu sér ekki að ætlast til þess. Við þurfum bara að fara rækilega yfir þetta í hv. nefnd. En hér stendur: „Lög þessi öðlast gildi 9. mars 1995. Jafnframt fellur brott fylgiskjal með lögum nr. 9/1970, um Iðnþróunarsjóð." Þ.e. fylgiskjalið sem hefur lagagildi félli úr gildi um leið og þetta frv. yrði samþykkt og yrði að lögum. Síðan er gert ráð fyrir því að þetta frv., ef að lögum verður, gildi ásamt því sem eftir er af gildandi lögum nr. 9/1970 og þannig að um verði að ræða samsuðu úr þessari 25 ára gömlu löggjöf annars vegar og hins vegar úr þessum textum hér. Það er hlutur sem hv. iðnn. verður að lesa saman og átta sig á því hvort eðlilegt og nauðsynlegt er að fella þetta í eina heild þannig að hv. Alþingi átti sig aðeins betur á því en kostur er á hér hvað það væri að gera með því að samþykkja þetta frv. eins og það liggur fyrir.

Ég vil, hæstv. forseti, leggja áherslu á að við skoðum efnahagsreikning stofnunarinnar, að við skoðum stjórnskipun hennar og að við skoðum gildistökuákvæðið. Ég verð að segja eins og er að ég tek undir með hv. 4. þm. Austurl. að mér finnst koma til greina að menn fjalli aðeins betur um hversu langan tíma þessi lög gilda. Mér finnst koma til greina að kannski sé það ekki nákvæmlega þann tíma sem verið er að tala um í frv. heldur e.t.v. einhvern lengri tíma þannig að menn eigi kost á því að meta stöðuna aðeins betur.

Sömuleiðis er hugsanlegt að setja inn í frv. nauðsynleg reglugerðarákvæði. Ég ætla ekki að blanda mér frekar í þá umræðu sem hér hefur hefur farið fram um þessi mál sem hefur borist vítt um en legg á það áherslu að reynt verði að standa almennilega að afgreiðslu þessa máls í hv. iðnn. Það liggur fyrir frá hæstv. iðnrh. að þó að hv. iðnn. afgreiði málið þá sé hún ekki að skrifa upp á atvinnustefnu núv. ríkisstjórnar. Ég tel afskaplega mikilvægt fyrir hv. iðnn. að það liggi fyrir að hún sé sýknuð af því að bera nokkra ábyrgð á atvinnustefnu núv. ríkisstjórnar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Útbýting þingskjala:

Almenn hengingarlög, 318. mál, þskj. 718.

Barnalög, 342. mál, þskj. 720.

Framkvæmd vegáætlunar 1994, 436. mál, skýrsla samgrh., þskj. 728.

Refsiákvæði nokkurra skattalaga, 319. mál, þskj. 719.

Samningsgerð, umboð og ógildir löggerningar, 99. mál, þskj. 716.

Verslunaratvinna, 326. mál, þskj. 717.

Virðisaukaskattur, 257. mál, þskj. 715.

Vernd svæðislýsinga smárása í hálfleiðurum, 3. umr.

Stjfrv., 325. mál (réttur útlendinga). — Þskj. 493.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lánasjóður sveitarfélaga, frh. 1. umr.

Stjfrv., 370. mál (EES-reglur, lántökur). — Þskj. 599.

Umræðu frestað.

Flugmálaáætlun 1994–1997, fyrri umr.

Stjtill., 408. mál (flokkun framkvæmdafjár). — Þskj. 654.

[17:57]

Kristinn H. Gunnarsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég vil gera að umkvörtunarefni fundarhöld í þingnefnd núna í dag. Þannig stóð á að boðaður var fundur í allsherjarnefnd í dag án samráðs við mig a.m.k., ég skal ekkert fullyrða um aðra. Ég lét strax vita af að ég gerði athugasemd við það að fundur yrði haldinn því að hér stóð til að rædd yrðu mál félmrh. og ég er á mælendaskrá í einu máli og var reyndar kvaddur í þingsalinn til að stíga í ræðustól en af einhverjum ástæðum dróst að umræðum yrði haldið áfram. Þrátt fyrir athugasemdir mínar við þetta var haldinn fundur í allshn. sem mér er tjáð að hafi verið að ljúka núna rétt í þessu fyrir nokkrum mínútum.

Ég vil, virðulegi forseti, skírskota til 20. gr. þingskapa sem er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Nefndarfundi skal ekki halda þegar þingfundur stendur yfir. Frá þessu má þó víkja ef nefndarmenn samþykkja og forseti hreyfir ekki andmælum."

Nú liggur það fyrir að ég samþykkti ekki og mér er því mjög misboðið að nefndarformaður skuli ekki fara að þingsköpum í þessu efni og fer fram á það við forseta að hann taki málið upp. Ég fer einnig fram á það að forseti kveði upp úr með það hvaða gildi fundur hefur sem haldinn er í trássi við lög.

Ég hef ásamt öðrum þingmönnum í nefndum reynt að greiða fyrir þingstörfum og fallist á aukafundi eftir því sem unnt hefur verið að koma þeim fyrir og stundum á þingfundartíma ef það hefur verið hægt en mér er mjög misboðið þegar fundur er haldinn á þeim tíma sem fyrirséð var að ég yrði bundinn í þingsalnum án þess að ráðgast um það mál við mig og halda

svo fundinn engu að síður þó að ég andmæli.

Virðulegi forseti. Ég vil gera mjög alvarlegar athugasemdir við þetta og tel að við þetta verði ekki unað og ég mun fylgja þessu máli frekar eftir, virðulegi forseti.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti hlýtur að taka undir það með hv. þm. að við það er auðvitað ekki unandi að nefndir komi saman gegn vilja hv. þm. sem í nefndinni eru á meðan þingfundur stendur yfir. Forseta er ljúft að ræða þetta mál við forsætisnefnd og formann nefndarinnar.

[18:01]

Hjörleifur Guttormsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegur forseti. Ég ætla ekkert að gagnrýna fundarstjórn forseta almennt séð. Ég vildi hins vegar vekja athygli forseta á því að það er nokkuð bagalegt þegar dansað er til í dagskránni eins og hér er staðið að máli. Það var tekið fyrir annað mál og mér er ljóst að sá ráðherra sem átti að mæla fyrir því var ekki viðlátinn og þess vegna að því ráðið horfið að taka fyrir þetta mál sem forseti hefur tekið á dagskrá, flugmálaáætlun. En það er erfitt fyrir þingmenn að átta sig á því hvernig er hagað þinghaldi þegar viðkomandi hæstv. ráðherrar eru ekki viðlátnir til þess að mæla fyrir sínum málum þannig að nokkurn veginn verði haldið röð á dagskránni. Ég geri ráð fyrir því að m.a. nefndarmenn í hv. samgn. hafi áhuga á því að vera viðstaddir þessa umræðu og ég hitti einn í þinghúsi sem hafði ekki hugmynd um að þetta mál væri komið á dagskrá.

Ég vildi einfaldlega vekja athygli á því að það er heldur bagalegt þegar forseti neyðist til þess að færa til mál og taka slíkt stökk í dagskránni og raun ber vitni. Þetta er góðfúsleg ábending og væri kannski ekki úr vegi að þingmenn í viðkomandi nefnd séu látnir vita þegar mál er skyndilega tekið á dagskrá, jafnstórt mál og hér um ræðir.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti getur ekkert annað en tekið undir þessi orð. Það er alltaf afar bagalegt þegar mikið er rótað til í dagskrá. Hitt er annað mál að þetta er oft vandamál þegar fer að líða að þinglokum, nefndir verða að hafa aukafundi hvort sem mönnum líkar betur eða verr og ráðherrar eru afar önnum hlaðnir. Þetta er svo sem ekkert nýtt en gott er það ekki og forseti mun ræða þessi mál við hæstv. samforseta sína við fyrsta tækifæri.

[18:03]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég hygg að við séum öll það gömul í hettunni í sölum Alþingis, hæstv. forseti og hv. þm. Hjörleifur Guttormsson, til að vita að það hefur komið æðioft fyrir á liðnum árum og liðnum þingum að málum sé skákað til á dagskránni. Ég hygg að báðum hv. þm. sé einnig kunnugt að fyrir hefur komið að þingfundi sé slitið, öll mál tekin af dagskrá og annar fundur boðaður þegar í stað með ný mál á dagskrá sem ekki ætti síður að koma á óvart en þó mál séu rædd sem á dagskrá eru. Það er allt til í þessu og hefur verið á liðnum árum og áratugum og hér er eingöngu farið eftir rótgróinni þinghefð. Á hinn bóginn þekki ég það líka að það er jafngömul þinghefð að gera athugasemdir við hæstv. forseta þegar þannig liggur á mönnum.

[18:04]

Hjörleifur Guttormsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegur forseti. Örstutt vegna orða hæstv. samgrh. vegna minnar athugasemdar. Ég vildi koma því á framfæri við hæstv. forseta sem nú stýrir fundi, að hjá forseta sem greindi frá í upphafi fundar hvernig ráðgert væri að ræða mál kom fram hvert fyrsta dagskrármálið yrði, sem var rætt allgóða stund, um Iðnþróunarsjóð, síðan yrði vikið að ákveðnu númeri á dagskránni og mál yrðu síðan tekin í röð. Nú vil ég ekki fara að herma neitt orðrétt um þetta en þetta var sá skilningur sem ég fékk og það var með vísan til þess sem ég leyfði mér að gera ábendingu um að þetta gæti komið sér illa fyrir hv. þm. sem hefðu áhuga á viðkomandi máli sem nú hefur verið tekið á dagskrá.

[18:05]

Kristinn H. Gunnarsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Vegna þess sem fram kom hjá hæstv. samgrh. er óhjákvæmilegt að taka það fram, því að hann virðist ekki hafa hlýtt á athugasemd mína, að ég var ekki að gera athugasemd við störf forseta. Ég var að skýra frá fundarhaldi í þingnefnd og gera athugasemdir við það og óskaði eftir viðbrögðum forseta við því. Ég þakka forseta fyrir undirtektir hans við fyrirspurn minni en ítreka það að ég mun ganga eftir frekari svörum en unnt er að veita nú. Þegar fundur hefst að nýju að loknu kvöldmatarhléi mun ég ganga eftir því við forseta að fá svör við því hver verði viðbrögð forseta gagnvart þeim fundi sem haldinn var í trássi við 20. gr. þingskapa sem eru eins og allir vita fullmektug lög og menn eiga að fara að lögum, líka sjálfstæðismenn þó að þeim hætti stundum til að vera a.m.k. á jaðrinum í framkvæmd sinni. Og veit ég að hæstv. samgrh. kannast mætavel við það.

Ég vil svo einnig biðja hæstv. forseta að kanna það í leiðinni, til þess að unnt verði að upplýsa það eftir kvöldmatarhlé, hvort forseti hafi veitt leyfi fyrir þessu fundarhaldi. Ef ekki þá er málið ljóst hvað forseta varðar en hafi verið sótt um leyfi forseta og það veitt þá er nauðsynlegt að fá upplýst hvort forseta hafi verið gerð grein fyrir því að nefndarmaður gerði athugasemd við að fundur yrði haldinn.

Þetta tel ég nauðsynlegt að verði upplýst síðar á þingfundinum og ég vænti þess að forseti gangi í það að afla svara við spurningunum og skýra frá þeim viðbrögðum sem forseti hyggst grípa til varðandi þennan umrædda fund en ég ítreka að mér er mjög misboðið að formaður nefndarinnar skuli hafa haldið fund í trássi við afstöðu mína og sem mótast af því að mér var skylt að vera við þingstörf og var reyndar kvaddur í þingsalinn að boði forseta.

[18:08]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Alþb. er því mjög kunnugur eftir setu sína á Alþingi að það er síður en svo einsdæmi að þingfundur sé haldinn samtímis fundi í þingnefnd. Ef sérstaklega stendur á þá er gömul hefð og venja fyrir því. Þetta er laukrétt líka hjá hv. þm. að það kemur fyrir að þess sé sérstaklega óskað að mál sé ekki tekið fyrir á sama tíma og nefndarfundur er og þá eru færðar fyrir því sérstakar ástæður. Það sem hér er um að ræða er að á dagskrá er nú framsöguræða með þáltill. um breytingar á flugmálaáætlun. Það fer að líða að lokum þessa þinghalds og spurningin er um að koma þessu máli til nefndar. Málið er gamalkunnugt og ég get ekki séð að þótt fundur sé nú í allshn., (**Gripið fram í:** Hann er búinn.) fundurinn er þar að auki búinn, þá væri það ástæða til að synja um umræður um slíkt mál.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti beinir nú þeirri ósk til hv. þm. að reynt verði að ná samkomulagi um að þinghald haldi áfram. Forseti mun hins vegar beita sér fyrir því að í kvöldmatarhléi verði reynt að semja um framhald fundarins í kvöld og jafnvel nótt sem mér skilst að gæti orðið. Betur getur forseti ekki gert en að fallast á þau sjónarmið sem hér hafa fram komið og mun reyna að leita samkomulags um frekara framhald fundarins.

[18:10]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Með 10. og 11. gr. laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1995 var gerð breyting á lögum um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum. Þar var kveðið á um að tekjum af eldsneytisgjaldi skuli einnig varið til rekstrar flugvalla sem og til framkvæmda í flugmálum samkvæmt flugmálaáætlun. Jafnframt var kveðið á um að tekjum af flugvallagjaldi skuli einnig varið til snjómoksturs flugvalla, viðhalds flugvalla og tækja sem og framkvæmda í flugmálum samkvæmt flugmálaáætlun.

Í fjárlagafrv. fyrir árið 1995 voru áætlaðar tekjur af eldsneytis- og flugvallagjaldi 393 millj. kr. Gert var ráð fyrir að ráðstafa 70 millj. af þeim tekjustofnum til reksturs flugvalla en 323 millj. til framkvæmda við flugvelli. Við meðferð frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum fyrir árið 1995 var ákveðum um flugvallagjald breytt þannig að tekjum af flugvallagjaldi skyldi auk framkvæmdar varið til snjómoksturs og viðhalds flugvalla og tækja en ekki til rekstrar flugvalla almennt eins og frv. gerir ráð fyrir. Vegna þessa er miðað við að 40 millj. kr. verði ráðstafað af eldsneytis- og flugvallagjöldum til rekstrar flugvalla og að gerð verði breyting til samræmis við þetta í fjáraukalögum fyrir árið 1995.

Það liggur því fyrir að gera þurfi breytingar á flugmálaáætlun fyrir árin 1994–1997 sem samþykkt var á Alþingi sl. vor og miðar að því að framlag til framkvæmda á flugvöllum verði 40 millj. kr. minna en samþykkt flugmálaáætlun gerir ráð fyrir. Ráðuneytið óskar eftir því við flugráð að það geri tillögur til ráðuneytisins um breytingu á flugmálaáætlun sem er í samræmi við lagaákvæði.

Á fundi flugráðs þann 25. janúar varð gerð tillaga til samgrn. um það með hvaða hætti 40 millj. sem nota á til rekstrar flugvalla verði skipt til breytinga á framkvæmdum í flugmálum á árinu 1995. Byggir þáltill. á tillögum flugráðs óbreyttum.

Lagt er til að framlag til flugstöðvar á Egilsstaðaflugvelli verði 24 millj. kr. í stað 30 millj. kr. samkvæmt flugmálaáætlun. Miðað er við að unnt verði að ljúka næsta áfanga við flugstöð á Egilsstöðum en að lokaáfangi frestist.

Samkvæmt flugmálaáætlun var fyrirhugað að ganga frá bílastæðum og lóðum á Húsavíkurflugvelli vegna hagstæðra útboða við framkvæmdir við lagningu bundins slitlags. Á síðasta ári var einnig unnt að ljúka þessum áfanga af fjárveitingum ársins 1994.

Lagt er til að framlag til að ganga frá bílastæðum á lóðu á Sauðárkróksflugvelli, 15 millj. kr., verði fellt niður.

Loks er lagt ti að framlag til að leggja bundið slitlag á Patreksfjarðarflugvöll verði 35 millj. í stað 40 samkvæmt flugmálaáætlun. Með hliðsjón af reynslu undanfarandi ára af útboðum vegna framkvæmda í flugmálum eru vonir bundnar við að hægt verði að ná meginmarkmiðunum um lagningu bundins slitlags á Patreksfirði.

Þá er lagt til að sá liður í flugmálaáætlun sem kveður á um fjármagn til annarra flugvalla- og lendingabóta verði lækkaður um 4 millj., verði 1 millj. í stað 5.

Ég vil minna á það, hæstv. forseti, að reynslan hefur verið sú að flugmálaáætlun hefur verið varfærin. Ég geri mér því vonir um að þessar breytingar muni ekki hafa það í för með sér að framkvæmdir raskist eða frestist og legg til að svo mæltu að þáltill. verði vísað til síðari umr. og hv. samgn.

[18:15]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hér er verið að mæla fyrir breytingu á flugmálaáætlun sem var samþykkt á síðasta þingi. Ég vildi spyrja hæstv. ráðherra í því sambandi: Í greinargerð er talað um að það verði hægt að framkvæma eftir sem áður eða ná meginmarkmiðum eins og segir þar um bundið slitlag á Patreksfirði og Egilsstöðum. Hins vegar er Sauðárkrókur ekki nefndur hér. Þar er skorið niður um 15 millj. kr. Þess vegna vildi ég spyrja: Hvað verður þá um þær framkvæmdir sem þar voru fyrirhugaðar? Falla þær niður eða hvað verður um þær? Eins með Húsavík. Það er heldur ekki nefnt í þessari greinargerð hvernig verði með Húsavík þar sem á að skera niður um 10 millj. kr. Telur ráðherra að það verði hægt að ljúka því og hvað með Sauðárkrók?

[18:16]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég gat sérstaklega um Patreksfjörð vegna þess að ég tel eðlilegt að á það verði lögð áhersla að athuga hvort ekki finnist leiðir til þess að ljúka því verki þó svo tilboð verði hærra en við bú-

umst nú við. Annars vil ég taka það fram, eins og ég sagði áður, að flugumferð hefur verið meiri en gert hafði verið ráð fyrir hér innan lands og það gefur tilefni til að ætla að meiri tekjur komi inn en áður hafði verið talið og ef svo reynist þá mun það leiðréttast með fjáraukalögum og frekara fjármagn fást inn á áætlunina. Það er laukrétt hjá hv. þm. að hér er gert ráð fyrir því að fresta því að gengið verði frá bílastæðum og lóðum á Sauðárkróksflugvelli. Það er nú löngum svo að menn verða stundum að fresta sumum framgöngum til þess að aðrar geti þá gengið fyrr fyrir sig og það er alkunnugt og gömul venja.

[18:17]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Þessi tillaga um breyting á þál. um flugmálaáætlun er tilkomin vegna breytinga á tekjustofnum til flugmála sem gerðar voru við fjárlagagerð í vetur þar sem var ákveðið að peningar úr þessum tekjustofni yrðu notaðir til að fjármagna rekstur flugvalla jafnt sem framkvæmdir við flugvelli. Nú er auðvitað verið að skera niður vegna þessara ákvarðana um 40 millj. og kemur misjafnlega niður og hefði verið ástæða til þess að ræða það kannski svolítið fyrr hvort menn væru sammála þeim áherslum sem þarna koma fram. Kannski hefðu menn þá ekki verið sammála því að fara þessa leið sem var þó ákveðin í vetur við afgreiðslu á fjárlögunum ef þeir hefðu séð hvaða liðir yrðu fyrir barðinu á niðurskurðinum. En Flugmálastjórn hefur séð sig knúna til þess að breyta verulega sínum framkvæmdum í framhaldi af þessari ákvörðun frá í vetur.

Ég ætla út af fyrir sig ekki að gagnrýna það að þessi þáltill. um breyting á flugmálaáætlun komi fram. Það er auðvitað góður siður að breyta áætluninni úr því að svona var að farið, en út af fyrir sig hefðu ákvarðanirnar staðið þó að þessi þáltill. hefði ekki komið fram eða verði ekki afgreidd. Það er ekki mjög langur tími til stefnu fyrir hv. nefnd og þingið að klára þau mál sem liggja fyrir og hér kemur eitt til viðbótar. Ég reikna með því að nefndarmenn séu allir af vilja gerðir til þess að fara yfir það og skoða, en það verður auðvitað að sýna sig hvort tíminn verður nægur.

En það er athyglisvert að sjá að sumar framkvæmdir hverfa eða verða mjög fyrir barðinu á þessum niðurskurði. Þarna eru 15 millj. skornar niður t.d. á Sauðárkróki og ég geti ekki ímyndað mér annað en það hafi töluverð áhrif á rekstur flugvallarins þar. Ég ætla ekki að fara yfir einstaka liði neitt sérstaklega. Ég vil bara segja að mér þykir það vont að menn skuli koma með þessi mál svona seint inn í þingið og mér finnst að það sé gagnrýnisvert að mál eins og þetta, sem hefur legið fyrir að þyrfti að flytja allt frá því að fjárlögin voru samþykkt, skuli ekki hafa komið inn í þingið fyrr. Það er sú aðalgagnrýni sem ég vil færa hér fram og fyrst og fremst þess vegna sem ég stend hér upp því ég get auðvitað fjallað um málið í nefndinni þegar þar að kemur. En fyrst og fremst vil ég koma þeirri gagnrýni á framfæri sem ég var að nefna um það að undirbúningur þessa máls þurfti ekki að verða mjög langur eftir að búið var að samþykkja fjárlögin með þessum breytingum. Það er vonandi að hæstv. ráðherra svari til um það hvernig á því stendur að málið ber að svo seint þegar komið er alveg að lokum þingstarfa.

Útbýting þingskjala:

Listmenntun á háskólastigi, 277. mál, nál. menntmn., þskj. 730.

Ólympískir hnefaleikar, 166. mál, nál. menntmn., þskj. 729.

Tryggingagjald, 236. mál, þskj. 714.

Vernd barna og ungmenna, 197. mál, þskj. 713.

[18:21]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er auðvitað að koma hér fram sú skerðing sem ákveðin var í fjárlögum þegar verið var að breyta lögunum um flugmálaáætlun og taka ákveðið fjármagn þar inn í ríkissjóð án þess að það færi allt saman til til framkvæmda í flugmálum. Þegar slík breyting er gerð er alltaf tilhneiging til þess að gera enn þá meira, taka meira og meira af þeim í rekstur en ekki að nota þá til þeirra fjárfestinga sem upphafleg lög gerðu ráð fyrir.

Við stöndum hins vegar frammi fyrir því að fjárlögin voru samþykkt með mótatkvæðum þeirra sem þá voru á móti þessari breytingu og sú breyting sem þá var gerð var mjög umdeild og ég hygg að hún hafi verið það líka ekkert síður í þingflokki Sjálfstfl. og kannski fáum við að sjá eitthvað meira af því hér á eftir, hvort menn eru sammála um þessar breytingar. En í framhaldi af þessum breytingum er auðvitað komið fram frv. sem tekur á því hvaða flugvellir það eru sem verða fyrir skerðingum á framkvæmdum í framhaldi af því að hluti af þessum mörkuðu tekjustofnum fer þá til rekstrar.

Ég vildi aðeins koma þessu hér á framfæri og ætla ekkert að lengja þessa umræðu frekar, ég hef tækifæri til þess að fara yfir þetta í hv. samgn. En ég vil leggja áherslu á það að tekið verði á því sem hér er verið að gera, hvort ekki er hægt að halda samt sem áður þeirri áætlun sem gerð hafði verið um þessi flugmál og halda því til haga að á þessum flugvöllum verði framkvæmt þó að það verði þá að gerast hægar. Ég sé ekki fram á að það sé hægt að taka eitthvað einhliða út, t.d. eins og ég nefndi í andsvari áðan, Sauðárkrók, þar sem mér sýnist að verði þá alveg hætt við það sem þar átti að gera.

Það hefur einnig verið gagnrýnt áður í umræðum einmitt um Sauðárkróksflugvöll að fólkinu sem þarf að nota þann völl er ekki þjónað á þann hátt sem æskilegt væri og hugsanlega verður þessi skerðing á framkvæmdum til þess í því að það muni þá enn þá versna þjónustan við fólkið sem þessi flugvöllur á að þjóna. Ég er ekki komin til með að segja að ég muni geta samþykkt það að þessi skerðing komi svona einhliða hér sem mér sýnist. Mesta skerðingin virðist koma á Sauðárkróksflugvöll og ég hygg að það muni verða fleiri sem hafi eitthvað við það að athuga.

En þessu vildi ég aðeins koma hér á framfæri. Ég tel það óviðunandi þegar verið er að taka markaða

tekjustofna sem eiga að fara til framkvæmda, taka úr þeim til rekstrar, því tilhneigingin er þá alltaf til þess að taka meira og meira yfir í reksturinn og minna verður þá um framkvæmdafé.

[18:25]

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Við erum hér að ræða um till. til þál. um flugmálaáætlun. Ég held að það sé rétt eins og hér hefur komið fram að hún kemur fram kl. 11.30, ef við megum orða það svo, hvað tíma þingsins varðar. Ég verð að segja að ég er vægast sagt óánægður með framvindu þessara mála og það sem lýtur að flugmálaáætlun, vinnu við flugmálaáætlun og alla umræðu um störf flugráðs og þeirra sem með málefni flugvalla fara.

Ég hef margsinnis innt eftir því í störfum mínum í samgn. þingsins í allan vetur við formann nefndarinnar að samgn. fengi til viðtals við sig á fund nefndarinnar fulltrúa flugráðs eða flugmálastjóra til þess að samgn. gæti sett sig ofan í þau mál og þær hugmyndir sem verið hafa á sveimi í allan vetur um niðurskurð á framkvæmum til flugmála. Ég verð að segja það, virðulegi forseti, að ég velti því fyrir mér hver réttur venjulegs þingmanns er í þessum efnum. Síðan kemur hæstv. samgrh. hér á lokadögum þingsins með plagg sem hann nefndir flugmálaáætlun og mér er hreint óskiljanlegt hvernig hann ætlar að sigla þessu máli áfram og hann hlýtur að þurfa að svara því hér og nú, annaðhvort hæstv. samgrh. eða þá formaður samgn.

Það vekur athygli mína eins og fleiri sem hér hafa talað og ég tek undir það sem hér kom fram áðan hjá hv. 6. þm. Vestf., Jónu Valgerði Kristjánsdóttur, þar sem hún vék að framkvæmafé til flugvallarins á Sauðárkróki og að þar væri hnífnum skarpast beitt. Það er umhugsunarefni fyrir okkur þingmenn Norðurl. v. að það skuli vera einmitt undir embættisfærslu núv. hæstv. samgrh. Halldórs Blöndals sem niðurskurðarhnífnum er jafnmiskunnarlaust beitt á framkvæmdafé í Norðurl. v. Minnugur mætti hann vera þess, hæstv. núv. samgrh., að það voru þingmenn Norðurl. v. sem fluttu stórkostlegar fjárveitingar af framkvæmdum úr sínu kjördæmi til þess að liðka til að byggja upp og flýta framkvæmdum á uppbyggingu vegarins á sínum tíma yfir Öxnadalsheiði.

Það var auðvitað hagsmunamál okkar einnig og okkar skilningur að það væri þarft verk. En það er út af fyrir sig eins og ég segi merkilegt mál að það skuli ekki aðeins í samgöngumálum sem það kjördæmi fær harðasta útreiðina af öllum í vegamálum heldur er það einnig í flugmálunum. Þar er skorið niður framkvæmdafé til flugvallarins á Sauðárkróki um 15 millj. kr.

Ég vildi einnig spyrja hæstv. samgrh. að því að í flugmálaáætlun fyrir sl. ár var áætlað að verja um 9 millj. kr. til framkvæmda við Sauðárkróksflugvöll. Ég hef spurt um það í samgn. og að sjálfsögðu ekki fengið svör við því þar frekar en öðru sem ég hef spurt að sem lýtur að flugmálum. Hver var það sem tók ákvörðun um það og í umboði hvers að engar framkvæmdir voru við Sauðárkróksflugvöll þrátt fyrir að Alþingi hafði samþykkt flugmálaáætlun sem kveður skýrt á um það að ákveðið fjármagn skuli fara til þess flugvallar? Hver er það, hæstv. samgrh., sem tekur fram fyrir hendur Alþingis í þessum efnum? Ég hef ekki fengið svör við því og mér sýnist á hæstv. samgrh. að það verði lítið um svör nú.

Ég verð að segja það að það er fleira sem mér finnst að hæstv. samgrh. skuldi okkur skýringar á varðandi framkvæmdir við þennan flugvöll. Ef ég hef skilið rétt er í öðru orðinu talað um að það skuli sett slitlag á Sauðárkróksflugvöll á 1.200 metra flugbraut annars vegar og á 1.600 metra flugbraut hins vegar. Nú spyr ég hæstv. samgrh.: Um hvað eru menn að tala? Á að leggja slitlag á Sauðárkróksflugvöll á 1.200 flugbraut eða á að leggja slitlag á Sauðárkróksflugvöll upp á 1.600 metra flugbraut? Við þessu þarf ég að fá svör.

Ég gæti farið frekar yfir flugmálaáætlun. Hún er út af fyrir sig merkilegt plagg og sýnir ekki mikinn stórhug ríkisstjórnarinnar í þessum þætti samgöngumála. Ég vonast til þess og ég bið hæstv. samgrh., eða formann samgn. sem hér er einnig mættur, að skýra okkur frá því hvernig framhald málsins verður í þinginu með þessa áætlun. Er meiningin að taka hana fyrir í samgn. þingsins og ræða hana þar? Ég hef fengið dagskrá næsta fundar og þessi flugmálaáætlun er ekki á henni. Verður þá orðið við margítrekaðri minni um það að flugmálastjóri eða fulltrúi flugmálastjóra komi á fund nefndarinnar og skýri samgn. frá ýmsum þáttum flugmálaáætlunarinnar, ekki bara fyrir þann flugvöll sem ég hef títt nefnt, Sauðárkróksflugvöll, vegna þess að hann virðist vera sérstakt gæluefni hæstv. samgrh. til þess að skera niður, heldur hljóta fleiri þingmenn og þeir sem eiga sæti í samgn. að spyrjast fyrir um ákveðna verkþætti? En þetta vil ég fá skýrt fram áður en lengra er haldið með þessa umræðu, virðulegi forseti.

[18:32]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. er að sjálfsögu kunnugri á Sauðárkróksflugvelli en ég. Ég hygg að það sé rétt með farið að það eigi að leggja á 1.200 metra braut á Sauðárkróki en í báðar áttir sé búið að leggja á 200 metra þannig að brautin verði 1.600 metrar. Mér hefur skilist að málið sé þannig vaxið.

Það kemur mér mjög mikið á óvart ef flugmálastjóri bregst ekki vel við því ef óskað er upplýsinga hjá honum. Það er skammt eftir af þinginu nú. Ég geri mér ekki grein fyrir því hvort samgn. hefur svigrúm til að kalla flugmálastjóra til fundar til að ræða þau mál sem hv. þm. hefur áhuga á. Ef svo er ekki þá skal ég nefna það við flugmálastjóra að hann ræði sérstaklega og persónulega við hv. þm. þannig að hann geti fengið þær upplýsingar sem hann leitar eftir.

Ég tek ekki undir með þingmanninum að sérstaklega sé níðst á Norðurlandi vestra í þeirri flugmálaáætlun sem í gildi er frá 1994–1997. Það var í henni gert ráð fyrir því að verja 80 millj. kr. til Sauðárkróks á þessu ári og 35 á hinu næsta. Hér er lagt til að fresta framkvæmdum upp á 15 millj. kr. Það var tekin ákvörðun um þennan niðurskurð á flugmálaáætlun og rökin fyrir því voru þau að menn vildu leggja áherslu

á aðra þætti samgöngumála. Þetta er auðvitað alltaf umdeilt en aðalatriðið er að ég hygg að Skagfirðingar og ég veit ekki hvort ég má segja Sauðkrækingar eða Sauðkræklingar megi vel við una þeirri afgreiðslu sem hér er á flugmálaáætlun.

[18:34]

Stefán Guðmundsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég verð að svara fyrir mig, ég get ekki svarað fyrir fleiri, en það er langt frá því, hæstv. samgrh., að ég sé ánægður með framkvæmdafé til flugmála í Norðurlandskjördæmi vestra. Það vantar mikið á það, hæstv. ráðherra. Og eins og ég sagði þá skuldar hæstv. samgrh. okkur íbúum Norðurlandskjördæmis vestra ýmsar skýringar á störfum sínum sem ráðherra samgöngumála. Ekkert kjördæmi landsins hefur farið jafnhraklega út úr fjárlagagerð í tíð hæstv. samgrh. og Norðurlandskjördæmi vestra.

Ég sé að hv. þm. og formaður samgn., Pálmi Jónsson, veltir vöngum. (**SJS:** Hann leggur kollhúfur.) Hann leggur kollhúfur. En það væri þá gott ef hv. þm. kæmi hér upp og andmæli því sem ég segi. (**Gripið fram í:** Hvernig væri það?) Það væri skynsamlegt af honum. Þó held ég að það væri skynsamlegra af honum að gera það ekki.

Hæstv. ráðherra svaraði ekki spurningum mínum. Hann svaraði því ekki hver það væri sem hefði tekið ákvörðun um að ganga á samþykkt Alþingis um það að vinna ekki fyrir það fjármagn sem samþykkt var við gerð síðustu flugmálaáætlunar. Ef á ekki að vinna fyrir það fé þá er ekki verið skera niður framkvæmdir við Sauðárkróksflugvöll um 15 millj. heldur um 24 millj., hæstv. ráðherra. Við gætum velt því líka fyrir okkur þegar hæstv. ráðherra er að tala um lagningu bundins slitlags á þennan flugvöll hvort hæstv. ráðherra veit að það er slitlag á 400 metrum á enda flugbrautarinnar til suðurs en mér er sagt að framkvæmdin eigi að vinnast af norðurenda flugbrautarinnar. Eigum við ekki aðeins að velta því fyrir okkur hvernig þetta er tæknilega mögulegt?

[18:37]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að það sé óhjákvæmilegt að við förum í vettvangskönnun sameiginlega, ég og hv. þm., til að athuga hvað snýr í norður og hvað í suður á flugbrautinni fyrir norðan. Ég er sæmilega öruggur þegar ég er í Eyjafirðinum en það má vera að ég sé áttavilltur í Skagafirði, ekki þori ég um það að segja.

Ég kannast ekki við það að ég hafi með einum eða neinum hætti beitt mér fyrir því eða lagt til að draga úr fjármagni til Sauðárkróksflugvallar á þessu ári. Mig rekur ekki minni til þess nema það hafi þá verið vegna þess að fé nýttist betur til þess að ljúka við bundið slitlag á þessum þremur flugvöllum sem var lagt bundið slitlag á fyrir norðan. Það er auðgert að spyrja flugmálastjóra um það en ef svo er þá er það fjármagn nú til reiðu á þessu ári þannig að það hefur ekki horfið.

Aðalatriðið er að það var óhjákvæmilegt að leggja bundið slitlag á flugvellina á Húsavík og Siglufirði og það var látið sitja fyrir á síðasta ári. Það var svigrúm til þess að leggja bundið slitlag einnig á flugvöllinn á Þórshöfn. Það má deila um hvort það hafi verið rétt að láta þá framkvæmd sitja fyrir og síðan er röðin komin að Sauðárkróki og ég vona að hv. þm. geti betur sætt sig við þessar áherslur en hann lætur í ljósi í ræðustólnum.

Aðalatriðið er að það var ekki hægt að una því lengur að ekki yrði lagt bundið slitlag á þá þrjá flugvelli sem ég nefndi hér.

[18:39]

Stefán Guðmundsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég er engu nær með svör hæstv. ráðherra og ég get sagt honum það að ég er ekki ánægður með framkvæmdir til flugmála á Sauðárkróki, langt í frá. Það er hvergi nokkurs staðar orðið við óskum heimamanna hvað varðar framkvæmdir við Sauðárkróksflugvöll. Og að hæstv. samgrh. komi svo hingað upp eftir að ég er búinn að margbiðja um fund með yfirmönnum flugmála í samgn. þingsins og aldrei verið orðið við því og segist skulu beita áhrifum sínum til þess að ég geti átt persónulegt samtal við flugmálastjóra. (**Gripið fram í:** Þetta er vel boðið.) Já, það er vel boðið eða hitt þó heldur. Ég hef bara takmarkaðan áhuga á því. Ég get orðið mér úti um slíkt samtal sjálfur. Ég óskaði eftir því að þessir menn kæmu á fund nefndarinnar. Samgn. þingsins á allan rétt á því að fá að ræða við þessa aðila og við þurfum enga milligöngu frá hæstv. samgrh. um það að fá eitthvert einkaviðtal við flugmálastjóra.

Ég vil undirstrika að það kemur a.m.k. mér á óvart ef þingmenn Norðurlands vestra geta sætt sig við þær hugmyndir sem hér eru settar á blað. A.m.k. hefur enginn hér komið upp í þennan ræðustól sem hefur tekið undir þær.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Andsvörum er lokið og nú er ljóst að þessu máli getur ekki lokið áður en fundi verður frestað vegna þingflokksfundar sjálfstæðismanna. Forseti vildi fara þess á leit við hv. þingheim að leyft yrði að tvö mál yrðu tekin fyrir sem ekki ættu að þarfnast mikillar umræðu. Það eru 21. og 22. mál og ef því verður ekki mótmælt hyggst forseti taka fyrir 22. mál.

Forseti vill upplýsa hv. þm. að hér er einungis um að ræða að nýta þær fáu mínútur sem gefast fram að kvöldverðarhléi en eigi að fara að hefjast umræður um fundarstjórn forseta þá er hún leyfð en þá verður ekki af frekari umræðu vegna þess að fundi verður frestað eftir þrjár mínútur.

[18:42]

Kristinn H. Gunnarsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég vil mælast til þess að umræða um þessa þáltill. verði ekki slitin í sundur að óþörfu með því að fleyga hana með öðrum þingmálum. Ég tel eðlilegt að hún haldi áfram samfellt eftir því sem við verður komið vegna kvöldmatarhlés og annarra slíkra reglubundinna og fyrirsjáanlegra breytinga. Mér finnst óeðlilegt að umræða um þetta mál verði stöðvuð og hafin eftir einhverjum óútskýranlegum formúlum. Ég tel eðlilegt að umræðu verði fram haldið og þau mál sem forseti nefndi komi hér á eftir. Það er að ég held

ég megi segja nægur tími og mér sýnist menn vera nokkuð rólegir yfir fundarhaldinu og fámennt í þingsal þannig að hér er rólegt og afslappað yfirbragð og engin ástæða til þess að flana að afgreiðslu mála.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti vill upplýsa að lofað hefur verið að fresta fundinum þegar klukkuna vantar 15 mínútur í 7 þannig að um frekari umræðu verður ekki að ræða í bili.

[18:43]

Hjörleifur Guttormsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Rökstuðningur hefur nú þegar komið fram hjá síðasta ræðumanni og ég sé ekki ástæðu til að lengja þetta. Mér finnst ekki skynsamlegt að vera að hringla frekar með mál í dagskránni en forseti hefur neyðst til að gera. Mér finnst ekki vera rök fyrir því að fara að taka fyrir nýtt mál og fresta þessari umræðu og styð þau sjónarmið sem fram hafa komið og vænti að forseti hafi skilning á þeim sjónarmiðum.

[Fundarhlé. — 18:44]

Útbýting þingskjala:

Skoðun kvikmynda, nál. menntmn., þskj. 731; brtt. menntmn., þskj. 732.

[20:34]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Þessi tillaga hér liggur á borðum um breytingu á flugmálaáætlun fyrir árin 1994–1997 verðskuldar kannski ekki stórkostleg ræðuhöld. Það er fremur dapurlegt tilefni. Hér er á ferðinni niðurskurður á þeirri þáltill. um flugmálaáætlun sem var afgreidd á síðasta ári upp á 40 millj. kr. Þessi niðurskurður stafar ekki af því að tekjustofnar flugmálaáætlunar hafi dugað til að skila fullnægjandi fjármögnun á þeim framkvæmdum sem búið var að samþykkja heldur vegna þess að hæstv. ríkisstjórn ákvað við framlagningu fjárlagafrv. að leggja til að flugmálaáætlun yrði skorin niður um 70 millj., að vísu til að standa straum af rekstrarútgjöldum hjá Flugmálastjórn. Eins og kunnugt er hafa tekjustofnar flugmálaáætlunar frá upphafi eingöngu runnið til að kosta framkvæmdir.

Það tókst að vísu, hæstv. forseti, að hafa að nokkru leyti vit fyrir mönnum í þessu efni og niðurskurðurinn var lækkaður úr 70 millj. í 40 millj. en eftir stendur það, sem ég vil nota þetta tækifæri til að mótmæla, að hér er lagt inn á þá óheillabraut að taka hluta af þessum mörkuðu tekjum til annarra þarfa en upphaflega var ráð fyrir gert. Þetta er að mínu mati sérlega ósanngjarnt vegna þess að á flugið, sem er á margan hátt sérstök atvinnugrein hér á landi og nánast heimsmet hvernig Íslendingar hafa byggt upp ótrúlega þróað net flugsamgangna innan lands þrátt fyrir fámenni og strjálbýli, leggjast þegar ýmiss konar gjöld og fargjöld innan lands eru eðlilega dýr. Engu að síður létu menn það yfir sig ganga á þessum tíma að ofan á þessi háu fargjöld og þungan rekstur hjá flugrekendum voru lögð gjöld í formi farþegaskatts og bensíngjalds eða gjaldtöku á flugvélaeldsneyti til að fjármagna framkvæmdir í flugmálum. Þá voru að sjálfsögðu heitstrengingar samfara þessari breytingu, að þetta mundi allt saman renna til framkvæmda. En hér er horfið frá því og opnað fyrir það með fjárlagaafgreiðslunni að taka hluta þessara fjármuna til reksturs.

Þessum niðurskurði vil ég mótmæla, þessari meðferð á hinum mörkuðu tekjustofnum flugmálaáætlunar vil ég mótmæla og í þriðja lagi vil ég spyrja hæstv. ráðherra hvort ekki sé óþarflega ónákvæmt orðalag í athugasemd með tillögunni, en þar stendur ef ég má, með leyfi forseta, lesa upp nokkrar línur:

„Í fjárlögum fyrir árið 1995 er gert ráð fyrir að markaðir tekjustofnar flugmálaáætlunar, þ.e. flugvallagjald og eldsneytisgjald, verði notaðir til að fjármagna rekstur flugvalla jafnt sem framkvæmdir við flugvelli."

Ég skil það svo að við fjárlagaafgreiðsluna hafi orðið samkomulag um það að þessi heimild sem opnuð var væri afmörkuð og bundin við tiltekna rekstrarþætti hjá Flugmálastjórn. Ég veit ekki betur en um það hafi verið gert samkomulag sem ég kom að og ég hefði talið eðlilegra að það væri með nákvæmara orðalagi gert skýrt hvað þarna var á ferðinni. Það er alveg ljóst að það var ekki gert neitt samkomulag um það hér að um væri að ræða almenna heimild til þess að borga án takmarkana rekstrarútgjöld Flugmálastjórnar með þessum tekjum. Ef menn eru að ganga frá hlutunum með einhverjum tilteknum hætti þá á það auðvitað að vera nákvæmt. Það á ekki að vera villandi orðalag á ferðinni í öðrum þingskjölum sem gætu gefið annað til kynna.

Ég óska eftir því að hv. nefnd fari yfir þetta og það haft alveg tryggt að um sambærilega niðurstöðu sé að ræða og samkomulag varð um við fjárlagaafgreiðsluna, að það séu eingöngu þessir afmörkuðu rekstrarþættir sem í hlut eiga.

Síðan gerði hv. þm. Páll Pétursson, 1. þm. Norðurl. v., að umtalsefni — nei, það mun hafa verið góðvinur hans, hv. þm. Stefán Guðmundsson, sem var búinn að tala í umræðunni og kemur í sama stað niður út af fyrir sig eða nokkurn veginn hvor þeirra vinanna tekur til máls um flugmálaáætlun. En ég tek undir það sem þar var sagt. Þar var spurt að því hvernig þessir hlutir væru farnir að ganga fyrir sig. Flugmálaáætlun er samþykkt á sl. vori. Hún gerir ráð fyrir tilteknum framkvæmdum. Síðan líður árið án þess að því sé breytt með nýjum ákvörðunum Alþingis og það er komið á næsta ár þegar loksins kemur fram tillaga um að afla heimilda fyrir þessum breytingum og niðurskurði sem hér er áformaður.

Þarna eru hlutirnir alls ekki að gerast í þeirri röð sem eðlilegt er og það vill svo til að enginn maður hefur talað skörulegar um það en einmitt hv. 2. þm. Norðurl. v. og hv. núv. formaður samgn., Pálmi Jónsson, að samþykktir Alþingis eigi að standa. Ég man eftir miklum ræðuhöldum hans úr þessum ræðustóli þegar til stóð sumarið 1989 að fresta nokkrum framkvæmdum í vegamálum fram yfir áramót, ætli það hafi ekki verið heilar 35 millj. kr. sem þá stóð til að fresta, þar á meðal vegarspotti í kjördæmi hv. þm. og hann ætlaði af göflunum að ganga út af þessu virðingarleysi

við Alþingi sem væri búið að samþykkja vegáætlun og vegáætlun skyldi standa þangað til annað væri ákveðið af Alþingi. Þetta er út af fyrir sig prinsippafstaða sem er kórrétt og á full rök fyrir sér enda náðist síðar samkomulag um það að breyta þessari síðar áformuðu frestun og spara þá peninga annars staðar. En mér finnst leggjast lítið fyrir kappann, hv. þm. Pálma Jónsson, að hafa stutt þessa ríkisstjórn allt þetta kjörtímabil og endurtekið staðið að því að hafa að engu samþykktir Alþingis, bæði í vegáætlun og flugmálaáætlun. Mér finnst nú lítið leggjast fyrir þá garpa sem ætluðu af göflunum að ganga, ef svo má að orði komast, með leyfi forseta, hv. þingmenn sumarið 1989 og ekki mikil samkvæmni í þeim málflutningi. Nema það sé þannig að menn hafi hlutina eftir hendinni eftir því hvort þeir eru í meiri hluta eða minni hluta.

Auðvitað er það líka hárrétt að þessi útreið á flugmálaáætluninni er ekki í samræmi við þá virðingu sem ætti að sýna samþykktum framkvæmdaáætlunum af þessu tagi.

Að síðustu, hæstv. forseti, er það mjög bagalegt að hér skuli vera gripið til niðurskurðar. Hér er á ferðinni framkvæmdir sem allar eru brýnar og þarfar hvort heldur er að koma í gagnið nýrri flugstöð á Egilsstöðum eða klára framkvæmdir á Sauðárkróki og annars staðar þar sem menn verða fyrir niðurskurðarhnífnum. Það er satt best að segja alveg ömurlegt að menn skuli leggjast svo lágt að fyrir þó ekki meiri fjármuni en 40 millj. séu menn að brjóta upp þetta skipulag og framkvæmdir í flugmálum sem ágæt samstaða hefur verið um með öllum flokkum alveg frá árinu 1987.

[20:42]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það er ekki hægt að láta hjá líða að vekja aðeins athygli á breytingu sem hér er að finna í þskj. um breytingu á þál. um flugmálaáætlun. Það hefur verið tekin sú ákvörðun af hálfu ríkisstjórnarinnar með stuðningi stjórnarflokkanna að taka hluta af mörkuðum tekjustofnum í rekstur flugvalla. Með öðrum orðum hefur verið tekin sú ákvörun að hægja á uppbyggingu flugvalla. Það er grundvallarstefnumörkun af hálfu stjórnarflokkanna sem felst í þessari breytingu, þ.e. að breyta áherslunum frá því sem verið hafði árin á undan í tíð næstu ríkisstjórnar á undan þessari yfir í það sem felst í tillögugreininni hér og í samþykkt Alþingis við afgreiðslu fjárlaga.

Ríkisstjórnarflokkarnir eru um það sammála að hægja á uppbyggingunni í samgöngumálum úti á landi en færa þess í stað aukið fé í uppbyggingu í samgöngumálum á höfuðborgarsvæðinu. Í stað þess að mæta þörf á uppbyggingu í samgöngumálum á höfuðborgarsvæðinu með nýjum tekjum og nýjum fjármunum í er tekið fjármagn af landsbyggðarþætti málanna til þess að fjármagna breytingar. Þetta er stefnubreytingin sem núv. ríkisstjórn hefur lýst með skjölum sínum og gerðum.

Það eru auðvitað pólitískar áherslur sem felast í þessu og um það er svo sem ekkert að segja annað en það að menn hafa mismunandi pólitískar skoðanir og eru um það ósammála eða sammála eftir atvikum. Ég vil lýsa því fyrir mitt leyti að ég er verulega ósammála stefnumörkun núverandi stjórnarflokka í því að hægja á uppbyggingu í samgöngumálum á landsbyggðinni. Það er hlálegt til þess að vita fyrir núverandi ríkisstjórn, svo mikið sem hún hefur farið í vegáætlun á undanförnum árum með því að fytja til peninga fram og aftur og kalla það framkvæmdaátak og blása í lúðra og telja sig hafa aflað fjár til stórra verkefna, að stærsta verkefnið á sviði samgöngumála í hennar tíð er verkefni sem tekin var ákvörðun um af fyrrv. ríkisstjórn. Núv. ríkisstjórn kemst ekki í hálfkvisti við forvera sína í því að taka djarfar ákvarðanir í samgöngumálum til uppbyggingar á landsbyggðinni. Hins vegar hafa núv. stjórnarflokkar forustu um það að draga úr þessari uppbyggingu. Þó að auðvitað sé þar sumt í tillögum eins og gengur ágætt og samstaða um það þá er heildarstefnumörkunin samt sú að það er hlutskipti þessarar ríkisstjórnar og pólitísk stefna að draga úr framkvæmdum á landsbyggðinni, draga úr uppbyggingunni. Um það verður auðvitað tekist í næstu kosningum hvort þessi stefna ríkisstjórnarflokkanna eigi hljómgrunn á landsbyggðinni eða hvort menn kjósi fremur að fylgja þeirri stefnu sem sá flokkur sem áður fór með samgrn. markaði með verkum sínum.

Það er mjög athyglisvert í þessari tillögu að niðurskurðurinn, 40 millj. kr., er allur tekinn af landsbyggðinni. Og hæstv. ráðherra mælir hér fyrir því að hluti af honum verði tekinn úr Vestfjarðakjördæmi, af langþráðu verkefni sem menn hafa beðið eftir lengi, árum saman, að leggja bundið slitlag á flugbrautina á Patreksfirði, að því verði teflt í tvísýnu með því að skera niður fjárveitingu úr 40 millj. niður í 35. Mér finnst það vera alveg við hæfi að hæstv. ráðherra útskýri það hér hvernig hann hyggist framfylgja samþykkt Alþingis með flugmálaáætlun hvað þessa framkvæmd varðar eftir að þessi niðurskurður hefur verið ákvarðaður. Ég veit að hæstv. ráðherra er önnum kafinn og ég vil ekki gera mikið af því að ónáða hann, en mér þykir betra að hann heyri spurningarnar sem ég ber fram fyrir hann því þá hef ég nokkra vissu fyrir því að hann muni a.m.k. reyna að svara þeim, því að ég reyni hann ekki að öðru en því að svara spurningum sem fyrir hann eru lagðar og er hann að því leytinu ólíkur sumum félögum sínum í ríkisstjórninni sem iðka það að svara ekki fyrirspurnum sem fyrir þá eru lagðar. Hitt er svo annað mál að ekki er maður alltaf sammála ráðherranum eða ánægður með svörin, en það er önnur saga.

Ég spyr hæstv. ráðherra og ítreka spuringu mína: Hvernig hyggst hann framkvæma þann vilja Alþingis sem felst í flugmálaáætlun sem samþykkt var á síðasta þingi, að bundið slitlag verði lagt á flugbrautina á Patreksfirði á þessu ári, þegar skorin hefur verið niður fjárveitingin úr 40 millj. í 35? Við verðum að hafa það í huga að fjárveitingin er miðuð við hvað menn áætla að hún muni kosta og það er ekki mikil von til þess að hinir reyndu sérfræðingar Flugmálastjórnar séu að jafnaði með of háar áætlanir í sínum tölum. Og ef hæstv. ráðherra ætlar að svara því til að talan sé of há og menn kunni að geta framkvæmt verkið fyrir minna fé

en áætlað er þá hlýt ég að spyrja hann að því, á það þá ekki við um allar aðrar framkvæmdir í flugmálaáætlun? Eru það bara tilteknar framkvæmdir í flugmálaáætlun á landsbyggðinni sem væri þá ofáætlaður kostnaður við en ekki annars staðar? Þannig að það er augljóst mál hverjum sem það hugsar að það svar mun engan veginn duga til að útskýra hvernig eigi að framkvæma flugmálaáætlun eftir þessa tillögu sem hæstv. ráðherra leggur fyrir Alþingi. Ég ráðlegg honum því að grípa ekki til þess svars að hluturinn og kostnaðurinn við verkið sé ofáætlaður í flugmálaáætlun því ég hef enga trú á því að svo sé og sé ekki rök sem hægt er að nota til að rökstyðja þá skoðun.

[20:49]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er laukrétt hjá hv. þm. að fyrir fram vita menn ekki hvað kemur út úr útboðum. Það er alveg laukrétt. Má segja að auðvitað er líka hægt að hugsa sér að farið sé yfir hina fyrri áætlun um það hvað kosti að leggja bundið slitlag á flugvöllinn á Patreksfirði. Það má líka segja að yfirleitt eigi að stefna að því að hafa áætlunina mjög rýmilega til þess að alltaf sé hægt að standa við það sem gera skuli. Ég svara ærlega og beint þannig: Ég geri ráð fyrir því og er þess fullviss að inni í flugmálaáætlun sé nægilegt rými til þess að hægt sé að leggja bundið slitlag á þá flugvelli sem hún gerir ráð fyrir.

[20:50]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég met svar hæstv. ráðherra og skil það þannig að það sé mjög afdráttarlaust að þessi framkvæmd verði unnin á árinu. Verði kostnaður meiri en endurskoðuð flugmálaáætlun gerir ráð fyrir þá mun hæstv. ráðherra skilja þá skuldahala eftir fyrir þann sem tekur við af honum og það er svo sem ekkert nýtt að menn sjái að menn séu að búa til fortíðarvanda.

[20:51]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Hér er verið að skera flugmálaáætlun niður og það er verið að gera það til þess að standa undir rekstri Flugmálastjórnar. Ég held í þessu sambandi að það sé alveg full ástæða til að ræða hér lítillega og fara ofan í rekstur Flugmálastjórnar og starfshætti þar á bæ.

Það vill svo til að ég er svolítið kunnugur starfsháttum Flugmálastjórnar vegna þess að einu sinni átti ég í nokkur ár sæti í flugráði. Ég losaði mig að vísu þaðan enda var það ekki skemmtilegur selskapur að því leyti til að það starfslið sem þarna vann var sumt næsta lausbeislað. Það skiptir þessa menn ósköp litlu hvað hér er samþykkt í þessari stofnun, það skiptir þá nákvæmlega engu. Starfsmenn Flugmálastjórnar varðar ekkert um það hvað hvað hér er verið að samþykkja. (Gripið fram í). Þeir hafa bara sína hentisemi. Þeir eyða peningunum í það sem þá langar til, ekki í það sem Alþingi ákveður. Þetta eru náttúrlega alveg gersamlega óviðunandi vinnubrögð.

Svo ber líka á því ofan á allt annað að þeir fjandskapast við ákveðna staði og einn þeirra hefur komið hér til umræðu fyrr í þessari umræðu, þ.e. Sauðárkrókur. Framkoma flugmálayfirvalda við Sauðárkrók er alveg sérkapítuli út af fyrir sig og það hefur reyndar verið gert hér að umræðuefni mjög réttilega fyrr í þessari umræðu. Sennilega hefur eitthvert lið hjá Flugmálastjórn einhvern tíma orðið eitthvað pínulítið pirrað út í einhverja forráðamenn frá Sauðárkróki og síðan er alltaf verið að hefna sín. Ég kann enga aðra skýringu á þeim vinnubrögðum sem þar hafa verið tíðkuð og það er alveg með eindæmum hvernig framkoma Flugmálastjórnar varðandi Alexandersflugvöll á Sauðárkróki *hefur verið í gegnum árin, ekki bara núna.* Það eru ekki teknar nema 15 millj. núna, en það er búið að gera ýmislegt á undanförnum árum. Það er kannski sök sér þó að þeir séu tregir hjá Flugmálastjórn að gera tillögur um nauðsynlegar fjárveitingar, sanngjarnar og eðlilegar fjárveitingar til þessa flugvallar, til uppbyggingar hans, en ef fjárveiting er ákveðin af Alþingi þá er það alveg undir hælinn lagt að því sé nokkuð sinnt.

Nú er verið að skera 15 millj. af Sauðárkróki til þess að Flugmálastjórn geti rekið sjálfa sig, flakkað og étið. Nú ætla þeir að éta bílastæðin á Króknum á þessu ári. Sauðárkrókur verður náttúrlega til áfram þó að þarna komi ekki bílastæði, en það sem mér þykir verra er með slitlagið sem þarna þarf að leggja. Það hefur komið upp sú hugmynd að skilja eftir malarkafla á miðjum vellinum og malbika bara til endanna. (**VE:** *Heldur þú að það sé ekki til þess að vekja menn eftir* þægilegt flug?) Það kann að vera að hv. þm. Vilhjálmur Egilsson sé hættur að hafa neina samúð með Sauðárkróksvelli eftir að ljóst var hver kæmi til með að skipa fyrsta sætið hjá íhaldinu í Norðurl. v. Ég get vel trúað að hv. þm. sé nokkuð sama þó að presturinn vakni upp við vondan draum, hv. bráðum þm. séra Hjálmar Jónsson, þegar hann lendir á vellinum. En það er ekki víst að prestinum sé sama. Ég veit það af góðri reynslu að hv. 5. þm. Norðurl. v., Vilhjálmur Egilsson, er alveg frábær bílstjóri og keyrir eiginlega aldrei út af og ferðast yfirleitt á jeppanum sínum. Ég geri hins vegar ráð fyrir því að séra Hjálmar Jónsson neyðist til þess að fara með flugvél því að hann er ekki nærri eins flinkur að keyra eins og hv. þm., þó að hann sé að mörgu leyti mjög flinkur maður. (**Gripið fram í:** *Og svo sóknarbörnin hans.*) *Og svo er það með* sóknarbörnin, já. Það er líka ástæða til þess að hafa það í huga að það kann að vera að þeir minnist þá hv. þm. Vilhjálms Egilssonar þegar þeir hrökkva upp í holunum á Sauðárkróki. Það er nefnilega einkennilegt að þrátt fyrir að Flugmálastjórn og hæstv. samgrh. beri verulega ábyrgð og höfuðábyrgð á þessari niðurskurðaráætlun til þess að traktera Flugmálastjórn, þá bera þeir líka ábyrgð á henni, stjórnarliðarnir, hv. formaður samgn., Pálmi Jónsson, 2. þm. Norðurl. v., og meira að segja Vilhjálmur Egilsson, hv. 5. þm. Norðurl. v.

[20:57]

Pálmi Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér þótti þessi síðasta ræða ekki sérlega viðeigandi að ýmsu leyti. Það er ekkert við Flugmálastjórn að sakast þó að Alþingi hafi tekið um

það ákvörðun við afgreiðslu fjárlaga að taka af sérmerktum tekjustofnum til flugmála 40 millj. til rekstrar. Það var formlega að því staðið og er pólitísk aðgerð en ekki hægt að kenna Flugmálastjórn um það á nokkurn máta. Það er eðlilegt að flutt sé um það tillaga við breytingu á flugmálaáætlun að láta það sjást hvar þessi sparnaður í framkvæmdum eigi að koma niður og það er gert með þessari tillögu, sem að sjálfsögðu er allt of seint fram komin, svo seint að ég á ekki von á því að hún verði afgreidd. En það liggur þá fyrir í þingskjölum hvar ætlunin er að spara þessa peninga.

Ég ætla ekki að fara að rekja neitt hvað gerst hefur á fyrri árum, en ég man þá tíð á síðasta kjörtímabili að eitt árið var frestað framkvæmdum fyrir 77 eða 78 millj. kr. og fært yfir í önnur verk. Það var ekki skorið niður með fjárlögum, það voru bara einhver handarverk framkvæmdarvaldsins. Þetta þskj. gefur ekki tilefni til þess að saka framkvæmdarvaldið um slíka hluti, það er formlega að þessu staðið.

[20:59]

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er náttúrlega mjög drengilegt hjá hv. 2. þm. Norðurl. v. að skjóta skildi fyrir Flugmálastjórn og lýsa sök á hendur sér. Það er auðvitað rétt hjá honum að þetta er pólitísk aðgerð. Ríkisstjórnin kom sér saman um að gera þetta svona og þessir stuðningsmenn hennar í þinginu láta hafa sig til þess að gera þetta. Það er hins vegar óviðeigandi aðgerð.

[21:00]

Vilhjálmur Egilsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er rétt að þarna er verið að klípa af Sauðárkróksflugvelli, en ég hygg að við hv. þm. Páll Pétursson látum okkur ekki muna um það að koma slitlagi á völlinn og sjá um þetta mál. Við höfum nú gert annað eins.

[21:00]

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Frú forseti. Já, það er nú auðvelt að koma hér í ræðustól og tala digurbarkalega rétt fyrir kosningar um það hvað menn ætla að gera á næsta kjörtímabili. Ég held að það hefði verið betra fyrir okkur, hv. 5. þm. Norðurl. v., að ganga bara formlega frá því að þetta yrði gert á þessu kjörtímabili.

Útbýting þingskjals:

Tekjuskattur og eignarskattur, 437. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 733.

[21:01]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég get ekki orða bundist þegar þetta mál er rætt hér, breyting á þál. um flugmálaáætlun, sem samþykkt var í þokkalegu samkomulagi, ef ég man rétt, á Alþingi 6. maí 1994 og auglýsing um hana er undirrituð af hæstv. samgrh. 31. ágúst sama ár, þeim sama ráðherra og kemur hér fyrir þingið með breytingar á flugmálaáætlun, niðurskurð upp á 40 millj. kr., sem leitað er eftir staðfestingu á.

Þetta mál var mikið rætt í tengslum við frv. til fjárlaga fyrir árið 1995 og gagnrýnd þá harðlega sú stefna sem ríkisstjórnin hugðist þá knýja fram um mun meiri niðurskurð og enn þá opnari að því er varðaði það í hvað fjármagnið yrði notað sem fæst fyrir markaðan tekjustofn. Þannig að eitthvað var þrengt að fyrirrætlunum hæstv. ríkisstjórnar sem hæstv. samgrh. var knúinn til að gera að sínum tillögum. Ég efast ekkert um að það hefur ekki verið neitt sérstaklega ljúft verk fyrir hæstv. samgrh. að standa að þessum niðurskurði sem hann þarna lagði til. Ég geri ráð fyrir því að hæstv. ráðherra sé nokkuð annt um sitt málasvið eins og öðrum ráðherrum sem reyna að starfa samviskusamlega í Stjórnarráðinu. Engu að síður, hæstv. ráðherra lét sig hafa það að bera fram þessa tillögu sem hlaut m.a. mjög harða gagnrýni af reyndum þingmönnum úr flokki hæstv. ráðherra og minnist ég þá sérstaklega framgöngu hv. 1. þm. Vestf. í sambandi við afstöðu til málsins í tengslum við frv. til breytinga á ríkisfjármálum, sem þetta var nú kannski sérstaklega tengt eftir á að hyggja og því frv. sem rætt var fyrir áramótin þar að lútandi.

Hér er um að ræða mjög tilfinnanlegan niðurskurð fjárveitinga til nokkurra framkvæmda, sem eins og hér hefur verið vakin athygli á eru allar úti um land. Eitt af því er í Austurlandskjördæmi, sem er niðurskurður um 6 millj. kr. á flugstöðvarbyggingu sem þar var ráðgerð á þessu ári, þ.e. í tveimur áföngum og niðurstaðan af þessum niðurskurði er sú að lokaáfangi þeirrar framkvæmdar mun frestast. Þetta er afar tilfinnanlegt vegna þýðingar þess flugvallar, flugvallarins á Egilsstöðum, sem hefur verið endurbyggður eða byggður nýr flugvöllur, glæsileg mannvirki í raun. En það sem þrengt hefur að er aðstaða fyrir farþega og möguleikar á að sinna þar komu flugvéla og farþega, m.a. í tengslum við hugsanlega tollskoðun og utanlandsflug, sem er hægt að stunda á þessum nýja velli með þotum, enda flugvöllurinn varaflugvöllur fyrir millilandaflug jafnhliða, þarf að þjóna þeim tilgangi.

Það er því afskaplega illa til fundið hjá hæstv. ríkisstjórn að leggja til atlögu við þennan málaflokk og þessar framkvæmdir sem þarna er um að ræða og alveg sérstaklega vegna þeirrar góðu samstöðu sem ríkti á sínum tíma þegar ákveðið var að taka upp tekjuöflun til framkvæmda í flugmálum með mörkuðum tekjustofni sem hefur haft geysilega mikla þýðingu fyrir málaflokkinn í heild sinni og framkvæmdir frá því að hann var tekinn upp. Þetta er svona með níðangurslegri verkum sem staðið hefur verið að af hæstv. ríkisstjórn, að mínu mati, í sambandi við framkvæmdir, enda hefur það hlotið almenna gagnrýni og fordæmingu margra.

Hér hefur verið rætt um Flugmálastjórn og hennar starfshætti. Ég er ekki það kunnugur Flugmálastjórn og starfi á hennar vegum að ég þori að kveða þar upp einhverja dóma eða leggja mikið mat á það sem hér hefur verið sagt þar að lútandi. Ég hef átt ágætt samstarf þar við einstaka starfsmenn sem ég hef þurft að leita upplýsinga hjá og ræða við um fyrirhugaðar framkvæmdir, m.a. í mínu kjördæmi og vil ekki hafa uppi nein stór orð þar að lútandi. Hitt dylst manni ekki að í því kerfi sem tengist framkvæmdum við flugmál hag-

ar allt öðruvísi til eins og frá því er gengið af hálfu löggjafar- og framkvæmdarvalds, þ.e. í sambandi við frágang á framkvæmdum og þátttöku þingsins í sambandi við ákvarðanir og það tel ég að sé í rauninni kerfi sem hefði þurft fyrir löngu að koma til endurskoðunar. Að vísu, ef ég man rétt, hefur sú breyting á orðið að eitthvað meira kemur þetta mál upp á borð fjárln. þingsins en áður var. Ég held að þetta hafi verið afskaplega lausbeislað framan af eftir að þetta kerfi var upp tekið, en ég stend í þeirri meiningu að það hafi eitthvað skánað að því er varðar aðkomu fjárln. að málinu, en get þó ekki fullyrt það nákvæmlega vegna þess að ég hafði ekki farið ofan í það hér áður en ég tók til máls um þetta efni. En það hefur verið býsna frjálslegt og ég tel að Flugmálastjórn hafi litið svo á málin að þeir hefðu það nokkuð í hendi sinni að flytja fjármagn á milli framkvæmdaliða án þess að það þyrfti að koma til sérstakrar ákvörðunar af hálfu þingsins, en það má vera að þetta sé að einhverju leyti breytt og fjárln. komi inn í skoðun þeirra mála.

Við þingmenn einstakra kjördæma fáum í rauninni ekki aðgang að þessu máli öðruvísi en í gegnum þessa heildaráætlun sem lögð er fyrir og getum auðvitað fengið viðtöl við viðkomandi embættismenn, fyrir utan umræður hér í þinginu. En hér eru mál ekki framkvæmdalega frágengin með neitt viðlíka hætti og reynt hefur verið í sambandi við t.d. vegamál þar sem þingmenn kjördæma hafa haft mikið að segja í sambandi við skiptingu vegafjár og yfirleitt tekist sæmilegt samkomulag um það, þó að svo beri nú við í sambandi við núverandi vegáætlun að það er í rauninni þannig á þeim málum haldið að erfitt er nærri að koma vegna þess hvernig gengið er í þau efni.

Það ætla ég ekki að ræða hér undir þessum dagskrárlið, en ég vildi, virðulegur forseti, taka undir þá gagnrýni sem hér hefur komið fram á þennan tilfinnanlega niðurskurð og þá stefnu sem ríkisstjórnin tók upp fyrr í vetur í sambandi við það að höggva í markaðan tekjustofn í framkvæmdafé til flugmála.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vegtenging um utanverðan Hvalfjörð, fyrri umr.

Stjtill., 429. mál (breyting á samningi). — Þskj. 700.

[21:09]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Samningur um vegtengingu um utanverðan Hvalfjörð var undirritaður hinn 25. jan. 1991 af samgrh. og stjórn Spalar hf. og staðfestur af fjmrh. Samningurinn var staðfestur af Alþingi 18. mars 1991 með þingsályktun. Við undirbúning málsins töldu ráðgjafar Spalar hf. nauðsynlegt að gera nokkrar breytingar á samningnum, m.a. hvað varðaði rekstrartíma ganganna og að virðisaukaskattur og umferðargjald verði í sama skattþrepi og fólksflutningar.

Breyttur samningur var undirritaður 23. júní 1993 og staðfestur á Alþingi 20. apríl 1994 með þingsályktun. Enn fremur var samþykkt að veita 50 millj. kr. láni úr ríkissjóði til Spalar hf. til þess að fjármagna jarðlagarannsóknir sem ráðgjafar félagsins lögðu til að yrðu framkvæmdar. Þær fóru fram síðari hluta ársins 1993 og lauk í ársbyrjun 1994. Niðurstöðurnar voru í samræmi við fyrri rannsóknir og gáfu til kynna að ekki eigi að vera tæknileg vandamál í sambandi við gerð bergganga á Hnausaskersleið.

Sumarið 1993 fóru fram forval verktaka og í ágúst það ár voru valdir fjórir verktakahópar sem fyrirhugað var að gefa kost á að taka þátt í útboði. Hafist var handa við gerð útboðsgagna síðla árs 1993 og lauk því verki með útsendingu þeirra um miðjan apríl 1994. Tilboð voru opnuð 30. ágúst 1994.

Ráðgjafar Spalar hf. yfirfóru tilboðin og áttu nokkra fundi með verktökum sl. haust þar sem ýmis atriði skýrðust, einkum tæknilegs eðlis. Í október var ákveðið að ganga til viðræða við fyrirtækin Skånska, Phil & Sön og Ístak, en jafnframt voru hinir verktakahóparnir beðnir um að framlengja sín tilboð sem núna er til febrúarloka á þessu ári. Ráðgjafar og fulltrúar Spalar hf. áttu fund með verktakahópnum og viðskiptabanka þeirra í nóvember en frekari fundahöld bíða þar til Spölur hf. hefur fengið formlegt tilboð í erlenda fjármögnun verkefnisins.

Unnið hefur verið að fjármögnun framkvæmdarinnar. Landsbréf hf. tóku að sér að annast innlenda fjármögnun meðal íslenskra fjárfesta og unnu að því verkefni síðari hluta árs 1993 og luku því í janúar 1994. Nomura Bank og Babcock & Brown unnu áfram að erlendri fjármögnun verkefnisins og í nóvember 1993 undirritaði Spölur hf. samning við Union Bank of Switzerland um að bankinn yrði leiðandi aðili varðandi erlenda fjármögnun. Bankinn gerði ráð fyrir að rammi fjármögnunarinnar mundi liggja fyrir í mars á sl. ári.

Þar sem sífelldar frestanir voru á að Spölur hf. fengi formlegt tilboð í erlenda fjármögnun frá Union Bank of Switzerland fóru ráðgjafar félagsins í samráði við stjórn þess að athuga um aðra aðila og komust fyrri hluta sumars í samband við bandaríska tryggingafélagið Prudential sem sýndi verkefninu mikinn áhuga. Í september lagði fyrirtækið fram fyrstu drög að erlendri fjármögnun og helstu skilmálum. Í drögunum er gert ráð fyrir láni til 23 ára og að fyrirtækið ætlar að standa eitt að erlendri fjármögnun.

Í framhaldi af móttöku þessara draga frá Prudential var ákveðið að láta Union Bank of Switzerland hætta frekari vinnu við verkefnið en snúa sér að Prudential. Aflað var fjölmargra upplýsinga fyrir fyrirtækið, bæði heima og erlendis, en þar sem upplýsingar erlendra umferðarráðgjafa vegna hliðstæðra framkvæmda í Noregi reyndust ófullnægjandi að mati fyrirtækisins ákvað það að óska eftir að framkvæmd yrði viðhorfskönnun vegfarenda um Hvalfjörð. Þar sem sá verkferill allur frá undirbúningi til loka skýrslna tók mun lengri tíma en áætlað hafði verið fór vinna Prudential við þetta verkefni töluvert út af sporinu vegna

annarra verkefna en er nú komin á fullt skrið á nýjan leik og niðurstöður eiga að liggja fyrir á næstu vikum.

Innan mánaðar frá því formlegt ásættanlegt tilboð í erlenda fjármögnun verksins berst ætti meginrammi væntanlegra samninga að liggja fyrir, en gera má ráð fyrir a.m.k. 5–6 vikum til viðbótar til að ná öllum endum saman svo að hægt verði að undirrita formlega samning allra hlutaðeigandi aðila.

Erlendir lögmenn sem hafa komið að málinu hafa bent á ýmsar nauðsynlegar breytingar á gildandi samningi ríkis og Spalar hf. til þess að fullnægja kröfum væntanlegra lánveitenda. Þessar breytingartillögur hafa síðan verið útfærðar í samvinnu við íslenska lögmenn og fulltrúa Spalar hf. Breytingarnar miða fyrst og fremst að því að kveða nánar á um ýmis atriði í gildandi samningi og tryggja betur rétt væntanlegra lánveitenda í eignum Spalar hf., auk þess sem aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu og framgangur verkefnisins frá því samningunum var breytt 1993 hafa áhrif á orðalag einstakra greina.

Í fylgiskjölum með þáltill. þessari er fyrirhugaður samningur birtur og gerð grein fyrir þeim breytingum sem orðið hafa frá því að samningar um sama efni frá 25. jan. 1991 og 23. júlí 1993 voru undirritaðir.

Sé ég ekki ástæðu, hæstv. forseti, til þess að rekja frekar efni samningsins en vísa til athugasemda með þáltill. Ég legg til að málinu verði vísað til síðari umr. og hv. samgn. Ég biðst afsökunar á því hversu seint þetta mál er á ferðinni en tel brýnt að það geti fengið skjóta afgreiðslu, helst á því þingi sem nú situr ef ekki koma upp annmarkar við athugun nefndarinnar á málinu.

[21:16]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég skil þetta mál svo að hæstv. ráðherra sé að óska eftir heimild til að gera breytingar á þeim samningi sem í gildi er um þessa framkvæmd við fyrirtækið Spöl hf. en tillagan er eiginlega orðuð eins og um væri að ræða frumheimild til að gera samning. Svo kemur fram í athugasemdum að nauðsynlegt sé að gera nokkrar breytingar á þeim samningi sem fyrir liggi þannig að það er kannski ekki fullt samræmi í þessu. Þetta er praktísk athugasemd og skiptir ekki máli að öðru leyti en því að það er auðvitað eðlilegt að menn hafi það á hreinu hvort til stendur að henda þeim samningi sem í gildi er og gera alveg nýjan frá grunni og þá e.t.v. í grundvallaratriðum frábrugðinn eða hvort hér er um að ræða einfalda breytingu hvað varðar tiltekna þætti eins og rekstrartíma ganganna og þetta virðisaukaskattsmál eins og nær er að ætla þegar greinargerðin er lesin.

Að öðru leyti ætlaði ég að spyrja hæstv. ráðherra aðeins nánar út í það hvað sé að frétta af þessu máli, þ.e. hvað varðar annars vegar fjármögnunina, bæði hjá innlendum og erlendum aðilum, og hins vegar deilur sem eru um vegarstæði að göngunum eða að og frá göngunum. Varðandi fjármögnunarþáttinn hef ég skilið það svo að það hafi reynst krafa af hálfu hinna erlendu fjármögnunaraðila að umtalsverður þáttur fjármögnunarinnar væri innlendur. Fyrir því eru væntanlega þær ástæður að hinir erlendu fjárfestar telja sig betur tryggða með því að innlendir aðilar leggi í verkið og eigi þá mikið í húfi að það gangi og auðvitað læðist að manni sá grunur að með þessu séu menn að koma svona óformlegri og hálfgildings opinberri ábyrgð á bak við verkið með því að innlendir öflugir aðilar setji í það mikla fjármuni sem menn mundu svo veigra sig við að láta lenda í uppnámi ef á bjátaði.

Af þessu hef ég ekki haft neinar nákvæmar fréttir og mér finnst eðlilegt að Alþingi sé gerð grein fyrir því hvernig þetta standi þegar málið er tekið fyrir, sérstaklega vegna þess að frá byrjun var sú hugsun lögð til grundvallar að þetta verk væri sjálfstætt verkefni sem stæði sjálfstætt og óháð öðrum og engar ábyrgðir ríkis og sveitarfélaga eða annarra slíkra aðila kæmu til heldur gæti það staðist sem sjálfstæður fjárfestingarkostur og væri það álitlegt af hálfu fjármögnunaraðila að þeir tækju áhættuna í von um þann ábata sem af því mætti hafa. Ég vil taka það fram að ég hef verið stuðningsmaður þessa verks sem slíks og átti minn þátt í því á sínum tíma að það komst á rekspöl með því að hér voru sett lög á árinu 1990 og síðan undirritaður samningur við fyrirtækið Spöl á öndverðu ári eða í upphafi árs 1991.

Varðandi erlendu fjármögnunina vekur það athygli að þeir aðilar sem upphaflega var verið í viðræðum við, og það engir aukvisar á þessu sviði, eins og japanski bankinn Nomura Bank, sem hér er talinn, en Nomura fjárfestingahringurinn er eins og kunnugt er einn af þeim stærstu og öflugustu í heiminum, líklega annar stærsti í Japan, og hefur vaxið með ævintýralegum hraða og þykja mikil undur og eru skrifaðar um það fræðibækur hversu klókir þeir Nomura-menn hafa verið í að koma ár sinni fyrir borð, en þeir hafa af einhverjum ástæðum dregið sig út úr fjármögnun þessa verkefnis. Sama á við um Union Bank of Switzerland sem er líka dottinn út úr myndinni og nú er það bandaríska tryggingarfélagið eða fjármögnunarfélagið Prudential sem aðallega er treyst á. Vonandi gengur það eftir sem hér er verið að spá að það taki að sér fjármögnunina.

Varðandi hinn þáttinn, þ.e. vegarstæðið, hefði líka verið fróðlegt að heyra frá hæstv. ráðherra hvernig þau mál standa. Okkur þingmönnum hafa borist mótmæli frá landeigendum sem telja sig ekki hafa gert nokkurt samkomulag um vegarstæðið og mótmæla því að landið verði tekið eignarnámi. Það er auðvitað slæmt að ekki skuli nást samkomulag um þann þátt málsins og mjög miður og ég vildi gjarnan heyra frá hæstv. ráðherra hvort hann telji einhverjar líkur á því að slíkt samkomulag geti tekist eða hvort öll sund séu lokuð og ekkert annað eftir en eignarnám.

[21:21]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er fyrst um þetta að segja að hér er gert ráð fyrir breytingum á fyrri samningi og mér sýnist hann vera settur upp með þeim hætti að nýr samningur leysi hinn eldri af hólmi. Mér finnst það ekki kjarni málsins hvernig frá þeim atriðum er gengið.

Frá upphafi skilst mér að hafi verið gert ráð fyrir því að um þriðjungur verksins eða þar um bil yrði fjármagnaður af innlendu fé og ekki veit ég betur en þær hugmyndir standi enn í grófum dráttum. Ekki er gert ráð fyrir því að bæjar- eða ríkisábyrgð komi til sögunnar. Það er búist við því að viljayfirlýsing eða „letter of intent" geti legið fyrir um miðjan marsmánuð eins og sakir standa núna eftir þeim upplýsingum sem ég hef.

Um vegstæði er það að segja að skipulagssamþykkt liggur fyrir. Það er oft svo að deilur koma upp um það hvar vegstæði eigi að vera. Þetta er ekki fyrsti veguriinn sem lagður er hér á landi og ekki við því að segja þó landeigendur vilji halda fast á sínum málum en í nútímaþjóðfélagi er líka nauðsynlegt að hinir samfélagslegu þættir geti gengið eðlilega fyrir sig og nauðsynlegar umferðaræðar verður að leggja. Það getur ekki gengið upp að ætla þeim sem búa á Akranesi að fara hringinn í kringum Akrafjall til að komast að göngunum. Auðvitað eiga íbúar Akraness rétt á því að fá að fara stystu leið.

[21:23]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin og ég tek undir að það er ekki neitt aðalatriði þessa máls hvernig frá þessum samningum er gengið en ég er bara að vekja athygli á því smávægilega ósamræmi sem er annars vegar í tillögugreininni og hins vegar í greinargerð.

Varðandi fjármögnunarþáttinn standa þessi mál sem sagt enn þá svo að menn eru að gera sér von um að einhvers konar viljayfirlýsing verði frágengin í bréfi um miðjan mars og er það talsvert annar hraði á fjármögnun en menn höfðu gert sér vonir um miðað við þann aðdraganda í undirbúningi sem hefur verið í verkinu og menn ætluðu sér að vera tilbúnir með til framkvæmda fyrir margt löngu. Reyndar hefur það allan tímann verið mín sannfæring að hið raunverulega próf sem þetta verkefni gengi undir yrði þegar fjármögnunaraðilarnir væru að meta sína áhættu í sambandi við verkið og það er auðvitað það sem hér er að gerast. Þá fer hið eiginlega áhættumat fram þegar menn meta hvort það sé áhættunnar virði að leggja fé í þetta með þeim tryggingum sem felast í annars vegar innlendu fjármögnuninni og hins vegar efnahagslegum styrk þess aðila sem tekur að sér framkvæmdina og rekstur inn. Þetta er hreint mat á því hvort það sé áhættunnar virði að eiga von í þeim afrakstri af rekstri ganganna sem í sjónmáli er þá.

Varðandi vegarstæðið er ekki annað um það að segja en að það er slæmt ef ekki næst um þetta samkomulag en ég tek undir það með hæstv. ráðherra að að sjálfsögu verða almannahagsmunir að ráða í stórmálum af þessu tagi þó að eftir sem áður standi að það sé skylt að reyna allt sem hægt er til að ná samkomulagi.

[21:25]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég get ekki látið hjá líða að taka lítillega til máls um þetta mál og lýsa skoðunum mínum almennt um það. Ég er þess mjög fýsandi að af þessu verki geti orðið. Það eru augljósir hagsmunir af því fyrir landsbyggðarmenn, bæði á Vesturlandi, Vestfjörðum og Norðurlandi, að leiðin styttist á milli þeirra og höfuðborgarsvæðisins. Það er því að mínu viti verulegur ávinningur fyrir t.d. Vestfirðinga ef af þeirri framkvæmd verður að leggja jarðgöng undir Hvalfjörð.

Hitt er auðvitað alveg rétt sem menn hafa bent á í umræðu um málið að verkið er mjög dýrt og það vefst fyrir mönnum að finna einhvern aðila til þess að taka að sér að greiða framkvæmdakostnað. Menn hafa því eðlilega leitað að leið til að finna fjármagn svo að unnt væri að hrinda verkinu af stað og framkvæma fyrr en ella væri ef menn ætluðu að fjármagna þetta eingöngu af mörkuðum tekjustofnum til vegagerðar.

Það er því miður þannig að óunnar framkvæmdir í vegamálum eru það miklar og það er ljóst að í fyrirsjáanlegri framtíð verða menn mjög aðkrepptir hvað varðar fjármagn til þess að standa undir þeim framkvæmdum eða öllu heldur mun mönnum reynast erfitt að fá fé til þeirra þörfu verkefna sem eftir er á þeim tíma sem menn vildu gjarnan sjá verkin unnin. Þannig er það t.d. á Vestfjörðum. Þar eru enn mjög mörg verkefni sem þarf að ráðast í og brýnt að unnin verði á næstu árum og væri mjög þarft að menn sæju fram á það að á næstu tíu árum yrðu unnin stórvirki í samgöngumálum þar. Svipaða sögu má segja um Austfirði en ég hygg að þar sé betra ástand hvað varðar önnur kjördæmi þó að ég sé ekki að draga úr því að þar séu verkefni sem brýnt er að ráðast í.

Þessi staðreynd gerir það að verkum að menn velta fyrir sér hvort unnt er að taka ákveðnar framkvæmdir út fyrir vegáætlun og fjármagna þær og vinna með öðrum hætti. Ég er sammála þeirri leið sem valin hefur verið í þessu máli, að taka þessa framkvæmd út úr og reyna að fá aðila til þess að fjármagna verkið og láta síðan umferðina greiða hana á einhverju tilteknu árabili. Ég hygg að menn ættu að athuga hvort ekki væri hægt að fara þessa leið varðandi fleiri verkefni þar sem umferð er mjög mikil. Að öðrum kosti óttast ég að menn verði mjög lengi að ná þeim viðunandi árangri sem menn stefna að á næstu árum í hinum dreifðari kjördæmum og stærri þar sem enn eru mörg verkefni óunnin.

Mig langar að bera fram við hæstv. ráðherra nokkrar spurningar um framvindu málsins. Mér finnst ekki ljóst á greinargerðinni, þó að hún sé að nokkru leyti ítarleg, hvernig málið er statt eða hvenær þess er að vænta að niðurstaða liggi fyrir um fjármögnun og hvenær framkvæmdir munu þá hefjast þegar það liggur fyrir.

Enn fremur finnst mér vanta upplýsingar um það hvernig staðan er varðandi undirbúning málsins að öðru leyti, samninga við landeigendur og frágang á slíkum málum. Þá spyr ég hæstv. ráðherra um fjárveitingar í það hlutverk sem að ríkinu snýr, vegi að göngunum og annað því um líkt sem yrði væntanlega nauðsynlegt að fjármagna af vegáætlun. Er gert ráð fyrir því í yfirstandandi endurskoðun áætlunar að leggja fé til

þess hluta verksins sem að ríkinu snýr?

Að lokum langar mig til að spyrja hæstv. ráðherra hvað gert sé ráð fyrir að samningstíminn geti orðið langur í 6. gr. samningsins. Þar er ekki tekið fram hvað menn áætla að það taki langan tíma að endurgreiða kostnaðinn en það væri fróðlegt að fá upplýsingar um það hversu mörg ár menn gera ráð fyrir, að sjálfsögðu að gefnum tilteknum forsendum, að endurgreiða göngin þannig að menn viti nokkurn veginn hvenær þessi göng munu færast yfir á hendur ríkisins en það mun gerast þegar endurgreiðslu er lokið.

Virðulegur forseti. Ég vil ekki fjölyrða meira um þetta mál en tek undir óskir ráðherra um að það megi reynast unnt að afgreiða það frá þinginu fyrir þinglok.

[21:31]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vona að ég hafi heyrt allar spurningarnar. Það er gert ráð fyrir því að framkvæmdir geti hafist, hvað á ég að segja, næsta haust, eftir sex, sjö mánuði eða eitthvað þvílíkt. Það er gert ráð fyrir að framkvæmdatími verði tvö og hálft til þrjú ár ef vel gengur og gert ráð fyrir því að það muni taka 20 ár, 25 ár eða því um líkt að greiða upp þessa skuld. Auðvitað reynir Vegagerðin í þessu verki sem öðrum sem ráðist er í að ná góðu samkomulagi við jarðeigendur og hefur í flestum tilvikum tekist það og auðvitað vonar maður að svo verði einnig í þessu tilviki.

Um það hvernig farið verður með það framlag sem ríkið þarf að leggja fram, og þá er átt við vegi að göngunum bæði að sunnan og að norðan, þá er gert ráð fyrir því að af kjördæmafé verði staðið undir 20% en að öðru leyti verði það greitt eins og stórverkefni, 80%. Það er óhjákvæmilegt að þetta mál verði tekið upp á Alþingi þegar endanlegur samningur liggur fyrir, staðfesting á því hvernig staðið verður að fjármögnun af ríkisins hálfu, en of snemmt að leggja það mál fyrir Alþingi nú.

[21:33]

Jóhann Ársælsson:

Hæstvirtur forseti. Ég fagna því að hér skuli vera komið fram þessi þáltill. þó hún sé seint á ferðinni, hana hefði þurft að leggja fram fyrr. Þessi mál hafa öll dregist nokkuð lengi og við höfum átt von á fréttum af því að þessar framkvæmdar væru tryggðar mjög lengi og kannski er spurningarmerkið jafnstórt enn þá um það hvort farið verði í þessar framkvæmdir. Ég tel að hér sé á ferðinni mjög mikið hagsmunamál, ekki bara Vestlendinga, Vestfirðinga og Norðlendinga heldur landsmanna allra. Menn keyra líka í gegnum göngin til Reykjavíkur og ég mundi telja að samgöngubætur í gegnum göng væru nú ekki síst fyrir Reykvíkinga. **(Gripið fram í:** Já!) Það er kannski hugsun sem hvarflar ekki að þeim sem búa hér í þéttbýlinu. **(SvG:** Takk fyrir.) En það er yfirleitt keyrt í báðar áttir í gegnum göng eins og þessi og þessi göng verða örugglega mikil samgöngubót. Ef til tekst eins og menn hafa reiknað með að þá er þarna á ferðinni framkvæmd sem stendur fullkomlega undir sér fjárhagslega sem eining og er þar með mjög hagstæð þjóðhagslega fyrir okkur Íslendinga.

Það sem ég vildi nú færa í tal við þessa umræðu og biðja hæstv. ráðherra að svara einhverju um er með hvaða hætti hann telur að það eigi að koma fyrir fjármögnun á vegtengingunum við göngin. Þar er á ferðinni mjög stórt verkefni upp á 800 milljónir eða hvað það nú er. Ef málið verður eins og hæstv. ráðherra var að lýsa áðan, að ákvarðanir verði teknar á næstu vikum um þessa framkvæmd, þá þarf sjálfsagt að taka ákvarðanir um vegtengingarnar. Ég tel fráleitt að þessi framkvæmd, sem er fyrst og fremst breyting á hringveginum til hagsbóta fyrir alla Íslendinga, verði látin koma niður á þeim áætlunum í vegagerð sem fyrir liggja, t.d. á Vesturlandi. Ég tel að það þurfi ekki að vera þannig, það eigi að vera hægt að fjármagna þetta með lánsfé þannig að ekki verði raskað meira en orðið er þeim framkvæmdum sem menn hafa stefnt að því að fara í á Vesturlandi.

Ég held að þetta hljóti að verða hægt að gera. Það eru nefnilega full rök fyrir því og það er hægt að benda á algjörar hliðstæður að verkefni lík þessum hafi verið tekin í heild sem stórverkefni, þ.e. vegirnir sem liggja að mannvirki eins og þessu eigi líka að fylgja verkefninu þannig að það verði sem ein heild. Í stórverkefnum hefur því verið komið þannig fyrir og ég tel eðlilegt að þær vegtengingar sem beinlínis eru gerðar vegna ganganna væru með í þessari fjármögnun. En niðurstaðan er að svo sé ekki og þess vegna tel ég að það sé full ástæða til að fjármagna þetta með einhverjum hætti lengra fram í tímann þannig að það komi ekki niður á þeim ákvörðunum sem hafa nú þegar verið teknar með drögum að vegáætlun sem eiga að gilda næstu fjögur árin.

Þessu vildi ég koma á framfæri og vil gjarnan heyra afstöðu hæstv. ráðherra til málsins. Það er mjög mikilvægt fyrir Vestlendinga sérstaklega að vita hvernig hæstv. ráðherra og ríkisstjórnin lítur á akkúrat þennan hluta málsins.

Síðan vil ég segja það um þau vandamál sem hafa komið upp í sambandi við land sem þessar vegtengingar eiga að liggja um að það eru bara venjuleg vandamál sem koma upp við lagningu vega og hafa alltaf gert. Verði af þessari vegagerð fá miklu fleiri frið fyrir umferð en þeir sem verða fyrir ónæði af nýja veginum því þessi vegur styttir leiðina mjög mikið og í nágrenni fjölda bæja þar sem núna er mikil umferð verður miklu minni umferð í framtíðinni ef af þessari vegagerð verður.

Ég ætlaði ekki að teygja lopann um þetta mál, ég fagna því að það skuli vera farið að glitta í lok þess og vonandi verður niðurstaðan jákvæð. Að vísu er greinilegt að það er tæpt á öllum tölum. Við sjáum það á því að sú fjármögnun sem menn stefndu að gekk ekki upp. Menn hafa verið að skipta um aðila í þessu og ég býst við að það sé vegna þess að það sé ekkert allt of mikill afgangur af því að þessi framkvæmd gangi upp miðað við þær áætlanir sem gerðar hafa verið. En verði niðurstaðan sú að menn fara í þetta verkefni þá tel ég nokkuð tryggt að þar sé á ferðinni mjög hagkvæmt verkefni fyrir bæði þjóðarbúið og þá sem munu nýta göngin.

[21:39]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég var að lýsa því að samkvæmt mínum hugmyndum á að koma verulega til móts við Vestlendinga. Það er gert ráð fyrir því í mínum hugmyndum að farið verði með alla þessa vegaframkvæmd sem framlag til jarðganga þannig að af stórverkefnafé greiðist 80% en 20% af fjármunum kjördæmisins. Ég hygg að hv. þm. sé mjög ánægður með þá skiptingu þegar hann íhugar málið, það er ekki völ á öðru betra. En það má auðvitað taka það til athugunar hvort hv. þm. telur æskilegra að kjördæmið standi t.d. undir þeim speli sem liggur frá göngunum til Akraness og síðan geti aðrir séð um tenginguna yfir á hringveginn ef hv. þm. telur að það komi betur út fyrir kjördæmið.

Auðvitað nýtist þessi vegagerð og þessi göng öðrum en Vestlendingum. Auðvitað nýtist hún Reykvíkingum, auðvitað nýtist hún Norðlendingum og Vestfirðingum. En kannski mest og best þeim sem næst göngunum búa á báðar síður. En eftir sem áður, þar sem hér er um mjög verulegar fjárhæðir að ræða þá er gert ráð fyrir þessari skiptingu. Ég vil minna hv. þm. á að ef ekki kæmi til þessara jarðganga þá yrði óhjákvæmilega að leggja í aðrar framkvæmdir í Hvalfirði til þess að mæta þeirri auknu umferð sem nú er og þar fram eftir götunum. Ríkisstjórnin kemur mjög til móts við Vestlendinga að þessu leyti og tekur miklu meiri þátt í veglagningu að göngunum en í öðrum stórverkefnum sem ég get nefnt, t.d. Ólafsfjarðarmúla.

[21:41]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég var ekki að kvarta yfir því að ríkisstjórnin hefði í huga að hafa þetta 20% og 80% skiptingu. Ég var einungis að benda á að það mætti skoða það að fjármagna vegtengingarnar með lánsfé þannig að ekki þyrfti að raska þeim áætlunum sem menn eru búnir að gera núna ef þessi ákvörðun yrði tekin á næstu vikum jafnvel þannig að þessi fjármögnun kæmi inn á næstu ár. Það væri mjög óheppilegt ofan á þá röskun sem hefur orðið á öðrum verkefnum á Vesturlandi ef þessir fjármunir kæmu líka niður á næstu tveim, þrem árum.

Ég held að það sé hægt að segja það að ef ekki verður af þessum göngum liggja náttúrlega fyrir áætlanir um það hvað það kostar að gera upp veginn fyrir Hvalfjörð. Það er nú þannig að langstærsti hlutinn af þeim framkvæmdum liggur við sunnanverðan fjörðinn þannig að það kæmi kannski ekkert endilega niður meira á Vestlendingum en þeim sem búa hérna megin. Það er ekkert aðalatriði málsins, aðalatriði málsins er að þessi framkvæmd verði tryggð og líka að ekki verði farið að raska þeim framkvæmdum sem menn hafa haft samstöðu um að fara í á næstu árum.

[21:43]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Þetta mál sem tengist undirbúningi jarðganga undir vegtenginu um utanverðan Hvalfjörð, þ.e. jarðgöngum undir fjörðinn, á upptök sín í lögum nr. 45 sem sett voru 1990 sem heimiluðu að ríkið gengi til samninga við fyrirtæki sem stofnað yrði til að hafa forgöngu um framkvæmdina og annast rekstur inn. Þetta fyrirtæki, Spölur hf., hefur síðan haft undirbúning með höndum á grundvelli samnings sem gerður var á öndverðu ári 1991 en hér er verið að leggja til öðru sinni að breytt verði. Það var 20. apríl í fyrravor að breyttur samningur var staðfestur af Alþingi með þáltill. Auk þess var, eins og fram kemur í grg. með þáltill., samþykkt að veita 50 millj. kr. lán úr ríkissjóði til Spalar hf. til að fjármagna jarðlagarannsóknir sem lagt var til af ráðgjöfum fyrirtækisins að yrðu gerðar.

Það hefur frá upphafi verið grundvallarforsenda í þessu máli og forsenda fyrir því þegar það var upphaflega lagt fram að hér yrði um sjálfstætt fyrirtæki að ræða og unnt væri að ráðast í verkið á grundvelli sérstakrar fjármögnunar án þátttöku eða ábyrgðar ríkisins og þar með utan vegáætlunar. Ég tek þetta fram, virðulegur forseti, ekki vegna þess að það komi neitt annað beint fram í þessari tillögu sem liggur hér fyrir heldur einfaldlega að rifja það upp að þetta er grunnur málsins, að þarna reyni ekki á fjármögnun af hálfu ríkisins.

Það kemur svo hér fram inn í þessa umræðu að hluta af verkinu, þ.e. tengivegi, sé ráðgert að fjármagna, ekki af þessu fyrirtæki heldur sér á parti og þá á grundvelli stórverkefna, ef ég hef skilið það rétt, samkvæmt vegáætlun. Ég er ekki viss um að það hafi fylgt málinu frá upphafi, án þess að ég hafi sett mig inn í það efni og er auðvitað álitaefni sem tengist uppsetningu svona framkvæmda, hvað heyrir þar til. Þetta er hins vegar á margan hátt spennandi verkefni sem þarna er um að ræða eins og margt sem lýtur að jarðgangagerð í landinu og sérstaklega vegna þess að þá eru menn að gera ráð fyrir því að það sem menn greiða fyrir að keyra þessi væntanlegu göng, að þar spari menn ekki ólíka upphæð og færi í bensínkostnað með því að keyra inn fyrir fjörðinn. Það eru sem sagt þannig viðskiptalegar forsendur ef þetta gengur eftir með þeim hætti og greitt af þeim sem um veginn fara og við skulum vona að þetta gangi eftir og það verði hér ekkert annað uppi á borði. Ég lagði fram fsp. á þskj. 626 til hæstv. samgrh. fyrir skömmu síðan og ekki fengið enn þá svar við henni, en það eru nú nokkrir dagar eftir af þingi, þar sem spurt er um ýmsa þætti þessa máls. Ástæðan fyrir því er að fá skýrar fram en verið hefur viðbrögð og ég ætla ekki hér að fara að ganga eftir svari hæstv. ráðherra. Það er óskað eftir skriflegu svari og engin ástæða til þess að vera að hraða því ef því má treysta að skriflegt svar berist á næstu dögum við fsp. sem beðið er um skriflegt svar við.

Það væri síðan mál út af fyrir sig að ræða um afstöðu hæstv. núv. samgrh. til jarðgangagerðar í landinu og þá alveg sérstaklega á Austurlandi. En þar hefur nú annað kveðið við heldur en að fylgja fram þeirri stefnumörkun sem lögð var fyrir í drögum að langtímaáætlun á sínum tíma og gert var ráð fyrir að hefja verk ekki síðar en 1998 við jarðgöng á Austurlandi. En

hugur hæstv. núv. samgrh. hefur staðið til annars heldur en að tryggja undirbúning þeirra mála og hefur ráðherrann þá helst vísað til þess að Austfirðingar væru ekki á einu máli um hvar ætti að byrja. Það er bara fyrirsláttur af hálfu hæstv. ráðherra og hans hugur hefur gengið í þá átt að byggja upp frambúðarsamgöngur milli Norður- og Austurlands yfir Fjöllin, eins og við köllum það, og ekki viljað ljá máls á því að skoðað verði að byggja upp vetrarleiðina strandveg þannig að það nýttist byggðunum á Norðausturlandi, og sér ekki nema tvo punkta á þessari leið. Ég held að það séu Egilsstaðir og Akureyri. Það er að vísu farið um hlaðið á Skjöldólfsstöðum og nokkrum fleiri bæjum. Það er ágætt að leggja veg yfir Fjöllin en það er nú mál sem þyrfti að athuga svolítið betur en gert hefur verið, hvaða forgangsröð eigi að vera í því efni. Þessu máli tengist jarðgangagerð m.a. milli Héraðs og Vopnafjarðar, sem er auðvitað eitt af því sem til álita er varðandi jarðgangagerð á Austurlandi og mundi þá þjóna samgöngum milli landshlutanna þar sem ekki væri farið um langan veg í 600 km hæð á fjöllum uppi heldur þræddar byggðir sem nýttist þá, fyrir utan þann sparnað sem því tengist að halda opinni einni leið að vetrarlagi í staðinn fyrir tveimur eins og þessi núverandi stefna hæstv. samgrh. gerir ráð fyrir.

Ég leyfði mér nú, virðulegur forseti, þó þetta sé aðeins krókur frá tillögunni sem hér er rædd, smálykkja sem ég hef lagt á leið mína í tengslum við þetta, en ég leyfði mér að tengja það þessu máli. Það verður fylgst grannt með því hvernig útfærslan verður, hvaða svör hæstv. ráðherra gefur í sambandi við þá fsp. sem fyrir liggur. Það verður kannski ekki á valdi og vonandi ekki á valdi núv. hæstv. ráðherra, þó að honum sé ekki allt illa að lagi, ég er langt frá því að segja það, hann hefur gert ýmsa góða hluti og gagnlega í sínu starfi. En vonandi verður það vegna almannahagsmuna ekki hæstv. núv. samgrh. sem kemur til með að standa fyrir ákvörðunum í sambandi við Hvalfjarðargöng ef aðrar ákvarðanir þarf að taka heldur en heimildir nú þegar bjóða.

Ég skal ekki orðlengja þetta, virðulegur forseti, og gef þá hér eftir nokkuð af þeim tíma sem ég hef í umræðunni.

[21:51]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég geri mér vonir um að svar við þeim spurningum sem hv. þm. hefur lagt fram geti legið fyrir á morgun.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Mælingareglur skipa, 2. umr.

Stjfrv., 306. mál (lög um vitamál og lögskráningu sjómanna). — Þskj. 420, nál. 701.

[21:51]

Frsm. samgn. (Pálmi Jónsson):

Hæstv. forseti. Samgn. hefur fjallað um þetta frv. um breytingar á ýmsum lögum vegna nýrra mælingareglna skipa, eins og það heitir. Frumvarpið fjallar um breytingar á tvennum lögum, eins og það var lagt fram. Í 1. gr. er einungis breyting sem gert er ráð fyrir að verði á lögum um vitamál vegna þess að breytt hefur verið mælingareglum skipa þannig að tekin hefur verið upp mæling í brúttótonnum í stað brúttórúmlesta áður. Þetta er nauðsynleg og tæknileg breyting sem þarf að gera á lögunum um vitamál og leggur nefndin einróma til að sú grein frv. verði samþykkt.

Á hinn bóginn leggur nefndin til að 2. gr. frv., sem fjallar um allt annað mál, um lögskráningu sjómanna, verði felld brott úr frv. og eigi afgreidd að þessu sinni. Nefndin leggur sem sagt til einróma að frv. verði samþykkt með þeirri breytingu að 2. gr. frv. falli brott og að fyrirsögn frv. verði breytt í samræmi við það.

Þess er skylt að geta að hv. þm. Egill Jónsson, Jóna Valgerður Kristjánsdóttir og Stefán Guðmundsson voru fjarstaddir þessa afgreiðslu málsins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vegalög, 2. umr.

Stjfrv., 314. mál (stofn- og viðhaldskostnaður girðinga). — Þskj. 454, nál. 705.

[21:54]

Frsm. samgn. (Pálmi Jónsson):

Herra forseti. Samgn. hefur fjallað um frv. til laga um breytingu á vegalögum nr. 45/1991. Á fund nefndarinnar komu Helgi Hallgrímsson vegamálastjóri, Jón Rögnvaldsson aðstoðarvegamálastjóri og Gunnar Gunnarsson, framkvæmdastjóri stjórnsýslusviðs Vegagerðarinnar, en hann er einn af höfundum frv. og naut nefndin aðstoðar hans fremur en annarra við það að kynna sér málið ofan í kjölinn.

Samgn. hefur fjallað nokkuð ítarlega um þetta mál. Frv. á rætur í óskum sem fram hafa komið frá bændum á undanförnum árum um það að Vegagerð ríkisins verði gert skylt að taka þátt í eða að greiða kostnað við viðhald girðinga í tilteknum vegflokkum. Þetta mál var mjög rætt í samgn. á síðasta Alþingi þegar fjallað var um breytingu á vegalögum, en þá voru sett ný vegalög. Þá kom upp sú hugmynd sem frv. byggir í raun á, að það verði tekin upp sú regla að Vegagerð ríkisins kosti að hluta viðhald á því sem nú heita stofnvegir og tengivegir og að hluta til komi sveitarfélögin að þessu máli og frv. byggir á þessari hugsun.

Að samningu frv. komu fulltrúar frá samgrn., frá landbrn., frá Vegagerðinni frá Stéttarsambandi bænda og frá Sambandi ísl. sveitarfélaga. Þessir aðilar allir náðu samkomulagi um frv. eins og það var lagt fram og unnu gott starf á tiltölulega skömmum tíma.

Bændasamtökin höfðu sent samgn. umsögn um þetta mál og var þar meginósk þeirra að veghaldari, þ.e. Vegagerðin skyldi sjá um girðingar með stofn- og tengivegum og halda þeim girðingum við á sinn kostnað. Síðan komu fram varatillögur þannig að Vegagerð-

in skyldi halda við girðingum á eigin kostnað þar sem girðingar væru einvörðungu til þess að fría vegsvæði fyrir búfé, eins og það var kallað. Það verður að segjast eins og það liggur fyrir að sú skilgreining var tiltölulega óljós. En í frv. er gert ráð fyrir því að Vegagerðin standi að öllum kostnaði við viðhald girðinga þar sem girt er til þess að fría vegsvæði fyrir búfé á afréttarlöndum. Í þriðja lagi var á það bent af hálfu bændasamtakanna að nauðsynlegt væri að skilgreina betur hugtakið lokað vegsvæði, þ.e. með ristarhliðum í báða enda en girt síðan beggja megin vegar, að þar væri Vegagerðinni gert skylt að annast viðhaldið að fullu.

Það er skoðun nefndarinnar í heild að frv. það sem hér liggur fyrir sé mjög þýðingarmikið. Með því sé stigið skref sem verði til þess að ganga inn á nýja braut, þá braut að Vegagerðin taki að sér viðhaldskostnað að hálfu á girðingum sem eru meðfram stofnvegum og tengivegum, og er það að okkar dómi afar þýðingarmikið mál að fá þetta viðurkennt. Við treystum okkur ekki til þess að ganga lengra og erfitt að skilgreina hvernig því skyldi skipt ef farið væri að óskum bændasamtakanna varðandi þetta mál, t.d. eins og segir í varatillögu þeirra samtaka og væri þá stutt í það að leggja þann kostnað allan á Vegagerðina að annast viðhald girðinga með þessum vegum.

Hv. þm. samgn. voru sammála um að eðlilegt væri að afgreiða þetta mál nú eins og það liggur fyrir og við leggjum til að það verði samþykkt óbreytt. Rétt er að taka það fram að við 1. umr. um þetta mál og eins í nefndinni hafa farið fram miklar umræður um þann þátt þessara mála sem snertir lausagöngu búfjár og bann við lausagöngu búfjár á þessum vegum þegar óhöpp verða eða keyrt er á skepnur þar sem lausaganga er bönnuð hver sé þá ábyrgð bónda og hvort ekki sé stórkostleg hætta á því að hann geti orðið fyrir stórfelldum skakkaföllum. Þessi umræða hefur svo blandast því að eins og nú standa sakir í miklum snjóavetri og hörðum þá eru víðast hvar girðingar allar undir fönn og erfitt um vik fyrir bændur að verjast því að skepnur fari inn á vegsvæði þar sem lausaganga búfjár er bönnuð.

Af þessu tilefni var leitast við að kanna í fyrsta lagi þá dómsúrskurði sem fallið höfðu nýlega og þeir voru kannaðir nokkrir. Einn hæstaréttardómur féll þann 16. feb. á 75 ára afmæli Hæstaréttar. Þar var dæmt í máli þar sem stóðhestur hafði komist út úr girðingu um opið hlið og undirréttur hafði dæmt bónda skaðabótaskyldan vegna vanrækslu í gæslu á hestinum. Skemmst er af því að segja að Hæstiréttur sýknaði bónda í þessu máli og lagði alla sök á ökumann og tryggingafélag ökumannsins vegna þess að ekki væri unnt að sanna að um vanrækslu hefði verið að ræða af hálfu bónda þótt svo að hliðið hafi verið opið og sannaðist hvergi hlutdeild bóndans í þeirri slysni.

Þessi dómur hlýtur að vera nokkurt innlegg í það hvernig dómar kunna að falla á komandi árum. Þó er þess auðvitað að geta að þar var um að ræða bann við lausagöngu grips vegna ákvæða í búfjárræktarlögum en ekki vegna þess endilega að lausaganga væri bönnuð á vegsvæði. Fleiri dómar hafa fallið að undanförnu og eru þeir á ýmsan veg en ekki lá fyrir úrskurður Hæstaréttar, sem nefndin kynnti sér, nema í þessu eina tilviki.

Nefndin kynnti sér nokkuð hvernig háttaði tryggingum varðandi slík mál. Það liggur fyrir að tryggingaflokkur sem er nokkuð algengur hjá bændum, svokölluð ábyrgðartrygging, tekur til tjóns á gripum og tjóns sem gripir kunna að valda á farartækjum, ef talið er að það sé vegna vanrækslu bónda eða hægt sé að kenna honum um. Þessi tryggingaflokkur er algengur í sveitum, eins og ég sagði, og eftir að hafa kannað það lauslega hjá tryggingafélögunum þá kom í ljós að ársiðgjald af slíkri tryggingu kostaði frá 6.500–11.000 kr. og er þess vegna tiltölulega eða a.m.k. mjög viðráðanleg sú trygging og í rauninni sjálfsagt fyrir ýmsa bændur að kaupa sér slíka tryggingu til þess að verjast hugsanlegum áföllum af þessum toga.

Nefndin sá því ekki ástæðu til að gera neinar breytingar á 56. gr. vegalaga svo sem beint var til hennar við 1. umræðu að taka til umhugsunar. En á það er rétt að benda að lögin eru tiltölulega ný, 56. gr. vegalaganna tók gildi 1. jan. sl. og á hana hefur ekki mikið reynt. Ég tel eðlilegt að það reyni betur á lögin heldur en gert hefur til þessa. Við samgöngunefndarmenn tökum svo fram hér t.d. í nál. að þar sem svo vill til að óviðráðanlegar ástæður valda því að búfé fer út á veg, eins og þegar girðingar eru á kafi í snjó eða einhverjar aðrar orsakir liggja til að bónda er það óviðráðanlegt að búfé komist á vegsvæði þar sem lausaganga er bönnuð, þá hljóti að verða að taka tillit til slíks í úrskurði mála sem af slíku spretta.

Ég sé ekki ástæðu til, herra forseti, að fara um þetta fleiri orðum. Frumvarpið er, eins og ég gat um áður, mikilvægt að dómi okkar nefndarmanna í samgn. Nefndin leggur einróma til að það verði samþykkt óbreytt, en hv. þm. Egill Jónsson og Jóna Valgerður Kristjánsdóttir voru fjarstaddir afgreiðslu málsins.

[22:06]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Þetta mál horfir til stórbóta á því ástandi sem er víða um vegi landsins og í strjálbýlinu vegna lausagöngu búfjár eða a.m.k. mæli ég með samþykkt frv. í trausti þess. Það þarf að gera mjög mikið átak til þess að koma í veg fyrir þau slys sem sífellt verða á vegunum og reyndar eru það ekki bara slys á skepnum heldur fólki líka og tjón á eignum. Þarna er verið að gera tilraun til þess að taka á þessum málum bæði með því að meira verði gert af því að girða með vegunum og líka að það verði betur fyrir komið viðhaldi á girðingum og þannig að sveitarfélögin komi þar að líka. Ég held að þetta horfi nú allt saman til bóta. Að vísu eru hlutir þarna sem menn vita ekki hvernig muni reynast, eins og hv. frsm. nefndarinnar var hér að lýsa og ætla ég ekki að fara yfir það sérstaklega, en hvernig ábyrgð bænda eða annarra eigenda búfjár muni verða á auðvitað eftir að koma betur í ljós með fleiri dómum. Það er auðvitað ekki hægt að fullyrða hvernig þetta muni þróast og ýmsir bændur hafa nú kannski

áhyggjur af því að þarna verði á ferðinni bótakröfur á þá og aðra fjár- eða skepnueigendur, en nefndin treystir sér ekki til þess að leggja til að koma þessu öðruvísi fyrir.

Það er einn þáttur í þessu máli sem ég ætlaði hér að nefna, sem ég nefndi á fundum nefndarinnar, sem mér finnst umhugsunarefni hvort að hefði ekki þurft að taka á, en það er að það kemur hvergi fram í þessum lögum hver er eigandi þessara girðinga sem verið er að reisa. Það er einungis talað um að veghaldari girði og beri kostnað af því. Ég hef pínulitlar áhyggjur af því að það geti komið til þess einhvern tíma að menn lendi í því að það verði slys á einhverjum skepnum eða fólki vegna þessara mannvirkja sem girðingarnar eru og það þurfi þá að vera á hreinu hver eigi girðinguna. Þetta tel ég að sé til umhugsunar. Ég nefndi þetta á fundum nefndarinnar en það varð ekki nein niðurstaða í því að gera neitt í því máli.

Sú lagabreyting sem hér er verið að leggja til að verði samþykkt á hv. Alþingi á auðvitað rætur sínar í umræðunum um vegalögin í fyrra og það var vegna þeirrar umræðu sem þá fór fram um akkúrat þessi girðingamál sem farið var af stað í þessa göngu sem nú er komin í þennan áfanga, að málið hefur verið lagt hér fyrir þingið til 2. umr. Ég ætla ekki að hafa lengra mál um þetta frv. Ég er á þeirri skoðun að þetta sé til bóta sem hér er verið að leggja til, en það þarf auðvitað fleira til að koma heldur en bara þessi lagasetning. Það þarf að fylgja þessu eftir með átaki í girðingamálum og þar held ég að sveitarfélögin þurfi að koma til í samvinnu við Vegagerðina og ríkið, þar sem menn þurfa þá að taka á málum heildstætt eftir landsvæðum. Það er ekkert endilega víst að niðurstaðan sé sú að girða langar girðingar, það getur líka verið að niðurstaðan sé sú að friða stór svæði og lönd. Það er víða þannig að búfé hefur fækkað mjög mikið og þörfin fyrir beitarland hefur víða minnkað mjög mikið. Þannig að það er hægt, án þess að beitarlandi verði ofgert, að friða mjög stór svæði, sem þýðir þá aftur á móti að bæði er hægt að minnka hættu af búfé og einnig að spara sér girðingar sem er auðvitað líka í sjálfu sér bæði sparnaður þá í viðhaldi og stofnkostnaði girðinga. Það er svo sem ekkert endilega neitt markmið að girðingar séu sem lengstar. Best væri að þær væru sem allra stystar og þær eru ekki til prýði yfirleitt í landslaginu.

Þannig að af öllum ástæðum held ég að það væri mikið til bóta ef menn réðust í það að reyna að setja af stað einhverja framkvæmdaáætlun þar sem sveitarfélögin kæmu myndarlega inn í þetta ásamt hinu opinbera og Vegagerðin hefði forgöngu fyrir þess hönd og menn tækju virkilega á í þessu efni. Umferðin á vegunum er orðin mjög hröð og hætturnar og slysin sem við höfum séð á undanförnum árum hafa verið mjög hörmuleg sum. Það er af þeim ástæðum sem þessi mál eru nú hér í umræðu og til afgreiðslu, að það eru auðvitað kröfur uppi um að það verði tekið á þessum málum.

Ég ætla að hafa þetta mín lokaorð, hæstv. forseti.

[22:12]

Frsm. samgn. (Pálmi Jónsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hver á girðingar með vegum, spurði hv. 3. þm. Vesturl. Það hefur verið litið svo á að bændur ættu girðingarnar, þrátt fyrir það að Vegagerðin hafi girt þær eða reist, enda hefur verið lögð á þá sú kvöð að halda þeim við. Ef svo hagar til, sem er í einstökum tilvikum skv. þessu frv., að Vegagerðin hvort tveggja reisir girðingar og heldur þeim við einvörðungu á eigin kostnað, þá verður að líta svo á að þær séu hluti vegsvæðis og eign Vegagerðarinnar, ella gildi hin fyrri regla.

[22:13]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það kann vel að vera að þessi skilgreining verði sú sem gildir. En það er náttúrlega ekki komið í ljós enn og það kann vel að vera að þar sem ábyrgð er skipt og þetta verður nú með ýmsum hætti, viðhald er á höndum sveitarfélaga og bænda. Ég ætla ekkert að þræta um það hvernig menn vilji líta á þetta, en það er alla vega ekki tekið fram og ekki alveg fullkomlega skýrt, að mínu viti, hver muni eiga þessi mannvirki og verður það ekki fyrr en um það fellur dómur úr því að það er ekki kveðið skýrt á um það í lögunum. Og það er það sem ég er hér að halda fram, að það hefði kannski verið rétt að það hefði komið skýrt fram að ef þessi skilningur, sem hv. formaður var hér að lýsa, er sá skilningur sem menn eru sammála um að hafa á þessu, að það hefði þá kannski verið rétt að það hefði komið fram í textanum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lánasjóður sveitarfélaga, frh. 1. umr.

Stjfrv., 370. mál (EES-reglur, lántökur). — Þskj. 599.

[22:15]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegur forseti. Það mál sem nú er tekið fyrir að nýju er frv. til laga um breytingu á lögum um Lánasjóð sveitarfélaga. Það er nokkuð síðan ég kvaddi mér hljóðs um þetta mál til þess að velta fyrir mér ákveðnu atriði þess og leita skýringa hjá hæstv. ráðherra. Mér þykir rétt að rifja upp um hvað málið fjallar. Það er mjög lítið að vöxtum, einungis tvær lagagreinar. Önnur er gildistökugrein og hin stutt lagagrein þar sem lagt er til að bæta málslið við eina grein núgildandi laga um sjóðinn, sem yrði þá svohljóðandi, með leyfi forseta: „Stjórninni er þó ekki heimilt að gefa út og selja skuldabréf og aðrar endurgreiðanlegar skuldaviðurkenningar til almennings."

Það er dálítið forvitnilegt að setja í lagatexta ákvæði sem heimilar stjórn lánasjóðsins að gera ekki tiltekna hluti eða með öðrum orðum er verið að fyrirbyggja að stjórnin geri einhverja hluti sem menn vilja væntanlega að stjórn sjóðsins láti ógert. Þegar hins vegar greinargerðin er lesin kemur í ljós hvernig málið stend-

ur og það er í reynd þannig að það er ekkert á döfinni að stjórn lánasjóðsins ætli sér að fara að afla fjár til sjóðsins með útgáfu skuldabréfa. Það kemur því spánskt fyrir sjónir að leggja til að banna að gera eitthvað sem ekki stendur til að gera.

Þetta varð til þess að ég fór að velta þessu máli fyrir mér og ákvað að biðja um orðið til að leita skýringar á því hvers vegna lagt væri til að þetta ákvæði væri sett inn í lögin um Lánasjóð sveitarfélaga.

Ef maður skoðar skýringarnar með lagafrv. frekar en ég hef rakið þá virðist ástæðan vera sú að eins og lög um Lánasjóð sveitarfélaga eru núna þá fellur sjóðurinn undir lög um lánastofnanir frá 1993 sem eru samræmd löggjöf um lánastofnanir innan Evrópusambandsins. Tilgangurinn virðist því vera sá að taka Lánasjóð sveitarfélaga undan þeirri löggjöf þannig að þessi sjóður falli ekki að samræmdri löggjöf Evrópusambandsins hvað þetta varðar eins og kveðið er á um að vera skuli samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

Í ljósi þess að flm. er ráðherra úr Alþfl. sem hefur mjög gengist fyrir því að Íslendingar gerðust aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu og vill raunar nú ganga lengra og ganga í Evrópusambandið. (**Umhvrh.:** Eða Asíubandalagið.) Því miður hefur stefna Alþfl. varðandi aðra heimshluta en Evrópu ekki verið skýrð. Svo merkilegt sem það er með hreyfingu jafnaðarmanna hér á landi sem á að vera brjóstvörn fátækari hluta þjóðarinnar og verkafólks þá virðist sá ágæti flokkur vera einna helst áhugasamur um það að bindast sem föstustum böndum gömlu nýlenduveldunum í Evrópu sem hafa löngum með krafti vopnavalds arðrænt aðra hluta heimsins eins og mönnum er kunnugt úr mannkynssögunni. Það er auðvitað sérstakt umræðuefni, sem vert væri að ræða í þingsölum, að krefja Alþfl. skýringa á því hvers vegna hann hefur þá heimssýn að vilja hvergi annars staðar vera en hluti af safni gamalla heimsvelda og sjá ekki út fyrir múra þá sem Evrópusambandið hefur reist umhverfis sig, sér t.d. ekki til Ameríku eins og vera skyldi.

Það má nefna þeim alþýðuflokksmönnum til upprifjunar að samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið hefur haft það í för með sér að við höfum sett upp sérstaka tolla á vörur frá Ameríku. Við erum að skerða möguleika okkar á að eiga viðskipti við Bandaríki Norður-Ameríku í þágu Evrópuþjóðanna. Þar minni ég á sérstaka tolla sem eru allt 7% þar sem vörur frá Bandaríkjunum eru tollaðar hærra en vörur frá Evrópu. Ég veit ekki hvort það yrði almennt niðurstaða fólks ef því yrði kynnt þessi staðreynd að menn væru á réttu spori í utanríkispólitík okkar að afmarka okkur við þá tollmúra Evrópusambandsins sem reistir hafa verið. Ég tel enga ástæðu til að við þrengjum heimssýn okkar eins og raun ber vitni að menn eru að gera og hafa gert á undanförnum árum undir forustu þeirra alþýðuflokksmanna.

En mig langaði til að bera fram þá spurningu til hæstv. félmrh. hvers vegna hann leggur til að Lánasjóður sveitarfélaga verði undanþeginn hinum samræmdu lögum og reglum um lánastofnanir eins og lagt er til í þessu frv. Hvernig má það vera að Alþfl., sem er svo áhugasamur um það að við tengjumst Evrópusambandinu á sem flesta vegu og með sem mestum hætti, leggur til hvað þennan sjóð varðar að þá skulum við ekki tengjast Evrópusambandinu?

Það væri fróðlegt að fá skýringar á því hjá hæstv. félmrh. hvers vegna hann hefur ekki hug á því að tengjast Evrópusambandinu að þessu leyti.

Ég vil taka fram til að fyrirbyggja allan hugsanlegan misskilning að með þessari spurningu er ég ekki að segja það að menn ættu ekki að samþykkja efni frv. En mér leikur hins vegar forvitni á að vita út frá stefnu Alþfl. í Evrópumálum hvers vegna hann vill undanþægja sig í þessu máli frá ákvæðum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

Að öðru leyti, virðulegi forseti, tel ég ekki ástæðu til að fjölyrða um málið á þessu stigi. Það mun fá sína þinglegu meðferð en það er ljóst að mörg mál eru að hrúgast inn á borð félmn. og verður að ráðast hvort tími reynist til að afgreiða það. Við skulum ekkert fullyrða um það til eða frá. En það er ljóst að svo seint sem málið er fram komið þá er óvíst að það nái fram að ganga á þeim skamma tíma sem eftir er. Hæstv. ráðherra hlýtur að gera sér grein fyrir því að með því að mæla seint fyrir málum í þinginu þá er hann að tefla í tvísýnu að mál hans nái fram að ganga. Ég vænti þess að ráðherrann sé þess fyllilega meðvitaður að það er hans en ekki þingsins ef málið nær ekki fram að ganga á þessu þingi.

Hins vegar er ekki að finna í athugasemdunum neinar útskýringar á efninu sem gefa til kynna að það skaði eitthvað þó að málið frestist fram á næsta þing. En ráðherra upplýsir um það ef svo kann að vera.

Ég vil svo að lokum segja að mér finnst greinargerðin sem fylgir með frv. ákaflega mikið torf. Ég þurfti satt að segja að lesa hana yfir nokkrum sinnum til þess að greiða í sundur efnisatriði og raða þeim upp á nýtt. Mér finnst að þegar er verið að semja greinargerðir til að útskýra efni lagafrumvarpa þá eigi framkvæmdarvaldið, ráðherrar og starfsmenn hans, að leitast við að hafa efnið þannig að það sé auðskiljanlegt og skýrt að efni til. En ég verð því miður að segja hvað þessa greinargerð varðar að hún er ákaflega torskilin og verið að flækja tiltölulega einföldu máli þannig að úr verður langt mál sem grautast verulega saman, satt best að segja. Ég vildi því koma þeirri athugasemd minni á framfæri við hæstv. ráðherra að ég tel að það mætti gera miklu betur en þarna hefur verið gert í því að semja skýra og gagnsæja greinargerð.

Virðulegi forseti, fleira er ekki af minni hálfu um þetta mál að segja að sinni en ég vænti þess að ráðherra svari spurningum mínum skýrt.

[22:27]

Félagsmálaráðherra (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Mér er ljúft að svara fyrir þessi mál og svara spurningum þingmannsins. Afstaðan til þessa frv. hefur lítið að gera með afstöðuna til EES-samningsins eða viðhorfs einstakra þingmanna eða flokka til þess hvort sækja beri um aðild að Evrópu-

sambandinu. Vísa ég þar til að þegar lögin voru sett, nr. 123/93, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði, þá held ég að ég fari rétt með að það mál hafi verið afgreitt af efh.- og viðskn. í heild sinni og fulltrúum þar alveg óháð því hvaða afstöðu þeir höfðu til tengingar og viðskiptasambanda í Evrópu.

En það sem snýr að málinu sjálfu sem slíku þá er þessi grein um það að stjórninni er ekki heimilt að gefa út og selja skuldabréf og aðrar endurgreiðanlegar skuldaviðurkenningar til almennings. Í 1. málsl. 6. gr. laganna um stjórn þessa sjóðs segir að það sé heimilt að gefa út skuldabréf fyrir hans hönd til þess að afla sjóðnum lánsfjár skv. c- og d-lið 5. gr. þeirra laga.

Með því að þessi grein stæði óbreytt yrði það túlkað að Lánasjóður sveitarfélaga teldist lánastofnun í skilningi laga nr. 123/1993 sem í raun fjalla um annars konar lánastofnanir en þessa afmörkuðu sjóði sem Lánasjóður sveitarfélaga og Bjargráðasjóður eru. Því er gripið til þess ráðs að setja inn í þessa grein: „Stjórninni er þó ekki heimilt að gefa út og selja skuldabréf og aðrar endurgreiðanlegar skuldaviðurkenningar til almennings.“ Það er sú skýring sem felst í viðkomandi frv. um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði en þau lög voru sett, eins og áður segir, í desember 1993.

Þetta er fyrst og fremst ástæðan fyrir því að í lögin er sett þessi skýring: „þó ekki heimilt að gefa út og selja skuldabréf og aðrar endurgreiðanlegar skuldaviðurkenningar til almennings.“ Þessi litla breyting gerir að verkum að þessi lánastofnun, sem hefur svo sérhæft verkefni, þarf ekki að fara út í talsvert viðamiklar breytingar á sínum lögum eins og ella þyrfti og ákvæði voru um að slíkar stofnanir mundu hafa aðlagað starfsemi sína ákvæðum laganna eigi síðar en 1. jan. 1995.

Auðvitað finnst mér miður að þetta frv. hafi ekki komið fram fyrr. Um það er ekki að sakast við aðra en mitt eigið ráðuneyti og það að dregist hefur að ég hafi fengið að mæla fyrir frv. frá því að það kom fram. Það verður að hafa sinn gang hvernig tekst til með frv. á þinginu. Nái það ekki fram að ganga þá reikna ég fremur með að það verði þá tekið fyrir síðar, á næsta þingi. En vandinn er sá að þessir sjóðir áttu að hafa aðlagað starfsemi sína eigi síðar en 1. janúar 1995.

[22:30]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir skýringar þær sem hann kom með. Ég vil geta þess að það er búið að vera ljóst síðan í desember 1993 að það yrði að samræma lög þessa sjóðs lögum nr. 123 frá 1993 fyrir 1. jan. 1995 þannig að það er ekkert sem kemur mönnum á óvart. Menn hafa í liðlega eitt ár haft vitneskju um að þetta þyrfti að gera. Það er því dálítið klaufalegt, satt best að segja, að ranka við sér fáeinum dögum áður en þingið lýkur störfum og leggja fram frv. um þessa breytingu. Reyndar er þetta ekki eini sjóðurinn sem er verið að leggja til núna á síðustu dögum að verði aðlagaður þessum tilteknu lögum því að á tveimur öðrum sjóðum eru lagðar til breytingar eins og sjá má á öðrum þingskjölum.

Í öðru lagi bendi ég á að 1. jan. 1995 er runninn upp fyrir nokkru. Og það skeður ekkert stórvægilegt þó að tíminn sem líður fram yfir 1. jan. 1995 verði einhverjum mánuðunum lengri en skemmri þannig að bara sú ástæða að ástandið er þegar komið upp gerir það að verkum að það getur varla verið stórmál þótt málið hljóti ekki afgreiðslu á þessu þingi án þess þó að ég sé neitt að gera því skóna að svo muni ekki verða. Það verður bara að hafa sinn gang, allt tekur sinn tíma.

En í fskj. með frv. kemur fram að hinn raunverulegi tilgangur málsins er sá að komast hjá því að Lánasjóður sveitarfélaga þurfi að sæta kröfum sem gerðar eru til lánastofnana og varða hlutafélagsform, bókhald, bankaeftirlit Seðlabankans o.s.frv. Og ég velti því fyrir mér hvers vegna menn vilja ekki að lánsjóðurinn sæti þessu eftirliti og þessum kröfum. Það þarf að gefa skýringu á því, sérstaklega þegar sú áhersla liggur fyrir hjá núverandi stjórnarflokkum, þó að um það sé nokkur ágreiningur milli þeirra og jafnvel innan þeirra, að einkavæða ýmis fyrirtæki og stofnanir sem hafa verið eða eru eign þjóðarinnar, eins og Landsbankann, Búnaðarbankann og svo má nefna fyrirtæki sem þegar hefur verið breytt í hlutafélög og þau síðan seld.

Ég velti því fyrir mér hvers vegna þessi sjóður er að mati ríkisstjórnarinnar þannig að hann eigi ekki að falla undir áform ríkisstjórnarinnar um breytingar á bönkum svo dæmi sé tekið. Það er forvitnilegt að fá svör við því og eðlilegast að hæstv. ráðherra veiti þau svör. Hann hlýtur að hafa kynnt sér ástæðuna fyrir því að menn vilja ekki að Lánasjóður sveitarfélaga sæti þeim kröfum sem ég gat um. Þær skýringar kunna að vera þannig að ég geti á þær fallist og fleiri. En það er kjarninn í málinu að þær skýringar séu veittar þannig að menn geti áttað sig á því hvers vegna þessi sjóður þurfi sérstaka meðferð.

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að lengja umræðuna frekar en orðið er varðandi þetta litla þingmál. Ég býst við því að þessu máli verði vísað til félmn. og þar mun ég geta fengið frekari svör og útskýringar við því en koma fram í þessari umræðu.

[22:36]

Félagsmálaráðherra (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Það er mesti misskilningur ef þingmaðurinn telur að það sé til einhvers persónulegs vansa fyrir mig ef málið nær ekki fram að ganga eða það sé einhver sérstök handvömm af minni hálfu að þetta mál hefur ekki komið fram fyrr eða að af einhverjum annarlegum orsökum sé það vilji ríkisstjórnar að þessi litla lánastofnun, Lánasjóður sveitarfélaga, sem ég tel að þingmaðurinn þekki mjög vel til, falli ekki undir þær skilgreiningar sem er að finna í lögum nr. 123/93. Það er allt mesti misskilningur.

Ég held að það hafi verið skamman tíma, e.t.v. tvær vikur, eftir að ég tók við ráðherraembætti í félmrn. um miðjan nóvember sem ég átti samráðsfund með forráðamönnum Sambands ísl. sveitarfélaga þar sem eitt af erindunum var að ganga eftir því við ráðherra að hann flytti frv. til laga varðandi Lánasjóð sveitarfélaga

og Bjargráðasjóð. Þeir fluttu fyrir máli sínu fullgild rök að mínu mati. Það eru mjög ítarlegur reglur um aðrar lánastofnanir en viðskiptabanka og sparisjóðir en það er verið að setja slíkar reglur vegna þess að það er gengið út frá því að slíkar lánastofnanir hafi mjög víðtæka starfsemi. Lánastofnanirnar sem hér eru flutt frv. um hafa mjög þrönga starfsemi og ég held að allir sem hafa kynnt sér það og skoðað hvað í þessu felst geti verið sammála stjórn sambandsins og forráðamönnum um að það sé sjálfsagt mál að flytja þessi frv. og undanskilja þá þeirri kröfu að þurfa að gera svo ítarlegar breytingar á sínum lögum til þess að falla undir þær allítarlegu reglur um lánastofnanir sem felast í lögum nr. 123 /93 vegna þeirrar starfsemi sem þar fer fram.

Ég varð því við þessari ósk Sambands ísl. sveitarfélaga. Ég tel að þetta sé gott mál og er sannfærð um að þegar þingmaðurinn fjallar um þetta mál í nefnd og fær fulltrúa sambandsins á fund nefndar og ræðir við þá verði hann sammála mér um það að þetta hafi verið gott mál að flytja. Svo getum við jagast um það hvort það hefði verið hægt að ná því fyrr fram en á þeim tíma sem það kom eða hvort að það sé að skemma fyrir málinu. En hér er málið flutt, ég held að þetta sé gott mál fyrir sveitarfélögin í landinu og mikilvægt fyrir þau sveitarfélög sem hafa viðskipti við þennan lánasjóð og ég sé enga ástæðu til að það sé verið að búa til allítarlegar reglur um þennan lánasjóð miðað við eðli hans.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Útbýting þingskjala:

Fólksflutningar með langferðabifreiðum, 332. mál, nál. samgn, þskj. 736.

Leigubifreiðar, 329. mál, nál. samgn. þskj. 734; brtt. samgn., þskj. 735.

Reglur um veitingu ríkisborgararéttar, 434. mál, skýrsla allshn., þskj. 723.

Vöruflutningar á landi, 33. mál, nál. samgn, þskj. 737.

Félagsþjónusta sveitarfélaga, 1. umr.

Stjfrv., 401. mál (fjárhagsaðstoð til sambúðarfólks). — Þskj. 643.

[22:40]

Félagsmálaráðherra (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991. Frv. er ein grein, um að við 19. gr. laganna bætist ný málsgrein svohljóðandi:

„Sama rétt til fjárhagsaðstoðar og hjón hafa samkvæmt lögum þessum einnig karl og kona, sem búa saman og eru bæði ógift, enda eiga þau sameiginlegt lögheimili og sambúðin hafi varað samfleytt í a.m.k. eitt ár áður en umsókn er lögð fram."

Ástæða þess að frv. þetta er flutt er sú að við framkvæmd laga um félagsþjónustu sveitarfélaga hefur komið í ljós að óheimilt er að líta á sambúðarfólk sem hjón þegar fjárhagsaðstoð samkvæmt lögunum er ákveðin. Þess í stað verður að fara með mál sambúðarfólks sem mál tveggja einstaklinga. Þessu var slegið föstu með úrskurði úrskurðarnefndar félagsþjónustu þann 23. júní 1993. Af þessu tilefni fór borgarráð Reykjavíkurborgar þess á leit við félmrn. að unnið yrði að frv. til laga um breytingu á lögum um félagsþjónustu er tæki til þessa efnis. Frv. felur, eins og áður er getið, í sér að sambúðarfólk eigi sama rétt til fjárhagsaðstoðar sveitarfélaga og hjón. Í því felst hins vegar ekki að mælt sé fyrir um að lagalega séð sé sambúðarpar bundið gagnkvæmri framfærsluskyldu þó ákvæði frv. gangi í þá átt.

Þar sem engin almenn lög gilda um óvígða sambúð, sbr. á hinn bóginn lög um réttindi og skyldur hjóna, er þess í stað að finna dreifð lagaákvæði um réttaráhrif sambúðar svo sem í lögum um almannatryggingar og lögum um tekju- og eignarskatt. Verði þetta frv. að lögum bætist nýtt lagaákvæði í þann hóp.

Ástæða þess að nauðsynlegt þykir að par í óvígðri sambúð eigi sama rétt til fjárhagsaðstoðar og hjón er sú að fjárhagsaðstoð sveitarfélaga miðar að bættum hag fjölskyldunnar sem heildar. Frá því sjónarmiði gengur það illa upp að líta á sambúðarfólk sem tvo einstaklinga enda mundi slíkt geta leitt til þess að mismunur væri á aðstoð til framfærslu eftir því hvort hjón eða sambúðarfólk á í hlut þó búi við sambærilega fjárhagslega afkomu. Skilyrði þess að litið verði á sambúðarfólk sem hjón eru einföld samkvæmt frv. en þau eru að um sé að ræða karl og konu sem bæði eru ógift, þau eigi sameiginlegt lögheimili og hafi átt það í a.m.k. eitt ár áður en umsókn um fjárhagsaðstoð er lögð fram. Hér er því ekkert matsatriði á ferðinni og ætti ákvæðið því að vera auðvelt í framkvæmd.

Virðulegi forseti. Ég legg til að málinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. félmn.

[22:43]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það er sjálfsagt að taka þetta mál til alvarlegrar athugunar og reyna að leiða það til lykta. Þó er ljóst að það þarf að skoða það með hliðsjón af öðrum lögum þannig að eitthvert sæmilegt samræmi sé hér í lagasetningu.

Mig langaði að bera fram eina spurningu við ráðherrann um skilning á lagatextanum þar sem ljóst er að það má skilja textann a.m.k. á tvenna vegu. Það er klásúlan sem er svohljóðandi, með leyfi forseta: „enda eigi þau sameiginlegt lögheimili og sambúðin hafi varað samfleytt í a.m.k. eitt ár". Ber að skilja þetta þannig að hið sameiginlega lögheimili þurfi einungis að hafa hafa verið í stuttan tíma, t.d. jafnvel bara einn dag, ef sambúðin hefur náð einu ári? Eða er skilningurinn sá að það sé ekki bara að sambúðin þurfi að hafa varað í eitt ár heldur þurfi hið sameiginlega lögheimili að hafa líka verið í eitt ár? Þetta finnst mér rétt að sé skýrt þannig að það verði ekki neinn efi á um hvernig beri að skilja þennan texta.

[22:44]

Félagsmálaráðherra (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég verð að viðurkenna það að ég hef ekki velt því fyrir mér hvort að hægt sé að misskilja þennan texta og hef litið svo á að þarna eigi við að sambúðin og sameiginlegt lögheimili hafi varað í eitt ár. Ég held að ég fari alveg örugglega rétt með það að þarna hafi verið notað nákvæmlega sams konar orðalag og er að finna í lögunum um almannatryggingar og öðrum lögum þar sem slíkt ákvæði hefur verið sett inn þannig að væntanlega er það ljóst hvaða túlkun eigi við um ákvæðið. Komi annað í ljós þá mun ég leitast við að lagfæra vankanta sem á kunna að finnast við meðferð málsins í nefnd.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vatnsveitur sveitarfélaga, 1. umr.

Stjfrv., 409. mál (heimæðar, vatnsgjald). — Þskj. 655.

[22:46]

Félagsmálaráðherra (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um vatnsveitur sveitarfélaga, nr. 81 1991.

Hinn 1. jan. 1992 tóku gildi lög um vatnsveitur sveitarfélaga, nr. 81 1991. Var frv. til þeirra laga að mestu leyti samið á grundvelli eldri laga um vatnsveitur, þ.e. vatnalaga, nr. 15 1923, og laga um aðstoð til vatnsveitna, nr. 93 1947. Frá því að lög nr. 81 1991 tóku gildi og við framkvæmd hafa komið fram nokkur atriði varðandi lögin sem ástæða hefur þótt til að taka til endurskoðunar miðað við fengna reynslu. Atriði þessi varða aðallega heimæðar annars vegar og álagningu vatnsgjalds hins vegar. Með frv. þessu er lagt til að breytt verði ákvæðum laga um vatnsveitur sveitarfélaga er varða nefnd atriði. Frv. þetta er unnið að mestu í félmrn. en við samningu þess var haft samráð við fulltrúa Sambands ísl. sveitarfélaga og jafnframt stuðst við ábendingar um úrbætur sem fram hafa komið, m.a. frá Reykjavíkurborg.

Í 1. gr. frv. er leitast við að skýra nánar ákvæði 2. mgr. 14. gr. laganna, en það hefur ekki þótt nægilega skýrt. Með þessari breytingu er ítrekað að sveitarstjórnir verða ekki sjálfkrafa eigendur heimæða sem lagðar voru fyrir gildistöku laga nr. 81 1991 heldur verður eigandi heimæðar að gera sérstakt samkomulag um það við sveitarstjórn.

Í 2. gr. frv. er lagt til að breytt verði 1. málslið 1. mgr. 6. gr. laganna og jafnframt bætt við nýju ákvæði. Enn fremur er lagt til að breytt verði lokamálslið 1. mgr. 6. gr. laganna varðandi gjalddaga heimæðargjalds. Lagt er til að skýrt verði tekið fram í greininni að eigandi eða rétthafi lóðar við veg eða opið svæði þar sem götuæð liggur, eigi rétt á að fá eina heimæð lagða frá götuæð. Ekki er talið rétt að skylda sveitarfélög eða vatnsveitur sveitarfélaga til að leggja nema eina heimæð að hverri fasteign eða lóð. Ef fasteignareigandi óskar hins vegar eftir fleiri heimæðum að fasteign eða lóð verður hann að semja um það sérstaklega við sveitarstjórn. Í því sambandi er talið rétt að taka fram að ef óskað er eftir fleiri en einni heimæð inn á lóð af hagkvæmnisástæðum, t.d. að sjúkrahúsum og öðrum þjónustubyggingum, skuli eigandi eða rétthafi lóðar hlýta þeim reglum um tæknileg atriði sem sveitarstjórn eða vatnsveita sveitarfélags setur. Jafnframt þykir eðlilegt að sú heimæð teljist hans einkaeign nema sérstakt samkomulag hafi verið gert við sveitarstjórn eða vatnsveitu sveitarfélags um annað.

Rétt þykir að veita sveitarstjórnum svigrúm til að ákveða gjalddaga heimæðargjalds, en í núgildandi lögum er gjalddagi bundinn við ákveðið tímamark, þ.e. gjaldið fellur í gjalddaga 30 dögum eftir lagningu heimæðar. Lagt er til að sveitarstjórn tilgreini gjalddaga í gjaldskrá viðkomandi sveitarfélags sem samin er á grundvelli 11. gr. laganna. Þó þykir rétt að tilgreina í lögunum hvenær fyrst má krefjast heimæðargjaldsins og þykir eðlilegt að miða þar við útgáfu byggingarleyfis eða úthlutun lóðar sem er í eigu sveitarfélags.

Í 3. gr. frv. er lagt til að við 6. gr. laganna bætist ný mgr. sem verður 5. mgr. Tillagan er efnislega á þá leið að vatnsinntak á húsi skuli almennt vera á götuhlið þess þar sem vatnslögn liggur nema sveitarstjórn samþykki annars konar fyrirkomulag. Ákvæði þetta er nýmæli og er með því leitast við að greiða fyrir starfsemi vatnsveitna sveitarfélaga að því leyti að auðvelda viðhald á heimæðum. Algengt hefur verið að kaldavatnsheimæðar væru teknar upp úr gólfi, t.d. í þvottaherbergi, á þeirri hlið húss sem snýr frá götu. Augljóst er að slíkt getur skapað mikil vandamál við viðhald á heimæðum þar sem mjög erfitt hefur verið að komast að þeim. Jafnframt er lagt til að í ákvæðinu komi fram að hönnuðir mannvirkja skuli hafa samráð við sveitarstjórn varðandi staðsetningu vatnsinntaks á húsi. Gert er ráð fyrir því í 4. gr. laganna að sveitarstjórn sé eigandi m.a. heimæða og skuli annast og kosta viðhald þeirra. Með hliðsjón af því verður að telja eðlilegt að gera þá kröfu til hönnuða mannvirkja að þeir hafi viðkomandi sveitarstjórn með í ráðum þegar ákveðið er hvar vatnsinntak skuli vera á húsi.

Í 4. gr. frv. eru gerðar tillögur um nokkrar breytingar á 7. gr. núgildandi laga, sem varða álagningu vatnsgjalds á fasteignaeigendur sem vatns geta notið frá vatnsveitu sveitarfélags. Í 1. mgr. 4. gr. frv. er gerð tillaga um breytingu á 1. málslið 1. mgr. 7. gr. núgildandi laga á þá leið að miðað skuli við að vatnsgjald ásamt öðrum tekjum standi straum af stofnkostnaði og rekstri vatnsveitu. Í núgildandi lögum er einungis tilgreint að vatnsgjald skuli standa straum af stofnkostnaði og rekstri vatnsveitu, en sveitarfélög hafa hins vegar aðrar tekjur af vatnsveitu, m.a. aukavatnsgjald, sem eðlilegt þykir að standi ásamt vatnsgjaldi straum af stofnkostnaði og rekstri vatnsveitu. Með þessari brtt. er því nánar tilgreint hvaða tekjur skuli standa undir stofn- og rekstrarkostnaði vatnsveitu sveitarfélags.

Í 2. mgr. 4. gr. frv. er gerð tillaga um að sett verði í lögin heimild til að innheimta vatnsgjald af fasteignum sem geta notið vatns frá vatnsveitu sveitarfélags en matsverð þeirra fullfrágenginna liggur ekki fyrir. Umboðsmaður Alþingis sendi hinn 6. jan. 1994 frá sér álit þar sem fjallað var um álagningu vatnsgjalds á fasteign sem ekki hafði verið metin fasteignamati, skv. heimild í 3. mgr. 9. gr. reglugerðar fyrir vatnsveitur sveitarfélaga, nr. 421 1992. Umboðsmaður Alþingis komst að þeirri niðurstöðu að lagastoð umræddrar reglugerðarákvæðis væri vefengjanleg. Í framhaldi af þeirri niðurstöðu umboðsmanns Alþingis felldi félmrn. úr gildi ákvæði 3. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 421 1992 og var það gert með reglugerð nr. 175 1994.

Það er hins vegar talið nauðsynlegt, m.a. af sveitarfélögum, að fyrir hendi sé heimild í lögum til að innheimta vatnsgjald af fasteignum, sem ekki hafa verið metnar fasteignamati, ef þær geta notið vatns frá vatnsveitu sveitarfélags. Með hliðsjón af því er lagt til að 2. mgr. 7. gr. laganna verði á þá leið að slík álagning og innheimta verði heimil og að við álagningu verði heimilt að miða við hver verður líklegur álagningarstofn fullfrágenginnar eignar. Í þeim tilfellum ber að miða við fasteignamat sambærilegra fasteigna í viðkomandi sveitarfélagi. Slík viðmiðun við líklegan álagningarstofn fullfrágenginnar fasteignar getur verið vandmeðfarin í framkvæmd. Af þeim sökum er talið rétt að opna ákveðna kæruleið ef til ágreinings kemur milli gjaldanda og sveitarstjórnar. Leiðin sem valin er í 3. mgr. 4. gr. frv. er sú að verði ágreiningur um gjaldstofn skv. 2. mgr. skuli vísa honum til úrskurðar Fasteignamats ríkisins. Þeim úrskurði má skjóta til yfirfasteignamatsnefndar ríkisins og úrskurðum nefndarinnar má síðan skjóta til dómstóla. Þessi kæruleið er sú sama og tilgreind er í 3. mgr. 4. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4 1995, en í því ákvæði er fjallað um ágreining sem upp getur komið við álagningu fasteignaskatts.

Í 4. mgr. 4. gr. frv. er lögð til sú viðbót, miðað við 2. mgr. 7. gr. gildandi laga, að sveitarstjórn verði heimilt að ákveða hámark og lágmark vatnsgjalds miðað við rúmmál húseigna enda verði álagning ekki hærri en segir í 1. málslið þeirrar málsgreinar. Ýmsir hafa velt fyrir sér þeirri spurningu hvort sams konar ákvæði í 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 421 1992 standist lögin. Rétt þykir, til að taka af allan vafa, að tilgreina þessa heimild í lögunum enda þykir m.a. sveitarfélögunum nauðsynlegt að hafa slíkt ákvæði til að miða við í gjaldskrám sínum.

Virðulegi forseti. Ég hef hér rakið þær breytingar sem nauðsynlegt er talið að gera á lögum um vatnsveitur sveitarfélaga, nr. 81 1991, miðað við fengna reynslu. Full sátt var á milli höfunda frv. um efni þess og legg ég til að það fái skjóta afgreiðslu, sem erfitt er að segja á þessu kvöldi svo skömmu fyrir þinglok.

[22:56]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Þetta frv. sem hér var verið að mæla fyrir er að mörgu leyti athyglisvert, kannski ekki hvað síst í ljósi forsögunnar og þeirrar fyrirspurnar sem ég gerði um það mál í nóvembermánuði sl. Þar eru auðvitað til álita nokkur efnisatriði og ég tók fyrir nokkur og ég sé að á þeim er tekið að nokkru leyti í þessu frv.

Ég vil fyrst nefna það sem mér finnst vera til verulegra bóta í þessu frv. miðað við núgildandi lög um vatnsveitur sveitarfélaga, en það er ákvæðið í 4. gr. frv. sem kveður skýrt á um það að vatnsgjaldið, ásamt öðrum tekjum vatnsveitu, eigi að standa straum af stofnkostnaði og rekstri vatnsveitu. Þarna er með öðrum orðum skýrt afmarkað að samanlagðar tekjur vatnsveitu af einstökum tekjuliðum, sem eru nokkrir mismunandi, eigi að standa undir tilteknum skýrt afmörkuðum kostnaði.

Það kom fram í nál. félmn. í des. 1991, þegar hún skilaði af sér málinu til þingsins á sínum tíma, því sem síðar varð lög nr. 81 1991, um vatnsveitur sveitarfélaga, að óheimilt væri að innheimta hærri tekjur en þyrfti til að standa undir þessum tiltekna kostnaði. Ég vænti þess að ráðherra staðfesti það að það sé hans ásetningur með lagabreytingunni, sem ég geri hér að umtalsefni, að standa við þá ákvörðun nefndarinnar þannig að skilja beri það sama skilningi, að hér sé verið að setja hámark við því sem má innheimta í tekjur vatnsveitu og það hámark miðist við stofnkostnað og rekstur vatnsveitu. Ég vænti þess að ráðherra staðfesti það að það sé hans skilningur að þetta verði svona áfram eins og félmn. gekk frá því á sínum tíma. Og þá er komin mjög skýrt afmörkuð heimild til gjaldtöku. En það er einmitt kjarninn í breytingunum sem gerðar voru á sínum tíma, þegar menn afnámu vatnsskattinn og tóku upp vatnsgjaldið í núgildandi lögum, að skattur, ef svo má segja, hann er innheimtur eftir þeim lögum sem um hann gilda og er hann ekki ætlaður til að standa undir tilteknum kostnaði. Hins vegar er gjald þannig að það eru tekjur til að standa undir afmörkuðum útgjöldum. Og því er orðið vatnsgjald komið í stað vatnsskatts að menn ákveða að takmarka gjaldtökuheimildina í þessu skyni við tiltekin útgjöld. Þetta er afar nauðsynlegt að sé skýrt og að sveitarstjórnum sé þetta kunnugt og fari eftir þessu ákvæði laganna. Ég hef gengið eftir því við hæstv. ráðherra með fyrirspurn til þess að fá upplýsingar um það hvernig sveitarfélög stæðu sig gagnvart þessu ákvæði laganna og eins hvernig ráðuneytið stæði sig í því að fylgja lögunum eftir.

Í svari við fyrirspurn minni 28. nóv. sl. kemur fram hjá félmrh. að ráðuneytið hefur ekki eftirlit með því að sveitarfélögin fari að lögum hvað þetta varðar á annan veg en þann að bregðast við ef einstakir gjaldendur eða íbúar í sveitarfélögum leggi fram kæru. Það er auðvitað ágætt að ráðuneytið bregðist við því þannig að íbúarnir eigi leið til þess að fá úrskurð um mál sín hvað þetta varðar, að geta skotið þeim til ráðuneytis. En það er auðvitað ekki nægjanlegt að mínu mati og ég er á þeirri skoðun að ráðuneytið eigi að eigin frumkvæði að aðgæta hvort sveitarfélög fari að lögum. Í umræddri fyrirspurn, sem ég gat um, kom það fram hjá hæstv. ráðherra að hann vísaði til áritunar skoðunar-

manna og löggilds endurskoðanda á ársreikninga sveitarfélaga og gat um að þeim bæri að ganga úr skugga um að ársreikningurinn væri gerður í samræmi við góða reikningsskilavenju og að fylgt hafi verið ákvæðum laga, reglna og samþykkta um meðferð fjármuna sveitarfélagsins, þar með talið ákvæðum laga um vatnsveitur sveitarfélaga eftir því sem við á, eins og stendur orðrétt í svarinu, með leyfi forseta.

Ég get vel fallist á að það sé eitt af hlutverkum skoðunarmanna og löggilds endurskoðanda að aðgæta hvort sveitarstjórn fari að lögum. Ég bendi þó á að það þarf að skýra verksvið skoðunarmanna frá því sem nú er til þess að það megi teljast ótvírætt að þeim sé það ljóst að þetta sé hlutverk þeirra. Ég tel að ráðuneytið ætti að fara yfir ársreikningana með það í huga hvort að farið er að þessum lögum. Ef ráðuneytið kemst að því að svo er ekki þá eigi það ótilkvatt að gera athugasemd til viðkomandi sveitarstjórnar og biðja um skýringar og eftir atvikum gefa frekari fyrirmæli eftir því sem lög leyfa og ástæða er til.

Ég vil nefna aðra fyrirspurn í framhaldi af þessu sem ég bar fram til hæstv. félmrh. á þessu þingi, en hún er um tekjur og gjöld vatnsveitna í kaupstöðum árið 1993. Þar spyr ég um hverjar tekjur vatnsveitnanna hafi verið á þessu ári annars vegar, og hins vegar hver hafi verið rekstrargjöld vatnsveitunnar í hverjum kaupstað ásamt fjárfestingum. Þannig að það sést í hverjum kaupstað fyrir sig hver mismunurinn er á milli tekna og gjalda eins og það er skilgreint í lögunum um vatnsveitur sveitarfélaga, þetta árið, 1993. Það kemur í ljós að það er einungis í fimm sveitarfélögum eða fimm kaupstöðum sem tekjurnar eru minni en útgjöldin það ár. Það er hins vegar í 25 sveitarfélögum af þessum 30 sem þeir innheimta meira en þeim ber samkvæmt ákvæðum laganna. Samtals innheimta þeir 245 millj. kr. umfram það sem útgjaldaþörfin eða útgjöldin eru hjá viðkomandi vatnsveitum.

Nú tel ég að í framhaldi af þessu svari hefði ráðuneytið átt að skrifa til þessara 25 sveitarstjórna og afla frekari upplýsinga t.d. um árin 1992 og 1994 og spyrja hvort að viðkomandi sveitarstjórn hygðist ekki lækka gjöld sín af vatnsveitum, vatnsgjald, aukavatnsgjald o.s.frv., til þess að þau væru ekki að safna tekjum. Því það er ekki meiningin að vatnsgjöld séu tekjustofn, þau eru einfaldlega tekjur á móti útgjöldum.

Sem dæmi má nefna að Kópavogur innheimtir á árinu 1993 59 millj. kr. meira í tekjur af vatnsveitu en þörf var á samkvæmt ársreikningum kaupstaðarins. En innheimtar tekjur það ár voru samtals 139 millj. kr. þannig að mér sýnist fljótt á litið að kaupstaðurinn hefði átt að lækka gjöld sín um 59 millj. af þessum 139. Ætli það séu ekki um 40%? Húseigendur munar verulega um þessi 40% sem þeir eru að borga meira en þeir eiga samkvæmt lögum þetta tiltekna ár.

Það má líka nefna aðra kaupstaði eins og t.d. Garðabæ, sem innheimtir árið 1993 28,5 millj. kr. meira en þörf var á samkvæmt útgjöldum eða ársreikningum vatnsveitu Garðabæjar, en gjöldin reyndust ekki vera nema rúmar 11 millj., en tekjur nærri 40 millj. Þannig að á því ári hefði bæjarastjórn Garðabæjar átt að hafa gjaldskrána ¼ lægri en hún var í reynd, tæplega 75% lægri en hún varð í reynd. Fasteignaeigendur í Garðabæ voru þarna að greiða fjórum sinnum hærra verð fyrir þessa þjónustu en þeim ber samkvæmt lögum. Ég tel það mjög alvarlegt mál að sveitarstjórnir skuli umgangast þessi lög svona af mikilli léttúð eins og virðist vera og ég tel það reyndar mjög alvarlegt að hæstv. ráðherra og ráðuneyti hans sýni ekki viðbrögð við þessum upplýsingum, en mér er ekki kunnugt um að ráðuneytið hafi sýnt nein viðbrögð í framhaldi af þeim upplýsingum sem fram koma í svarinu. En ef svo er þá mun hæstv. ráðherra vafalaust upplýsa það og ég bið hann þá velvirðingar ef ég hef hann fyrir rangri sök hvað það varðar. En þetta er mikið alvörumál því fasteignagjöld eru að verða einn þyngsti bagginn á venjulegu launafólki, að það er verið að hlaða svo miklum sköttum á fasteignirnar sjálfar að það er verða hvað þungbærast fyrir venjulegt launafólk í kaupstöðum landsins að borga þau gjöld.

Þá vil ég nefna annað atriði sem ég er ósáttur við í þessum lögum, sem reyndar er ekki gerð tillaga um að breyta og ég veit ekki hvort ég geng svo langt á þessu þingi að leggja til breytingar á því, en ég vil a.m.k. lýsa skoðunum mínum á því ákvæði. Það er að álagningarstofn vatnsgjaldsins skuli vera afskrifað endurstofnverð húss og mannvirkis margfaldað með markaðsstuðli fasteigna í Reykjavík samkvæmt matsreglum Fasteignamats ríkisins o.s.frv. Mér finnst nú alveg nóg bölið fyrir fasteignaeigendur að vera látnir borga af fasteign sinni fasteignaskatt, þ.e. eignaskatt af álagningarstofni sem er annar og hærri heldur en eignin er metin í verði, þannig að það er ekki bara að mönnum sé gert að borga, a.m.k. þeim sem búa utan höfuðborgarsvæðisins, eignarskatt af matsverði eignarinnar heldur er bætt við það matsverð töluvert hárri fjárhæð, breytilegri þó eftir sveitarfélögum, þar sem þeir eru að borga viðbótareignarskatt, að þetta óréttlæti gengur líka yfir á vatnsgjaldið. Nógu slæmt er nú að miða vatnsgjaldið, sem er gjald fyrir tiltekna þjónustu, við matsverð, fasteignamatsverð íbúðar, þó það sé ekki verið að nota yfireignarverð, eins og gert er ráð fyrir í lögunum og frv. líka. Ég er mjög ósáttur við þetta og tel að ef menn á annað borða ætla sér að miða vatnsgjaldið við álagningarstofn af þessu tagi ætti það að vera fasteignamatsverðið en ekki annað og hærra.

Hins vegar tel ég skorta rök fyrir því að menn greiði vatnsgjald í takt við fasteignamatsverð og hvort heldur menn reikna með fasteignamati eða jafnvel rúmmáli eignarinnar, því að kostnaðurinn við að reka vatnsveitu er ekki endilega tengdur stærð hússins eða hugsanlegu mati eignarinnar á almennum markaði. Reyndar eru þessi gjaldtökumál á húseigendur, þá á ég við gjaldtökur til sveitarfélaga, í verulegum ólestri að mínu mati. Þar á ég ekki bara við álagningarstofninn og hvernig gjaldtakan varðandi vatnsgjaldið er ákvörðuð, ég á einnig við gatnagerðargjaldið og holræsagjaldið, en í öllum þessum tilvikum er um gjöld að ræða sem eiga að standa undir tilteknum útgjöldum, en álagningarstofninn sem ákvarðar gjaldið er ekki í neinum tengslum við þessi útgjöld. Og stundum reyndar er

mönnum gert að borga þessi útgjöld án þess að njóta þeirrar þjónustu sem gjaldið á að standa straum af.

Virðulegur forseti, það er fleira í þessu frv. sem mér finnst ástæða til að nefna þó að ég dvelji dálítið við þetta, sem mér finnst nú reyndar vera aðalatriðið, að fjalla um vatnsgjaldið sjálft og tala fyrir því að framfylgt sé ákvæðum laga um að sveitarfélög séu ekki að innheimta hærra gjald en þeim ber. Það á ekki að líða það að aðili sem fær til þess heimild frá löggjafanum að innheimta gjald eða skatta sé að innheimta meira en honum er ætlað að taka. Einhver verður að gerast málsvari þeirra sem borga þessi gjöld. Og eins og málum er háttað þá virðist sem gjaldendurnir, þ.e. íbúðareigendurnir, eigi sér engan málsvara í stjórnkerfinu. Sveitarstjórnirnar hugsa fyrst og fremst um eigin fjárhag og að afla tekna til að standa undir útgjöldum sínum og eins og svarið við fyrirspurn minni leiðir í ljós eru langflest þeirra að innheimta miklu meira en þeim ber og eru í raun að sækja sér tekjur til að standa undir öðrum útgjöldum. Því miður virðist félmrn. vera meira og minna sveitarstjórnarmannaráðuneyti og gæta hagsmuna sveitarstjórnarmanna og jafnvel stundum hagsmuna sumra sveitarstjórnarmanna, þ.e. þeirra sem mest mega sín, fulltrúa öflugustu sveitarfélaganna. En sá þáttur virðist algjörlega vera vanræktur að mínu mati sem ég tel að eigi að vera og sé samkvæmt lögum í starfi ráðuneytisins, að það sé einnig hagsmunagæsluaðili og málsvari fyrir íbúana þannig að ráðuneyti félagsmála sé ekki bara ráðuneyti sveitarstjórnarmanna heldur líka ráðuneyti íbúanna.

Ég vil, virðulegi forseti, spara mér frekari umræðu um önnur efnisatriði þar til síðar. Það gefst betra tækifæri til þess við 2. umr. málsins að fara yfir atriði í frv. sem tengjast fyrispurnum mínum frá í nóvember. Mér finnst ástæða til þess að gera þeim fyrirspurnum skil og viðbrögðum ráðuneytisins í framhaldi af því því að mér finnst það til fyrirmyndar þegar ráðuneyti bregst við rökstuddum ábendingum, eins og ég tel að ég hafi verið með, og bæti úr. Þar á ég við það ákvæði í 4. gr. frv. um að setja í síðustu málsgreinina heimild til að ákvarða hámark og lágmark vatnsgjalds miðað við rúmmál húseigna. En það er reglugerðarákvæði sem sett var á sínum tíma og ég hef gert athugasemdir við og er núna tekið inn í lagatextann. Það tel ég til fyrirmyndar af hálfu ráðherra að bregðast við með þessum hætti en hins vegar vil ég láta það í ljós að ég er ekki viss um að ég sé efnislega sammála því að menn eigi að miða vatnsgjald við rúmmál en það er önnur saga.

Ég vil að lokum, virðulegi forseti, vekja athygli á því að með skilgreiningu hæstv. ráðherra á því hvaða tekjur vatnsveita megi innheimta er staðfestur sá skilningur sem ég kom fram með í einni af fyrirspurnunum frá því í nóvember sl., að arðgreiðsla er ekki hluti af útgjöldum vatnsveitu.

[23:19]

Félagsmálaráðherra (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þarf ekki að flytja langa ræðu til að svara þingmanninum. Það er mjög áhugavert að hlusta á hv. 5. þm. Vestf. fjalla um sveitarstjórnarmál, m.a. vatnsveitumál. Hann hefur á þessum málum góða þekkingu og ég hef áður átt við hann orðastað um þetta á þeim skamma tíma sem ég hef verið í ráðuneyti félagsmála.

Ég er hins vegar ósammála honum um viðhorfið til þess að ráðuneytið hafi afskipti af málum sveitarstjórna á þann veg sem hann nú hefur lagt mikla áherslu á og reyndar áður í því sem hann hefur gagnrýnt varðandi sveitarfélögin og það sem snýr að ráðuneytinu. Mér finnst ástæða til að árétta það að frumkvæðiseftirlit ráðuneytis felur ekki í sér að ráðuneyti eigi að vera ofan í hverju verkefni sveitarstjórnar, hafa af því afskipti og fella um það einhvers konar dóma. Ráðuneyti er ekki dómstóll sem slíkur heldur stjórnsýsluvald sem kemur með ábendingar um hvernig skuli fara með varðandi laganna hljóðan. Frumkvæðiseftirlit ráðuneytis snýr fyrst og fremst að því að sveitarstjórnir ræki ákveðnar skyldur sínar sem lögboðnar eru og felst í því að þau reki ýmsa þá starfsemi sem þeim er ætlað. Ráðuneytið úrskurðar þegar beint er til þess varðandi þann sem telur heima fyrir að e.t.v. sé á brotið eða rangt aðhafst.

Þetta vildi ég segja um afstöðuna til furmkvæðiseftirlits vegna þess að það er of oft verið að gefa sér að frumkvæðiseftirlit eigi að snúa að öllum þáttum sveitarstjórnar.

Varðandi sköttun húseigna utan höfuðborgar þá minnir mig að þessi háttur hafi verið tekinn upp varðandi tekjustofna sveitarfélaga og eftir því leitað af landsbyggðinni á þeim tíma þegar menn áttuðu sig á að ákveðinn hluti tekna sveitarfélags miðaðist við fasteignirnar og hversu mjög mismunandi möguleikar sveitarfélags voru til tekna miðað við fasteignamat þrátt fyrir að sveitarfélög ættu að veita sömu þjónustu óháð því hvernig fasteiginir voru metnar. Eitt sveitarfélag gat lent í því, ef ekki var búið að endurmeta í sveitarfélaginu, að fasteignir voru mjög lágt metnar og þar með gáfu þær tekjur sem miðuðust við fasteignir afar lága fjárhæð til viðkomandi sveitarfélags. Ég tel mig muna það rétt að um þetta hafi verið talsvert mikil sátt af hálfu smærri sveitarfélaga þegar þetta var tekið upp, hvað svo sem mönnum finnst svo um málið.

Ég vil líka minna á það að sveitarstjórnir eru ekki eitthvert fyrirtæki úti í bæ sem á að hafa eftirlit með. Sveitarstjórnir eru stjórnvald og þetta stjórnvald sækir umboð sitt til kjósenda. Það er nú svo oft sem við minnum á að það er styttri strengurinn og nánara sambandið á milli kjósandans og sveitarstjórnarmannanna en t.d. okkar sem fjær erum. Þess vegna hef ég alltaf talið að það sé bæði mjög mikilvægt að sem mest af verkefnum sem snerta heimilin séu hjá sveitarstjórnunum einmitt vegna þess að þetta samband er nánara og oft sterkara, ekki síst á smærri stöðum. Þess vegna mundi ég nú vilja fara sjálf varlega í það að of mikið væri yfir vakað af stóra bróður en hann á að vera tilbúinn að taka í taumana ef eftir er leitað og óskað er úrskurðar. Við höfum átt orðastað um þetta, ég og þingmaðurinn, og ég tel óþarft að orðlengja meira um þetta efni.

[23:23]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Fyrst að árétta að það er greinilega ekki ætlan ráðherra að breyta í neinu eða hagga þeirri niðurstöðu sem Alþingi komst að fyrir rúmum þremur árum að tekjur vatnsveitu eigi að standa undir tilgreindum kostnaði og að óheimilt sé að innheimta meira. Það er lykilatriði í málinu.

Ég vil árétta skoðun mína varðandi eftirlitsskyldu ráðuneytisins og ég vísa til 117. gr. sveitarstjórnarlaga sem kveður skýrt á um það að ráðuneytið skuli hafa eftirlit með sveitarstjórnum. Hæstv. ráðherra lét það koma fram í svari við fyrirspurn minni um vatnsgjald frá 28. nóv. í fyrra, eins og ég gat um í fyrri ræðu minni, að það væru fyrst og fremst skoðunarmenn og eftir atvikum endurskoðendur sem ættu að gæta að þessu atriði þegar þeir færu yfir ársreikninga sveitarfélagsins. Eða eins og segir, með leyfi forseta í svari ráðherrans: „Með endurskoðun sinni skulu skoðunarmenn og eftir atvikum endurskoðendur komast að rökstuddri niðurstöðu um áreiðanleika ársreikningsins og skulu þeir ganga úr skugga um að hann sé gerður í samræmi við góða reikningsskilavenju og að fylgt hafi verið ákvæðum laga, reglna og samþykkta um meðferð fjármuna sveitarfélagsins, þar með talið ákvæðum laga um vatnsveitur sveitarfélaga eftir því sem við á."

Með öðrum orðum bendir ráðherrann á þessa aðila sem eigi að hafa þetta eftirlit með höndum og eru þar af leiðandi nokkur konar umboðsmenn íbúanna hvað það varðar. Hins vegar bendi ég á að sveitarfélögum ber að skila ársreikningum til félmrn. sem fer yfir þá, eins og fram kemur líka í svari ráðherra sem ég vitnaði til, ráðuneytið fer yfir þessa ársreikninga. Til þess eru þeir jú sendir ráðuneytinu að það geti sinnt eftirlitsskyldu sinni og það gerir það með því að yfirfara þá. Eins og fram hefur komið í svari við annarri fyrirspurn minni um tekjur og gjöld vatnsveitna í kaupstöðum árið 1993 þá eru það ár 25 kaupstaðir sem taka meiri tekjur af vatnsveitum en þeim ber. Því finnst mér afar eðlilegt að spyrjast fyrir um hver viðbrögð ráðuneytisins hafi verið þegar þetta lá fyrir. Lítur ráðuneytið svo á að þrátt fyrir vitneskju sína um það atriði að miklu hærri gjöld eru innheimt en vera ber, 245 millj. kr. samtals hjá 25 sveitarstjórnum, þá sé ráðuneytið stikkfrí og geti leyft sér að setja málið ofan í skúffu og að hagsmunir þeirra sem borga gjaldið komi ráðuneytinu ekki við?

Ég er ósammála þessari skoðun. Ég tel að ráðuneytinu beri að hlutast til um að sveitarstjórnir fari að lögum. Hvort heldur menn tala um frumkvæðiseftirlit eða annað eftirlit skiptir ekki máli í þessu samhengi sem ég hef rakið. Málið liggur fyrir, vitneskjan liggur fyrir í ráðuneytinu hvað þetta varðar og því ber að bregðast við með einhverjum þeim hætti sem er til að tryggja það að lögum sé framfylgt en það er að ekki sé innheimt meira en lög heimila. Þetta er auðvitað kjarninn í málinu og mér þykir það leitt ef ég og hæstv. ráðherra getum ekki orðið sammála um þetta áður en kjörtímabilinu lýkur en það er líklegt að svo verði við að búa að við náum ekki saman um þetta atriði. En það ræður þá mismunandi sjónarmið um hvert hlutverk ráðuneytisins er. Ég viðurkenni það fúslega að viðhorf félmrh. undanfarin ár hefur verið þetta sama og núverandi félmrh. lýsir.

Ef það er svo að fulltrúar fleiri flokka en Alþfl. eru á sömu skoðun að þá finnst mér vera nokkur vandi uppi. Þá finnst mér að það þurfi að íhuga í fullri alvöru hvort ekki eigi að breyta hlutverki ráðuneyta og taka frá því það hlutverk að hafa eftirlit með sveitarfélögunum. Fyrst að ráðuneytið vill ekki sinna því eftirliti að taka það þá frá þeim og fela það öðrum. Þá hef ég helst í huga að vænlegast væri að taka upp þann hátt, sem er þekktur erlendis, að setja á stofn svonefnda stjórnsýsludómstóla. Þá fengju íbúarnir, það eru þeir sem við viljum jú vera fulltrúar fyrir, leið til þess að fá með skjótum og skýrum hætti úrskurði um lögmæti eða ólögmæti athafna stjórnvalds, hvort sem það er sveitarstjórn eða ráðuneyti eða stofnun á vegum annarra hvorra þeirra beggja. Mér finnst það í fullri alvöru vel koma til greina að sveigja þessi mál í þennan farveg því að það er ekkert víst að mitt sjónarmið um eftirlitshlutverk ráðuneytis njóti það mikils stuðnings nú eða síðar að líkur séu á að mitt sjónarmið verði ofan á og þá verður maður auðvitað að huga að öðrum leiðum til að ná fram því markmiði að tryggja hagsmuni þeirra sem standa í raun og veru undir stjórnsýslunni og hún beinist gegn og fyrir.

Hvað varðar hitt sem hæstv. ráðherra nefndi, að það væri krafa frá sveitarstjórnarmönnum á landsbyggðinni að breyta álagningarstofninum í þá veru að miða ekki við fasteignamat eins og það er heldur uppreiknað fasteignamat miðað við Reykjavík, þá er það alveg rétt hjá ráðherranum. Það voru sveitarstjórnarmenn á landsbyggðinni sem báru fram þessa kröfu og fengu henni framgengt. En það var fyrir nokkrum árum og viðhorf hafa nokkuð breyst frá þeim tíma og einnig hafa hlutirnir breyst hvað þessi lög varðar þannig að nú eru menn að tala um gjöld en ekki skatta og á því er grundvallarmunur. En í heild sinni lýsir þessi staða því hversu óviturlegt það er að innheimta gjöld með þeim hætti að tengja þau við mat sem er ekki í neinum tengslum við þá starfsemi sem gjöldin eiga að standa undir. Vatnsgjald er til að standa undir rekstri vatnsveitu. Matið á fasteigninni, hvort sem það er fasteignamat eða rúmmál, er ekki í neinum tengslum við þessa starfsemi og það sama má segja um holræsagjald og að nokkru leyti gatnagerðargjald enda veit ég að það er verið að endurskoða t.d. lögin um gatnagerðargjald í ráðuneytinu m.a. vegna þessa atriðis. Ég tel að menn verði að endurskoða þessa gjaldtöku á fasteignaeigendur hvað þessi þrjú gjöld varðar sem ég hef nefnt og færa löggjöfina þannig til samræmis við það sem hún á að vera, hún á að vera gjaldtaka til að mæta tilteknum útgjöldum. Þá hlýtur sú gjaldtaka að miðast við notkun eða kostnað sem rekstraraðili kerfisins hefur af viðkomandi notanda, a.m.k. að það standi nær því en nú er eins og þetta er ákvarðað.

[23:33]

Félagsmálaráðherra (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Mér finnst frekar slæmt að hlusta á að þingmaðurinn skuli vera svo ofboðslega neikvæður. Þingmaðurinn gefur sér að eiginlega séu allir annaðhvort að brjóta á umbjóðendum sínum, í þessu tilfelli sveitarfélögin, eða bregðast sínum kjósendum og ég tala ekki um ráðuneytin að svíkjast um að fylgjast með og leggur áherslu á ársreikninga sveitarfélaga. Sveitarfélögin í landinu sem senda ráðuneyti félagsmála ársreikninga sína eru ekki fá og ég er hrædd um og þykist nokkuð viss um að þingmaðurinn viti fullvel að ef ráðuneyti af þessari stærð ætti að vera ofan í hverjum ársreikningi, í hverju verkefni á þann hátt sem hann leggur til, þá mundi þurfa talsvert aukið mannahald í slíku ráðuneyti.

Þær staðhæfingar sem sífellt koma um að það sé verið að taka meira en útgjöld krefjast er vissulega erfiðara að fjalla um vegna þess að þegar ég hef spurst fyrir um þessi mál þá kemur fram að oft liggi fyrir útlagður meiri kostnaður á ákveðnu tímabili en verið er að taka inn síðar í gjöldum, svo sem eins og hér.

Varðandi það hvort sveitarfélögum sé óheimilt og þau séu að brjóta af sér við álagningu gjalda hjá vatnsveitunum ætla ég ekki að hafa frekari orðastað við þingmanninn um. Hins vegar ef mér gefast einhverjir mánuðir í ráðuneyti, og ég hef fullan hug á því að það verði ekki bara mánuðir heldur jafnvel einhver fleiri ár, þá mundi ég leggja mikla áherslu á að hafa það skýrt og skorinort í lögunum hvaða eftirlit ráðuneyti á að hafa, í hverju frumkvæðisskylda á að felast og í hverju öðru almennt eftirlit og ábendingar og í hvaða tilfellum eftirlit felist í að samræmingar sé gætt og að tryggt sé að ákveðin verkefni séu innt af hendi. Þetta mundi ég leggja áherslu á ef mér gefst tími í þessu ágæta ráðuneyti.

Varðandi það hvort tekjustofnar sveitarfélaga séu réttmætir, orðnir úreltir eða annað þá eru nefndir að störfum. Það er nefnd að vinna við álagningu á skrifstofu- og verslunarhúsnæði en það er skattur sem var óbreyttur lagður til sveitarfélaganna fyrir tveimur árum ef ég man rétt og fyrirhugað að breyta honum eftir fyrsta árið þegar hann væri lagður á óbreyttur og hlýtur þá að skoðast af þeirri nefnd almennt hvernig farið sé með fasteignaskatt. Það eru ágætir sveitarstjórnarmenn af landsbyggðinni í þessari nefnd. Það er verið að skoða aðra tekjustofna sveitarfélaga m.a. í tengslum við að verkefni verði flutt eins og grunnskólinn. Ég er sannfærð um að þessir hlutir verði skoðaðir mjög vel og það er mikilvægt. Ákveðnir hlutir eiga sífellt að vera í endurskoðun og ég held að það hljóti að verða mín lokaorð í þessu.

[23:37]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. ráðherra taldi að það þyrfti að auka mannafla í ráðuneytinu ef það ætti að yfirfara ársreikninga. Í svari því sem ég gat um fyrr í kvöld við fyrirspurn frá 28. nóv. segir svo, með leyfi forseta:

„Félagsmálaráðuneyti berast ársreikningar frá sveitarfélögunum, eins og hér hefur komið fram, og ráðuneytið yfirfer ársreikningana og gerir athugasemdir ef ástæða þykir til." Ráðherra hefur þannig skotið sjálfan sig í fótinn með sínum athugasemdum hér áðan.

Þá minni ég á nál. félmn. frá 1991. Þáverandi formaður nefndarinnar heitir Rannveig Guðmundsdóttir og er núna félmrh. (**Umhvrh.:** Þú átt ekki að vera að minna á svona hluti.) Í nál. stendur, með leyfi forseta:

„Við 7. gr. er gerð tillaga um orðalagsbreytingu til að taka af öll tvímæli um að upphæð vatnsgjalds skuli miðast við að standa straum af stofnkostnaði og rekstri vatnsveitna og því sé gjaldtaka umfram þann kostnað óheimil."

Þetta las þáv. hv. frsm. nefndarinnar, Rannveig Guðmundsdóttir, upp í þingsölum í desember 1991. Ég minni á að nú er viðkomandi þingmaður hæstv. ráðherra og mætti gjarnan muna eftir þessu.

Þessar tvær tilvitnanir í orð hennar sjálfrar held ég að dugi til þess að mönnum sé það ljóst að hnífilyrði ráðherrans í minn garð um neikvæðni eiga sér enga stoð í veruleikanum og eru einfaldlega ergelsi ráðherrans yfir því að hann er staðinn að því að standa sig ekki í hagsmunagæslu sinni fyrir íbúa í sveitarfélögunum eins og boðið er samkvæmt lögum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum, 1. umr.

Stjfrv., 430. mál. — Þskj. 704.

[23:39]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um stuðning við framkvæmdir sveitarfélaga í frárennslismálum. Það hefur verið unnið að þessu frv. frá síðasta sumri á vegum umhvrn. í nánu samráði við Samband ísl. sveitarfélaga, fjmrn. og félmrn.

Ég sé í sjálfu sér ekki ástæðu, virðulegi forseti, til að rekja aðdraganda frv. að öðru leyti en minni á að það er í samræmi við stefnu og starfsáætun ríkisstjórnarinnar, Velferð á varanlegum grunni, í tengslum við ákvæði þar sem fjalla um úrbætur í fráveitumálum sveitarfélaga á yfirstandandi kjörtímabili.

Frv. er unnið í framhaldi af ítarlegri úttekt fráveitunefndar umhvrn. á ástandi fráveitumála og tillögum hennar að stefnu í fráveitumálum sem var gefin út sem skýrsla í nóvember 1993. Þessari nefnd var sérstaklega falið að kanna ástand fráveitumála og benda á leiðir til úrbóta sem tækju mið af sérstöðu Íslands og jafnframt þeim alþjóðlegu skuldbindingum sem Íslendingar hafa tekið á sig eða er líklegt að þeir muni í náinni framtíð undirgangast. Í þessari nefnd áttu sæti auk fulltrúa umhvrn. fulltrúar tilnefndir af Sambandi ísl. sveitarfélaga, Siglingamálastofnun ríkisins, Hollustuvernd ríkisins og jafnframt samtökum tæknimanna sveitarfélaga.

Að öðru leyti, virðulegi forseti, vísa ég til inngangs

í athugasemdum við lagafrv. um forvinnu og aðdraganda vinnunnar.

Ég vil hins vegar í stuttu máli gera grein fyrir einstökum efnisatriðum frv. Samkvæmt sveitarstjórnarlögum, nr. 8/1986, eru fráveitumál vitaskuld verkefni sveitarfélaga eins og ítrekað er í frv. Í 2. gr. er kveðið skýrt á um það að frumkvæði að gerð áætlana um fráveitur og allar framkvæmdir í fráveitumálum eru í senn í höndum sveitarstjórna og líka á ábyrgð þeirra. Samkvæmt markaðri stefnu ríkisstjórnarinnar á að vinna að lausn þessara mála sem eru víða í ólestri, svo ekki sé dýpra í árinni tekið, á næstu tíu árum. Það samræmist líka þeim samningum sem Ísland hefur gengist undir í tengslum við Evrópskt efnahagssvæði.

Það er ljóst að hér er um gífurlega dýrar framkvæmdir að ræða sem sveitarfélögin geta tæpast staðið ein undir og ég veit að hv. þm. eru mér sammála um að það er sanngirnismál að ríkisvaldið axli þarna ákveðnar byrðar.

Í frv. er lagt til að sveitarfélögin verði styrkt til að stuðla að framkvæmdum með beinum fjárframlögum í samræmi við ákveðnar reglur sem eru mótaðar í frv. Þannig er gerð um það föst tillaga að á tímabilinu 1. maí 1995 til 31. des. 2005 geti þessar framkvæmdir, eins og þær eru skilgreindar, notið styrks úr ríkissjóði og frv. tekur mið af framkvæmdum sem eru virðisaukaskattsskyldar en ekki öðrum. Það er lagt til í frv., virðulegi forseti, að fimmtungur kostnaðar við styrkhæfar framkvæmdir komi til endurgreiðslu ári síðar, þó þannig að það geti aldrei orðið um hærri upphæð að ræða en 200 millj. kr. á ári.

Nú er það svo að sveitarfélögin eru afar misjafnlega sett með hliðsjón af kostnaði á íbúa, t.d. vegna mismunandi viðtaka sem getur verið sjór, ár eða vötn svo að dæmi séu tekin, og þess vegna er gert ráð fyrir því að verja megi allt að fjórðungi upphæðarinnar til jöfnunaraðgerða. Til að tryggja sem besta og jafnasta framkvæmd er lagt til að umhvrh. skipi sérstaka nefnd, fráveitunefnd. Í henni eiga samkvæmt frv. að eiga sæti einn fulltrúi ráðherra, annar frá Sambandi ísl. sveitarfélaga og hinn þriðji frá félmrh. Hlutverk þessarar nefndar yrði að fjalla um styrkumsóknir og kostnaðaráætlanir á yfirstandandi ári og áætla jafnframt styrkhæfni með hliðsjón af hverri áætlaðri framkvæmd sem lögum samkvæmt telst styrkhæf. Í samræmi við mat á styrkumsóknum gerir nefndin tillögu til umhvrh. um framlag á fjárlögum árinu síðar. Þannig yrði það hlutverk nefndarinnar að meta ári áður hvert framlag ríkissjóðs ætti að vera á fjárlögum næsta árs með hliðsjón af 200 millj. kr. hámarkinu sem er fyrr nefnt. Nefndin ætti jafnframt að fjalla um upplýsingar um raunkostnað við framkvæmdir á næstliðnu ári. Hún mæti og staðfesti kostnað við styrkhæfar framkvæmdir í hverju sveitarfélagi fyrir sig og gerði síðar á grundvelli þeirrar staðfestingar tillögu um styrkveitingu til hvers sveitarfélags. Það yrði einnig hlutverk fráveitunefndarinnar að gera tillögu um beitingu heimildarákvæðisins um sérstaka jöfnun.

Í frv. eru einnig ákvæði um það hvenær umsóknir skuli berast frá sveitarfélögunum, þ.e. fyrir 1. maí ár hvert vegna framkvæmda á yfirstandandi ári, og hvaða gögnum þær skuli studdar. Heildaráætlunin skal fylgja með umsókn og sérstök áætlun um þann áfanga sem er fyrirhugað að vinna á yfirstandandi ári. Það er hins vegar skilyrði fyrir styrk að framkvæmdin verði áfangi í heildarlausn málsins í sveitarfélaginu. Jafnframt fylgdi sú skylda að sveitarfélög sem hefðu fengið styrk skyldu fyrir 1. maí ár hvert senda fráveitunefnd upplýsingar um raunkostnað á næstliðnu ári í samræmi við þá áætlun sem fyrr hefði verið send inn. Með þessu á að vera trygg, virðulegi forseti, full alvara í framkvæmdinni og að fjármunum verði í samræmi við markmið laganna varið rétt. Það er jafnframt lagt til að styrkirnir verði greiddir fyrir 1. maí árið eftir að framkvæmdirnar áttu sér stað.

Virðulegi forseti. Ég hef rakið í grófum dráttum efnisatriði frv. Ég leyfi mér að leggja til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og meðferðar umhvn. Ég vek enn fremur eftirtekt á því að Samband ísl. sveitarfélaga hefur sent öllum þingflokkum bréf og hvatt til þess að þetta frv. verði samþykkt á þinginu, þó að það sé vissulega seint fram komið. Ég legg að síðustu áherslu á að það er unnið í náinni samvinnu við Samband ísl. sveitarfélaga, félmrn. og fjmrn. og það liggur fyrir umsögn þess síðastnefnda um kostnað.

[23:46]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Það er nokkur skaði að þetta mál er svo seint á ferðinni og á ég þá við bæði að frv. er hér að koma til 1. umr. á síðustu sólarhringum þinghaldsins, en í öðru lagi eru í rauninni aðgerðir hæstv. umhvrh. að þessu leyti líka á endapunkti kjörtímabilsins, en eins og kunnugt er hafði þessi hæstv. ríkisstjórn, sem nú mun senn geispa golunni, uppi mikil áform um að gera stórátak í fráveitumálum á kjörtímabilinu og mun það standa í hinni merku bók. Þá var að vísu annar hæstv. umhvrh., sem nú er fjarri góðu gamni, í stóli hæstv. umhvrh., en engu breytir það að ekki hefur mikið komist til framkvæmda af því sem stóð til að gera samkvæmt bókinni miklu, Velferð á varanlegum grunni, því að hér fyrst er þetta mál að líta dagsins ljós og hvað felur það í sér? Jú, það felur það í sér, þegar betur er að gáð, að ríkið ætlar af allri miskunn sinni að endurgreiða í besta falli sem nemur virðisaukaskatti af þeim framkvæmdum sem sveitarfélögin ráðast í, ef ég hef rétt skilið.

Ég hafði í einfeldni minni gefið mér það að í þessu frv. fælust beinar stuðningsaðgerðir ríkisins við þetta verkefni og ég hafði einmitt tekið eftir þeim tilmælum frá Sambandi sveitarfélaga um að greiða götu þessa máls í þinginu, sem hæstv. ráðherra nefndi. Þegar ég fór svo að rýna betur í frv. þá kom það mér nokkuð á óvart að það kemur í raun og veru fram í greinargerðinni að af þeim leiðum sem til greina hafi komið til að styðja við bakið á sveitarfélögunum og styrkja þau í þessum gríðarlegu verkefnum sem þetta er, að koma þessu í eðlilegt horf, framkvæmdakostnaður upp á á bilinu 15–20 milljarðar kr. og þar af er talið að styrkhæfar framkvæmdir samkvæmt þessu frv. séu um 10

milljarðar, að allt og sumt sem ríkið ætli að leggja af mörkum til að auðvelda sveitarfélögunum að ráðast í þetta mikla verkefni sé að ráðstafa sem nemi allt að 200 millj. eða 20% af framkvæmdakostnaðinum til baka til sveitarfélaganna í formi framlaga. En þegar þess er gætt að ef sveitarfélögin ráðast í þessar 15–20 milljarða framkvæmdir þá er virðisaukaskatturinn af þeim upphæðum 3–4 milljarðar kr., þá er það sem hér er að gerast það að virðisaukaskattshlutinn af styrkhæfa hlutanum er endurgreiddur eða greiddur í formi framlaga til sveitarfélaganna til baka upp á allt að tveimur milljörðum og mestur líkur eru þá auðvitað á að sú tala verði lægri því að þetta er heimildarákvæði. Þá er ríkið eftir sem áður að hafa út úr dæminu 1–2 milljarða í virðisaukaskatti.

Ég vil nú spyrja hæstv. umhvrh.: Er þetta tilfellið? Er þetta í grófum dráttum rétt reiknað? Þá fer maður náttúrlega að spyrja sig að því, hvert er þá orðið framlag ríkisins í þessum efnum? Jú, jú, menn geta sagt að þessar framkvæmdir eigi auðvitað að bera virðisaukaskatt eins og aðrar slíkar í landinu og eru kannski ekki forsendur til þess út frá núverandi ákvæðum um þau efni annað en að þær beri virðisaukaskatt. En auðvitað hefði manni fundist að þá hefði hin aðferðin verið hreinlegri, að ganga bara frá því að þessar framkvæmdir væru án slíkrar skattheimtu á meðan verið væri að koma þessum málum í eðlilegt horf.

Ég verð því að segja alveg eins og er að ég hafði ekki áttað mig á því, hæstv. forseti, hvað í þessu frv. felst fyrr en ég fór að líta betur í það í kvöld og átta mig á því að það var hér á dagskrá. Mér fannst hæstv. ráðherra ekki gera mikla grein fyrir því hvað þarna væri á ferðinni og fór hratt yfir sögu, kannski tímans vegna, því að nú er ekki orðinn tími til að ræða nokkurn skapaðan hlut og mál af þessu tagi eru að koma hér fram þegar klukkan á eftir eina mínútu í 12, ef svo má að orði komast, þ.e. í þeim skilningi að það er ekki mikið eftir af sólarhring sem til vinnu er í þessu máli. Reyndar er klukkan líka að verða 12, hæstv. forseti, þannig að það munaði ekki miklu.

Hæstv. forseti. Það hefði verið ástæða til þess að hæstv. umhvrh. gerði okkur aðeins betur grein fyrir umfangi þessa máls og stöðu, því það er ekki eins og hér sé verið að tala um neitt smáræði. Það er verið að tala hér um alveg gríðarlega fjárfestingu fyrir sveitarfélögin í landinu vegna kvaða sem í raun og veru hafa verið á þau sett. Ég ætla ekki að segja að þessar framkvæmdir séu óþarfar, það sé ekki þörf á að taka á þessum málum, því það er mjög víða. En sumir vilja meina að kannski í vissum tilvikum sé þarna verið að leggja nokkuð miklar skyldur á menn, t.d. fyrir minni byggðarlög. En hvað um það?

Ef við gefum okkur nú að þetta þurfi að ganga eftir og menn ætli að ráðast í þetta átak á 10 árum, heildarkostnað við fráveituframkvæmdir upp á 15–20 milljarða kr. fyrir sveitarfélögin í landinu, þá verður það ekki hrist fram úr erminni. Við getum bara hugleitt hvað þetta er hátt hlutfall af öllu framkvæmdafé allra sveitarfélaga í landinu, sem er gjarnan á bilinu frá einhverjum hundruðum þúsunda eða fáeinum milljónum í tilviki minnstu sveitarfélaganna upp í nokkra tugi og í besta falli nokkur hundruð þegar stærstu sveitarfélögin, fyrir þá utan Reykjavík, eiga í hlut. Þannig er nú það. Þannig að hér er auðvitað enginn smáræðispakki á ferðinni.

Hvernig standa svo sveitarfélögin að vígi? Hvernig hafa fjárhagsmál þeirra verið að þróast? Það er þannig að það hafa engir aðilar safnað, fyrir utan þá heimilin, jafnört skuldum í tíð þessarar ríkisstjórnar eins og einmitt sveitarfélögin. Skuldasöfnun sveitarfélaganna er tvöfalt meiri að hlutfalli heldur en ríkissjóðs og er þó Friðrik Sophusson, hæstv. fjmrh., Íslandsmeistari og heimsmeistari, miðað við höfðatölu sjálfsagt, í skuldasöfnun á þessu kjörtímabili hjá ríkissjóði. En samt er það nú þannig að miðað við sambærileg hlutföll um tekjur annars vegar ríkissjóðs og hins vegar sveitarfélaganna er skuldaaukning þeirra, ef ég man þetta rétt, á síðasta ári tvöfalt meiri en ríkissjóðs og er auðvitað gríðarlega alvarlegt mál hvert það stefnir. Flest sveitarfélögin í landinu taka allt framkvæmdafé sitt að láni. Þannig er staðan orðin í dag. Þannig að þetta gríðarlega átak í frárennslismálum, sem ekki skilur eftir sig mikil ummerki, a.m.k. ofan jarðar, þó að það séu auðvitað brýnar og nauðsynlegar framkvæmdir, þá er stundum horft eitthvað mikið á það, þarna er þó ekki verið að byggja til að mynda íþróttamannvirki eða annað slíkt, þá held ég nú að þetta muni standa dálítið í mörgum, að setja í þetta þessa peninga. En það hefði vissulega getað skipt máli að ríkissjóður hefði þá treyst sér til að taka myndarlega á með sveitarfélögunum í þessum efnum og það hefði verið verðugt viðfangsefni og framlag í umhverfislegu tilliti.

En ég verð að segja alveg eins og er, hæstv. forseti, að ég hafði einhvern veginn gert mér vonir um að þarna ætti að vera eitthvað meira á ferðinni heldur en raunin virðist vera á. Auðvitað skil ég forsvarsmenn sveitarfélaganna, að þeir vilji fá þetta afgreitt frekar en ekki neitt, skárra væri það nú. Auðvitað er það þó betra en ekki neitt að eiga von í því að fá einhvern hluta af þessum virðisaukaskatti endurgreiddan, en það er ekki mikill rausnarskapur satt best að segja. Þvert á móti er það þannig að ríkið mundi miðað við þessar forsendur, sýnist mér, hafa þetta verkefni að féþúfu svo næmi kannski 1–2 milljörðum kr. þegar upp væri staðið. Það er spurning hvort það er skynsamlegur hlutur eins og þessi mál standa.

Um það sem þetta frv. snýst að öðru leyti og varðar framkvæmdaatriði þessa máls og samskipti ríkis og sveitarfélaga í þeim efnum, þá ætla ég ekkert að tefja tímann með því að fara að gera mikið úr því. Það eru einfaldari atriði sem ég held að menn mundu hafa sig fram úr að lagfæra ef á þyrfti að halda og ég hef ekki haft tíma til að fara mjög rækilega yfir það. En ég hefði fyrst og fremst óskað eftir því að hæstv. umhvrh. gerði betur grein fyrir þessu sem ég hef gert að umtalsefni, þ.e. umfangi þessa verkefnis og hvernig hæstv. ráðherra metur stöðu sveitarfélaganna til að ráðast í það og í þriðja lagi hvernig hæstv. ráðherra reiknar þetta dæmi út. Hvort það er með þeim hætti sem ég

hef hérna farið yfir varðandi virðisaukaskattinn, að þetta séu allt virðisaukaskattskyldar framkvæmdir og gefi þá ríkissjóði tekjur upp á 3–4 milljarða og síðan sé þá endurgreiðslan, ef heimildirnar yrðu nýttar til fulls, þ.e. ef í þetta yrðu lagðar þessar 200 millj. á ári og/eða 20%. En nú er orðalag 4. gr. auðvitað þannig að það ber það greinilega með sér að þarna er allt galopið því þar stendur: „Fjárhagslegur stuðningur ríkisins vegna framkvæmda sveitarfélaga við fráveitur samkvæmt 3. gr. getur numið allt að 200 millj. kr. á ári eftir því sem nánar er kveðið á um í fjárlögum, þó aldrei hærri upphæð en sem nemur 20%." Þannig að þetta er auðvitað heimildarákvæði í þeim skilningi að sveitarfélögin eiga ekki sjálfkrafa rétt á neinu heldur fer það eftir ákvörðunum þá og fjárlögum hverju sinni, pólitískum geðþótta, ef við köllum það svo. Þá er auðvitað fróðlegt að heyra það frá hæstv. umhvrh.: Hefur þessi ríkisstjórn, svona fræðilega séð upp á síðari tíma, það hefur ekki mikið gildi upp á framtíðina vitum við af því að hún situr ekki lengur vonandi en í mesta lagi fram á vorið, tekið ákvörðun um það að leggja í þetta 200 millj. á ári? Hefur hæstv. fjmrh., sem forðaði sér út úr salnum eins og byssubrenndur um leið og þetta mál var tekið fyrir, gefið eitthvert loforð um það að setja í þetta 200 millj. á ári? Og hvaða peningar eru í þetta á fjárlögum í ár? Er ekki hæstv. umhvrh. að flytja hérna í raun og veru hálfgert sýndarmennskuplagg, ef það er hvort tveggja þannig að það séu engir peningar í þetta í ár og hæstv. fjmrh. sé á flótta undan málinu og hverfi úr þingsalnum eins og kólfi væri skotið þegar málið kemur á dagskrá? Ég óska eftir því að hæstv. umhvrh. svari þessu aðeins og ætla að skilja það sem eftir er ræðutíma míns eftir, heilar 7 mínútur, í því skyni að greiða fyrir því.

[23:59]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég veit að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hefur verið í miklum önnum síðustu daga. Þess vegna hefur hann ekki getað lesið þetta frv. og þar af leiðir bar ræða hans hér vott um það að hann hefði ekki kynnt sér efni þess mjög til hlítar. En laun heimsins eru vanþakklæti, það er gamall sannleikur og líka nýr.

Hér leggur ríkisstjórnin fram frv. sem gerir það að verkum að á 10 árum verði greiddir 2 milljarðar úr ríkissjóði til fráveituframkvæmda sveitarfélaga. Hv. þm. kemur hingað og segir: Hvers vegna var þetta ekki meira? Það er rétt að svara honum alveg skorinort um það. Vegna þess að ekki var beðið um meira. Hér er tekin upp sú tillaga sem fulltrúar Sambands ísl. sveitarfélaga féllust á (**SJS:** Féllust á?) í þessari fráveitunefnd, já. Í þeirri fráveitunefnd sem ég rakti áðan í minni ræðu og þetta er lagt fram í nánu samráði við Samband ísl. sveitarfélaga og lagt á það allt kapp, m.a. af bæjarstjórn þess sveitarfélags sem hv. þm. hefur lögheimili í, þ.e. Akureyri, þar sem svokallaðar flýtiframkvæmdir í fráveitumálum sem sú bæjarstjórn hefur rætt um að hrinda af stað eru nánast háðar því að þessar greiðslur komi. Ég ítreka það að þetta er gert samkvæmt tillögu Sambands ísl. sveitarfélaga. Það eru engir fjármunir á fjárlögum þessa árs vegna þessa og ástæðan er einföld, ef þingmaðurinn les þetta, þá er það borgað ári á eftir framkvæmdum. Þannig að það yrði ekki fyrr en á næstu fjárlögum sem það yrði ákveðið fyrir næsta ár.

Ég er mjög hissa á undirtektum hv. þm. sem ég hef alltaf talið mjög vinveittan sveitarfélögum. En hér kemur hann og er með allt á hornum sér, sem sem betur fer eru lítil, hefur eigi að síður allt á hornum sér með þessu frv. Ef hv. þm. vill beita sér gegn því að það verði samþykkt þá verður bara svo að vera. Ástæðan fyrir því að það kom ekki fyrr fram er einfaldlega sú að það var í undirbúningi þangað til í lok janúarmánaðar, það var ekki til fyrr.

[00:01]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér líkar ekki þessi sperringstónn í hæstv. ráðherra og er fullkomlega ástæðulaust að snúa út úr orðum mínum. Ég bar einfaldlega fram málefnalegar spurningar um þennan útgjaldabakgrunn málsins og hæstv. ráðherra staðfesti auðvitað óbeint það sem ég sagði. Það sem ég spurði um: Er það svo, að af 3–4 milljarða kr. virðisaukaskattstekjum ríkisins af framkvæmdum upp á 15–20 milljarða sé þessi heimild til þess að greiða allt að 2 milljörðum og það er það sem hæstv. ráðherra staðfesti.

Hins vegar kom hæstv. ráðherra sér undan því að svara hvort einhver stefna hefði verið mótuð um það hvernig þessar heimildir verða nýttar, því það stendur hér: allt að 200 millj. samkvæmt því sem sett er inn í fjárlög hverju sinni. Og ef t.d. núv. stjórnarflokkar hefðu skuldbundið sig til þess að hafa þetta 200 millj., þá væri eitthvert hald í því, kannski einskis virði, því það er því miður ekki hægt að útiloka að annar þeirra gæti orðið t.d. í ríkisstjórn einhvern tíma á næstu árum, þó það sé sem betur fer ólíklegt.

Ég get alveg staðið við það sem ég sagði, hvort sem sveitarfélögin eru meira eða minna ánægð með þetta frv., að ég hef efasemdir um að þetta verki nægjanlega hvetjandi til þess að þetta stórátak fari fram. En auðvitað er frv. mikið betra en ekki neitt. Auðvitað er það mikið betra en ekki neitt að endurgreiða kannski helming eða rúman helming af þessum virðisaukaskatti, skárra væri það nú, heldur en að láta sveitarfélögin sitja uppi með hann óbættan. Ég skil það vel að fulltrúar sveitarfélaganna hafi viljað ná þessu fram og vilji ná þessu fram. Það er alrangt að ég ætli að fara að leggja stein í götu þessa frv., en það hlýtur að mega eiga skoðanaskipti við hæstv. ráðherra án þess að það komi hérna á honum ranghverfan í ræðustólinn út af svona máli og gera mönnum upp þær sakir að þeir ætli að fara að stoppa hér einhver mál eða verða þversum, það er með öllu ástæðulaust. Það eru mjög nýtilegir hlutir í þessu frv. eins og síðari mgr. 4. gr., um minni sveitarfélögin. Hún er mjög mikilvæg. En það breytir ekki hinu að það er mín sannfæring að það þyrfti að gera meira til þess að koma þessu stórátaki betur á rekspöl.

[00:04]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alls ekki rétt að ég hafi gert hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni það upp að hann vildi stoppa frv. Það sagði ég aldrei. En mér þótti sem það gætti nokkurs vanþakklætis í ræðu hans vegna þess að ég veit að í hjarta sínu býr hann yfir ríkulegu örlæti. En auðvitað tók hann það fram í sinni seinni ræðu að þetta væri betra en ekki neitt. Nú, það er allténd nokkuð. Hefði hann betur sett þá skoðun fram um önnur frumvörp sem hér hafa verið til umræðu á síðustu dögum, eins og t.d. frv. um náttúruvernd.

Hv. þm. talaði um að ríkið græddi 3–4 milljarða. Nú er það svo að af þessari tölu, 15–20 milljörðum, og ég vek athygli á því hversu ónákvæm hún er vegna þess að það er ekki hægt að fá betri skilgreiningu á umfangi þessara miklu verkefna, þá er þegar lokið talsvert miklu. Það er ekki hægt að greiða þetta aftur í tímann, en það kemur mjög skýrt fram hvað það er sem er ekki greitt, það eru t.d. ekki undirbúningsrannsóknir, hönnun, útboð eða kostnaður við þá og fjármagns- og lántökukostnaður og kaup á löndum og lóðum vegna framkvæmda. En sjálfar framkvæmdirnar, þ.e. rotþrær, hreinsidælustöðvar, sniðræsi frá safnkerfum fráveitna og útrásir, verða styrkhæfar.

Það er alveg hárrétt hjá hv. þm. að þetta er sem sagt ígildi virðisaukaskattsins. Það var tillagan sem kom fram og sem fulltrúar Sambands ísl. sveitarfélaga féllust á. Ég þori ekki að fullyrða að þeir hafi flutt hana, mig minnir það samt.

En að því er varðar þær kvaðir sem hv. þm. segir að ríkisstjórnin hafi sett á sveitarfélögin, þá er það rétt að með alþjóðlegum skuldbindingum og samningum sem við höfum orðið aðilar að þá eru settar nokkrar kvaðir á sveitarfélögin. Hitt vil ég að fram komi að sveitarfélög eins og t.d. Reykjavík og líka Akureyri, sem er í kjördæmi hv. þm., höfðu áður en Ísland undirgekkst þær skuldbindingar verið búin að móta sér framtíðarstefnu í þessum málum, m.a. meðan sá flokkur sem hv. þm. er í var í meiri hluta í bæjarstjórn Akureyrar, þar sem byggði einmitt á þessum kröfum sem markaðssvæði okkar, hin helstu, úti í Evrópu hafa gert að sínum.

[00:06]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér skilst á hæstv. umhvrh. að mig hafi skort auðmýkt og þakklæti í ræðustólnum fyrir málafylgju hæstv. ráðherra og ég hefði átt að vera hér bljúgur og jafnvel svona hálfpartinn á hnjánum af þakklæti við hæstv. ráðherra að ætlar af mikilli miskunnsemi sinni að leggja þetta til. Nú er það að vísu svo að hæstv. ráðherra mun ekki greiða þetta úr eigin vasa og mér er stórlega til efs að hæstv. núv. ríkisstjórn komi til með að fylgja þessu máli mikið eftir, þannig að ég veit ekki hverjum það svo kemur þegar þar að kemur að standa fyrir framkvæmdum á þessu.

Það er líka rétt að það er sjálfsagt ekkert um það að ræða að þetta verði afturvirkt og taki þar með ekki til þeirra sveitarfélaga sem vissulega voru komin vel af stað í þessum málum mörg hver og hafa mörg ráðist í miklar framkvæmdir. Það þekkja menn hér í Reykjavík þar sem eru miklar framkvæmdir við að koma frá skolpinu hér út með byggðinni beggja megin strandlengjunnar og hreinsistöðvar og dælustöðvar og allt það. Sömuleiðis hefur hæstv. ráðherra verið svo vinsamlegur að nefna Akureyri, höfuðstöðvar míns kjördæmis, og það er alveg hárrétt. Akureyringar hafa líka verið að undirbúa stórátak í þessum efnum og hefja þar framkvæmdir. Ég gæti nefnt fleiri staði eins og Húsavík þar sem menn hafa komið öllu frárennsli eða eru að koma öllu frárennsli út úr höfninni og búa sig í átök af því taki.

En það breytir ekki hinu, hæstv. ráðherra, að við erum að tala hér um gífurlegt verkefni sem eftir er í þessu og við erum í öðru lagi að tala um sveitarfélög sem þegar búa við ört versnandi fjárhagsstöðu eða hafa að minnsta kosti gert það á þessu kjörtímabili, þannig að ég hef áhyggjur af því hvernig þeim reiði af í þessum gríðarlegu verkefnum. Og það stendur óhaggað í þessu að í reynd mun ríkið hafa þetta verkefni að féþúfu upp á 1–2 milljarða kr. í virðisaukaskatti, þó að svo færi að allir þessir tveir milljarðar yrðu endurgreiddir, sem ekki er sjálfgefið og engin stefna virðist hafa verið mótuð um. Hæstv. ráðherra þegir um það þunnu hljóði hvaða stefna liggi að baki hæstv. ríkisstjórnar. (Forseti hringir.)

Hæstv. forseti, ég er alveg að klára. Ég vil bara skora á hæstv. fjmrh. að koma og lýsa því hér yfir að hann ætli að leggja í þetta 200 millj. á ári ef hann fái um það nokkru ráðið.

[00:09]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Það sem rekur mig í ræðustólinn er það að þetta mál er búið að vera öðru hvoru á dagskrá allt þetta kjörtímabil og hæstv. umhvrh. sem var á undan þeim sem nú situr hafði uppi mikil loforð um það að þetta mál kæmi miklu fyrr til framkvæmda heldur en raun ber vitni. Ég ætla ekki að setja neitt sérstaklega út á þetta frv. eins og það liggur fyrir, að öðru leyti en því að það er allt of seint fram komið og ég verð að viðurkenna það að ég lít þannig á að umhvrn. hafi ekki staðið í stykkinu vegna þess að umhvrn. á að vera samviska sveitarfélaganna í þessum málum og það á að reka á eftir því að framkvæmdir fari í gang. En allt þetta kjörtímabil hafa sveitarfélögin í raun verið að bíða eftir því að það væri tekið á því hvernig ætti að fjármagna þessar stóru framkvæmdir og kjörtímabilið er liðið þegar menn koma hér með lausn málsins.

Ég ætla ekki í einstökum atriðum að fara ofan í þessa niðurstöðu. Hún er sjálfsagt þolanleg á ýmsan máta. Það hefur auðvitað alltaf legið fyrir að fram að þessu hafa sveitarfélögin orðið að fjármagna sínar framkvæmdir og þurft að borga virðisaukaskatt af því. En þegar hinar miklu yfirlýsingar voru gefnar fyrr á kjörtímabilinu um það hvað stæði til að gera í þessum fráveitumálum. Það lágu fyrir skuldbindingar áður en við gerðum EES-samninginn, verulega miklar, um það hvað þyrfti að gera. Síðan kom EES-samningurinn og þar komu skuldbindingar til viðbótar og í kringum þá

umræðu var enn lofað að þessu máli yrði hraðað. Það er sem sagt að koma núna til umræðu þegar þinginu er að ljúka og nánast útilokað að málið verði afgreitt á þessu þingi, einfaldlega tímans vegna þá mun það ekki gerast, og sveitarfélögin sem umhvrn. átti að ýta áfram til að gera framkvæmdir hafa ekki fengið þetta aðhald sem umhvrn. átti að veita. Og það hefur verið verra en það. Meira að segja framkvæmdir sem menn áttu að vera löngu búnir með, að koma skolpi út fyrir stórstraumsfjöru á viðkvæmum stöðum, hafa ekki verið framkvæmdar. Það hefur allt legið í láginni og það hefur í rauninni ekki verið neinn þrýstingur frá ráðuneytinu til að gera hluti.

Það er þetta sem ég kem hér í ræðustólinn til að gagnrýna, hæstv. forseti, að með því að menn tóku ekki myndarlegar á þessum málum heldur en þetta, þá hafa tapast hér framkvæmdaár í því að koma fráveitumálum í betra stand. Ég get bent á alveg hrikaleg dæmi um megun við sjávarstrendur landsins sem, ef þau mál væru tekin upp af einhverri hörku, mundu þýða það að það yrði loka fiskvinnslufyrirtækjum í stórum stíl, einfaldlega vegna þess að það stenst ekki hollustuhætti með neinu móti að framleiða matvöru í þeim aðstæðum sem boðið er upp á vegna fráveitumálanna. En það hefur ekki verið tekið á þessum málum með neinum þrýstingi frá ráðuneytinu og það er gagnrýnisvert.

Það kann vel að vera að sveitarfélög muni fara af stað í framkvæmdir í trausti þess að þetta lagafrv. verði að veruleika síðar. Það má vel vera. En það hefði verið miklu betra og miklu öruggara að lagasetningin hefði verið fyrr á ferðinni. Ég veit ekki hverjum er þarna um að kenna. Alla vega hefur málið tekið miklu lengri tíma en menn reiknuðu með því að yfirlýsingarnar um þessi mál eru jafngamlar og ríkisstjórnin. Það er búið að ræða þessi mál hvað eftir annað. Ég hef ekki dagsetningar á umræðum, en ég man vel eftir umræðum sem við tókum þátt í í þinginu með hæstv. fyrrv. umhvrh. um fyrirætlanirnar um það að standa að þessum hlutum. Og síðan það sem ég minnti á hér áðan, þegar var verið að ræða um EES-samninginn þá komu þessi mál upp aftur og voru hér rædd. Þannig að þetta hefur því miður ekki gengið fyrir sig eins og skyldi, en vonandi þá verður hér breyting á. En þetta er alla vega ekki líklegt til þess að verða að neinum almennilegum veruleika og ég vil spyrja hæstv. umhvrh. í framhaldi af því sem ég er nú að segja: Treystir hann sér til að tryggja það að sveitarfélögin, með þetta frv. lagt hér fram og óafgreitt, fari að vinna samkvæmt því sem hér liggur fyrir? Ég skil hæstv. ráðherra þannig að frv. sé samið í mjög góðu samstarfi við sveitarfélögin og þau séu sátt við allt sem í því stendur. Og getur hann þá fullvissað okkur um það hér á Alþingi að sveitarfélögin muni vinna eftir þessu frv. í trausti þess að peningar fáist eins og fyrir er gert ráð í frv. sjálfu? Þetta er þá vonandi þannig að frv. hafi nánast lagagildi með þessum hætti gagnvart sveitarfélögunum.

Að öðru leyti ætla ég ekki að fara að ræða nánar um þessi mál því að við þyrftum mjög langan tíma til þess og ég geri ráð fyrir því að allir vilji flýta málum sem eru hér á ferðinni. Þetta er mál sem hvort eð er mun tæplega ná afgreiðslu. Ég á ekki von á því, en ég verð þá leiðréttur ef ég hef rangt fyrir mér, en mér finnst einhvern veginn ekki líklegt að það takist að afgreiða mál sem er til 1. umr. þegar þrír sólarhringar eru eftir til þingloka.

[00:16]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er tóm vitleysa hjá síðasta hv. ræðumanni að þessi ríkisstjórn hafi ekki staðið við það sem hún hefur sagt í fráveitumálum. Hann heldur því fram að hann geti fundið einhverjar dagsetningar þar sem fram hafi farið umræður um hið gagnstæða. Hann getur engar slíkar dagsetningar fundið vegna þess að í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar sem getin var í frægri Viðeyjarferð, Viðeyjardvöl ákveðinna bræðra sem við skulum ekkert vera að ræða fekar í kvöld, var lagður grunnurinn að stefnunni. Þar var sagt tvennt:

Í fyrsta lagi að það yrði gerð úttekt á fráveitumálum í öllum sveitarfélögum. Það hefur verið gert. Það lá fyrir einhvern tíma á haustdögum 1993. Síðan var sagt: Ríkisstjórnin mun stuðla að því að framkvæmdir hefjist í fráveitumálum sveitarfélaga árið 1995. Umhvrh. túlkaði þessa yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar þannig að það væri þörf á beinum fjárframlögum. Ég lýsti því á fjölmörgum aðalfundum landshlutasamtaka sveitarfélaga og ég minnist þess t.d. að á Kirkjubæjarklaustri, þar sem var aðalfundur Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, þá lýsti ég mjög gagnort minni skoðun á því hvernig ríkisvaldið ætti að standað að þessu.

Það hefur komið hér fram. Nú liggur fyrir þetta frv. sem í hverri einustu grein er samkvæmt vitund og vilja Sambands ísl. sveitarfélaga og yfirfarin af fulltrúum nokkurra stórra sveitarfélaga í landinu líka. Ég tel þess vegna að hægt sé að svara þeirri spurningu sem hv. þm. varpaði til mín um það hvort ég treysti mér til að lýsa því yfir að sveitarfélögin færu að hrinda af stað framkvæmdum á grundvelli þessa frv. einungis þannig: Verði þetta frv. að lögum þá er ljóst að þau hafa grundvöll og stökkbretti til að fara í þessar framkvæmdir. Sumi þeirra hafa lýst því yfir. Ef það verður ekki að lögum þá get ég engu um það svarað. Ef málið fær ekki framgang á þinginu þá dregur það mjög úr framkvæmdavilja vegna þess að þetta er hvatinn sem þarf til þess að þau fari í þetta. Það er vitaskuld alveg ljóst. (**JÁ:** Hvati?) Hvati. Fjárhagslegur hvati. Ég veit að hv. þm. sem hefur hvað eftir annað orðið ber að örgustu frjálshyggju í markaðslegum skilningi skilur hvað er efnahagslegur hvati.

[00:18]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Nei, það er ekki tóm vitleysa. Ég tók þátt í umræðum oftar en einu sinni með hæstv. fyrrv. umhvrh. í þinginu þar sem umræðuefnið var einmitt þetta: Hvenær fáum við að vita hvernig kostnaðarskiptingin verður? Hæstv. umhvrh. sagði það skýrt og skorinort að hann stefndi að því að það yrði bráðlega og miklu fyrr en raunin hefur orðið á. Það er ekki til neins að fjargviðrast út af því svo sem.

En mér þykir það slæmt að hæstv. ráðherra skuli

ekki treysta betur á þennan samsetning en svo að hann trúir því ekki að sveitarfélögin muni líta á hann sem ígildi loforðs frá hinu opinbera þó að ekki vinnist tími til þess að afgreiða málið á þessu þingi. Það er satt að segja varla við því að búast að þingið afgreiði þetta mál. Ég hef ekki talað við nokkurn mann um það en mér finnst tíminn ekki vera fyrir hendi. Nefndin hlýtur að þurfa að fjalla um málið og fara yfir það. Það kann vel að vera að umhvn. geti afgreitt það, þá kemur það í ljós. En það þarf líka að afgreiða það í þinginu og til þess þarf einhvern tíma.

Ég ætla ekkert að kenna neinum um þetta. Það getur sjálfsagt alveg eins verið sveitarfélögunum að kenna og ríkisstjórninni úr því að menn voru svona sammála um málið eða lögðu mikla vinnu í að ná þessu samkomulagi og gera það svona gott að allir verða sammála. En ég ætla ekki að fara að hnotabítast um þetta að neinu öðru leyti. Ég tel bara afskaplega miður að það skyldi ekki nást að leggja þetta mál fram fyrr á þinginu og í ljósi þeirrar umræðu sem hefur farið fram í þinginu á kjörtímabilinu þá tel ég að það hefði átt að vera hægt að ná niðurstöðunni fyrr.

[00:20]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alveg sama hvað hv. þm. telur. Það var ekki hægt að ná niðurstöðunni fyrr. Málið var bara ekki fullunnið fyrr, því miður. Ég er hins vegar hjartanlega sammála honum um að það er miður að málið skuli ekki hafa komið fram fyrr, ég er alveg sammála um það.

Það er auðvitað algerlega út í hött að fara að knýja fram einhverjar yfirlýsingar um það að ef þetta frv. verði ekki samþykkt þá jafngildi það loforði um að ríkisstjórnin ætli að greiða allt að 200 millj. kr. í framkvæmdir á þessu ári. Hvar í ósköpunum á ríkisstjórnin að fá heimild til þess ef það er ekki til í lögum? Ekki er það á fjárlögum. Það liggur alveg ljóst fyrir að það er ekki hægt að líta á það sem loforð. Hins vegar kemur stefna ríkisstjórnarinnar þarna fram.

Bæði hv. þm. og fleiri þingmenn úr hans flokki sem hér hafa talað í kvöld hafa gert því skóna að núv. ríkisstjórn eigi skamma lífdaga fram undan þannig að miðað við það er það algerlega út í hött og án allra raka og án allrar skynsemi að ætla að fara að knýja þessa ríkisstjórn til einhverra loforða vegna einhverrar framtíðar sem hann hefur ekki einu sinni trú á sjálfur. Ef málið er gott þá er ég viss um að málið verður samþykkt á þinginu því að þetta er einfalt mál í sjálfu sér. Ef það er slæmt þá mun það væntanlega liggja og daga uppi eins og mörg önnur mál sem súpa fallegar fjörur.

[00:21]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Málið snýr einfaldlega ekki þannig og hæstv. ráðherra er búinn að gleyma því sem hann sagði fyrir augnabliki, að þær framkvæmdir sem yrðu unnar á þessu ári verða hvort sem er ekkert borgaðar fyrr en á næsta ári úr ríkissjóði. Það var það sem ég var að segja hvort hann treysti því að sveitarfélögin mundu vilja vinna verkefni með von um að fá peninga á næsta ári eins og gert er ráð fyrir í frv. Ég tel ekkert útilokað í því en það er miður ef ekki tekst að koma þessum málum á og eitt árið enn tapast.

Það vil ég endurtaka að lokum, hæstv. forseti, að umhvrn. á að vera sá aðili sem ýtir á eftir sveitarfélögunum að vinna þau verkefni sem hér er um að ræða og það hefur umhvrn. ekki gert. (**Umhvrh.:** Þekkir ekki þingmaðurinn lög um verkefni sveitarfélaga?)

[00:22]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að tefja þessa umræðu en ég fagna því að þetta frv. er komið fram og þó fyrr hefði verið. Ég tek undir þá gagnrýni sem fram hefur komið hjá þeim hv. þm. sem hér hafa talað að frv. er nokkuð seint fram komið.

Hæstv. ráðherra vitnaði í stefnu ríkisstjórnarinnar um stuðning hennar við úrbætur í fráveitumálum sveitarfélaga á kjörtímabilinu og einmitt vegna þessara yfirlýsinga sem liggja fyrir í hvítu bókinni, Velferð á varanlegum grunni, hafa sveitarstjórnarmenn öðru hverju komið fyrir fjárln. og rætt við þingmenn, í það minnsta í Suðurlandskjördæmi, og spurt eftir framgangi þessa máls og það hefur orðið fátt um svör. Síðan segir m.a. í greinargerðinni í stefnu ríkisstjórnarinnar í umhverfismálum sem sett er fram í riti undir heitinu Á leið til sjálfbærrar þróunar, mars 1993:

„Verið er að ljúka úttekt á fráveitumálum í sveitarfélögum landsins og unnið er að stefnumörkun um úrbætur. Stuðlað verður að því að framkvæmdir í frárennslismálum verði hafnar um land allt ekki síðar en árið 1995."

Miðað við þessa yfirlýsingu og yfirlýsinguna í hvítu bókinni og þær yfirlýsingar sem komu frá hæstv. ráðherra á fundi sveitarstjórnarmanna austur á Klaustri og síðan Sambands ísl. sveitarfélaga á Akureyri hefði manni þótt það eðlilegt að frv. hefði komið fram áður en fjárlög fyrir árið 1995 væru afgreidd. Hér er um það að ræða að setja í þetta um 200 millj. sem vissulega er kannski lág upphæð en ég tel miðað við þær umsóknir sem ég hef séð frá sveitarfélögunum þá sé hún nokkuð góð til að byrja með, svo að ég hrósi hæstv. ráðherra aðeins.

En ég vil líka benda á það, af því að hv. þm. Jóhann Ársælsson var að vitna í orð fyrrv. hæstv. umhvrh. varðandi einmitt fráveitumál, mig minnir að það hafi komið fram þegar hann svaraði fyrirspurn frá hv. þm. um kostnað vegna fráveitumála að hann væri á bilinu 7 til 8 milljarðar. Hann er hins vegar samkvæmt greinargerð þessa frv. 15 til 20 milljarðar og að stórum hluta er þar um að ræða skuldbindingar sem verður að standa við vegna aðildar okkar að EES-samningum. Við vorum með sömu kröfur í gildandi lögum en á meðan við höfðum fullt sjálfræði en þurftum ekki að sækja heimildir til Brussel, m.a. vegna fráveitumála sveitarfélaga, þá gátum við veitt undanþágur en það verður ekki eins auðvelt nú eftir að við höfum samþykkt þennan EES-samning.

Ég vil sérstaklega fagna seinni hluta 4. gr. frv. þar

sem tekið er á kostnaði hjá smærri sveitarfélögum landsins því að þær fráveituframkvæmdir sem þessi litlu sveitarfélög þurfa að fara í eru mjög viðamiklar og dýrar og þetta mun vissulega koma þeim til góða.

Hæstv. ráðherra nefndi hér að það væri möguleiki á því að afgreiða þetta frv., þinginu á að ljúka á laugardaginn, en hann nefndi það jafnframt að líklega færi þetta frv. til umhvn. Ég vil spyrja af hverju það fer ekki til félmn. Fljót afgreiðsla í hv. umhvn. er um það bil tveggja ára umfjöllun um hvert frv. þannig að það er þá lítil von til þess að fá þetta frv. afgreitt á örfáum dögum. Þar hafa að vísu verið viðamikil lagafrumvörp til umfjöllunar en þau hafa líka verið lögð fram og verið til umfjöllunar í eitt, tvö og þrjú ár áður en þau hafa hlotið samþykki Alþingis. Og illa líst mér á ef þetta frv. þarf svo langa umfjöllun.

En það er eitt sem ég rek mig líka á í þessari greinargerð og langar til að spyrja hæstv. ráðherra. Þar stendur:

„Stuðningur ríkisins við fráveituframkvæmdir sveitarfélaga er hluti af fjárhagslegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga. Eðlilegt er að fjallað verði um stuðning ríkisins við framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum með hliðsjón af öðrum fjárhagslegum samskiptum og ef á þeim verða gerðar breytingar."

Hvað þýðir þessi setning? Er strax þarna verið að draga úr þeirri upphæð sem nefnd er í frv. þar sem við vitum hver kostnaðurinn er við framkvæmdirnar sem er verið að tala um að fara í á tíu árum? Hvers vegna er þessi setning komin þarna inn? Við vitum að það stendur til að færa grunnskólann yfir til sveitarfélaganna. Við vitum að hæstv. félmrh. lýsti því yfir fyrir nokkru síðan á málþingi um málefni fatlaðra að það er stefnt að því að færa þann málaflokk líka alveg yfir til sveitarfélaganna ef þessi hæstv. ríkisstjórn sem nú er, ef svo ólukkulega fer að hún verður hér á næsta kjörtímabili líka, þá mun verða stefnt að því að færa málefni fatlaðra líka yfir til sveitarfélaganna. Er það þá þannig að þetta verði hluti af einhverjum stórum heildarpakka og má þá ekki treysta því sem í frv. stendur sem mér finnst skipta verulegu máli?

Ég hef fylgst með vinnslu þessa frv. í gegnum nokkra sveitarstjórnarmenn sem hafa haft sérstakan áhuga á því að koma fráveitumálum sveitarfélaganna í lag og fá fram þátttöku ríkisins og ég veit að Samband ísl. sveitarfélaga er hlynnt þessu frv. og ég tel að ef ekki koma fram verulegir vankantar við skoðun í nefnd við fyrstu sýn þá ætti að vera möguleiki á því að ljúka afgreiðslu fyrir þinglok. Annað eins hefur nú gerst á hv. Alþingi.

[00:29]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það verður að segjast eins og er um þetta frv. að þegar maður hefur lesið það yfir og áttað sig á hvað í því felst þá verður manni eiginlega efst í huga hlátur yfir afrekum ríkisstjórnarinnar í þessum efnum. Þetta er satt að segja þvílíkur brandari að það verður varla annað gert en að hlægja þetta frv. út af borðinu, svo skringilegt sem það nú er og raunalegt, satt best að segja, í aðra röndina.

Ég vil fyrst nefna að í frv. felst, svo merkilegt sem það er, viðurkenning á því að ríkisvaldið hafi beitt sveitarfélögin ofríki á sínum tíma, hafi sett á sveitarfélögin kvaðir í fráveitumálum sem nema háum fjárhæðum án þess að sjá þeim fyrir tekjustofni á móti til að standa undir þeim kvöðum. Það er auðvitað ágætt út af fyrir sig að fá viðurkenningu ríkisstjórnarinnar á því að hún hafi þarna brotið meginregluna í samskiptum ríkis og sveitarfélaga, að ríkið eigi ekki að vera að setja kvaðir á sveitarfélög eða fela þeim verkefni án þess að ætla þeim tekjur á móti þeim verkefnum. En með þessu frv. er það beinlínis viðurkennt að svo hafi verið að verki staðið af hálfu ríkisstjórnarinnar á sínum tíma þegar hún gekk frá afgreiðslu EES-samningsins á Alþingi.

Það er sérstakt umræðuefni að mínu viti að fara yfir samskipti ríkisstjórnarinnar við sveitarfélögin á þessu kjörtímabili. Menn muna og vita af því frv. sem er hér til umfjöllunar um grunnskóla þar sem áætlað er að flytja yfir á sveitarfélögin það verkefni að annast rekstur grunnskólans að fullu og öllu án þess að fyrir liggi í frv. hvaða tekjur sveitarfélögin eigi að fá á móti, einungis yfirlýsingar um að þau muni fá tekjur til að standa undir verkefninu. Í ljósi þessa máls, þar sem liggur fyrir skýlaust að ríkisstjórnin hefur svikist um að standa við þennan meginþátt í samskiptum ríkis og sveitarfélaga að verkefnum skuli fylgja tekjur, er ekki ástæða til annars en ætla að ríkisstjórnin muni ekki standa við sitt varðandi grunnskólann. Það er full ástæða til að vantreysta þessari ríkisstjórn til að standa við seinni hlutann af því máli. Í þeim efnum er reynslan órækasti vitnisburðurinn. Nefna má reyndar fleiri mál sem svo er ástatt um að ríkisstjórnin hafi ekki staðið við þetta meginatriði í samskiptum ríkisvalds og sveitarfélaga.

Í öðru lagi gengur þetta frv. gegn yfirlýstri stefnu ríkisstjórnarinnar sjálfrar í samskiptum ríkis og sveitarstjórna en sú stefna er þannig að ekki eigi að vera um blönduð verkefni að ræða. Þau verkefni sem sveitarfélögin annast eigi þau að hafa með höndum að fullu og öllu og tekjur til að standa undir þeim verkum. Af hálfu ríkisstjórnarinnar hafa á þessu kjörtímabili verið fluttar margar ræður um það að afnema úr núverandi lögum þau verkefni sem eru blönduð verkefni að einhverju leyti eins og t.d. rekstur grunnskólans sem í dag er blandað verkefni að því leyti að ríkið annast ákveðinn hluta þess og greiðir hann en sveitarfélög annast annan hluta og greiða þann hluta. Nú ætlar ríkisstjórnin að færa það verkefni að fullu yfir til sveitarfélaga einmitt á grundvelli þeirrar stefnu að ekki sé gott að vera með blandað verkefni.

Nú kemur ríkisstjórnin og leggur til að verkefni sem er í dag verkefni sveitarfélaga verði blandað verkefni og mér fannst á skorta að umhvrh. útskýrði með hvaða rökum fráhvarf ríkisstjórnarinnar frá þessari stefnu byggist. — Ég vil ekki trufla þann fund sem er hér í horninu hjá umhvrh. en mér þætti betra að hann heyrði mál mitt. — Ég sé það að hann er með farsíma í vasanaum en ég hygg að hann sé ekki að tala í hann núna. (**Umhvrh.:** Hvernig sérðu það? Ég er ekkert með hann

í vasanum.) Ég vil mælast til þess við hæstv. umhvrh. að hann sé ekki að tala í símann á meðan ég tala a.m.k. Aðrir ræðumenn verða að setja fram óskir af sinni hálfu hvað það varðar en mér þætti verra ef ráðherrann væri með símann við eyrað þegar ég vænti þess og fer fram á það að hann sé að hlusta á mál mitt.

Ég vil því endurtaka spurningu mína af því að ég veit að hann hafði ekki athygli á ræðu minni þegar ég bar fram spurninguna: Hver eru rök ráðherrans fyrir því að ríkisstjórnin hverfur frá þeim meginþætti í stefnu sinni í samskiptum milli ríkis og sveitarfélaga að verkefnin skuli vera annaðhvort ríkisverkefni eða sveitarfélagaverkefni og tekur upp þá stefnu í þessu máli að hér verði um blandað verkefni að ræða?

Virðulegi forseti. Mér finnst að í raun ætti frv. að bera annað nafn til þess að endurspegla það sem er að gerast í þessu máli. Ríkisstjórnin setti svo miklar kvaðir á sveitarfélögin að það nemur tugum milljörðum kr. Hún setur enga tekjustofna á móti þeim kvöðum. Eðlilega er málið komið í mikinn hnút. Menn sjá það að sveitarfélögin ráða ekki við að standa undir þessum kröfum sem þeim er ætlað og því þurfi eitthvað að gera til þess að leysa úr þeim hnút sem kominn er vegna aðgerða ríkisstjórnarinnar. Það sem verður ríkisstjórninni að tillögu í þessu efni er hins vegar ekki stórmannlegra en svo að hluti af tekjum ríkisins af framkvæmdunum á að endurgreiðast, aðeins hluti og hann skilyrtur. Í raun ætti frv. að heita, til að lýsa því sem er að gerast, að þetta væri frv. til laga um stuðning sveitarfélaganna í landinu við ríkissjóð. Staðreyndin er sú, að hæstv. fjmrh. vill ekki með nokkru móti fallast á það að framkvæmdir í fráveitumálum verði undanþegnar virðisaukaskatti eins og væri hin eðlilega leið. Þannig ættu menn vitaskuld að leysa þetta verkefni, að breyta lögum um virðisaukaskatt þannig að þessar framkvæmdir sem um er að ræða verði undanþegnar virðisaukaskatti. Þá væri málið leyst hvað þetta varðar og ríkissjóður væri ekki að hafa þetta verkefni sveitarfélaganna að féþúfu eins og hann er að gera í dag. En því miður strandar málið á því að hæstv. fjmrh. og ríkisstjórnin vill ekki endurgreiða sveitarfélögum það sem þau greiða til ríkisins vegna framkvæmdanna.

Það er krafa ríkisstjórnarinnar að ekki aðeins vinni sveitarfélögin þetta verkefni heldur skuli þau um leið og þau vinna það greiða sérstakan skatt í ríkissjóð. Það er krafa ríkisstjórnarinnar og það er sérstaklega athyglisvert að það er sérstök krafa Sjálfstfl. að samhliða því að sveitarfélögin sinni þeim verkum sem á þau eru lögð og vinni þau þá greiði þau sérstakan skatt í ríkissjóð.

Það er ekki hægt að hugsa sér ömurlegri frammistöðu af hálfu nokkurrar ríkisstjórnar en þessarar gagnvart sveitarfélögum og skilningi á skyldum þeirra við íbúa sína. Á því færi þess vegna betur, virðulegi forseti, til þess að menn skildu hvað væri á ferðinni, að frv. héti frv. til laga um stuðning sveitarfélaganna á Íslandi við ríkisstjórn Davíðs Oddssonar því að í reynd er verið að skattleggja sveitarfélögin fyrir ríkissjóð. Og ríkisstjórnin fæst ekki til þess að verða við þeirri eðlilegu kröfu að fella niður innheimtu á virðisaukaskatti vegna þessara framkvæmda.

Mig langar til þess að beina fyrirspurn til hæstv. umhvrh., sem að sjálfsögðu loðir ekki í salnum frekar en venjulega því að hann er ævinlega eins og fló á skinni hér þegar málið er til umræðu. Ég vænti þess að forseti muni þá bera boð á milli. Mig langar að fá skýringu ráðherra á 2. mgr. 4. gr. sem hefur verið nefnt í umræðunum. En hún hefur verið nefnd af ræðumönnum með þeim skilningi að um væri að ræða heimild til þess að flytja styrk milli sveitarfélaga á þann veg að fámennari sveitarfélög fái hærri styrkveitingu en fjölmennari. Það má vera að það sé réttur skilningur en mér finnst það ekki koma fram í textanum og til þess að hafa það á hreinu spyr ég ráðherra hvort það eigi að skilja málsgreinina þeim skilningi sem fram hefur komið fyrr í umræðunni. Miðað við lagatextann eins og hann hljóðar er það ekki sjálfgefið mál heldur skil ég hann einfaldlega á þann veg að það fari ekki eftir stærð sveitarfélaga eða fjölda íbúa í því heldur kostnaði á íbúa við framkvæmdina. Það gæti því verið um að ræða að menn væru styrkja sérstaklega t.d. fjölmenn sveitarfélög vegna þess að menn teldu að kostnaður á íbúa í þeim væri óvenjuhár miðað við landsmeðaltal eða eitthvað því um líkt. Þannig hef ég skilið 2. mgr. 4. gr. en það væri fróðlegt að fá skýringar ráðherra á því þannig að öll tvímæli séu tekin af um það efni.

Ég vil svo að lokum, virðulegi forseti, árétta aðrar spurningar mínar til hæstv. umhvrh. um það hvernig hann útskýrir stefnubreytingu ríkisstjórnarinnar í samskiptum sínum við sveitarfélögin hvað varðar hin hreinu verkaskipti og ákvörðun um að leggja til blönduð verkaskipti. Ég árétta einnig það sem fram kemur í reynd með frv. að ráðherrann og ríkisstjórnin er að viðurkenna að hafa lagt kvaðir á sveitarfélögin án þess að leggja þeim til tekjustofna til þess að standa undir þeim kvöðum og það er eiginlega orsökin fyrir frv. Menn eru að reyna að finna leið til þess að gefa sveitarfélögunum einhverjar vonir um að geta ráðist í þessar framkvæmdir. Mitt mat er að þetta gangi of skammt. Það kann að vera eitthvert gagn að þessu, ég skal ekki neita því, en þetta gengur of skammt til þess að það sé til einhverra umtalsverðra bóta. Niðurstaðan af því er sú að það er styrkveiting úr sjóðum sveitarfélaganna í ríkissjóð þrátt fyrir þetta frv. og það er öfugmæli að þegar verið er að leggja kvaðirnar á sveitarfélögin skuli ríkissjóður afla sér tekna með því móti. Það er náttúrlega alveg fáheyrð ósvífni af hálfu ríkisstjórnarinnar og verður mér hugsað til framgöngu þáv. stjórnarandstöðu á síðasta kjörtímabili í garð þáv. ríkisstjórnar en menn voru nokkuð sveryrtir í garð hennar um meinta framgöngu gagnvart sveitarfélögum. En hafi mönnum þá þótt eitthvað athugavert við það held ég að nú keyri um þverbak, svo ekki sé fastar að orði kveðið.

Útbýting þingskjals:

Refsiákvæði nokkurra skattalaga, 319. mál, brtt. efh.- og viðskn., þskj. 738.

[00:44]

Sturla Böðvarsson:

Hæstv. forseti. Það mál sem hér er til meðferðar, frv. til laga um stuðning við framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum, er að mínu mati afar mikilvægt mál og í raun tímamótafrv. Ég styð frv. að sjálfsögðu eins og að liggur hér fyrir en auðvitað má ýmislegt um það mál segja og ég tel nauðsynlegt að fara mjög rækilega yfir frv. þegar umræðu í þinginu er lokið.

Ég vil í fyrsta lagi segja, hæstv. forseti, vegna ræðu hv. 5. þm. Vestf., sem er að vísu á fundi annars staðar í salnum og kannski ekki tilbúinn til þess að hlusta, að það virðist algerlega hafa farið fram hjá hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni, eins og fleira sem hér er sagt í kvöld, að með sveitarstjórnarlögum var sveitarfélögunum falið að annast fráveitumál. Ég vænti þess að hv. 5. þm. Vestf. taki eftir því sem hér er sagt vegna ræðu hans og digurbarkalegra yfirlýsinga í garð ríkisstjórnarinnar, að það sé alveg nauðsynlegt fyrir hv. 5. þm. Vestf. að rifja það upp að samkvæmt sveitarstjórnarlögum er sveitarfélögum ætlað að sjá um og kosta fráveitumál. Þannig að það er alrangt hjá hv. þm. að það sé verið að bylta einhverjum sérstökum aukaverkefnum á sveitarfélögin og allra síst með þessu frv. sem hér er til meðferðar.

Hins vegar má rifja það upp, af því að hv. þm. nefndi það í umræðunni að það hefði að ýmsu leyti farið öðruvísi á síðasta kjörtímabili, að í lok síðasta kjörtímabils var gefin út reglugerð sem setti einmitt mjög miklar kvaðir á sveitarfélögin varðandi frárennslismál og sú reglugerð er e.t.v. megingrunnurinn að þeim mikilvægu og nauðsynlegu framkvæmdum sem sveitarfélög mjög mörg hafa þurft að fara í, eins og eðlilegt er. Það er krafa okkar daga að umhverfismál séu í góðu ásigkomulagi og við gerum kröfu til þess að það sé sem mest og best hreinsað það sem kemur frá þéttbýlinu þannig að ekki skapist mengun.

En varðandi þetta frv. vil ég ítreka það, hæstv. forseti, að ég tel að þetta frv. sé mjög mikilvægt og það er afar nauðsynlegt að koma til móts við sveitarfélögin. Ég tel að það sé ekki verið með óeðlilegum hætti að blanda hér verkefnum. Þetta er mjög sérstakt viðfangsefni, úrbætur í umhverfismálum hvað varðar fráveitumál. Þetta er mjög sérstakt verkefni og þetta er verkefni sem leggst mjög mismunandi þungt á einstök sveitarfélög. Sum sveitarfélög búa vel frá náttúrunnar hendi hvað þetta varðar og geta komið sínu frárennsli með einföldum og ódýrum hætti frá sér á meðan önnur þurfa að kosta geysilega miklu til. Við þekkjum dæmi um það, eins og Rangárvallahreppur, svo tekið sé dæmi úr Suðurlandskjördæmi, Borgarnes í Vesturlandskjördæmi, sem þarf að kosta feiknalega miklu til og svo náttúrlega sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu sem hafa lagt í feiknalega miklar fjárfestingar varðandi frárennslismál. Þannig að aðstæður sveitarfélaganna eru mjög mismunandi hvað þetta varðar. Þess vegna er mikilvægt að koma til móts við þau og þetta frv. miðar að því.

Hins vegar er alveg ljóst og ekki síst með tilliti til þess með hvaða hætti sveitarstjórnarlögin segja fyrir um þessa verkaskiptingu, að það er eðlilegt að það sé með einhverjum hætti gengið til samninga milli ríkisvaldsins annars vegar og hins vegar forustu sveitarfélaganna í landinu um það með hvaða hætti þarna sé staðið að verki. Og eins og niðurstaðan hefur hér orðið, samkvæmt 4. gr. frv., um það að allt að 200 millj. kr. á ári gangi til þessa verkefnis og framlag ríkisins geti numið allt að 20% af staðfestum heildarkostnaði styrkhæfra framkvæmda, þá ég tel að þarna sé komið verulega til móts við sveitarfélögin. En ég vil samt undirstrika og ítreka það að ég tel að þarna þurfi eftir sem áður að líta sérstaklega til þeirra sveitarfélaga, hæstv. ráðherra, sem þurfa að leggja meiri fjármuni, þegar litið er til heildartekna viðkomandi sveitarfélaga, en önnur þurfa að gera. Ég sé ekki annað en frv. heimili það að taka tillit til þess að þessu marki.

Allt tal hv. þm. hér um að það sé verið að gera þessi útgjöld að féþúfu fyrir ríkið, þá er náttúrlega á meðan við höfum skatta, meðan við höfum virðisaukaskattskerfi, þá getum við náttúrlega krafist þess að allt sé undanþegið meira og minna. Það eru öll verkefni sem kosta útgjöld og verkefni sem eru virðisaukaskattsskyld með þeim hætti. Ég held því að það sé ekki eðlileg krafa hjá hv. 5 þm. Vestf., sem flutti hér að öðru leyti ágæta ræðu og þekkir þessi mál mjög vel, að ætlast til þess að þessi þáttur virðisaukaskattsskyldrar þjónustu eða starfsemi sé sérstaklega undanþeginn. Við vitum hins vegar að þarna er um mikinn kostnað að ræða sem er óumflýjanlegur og á þessu máli þurfum við að taka. Ég tel að þetta frv. geri það og það sé og eigi að vera hægt á grundvelli þess að ganga til móts við sveitarfélögin varðandi þetta mikilvæga verkefni, sem eru framkvæmdir í fráveitumálum og ná miklum og góðum árangri. Og ég tel að allir þeir sem raunverulega vilja leggja hönd að því verki að bæta hér umhverfi eigi að sameinast um það að þetta frv. hljóti hér skjóta og vandaða afgreiðslu þannig að hægt sé að greiða þennan kostnaðarhlut sem sveitarfélögin verða fyrir hið allra fyrsta.

[00:53]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Aðeins vegna nokkurra atriða sem fram komu í máli hv. 1. þm. Vesturl., þá er það þannig að almenn starfsemi sveitarfélaga er undanþegin virðisaukaskatti. Það er meginreglan að ríkisvaldið er ekki að skattleggja þá starfsemi sveitarfélaga sem þeim ber með lögum að sinna og að sjálfsögðu á sú sama regla að gilda í þessum efnum eins og þar, eins og hin almenna regla kveður á um.

Í öðru lagi dró ég fram þá staðreynd að með EES-samningnum var undirgengist að lögtaka hér á landi reglugerðir Evrópusambandsins um fráveitumál en í þeim reglugerðum er að finna miklar kvaðir á sveitarfélögin í þessum efnum, bæði kröfur og tímasetningar. Og það er ástæða þess að þetta mál er að mínu viti komið hér fram að þessar kvaðir sem voru lagðar á sveitarfélögin með samninnum um Evrópska efnahagssvæðið eru of miklar til þess að þau geti fengið risið undir þeim. Frv. þetta, eins og ég sagði, viðurkennir að ríkisstjórnin lagði kvaðir á sveitarfélögin án þess að

leggja þeim til tekjustofna til að standa undir þeim kvöðum. Frv. gengur mjög lítið í átt til þess að rétta af þetta misvægi og ég dró það eðlilega fram að ríkisstjórnin hefði brotið meginreglurnar í samskiptum milli ríkis og sveitarfélaga og sérstaklega sína eigin meginreglu eins og hún túlkar hana, að það eigi ekki að leggja verkefni eða kvaðir á sveitarfélög án þess að tekjustofnar fylgi á móti.

[00:55]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Varðandi ræðu hv. 5. þm. Vestf. vil ég segja og minna á það, að það var fyrir daga EES-samningsins sem sett var reglugerð um fráveitur í tíð þáv. hæstv. heilbrrh.- og trmrh., Guðmundar Bjarnasonar, sem ég tel að hafi nálgast mjög þær kröfur sem hv. þm. nefndi. Þannig að það eru ekki einungis EES-reglur sem þarna er um að að ræða.

Varðandi þær ströngu reglur sem nefndar eru þá vil ég segja það að ég held að það sé óumflýjanlegt fyrir okkur Íslendinga að uppfylla kröfur sem aðrar þjóðir setja á sviði umhverfismála, að því marki sem þess er kostur, þannig að við getum staðið undir því að hér sé sem mestur hreinleiki, hér sé umhverfið í sem allra besta standi eins og nokkur kostur er, þannig að það verði okkur ekki fótakefli í samkeppninni um framleiðslu, ekki síst á sjávarafurðum og þvílíkum hlutum.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til þess að hafa fleiri orð um það sem hv. þm. nefndi hér, en að sjálfsögðu veit ég um þær reglur sem gilda um endurgreiðslu á virðisaukaskatti. En eins og ég sagði í minni ræðu, við getum auðvitað endalaust óskað eftir því að ríkisvaldið gefi eftir af sínum tekjum sem grundvallast á þeirri löggjöf sem við höfum hér sett.

[00:57]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er óumdeilanlegt að kröfurnar sem verða til þess að þetta verður svona viðamikið og dýrt verkefni hjá sveitarfélögum er að finna í reglugerðum EB um fráveitumál sem voru lögteknar með samningnum um Evrópskt efnahagssvæði. Þar er að finna meginástæðuna fyrir þessu máli.

Ég get ekki svarað svo sem mikið til um reglugerð heilbrrh. sem sett var áður, ég þekki hana ekki til hlítar, en það má vel vera að í henni felist einhverjar kröfur án tekjustofns og ætla ég ekkert að mæla því bót ef svo hefur verið. En ég held að hún breyti engu í þessu samhengi því að kröfur upp á 15–20 milljarða kr. er að finna í þessum samningi um Evrópska efnahagssvæðið. Þar liggur leiðin sú sem veldur því að sveitarfélögin sitja uppi með þessar kvaðir.

Ég held að það sé enginn á þeirri skoðun að sveitarfélögin eigi að láta þessi verkefni liggja á milli hluta. Þau eiga að sjálfsögðu að sinna þeim. Verkefni okkar eða löggjafans hlýtur að vera að gera sveitarfélögunum kleift að sinna þessum verkum svo vel sem við teljum við hæfi. Þar tel ég að hin eðlilega leið sé í fyrsta lagi að láta meginregluna í virðisaukaskattslögunum ná yfir framkvæmdir í fráveitumálum eins og hún birtist gagnvart annarri starfsemi sveitarfélaga, þ.e. að ekki sé skattlögð til virðisaukaskatts almenn starfsemi sveitarfélaga til þess að sinna lögboðnum verkefnum. Í öðru lagi á að leggja sveitarfélögum til tekjustofn til að mæta þessum útgjöldum sem þeim eru að sönnu falin með ákvörðun löggjafarvaldsins.

[00:59]

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Hér er um að ræða gífurlega mikið verkefni og dýrt fyrir sveitarfélög í landinu að koma í viðunandi horf öllum fráveitum, eins og komið hefur fram í þessari umræðu. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um það.

En það er eitt atriði þessa máls sem ég vildi víkja að og beina spurningum til hæstv. umhvrh. um. Þeir sem til þekkja vita að sveitarfélögin kosta ekki allar fráveitur í landinu. Það eru fyrst og fremst fráveitur í þéttbýli sem sveitarfélögin kosta. Á sveitabýlum þarf einnig að koma upp rotþróm og frárennsli og ég sé ekki að á það sé minnst í þessu frv. Ég á erfitt með að trúa því að hæstv. ríkisstjórn ætli að mismuna svo þegnum í landinu eftir því hvar þeir búa, að hugsa eingöngu um þá sem eru í þéttbýli en ekki hina sem eru í hinum dreifðu byggðum. Eða er það svo að hæstv. umhvrh. ætli sveitarfélögunum að annast framkvæmdir allra fráveitna? Ég vil gjarnan fá skýrt svar frá hæstv. umhvrh. hvort hann ætlist til þess að sveitarfélögin taki að sér það verkefni að annast allar fráveitur frá öllum íbúðarhúsum í landinu. Ef svo er þá að sjálfsögðu sýnist mér að þetta frv. geti raunverulega jafnað þennan kostnað fyrir íbúa í landinu, en ef það er ekki þá er hér um gífurlegt ójafnaðarfrv. að ræða, ef það á aðeins að endurgreiða virðisaukaskatt af framkvæmdum sem unnar eru við fráveitur í þéttbýli en ekki í dreifbýli. Ég tel að slík mismunun sé alveg óskiljanleg hjá hæstv. ríkisstjórn og stjórnarflokkum.

Hér er talað um það í greinargerð, sýnist mér, þó að lítill tími hafi verið til að skoða þetta frv., að framkvæmdir á íbúa geti kostað frá 30 þús. upp í 90 þús. Ef það væri jöfnuður á þá ætti að greiða niður framkvæmdir á sveitabæjum sem færu yfir þá upphæð sem er talið eðlilegt að miða við þegar greiða skal það sem umfram er. Ef ekkert hefur verið hugsað um þessa hlið hjá stjórnarflokkunum þá tel ég óhjákvæmilegt að það atriði verði athugað í nefnd og bætt úr því.

Ég þarf ekki að hafa fleiri orð um þetta. Ég vænti þess að hæstv. umhvrh. skilji hvað það er sem ég er að fara og hvaða vandamál hér er á ferðinni og mun þá vita hvernig hann mun svara því.

[01:04]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson):

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að taka vel undir með hv. þm. Sturlu Böðvarssyni sem sagði að hér væri um tímamótafrv. að ræða vegna þess að það er rétt hjá honum. Hér er um tímamótafrv. að ræða. Þetta er í fyrsta skipti sem ríkisstjórn tekur með svo snöfurmannlegum hætti á þeim mikla vanda sem blasir við í fráveitumálum sveitarfélaga. Það er alrangt hjá hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni að hér sé að litlu leyti verið að koma til móts við kostnað sem ríkið hafi hellt yfir sveitarfélögin með því að setja stórauknar kvaðir á axlir þeirra. Það er alrangt. Það er nefnilega ekki svo

að samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið hafi gert það að verkum að þær miklu framkvæmdir sem óhjákvæmilegt er að ráðast í séu til komnar, það er ekki svo. Það er einungis að litlu leyti sem samningurinn sjálfur gerir það. Mig minnir að aukakostnaðurinn hafi verið í kringum einn milljarð, ég bara man það ekki svo glöggt. Þetta kom hér fram við umræður í fyrra. Það er nauðsynlegt að menn skilji að framsýni þeirra sem ráða fyrir sveitarfélögum á Íslandi er slík að löngu áður en Ísland gerðist aðili að Evrópska efnahagssvæðinu þá var í mörgum sveitarfélögum, einkum hin stærri hér á suðvesturhorninu og sömuleiðis á Akureyri, að menn höfðu nægilega framsýni til að bera til að móta stefnu til framtíðar sem tók mið af þeim kröfum sem voru gerðar úti í Evrópu. Þannig að ég vísa þessu alfarið á bug.

Staðreyndin er sú að það er óhjákvæmilegt annað en fyrir alla skynsama menn að fallast á það að ríkisstjórnin hefur tekið mjög röggsamlega á þessu máli. Það er svo að í upphafi kjörtímabilsins lagði ríkisstjórnin fram stefnu. Hún var í nokkrum liðum. Í fyrsta lagi skyldi gerð úttekt á fráveitumálum og vanda sveitarfélaga í þeim efnum um allt land. Það hefur verið gert. Það var jafnframt sagt að það yrði mótuð stefna í þessum málum. Það hefur verið gert. Það liggja fyrir tillögur í sex liðum frá fráveitunefndinni sem umhvn. setti á laggir. Ein af þessum tillögum var sú að ríkið kæmi fram með beinan fjárstuðning. Það voru nefndar ákveðnar tölur í því sambandi. Þær tölur er að finna í þessu frv. Ríkisstjórnin sjálf sagði að hún mundi stuðla að því að framkvæmdir hæfust árið 1995 sem víðast og jafnframt að þeim yrði lokið á 10 árum. Eftir því er þetta frv. sniðið. Það er gert ráð fyrir því að framkvæmdir á yfirstandandi ári, sem eins og hv. þingmenn vita er árið 1995, hæfust núna og þetta frv. tekur einmitt til 10 ára. Það ber að líta svo á að þarna sé um að ræða fjárhagslegan hvata frá ríkisvaldinu til þess að auðvelda sveitarstjórnum að ráðast í þessar miklu framkvæmdir. Það er rétt að það komi fram að fjölmörg sveitarfélög hafa beinlínis beðið eftir því að stefnu ríkisstjórnarinnar yrði með þessum hætti hrint í framkvæmd. Þau hafa beðið með framkvæmdir og mörg þeirra munu á næstu árum ráðist í þær.

Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson bað mig um rök fyrir því að ríkisstjórnin hefði nú horfið frá stefnu sinni um hina skýru verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga, hér væri um blandaða verkaskiptingu að ræða. Þetta er bara alrangt. Hv. þm., sem er mikill sérfræðingur í lögum um málefni sveitarfélaga, veit að í lögunum sem eru nr. 8/1986 kemur það alveg skýrt fram að þetta er á verksviði sveitarfélaganna. Ríkisvaldið þarf í sjálfu sér ekki að leggja fram beinan fjárstuðning. En það er fyrir að þakka framsýni þeirra manna sem nú sitja í ríkisstjórn Íslands og sér í lagi okkar ágæta hæstv. fjmrh. að menn hafa haft skilning á því að það er nauðsynlegt að aðstoða sveitarfélögin við þetta. Vandinn er svo mikill, verkefnin eru svo yfirgripsmikil að það er ekki hægt að ætlast til þess að sveitarfélögin ráðist í þetta án þess að til beins stuðnings komi.

Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson spyr mig jafnframt um það hvað felist í rauninni í jöfnunarákvæðinu sem má lesa í 2. mgr. 4. gr. Það má í stuttu máli útskýra þannig að sum sveitarfélög eru einfaldlega þannig í sveit sett vegna brimlags, vegna staðsetningar uppi í landi, að kostnaðurinn við fráveituframkvæmdir þar er óhjákvæmilega verulega hærri, í sumum tilvikum miklu hærri hjá einstaka sveitarfélagi heldur en þeim, eins og t.d. hér á suðvesturhorninu, sem búa við einstaklega góðar aðstæður til þess að losa sitt skolp út í hafið eftir að það hefur verið hreinsað eftir þeim reglum sem settar eru fram í mengunarvarnarreglugerð sem aftur er byggð á hinum evrópsku reglum. Þetta er ætlað sem jöfnunarákvæði og í rauninni er það svo að hér er yfirleitt um að ræða smá sveitarfélög. Ég nefni t.d. mjög mörg sveitarfélaganna við suðurströndina og reyndar ýmsa þéttbýliskjarna sem þar eru uppi í landi, sem falla undir þetta og það er í rauninni verið að flytja fjármagn frá stærri sveitarfélögunum, hinum allra stærstu, yfir til hinna smærri þannig að í þessu felst raunveruleg jöfnun.

Hv. þm. Jón Helgason spyr mig hvort verið geti að ríkisstjórnin fari fram með svo miklum ólögum að hún vilji ekki koma til móts líka við einstaka bændur í dreifbýlinu. Ég skildi mál hv. þm. þannig. Því er til að svara að hér er einungis um að ræða stuðning við fráveitur sveitarfélaga. Ég tel ekki og ég viðurkenni það alveg fúslega, að sú var hugsunin sem sagt og þetta er kannski skýrt betur í 3. gr. Hv. þm. varpar því fram hvort hugsanlegt sé að hér sé brotin jafnræðisregla. Það er auðvitað nauðsynlegt að hv. umhvn. skoði það vel, ég tel að það sé rétt. En eins og þetta mál er hugsað þá er hér fyrst og fremst um að ræða safnkerfi stærri fráveitna í sveitarfélögum. En þarna er mál sem er sjálfsagt að skoða betur.

Ég vek eftirtekt á því að hér hefur hver þingmaðurinn á fætur öðrum vakið máls og eftirtekt á þeim mikla vanda sem blasir við í mengunarvörnum sveitarfélaga og það er óhætt að segja að stærsta umhverfisvandamálið sem við Íslendingar stöndum frammi fyrir í dag eru fráveitumálin. Þau eru óvíða í góðu horfi. Þau eru víða illa stödd og sums staðar í algerum ólestri. Þess vegna er óhætt að segja að með þessu tímamótafrv. er verið að aðstoða sveitarfélögin til þess að ráðast til atlögu við þennan vanda. Ég tel að það sé algerlega óhjákvæmilegt að gera það með þessum hætti og vek reyndar eftirtekt á því að flestir þeir þingmenn sem hér hafa rætt hafa, þrátt fyrir ýmsa agnúa sem þeir kunna að sjá á þessu máli, fallist á það að hér er komið til móts við sveitarfélögin.

[01:12]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er augljóst mál að ríkisstjórnin, sem í upphafi kjörtímabilsins fór fram með yfirlýsingu í þessum efnum, hefur ekki fyrr en núna á síðustu dögum síðasta þings fyrir kosningar komið fram máli til að efna þau fyrirheit og það mál er óvenju slaklegt, svo ekki sé meira sagt, og ætti reyndar að heita frv. til laga um stuðning sveitarfélaga við ríkissjóð. Það er önnur saga og ég veit að hæstv. fjmrh. mótmælir því

ekki að auðvitað er markmiðið að skattleggja sveitarfélögin. Það er ekkert annað sem vakir fyrir hæstv. ríkisstjórninni en að hirða tekjur af sveitarfélögunum í þessu efni, sem er auðvitað fullkomlega óeðlilegt. En það er önnur saga.

Ég vil svo sem ekkert frekar skattyrðast við hæstv. umhvrh. eða eiga orðastað við hann og deila um hin beinu áhrif af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Það liggur allt fyrir skjalfest og óþarfi að vera að skiptast frekar á orðum um það efni, en vil þess í stað spyrja eftir nánari útskýringum á 2. mgr. 4. gr. þar sem er um jöfnunarákvæði að ræða. Ég spyr hvort hámarkið um 20% af heildarkostnaði í 1. mgr. greinarinnar eigi þá við um þetta jöfnunarákvæði líka þannig að sveitarfélag geti aldrei fengið hærra en 20% af kostnaði endurgreiddan. Ef þetta hámark á við líka í síðari málsgrein þá er í raun um að ræða að jöfnunarframlagið geti að hámarki orðið sú fjárhæð sem nemur virðisaukaskattinum af framkvæmdinni og það er ekki ýkjamikill styrkur af hálfu ríkisvaldsins.

[01:14]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þessu er fljótsvarað. Jöfnunarákvæðið gerir ráð fyrir því að þetta hlutfall geti hækkað.

[01:14]

Jón Helgason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir með hæstv. umhvrh. að hér er um tímamótafrv. að ræða ef það er svo að það á að mismuna íbúum innan sveitarfélags eftir því hvort þeir búa í þéttbýli eða dreifbýli og ef sem sagt sumir íbúar sveitarfélagsins eiga að greiða virðisaukaskatt af þessu og greiða miklu hærri upphæðir en það verður greitt niður fyrir aðra.

Ég vil láta í ljós ánægju mína yfir því að hæstv. umhvrh. telur það eðlilegt að þetta atriði verði skoðað í nefnd og ég vonast til að í því felist það að á frv. verði gerð breyting til þess að draga úr þessum ójöfnuði.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Um fundarstjórn.

Framhald þingfundar.

[01:17]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég vil leyfa mér að spyrja hvað standi til að funda lengi. Eins og kunnugt er er fram undan kvöldfundur annað kvöld og sjónvarpsútsending, eldhúsdagur, og samkvæmt löngum hefðum hafa menn yfirleitt hlíft við fundahöldum kvöldið áður og alla vega daginn sem slík umræða fer fram. Nú skilst mér að ekki eigi að halda þá hefð í heiðri heldur eigi jafnframt að vera fundur um tíma á morgun. Ég hafði því látið mér detta í hug að hæstv. forseti léti nægja að taka fyrir þau mál sem búið er að afgreiða eða hafa fengið umfjöllun í dag og í kvöld og í nótt og vil þess vegna spyrja hæstv. forseta hvað mikið sé fram undan í frekara fundarhaldi eða hvort nóg sé komið og við megum búast við því að fara að ljúka fundi.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Það fer mikið eftir því hve umræðan verður mikil hversu lengi verður haldið áfram en það mun hafa orðið um það samkomulag á meðal formanna þingflokka að tvö mál verði tekin á dagskrá í viðbót í kvöld og eru það 33. og 34. dagskrármál.

[01:18]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson):

Virðulegi forseti. Nú líður senn að lokum þessa þings og fjöldamörgum málum er ólokið. Ég held að það sé nauðsynlegt að menn notfæri sér nóttina og ég verð satt að segja að lýsa undrun minni á því þegar fullfrískir karlmenn eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon eru farnir að kvarta undan svefnleysi. Ef það hrjáir hann svo illilega að hann á erfitt um mál þá bendi ég honum á það að hér eru sófar frammi þar sem hann getur lagt sig. Að öðru leyti hvet ég hann eindregið til þess að stytta mál sitt og greiða þannig fyrir þingstörfum.

[01:19]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég gef mér það að hæstv. umhvrh. hafi verið að greiða sérstaklega fyrir þingstörfum með þessari snjöllu ræðu sem hann flutti áðan. Það er ekki svefnleysið aðallega sem hrjáir ræðumann, satt best að segja, og telst ekki til tíðinda þó að forsetar séu spurðir um fundarhaldið þegar kominn er þessi tími sólarhrings. Það sem ég vildi einfaldlega taka hér upp, hæstv. forseti, er að það hefur ekki verið venjan að láta standa hér linnulausa fundi og nefndarfundi nánast allan sólarhringinn í aðdraganda eldhúsumræðu. Lengst af var það hefð og ófrávíkjanleg venja að hvorki voru þingfundir né nefndarfundir þann dag.

Nú stendur þannig á að á morgun eru bæði boðaðir nefndafundir og síðan þingfundur kl. 10.30. Við erum búnir að vera á stanslausum fundum frá því í morgun, þar á meðal ræðumaður. Ég er einn af ræðumönnum í eldhúsdagsumræðum annað kvöld og var að hugsa til þess hvort ekki væri ætlunin að veita einhverja lágmarkshvíld og einhvern undirbúningstíma fyrir þá umræðu og hafði þess vegna í huga að fara í rólegheitum fram á það við forseta hvort ekki væri orðið ágætis dagsverki lokið. Mér sýnist að við séum búin að fara í gegnum ein 30 mál og koma flestum þeirra frá með atkvæðagreiðslum eða umræðum og hafði látið mér detta í hug að það sem eftir væri mætti bíða morguns.

En það er kannski efni þessara frumvarpa sem gerir hæstv. umhvrh. svona ákafan að í þeim er eitthvað verið að fjalla um brennivín og hæstv. ráðherra kemur upp af þessum fítonskrafti og krefst þess að málin verði rædd í nótt og menn eigi að leggja á sig miklar vökur og stórar til þess að koma þessu áfram. Ég held að það eigi ekkert að ráðast af því hvort menn eru hlynntir efni viðkomandi frumvarpa og þó að 33. mál fjalli um verslun ríkisins með áfengi og tóbak, þar á

meðal væntanlega fínkorna neftóbak, og lyf þá sé ég ekki að það eigi að fá neitt öðruvísi meðhöndlun en önnur mál.

Verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf, frh. 1. umr.

Stjfrv., 255. mál (innflutningur áfengis). — Þskj. 298.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Gjald af áfengi, 1. umr.

Stjfrv., 256. mál. — Þskj. 299.

[01:22]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Það mál sem hér er til umræðu er annað mál af þremur sem eiga samleið og hugsanlega hefði verið heppilegra eftir á að hyggja að þau hefðu verið flutt í nokkurs konar bandormi því að í ljós hefur komið að beðið var um tvöfaldan ræðutíma í stað þess að ræða þau kannski öll í sömu umræðunni sem hefði greinilega flýtt fyrir.

Ég ætla ekki að fjalla um það hvernig gengið hefur að koma þessu máli á dagskrá en minni á að þessi mál voru á dagskrá snemma í desember sl. og þá var rætt um að reyna að koma þeim til nefndar fyrir jól. Þau hafa verið tvívegis áður á dagskrá funda eftir áramótin í febrúar, þessum mánuði, en ekki fengist rædd af ástæðum sem óþarfi er að nefna. Þess vegna vil ég láta það koma fram að það er brýnt að málin fái efnislega umfjöllun í nefnd þannig að nefndin geti áttað sig á því rækilega með viðtölum við aðila utan þingsins af hverju brýn nauðsyn er að taka á efnisatriðum frv.

Ég vil taka það afar skýrt fram að gefnu tilefni að í þessum frv., sem fjalla um það að hverfa frá einkainnflutningi á áfengi hjá Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, er ekki verið að breyta grundvallaratriðum í stefnu íslenskra stjórnvalda varðandi áfengi. Það má reikna með því að áfengisverð verði um það bil það sama eftir breytinguna sem fyrir. Smásalan verður í höndum nákvæmlega sömu aðila og áður en breytingin felst í því að innflutningsaðilar verða fleiri en ÁTVR.

Í dag er þannig staðið að framkvæmd þessara mála að hægt er að panta inn áfengi samkvæmt ýmsum sérlistum, en Íslendingar hafa skuldbindið sig í samskiptum, viðskiptasamningum, við aðrar þjóðir að gera ekki mun á innflytjendum og framleiðendum og virða jafnræðisregluna. Það er nánast útilokað að ÁTVR geti sinnt þessu hlutverki og þess vegna þarf að opna innflutninginn fyrir fleiri aðilum. Það þýðir að leggja verður gjald á áfengi strax við innflutning eða strax eftir framleiðslu eins og gert er ráð fyrir í því frv. sem hér er til umræðu. Breytingin er í því fólgin að í stað þess að um sé að ræða álagningu hjá Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins verður um að ræða gjald á áfengi sem kemur í staðinn en verður tekið við innflutning eða strax og framleiðsla er seld frá íslenskum framleiðanda. Breytingin er nauðsynleg því að við áætlum að sjálfsögðu að ÁTVR stundi áfram smásöluna. Það er ekki gert ráð fyrir öðru í þessum frumvörpum og þá yrði eðlileg álagning ÁTVR að standa undir rekstri þess fyrirtækis.

Þess ber að geta, virðulegur forseti, að þetta mál hefur kannski meiri áhrif nú en séð var fyrir þegar það var lagt fram samkvæmt stefnu ríkisstjórnarinar í haust af tveimur ástæðum. Önnur ástæðan, sem ég mun víkja að síðar, er sú að þær þjóðir sem voru með Íslendingum í Evrópska efnahagssvæðinu hafa allar ákveðið að breyta innflutningsstefnu sinni hvað þetta varðar, þ.e. að hverfa frá einokun. Síðast í þessum mánuði lýsti norska ríkisstjórnin því yfir að hún mundi gera slíkt. Þetta nefni ég hér vegna þess að fyrr í umræðum um það mál sem var á dagskrá á undan þessu var því haldið fram að norska ríkisstjórnin hefði ekki tekið þessa ákvörðun. Að þessu máli mun ég víkja örstutt síðar.

Hitt málið, sem er nýtt af nálinni, er að verði þetta frv. ekki að lögum, en hugmyndin í upphafi var að lagafrumvörpin tækju gildi sem lög 1. jan. sl., þá kann það að leiða til þess að íslensk fyrirtæki sem framleiða bjór til að mynda standi, a.m.k. að áliti þeirra, verr að vígi en þau sem stunda innflutning vegna þess að ákveðið hefur verið og óumflýjanlegt er að hætta verndartollum á innfluttum bjór 1. júlí nk. Reyndar var það svo þegar ákveðið var að leyfa bjórsölu og bjórneyslu hér á landi að verndartollurinn var ákveðinn í þrjú ár en hefur nú staðið í helmingi lengri tíma. Hann er nú 35% ef ég man rétt, en var í upphafi 72%. Þetta rekur á eftir því að málið fái efnislega afgreiðslu á yfirstandandi þingi og ég rifja það upp að hinn 8. des. sl. var einmitt rætt um það að þessi mál kæmust til nefndar fyrir jól. Jólin eru liðin hafi menn ekki tekið eftir því.

Þegar Íslendingar tóku þátt í því að mynda Evrópska efnahagssvæðið ásamt flestum öðrum EFTA-þjóðum á sínum tíma gerðu þeir ásamt þremur öðrum Norðurlandaþjóðum yfirlýsingu sem fylgdi samningnum um það að áfengiseinkasala þessara landa væri hluti af heilbrigðis- og félagsmálastefnu ríkjanna. Þetta var ekki beinn fyrirvari við samningin heldur yfirlýsing af hálfu þessara þjóða og hafði þess vegna ekki réttaráhrif á samningsaðila. Fljótlega kom í ljós að Eftirlitsstofnun EFTA taldi útilokað að fylgja eftir Evrópska efnahagssamningnum ef ekki yrði breyting á hjá þessum þjóðum. Svíar viðurkenndu þetta fyrstir og breyttu sínum lögum snemma á sl. ári. Finnar voru dæmdir eða úrskurður gekk hjá dómstólnum í desember og nú í þessum mánuði hafa Norðmenn lýst því yfir að þeir muni gera breytingar hjá sér.

Þetta nefni ég hér því að það hefur þá bæst við fyrri röksemdir að það er greinilegt að sú framkvæmd sem

hér tíðkast brýtur í bága við alþjóðasamninga sem Íslendingar hafa skrifað undir. Ég vil þó láta það koma sérstaklega fram af þessu tilefni að frv. var í upphafi ekki flutt af þeirri ástæðu heldur af hinni að við töldum að hér væri um skynsamlega breytingu að ræða og sem væri hagkvæmari fyrir íslenska ríkið sem í dag þarf að sitja uppi með á sinn kostnað allt birgðahald í þessum efnum.

Það sama gildir reyndar um tóbak en eins og menn vita hefur mér gengið illa að koma því frv. fram og nú í vetur tókst ekki einu sinni að leggja það fram sem stjfrv. Það er önnur saga.

Það eru sem sagt þrjár meginástæður fyrir því að gera þessar breytingar. Það er í fyrsta lagi vegna þess að bjórframleiðendur hér á landi þurfa á því að halda að breytingar verði gerðar til þess að þeir standi, að sínu áliti, jafnfætis innflytjendum. Ég legg ekki dóm á réttmæti þess en ég tel að þeir gætu haft eitthvað til síns máls. Í öðru lagi eru það athugasemdir Eftirlitsstofnunar EFTA og í þriðja lagi er þetta skynsamleg breyting til þess að hægt sé að standa á jafnræðisreglunni sem býr að baki samningsins um Evrópska efnahagssvæðið og er reyndar grundvöllur samningsins í þessum efnum sem öðrum.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um frv. Það skýrir sig alveg sjálft. Það má benda á það sem kemur fram í athugasemdum með því. Þar er sagt frá því að meðalverð áfengis muni ekki breytast. Í athugasemdum frá fjárlagaskrifstofu fjmrn. er bent á að þótt tekjutap ríkissjóðs nemi 50 millj. af sjálfu gjaldinu þá muni það vinnast upp og sjálfsagt gott betur þegar rætt er um tekjurnar í heild því að þeir aðilar sem flytja inn munu að sjálfsögðu þurfa að borga skatta af sinni starfsemi sem tekur að nokkru leyti við af þeirri starfsemi sem ríkið hefur haft með höndum hingað til. Þannig er séð fyrir því að ríkið fái það sem því ber í þessum efnum.

Ég vil eindregið fara fram á það við hið háa Alþingi að þessi mál geti farið til nefndar og fengið þar efnislega umfjöllun. Það yrði síðan að sjálfsögðu á valdi nefndarinnar að ákveða framhaldið en ég tel a.m.k. ekki boðlegt á hinu háa Alþingi að þetta mál og þessi mál stöðvist. Ég get að sjálfsögðu skilið að það er ekki hægt að koma þriðja málinu fram núna þar sem hæstv. dómsmrh. er ekki viðstaddur af ástæðum sem kunnar eru en eftir sem áður getur efh.- og viðskn. þingsins látið kanna þessi mál og þá kannað réttmæti þess sem ég hef sagt í ræðustólnum.

Það er eðlilegt að stjórnmálaflokkar beri ímyndaðan hag einstakra starfsmanna fyrirtækja fyrir brjósti. Það er ekkert við því að segja. En ég minni á að það hverfa engin störf við það sem hér er verið að leggja til. Meginþunginn hjá Áfengis- og tóbaksversluninni liggur í smásölunni og má búast við því að þeir sem stunda innflutning mundu þá geta notað þá menn og ef af því yrði, sem ég sé ekki, að pláss væri ekki fyrir þá hjá ÁTVR, þá munu myndast ný störf annars staðar.

Ég vil undirstrika að það er ekki verið að lækka verð á áfengi þótt það sé vissulega spurning hvort íslenska ríkið ætti ekki aðeins að athuga þau mál, ekki síst í ljósi þeirrar umræðu sem fram hefur farið í nágrannalöndunum þar sem margt bendir til þess að aukning á bruggi eigi sér m.a. rætur í því að áfengisverðpólitíkin hafi verið röng. Þegar kemur að því er það skárri kostur að ungt fólk, jafnvel unglingar, séu að drekka þær veigar sem menn vita hverjar eru og fást í þessum búðum, þó að það sé ekki til fyrirmyndar, fremur en beinlínis sé af verðpólitískum ástæðum verið að eltast við þá glæpamenn, ég kalla þá glæpamenn, sem eru að brugga áfengi og selja börnum í framhaldsskólum. Og af því að ég veit að sumir riddarar bindindis sem eiga sæti á Alþingi hafa látið þessi mál nokkuð til sín taka og flutt um það langar ræður og lærðar, sérstaklega í fyrra málinu, vil ég eindregið fara fram á það við þá að skoða málið í því ljósi sem ég hef verið að lýsa hérna en láta ekki blekkjast af því að halda, eins og sumir hafa haldið fram, að fjmrh. sé beinlínis að stuðla að því að ungt fólk drekki meira og það sé verið að gerbreyta áfengispólitíkinni. Slík rök eru reyndar höfundum sínum til skammar og ég verð að segja alveg eins og er að ég undrast stundum að menn skuli vera á opinberum styrkjum við að senda frá sér slíkar ályktanir. Maður hlýtur að spyrja sig: Er það virkilega svo að peningunum sé rétt varið með þessum hætti ef menn vilja raunverulega koma í veg fyrir það að ungt fólk sé að drekka áfengi í hófi hér á landi? Ég spyr sjálfan mig stundum að því en ætla ekki hér og nú að fella neina dóma.

Auðvitað verða menn að fá að ræða þessi mál, ég skil það, en ég hvet til þess að málin fái afgreiðslu og gangi til nefndar og af því að ég sé hv. 2. þm. Sunnl. þá vil ég rifja það upp með honum, þeim ágæta þingmanni, að hann á sæti í allshn. þingsins og þangað mun eitt frv. fara ef og þegar mælt verður fyrir því og það kemst í gegnum 1. umr. og auðvitað geta þessi tvö frumvörp ekki staðið sjálfstætt þannig að hann hefur alla kosti á því í sinni þingnefnd að koma öllum sínum sjónarmiðum að og gera allar sínar rannsóknir. Ég bið hann hér vegna þess að fáeinir dagar lifa til þingloka að leyfa þó þessum málum að komast til efh.- og viðskn. þar sem menn munu skoða þau til hlítar.

Ég veit, virðulegi forseti, að það höfðar kannski meira til tilfinninga en til beinna raka en ég vona að menn skilji í hvaða stöðu sá er sem hér stendur ef það vitnast að á Alþingi Íslendinga geti ríkisstjórn ekki komið málum til nefndar þótt reynt sé í 2–3 mánuði. Ég verð að viðurkenna að ég á stundum erfitt með að skýra það út fyrir útlendingum þegar við skrifum undir viðskiptasamninga að ekki sé hægt að koma málum til nefnda. Ég get sagt það hér að útlendingar sem maður talar við og eiga að hafa eftirlit með þessum viðskiptaháttum trúa því ekki. Þeir trúa ekki öðru en því að sá sem hér stendur sé að hæðast að þeim og hafi engan vilja til þess að koma málunum fram. Það er alvarlegur hlutur því það er ekkert alvarlegra fyrir ríki sem þykist vera lýðræðisríki en hægt sé að halda því fram að ekki sé hægt að koma málum einu sinni til skoðunar í nefndum því að það er mjög alvarlegt ef málfrelsi á slíkum þingum er misnotað.

[01:38]

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég gleðst yfir því að hæstv. fjmrh. skuli nú vera farinn að bera það fyrir brjósti að mál komist til nefndar. Öðruvísi mér áður brá fyrir örstuttu síðan þegar ríkisstjórnarflokkarnir gerðu allt sem í þeirra valdi stóð til þess að mál fengju ekki lýðræðislega umfjöllun og kæmust ekki til nefndar.

[01:39]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég kannast ekki við það að í því máli sem hv. þm. á örugglega við, sem er mál sem fjallar um rannsóknaraðila og störf eins ákveðins ráðherra, hafi verið tafið þannig við 1. umr. að ekki væri einu sinni hægt að greiða atkvæði um málið. Þessi mál eru að því leytinu til ólík að það mál fór þó í atkvæðagreiðslu um það hvort um framhald yrði að ræða. Það mál sem hér er hins vegar verið að tala um og það mál sem er fyrr á dagskránni eru mál sem hafa legið á dagskrá þingsins frá því í nóvember. Núna í lok þingsins er verið að reyna að koma þeim til atkvæðagreiðslu, ekki einu sinni í kvöld, jafnvel ekki á morgun heldur kannski ekki fyrr en á fimmtudaginn. Sá er a.m.k. munurinn á að þar var hægt að knýja fram afstöðu til málsins en það hefur ekki enn þá tekist í þessu máli.

[01:40]

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hygg að hæstv. fjmrh. geri sér grein fyrir því að málin eru jafnsíður komin til nefndar hvort sem það hefði verið samþykkt að mál fengju ekki að fara til nefndar, sem var sem betur fer ekki gert, fellt að það færi til nefndar og það komist ekki til nefndar vegna þess að umræða hafi dregist. Ég man ekki eftir að þessi mál hafi verið svo ýkja mikið á dagskrá og ég held að hæstv. fjmrh. verði bara að skeyta skapi sínu á forsetum sem ekki hafa tekið þetta mál á dagskrá.

[01:40]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. fjmrh. flutti afar sérkennilega ræðu, svo ekki sé meira sagt, og kenndi í henni ýmissa grasa. Mér fundust til að mynda mjög merkileg ummæli hans sem nánast hljómuðu eins og hótanir í mínum eyrum þegar hann var að fjalla um að það væri sérkennilegt að menn á opinberum styrkjum væru við það að framleiða áróður eða efni af tilteknu tagi og demba yfir þingmenn. Það var varla hægt að skilja hæstv. ráðherra öðruvísi en hann teldi ekkert annað við þetta lið að gera en taka af því styrkina, þeir gætu þá a.m.k. fjármagnað það sjálfir að demba svona efni yfir menn. Ég verð að segja alveg eins og er að það er langt síðan ég hef heyrt svona tekið til orða af hálfu eins hæstv. ráðherra um opinbert ráð sem starfar samkvæmt lögum því ætli ekki sé óhætt að tala hér mannamál, hæstv. fjmrh. er væntanlega að tala um áfengisvarnaráð. Þetta var nokkuð sérkennileg kveðja af því að ég veit ekki til þess án þess að það sé mitt hlutskipti að forsvara þá menn hér annað en þeir telji sig vera að gera skyldur sínar og rækja trúnað við það verkefni sem þeim ber að gera samkvæmt lögum.

Í öðru lagi var hæstv. ráðherra eiginlega að biðjast vorkunnar vegna þess að hann ætti svo bágt vegna þess að útlendingar skildu ekki þegar hann væri að segja þeim að hann kæmist ekkert áfram með mál sín á þingi. Hæstv. ráðherra verður bara að horfast í augu við það að ekki er hægt að sjá að hér hafi verið lögð nein sérstök áhersla á þessi mál af þeim sem hafa stjórnað þinginu og það er auðvitað forusta ríkisstjórnarliðsins í þinginu sem ber þar aðalábyrgð á, formenn þingflokka stjórnarliðsins og hæstv. forseti. Staðreyndin er ósköp einfaldlega sú að það er búið að taka fáeina klukkutíma í þessi mál. Þó að það sé út af fyrir sig rétt hjá hæstv. ráðherra að þau hafi verið komin fram fyrir jólaleyfi þá liggur þetta svona. Það þýðir ekkert að nöldra eða skammast út í aðra hér, áfengisvarnaráð eða aðra og enn síður held ég að menn glúpni fyrir því að hæstv. ráðherra eigi svo bágt í útlöndum vegna þess að honum gangi illa að útskýra það fyrir útlendingum að hann komist ekkert áfram með sín mál.

[01:43]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þegar ég nefndi útlendinga í þessu máli þá er það vegna þess að það stendur þannig á að Íslendingar hafa gert samninga við aðrar þjóðir. Þeir samningar eru um tiltekin efni og okkur ber að fara að þeim samningum. Við höfum sjálfir valið að hafa þann háttinn á að kveðja til aðila sem eiga að fylgjast með því hvort samningar eru haldnir og ég verð að segja alveg eins og er að það hefur gengið erfiðlega að skýra það út hvernig á því standi að ekki sé hægt að koma málum til nefnda á þjóðþingi Íslendinga þegar milljónaþjóðirnar, jafnvel þær þjóðir þar sem eru hundruð milljóna þegna, geta rennt í gegn stórmálum á miklu skemmri tíma.

Ástæðan er þessi, virðulegi forseti. Það hagar þannig til að þetta eru þrjú mál. Í raun og veru hefði verið hægt að flytja um þau bandorm sem ég tel þó vera heldur lakara þegar um slík mál er að ræða. En það er beðið um tvöfaldan ræðutíma í þessum málum. Ef menn nota ræðutímann út í ystu æsar þá getur hver maður talað í þrjá klukkutíma um þessi mál sem eru öll sama málið og ekki flókin mál, þrjá klukkutíma hver þingmaður til þess að gera grein fyrir frumsjónarmiðum sínum í upphafi. Það sem er kannski einkennilegast af öllu saman er að þetta er niðurstaðan þrátt fyrir að ætlun löggjafans hafi verið á sínum tíma þegar tímatakmörkin voru sett að koma í veg fyrir það sem var þjóðaríþrótt þingmanna hér áður, þ.e. það sem á útlensku heitir filibuster eða maraþonumræður til að koma í veg fyrir að mál mjökuðust áfram og meiri hlutinn næði sínum málum fram.

Það var þetta sem ég var að segja að væri alvarlegt. Þetta er kannski í lagi í sumum málum þar sem við eigum við okkur sjálfa að sakast en þegar um er að ræða samninga við aðrar þjóðir þá er mjög erfitt að skýra þetta fyrir útlendingum. Það átti ég við. Í því

fólust engar hótanir heldur var ég að lýsa mínum sjónarmiðum.

[01:45]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er þannig með þennan samning sem er verið að vitna í, EES-samninginn, að þegar hann var gerður þá gáfu Íslendingar eins og aðrar Norðurlandaþjóðir út yfirlýsingu um að þeir ætluðu að viðhalda sínu fyrirkomulagi í þessum efnum og sú yfirlýsing var rökstudd með því að þetta væri hluti af heilbrigðisstefnu viðkomandi landa.

Þegar samningurinn var til umfjöllunar á Alþingi var einmitt sagt: Það þarf ekki að hafa áhyggjur af þessu vegna þess að þetta er í lagi. Við getum áfram haldið því fyrirkomulagi sem við höfum valið í þessum málum því að við erum með yfirlýsingu um það í samningnum. Nú hins vegar ætla menn allt í einu að gefast upp og láta ekkert á það reyna hvaða hald er í þessum fyrirvara. Eða reyna að taka málið upp með samningum og fá undanþágu fyrir því að við fáum að halda þessu fyrirkomulagi. Ég segi alveg eins og er að ég hef ósköp litla samúð með hæstv. fjmrh. í þessu máli vegna þess að það er alveg borin von að samningsaðilar okkar geti ásakað okkur um að hafa komið eitthvað óhreint fram í þessu máli. Það er bara ekki þannig vegna þess að Ísland gaf sérstaka yfirlýsingu út og í Noregi, af því að vitnað var í Noreg, þá hafa einmitt mjög margir aðilar í Noregi verið óánægðir með það að Norðmenn skyldu ekki láta reyna á þetta og telja þeir hafi gefist upp fyrir fram í málinu sem þeim bar engin skylda til að gera. Það þýðir ekkert að bera þetta saman við hin Norðurlöndin sem eru komin í Evrópusambandið. Það er allt annar hlutur en að við stöndum að þessu á grundvelli þeirrar yfirlýsingar sem við sem aðilar að EES-samningnum gáfum.

Varðandi það að hæstv. ríkisstjórn valdi það ekki að flytja þetta sem bandorm þá verður hæstv. ríkisstjórn einfaldlega að gera það mál upp við sjálfa sig. Hér hefur ekkert annað gerst en að það var byrjuð ósköp eðlileg umræða um þessi mál, búin að standa í fáeinar klukkustundir. Það hefur bara ekkert reynt á málin umfram það, hæstv. fjmrh. Ég get ekki lesið annað út úr orðum hæstv. fjmrh. en dulbúnar skammir á formenn þingflokka stjórnarliðsins og forseta þingsins fyrir að hafa ekki haft málin á dagskrá.

[01:47]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil minna á það að fyrir jólin var reynt að ræða þetta mál. Það byrjaði á því að málið drukknaði í þingskapaumræðu. Sá sem hér stóð sagði: Við skulum bíða með umræðu um málið af því að það var kvartað undan því að eitt málið af þremur vantaði. Þó ekki væri nauðsynlegt að tala fyrir því við 1. umr. féllst ég á það þá að bíða með málið. Næst þegar átti að taka málið fyrir kom beiðni um það líka að klára ekki málið því ákveðnir þingmenn höfðu verið settir á mælendaskrá sem voru ekki við. Þá stóð ég aftur upp í þinginu og sagði: Við skulum þá bíða með málið í bili því ég vonast til að það náist víðtækt samkomulag um að koma því til nefndar. Síðan leið nokkur tími. Málið hefur verið aftur og aftur á dagskrá en því miður ekki komist áfram og nú er þolinmæðin þrotin.

Varðandi aðra þætti sem komu fram þá vil ég benda á að það er enginn munur gerður á því hvort þjóðirnar voru í ESB eða í EES. Svíarnir breyttu sinni afstöðu til málsins áður en áður en þeir ákváðu að ganga í ESB. Og í desember breyttu Finnarnir, ekki af eigin hvötum heldur dæmdi EFTA-dómstóllinn þá og það er þess vegna sem Norðmenn hafa núna breytt sinni afstöðu, þeir sjá að nákvæmlega sama málið er uppi á borði hjá þeim. Það er ekki hægt að deila við dómarann og við sjáum það núna, sem er nýtt í málinu og ég ræddi ítarlega áðan, að Íslendingar geta ekki vikist undan því. Þetta var ekki fyrirvari við samninginn sem var gerður, þetta var rætt á sínum tíma, reyndar af hæstv. utanrrh. og ég hygg af hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni og Steingrími J. Sigfússyni, heldur var þetta einhliða yfirlýsing sem var gefin um það að áfengisstefnan, þar á meðal einkainnflutningurinn hjá ÁTVR og sambærilegum stofnunum annars staðar, væri hluti af félags- og heilbrigðismálastefnu þessara þjóða og þær áskildu sér þess vegna allan rétt.

Nú hefur annað komið í ljós. Allar þessar þjóðir hafa horfið frá sinni stefnu nema Íslendingar sem ekki hafa gert það enn.

Útbýting þingskjala:

Framleiðsla og markaðssetning vistvænna og líffræðna afurða, 398. mál, nál. landbn., þskj. 739.

Markaðssetning rekaviðar, 53. mál, nál. landbn., þskj. 740.

[01:50]

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir það sem hv. 4. þm. Norðurl. e. sagði áðan að það var ákaflega furðuleg framsöguræða fyrir frv., sem yfirleitt eru haldnar til þess að skýra út efni þess, sem hæstv. fjmrh. flutti. Undir öðrum kringumstæðum býst ég við að sú ræða ein út af fyrir sig mundi kalla á býsna miklar umræður á Alþingi. En það er orðið áliðið nætur og ég hafði ekki hugsað mér að tala langt mál. Ég var á mælendaskrá í hinu málinu sem var afgreitt síðast og lét strika mig þar út en af orðum hæstv. ráðherra var ekki annað að skilja áðan en hann nefndi mig sérstaklega sem riddara. (**Fjmrh.:** Bindindis, það er ekki skammaryrði.) Nei, en fór síðan að tala um þá sem væru á opinberum styrkjum að tala í þessum málum. Ég veit ekki hvort ég átti þá sneið frá honum en annars var erfitt að skilja hvað hann var að fara.

Sannleikurinn í málinu er sá að það er takmarkaður ræðutími við þessa umræðu. Ég er búinn að tala einu sinni innan þeirra marka. Ég man ekki nákvæmlega hversu langt það var en yfir 40 mínútur getur það ekki verið. (**Fjmrh.:** 37 mínútur.) Ef það er svo að ég með þessari einu ræðu hef komið í veg fyrir að 1. umr. um frv. yrði lokið þá er áhrifamáttur minn mikill.

Hæstv. ráðherra var að rekja sína raunasögu áðan en ég man ekki betur en þegar síðasta mál var síðast á

dagskrá væri mér a.m.k. sagt að umræðu hefði verið frestað vegna þess að hæstv. fjmrh. hefði farið í burtu. Ég verð þá leiðréttur ef það er ekki rétt. Ég held þess vegna að það sé eiginlega sama hvernig á málflutning hæstv. ráðherra er litið, þar er sanngirninni ekki fyrir að fara.

Hæstv. fjmrh. sagði að ekki væri um grundvallarbreytingu að ræða þó að afnema ætti einkaleyfi á innflutningi áfengis. Þar er að sjálfsögðu um andstæðar skoðanir að ræða. Ég tel að þetta sé grundvallarbreyting. Eins og hér hefur komið fram áður var þetta rætt í sambandi við EES-samninginn. Þá lýstu hæstv. ráðherrar því yfir að sá samningur mundi engin áhrif hafa skipan áfengissölumála hér á landi. Nú segir hæstv. fjmrh. að það hafi ekkert verið að marka þessar yfirlýsingar þeirra, þær væru tóm vitleysa. Hverju á maður þá að trúa af yfirlýsingum hæstv. ráðherra? Ég sagði það í þeirri einu ræðu minni sem ég hef flutt um þetta mál fyrr á þinginu að ég óttaðist að ríkisstjórnin væri búin að gera þennan fyrirvara áhrifalítinn vegna þess að þá lýsti hæstv. fjmrh. því yfir að þessi breyting væri bara bisniss, þetta væri efnahagsmál en ekkert félagseða heilbrigðismál. Hann er þannig fyrir fram búinn að gera það sem hann getur til þess að gera þennan fyrirvara að engu. Þegar þannig er á málum haldið er auðvitað ekki von á góðu.

Ég mun ekki, eins og ég sagði, fara mörgum orðum um þetta mál nú. En komi það aftur til 2. umr. mun ég nota tækifærið til þess að koma að ýmsu sem mér finnst ástæða til þess að koma á framfæri, ekki síst eftir ræðu hæstv. ráðherra. En ég vildi aðeins minnast á það að á fyrsta þingi þessarar ríkisstjórnar lagði hæstv. þáv. og núv. heilbrrh. fram frv. til laga um áfengisvarnir og aðrar vímuefnavarnir. Síðan hefur það frv. ekki verið lagt fram. Hefur hæstv. ríkisstjórn komið í veg fyrir það að hæstv. heilbrrh. hafi getað lagt það frv. fram? Hefur hæstv. ríkisstjórn farið eins illa með hæstv. heilbrrh. og hæstv. fjmrh. var að lýsa áðan að við hv. alþm. hefðum farið með hann í þessu máli og bannað honum að flytja þetta frv. aftur eða hvernig stendur á að það hefur ekki séð dagsins ljós aftur á þinginu?

Það er margt fróðlegt og athyglisvert í þessu frv. og þar stendur m.a., með leyfi hæstv. forseta:

„Nefndin sem samdi það frv. lagði áherslu á ýmis atriði. Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins verði skipuð sérstök stjórn, fortakslaust auglýsingabann á áfengi og merkingar á umbúðir áfengis með hliðsjón af skaðsemi varnings."

En ég ætla aðeins að lokum að víkja að einu atriði. Í sambandi við þáltill. sem ég flutti vitnaði ég í eina setningu í greinargerð þessa frv. þar sem segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Frá áramótum 1990–1991 hefur verið bannað að selja áfengi við þjóðvegi í Frakklandi og skýtur þar skökku við þegar hér á landi hefur á sama tíma verið leyfð slík sala."

Hv. 5. þm. Reykv. tók þetta ákaflega óstinnt upp að ég skyldi vitna í þingskjal hæstv. ríkisstjórnar og sagði að það sem í því stæði væri tóm vitleysa.

Ég vil svo að lokum víkja að öðru atriði. Hæstv. fjmrh. gaf það í skyn að viðhorf mitt til þessa máls væri eingöngu að bera hag einhverra starfsmanna fyrir brjósti. Nú vil ég ekki gera lítið úr hag starfsmanna þar sem þeir vinna. En ég minnist þess ekki að ég hafi fjallað mikið um þá hlið málsins í minni ræðu enda er mér annað miklu ofar í huga og það eru örlög þeirra mörgu sem lenda í hinum gífurlegu erfiðleikum, slysum og margs konar þrenginum af völdum áfengisneyslunnar. Ekki síst ætti það að vera öllum í fersku minni nú þessa síðustu daga þegar ekki linnir ofbeldi og árásum vegna neyslu áfengis. Og að hæstv. ríkisstjórn skuli þá leggja gífurlegt kapp á að koma þessu máli áfram, breytingu sem allir sem vilja horfa á málið af sanngirni viðurkenna að muni leiða til aukins þrýstings á neyslu eftir því sem þeim fjölgar sem um söluna annast. Það hefur t.d. verið undirstrikað mjög í sambandi við tóbaksvarnir. Ræða hæstv. fjmrh., hvaða orð sem hann hefur um mig og þá sem eru sömu skoðunar og ég, mun þess vegna ekki hafa áhrif á mitt viðhorf.

[02:00]

Ingi Björn Albertsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Jón Helgason fjallaði lítillega um sína fyrri ræðu um þennan málaflokk og kom inn á það sem hann sagði m.a. sem rökstuðning fyrir máli sínu að í Frakklandi væri ekki selt fengi við þjóðvegi landsins og kom inn á það að ég hefði tekið þetta afar óstinnt upp. Ég vil leiðrétta hv. þm. að því leytinu til að ég tók það ekki óstinnt upp. Ég taldi mér hins vegar skylt að leiðrétta það sem hv. þm. sagði um þetta efni þar sem ég vissi betur og ég vissi að það var rangt.

Nú vill svo til að ég er nýkominn úr ferð á þessum slóðum og get staðfest það að ekkert hefur breyst frá því að ég var þar í næstsíðasta skipti og það er enn rétt. Hvort sem hv. þm. fékk þessar upplýsingar úr skjali ríkisstjórnarinnar eða ekki skiptir engu máli. Þessi staðhæfing var röng og ber ekki að nota hana sem rökstuðning í þessu máli.

[02:02]

Jón Helgason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég las þessa setningu upp úr þskj. 804, frv. til laga um áfengisvarnir og aðrar vímuefnavarnir lagt fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991–1992 af hæstv. heilbr.- og trmrh. Ég hef hingað til freistast til þess að telja að óhætt væri að vitna í slík gögn.

[02:02]

Ingi Björn Albertsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég skil hv. þm. mætavel að það sé auðvelt að falla í þá freistni að trúa rituðu máli og ekki síst á þingskjölum frá ríkisstjórninni. Þess vegna taldi ég mér skylt að koma upp og leiðrétta það sem þar kom fram. Það er ekki rétt og ég vona að það hafi þá komist vel til skila.

[02:03]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er örstutt og kannski ástæðu-

laust en hafi það ekki komið nægilega skýrt fram í mínu máli þá er mér skylt að láta það gerast nú að ég var ekki að saka eða bera á hv. 2. þm. Suðurl. að hann væri sérstaklega að sinna að starfsmönnum ÁTVR og er ekkert að segja heldur að það sé rangt að það sé gert. Ég tel þvert á móti að hans málflutningur byggist á misskilningi, þeim misskilningi sem kemur fram hjá ýmsum bindindismönnum að þetta frv. hafi einhver skaðvænleg áhrif því að mér er fullkunnugt um hans málflutning.

Það er hins vegar ekki hægt að segja það sama um suma aðra og sem hafa tekið til máls í þessum umræðum sem beinlínis fóru í ræðustólinn, bæði í þingskapaumræðum og eins báðu um orðið vegna bréfa sem þeir höfðu fengið frá starfsmönnum ÁTVR. Ég vil því nota þetta tækifæri sem ég hef til andsvara til að láta þessa leiðréttingu koma fram og í því á ekki að felast að það sé rangt að bera hag starfsmanna fyrir brjósti. Á það get ég auðvitað ekki fallist. Það er sjálfsögð röksemd út af fyrir sig og ég vil eingöngu að þetta komi fram og eins hitt að ég hef fullan skilning á því að hv. þm. þurfi að koma sínum sjónarmiðum fram en mín athugasemd beindist að því að mér fyndist kannski fullmikill tími fara í þetta allt saman.

[02:05]

Jón Helgason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég sagði hversu langan tíma ég væri búinn að tala í þessu máli og ég held að það hafi verið 10 mínútur sem ég talaði nú við þessa umræðu og þarf ekki að hafa fleiri orð um það.

En ég held mig við minn misskilning sem hæstv. ráðherra telur að það sé að hafa áhyggjur af afleiðingum áfengisneyslunnar og að hafa þá skoðun að aukinn fjöldi þeirra sem hefur verslun á hendi og reynir að sjálfsögðu eins og hann getur að koma út sinni vöru muni auka þrýsting og auka neyslu.

[02:06]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vegna síðustu orða hv. þm. vil ég taka fram að það er misskilningur að það myndist nýr áhugi hjá einhverjum nýjum söluaðilum til þess að vekja athygli á sinni vöru umfram það sem nú er einfaldlega vegna þess að það er umboðsmannakerfi hjá ÁTVR. Þó að ÁTVR hafi einkaleyfi á innflutningi á þessari vörutegund sem áfengi er þá eru umboðsmenn fyrir mismunandi merki og þeir innan löglegra marka, stundum sjálfsagt ólöglegra, reyna auðvitað að láta bera á sínum vörumerkjum þannig að sú hætta sem hv. þm. er að tala um er fyrir hendi í dag og hún mun ekkert breytast. Það eina sem breytist er að menn geta flutt inn sjálfir og borgað gjöldin sjálfir við innflutninginn en í dag þurfa þeir sem flytja inn í gegnum ÁTVR að sérpanta þetta en umboðsmennirnir eru til staðar í dag og munu vera til staðar áfram. Það er engin breyting í þeim efnum.

[02:07]

Jón Helgason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Nú er ég algerlega hættur að skilja hæstv. fjmrh. Ég verð að viðurkenna það. Rökin fyrir frv. voru m.a. þau að hér hefðu ekki allir jafnan aðgang að markaði. Það þyrfti að gefa öllum kost á að geta flutt áfengi til landsins og selt það hér en það væri takmarkað sem kæmist að hjá Áfengisversluninni. Heldur hæstv. ráðherra ekki að þeir sem telja sig núna ekki koma vörunni á markað muni leita til umboðsmanna og reyna að koma henni inn? Mun það ekki verða hægara fyrir fleiri að afla sér nýrra umboða og reyna að selja þegar hægt er síðan að geyma birgðirnar í tollvörugeymslu og þurfa ekki að bera af því mikinn kostnað? Mér sýnist að rökin sem hæstv. fjmrh. færir hér fram rekist hvert á annars horn.

[02:08]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Aðeins fáein orð um þetta frv. til laga um gjald af áfengi. Það er hluti af áfengismálastefnu hæstv. ríkisstjórnar sem hefur birst öðru hvoru í þinginu á kjörtímabilinu. Ég ætla ekki að fara að tíunda þau mál svo sem meira en það hefur lítið gengið hjá hæstv. fjmrh. að framfylgja þessari stefnu eða fá lög sett og hann kvartaði reyndar undan því í kvöld að það séu fyrirstöður og ég er ekkert hissa á því.

Ég verð að segja alveg eins og er að mér finnst það einum of snemmt að gefast upp með þessi mál. Það var ekki þannig sem menn töluðu þegar var verið að tala um EES-samninginn. Þá var talað um þennan fyrirvara sem settur var eins og hann ætti að verða rökstuðningur og styrking á málstað Íslendinga ef til dómstólameðferðar kæmi vegna kæru af þessu tagi sem hefur verið nefnd í umræðunni. Ég held að það sé engin ástæða til þess að hvika frá hugmyndum um áfengisstefnu fyrr en á það hefur reynt til fullnustu.

Mér finnst þessi frumvörp vera að ýmsu leyti líkleg til þess að verða til þess að menn missi stjórn enn þá frekar á áfengismálunum og það að einkaaðilar skuli geta flutt inn áfengi eins og gert er ráð fyrir í frv. muni valda því að það verði miklu erfiðara að halda utan um þessi mál. Ég skil frv., sem hér hefur verið nefnt, um breytingu á áfengislögunum þannig að allir einkaaðilar geti flutt inn áfengi í því magni sem þeim sýnist til einkanota og þar með muni klúbbar og aðrir aðilar í þjóðfélaginu sem sjá sér hag í því að fara að flytja inn áfengi til sinna einkanota. Það verður auðvitað miklu erfiðara að framfylgja eftirliti með áfengi og meðferð þess almennt ef það verður mikið um lagera af áfengi á vegum einkaaðila úti um borg og bý. Það held ég að geti ekki farið á milli mála. Allt verður það löglegt en spurningin er um það hvort nokkur leið verði að fylgjast með hlutunum.

Hæstv. ráðherra talaði um að það yrði hagkvæmara lagerhald. Ég verð að segja eins og er að ég dreg það mikið í efa. Ég efast ekkert um það að einkaaðilar þurfa að bera kostnað af lagerhaldinu í staðinn og það kemur þá auðvitað fram í verðinu. Allt lagerhald hlýtur að aukast með því að fleiri aðilar séu að selja áfengi til Áfengisverslunar ríkisins en áður. Ef það verður víðar lagerhald en áður var þá hlýtur það að verða dýrara.

Ég segi það alveg eins og er að ég vorkenni hæstv.

ráðherra ekkert í þessu máli. Mér finnst að það sé engin ástæða til þess. Útlendingar sem kannski skilja ekki hvað er að gerast hér hljóta þó a.m.k. að skilja þá fyrirvara sem voru settir. Þó svo þeir séu kannski ekki sammála því að þeir haldi þá hlýtur að nægja að benda á þá fyrirvara sem við settum þegar samningurinn um EES var gerður á sínum tíma og við ætlum okkur að láta reyna á þá til loka.

Ég held að hæstv. ráðherra og ríkisstjórninni allri sé fyrst og fremst frelsið viðskiptanna í huga þegar þeir eru að bera fram þessi frumvörp og breytingar sem þeir hafa mælt fyrir á þingi á þessu kjörtímabili, það sé ekki áfengisstefnan sem þar sé efst á baugi heldur viðskiptafrelsi og það sitji miklu ofar hjá hæstv. ríkisstjórn en áfengisstefnan.

Ég veit ekki hvaða breytingar er búið að gera í Svíþjóð núna en það komu a.m.k. af því fréttir að þar hefðu menn ætlað að setja upp sérstaka stofnun sem átti að afgreiða umsóknir þeirra sem sækja um leyfi til áfengisinnflutnings og það var gert ráð fyrir því að hún fylgdist með því að löggjöf um þessi efni væri höfð í heiðri. Það er ekki gert ráð fyrir neinu svoleiðis hér svo ég viti til. Það er ýmislegt sem menn þurfa, held ég, að skoða betur í kringum þetta mál.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta að öðru leyti en því að mig langar til að spyrja hæstv. ráðherra hvað sé átt við í 7. gr. þar sem verið er að tala um þá möguleika að fella niður gjaldið. Í 3. lið er talað um „við innflutning og sölu á áfengi til aðila sem njóta skattfrelsis hér á landi samkvæmt alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að", sem ég geri ráð fyrir að séu sendiráð og aðrir slíkir aðilar „og aðilar sem ríkisstjórn ákveður." Það virðist vera nokkuð vítt hugtak, aðilar sem ríkisstjórnin ákveður. Hvað eru menn að fara með þessu? Mig langar til þess að fá svar við því. Ég geri ráð fyrir því að sú nefnd sem fær málið til meðferðar muni vilja skoða það, en ég tel einsýnt að það muni ekki verða á ferðinni aftur inn í þingið að þessu sinni og menn muni þurfa að gefa sér tíma fram á a.m.k. vorþingið til þess að afgreiða þetta mál.

[02:15]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Fyrst skal ég svara spurningunni. Hér er eingöngu átt við sömu aðila og sömu aðferð og hingað til hefur verið notuð, er notuð samkvæmt núgildandi lögum. En þeir aðilar sem ég man að nefna í því sambandi eru t.d. ráðuneytin og ríkisstjórnin og Alþingi, þar sem leyfi hefur fengist til þess að fella niður gjald. Þetta eru slíkir aðilar og í þessu á ekki að felast nein breyting frá þeirri framkvæmd sem er í dag.

Hv. þm. hafði áhyggjur af því að nú mundu einkaaðilar fara að flytja inn í stórum stíl og halda lager. Ég sé ekki hvernig menn hugsa sér það vegna þess að þegar menn taka út áfengi, í innflutningi til að mynda, þá þurfa menn að borga gjaldið og í raun og veru er lítill verðmunur á því og áfengi sem selt er út úr ríkinu dag. Þannig að ef menn hafa mikinn áhuga á því að halda uppi dýrum lager, einhverjir klúbbar eða einkaaðilar, í sínum kjöllurum, þá geta þeir gert það í dag. Þeir fara bara í ríkið og kaupa þetta og geyma þetta í kössum heima hjá sér. Það er afspyrnuvond fjárfesting held ég, nema þeir drekki þeim mun meira og hraðar. En það verður engin breyting á af því að gjaldið verður tekið af vörunni við innflutning í stað þess að það gerist þegar varan er afhent hjá ÁTVR. En ríkisvaldið þarf ekki að halda lagerinn, það geta aðrir gert og jafnvel þeir erlendu framleiðendur sem selja hingað sínar vörutegundir. Ég held að áhyggjur hv. þm. þurfi ekki að vera miklar af þessum ástæðum af því að þessi vara er svo dýr að það borgar sig fyrir þá sem sjá um að dreifa henni að halda lager í lágmarki. Og það er einmitt kúnstin við rekstur Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins, að þrátt fyrir það að innkaupsverðið sé lágt, það er þar eins og annars staðar í verslun að halda birgðum í lágmarki.

[02:18]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held nú að það sé samt ástæða til að hafa áhyggjur af þessu atriði. Ég er sannfærður um það að menn geta gert mismunandi góð innkaup á áfengi eins og öllum öðrum vörum og þeir aðilar sem hugsanlega mundu vilja flytja inn áfengi til einkanota, klúbbar eða aðrir aðilar, mundu geta fengið áfengi kannski á lægra verði heldur en það er selt í útsölum. Það sem ég hef áhyggjur af er að það verði mjög margir aðilar sem meðhöndla áfengi með þessum hætti og aðilar sem jafnvel eru í því að selja ólöglega áfengi fari að nýta sér að flytja inn áfengi sjálfir. Ég á eftir að sjá að það verði hægt að fylgjast með fjölmörgum slíkum aðilum. Ef við t.d. gæfum okkur að klúbbar, sem eru fjölmargir í þessu landi sem nota áfengi á sínum skemmtunum og er ekkert athugavert við það, sæju sér hag í því vegna t.d. tilboða erlendis frá að flytja inn áfengi sjálfir til einkanota, þá værum við búnir að fá inn lagerhald á áfengi í fjölmörgum húsum, eða réttara sagt, hjá mjög mörgum aðilum í landinu og það er alveg ástæða til að hafa áhyggjur af þessu.

En eins og ég sagði áðan, ég ætla ég ekki að fara að ræða þessi mál neitt meira hér við þessar aðstæður. Ég geri alveg fastlega ráð fyrir því að menn eigi eftir að fjalla töluvert mikið um þessi mál áður en þau verða afgreidd endanlega hér frá hv. Alþingi.

[02:20]

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. ráðherra fyrir framlagningu þessara tvegga frumvarpa um þetta málefni, sem ég tel að sé löngu þarft mál og mjög þarft mál og ekki vonum seinna að þau skyldu koma fram. Ég harma það eins og aðrir, þó að þeir hafi kannski ekki talað í þessu máli, hversu seint hefur gengið að koma málinu í gegnum 1. umr. Það er auðvitað hárrétt sem hv. síðasti ræðumaður sagði, að það eru litlar líkur fyrir því að þetta mál komist út úr nefnd á þeim stutta tíma sem eftir lifir þings. En málið er þó alla vega komið fram til kynningar og vonandi ber þá næsta ríkisstjórn gæfu til að fylgja málinu eftir.

Ef ég vík kannski örlítið að ræðu hv. síðasta þm. í örstuttu máli, því ég hyggst ekki tala langt mál, þá tal-

ar hann, eins og hv. þm. Jón Helgason, um áfengisstefnu ríkisstjórnarinnar og þeim er mjög gjarnt að vitna til hennar. Ég held að ég verði að varpa þeirri spurningu til baka til hv. þm. með hvaða hætti þeir sjá áfengisstefnuna breytast því ég fær ekki séð að hún breytist á nokkurn hátt því þessi breyting hefur ákaflega litla merkingu fyrir neytandann í landinu. Vilji neytandinn komast yfir áfengi þá hefur hann eftir sem áður ekki nema tvo kosti. Það er annars vegar að fara í verslun Áfengis- og tóbaksverslunarinnar og það verður alveg óbreytt. Það verður eina smásalan í landinu. Hún fer þar fram eftir þeim lögum og reglum sem þar gilda og það breytist akkúrat ekki neitt við það. Á hinn bóginn geta menn sótt áfengi inn á veitingastaði og það er eins og menn þekkja engin breyting þar á heldur. Þannig að ég sé ekki þessa breytingu á áfengisstefnunni og ég kalla eftir því að menn setji okkur svolítið inn í þá sýn sem menn hafa þegar þeir sjá fyrir sér breytingu á þessari stefnu.

Hv. þm. talaði örlítið um þann sparnað sem gæti orðið af þessu og efaðist um hann og nefndi aðeins eitt dæmi máli sínu til stuðnings, en það var lagerhald og hann taldi að það yrði dýrara en ekki ódýrara. Auðvitað verður það ódýrara fyrir ríkið sem slíkt en það verður dýrara fyrir innflytjandann því að hann þarf þá að fara að kosta lagerhaldið sjálfur. Það er rétt hjá hv. þm. að það getur leitt til hærra vöruverðs og varla trúi ég því að hv. þm. hafi verið að mæla gegn því að áfengi yrði dýrara sem væntanlega mundi þá draga enn meira úr neyslunni. Þannig að ég skildi ekki alveg þennan þátt hv. þm. Hins vegar er það alveg borðleggjandi að hið opinbera mun spara verulega í lið eins og lagerhaldi, það mun spara stórar upphæðir í dreifingu, það mun spara stórar upphæðir í fjármagnskostnaði, í húsnæði, hugsanlega einhvern kostnað í starfsmannahaldi, vegna þess að ef lagerhald leggst niður þá liggur það í augum uppi að það falla niður einhver störf ef þessi breyting verður, og í innflutningnum og þar fram eftir götum. Það er því alveg ljóst að hið opinbera mun spara verulega á þessu.

Hv. þm. kom inn á það að þetta væri fyrst og fremst gert í anda frelsis viðskiptanna og ég tek alveg undir það. Hér er verið að leggja til að eðlilegur viðskiptamáti fái að njóta sín í landinu og það er á þeim nótum sem ég styð þetta mál. Hins vegar gagnvart þeim sem flytja inn þá er þetta ekkert sérstakt baráttumál vegna þess að breytingin fyrir innflytjendur verður ekki svo mikil gagnvart smásölunni vegna þess að menn þurfa enn að fara á hnjánum inn í Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins og reyna að vinna vöru sinni sess og koma henni inn í verslanirnar nákvæmlega eins og þeir þurfa að gera í dag. Það verður því engin breyting þar á. Og breytingin varðandi innflutning almennt er ákaflega lítil líka vegna þess að í dag geta menn flutt inn í tollvörugeymslu og átt þar áfengi í hvaða magni sem þeir vilja og það eru menn að gera. Ef menn mundu líta inn í tollvörugeymslu í dag þá mundu menn sjá þar stæðurnar t.d. af bjór, heilu stæðurnar, vegna þess að menn geta flutt þær inn í dag og menn geta farið með þær vörur sem þeir eiga inni í tollvörugeymslu, óbeint geta þeir farið í veitingahúsin í dag, tilkynnt veitingahúsunum: Við eigum núna þessa áfengistegund eða þennan bjór inni í tollvörugeymslu og þið getið keypt hann, en þið verðið að fara í gegnum ÁTVR. Þannig að þetta er til staðar í dag. þannig að breytingin er öll faktískt til íþyngingar fyrir þá sem flytja inn.

Varðandi einkaklúbbana sem hv. þm. kom hér inn á áðan þá er akkúat þessi leið opin sem ég var hér að lýsa. Þeir geta farið þessa leið í dag. En nákvæmlega eins og hæstv. ráðherra sagði hér áðan þá er auðvitað ekkert vit í að gera slíkan hlut, nákvæmlega ekkert vit í því, vegna þess að sparnaðurinn af slíku er nánast enginn. Og sú röksemd, að menn geti náð góðum kjörum fyrir einhverjar örfáar flöskur eða örfáa kassa af áfengi þegar fyrirtæki gefa venjulega engan afslátt nema menn séu komnir í hundruð kassa eða þúsundir, hún stenst ekki. Jafnvel þó að menn gætu komist að góðum kjörum, við skulum bara segja að það væri hægt, þá er verðlagningin byggð þannig upp að hún byggist fyrst og fremst á alkóhólmagni þannig að verð frá erlenda framleiðandanum skiptir sáralitlu máli í útsöluverði á áfengi á Íslandi, sáralitlu máli. Ef við skoðum t.d. frv. um gjald af áfengi, sem ég hef að vísu ekki skoðað nógu vel, en þar er 4. gr., þar er gjald á lítra af áfengi með 40% styrkleika 3000 kr. Þetta er auðvitað hlutur sem við eigum eftir að fara yfir í nefndinni, en ég er ansi hræddur um að með þessari tillögu muni áfengisverð hækka ef þetta gengur eftir sem þarna er. Þannig að varla er það nú það sem menn eru að mæla á móti. En það sem ég er að benda á er það og hef persónlega reynslu af því, að jafnvel þó að menn bjóði hér 35% lægra verð þá munar hugsanlega ekki nema 3–4% í útsöluverði. Þannig að það er eftir mjög litlu að slægjast. Og ef einhverjir einkaklúbbar ætluðu að fara að lagera sig upp af hinum ýmsu tegundum sem þeir þurfa til veisluhalda þá held ég að þeir fjármálastjórar yrðu ekki langlífir í þeim klúbbum.

Auðvitað sakna ég örlítið að hafa ekki hv. þm. Jón Helgason í þingsalnum eins og er vegna þess að hann fjallaði m.a. um skaðvænleg áhrif og ég vildi gjarnan fá nánari útlistun á því. Það þekkja það auðvitað allir að skaðvænleg áhrif af óhóflegri neyslu eru til staðar, það þekkja allir og það þarf ekki áfengi til. En ég vildi gjarnan fá nánari skýringar á slíkum staðhæfingum, sérstaklega vegna þess að í fjölmiðlum undanfarið hafa verið að koma fram staðreyndir um áhrif áfengisnotkunar í hófi. Nægir þar að benda t.d. á rannsóknir sem gerðar hafa verið í Evrópu og hafa sýnt fram á það að Frakkar, sem neyta mest áfengis allra þjóða, að þar í landi eru hjartasjúkdómar fæstir og fleiri rök hafa komið þar fram. Nú er ég ekki að segja þetta af því að ég sé að mæla með einhverri óhóflegri áfengisneyslu en ég vara menn við öfgafullum málflutningi í þessu efni.

Hv. þm. Jón Helgason taldi að með þessum frumvörum hér væri verið að auka þrýsting til sölu, að innflytjendur fengju tækifæri til að auka þrýsting á söluaðila. Ég var að lýsa því hér rétt áðan að það er nánast ekkert sem breytist. Innflytjendur þurfa enn að fara á hnjánum til ÁTVR til þess að komast inn í þær verslanir. Þeir þurfa enn að fara í veitingahúsin og kynna

sína vöru, nákvæmlega eins og þeir eru að gera í dag. Þannig að þetta bara stenst engan veginn.

Hv. þm. taldi einnig að það yrði auðveldara að afla sér umboða vegna þess að hér væri hægt að geyma birgðir. Hv. þm. þekkir ekki nógu vel til þessa málaflokks vegna þess að í dag er hægt að geyma birgðir, eins og ég hef sagt hér fyrr, og það er í mjög auknum mæli gert. Og hvað varðar öflun umboða almennt þá er það lítið mál en það er meira mál að afla sér markaðar fyrir vörurnar.

Ég tel að þessi mál séu af hinu góða. Þær tekjur sem ríkið hefur af sölu áfengis og tóbaks líka á að taka með þessum hætti, það á að taka þær í tolli og það er hin eina rétta leið og hinn eini eðlilegi viðskiptamáti. Það eru hins vegar fjölmargar spurningar sem ég hef varðandi þessi frumvörp og mun auðvitað nýta mér þann rétt sem ég hef í hv. efh. Ég er svo heppinn að eiga líka sæti í hv. allshn. þannig að ég get fjallað um öll þessi mál á nefndarfundum og ætla ekki að eyða tíma þingsins kl. 2.30 um nótt til að inna ráðherra eftir neinu slíku. Ég tel að ég hafi nóg tækifæri til að gera slíkt.

Hæstv. forseti. Ég vildi aðeins fá að taka þátt í þessari umræðu, þó að lítið sé, en læt þessu þá lokið.

[02:31]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. síðasti ræðumaður talaði um að það yrði lítil breyting. Það er kannski ekki hægt að alhæfa neitt um það fyrr en á það reynir hvort breytingin verði mikil eða lítil. Ef það þróast út í það að einkaaðilar fari að flytja mikið inn áfengi til eigin nota, t.d. klúbbastarfsemi og annað því um líkt, þá getur í kjölfarið á þessu fylgt töluverð breyting. Ég get ekki fullyrt neitt um það hve mikill verðmunurinn getur orðið. En einhver verðmunur hlýtur að geta orðið, það efast ég ekkert um, einfaldlega vegna þess að aðilar sem selja áfengi eru náttúrlega að bjóða mönnum ýmis tilboð og það getur vel verið að það geti leitt af sér lækkun á áfengisverði.

Hv. þm. var að tala um sparnað í lagarhaldi og öðru því um líku fyrir ríkið og því ætla ég ekki að mótmæla. Ég bendi hins vegar á að lagerhald hlýtur að þurfa að vera einhvers staðar, það verða fleiri aðilar sem munu þá sjá um þetta lagerhald og það mun auðvitað koma fram í auknum kostnaði á þessari vörutegund. En með frv. sem hér er verið að fjalla um er talað um fastar tölur fyrir gjaldið á áfengi. Það þýðir í raunveruleikanum að verðið verður hærra heldur en annars væri og ég tel að það eigi að vera stefna ríkisins sem þar ræður um verðlagninguna. Ég tel að það hljóti að verða gerðar breytingar eftir því hvað mönnum sýnist hverju sinni í sambandi við hvaða verð eigi að vera á áfengi og það verður auðvitað alltaf mismunurinn sem rennur í ríkissjóð. Þess vegna skiptir kostnaðurinn máli.

[02:33]

Ingi Björn Albertsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Jóhann Ársælsson hefur miklar áhyggjur af einkaklúbbunum. Í dag getur hver einstaklingur flutt inn til einkanota eitthvað tiltekið magn. Ég man ekki hvað það er mikið, hvort það eru þrjár flöskur eða sex flöskur. Það skiptir ekki máli.

Ef við erum að tala um klúbba þá geta þeir auðvitað pantað þetta inn á nafni hvers meðlims. Þannig að það er lítið mál í dag fyrir klúbbana að fara þessa leið. Verðmunurinn getur aldrei orðið nema sáralítill og hann verður það lítill að það svarar engan veginn kostnaði fyrir einhverja klúbba að liggja með lager af áfengi, það get ég fullvissað hv. þm. um. Ég held að þessi hætta sé ekki til staðar og þingmaðurinn geti alveg sofið rólegur út af því.

Varðandi lagerhaldið þá er alveg ljóst að það verður borið af innflytjandanum. Innflytjandinn hlýtur að bjóða ákveðið verð til Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins og inni í því verði er allur kostnaður sem innflytjanda ber að standa straum af, þar á meðal lagerhaldið. Það er því alveg ljóst að það mun ekki breyta neinu gagnvart hinu opinbera. Hins vegar er alveg ljóst í mínum huga að hið opinbera mun spara sér verulegar upphæðir og ég fór yfir nokkrar liði áðan eins og dreifingarkostnaðinn, eins og kostnaðinn við innflutninginn sjálfan, eins og starfsmannahaldið, eins og húsnæðið, eins og fjármagnskostnaðinn og þannig mætti lengi telja. Þannig að ég tel alveg ljóst að það er fyrst og fremst íþynging fyrir innflytjendur eins og er. En ég vil líka segja það að ég tel að þetta sé ákveðið skref í áttina að frekara frjálsræði og það er þess vegna sem ég tel persónulega að það sé í lagi að axla þessar byrðar.

[02:35]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Einungis það að allur kostnaður sem bætist á innflytjandann hlýtur að koma fram í verðinu á vörunni og þar af leiðandi skiptir hann ekki máli fyrir ríkið sem slíkt. Ríkið mun setja áfengisgjaldið í staðinn og það verður áfengisstefnan sem ræður síðan hvert samanlagt gjald verður fyrir áfengið. Þar af leiðandi hlýtur það að skipta máli hver kostnaðurinn er af innflutningnum, hver kostnaðurinn er af lagerhaldi og öllu því sem þarna kemur til. Og ég fer ekkert ofan af því að það hlýtur þá að koma fram í minni mismun til ríkisins ef kostnaður við innflutninginn eykst í heildina.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 17.–19., 31.–32. og 35. mál.

Fundi slitið kl. 02:37.

102. FUNDUR

miðvikudaginn 22. febr.,
kl. 1 miðdegis.

Dagskrá:

1. Kísilgúrverksmiðja við Mývatn, stjfrv., 323. mál, þskj. 491. — 3. umr.
2. Vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar, stjfrv., 324. mál, þskj. 492. — 3. umr.
3. Vernd barna og ungmenna, stjfrv., 197. mál, þskj. 713. — 3. umr.
4. Virðisaukaskattur, stjfrv., 257. mál, þskj. 715. — 3. umr.
5. Samningsgerð, umboð og ógildir löggerningar, stjfrv., 99. mál, þskj. 716. — 3. umr.
6. Verslunaratvinna, stjfrv., 326. mál, þskj. 717. — 3. umr.
7. Almenn hegningarlög, stjfrv., 318. mál, þskj. 718. — 3. umr.
8. Refsiákvæði nokkurra skattalaga, stjfrv., 319. mál, þskj. 719, brtt. 738. — 3. umr.
9. Barnalög, stjfrv., 342. mál, þskj. 720. — 3. umr.
10. Bókhald og ársreikningar, frv., 418. mál, þskj. 680. — 2. umr.
11. Viðlagatrygging, stjfrv., 239. mál, þskj. 280, nál. 709, brtt. 710. — 2. umr.
12. Veiting ríkisborgararéttar, stjfrv., 354. mál, þskj. 577, nál. 721, brtt. 722. — 2. umr.
13. Málflytjendur, stjfrv., 89. mál, þskj. 647, brtt. 724. — 3. umr.
14. Tryggingagjald, stjfrv., 236. mál, þskj. 714, frhnál. 725. — 3. umr.
15. Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda, stjfrv., 190. mál, þskj. 212, nál. 726. — 2. umr.
16. Ólympískir hnefaleikar, þáltill., 166. mál, þskj. 180, nál. 729. — Síðari umr.
17. Listmenntun á háskólastigi, stjfrv., 277. mál, þskj. 334, nál. 730. — 2. umr.
18. Skoðun kvikmynda, stjfrv., 219. mál, þskj. 253, nál. 731, brtt. 732. — 2. umr.
19. Leigubifreiðar, stjfrv., 329. mál, þskj. 499, nál. 734, brtt. 735. — 2. umr.
20. Fólksflutningar með langferðabifreiðum, stjfrv., 332. mál, þskj. 514, nál. 736. — 2. umr.
21. Vöruflutningar á landi, stjfrv., 333. mál, þskj. 515, nál. 737. — 2. umr.
22. Framleiðsla og markaðssetning vistvænna og líffræna afurða, frv., 398. mál, þskj. 638, nál. 739. — 2. umr.
23. Markaðssetning rekaviðar, þáltill., 53. mál, þskj. 53, nál. 740. — Síðari umr.
24. Vátryggingastarfsemi, stjfrv., 402. mál, þskj. 644. — 1. umr.
25. Vog, mál og faggilding, frv., 419. mál, þskj. 683. — 1. umr.
26. Stjórn fiskveiða, frv., 292. mál, þskj. 384. — 1. umr.
27. Einkanúmer á ökutæki, þáltill., 345. mál, þskj. 566. — Fyrri umr.
28. Mat á jarðskjálftahættu og styrkleika mannvirkja á Suðurlandi, þáltill., 346. mál, þskj. 568. — Fyrri umr.
29. Framleiðsla og sala á búvörum, frv., 362. mál, þskj. 588. — 1. umr.
30. Merking þilfarsfiskiskipa, þáltill., 383. mál, þskj. 614. — Fyrri umr.
31. Glasafrjóvgunardeild Landspítalans, þáltill., 387. mál, þskj. 623. — Fyrri umr.
32. Greiðsluaðlögun, frv., 396. mál, þskj. 635. — 1. umr.
33. Menningarráð Íslands, þáltill., 399. mál, þskj. 639. — Fyrri umr.
34. Aðgerðir í landbúnaðarmálum, þáltill., 412. mál, þskj. 661. — Fyrri umr.
35. Menningar- og tómstundastarf fatlaðra, þáltill., 416. mál, þskj. 670. — Fyrri umr.
36. Fyrning skulda og annarra kröfuréttinda, þáltill., 417. mál, þskj. 673. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Jón Kristjánsson, 2. þm. Austurl.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 13. þm. Reykv.

Útbýting þingskjala:

Búnaður fyrir heyrnartækjanotendur, 356. mál, svar fjmrh., þskj. 712.

Hitaveita Suðurnesja, 427. mál, stjfrv. (iðnrh.), þskj. 698.

Markaðssetning á íslenska hestinum, 385. mál, svar landbrh., þskj. 711.

Útsendingar sjónvarps og útvarps til fiskimiða, 172. mál, nál. menntmn., þskj. 741.

Kísilgúrverksmiðja við Mývatn, 3. umr.

Stjfrv., 323. mál (skatthlutfall, atvinnusjóður). — Þskj. 491.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar, 3. umr.

Stjfrv., 324. mál (brottfall laga). — Þskj. 492.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vernd barna og ungmenna, 3. umr.

Stjfrv., 197. mál (barnaverndarstofa). — Þskj. 713.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Virðisaukaskattur, 3. umr.

Stjfrv., 257. mál (skráningarskylda, endurgreiðsla, álag o.fl.). — Þskj. 715.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samningsgerð, umboð og ógildir löggerningar, 3. umr.

Stjfrv., 99. mál (EES-reglur). — Þskj. 716.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Verslunaratvinna, 3. umr.

Stjfrv., 326. mál (takmörkun verslunarleyfis). — Þskj. 717.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almenn hegningarlög, 3. umr.

Stjfrv., 318. mál (skattalagabrot). — Þskj. 718.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Barnalög, 3. umr.

Stjfrv., 342. mál (réttur til upplýsinga um barn o.fl.). — Þskj. 720.

[13:08]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég tel rétt um leið og þetta frv. er hér á dagskrá að vekja athygli á því að barnaverndarmál hafa mjög verið í brennidepli á þessu og sl. ári. Ástæðan er sú að við höfum í reynd það kerfi að bókarinn er endurskoðandi með sjálfum sér, framkvæmdarvaldið er endurskoðandi með sjálfu sér, þ.e. við siglum þá leið að hafa þetta í höndum framkvæmdarvaldsins í stað þess að hafa hluta þess í höndum framkvæmdarvalds en láta svo dómsvaldið sjá um hlutina.

Ég vil halda því fram að við séum komnir í miklar ógöngur með þessi mál. Ef fréttamenn spyrja þá er sama svarið: Það er ekki heimilt að segja frá neinu. Það er þagnarskylda, segja þessir aðilar. Um leið og þeir halda því fram að það sé þagnarskylda þá líta þeir svo á að þeir þurfi ekki í reynd að gera þjóðinni grein fyrir því sem hefur verið að gerast. Ég hef talið svo að það væri ekki veitt svo miklu fjármagni til löggæslu, að hún hefði sem sagt nóg verkefni við að fást við hina stærri glæpamenn samfélagsins, en að fíkniefnalöggreglan eigi að elta uppi börn og mæður þessa lands finnst mér alveg með ólíkindum. Og þegar það er svo sagt frammi fyrir alþjóð að símahlerunum hafi ekki verið beitt þá hygg ég að greindarvísitalan megi vera ansi lág ef þeir trúa því að það sé rétt.

Að mínu viti gengur þetta kerfi ekki lengur. Það verður að taka á þessum málum í ljósi þeirra vinnubragða að aðeins með þrískiptingu valdsins, þ.e. að hafa dómsvald, framkvæmdarvald og löggjafarvald, er hægt að halda uppi eðlilegu aðhaldi á þessu sviði sem öðrum. Hér er verið að setja plástur á plástur ofan og það er ríkið, framkvæmdarvaldið, sem á að ráðskast með þessi mál án þess að menn fái rönd við reist og sitja uppi með það að seinvirkt dómskerfi einnig geri það að verkum að við Íslendingar stundum í stórum stíl fráfærur, fráfærur sem ekki ættu að eiga sér stað, í stað þess að fara þá leið sem er þó heimil samkvæmt íslenskum lögum og notuð er á hinum Norðurlöndunum, þ.e. að veita aðstoð inn á þessi heimili. Sú aðstoð þarf ekki að vera í höndum neinna sérfræðinga. Sú aðstoð þarf fyrst og fremst að vera á þann veg að húsmæður sem hafa komið börnum sínum á legg fái tækifæri til að sinna slíkum störfum í stað þess að halda áfram á þeirri braut sem við erum.

Ég er því miður hræddur um að þessi skrípaleikur haldi áfram. Ég er því miður hræddur um að við megum búa við það á næstu árum að lögreglan verði notuð til að hundelta börn og mæður og að það verði alltaf sama svarið: Það er þagnarskylda, við höfum ekki heimild til að greina frá því hvers vegna þetta er svona eða hinseginn. Og meðan við höfum ekki manndóm til að breyta þessu kerfi okkar í þá átt sem það er t.d. í Bandaríkjunum þá erum við í reynd að færa framkvæmdarvaldinu einveldi á þessu sviði á bak við lokaðar dyr. Erlendis er það svo að það eru fyrst og fremst herdómstólar sem starfa á bak við lokaðar dyr.

Ég taldi rétt að koma þessu á framfæri hér vegna þess að eitthvað eru menn farnir að efast um það í þessu frv. að alltaf hafi hæfir fósturforeldrar verið fengnir til starfa. Menn eru farnir að efast um að það hafi nú alltaf gerst. Menn eru farnir að trúa því að stundum hafi e.t.v. orðið mistök og fósturforeldrarnir

sem fengu barnið hafi reynst óhæfari en sá sem áður fór með forræði þess. Og skyldi það vera út í bláinn að menn séu farnir að efast? Eða er það kannski tilfellið að á bak við lokaðar dyr og læstar skúffur liggi fyrir nægar upplýsingar sem sanni að það sé nauðsyn að fara að velja betur fósturforeldra en gert hefur verið.

Mér finnst nefnilega að það sé umhugsunarefni fyrir Alþingi þeir plástrar sem hér er verið að setja, eins og í stað orðsins „félagsmálaráðuneyti" í 4. gr. komi „barnaverndarstofa". Barnaverndarstofa. Það er ekki stofnun, það er stofa. Þar á þá hvorki að vera eldhús eða svefnherbergi, ef það er hugsað til venjulegrar húsaskipunar, en eitthvað hefur mönnum fundist fallegt við að setja þetta upp, að það ætti að vera stofa sem sæi um þetta. Þarna er náttúrlega verið að fara í kringum hlutina. Í stað þess að segja bara stofnun, eins og raunverulega er verið að tala um, þá á þarna að vera stofa. Þetta er þekkt úr málinu. Ef mönnum finnst eitthvað orð svo leiðinlegt og hættulegt að það sé ekki hægt að nota það lengur vegna þess að það hefur skaðað eigið álit í gegnum tíðina þá reyna menn að finna annað orð sem táknar það sama en á að vera miklu fínna í bili.

Auðvitað verður það svo að stjórn barnaverndarmála er og verður grafalvarlegt mál. Það er verið að ráða örlögum einstaklings, einstaklings sem hvorki fékk að velja sér þann kost að koma í þennan heim eða ekki og fær ekki að velja sér þann kost hvað við hann er gert. Það eina sem verður sagt við hann er að 16 ára sé hann orðinn sjálfs sín ráðandi.

Mér finnst að Alþingi Íslendinga sem er að fást við mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar þurfi að hugsa sig mjög vel um áður en það setur nýja plástra á það kerfi sem hefur verið notað til þess að svipta foreldra rétti yfir börnum sínum. Það má vel vera að menn geti sannað það undir sumum kringumstæðum að barnið muni ná betri árangri í skóla ef þetta er gert. Það getur vel verið. En tilfinningalegur skaði sem getur átt sér stað getur orðið það mikill að viðkomandi einstaklingur muni bera hatur til samfélagsins það sem hann á eftir ólifað. Ég held að það sé alveg óhjákvæmilegt að Alþingi Íslendinga setji nefnd til að fara ofan í þetta mál og setji þar ekki nefnd embættismanna heldur nefnd alþingismanna vegna þess að þetta er löggjafarsamkoma Íslands og við berum ábyrgð á því sem verið er að gera. Við berum fulla ábyrgð á því, íslenskir alþingismenn, þegar íslenska lögreglan fær fyrirmæli um að það sé forgangsverkefni að hundelta einhverja konu sem hefur ákveðið að reyna að bjarga barninu sínu á þann hátt að hún tapi því ekki. Það eru harla lítil rök fyrir því að það geti verið forgangsverkefni hjá fíkniefnalögreglunni að vinna að slíkum verkefnum.

Ég á ekki von á því að það sem ég hef sagt hér hafi nokkur áhrif á afgreiðslu þessa frv. sem hér liggur fyrir. Ég geri ráð fyrir því að það verði samþykkt mótatkvæðalítið. Hins vegar þótti mér dálítið gaman að sjá að í einu stjfrv. sem hér liggur fyrir á Alþingi Íslendinga er markmiðsgrein og markmiðsgreinin er í átt til þess sem ég taldi að væri eðlilegt. En við mikla yfirburði í atkvæðamagni var felld frá mér brtt. á sínum tíma þegar ég lagði til að markmiðsgreinin yrði líkari því sem talað er um í dag. Og það er eins og það þurfi stundum að ræða hér mál, þó að þau skili engum árangri meðan þau eru rædd, en e.t.v. verða þau til þess að sá þeim frækornum að menn efist um að það sem þeir hafa verið að gera á undanförnum árum sé allt satt og rétt og það þurfi að skoða sum mál upp á nýtt. Og ég er sannfærður um að það þarf að skoða þessi mál frá grunni. Svona plástrar duga ekki.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Bókhald og ársreikningar, 2. umr.

Frv. efh.- og viðskn., 418. mál (viðurlög og málsmeðferð, breyting ýmissa laga). — Þskj. 680.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Veiting ríkisborgararéttar, 2. umr.

Stjfrv., 354. mál (síðara stjfrv.). — Þskj. 577, nál. 721, brtt. 722.

[13:21]

Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 721, um frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar, frá allshn.

Nefndin hefur fjallað um frv. sem er hið seinna á þessu löggjafarþingi. Undanfarin ár hefur verið stuðst við reglu sem allshn. efri deildar setti um veitingu ríkisborgararéttar á 112. löggjafarþingi. Nú hefur reglum þessum verið breytt og birtast þær í sérstakri skýrslu nefndarinnar sem lögð er fram samhliða áliti þessu. Málsmeðferð nefndarinnar var með hefðbundnu sniði. Tveir nefndarmenn fóru yfir allar umsóknir sem borist höfðu og síðan fjallaði nefndin um þær. Við afgreiðsluna var stuðst við nýju reglurnar og er að þessu sinni lagt til að 44 einstaklingar fái íslenskan ríkisborgararétt.

Nefndin mælir með samþykkt frv. með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þskj. Fjarverandi við afgreiðslu málsins voru Guðmundur Árni Stefánsson og Ólafur Þ. Þórðarson, en allir aðrir nefndarmenn undirrita nál.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Málflytjendur, 3. umr.

Stjfrv., 89. mál (fjárvarsla, starfsábyrgðartrygging). — Þskj. 647, brtt. 724.

[13:23]

Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir brtt. frá allshn. á þskj. 724 við frv. til laga um breyting á lögum um málflytjendur. Í ákvæði til bráðabirgða verði nokkrar breytingar, sem taldar eru upp í a-, b- og c-liðum, og síðan eru þær skýringar meðfylgjandi að þetta frv. var flutt óbreytt frá síðasta löggjafarþingi. Við afgreiðslu málsins í allshn. láðist að leggja til breytingar á gildistöku í ákvæðum til bráðabirgða, en þær dagsetningar sem þar eru nefndar eru allar liðnar. Enn fremur er lagt til að gildistöku b-liðar 3. gr., sem gerir ráð fyrir að lögð verði niður sú skipan að úrskurðir stjórnar Lögmannafélagsins sæti kæru til Hæstaréttar, verði frestað til 1. jan. 1996.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ólympískir hnefaleikar, síðari umr.

Þáltill. KHG og IBA, 166. mál. — Þskj. 180, nál. 729.

[13:24]

Frsm. menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. frá menntmn. um till. til þál. um ólympíska hnefaleika.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna sem kveður á um að skipuð verði nefnd er kanni hvort rétt sé að leyfa ólympíska hnefaleika sem íþróttagrein hér á landi.

Menntamálanefnd hefur fjallað um samhljóða tillögu á tveimur undangengnum þingum. Á 117. löggjafarþingi fékk nefndin til viðræðna við sig Janus Guðlaugsson, námsstjóra í íþrótta- og æskulýðsdeild menntamálaráðuneytis. Þá studdist nefndin við umsagnir frá 116. og 117. löggjafarþingi frá menntamálaráðuneyti, landssamtökunum Heimili og skóli, Ungmennafélagi Íslands, Íþróttakennarafélagi Íslands, Íþróttasambandi Íslands og Læknafélagi Íslands.

Í umsögnum framangreindra komu fram skiptar skoðanir um réttmæti þess að heimila hnefaleika hér á landi að nýju en þeir hafa verið bannaðir um áratuga skeið á grundvelli laga nr. 92 frá 1956. Menntamálanefnd tekur ekki afstöðu til efnis tillögunnar en telur rétt að í menntamálaráðuneytinu verði aflað upplýsinga um þau atriði sem tilgreind eru í tillögunni þannig að unnt verði að taka vel ígrundaða ákvörðun um hvort ástæða sé til að leyfa iðkun ólympískra hnefaleika hér á landi. Með vísan til framangreinds leggur nefndin til að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Listmenntun á háskólastigi, 2. umr.

Stjfrv., 277. mál. — Þskj. 334, nál. 730.

[13:27]

Frsm. menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 730, um frv. til laga um listmenntun á háskólastigi, frá menntmn.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið sem kveður á um listmenntun á háskólastigi á vegum sjálfstæðrar stofnunar er starfi á grundvelli samnings við menntamálaráðherra.

Nefndin studdist í umfjöllun sinni við umsagnir frá Tónlistarskólanum í Reykjavík, Leiklistarskóla Reykjavíkur, Myndlista- og handíðaskóla Íslands, Rithöfundasambandi Íslands, borgarstjórn Reykjavíkur, Tónlistarráði Íslands, Kennaraháskóla Íslands, Listdansskóla Íslands, Íslensku óperunni, Söngskólanum í Reykjavík, Bandalagi íslenskra listamanna, Helgu Hjörvar, fyrrverandi skólastjóra Leiklistarskóla Íslands, Sambandi íslenskra myndlistarmanna, Félagi íslenskra leikara, Kennarasambandi Íslands, Háskólanum á Akureyri, Félagi leikstjóra á Íslandi, Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar, Arkitektafélagi Íslands, Íslenska Arkitektaskólanum og nemendafélögum Myndlista- og handíðaskóla Íslands.

Umsagnir framangreindra aðila voru afar jákvæðar. Nefndin telur að tilkoma listaskóla á háskólastigi sé mikið framfaraspor og leggur til að frumvarpið verði samþykkt með örlítilli breytingu þar sem í stað orðsins „laga“ á eftir orðinu „framkvæmd“ í 3. gr. komi reglugerðar.

[13:28]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég skrifa undir nál. hv. menntmn. um þetta mál með fyrirvara og ástæðan er einfaldlega sú að hér er náttúrlega um að ræða frv. til eins konar hálflaga. Það er dálítið sérkennilegt brautryðjendastarf sem unnið er í þessu efni undir forustu núv. ríkisstjórnar og hv. 3. þm. Reykv., sem undirbjó málið, vegna þess að í frv. er gert ráð fyrir því að það verði heimilt að efna til listmenntunar á Íslandi en það eru engir peningar í málinu. Það má telja nokkuð athyglisvert að fara þessa leið fram hjá þeim mikla vanda sem menn hafa tekist á við í frumvarpasmíð á undanförnum árum og áratugum, að reyna að tryggja fjárhagslega stöðu þeirra mála sem menn hafa verið að flytja um leið og þeir hafa afgreitt hið faglega innihald málsins, að hér er í raun og veru ekki gert ráð fyrir því að það séu neinir fjármunir í dæminu eins og frv. lítur út. Efnislega hefur frv. það ákvæði eitt að það er gert ráð fyrir að menntmrh. geti samið við lögaðila, félög eða stofnanir um að annast menntun á háskólastigi í listum sem fari fram á vegum sjálfstæðrar stofnunar að fullnægðum þeim kröfum sem gerðar eru af hálfu menntmrn. til slíkrar menntunar.

Nú gæti auðvitað menntmrh. samið við háskólann um að annast þetta verkefni án sérstakra lagabreytinga eða án sérstaks lagafrv. en hér kjósa menn að fara þessa leið.

Síðan segir í 2. gr. frv. að í samningi samkvæmt þeirri fyrstu verði ákveðið á hvaða sviðum verði veitt háskólamenntun í listum hér á landi. Í samningnum verði tilgreint hvaða námsframboð og námskröfur verður um að ræða og síðan er gert ráð fyrir því eins og segir að í samningnum verði kveðið á um hvernig fjárframlögum úr ríkissjóði skuli háttað og þau verði ákveðin í fjárlögum hverju sinni. Síðan segir í síðustu grein, til þess að reyna að brúa þetta sérkennilega frv. og tengja það við þann veruleika sem við búum við, að gert sé ráð fyrir því að meðan þessi samningur væri í gildi, sem hugsanlega yrði gerður, þá frestist framkvæmd laganna um Leiklistarskóla Íslands og Myndlistar- og handíðaskólann meðan á samningstímanum stendur og alveg hugsanlegt að þessir skólar fari aftur að starfa eftir þeim lögum sem þeir hafa starfað eftir.

Ég verð því að segja alveg eins og er að mér finnst það ekki rismikið af hæstv. ríkisstjórn að taka á þessum málum með þessum hætti. Það hafa legið fyrir frumvörp um listaháskóla í mjög langan tíma og í staðinn fyrir að taka myndarlega og skipulega á því þá er ákveðin þessi flóttaleið sem hæstv. ríkisstjórn leggur hér til, að það verði sett eins konar hálflög um listaháskóla. En það má svo sem segja að það sé betra en ekki neitt þannig að með hliðsjón af því skrifa ég undir frv. en hef þennan fyrirvara.

Varðandi fyrirvara minn um málið vil ég svo líka halda því til haga að í þeim útreikningum sem liggja fyrir er bersýnilega gert ráð fyrir mjög háum skólagjöldum í einstökum þáttum háskólanáms í listum, jafnvel miklu hærri skólagjöldum í listnámi á háskólastigi en í öðrum námi á háskólastigi. Ég vil láta það koma fram að ég er ekki að skrifa upp á það að það fólk sem er í háskólanámi í listum borgi mun hærri skólagjöld en aðrir sem eru í háskólanámi hér á landi.

Síðan vil ég vekja athygli á því að við meðferð málsins fékk hv. menntmn. umsagnir frá fjölda aðila, m.a. frá Reykjavíkurborg þar sem óskað var eftir ítarlegum viðræðum við menntmrn. um þessi mál af því að borgin hefur nú einu sinni staðið að fjármögnun Myndlista- og handíðaskólans og Tónlistarskólans í Reykjavík. Í umsögn borgarhagfræðings í Reykjavík, Eggerts Jónssonar, kemur fram að það sé dálítið sérkennilegt að á sama tíma og sveitarfélögin að stefnu menntmrn. eiga að yfirtaka grunnskólann þá er greinilega gert ráð fyrir því að Reykjavík og ríkið hafi samvinnu um þann þátt menntunar í landinu sem hér er um að ræða, þ.e. listmenntun á háskólstigi. Og Eggert Jónsson borgarhagfræðingur bendir á það í umsögn sinni að það sé ekki mikið samræmi í afstöðu ríkisstjórnarinnar til hinna ýmsu þátta menntamála.

Þetta tel ég allt vera galla á þessu frv. Ég tel að það lýsi ekki miklum myndarskap eða krafti af hálfu stjórnvalda í þessu máli. Ég tel hins vegar, eins og ég sagði áðan, að þetta sé betra en ekki neitt og mun þess vegna greiða frv. atkvæði en ég vildi halda þessum fyrirvörum til haga í þessari umræðu um málið og þætti vænt um ef hæstv. menntmrh. sæi sér fært í umræðunni að greina frá því hvernig hann hyggst vinna að málinu áfram ef þetta frv. sem hér liggur fyrir verður að lögum.

[13:34]

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Það sem réði afstöðu okkar kvennalistakvenna og því kappi sem við höfum lagt á að þetta mál næði fram að ganga er einfaldlega að það er betra að stíga eitt skref en ekki neitt. Það er ekkert launungamál að umræða hefur verið í gangi afskaplega lengi um að það þurfi að samræma listmenntun á háskólastigi og viðurkenna því að að hluta til var listmenntun komin á háskólastig og það er mjög brýnt að þetta sé gert.

Ég er ekki í nokkrum vafa um að það að stíga eitt skref í þessa átt er mjög mikilvægt vegna þess að það er ekki einleikið hvað það hefur tekið langan tíma í rauninni að hrinda þessu í framkvæmd þrátt fyrir góðan vilja þeirra sem hafa komið að málinu, bæði á fyrri kjörtímabilum og núna. Þar af leiðandi er þetta hið eina af skólafrumvörpum hæstv. menntmrh. sem ég tel að muni eiga mjög greiða leið í gegnum þingið þrátt fyrir þá annmarka sem hv. 9. þm. Reykv. benti réttilega á og ég get út af fyrir sig alveg gert þær athugasemdir að mínum. En ég held að við séum bæði sammála um það, hv. 9. þm. Reykv. og fyrrv. menntmrh. og ég, að það er ekki eftir neinu að bíða. Væntanlega verður ekki lengra komist með þá stefnu sem þessi ríkisstjórn hefur en að fá þetta skref alla vega viðurkennt. Ég tek vissulega undir þær áhyggjur að ég óttast að hér sé verið að stefna í að hafa svigrúm til að taka mjög há skólagjöld. Það finnst mér mikil skammsýni en ég trúi því sem hæstv. menntmrn. hefur oftsinnis sagt og að hann meini það einlæglega að hann meti list- og verkmenntun mikils á öllum skólastigum. Og ég hef enga ástæðu til að efast um að hann tali þar af heilum hug en hitt er annað mál að öll list- og verkmenntun þarf að hafa góðan stuðning af því sem kannski verður ekki metið í krónum og aurum, þ.e. að ýtt sé undir frjálsa listsköpun á akademísku stigi því að listhönnun og verkmenntun þarf að hafa bakland á öllum stigum, alveg frá fyrstu skólastigum og upp á háskólastig og þar má enginn hlekkur vera veikur. Ég held að það séu miklu meiri auðæfi fólgin í góðri verk- og listþekkingu hér á landi en menn hafa almennt gert sér grein fyrir og ég held t.d. að okkar ullarvara muni fyrr eða síðar verða góð söluvara svo framarlega sem við berum gæfu til að leggja rækt við þá þekkingu sem þarf að vera til staðar og hún má ekki vera grunn. Hún verður að vera byggð á góðri og víðtækri reynslu.

Ég vil líka benda á að það er þroskandi og mjög gott fyrir öll börn og unglinga að eiga kost á listnámi og til þess þurfum við að hafa möguleika á því að halda uppi öflugu listalífi og hafa vel menntaða listakennara á öllum sviðum lista. Þar erum við kannski með forvörn sem ásamt íþróttum skiptir alveg gífurlega miklu máli til þess að börn og unglingar eigi samastað í tilverunni, hafi eitthvað til þess að fást við sem er uppbyggilegt. Það er mjög oft vitnað til íþrótta og ég get vissulega tekið heils hugar undir að þar er félagsstarf sem skiptir börn og unglinga verulega miklu

máli en við megum ekki gleyma listunum heldur. Með því að efla listmenntun sem boðið er upp á hér á landi og gefa kost á listmenntun á háskólastigi erum við vonandi að byggja traustara samfélag fyrir alla. Auk þess sé ég ekki að það skaði nokkurn mann ef það er hægt að fá svolítla ánægju út úr tilverunni líka og njóta góðra lista hvort sem er tónlist, myndlist, leiklist, dans eða önnur list sem iðkuð er og því betri hæfni fólks, þeim mun meiri ánægja.

[13:39]

Björn Bjarnason:

Hæstv. forseti. Hv. 9. þm. Reykv. taldi að við værum að samþykkja einhvers konar hálflög ef ég skildi hann rétt og þetta mál væri ekki fullunnið. Það er mikill misskilningur að þetta mál sé ekki fullunnið. Það er mjög ítarlega unnið og það liggja fyrir fastmótaðar tillögur um það hvernig staðið skuli að framkvæmd frv. ef það verður samþykkt sem allar líkur benda til. Ég þakka fyrir þær góðu undirtektir sem þetta mál hefur fengið í þinginu og innan hv. menntmn. þar sem náðist full samstaða um málið þó með þessum fyrirvara hv. 9. þm. Reykv.

Það liggja fyrir tillögur um hvernig staðið skuli að fjármögnun þessa skóla og það liggja fyrir hugmyndir um hvernig staðið skuli að skipulagi skólans og þessar hugmyndir hafa allar legið fyrir gagnvart öllum umsagnaraðilum og áður en málið var lagt fram gagnvart þeim aðilum sem þetta mál varðar sérstaklega.

Varðandi hlut Reykjavíkurborgar vil ég taka það fram að Reykjavíkurborg átti fulltrúa í nefndinni sem smíðaði tillögurnar sem frv. er byggt á og það er gert ráð fyrir því í tillögunum að Reykjavíkurborg eigi fulltrúa í stjórn hins nýja listaháskóla. Það hefur því alltaf verið gengið að því sem vísu að Reykjavíkurborg yrði virkur þátttakandi í þessum málum og Reykjavíkurborg gripi ekki til þess ráðs þegar skólinn væri kominn í þetta form að draga þá til baka fjárstuðning sinn við tónlistarmenntun og myndlistarmenntun í höfuðborginni. Það kæmi mér mjög á óvart ef sú staða væri uppi núna eftir að skipt hefði verið um meiri hluta í borgarstjórn Reykjavíkur að þá mundu menn þar vilja halda að sér höndum varðandi stuðning við listmenntun í borginni og skipta alveg um skoðun frá því sem var og réð úrslitum þegar við mótuðum þessar tillögur með þátttöku fulltrúa Reykjavíkurborgar. Mér hefur nú virst koma fram áhugi hjá núverandi meiri hluta í borgarstjórn Reykjavíkur á því að láta að sér kveða í menningarmálum. A.m.k. hafa verið haldnar tvær ráðstefnur um þessi mál upp á síðkastið, um hlut Reykjavíkurborgar í menningarmálum. Ég hef ekki orðið var við það sérstaklega að þar hafi verið ályktað á þann veg að Reykjavíkurborg ætli að draga sig út úr varðandi fjárstuðning við tónlistarmenntun eða myndlistarmenntun. Ef hv. þm. er að boða það hér að þessar hugmyndir standi á veikum grunni vegna þess að Reykjavíkurborg hafi skipt um skoðun í þessu máli þá kemur mér það satt að segja í opna skjöldu. En það er það eina sem mér virðist vera vafaatriði varðandi þetta því að hvergi er gert ráð fyrir því að dregið sé úr fjárframlögum á vegum ríkissjóðs til þessara skóla og eini aðilinn sem hefur boðað að það kunni að verða breyting á afstöðu hans er Reykjavíkurborg. Það kemur fram í bréfi sem fylgir bréfi borgarstjórans og er frá hagfræðingi Reykjavíkurborgar en ég trúi því ekki fyrr en ég tek á að Reykjavíkurborg ætli að hverfa frá stuðningi sínum við listmenntun þótt hún verði skilgreind með þeim hætti að um listmenntun á háskólastigi sé að ræða.

Það er eina vafaatriðið í þessu efni sem ég hef orðið var við síðan við gengum frá þessum tillögum og eins og ég legg áherslu á áttu fulltrúar Reykjavíkurborgar aðild að þessu starfi öllu og það er gert ráð fyrir aðild borgarinnar að stjórn þessa skóla.

Varðandi skólagjöldin þá geta menn dregið upp þá mynd að það verði mjög há skólagjöld í þessum skóla. Ég vil ekkert fullyrða um það. Við erum ekki að taka ákvörðun um það með samþykkt þessa frv. Það er á valdsviði skólans. Menn virðast gleyma því stundum þegar þeir ræða þetta mál að það sem við erum að samþykkja hér, verði þetta frv. að lögum, er að um sjálfstæða stofnun verði að ræða sem taki ákvarðanir um sín innri málefni og m.a. um þennan þátt. Mér finnst rétt að halda því til haga hér að það eru miklar ranghugmyndir gefnar ef menn láta eins og listnám nú sé ekki stundað fyrir há skólagjöld. Menn þurfa ekki annað en kynnast því hvað tónlistarnemar þurfa að borga há gjöld fyrir að stunda tónlistarnám til að átta sig á því að um há skólagjöld er þegar að ræða varðandi listnám í landinu. Í sjálfu sér eru skólagjöld ekki nýmæli í þessari skólagrein, ef ég má orða það svo, en hins vegar erum við ekki að taka ákvarðanir um skólagjöldin. Það hlýtur að ráðast af þeim samningum sem takast á milli skólans, ríkisins og Reykjavíkurborgar, sem ég tel að hljóti að verða annar tveggja burðarása á bak við þennan skóla, hvað skólagjöldin þurfa að verða há. Ég vona að við þingmenn Reykvíkinga munum þá a.m.k. sammælast um það að hlutur borgarinnar í þessum merka skóla, sem allir eru sammála um að koma á fót, verði sem mestur.

[13:45]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég satt að segja kann ekki alveg við þennan tón sem kemur fram hjá hv. 3. þm. Reykv. og það er greinilegt að hann hefur fullan hug á því að efna til illinda um þetta mál sem er út af fyrir sig ekkert nýtt af hans hálfu þar sem hann seilist eftir hverju tækifæri sem gefst til þess að koma af stað illindum um málefni í þessari annars friðsömu stofnun.

Það sem liggur fyrir er fyrst og fremst að það hefur ekki verið gengið frá neinu í þessu máli. Það hefur ekki verið gengið frá því hvernig fjármögnun Reykjavíkurborgar á listnámi á háskólastigi verður háttað. Ég slæ því algerlega föstu að Reykjavíkurborg hafi hug á því og um það sé full samstaða með mönnum úr öllum flokkum þar að halda áfram að styðja við listmenntun á háskólastigi ekki síður en verið hefur. Það er engin ástæða til þess, eins og hv. 3. þm. Reykv. gerði áðan, að vera að væna Reykjavíkurborg um það að hún vilji draga lappirnar í þessu máli í tilefni af

hógværum fyrirspurnum sem ég flutti um málið almennt áðan. Það er náttúrlega afar sérkennilegt að þingmaður Reykvíkinga skuli veitast að borgarstjórn Reykjavíkur eins og hann gerði áðan algerlega að tilefnislausu vegna þess að það hefur verið full samstaða um þessi mál í borgarstjórn Reykjavíkur um langt árabil eins og allir þekkja.

Vandinn er sá að það hefur ekki verið gengið frá samningum við neinn aðila um málið, ekki við Reykjavíkurborg, ekki heldur við ríkið og ekki heldur um skólagjöldin. Það liggur ekkert fyrir um það hvað skólagjöldin verða há en þau verða há. Það sem ég óttast er að skólagjöld í listnámi á háskólastigi verði mikið hærri en í öðru námi á háskólastigi hér á landi. Það tel ég ósanngjarnt. Hitt er hins vegar alveg rétt hjá hv. 3. þm. Reykv. að skólagjöld í tónlistarnámi eru gríðarlega há hér á landi. Þau eru gríðarlega há og gríðarlega þungbær fyrir viðkomandi nemendur og fjölskyldur þeirra oft á tíðum. Það er auðvitað alveg ljóst.

En mér fannst fyrst og fremst ástæða til að undirstrika það, sem mér fannst koma fram í máli hv. þm., að í raun og veru er hér um að ræða hálflög af því að það vantar í þau peningana. Hins vegar er þetta betra en ekki og þess vegna styð ég málið.

[13:47]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. menntmn. fyrir góða afgreiðslu á þessu máli og samstöðu um málið sem ég lít svo á að sé fyrir hendi. Ég verð aðeins að segja það að mér fannst í sjálfu sér óþarfi hjá hv. þm. Svavari Gestssyni að vera að agnúast út í þetta frv., sérstaklega með hliðsjón af því að hann styður það. Mér finnst vera spurning um það ef menn vilja meta þessa umræðu þannig að verið sé að stofna til illinda um málið þá er kannski spurning hver það er sem ræður þeirri för. Mér finnst óþarfi að vera að beina málinu í þann farveg af því að það er góð samstaða um þetta mál.

Hv. þm. Svavar Gestsson nefndi að þetta væru einhver hálflög. Ég hef aldrei vitað fyrr hvað hálflög frá Alþingi eru og ef þetta eru einhver hálflög þá sýnist mér bara allt gott um þau. Þau ná alveg sínum tilgangi. Ef þetta frv. verður að lögum þá nær það alveg sínum tilgangi, þ.e. að koma listmenntun í landinu á háskólastig.

Ýmsir forverar mínar hafa reynt þetta en það hefur engum tekist að stíga neitt skref í þá átt. Það hafa að vísu verið gerðar margar skýrslur og það hafa verið samin frumvörp en þau hafa ekki náð fram að ganga. Þau hafa aldrei fengið neinar undirtektir fyrr en einmitt þetta frv. og það er vegna þess að það er vel undirbúið, það var kynnt öllum þeim sem við löggjöfina eiga að búa og þeir studdu það allir sem einn. Það er munurinn á því sem áður hefur verið í sambandi við undirbúning að löggjöf um listmenntun á háskólastigi.

Um skólagjöldin skal ég ekkert segja. Það þekkja allir sem hafa stundað listmenntun á háskólastigi að það eru hærri skólagjöld þar en í öðrum skólum. Ég ætla ekkert að fullyrða um það hver þau kunna að verða. Það koma fram í greinargerð með frv. upplýsingar um það hver þau gætu orðið en um það liggur að sjálfsögðu engin ákvörðun fyrir.

Ég læt í ljós þá von, eins og kom fram í ræðu hv. þm. Björns Bjarnasonar, að Reykjavíkurborg styðji áfram listnám eins og Reykjavíkurborg hefur gert. Það er ekkert óeðlilegt við það þótt ekki hafi verið gengið frá samningi við Reykjavíkurborg eða aðra um þetta mál vegna þess að það er verið að leita þeirra heimilda einmitt í þessari löggjöf að geta gert slíka samninga. Í þessu tilviki verða menn náttúrlega að fara að þessu alveg í réttri röð og það er ekki hægt að byrja á einhverjum samningum á grundvelli einhverra hugleiðinga eða frumvarps sem ekki er orðið að lögum. Það verða næstu skrefin af því að hv. þm. spurði hvernig ég hugsaði mér framhaldið á þessu. Það verður að sjálfsögðu að heimildirnar í frv. þegar það er orðið að lögum verða nýttar til þess að hefja undirbúning að listnámi á háskólastigi og samningi við lögaðila um rekstur slíks skóla. Af sjálfu leiðir að það verða næstu skrefin.

Ég vonast til að út úr þessum samningum komi samstarf við Reykjavíkurborg um áframhaldandi stuðning borgarinnar við listnám. Reykjavíkurborg hefur alla tíð stutt það mjög dyggilega og það er engin ástæða til að ætla finnst mér fyrir fram að borgin hafni því. Ég geri mér hins vegar alveg grein fyrir því að sveitarfélög hafa ekki stutt með beinum framlögum en með ýmsum óbeinum hætti þó hafa þau stutt nám á háskólastigi, en það er ekkert í lögum sem segir að sveitarfélög eigi að gera það. Um þetta þarf því að semja og það verður að sjálfsögðu kannað með formlegum viðræðum eftir að þessar heimildir eru fengnar með lagasetningunni hvort slíkur stuðningur fæst áfram þrátt fyrir þessa skipulagsbreytingu sem þarna verður og er mjög svo nauðsynleg.

Um nauðsyn þess að koma þessu námi á háskólastig ber öllum saman. Ég hef rakið það áður þegar ég talaði fyrir frv. hvaða vandamál hafa risið einmitt vegna óvissu um þetta skólastig sem hefur verið rekið sem framhaldsskólastig og valdið ýmsum vandræðum í sambandi við réttindamál kennara sem ég þarf ekki að endurtaka hér.

Ég ítreka þakkir mínar til nefndarinnar fyrir góða afgreiðslu á þessu máli og er sannfærður um að þetta verður öllu listnámi í landinu til mikils framdráttar.

[13:53]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst mikilvægt að það kom fram í máli hæstv. menntmrh. að hjá honum er ekki um að ræða sama vantraustið á Reykjavíkurborg og kom fram hjá hv. 3. þm. Reykv. Hæstv. menntmrh. gerir ráð fyrir því að Reykjavíkurborg komi við sögu í þessu máli ekki síður en verið hefur enda engin ástæða til þess að væna borgina um það að hún vilji liggja á liði sínu í þessu efni.

Ég bendi hins vegar á það, hæstv. forseti, að þegar núv. ríkisstjórn tók til starfa 1991, þá lá fyrir samningur um listnám á háskólastigi og það hafði einnig verið tekin um það ákvörðun að listnám á háskólastigi

gæti farið fram á tilteknum stað í höfuðborginni. Niðurstaðan hefur orðið sú að þetta mál hefur verið saltað allt kjörtímabilið og nú eru 2–3 dagar eftir af þingstörfum á kjörtímabilinu og þá eru menn að afgreiða þetta frv. sem ég kalla hálffrumvarp eða hálflög af því að það eru engir peningar í því. Það er nú einu sinni veruleikinn. Ég vona, hæstv. forseti, að þetta verði ekki til þess að vekja upp vonir sem síðan breytast í vonbrigði. Ég vona þvert á móti að menn hafi þá döngun í sér til að fylgja þessu máli eftir þó að það sé útbúið með þeim hætti sem hér liggur fyrir og ég hef gagnrýnt, en ég hef sagt: Ég tel betra að stíga þetta skref heldur en gera ekkert í þessu máli.

[13:55]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil ekki á nokkurn hátt fara að hefja einhverjar deilur en ég kannast ekki við það að það hafi legið fyrir samningur um listnám á háskólastigi þegar þessi ríkisstjórn tók við. Ég kannast við ítarlega skýrslu og úttekt á þessum málum sem lá fyrir en það lá enginn samningur fyrir. Ég kannast bara alls ekki við það. Og eitt af þeim mörgu gögnum sem nefndin sem ég skipaði og var undir forustu hv. alþm. Björns Bjarnasonar fékk í hendur var einmitt skýrslan sem ég vænti að hv. þm. sé að vísa til. Margt annað lá fyrir í ráðuneytinu frá fyrri árum um það sem kannað hafði verið í sambandi við það að koma listnámi á háskólastig en ekkert af því hafði náð fram að ganga.

Ég ítreka það að menn hafa velt ýmsum leiðum upp á undangengnum árum, en engin þeirra hefur dugað og engin þeirra hefur náð fram að ganga hér í þinginu. Sumar þeirra hafa alls ekki verið sýndar í þinginu vegna þess að ég býst við að ráðherrar menntamála hafi séð það fyrir fram að þær tillögur mundu ekki ná fram að ganga. Það er, eins og ég sagði áðan, ekki fyrr en þessi hugmynd kemur upp og er sett fram í mjög skýru máli í tillögum nefndarinnar.

[13:56]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég harma það að hæstv. ráðherra hefur ekki haft tök á því að kynna sér betur skjalasafn menntmrn. en þar liggja fyrir niðurstöður varðandi samkomulag á milli skólanna sem hafa veitt kennslu í listum á háskólastigi. Það hefur legið fyrir og samkomulag þeirra allra um það hvernig yrði hagað samvinnu þeirra við Háskóla Íslands. Það kemur mér satt að segja mjög á óvart ef hæstv. ráðherra þekkir ekki til þeirra gagna og ég harma það að svo sé. En það er auðvitað hugsanlegt fyrir hann að gramsa í skúffunum enn þá og athuga hvort hann finnur þessi skjöl. En ef hann finnur þau ekki þá get ég veitt honum lið í þessu efni. (**Menntmrh.:** Takk. Það er gott að vita af því að skjölin eru til.)

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skoðun kvikmynda, 2. umr.

Stjfrv., 219. mál (heildarlög). — Þskj. 253, nál. 731, brtt. 732.

[13:58]

Frsm. menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 731 frá menntmn. og brtt. á þskj. 732.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið sem fellir saman í heildstæða löggjöf ákvæði um bann við ofbeldiskvikmyndum. Því er ætlað að leysa af hólmi lög nr. 33/1983, um bann við ofbeldiskvikmyndum, en einnig eru í því ákvæði sem byggja á ákvæðum þeim sem féllu brott við heildarendurskoðun laga um vernd barna og ungmenna árið 1992.

Nefndin fékk á sinn fund frá menntamálaráðuneyti Árna Gunnarsson skrifstofustjóra og Þórunni J. Hafstein deildarstjóra, Auði Eydal, forstöðumann Kvikmyndaeftirlits ríkisins, og Douglas A. Brotchie, forstöðumann Reiknistofu Háskólans. Þá studdist nefndin einnig við gagnlegar umsagnir.

Nefndin telur nauðsynlegt að lögfestar verði reglur um eftirlit með ofbeldiskvikmyndum og leggur til að frv. verði samþykkt með breytingum sem gerð er grein fyrir á sérstöku þingskjali. Þær eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að felldur verði brott sá hluti 4. mgr. 1. gr. sem kveður á um að frumvarpið nái ekki til auglýsinga. Nefndin telur óeðlilegt að kveðið sé á um undanþágu varðandi framangreint efni enda þótt ekki sé gert ráð fyrir skoðun þess í frumvarpinu. Í því sambandi ber sérstaklega að nefna að varhugavert er að auglýsendur kvikmynda geti vísað til slíkrar undanþágu við sýningar á brotum úr ofbeldiskvikmyndum í kvikmyndahúsum, sjónvarpi eða á myndböndum. Þá má benda á að sérstaklega er kveðið á um efni auglýsinga í 22. gr. samkeppnislaga, nr. 8/1993, en þar segir m.a. í 3. og 4. mgr.:

„Auglýsingar skulu miðast við að börn sjái þær og heyri og mega þær á engan hátt misbjóða þeim.

Í auglýsingum verður að sýna sérstaka varkárni vegna trúgirni barna og unglinga og áhrifa á þau."

Nefndin telur á hinn bóginn ekki raunhæft að gert sé ráð fyrir að lög um skoðun kvikmynda taki til frétta- og fræðsluefnis. Nefndin leggur þó þunga áherslu á að varað verði við sýningu ofbeldisefnis í hvers kyns sjónvarpsefni og bendir í því sambandi á 1. mgr. 22. gr. tilskipunar ráðs Evrópubandalagsins frá 3. október 1989 (89/552/EBE) sem er hluti EES-samningsins. Ákvæðið er svohljóðandi: „Aðildarríki skulu gera viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja að sjónvarpssendingar, sem lögsaga þeirra nær yfir, innihaldi ekki dagskrárefni sem gæti haft alvarleg skaðvænleg áhrif á líkamlegan, andlegan eða siðferðilegan þroska barna og ungmenna, einkum og sér í lagi dagskrá sem í felst klám eða tilefnislaust ofbeldi. Þetta ákvæði skal einnig ná til dagskrárefnis sem líklegt er til þess að skaða líkamlegan, andlegan eða siðferðilegan þroska barna og ungmenna, nema þegar tryggt er, með vali á útsendingartíma eða með einhverjum tæknilegum ráðstöfunum, að börn og ungmenni á því svæði er útsendingin

nær til muni ekki að öðru jöfnu heyra eða sjá slíkar útsendingar."

2. Lagt er til að nafni „kvikmyndaskoðunarnefndar" verði breytt í „Kvikmyndaskoðun". Nefndin telur það nafn þjálla og samræmast betur þeim verkefnum sem kveðið er á um í frumvarpinu. Því er lagt til að orðalagi 2. gr. frumvarpsins verði breytt í samræmi við það. Nefndin styður það fyrirkomulag sem frumvarpið gerir ráð fyrir varðandi tilnefningar fulltrúa í Kvikmyndaskoðun og leggur áherslu á að þar eigi sæti jafnmargir karlar og konur eins og verið hefur hingað til hjá Kvikmyndaeftirliti ríkisins.

3. Breytingar, sem lagðar eru til á 3. gr., eru annars vegar í samræmi við breytt nafn stofnunarinnar en hins vegar er lagt til að kveðið verði á um að úrskurðir séu endanlegir hvað varðar efni kvikmynda. Er það gert til að árétta að um málsmeðferð að öðru leyti gildi ákvæði stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, og að úrskurðir eru að því leyti kæranlegir til menntamálaráðuneytis í samræmi við reglur um kæru til æðra stjórnvalds. Í athugasemdum við 3. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að aldurstakmark verði miðað við afmælisdag viðkomandi. Nefndin telur að slík viðmiðun sé óheppileg og erfið í framkvæmd. Ekki er kveðið á um þetta atriði í 3. gr. en nefndin telur eðlilegt að ákvæðið verði framkvæmt með þeim hætti að miðað verði við fæðingarár viðkomandi.

Fram kom í umfjöllun nefndarinnar að nauðsynlegt er að auka eftirlit með starfsemi myndbandaleiga. Nefndin gerir ekki tillögur um breytingar þess efnis þar sem vanda þarf til undirbúnings þess. Nefndin hvetur hins vegar til að þetta atriði verði skoðað sérstaklega með tilliti til þess hvort ástæða sé til að kveða á um slíkt í lögum eða reglugerð.

Þá kom fram í máli forstöðumanns Kvikmyndaeftirlits ríkisins að ástæða væri til að auka eftirlit með því að farið sé eftir úrskurðum þess og vill nefndin leggja áherslu á skyldur lögregluyfirvalda í því efni, sbr. 9. gr. frumvarpsins.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að kveðið verði á um ýmis mikilvæg framkvæmdaatriði í reglugerð og leggur nefndin áherslu á að reglugerð á grundvelli laganna liggi sem fyrst fyrir.

Í frv. því sem hér er til umfjöllunar er verið að fella saman í heildstæða löggjöf ákvæði um bann við ofbeldiskvikmyndum og ákvæði um skoðun kvikmynda til að meta sýningarhæfni þeirra fyrir börn en slík ákvæði voru áður í lögum um vernd barna og ungmenna. Frá því að þau lög féllu úr gildi í ársbyrjun 1993 hefur Kvikmyndaeftirlit ríkisins haft ónóg lagaákvæði til að starfa eftir.

Ég vil nota þetta tækifæri til þess að þakka nefndarmönnum í menntmn. þá vinnu sem þeir lögðu á sig nú á síðustu dögum þingsins til þess að þetta mikilvæga mál mætti ná fram að ganga og ég vil taka það sérstaklega fram að það var afgreitt í fullri samstöðu frá nefndinni. Það sýnir að nefndarmenn töldu að hér væri um mjög mikilvægt mál að ræða sem brýnt væri að næði fram að ganga nú.

[14:05]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil lýsa ánægju minni með það að hv. menntmn. skuli hafa komið þessu máli hingað til afgreiðslu. Það hefur einmitt mikið verið spurt um þessi mál á hinu háa Alþingi og ekki hvað síst síðan 1992 þegar samþykkt voru ný lög um vernd barna og ungmenna þar sem ákveðið ákvæði datt út úr kvikmyndaeftirlitslögunum þar sem hægt var að fylgja eftir banni við kvikmyndum.

Hér hefur verið tekið á því einnig að banna auglýsingar sem hafi svipuð áhrif og talað er um í sambandi við kvikmyndir. Það er einnig mjög nauðsynlegt í því breytilega þjóðfélagi sem við lifum í að tekið sé líka á því sem viðkemur auglýsingunum.

Það hefur komið hér fram, ég man ekki hvort ég ræddi það við 1. umr. um þetta mál, að ég tel einmitt að þær auglýsingar sem sýndar eru frá myndbandaleigum og kvikmyndum rétt fyrir kl. 8 á kvöldin hafi slæm áhrif á ungmenni. Það er alveg greinilegt að sá tími er fyrst og fremst notaður vegna þess að þá er mestur fjöldi þjóðarinnar, og þar með talin börn og unglingar, sestur fyrir framan sjónvarpið til þess að horfa á dagskrána fram undan.

Síðan er aftur á móti talað um í nál. að nefndin hafi ekki treyst sér til þess að taka á þessu hvað varðar fréttaefni. Þetta gildir samt einnig um fréttaefni því að fréttaefnið er oft og tíðum það óhugnanlegt á að horfa að það verður að vernda börn og ungmenni fyrir því að horfa á þetta og ekki einungis börn og ungmenni heldur jafnvel margt viðkvæmt fólk sem ekki þolir að horfa á þetta. Það er spurning hvort það sé ekki næsta skref að fara að skoða það eitthvað hvernig fréttamenn vinna sínar fréttir og hvaða mat þeir leggja á það hvað sé verulegt fréttaefni því að það virðist vera það sem er ógnvænlegast og blóðugast, svo eitthvað sé nefnt. En nefndin hefur greinilega ekki treyst sér til að taka á því máli núna en vísar í ákvæði sem er hluti EES-samningsins en þar segir að aðildarríki skuli gera viðeigandi ráðstafanir. Það er náttúrlega spurning hvort því sé nokkuð fylgt eftir þótt ákvæði sé um það í einni grein og væri kannski vert að spyrja hv. formann menntmn. að því hvort hún viti til þess að einhvers staðar sé slíku ákvæði fylgt eftir, þ.e. að eitthvert eftirlit sé með sjónvarpssendingum á fréttaefni innan lögsögu Evrópubandalagsríkjanna og þeirra sem EES-samningurinn tekur til. Nú þekki ég það ekki en kannski hefur hv. formaður nefndarinnar skoðað þetta eitthvað í tengslum við afgreiðslu frv.

Þá er einnig nefnt í umfjöllun nefndarinnar að það sé nauðsynlegt að auka eftirlit með starfsemi myndbandaleiga. Mér sýnist ekki hafa verið tekið á því í frv. eða umfjöllun nefndarinnar þannig að þó að ég fagni því að þetta frv. sé komið fram og það sé til bóta svo langt sem það nær þá tel ég enn sé mjög margt ógert í þessum efnum og þar á ég við fréttaefni og myndbandaleigur. Ég tel að það þurfi miklu meira eftirlit með því að það efni sem þar er flæði ekki yfir heimilin og æsku landsins. Ég held að það verði ekki gert nema með hertu eftirliti á þessum sviðum þannig að ég

vænti þess að þó að þetta frv. verði samþykkt þá verði ekki þar með hætt umfjöllun um þessi mál heldur sé haldið áfram að skoða þetta og verulega haldið á lofti því sem þó kemur fram í þessu frv. að það þurfi að takmarka eitthvað myndefni sem flæðir yfir íbúa hvarvetna í heiminum og raunar ekki bara á Íslandi. Þetta er það sem held ég allar þjóðir heims þurfa að vakna til vitundar um og taka á á næstu árum.

[14:11]

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Varðandi það sem hv. síðasti ræðumaður sagði um fréttaefni þá vil ég láta þess getið að um það mál var sérstaklega rætt í nefndinni og töluvert mikið og einnig hvort ákvæði laganna ætti að ná til fréttaefnis og fræðsluefnis. Það var niðurstaða þeirra umræðna í nefndinni að svo skyldi ekki vera. Ástæðan er m.a. sú að það var mat okkar að það væri mjög óskynsamlegt að setja slík ákvæði í lög þótt margir fréttnæmir atburðir væru mjög óhugnanlegir og sýndu mikið ofbeldi. Við töldum að ekki væri hægt að komast hjá því í samtímanum að sýna slíkt efni í sjónvarpi og jafnvel sjónvarpsfréttum eða í fræðsluþáttum og sáum ekki ástæðu til að hafa ákvæði í frv. sem gæfu mönnum tilefni til að ætla að slíkt efni ætti að banna vegna þess hve óhugnanlegt það væri eða ofbeldismikið. Og ég tók sjálfur sem dæmi í umræðunum í nefndinni sjónvarpsþátt sem sýndur var í ríkissjónvarpinu á mánudagskvöldið og fjallaði um atburði í Sovétríkjunum fyrrverandi þ.e. sérstaklega átökin á milli Azera og Armena. Margt í þeim þætti var þess eðlis að jaðraði við að misbjóða fólki vegna ofbeldis. En eigum við ekki að hafa tækifæri til þess að sjá það hvað er að gerast í veröldinni og á að vera í skjóli laga eins og þessara unnt að koma í veg fyrir að við fylgjumst með því sem er að gerast og einnig í fréttatímum?

Við verðum að hafa tækifæri til þess, en við leggjum áherslu á það í nefndinni og í áliti okkar að þegar um slíka atburði er að ræða sem eru sýndir almenningi, t.d. í fréttatímum, þá sé mjög brýnt fyrir áhorfendum hvað er í vændum þannig að þeir geti þá forðað sér eða litið undan ef svo ber undir.

[14:13]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að þetta sé líka spurning um fréttamatið og fréttamatið er yfirleitt alltaf heldur neikvætt þannig að það er alltaf verið að sýna það sem er verst og ógeðslegast í hverju tilviki.

Nú hefur það stundum gerst að það er varað við því þegar verið er að sýna fréttamyndir í sjónvarpi að myndirnar sem á eftir koma séu ekki ætlaðar börnum eða viðkvæmu fólki. Þó ég sé ekki að leggjast gegn því að menn séu upplýstir um það sem er að gerast í heiminum og þar með talið ofbeldi sem á sér stað, þá er stundum hægt að gera það án þess að sýna allar þær myndir sem frá því koma. Ég held að þetta sé líka spurning um það að fólk sjálft sé meðvitað um þetta, að almenningsálitið leggist gegn þessu og fréttamenn finni það. Þess vegna tel ég nauðsynlegt að það komi fram í umræðum um þetta frv. á Alþingi að fólk er almennt ekki sammála því að allar þær fréttamyndir sem okkur er boðið upp á þurfi að vera til þess að upplýsa okkur um það sem verið er að segja frá. Það er oft hægt að gera það án þess.

[14:15]

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir framlagningu þessa frv. og afgreiðslu á því. Fyrr á þessu þingi bar ég fram fyrispurn um hvað liði frv. um þetta efni þar sem ljóst var að við setningu laga um vernd barna og unglinga hafði hlutverk Kvikmyndaeftirlits ríkisins í raun og veru fallið úr lögunum þannig að það hafði starfað án lagastoðar. Þess vegna var bent á að nauðsynlegt væri að setja sérstök lög um hlutverk þess. Þetta hefur verið gert og vil ég þakka bæði hæstv. ráðherra og hv. nefnd fyrir það.

Það er ekki vandalaust að setja lög sem þessi því að allar hömlur á efni eru auðvitað ákveðin ritskoðun sem er orð sem við öll erum mjög hrædd við. Ég held þó að enginn efist um að það geti verið alvarlegt fyrir börn og óharðnaða unglinga að horfa á mikið af ofbeldiskenndu efni hvort sem það heitir ofbeldi eða klám, eða er það nú ekki eitt og það sama þegar öllu er á botninn hvolft? Það er þess vegna ekki auðvelt að gera slík lög þannig úr garði að óumdeilanlegt sé að þau séu nauðsynleg.

Hér hefur verið minnst á annars vegar fréttir og hins vegar annað efni. Ég held að þarna sé mikill munur á vegna þess að fréttir eru þannig fram settar að yfirleitt er fréttamyndin skýring á því sem hefur verið að gerast. Hvort sem það er í eftirlætisríki hv. 3. þm. Reykv., Rússlandi, eða öðrum ríkjum, nógu er af að taka í okkar vonda heimi, þá held ég að viðbrögð þess sem á horfir séu hryllingur og eiga að vera það, en því fylgir skýring, bæði fréttamanna og þeirra fullorðnu sem horfa á fréttina með börnunum. Það sem er miklu óhuggulegra er hryllingsiðnaðurinn sem er beinlínis gerður til þess að skemmta fólki og sem afþreying. Auðvitað vitum við það að eins og okkar samfélag er sett saman þá er hópur af börnum einn heima langan tíma úr deginum og hefur greiðan aðgang að slíku efni og börnin hafa engan sér við hlið til þess að greiða úr eða fá skýringu á nokkurn hátt. Ég er ekki í nokkrum vafa um að sú ofbeldisalda sem hefur verið að ríða yfir okkur meðal barna og unglinga á rætur í þessum iðnaði, svo skemmtilegur sem hann nú er.

Hvernig svo á að koma í veg fyrir það er verra að dæma. Það er auðvitað hægt að skylda kvikmyndahúsin til þess að láta skoða sínar myndir og stjórna því að börn og unglingar fari ekki til að horfa á slíkar myndir. Miklu verra er auðvitað að eiga við myndbandaleigurnar og síðan alla aðra möguleika sem upp hafa komið sem eru alls kyns kapalkerfi innan fjölbýlishúsa. Nú er ég ekki svo vel að mér að ég viti hvar það fólk kaupir sínar myndir en grun hef ég um að það geti gert það hvar sem er, bæði á myndbandaleigum, sem ættu að vera undir einhverju eftirliti, en líka erlendis þar sem eftirlit er miklu minna. Þess vegna hafa komið öðru hverju fréttir af því að börn hafi verið að horfa á einhverja andstyggð sem enginn kannski kærði sig um að hafa í kapalkerfi.

Ég held þess vegna að hér sé enn verk að vinna. Það verður að koma í veg fyrir að þetta efni sé á boðstólum. Ég held að við þurfum ekkert á því að halda og það sé engum til góðs, hvorki fullorðnum né börnum og allra síst börnunum. Það nær ekki nokkurri átt að börn vaxi upp með þeirri fyrirmynd að það sé hægt að afgreiða alla hluti með kjaftshöggum og byssukjöftum og auðvitað fá börnin fullkomna ranghugmynd um hvernig ber að greiða úr vandamálum og bregðast við þeim.

Þó að ég sé þakklát fyrir að þetta frv. nær afgreiðslu á þessu þingi, sem ég mun að sjálfsögðu styðja, þá vildi ég biðja hæstv. menntmrh. eða hvern þann sem þar við tekur að sjá svo til að hér verði unnið betur að þeim öðrum möguleikum sem menn hafa.

Hvort það er svo yfirleitt hægt skal ég ekki segja. Nú hafa margir skerma sem ná um hálfa heimsbyggð og þar veður allt uppi í þessum sora sem menn virðast nenna að leggja sig niður við að framleiða. Hvort hægt er að hindra það á nokkurn hátt, það má vel vera að svo sé ekki (**GHall:** Skjóta ...) og e.t.v. er heimurinn varnarlaus fyrir þessu. Hv. 16. þm. Reykv. var að kalla eitthvert ráð fram í og hafi hann einhver ráð við þessu vildi ég biðja hann að skýra það fyrir þingheimi.

En meira skal ég ekki segja um þetta. Ég fagna því að þetta frv. er fram komið og líklegt til að ná afgreiðslu en ég mælist til að betur verði að unnið svo við getum varið litlu börnin okkar fyrir sora af þessu tagi. Hann er engum til góðs.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Viðlagatrygging, 2. umr.

Stjfrv., 239. mál (skíðalyftur o.fl.). — Þskj. 280, nál. 709, brtt. 710.

[14:21]

Frsm. heilbr.- og trn. (Gunnlaugur Stefánsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frv. til laga um breytingu á lögum um Viðlagatryggingu Íslands, nr. 55/1992, fyrir hönd hv. heilbr.- og trn.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið sem felur einkum í sér þá breytingu að framvegis verði skylt að viðlagatryggja skíðalyftur. Þá gerir frumvarpið ráð fyrir að felld verði brott heimild Viðlagatryggingar Íslands til að taka að sér vátryggingu annarra eigna en þeirra sem skylt er að vátryggja og er það gert til samræmingar reglum EES-samningsins. Loks er lagt til að lögfest verði heimild, sem var í eldri lögum um viðlagatryggingar, varðandi styrkveitingar til björgunarsveita.

Ég vil sérstaklega í því sambandi benda á að hv. nefnd gerir tillögu að breytingu á orðalagi 4. gr. þessu viðvíkjandi þannig að heimild Viðlagatryggingar til styrkveitinga beinist að þeim landssamtökum sem hafa samstarfssamning við Almannavarnir ríkisins um skipun hjálparliðs. Nefndin telur eðlilegt að heimildin taki til landssamtaka björgunarsveita en ekki einstakra sveita um land allt. Þau landssamtök, sem hér um ræðir, eru Landsbjörg, Slysavarnafélag Íslands og Rauði kross Íslands. Innan þeirra vébanda eru allar starfandi björgunarsveitir hér á landi. Þá er gert ráð fyrir að styrkirnir renni til fræðslu- og þjálfunarmála í stað hinnar opnu heimildar sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Ég vil taka sérstaklega fram að um það orðalag sem hér er gerð tillaga um var haft mjög náið samráð við slysavarna- og björgunarsveitir í landinu.

Nefndin vill taka fram að Björgunarhundasveit Íslands er aðili að Landsbjörg og aukin áhersla verður í framtíðinni lögð á þátt leitarhunda á námskeiðum í snjóflóðaleit, en slík námskeið hafa um árabil verið haldin á vegum björgunarsveita.

Hv. nefnd telur afar mikilvægt að hér verði áréttað að staða eigenda leitarhunda verði tryggari eftir að ákvæði þessara laga hafa tekið gildi.

Að lokum, hæstv. forseti, er í þriðja lagi lagt til að gerðar verði breytingar á 5. gr., ákvæði til bráðabirgða, sem hljóði þannig, með leyfi forseta:

„Á árinu 1995 skal stjórn Viðlagatryggingar Íslands greiða Ísafjarðarkaupstað 90 millj. kr. í bætur vegna tjóns sem varð á skíðalyftum á Ísafirði í snjóflóðum 1994."

Hv. heilbr. - og trn. telur ekki rétt að lögfest sé afturvirkt ákvæði sem byggir á því að munir séu tryggðir eftir á eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Því er lagt til að kveðið verði á um tiltekna eingreiðslu úr sjóðum Viðlagatryggingar Íslands í því afmarkaða tilviki sem hér um ræðir.

Hæstv. forseti. Undir nál. hv. heilbr.- og trn. skrifa Gunnlaugur Stefánsson, Tómas Ingi Olrich, Ingibjörg Pálmadóttir, með fyrirvara, Guðmundur Hallvarðsson, Margrét Frímannsdóttir, með fyrirvara, Sólveig Pétursdóttir, Finnur Ingólfsson, með fyrirvara, Sigríður A. Þórðardóttir og Guðrún J. Halldórsdóttir, með fyrirvara.

Ég legg til að að lokinni 2. umr. verði málinu vísað til 3. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tilkynning um dagskrá.

Forseti (Kristín Einarsdóttir):

Að því er varðar 19., 20. og 21. dagskrármálið hefur verið óskað eftir því að hv. frsm. samgn. fái að mæla fyrir þeim öllum í einu þar sem þau eru öll nátengd, en það er heimilt skv. 63. gr. þingskapa. Ef enginn þingmaður andmælir því ætlar forseti að verða við því og verður þá mælt fyrir eftirfarandi málum.

Leigubifreiðar, 2. umr.

Stjfrv., 329. mál (heildarlög). — Þskj. 499, nál. 734, brtt. 735.

Fólksflutningar með langferðabifreiðum, 2. umr.

Stjfrv., 332. mál (aldurshámark bifreiðastjóra). — Þskj. 514, nál. 736.

og

Vöruflutningar á landi, 2. umr.

Stjfrv., 333. mál (aldurshámark bifreiðastjóra). — Þskj. 515, nál. 737.

[14:27]

Frsm. samgn. (Pálmi Jónsson):

Hæstv. forseti. Samgn. hefur haft til athugunar frv. til laga um leigubifreiðar ásamt fylgifrv. þess, frv. til laga um breytingar á lögum um vöruflutninga á landi og frv. til laga um breytingu á lögum um skipulag á fólksflutningum með langferðabifreiðum, nr. 53/1987, með síðari breytingum. Þessi frumvörp eru mjög tengd og tiltekin ákvæði eru hin sömu í frumvörpunum öllum þannig að ég er þakklátur hæstv. forseta fyrir það að heimild er veitt til þess að mæla fyrir þeim öllum í senn.

Samgn. hefur fjallað nokkuð ítarlega um þessi mál. Frv. til laga um leigubifreiðar var einnig flutt á síðasta Alþingi af hæstv. samgrh. fyrir hönd hæstv. ríkisstjórnar, en enn fremur flutti frv. hv. 3. þm. Reykv.

Nefndin hefur fengið á sinn fund til þess að fjalla um þetta mál Helga Jóhannesson, lögfræðing í samgönguráðuneyti, Sigfús Bjarnason formann og Unni Sverrisdóttur, framkvæmdastjóra Frama, Helga Stefánsson formann og Guðmund Kr. Jónsson, framkvæmdastjóra Landssambands vörubifreiðastjóra, Pétur Maack Pétursson stjórnarformann og Ingólf Finnbjörnsson, framkvæmdastjóra Trausta, félags sendibifreiðastjóra, Kjartan Haraldsson varaformann og Rúnar Jónsson, stjórnarmann í Framabraut, félagi launþega í leiguakstri, Sigurð Sigurjónsson, formann Átaks, Guðjón Andrésson leigubifreiðastjóra og Sigurgeir Aðalgeirsson formann og Guðmund Arnaldsson framkvæmdastjóra Landvara.

Öllum þessum aðilum sem komu á fund nefndarinnar færi ég þakkir fyrir ýmsar ábendingar og annað það sem þeir áttu hlut að varðandi afgreiðslu þessa máls.

Samgn. lítur svo á að þessi frumvörp fjalli um mjög mikilvæg málefni sem er leigubifreiðaakstur, vöruflutningar og skipulag fólksflutninga. Hér er fjallað um lagaramma utan um ákaflega þýðingarmikla þjónustu sem borgurunum er veitt. Við í samgn. lítum svo á að mikilvægt sé að vanda slíka lagaramma, ekki síst í ljósi reynslu undangenginna ára þar sem tiltekin atriði hafa verið kærð fyrir Evrópudómstóli en einnig leitast við að gæta þess að þessum málum sé skipað á þann veg að hvort tveggja í senn gerist að ekki sé verið að mismuna þeim aðilum sem þessa atvinnu stunda um of og ekki síður hitt að lagaramminn feli það í sér að það megi vænta þess að þeir sem þessa starfsemi stunda hafi burði til þess að gæta fyllsta öryggis í því starfi sem þeir taka að sér. En borgararnir eiga mikið í húfi við það að þess atriðis sé gætt.

Ég vil gjarnan segja frá því að nefndin leit svo á að það væri þýðingarmikið að reyna að vinna þetta mál með þeim hætti að það mætti takast um það sem breiðust samstaða og nefndin vann sitt verk í ljósi þessara sjónarmiða. Ég vil þakka nefndinni og öðrum sem að þessu máli hafa komið þann mikla hlut sem allir aðilar hafa átt í því að þessi samstaða hefur í meginatriðum tekist.

Nefndinni tókst að ná samkomulagi sem ég tel að sé breið samstaða um á meðal hagsmunaaðila og sú samstaða byggist á þeim brtt. sem nefndin hefur flutt á þskj. 735, 736 og 737.

Ég tel þá rétt að ég fari yfir þær brtt. sem nefndin leggur til að gerðar verði á þessum frumvörpum. Þá er það fyrst frv. til laga um leigubifreiðar. Þar er í fyrsta lagi lagt til að við 5. tölul. 3. gr. frv. bætist málsgrein sem nánar verður skýrð þegar vikið verður að brtt. við 7. gr. Gert er ráð fyrir í tillögum nefndarinnar að breytingar verði gerðar á 6. gr. frv. Þar er í fyrsta lagi um það að ræða að við umsóknir um atvinnuleyfi til leiguaksturs verði veittur nokkur forgangur þeim aðilum sem stundað hafa leiguakstur í a.m.k. eitt ár, þ.e. að reynsla í því starfi sem menn þurfa að sækja um leyfi til þess að stunda verði metin nokkurs þannig að að öðru jöfnu gangi þeir fyrir.

Í 6. gr. frv. er sagt, með leyfi hæstv. forseta:

„Þó er heimilt að halda námskeið fyrir umsækjendur um atvinnuleyfi" o.s.frv. Nefndin kýs að gera tillögu um breytingar á þessu orðalagi þannig að það verði heldur ákveðnara og leggur til að þar verði sagt: „Að jafnaði skal halda námskeið fyrir umsækjendur um atvinnuleyfi og má gera prófárangur að skilyrði fyrir því að leyfi verði veitt."

Nefndin ákvað að hafa þetta ákvæði ekki alveg fortakslaust. Þetta orðalag bendir þó til þess að hverju sinni sem sótt er um atvinnuleyfi, t.d. hér á höfuðborgarsvæðinu þar sem aðalþéttbýli landsins er og flestir leigubifreiðastjórar, verði ævinlega um slík námskeið að ræða. Námskrá hefur verið sett upp um slík námskeið. Þau taka hálfan mánuð og þar er hægt að koma við mikilli fræðslu og upplýsingum á þeim kröfum sem gerðar eru til þeirra sem stunda þjónustu af þessu tagi og er það allt vel. Á hinn bóginn þar sem leiguakstur er stundaður á fámennari stöðum og leigbílstjórar kannski innan við einn tug, umsækjendur kannski einn eða tveir, þá felur þetta orðalag í sér að það er hægt að gera undantekningu eða frávik frá því að námskeið sé haldið eða að þessum umsækjendum sé gert að sækja slíkt námskeið hingað suður til Reykjavíkur.

Nefndin gerir brtt. við 7. gr. frv. Í 7. gr., eins og frv. er orðað, segir, með leyfi hæstv. forseta, í 3. mgr.:

„Samgönguráðherra er heimilt að fela umsjónar-

nefnd fólksbifreiða eða félögum bifreiðastjóra að setja reglur um þessar undanþágur" — það eru undanþágur sem skýrðar eru í 2. gr. sömu greinar — „og annast framkvæmd þeirra."

Ýmsar athugasemdir komu fram við þessa orðaskipan eða þessi ákvæði 7. gr. og ákvað nefndin að gera brtt. sem fela í sér tvennt: Í fyrsta lagi að samgrh. setji reglur um undanþágur samkvæmt 2. mgr. að fengnum tillögum umsjónarnefndar og félags eða félaga bifreiðastjóra á hlutaðeigandi svæði.

Með þessu er æðsta stjórnvaldi, þ.e. ráðherra, falið að setja reglur um undanþágur að fengnum tillögum frá þeim aðilum sem um málið fjalla og reglunum eiga að hlíta. Það kynni að vera óeðlilegt og nefndin leit svo á að það væri óeðlilegt að heimilt væri að fela einstökum félögum að setja slíkar reglur og miklu sterkara að það sé gert af æðsta stjórnvaldi. Á hinn bóginn leggur nefndin til að ráðherra verði heimilt að fela félagi bifreiðastjóra, þar sem meiri hluti bifreiðastjóra á svæðinu eru félagar, að annast framkvæmd á þessum málum, þ.e. á veitingu undanþágna samkvæmt reglunum í samráði við umsjónarnefnd fólksbifreiða. Síðan segir í brtt. nefndarinnar:

„Bifreiðastjóri getur áfrýjað ákvörðunum félagsins til umsjónarnefndar enda skal fyllsta jafnræðis gætt. Ákvarðanir umsjónarnefndar um kæru eru endanlegar innan stjórnsýslunnar" o.s.frv., eins og þar segir, sem er óbreytt ákvæði í síðasta málslið þessarar greinar.

Áfrýjunarréttur þeirra sem telja sinn hlut fyrir borð borinn við veitingu slíkra leyfa er þýðingarmikill og það er jafnframt þýðingarmikið að sú áfrýjun hljóti endanlega niðurstöðu af hálfu stjórnsýslunnar hjá þeim sem áfrýjað er til, en að sjálfsögðu getur sá sem ekki vill una þeirri niðurstöðu leitað til dómstóla til þess að reka réttar síns ef hann telur að þess sé þörf.

Þá er í 7. gr. tekinn upp nýr málsl. sem bætist við greinina. Í þessari grein er tekin upp sú aðalregla um aldurstakmörk þeirra sem stunda leiguakstur að leyfi falli niður við 70 ára aldur leyfishafa. Þessi regla er tekin upp ekki einvörðungu varðandi leigubifreiðastjóra heldur einnig varðandi þá er stunda akstur vöruflutninga á landi og fólksflutninga, t.d. á svokölluðum hópferðabifreiðum. Nefndin er sammála því að hér sé um aðalreglu að ræða. Á hinn bóginn leggur nefndin til að um undanþágur geti orðið að ræða og leggur til að komi nýr málsliður sem bætist við svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Þó er heimilt að framlengja atvinnuleyfi til eins árs í senn allt til 75 ára aldurs leyfishafa ef hann telst hæfur til að stunda leiguakstur á grundvelli hæfniprófs og læknisskoðunar eftir því sem nánar er kveðið á um í reglugerð."

Það er auðvitað alkunnugt að þessi mál hafa verið nokkuð í umræðu á undanförnum árum og sýnast mörgum viðkvæm. Svo er auðvitað um þessa starfsemi, sem ýmsa aðra, að hæfni manna endist misjafnlega lengi fram eftir aldri og e.t.v. gæti verið átæða til þess að ákvæði um hæfnipróf tækju gildi fyrr en við lok 71 árs aldurs. Það er þó ekki gerð tillaga um það hér, en kunnugt er að það er ákaflega mismunandi hvenær einstakir ökumenn eru hæfir og hvenær ekki hæfir til þess að valda sínu starfi. Það er skoðun nefndarinnar og það er túlkun nefndarinnar, sem rétt er að árétta hér, að þeir bifreiðastjórar sem misst hafa atvinnuleyfi vegna aldurs frá því að aðlögunartími samkvæmt lögunum frá 1989 um leigubifreiðar rann út eigi sama rétt á að gangast undir hæfnipróf og læknisskoðun eins og aðrir sem verða 71 árs eftir að þessi lög taka gildi.

Það er jafnframt álit og skoðun nefndarinnar og það var álit þeirra aðila sem nefndin kvaddi til fundar við sig, að það hæfnipróf sem hér er um rætt verði raunverulegt hæfnipróf og hér verði um raunverulega læknisskoðun að ræða en ekki leyfisveitingar meira og minna sem gefnar eru út eftir að gengið hefur verið undir slík próf til málamynda. Þetta þykir mér rétt að taka fram vegna þess að með þessari tillögu er ekki verið að gefa þessum málum lausan tauminn heldur að gefa hér færi á því að þeir sem raunverulega hafa til þess burði og hæfni geti átt kost á því að stunda þessa atvinnu lengur en til loka 71 árs aldurs.

Það er rétt að taka það fram að þessi ákvæði gilda um alla þá sem stunda leiguakstur, hvort sem það er á hinum svokölluðu leigubifreiðum og einnig þeim sem stunda vöruflutninga eða fólksflutninga á stærri bifreiðum.

Þá er brtt. nefndarinnar við 8. gr. sem er um tilnefningu í umsagnarnefnd fólksbifreiða, að í stað þess að bifreiðastöð eða bifreiðatöðvar tilnefni einn mann þá leggur nefndin til að það verði félag eða félög leigubifreiðastjóra sem tilnefni þennan fulltrúa sameiginlega í umsjónarnefnd. Telur nefndin að það sé eðlilegra að það séu þeir sem stunda starfið heldur en þeir sem kunna að vera forstjórar fyrir slíkum stöðvum.

Nefndin gerir brtt. við 12. gr. frv., sem flutt er til þess að taka af tvímæli þannig að það verði engin breyting á takmörkunum á fjölda bifreiða á hverju svæði fyrir sig fyrr en slíkt hefur verið ákveðið af þar til bærum aðilum á grundvelli þessara nýju laga, ef þau ná afgreiðslu á hinu háa Alþingi. Þetta er m.a. gert að ábendingu frá Landssambandi vörubifreiðastjóra og sýnist vera fullkomlega réttmætt að á þessu sé enginn vafi.

Þá eru hér að síðustu lagt til að gerðar verði breytingar á ákvæði til bráðabirgða, en þar segir að í fyrsta lagi er lögð til sú breyting að þrátt fyrir ákvæði 5. tölul. 3. gr., þ.e. um lok leyfis hjá þeim sem verður 71 árs skulu þeir sem stunda akstur leigubifreiða við gildistöku laga þessara og hafa verið undanþegnir reglum um hámarksaldur halda réttindum sínum óskertum til 1. jan. 1996. Þetta á við t.d. um alla þá sem eru vörubílstjórar, sem kallað er í daglegu tali, þeir sem annast vöruflutninga, þeir sem annast fólksflutninga á bifreiðum, sem ákvæði um hámarksaldur hafa ekki náð til fram að þessu. Þessi aðlögunartími er auðvitað mjög stuttur eða einungis fáir mánuðir að því tilskildu að lögin fái afgreiðslu. Þetta er 1. jan. 1996. En hann er hafður svo stuttur sem raun ber vitni í ljósi þeirra undanþáguákvæða sem nefndin gerir tillögur um, að þess-

um aðilum gefist færi á að ganga undir hæfnipróf og læknisskoðun og hljóta framlengingu leyfisins á þeim grundvelli. Væri ekki slík undanþága veitt í lögunum þá tel ég og nefndin telur að þá væri eðlilegt að þessi aðlögunartími væri rýmri eða a.m.k. einu ári lengri, til 1. jan. 1997. En nefndin telur að ekkert sé við því að segja úr því að undanþáguákvæðin sem skýrð hafa verið verði til staðar í lögunum, að þá megi menn sætta sig við það að þessi aðlögunartími sé skammur eins og hér er gerð tillaga um.

Loks er þess að geta að í b-lið brtt. við ákvæði til bráðabirgða er kveðið á um það að þeir sem fá undanþágu á grundvelli 2. málsl. 5. gr. geti haldið áfram að aka bifreið standist þeir það hæfnipróf allt til 75 ára aldurs.

Ég hef þá farið yfir þær brtt. sem lúta að frv. til laga um leigubifreiðar. Ég þarf ekki að eyða mörgum orðum um frv. til laga um breytingu á lögum um vöruflutninga á landi eða frv. til laga um breytingu á lögum um skipulag á fólksflutningum með langferðabifreiðum vegna þess að þær breytingar sem nefndin leggur til að gerðar verði á þessum frumvörpum er einungis til samræmis við það sem skýrt hefur verið frá og skýrt hefur verið hér við frv. um leigubifreiðar. Ég vil þó geta þess að það komu ábendingar um að skilgreining á því hvað væri flutningabifreið, vörubifreið, væri tæpast nógu glögg í frv. og athugasemdum með frv., en nefndin lítur svo á og leggur til að sú túlkun sé viðhöfð að flutningabifreið teljist svo þrátt fyrir það að hún sé búin krana til lestunar eða losunar á bifreið. (**Gripið fram í:** Vörubifreið.) Vörubifreið. Þessi skilgreining er ekki nákvæmlega svo útskýrð í athugasemdum með frv., en nefndin telur eðlilegt að þess háttar skilgreining sé viðhöfð og að lögin taki til þeirra bifreiða sem annast flutninga, þ.e. vörubíla, þó það séu það sem kallað er kranabílar.

Hæstv. forseti. Ég tel ekki ástæðu til þess að lengja þetta mál. Ég tel að það hafi verið skýrt. Ég fagna því að það skyldi takast sú samstaða um málið í nefndinni sem raun varð á og vænti þess að það megi takast að afgreiða málið á þeim stutta tíma sem eftir lifir þessa hv. Alþingis. Undir nál. skrifa allir hv. nefndarmenn. Varaformaður nefndarinnar, Petrína Baldursdóttir, skrifar þó undir nál. með fyrirvara.

[14:52]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég tel rétt að það komi hér fram að gert var samkomulag á fundi þingflokksformanna seint í gærkvöldi um það að þessi fundur yrði haldinn í dag frá kl. 1 til 2.30. Jafnframt var rætt um að það væru samkomulagsmál sem þar væri verið að ræða sem ekki tækju langan tíma. Fundurinn átti fyrst og fremst að vera til þess að gefa þingmönnum kost á að mæla fyrir málum sem eru hér á dagskrá, en mjög aftarlega, og enn er ekki lokið þeim málum sem eru stjórnarfrumvörp.

Ég vil þess vegna beina þeim tilmælum til hæstv. forseta að það verði gert hlé á þessum málum sem núna var verið að mæla fyrir, þ.e. umræðum um þau verði frestað, og fundi verði slitið eða frestað til kvölds þar sem haldið verður áfram. Annaðhvort að hætt verði nú og þingmannamál komist þá að, a.m.k. verði ekki frekari umræða um þau stjórnarfrumvörp sem hér er verið að ræða.

Forseti (Kristín Einarsdóttir):

Það er rétt sem hv. þm. greinir frá, að það var gert ráð fyrir að hér yrðu ekki fundir mikið lengur en til kl. 2.30. Nú er klukkan alveg að verða 3 þannig að það er rétt að við höfum farið nokkuð fram yfir tímann. Hér eru á mælendaskrá þrír hv. þingmenn í því máli sem er á dagskrá og enn er eftir að mæla fyrir nokkrum málum áður en komið er að þingmannamálum eins og gert hafði verið ráð fyrir. Forseti hafði gert ráð fyrir því, ef þingmenn hefðu óskað eftir því að fá að mæla fyrir sínum málum hér á eftir, að vera örlítið lengur en til kl. 3, en sér að það er nokkuð rétt í því sem hv. þm. segir um það að fara ekki mikið lengra í dagskránni. Forseti vill þó óska eftir því við hv. þm. að hægt sé að freista þess að ljúka umræðum um það mál sem á dagskrá er núna til þess að hægt sé að ganga frá því máli. Síðan yrðu tekin fyrir þau þingmannamál sem gert hafði verið ráð fyrir, þegar því er lokið.

[14:55]

Egill Jónsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég vildi aðeins leyfa mér að vekja athygli á því að landbn. á hér tvö mál til afgreiðslu og það vill svo til að þau eru bæði þingmannamál og að öðru þeirra er m.a. fulltrúi Kvennalistans, sem talaði hér áðan, 1. flm. Þannig að þetta eru ekki stjórnarfrumvörp heldur þingmannamál.

[14:56]

Finnur Ingólfsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég tek undir það hjá hv. 6. þm. Vestf. að í gær á fundi forseta og formanna þingflokka var talað um að þessi dagur yrði dálítið óvenjulegur vegna þess að það er sú hefð brotin hér að vera með þingfund þann dag sem eldhúsdagsumræður eiga að fara fram að kvöldi. Tilgangur þessa fundar í dag átti að vera sá að leyfa þingmönnum að mæla fyrir málum sem bíða þó nokkuð mörg eftir 1. umr. svo hægt sé að vísa þeim til nefndar áður en þing fer heim. Nú hef ég ekki nákvæmlega fylgst með því hvað hér hefur gerst síðustu klukkustundirnar, en mér sýnist að menn séu kannski fyrst og fremst að mæla fyrir nál. úr nefndum þannig að þingmenn hafa ekki komist að með sín mál hér við umræðuna. Nú er liðið nokkuð á dag, umræða í kvöld, þannig að ég efast um hvort skynsamlegt sé að halda þessu mikið lengur áfram, enda höfum við framsóknarmenn óskað eftir og boðað hjá okkur þingflokksfund kl. 3 til að taka þar ákvarðanir um mál sem snerta þingið og framhald þingstarfa.

[14:57]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég hefði talið rétt að hætta nú þeim umræðum sem hér hafa verið og fresta þessum þremur málum til næsta dags. Annaðhvort að fresta

fundi til kvölds þar sem á að fara fram útvarpsumræða eða þá að gefa þeim þingmönnum sem hér höfðu reiknað með því að mæla fyrir sínum málum sérstaklega kost á því að gera það ef þeir sjá sér færi á því. En ég tel ekki rétt að halda hér áfram umræðum þar sem aðrir þingmenn sem ekki eru hér vilja taka þátt í þeim. Það var rætt um það að þeir þingmenn sem mundu mæla fyrir sínum málum fengju að gera það, en síðan yrði þá umræðum um þau mál frestað, þannig að umræður færu ekki fram í dag heldur aðeins að menn gætu þá mælt fyrir sínum málum. Ég tel að það sé rétt að gera það í samráði við þá þingmenn sem þar eiga hlut að máli, en að öðru leyti mælist ég til þess að fundi væri nú frestað.

Forseti (Kristín Einarsdóttir):

Forseti telur rétt að fresta umræðum um 19. dagskrármálið. Forseti hefur fengið þær upplýsingar að það er bæði boðaður þingflokksfundur hjá þingflokki Framsfl. og Alþfl. Þá verður frestað umræðum um 19., 20. og 21. dagskrármálið. En eins og forseti hefur þegar sagt og hérna hefur komið fram, þá var gert ráð fyrir að þingmenn fengju að mæla fyrir sínum tillögum, sem þess óskuðu, og ef þingmenn eru tilbúnir til að gera það þó að hér séu fundir í þingflokkum þá mun forseti verða við því, ef þingmenn sætta sig við þá málsmeðferð að mæla fyrir hér þó að sumir þingflokkar séu ekki hér í salnum. En það hafði verið gert ráð fyrir að þingmenn fengju að mæla fyrir málum þó að í því fælist ekki að það yrðu leyfðar miklar umræður um þau á eftir þannig að það er þess vegna eingöngu það sem verið er að tala um.

Umræðu frestað.

Um fundarstjórn.

Framhald þingfundar.

[15:00]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég er hálfhissa á þessari niðurstöðu. Ég sé ekki beint rökin fyrir því að menn séu að mæla hér fyrir þingmannafrumvörpum við 1. umr. Það er borin von að þau nái fram að ganga í þessari lotu. Ég hefði talið eðlilegt og eins og mér heyrðist á forseta í upphafi, að klára þetta mál sem nú er á dagskrá, en við það verður að búa ef frú forseti hefur ákveðið að fresta umræðunni um það mál. Mér finnst þetta hins vegar vera nokkuð skrýtin fundarstjórn.

[15:01]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson):

Virðulegi forseti. Síst skal ég leggjast gegn því að þingmenn fái að mæla fyrir sínum þingsályktunartillögum eða frumvörpum sem eru á dagskrá. Hins vegar vek ég athygli á því að það kynni að vera að í hópi þeirra þingmanna sem nú eru senn að ganga á þingflokksfund séu menn sem gjarnan vildu ræða ýmis mál sem eru hér á dagskrá eins og til að mynda þá þáltill. sem hv. þm. Ingibjörg Pálmadóttir flytur þannig að ég spyr: Er ekki hægt að leyfa þeim þingmönnum að mæla fyrir þeim málum eftir að þingflokksfundum lýkur kl. 4 þannig að aðrir þingmenn hefðu þá líka tækifæri til þess að taka þátt í umræðum eða láta í örstuttu máli viðhorf sín í ljósi til þeirra?

[15:01]

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Ég held að það væri skynsamlegt að gera hlé núna á þessum fundi þar til þingflokkar hafa haldið sína fundi og nota tímann fram til kl. 4 til þingflokksfunda og halda síðan fund með formönnum þingflokka og forseta þingsins og sjá til hvort menn geta ekki komist að samkomulagi um það að milli kl. 4 og 5 fengju þingmenn að mæla fyrir þeim málum sem eru á dagskrá.

Forseti (Kristín Einarsdóttir):

Forseti hafði ekki reiknað með því að fundir yrðu svo lengi í dag vegna þess að hér á að vera fundur í kvöld og það er nokkuð erfitt að hafa fund langt fram eftir degi í ljósi þess. Eingöngu þess vegna hafði forseti reiknað með því að vera hér kannski hálftíma eða þrjú korter í viðbót, ekki mikið lengur. En það hafði verið gert ráð fyrir því, og ég vil vekja athygli á því, að þingmenn mæltu fyrir sínum tillögum. Forseti getur fullvissað þingmenn um það að ef þess er óskað í ákveðnum málum að umræðu sé ekki lokið þá er auðvitað alveg sjálfsagt að verða við því. En það tryggir ekki að hægt verði á þessu þingi að ræða málin frekar en það er a.m.k. ekki lokað fyrir að það geti orðið. Ef einhverjir þingmenn vilja sætta sig við að tala fyrir sínum málum núna þá verður forseti við því, en telur sig ekki geta orðið við því að byrja aftur kl. 4 og vera fram eftir degi í ljósi þess að hér verður fundur í kvöld.

Forseti gerir nú ráð fyrir því að ganga á þann lista sem hér er og athuga hvort þingmenn eru tilbúnir til þess að ganga að þessu. Ef ekki þá verður þessum fundi slitið.

[15:04]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Mér finnst þetta vera að komast í hálfgerðar ógöngur. Ég veit ekki betur en það hafi verið gert samkomulag um að þingmenn kæmu að sínum málum í dag og gætu mælt fyrir þeim. Nú hefur hins vegar farið svo að allur tíminn hefur farið í stjórnarfrumvörp og þá er ósköp einfaldlega það ráð hendi næst að standa við þetta samkomulag með því að á morgun, á eðlilegum fundartíma, verði sambærilegur tími til ráðstöfunar til þess að taka fyrir þingmannamál. Það er auðvitað alger óhæfa að halda þessum fundi mikið lengur áfram í ljósi þeirra hefða sem ríkt hafa um að menn hefðu næði til að undirbúa sig fyrir eldhúsdagsumræður og er þegar búið að þverbrjóta þá hefð með því að hér hafa staðið nefndafundir og síðan þingfundur í allan dag. Ég tel í raun og veru alls ekki boðlegt að ætla mönnum að velja milli þess að koma sínum málum alls ekki að eða hins að tala hér langleiðina fram undir þann tíma að eldhúsdagsumræðan á að hefjast. Ég skora á hæstv. forseta að láta

kanna það hvort ekki er hægt að leysa málið með því að á dagskrá fundarins á morgun einfaldlega verði gert ráð fyrir sambærilegum tíma og ráð hafði verið fyrir gert í dag til þess að taka þessi þingmannamál fyrir.

Forseti (Kristín Einarsdóttir):

Forseti vill aðeins vekja athygli hv. þm. á því að örstuttur tími er til stefnu fram að því að gert var ráð fyrir að þingi mundi ljúka. Í ljósi þess er því ekki hægt að lofa neinu á þessari stundu um framhaldið, en þetta var það sem búið var að gera ráð fyrir og ef menn sætta sig ekki við það og ekki heldur þeir þingmenn sem, eins og forseti hefur tekið fram, eru með mál á dagskrá þá er ekki annað en una því og þá verður þessum fundi slitið. Forseti var búinn að hafa samband við einn ákveðinn þingmann sem vildi gjarnan fá að mæla fyrir sínu máli í ljósi þeirra aðstæðna sem hér eru og þess vegna vildi forseti gjarnan fá að standa við það. Hins vegar er ekki hægt annað en taka tillit til þess að hér eru þingflokksfundir.

[15:06]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Mér finnst annaðhvort eiga að hafa þingfund eða ekki þingfund. Það hefur verið sú venja þegar þingflokkar hafa óskað eftir tíma til að halda fundi þá hefur alltaf verið orðið við því. Nú skilst mér að tveir þingflokkar hafi boðað til fundar og að því leyti til er óeðlilegt að verða ekki við þeirri ósk að fella niður fund. Ég er út af fyrir sig ekkert að hafa á móti því ef einhverjir þingmenn vilja mæla fyrir málum sínum fyrir þunnskipuðum sal, þá vil ég ekkert vera að koma í veg fyrir það.

Forseti (Kristín Einarsdóttir):

Forseti vill taka fram að það hefur ekki komið fram ósk um það af hálfu þessara þingflokka að fundi yrði ekki haldið áfram en hins vegar hefur komið ósk um það frá ákveðnum þingmanni að hann fái að mæla fyrir sínu máli og vill nú forseti fá að verða við því ef menn gera ekki frekari athugasemdir við það. En það má vel vera að sá hv. þm. sé nú þegar hættur við það. (**Gripið fram í:** Hvaða mál er það?) Það er mál nr. 26, stjórn fiskveiða. Það var að vísu í ljósi þess að við mundum byrja kl. 3 á því máli en það getur vel verið að hv. þm. sé fallinn frá þeirri ósk sinni.

[15:08]

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Ég er með mál á dagskránni sem ég vildi gjarnan mæla fyrir. Ég tel mikla möguleika á að það mál fái farsælan endi á þingi en til þess að svo verði þarf að mæla fyrir því og koma því í nefnd. Ég vildi þess vegna gjarnan fá að mæla fyrir mínu máli.

[15:08]

Sigbjörn Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Hér hafði verið gert ákveðið samkomulag þannig að fundi lyki um þrjúleytið. Í ljósi þess ákvað ég að boða til þingflokksfundar á þeim tíma þannig að ég held að það sé hyggilegt að ljúka þessari umræðu og slíta fundi og þingflokksformenn og forseti hittist síðar í dag og hugi að framhaldinu hvernig hægt er að koma því fyrir að menn nái að mæla fyrir þeim málum sem ráð hafði verið fyrir gert í dag.

[15:09]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég vil koma því á framfæri að ég tel að þannig ástand sé í þinghúsinu að ég hafi ekki áhuga fyrir því að mæla fyrir mínu máli eftir að þessi tími er liðinn og þingflokksfundir að hefjast í tveimur flokkum og þær aðstæður sem hér eru búnar óviðunandi vegna þess að ekki var gert ráð fyrir því að menn gætu tekið til máls á eftir framsöguræðum. Ég hafði þó hugsað mér að sætta mig við það að mæla fyrir þessu máli í trausti þess að andsvör yrðu leyfð og auðvitað í þeirri von að menn mundi eitthvað fylgjast með því sem fram færi. En ég sé ekki að það verði úr þessu og þess vegna óska ég eftir því að forseti sjái til þess að þingmenn sem eiga mál á dagskrá fái tækifæri til þess á næstunni að mæla fyrir þeim, t.d. á morgun.

Ég get ekki séð annað en stjórnarliðar hljóti að sjá að það er lítil sanngirni í því að raða málum upp eins og hér er gert ef framhaldið verður ekki tryggt þannig að þingmenn fái tækifæri til þess að mæla fyrir málum sem hafa beðið mjög lengi. T.d. hefur þetta mál sem ég er að tala um, um stjórn fiskveiða, beðið mjög lengi eftir því að komast að á dagskránni. Og ég verð að segja það alveg eins og er að þó að stuttur tími sé til stefnu þá verða stjórnarliðar að gera sér grein fyrir því að ef þeir sýna ekki einhverja sanngirni í viðskiptum við stjórnarandstöðuna þá geti orðið ansi lítið sem verður afgreitt hér. Án þess að ég sé með neinar hótanir um það þá tel ég að það hljóti að verða býsna erfitt fyrir menn að sitja á sér ef ekki verður hægt að sýna einhverja sanngirni við stjórn þingsins.

Forseti (Kristín Einarsdóttir):

Eins og forseti er búinn að taka fram þá hefur forseti engan áhuga á að halda áfram fundi í ósamkomulagi en hafði, eins og áður hefur verið skýrt frá, vonast til þess að þeir þingmenn sem vildu fengju að mæla fyrir málum eins og t.d. hv. 2. þm. Vesturl. sem hefur lýst því. En í ljósi þess að fólk sættir sig ekki við það þá getur forseti auðvitað ekki annað en hætt umræðum og slitið þessum fundi í ljósi þess að það var búið að semja um það áður að fundir yrðu ekki lengur en til kl. 3 og í ljósi þess að það eru þingflokksfundir. Það þjónar litlum tilgangi að halda áfram að ræða um fundarstjórn forseta og þá getur forseti ekki annað en orðið við því að ljúka þessum fundi.

[15:12]

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Mig langar að spyrja að því hvort hæstv. forseti geti tryggt það að við sem höfum beðið eftir að mæla fyrir málum í dag fáum að mæla fyrir þeim á morgun.

(**Forseti** (KE)**:** Forseti getur upplýst að það er ekki hægt að tryggja eitt né neitt í þessum efnum frekar en þessi dagur í dag sem fór nokkuð úr böndum. Eins og nú hefur komið í ljós er búið að ræða um fundarstjórn

forseta í 15 mínútur og þykir forseta leitt að geta ekki orðið við því að þingmenn fái að mæla fyrir sínum málum, en treystir sér ekki til að lofa neinu í þeim efnum um framhaldið.)

Þá ítreka ég þá ósk mína að fá að mæla fyrir máli á þskj. 623 núna.

[15:13]

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Ég sé mig knúinn til að leita ásjár hjá forseta. Þannig er mál með vexti að á þskj. 540 er fyrirspurn frá mér til hæstv. fjmrh. Fyrirspurn þessi var lögð fram í desembermánuði þannig að nú eru liðnir um tveir mánuðir síðan hún var lögð fram. Samkvæmt þingsköpum hefur ráðuneytið 10 daga til að svara fyrirspurnum en það var óskað eftir skriflegu svari. Enn þann dag í dag er ekki komið svar þrátt fyrir að ítrekað hafi leitað verið eftir því við ráðuneytið að það svaraði.

Nú er ekki um svo flókið mál að ræða að ráðuneytið ætti ekki að geta gert þetta á þeim tíma sem það hefur samkvæmt þingsköpum, en engu að síður hefur þolinmæði þingmannsins verið sú að það er með öllu óviðunandi að svar hafi ekki borist. Nú eru eingöngu þrír dagar eftir af starfsdögum þingsins og því vil ég óska eftir aðstoð forseta við það að knýja ráðuneytið til að svara þessari fyrirspurn og sjá til þess að þingsköp Alþingis verði virt og svar komi áður en þing lýkur störfum á laugardaginn.

Forseti (Kristín Einarsdóttir):

Athugasemd hv. þm. er tekin til greina. Forseti vill þó benda þingmanninum á að hún hefði frekar átt heima í athugasemdum um störf þingsins sem einungis er heimilt að gera í upphafi fundar. Engu að síður er athugasemdin komin á framfæri.

Útbýting þingskjala:

Alþjóðavinnumálaþingið í Genf 1994, 439. mál, skýrsla félmrh., þskj. 749.

Endurgreiðsla oftekinna skatta og gjalda, 406. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 747.

Réttur til endurgreiðslu af ofteknum sköttum, 407. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 748

Samkeppnisstaða innlendrar framleiðslu, 56. mál, nál. iðnn., þskj. 743.

Út af dagskrá voru tekin 8., 14., 15. og 22.–36. mál.

Fundi slitið kl. 15:15.

---

103. FUNDUR

miðvikudaginn 22. febr.,
kl. 8.30 síðdegis.

Dagskrá:

Almennar stjórnmálaumræður (útvarpsumræður).

Almennar stjórnmálaumræður (útvarpsumræður).

[20:32]

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Umræðurnar fara þannig fram að hver þingflokkur fær 30 mínútur til umráða sem skiptast í þrjár umferðir, um það bil 10 mínútur í hverri. Jóhanna Sigurðardóttir, 12. þm. Reykv., utan flokka, hefur 15 mínútur til umráða í lok fyrstu umferðar. Röð flokkanna verður í öllum umferðum þessi: Samtök um kvennalista, Sjálfstfl., Framsfl., Alþfl. og Alþb.

Ræðumenn flokkanna verða: Fyrir Samtök um kvennalista talar í fyrstu umferð Kristín Ástgeirsdóttir, 15. þm. Reykv., í annarri umferð Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, 6. þm. Vestf., og í þriðju umferð Guðrún J. Halldórsdóttir, 18. þm. Reykv. Ræðumenn fyrir Sjálfstfl. verða í fyrstu umferð Davíð Oddsson forsrh., í annarri umferð Þorsteinn Pálsson sjútvrh. en í þriðju umferð Halldór Blöndal landbrh. Af hálfu Framsfl. talar í fyrstu umferð Halldór Ásgrímsson, 1. þm. Austurl., í annarri umferð talar Stefán Guðmundsson, 4. þm. Norðurl. v., og í þriðju umferð Jóhannes Geir Sigurgeirsson, 6. þm. Norðurl e. Fyrir Alþfl. talar í fyrstu umferð Jón Baldvin Hannibalsson utanrrh., í annarri umferð Rannveig Guðmundsdóttir félmrh. og í þriðju umferð Gunnlaugur Stefánsson, 5. þm. Austurl. Ræðumenn Alþb. verða í fyrstu umferð Ólafur Ragnar Grímsson, 8. þm. Reykn., í annarri umferð Margrét Frímannsdóttir, 4. þm. Suðurl., og Hjörleifur Guttormsson, 4. þm. Austurl., en í þriðju umferð Steingrímur J. Sigfússon, 4. þm. Norðurl. e.

[20:35]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Góðir áheyrendur. Á Droplaugarstöðum hér í borg býr ömmusystir mín 101 árs gömul. Þegar hún var lítil telpa uppi á Akranesi var Ísland enn hluti Danaveldis, íslensk útgerð var að stíga sín fyrstu spor og út um eldhúsgluggann mátti sjá breska togara moka upp fiski á gjöfulum miðum Faxaflóa nánast uppi í kálgörðum. Í þá daga áttu ungar stúlkur fárra kosta völ. Vinna var einhæf og laun lág. Eini framhaldsskóli landsins var lokaður konum og eina sérmenntunin sem þeim bauðst hér á landi var ljósmæðranám. Konur réðu ekki yfir tekjum sínum, eignum eða börnum, þær höfðu hvorki kosningarrétt né kjörgengi til Alþingis og aðeins örfáar konur mátti kjósa til sveitarstjórna. Vinnukonur og fiskverkunar-

konur höfðu aðeins um þriðjung til helming af launum karla fyrir 14–16 tíma vinnudag.

Þegar ömmusystir mín var að vaxa úr grasi í upphafi 20. aldar var líklegast að hennar biði líf bónda eða sjómannskonu með barnamergð, tilheyrandi barnadauða og daglegt strit í lélegum húsakynnum. En tímarnir breyttust. Íslendingar voru að stíga stór skref í átt til sjálfstæðis. Atvinnulíf og menntun barna tók stórstígum framförum. Barátta hófst fyrir félagslegum réttindum og mannsæmandi kjörum. Í landinu var að verða til öflug hreyfing kvenna sem með áratuga baráttu skilaði konum þeim réttindum sem talin eru til grundvallarmannréttinda og eru hluti af skipulagi lýðræðisþjóða þótt þau hafi í upphafi einungis verið ætluð hvítum körlum sem áttu eignir.

Kvenfrelsiskonur aldamótaáranna, sem beittu baráttuaðferðum eins og kvennaframboðum, trúðu því að konur hefðu ýmislegt sérstakt fram að færa í landsmálum. Þær vildu sjá konur á bekkjum Alþingis, í bæjarstjórnum og dómsölum og vildu að þær létu til sín taka á öllum sviðum þjóðlífs í þágu betra mannlífs. En þegar réttindin voru fengin kom í ljós að baráttukonurnar voru langt á undan sinni samtíð. Hefðirnar, tregðan, ríkjandi karlveldi ásamt félagslegum og efnahagslegum aðstæðum settu konum stólinn fyrir dyrnar. Mannréttindabarátta íslenskra kvenna varð að halda áfram. Hún hefur nú staðið í rúmlega 100 ár með stöðugum ávinningum og nýjum áherslum og tímarnir eru enn að breytst.

Barnabarnabörn gömlu konunnar á Droplaugarstöðum eru litlar dömur sem munu ganga ungar stúlkur inn í 21. öldina. Ef okkur Íslendingum tekst að vinna okkur skynsamlega út úr þeirri kreppu ofveiði og eyðslu sem við erum búin að koma okkur í og skapa atvinnu til frambúðar bíður þeirra góð framtíð. Þær ungu stúlkur munu geta ráðið sínu sambúðarformi, barneignum og búsetu. Þær munu eiga margra kosta völ í menntakerfinu og geta valið um atvinnu af ýmsu tagi, ekki síst ef skólakerfið tekur sig á og einbeitir sér að því að styrkja sjálfsmynd stelpna og hvetja þær til dáða í starfsvali, en náms- og starfsval kvenna hér á landi er allt of einhæft.

En það ber skugga á 21. öldina. Ungu stúlkurnar mega vænta þess að verða ekki nema hálfdrættingar á við karlmenn í launum þegar allt er talið. Þær geta búist við því að réttmætur hlutur kvenna í valdastofnunum samfélagsins, hvort sem er á Alþingi, í sveitarstjórnum, í dómskerfinu, meðal vinnuveitenda, í forustu verkalýðshreyfingarinnar og í fjármálastofnunum verði enn mun rýrari en gerist hjá öðrum Norðurlandaþjóðum. Þær geta því miður átt von á því að verða fyrir kynferðislegu ofbeldi á götum úti eða í heimahúsum, sem guð forði þeim frá, og þær eiga eftir að horfa upp á versnandi heilsu kvenna ef marka má upplýsingar Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar.

Það er ekki síst vegna framtíðarinnar sem Kvennalistinn er til. Við erum angi af meiði 100 ára kvennabaráttu. Við viljum bæta stöðu kvenna og barna núna, en við viljum líka horfa fram á veginn og vera þátttakendur í mótun nýrrar aldar í samfélagi sem tekur mið af þörfum beggja kynja, stefnir að jöfnuði, réttlæti, valddreifingu, virku lýðræði og því að koma á jafnvægi manns og náttúru. Við trúum því að allt sem gert er til að bæta stöðu kvenna skili sér í réttlátara og betra þjóðfélagi fyrir alla, konur jafnt sem karla.

Í 12 ár hefur Kvennalistinn átt fulltrúa á Alþingi Íslendinga. Á þeim tíma hefur margt gerst. Fjöldi kvenna á Alþingi hefur fimmfaldast, úr 5% í 25%. Í sveitarstjórnum hefur hlutfall kvenna aukist úr 6% í rúmlega 20% og reyndar miklu meira í stærri sveitarfélögum eins og í Reykjavík þar sem konur eru í meiri hluta borgarfulltrúa.

Fæðingarorlof lengdist úr þremur mánuðum í sex eftir margra ára baráttu kvennalistakvenna. Tekið var á nauðgunarmálum, forvörnum vegna brjóstkrabbameins, réttindamálum samkynhneigðra, kynfræðslu, mati á heimilisstörfum sem starfsreynslu, öflugri kjararannsóknum og umhverfisfræðslu svo að örfá dæmi séu tekin um tillögur Kvennalistans sem samþykktar hafa verið á Alþingi. Linnulausri umræðu hefur verið haldið uppi um stöðu kvenna, einkum launamisrétti og stöðu þeirra sem lægst hafa launin en í þeim hópi eru konur í meiri hluta. Margar tillögur hafa verið lagðar fram um endurskoðun á launakerfi ríkisins, endurmat á störfum kvenna, um lágmarkslaun og þannig mætti lengi telja. Það hefur hins vegar ekki verið vilji hjá gömlu flokkunum á hinu háa Alþingi til þess að taka á launamisréttinu og ár eftir ár hefur verið samið á almennum vinnumarkaði um óbreytt ástand og eilíft líf óréttlætisins. Menn horfa upp á það án þess að blikna að jafnréttislögin sé þverbrotin og það er eins og þau komi vinnumarkaðnum ekki við, hvað þá ríkisstjórninni, löggjafarvaldinu eða dómstólunum sem nýlega áréttuðu í dómi að stúlkur væru mun minna virði en drengir, þar sem þær hefðu væntanlega lægri tekjur á lífsleiðinni.

Í 12 ár hafa margbreytilegar raddir kvennalistakvenna hljómað á Alþingi í þágu allra kvenna og við erum sannfærðar um að þær hafa náð hlustum margra. Dropinn holar steininn. En það er enn þá mikið verk að vinna í þágu betri hags fyrir konur, börn og fjölskyldur þessa lands. Það verkefni sem hæst ber er að taka á launamun kynjanna og mismunandi aðstæðum þeirra til að stunda vinnu.

Nýleg könnun sem unnin var fyrir Jafnréttisráð leiddi í ljós það sem við höfum lengi vitað að laun þeirra hópa kvenna sem rannsóknin náði til eru á bilinu 64–78% af launum karla og launabilið vex eftir því sem menntunin er meiri. Þetta eru grafalvarleg skilaboð til ungra stúlkna sem hljóta að spyrja hvort menntun borgi sig. Samkvæmt nýlegum tölum Hagstofunnar eru laun kvenna að meðaltali um 50% af launum karla, meðan samsvarandi tala fyrir Bandaríkin er 70%. Við erum ekki aðeins í sömu stöðu og við vorum fyrir 100 árum heldur fyrir þúsund árum þegar aðalútflutningsvara Íslendinga var vaðmál sem konur ófu.

Annað stórverkefni sem bíður okkar er atvinnusköpun fyrir allt það fólk sem nú er atvinnulaust og þá sem koma munu út á vinnumarkaðinn á næstu áratugum. Þau mál verða ekki leyst á einum degi eða í tíð

einnar ríkisstjórnar. Við þurfum að móta atvinnustefnu til langs tíma sem tekur mið af þeim auðlindum sem við eigum í landinu, fullnýtingu þeirra og nýjum möguleikum sem felast í greinum eins og ferðaþjónustu, smáiðnaði og rannsóknum af ýmsu tagi. Við verðum að gefa einstaklingum og hópum kost á að spreyta sig og prófa nýjungar. Sérstaklega þarf að huga að atvinnusköpun kvenna en þar hafa stjórnvöld, verkalýðshreyfing og vinnuveitendur vægast sagt brugðist og hafa afhjúpað gamaldags og þröngsýn sjónarmið í tillögum sínum til atvinnusköpunar á undanförnum árum sem nánast eingöngu hafa gagnast körlum.

Í Bandaríkjunum er talað um konur sem hinn nýja kraft efnahagslífsins. Þær hafa stofnað meiri hluta nýrra fyrirtækja og eiga stóran þátt í því að nánast útrýma atvinnuleysi þar vestra, enda fá þær mikið fé úr sjóðum sem ætlað er að styrkja nýsköpun í atvinnulífi.

Þróun atvinnulífsins er nátengd menntakerfi landsins. Þar þurfum við Íslendingar að taka okkur tak, leggja áherslu á skapandi hugsun, efla starfs- og verkmenntun, búa betur að skólum landsins og auka rannsóknir og tilraunir. Íslendingar eru í hópi þeirra Evrópuþjóða sem verja minnstu fé til skólamála. Við grófum undan eigin framtíð með slíkum áherslum. Við þurfum að skoða inntak þess náms sem hér er boðið upp á og átta okkur á því hvers konar menntun við viljum og þurfum. Þar þarf að skoða þarfir kynjanna sérstaklega og búa ungt fólk betur undir fjölskyldulíf og alls konar störf. Fyrst og fremst þarf þó að endurskoða launakjör kennara sem nú standa í verkfalli, enda hafa kjör þeirra dregist aftur úr. Menntakerfi sem býður starfsfólki sínu léleg kjör sem valda sífelldri óánægju kann ekki góðri lukku að stýra. Það þarf að semja við kennara strax jafnframt því að endurskoða launakerfi ríkisins sem er óréttlátt og handónýtt.

Enn eitt mál sem við kvennalistakonur setjum efst á okkar blað er að tekið verði á ofbeldi gegn konum og börnum. Þar þarf róttækar aðgerðir, lagasetningu og hugarfarsbyltingu ef okkur á að takast að draga úr þeim hörmungum sem allt of margar konur og börn búa við.

Að endingu vil ég nefna heilbrigðismál þar sem verður að eiga sér stað mikil áherslubreyting eigi að takast að draga úr kostnaði vegna sjúkdóma og heilsugæslu. Þar þarf að spyrja þeirrar grundvallarspurningar hvernig hægt sé að bæta heilsu þjóðarinnar og leggja megináherslu á forvarnir, að sjálfsögðu í góðri samvinnu við þá sem vinna að heilbrigðismálum.

Við kvennalistakonur viljum halda áfram að beita okkur í þágu kvenna, barna og karla og við erum sannfærðar um að aldrei hefur verið eins mikil þörf fyrir sterka kvennahreyfingu og öflugar raddir kvenna og einmitt nú á tímum mikilla breytinga til þess að standa vörð um réttindi kvenna og til að stíga enn fleiri skref í átt til réttlátara þjóðfélags. En til þess þurfum við styrk. Ég hlýt að spyrja konur: Treysta þær Davíð og Friðriki til að bæta kjör kvenna eftir þær árásir sem gerðar hafa verið á stöðu heimilanna á þessu kjörtímabili? Treysta konur Ólafi Ragnari og Svavari sem á sínum tíma tóku til baka tímamótasamninga BHMR með bráðabirgðalögum sem ollu ómældum skaða í framhaldsskólum landsins? Treysta konur Jóni Baldvini og Sighvati sem unnið hafa það helst sér til frægðar að ræða krötum á ríkisjötuna og setja allt á annan endann í velferðarkerfinu? Treysta konur Halldóri og félögum sem greiddu atkvæði á móti öllum kvennatillögum Kvennalistans við afgreiðslu síðustu fjárlaga? Ætla konur að setja traust sitt á gömlu flokkana sem standa eins og staðar merar í vegi aukins jafnréttis kynjanna? Í nafni systurlegrar samstöðu gagnrýni ég engar konur hér enda eru þær allt of fáar á Alþingi Íslendinga.

Það er löngu tímabært að Kvennalistinn fái að spreyta sig við stjórnvölin. Við erum reiðubúnar og nú veltur það á konum og körlum þessa lands hvort við fáum til þess brautargengi. — Góðar stundir.

[20:46]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti. Góðir Íslendingar. Það líður að lokum þinghalds í vetur og þar með lýkur kjörtímabilinu að mestu. Það hefur verið í mörgu að snúast hjá þjóðinni undanfarin fjögur ár og skipst á skin og skúrir.

Í upphafi var ótti flestra að okkar biðu sömu efnahagslegu örlög og frænda okkar í Færeyjum. Það var ekki til þess fallið að draga úr þeim ótta að í ljós kom að skera varð þorskaflann niður um helming og enn þótti kárna gamanið þegar í kjölfarið kom hrun á verðlagi í helstu útflutningsvörum okkar. Þá töldu fræðimenn og sérfræðingar jafnt sem talsmenn Alþýðusambands Íslands að erfitt yrði að koma í veg fyrir að atvinnuleysið færi upp í 20–25% eins og gerst hefur hjá sumum nágrannaþjóðum okkar. En þessir hlutir eru allir að baki. Það tókst að leika varnarleikinn þannig að þjóðin er nú í sæti sigurvegarans.

Vorið 1991 hafði fyrrv. ríkisstjórn, vinstri stjórn, kippt grundvellinum undan þeim árangri sem þjóðarsáttarsamningarnir frá árinu áður höfðu náð. Þjóðarsáttarsamningarnir gátu ekki staðist við aðstæður þar sem ríkisfjármálin voru komin um koll, lánsfjáreftirspurnin var orðin slík að ríkisvaldið sogaði í sig tvöfaldan heildarsparnað þjóðarinnar. Svigrúm atvinnulífsins var því orðið lítið og vextir voru rangt skráðir og á hinum frjálsa markaði voru vextir komnir upp úr öllu valdi. Þjóðarsátt gat ekki staðist við þessar aðstæður. Það er þar sem núv. ríkisstjórn tók við og lagði réttan grundvöll að farsælli þróun íslensks atvinnulífs. Þetta kostaði oft mikil átök en tókst þrátt fyrir utanaðkomandi erfiðleika, svo sem aflabrest og gífurlegt hrun á okkar dýrmætustu sjávarafurðum. En það er þetta starf allt sem nú er að skila árangri. Við búum ekki lengur við þá stöðnun sem hófst að mati hagfræðinga 1988 á sama tíma og stjórn þeirra Steingríms og Ólafs Ragnars tók við. Þær eiga sem sagt sama fæðingarvottorð stöðnunin og kreppan og vinstri stjórnin sem þá sat.

Stöðugleikinn og vinnufriðurinn eru ekki bara orð. Þau eru meginskilyrði alls þess sem síðan hefur ræst. Við horfumst nú kinnroðalaust í augu við hvern sem er þegar við ræðum um íslenska verðbólgu. Hún hefur nú

verið lægri en gengur og gerist í okkar nágrannalöndum um nokkurt skeið. Hún hefur að vísu hækkað nokkuð núna á fyrstu mánuðum ársins og stærsti einstaki liðurinn í þeim kipp er holræsagjaldið í Reykjavík sem vinstri meiri hlutinn lagði á og snarhækkaði allar vísitölur í einu vetfangi.

Við höfm gætt þess í okkar viðleitni á þessum árum að tryggja starfsskilyrði atvinnufyrirtækjanna ekki með því að rétta ölmusur úr hendi ráðamanna heldur með því að leggja fastan og ákveðinn grundvöll að því umhverfi sem atvinnulífið starfar í. Menn hafa sagt að ríkisstjórnin hafi flutt skattálögur af fyrirtækjunum yfir á einstaklingana. Við höfum ekki lagt á 11 milljarða kr. skatta á fyrirtæki og einstaklinga eins og ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar gerði. 11.000 millj. í sköttum á fyrirtæki og einstaklinga. Við höfum staðið við það sem við sögðum í kosningabaráttunni 1991 að við mundum stöðva skattahækkunarskriðu vinstri stjórnar. Skattar á fyrirtæki voru lækkaðir um 2.000 millj. kr. en skattbyrði á einstaklinga hefur staðið í stað og reyndar lækkað ef tekið er mið af þeim skattalækkunum sem nú verða í framhaldi af nýgerðum kjarasamningum. Þessar aðgerðir hafa heppnast og þess vegna er nú atvinnuleysi minna í hverjum mánuði en í sama mánuði fyrir ári.

Þeir sem kvarta yfir því nú að fyrirtækin búi við of góðan rekstrargrundvöll eru þá væntanlega að boða stórhækkaða skatta á fyrirtækin á ný. Skyldi það vera það sem vænlegast er til að tryggja hér heilbrigt atvinnulíf og stöðuga atvinnu? Ég fullyrði að svo sé ekki. Auðvitað þarf að deila byrðunum jafnt niður og enginn flokkur skilur slíkt betur en Sjálfstfl., flokkur allra stétta. En atvinnulífið verður að ganga. Nú eru skattamál atvinnulífsins með þeim hætti í fyrsta sinn að væru hér til að mynda gerðir samningar um stóriðju, sem vel getur komið til, þá þarf ekki að eyða tíma viðræðunefnda í samninga um skattamál. Stóriðja getur gengið beint inn í hið íslenska skattaumhverfi og það er mikil breyting og holl. Það er í raun óeðlilegt að þurfa að bjóða erlendum fyrirtækjum sérstaka skattalega meðferð þegar þau hefja starfsemi hér á landi. Það er samkeppniskrafa íslenskra fyrirtækja að allir sitji við sama borð í þeim efnum og það hefur nú loks gengið eftir.

Ég nefndi að nú væri svo komið eftir lækkun matarskatts og hinnar nýju skattalækkunar sem verður næstu daga í kjölfar kjarasamninga að skattar á einstaklinga hafa í heild lækkað á kjörtímabilinu. Til viðbótar hafa gerst hlutir sem eru mikilvægir og skila sér í buddu landsmanna. Raunvaxtalækkunin ein er gríðarlega mikilvæg. Sú vaxtalækkun er ekki borin saman við skatta eða skattalækkanir en hefur sömu þýðingu fyrir langflesta í þjóðfélaginu.

Sagt er að okkur hafi ekki heppnast allt og vissulega er það rétt. Vinstri flokkarnir hafa sérstaklega nefnt að okkur hafi ekki gengið nægilega vel að fást við fjárlagahallann. Við náðum ekki öllum þeim markmiðum sem við settum okkur þar. Við settum okkur það markmið í upphafi að ná fjárlagahallanum alveg niður á kjörtímabilinu. En skjótt skipast veður í lofti. Óhjákvæmilegt varð, eins og ég nefndi áðan, að taka þá ákvörðun að skera þorskaflann niður um helming. Það var áður en það lá fyrir að verð á okkar afurðum mundi lækka um 20–30%.

Það er freistandi að halda töluverðum halla á ríkissjóði þegar erfiðlega árar í landinu og margir hagfræðingar halda því fram að það beri að gera það. Við stóðumst þessa freistingu, þingmenn Alþfl. og Sjálfstfl. Við stóðum af okkur þá freistingu að kaupa frá okkur vandann með lántökum. Þess vegna var ríkissjóðshallinn á sl. ári aðeins um 7 milljarðar kr. Og það er sama á hvaða mælikvarða það er mælt, þetta er betri árangur hjá fjmrh. Íslands en hjá nokkrum kollega hans í sambærilegu landi um þessar mundir. Það segir ekki að okkur sé óhætt að hvika frá fyrri markmiðum. Það segir hins vegar það að við eigum að geta notað hluta ábatans sem er að verða til að ná þessum markmiðum á næstu árum og fjmrh. hefur einmitt lagt drög að því með þeirri langtímastefnu sem hann hefur kynnt.

Það hefur líka gerst á þessum tíma að gegnsæi efnahagslífsins hefur orðið meira. Skilyrðin og reglurnar sem fyrirtækin lúta eru orðin sambærilegri, bæði innan lands og gagnvart erlendum aðilum. Þetta atriði er afskaplega mikilvægt þegar samkeppnisstaða íslenskra fyrirtækja er athuguð og borin saman við það sem annars staðar gerist. Þess vegna, með vísun til þess sem ég þegar hef sagt, getum við með sanni fullyrt að varnarbaráttan hafi tekist, vörninni sé lokið og sóknin sé hafin.

Á meðan allt þetta hefur gerst hafa raunskuldir þjóðarinnar í fyrsta skipti í þrjú ár lækkað verulega, eða sem mælist í 30 milljörðum kr. eða svo um þessar mundir. Þá vísa ég til þess sem ég sagði í upphafi að menn óttuðust Færeyjaleiðina í byrjun kjörtímabils. Við þorðum þá síst að vona eða þorðum að trúa því að í lok kjörtímabilsins hefðu raunskuldir þjóðarinnar snarminnkað og að sú þróun mundi halda áfram ef stöðunni verður ekki glutrað niður.

Á sama tíma höfum við reynt að gæta þess að taka af skilningi á móti sanngjörnum óskum aðila vinnumarkaðarins um viðbrögð ríkisvaldsins á samningstímamótum. Við höfum reynt að teygja okkur til hins ýtrasta til að mæta sjónarmiðum þeirra en þó aldrei svo langt að meginmarkmið okkar, og í raun þeirra, mundu bregðast. En þetta viðhorf ríkisvaldsins hefur tryggt það í fyrsta sinn að kjaraskerðing hefur ekki lent þyngst á þeim sem minnst bera úr býtum, það er nýjung.

Ég hef stundum haft það á tilfinningunni að þótt allir hafi talað um að verja lægstu kjör og hag þeirra sem minnst bæru úr býtum hafi fæstir meint með því nokkura alvöru. Þetta væri bara klisja sem hver æti eftir öðrum. Reynslan af þessu kjörtímabili er önnur. Þeir kjarasamningar sem nú hafa tekist á almenna vinnumarkaðnum tryggja að kaupmáttur almennings byrjar að hækka á ný. Það var tími til kominn.

Forustumenn vinstri flokkanna vona kannski að menn séu búnir að gleyma þeirri stórkostlegu kjaraskerðingu sem varð hér er þeir réðu málum. En það hefur enginn gleymt kaupmáttarhruninu 1989 né því

þegar samningsrétturinn var tekinn af fjölmennum stéttum með lögum af þeim sömu sem nú þykjast, eins og jafnan fyrir kosningar, vera sannir talsmenn almennings. Þeir samningar sem nú hafa verið gerðir auka kaupgetuna á ný hjá fólkinu í landinu og mest hjá því sem minnst hafa. Og það besta er að það er gert án þess að allt fari um koll eins og iðulega hefur gerst við kjarasamninga. Verðbólgan verður lág, atvinnuleysið mun halda áfram að minnka, við munum halda áfram að greiða niður skuldir okkar í útlöndum og vextir verða áfram lágir. Það er enn fagnaðarefni að allt bendir til þess að þessir farsælu samningar muni leiða til þess að áfram verði hægt að auka kaupmátt enn meir í næstu samningum.

Hæstv. forseti. Góðir tilheyrendur. Það á að vera bjart yfir okkur Íslendingum um þessar mundir. Sól er að hækka á lofti og þjóðarhagur fer hratt batnandi. Kosningabaráttan sem fram undan er mun ekki snúast um einhver gervimál sem menn taka upp úr hatti eða búa til fyrir kosningar. Hún mun snúast um það að nægur stjórnmálalegur styrkur verði til staðar eftir kosningar til að fylgja batanum eftir og bregðast af festu og öryggi gegn hverju því sem upp kann að koma. Það er gleðiefni, góðir áheyrendur, að þessi kjarni komandi kosninga er að verða æ fleiri Íslendingum mjög vel ljós. — Ég þakka þeim sem hlýddu.

[20:58]

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Góðir Íslendingar. Hæstv. forsrh. sagði að það væri allt í góðu lagi í íslensku þjóðfélagi, skuldirnar hefðu verið greiddar niður, kaupmátturinn hefði aukist og við værum ekki lengur á Færeyjaleiðinni. Hver var það sem talaði um Færeyjaleiðina fyrstur hér á Íslandi? Það var hæstv. forsrh. Það var svartsýni í hans orðum í upphafi kjörtímabilsins. En hann sagði jafnframt að þeir ætluðu sér í ríkisstjórninni að lækka skatta, þeir ætluðu að greiða niður skuldir, og þeir ætluðu að auka hag almennings. Hver er raunin, hæstv. forsrh.?

Skuldir ríkisins hafa aukist á þessum fjórum árum úr 64 milljörðum í 145 milljarða. Erlendar skuldir hafa aukist á fjórum árum um 70 milljarða. En það sem verst er er að atvinnuleysið hefur aukist úr tæplega 2.000 í yfir 6.000 manns. Það ganga á milli 6.000 og 7.000 manns atvinnulausir á Íslandi. Mér finnst ekki vera ástæða til að vera sérstaklega ánægður með þennan árangur.

Ég ætla ekki hér og nú að kenna hæstv. ríkisstjórn um þetta allt saman. Ég ætla ekki að halda því fram að aðrir hefðu getað komið í veg fyrir að erlendar skuldir hefðu vaxið eða skuldir ríkisins hefðu vaxið. Ég ætla ekki að halda því fram að það væri ekkert atvinnuleysi á Íslandi í dag ef aðrir hefðu verið við völd. En það sem mér þykir verst er að ríkisstjórnin er ánægð með þetta. Hún er ánægð með árangurinn og hún segir ekkert um það hvernig hún ætlar að bregðast við þessum mikla vanda. Hún kemur hér og skýrir frá því hvernig flokkar sem stóðu að ríkisstjórn áður stóðu að málum og fer hér með rangt mál um þau efni og hælir sér og ríkisstjórninni svo að það getur vart talist trúanlegt.

Við í Framsfl. höfum lagt fram ákveðnar tillögur og ákveðna stefnu um hvernig við viljum taka á málum á næsta kjörtímabili. Við viljum ekki hækka skatta. Við teljum að það megi alls ekki hækka skatta. Við teljum hins vegar að það megi breyta ýmsu í skattlagningunni og það megi færa frá þeim sem meira mega sín til hinna sem minna mega sín. Við erum t.d. ekki ánægðir með þá kjarajöfnun sem aðgerðir ríkisstjórnarinnar leiða í ljós, þar sem nú er ákveðið að verja um 3.000 millj. til skattalækkana, en í því felst nánast engin kjarajöfnun. Við erum hins vegar þeirrar skoðunar að það eigi ekki að auka skatta á fyrirtækin í landinu vegna þess að við teljum að fyrirtækin í landinu eigi að fá svigrúm til að greiða hærra kaup og fyrirtækin í landinu eigi að fá svigrúm til að auka fjárfestinguna og byggja upp. Við teljum að hagsmunir fólksins og hagsmunir fyrirtækjanna fari saman. Að því leytinu er ég sammála hæstv. forsrh. og ég er ósammála formanni Alþb., sem heldur því fram að það eigi að stórauka skattlagningu á atvinnurekstrinn. Alþb. hefur sett fram tillögur um það að stórauka skattlagningu á atvinnureksturinn þegar við þurfum á því að halda að auka atvinnuna í landinu. Þetta fer ekki heim og saman.

Það eru ýmsir sem halda því fram að tillögur Framsfl. séu eitthvert miðjumoð. Það er ekkert nýmæli í íslenskri pólitík að Framsfl. kenni sig við miðju í íslenskum stjórnmálum, það hefur alltaf verið svo. Við höfnum stefnu til hægri, við höfnum frjálshyggjunni, við höfnum því að peningarnir eigi að ráða öllu, við höfnum því að ríkisvaldið eigi að sýna afskiptaleysi gagnvart atvinnulífinu. En við höfnum líka ýmsu í kenningum þeirra sem kenna sig eingöngu við vinstri. Við höfnum því t.d. að það eigi að líta á atvinnufyrirtækin sem andstæðinga launafólksins og það eigi að skattpína þau. Við höfnum því líka að við eigum ekki að taka þátt í alþjóðlegu samstarfi eins og t.d. samstarfi vestrænna þjóða. Það er þess vegna ýmislegt sem við höfnum hjá þeim sem kenna sig við vinstri. En við viljum halda á lofti ýmsu sem kennt er við vinstri, eins og félagshyggjuna, en við höfum aldrei talið okkur vera vinstri flokk. Við höfum hafnað kommúnismanum og sósíalismanum og eigum ekki við nein vandamál að etja í því sambandi, enda eru fáir sem tala um sósíalismann í dag. Alþfl. er löngu hættur að tala um hann og Alþb. er svona u.þ.b. að hætta að tala um sósíalismann. Mér er alveg sama hvað þessar stefnur eru kallaðar, hvort þær eru kallaðar vor, haust eða vetur. Ganga sósíalista er orðin löng og hún hefur verið mikil vetrarganga og það er kominn tími til að það birti yfir þeim og það er gott að það skuli vera vor í lofti yfir þeim.

Alþfl. ætlar að ganga til þessara kosninga með það kjörorð að við eigum að ganga í Evrópusambandið og nú er ákveðið af hæstv. ríkisstjórn að leggja fram stjórnarfrv. um að breyta stjórnarskránni til að taka af öll tvímæli um að Íslendingar eigi fiskimiðin. Er einhver deila um það í landinu að Íslendingar eigi fiskimiðin? Ég hef út af fyrir sig ekkert á móti því að eitthvert slíkt ákvæði sé sett í stjórnarskrá, en ég er and-

vígur því að það sé gert vegna þess, eins og Alþfl. heldur fram, að þá getum við farið að semja við Evrópusambandið. Formaður Alþfl. hefur skýrt frá því að nú eigi að festa það í stjórnarskrá svo hann geti farið til Brussel til samninga og það sé vissara fyrir hann að hafa þetta stjórnarskrárákvæði í rassvasanum til að það sé öruggt að hann semji ekki af sér. Hvernig stendur á því að ríkisstjórnin ætlar nú að leggja fram þetta frv.? Má skilja það svo að flokkarnir séu orðnir sammála um það að fara til viðræðna við Evrópusambandið? Ætlar Sjálfstfl. að leggja fram þetta frv. á þessum grundvelli? Hefur hann fallist á þessi rök Alþfl.? Það er nauðsynlegt að fá þessu svarað.

Ég á von á því að formaður Alþfl. skýri frá því hér í kvöld að þetta sé einmitt ástæðan. Ég á líka von á að hann skýri frá því hversu mjög muni blómgast í íslensku þjóðlífi ef við göngum þarna inn. Hann mun væntanlega ekki segja frá því að það þurfi að borga svona u.þ.b. 6 milljarða til Brussel ef við göngum í Evrópusambandið. Hvar ætlar formaður Alþfl. að ná í þá peninga? Hverja ætlar hann að skattleggja til að koma því heim og saman? Og hvernig ætlar hann að standa að millifærslukerfinu sem verður að taka upp í því sambandi?

Ég lít svo á að með þessum frumvarpsflutningi sé Sjálfstfl. að taka undir með Alþfl. Framsfl. hafnar aðild að ESB. Við teljum að það þjóni ekki íslenskum hagsmunum og við teljum það vera tímasóun að vera að ræða um það í komandi kosningabaráttu, en við komumst ekki hjá því vegna þess að Alþfl. hefur tekið málið á dagskrá og er að reyna að villa um fyrir kjósendum í þessu máli.

Virðulegur forseti. Góðir Íslendingar. Það líður senn að kosningum. Mikilvægum kosningum þar sem verður tekist á um það hvernig við ætlum að komast út úr atvinnuleysinu, hvernig við ætlum að fá hjól atvinnulífsins til að snúast á nýjan leik. Það er ekki nóg að líta til hagvaxtar á síðasta ári eða þjóðhagsspár Þjóðhagsstofnunar í ár vegna þess að því miður byggir það mjög á góðri loðnuveiði og mikilli veiði í Smugunni. Að mínu mati er spá Þjóðhagsstofnunar mjög bjartsýn fyrir þetta ár. Það þarf meira að koma til. Ríkisvaldið verður að taka höndum saman við aðila vinnumarkaðarins í atvinnumálum og það viljum við framsóknarmenn gera. Mér þykir leitt að heyra það að meira að segja Alþfl., sem kenndi sig þó einu sinni við sósíalisma og er gjörsamlega horfinn alveg hinum megin, afneitar nokkrum afskiptum ríkisvaldsins af atvinnumálum og gerir grín að tillögum okkar framsóknarmanna í þeim efnum. Verður ekki lítil þjóð eins og við Íslendingar, sem búum við þessar aðstæður, að viðurkenna að markaðsöflin vinna með öðrum hætti hér en víða annars staðar og því verðum við í samvinnu að vinna okkur út úr málunum?

Virðulegur forseti. Ég vænti þess að komandi kosningabarátta verði málefnaleg. Ég vænti þess að hún verði ekki rekin með sama hætti og var uppi hér í kosningabaráttunni í Reykjavík á sl. vori, að flokkarnir fari út í persónulegt skítkast með því að ráðast á einstaka frambjóðendur. Ég tel það ósæmilegt. Ég tel að við eigum að sýna þjóðinni þá virðingu að fara út í þessa kosningabaráttu með málefnalegum hætti og bera þá virðingu fyrir framtíðinni að gera þjóðinni grein fyrir því hvað við viljum gera á næstu árum. Það ætlum við okkur að gera í Framsfl. Við teljum að við berum mikla ábyrgð, berum mikla ábyrgð gagnvart framtíðinni, framtíðinni sem er svo mikilvæg og dýrmætasta eign okkar.

Ég þakka þeim sem hlýddu. Góðar stundir.

[21:11]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Góðir Íslendingar. Á flokksþingi okkar jafnaðarmanna í byrjun febrúar samþykktum við einróma ályktun um leiðir til jöfnunar lífskjara. Aðalatriðin í þessari ályktun voru þessi:

Við vildum nýta efnahagsbatann, sem við mátum á um 10 milljarða kr., til þess að jafna lífskjörin í landinu. Við lögðum það til að samið yrði í kjarasamningum um fasta krónutölu og að hinum lægstlaunuðu yrði tryggður kaupauki sem síðan fjaraði út við tiltekin tekjumörk. Við lýstum okkur reiðubúna til þess að afnema lánskjaravísitöluna í núverandi mynd í trausti þess að ríkisstjórnin hefur þegar náð þeim árangri að verðbólga er því sem næst horfin í okkar landi.

Áður höfðu stjórnarflokkarnir lýst því yfir að þeir væru reiðubúnir til að afnema tvísköttun lífeyrisgreiðslna og niðurstaðan í samningunum varð sú að skattfrádráttur yfir 4% iðgjaldagreiðslna launþega var tryggður sem hækkar skattfrelsismörkin yfir 60 þús. kr. á mánuði. Alþfl. lagði líka til að myndaður yrði starfshópur á vegum stjórnvalda og með aðilum vinnumarkaðarins til að kanna sérstaklega verðmyndun í opinbera kerfinu, þar sem einokun og fákeppni gætir, til þess að lækka þjónustugjöld í bankakerfi og til þess að reyna að stuðla að lækkun á orkuverði, símakostnaði, flutningskostnaði, fargjöldum og tryggingarkostnaði, allt saman kjarabætur án verðbólgu.

Aðfaranótt þriðjudagsins, þegar yfirlýsing ríkisstjórnarinnar var birt og aðilar vinnumarkaðar höfðu undirritað samninga, var ljóst að allt hafði þetta gengið eftir. Þar með hafði verkalýðshreyfingin á Íslandi, atvinnurekendur og stjórnvöld, innsiglað þann sameiginlega vilja sinn að hverfa af braut falskra lífskjara, gengisfellinga og skuldasöfnunar, til þess að varðveita stöðugleikann til frambúðar og verkalýðshreyfingin á Íslandi á sérstakar þakkir skilið fyrir þátt sinn og þjóðhollustu í þessu máli.

Sumir hafa lýst ótta sínum við það að boginn hafi verið spenntur of hátt, sérstaklega í ríkisfjármálum. Þá menn bið ég að hugleiða að stöðugleiki til frambúðar er einnar messu virði og í annan stað að það var sagt skilmerkilega af hálfu stjórnarflokkanna við samningsaðila að þessum auknu útgjöldum á næstu tveimur árum yrði að sönnu að mæta með auknum niðurskurði á öðrum sviðum eða með nýrri tekjuöflun. Og af því að formaður Framsfl., Halldór Ásgrímsson, lýsti því hér yfir áðan að hann hefði áhyggjur af því að ekki hefði nægilega verið gengið í átt til tekjujöfnunar í þessum samningum og aðgerðum stjórnvalda þá er ástæða til þess að spyrja um framhaldið.

Hinn 10. des. sl. lýsti ríkisstjórnin því yfir að hún vildi mynda samstöðu og samstarf með stjórnarandstöðunni og aðilum vinnumarkaðarins til þess að ná samstöðu um útfærslu á framkvæmd fjármagnstekjuskatts sem kæmi til framkvæmda um næstu áramót. Nú vill svo til að aðilar vinnumarkaðarins og fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna hafa lýst sig reiðubúna til slíks samstarfs, en mér skilst að enn standi á Framsfl. Ef hægt er að nefna nokkurt eitt mál, réttlætismál sem mundi skipta sköpum um það að stuðla frekar að kjarajöfnun, þá væri það þetta. Ég skora á formann Framsfl. að láta ekki bíða lengur eftir sér. Með þessum sögulegu kjarasamningum hefur óvissu um framtíðina verið eytt. Fyrirtækin hafa fram að þessu beðið með ákvarðanir með útgjöld og fjárfestingar, en nú þurfa þau ekki að bíða lengur. Það er nefnilega nýtt vaxtarskeið fram undan, eftir þessa sögulegu samninga og aðgerðir ríkisstjórnarinnar, sem tryggir öllum vinnufúsum höndum verk að vinna á næstunni.

Góðir Íslendingar. Berum nú saman stuttlega sýbyljuáróður stjórnarandstöðuflokkanna á undanförnum árum og svo þann dóm staðreyndanna um árangur stjórnarstefnunnar á erfiðum tímum sem við blasir. Verðbólga ógnar ekki lengur afkomu ykkar og atvinnuöryggi. Gengið er traust. Framfærslukostnaður heimilanna hefur lækkað í fyrsta sinn í lýðveldissögunni milli ára. Matvælaverð fer lækkandi. Vaxtalækkunin hefur létt greiðslubyrði skuldugra fyrirtækja og heimila á ársgrundvelli sem svarar 123 þús. kr. á ári fyrir hverja fjögurra manna fjölskyldu. Viðskiptajöfnuður við útlönd er hagstæður þrjú ár í röð. Þjóðin er hætt að lifa um efni fram. Það hefur, þrátt fyrir þær tölur sem hv. formaður Framsfl. nefndi hér áðan, tekist loksins að stöðva aukningu erlendrar skuldasöfnunar þjóðarbúsins, þótt vissulega sé það rétt hjá honum að ríkið er enn rekið með halla og safnar skuldum vegna þess að það hefur orðið fyrir tekjubresti á samdráttarárunum og auknum útgjöldum til þess að halda uppi atvinnustiginu. Hagvöxtur er tekinn að glæðast á ný eftir sjö ára samdrátt og hnignun, skuldir fyrirtækja fara minnkandi og afkoman batnandi, sem er ávísun á aukna atvinnu.

Atvinnulífið hefur komist klakklaust í gegnum þrengingarnar. Það hefur farið í megrunarkúr og veitti að sumu leyti ekki af og er við betri heilsu en oft áður. Það er betur í stakk búið til þess að hefja hið nýja framfaraskeið sem nú tekur við í kjölfar kjarasamninganna.

Þeir sem til þekkja í íslensku atvinnulífi sjá hvarvetna batamarki. EES-samningurinn hefur virkað sem vítamínsprauta á íslenskan sjávarútveg. Við erum að vinna meiri verðmæti úr minni afla. Samkeppnisstaða útflutnings- og samkeppnisgreina hefur ekki í annan tíma verið betri. Sjávarútvegsfyrirtækin eru að greiða niður skuldir. Það er umtalsverð veltuaukning í iðnaði og þjónustugreinum. Matvælaiðnaðurinn á Íslandi er í sókn. Með dyggum stuðningi iðnrh. hafa skipasmíðar og viðgerðir rétt úr kútnum. Útflutningsverðmæti iðnaðarins á sl. ári jókst um 30%. Vaxtargreinar eins og t.d. framleiðsla á rafeindavogum og hátæknibúnaði fyrir fiskveiðar og vinnslu eru vaxtarbroddur þessarar sóknar. Íslenskur iðnaður hefur aukið markaðshlutdeild sína innan lands. Hvarvetna þar sem menn fara um vinnustaði mætum við nú jákvæðara hugarfari og bjartsýni á framtíðina.

Í ljósi þessara staðreynda hljómar bölmóðurinn sem kveður við í ræðum stjórnarandstæðinga líkt og slitin, gömul plata af vinsældalistanum frá því í hittiðfyrra. Með þjóðlegri samlíkingu mætti líkja forustumönnum stjórnarandstöðuflokkanna við þau nátttröll þjóðsögunnar sem daga uppi við dagsbrún morgundagsins og talkór gylliboðanna hljómar falskur. Efnahagsbatinn byggir nefnilega hvorki á töfrabrögðum né skyndilausnum. Hann byggist t.d. ekki á því að þegar Alþb. hefur gefist upp á austrinu, sem það kenndi sig við til skamms tíma, að það fari enn þá lengra austur og þá til þeirra markaðshyggjuhagkerfa sem byggja á því að halda verkalýðshreyfingunni í skefjum og keyra hagvöxt á lágum launum. Efnahagsbatinn byggir ekki á töfrabrögðum. Íslenska þjóðin er einfaldlega að uppskera ávöxt erfiðis síns á undanförnum árum. Efnahagsbatinn er nú kominn til skiptanna hjá fólkinu í landinu. Hann er árangur skynsamlegrar hagstjórnar og stefnufestu andspænis ytri erfiðleikum og þrátt fyrir svartagallsraus og gagnrýni stjórnarandstöðunnar.

Við þurfum fram að aldamótum að skapa 8.600 ný störf fyrir ungt og vel menntað fólk sem sækir út á vinnumarkaðinn. Það tekst okkur því aðeins að við varðveitum stöðugleikann og skjótum fleiri stoðum undir íslenskt atvinnulíf. Það er ekki síst þess vegna, vegna framtíðarþarfa unga fólksins á Íslandi, sem við jafnaðarmenn hvetjum hugsandi fólk á íslandi að skoða vandlega og án fordóma spurninguna um aðild Íslands að Evrópusambandinu, sem við kunnum að þurfa að gera upp við okkur á næsta kjörtímabili, jafnvel á næsta ári.

Virðulegi forseti. Þegar við lítum til framtíðarinnar þá er það kannski einkum tvennt sem ber skugga á. Í sjávarplássum landsins gætir vaxandi uggs um það að óbreytt kvótakerfi loki ungum og framtakssömum athafnamönnum aðgangi að greininni og að veiðiheimildir færist sífellt á færri hendur. Í sveitum landsins eru augu bænda smám saman að opnast fyrir því að svokallaðir vinir þeirra hafa hneppt þá í fátæktarfjötra. Þetta er þeim mun dapurlegra sem aðrar atvinnugreinar atvinnulífsins þokast hægt en örugglega í frjálsræðisátt, ekki síst fyrir áhrif EES-samningsins sem tekur til flestra þátta þjóðlífsins nema landbúnaðar.

Þann 11. feb. sl. skrifuðu hjón, Gunnar Einarsson og Guðrún S. Kristinsdóttur, ábúendur á Daðastöðum, grein í Morgunblaðið sem vakti þjóðarathygli og var beinskeytt ákæra á hendur bændaforustunni undir heitinu „Skipulögð fátækt." Ég tek undir orð þeirra þegar þau segja að hagur bændastéttarinnar væri áreiðanlega betri í dag ef meginreglur verslunar og viðskipta hefðu gilt um þeirra atvinnugrein í staðinn fyrir miðstýrt ríkisskorðað ofstjórnarkerfi. Bændur mega gjarnan hugsa til þess að Alþfl. hefur aldrei farið með stjórn landbúnaðarmála. Alþfl. á enga sök á því hvernig komið er kjörum bænda. Alþfl. er ekki óvinur bænda, en hann er

svarinn óvinur þess kerfis sem hneppt hefur bændur landsins í þessa fátæktarfjötra. Um þá menn sem eiga þvílíka vini og leggja hald sitt og traust á þá má segja að þeir þarfnast heldur ekki óvina.

Bændur standa nú frammi fyrir því á næstu árum að þeir þurfa að keppa um hylli neytenda á grundvelli gæða og vöruverðs. Það geta þeir ekki gert með báðar hendur bundnar fyrir aftan bak. Þess vegna vill Alþfl. afnema núverandi kvótakerfi og í stað framleiðslutengdra styrkja komi búsetustuðningur, grænar greiðslur í anda GATT, eins konar lágmarkslaun til þess að styrkja bændur fremur en búfénað. Til greina kemur einnig að okkar mati að tekjur ríkissjóðs í framtíðinni af innflutningstollum verði nýttar til að auðvelda öldruðum bændum að bregða búi með reisn, þeim sem þess óska.

Núverandi stjórnkerfi fiskveiða þarfnast gagngerðrar endurskoðunar og það er mér þess vegna mikið ánægjuefni að stjórnarflokkarnir hafa náð samkomulagi um að flytja frv. um breytingar á stjórnarskipunarlögum þar sem sameign þjóðarinnar á fiskimiðunum er stjórnskipulega varin og fest í sessi eins og lýst var yfir í stjórnarsáttmála. En meðan núverandi skömmtunarkerfi er við lýði er það samt sem áður stærsta réttlætismálið að þeir sem fá ókeypis úthlutað heimildum fyrir óveiddum fiski í sjó greiði eðlilegt afgjald til eigenda auðlindarinnar, íslensku þjóðarinnar. Þetta er ekki skattlagning á sjávarútveginn því að kvótar ganga kaupum og sölum á háu verði og hluti þeirra fjármuna gengur út úr greininni. Tekjum af veiðileyfagjaldi framtíðarinnar mætti hins vegar ráðstafa innan greinarinnar, m.a. til þess að leysa staðbundinn vanda sem af kvótakerfinu hlýst.

Íslendingar geta ekki mikið lengur varið það fyrir samvisku sinni að loka augunum fyrir þeim staðreyndum að veiddum fiski er hent í sjó í stórum stíl. Það verður einfaldlega að gera það fjárhagslega hagkvæmt fyrir sjómenn að koma með allan veiddan fisk að landi. Það er skynsamlegri leið að gera það hagkvæmt en að hóta mönnum Brimarhólmsvist. Auk þess verðum við að hlúa betur að vistvænum veiðum á grunnslóð og skoða vandlega hvort ekki sé tímabært að vísa öflugustu vinnsluskipunum af grunnslóð.

Virðulegi forseti. Stjórnmálaflokkum ber að móta framtíðarsýn. Alþfl., Jafnaðarmannaflokkur Íslands, vill sjá Ísland til borðs með lýðræðisþjóðum Evrópu. Flokkurinn hafnar hræðsluáróðri um missi sjálfstæðis og þjóðernis Íslendinga. Ungt fólk á Íslandi, best menntaða kynslóð Íslandssögunnar, á annað og betra skilið af forustumönnum sínum en úrtölur og vonleysi. Jafnaðarmenn hafna þeirri framtíðarsýn sem byggir á hræðsluáróðri gegn samstarfi Evrópuþjóða. Ísland í Evrópu framtíðarinnar er því okkar kjörorð.

Það er leitun á jafnskýru dæmi um staðfestu Alþfl. að hann var eini stjórnmálaflokkurinn á Íslandi sem frá upphafi til enda stóð heill og óskiptur að baki EES-samningnum. Fyrrv. formaður Framsfl. var í upphafi eins konar guðfaðir EES-samninganna í krafti embættis síns sem forsrh. Eftir kosningar og utan stjórnar söðlaði hann síðan um. Fræg eru ummæli núv. formanns Framsfl., Halldórs Ásgrímssonar, þau að ef Framsfl. hefði verið í stjórn eftir seinustu kosningar þá hefði hann stutt EES-samninginn. Það er með öðrum orðum ekkert að marka síbylju Páls Péturssonar, hins góðkunna baráttumanns gegn litasjónvarpi og annarra sálufélaga hans í Framsókn, í þessum málum fremur en öðrum, að sögn formanns Framsfl. og ekki rengi ég þau orð hans. Og hver veit þá hvernig vindar munu blása eftir næstu kosningar og hvernig flokkar með slíkan feril að baki haga seglum eftir vindum eftir kosningar.

Ég virði andstæðingum okkar jafnaðarmanna það til vorkunnar þótt þeir vilji nú gjarnan hafa látið ósagt það sem þeir létu sér um munn fara um EES-samninginn, en þingtíðindin geyma ræður þeirra sem minnismerki um skammsýni grunnhygginna stjórnmálamanna sem þorðu ekki að taka ákvörðun sem þeir í hjarta sínu vissu að var þjóðinni fyrir bestu.

Nú vita allir sem vita vilja að EES-samningurinn reyndist sjávarútveginum og þá sérstaklega fólkinu á landsbyggðinni, lyftistöng, að EES-samningurinn knýr þann efnahagsbata sem hart keyrðir launþegar á Íslandi eru nú að uppskera í formi bættra lífskjara.

Þjóðhagsstofnun metur heildaráhrif EES-samningsins á landsframleiðslu á bilinu 2,5–3 milljarða fyrstu árin en allt að 6 milljarða þegar fram í sækir. Þetta þýðir á mannamáli 44 þús. kr. tekjuaukningu fyrir hverja fjögurra manna fjölskyldu að jafnaði á ári, upphæð sem síðan muni tvöfaldast að mati Þjóðhagsstofnunar þegar fram líða stundir. Þetta má kalla að færa björg í bú.

Með því að greiða atkvæði allir sem einn gegn EES-samningnum hafnaði Alþb. útflutningsleiðinni sem það játar í orði. Kvennalistinn dæmdi sig úr leik sem framfaraafl og Framsfl. gat því miður í hvorugan fótinn stigið. Nú er EES-samningurinn orðinn helsta haldreipi þeirra sem vilja reka gamla, falska hræðsluáróðurinn gegn aðild Íslands að Evrópusambandinu. Það er að vísu óvænt traustsyfirlýsing í garð núv. utanrrh. og sannast þar hið fornkveðna að stundum birtist ólundin í óvæntu ljósi, nefnilega í formi gullhamra.

Virðulegi forseti. Við jafnaðarmenn erum reynslunni ríkari eftir gerningahríðina gegn EES-samningnum. En við skulum hafa það hugfast að andstæðingar okkar höfðu líka rangt fyrir sér þegar þeir fóru hamförum gegn Atlantshafsbandalaginu. Þeir höfðu líka rangt fyrir sér í andstöðunni gegn varnarsamningnum við Bandaríkin. Þeir höfðu líka rangt fyrir sér í andófi sínu gegn stóriðjunni og hafa það enn. Þeir höfðu rangt fyrir sér í hræðsluáróðri sínum gegn aðild okkar að EFTA upp úr 1970. Þeir höfðu rangt fyrir sér í krossferðinni gegn aðild okkar að EES-samningnum og enn á ný mun það sannast að þeir hafa rangt fyrir sér í Evrópumálum einfaldlega vegna þess að þetta forrit þeirra er vitlaust og þeirra leiðir leiða til einangrunar Íslands og þar með lakari lífskjara ef þeir ná vilja sínum fram. Íslendingar verða sjálfir að ákveða framtíð sína. Aðrir gera það ekki fyrir okkur, ekki heldur Norðmenn. Ekki heldur þeir flokksforingjar sem vilja ekki ræða málið við þjóðina fyrir kosningar. Skilaboð

okkar jafnaðarmanna eru skýr. Ef þeir fjölmörgu kjósendur, sem eru í hjarta sínu í grundvallaratriðum sammála okkur um hvar Íslendingum beri að skipa sér á bekk í samfélagi þjóðanna, ef þeir fylgja fram sannfæringu sinni í verki, þá er engin hætta á því að þjóðin verði dæmd til einangrunar og áhrifaleysis í framtíðinni. Höfum það hugfast, Íslendingar, það sem við erum að læra, að fyrirhyggja er dyggð og við tryggjum ekki eftir á.

[21:28]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Við erum komin hér saman við lok þessa kjörtímabils til að vega og meta árangurinn af störfum þeirrar ríksstjórnar sem mynduð var 1991. Þessi ríkisstjórn Sjálfstfl. og Alþfl. var mynduð um skýra hægri stefnu. Það varð sú stefnubreyting sem varð vorið 1991. Frjálshyggjumennirnir í Sjálfstfl. og frjálshyggjumennirnir í Alþfl., undir forustu páv. viðskrh., náðu þeim árangri að setja saman stjórnarsáttmála sem bar skýr einkenni þeirrar hægri stefnum sem ríkt hafði t.d. í Bretlandi og Bandaríkjunum um margra ára skeið.

Vissulega er hægt að segja það nú, að fjórum árum liðnum, að þessir flokkar hafa að mörgu leyti staðið sig vel. Staðið sig vel í því að framkvæma þá hægri stefnu sem þeir lýstu yfir 1991 að þeir ætluðu að festa í sessi. Það ber líka að viðurkenna það að á þessu kjörtímabili hefur verið varðveittur sá arfur um lága verðbólgu sem fyrrv. ríkisstjórn fékk þessari ríkisstjórn í hendur. En hitt er aftur á móti kjarni málsins að líta á íslenskt þjóðfélag í dag og skoða staðreyndirnar. Staðreyndirnar um þær breytingar sem orðið hafa á grundvelli þessarar hægri stefnu. Hallinn á ríkissjóði er vissulega rúmir 30 milljarðar í lok kjörtímabilsins samtals yfir öll árin og það er risavaxin tala. Ísland er enn þá skattaparadís fyrir fjármagnseigendur, eina landið í Evrópu sem er slík skattaparadís þótt stjórnarflokkarnir ætli nú loksins við lok kjörtímabilsins að setja nefnd í málið. Ísland er enn þá skattaparadís fyrir hátekjufólk, eina landið í Vestur-Evrópu sem hefur ekki raunverulegan hátekjuskatt.

Ég hef tekið saman á grundvelli upplýsinga frá fjmrn., Þjóðhagsstofnun og Seðlabanka nokkrar staðreyndir sem lýsa mjög vel framkvæmd þeirrar hægri stefnu sem núv. stjórnarflokkar hafa fylgt allt kjörtímabilið. Þeir hafa stórlækkað skatta á fyrirtækin eins og hér kemur fram og forsrh. vék að áðan. En þeir hafa stórhækkað skattana á einstaklingana í landinu. Meira að segja lágtekjufólkið með 65 þús. kr. á mánuði, sem borgaði ekki skatta þegar þessir menn tóku við, hafa borgað verulegan tekjuskatt á þessu tímabili. Tekjuskattur þeirra sem hafa 70 þús. kr. hefur verið tvöfaldaður og síðan upp stigann, 80 þús., 90 þús., 100 þús. kr. mánaðartekjur, hann hefur verið hækkaður jafnt og þétt á öllu kjörtímabilinu og líka með atkvæðum þess þingmanns sem talar á eftir mér. Skuldir heimilanna hafa stórvaxið á þessum árum eins og kemur fram á þessu línuriti. Einstaklingarnir og fjölskyldurnar í landinu eiga nú miklu stærri bagga að bera en í upphafi. Hægri stefnan kemur líka mjög skýrt fram í niðurskurði á námsaðstoð á öllum þessum árum vegna þess að það hefur ekki aðeins verið fylgt þeirri stefnu að hækka skattana á einstaklingum heldur eru námsmenn, sjúklingar og aldraðir látnir bera stórkostlegar byrðar. Hér sjáum við skýrar tölur um það hvernig sjúklingarnir hafa verið látnir bera stórauknar byrðar, hvernig álögurnar á sjúklinga í lyfjakostnaði og heilsugæslu hafa stórhækkað á öllum árum þessa kjörtímabils. Skýr lýsing á því hvernig hægri stefnan birtist í verki. Á sama tíma hafa þeir einnig stóraukið skuldir hins opinbera. Þegar Friðrik Sophusson og Davíð Oddsson tóku við voru skuldir hins opinbera aðeins 15% af landsframleiðslu. Þær eru nú komnar í 30% af landsframleiðslu. Ef það er ekki Færeyjaleið, hæstv. forsrh., þá veit ég ekki hvað á að kalla Færeyjaleið.

Þessir menn hafa haft stór orð um hvernig staða ríkissjóðs var gagnvart Seðlabankanum þegar þeir tóku við. Jú, hér höfum við það. Það voru 8.000 millj. kröfur sem Seðlabankinn hafði á ríkissjóði og þær voru vissulega of miklar í desember 1991 en þær eru nú orðnar meira en tvöfalt meiri. Kröfur Seðlabankans á ríkissjóð eru nú um 18 milljarðar sem er risavaxin viðvörun um hvernig ástandið er við lok þessa kjörtímabils og ættu þessir menn að rifja upp sín eigin orð um ástandið á þeirri stöðu 1991 og horfast af karlmennsku í augu við það að þeir eru nú búnir að slá það met um meira en 100%. Hvað erlendu skuldirnar varðar er ánægjulegt að þjóðin hefur verið að minnka þær. En ríkið hefur verið að stórauka þær. Ríkið hefur verið að stórauka erlendar lántökur á kjörtímabilinu þannig að þegar þær lántökur verða borgaðar til baka eru það erlendu markaðirnir, erlendu lánardrottnarnir, sem fá þær tekjur í sinn hlut. Og atvinnuleysið sem lítið var rætt hjá hæstv. forsrh. hefur stórvaxið eins og þessar tölur sýna.

Þetta, virðulegi forseti, eru nokkrar staðreyndir um þann veruleika sem blasir við í íslensku þjóðfélagi. Staðreyndir sem ekki er hægt að hrekja og lýsa skýrt þeirri hægri stefnu sem mótað hefur þetta tímabil. Þess vegna er ánægjulegt að okkur í Alþb. hefur tekist með góðri samvinnu við fjölda einstaklinga, vinstri sinna, félagshyggjufólk og jafnaðarsinna, að ná saman um það að bjóða í þessum kosningum upp á aðra, skýra og afdráttarlausa vinstri stefnu. Á stefnuþingi Alþb. og óháðra, sem haldið var um síðustu helgi, náðist afdráttarlaus og einlæg samstaða um nýjan valkost, nýja skýra vinstri stefnu í íslenskum stjórnmálum og það er fagnaðarefni fyrir okkur, vinstra fólk á Íslandi sem höfum átt okkur draum um breiða samstöðu, að slíkt skuli vera að gerast.

Í Reykjavík í fyrra fundu vinstri flokkarnir aðferð sem gekk upp í baráttunni við Sjálfstfl. Við í Alþb. og hundruð einstaklinga, vinstri sinnað og félagshyggjufólk, erum núna að finna aðferð í landsmálum sem er líka að ganga upp. Sú stefna sem við göngum fram með í kosningunum er íslensk framtíðarstefna. Hún er íslensk atvinnustefna og íslensk velferðarstefna. Hún felur í sér afdráttarlausa lýsingu á vinstri leiðum í íslenskum stjórnmálum, valkost sem er í andstöðu við þá hægri stefnu sem stjórnarflokkarnir hafa fylgt á þessu

kjörtímabili. Þau tíu stefnuatriði sem við leggjum hér fram eru í fyrsta lagi nýtt forrit í hagstjórn á Íslandi, útflutningsleiðin, atvinna fyrir alla sem skapað getur yfir 2.000 ný störf á fyrstu 12 mánuðum nýrrar ríkisstjórnar.

Í öðru lagi tillögur um velferð og jöfnuð, einstaklinginn og fjölskylduna.

Í þriðja lagi ný launastefna um kjarajöfnun og launamál kvenna. Það er ekki eðlilegt að fyrirtæki á Íslandi, sem búa nú við sambærilegt raungengi og samkeppnislöndin, svipaða skattastefnu og samkeppnislöndin, svipaða vaxtastefnu og samkeppnislöndin geti ekki greitt svipuð laun og eru í samkeppnislöndunum. Þess vegna er 10–15 þús. kr. hækkun lægstu launa eðlilegur kjarni í nýrri launastefnu.

Við leggjum í fjórða lagi fram tillögur um réttlátt skattkerfi, um tilflutning 5–7 milljarða til lágtekjufólks og miðtekjuhópa innan núverandi skattkerfis án breytinga á heildarútgjöldum ríkisins.

Við leggjum í fimmta lagi einnig fram tillögur í menntamálum sem fela það í sér að skila þeim 2.000 millj. til menntakerfisins sem núv. ríkisstjórn tók frá því og stíga frá þeim stalli sem Ísland er í töflu OECD, í neðstu sætunum ásamt Grikklandi og Tyrklandi.

Aðgerðir í húsnæðismálum, siðbót í stjórnsýslu og fyrirtækjarekstri, einfaldara og ódýrara stjórnkefi eru einnig þættir í okkar tillögugerð.

Við munum taka upp fjárlög til tveggja ára í senn, taka upp samræmd samgöngufjárlög til að auka hagræðinguna í mikilvægasta fjárfestingarþætti ríkisins og þannig mætti lengi telja.

En kjarninn í tillögugerðinni er ný stefna í atvinnumálum á Íslandi. Nýtt forrit í hagstjórn á Íslandi sem felur í sér að læra bæði af íslenskri reynslu og læra af reynslu annarra, ríkja t.d. í Asíu, Hollands og Danmerkur og annarra ríkja sem náð hafa ótrúlegum árangri með því að taka upp samræmdar sóknarlínur í atvinnumálum. Það er þetta nýja forrit í atvinnumálum á Íslandi sem er kjarninn í þeirri tillögugerð, kjarninn í þeirri stefnubreytingu sem verður að festa í sessi í kosningunum. Ef við Íslendingar náum ekki 4% hagvexti á næstu árum verður ekki kleift að bæta hér lífskjörin, þá verður ekki kleift að greiða niður skuldir ríkisins, þá verður ekki kleift að reka ríkissjóð án halla og þess vegna er ný atvinnustefna sem skilar arðinum til launafólksins og í betri hagstjórn frumforsendan fyrir þeirri breytingu sem hér verður að eiga sér stað. Það er enginn annar flokkur eða framboð á Íslandi en G-listarnir sem hafa lagt á borðið nú þegar slíka ítarlega atvinnustefnu. Við höfum sagt til viðbótar að hluti hennar er ný heimssýn í viðskiptum. Að við Íslendingar förum að átta okkur á því að kraftvélarnar í hagkerfi 21. aldarinnar eru ekki, hæstv. utanrrh., hjá gömlu nýlenduveldunum sem mynda Evrópusambandið. Kraftvélarnar í hagkerfi 21. aldarinnar eru að dómi allra sérfræðinga í Asíulöndunum, í Ameríkulöndunum og í sunnanverðri Afríku. Ef við Íslendingar förum ekki að taka upp nýja viðskiptastefnu sem beinir sókn okkar á 21. öldina í þessar áttir mun okkur ekki takast að bæta hér lífskjörin. Ný markaðssókn fyrir Íslendinga, lönd hennar eru ekki hjá gömlu nýlenduveldunum, þau eru í þeim hluta heimsins sem býr nú við 6, 10 og 12% hagvöxt. Þetta er grundvöllurinn í þeim breytingum sem verða að eiga sér stað hér.

Ég lýsti í upphafi þeirri hægri stefnu sem tók við. Hægri stefnu misréttis, ranglætis, skuldasöfnunar og spillingar. Þessari ríkisstjórn hefur vissulega tekist vel að framkvæma hana.

Góðir Íslendingar. Það er komið nóg af þessum harða hægra vetri. Hann er þegar orðinn of langur. Við skulum taka höndum saman í vor um að breyta um stefnu, að festa hér í sessi íslenska framtíðarstefnu, íslenska atvinnustefnu og velferðarstefnu sem gerir okkur kleift að bera höfuðið hátt í samanburði við aðrar þjóðir.

Góðir landsmenn. Í apríl skulum við hafna saman þeim hægra vetri sem hefur hneppt íslenskt þjóðfélag hér í fjötra. Við skulum fagna í sameiningu vinstra vori. Göngum heil til leiks.

[21:41]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Góðir áheyrendur. Við erum mörg í þjóðfélaginu sem þekkjum vel og vitum af reynslu að gamla flokkakerfið, sem hefur áratugum saman setið hér á valdastóli, megnar ekki að jafna hér lífskjörin. Það skynjar líka fólk um allt land sem af biturri reynslu er hætt að treysta loforðum gömlu flokkanna um bætt lífskjör eins og hv. síðasti ræðumaður bar áðan fram hér. Við finnum vel hræðslu fjórflokkanna við nýja hreyfingu fólksins, Þjóðvaka, nú þegar þeir sjá valdakerfi sínu ógnað.

Ný hreyfing fólksins hefur mælst með 10–20% fylgi á undanförnum vikum þrátt fyrir hrakspár flokka og flokksmálgagna og villandi og ómálefnalegan fréttaflutning af starfi hreyfingarinnar. Slíkt hefur ekki einungis hert okkur í þeim ásetningi að skapa nýjan vettvang sem er og verður upphafið að því að sameina jafnaðarmenn og félagshyggjufólk í öfluga fjöldahreyfingu. Afl okkar verður fólkið í landinu sem mun berjast með þessari hreyfingu til sigurs. Til sigurs fyrir málstað réttlætis og jöfnuðar í þjóðfélaginu. Til sigurs fyrir þann málstað sem ganga mun á hólm við valdakerfin í landinu sem í skjóli flokkakerfisins hafa dregið niður lífskjörin og breikkað bilið milli ríkra og fátækra í þjóðfélaginu. Gamla flokkakerfið hefur í raun gefist upp á að jafna hér eigna- og tekjuskiptinguna. Þess vegna hefur hreyfing fólksins, Þjóðvaki, orðið til. Hreyfing sem krefst sanngjarnrar skiptingar þjóðarauðsins, hreyfing sem leggur fram leiðir til nýrra sóknarfæra í atvinnulífinu og til átaks í mannréttinda-, siðvæðingar- og jafnréttismálum.

Við þurfum að brjótast út úr þeim vítahring sem kjaramálin eru komin í. Það er eitthvað mikið að í þjóðfélagi okkar þegar láglaunafólk fær ekki meira fyrir vinnu sína en nokkurn veginn sem samsvarar atvinnuleysisbótum enda er Ísland auglýst sem Singapúr norðursins til að laða að erlenda fjárfesta vegna lítils launakostnaðar. Þetta fyrirkomulag brýtur niður sjálfstraust og sjálfsvirðingu fólks sem á ekki einu sinni fyrir brýnustu nauðþurftum. Við vitum að stöðugleiki síð-

ustu missira byggist fyrst og fremst á framlagi launafólks sem tekið hefur á sig þungar byrðar, m.a. mikla skattatilfærslu frá atvinnulífinu. Það hefur skapað atvinnuvegunum ný skóknarfæri, aukið hagnað þeirra og minnkað skuldir. Við hljótum því að gera þá kröfu til atvinnulífsins að framleiðni aukist sem er með því lægsta sem þekkist í Evrópu og að hagræðing og endurskipulagning í fyrirtækjum nái til yfirbyggingar og stjórnunarkostnaðar en byrji ekki og endi á gólfinu hjá lægstlaunaða fólkinu.

Kjarajöfnun, sagði ríkisstjórnin við láglaunafólk þegar skattapakkinn kom fyrir jólin sem skilaði láglaunafólkinu 900 kr. en hálaunamanninum sem átti 30 millj. kr. skuldlausa eign og var með 500 þús. kr. í tekjur tæpum 10 þús. kr. Þannig er þeirra kjarajöfnun, þannig er þeirra réttlæti, 900 kr. til láglaunafólks en 10 þús. kr. til hálaunafólks.

Kjarajöfnun, sagði ríkisstjórnin aftur vegna nýgerðra kjarasamninga. Ja, svei. Á yfirborðinu heitir það 3.700 kr. hækkun fyrir láglaunafólk en 2.700 fyrir þá betur settu. Í aðgerðum ríkisstjórnarinnar vegna nýgerðra kjarasamninga gildir það sama og í svokallaðri kjarajöfnun ríkisstjórnarinnar fyrir jólin þó forsrh. hafi haldið fram hinu gagnstæða hér áðan. Þrír fjórðu hlutar af 3–4 milljörðum úr ríkissjóði renna til skattalækkana vegna lífeyrissjóðsiðgjalda sem best skila sér til hálaunafólks. Þannig fær 50 þús. kr. maðurinn í auknar ráðstöfunartekjur vegna kjarasamninganna og ráðstafana ríkisstjórnarinnar 43.500 kr. á ári samkvæmt mati Þjóðhagsstofnunar, en 300 þús. kr. maðurinn fær 85 þús. kr. á ári. Þetta er innihaldið í kjarajöfnuninni þegar umbúðirnar hafa verið teknar af sem verkalýðsforingjar og ráðherrar með 300 þús. kr. laun fagna í dag, 40 þús. kr. fyrir láglaunamanninn en 85 þús. kr. fyrir hálaunamanninn með 300 þús. kr. Það er þeirra réttlæti.

Í tillögum Þjóðvaka um kjarajöfnun sem kynnt var nýlega er aftur á móti lagt til að það komi sérstök hækkun á skattfrelsismörk sem komi þegar til framkvæmda hjá fólki með 1 millj. eða minna í tekjur. Þannig hefðu skattfrelsismörk þessara hópa hækkað úr 58 þús. kr. í 67 þús. kr. Til launþega með 80 þús. kr. hefði þessi leið svarað til rúmlega 4% launahækkunar strax en kostnaður ríkissjóðs af þessari breytingu hefði orðið 1,5 milljarðar kr.

Það alvarlega við þessar aðgerðir ríkisstjórnarinnar er líka að kostnaði við þessar aðgerðir upp á 3–4 milljarða kr. sem að verulegu leyti gengur til hærra launuðu hópanna er ávísað á næstu ríkisstjórn. Ég spyr: Getur láglaunafólkið treyst því að það verði ekki látið borga fyrir þessa sérstöku kjarabót til hálaunahópanna með skattahækkun, þjónustugjöldum eða að aðstoð til þeirra í gegnum velferðarkerfið verði ekki skert? Ég óttast það að fái núv. stjórnarflokkar endurnýjað umboð verður þessi litla kjarabót láglaunahópanna tekin aftur með þeim hætti og gildir þá einu hvort Alþfl., Framsfl. eða Alþb. verður með íhaldinu í ríkisstjórn að loknum næstu kosningum.

Það leiðir hugann að yfirboði Alþb. vegna komandi kosninga þar sem boðuð er 15 þús. kr. launahækkun láglaunahópanna og 5–7 milljarða skattalækkun sem og að afnema öll gjöld af nemendum, sjúklingum og öldruðum og ganga þeir þar heldur lengra en Framsfl. í yfirboði sínu sem ekki mun standast nú frekar en endranær. Hvernig á launafólk að trúa þessu þegar fulltrúar Alþb. í ASÍ, sem sumir eru jafnframt frambjóðendur þeirra í komandi alþingiskosningum, standa að kjarasamningum þar sem hálaunahóparnir fá mun meira í sinn hlut en láglaunahóparnir?

Er nema von að fólk hafi misst trú á loforðum fjórflokkanna og kennarar krefjist nú skriflegra loforða frá öllum, líka stjórnarandstöðunni, um að réttindamál þeirra verði tryggð. Það er einmitt þetta sem láglaunafólk hefur fengið nóg af, loforðum fjórflokkanna sem aldrei standast. Það var einmitt það sem ég hafði fengið nóg af þegar ég yfirgaf minn gamla flokk hvers formaður er í slíkum fílabeinsturni að hann segir þessa kjarasamninga einu samningana sem hann muni eftir sem tryggi kjarajöfnun. Á sama tíma lesum við í blöðunum að laun sérfræðinga hjá hinu opinbera hafi hækkað um rúm 20% á sl. ári eða að meðaltali um 600 þús. hjá hverjum þeirra meðan nánast engar launahækkanir áttu sér stað í þjóðfélaginu.

Það er einmitt þessu sem við viljum breyta sem gefist höfum upp á úrræðaleysi gömlu flokkanna við að fara nýjar leiðir til raunverulegrar kjarajöfnunar. Það er óþolandi að sama hver fjórflokkanna er við völd, að alltaf eru það sömu hóparnir sem taka á sig skerðingar og fórnir í þjóðfélaginu. Fjórflokkakerfið hefur þar brugðist. Endurnýjun með nýju fólki og nýjum áherslum verður fyrst og fremst að finna í framboði Þjóðvaka í komandi alþingiskosningum. Kvennalistinn sem stofnaður var til að bæta kjör kvenna í þjóðfélaginu og auka hlut þeirra virðist það helst hafa til málanna að leggja að gera lítið úr störfum kvenna sem starfa á öðrum stjórnmálavettvangi þótt hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir sem hér talaði áðan sagði að í nafni systurlegrar samstöðu ætlaði hún ekki að gagnrýna konur á Alþingi. Hvað hefur Jóhanna gert fyrir konur, börn og heimilin í landinu? spurði þessi sami hv. þm. Kvennalistans í sjónvarpi nýverið. Ég skal að þessu gefna tilefni nefna þingmanninum örfá atriði.

Lög um umboðsmann barna. Þrjú ný vistheimili fyrir börn sem höllum fæti standa. Tvöföldun á framlagi til barnaverndarmála. Lagður grundvöllur að stefnumótun í fjölskyldumálum. 50% raunaukning á framlögum til fatlaðra sem bylt hefur aðbúnaði fatlaðra barna. 3.500 félagslegar íbúðir og húsaleigubætur sem gagnast hafa fyrst og fremst einstæðum mæðrum og láglaunafólki. Lög um starfsmenntun í atvinnulífinu sem tryggt hafa endurmenntun 12 þúsund manns, ekki síst ófaglærðra kvenna og láglaunafólks. Námskeið fyrir ófaglært fólk á stofnunum fatlaðra um allt land sem tryggt hefur þeim launahækkanir. Framkvæmdaáætlanir til fjögurra ára um jafnrétti kynjanna, sem m.a. felur í sér starfsmat til að stuðla að launajafnrétti, sveigjanlegum vinnutíma, samfelldum skóladegi og að hlutur kvenna í opinberum nefndum verði ekki undir 30% á árinu 1997. Jafnréttisáætlanir hjá ríkisstofnunum og ítarleg könnun á launamismun kynjanna sem

nýlega var birt og leiða á til aðgerða til að ná fram launajafnrétti. Ný jafnréttislög sem skilað hafa verulegum árangri í jafnréttisbaráttunni, m.a. að opna konum nýjar leiðir til að ná fram rétti sínum í launa- og kjaramálum. Veruleg framlög til að koma í veg fyrir ofbeldi gegn börnum og konum. Vel á annað hundrað millj. í sérstakt atvinnuátak kvenna, ekki síst á landsbyggðinni. Það er einmitt þessi nýja hreyfing, Þjóðvaki, sem hefur orðið til fyrir frumkvæði margra kvenna sem ætla sér að axla ábyrgð í þjóðfélaginu, hreyfing sem þorir að taka áhættu af ríkisstjórnarsamstarfi til að ná árangri ekki bara fyrir konur og börn heldur til að jafna lífskjörin og breyta tekjuskiptingunni fyrir alla þá sem ekkert skjól hafa haft af tilvist fjórflokkakerfisins sem sífellt ber á borð innihaldslausa kjarajöfnun fyrir láglaunafólkið. Þótt pakkinn sé stílaður á láglaunafólkið er innihaldið ávallt ætlað einhverjum öðrum.

Góðir áheyrendur. Menn verða að þora að taka upp nýskipan á vinnumarkaði eins og við í Þjóðvaka leggjum til ef á að vera hægt að bæta kjörin á raunhæfan hátt og jafna launamisrétti kynjanna. Þeir sem ríghalda í óbreytt kerfi stuðla að áframhaldandi misskiptingu tekna í þjóðfélaginu. Ástæður sívaxandi skuldastöðu heimilanna eru margþættar og má rekja allt aftur til ársins 1980. Misgengi lána við afnám vísitölubindingar launa árið 1983 í tíð Framsfl., stórgallað húsnæðiskerfi á árunum 1986–1990, sem leiddi til mikillar skammtímafjármögnunar í bankakerfinu, atvinnuleysi og hið mikla tekjufall heimilanna vegna efnahagsþrenginga og lág laun í landinu eru þar ráðandi þættir.

Grípa þarf til aðgerða sem fela í sér að heimilt verði að fresta greiðslum húsnæðislána um tiltekinn tíma, t.d. í þrjú ár, vegna erfiðra félagslegra aðstæðna og mikils samdráttar í tekjum heimilanna og lífeyrissjóðir og bankastofnanir verða að gefa fólki tækifæri til að skuldbreyta lánum sínum til allt að 15 ára. Þegar í stað þarf einnig að setja lög um greiðsluaðlögun til aðstoðar heimilum sem eru í miklum vanskilum en tillögur þar að lútandi voru tilbúnar í lokin á minni ráðherratíð en stjórnarflokkarnir heykjast á að leggja fram á Alþingi nú. Samhliða því að taka upp lög um greiðsluaðlögun þarf að lækka þjónustugjöld fjármálastofnana og lögfræðinga. Ótækt er líka með öllu að ríkisvaldið sé að leggja skatt á skuldir heimilanna á sama tíma og þeir koma sér hjá að leggja skatt á eignatekjur stóreignafólks en virðisaukaskattur er að fullu lagður á innheimtuþjónustu lögfræðinga.

Fjármagnstekjuskatti sem greiddur er af öllum eignatekjum umfram eðlilegan sparnað fólks verður líka að koma á til þess að minnka skattbyrði hjá fólki með lágar og meðaltekjur, t.d. með lækkun á skatthlutfalli þeirra. Uppstokkun á ónýtu launa- og lífeyriskerfi verður ekki undan vikist en afnema þarf það lífeyriskerfi sem tryggir æðstu embættismönnum margfaldar lífeyrisgreiðslur úr opinberum sjóðum. Skilgreina þarf forgangsröð útgjalda, m.a. átak til að byggja upp fjölþætt menntakerfi sem er forsenda framfara í atvinnulífinu og það þarf að móta opinbera fjöklsyldustefnu þar sem m.a. verði lögð áhersla á forvarna- og fyrirbyggjandi aðgerðir. Og reglur þarf að setja til að hindra hagsmunaárrekstra, fyrirgreiðslu og sóun í opinberum rekstri og til að tryggja viðskiptasiðferði í fyrirtækjum og stofnunum.

Nauðsyn á því að skipað verði stjórnlagaþing eins og Þjóðvaki hefur lagt til er staðreynd þegar nú liggur fyrir að flokkakerfið nær ekki saman um að jafna atkvæðavægi kjósenda. Um þá niðurstöðu sem þar var má segja: Fjallið tók jóðsótt og fæddist lítill flakkari. Stjórnlagaþing skipað þjóðkjörnum fulltrúum öðrum en alþingismönnum á að taka á þessu máli ásamt því að auka rétt fólks til þjóðaratkvæðagreiðslu, endurskoða ráðherraábyrgð, svo og skráðar og óskráðar reglur sem ríkja um embættisfærslu í opinberri stjórnsýslu og ráðstöfun opinberra fjármuna, fækka þingmönnum í 50 og auka valfrelsi kjósenda með persónukjöri.

Góðir áheyrendur. Til þess að fá nýja sýn til mála þarf nýjan sjónarhól. Stjórnmálaflokkar sem eiga þá hugsjón stærsta að viðhalda sjálfum sér eða vera eins konar tryggingafélög fyrir þá einstaklinga sem telja sig ómissandi í pólitíkinni fara ekki ótilneyddir upp á nýjan sjónarhól. Fólkið sem nú fylkir sér um Þjóðvaka er boðberi breytinga og hefur kjark til að raska ró gömlu flokkanna og neyða þá til að endurskoða vinnubrögð sín og viðhorf. Fólki um allt land er ljóst að óbreytt flokkakerfi er ekki leið til að bæta lífskjörin og breyta tekjuskiptingunni. Þess vegna varð Þjóðvaki til, hreyfing fólksins gegn óbreyttu ástandi. Þjóðvaki er það pólitíska hreyfiafl sem þarf til að fá staðnað stjórnmálakerfi til að endurskoða málin með velferð fólksins að leiðarljósi.

[21:56]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Góðir landsmenn. Þetta þing fer senn að ljúka störfum og í kvöld gerum við þingmenn grein fyrir því starfi sem hér hefur verið unnið í vetur og jafnframt hvernig málin hafa þróast á kjörtímabilinu sem lýkur á vori komanda. Það er viðtekin venja hjá stjórnarandstöðu að nota tímann til að skamma ríkisstjórnina og draga fram í dagsljósið það sem aflaga hefur farið í starfi hennar. Það væri vissulega af nógu að taka en ég ætla þó ekki að eyða öllum tíma mínum í það uppgjör eingöngu. Ég hygg að hver maður og kona í þessu landi, hver einasta fjölskylda finni það á sjálfum sér og sínum aðstæðum hvernig ríkisstjórnin hefur stjórnað landinu síðustu fjögur árin.

Barnafólkið sem hefur tekið á sig aukna skattbyrði og fengið skerðingu barnabóta finnur það. Námsmenn sem hafa fengið skerðingu námslána og sjá fram á aukna og jafnvel þrúgandi greiðslubyrði á næstu árum vita það. Húsbyggjendur sjá það í skerðingu vaxtabóta sem hafa verið árlegar og sjúklingar sem bíða eftir aðgerðum á löngum biðlistum sjúkrahúsanna finna fyrir niðurskurði í heilbrigðiskskerfinu og þeir sem sækja lyfin sín í næstu lyfjabúð greiða margfalt meira fyrir þau en fyrir fjórum árum. Og á landsbyggðinni búum við enn við sama mismun á húshitunarkostnaði og vöruverði og fyrir fjórum árum. Ríkisstjórnin lofaði að jafna húshitunarkostnað í áföngum á tveimur árum eða

eins og segir í stjórnarsáttmálanum, hvítbókinni, með leyfi forseta:

„Ríkisstjórnin mun fylgja eftir áætlunum sínum um jöfnun húshitunarkostnaðar í landinu." En þeim áætlunum var ekki fylgt. Í stað þess var settur 14% virðisaukskattur á húshitun sem gefur ríkissjóði 400 millj. kr. í hreinar tekjur. Jafnframt hefur orkuverð hækkað á tímabilinu og sérstaklega heildsöluverðið frá Landsvirkjun sem nú lætur landsmenn borga fyrir offjárfestingar liðinna ára eins og Blönduvirkjun sem byggðist á ofmati á framtíðarnotkun orkunnar. Þar voru stóriðjudraumarnir stærsti orsakavaldurinn en eins og þið vitið, áheyrendur góðir, hefur sá draumur ekki ræst og ekki útlit fyrir að það gerist á næstu árum. Samt byrjar enn og aftur umræðan um stóriðju þegar fer að nálgast kosningar. Nú er það sinkverksmiðja og útflutningur um sæstreng sem horft er til í hillingum. Á sama tíma fær atvinnugrein eins og garðyrkja engan stuðning við sína framleiðslu með lægra orkuverði.

Frá árinu 1991 hefur kaupmáttur ráðstöfunartekna dregist saman um 6,2% miðað við framfærsluvísitölu. Það hefur orðið veruleg lífskjaraskerðing á síðustu fjórum árum. Hvort tekst að snúa þeirri þróun við nú með þeim kjarasamningum sem hafa verið gerðir mun tíminn leiða í ljós. Mér sýnist að ýmislegt af því sem ríkisstjórnin er þar að lofa, eins og að lífeyrisgreiðslur launþega verði skattfrjálsar, sé endurtekið loforð sem búið er að gera áður en er nú sagt með öðrum orðum. Hækkun skattleysismarka er líka orðin tóm. Sú hækkun persónuafsláttar sem koma á til framkvæmda á þessu ári er aðeins eðlileg verðlagshækkun en ekki viðbót. Hins vegar hafa skattleysismörkin verið lækkuð um 176.324 kr. á mann frá árinu 1988 til 1994 ef miðað er við árstekjur og reiknað á föstu verði.

Virðulegi forseti. Góðir áheyrendur. Við höfum í kvöld heyrt stjórnarliða hæla sér af lágri verðbólgu, stöðugleika og því að nú sé þjóðin farin að grynnka á erlendum skuldum, grynnka á þeim með hagstæðum viðskiptajöfnuði. Við skulum skyggnast nánar í þessar fullyrðingar.

Vissulega er lág verðbólga árangur sem fyrst og fremst má þakka launþegum en ekki ríkisstjórn. Hin svokallaða þjóðarsátt fólst í því að herða sultarólina hjá láglaunafólkinu í landinu, konum og körlum sem búa við laun sem ekki duga fyrir framfærslu. En sú staðreynd að nú er hagstæður viðskiptajöfnuður er ekki það sama og að ríkissjóður sé farinn að greiða niður skuldir. Þvert á móti. Það eru einstaklingar og fyrirtæki sem gera það. Það eru þau sem hafa dregið úr innkaupum. Fólk hefur einfaldlega ekki efni á að veita sér að sem það gerði áður. Sumt var kannski óþarfi, en þegar fólk er farið að eiga sama bílinn í 10–15 ár af því að það hefur ekki efni á að endurnýja hann, safna skuldum af því að tekjur duga ekki fyrir framfærslu og afborgunum af lánum, þá er ástandið orðið alvarlegt.

Skuldir heimilanna hafa vaxið gífurlega síðustu fimm árin og skuldir sveitarfélaga hafa líka aukist, einfaldlega af því að tekjur íbúanna minnka og atvinnuleysið eykst. Þannig hefur þetta allt saman keðjuverkandi áhrif og atvinnuleysið sem var óþekkt fyrirbrigði hér á landi mælist nú 6,8%. Ekki hefur heilbr.- og trmrh. tekið á því vandamáli með því að endurskoða lögin um atvinnuleysisbætur. Sú löggjöf er úrelt miðað við ríkjandi ástand og litlar sem engar lagfæringar verið gerðar á henni þrátt fyrir vaxandi atvinnuleysi á þessu kjörtímabili.

Ríkisstjórnin skilur eftir sig halla á fjórum árum upp á um 40 milljarða kr. og skuldir ríkis og sveitarfélaga hafa vaxið úr 33% af landsframleiðslu í 53% á síðustu tíu árum. Finnst ykkur, áheyrendur góðir, að þetta sé viðunandi árangur? Ætlið þið að gefa þessum flokkum umboð til að stjórna áfram? Kvennalistinn hefur átt fimm þingkonur á Alþingi þetta kjörtímabil. Við höfum lagt fram mörg mál sem snerta réttindi kvenna og barna, jafnréttismál, umhverfismál og byggðamál, svo eitthvað sé nefnt. En við höfum einnig lagt mörgum góðum málum lið, sama hvort þau hafa verið flutt af stjórn eða stjórnarandstöðu. Það er mikill misskilningur að þeir alþingismenn sem ekki eru innan ríkisstjórnarflokkanna séu á móti öllum málum og við kvennalistakonur látum í öllum tilfellum málefnin ráða afstöðu okkar.

Við í Kvennalistanum höfum einnig mótað okkur sérstöðu, t.d. í sjávarútvegsmálum. Þar höfum við verið talsmenn byggðakvóta en þá tillögu lögðum við fram 1987 og hún var síðan útfærð í brtt. við frv. um stjórn fiskveiða 1990. Við höfum nú endurskoðað okkar sjávarútvegsstefnu og leggjum til að fiskimiðunum sé skipt upp í grunnsjávarmið og djúpsjávarmið. Nýtingu grunnsjávarmiðanna sé stjórnað af samstarfsnefnd sjómanna og vísindamanna. Stærri skipum sé ekki leyft að veiða á grunnsjávarmiðum heldur séu þau fyrir báta innan ákveðinna stærðarmarka. Áætluðum ársafla af djúpsjávarmiðum sé úthlutað til skipa sem vegna stærðar og gerðar geta sótt afla á meira dýpi. Við viljum endurskoðun á fiskveiðistjórninni þar sem tekið sé tillit til allra þátta lífríkisins í hafinu og áhrifa veiðarfæra á hafsbotni. Við viljum að krókaveiðar séu frjálsar með dagatakmörkunum. Líklega erum við einu stjórnmálasamtökin sem eru sammála í sjávarútvegsmálum. Það er meira en sagt verður um aðra og sjálf tek ég lítið mark á því þó að sjálfstæðismenn á Vestfjörðum séu fram komnir með nýja stefnu í fiskveiðimálum. Það vita það allir sem vilja vita að þeir ná engri samstöðu um það innan sinna raða. En þeim þykir gott að koma með tillögur sem þeir halda að dugi þeim í kosningum þó að þeir afskrifi þær fljótlega eftir kosningar.

Á landsbyggðinni skipta samgöngumálin miklu máli. Það gildir ekki hvað síst um mitt kjördæmi, Vestfirði. Þar er enn margt ógunnið í vegamálum þó að mikið hafi vissulega verið gert á seinni árum, m.a. veginum um Hálfdán, brú á Dýrafjörð og ekki síst með jarðgangagerð á norðanverðum Vestfjörðum, sem ég fæ reyndar að heyra í hvert sinn sem ég nefni samgöngumál á hinu háa Alþingi. En þessi jarðgöng komast senn í gagnið. Næsta stórverkefni er brú á Gilsfjörð og lagning Djúpvegar. En ég legg ríka áherslu á það að hvað sem allri vegalagningu líður, þá sé öryggisþátturinn ævinlega tryggður.

Ég hef lagt mig fram um að vinna að því að rekstur ferju við Djúp væri tryggður á næstu árum meðan verið er að vinna við Djúpveg og um það eru bráðabirgðaákvæði í nýjum vegalögum sem gilda til fimm ára. Hvers vegna framkvæmdir hafa dregist þrátt fyrir framkvæmdir á fjárlögum væri rétt að spyrja þá þingmenn um sem eiga aðild að ríkisstjórn. Við Vestfirðingar horfum á það á þessum vetri að það gengur einfaldlega ekki upp að treysta eingöngu á samgöngur á landi og í lofti.

Góðir tilheyrendur. Innan þeirra flokka sem nú stjórna landinu er of mikið af fólki sem aðhyllist frjálshyggju og telur að markaðslögmálið leysi allan vanda. En jafnframt styður ríkisstjórnin við þá fjársterku aðila sem hafa tögl og hagldir í íslensku atvinnulífi. Það er nefnilega stutt í einokuna þegar stór fyrirtæki eru farin að ráða markaðnum. Því miður höfum við dæmin fyrir okkur í því. Þessi ríkisstjórn Sjálfstfl. og Alþfl. mun ekki setja málefni fjölskyldunnar, málefni kvenna og barna og láglaunafólks í neinn forgang. Einstakir ráðherrar með góðan vilja í þeim málum eða nýja fjölskyldustefnu fá því trauðlega breytt og það er heldur ekki trúverðugt þegar fyrrverandi ráðherrar tala eins og þeir einir hafi komið öllum góðum málum til leiðar. Það koma fleiri að því.

Við kvennalistakonur munum halda áfram að berjast fyrir því hvar sem við getum því við komið og nú er það kjósenda að gera upp hug sinn hverjum þeir treysta best. Þeir eiga síðasta orðið.

Ég þakka þeim sem hlýddu. Góðar stundir.

[22:06]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Góðir Íslendingar. Það er engu líkara en talsmenn stjórnarandstöðunnar hér í kvöld hafi misst gleði sína og maður spyr þá sjálfan sig hvort það stafi af því að nú sjást víða batamerki í íslensku þjóðlífi. Batamerkin koma víða fram og einn ánægjulegur vottur um það eru þeir kjarasamningar sem forustumenn launamanna og atvinnurekenda á almennum vinnumarkaði hafa gert með sér í þessari viku, kjarasamningar sem vissulega marka þáttaskil. Þeir eru upphafið að því að við erum að ganga inn á braut þar sem við getum hækkað kaupið og aukið kaupmáttinn hægt á nýjan leik á grundvelli aukinnar verðmætasköpunar. Þeir eru markverðir fyrir þá sök að það er fyrst og fremst verið að rétta hlut þeirra sem búið hafa við lökust kjör og þeir eru markverðir fyrir þá sök að það er verið að treysta stöðugleikann í sessi sem er forsenda framfara og árangurs í atvinnu- og efnahagsmálum. Þessir kjarasamningar eru sprottnir úr jarðvegi þeirrar efnahagsstefnu sem fylgt hefur verið á undanförnum árum.

Við höfum vissulega gengið í gegnum erfiðleika, orðið fyrir áföllum, þurft að skera niður þorskaflann um helming og urðum að horfast í augu við það að verðlag á okkar afurðum lækkaði um 30%. En það var við þessu brugðist með almennum ráðstöfunum í efnahagsmálum sem skiluðu því að útflutningsatvinnugreinarnar eru nú reknar með viðunandi afkomu.

Okkur hefur tekist að snúa hag þjóðarbúsins út á við. Þegar fyrrv. ríkisstjórn fór frá var hallinn á viðskiptum við útlönd 20 milljarðar króna. Núna er afgangur upp á 10 milljarða kr. Það hefur tekist að halda verðbólgunni með því lægsta í Evrópu og á síðasta ári lækkaði matvælaverðið sem er meiri árangur en við höfum áður séð. Og það hefur tekist að lækka vextina og með nýjum kjarasamningum eru enn skapaðar forsendur fyrir frekari lækkun vaxta og við sjáum þegar merki þess á fjármagnsmarkaðnum í gær og í dag.

Það eru m.a. aðhaldsaðgerðir í ríkisfjármálum þar sem dregið hefur verið úr eftirspurn ríkisins á lánsfjármarkaði sem hafa leitt til þess að við höfum náð þessum árangri. En stjórnarandstöðuflokkarnir á Alþingi hafa barist gegn hverri einustu ráðstöfun ríkisstjórnarinnar sem miðað hefur að því að halda utan um ríkisfjármálin og draga úr lánsfjáreftirspurninni. Það hefur tekist þrátt fyrir það að skattar á einstaklinga hafa ekki hækkað og það hefur tekist þrátt fyrir það að skattar á atvinnufyrirtæki hafa verið lækkaðir um 2 milljarða kr.

Til samanburðar höfum við svo skattahækkanir fyrri ríkisstjórnar upp á 11 milljarða sem bjó þó við þær aðstæður að það var gott til sjávarins og verð á sjávarfurðum á erlendum mörkuðum í sögulegu hámarki.

Hér er umtalsverður árangur sem er forsenda stöðugleikans, forsenda þess að við getum aukið hagvöxt og skapað hér ný verðmæti. Og sem betur fer sjáum við víða í atvinnulífinu í dag að atvinnufyrirtækin eru að brjótast fram í nýjungum, eru að gera nýja hluti. Við sjáum það í sjávarútveginum þar sem sjávarútvegsfyrirtækin eru í auknum mæli í vöruþróun og framleiða nýjar tegundir fyrir neytendamarkaði. Við sjáum þetta í iðnaðinum sem er að hasla sér völl með nýjum framleiðslugreinum á erlendum vettvangi og við sjáum þetta í vaxandi ferðaþjónustu.

Það er mikils um vert að við hugum ekki einungis að því að skapa hinn efnahagslega stöðugleika, heldur hugum einnig að stöðugleika í starfsumhverfi atvinnugreinanna. Það á ekki síst við um sjávarútveginn. Við verðum að tryggja að hann búi við leikreglur sem ekki er verið að breyta eða hringla með frá einu ári til annars. Við verðum að standast sviptivinda hagsmunaárekstranna og megum ekki snúast í þeim eins og skopparakringlur. Það hefur tekist að styrkja þennan stöðugleika í starfsumhverfinu með verulegum árangri í bættri afkomu sjávarútvegsfyrirtækjanna. Það er verulegur árangur þó að margt megi enn bæta í sjávarútvegi að íslenskur sjómaður skilar í dag fjórfalt meiri verðmætum að landi en starfsbróðir hans í Noregi. Og við megum ekki hverfa frá þeim stöðugleika í sjávarútvegsstjórnun sem dregur úr því að við getum haldið áfram á þessari braut. Við munum ekki ná þeim árangri í sjávarútvegsmálum með því að skattleggja meira. Við munum ekki fjölga fiskunum í sjónum með því að leggja á nýja skatta. Við munum ekki auðvelda nýjum aðilum að hasla sér völl í sjávarútvegi með því að leggja á þá meiri skatta. Við munum ekki koma í veg fyrir það að menn hendi fiski með því að leggja meiri skatta á sjávarútveginn. Og við munum ekki bæta stöðu sjávarplássanna í landinu með því að leggja meiri skatta á sjávarútveginn.

Við höfum náð árangri með því að sýna festu og sveigjanleika. Aðalatriðið í þessu er að horfa á markmiðin. Þau eiga að vera að byggja upp og vernda fiskstofnana, auka hagkvæmni í atvinnugreininni og tryggja sem mest atvinnufrelsi. Og við erum á réttri leið í þeim efnum.

En það er, frú forseti, ástæða til þess þegar við komum hér saman á síðasta eldhúsdegi þessa kjörtímabils að velta svolítið fyrir sér málflutningi stjórnarandstöðunnar á undanförnum árum. Það er svo sem ekki margt sem rís þar upp úr en mér kemur tvennt í hug: Í fyrsta lagi andstaða eins eða tveggja þingmanna stjórnarflokkanna við aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu, samningi sem tryggði stöðu Íslands í hinni nýju Evrópu, samningi sem tryggði okkur stöðu gagnvart helstu samkeppnisaðilum okkar á þessum mikilvægu mörkuðum. Og menn hljóta að spyrja í dag: Hvar værum við staddir ef við hefðum ekki sömu samkeppnisstöðu og Norðmenn á evrópskum markaði? Við værum auðvitað verr staddir og sjávarplássin í landinu væru að sama skapi verr stödd. Það er von að þetta sé beinlínis mál þeirra sem börðust gegn þessari aðild. Það er von að það sé feimnismál.

Hitt atriðið sem ég man eftir var andstaða Framsfl. við það að lækka matarskattinn. Þeir komu hér fram á þinginu með miklu afli og börðust gegn því með kjafti og klóm að unnt væri að lækka skatt á matvæli. Þetta var þáttur í viðamiklum ráðstöfunum ríkisstjórnarinnar til þess að tryggja rekstur útflutningsgreinanna, tryggja þeim betri samkeppnisstöðu en atvinnufyrirtækin hafa haft í þrjá áratugi. Þetta var þáttur í ráðstöfunum til þess að tryggja stöðugleikann og þáttur í ráðstöfunum til þess að bæta afkomu heimilanna í landinu. Framsfl. gekk af öllu afli gegn þessum breytingum um lækkun matarskattsins. Og ekki í fyrsta skipti sem Framsfl. gerir það. Þeir gerðu það líka í ríkisstjórn 1988 þegar tillögur voru um gengisbreytingu og lækkun matarskatts. Þeir eru samkvæmir sjálfum sér. En þá höfðu þeir völd til þess að koma í veg fyrir að þessar ráðstafanir næðu fram að ganga. Munurinn núna er sá að þeir eiga ekki aðild að landsstjórninni. Þeir hafa ekki haft tækifæri til þess að koma í veg fyrir að slíkar ráðstafanir yrðu gerðar. Og það gerir gæfumuninn.

Það er stundum sagt að það skipti engu máli lengur hverjir sitja í ríkisstjórn. Það sé sami grauturinn í hverri skál. En þetta dæmi sýnir ljóslega að það skipti máli að Framsfl. átti ekki aðild að landsstjórninni því að þetta var lykilatriði í því að þessar efnahagsráðstafanir fyrir fyrirtækin og til að verja afkomu fólksins í landinu tókust. Þær hefðu ekki tekist ef Framsfl. hefði átt aðild að ríkisstjórninni. Það er kjarnaatriði sem við skulum hafa í huga þegar við metum og förum yfir málflutning stjórnarandstöðunnar á liðnu kjörtímabili. Það skiptir máli hverjir sitja í ríkisstjórn og hverjir eru í stjórnarandstöðu. Sem betur fer tókst að koma þessum ráðstöfunum fram. Þess vegna er atvinnulífið á Íslandi í sókn í dag. Þess vegna var unnt að gera kjarasamninga. Vissulega á hóflegum nótum en kjarasamninga sem tryggja stöðugleika, kjarasamninga sem eru fyrsta skrefið í þá veru að auka kaupmátt á nýjan leik. Þess vegna getum við nú horft til nýrrar framtíðar með þá vissu í huga að það er hægt og við getum eflt íslenskt atvinnulíf. Það er komið á þá ferð og við erum að auka hagvöxt sem er grundvöllur bættra lífskjara í landinu. Og það er þess vegna sem við getum með nokkrum sanni sagt: Það er gróandi í íslensku þjóðlífi í dag.

[22:16]

Stefán Guðmundsson:

Virðulegur forseti. Góðir tilheyrendur. Með ríkisstjórn Davíðs Oddssonar urðu vatnaskil í íslensku þjóðlífi. Af nýjum valdhöfum var talið ásættanlegt markmið að atvinnustigið á Íslandi væri sem næst því sem er í Evrópu en þar er atvinnuleysið 10–20%. Glæsileg lífssýn eða hitt þó heldur. Þegar síðustu kjarasamningar voru gerðir á hinum almenna vinnumarkaði sagði talsmaður vinnuveitenda þegar hann var spurður um álit sitt á niðurstöðu samninganna: „Þetta eru samningar um atvinnu". Samningar um atvinnu var svarið. Staðreyndin er sú að atvinnuleysi á Íslandi hefur aldrei mælst meira en í tíð þessarar ríkisstjórnar, nema ef vera skyldi þegar þessir sömu flokkar störfuðu saman fyrir 1970. Atvinnuleysi og fylgifiskar þess, fátæktin og vonleysið, knýja nú dyra hér á landi eftir margra áratuga fjarvist. Atvinnuleysi á Íslandi er mikil uppgjöf og vantrú á möguleikum lands og þjóðar. Atvinnuleysi er ekki aðeins að missa atvinnuna, það er nú notað sem vopn gegn kjarabaráttu launafólks. Launþegum er nú ógnað við að ná rétti sínum til mannsæmandi launa með uppsögnum og atvinnuleysi og þessu til viðbótar þurfa þeir að fórna kjarabótum sér til handa til að verja velferðarkerfið. Af þessu hlýst margvíslegur vandi svo sem ógnvekjandi fjárhagserfiðleikar einstaklinga og heimila eins og dæmin sanna.

Á valdatíma núverandi ríkisstjórnar hafa skuldir heimilanna vaxið um 90–100 milljarða kr. Á þeim árum sem Alþfl. hefur farið samfellt með málefni fjölskyldnanna í landinu hafa skuldir heimilanna vaxið um 130–140 milljarða kr. Samhliða þessu hafa milljarðar í nýjum skattálögum, þjónustugjöldum og margvíslegum öðrum íþyngjandi aðgerðum verið lagðir á herðar þessa fólks. En á sama tíma og þetta gerist liggja 75–100 milljarðar á einkareikningum í bönkum og sjóðum án þess að af þeim séu greiddir skattar til samfélagsins og 12 milljarðar liggja óinnheimtir vegna skattsvika. Svona lítur þá Ísland út í dag.

Framsfl. leggur áherslu á að á þessum málum verði tekið tafarlaust. Með samvinnu ríkis, peningastofnana, launþegahreyfingar og fleiri aðila verður að gera fólki kleift að standa í skilum. Ríkisvaldinu hefur mistekist að viðhalda þeim grundvelli sem skuldbindingar heimilanna voru gerðar á og því ber að skapa nýjan grundvöll. Fram hjá þessu verður ekki gengið.

Með þeirri stefnu, sem hér ríkir, hefur mátturinn til framkvæmda og nýsköpunar í íslensku atvinnulífi verið drepinn í dróma. Það er umhugsunar- og áhyggjuefni hversu eignartilfærslan í landinu er mikil sem best kemur í ljós í því að nú eru það þjónustufyrirtækin í landinu sem eru að eignast framleiðslufyrirtækin sjálf.

Auknar fjárfestingar í atvinnulífinu eru lykillinn að uppbyggingu þess. Þó verður að tryggja að erlendum fjárfestum takist ekki að ná eignarhaldi í aðalatvinnuvegi landsmanna, hvorki í veiðum né vinnslu eins og hugur of margra stjórnarsinna stendur því miður til. Framsfl. vill koma á samstarfi launþega og atvinnulífs er miði að ná aukinni framleiðni og nýsköpun í þjóðfélaginu. Það er besta leiðin til að ná fram bættum lífskjörum í dag. Aukin atvinnutækifæri framtíðarinnar felast í því að auka útflutning á vörum og þjónustu og að draga úr innflutningi með því að efla innlenda framleiðslu. Íslenskur iðnaður hefur lengi búið við það að sæta síbreytilegum starfsskilyrðum. Á áttunda áratugnum gerðu stjórnvöld ráð fyrir að hlutdeild iðnaðar í útflutningi gæti orðið allt að 40% innan áratugar. Í dag er þetta hlutfall aðeins tæp 18%.

Á valdatíma núverandi ríkisstjórnar hafa tapast um 1.000–2.000 störf í iðnaði og fluttar eru til landsins iðnaðarvörur sem hægt væri að framleiða hér á landi fyrir um 20 milljarða á ári. Það er mjög raunhæft markmið að færa það stóran hlut þessarar framleiðslu inn í landið skapa megi um 4–5 þús. ný störf fyrir íslenska launþega. Hér vantar framsækna iðnaðarstefnu. Vantrú stjórnvalda á íslenskum iðnaði er óréttmæt.

Verulegum áhyggjum veldur hversu mjög hallar nú á landsbyggðina. Meginástæða þeirrar þróunar er þær miklu framleiðslutakmarkanir sem grundvallargreinar þjóðarinnar mega nú búa við meðan atvinnulífið á höfuðborgarsvæðinu er nánast frjálst. Um það hefur verið góður friður og sátt að byggja hér upp höfuðborg þar sem fjölbreyttri menningu og þjónustu hafa verið sköpuð skilyrði þannig að sem flestir geti notið.

Reykjavík ber nú nafn höfuðborgar með sóma. Því er ástæða til að staldra eilítið við og líta til átta. Það er rangt mat að halda að höfuðborgin dafni án öflugrar byggðar þar sem landkostir eru nýttir. Nú er svo komið að fjöldi jarða er án framleiðsluréttar og sjávarplássin búa við mjög takmarkaðan afla og athafnarétt. Það er nauðsyn íslenskri þjóð að sameinast gegn þessari þróun og treysta varnarlínuna þaðan sem sótt verður fram á skipulegan hátt til nýrra verka. Framsfl. vill hafa um það forustu að byggja hér upp þjóðfélag mannúðar og mildi. Við skulum vera minnug þess þegar við mætum öldruðu, vinnulúnu fólki í dag að það var þetta fólk sem lagði grunninn að því Íslandi sem við eigum í dag. Það bar ekki alltaf heim daglaun að kveldi, það lifði við lítil efni, lélegan húsakost og takmarkaða möguleika til náms. Með þrotlausu starfi vanbúið tækjum lagði það nótt við dag að skapa umgjörð þess þjóðfélags sem við lifum nú við. Það land sem þá var talið á mörkum hins byggilega heims liggur nú á krossgötum nýrra leiða og tækifæra.

Þekkingin, hugvitið og tæknin skapa okkur nú nýja möguleika til frekari framþróunar. Ef skyggnst er til framtíðar er öllum hugsandi mönnum ljóst að það er bæði rétt og okkur Íslendingum nauðsyn að fjárfesta meira í menntun en við höfum áður gert ætlum við okkur að byggja hér það land sem getur boðið þegnum sínum hliðstæð lífskjör og gerast best meðal annarra þjóða. Framsfl. telur nauðsynlegt að taka upp markvissa stefnu er hvetji ungt fólk til frumkvæðis, til stofnunar og reksturs sjálfstæðrar atvinnustarfsemi og það telji sér raunhæfan kost til ákvörðunar um lífsstarf. Allt þetta kallar á dugmikið og velmenntað fólk til fjölbreytilegra starfa, ekki síst í framleiðslu, markaðs- og sölumálum. Ef rétt er á málum haldið bíður æsku þessa lands heillandi verkefni til framtíðar litið. Hér býr lánsöm þjóð í dásamlegu landi sem á ærinn ónýttan auð þar sem milljarðatugir eru í ónýttum möguleikum og þúsundum nýrra atvinnutækifæra. Ísland býr yfir þeim auðæfum að hér á hvorki að vera atvinnuleysi né fátækt eins og því miður er nú. Misskiptingin í landinu er orðin óskapleg og óásættanleg.

Við framsóknarmenn leggjum mikla áherslu á að treysta hornstein þessa þjóðfélags sem er heimilið sjálft sem á því miður nú í vök að verjast vegna ranglátrar stjórnarstefnu. Þau sár sem af því hafa hlotist munu seint gróa til mikils tjóns fyrir okkar litla samfélag.

Virðulegi forseti. Við viljum einnig búa svo um að í landi okkar búi aðeins ein þjóð. Þótt fjármagnið sé mikilvægt má réttur þess til arðs aldrei verða meiri en fólksins.

Ég þakka áheyrnina. Góðar stundir.

[22:27]

Félagsmálaráðherra (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Góðir áheyrendur. Við stöndum á tímamótum. Fram undan er val um hvert við viljum stefna í þeirri uppbyggingu sem fram undan er. Drögum lærdóm af reynslunni. Þegar horft er um öxl er stöðugleiki umdanfarinna ára mikilvægastur. Grunnur hans er að á milli aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda náðist sátt og samvinna um kaup og kjör. Sátt um að leggja áhersluna á kaupmátt en ekki hverfular krónur. Nýgerðir kjarasamningar byggja á gagnkvæmu trausti. Markmið þeirra er að treysta áframhaldandi stöðugleika og vaxandi kaupmátt. Verkalýðshreyfingin í landinu hefur enn á ný sýnt að hún er þess megnug að standa vörð um hag þeirra sem mest þurfa á að halda. Það er þetta sem er ánægjulegast við kjarasamninginn, hann byggir á launajöfnuði og að þeir sem lægst hafa launin fá mesta hækkun.

Undanfarna viku hefur starfað samráðshópur félmrn., ASÍ, BSRB, banka, lífeyrissjóða, sveitarfélaga og Neytendasamtakanna. Þar höfum við saman farið yfir alla þá þætti er snúa að vanskilum heimilanna. Ég trúi að þetta góða samstarf eigi sinn þátt í afstöðu verkalýðshreyfingarinnar og í því trausti sem hún leggur á yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um aðgerðir í húsnæðismálum. Við munum ekki bregðast því trausti. Það er tryggt að fjármagn verður veitt til aðgerða vegna greiðsluerfiðleika í húsnæðismálum. Auk þess eru ýmsar ákvarðanir þegar farnar að hafa áhrif til bóta. Alþfl. hefur haft forustu um umbætur í velferðarmálum. Hvað felst í því? Hverju breytti t.d. fyrsta heildstæða löggjöfin um félagslega þjónustu? Áður upplifði fólk að það að leita hjálpar vegna fátæktar þýddi beiðni um framfærslu, eins konar ölmusu. Með lögunum var festur réttur fólks til stuðnings eftir reglum sem sveitarfélög setja og réttur einstaklinga varð-

andi málmeðferð og til þjónustu var tryggður. Ný löggjöf í málefnum barna og unglinga þýðir byltingu í þeim málaflokki. Þrátt fyrir samdrátt í ríkisútgjöldum hefur orðið raunaukning í málaflokki fatlaðra á kjörtímabili þessarar ríkisstjórnar. Stórkostlegar réttarbætur voru festar í nýlegum lögum. Nefna má nýja möguleika í búsetumálum fatlaðra, aukna liðveislu og þar með stuðning við þátttöku fatlaðra í atvinnulífi og í samfélaginu almennt. Á þessu ári verður stærra átak í úthlutunum Framkvæmdasjóðs fatlaðra en nokkru sinni fyrr í sögu sjóðsins.

Mikil fjölgun hefur orðið á félagslegum íbúðum. Á kjörtímabili þessarar ríkisstjórnar og á stjórnartíma Alþfl. hefur stórkostleg aukning félagslegra íbúða átt sér stað eða um 4.650 íbúðir og er það nær helmingur allra félagslegra íbúða frá upphafi. Lán sem hvíla á þessum íbúðum gætu numið u.þ.b. 20–30 millj. í dag. Ég spyr vegna þeirra orða sem fallið hafa hér úr þessum ræðustóli í kvöld hvort það séu skuldir sem menn gagnrýna. Þessi húsnæðiskostur hefur skipt sköpum fyrir láglaunafólk sem hefur í þessum mæli fengið varanlega úrlausn. Frá síðustu áramótum hafa húsaleigubætur skapað jafnræði milli leigjenda og íbúðareigenda hvað varðar stuðning hins opinbera. Húsaleigubætur hækka ráðstöfunartekjur hjóna og einstaklinga að meðaltali um 10% og einstæðra foreldra um allt að 17% samkvæmt útreikningum Þjóðhagsstofnunar. Það eru ungar barnafjölskyldur, einstæðir foreldrar og láglaunahópar sem fyrst og fremst eru á leigumarkaði. Þess vegna eru þessar úrbætur svo mikilvæg aðgerð til kjarajöfnunar.

Alþfl. er flokkur frumkvæðis og kjölfestu í íslensku stjórnmálalífi. Hann tileinkar sér ekki baráttuaðferð yfirboða og óábyrgra loforða. Þeirri austrænu dulspeki sem felst í útflutningsleið Alþb. er ætlað að standa undir bálki kosningaloforða þar sem hvert einasta orð kostar 10 millj. kr. og þá eru atviksorð meðtalin. Það kæmi ekki að sök væri sá bálkur kjarnorður, en langlokan kostar því miður á þriðja tug milljarða. Á sama tíma eru einu viðbrögð formanns Alþb. við nýju kjarasamningunum: Hver á að borga?

Merkileg könnun um launamun karla og kvenna hefur mikið verið til umræðu í þjóðfélaginu. Þessi könnun er hafsjór af fróðleik og mikilvægum upplýsingum um hvar launamunurinn verður til. Mín afstaða er að við náum ekki fullkomnu jafnrétti nema tryggja að breytingar verði á viðhorfum til fjölskyldunnar, t.d. að lögð sé áhersla á aukna ábyrgð feðra í uppeldi barna sinna. Í markvissri fjölskyldustefnu liggur grunnur að jafnrétti. Meðan svo háttar að bæði kynin eru ekki jafnt kölluð til ábyrgðar í fjölskyldulífi og umönnun barna náum við ekki árangri.

Fyrir Alþingi liggur þáltill. um mótun opinberrar fjölskyldustefnu. Hún byggir á heildarsýn í málefnum fjölskyldunnar og að stjórnvöld setji sér framkvæmdaáætlun til að bæta aðstæður hennar. Í slíkri ályktun felst leiðsögn um hvernig við setjum okkur markmið til að keppa að í þessum mikilvæga málaflokki. Einungis með slíkum hætti getum við náð árangri.

Virðulegi forseti. Góðir tilheyrendur. John Osborne skrifaði áhrifaríkt leikrit sem heitir „Horfðu reiður um öxl". Stundum þegar ég hlusta á stjórnarandstöðuna í sínu beiskjutali um allt sem miður hafi farið koma þessi orð í hugann. Horfum ekki reið um öxl. Lítum fram á veg og byggjum á því gagnkvæma trausti sem tekist hefur að festa í sessi. Það er á þann hátt sem þessi þjóð nær árangri. — Ég þakka þeim sem hlýddu.

[22:33]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Góðir áheyrendur. Kjörtímabili ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar er loksins að ljúka. Þetta hefur verið erfiður tími fyrir marga og í ljósi þess er einkennilegt að hlusta á fulltrúa ríkisstjórnarflokkanna hrósa sér af verkum sínum. Vissulega er það rétt að ákveðinn stöðugleiki hafi ríkt og verðbólga hafi verið mjög lítil undanfarin ár og það er gott. Verðbólgan var kveðin niður í tíð síðustu ríkisstjórnar þegar Ólafur Ragnar Grímsson var fjmrh. og grunnur lagður að þeim stöðugleika í efnahagsmálum sem ríkt hefur. Það má vel vera að fulltrúar ríkisstjórnarinnar sjái ástæðu til þess að þakka sér sérstaklega fyrir það að hafa ekki eyðilegt þennan árangur en ég geri það ekki.

Ríkisstjórninni stóðu ýmsar leiðir til boða til að halda verðbólgu niðri og tryggja stöðugleika í efnahagsmálum. Stjórnarflokkarnir ákváðu að ná settu marki með því að vernda þá sem mest hafa og best eru settir, en láta aðra borga brúsann. Á þessu kjörtímabili er búið að auka þjónustugjöld og skatta á launafólk um milljarða kr. Það má með sanni segja að ríkisstjórnin hafi staðið sig vel fyrir þá sem hún ber fyrir brjósti. Launafólk og þeir sem minna mega sín eru greinilega ekki í þeim hópi.

Hver kjaraskerðingin hefur rekið aðra undanfarin fjögur ár og það er af mörgu að taka. Barnabætur voru skertar, persónuafsláttur lækkaður, vaxtabætur skertar, skattleysismörkin lækkuð verulega, mæðra- og feðralaun voru skert, sjúklingar látnir greiða hærri gjöld fyrir heilbrigðisþjónustu, foreldrar greiða meira fyrir tannlækningar barna sinna og skólagjöld voru tekin upp. Ellilífeyrir var skertur, skattar á launafólk hækkaðir og þannig mætti lengi telja. Og ofan á allt saman kemur meira atvinnuleysi í tíð ríkisstjórnarinnar en áður hefur þekkst.

Athafnir ríkisstjórnarinnar og aðgerðaleysi hafa orðið til þess að fjöldi heimila í landinu á við verulegan vanda að stríða. Harðast hafa þessar aðgerðir bitnað á ungu fólki í námi og ungu barnafólki sem er að stofna heimili og flytja í eigið húsnæði í fyrsta sinn. Og það er rétt í ljósi þeirrar ræðu sem við hlustuðum á rétt áðan að halda því til haga að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir var ráðherra fjölskyldu- og félagsmála þegar þessar skerðingar á lífskjörum fóru fram, greiddi atkvæði og ber sömu ábyrgð og aðrir þó að hún hafi kosið að halda öðru fram. Það er sorglegt þegar stjórnmálamenn firra sig ábyrgð af eigin gerðum og ekki orð um það meir.

Í nýgerðum kjarasamningum er vissulega verið að stíga skref í rétta átt með því að hækka lægstu launin meira en önnur laun. En þær kjarabætur sem verið er

að semja um bæta ekki þá skerðingu á kjörum launafólks sem þessi ríkisstjórn hefur jafnt og þétt verið að auka á kjörtímabilinu. Ástandið er slæmt sem lýsir sér ekki síst í mikilli í skuldasöfnun heimilanna undanfarin ár og atvinnuleysinu sem er bein afleiðing þeirrar efnahagsstefnu sem rekin hefur verið. Í mörgum greinum atvinnulífsins eru laun enn langt undir framfærslukostnaði. Fátækt og misrétti hefur vaxið ár frá ári vegna atvinnuleysis, lágra launa og ranglætis í skattakerfinu. Það er kominn tími til að skipta um stefnu og setja fólk í landsstjórn sem vill jöfnuð, öfluga velferðarþjónustu og örugga atvinnu fyrir alla, fólk, sem lætur málefni fjölskyldunnar og þeirra sem minna mega sín hafa forgang.

Við höfum kynnt stefnu okkar og margvíslegar tillögur um aðgerðir í atvinnumálum, uppeldismálum, menntamálum, húsnæðismálum og skattamálum sem styrkja stöðu fjölskyldnanna í þjóðfélaginu. Atvinnumálin eru í öndvegi í okkar tillögum, enda óþolandi að hér í þessu fámenna þjóðfélagi skuli vera rekin efnahagsstefna sem meinar tuttugasta hverjum manni að vinna. Í stefnu okkar kemur fram að við ætlum að tryggja að framlög til málefna fatlaðra fullnægi þjónustuþörfum þannig að þessi hópur geti notið lífsins gæða til jafns á við aðra. Við ætlum einnig að efla forvarnastarf á sviði heilbrigðis- og æskulýðsmála, hlúa að íþróttastarfsemi og styrkja baráttu gegn fíkniefnum. Við viljum að það verði forgangsverkefni næstu ríkisstjórnar að vinna að jöfnun orkuverðs, símgjalda og annarra undirstöðuþátta.

Ranglátt skattkerfi á verulegan þátt í hvernig komið er fyrir fjölda heimila í landinu. Við höfum lagt fram skýrar tilögur um breytingar sem miða að því að bæta kjör þeirra sem erfiðast eiga og leiðrétta það hróplega misrétti sem nú ríkir. Við munum beita okkur fyrir hækkun skattleysismarka í áföngum, hertu skattaeftirliti, að fjármagnstekjur verði skattlagðar og að komið verði á raunverulegum hátekjuskatti. Við leggjum áherslu á að sett verði ný jöfnunarákvæði, vaxtabætur, húsaleigubætur og barnabætur og að skattkerfið verði gagnsætt og skilvirkt. Er t.d. eðlilegt að ég og aðrir sem höfum þokkaleg laun njótum sama persónuafsláttar og ungt barnafólk með mun lægri laun eða ungt fólk í námi? Ég tel vel koma til greina að fella niður persónuafslátt hjá okkur sem höfum góðar tekjur og færa það fjármagn sem þannig sparast til þeirra sem búa við lakari kjör.

Í vel unnum tillögum okkar, sem ég hvet fólk til að kynna sér, er gert ráð fyrir að 5–7 milljarðar kr. verði fluttir til lág- og miðtekjuhópa. Það er kominn tími til að skila þessu fólki aftur því sem frá því hefur verið tekið á undanförnum árum.

Verulegur hluti þeirra skulda sem hvíla á heimilum er vegna húsnæðiskaupa og margir geta ekki staðið við skuldbindingar sínar. Greiðslubyrði hefur aukist og þær lausnir sem boðaðar hafa verið þjóna aðeins hluta þeirra sem eiga við vandamál að stríða. Við leggjum m.a. til að húsnæðislán verði lengd, að veittur verði greiðslufrestur fyrir fólk sem leitar lausnar á tímabundnum erfiðleikum, að greiðslubyrði húsnæðislána verði alltaf innan við 20% af heildarlaunum, að húsaleigubætur verði almenn réttindi óháð búsetu líkt og vaxtabætur og að tekið verði sérstaklega á þörfum þeirra sem eru að tryggja sér húsnæði í fyrsta sinn.

Góðir áheyrendur. Æviskeið ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar er á enda runnið sem betur fer. Nýrrar ríkisstjórnar bíða mörg og erfið verkefni. Það verður að efla atvinnulífið og tryggja landsmönnum öllum örugga atvinnu. Það verður að lagfæra þau spjöll sem búið er að vinna á velferðarkerfinu og jafna kjörin. Það verður að leysa úr brýnum vanda þeirra sem verst hafa orðið úti í tíð þessarar ríkisstjórnar. Við erum reiðubúin til að takast á við þetta verkefni og höfum lagt fram skýrar tillögur. Við bjóðum fram okkar framtíðarsýn, okkar atvinnustefnu, okkar velferðarstefnu. — Ég þakka þeim sem hlustuðu.

[22:40]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Haustið 1991 kynntu Alþfl. og Sjálfstfl. stefnu sína og starfsáætlun undir fyrirsögninni „Velferð á varanlegum grunni". Það er fróðlegt að bera þetta plagg saman við efndirnar nú við lok kjörtímabils. Efst á blaði hjá ríkisstjórninni var það markmið að rjúfa langvarandi kyrrstöðu í íslenskum þjóðarbúskap. Niðurstaðan er hins vegar meira atvinnuleysi en hér hefur þekkst í aldarfjórðung, alls um 9 þús. einstaklingar án atvinnu í lok síðasta mánaðar.

Ríkisstjórnin lofaði að tryggja jafnvægi í ríkisfjármálum. Niðurstaðan er Íslandsmet í hallarekstri sem stefnir í um 35 milljarða kr. á kjörtímabilinu.

Orðhagur ritstjóri Alþýðublaðsins, síðar umhvrh., skrifaði vorið 1991 að ríkisstjórnin væri, eins og hann orðaði það: „mynduð á bjarghellu gagnkvæms trausts sem spratt milli formanna stjórnarflokkanna tveggja." Og hann hélt áfram: „Í því felst ekki síst að þingmenn og flokksbroddar allir hafi hemil á athyglisfíkn sinni." Menn geta velt því fyrir sér hvort þessi forsenda hógværðar og lítillætis hafi brugðist hjá einhverjum. Ekki verður annað ráðið í ljósi reynslunnar en bjarghellan frá Viðey hafi verið hriplekur sandur. Bindiefnið virðist hafa verið löngunin til að deila og drottna og ásetningurinn um að innleiða hér harðstjórn peninga og óheft markaðslögmál í skjóli reglugerðar Evrópusambandsins. Samt geta forustumenn Sjálfstfl. og Alþfl. vel hugsað sér að sitja áfram ef þjóðin tekur ekki fram fyrir hendur þeirra í kosningum innan skamms. Íslensk þjóð þarf á öðru að halda en stefnunni frá Viðey. Alþb. hefur ásamt öðrum flokkum í stjórnarandstöðu veitt ríkisstjórninni aðhald. Nú sem fyrr er Alþb. kjölfestan á vinstri væng stjórnmála. Styrkur Alþb. hefur m.a. verið að eiga í sínum röðum þingmenn í öllum kjördæmum. Alþb. fylkir nú liði með óháðu fólki sem gengið hefur til liðs við G-listann víða á landinu. Þar er m.a. að finna forustufólk í samtökum launafólks og bænda.

Á öflugri ráðstefnu um síðustu helgi mótaði G-listinn stefnu sína og áherslu í komandi kosningum. Ný atvinnustefna, útflutningsleiðin, velferð og aukinn jöfnuður eru þar meðal helstu kjörorða.

Forgangsverkefni nýrrar ríkisstjórnar að kosning-

um loknum þarf að verða að bæta fyrir skemmdarverkin á velferðarkerfinu. Við setjum á oddinn kröfuna um jöfnuð óháð búsetu. Núv. ríkisstjórn boðaði í upphafi jöfnun húshitunarkostnaðar og að starfa í anda sáttar milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis. Allt hefur það gengið á annan veg. Húshitunarkostnaður hefur hækkað en ekki lækkað. Nú þurfa þeir sem hita hús sín með rafmagni að greiða 3 þús. kr. meira á ári en við upphaf kjörtímabilsins. Mál er að þessu óréttlæti linni. Alþb. og óháðir telja jöfnun orkuverðs, símgjalda og annarra opinberra þjónustugjalda meðal brýnustu úrlausnarefna nýrrar ríkisstjórnar.

Eitt sárasta misréttið í þjóðfélaginu er munurinn á rauntekjum karla og kvenna fyrir sambærileg störf. Ráðast verður gegn þessum ójöfnuði með uppstokkun launakerfa, starfsmati og fleiri sértækum aðgerðum. Á glæsilegum baráttufundi Alþb. og óháðra gegn kynja- og launamisrétti um síðustu helgi var lagt á ráðin um aðgerðir. Í ályktun fundarins er bent á að hér ríkir grimmilegt launamisrétti milli kynja og að konum er mismunað á vinnustöðum hvað varðar tækifæri í starfi. Binda verður endi á þetta löglausa óréttlæti, fyrst af öllu hjá hinu opinbera og fyrir því mun G-listinn beita sér af fullri hörku.

Í áramótaávarpi skoraði forseti Íslands á stjórnmálaflokkana að setja menntun í öndvegi. Alþb. hefur ævinlega haft menntun og menningarmál ofarlega á stefnuskrá sinni. Góð almenn menntun og ríkuleg framlög til skólamála, rannsókna og vísinda eru skilyrði þess að þjóðinni farnist vel í hörðum heimi. Fyrst af öllu þarf að hrinda því í framkvæmd sem jákvætt er í gildandi lögum. Jafnrétti til náms má ekki tefla í tvísýnu eins og núverandi ríkisstjórn hefur gert með breytingum á lögum um námslán og innheimtu skólagjalda. Deilur ríkisins við kennarasamtökin verður að leysa strax. Þvergirðingur ráðherra Sjálfstfl. má ekki lama skólastarf í landinu deginum lengur.

Í atvinnu- og byggðamálum þurfum við Íslendingar að taka mið af aðstæðum okkar á norðurslóð og virða takmörk auðlinda lands og sjávar. Við þurfum að efla þekkingu okkar á umhverfinu og gæta þes að glata ekki forræði yfir fiskstofnum, landinu sjálfum og orkulindum þess. Löngu er tímabært að lögfesta sameign þjóðarinnar á helstu náttúruauðlindum og binda slík ákvæði í stjórnarskrá eins og Alþb. hefur ítrekað gert tillögur um. Samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði hefur þegar breytt réttarstöðunni á þessu sviði, að ekki sé talað um beina aðild að Evrópusambandinu sem vikið getur lögum og stjórnarskrám aðildarríkja til hliðar, stangist þær á við Rómarsamninginn.

Stefna stjórnvalda á að vera að varðveita byggðarkeðjuna í landinu. Gleymum því ekki að Vestfirðir eru ekki síður en Austfirðir hluti af byggðarhringnum. Núverandi stjórnkerfi í fiskveiðum og landbúnaði vegur að tilvist fjölmargra byggðarlaga og er því óhæft til frambúðar.

Virðulegi forseti. Þessu þinghaldi er að ljúka og senn kemur að kjósendum að leggja sitt lóð á vogarskálar. Í rauninni eru kostirnir aðeins tveir: Annars vegar hægri stefna Sjálfstfl. að viðbættum Alþfl. eða Framsfl. Hins vegar vinstri stefna fyrir tilstyrk öflugs Alþb. og þeirra sem fylkja saman með því undir merki G-listans. Ég vona að sem flest ykkar hugleiði þær skýru áherslur sem Alþb. og óháðir leggja fram nú í aðdraganda kosninga. Fái þær brautargengi mun vora einnig á vettvangi stjórnmálanna.

Ég þakka áheyrnina. Góðar stundir.

[22:48]

Guðrún J. Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Góðir Íslendingar. Nú þegar fjögurra ára kjörtímabili þingsins er að ljúka blasa við farir og ófarir ríkisstjórnarinnar sem við völd hefur verið. Við sjáum landbúnað sem engist í greip niðurskurðarlúkunnar. Nú er stærð búa slík að bændafólk getur hvorki farið né verið á búum sínum. Atvinnulífið er í þeim viðjum að ekki er hægt að fá vinnu þótt fólk vilji bregða búi og á hverju búi er svo skorinn kvótaskammtur að erfitt er að framfleyta fjölskyldu á arði þess. Þetta er þeim mun dapurlegra þegar við flestra augum blasir að heimurinn muni þurfa miklu meira á fæðu að halda á komandi tímum en nokkurri annarri framleiðslu sem um getur í veröldinni. Matvælaiðnaður er sú iðja sem við hljótum að stefna að. Ekki er hægt að tala um stóriðju vegna þess hve fá við erum. Okkar bestu möguleikar liggja einmitt í dreifbýlinu og í lífrænni framleiðslu. Þeir og þær sem taka við völdum eftir næstu kosningar verða að gera sér grein fyrir því að í lífrænni ræktun og í lífrænum landbúnaði eigum við mikla möguleika.

Kvennalistinn hefur frá upphafi barist fyrir náttúruvernd og viljað efla mengunarvarnir. Jafnframt viljum við efla menntun og rannsóknir, tilraunir til að finna bestu leiðir í framleiðslu matvæla, bæði sjávarafurða og landafurða, ræktun og nýtingu þeirra náttúrugæða sem við höfum ráð á. Menntun í markaðsöflun, auglýsingatækni og kynningartækni, menntun til að skilja menningu, mál og hugsunarhátt þeirra þjóða sem við skiptum við svo eitthvað sé nefnt. Það er því menntun bæði þeirra sem stunda framleiðslu og þeirra sem með annarri þekkingaröflun og rannsóknum geta gert hana hagkvæmari sem mikið veltur á.

Hreint land, gróið land krefst líka stórátaks í umhverfismálum. Árið 1993 lýsti þáv. hæstv. umhvrh., Eiður Guðnason, því yfir að það væri stefna núverandi ríkisstjórnar Íslands að Ísland væri hreinasta land hins vestræna heims árið 2001 og nú á umhverfisverndarári er rétt að minnast þessa. Við þurfum að sameinast í umhverfisátaki, í störfum, í verndum náttúru, í hreinsun umhverfis og í rannsóknum.

Kvennalistinn bendir á að átak í umhverfis- og náttúruverndarmálum skapar líka störf um land allt, gefur okkur fleiri möguleika í ferðaþjónustu og ýtir undir smáiðnað út um landið sem einkum er stundaður af konum. Við getum vegna smæðar þjóðarinnar aldrei tekið þátt í stóriðjukapphlaupi og það er heldur ekki æskilegt. Við eigum slíkar auðlindir í sjálfri náttúru landsins að fávísi er að spilla henni meira en orðið er með sinkóþverra og annarri slíkri iðju. Við eigum nú þegar alls kyns iðnað sem sjálfsagt er að hlúa að, enda er þar vænn vaxtarbroddur falinn, eins og komið hef-

ur fram í kvöld, og staða hans hefur líka batnað á þessu kjörtímabili og það er vel. Það lætur því hjáróma í eyrum þegar okkar litlu iðjuhöldar eru að kveina yfir því að framleiðni á vinnustund sé ekki næg og láta sem svo að það sé verkafólki að kenna. Ég held að þeim væri nær að líta í eigin barm og spyrja sig hvað þeir hafi skipulagt vitlaust og hvar þeir hafi brugðist í áætlunum og fjárfestingum. Það batnar ekkert við að kenna alltaf öðrum um.

Góðir Íslendingar. Við búum á eylandi og eigum því greiða leið til allra átta. Þess vegna getum við beint viðskiptum okkar og samböndum hvert sem er í heimi án þess að landfræðilegar hindranir aðrar en vegalengdir séu í vegi. Vegna þessarar legu landsins vorum við á vissan hátt einangruð áður fyrr en við varðveittum vel tungu okkar og menningu og gátum því miðlað bræðraþjóðum okkar á Norðurlöndum af menningararfinum þegar þær þurftu þess við. Þær hafa líka stutt okkur dyggilega á margan hátt. Þessi samvinna líður ekki undir lok þó að sumar Norðurlandaþjóðanna hafi gengið í Evrópusambandið en við höfum borið gæfu til þess að vera utan þess. Ég held að sú staða geti orðið dýrmæt fyrir öll Norðurlönd þegar frá líður. Og Íslendingar munu ekki einangrast því að við nútímatækni hefur heimurinn skroppið saman. Við eigum jafnauðvelt með að hafa samband við Hong Kong, Höfðaborg, Brussel og Honululu.

Það er ótrúleg glýja sem alþýðuflokksfólk fær í augun þegar það horfir til Brussel og ótrúlegar ábatavæntingar sem bærast í brjósti þess þegar hugsað er til þess að atvinnuleysi í Evrópusambandslöndum er allt að 11%, en sú staða mun vera 6,8% hér á landi. Í báðum tilvikum eru konur í meiri hluta atvinnulausra og það hlýtur að auka áhyggjur og varúð í hugum okkar kvenna og litla löngum munum við hafa til að hækka töluna. Verður að gjalda varhug við þeim áróðri að við séum að missa af Evrópulestinni svokölluðu. Enn sem komið er þurfa þeir matinn sem við framleiðum og til þess dugar okkur EES-tengivagninn harla vel.

Annar A-flokkur sem kennir sig við alþýðu Íslands er sleginn annarri glapsýn. Foringjar Alþb. dásama nú þá viðskiptahætti sem tíðkast í Asíu og vilja að við tökum þá til fyrirmyndar, sósíalísk markaðshyggja, kapítalismi undir eftirliti og í skjóli sósíalisma er hin gullna lausn sem þeir boða. Miðstýrður kapítalismi eins og tíðkast í Singapúr, Malasíu og víðar. Þessu er veifað framan í okkur sem eigum að trúa. Við vitum bara að á bak við ódýra framleiðslu Asíulandanna er 12–13 stunda vinnudagur sjö daga vikunnar, sáralitlar mengunarvarnir og hverfandi tryggingar starfsfólks og öryggisvarnir í lágmarki. Er það sú gullna framtíð sem við ætlum að bjóða íslenskum verkalýð eða ætlum við e.t.v. ekki að vera verkalýðurinn? Ætlum við e.t.v að vera yfirstétt sem nýtir eða þrælkar ódýrt vinnuafl hjá eða frá öðrum þjóðum? Hvað mun þá vera orðið af kenningunni um vorn minnsta bróður og minnstu systur?

Ýmislegt hefur verið íslenskri þjóð mótdrægt undanfarin ár. Sífelldar tilraunir ríkisstjórnarinnar til einkavæðingar ríkisfyrirtækja, sem hafa endað í því að hún hefur selt þau fyrirtæki sem gefa arð meðan önnur óarðbær eru enn í höndum ríkisins, koma okkur Íslendingum, hinum eiginlegum eigendum ríkisfyrirtækjanna, stórkostlega undarlega fyrir sjónir. Og slík var ásóknin í sölunni að andvirði hlutabréfa var lánað kaupendum svo að þeir gætu dregið kaupverðið frá skatti í byrjun þessa árs. Þetta er skrýtinn bisness.

Sífellt rýrara félagslegt kerfi, atvinnuleysi og frámunalega undarlegt atvinnuleysistryggingakerfi svo ekki sé meira sagt, félagslegt húsnæðislánakerfi í molum og húsbréfakerfi á hættumörkum. Þannig mætti telja miklu lengur. Og ríkisstjórnin ber sér á brjóst og hælir sér af því að verðbólgan sé 2,5% og stöðugleiki í samfélaginu. En þetta er ekki stjórnvisku að þakka, heldur því glópaláni sem bætt viðskiptaskilyrði í nágrannalöndum, Smuguveiðar og ládeyða í framkvæmdum hafa skapað og svo líka það að fólk hefur ekki efni á að kaupa neitt utan brýnustu lífsnauðsynjar. Þar af leiðandi er ekkert flutt inn.

Kvennalistinn leggur áherslu á að við verðum að breyta þessari stefnu, við verðum að bæta hag þeirra borgara sem lægst laun hafa. Það er búið að tala mikið um það hér í kvöld hversu miklar hækkanir hafa verið en mér finnst það ekki miklar hækkanir þó að fólk með 42 þús. kr. fái 3 þús. kr. launahækkun, mér finnst það nánast smánarhækkun.

Kvennalistinn leggur áherslu á að við eigum auð sem við þurfum að leggja rækt við, sérstöðu sem við getum nýtt okkur. Framtíðarvelgengni okkar byggist ekki á því að apa eftir Evrópu eða Asíu heldur því að skapa sérstæða þróun í landinu, sókn smáþjóðar til bættra lífsskilyrða og öryggis fjölskyldunnar, þróun sem byggir á endursköpun þjóðlífsins og nýju gildismati þar sem lögð er áhersla á hrausta þjóð í hreinu landi. — Þökk fyrir.

[22:57]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Góðir Íslendingar. Ég tel óhjákvæmilegt í upphafi máls míns að víkja nokkrum orðum að afkomu sauðfjárbænda sem hefur farið mjög versnandi eins og flestum er kunnugt síðan búvörusamningarnir voru gerðir á öndverðu ári 1991, eins og ég hef raunar áður vikið að, bæði á aðalfundum Stéttarsambands bænda og búnaðarþingum. Þar hef ég vakið athygli á því að forsendur búnaðarsamningsins hafi brostið eins og þær voru hugsaðar af þeim sem settu nafn sitt undir samningana. Ég hef boðið upp á endurskoðun þeirra en meðal bænda eru skiptar skoðanir um hvernig við vandanum skuli brugðist. Ég er sannfærður um að það sé óhjákvæmilegt að finna leiðir til þess að rýmka um framleiðslukvótann, bæði til þess að treysta búsetu í sveitum og ná niður vöruverði.

Ég hef þegar náð samkomulagi við bændur um að einstakir sauðfjárbændur geti dregið úr framleiðslu sinni eða jafnvel hætt henni en snúið sér þess í stað að landgræðslustörfum eða gróðurvernd. Ég vil sömuleiðis koma til móts við þá bændur sem búa við skerta starfsorku vegna sjúkdóms eða aldurs. Menn kunna að segja að þetta vegi ekki þungt til að draga úr heildarframleiðslunni en það munar um hvert einasta skref

sem við stígum ef það er í rétta átt. Við verðum að huga að tekjumöguleikum bænda til hliðar við búskapinn. Ferðaþjónustan hjálpar sumum, aðrir hafa náð tökum á hrossarækt og enn aðrir eru í aðstöðu til að sækja vinnu af bæ.

Við verðum að horfast í augu við að sumir sauðfjárbændur hafa enga afkomu eins og nú er komið. Þess vegna verðum við að auðvelda þeim sem vilja að hverfa frá búskapnum, líka þótt þeir kjósi að búa áfram á jörðum sínum. Fyrir nauðsyn þessa er vaxandi skilningur í þjóðfélaginu og við heyrðum það áðan hjá formanni Alþfl. að vinum bænda fer fjölgandi og ég get sagt við minn gamla skólabróður: Nú líkaði mér við þig.

Bændur gera sér ljóst að ekki má dragast lengur að samstaða takist um skipan útflutningsmála þeirra. Ég er sammála þeim sem segja að bændur eigi að nýta sér reynslu hinna sterku sölusamtaka fiskiðnaðarins. Þetta er sérstaklega brýnt af því að við erum nú að efna til sérstaks markaðsátaks erlendis undir merki hollustu og hreinleika og er samkomulag um að verulegu fjármagni úr ríkissjóði verði veitt til þessa átaks á næstu árum.

Eftir að ég varð samgrh. hratt ríkisstjórnin í framkvæmd sérstöku átaki í vegamálum. Markmið þess var að leggja bundið slitlag á þá vegi sem tengdu saman atvinnusvæði og nálægar hafnir. Sérstök áhersla var lögð á það í fyrsta lagi að ljúka veginum til Akureyrar og það tókst á sl. sumri. Í öðru lagi að teygja slitlagið austur að Höfn í Hornafirði og það er í sjónmáli að það takist. Og í þriðja lagi að hefja framkvæmdir við uppbyggingu vegarins yfir Fjöllin í Mývatnssveit til Egilsstaða og opna hann yfir veturinn. Það hefur komið í ljós að þessi ákvörðun hefur haft mikla þýðingu fyrir atvinnulífið á Norðurlandi og Austurlandi. Þannig hefur umferð aukist og viðskipti lifnað milli þessara landsfjórðunga sem áður voru dauð. Og það er mikill þrýstingur á að halda þessu verki áfram. Þess vegna leggjum við nú áherslu á það í nýju átaki í vegamálum að halda áfram uppbyggingu vegarins yfir Möðrudalsöræfi og það má vel minna á það að sú framkvæmd fannst hvergi á landakortinu hjá síðustu ríkisstjórn.

Þá hefur verið tekin ákvörðun um að hefja uppbyggingu vegarins inn í Ísafjarðardjúp af fullum krafti. Það markar kaflaskil í samgöngumálum Ísfirðinga. Verulegum fjármunum er veitt til brýnustu gatnagerðarframkvæmda á höfuðborgarsvæðinu, það markar líka kaflaskil, og samningsgerðin um gerð jarðganga undir Hvalfjörð er komin á lokaskrið. Gilsfjarðarbrú verður boðin út og þannig koll af kolli.

Það er eftirtektarvert og vitaskuld ánægjulegt hversu góður árangur hefur náðst í ferðamálum. Þannig hafa gjaldeyristekjurnar vaxið um þriðjung á tveimur árum og voru nær 17 milljarðar á sl. ári. Á sama tíma hefur erlendum ferðamönnum fjölgað úr 140 þús. í 180 þús. Annars vegar þökkum við þetta því að hér hefur náðst jafnvægi í efnahagsmálum og verðlag hér á landi er nú hagstæðara í samanburði við önnur lönd en það hefur verið um áratugi. Þetta hefur gefið okkur gullið tækifæri til þess að vinna að markaðsmálum okkar erlendis með öðrum og markvissari hætti en áður. Í samvinnu við Flugleiðir og bændur var á síðasta ári varið 100 millj. kr. til þessa sérstaka átaks. Þessir fjármunir hafa skilað sér til baka tífalt og jafnvel fimmtánfalt ef mið er tekið af gjaldeyristekjunum.

Ávinningurinn verður enn meiri ef við tökum inn í dæmið þann mikla vöxt sem orðið hefur á flugleiðinni milli Evrópu og Ameríku. Ég er að tala um 20% fjölgun farþega milli ára. Ég er að tala um það að á síðasta ári fóru farþegar Flugleiða í fyrsta skipti yfir eina milljón. Vegna þessa góða árangurs sem náðist með markaðsátakinu á sl. ári hefur verið ákveðið að halda því áfram til hagsbóta fyrir alla þá sem með einhverjum hætti koma að ferðaþjónustunni hvort sem þeir búa hér á suðvesturhorni landsins eða úti á landsbyggðinni, hvort sem þeir starfa á hótelum eða í veitingasölum eða bílstjórar eða leiðsögumenn eða vinna við verslun. Kannanir sýna að átakið „Ísland, sækjum það heim" fékk góðar undirtektir hjá þjóðinni, ýtti undir fólk að fara um landið og líka, sem er mikilvægt, að taka íslenskar framleiðsluvörur fram yfir erlendar. Það er ánægjulegt að sjá hvílíkar framfarir hafa orðið í heimilisiðnaði og smáiðnaði hvers konar. Nú eru heiti eins og þessi á hvers manns vörum: Handverkskonur milli heiða, Þingborgarhópurinn og frú Lára að öllum öðrum ógleymdum.

Reynslan hefur sýnt að það er mikil samsvörun í afkomu heimilanna og fjölda farþega í innanlandsflugi. Á sl. ári tók þeim að fjölga jafnt og þétt borið saman við næsta ár á undan og sömu sögu er að segja af tveimur fyrstu mánuðum þessa árs. Þrátt fyrir erfitt tíðarfar fjölgaði farþegum um 10% í janúar og stefna í 15% fjölgun nú í febrúar. Þetta gefur með öðru vísbendingu um að við Íslendingar erum á réttri leið. Það ríkir meiri bjartsýni í þjóðfélaginu en áður. Við horfum fram til betra lífs og bjartari tíma.

Góðir Íslendingar. Það er rétt sem Stefán Guðmundsson sagði í upphafi ræðu sinnar hér áðan að það urðu vatnaskil í íslenskum þjóðmálum með ríkisstjórn Davíðs Oddssonar. Sú stöðnun sem orsakaði atvinnuleysið sem við búum nú við hófst með síðustu ríkisstjórn og stóð allt hennar valdaskeið. Nú er atvinnulífið aftur komið á skrið, hjól framleiðslunnar snúast hraðar en áður og þjóðartekjur fara vaxandi. Atvinnutækifærum fjölgar og lífskjör batna. Störf ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar hafa borið árangur. Nýir kjarasamningar leggja grundvöllinn að hagsæld fyrir alla.

[23:06]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Nú er komið að lokum þessa kjörtímabils. Við hljótum því að nota þetta tækifæri til þess að gera upp liðin ár um leið og við horfum til framtíðar. Að sjálfsögðu hefur ýmislegt það verið gert á vettvangi stjórnmálanna á þessu kjörtímabili sem horfir til framfara. Að halda öðru fram væri hin mesta firra. Ég vil í því sambandi nefna að sem betur fer er það svo að mikill meiri hluti þeirra mála sem unninn er á Alþingi er samþykktur samhljóða eftir ítarlega um-

fjöllun í nefndum þar sem hin ýmsu sjónarmið hafa verið vegin og metin.

Þessa kjörtímabils mun hins vegar verða minnst vegna stöðugra deilna stjórnarflokkanna um hin stærstu sem smæstu mál. Þar má nefna sem dæmi afgreiðslu GATT-samningsins sem var komin í algert óefni vegna deilna stjórnarflokkanna þegar stjórnarandstaðan tók málið í sínar hendur.

Við Íslendingar höfum verið að ganga í gegnum miklar breytingar á síðustu árum. Á um það bil ártug höfum við verið að færast nær um heiminum í margvíslegum skilningi en á mörgum áratugum þar á undan. Þetta á við á mörgum sviðum. Á sviði viðskipta- og peningamála, á sviði mennta- og menningarmála svo eitthvað sé nefnt. Margt bendir til þess að á næstu árum eigum við eftir að sjá stórstígar breytingar á sviði fjarskipta og rafeindatækni, m.a. með nýrri fjarsímatækni um gervihnetti og þekkingarhraðbraut um ljósleiðara sem nái inn á hvert heimili og vinnustað. Þessi tækni ásamt með þeim breytingum sem hún mun hafa á alla þróun atvinnustarfsemi kann að gera það að verkum að í atvinnulegu tilliti verði sú fjarlægðarhindrun sem við Íslendingar höfum búið við að mestu leyti upphafin. Eftir muni standa að hin landfræðilega einangrun og fámennið geti í sjálfu sér verið eftirsótt lífsgæði eftir að tæknin hefur gert okkur kleift að taka nánast óhindrað þátt í alþjóðlegri athafnasemi.

Við framsóknarmenn viljum að Íslendingum verði gert kleift að taka að fullu þátt í þessari þróun. Á nýafstöðnu flokksþingi okkar bentum við á ýmsar leiðir til þess. Við leggjum til að markaðsstarf á vegum opinberra aðila verði eflt og samræmt, bæði hvað varðar útflutning og fjárfestingar erlendra aðila hér á landi. Við leggjum til að gerð verði framkvæmdaáætlun um að fyrir aldamót eigi öll heimili og vinnustaðir á landinu þess kost að verða tengd við þekkingarhraðbraut um ljósleiðara. Við leggjum til að tengsl atvinnulífs og skólakerfis verði styrkt og frumkvöðlahugsun efld. Við leggjum til að ungt fólk verði aðstoðað við að stofna fyrirtæki og margvíslegar aðrar aðgerðir í þessa veru.

Það er hins vegar mikill misskilningur að opnara viðskiptaumhverfi og stóraukin samskipti við aðrar þjóðir þurfi að leiða til þess að við verðum að taka upp það versta frá öðrum þjóðum hvað varðar hvernig við skipum okkar innri málum, að við þurfum að hverfa frá þeirri stefnu samhygðar sem hefur einkennt íslenskt samfélag lengst af á uppbyggingartímanum á þessari öld.

Núverandi valdhafar virðast ekki hugsa á þessum nótum. Á kjörtímabilinu hefur verið stjórnað í anda hörðustu peningahyggju. Andi Margrétar Thatcher hefur svifið yfir vötnunum. Hann hefur m.a. birst í því að langtímum saman hafa vextir á verulegum hluta lánsfjár heimila og fyrirtækja verið á bilinu 15–20%. Hann hefur birst í því að þegar farið var að hugsa að sparnaði í mennta- og námslánakerfinu var gripið niður á þann hátt að það hrakti einstæðar mæður og efnaminna fólk á landsbyggðinni frá námi. Hann hefur birst í því að umræða sem fer fram um allan hinn vestræna heim um kerfisbreytingar í heilbrigðisþjónustunni hefur hér komið fram í skyndiákvörðunum sem hafa komið á hastarlegan hátt niður á efnalitlu barnafólki.

Framsfl. leggur áherslu á að til þess að ná árangri í jafnt efnahags- og velferðarmálum verði að koma til náið samstarf hagsmunaaflanna í þjóðfélaginu. Stjórnvöld, aðilar vinnumarkaðarins og peningakerfið vinni náið saman að uppbyggingu öflugs atvinnulífs sem undirstöðu samfélags þar sem einstaklingarnir bera sameiginlega ábyrgð gagnvart velferð heildarinnar. Við bendum á að besta velferðin fyrir einstaklinginn felst í því að hann fái tækifæri til að vinna fyrir sér með eigin höndum. Við eigum að sækja fyrirmyndir til annarra þjóða eftir því sem við teljum skynsamlegt á hverjum tíma. Það hefur sýnt sig að sú hugmyndafræði samráðs og samvinnu hagsmunaaðilanna sem ég nefndi hér áðan hefur reynst mun happadrýgri en hin hreina peningahyggja. Gildir þar einu hvort mælt er á kvarða hagvaxtar eða félagslegra gæða. Við þurfum ekki að leita lengra en til meginlands Evrópu þar sem þjóðir eins og Frakkar og Austurríkismenn hafa að miklu leyti fylgt þessari stefnu og bera það saman við gjaldþrot hinnar hreinu peningahyggju í Bretlandi.

Virðulegur forseti. Mestu skiptir að við skipum okkar innri málum í samstafi við íslenskar hefðir og íslenskan veruleika. Það er í sjálfu sér að hlaupa úr öskunni í eldinni að ætla sér að hverfa frá thatcherismanum og til austurlenskra hefða eins og hið nýja Asíufélag undir forustu Ólafs Ragnars Grímssonar og Ögmundar Jónassonar boðar, hefða, sem að vísu byggja á ákveðnu samráði hagsmunaaðila en að öðru leyti á gildum sem ég hygg að enginn Íslendingur vilji hverfa til. Það varðar t.d. aðbúnað á vinnustað, umhverfismál, réttindi launafólks og fleira. Þar er unnið eftir aðferðum sem hinir hörðustu hægri menn hér á landi þora ekki einu sinni að nefna.

Ég nefndi í upphafi afgreiðslu GATT-samninganna á Alþingi. Sú umræða hefur fyrst og fremst tengst einum atvinnuvegi hér, þ.e. landbúnaðinum, þó að aðild okkar að GATT leggi grunninn að öllum okkar útflutningi. Skilningur á því birtist m.a. í mótatkvæðalausri afgreiðslu á Alþingi nú fyrir áramót. Hitt er jafnljóst að með staðfestingu þessarar lotu GATT-samkomulagsins var gerð grundvallarbreyting á starfsskilyrðum landbúnaðar hér á landi. Þar var horfið frá innflutningsbanni nema þar sem um er að ræða sjúkdómahættu og í staðinn kemur frelsi á innflutningi með heimildum til þess að leggja á tolla til þess að jafna samkeppnisaðstöðu.

Ég vil leggja áherslu á að þessi samningur er ekki einhliða. Hann skapar okkur einnig sóknarfæri á íslenska markaði með íslenskar hágæðabúvörur. Til þess að slíkt geti orðið að veruleika þarf hins vegar að koma til náið samstarf stjórnvalda, bænda, vinnslustöðva og markaðsfyrirtækja á sviði útflutnings. Því miður hefur lítið bitastætt gerst í málefnum landbúnaðarins á þessu kjörtímabili. Orka ríkisstjórnarinnar hefur farið í innbyrðis átök um málaflokkinn. Stefna landbrh. hefur byggst á pexi við Alþfl. vitandi það að flokkurinn nýtur lítillar hylli í sveitum landsins. Þetta kann að duga til vinsælda í augnablikinu, en eftir

stendur að ekkert hefur verið unnið í stefnumótun til lengri tíma og þetta staðfestist rækilega í ræðu hæstv. landbrh. áðan.

Bændur hafa lagt mikið á sig á síðustu árum til þess að aðlaga framleiðslu innanlandsmarkaði og á sama tíma lækkað verð á vörum sínum um nálægt 20%. Þeir standa nú frammi fyrir meiri óvissu um kjör sín og framtíð en verið hefur um langa tíð.

Framsfl. hefur ekki farið með yfirstjórn málefna landbúnaðarins í tvö kjörtímabil. Komist hann til áhrifa mun hann beita sér fyrir nýrri stefnumótun í málefnum landbúnaðarins. Fyrstu skref hljóta að vera að tryggja að opinber framlög til landbúnaðarins lækki ekki frá því sem nú er og stefna að því að þeim innflutningi á búvörum sem í vændum er verði mætt með samsvarandi magni í útflutningi. Til lengri tíma verði stefnt að því að framleiðsluverðmæti búvara á Íslandi nái því að verða það sem það var áður en núverandi samdráttarstig hófst.

Það má enginn skilja orð mín svo að ég vilji hverfa til fyrri tíma sjálfvirkra útflutningsbóta. Við erum fyrst og fremst matvöruframleiðsluþjóð. Við eigum að beita þeim viðskiptasamböndum sem við höfum á því sviði, koma búvörum í samsetta tilbúna rétti með fiskinum okkar og vinna landinu markvisst sess sem framleiðanda vistvænna matvæla. Þetta er verkefni sem þarf tíma og fjármuni til þess að árangur náist. Ef við hins vegar höfum úthald og hvikum ekki frá settu marki er ég þess fullviss að á þessu sviði eru miklir möguleikar.

Góðir tilheyrendur. Virðulegi forseti. Ég hef lokið máli mínu. — Góða nótt.

[23:15]

Gunnlaugur Stefánsson:

Gott kvöld, góðir Íslendingar. Síðustu árin hafa verið erfið í íslensku þjóðarbúi. Alþýðuheimilin í landinu fóru ekki varhluta af hinum efnahagslegu þrengingum og erfiðleikarnir reyndu líka á þolrif stjórnmálamanna. Þrátt fyrir samfellt góðæri mörg fyrri ár var þjóðarbúið illa í stakk búið til að takast á við skyndileg áföll. Þau voru nærtæk, gömlu ráðin, að láta sem ekkert væri, grípa til gengisfellinga og skefjalausrar lántöku í útlöndum, magna upp verðbólgu, þykjast gera allt fyrir alla, en í raun stefna þjóðarhag í algert öngþveiti. En ríkisstjórnin stóðst prófið og hefur tekist að leiða þjóðina út úr þrengingunum svo nú blasir við svo sannarlega bjartari tíð. Það staðfesta nýgerðir kjarasamningar, kjarasáttmáli um lífskjörin þar sem verkalýðshreyfingin og vinnuveitendur taka höndum saman með ríkisstjórninni um að tryggja lífskjör og búsetu í landinu. Sáttmáli sem byggir á þeim árangri sem náðst hefur við efnahagsstjórnina þrátt fyrir mikla erfiðleika í þjóðarbúinu.

Það vekur sannarlega athygli í þessum umræðum að ríkisstjórnin hefur ekki verið gagnrýnd fyrir frammistöðu sína í garð landsbyggðarinnar nema að mjög litlu leyti. Víst er það öðruvísi en áður var. Og hver man ekki eftir slagorðum fyrir kosningar að ef viðreisnarstjórn kæmist til valda myndi hún rústa öllu á landsbyggðinni. Nú ríkir þögn að mestu um málefni landsbyggðarinnar af hálfu stjórnarandstöðunnar. Þrátt fyrir erfiðar aðstæður í þjóðarbúinu hafa stjórnarflokkarnir leitast við að framfylgja öflugri byggðastefnu. Þess sjást víða merki. Staðið hefur verið myndarlega að opinberum framkvæmdum á kjörtímabilinu. Vegaframkvæmdir hafa verið meiri á kjörtímabilinu en þekkst hafa um áratuga skeið. Fyrir síðustu kosningar lagði Alþfl. áherslu á að stórátak í samgöngumálum væri mikilvæg forsenda byggðastefnu er um leið gæti lagt grunn að eflingu atvinnulífsins með aukinni samvinnu og stækkun markaðssvæða. Þetta hefur gengið eftir og þess má sjá víða glögg merki að samgöngubæturnar skila góðum árangri. Það hefur einnig verið staðið vel að verki í opinberum framkvæmdum á sviði hafnarmála, heilbrigðismála og við byggingu skólamannvirkja. Þjónusta heilbrigðisstofnana á landsbyggðinni hefur víða verið efld undir forustu heilbrigðisráðherra, ekki skorin niður. Þvert á móti má finna þess mörg dæmi að fjárframlög hafi verið hækkuð og gamlar skuldir allt frá síðasta áratug hafi verið gerðar upp.

Undir forustu Alþfl. hafa niðurgreiðslur til húshitunar á köldum svæðum landsbyggðarinnar verið stórauknar eða um meira en helming. Án þeirra aðgerða væri landsbyggðarfólk nú að greiða 20% hærra verð fyrir húshitunina. Við síðustu fjárlagagerð var enn aukið við niðurgreiðslurnar um 50 millj. kr. og hefur iðnrh. lýst yfir hér á Alþingi og staðfest í nýgerðum kjarasamningum að hann muni leita eftir því við orkufyrirtækin að þau veiti til viðbótar umtalsverðan afslátt á orkuverðinu og að þessar ráðstafanir geti komið til framkvæmda nú strax í næsta mánuði sem mun þá skila umtalsverðri raunlækkun á húshitun köldu svæðanna á landsbyggðinni.

En það eru atvinnumálin sem ráða úrslitum fyrir búsetuna á landsbyggðinni. Því miður blasa víða við miklir erfiðleikar í sjávarútvegi og landbúnaði. Við höfum búið við kvótakerfi í báðum þessum atvinnugreinum um nokkurra ára skeið og nú blasir reynslan við. Það hefur ekki tekist að byggja þorskstofninn upp þrátt fyrir 70% skerðingu aflaheimilda í þorski. Sauðfjárbændur hafa orðið að þola 40% skerðingu í framleiðslu sinni. Ef áfram heldur sem horfir og kvótakerfin fá áfram að vinna sín verk mun það hafa í för með sér ófyrirsjáanlegar afleiðingar fyrir alla búsetu á landsbyggðinni og lífskjör fólksins. Við munum þá sitja uppi með fá en stór útgerðarfyrirtæki sem hafa eignast allan fiskinn í sjónum og nokkur stór bú í landbúnaði sem ráða framleiðslu landbúnaðarafurða. Á fundum sem ég stóð fyrir á Austurlandi nýlega gerðist það ekki einu sinni heldur oftar að smábátasjómaður sagði: Kerfið neyðir mig til að henda allt að öðrum hverjum fiski í sjóinn aftur sem ég veiði því að við verðum að velja dýrasta hráefnið á land svo við komumst hreinlega af. Og bóndi einn sagði: Ég verð að framleiða og selja kjöt fram hjá kvóta á svörtum markaði svo að fjölskyldan mín hafi einfaldlega til hnífs og skeiðar. Ég segi: Þetta er ekki dómur yfir fólki sem vill gera rangt heldur dómur yfir kerfi sem fjötrar í ánauð og gengur ekki upp. Þetta eru líka við-

vörunarorð til þeirra stjórnmálamanna sem bera ábyrgð á þessum kerfum, hafa varið þau og segjast vera sérstakir vinir sjómanna og bænda. Alþfl. hefur barist fyrir því að þessi kerfi verði endurskoðuð frá grunni þannig að fólk geti búið við bærilegt réttlæti og jöfnuð varðandi aðganginn að auðlindum lands og sjávar. Það er grundvallaratriði að skráð verði í stjórnarskrá að fiskstofnarnir séu sameign þjóðarinnar. Það tókst fyrir atbeina Alþfl. að tryggja veiðar krókaleyfisbáta. Því ber að fagna. Þá tókst að opna smábátum á aflamarki aðgang að Fiskveiðasjóði og samkomulag náðist í fjárln. Alþingis um 40 millj. kr. styrkveitingu til smábáta á aflamarki.

Alþfl. hafði forustu ásamt fjölmörgum útgerðaraðilum um að tryggja íslenskum fiskiskipum veiðar í Smugunni sem skilaði 50 þús. tonnum af þorski sl. tvö ár og fyrir baráttu Alþfl. tókst að aflétta löndunarbanni erlendra fiskiskipa í íslenskum höfnum sem skilaði 18 þús. tonnum af þorski á land og umtalsverðu magni af öðrum tegundum á síðasta ári. Og munar um minna fyrir íslenskt atvinnulíf.

Þessar umræður bera þess glöggt vitni að kosningar eru í nánd. Ekki skortir hástemmd loforð og gylliboð af hálfu stjórnarandstöðunnar. Nú er hægt að gera allt fyrir alla. Alþb. slær Íslandsmet í loforðagjöf. En þótt sumir stjórnmálamenn virðist slitna gersamlega úr jarðsambandi við raunveruleikann og lífið í landinu rétt fyrir kosningar gerir fólkið það ekki. Kjósendur vita að kosningarnar snúast ekki um staðlaus loforð og yfirboð heldur traust, ekki um blekkingar heldur raunveruleika. Alþfl. er til þjónustu reiðubúinn á grundvelli ábyrgðar og trausts, er með skýra og kraftmikla stefnuskrá að leiðarljósi sem er raunsæ og ábyrg. Á slíkum grunni er gott að byggja framtíð þjóðlífi til heilla. — Ég þakka þeim sem hlýddu.

[23:23]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Góðir áheyrendur. Nú þegar komið er að lokum þessa kjörtímabils er ekki úr vegi að staldra við og spyrja hvað hafi einkennt þetta tímabil, hvaða breytingar séu helstar orðnar á högum landsmanna og aðstæðum.

Mér sýnist ljóst að þessa tímabils og ríkisstjórnar Sjálfstfl. og Alþfl. verði fyrst og fremst minnst og það með litlu þakklæti fyrir eitt, þ.e. atvinnuleysið. Þetta er tímabilið þegar atvinnuleysið hélt innreið sína, þetta er ríkisstjórnin sem ber ábyrgð á því. Nálægt 5% atvinnuleysi ár eftir ár, 6–7 þúsund Íslendingar án atvinnu að meðaltali allt árið. Tímabil algerrar stöðnunar í atvinnumálum, hlutfallslega minnstu fjárfestinga á Íslandi í hálfa öld.

Alþb. hefur ítrekað á undanförnum árum hvatt til samstöðu í baráttunni gegn atvinnuleysinu. Við höfum lagt fram okkar tillögur og það er ánægjulegt að hér í kvöld hafa allir flokkar eytt umtalsverðum tíma í umfjöllun um kosningastefnu Alþb. Ég þakka þá athygli sem þessi stefna Alþb. og óháðra hefur fengið. Hún er til marks um að okkur hefur tekist að vekja athygli á þeim tillögum sem við höfum fram að færa.

Því miður hefur hæstv. ríkisstjórn sofið þyrnirósarsvefni í atvinnumálum allt þetta kjörtímabil í anda stefnunnar „kemur mér ekki við".

Í málefnum undirstöðugreina eins og sjávarútvegs og landbúnaðar hefur ríkisstjórnin hrakist áfram stefnulaus, og óstarfhæf sökum innbyrðis illinda. Sjálfstfl. hefur farið með bæði þessi mikilvægu atvinnuvegaráðuneyti. Mér segir svo hugur að ráðherra hans í þessum efnum verði seint minnst fyrir frumkvæði og hugmyndaauðgi í þeim efnum.

Svokölluð endurskoðun sjávarútvegsstefnunnar varð að engu í höndum tvíhöfða nefndar ríkisstjórnarinnar og í landbúnaðarmálum hefur ríkisstjórnin verið óstarfhæf vegna stanslausra illdeilna. Það hefur komið fram í skýrslu, sem hæstv. landbrh. gaf við beiðni þingflokks Alþb., að um stórkostlegar vanefndir á búvörusamningnum er að ræða. Landbrh. talaði áðan um að búvörusamningurinn væri erfiður sauðfjárbændum en það er þá varla, hæstv. landbrh., í miklu samræmi við það að svíkja svo bændur ofan í kaupið um hundruð milljóna og milljarða sem til þeirra áttu að renna samkvæmt þeim samningi. En hæstv. ráðherra hefur sjálfur lagt fram skýrslu sem sannar þessar vanefndir upp á hann. Jafnvel svo einfaldur hlutur og að ganga frá framkvæmdaatriðum sem snúa að alþjóðasamningum sem tengjast landbúnaðinum hefur þvælst fyrir ríkisstjórninni allt kjörtímabilið. Þetta er hörmuleg frammistaða í málefnum undirstöðuatvinnugreina landsmanna, sjávarútvegs og landbúnaðar, og ekki von á góðu þegar þvílíkt dugleysi einkennir framgöngu ráðherra stærsta stjórnmálaflokksins í þessum efnum.

En því miður, góðir áheyrendur, verður þessa tímabils einnig minnst fyrir versnandi lífskjör á Íslandi. og fyrir stóraukið misrétti í launa- og skattamálum. Nýframkomin skýrsla um launamun kynjanna segir ljóta sögu um grimmilegt kynbundið launamisrétti. Nýgerðir kjarasamningar duga því miður skammt til að hækka lægstu laun og slá á launamisréttið sem hefur stóraukist hin síðustu ár. Þáttur ríkisstjórnarinnar í þessari samningagerð er allur hinn furðulegasti og felst fyrst og fremst í því að gefa út 4 milljarða víxil án þess að stakt orð fylgi með um það hver á að borga.

Góðir áheyrendur. Alþýðubandalagið hefur í þessum kosningum fengið til liðs við sig öfluga sveit nýrra liðsmanna um land allt og býður fram í samstarfi við óháða, G-lista Alþb. og óháðra um allt land. Á sama tíma og flestir aðrir flokkar ganga klofnir og margklofnir til kosninga og ný klofningsframboð reyna fyrir sér gengur Alþb. heilt og óskipt og öflugra en fyrr til kosningabaráttunnar í samstarfi við nýja liðsmenn. Alþb. er kjölfestan til vinstri í íslenskum stjórnmálum. Framboð Alþb. og óháðra er eina aflið sem vinstri menn og félagshyggjufólk eiga sem hefur styrk til að knýja fram breytingar. Skoðanakannanir sýna um þessar mundir að önnur framboð eiga þar litla möguleika.

Meginverkefni þeirrar kosningabaráttu sem í hönd fer er að fella núverandi hægri stjórn, stjórn atvinnuleysis og stöðnunar. Það má ekki gerast að hún nái fylgi til að sitja áfram. Þá á eftir er mikilvægast að tryggja að unnt sé að mynda raunverulega vinstri stjórn.

Góðir Íslendingar. Við þurfum vor í íslenskum stjórnmálum eftir fjögurra ára vetur atvinnuleysis og hægri hyggju. Við þurfum vor til vinstri.

Sem síðasti ræðumaður þessarar umræðu vil ég leyfa mér að þakka ykkur, áheyrendur góðir, fyrir samveruna. — Góðar stundir.

Útbýting þingskjala:

Atvinnuleysistryggingar, 448. mál, stjfrv. (félmrh.), þskj. 766.

Fjáraukalög 1994, 440. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 753.

Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri, 452. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 770.

Fullvinnsla botnfiskafla, 444. mál, frv. meiri hluta sjútvn., þskj. 761.

Greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks, 447. mál, stjfrv. (félmrh.), þskj. 765.

Jarðalög, 106. mál, nál. landbn., þskj. 746.

Kosningar til Alþingis, 442. mál, frv. GHH o.fl., þskj. 757.

Norðurlandasamningur um baráttu gegn mengun sjávar, 449. mál, stjtill. (utanrrh.), þskj. 767.

Rannsóknarráð Íslands, 136. mál, nál. menntmn., þskj. 763.

Réttur til veiða í efnahagslögsögu Íslands, 264. mál, nál. meiri hluta sjútvn., þskj. 772.

Samningur um verndun mannréttinda og mannfrelsis, 450. mál, stjtill. (utanrrh.), þskj. 768.

Starfsmenntun í atvinnulífinu, 441. mál, skýrsla félmrh., þskj. 754.

Stjórnarskipunarlög, 297. mál, nál. stjórnarskrárnefndar, þskj. 758; brtt. stjórnarskrárnefndar, þskj. 759.

Stjórnarskipunarlög, 451. mál, frv. GHH o.fl., þskj. 769.

Útflutningstryggingaráð, 446. mál, stjfrv. (utanrrh.), þskj. 764.

Úttekt á kjörum fólks er stundar nám fjarri heimabyggð, 132. mál, nál. menntmn., þskj. 751.

Varðveisla arfs húsmæðraskóla, 40. mál, nál. menntmn., þskj. 750.

Vaxtalög, 445. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 762.

Vegáætlun 1995–1998, 308. mál, nál. meiri hluta samgn., þskj. 755; brtt. meiri hluta samgn., þskj. 756.

Vísitala neysluverðs, 443. mál, stjfrv., þskj. 760.

Vörugjald af olíu, 337. mál, brtt. efh.- og viðskn., þskj. 771.

Vörugjald af ökutækjum, 438. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 742.

Fundi slitið kl. 23:32.

---

104. FUNDUR

fimmtudaginn 23. febr.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Vernd svæðislýsinga smárása í hálfleiðurum, stjfrv., 325. mál, þskj. 493. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
2. Mælingareglur skipa, stjfrv., 306. mál, þskj. 420, nál. 701. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
3. Vegalög, stjfrv., 314. mál, þskj. 454, nál. 705. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
4. Lánasjóður sveitarfélaga, stjfrv., 370. mál, þskj. 599. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Félagsþjónusta sveitarfélaga, stjfrv., 401. mál, þskj. 643. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Vatnsveitur sveitarfélaga, stjfrv., 409. mál, þskj. 655. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Flugmálaáætlun 1994–1997, stjtill., 408. mál, þskj. 654. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
8. Vegtenging um utanverðan Hvalfjörð, stjtill., 429. mál, þskj. 700. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
9. Framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum, stjfrv., 430. mál, þskj. 704. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
10. Iðnþróunarsjóður, stjfrv., 426. mál, þskj. 697. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
11. Verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf, stjfrv., 255. mál, þskj. 298. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
12. Gjald af áfengi, stjfrv., 256. mál, þskj. 299. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
13. Kísilgúrverksmiðja við Mývatn, stjfrv., 323. mál, þskj. 491. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
14. Vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar, stjfrv., 324. mál, þskj. 492. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
15. Vernd barna og ungmenna, stjfrv., 197. mál, þskj. 713. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
16. Virðisaukaskattur, stjfrv., 257. mál, þskj. 715. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
17. Samningsgerð, umboð og ógildir löggerningar, stjfrv., 99. mál, þskj. 716. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
18. Verslunaratvinna, stjfrv., 326. mál, þskj. 717. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
19. Almenn hegningarlög, stjfrv., 318. mál, þskj. 718. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
20. Barnalög, stjfrv., 342. mál, þskj. 720. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
21. Bókhald og ársreikningar, frv., 418. mál, þskj. 680. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
22. Viðlagatrygging, stjfrv., 239. mál, þskj. 280, nál. 709, brtt. 710. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
23. Veiting ríkisborgararéttar, stjfrv., 354. mál, þskj. 577, nál. 721, brtt. 722. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
24. Málflytjendur, stjfrv., 89. mál, þskj. 647, brtt. 724. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
25. Ólympískir hnefaleikar, þáltill., 166. mál, þskj. 180, nál. 729. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)

26. Listmenntun á háskólastigi, stjfrv., 277. mál, þskj. 334, nál. 730. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
27. Skoðun kvikmynda, stjfrv., 219. mál, þskj. 253, nál. 731, brtt. 732. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
28. Stjórnarskipunarlög, frv., 451. mál, þskj. 769. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
29. Kosningar til Alþingis, frv., 442. mál, þskj. 757. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
30. Stjórnarskipunarlög, frv., 297. mál, þskj. 389, nál. 758, brtt. 759. — 2. umr.
31. Vátryggingastarfsemi, stjfrv., 402. mál, þskj. 644. — 1. umr.
32. Vog, mál og faggilding, frv., 419. mál, þskj. 683. — 1. umr.
33. Stjórn fiskveiða, frv., 292. mál, þskj. 384. — 1. umr.
34. Einkanúmer á ökutæki, þáltill., 345. mál, þskj. 566. — Fyrri umr.
35. Mat á jarðskjálftahættu og styrkleika mannvirkja á Suðurlandi, þáltill., 346. mál, þskj. 568. — Fyrri umr.
36. Framleiðsla og sala á búvörum, frv., 362. mál, þskj. 588. — 1. umr.
37. Merking þilfarsfiskiskipa, þáltill., 383. mál, þskj. 614. — Fyrri umr.
38. Glasafrjóvgunardeild Landspítalans, þáltill., 387. mál, þskj. 623. — Fyrri umr.
39. Greiðsluaðlögun, frv., 396. mál, þskj. 635. — 1. umr.
40. Menningarráð Íslands, þáltill., 399. mál, þskj. 639. — Fyrri umr.
41. Aðgerðir í landbúnaðarmálum, þáltill., 412. mál, þskj. 661. — Fyrri umr.
42. Menningar- og tómstundastarf fatlaðra, þáltill., 416. mál, þskj. 670. — Fyrri umr.
43. Fyrning skulda og annarra kröfuréttinda, þáltill., 417. mál, þskj. 673. — Fyrri umr.
44. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 437. mál, þskj. 733. — 1. umr.
45. Vísitala neysluverðs, stjfrv., 443. mál, þskj. 760. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
46. Vaxtalög, stjfrv., 445. mál, þskj. 762. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
47. Greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs til fiskvinnslufólks, stjfrv., 447. mál, þskj. 765. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
48. Atvinnuleysistryggingar, stjfrv., 448. mál, þskj. 766. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
49. Grunnskóli, stjfrv., 126. mál, þskj. 131, nál. 666, 674, 675 og 678, brtt. 667, till. til rökst. dagskrár 676. — Frh. 2. umr.
50. Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda, stjfrv., 190. mál, þskj. 212, nál. 726. — 2. umr.
51. Tryggingagjald, stjfrv., 236. mál, þskj. 714, nál. 725. — 3. umr.
52. Refsiákvæði nokkurra skattalaga, stjfrv., 319. mál, þskj. 719, brtt. 738. — 3. umr.
53. Leigubifreiðar, stjfrv., 329. mál, þskj. 499, nál. 734, brtt. 735. — Frh. 2. umr.
54. Fólksflutningar með langferðabifreiðum, stjfrv., 332. mál, þskj. 514, nál. 736. — Frh. 2. umr.
55. Vöruflutningar á landi, stjfrv., 333. mál, þskj. 515, nál. 737. — Frh. 2. umr.
56. Framleiðsla og markaðssetning vistvænna og lífrænna afurða, frv., 398. mál, þskj. 638, nál. 739. — 2. umr.
57. Markaðssetning rekaviðar, þáltill., 53. mál, þskj. 53, nál. 740. — Síðari umr.
58. Útsendingar sjónvarps og útvarps til fiskimiða, þáltill., 172. mál, þskj. 186, nál. 741. — Síðari umr.
59. Náttúruvernd, stjfrv., 123. mál, þskj. 128, nál. 640 og 656, brtt. 641. — Frh. 2. umr.
60. Embættisfærsla umhverfisráðherra, þáltill., 138. mál, þskj. 145, nál. 624 og 649, brtt. 650. — Síðari umr.
61. Samkeppnisstaða innlendrar framleiðslu, þáltill., 56. mál, þskj. 56, nál. 743. — Síðari umr.
62. Jarðalög, stjfrv., 106. mál, þskj. 109, nál. 746. — 2. umr.
63. Endurgreiðsla oftekinna skatta og gjalda, stjfrv., 406. mál, þskj. 652, nál. 747. — 2. umr.
64. Réttur til endurgreiðslu af ofteknum sköttum, stjfrv., 407. mál, þskj. 653, nál. 748. — 2. umr.
65. Varðveisla arfs húsmæðraskóla, þáltill., 40. mál, þskj. 40, nál. 750. — Síðari umr.
66. Úttekt á kjörum fólks er stundar nám fjarri heimabyggð, þáltill., 132. mál, þskj. 138, nál. 751. — Síðari umr.
67. Vegáætlun 1995–1998, stjtill., 308. mál, þskj. 428, nál. 755, brtt. 756. — Síðari umr.
68. Rannsóknarráð Íslands, frv., 136. mál, þskj. 142, nál. 763. — 2. umr.
69. Réttur til veiða í efnahagslögsögu Íslands, frv., 264. mál, þskj. 313, nál. 772. — 2. umr.
70. Vörugjald af ökutækjum, stjfrv., 438. mál, þskj. 742. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
71. Hvalveiðar, stjtill., 420. mál, þskj. 688. — Fyrri umr.
72. Réttur til veiða í efnahagslögsögu Íslands, stjfrv., 404. mál, þskj. 646. — Frh. 1. umr.
73. Umgengni um auðlindir sjávar, stjfrv., 431. mál, þskj. 706. — 1. umr.
74. Áfengislög, stjfrv., 269. mál, þskj. 318. — 1. umr. 75. Staðfesting ákvörðunar EES-nefndarinnar, stjtill., 435. mál, þskj. 727. — Fyrri umr.
76. Norðurlandasamningur um mengun sjávar, stjtill., 449. mál, þskj. 767. — Fyrri umr. *Ef leyft verður.*
77. Samningur um verndun mannréttinda og mannfrelsis, stjtill., 450. mál, þskj. 768. — Fyrri umr. *Ef leyft verður.*
78. Útflutningstryggingaráð, stjfrv., 446. mál, þskj. 764. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
79. Hitaveita Suðurnesja, stjfrv., 427. mál, þskj. 698. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
80. Opinber fjölskyldustefna, stjtill., 422. mál, þskj. 692. — Fyrri umr.

Útbýting þingskjala:

Embætti húsameistara ríkisins, 365. mál, svar forsrh., þskj. 745.

Jafn réttur kvenna og karla til dæmdra bóta. 368. mál, svar félmrh., þskj. 752.

Kostnaður við undirbúning orkufreks iðnaðar. 379. mál, svar iðnrh., þskj. 744.

Afbrigði um dagskrármál.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Áður en gengið er til dagskrár verður leitað afbrigða um nokkur dagskrármál sem of skammt er liðið frá útbýtingu á, 28., 29., 45.–48., 70. og 76.–79. dagskrármál. Ef ekki kom fram athugasemdir um það verður leitað afbrigða um öll þessi dagskrármál í einu.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Afbrigði samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, HÁ, HG, IP, JGS, JónK, KHG, KÁ, KE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SighB, SP, StG, StB, ÞorstP.

31 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, FI, FrS, GE, GJH, GHelg, GunnS, HBl, IBA, JÁ, JE, JóhS, JBH, JHelg, JVK, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PBald, RG, SAÞ, SJS, SvG, TIO, VS, VE, ÖS) fjarstaddur.

Stjórnarskipunarlög, 1. umr.

Frv. GHH o.fl., 451. mál (endurskoðun ríkisreikninga, kjördagur). — Þskj. 769.

[10:39]

Flm. (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til stjórnarskipunarlaga sem samkomulag hefur orðið um að formenn þingflokka flyttu. Mál þetta er ekki efnismikið, í því eru tvær tillögur um breytingar á stjórnarskránni. Hin fyrri er sú að gert er ráð fyrir að embætti eða störf yfirskoðunarmanna ríkisreiknings verði ekki lengur inni í stjórnarskránni heldur verði einungis kveðið á um að endurskoðun á fjárreiðum ríkisins, stofnana þess og ríkisfyrirtækja skuli fara fram á vegum Alþingis og í umboði þess eftir nánari fyrirmælum í lögum.

Ástæða þessarar tillögu er sú að eftir að Ríkisendurskoðun var flutt undir yfirstjórn Alþingis þá eru ákvæði um yfirskoðunarmenn úrelt og ekki ástæða til að hafa þau lengur í stjórnarskránni. Alþingi getur hins vegar að sjálfsögðu skipað með lögum svo til að sérstakir skoðunarmenn verði kjörnir eða falið sérstakri þingnefnd að yfirfara þær endurskoðunarskýrslur sem fram koma. Það er að sjálfsögðu í hendi þingsins á hverjum tíma. Stjórnarskrárákvæðið sjálft er reyndar hálfgerður forngripur og menn eru sammála um að fella það brott úr stjórnarskránni. Hins vegar er gert ráð fyrir því að umboð þeirra yfirskoðunarmanna sem síðast voru kjörnir gildi þar til þeir hafi lokið skoðun sinni á ríkisreikningi ársins 1994.

Hins vegar er hér, virðulegi forseti, ákvæði til bráðabirgða, sem er allt annars eðlis. Ákvæðið gerir ráð fyrir því að lengja megi næsta kjörtímabil um allt að einn mánuð. Er það vegna þess, eins og allir vita, að kjördagur hefur verið að færast fram með hverjum kosningum sem fram hafa farið undanfarin ár, allt frá árinu 1983, og færst þá á æ óhentugri tíma fyrir almenning og stjórnmálaflokka. Tillaga flm. er sú að að næsta kjörtímabili loknu skuli reglulegar alþingiskosningar fara fram annan laugardag í maí 1999, nema Alþingi hafi áður verið rofið. Þessi tillaga er því flutt til þess að koma alþingiskosningum á hentugri árstíma að loknu næsta kjörtímabili. Hygg ég að um þetta mál sé samstaða meðal flestra hér í þinginu.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara frekari orðum um þetta frv., virðulegi forseti, en legg til að því verði vísað til 2. umr. og hv. stjórnarskrárnefndar þingsins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Kosningar til Alþingis, 1. umr.

Frv. GHH o.fl., 442. mál (óbundið þingsæti, kjörskrá o.fl.). — Þskj. 757.

[10:40]

Flm. (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um kosningar til Alþingis, sem eru nr. 80 frá 16. okt. 1987, með síðari breytingum. Flutningsmenn eru auk mín úr öllum þingflokkum, þeir hv. þm. Páll Pétursson, Guðmundur Árni Stefánsson, Ólafur Ragnar Grímsson og Anna Ólafsdóttir Björnsson.

Í frv. þessu er að finna allnokkrar breytingar á gildandi lögum um kosningar til Alþingis. Þó eru hér eingöngu þrjú atriði sem ég tel ástæðu til þess að reifa og gera grein fyrir. Að öðru leyti er hér um að ræða ýmiss konar tæknilegar breytingar og breytingar á ákvæðum sem hafa orðið úrelt eða eiga ekki lengur við með hliðsjón af breyttum lögum og stjórnarskrá að öðru leyti.

Ég vil þá víkja að 2. gr. þessa frv. Sú grein kveður á um það efnislega að jöfnunarsæti milli kjördæma verða níu í stað átta og að svokallaður flakkari bætist við þau átta sem fyrir eru og koma til úthlutunar í kjördæmi fyrir kosningar. Þetta mun hafa þær afleiðingar miðað við þá reiknireglu sem er í b-lið greinarinnar að af þessum níu jöfnunarsætum munu fjögur koma í hlut Reykjaneskjördæmis en fimm í hlut Reykjavíkur. Með öðrum orðum, það sem gerist er „flakkarinn" flyst til Reykjavíkur og tekur sér þar fasta bólsetu.

Þessi tillaga er niðurstaða af starfi nefndar sem fulltrúar allra flokka hafa átt sæti í, þar á meðal allir flutningsmenn þessa frv. Sú nefnd hefur setið að störfum um nokkra hríð og leitað leiða til þess að gera tillögur um jöfnun atkvæðavægis í landinu. Á þessu stigi er ekki gerð frekari tillaga um breytingar í þá átt en það sem kemur fram í þessu frv. og engar tillögur koma að þessu sinni um breytingar á stjórnarskrá í því efni. Hins vegar er það vilji nefndarmanna að því starfi sem

hafið er á hennar vegum verði haldið áfram á nýju kjörtímabili.

Næsta grein sem mig langar til þess að víkja að er 6. gr. Þar er kveðið á um það að frestur til þess að leggja fram kjörskrár styttist úr sjö vikum í þrjár og má segja að það sé í samræmi við tæknibreytingar á þessu sviði hjá Hagstofu Íslands, sem nú þarf mun skemmri tíma til þess að ganga frá kjörskrá heldur en áður var í ljósi þess að lögheimili manna eru nú færð í tölvu og breytingar á þeim eru gerðar um leið og þær eru tilkynntar Hagstofunni en ekki miðaðar við ákveðna dagsetningu á árinu eins og hér var fyrir nokkrum árum. Hins vegar hefur komið fram sú ábending að það getur verið óþægilegt fyrir stjórnmálaflokkana að hafa ekki aðgang að kjörskrám fyrr en þrem vikum fyrir kosningar. Fyrir liggur yfirlýsing af hálfu Hagstofunnar um að hún muni láta stjórnmálaflokkum í té bráðabirgðakjörskrá allt að sjö vikum fyrir kjördag þannig að styttri frestur á ekki að koma að sök í starfi stjórnmálaflokkanna. Að öðru leyti er hér um afar eðlilega breytingu að ræða.

Ég vil þá að endingu, virðulegi forseti, víkja að bráðabirgðaákvæðum frv. Hið fyrra gerir ráð fyrir því að dómsmrn. skuli að lokinni birtingu þessara laga auglýsa úthlutun þingsæta samkvæmt 2. gr., sem ég vék að áðan, og það mun hafa í för með sér að fimm sæti verða í Reykjavík og fjögur í Reykjanesi til viðbótar þeim sætum sem ákveðin eru í stjórnarskrá. Aftur á móti er bráðabirgðaákvæði II annars efnis. Þar er gert ráð fyrir því að dómsmrh. fái heimild í komandi alþingiskosningum til þess að ákveða að kosningin sem ráðgerð er hinn 8. apríl nk. geti staðið í tvo daga, en ákvörðun þessa skuli hæstv. ráðherra birta í Ríkisútvarpinu í síðasta lagi tveim dögum fyrir kjördag. Um þetta eru síðan nánari ákvæði og reglur í þessari tillögu í bráðabirgðaákvæði II. Ástæðulaust er að hafa mörg orð um tilefni þessarar tillögu. Tilefnið er að sjálfsögðu það að í byrjun apríl getur verið allra veðra von á Íslandi og það er eðlilegt að búa sig undir það að ef veður eða ófærð hamla kosningu eða fyrirsjáanlegt að svo verður, þá megi hafa kjördagana tvo. Um þetta eru þingflokkarnir að ég vænti sammála.

Ég vil að endingu leggja til, virðulegi forseti, að máli þessu verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

[10:50]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég hef tekið þátt í því nefndarstarfi sem liggur til grundvallar þessu frv. Við lögðum upp með talsvert mikið prógramm í því nefndarstarfi. Afrakstur inn hér og nú er einungis mjög lítið skref og ekki endanlegt. Því miður náðist ekki niðurstaða í nefndinni sem menn gætu verið sæmilega sáttir við þannig að við búum áfram við núgildandi kosningalög með öllum þeim göllum sem því fylgja. Það er einungis einn annmarki lagaður í þessu frv.

Nú er út af fyrir sig margt hægt að segja ljótt um gildandi kosningalög og ég held að þjóðin sé alveg dauðleið á þeim og við þingmenn reyndar líka og undarlegt að ekki skyldi nást samstaða um að breyta þeim þannig að aðrar talningareglur gætu komið til framkvæmda við kosningar í vor. Það er að vísu einn kostur á þessum kosningalögum og ég vil ekki gera lítið úr honum. Það er jafnvægið sem ríkir þar á milli flokka. Það liggur alveg ljóst fyrir að ríkisstjórn sem styðst við meiri hluta á Alþingi hefur á bak við sig meiri hluta kjósenda, þ.e. meiri hluti þjóðarinnar hefur þá tekið ábyrgð á þeirri ríkisstjórn sem mynduð er að kosningum loknum.

Ég hefði persónulega kosið að talningareglunum væri breytt og ég tel að það sé hægt að gera það án þess að raska þessu jafnvægi á milli flokkanna. Ég tel að það sé í þingflokki framsóknarmanna fullur vilji til að breyta kosningalögunum og fullur vilji til að breyta stjórnarskránni og við höfum verið mjög frjóir í tillögugerð og sett fram a.m.k. þrjár tillögur til breytinga. Engin þeirra náði fram að ganga að sinni, en þær eru til umræðu áfram.

Ég vek athygli á því að ég tel að það sé mjög mikilvægt að auka persónukjör í kosningalögunum þannig að valfrelsi kjósandans verði meira heldur en nú er. Ég vil hins vegar undirstrika það að ég tel að það eigi að vera með jákvæðum hætti, þ.e. að persónukjörið byggist á því að kjósandinn velji þann sem hann óskar eða þá sem hann óskar fremur en að strika út þá sem hann vill ekki hafa. Það er allt annar svipur á því að gera þetta með pósitívum hætti.

Jafnframt vil ég vekja athygli á því að ég tel að í framhaldsstarfi nefndarinnar eða framhaldsstarfi að þessari breytingu, því ég geri ráð fyrir að þessi nefnd hafi lokið störfum, framhaldsstarfið við stjórnarskrárbreytingar á næsta kjörtímabili og breytingar á kosningalögum, þá eigum við að opna í betri gátt fyrir þjóðaratkvæðagreiðslu. Ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðsla er mjög lýðræðislegur háttur á afgreiðslu eða mjög lýðræðislegur háttur að leita álits þjóðarinnar á álitamálum og það tel ég að við eigum að kappkosta að gera í ríkari mæli heldur en við höfum gert.

[10:54]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Virðulegi forseti. Það má til sanns vegar færa að þær breytingar sem hér er gerð tillaga um á gildandi kosningalögum og því kerfi sem við búum við í þeim efnum eru aðeins hænufet í rétta átt. Það lá hins vegar jafnljóst fyrir þegar nefndarstarf hófst sem hv. frsm. gerði grein fyrir, að um allar aðgerðir í þessum efnum yrði að nást víðtæk samstaða milli stjórnmálaflokka á hinu háa Alþingi og niðurstaðan varð sú að eingöngu um þennan þátt málsins náðist þessi samstaða.

Það fer ekki á milli mála að það fyrirkomulag sem við búum við í þessum efnum er með þeim hætti að ekki verður við unað. Ekki einasta er engin sátt um það kerfi hér á hinu háa Alþingi meðal hv. alþingismanna heldur er engin sátt í þjóðfélaginu í heild. Þannig að á leið til aukinna lýðréttinda og lýðræðis þá hygg ég að Alþingi geti ekki undan því vikist margt lengur að taka á þeim málum.

Minn flokkur, Alþfl., hefur ákaflega skýra stefnu í þessu máli. Hann er einhuga um þá stefnu, ég hygg sá einasti stjórnmálaflokkur sem hefur lýst skýrri, klárri

og einfaldri stefnu í þessum efnum og það er að gera landið að einu kjördæmi. Á umliðnum árum hefur þessu viðhorfi, þessu stefnumiði, vaxið fiskur um hrygg og notið aukins stuðnings úti í þjóðfélaginu og innan raða annarra stjórnmálaflokka. Með þessum hætti hygg ég að í einu skrefi yrði jafn réttur fólks til þess að kjósa sér sína þingmenn og um leið er það mín skoðun að þessi leið mundi um margt bæta stjórnkerfið í heild og breidd. Hv. alþm. á löggjafarsamkomu þjóðarinnar yrðu þar með fulltrúar þjóðarinnar í heild en ekki einstakra kjördæma og ég hygg að nálgun ýmissa viðfangsefna mundi þar með fljótlega breytast nokkuð og aukin skynsemi og aukin víðsýni og breidd fengist í umræður og ákvarðanir á hinu háa Alþingi.

Þessu samfara hygg ég hins vegar að nauðsynlegt væri líka að auka til muna valfrelsi kjósenda til þess að velja einstaklinga. Um það er held ég mikill áhugi líka meðal hv. alþm. og brýnt að taka á því máli fljótt. Ég vil ganga talsvert langt í þeim efnum og opna á þann möguleika að fólk, kjósendur, geti valið einstaklinga jafnvel á mörgum framboðslistum á sama tíma. Það fyrirkomulag þekkist erlendis og ég held að við eigum að feta okkur í þá áttina.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að orðlengja þetta, en vildi hins vegar undirstrika það við þessa umræðu hér að stefna Alþfl. er skýr og óbreytt í þessum efnum, en Alþfl. er vitaskuld tilbúinn til þess að taka saman höndum við aðra stjórnmálaflokka um að miða þessum málum þó í rétta átt þó að allt of hægt fari.

[10:59]

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Ég ætla aðeins að taka hér til umræðu þær litlu breytingar sem nú eru gerðar á kosningalögunum. En í þeirri nefnd sem ég átti sæti í, sem fjallaði um þessi mál, hefur að mínu mati verið unnið gott undirbúningsstarf og það liggja fyrir upplýsingar og það liggja fyrir ákveðnar hugmyndir um það á hvern hátt hægt er að breyta í átt til jöfnunar og raunar fleiri en ein hugmynd og ég tel að á þessum grunni verði hægt að byggja mjög góðar tillögur.

Þær hugmyndir sem við kvennalistakonur höfum einkum staldrað við eru hugmyndir um stækkun kjördæma. Við teljum að sá kostur bjóði upp á býsna marga möguleika og hafi þann kost einkum að þar verður hægt að sætta mismunandi sjónarmið. Þetta er ekki hægt að gera án þess að um það náist sátt og á þeim tíma sem við höfðum til ráðstöfunar þá er alveg ljóst að slík sátt hefur ekki náðst og eflaust þurfa slíkar hugmyndir lengri tíma. Þetta er sú hugmynd sem við kvennalistakonur höfum einkum litið til, en jafnframt er ljóst að allir verða að koma að þessu starfi með opnum huga og sérstaklega með það í huga að reyna að ná árangri og að reyna að ná þessum markmiðum án þess að glata því sem við höfum núna, en það er jöfnuður milli flokka.

Ég tel að aðeins með þessu litla skrefi sé alla vega verið að sýna fram á að það er fullur vilji til þess að stíga áfram skref til jöfnunar. Þó þetta skref sé lítið þá er það engu að síður táknrænt fyrir það að þessi mál eru á hreyfingu. Það er ekki kyrrstaða og það er hægt að halda áfram og það hlýtur að vera hægt að halda áfram þannig að sjónarmið sem flestra fái að njóta sín því að þannig verður að standa að slíku máli.

Það er gott ef hægt verður að halda áfram þessu starfi með tiltölulega opnum huga og tiltölulega laus við þær viðjar sem við í rauninni alltaf höfum af nútíðinni og ég vonast til þess að þetta samstarf sem við höfum átt, fulltrúar allra flokka, muni síðan geta haldið áfram með einum eða öðrum hætti og leiða til breytinga sem eru öllum til góðs.

[11:02]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Þingmenn Alþb. og þingflokkur eru aðilar að þessu samkomulagi sem liggur til grundvallar flutningi þessa frv. og er það í samræmi við þá niðurstöðu kosningalaganefndar sem starfaði samkvæmt bréfi eða skipun hæstv. forsrh. að ekki yrði meira að gert að sinni en að gera þær breytingar á kosningalögum sem hér eru fluttar í frumvarpsformi.

Ég vil láta það koma fram að ég gerði í nefndinni þann fyrirvara við þessa niðurstöðu að ég teldi að sú ráðstöfun að færa 63. þingsætið, svonefndan flakkara, inn í hóp uppbótarsæta, samkvæmt 5. gr. laganna, með þeim hætti sem hér er lagt til, væri að því leyti ósanngjörn ráðstöfun að með því væri komið í veg fyrir að stærsta kjördæmi landsbyggðarinnar, Norðurl. e., sem einmitt við þessar kosningar er að missa eitt þingsæti á Reykjanes, færði í raun og veru þá fórn. Og þó ekki sé um það deilt að ríkt þörf sé á og mikil krafa uppi um að jafna vægi atkvæða þannig að fleiri þingsæti komi í hlut Reykjavíkur og Reykjaneskjördæmis þá er það að sama skapi óhagstæð aðferð að láta þá breytingu bitna á því kjördæmi landsbyggðarinnar sem fyrir er með fæst þingsæti miðað við íbúatölu. En ljóst er að Norðurl. e., sem langstærsta kjördæmi landsbyggðarinnar, stendur þar nokkuð sér á báti.

Það hefði því verið æskilegra, hæstv. forseti, ef sambærilegar lagfæringar hefðu mátt ná fram að ganga án þess að þeim fylgi þessi sérstaki annmarki, að um leið væri gengið sérstaklega á rétt þess landsbyggðarkjördæmis sem í raun og veru síst skyldi út frá atkvæðajöfnunarsjónarmiðum. Hefði 63. sætið verið fært inn í b-lið 5. gr. kosningalaganna, án þess að deilitölum b-liðarins væri breytt, hefði þetta sæti lent til Norðurl. e. og það því staðið jafnt að vígi eftir sem áður þrátt fyrir flutning eins sætis við þessar kosningar til Reykjaneskjördæmis. Deiling þessara nýju þingsæta, sem 5. gr. fjallar um, verður þá sú að fimm verða í Reykjavík og fjögur á Reykjanesi og má vissulega færa fram þau sjónarmið og þau rök fyrir þeirri niðurstöðu að með því er smáskref tekið til jöfnunar þingsæta í samræmi við íbúafjölda þar sem hvort kjördæmi fær þá við þessar kosningar eitt viðbótarþingsæti. En á því er þessi ágalli og ég vil láta hann koma hér fram, hæstv. forseti, og ég vil jafnframt að það sé ljóst að ég áskil mér allan rétt til þess að fylgja því máli eftir í frekari vinnu að endurskoðun kosningalaga, að hlutur Norðurl. e. verði þá á nýjan leik lagfærður þannig að ekki halli sérstaklega á það kjördæmi landsbyggðarinnar.

Þá vil ég einnig láta koma fram, hæstv. forseti, að það var mikill áhugi á því af hálfu okkar þingmanna Alþb. að einhver árangur næðist við þessa endurskoðun kosningalaga í þá veru að koma á auknu persónukjöri þannig að fólk gæti í alþingiskosningum haft meiri áhrif á þá einstaklinga sem þar veljast í sæti. Var í nefndinni farið yfir ýmsa möguleika í þeim efnum en engin niðurstaða varð, enda ljóst að þar er um flókið og vandasamt verkefni að ræða, að útfæra með hvaða hætti skuli þá frá því gengið í kosningalögum. Einn möguleiki sem kæmi til greina a.m.k. væri sá að kjósendur og flokkar ættu það val að jafnframt röðuðum listum mætti bjóða fram óraðaða og gætu þá í fyrsta lagi flokkarnir valið um það hvort þeir kysu að ráða uppstillingunni sjálfir og þá með hvaða aðferðum, prófkjörum eða *hefðbundinni uppstillingu*, en þeir ættu líka þann kost samkvæmt kosningalögum að leggja fram óraðaðan lista og síðan ættu þá kjósendurnir einnig sama val. Þetta væri nú sú breyting sem trúlega væri einna einföldust og þyrfti ekki að kalla á í raun og veru neina breytingu á því fyrirkomulagi sem ríkt hefur í þessum efnum aðra en þá að flokkunum stæði til boða þessi möguleiki að bjóða kjósendum upp á að raða listanum í kosningunum.

Þá var einnig mikið rætt í nefndinni um kjördæmamörk og við, fulltrúar Alþb., settum fram það sjónarmið að ekki kæmi til greina að ganga of langt í þeim efnum, að fækka tölu þingmanna í núverandi kjördæmum, þar sem með því væri í raun og veru gengið á þann þátt fulltrúalýðræðisins að sem flestir skoðanahópar gætu átt sína fulltrúa kjörna á löggjafarþinginu frá viðkomandi svæði eða viðkomandi kjördæmi. Og ljóst má vera að yrði til að mynda fjöldi þingmanna í einstökum kjöreiningum eða kjördæmum færður mikið niður úr því sem hann nú er, þ.e. fimm, þá gæti sú staða komið upp að stjórnmálahreyfingar með jafnvel 12–15% kjörfylgi og jafnvel hugsanlega meira, ættu eftir sem áður ekki möguleika á að fá sinn mann kjörinn á þing af viðkomandi svæði og það teljum við vont *fyrirkomulag*. Þess vegna er það okkar niðurstaða að vilji menn vinna málið á þessum grundvelli sé eina leiðin að endurskoða kjördæmaskipanina miðað við þá óbreyttan fjölda þingmanna og þá til einhverrar fækkunar og stækkunar á kjördæmum þannig að eftir sem áður gæti viðunandi *fjöldi fulltrúa* verið *kosinn* á hverjum stað.

Þessi atriði vildi ég taka fram sérstaklega, hæstv. forseti, auk þess sem ljóst er að þetta starf hlýtur að halda áfram eftir því sem vilji manna stendur til þess að vinna þessi mál betur. Ég tel að það starf, þó í skamman tíma hafi staðið, sem unnið var í kosningalaganefndinni, hafi verið ágæt vinna og ágæt yfirferð á málinu og fyrst og fremst ástæða til að harma það og gagnrýna hversu seint það fór af stað og hlýtur það að skrifast á ábyrgð þeirra sem verkinu áttu að stýra, hæstv. forsrh., en eins og kunnugt er þá komst kosningalaganefndin í raun og veru ekki af stað með sín verkefni fyrr en um mánaðamótin nóvember/desember.

Nokkrar aðrar minni háttar lagfæringar er hér verið að gera, hæstv. forseti, sumar sjálfsagðar, eins og þá að láta orðalag sem endurspeglar fyrrum deildaskiptingu Alþingis hverfa.

Þá er hér breyting í 6. gr. sem lýtur að því að kjörskrárframlagning eða endanleg kjörskrá liggur nú fyrir með miklu skemmri fyrirvara en áður var, þ.e. þrem vikum í stað sjö vikum fyrir kjördag, ef ákvæði 6. gr. verða samþykkt. Fyrir þessu eru þau rök að tæknilega er ekkert því til fyrirstöðu í tölvufærðri þjóðskrá eða kjörskrá að hafa útskrift sem kemur þetta seint fram og er þá að sjálfsögðu að því leiti betri og réttari að hún endurspeglar íbúastöðuna í hverju og einu sveitarfélagi nær hinum endanlega kjördegi en áður var. Á móti kemur að þeir sem eru að sinna kosningaundirbúningi hafa ekki endanlega kjörskrá í höndunum fyrr en þrem *vikum fyrir kjördag, sem er miklu skemmri tími* en áður hefur verið og ég vil láta það koma hér skýrt fram að stuðningur okkar við þessa breytingu er á þeim grundvelli að yfirlýsing liggi fyrir um að ekkert sé því til fyrirstöðu að bráðabirgðakjörskrá eða kjörskrárstofnar verði afhentir með sama hætti og áður hefur verið með lengri fyrirvara. Þetta er mjög mikilvægt atriði m.a. vegna utankjörstaðakosningar og Íslendinga sem búsettir eru erlendis sem vilja vita um stöðu sína á kjörskrá og er af þeim sökum mjög mikilvægt að við þetta fyrirheit verði staðið, að mönnum standi til boða fullnægjandi bráðabirgðaútgáfur af kjörskrárstofninum þó hinni endanlegu kjörskrá verði ekki lokað fyrir en þrem vikum fyrir kjördag.

Að síðustu, hæstv. forseti, er svo tekið hér inn samkvæmt tilmælum undirritaðs ákvæði um það að heimilt sé að bæta öðrum kjördegi við þessar kosningar sem fram eiga að fara 8. apríl nk. Það er af þeim augljósu ástæðum að verið er að kjósa hér á útmánuðum, eða síðla vetrar, við aðstæður sem engin trygging er fyrir að geti ekki orðið mjög erfiðar. Má segja að margt teikni til þess eins og tíðarfar og færð hefur verið á þessum vetri að þar gæti orðið um býsna krappan dans að ræða, að heyja kosningabaráttu og koma við kosningum á þessum árstíma og er auðvitað alls ekki heppilegt né æskilegt að sitja uppi með kosningar á miðjum vetri eða síðla vetrar. Líti út fyrir að erfiðleikar geti orðið á kosningum er æskilegt að eiga þann möguleika að bæta við a.m.k. einum kjördegi því það hljóta að aukast *mjög líkurnar á því* að allir *nái* að *nýta sinn* kosningarrétt ef það er gert, auk þess sem að sjálfsögðu má þá ekkert til spara í formi snjómoksturs og annarrar þjónustu til að gera mönnum þetta mögulegt. Þess vegna fagna ég því að þetta ákvæði er þarna fram komið. Einnig því að nú er í *bígerð* að ganga þannig frá málum að við komumst á eðlilegan kjördag að loknum þessum kosningum, þ.e. að við þarnæstu reglulegar kosningar til Alþingis á árinu 1999 verði hægt að kjósa á eðlilegum kjördegi í maímánuði. Það er satt best að segja óviðunandi að búa áfram við þá þróun að kosningarnar færist framar og framar á veturinn og ef svo færi nú til að mynda að næstu kosningar á eftir þessum hefðu að óbreyttu getað orðið um mánaðamótin mars og apríl þá hljóta allir að sjá í hvaða óefni er þar að stefna, að kosningarnar eru að færast inn á harð-

asta veturinn. Því tel ég báðar þessar breytingar nauðsynlegar. Annars vegar þessa á kosningalögum að opna heimild fyrir öðrum kjördegi í kosningunum í apríl nk. og eins hitt að ganga þannig frá málum að þarnæstu kosningar geti orðið á eðlilegum kjördegi.

Hæstv. forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa um þetta öllu fleiri orð. Þetta er að sjálfsögðu ekki sú viðamikla endurskoðun kosningalöggjafar sem ýmsir höfðu gert sér vonir um að gæti orðið, en þetta er það sem tími vannst til að leggja hér til sameiginlega af hálfu flokkanna. Og það er að sjálfsögðu að lokum eitt það allra mikilvægasta í þessum málum öllum, það er að stjórnmálaflokkarnir og samtök í landinu nái góðu samkomulagi um þær grundvallarleikreglur sem notast er við á hverjum tíma í þessum efnum. Fátt er held ég mikilvægara með hverri þjóð heldur en að sæmilegur friður ríki um lögin og þá auðvitað ekki síst grundvallarlöggjöf af því tagi sem kosningalög hverrar þjóðar hljóta að teljast.

[11:15]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Frú forseti. Ég greiddi á sínum tíma atkvæði gegn þeim lögum sem í gildi eru um skiptingu þingsæta í landinu og tel mig því ekki bera á þeim neina ábyrgð. Ég vildi aftur á móti vekja athygli á því að það er eitt atriði í þessum lögum sem minnkar rétt einstaklingsins og það er það ákvæði að það er styttur tíminn til að leggja fram kjörskrá. Hér er því slegið föstu að menn geri aldrei mistök, Hagstofan geri ekki mistök, Hagstofan týni engum manni út af þjóðskrá. Það hefur þó gerst í þessu landi. Spurningin er: Ef maður fær svo stuttan tíma til að kanna það hvort hann sé yfirleitt á kjörskrá nokkurs staðar í landinu hverjir eru hans möguleikar að ná fram rétti sínum? Þeir hafa verið minnkaðir verulega, tíminn þrengdur og afleiðingin getur orðið sú að einhver sitji uppi með það að hann verði hvergi með heimild til að kjósa.

Ég hef aldrei talið stóra hættu á því að þeir dánu færu á kjörstað en allur er varinn góður og frá því er nú tryggilega gengið að þeir skuli strikaðir út. En auðvitað eru menn þá að gera því skóna að það sé hægt að svindla í kosningum á Íslandi og menn geti kosið fyrir aðra. Þá er líka miklu meiri hætta á því, ef menn líta svo á að þetta sé tilfellið, að þá þurfi að setja reglur um að menn mæti með skírteini á kjörstað. Ég vek athygli á þessu vegna þess að í gegnum mína reynslu þá hefur maður séð einstaklinga eiga lögheimili á óbyggðum stöðum, þ.e. lóðum sem ekkert hús stendur á og allt þar fram eftir götunum. Mér er til efs að sú stytting sem hér er þökkuð tölvutækninni sé þess vegna til bóta varðandi framlagningu kjörskrárinnar.

Hér hefur verið vikið að öðru atriði og það er auknu lýðræði. Þeir sem kasta því fram eru vafalaust með ákveðnar skoðanir á því hvað lýðræði er. Ég tel að mesti skorturinn á lýðræði í þessu landi sé sá að þjóðin fær ekki að velja sinn forsrh. Íslenska þjóðin hefur ekki þau mannréttindi að hún megi velja sinn forsrh. Það eru hrossakaup annaðhvort á bak við lokaðar dyr eða í gönguferðum úti í eyjum eða annars staðar sem ráða slíku. Og hvaða sanngirni er í því að svipta þjóðina réttinum til að velja sér forsrh.? Er það ekki viðurkennt af öllum sem hér eru að hann sé valdamesti maður landsins á meðan hann starfar? Af hverju á íslenska þjóðin ekki að fá að ráða því hver fer með það vald? Það er vegna þess að okkur var einu sinni færð stjórnarskrá samin að danskri fyrirmynd þar sem enginn gerði ráð fyrir öðru en að konungur skyldi hafður upp á punt sem æðsti maður þess ríkis og forsrh. kæmi svo næstur honum, en þó í reynd sá sem völdin hefði.

Mesta lýðræðisbreytingin sem hægt væri að framkvæma í þessu landi væri að láta kjósa forseta lýðveldisins og afhenda honum full völd, þau sem í dag eru hjá forsrh. Þá fengi þjóðin í reynd það vald sem hún hefur viljað fá. Ég hef heyrt hina hörðustu sjálfstæðismenn segja: Við kusum aldrei þessa ríkisstjórn. Og ég hef heyrt hörðustu alþýðuflokksmenn segja: Við kusum aldrei þessa ríkisstjórn. Hvaða lýðræði er þá í því að það kerfi sé við lýði að alþýða Íslands fái ekki að velja þann sem stjórnar landinu? Svo tala sömu menn um það að þeirra tillaga sé að gera landið að einu kjördæmi. Ég hygg að það hefði verið betra fyrir Ísland ef við hefðum sótt fyrirmyndina um stjórnarskrá til þess lands sem braust sem nýlenda fyrst allra landa undan nýlenduveldi Breta og stofnaði lýðfrjálst ríki. Og þaðan hafa menn í vaxandi mæli verið að sækja fyrirmyndirnar í því í hverju lýðræði eigi að vera fólgið, m.a. jafnræði þegnanna, sem nú verður trúlega staðfest í stjórnarskránni í fyrsta skipti á Íslandi.

Ég vil gjarnan við þetta tækifæri rifja það upp að þegar Ísland tapaði sjálfstæði sínu þá var Ísland sambandslýðveldi. Þjóðveldið var sambandslýðveldi. Það var lýðveldi hinna fornu fjórðunga og það hefði engu gilt þó ákveðið magn Sunnlendinga hefði skrifað undir og uppfyllt þann fjölda sem þurfti til þess að við afsöluðum okkur frelsinu, þá hefði aðeins Sunnlendingafjórðungur tilheyrt Noregskonungi, ekki hinir fjórðungarnir. Þessu sjálfstæði hefur aldrei verið skilað aftur. Hér utan á þinghúsinu eru merkin og táknin um þetta forna þjóðveldi, lýðveldi hinna fornu fjórðunga. Ef menn eru reiðubúnir að samþykkja að þessu verði skilað aftur þá eru menn í reynd búnir að viðurkenna að það er hálfhlálegt að annars vegar skuli vera um sveitarfélög að ræða sem fá um 20% af skatttekjum landsmanna og hins vegar sé um að ræða ríkisvald sem hefur um 80% skattteknanna undir sínum höndum.

Menn ræða þetta sjaldan á þessum grunni og sumir hafa nú sennilega ekki lesið söguna nóg til að vita þetta. En hvað um það. Nú leggja menn til í orðræðum að landið verði gert að einu kjördæmi. Hvers vegna skyldi það vera? Það er vegna þess að ef við tækjum okkur til og fækkuðum þingmönnum í 40 og létum svo jafnmarga menn vera á bak við hvert þingsæti í hverju kjördæmi þá eru til kjördæmi í landinu sem fengju engan þingmann. Svo einfalt er það mál. Mér finnst það því bera vissan vott um hugleysi að halda því fram að það eigi að hafa hér eitt kjördæmi. Væri þá ekki nær að menn þyrðu að segja að það yrði að sameina kjördæmamörk og fjórðungsmörk í landinu? Væri þá ekki nær að menn þyrðu að segja það? Hvenær skyldi Breiðafirði hafa verið gerð önnur eins bölvun og þeg-

ar hann var klofinn í tvennt? Sterkasta vígið sem til var á Íslandi á dögum Jóns Sigurðssonar, efnahagslega séð, hefur verið í hnignun síðan, hlutfallslega, miðað við önnur svæði. Hvenær skyldu menn hafa trúað því að svo færi að Tröllaskagi yrði meiri andleg hindrun á Norðurlandi eftir að bílvegur kom á en hann var meðan enginn bílvegur var yfir Tröllaskaga? Nú tala menn um Norðurland vestra og Norðurland eystra og það kólnar stöðugt á milli kjördæmanna. (**SJS:** Það var annað á dögum Jóns Arasonar.) Það var eitt Norðurland þegar Davíð frá Fagraskógi talaði um „Þei, þei, nú slær klukkan á Norðurlandi tólf." Hann tók það ekki fram hvort það væri á Norðurlandi eystra eða á Norðurlandi vestra.

Það liggur ljóst fyrir að þessi kjördæmaskipan hefur stórskaðað alla hina fornu fjórðunga nema Austurland. Og ef við ætlum ekki að halda áfram að byggja upp þessi nýju deilumörk í landinu þá eigum við þegar næst verður breytt að hafa þrek til þess að láta fjórðungamörkin ráða. Þetta segi ég hér vegna þess að þeir sem í dag standa upp og segja: Við viljum að landið verði eitt kjördæmi, þeir gera sér nefnilega grein fyrir því að þeir eru að leggja niður önnur kjördæmi. Þeir eru að leggja niður önnur kjördæmi.

Ef við skoðum svo hvaða þróun hefur orðið í hinum einstöku kjördæmum í framboðsmálum þá er hún stórmerkileg. Þéttbýlustu staðirnir hafa fengið hér um bil alla þingmennina. Þannig hefur Akranes t.d. orðið *sá staður sem fær þingmennina á Vesturlandi.* Skyldi það vera tilviljun? Þannig er það Ísafjarðarsvæðið sem fær þingmennina að mestu leyti á Vestfjörðum. Hvað skyldi svo gerast ef landið yrði eitt kjördæmi? Hvaðan skyldu þeir þá flestir koma? Þyrði nokkur flokkur að bjóða fram mann í efsta sæti nema hann væri úr Reykjavík? Reykvíkingar eru hvorki betri menn né verri en aðrir í landinu. (**Gripið fram í:** Nema kannski betri.) Nema kannski betri segir hér einn ágætur fulltrúi sjómanna í salnum. Það skal ekki dregið í efa að hann getur haft þá skoðun. Ég tel þá hvorki betri né verri. Og ég mun aldrei skorast undan að viðurkenna þá ábyrgð að það var Jón Sigurðsson, þingmaður Ísafjarðarsýslu sem stefndi fastast að því að byggja upp þennan höfuðstað Íslands og hann lagði til að hann yrði á mörkum Vestfirðingafjórðungs hins forna og Sunnlendingafjórðungs, en þó í Sunnlendingafjórðungi þeim megin við Hvalfjörð.

Ég veit að Alþingi Íslendinga situr á tímasprengju í þessum efnum. Núverandi kerfi mun ekki halda velli, menn munu breyta. En ég trúi því ekki að svo skipist veður í lofti að menn gleymi því að til þess að til sé fullvalda þjóð þarf tvennt að vera til staðar. Það dugar ekki bara að þjóðin sé til staðar, það verður líka að vera til land. Þetta tvennt þarf að vera til staðar. Og þeir sem gleyma öðru atriðinu en muna bara eftir hinu eru að mínu viti ekki nægilega viðsýnir gæslumenn þeirra hagsmuna sem hér þurfa að vera.

Flest borgríki sögunnar hafa því miður lagst undir lok, sé það skoðað. Flest borgríki sögunnar hafa lagst undir lok. Hjá þeim sem vilja í dag afnema fullveldi þjóðarinnar og ganga inn í ríkjasamband Evrópu, sem jafnt og þétt reynir að þróa með sér sambandslýðveldi þar sem forsetinn er ráðinn en ekki kosinn, þeir geta hugsað eins og fulltrúi Alþfl. sem talaði hér. En sjálfstæðismenn þessa lands, í hvaða flokki sem þeir eru, sem vilja sjálfstætt Ísland um ókomin ár, þeir verða að varast þær hættur sem felast í því að gleyma hvaða veikleiki hefur orðið til að fella lönd og þjóðir. Flestar þjóðir falla innan frá þegar það er skoðað. Og það skorti ekkert á ágæti þeirrar stjórnarskrár sem Weimarlýðveldið bjó við. Sumir sögðu að það væri besta stjórnarskrá í heimi. Ég trúi því nú samt að þar sem þinghefðirnar eru elstar þar eigi að leita fyrirmyndanna. Og ég trúi því að við eigum að sýna hinum fornu þingstöðum þá virðingu að við munum eftir þeim og ég vona að þegar nýtt Alþingishús verði byggt þá verði það byggt upp við Elliðavatn, í nágrenni við elsta þing þjóðarinnar, Kjalarnesþing hið forna. Það er og líka í fyrirsjáanlegri framtíð miðja höfuðborgarsvæðisins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stjórnarskipunarlög, 2. umr.

Frv. GHH o.fl., 297. mál (mannréttindaákvæði). — Þskj. 389, nál. 758, brtt. 759.

[11:35]

Frsm. stjórnarskrárnefndar (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir áliti stjórnarskrárnefndar sem haft hefur til meðferðar það frv. sem nú er komið á dagskrá. Frv. á sér þann aðdraganda að Alþingi ákvað á hátíðarfundi sínum á Þingvöllum hinn 17. júní sl. að stefnt skyldi að því að ljúka endurskoðun VII. kafla stjórnarskrárinnar á því kjörtímabili sem nú er að ljúka, þ.e. fyrir næstu reglulegar alþingiskosningar.

Framhald málsins varð svo það að hér var lagt fram í desember það frv. sem nú er komið úr nefnd og hefur stjórnarskrárnefnd þingsins unnið að því undanfarnar vikur að yfirfara málið og kalla eftir umsögnum, ábendingum og athugasemdum. Nefndin hefur haldið um þetta mál marga fundi, fengið margar umsagnir, álit og greinargerðir og niðurstaða þessa verks eru þær brtt. sem fram eru komnar af hálfu nefndarinnar og það nál. sem ég mæli nú fyrir.

Hér er um að ræða frv. um einhver mikilvægustu ákvæðin sem er að finna í okkar grundvallarlögum, sjálfri stjórnarskránni. Því er að sjálfsögðu mikilvægt að vanda vel til verksins og ég tel að það hafi verið gert, bæði á undirbúningsstigi málsins sem og í þingnefndinni. Hins vegar er það ekki óeðlilegt að mjög margir aðilar í þjóðfélaginu hafi látið þetta mál til sín taka, haft á því skoðanir og látið þær koma fram opinberlega. Ég tel að þó að umræðan um þessi mál, þetta frv. og greinarnar í því, hafi á köflum verið býsna harkaleg á hinum opinbera vettvangi þá hafi hún í heild sinni verið gagnleg og vakið menn til umhugsunar um þau réttindi sem hér eru til umfjöllunar og um einstakar greinar í þessu frv., og jafnframt vakið at-

hygli nefndarmanna á ákveðnum þáttum sem hugsanlega hefðu mátt betur fara í upphaflegu frv. Það er einmitt tilgangurinn þegar verið er að óska eftir umsögnum og áliti sérfræðinga og almennings að þingnefndir meti þær síðan málefnalega og taki afstöðu til hugmynda sem upp hafa komið.

Ég vil áður en ég kem að brtt. sem fyrir liggja nota tækifærið og þakka meðnefndarmönnum mínum í þessari nefnd fyrir ljómandi gott samstarf sem hefur endað með því að við gerum hér sameiginlegar brtt. og skilum sameiginlega nál., allir níu þingmennirnir í nefndinni. Auk þess er rétt að geta þess að fyrir utan þá nefndarmenn sem undirrita nál. átti Jóhanna Sigurðardóttir áheyrnaraðild að nefndinni og sat nokkra fundi hennar.

Virðulegi forseti. Ég tel rétt að gera nokkra grein fyrir þeim brtt. sem nefndin hefur orðið ásátt um að flytja og fara um þær nokkrum orðum. Að öðru leyti vil ég vísa til nál. sjálfs en í því er svarað ýmsum gagnrýnisatriðum sem fram hafa komið í hinni almennu umfjöllun um málið og sé ég ekki ástæðu til þess að endurtaka þau atriði hér eða lesa nál. sem er býsna langt og talar fyrir sig sjálft.

Ég vil þá koma að fyrstu brtt., virðulegur forseti, sem lýtur að 1. gr. frv., og varðar trúfrelsið, en þar segir nú í frv. að landsmenn eigi rétt á að stofna trúfélög o.s.frv. Nefndin leggur til að í stað orðsins „landsmenn" komi orðið „allir" til þess að taka af vafa um það að hver sá sem hér á löglega búsetu, íslenskur maður eða erlendur, eigi þennan rétt til að stofna trúfélög og iðka trú sína í samræmi við sannfæringu hvers og eins.

Við 2. gr. er gerð tillaga um lítils háttar breytingu. Þar er gerð tillaga um að í stað þess að tala um „þegnskyldu" í ákvæðinu sé talað um „almenna þegnskyldu". Hér er ekki um neina efnisbreytingu að ræða, en málið snýst um það að enginn megi neins í missa af borgaralegum og þjóðlegum réttindum fyrir sakir trúarbragða sinna, né heldur skorast undan því sem við viljum kalla í þessari brtt. „almennri þegnskyldu". Ákvæðið er sem sagt um að menn geti ekki borið fyrir sig trúarbrögð sín þegar um er að ræða þegnskyldu af þeim toga sem hér er verið að fjalla um, en eins og rakið er í grg. með frv. á þetta við þegar menn eru kallaðir til starfa í kjörstjórnum, sem meðdómendur og hugsanlega einnig í barnaverndarnefndum. Fleiri slík dæmi mætti eflaust tína til.

Í sambandi við 2. gr. vil ég nefna að nefndin ræddi þann möguleika, eins og ég gat um í framsöguræðu með þessu frv. þann 19. des. sl., hvort rétt væri að breyta ákvæðinu um það hvert gjöld manna, sem standa utan trúfélaga og þeir greiða í stað þess að greiða til trúfélags, skyldu renna. Nefndin varð ásátt um að hrófla ekki við því ákvæði sem er í gildi í núverandi stjórnarskrá og sömuleiðis í þessu frv., en það er á þann veg að slík gjöld renna til Háskóla Íslands. En ákvæðinu um að breyta megi því með lögum er haldið inni eftir sem áður.

Í 3. gr. frv. er að finna hina almennu jafnræðisreglu, sem er mikilvægt nýmæli í frv. Hún er þannig í frv. að allir skuli vera jafnir fyrir lögum án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti.

Þrátt fyrir ábendingar sá nefndin ekki ástæðu til að leggja til að þessi upptalning verði lengd, en vísar til orðanna „og stöðu að öðru leyti" í því sambandi og telur að með þessari grein, eins og hún er nú orðuð, sé fortakslaust bannað að mismuna fólki. Hins vegar leggur nefndin til að inn í þessa grein komi orðin „og njóta mannréttinda" þannig að greinin hljóði nú þannig að allir skuli vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða o.s.frv. Er það í samræmi við tillögu stjórnarskrárnefndar frá 5. apríl sl., en hefur að dómi nefndarmanna að vísu ekki mikla efnisþýðingu, enda hefur það verið okkar skilningur og flm. að í upphaflega orðalaginu fælist að sjálfsögðu að menn ættu að njóta þeirra mannréttinda sem allir njóta hér á Íslandi á grundvelli jafnræðisreglunnar. En til frekari áréttingar og til að koma til móts við ábendingar um þetta leggur nefndin til að þessum orðum verði skotið inn í.

Þá er rétt að geta þess í sambandi við þessa grein að nefndinni bárust margvíslegar ábendingar um það að rétt væri að taka frekar af skarið um jafnrétti kynjanna á Íslandi og nefndinni bárust beinar brtt. um það efni þar sem gert er ráð fyrir því að á stjórnvöld verði lögð sú skylda að grípa í taumana ef einhver misbrestur verður á því að jafnrétti náist milli karla og kvenna. Af þessu tilefni urðu að sjálfsögðu miklar umræður í nefndinni um það með hvaða hætti unnt væri að koma til móts við slík sjónarmið ef það væri á annað borð réttlætanlegt. Niðurstaðan í þeim umræðum liggur fyrir í brtt. nefndarinnar um að við þessa grein verði bætt nýrri málsgrein, svohljóðandi:

„Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna."

Þetta eru mjög sterk fyrirmæli um það að konur og karlar skuli njóta jafnréttis í landinu. Auðvitað er ljóst að slík fyrirmæli hljóta á hverjum tíma að sæta túlkun, bæði löggjafans og dómstóla, en af hálfu flm. þessarar brtt., þ.e. nefndarinnar, er lögð áhersla á að hún er hugsuð til frekari áréttingar því sem reyndar kemur fram í 1. mgr. um að allir skuli vera jafnir fyrir lögum óháð kynferði. Hún er hugsuð til frekari áréttingar á því og til þess að veita frekari viðspyrnu þar sem á kann að vera misbrestur gagnvart þessu jafnrétti og þar sem aðilar þurfa að sækja sinn rétt til slíks jafnréttis á einhverjum tilteknum sviðum þjóðlífsins.

Við höfum rætt það mjög mikið og það kemur fram í nál. hvort í þessu orðalagi felist það að svokölluð jákvæð mismunun megi eiga sér stað og ég vil leyfa mér að vitna til þess sem segir í nál. um það efni, með leyfi forseta:

„Hvað varðar svonefnda „jákvæða mismunun" telur nefndin að það gæti verið réttlætanlegt að gera ákveðnum hópum hærra undir höfði en öðrum með það að markmiði að rétta skertan hlut þeirra. Er nú þegar dæmi um slíkt í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna. Nefndin álítur að í jafnræðisreglunni

felist þessi heimild ef beiting hennar byggist á málefnalegum forsendum."

Kem ég þá að 4. brtt. nefndarinnar, en hún er við 6. gr. frv. Það eru ekki gerðar tillögur um að breyta orðalagi í 4. eða 5. gr. frv. Aftur á móti er við 6. gr. lagt til að vikið sé sérstaklega að pyndingum, en greinin fjallar um það að engan megi beita ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu. Nefndin telur að vísu augljóst að fáar refsingar eða ill meðferð séu jafnómannúðlegar eða vanvirðandi eins og pyndingar, en til að taka af allan vafa og koma til móts við ábendingar og jafnframt hafa þetta orðalag með þeim hætti sem það hefur tíðkast í alþjóðlegum sáttmálum þá er lagt til að orðalagið á þessari grein verði svohljóðandi:

„Engan má beita pyndingum né annarri ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu."

5. brtt. nefndarinnar lýtur að 7. gr. frv. Þar er eingöngu um að ræða lítils háttar orðalagsbreytingu. Bætt er inn orðum til frekari skýringar. Lagt er bann við afturvirkni refsinga og ákvæðið hljóðar svo í 7. gr. frv., með leyfi forseta:

„Engum verður gert að sæta refsingu nema hann hafi gerst sekur um háttsemi sem var refsiverð á þeim tíma samkvæmt lögum eða má fullkomlega jafna til slíkrar háttsemi."

Þetta er sá málsliður í fyrri mgr. sem skiptir máli hér. Lagt er til að orðalaginu verði að hluta til snúið við og talað um háttsemi sem var refsiverð samkvæmt lögum á þeim tíma — og bætt inn í orðunum „þegar hún átti sér stað" til þess að taka af öll tvímæli. Fleira er ekki um þá brtt. að segja.

6. brtt. nefndarinnar er við 8. gr. frv. Þar er skotið inn í greinina samkvæmt ábendingum þeirri hugsun að menn skuli njóta réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómstólum. Auðvitað má segja sem svo að það liggi í hlutarins eðli þegar dómstólar dæma eftir lögum, eins og kveðið er á um í V. kafla stjórnarskrárinnar, að menn njóti réttlátrar málsmeðferðar og sömuleiðis er kveðið á um að það gerist innan hæfilegs tíma. En það þótti ekki ástæða til þess að leggjast gegn breytingu í þessu efni. Þess vegna kveður greinin nú á um það að öllum beri réttur til að fá úrlausn um réttindi sín og skyldur eða um ákæru á hendur sér um refsiverða háttsemi með réttlátri málsmeðferð innan hæfilegs tíma fyrir óháðum og óhlutdrægum dómstóli.

7. brtt. er við 9. gr. frv., sem fjallar um friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu og kveður á um nauðsyn þess að fyrir liggi dómsúrskurður eða sérstök lagaheimild þegar gerð er líkamsrannsókn eða leit á manni, leit í húsakynnum manns eða í munum hans. Í greininni segir jafnframt að það sama eigi við um rannsókn á skjölum og póstsendingum svo og hvers konar sambærilega skerðingu á einkalífi manns. Ýmsir þeir sem nefndin ráðfærði sig við töldu að rétt væri að bæta inn í þessa upptalningu þar sem talað er um skjöl og póstsendingar ítarlegri ákvæðum sem lúta að nútímalegri samskiptaháttum. Þess vegna hefur nefndin ákveðið að leggja til að á eftir orðinu póstsendingum komi: símtölum og öðrum fjarskiptum, og á það þá jafnt við um tölvufjarskipti, tölvusamskipti og önnur samskipti sem nú tíðkast eins og myndsíma, telex-þjónustu og annað þess háttar. Jafnframt er svo tekið fram eins og áður að þetta eigi við um hvers konar sambærilega skerðingu aðra á einkalífi manns þannig að hvaðeina annað sem getur raskað friðhelgi manna með þessum hætti er sett undir sömu sök.

Í nál. kemur síðan fram að með fjarskiptum er átt við svokölluð lokuð fjarskipti sem fara fram í lokuðu fjarskiptakerfi eða fjarskiptaneti en ekki fjarskipti sem eru í eðli sínu opin og aðrir eiga aðgang að heldur en þeir sem eru beinir þátttakendur í þeim samskiptum.

Jafnframt er í þessari grein, virðulegi forseti, í síðustu málsgrein, hnykkt á því að til þess að rjúfa megi friðhelgi einkalífs, heimilis eða fjölskyldu vegna réttinda annarra skuli það ekki eingöngu vera nauðsynlegt heldur skuli brýna nauðsyn bera til. Þetta er vegna þess að menn vilja standa fast á friðhelgi einkalífsins og heimilisins þó að menn geri sér grein fyrir því að það kunni að vera nauðsynlegt að hafa sérstakar heimildir til þess að rjúfa friðhelgina ef það er nauðsynlegt vegna réttinda annarra. Eins og fram kom við 1. umr. málsins er þar ekki síst verið að hugsa um heimilisofbeldi af einhverju tagi þar sem nauðsynlegt er að koma í veg fyrir að menn noti friðhelgi heimilisins sem skálkaskjól fyrir ofbeldi á til að mynda börnum eða konum. Þetta er nauðsynlegt ákvæði í frv. að okkar mati en við töldum rétt að kveða á um að það mætti ekki takmarka friðhelgina nema brýna nauðsyn bæri til.

Kem ég þá að 8. brtt. nefndarinnar sem er við 10. gr. frv. Þar er eingöngu gerð sú breyting við síðari efnismgr. að í stað þess að tala um að takmarka megi rétt annarra en íslenskra ríkisborgara til að eignast fasteignaréttindi eða hlut í atvinnufyrirtæki hér á landi er nú talað um að takmarka megi rétt erlendra aðila til að eiga fasteignaréttindi eða hlut í atvinnufyrirtæki hér á landi. Hér er um tvenns konar breytingar að ræða. Annars vegar er ekki lengur talað um „aðra en íslenska ríkisborgara" heldur er talað um „erlenda aðila" og er það til að taka af allan vafa um að þetta verði ekki eingöngu túlkað sem takmörkun á möguleikum erlendra einstaklinga heldur sömuleiðis lögaðila eins og þetta er frekar skýrt í nál.

Hin breytingin er sú að í stað orðsins „eignast" kemur orðið „eiga" og er það til samræmis við núgildandi stjórnarskrárákvæði og var að athuguðu máli í nefndinni talið rétt að fallast á ábendingar um þetta enda ekki talinn grundvallarmunur á sögninni að eignast eða sögninni að eiga í þessu samhengi þó vissulega megi færa fyrir því rök að þær hafi ekki sömu merkingu þó að þær séu samstofna.

Þá kem ég að 9. brtt. sem er við 11. gr. frv. Greinin hefur sætt mikilli gagnrýni úti í þjóðfélaginu og sannarlega mestri gagnrýni allra greina frv. og hefur gefið mönnum tilefni til margs konar stóryrða eins og kunnugt er, bæði í garð málsins og í garð flm. þess. Mig langar til þess að fara um þetta nokkrum orðum vegna þess að hér er um að ræða hið mikilvæga tjáningarfrelsi sem að sjálfsögðu er grundvallaratriði í sérhverju lýðræðisríki. Við erum að tala um það í þessari málsgrein að útvíkka ákvæði gömlu stjórnarskrár-

innar um prentfrelsið og láta það ná til alls tjáningarfrelsis í samræmi við þá nútímalegu fjölmiðlatækni sem við þekkjum í dag en ekki þekktist árið 1874. Það er það fyrsta sem reynt er að vekja athygli á í þessari grein.

Í öðru lagi er vikið að því að ritskoðun og aðrar sambærilegar tálmanir á tjáningarfrelsi megi aldrei í lög leiða. Þarna er líka nýmæli og ítrekað að það er ekki bara ritskoðun á prentuðu máli sem átt er við heldur aðrar sambærilegar tálmanir á tjáningarfrelsi og slíkt megi aldrei í lög leiða. Þetta er grundvallaratriðið í þessari málsgrein og grundvallaratriði auðvitað í sambandi við vernd tjáningarfrelsisins og hefur engum dottið í hug að skerða, hvorki flm. né nefndarmönnum. Þó hafa komið fram í umfjöllun um málið hvers kyns ásakanir í þessa átt og ljóst að ýmsir sem hafa tjáð sig um þessi atriði hafa ekki verið fullkomlega með á nótunum um þær reglur sem gilda um þetta og hafa gilt. Kannski er ákveðinn misskilningur í málinu í hinni almennu umræðu. Það eru í gildi heilmiklar takmarkanir á tjáningarfrelsi nú þegar. Þær hafa hins vegar verið háðar frjálsu mati löggjafans. Á hinn bóginn er það ekki síst viðfangsefni stjórnarskrár að hefta löggjafann, koma í veg fyrir að löggjafinn fari yfir strikið gagnvart hinum almennu borgurum og þess vegna var það niðurstaðan um þetta ákvæði að tilgreina í stjórnarskránni við hvaða tækifæri og af hvaða tilefni löggjafinn mætti setja tjáningarfrelsinu skorður í stað þess að hafa það opið og eingöngu í valdi löggjafans á hverjum tíma. Þetta var meginhugsunin í sambandi við þetta ákvæði og hina 3. efnismgr. 11. gr. frv.

Við þekkjum vel hvernig takmörkunum á tjáningarfrelsinu er háttað í dag. Ég þarf ekki annað en að vekja athygli á tveimur þingmálum sem eru til meðferðar í Alþingi til þess að menn átti sig á því að það gilda ýmsar slíkar takmarkanir. Í gær var hér til umfjöllunar frv. um ofbeldiskvikmyndir þar sem gert er ráð fyrir takmörkunum á sýningum á slíkum myndum en vissulega er slík takmörkun eða bann við slíku jafnframt skerðing á tjáningarfrelsi þeirra sem framleiða eða vilja sýna slíkar myndir.

Annað frv. sem er til meðferðar í Alþingi um þessar mundir er frv. um tóbaksvarnir. Í því er skýrt kveðið á um, eins og er í gildandi lögum, að það er bannað að auglýsa tóbak. Það er að sjálfsögðu skerðing á tjáningarfrelsi þeirra sem það kynnu að vilja gera. Eigi að síður hefur það tíðkast og er gert á grundvelli lagaheimilda sem engu að síður hafa ekki á bak við sig ákveðna stoð í núverandi stjórnarskrá. Hefur það þó eigi að síður verið talið standast.

Það sem var verið að leggja til í frv. eins og það var upphaflega var að það yrði tekið fram við hvaða aðstæður takmarkanir sem þessar væru heimilar. En svo er að sjálfsögðu um að ræða takmarkanir á því hvað hægt er að segja um annað fólk, hvaða upplýsingar er hægt að láta í té um einkahagi þess eða hvaða orð er hægt að láta falla um æru þess eða mannorð. Sama er að segja um meðferð ýmissa opinberra upplýsinga sem varða öryggi ríkisins eða allsherjarreglu.

Ég hygg að eftir að þessi umræða hefur verið í gangi í þjóðfélaginu allan þennan tíma þá séu þessi atriði öllum orðin fullljós og hvernig þetta mál er vaxið. Enda er það þannig að gagnrýnin beindist að lokum ekki að því að þessar skorður væru settar heldur hvernig málsgreinin sem að þessu víkur væri orðuð. Sú tillaga hefur komið fram frá ýmsum aðilum að orðalagið sem er að finna í mannréttindasáttmála Evrópu verði tekið beint upp í þessa grein en sá sáttmáli var að sjálfsögðu hafður til viðmiðunar og fyrirmyndar um mörg ákvæði í frv., þar með talið þetta. Í sáttmálanum segir, í 10. gr. ef ég man rétt, að þær skorður sem settar eru við tjáningarfrelsi þurfi að vera nauðsynlegar í lýðræðislegu þjóðfélagi og við höfum fengið ábendingar um að rétt væri að setja slíkt orðalag hér inn, ýmist lýðræðislegu þjóðfélagi eða lýðfrjálsu ríki, eins og það heitir í annarri þýðingu.

Við höfum velt þessu mikið fyrir okkur í þingnefndinni og hugsað mikið um það með hvaða hætti unnt væri að koma til móts við þessi sjónarmið en höfum ekki talið að það væri eðlilegt að taka upp á þessum eina stað í stjórnarskránni einhverja tilvísun sem kvæði upp úr með það að þessi regla þyrfti að vera vegna þess að Ísland væri lýðræðislegt ríki. Það má ekki gleyma því að sá kafli sem er til umfjöllunar er hluti af stjórnarskránni í heild sinni. Hún kveður á um okkar lýðræðislegu vinnubrögð og reglur í hinu lýðfrjálsa ríki, Íslandi. Á því leikur að sjálfsögðu ekki vafi að Ísland er lýðfrjálst ríki samkvæmt öllum hefðbundnum skilgreiningum þar að lútandi og það er ankannalegt að taka slíka tilvísun inn í eina grein frv. á þessum stað. Það var okkar mat að ekki væri eðlilegt að gera það. Hins vegar varð niðurstaðan sú að leggja til að tjáningarfrelsinu mætti aðeins setja skorður með lögum, að sjálfsögðu, í þágu þeirra atriða sem áður voru upp talin í frv., þ.e. allsherjarreglu eða öryggis ríkisins, til verndar heilsu eða siðgæði manna eða vegna réttinda eða mannorðs annarra enda teljist þær, þ.e. skorðurnar, nauðsynlegar og samrýmist lýðræðishefðum. Þá erum við að vitna til þeirra lýðræðislegu hefða sem gilda til að mynda í opinberum umræðum og öðru þess háttar.

Ég tel að með þessu orðalagi sé girt fyrir þá túlkun sem helði getað risið, ef talað hefði verið um nauðsyn í lýðræðislegu þjóðfélagi, að það væri ekkert nauðsynlegt í lýðræðislegu þjóðfélagi að gera það sem við erum að gera á Alþingi þessa dagana, t.d. að banna ofbeldiskvikmyndir eða banna tóbaks- eða áfengisauglýsingar. Auðvitað eru mýmörg dæmi þess í lýðræðislegum þjóðfélögum að slíkt er ekki bannað þannig að það er engin nauðsyn í lýðræðislegu ríki að setja tjáningarfrelsinu slíkar skorður. Við Íslendingar höfum kosið að gera það. Um það hefur verið þokkaleg sátt í þjóðfélaginu. Við gerum það á grundvelli heilsuverndar t.d., á grundvelli almenns siðgæðis og við ætlum ekkert endilega að hætta því. Þess vegna verður þetta ákvæði að vera þannig og það er niðurstaða nefndarinnar að eins og ákvæðið er orðað núna þá rúmi það slíkar takmarkanir og ég hef hér gert að umtalsefni. Þannig að orðin „og samrýmist lýðræðishefðum" geta

rúmað það sem tíðkast hefur hér á landi og ákveðið hefur verið lýðræðislega en mikilvægast er að takmarkanir á tjáningarfrelsinu mega ekki verða til þess að skerða eðlilega, almenna, opinbera umræðu.

Þetta taldi ég nauðsynlegt að kæmi fram, virðulegi forseti, til skýringar á brtt. sem liggur fyrir varðandi 11. gr. frv.

Kem ég þá að 12. gr. frv., 10. brtt. á þskj. nefndarinnar. Í þessari grein er að finna hið hefðbundna félagafrelsisákvæði sem kveður á um rétt manna til að stofna félög í sérhverjum löglegum tilgangi án þess að þurfa að sækja um leyfi til þess. Þetta er hið svokallaða jákvæða félagafrelsi sem menn þekkja og hefur verið í stjórnarskrá um langan tíma. Í greininni er hins vegar að finna það nýmæli, sem kallað er neikvætt félagafrelsi, að engan megi skylda til aðildar að félagi en þó megi með lögum kveða á um slíka skyldu sé það nauðsynlegt til að félag geti sinnt lögmæltu hlutverki vegna almannahagsmuna eða réttinda annarra. Jafnframt er í þessari grein í frv. að finna ákvæði um fundafrelsi.

Þessi grein hefur orðið tilefni mikilla umræðna í samfélaginu, greinaskrifa í blöðum og margháttaðra athugasemda til nefndarinnar. Er þar einkum kvartað undan því að í frv. og grg. þess sé ekki vikið að stöðu stéttarfélaganna í landinu eða þess sem um hefur samist milli þeirra og vinnuveitanda að því er varðar t.d. svokölluð forgangsréttarákvæði til vinnu eða um greiðslu iðgjalda til félaganna.

Þetta er rækilega skýrt í nál. en nauðsynlegt er að það komi fram að flm. litu ekki svo á þegar þetta frv. var flutt að þeir væru með einum eða öðrum hætti að hrófla við gildandi réttarstöðu á vinnumarkaðnum. Með öðrum orðum að sú stjórnarskrárbreyting sem lögð var til í frv. raskaði ekki því sem viðgengist hafði. Það sem áður var talið löglegt er það áfram. Ef það var ólöglegt í einhverra augum þá er það það eflaust áfram þrátt fyrir þessar breytingar.

Aðalatriðið er að í þessum ákvæðum stjórnarskrárinnar er verið að víkja að því að það sé bannað að skylda menn til aðildar að félagi með þeim hætti sem hið opinbera vald getur gert, þ.e. með lögum eða stjórnvaldsaðgerðum. Auðvitað er hægt að skylda menn til margs konar athafna með samningum. En ekki er verið að skerða samningsfrelsi, hvorki að því leyti til né að öðru leyti í frv., heldur er reyndar þvert á móti undirstrikað í brtt. við 13. gr. að samningsfrelsið sé fyrir hendi. Ég held að það sé nauðsynlegt að þetta komi hér fram vegna þess að þetta er mikilvægt atriði.

Þeir samningar sem menn gera með frjálsum hætti sín í milli eru nú yfirleitt þess háttar að þeir skylda menn ekki í lagalegum skilningi til eins eða neins eða þriðja aðila en þeir skuldbinda þá sem undir slíkt rita. Eins og ég segi er slík samningsgerð að sjálfsögðu heimil eftir sem áður. Í orðalagi þessarar greinar felst ekkert bann við því að maður taki sjálfur á sig skyldu til að ganga í félag, eins og ég tel reyndar að sé augljóst mál. Það komu fram nokkrar hugmyndir um að breyta þessu ákvæði, m.a. komu hugmyndir frá verkalýðshreyfingunni um það. En að athuguðu máli taldi nefndin eðlilegast að þetta ákvæði stæði óbreytt eins og það var í upphaflega frv.

Hins vegar er af hálfu nefndarinnar gerð ein brtt. við greinina. Hún er við 1. efnismgr. þar sem fjallað er um hið jákvæða félagafrelsi. Þar segir nú að rétt eigi menn á að stofna félög í sérhverjum löglegum tilgangi, en það er tillaga nefndarinnar að inn verði skotið með eftirfarandi hætti nokkrum orðum: „Rétt eiga menn á að stofna félög í sérhverjum löglegum tilgangi, þar með talin stjórnmálafélög og stéttarfélög, ...“ o.s.frv. Tillagan lýtur sem sagt að því að nefna sérstaklega tvo ákveðna mikilvæga flokka félaga, þ.e. stjórnmálafélög og stéttarfélög, sem ég held að allir viðurkenni að gegni mikilvægu hlutverki í sérhverju lýðræðislegu þjóðfélagi.

Hitt er svo annað mál að þessi brtt. er í raun og veru óþörf, þ.e. auðvitað felst það í gildandi stjórnarskrá og í frv. upphaflega þar sem segir að rétt eigi menn á að stofna félög að auðvitað á það líka við stjórnmálafélög og stéttarfélög. Það er ekki nokkur minnsti vafi á því og engum hefur dottið í hug að á því geti leikið einhver vafi. Hins vegar var fallist á þau sjónarmið að þarna væri um að ræða mikilvæga flokka félaga eins og ég hef sagt og þess vegna væri ekkert athugavert við að nefna þau sérstaklega til sögunnar með sama hætti t.d. og trúfélög og sveitarfélög koma við sögu í þessari stjórnarskrá þó auðvitað megi ekki leggja að jöfnu stöðu sveitarfélags sem opinberrar stjórnsýslueiningar og frjálsra félaga eins og stjórnmálafélaga og stéttarfélaga. Þess vegna er nú þessi tillaga fram komin.

Ég vil síðan koma að 13. gr. frv. Brtt. nr. 11 er lögð til við síðari efnismgr. Þar segir nú í frv. að rétti manna varðandi vinnu og orlof skuli skipað með lögum. Við í nefndinni leggjum til að þessu verði breytt og í staðinn komi eftirfarandi orðalag:

„Í lögum skal kveða á um rétt manna til að semja um starfskjör sín og önnur réttindi tengd vinnu.“

Hið upphaflega orðalag sætti nokkurri gagnrýni og niðurstaðan varð sú að í lögum skuli kveða á um rétt manna til að semja um sín kjör og sín vinnutengdu réttindi. Ég held að þetta sé nokkuð mikilvæg grein. Hún fjallar um samningsfrelsið, hún kveður á um rétt manna til að semja um vinnulaun og önnur starfskjör. Hún rúmar jafnframt þá staðreynd að í þjóðfélaginu er nokkur hópur manna sem ekki hefur beinlínis leyfi til að semja um sín kjör en hlítir ákvörðunum Kjaradóms um kjör sín.

Það er jafnframt rétt að taka fram að það er skilningur nefndarinnar að þetta ákvæði tryggi það að löggjafinn hafi síðasta orðið ef honum býður svo við að horfa gagnvart kjarasamningum, þ.e. þeir eru að sjálfsögðu frjálsir en löggjafinn er æðri eins og verið hefur. Það er rétt að undirstrika að í þessu frv. eru samningar eins og kjarasamningar ekki lagðir að jöfnu við löggjöfina. Ef sú staða kemur upp, sem hefur komið upp og reyndar margoft, að samningsaðilar geta ekki leyst sín mál með frjálsum hætti og málefni séu komin í þá klípu og það óefni að ekki sé unnt að leysa þau á grundvelli frjálsra samninga þá hefur löggjafinn eft-

ir sem áður sömu völd og sömu möguleika og hann hefur í dag til að grípa þar inn í.

Að því er varðar 14. gr. frv. sem vikið er að í 12. brtt. er að dómi okkar í nefndinni um að ræða orðalagsbreytingar sem varða þau efnahagslegu og félagslegu réttindi sem verið er að tryggja með greininni. Í 1. og 2. efnismgr. segir að allir sem þess þurfi skuli eiga rétt á aðstoð eða skuli eiga rétt á almennri menntun eftir því sem nánar er ákveðið í lögum. Þetta ákvæði þótti fullveikt þannig að lögð er til breyting til samræmis við 3. efnismgr. greinarinnar þar sem talað er um að börnum skuli tryggð vernd í lögum og upp tekið það orðalag þannig að öllum sem þess þurfa skuli tryggður í lögum réttur til aðstoðar eða réttur til almennrar menntunar og fræðslu. Þetta er vegna ábendinga, eins og ég sagði, sem fram komu um þetta atriði. Ég tel hins vegar ekki að um efnisbreytingu sé að ræða.

Það er ekki brtt. við 15. gr. frv. um skipan skattamála. Sú grein kveður á um bann við afturvirkni skatta og kveður jafnframt á um að ekki megi framselja stjórnvöldum hvað þá öðrum aðilum ákvörðun um skattlagningu eða breytingu eða afnám skatta. Hvort tveggja eru þetta mikilvæg nýmæli í skattamálum og hafa þessi ákvæði hlotið einróma lof þeirra sem hafa tjáð sig um þau í umsögnum og ekki orðið fyrir gagnrýni.

16. gr. er um málefni sveitarfélaga sem hefur verið í VII. kafla stjórnarskrárinnar. Þar eru gerðar nokkrar tillögur um breytingar á orðalagi til að kveða skýrar á um sjálfsákvörðunarrétt sveitarfélaganna og um meðferð tekjustofna þeirra. Í brtt. segir nú:

„Sveitarfélög skulu sjálf ráða málefnum sínum eftir því sem lög ákveða.“ Út hverfur orðalagið „með eftirliti ríkisins“. Í frv. núna stendur að rétti sveitarfélaga til að ráða sjálf málefnum sínum með eftirliti ríkisins skuli skipað með lögum. Nefndarmenn telja að með þeim orðum sem nú er lagt til að standi í greininni hafi löggjafinn í raun og veru frjálsar hendur um að ákveða með hvaða hætti hann telur eðlilegt að ríkið hafi eftirlit eða umsjón með starfsemi sveitarfélaganna. Ég held að nefndarmönnum sé það öllum ljóst að slíkt eftirlit verður að vera fyrir hendi og getur verið bráðnauðsynlegt þegar um er að ræða ákveðnar aðstæður í störfum sveitarfélaga enda eru mýmörg dæmi þess úr samtímanum að ríkisvaldið hafi þurft að hafa afskipti af málefnum einstakra sveitarfélaga, t.d. þegar þau hafa verið komin í fjárhagslegt óefni eða annars konar ógöngur. Við teljum sem sé að brtt. rúmi þetta eftir sem áður.

Að því er varðar tekjustofnana þá er kveðið skýrar á um það að þeir skuli ákveðnir með lögum og sömuleiðis réttur sveitarfélaganna til að ákveða hvort og hvernig þau kjósa að nýta sína tekjustofna. Annað er ekki um þá grein að segja, virðulegur forseti.

Ég vil að endingu aðeins segja það að ég fagna því að stjórnarskrárnefndin komst að samkomulagi um brtt. og skilar sameiginlegu nál. Ég tel að þessar brtt. sem nú eru fram komnar séu þess efnis að þær geti verið grundvöllur víðtækrar sáttar í þjóðfélaginu og um þetta frv. Frv. hefur sætt mjög mikilli gagnrýni eins og við vitum. Frv. hefur orðið fyrir margs konar árásum sem ég tel að sumar hverjar hafi ekki verið á rökum reistar og á ómálefnalegum grunni, aðrar aftur á efnisforsendum sem við í nefndinni höfum skoðað og eftir atvikum tekið til tillit til eins og eðlilegt er í lýðræðisþjóðfélagi. Ég fagna því sem sagt að nefndarmenn náðu samstöðu um þetta mál og geri mér vonir um að sú sátt verði víðtækari en bara innan veggja Alþingis.

Hins vegar er auðvitað ljóst að í þessu starfi hafa nefndarmenn allir, alveg eins og við samningu frv. og flutning þess, þurft að koma hver til móts við annan og taka tillit til sjónarmiða annarra heldur en sinna eigin og sinna eigin flokka. Þetta hefur legið fyrir í þessu máli að væri nauðsynlegt ef það ætti að ná fram að ganga. Það hefur verið unnið í nefndinni með það að leiðarljósi.

Ég lét þess getið við framsögu málsins að ég saknaði tveggja greina í frv. Annarrar um að sérréttindi bundin við aðal, nafnbætur eða lögtign mætti aldrei í lög leiða og sömuleiðis um að sérhver vopnfær maður væri skyldur til að taka þátt í vörn landsins eftir því sem nánar yrði ákveðið í lögum. Við ræddum það í nefndinni hvort efni væru til að taka þær greinar upp aftur en um það náðist ekki samstaða.

Ég tel hins vegar ekki að þar sé um að ræða slík grundvallaratriði eða atriði sem skipti slíku máli að eðlilegt sé að láta málið stranda á því. Og þannig er um mjög margt annað sem fram hefur komið í þessu máli, að menn verða að gera upp við sig hvort menn vilja ná þessu máli fram í málamiðlun og í sátt eða hvort menn vilja láta það stranda á einhverju ákveðnu atriði sem þeir bera sjálfir fyrir brjósti. Það liggur fyrir hver skoðun okkar nefndarmanna er í þessu efni.

Ég vek athygli á því að í þessu nefndarstarfi komu fram margs konar ábendingar bæði frá einstaka nefndarmönnum og frá utanaðkomandi aðilum um margt fleira sem þessir aðilar hefðu hug á að kæmi inn í stjórnarskrána og höfðu áhuga á að taka þar upp og vildu að nefndin gerði að sínum tillögum. En nefndin hafði ekki aðstæður til þess og taldi það að hluta til ekki sitt verkefni að taka inn brtt. sem lutu að öðrum köflum stjórnarskrárinnar eða þá að um tillögur sem fram komu var ekki samstaða. Það er óþarft að nefna dæmi um það, þau eru nefnd í nál., þar eru dæmi um tillögur sem hefðu getað fallið undir þennan kafla og sem bárust annaðhvort frá einstaka nefndarmönnum eða utanaðkomandi aðilum, en ekki náðist samkomulag um. Þannig að á þessum grundvelli er þetta mál afgreitt úr nefndinni.

Ég nefni t.d. til frekari áréttingar að við 1. umr. um málið gerði einn þingmaður, hv. 9. þm. Reykv., tillögu um að nefndin skoðaði hvort rétt væri að leggja niður störf yfirskoðunarmanna ríkisreiknings. Við ræddum það í nefndinni og urðum sammála um að það væri góð tillaga. En okkur fannst ekki eðlilegt að við, sem værum að fjalla um þetta mál, flyttum slíka tillögu sem brtt. við þetta frv. heldur lögðum við til að það yrði flutt sem sjálfstætt þingmál. Það hefur verið gert og það var hér á dagskrá fyrr í morgun og mun

nefndin þá fá það til meðferðar.

Þetta er staðan í málinu. Við nefndarmenn leggjum áherslu á að þetta mál verði afgreitt með þessum hætti. Ég tel að við séum komin á endapunkt í umræðum um þetta. Ég fagna samstöðunni sem náðist í nefndinni og ég þakka nefndarmönnum fyrir samstarfið og mjög vel unnið starf í þessu máli undanfarnar vikur.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Eins og áður hafði verið tilkynnt verður gert matarhlé kl. 12:30 til kl. 13:30. Næstur á mælendaskrá er hv. 1. þm. Austurl. Forseti vill spyrja hann hvort hann vill hefja ræðu sína eða hvort forseti frestaði þá fundi þó enn þá séu fimm mínútur í fyrirhugað matarhlé. (**Gripið fram í:** Er ekki rétt að fresta bara?) Forseti getur fallist á það sjónarmið og frestar því fundinum til kl. 13:30.

[Fundarhlé. — 12:25]

Umræðu frestað.

Útbýting þingskjala:

Eftirlit með skipum, 453. mál, frv. samgn., þskj. 775.

Vörugjald af olíu, 337. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 773.

Vernd svæðislýsinga smárása í hálfleiðurum, frh. 3. umr.

Stjfrv., 325. mál (réttur útlendinga). — Þskj. 493.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:36]

Frv. samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GHelg, HÁ, HBl, HG, JE, JGS, JBH, JHelg, JónK, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBald, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StB, VE, ÞorstP.

25 þm. (AÓB, GHall, GÁ, GJH, GunnS, IBA, IP, JÁ, JóhS, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓÞÞ, RA, RG, SP, StG, SJS, SvG, TIO, VS, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 777).

Mælingareglur skipa, frh. 2. umr.

Stjfrv., 306. mál (lög um vitamál og lögskráningu sjómanna). — Þskj. 420, nál. 701.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:37]

1. gr. samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GHelg, HÁ, HBl, HG, JE, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBald, RA, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SJS, StB, VE, ÞorstP.

24 þm. (AÓB, DO, FI, GHall, GÁ, GJH, GunnS, IBA, IP, JÁ, JóhS, JBH, KÁ, KE, LMR, MF, ÓÞÞ, RG, SP, StG, SvG, TIO, VS, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. a í nál 701 (2. gr. falli brott) samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GHelg, HÁ, HBl, HG, JE, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBald, RA, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SJS, StB, VE, ÞorstP.

21 þm. (AÓB, GHall, GÁ, GJH, GunnS, IBA, IP, JÁ, JóhS, KÁ, KE, LMR, MF, ÓÞÞ, RG, SP, StG, SvG, TIO, VS, ÖS) fjarstaddur.

3. gr. (verður 2. gr.) samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GHelg, HÁ, HBl, HG, JE, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBald, RA, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SJS, StB, VE, ÞorstP.

21 þm. (AÓB, GHall, GÁ, GJH, GunnS, IBA, IP, JÁ, JóhS, KÁ, KE, LMR, MF, ÓÞÞ, RG, SP, StG, SvG, TIO, VS, ÖS) fjarstaddur.

Brtt. b í nál. 701 (ný fyrirsögn) samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GHelg, HBl, HG, JE, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBald, RA, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SJS, StB, SvG, VE, ÞorstP.

21 þm. (AÓB, GHall, GÁ, GJH, GunnS, HÁ, IBA, IP, JÁ, JóhS, KÁ, KE, LMR, MF, ÓÞÞ, RG, SP, StG, TIO, VS, ÖS) fjarstaddur.

Frv. vísað til 3. umr. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GHelg, HÁ, HBl, HG, JE, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBald, RA, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SJS, StB, VE, ÞorstP.

24 þm. (AÓB, ÁJ, EKG, GHall, GÁ, GJH, GunnS, IBA, IP, JÁ, JóhS, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓÞÞ, RG, SP, StG, SvG, TIO, VS, ÖS) fjarstaddir.

Vegalög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 314. mál (stofn- og viðhaldskostnaður girðinga). — Þskj. 454, nál. 705.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:37]

1. gr. samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GHelg, HÁ, HBl, HG, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBald, RA, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SJS, StB, SvG, VE, ÞorstP.

23 þm. (AÓB, EH, EKG, GHall, GÁ, GJH, GunnS, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, KÁ, KE, LMR, MF, ÓÞÞ, RG, SP, StG, TIO, VS, ÖS) fjarstaddir.

2.–4. gr. samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GHelg, HÁ, HBl, HG, JE, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBald, RA, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SJS, StB, VE, ÞorstP, ÖS.
21 þm. (AÓB, EKG, GHall, GÁ, GJH, GunnS, IBA, IP, JÁ, JóhS, KÁ, KE, LMR, MF, ÓÞÞ, RG, SP, StG, SvG, TIO, VS) fjarstaddur.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 41 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GHelg, HÁ, HBl, HG, JE, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBald, RA, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SJS, StB, VE, ÞorstP, ÖS.
22 þm. (AÓB, EH, GHall, GÁ, GJH, GunnS, IBA, IP, JÁ, JóhS, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓÞÞ, RG, SP, StG, SvG, TIO, VS) fjarstaddir.

Lánasjóður sveitarfélaga, frh. 1. umr.

Stjfrv., 370. mál (lántökur). — Þskj. 599.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:40]
Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GHelg, HÁ, JE, JGS, JBH, JHelg, JónK, KHG, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBald, RA, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SJS, StB, SvG, VE, ÞorstP.
24 þm. (AÓB, EKG, GHall, GÁ, GJH, GunnS, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JVK, KÁ, KE, LMR, MF, ÓÞÞ, RG, SP, StG, TIO, VS, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Félagsþjónusta sveitarfélaga, frh. 1. umr.

Stjfrv., 401. mál (fjárhagsaðstoð til sambúðarfólks). — Þskj. 643.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:40]
Frv. vísað til 2. umr. með 43 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GHelg, HÁ, HBl, HG, JE, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBald, RA, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SJS, StB, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
20 þm. (AÓB, ÁJ, GHall, GÁ, GJH, GunnS, IBA, IP, JÁ, JóhS, KÁ, KE, LMR, MF, ÓÞÞ, RG, SP, StG, SvG, TIO) fjarstaddir.

Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Vatnsveitur sveitarfélaga, frh. 1. umr.

Stjfrv., 409. mál (heimæðar, vatnsgjald). — Þskj. 655.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:41]
Frv. vísað til 2. umr. með 41 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GHelg, HÁ, HBl, HG, JE, JGS, JBH, JHelg, JónK, KHG, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBald, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SJS, StB, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
22 þm. (AÓB, EKG, GHall, GÁ, GJH, GunnS, IBA, IP, JÁ, JóhS, JVK, KÁ, KE, LMR, MF, ÓÞÞ, RA, RG, SP, StG, SvG, TIO) fjarstaddir.

Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Flugmálaáætlun 1994–1997, frh. fyrri umr.

Stjtill., 408. mál (flokkun framkvæmdafjár). — Þskj. 654.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:42]
Till. vísað til síðari umr. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GHelg, HÁ, HBl, HG, JE, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBald, RA, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SJS, StB, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
19 þm. (AÓB, GHall, GÁ, GJH, GunnS, IBA, IP, JÁ, JóhS, KÁ, KE, LMR, MF, ÓÞÞ, RG, SP, StG, SvG, TIO) fjarstaddir.

Till. vísað til samgn. án atkvgr.

Vegtenging um utanverðan Hvalfjörð, frh. fyrri umr.

Stjtill., 429. mál (breyting á samningi). — Þskj. 700.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:42]
Till. vísað til síðari umr. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GHelg, HÁ, HBl, HG, JE, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBald, RA, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SJS, StB, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

20 þm. (AÓB, FI, GHall, GÁ, GJH, GunnS, IBA, IP, JÁ, JóhS, KÁ, KE, LMR, MF, ÓÞÞ, RG, SP, StG, SvG, TIO) fjarstaddir.

Till. vísað til samgn. án atkvgr.

Framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum, frh. 1. umr.

Stjfrv., 430. mál. — Þskj. 704.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:43]

Frv. vísað til 2. umr. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GHelg, HBl, HG, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBald, RA, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SJS, StB, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

22 þm. (AÓB, FI, GHall, GÁ, GJH, GunnS, HÁ, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, KÁ, KE, LMR, MF, ÓÞÞ, RG, SP, StG, SvG, TIO) fjarstaddir.

Frv. vísað til umhvn. án atkvgr.

Iðnþróunarsjóður, frh. 1. umr.

Stjfrv., 426. mál (framlenging laga). — Þskj. 697.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:44]

Frv. vísað til 2. umr. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GHelg, HBl, HG, JE, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBald, RA, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SJS, StB, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

20 þm. (AÓB, GHall, GÁ, GJH, GunnS, HÁ, IBA, IP, JÁ, JóhS, KÁ, KE, LMR, MF, ÓÞÞ, RG, SP, StG, SvG, TIO) fjarstaddir.

Frv. vísað til iðnn. án atkvgr.

Verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf, frh. 1. umr.

Stjfrv., 255. mál (innflutningur áfengis). — Þskj. 298.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:44]

Frv. vísað til 2. umr. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GHelg, HÁ, HBl, HG, JE, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBald, RA, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SJS, StB, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

21 þm. (AÓB, FI, GHall, GÁ, GJH, GunnS, IBA, IP, JÁ, JóhS, JHelg, KÁ, KE, LMR, MF, ÓÞÞ, RG, SP, StG, SvG, TIO) fjarstaddur.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Gjald af áfengi, frh. 1. umr.

Stjfrv., 256. mál. — Þskj. 299.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:45]

Frv. vísað til 2. umr. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GHelg, HÁ, HBl, HG, JE, JGS, JBH, JónK, KHG, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBald, RA, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SJS, StB, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

22 þm. (AÓB, FI, GHall, GÁ, GJH, GunnS, IBA, IP, JÁ, JóhS, JHelg, JVK, KÁ, KE, LMR, MF, ÓÞÞ, RG, SP, StG, SvG, TIO) fjarstaddir.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Kísilgúrverksmiðja við Mývatn, frh. 3. umr.

Stjfrv., 323. mál (skatthlutfall, atvinnusjóður). — Þskj. 491.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:46]

Frv. samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GHelg, HÁ, HBl, HG, JE, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBald, RA, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SJS, StB, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

20 þm. (AÓB, FI, GHall, GÁ, GJH, GunnS, IBA, IP, JÁ, JóhS, KÁ, KE, LMR, MF, ÓÞÞ, RG, SP, StG, SvG, TIO) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 779).

Vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar, frh. 3. umr.

Stjfrv., 324. mál (brottfall laga). — Þskj. 492.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:46]
Frv. samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GHelg, HÁ, HBl, HG, JE, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBald, RA, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SJS, StB, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
20 þm. (AÓB, FI, GHall, GÁ, GJH, GunnS, IBA, IP, JÁ, JóhS, KÁ, KE, LMR, MF, ÓÞÞ, RG, SP, StG, SvG, TIO) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 780).

Vernd barna og ungmenna, frh. 3. umr.

Stjfrv., 197. mál (barnaverndarstofa). — Þskj. 713.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:47]
Frv. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, HÁ, HBl, HG, JE, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KE, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
2 þm. (GHelg, ÓÞÞ) greiddu ekki atkv.
14 þm. (AÓB, GHall, GÁ, GJH, GunnS, IBA, IP, JÁ, JóhS, KÁ, LMR, MF, SP, StG) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:47]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil sérstaklega lýsa yfir ánægju minni með að hér skuli verða að lögum breyting á lögum um vernd barna og ungmenna þar sem inn er komið ákvæði sem tekur til vistforeldra í sveitum. Vistforeldrar í sveitum hafa í allmörg ár barist við kerfið í sambandi við það að fá inn ákvæði um sín réttindi og skyldur. Með þeim breytingum sem voru gerðar á frv. í meðförum nefndarinnar er skýrt kveðið á um réttarstöðu þessa hóps. Síðan þarf að setja reglugerð í framhaldi af því. Ég vildi beina þeirri tillögu til hæstv. ráðherra að sem allra fyrst verði lokið við reglugerðina svo þessi hópur fólks, sem er að bjarga sér með vinnu í sveitum, geti þá vísað til þeirrar reglugerðar. Ég segi því já.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 781).

Virðisaukaskattur, frh. 3. umr.

Stjfrv., 257. mál (skráningarskylda, endurgreiðsla, álag o.fl.). — Þskj. 715.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:49]
Frv. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GHelg, HÁ, HBl, HG, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KE, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
16 þm. (AÓB, GHall, GÁ, GJH, GunnS, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, KÁ, LMR, MF, SP, StG, SvG) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 782).

Samningsgerð, umboð og ógildir löggerningar, frh. 3. umr.

Stjfrv., 99. mál (EES-reglur). — Þskj. 716.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:50]
Frv. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GHelg, HBl, HG, JÁ, JE, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KE, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
15 þm. (EgJ, GHall, GÁ, GJH, GunnS, HÁ, IBA, IP, JóhS, KÁ, LMR, MF, SP, StG, SvG) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 783).

Verslunaratvinna, frh. 3. umr.

Stjfrv., 326. mál (takmörkun verslunarleyfis). — Þskj. 717.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:50]
Frv. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GHelg, HBl, HG, JÁ, JE, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KE, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
15 þm. (FI, GHall, GÁ, GJH, GunnS, HÁ, IBA, IP, JóhS, KÁ, LMR, MF, SP, StG, SvG) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 784).

Almenn hegningarlög, frh. 3. umr.

Stjfrv., 318. mál (skattalagabrot). — Þskj. 718.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:51]
Frv. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GHelg, HÁ, HBl, HG, JÁ, JE, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KE, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
13 þm. (GHall, GÁ, GJH, GunnS, IBA, IP, JóhS, KÁ, LMR, MF, SP, StG, SvG) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 785).

Barnalög, frh. 3. umr.

Stjfrv., 342. mál (réttur til upplýsinga um barn o.fl.). — Þskj. 720.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:51]
Frv. samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GHelg, HÁ, HBl, HG, JÁ, JE, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KE, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
14 þm. (GHall, GÁ, GJH, GunnS, IBA, IP, JóhS, KÁ, LMR, MF, ÓÞÞ, SP, StG, SvG) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 786).

Bókhald og ársreikningar, frh. 2. umr.

Frv. efh.- og viðskn., 418. mál (viðurlög og málsmeðferð, breyting ýmissa laga). — Þskj. 680.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:52]
1. gr. samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GHelg, HÁ, HBl, HG, JÁ, JE, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KE, LMR, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
11 þm. (GHall, GÁ, GJH, GunnS, IBA, IP, JóhS, KÁ, MF, SP, StG) fjarstaddir.

2.–9. gr. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GHelg, HBl, HG, JÁ, JE, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KE, LMR, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
13 þm. (FrS, GHall, GÁ, GJH, GunnS, HÁ, IBA, IP, JóhS, KÁ, MF, SP, StG) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 51 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GHelg, HÁ, HBl, HG, JÁ, JE, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KE, LMR, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
12 þm. (FrS, GHall, GÁ, GJH, GunnS, IBA, IP, JóhS, KÁ, MF, SP, StG) fjarstaddir.

Viðlagatrygging, frh. 2. umr.

Stjfrv., 239. mál (skíðalyftur o.fl.). — Þskj. 280, nál. 709, brtt. 710.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:54]
Brtt. 710,1 (ný grein, verður 1. gr.) samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, JÁ, JE, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
12 þm. (FrS, GHall, GÁ, GJH, IBA, IP, JóhS, JGS, LMR, MF, SP, StG) fjarstaddir.

1. gr. (verður 2. gr.) samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, GHH, GE, GuðjG, GÁS, GunnS, HBl, JBH, JVK, KHG, KE, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
15 þm. (AÓB, FI, GB, GHelg, HÁ, HG, JÁ, JE, JGS, JHelg, JónK, KÁ, PP, RA, VS) greiddu ekki atkv.
10 þm. (FrS, GHall, GÁ, GJH, IBA, IP, JóhS, LMR, MF, StG) fjarstaddir.

2. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, JÁ, JE, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG,

SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
9 þm. (FrS, GHall, GÁ, GJH, IBA, IP, JóhS, MF, StG) fjarstaddir.

Brtt. 710,2 (tvær nýjar greinar, verða 4.–5. gr.) samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, JÁ, JE, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KE, LMR, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
10 þm. (FrS, GHall, GÁ, GJH, IBA, IP, JóhS, KÁ, MF, StG) fjarstaddir.

Brtt. 710,3 samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GJH, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, JÁ, JE, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
10 þm. (FrS, GHall, GÁ, HG, IBA, IP, JóhS, MF, StG, SvG) fjarstaddir.

3. gr. (verður 6. gr.), svo breytt, samþ. með 55 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GJH, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, JÁ, JE, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
8 þm. (FrS, GHall, GÁ, IBA, IP, JóhS, MF, StG) fjarstaddir.

Brtt. 710,4 samþ. með 56 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GJH, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, JÁ, JE, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
7 þm. (FrS, GHall, GÁ, IBA, IP, JóhS, StG) fjarstaddir.

4. gr. (verður 7. gr.), svo breytt, samþ. með 55 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GJH, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IP, JÁ, JE, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
8 þm. (EH, FrS, GHall, GÁ, IBA, JóhS, PP, StG) fjarstaddir.

Brtt. 710,5 (ný 5. gr., verður 8. gr.) samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, GHH, GE, GuðjG, GÁS, GunnS, HBl, JBH, KHG, LMR, MB, ÓE, ÓÞÞ, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
20 þm. (AÓB, FI, GB, GJH, GHelg, HÁ, HG, IP, JÁ, JE, JHelg, JónK, KÁ, KE, MF, ÓRG, PP, RA, SJS, VS) greiddu ekki atkv.
9 þm. (EKJ, FrS, GHall, GÁ, IBA, JóhS, JGS, JVK, StG) fjarstaddir.

6. gr. (verður 9. gr.) samþ. með 55 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GJH, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IP, JÁ, JE, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
8 þm. (FrS, GHall, GÁ, IBA, JóhS, RA, StG, SvG) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 55 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GJH, GHelg, GunnS, HBl, HG, IP, JE, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
8 þm. (FrS, GHall, GÁ, HÁ, IBA, JÁ, JóhS, StG) fjarstaddir.

Veiting ríkisborgararéttar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 354. mál (síðara stjfrv.). — Þskj. 577, nál. 721, brtt. 722.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:00]
Brtt. 722 (ný 1. gr.) samþ. með 55 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GJH, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IP, JE, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
8 þm. (FrS, GHall, GÁ, IBA, JÁ, JóhS, ÓÞÞ, StG) fjarstaddir.

2.–3. gr. samþ. með 55 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GJH, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IP, JÁ, JE, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
8 þm. (FrS, GHall, GÁ, IBA, JóhS, ÓÞÞ, StG, SvG) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 52 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GJH, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IP, JE, JBH, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
11 þm. (FrS, GHall, GÁ, IBA, JÁ, JóhS, JGS, JVK, RA, StG, SvG) fjarstaddir.

Málflytjendur, frh. 3. umr.

Stjfrv., 89. mál (fjárvarsla, starfsábyrgðartrygging). — Þskj. 647, brtt. 724.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:01]
Brtt. 724 samþ. með 55 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, GE, GuðjG, GB, GÁS, GJH, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IP, JÁ, JE, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
8 þm. (FI, FrS, GHH, GHall, GÁ, IBA, JóhS, StG) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, GE, GuðjG, GB, GÁS, GJH, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IP, JÁ, JE, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
10 þm. (FI, FrS, GHH, GHall, GÁ, IBA, JóhS, ÓÞÞ, StG, SJS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 789).

Ólympískir hnefaleikar, frh. síðari umr.

Þáltill. KHG og IBA, 166. mál. — Þskj. 180, nál. 729.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:03]
Till. í nál. 729 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 50:1 atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GJH, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, IP, JÁ, JE, JGS, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
nei: EgJ.
5 þm. (HG, JBH, JHelg, JVK, RA) greiddu ekki atkv.
7 þm. (FI, FrS, GHall, GÁ, IBA, JóhS, StG) fjarstaddir.

Listmenntun á háskólastigi, frh. 2. umr.

Stjfrv., 277. mál. — Þskj. 334, nál. 730.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:04]
1. gr. samþ. með 56 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GJH, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IP, JÁ, JE, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
7 þm. (FI, FrS, GHall, GÁ, IBA, JóhS, StG) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GJH, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IP, JÁ, JE, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
9 þm. (FI, FrS, GHall, GÁ, IBA, JóhS, PP, StG, SvG) fjarstaddir.

Brtt. í nál. 730 samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GJH, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IP, JÁ, JE, JGS, JBH, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
9 þm. (FI, FrS, GHall, GÁ, IBA, JóhS, JVK, PP, StG) fjarstaddir.

3. gr., svo breytt, samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GJH, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IP, JÁ, JE, JGS, JBH, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

11 þm. (FI, FrS, GHall, GÁ, IBA, JóhS, JVK, ÓÞÞ, PP, StG, SJS) fjarstaddir.

4. gr. samþ. með 52:1 atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GJH, GHelg, GunnS, HBl, HG, IP, JÁ, JE, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
nei: ÁJ*.

10 þm. (FI, FrS, GHall, GÁ, HÁ, IBA, JóhS, PP, RA, StG) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKJ, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GJH, GHelg, GunnS, HBl, HG, IP, JÁ, JE, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓÞÞ, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

13 þm. (EKG, FI, FrS, GHall, GÁ, HÁ, IBA, JóhS, KÁ, ÓRG, PP, StG, SvG) fjarstaddir.

Skoðun kvikmynda, frh. 2. umr.

Stjfrv., 219. mál (heildarlög). — Þskj. 253, nál. 731, brtt. 732.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:07]

Brtt. 732,1 samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GJH, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IP, JÁ, JE, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

9 þm. (FI, FrS, GHall, GÁ, IBA, JóhS, PP, SigG, StG) fjarstaddir.

1. gr., svo breytt, samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, GHH, GuðjG, GB, GÁS, GJH, GHelg, GunnS, HBl, HG, IP, JÁ, JE, JGS, JBH, JHelg, JónK, KHG, KÁ, LMR, MB, ÓE, ÓÞÞ, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

14 þm. (FI, FrS, GE, GHall, GÁ, HÁ, IBA, JóhS, JVK, KE, MF, ÓRG, PP, StG) fjarstaddir.

Brtt. 732,2 samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GJH, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IP, JÁ, JE, JGS, JBH, JHelg, JónK, KHG, KÁ, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

10 þm. (FI, FrS, GHall, GÁ, IBA, JóhS, JVK, KE, PP, StG) fjarstaddir.

2. gr., svo breytt, samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GJH, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IP, JÁ, JE, JGS, JBH, JHelg, JónK, KHG, KÁ, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

10 þm. (FI, FrS, GHall, GÁ, IBA, JóhS, JVK, KE, PP, StG) fjarstaddir.

Brtt. 732,3 samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GJH, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IP, JÁ, JE, JGS, JBH, JHelg, JónK, KHG, KÁ, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

11 þm. (FI, FrS, GHall, GÁ, IBA, JóhS, JVK, KE, PP, StG, TIO) fjarstaddir.

3. gr., svo breytt, samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GJH, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IP, JÁ, JE, JGS, JBH, JHelg, JónK, KHG, KÁ, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

10 þm. (FI, FrS, GHall, GÁ, IBA, JóhS, JVK, KE, PP, StG) fjarstaddir.

4.–13. gr. samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GJH, GHelg, GunnS, HBl, HG, IP, JÁ, JE, JGS, JBH, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

10 þm. (FI, FrS, GHall, GÁ, HÁ, IBA, JóhS, JVK, PP, StG) fjarstaddir.

Brtt. 732,4 samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GJH, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IP, JÁ, JE, JGS, JBH, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
10 þm. (FI, FrS, GHall, GÁ, IBA, JóhS, JVK, PP, SAÞ, StG) fjarstaddir.

Ákv. til brb., svo breytt, samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GJH, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IP, JÁ, JE, JGS, JBH, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
9 þm. (FI, FrS, GHall, GÁ, IBA, JóhS, JVK, PP, StG) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 53 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GJH, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IP, JÁ, JE, JGS, JBH, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
10 þm. (FI, FrS, GHall, GÁ, IBA, JóhS, JVK, PP, StG, SvG) fjarstaddir.

Stjórnarskipunarlög, frh. 1. umr.

Frv. GHH o.fl., 451. mál (endurskoðun ríkisreikninga, kjördagur). — Þskj. 769.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:10]
Frv. vísað til 2. umr. með 52 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GJH, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IP, JÁ, JE, JBH, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
11 þm. (FI, FrS, GHall, GÁ, IBA, JóhS, JGS, JVK, PP, StG, SvG) fjarstaddir.

Frv. vísað til sérn. án atkvgr.

Kosningar til Alþingis, frh. 1. umr.

Frv. GHH o.fl., 442. mál (óbundið þingsæti, kjörskrá o.fl.). — Þskj. 757.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:11]
Frv. vísað til 2. umr. með 51 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, GHH, GE, GuðjG, GÁS, GJH, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IP, JÁ, JE, JGS, JBH, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
1 þm. (ÓÞÞ) greiddi ekki atkv.
11 þm. (FI, FrS, GB, GHall, GÁ, IBA, JóhS, JVK, PP, StG, SvG) fjarstaddir.

Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Stjórnarskipunarlög, frh. 2. umr.

Frv. GHH o.fl., 297. mál (mannréttindaákvæði). — Þskj. 389, nál. 758, brtt. 759.

[14:12]

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Formaður nefndarinnar, hv. þm. Geir H. Haarde, hefur gert góða grein fyrir störfum nefndarinnar. Þar hefur ríkt mjög góð samstaða og ég tel að það starf sem þar hefur verið unnið sé merki um að það er almenn samstaða í íslensku þjóðfélagi um mannréttindi almennt og mikill vilji fyrir því í öllum stjórnmálaflokkum að standa vörð um mannréttindi og rétt þegnanna í okkar þjóðfélagi.

Í þessu frv. er fjallað um mjög mörg mikilvæg mál eins og tjáningarfrelsi, félagafrelsi, jafnrétti og margvísleg önnur réttindi. Ég tel ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um það sem formaðurinn hefur rakið hér. Hann gerir það í fullu umboði okkar allra og það hefur tekist góð samstaða um málið. Auðvitað höfum við fundið fyrir því að lengi má bæta orðalag og það má lengi ræða um hversu ítarleg ákvæði stjórnarskrárinnar eiga að vera. Þetta höfum við allt farið í gegnum en ég er almennt þeirrar skoðunar að það sé mikilvægt að stjórnarskráin sé stuttorð og gagnorð og ef eitthvað er þá séu í henni oft á tíðum óþarfa málalengingar.

Það er nú samt svo að það er ýmislegt annað sem menn vilja taka inn í stjórnarskrána. Ætla ég þá að koma fyrst að því sem upp hefur komið síðustu dagana eða síðustu klukkustundirnar af hálfu hæstv. utanrrh. og hæstv. forsrh. Nú hafa þeir farið þess á leit að í stjórnarskrána verði tekið áður en þingi lýkur ákvæði um eignarrétt að því er varðar fiskveiðiauðlindina.

Ég er þeirrar skoðunar að engar deilur séu um það í landinu hver eigi fiskimiðin. Ég hélt satt best að segja að það lægi alveg ljóst fyrir að Íslendingar eiga fiskimiðin og það þyrfti ekki að endurtaka það hvorki gagnvart okkur sjálfum né erlendum aðilum. Hitt er

annað mál að það skaðar ekki að taka þau mál inn í stjórnarskrána sem fullt samkomulag er um. En þá er mikilvægt að menn geri sér grein fyrir á hvaða forsendum það er gert og hvað það er sem stendur til að tryggja.

Hæstv. forsrh. hefur sagt að það hafi gleymst að flytja frv. um þetta í fjögur ár og menn hafi skyndilega munað eftir því fyrir nokkrum dögum og það hafi þótt rétt að bæta úr því. Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar, dags. 30. apríl 1991, segir, og er það markmið nr. 2 í yfirlýsingu, með leyfi forseta:

„Markmiðum sínum hyggst ríkisstjórnin ná með eftirfarandi aðgerðum:" Svo kemur aðgerð 2. „Með mótun sjávarútvegsstefnu sem nær jafnt til veiða og vinnslu, hamlar gegn ofveiði, eflir fiskmarkaði, treystir byggð og stuðlar að hagræðingu." Svo byrjar ný setning. „Og þar sem stjórnskipuleg staða sameignarákvæðislaga um stjórn fiskveiða er tryggð."

Mér finnst þessi setning vera þannig að það hafi gleymst að ljúka henni. Það virðist því ýmislegt hafa gleymst í upphafi og nú hefur ýmislegt gleymst þegar menn sjá fram á endirinn. Auðvitað er það margt fleira sem þessir ágætu menn hafa gleymt. Eða þá að þeir hafa ekki viljað hafa um það samstarf við stjórnarandstöðuflokkana, sem mér finnst nú líklegra, því í tölulið 14 stendur: „. . . með því að endurskoða núgildandi kosningalög í þeim tilgangi að tryggja jafnræði með kjósendum og auka áhrif þeirra á það hverjir veljast til þingsetu." Ég á ekki von á að hæstv. ríkisstjórn hafi gleymt 14. lið. En þeir komu sér ekki saman um málið og það var fyrst sl. haust að þeir kusu að ræða það mál við aðra flokka hér á Alþingi. Þannig hefur verið starfað að þessum málum.

Nú höfum við verið að starfa í stjórnarskrárnefnd í alllangan tíma og margir hafa lagt sig þar fram þótt ég geti sagt fyrir mitt leyti að ég hefði gjarnan viljað hafa meiri tíma til að sinna því verki. Það hefur því í reynd mætt meira á öðrum að skila því verkefni. Ég vil taka það fram að ég hef í sjálfu sér ekkert á móti því að taka ákvæði um þetta inn í stjórnarskrána. En það hlýtur að vera aðalatriðið í hvaða tilgangi. Hver er óvissan og hvað er það sem á að tryggja? Ég vildi gjarnan fá betri upplýsingar um það, ekki síst eftir að hafa hlustað á hæstv. forsrh. nú í hádegisútvarpinu. En hann segir, með leyfi forseta, í þessu viðtali þegar fréttamaður spyr: „Nú hef ég heyrt einmitt úr þínum flokki það sjónarmið að það sé verið að rétta krötunum einhverja dúsu svona rétt fyrir kosningar. Hverju svarar þú því?" Forsrh. svarar: „Nei það er bara verið að standa við það sem þeim og öðrum var lofað í upphafi. Þeir hafa hins vegar ekki imprað á þessu í fjögur ár en fyrst þeir gera það núna viku fyrir þinglok þá er sjálfsagt að athuga hvort hægt er að ná þessu fram." Síðan spyr fréttamaður: „Þú leggur enga sérstaka merkingu í þetta að öðru leyti en að athuga hvort ekki sé rétt að gera eitthvað fyrir aumingja kratana?" Þá svarar hæstv. forsrh., með leyfi forseta: „Það hefur þá merkingu eina að sá lagagrundvöllur sem þegar er fyrir hendi yrði þá ekki auðveldlega breytt því almenn lög taka náttúrlega ekki af stjórnarskrá og vildu menn breyta þessu með einhverjum hætti þá yrðu menn að breyta stjórnarskránni og það er viðurhlutameira. Það þarf tvær afgreiðslur í þinginu og kosningar í milli."

Þá veit maður það. Þetta er það sem hæstv. forsrh. ætlast fyrir í málinu. Að það eigi að tryggja núv. lagagrundvöll þannig í sessi að honum sé nánast ekki hægt að breyta nema með stjórnarskrárbreytingu. Ég er ekki viss um að allir hv. alþingismenn séu tilbúnir til að festa svokölluð kvótalög þannig í sessi að þau séu nánast stjórnarskrárbundin. Þótt sá sem hér stendur (**VS:** Hvað segir Jóhanna?) hafi verið ...

(**Forseti** (SalÞ): Forseti má til með að benda hv. þm. á að þetta einstaka mál er nú ekki komið á dagskrá hér þó að það sé kannski svolítið tengt stjórnarskránni.)

Hæstv. forseti. Ég vil benda á það, vegna þessarar athugasemdar forseta, að í nál. sem fylgir þessu máli segir á bls. 3, með leyfi forseta:

„Þá hafa borist ábendingar, bæði frá einstökum nefndarmönnum og utanaðkomandi aðilum, um að bæta við frv. ákvæðum, m.a. um eignarrétt að náttúruauðlindum landsins, og þá fyrst og fremst um auðlindir hafsins, og ákvæðum er snúa að umhverfisrétti, náttúruvernd, útivist og dýravernd."

Ef hæstv. forseta finnst óeðlilegt að fjalla um það í umræðum hér, það sem hefur verið fjallað um í nefndinni og fjallað er um í nál., vildi ég gjarnan að hæstv. forseti endurtæki það. Ég vil hlíta útskurði forseta í þeim efnum. En að mínu mati verður ekki hjá því komist að ræða þetta mál vegna þess að því hefur verið blandað í afgreiðslu þessa máls sem hér er til umræðu og ég hélt að væri samstaða um.

(**Forseti** (SalÞ): Forseti gerir ekki frekari athugasemdir. Þetta var aðeins ábending.)

En þetta er sem sagt skilningur forsrh. Ég ætlaði að segja að jafnvel þó sá sem hér stendur hafi stutt aflamarkskerfi í fiskveiðum við Ísland þá tel ég það kerfi ekki óbreytanlegt, að það megi aldrei breyta þeim lögum og það eigi að festa þau lög nánast í stjórnarskrá. Það er ekki mín skoðun. Ég er alveg viss um að það er ekki þess vegna sem hæstv. utanrrh. er að biðja um þetta. Það hefur komið í ljós að hæstv. utanrrh. er að biðja um að málið komi inn í stjórnarskrá vegna skoðana hans í sambandi við Evrópumál. Hann vill sækja um aðild að Evrópusambandinu og hann hefur tekið það fram að hann telji nauðsynlegt í því samhengi að taka ákvæði sem þetta inn í stjórnarskrá.

Það sem ég ætlaði því fyrst og fremst að gera athugasemd við er að á sama tíma og fulltrúar allra flokka eru að fjalla um þessi mál í umboði Alþingis þá situr ríkisstjórn Íslands, sömu dagana, við samningaborð og er að fjalla um eitt ákvæði þessa máls og kastar því svo inn í umræðuna á síðustu stundu án þess að ræða það, hvorki við sína stuðningsmenn í nefndinni, hvað þá við fulltrúa stjórnarandstöðunnar. Þetta finnst mér vera vinnubrögð sem eru ríkisstjórninni ósæmileg og ég harma að málið kom upp með þessum hætti. Það hljóta allir að skilja það að stjórnarskráin er mikilvægasti grundvöllur okkar þjóðskipulags og lýðræðis. Og það er ekki hægt að kasta inn nýjum ákvæðum á síð-

ustu klukkutímum þingsins án þess að hafa tíma til að fara yfir þau, ræða þau við ýmsa aðila, leita umsagnar og reyna að átta sig á því hvað menn eru að gera. Þegar svo koma fram misvísandi upplýsingar um ætlunarverk ráðherra í þessu máli þá getur eiginlega enginn tekið það alvarlega. Það er ekki hægt að taka forsvarmenn stjórnarflokkanna alvarlega í þessu máli þegar þeir tala út og suður um stjórnarskrána með þeim hætti sem þeir hafa gert. Annar vill tryggja það að Íslendingar geti sótt um aðild að ESB og hinn vill tryggja það að kvótalögin séu bundin í stjórnarskrá, ef marka má ummæli þeirra í fjölmiðlum. Nú má vel vera að þessi ummæli séu vanhugsuð og þetta sé sagt í einhverri fljótfærni, en það lýsir því að sjálfsögðu best að það er ekki gott að hlaupa til og breyta stjórnarskránni í fljótfærni. Það er ekki rétt að hlaupa til að breyta stjórnarskránni vegna þess að einhverjir ráðherrar hafa gleymt því í fjögur ár. Þannig á ekki að standa að málum.

Ég vil hins vegar taka það fram fyrir hönd míns flokks að við erum þeirrar skoðunar að auðlindir hafsins séu þjóðareign og höfum ekki á móti því að slík ákvæði séu sett í stjórnarskrá. En við erum andvígir því að gera það án umhugsunar og við erum andvígir því að gera það vegna þess að menn vilji sækja um aðild að Evrópusambandinu, vegna þess að við erum á móti því. Við erum líka andvígir því á þeim forsendum að það skuli gert vegna þess að það eigi að festa núverandi löggjöf með þeim hætti í sessi. Hún hlýtur að verða til endurskoðunar eftir því sem aðstæður leyfa á hverjum tíma. Hér er um mikilvægasta hagsmunamál Íslendinga að ræða og eðlilegt að fram fari lýðræðisleg umræða um þá löggjöf á hverjum tíma. Þetta vildi ég segja, hæstv. forseti, vegna þessa.

Ég vil að öðru leyti lýsa yfir ánægju minni með þá niðurstöðu sem hefur fengist í stjórnarskrárnefnd. Ég tel að þar hafi verið vel á málum haldið og þótt ýmislegt mætti sjálfsagt betur fara og margt annað sem væri áhugavert að taka inn. Vil ég þar nefna atriði eins og um heimild löggjafans til skattlagningar, um heimild til ríkisins til að skuldbinda íslenska ríkið. Það er áhyggjuefni hvað skuldir ríkisins eru orðnar miklar og væri ástæða til að huga að því hvort þar ætti að setja einhverjar takmarkanir á. En ég geri mér grein fyrir því að slík mál verða ekki ákveðin með skömmum fyrirvara, þau þurfa langan aðdraganda og mikla umræðu.

Það er líka ástæða til að taka inn ákvæði um þjóðaratkvæðagreiðslur í stjórnarskrána, en það er mál sem ekki hefur verið mikið rætt og þó að það sé áhugi á því í ýmsum flokkum þá er það mál sem þarfnast lengri aðdraganda. Þannig að það eru mörg slík mál sem er áhugi á í öllum stjórnmálaflokkum að taka inn í stjórnarskrána. Þau mál hafa verið viðruð í nefndinni og verða áreiðanlega til umræðu í nánustu framtíð.

Ég vil að lokum þakka fyrir gott samstarf í nefndinni sem ég tel að sé merki þess að stjórnmálaflokkarnir geta komið sér saman um mikilvæg mál og það eru líkar skoðanir í þeim öllum um grundvallarmannréttindi og þar af leiðandi hefur þetta starf að mínu mati verið ánægjulegt. Ég harma hins vegar ef slík mál eins og ég hef nefnt verða til þess að tefja þetta frv. og það er að sjálfsögðu mikilvægt áður en haldið er lengra í því máli að við sem erum í stjórnarandstöðu fáum það alveg skýrt hvað ríkisstjórnin á við í þessu efni, hvað hún er að fara og hvort stjórnarflokkarnir hafi samþykkt að taka þetta ákvæði inn. Það stendur ekkert um það í þessari stefnuyfirlýsingu frá því 1991, að það skuli taka þetta ákvæði inn í stjórnarskrána. Það stendur aðeins að það þurfi að tryggja sameignarákvæði laga um stjórn fiskveiða. Ef Sjálfstfl. telur nú nauðsynlegt að taka þetta inn á þessari stundu þá hlýtur hann að vera þeirrar skoðunar að staða þessa sameignarákvæðis sé alls ekki trygg og það er mjög slæmt ef það er að koma upp einhver óvissa um það. Ég tel að það megi ekki ríkja óvissa um það. Það þarf að vera alveg ljóst að fiskveiðiauðlindin er sameign þjóðarinnar og ég tel að það sé tryggt í núgildandi löggjöf með stoð í stjórnarskránni. Það er mín skoðun. En hitt er svo annað mál að það er sjálfsagt í áframhaldandi vinnu að taka til athugunar með hvaða hætti slíkt ákvæði kæmi inn í stjórnarskrána. En það má alls ekki vera sá skilningur sem liggi að baki að það sé ekki alveg ljóst að fiskveiðiauðlindin er sameign þjóðarinnar þó menn vilji setja það sem enn frekari tryggingu inn í stjórnarskrána. Mér þykir miður ef slíka óvissu á að fara að skapa nú og þess vegna er nauðsynlegt að Sjálfstfl. geri skýra grein fyrir því hver er skoðun flokksins í þessu máli.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Það hafa hv. fjórir þingmenn óskað eftir að veita andsvar svo að forseti verður að stytta þann tíma sem hver fær til andsvara í síðara sinn ef á þarf að halda.

[14:33]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég tel að það sé engin óvissa í þessum efnum í dag. Fiskimiðin og nytjastofnarnir eru sameign þjóðarinnar. Ég held að ekki nokkrum manni hafi dottið neitt annað í hug og sú staða er fulltrygg. Hitt er annað að það getur verið skynsamlegt að kveða á um það í stjórnarskrá, en ég lít ekki svo á að það sé verið að eyða neinni óvissu með því heldur að leggja á þetta atriði, sem allir eru sammála um, nokkra áherslu.

Hitt er svo annað mál að það hafa verið nokkuð skiptar skoðanir um það hvort ákvæði núverandi fiskveiðistjórnunarlaga samrýmdust. Sumir hafa haldið því fram að meginefni laganna samrýmdist ekki 1. gr. En með stjórnarskrárbindingu um að fiskimiðin og auðlindirnar séu þjóðareign en nýtingarrétturinn skuli ákveðinn í lögum þá erum við að styrkja með alveg ótvíræðum hætti stöðu gildandi fiskveiðistjórnunarlaga. Ég tel að það sé mikill kostur og væri höfuðtilgangurinn og höfuðmarkmiðið með samþykkt slíkrar stjórnarskrárbreytingar við þessar aðstæður. (**ÓRG:** Styrkja núverandi fiskveiðistjórnunarlög?) Já. (**ÓRG:** Ætlar þú þá að fara að lofa ...)

[14:35]

Halldór Ásgrímsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég er alveg sammála hæstv. sjútvrh. í þeim efnum að þetta sé skýrt í núgildandi löggjöf en það sé ekkert á móti því að styrkja það enn frekar. En það sem ég var að leggja áherslu á er að þá verður það að vera ljóst hjá hv. alþm. og þjóðinni af hverju það er gert. Er verið að gera það með þeim skilningi sem hæstv. forsrh. leggur í málið, sem ég veit að er andstætt hugmyndum margra alþingismanna, þar sem hann gefur í skyn að ef það væri gert þá yrði nánast ekki hægt að breyta núgildandi lögum nema með stjórnarskrárbreytingu? Eða er verið að gera það vegna þeirrar skýringar sem hæstv. utanrrh. hefur komið með, þ.e. af því hann vill sækja um aðild að ESB? Það er þetta sem verður að liggja ljóst fyrir áður en menn fara út í slíka breytingu.

[14:37]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Þó sú ákvörðun yrði tekin að festa í stjórnarskrá ákvæði af þessu tagi og það mundi alveg ótvírætt styrkja núv. fiskveiðistjórnunarlöggjöf, þá lít ég ekki svo á að hún sé þar með óumbreytanleg nema með því að breyta henni í samræmi við þá háttu sem við höfum á þegar við breytum stjórnarskrá. Auðvitað er hægt að breyta þeirri löggjöf og laga hana að nýjum aðstæðum á hverjum tíma og ég tek undir það með hv. 1. þm. Austurl. að það er nauðsynlegt að geta gert það. En hitt er líka kostur að koma inn stjórnarskrárákvæði sem eyðir óvissu um þessa löggjöf og festir hana í sessi.

[14:38]

Ragnar Arnalds *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er fullkomlega sammála hv. þm. Halldóri Ásgrímssyni að það er óhjákvæmilegt að ræða í þessu samhengi hin stórfurðulegu vinnubrögð hæstv. ríkisstjórnar, sem kemur með þessa tillögu um sameign þjóðarinnar á fiskstofnunum á nákvæmlega sama tíma, sama daginn og því er lýst yfir í stjórnarskrárnefnd þingsins að það þýði ekkert að ræða það mál frekar og að það verði að ljúka allri frekari tillögugerð. Þessari tillögu sem ég hafði margsinnis flutt í nefndinni og hliðstæðum tillögum er þar með hafnað endanlega, en á sömu mínútunum er svo ríkisstjórnin aftur á móti að ræða þessa tillögu í sinn hóp án nokkurs samráðs við forustumenn flokkanna í þinginu og án samráðs við sína þingflokka. Þetta eru auðvitað svo yfirgengileg vinnubrögð að það er eðlilegt að þetta sé tekið hér upp og ég er ósammála virðulegum forseta þingsins að þetta eigi ekki hér heima í þessari umræðu.

[14:39]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil fyrst og fremst koma hér upp til að mótmæla þeim skilningi sem hv. 1. þm. Austurl. lagði í það að setja þetta ákvæði í stjórnarskrá. Það getur ekki verið annað en að slíkt ákvæði hefði í för með sér breytingu á fiskveiðistjórnunarlögunum einfaldlega vegna þess að þjóðareign á auðlindinni hlyti að þýða að með þá eign yrði farið sem eign þjóðarinnar en ekki sem eign einstaklinga eins og gert er í dag. Og höfundar kvótakerfisins tala nú kannski einum rómi — fyrir munn þeirra talar sjálfsagt einn af höfundunum, fiskihagfræðingur við Háskóla Íslands, sem skrifar í Morgunblaðið fyrir 2–3 dögum. Hann segir:

„Þó kastar fyrst tólfunum þegar þeir kenna kvótakerfið við miðstýringu, haftakerfi og forræðishyggju. Kvótakerfið er kerfi eignarréttar yfir heimildum til að nýta auðlindina. Sem slíkt er það algerlega hliðstætt alþekktum eignarréttindum á landi, eignarrétti á landi, húsum, verksmiðjum, hlutabréfum og öðrum verðmætum."

Ég hygg að þessi ágæti prófessor sé að segja það sem segja þarf um það hvernig kvótakerfið virkar og það getur ekki staðið áfram með þeim hætti og orðið jafnframt að þjóðareign samkvæmt stjórnarskrá.

[14:41]

Halldór Ásgrímsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er misskilningur hjá hv. þm. að ég hafi verið að leggja ákveðinn skilning í málið. Ég hef ekki komið fram með þessa tillögu. Hún hefur verið rædd í stjórnarskrárnefnd, eins og hv. þm. Ragnar Arnalds tók hér fram áðan, og það varð niðurstaðan að það væri ekki ráðrúm til þess að ganga frá því máli, m.a. vegna þess að það þyrfti að vera ljóst af hverju það væri gert og hvaða skilning ætti að leggja í málið. Ég var aðeins að benda á að það væri hættulegt að festa slíkt ákvæði í stjórnarskrá þegar uppi væri mismunandi skilningur hjá þeim sem nú eru að leggja það til að þetta komi inn, þ.e. hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh. Og ég ætla ekkert að fara að deila við hv. þm. um það hvernig eigi að stjórna fiskveiðum hér við land, um það erum við ósammála. Það er allt annað mál. En ég vænti þess að við getum verið sammála um að ef ákvæði kemur um málið inn í stjórnarskrá þá sé mikilvægt að allir leggi sama skilning í það af hverju það er sett inn í stjórnarskrána því að um það mega ekki vera deilur.

[14:43]

Kristín Einarsdóttir:

Hæstv. forseti. Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands er að stofni til frá árinu 1874 og hafa ekki verið gerðar stórvægilegar breytingar á henni frá þeim tíma nema að því er varðar kosningaskipan og kjörgengi og er vert að minnast þess að árið 1915 var gerð sú breyting að konur fengu kosningarrétt.

Stjórnarskrár hafa að geyma þau grundvallarlög sem á að vera rammi þjóðfélagsins. Það á því að ganga út frá því að ákvæði í stjórnarskrá séu þannig að ekki sé sífellt verið að breyta þeim. Þrátt fyrir þetta grundvallaratriði held ég að allir hafi verið því sammála að löngu var orðið tímabært að endurskoða stjórnarskrá lýðveldisins. Þar var ekki síst horft til mannréttindaákvæðanna sem eru vissulega ekki mörg í núgildandi stjórnarskrá. Það urðu því flestir til að fagna því að Alþingi ákvað á Þingvöllum þann 17. júní 1994 að endurskoða skyldi mannréttindakafla stjórnarskrárinnar og

ljúka þeirri endurskoðun fyrir lok kjörtímabilsins.

Við máttum e.t.v. strax þá segja okkur að tíminn væri knappur og því varla von til þess að hægt væri að vanda undirbúninginn eins og best hefði verið á kosið og hægt væri að gefa sér þann tíma sem e.t.v. hefði verið æskilegur til þess að sem flestir kæmu að málinu. En þrátt fyrir nauman tíma var í desember lagt fram frv. til breytinga á VII. kafla stjórnarskrárinnar, sem kallaður hefur verið mannréttindakaflinn, ásamt örlitlum öðrum breytingum. Sérnefndin um stjórnarskrána, sem ég var svo heppin að vera valin í, ákvað að reyna á þeim stutta tíma sem var til stefnu að kalla fram umræður í þjóðfélaginu um málið. Það tókst svo um munaði og lá við að mönnum þætti nóg um á stundum. Féllu stundum þung orð og óvægin, en ég legg áherslu á að þessi umræða var mjög mikilvæg og hún hefur verið mjög góð líka og hefur verið til góðs og ég get ekki annað en dáðst að öllu því fólki sem hefur lagt þessu máli lið og vil þakka því hve vel það brást við með umsögnum og greinargerðum sem bárust nefndinni, með blaðagreinum, með einkasamtölum og fundum. Allt hefur þetta haft áhrif á störf nefndarinnar og sést árangurinn í þeim brtt. sem nefndin leggur til, sem að mínu mati eru margar mjög þýðingarmiklar.

Ég hefði viljað sjá miklu víðtækari breytingar, en ég vona að gagnrýnendur frv. séu mér sammála í því að með þeim breytingum á stjórnarskránni sem nú eru lagðar til sé stigið skref í rétta átt þótt langt sé frá því að gatan sé troðin til enda.

Flestir þeirra sem hafa látið álit sitt í ljós gagnrýna hve lítill tími hefur gefist til að fara með eðlilegum hætti yfir málið. Það verður að segjast eins og er að tíminn var allt of stuttur og hefði verið best að málið fengi að gerjast lengur og þroskast, en ekki gefst meiri tími í þetta sinn af eðlilegum ástæðum. Í því sambandi hefur undanfarna daga verið vitnað til umsagna dómarafélagsins, sem segir orðrétt, með leyfi forseta:

„...að frv. verði ekki barið í gegn fyrir þinglok heldur gefinn eðlilegur vaxtartími og vandað verði til þess bæði hvað varðar hugsun og orðalag eins og frekast er unnt."

Þetta sjónarmið hefur komið fram hjá fleirum og þessi gagnrýni á auðvitað fyllilega rétt á sér og ég skal fúslega viðurkenna það að lengi framan af í starfi nefndarinnar var ég langt frá því að vera sannfærð um að rétt væri að stefna að afgreiðslu fyrir þessar kosningar. Umræðan í þjóðfélaginu var þess eðlis að ég átti erfitt með að sjá hvernig hægt væri að sætta ólík sjónarmið, ekki aðeins þeirra sem sendu nefndinni athugasemdir heldur var langt frá því að nefndin væri samstiga um málið í upphafi. Nefndarstarfið var því oft erfitt en umfram allt mjög fróðlegt og skemmtilegt.

Nú er það svo í nefndarstarfi þar sem markmiðin eru að ná samstöðu um mál, að ekki geta allir fengið að sjá málin eins og þeir hefðu helst kosið. Það á einnig við um þetta mál sem við erum nú að ræða. Ekki hefur verið hægt að taka tillit til allra þeirra ábendinga sem nefndinni bárust og verður hver og einn að meta það hvort betra hefði verið að láta málið ekki ná fram að ganga í þeim búningi sem það er eða fresta því um fjögur ár að ná fram mikilvægum breytingum á stjórnarskránni. Ég sannfærðist um það undir lok nefndarstarfsins að þessar breytingar væru það mikil framför og það mikil réttarbót að það væri rétt að leggja áherslu á að frv. næði samþykki nú.

Kvennalistinn stendur að þessu frv. þótt við hefðum sannarlega viljað sjá fleiri breytingar. Ég vil t.d. nefna ákvæðið í 3. gr. frv. þar sem ég lagði áherslu á að inn kæmi að það bæri að skylda stjórnvöld að grípa til sérstakra aðgerða til að ná fram jafnrétti. Um það tókst ekki samkomulag í nefndinni, að setja slíkt ákvæði inn í stjórnarskrána, þó að það næðist samstaða um að setja inn ákvæði um að konur og karlar skyldu njóta jafnréttis í hvívetna. Mér þykir mjög mikilvægt að fá þetta ákvæði inn í stjórnarskrá og einmitt í tilefni af þessum orðum mínum, sem ég sagði hér um að það þyrfti að grípa til aðgerða, að ég vildi hafa slíkt ákvæði inni í stjórnarskrá, vek ég athygli á að í nál. á bls. 4 stendur orðrétt, með leyfi forseta, og mig langar að leggja sérstaklega áherslu á það:

„Í öðru lagi er með breytingartillögu komið til móts við það sjónarmið að í frv. vanti sérstakt ákvæði um jafnrétti karla og kvenna þótt fjallað sé um það í raun með orðum 3. gr. Er sérstöku ákvæði bætt við til þess að leggja frekari áherslu á jafnan rétt kvenna og karla á öllum sviðum þjóðlífs." — Þarna stendur það mjög ákveðið inni og síðan stendur síðar í nál.:

„Hvað varðar svonefnda „jákvæða mismunun" telur nefndin að það gæti verið réttlætanlegt að gera ákveðnum hópum hærra undir höfði en öðrum með það að markmiði að rétta skertan hlut þeirra. Er nú þegar dæmi um slíkt í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna. Nefndin álítur að í jafnræðisreglunni felist þessi heimild ef beiting hennar byggist á málefnalegum forsendum."

Þetta þykir mér mjög mikilvægt og legg mikla áherslu á að þarna verði gripið til aðgerða til að jafna rétt kvenna og karla þangað til raunverulegu jafnrétti verði náð.

Við höfum verið gagnrýnd nokkuð fyrir það að ekki skuli vera tekin fleiri atriði inn í 1. mgr. 3. gr., þ.e. upptalninguna á því hverjir skuli vera jafnir fyrir lögum og hefur þá einkum verið nefnt bæði fatlaðir og samkynhneigðir. En ég legg áherslu á að síðasti málsliðurinn þar sem stendur „og stöðu að öðru leyti" eigi við um það fólk að sjálfsögðu. Þetta vil ég leggja sérstaka áherslu á.

Kvennalistinn hefur á þessu kjörtímabili lagt fram tillögur um að breytingar yrðu á stjórnarskránni að því er varðaði þjóðaratkvæðagreiðslur. Auðvitað komum við fram með þær hugmyndir inn í nefndina og reyndar fleiri en það var ekki samstaða um það mál og þess vegna var ekki samstaða um það í nefndinni að taka það ákvæði inn í stjórnarskrána að þessu sinni.

Sama gildir um bráðabirgðalög. Kvennalistinn hefur lagt fram frv. til breytingar á stjórnarskránni að því er varðar að afnema bráðabirgðalagaréttinn úr stjórnarskránni. Við höfum einnig lagt áherslu á að auðlindir til lands og sjávar verði lýstar þjóðareign og það

kom sannarlega fram í nefndinni. Þess vegna kom mér nokkuð á óvart þegar það kom skyndilega fram hjá hæstv. ríkisstjórn að þeir ætluðu að leggja áherslu á þetta atriði og ætluðu sér að flytja hér breytingartillögu að því er þetta varðar.

Ég lýsi því hér að ég er algerlega sammála þeirri brtt. Það erum við kvennalistakonur, enda höfum við lagt áherslu á að það bæri að tryggja rétt þjóðarinnar á auðlindunum og ekki bara auðlindum til sjávar heldur líka til lands. Þess vegna munum við styðja slíka tillögu. En ég verð hins vegar að gagnrýna það harðlega að það skuli vera að koma núna fram frá ríkisstjórninni slík tillaga þegar búið er að hafna því innan nefndarinnar að hægt sé að flytja brtt. við þetta frv. öðruvísi en að allir séu sammála um það atriði. Og ég ætla að lýsa því hér yfir að í tilefni þess að ríkisstjórnin er að koma með þessa tillögu þá erum við kvennalistakonur að undirbúa það að leggja hér fram sérstakt frv. til breytinga á stjórnarskránni þar sem kveðið verður á um að afnema bráðabirgðalagaréttinn, að auðlindir til lands og sjávar verði lýstar þjóðareign og að það verði tekið inn í stjórnarskrána ákvæði um þjóðaratkvæðagreiðslu og einnig höfum við hug á því að það verði sett inn ákvæði varðandi umhverfisrétt. Þannig að ég vil bara lýsa því yfir að þegar ríkisstjórnin gengur fram með þeim hætti, að hér sé hægt að koma með brtt. sem hafa verið ræddar inni í nefndinni og þeim hefur verið hafnað þar í anda samstöðu, þá auðvitað kallar það á það að við munum undirbúa frekari tillögur.

Ég lýsi því hér yfir að ég er ekki að rjúfa þá samkomulag, ég ætla ekki að flytja neina brtt. við frv. heldur verður um að ræða sérfrv. eins og ríkisstjórnin hefur hér lýst yfir. Mér finnst þetta vera svik við það sem við höfum verið að vinna og mér þykir það mjög slæmt. En ég enn og aftur ætla að segja: Ég mun ekki greiða atkvæði gegn slíkri tillögu þó að hún komi frá ríkisstjórninni, langt í frá, en ég vil bara segja það að við erum búnar að flytja á þessu kjörtímabili ýmsar breytingartillögur við stjórnarskrána og við munum auðvitað taka þær upp aftur, sem og fleiri sem við höfum lagt áherslu á, þegar slík vinnubrögð eru höfð í frammi gagnvart þeirri vinnu sem við höfum haft í stjórnarskrárnefndinni.

Og enn og aftur lýsi ég því yfir að það voru mörg atriði sem við vorum ekki sammála um að kæmu inn og ég ætla ekki að fara að tíunda þau neitt sérstaklega fleiri, en það er ámælisvert þegar skyndilega kemur inn tillaga frá ríkisstjórninni sem við hefðum svo gjarnan getað tekið upp í nefndinni sjálf af því að við höfðum lagt áherslu á það og ekki bara Kvennalistinn heldur fleiri. Þetta vil ég sérstaklega taka fram í ljósi þess sem hér er sagt.

Það er ein grein sem mig langar sérstaklega til að tala um, sem ég sakna sérstaklega og á að fella nú úr stjórnarskránni, en það er 78 gr. stjórnarskrárinnar. Hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Sérréttindi, er bundin séu við aðal, nafnbætur og lögtign, má eigi taka í lög."

Ég sakna þessarar greinar alveg sérstaklega úr stjórnarskránni og þykir mikill missir að því að það skuli vera lagt til að hún falli brott með þessum brtt. En ég ákvað að láta ekki deilur um það stoppa það að þetta mál næði fram að ganga þar sem ég taldi að þarna væri um það miklar réttarbætur að ræða og þetta fyrsta skref væri það mikilvægt í því að endurskoða mannréttindakafla stjórnarskrárinnar að það væri rétt að taka þau af þessu tilefni.

Við hefðum auðvitað getað valið það, kvennalistakonur, að standa ekki að málinu. Það kom alveg til greina. En eins og ég segi, við vorum búin að ákveða að það væri það mikil réttarbót falin í frv. og því skyldum við standa saman að málinu. Þannig að mér þykir vera komið aftan að okkur með þessum hætti. Ég get einnig upplýst að við fáum heilmikla gagnrýni fyrir það að standa að þessu frv. sem ekki gengur lengra en þetta en við gerum það og gerum það heils hugar og munum standa að frv. þrátt fyrir gagnrýni. En þá á ekki að koma aftan að manni.

Frú forseti. Ég vil taka það fram og vitna þar til þess sem stendur í nál. að sú umræða sem er komin af stað sé mjög nýtileg og allt það sem við höfum fengið af umsögnum sé allt mjög nýtilegt til þess að halda áfram endurskoðun stjórnarskrárinnar. Það má ekki líta svo á að þetta sé einhver lokapunktur og hún eigi að standa næstu 100 árin eða enn þá lengur. Þetta er aðeins upphafið og eins og ég vitnaði til í upphafi var þáltill. á Þingvöllum þess eðlis að endurskoðun mannréttindakaflans skyldi lokið fyrir lok kjörtímabilsins. Ég lít svo á að honum sé ekki lokið heldur séum við aðeins að byrja á þeirri endurskoðun og það verði að halda áfram auk þess sem fjölmörg önnur atriði í stjórnarskránni þurfa endurskoðunar við. Get ég nefnt sem dæmi að það vantar öll ákvæði um Hæstarétt. Það vantar heilmörg ákvæði í stjórnarskrána fyrir utan það að breyta þyrfti mörgum atriðum. Ég legg því áherslu á það að endurskoðuninni er ekki lokið.

Ég á þá von að umræðan í þjóðfélaginu haldi áfram, að með samþykkt þessa frv. verði ekki þar með lokið þeirri mikilvægu umræðu sem fram hefur farið núna síðustu vikur heldur haldi hún áfram. Ber ég þá von í brjósti að fjölmiðlar haldi þeirri umræðu sérstaklega á lofti og vakandi og bendi áfram á ýmislegt sem betur mætti fara að því er varðar stjórnarskrána. Nú höfum við fjögur ár til þess að vinna í málinu þannig að það á að vera hægt að vinna áframhaldið með vandaðri hætti en gert hefur verið með þetta. Við verðum að viðurkenna það að við vorum í mikilli tímaþröng. Við þurfum að hafa lengri tíma og við þurfum að leita til sérfræðinga á sviðinu. Ég hef látið mér detta í hug að við þyrftum að setja á stofn nýja stjórnarskrárnefnd sem gæti tekið við þar sem frá er horfið og unnið ötullega í málinu þannig að lýðveldið Ísland fái heildstæða stjórnarskrá sem verði þannig að við getum verið mjög stolt af. Með því er ég ekki að segja að ég sé ekki stolt af stjórnarskránni en ég held að það sé mjög margt sem við erum núna að gera til bóta og ég vona að við berum gæfu til að samþykkja þetta frv. núna og að upphlaup frá ríkisstjórn og öðrum verði ekki til þess að skemma þetta mál og stefna því í þá hættu að það verði ekki samþykkt á þessu þingi.

[14:59]

Ragnar Arnalds:

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi lýsa sérstakri ánægju minni með þá ágætu samstöðu sem tekist hefur milli þingflokkanna á Alþingi um afgreiðslu þessa máls. Það liggur geysileg undirbúningsvinna að baki þessu frv. sem hér er til lokaafgreiðslu. Sú vinna rekur sig jafnvel áratugi aftur í tímann því að þetta mál hefur verið til umfjöllunar í stjórnarskrárnefnd í tvo áratugi. Þegar stjórnarskrárnefnd birti tillögur sínar í ársbyrjun 1983 voru þar ítarleg ákvæði einmitt um mannréttindi. Þar var sem sagt nýr mannréttindakafli og þó að Alþingi bæri ekki gæfu til að samþykkja það frv. á sínum tíma er ljóst að þar var forvinna unnin sem kom að góðu gagni á síðari stigum. En seinasta árið hefur líka verið tekin býsna snörp lota í þessum málum og allt fram á seinustu stundu hefur verið í gangi að tjaldabaki mikil umræða um það hvernig þessum ákvæðum yrði best fyrir komið í okkar stjórnarskrá og hvernig þau yrðu best orðuð.

Á fyrra stigi málsins, þ.e. þegar Alþingi hét þjóðinni því á Þingvöllum á sl. sumri að afgreiða stjórnarskrárfrv. áður en þingi yrði slitið nú í vetur, komu fram óskir um að málið yrði ekki eingöngu til umfjöllunar milli stjórnmálamannanna og þingmannanna heldur fengi það nokkra umfjöllun úti í þjóðfélaginu og að umræður yrðu um það í fjölmiðlum. Ég held að ekki sé hægt að kvarta yfir því að þetta mál sé að fljóta í gegn umræðulítið. Ég held að það verði að segjast eins og er að á seinstu vikum hafa orðið feiknamiklar umræður um málið og stjórnarskrárnefnd þingsins hefur fengið óvenju ítarlegar og vandaðar umsagnir um þetta mál frá fjöldamörgum aðilum í þjóðfélaginu. Eins og rakið er í greinargerð þá sendi Lögmannafélag Íslands mjög vandaða greinargerð til nefndarinnar. Mannréttindaskrifstofan sendi líka ágæta greinargerð og þannig mætti lenga telja fjöldamarga aðila sem létu sig málið skipta og sendu okkur tillögur sínar og athugasemdir.

Auðvitað ber ekki að neita því að það voru mörg álitamál á ferðinni sem ræða þurfti nánar og við sem fluttum málið á þinginu í desembermánuði vorum alls ekki þeirrar skoðunar að hver setning í frv. væri endilega sú eina rétta sem til greina kæmi. Okkur var fullljóst að með því að margir kæmu að málinu mundi vera auðið að fá fram betri texta því að betur sjá augu en auga. Það er einmitt það sem gerst hefur. Við höfum fengið svo margar gagnlegar og góðar ábendingar utan úr þjóðfélaginu að okkur hefur tekist að vinna úr þeim fjöldamargar breytingartillögur og, sem er ekki síður mikilvægt, náð um þær samstöðu milli allra flokka.

Ég verð hins vegar að leggja áherslu á það, eins og oft hefur komið fram áður, að auðvitað er hér um málamiðlun að ræða milli flokkanna. Auðvitað er margt sem ég tel persónulega að vanti í þetta stjórnarskrárfrv. og ég er ekki í neinum vafa um að það eru fjöldamargir aðilar í þjóðfélaginu sem enn sakna ýmislegs sem þeir vildu sjá í stjórnarskránni. Ég ætla að víkja að því hér á eftir hvað það er helst sem ég sakna. Ég tel nauðsynlegt og þarflegt að halda því til haga vegna þess að ég lít ekki svo á að hér sé verið að leggja síðustu hönd á stjórnarskrána og svo verði ekkert við henni hreyft og ekkert komið nærri þessu máli meir á næstu áratugum. Ég lít svo á að þetta sé fyrsta meiri háttar endurskoðunin sem á sér stað á stjórnarskránni frá því að lýðveldið var stofnað fyrir 50 árum en þetta er kannski bara byrjunin á miklu víðtækari endurskoðun stjórnarskrárinnar sem þarf að fara fram.

Ég minni á það að við höfum ekki gengið til kosninga að undanförnu án þess að gerðar væru einhverjar lagfæringar á stjórnarskránni. Þetta gilti þegar kosið var árið 1983 og þannig var þetta árið 1987. Þannig var þetta enn árið 1991 og þannig verður þetta á árinu 1995. En þarna voru löngum á ferðinni frekar smávægilegar breytingar, vissulega mikilvægar margar hverjar t.d. sú að gera Alþingi að einni málstofu og breyta þingstörfum í samræmi við það. Það er vissulega mikilvæg breyting en samt bara lítill hluti stjórnarskrárinnar sem þá var undir. Ég ætla sannarlega að vona að á næsta kjörtímabili verði tekin ný lota í endurskoðun stjórnarskrárinnar. Þar er fjöldamargt sem enn þarf að lagfæra, enn þarf að færa til nútímalegs horfs og við skulum sannarlega ekki líta svo á að við séum að setja endapunktinn á eftir endurskoðun stjórnarskrárinnar. Það er líka starfandi stjórnarskrárnefnd og hún mun að sjálfsögðu starfa áfram og hefur næg verkefni þó að þessum áfanga ljúki.

Þegar ég vík að því að hér er um málamiðlun að ræða kemst ég ekki hjá því að minnast á það upphlaup sem orðið hefur í kringum þetta mál vegna tillögugerðar ríkisstjórnarinnar frá því í gærkvöldi þar sem hún kemur óvænt með tillögu sem hljóðar þannig, með leyfi forseta:

„Nytjastofnar á hafsvæði því sem fullveldisréttur Íslands nær til eru sameign íslensku þjóðarinnar. Kveðið skal á um hagnýtingu og verndun þessarar auðlindar í lögum og stjórnvaldsfyrirmælum."

Ég vil að vísu strax taka það fram að þetta er ágæt tillaga og ég er henni í flestu sammála. Ég er ekki að gagnrýna efni þessarar tillögu vegna þess að ég tel að tillögugreinin sé nokkuð vel orðuð þótt auðvitað þurfi hún nánari athugunar við og ég vilji alls ekki binda mig við að orðalagið eigi að vera nákvæmlega eins og þarna stendur. Þó ég hefði vissulega talið að þessi tillaga ætti að vera miklu víðari og ná til fleiri náttúruauðlinda en fiskstofnanna einna þá er þetta eftir sem áður bæði skynsamlegt og athyglisvert spor í rétta átt ef það væri stigið. En því miður eru engar horfur á að þessi tillaga nái fram að ganga. Þetta er ekkert annað en leikaraskapur, þetta er ekkert annað en hreinn skrípaleikur sem hér er hafður uppi, að koma með þessa tillögu tveimur dögum fyrir þinglok og ætlast til að fólk trúi því að um alvörutillögu sé að ræða.

Á nákvæmlega sama tíma og ríkisstjórnin var að fjalla um þessa tillögu þá sátum við fulltrúar í stjórnarskrárnefnd með fulltrúum stjórnarflokkanna á fundi og þar var innt eftir því hvort ekki væri hugsanlegt að taka þetta mál upp, þ.e. sameign þjóðarinnar á náttúruauðlindum og fiskstofnum. En þá var því neitað. Þá

kom það ekki til greina. Á nákvæmlega sama tíma og ríkisstjórnin er að undirbúa þessar tillögur er verið að hafna því í sameiginlegri nefnd stjórnmálaflokkanna að þetta mál megi koma á dagskrá og megi vera með í tillögugerð flokkanna. Það þýðir auðvitað að ekkert verður af samþykkt slíkrar tillögu. Ef tillagan hefði verið tekin upp í tengslum við hina sameiginlegu tillögugerð flokkanna þá hefði kannski verið einhver von til þess að málið hefði komist inn í þingið og fengið þinglega meðferð. En eins og að málinu er staðið af hálfu ríkisstjórnarinnar eru vonir til þess ákaflega smávaxnar, að ekki sé meira sagt.

Málið þarf að leggja fyrir formlega. Það er alveg ljóst að það verður ekki lagt formlega fyrir þingið öðruvísi en fyrst fari fram viðræður milli forustumanna flokkanna um málið. Þær hafa ekki farið fram og engin tilraun verið gerð til að ná mönnum saman til að ræða það. Síðan þarf að útbúa frv. Það þarf að mæla fyrir því í þinginu. Það þarf að senda málið til stjórnarskrárnefndar. Hún þarf síðan að kalla á sérfræðinga og lögfræðinga til þess að átta sig á því hvort tillagan er í réttum búningi og eðlilega orðuð. Hér er um allt of stórt mál að ræða en svo að hægt sé að kasta til þess höndunum með einhverri handabaksvinnu. Þó að tillagan sem slík, sem hér liggur fyrir, sé á margan hátt góð þá er ekkert sem segir okkur að hún sé örugglega nákvæmlega rétt orðuð og þarf þar af leiðandi að skoða nánar.

Allur þessi ferill er því bersýnilega miklu lengri en svo að hann rúmist innan þess tíma sem við höfum í þinginu til þess að fjalla um málið. Þegar af þeirri ástæðu er ljóst að þessi vinnubrögð ríkisstjórnarinnar eru ekkert annað en skrípaleikur. Það er vísvitandi verið að slengja fram tillögu sem getur ekki náð fram að ganga vegna þess hvernig að henni er staðið.

Ég vil í þessu samhengi minna á að þetta er gömul tillaga. Ég vil láta það koma hér fram skýrt og greinilega að þessa tillögu fluttum við alþýðubandalagsmenn fyrstir í stjórnarskrárnefnd á árinum 1981 eða reyndar á árinu 1978 upphaflega. Hún kom síðan mjög sterklega inn í umræðuna árin 1981 og 1982 og ég tel sjálfsagt að varðveita það í þingskjölum hvernig þessi tillaga hljóðaði, rifja hana hér upp, með leyfi forseta. Hún hljóðaði þannig:

„Náttúruauðlindir landsins skulu vera ævarandi eign Íslendinga. Öll verðmæti í sjó og á sjávarbotni innan efnahagslögsögu, svo og almenningar, afréttir og önnur óbyggð lönd utan heimalanda teljast sameign þjóðarinnar allrar, einnig námur í jörðu, orka í rennandi vatni og jarðhiti neðan við 100 metra dýpi."

Nú er það að segja um afdrif þessarar tillögu á sínum tíma að hún náði ekki fram að ganga en hún hafði veruleg áhrif á afgreiðslu nefndarinnar á þeim tíma vegna þess að nefndin tók hluta af tillögu okkar alþýðubandalagsmanna inn í sínar tillögur og svo ég kynni það hvernig stjórnarskrárnefndin 1983 orðaði þessa tillögu eftir langvarandi umræður í nefndinni, bersýnilega á grundvelli þeirra tillagna sem við höfðum gert, þá var tillaga stjórnarskrárnefndar þannig:

„Auðlindir hafs og hafsbotns innan íslenskrar lögsögu eru þjóðareign. Eignarrétti að öðrum náttúruauðæfum skal skipað með lögum."

Þessum tveimur tillögum hef ég síðan haldið fram í umræðunni innan stjórnarskrárnefndarinnar og minnti á þær við undirbúning þess stjórnarskrárfrv. sem stjórnarskrárnefnd sendi frá sér á sl. sumri. Því miður reyndust menn þröngsýnni þá en þeir voru árið 1983 því að þeir fengust ekki einu sinni til að taka upp tillöguna frá 1983. Síðan var enn á þetta minnst í samtölum formanna þingflokka á liðnu sumri en það var ekki talinn grundvöllur til að taka nein slík ákvæði með og þess vegna varð ekkert af því. Ég vil taka það alveg sérstaklega fram að fulltrúar Alþfl. skáru sig á þeim tíma ekki á nokkurn hátt úr eða frá talsmönnum Sjálfstfl. Þeir sýndu engan áhuga á málinu, hvorki á liðnu vori, liðnu sumri né liðnu hausti, orðuðu þessa tillögu aldrei og tóku aldrei undir með mér að það væri þörf á því að koma þessu máli inn í tillögur þingflokksformanna. Af því varð þess vegna ekki og ég taldi mig nokkuð einan á báti í þessum efnum og þurfti ekki að ítreka oft beiðni mína um að þessi hugmynd yrði tekin upp því að það var bersýnilega tilgangslaust.

Það er ekki fyrr en hæstv. utanrrh. fær svona gríðarlegan áhuga á því að koma Íslandi í Evrópusambandið að hann grípur þetta sem hálmstrá í umræðunni, finnst að með því að draga fram þessa hugmynd að sameign þjóðarinnar á fiskimiðunum verði lögfest í stjórnarskrá, þá sé hann að bæta stöðu sína í Evrópuumræðunni því að þá geti menn treyst því að hann sem utanrrh. eða þeir sem taka við af honum sem utanrrh. muni ekki geta samið þennan rétt af Íslendingum í viðræðum við Evrópusambandið eftir að búið sé að stjórnarskrárbinda þetta ákvæði. Svo vitlaus sem sú hugsun að sjálfsögðu er vegna þess að auðvitað bindur slíkt stjórnarskrárákvæði ekki hendur þings og þjóðar á síðasta stigi ef mönnum sýnist svo. Ef hæstv. utanrrh., eða annar sem á eftir honum kemur, semur við Evrópusambandið um aðild þá neyðist hann til þess að koma til þingsins og óska eftir því að stjórnarskránni sé breytt af mörgum öðrum ástæðum. Það er viðurkennt að hjá því yrði ekki komist ef Íslendingar ætla að ganga í Evrópusambandið. Og þeim yrði þá ekki skotaskuld að breyta þessu ákvæði líka ef með þyrfti ef þeir hefðu meiri hluta til þess og fylgi til þess. Stjórnarskrárbinding þessa atriðis er því engin trygging fyrir alla framtíð og síst af öllu einhver trygging gagnvart Evrópusambandinu sem mundi ekki hirða um það eitt andartak hvað stæði í íslensku stjórnarskránni vitandi það að við þurfum að breyta okkar lögum og stjórnarskrá í samræmi við þann samning sem hugsanlega væri gerður við Evrópusambandið.

Þetta er því af hálfu Alþfl. jafnfráleitur málatilbúnaður og nokkur getur verið, að láta málið kyrrt liggja og sýna því engan áhuga fram á síðustu stundu, en þegar það loksins passar inn í Evrópusambandsáróður hæstv. utanrrh. þá er þetta gripið á lofti og á að nota sem hálmstrá í komandi kosningum.

Hlutur forustumanna Sjálfstfl. er reyndar síst betri vegna þess að þeir neita þessu allan tímann alveg

þangað til í gær að þeir gefa það til kynna að þeir kunni að vera reiðubúnir til þess að gera þessa breytingu. Ég segi kunna að vera reiðubúnir vegna þess að hæstv. forsrh. hafði ekki einu sinni samþykkt í þingflokki Sjálfstfl. á bak við sig og hafði ekki á nokkurn hátt tryggt sér að það væri þingmeirihluti fyrir málinu enda er alveg ljóst af viðtalinu sem var við hæstv. forsrh. í Ríkisútvarpinu núna í hádegisfréttunum að hann gerði alls ekki ráð fyrir því að málið næði fram að ganga og tekur meira að segja beinlínis fram að það geti verið gagnlegt að málið sé kynnt, eins og hann mun hafa tekið til orða í þessu viðtali. Svo ég fari með hans óbreytt orð eins og þau eru skráð af starfsmönnum Ríkisútvarpsins, með leyfi forseta, en hæstv. forsrh. mun hafa orðað þetta svo: „Svo þegar samstarfsflokkurinn óskaði eftir því að þetta atriði stjórnarsáttmálans yrði uppfyllt, þó sú ósk kæmi dálítið seint fram, var ekkert því til fyrirstöðu af okkar hálfu a.m.k. að það yrði kynnt í þinginu."

Þetta er allur áhuginn á málinu og þess vegna endurtek ég það að svona vinnubrögð á lokadögum þingsins geta ekki flokkast undir neitt annað en skrípaleik.

Fyrr á fundinum urðu lítils háttar orðaskipti um þetta mál milli hv. 1. þm. Austurl., Halldórs Ásgrímssonar, og hæstv. sjútvrh. Ég kom því þá að að ég væri mjög ósáttur við vinnubrögð hæstv. ríkisstjórnar í málinu en því miður var virðulegur forseti búinn að slá í bjölluna áður en ég komst lengra í máli mínu. Ég átti að sjálfsögðu eftir að mótmæla málflutningi hv. þm. Halldórs Ásgrímssonar sem var alls ekki nógu traustur. Ég var innilega ósammála honum þegar hann hélt því fram að með ákvæði af þessu tagi væri verið að festa kvótakerfið í sessi. Þegar ég les yfir þá tillögu sem ríkisstjórnin hefur verið að fjalla um þá er ekkert í henni sem festir kvótakerfið í sessi. Það er bara allt annað mál sem kemur þessari tillögu ekkert við þannig séð. Auðvitað snertir það sama mál en það er ekki á nokkrun hátt verið að lögfesta kvótakerfið eða styrkja stöðu þess. Það er hreinn misskilningur og mér þótti vont að heyra þá yfirlýsingu hér áðan en sem betur fer var hv. 3. þm. Vesturl., Jóhann Ársælsson, til að mótmæla þessum skilningi hv. 1. þm. Austurl. og það skal ítrekað að þarna var um mikla missögn að ræða.

Ég vil segja það um þessa tillögu að endingu að ég tel það persónulega til bóta að þar er skilið á milli eignarréttarins annars vegar og nýtingarréttarins hins vegar. Ég held að það sé gagnlegt að gera það í hinni opinberu umræðu vegna þess að þetta tvennt er ekki eitt og hið sama og það er skýrara og gleggra gagnvart öllum almenningi og öllum þeim sem lesa þessa grein að gera þarna greinarmun á. Annars vegar er um að ræða sameign íslensku þjóðarinnar á nytjastofnum á hafsvæði því sem fullveldisréttur Íslands nær til, eins og segir í tillögunni. Hins vegar er um að ræða hagnýtingu og verndun þessarar auðlindar. Það er gott að aðgreina þetta með þeim hætti sem gert er í tillögunni. Ég er hins vegar ekkert viss um það ef menn skoða tillögugreinina að hún eigi endilega að vera nákvæmlega orðuð eins og þar er gert og til þess þyrfti sérstaka lögfræðilega athugun.

Eins vil ég láta það koma skýrt fram að ég er enn þeirrar skoðunar að grein af þessu tagi ætti að ná til náttúruauðlindanna allra en ekki bara til fiskstofnanna í sjónum umhverfis landið. Það er í fullu samræmi við þær tillögur sem við höfum borið fram í stjórnarskrárnefndinni og er hið eina rétta að ein grein stjórnarskrárinnar fjalli sérstaklega um náttúruauðlindir landsins í heild sinni.

Ég vil í þessu sambandi líka taka fram að ég hefði viljað sjá hér sérstakt ákvæði um útivistarrétt landsmanna. Ég minni á þá tillögu sem við alþýðubandalagsmenn höfum margsinnis flutt um það efni en hún var svona, með leyfi forseta:

„Landsmönnum öllum skal tryggður réttur til eðlilegrar umgengni og útvistar í landinu. Stjórnvöldum er skylt að vernda náttúru landsins og auðlindir þess svo að tryggt sé að allir landsmenn geti notið útivistar og varðveittur sé sá höfuðstóll sem felst í auðæfum náttúru landsins. Nánar skal í lögum fjalla um umgengnisrétt landsmanna við landið og verndun náttúru og auðlinda landsins og hvernig tryggja skal að ekki spillist að óþörfu líf, land eða haf."

Þetta er tillaga sem við höfum margsinnis flutt við undirbúning málsins en hefur ekki náð fram að ganga í heild sinni. Hins vegar vek ég enn athygli á því að þrátt fyrir að tillagan næði ekki fram að ganga í heild sinni hafði hún áhrif á tillögugerð stjórnarskrárnefndar árið 1983, þó hún hefði ekki áhrif á árinu 1995.

Þegar stjórnarskrárnefnd sendi frá sér sínar tillögur á árinu 1983 var tekið visst tillit til þeirra hugmynda sem þarna komu fram hjá okkur alþýðubandalagsmönnum með því að orða eina tillögugreinina m.a. á þennan hátt.:

„Vernda skal náttúru landsins og auðlindir þess svo að ekki spillist líf eða land að nauðsynjalausu."

Það vantar sem sagt í þessa tillögugerð ákvæði um auðlindirnar, um náttúruvernd og um útivistarrétt landsmanna. Það eru málaflokkar sem þurfa að eiga sitt sæti í stjórnarskrá og þó að ekki hafi tekist samkomulag um það nú að hafa slík ákvæði í stjórnarskrá þá ætla ég sannarlega að vona að þau verði áfram til umræðu og eigi aðgang að tillögugerð um endurskoðun stjórnarskrárinnar á næsta kjörtímabili en þessari vinnu verður örugglega fram haldið.

Ég minni líka á tillögugerð okkar sem snýr að friðlýsingu landsins. Við gerðum þá tillögu á sínum tíma að í stjórnarskrá væri tekið svohljóðandi ákvæði:

„Ísland er friðlýst land. Aldrei má leyfa geymslu kjarnorkuvopna eða annarra gereyðingarvopna í landinu né heldur flutning þeirra við Ísland, lofthelgi þess eða fiskveiðilögsögu."

Og á öðrum stað gerðum við tillögu sem hljóðaði þannig: „Herskyldu má aldrei í lög leiða."

Þessar tillögur hafa ekki náð fram að ganga. En það er sjálfsagt af minni hálfu að halda þeim til haga og minna á þær við þetta tækifæri. Ég vil sérstaklega taka fram að tillaga okkar um að herskyldu megi aldrei í lög leiða nefndu margir umsagnaraðilar sem skrifuðu stjórnarskrárnefnd. Ég get t.d. nefnt umsögn Rauða kross Íslands þar sem lögð var þung áhersla á það að

ákvæði af þessu tagi væri í stjórnarskránni. Og ég get nefnt mörg önnur samtök sem lögðu áherslu á þetta. En þetta náðist ekki fram og er ekkert um það frekar að segja nema að hægt er að vonast til þess að á síðara stigi verði menn opnari fyrir svo sjálfsögðum ákvæðum.

Í tillögugerð okkar árið 1978 og síðan aftur 1982 og 1983 var að finna ákvæði um jafnan rétt kvenna og karla. Við alþýðubandalagsmenn lögðum til á sínum tíma, með leyfi forseta, að í stjórnarskrána væri tekið svohljóðandi ákvæði:

„Konur og karlar eiga jafnan rétt á öllum sviðum þjóðlífsins og ber að tryggja þeim sömu tækifæri til starfa og jafnt kaup fyrir sambærilega vinnu."

Þetta var ekki tillaga sem náði eyrum stjórnarskrárnefndar árið 1983. Hún var ekki tekin upp meðal tillagnanna sem sú nefnd lagði fram. Að því leyti stendur málið akkúrat öfugt í þessu tilliti að gömlu tillögurnar voru þrengri hvað þetta varðar en nýju tillögurnar því að í nýju tillögurnar er þetta ákvæði einmitt tekið upp þó að það sé ekki nákvæmlega orðað eins og hér er nefnt. Eins og hv. þingmenn þekkja þá er ákvæði af þessu tagi í frv. og margir hafa orðið til að fagna því að þetta ákvæði sé þar og ég tek mjög eindregið undir það. Ég vildi reyndar að ákvæðið væri með tilvísun til allra sviða þjóðlífsins eins og var í gömlu tillögunum okkar en það náði ekki fram að ganga heldur er talað um að það skuli gera í hvívetna, eins og þar segir, og má vera að það orðalag geti talist allvel viðunandi.

Ég vil svo að endingu víkja að félagafrelsinu en um það hafa orðið verulegar umræður á liðnum vikum. Eins og kunnugt er er í frv. ákvæði byggt á gömlu stjórnarskránni okkar um það að menn eigi rétt á að stofna félög í sérhverjum löglegum tilgangi án þess að sækja um leyfi til þess. Síðan settum við á liðnu hausti í tillögur okkar nýmæli sem stundum hefur verið kennt við neikvætt félagafrelsi og felur í sér að engan megi skylda til aðildar að félögum en með lögum megi þó kveða á um slíka skyldu ef það teljist nauðsynlegt til að félag geti sinnt lögmætu hlutverki vegna almennra hagsmuna eða réttinda annarra.

Eins og margoft hefur komið fram er ekki sambærilegt ákvæði að finna í stjórnarskrám nálægra ríkja svo mér sé kunnugt. Má jafnvel vera að þetta sé í fyrsta sinn sem slíkt ákvæði er tekið inn í stjórnarskrá þó að ég hafi að vísu ekki kynnt mér það sérstaklega. Ég hygg að það sé í öllu falli mjög óvíða sem slíkt ákvæði er að finna ef nokkurs staðar. En þetta er í fullu samræmi við þá þróun sem hefur átt sér stað í umræðunni um mannréttindi og ég studdi það eindregið að ákvæðið af þessu tagi væri tekið í stjórnarskrá því ég tel að það sé í takt við tímann og eigi fyllilega rétt á sér. Hins vegar er því ekki að leyna að viss ummæli og orðalag í greinargerð með frv. vöktu upp nokkurn storm og ég tel að sú gagnrýni sem kom fram einkum frá stéttarfélögunum, m.a. frá Alþýðusambandi Íslands, hafi átt talsverðan rétt á sér.

Því miður gafst mjög lítill tími til að fjalla um greinargerð frv. og ég hefði hiklaust viljað orða þar vissar setningar á annan hátt ef mér hefði gefist tími til að fjalla um það þegar frv. var undirbúið. En nú hefur stjórnarskrárnefnd bætt úr þessu mjög myndarlega. Hún hefur tekið af öll tvímæli um að sá misskilningur sem upp kom sé ekki á rökum reistur og er það vel. Ég vil sérstaklega vekja athygli á þeim ummælum í nefndarálitinu þar sem á það er bent að í núgildandi löggjöf séu launþegar ekki skyldaðir til að vera í stéttarfélagi. Jafnframt er á það minnt að í 2. mgr. 12. gr. um neikvæða félagafrelsið sé ekki verið að víkja að þeim aðstæðum sem eiga við um stéttarfélög og þar af leiðandi megi ekki líta á þetta ákvæði sem nokkra ógnun við hagsmuni verkalýðshreyfingarinnar. Í nál. segir, með leyfi forseta:

„Sérstök ástæða er til að nefna svonefnd forgangsréttarákvæði, þegar í kjarasamningum er samið um að félagsmenn viðkomandi stéttarfélags skuli hafa forgang til vinnu á félagssvæði þess, leiða ekki af sér félagsskyldu af þeim toga sem fyrri málsl. 2. mgr. tekur til. Þá verður heldur ekki litið svo á að umsamin skylda launþega til að greiða gjöld til stéttarfélaga sé félagsskylda af þeim meiði sem ákvæði þetta nær til."

Ég tel afar mikilvægt að stjórnarskrárnefnd hefur einróma gefið út yfirlýsingu af þessu tagi og þar með tekið af öll tvímæli um að ákvæðið verði ekki túlkað á þennan hátt. Ég tel jafnframt afar mikilvægt að nefndin hefur áréttað enn frekar þann skilning sinn í næstu málsgrein með því að segja, með leyfi forseta:

„Í ljósi þessa lítur nefndin svo á að með samþykkt frv. sé í engu verið að hrófla við núverandi réttarstöðu á vinnumarkaði að því er varðar forgangsréttarákvæði, greiðslu félagsgjalda eða önnur réttindaákvæði."

Ég er ekkert undrandi á því að viss stormur hafi vakist innan verkalýðshreyfingarinnar þegar upp komu raddir um það að í stjórnarskrárfrv. væru ákvæði sem beindust að réttindum hennar. Það er fullkomlega eðlilegt að menn séu á varðbergi um réttindi sín og ég er þakklátur fyrir það að við í stjórnarskrárnefnd fengum margar góðar ábendingar í þessa átt, sérstaklega út frá greinargerðinni sem fylgdi frv. Það er rétt að taka það fram að frá verkalýðshreyfingunni komu ekki fram bein mótmæli við því að í stjórnarskrárfrv. væru ákvæði um neikvæða félagafrelsið. Því var ekki haldið fram að orðalag greinarinnar væri óviðunandi en það var látinn í ljós ótti um að greinin yrði mistúlkuð og þá einkum vísað til ummæla sem hægt væri að misskilja í greinargerðinni.

Þessi ótti var kannski skiljanlegur líka í ljósi þess að í stjórnarskrárfrv. var ekki að finna neina tilvísun til stéttarfélaga eða samningsfrelsis. Úr þessu hefur nú verið bætt og ég er mjög ánægður með það að skotið hefur verið inn í 12. gr. um félagafrelsið skýrum ákvæðum um tilvist stjórnmálafélaga og stéttarfélaga. Ég hef reyndar lengi talið fullkomlega óeðlilegt að stjórnmálafélög væru ekki beinlínis nefnd í stjórnarskránni en svo hefur ekki verið fram að þessu. Við höfum komist af með stjórnarskrá allt frá 1874 sem frá upphafi var með þeim annmörkum að þar fannst hugtakið stjórnmálafélag alls ekki, það var ekki til. Og reyndar var töluvert liðið á öldina þegar orðið „flokk-

ur" komst inn í stjórnarskrána en það mun hafa verið þegar orðið þingflokkur kom þar fyrst inn. Stjórnmálaflokkar hafa hins vegar ekki verið nefndir berum orðum í stjórnarskránni heldur einungis framboðslistar og ég tel það ótvíræða framför að stjórnmálafélög séu nefnd á sama hátt og trúfélög eru nefnd og sveitarfélög verða nefnd.

Fjórði hópur félagasamtaka sem er nefndur í stjórnarskránni eru stéttarfélögin. Það eru ein mikilvægustu félagasamtök landsmanna og fullkomlega eðlilegt að þeirra sé getið í stjórnarskránni.

Ég er líka mjög sáttur við að síðar í tillögum stjórnarskrárnefndar er samningsfrelsið, frelsi stéttarfélaganna til þess að semja um kjör sín og starfsskilyrði, sérstaklega nefnd. Það var nauðsyn að fá það inn. Orðalagið: „Rétti manna varðandi vinnu og orlof skal skipað með lögum", var alls ekki fullnægjandi og það sem komið hefur í staðinn er miklu heppilegra og eðlilegra á allan hátt.

Ég vil svo að endingu segja um þennan þátt málsins að vissulega hefði verið gott að í stjórnarskránni hefði jafnframt verið vikið að vinnuskilyrðum og starfsumhverfi vinnandi manna í landinu. Það hefði sannarlega mátt vera ítarlegra ákvæði um þann þátt þjóðlífsins en ég er engu að síður þakklátur fyrir það sem hefur komist inn og er til verulegra bóta.

Þá vil ég að endingu geta þess að nokkuð var gagnrýnt að félagsleg, efnahagsleg og menningarleg réttindi væru ekki nefnd í stjórnarskránni á nægilega skarpan hátt en úr því hefur verið bætt. Orðalagið sem nú er komið um þau efni er miklu afdráttarlausara en áður var og því ber að fagna. Það er því ekki nokkur minnsti vafi á að með þeim tillögum sem hér liggja fyrir, ef samþykktar verða, fáum við verulega miklu betri stjórnarskrá en við höfum haft, ef þær verða samþykktar að loknum almennum kosningum sem fram fara í aprílmánuði nk. Ég vil svo að endingu ítreka þá ósk mína að þessi mikla endurskoðun á síðasta hluta stjórnarskrárinnar þarf að vera byrjunin á heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar en ekki endapunkturinn. Það þarf að halda þessu starfi áfram á næsta kjörtímabili.

[15:46]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tel fulla ástæðu til að þakka mönnum fyrir þau miklu störf sem þeir hafa unnið í sambandi við þetta mál, stórmerkilegt starf að mínu viti. Það var nú ekki erindið í þennan ræðustól heldur hitt að segja það að auðvitað finnst mér lakara ef sú tillaga sem hér hefur nokkuð verið gerð að umtalsefni spillir fyrir því starfi sem hér hefur verið nefnt og hefur tekist svo vel til. Það var ekki meiningin og ég vil undirstrika það. Þetta mál, sem hefur komið inn í umræðuna sem tillögur okkar formanna stjórnarflokkanna, var hugsað sem sjálfstætt mál. Ég geri mér hins vegar fulla grein fyrir því að ef ekki er full samstaða um það mál þá liggur það, þá truflar það ekki neitt. Það verk sem menn hafa unnið í stjórnarskrárnefndinni hlýtur að ganga fyrir. Það hefur fengið mikla og ítarlega umfjöllun og verið unnið þar af öllum flokkum af miklum heilindum þannig að það er áríðandi að tillöguflutningur okkar formannanna spilli ekki því starfi. Ég vona þó að við getum kannski hugsanlega fundið einhvern flöt og náð saman um efni hins málsins sem ég held að sé gott í gerðinni en ég undirstrika að ég vil ekki að það mál varpi á nokkurn hátt skugga á störf stjórnarskrárnefndarinnar.

[15:47]

Ragnar Arnalds *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get fullvissað hæstv. forsrh. um það að við í stjórnarandstöðunni munum ekki láta það spilla þessu þjóðþrifamáli sem hér er til afgreiðslu þótt ríkisstjórnin hafi hegðað sér undarlega síðasta sólarhringinn í tillögugerð sinni. Ég vil minna hann á það að ég hef farið heldur jákvæðum orðum um tillöguna sem slíka og tel að hún eigi fullan rétt á sér. En ég hlýt að nota tækifærið og spyrja hæstv. forsrh. að því: Hvers vegna í ósköpunum höfðu hann og hæstv. utanrrh. ekki samband við forustumenn flokkanna og gerðu þeim grein fyrir því að þessi umræða væri í gangi innan ríkisstjórnarinnar og lét okkur vinna í stjórnarskrárnefndinni og ræða um nákvæmlega þetta sama mál án þess að við hefðum hugmynd um að slíkar tillögur væru í farvatninu? Ég minni á að þetta atriði var hvað eftir annað nefnt í viðræðum fulltrúa flokkanna í stjórnarskrárnefndinni en það virtist ekki hvarfla að einum eða neinum að ríkisstjórnin væri á sama tíma að ræða þetta mál. Ef ríkisstjórnin hefði komið með þetta mál eins og viku fyrr þá hefði kannski verið einhver von til þess að það hefði getað fengið málefnalega umfjöllun í þinginu en því miður er sú von bersýnilega brostin vegna tímaskorts, jafnvel þótt um gott mál sé að ræða.

[15:49]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég get tekið undir með hv. þm. að það hefði verið betri málatilbúnaður sem hann lagði til en málið er nú þannig vaxið að þetta var sáttmálsatriði í stjórnarsamstarfssáttmála flokkanna. Það er engin launung hjá mér að það kom inn þar vegna óska Alþfl. á sínum tíma. Síðan var ekki vakið máls á þessu atriði fyrr en eftir aukaþing Alþfl. og þá var þetta mál hermt upp á flokkana báða. Ég auðvitað kannast við það að þetta var samþykkt í upphafi en menn hafa ekki knúið dyra varðandi þetta mál fyrr. Þess vegna bar það að með þessum hætti.

Ég er alveg sammála hv. þm. að málatilbúnaður ríkisstjórnarinnar er hvað þetta varðar ámælisverður og hefði farið betur á því að hann hefði verið með öðrum hætti. En málið er í sjálfu sér gott.

[15:50]

Ragnar Arnalds *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er hárrétt hjá hæstv. forsrh. að málið er seint fram komið innan ríkisstjórnarinnar og virðist ekki hafa dúkkað þar upp fyrr en hæstv. utanrrh. taldi að það gæti nýst sér í málefnatilbúnaði sínum þegar hann er að reka áróður fyrir aðild Íslands að Evrópusambandinu. Þess vegna virðist málið ekki hafa verið rætt í ríkisstjórninni fyrr en núna á allra seinustu dögum. Engu að síður kom þessi hugmynd til umræðu

fyrir nokkrum vikum síðan og ég átta mig ekki á því hvers vegna Sjálfstfl. gerði þá enga tilraun til að taka afstöðu til þessa máls þar sem málið var til umræðu innan stjórnarskrárnefndarinnar og hafði þegar verið viðrað af hæstv. utanrrh., að vísu á þann óviðfelldna hátt, vil ég nú segja, að tengja það við aðild að Evrópusambandinu, en engu að síður hafði hugmyndin verið viðruð og þess vegna skil ég ekki hvers vegna málið var ekki tekið fyrir innan Sjálfstfl. og tekin afstaða til þess hvort menn ætluðu að vera með málinu eða móti. Ef það hefði gerst fyrir nokkrum vikum þá gætum við kannski núna verið að afgreiða málið í einhverju formi.

[15:51]

Björn Bjarnason:

Hæstv. forseti. Hér fara fram umræður um mikilsverð málefni og fróðlegar umræður á grundvelli góðra gagna sem unnin hafa verið í hendur okkar á vegum stjórnarskrárnefndar. Mér finnst að málið hafi verið lagt prýðilega fyrir okkur þingmenn til athugunar og skoðunar þó ég taki undir með þeim sem hafa lýst þeirri skoðun sinni að tíminn til þess að fjalla um þetta mikilvæga mál sé mjög naumur og e.t.v. hafi verið ástæða til þess að standa öðruvísi að málatilbúnaði ef þannig mætti að orði komast.

Ég hef sjálfur verið mikill áhugamaður um það að mannréttindaákvæði í íslenskri löggjöf yrðu færð í nútímalegt horf og á þessu kjörtímabili hefur verið unnið að því markvisst fyrir frumkvæði ríkisstjórnarinnar og nú allra stjórnmálaflokkanna að standa þannig að málum því að bæði hefur mannréttindasáttmáli Evrópu verið festur í lög og nú erum við með til 2. umr. þessar breytingar á stjórnarskránni. Það kemur fram í þskj. 389, í grg. við frv. til stjórnarskipunarlaga en þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Í athugasemdum við frv. til laga um mannréttindasáttmála Evrópu er lýst þeirri skoðun að lögfestingin hafi allt að einu þau óbeinu áhrif að ríkari tilhneiging verði en áður til að beita rúmri skýringu á stjórnarskránni til samræmis við sáttmálann þar sem það gæti átt við, en ákvæði stjórnarskrárinnar séu fáorð og komin mjög til ára sinna. Jafnframt kemur fram í athugasemdum að lögfesting mannréttindasáttmálans sé ekki framtíðarlausn. Lýst er þeirri skoðun nefndarinnar sem undirbjó frv. að nauðsynlegt sé að endurskoða mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar, ekki síst með hliðsjón af mannréttindasáttmálanum."

Þetta kom sem sagt fram í grg. með frv. til laga um lögfestingu á mannréttindasáttmála Evrópu sem var samþykkt samhljóða á Alþingi og er nú orðinn að íslenskum lögum. Þarna er mælt með því annars vegar að menn túlki ákvæði mannréttindasáttmálans á þann veg að þau að nokkru leyti víki almennum lögum til hliðar ef þannig ber undir en við höfðum einnig áhyggjur af því sem að þessu máli störfuðum á sínum tíma að frumkvæði hæstv. dómsmrh. að það væri nauðsynlegt að ákvæði mannréttindasáttmálans og það sem þar stendur fengi ótvíræða, má segja, yfirburðastöðu í íslenskri löggjöf og það væri náttúrlega best gert með því að veita mannréttindasáttmálanum eða einhverjum ákvæðum hans stjórnarskrárvernd.

Nú hefur sú leið verið farin, eins og hér liggur fyrir, að endurskoða mannréttindakafla stjórnarskrárinnar og Alþingi tók um það ákvörðun á Þingvöllum 17. júní sl. að stefnt skyldi að því að þessu starfi yrði lokið á kjörtímabilinu. Ég er þeirrar skoðunar að það hafi komið fram meiri áhugi á þessu máli þegar þetta þskj. 389 var lagt fram en menn höfðu jafnvel getað búist við. Það lýsir því að í landinu er mjög mikill áhugi á því að bæði íslensk löggjöf og einnig stjórnarskráin séu þannig úr garði gerð að þau séu í sem bestu samræmi við hugmyndir manna um alþjóðlegar skuldbindingar og um þá þróun sem á sér stað hvarvetna um heiminn, a.m.k. í lýðfrjálsum löndum, til að tryggja mannréttindi.

Ég hef ekki lesið allar þessar álitsgerðir enda hef ég ekki fengið í hendur nema hluta af þeim en þar kemur fram áhugi á því hjá ýmsum álitsgjöfum að fleiri alþjóðasamningar á borð við mannréttindasáttmála Evrópu verði festir í íslensk lög. Mér finnst í framhaldi af þessum hugmyndum og í ljósi þess mikla áhuga sem er á þessum málum almennt að þá eigi ríkisstjórnin að standa þannig að málum í framhaldinu að hugað verði að því að lögfesta fleiri af þessum alþjóðasamningum. Það kunni að koma til móts við mörg skynsamleg ráð sem gefin hafa verið í þessum tillögubúnaði öllum og það eigi að nýta þann byr sem umræður um mannréttindamál hafa fengið í tilefni af framlagningu þessa frv. og þeirra umræðna sem um það hafa verið til að huga að lögfestingu á fleiri alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að og einnig verði að vinda bráðan bug að því að tryggja að Ísland standi að fullu og öllu við þær skuldbindingar sem ríkið hefur gengist undir með aðild að þessum samningum. Þetta er ákaflega mikilvægt og ekki síður mikilvægt heldur en að breyta mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar og færa þau í nútímalegra horf.

Gagnrýnin hefur sem sagt bæði beinst að efni málsins en ekki síður að forminu eða aðferðinni. Hér hefur áður í umræðunum verið vitnað til álits sem kom frá Dómarafélaginu og dags. er 15. febr. 1995. Hv. 10. þm. Reykv. gerði það en ég vil ítreka það því ég tel að þau eigi erindi hér inn í umræðurnar þessi sjónarmið þannig að umræðurnar gefi mynd af þeirri gagnrýni sem á okkur alþingismenn hefur komið vegna þessa máls og hvernig að því hefur verið staðið og sjálfsagt að menn velti því fyrir sér. Það segir, með leyfi hæstv. forseta, í áliti Dómarafélagsins:

„Leggja verður á það sérstaka áherslu að vanda verði til þeirra breytinga á stjórnarskrá lýðveldisins sem Alþingi fjallar nú um. Það er sérstaklega varað við því að frv. til breytinga sé knúið í gegn fyrir lok þessa þings af þeirri ástæðu einni að búið var að ákveða að gera það. Slík má ekki vera forsenda aðgerða í jafnmikilvægu máli. Minnt er á að á Þingvöllum lofaði Alþingi aðeins að „stefnt" yrði að þessu takmarki og með því að almennri umræðu hefur verið hrundið af stað er þegar búið að uppfylla fyrirheitið að hluta og þýðingarmikið skref stigið. Fjögur ár eru ekki langur tími á mælikvarða stjórnarskrár, en fljótfærnisleg vinnubrögð

geta valdið miklum skaða með því að veikja tiltrú manna á stjórnarskránni og ekki síður stjórnarskrárgjafanum.

Annað sem veikt gæti traust fólks á stjórnarskrárgjafanum væri það að ekki væri gefinn kostur á nægilegri umræðu um málið. Mannréttindi eru réttindi sem mönnum ber sem mönnum og eru nauðsynleg hamingju þeirra og þroska. Þau eru ekki gjöf valdhafa til borgaranna heldur er það frumskilyrði þess að menn afsali sér náttúrulegu frelsi sínu í hendur stjórnvalda og lúti því að lífi þeirra sé skipað með lögum, að mannréttindi séu virt og varðveitt. Þrátt fyrir það að ekki séu í núgildandi stjórnarskrá ákvæði um að breytingar á henni skulu lagðar fyrir þjóðina til ákvörðunar í þjóðaratkvæðagreiðslu þá er ljóst að ætlun stjórnarskrárgjafans var að hvers konar breytingar yrðu lagðar fyrir dóm þjóðarinnar. Sá háttur sem hafður er á nær hins vegar ekki tilgangi sínum vegna þjóðfélagslegra og stjórnmálalegra aðstæðna sem öllum eru ljósar. Það munu hins vegar einungis fáir einstaklingar huga að stjórnarskrárfrv. þegar þeir ákveða hverjum þeir greiða atkvæði sitt auk þess sem í þessu tilviki standa allir flokkar að frv. Það mun því ekki fara fram í raun nein könnun á vilja þjóðarinnar. Slík könnun sem að sjálfsögðu á að fara fram verður við núverandi aðstæður aðeins gerð með kynningu og umræðu. Það er réttur borgaranna að fá slíka umræðu og skylda Alþingis að sjá til þess að hún fari fram. Þeirri skyldu hefur að hluta verið sinnt með kynningu frv. og auglýsingu eftir athugasemdum en hún er ekki uppfyllt að því er varðar þau tímamörk sem umræðunni og umsagnaraðilum eru sett.

Önnur mikilvæg ástæða fyrir því að veita nægan tíma til umræðu er að ákveðinn hugmyndafræðilegur ágreiningur hefur komið upp. Má þar t.d. nefna mannréttindahugtakið sjálft og hugtakið efnahagsleg og félagsleg réttindi. Hér er um erfið og flókin atriði að ræða sem ekki hafa verið rædd og hugsuð mikið á Íslandi. Það virðist því bæði eðlilegt og rétt að leyfa þeirri umræðu sem nú er hafin að slíta barnsskónum og ná nokkrum þroska áður en stjórnarskrárákvæði sem helst eiga að standa um alla framtíð eru sett um þessi atriði."

Ég vildi lesa þetta upp og get sjálfur tekið undir mikið af því sem þarna stendur því að ég er þeirrar skoðunar að ákvæði í stjórnarskránni um breytingar á henni séu þess eðlis að það verði að hafa í huga óskir um tækifæri til að veita umsagnir og líta á málin og ræða þau gaumgæfilega og í sjálfu sér sé það nýmæli í störfum Alþingis, stjórnarskrárgjafans, að standa þannig að málum eins og hér hefur verið gert, að samþykkja fyrst að ákveðnu máli skuli lokið fyrir ákveðin frest og síðan taka til við að ræða efni málsins og ræða það síðan í ljósi þess að það verði að ljúka því á ákveðnum tíma. Ég held að þessi aðferð sem hér hefur verið viðhöfð sé í raun og veru ekki í samræmi við það sem menn ætluðu sér með hliðsjón af 79. gr. stjórnarskrárinnar eins og hún liggur nú fyrir og lagt er út af, t.d. í bók Ólafs Jóhannessonar og Gunnars G. Schrams, Stjórnskipun Íslands, en ný útgáfa af þeirri bók var einmitt að berast mér í hendur í gær. Þar stendur, með leyfi forseta, m.a. um 79. gr. stjórnarskrárinnar:

„Málsmeðferðin er hér af ásettu ráði þung í vöfum og ljóst að tímafrestir eru allir mun lengri en þegar um venjulegar lagabreytingar er að ræða."

Það er minnt á það í þessari nýju útgáfu af þessari ágætu bók að í tillögum stjórnarskrárnefndar, sem hún birti 1983, og í stjórnarskrárfrv. sem borið var fram sama ár af formanni nefndarinnar, Gunnari Thoroddsen, var lagt til að 79. gr. stjórnarskrárinnar yrði breytt á þá lund að það færi fram þjóðaratkvæðagreiðsla um breytingar á stjórnarskránni. Þannig hefur hingað til verið litið þannig á að allar breytingar á stjórnarskránni ættu að vera með þeim hætti að mönnum gæfist góður tími til að ræða málið, velta því fyrir sér og skoða það og heyra ólík sjónarmið.

Það er einnig nýmæli, má segja, í þeirri aðferð sem hér er beitt að taka fyrir sérstakan kafla stjórnarskrárinnar í stað þess að leggja hana alla undir þegar verið er að endurskoða þetta grundvallarskjal íslenskrar stjórnskipunar. Það hefur komið fram í umræðunum að þingmenn og þeir sem hafa tekið þátt í þessu starfi hafa allir ýmislegt annað til málanna að leggja, aðrar breytingar, en við erum að tala um. Sjálfur átta ég mig ekki á því hvort þessi tillaga um eignarréttarfyrirvara varðandi auðlind hafsins eigi heima í VII. kafla stjórnarskrárinnar. Eða hvort ýmislegt af því sem hv. þm. Ragnar Arnalds nefndi séu atriði sem hann hefur gefið eftir af því að hann taldi að þau ættu heima í VII. kafla stjórnarskrárinnar eða hvaða kafla við erum í raun og veru að tala um þegar um atriði eins og þetta er að ræða. T.d. hvort eignarréttur á auðlindum sjávar snertir eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar eða hvort menn eru að hugsa um einhver ný svið í stjórnarskránni sem lúta náttúruvernd og útivistarrétti og öðru slíku eða vernd dýra. Varla fellum við það beint undir mannréttindi. Mér finnst því sumt af þessu vera utan við það sem við einsettum okkur að klára, þ.e. VII. kafla stjórnarskrárinnar. (**RA:** Tillögurnar eru um fleira en mannréttindi.) Já, það eru þarna nokkur atriði í VII. kaflanum og samþykktirnar hafa náttúrlega gengið fyrst og fremst út á það hér í þinginu að endurskoða mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar.

En í ljósi þeirra miklu umræðna sem orðið hafa um aðferðirnar sem Alþingi hefur beitt þá hljótum við alþingismenn að búa okkur undir það að þetta mál verði kannski þeim mun meira áberandi í kosningunum sem fyrir dyrum standa en ella hefði verið og við þurfum að búa okkur undir það að þetta mál verði til umræðu og kannski þær aðferðir sem við höfðum beitt í meðferð málsins og verður þá að taka þátt í þeim umræðum. En það er alveg ljóst að við erum ekki hér og nú endanlega að ákveða hvernig þessu verður háttað því að þessar tillögur þurfa að koma að nýju fyrir Alþingi eftir kosningar og verði einhverjar breytingar gerðar á þessum tillögum þá þarf að bera málið að nýju upp. En ég vil leggja á það áherslu að ég lít þannig á að eftir að kosið hefur verið til nýs þings, þótt það komi saman til stuttra funda í vor og hittist ekki til reglulegra

funda fyrr en næsta haust, þá legg ég áherslu á það að menn líti til þess að þá er væntanlega að hefjast 119. löggjafarþingið og það standi lengur en nokkra daga eða vikur í vor og menn gefi sér tíma til að þetta mál verði skoðað og ef ástæða þykir til og ef fram koma einhverjar athugasemdir þá taki menn hliðsjón af því þar sem ég tel ákaflega mikilvægt að það verði reynt að ná sem víðtækastri sátt um málsmeðferðina a.m.k. og menn séu ekki að deila á stjórnarskrárgjafann fyrir það að standa illa að málinu. En það er mikilvægt fyrir okkur að afgreiða þetta mál á fyrsta þingi eftir kosningar því að annars fellur það dautt niður. Ég varpa því hér fram og spyr og einnig væri fróðlegt að vita hvort nefndin hefði eitthvað rætt um það í sínum störfum hvernig hún lítur á það að kosningum loknum og hvað menn eiga von á því að þetta geti tekið langan tíma eftir að það kemur aftur fyrir þingið þegar kosið hefur verið. Eins og segir í bók Ólafs Jóhannessonar á stjórnarskrárfrv. sem Alþingi hefur samþykkt að ganga í gegnum hreinsunareld og á að samþykkjast aftur á Alþingi áður en það kemur til staðfestingar forseta.

Þetta eru atriði sem við verðum að hafa í huga og mér finnst að við getum komið til móts við þá gagnrýnendur sem hafa fundið að málsmeðferðinni með því að huga að framhaldinu því að það er alveg ljóst að málinu er ekki fullokið á þessu þingi og stjórnarskráin sjálf gerir ráð fyrir því að um mál af þessu tagi þurfi að fjalla á tveimur þingum. Þessar hugleiðingar þótti mér nauðsynlegt að koma fram með í ljósi þeirrar gagnrýni sem fram hefur komið á málsmeðferðina hér og tel að við höfum ekki útilokað neinn frá því að láta skoðun sína í ljós og ef menn vilji beita sér í málinu, þá geti þeir gert það bæði í komandi kosningum og einnig gagnvart því þingi sem kemur saman að þeim loknum.

Ég tel að nefndin hafi í breytingartillögum sínum komið til móts við margt af því sem þótti gagnrýnisvert í hinum upphaflegu tillögum, en tillögurnar sem hér voru lagðar fram eru, eins og menn muna, aðrar tillögur en lágu fyrir þegar við samþykktum þáltill. á Alþingi 17. júní sl. Málið hefur verið vel rætt og margir hafa komið að því og margar tillögur komið fram en að lokum þurfa menn auðvitað að taka afstöðu, velja eina tillögu umfram aðra. Tillögurnar voru lagðar fram og síðar kynntar og auglýstar og menn höfðu tækifæri til þess að segja álit sitt á þeim.

Ég vil aðeins nefna nokkur atriði í nál. sem vöktu hjá mér spurningar og vekja máls á einu atriði sem ég tel að sé þess eðlis í brtt. nefndarinnar að ég á mjög erfitt með að fallast á það. En ég tek undir með nefndinni þar sem hún segir, með leyfi forseta:

„Ekki þykir heppilegt að ákvæði stjórnarskrár séu of ítarleg þar sem sú hætta er fyrir hendi að gagnályktun verði beitt gagnvart öðrum mikilvægum samningsbundnum atriðum sem ekki eru tekin með í stjórnarskrá."

Ef þessi skoðun hefur verið höfð að leiðarljósi við gerð þessa texta og breytingartillagnanna þá tel ég það mjög lofsvert því að þarna er einmitt vakið máls á hættu sem menn verða að varast við jafnviðkvæman texta og texti stjórnarskrárinnar er. Þó held ég að allir sanngjarnir menn sem líta á þann texta sem við erum nú að ræða og munum vonandi samþykkja áður en þessu þingi lýkur sjái að hann er með nokkrum öðrum hætti en textar annarra greina stjórnarskrárinnar. Hann er lengri og ítarlegri, þannig að þarna hefur verið gengið lengra í textasmíði en áður, en vonandi er staðið þannig að málum að þessi meginregla sem fram kemur í áliti nefndarinnar sé í heiðri höfð og orðalag á einstökum greinum stofni ekki til vandræða við túlkun. Á bls. 3 í áliti nefndarinnar er rætt um neyðarrétt og stöðuna á neyðartímum og nefndin segist hafa fjallað um hvort það ætti að setja ákvæði varðandi stjórnskipulegan neyðarrétt í stjórnarskrána en hafnar því og segir, með leyfi forseta:

„Ákvæðið gæti því reynst næsta haldlítið ef slík upplausn ætti sér stað. Ekki er því lagt til að ákvæði um almennan neyðarrétt verði í stjórnarskránni. Það er skoðun nefndarinnar að öll stjórnarskrárákvæði beri alltaf að hafa í heiðri, jafnt á neyðartímum sem og öðrum tímum, og því verður að treysta."

Mér finnst ástæða til að spyrja um það hvort nefndin líti svo á að það fordæmi sem er í íslenskri stjórnmálasögu um beitingu stjórnskipulegs neyðarréttar skuli að engu haft og það kunni ekki að koma til þeirra atvika hér í okkar stjórnmálalífi að menn hafi rétt eins og gert var á sínum tíma til að grípa til þess sem nefnt er stjórnskipulegur neyðarréttur og hvort það hafi verið rætt og tekin afdráttarlaus afstaða til þess af nefndarmönnum að þessi réttur væri ekki lengur fyrir hendi. Hingað til hafa menn talið að á Íslandi giltu reglur sem viðurkenndu stjórnskipulegan neyðarrétt og var gripið til þeirra þegar Íslendingar tóku mál sín í sínar hendur við hernám Dana eins og alþingismenn muna vafalaust.

Ég set einnig spurningarmerki við þessar hugleiðingar um jákvæða mismunun sem svo er kölluð. Ég spyr sjálfan mig hvernig á þessu yrði tekið í raun ef á reyndi eins og segir í áliti nefndarinnar, með leyfi forseta:

„Nefndin álítur að í jafnræðisreglunni felist þessi heimild ef beiting hennar byggist á málefnalegum forsendum."

Þessi setning hefur kannski verið málamiðlun innan nefndarinnar og þjónað þeim tilgangi að menn sameinuðust um þessar tillögur en ég leyfi mér að setja spurningarmerki við gildi hennar. Þetta hugtak, jákvæð mismunun, finnst mér næsta sérkennilegt og sé einmitt hugtak sem menn geta notað í mannréttindaumræðum eða réttara sagt misnotað og það beri að varast allar slíkar reglur og það beri frekar að túlka ákvæði samkvæmt orðanna hljóðan og ekki telja að í þeim felist einhver leyndur skilningur sem aðrir en innvígðir eigi erfitt með að átta sig á.

Ég vík þá að því atriði sem helst hefur sætt gagnrýni, þ.e. spurningunni um málfrelsið. Þar hefur nefndin gert tillögu til breytinga til að koma til móts við þau sjónarmið og þá gagnrýni sem fram kom á upphaflegu tillögurnar. Í stað þess að taka inn í tillögur sínar orð-

rétt það sem stendur í 2. mgr. 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu þá velur nefndin að fara, ef ég hef skilið það rétt, einhvers konar millileið en ég velti því fyrir mér hvort ekki hefði verið skynsamlegra að taka á málinu eins og gert er í mannréttindasáttmála Evrópu. Við höfum lögfest þann sáttmála, eins og ég sagði, og það hefur komið fram og liggur fyrir að menn vilja að sá sáttmáli hafi jafnvel aðra stöðu en almenn lög þó að menn geti ekki notað það nema í orði kveðnu í raun og veru en á þetta hugtak hefur reynt fyrir Mannréttindadómstól Evrópu og um þetta hugtak hafa farið fram miklar umræður og að ýmsu leyti hefði það kannski verið skilmerkilegra og ótvíræðara að taka ákvæðið eins og það er í mannréttindasáttmálanum.

Varðandi það sem segir um félagafrelsið þá finnst mér að hugleiðingarnar í áliti nefndarinnar séu því til skýringar hvaða skilning menn leggja í þetta en hið sama á við um þá útleggingu alla eins og annað, við alþingismenn eigum ekki síðasta orðið um þau mál. Þótt vafalaust séu skoðanir okkar einhver leiðbeining ef til ágreinings kemur eða deilna þá vil ég um þetta atriði segja og það sem stendur í greinargerðinni, sérstaklega þar sem rætt er um forgangsréttarákvæðin, að það er rétt að ég tel að réttur manna til þess að standa utan félaga raski í sjálfu sér ekki forgangsréttarákvæðum í kjarasamningum enda hafa menn rétt til þess að semja í frjálsum samningum um slík atriði. Ef menn eru að velta fyrir sér hvort forgangsréttarákvæðin brjóti í bága við einhverjar reglur sem við höfum sett á Alþingi, þá mundi ég ætla að það væri helst í sambandi við aðildina að Evrópska efnahagssvæðinu því að forgangsréttarákvæði sem veita einstaklingum hér á landi forréttindi til vinnu á einhverju ákveðnu landsvæði eða félagssvæði kynnu að vera talin brjóta í bága við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið þar sem allir íbúar á svæðinu eiga að sitja við sama borð hvar sem þeir búa. Það væri einkennilegt ef útlendingar hér á landi nytu meiri réttinda en Íslendingar ef þeir kæmu hér og sæktust eftir vinnu og gætu vísað til þess að þeir þyrftu ekki að lúta forgangsréttarákvæðum í íslenskum kjarasamningum því að þeir kæmu hingað á grundvelli samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem mælti fyrir um það að ekki mætti leggja neinar landfræðilegar hindranir í götu manna sem vildu leita sér eftir vinnu.

Þá segir í greinargerðinni, með leyfi forseta:

„Þá verður heldur ekki litið svo á að umsamin skylda launþega til að greiða gjöld til stéttarfélaga sé félagsskylda af þeim meiði sem ákvæði þetta nær til."

Ég get tekið undir þetta. Ég get tekið undir það að semji menn um það að greiða gjöld til stéttarfélaga þá séu þeir bundnir af þeim samningi. Vandinn er hins vegar sá í þessu máli að það hefur verið gert að menn hafa samið fyrir hönd annarra um að greiða til stéttarfélaga og þó svo þessir menn séu ekki í félögunum. Sá vandi kann að koma upp í þessu efni og sérstaklega væri áhugavert að vita hvort í nefndinni hafi verið rætt um það hvað sé um ákvæði í lögum sem skylda menn til þess að greiða til stéttarfélaga þótt þeir séu ekki í félögunum. Þannig lagaákvæði eru t.d. í lögum 94/1986, þar sem segir beinlínis, með leyfi hæstv. forseta:

„Starfsmaður sem lög þessi taka til og eigi er innan stéttarfélags samkvæmt lögum þessum, greiði til þess stéttarfélags, sem hann ætti að tilheyra, gjald jafnt því sem honum bæri að greiða væri hann í því, enda fari um laun hans og önnur starfskjör samkvæmt samningum þess samkvæmt nánari ákvörðun fjmrh. eða sveitarstjórnar. Þá ákvörðun skal tilkynna viðkomandi stéttarfélagi."

Var fjallað í nefndinni um það hvort þetta ákvæði væri þess eðlis að ástæða væri til að líta á það ef þessi breyting, sem vonandi verður samþykkt, yrði að stjórnarskrárákvæði því að hér stendur í áliti nefndarinnar:

„Þá verður heldur ekki litið svo á að umsamin skylda launþega til að greiða gjöld til stéttarfélaga sé félagsskylda af þeim meiði sem ákvæði þetta nær til."

Þarna er um umsamda skyldu að ræða. Hér er um lagaskyldu að ræða til þess að greiða félagsgjöld þótt maður sé ekki í viðkomandi félagi. Þarna held ég að um sé að ræða atvik sem ég held að hljóti að koma til skoðunar varðandi rétt manna gagnvart félögum.

Ég er þá kominn að því atriði sem ég tel mjög erfitt að sætta sig við í brtt. nefndarinnar og það er þegar tekið er til við að nefna sérstaklega stjórnmálafélög og stéttarfélög og þar held ég að nefndin gangi í berhögg við þá línu sem lögð er í upphafi og ég las, með leyfi hæstv. forseta:

„Ekki þykir heppilegt að ákvæði stjórnarskrár séu of ítarleg þar sem sú hætta er fyrir hendi að gagnályktun verði beitt gagnvart öðrum mikilvægum samningsbundnum atriðum sem ekki eru tekin með í stjórnarskrá."

Þarna held ég að sú hætta kunni m.a. að skapast að með því að tilgreina sérstaklega stéttarfélög og stjórnmálafélög þá sé verið að skapa hættu á gagnályktunum þannig að þessum félögum sé veittur einhver meiri réttur en öðrum félögum. Enda finnst mér að þarna sé um stílbrot á stjórnarskránni að ræða. Ef litið er á texta hennar almennt þá held ég að það komi hvergi fyrir í texta stjórnarskrárinnar að menn noti orðalagið „þar með talið" og skjóti inn í einhverjum tveimur eða þremur atriðum. Almennt séð er textinn skýr þótt það megi deila um hvernig eigi að túlka hann en svona atriði eins og þetta finnst mér stílbrot á stjórnarskránni auk þess sem mér finnst að það kalli yfir okkur þá hættu sem sjálf nefndin varar sérstaklega við í inngangi að ágætu áliti sínu.

Ég hef hér, hæstv. forseti, hreyft þeim atriðum sem komu upp í huga minn þegar ég skoðaði þetta mál í lokayfirferðinni. Eins og fram hefur komið höfum við ekki haft mikinn tíma til þess og vafalaust ef lengri tími hefði gefist hefði verið ástæða til að nefna fleira. Ég hef ekki staldrað við það sem ég fagna sérstaklega og það er margt og ég fagna því að þetta mál skuli komið á þetta stig sem nú er og samstaða náðst um þann texta sem fyrir okkur liggur en nauðsynlegt er að ræða þetta í þingsalnum eins og annars staðar í þjóðfélaginu og velta fyrir sér hvað í raun og veru felst í ýmsu af því sem þarna stendur.

Ég sakna þess, eins og hv. 10. þm. Reykv., að niður skuli felld 78. gr. núgildandi stjórnarskrár um að sérréttindi sem bundin eru við aðal, nafnbætur og lögtign megi eigi taka í lög, en þó sakna ég þess sérstaklega að niður skuli felld 75. gr. þar sem segir, með leyfi forseta:

„Sérhver vopnfær maður er skyldur að taka sjálfur þátt í vörn landsins, eftir því sem nákvæmar kann að verða fyrir mælt með lögum."

Ég tel að þessi stjórnarskrárgrein, sem við höfum sem betur fer aldrei þurft að grípa til, hafi meira en táknrænt gildi ef á reynir og ég sakna hennar úr stjórnarskrártextanum og hefði talið að okkar samkomulag um þetta mál hefði átt að byggjast á því að ekki yrðu felldar úr greinar beinlínis sem einstakir þingmenn eða fulltrúar þeirra í nefndinni lögðu áherslu á að væru inni. Ég hefði talið að það væri eðlileg forsenda í samkomulaginu að ef menn legðu áherslu á að greinar eins og þessar tvær stæðu inni, þá væri það sá grunnur sem menn byggðu á þegar þetta starf hæfist. En við stöndum frammi fyrir þessu og ekki mun ég gera tillögu um breytingar á þessu til þess að rjúfa ekki það mikilvæga samkomulag sem hér hefur tekist. Varðandi þetta með stéttarfélögin og stjórnmálafélögin, þar mun ég íhuga minn gang hvaða afstöðu ég tek í því máli.

Ég sakna þess einnig, hæstv. forseti, og það skulu vera mín lokaorð, að ekki skuli þegar mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar eru endurskoðuð með jafnþýðilegum hætti og hér hefur verið gert hafa tekist samkomulag um breytingar á kosningalöggjöfinni eða kjördæmamálinu eða hvað við eigum að kalla það. Í mínum huga er það helsta vandræðamálið varðandi mannréttindi á Íslandi hve landsmenn standa misjafnt að vígi þegar þeir ganga að kjörborðinu. Það hefur komið fram í ýmsum athugasemdum eða álitsgerðum sem borist hafa vegna þessa máls að menn telja að það hefði einnig átt að líta á jafnvægi í atkvæðaþunga við endurskoðun á mannréttindakafla stjórnarskrárinnar. Eins og ég sagði í upphafi litu menn þannig á að það væri verið að fjalla hérna sérstaklega um VII. kaflann og undir það falla málefni eins og varðandi sveitarfélög og annað, trúfélög, en ég sakna þess mjög að þegar við göngum frá þessu máli skulum við skilja þetta stóra mál eftir, þetta misréttismál í íslensku þjóðfélagi, því að hvarvetna um heiminn þar sem menn ræða um mannréttindi og lýðréttindi þá er jafn réttur manna við kjörborðið talinn grundvallarréttur sem verði að hafa í huga þegar tekið er á mannréttindamálum.

Því miður hefur ekki neitt miðað í því máli á þessu kjörtímabili og þegar menn gera heitstrengingar um það hverju þeir ætla að vinna að þegar stjórnarskráin verður frekar til umræðu hér þá get ég gefið þá heitstrengingu að ég mun vinna áfram að því að draga úr misréttinu varðandi atkvæðaþungann og hefði raunar vonað að lengra miðaði í því máli á þessu kjörtímabili sem nú er að ljúka.

[16:27]

Ragnar Arnalds *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. 3. þm. Reykv., Björn Bjarnason, kvartaði yfir því að stjórnmálafélög og stéttarfélög væru sérstaklega tilgreind í tillögum stjórnarskrárnefndar og tekin inn í ákvæði um félagafrelsi. Að sjálfsögðu er það svo að félög sem nefnd eru í stjórnarskránni njóta þar með ákveðinnar verndar. Í því felst mikilvægi þess að nefna einstakar tegundir félaga að með því er stjórnarskráin að leggja verndarhendi sína yfir félög af því tagi sérstaklega. Þetta er gert á fjórum stöðum í stjórnarskránni, þ.e. varðandi trúfélögin, stjórnarfélögin, stéttarfélögin og sveitarfélögin. Þau fá öll þessa sérstöku meðferð og þennan sérstaka heiður að vera tilgreind í stjórnarskrá. Ég vil spyrja hv. þm. að því hvort honum finnist ekki að öll þessi félög séu slíkur grundvallarþáttur í þjóðskipulagi okkar að þau eigi það skilið að njóta sérstakrar verndar með því að vera þar nefnd.

[16:29]

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Varðandi stjórnmálaflokkana held ég að þegar stjórnmálakaflar stjórnarskrárinnar, ef ég má orða það svo, verða teknir til endurskoðunar og færðir í nútímalegra horf þá verði nauðsynlegt að taka inn ákvæði varðandi stjórnmálaflokkana. Þar tel ég að ákvæðið um þá eigi heima.

Varðandi trúfélögin er það ljóst að þau eiga heima á þeim stað þar sem þau eru og varðandi sveitarfélögin finnst mér að það sé ekki hægt að bera þau saman við hin félögin og við séum kannski að tala um ólíka hluti.

Varðandi stéttarfélögin er ég ekki sannfærður um að það eigi að taka þau fram yfir önnur hagsmunafélög í landinu og setja þau inn í stjórnarskrána sérstaklega. Þess vegna sagði ég það að með þessu stílbroti, bæði í textagerð og einnig varðandi efni málsins sem þarna kemur fram, tel ég skref aftur á bak og kunni að leiða til þess að menn fari að túlka þetta ákvæði og leggja merkingar í það sem kannski vakir ekki fyrir hv. síðasta ræðumanni eða öðrum sem að þessu máli standa.

Ég velti því fyrir mér líka þegar ég hlýddi á ræðu hans af því að ég heyri hvernig hann leggur út af þessum ákvæðum hvaða gildi lögin frá 1938 um stéttarfélögin og vinnudeilur og önnur slík lög hafa og hvort við verðum þá ekki að taka það allt til endurskoðunar og skoða það núna í ljósi þess ef réttur manna til þess að semja um kjör sín er orðinn stjórnarskrárverndaður, hvort við þurfum þá að hafa löggjöfina með þeim hætti sem hún er og hvort það kalli ekki á að við endurskoðum þessa löggjöf til þess að líta á málið í stærra samhengi.

Ég er ekki þeirrar skoðunar að stéttarfélög eigi heima með þessum félögum sem nefnd voru og um stjórnmálaflokkana tel ég að eigi að fjalla í stjórnmálakafla stjórnarskrárinnar, ef ég má kalla það svo.

[16:31]

Ragnar Arnalds *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel að stéttarfélög séu einn af grundvallarþáttum þess stjórnskipulags sem við búum við og ég er satt best að segja mjög undrandi á því að hv. þm. Björn Bjarnason skuli ekki vera sömu skoðunar.

[16:32]

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það þarf náttúrlega að vita nákvæmlega hvað hv. þm. á við með stéttarfélag ef hann telur að þau hafi svona mikið gildi í þjóðfélaginu. Það sem við erum væntanlega að tala um eru aðilar vinnumarkaðarins sem hafa mikið gildi sem samningsaðilar um kaup og kjör í þjóðfélaginu og það sé forsenda fyrir því að hæfilegt jafnvægi ríki í þjóðfélaginu að þessir aðilar hafi heilbrigðan starfsgrundvöll, geti starfað og hafi rétt til að starfa, semja um kaup og kjör og komast að sameiginlegri niðurstöðu og leysa þannig úr ágreiningi sem væri kannski enn þá meiri í þjóðfélaginu ef þessir aðilar væru ekki fyrir hendi. Ef í hugtakinu „stéttarfélög" eru Vinnuveitendasambandið og samningsaðilarnir, ef það er það sem hv. þm. er að tala um, samningsaðila sem koma að kjarasamningum almennt og standa í þessum ágreiningi og að lausn þeirra, þá get ég tekið undir það að þeir hafa miklu hlutverki að gegna í þjóðfélaginu, en ef stéttarfélögin eru bara annar aðilinn þá finnst mér að túlkunin sé of þröng. Við sjáum það strax þegar við förum að velta því fyrir okkur og ræða það í þingsalnum að við kunnum að lenda í vandræðum með að túlka hvað í þessu hugtaki felst og þess vegna tel ég að það sé mjög varasamt að taka svona sérgreint hugtak inn í stjórnarskrána.

[16:33]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Frú forseti. Það er eðlilegt að það verði hér allnokkrar umræður um þetta stóra mál sem við stöndum frammi fyrir og hefur verið mjög til umræðu í samfélaginu á undanförnum vikum.

Ég átti þátt í því ásamt þingflokksformönnum annarra stjórnmálasamtaka sem eiga sæti á hinu háa Alþingi að semja upphaflega frv. og það voru allótrúleg viðbrögð sem það frv. fékk og kom mörgum okkar á óvart. Það var eins og það frv., sem auðvitað var ekkert annað en tillaga, væri einhver endanleg niðurstaða í þessari umræðu og menn voru að gera flutningsmönnum málsins upp ýmiss konar skoðanir. Því vil ég láta það koma hér fram við upphaf míns máls að það frv. var að sjálfsögðu borið undir alla þingflokka og rætt í þeim öllum og því hefur það verið alveg fráleit framsetning, sem fram hefur komið í bæði ræðum og greinum ýmissa málsmetandi manna, að þingflokksformenn hafi sest yfir það að ætla að takmarka málfrelsi í landinu og ég veit ekki hvað og hvað. En eins og fram kom við 1. umr. málsins þá náðist ákveðið samkomulag í forvinnunni og það var sagt mjög greinilega við 1. umr. að í þessu frv. væru ýmis atriði sem vísað væri til þeirrar nefndar sem Alþingi síðan kaus til að fjalla um málið. Og það var lagt í hendur fólksins í landinu og nefndarinnar að vinna úr þessum tillögum og þróa þær frekar. Það er því svo fráleitt að líta á sjálft frv. sem eitthvert endanlegt plagg og lesa út úr því ýmiss konar meiningar.

En það tókst, sem var ætlunin, að ná upp mikilli og frjórri umræðu um þetta mál og það ber að hrósa öllum þeim samtökum og einstaklingum sem hafa lagt sitt af mörkum til umræðunnar og komið með margar nýjar tillögur og frjóa umræðu um mannréttindi inn í þessa umfjöllun þingsins um mannréttindakafla stjórnarskrárinnar. Það hefur tekist í fyrsta skipti í áratugi að koma af stað öflugri umræðu um mannréttindamál og við verðum bara að vona að hún haldi áfram. Því finnst mér að allt þetta mál hafi tekist miklu betur en ég átti von á og mér finnst nefndin sem vann málið áfram hafa unnið þar mjög gott verk. Ég skil það vel að menn hafi orðið að komast að málamiðlunum rétt eins og við gerðum við upphaf málsins, en ég fæ ekki betur séð en allar þær tillögur sem hér eru lagðar fram til breytinga á upphaflega frv. séu mjög til bóta þó að ég og við kvennalistakonur hefðum kosið að sjá ýmislegt fleira. En þetta er skref sem verið er að stíga hér, og ég vil undirstrika það sérstaklega, það er verið að stíga skref. Í fyrsta skipti frá 1874 hefur tekist að ná breiðu samkomulagi um mannréttindaákvæðin og það ber vissulega að fagna því. Mér finnst að í þeirri miklu umræðu sem hér hefur átt sér stað hafi menn horft allt of lítið á það nýja og jákvæða sem var að finna í upphaflega frv. Það er eins og oft að Íslendingar festa sig við allt hið neikvæða og hafa haft uppi mjög stór orð en það hefur kannski líka skilað árangri í nýjum breytingartillögum. Þau miklu og stundum hörðu viðbrögð sem frv. fékk hafa skilað sér í nýjum tillögum þó að ég sé ekki viss um að það séu allir ánægðir með þær.

Ég ætla að fjalla um einstaka þætti þessara brtt. en áður en ég kem að því, svo að ég gleymi ekki að halda því til haga, þá finnst mér það mjög til fyrirmyndar hvernig nefndin stóð að málinu. Hún birti auglýsingu í dagblöðum og hvatti fólk til þess að láta frá sér heyra og þetta finnst mér vera mjög góð vinnubrögð enda skilaði það sér rækilega.

Í umræðunni sem átt hefur sér stað eru það einkum þrír efnisþættir sem hafa fengið mesta gagnrýni. Það er 3. gr. frv. um jafnræðisregluna, það er sú grein sem snýr að tjáningarfrelsinu og loks umfjöllunin um neikvæða félagafrelsið. En það hefur líka verið bent á ýmislegt annað og það er allt til bóta.

Við 1. umr. málsins vakti ég athygli á 2. gr. frv. þar sem fjallað var um þegnskyldu og það var nokkuð óljóst hvað menn áttu við með því hugtaki. Það var látið fara inn í frv. og það kom í ljós að það er mjög misjafn skilningur á því hvað er þegnskylda og því hefur verið breytt í almenna þegnskyldu sem þýðir það að menn geta ekki af trúarástæðum skorast undan almennri þegnskyldu, en eins og ég skil það hugtak þá eru í ýmsum lögum heimildir til þess að kalla fólk til, t.d. við kosningar, til þess að vinna í þágu ríkisins eða þingsins eða almannaheilla eða hvernig sem við eigum að orða það, og það er auðvitað engin ástæða til þess að skorast undan slíku af trúarástæðum. En stóra og kannski ein mikilvægasta breytingin sem hér kemur fram varðar 3. gr. þar sem tekist hefur að fá í gegn setninguna „konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna". Þessu er bætt inn í 3. gr. og ég vil fagna þessu sérstaklega, þó að ég hafi verið þeirrar skoðunar að í rauninni næði 3. gr. utan um þetta hugtak. Þar kem ég auðvitað að umræðu sem er í gangi, m.a. í Evr-

ópuráðinu og hjá Sameinuðu þjóðunum, varðandi alla alþjóðasáttmála og reglur sem verið er að semja um, það er þessi spurning: Á að tiltaka sérstaka hópa eða á að ganga út frá því að hugtak eins og „allir" tryggi það að allir séu jafnir og lögin nái til allra, óháð stöðu, kyni, fötlun eða einhverju slíku?

Það var mikið rætt um þetta við undirbúning frv. og eftir því sem ég best veit þá var mikið rætt um þetta í nefndinni og það er alveg ljóst að það er þegar komin upp óánægja varðandi það að fötlun skuli ekki vera talin upp í þessari grein og það er bent á að fatlaðir eru stór hópur í okkar samfélagi sem þarfnast sérstakrar verndar. Við erum ekki lengra komin en það og það gildir auðvitað um konur líka. Hér er gengið skref til þess að styrkja stöðu kvenna. Við hefðum viljað ganga enn þá lengra úr því að þetta fór inn á annað borð og að kveða á í stjórnarskrá um skyldur ríkisins til þess að grípa til aðgerða til að jafna stöðu karla og kvenna, eins og reyndar er að finna í stjórnarskrám ýmissa landa. Það gildir auðvitað alveg það sama um fatlaða. En þarna koma menn að spurningunni: Hvað á að ganga langt í svona upptalningu? Þarna hefði mátt hugsa sér upptalninguna að viðbættu kynferði, litarhætti, uppruna o.s.frv., þá stæði líka fötlun, kynhneigð, aldur og búseta og jafnvel fleira. Eflaust gleymi ég einhverju. Umræðan gekk út á það hvað ætti að ganga langt í svona upptalningu. Ég held að ég verði að beina því til nefndarinnar, nú veit ég ekki hvort hún lítur svo á að hún hafi endanlega lokið sínu starfi, en vegna þeirrar óánægju sem upp er komin varðandi fatlaða þá finnst mér að nefndin þurfi að gera betur grein fyrir sinni afstöðu til þess hvernig hún komst að þeirri niðurstöðu að ganga ekki lengra í þessari upptalningu þannig að það sé alveg ljóst hvað liggur hér að baki.

Það er auðvitað merkilegur áfangi að við Íslendingar skulum fá hér sérstakt ákvæði varðandi stöðu kvenna og karla inn í okkar stjórnarskrá. Ég veit að konur í Bandaríkjunum hafa barist fyrir því árum saman að fá slíkt ákvæði inn í bandarísku stjórnarskrána og hefur ekki tekist og það eru ekki mjög margar þjóðir sem hafa slíkt ákvæði. Ég hef reyndar verið efins um það hvort eitthvert hald væri í slíkri lagasetningu. Mér finnst þetta meira vera spurning um hugarfar og framkvæmd laga. En ég hef verið sannfærð um það í þessari umræðu, m.a. af lögmönnum sem til þekkja, að þegar á reynir í málefnum sem snerta konur þá sé það miklu sterkara fyrir dómstólunum að hafa ákvæði eins og þetta inni í stjórnarskránni. Þannig að ég vona bara að konur nýti sér þetta ákvæði til þess að sækja rétt sinn fyrir dómstólum sem þær hafa gert allt of lítið hér á landi.

Varðandi aðrar greinar — ég ætla að reyna að stytta mál mitt — þá tel ég að allar þær breytingar sem hér eru gerðar sem snerta refsingar og málsmeðferð fyrir dómstólum og slíkt sé allt saman mjög til bóta.

Aðeins varðandi 9. gr. þá kom fram gagnrýni á hana, það er greinin sem snertir friðhelgi einkalífsins og heimilanna og það var hugsunin með þeirri undanþágu sem þar var veitt að opna fyrir þá heimild að yfirvöld, þar með talin lögreglan, geti gripið inn í þegar um ofbeldi á heimilum er að ræða, heimilisofbeldi. Það var gagnrýnt og kom fram gagnrýni á það að þetta væri of opið, það væri verið að rjúfa friðhelgi heimilisins og því hefði verið bætt inn í tillöguna orðinu „brýna". Þegar „brýna nauðsyn ber til" þá er heimilt að grípa inn í. Ég held að það sé augljóst að þegar um gróft heimilisofbeldi er að ræða þá ber brýna nauðsyn til þess að grípa þar inn í og það á að vera heimilt. Það þarf einfaldlega að koma þeim skilningi til skila í okkar þjóðfélagi að ofbeldi er glæpur, líkamlegt ofbeldi er glæpur, hvort sem það á sér stað inni á heimilum eða annars staðar.

Varðandi tjáningarfrelsið og þá miklu umræðu sem orðið hefur um það þá er bætt hér inn í setningunni „enda teljist þær nauðsynlegar og samrýmist lýðræðishefðum". Mér hefur þótt þessi umræða allsérkennileg og sérstaklega um þann grófa ásetning þingflokksformanna að ætla að takmarka tjáningarfrelsið í landinu. Það er alveg með ólíkindum sem flm. frv. fengu yfir sig og það var bent á að í Mannréttindasáttmála Evrópuráðsins, en hann hefur verið lögfestur hér á landi, er lagagrein sem kveður á um hvernig megi takmarka tjáningarfrelsi og það er nauðsynlegt í lýðræðisríkjum, t.d. til þess að verja börn gegn grófum ofbeldismyndum og slíku. Ég rifja það upp hér aftur að það varð mikil umræða um það í Svíþjóð á síðasta ári að í sænsku stjórnarskránni er tjáningarfrelsisákvæðið svo sterkt að þar töldu menn ekki heimilt að banna dreifingu á barnaklámi, á myndum sem sýndu gróft barnaklám. Þær myndir voru ekki framleiddar í Svíþjóð þannig að þar var sem sagt ekki um óeðlilegt athæfi að ræða sem framið var innan landsins heldur var verið að dreifa myndum og það kom í ljós að þeir sem stóðu að þessari dreifingu bentu á sænsku stjórnarskrána og menn töldu sér ekki heimilt að grípa þarna inn í þó að um gróft barnaklám væri að ræða. Það minnast þess kannski margir að það var sýndur hluti úr mynd í fréttatíma íslenska sjónvarpsins sem var ólýsanlega andstyggileg. Það er um slíkt sem verið er að ræða hér, t.d. að geta varið börn og það að fólk fái yfir sig ýmiss konar ofbeldi í sjónvarpi eða annars staðar án þess að koma vörnum við.

Ég get skotið því inn í í þessu samhengi að við vorum einmitt að samþykkja það í hv. menntmn., þar sem var verið að afgreiða frv. um skoðun kvikmynda og bann við ofbeldiskvikmyndum, að þar vorum við að grípa inn í og banna ofbeldisauglýsingar eða auglýsingar sem innihalda ofbeldi í skilningi laganna. Ég tel t.d. að það komi við sjónvarpið og þær auglýsingar sem núna er verið að sýna frá kvikmyndahúsunum fyrir fréttatíma sjónvarpsins á kvöldin og innihalda margar hverjar mjög gróft og ógeðslegt ofbeldi, svo ég taki sterkt til orða. Þarna er auðvitað um viðkvæmt mál að ræða, þ.e. tjáningarfrelsið, menn eiga að hafa frelsi til að orða hugsanir sínar, en því eru takmörk sett hvað menn geta leyft sér bæði í orðum og athöfnum og um það þurfa að gilda skýrar reglur.

Þá ætla ég aðeins að koma að neikvæða félagafrelsinu, frú forseti. Ég tel að þar hafi menn misskilið mjög

þá grein, enda, eins og bent er á í áliti nefndarinnar, þá gildir ekki, það er ekki skylduaðild að stéttarfélögum hér á landi. Það er ekki skylduaðild. Þess vegna er þetta ákvæði um það að engan megi skylda til þess að gerast aðili að félagi, það kemur ekki inn á þennan rétt stéttarfélaganna og menn mega ekki gleyma því að stjórnarskráin er til þess ætluð að vernda einstaklingana gagnvart stjórnvöldum. Hér getur komið upp stjórnmálaástand af ýmsu tagi og einhverjar hugmyndir um það að skylda menn að einu eða öðru félagi og þetta er lögverndaður réttur. Það er ekki hægt skylda menn til þess að vera í einhverjum félögum sem þeir kæra sig ekkert um að vera í og það breytir engu um stöðu stéttarfélaganna. Hins vegar er komið til móts við stéttarfélögin, ákvæðið er skýrt í nál. og stéttarfélögin eru nefnd í nýjum tillögum sem einn af grundvallarþáttum samfélagsins. Ég fagna því, mér finnst þetta mjög til bóta að telja upp stjórnmálafélög og stéttarfélög sem eru mjög mikilvægir þættir í okkar samfélagi. Ég vona svo sannarlega að stéttarfélögin í landinu fallist á þessar skilgreiningar sem hér koma fram og hafa lagaskýringargildi og að þar með náist sátt um þetta mál.

Ég held að ég nefni ekki sérstaklega önnur ákvæði. Ég vil minna á að í þessu frv. er kveðið á um sérstaka vernd barna, að börn skuli njóta sérstakrar verndar. Þetta er ákvæði sem er mjög til bóta, til fyrirmyndar. Það er kveðið á í þessum nýju tillögum um bann, að aldrei megi leiða í lög dauðarefsingar hér á landi. Þetta er ákvæði sem þegar hefur vakið athygli úti í hinum stóra heimi þar sem víða stendur mikil barátta gegn dauðarefsingum sem eru notaðar mjög gróflega. Hér mætti nefna ýmis önnur ákvæði eins og bann við afturvirkni laga og að það sé ekki hægt að rukka menn um skatta eftir á o.s.frv. Þannig að mín niðurstaða er sú að hér sé um mörg jákvæð atriði að ræða og nefndin hafi unnið þetta mál enn þá betur þó, eins og ég nefndi í upphafi, enn þá megi gera miklu betur og þessi vinna sem hér er hafin þarf að halda áfram. Hún þarf að halda áfram og við þurfum að skoða fleiri ákvæði eins og t.d. bráðabirgðalagaréttinn. Ég hefði viljað sjá t.d. bann við því að innleiða herskyldu á Íslandi. Ég fagna því sérstaklega að sú grein, 78. gr., sem kveður á um að kalla megi menn til vopna hér á landi, skuli felld út. Við erum vopnlaus þjóð og það eru auðvitað engin vopn í landinu sem hægt er að láta menn grípa til. Mér finnst það að fella þetta niður undirstrika þá friðarhugsjón sem við gjarnan viljum halda í heiðri hér.

Að lokum, hæstv. forseti, þá vil ég taka undir það að við þurfum auðvitað að huga að framhaldi þessa máls. Umræðunni er ekki lokið. Á næsta þingi verður þetta mál aftur borið undir það þing sem þá mun verða nýkjörið og menn þurfa að átta sig á því hvort þeir eru reiðubúnir að halda verkinu áfram, sem ég vona svo sannarlega að verði. Fyrst það hefur nú tekist að hreyfa svona rækilega við málinu þá held ég að ekkert ætti að vera því til fyrirstöðu að taka á öðrum þáttum stjórnarskrárinnar.

Ég tek undir að það er okkur til vansa að ekki skuli hafa tekist að ná samkomulagi um meiri breytingar á kosningalöggjöfinni, ganga skref í átt til þess að stækka kjördæmi og jafna kosningarréttinn í ríkari mæli en hér er gert.

En allra síðast, hæstv. forseti, þá get ég ekki annað en lýst furðu minni yfir vinnubrögðum ríkisstjórnarinnar, eins og hér hefur komið fram fyrr í dag, þar sem hún leyfir sér að taka upp tillögur sem menn hafa komist að niðurstöðu um í þessari nefnd að láta liggja. Tillögur sem voru ræddar á undirbúningsstigi, tillögur sem voru ræddar í nefndinni og ekki náðist samkomulag um þar. Síðan kemur ríkisstjórnin og er að setja hér allt í háa loft með slíkum tillögum, varpar nánast sprengju inn í þessa umræðu sem auðvitað veldur því að þá koma aðrir og segja: Hvað um þessar tillögur og hvað um hinar tillögurnar?

Það er svo margt sem hefur verið rætt í þessu samhengi eins og um þjóðaratkvæðagreiðslu og fleira og fleira, þannig að maður lýsir furðu sinni yfir því að ríkisstjórnin skuli leyfa sér að koma inn í þessi mál með þessum hætti þegar stjórnarskráin er til umfjöllunar hér á hinu háa Alþingi og hefur verið vikum saman. Þetta er auðvitað einhver kosningaleikur eða kosningabrellur hjá ríkisstjórnarflokkunum, eitthvert samkomulag sem þar hefur náðst til þess að friða Alþfl. Ég er efnislega sammála tillögu Alþfl., en mér finnst þessi vinnubrögð vægast sagt ámælisverð. En ég ætla svo sannarlega að vona að þau verði ekki til þess að spilla þessu máli því hér erum við að stíga mikið framfaraspor þótt, eins og ég hef margnefnt, það hefði mátt ganga lengra. Ég vona því að við náum sátt um það á þessum örfáu dögum sem eftir eru að afgreiða þetta mál.

[16:57]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Í þessari umræðu er búið að segja margt og segja vel og ég þarf ekki að tala hér langt mál. Ég vil hins vegar nota þetta tækifæri til þess að þakka meðnefndarmönnum mínum gott samstarf í nefndinni. Það var ljómandi gaman að vinna í þessari nefnd og ég tel að formaður hennar, hv. 8. þm. Reykv., Geir H. Haarde, hafi stýrt nefndinni af mikilli lipurð og samviskusemi og fyrir það vil ég þakka og láta það koma hér fram.

Þetta frv. hlaut nokkuð óvenjulega meðferð. Það hefur haft langa meðgöngu og mjög margir sérfræðingar og stjórnmálamenn hafa komið að undirbúningi málsins. Við tókum ákvörðun á Þingvöllum um að taka þetta mál til meðferðar á þessu þingi og það frv. sem lagt var fram af formönnum þingflokka á sínum tíma í haust var sent til umsagnar fjölda aðila í þjóðfélaginu og lýst eftir athugasemdum við frv. Mikil umræða skapaðist um málið. Fjöldinn allur af athugasemdum og brtt. og hugleiðingum barst nefndinni. Sumt af því var réttmætt og eðlilegt, sumt af því var á misskilningi byggt.

Það kann að vera ágreiningur um það hvað eigi að standa í stjórnarskrá. Á að nota stjórnarskrá til þess að vera stefnuyfirlýsing fyrir framtíðina, einhver framtíðarmúsík handa þjóðinni? Á hún að vera safnrit fjöl-

þjóðasáttmála sem Ísland er aðili að? Á hún að vera einhvers konar lagasafn? Mér kom það í hug að sumum þeim sem gagnrýndu þetta frv. væri það í huga að stjórnarskráin ætti að vera eitthvað af þessu.

Ég tel að stjórnarskrá eigi í fyrsta lagi að vera skorinorð, stuttorð og skýr. Ég tel að hún eigi að vera rammi fyrir löggjafann og framkvæmdarvaldið og nokkurs konar varnargarður fyrir borgarana í landinu, þar sem borgararnir í landinu geti treyst því að lagasetning eða framkvæmdarvaldsaðgerðir gangi aldrei lengra heldur en að þessari, ef ég mætti segja túngirðingu sem þarna er slegið utan um borgarana. Þetta á að vera trygging þegnanna í landinu að ekki verði gengið lengra heldur en að því sem stjórnarskráin markar.

Það var góð samstaða um það að vinna úr þessum breytingarhugmyndum. Ég verð að játa að persónulega tel ég að textinn hafi fremur skemmst við þá vinnu, sá upphaflegi texti var skýr og afdráttarlaus, en nú jaðrar við málalengingar á sumum stöðum ef brtt. verða allar samþykktar. En gott og vel, ef friður verður enn þá betri um málið með þessum ítarlegu upptalingum sem komnar eru inn þá er það ágætt og í nefndinni var fullkomin samstaða um að sigla þessu máli sléttan sjó í gegnum þingið á seinustu dögum.

Nú gerðist það fyrir örfáum dögum að Alþfl. hélt fund þar sem hann var að setja upp „slagplan" fyrir kosningarnar og styrkja sína áróðursstöðu. Þá dettur þeim í hug að stinga upp á því að fara að setja í stjórnarskrá ákvæði sem ekki á þar heima og er þýðingarlaust sem slíkt í stjórnarskránni, a.m.k. í sambandi við Evrópumál, þ.e. að fara að stjórnarskrárbinda að fiskimiðin séu þjóðareign. Þetta átti að vera einhvers konar vísun eða passi fyrir hæstv. utanrrh. til þess að óhætt væri fyrir hann að fara til Brussel og semja um aðild Íslands að Evrópusambandinu.

Upphaflega þegar ég heyrði hvað þeir höfðu verið að álykta á kratafþinginu þá leit ég á það sem brandara og tók það ekki alvarlega því náttúrlega var svona ákvæði gjörsamlega þýðingarlaust í þessu sambandi. Auðvitað er enginn ágreiningur um það að fiskimiðin séu þjóðareign, en það er heldur engin trygging í samningum við Evrópubandalagið þó það standi í stjórnarskránni. Ef við gerðumst aðilar að Evrópubandalaginu, sem ég vona að verði aldrei, þá verður að breyta stjórnarskránni og þá er ekkert hald í þessu ákvæði. Ekki nokkurt einasta hald. En með því að ríkisstjórnin hefur samþykkt að fara á flot með þetta stjórnarskrármál þá verð ég að líta svo á að það sé verið að draga lokur frá hurðum og ef núv. ríkisstjórn fær, móti minni von, meiri hluta í næstu kosningum og heldur áfram að stjórna, eins og sumt virðist benda til að geti hent, þá sé þetta staðfesting á því að núv. stjórnarflokkar eða Sjálfstfl. sé tilbúinn að gera það fyrir Alþfl. að fitla áfram við aðildarumsókn að Evrópusambandinu. Þess vegna þykir mér það mjög slæmt og bið ég hv. 8. þm. Reykv. að hlusta, ef þessu stjórnarskrármáli er stefnt í óefni með því að fara að koma með svona fráleitar hugmyndir inn á síðasta eða næstsíðasta degi þingsins, að gera meira heldur en samkomulag hefur orðið um milli allra flokka á Alþingi í stjórnarskrármálinu. Samstaðan hefur verið góð. Við höfum unnið þetta af heiðarleika og samviskusemi og lagt okkur fram við að ná saman, en ef þessi tillaga kemur fram og á að fara að berja hana hér áfram í þinginu þá finnst mér að ríkisstjórnin komi í bakið á okkur sem höfum verið að leggja gott til mála í þessu sambandi.

Frú forseti. Ég lýk máli mínu.

[17:06]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Mig langar fyrst til að þakka þeim fyrir sem starfað hafa að þessu máli fyrir hönd þingflokka, bæði að undirbúningi málsins í upphafi og eins á milli umræðna.

Það er eins og eðlilegt er og ég held að öllum sé ljóst afar brýnt að stjórnarskrárbreytingar séu þannig undirbúnar og unnar hér á þinginu að um þær geti tekist sem allra víðtækust samstaða. Mér sýnist að nefndarmönnum hafi tekist að ná allgóðri samstöðu um þær breytingar sem þeir leggja til, allgóðri samstöðu á milli þingflokkanna. En það er líka nauðsynlegt við breytingar á stjórnarskránni að þær séu vel kynntar úti í þjóðfélaginu og að þeim sem starfa að þessu máli fyrir hönd þingmanna takist að ná góðu samkomulagi við aðila utan þings sem láta sig málið varða. Um það er auðvitað það að segja að sjónarmið eru nokkuð skipt um einstök efnisatriði og ég hygg að einhverjir séu ósáttir við að ýmis atriði vanti og sum séu öðruvísi en þeir hefðu kosið. En í heildina tekið vænti ég þess og þykist sjá það í fjölmiðlum og á því sem maður heyrir frá viðkomandi aðilum að nokkuð sæmileg sátt sé orðin í þjóðfélaginu eða á milli þeirra og þingmannanna sem hafa starfað að þessu máli. Það tel ég ekki síður mikilvægt að mönnum takist að koma þar á sæmilegri sátt, ekki síður en að á milli þingflokka sé góð sátt um málið. Því þetta er auðvitað ekki einvörðungu mál þingmanna sem ræða innbyrðis í sinn hóp hvort heldur er á þingflokksfundum eða á þingfundi, þetta er mál þingsins við þjóðina einnig.

Ég vil þakka þeim sem að þessu hafa starfað fyrir verk þeirra í þessu máli og tel að þeim hafi tekist nokkuð vel til þó að auðvitað kunni að vera eitthvað sem út af standi og eitthvað sem menn eru ekki fyllilega sáttir við.

Ég vil vekja athygli á fáeinum atriðum í þessu máli sem mér finnst eiga heima í umræðu um breytingar á stjórnarskránni þó að þar sé ekki endilega um að ræða atriði sem menn hafa tekið fyrir í þessari atrennu um breytingu á stjórnarskránni. Ég vil nefna nokkur atriði sem mér finnst að menn ættu að íhuga og taka fyrir síðar þegar menn koma sér saman um það að halda áfram endurskoðun á stjórnarskránni. Því það er eins og fram hefur komið hér í umræðunni, held ég öllum ljóst, að þetta skref nú er einungis áfangi í endurskoðun. Við erum ekki að taka stjórnarskrána í heild sinni til endurskoðunar. Það var ákveðið að taka afmarkaðan þátt hennar út úr og ljúka honum og talið að það mundi greiða fyrir því að samkomulag næðist um þau atriði ef menn féllust á að leggja önnur atriði til hliðar á meðan. Því það er ljóst að um mörg atriði er veru-

legur ágreiningur og ef menn drægju þau ágreiningsefni inn í endurskoðunina sem nú fer fram er hætt við að seint næðist samkomulag um alla þætti málsins.

En ég vil fyrst nefna auðlindir þjóðarinnar. Ég er sammála því viðhorfi sem fram kom hjá talsmanni þingflokks Alþb. í því efni og hefði kosið að hugmyndir hans um það atriði hefðu verið teknar inn í endurskoðun nú. Það mál fellur í raun og veru að endurskoðun stjórnarskrárinnar og hefði verið vel við hæfi að afgreiða það við þessa endurskoðun. Hins vegar úr því að ekki náðist samkomulag um að taka það atriði inn í endurskoðunina nú þá ætla ég ekki að gera ágreining um þá niðurstöðu heldur standa að baki þeim tillögum sem menn hafa náð saman um að flytja. En í mínum huga er það mjög mikilvægt og þýðingarmikið að frá þessu atriði sé tryggilega gengið í stjórnarskrá þannig að við getum treyst því um ókomna framtíð að okkar helstu auðlindir til lands og sjávar verði skilgreindar sem eign þjóðarinnar eða almenningseign.

Mér finnst líka að þegar að því kemur að menn taka það mál upp, og miðað við yfirlýsingar frá hæstv. ríkisstjórn í dag má ætla að það geti orðið fyrr en seinna, þá verði í þeirri endurskoðun líka tekið á afnotarétti á þeim auðlindum. Það er að mínu mati ekki síður mikilvægt að menn skilgreini afnotarétt á auðlindum en eignarhaldið sjálft. Við þekkjum það eins og afnotaréttur inn er í dag á fiskstofnunum að það er nokkuð langur vegur milli framkvæmdarinnar, eins og hún er í dag, og þess sem við almennt skiljum sem eign þjóðarinnar eða að hún fari með það mál. Eins og þetta er að þróast í dag þá er forræðið eða afnotarétturinn yfir fiskstofnunum að færast í hendur æ færri aðila og æ fleiri aðilar hafa ekkert um það að segja hvernig viðkomandi auðlind er nytjuð, hvar eða hvenær. Það eru of margir sem eiga beinna hagsmuna að gæta af nýtingu fiskstofnanna sem hafa ekkert um það að segja hvernig með þá er farið eða hvar þeir eru nytjaðir. Það er auðvitað almannahagur, það eru allir sem hafa hagsmuni af því hvernig með þetta er farið og mjög víða á landinu eru það hagsmunir flestra ef ekki allra, hinir beinu hagsmunir í mörgum byggðarlögum, að frá afnotaréttinum sé ekki þannig gengið að þeir geti á engan hátt haft áhrif. Eins og mál eru í dag er fyrirkomulagið fullkomlega óaðgengilegt og óviðunandi og er nauðsynlegt að breyta því fyrr en seinna til þess að tryggja að þeir sem hafa hagsmuni af þessu og atvinnu sína hafi eitthvað um það að segja hvar fiskstofnarnir eru nytjaðir, hverjir veiða og hverjir vinna. Ég er að því leyti ósammála hæstv. sjútvrh. sem vill skilja þarna á milli og taka nytjaréttinn einvörðungu inn í löggjöf.

Ég vil einnig nefna annað atriði sem mér finnst skipta miklu máli að menn velti fyrir sér og líka að menn breyti viðhorfi sínu í því efni frá því sem nú er og verið hefur síðustu 90 ár og það er skilningur ráðamanna eða manna á orðinu ríkisvald. Mér finnst það vera þannig notað að menn setja samasemmerki á milli orðsins ríki og orðsins þjóð. Í mínum huga er langur vegur þarna á milli og á engan hátt einboðið að það sem er þjóðareign eigi að vera í höndum ríkisins eins og það er skilgreint í dag, sem hið miðstýrða vald í höndum framkvæmdarvaldsins í Reykjavík. Ég geri mikinn greinarmun á því og reyndar gerir stjórnarskráin greinarmun á þessu í einni grein stjórnarskrárinnar, 62. gr. Þar segir, með leyfi forseta:

„Hin evangeliska-lúterska kirkja skal vera þjóðkirkja á Íslandi og skal ríkisvaldið að því leyti styðja hana og vernda."

Þannig að það er ljóst að höfundar stjórnarskrárinnar gera skýran greinarmun á þjóð og ríki, en ég er þeirrar skoðunar að lagaþróunin hafi verið þannig á undanförnum áratugum að æ ógleggri skil hafi orðið á milli þjóðareignar og ríkisvalds. Því nefni ég þetta að mér finnst ástæða til að halda því til haga að hér er um ólík hugtök að ræða.

Í því sambandi vil ég drepa á það að mér finnst það á skorta að ríkisvaldið nái til þegnanna í ríkari mæli með sama hætti og það gerir hér í höfuðstöðvunum. Ég er því talsmaður þess að menn breyti þessu ríkisvaldi og dreifi því með einhverjum skilgreindum hætti eða jafndreifi því um landið eða jafnvel skipti því upp og er þar að tala um þriðja stjórnsýslustigið. Ég er að því leyti verulega sammála hv. 2. þm. Vestf. sem talaði fyrr í dag í öðru máli og hélt þar fram sjónarmiðum hinna fornu landsfjórðunga, að ég tel að menn þurfi að ígrunda þá hugmyndafræði sem að baki því liggur í ríkari mæli. Því menn verða, ef ekki á illa að fara fyrir landsbyggðinni, að breyta skipan ríkisvaldsins og hugmyndirnar um hina fornu fjórðunga eru auðvitað byggðar á því að ríkisvaldið er brotið upp í einingar en ekki haft eitt miðstýrt. Að því leytinu fara þær hugmyndir saman við hugmyndir um þriðja stjórnsýslustigið. Ég tel að menn ættu að íhuga það þegar að því kemur, ef ekki núna, hvort ekki væri rétt að setja ákvæði inn í stjórnarskrána sem skilgreindi ríkisvaldið með öðrum hætti og skaplegri en nú er, a.m.k. í augum okkar sem búum á landsbyggðinni.

Ég bendi á þá staðreynd að hin mikla þróun sem orðið hefur í búsetubreytingum á þessari öld hefur átt sér stað fyrst og fremst síðan menn aflögðu með öllu aðra skipan ríkisvaldsins en nú er, þegar tekin var upp heimastjórn árið 1904 og byggt á einu miðstýrðu ríkisvaldi.

Þá tel ég einnig að breytingar sem menn þurfi að gera á stjórnarskrá eða taka til alvarlegrar athugunar þurfi að geyma nokkur eftirtalinna atriða:

Ég tel að í fyrsta lagi þurfi að vera í stjórnarskránni ákvæði sem tryggi íbúunum rétt til að geta hlutast til um mikilsverð málefni og sagt sitt álit á þeim. Þar er ég að tala um ákvæði um þjóðaratkvæðagreiðslu eins og hér hefur verið lagt fram á Alþingi á yfirstandandi kjörtímabili.

Ég er einnig talsmaður þess að afnumin verði úr stjórnarskrá heimild til þess að setja bráðabirgðalög, sem ég tel vera arfur liðins tíma og menn eigi að afmá úr stjórnarskrá sem allra fyrst.

Þá hef ég miklar efasemdir um að rétt sé að ráðherrar, handhafar framkvæmdarvaldsins, eigi sæti á löggjafarþinginu. Ef við ætlum okkur að halda í heiðri þrískiptingu valdsins eins og hún er skilgreind í stjórnarskránni þá verður að styrkja löggjafarvaldið á kostn-

að framkvæmdarvaldsins, en að mínu mati er staða þessara mála þannig og hefur verið um nokkurt skeið að framkvæmdarvaldið undir forustu ráðherranna ræður allt of miklu um störf löggjafarþingsins og stundum má jafnvel segja að það ráði því nánast að öllu leyti. Það er óviðunandi fyrirkomulag ef mönnum er einhver alvara með því að það eigi að þrískipta valdinu. Vilji menn hins vegar hafa það með þeim hætti sem nú er þá ættu menn að íhuga hvort ekki væri rétt að breyta þessu og tala um tvískiptingu valdsins.

Þá hefur hér verið nokkuð minnst á eitt atriði sem eðlilegt er að komi til umræðu við endurskoðun stjórnarskrárinnar og í umræðum um hana og það er kosningalöggjöfin. Ég er enginn talsmaður þess að hafa óbreytta kosningalöggjöf, en ég er hins vegar talsmaður þess að menn breyti hlutunum þannig að það löggjafarþing sem á að starfa hafi þá afmarkaðri verkefni en nú er ef menn ætla að hafa löggjöfina þannig að hin huglægu réttindi um vægi atkvæða eigi að ráða för. Út af fyrir sig má færa rök fyrir því sjónarmiði, en það er óaðgengilegt að mínu viti að láta það ráða kosningalöggjöfinni við óbreytta verkefnaskiptingu í stjórnarskránni og ef menn ætla að láta Alþingi hafa öll þau verkefni áfram sem það hefur í dag í stað þess að færa þá hluta af þeim og afmarka það út til héraða eða fjórðunga.

Mér finnst hins vegar niðurstaðan í því máli, breytingar á kosningalöggjöfinni, vera dálítið hláleg og nánast hlægileg í ljósi þeirra miklu yfirlýsinga sem fulltrúar stjórnarflokkanna höfðu uppi um það mál í upphafi kjörtímabilsins. Mér finnst að það hefði verið skynsamlegra af þeirra hálfu að blása ekki svo mjög í lúðra eins og þeir þá gerðu og tala um óréttlæti og koma síðan fram með ekki meiri breytingar en gert er í því frv. sem hér liggur frammi um breytingar á kosningalöggjöf. Ég hygg að það hefði verið skynsamlegra að hafa ekki svo hátt sem raun bar vitni en þess í stað að reyna að ná meiru fram og vinna í alvöru að þessu verki, en mér finnst framgangur þess hér í þingsölum og aðallega þó utan þings hafa verið með þeim hætti að það var engin alvara á ferðinni heldur fyrst og fremst verið að slá ryki í augu kjósenda.

Þá vík ég aðeins að fáeinum atriðum í þessu frv. sem ég vil nefna sérstaklega. Ég vil almennt segja þó um þær breytingar sem hér eru að ég tel þær vel heppnaðar flestar hverjar og hef engar athugasemdir fram að færa við þær. Þó vil ég nefna örfá atriði sem mér finnst vera a.m.k. umhugsunarefni, ef ekki stundum sem mér finnst þau ekki vera fullnægjandi. Þar vil ég fyrst nefna breytingarnar í 3. og 14. gr. frv., í 3. gr. um það að allir skuli vera jafnir fyrir lögum og í 14. gr. um rétt til að hljóta almenna menntun og fræðslu.

Mér finnst 3. gr. eins og hún hljóðar eftir breytingu frá nefndinni vera út af fyrir sig nokkuð góð, en mér finnst á hana vanta að nokkru leyti af því að það er ekki tekið fram í upptalningu það sem ég hefði kosið að stæði þar og það er að hópur fatlaðra væri þarna nefndur sérstaklega, sem mér finnst töluvert mikið atriði að hefði verið gert. Mér þykir það miður, af því að ég veit að það var lögð áhersla á það af hálfu Alþb. að það kæmi inn í textann, mér þykir miður að það hafi ekki náðst inn að þessu sinni.

Þá finnst mér vanta í þessa upptalningu eða í textann að það væri tekið skýrt fram að menn eigi að vera jafnir líka án tillits til búsetu. En mér finnst framkvæmd mála í þjóðfélaginu vera á mörgum sviðum þannig að það er um að ræða verulegt misrétti eftir búsetu og textinn í þessum breytingum virðist vera þannig að menn ætli að láta það líðast áfram svona í meginatriðum. Ég nefni sem dæmi það sem kemur fram í skýringum með 14. gr., en þar er verið að útskýra þann texta sem er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Allir skulu eiga rétt á að hljóta almenna menntun og fræðslu við sitt hæfi eftir því sem nánar er ákveðið í lögum."

Reyndar er gerð tillaga um að breyta þessu í brtt. nefndarinnar og yrði þá málsgreinin þannig, með leyfi forseta:

„Öllum skal tryggður í lögum réttur til almennrar menntunar og fræðslu við sitt hæfi."

Í skýringum með greininni, eins og ég gat um áðan, segir, með leyfi forseta:

„Í 2. mgr. 14. gr. er mælt fyrir um að allir skuli eiga rétt til að hljóta almenna menntun og fræðslu við sitt hæfi, en gengið er út frá að þessum rétti verði skipað nánar með lögum. Ákvæðinu er ætlað að tryggja aðgang allra að almennri menntun. Með því orðalagi er rétturinn í þessum efnum bundinn við aðra menntun en sérnám, en með því er m.a. átt við nám á háskólastigi og annað sérhæft framhaldsnám, svo dæmi séu tekin af sviðum sem mundu falla utan marka reglunnar."

Ég spyr í fyrsta lagi um annað sérnám en þarna er tilgreint, t.d. á grunnskólastigi. Þar starfa margir sérskólar og ber að skilja þá þennan texta þannig að það teljist ekki brjóta gegn ákvæðum greinarinnar um rétt til almennrar menntunar þó að ekki sé það úrræði í boði þar sem mönnum er það handhægt að sækja það? Eða telja menn það ásættanlegt að hafa það áfram þannig að við þær aðstæður, að börn þurfi að sækja sérstaklega menntun eða þjálfun í sérskóla sem starfræktur er einvörðungu hér á höfuðborgarsvæðinu, þá eigi foreldrar þann kost einan og á sinn kostnað að flytjast búferlum, afla sér annarrar vinnu til þess að börnin njóti þess sem þar er í boði en annars staðar ekki? Er það skilningur manna að það brjóti ekki gegn ákvæðum greinarinnar sú framkvæmd sem er hvað þetta varðar?

Þá finnst mér að það hefði átt, til þess að árétta þann vilja sem ég vænti að allir hafi í reynd, að setja í greinina, að allir ættu jafnan rétt á að hljóta almenna menntun og fræðslu. Því það er út af fyrir sig hægt að halda því fram að það sé hægt að fullnægja þeim rétti sem menn eiga til almennrar menntunar með því að segja: Það er í boði að sækja þennan skóla í Reykjavík og þú getur þá flutt þangað. Ef kæmi þarna inn „jafnan rétt" þá getur viðkomandi eða forráðamenn hans gert kröfu til að þjónustan verði þá færð nær þeim en raun ber vitni. Ég ætla ekki að gera þetta atriði frekar að umtalsefni en mér finnst þetta vera nokkuð

mikið umhugsunarefni hvort ekki væri rétt að búa betur um hnútana hvað þetta varðar þannig að betur sé tryggt en ætla má samkvæmt orðanna hljóðan að jafnrétti ríki frekar án tillits til búsetu.

Þá vil ég, virðulegi forseti, aðeins víkja að ákvæðum um skattamál, ákvæðum í 15. og 16. gr. frv. Ég vil fyrst spyrja flm. um hvort skilja beri ákvæði þessara tveggja greina þannig, að ef um er að ræða önnur stjórnvöld en ríki og sveitarfélög þá falli ákvæði 15. gr. undir þau. Þar á ég við samtök sveitarfélaga eða samlag þeirra, sem heimilt er að setja á laggirnar í lögum þar sem um gæti verið að ræða rekstur eða stjórnsýslu með tilteknum tekjustofnum, ef menn tækju skrefið lengra í þessa veruna eða jafnvel kæmu á fót þriðja stjórnsýslustiginu, hvort beri þá ekki að skilja frv. þannig að þá mundi það falla undir 15. gr. laganna eða hvort beri að skilja það þannig að það mundi þá falla undir 16. gr., sem fjallar um sveitarfélög. Ég held að það væri rétt að hafa álit manna á þessu því stjórnarskrá má auðvitað ekki, að mínu viti, vera þannig úr garði gerð að hún geri einungis ráð fyrir því fyrirkomulagi sem er í stjórnsýslunni, sérstaklega þegar vitað er að allnokkur stuðningur er við það að breyta því eða taka upp nýtt fyrirkomulag. Þá þarf stjórnarskráin að vera það rúm að unnt sé að koma því skipulagi fyrir innan ramma stjórnarskrárinnar.

Ég velti aðeins fyrir mér ákvæðinu í 15. gr., um skattamál, sem er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Skattamálum skal skipað með lögum. Ekki má fela stjórnvöldum ákvörðun um hvort leggja skuli á skatt, breyta honum eða afnema hann."

Þetta finnst mér afar gott orðalag og skýrt, en mér virðist á 16. gr., sem kemur á eftir, að það eigi að skilja 15. gr. þannig að hún eigi þá einungis við um ríkisvaldið, þannig að önnur ákvæði eða ákvæði 16. gr. gildi um sveitarfélög en ekki ákvæði 15. gr. Það skiptir verulegu máli að ljóst sé hver skilin eru þarna á milli því með ólíkum hætti er gert ráð fyrir að skattamálum verði skipað.

Þá spyr ég um skilning á orðinu skattur í þessum greinum. Það er útskýrt í skýringum með 15. gr. í frv. eða á bls. 42 og segir þar, með leyfi forseta:

„...hugtakið skattur er ekki aðeins notað í þessu sambandi um gjöld sem eru bókstaflega nefnd skattar í lögum eins og á t.d. við um tekjuskatt, eignarskatt og virðisaukaskatt, heldur nær það einnig til gjalda sem hafa sömu einkenni, svo sem útsvar, sóknargjald og tollar."

Spyr ég nú um nánari útskýringu á þessu því fleiri gjöld eru til sem hafa einkenni skatta og eru lögð á með almennum reglum eins og mörg sveitarfélagagjöld eins og vatnsgjald, gatnagerðargjald, holræsagjald og fleira þess háttar. Ber að líta svo á að það falli undir þá skilgreiningu?

Virðulegur forseti. Ég vil ekki fjölyrða meira um efni frv. og brtt. sem fram hafa komið. Það væri auðvitað að sumu leyti freistandi að fara nánar ofan í skattamálin í 15. og 16. gr. frv. og rökræða það fram og aftur, en ég læt það vera að sinni. Ég tel ekki nauðsynlegt að hefja upp frekari umræður um það en fram er komið með spurningum mínum. En ég vil lýsa ánægju minni með ýmsar breytingar eins og t.d. þeirri að talin verði upp í 12. gr. frv. eða með öðrum orðum 74. gr. stjórnarskrárinnar stjórnmálafélög og stéttarfélög. Ég tel það afar þýðingarmikið að þessi félög verði sérstaklega tilgreind í stjórnarskránni og vísa til röksemda hv. þm. Ragnars Arnalds í því sambandi.

Að öðru leyti, virðulegi forseti, ætla ég ekki að hafa frekari orð um það sem í þessu frv. er og brtt. sem fram hafa komið annað en að árétta almennt þá afstöðu mína að ég er afar sáttur við það í heild sinni þó að einstök atriði séu ekki eins og ég hefði kosið til fullnustu.

[17:38]

Frsm. stjórnarskrárnefndar (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Ég vil nú við lok þessarar umræðu þakka þeim sem hafa tekið þátt í henni og lagt fram sín sjónarmið um það mál sem hér er til meðferðar. Mér þykir leitt að umræðan hefur að þó nokkru leyti snúist um hugmyndir sem reifaðar hafa verið um annað frv. sem e.t.v. kæmi hér fram, en er ekki hluti af þessu máli. Ég skil hins vegar vel ástæðurnar fyrir því að menn hafa þurft að tjá sig um það efni, þ.e. spurninguna um hugsanlegt nýtt stjórnarskrárákvæði um eignarrétt á auðlindum í hafinu. En ég tel að það hafi verið afar óheppilegt hvernig það mál allt bar að og hvernig það blandast inn í þá umræðu sem hefur verið í gangi á vettvangi nefndarinnar og afgreiðslu þess máls sem nú er hér komið til 2. umr. og hefur fengið bærilegar undirtektir eftir því sem mér hefur heyrst á máli manna hér í dag. Ég harma þetta, en ég treysti því að þetta verði ekki til þess að leggja stein í götu þess góða máls sem við erum hér með til meðferðar.

Ég tel að það hafi nú komið fram í máli manna hér nokkuð almenn samstaða um að rétt sé að afgreiða málið á grundvelli þeirra brtt. sem nefndin hefur lagt hér fram með þeim skýringum sem fram koma í nál. Ég vil fyrst láta þess getið að mér láðist að nefna eina brtt. sem fram kemur á þskj. 759, en ég vil gera það núna formsins vegna að láta þess getið að það hefur verið bætt inn í 14. gr. einu atriði þegar verið er að tala um rétt sem tryggður skuli í lögum til aðstoðar. Þar hefur verið bætt inn í upptalninguna orðinu „örbirgð" þannig að ákvæðið hljóðar nú þannig:

„Öllum sem þess þurfa, skal tryggður í lögum réttur til aðstoðar vegna sjúkleika, örorku, elli, atvinnuleysis, örbirgðar og sambærilegra atvika." Þetta vildi ég að kæmi hér fram.

Að öðru leyti vil ég ítreka um þá grein og önnur þau efnahagslegu og félagslegu réttindi sem tryggð eru með þessu frv. að á þeim hefur ekki verið gerð efnisbreyting í þessari meðferð. Þessi réttindi voru fyrir hendi í frv., eðlilega, og þau eru það enn og það hefur engin breyting orðið á því hvorki af né á.

Ég vil þá koma nokkuð að þeim athugasemdum sem fram hafa komið í umræðunni og spurningum sem lagðar hafa verið hér fram, án þess að ég geti nefnt hvert einasta atriði sem komið hefur fram í máli manna.

Hv. þm. Björn Bjarnason kom hér að nokkrum mik-

ilvægum atriðum sem ég vil nefna. Fyrst varðandi 11. gr. Þar hafa fleiri gert að umtalsefni, spurninguna um hvort rétt hefði verið að nefna að tjáningarfrelsi mætti einungis setja skorður ef það væri nauðsynlegt í lýðræðislegu þjóðfélagi. Ég gat þess áðan í framsöguræðu minni að við töldum ákveðna vankanta á því vegna þess að sumar þær takmarkanir sem við höfum sett í okkar þjóðfélagi eru ekkert bundnar við það að þjóðfélagið sé lýðræðislegt. Ég nefndi dæmin um tóbaksauglýsingar og skoðanir á kvikmyndum, bann við ofbeldiskvikmyndum. Slíkar takmarkanir hafa ekkert með það að gera hvort þjóðfélagið er lýðræðislegt eða ekki og ef þær eru nauðsynlegar eins og við teljum vegna heilsu manna þá er það væntanlega hvort tveggja í lýðræðislegum þjóðfélögum og ólýðræðislegum sem þau sjónarmið gætu átt við. Og til þess að vera ekki að setja þetta mál inn í eitthvert slíkt samhengi þá var horfið að því orðalagi sem fram kemur í brtt. Hins vegar hafa margir sagt að réttast væri að taka orðalagið beint upp úr mannréttindasáttmála Evrópu, en við töldum hins vegar, að vel athuguðu máli, að það væri hentugra við okkar aðstæður að fara þessa millileið sem svo má kalla.

Hv. þm. spurði að því hvernig 12. gr. frv. og skýringarnar við hana í nál. vikju við þeirri skyldu sem lögð er á opinbera starfsmenn með lögum til þess að greiða til starfsmannafélaga án tillits til þess hvort þeir eru í félaginu eða eru í einhverjum samtökum slíkra starfsmanna. Ég tel að hið rétta svar við því á grundvelli þessa plaggs sé það sem fram kemur í nál., þ.e. að þetta frv. hefur ekki breytingar í för með sér á réttarstöðunni á þessu sviði. Ef það var talið standast stjórnarskrána fyrir þessa breytingu að setja þetta í lög, þá hefur ekki orðið breyting á því núna. Hins vegar er það auðvitað háð mati löggjafans hvort hann kýs að gera það. Hann sem sagt má hafa þetta svona en hann má þá líka breyta því ef hann vill. Löggjafinn má gera það. Þannig að það er ekki neitt í þessu að mínum dómi sem mun knýja löggjafann til þess að gera slíka breytingu eða gera honum það skylt. En hitt er annað mál að þessi ákvæði hafa sætt gagnrýni og eru fjarri því að vera óumdeild.

Að því er varðar ábendingar og gagnrýni hv. þm. á þá tillögu sem fram er komin um að tilgreina sérstaklega stjórnmálafélög og stéttarfélög þá er það nú, eins og ég lét getið í minni framsögu, vitanlega ekkert sjálfsagt mál að gera þetta og auðvitað má segja eins og ég reyndar sagði að ákvæðið eins og það er í frv. nær að sjálfsögðu einnig til stjórnmálafélaga og stéttarfélaga, á því er auðvitað ekkert vafamál. Hins vegar þótti ekkert athugavert við það, eins og ég sagði, að nefna tvo mikilvæga flokka félaga í okkar þjóðfélagi sérstaklega. Ég tel hins vegar ekki að það hafi neina réttarlega þýðingu í sjálfu sér. Ég er ekki sammála því að það veiti viðkomandi félögum einhverja sérstaka vernd sem ekki er tekin fram í stjórnarskránni að öðru leyti. Það er hins vegar vakin athygli á því að þarna eru tveir mikilvægir flokkar félaga sem nefndir eru á nafn. Ég óttast ekki að síðar meir verði lagður í þetta einhver skilningur annar heldur en sá sem til að mynda við hv. 3. þm. Norðurl. v. höfum talað hér um. Auðvitað má velta því fyrir sér eins og hv. 3. þm. Reykv. gerði, en ég ber ekki sama ugg í brjósti og hann í þessu tilliti. Og hættan á gagnályktun um að önnur félög megi ekki stofna tel ég að geti nú ekki verið fyrir hendi.

Ég kem þá að fyrirspurn hans um neyðarrétt, en hann vék að nál. um það atriði. Þetta mál er þannig að það komu ábendingar frá Amnesty International um að það væri rétt að setja sérstakt neyðarréttarákvæði inn í stjórnarskrárfrv. til þess að koma í veg fyrir að ákveðin grundvallarmannréttindi yrðu brotin á tímum neyðarástands. Við ákváðum að gera þetta ekki og við svörum því í nál. hvers vegna það var ekki gert. Það er vegna þess að við teljum að það sé ekki rétt að taka út úr ákveðin mannréttindaákvæði og segja að þau séu meira virði en önnur og það megi ekki brjóta þau á neyðartímum af því að þá er gefið færi á gagnályktun um að það megi brjóta einhver önnur. Og við teljum auðvitað að öll ákvæði stjórnarskrárinnar séu jafnrétthá að þessu leyti til.

Einnig bendum við á að ef á annað borð er farið út í það að brjóta ákvæði stjórnarskrárinnar á neyðartímum þá sé engin trygging fyrir því að slíkt neyðarréttarákvæði verði ekki líka brotið. Þannig að þetta sé þegar af þeirri ástæðu haldlítið fyrirbæri. En spurning þingmannsins var um það hvort vísað væri þá á bug fordæminu frá því í stríðsbyrjun. Það tel ég nú að sé ekki. Auðvitað vita allir menn að ef til sérstaks neyðarástands kemur þá er hinn stjórnskipulegi neyðarréttur áfram fyrir hendi. Það þarf ekki annað en nefna lítið skólabókardæmi um að það getur þurft að hverfa frá ákvæðum stjórnarskrárinnar eins og t.d. það að hér segir að Alþingi skuli sitja í Reykjavík, ef ég man rétt, eða það er kveðið á um að stjórnarstofnanir skuli vera í Reykjavík. Það kann vel að vera svo að vegna náttúruhamfara reynist það ókleift og þá þarf að brjóta það ákvæði. Það gerist þá af sjálfu sér vegna aðstæðna sem ekki verður ráðið við. Þannig að ég tek undir það sjónarmið sem ég tel að hafi komið fram hjá hv. þm. um þetta atriði, að það eigi ekki — og ég tel að það hafi ekki verið gert með þessu nál. — að strika út eitthvað sem heitir stjórnskipulegur neyðarréttur hérlendis.

Varðandi málsmeðferðina í þessu máli þá er ekkert um það að fást að tíminn sem fyrir hendi var í málinu var naumur. Það vissu allir þegar þál. var samþykkt 17. júní sl. En ég tel að það hafi verið unnið eins hratt og vel í þessu og nokkur tími gafst til og mér sýnist að niðurstaðan sé að verða þannig að meira að segja þeir sem uppi höfðu mestu stóryrðin í þjóðfélaginu séu farnir að taka undir það að það ætti nú að afgreiða þetta mál. Mér hefur heyrst það á viðbrögðum í fjölmiðlum í dag.

Að því er varðar framhaldsmeðferð málsins þá liggur það auðvitað fyrir að til þess að þessi breyting nái fram að ganga á stjórnarskránni þá þarf að samþykkja nýtt frv. á næsta þingi, 119. þingi, en það þarf að vera óbreytt til þess að það nái fram að ganga. Þannig að mér finnst nú að það hafi verið gefið einum of mikið undir fótinn hér í umræðunni með að það sé unnt að koma fram einhverjum breytingum við seinni umferð-

ina í þessu máli. Það er að sjálfsögðu ekki hægt og er skýrt ákvæði um það í 79. gr. stjórnarskrárinnar. „Samþykki Alþingi ályktunina óbreytta [stendur þar] skal hún staðfest af forseta lýðveldisins og er hún þá gild í stjórnskipunarlög."

Það hafa margir sent þingnefndinni skoðanir sínar og álit og það hafa margir farið hörðum orðum um það sem hér er verið að vinna eins og við höfum mörg hver talað um í þessari umræðu. Einn aðili sem var vitnað til í umræðunni hér í dag, Dómarafélag Íslands, sendi hingað álit sem hv. 3. þm. Reykv. las upp úr og eru svona vangaveltur um það hvernig eigi að standa að svona máli. Ég verð nú að segja að mér finnst að þessi umsögn — ég nefni hana af því að hún var áður nefnd — byggist ekki á þeim staðreyndum sem fyrir liggja í málinu og þeirri vinnuáætlun sem samþykkt var á Þingvöllum hinn 17. júní, um að endurskoða skyldi VII. kafla stjórnarskrárinnar fyrir næstu reglulegar kosningar. Þá var verið að tala um VII. kaflann en ekki eingöngu mannréttindaákvæðin. En það sem ég vildi vekja athygli á í sambandi við álit Dómarafélagsins er það að Dómarafélagið *sendi frá sér tvö álit*. Dómarafélagið sendi fyrst álit þar sem niðurlagsorðin eru eftirfarandi:

„Það er krafa Dómarafélags Íslands, með vísan til framangreindra raka, að frv. til breytingar á stjórnarskrá verði ekki barið í gegn fyrir þinglok heldur gefinn eðlilegur vaxtartími og vandað verði til þess bæði hvað varðar hugsun og orðalag eins og frekast er unnt."

Ja, það er nú eitthvað annað sem hefur verið að gerast í þessari stjórnarskrárnefnd heldur en að vanda til hugsunar og orðalags, má skilja af þessu orðalagi. En síðara álit Dómarafélagsins var óbreytt því fyrra nema það að þessi málsgrein var felld brott og ég lít nú svo á að þar með hafi Dómarafélagið lagt blessun sína yfir það að rétt væri nú að ljúka afgreiðslu málsins.

Hitt verð ég að segja í þessu sambandi að ég tel þessi vinnubrögð af hálfu svo virðulegs félags sem Dómarafélags Íslands með þessi tvö álit sín, því félagi til lítils sóma.

[17:53]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég hef ekki hugsað mér að tala hér langt mál. Ástæðan er sú að ég hef verið fjarverandi og ekki sanngjarnt að ég fari að koma með heildarathugasemdir, en ég sé það við lestur þessa frv. að það er þó nokkuð mikill skilningsmunur á milli mín og þeirra sem sömdu þennan texta um það hvað eigi að festa í stjórnarskrá.

Samkvæmt mínum skilningi á stjórnarskráin að vera mjög almenns eðlis og hún þarf að vera það vel og skýrt orðuð að það sé ekki auðvelt að benda á að þar rekist hvað á annars horn í þeim texta. Ég verð líka að segja að ég er ekki að öllu leyti sáttur við það sem menn hafa tekið út úr stjórnarskránni og er í þeim efnum t.d. sammála því sem hv. þm. Björn Bjarnason hefur vakið athygli á, að ef ráðist er á þetta land þá finnst mér ekki óeðlilegt að ríkisstjórn hafi rétt til að kveðja út vopnfæra menn. Það er mikill munur á þessu eða herskyldu, því verða menn að gera sér grein fyrir.

Svo tala menn um að það megi engin nauðungarvinna eiga sér stað. Halda menn að þegar Hannes Hafstein kom í verstöð við Dýrafjörð og kvaddi menn út til starfa til að fara út að breskum togara að það hafi verið sjálfboðaliðasveit sem tók sig upp eftir erfitt dagsverk og vann það verk? Aldeilis ekki. Þeir hlýddu sínum sýslumanni í nafni þess valds sem hann hafði til að kveðja menn til liðs við sig og það vald var á þessum tíma einnig hjá hreppstjórum að þeir höfðu stjórnskipaðan rétt til þess að kveðja menn til liðs við sig í umboði sýslumanns.

Ég hallast að því að hér hafi menn gengið of langt í því að hafa textann lengri og lengri vegna þess að einn hefur pantað þetta og annar hefur pantað hitt.

Ég vil aftur á móti þakka fyrir það að jafnræðisreglan er sett í lög og það tel ég mikils virði. En þegar ég les 3. gr. eins og hún er í upprunalegum texta þar sem stendur, með leyfi forseta: „Allir skulu vera jafnir fyrir lögum án tillits til kynferðis ..." Það er fyrst talið upp í textanum. Svo kemur breytingartillaga og þá er búið að botna textann: „Konur og karlar skulu njóta *jafns réttar í hvívetna*." Á *þá upprunalegi textinn* bara við þá sem eru hvorugkyns? Eða hvernig ber að skilja þetta? Hvernig í dauðanum ber að skilja þetta? Hvaða kyn eru það sem menn eru að tala um? Ég átta mig bara ekki á þessu, ég segi það hreint út. Mér finnst að það eigi ekki að ganga þannig frá þessu að Háskóli Íslands geti haft það sem skemmtiefni að lesa upp kaflana og spyrja hvernig þetta sé hugsað. Annaðhvort erum við að tala um jafnrétti milli kynja og erum þá með þessi kyn í huga, konur og karla, eða að fyrra ákvæðið er óskiljanlegt venjulegum mönnum. Viðbótin er algjörlega óþörf, (**Gripið fram í:** Hvernig var greinin?) hún á ekki rétt á sér.

Ég ætla, með leyfi forseta, að lesa alla 3. gr. eins og hún var upprunalega:

„Allir skulu vera jafnir fyrir lögum án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti." Þarna er það innifalið sem svo er sett inn í breytingartillögu og má því ljóst vera að breytingartillagan verður fyrst og fremst til að gera þennan texta skoplegan ef hann er skoðaður.

Ég staldra einnig örlítið við það atriði þar sem vikið er að því sem flokkast undir refsingu. 6. gr. hljóðar svo í upprunalegu frv:

„Engan má beita ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu."

Þarna er það bannað að nota refsingu nema hún sé nánast annaðhvort virðingarverð eða alls ekki ómannúðleg. Það er ákaflega erfitt að beita refsingu sem er virðingarverð, það held ég að við getum allir verið sammála um. Þá er það spurningin: Er refsing ekki alltaf á einhvern hátt niðurlægjandi fyrir þann sem verður fyrir henni? Er það ekki niðurlæging að vera dæmdur til að fara í tugthús, vera handjárnaður á almannafæri, borinn út af lögreglu? Ég á ákaflega erfitt með að átta mig á því t.d. að allt það sem íslenska tollgæslan aðhefst í dag til að framkvæma leit að fíkniefnum á Keflavíkurflugvelli fái staðist. Er það ekki

niðurlægjandi undir sumum kringumstæðum? (**Gripið fram í:** Það er ekki refsing.) Það er ekki refsing. Þarna eru sögð þau orð sem koma eins og frá guði þessa stundina. Það er bara ekki refsing ef tollverðir skipa mönnum að fara úr öllum fötunum og leita svo jafnvel innvortis á þeim að fíkniefnum. Ég segi eins og er að ég mundi nú frekar vilja vera einn í tugthúsinu í þokkalegum klefa en að búa við hitt.

Við erum aftur á móti í 7. gr. með það alveg á hreinu að við ætlum að leyfa refsingu:

„Engum verður gert að sæta refsingu nema hann hafi gerst sekur um háttsemi sem var refsiverð á þeim tíma samkvæmt lögum eða má fullkomlega jafna til slíkrar háttsemi." Þetta stangast dálítið á við fyrri grein nema það sé hugsað svo að það verði þeir einir sem brotið hafi af sér áður en þessi lög voru samþykkt sem megi þá beita refsingu því að eftir að þessi stjórnarskrá hefur verið samþykkt þá sitja menn eiginlega fastir í 6. gr., að það sé ekki heimilt að beita refsingu.

Mönnum finnst kannski að ég sé hér að fara yfir aukaatriði í þessu máli en ég held að það sé engin tilviljun að flestir þeir sem hafa sest við það erfiða verka að semja stjórnarskrá lögðu á sig mikla vinnu til að hafa orðalag í hvívetni á þann veg að ekki væri hægt að snúa út úr því sem þar stæði. Ég, sem aðrir hér inni, tók þátt í því að samþykkja það á Þingvallafundi að við skyldum gera að lögum frv. til stjórnarskipunarlaga að því er varðar mannréttindi og er að sjálfsögðu bundinn af því að stuðla að því að hér verði samþykkt slík lög. En mér þykir nánast vonlaust annað en að það verði aftur farið í það verk sem hér hefur verið unnið og menn endurmeti hvort það séu kannski ekki skynsamlegustu vinnubrögðin að láta einn mann setjast yfir og semja eins og Thomas Jefferson fékk forðum að gera þegar Bandaríkin voru að rísa á legg. (**Gripið fram í:** Hvað heitir okkar Thomas Jefferson?) (**SJS:** Hann stendur þarna.) Það væri hugsanlega hægt að benda á mann eins og Magnús Thoroddsen, fyrrv. forseta Hæstaréttar. Það væri hugsanlega hægt að benda á hann og það er hægt að benda á fleiri. (**SJS:** En ræðumann?) Það er eiginlega sjálfgefið að sá komi úr Norðurlandi eystra en auðvitað mætti athuga það.

Það er svo að menn gera ekki mikið af því að semja saman skáldsögur. Það er yfirleitt einn rithöfundur og með önnur góð verk er það yfirleitt einn sem situr yfir þeirri ritsmíð. Og kannski er það vandamálið sem menn hafa þurft að glíma við hér að menn vildu alltaf fara út í upptalningu, bæta við. Bæta við þó búið væri í frumtexta að orða svo að það væri skýrt hvað við væri átt. Annaðhvort eru menn jafnir fyrir lögum eða þeir eru ekki jafnir fyrir lögum.

Ég gat þess, herra forseti, að ég ætlaði að vera stuttorður og ég ætla að standa við það. En ég lýsi vonbrigðum með það hvernig til hefur tekist í þessum efnum en tel mig engu að síður bundinn af því að hér verði þessi kafli samþykktur þó að svo hafi til tekist en tel mig ekki bundinn af því að endursamþykkja hann á næsta þingi því það var ekki tekið fram í þáltill., það ég man. Við hljótum að gera okkur grein fyrir að hver kjörinn alþingismaður hefur rétt til þess að greiða atkvæði eins og hann telur rétt á næsta þingi hverjir sem þá verða kjörnir.

[18:07]

Ragnar Arnalds *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það liggur í augum uppi að það stendur enginn að því af núverandi þingmönnum að samþykkja stjórnarskrárfrumvarp ef hann ætlar ekki síðan að fylgja því eftir að loknum kosningum ef hann fær umboð til þess. Annars væri þetta verk sem betur væri óunnið ef menn ætluðu ekki að fylgja því eftir og koma því heilu í höfn endanlega.

Ég vildi aðeins víkja að því sem hv. þm. nefndi áðan um 3. gr. þar sem stendur að allir skuli vera jafnir fyrir lögum án tillits til kynferðis eins og stóð í upphaflega frv. Síðan segir í viðbótinni: „Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna." Hv. þm. spurði að því við hverja væri átt í fyrra tilvikinu og hallaðist helst að því að það væru þeir sem væru hvorugkyns úr því að þetta væri tvítekið. Ég held að það sé óhjákvæmilegt að svara þessu vegna þess að þetta er ekki sett alveg út í bláinn. Menn skulu ekki halda að ákvæði af þessu tagi hafi verið sett að algjörlega vanhugsuðu máli. Í öðru tilvikinu er talað um að allir skuli vera jafnir fyrir lögum. Í hinu tilvikinu er talað um að konur og karlar skuli njóta jafns réttar í hvívetna. Þetta er ekki það sama. Þetta felur ekki efnislega í sér það sama. Í öðru tilvikinu er fyrst og fremst miðað við lögin en í síðara tilvikinu, sem er mikið víðtækara er átt við í öllum tilvikum, hvort sem um er að ræða tilvik sem grundvallast af lögum eða einhverjum öðrum atvikum í þjóðfélaginu. Það getur t.d. átt við kjarasamninga, launakjör, starfskjör og ýmislegt fleira. Þótt athugasemd hv. þm. sé skemmtileg þá er hún ekki rétt að sama skapi. Það er hugsun á bak við þessa breytingartillögu og hún á fyllsta rétt á sér.

[18:09]

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér er það sett fram að það sé hugsun á bak við þetta og sú hugsun kemur m.a. fram í greinargerð og þar tala menn um jákvæða mismunun. Nú stenst það alls ekki texta brtt. því þar er talað um jafnan rétt í hvívetna. En þá eru menn aftur á móti komnir í þá gömlu bók sem menn lásu og Orwell skrifaði. Þar átti þetta mikla jafnrétti að vera en menn áttu að vera misjafnlega jafnir. Misjafnlega jafnir. Sé textinn lesinn saman við greinargerðina þá stendur það eftir að nú ætla menn að hafa menn misjafnlega jafna.

Ég verð að segja eins og er að ég treysti mér til þess að standa að því sem hægt er að tryggja með lögum og sé ekki yfir höfuð hvernig við getum tryggt annað í þjóðfélaginu. Ef við ætlum að hafa frjálsa samninga þá eru þeir frjálsir. Ef við ætlum ekki að hafa frjálsa samninga þá eru þeir ekki frjálsir. Þess vegna hlýtur grunnhugsunin í þessu fyrst og fremst að vera sú sem snýr að lögum því að stjórnarskráin er sett sem rammi utan um öll önnur lög.

[18:11]

Ragnar Arnalds *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er nú einu sinni svona að mannleg samskipti eru flóknari en hér er látið í veðri

vaka. Þau grundvallast ekki eingöngu á lögum og það geta verið fleiri úrlausnarefni en þau ein sem byggjast á skráðum lögum. Dómarar dæma t.d. ekki eingöngu eftir skráðum lögum. Þeir dæma líka eftir óðrum réttarheimildum, bæði venjum, eðli máls og óðrum óskráðum rétti. Þar af leiðandi verða menn að hafa það í huga að rétturinn er víðtækari sem dómarar byggja á en það eitt sem stendur í skráðum lögum. Þess vegna er nauðsynlegt að taka svona lagað fram til þess að girða fyrir öll tilvik sem upp gætu komið hvað varðar að ekki sé jafn réttur karla og kvenna.

Hitt er annað mál að málið er það flókið að til þess að ná þessu markmiði, jafnrétti karla og kvenna, getur þurft að beita jákvæðri mismunun og þess vegna þótti rétt að taka það fram sérstaklega í greinargerð og það er gert. Það er í fullu samræmi við það sem er viðurkennt í öðrum löndum. Þetta er líka þaulhugsað og hefur verið ítarlega rætt við færustu lögfræðinga landsins.

[18:13]

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Einmitt vegna þess að dómarar hafa rétt til að dæma samkvæmt eðli máls þarf ekki að setja allt í lög og það er að mínu viti ekkert vafaatriði að við erum að setja hér lög og eins og síðasti hv. ræðumaður orðaði það getum við ekki stjórnað öllu mannlegu með lögum. Þess vegna er það mjög hættulegt að láta sem svo að við stjórnum öllu mannlegu með lögum og höfum þar með sigrast á öllum vandamálum.

Ég geri mér grein fyrir því að hv. þm. Ragnar Arnalds hefur hugsað þetta fram og til baka. Ég hef líka heyrt lagaprófessor lýsa því yfir að þegar ágreiningur er um hvað stendur í lagagrein og hvað stendur í greinargerð, textinn er ekki sá sami, þá er það bókstafur lagagreinarinnar sem blífur. Svo einfalt er það mál. Þess vegna er greinargerðin aldrei borin undir atkvæði og þar með hefur hún ekki lagagildi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Útbýting þingskjala:

Grunnskóli, 126. mál, frhnál. meiri hluta menntmn., þskj. 795; brtt. meiri hluta menntmn., þskj. 796.

Listmenntun á háskólastigi, 277. mál, þskj. 790.

Mengunarvarnabúnaður í bifreiðar ríkisins, 16. mál, nál. umhvn., þskj. 794.

Skoðun kvikmynda, 219. mál, þskj. 791.

Varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, 339. mál, nál. félmn., þskj. 792; brtt. félmn., þskj. 793.

Veiting ríkisborgararéttar, 354. mál, þskj. 788.

Viðlagatrygging, 239. mál, þskj. 787.

Vitamál, 306. mál, þskj. 778.

Vátryggingastarfsemi, 1. umr.

Stjfrv., 402. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 644.

[18:16]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á stjórnskipulegri stöðu þeirra málaflokka sem lög um ófriðartryggingar, viðlagatryggingar og brunatryggingar taka til en ríkisstjórnin hefur ákveðið að þau flytjist ásamt öðrum málum er varða vátryggingastarfsemi til viðskrn.

Í ljósi þess að lögin mæla sérstaklega fyrir um að málaflokkar þessir heyri undir ákveðna ráðherra þykir rétt að flytja sérstakt lagafrv. til breytinga þar á enda þótt yfirstjórn stjórnarmálefna verði að öllu jöfnu skipað undir ráðuneyti með reglugerð sem forseti Íslands staðfestir samkvæmt lögum um Stjórnarráð Íslands og stjórnarskrá.

Tryggingamál hafa heyrt undir ýmsar skrifstofur Stjórnarráðsins frá stofnun þess. Þeim var í upphafi sinnt af annarri skrifstofu Stjórnarráðsins sem síðar varð atvinnu- og samgrn. en með stofnun félmrn. fluttust þau þangað. Með stofnun heilbr.- og trmrn. 1. jan. 1970 voru mál er varða hvers konar trygginga- og vátryggingastarfsemi færð til þess ráðuneytis en þann dag tóku jafnframt gildi núgildandi lög um Stjórnarráð Íslands og samnefnd reglugerð um skipan stjórnar málefna í ráðuneyti. Vátryggingastarfsemi hefur þannig frá upphafi verið skipað við hlið hinna opinberu trygginga, almannatrygginga, í ráðuneytið líklega í því skyni að leggja áherslu á hið félagslega gildi þeirra. Almannatryggingar heyra að sjálfsögðu áfram undir heilbr.- og trmrn., eins og það dregur að hluta til nafn sitt af.

Enda þótt í engu sé úr hinu félagslega hlutverki þeirra dregið dregur vátryggingastarfsemin þó sífellt meiri dám af öðrum greinum fjármálaþjónustu. Aukin umsvif og frelsi á fjármagnsmarkaði og þróun fjármálaþjónustu í kjölfar fjölbreyttari ávöxtunarmöguleika ná í auknum mæli einnig til vátryggingafélaga. Aukið samstarf er víða milli banka og vátryggingafélaga og vátryggingafélögum er nú heimilt að reka verðbréfasjóði, banka og aðra fjármálastarfsemi samkvæmt nýlegum lögum sem Alþingi hefur sett um vátryggingastarfsemi.

Af þessum sökum þykir nú eðlilegt að flytja yfirstjórn málaflokksins til þess ráðuneytis sem fer með mál er varða bankastarfsemi og fjármálaþjónustu, samkeppnismál og neytendavernd. Er það og sú flokkun sem viðhöfð er innan Evrópska efnahagssvæðisins og ætti að auðvelda frumkvæði og eftirlit stjórnvalda á þeim vettvangi.

Ég tel ekki ástæðu til að víkja að einstökum greinum frv. sérstaklega. Þær stefna ekki að öðrum breytingum en þeim sem hafa þegar verið kynntar og rök færð fyrir. Í ljósi þess að hér er einvörðungu um stjórnskipulegt atriði að ræða leyfi ég mér að leggja til, virðulegi forseti, að málinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. allshn. og 2. umr.

[18:19]

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Frv. það um breytingar á yfirstjórn vátryggingastarfsemi sem hér er til umræðu og hæstv. forsrh. hefur gert grein fyrir gerir ráð fyrir því að tryggingamál önnur en almannatryggingamál séu flutt yfir til viðskrn. Ég held að það sé af hinu góða og mér finnst að það mál sem hér er lagt upp með geti á margan hátt gert verkaskiptingu í Stjórnarráðinu skýrari en nú er. Ég minnist þess frá þeim tíma er ég var starfandi í heilbrrn. að mér fannst alltaf að vátryggingastarfsemin ætti mjög lítið skylt við þau mál sem þar væri verið að fjalla um hverju sinni og í ljósi þess að viðskrn. er frekar lítið ráðuneyti en heilbrrn. stórt er að vissu leyti skynsamlegt að færa þarna til, jafna verkum, með það í huga að hugsanlega muni þegar fram líða stundir, eins hefur verið rætt, bankaeftirlitið, sem nú er í Seðlabankanum, hafa visst eftirlit með vátryggingastarfseminni einnig vegna þess að margt af því sem vátryggingafélögin eru að gera í lánastarfsemi, áhættu og öðru slíku, á mjög skylt við bankastarfsemi eða starfsemi fjármálafyrirtækja. Ég held því að menn séu að stíga rétt skref. Fyrir mitt leyti styð ég þetta frv. og menn eiga að leggja áherslu á að fá það samþykkt áður en þing fer heim.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vog, mál og faggilding, 1. umr.

Frv. efh.- og viðskn., 419. mál (reglur um öryggi vöru). — Þskj. 683.

[18:21]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 100/1992, um vog, mál og faggildingu. Það er efh.- og viðskn. sem flytur þetta frv. Málið snýst um það að framlengja ákvæði til bráðabirgða III í lögunum og það orðist þannig:

„Viðskiptaráðherra er heimilt að setja reglugerðir um öryggi vöru sem boðin er neytendum hér á landi í atvinnuskyni eða neytendum í öðrum ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins af aðilum sem staðfestu hafa hér á landi að því leyti sem það er nauðsynlegt vegna skuldbindinga er leiðir af samningi um Evrópskt efnahagssvæði og að því leyti sem ekki er kveðið á um öryggi hlutaðeigandi vöru og eftirlit með því að hún uppfylli settar kröfur í öðrum löndum.

Í reglugerð skal kveðið á um hvernig eftirliti með því að vara uppfylli þær kröfur sem til hennar eru gerðar skuli háttað og rétt skoðunarstofa til aðgangs að eftirlitsskyldri vöru.

Löggildingarstofan annast eftirlit skv. 2. mgr."

Það hafa verið flutt frumvörp um öryggi vöru en þau hafa ekki náð fram að ganga og á sínum tíma var niðurstaðan að setja inn bráðabirgðaákvæði í lögin um vog, mál og faggildingu sem væru til þess fallin að uppfylla ákvæði samningsins um hið Evrópska efnahagssvæði. Það er niðurstaða nefndarinnar að best væri að hafa sama hátt á áfram og því er þetta frv. flutt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stjórn fiskveiða, 1. umr.

Frv. JÁ og SJS, 292. mál (úthlutun aflaheimilda, krókaleyfi, fullvinnsla og afli utan kvóta). — Þskj. 384.

[18:24]

Guðni Ágústsson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég hef verið dálítið undrandi á vinnubrögðum og kannski stjórn þingsins núna á síðustu dögum. Alþingi á eftir að starfa í örfáar klukkustundir, má segja, og slitið á laugardag að sagt er en hér fer fram í stórum stíl 1. umr. um mjög stór mál. Nú veit ég það að nefndir hafa í mörgum tilfellum lokið störfum og mér finnst að menn séu að fara rangt að í þinghaldinu með því að flytja öll þessi mál. Ég heyri það í gegnum marga hæstv. ráðherra að þeir ætlast til þess að Alþingi afgreiði stór og flókin mál fyrir þá bara upp á kunningsskap.

Ég minnist þess að þegar þinginu var breytt í eina deild þá gerðu menn kröfur um sjálfstæði Alþingis og faglegri vinnubrögð en ég hef sárar áhyggjur af þeim starfsháttum sem ég hef orðið vitni að hér í dag og í gær. Ég hefði talið eðlilegra, hæstv. forseti, við þessar aðstæður að þingið legði áherslu á örfá mál sem eru forgangsmál og eru komin langt í vinnslu frekar en að halda umræðum áfram með þessum hætti og málflutningi á mjög flóknum málum sem þurfa faglega umfjöllun í nefndum.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Vegna þessara orða hv. þm. vill forseti geta þess að það er nú svo að reynt er að sjá svo til að unnt sé að tala fyrir þeim málum sem fram hafa verið lögð. Víst er það oft erfitt fyrir forseta þingsins hversu seint mál koma fram, en forsetar gera að sjálfsögðu sitt besta til þess að menn fái að mæla fyrir málum sínum.

Þinghald í dag hefur verið með þeim hætti að farið hefur verið eftir númeraröð í mál þannig að tæplega er hægt að segja að þar hafi verið gert upp á milli hv. þingmanna.

[18:27]

Flm. (Jóhann Ársælsson):

Hæstv. forseti. Mér er nokkuð mikill vandi á höndum að ræða þetta mál undir þeim kringumstæðum sem hér eru skapaðar fyrir umræður. Þetta er mjög stórt mál. Ég hafði beðið um lengri ræðutíma til þess að fjalla um það í upphafi, féll síðan frá því vegna þessara aðstæðna sem eru komnar hér upp. Mér skilst að það sé ekki meiningin að leyfa hér umræður og það er auðvitað sorglegt að í allan vetur höfum við beðið eftir því að fá tækifæri til þess að ræða um þessi mál sem hér er verið að setja fram í lagaformi. Það er sannast að segja ekki vansalaust að hér á hv. Alþingi skuli

þessum málum ekki hafa verið gerð meiri skil í vetur heldur en raun ber vitni. En ég ætla að snúa mér að því að mæla fyrir málinu.

Málið er á þskj. 384 og fjallar um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 38/1990, með síðari breytingum. Flutningsmaður ásamt mér er Steingrímur J. Sigfússon.

Það er öllum ljóst að hin svokallaða endurskoðun á lögunum um stjórn fiskveiða, sem staðið hefur yfir á þessu kjörtímabili, hefur algjörlega mistekist. Engin heildstæð stefna er fyrir hendi í málefnum sjávarútvegsins af hálfu ríkisstjórnarinnar þrátt fyrir fögur fyrirheit í stjórnarsáttmálanum. Það er skoðun flutningsmanna þessa frumvarps að hrinda beri af stað alvöruendurskoðun á lögunum um stjórn fiskveiða. Til að slík endurskoðun geti borið árangur verður að kalla til fulltrúa allra þeirra aðila í þjóðfélaginu sem mestra hagsmuna eiga að gæta og láta sig málið varða.

Lagt er til að nefnd, sem sjávarútvegsráðherra skipi, hafi forgöngu um málið í samráði við sjávarútvegsráðuneyti og Fiskistofu, sem og samtök hagsmunaaðila. Þær tillögur, sem fram eru bornar í þessu frumvarpi til breytinga á lögunum um stjórn fiskveiða, eru einungis neyðarráðstafanir sem geta lítið dregið úr hinum ýmsum vanköntum kvótakerfisins, en helstu gallar kerfisins eru áfram til staðar.

Til að draga úr vanda bátaútgerðarinnar sem nú á í gífurlegum erfiðleikum eru lagðar til nokkrar ráðstafanir. Fyrir báta 6 brl. og stærri, sem hafa orðið fyrir mestum skerðingum vegna samdráttar í þorskveiðum, er lagt til að úthlutað verði til jöfnunar 22 þúsund þorskígildislestum, þ.e. 10 þúsund þorskígildislestum meira en nú hefur verið gert. Skal úthlutun á þessum viðbótaraflarétti til skipanna í samræmi við aflaheimildir þeirra í viðkomandi tegundum. Þetta er mjög mikilvægt vegna þess að mörgum útgerðarmönnum hefur ekki nýst úthlutun á tegundum sem bátar þeirra stunda ekki veiðar á. Skal við mat á bótunum taka tillit til skerðinga veiðiheimilda á undanförnum þremur fiskveiðiárum.

Lagt er til að bátum, sem eru minni en 6 brl. og hafa stundað veiðar á aflamarki, gefist kostur á að velja þann kost að stunda veiðar með línu og handfærum. Þessir útgerðarmenn eru í þeim hópi sem hvað verst hefur farið út úr hinum miklu skerðingum á aflaheimildum til veiða á þorski á undanförnum árum. Bent skal á að einmitt þessir útgerðarmenn höfðu umtalsverða aflareynslu þegar kvótakerfið var sett á og völdu þess vegna aflamarkið. Það er þess vegna fráleitt að þeir hafi mun verri kost nú til útgerðar en hinir sem enga aflareynslu höfðu. Það verður út frá almennum réttlætissjónarmiðum ekki við annað unað en að útgerðarmönnum í sama útgerðarflokki sé gefinn kostur á svipuðum möguleikum til að fiska.

Í þessu sambandi vil ég sérstaklega minna á það að á síðasta þingi, þegar verið var að afgreiða breytingar á lögunum um stjórn fiskveiða, var tillaga af þessu tagi felld og það er í sjálfu sér óskiljanlegt í ljósi þess að svona tillaga eins og þessi átti ekki að kosta einn einasta fisk til viðbótar við það sem ákveðið var að kæmi í hlut bátanna undir 6 tonnum. En þessi tillaga var samt felld og eini rökstuðningurinn sem ég nokkurn tíma heyrði fyrir því að fella þá tillögu var sá að það væri ekki verið að koma til móts við aðra aðila. En þessir aðilar, sem gera út báta undir 6 tonnum, eru auðvitað alveg sérstakur hópur sem verður að skoða í ljósi forsögunnar, þ.e. þess sem ég var hér að segja áðan, þegar þeim var gefinn kostur á því að velja milli krókaleyfiskerfisins og þess að vera á aflamarki.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að látið verði staðar numið fjölgun svokallaðra fullvinnsluskipa. — Nú vil ég biðja hæstv. forseta að kanna hvort hæstv. sjútvrh. er hér staddur því að ég hefði gjarnan haft áhuga á því að vita hvort hann væri ekki tilbúinn að taka undir þá tillögu hér. Ég hef heyrt yfirlýsingar frá hæstv. sjútvrh. um það að hann hyggist bera fram tillögur um að banna fjölgun frystiskipa fram að aldamótum og það væri kannski ráð að tryggja því málefni framgang með því að samþykkja þessa tillögu sem hér er lögð fram.

Við leggjum einungis til að þetta verði bannað núna um tveggja ára skeið, að veita fleiri slíkum skipum veiðileyfi. Það er skoðun flutningsmanna að rétt sé að hafa rúman tíma til endurskoðunar á þessu atriði. Brýn nauðsyn er á að hér verði tekin upp stefna sem leggur áherslu á að fiskurinn verði unninn sem mest áður en hann er fluttur úr landi. Það er ekki gæfuleg þróun að á sama tíma og atvinnu vantar í landinu skuli vera fjárfest í vinnsluskipum sem grófvinna aflann úti á sjó.

Það er rík ástæða til að taka það til alvarlegrar athugunar hvort þróunin sé í rétta átt hvað varðar fiskiskipaflotann, stærð og samsetningu. Þær gífurlegu fjárfestingar sem verið hafa í stórum skipum á sama tíma og lagðir eru milljarðar króna í úreldingu bátaflotans virðast ekki skynsamlegar hvorki út frá atvinnusjónarmiðum né með tilliti til nýtingar fiskimiðanna.

Aldrei hafa heyrst glannalegri sögur af því hve miklum fiski er hent í sjóinn en nú og alveg sérstaklega á síðustu mánuðum og missiri. Í því sambandi væri kannski ástæða til þess að nefna það hér í sölum Alþingis að síðasta ákvörðun sjútvrn. í þessu efni, þ.e. að ekki skuli lengur leyfa frádrátt vegna smáfisks í afla frá kvótanum, hefur orðið til þess að verulega hefur dregið úr löndun á smáum fiski, undirmálsfiski. Það hlýtur að verða rannsóknarefni hvernig á því stendur að sú ákvörðun skuli hafa valdið því að minna berist á land af smáfiski og hlýtur að vera til umhugsunar fyrir þá sem þessa ákvörðun tóku.

Í þessari tillögu er lagt til að heimiluð verði löndun á fiski utan kvóta sem annars vegar ætti að geta komið í veg fyrir þann ósóma að fleygja fiski í sjóinn og hins vegar gæti tryggt að réttar upplýsingar fáist um það magn af fiski sem raunverulega er drepið. Það sýnist sitt hverjum um hve miklu af fiski er fleygt fyrir borð en sú tilhögun, sem hér er lagt til að verði tekin upp, ætti að geta leitt í ljós svo óyggjandi væri hversu mikill vandinn er og hefur verið á undanförnum árum. Algjör nauðsyn er á að tekið verði á áhrifaríkan hátt á þessu máli. Það verður aldrei borin nein virðing fyrir stjórnkerfi í fiskveiðum sem veldur þeirri meðferð auð-

lindarinnar sem nú viðgengst.

Í athugasemdum um einstakar greinar kemur m.a. fram um 1. gr., sem er eina greinin sem er raunverulega um breytingu á sjálfum lögunum, hinar greinarnar eru allar bráðabirgðaákvæði sem horfa til þess að koma málum í skárra horf heldur en nú er, og aðalákvæðið sem fjallar um það að raunveruleg endurskoðun fari fram á lögunum um stjórn fiskveiða, í athugasemdum við 1. gr. tillögunnar stendur m.a.:

„Með þessari breytingu er verið að auka verulega það aflamagn sem nota má til jöfnunar" — og ég fór yfir áðan. Ég ætla í þessu sambandi að minna sérstaklega á hvernig hefur farið fyrir þeim sem hafa verið á aflamarki frá upphafi kvótakerfisins. Í fylgiskjölum á bls. 14, sem fylgja með tillögunni, má benda á bát sem hefur ekki bætt við sig neinum veiðiheimildum frá upphafi kvótakerfisins fram á þennan dag en engar selt heldur frá sér. Hann hafði 720 tonna afla á viðmiðunarárunum. Hann hefur núna 172 tonna afla. Hann hafði í upphafi tímabilsins 0,246% af heildarþorskaflanum en hefur núna 0,104. Þetta segir sína sögu um það hvernig þetta kerfi hefur malað aflaheimildir af bátaflotanum alveg sérstaklega og á þessu hefur ekki verið tekið. Við höfum lagt til áður svipaða tillögu og þessa, til þess að koma til móts við bátaflotann, en það hefur ekkert verið aðhafst í þessum efnum.

Hæstv. forseti. Er hæstv. sjútvrh. nokkuð staddur í húsinu?

(**Forseti** (GHelg): Forseti vill upplýsa að það er verið að kanna hvort hæstv. ráðherra er í húsinu.)

Í bráðabirgðaákvæði IV, sem er raunverulega aðaltillaga þessa lagafrv., er farið yfir það hvaða ástæður eru fyrir því að tillagan er lögð fram og vitanlega er aðalástæðan sú að endurskoðun á lögunum um stjórn fiskveiða mistókst. Með þjóðinni hefur verið mikil samstaða um að standa vörð um fiskstofnana og lífríkið í sjónum, það er sú auðlind sem verið hefur burðarásinn í atvinnulífi landsmanna. Hin mikla samstaða landsmanna í baráttunni fyrir yfirráðum Íslendinga yfir fiskimiðunum í kringum landið ber þess gleggstan vott. Árhundruðum saman höfðu erlendir fiskimenn haft aðgang að miðunum við landið og full yfirráð Íslendinga yfir 200 mílna fiskveiðilögsögunni var stórsigur í lífi þjóðarinnar. Þess vegna er eðlilegt að flestir landsmenn líti svo á að þessi auðlind, þ.e. fiskstofnarnir og lífríkið í sjónum, sé og eigi að vera um alla framtíð sameign allrar þjóðarinnar.

Allt frá því að lög nr. 82 28. desember 1983, um breytingar á lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, fyrstu lögin um kvótakerfið, voru sett hefur verið mikill ágreiningur um þau og framkvæmd þeirra. Mestur hefur ágreiningurinn verið um það ígildi eignarréttar á fiskstofnunum sem felst í því að einstakar útgerðir eigi rétt á að nýta ákveðinn hluta fiskstofnanna og hafi leyfi til að kaupa og selja þann rétt. Í reynd hefur rétturinn til aflahlutdeildar úr einstökum fiskstofnum og frjálst framsal aflaheimilda orðið í framkvæmd ígildi eignarréttar á viðkomandi fiskstofni.

Ég vil vitna til þess, sem ég gerði reyndar fyrr í dag í þessu sambandi, að einn af aðalhöfundum kvótakerfisins, prófessor við Háskóla Íslands, Ragnar Árnason, segir í grein í Morgunblaðinu á sunnudaginn var, 19. feb., á einum stað:

„Þó kastar fyrst tólfunum er þeir kenna kvótakerfið við miðstýringu, haftakerfi og forræðishyggju. Kvótakerfið er kerfi eignarréttar yfir heimildum til að nýta auðlindina. Sem slíkt er það algerlega hliðstætt alþekktum eignarréttarkerfum á landi, t.d. eignarrétti á landi, húsum, verksmiðjum, hlutabréfum og öðrum verðmætum."

Auðvitað hefur kvótakerfið frá því að frjálst framsal aflaheimilda var leyft virkað nákvæmlega svona. Það er óþolandi að í umræðu um þessi mál skuli menn ekki fást til þess að ræða málið út frá þeim forsendum sem þetta gefur. Ekki út frá þeim raunveruleika sem við erum að horfa framan í. En það er farið með veiðiheimildir algerlega sem ígildi eignarréttar útgerðarmanna. Og lögin um stjórn fiskveiða, með 1. gr. sem segir að þjóðin eigi þetta sameiginlega, stangast á við framkvæmdina. Á þessu verða menn að taka og það er auðvitað lagt til með þessari tillögu að menn fari yfir allt þetta mál. Framkvæmd laganna er þess vegna í andstöðu við það meginmarkmið um sameign þjóðarinnar á nytjastofnum á Íslandsmiðum, sem þó var sett í 1. gr., eins og ég sagði hér áðan. Síðan hafa fjölmargir aðrir annmarkar komið fram við framkvæmd þessara laga og skulu hér rakin fáein dæmi:

Tilflutningur á veiðiheimildum hefur valdið byggðaröskun og af þeim ástæðum hafa mörg sveitarfélög orðið að leggja mikla fjármuni í kaup á veiðiheimildum eða ábyrgðir tengdar slíkum kaupum. Satt að segja er sú uppfinning sem mest er stunduð og menn kalla tonn á móti tonni viðskipti, eitt af því svívirðilegasta sem menn hafa fundið upp í þessu sambandi. Fiskurinn er veiddur á heimamiðum viðkomandi byggðarlags og hann, sem áður var seldur á staðnum, er nú fluttur að miklum hluta og jafnvel allur burt til vinnslu annars staðar. Grundvellinum er þannig kippt undan fiskvinnslunni á staðnum og þar með viðkomandi byggðarlagi sem hefur byggst upp vegna hagstæðrar legu sinnar nálægt góðum fiskimiðum. Verð á aflaheimildum ákvarðast síðan af þessum viðskiptaháttum, þ.e. að þeir aðilar sem notfæra sér aflaheimildir sínar með þessum hætti til að keyra niður fiskverðið og vinna þess vegna á miklu lægri hráefnisverðum, geta notað mismuninn til að kaupa sér enn meiri veiðiheimildir og geta af sömu ástæðum borgað langtum hærra verð fyrir varanlegan kvóta.

Venjulegir bátaútgerðarmenn eiga enga möguleika til að keppa um veiðiheimildir við aðila eins og þessa. Afleiðingin er sú að allur varanlegur kvóti sem losnar endar hjá aðilum sem notfæra sér aðstöðu sína með þessum hætti. Öll önnur fiskvinnslufyrirtæki en þau sem notfæra sér kerfið til að þrýsta niður hráefnisverðinu, þ.e. þau sem ekki eiga aðild að útgerð sjálf, og kaupa á fiskmörkuðum eða beint af útgerðum, eiga mjög undir högg að sækja og hafa fjölmörg hætt starfsemi og í sumum byggðarlögum er nú enginn fiskur unninn lengur af þessum ástæðum.

Fjölmörg önnur vandamál fylgja þessu kvótakerfi. Það neyðir sem sagt þeirri stefnu upp á sveitarstjórnir, ef til lengri tíma er litið, að þær verði að hafa tök á veiðiheimildunum og verði þess vegna að kaupa þær veiðiheimildir sem losna. Verði kerfið fest endanlega í sessi til framtíðar munu byggðarlög, sem mjög eru háð fiskveiðum, verða að bregðast við með því að reyna enn frekar að ná tangarhaldi á þeim kvóta sem verður til sölu.

Þróunin hefur einnig sýnt mjög skýrt að aflaheimildir safnast á stærstu aðilana í útgerðinni og færast þar með úr bátaútgerð til togskipaútgerðar. Í því sambandi er alveg sérstaklega mikið áhyggjuefni það misvægi sem myndast í sókninni. Það er þannig að við getum fræðilega staðið frammi fyrir því einn góðan veðurdag að allar veiðiheimildir verði komnar á hendur togskipaútgerðarinnar í landinu og að allur fiskur sem megi veiða verði veiddur fyrir utan 12 mílur, ef við yrðum svo heppnir að það yrði hægt að auka hér veiðiheimildir vegna þess að veiðistofninn hefði aukist og að það væri tæknilega mögulegt að hirða allan aflann fyrir utan 12 mílur. Sú hætta felst í því kerfi sem við höfum hér við lýði núna.

Það er sannað, eins og ég kom að hér áðan, að afla er kastað í sjóinn. Það er sannað að afla hefur verið landað fram hjá vigt, tegundir hafa verið rangt skráðar og margt annars konar óhagræði fylgir sem ég ætla ekki að rekja hér. Ég verð því miður, hæstv. forseti, að hlaupa yfir margt af því sem ég ætlaði að koma að í þessari framsögu minni vegna þess að tími minn hefur verið skorinn svo niður sem raun ber vitni.

Mig langar þó að koma að því sem ég tel að sé ástæðan fyrir því að við erum ekki komin enn þá lengra í endurskoðuninni á lögunum á stjórn fiskveiða, en það er að litlir en öflugir hópar í þessu þjóðfélagi hafa ráðin í hendi sinni, hafa þingmennina í vasanum, geta komið og sagt mönnum fyrir verkum, bæði ráðherrum og þingmönnum. Það hefur verið þannig og það hét á sínum tíma að hafa samráð við hagsmunaaðila og var alveg sérstaklega stundað og fundið upp í sambandi við undirbúninginn á lögunum um stjórn fiskveiða og það hefur sannarlega verið gert, að hafa samráð við hagsmunaaðila. Þeir hafa verið spurðir að öllu mögulegu.

Ég ætla að benda á síðustu sönnunina fyrir því hvernig staðið er að þessum málum. Hæstv. sjútvrh. stóð fyrir ráðstefnu ekki fyrir löngu. Sú ráðstefna hét Viðreisn þorskstofnsins, það var ekkert minna. Hvernig fór hún nú fram? Jú, á þessa ráðstefnu sjútvrh. kom maður sem í dag er fisklaus maður og hann kom til að segja frá sínum hörmungum. Síðan voru tveir aðilar aðrir sem áttu að segja frá því hvernig ætti að skipta fiskinum á milli og hvernig ætti að finna það út hvað hann mætti veiða mikið, þ.e. segja frá ákveðinni aflareglu. Á eftir var síðan pallborðsumræða. Hverjir tóku þátt í þessari pallborðsumræðu? Jú, það voru Sigurður B. Stefánsson, framkvæmdastjóri Verðbréfamarkaðar Íslandsbanka, Magnús Gústafsson, forstjóri Coldwater, Þorvaldur Garðarsson skipstjóri, Guðrún Marteinsdóttir, sjávarlíffræðingur hjá Hafrannsóknastofnun, Kristján Halldórsson, skipstjóri hjá Útgerðarfélagi Akureyringa, Eiríkur Tómasson, framkvæmdastjóri Þorbjarnar hf., Einar Svansson, framkvæmdastjóri Fiskiðjunnar Skagfirðings, og sá sem stjórnaði öllu saman var Brynjólfur Bjarnason. Hver skyldi það vera? Formaður stjórnar Granda, forstjóri Granda, formaður stjórnar Hafrannsóknastofnunar. Þetta segir sína sögu um það hvernig menn standa að því að stjórna þessum málum. Það er raðað saman upp á eitt pallborð til þess að ræða um það hvernig eigi að reisa þorskstofninn við, hagsmunaaðilum úr einni tegund af útgerð við landið. Það kann ekki góðri lukku að stýra. Og ef menn ætla sér ekki að horfa á þessi mál út frá hagsmunum lífríkisins, út frá hagsmunum byggðarlaganna við landið og út frá hagsmunum fólksins sem býr í byggðarlögunum, út frá hagsmunum sjómannanna og verkafólksins, þá verða þau aldrei leyst af neinni sanngirni.

Við leggjum fram þessa tillögu hér — það eru að vísu fáar beinar tillögur hér, einungis tillögur sem ég lýsti hér áðan — til að taka á sárasta vanda bátaflotans og til að koma til móts við kröfur smábáta sem eru eðlilegar. Ég ætla að spyrja hæstv. sjútvrh., hvort hann mundi ekki beita sér fyrir því, ef hann er mættur hér, hæstv. forseti.

(**Forseti** (GHelg)**:** Forseti hefur ekki fengið fréttir af ferðum hæstv. sjútvrh.)

(**VE:** Þetta er hans eigið frv. Hann er að mæla fyrir sínu frv.)

(**SJS:** Hvað með það?)

Hæstv. forseti. Er ekki óhætt að ég fái — er bannað að maður óski eftir því að hæstv. sjútvrh. hlýði á mál mitt? (**SJS:** Verslunarráðið bannar það.)

(**Forseti** (GHelg)**:** Forseti vill biðja hv. þm. að hlífa þingheimi við umræðum af þessu tagi. Vitaskuld hefur hver þingmaður leyfi til að óska eftir að eiga orðastað við ráðherra þess málaflokks sem hann er að ræða. En ég skal ítreka fyrirspurn mína um ferðir hæstv. sjútvrh.)

Hæstv. forseti. Það er af einni ástæðu sem ég óskaði sérstaklega eftir því að hæstv. sjútvrh. mætti hér. Ástæðan er sú að í fjölmiðlum hefur hæstv. sjútvrh. lýst því alveg sérstaklega yfir að hann telji ástæðu til að bera fram tillögu um það að koma í veg fyrir fjölgun fullvinnsluskipa. Það fréttist af því að hann væri með tillögur um að það ætti að banna fjölgun fullvinnsluskipa a.m.k. til aldamóta. Í þessum tillögum sem við erum að leggja hér fram er lagt til að fjölgun fullvinnsluskipa verði bönnuð í tvö ár á meðan endurskoðun á lögunum um stjórn fiskveiða fari fram. Ég ætlaði að spyrja hæstv. sjútvrh. að því hvort hann væri ekki tilbúinn til að beita sér fyrir því að þessi tillaga kæmist í gegn. Ég ætlaði líka að spyrja hæstv. sjútvrh. að því hvort hann væri tilbúinn að beita sér fyrir því að tillögunni um smábátana, sem við erum með hér líka, yrði komið í gegnum Alþingi fyrir þinglok. Því það er satt að segja aldeilis ótrúlegt að menn skuli ekki hér á hv. Alþingi hafa séð sóma sinn í að leysa það mál. Og trillukarlavinirnir, hæstv. umhvrh. og fleiri alþýðuflokksmenn, hafa nú ekki staðið sig betur en þetta í því

að verja sína menn, að þeim hefur ekki tekist að fá svona mál eins og þetta í gegnum hv. Alþingi. Ég tel að það sé ekki vansalaust fyrir hv. Alþingi að fara hér heim af vettvangi nú á þessum vetri og skilja eftir menn með þær aðstæður sem þeim hafa verið búnar í þessari útgerð.

Satt að segja og það skulu vera mín lokaorð, hæstv. forseti, að ég harma það að við skulum vera að ræða hér um sjávarútvegsmál á Alþingi núna við slíkar aðstæður sem þessar. Það hefði verið ástæða til að fara yfir alla sögu hæstv. ríkisstjórnar og afrek hæstv. sjútvrh. og stjórnarflokkanna í sjávarútvegsmálum áður en hv. Alþingi fer heim. Þar er sannarlega af mörgu að taka. Og ég er sannfærður um að í kosningaslagnum sem er fram undan þá verða þessi mál á dagskrá og þá munu menn ekki komast upp með að hverfa af vettvangi og forða sér þegar farið er að nefna fisk í nágrenni við þá.

[18:53]

Ingi Björn Albertsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér þykir miður að jafnþarft mál eins og hér er hreyft skuli ekki fást rætt í hinu háa Alþingi, en það mun vera eftir samkomulagi við hv. framsögumann fyrir málinu sem það er.

Ég vil leyfa mér að taka undir bráðabirgðaákvæði III þar sem ég tel að það sé löngu tímabært að menn leiti leiða til að allur afli komi á land. Hér er bent á eina leið. Ég skal ekki fullyrða hvort hún er sú besta en hún vekur upp þetta mál og umræðu um það, sem ég tel að hefði verið þörf og þurft að fara hér fram.

Ég vil aðeins benda á það að ég hefði talið eðlilegt að útgerðin hefði fengið einhvern hluta af þeim undirmálsafla sem útgerðin kæmi með á land til að komast hjá þeirri freistingu sem óneitanlega verður enn til staðar hjá útgerð, að henda undirmálsfiski í hafið. Þannig að ég teldi eðlilegt að útgerð yrði umbunað á einhvern hátt, m.a. með því að hún fengi þá einhvern hlut. Síðan vil ég taka undir það hvað á að gera við það verðmæti sem situr þá eftir, en gert er ráð fyrir því í bráðabirgðaákvæði III að það renni til þyrlukaupasjóðs Landhelgisgæslunnar.

Þetta vildi ég láta koma hér fram í örstuttu máli úr því að það er ekki heimiluð umræða um málið. Þess vegna vildi ég nýta mér þingsköpin og koma þessu fram í andsvari.

[18:54]

Flm. (Jóhann Ársælsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. sagði að hann hefði heyrt að þetta hefði verið með samkomulagi við mig. Mönnum er nú ekki boðið upp á mjög merkileg samkomulög hér um þessar mundir. Ég gat fengið að mæla fyrir þessu máli, það var allt og sumt. Ég var beðinn um það nánast að ef ég ætti að fá að mæla fyrir þessu máli þá yrði ég að stytta mál mitt sem allra mest og í mesta lagi væri hægt að leyfa mönnum að veita einhver andsvör. Það er því ekki þannig að ég sé ánægður með þetta fyrirkomulag, nema síður sé, auk þess sem það hefur verið dregið mjög að þetta mál kæmi hér á dagskrá þingsins og það sett aftur fyrir mörg mál sem hér hafa verið til umfjöllunar.

Ég tek undir með hv. þm. Það eru ýmis atriði í þessu. Þó við séum ekki með margar tillögur hér þá eru þær allar mikilvægar. Þessi tillaga sem hv. þm. nefndi, um það að reyna að koma í veg fyrir að fiski væri hent í sjóinn, er virkilega tillaga sem ég held að væri góð tilraun og gæti gert það að verkum að menn kæmust að því við hvaða vanda er að glíma. Menn eru nefnilega ekki sammála um það. Sumir segja að gífurlegu magni af fiski sé hent í sjóinn og aðrir segja að það sé lítið og sumir halda því fram að engu sé fleygt. En við vitum auðvitað sem þekkjum til og tölum við marga sem eiga hlut að máli þarna, að það er verulegu magni hent í sjóinn. Ekki get ég haldið neinu fram um hvað það er mikið, en ég veit að það er töluvert um það og ég veit það frá mönnum sem hafa sagt mér það sjálfir, að þeir hafi verið vitni að því, tekið þátt í því og vita að það er gert víða. Þetta er vandamál sem fylgir þessu kerfi og við hefðum þurft að taka á þessum hlutum. Það er sorglegt að það skuli ekki fást umræða, það skuli ekki fást tekið fyrir mál af þessu tagi á hv. Alþingi og Alþingi skuli vera að fara heim án þess að gera nokkuð í þessum málum.

[18:57]

Stefán Guðmundsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Aðeins fyrirspurn um hvort ég hefði heyrt rétt, að það væri samkomulag um það að menn fengju ekki að taka mál hér til umræðu og ræða þau mál sem hér væri verið að tala fyrir. Hvaðan er það samkomulag komið og gert af hverjum, virðulegi forseti?

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Samkvæmt upplýsingum sem sá forseti fékk sem hér stendur mun það hafa verið ákveðið á fundi þingforseta með þingflokksformönnum. Aðrar upplýsingar hefur sá forseti sem hér stendur ekki um það mál.

Umræðu (atkvæðagreiðslu frestað.

Einkanúmer á ökutæki, fyrri umr.

Þáltill. ÁJ o.fl., 345. mál. — Þskj. 566.

[18:58]

Flm. (Árni Johnsen):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um einkanúmer á ökutæki. Tillöguna flytja með mér hv. þm. Sturla Böðvarsson, Egill Jónsson, Guðjón Guðmundsson, Sigríður A. Þórðardóttir, Lára Margrét Ragnarsdóttir, Árni R. Árnason og Guðmundur Hallvarðsson.

Í tillgr. er ályktað að skora á dómsmrh. að gefa nú þegar út reglugerð sem heimilar einkanúmer á ökutæki og að sérstakt gjald á einkanúmer verði notað sem fjáröflun til að efla og auka umferðaröryggi.

Í greinargerð er vikið að því að eftir að fastnúmerakerfi var tekið upp á bílum hefur komið í ljós mikill áhugi á að menn geti valið sér númer á bíla sína. Tillögur á Alþingi hafa líka sýnt að margir sakna gömlu skráningarmerkjanna sem höfðu fylgt einstak-

lingum eða fjölskyldum í langan tíma. Einnig hafa Alþýðusamband Íslands og Vinnuveitendasambandið sýnt málinu mikinn áhuga.

Í núverandi fastnúmerakerfi er ekki hægt að koma til móts við þessar óskir vegna þess að bílum er langoftast úthlutað númeri áður en vitað er hver verður eigandinn og síðan fylgir númerið bílnum þrátt fyrir eigendaskipti. Auk þessa væri óskipulögð númeraúthlutun óheppileg því að henni fylgir klíkuskapur, tortryggni, brask, öfund og aðkast, eins og reynslan sýnir. Til þess að ráða bót á þessu væri hægt að taka upp svipað kerfi hér yfir einkanúmer og víða er í nágrannalöndunum, t.d. í Svíþjóð, Danmörku og Bandaríkjunum. Í þessu kerfi yrði einstaklingum boðið gegn sérstöku gjaldi að hafa sjálfvalið skráningarnúmer á bíl sínum sem er annað fastnúmerið.

Til þess að einkanúmer verði að veruleika þarf dómsmrn. að gefa út reglugerð sem heimilar slíka notkun. Um fyrirkomulag varðandi útlit númeranna er það að segja að það fyrirkomulag kynni að vera æskilegast að númerið verði á sams konar spjöldum og fastnúmerin eru nú og eins á litinn. Þau yrðu 1–6 stafir á lengd, frjáls samsetning bókstafa eða tölustafa og eyður einnig leyfðar. Þó verði samsetningin tveir bókstafir — eyða — þrír tölustafir, ekki leyfð þar sem hætta væri á ruglingi við fastnúmerakerfið sem nú er í gildi. Ekki væru heldur leyfð skrásett vörumerki nema með leyfi eigenda þeirra. Einnig mundu ákveðnar siðareglur gilda um orð á númeraplöturnar. Leyfðir yrðu íslenskir bókstafir og má gera ráð fyrir að stutt íslensk mannanöfn yrðu vinsæl á bílum eða samsetning bókstafa og tölustafa. Á þennan hátt er einnig hægt að mynda sömu skráningarnúmer og menn áttu í gamla kerfinu, t.d. R-1234 eða P-500, svo að dæmi séu nefnd. Þó mætti ekki nota slík númer ef sama skráningarnúmerið er enn á bíl í gamla kerfinu sem ekki hefur verið afskráður. Einkanúmeraspjöldin yrðu frábrugðin fastnúmeraspjöldum og er auðvelt að koma því fyrir.

Um fyrirkomulag varðandi umskráningar er það að segja að þegar bíleigandi fengi einkanúmer afhent yrði hann að skila fastnúmeraspjöldum sem fyrir eru á bílnum, þ.e. ef ekki er um að ræða nýjan bíl. Þegar bíllinn er seldur eru eigendaskipti ekki skráð fyrr en búið er að panta nýjar fastnúmeraplötur eða önnur einkanúmer. Seljandinn getur síðan flutt einkanúmer sín yfir á annan bíl, en áður en það er gert þarf að þrykkja nýtt verksmiðjunúmer og fastnúmer með litlum stöfum á spjöldin.

Hægt verður að leggja einkanúmer inn til geymslu eins og önnur númer og verða þau geymd í allt að eitt ár. Hver einstaklingur má ekki eiga nema eitt númerapar í geymslu og má þar að auki ekki eiga fleiri einkanúmer en bíla. Þetta er gert til að koma í veg fyrir brask með það sem menn kalla góð einkanúmer.

Varðandi kostnað má gera ráð fyrir hærra stofngjaldi einkanúmera en fastra númera á bíla. Í sumum löndum þar sem boðið er upp á einkanúmer eru þau margfalt dýrari en föstu númerin, allt að 10–20 sinnum dýrari. Sérstaða Íslands er margvísleg. Samfélagið hér er mun persónulegra en í fjölmennari löndum og stéttaskipting er ekki í eðli Íslendinga eins og svo margra þjóða sem við þekkjum, jafnvel nágranna- og frændþjóða og í ljósi þess er ekki boðlegt að hafa verð á einkanúmerum það hátt að þau verði einhver forréttindi þeirra hæst launuðu í þjóðfélaginu. Jafnframt má benda á að gamla númerakerfið var mun persónulegra en það nýja. Menn fylgdust með bílum eins og vinum og vandamönnum og á margan hátt létti það númerakerfi Íslendingum að hafa persónulegt samband sem skiptir þá svo miklu máli. Með einkanúmerakerfi eins og hér er getið um er unnt að koma til móts við óskir margra Íslendinga í þessum efnum. Lagt er til að gjald fyrir einkanúmer verði tvisvar til þrisvar sinnum hærra en fyrir fastnúmer eða 10–15 þús. kr. Jafnframt er lagt til að tekjur af einkanúmerum renni til þess að efla og auka umferðaröryggi sem er mikilvægt baráttumál fyrir íslenskt þjóðfélag í dag.

Ég á von á því að hæstv. dómsmrh. verði mjög jákvæður í afgreiðslu þessa máls og að lokinni umræðu legg ég til að því verði vísað til allshn.

[19:04]

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hér er skrýtið mál á ferðinni. Átta hv. þingmenn Sjálfstfl. sjá ástæðu til þess að leggja sérstaka áherslu á leið til þess að auka á stéttaskiptingu. Yfirstéttin geti farið að merkja sig í þjóðfélaginu, aka um með flott númer, meistari Johnsen eða eitthvað slíkt og geti aðgreint sig frá hinum fátæka fjölda. Ætli það sé ekki þörf á því fyrir Íslendinga að gera sér grein fyrir því í hve litlu samfélagi þeir lifa og vera ekki með svona tildurmál. Það eru mörg brýnni mál sem hér liggja fyrir á Alþingi og þörf er á að leiðrétta í þjóðfélaginu.

Það væri nær fyrir Sjálfstfl. að hugsa um alla þá erfiðleika sem fjölskyldunum hafa verið skapaðir með slæmri stefnu. Hins vegar það sem kannski vekur mesta athygli er að hér sjá átta hv. þm. sérstaka ástæðu til þess að skora á hæstv. dómsmrh. Nú vil ég spyrja hv. þm. að því: Hvernig hafa þessar umræður verið í þingflokksherberginu? Hvað hefur málið oft verið tekið upp við dómsmrh., að hann setji þessa reglugerð? (**Gripið fram í:** Er hann í sama flokki?) Hann mun vera það eða er talinn vera það. En ég skal að vísu viðurkenna að ég virði dómsmrh. eða tel það honum til tekna að hafa ekki orðið við þessari beiðni þingmanna Sjálfstfl. sem fyrst og fremst eru auðvitað að reyna að ala hér á stéttaskiptingu og að þeir ríku geti sýnt að þeir aka á sínum bíl með sín einkanúmer sem þeir hafa keypt og eru merktir á götunum. Ég er andstæðingur þessa máls, hæstv. forseti.

[19:06]

Flm. (Árni Johnsen) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var einu sinni ungur mjólkurskoðunarmaður sem var frægur fyrir það þegar hann kom í fjós á umráðasvæði sínu að hafa allt á hornum sér. Hann kom inn og sparkaði í koppa og kirnur og tuldraði og blés til allra átta. Því miður minnti málflutningur hv. þm. Guðna Ágústssonar nokkuð á þennan unga mjólkurskoðunarmann forðum því það er engin ástæða til þess að hafa þetta mál á hornum sér. Þetta

er ekki stórt mál, en þetta er skemmtilegt mál og það er auðvitað út í hött að vera að tala um að það verði einhver sérréttindi að geta keypt einkanúmer í þessu kerfi, ef þessi tillaga verður samþykkt eða afgreitt samkvæmt henni, vegna þess að það er talað um að verð á bílnúmeri sé tvisvar eða þrisvar sinnum hærra en á fastskráningarnúmeri, sem er um 6–7 þús. kr. Þarna er talað um 10–15 þús. kr. Á Norðurlöndum er hins vegar verð á svona fastnúmeri 70–100 þús. kr. og hv. þm. Guðni Ágústsson getur þá þakkað fyrir að búa ekki í slíku umhverfi með það mat.

Hér er ekki um neitt tildurmál að ræða. Hér er um að ræða mál sem margir landsmenn hafa mikinn áhuga á og það er nánast á degi hverjum til að mynda sem hringt er í Bifreiðaskoðun Íslands og spurt hvort ekki sé hægt að fá gamla kerfið upp eða eitthvað í samræmi við það og þarna er ekki verið að neyða neitt upp á neinn. Þarna er aðeins verið að auka fjölbreytni og það kemur svo sem ekkert á óvart þó að hv. þm. Guðni Ágústsson þoli ekki fjölbreytni. Það getur maður skilið af mörgum ástæðum, virðulegi forseti.

[19:08]

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hef heyrt akkúrat af þessum mjólkurskoðunarmanni sem allt hafði á hornum sér. Hann mun vera fyrir norðan og hefur aldrei komist á þing. En það hlýtur einhver að hafa eitthvað á hornum sér í þessu máli. Hv. þm. svaraði mér því ekki hvað hæstv. dómsmrh., Þorsteinn Pálsson, hefur á hornum sér, sem getur með einni reglugerð sett þetta mál í gang ef hann vill. Ég spurði eftir því: Hvað er það sem hann hefur á hornum sér?

Ég þarf ekki að ítreka það, hæstv. forseti, að ég teldi það óheillaráð að rugla númerakerfið eins og það stendur. Þessi breyting hefur reynst ágætlega og ég held að við eigum ekki að fara að setja hér neinn yfirstéttarbrag á okkar litla þjóðfélag þar sem við finnum það best sjálfir að þá eru Íslendingar hamingjusamastir þegar þeir alla vega í háttum sínum virðast vera jafningjar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Glasafrjóvgunardeild Landspítalans, fyrri umr.

Þáltill. IP o.fl., 387. mál. — Þskj. 623.

[19:10]

Flm. (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir þáltill. á þskj. 623, um eflingu glasafrjóvgunardeildar Landspítalans. Flm. með mér að þessari tillögu eru hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson, Guðrún J. Halldórsdóttir, Petrína Baldursdóttir, Svavar Gestsson, Finnur Ingólfsson og Valgerður Sverrisdóttir.

Greinin hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi skorar á ríkisstjórnina að sjá til þess að nú þegar verði hafinn undirbúningur að því að efla glasafrjóvgunardeild Landspítalans og tryggja nauðsynlegar fjárveitingar á fjáraukalögum ársins 1995 í því skyni. Markmiðið verði að tvöfalda afkastagetu deildarinnar með bættum tækjabúnaði og húsnæði þannig að unnt verði að stytta langan biðtíma."

Í greinargerðinni segir:

Staðan á glasafrjóvgunardeild Landspítalans.

Stofnsetning glasafrjóvgunardeildar við Landspítalann árið 1991 var mikið framfaraspor og hafa nú á þriðja hundrað börn fæðst hér á landi fyrir tilstuðlan deildarinnar. Fram að þeim tíma þurftu konur að fara í tæknifrjóvgun erlendis og árlega fóru héðan á annað hundrað pör í því skyni. Tryggingastofnun ríkisins greiddi sjúkrakostnað samfara aðgerðunum og námu greiðslur stofnunarinnar að jafnaði rúmlega 20 millj. kr. á ári.

Í upphafi var gert ráð fyrir að á glasafrjóvgunardeild Landspítalans yrðu gerðar 100–150 aðgerðir á ári og öll aðstaða og tækjabúnaður voru við það miðuð. Þrátt fyrir að aðgerðum hafi fljótlega verið fjölgað í um 250 á ári vegna mikillar eftirspurnar og árangur deildarinnar sé með því allra besta sem þekkist hefur myndast þar mjög langur biðlisti sem sífellt lengist. Nú bíða um 650 pör eftir því að komast í aðgerð. Þau pör sem eru á biðlistanum nú þurfa að bíða í rúmlega tvö ár og þeir sem nú eru skráðir geta vænst þess að komast að vorið 1997. Mikilvægt er að benda á að einungis eru um þriðjungs líkur á því að fyrsta aðgerð takist. Tölfræðilega þurfa því um 400 pör af þeim 650, sem í dag eru á biðlista, að fara aftur í aðgerð og komast þá ekki að fyrr en árið 2000 miðað við óbreytt afköst deildarinnar. Nauðsynlegar úrbætur.

Nefnd á vegum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis og Ríkisspítala hefur metið hvaða kostnaður er því samfara að tvöfalda afkastagetu glasafrjóvgunardeildarinnar. Samkvæmt frumathugun nefndarinnar er áætlað að 9 millj. kr. þurfi til kaupa á fósturvísafrysti og til smásjárglasafrjóvgunar og um 31 millj. kr. til breytinga á húsnæði. Þar er annars vegar um að ræða 13 millj. kr. til breytinga á Fæðingarheimilinu við Eiríksgötu, þannig að unnt verði að flytja mæðraskoðun þangað úr kjallara kvennadeildar Landspítalans, og hins vegar 18 millj. kr. til að koma þar upp aðstöðu fyrir glasafrjóvgunardeildina. Auk þess er talið að ráða þurfi þrjá nýja starfsmenn. Heildarkostnaður er því metinn um 40 millj. kr. og mun hann ekki einungis nýtast glasafrjóvgunardeild heldur einnig framtíðarstarfsemi kvennadeildar Landspítalans. Í þessu sambandi er mikilvægt að hafa í huga að hér er um stofnkostnað að ræða en tekjur glasafrjóvgunardeildarinnar nema nú um 20 millj. kr. á ári og munu aukast í réttu hlutfalli við fjölgun aðgerða. Þá er rétt að geta þess að áætla má að með tilkomu fósturvísafrystis sparist milljóna króna lyfjakostnaður árlega. Það byggist á því að í um 125 af þeim aðgerðum sem gerðar eru á ári hverju er afgangs fósturvísum hent í stað þess að frysta þá og nota í aðra aðgerð. Ef unnt yrði að geyma þá yrði komist hjá lyfjameðferð sem kostar um 40 þús. kr., auk þess sem aðgerðin sjálf yrði mun ódýrari en ella. Þá er rétt að benda á að gera má ráð fyrir sparnaði með tilkomu

smásjárfrjóvgunar sem gerir kleift að aðstoða pör þar sem aðalorsök ófrjósemi er hjá manninum. Nú leita pör til útlanda í þessu skyni. Tryggingastofnun ríkisins greiðir um 240 þús. kr. fyrir hverja meðferð, auk þess sem hún kostar sjúklinga um 500 þús. kr. Sérfræðingar Landspítalans áætla að framkvæma þurfi nú um 50 smásjárglasafrjóvganir á ári.

Síðasti liðurinn í greinargerðinni er um atbeina Alþingis.

Fyrir liggur að með tiltölulega litlum stofnkostnaði, eða um 40 millj. kr., má bæta til langframa úr stöðu hundruða íslenskra hjóna. Er þá hvorki tekið tillit til aukinna sértekna glasafrjóvgunardeildar né hugsanlegs sparnaðar sjúkratrygginga. Afar brýnt er að þegar sé bætt úr hinni miklu þörf sem fyrir hendi er á þessu sviði þar sem fyrirsjáanlegt er að vandinn mun aukast á komandi árum verði ekkert gert. Þar er atbeini heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og stuðningur Alþingis nauðsynlegur þannig að fjárveiting verði tryggð og sú framúrskarandi starfsemi sem nú fer fram á glasafrjóvgunardeildinni verði styrkt.

Virðulegi forseti. Landlæknir skilgreinir ófrjósemi sem sjúkdóm sem hrjáir um 10–15% hjóna á barneignaaldri. Ófrjósemi hefur djúpstæð áhrif á andlega og líkamlega líðan þeirra sem hlut eiga að máli. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að málinu verði vísað til hv. heilbr.- og trn. Og þar sem fulltrúar frá öllum flokkum hafa skrifað undir þessa tillögu þá býst ég við að hún fái fljóta meðferð í nefnd sérstaklega þar sem þetta mál hefur nú þegar verið tekið fyrir í nefndinni og fengið jákvæð viðbrögð.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Menningar- og tómstundastarf fatlaðra, fyrri umr.

Þáltill. MF o.fl., 416. mál. — Þskj. 670.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fyrning skulda og annarra kröfuréttinda, fyrri umr.

Þáltill. JÁ og MF, 417. mál. — Þskj. 673. [19:19]

Flm. (Jóhann Ársælsson):

Hæstv. forseti. Á þskj. 673 flyt ég ásamt hv. þm. Margrét Frímannsdóttir. till. til þál.

Tillgr. er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd sem taki til endurskoðunar lög nr. 14 frá 1905, um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda. Í starfi nefndarinnar verði við það miðað að nýtt frumvarp verði lagt fyrir Alþingi á komandi hausti.

Lögin um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda, nr. 14 frá 1905, eru í ýmsu úrelt og margt í þeim er ekki í samræmi við nútímann og önnur lög sem yngri eru. Sem dæmi má taka 5. mgr. 1. gr. en hún hljóðar svo: „Þau réttindi fyrnast ekki, er hvíla á fasteign sem ævarandi afgjaldskvöð, og eigi heldur kröfur til endurgjalds þegnum sveitarstyrk.“ Þessi málsgrein er aftan úr grárri forneskju. Öll viðhorf hvað varðar félagshjálp og rétt fólks til hennar hafa breyst frá því að þessi ákvæði voru lögfest. Þá má benda á 13. gr. laganna þar sem kveðið er á um að ýmsar kröfur á einstaklinga, sem verða gjaldþrota, fyrnist á 10 árum. Þessi ákvæði eru í ósamræmi við lík ákvæði í lögum þar sem fjallað er um gjaldþrot félaga. Ekki verður séð að einstaklingur, sem haft hefur rekstur með höndum og verður gjaldþrota, eigi að þurfa að sæta miklu harðari kostum eftir gjaldþrotameðferð en sá sem rak starfsemi sína undir nafni hlutafélags. Það er skoðun flutningsmanna að það sé sjálfsagt réttlætismál gagnvart þeim einstaklingum sem verða gjaldþrota að þeir séu jafnir fyrir lögunum hvað varðar fyrningar skulda og annarra kröfuréttinda eins og aðrir aðilar sé eðli máls hið sama, einnig að ákvæðið um að „kröfur til endurgjalds þegnum sveitarstyrk“ fyrnist aldrei sé algerlega úr takt við nútímaviðhorf fólks til réttinda einstaklinga til félagshjálpar. Það er niðurlægjandi fyrir fólk sem á fullan rétt til aðstoðar samfélagsins að hafa slíkt ákvæði í lögum. Einnig er nauðsynlegt til að almenns samræmis verði gætt að taka þessi lög til endurskoðunar.

Ég legg til, hæstv. forseti, að máli þessu verði að lokinni 1. umr. vísað til allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 19:21]

Merking þilfarsfiskiskipa, fyrri umr.

Þáltill. GHall og GuðjG, 383. mál. — Þskj. 614. [20:32]

Flm. (Guðmundur Hallvarðsson):

Virðulegi forseti. Á þskj. 614 flyt ég ásamt hv. þm. Guðjóni Guðmundssyni þáltill. um breytingu á merkingu þilfarsfiskiskipa.

Þáltill. hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að breyta reglugerð um merkingu skipa, nr. 550/1982, hluta N, lið 2.3, en þar segir að þilfarsfiskiskip skuli vera merkt með skipaskrárnúmeri á heppilegum stað á báðum hliðum. Í fyrsta lagi verði sú breyting gerð á að í stað skipaskrárnúmera komi kallmerki skipsins og í öðru lagi verði hæð merkingarstafa á þilfarsskipum breytt með eftirfarandi hætti.“

Lauslega yfir það farið segir hér í fyrsta lagi að

ef skipslengd sé á bilinu 15–20 m þá skuli hæð stafa vera 50 cm,

ef skipslengd er á bilinu 20–45 m skuli hæð stafa vera 75 cm og

ef skipslengd er 45 m eða lengri skuli hæð stafa vera 100 cm.

Stafirnir verði settir á sérstök merkingarspjöld, svartir á lit á ljósum bakgrunni sem gefi endurskin.

Í greinargerð segir m.a.:

Reglur um merkingu skipa í núverandi mynd hafa verið í gildi í rúm 12 ár. Þar er gerð krafa um að stærri fiskiskip séu auðkennd með umdæmisstöfum og tölum á bóg beggja megin ásamt nafni. Auk þess skulu þilfarsskip merkt með skipaskrárnúmeri á heppilegum stað á báðum hliðum skipsins.

Tveir helstu gallar núgildandi reglugerðar hvað varðar þilfarsskip eru að stærð stafa, sem mælt er fyrir um í 4. kafla reglugerðarinnar, er of lítil og að notast er við skipaskrárnúmer í stað kallmerkis viðkomandi skips. Sá háttur að merkja skip með sérstöku skipaskrárnúmeri er séríslenskt fyrirbæri sem hvergi þekkist annars staðar. Hins vegar eru kallmerki skipa alþjóðlegt kerfi sem fletta má upp í alþjóðlegum skipaskráningarbókum. Með þeirri breytingu sem orðið hefur á sókn íslenskra fiskiskipa, fjær landi og til fjarlægra miða, hlýtur sú krafa að koma fram frá erlendum aðilum sem sinna eftirliti á hafinu að íslensk fiskiskip verði merkt á þann hátt sem samræmist alþjóðlegum merkingum fiskiskipa. Er það ekki óeðlilegt svo mjög sem hér á undanförnum þingum hefur verið rætt um alþjóðleg samskipti að þetta mál verði tekið til gaumgæfilegrar athugunar Hvað varðar stærð stafa hlýtur það að teljast ákveðinn öryggisþáttur að hafa slíkar merkingar afgerandi þannig að þær séu nokkuð auðlesnar, t.d. frá þyrlum, og þannig sé auðvelt að þekkja skipið þegar og ef neyðarkall kæmi frá því. Staðsetning merkingarskilta á skipi yrði að taka mið af því hversu vel skiltin sæjust bæði frá sjó og úr lofti og því eðlilegt að efri brún spjalds hallaði um tíu gráður til að auðvelda aflestur úr flugvél.

Í núgildandi reglugerð um merkingu íslenskra fiskiskipa eru ákvæði þess efnis að ef skip eru minni en 30 brt (undir 20 m að lengd) skal hæð stafa vera 25 cm en á skipum stærri en 30 brt (yfir 20 m að lengd) skal hæð stafa vera 45 cm. Þar sem íslensk fiskiskip undir 30 brt hafa ekki kallmerki yrði sú skráningarskylda sem nú gildir, þ.e. þetta séríslenska fyrirbrigði, að vera áfram við lýði fyrir hin smærri skip, enda ætti slíkt ekki að koma að sök, a.m.k. ekki vegna sóknar á fjarlæg mið.

Ætla má að einhvern aðlögunartíma þurfi fyrir útgerðir og Siglingamálastofnun, sem og Tilkynningarskyldu íslenskra skipa, ef og þegar þessi breyting nær fram að ganga, en þó ætti að vera óþarft að hafa hann meiri en tvö ár.

Virðulegur forseti. Ég hef lokið máli mínu og legg til að málinu verði vísað til síðari umr. og hv. samgn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Framleiðsla og sala á búvörum, 1. umr.

Frv. EgJ o.fl., 362. mál (útflutningur kindakjöts, lágmark greiðslumarks o.fl.). — Þskj. 588.

[20:37]

Flm. (Egill Jónsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breyting á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Þau lög eru nr. 99 frá árinu 1993.

Með mér flytja þetta mál tveir samnefndarmenn mínir úr landbn., þeir hv. þm. Gísli S. Einarsson og Eggert Haukdal.

Hér er að sjálfsögðu um afar víðfeðmt mál að ræða ef það ætti að ræðast ítarlega. Ég mun hins vegar, virðulegi forseti, virða það samkomulag sem gert hefur verið og mun leitast við að stytta mál mitt.

Ástæðan fyrir flutningi þessa frv. er fyrst og fremst sú að framleiðsluréttur í sauðfjárrækt hefur dregist stórlega saman á síðustu árum. Í búvörusamningnum sem var í gildi frá árinu 1986 til ársins 1991 voru þessi framleiðsluréttindi í kringum 8.000 tonn. Við gerð núv. búvörusamnings sem tók við þessum framleiðsluréttindum var ákveðið að kaupa upp framleiðslurétt af bændum sem svaraði 3.700 tonnum og þá út frá því gengið að þar með væri komið jafnvægi á framboð og eftirspurn á kindakjöti hér á landi. Þetta var að sjálfsögðu mikill samdráttur og mikil blóðtaka. En nú horfir hins vegar svo og reyndar liggur fyrir að enn þá halda þessi framleiðsluréttindi áfram að minnka og í töflu sem birt er í greinargerð með frv. er sýnt fram á að í lok samningstímabilsins verði þessi framleiðsluréttindi komin niður fyrir 7.000 tonn, eins og þar er birt þá verði þau 6.800 tonn og er þetta byggt á áætlun Framleiðsluráðs þar um. Með öðrum orðum á þessi framleiðsla eftir að dragast saman enn frá því sem verið hefur um 1.000 tonn.

Þá er það aftur spurningin hvernig er með afkomu þess fólks sem býr við þessar aðstæður? Búreikningar hafa greint frá því að tekjusamdráttur hjá þessari grein sé í kringum 35%. Nýleg könnun sem unnin var af Hagþjónustu landbúnaðarins sýnir fram á að á milli áranna 1992 og 1993 hafi fjölskyldutekjur í sauðfjárrækt minnkað úr tæplega 1 millj. kr. niður fyrir 600 þús. kr. Á þessu eina ári hafi tekjusamdráttur í þessari grein numið 400 þús. kr. á fjölskylduna í þessu úrtaki. Ég hygg að það séu ekki mörg dæmi um að tekjur hafi fallið jafnmikið saman á milli tveggja ára heldur en hér hefur gerst. Það ber að athuga í þessu sambandi og leggja á það áherslu að hluti af þessum tekjusamdrætti er tilkominn vegna þess að á árinu 1992, fyrra samanburðarárinu, fengu sauðfjárbændur greiðslur fyrir uppkaup á fullvirðisrétti en eftir sem áður þá er stærri hlutinn vegna beins tekjusamdráttar í búgreininni. Og núna þegar litið er til þess að enn er spáð minnkandi sölu og miklum samdrætti í greiðslumarki á því sem eftir lifir af þessum samningstíma þá er augljóst að enn verri frétta má vænta frá þróun þessara mála.

Það er reyndar margt fleira sem styður að því. Búvörusamningurinn gerir t.d. ráð fyrir að birgðir séu 500

tonn í upphafi hvers verðlagsárs. Reyndin er hins vegar sú að birgðirnar eru miklu meiri en því sem þessu nemur og spáin, sem ég hef hér áður vitnað til, kveður á um að í lok samningstímans munu þessar birgðir í landinu nema um 2.000 tonnum. Það sér hver sem skoða vill að hér er um annan stóran vanda að ræða. Þó er vert að leggja á það áherslu að mikið fjármagn fer til þess að örva neyslu á kindakjöti í landinu. Þannig gerir áætlun fyrir verðlagsárið 1995–1996 ráð fyrir að til ráðstöfunar verði hátt í 300 millj. til þessara markaðsaðgerða. Eftir sem áður minnkar markaðurinn sífellt.

Það er af þessari ástæðu sem framkomið frv. hefur verið lagt hér fram. Þar eru lagðar til þrjár afar mikilvægar breytingar á búvörulögunum, en eins og menn vita hafa þau að stórum hluta verið lögfest og eru núna eins og kunnugt er æðidrjúgur texti í búvörulögunum.

1. gr. kveður á um að það sé heimilt að flytja úr landi það dilkakjöt eða kindakjöt sem er innan greiðslumarks enda séu þá 500 tonna birgðir í landinu. Eins og kunnugt er þá kveður búvörusamningurinn á um að það megi ekki flytja kindakjöt úr landi sem er innan greiðslumarks. Þar er reyndar að fá skýringu á þeim vanda sem uppi er í þessum efnum. Hér er sem sagt lagt til að heimilt verði að flytja úr landi kindakjöt þrátt fyrir að það sé framleitt innan greiðslumarks. (**Gripið fram í:** Er þetta ekki vandi landbrh.?) Það væri þá helst fyrrv., virðulegi þingmaður.

Í 3. gr. er aftur kveðið á um að festa í sessi það greiðslumark sem nú er miðað við að lágmarki eða 7.820 tonn sem kæmu til úthlutunar þrátt fyrir að framleiðsla kunni að halda áfram að dragast saman eða réttara sagt, sala hér innan lands og kjöt verði flutt úr landi. — Það verður að skrifast á fjmrh. að ég doka hér við. Ég hélt að það dygði nú kannski ríkisstjórninni að halda fundi í sínum herbúðum þó það væri ekki hér í þinginu líka.

Síðan er það 2. gr. og fjmrh. má reyndar vel fylgjast með þeim texta sem þar er, sem er breyting á 73. gr. búvörulaganna, þar sem kveðið er á með alveg ótvíræðum hætti hver réttur landbúnaðarins er gagnvart endurgreiðslu á jöfnunargjöldum. Þar er kveðið á um að ráðherra skuli endurgreiða jöfnunargjöld og þar er líka tilgreint að slíkar endurgreiðslur skuli ná til kindakjöts sem unnið hefur verið í neytendaumbúðir og skilur þannig virðisauka eftir í landinu.

Þetta eru þær þrjár meginbreytingar sem hér eru lagðar til og má nú vissulega ekki mikið lengur dragast að það sé tekið á þeim stóru vandamálum sem þær taka sérstaklega til. Ég hygg að það sé þannig með okkur flm., að okkur sé það fullkomlega ljóst að þetta frv. fær ekki afgreiðslu á þessu þingi en það er þá líka væntanlega stutt í næsta Alþingi. Ég trúi því að þótt að menn eigi eftir að ganga í gegnum ýmsa elda þar til það þing kemur saman þá muni þó alltaf einhverjum okkar auðnast að leggja það fram að nýju þannig að það komi fram hver vilji Alþingis er í þessu mikilvæga máli. Ég hlýt að vera gífurlega bjartsýnn í þeim efnum því það kvað við þann tón í umræðum í gærkvöldi að allir vildu vera vinir bændanna. Ég man ekki til þess síðan ég kom á Alþingi að landbúnaðinn hafi borið jafnmikið á góma í nokkrum umræðum hér frá Alþingi, almennum umræðum, og má nú vel vera að mönnum sé orðin ljós sú niðurstaða sem bændur og byggðir standa nú frammi fyrir. Það má þá ætla að það verði léttara fyrir, ef menn vilja standa við orð og yfirlýsingar frá því í gærkvöldi, á næsta kjörtímabili að fá fram lagfæringar á þessum málum heldur en hefur verið á því kjörtímabili sem nú er rétt að renna sitt skeið.

Hæstv. forseti. Ég legg til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. landbn.

[20:53]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil leggja hér inn nokkur orð undir þessu andsvarsformi sem meðflm. þessa frv. Það að gerast meðflm. eða flm. að þessu frv. var töluvert umhugsunarefni og ég játa að það er ekki í samráði við mína flokksfélaga að ég er meðflm. En þar sem ég veit að minn flokkur er umburðarlyndur og hefur skilning á vandamálum þeirra bænda sem illa eru staddir lét ég slag standa, jafnvel þó að bændur sem um er að ræða hafi í blindni fylgt því kerfi sem er að rústa afkomu þeirra. Í raun er ég búinn að lýsa því að ég vil afnema höft og það helsi sem landbúnaður býr við. Kerfinu sem Framsfl. og Sjálfstfl. með dyggum endahnúti Alþb. hefur fært bændur Íslands í. Ég vil ekki bera neina ábyrgð á því. En mér er ljóst að það er ekki unnt að afnema þennan óhugnað með einu pennastriki, þess vegna vel ég þessa leið. En á komandi tímum sem vonandi fara batnandi fyrir bændur sem og aðra Íslendinga með EES-samningum, GATT-samningum og e.t.v. fljótlega með aðild að ESB verður hlutur bænda með allt öðrum og betri hætti en er í dag og þá mun verða hægt að henda búvörulögunum fyrir róða, veita bændum framleiðslufrelsi eins og eðlilegt er.

[20:54]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mál gerast nú með ólíkindum hér. Hv. formaður landbn. var að mæla hér fyrir máli og margt gott er hægt um málið að segja annað en það að það skuli vera hlutskipti hv. formanns landbn. og félaga hans úr landbn., alla stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar, að koma með þetta mál inn í þingið á síðustu dögum þess þar sem engin von er til að afgreiðsla verði. Síðan skuli einn af flm. þurfa, vegna þess hvernig að málum er staðið á hv. Alþingi, þ.e. enginn tími gefst til þess að ræða málin, að fara upp í andsvari við félaga sinn og meðflm. að málinu til að reyna að komast að í umræðunni til þess að segja frá því hve miklir bændavinir alþýðuflokksmenn séu orðnir (**Gripið fram í:** Það er rétt.) og hvar fyrirheitna land þeirra muni vera, þ.e. í ESB, sem ég efast um að meðflm. sá hinn þriðji, Eggert Haukdal, sé tilbúinn að skrifa upp á. Þetta er með meiri farsabrag heldur en flest sem gerist hér og er stundum samt ýmislegt svolítið öðruvísi heldur en ætti að vera hér í þingsölum. En í fullri alvöru þá er það sem hér er verið að leggja til athyglisvert og það þarf virkilega að taka á málefnum bænda, það er ýmsu ábótavant í búvörusamningnum, en það

hefði átt að vera hlutverk hv. formanns landbn. að ganga í það að fá liðónýtan landbrh. sinn til þess að standa í lappirnar og standa þá a.m.k. við þennan samning, að vera ekki að vanefna hann eins og komið hefur í ljós að hefur verið gert. Því það er ekki nóg að setja út á það hvernig að honum var staðið og hvað í honum er þegar sömu menn bera ábyrgð á því að hann er vanefndur og að bændur hafa verið sviknir um stórar fjárhæðir sem þeir áttu að fá samkvæmt búvörusamningnum.

[20:57]

Flm. (Egill Jónsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér er ekki alveg ljóst hver hefur meiri skyldur á Alþingi til þess að koma málefnum landbúnaðarins til betri vegar heldur en formaður landbn. Landbn. hefur lagt sig fram um það að meta þær aðstæður sem uppi hafa verið í þessum efnum og eiga landbúnaðarmenn miklar þakkir skildar fyrir það og auðvitað ber a.m.k. formanninum að vekja athygli á því hér á Alþingi.

Að því er varðar framgöngu landbrh. eða framkvæmd búvörusamningsins þá stendur ekkert upp á hana varðandi þá efnisþætti sem hér eru til umræðu. Það er hárrétt hjá hv. síðasta ræðumanni að ekki hefur verið staðið við öll ákvæði búvörusamningsins og það liggur reyndar fyrir að enginn aðili hefur bent á það með skýrari rökum heldur en einmitt landbn. Alþingis. Í þeim efnum hefur ekkert verið falið og þær áréttingar hafa komið fram í öllum tilvikum við fjárlagagerð á þessu kjörtímabili. Ríkisstjórnin hefur þess vegna haft afar skýra handleiðslu frá landbn. um það hvernig samningsstaðan hefur verið á hverjum tíma. Það er svo annað mál, eins og ég reyndar hefi þegar sagt, að að því er varðar þessi beinu framleiðslumálefni þá hefur við samninginn verið staðið.

[20:59]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er sammála hv. síðasta ræðumanni um að það hefur kannski enginn meiri skyldur en formaður landbn. að koma með tillögur og reyna að koma að breytingum og lagfæringum fyrir bændastéttina í landinu og meta aðstæður eins og hann sagði. Mér þykir bara hv. þm. landbn., stjórnarliðar, nokkuð lengi að meta þessar aðstæður og það sé nokkuð seint fram komin þessi tillaga sem hér er til umræðu. Ég tel að það hefði verið full ástæða til þess að taka á málum fyrr og ég tel að þessi tillaga sé út af fyrir sig kannski svolítið sýndarmennskuleg vegna þess hversu seint hún kemur fram. Mér finnst hún líka benda til þess að hv. formaður nefndarinnar hafi ekki komist lönd né strönd í viðskiptum sínum við ráðherra ríkisstjórnarinnar, sína eigin flokksmenn, hæstv. fjmrh. og hæstv. landbrh., og það sé þess vegna sem hann leitar hér inn í þingsali til þess að geta sýnt þó eitthvað þegar hann kemur heim í hérað í kosningabaráttuna, að hann hafi þó haft viðleitni, hann hafi lagt fram tillögu á hv. Alþingi og reynt að koma málefnum bænda í betra horf. En það er býsna seint á ferðinni, hv. formaður landbn.

[21:01]

Flm. (Egill Jónsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins minna á til viðbótar við það sem ég sagði í fyrra andsvari mínu, um störf landbn., að á undanförnum árum, m.a. á þessu ári, þá hefur landbn. gert ráðstafanir til að fá mat á framkvæmd búvörusamningsins. Í þeim efnum má minna á skýrslu Byggðastofnunar vegna óska landbn., úttekt Ríkisendurskoðunar vegna óska landbn., reyndar frekar í tveimur en einum. Og eins og ég hef áður sagt, virðulegi forseti, þá hafa álit landbn. til fjárln. hverju sinni verið byggðar m.a. á þessum heimildum. Það kemur af sjálfu sér að það stóðu ekki efni til þess að flytja frv. með þessum skýra hætti fyrr en fyrir lá afgreiðsla fjárlaga þar sem þessi mál voru mikið rædd. Þar af leiðandi kemur það alveg af sjálfu sér að eftir þá niðurstöðu sem þar fékkst þá hlaut að draga til frekari tíðinda. Þetta mál var lagt fram á þinginu strax að loknu jólaleyfi þingmanna og kom því að því leyti fram á þeim tíma sem efni stóðu til.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Menningarráð Íslands, fyrri umr.

Þáltill. VS o.fl., 399. mál. — Þskj. 639.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tekjuskattur og eignarskattur, 1. umr.

Stjfrv., 437. mál (iðgjöld til lífeyrissjóða, tapað hlutafé o.fl.). — Þskj. 733.

[21:03]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, og lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum. Þetta frv. er ekki langt en það er flutt í tengslum við kjarasamninga sem gerðir voru á milli landssambandanna innan Alþýðusambands Íslands annars vegar og Vinnuveitendasambands Íslands hins vegar. Þá mun síðar á þessum fundi verða mælt fyrir nokkrum öðrum frv., þ.e. 45.–48. dagskrármál, sem varða breytingar á vísitölu, greiðslu Atvinnuleysistryggingasjóðs til fiskvinnslufólks og sérfrumvarp um atvinnuleysistryggingar. Allt eru þetta frv. sem með einum eða öðrum hætti tengjast þeim kjarasamningi sem gerður var.

Það þarf ekki að fara mörgum orðum um þennan kjarasamning. Ríkisstjórnin hefur lýst því yfir að hún telji að hann sé gerður innan þeirra marka sem efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar gerir ráð fyrir og telja má að hann sé gerður með þeim hætti að tryggður sé efna-

hagslegur stöðugleiki út samningstímabilið ef aðrir kjarasamningar taka mið af því sem þar gerðist.

Það er fróðlegt, virðulegi forseti, að líta til þess hvað hefur gerst á síðustu örfáum dögum þegar ljóst var að stór verkalýðsfélög samþykktu samninginn. Sú breyting sem hefur orðið t.d. á vöxtum á fjármagnsmarkaði, verðbréfamarkaðnum, gefur til kynna að almenningur hér á landi hefur trú á því að stöðugleikinn haldi áfram, að verðlag verði tiltölulega stöðugt, að viðskiptajöfnuður verði til staðar og þannig sé hægt að segja að kjarasamningar með þessum hætti séu forsenda hagsældar í landinu á næstu árum.

Kostnaður við þessa kjarasamninga er að sjálfsögðu nokkur, en það verður að hafa það í huga að ef ekki hefðu verið gerðir kjarasamningar í þessum dúr má búast við því að kostnaður ríkissjóðs hefði jafnvel orðið enn meiri. Á næstu árum verður að sjálfsögðu að mæta þessum kostnaði og viðamiklum skattabreytingum sem hér eru að eiga sér stað, annaðhvort með niðurskurði á ríkisútgjöldum eða með auknum tekjum. Þetta var sérstaklega tekið fram við viðmælendur ríkisstjórnarinnar og þeim gert ljóst að næsta ríkisstjórn hlyti að leita allra leiða til þess að ná niður ríkissjóðshallanum á næsta kjörtímabili. Ekki má þó gleyma því að með batnandi tíð eykst veltan í þjóðfélaginu og þess vegna má búast við meiri tekjum ríkissjóðs, en ríkinu veitir ekki af þeim tekjum til þess að draga niður í ríkissjóðshallanum. En það er ljóst að ef ekki verður tekist á við það vandamál með batnandi efnahag þjóðarinnar þá eru núlifandi Íslendingar að velta vandanum yfir á komandi kynslóðir.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar eru nokkur atriði sem snúa að fjmrn. Í öðrum lið yfirlýsingarinnar segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Á árinu 1995 verður heimilt að draga 2% af 4% framlagi launþega í lífeyrissjóð frá tekjum við álagningu skatta og komi þetta til framkvæmda 1. apríl. Frá og með 1. júlí 1996 verður heimilt að draga frá 3% og allt 4% framlagið frá 1. júlí 1997. Hér er um mjög víðtæka breytingu að ræða sem hefur í för með sér verulegt tekjutap fyrir ríkissjóð og sveitarfélögin. Þessu verður að mæta með auknum tekjum og/eða niðurskurði útgjalda."

Ég mun síðar fjalla frekar um þennan annan lið yfirlýsingarinnar sem svarar til 2. gr. lagafrv. og 3. gr. b.

Í yfirlýsingunni segir síðan í þriðja lið:

„Eingreiðslur í almanna- og atvinnuleysistryggingum verða greiddar í samræmi við ákvæði um eingreiðslur í kjarasamningum." Ekki þarf að breyta lögum til þess að af þessu geti orðið nema að því leyti sem gildir um atvinnuleysistryggingar og fyrir því er séð í lagafrv. sem þegar hefur verið lagt fram og mælt verður fyrir síðar í kvöld.

Í fjórða lagi segir í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar orðrétt, með leyfi forseta:

„Í framhaldi af viðamiklum aðgerðum til að draga úr skattsvikum verður enn gert átak til að fylgja eftir þeim árangri sem náðst hefur og efla skattrannsóknir. Þrjú frv. sem styrkja þetta átak eru nú til afgreiðslu á Alþingi og stefnt verður að afgreiðslu þeirra."

Það er vissulega, virðulegi forseti, ánægjulegt að verða þess áskynja í viðræðum við fulltrúa verkalýðsfélaganna þegar þeir lýsa yfir ánægju sinni með það hvernig staðið hefur verið að þessum málum á yfirstandandi kjörtímabili. Þau þrjú frv. sem þarna er verið að vísa til hafa þegar verið afgreidd úr nefnd og vonast er til að þau geti orðið að lögum annaðhvort síðar á þessum sólarhring eða þá á morgun, allavega áður en þingi er slitið.

Í fimmta lið yfirlýsingarinnar segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir afgreiðslu frv. til laga um breytingar á skattalögum þar sem m.a. er kveðið á um að reki vinnuveitandi hópferðabifreið til að flytja starfsmenn sína til og frá vinnu teljist hlunnindi starfsmanna af slíkum ferðum ekki til skattskyldra tekna."

Þetta er samsvarandi yfirlýsing og er að finna í 1. gr. frv. sem ég er nú að mæla fyrir.

Í sjötta lið yfirlýsingarinnar er fjallað um skattmat á kostnaði vegna ferða og þar sagt frá því að því verði breytt eins og þar er lýst. Þetta er ekki lagaatriði heldur reglugerðar og hefur það þegar verið undirbúið þannig að heimilaður verður frádráttur vegna þeirra ferða sem farnar eru á vegum atvinnurekenda án tillits til fjölda ferðanna á ári, en þó þannig að hámark í hverri ferð verða 30 dagar. Í núgildandi skattmati er gert ráð fyrir að heildarfjöldi daganna sé 30.

Í ellefta lið yfirlýsingarinnar er að finna stefnuatriði þar sem segir orðrétt, með leyfi forseta, en þar er fjallað um húsnæðismál:

„Stefnt verður að fjölgun greiðsludaga vegna vaxtabóta og að greiðslur þeirra gangi til greiðslu afborgana af lánum hjá Húsnæðisstofnun."

Þetta mál mun að sjálfsögðu verða skoðað og stefnt að því að koma því í framkvæmd í samráði við aðila vinnumarkaðarins. Hér er um það að ræða að þeir sem skulda, eru í vanskilum hjá Húsnæðisstofnun, fá ekki útgreiddar vaxtabætur heldur gangi vaxtabæturnar til greiðslu á sannanlegum vanskilaskuldum hjá stofnuninni. Jafnframt verður kannað hvort hægt er að koma því við að vaxtabæturnar verði greiddar oftar en einu sinni á ári. Þetta verður til skoðunar en kemur ekki fram í því frv. sem ég mæli hér fyrir.

Í 13. lið yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar, sem hæstv. forsrh. skrifar undir, segir orðrétt:

„Ríkisstjórnin mun í samráði við aðila vinnumarkaðarins undirbúa aðgerðir sem takmarki svonefnda gerviverktöku og tryggi réttindi launþega."

Hér eru á ferðinni tvö mál, virðulegi forseti, annars vegar það þegar vinnuveitandi nánast þvingar launþega til þess að gerast verktaki, en með þeim hætti sleppur hinn eiginlegi vinnuveitandi við að greiða staðgreiðslu skatts og aðrar greiðslur sem venjulega ganga til stéttarfélaga til að mynda. Réttindi verktaka eru oft minni og lakari heldur en launþega og nokkuð hefur borið á því að kvartað hefur verið til verkalýðsfélaganna og reyndar annarra þegar um slíka samninga er að ræða. Stundum eru þeir eðlilegir en í öðrum tilvikum óeðlilegir og er sjálfsagt að kanna það mál. Hins veg-

ar er hér á ferðinni stærra vandamál sem lýtur að því að ýmsir setja á stofn verktakafyrirtæki, þetta eru aðallega undirverktakar, bjóða í verk, borga hvorki skatta né skyldur, fara á hausinn en láta stofna ný félög í nafni fjölskyldumeðlima, kunningja eða vina sem eru leppar, mynda hlutafélög, leika síðan sama leikinn, undirbjóða í verk og gera þannig öðrum fyrirtækjum sem hafa allt á hreinu erfitt fyrir í samkeppninni. Þetta eru mál sem hafa þýðingu bæði fyrir vinnuveitendur, launþegasamtökin og ríkið og þess vegna ber að taka á því máli.

Í fimmtánda lagi í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er sagt orðrétt:

„Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir afgreiðslu frv. til laga um breytingu á skattalögum þar sem m.a. er kveðið á um að sannanlega tapað hlutafé í félögum sem orðið hafa gjaldþrota skuli teljast til rekstrargjalda. Sama mun gilda um hlutafé sem tapast hefur vegna þess að það hefur verið fært niður í kjölfar nauðasamninga."

Á þessu atriði er tekið í frv. því sem ég mæli hér fyrir í 3. gr. a-lið.

Virðulegi forseti. Ég hef hér fjallað nokkuð um yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar til þess að sýna hvernig hún tengist því frv. sem hér er til umræðu og til þess að vísa til þeirra kafla í yfirlýsingunni eða liða í yfirlýsingunni sem snúa að fjmrn. sérstaklega. Aðrir ráðherrar munu mæla fyrir öðrum efnisatriðum sem koma fram í yfirlýsingunni síðar í kvöld þegar rædd verða frv. sem tengjast öðrum og mikilvægum atriðum yfirlýsingarinnar.

Í 1. gr. I. kafla þessa frv. sem hér er til umræðu er fjallað um akstur á vinnustað utan vinnutíma. Þar er lagt til að hlunnindi manna sem fá endurgjaldslausar ferðir með hópferðabifreið á vegum vinnuveitanda teljist ekki til skattskyldra tekna. Með hópferðabifreið er átt við hópferðabifreið eins og hún er skilgreind í lögum um vörugjald af ökutækjum, þ.e. ökutæki sem tekur 10 eða fleiri í sæti, þar með töldum ökumanni. En sú villa er í greinargerð með 1. gr. frv. að sagt er að um sé að ræða bifreið fyrir 10 eða fleiri auk ökumanns. Með öðrum orðum þarna hefur slæðst inn villa og munar þar einum farþega, en það þarf að sjálfsögðu að vera skýr skilgreiningin á hugtakinu hópferðabifreið í lögum því stundum er vitnað til þess hugtaks. Þetta eiga að vera 10 að meðtöldum ökumanni.

Það má spyrja hvers vegna er ekki allt gefið frjálst í þessum efnum og því er til að svara að þegar lögum var breytt 1988, þegar núgildandi skattalög voru sett, þá var meginþráðurinn, rauði þráðurinn, í þeirri breytingu að hverfa að mestu frá frádráttarliðum ýmiss konar. Þar á meðal var að kröfu verkalýðssamtakanna meðal annars gert ráð fyrir því að hlunnindi eins og þau að vera ekið á vinnustað á vegum vinnuveitanda væru skattskyld hlunnindi enda voru nokkur brögð að því að þau hlunnindi væru óeðlilega mikil og góð og kæmu í stað launa sem hjá öðrum launþegum eru skattskyld.

Smám saman hefur komið í ljós að þessi harða ófrávíkjanlega regla getur komið sér illa, ekki síst þegar um það er að ræða að stækka atvinnusvæðið. Þá kemur það illa út að fólk sem þarf kannski að ferðast tugi kílómetra í bifreið á vegum viðkomandi fyrirtækis utan vinnutíma skuli þurfa að borga skatt af þeim hlunnindum þegar tekið er tillit til þess að fólki sem er ekið innan vinnutímans er á fullum launum þegar aksturinn á sér stað. Til eru dæmi um þetta og kannski er skýrasta dæmið það þegar starfsemi Flugleiða, þ.e. flugvirkja flugfélagsins, var flutt frá Reykjavíkurflugvelli til Keflavíkurflugvallar, að þegar starfsemin var á Reykjavíkurflugvelli voru starfsmenn keyrðir í vinnutímanum til Keflavíkurflugvallar og þurftu ekki að borga neina skatta, voru á launum þegar þeim var ekið, þegar starfsemin var síðan flutt til Keflavíkurflugvallar og menn áttu að mæta þar í sinn vinnutíma á tilteknum tíma en var ekið þangað í sínum eigin tíma voru viðkomandi aðilar látnir greiða skatt af slíkum hlunnindum. (**Gripið fram í:** Hvernig er þetta hjá ráðherrunum?) Vegna frammíkalls hv. þm. þykir mér afar mikilvægt að það komi fram að ráðherrar borga skatt af þeim hlunnindum að vera ekið á vinnustað frá heimilum sínum. Þetta er nýmæli sem núv. ríkisstjórn tók upp en hafði ekki gilt í fyrri ríkisstjórn, þar á meðal þeirri ríkisstjórn sem hv. þm. studdi á sínum tíma. Mér er því mikið ánægjuefni, virðulegi forseti, að fá tækifæri til þess vegna frammíkalls hv. þm. að taka þetta sérstaklega fram í minni ræðu.

Í 2. gr. er fjallað um stærsta málið, kannski það mál sem vegur hvað mest og það er að þar er lagt til að launþegar megi draga frá skattskyldum tekjum sínum iðgjald í lífeyrissjóði sem starfa samkvæmt lögum eða hlotið hafa staðfestingu fjmrn. Almennt er það fyrirkomulag á iðgjaldagreiðslum í lífeyrissjóði að iðgjaldið er tvískipt. Annars vegar greiðir launþeginn iðgjald sem dregið er af launum hans og hins vegar leggur vinnuveitandinn fram mótframlag sem ekki er dregið af launum starfsmannsins. Í þessari grein er lagt til að launþeginn geti dregið frá iðgjald það sem dregið er af launum hans að hámarki 4% af heildarlaunum. Sams konar ákvæði er í b-lið 3. gr., að því er varðar launþegahluta iðgjalds manns sem vinnur við eigin atvinnurekstur.

Virðulegi forseti. Óþarfi er að fjölyrða um þetta mál, það þekkja flestir. Sumir telja að um tvísköttun lífeyrisgreiðslna sé að ræða hvað þetta snertir. Á það fellst ég ekki. Hér er um það að ræða að heimila frádrátt og hefur í raun og veru ekki með tvísköttun að gera. Það skiptir í sjálfu sér kannski ekki öllu máli, aðalatriðið er að það kom sterk eindregin krafa fram af hálfu aðila vinnumarkaðarins um það að horfið væri að því ráði sem hér er lýst í þessu frv. Þeim var á fundi með ríkisstjórninni gerð grein fyrir því að slík útgjöld sem af þessu hlyti að stafa, eða öllu fremur tekjutap sem af þessu stafaði, hlyti að vera mætt annaðhvort með niðurskurði eða auknum tekjum öðrum. Það háttar þannig til með útgjöld ríkisins að þar er oft um viðkvæm útgjöld að ræða, útgjöld sem snerta þá sem búa í strjálum byggðum eða þurfa að njóta greiðslna úr ríkissjóði í gegnum almannatryggingakerfið og síðan fjár-

festingar og laun opinberra starfsmanna. Menn verða þess vegna að átta sig á því að tekjutap á borð við þetta getur ríkissjóður ekki borið nema á móti komi einhverjar nýjar tekjur eða niðurskurður á þessum útgjöldum sem ég nú lýsti. Það er ekki nóg að bíða eftir því að veltubreytingar auki tekjur ríkissjóðs, sem þær sannarlega gera, því ríkissjóður er nú þegar rekinn með umtalsverðum halla þótt hitt sé rétt að okkur hafi tekist hér á landi að hafa hallann minni en í flestum nálægum löndum sem hafa átt við ýmsa erfiðleika að etja á undanförnum árum.

Þetta vil ég að komi skýrt fram vegna þess að það væri ekki ábyrgt af ríkisstjórninni að láta þessar tekjur eftir nema gera ljóst að næsta ríkisstjórn þurfi að sjálfsögðu á næstu árum, á samningstímabilinu, að grípa til viðeigandi aðgerða. Með þessari yfirlýsingu eru stjórnarflokkarnir að segja það að þeir séu tilbúnir fyrir sitt leyti verði þeir í ríkisstjórn, annar hvor eða báðir, að grípa til viðeigandi aðgerða til að stefna ríkisfjármálum ekki í hættu. Þetta vil ég taka skýrt fram af þessu tilefni.

Í 3. gr. er fjallað um það að draga megi sannanlegt tap af hlutafé frá tekjum í reikningum félaga þegar um er að ræða skattgreiðslur. Það er sem sagt heimilt að draga þetta hlutafé frá en það hefur ekki verið heimilt hingað til. Það er von ríkisstjórnarinnar og þeirra sem um þetta mál fjölluðu að þessi grein leiði til þess að fyrirtækin hér á landi séu frekar tilbúin til þess en hingað til að leggja áhættufé í annan rekstur, skyldan eða óskyldan.

Í 4. gr. eru gildistökuákvæði. Í 5. gr. eru bráðabirgðaákvæði þar sem lýst er nákvæmlega hvernig skiptingin er á milli tímabila varðandi frádrátt lífeyrisiðgjaldagreiðslna og sama gildir um I. og II. lið.

Í II. kafla eru gerðar samsvarandi breytingar sem leiða af breytingum á tekjuskattslögunum á lögunum um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Virðulegi forseti. Ég hygg að óþarfi sé að fara mörgum fleiri orðum um þetta frv. Um það og efnisatriði þess hefur mikið verið fjallað á undanförnum dögum. Málið er kunnugt öllum hv. þm. sem fengið hafa í hendur yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Um málið hefur verið fjallað í blöðum og öðrum fjölmiðlum og atriðin eru tiltölulega einföld. Það kann að vera í einstökum smáatriðum einhver missmíð á frv. sem ég held þó að sé ekki stórvægileg en sé svo þá veit ég að hv. nefnd sem fær málið til meðferðar og umfjöllunar mun sníða þá agnúa af enda er mér kunnugt um að nefndin hafi skenkt þessu máli nokkurn þanka því a.m.k. tvö efnisatriði frv. voru til umræðu af sérstökum ástæðum í nefndinni fyrir nokkrum vikum síðan.

Að svo mæltu, virðulegi forseti, legg ég til að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

[21:26]

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Hæstv. fjmrh. hefur mælt fyrir frv. til laga um tekjuskatt og eignarskatt með síðari breytingum sem tengist yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í tengslum við kjarasamninga. Ég vil taka það fram strax í upphafi að ég er því sammála að ríkisstjórninni bar að taka þátt í þessari samningsgerð og greiða fyrir kjarasamningum með þeim hætti sem að hefur verið staðið þótt ég hafi ýmsar efasemdir um að þar hafi verið staðið rétt að málum og vildi þess vegna spyrja hæstv. fjmrh. um ýmislegt sem varðar þetta mál og þá kannski sérstaklega hvort það hafi verið samkomulag um það hjá aðilum vinnumarkaðarins að gera það að forgangsatriði, eins og þeir orða það, að afnema tvísköttun lífeyrisgreiðslna. Eins og hæstv. fjmrh. tók fram er hér um mjög kostnaðarsama aðgerð að ræða og ég er sannfærður um að það hefði mátt ná mun meiri tekjujöfnun með öðrum aðgerðum, t.d. með hækkun persónuafsláttar og hækkun barnabóta. Er það svo að ríkisstjórnin sjálf taldi þetta vera forgangsmál eða var það verkalýðshreyfingin sem valdi fyrst og fremst þessa leið?

Ég er sammála hæstv. fjmrh. að það er erfitt að halda því fram að hér sé um tvísköttun að ræða og ég vil minna á það að hæstv. ríkisstjórn beitti sér fyrir því á sl. hausti að ákveðið hlutfall af útgreiddum lífeyri væri ekki skattlagður, eða 15% ef ég man rétt. Ég man ekki betur en hæstv. fjmrh. segði frá því og hæstv. ríkisstjórn að þar með væri búið að afnema tvísköttun á lífeyrisgreiðslum. Þessi ráðstöfun var mjög gagnrýnd. Hún kostar ekki jafnmikið en það mun koma að því eftir því sem árin líða að þessi ráðstöfun mun verða ríkissjóði mjög dýr. Hér er ekkert talað um það og ekkert á það minnst enda er sú einfalda aðferð höfð í þessu máli að næsta ríkisstjórn verði að takast á við vandann og því lýst yfir af hæstv. fjmrh. að auðvitað þurfi að skera niður á móti þessu eða að afla nýrra tekna. Í sambandi við niðurskurð nefndi hann sérstaklega númer eitt að það væri mjög viðkvæmt og ekki síst að því er varðaði útgjöld gagnvart fólki sem býr í strjálum byggðum og lét í það skína að það gæti orðið niðurstaðan að til slíks þyrfti að koma. Stjórnarflokkarnir hefðu skuldbundið sig til þess að standa að slíkum niðurskurði þegar kosningum væri lokið og eftir því sem mér skildist stæði ekki til að segja neitt til um það hvað það ætti að vera.

Þetta finnst mér vera ansi ódýrt hjá hæstv. ríkisstjórn, svo notað sé það orð þó hér sé um mjög dýra aðgerð að ræða. Gallinn við þessa aðgerð er jú sá að hér er ekki um tekjujafnandi aðgerð að ræða. Þeir sem hafa hæstu launin munu fá hæstan frádrátt. Sá sem hefur 500 þús. kr. á mánuði má draga frá þegar fram líða stundir 20 þús. á mánuði. Sá sem hefur 100 þús. á mánuði má draga frá 4 þús. Það er mikilvægt að öllum sé þetta ljóst þannig að ekki sé verið að halda því fram að hér sé verið að fara út í einhverja tekjujöfnun. Hæstv. ríkisstjórn kynnti málið í upphafi sem hækkun á persónuafslætti. Það kom í fjölmiðli eftir fjölmiðil fyrstu dagana að verið væri að hækka persónuafsláttinn, það væri verið að hækka skattleysismörkin. Það er að vísu rétt að skattleysismörkin hækkuðu um nokkrar krónur vegna þessara 4% en það er alrangt að kynna málið með þeim hætti.

Hér er sem sagt verið að fara út í það að taka til baka að hluta til áhrif hátekjuskattsins sem ríkisstjórn-

in hefur lýst yfir að hún vilji afnema og það er mikilvægt að menn virði fyrir sér.

Það er hins vegar venjan þegar ég og aðrir gagnrýnum slíkar ráðstafanir eins og þessa að halda því fram að þar með séu menn á móti kjarasamningum. Það gerir hæstv. sjútvrh. og dómsmrh. eins og hann gerði í gær og það gerir sjálfsagt hæstv. fjmrh. Hann mun koma hér upp og segja að vegna þess að verið sé að gagnrýna hlutina þá séu menn á móti vinnufriði. Ég ætla ekki að fara að ræða slík orð við hæstv. ráðherra en ég á svo sem von á því.

Ég vil leyfa mér að halda því fram að jafnvel þó að einhverjir aðilar vinnumarkaðarins vilji sjá ákveðnar tilteknar aðgerðir í skattamálum þá séu þeir ekki einir um að geta haft skoðun á því hvað sé réttlæti í skattamálum. Ég er þeirrar skoðunar að hæstv. fjmrh. á hverjum tíma eigi ekki að láta segja sér fyrir verkum, hann eigi að hafa manndóm í sér til að hafa einhverja skoðun á málum fyrir hönd fólksins í landinu, fyrir hönd alþýðunnar í landinu. Stjórnmálamenn eru alveg jafngildir fulltrúar þessa fólks og foringjar verkalýðshreyfinga og foringjar vinnuveitenda. Ég hefði fyrir mitt leyti mun frekar viljað sjá meiri hækkun á barnabótum og hækkun á persónuafslætti vegna þess að það hefði komið lágtekjufólkinu til góða. Ég hélt satt best að segja að það hefði verið andi þessarar samningsgerðar að fara fyrst og fremst út í það að hjálpa því fólki. En einhverra hluta vegna þá hefur það skolast til hverjum svo sem þar er um að kenna og ég harma það.

Þá er komið að því hvernig á að mæta þessum kostnaði og það segir hæstv. fjmrh. ekkert um nema að það eigi einhverjir að gera í framtíðinni. Þegar ríkisstjórnin tók við fyrir tæpum fjórum árum var það kallaður fortíðarvandi. Þá var talað um það fyrstu tvö árin að það hefði verið svo mikill fortíðarvandi og það hefði verið svo óskaplega erfitt að taka við því að fortíðin væri svo erfið. Hæstv. forsrh. var í gærkvöldi enn að tala um þessa sömu fortíð. Talaði um 1988 og 1987 og 1989 hvað allt hefði verið skelfilegt á þessum tíma, jafnvel þótt Sjálfstfl. og hæstv. núv. fjmrh. hafi setið í ríkisstjórn a.m.k. eitthvað af þessu tímabili. Enn var hann að tala um fortíðina.

Er það nú ekki svo, hæstv. fjmrh., að þegar næsta ríkisstjórn tekur við þá sé alveg ljóst að hér sé um fortíðarvanda að ræða nema hæstv. ríkisstjórn geri einhverja grein fyrir því hvernig afla skuli tekna.

Ég vil nefna það að við í Framsfl. vorum þeirrar skoðunar í haust og lýstum því yfir á okkar flokksþingi að það væri vel mögulegt að færa til 3.000 millj. í skattkerfinu til að jafna lífskjörin í landinu. Ég vil halda því fram að þetta hafi verið yfirlýsing sem var sett fram af fullu raunsæi. Enda fóru aðilar vinnumarkaðarins einmitt fram á að það yrði fært til um 3.000 millj. og verkalýðshreyfingin kom fram með þá kröfu. Mér sýnist að þessi niðurstaða nú sé ekkert langt frá því. En við sögðum hvernig við vildum fjármagna þessar 3.000 millj. og fluttum m.a. tillögu um það þegar síðustu fjárlög voru til afgreiðslu að eignarskattsstofninn væri breikkaður. Það væri ekki sanngjarnt að bílar, fasteignir og ýmsar aðrar eignir væur skattlagðar til eignarskatts en ekki fjármagnseignir.

Þetta er langeinfaldasta aðgerðin til þess að jafna þann mun sem nú er og gefur í reynd allmiklu meiri tekjur en þær útfærslur sem hafa verið settar fram um fjármagnstekjuskatt. Að mínu mati væri þetta eðlilegt fyrsta skref í þá átt að taka upp þann skatt. En eins og kunnugt er þá lýsti ríkisstjórnin því yfir þegar hún kom til valda árið 1991, sem sjálfsagt er nú gleymt eins og margt annað, það er ekki bara þetta með stjórnarskrána sem gleymdist í fjögur ár. Það stóð í stefnuskrá ríkisstjórnarinnar, með leyfi forseta: „Undirbúa þarf samræmingu á framkvæmd löggjafar um fjármagnstekjuskatt vandlega svo ekki dragi úr sparnaði. Undirbúningsvinna er þegar hafin í fjmrn. og verður frumvarp um málið lagt fram á því þingi sem nú er hafið og stefnt að afgreiðslu þess." Þetta var árið 1991 og meira að segja hæstv. félmrh., Jóhanna Sigurðardóttir, var þá í ríkisstjórninni og hefur sjálfsagt tekið þátt í þessum mikla undirbúningi sem þá var farinn í gang en aldrei sást frv., hvað þá að það væri afgreitt á því þingi eða þingum sem á eftir komu. Eitthvað hefur þetta því verið léttvægt og lítið gerst í því sambandi.

Við lýstum því líka yfir að við vildum halda áfram með óbreyttan hátekjuskatt sem ríkisstjórnin hefur nú lækkað en ég er ekki þeirrar skoðunar að skynsamlegt sé að hækka hann verulega. Ég bendi á að ýmsar aðrar greiðslur eru tekjutengdar, eins og barnabætur og vaxtabætur, þannig að jaðarskattprósentan er oft á tíðum allmiklu hærri en kemur fram.

Mér finnst að ríkisstjórnin verði að gera einhverja grein fyrir því hvernig hún vill standa að þessu geti hún einhverju ráðið um það en segi ekki: Ja, við ætlum að gera þetta einhvern veginn, skera eitthvað niður hjá þeim sem búa í strjálum byggðum eða eitthvað í heilbrigðiskerfinu eða hjá ýmsum sem minna mega sín í samfélaginu, eins og hæstv. fjmrh. gaf í skyn. Gæti ekki verið að verkalýðshreyfingin og aðilar vinnumarkaðarins hefðu verið annarrar skoðunar um þetta mál ef sá listi sem er í huga ráðherranna hefði verið birtur? Ég hvet hæstv. fjmrh. til að gera betur grein fyrir því.

Ég vil taka það fram að það er margt í þessu frv. sem ég hef ekki tíma til að fara yfir sem ég er sammála. Það er í sjálfu sér ekki mjög flókið. Það eru ýmsar leiðréttingar sem eiga sér stað og ég get tekið undir eins og að því er varðar 4. gr. og þetta með 1. gr. Hins vegar er ýmislegt í þessari yfirlýsingu sem mér finnst vera dálítið skondið, t.d. 7. liður hennar sem fjallar um að ríkisstjórnin standi við ákvæði fjárlaga. Það er nú orðið nokkuð langt gengið þegar þarf að ganga frá því í sérstakri yfirlýsingu til aðila vinnumarkaðarins að það standi til að standa við ákvæði fjárlaganna.

Mér finnst líka dálítið skondið eins og segir í 10. gr. frv. að ríkisstjórnin ætli að beita sér fyrir því að frv. um framhaldsskóla verði afgreitt á Alþingi. Ég hef ekki orðið var við það síðan þessi yfirlýsing var undirrituð að það væri einhver skriður á því máli að af-

greiða frv. um framhaldsskóla. Ég veit að það eru ýmsir hér inni mér fróðari um það mál. En ég hef ekki heyrt af því að verið væri að vinna í því máli og það standi yfirleitt nokkuð til að afgreiða það. En samt leyfir ríkisstjórnin sér að lýsa því yfir að hún muni beita sér fyrir því að frv. verði afgreitt á Alþingi. Ekki nema þetta sé almenn yfirlýsing um að ríkisstjórnin lofi því að frv. verði afgreitt á Alþingi en ekki einhvers staðar annars staðar, t.d. í Valhöll eða í einhverju krataheimilinu. Þá er það í fyrsta skipti sem menn lofa slíku. Ég hélt að það þyrfti ekki að gefa svoleiðis loforð. Það er að sjálfsögðu ekki heimilt samkvæmt stjórnarskrá að afgreiða löggjöf nema hér á hv. Alþingi. (**Umhvrh.:** Er það í fyrsta skipti sem ríkisstjórn lofar upp í ermina á sér?) Nei, það er ekki í fyrsta skipti og ég hugsa að hún hafi líka lofað einhverju upp í buxnaskálmina á sér stundum. — Ég sé að hæstv. umhvrh. lætur fara vel um sig til hliðar í salnum. — En ég fer a.m.k. fram á að það sé ljóst, hæstv. umhvrh., hverju sé verið að lofa. Ég býst við að aðilar vinnukarkaðarins gangi út frá því að það sé verið að lofa því að frv. þetta verði afgreitt á Alþingi áður en þingfundum lýkur nú fyrir helgina. Ég er ekki að halda því fram að það eigi að gera það. Ég þekki ekki nægilega vel til þessa máls. (**Umhvrh.:** Mér heyrist að þingmaðurinn sé að því.) En ég er andvígur því að menn séu að lofa einhverju sem þeir vita að þeir geti ekki staðið við. Ég er helst á því að það sé svo í þessu tilviki. Ég vænti þess að hæstv. umhvrh. sé mér sammála í þeim efnum. Mér heyrist á honum að það séu einhverjar efasemdir í hans huga um það.

Virðulegur forseti. Ég hef víst ekki tíma til að fara nánar í þetta mál vegna þess að tími minn er senn liðinn. Það hefði verið ástæða til að fara mun ítarlegar í þetta mál en ég geri mér grein fyrir því að þetta er mál sem verður að ljúka hér á Alþingi. Ég vil ekki á nokkurn hátt koma í veg fyrir það. En það er kominn tími til að ríkisstjórnin fari að gera það upp við sig hverju á að ljúka hér á Alþingi. Það gengur ekki að fá lista dag eftir dag upp á marga tugi mála sem menn vita náttúrlega að mun ekkert ganga. Hér er haldið áfram þingfundum án þess að nokkuð liggi fyrir um það hverju á að ljúka hér á Alþingi.

Útbýting þingskjals:

Vegtenging um utanverðan Hvalfjörð, 429. mál, nál. samgn., þskj. 799.

[21:47]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegur forseti. Hér er til umræðu frv. um tekjuskatt og eignarskatt sem er liður í þeirri kjarasamningagerð sem nýlega er lokið og er kynnt af hálfu þeirra sem að því standa sem sérstök kjarabót til láglaunafólks. Það er ástæða til að minna á í því sambandi að fyrir jólin ræddum við skattabreytingar sem ríkisstjórnin lagði til sem einnig var kölluð kjarajöfnun, sérstaklega fyrir láglaunafólk. Í þeim tillögum sem voru til umræðu fyrir jólin var m.a. lagt til að 15% af útgreiddum lífeyri yrði skattfrjáls. Ég minnist þess að Alþýðusamband Íslands gagnrýndi það ákvæði á þeirri forsendu að réttindaávinningur fólks væri mjög mismundandi þannig að kjarajöfnunin og kjarabótin í þeirri aðgerð kæmi mjög mismunandi út fyrir einstaka hópa eftir því hvort þeir væru innan SAL-sjóðanna, opinberra starfsmanna eða annars staðar. Það kom ítrekað fram í umræðum hér fyrir jólin og var sýnt fram á það með rökum, m.a. með hliðsjón af gögnum sem ASÍ lagði fram, að í þeim skattapakka ríkisstjórnarinnar var ljóst að þeir sem áttu miklar eignir og höfðu háar mánaðartekjur komu best út úr því dæmi. Var bent á að hálaunafólk fengi út úr því um 10.000 kr. en láglaunafólk um 900 kr.

Mér sýnist að svipað sé upp á teningnum, virðulegur forseti, varðandi það frv. sem við fjöllum um, þegar grannt er skoðað þá felist í raun og sanni ekki mikil tekjujöfnun í því. Það verður að segjast eins og er að það er raunverulega sorglegt til þess að vita, ekki síst þegar verið er að eyða miklum fjármunum úr ríkissjóði í þessa aðgerð sem seld er launafólki sem mikil kjarajöfnun og réttarbót fyrir láglaunafólk. Það var full ástæða til að spyrja, eins og síðasti ræðumaður gerði, hvort það hafi verið full sátt um það hjá öllum aðilum að fara þessa leið til kjarajöfnunar og hvort ekki hafi aðrar leiðir komið til greina, t.d. hækkun á barnabótum eða hækkun á skattfrelsismörkum.

Það er alveg ljóst, eins og hér hefur komið fram, að þetta eru kostnaðarsamar aðgerðir og af þeim 3–4 millj. sem upplýst hefur verið að þessar aðgerðir ríkisstjórnarinnar kosti þá fer stærstur hlutinn af þeim, eða um ¾ hlutar, kannski upp undir 3 milljarðar, í skattalækkanir þar sem iðgjöld í lífeyrissjóði verða frádráttarbær.

Það er alveg ljóst að þetta skilar sér mjög mismunandi til fólks og kemur best út í auknum ráðstöfunartekjum hjá fólki sem hefur háar tekjur. Þannig hefur verið reiknað út t.d. af Þjóðhagsstofnun að sá sem hefur 50 þús. kr. í tekjur fær í auknar ráðstöfunartekjur, og þá er tekið með hvað viðkomandi fær beint út úr kjarasamningunum sjálfum, um 43 þús. kr. á mánuði á meðan einstaklingur sem er með 300 þús. kr. tekjur fær ríflega helmingi meira út úr þessari kjarajöfnun í auknar ráðstöfunartekjur eða um 85 þús. kr. Það er því full ástæða til að spyrja um það hvort ekki hafi verið ástæða til að skoða aðrar leiðir til kjarajöfnunar, hvort ekki hafi verið ástæða til að skoða aðrar leiðir sem hefðu skilað sér betur til lægst launaða fólksins. Sumir hafa meira að segja haldið því fram að það hafi ekki í langa tíð verið sett fram aðgerð sem skilaði sér eins lítið í kjarajöfnun til láglaunahópanna. Það liggur auðvitað ljóst fyrir þegar umbúðirnar eru teknar af þessum aðgerðum að stærstur hlutinn af þessu skilar sér fyrst og fremst til þeirra betur settu.

Ég hef bent á aðgerð sem hefði kostað ríkissjóð miklu minna eða um 1,5 milljarða og hefði skilað sér betur til láglaunahópanna, þ.e. að það komi sérstök hækkun á skattfrelsismörk sem skilaði sér sérstaklega til fólks með tekjur undir einni milljón. Það hefði þýtt hækkun á skattfrelsismörkum úr tæplega 60 þús. kr. í 67 þús. kr. Fyrir launþega með 80.000 kr. hefði þetta þýtt eða svarað til rúmlega 4% launahækkunar strax og

ríkissjóður hefði þurft að borga 1,5 milljarða. Þessi aðgerð um að iðgjöldin verði gerð frádráttarbær þýðir í skattfrelsismörkum þar til hún er að fullu komin til framkvæmda árið 1997 að breyting á persónuafslættinum fer í 60.700 eða um nokkrar kr. Því hníga öll rök að því að það hefði átt að fara aðrar leiðir ef einhver meining stæði á bak við það að skila þessari kjarajöfnun sérstaklega til láglaunahópanna. En það er eins og ævinlega þegar á að gera eitthvað til þess að jafna kjör láglaunahópanna að það skilar sér meira í orði en á borði.

Ég vil spyrja hæstv. fjmrh. að því þar sem engar tillögur liggja fyrir um það hvernig eigi að mæta þessum útgjöldum upp á yfir 3 milljarða kr. einungis sagt að þessu verði að mæta með auknum tekjum og eða niðurskurði þó svo að um 800 millj. komi til framkvæmda þegar á næsta ári. Ég spyr: Sættir forusta ASÍ sig við það að ekki liggi fyrir a.m.k. einhver yfirlýsing um að þetta verði ekki tekið aftur með einhverjum hætti frá láglaunahópunum, t.d. með skattahækkun eða einhverjum hækkunum á þjónustugjöldum eða með öðrum hætti þannig að þetta verði tekið til baka af láglaunahópunum? Í reynd gæti láglaunafólk staðið frammi fyrir því að það þyrfti að borga meira fyrir þessar aðgerðir en það fær raunverulega sjálft í eigin vasa þegar stór hluti af þessu fjármagni rennur til hálaunahópanna. Ég spyr því: Liggur fyrir nokkur yfirlýsing um það eða var þess óskað af hálfu ASÍ að a.m.k. yrði haft samráð um það við þá með hvaða hætti þessum útgjöldum yrði mætt?

Mér finnst raunar það sama varðandi hækkunina sem var samið um í þessum kjarasamningum sem talið er að kosti um 10 milljarða kr. að menn hefðu átt að staðnæmast við það í eitt skipti, ég veit að það snýr ekki að hæstv. fjmrh., en menn hefðu átt að staðnæmast við það í eitt skipti að skipta þessari fjárhæð til fólks með lágar og miðlungstekjur en láta ekki hækkunina ganga upp allan launastigann þannig að 2.700 kr. fer upp allan launastigann líka til mannsins með 500 þús. kr. eða 700 þús. kr. Ég tel að það hefði átt að reyna að ná þjóðarsátt um það í þessum kjarasamningu að skila þeirri fjárhæð sem var þó til ráðstöfunar án þess að tefla stöðugleikanum í hættu að menn hefðu átt að ná þjóðarsátt um það að skila þessu fjármagni fyrst og fremst til fólks með lágar og meðaltekjur. Ég harma að ekki skuli vera gerð tilraun til þess af hálfu verkalýðshreyfingarinnar eða ríkisvaldsins að stíga það skref að upplýsa betur launakerfið hjá opinberum starfsmönnum, ekki síst í ljósi nýfenginna upplýsinga sem fram hafa komið, að launamisrétti kynjanna á sér ekki síst stað hjá hinu opinbera þar sem upplýst hefur verið að 66% launamunur sé milli kvenna og karla þó um sambærilega menntun sé að ræða. Þess vegna hefði ég haldið að ríkisvaldið hefði átt að gera það samkomulag við verkalýðshreyfinguna nú að launakerfið yrði upplýst. Út af fyrir sig þarf ekki að ræða miklu meira um það frv. sem hér liggur fyrir. Þetta er tiltölulega einfalt frv. og samkomulag liggur fyrir við verkalýðshreyfinguna um að þessi leið skuli farin til þess að ná því fram sem menn kalla kjarajöfnun og niðurstöðu í samningana þannig að ég geri ráð fyrir því að þessu verði ekki breytt. En það er mjög athyglisvert, virðulegi forseti, að í þessum kjarasamningum sem snúa að ríkisvaldinu er ýmislegt sett fram sem mér sýnist að kalli á lagabreytingar sem hlýtur að taka nokkurn tíma að ræða á þinginu. Við sjáum m.a. frv. um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar sem felur í sér ýmis önnur ákvæði en þau ákvæði sem lúta beinlínis að kjarasamningum. Það ákvæði sem lýtur að kjarasamningunum í þessu frv. er ákvæði til bráðabirgða sem felur í sér að greiða eingreiðslur til atvinnulausra. Fyrir þessu frv. hefur ekki verið mælt þannig að ég ætla ekki að eyða neinum orðum í það en ég vil vekja athygli á því að hér virðist vera um margþættar lagasetningar að ræða ef á að uppfylla það sem fram kemur í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Ég bendi m.a. á að talað er um að til þess að greiða fyrir kjarasamningunum verði ýmislegt lögfest sem er í frv. til laga um Húsnæðisstofnun ríkisins sem liggur fyrir Alþingi sem hefur nýverið verið mælt fyrir og þar eru mjög mörg mikilvæg ákvæði sem ég mundi styðja að mundu ná fram að ganga og ég legg auðvitað áherslu á það. Það er stutt síðan það mál kom fram og spurning er hvort það sé frv. sem ríkisstjórnin leggur áherslu á að verði afgreitt. Einnig er spurning um það, sem snýr að ríkisstjórninni, að skipa nefnd sem gerir tillögur um lækkun á framfærslukostnaði heimila, einkum vöruverðs á landsbyggðinni. Er meiningin að nefndin ljúki störfum á meðan þessi ríkisstjórn situr eða hver er hugmyndin á bak við þetta? Það er ýmislegt í þessum tillögum sem kallar á ýmsar spurningar. En ýmislegt mjög gott er þarna að finna eins og úrbætur í málefnum fólks í atvinnuleit og með aðgerðum á sviði verkmenntunar og starfsþjálfunar og m.a. með 15 millj. kr. viðbótarframlagi á þessu ári, sem ég fagna mjög, og einnig það sem fram kemur og mér skilst að sé byrjað að framkvæma að niðurgreiðsla á húshitunarkostnaði verði aukin á þessu ári. Öllu þessu ber að fagna.

Ég hefði gjarnan viljað, virðulegur forseti, eiga orðastað við hæstv. heilbrrh., ef hann er viðstaddur. Ef svo er ekki þá vænti ég að hæstv. fjmrh. svari fyrir hæstv. heilbrrh. Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar kemur fram að reglur um endurgreiðslu kostnaðar vegna sérfræðiheimsóknar og innlagnar á sjúkrahúsum verði endurskoðaðar. Hvað þýðir þetta nákvæmlega? Á að lækka þessar greiðslur eða hvað býr að baki?

Ég hefði einnig viljað spyrja hæstv. heilbrrh. um það sem snertir kjörin líka, af því við erum að ræða þau, sem vakti athygli mína í Morgunblaðinu í dag. Þar er því haldið fram, sem er náttúrlega mjög alvarlegt, varðandi lög um félagslega aðstoð sem voru samþykkt fyrir einu eða tveimur árum, að í framkvæmd hafi þessar reglur skert bætur hjá lífeyrisþegum. Þar er vitnað til þess að í þeim lögum, sem sett voru, er kveðið á um það að ef einhleypingur hefur eingöngu tekjur úr lífeyristryggingum almennra trygginga skal hann að viðbættri heimilisuppbót eiga rétt á sérstakri heimilisuppbót um 5.000 kr. á mánuði. En það er vakin athygli á því að nú í framkvæmd samkvæmt lögum um

félagslega aðstoð hafi Tryggingastofnunin ekki afgreitt sérstaka heimilisuppbót frá setningu laganna til þeirra elli- og örorkulífeyrisþega sem hafa verið með greiðslur úr lífeyrissjóði sem nema 5.304 kr. á mánuði. Hér er talað um að verið sé að skerða laun þessara hópa um 10%. Það var alls ekki meiningin með þessum lögum um félagslega aðstoð og hvergi getið um það í umsögn eða greinargerð með þessu frv. á sínum tíma að meiningin væri að skerða þessar réttarbætur öryrkja. Mér finnst ástæða til að spyrja um það undir þessari umræðu um kjaramál. Þetta snertir auðvitað réttarbætur öryrkja ef það er rétt að hér sé verið að skerða tekjur þeirra um 10%. Full ástæða hefði verið til þess að hæstv. heilbrrh. svaraði því undir umræðunni. Ég skal ekki gera athugasemd við það þótt hann sé fjarstaddur og hef væntanlega tækifæri til þess að spyrja hann um það þegar málið kemur aftur til umræðu.

[22:05]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hefur haft þann hátt á að koma hingað og ráðast á ríkisstjórnina fyrir aðgerðir sem hún hefur sjálf tekið þátt í. Hún hefur jafnan þann hátt á að rekja feril hennar og skammast síðan út í hana fyrir aðgerðir sem hún hefur sjálf greitt atkvæði með og jafnvel stundum haft frumkvæði að. Það er nauðsynlegt að þessi hv. þm. svari ákveðnum spurningum. Til að mynda hefur hv. þm. komið hingað upp í kvöld og vakið athygli á því að kynbundinn launamunur hafi aukist. Hv. þm. vakti sérstaklega athygli á því að það hefði gerst í opinbera geiranum. Mig langar til að spyrja hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur: Hvað gerði hún til að draga úr kynbundnum launamun í opinbera geiranum á meðan hún var jafnréttismálaráðherra í átta ár? (**Gripið fram í:** Heyr, heyr.)

[22:05]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég veit ekki hvað hefur komið hæstv. umhvrh. svona úr jafnvægi. Ég var að fjalla um aðgerðir sem þessi ríkisstjórn er að leggja hér fram sem ég á engan þátt í. Fyrir jólin fjallaði ég líka um aðgerðir sem ríkisstjórnin lagði fram og ég á engan þátt í. Ég hef fullkominn rétt hér til að fjalla um þær aðgerðir og hafa skoðanir á þeim. Það er mjög gott að hæstv. umhvrh. er allt í einu farinn að hafa áhuga á jafnréttismálum kynjanna. Ég skal nefna það af því að umhvrh. hefur greinilega ekki fylgst með því sem hefur farið í gegnum þingið um jafnréttismál að framkvæmdaáætlun til fjögurra ára um jafnréttismál var lögð fram. Hún sneri t.d. að hæstv. fjmrh. Það var tvennt í því sem var mjög mikilvægt sem snýr að launajafnrétti. Í fyrsta lagi átti að framkvæma starfsmat sem átti m.a. að taka verulegt tillit til starfa sem snúa að umönnunar- og uppeldisstörfum til að jafna launamun kynjanna. Þetta snýr að fjmrh. og ég lagði þessa framkvæmdaáætlun fram.

Í annan stað var einnig að finna í þeirri áætlun að yfirborganir sem koma einmitt fram hjá hinu opinbera yrðu jafnaðar einnig þannig að þær rynnu einnig til kvenna. Þessi könnun, sem var lögð fram nýlega, og vakti einmitt athygli á þessu hvað þetta væri miklu meira í opinbera geiranum var lögð fram fyrir tilstilli mína þegar ég var félmrh. Þannig að ég vísa þessu á bug og skil ekki af hverju ráðherrann er í svona miklu ójafnvægi. Hann er kannski hræddur um að komast ekki hér inn á þing aftur þannig að það er kannski síðasti séns að vekja athygli á nýfengnum áhuga ráðherrans á jafnréttismálunum. Ég hygg að það sé skýringin. Hann sé að reyna að leita núna að atkvæðum kvenna með því að vekja athygli á skyndilegum áhuga sínum á jafnréttismálum.

[22:08]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alls ekki rétt að ég sé eitthvað sérstaklega að leita eftir atkvæðum kvenna, ég er líka reiðubúinn til þess að taka við atkvæðum karla. Það er alrangt að áhugi minn á jafnréttismálum sé eitthvað nýfenginn. Það kann að vera að áhugi minn á uppeldismálum hafi vaknað talsvert mikið upp á síðkastið, ég viðurkenni það. Hins vegar er það svo að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hefur verið ráðherra jafnréttismála í sjö eða átta ár og það er nýkomin könnun sem sýnir einmitt að munurinn á launum karla og kvenna hefur aukist. Hann hefur ekki minnkað á meðan hún var ráðherra. Það er ekki nóg, hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, að leggja fram einhverjar áætlanir og einhverjar stefnur menn verða að gera eitthvað, menn verða að ýta á eftir því og ég segi: Það hefur þessi hv. þm. ekki gert. Einmitt sú könnun sem hún hratt af stað sýnir það.

[22:08]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það mætti halda að ég og hæstv. umhvrh. hefðum aldrei setið í sama þingflokknum þar sem ég hef iðulega rætt þar jafnréttismálin, lagði þar fram t.d. ítarlegt frv. um jafnréttislög, breytingar á þeim, sem áttu að stuðla að jafnrétti kynjanna. Ég man aldrei eftir því að hæstv. ráðherra hafi tekið þátt í einhverjum sérstökum umræðum þar um jafnréttismál. (Gripið fram í.) Ja, átti að gera það og hefur gert það vegna þess að þar voru ýmis ákvæði sem hafa stuðlað að auknu jafnrétti. Kærunefnd jafnréttismála hefur t.d. fjallað um ýmis mál sem hafa stuðlað að auknu jafnrétti. Þannig að ég gæti auðvitað vísað til fleiri mála. Ég gæti vísað til þess sem hæstv. umhvrh. veit sjálfsagt ekkert um, að ég beitti mér fyrir námskeiðum hjá láglaunafólki og konum á öllum stofnunum fatlaðra um allt land sem skiladi þeim auknum launahækkunum. Þannig að það er ýmislegt sem ég er núna að upplýsa hæstv. umhvrh. um sem hann hefði átt að vita meðan við vorum saman í þingflokknum, þá hefur hann bara verið þar sofandi meðan við vorum að fjalla um jafnréttismálin.

[22:10]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Hér er til umræðu frv. ríkisstjórnarinnar um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt með síðari breytingum o.s.frv. Þetta frv. er hluti

af því sem þarf að afgreiða á þeim örstutta tíma sem eftir lifir þings vegna þeirra kjarasamninga sem gerðir voru fyrir örfáum dögum. — Mér þykir vera órói á ráðherrabekknum.

Þetta frv. felur í sér ýmislegt gott þó að ég hafi líka athugasemdir við það að gera hvernig að þessu hefur verið staðið og hvernig þessi atriði tengjast ýmsu sem við vorum að vinna að í hv. efh.- og viðskn. fyrir jólin, svo sem því sem kallað hefur verið tvísköttun á lífeyrisgreiðslur.

Í tengslum við þetta mál er auðvitað nauðsynlegt að ræða yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 20. febr. sl. og stöðu launamála í landinu. Það er auðvitað ánægjulegt að kjarasamningar skuli hafa náðst og ég held að við hljótum að vera sammála um það þingmenn sem erum að fara aftur í framboð og eigum fram undan kosningabaráttu að það hefði verið býsna óþægilegt að standa í henni með allt logandi í vinnudeilum og verkföllum þannig að það er vissulega ástæða til þess að lýsa yfir ánægju yfir því að samningar skuli hafa tekist. En það er ekki þar með sagt að við kvennalistakonur séum ánægðar með þær áherslur sem fram komu í þessum samningum því hér er allt við það sama. Það er nokkuð óbreytt ástand og alls ekki tekið á þeim málum sem helst brenna á launafólki og almenningi öllum. Þá mundi ég nefna fyrst stöðu barnafjölskyldna sem hafa orðið að bera mjög svo auknar álögur á þessu kjörtímabili og svo það sem var verið að tala um rétt áðan, þann mikla og óréttláta launamun sem hér er á milli kynjanna og sem mjög brýnt er að taka á á næstu árum. Ég hefði viljað sjá slíkar áherslur í þessum kjarasamningum, en þess er kannski ekki að vænta meðan sama forustan er við völd, bæði hjá vinnuveitendum og Alþýðusambandinu, að það verði miklar áherslubreytingar. Því miður eru afar fáar konur meðal þeirra sem standa að kjarasamningum enda eru allar áherslur lýsandi fyrir það að það eru fyrst og fremst karlmenn sem þar koma að og því miður er þeirra hugsunarháttur þannig að þeir virðast ekki hafa áttað sig á því að konur eru tæplega helmingur af þeim sem eru á vinnumarkaði. — Hæstv. forseti ...

(**Forseti** (PJ)**:** Hér skal aðeins fara fram einn fundur í senn. Ég bið hæstv. ráðherra og hv. þm. að taka tillit til þess.)

(**Gripið fram í:** Ríkisstjórnina bara.) Ég vil benda hv. þm. á að ráðherrar sitja hér og fylgjast með umræðum og það á ekki að vera að trufla þá. (Gripið fram í.) Það á ekki að gerast í þingsal. Það er lágmark að umræður geti farið hér fram með eðlilegum hætti.

Það sem hefði þurft að gerast í þessum kjarasamningum sem við stöndum frammi fyrir er fyrst og fremst það að það þarf að fara fram uppstokkun á launakerfinu, hvort sem litið er út á almennan vinnumarkað eða hjá ríkinu. Það þarf að stokka upp launakerfið, það þarf að gera það gagnsærra. Það þarf að vera ljóst fyrir hvað er verið að borga og það þarf að hækka grunntaxtana. Það þarf að afnema þetta sérkennilega launakerfi sem hér viðgengst þar sem menn ná upp tekjum sínum með yfirvinnu eða óunninni yfirvinnu eða greiðslum af ýmsu tagi sem skiptast mjög misjafnlega milli fólks. Það þarf að framkvæma nýtt starfsmat, bæði úti á almennum vinnumarkaði og þó sérstaklega hjá ríkinu, til þess einmitt að reyna að taka á þeim mismun á launum karla og kvenna sem ég hef gert hér sérstaklega að umtalsefni. Slíkt starfsmat hefur farið fram í ýmsum ríkjum heims. Ég nefni sérstaklega Kanada, Norðurlöndin og í ýmsum fylkjum Bandaríkjanna hafa verið gerðar tilraunir til starfsmats. Ég veit það t.d. frá Washington, höfuðborg Bandaríkjanna, að þar fór fram ókynbundið starfsmat meðal ríkisstarfsmanna sem skilaði konum verulegri tekjuaukningu og slíkt starfsmat þarf að fara fram hér.

Þá er líka nauðsynlegt að skoða sérstaklega stöðu barnafjölskyldna sem við vitum að hafa á þessu kjörtímabili orðið fyrir lækkun barnabóta. Þær hafa orðið fyrir skattahækkunum þessarar ríkisstjórnar. Þær hafa orðið að taka á sig skólagjöld, hærri sjúkrakostnað, o.s.frv. og allt þetta sem við höfum verið að slást hér við allt þetta kjörtímabil. Ég hygg að þeir hópar sem standa verst í samfélaginu séu einmitt fjölskyldur með lítil börn, sérstaklega með lítil börn. Reyndar er afar dýrt að eiga unglinga, þeir eru dýrir í rekstri, ef svo má að orði komast, en staða barnafjölskyldna hér á landi er allsendis óviðunandi.

Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er komið inn á húsnæðismál, en það er vægast sagt óljóst hvað þar er verið að tala um.

Samkvæmt þeim upplýsingum sem fram hafa komið og ég vitna þar í viðtal við hæstv. forsrh., þá kosta þessar aðgerðir sem ríkisstjórnin ætlar að leggja út í 6,5 milljarða kr. á öllu samningstímabilinu eða til ársloka 1997 — 6,5 milljarða kr. Við hljótum að spyrja: Hvernig ætlar ríkisstjórnin að ná þessum peningum til baka? Hvernig á að ná í þessa peninga?

Það er haft eftir hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur í blöðunum og reyndar hefur hæstv. utanrrh. líka komist svo að orði, að það væru 10 milljarðar til ráðstöfunar og mér þætti fróðlegt að vita hvaðan þeir 10 milljarðar koma því að ríkissjóður er rekinn með allt að 10 milljarða kr. halla á ári hverju. Það er auðvitað ekki skynsamlegt að reikna sér efnahagsbata upp á allt að 10 milljarða og segja sem svo að þeir peningar séu til ráðstöfunar eða hvaðan sem þessi tala er komin. Ég vildi gjarnan fá skýringu hjá hv. þm. hvernig hún kemst að þessu miðað við þann mikla halla sem hér er á ríkissjóði.

Þær spurningar vakna auðvitað hvar á að ná í þessa peninga til þess að mæta þessum miklu útgjöldum sem ríkissjóður ætlar að leggja út í. Þar með er ég ekki að gagnrýna þær aðgerðir sérstaklega. Þó að það megi segja sem svo að aðilar vinnumarkaðarins hafi á undanförnum árum í sínum samningum tíðkað það að senda reikninginn fyrst og fremst til ríkisstjórnarinnar og vinnumarkaðurinn hafi tekið ákaflega lítið á sig á undanförnum árum, þá er svo komið að ríkisstjórnin hefur gengið það nærri launafólki á þessu kjörtímabili að það má segja að það sé auðvitað réttlátt að einhverju sé skilað til þeirra aftur. En hallinn á ríkissjóði og staða ríkisfjármálanna, erlendar skuldir ríkissjóðs, eru áhyggjuefni og það væri fróðlegt að fá svar við því

hjá hæstv. fjmrh. með hvers konar álögum eða hvers konar aðgerðum eigi að ná þessum peningum til baka. Og eins og kemur fram í umfjöllunum um þessa kjarasamninga þá er þetta óútfylltur tékki eða reikningur sem sendur verður næstu ríkisstjórn, hverjir sem hana skipa.

Það er líka merkilegt að við það að skoða yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar sjáum við, sem höfum fjallað um slíkar yfirlýsingar aftur og aftur á þessu kjörtímabili, ýmsa gamla kunningja í þessum plöggum og eins og einhver komst að orði þá er ríkisstjórnin alltaf að selja aðilum vinnumarkaðarins sömu aðgerðirnar aftur og aftur. Því er lofað ár eftir ár að taka á skattsvikum og því er lofað að liðka eitthvað fyrir varðandi atvinnusköpun o.s.frv. Það eru í þessu ýmis atriði sem ríkisstjórnin telur sig geta lofað aftur og aftur en maður spyr auðvitað: Hvað um efndirnar? Hverjar eru efndirnar t.d. þegar litið er á skattsvikin?

Hér er líka að finna atriði sem voru til umræðu í hv. efh.- og viðskn. fyrir jól. Meðan verið var að ræða þar breytingar á tekjuskatts- og eignarskattslögunum þá kom fram einmitt þessi gagnrýni á það hvernig akstur á vinnustað væri skattlagður og rekstur á hópferðabifreiðum til að flytja starfsmenn. Þetta var rætt og það gafst hreinlega ekki tími til þess að vinna þessi mál og virtist reyndar sem ríkisstjórnarflokkarnir væru ekki tilbúnir til þess en þetta var tekið upp í kjarasamningunum núna. Það var sérstaklega Vinnuveitendasambandið sem benti á þessi atriði og þau eru hér komin og ég held að það sé ekki annað en hægt að fagna því.

En eins og hér hefur verið bent á þá eru líka ýmis sérkennileg atriði í þessu frv. eins og það að ríkisstjórnin ætli að beita sér fyrir því að frv. um framhaldsskóla verði afgreitt á Alþingi. Þetta er afar sérkennileg yfirlýsing, en ég hygg að á bak við hana sé áhugi samtaka á vinnumarkaði, hvort sem eru vinnuveitendur eða samtök launþega, á því að það verði tekið á starfsmenntun og verkmenntun í landinu. Þar hefur Alþýðusambandið á undanförnum mánuðum verið að kynna sínar tillögur, sem vissulega eru góðra gjalda verðar, en það er nú svo að ég get upplýst það hér, vegna þess að um það var spurt, að vinna við framhaldsskólafrv. er afar skammt á veg komin í hv. menntmn. Hún hefur varla hafist. Það hefur farið gríðarlegur tími í grunnskólafrv. sem reyndar er ekki fullunnið að mínum dómi. Þannig að það eru auðvitað engar líkur á því að frv. um framhaldsskóla verði afgreitt á þessu þingi og mundi líklega mæta miklum mótmælum vegna þess að samtök kennara hafa miklar athugasemdir við það frv. að gera rétt eins og grunnskólafrv. Þannig að þetta er sérkennileg yfirlýsing hér og við höfum reyndar spurt hæstv. menntmrh. um það hvað þetta þýði og ég veit ekki hvort hann var að vonast til þess að frv. yrði afgreitt, en það má ljóst verða að það verður ekki.

Ég nefndi húsnæðismálin áðan og mér þykir þetta vera þunnur þrettándi sem hér kemur fram. Það á að kanna umfang vanskila og eðli greiðsluerfiðleika heimilanna á næstunni. Það kom út í fyrra, á síðasta þingi, viðamikil skýrsla frá félmrn. um skuldir heimilanna þar sem var að finna nákvæma greiningu á þeim skuldum, þannig að ég veit ekki hvað þarf að fara út í ítarlegar rannsóknir á því máli þegar þær staðreyndir liggja fyrir. En það er verið að kaupa sér ákveðinn frest með þessum rannsóknum að því er ég hygg.

Aðrar þær breytingar sem hér eru tíundaðar í húsnæðismálum eru þegar komnar fram í frumvörpum ríkisstjórnarinnar sem væntanlega ná afgreiðslu á næstu dögum, eins og um það að verkalýðshreyfingin eigi áfram fulltrúa í húsnæðisnefndum sveitarfélaga og um afskriftir í félagslega húsnæðiskerfinu sem verði lækkaðar í 1%.

Það sem vekur sérstaka athygli mína varðandi þessa yfirlýsingu er það sem snýr að atvinnuleysinu í landinu og það vekur furðu mína að samningsaðilar og þá sérstaklega verkalýðshreyfingin skuli ekki hafa lagt meiri áherslu á aðgerðir gegn atvinnuleysi en kemur fram í þessum samningum og þessari yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Það segir aðeins í 12. lið, með leyfi forseta:

„Unnið verður að úrbótum í málum fólks í atvinnuleit með virkum aðgerðum á sviði verkmenntunar og starfsþjálfunar. Á þessu ári verður 15 millj. kr. viðbótarframlagi ráðstafað sérstaklega til þessara mála."

Þetta er auðvitað góðra gjalda vert, en miðað við þær tölur sem við höfum um atvinnuleysi frá janúarmánuði og miðað við þá spá sem liggur fyrir um atvinnuleysi á þessu ári þá undrast ég að það skuli ekki hafa verið samið um aðgerðir til þess að draga úr atvinnuleysi. Mig langar að spyrja hæstv. fjmrh. hvort þau mál hafi ekki borið á góma í viðræðum aðila vinnumarkaðarins við ríkisvaldið og hvernig á því stendur að hér skuli ekki vera að finna fyrirheit um aðgerðir til þess að taka á atvinnuleysisvandanum sem er eitt stærsta vandamál sem við stöndum frammi fyrir hér á landi og við sjáum að atvinnuleysi er því miður orðið viðvarandi. Það er í 4, 5 og upp í 6% hér ár eftir ár, sveiflast svolítið til frá mánuði til mánaðar.

Tíma mínum er nú alveg að ljúka, hæstv. forseti, en mig langar aðeins til að koma inn á þá umræðu sem fór fram áðan og snerti jafnrétti kynjanna. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hefur gert nokkuð af því undanfarna daga að rifja upp aðgerðir sínar í jafnréttismálum á þeim sjö árum sem hún sat sem ráðherra jafnréttismála og ekki skal ég neita því að eitt og annað hefur hún gert. En við hljótum auðvitað að spyrja um efndir og það hvernig hlutirnir eru framkvæmdir. Hún nefndi framkvæmdaáætlun um jafnrétti til fjögurra ára, sem vissulega var samþykkt og hefur verið samþykkt í tvígang — en hvað um efndirnar? Hvernig hefur þessu verið fylgt eftir? Hvernig fylgdi hún þessum áætlunum eftir í sinni tíð sem ráðherra? Hvað um jafnréttislögin? Það er til lítils að setja jafnréttislög og endurskoða jafnréttislög ár eftir ár ef þeim er ekki framfylgt. Það er einmitt megingallinn. Við erum sýknt og heilagt að setja lög á hinu háa Alþingi en þeim er bara ekki framfylgt. Eins og ég rakti í ræðu minni í gærkvöldi þá er nú eins og þessi blessuð jafnréttislög komi vinnumarkaðinum ekkert við. Ríkisstjórnin og báðir stjórnarflokkarnir og öll ráðuneyti standa að jafnrétt-

isáætlunum fyrir sín valdsvið og sínar stofnanir og þeim er ekkert fylgt eftir. Þessu þarf auðvitað að breyta. Það þarf fyrst og fremst að breyta hugarfarinu og því hvernig menn nálgast þessi mál og styrkja jafnréttislögin á þann veg að mönnum sé hreinlega refsað fyrir að brjóta þau, að það verði tekið miklu harðar á því. Ég get nefnt sem dæmi að í Bandaríkjunum, þar sem hafa verið samþykktar slíkar áætlanir og atvinnumálaráðuneyti Bandaríkjanna hefur með þau mál að gera á vinnumarkaði, þar er sérstakur starfsmaður í því að heimsækja fyrirtæki til þess að fylgjast með því hvernig lögum er framfylgt. Þeir eru látnir standa fyrir máli sínu og gera grein fyrir stöðu kynjanna innan fyrirtækjanna og þeir eiga yfir höfði sér lögsókn ef þeir ekki standa við þau lög sem gilda í landinu. En hér komast menn sífellt upp með lagabrot og jafnréttislögin eru því miður ekki nægur styrkur, en vonandi gerist það að það stjórnarskrárfrv. sem við vorum að ræða í dag verði til þess að styrkja stöðu kvenna hvað þetta varðar þannig að þær geti frekar leitað réttar síns.

Hæstv. forseti. Þetta frv. sem við erum hér að ræða og tengist reyndar ýmsum öðrum málum eins og hér hefur komið fram, verður auðvitað að komast í gegn á næstu dögum og ég sem fulltrúi í hv. efh.- og viðskn. mun að sjálfsögðu leggja mitt af mörkum til þess að svo verði.

Útbýting þingskjals:
Iðnþróunarsjóður, 426. mál, nál. iðnn., þskj. 800.

[22:30]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Það er óhjákvæmilegt að fara nokkrum orðum um þetta frv. sem hæstv. fjmrh. hefur mælt fyrir og einnig þá yfirlýsingu hæstv. ríkisstjórnar sem málinu tengist og nýgerðum kjarasamningum við aðildarsambönd Alþýðusambandsins og hæstv. fjmrh. gerði hér sérstaklega að umtalsefni. Þetta er fyrsta frv. af nokkuð mörgum sem hæstv. ríkisstjórn þarf væntanlega að flytja hér ef hún ætlar að standa við fyrirheit sín samkvæmt þessari yfirlýsingu og því er það að vonum og eðlilegt að hæstv. fjmrh. hafi gert fyrirheit ríkisstjórnarinnar og hlut hennar í þessum samningum talsvert að umtalsefni.

Það er sögð sú saga að sænskur fjármálaráðherra hafi orðið svo upptekinn af hlutskipti sínu að hann hafi á síðari hluta fjármálaráðherraferils síns og æ síðan jafnan borið upp sömu spurninguna þegar mál voru fyrir hann lögð og hún var þessi, upp á sænska tungu: Hvem betalar? Það var alveg sama hvað var borið upp við þennan hæstv. ráðherra og síðan þingmann það sem eftir lifði hans stjórnmálaferils, að hann svaraði öllum málum með sömu spurningunni: Hver á að borga?

Það er greinilegt að núv. hæstv. fjmrh. íslenska lýðveldisins er ekki jafnþungt haldinn af þessu og þessi sænski kollegi því það fer lítið fyrir því hér að spurt sé um það hver eigi að borga þegar þessi víxill var útgefinn. Staðreyndin er auðvitað sú að það vekur ýmsar spurningar þegar hæstv. ríkisstjórn á síðustu dögum, mér liggur við að segja, valdaferils síns stendur að málum með þeim hætti sem hér er gert, að það er gefinn út heljarstór víxill, fjögurra milljarða víxill, fyrir næstu tvö ár og því algjörlega velt yfir á framtíðina að svara nokkru til um það hvernig þessum útgjöldum eigi að mæta og hvaða áhrif þau muni hafa. Reyndar var hæstv. fjmrh. það heiðarlegur í fjölmiðlaviðtali sem ég heyrði við hann tekið rétt eftir að samningarnir voru gerðir, að hæstv. ráðherra einfaldlega sagði: Það er verkefni næstu ríkisstjórnar — það er verkefni næstu ríkisstjórnar að sjá fyrir því. Kannski sagði hæstv. ráðherrann, að stærstum hluta, ég man það nú ekki, en efnislega voru það u.þ.b. þessi orð sem hæstv. ráðherra viðhafði.

Og þá er komið að þeim kjarna þessa máls að það er alveg ljóst að fyrir þessum útgjöldum verður að sjá og þá kemur að spurningunni hvernig og hverjir eiga að borga. Þá verð ég að segja alveg eins og er að ég hef miklar efasemdir um að það sé mikið framfaraspor sem hér er stigið, þ.e. sá hlutur málsins sem snýr að hæstv. ríkisstjórn, ef útgjöldunum yrði svo mætt með sömu skattapólitík og þessi ríkisstjórn hefur ástundað og þessir 4 milljarðar yrðu þá í raun og veru sóttir ofan í vasa almenns launafólks og ekki síður lágtekjufólks heldur en annarra. Og þá er það auðvitað alveg ljóst að þessar aðgerðir fela ekki í sér kjarajöfnun, nema síður sé, heldur þvert á móti eru hlutfallslega þannig úr garði gerðar að þær kæmu ekki síður til góða hátekjufólkinu í landinu. En það er eins og kunnugt er þannig að í tíð þessarar ríkisstjórnar hefur skattbyrði almennra launatekna þyngst til muna og færst neðar í launaskalanum því skattfrelsismörk hafa lækkað um 7.000–10.000 kr. á kjörtímabili þessarar ríkisstjórnar. Og þó að nú sé þar um smávægilega leiðréttingu að ræða eða lagfæringu að ræða á þessu ári og skattfrelsismörkin geri aðeins betur en að fylgja verðlagi þá munar það ekki miklu og að mestu leyti er óbætt sú skattþynging sem orðið hefur í tíð þessarar ríkisstjórnar á fólki við skattfrelsismörkin.

Stærst í þessum pakka er að sjálfsögðu sú ákvörðun hæstv. ríkisstjórnar og samkvæmt óskum aðila vinnumarkaðarins, að iðgjöld í lífeyrissjóði verði frádráttarbær frá tekjum við álagningu skatta og komi þetta til framkvæmda í áföngum. Það er mjög merkilegt að hér um áramótin voru til afgreiðslu ákvarðanir í skattamálum sem áttu að fela í sér afnám svonefndrar tvísköttunar. Sá sem hér stendur gagnrýndi þá aðferð og þá útfærslu sem þar var valin og varaði við því að menn færu inn á þá braut að láta skattfrelsið koma til framkvæmda útgreiðslumegin, ef svo má að orði komast, en það var tillaga ríkisstjórnarinnar. Í einhverju gleðikasti sem hljóp í ríkisstjórnina í byrjun desembermánaðar þá ákvað hún allt í einu að bjóða mönnum skattfrelsi á 15% tekna úr lífeyrissjóðum. Það var sagt að það ætti að vera til að afnema svonefnda tvísköttun. Á það var auðvitað bent að það eru í minnstum mæli þeir sem eru að fá útgreiðslur úr lífeyrissjóðum í dag sem hafa orðið fórnarlömb nokkurrar tvísköttunar. Hins vegar er það auðvitað ákvörðun um það að varanlega undanþiggja skattgreiðslum líf-

eyrissjóðstekjur að gera það með því að iðgjaldagreiðslurnar séu skattfrjálsar.

Þannig að ég vil vera sjálfum mér samkvæmur í því og segja að ég tel þetta hina einu réttu leið til að fyrirbyggja tvísköttun. En þá koma upp spurningar af því tagi: Er þetta eðlileg framkvæmd? Á að láta þetta skattfrelsi ná hlutfallslega upp úr tekjuskalanum án tillits til þess hversu mikil lífeyrisréttindi menn eru að mynda og síðast en ekki síst vaknar sú spurning hvað á að gera við 15% sem ríkisstjórnin ákvað í desember? Ég óska eftir að hæstv. ráðherra svari því. Tók ríkisstjórnin um leið afstöðu til þess að fella niður þessi 15% á móti? Og þá hvenær og hvernig eða ekki? Því það er ljóst að það var ekki síst til þess að bæta kjör núverandi lífeyrisþega og ellilífeyrisþega í dag sem þessi ákvörðun var tekin um áramótin og mæltist auðvitað vel fyrir í þeim hópum. Eða er það kannski meiningin hjá hæstv. ríkisstjórn að hafa skattfrelsið báðum megin, hafa bæði 4% iðgjöld skattfrjáls og 15% af lífeyristekjunum þegar þar að kemur, þannig að hér sé ekki bara um afnám tvísköttunar að ræða heldur, ef svo má að orði komast, um afsköttun að ræða eða að menn fái tvöfalt skattfrelsi, bæði á inngreiðslunum og tekjunum? Þá segi ég nú: Fyrr má nú aldeilis gagn gera. (**Gripið fram í:** Fyrr má nú aldeilis fyrr vera.) Fyrr má nú aldeilis fyrr vera hefði einhver sagt. Góðsemin í hæstv. ríkisstjórn svona rétt fyrir kosningar, að það er ekki nóg að afnema tvísköttunina bara öðrum megin heldur skal það líka gert hinum megin. Þetta er nú almennileg ríkisstjórn. Svona eiga sýslumenn að vera. Að vísu hefði nú mátt uppgötva þessa góðsemi í hjarta sínu fyrr en á síðustu vikum kjörtímabilsins. En betra er seint en aldrei, eigum við ekki að segja það.

Það er reyndar svo, hæstv. forseti, að ríkisstjórnin er allt í einu orðin full manngæsku og kærleika og eys út góðverkunum á báðar hendur. Þannig hefur t.d. hæstv. iðnrh. allt í einu uppgötvað, eftir fjögur ár, að húshitunarkostnaður í landinu sé allt of hár. Kannski er þetta tilviljun. Það er kannski hrein tilviljun að þessir hlutir séu að gerast núna í lok febrúar og byrjun marsmánaðar á kosningaári þegar á svo að kjósa 8. apríl. En alla vega stendur nákvæmlega svona á. Og það er komið inn á það í þessari makalausu yfirlýsingu að það eigi að skoða húshitunarkostnað á sama tíma og ljóst er að á þessu kjörtímabili hafa menn í raun engra sérstakra niðurgreiðslna notið á húshitun þegar þess er minnst að ríkisstjórnin tók þá ákvörðun á sínum tíma að leggja fullan virðisaukaskatt á húshitun.

Þannig er þetta nú, virðulegur forseti, að margt er býsna sérkennilegt í kýrhausnum þegar kemur að frammistöðu þessarar hæstv. ríkisstjórnar svona síðustu dagana fyrir kosningar.

Eitt þykir mér líka mjög skemmtilegt og verð eiginlega að segja það alveg eins og er, að ég get ekki annað en hrósað hæstv. ríkisstjórn fyrir ja, a.m.k. hugkvæmnina, svo ég segi nú ekki ósvífnina, þ.e. að selja mönnum sömu hlutina trekk í trekk. Það er sagt að sjómaður á Ísafirði sem átti hund hafi selt hann þrisvar um borð í skip og hundurinn stökk alltaf frá borði og synti í land þegar skipin lögðu út á höfnina og hann hafði gott upp úr hundinum trekk í trekk með því að selja hann. Það liggur við að það megi segja það sama um sum atriðin í þessari ríkisstjórn eins og hundinn á Ísafirði forðum, að það sé búið að margselja þau.

Hérna eru til að mynda gömul loforð frá fyrri kjarasamningum sem efh.- og viðskn. hefur verið að undirbúa að lögfesta á undanförnum vikum en svo skjóta þau allt í einu upp kollinum eins og ný fyrirheit frá hæstv. ríkisstjórn. Ný fyrirheit. Það er t.d. þannig að við erum búin að vera að skoða frumvarpsdrög í efh.- og viðskn. alllengi um að mönnum skuli heimilt að draga tapað hlutafé í félögum sem hafa orðið gjaldþrota til rekstrargjalda. Þetta er löngu gefið fyrirheit sem efh.- og viðskn. vissi ekki betur en að hún væri að vinna að og væri ákveðið að hrinda í framkvæmd. Nei, en svo skýtur það hér upp kollinum sem alveg spánýtt loforð. Þetta er mikil snilld í viðskiptum að selja hlutina svona oft. Það varð nú frægt hér í vetur þegar ríkisstjórnin seldi í þriðja skiptið átak í vegamálum. Var tvisvar áður búin að lofa þessu átaki, í maí í fyrravor og síðan um mitt sumar þá kom forsrh. enn fram með þetta og svo seldi hann það í þriðja skiptið í haust. Þannig er háttað með ýmislegt fleira hér og það er auðvitað nokkuð sérkennilegt.

Þá verð ég að segja, hæstv. forseti, að mér finnst húsnæðismálakafli þessarar yfirlýsingar, 11. punkturinn í þessari 18 liða — eða 17 er það nú víst, svo allt sé nú haft nákvæmt, hæstv. forseti — 17. og svo 18. liðurinn er Davíð Oddsson. Það er undirskriftin, það er 18. punkturinn. Ekki tölusett að vísu, hæstv. forsrh. En 11. liðurinn er um húsnæðismál. Það verð ég að segja alveg eins og er að eins og ástandið er í þeim málum þá jaðrar við að ég hefði frekar sleppt því að nefna húsnæðismál en að fjalla um þau með þessum hætti. Þarna er nú harla magurt fé á ferðinni, svo ekki sé meira sagt. Nú veit ég svo sem ekki um það hvort einhver heiðursmannasamkomulög, óskrifleg, liggja þarna á bak við, en ég verð að segja alveg eins og er að mér finnst texti af þessu tagi, hæstv. forseti, nánast eins og blaut tuska í andlitið á því fólki sem er að missa húsnæði sitt um þessar mundir. Hér segir, með leyfi forseta:

„Næstu vikur verða nýttar til að skilgreina til hvaða aðgerða eigi að grípa í skuldbreytingum hjá þeim sem eru í greiðsluerfiðleikum. Seðlabanki Íslands, Félagsvísindastofnun og Húsnæðisstofnun ríkisins munu skila athugun sinni á umfangi vanskila og eðli greiðsluerfiðleika heimilanna á næstunni.“ — Eðli greiðsluerfiðleika heimilanna. Ég meina, vantar menn eitthvað að vita um það hvers eðlis sá vandi er hjá fólki sem er að missa húsnæðið sitt? Hvers eðlis vandinn er hjá þeim fjórðungi allra húsbréfaeigenda í landinu sem eru í vanskilum? Eðli vandans er það, hæstv. fjmrh., að fólkið hefur ekki peninga til að borga af lánunum. Það er eins einfalt og það getur verið. Ég held að það þurfi ekki skýrslur, hvorki frá Seðlabanka, Félagsvísindastofnun né Húsnæðisstofnun, til að skilgreina eðli þess vanda. Eðli vanda þess fólks sem á ekki fyrir útgjöldum. Þetta er satt best að segja harla sérkennilegt orðalag, að það skuli vera orðið innlegg í kjarasamninga á

Íslandi að skilgreina eðli vanda þess fólks sem ekki á fyrir útgjöldunum. Þjónar það nú einhverjum tilgangi í raun og veru að setja slíka texta á blað, ef mér leyfist að spyrja?

Þá vil ég aðeins nefna áhrif þessara útgjalda á ríkissjóð og vaxtamál og efnahagsmál eins og þau blasa við um þessar mundir. Við ræddum það hér nokkuð fyrir jólin ýmsir að staðan í þessum efnum væri síður en svo eins traust og hæstv. ríkisstjórn væri að reyna að gefa í skyn. Við vöruðum við því að vextir hlytu að fara hækkandi á næstunni ef ekkert yrði að gert og að staða ríkisfjármála og hins innlenda fjármagnsmarkaðar væri mjög ótrygg. Hvað hefur verið að koma á daginn, hæstv. forseti? Það sem m.a. hefur verið að koma á daginn er það að einir 4 milljarðar ríkispappíra eru nú í uppnámi eftir innlausn skuldabréfa og árangurslaus útboð ríkispappíra á síðustu vikum, einir 4 milljarðar. Nettókröfur Seðlabankans á ríkissjóð eru yfir 18 milljarðar um þessar mundir. Þeir langhæstu í sögunni. Á mannamáli þýðir það að Seðlabankinn er búinn að kaupa svo mikið af ríkisskuldabréfum og ríkisvíxlum að hann getur þar engu bætt við sig, hann er kominn á tapp. Í raun og veru vita það allir sem eitthvað vilja vita um ástandið á innlenda fjármagnsmarkaðnum að þar er hlutunum haldið gangandi annars vegar með handafli og hins vegar með seðlaprentun. Og flestir, innlendir sem erlendir sérfræðingar, sem eitthvað vita um innlenda lánamarkaðinn og vaxtastigið á Íslandi og/eða gengismál, segja: Annað tveggja er óumflýjanlegt á næstunni, a.m.k. ekki seinna en strax eftir kosningar, vaxtasprenging eða gengisfelling. Það verður að segja alveg eins og er að það er merkilegt hvernig hæstv. ríkisstjórn er að reyna að halda þessum hlutum niðri og hefur út af fyrir sig tekist það bærilega vegna þess að það verður ekki öðruvísi skilið en að þagnarsamsæri ríki í fjármagnsheiminum um þetta ástand.

Mér er til að mynda kunnugt um það að erlendir sérfræðingar sem hafa verið að fylgjast með íslenska peningamarkaðnum gefa sínum umbjóðendum aðvaranir af þessu tagi, að menn verði að búa sig undir það að ástandið í þessum efnum geti orðið mjög alvarlegt hér með vordögum strax eftir kosningar. Þetta ástand minnir mig á andrúmsloftið sem hér var skapað í aðdraganda kosninganna 1987. Þá var mönnum talin trú um það á Íslandi að það væri góðæri og það væri gott ástand og það væri allt í himnalagi í efnahagsmálum. Hver var staðan hálfu eða einu ári síðar? Einhver versta krísa sem gengið hefur yfir í íslenskum efnahags- og atvinnumálum, sem endaði með sprengingu ríkisstjórnar haustið 1988 þegar ríkisstjórn undir forustu Sjálfstfl. hafði gefist upp gagnvart því hrikalega ástandi í efnahagsmálum sem þá var orðið, aðeins 12–14 mánuðum eftir hið mikla góðæri sem átti að einkenna ástandið þegar kosið var vorið 1987, sem reyndist auðvitað falskt og tilbúið. Því miður er það svo að það eru mörg sömu sjúkdómsmerkin á ferðinni núna til að mynda í ríkisfjármálum og á innlenda fjármagnsmarkaðnum. Það verður auðvitað að ræða þessa hluti eins og þeir eru þó það séu að koma kosningar og það sé óþægilegt fyrir hæstv. fjmrh. að um þetta sé fjallað.

Vextirnir hafa verið að hækka á síðustu mánuðum jafnt og þétt og núna seljast ekkert nema skammtímapappírar af því að enginn vill binda fjármagnið nema í stuttan tíma af því að menn búast við breytingum, hækkun á vöxtum eða gengislækkun. Þetta eru auðvitað hlutir sem er óhjákvæmilegt að tala um. Það skyldi nú ekki vera að umfjöllunin um húsnæðismál væri jafnfátækleg og raun ber vitni vegna þess að enginn þorir að taka á því að fjármögnun húsnæðiskerfisins gekk ekki upp á síðasta ári. Húsnæðisstofnun seldi engin bréf eftir mitt ár og ríkissjóður varð að halda henni gangandi með því að taka lánin sjálfur og endurlána byggingarsjóðunum. Það er ekki annað að sjá en að sama ástand eigi að ríkja fram yfir kosningar. Svo á auðvitað að koma og uppgötva allt í einu mikla erfiðleika sem kalli á aðgerðir og niðurskurð og vaxtahækkun og alls konar hluti sem ekki eru nefndir á nafn fyrir kosningarnar.

Ég held að það sé ástæða til að vara við þessu svikalogni, þessu falska ástandi sem er verið að reyna að búa hér til til að geta kosið í anda og nafni einhverrar glansmyndar í efnahagsmálum sem því miður er ekki til. Atvinnuleysið hefur ekki haggast, ekki haggast, og það er ekki á það minnst í þessari yfirlýsingu. Þvert á móti er það þannig að erlendar stofnanir eru nú að spá miklu meira atvinnuleysi en íslenskar stofnanir og af hverju er það? Gæti það ekki verið m.a. vegna þess að þær eru ekki tilbúnar til að teygja sig jafnlangt á bjartsýnum forsendum eins og íslenskar stofnanir hafa gert í spám sínum upp á síðkastið af einhverjum ástæðum. Þar sem m.a. er spáð áframhaldandi metverðmætum úr loðnuvertíð og jafnmiklum verðmætum úr Smugunni og úr fleiri áttum, sem margir telja ástæðu til að hafa fyrirvara á.

Auðvitað þýðir ekki annað en að ræða um þessa hluti eins og þeir eru í tengslum við þessa mjög svo kostulega að mörgu leyti yfirlýsingu hæstv. ríkisstjórnar.

Að lokum vil ég taka einn þátt hér fyrir og það er verðtrygging lánsfjár og yfirlýsing ríkisstjórnar um í fyrsta lagi að breyta lánskjaravísitölunni og í öðru lagi að afnema hana í áföngum með einhverjum hætti án þess að það sé útskýrt nánar. Ég óska eftir því að ábyrgðaraðilar þessa máls, hæstv. fjmrh. eða hæstv. forsrh., tjái sig um þetta efni. Hvernig hyggjast menn standa að þessum breytingum og hvaða áhrif telur hæstv. fjmrh. að afnám eða breytingar á lánskjaravísitölunni séu líklegar til þess að hafa á næstu vikum og mánuðum? Mjög margir sérfræðingar óttast að þetta geti ýtt enn þá frekar undir spekúlasjónir og spákaupmennsku. Þetta geti haft frekari áhrif í þá átt að þrýsta upp vöxtum og burt séð frá mikilvægi þess að verja launamenn fyrir áhrifum af hækkaðri lánskjaravísitölu og ég geri ekki lítið úr, þá verða menn líka að horfa á hina hliðina og afleiðingar þess. Því hefur verið haldið fram, m.a., ef ég man rétt, af hæstv. forsrh., að það hafi verið sérlega ámælisvert af fyrri ríkisstjórn að fikta með lánskjaravísitöluna. Ég þykist muna það rétt

að einhvern tímann hafi hæstv. forsrh. látið slík orð falla. Það hafi ekki reynst auðvelt að telja útlendingum trú um að á þessu væri ekki byggjandi af því að fyrri ríkisstjórn hafi fiktað við lánskjaravísitöluna. Þær breytingar voru smávægilegar borið saman við þetta og vegna þess að hér er ekki bara talað um að breyta reiknigrundvellinum heldur líka afnema hann í áföngum ættu áhrifin að sama skapi að vera meiri.

[22:51]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. nefndi það að spár væru með einhverjum einkennilegum hætti eða gaf það til kynna. Ég las það þannig að hann væri að gefa til kynna að opinberar spástofnanir væru að þjónka einhverjum málstað. Þannig vill til að á öllu sl. ári voru spár hinna opinberu spástofnana of varfærnar hvað varðaði efnahagsbatann. Það varð að leiðrétta þær á þriggja mánaða fresti því þær voru alltaf of varfærnar. Þetta veit hv. þm. Það voru nokkrir aðilar hins vegar sem spáðu vitlaust og þar fór hv. þm. mjög framarlega í flokki. Í þessum löngu ræðum sínum, sem hann er frægur fyrir hér og víða um jarðir, spáði hann því í desember sl. að nú í janúar eða febrúar yrði hér vaxtasprenging. Því var lýst og talað fjálglega um þessa miklu innlausn spariskírteina sem var að verða og þá ógn sem af því stafaði og það yrði vaxtasprenging einmitt á þessum mánuðum. Það er hið þveröfuga að gerast. Það varð ekkert vandamál uppi þegar innlausn þessa skírteinaflokks varð. Þvert á móti þá styrktist staða Seðlabankans og viðtökur almennings sýndu að vaxtastigið er á afskaplega traustum grunni byggt. Og núna eftir þessa kjarasamninga þá lækka vextir enn og enn heldur hv. þm. áfram að spá. Reynslan af spádómi hv. þm. er nú ekki þannig að hann ætti að draga spádóm annarra í efa.

[22:52]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er nú ekki miklu nær eftir þetta stórkostlega, málefnalega og merkilega innlegg hæstv. forsrh., satt best að segja. Það sem ég var að fjalla um varðandi spár var til að mynda það misræmi sem er uppi núna í spám Alþjóðavinnumálastofnunar annars vegar og hins vegar Þjóðhagsstofnunar og fleiri aðila um áframhaldandi atvinnuleysi. Þar er bara uppi klárt misræmi sem er eðlilegt að spurt sé út í. Ég leyfi mér að halda því fram, já, ég leyfi mér að halda því fram til að mynda að forsendur þjóðhagsspár núna séu bjartsýnar, m.a. vegna þess að þær gera ráð fyrir fullum verðmætum út úr loðnuvertíðinni. Það mega allir vita sem eitthvað þekkja til þeirra mála. Og þó að ekkert komi annað til en það hvað loðnan byrjaði seint að veiðast og ýmislegt annað sem spilar inn í, m.a. þvergirðingsháttur stjórnvalda í sumum tilvikum, sem þvælast fyrir í sjálfsögðum hagræðingarmálum varðandi veiðar og vinnslu á loðnu, þá eru miklar efasemdir uppi um það, því miður, hjá öllum innan sjávarútvegsins og sem til þekkja, að þeir nái þeim verðmætum út úr loðnuvertíðinni sem út af fyrir sig markaðsaðstæður gæfu möguleika á vegna þess að við sitjum nokkurn veginn einir að mörkuðunum núna þar sem ekki er veidd loðna bæði í Noregi og Kanada og höfum þar af leiðandi möguleika á að ná þarna talsvert mikilli sölu. En því miður eru bara að verða mjög litlar líkur á því að við náum kvótanum og sérstaklega litlar líkur á því að á jafnskömmum tíma og er til stefnu náist að frysta það magn afurða sem þarf til að gefa okkur sambærileg verðmæti og metvertíðin á síðasta ári gerði. Algjör metvertíð þar sem verðmæti frystra loðnuafurða margfaldaðist og jókst um marga milljarða króna. Varðandi vaxtamálin þá þýðir ekkert fyrir hæstv. ríkisstjórn að láta svona, vextirnir hafa verið jafnt og þétt hækkandi. Þeir hafa verið það. Þó það hafi selst dálítið af skammtímapappírum núna, einfaldlega vegna þess að ýmsir fjárfestar ákveða að brúa bilið gegnum þessa óvissu kosninganna, þá segir það enga sögu um mat manna á langtímahorfum í þessum efnum og bæði innlendir og erlendir sérfræðingar viðurkenna að þar er mikil hætta á vaxtahækkun.

[22:54]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta sem hv. þm. nefndi gaf alls ekki tilefni til þess að draga þessar spár í efa vegna þess að þetta voru engin sannindi frá honum komin. Í þessum spám voru slegnir nákvæmlega þessir varnaglar sem hv. þm. nefndi varðandi Smuguveiðar og varðandi loðnu. Þannig að spárnar báru þetta með sér, þessir varnaglar voru slegnir. Hv. þm. þarf því ekkert að vera að draga þessar spár í efa með því að draga þessi mál fram, það gerðu spárnar sjálfar. En varðandi atvinnuleysið, af því að það var nefnt, þá gilti reyndar það sama um spár Þjóðhagsstofnunar um atvinnuleysi eins og um aðra þætti efnahagsmála. Þjóðhagsstofnun spáði hærra atvinnuleysi á öllu sl. ári heldur en varð. Það hefur gerst alla þessa mánuði að atvinnuleysi er nú minna en í sama mánuði á árinu á undan. Alla síðustu fimm, sex mánuði hefur þetta gerst. En þessir hv. þm. spáðu þessari vaxtasprengju og töluðu fjálglega og mikið. Þetta er allt saman skráð. Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson gerði það með miklum tilburðum. Hann var að vísu ekki með spjöldin eins og í gær, það er nýtt trikk hjá þingmanninum. Það hefði verið mjög áhrifaríkt að eiga þessi spjöld á mynd með öllum þeim spám. Það var glæsilegt hjá þingmanninum og það hefði verið gaman að eiga mynd af því, því allar reyndust þessar spár tóm vitleysa. Það hefði verið afskaplega ánægjulegt að sjá súlurnar hjá þingmanninum, þannig að þetta var ekkert nýtt. Spárnar sem sagt hafa ekki verið of bjartsýnar fram til þessa, þær eru varfærnar og við höfum verið varfærnir. Við höfum jafnan sagt að það væri rétt að fara að öllu með gát, en það þýðir heldur ekki að draga úr fólkinu kjark. Það er ábati í augsýn. Það verða allir varir við það. Það er þess vegna sem menn eru núna að semja um kaupmátt. Það er kannski það sem setur hv. þm. svona illilega út af laginu.

[22:57]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það sýnir sig jafnan að vera afar viðkvæmt þegar einhverjir dirfast að mótmæla leiksýningunni sem er að fara fram hjá hæstv. ríkisstjórn

um góðærið og hið himinborna ástand á öllum sviðum þjóðlífsins. Það sýnir sig að vera afar viðkvæmt ef einhver leyfir sér að koma í ræðustólinn og nefna t.d. orðið atvinnuleysi. Þá umhverfist hæstv. forsrh. jafnan, snúast alveg út á honum iðrin. Þetta er náttúrlega einfaldlega vegna þess að það passar ekki inn í myndina sem er verið að reyna að búa til, glansmyndina um hið góða ástand. Það er verið að reyna að telja þjóðinni trú um að það sé allt í lagi á Íslandi þó að það sé næstum 5% atvinnuleysi.

Varðandi forsendur fyrir þjóðhagsspá, hæstv. forseti, þá er það að vísu rétt að auðvitað nefna höfundar þjóðhagsspárinnar varðandi aflann í Smugunni að þar sé ekki á vísan að róa, að metverðmæti út úr loðnuvertíð séu ekki örugg. En þetta er reiknað inn í. (**Gripið fram í:** Samt miða þeir við hann.) Þetta er samt miðað við hann. Það er reiknað inn í þjóðhagsspána um framleiðslu og þjóðartekjur á þessu ári að þetta hvoru tveggja skili sér, alveg eins og það var lengi reiknað með álverinu, hæstv. forseti, sem aldrei kom, þegar menn voru orðnir svo gírugir í það mál að það var reiknað inn í þjóðhagsspár í tvígang og svo tekið út aftur.

Það sem liggur fyrir í þessu máli líka er það að alþjóðlegar stofnanir og alþjóðlegir sérfræðingar meta þetta öðruvísi en Íslendingar. Ég hafði engar getgátur uppi um neinar hvatir í því sambandi, hæstv. forseti, varðandi þessar stofnanir, en ég leyfði mér að segja að ég teldi þessar forsendur bjartsýnar. Hæstv. forsrh. verður bara ósköp einfaldlega að þola það að menn kunni að meta hlutina öðruvísi en þeir kjósa að gera, hæstv. ráðherrar, núna rétt fyrir kosningar. Og varðandi það að menn megi ekki tala kjark úr þjóðinni þá fagna ég sinnaskiptum hæstv. forsrh., sem magnaði hér upp kreppuna með svartagallsrausi sínu í næstum þrjú ár og talaði ekki um neitt við nokkurn mann nema fortíðarvanda, kreppu og samdrátt og niðursveiflu. Þetta er gjörbreyttur maður og ég fagna því. Skyldi það vera í einhverju samhengi við kosningarnar að hæstv. forsrh. hefur nú algjörlega snúið við blaðinu?

[22:59]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil í fyrsta lagi taka það fram að það hefur komið fram í fréttum af hálfu Þjóðhagsstofnunar að þær tölur sem Alþjóðavinnumálastofnunin miðar við eru gamlar og úreltar tölur og það hélt ég að hv. þm. vissi.

Í öðru lagi er nauðsynlegt að það sé rifjað upp nú, ekki síst vegna þess að það er gefinn kostur á því, að hér stóðu hv. þm. Alþb. fyrir jólin og sögðu: Nú verður vaxtasprenging og gengisfelling. Þetta voru þeirra orð fyrir jól, en hver er niðurstaðan? Niðurstaðan er sú að þessir kjarasamningar hafa orðið til þess að vextir hafa lækkað, um 20–40 punkta hafa vextir verið að lækka að undanförnu. Og það er rangt að það hafi gerst með Seðlabankann sem hv. þm. var að lýsa, því það hefur þvert á móti gerst á undanförnum dögum að Seðlabankinn hefur verið að losa sig við ríkisverðbréfin. Ég harma það að hv. þm. skuli ekki fylgjast betur með en hann gerir ef það á að taka mark á orðum hans hér í kvöld. (**ÓRG:** Hver er þá ...) Það er nefnilega þannig að í húsnæðismálunum (Gripið fram í.) — Ef hv. þm. getur setið á sér... Hvers konar ójafnvægi er þetta hjá fyrrv. ráðherra? — Hef ég orðið eða hann?

(**Forseti** (PJ)**:** Hæstv. ráðherra er í andsvari og er að svara hv. 4. þm. Norðurl. e.)

Það heyrist hér, virðulegi forseti, hvað hv. þm. á bágt með það að hlusta á sannleikann um sjálfan sig. Það er athyglisvert hvernig hv. þm. lætur þegar það er sagt hér að það var allt bull og vitleysa sem hann sagði í þessum málum fyrir jól. Og nú hefur það gerst að vextirnir hafa lækkað og það kemur þeim vel líka sem eru að byggja, það kemur mönnum vel sem standa í húsnæðismálum.

Og að lokum þetta: Það fyrirtæki sem metur lánshæfni Íslendinga, sem er Moody's Investor's Service, hefur sagt: Íslendingar hafa jafngóða lánshæfni og áður vegna þess og vegna aðgerða ríkisstjórnarinnar, af því að þeir hafa trú á aðgerðum ríkisstjórnarinnar. Og nú hefur það komið í ljós að samningarnir sem gerðir hafa verið eru þess eðlis að þeir eru forsenda áframhaldandi stöðugleika. Það er sorglegt að horfa upp á stjórnarandstæðinga eins og hv. þm. að hann getur ekki tekið því og tekur því svona illa þess vegna.

[23:01]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er nú enn þá sorglegra að horfa upp á hæstv. ráðherra umhverfast hér þegar menn leyfa sér að leggja öðruvísi mat á stöðuna að einhverju leyti heldur en þeir gera sjálfir. Það er bara ekki þannig, hæstv. forseti, að hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh. hafi einkarétt á því að meta stöðuna í efnahags- og atvinnumálum á Íslandi. Það er bara ekki svoleiðis. Sjálfstfl. ræður að minnsta kosti ekki skoðunum þess sem hér stendur varðandi það að það sé ekki gott ástand að hér gangi milli 6.000 og 7.000 manns atvinnulausir. Mér er alveg sama hvað hæstv. fjmrh., Friðrik Sophusson, tuðar mikið um kraftaverk sín í ríkisfjármálum, ég lít ekki á það sem gott ástand á Íslandi að milli 6.000 og 7.000 manns gangi atvinnulausir. Það þýðir ekkert að reyna að selja mér þá speki.

Varðandi það að Seðlabankinn hafi náð að selja svolítið af skammtímapappírum, það er rétt, en það er vegna þess, að mínu mati, að menn eru tilbúnir að festa fé tímabundið, geyma það í skammtímapappírum. Vegna óvissunnar þá hentar það mönnum að kaupa þriggja mánaða ríkisvíxla. Það getur vel verið að það hafi gengið þokkalega hjá bankanum að koma fé yfir í þá eins og að það gekk að koma hluta af innlausninni út með því að bjóða sérstök innlausnarkjör með vaxtahækkun. Miðað við þá markaðsvexti sem menn sögðu ríkja hérna fyrir jólin þá urðu menn að fara út í það að bjóða vaxtahækkun í formi innlausnarkjara. Þannig að ég held að árangurinn sé ekki merkilegur, hæstv. fjmrh. Og minnumst þess að síðan við áttum hér orðaskipti um þessa hluti um miðjan desember þá hækkuðu vextirnir jafnt og þétt fram í miðjan febrúar. Þó að það vilji svo til að hæstv. fjmrh. geti bent á einhverja dagsveiflu í gær eða í fyrradag þá er

ég ekki búinn að sjá það sem sönnun þess að það sé að verða eitthvert varanlegt brot í þessari kúrfu sem hefur verið jafnt og þétt upp á við frá því fyrri hluta sl. árs. Vextir hafa verið jafnt og þétt hækkandi á Íslandi frá því í febrúar, mars, apríl á árinu 1994, þangað til þá í gær eða í fyrradag, ef það er það sem hæstv. fjmrh. er að státa af hér.

[23:03]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það sem við erum að vekja athygli á, ráðherrarnir, er það hversu ómerkilegur og hættulegur þessi málflutningur er sem stundaður er af hv. þm. Alþb., að koma í ræðustól, þykjast búa yfir upplýsingum og hreinlega ljúga að þjóðinni. Hvers vegna er þetta gert? Þetta er gert til þess að skapa tortryggni. Það var talað um vaxtahækkanir og gengislækkanir. Það hefur alltaf legið fyrir að vextir mundu hækka og lækka hér samsvarandi og gerist í öðrum löndum. Það gerðist frá desember til febrúar. Það vita allir. En það sem ég var að segja var það að vextir hafa lækkað á undanförnum dögum vegna þess að kjarasamningarnir voru gerðir, án þess að nokkur vaxtabreyting hafi verið í útlöndum. Þetta verður hv. þm. að viðurkenna. Ég get bætt því við að það var meira að segja gengishækkun fyrir skömmu, ekki mikil en þó var gengishækkun íslensku krónunnar. Það þýðir ekki að koma fram aftur og aftur með slíkar hrakspár eins og þeir hafa gert nema þeir annaðhvort vilji vera menn sem ekki er hægt að taka mark á eða að þeir eru að reyna að koma þeim óróa á með öllum sínum ráðum til þess að geta komið í veg fyrir það að samningar gengju eftir, til þess að koma í veg fyrir það að hér ríki stöðugleiki, til þess að reyna að koma á upplausn í þjóðfélaginu og það er alvarlegt þegar slíkt gerist. Það hlýtur að vera í okkar verkahring nú þegar það kemur í ljós að þeir hafa haft rangt fyrir sér þegar við skoðum þetta mál nú, tveimur mánuðum síðar, að vekja athygli á þessum ómerkilega málflutningi hv. þm. Alþb.

[23:05]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það var aldeilis að mér hefur tekist að koma við taugina í hæstv. fjmrh. Það er meiri óskaplegi æsingurinn. Ætli það geti ekki bara verið að ég hafi hitt nagla á höfuðið. Komið einhvers staðar við viðkvæman eða veikan blett. Þessi dagfarsprúði maður, hæstv. fjmrh., er ekki vanur því að umturnast svona út af smámunum. Ég leyfi mér að láta mér detta það í hug, hæstv. fjmrh., að þetta sé greinilega eitthvað mjög viðkvæmt mál. Varðandi það, hæstv. forseti, að það megi ekki ræða hér um efnahagsmál og hafa á þeim að einhverju leyti annað mat og aðra skoðun en hæstv. fjmrh. þá sé það bara niðurrifsstarfsemi og skemmdarstarfsemi og menn séu að ljúga o.s.frv., þá hafna ég slíkum málflutningi. Fyrsti maðurinn til að taka sér slík orð í munn í umræðunni er hæstv. fjmrh. Ég viðhafði ekki slík orð, en ég leyfði mér að vera hér með gagnrýnið mat á stöðunni og vara við því sem gæti verið fram undan og ég er ekki einn um það, hæstv. fjmrh. Það kann að vera að fáir sérfræðingar í efnahagsmálum séu tilbúnir að ganga fram undir nafni á Íslandi einmitt þessa dagana, en ég hef rætt við þá marga sem hafa deilt með mér skoðunum um að það væri ástæða til að hafa áhyggjur af ýmsum þáttum þessa máls.

Ég segi bara þetta: Ef það er hér kallað ómerkilegt að leyfa sér að ræða um efnahagsmál út frá öðrum forsendum heldur en hæstv. fjmrh., má þá ekki eins kalla það ómerkilegt ef menn eru að búa til glansmynd sem ekki eru innistæður fyrir og ætlunin er að birta þjóðinni eftir kosningar? Við skulum þá bara bíða og sjá til þegar kemur fram á mitt næsta ár og ræða þá saman að nýju, hæstv. fjmrh. Vonandi verðum við báðir hér í hvaða hlutverkum sem við verðum.

[23:07]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Það væri nú æskilegt að hafa hæstv. forsrh. í salnum og ég get lofað honum því að ég skal sýna honum myndir ef það er honum frekar til ánægju við að vera í salnum að fá að horfa á þær.

En áður en ég kem að efni ræðu minnar þá vil ég segja eftirfarandi við hæstv. fjmrh.: Ég skora á hæstv. fjmrh. að leggja hér fram áður en þessari umræðu lýkur í fyrsta lagi tölur um það hver er kröfustaða Seðlabankans á ríkissjóð núna.

Í öðru lagi: Hver er staða gjaldeyrisvarasjóðsins núna?

Í þriðja lagi: Hvað um erlenda lánið sem fjmrh. og ríkissjóður í samvinnu við Seðlabankann tóku fyrir skömmu til að bjarga gjaldeyrisvarasjóðnum? Hvað var það hátt, hæstv. ráðherra? Hvenær áætlar hæstv. ráðherra að lánið verði búið? Er það eftir fjórar vikur, sex vikur, átta vikur?

Í fjórða lagi: Hvað ætlar hæstv. ráðherra að gera þá? Ætlar hann að taka nýtt erlent lán?

Málið er nefnilega það að þessu ástandi hefur verið haldið uppi af hálfu ríkissjóðs undanfarnar vikur með erlendri lántöku, hæstv. fjmrh. Á sama tíma og forsrh. kemur í gærkvöldi og hælir sér af því að nú sé þjóðin að borga niður erlendar skuldir þá er fjmrh. önnum kafinn við að taka erlend lán sem endast ekki nema í nokkrar vikur þar til þarf að taka nýtt.

Ég skora í fimmta lagi á hæstv. fjmrh. að svara því hér og nú: Hvað telur hann að ríkissjóður komist lengi af á næstunni án þess að taka nýtt erlent lán? Ég vil fá skýr svör hjá hæstv. fjmrh.: Hve lengi, mælt í vikum, alla vega í mánuðum, telur hæstv. fjmrh. að ríkissjóður komist af án þess að taka erlend lán?

Fyrr en hæstv. fjmrh. hefur svarað þessum spurningum í ræðustólnum ætti hann ekki að hafa hátt um það að menn séu að draga upp einhverja dökka mynd. Fjmrh. sem telur sig hafa efni á því að tala eins og hæstv. fjmrh. gerði áðan leggur fram þessar tölur sem ég hef beðið um og leggur þær fram í umræðunni í kvöld. Ef fjmrh. er ekki nærri töskunni þá hefur hann einfaldlega ekki unnið heimavinnuna sína. Ég fer formlega fram á það að þessar upplýsingar verði lagðar fram áður en umræðunni lýkur.

Það væri reyndar gagnlegt fyrir fjmrh. að leggja líka fram tölur um það hvað erlendar lántökur ríkissjóðs

hafa aukist mikið í tíð þessarar ríkisstjórnar. Hvað hefur ríkisstjórn Davíðs Oddssonar aukið mikið erlendar lántökur ríkisins? Það er auðvitað ekki þakkarvert þó að Jóhann frændi hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar fari á Smuguveiðar og dragi einhverja meiri peninga í þjóðarbúið eða loðnan sé sérstaklega gjöful og menn geti þess vegna fagnað meiri gjaldeyristekjum ef forsrh. og fjmrh. eru svo önnum kafnir út um allar heimsins trissur við að taka erlend lán. Hæstv. fjmrh. og hæstv. forsrh. sögðu í haust og fyrir áramót að þessi ríkisstjórn ætlaði ekki að gefa út kosningavíxla. Það var boðskapurinn í fjárlagafrv. hæstv. fjmrh. Friðriks Sophussonar fyrir hönd ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar. Það mundu menn nú sjá að það yrði mikill munur á viðskilnaði núv. ríkisstjórnar og þeirrar síðustu. Það yrði ekki gefinn út neinn kosningavíxill. Enginn kosningavíxill. — En, hæstv. fjmrh., það eru á borðunum frumvörp sem ríkisstjórnin vill afgreiða fyrir þinglok upp á 5–6 milljarða í kosningavíxlum.

Í öðru lagi hefur hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh. hvað eftir annað sagt það að núv. ríkisstjórn mundi ekki skilja við stöðu ríkissjóðs gagnvart Seðlabankanum eins og gert var í tíð síðustu ríkisstjórnar. Þetta tvennt, engir kosningavíxlar og ekki jafnslæm staða gagnvart Seðlabankanum eins og vorið 1991, hefur verið höfuðþátturinn í boðskap þessara tveggja hæstv. ráðherra. Hverjar eru staðreyndirnar? Staðreyndirnar eru forgangsafgreiðsla í þinginu um kosningavíxla upp á 5–6 milljarða, þar af 3–4 vegna kjarasamninganna, hitt í nýjum samningum við sveitarfélögin vegna frárennslismála þar sem á síðustu dögum þingsins kemur fram stjfrv. upp á 2 milljarða hjá ríkissjóði á næstu árum án þess að nokkuð liggi fyrir um það hvernig eigi að fjármagna það. Það er kannski von á fleiri frv. í salinn, hæstv. fjmrh.?

Þessi upphæð sem nú er gefin út í kosningavíxlum á síðustu dögum þingsins er álíka og skattatilfærslan til atvinnulífsins í landinu á kjörtímabilinu. Næstu ríkisstjórn er sem sagt ætlað að skaffa fjármagn af álíkri stærðargráðu.

Ég hef sagt það oft í þessum ræðustól að staða í kröfugerð Seðlabankans á ríkissjóð vorið 1991 og áramótin 1990–1991 var ekki viðunandi. Það hefur ekki verið neinn ágreiningur um það milli mín og hæstv. núv. fjmrh. og forsrh. Þeir hafa hins vegar haft um það mjög stór orð og talið það vera mælikvarðann um hina gífurlegu óstjórn og þær neyðarráðstafanir sem ríkisstjórn Davíðs Oddssonar varð að grípa til bæði í vaxtamálum, skattamálum og öðrum málum þegar hún tók við. Ég birti í gærkvöldi — og hæstv. forsrh. var eitthvað að kveinka sér undan því að það hefði verið sýnt í þingsalnum þannig að það er best að ég sýni honum það aftur og vonandi hefur hann sig inn í þingsalinn til að kíkja á það — nettókröfur Seðlabankans á ríkissjóð og ríkisstofnanir. Þær voru í janúar 1995 yfir 18 milljarðar en voru í desember 1991 rúmir 8 milljarðar. Þær eru rúmlega 100% hærri.

Nú má vel vera að þessir 18 milljarðar hafi eitthvað hreyfst til á allra síðustu vikum, um kannski 1, 2, eða 3 milljarða, eitthvað svoleiðis. Það má vel vera og fjmrh. leggur þá fram þær tölur. En, hæstv. fjmrh., þó þær hafi farið niður í 16, þó þær hafi farið niður í 15, þó þær hafi farið niður í 14, þó þær hafi farið niður í 13, þó þær færu niður í 8 þá er það hrikaleg staða, hæstv. ráðherra. Ég veit að hæstv. fjmrh. veit það. Ég er hins vegar ekkert viss um að hæstv. forsrh. geri sér neina sérstaka rellu út af þessari tölu.

Hvernig ætlar ríkisstjórnin að rétta þessa stöðu við? Hvernig ætlar ríkisstjórnin á næstu vikum og mánuðum að gera hvort tveggja: Annars vegar að leggja drög að því að kosningavíxillinn sem gefinn var út í kjarasamningunum verði greiddur og síðan að ná þessari hrikalegu stöðu gagnvart Seðlabankanum niður í það sem er viðunandi í sæmilega heilbrigðu hagkerfi? Eða ætlar ríkisstjórnin virkilega að láta kröfur Seðlabankans á ríkissjóð vera dinglandi á bilinu 10, 12 og upp í 18 milljarða á næstu mánuðum?

Staðreyndin er sú að þessi viðskilnaður ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar er hrikalegur og ábyrgðarleysið alveg yfirgengilegt. Maður hefði kannski haldið að ríkisstjórn sem horfði á þessar tölur, stöðuna gagnvart Seðlabankanum væri ekki að gefa út kosningavíxla upp á marga milljarða án þess að segja hvernig ætti að greiða þá, en það er ekki gert. Það er bara gefið á garðann, 3, 4 milljarðar í kjarasamningunum, 2 milljarðar gagnvart sveitarfélögunum. Bara gjörið svo vel, kæru vinir.

Við vorum á fundi í umhvn. fyrr á þessum sólarhring um kvöldmatarleytið og það lá við að formaður Sambands ísl. sveitarfélaga félli fram og tilbæði ríkisstjórnina í þakklæti fyrir þetta óvænta örlæti sem ríkisstjórnin sýndi varðandi þessa 2 milljarða. Þeir áttu varla til orð, hjá Sambandi ísl. sveitarfélaga, fyrir þetta mikla örlæti — óvænt var orðið sem þeir notuðu. Þeir fögnuðu þessu óvænta örlæti ríkisstjórnarinnar.

Síðan bætist í þetta safn erlendu lántökurnar sem ég vænti að hæstv. fjmrh. upplýsi á eftir, Þær hafa þróast þannig, sem hlutfall af vergri landsframleiðslu, að 1991, á þessu voðalega ári, — hvar er hæstv. forsrh.? — Þetta eru kannski svona miklar hryllingsmyndir að hæstv. forsrh. hefur sig ekki í það að sjá þær. Ég get vel skilið það, kannski fer hæstv. forsrh. að dreyma þessi súlurit á nóttunni. Þessi mynd sýnir það að 1991, sem hefur verið svona hryllingsárið mikla í málflutningi þessara tveggja hæstv. ráðherra, voru erlendar skuldir ríkissjóðs rúmlega 15% af landsframleiðslu. Núna eru þær að verða 30% af landsframleiðslu. 18 milljarða kröfugerð Seðlabankans á ríkissjóð og tæplega 30% hlutfall erlendra skulda ríkissjóðs af landsframleiðslu. Hvílíkur viðskilnaður, hæstv. fjmrh.

Ég veit að vísu að hæstv. fjmrh. á kannski við svipaðan vanda að etja og ég átti á síðustu mánuðum síðustu ríkisstjórnar, að hafa í embætti forsrh. sem er orðinn ansi vaxtafælinn. Ég veit eiginlega ekki hvað er í andrúmsloftinu í gamla hvíta húsinu í Lækjargötunni sem gerir það að verkum, og ekki hefur það batnað eftir lýsinguna, að vextir verða greinilega eitthvað voðalegt mál hjá hæstv. forsrh. Auðvitað er það þannig, hæstv. fjmrh., að af pólitískum ástæðum hefur fjmrh. ekki haft svigrúm til að glíma við þennan

vanda. Ég hef ekki trú á því að hæstv. fjmrh. Friðrik Sophusson vilji endilega taka öll þessi erlendu lán. Ég hef enga trú á því að hæstv. fjmrh. Friðrik Sophusson vilji láta stöðuna gagnvart Seðlabankanum vera í 18 milljörðum. Ég hef bara ekki nokkra trú á því. Ég hef heldur enga trú á því að hæstv. fjmrh. vilji láta heildarskuldasöfnun hins opinbera vera komna yfir 30% af landsframleiðslu. En engu að síður eru þetta staðreyndirnar, hæstv. fjmrh.

Við höfðum einu sinni borgarstjóra í Reykjavík. Hann var mjög athafnamikill og flott í sér. Hann byggði ráðhús og hann byggði Perlu og hann var mjög vinsæll. En hann hafði hins vegar vit á því að yfirgefa borgarstjórastólinn áður en það kom í ljós að þetta var byggt á sandi og það féll síðan í skaut tveggja arftaka hans, Markúsar Arnar Antonssonar og Árna Sigfússonar, að taka skellinn og tapa Reykjavík vegna skuldastöðunnar. Þannig að orðstírinn um hina góðu fjármálastjórn Sjálfstfl. féll en það var ekki núv. forsrh., fyrrv. borgarstjóri, sem tók fallið heldur fyrrv. útvarpsstjóri og fyrrv. framkvæmdastjóri, núv. framkvæmdastjóri Stjórnunarfélagsins, Árni Sigfússon. Þeir tóku skellinn. Nú blasir það við að viðskilnaðurinn í ríkisfjármálunum er hlutfallslega enn verri en viðskilnaðurinn hjá Reykjavíkurborg og hann er miklu verri en sá viðskilnaður sem menn hafa verið að gera mikið úr vorið 1991 eins og þær tölur sýna sem ég hef reitt hér fram. Menn sjá bara samanburðarhlutfallið á stöðunni gagnvart Seðlabankanum, samanburðarhlutfallið á erlendri skuldastöðu ríkisins, samanburðarhlutfallið á heildarskuldum hins opinbera. Allt þetta blasir við.

Þá kemur ríkisstjórnin og leggur fram tilboð í kjarasamningum án þess að hafa myndugleik til þess að sýna hvernig eigi að greiða það. Hefði ríkisstjórnin lagt fram á Alþingi frv. um það hvernig ætti að standa undir þessum kostnaði þá væri virkilega hægt að segja að ríkisstjórnin hefði tekið þátt í því að greiða úr þessum vanda en það var ekki gert. Meira að segja hæstv. forsrh. er á slíkum flótta í þessari umræðu að hann reynir að koma sér undan því að viðurkenna í sjónvarpsviðtölum hvað víxillinn er hár. Hann reynir að halda sig við að það séu 1.850 millj. á ársgrundvelli, eins og hæstv. ráðherra sagði í viðtali við Stöð 2. Það er eins og hæstv. ráðherra vilji ekki einu sinni viðurkenna það að forstjóri Þjóðhagsstofnunar, sem er þó hans undirmaður, segir í greinargerð og álitsgerð um þessar aðgerðir að það sé alla vega 3 milljarða vöntun vegna þessa loforðs sem verði að standa skil á. Forstjóri Þjóðhagsstofnunar segir orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Halli ríkissjóðs af þessum völdum er áhyggjuefni og framhaldið byggist nokkuð á því hvernig tekst að mæta þessum auknu útgjöldum og minni tekjum með aðgerðum til að koma hallanum aftur niður á það stig sem menn höfðu reiknað með á næstu árum."

Hvað er forstjóri Þjóðhagsstofnunar að segja hér? Hann er að segja á kurteislegan hátt að það plan um bætur á ríkisfjármálum sem hæstv. fjmrh. kynnti í haust og forsrh. var að hæla honum fyrir í ræðunni í gær sé hrunið og nú verði það verkefni nýrrar ríkisstjórnar að glíma við a.m.k. 3 milljarða, jafnvel 4 milljarða kr. vanda til þess að koma því aftur niður á það stig sem menn höfðu þó búist við. En forstjóri Þjóðhagsstofnunar segir meira, hæstv. forsrh. Hann segir orðrétt:

„Veikleikinn í þessu er sá að hallinn á ríkissjóði er meiri en viðunandi er þegar til lengri tíma er litið." — Veikleikinn er sá að hallinn á ríkissjóði er meiri en viðunandi er þegar til lengri tíma er litið. Jafnvel hinn kurteisi og fágaði forstjóri Þjóðhagsstofnunar, sem veit ósköp vel að hann er með hinn harða húsbónda, forsrh., yfir sér, telur óhjákvæmilegt að láta þessi orð falla um þann kosningavíxil sem núv. ríkisstjórn hefur gefið út.

Það er þess vegna alveg ljóst að það verður eitt af fyrstu verkum nýrrar ríkisstjórnar að setja stoðirnar undir þá kjarasamninga sem skrifað hefur verið undir vegna þess að það eru engar stoðir undir yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Það er bara loft. Það er bara innantómt loft undir þessum loforðum ríkisstjórnarinnar. Hér verður gengið til kosninga án þess að Sjálfstfl., svo maður minnist ekki á Alþfl., segi orð um það hvernig á að setja stoðir undir kjarasamningana hvað þetta snertir. Það verður í fjárlögum næsta árs og í aðgerðum nýrrar ríkisstjórnar í ríkisfjármálum sem það mun ráðast hverjir munu eiga að borga þennan víxil. Skattastefna ríkisstjórnarinnar liggur fyrir. Hún hefur birst á fjórum árum. Samkvæmt henni, eins og ég rakti hér í gær, er það lágtekjufólkið, námsmennirnir og sjúklingarnir sem borga. Eða með öðrum orðum þeir sem sagt er að kjarasamningarnir eru gerðir fyrir. Það sýnir óheilindin að Sjálfstfl. og Alþfl. leggja ekki í það að sýna á þau spil hverjir eiga að borga þennan höfuðvíxil kjarasamninganna.

Virðulegi forseti. Hæstv. forsrh. hefur aldrei lagt í það að koma inn í salinn undir þessari ræðu. Hæstv. fjmrh. er flúinn af hólmi. Það er í samræmi við það sem Bretar segja stundum að menn lýsa stöðunni með fótunum en ekki heilanum og brotthvarf þeirra af vettvangi er táknrænt fyrir það brotthvarf sem mun við þeim blasa að morgni 9. apríl.

Útbýting þingskjals:

Áhafnir íslenskra kaupskipa, 317. mál, nál. samgn., þskj. 801.

[23:28]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það er von að mönnum verði nokkuð tíðrætt um efnahagsráðstafanir ríkisstjórnarinnar í tengslum við kjarasamninga og noti tækifærið undir þessum dagskrárlið til að fjalla um málið vítt og breitt í tengslum við þau frv. sem hér hafa verið lögð fram.

Eins og hefur komið fram er nokkuð af þeim atriðum sem eru í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar hlutir sem hafa sést áður og efasemdir eru uppi um að eðlilegt sé að reikna það til tekna að þessu sinni og einnig má efast um þann framgang sem látið er í skína í yfirlýsingunni.

Ég vil þó fyrst víkja að einstökum efnisgreinum frv.

og nefni fyrst það sem er að finna í 1. gr. frv., ákvæði um að ekki skuli lengur teljast til skatthlunninda hjá starfsmanni í fyrirtæki sem skattskyldar tekjur ef vinnuveitandi rekur hópferðabifreið og notar hana til að flytja starfsmenn til og frá vinnu. Þetta er svo sjálfsögð breyting að gera í ljósi þeirrar framkvæmdar á lögunum eins og hún hefur birst mönnum að undanförnu að það á varla að þurfa að hafa um það nokkur orð og enn síður ætti verkalýðshreyfingin að þurfa að beita sér í kjarasamningum til að fá þessari löggjöf breytt þannig að um eðlilega framkvæmd sé að ræða.

Það var mörgum undrunarefni að komast að raun um að svo skyldi með farið að starfsmönnum yrði reiknað það sem hlunnindi ef vinnuveitandi annaðist það að keyra þá til og frá vinnu, ekki hvað síst í ljósi þess að engin önnur ríkisstjórn hefur haft uppi eins miklar yfirlýsingar um hagræðingaraðgerðir í atvinnulífinu yfir einstök atvinnusvæði og beitt sér fyrir því, að eigin sögn a.m.k., að atvinnusvæði yrðu stækkuð. Má þar minnast á margfræga herferð um sameiningu sveitarfélaga sem átti að skila íbúum margvíslegu hagræði og ábata. En eitt af því sem menn ráku sig á í framhaldi af því máli voru einmitt hlutir af þessu tagi, að starfsmenn sem höfðu áður unnið í sínu byggðarlagi en þurftu af einhverjum ástæðum að fara að sækja vinnu í önnur byggðarlög, dæmi um ástæður var t.d. gjaldþrot atvinnufyrirtækis, þeir ráku sig á það að mönnum var gert að greiða skatt, mönnum voru reiknuð hlunnindi af þessum akstri.

Það er þvílíkur fáránleiki að halda þessari framkvæmd áfram eftir að á það hefur verið bent að maður hefði varla trúað því að nokkur ríkisstjórn væri svo lánlaus að breyta ekki þegar í stað lögum til samræmis við eigin yfirlýsingar um stefnu í atvinnumálum. En þessari ríkisstjórn lánaðist ekki að breyta í samræmi við eigin orð og stefnu og því þurfti atbeina verkalýðshreyfingarinnar til til þess að ná nauðsynlegum lagfæringum á lögunum um tekju- og eignarskatt hvað þetta atriði varðar.

Ég reikna með því að ekki verði af hálfu þingmanna nein fyrirstaða við svo sjálfsagðri breytingu en fyrst og fremst er þessi 1. grein háðung á ríkisstjórnina, hún gerir sjálfa sig að aðhlátursefni með því að tilkynna formlega að það hafi þurft atbeina verkalýðshreyfingarinnar til svo einfaldrar og sjálfsagðrar breytingar.

Hin efnisbreytingin í frv. um frádráttarbærni iðgjalda er afar merkileg, ekki hvað síst í ljósi þess að um síðustu áramót var ekki annað að skilja á hæstv. ríkisstjórn en búið væri að afnema tvísköttun lífeyrisgreiðslna með sérstöku lagaákvæði sem þá var lögfest. En í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá því í desember sl. segir um þetta atriði undir fyrirsögninni „Afnám tvísköttunar lífeyrisgreiðslna", með leyfi forseta:

„Við gildistöku staðgreiðslukerfisins árið 1988 voru allir frádráttarliðir sem giltu í eldra tekjuskattskerfinu felldir niður. Einn þessara frádráttarliða var iðgjaldagreiðsla launafólks í lífeyrissjóð. Það var frá upphafi ljóst að þar sem greiðslur úr lífeyrissjóðum eru jafnframt skattlagðar fólst í þessu ákveðin tvísköttun. Ríkisstjórnin hefur ákveðið að leggja fram frv. á yfirstandandi þingi til að koma í veg fyrir þessa tvísköttun. Til að tryggja að þessi ákvörðun komi lífeyrisþegum strax til góða verður jafngildi lífeyrisframlags þeirra, eða sem nemur 15% af útborguðum lífeyri, undanþegið skatti þegar á næsta ári."

Það kom ekki fram í ræðu hæstv. ráðherra um hvernig yrði með þetta lagaákvæði farið sem kom inn fyrir síðustu jól. Það er því ljóst að það þarf að athuga þetta betur. Hitt vil ég segja um efnið sjálft að það er í samræmi við þær tillögur sem sést hafa frá okkur um þetta efni, að eðlilegt væri að afnema tvísköttun lífeyrisgreiðslna með þeim hætti að inngreiðslurnar væru sérstaklega frádráttarbærar frá skatti fremur en leggja áherslu á skattfrelsi útgreiðslna umfram það sem felst í almennum persónuafslætti.

Þá er enn fremur að finna í 3. gr. frv., fyrir utan það sem ég hef rakið um iðgjöld í lífeyrissjóð, ákvæði um að heimilt er að færa til gjalda tapað hlutafé í félögum sem hafa orðið gjaldþrota. Nú er það svo að í gildandi lögum er ákvæði um þetta efni þó svo það virðist vera nokkuð þrengra en þetta og væri fróðlegt að fá upplýsingar frá hæstv. fjmrh. um það hversu mikið hann áætlar að þessi breyting kosti ríkissjóð á ári. Í núgildandi lögum um tekju- og eignarskatt er kveðið á um það í 4. tölulið að heimilt sé að draga frá sem rekstrarkostnað sannarlega tapað hlutafé þegar aðili sem því tapar hefur eignast það á þann hátt að hann hefur tekið hlutabréf sem gjald fyrir viðskiptakröfur vegna greiðsluerfiðleika hlutafélagsins sem í hlut á.

Í frv. sem hér er til umræðu er bætt við eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Sannanlega tapað hlutafé í félögum sem orðið hafa gjaldþrota. Sama gildir um hlutafé sem tapast hefur vegna þess að það hefur verið fært niður í kjölfar nauðasamninga samkvæmt lögum nr. 21/1991."

Það er ljóst að hér er um að ræða rýmkun frá gildandi lagaákvæði en mér er ekki ljóst hversu mikil sú rýmkun er. Það kom ekki fram svo ég heyrði í ræðu ráðherra hversu mikið hann mæti þessari rýmkun í fjárhæðum fyrir ríkissjóð. En fróðlegt væri að fá mat á kostnaði vegna þeirra breytinga.

Virðulegur forseti. Það er rétt að staldra aðeins við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar sem er grundvöllurinn að þessum lagafrv. ásamt nýgerðum kjarasamningum. Það fór eins og mig grunaði þegar við vorum að ræða fjárlagafrv. á sl. hausti og sáum þar að ríkisstjórnin gerði ráð fyrir að afnema eingreiðslur í almanna- og atvinnuleysistryggingum að verkalýðshreyfingin yrði að taka það mál upp og knýja ríkisstjórnina til þess að láta af þeim áformum.

Við alþýðubandalagsmenn og ég hygg stjórnarandstaðan öll gagnrýndum þessi áform harðlega enda verður að segja að þetta var óvenju ósvífin tillaga og reyndar síðar samþykkt af hálfu stjórnarflokkanna að aftengja bótakerfið, tryggingabætur og atvinnuleysisbætur þeim eðlilegu hækkunum sem laun taka í kjölfar kjarasamninga. Það segir sína sögu um stefnu þessara tveggja flokka gagnvart þeim launþegum sem einna minnst hafa úr að spila að í fjárlögum ársins eru þeir

sérstakur markhópur þar sem ríkisstjórnarflokkarnir ætluðu sér að sækja drjúgar fjárhæðir og spara ríkissjóði þær.

Það hlaut að leiða að því að í næstu kjarasamningum á eftir afgreiðslu fjárlaga hlyti verkalýðshreyfingin að taka þetta mál upp og setja það á oddinn í sinni kröfugerð, að sveigja ríkisstjórnina til hins fyrra horfs hvað þetta varðar. Eins og sjá má í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 20. febr. er ljóst að ríkisstjórnarflokkarnir hafa orðið að láta undan þrýstingi verkalýðshreyfingarinnar og taka upp á nýjan leik þær eingreiðslur sem verið hafa í almanna- og atvinnuleysistryggingunum. Það er mjög þýðingarmikið að brjóta á bak aftur þessa atlögu að velferðarkerfi þjóðarinnar því hér er vissulega um að ræða einn af þeim grundvallarþáttum sem einkennir íslenskt velferðarkerfi, það eru þær bætur sem ætlaðar eru þeim sem minnst hafa. Það er hins vegar óvenju skýr, pólitísk yfirlýsing af hálfu ríkisstjórnarflokkanna að nákvæmlega þessar bætur skulu vera sérstakt keppikefli þeirra að fá út af borðinu og segir öllum svo ekki verður um villst hverjar pólitískar áherslur eru hjá þessum tveimur hægri flokkum um þessar mundir. Þetta verður geymt en ekki gleymt og ég veit að félagsmenn í verkalýðshreyfingunni munu muna ríkisstjórnarflokkunum þessi áform á næstu vikum.

Þá vil ég víkja að þeim þætti yfirlýsingarinnar sem lýtur að húsnæðismálum. Mér er það nokkurt undrunarefni að í þessari yfirlýsingu skuli vera að finna atriði úr stjórnarfrv. ríkisstjórnarinnar um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins og þau atriði talin fram sem yfirlýsing ríkisstjórnarinnar og framlag til lausnar kjarasamningum. Þar á ég við að áform um að lækka afskriftir í félagslega kerfinu úr 1,5% í 1%. Ég get ómögulega fengið það heim og saman að slík áform í enduðum febrúar geti verið framlag ríkisstjórnarinnar til lausnar kjarasamningum þegar tveimur mánuðum áður, eða um síðustu jól, er lagt fram stjfrv. með þessu ákvæði í. Það lá þannig fyrir tveimur mánuðum áður en þessi yfirlýsing er gefin að stjórnarflokkarnir hefðu náð saman um að breyta þessu ákvæði laganna um Húsnæðisstofnun ríkisins. Það vefst því fyrir mér eins og vafalaust fleirum að átta mig á því hvernig þetta atriði geti verið reiknað til tekna eða sem framlag ríkisstjórnarinnar í þessu máli.

Enn fremur hef ég efasemdir um að önnur atriði í þessari yfirlýsingu hvað varðar húsnæðismál séu svo efnismikil sem ætla má við fyrstu sýn.

Annað atriði sem ég vil nefna er það sem kemur fram í ellefta punkti yfirlýsingarinnar að verkalýðshreyfingin eigi áfram að eiga fulltrúa í húsnæðisnefndum sveitarfélaga. Þetta er út af fyrir sig ekki nýtt. Okkur var kynnt það fyrir nokkru að því ákvæði stjfrv. til breytinga á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins sem gerir ráð fyrir því að fulltrúar verkalýðsfélagsins verði settir út fyrir yrði breytt og að fyrirkomulagið yrði óbreytt frá því sem verið hefur.

Nú kemur hins vegar í ljós að það stenst ekki alveg heldur er gert ráð fyrir að ganga á rétt verkalýðsfélaga til þátttöku í húsnæðisnefndum. Í drögum að texta sem við höfum séð í félmn. kemur fram að gert er ráð fyrir því að sveitarfélög geti fækkað í húsnæðisnefndum frá því sem nú er allt niður í þrjá og fækkað þá fulltrúum verkalýðshreyfingarinnar úr tveimur og í einn. Það er þess vegna óvíst að staðið verði við það að fullu að hætta við að setja verkalýðshreyfinguna út fyrir í þessum nefndum og þarf að knýja á um það að fá ríkisstjórnina til að standa við gefin fyrirheit hvað þetta varðar. Auðvitað er það óásættanlegt að láta ríkisstjórnina komast upp með að ýta verkalýðshreyfingunni smátt og smátt út fyrir í þessum málaflokki.

Þá þarf að athuga mjög gaumgæfilega hitt atriðið sem ég ætla að nefna í ellefta punkti yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar um að í stað þess að opna fyrir lagaheimild til að lækka vexti í félagslega íbúðakerfinu ef tekjur viðkomandi íbúðareiganda lækka eins og hafði verið áformað og er í frv. að taka það atriði út. Það er ekki til bóta fyrir láglaunafólk heldur þvert á móti. Það atriði hlýtur að verka til gagnstæðrar áttar og sú tillaga sem hér er kynnt í stað þeirrar er svo óljós að það þarf að skoða hana mjög vandlega áður en unnt er að segja nokkuð um það hvort hún mæti þeim óskum sem uppi eru í þessu efni.

[23:48]

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Það er út af fyrir sig mjög ánægjulegt að kjarasamningar skuli hafa tekist núna um daginn en vissulega hljótum við að staðnæmast við bæði kosti og galla þeirra frv. sem við stöndum frammi fyrir að þurfa að taka afstöðu til. Okkur er ekki ætlaður mikill tími til þess en það er út af fyrir sig afskaplega vont mál. Það er alltaf bagalegt að þurfa að búa við það að grípa til tiltölulega flaustурslegra vinnubragða og það er nákvæmlega það sem við höfum æ ofan í æ brennt okkur á. En tímasetningar eru þannig að það verður ekki öðruvísi gert og ég treysti því að hv. efh.- og viðskn., sem mun væntanlega hafa þetta mál til umfjöllunar, taki sér tíma til að fara í gegnum þetta og athugi að þarna sé allt rétt gert.

Hins vegar hefur mönnum orðið tíðrætt um, og ekki að undra, yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í tengslum við kjarasamninga. Það sem mér finnst kannski ámælisverðast við það og ber vott um m.a. í þessu frv. er það að hér er verið enn einu sinni að taka upp sömu tuggurnar og hafa verið seldar stéttarfélögum hvað eftir annað í kjarasamningum eftir kjarasamninga og alltaf er aftur og aftur verið í rauninni að selja mönnum sama pakkann og því miður hefur ekki alltaf orðið sama um efndirnar.

Vissulega er ánægjulegt að vita það að nú skuli loks verið tekið til við að glíma við tvísköttun lífeyrisgreiðslna og í rauninni er valin sú leið sem við kvennalistakonur höfum bent á. Það finnst mér út af fyrir sig þakkarvert en það er farið mjög hægt í þetta og það er á þann hátt að fólk nýtur ekki góðs af því og eftir sem áður, og það höfum við kvennalistakonur alla tíð séð, þá er þarna ákveðinn hópur sem þarf bæði að bíða og það er búið að gefa mikil fyrirheit um að það væri gert með þessum hætti og svo er ákveðinn hópur sem mun ekki fá þetta bætt. Og því lengra sem hefur liðið þeim

mun meiri hætta er að sjálfsögðu á slíku. Það er mál sem mér finnst þurfa að skoða sérstaklega.

Ég vil minna á það að hæstv. fjmrh. tók þátt í umræðum þegar hv. þm. Kvennalistans, Kristín Sigurðardóttir, mælti fyrir frv. til laga um breytingar á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, þar sem einmitt var verið að fjalla um nákvæmlega þessar iðgjaldagreiðslur til viðurkenndra lífeyrissjóða. Þar var verið að miða við það að þessi leið væri farin, að þær yrðu ekki skattlagðar. Þegar hæstv. fjmrh. kom inn í þær umræður, sem voru haustið 1991, 21. okt. 1991, eftir framsögu hv. þm. Kvennalistans tók hann undir með flm. að það væri að sjálfsögðu þörf umræða. Síðan eru næstum því fjögur ár og þessi mjög svo þarfa umræða hefur vissulega verið í gangi en það er ekkert verið að gera í þessu máli þrátt fyrir ýmis fróm fyrirheit ríkisstjórnarinnar fyrr en þetta mál er selt í kjarasamningum. Þetta er í rauninni það sem mér finnst svo grátlegt. Ég er ekki að harma niðurstöðuna heldur er ég að harma það að fólk, sem er að semja um kaup og kjör, þurfi að kaupa dýrum dómi einfaldar sanngjarnar lagfæringar. Þetta er í rauninni siðferðilega mjög vafasamt.

Það er mjög sérkennilegt ef litið er til máls hæstv. fjmrh. frá því fyrir hér um bil fjórum árum síðan að á þeim tíma fer hann að tala um að það sé í rauninni vafasamt að halda því fram að um tvísköttun lífeyrissjóðsiðgjalda sé að ræða því hann er að tala um það nákvæmlega sama og núna virðist vera viðurkennt sem tvísköttun. Hann finnur þessari aðferð á þeim tíma nokkuð til foráttu og þá er hann einnig að fetta fingur út í það að breyting sem þessi muni ekki auka jöfnunaráhrif skattkerfisins af því að hún gagnist lítið þeim sem eru tekjulágir og skattlausir. Það væri gaman að vita hvað hæstv. fjmrh. hefur um þetta mál að segja núna þar sem hann er búinn að selja þessi verðmæti dýrum dómi í kjarasamningum. Þetta finnst mér auðvitað mjög sérkennilegt að rifja nú upp. Ég sat ekki á þingi á meðan þessi umræða fór fram en ég hafði hins vegar spurnir af henni og fannst því ástæða til þess að fletta henni upp, en það var varamaður minn, hv. þm. Kristín Sigurðardóttir, sem flutti þetta mál og eðlilega gat ég ekki verið viðstödd né blandað mér í umræðuna þá. Því miður reyndist það vera rétt munað hjá mér að hæstv. fjmrh. fann þessu allt til foráttu og raunar kemur gagnrýni hans fram í sjö liðum og ég ætla ekki að vera að rekja það hér, en það er öllum mögulegt að nálgast þessa umræðu í þingtíðindum því þar er þetta allt til skráð.

En eins og ég segi þá gleðst ég auðvitað yfir því að þessi leið skuli á endanum hafa verið valin. Það sýnir bara hversu hyggnar við vorum og hversu fáfengileg þessi gagnrýni hæstv. ráðherra í rauninni var. Það er hins vegar dálítið gremjulegt að núna þegar þessu er flaggað sem einhverju miklu gæðamáli og hagsbótamáli fyrir launþega þá skuli ekki einu sinni vera vikið að því einu orði að í þessu umdeilda máli er einmitt valin þessi leið sem við kvennalistakonur lögðum til á þessum tíma. Hefði þetta verið gert þegar við lögðum þetta til fyrir fjórum árum síðan þá hefði að sjálfsögðu sá hópur verið minni sem lenti í þessari tvísköttun af fullum þunga og fær í rauninni ekki fulla bót samkvæmt þessu því við gripum á þessu fljótlega eftir að staðgreiðsla skatta var tekin upp og við gripum á þessu miklu fyrr heldur en ríkisstjórnin núna sem ákveður að versla með þetta.

Þetta er því í rauninni afskaplega undarlegt mál, svo ekki sé meira sagt. Hvað varð svo um þessa tillögu okkar? Jú, hún dagaði uppi í nefnd. Það var ekkert hægt að gera í þessu. Það var samt sem áður búið að taka þá pólitísku ákvörðun á Alþingi að samþykkja ályktun sem einn af hv. sjálfstæðisþingmönnum flutti um að það ætti að reyna að taka á þessu tvísköttunarmáli. En það var gert enn fyrr. Það eru fimm ár síðan það var gert og það hefur tekið mikinn tíma að gera þetta. Þess vegna er afskaplega gremjulegt að sjá það að síðan eigi að vera að treina þetta fram til 1. júlí 1997 og þá erum við sem sagt komin með sex ár eða hátt í sjö ár síðan við vorum að reyna að vinna þessu máli fylgi á Alþingi og ríkisstjórnin beinlínis ákvað að leggja stein í götu okkar máls með því að hleypa því ekki í gegnum þá nefnd sem hæstv. ríkisstjórn hafði öll tök á að gera.

Það er fleira sem mér þykir ástæða til að staldra við í þessum málum sem auðvitað tengjast öll fyrst og fremst yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í tengslum við kjarasamninga lands- og svæðasambanda innan ASÍ og vinnuveitenda. Ég sat á óformlegum fundi í kvöld ásamt virkum félögum úr fleiri en einu stéttarfélagi og meðal þess sem gert hefur verið á þeim vettvangi er að reikna út 14. liðinn í þessari makalausu yfirlýsingu. Margt er jú gott þar en annað gamalt og enn eldra, jafnvel í takt við þau frv. sem hér liggja fyrir og þetta er selt sem fullgild söluvara hér. Í þessum 14. lið stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Til þess að tryggja framhald verkefna sem miða að því að gera tillögur um aðgerðir til að draga úr launamun milli karla og kvenna mun ríkisstjórnin leggja fram viðbótarfé á þessu ári allt að 3 millj. kr."

Þetta er sem sagt hið glæsta framlag ríkisstjórnarinnar til að draga úr launamun á milli karla og kvenna. Við erum búin að vera að horfa upp á það að það er enn og aftur verið að staðfesta þann raunveruleika sem við kvennalistakonur höfum þekkt í langan tíma, að konur fá fyrir fulla vinnu þegar best gerir kannski um 80% og þegar verst gerir ekki nema rétt liðlega helming af launum karla og þarna erum við að tala um fullvinnandi fólk í flestum tilfellum. Þetta er auðvitað fyrir neðan allar hellur og þarna kemur þessi stórkostlega lausn. Nú á bara hreinlega að draga úr þessum launamun með heilum 3 millj. kr. Það var reiknað út, að vísu nokkuð lauslega en mun þó vera nokkuð nærri lagi, að þetta muni gera 60 kr. á hverja þeirra kvenna sem þessi ákvæði ná til. — 60 kr. Þetta er sem sagt svo stórkostlegt að það er bara varla hægt að ímynda sér það. Þetta er meira en ríkisstjórnin hefur nokkru sinni gert. Þetta er sem sagt hátindurinn á ferli ríkisstjórnarinnar í aðgerðum í launamálum og til að rétta hlut kvenna sem standa höllum fæti á launamarkaðnum. Hér er sem sagt hátindinum náð og gjörið svo vel,

á þessu samningstímabili þá skulu konur fá allt að 60 kr. Ég geri ráð fyrir því að allt að 3 millj. kr. merki það að konur megi búast við því að fá í viðbót vegna þessa launamunar allt að 60 kr. Lái mér hver sem vill þó að ég hugsi með mér: Ja, hvílík rausn. Ef þetta er einhver vísbending um hug þessarar ríkisstjórnar til kjarajöfnunar milli kynjanna þá held ég að þjóðin verði að þakka fyrir það að lífdagar hennar eru senn á enda. Ég held líka að þjóðin verði að hugsa sig býsna vel um áður en hún veitir þeim flokkum brautargengi sem standa að þessari dómadagsvitleysu.

Ég verð að viðurkenna að ég veit ekki í rauninni hvort þetta er bara hlægilegt eða hlægilegt og grátlegt í senn vegna þess að með þessu þá afhjúpar þessi ríkisstjórn sitt raunverulega eðli og heimsku sína. Það hefði þá bara jafnvel verið nær að sleppa þessu og vera ekki að þykjast vera að gera eitthvað. Þessi 60 kall er smánarblettur sem ég held að þessi ríkisstjórn muni aldrei geta þvegið af sér og kannski þau eftirmæli sem segja best hvernig tekið er á málum þeirra sem hallar á í samfélaginu. Þetta gerist nákvæmlega á þeim tíma sem lagðar eru fram merkar og miklar niðurstöður um þennan gífurlega launamun og þessi launamunur er ekki upp á 60 kr., hann er nær því að vera upp á 60 þús. kr. Þessi 14. punktur er mjög sérkennilegt fyrirbæri þarna í þessari gullkornakistu.

Sem betur fer er þetta hámark fáránleikans. Það er þó eitt annað mál sem ég verð að gera hér að umtalsefni og kom raunar að um daginn, sem mér finnst vera eins og blaut tuska í andlitið á þeim sem eru í erfiðri stöðu í sínum húsnæðismálum.

Hæstv. félmrh. mælti um daginn fyrir frv. þar sem átti að taka á ýmsum málum er varða Húsnæðisstofnun og var hægt að lesa úr hennar orðum að það hefði tafist vegna ágreinings og viljaleysis í ríkisstjórninni að taka á þessum málum. Í 25. gr. þess frv. var að finna alveg ljómandi góðan punkt. Ég segi ljómandi góðan vegna þess að þar var einnig farið í smiðju okkar kvennalistakvenna og búið að finna það út að það þyrfti að hafa möguleika á því að endurmeta þau tilvik þar sem fólk sem kaupir í félagslega íbúðakerfinu lendir í því að vera metið upp í vöxtum, sem sagt fá hærri vexti á sig heldur en þegar það tók upprunalegu lánin vegna þess að það fari á tilteknum tíma yfir tekju- eða eignamörk. Oft er það þannig að fólk er kannski tímabundið með tekju- eða eignamörk þannig að vextir séu hækkaðir, en ef það kemur eitthvað upp á og aðstæður fólks breytast snögglega og það er einmitt það sem er að gerast nú, þá situr fólk uppi með vexti sem hafa verið metnir upp og hefur enga áfrýjunarmöguleika núna, og samkvæmt þessu frv. enga áfrýjunarmöguleika í þrjú ár, þ.e. ef það verður farið eftir frv. eins og hæstv. félmrh. vill sjá það, en það er ekki eins og það er prentað í þskj. vegna þess að í þskj. er farin sú leið sem við kvennalistakonur bentum á að það megi biðja um endurmat. Svo gerist það að þegar hæstv. félmrh. mælir fyrir frv. þá tekur hann það jafnframt fram að þetta hafi bara verið allt í plati og frv. megi alls ekki standa óbreytt heldur vera mun lakara og mælir í raun fyrir breytingartillögum um leið og hún mælir fyrir þessu frv. Fyrr má nú vera vitleysa. Loksins þegar hæstv. ríkisstjórn, í 25. gr. frv., kemst að einhverri þokkalegri niðurstöðu þá er dregið í land um leið og mælt er fyrir frv. Að vera svo að koma með einhvern kattarþvott í húsnæðismálum þegar það er ekki einu sinni hægt að treysta því að það standi einu sinni stafirnir í frv. sjálfrar ríkisstjórnarinnar. Við hverju býst maður? Við hverju getur maður búist af ríkisstjórn sem hagar sér svona?

Ég verð því miður að segja það um þessa hæstv. ríkisstjórn að slæm var hún, verri verður hún og ég veit ekki hvar hún endar, nema að sjálfsögðu að næstu kosningar verði endalok hennar og þess hljóta allir heilvita menn að óska. Þess vegna má ekki láta hana fylgja þessum frumvörpum og þessum vilyrðum úr hlaði vegna þess að henni er hreinlega ekki treystandi fyrir því.

Útbýting þingskjala:

Kosningar til Alþingis, 442. mál, nál. allshn., þskj. 804.

Neyðarsímsvörun, 335. mál, nál. allshn., þskj. 802; brtt. allshn., þskj. 803.

[00:09]

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Nú hafa kjarasamningar verið gerðir og í framhaldi af því er ríkisstjórnin búin að leggja fram frv. í þinginu sem eiga að tryggja grundvöll kjarasamninganna og þeirra loforða sem ríkisstjórnin gaf í tengslum við þá.

Eins og endranær þegar þessi ríkisstjórn hefur verið að lofa einhverju í tengslum við kjarasamninga þá eru gefnar út gagnmerkar yfirlýsingar af hálfu ríkisstjórnarinnar þar sem öllu fögru er lofað um það sem gera skuli. Nú er það svo að hér er verið að mæla fyrir frv. sem hæstv. fjmrh. ber ábyrgð á og því er full ástæða til og það vil ég fara fram á við hæstv. forseta, að fjmrh. verði viðstaddur þessa umræðu og er í sjálfu sér tilbúinn til þess að gera hlé á máli mínu ef hæstv. fjmrh. er ekki innan seilingar.

(**Forseti** (KE)**:** Forseti hefur þegar gert ráðstafanir til að gera hæstv. fjmrh. viðvart.)

Já, ég á von á því að hæstv. fjmrh. fari að koma en vil þá kannski spyrja hæstv. forseta hvort hæstv. félmrh. sé í húsinu.

(**Forseti** (KE)**:** Svo mun vera og ef hv. þm. óskar eftir að félmrh. komi í salinn þá verður hæstv. ráðherra gert viðvart nú þegar.)

Ég vildi gjarnan að hæstv. félmrh. yrði viðstaddur umræðuna, ekki síst í ljósi þess að einn þáttur í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í tengslum við þessa kjarasamninga er einmitt það sem snýr að greiðsluvanda heimilanna og húsnæðismálunum alveg sérstaklega. Þannig að ég óska eftir því, virðulegur forseti, að félmrh. komi til umræðunnar. (**GB:** Atvinnuleysismálin ...) Jú, það er þannig með atvinnuleysismálin að þau koma til umræðu síðar á þessum fundi þar sem er sérstakt frv. til umræðu um Atvinnuleysistryggingasjóð og þau kjör er fiskverkafólki eru þar sýnd. Umræðan um atvinnuleysi mun fara hér fram líka en staðreyndin er sú

að þessi umræða sem hérna fer fram og hver ræðumaður hefur bara 20 mínútur, er auðvitað allt of stuttur tími.

Ég óska eftir því við hæstv. forseta að á meðan ég bíð hér eftir ráðherrum í salinn þá verði klukkan stöðvuð. — Hæstv. félmrh. gengur þá í salinn en það er hins vegar svo að ég hefði óskað eftir því að hæstv. ráðherrar hefðu komið í annarri röð inn í þingsalinn. Ég ætlaði fyrst að beina máli mínu til hæstv. fjmrh. en það er ágætt að hæstv. félmrh. er mættur því auðvitað er hæstv. félmrh. aðili að þessari yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í tengslum við kjarasamningana.

Á þessari stundu veltir maður auðvitað fyrir sér og ekki síst í ljósi þess þegar maður hlustar á verkalýðshreyfinguna sem núna er að ganga frá sínum kjarasamningum. Í frétt útvarpsins í fyrrakvöld kom fram að þegar Rafiðnaðarsambandið gekk frá sínum kjarasamningum þá var það ekki síst í ljósi þess og það sem hafði kannski úrslitaáhrif í þeim efnum, að þessi yfirlýsing ríkisstjórnarinnar gaf svo mikið að fulltrúar Rafiðnaðarsambandsins hafa óskað eftir því að fá frá hæstv. ríkisstjórn yfirlýsingu um hvað fylgdi þeim samningum sem verið var að gera. Það kom fram hjá formanni Rafiðnaðarsambandsins að það væri ekki síst vegna yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar sem fulltrúar í Rafiðnaðarsambandinu hefðu samþykkt samningana.

Þá er auðvitað mjög mikilvægt þegar menn hafa það í huga að það sé staðið við þær yfirlýsingar sem gefnar eru í tengslum við kjarasamninga. Þegar maður horfir til þess og fer aftur til ársins 1993 þá sat sama ríkisstjórn og situr nú. Í tengslum við þá kjarasamninga gaf ríkisstjórnin út fyrirheit um það að verja 2.000 millj. kr. til verklegra framkvæmda. Á fundi sem Alþýðusamband Íslands átti með efh.- og viðskn. Alþingis í upphafi þessa árs kom fram hjá Alþýðusambandinu að það vantaði enn 700 millj. kr. til þess að ríkisstjórnin stæði við þau fyrirheit sem hún gaf í kjarasamningunum í maí 1993. Þá hlýtur maður að spyrja sig: Hvernig stendur á því að aðilar vinnumarkaðarins og ekki síst Alþýðusambandið og þau samtök sem þar eru innan raða, ganga nú frá kjarasamningum og ætla að treysta á yfirlýsingar frá þessari sömu ríkisstjórn? Ætli verkalýðshreyfingin hafi einhverjar frekari tryggingar fyrir því að staðið verði við þau fyrirheit sem nú eru gefin heldur en að gefin voru um mitt árið 1993?

Í tengslum við kjarasamningana 1993 voru gefin fyrirheit um að það yrði lagður á fjármagnstekjuskattur og hann tæki gildi 1. jan. 1994 og miðað yrði við 10% skatt á nafnvexti. Skyldi þetta nú hafa verið gert? Nei. Enn hefur þetta atriði ekki komið til framkvæmda. Í öllum yfirlýsingum síðan þá og í tengslum við kjarasamninga þá hefur þetta sama atriði ávallt komið fram, að ríkisstjórnin ætlaði að koma á fjármagnstekjuskatti. Það hefur enn ekki verið gert.

Í tengslum við yfirlýsingar sem ríkisstjórnin gaf 10. des. 1994 átti sérstaklega að taka á greiðsluvanda heimilanna og af því að hæstv. félmrh. er hér í húsinu þá vil ég gera þau mál örlítið að umræðuefni.

Það hefur ekkert af hálfu hæstv. ríkisstjórnar verið gert í greiðsluerfiðleikum heimilanna síðari hluta þessa kjörtímabils. Það hefur ekkert verið gert a.m.k. síðan yfirlýsingin frá 10. des. var gefin. En núna í þessari yfirlýsingu sem ríkisstjórnin gefur í tengslum við kjarasamninga sem nú eru gerðir þá á að setja upp nefnd og aðila til þess að skoða hlutina, til þess að meta það hvaða ástæður liggja að baki þeim erfiðleikum sem heimilin standa frammi fyrir. Með öðrum orðum, það er ekkert haldfast í því sem þessi ríkisstjórn setur í yfirlýsingu þá sem hún gefur í tengslum við þessa kjarasamninga. Af hverju skyldi verkalýðshreyfingin treysta því og hvaða tryggingu skyldi hún hafa fyrir því að það verði frekar staðið við þau fyrirheit sem ríkisstjórnin er að gefa núna í tengslum við þessa kjarasamninga en það sem hún hefur áður gert?

Á flokksþingi okkar framsóknarmanna í lok nóvember 1994 lögðum við fram skýra og markvissa stefnu um það hvernig við vildum taka á greiðsluvanda heimilanna, hvernig við vildum ganga frá kjarasamningum, kjarasamningum sem hefðu lífskjarajöfnun að meginmarkmiði. Það átti að vera þríhliða samningur milli aðila vinnumarkaðarins og ríkisvaldsins, þ.e. Alþýðusambandsins og Vinnuveitendasambandsins, þar sem menn lögðu fram skýrar línur og skýrar tillögur um það með hvaða hætti ætti að fjármagna þátt ríkisins í þeim kjarasamningum. Við vildum að ríkisvaldið hefði frumkvæði í samningsgerðinni með því að leggja fram 3.000 millj. kr. sem aðilar vinnumarkaðarins og ríkisvaldið kæmu sér síðan saman um með hvaða hætti yrði ráðstafað til lífskjarajöfnunar, til hækkunar á persónuafslætti, til hækkunar á vaxtabótum, til hækkunar á barnabótum og þannig hefðu menn í raun og veru dregið úr þeirri miklu skattheimtu sem núna er.

Núna gengur hins vegar ríkisstjórnin til samstarfs við aðila vinnumarkaðarins í tengslum við þessa kjarasamninga. Og hverju er þar verið að lofa? Jú, það er verið að lofa að mörgu leyti sömu hlutunum og ríkisstjórnin, þessi sama ríkisstjórn, lofaði í tengslum við kjarasamningana í maí 1993. Eða með öðrum orðum er verkalýðshreyfingin enn að fá yfirlýsingu frá ríkisstjórninni um sömu hluti og þessi sama ríkisstjórn hafði áður lofað en hefur ekki efnt. Það er því ekki hægt að segja annað en að verkalýðshreyfingin hafi samið af sér í þessum samningum, a.m.k. í samskiptum við ríkisstjórnina. Því það er alveg ótrúlegt að það skuli vera hægt af hálfu ríkisstjórnarinnar að selja verkalýðshreyfingunni sömu hlutina aftur og aftur á fáum árum.

Verkalýðshreyfingin fór af stað í upphafi árs með miklar samningskröfur og eitt af því sem ríkisstjórnin lagði höfuðáherslu á var að taka á skuldavanda heimilanna. Það var að því er virtist mjög stór þáttur í kröfugerð verkalýðsfélaganna og verkalýðshreyfingarinnar í heild sinni. En niðurstaðan er sú að það á að setja málið í nefnd, það á með öðrum orðum ekkert að gera.

Í mínum huga er það alveg ljóst hvað það er sem að er hjá heimilunum og hvaða ástæður liggja að baki þeim greiðsluerfiðleikum sem heimilin eru komin í.

Það er í fyrsta lagi húsbréfakerfið sem fyrrv. hæstv. félmrh., núv. hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, lagði höfuðáherslu á að koma í framkvæmd. Styttri lánstími og hærri vextir, eru þau höfuðeinkenni sem húsbréfakerfið hefur haft í för með sér fyrir launafólk í landinu og þá sem skulda verulega fjármuni. Síðan er það auðvitað efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar. Atvinnuleysið, kjaraskerðingin, skattahækkanirnar, lækkun á vaxtabótum og lækkun á barnabótum. Allt þetta hefur sett þær áætlanir sem heimilin hafa gert um sínar greiðsluskuldbindingar úr skorðum og hefur orðið til þess að nú er svo komið að gjaldþrot blasir við mörgum heimilum í landinu. Það hefði því auðvitað átt að vera forgangsverkefni aðila vinnumarkaðarins og ríkisstjórnarinnar í tengslum við þessa kjarasamninga að ganga þannig frá við samningsgerðina að það væri tekið á þeim gríðarlegu erfiðleikum sem heimilin standa frammi fyrir. En því er sleppt og verkalýðshreyfingin sem fór af stað með miklar yfirlýsingar og ekki síst verkalýðsfélagið Dagsbrún fór af stað með miklar yfirlýsingar í upphafi árs um að á þessum hlutum yrði tekið í tengslum við gerð kjarasamninga. En niðurstaðan er sú að málið er sett í nefnd, það er sett yfir í Seðlabankann. Það er alveg sérstakt að formaður verkalýðsfélagsins Dagsbrúnar skuli hafa þessa ofurtrú á Seðlabankanum, að menn séu að færa hlutina þangað inn og það sé Seðlabankinn sem eigi að meta það hver greiðslustaða heimilanna er. (**Gripið fram í:** Er það ekki hjá Steingrími?) Það kann að vera að formaður verkalýðsfélagsins Dagsbrúnar hafi orðið meira álit á Seðlabankanum eftir að fyrrv. formaður Framsfl. hefur sest þar í bankastjórastól og er ég ekki í nokkrum vafa um að það er ástæðan fyrir því að verkalýðshreyfingin vildi senda málið þangað inn.

Hvað út úr þeirri könnun kemur er alveg óvíst. En eitt er víst að vandamál fólks sem nú er í miklum greiðsluerfiðleikum verða ekki leyst með því að senda málið í skoðun í Seðlabankanum eða senda málið til skoðunar í Háskóla Íslands. Það á með markvissum aðgerðum að taka á þeim erfiðleikum sem að heimilunum steðja. Það er hægt ef vilji er hjá hæstv. ríkisstjórn fyrir því að gera það og það er hægt áður en Alþingi fer heim.

Hér liggur fyrir frv. til laga um greiðsluaðlögun sem allur þingflokkur framsóknarmanna hefur flutt. Það tekur á þeim vandamálum sem snúa að því fólki sem hefur misst stjórn á fjármálum sínum sem eru í viðvarandi og langvarandi greiðsluerfiðleikum. Með því frv. er gert ráð fyrir að einstaklingar séu teknir í nauðasamninga með svipuðum hætti og gert er við fyrirtæki sem er í miklum greiðsluerfiðleikum og þessum einstaklingum sé gefinn kostur á því á fimm árum að komast út úr erfiðleikunum eftir greiðsluaðlögunaráætlun sem gerð er í samvinnu við lánardrottna, gerð er í samvinnu við skuldara og undir forustu sýslumanns á hverjum stað.

Ég tók þetta upp fyrr á þessu þingi, fyrir fáum dögum, og spurði um afstöðu hæstv. félmrh. til þessa frv. þá. Svarið var að hæstv. félmrh. hefði ekki kannað efnisinnihald frv. og væri að láta sérfræðinga skoða það. Nú trúi ég því að þetta hafi verið kannað og af því að hæstv. félmrh. er hér staddur spyr ég hæstv. félmrh. hver sé niðurstaðan af þeirri könnun.

Þetta frv. tekur einvörðungu á þeim þætti er snýr að þeim hópi sem hefur misst stjórn á fjármálum sínum. Hitt eru svo einstaklingar sem leggja alla áherslu á að standa í skilum og nota hverja einustu krónu sem þeir vinna sér inn til þess og kappkosta að standa í skilum með lán sín og sínar skuldbindingar. Oft á tíðum sparar þetta fólk stórlega við sig í mat, kaupir ekki föt á börnin sín bara til þess að geta í raun staðið við þær skuldbindingar sem þessir einstaklingar hafa gert. Á greiðsluvanda þessa fólks þarf að taka með skuldbreytingum, með verulegum lánalengingum og ekki síst í húsbréfakerfinu þar sem vextir hafa verið hækkaðir og reyndar í 86-kerfinu líka þar sem vextir voru hækkaðir um 70%. Í félagslega eignaríbúðarkerfinu hækkaði ríkisstjórnin vextina um 140% á einni nóttu. Það var reyndar í tíð hæstv. fyrrv. félmrh., núv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, sem það gerðist.

Verkalýðshreyfingin hefur tryggt það, sem henni hefur sjálfsagt fundist mikið afrek, að hún ætti áfram fulltrúa í húsnæðisnefndum sveitarfélaganna og að afskriftir í félagslega eignaríbúðakerfinu yrðu lækkaðar úr 1,5% í 1%. Þetta er atriði sem við framsóknarmenn vorum með í samþykktum okkar frá flokksþinginu í nóvember og í raun var þetta komið í frumvarpsformi frá ríkisstjórninni inn í þingið áður en gengið var frá kjarasamningum. Og því spyr maður: Til hvers er verið að setja slíka hluti í yfirlýsingu? Það er alveg ótrúlegt hvað það er sem ríkisstjórnin getur ekki selt verkalýðshreyfingunni í samskiptum við hana til þess að ná fram kjarasamningum. Það er ítrekað verið að selja verkalýðshreyfingunni sömu hlutina aftur og aftur og alltaf er hún að kaupa sömu hlutina aftur og aftur og gera samninga sem síðan er ekki staðið við. Gleggsta dæmið um það, eins og ég kom inn á í upphafi míns máls, eru einmitt svikin loforð ríkisstjórnarinnar í tengslum við kjarasamningana frá 1993.

Markmiðið með þessum kjarasamningum átti að vera lífskjarajöfnun. Hvar í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er hægt að finna því stað að einhvers staðar sé gerð tilraun til þess að jafna lífskjörin í landinu? Hvergi nokkurs staðar. Aftur á móti má segja að samningsgerðin sem slík milli aðila vinnumarkaðarins, þ.e. Alþýðusambandsins og vinnuveitenda feli að vissu leyti í sér kjarajöfnun einfaldlega vegna þess að þar var samið um krónutöluhækkun launa en ekki prósentuhækkun. En ekkert af því sem fram kemur í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar gengur í þá átt að jafna kjörin og síður en svo.

Enn er ekki hæstv. fjmrh. mættur í þingsalinn. Það er einn þáttur þessarar yfirlýsingar sem ég vildi sérstaklega ræða við hæstv. fjmrh. og það er 4% skattafrádrátturinn í lífeyrissjóðunum. Af því að hæstv. fjmrh. hefur ekki séð sér fært að vera viðstaddur þessa umræðu — nú sé ég að hann gengur í salinn en þá er tími minn á þrotum þannig að ég þarf því miður að biðja um orðið aftur og spyrja hæstv. fjmrh. nokkurra spurninga er fram koma í þessari yfirlýsingu.

[00:31]

Félagsmálaráðherra (Rannveig Guðmundsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég átta mig eiginlega ekki á því varðandi spurningar þingmannsins, sem hafa verið ítrekaðar að undanförnu dag eftir dag varðandi húsnæðismál, greiðsluaðlögun og fleira, væntanlega fyrst og fremst til að mæla fyrir frv. og vekja athygli á frv. þeirra framsóknarmanna um greiðsluaðlögun, hvort skammirnar snúa að ríkisstjórninni, að félmrh. eða að verkalýðshreyfingunni. Satt best að segja virkaði það á mig að það væri verið að skamma verkalýðshreyfinguna fyrir að hafa gert samninga og láta sér nægja þá yfirlýsingu sem ríkisstjórnin setti um húsnæðismál og gera ekki aðrar kröfur. Það er eitthvað sem aðrir verða að svara fyrir en ég. Hitt er annað mál að ég met það afskaplega mikils að þessi sátt skyldi verða um kjarasamninga og að yfirlýsing ríkisstjórnar þætti þess eðlis að ástæða væri til að taka á henni svo mikið mark sem raun ber vitni.

Ég ætla að leiðrétta það hjá hv. þm. að það er síður en svo að það eigi að fara að setja nefnd í eitthvert mál, að það eigi að fara að setja nefnd í húsnæðismálin. Ég er búin að margsegja frá því að samráðsnefnd margra aðila, þar með verkalýðshreyfingarinnar, er búin að vera í gangi í margar vikur til að skoða mjög margt sem snýr að vanskilum heimilanna. Seðlabanki, Félagsvísindastofnun og Húsnæðisstofnun eru að skila athugun á umfangi þessara mála og það er satt að segja mjög mikilvægt. Það er afar mikilvægt að nú í kjölfar þess að fólk hefur verið að fara yfir sín fjármál, m.a. í tengslum við gerð skattaskýrslu, þá skoði fólk þessi mál og að hægt sé að kanna eðli þessara mála vegna þess að staðhæfingarnar svo sem eins og koma úr þessum stól eru alveg yfirgengilegar.

Ég ætla rétt að nefna það þegar verið er að tala um 140% hækkun vaxta í félagslega kerfinu þá er bara sanngjarnt að menn taki með í reikninginn að það komi vaxtabætur þar á móti. Hve mikið þær vega ætla ég ekki að segja en það eru vaxtabætur á móti þessari hækkun vaxta. Þingmenn eiga ekki að temja sér það að láta eins og slíkar staðreyndir séu ekki til staðar. Það er ekki trúverðugt út á við.

[00:33]

Finnur Ingólfsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er nú ekki svo að megintilgangurinn hafi verið að vekja athygli með þessari umræðu á frv. okkar framsóknarmanna um greiðsluaðlögun, síður en svo. Ég var hins vegar fyrst og fremst í þessari umræðu að vekja athygli á því hversu innihaldsrýr þessi yfirlýsing ríkisstjórnarinnar er og hvers megi vænta ef reynslan af fyrri yfirlýsingum og efndum á yfirlýsingum ríkisstjórnarinnar er höfð í huga fyrir verkalýðshreyfinguna.

Að hverjum þessar fyrirspurnir snúa, hæstv. félmrh., þá er það alveg ljóst að þær snúa að hæstv. ríkisstjórn og ég vænti þess að hæstv. félmrh. sé hluti af ríkisstjórninni. Þær snúa að þeim aðilum m.a., hæstv. félmrh., sem hvað eftir annað hafa lýst því hér yfir við umræðu um greiðsluerfiðleika heimilanna að það sé að vænta aðgerða af hálfu ríkisstjórnarinnar. Það sé verið að skoða frv. um greiðsluaðlögun. Þetta sé allt saman að koma. Nú eru kannski ekki nema þrír sólarhringar þar til að þingi lýkur. Og hvað hefur gerst? Það hefur ekkert annað gerst en Seðlabankinn á að skoða hlutina, skoða hluti sem liggja alveg ljósir fyrir. Háskólinn á að skoða hluti sem liggja líka alveg ljósir fyrir.

Það er engin blekking, hæstv. félmrh., að halda því fram að vextirnir í félagslega eignaríbúðalánakerfinu hafi hækkað um 140%. Þegar þessir einstaklingar gerðu sínar áætlanir um að standa í skilum og geta staðið undir þeirri greiðslubyrði sem af þeim lánum hlytist sem þeir voru að takast á herðar var gert ráð fyrir 140% lægri vöxtum og vaxtabótum auðvitað, hæstv. félmrh. Síðan eru vextirnir hækkaðir og það voru allar áætlanir þessa fólks settar úr skorðum. Það þarf engan stóran hagspeking til að sjá að slíkt muni gerast.

[00:36]

Félagsmálaráðherra (Rannveig Guðmundsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þessar staðreyndir sem þingmaðurinn bendir á, virðulegi forseti, liggja ekki fyrir. Hins vegar sleggjudómar um það hver staðan sé og það er kominn tími til að kanna þessi mál til hlítar og koma með réttar aðgerðir og það munum við gera og það veit verkalýðshreyfingin að við munum gera. Hún veit að það verður sett fjármagn í þetta auk ýmissa annarra aðgerða sem gripið verður til.

Aðeins, virðulegi forseti, varðandi frv. um greiðsluaðlögun sem þingmaðurinn er mjög upptekinn af að hafa flutt. Það virðist sem þetta frv. sé bein þýðing á einstökum köflum sænsku laganna um greiðsluaðlögun. Þeir sleppa því og þeirri skiptingu sem Norðmenn og Svíar leggja ríka áherslu á og það er skipting greiðsluaðlögunar í þrjú stig. Fyrsta stig er ráðgjöf hjá sveitarfélögunum. Annað stigið er frjáls greiðsluaðlögun og þriðja stigið er þvinguð greiðsluaðlögun og þetta er ekki með þessum hætti, virðulegi forseti, í frv. framsóknarmannanna. Eins og fyrr segir er þetta mjög mikið og gott úrræði sem er mikilvægt að góð samstaða sé um og mjög mikilvægt að það sé sambland af félagslegu og réttarfarslegu úrræði sem tekið er á og aðilar sem koma að málinu geti sameinast um.

Greiðsluerfiðleikar eru mjög flókin vandamál og erfið úrlausnar og það er ekki þannig að þau séu eins hjá öllum eða allir séu með sömu tekjur eða allir séu lágtekjuhópar. Og það hlýtur að vera að við gerum þá kröfu á sjálf okkar að við bregðumst við eftir eðli þessara mála og við bregðumst öðruvísi við hvort þetta er vegna tekjumissis og tekjuerfiðleika eða annarra áfalla eða hvort það er hjá hátekjufólki og jafnvel út af óráðsíu. Þá er ég ekki að benda á eða gera lítið úr því að aðstæður hafi breyst líka hjá þeim sem betri hafa efnin og stærri hafa keypt sér eignirnar.

[00:38]

Finnur Ingólfsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er rétt hjá hæstv. félmrh. að við framsóknarmenn erum dálítið uppteknir af þessum

greiðsluvanda heimilanna. Það er hárrétt, hæstv. félmrh., (**Félmrh.:** Af frv. þínu.) og væri betur að hæstv. félmrh. væri líka dálítið upptekinn af þeirri stöðu sem Alþfl. hefur í samvinnu við Sjálfstfl. komið mörgum heimilum í, þá miklu greiðsluerfiðleika.

Ástæðurnar liggja fyrir, hæstv. félmrh. Þær þarf ekki að kanna og ég ítreka það og hæstv. félmrh. þarf ekki annað en spyrja sjálfan sig nokkurra spurninga í þeim efnum. Heldur hæstv. félmrh. að kjör hæstv. félmrh. hefðu nokkuð versnað ef skattarnir hefðu hækkað, beinn tekjuskattur hefði hækkað úr 39,79% í 42% eða vaxtabætur til hæstv. félmrh. hefðu verið skornar niður eða barnabætur til hæstv. félmrh. hefðu verið skornar niður eða þjónustugjöldin sem búið er að leggja á og hæstv. félmrh. hefði lent í að greiða þó ekki væri ekki nema hluta af þeim, en það er búið að leggja á þjónustugjöld í tíð þessarar ríkisstjórnar fyrir tæpa 3 milljarða kr.? Trúir hæstv. félmrh. því að allar þessar aðgerðir, lækkun barnabótanna, lækkun vaxtabótanna, tekjuskattshækkunin, hækkunin á þjónustugjöldunum hafi ekki sett greiðsluáætlanir heimilanna úr skorðum? Það þarf enga sérfræðinga til að rannsaka þetta. Þetta liggur fyrir, hæstv. félmrh. og það eru þessir tveir flokkar, Alþfl. og Sjálfstfl., sem bera ábyrgð á hvernig komið er.

[00:40]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég hef ekki veitt því athygli satt að segja í þessari athyglisverðu umræðu sem hefur farið hér fram að menn hafi farið nokkuð nákvæmlega yfir yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar með hliðsjón af því hvað hún kostar og ég held að það væri kannski rétt að glöggva sig aðeins á því atriði í umræðum um fyrsta málið sem ætlunin er að taka fyrir á þessum fundi og eru fylgifrumvörp kjarasamninganna. Ég vil segja fyrir mitt leyti að ég tel sjálfsagt að menn reyni að halda þannig á þeim málum, þó að skiptar skoðanir kunni að vera um einstök atriði í þeim, að þingið standi við eins mikið af þeim fyrirheitum sem þar voru gefin og kostur er og sýnt verður í þessari stofnun. Venjan hefur verið sú að menn hafa látið sig hafa það að styðja flestallt það sem komið hefur út úr kjarasamningum þó að ég verði að viðurkenna það að ég sé persónulega ekkert sérstaklega stoltur yfir öllu því sem maður hefur látið yfir sig ganga um ævina í þeim efnum eins og þegar lækkaðir voru tollar af bílum og það var reiknað lágtekjufólki til tekna, svo ég nefni dæmi.

Engu að síður er það svo að það má segja að það sé hefð fyrir því, og ég tel að hún sé að mörgu leyti góð, það er a.m.k. ekki auðvelt að benda á aðrar leiðir, að menn reyni að taka niðurstöðum úr samningum aðila vinnumarkaðarins eins vel og kostur er í þessari stofnun og ég vil standa þannig að málum fyrir mitt leyti.

Oft á tíðum heyrast raddir jafnvel úr þessum ræðustól að það sé nokkuð skrýtið að alþingismenn og Alþingi séu að beygja sig fyrir ákvörðunum sem eru teknar í þjóðfélaginu, beygja sig fyrir þrýstihópum og það er talað óvirðulega um Alþingi í því sambandi rétt eins og Alþingi eigi að starfa í einhverju tómarúmi. Auðvitað er það þannig að Alþingi er hluti af átökunum í þjóðfélaginu, m.a. stéttaátökunum, og það er ekkert eðlilegra en Alþingi taki tillit til þess veruleika sem hrærist í þjóðfélaginu á hverjum tíma. Engu að síður hafa satt að segja heyrst alveg ótrúlega, ég leyfi mér að segja, vitlausar ræður um þessi mál úr þessum ræðustól og ég held að þeim fari heldur fjölgandi á seinni árum. Einhver sú albrattasta af því tagi sem ég hef heyrt í seinni tíð er frá hv. þm. Tómasi Inga Olrich sem þandi sig verulega í umræðum um grunnskóla og þóttist þar sanna að það væri alveg fráleitt að alþingismenn hlustuðu á það sem hópar eins og kennarar væru að leggja til og nefna í sinni hagsmunabaráttu. Ég held að í sjálfu sér sé það eðlilegur hlutur að menn taki tillit til umhverfisins og mér finnst það lýsa snert af bæði hroka og vissu tilfinningaleysi ef menn halda að þessi stofnun starfi algerlega óháð öllu því sem gerist annars staðar í þjóðfélaginu.

Sjálfstfl. hefur verið með þessar kenningar. Náttúrlega er fáránlegt að hinn pólitíski armur peningaaflanna í landinu hefur verið með kenningar um að aðilar vinnumarkaðarins ættu að leysa málin og ríkið að koma hvergi nærri og það hafa verið myndaðar heilu ríkisstjórnirnar um það á vegum Sjálfstfl. á undanförnum áratugum en þær hafa einlægt þurft, bara á fyrstu vikum tilveru sinnar orðið að brjóta þessi fyrirheit vegna þess að það stenst ekki að ætla sér að halda þannig á málum í ríkisstjórn að hún taki ekki tillit til þess sem kemur frá svokölluðum aðilum vinnumarkaðarins. Hitt er ljóst að það er misjafnt að gæðum eins og gengur og sjálfsagt eitt og annað heldur vafasamt í því stundum og það kemur fyrir í þessum pappír.

Yfirlýsing ríkisstjórnarinnar frá 20. febr. 1995 telur 17 töluliði og það hefur verið farið nokkuð rækilega efnislega yfir suma hverja. Ég ætla aðeins að tæpa á þeim.

Í fyrsta lagi langar mig til þess að biðja hæstv. fjmrh. að fara um það nokkrum orðum hvernig hann metur þau áhrif sem breytingin á lánskjaravísitölunni hefur, ekki aðeins almennt efnahagslega heldur almennt á stöðu ríkissjóðs alveg sérstaklega því að þar hlýtur að vera um einhver áhrif að ræða. Ég geri mér auðvitað grein fyrir því að það kann að vera mjög erfitt fyrir ráðherrann að svara því í einstökum atriðum hvað breytingarnar á lánskjaravísitölunni hafa í för með sér fyrir fjárhag ríkissjóðs en það eru örugglega þó nokkrar breytingar.

Í öðru lagi er talað um lífeyrisiðgjöldin í tölulið 2 og ég hefði gjarnan viljað heyra hæstv. fjmrh. nefna tölur í þeim efnum varðandi hugsanlegt tekjutap af því. Ég hygg að ég hafi einhvers staðar heyrt töluna 800 millj. kr. eða svo en vildi aðeins biðja hann að fara nokkrum orðum um það og greina Alþingi frá því hvernig hann sér það fyrir sér.

Í þriðja lagi eru eingreiðslur almannatrygginga og atvinnuleysistrygginga og það er ekki mjög kostnaðarsamt fyrir ríkissjóð, að ég held, að setja þetta inn í þessa yfirlýsingu vegna þess að hæstv. fjmrh. sagði við afgreiðslu fjárlaganna í vetur að hann gengi út frá því að eingreiðslur yrðu greiddar í almanna- og atvinnuleysistryggingum ef um það yrði samið á ný og ég held

nú að allir hafi gert sér grein fyrir því að verkalýðshreyfingin mundi aldrei fallast á að lækka sitt kaup þannig að menn hafa getað gengið út frá því að þeir peningar sem voru greiddir í eingreiðslur almanna- og atvinnuleysistrygginga á árinu 1994 kæmu líka til útborgunar úr ríkissjóði á árinu 1995. Engu að síður væri fróðlegt að vita hvaða mat ríkissjóður og fjmrn. leggur á þetta atriði.

Varðandi tölulið 4 eru engin bein áhrif af þeim tölulið á fjárhag ríkissjóðs á árinu 1995. Það er talað um að draga úr skattsvikum og það liggi fyrir þrjú frumvörp og stefnt verði að afgreiðslu þeirra og það er engin frétt. Það hefur væntanlega staðið til lengi. Það er langt síðan frv. voru lögð fram og væntanlega engin frétt þó að þau verði afgreidd hér. En því er samt bætt í yfirlýsinguna og er mjög margt í henni afar sérkennilegt vegna þess að hér eru sjálfsagðir hlutir. Það hefði næstum því að segja eins verið hægt að lýsa því yfir í þessari yfirlýsingu að Alþingi Íslendinga mundi starfa fram á laugardag, kannski sunnudag, í þessari viku og kosningar færu fram líklega 8. apríl og að fjmrh. héti Friðrik Sophusson. Það eru alveg ótrúlega sjálfsagðir, almennir og lítið merkilegir hlutir í þessari yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, hlutir sem menn hafa gert ráð fyrir lengi að kæmu til meðferðar í þessari stofnun, eitt af því eru þessi frumvörp sem nefnd eru í tölulið 4, og skilar engum peningum á þessu ári, það segir sig sjálft.

Í fimmta lagi segir að ríkisstjórnin muni beita sér fyrir tilteknum breytingum á skattalögum varðandi hópferðabifreiðar. Ég geri ekki ráð fyrir að það hafi mikil áhrif á fjárhag ríkissjóðs á árinu 1995. Ég spyr: Er það eitthvað?

Í sjötta lagi er talað um það að skattmati á kostnað vegna ferða verði breytt þannig að heimilaður verði frádráttur vegna þeirra ferða sem farnar eru á vegum atvinnurekenda. Hvað kostar þetta? Það hljóta að liggja fyrir einhverjar áætlanir um það í hinu nákvæma fjmrn.

Í sjöunda lagi er talað um að hækka framlag ríkisins til jöfnunar húshitunarkostnaðar, eins og stendur reyndar í fjárlögum, 50 millj. kr. gegn jafnháu framlagi orkufyrirtækjanna og gert ráð fyrir því að þetta eigi sér stað. Þetta er nokkuð sem menn hafa reiknað með mjög lengi og þegar skrifuð var skýrsla um fjárhag Rariks í desember þá voru menn að tala um þessa hluti. En hins vegar vill svo sérkennilega til, það er skemmtileg tilviljun, að ríkisstjórnin tilkynnir ákvörðun sína einmitt núna í tengslum við kjarasamninga og rétt fyrir kosningarnar. Það er mjög athyglisvert að þau hamslausu manngæði, sem grípa allt í einu þessa ráðherra sem hafa verið naglalegir við alþýðu landsins einmitt núna nokkrum vikum fyrir kosningar, er væntanlega alveg einber tilviljun. Það er væntanlega ekkert samhengi þar á milli eða hitt þó heldur.

Í áttunda lagi er talað um að reglugerð um endurgreiðslur á kostnaði vegna ferða- og dvalarkostnaðar vegna sérfræðiheimsókna og innlagna á sjúkrahús verði endurskoðuð. Hvar er það og hvað kostar það? Liggja fyrir tölur um það? Hvenær á að gera þetta? Hefur það verið sagt?

Í níunda lagi stendur hér: „Ríkisstjórnin mun skipa nefnd sem gerir tillögur um aðgerðir til að lækka framfærslukostnað heimilanna." Þetta er svo gasalega göfugt að það er varla hægt að taka sér það í munn án þess að flytja um það alveg sérstaka lofræðu upp á svona 10–20 mínútur. Þar af lækkar framfærslukostnaður heimilanna. Það er kannski GATT sem þarna er um að ræða. Er þessi setning þarna fyrir kratana? Nefndinni verði sérstaklega falið að leita leiða til að lækka vöruverð á landsbyggðinni. Þetta er sennilega þessi nefnd sem hefur lengi starfað að rannsókn á högum dreifbýlisverslunarinnar og hélt einn fund á síðasta ári í Furufirði á Hornströndum og hefur starfað mjög ötullega eða hitt þó heldur, sent frá sér skýrslur annað hvert ár sem liggja í skúfum viðskrn. Hvað er þetta? Ég spyr. Ekki kostar þetta mikið, að minnsta kosti er þetta ekki frumlegt.

Í tíunda lagi kemur eiginlega á brandari þingsins eða jafnvel aldarinnar að áliti okkar sem störfum í menntmn. Það hefur greinilega verið þannig að ríkisstjórnin hefur reynt að fá aðila vinnumarkaðarins til að biðja um að framhaldsskólafrv. yrði afgreitt. Nú liggur sem betur fer fyrir að framhaldsskólafrv. verður ekkert afgreitt. Það er eitt af því sem er að verða ljóst við þinglokin. Það er engin samstaða um að það verði afgreitt enda er hægt að koma á þessum verknáms- og starfsmenntabrautum án þess að afgreiða eitthvert framhaldsskólafrv. Það er hægt að gera það á grundvelli gildandi laga. Þetta er náttúrlega svo helber hræsni og yfirdrepsskapur að það er satt að segja alveg ótrúlegt að menn skuli mér liggur við að segja leyfa sér að draga þetta inn í þessa yfirlýsingu.

Í ellefta lagi voru húsnæðismálin rædd af hv. 11. þm. Reykv. Ég spyr: Hvað kostar þetta sem hér er verið að tala um? Eru einhverjir fjármunir í 11. tölul.? Hvað er gert ráð fyrir að lagt verði mikið til af fjármunum inn í 11. lið? Já, ég vil líka segja það, hæstv. forseti, að mér finnst þetta athyglisverð yfirlýsing þar sem stendur hvorki meira né minna en þetta, með leyfi forseta:

„Næstu vikur verða nýttar til að skilgreina til hvaða aðgerða eigi að grípa í skuldbreytingum hjá þeim sem eru í greiðsluerfiðleikum."

Þetta er aldeilis bratt. Þetta er mikið sagt. Næstu vikur verða nýttar til að skilgreina. Hvaða vikur eru það? (**Gripið fram í:** Hvað margar?) Það kemur ekki fram hversu margar vikur. Það er kannski rétt að spyrja ráðherrann að því. Þetta virkar mjög alvörulaust og þeir sem hafa staðið að því að semja þessa yfirlýsingu af hálfu ríkisstjórnarinnar hafa umgengist þetta með fullmiklu alvöruleysi. Ég get ekki neitað því. Mér finnst það.

Síðan segir: „Unnið verði að úrbótum í málum fólks í atvinnuleit með virkum aðgerðum á sviði verkmenntunar og starfsþjálfunar. Á þessu ári verður veitt 15 millj. kr. viðbótarframlag sérstaklega til þessara mála."

Ég held að þetta sé ekki nýtt fyrirheit. Ég man ekki betur en ég hafi heyrt þetta einhvern tíma áður og best ég spyrji ráðherrann: Fer þetta í gegnum félmrn.? Hvernig er hugsað að þessir fjármunir verði notaðir.

Í þrettánda lagi segir hér: „Ríkisstjórnin mun í samráði við aðila vinnumarkaðarins undirbúa aðgerðir sem takmarki svonefnda gerviverktöku og tryggi réttindi launþega.“ Þetta er búið að segja oft. Ég segi ekki hundrað sinnum en a.m.k. 90 sinnum. Það er alltaf verið að tala um þetta.

Í fjórtánda lagi kemur stórkostlega hátimbrað fyrirheit sem mun alveg valda kaflaskiptum í jafnréttisbaráttunni á Íslandi og veitir nú ekki af eftir 7 ára feril hv. 12. þm. Reykv. í jafnréttismálaráðuneytinu að taka nú verulega til hendinni einu sinni þar því að í 14. lið stendur hvorki meira né minna en þetta, með leyfi forseta: „Til að tryggja framhald verkefna sem miða að því að gera tillögur um aðgerðir til að draga úr launamun milli karla og kvenna mun ríkisstjórnin leggja fram viðbótarfé á þessu ári.“ Hversu mikið? Allt að 3 millj. kr. Allt að, það verður ekki farið alveg upp í 3 kannski, kannski bara 2,5. (Gripið fram í.) Spurningin er: Hvernig er ætlunin að nýta þetta? En út af fyrir sig er skýrt hvaða fjármuni hér er verið að tala um eins og í lið 12.

Síðan er verið að tala um afgreiðslu frv. varðandi breytingar á skattalögum þar sem m.a. er kveðið á um að sannanlega tapað hlutafé í félögum sem orðið hafa gjaldþrota skuli teljast til rekstrargjalda. Þetta er líka kunnuglegt hér.

Í sextánda lagi stendur hér: Athugað verði að skipta Ábyrgðarsjóði launa þannig að fyrirtæki innan ASÍ og VMS myndi sérdeild og aðrir atvinnuveitendur sérstaka deild. Ég vil spyrja hæstv. fjmrh. hvað tölul. nr. 16 þýðir. Ég skil hann ekki.

Og loks 17. liður: „Lögum um atvinnuleysistryggingar verði breytt í því skyni að gera fastráðningu fiskvinnslufólks mögulega.“

Þegar farið hefur verið yfir þetta, hæstv. forseti, er mjög erfitt að átta sig á því hvaða fjármunir eru nákvæmlega á ferðinni og ég hef séð í fjölmiðlum nefndar upphæðir í þessu skyni, m.a. í ágætum yfirlitum í einu og einu dagblaði. Ég held hins vegar að æskilegt sé fyrir þessa virðulegu stofnun að fá það fram hjá hæstv. fjmrh. hver eru nettóáhrif þessara aðgerða á ríkissjóð á árinu 1995 að hans mati. Auðvitað ekki bara nettóáhrif heldur líka annars vegar áhrif á gjöld og hins vegar áhrif á tekjur, þannig að það sé hægt að glöggva sig á þessu og setja þessa hluti inn í eitthvert heildarsamhengi.

Í fyrsta lagi er það náttúrlega afleitt ef hér standa út af verulegir fjármunir, jafnvel einn eða tveir milljarðar kr. sem er vísað á næstu ríkisstjórn eins og hæstv. fjmrh. mun hafa orðað það í fjölmiðlum nýlega. Það eru ekki góð vinnubrögð, satt best að segja. Hvernig mundi núv. hæstv. fjmrh. leysa þessi mál? Gerir hann ráð fyrir því að það gerist með skattahækkunum? Gerir hann ráð fyrir að það gerist með niðurskurði og þá niðurskurði á hverju? T.d. félagslegri þjónustu? Er það hugsanlegt? Er það hugsanlegt að launafólk í landinu, sem er að gera þessa kjarasamninga, verði þannig látið borga kjarasamningana sjálft með því að borga hærri þjónustugjöld á sjúkrahúsum, heilsugæslustöðvum eða í skólum? Hvernig hugsa menn sér að ná þessum mismun eða hugsa menn sér einfaldlega að auka hallann á ríkissjóði til frambúðar? Ég er þeirrar skoðunar satt best að segja að eitt allra erfiðasta vandamál Íslands í dag sé þessi viðvarandi mikli halli í ríkissjóði. Ef maður skoðar efnahagslega möguleika Íslands í almennu, alþjóðlegu samhengi þá held ég að þeir séu góðir. Ég held að Ísland eigi mikla möguleika, bæði vegna orkulindanna sem við eigum, vegna landsins eins og það er og liggur, það er hreint land og hingað gæti komið mikill skari ferðamanna á komandi árum sem skapaði gjaldeyristekjur. En vandi ríkissjóðs er hins vegar afar ljóst dæmi. Það er verið að tala um að ríkissjóður sé nú með öfugan höfuðstól upp á 200 milljarða kr. Í tíð núv. hæstv. fjmrh. hefur staða ríkissjóðs versnað stöðugt þrátt fyrir mjög hátimbruð loforð um annað.

Hreinar skuldir ríkissjóðs sem hlutfall af vergri landsframleiðslu hafa tvöfaldast frá því að hæstv. núv. fjmrh. tók við. Hreinar skuldir ríkissjóðs 1991 voru 16,3% af vergri landsframleiðslu en samkvæmt áætlun fyrir árið 1994 voru þessar hreinu skuldir ríkissjóðs 31% af vergri landsframleiðslu. Þetta er svakalegt stökk á mjög stuttum tíma úr 16,3% í 61%. Ef við tökum t.d. árin 1989–1991, sem er að talsverðu leyti tími fyrrv. hæstv. ríkisstjórnar, þá jukust hreinar tekjur ríkissjóðs úr 15,6% af vergri landsframleiðslu í 16,3% af vergri landsframleiðslu. Þegar núverandi ríkisstjórn tekur við tekur þetta gríðarlegt stökk og fer úr 16,3% í 31% af brúttólandsframleiðslu.

Það er einnig athyglisvert að skoða aðra opinbera aðila í þessu sambandi eins og sveitarfélögin, hvernig nettóskuldir þeirra hafa aukist stórkostlega í heild á þessum tíma þannig að skuldastaða opinberra aðila hefur aldrei verið eins svört og hún er þegar þessi ríkisstjórn skilur við. Ef maður leggur saman bæði fjárhag ríkissjóðs og sveitarfélaganna þá koma út mjög ljótar tölur, í raun og veru ljótari en nokkru sinni fyrr. Sveitarfélögin voru með hreinar skuldir sem 1,8% af vergri landsframleiðslu 1991 en voru komin upp í 4,2% í lok síðasta árs. Þetta er svakaleg aukning á skuldastöðu sveitarfélaganna.

Aðaltilgangur minn í stólinn, hæstv. forseti, var að leggja nokkrar fyrirspurnir fyrir hæstv. fjmrh. varðandi fjárhagsleg áhrif yfirlýsingarinnar og ég vænti þess að hann treysti sér til að svara þeim spurningum.

[01:00]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. þm. Svavar Gestsson nefndi að hann hefði ekki verið mjög hreykinn af því 1986 að hafa staðið að því að samþykkja lög um lækkun á aðflutningsgjöldum af bifreiðum og ekki áttað sig á hvernig það hefði komið við láglaunafólk. Ég vil hins vegar leyfa mér að fullyrða að sú hækkun og miðað við stighækkandi skatta á bifreiðar hafi þó komið miklu betur við láglaunafólk en sú aðgerð sem nú er ákveðin um að launafólk fái að draga lífeyrisgreiðslur sínar frá tekjum áður en staðgreiðsla skatta er reiknuð.

Nú er ég ekki að gera lítið úr því prinsippi að tvískatta ekki lífeyri. En ég bendi á að sá sem er með 50

þús. kr. í tekjur fer að draga af þegar þetta er að fullu komið til 2.000 kr. áður en skatturinn er reiknaður út. Forstjórinn sem er með 500.000 kr. fær að draga 20.000 kr. og til viðbótar við þetta fær sá sem er með 50.000 kr. engan skattafrádrátt því að í forgjöf var hann undir skattleysismörkum, hann greiddi engan skatt. Hann hefur samkvæmt þessum útreikningi núll kr. út úr þessu en reiknum með að forstjórinn sé með 50% skatthlutfall og hann hefur þá 10.000 kr. hreint í vasann. Í heild kostar þetta ríkissjóð 2,2 milljarða á ári. Meira en það. Ríkisstjórnin sagði: Við ætlum að taka þetta allt til baka í hækkuðum sköttum eða lækkuðum kostnaði og ég leyfi mér að fullyrða að þeir taka þetta ekki til baka í sömu hlutföllum þannig að 500 þús. kr. maðurinn skili sínum 20 þúsund kr. Burt séð frá prinsippinu um að það eigi ekki að skattleggja lífeyrissjóð og lífeyrisgreiðslur er um að ræða mestu aðgerð af hálfu ríkisins til kjaraójöfnuðar sem hefur gerst um langt árabil.

[01:03]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er alveg sammála hv. 6. þm. Norðurl. e. í því að það sem skiptir máli í þessu efni er auðvitað forgangsröðunin og ég viðurkenni að ég hefði kosið aðra aðferð til þess að koma út þessum hálfa til heila milljarði en gert er í þessari yfirlýsingu. Þá er ég að tala um lífeyrisréttindi út af fyrir sig en ég hefði hins vegar, hæstv. forseti, ekki notað peningana til að lækka verð á bílum, það viðurkenni ég.

[01:04]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er alveg sammála því að í þennan umgang hefði engum dottið í huga að nota þá peninga til að lækka verð á bílum og sú aðgerð var mjög umdeild á sínum tíma þó að ég notaði hana hér til samanburðar. En ég bendi hv. þm. á það að þegar þessi aðgerð er komin að fullu til framkvæmda að leyfa mönnum að draga lífeyrisgreiðslurnar frá áður en skattur er reiknaður út, bæði hjá launafólki og sjálfstæðum atvinnurekendum eins og nefnt er í frv., þá kostar það 2,2 milljarða á ári.

[01:05]

Félagsmálaráðherra (Rannveig Guðmundsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það eru athyglisverðar umræður sem fara hér fram nú snemma morguns, svo að maður noti það orð, og undir þessum lið, tekjuskattur og eignarskattur, eiginlega eins konar almenn efnahagsumræða sem hér hefur borið á góma. En það vekur undrun mína á hvern hátt þingmenn fara inn í umfjöllun um yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og kjarasamninganna. Vegna orða hv. þm. Svavars Gestssonar um tvö atriði í þessari yfirlýsingu kem ég hér upp.

Það er varðandi úrbætur í málum fólks í atvinnuleit og varðandi ákvæði um að halda áfram með verkefni til að draga úr launamun milli karla og kvenna. Í fyrsta lagi skipta 15 millj. afar miklu máli í fræðslu og námskeiðahaldi. Það er samt ekki punktur sem ég ætla að gera að umræðuefni heldur hitt að mér finnst fellast í umfjöllun manna um þessa yfirlýsingu og kjarasamninganna fullkomið háð á störf verkalýðshreyfingarinnar. Varðandi 14. lið í þessari yfirlýsingu, þ.e. að halda áfram með þessar aðgerðir til að draga úr launamun karla og kvenna eru ýmsar hugmyndir uppi um hvernig skuli fylgja þessu eftir og þessi tillaga er komin beinlínis frá verkalýðshreyfingunni eins og hún er og mér finnst að það sé eitthvað sem við erum vön að þingmenn stjórnarandstöðunnar standi hér og skammist út í ríkisstjórnina. Þessi pappír og þessir kjarasamningar eru þess eðlis að það er ekki bara ríkisstjórnin sem er að gera eitthvað heldur er verið að setja saman og gera hluti og koma að samningum á þann hátt að sátt sé um og það var sátt um þetta plagg. Ég verð að segja að þeir sem halda því nærri því fram að þeir sem eru að semja fyrir hönd verkalýðshreyfingar séu samansafn vitleysinga, að það gengur svo langt að ég hlýt að álykta að svona sé talað af því að hér er verið að funda um nótt.

[01:07]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. félmrh. er þekkt fyrir það að sýna verulega skapstillingu jafnvel umfram aðra ráðherra og falla ekki í viðjar persónuleikans jafnvel um hánætur þannig að ég fyrirgef það nú þó að hæstv. ráðherra hafi sleppt sér aðeins út fyrir þessi mörk úr ræðustól núna rétt í þessu og ég kann satt best að segja ekki að meta þær einkunnir sem hún leggur mér í munn. Ég veit að hæstv. ráðherra þekkir til þess að margt af forustumönnum í verkalýðshreyfingunni eru bæði vinir mínir, flokksfélagar og kunningjar. Mér dettur ekki í hug að tala um þetta fólk með þeim hætti sem hæstv. ráðherra gerði, ég get ekki einu sinni tekið mér þetta orð í munn eftir ráðherranum eins og hún gerði hér áðan. Ég kann ekki að meta slíkt. Mér finnst satt að segja dálítið athyglisvert ef hæstv. ráðherrar tala svona um stjórnarandstöðuna og væntanlega líka þá sem þeir eru að semja við.

Mér er nákvæmlega kunnugt um það, hæstv. félmrh., hvernig ýmsir þættir í þessari yfirlýsingu eru tilkomnir. Ég þekki þá satt að segja marga nokkuð vel. Það sem slær mann er að þær niðurstöður, t.d. varðandi launamun karla og kvenna og aðgerðir í þeim efnum, eru í hrópandi mótsögn við þá stefnu sem ríkisstjórnin hefur rekið því að það liggur fyrir að undanfarin 7 ár eins og hæstv. umhvrh. upplýsti hér í kvöld í öðrum umræðum hefur launamunur milli karla og kvenna í landinu ekki minnkað. Hann hefur á mörgum sviðum farið stórkostlega vaxandi og ég skora á hæstv. félmrh. að kynna sér viðhorf hæstv. umhvrh. í þessu máli áður en hún fer að varpa á mig eða aðra þingmenn þeim orðum sem hún gerði hér áðan.

[01:09]

Félagsmálaráðherra (Rannveig Guðmundsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er ekki að varpa á þingmanninn orðum. Ég er að bregðast við orðum hans og ég er ekki að tala um það að þessar 3 millj. sem felast í þeim lið sem við vorum að fjalla um snúi að aðgerð-

um í launamálum heldur er þetta til að fylgja eftir mjög fróðlegri skýrslu sem fjallar um hvernig launamunur hefur orðið til. Við sem höfum fjallað um þessi mál höfum öll sagt að þessi skýrsla kemur okkur ekki á óvart. Það sem er merkilegt við hana er það að hún staðfestir hluti og hún leitar skýringa á hvað hefur gerst til að við getum brugðist við þeim. Við bregðumst ekki við launamuninum með 3 millj. en við fylgjum verkefnum skýrslunnar áfram eftir með því. Það sem ég hef gagnrýnt hér er það að um leið og menn ráðast svo mjög á þær aðgerðir sem var verið að grípa til í tengslum við kjarasamninga sem er gert í samningum af því tagi sem hér hefur komið fram eru menn að ráðast á verkalýðshreyfinguna, ekki bara á ríkisstjórnina.

[01:10]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það eru athyglisverðar upplýsingar að það skuli þurfa að sameina afl verkalýðshreyfingarinnar á Íslandi til að pína ríkisstjórnina til að leggja fram 3 millj. til að fylgja eftir þessari launamálakönnun. Það eru fróðlegar upplýsingar þannig að þessi næturfundur hefur ekki verið haldinn til einskis, hæstv. forseti.

[01:11]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það má gera ráð fyrir því að kostnaðurinn á yfirstandandi ári vegna þessarar yfirlýsingar sé um 1.850 millj. en það skiptist þannig að vegna lífeyrissjóðsgreiðslnanna séu það 800 eingreiðslur, sem eru nefndar í yfirlýsingunni, kosta um það bil 500. Það á reikna með að atvinnuleysistryggingarnar kosti um 50, húsnæðismálin 200 og það sem eftir stendur um það bil 300 millj. kr. án þess að það sé frekar sundurgreint.

Ég vil að það komi skýrt fram hér að 1. og 2. liðurinn í yfirlýsingunni verði aðalkröfur verkalýðssamtakanna og það má lesa í kröfugerð þeirra sem hefur birst, þ.e. vísitalan og hækkun skattleysismarka með þessum hætti sem þarna er gert. Það var spurt um hvaða áhrif vísitölubreytingin hefði á ríkissjóð. Það er með tvennum hætti. Það eru útistandandi verðbréf og hins vegar ýmsar viðmiðanir, einkum í skattalögum og má reikna með því að meðan laun batna og verðlag vex minna hafi það hagstæð áhrif á ríkissjóð þannig að það mundi vera ríkissjóði til tekna því að ríkissjóður er skuldari fyrst og fremst.

Það skal tekið fram að 4. liðurinn um hert skatteftirlit er krafa ASÍ, liður 2 e, og þetta um jöfnun húshitunarkostnaðar er líka krafa ASÍ. Liður 3, og það er ekki rétt að segja að í fjárlögum sé skylt að gera þetta, heldur var í 6. gr. fjárlaga heimild og hún var skilyrt í fjárlögunum við það að peningar kæmu frá orkufyrirtækjunum. Svona má áfram telja og ég held að það verði sagt um þessa yfirlýsingu að hún er í takt við það sem um var beðið. Hún var samþykkt af verkalýðsforustunni og ég held að ríkisstjórn og verkalýðsforusta hafi gert sér far um það að komast að niðurstöðu sem gæti tryggt stöðugleikann og ég get ímyndað mér að þegar nettó er litið á niðurstöðuna fyrir ríkissjóð, tekið tillit til veltubreytinga og þess háttar, gæti niðurstaðan verið sú að ríkissjóður tapaði eða yki hallann um 6 milljarða eða þar um bil, minna ef eitthvað er.

[01:13]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel ástæðu til þess að þakka hæstv. fjmrh. fyrir þessi svör, ég hef ekki heyrt áður að það sé mat fjmrn. að kostnaðurinn af þessum aðgerðum á árinu 1995 sé nettó jafnvel innan við milljarður kr. Mér finnst það satt að segja fjarska fróðlegt að heyra það. Þar af eru t.d. eingreiðslurnar sem menn reiknuðu með að þurfa að greiða upp á um það bil 500 millj. kr. og þar af er auðvitað húshitunarhækkunin upp á 50 millj. kr. Þó að það væri á heimildargrein reiknuðu allir með því að það þyrfti að borga. Þegar þessi atriði eru tínd saman og e.t.v. einhver fleiri er kannski hægt að halda því fram að nettóaukningin hjá ríkissjóði vegna þessara aðgerða og yfirlýsingar sé kannski þó nokkuð innan við hálfur milljarður króna. Það er allt annað heldur en það sem menn hafa látið í veðri vaka og ég held að það hljóti að koma ýmsum á óvart sem hafa viljað fjalla um þessi mál undanfarna daga ef nettóáhrifin af þessum yfirlýsingum ríkisstjórnarinnar á ríkissjóð á þessu ári eru um eða innan við 500 millj. kr. vegna þess að ég tel ekki eingreiðslurnar sem sérstök tíðindi af því að það var alltaf reiknað með því að eingreiðslurnar kæmu og það var alltaf reiknað með því að eitthvað af þessum húshitunargreiðslum kæmu. Því er ekki hægt að líta þannig á að um sé að ræða veruleg ný viðbótarútgjöld fyrir ríkissjóð þegar allt kemur til alls. Ég geri líka ráð fyrir því t.d. að menn hafi að undanförnu gert sér grein fyrir því að einhver hluti af þessum kostnaði í húsnæðismálum eða jafnvel allur gæti komið til svo að segja hvort eð var. Upplýsingar hæstv. fjmrh. voru afskaplega fróðlegar og ég þakka honum fyrir þær.

[01:15]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. spurði áðan um hvers vegna liður nr. 16 væri inni og það skal tekið fram að liður nr. 16 kom frá Vinnuveitendasambandinu og Vinnumálasambandinu og snýst um það að þeir vilja gera mun á fyrirtækjum sem eru innan þessara sambanda og utan. Þeir telja að ýmis fyrirtæki sem vilja ekki vera þátttakendur í þessum samtökum standi illa og of miklir peningar úr Ábyrgðasjóði launa fari til slíkra fyrirtækja.

En það er athyglisvert, virðulegi forseti, að hlusta á hv. þm. telja saman hver útgjöldin eru eftir mína ræðu og hlusta síðan á hv. þm. Ólaf Ragnar Grímsson, formann Alþb., í hverri ræðunni á fætur annarri klifa á einhverjum 4 milljörðum kr. Þegar hv. þm. Svavar Gestsson kemur hingað upp og segir að líklega sé þetta ekki nema um það bil 500 millj. á næsta eða þessu ári, en hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson talar aldrei um þessa kjarasamninga né þessa yfirlýsingu án þess að nefna 4 milljarða. Nú er spurningin: Hvor skyldi hafa

réttara fyrir sér, félagi Svavar, hv. þm., eða Ólafur Ragnar, formaður Alþb.

[01:16]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Óttalega leggst nú lítið fyrir fjmrh. sem er alveg ágætur í reikningi og hefur kennt einum manni hér inni meira að segja reikning sem er einn besti reikningsmaður hússins og ber kennsluhæfileikum fjmrh. gott vitni.

Af *hverju er hæstv. ráðherra að stilla þessu upp* svona? Það sem ég var hér að fara yfir var nettóáhrif á ríkissjóð gjalda- og teknamegin þegar það er vegið saman inn í fjárlögin árið 1995. Það sem hv. 8. þm. Reykn. hefur verið að fara yfir ef ég kann það rétt eru fyrst og fremst heildarútgjöldin sem lofað er að komi til útborgunar á samningstímanum. Hæstv. fjmrh. reynir að setja þetta upp eins og einhverjar óskaplegar andstæður, hvor hefur rétt fyrir sér og hvor hefur rangt fyrir sér. Málið liggur ekki svona. Það vill svo til í þessu tilviki eins og yfirleitt í mínum góða flokki að báðir þessir sómamenn hafa rétt fyrir sér.

Útbýting þingskjala:

Lyfjalög, 403. mál, nál. heilbr.- og trn., þskj. 805.

Viðlagatrygging Íslands, 384. mál, nál. heilbr.- og trn., þskj. 806.

[01:18]

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Þeir ráðherrar sem hafa hlustað á þessa umræðu hafa verið heldur hörundsárir fyrir henni og það er von því að þeir hafa m.a. í gær í almennum umræðum lagt kapp á það að draga upp glansmynd af því að nú sé allt í lagi í þjóðfélaginu. Og ef einhverjum skugga bregður á þá glansmynd er von að hæstv. ráðherrar missi jafnvægið. Satt að segja hefur það ekki *mikið upp á sig að vera að ræða hvað þessar yfirlýsingar* kosta vegna þess að það kemur auðvitað í hlut næstu ríkisstjórnar að framkvæma þær og standa við þær því að það er nú svo að þetta er ekki fyrsta yfirlýsing sem ríkisstjórnin gefur sem hér liggur fyrir og þetta frv. til laga um breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt er afsprengi af. Það var áður gefin út yfirlýsing ríkisstjórnarinnar 10. des. sem hét Yfirlýsing ríkisstjórnarinnar um aðgerðir til að stuðla að aukinni atvinnu, stöðugleika og kjarajöfnun. Það var sagt úr þessum ræðustól af einstökum stjórnarliðum að þetta væri yfirlýsing aldarinnar sem hér væri um að ræða. Hæstv. utanrrh. sagði þegar þessi yfirlýsing sá dagsins ljós að þetta væri besti dagurinn sem hann hefði upplifað í stjórnarsamstarfinu. Þeir hafa reyndar ekki verið góðir margir svo það er kannski ekki ... (**JGS:** Það var nú ekki nema siglingin úr Viðey ...) Það er nú kannski ekki nema siglingin já, heimsiglingin, sem var góð, þannig að það er kannski ekki við mikið að miða í þeim efnum.

En í þessari yfirlýsingu frá 10. des. er m.a. yfirlýsing um samstarf um lausn á greiðsluvanda vegna húsnæðislána og þar stendur:

„Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir viðræðum við fulltrúa lánastofnana og lífeyrissjóða um leiðir til þess að taka á greiðsluvanda þeirra íbúðareigenda sem hafa orðið fyrir sérstökum skakkaföllum vegna samdráttar í tekjum." — Svo kemur hér önnur yfirlýsing dagsett 20. feb. og í henni segir:

„Því verður beint til bankastofnana og lífeyrissjóða að gert verði átak í að skuldbreyta lánum."

Það var fræg persóna í sögu eftir Halldór Laxness sem hét Pétur þríhross og hann fékk viðurnefni sitt af því að hann seldi sama hrossið þrisvar. Ég sé ekki annað en að ríkisstjórninni hafi tekist að selja sama hrossið a.m.k. tvisvar. En ég lái verkalýðshreyfingunni það ekkert þó að hún reyni að knýja ríkisstjórnina með yfirlýsingu í tengslum við kjarasamninga til þess að standa við réttlætismál. Þeim hefur auðvitað ekki fundist fullreynt.

Svo eru náttúrlega skondnar yfirlýsingar í þessu, t.d. yfirlýsing númer níu: „Ríkisstjórnin mun skipa nefnd sem gerir tillögur um aðgerðir til að lækka framfærslukostnað heimilanna. Nefndinni verði sérstaklega falið að leita leiða til að lækka vöruverð á landsbyggðinni."

Það var nú svo að ríkisstjórninni og hæstv. viðskrh. gafst tækifæri til að sýna vilja sinn í þessum efnum við afgreiðslu fjárlaga. Í þessu skyni var á fjárlögum 1994 800 þús. kr. til að lækka vöruverð á landsbyggðinni. Þessi upphæð var lækkuð á fjárlögum árið 1995 niður í 500 þús. kr. 800 þús. kr. voru notaðar til að halda einn fund í nefndinni norður í Fljótavík á Ströndum, en 500 þús. kr. eiga að notast til að halda fund einhvers staðar nær höfuðborginni um þessi mál. Hins vegar er ríflegra framlagið til þess að auka jafnrétti karla og kvenna. Þar eiga þó að vera 3 millj. til að tryggja að skýrslugerð um þessi mál haldi áfram eins og hæstv. félmrh. sagði hér áðan. Það er náttúrlega mjög gott að skýrslugerðin haldi áfram enda er það svo að þessi mál hafa farið þannig fram í Alþfl. á síðasta kjörtímabili, samkvæmt umræðum hæstv. fyrrv. félmrh. og hæstv. umhvrh., að fyrrv. félmrh., Jóhanna Sigurðardóttir, hefði rausað í þingflokknum stanslaust í fjögur ár og hinir þingmennirnir hefðu sofið á meðan. Síðan á að veita 3 millj. núna til að gera skýrslu um málið, til að skýrslugerð geti haldið áfram um þetta mál. Jú, það er mjög gott.

En glansmyndin er m.a. fengin með góðum spám um efnahagshorfur á næsta ári sem Þjóðhagsstofnun hefur gefið. Hæstv. forsrh. sagði áðan að varnaglar hefðu verið slegnir. Það er bara hreinlega ekki rétt. Varnaglar voru ekki slegnir í þessum spám. Hún var einfaldlega sett fram en hins vegar sögðu forsvarsmenn Þjóðhagsstofnunar í viðræðum við fjárln. að þessi glansspá væri háð óvenjumörgum óvissuþáttum. Eigi að síður var allt byggt á þessari spá og engir varnaglar slegnir af ríkisstjórnarinnar hálfu. Það er alveg rétt að forstjóri Þjóðhagsstofnunar sló varnagla í þessum viðræðum við fjárln.

Það er náttúrlega ekki allt í lagi í þjóðfélagi þar sem um 6.000 manns ganga atvinnulausir. Það er sú náttúrlega staðreynd sem má ekki gleymast og má ekki stinga undir stól í þeirri umræðu sem nú fer fram. Verkalýðshreyfingin hefur sýnt mikla ábyrgð í því að

reyna að ná kjarasamningum og gera ábyrga kjarasamninga. Þess vegna ber skylda til að leita allra ráða til þess að vinna bug á atvinnuleysinu í landinu sem er stærsta vandamálið um þessar mundir.

[01:27]

Félagsmálaráðherra (Rannveig Guðmundsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Bara rétt einu sinni enn af því að ég er svo óþreytandi með að koma með leiðréttingar á „litlu málunum" þá er það svo að þingmaðurinn hefur misskilið ef hann heldur að það eigi að halda áfram með skýrslugerð fyrir 3 millj. Ég sagði fyrir nokkrum mínútum úr ræðustól að það væru ýmsar hugmyndir uppi sem ætti að hrinda í framkvæmd og mikilvægt að veita fjármagn til áframhaldandi vinnu í framhaldi af könnuninni. Ég kem hérna einnig upp til að upplýsa minn ágæta fyrrum nefndarfélaga, hv. þm. Jón Kristjánsson, um það að ég fullyrði, eftir að hafa setið í þingflokki Alþfl. í sex ár, að á stundum sem fyrrum félmrh. fjallaði um sín hugðarefni og þau mál sem henni lá á hjarta í þingflokknum, þá var ekki nokkur hætta á að nokkur sofnaði.

[01:28]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. fyrir upplýsingarnar um að það sé ekki meiningin að gera skýrslu fyrir 3 millj. um launajafnréttið, en hins vegar er alveg jafnmikilli óvissu háð hvað á að gera. Ýmsar aðgerðir, já, það segir ekki mikið og segir ekki mikið um það hvort það verður einhver raunverulegur árangur í þessum efnum.

Ég ætla ekki að blanda mér í það hvort hv. þm. Alþfl. sofa eða vaka undir ræðum fyrrv. félmrh. Það eru umræður um fortíðina sem ég ætla ekki að skipta mér af, en heimildirnar sótti ég í upplýsingar sem komu fram í umræðum fyrr í kvöld og ég ætla ekki að hafa fleiri orð um það.

[01:29]

Guðmundur Bjarnason:

Virðulegur forseti. Ég skal ekki lengja þessa umræðu mikið en mér finnst eins og það hafi aðeins gætt óþreyju hjá hæstv. ráðherrum í þeirri umræðu sem hér hefur farið fram, langri og ítarlegri, um þetta frv. til laga um breyting á lögum um tekju- og eignarskatt, sem tilheyrir auðvitað þeim nýgerðu kjarasamningum á vinnumarkaði sem vonandi verða samþykktir og ríkisstjórnin er með frv. þessu m.a. að leggja sitt lóð á vogarskálarnar að geti orðið að veruleika. Mér finnst eins og það hafi gætt nokkurrar óþreyju í máli hæstv. ráðherra við þessum ræðuhöldum stjórnarandstöðunnar. Mig langar aðeins út af því að segja það sem mína skoðun að það er ekki óeðlilegt að stjórnarandstaðan noti þetta tækifæri til að ræða ofurlítið við ríkisstjórnina um málið af því að hún á ekki í raun beinan aðgang að málsaðilum kjarasamninganna hér í hv. þingi eða á þeim vettvangi þar sem hún hefur tækifæri til þess bæði að koma sínum sjónarmiðum á framfæri og spyrjast fyrir um í hverju einstök efnisatriði séu í raun fólgin.

Það var fyrst og fremst þetta, virðulegur forseti, sem mig langaði til að koma fram með sem mína skoðun og ítreka það jafnframt að ég get lýst því yfir að ég get um margt verið sammála því sem hér er verið að fjalla um og leggja til. Ég í raun fagna því að ríkisstjórnin skuli á þennan hátt vera nokkur þátttakandi í kjarasamningunum, í kjarasamningagerðinni, vegna þess að mér finnst á stundum að hæstv. ríkisstjórn og get þá jafnframt beint orðum mínum til hæstv. forsrh., sem hér er í þingsalnum, mér finnst eins og hæstv. ríkisstjórn og hæstv. ráðherrar hafi stundum látið að því liggja að þeir vildu sem allra minnst, helst ekkert, skipta sér af því sem er að gerast á vinnumarkaði. Ég held að það sé mjög mikilvægt og reyndar nauðsynlegt eins og þetta frv. og þau frv. sem hér fylgja kjarasamningunum og eiga eftir að koma til umræðu sýna, að það er nauðsynlegt að ríkisvald komi að málunum á einhvern hátt til þess að liðka fyrir um kjarasamninga. Ég lýsi þess vegna yfir stuðningi mínum við ýmis atriði hér, en það sem ég hefði viljað spyrja um að lokum til viðbótar við það sem hefur komið fram í umræðunni og ég tel að hafi verið fróðleg og upplýst ýmislegt, er þetta ákvæði eða þessi málsliður í 2. tölulið yfirlýsingar hæstv. ríkisstjórnar sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Hér er um mjög víðtæka breytingu að ræða sem hefur í för með sér verulegt tekjutap fyrir ríkissjóð og sveitarfélögin. Þessu verður að mæta með auknum tekjum og/eða niðurskurði útgjalda."

Þetta hefur auðvitað komið fram í umræðunni í kvöld og ég býst við því að ýmsir hv. þm., þó ég hafi ekki fylgst með öllum ræðum frá orði til orðs, hafi spurt eftir þessu, en mér finnst að ég hafi ekki fengið viðhlítandi svör frá hæstv. ráðherrum hvað þeir sjá fyrir sér í þessu. Hvernig hugsar hæstv. ríkisstjórn, hæstv. ráðherrar, hæstv. fjmrh., hæstv. forsrh. og eftir atvikum hæstv. félmrh., sem hér er einn ráðherra Alþfl. við þessa umræðu, að mæta þessu tekjutapi ríkissjóðs sem liggur fyrir og er mjög augljóst? Það er talað um með auknum tekjum og/eða niðurskurði útgjalda. Vegna þess að mér finnst líka, eins og sumir hafa bent á hér, að þrátt fyrir allt tal um að samningar þessir séu tekjujöfnunarsamningar og bæti fyrst og fremst hag þeirra lægst launuðu, sem þeir gera að vissu marki, þá eru líka í þessu þættir sem mér finnst ganga í aðra átt. Ef það er svo að það þurfi að mæta þessu tekjutapi með álögum á launþega í landinu, eins og því miður hæstv. ríkisstjórn hefur gert á ýmsan hátt á sínum starfsferli, með þjónustugjöldum eða með óbeinni skattheimtu, þá óttast ég að það lendi mjög ósanngjarnt á þeim launþegum sem nú telja sig vera að fá bættan sinn hag og einkum hag hinna lægst launuðu. Því þjónustugjöldin hafa auðvitað lent í verulegu mæli á þeim sem hafa minni tekjur og þeim sem eiga á einhvern hátt um sárt að binda, þ.e. þeim sem þurfa að nota heilbrigðisþjónustuna.

Ég veit ég þarf ekki að rekja þetta ítarlega, þetta vita hæstv. ráðherrar, en mig langar þó að benda á það að ég hef látið taka það saman nýlega, samkvæmt upplýsingum frá Ríkisendurskoðun og frá heilbrrn., að viðbótarálögur hæstv. núv. ríkisstjórnar, bara í þremur

þáttum heilbrigðisþjónustunnar, þ.e. í sérfræðiþjónustu, í heilsugæslu og í lyfjakostnaði og má þó fleira tína til, eru nú um 1 milljarður á ári. Var ekki svo mikið á fyrstu árum hæstv. ríkisstjórnar, af því að þá var hún að feta sig inn á þessa braut, en nú nemur þetta um 1 milljarði á ári og eru samtals orðnir tæpir 3 milljarðar á þessu kjörtímabili og heldur auðvitað áfram að telja. Og því miður sýnist mér að sú hætta sé a.m.k. fyrir hendi að þessum tekjumissi eða tekjutapi ríkissjóðs og sveitarfélaga kunni að verða mætt í svipuðum dúr eða með svipuðum aðferðum og hæstv. ríkisstjórn hefur áður gert.

Ég vil aðeins að lokum leyfa mér að lesa, með leyfi hæstv. forseta, eina setningu upp úr greinargerð fjárlagafrv. fyrir þetta nýbyrjaða ár þar sem segir — ég hef reyndar bent á þessa setningu áður og finnst hún undirstrika það sem ég er að tala hér um, þann ugg sem ég ber í brjósti um það hvernig eigi að mæta tekjutapinu. Þar segir, með leyfi forseta:

„Þá er gert ráð fyrir því hér að þeir sem njóta þjónustunnar taki meiri þátt í kostnaði henni samfara.“ — Þ.e. halda enn áfram á þessari braut, að auka þjónustugjöldin og auka greiðslur almennings og þá auðvitað eins og ég hef áður bent á, þeirra sem nota t.d. þennan þátt samfélagshjálparinnar, þ.e. heilbrigðiskerfið okkar, sem eru sjúkir, aldraðir, barnafólk og þá oft á tíðum þeir sem eru ekki tekjuhæstu einstaklingarnir í þjóðfélaginu, að það séu einmitt þeir sem þurfi að bera byrðarnar og kostnaðinn af þessum nýgerðu kjarasamningum í meira mæli heldur en kannski væri réttlætanlegt.

[01:36]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. spurðist fyrir um það hvað það merkti sem stendur í 2. lið yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar. Þegar sú setning er höfð í huga og er skýrð þá þarf að rifja það upp að samningarnir voru gerðir í nokkurri tímaþröng því að þeir sem að þeim stóðu vissu að þinglausnir yrðu í lok þessarar viku. Það var þess vegna ekki hægt að ætlast til þess að þessi ríkisstjórn sem nú situr, rétt fyrir kosningar, efndi til mikils niðurskurðar eða tekjubreytinga, en til þess að hafa það alveg á hreinu gagnvart þeim sem sömdu í almennu kjarasamningunum var sagt mjög skýrt og greinilega frá því að þessar miklu skattabreytingar hlytu auðvitað að kalla á breytingar í ríkisfjármálunum. Og til þess að hafa það á hreinu gagnvart næstu ríkisstjórn, hver sem hún verður, þá var þetta sett inn í 2. lið og ég tel að það sé til mikillar fyrirmyndar. Þá getur næsta ríkisstjórn, hvort sem það verður ríkisstjórn þessara tveggja flokka sem nú sitja í ríkisstjórn, annars þeirra eða beggja eða hvaða flokkur sem kemur til með að sitja í ríkisstjórn, gengið að því sem vísu að þeim var það ljóst sem að samningunum stóðu að til slíkra ráðstafana yrðum við að grípa ef við ætlum að ná niður halla ríkissjóðs. En það er ekki hægt að ætlast til þess að núv. ríkisstjórn, á þeim örstutta tíma sem er til stefnu, komi fram með útfærðar tillögur í þessum efnum, enda þarf að líta til fleiri ára en ársins í ár þegar slíkar ákvarðanir eru teknar. En ég get lýst því yfir að Sjálfstfl. mun að sjálfsögðu, verði hann í næstu stjórn, taka á ríkisfjármálunum með viðeigandi hætti.

[01:38]

Guðmundur Bjarnason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hæstv. fjmrh. fyrir mjög hreinskiptið og hreinskilið svar í þessu efni og það liggur þá alveg fyrir eða ég skildi mál hans svo, að það eru ekki á þessu stigi neinar hugmyndir um það hvernig eigi að mæta þessu og ljóst að þessum víxli er algjörlega vísað á næstu ríkisstjórn. Mig langar þó til þess að spyrja hæstv. fjmrh. að lokum eftir því hvort það sé svo að það hafi þá ekki einu sinni legið fyrir neinar hugmyndir um það, það hafi ekki komið fram í viðræðum við þá aðila sem stóðu að þessu samkomulagi, þ.e. aðila vinnumarkaðarins beggja vegna borðs, við hæstv. ríkisstjórn, þegar gengið var frá þessari yfirlýsingu, engar hugmyndir um það hvar kynni að verða borið niður, hvort það væri í skattaálögum og þá hvers eðlis þeir skattar ættu að vera eða hvar ætti helst að leggja niðurskurðarhnífinn til atlögu við ríkisútgjöldin?

[01:40]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get svarað því þannig að það var ekki rætt við aðila vinnumarkaðarins sem heimsóttu ríkisstjórnina og ræddu þessi mál við hana, en báðir aðilar eða kannski allir aðilar voru sammála um eitt, þ.e. að það var nauðsynlegt að ná þessum kjarasamningum. Þessir kjarasamningar eru í þeim anda sem ríkisstjórnin vill starfa. Þessir kjarasamningar stuðla að stöðugleika. Þessir kjarasamningar hafa nú þegar sýnt það að þeir stuðla að lægri vöxtum og að öllu samanlögðu teljum við að þessir kjarasamningar og þær aðgerðir sem ríkisstjórnin stendur að séu til þess fallnar að skila betra búi til næstu ríkisstjórnar hver sem hún verður. Ég held að þegar við lítum nettó á hallaaukningu ríkissjóðs vegna þessara aðgerða þá eru það ekki stórir fjármunir, eins og reyndar hv. þm. Svavar Gestsson benti á áðan, miðað við þann mikla ágóða sem allt þjóðarbúið fær vegna þessara samninga sem þegar hafa verið gerðir. Ég held að hv. þm. hljóti að vera sammála mér um að það verður þessari ríkisstjórn til hróss að hafa þó náð þeim árangri í samstarfi við aðila vinnumarkaðsins að koma á ró í efnahagsmálum landsins, ekki síst á peningamarkaði því það skiptir mjög marga miklu máli að vextir haldist lágir í landinu.

[01:41]

Guðmundur Bjarnason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er til of mikils mælst af hæstv. fjmrh. að ætlast til þess að ég fari að hæla sérstaklega hæstv. ríkisstjórn. Hitt sagði ég áðan að ég út af fyrir sig gæti tekið undir ýmislegt sem hér er lagt til af hálfu ríkisstjórnarinnar í yfirlýsingu hennar til þess að ná og leiða fram þessa sátt á vinnumarkaði, þ.e. þessa kjarasamninga. Ég vil undirstrika það að ég tel að það sé út af fyrir sig skref — ég reyndar nefndi það áðan

— merkilegt skref í störfum þessarar hæstv. ríkisstjórnar að viðurkenna það að hún þurfi að takast á við mál af þessu tagi og vera aðili að gerð kjarasamninga, af því að stundum hefur hún viljað halda hinu gagnstæða fram að ríkisvaldið ætti sem minnst, helst ekkert, að skipta sér af vinnumarkaði og atvinnuástandi í landinu. Það tel ég að sé rangt og afskipti ríkisstjórnarinnar af þessum kjarasamningum undirstriki að það er nauðsynlegt að ríkisvaldið komi á einn eða annan hátt sem aðili að kjarasamningagerð til þess m.a. að halda vinnufrið og til þess vonandi að treysta atvinnulíf. Það get ég út af fyrir sig tekið undir og tel að sé mikilvægt.

Að lokum, hæstv. forseti, þá lifir það eftir í þessari umræðu að það er ljóst að þennan víxil verður að greiða, þó síðar verði, af nýrri ríkisstjórn að afloknum þeim kosningum sem senn fara í hönd. Ég vona sannarlega að það verði aðrir herrar heldur en þeir sem undanfarin missiri og ár hafa setið við völd þannig að það finnist aðrar leiðir til þess að jafna þessar byrðar, sem óhjákvæmilega hljóta að fara á einn eða annan hátt út í þjóðfélagið, heldur en að velta þeim á þá sem minnst mega sín, sjúka, aldraða og barnafólk.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vörugjald af ökutækjum, 1. umr.

Stjfrv., 438. mál (gjaldhlutfall, gjaldflokkar, hópferðabílar o.fl.). — Þskj. 742.

[01:44]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breyting á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum. Í frv. eru aðallega fjögur efnisatriði:

Í fyrsta lagi er lagt til að vörugjald á vélknúin ökutæki, sem falla undir gjaldflokk II, lækki úr 45% í 40%. Samanburður við aðrar þjóðir bendir til þess að hér á landi hafi átt sér stað óæskileg neyslustýring með of miklum mun á algengustu vörugjaldsflokkunum.

Í öðru lagi er lagt til að breyting verði gerð á röðun ökutækja sem knúin eru dísilolíu þannig að hærri viðmiðanir gildi um sprengirými aflvéla dísilbifreiða varðandi röðun í gjaldflokka en gilda um önnur ökutæki. Rökin eru þau að vélar dísilbifreiða þurfa að vera stærri en vélar bensínbifreiða til að framleiða sama hestaflafjölda.

Í þriðja lagi er lagt til að vörugjald af hópferðabifreiðum verði lækkað frá því sem nú er og kannast margir hv. þm. við þetta mál.

Í fjórða lagi er lagt til að fjmrh. verði veitt heimild til að lækka vörugjald af fólksbifreiðum sem falla í gjaldflokk II og eru ætlaðar til útleigu hjá bílaleigum, en í viðræðum við fulltrúa fjmrn. og ferðamálayfirvalda hefur komið fram að sá markhópur sem ferðamálayfirvöld telja brýnast að ná til á næstu árum eru evrópskar fjölskyldur sem vilja ferðast á eigin vegum um landið og dvelja til að mynda í sumarhúsum og það eru slíkar fjölskyldur sem nota einkum og sér í lagi þær bifreiðar sem þarna um ræðir.

Í fimmta lagi er síðan í frv. smávægileg breyting á 23. gr. laganna, en tillagan felur í sér viðbrögð við ábendingum frá Eftirlitsstofnun EFTA.

Virðulegi forseti. Það hefði verið hægt að hafa mörg fögur orð um þetta frv. en ég ætla að stansa hér og legg til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vísitala neysluverðs, 1. umr.

Stjfrv., 443. mál (heildarlög). — Þskj. 760.

[01:46]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um vísitölu neysluverðs. Með frv. er gerð tillaga um að sett verði ný lög er komi í stað núgildandi laga um vísitölu framfærslukostnaðar og skipan kauplagsnefndar. Þetta er nauðsynlegt vegna þeirra breytinga á verðtryggingu sparifjár og lánsfjár sem ríkisstjórnin ákvað að beita sér fyrir í tengslum við lausn kjarasamninga.

Sem kunnugt er felst breytingin í því að verðtrygging miðist framvegis við vísitölu framfærslukostnaðar í stað lánskjaravísitölu. Óráðlegt er talið að gera þá breytingu að óbreyttum lögum um vísitölu framfærslukostnaðar, þau lög eru úrelt og tæpast nógu traustur grundvöllur fyrir hið nýja hlutverk sem vísitölunni er ætlað að gegna.

Meginbreytingarnar sem lagt er til að gerðar verði á lögum um vísitöluna eru eftirfarandi:

Í fyrsta lagi er lagt til að skýrt verði kveðið á um hlutverk vísitölunnar, að hún sé reiknuð í því skyni að sýna breytingar á verðlagi einkaneyslu. Í þessu felst engin breyting á hlutverki hennar, vísitalan er almennur mælikvarði fyrir verðbreytingar neysluverðs en nauðsynlegt er að um það séu skýr ákvæði í lögum.

Í öðru lagi og tengt hinu fyrra, er lagt til að sett verði ákvæði um grunn vísitölunnar og reglubundna endurnýjun hans á grundvelli neyslukannana svo og ákvæðum um hvernig þær skulu gerðar. Tilgangur þessa er að tryggja að neyslukönnun og vísitölugrunnurinn sem á henni er byggð samræmist hlutverki vísitölunnar sem almenns verðmælis.

Í þriðja lagi er lagt til að hið gamla heiti vísitölunnar verði fellt niður og nýtt tekið upp í staðinn.

Vísitalan hefur um langt skeið ekki verið mælikvarði fyrir framfærslukostnað heldur almennur kvarði fyrir breytingar neysluverðlags. Þess misskilnings gætir hins vegar oft að hún sé eins konar nauðþurftarvísitala, hún sýni hvað heimilin þurfi til framfærslu. Hið gamla heiti er því villandi. Lagt er til að vísitalan beri heitið vísitala neysluverðs. Það gefur til kynna hvað

hún mælir raunverulega, enda þykir miklu skipta bæði í innlendum og erlendum samskiptum að heitið sé réttnefni og gefi ekki tilefni til misskilnings og mistúlkunar.

Í fjórða lagi er gert ráð fyrir að Hagstofa Íslands reikni og birti vísitöluna eins og nú á sér raunverulega stað, en samkvæmt gildandi lögum er kauplagsnefnd, skipuð fulltrúum tilnefndum af aðilum vinnumarkaðarins og Hæstaréttar, formlega ábyrg fyrir vísitölunni. Ákvæðinu um kauplagsnefnd má rekja til þess tíma er laun voru verðtryggð miðað við vísitöluna, en í reynd hefur nefndin um árabil starfað sem ráðgjafaraðili en ekki sem ábyrgðaraðili. Nauðsynlegt er og ekki síst nú þegar beita á vísitölunni til verðtryggingar sparifjár og lánsfjár að Hagstofan beri alla ábyrgð á vísitölunni. Þannig er komið í veg fyrir tortryggni um að aðilar vinnumarkaðarins geti haft óeðlileg áhrif á gerð vísitölunnar og útreikning hennar og þar með verðtryggingu á fjármagnsmarkaði.

Reglubundinn útreikningur neysluverðs vísitölu er hins vegar eðlilegt hlutverk hagstofa hvar sem er í heiminum. Í stað ábyrgðarhlutverks er lagt til að nefndin starfi áfram sem ráðgjafarnefnd. Tekið skal fram að þessar tillögur eru gerðar í samráði við forustumenn Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands og eru þeir meðmæltir þeim, svo og frv. í heild.

Í fimmta lagi er lagt til að lögin kveði á um mánaðarlegan útreikning eins og verið hefur í reynd í meira en áratug, en samkvæmt gildandi lögum þarf ekki að reikna vísitöluna oftar en fjórum sinnum á ári.

Í sjötta og síðasta lagi er lagt til að í lögunum verði mælt fyrir um að vísitala skuli eftir því sem kostur er miðast við meðalverðlag í landinu. Nærri lætur að um helmingur útgjalda í grunni vísitölunnar eigi við landið allt en að öðru leyti miðast vísitalan við verð á höfuðborgarsvæðinu og á það sérstaklega við um verð á matvöru, óáfengra drykkja og hreinlætisvöru. Af tillögu frv. leiðir að farið verður að safna verðupplýsingum utan höfuðborgarsvæðisins, einkum í fyrrnefndum vöruflokkum. Telja verður að í þessu felist töluverð framför.

Að lokum skal það tekið fram að með frv. þessu er ekki verið að breyta eðili vísitölunnar eða aðferðum við gerð eða útreikning hennar. Á hinn bóginn er verið að endurbæta lögin, skerpa ýmis lagaákvæði og setja ný til þess að taka af tvímæli um hlutverk vísitölunnar sem verðmælikvarða og færa lögin til raunveruleikans. Nauðsynlegt er að þessar endurbætur verði gerðar áður en nýskipan verðtryggingar sparifjár og lánsfjár verður tekin upp og tekur gildi og frv. verði því afgreitt á þessu þingi.

Ég vil rétt geta þess í lokin að það skorti á að frv. fylgdi umsögn frá fjmrn. varðandi kostnaðarauka fyrir ríkissjóð en Hagstofa Íslands áætlar að stofnkostnaður vegna þessara breytinga verði 300 þús. kr. en árlegur rekstrarkostnaður um 800 þús. kr. og þá er það aðallega vegna þess að þarna verður safnað upplýsingum ekki bara af höfuðborgarsvæðinu eins og fram til þess heldur jafnframt af landinu öllu.

Ég legg til, hæstv. forseti, að málinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

[01:51]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Þær breytingar sem hér er verið að gera á lánskjaravísitölunni, þ.e. að breyta henni úr því að vera mælistika á þrjár vísitölur yfir í að mæla aðeins eina vísitölu, tel ég að geti orkað tvímælis. Alla vega getur þurft að skoða það kannski meira en tími mun vinnast til og hefur unnist til núna síðustu daga. Það er að vísu alveg rétt að verkalýðshreyfingin og þeir sem eru að semja um sín kjör þessa dagana og mjög margir hafa lagt til að lánskjaravísitalan væri afnumin eða henni breytt. Það liggur einnig fyrir að það er unnið að því í fjármálaheiminum að afnema vísitöluna í áföngum. Það er verið að vinna að því innan Seðlabankans og mun sjálfsagt koma til framkvæmda eða það er verið að vinna einhverja úttekt á því.

Ég held, eins og ég segi, að það geti orkað mjög tvímælis að skipta þessu algjörlega yfir í framfærsluvísitöluna sem var þó hún heiti núna vísitala neysluverðs og hvort það geti ekki verið ansi miklar sveiflur í þessari vísitölu. Við þekkjum gamla dæmið um kaffið í Brasilíu sem getur hækkað mjög mikið og veldur þá hækkun á þessari vísitölu. Ef maður skoðar framfærsluvísitöluna eitthvað aftur í tímann þá eru miklar sveiflur í henni og gamla lánskjaravísitalan var samsett úr byggingarvísitölu og framfærsluvísitölu. (**Forsrh.:** Og kauplagsvísitölu.) Já, og launavísitölunni núna en þar áður var það bara framfærsluvísitala og byggingarvísitala. Síðan var því breytt 1989.

Ég segi fyrir mig að ég held að þetta sé nokkuð varasöm breyting sem þurfi að skoða mjög vel og ég óttast að ekki sé nægur tími til þess miðað við þær aðstæður sem núna eru.

Í öðru lagi er í kaflanum um söfnun upplýsinga utan höfuðborgarsvæðis á bls. 4 í greinargerð talað um að eins og nú háttar sé vísitalan byggð á neyslukönnun sem nái til heimila í öllum landshlutum. En þó segir þar að verðupplýsingum sé aðallega safnað á höfuðborgarsvæðinu. Nú er fyrirhugað að fara að safna upplýsingum meira utan höfuðborgarsvæðisins og vissulega fagna ég því út af fyrir sig að það skuli vera farið að reikna framfærsluna þannig að tekið sé mið af öllu landinu. Það er nú einu sinni svo að það er ekki raunhæft verð sem við erum að mæla eingöngu á höfuðborgarsvæðinu. En þetta getur einnig orðið til þess að valda nokkuð mikilli hækkun, það getur valdið enn þá meiri sveiflum en æskilegt er fyrir lánskjaravísitölu. Ég vildi þess vegna spyrja hæstv. forsrh. hvort þetta hefur eitthvað verið skoðað meira, hvort einhver athugun liggur fyrir á því að hvaða hækkunum það muni valda á þessari vísitölu neyslu að farið sé að taka í meira mæli inn í hana vöruverð og framfærslukostnað á landsbyggðinni.

Það hefur reyndar oft verið rætt um að það þyrfti að hafa tvær framfærsluvísitölur til viðmiðunar, þ.e. vísitölu framfærslukostnaðar á höfuðborgarsvæðinu og

aðra á landsbyggðinni því þar væri allt annar framfærslukostnaður. Þannig höfum við gagnrýnt að þetta skuli vera skoðað svo einhliða sem verið hefur. En ég hef áhyggjur af því að um leið og verið er að breyta þessu og nota framfærsluvístöluna eingöngu sem lánskjaravísitölu, sem hefur áhrif á skuldir í landinu, sé verið að breyta jafnframt grunni hennar að vissu leyti.

Það er kannski líka vert að benda á það að ríkissjóður er einn skuldugasti aðilinn í þjóðfélaginu og ef þetta mun valda hvort heldur sem er hækkun eða lækkun á skuldum þá mun það einnig lenda mikið á ríkissjóði. Það er því svo sem allra hagsmuna að gæta í því að þetta sé sem hagstæðast.

[01:56]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ótti hv. þm. er ástæðulaus vegna þess að þær breytingar sem voru gerðar á vísitölunni 1989 voru afar óheppilegar því þá var þáttur kauplagsins settur inn með mjög þungum hætti, þá voru menn að lækka kaup í landinu, það var kaupmáttarhrun sem þá átti sér stað og menn ætluðu að lækka vísitöluna í leiðinni en menn vissu að ef landinu miðaði rétt áfram þá mundi kaup væntanlega hækka meira í landinu en annar kostnaður, sérstaklega framfærslukostnaður, þannig að til lengri tíma var þetta afskaplega vond ráðstöfun.

Það er enginn vafi á því að þessi vísitala er heilbrigðari. Það er engin ástæða til að ætla það að sú breyting að taka mið af þróun verðlags úti á landi muni hækka vísitöluna vegna þess að þú núllstillir dæmið á tilteknum punkti og síðan er það sú verðlagsþróun sem á sér stað eftir það sem mælist. Það er engin ástæða til þess að ætla það að verðlag á landsbyggðinni muni hækka meira en á höfuðborgarsvæðinu héðan í frá þó að það kunni að vera einhver verðmunur þar á milli nú. Þannig að ég geri ekki ráð fyrir að þarna sé um erfiðleika að ræða.

Í annan stað er það stór kostur að eftir þetta er byggt á vísitölu sem er alþjóðlega þekkt. Lánskjaravísitalan er hvergi til nema hér. Þessi vísitala er alþjóðlega þekkt vísitala og viðmiðun þannig að það þarf ekki að útskýra það fyrir neinum hvaða vísitölu við notum eftir þessa breytingu. Lánskjaravísitala var algjörlega sérstök íslensk uppfinning sem ætíð þurfti að útskýra fyrir erlendum aðilum sem tóku mið af slíkri fjárfestingu. Hér eftir verður líka þannig um hnútana búið að þessum vísitölugrundvelli verður ekki breytt með reglugerð heldur verður þá lagasetning að koma til þannig að allur verður þessi umbúnaður miklu traustari eftir þessa breytingu. Eini gallinn við breytinguna er að við erum að hringla með vísitöluna en við erum þó sem betur fer að fara með hana í rétta átt en ekki ranga eins og gerðist 1989.

[01:58]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hygg einmitt að það hefði verið betra að afnema vísitöluna þó í áföngum væri en að nota framfærsluvísitöluna. Hvað það varðar að ekki muni verða nein sérstök hækkun á vísitölunni þó farið sé að miða meira við vöruverð á landsbyggðinni þá hafði ég ekki skilið þessa breytingu svo að það ætti að núllstilla vísitöluna við þessar breytingar núna heldur halda henni áfram frá þeim grunni sem hún er í dag. En það má vera og sjálfsagt hefur hæstv. forsrh. rétt fyrir sér í því ef það er þannig. En ég held að miðað við það sem er í löndunum í kringum okkur, þar sem yfirleitt er ekki notuð lánskjaravísitala til þess að miða við fjárskuldbindingar, þá hefði verið betra að við færðum okkur í þá átt heldur en breyta núna einu sinni enn lánskjaravísitölunni, miða hana við annað, þó ég sé út af fyrir sig sammála því að taka launahlutann út úr því ég held að það hafi verið mistök að hafa hann. En eins og ég segi held ég að hitt hefði verið betra.

[02:00]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er misskilningur að það hafi staðið til að afnema lánskjaravísitöluna í áföngum. Það hafði ekki staðið til fyrr en hún er afnumin með þessum hætti nú. Það sem um var að ræða var það að menn voru að lengja þann tíma sem skilyrtur var til þess að lán yrðu í framtíðinni bundin slíkri vísitölu. En það voru engar ráðagerðir uppi um að afnema hana enda bindingar vísitölunnar mjög víðtækar. En nú er sem sagt lánskjaravísitalan í hinum gamla stíl afnumin og tekin upp vísitala sem hefur alþjóðlegan grundvöll og er alþjóðlega þekkt. Það er kannski meginávinningurinn við þessa breytingu.

[02:01]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hygg að sú samþykkt sem ég nefndi áðan sé kannski ekki í þá veru að afnema lánskjaravísitöluna í áföngum en alla vega er hún í þá veru að draga úr vægi lánskjaravísitölunnar. Mér er kunnugt um að það er verið að vinna að því í Seðlabankanum að skoða það mál hvernig draga megi úr áhrifum lánskjaravísitölunnar á næstu árum og hugsanlega hefði komið í framhaldi af því að hún væri afnumin sem ég hefði talið það besta og ekki síst miðað við þann stöðugleika sem hefur ríkt á peningamarkaðnum og litla verðbólgu síðustu árin þá ættum við að geta farið út í sama farið og aðrar þjóðir í kringum okkur.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vaxtalög, 1. umr.

Stjfrv., 445. mál (verðtrygging sparifjár og lánsfjár). — Þskj. 762.

[02:02]

Viðskiptaráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Herra forseti. Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 21. febr. 1995 sem gefin var í tengslum við gerð nýrra kjarasamninga á almennum vinnumarkaði segir m.a., með leyfi forseta:

„Verðtrygging fjárskuldbindinga, sem nú miðast við lánskjaravísitölu, verður framvegis miðuð við vísitölu framfærslukostnaðar. Ríkisstjórnin undirbýr nú að-

gerðir til að hrinda þessari aðgerð í framkvæmd þannig að hún hafi almennt gildi, einnig gagnvart verðtryggingu núverandi fjárskuldbindinga. Jafnframt verður unnið að því að draga úr verðtryggingu í áföngum."

Frumvarp þetta er liður í því að hrinda fyrrgreindri stefnu í framkvæmd. Samhliða því er lagt fram frumvarp, sem hæstv. forsrh. mælti hér fyrir áðan, um vísitölu neysluverðs er komi í stað gildandi laga um vísitölu framfærslukostnaðar og er þá búið að skipta um nafn á vísitölunni og setja heiti hennar „vísitala neysluverðs" í stað vísitölu framfærslukostnaðar.

Um leið og þessi breyting er gerð er tækifærið notað til lagahreinsunar, þ.e. tekin hefur verið ákvörðun um það með frv. þessu að fella V. kafla laga nr. 13/1979, um stjórn efnahagsmála og fleira, svokölluð Ólafslög, í lög um vexti, nr. 25/1987, og þar komi inn verðtryggingarkaflinn sem upphaflega var í Ólafslögum og tækifærið hefur verið notað til þess að breyta honum eilítið í ljósi reynslunnar meðal annars.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um þetta frv. en minni á að í janúar 1989 var grundvelli lánskjaravísitölunnar og almennrar verðtryggingar í landinu breytt. Í stað þess að grundvöllur lánskjaravísitölu væri samsettur af framfærsluvísitölu að ⅔ hlutum og byggingarvísitölu að ⅓ eins og áður var var ákveðið í janúar 1989 að bæta launavísitölu við og að hver þessara vísitalna hefði þriðjungsvægi í grundvelli lánskjaravísitölu. Þessari breytingu var hrint í framkvæmd með því að viðskiptaráðuneytið gaf út reglugerð um samsetningu vísitölugrundvallarins. Seðlabankinn auglýsti síðan grundvöll lánskjaravísitölu til verðtryggingar sparifjár og lánsfjár í samræmi við þessa reglugerð og í dómum, sem gengu í kjölfar þessarar breytingar, staðfesti Hæstiréttur að stjórnvöld hefðu haft heimild til að ákveða þessa breytingu og staðið rétt að henni.

Nú er tekin sú ákvörðun með frv. þessu að leggja til að breytingin sem nú er verið að gera verði gerð með lögum í stað reglugerðar viðskrh. og auglýsingu Seðlabanka og er þar með búið að festa það í sessi að breytingar verði ekki gerðar á verðtryggingarviðmiðun nema með breytingu á lögum í stað þess að hægt var að gera það með einfaldri reglugerð eins og áður var.

Auk þess að gera þá breytingu sem hér um getur var gerð nokkur lagahreinsun á kaflanum um verðtryggingar í Ólafslögum um leið og gerð er tillaga um að færa þann kafla í vaxtalög, nr. 25/1987, eins og fyrr segir.

Aðeins örfá orð um þessa breytingu sem gerð hefur verið. Vil ég þá benda á tvö atriði í 21. gr. sem var, þ.e. b-lið 1. gr. í frv. Þar er í fyrsta lagi gert ráð fyrir því að menn geti verðtryggt sparifé og lánsfé annaðhvort með vísitölu neysluverðs, sem er nýjung þar sem stóð lánskjaravísitölu, eða með vísitölu gengis á erlendum gjaldmiðli sem heimilt var í verðtryggingarkafla Ólafslaga.

Þá er einnig gert ráð fyrir því að Seðlabanki geti að fengnu samþykki viðskrh. heimilað að fleiri opinberlega skráðar vísitölur en tilgreindar eru í 1. mgr. geti verið grundvöllur verðtryggingar sparifjár og lánsfjár. Í öðru lagi er það nýmæli að gert er ráð fyrir því að Seðlabanki geti ákveðið lágmarkstíma verðtryggðra innstæða og lána að fengnu samþykki viðskrh. og að bankinn geti jafnframt að fengnu samþykki ráðherra ákveðið að vextir verðtryggðra innstæðna eða lána skuli vera óbreytanlegir á lánstímanum.

Þetta er m.a. þáttur í því, sem einnig hefur verið boðað af ríkisstjórninni í tengslum við kjarasamninga, að verðtrygging af lánum verði afnumin í áföngum og lán þá lengd eða réttara sagt notuð sú heimild sem þarna er gefin til þess að lengja lágmarkstíma verðtryggðra innstæðna og útlána í því skyni að feta sig út úr því verðtryggingarkerfi sem setti mark sitt á íslenska lánamarkaðinn umfram það sem gerist og gengur í löndunum í kringum okkur þar sem verðtrygging út- og innlána er fremur undantekning en regla.

Þá er einnig nýmæli í d-lið 1. gr. þar sem gert er ráð fyrir því að Seðlabankinn setji nánari reglur um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár. Í þeim skuli m.a. kveðið á um jöfnuð verðtryggðra eigna og skulda viðskiptabanka, sparisjóða og annarra lánastofnana en þó þannig að heimildin til þess að jöfnuður eigna og skulda standist ekki alfarið á sé rýmkuð nokkuð, en þó þannig að Seðlabankinn geti beitt viðskiptabanka, sparisjóði og aðrar lánastofnanir viðurlögum sé ákvörðun bankans í þessum efnum ekki sinnt þó svo verið sé að gefa bankanum rýmri hemildir til þess að kveða á um jöfnuð verðtryggðra eigna og skulda viðskiptabanka, sparisjóða og annarra lánastofnana.

Þá er það einnig nýjung í e-lið að það er gefið út og ákveðið hvernig vísitala neysluverðs skuli reiknuð gagnvart fjárskuldbindingum sem samið hefur verið um fyrir 1. apríl 1995 og er það þá gert með því að nýta margfeldisstuðul sem er hlutfall vísitölu neysluverðs og lánskjaravísitölunnar eins og hún er í dag, þ.e. fyrir gildistöku þessara lagabreytinga ef samþykktar verða. Einnig er tekið fram að verði gerð breyting á grunni vísitölu neysluverðs skuli Hagstofan birta í Lögbirtingablaðinu nýjan margfeldisstuðul fyrir þannig breytta vísitölu í stað stuðulsins sem getið er um í 1. mgr.

Þetta er gert einfaldlega til þess að einfalda breytingar á útreikningi á lánskjaravísitölu sem kveðið er á um í skuldabréfum og í verðtryggingarákvæðum verðtryggðra fjárskuldbindinga þannig að hægt sé að nýta til þess margfeldisstuðul sem er, eins og ég áður sagði, hlutfall af vísitölu neysluverðs og lánskjaravísitölunni eins og hún er nú fyrir gildistöku laganna ef samþykkt verða.

Í 2. gr. er gert ráð fyrir því að lögin öðlist þegar gildi og komi til framkvæmda 2. apríl 1995. Þá falli úr gildi verðtryggingarkafli laganna nr. 13/1979, um stjórn efnahagsmála o.fl.

Virðulegi forseti. Ég tel ástæðulaust að hafa fleiri orð um þetta mál, en legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

[02:10]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa mörg orð um þetta mál. Ég hygg að það sé mjög almenn skoðun á

Alþingi að það beri að breyta lánskjaravísitölunni og minnka vægi hennar á lánamarkaðnum. Ég get þá vitnað til bréfs sem mér barst fyrir nokkrum dögum sem var, ef ég man rétt, undirritað af tíu þingmönnum þar sem var skorað á efh.- og viðskn. að afgreiða frv. sem liggur fyrir þinginu um að banna vísitölubindingu með lögum. Ég hygg því að í það minnsta allur sá hópur og ýmsir fleiri sem hafa flutt það mál á árum áður (**Gripið fram í:** Hverjir eru það?) væru tilbúnir til þess að ganga til breytinga á lánskjaravísitölunni þó ekki yrði gengið eins langt og þar var lagt fram.

Hitt er annað mál að ég bendi á þingmann sem hóf fyrir níu árum krossferð sína fyrir því að afnema lánskjaravísitöluna og hefur lagt frv. þess efnis fyrir Alþingi á hverju ári síðan án nokkurs árangurs og ég hlýt að leyfa mér að vona það að hæstv. viðskrh., sem nú leggur fram þetta frv. til breytingar á lánskjaravísitölunni, sé ekki að leggja upp í álíka krossferð og það verði örlög hans að leggja þetta frv. fram á næstu átta þingum (**Gripið fram í:** Og bjóða sig fram á Suðurlandi.) og enda væntanlega með sérframboði. Sporin hræða í þessu máli.

En að öllu gamni slepptu þá held ég að þetta sé eitt af því sem er bitastæðast í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Það var annars margt skondið í þeirri yfirlýsingu og snerti sumt vinnubrögð Alþingis og vinnubrögð framkvæmdarvaldsins gagnvart Alþingi eins og hér hefur komið fram. Þegar framkvæmdarvaldið er búið að biðja nefnd í Alþingi um að flytja fyrir sig mál vegna þess að það standi upp á ríkisstjórnina að efna gefin loforð í kjarasamningum, senda formleg bréf til efh.- og viðskn. með drögum að frv. þá er þeim kippt til baka daginn áður en átti að leggja frv. fram vegna þess að það þurfti að nota þetta aftur. Auðvitað hefur maður gaman af þessu en við ættum að taka þetta alvarlega og þetta ætti að verða til þess að nefndir þingsins taki það ekkert mjög alvarlega ef þær fá bréf frá ráðherrum og beiðni um að flytja mál.

Annar punktur var þess efnis að ríkisstjórnin lofaði aðilum vinnumarkaðarins að reka á eftir því að afgreidd yrði nauðsynleg löggjöf til þess að til staðar væru öll lög sem þyrfti til þess að kljást við skattsvik. Auðvitað ættum við þingmenn, sem lýstum því yfir í efh.- og viðskn. fyrir jólin þegar verið var að afgreiða lög um bókhald og ársreikninga að við mundum sjá til þess og flytja þau frumvörp sem eftir voru til þess að ganga frá og klára þá löggjöf, að taka það óstinnt upp að lesa svo í blöðunum daginn eftir að við vorum búnir að ganga frá þeim pakka öllum og mæla fyrir honum á Alþingi að ríkisstjórnin hefði á sama degi lofað aðilum vinnumarkaðarins að reka þannig á eftir þessum málum að þau yrðu afgreidd. Þetta eru ekki góð vinnubrögð og auðvitað ættum við að taka þetta mjög óstinnt upp. En kannski er bara Alþingi orðið svo vant því að framkvæmdarvaldið komi fram við það eins og druslu að menn segja ekkert við þessu nema í mesta lagi kannski að gera að því grín. Þetta er hins vegar sannleikurinn í málinu en ég lofa því hins vegar að þessi málsmeðferð mun ekki hafa nokkur áhrif á efnislega meðferð á frv. sem hér er fram lagt. Það er búið að boða alla aðila málsins á fund efh.- og viðskn. kl. 9 í fyrramálið til þess að fara yfir það þó að sýnt sé að ekki verði búið að vísa því til nefndar þá.

[02:16]

Viðskiptaráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir undirtektir hans. En ég vil ekki láta hjá líða að drepa á að hér er verið að breyta einhverri merkustu lagasetningu seinni ára. Hér er verið að breyta meginkafla í lögum nr. 13/1979, um stjórn efnahagsmála o.fl., sem kennd eru við fyrrv. formann Framsfl., Ólaf heitinn Jóhannesson. Það hafa sennilega fá lög á Íslandi haft jafngóð og mikil áhrif á efnahagsmál í landinu og þessi lög því að þau stöðvuðu bruna sparifjár á sínum tíma og lögðu grundvöllinn að því að Íslendingar fóru á ný að spara með verðtryggingu fjárskuldbindinga. Það hafa fá lög haft jafnheillavænleg áhrif á íslensk efnahagsmál og þessi lög. Nú hafa þau skilað verulegu hlutverki og nú eru þingmenn sammála um að ástæða sé til þess að afnema verðtrygginguna í áföngum og það eru menn nú að gera.

Ég vil ekki láta hjá líða að minnast á það, virðulegi forseti, hér er verið að breyta lagaákvæðum sem hafa verið þýðingarmeiri en flest önnur og voru sett á sínum tíma af manni sem var formaður Framsfl. og eru kennd við hann.

[02:17]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil ekki draga úr mikilvægi þessara laga þegar þau voru sett og þau voru vissulega óhjákvæmileg á sínum tíma þó svo að þá hafi sjálfsagt engan óraði fyrir því hvað sú óhjákvæmilega breyting frá neikvæðum vöxtum yfir í jákvæða áttu eftir að verða sársaukafull og hvað það var í raun mikil aðgerð fyrir bæði atvinnulífið og heimilin að aðlaga sig þeim breytingum og við erum enn að kljást við timburmennina af því. En ég ítreka að þetta var óhjákvæmilegt þó svo aðgerðin hafi reynst í raun miklu meiri en nokkurn óraði fyrir á þeim tíma.

[02:18]

Viðskiptaráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ekki trúi ég öðru en því að þáv. formanni Framsfl., Ólafi heitnum Jóhannessyni, hafi verið fyllilega ljóst hvað hann var að gera þegar hann beitti sér fyrir setningu þessara laga. Ég mundi satt að segja orða það svolítið öðruvísi en hv. þm. gerði að tala um árangur þeirra sem timburmenn af verkum fyrrv. flokksleiðtoga Framsfl. Ég lít ekki svo á að íslenska þjóðfélagið hafi orðið fyrir slíkum áhrifum af Ólafslögum að megi jafna því við timburmenn. Ég tel þvert á móti að þetta sé ein merkasta lagasetning seinni ára og ég væri stoltur af því ef ég væri flokksmaður Ólafs heitins Jóhannessonar að þessi lög eru kennd við hann.

[02:19]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vissulega er ég stoltur af því að hafa átt Ólaf Jóhannesson sem minn flokksformann og

að hann stóð fyrir þessari lagagerð. En af því að við erum komnir í samlíkinguna við timburmennina þá var þetta einhver mesta efnahagsleg afvötnun sem farið hefur fram hérlendis eftir margra áratuga fjárfestingarfyllerí og það getur sá ekki að gert sem stendur fyrir afvötnuninni þó að sjúklingnum verði dálítið illt í höfðinu á eftir.

[02:21]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Það sem hv. þingmenn og hæstv. ráðherra hafa verið að segja hér fékk mig til þess að biðja um orðið. Ég er nefnilega alls ekki sammála því sem hér var verið að segja um Ólafslög og afleiðingar af þeim. Þegar var verið að fá þjóðina til þess að meðtaka þennan boðskap sem fylgdi því að setja á verðtrygginguna þá var ekki verið að kynna fyrir fólki það sem kom í kjölfarið. Það er mér vel kunnugt um því að ég man vel eftir þessari umræðu. Alþýðuflokksmenn gengu þar mjög fram og það sem var verið að segja við þjóðina var: Við skulum fara að borga skuldir okkar og þegar það jafnvægi verður komið á þá munum við borga 1–3% í vexti. Það var þetta sem var verið að segja við fólk. Og það hefur sjaldan verið logið eins að þjóðinni eins og þegar verið var að kynna fyrirætlanirnar um það að koma þessu á sem hér hefur verið lýst sem einhverri mestu og bestu aðgerð sem hafi verið gerð í íslensku efnahagslífi. Það eru það margir sem eiga um sárt að binda vegna ákvarðana um að taka lán og vegna framkvæmda sem þeir fóru í og fjárskuldbindinga, í góðri trú, af því að þeir trúðu því sem var verið að segja við þá, að ég get ekki látið því ómótmælt þegar hver hv. þm. og hæstv. ráðherrann eftir annan kemur hér upp til þess að halda því fram að þarna hafi verið mjög vel að verki staðið og þetta sé einhver framkvæmd sem menn eigi að minnast um aldur og eilífð sem vel hafi tekist.

Ég held því ekki fram að ástandið hafi verið eðlilegt áður en Ólafslög voru sett, en það er líka langt í frá að það sé hægt að halda því fram að ástandið hafi verið eðlilegt eftir að þau voru sett. Og Adam var ekki lengi í paradís því að það liðu ekki nema 3–4 ár frá því að þessi lög voru sett þangað til allar ákvarðanir sem menn höfðu tekið um fjárskuldbindingar, um framkvæmdir, sem sagt fjárfestingar á vegum bæði einstaklinga og fyrirtækja, voru orðnar tóm vitleysa. Og stór hluti af gjaldþrotum sem urðu á árunum þarna á eftir varð vegna þess að ákvarðanir sem menn voru að taka á þessum tíma voru vitleysa. Ég held að menn eigi ekkert að hæla sér af þessu. Menn geta auðvitað hælt sér af því að hafa komið á jákvæðum vöxtum, það þurfti á því að halda. En menn eiga ekki að hæla sér af ástandi sem hefur leitt ógæfu yfir fjölda Íslendinga, bæði sem hafa staðið í atvinnurekstri og vegna einkaskuldbindinga.

[02:23]

Viðskiptaráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Því miður er það ekki margt sem Alþb. getur hælt sér af að hafa komið góðu til leiðar í íslenskum efnahagsmálum, en það að hafa staðið að setningu Ólafslaga er samt eitt af því fáa sem þeir geta hælt sér af í því sambandi.

[02:24]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tel að það hefði átt að taka í taumana þegar menn sáu hvernig þessi lög léku fólk og fyrirtæki í landinu. Það var ekki gert. Ég held að það sé óþarfi fyrir menn að hæla sér af þessum lögum. Menn ættu miklu frekar að horfa í eigin barm og velta fyrir sér hvers vegna það gat ekki orðið pólitísk samstaða um að koma í veg fyrir þá ógæfu sem hefur fylgt þessu og sem menn núna virðast ætla að leyfa sér að gleyma. Mér finnst það vera ósvífni af hæstv. ráðherra og þingmönnum að koma hér í ræðustól á Alþingi til þess að hælast um yfir þessum lögum eins og það sé hægt að gleyma því hvernig hefur farið fyrir bæði fólki og fyrirtækjum í framhaldi af þessari lagasetningu. Ég held að það sé ekki gott að ganga þannig fram. Ég held að menn séu líka núna að standa saman eða leita samkomulags um það að breyta frá þessum lögum vegna þess að þau eru ekki góð. Og hvers vegna er verið að ganga þessa göngu núna? Það er mín skoðun að það eigi að afnema algerlega þessi ákvæði og það sé óeðlilegt að farið sé öðruvísi með eignir sem heita peningar í þjóðfélaginu heldur en aðrar eignir. Auðvitað á allt að þola samkeppnina, það á allt að þola verðrýrnun og það er óeðlilegt að taka stærðir út í þjóðfélaginu og verðtryggja þær sérstaklega.

[02:26]

Viðskiptaráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þegar þessi lög voru sett átti það fyrir Alþfl. að liggja að hverfa úr stjórnarsamstarfi örfáum mánuðum síðar. Eftir sátu hins vegar næstu tvö og hálft ár Alþb. og Framsfl. Alþfl. var ekki í þeirri ríkisstjórn. Hvorugum þessara flokka kom til hugar að breyta verðtryggingarkafla Ólafslaga. Þeim kom það heldur ekki til hugar í samsteypustjórninni sem við sátum saman í nokkrum árum síðar. Það er fyrst nú sem menn ræða um að breyta þessu. Þetta vildi ég láta fram koma, virðulegi forseti.

[02:26]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég hafði eiginlega ekki hugsað mér að blanda mér í þessa umræðu, ég lét nokkur orð falla um þessa breytingu lánskjaravísitölunnar í umræðum um annað dagskrármál sem hæstv. fjmrh. mælti fyrir. En ætli það sé nú ekki rétt, hæstv. forseti, að svara nokkrum orðum orðaleppum hæstv. viðskrh. í garð okkar alþýðubandalagsmanna. Úr því hann velur sér þetta tækifæri og þennan tíma til að hefja upp orðaskipti af þessu tagi, þá kunna menn að vera búnir að skila ágætis dagsverki og hefðu ekkert á móti því að fara að koma til síns heima, en sá sem hér stendur er þó ekki það þreyttur enn þá að hann getur vel tekið upp þessa orðræðu við hæstv. viðskrh.

Ætli það sé ekki þannig, hæstv. viðskrh., að fyrir margt sem Alþfl. eru hugsaðar þegjandi þarfirnar í íslenskum stjórnmálum þá sé það ekki síst þetta, hvernig hann hefur m.a. talað og að nokkru leyti hegðað sér

í sambandi við þessar fjárskuldbindingar almennings og greiðsluerfiðleika sem þeim málum hafa tengst, sem ýmsir eiga við þann ágæta flokk upp ógerðar sakir. Í öllu falli verð ég að segja alveg eins og er að mér finnast einkunnir af því tagi sem hæstv. viðskrh. gaf lánskjaravísitölunni og því frægðarverki Ólafslaganna að koma verðtryggingu hér á ekki bera þess merki til að mynda að hæstv. viðskrh. muni vel hluti sem síðar gerðust. Eitt er að verðtryggja fjárskuldbindingar en annað er að setja ofan á það hæstu raunvexti í heimi, sem hér voru og hafa verið oft og tíðum. Og það þriðja er að fara svo þannig með verðtryggðar fjárskuldbindingar, sem mældar eru samkvæmt tilteknum vísitölum, að taka þær úr sambandi gagnvart launakjörum en ekki lánskjörum eins og síðan var gert. Á því ber Alþfl. að vísu ekki sérstaklega ábyrgð heldur aðrir flokkar sem þá fóru með stjórn mála hér á Íslandi á árunum 1983–1984. (**Gripið fram í:** Hvað hétu þeir?) Þeir hétu víst og heita nú reyndar enn, því báðir eru á lífi, Framsfl. og Sjálfstfl. En hver sem ber hina pólitísku ábyrgð þá er það nú ærið kuldalega tekið til orða gagnvart þeim þúsundum þolenda þessa kerfis, eins og með það var farið, að gera það með þeim hætti sem hæstv. viðskrh. gerði hér áðan.

Svo er það eitt enn, sem ég verð að segja alveg eins og er, hæstv. forseti, að ég er farinn að kunna heldur illa við og verða svolítið leiður á og hef hugsað mér að taka ekki mikið þegjandi lengur. Það er sjálfbirgingsháttur og hroki Alþfl. í umræðum um stjórnmál um þessar mundir. Það er hinn nýi kaþólski rétttrúnaður sem Alþfl. er að reyna að leiða inn í umræðuna um íslensk stjórnmál í anda og með framburði formannsins, að sumir hafi haft algerlega rétt fyrir sér en aðrir algerlega rangt. Þetta tyggur formaður Alþfl., hæstv. utanrrh., hér eins og sannaða hluti, QED, í anda þess að hann hafi prókúru á það hvað sé rétt og hvað sé rangt í stjórnmálaþróun þjóðarinnar. Mér fannst brydda á þessum hugsunarhætti hrokans og sjálfbirgingsháttarins hjá hæstv. viðskrh. áðan þegar hann ætlaði að afgreiða Alþb. út úr stjórnmálaumræðunni með þeim orðum að það hefði yfirleitt alltaf haft rangt fyrir sér og hefði ekki mikið til þess að hrósa sér af, helst þetta eina að bera nokkra pólitíska ábyrgð á því að Ólafslög voru sett á sínum tíma. (**Gripið fram í:** Það hefur átt marga góða hagyrðinga.) Ja, ætli það sé ekki bara þannig, hæstv. utanrrh., að þjóðin sé besti dómarinn um þetta? Þekkir hæstv. utanrrh. betri dómara? Er til einhver annar réttlátari dómari í þeim málum heldur en þjóðin, þegar hún gengur til kosninga á fjögurra ára fresti? (**Gripið fram í:** Þjóðin má ekkert aumt sjá.) Og ætli það sé ekki þannig — ja, vonandi þolir hún að sjá samt Alþfl. í réttu ljósi — og ætli það sé ekki þannig að þjóðin sé m.a. um þessar mundir að undirbúa sig í það að gefa flokkunum einkunnir? Ég mun taka alveg óhræddur á móti þeim dómi sem þessir tveir flokkar, annars vegar Alþfl. með sinn rétttrúnað, hinn nýja kaþólska rannsóknarrétt í íslenskum stjórnmálum þar sem skipperinn aflasæli, hæstv. núv. utanrrh., í annan stað, fer með sinn rannsóknarétt yfir því hvað sé rangt og rétt í íslenskum stjórnmálum og hins vegar mæltir Alþb. til leiks með sínum liðsmönnum. (**Utanrrh.:** Það fer ekkert fram hjá vigt.) Fer ekkert fram hjá vigt hjá... nei, það er líka ekki efni til þess því að aflinn er ekki svo mikill, hæstv. utanrrh. Ætli það sé nú ekki þannig að það verði það tómlegt í lestunum hjá Alþfl. þegar hann kemur að landi í þessum kosningum að karlinum í brúnni veit af hverjum einasta titti. (Gripið fram í.) Við skulum tala saman eftir kosningar já, við skulum tala saman, ef til þess kemur, þó ég sé kannski ekki alveg viss um það að við þurfum langar orðræður. En ég held að fengsælli skipstjórar en formaður Alþfl. gætu átt það til að þurfa að taka pokann sinn á þessum árum Íslandssögunnar heldur en það sem gerist hér eftir næstu kosningar og kemur í hlut Alþfl.

En sem sagt, hæstv. forseti, ég gæti svo sem eftir því sem þörf krefur lengt þessa umræðu en ég nenni ekki að sitja þegjandi undir orðaleppum af því tagi sem hæstv. viðskrh., alveg eins og út úr kú, sletti inn í þessa umræðu og beindi að Alþb. Það voru engin efni til slíks og það er alveg mál til komið að alþýðuflokksmenn átti sig á því að þeir hafa nógar hendur að verja í stjórnmálaumræðunni á Íslandi þessa mánuðina og hafa ekki efni á því að umgangast aðra flokka með þeim hætti sem hér var gerð tilraun til gagnvart Alþb. Ég tel satt best að segja að Alþfl. hafi verið tekinn silkihönskum í stjórnmálaumræðunni á Íslandi síðustu missirin þannig að ef eitthvað er er ámælisvert að aðrir flokkar skuli ekki hafa staðið betur í stykkinu gagnvart því að halda Alþfl. við efnið eins og hann hefur birst þjóðinni upp úr sínu spillingardíki á síðustu missirum. Hans framganga öll í þeim efnum og umgengni hans við valdið á þessu kjörtímabili er ekki þannig að hann hafi efni á því að kasta miklum steinum, það eru það þunnir veggirnir á því húsi sem hann byggir um þessar mundir.

[02:33]

Viðskiptaráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þarf að leiðrétta ákveðið atriði sem ég sagði áðan, vil ekki láta það fara óleiðrétt. Ég sagði það og það er rétt, að örfáum mánuðum eftir að Ólafslög voru samþykkt á Alþingi hvarf Alþfl. úr ríkisstjórn, en ég missagði það að eftir hafi setið Alþb. í tvö og hálft ár, það voru þrjú og hálft ár, meira að segja rúm þrjú og hálft ár. Og á þeim þremur og hálfu ári var ekki hreyft við Ólafslögum. Þetta leyfði ég mér að benda á og það er ekki verið að kasta þar steini að nokkrum manni, það var bara verið að segja frá einföldum pólitískum staðreyndum.

Það er líka einföld pólitísk staðreynd að þjóðin hefur tvívegis fellt dóm um þessa tvo flokka í síðustu tvennum kosningum. Alþfl. þarf ekkert illa við þá dóma að una, þeir voru honum hagstæðari heldur en Alþb. Hvernig næstu kosningar fara? Við skulum spyrja að leikslokum.

[02:35]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. viðskrh. veit væntanlega vel hvaða orðaleppum ég var að mótmæla hér. Það voru þessar setningar sem ég hafði hér eftir hæstv. ráð-

herra almennt um stöðu Alþb. og að það væri einhver undirmálsflokkur og utangarðsflokkur í íslenskum stjórnmálum sem í raun og veru hefði ekkert gott gert og hefði ekkert til þess að mæla með sér nema þetta eitt eða svo til þetta eitt, að hafa staðið að setningu Ólafslaga. Auðvitað eru þetta hrein ómagaorð og ekki síst komandi frá einum af ráðherrum Alþfl. Ég held að það megi alveg fara yfir söguna í þeim efnum og það muni á spjöldum hennar standa ýmislegt sem Alþb. verður ekki síður þakkað en öðrum flokkum varðandi uppbyggingu velferðarkerfisins hér í landinu, réttindasókn okkar til að mynda í hafréttarmálum og öðrum slíku. Og ætli það sé ekki þannig að það þykir nokkuð beysnari frammistaða Alþb. og Lúðvíks Jósepssonar til að mynda í þeim málum heldur en ræfildómur Alþfl. sem heyktist í viðreisninni með íhaldinu og dró kjarkinn úr mönnum með öllum tiltækum ráðum varðandi það að sækja réttindi Íslendinga á hafinu.

Hitt er svo náttúrlega málflutningur neðan við virðingu hæstv. viðskrh. að nota það sem rök í máli sínu að eftir að einu sinni höfðu verið sett lög og verðtrygging fjárskuldbindinga tekin upp og fest í sessi sé það eitthvert innlegg í málið að menn skuli ekki hafa kippt henni burtu þegar þeir komust til valda. Auðvitað umgangast menn ekki þessa hluti þannig, skárra væri það nú. Hér þykir það mikil alvörumál og vandasamt lögfræðilegt álitamál hvernig standa skuli að minni háttar breytingum á reiknigrundvelli þessarar verðtryggingar, þótti bæði 1989 og aftur núna væntanlega, enda er í frv., sem er verið að mæla fyrir, vitnað í hæstaréttardóma sem liggi fyrir um að stjórnvöld hafi haft rétt til og staðið lögformlega rétt að því að breyta þessum reiknigrundvelli á sínum tíma. Það er gert svo vegna þess að menn átta sig á því að hér er vandasamt mál á ferð og þar með segir það líka allt sem segja þarf um að það er ekkert innlegg í málið að menn hafi ekki rokið til og kippt verðtryggingunni úr sambandi eftir að hún var einu sinni komin á.

[02:37]

Viðskiptaráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það mætti líka orða þetta svo að Alþb. hafi setið í tæplega fjögur ár í ríkisstjórn án Alþfl. án þess að hreyfa við verðtryggingarkafla Ólafslaga. Það er annað lof sem ég ber á þá og skal ég fúslega viðurkenna það að ég tel næstum því jafnlofsvert að hafa staðið í fjögur ár í ríkisstjórn án þess að breyta verðtryggingarkafla Ólafslaga og það var að samþykkja þau á sínum tíma. Ég ber lof á Alþb. fyrir hvort tveggja. Þetta var vel að verki staðið, piltar.

[02:38]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Ég átta mig ekki alveg á því, hæstv. forseti, hvað viðskrh. ætlar að sanna með þessum reiknikúnstum. Hann kemur hér í ræðustólinn ferð eftir ferð og lengir alltaf um hálft til eitt ár í hverri ferð þann tíma sem Alþb. hafi verið í ríkisstjórn án Alþfl. og þetta á að vera eitthvert innlegg í umræðuna um lánskjaravísitölu. Það skil ég ekki.

Hitt er alveg hárrétt hjá hæstv. viðskrh. að það er lofsvert og þeim mun lofsverðara sem tíminn er lengri að vera yfirleitt í ríkisstjórn án Alþfl. Það er rétt.

[02:38]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég get sagt eins og nokkrir sem hafa talað á undan mér að ég hafi ekki ætlað að lengja umræðuna með því að vera að tala í þessu máli. En áðan ræddi ég nokkuð um þá breytingu sem á að gera á lánskjaravísitölunni og ég get heldur ekki orða bundist þegar umræður eru komnar út í það hversu hagstætt það hafi verið í íslensku þjóðfélagi að taka upp lánskjaravísitöluna á sínum tíma.

Ég vil líka minna á það að launþegasamtökin voru ekki að biðja um það að lánskjaravísitölunni væri breytt núna. Þau báðu um að lánskjaravísitalan væri afnumin. Við því var ekki orðið heldur var farið út í það að breyta henni yfir í að nota framfærsluvísitöluna.

Ég held að lánskjaravísitalan hafi ekki verið neitt sérstaklega heppileg fyrir alla í íslensku þjóðfélagi. Hún var ágæt fyrir fjármagnseigendur, hún kom þeim mjög til góða en hún kom ekki öðrum til góða sem voru þá t.d. í húsbyggingum og að taka lán, gerðu sínar áætlanir fram í tímann með það fyrir augum að þær gætu borgað vissar skuldir sem þeir voru að taka í kringum 1980 því að fólki var ekki sagt hvernig þessi lánskjaravísitala mundi virka. Fólk var ekkert frætt um það hvaða áhrif það hefði á framtíð þess að vera að taka lán sem þá var orðið bundið lánskjaravísitölu. Það fólk sem þá var að taka lán var alið upp í verðbólguþjóðfélagi og þegar lánskjaravísitölunni var allt í einu skellt á og ég tala nú ekki um þegar í framhaldinu kom það að kauplagsvísitalan var afnumin. Eða muna menn ekki eftir Sigtúnshópnum? Hvernig hefur það fólk farið út úr lánskjaravísitölunni? Það er stór hópur af íslensku þjóðfélagi sem þar átti hlut að máli.

Ég held að það hefði verið betra fyrir íslenskt þjóðfélag núna að þora að taka á því að afnema lánskjaravísitöluna heldur en vera að breyta henni yfir í þetta. Ég hef grun um það að hæstv. ríkisstjórn hafi verið tilbúin til að breyta þessu núna yfir í framfærsluvísitölu eða vísitölu neysluvöru eins og það á að heita vegna þess að kostnaðurinn af því verður lægri fyrir ríkissjóð, þ.e. skuldir ríkissjóðs hækka ekki eins mikið og vaxtakostnaður, þar af leiðandi verða verðlagsbreytingar ekki eins miklar. Það er hagstætt fyrir ríkissjóð að lánskjaravísitölunni skuli núna vera breytt og það er áreiðanlega ekki bara verið að því vegna þess að launþegasamtökin hafi farið fram á það. Þá hefði frekar verið orðið við því sem launþegasamtökin voru að biðja um.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks, 1. umr.

Stjfrv., 447. mál (heildarlög). — Þskj. 765.

[02:42]

Félagsmálaráðherra (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks. Frv. er samið í tilefni af nýgerðum kjarasamningi aðila almenna vinnumarkaðarins og yfirlýsingu samningsaðila um að framkvæmd samningsins sé háð því að Alþingi samþykki nauðsynlegar breytingar á lögum um greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks, samanber og yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar af því tilefni. Frv. er samið í samráði við samningsaðila.

Þar sem um veigamiklar breytingar er að ræða á lögum um greiðslu Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks þótti rétt að semja frv. til nýrra laga um sama efni.

Samkvæmt hinum nýgerða kjarasamningi skal verkafólk í fiskvinnslu njóta kauptryggingar eftir níu mánaða starf í sama fyrirtæki. Kauptrygging samkvæmt samningnum felur m.a. í sér að vinnuveitandi er skuldbundinn til að greiða starfsmanni föst laun fyrir dagvinnu í samræmi við samninginn þótt hráefnisbrestur valdi vinnslustöðvun, enda sé það í samræmi við ákvæði laga um greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks.

Kauptryggingarákvæði samningsins taka til verkafólks við verkun og vinnslu á ferskum sjávarafla, þ.e. í frystingu, söltun og skreiðarverkun og rækju- og skelvinnslu.

Frv. felur í sér nauðsynlegar breytingar á lögum um greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks, nr. 34/1988, vegna starfsfólks sem nýtur réttinda samkvæmt þessum ákvæðum samningsins. Ljóst er að ákvæði samningsins um kauptryggingarsamninga munu valda því að fiskvinnslufólki sem nýtur kauptryggingar mun fjölga verulega en samkvæmt upplýsingum frá formanni samtaka fiskvinnslustöðva er stór hluti þeirra starfsmanna sem starfa við fiskvinnslu þegar búnir að vinna yfir níu mánuði hjá sama fyrirtæki og mundu því fara strax inn á kauptryggingarsamninga. Það er talið að fjöldi þeirra sem starfar í fiskvinnslu sé á milli 5.000 og 5.500 manns í um það bil 4.500 stöðugildum.

Á móti útgjaldaaukningu sjóðsins vegna þessa kemur til með að draga úr greiðslu sjóðsins til einstaklinga sem ella væru á atvinnuleysisskrá þar sem fiskvinnslufólk sem nýtur kauptryggingar á ekki rétt til atvinnuleysisbóta samkvæmt almennum ákvæðum laga um atvinnuleysistryggingar meðan það er á launum í tímabundinni vinnslustöðvun.

Skv. 1. gr. frv. er það skilyrði fyrir greiðslu Atvinnuleysistryggingasjóðs til fiskvinnslufyrirtækja að starfsfólkið njóti kauptryggingar samkvæmt almennum kjarasamningum og fái greidd laun í vinnslustöðvun. Með vinnslustöðvun er átt við að hráefnisskortur eða aðrar sambærilegar orsakir valdi því að vinnsla liggur niðri tímabundið á annars venjubundnum vinnslutíma fyrirtækis. Með orðalaginu „sambærilegar orsakir" er haft í huga að heimilt verði að greiða vegna vinnslustöðvunar sem verður vegna þess að ekki er talið réttlætanlegt að vinna afla af rekstrarlegum ástæðum, t.d. vegna ónógs magns eða hráefnisverðs og því verður í reynd um hráefnisskort að ræða.

3. mgr. greinarinnar felur í sér þá breytingu að í stað þess að samkvæmt núgildandi lögum eru ekki greiddar bætur tvo fyrstu dagana í hverri vinnslustöðvun eru fyrirtæki aðeins án greiðslu tvo daga á almanaksári.

4. mgr. felur í sér þau nýmæli að ofan á dagpeningafjárhæð samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar skuli greiða af bótafjárhæðinni fjárhæð sem svarar lífeyrissjóðsiðgjaldi atvinnurekenda, þ.e. 6%, og tryggingagjaldi atvinnurekenda, sem nú er 3,16%. Fyrrnefnda atriðið er í samræmi við almennar reglur í lögum um atvinnuleysistryggingar, sbr. 3. mgr. 23. gr. laga nr. 93/1993, en ekki hið síðarnefnda. Auk þess er hámarksgreiðslutímabilið lengt úr 20 dögum í 30 daga í hverri vinnslustöðvun. Enn fremur er hámarksgreiðslutímabilið á hverju ári lengt úr 45 dögum í 60 daga.

Samkvæmt 2. gr. núgildandi laga þurfa fyrirtæki að tilkynna fyrirhugaða vinnslustöðvun með a.m.k. fimm sólarhringa fyrirvara. Í 2. gr. frv. er lagt til að fyrirvarinn verði styttur í þrjá sólarhringa.

Greinin felur enn fremur í sér nauðsynlegar breytingar á orðalagi til samræmis við ákvæði kjarasamningsins sem talar um kauptryggingarsamninga en samkvæmt gildandi lögum er notað orðalagið „fastráðið fiskvinnslufólk".

Gert er ráð fyrir sá aðili sem lögum samkvæmt annast atvinnuleysisskráningu á staðnum taki við tilkynningu um vinnslustöðvun og staðreyni að um vinnslustöðvun sé að ræða af þeim orsökum sem fyrirtæki hefur tilgreint.

Greiðslufyrirkomulag til fiskvinnslufyrirtækja hefur að undanförnu verið að færast í það horf að skrifstofa Atvinnuleysistryggingasjóðs hefur ákvarðað og afgreitt greiðslur beint til fyrirtækja án milliliða. Þykir rétt að leggja til breytingar á 2. gr. í samræmi við breytta framkvæmd enda hefur það í för með sér að unnt er að hraða afgreiðslu mála. Úrlausn skrifstofu er unnt að skjóta til stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs skv. 3. mgr. greinarinnar.

Í 3. gr. er kveðið á um skyldu fyrirtækis til að tilkynna um breytingar á kauptryggingarsamningum meðan á vinnslustöðvun stendur og rétt Atvinnuleysistryggingasjóðs og atvinnuleysisskráningaraðila til að hafa aðgang að launa- og framleiðslubókhaldi fyrirtækis, svo og kauptryggingarsamningum sem eru í gildi milli fyrirtækis og starfsmanna þess. Þessi ákvæði eru efnislega hliðstæð ákvæðum 3. gr. núgildandi laga.

Í 3. mgr. 3. gr. er gert ráð fyrir að í reglugerð verði nánar kveðið á um þau gögn sem fyrirtækið verður að leggja fram til að geta notið greiðslna úr sjóðnum.

4. gr. fjallar um greiðslu til fyrirtækja vegna starfsfræðslunámskeiða fyrir fiskvinnslufólk. Ákvæðið er samhliða 4. gr. gildandi laga.

Í 5. gr. er almenn reglugerðarheimild og í 6. gr. hefðbundið gildistökuákvæði.

Ég legg til, virðulegi forseti, að málinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. félmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Atvinnuleysistryggingar, 1. umr.

Stjfrv., 448. mál (réttur opinberra starfsmanna, greiðslur bóta, EES-reglur). — Þskj. 766.

[02:48]

Félagsmálaráðherra (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar, með síðari breytingum. Frv. felur í megindráttum í sér fimm efnisatriði.

Í fyrsta lagi er um að ræða breytingar vegna laga nr. 99/1994, en með þeim var VI. kafli laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna, sem fjallaði um atvinnuleysisbætur, felldur brott. Af þessari lagabreytingu leiðir að lög um atvinnuleysistryggingar taka nú til opinberra starfsmanna og nauðsynlegt er að gera breytingar á þeim með tilliti til þess, sbr. 1., 5. og 7. gr. frv. og II. bráðabirgðaákvæði þess. Tekið skal fram að samráð var haft við Bandalag háskólamanna, BHMR, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja og Kennarasamband Íslands við samningu þessara ákvæða frv. og hafa þessir aðilar lagt mikla áherslu á að frv. nái fram að ganga á þinginu.

Aðalbreytingarnar eru þær að veita BHMR, BSRB, Sambandi ísl. sveitarfélaga og fjmrn. aðild að stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs sem verður að teljast eðlilegt með hliðsjón af því að opinberir starfsmenn falla nú undir lög um atvinnuleysistryggingar og til samræmis við það að samkvæmt núgildandi lögum eiga Alþýðusamband Íslands og Vinnuveitendasambandið fulltrúa í stjórninni.

Við þessa breytingu fjölgar um fjóra í stjórninni og eru stjórnarmenn þar með orðnir ellefu. Ljóst er að þessi fjölgun getur gert starf stjórnarinnar þungt í vöfum og því er gert ráð fyrir því að hún geti skipt með sér verkum á þann hátt að hún starfi í tveimur hlutum sem hvor fyrir sig geti verið ályktunarhæfur. Er gert ráð fyrir því að stjórnin setji sér sjálf reglur um störf sín, þar á meðal um það hvort og hvernig hún skiptir með sér verkum. Formaður skal sitja fund í báðum hlutum stjórnarinnar og skal atkvæði hans ráða úrslitum ef stjórnin skiptist þannig að tala stjórnarmanna er jöfn.

Aðrar breytingar eru ekki lagðar til á stjórn sjóðsins. Það er talið rétt að gera ekki frekari breytingar á skipun stjórnarinnar fyrr en lögin verði endurskoðuð í heild sinni. Einnig var talið rétt að eftirláta Alþingi að taka afstöðu til þess hvort rétt væri að hverfa frá því fyrirkomulagi að fjórir stjórnarmenn séu kjörnir af Alþingi en með því móti væru stjórnarmenn sjö eins og nú er. Samkvæmt lögunum skal ný stjórn skipuð að loknum alþingiskosningum.

Í frv. er ákvæði um skipun úthlutunarnefnda atvinnuleysisbóta fyrir opinbera starfsmenn, sbr. 7. gr. þess. Í 1. málsl. 1. mgr. 25. gr. laga um atvinnuleysistryggingar er kveðið á um að úthlutunarnefnd skuli skipuð þremur mönnum frá því stéttarfélagi eða félagasambandi sem hlut á að máli, einu frá Vinnuveitendasambandi Íslands og einu frá Vinnumálasambandi samvinnufélaga. Það er ljóst að þessi skipan getur ekki átt við um opinbera starfsmenn og nauðsynlegt er að kveða sérstaklega á um skipun úthlutunarnefndar fyrir þá. Ákvæðið byggir á því að sams konar fyrirkomulag sé á úthlutun atvinnuleysisbóta til opinberra starfsmanna og annarra launþega. Þótti rétt að róttækari breytingar á þessu fyrirkomulagi biðu heildarendurskoðunar laganna.

Ákvæðið felur í sér það frávik frá 1. málsl. 1. mgr. 25. gr. laganna að fjöldi úthlutunarnefnda fyrir opinbera starfsmenn takmarkist við bandalög opinberra starfsmanna, þ.e. annars vegar Bandalag háskólamanna, BHMR og hins vegar Bandalag starfsmanna ríkis og bæja og að eingöngu verði skipaðar sérstakar úthlutunarnefndir fyrir þau stéttarfélög sem standa utan þessara bandalaga en Kennarasamband Íslands er langstærst þeirra. Er þetta gert með hliðsjón af því að æskilegt þykir að fækka úthlutunarnefndum atvinnuleysisbóta. Í stað fulltrúa frá Vinnuveitendasambandi Íslands og Vinnumálasambandi samvinnufélaga koma fulltrúar frá fjmrn. og Sambandi ísl. sveitarfélaga.

Samkvæmt 1. gr. frv. skal 2. mgr. 24. gr. laganna falla brott. Hún felur í sér heimild til að meðreikna vinnu sem unnin er samkvæmt kjarasamningum opinberra starfsmanna við ákvörðun bóta til umsækjenda sem nær ekki 425 dagvinnustundalágmarkinu til að geta átt bótarétt. Ákvæðið er því orðið úrelt eftir að sú breyting varð að lög um atvinnuleysistryggingar taka til opinberra starfsmanna.

Annað efnisatriði frv. eru óhjákvæmilegar breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar með tilliti til þess að Tryggingastofnun ríkisins annast ekki lengur þjónustu við Atvinnuleysistryggingasjóð, sbr. 2. og 8.–12. gr. frv. Er gert ráð fyrir því að vinnumálaskrifstofa félmrn. yfirtaki þau verkefni sem Tryggingastofnun annaðist fyrir sjóðinn, en að öðru leyti er ekki um efnislegar breytingar að ræða á ákvæðunum.

Í þriðja lagi felur frv. í sér breytingar, sem taldar eru nauðsynlegar, vegna samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Með 30. gr. laga nr. 116/1993, um breytingar á lagaákvæðum á sviði heilbrigðis- og tryggingamála vegna aðildar Íslands að samningi um Evrópskt efnahagssvæði, voru gerðar tvær breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar. Annars vegar var gerð breyting á 2. tölul. 1. mgr. 16. gr. laganna til að tryggja þeim sem eru í atvinnuleit í EES-landi rétt til að fá greiddar íslenskar atvinnuleysisbætur í því landi

og hins vegar bættist við ný grein, 41. gr. a, sem heimilar Atvinnuleysistryggingasjóði að greiða, fyrir hönd þar til bærrar stofnunar í EES-landi, ríkisborgara í EES-ríki, sem hingað kemur í atvinnuleit, atvinnuleysisbætur. Við nánari skoðun þykir nauðsynlegt að þrjú ákvæði til viðbótar verði lögfest vegna skuldbindinga Íslands samkvæmt EES-samningnum.

Í fyrsta lagi er um að ræða ákvæði um að bótaþegi, sem er í atvinnuleit í EES-landi, skuli sæta reglum þess lands um eftirlit og skráningu hjá vinnumiðlun, sbr. 4. gr. frumvarpsins. Í 20. gr. laga um atvinnuleysistryggingar er það skilyrði bótaréttar að umsækjandi láti skrá sig vikulega hjá vinnumiðlun. Reglur Evrópusambandsins sem gilda á EES-svæðinu gerir ráð fyrir að fari einstaklingur í atvinnuleit innan svæðisins beri landinu þar sem hann á rétt á atvinnuleysisbótum að greiða honum áfram bætur þann tíma sem honum er atvinnuleitin heimil. Það er að hámarki í þrjá mánuði og hann eigi þann tíma að sæta reglum þess lands þar sem hann er í atvinnuleit um skráningu og eftirlit. Það er því auðsætt að skilyrði um vikulega skráningu getur ekki átt við þegar íslenskir bótaþegar fara í atvinnuleit til annars EES-lands og er því lögð til breyting á þessu ákvæði laga um atvinnuleysistryggingar í samræmi við reglur Evrópusambandsins.

Í öðru lagi er um að ræða heimild til að reikna starfstímabil launamanns í öðru EES-landi með við ákvörðun atvinnuleysisbóta til hans hér á landi, sbr. 6. gr. frv. Samkvæmt 66. gr. reglugerðar Evrópusambandsins skal aðildarríki við ákvörðun atvinnuleysisbóta taka tillit til starfs- og tryggingatímabila sem launþegi hefur lokið samkvæmt löggjöf annarra aðildarríkja eins og þeim hefði verið lokið samkvæmt löggjöf fyrstnefnda ríkisins. Í lögum um atvinnuleysistryggingar er ekki að finna heimild til þessa og því er nauðsynlegt að lögfesta heimild til að meðreikna starfstímabil í öðru EES-landi. Það leiðir af 3. mgr. 67. gr. reglugerðar nr. 1408/71 að það er skilyrði fyrir því að meðreikna starfstímabil erlendis frá að hinn atvinnulausi hafi síðast átt að baki starfstímabil í samræmi við ákvæði þeirrar löggjafar sem bótakrafan byggist á. Í samræmi við þetta ákvæði er unnt að setja það skilyrði fyrir að meðreikna starfstímabil í öðru EES-landi að viðkomandi hafi síðast átt að baki starfstímabil hér á landi. Er gert ráð fyrir að nánari reglur um slík skilyrði verði sett í reglugerð.

Rétt er að árétta að heimildin á aðeins við um launþega. Hinn atvinnulausi verður að hafa starfað sem launþegi, bæði hér og í viðkomandi EES-landi. Hann verður að hafa verið tryggður samkvæmt lögum um atvinnuleysisbætur í öðru EES-landi til þess að njóta góðs af ákvæðinu og hann verður að leggja fram tilskilin vottorð útgefin af viðkomandi yfirvöldum í því landi sem staðfesta áunnin starfs- og tryggingatímabil þar. Gert er ráð fyrir að ráðherra setji með reglugerð og í samræmi við reglur Evrópusambandsins nánari reglur um hvaða skilyrðum þarf að fullnægja að því leyti til að njóta góðs af heimildinni.

Í þriðja lagi þykir nauðsynlegt að lögfesta sérstaka heimild til að birta reglur Evrópusambandsins um atvinnuleysisbætur, sbr. 13. gr. frv. Þær er að finna í 6. kafla reglugerðar, með síðari breytingum, um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og fjölskyldum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja, sbr. 1. tölul. VI. viðauka EES-samningsins og í 6. kafla reglugerðar. nr. 574/72, með síðari breytingum, um framkvæmd reglugerðar nr. 1408/71. Samkvæmt 66. gr. laga um almannatryggingar, nr. 117/1993, er ráðherra heimilt að birta sem reglugerðir reglur Evrópubandalagsins um almannatryggingar, enda eigi ákvæði þeirra stoð í þeim lögum. Af fyrirvaranum um að ákvæðin skuli eiga stoð í almannatryggingalögum leiðir að heimildin nær ekki til reglna Evrópusambandsins um atvinnuleysisbætur. Ákvæðum 7. gr. EES-samningsins um að gerð sem samsvarar reglugerð EB skuli sem slík tekin upp í landsrétt samningsaðila hefur því ekki verið fullnægt hvað reglur um atvinnuleysisbætur áhrærir. Ákvæði 13. gr. er ætlað að bæta úr því og er í ákvæðinu notað hliðstætt orðalag og í áðurgreindri 66. gr. almannatryggingalaga.

Virðulegi forseti. Ég vil geta þess hér þar sem þetta hljómar í framsögu minni eins og þung og mikil breyting að hún er það ekki. Í raun þóttu þær breytingar sem átti eftir að gera samkvæmt EES-samningnum svo veigalitlar að þær voru viljandi látnar bíða þar til þyrfti að gera breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar. Að öðru leyti er verið að tryggja að hægt sé að setja heimild til reglugerðarsetningar í þessi lög þar sem hjá heilbrrn. var sérstök reglugerðarheimild varðandi Tryggingastofnun, en þar var þessi málaflokkur vistaður. Hér er því fyrst og fremst verið að flytja til ákvæði sem þegar hafa verið fyrir hendi.

Fjórða efnisatriði frv. er tilkomið vegna 3. liðar yfirlýsingar ríkissjóðs í tengslum við kjarasamninga á almenna vinnumarkaðnum um eingreiðslu til atvinnulausra, sbr. bráðabirgðaákvæði II í frv. Ákvæðið er efnislega samhljóða fyrra bráðabirgðaákvæði við lög um atvinnuleysistryggingar um sama efni. Það fyrsta sem ég kynnti í þessu frv. er samkvæmt samningum við opinbera starfsmenn á sl. ári og fjórða efnisatriðið er komið til vegna yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar í þessum kjarasamningum.

Fimmta efnisatriðið felur í sér brottfall ákvæða sem á rót sína að rekja til þess tíma sem það var ekki skylt að greiða af öllum launum til atvinnuleysistryggingasjóðs. Ákvæðið á ekki við eftir að öll störf eru orðin tryggingaskyld. Hins vegar hefur það vakið þann misskilning að menn geta geymt bótarétt sinn með því að stunda svokallaða svarta vinnu. Rétt þykir hins vegar að viðhalda rétti þeirra sem taka að stunda nám og þeirra sem verða að hverfa frá vinnu af heimilisástæðum til að geyma bótarétt sinn og er byggt á því að réttur þeirra sé óbirtur eins og í gildandi lögum.

Virðulegi forseti. Ég hef lokið við að gefa yfirlit yfir þetta frv. Ljóst er að lög um atvinnuleysistryggingar þarfnast heildarendurskoðunar. Ekki hefur gefist ráðrúm til þess og því felur frv. þetta eingöngu í sér brýnar og óhjákvæmilegar breytingar á lögunum. Ég

legg til, virðulegi forseti, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. félmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Staðfesting ákvörðunar EES-nefndarinnar, fyrri umr.

Stjtill., 435. mál. — Þskj. 727.

[03:01]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. á þskj. 727 um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 18 frá 28. okt. 1994, um breytingu á IX. viðauka við EES-samninginn.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 18 felur í sér að tilskipun ráðsins og Evrópuþingsins, nr. 94/19/EB, um innlánatryggingakerfi, verður hluti af EES-samningnum. Hér á landi eru þegar starfandi tveir sjóðir sem gegna því hlutverki að tryggja innstæður í innlánsstofnunum. Þeir eru: Tryggingarsjóður viðskiptabanka og Tryggingarsjóður sparisjóða. Þeir starfa á grundvelli ákvæða í X. kafla í lögum nr. 43/1993, um viðskiptabanka og sparisjóði. Samkvæmt þeim eru allar innstæður tryggðar. Ekkert hámark er á þeim innstæðum sem tryggðar eru en hins vegar skal skerða bætur ef eignir sjóðanna hrökkva ekki til að bæta tjón að fullu.

Þar sem innstæðutryggingarsjóðir eru starfandi hér á landi hefur Ísland þegar uppfyllt ákvæði tilskipunarinnar sem hér um ræðir að hluta til. Nokkur atriði tilskipunarinnar kalla hins vegar á breytingu lagaákvæða um sjóðina. Hér er einkum um að ræða eftirfarandi:

1. Afdráttarlaus skylda til að undanþiggja tilteknar innstæður í tryggingum, þ.e. innstæður í eigu annarra innlánsstofnana og innstæður sem tengjast málum þar sem sakfellt hefur verið fyrir peningaþvætti. Jafnframt þarf að kveða skýrt á um skylduaðild íslenskra banka og sparisjóða af tryggingarsjóðunum tveimur og möguleika á aðild útibúa erlendra banka hér á landi að sjóðunum. Einnig eru ákvæði um upplýsingar til viðskiptavina um aðild að tryggingarsjóðunum og bann við notkun slíkra upplýsinga í samkeppnisskyni. Það vantar í lögin úrræði stjórnvalda ef viðskiptabanki, sparisjóður eða útibú slíkrar stofnunar hér á landi uppfyllir ekki skyldur sínar gagnvart tryggingarsjóðunum. Drög að frv. til laga um breytingu á fyrrgreindum kafla um viðskiptabanka og sparisjóði hafa þegar verið samin og verða væntanlega lögð fram á Alþingi haustið 1995 að höfðu nauðsynlegu samráði við hagsmunaaðila.

Að lokinni þessari umræðu, virðulegi forseti, legg ég til að málinu verði vísað til síðari umr. og hv. utanrmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 35., 39., 41., 49.–69., 71.–74. og 76.–80. mál.

Fundi slitið kl. 03:04.

---

105. FUNDUR

föstudaginn 24. febr.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Vátryggingastarfsemi, stjfrv., 402. mál, þskj. 644. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Stjórnarskipunarlög, frv., 297. mál, þskj. 389, nál. 758, brtt. 759. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
3. Framleiðsla og sala á búvörum, frv., 362. mál, þskj. 588. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Vog, mál og faggilding, frv., 419. mál, þskj. 683. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Einkanúmer á ökutæki, þáltill., 345. mál, þskj. 566. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
6. Merking þilfarsfiskiskipa, þáltill., 383. mál, þskj. 614. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
7. Glasafrjóvgunardeild Landspítalans, þáltill., 387. mál, þskj. 623. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
8. Stjórn fiskveiða, frv., 292. mál, þskj. 384. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
9. Menningar- og tómstundastarf fatlaðra, þáltill., 416. mál, þskj. 670. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
10. Fyrning skulda og annarra kröfuréttinda, þáltill., 417. mál, þskj. 673. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
11. Menningarráð Íslands, þáltill., 399. mál, þskj. 639. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
12. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 437. mál, þskj. 733. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
13. Vísitala neysluverðs, stjfrv., 443. mál, þskj. 760. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
14. Vaxtalög, stjfrv., 445. mál, þskj. 762. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
15. Greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks, stjfrv., 447. mál, þskj. 765. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
16. Atvinnuleysistryggingar, stjfrv., 448. mál, þskj. 766. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
17. Vörugjald af ökutækjum, stjfrv., 438. mál, þskj. 742. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
18. Staðfesting ákvörðunar EES-nefndarinnar, stjtill., 435. mál, þskj. 727. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
19. Grunnskóli, stjfrv., 126. mál, þskj. 131, nál. 666, 674, 675, 678 og frhnál. 795, brtt. 667 og 796, till. til rökst. dagskrár 676. — Frh. 2. umr.
20. Norðurlandasamningur um baráttu gegn mengun sjávar, stjtill., 449. mál, þskj. 767. — Fyrri umr.

21. Samningur um verndun mannréttinda og mannfrelsis, stjtill., 450. mál, þskj. 768. — Fyrri umr.
22. Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda, stjfrv., 190. mál, þskj. 212, nál. 726. — 2. umr.
23. Tryggingagjald, stjfrv., 236. mál, þskj. 714, frhnál. 725. — 3. umr.
24. Refsiákvæði nokkurra skattalaga, stjfrv., 319. mál, þskj. 719, brtt. 738. — 3. umr.
25. Framleiðsla og markaðssetning vistvænna og líffræðna afurða, frv., 398. mál, þskj. 638, nál. 739. — 2. umr.
26. Markaðssetning rekaviðar, þáltill., 53. mál, þskj. 53, nál. 740. — Síðari umr.
27. Jarðalög, stjfrv., 106. mál, þskj. 109, nál. 746. — 2. umr.
28. Útsendingar sjónvarps og útvarps til fiskimiða, þáltill., 172. mál, þskj. 186, nál. 741. — Síðari umr.
29. Náttúruvernd, stjfrv., 123. mál, þskj. 128, nál. 640 og 656, brtt. 641. — Frh. 2. umr.
30. Embættisfærsla umhverfisráðherra, þáltill., 138. mál, þskj. 145, nál. 624 og 649, brtt. 650. — Síðari umr.
31. Samkeppnisstaða innlendrar framleiðslu, þáltill., 56. mál, þskj. 56, nál. 743. — Síðari umr.
32. Endurgreiðsla oftekinna skatta og gjalda, stjfrv., 406. mál, þskj. 652, nál. 747. — 2. umr.
33. Réttur til endurgreiðslu af ofteknum sköttum, stjfrv., 407. mál, þskj. 653, nál. 748. — 2. umr.
34. Varðveisla arfs húsmæðraskóla, þáltill., 40. mál, þskj. 40, nál. 750. — Síðari umr.
35. Úttekt á kjörum fólks er stundar nám fjarri heimabyggð, þáltill., 132. mál, þskj. 138, nál. 751. — Síðari umr.
36. Leigubifreiðar, stjfrv., 329. mál, þskj. 499, nál. 734, brtt. 735. — Frh. 2. umr.
37. Fólksflutningar með langferðabifreiðum, stjfrv., 332. mál, þskj. 514, nál. 736. — Frh. 2. umr.
38. Vöruflutningar á landi, stjfrv., 333. mál, þskj. 515, nál. 737. — Frh. 2. umr.
39. Vegáætlun 1995–1998, stjtill., 308. mál, þskj. 428, nál. 755, brtt. 756. — Síðari umr.
40. Rannsóknarráð Íslands, frv., 136. mál, þskj. 142, nál. 763. — 2. umr.
41. Réttur til veiða í efnahagslögsögu Íslands, frv., 264. mál, þskj. 313, nál. 772. — 2. umr.
42. Vörugjald af olíu, stjfrv., 337. mál, þskj. 534, nál. 773, brtt. 771. — 2. umr.
43. Varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, stjfrv., 339. mál, þskj. 536, nál. 792, brtt. 793. — 2. umr.
44. Mengunarvarnabúnaður í bifreiðar ríkisins, þáltill., 16. mál, þskj. 16, nál. 794. — Síðari umr.
45. Vegtenging um utanverðan Hvalfjörð, stjtill., 429. mál, þskj. 700, nál. 799. — Síðari umr.
46. Iðnþróunarsjóður, stjfrv., 426. mál, þskj. 697, nál. 800. — 2. umr.
47. Áhafnir íslenskra kaupskipa, stjfrv., 317. mál, þskj. 461, nál. 801. — 2. umr.
48. Atvinnuréttindi vélfræðinga, stjfrv., 315. mál, þskj. 648. — 3. umr.
49. Atvinnuréttindi skipstjórnarmanna, stjfrv., 316. mál, þskj. 703. — 3. umr.
50. Neyðarsímsvörun, stjfrv., 335. mál, þskj. 532, nál. 802, brtt. 803. — 2. umr.
51. Kosningar til Alþingis, frv., 442. mál, þskj. 757, nál. 804. — 2. umr.
52. Lyfjalög, stjfrv., 403. mál, þskj. 645, nál. 805. — 2. umr.
53. Viðlagatrygging Íslands, stjfrv., 384. mál, þskj. 618, nál. 806. — 2. umr.
54. Vitamál, stjfrv., 306. mál, þskj. 778. — 3. umr.
55. Vegalög, stjfrv., 314. mál, þskj. 454. — 3. umr.
56. Viðlagatrygging, stjfrv., 239. mál, þskj. 787. — 3. umr.
57. Bókhald og ársreikningar, frv., 418. mál, þskj. 680. — 3. umr.
58. Veiting ríkisborgararéttar, stjfrv., 354. mál, þskj. 788. — 3. umr.
59. Listmenntun á háskólastigi, stjfrv., 277. mál, þskj. 790. — 3. umr.
60. Skoðun kvikmynda, stjfrv., 219. mál, þskj. 791. — 3. umr.
61. Mat á jarðskjálftahættu og styrkleika mannvirkja á Suðurlandi, þáltill., 346. mál, þskj. 568. — Fyrri umr.
62. Greiðsluaðlögun, frv., 396. mál, þskj. 635. — 1. umr.
63. Aðgerðir í landbúnaðarmálum, þáltill., 412. mál, þskj. 661. — Fyrri umr.
64. Hvalveiðar, stjtill., 420. mál, þskj. 688. — Fyrri umr.
65. Réttur til veiða í efnahagslögsögu Íslands, stjfrv., 404. mál, þskj. 646. — Frh. 1. umr.
66. Umgengni um auðlindir sjávar, stjfrv., 431. mál, þskj. 706. — 1. umr.
67. Áfengislög, stjfrv., 269. mál, þskj. 318. — 1. umr.
68. Útflutningstryggingaráð, stjfrv., 446. mál, þskj. 764. — 1. umr.
69. Hitaveita Suðurnesja, stjfrv., 427. mál, þskj. 698. — 1. umr.
70. Opinber fjölskyldustefna, stjtill., 422. mál, þskj. 692. — Fyrri umr.
71. Fullvinnsla botnfiskafla, frv., 444. mál, þskj. 761. — 1. umr.
72. Eftirlit með skipum, frv., 453. mál, þskj. 775. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

Útbýting þingskjala:

Bókmenntakynningarsjóður, 286. mál, svar menntmrh., þskj. 797.

Jarðgöng undir Hvalfjörð, 389. mál, svar samgrh., þskj. 776.

Stefnumótun á sviði fullorðinsfræðslu, 266. mál, svar menntmrh., þskj. 798.

Útboðsstefna ríkisins, 352. mál, svar fjmrh., þskj. 774.

Grunnskóli, frh. 2. umr.

Stjfrv., 126. mál (heildarlög). — Þskj. 131, nál. 666, 674, 675, 678, frhnál. 795, brtt. 667 og 796, till. til rökst. dagskrár 676.

[10:33]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Það vekur nokkra undrun mína að stjórnin í þinginu og meiri hlutinn skuli velja þennan morgun undir það að fara að ræða grunnskólafrv. á nýjan leik. Satt best að segja kem ég ekki auga á annað en það bíði okkar ærinn starfi á þinginu þennan rúma sólarhring ef vel ætti að vera sem við höfum til stefnu til að ljúka afgreiðslu mála þó ekki fari stór hluti þess tíma í að ræða hér mjög umdeilt ágreiningsmál sem ég hefði talið að hollast væri fyrir hæstv. ríkisstjórn og hæstv. menntmrh. að fara að velta alvarlega fyrir sér hvort hann hefur erindi sem erfiði að vera að baksa með þetta mál eins og allar aðstæður eru í kringum það. Hér eru til umfjöllunar í nefndum enn þá mikilvæg mál sem ljóst er að þurfa að fá afgreiðslu og lögð er mikil áhersla á eins og frumvörp sem tengjast kjarasamningum og stjórnarskrárbreytingar og kosningalagabreytingar og fleira af því tagi sem út af fyrir sig er ekki endilega mikill efnislegur ágreiningur um en er engu að síður viðamikil mál sem þurfa sinn tíma.

Það sama verður ekki sagt um það frv. til laga um grunnskóla sem hér er á ferð. Það er því miður, hæstv. forseti, ákaflega umdeilt mál og um það er mjög mikill ágreiningur, bæði innan veggja þingsins og úti í þjóðfélaginu. Þó að ekkert kæmi annað til í byrjun en ýmislegt í vinnubrögðum hæstv. ríkisstjórnar að skólamálum og frammistaðan í þessum málaflokki á kjörtímabilinu þá hlyti það að nægja í sjálfu sér til þess að menn væru ekki í neinum sérstökum sáttahug við hæstv. ríkisstjórn og vinafagnaði gagnvart skólamálum eins og að þeim hefur verið staðið á kjörtímabilinu. Auðvitað er frammistaða Sjálfstfl. í þessum málum með miklum endemum. Þannig var að það tókst víðtækt pólitískt samkomulag um afgreiðslu skólamála á þingi undir lok síðasta kjörtímabils og það voru gerðar á grunnskólafrv. m.a., sem þá var til meðferðar í þinginu, talsverðar breytingar til að koma til móts við einmitt Sjálfstfl. sem fór þá mikinn í þinginu í stjórnarandstöðu. Það tókst og náðist um það merkt samkomulag og gengið var frá mjög frambærilegri og framsýnni og fullkominni löggjöf fyrir grunnskólann til næstu ára og m.a. tíu ára áætlun það hvernig grunnskólinn yrði efldur og byggður upp og innleiddur samfelldur skóladagur og fleira þar fram eftir götunum í þeirri löggjöf. Og sem Sjálfstfl. var ásamt öðrum aðili að því samkomulagi þá hefði maður átt von á því að á þessu kjörtímabili gæti ríkt sæmileg sátt um málefni skólanna og að Sjálfstfl. gæti þá sjálfum sér samkvæmur farið þannig með málin að hann héldi áfram þar sem frá var horfið enda hann aðili að afgreiðslu gildandi grunnskólalaga en það er nú öðru að heilsa. Það er nú öðru nær. Það hefur sennilega enginn einn málaflokkur farið jafnhörmulega út úr þessu kjörtímabili og einmitt skólamálin.

Það er viðurkennt, það er ekki um það deilt, að í mennta- og menningarmálum hefur orðið um 2 milljarða niðurskurður og menn hafa frestað, mér liggur við að segja hverju einasta umbótaatriði í skólamálum sem búið var að tímasetja og ákvarða samkvæmt grunnskólalögum og áætlun í skólamálum. Það er ekki nóg með það heldur hefur líka beinlínis verið skorið niður og skólastarfið þar með dregið saman þannig að það er nánast beinskorið í mörgum tilvikum. Kennslukvóti hefur minnkað í skólum og þar fram eftir götunum.

Þetta er auðvitað alveg ömurlegt, hæstv. forseti, á sama tíma og flest önnur þjóðfélög keppast við að auka framlög til menntamála. Auðvitað geta menn borið fyrir sig, eins og gjarnan er gert og skal ekkert lítið úr því gert, að hér hafa að nokkru leyti verið erfið ár þó að það hafi verið mjög miklað framan af kjörtímabilinu og í raun og veru blekkt mjög um ástand mála hér að ýmsu leyti, að undanskildu einu ári, árinu 1992 sem var vissulega erfitt ár og mun á spjöldum sögunnar flokkast sem slíkt í okkar þjóðarbúskap. En að öðru leyti hefur þetta tímabil að mörgu leyti verið hagfellt eða hefði átt að vera það ef þannig hefði verið stjórnað.

Það væru í sjálfu sér ekki stórkostleg efni til þess að beinskera grundvallarmálaflokk af þessu tagi eins og skólamálin eru með þeim hætti sem hæstv. ríkisstjórn hefur gert. Auk þess sem það er flestra manna mál að ef það sé eitthvað sem menn eigi að reyna að verja í gegnum erfiðleikatímabil þá séu það undirstöðuþættir af þessu tagi, grunnmenntunin í hverju þjóðfélagi. Það er ömurlega komið fyrir þeirri þjóð meðal þjóða sem hefur ekki efni á því að halda uppi framsæknum grunnskóla. Hvað geta menn þá yfirleitt gert í einu landi ef þeir hafa ekki lengur efni á því að búa sæmilega að æskunni og reyna að mennta hana sómasamlega miðað við þær kröfur sem tíðarandinn gerir og þann metnað sem eðlilegt er að menn hafi í þeim efnum?

Þarna hefur hæstv. ríkisstjórn rekið mjög annarlegar áherslur, svo ekki sé meira sagt, með því að leika skólamálin með þessum hætti. Það er á öllum skólastigum ef yfir það væri farið þó að við séum að ræða grunnskólann. Það er allt frá þessum mikla niðurskurði til grunnskólans og þess að öllum umbótamálum í skólamálum hefur verið frestað ár eftir ár. Hér hefur verið flutt á hverju einasta ári þessarar ríkisstjórnar bandormur sem hefur frestað öllum umbótaþáttum í skólastarfi sem áformaðir hafa verið. Menn kunna þetta sæmilega, a.m.k. þeir sem hafa fengið þessa bandorma til að glíma við í efh.- og viðskn. eins og ræðumaður. Það er c-liður þetta og b-liður hitt um lengingu skóladagsins, um skólamáltíðir og annað þar fram eftir götunum. Alltaf frestað, ár frá ári, með bandormi hæstv. ríkisstjórnar. Það er von að hæstv. menntmrh. sé orðinn nokkuð dasaður eftir þessi fjögur ár, ég skil það mjög vel. Síðan hefur þetta gengið upp skólastigin með mjög grimmilegum niðurskurði til skólamála, með því að þrengt hefur verið að námsmönnum og þeir hraktir úr námi hundruðum saman þannig að þrátt fyrir aukið atvinnuleysi í landinu hefur þeim

fækkað sem sækja framhaldsnám og háskólanám á Íslandi öfugt við það sem ætti að vera og reynt er að stuðla að í öðrum löndum. Eitt af því sem menn gera til að bregðast við atvinnuleysi er að reyna að hvetja sem flesta til að fara í nám og nota tímann þannig. En því er ekki að heilsa hér.

Hæstv. forseti. Þetta vildi ég gera fyrst að umtalsefni í sambandi við grunnskólafrv., auðvitað hafa þessar aðstæður áhrif á hug manna til að afgreiða skólamál með þessari ríkisstjórn.

Þá kemur að því, hæstv. forseti, að þetta frv. er á dagskrá og til umræðu á þingi við afar sérstakar aðstæður og óvenjulegar, svo ekki sé meira sagt. Þetta er til umræðu hér við þær aðstæður að kennarar í landinu eru í verkfalli og sú deila er í einum harðahnút. Undanfarna tvo til þrjá sólarhringa hafa deiluaðilar nánast ekki náðst saman að einu borði, hafa ræðst við í gegnum milliliði sinn í hvoru herberginu. Við þær aðstæður er mjög sérstakt að vera að taka frv. af þessu tagi til umfjöllunar hér og ég tala nú ekki um afgreiðslu eins og hæstv. ríkisstjórn virðist enn halda að hún geti gert.

Ég segi það alveg eins og er, hæstv. forseti, að ég held að þeir væru betur komnir hæstv. menntmrh. og hæstv. fjmrh. uppi í Karphúsi eða inni í Rúgbrauðsgerð eða hvar það nú er sem menn eru að funda og þeir ættu í raun og veru að liggja þar með skrínukost og svefnpoka til þess að reyna að þoka þessum samningum eitthvað áfram og finna þar niðurstöðu og lausn. Eða er það virkilega þannig að ríkisstjórnin ætlar bara að láta það ráðast hvort skólarnir verða lokaðir til vors og jafnvel kennarar í verkfalli til hausts? Hvað er verið að stefna í? Hvaða mark er takandi á einhverjum frumvarpsbleðli um breytingar á grunnskólalögum af hálfu einnar ríkisstjórnar sem ekki getur samið við kennarastéttina í landinu, gengið þannig frá málum við hana að það sé vinnufriður í skólunum?

Í öllu falli er það þannig að ég held að tíma manna væri betur varið í það að reyna að finna þar lausn en að nudda hér við þetta heygarðshorn.

Svo kemur að því, hæstv. forseti, að það sem kannski átti að vera efnislega mest á ferðinni og hafði verið áformað af hálfu hæstv. ríkisstjórnar var áformaður flutningur grunnskólans yfir til sveitarfélaganna sem lengi hefur verið til umræðu og má segja á dagskrá að nokkru leyti hin síðari ár og sérstaklega núna á síðari hluta þessa kjörtímabils. Af hálfu hæstv. ríkisstjórnar hefur það verið mikið kappsmál hennar að koma þessum málum yfir á sveitarfélögin. Um það væri hægt að segja mjög margt og væri auðvitað æskilegt, hæstv. forseti, að hafa við þessar aðstæður góðan tíma til þess að fara mjög vandlega yfir það mál hvort það sé, og þá með hvaða hætti, framfaraspor í þessum efnum að færa þennan málaflokk alfarið yfir til sveitarfélaganna. Nú er það svo að framkvæmdin hefur verið þar og ábyrgðin á dagsdaglegum rekstri skólanna verið hjá sveitarfélögum en verkaskiptingin sú að ríkisvaldið ber ábyrgð og greiðir kennurum laun.

En jafnvel þetta er kannski ástæða til að setja inn fyrir sviga í bili vegna þess að það eru aðrir og praktískari hlutir sem snúa að þessum áformaða tilflutningi sem brenna á mönnum og eru óleystir. Þar er náttúrlega tvennt stærst. Það eru annars vegar samningar við sveitarfélögin um þessa verkefnatilfærslu og hins vegar samningar við kennarastéttina í landinu um öll þeirra mál, öll þeirra réttindamál, öll þeirra starfsskilyrði sem að þessu máli lúta. Ég verð að segja alveg eins og er að ég held að það sé ekki hægt að bjóða upp á það með fullkomnari hætti að láta eitt mál hanga í lausu lofti en hér er gert þegar hvort tveggja fer saman gagnvart kennurum að þeir eru í verkfalli, það eru lausir allir kjarasamningar við þá og það næst ekki saman, og svo hitt að varðandi öll þeirra réttindamál og þeirra stöðu samfara þessum tilflutningi er engin lausn af neinu tagi í sjónmáli. Það verk er algerlega óunnið.

Þá verð ég að segja alveg eins og er að ég skil ekki tilganginn með því að nudda með þetta. Mér verður þá að fyrirgefast, hæstv. forseti. Ég botna ekkert í þessu. Til hvers er verið að þessu hér og nú þegar það langstærsta sem liggur í þessu máli, frágangur á því við annars vegar kennarastéttina og hins vegar sveitarfélögin er allur eftir? Þá eru menn að byrja á öfugum enda. Það á að vera endapunktur málsins að löggjafinn leggi blessun sína yfir tilflutninginn þegar búið er að undirbúa hann og ganga þannig frá honum að allir eru á eitt sáttir um það hvernig það skuli gerast, þá á að bera málið inn á þing, þá á að bera það undir löggjafann. Er þetta fullnægjandi frágangur að öllu leyti? Eigum við að blessa þetta með því að samþykkja lög um tilfærsluna? Það á ekki að byrja á því.

Það er ótrúlegt, satt best að segja, að í tímaþröng á síðasta sólarhring þinghaldsins þá skuli menn vera að baksa með mál af þessu tagi í algeru tilgangsleysi vegna þess að menn eru m.a. búnir að viðurkenna það og hv. meiri hluti menntmn. er sjálfur búinn að viðurkenna það að málið sé í lausu lofti með því að leggja til brtt. um frestun á gildistökuákvæðinu. Hafi hún ekki komið hér fram þá veit a.m.k. öll þjóðin að hún hefur gengið á milli manna um að gildistöku málsins verði bakkað svo og svo mikið, a.m.k. til áramóta og væntanlega fram undir byrjun skólaárs á öðru ári. Hvað er þá eftir ef hér á eftir að sitja þing í vor og aftur heilan vetur áður en þessi breyting kæmist til framkvæmda hvort sem er? Til hvers þá afgreiðsla á málinu á þessu þingi sem er að ljúka störfum og nýtt kjörtímabil er að hefjast með að einhverju leyti nýjum mönnum og e.t.v. nýjum sjónarmiðum í þessum efnum?

Það er bersýnilega augljóst að málið mun þá hvort eð er koma með einum eða öðrum hætti aftur til umfjöllunar þannig að þegar þetta er skoðað þá er erfitt að skilja það hvað annað er eftir í þessu en einhver þráhyggja, einhver misskilinn metnaður manna í því að þeim líði eitthvað betur eða hafi af meiru að má í þessum málum hafandi komið þessu í gegn. Ég held að það sé misskilningur, sérstaklega ef það gerist í harðri andstöðu, bæði í pólitískum ágreiningi þannig að það sé engin samstaða pólitískt um meðferðina á þessum málum og svo í mjög hörðum slag við uppeldis- og kennslustéttirnar í landinu. Eða er það eftir skoðun nú-

verandi hæstv. menntmrh. og ríkisstjórnar að það sé hægt að reka skólana á Íslandi í grenjandi andstöðu við alla kennarana? Er e.t.v. hugsunin sú hjá hv. meiri hluta, kannski hv. formaður menntmrn. svari því, að hægt sé að reka skólana án kennara? Er það kannski hin nýja menntastefna íhaldsins að kennarar séu bara óþarfir? Það þurfi ekkert að vera að semja við þá og það þurfi ekkert að taka tillit til þeirra viðhorfa þegar verið er að afgreiða grundvallarlöggjöf um skólamál.

Hér eru ýmsir miklir menntastefnuspekingar úr Sjálfstfl. inni og ég sé að þeim er órótt. Þetta er kannski ekki svona, þeir átti sig á því þrátt fyrir allt að það sé þörf fyrir kennara í skólum landsins. En hvað eru þeir þá að gera með þessari afgreiðslu, hv. þingmennirnir og hæstv. menntmrh.? Ég held að þetta sé ekki mjög skynsamlegt. (**Menntmrh.:** Það mundi spara tímann fyrir þingið ef þingmaðurinn læsi frv. áður en hann heldur áfram.) Þingmaðurinn er búinn að lesa frv. (**Menntmrh.:** Nei.) Jú, jú, jú. (**Menntmrh.:** Greinilega ekki.) Ég get svo sem lesið frv. upp fyrir hæstv. menntmrh. ef hann þarf á því að halda að rifja upp efni þess, það er allt í lagi, þetta eru nokkrar greinar og ég get vel tekið mér tíma í það. Ég er þokkalega læs það best ég veit og lærði að lesa í mínum gamla, góða sveitaskóla sem var nú nánast farskóli þegar ég hóf þar nám níu ára gamall í heilar sex vikur fyrsta veturinn. (**Menntmrh.:** Bara gildistökugreinin þó ...?) Ég var nú að ræða um gildistökuákvæðin, hæstv. ráðherra, og ég veit ekki betur en það standi til að breyta þeim. Er það ekki rétt, hæstv. ráðherra, að það sé búið að ganga á milli manna blað um hugmyndir um að breyta þeim (**Menntmrh.:** Jú. og að fresta þessu öllu saman a.m.k. til áramóta og jafnvel fram undir upphaf skólaárs á næsta ári? (**Menntmrh.:** Það er bara rangt.) Það er bara rangt. (**Menntmrh.:** Já.) Það á ekkert að breyta því þannig? (**Menntmrh.:** Lögin öðlast þegar gildi.) Hæstv. ráðherra, við þurfum ekki að fara í orðaleiki hér. Það sem hér er verið að ræða um eru réttaráhrif lagabreytingarinnar, hvenær tilteknir hlutir koma til framkvæmda. (Gripið fram í.) Auðvitað þarf ekki að segja manni hér að lög öðlist gildi þegar þau eru afgreidd nema annað sé sérstaklega tekið fram. Reyndar er það þannig að ef ekkert er tekið fram í þessu þá öðlast lög gildi þremur vikum eftir birtingu eins og hæstv. menntmrh. ætti að vita og þarf ekki að vera að reyna að kenna mér þá speki. Ég hef tekið þátt í lagasetningu rétt eins og hæstv. ráðherra um árabil og undirbúið slíka lagasetningu líka í sama hlutverki og hann er í núna.

Það sem ég var að gera að umtalsefni var verkefnatilflutningur til sveitarfélaganna og ég var að ræða um hvenær hann gengi fram eftir því sem nú væri verið að skoða og ræða og þá er það vonandi á hreinu milli okkar hæstv. ráðherra.

Eins og ég segi er verið að undirstrika þennan vandræðagang í málinu með þessari skilyrtu gildistöku sem nú er farið að tala um. Í raun og veru er það þannig, hæstv. forseti, að maður fer að spyrja sig að því: Er einhver meining í því að afgreiða lög með skilyrti gildistöku? Og hvar endar það ef menn fara út á þessa braut? Ef þetta og ef hitt verður búið að gerast, þá er þetta í lagi, þá geta þessi lög komið til framkvæmda, annars ekki. Maður sér fyrir sér ýmislegt mjög skrautlegt í framtíðinni ef haldið verður áfram inn á þessa braut. Það verður hægt að fara að setja lög um sjávarútvegsmál sem taka mið af gæftum. Ef gæftir verða góðar á komandi vetrarvertíð, þá er rétt að netabann taki gildi 13. apríl, annars ekki. Hvers konar rugl er þetta? Auðvitað er þetta engin lagasetning.

Lagasetningin verður að vera almenns eðlis og vera þannig úr garði gerð að hún dugi sem fullnægjandi rammi um þá starfsemi sem í hlut á og að öðru leyti séu mál á höndum framkvæmdarvaldsins til þess að framkvæma. Þess vegna er það að mínu mati alger misskilningur, alger della að vera að taka afgreiðslu á þessum verkefnaflutningi í gegnum þingið núna við þessar aðstæður. Það er bara þráhyggja að baksa með þetta mál áfram við þessar aðstæður. Sveitarfélögin hafa að vísu, þ.e. hluti af stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga, hefur að vísu gert einhverja samþykkt um það að þeir geti látið þetta yfir sig ganga af því að þeir telji að þeir séu það vel valdaðir af þessu skilyrta gildistökuákvæði ef það næði fram að ganga og væntanlega líka vegna þess að sveitarfélögin hafa þrátt fyrir allt það sterka stöðu samkvæmt stjórnskipun landsins sem óháð stjórnsýslustig, varið af stjórnarskrá, sem vonandi verður innan skamms, og varið af alþjóðlegum samningum sem Íslendingar hafa fullnustað um sjálfstæða stöðu sveitarfélaganna sem óháðs stjórnsýslustigs. Staða þeirra er því talsvert önnur gagnvart þessum málum. Sveitarfélögin vita sem er að það verða ekki sett yfir á þau þessi verkefni nema ganga frá samskiptum þeirra við ríkisvaldið um tekjur og annað því um líkt með lögum.

En því er ekki til að heilsa með kennarastéttina því að hér fer saman meiri hlutinn af löggjafarsamkomunni og framkvæmdarvaldið sem gerir m.a. kjarasamninga við kennarana og það gengur eins og allir vita þessa dagana. Skilja menn ekki að kennarastéttin er óróleg með sína stöðu miðað við þessar aðstæður? Auðvitað. Auðvitað er það eðlileg krafa kennaranna að ekki sé hreyft við þessum málum fyrr en þeirra réttindamál eru komin í höfn og þeir vita að hverju þeir ganga gagnvart sínum nýja vinnuveitenda ef af verður, sveitarfélögunum.

Ég held líka að það hljóti allir að skilja það sem eitthvað velta því fyrir sér að hér eru svo stór og flókin mál á ferðinni að það er ekki hægt að gefa sér það að mönnum dugi einhverjir mánuðir eða kannski missiri til að ganga frá þeim. Sjá menn t.d. ekki virkilega hvað það er vandasamt mál að ganga frá þeirri breytingu frá því að ríkið eitt sé vinnuveitandi kennaranna með öll þeirra mál, þar með talið t.d. lífeyrisréttindi og hvers konar starfsleg fríðindi sem þeir hafa, og færa það í einu vetfangi yfir á herðar tuga eða reyndar hundruða mismunandi vinnuveitenda sem kennarastéttin fer síðan að semja við á víxl og vinna hjá á víxl? Hvernig ætla menn að ganga frá yfirfærslu réttindanna milli sveitarfélaga þegar kennarar skipta um starf? Hver verður formlega skráður fyrir skyldunum sem

snúa að hverjum og einum þegar menn láta af störfum o.s.frv.?

Það getur vel verið að það sé búið að fara eitthvað ofan í þetta í nefndum og ráðum. Ég hef ekki heyrt um það hér. Ég hef ekki séð tillögur um það hvernig eigi að ganga frá þessu. Og ég vil vita það áður en þetta er gert hvernig eigi að ganga frá málum til að mynda kennara sem hefur starfað mestallan sinn aldur hjá ríkinu, síðan í stórum kaupstað og flyst svo út í lítinn grunnskóla í fámennu sveitarfélagi og lýkur þar sínum starfsaldri á einum til tveimur árum. Er það síðasti vinnuveitandinn sem er ábyrgur? Það koma ótal spurningar af þessu tagi upp í hugann sem mér fyndist að þyrftu að liggja hér fyrir með rækilegum útlistunum og á grundvelli samninga sem búið væri að gera um frágang þessara mála. Eða dettur mönnum það virkilega í hug að það væri hægt að henda fimm þúsund manna stétt milli vinnuveitenda með þessum hætti, með bara einfaldri handauppréttingu á þingi og mál af þessu tagi séu í uppnámi? Ég kalla það að vera í uppnámi þó að menn hrekjist til þess að búa út eitthvert skilyrt gildistökuákvæði sem er bastarður í sjálfu sér hvort sem er í lagasetningarlegu tilliti. Það er allt saman harla dapurlegt, hæstv. forseti, hvernig þessi mál standa.

Ég vil gera einn þátt enn þessa máls að umtalsefni þó að hann snúi í sjálfu sér kannski ekki beint að þessum tveimur höfuðþáttum, samskiptunum við kennara og sveitarfélögin, og það er spurningin um það hvernig menn ætla að ganga frá ákveðnum grundvallarréttindaþáttum varðandi skólamálin í tengslum við þennan verkaflutning þegar og ef af honum verður. Ég er númer eitt og reyndar númer tvö og þrjú að hugsa um jafnrétti til náms. Ég er að hugsa um jafnrétti til náms í viðtækasta skilningi þess orðs. Hvernig ætla menn að ganga frá því þannig að óyggjandi verði að í framtíðinni verði allir landsmenn eða börn hvar sem er á landinu, í hvaða sveitarfélagi sem er, strjálbýli sem þéttbýli, jafnsett að þessu leyti? Þau njóti fyllsta jafnréttis í þeim skilningi að þeim standi jafngóður grunnskóli til boða. Hvernig ætla menn að tryggja það ef hinn sameiginlegi sjóður okkar allra, ríkissjóður, er ekki lengur sá sem fer með það verkefni?

Ég hef verið, eins og margir og flestir sjálfsagt, í grundvallaratriðum hlynntur því að leitað væri leiða til þess að færa verkefni frá ríki til sveitarfélaga í þeim tilvikum að það væri sveitarfélögunum viðráðanlegt og skynsamlegt og að það væru verkefni af því tagi að þau stæðu nærri fólki og það væri eðlilegt að þetta stjórnsýslustig sem næst er fólkinu, sveitarfélögin, sæi um þau. Auðvitað má segja að grunnskólinn sé alveg dæmigerður fyrir slíkt því í velflestum sveitarfélögum landsins, jafnvel niður undir hin smæstu, er rekinn grunnskóli. Það eru jafnvel mörg sveitarfélög í landinu starfandi, 100–200 manna sveitarfélög, þar sem er í raun tiltölulega lítil sameiginleg eða félagsleg starfsemi önnur en sú ein að það er rekinn þar grunnskóli. Ég þekki mörg slík. Það getur verið að mönnum á Stór-Reykjavíkursvæðinu finnist slíkt framandi en það er nú samt satt. Það eru fjölmargir sveitahreppar og jafnvel minnstu sjávarplássin þannig sett að í raun og veru langstærsta sameiginlega rekstrareining fólksins er grunnskólinn. Grunnskólinn er til viðbótar oft eiginleg félagsmiðstöð og samtengipunktur mannlífsins í viðkomandi byggðarlagi fyrir utan kannski kaupfélagið og frystihúsið eða eitthvað því um líkt.

Þess vegna má segja: Er ekki eðlilegt að sá rekstur sé þá einmitt á höndum sveitarfélaganna sem stendur þeim svona nærri? Jú. En það er ekki þar með sagt að ríkinu megi ekki og eigi ekki að koma það verkefni við. Ég held að ríkinu eigi að gera það. Ég held að ríkið — og þá er ég að tala um fleira en bara almenna rútínu, menntastefnu og annað því um líkt sem ríkið hafi með höndum — eigi að vera þátttakandi með vissum skilningi og bakábyrgur aðili í þessum undirstöðuþætti í landinu þar sem er grunnmenntunin. Ég held að ríkið eigi að vera þar og ég hef miklar efasemdir um að þrátt fyrir að gengið verði þannig frá málum að sveitarfélögin yfirtaki grunnskólann í reynd að fullu og öllu hvað framkvæmd snertir, rekstur og ábyrgð, þá eigi ríkið að vera þarna áfram með með tilteknum hætti. Og það sem ég held að ríkið eigi að gera, númer eitt, tvö og þrjú, er að það á tryggja jafnrétti til náms. Ég hef áhyggjur af því, ég hef efasemdir um að vísa því verkefni í einhvern sjóð og segja þá: Það á að vera hérna sjóður sem tryggir jafnrétti til náms eða hvernig sem menn hygðust þá gera það.

Reynsla annarra þjóða hefur sýnt að það er ástæða til að fara hér varlega. Reynsla frá til að mynda Svíþjóð, Bandaríkjunum og víðar hefur sýnt að það sækir í þá tilhneigingu að gæði skólans verði mismunandi eftir fjárhagslegu bolmagni sveitarfélaganna. Auðvitað. Það liggur í hlutarins eðli að sú hætta er þarna, að þau sveitarfélögin sem veikari eru fjárhagslega neyðist til þess eða jafnvel velji það kaldrifjað að láta tiltekna þætti, jafnvel í viðkvæmum málaflokki eins og skólahaldinu, mæta afgangi. Þau geta einfaldlega ekki annað. Aðstæður þeirra knýja þau til þess.

Menn geta út af fyrir sig reynt og af góðum vilja, að jafna ýmsa þætti í þessum efnum, en samt sem áður er sú hætta alltaf fyrir hendi að þetta haldi innreið sína í einhverjum myndum í gegnum aðbúnað að skólanum, ef ekki beinlínis í því formi að sveitarfélögin á grundvelli mismunandi getu til að greiða laun eða standa með beinum hætti að rekstrarútgjöldum skólanna sitji uppi með mismikil gæði. Því það er nefnilega margt sem þarna þarf að jafna ef menn ætla að gera það. Það er ekki nóg að horfa á þetta og hugsa: Strjálbýli, þéttbýli, það þarf að jafna þarna einhvern tiltekinn skólaakstur o.s.frv. Það þarf að líta til mjög margs í þessum efnum ef vel á að vera. Og þó að hlutirnir líti ágætlega út hvað snertir daginn í dag þá er ekki víst að svo verði á morgun. Tekjur sveitarfélaganna geta þróast með mismunandi hætti á komandi árum. Við skulum bara taka tvö dæmi: Annars vegar það að það gangi erfiðlega í grundvallaratvinnuvegum landsbyggðarinnar, sjávarútvegi og landbúnaði. Það verði áföll einhvern tíma á komandi árum og sveitarfélögin sem eru með þær greinar neyðist til þess að leggja mikið af mörkum til að halda þar hlutunum

gangandi. Annað eins hefur skeð og er þekkt. Sum sveitarfélög á landsbyggðinni eru með gífurlegar byrðar á bakinu frá undangengnum árum, hafandi sett mikla peninga inn í atvinnulífið. Staða þeirra er að sama skapi erfiðari til þess að taka að sér rekstur af þessu tagi. Er það ekki svo? Jú.

Við getum líka tekið annað dæmi. Við getum tekið það dæmi að það gangi mjög vel á næstu árum í sjávarútvegi og landbúnaði. Það verði uppgangur við sjávarsíðuna á Íslandi en stóru þéttbýlissvæðin sem byggja meira á verslun og þjónustu eigi hins vegar í erfiðleikum og það verði miklir erfiðleikar á komandi árum til að mynda hér í Reykjavík. Þá getur þetta auðvitað snúist við. Það er líka þekkt að skólahaldið gæti orðið mjög erfitt hjá stóru sveitarfélögunum sem byggju jafnvel þrátt fyrir fallandi tekjur við vaxandi fólksfjölgun og eins og stundum vill nú verða svo grimmilegar sem mótsagnirnar eru oft í lífinu þrátt fyrir erfitt atvinnuástand og lækkandi tekjur.

Ég held að menn þurfi ekki að lesa sér mikið til um eða skoða mikið til að mynda hvað hefur gerst í skólamálum eins og t.d. í Bandaríkjunum til þess að hafa efasemdir í þessum efnum þar sem skólinn er auðvitað gífurlega mismunandi frá því sem verst gerist í sumum fylkjum þar sem er illa rekinn nánast fátækraskóli þar sem menn baksa við að reyna að gera helminginn af nemendunum nokkurn veginn læsan áður en þeir fara úr skólanum. Árangurinn er svona um það bil af því tagi og yfir í fína, flotta einkaskóla og skóla í ríkismannahverfum og ríkismannasveitarfélögum þar sem allir hafa allt til alls í formi hálaunaðra og vel menntaðra kennara, tækjakosts og búnaðar. Auðvitað vita allir sem eitthvað vita hvernig þetta er í hinum hákapitalíska kustu löndum þar sem skólahaldið hefur verið sniðið að þeim sjónarmiðum, þeim skoðunum. Önnur samfélög sem ekki hafa verið jafn hægri sinnuð í uppbyggingu hafa prófað þetta líka, að færa skólana yfir á sveitarfélöginn eða hafa hann þar og þeirra reynsla er líka blendin jafnvel hvað þetta snertir. Um það þekkjum við dæmi sums staðar af hinum Norðurlöndunum.

Langmestu efasemdir mínar, hæstv. forseti, um þennan hreina aðskilnað milli ríkis og sveitarfélaga varðandi málefni grunnskólans, eru sprottnar af áhyggjum mínum af þessum þætti. Ég hef ekki séð það enn þá útfært og frá gengið og enn síður um samið hvernig þessi jöfnunarþáttur verður tryggður. Ég mun aldrei samþykkja fyrirkomulag í skólamálum á Íslandi sem ég hef ástæðu til að ætla eða get óttast að innleiði hér misrétti til náms í þeim skilningi sem ég hef verið að tala um, að börn þeirra sem búa á tilteknum svæðum eða í tilteknum sveitarfélögum á Íslandi standi lakar að vígi gagnvart grunnmenntun en önnur. Auðvitað stenst það heldur ekki þau ákvæði og þær kröfur um jafnræði og jafnrétti þegnanna sem við gerum nú til dags og þá verða menn auðvitað að horfa á það eins og það er og láta skipulagið og uppbygginguna og samskipti stjórnsýslustiganna í landinu taka mið af því að tryggilega sé frá þeim hlutum gengið.

Hæstv. forseti. Ég er sem sagt þeirrar skoðunar að það sé tímasóun að standa í þessu um þetta frv. Þetta er sýndarmennskuplagg. Þetta er málamyndaafgreiðsla á flutningi grunnskólans til sveitarfélaganna, ef hún gengur fram eins og meiri hlutinn ætlar sér það, alger. Ef þetta yrði með gildistökuákvæði undir upphaf næsta skólaárs, síðsumars 1996, þá verður ný og vonandi og auðvitað miklu betri ríkisstjórn búin að starfa hér í næstum eitt og hálft ár. Hún verður að sjálfsögðu búin að taka þessi mál fyrir löngu í sínar hendur og þess vegna mundi það verka beinlínis hlægilega og hallærislega að fyrir mönnum væri að þvælast eitthvert plagg af þessu tagi sem síðasta ríkisstjórn hefði olnbogað í gegnum þingið á síðustu sólarhringum í andstöðu við allt og alla. Það væri bara algerlega fáránlegt, hæstv. forseti, absúrd, issmus af versta tagi.

Þannig að það er ekkert annað skynsamlegra að gera heldur en að sætta sig við orðinn hlut, hæstv. menntmrh., og viðurkenna að þetta verk náði ekki fram. Menn verða að láta sig hafa það, taka því eins og hverju öðru hundsbiti, að eitthvað sem þeir hafa verið að baksa og undirbúa nái ekki fram að ganga. Ég get vel skilið hæstv. menntmrh., að hann sé beyglaður yfir þessu. Það er fullkomlega skiljanlegt. Hæstv. ráðherra hefur sjálfsagt bundið við það miklar vonir að þetta yrði eitthvert flagg á hans skipi þegar hann mundi nú binda landfestar eftir fjögurra ára ráðherradóm, en svo ætlar ekki verða. En svona er bara lífið, hæstv. menntmrh. Vonbrigðum af þessu tagi verða menn að taka með karlmennsku. Þetta hefur gerst áður og hefur komið fyrir aðra. Ég gæti sagt pínulítla dæmisögu af svipuðu tagi.

Það var þannig að á síðasta kjörtímabili var lögð mikil vinna í að endurskoða alla löggjöf um ferðamál á Íslandi. Stór stjórnskipuð nefnd starfaði að því í eitt og hálft ár, reyndar með fulltrúum allra flokka innan borðs, því þá var sú ríkisstjórn við völd í landinu og sá meiri hluti hér, sem vildi hafa pólitískt samráð um hlutina. Því var ekki að heilsa í 18 manna nefndinni frægu eða 17+1 nefndinni, það voru 17 sjálfstæðismenn og einn krati að sagt var og 17 af Reykjavíkursvæðinu en einn af landsbyggðinni. Menn vissu nú ekki alveg hvor formúlan hafði ráðið þessari nafngift. En út úr þessari stjórnskipuðu nefnd sem ég var að nefna og vann að endurskoðun heildarlöggjafar um ferðamál, kom mjög gott frv. sem var pólitísk samstaða um og var skrifað undir það m.a. af páv. hv. þm. Sjálfstfl. Friðjóni Þórðarsyni. Málið kom hér inn á þing tímanlega, hafði tvo mánuði til stefnu, ef ekki þrjá, náði afgreiðslu í neðri deild sálugu og kom upp í efri deild og var þar einmitt við ekkert ósvipaðar aðstæður og hér eru nú í þinginu. Það voru 1–2 sólarhringar eftir. En þá reis þar upp maður, núv. hæstv. landbrh. og samgrh., Halldór nokkur Blöndal, hv. þm., hæstv. ráðherra, og hann stoppaði þetta mál. Hann braust um á hæl og hnakka í ræðustólnum með allmiklum hávaða og fyrirgangi og lét hvorki laust né fast fyrr en menn gáfu það eftir að þetta mál yrði ekki afgreitt á því þingi. Þarna fór í súginn mikil vinna og mikið starf margra manna og allmikill kostnaður sem hið opinbera hafði lagt í það ásamt ýmsum hagsmuna-

aðilum í ferðaþjónustu að endurskoða þessa löggjöf. Þarna var ekki til að dreifa að vísu miklum pólitískum ágreiningi og enn síður faglegum, því að málið var stutt af öllum helstu hagsmunaaðilum í ferðaþjónustu. Samt fór það svo að þetta mál varð bara einfaldlega að bíða. Það var bölvað, mér þótti það auðvitað bölvað, en ég tók því náttúrlega bara af karlmennsku eins og hverju öðru hundsbiti. Það var ekkert annað að gera. Það þýddi ekkert að væla yfir því. Og hollráð mín til hæstv. menntmrh. er að gera slíkt hið sama núna með þetta grunnskólafrv., taka því eins og hverju öðru hundsbiti að málið er í uppnámi og nær hér ekki fram að ganga, enda tilgangslaust með öllu og sýndarmennskan ein að vera að nudda á afgreiðslu þess nú.

Hæstv. forseti. Ég segi við hæstv. menntmrh.: Tak sæng þína og gakk, far inn í Karphús eða Rúgbrauðsgerð og reyndu að fá félaga þinn og flokksbróður, hæstv. fjmrh., til þess að koma í gang samningaviðræðum með þér við kennara.

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Það hafa fjórir hv. þingmenn og ráðherrar óskað eftir að veita andsvar við ræðu hv. 4. þm. Norðurl. e. og verður forseti því að stytta ræðutíma í eina mínútu í seinni umferð.

[11:14]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það fer svo sem ekki fram hjá mér að það á að reyna að koma í veg fyrir samþykkt þessa frv. með málþófi. Það sáum við hér sl. nótt. En rökin fyrir því að við eigum að draga frv. til baka eða hætta við það eru fyrst og fremst þau að mati hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar að málið sé umdeilt innan þings og utan og þess vegna eigi að hætta við það. Minni hlutinn eigi sem sagt að ráða.

Þá nefnir hann að víðtækt samkomulag hafi orðið vorið 1991 um grunnskólalög og þess vegna eigi ekkert að hreyfa við þeim. Þetta er auðvitað alveg í samræmi við þá stefnu Alþb. sem hefur verið ítrekuð alveg nýlega, að lögin frá 1991 eiga að standa. Með því er Alþb. að tilkynna að það muni ekki verða við neinum kröfum og óskum sveitarfélaganna um að grunnskólinn verði endanlega fluttur yfir til sveitarfélaganna. Það er út af fyrir sig verðmæt vitneskja.

Þar fyrir utan nefnir hv. þm. að þetta sé alveg ómögulegur tími til þess að afgreiða grunnskólalög vegna þess að verkfall kennara standi yfir. Það liggja fyrir yfirlýsingar kennara um það að þetta frv. hafi engin áhrif haft á afstöðu þeirra til verkfallsins. Það er hins vegar komið upp allt í einu núna í viðræðum kennara við samninganefnd ríkisins að lífeyrisréttindi þeirra séu óljós samkvæmt þessu frv.

Þá nefndi hv. þm. að ekkert lægi á þessu vegna þess að lögin ættu ekki að öðlast gildi fyrr en 1. ágúst 1996. Þetta er rangt. Lögin öðlast gildi þegar í stað eins og venjan er og er beint ákvæði um það í gildistökuákvæðinu. Það er hins vegar skilyrt og lögin koma ekki að fullu til framkvæmda fyrr en 1. ágúst 1996, þ.e. þá fyrst verða kennararnir starfsmenn sveitarfélaga.

Þá nefndi hv. þm. að hann gæti ekki samþykkt þetta vegna þess að hann teldi að með frv. væri ekki tryggt jafnrétti til náms. Ég fullyrði að í þessu frv. eru betri tryggingar fyrir jafnrétti til náms heldur en eru í gildandi lögum.

[11:17]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. menntmrh. er allt of taugatrekktur að kalla eðlilegar umræður um þetta mál málþóf. Þó að áhugamenn tali um þennan málaflokk í 20–30 mínútur um þetta mál þá er það náttúrlega fullkomlega eðlilegur hlutur. Hér er stórt mál á ferð og eðlilegt að menn láti sig það varða og vonandi fagnar hæstv. ráðherra því að menn hafi áhuga á hans málaflokki. (Gripið fram í.) Ég held að hv. þm. Árni Johnsen ætti ekki að vera að hafa hátt í þingsalnum um þetta mál, það fer ekki vel á því. (**ÁJ:** Hann þarf að læra á klukku, þingmaðurinn.) Mér sýnist nú að hv. þm. Árna Johnsen hafi gengið illa að mæta samkvæmt klukku í þingsalnum yfirleitt þannig að það má nú deila um það hverjir kunna best á klukku hér.

(Forseti (**StB**): Ekki samtöl.)

Ég óska eftir því að hæstv. menntmrh. fari ekki rangt með það sem ég var að segja hér. Ég sagði ekki að það ætti að fresta þessu bara vegna þess að þetta væri umdeilt mál, ég sagði líka að það væri vegna þess að það væri illa undirbúið, þetta mál væri í raun og veru í upplausn og það þjónaði engum tilgangi að afgreiða það. Það eru margvísleg rök, hæstv. ráðherra, fyrir því að það eru engin efni til að afgreiða þetta mál. Þau eru fjöldamörg og mörg fleiri en þau ein að efni þess, innihald, sé umdeilt.

Ég þakka auðvitað hæstv. menntmrh. fyrir að vekja athygli á menntastefnu Alþb. Það er til mikillar fyrirmyndar. Við afgreiddum mjög viðamikla skólamálastefnu á miðstjórnarfundi sl. haust og hún er ítrekuð í nokkrum lykilatriðum hér í okkar 10 stefnupunktum fyrir kosningarnar. Það er alveg rétt að við höldum því þar til haga að grunnskólalögin frá 1991 þurfi að komast til framkvæmda. Og af hverju er það? Það er af því að núv. ríkisstjórn hefur algerlega svikið það að láta framfaramálin sem þar var gengið frá koma til framkvæmda. En það segir ekkert um það að Alþb. mun áfram reka opna, víðsýna og framsækna skólamálastefnu og er að sjálfsögðu tilbúið til viðræðna við sveitarfélögin um m.a. flutning verkefnisins til þeirra og mun örugglega fara í slíkar viðræður strax eftir kosningar þegar við verðum búnir að mynda hérna almennilega ríkisstjórn.

[11:19]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rangt að þetta mál sé illa undirbúið og það er margbúið að rekja það hvernig staðið hefur verið að þessu máli í umræðum á hv. Alþingi. Ég fullyrði það, ég hef gert það áður og ítreka það enn og aftur, að ekkert frv. sem lagt hefur verið fyrir þetta þing hefur fengið annan eins undirbúning og aðra eins umræðu og þetta, ekkert. Það er beinlínis rangt þegar hv. þm. er að halda því fram í ræðustól á Alþingi að

þetta mál sé illa undirbúið. Það var kynnt þegar í áfangaskýrslu menntastefnunefndar, það var sent til umsagnar eins og menntastefnunefnd gekk frá því, það var sent til umsagnar eftir að það varð að þingskjali og allir þeir aðilar sem við þessa löggjöf eiga að búa hafa haft tækifæri til þess að tjá sig. Fjölmörg atriði hafa verið tekin til greina um það sem betur mátti fara og ég segi enn og aftur: Ekkert mál sem hefur verið lagt fyrir þetta þing hefur fengið annan eins undirbúning og umræðu.

[11:20]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég stend við það að mál sem er grenjandi ágreiningur um og mál þar sem engin niðurstaða hefur fengist gagnvart lykilþáttum eins og verkefnaflutningnum, samningi við kennara og sveitarfélög, er illa undirbúið. Það getur vel verið að hæstv. menntmrh. geti haldið því til haga að þetta mál sé vel undirbúið í Sjálfstfl. og ágætlega undirbúið í þeirri þröngu nefnd stjórnarflokkanna sem vann að því og að frv. sem frv. sé þokkalega undirbúið, að þetta sé á sæmilegu íslensku máli o.s.frv. En varðandi þessa lykilefnisþætti málsins, flutning grunnskólans til sveitarfélaganna, frágang á réttindamálum kennara og samskipta við sveitarfélögin, þá er málið illa undirbúið af því að það er engin niðurstaða í neinum af þessum þáttum. Það liggur fyrir. Nefndir þær sem seint og um síðir komust á lappirnar til að vinna þau mál hafa engri niðurstöðu skilað. Það er ekki hægt að kalla það annað en réttu nafni: Lélegan undirbúning.

[11:21]

Petrína Baldursdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon spyr fulltrúa meiri hluta menntmn. hvort þeir telji að hægt sé að reka grunnskólann án kennara. Þetta er útúrsnúningur hjá hv. þm. Auðvitað er ekki hægt að reka grunnskóla án kennara og það er ekkert ákvæði í þessu frv. sem gefur þingmanninum tilefni til að draga þær ályktanir að meiri hluti menntmn. og fulltrúar stjórnarflokka hér á Alþingi telji það. Þetta frv. sem hér liggur fyrir snýst einfaldlega ekki um kjaradeilu kennara heldur er það grunnur undir þær úrbætur sem þarf að gera og er nauðsynlegt á íslensku menntakerfi.

[11:22]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er greinilegt og auðheyrt að þetta mál er viðkvæmt fyrir hv. þm. stjórnarliðsins og ég skil það mjög vel. Já, ég leyfði mér að spyrja að því hvort það væri kannski þannig að stjórnarflokkarnir, meiri hlutinn teldi sig geta rekið skólana án kennara. Það var ekki út af efni þessa frv., hv. þm., sem ég spurði, heldur var það vegna þeirra samskipta eða öllu heldur kannski samskiptaleysis sem maður horfir upp á milli hæstv. menntmrh., milli meiri hlutans og kennarastéttarinnar í landinu. Það var þess vegna sem ég spurði, vegna þess að hæstv. ríkisstjórn er að reyna að troða þessu máli hér í gegn á sama tíma og hún stendur í kjaradeilu við kennara og verkfall stendur yfir og í andstöðu við þá vegna þess að það liggur fyrir að kennarasamtökin eru andvíg því að málið sé afgreitt við þessar aðstæður. Þau vilja ekki að löggjafinn gangi frá, lögfesti þennan verkefnatilflutning fyrr en búið er að koma þeirra réttindamálum í sambandi við það í höfn. Það er eðlileg krafa vegna þess að kennarastéttin hefur ekki stöðu til þess að gæta hagsmuna með sama hætti og ýmsir aðrir aðilar í þessu máli. Það er óeðlilegt, að mínu mati, og ófugur endi á hlutunum að byrja að taka þessa afgreiðslu í gegn núna við þessar aðstæður og það er heimskulegt, vegna þess að hvernig í ósköpunum ætla menn að reka skólana á Íslandi öðruvísi en að það sé hægt að gera í sæmilegu andrúmslofti við kennarastéttina í landinu? Ríkisstjórn, meiri hluti sem er svo heillum horfinn að ganga fram með þeim hætti sem nú er verið að reyna að gera, hún vekur spurningar af þessu tagi, það er það sem ég átti við. Hún vekur spurningar um það hvort menn telji sig virkilega geta starfrækt skóla á Íslandi án kennara. Og það var minn glæpur hér, hv. þm., að ég spurði að því. Hv. þm. hefur svarað fyrir sína hönd, en ef ríkisstjórnin og hæstv. ráðherra breytir ekki um stefnu í þessum málum þá vakir sú spurning áfram.

[11:24]

Petrína Baldursdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tel enn þá að þetta hafi verið útúrsnúningur af hálfu þingmannsins. Eins og hann veit mætavel þá hefur meiri hluti menntmn. gefið það út í frhnál. á þskj. sem liggja hér fyrir að gildistaka þessara laga tekur ekki gildi nema réttindamál kennara liggi fyrir. Og að fullyrða það héðan úr ræðustól að samskipti kennara við þessa ríkisstjórn eða stjórnarflokkana séu eitthvað slæm, ég tek ekki undir svona fullyrðingu.

[11:25]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það væri karlmennskulega gert að halda því fram að samskiptin væru góð a.m.k., er það ekki? Ég held að hv. þm. meiri hlutans viðurkenni í raun stöðuna með þessu ankannalega skilyrta gildistökuákvæði. Það segir í raun og veru allt sem segja þarf um tilgangsleysi og fáránleika þess að vera að afgreiða frv. við þessar aðstæður. Þetta er afar óvenjulegur frágangur á einu lagafrv., að opinbera það í vinnunni á þingi með því að flytja skilyrt gildistökuákvæði af þessu tagi að málið sé í uppnámi, það geti ekki náð fram að ganga, þetta sé ekki hægt nema þetta og hitt gerist á næstu vikum og mánuðum. Þetta væri eins og menn settu löggjöf í sjávarútvegsmálum um það að netaveiðibann skyldi sett 15. apríl á næsta ári ef vetrarvertíðin yrði góð og tíðin almennt andstæð. Eitthvað af þessu tagi er auðvitað út í loftið og það væri langhreinlegast og heppilegast fyrir meiri hlutann að viðurkenna það að þeir hafa klúðrað þessu máli.

[11:27]

Frsm. meiri hluta menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er nöturlegt að heyra málflutning þingmanna Alþb. í þessu máli. Í öðru orðinu gagnrýndi hv. þm., síðasti ræðumaður, niðurskurð í menntamálum, en í hinu orðinu er hann að leggjast

gegn frv. sem gerir ráð fyrir stórauknum framlögum til menntamála og stórkostlegum umbótum í skólastarfi.

Hann gerði að sérstöku umtalsefni jafnrétti til náms. Ég held að það sé alveg greinilegt að þingmaðurinn hafi ekki lesið þetta frv. sem hér er til umfjöllunar því að í mörgum greinum þess má finna að það er sérstök áhersla lögð á eftirlit með skólastarfinu og það var í raun og veru talin forsenda þess að unnt væri að færa þetta verkefni yfir til sveitarfélaganna að það yrði með því mjög öflugt eftirlit. Ég bendi á 9. gr., 10. gr., 31. gr., 49. gr. og 51. gr.

Einnig gerði þingmaðurinn að umtalsefni bandarískt skólakerfi og taldi það eiginlega skilyrði fyrir góðum skólum þar að það væru skólar í ríkra manna hverfum og þá einkaskólar. Ég hef reynslu af amerískum grunnskólum, almennum grunnskólum, sem ég held að við gætum lært margt af, sem ekki voru í neinum ríkra manna hverfum.

[11:28]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Skólarnir í Bandaríkjunum eru örugglega nokkurn veginn eins misjafnir og þeir eru margir og sumir góðir þó þeir séu ekki í ríkra manna hverfum. En því miður er almennt og alþjóðlega, held ég, viðurkennd sú tilhneiging að efnahagur foreldra og hverfi skipta þar líka miklu máli.

Hv. þm. telur að við séum að leggjast gegn frv. sem feli í sér stórkostlegar umbætur og stórauknar fjárveitingar til skólamála. Heyr á endemi! Það er ekkert í þessu frv. sem gefur neinar tryggingar fyrir slíku. Það sem menn horfa á er frammistaðan sl. fjögur ár, það er niðurskurðurinn á gildandi skólalögum, það er sú staðreynd að þessi ríkisstjórn hefur frestað hverju einasta umbótaákvæði í skólamálum hvert einasta ár sem hún hefur setið. Og er það þá trúverðugt að koma með plagg af þessu tagi og blása sig út af því að í því muni felast stórkostlegar framfarir í skólamálum á komandi tímum, á kostnað sveitarfélaganna þá eða hvað? Þetta er náttúrlega ekki trúverðugur málflutningur, hæstv. forseti. (Gripið fram í.) Það eru fjárlög þessarar ríkisstjórnar, það eru bandormar hennar sl. fjögur ár sem segja allt sem segja þarf um stefnu þessarar ríkisstjórnar í menntamálum. Það eru verkin sem sýna merkin en ekki einhver fögur áform á blaði í sýndarmennskufrumvörpum nokkrum vikum fyrir kosningar. Hv. þm. fær ekki nokkurn skólamann í landinu til þess að taka það inn í einkunnagjöfina þegar núv. ríkisstjórn verður tekin í próf. Ekki nokkurn skólamann. Menn kunna að prófa. Menn taka það sem er skrifað á blöðin en ekki eitthvað sem er skrifað í skýin í framtíðinni. Það mun standa eftir hvað sem verður um þetta nöturlega plagg, svo ég taki mér það orð í munn sem ég gæti hafa innleitt hér í þingsali, það verða verkin, það verður frammistaða ríkisstjórnarinnar á þessum fjórum árum sem mun leggja grunninn að hennar einkunnum í skólamálum.

[11:31]

Páll Pétursson:

Herra forseti. Við lifum á erfiðum tímum og þeir verða sífellt erfiðari. Það er eiginlega alveg ótrúlegt þegar ekki eru nema kannski tveir dagar til þingloka að þá skulum við vera að eyða tímanum í að ræða frv. um grunnskóla. Lagasetning um íslenskan grunnskóla er alvarlegt mál en þetta alvarlega mál er orðið að farsa. Það er gjörsamlega þýðingarlaust og reyndar óviturlegt að afgreiða þetta frv. hér og nú í þessu formi. Þessi fæðing er fyrir tímann, þetta afkvæmi er ófullburða og það þarfnast lengri meðgöngu og hefði gott af henni. Kannski maður byrji á getnaðinum.

Hæstv. menntmrh. langaði að setja á lög um grunnskóla. Gildandi lög um grunnskóla voru sett fyrir forgöngu annars menntmrh. og þar af leiðandi gat náttúrlega hæstv. menntmrh. í virðuleik sínum ekki unað við það. Hann hefur reyndar komið í veg fyrir að þau kæmu til framkvæmda nema að hluta til. Hann fór að undirbúa lagasetningu, frumvarpssmíð. Hann ákvað að hafa þetta eingetið íhaldsafkvæmi. Að vísu slapp einn krati inn í þetta 18 manna gengi hans. Einn í 18 manna genginu var dreifbýlismaður, þ.e. utan Reykjavíkursvæðisins. Þetta voru einkennilega aulalega vinnubrögð af jafnþjálfuðum og mikilhæfum stjórnmálamanni og hæstv. menntmrh. er.

Það gefur auga leið að svona vinnubrögð eru ekki til þess að efla pólitíska samstöðu eða líkleg til þess að greiða fyrir málinu á þingi. Sennilega hefur það verið draumur hæstv. menntmrh. að þetta frv. yrði ekki með neinu ættarmóti frá Framsfl. eða Alþb. eða Kvennalistanum enda gætti hann þess vandlega að hafa ekki svoleiðis fólk í undirbúningi málsins. Það er ótrúlegt að jafnreyndur og mikilhæfur stjórnmálamaður og hæstv. ráðherra er skuli láta þetta henda sig.

Nú er ég ekki að mæla á móti því að sjálfstæðismönnum, jafnvel þó að þeir séu 17 saman og einn krati, geti dottið margt gott í hug. Fjarri því. Það er ýmislegt gott í þessu frv. Það er margt sem getur orðið til þjóðþrifa og heppilegt að búa við í framtíðinni. Sveitarfélögin vildu taka við grunnskólanum og hafa lýst yfir vilja sínum til þess. Gott og vel, lofum þeim að taka við grunnskólanum ef þau treysta sér til. Ég hafði reyndar lengi efasemdir um að það væri heppilegt að fá sveitarfélögunum grunnskólann í hendur en úr því að þau treysta sér til þá ætla ég ekki að bregða fæti fyrir það. Það er gert ráð fyrir einsetningu skóla. Það er gert ráð fyrir samfelldum skóladegi og það er prýðilegt. Í þessu frv. er gert ráð fyrir foreldraráðum og ég tel að það sé til bóta. Ég tel að það sé einn meginkostur á frv. að foreldrar fá aukin áhrif í skólastarfinu. Ég er þeirrar skoðunar að samræmd próf sem eru sett í frv. séu líka mjög til bóta. Ég er algjörlega ósammála þeim sem hafa verið að gagnrýna þetta frv., m.a. flokkssystkinum mínum, sem leggjast gegn samræmdum prófum. Samræmd próf koma til með að vera svipa á sveitarfélög og skóla sem ekki hafa metnað til þess að standa sig. Börnin eiga heimtingu á góðri kennslu og að þau séu ekki látin dragast aftur úr. Það er ómögulegt að komast að því hvort börnin dragast aftur úr nema með samræmdum prófum. Þá er hugsanlegt að kippa því í lag sem aflaga hefur farið og þar með bæta framtíðarmöguleika barnanna. Slæm útkoma á samræmdu prófi sýnir að eitthvað er að. Markmið

grunnskólalaga á náttúrlega að vera það að tryggja framtíð barnanna, gefa þeim tækifæri til manndóms og þroska.

Það hefur mikill tími farið í það að ræða kjör kennara og ég er ekki að gera lítið úr þeim þætti málsins. Ég ætla ekki að fjölyrða um þann þátt í þessari umræðu. Ég hef hins vegar hugsað mér að óska eftir utandagskrárumræðu um kennaraverkfallið sem tengist þessu grunnskólafrumvarpsmáli síðar í dag eða í síðasta lagi á morgun og beina máli mínu til hæstv. forsrh.

Það hefur líka farið mikill tími í það að ræða fjárhagshlið málsins og samstarfið við sveitarfélögin. Þetta er mikilvægt atriði líka. En það eru þrátt fyrir allt börnin sem eru aðalatriðið. Það eru nemendurnir sem eru aðalatriðið, ekki kennararnir eða sveitarstjórnarmennirnir þó að þeir skipti líka máli.

Ég skil það ósköp vel að hæstv. menntmrh. langi til að eitthvað liggi eftir sig í menntamálum eftir fjögurra ára setu á ráðherrastóli. Fleira en hryðjuverk eins og hann hefur unnið á Lánasjóði ísl. námsmanna. Nú veit ég ekki hvort klukkan glymur hæstv. menntmrh. í kosningunum í vor og ætla engu að spá um það. Ég sé hins vegar alvarlega hættu á því samkvæmt skoðanakönnunum að þótt ótrúlegt megi virðast þá kunni svo að fara að núv. ríkisstjórn haldi meira hluta sínum. Það kann að vera að þjóðin fyrirgefi hæstv. ríkisstjórn það sem hún hefur verið að gera undanfarin fjögur ár og þá kann vel að vera að hæstv. menntmrh. sitji áfram á stóli menntmrh. eftir 8. apríl og þá hefur hann líka nógan tíma til þess að vinna að því hugsjónaverki sínu að fá sett lög um grunnskóla.

Ég verð að játa það að þetta er kannski svartsýn framtíðarsýn. Þjóðin á að vita hvernig hæstv. ríkisstjórn er og vera búin að fá reynslu af henni en samkvæmt skoðanakönnunum virðist blasa við sú hætta að þjóðin hafi ekki langtímaminni eða ályktunargáfu til þess að sjá hættuna af því að hafa núv. ríkisstjórn áfram.

Ég held að í þessu frv. sé þættinum sem snýr að börnunum að mörgu leyti gerð sæmileg skil. Þó sakna ég þess að mér finnst að það vanti ákvæði um hvað gera skuli ef sveitarfélag sinnir ekki skyldum sínum. Hæstv. ráðherra fékk í hendur frv. frá átjánmenningum sínum og hann fór að reyna að fá það lagfært en svo lét hann deigan síga og hætti að vinna að málinu, þ.e. öðrum þáttum málsins. Hann vék sér hjá því að ganga frá nauðsynlegum aðgerðum til þess að þetta frv. gæti orðið að lögum. Það var heigulsháttur hjá hæstv. menntmrh. að eyða heilum vetri án þess að lyfta fingri til þess að ganga frá kennaramálinu. Ég frétti af einhverju leyniplaggi sem liggur í menntmrn., frv. um málefni kennaranna. Það hefur ekki verið sýnt. Hvers vegna ekki? Ég spyr hæstv. menntmrh.: Af hverju lét hann það ekki á þrykk út ganga þannig að hægt væri að hafa það til hliðsjónar við afgreiðslu málsins eða afgreiða það jafnframt?

Það er líka heigulsháttur hjá hæstv. ráðherra að vera ekki búinn að ganga frá samskiptamálum sínum við sveitarfélögin til þess að yfirfærslan mætti takast. Svo er verið að klúðra hér inn í þetta gildistökuákvæðið að slá því á frest. Þar með er náttúrlega búið að viðurkenna að það liggi ekkert á að afgreiða málið. Ég hef verulegar áhyggjur af því að þegar sveitarfélögin taka við grunnskólanum, þá fái þau ekki uppi borinn þann viðbótarkostnað sem af því hlýst. Menntmrn. hefur verið að flagga tölum um þann kostnað á landsvísu. Þær tölur eru áreiðanlega mjög óraunhæfar og vantar mikið inn í það dæmi. Það hefur komið í ljós að bara í Reykjavík einni er meiri kostnaður en gert er ráð fyrir á landsvísu. Það er líka skammsýni að ganga ekki frá fræðsluskrifstofuþættinum í málinu.

En ég vek athygli á 57. gr. frv. sem er gildistökugreinin en í niðurlagi greinarinnar segir, með leyfi forseta:

„Menntmrh. ákveður í reglugerð hvaða ákvæði laga þessara koma til framkvæmda fyrir 1. ágúst 1995, þar með talið hvernig skuli fram til þess tíma haga ráðningu kennara og annarra starfsmanna grunnskóla sem starfa sem ríkisstarfsmenn."

Þetta finnst mér undarlegt ákvæði í annars botnlausu frv. Ráðherra á að fá reglugerðarvald samkvæmt lögum sem ekki eru búin að taka gildi. Ég fæ ekki komið því heim og saman hvernig þetta megi verða og ég held að þetta sé vanhugsað og ef ráðherra er harður á því að reyna að knýja málið fram með meirihlutavaldi á Alþingi þá sé óhjákvæmilegt að hann geri tillögu um að fella þessa grein a.m.k. niður.

Herra forseti. Ég ætla ekki að orðlengja meira um þetta mál í bili.

[11:46]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla aðeins að rifja upp örfá orð úr ræðu hv. þm. Páls Pétursonar þegar málið var til 1. umr. 1. nóv. sl. og það geri ég vegna orða hans um að það sé þýðingarlaust og reyndar óviturlegt að afgreiða málið, í því séu allt of margir lausir endar. Síðan gerði hann 57. gr. að sérstöku umræðuefni. Hv. þm. sagði, með leyfi hæstv. forseta, við 1. umr. málsins:

„Mér sýnist að það sé alveg fyrirsjáanlegt að það verði að breyta gildistökuákvæðinu í 57. gr." — Þetta höfum við einmitt verið að gera. Síðan bætti hv. þm. við: „Hins vegar er skynsamlegt að lögleiða ákveðinn hluta frv. og kannski mest allt frv. þannig að menn viti að hverju þeir ganga og afgreiða frv. með einhverjum hætti með sveigjanlegri gildistökugrein þannig að gildistaka ákvarðist á Alþingi þegar allir endar hafa verið hnýttir og yfirfærslan færi þá fram."

Það er nákvæmlega þetta sem við höfum verið að gera við meðferð frv. Ég met það við hv. þm. að hafa komið með þessa tillögu við 1. umr. frv. Eftir henni hefur verið farið í einu og öllu.

[11:47]

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það hefur margt gerst síðan ég flutti þessa ræðu sem hæstv. ráðherra vitnaði í og mér þótti skynsamleg á þeim tíma. Það er búið að klúðra þessu máli í margar vikur síðan og þingleg meðferð þess hefur verið með þeim hætti og ýmislegt gerst í þjóðfélag-

inu sem ógildir þá hugmynd mína sem ég lét þarna í ljósi.

[11:48]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Páll Pétursson gerði rétt eina ferðina lítið úr starfi þeirrar nefndar sem hæstv. menntmrh. skipaði hinn 24. mars 1992 til að endurskoða lög um grunn- og framhaldsskóla og mótun menntastefnu. Þessi nefnd hafði það hlutverk m.a. að skoða heildstætt grunnskólalög og framhaldsskólalög. Það hafði ekki verið gert fyrr að taka þessi mál til heildarendurskoðunar og sá sem hér stendur, gamall framhaldsskólakennari sem kenndi í 20 ár, kannast mjög vel við það hversu brýnt var að taka þessi mál til endurskoðunar í heild.

Ég vil taka að fram að það er með öllu ósæmilegt að draga í efa hæfileika þeirra einstaklinga sem skipuðu þessa nefnd og það gengur ekki að reyna að skapa tortryggni um störf nefndarinnar, ekki síst í ljósi þess sem hún skilaði frá sér. Innan þessarar nefndar var víðtæk þekking á málefnum framhaldsskólans, víðtæk þekking á málefnum grunnskólans og sveitarstjórna og atvinnulífsins. Ég nefni hér nokkur nöfn í þessari nefnd. Ég gæti lesið upp alla. Ég nefni þar Sigríði Önnu Þórðardóttur, formann nefndarinnar, kennara með þekkingu á málefnum grunnskólans. Ég nefni Árna Sigfússon borgarfulltrúa, sem þá var formaður skólamálaráðs Reykjavíkurborgar. Ég nefni Björn Búa Jónsson framhaldsskólakennara með mikla þekkingu á því skólastigi. Ég nefni Björn L. Halldórsson lögfræðing sem var forstöðumaður skólamálaskrifstofu Reykjavíkurborgar. Ég nefni Þorleif Jónsson, viðskiptafræðing hjá Samtökum iðnaðarins. Ég nefni hann sérstaklega vegna þess að það tókst að ná inn í frv. um framhaldsskólann, sem ber að skoða í tengslum við grunnskólafrv., mjög mikilvægum ákvæðum sem snerta starfsmenntun. Ég gæti nefnt alla nefndarmenn til að styrkja þá skoðun mína og þá fullyrðingu mína að þessi mál hafa verið í góðum höndum og verkið beri þeim vitni.

[11:50]

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ekki ætla ég að bera brigður á það að þetta ágæta fólk sem í nefndinni sat hafi haft víðtæka þekkingu. Ég vakti hins vegar athygli á því að pólitískt er nefndin einlit. Þó að þarna sé margt ágætisfólk þá voru pólitísk sjónarmið þess mjög í eina átt. Það væri freistandi úr því að hv. þm. fór að nafngreina einstaka aðila í nefndinni að fjalla ofurlítið um það en ég ætla að stilla mig um það í bili.

Ég held að nefndin hefði verið heppilegar saman sett með því að hafa þar víðara pólitískt sjónarhorn en gert var.

[11:51]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Tvíræðnin í máli hv. þm. er merkileg og raunar hefðbundin ef maður lítur á ræðuferil þessa ágæta þingmanns. Hann segist ekki bera brigður á störf nefndarinnar en samt er hann með dylgjur um það að hann stilli sig um að nafngreina einhverja einstaklinga þarna. Hvað á svona nokkuð að þýða? Mér mundi finnast það miklu heiðarlegra ef hv. þm. liti á það sem frá þessari nefnd kom, liti á verkin, læsi þau saman, liti á grunnskólafrv. í samhengi við framhaldsskólafrv. og þá átti hann sig á því að hann hefur engar ástæður til þess að vera með efasemdir um það að þessi ágæta nefnd hafi unnið góð störf.

[11:52]

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég var rétt áðan að fara viðurkenningarorðum um ýmislegt af því sem þessari ágætu nefnd datt í hug svoleiðis að ég hristi þetta af mér. Ég held hins vegar að það hafi verið unnið, jafnvel þó að ráðherra hafi fengið þarna í hendur sitthvað sem nothæft var, einstaklega klaufalega að meðferð þessa máls í þinginu, nefndarstarfi og eftirrekstri. Það er gjörsamlega ástæðulaust að vera að reyna að knýja þetta mál fram núna fyrir þinglokin. Ég tel að það megi bíða næsta kjörtímabils.

[11:53]

Petrína Baldursdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er ekki oft sem ég er sammála málflutningi hv. þm. Páls Péturssonar á Alþingi, það hefur ekki oft komið fyrir. En ég verð að lýsa því yfir hér að hann komst að kjarna málsins áðan þegar hann ræddi um varðandi þetta frv. að það sem mestu máli skiptir, það sem er aðalatriðið í þessu máli sem hér er til umræðu, eru börnin. Ég verð að segja það að þetta er það vitrænasta sem hefur komið úr þessum ræðustóli frá því að þingfundur hófst klukkan hálfellefu. Það er kjarni málsins. Það eru börnin.

Hv. þm. notaði líkingamál í umræðunni áðan. Hann talaði um fæðingu ófullburða barns. Hann ræddi um getnað, meðgöngu frv. og fæðingu fyrir tímann. Þetta var líkingamál sem þingmaðurinn notaði. Ég vil þess vegna halda mig aðeins við þetta líkingamál þingmannsins og spyrja hann: Hefur hann einhvern tímann heyrt um barn sem fæddist fyrir tímann og það hafi spjarað sig vel í lífinu? Er þingmaðurinn tilbúinn að fullyrða það í ræðustól að ófullburða barn geti ekki spjarað sig? Þetta er í samræmi við það líkingamál sem hann notaði í þessum ræðustól.

[11:54]

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Herra forseti. Guði sé lof að það hefur margt af fyrirburum spjarað sig vel í lífinu en þeir þurfa þá að fá viðunandi hjúkrun og viðunandi hjálp. Með þetta frv. eins og er í pottinn búið hefur ekki verið gengið nógu lengi með og væri betra fyrir það, þetta afkvæmi hæstv. menntmrh., að það fengi lengri meðgöngu.

Ég fór hálfpartinn hjá mér þegar hv. þm. fór að lýsa því yfir að hún væri sammála mér en það er út af fyrir sig gott.

[11:55]

Petrína Baldursdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er bara gott ef þingmaðurinn hefur farið hjá sér, ef það sem ég sagði áðan hefur orðið til þess að hann hefur farið hjá sér. En þingmaðurinn vildi kannski frekar að barnið fæddist andvana en

að það væri hægt að bjarga því og bæta um betur?

[11:56]

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það væri betur komið í móðurlíki enn um sinn og nóg um það.

Ég held að það sé eitthvað að þegar þingmenn Alþfl. eru farnir að lýsa sig sammála mér og þess vegna geng ég til sætis míns aftur.

[11:56]

Frsm. 1. minni hluta menntmn. (Kristín Ástgeirsdóttir):

Hæstv. forseti. Það er ánægjulegt að það skuli vera létt yfir þingmönnum en mér er sannast að segja ekki hlátur í hug. Það hefur verið ömurlegt vægast sagt að fylgjast með vinnubrögðum meiri hlutans á hinu háa Alþingi á undanförnum dögum og sá fundur sem við héldum í menntmn. í gær þar sem þetta mál var endanlega tekið út úr nefndinni með þeim brtt. sem nú liggja fyrir var mjög merkilegur. Þar var lesið yfir okkur stjórnarandstæðingum um alþingi götunnar og það hvernig samtök úti í bæ væru farin að stjórna lagasetningu á hinu háa Alþingi. Þar var auðvitað átt við kennara.

Þetta eru merkilegar yfirlýsingar hjá meiri hlutanum miðað við þau vinnubrögð sem tíðkast hafa á Alþingi sem er að mörgu leyti mjög opin stofnun og sendir öll sín mál til umsagnar, leitar til þeirra sem málið snertir, býður þeim að koma með athugasemdir og tekur iðulega tillit til þeirra athugasemda.

Það var t.d. verið að segja frá því í fréttum í morgun að samgn. hefði verið að breyta ákveðnu frv. sem snertir sjómenn. Samgn. varð við athugasemdum sjómanna. Er það alþingi götunnar? Er það alþingi götunnar þegar aðilar vinnumarkaðarins koma hér á nefndarfundi eða láta í ljós álit sitt úti í bæ?

Þetta eru þvílíkar yfirlýsingar hjá hv. þm. meiri hlutans að við þær verður ekki unað. Það er nefnilega staðreynd að í þessu frv. hefur ekkert tillit verið tekið til sjónarmiða kennara, hvort sem þau snúa að efnisinntaki frv. eða því stóra atriði sem hér er meginmál sem eru réttindamál kennara.

Það hefur staðið verkfall í heila viku og ef menn hafa lesið Morgunblaðið í morgun þá er það alveg ljóst — ekki lýgur Mogginn — að samningaviðræður stranda núna á þessu frv. Það er svo undarlegt að hæstv. menntmrh. og ég held kannski fleiri sem tilheyra núv. meiri hluta á Alþingi virðast alls ekki skilja þessi tengsl. Þeir virðast alls ekki skilja það að þær samningaviðræður sem nú standa yfir að þær snerta þetta frv. Það virðist enginn skilningur vera á því. Því er haldið fram að það sé verið að blanda saman óskyldum málum og sú breyting sem þetta frv. felur í sér komi kjarasamningunum ekkert við. En það vill svo til að það er verið að semja til lengri tíma. Eða er það meining ríkisstjórnarinnar að semja til nokkurra mánaða við kennara? Er það meiningin meðan búið er að semja til tveggja ára á almennum vinnumarkaði? Það er strax eftir ár sem þarf að semja við kennara um þennan flutning. Það þarf að semja þá við kennara sem munu byrja að vinna hjá sveitarfélögunum. Er þá skynsamlegt að standa þannig að verki að gera einhverja bráðabirgðasamninga nú og fara svo í það verk aftur þegar ríkisstjórninni þóknast að hafa það á hreinu hvað felst í þessum flutningi og hvernig réttindamálum kennara muni hagað?

Það sem þetta mál snýst um er hvaða kjarasamningar verða í gildi þegar þessi tilflutningur á sér stað. Hver verða ráðningarkjörin? Hvað verður um lífeyrisréttindi kennara? Hvað verður t.d. um 95 ára regluna? Ef menn ekki þekkja hana þá er hún enn í gildi hjá allnokkrum hópi ríkisstarfsmanna sem þýðir það að fólk getur hætt störfum þegar samanlagður lífaldur og starfsaldur er 95 ár. Þetta er ekki síst kennurum mjög mikilvægt og reyndar öllu skólastarfi að það geti átt sér stað endurnýjun á kennaraliðinu því að þeir sem hafa fengist við kennslu vita að það er ákaflega krefjandi starf og það er erfitt að halda sér við sem góður kennari áratugum saman. Hvað verður um þessi réttindi? Það er mjög skiljanlegt að kennarar vilji fá að vita það áður en þessar lagabreytingar ná fram að ganga. Staðreyndin er auðvitað sú að þetta eru léleg vinnubrögð af hálfu ríkisstjórnarmeirihlutans. Þetta eru fráleit vinnubrögð, að vera að ætlast til þess að Alþingi samþykki grundvallarbreytingar á íslenska skólakerfinu án þess að það liggi fyrir hvað þær kosta, hvað þær þýða fyrir sveitarfélögin og hvernig verður haldið á réttindamálum kennara. Ég get samþykkt það út af fyrir sig að fyrst þarf að samþykkja lögin, síðan réttindamálin og loks tekjustofnafrv. sveitarfélaganna. Það er hinn eðlilegi gangur. En að menn ætli sér það að það líði hugsanlega eitt til eitt og hálft ár þarna á milli er fráleitt. Að sjálfsögðu verða menn að vita hvað þetta frv. felur í sér og þess vegna á að fresta afgreiðslu þessa máls.

Ég held að ég geti fullyrt að það er mikill vilji til þess að taka á ýmsum vandamálum skólakerfisins eins og ég rakti í fyrstu ræðu minni við þessa umræðu. Það er vilji til þess. Það er vilji til þess að færa grunnskólana yfir til sveitarfélaganna. Sveitarfélögin hafa sjálf samþykkt það. Það eru að vísu miklar efasemdir víða, m.a. hjá kennurum, en almennt held ég að við getum fullyrt að það sé orðin nokkuð viðtekin skoðun að þessi flutningur muni eiga sér stað. Þess vegna held ég að hæstv. menntmrh. og hans helstu stuðningsmenn á hinu háa Alþingi þurfi ekki að hafa svo miklar áhyggjur af þessu máli, enda snýst þetta fyrst og fremst um það að hæstv. menntmrh. geti veifað þessu frv., þessum lögum í kosningabaráttunni. Málið snýst ekki um neitt annað og hann er tilbúinn til þess að setja kjarasamninga og skólastarf í landinu í uppnám og hafa það í uppnámi vikum saman bara til þess að ná þessu frv. fram. Ég fullyrði það vegna þess að við höfum setið hér á fundum og við áttum fund fyrir þremur kvöldum síðan með hæstv. menntmrh. þar sem ekki mátti skilja niðurstöðu fundarins öðruvísi en svo að það ætti að reyna að ná samkomulagi, það ætti að reyna að setja saman yfirlýsingu sem við gætum hugsanlega öll staðið að um réttindamál kennara og sem þá yrði ásættanlegt plagg fyrir kennara eða alla vega þannig að þeir

gætu sætt sig við það. Það hefur ekki sést orð á blaði, ekkert. Það hefur ekkert verið við okkur talað aftur, það hefur ekkert verið talað við kennara, ekkert.

Ég hafði samband við formann Hins íslenska kennarafélags fyrir um það bil klukkustund síðan, það hefur ekkert verið talað við kennara. Það hefur enginn samningafundur verið haldinn í meira en sólarhring, hann slitnaði þegar þær fréttir bárust í gær að Samband ísl. sveitarfélaga sætti sig nú við frv. og það verður væntanlega fundur í dag. En á meðan þetta mál hangir eins og fallöxi yfir þessum samningaviðræðum þá gerist ekki neitt. Og haldið þið, hv. þingmenn og hæstv. menntmrh., að samþykkt þessa frv. muni liðka fyrir kjarasamningum? Halda menn að þetta muni liðka fyrir kjarasamningum? Ég held því miður ekki. Og í alvöru, hæstv. menntmrh., eigum við ekki að setjast niður og gera tilraun til þess að reyna að komast að samkomulagi um afgreiðslu þessa máls og það hvernig verði staðið að réttindamálum kennara?

Ég get tekið undir það að við getum ekki hér á Alþingi bundið hendur sveitarfélaganna um það hvernig þau munu haga sínum ráðningarmálum þegar þar að kemur, við getum það ekki. En við getum heitið því að réttindi kennara muni ekki skerðast, þeirra sem eru ráðnir kennarar, og við getum heitið því að beita okkur fyrir því að réttindi þeirra sem ráðnir verða eftir að sveitarfélögin taka við skerðist ekki. Það eru ýmsir möguleikar til í stöðunni, að fólk geti valið um lífeyrissjóði o.s.frv. og auðvitað að það sé tryggt að fólk verði ekki svipt 95 ára reglunni. Það eru ýmsir möguleikar í stöðunni og okkur ber skylda til þess að reyna að leita eftir samkomulagi í stað þess að reyna að þrýsta þessu frv. hér í gegn algerlega í blóra við þá sem eiga síðan að vinna eftir þessum lögum. Fólk á að vinna eftir þessum lögum. Hvaða áhrif haldið þið, hv. þm., að það hafi á skólastarfi á næstu mánuðum ef þessi lög verða þvinguð í gegn gersamlega þvert á vilja kennara?

Við hv. þm. Tómas Ingi Olrich og Sigríður Anna Þórðardóttir höfum gengið í gegnum sex vikna verkfall kennara, sem hluti af BHMR, og við vitum öll hvaða áhrif það og síðan bráðabirgðalögin höfðu á skólastarf í landinu. Það hefur verið rakið í þessari umræðu. Hér er verið að endurtaka þann leik. Það er verið að endurtaka leikinn. Það á að þvinga kennara inn í ferli sem þeir eru ósáttir við og ég fullyrði að þetta muni hafa alvarleg áhrif á skólastarf, alvarleg áhrif.

Ég vil koma að samþykkt Sambands ísl. sveitarfélaga og það er afar sérkennilegt mál, afar sérkennilegt, svo að ekki sé meira sagt. Trekk í trekk hefur Samband ísl. sveitarfélaga sent okkur bréf þar sem fyrirvarar Sambandsins hafa verið ítrekaðir og þeir eru margir. Ég vil leyfa mér að lesa upp úr bréfi sem var skrifað 14. feb. Nú er að ég held líklega 24. feb., sólarhringarnir eru að verða svo samfelldir hér að maður er hættur að vita mun dags og nætur. En í þessu bréfi frá 14. feb. segir Samband ísl. sveitarfélaga, með leyfi forseta:

„Stjórn sambandsins telur að heppilegra hefði verið að sameiginleg undirbúningsvinna ríkis, sveitarfélaga og samtaka kennara vegna yfirfærslu alls grunnskólakostnaðar frá ríki til sveitarfélaga væri að mestu lokið áður en lög um grunnskóla eru samþykkt.“ — Að mestu lokið. Síðan segir hér í bréfinu:

„Á 15. landsþingi sambandsins, sem haldið var á Akureyri 31. ágúst til 2. sept. 1994, var samþykkt samhljóða að rétt væri að fela sveitarfélögunum að fullu rekstur grunnskólans. Landsþingið hafði þó skýra fyrirvara á þessari afstöðu, þ.e. að fullt samkomulag næðist milli ríkis og sveitarfélaga varðandi flutning tekjustofna til sveitarfélaganna til að standa undir þeim kostnaði er yfirtökunni fylgir. Enn fremur að samkomulag næðist milli ríkis, sveitarfélaga og stéttarfélaga kennara um kjara- og réttindamál kennara, þar með talin meðferð lífeyrisréttinda. Það hefur ávallt verið afstaða stjórnar sambandsins að niðurstaða í þessum málum þyrfti að liggja fyrir áður en ný grunnskólalög yrðu samþykkt.“

Þetta var áréttað hér í bréfi og í framhaldi af þessu lagði Samband ísl. sveitarfélaga fram ákveðnar breytingartillögur sem ekki var gengið að nema að hluta til. Síðan gerist það að boðaður er fundur í menntmn. á miðvikudagskvöldið og þar kemur fram að fulltrúar Sambands ísl. sveitarfélaga ættu að mæta á þann fund. Það var sem sagt búið að boða fund með þeim áður en það hafði verið borið upp í stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga hvort einhver breyting hefði orðið á afstöðu. Hvað áttu þeir að segja þegar ákveðið var að boða með þeim fund? Síðan gerist það að fulltrúar Sambands ísl. sveitarfélaga, formaður þess og framkvæmdastjóri, mæta á fund nefndarinnar og lýsa því þar að þeir telji að þær brtt. sem meiri hluti menntmn. hefur lagt fram séu fullnægjandi. Það segir í bréfi þeirra, með leyfi forseta:

„Samband ísl. sveitarfélaga telur að þó ekki hafi verið komið til móts við allar breytingartillögur í þessu frv. þá séu nýjar breytingartillögur frá meiri hluta menntmn. til verulegra bóta.

Að teknu tilliti til þessara breytingartillagna frá meiri hluta menntmn. Alþingis getur Samband ísl. sveitarfélaga fallist á að frv. verði samþykkt á yfirstandandi þingi, enda beri ríkið kostnaðarauka er leiðir af gildistöku einstakra greina frv. fyrir 1. ágúst 1996, sem ákveðinn verður í reglugerð er menntmrh. setur, sbr. 57. gr.“

Það kom síðan í ljós að ýmsir þeir sem sitja í stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga höfðu ekki hugmynd um þessa samþykkt. Það var hringt t.d. í annan fulltrúa Reykjavíkurborgar kl. 11 eftir að fulltrúar Sambands ísl. sveitarfélaga voru farnir af fundi menntmn. Þá fyrst fékk hún að vita um þessa samþykkt. Þannig að það vaknar nú sú spurning, hvað liggur hér á bak við þessa samþykkt? Hverjir standa að henni og er þetta einróma niðurstaða stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga?

Það er alveg ljóst að með þessu hefur Samband ísl. sveitarfélaga breytt sinni afstöðu og stendur ekki lengur með kennurum í þessu máli því það er auðvitað staðreynd málsins að sú brtt. sem hér liggur fyrir varðandi 57. gr. um fyrirvarana er ekki fullnægjandi fyrir kennara. Hún er það ekki. Það má auðvitað um það

deila hversu ítarleg lagagreinin eigi að vera, en ég ítreka það sem ég hef hér sagt, að það er vilji til þess að reyna að ná samkomulagi um einhvers konar yfirlýsingu sem geti tryggt framgang þessa máls og sátt sem gæti leitt til þess að skriður kæmist á viðræður milli ríkisins og kennara því að það gengur ekki að skólastarf verði lamað mikið lengur.

Við fyrri hluta þessarar 2. umr., eða fyrsta hluta, kom ýmislegt fram í máli hæstv. menntmrh. og formanns menntmn., hv. þm. Sigríðar Önnu Þórðardóttur, og Tómasar Inga Olrich og það er ástæða til þess að svara ýmsu sem kom fram í þeirra máli. Ég hef reyndar komið áður að þessu skilningsleysi ráðherrans á því hvernig kjarasamningar kennara tengjast þessu máli, en það er önnur hlið sem mig langar að koma hér betur inn á og það er kostnaðurinn við þessar breytingar.

Hæstv. menntmrh. hélt því fram að það væri ekki meiri umframkostnaður en getið er um í greinargerð með frv. Í þeirri greinargerð er t.d. ekki farið út í það hvað það kostar að einsetja grunnskólana og í þessu frv. segir að grunnskólar skuli vera einsetnir. Í núgildandi lögum segir að stefnt skuli að einsetningu grunnskóla. Það er mjög mikill munur á þessu. Að vísu á þetta að gerast í áföngum. Sveitarfélögin hafa sex ár til þess að ná þessu fram, en þetta þýðir mjög mikinn kostnað fyrir sveitarfélögin, það er alveg ljóst. (**Menntmrh.:** Hvort þykir þingmanninum betra? Hvort ákvæðið?) Ég er ekki að gagnrýna það. Ég vil að sjálfsögðu að skólarnir verði einsetnir, það er ekki það sem málið snýst um, heldur það að hæstv. menntmrh. viðurkenni það að þetta er mikill kostnaður fyrir sveitarfélögin. Þetta kostar milljarða í Reykjavík. Auðvitað þarf þetta að gerast í áföngum, en menn verða bara að gera sér grein fyrir að þær breytingar sem stefnt er að með þessu frv. kosta peninga. Það er bara ósköp einfalt mál. Þær kosta peninga. Og það er m.a. hluti af þeim sterku fyrirvörum sem Samband ísl. sveitarfélaga hefur haft við þetta mál, að þetta kostar allt saman peninga og ef á framkvæma lögin almennilega þá kallar það á mjög aukna og bætta þjónustu í grunnskólunum, þjónustu sem ríkið hefur ekki treyst sér til þess að koma á fót og bæta heldur hefur verið stanslaus niðurskurður til skólakerfisins á þessu kjörtímabili.

Önnur fullyrðing sem hér kemur fram hvað eftir annað hjá hv. formanni menntmn. er að það sé lítill efnislegur ágreiningur um þetta mál. Það sé í raun nánast samstaða um málið efnislega og menn séu að hengja sig í næstum því smáatriði og af einhverjum undarlegum ástæðum sé verið að reyna að setja þessu máli stólinn fyrir dyrnar. En þetta er bara ekki rétt og þó ég geti sagt það enn einu sinni að ég er sammála mörgu í þessu frv. þá vil ég þó nefna það enn einu sinni að við fengum í hendur plagg upp á 63 síður, þetta eru 63 síður þar sem eru saman teknar athugasemdir við frv. Þær eru auðvitað mismunandi veigamiklar, en það eru miklar athugasemdir við þetta frv., mjög miklar. Þær koma frá ýmsum aðilum og þær hafa því miður verið ákaflega lítið ræddar í hv. menntmn., ákaflega lítið ræddar. Það var farið í gegnum þetta, en þær voru mjög lítið ræddar. Ég vil einmitt tíunda bréf sem okkur hefur borist frá kennurum þar sem er minnt á þessar efnislegu athugasemdir. Þau atriði sem þar eru tíunduð eru m.a. spurningarnar um samræmd próf, ákvæði um hámarksfjölda nemenda í bekkjum, eftirlitsskylda ráðuneytisins og sérkennslumálin. Þetta eru stóru atriðin í þessu frv. sem kennarasamtökin hafa gert athugasemdir við og nefndin hefði þurft að ræða. Ég er enn og aftur að gera athugasemdir við það að þegar svona stórt mál er til umfjöllunar þá skuli ekki gefin tími til þess að fara rækilega ofan í hvern einasta þátt málsins vegna þess að það skiptir meginmáli hver útkoman verður og það ríki sæmileg sátt um mál eins og þetta. Ég harma það hvernig hæstv. menntmrh. og meiri hluti menntmn. er búinn að koma þessu máli í algeran hnút, það er komið í algeran hnút.

Varðandi ýmis efnisatriði frv. þá er kannski ekki ástæða til þess að fara nákvæmlega út í það. Ég gerði það í minni fyrstu ræðu, þó hef ég fengið athugasemdir um að ég hafi ekki farið efnislega í frv. og er sjálfsagt að gera það og ég get gert það hér í minni þriðju ræðu, ef ástæða er til. En ég vil þó minna á það að í þessu máli eru margir þættir sem vert er að ræða og kanna betur. Við kvennalistakonur höfum t.d. fengið töluverðar hringingar á undanförnum dögum, bæði frá kennurum og þó einkum foreldrum, sem hafa miklar áhyggjur af sérkennsluþættinum og finnst þau ákvæði frv. mjög óljós og óttast það að eins opið og frv. er hvað varðar sérkennsluþáttinn þá sé það alls ekki nægileg trygging um hvaða þjónustu er verið að tala. Og eins og ég hef komið hér inn á áður þá er sérkennslupólitík frv. mjög óljós, hún er vægast sagt mjög óljós. Og í einhverju af öllum þessum bréfum sem okkur hafa borist þá var á það bent að nefndin væri að taka undir hugmyndir um hina svokölluðu heildstæðu skólastefnu sem auðvitað er algerlega óræddd í okkar samfélagi.

Einn þátt vil ég nefna sérstaklega og beina því til meiri hlutans í hv. menntmn., að ég er ákaflega ósátt við það atriði sem lýtur að táknmáli heyrnleysingja. Við höfum fengið ítrekaðar áskoranir og beiðnir um að það verði tryggt í lögum að táknmál fái stöðu sem mál heyrnarskertra, fái stöðu sem þeirra tungumál eða þeirra mál. Á þetta hefur ekkert verið hlustað. Það er bara vísað í það að þetta megi setja í reglugerð. Ég skil ekki þessar röksemdir, ég skil ekki af hverju ekki má gera þetta. Þetta er sérstakur hópur fólks og hópur nemenda og það er sjálfsagt að tryggja lagalega stöðu þeirra, það er bara sjálfsagt mál og ég sannast að segja skil ekki af hverju meiri hluti nefndarinnar tekur ekki undir það.

Ég ætla að koma að ræðu hv. þm. Tómasar Inga Olrich sem hann flutti hér að kvöldi til. Hann undraðist það að þetta frv. skyldi ekki fá fylgi okkar kvennalistakvenna og taldi sem sagt að þarna væri eitthvað sérkennilegt á ferðinni, það væri þarna skammt á milli sjónarmiða. Ég hygg að hann tengi það því að það sé verið að gera of mikið úr áhrifum kennara á þetta mál. En ég vil undirstrika það að mín afstaða byggist fyrst og fremst á því að ég er mjög ósátt við það að vera að

afgreiða svona viðamikil lög sem eru svona illa unnin, svona viðamikið mál. Þetta er þríþætt mál eins og hér hefur margsinnis komið fram, þ.e. lögin sjálf, réttindamál kennara og síðan það hvernig sveitarfélögin eiga að standa undir þessari þjónustu. Þetta er illa unnið mál. Það eru hér efnisþættir sem hefði þurft að fara miklu betur ofan í og ég sé ekkert sem mælir á móti því að taka þetta mál á vorþinginu sem er fram undan eða jafnvel á næsta haustþingi og vinna að sjálfsögðu áfram í þessum réttindamálum og því að átta sig á því hver kostnaðurinn er við frv. og hvernig verði staðið undir honum.

Það var töluvert um það rætt í fyrri hluta þessarar umræðu hversu langt ætti að ganga í því að koma til móts við kröfur bæði Sambands ísl. sveitarfélaga og kennarasambandanna og spurningin um það, sem reyndar kom upp í hv. menntmn. líka, hver það er sem fer með löggjafarvaldið. Það er auðvitað augljóst mál að það er Alþingi sem fer með löggjafarvaldið, en mergurinn málsins er auðvitað sá að það er ekki hlutverk löggjafarvalds að þvinga lög í gegn. Það á ekki að vera hlutverk okkar að þvinga lög í gegn sem snerta þúsundir landsmanna, þúsundir og aftur þúsundir. Og ég vil minna á það sem lítið hefur komið hér fram að samtök foreldra neituðu að gefa umsögn um þetta frv. Þau neituðu að setja staf á blað um frv. vegna þess hvernig komið hefur verið fram við foreldra og skólana á undanförnum árum. Þau neituðu. Og þessi samskipti ríkisvaldsins, bæði við þá sem eiga að njóta þessarar þjónustu og þá sem veita þjónustuna, þessi framkoma er fyrir neðan allar hellur, algerlega fyrir neðan allar hellur.

Ég ætla ekki að lengja mál mitt mikið meira en ég bara ítreka það að þetta mál er í algerum hnút og ég óttast að ef meiri hlutinn á Alþingi ætlar að knýja þetta mál í gegn án þess að einhvers konar sátt hafi náðst við kennarasamtökin þá séum við því miður að lengja þær vinnudeilur sem nú standa yfir. Mér finnst að hæstv. menntmrh. beri skylda til þess að gera okkur grein fyrir því hvernig þær vinnudeilur standa. Hver er staðan? Hvað hefur hæstv. menntmrh. gert til þess að beita sér fyrir lausn deilunnar? Ég fæ ekki betur séð en hann sé með sinni framgöngu og sinni framkomu að tefja hér mjög fyrir lausn mála, því miður. Þetta er ekki hlutverk hæstv. menntmrh. Þetta kann ekki góðri lukku að stýra. Það verður að nást fram skilningur á því hér að afgreiðsla þessa máls og inntak þess, inntak þessa máls er nátengt þeim kjarasamningum sem nú standa yfir. Menn verða bara að opna augu sín og skilja það annars verðum við í miklum vandræðum á næstu vikum og það þolir íslenskt skólastarf ekki.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Fjórir hv. þm. óska eftir að veita andsvar þannig að forseti verður að takmarka ræðutímann.

[12:27]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. taldi að ég væri með því að knýja fram afgreiðslu þessa frv. að tefja fyrir kjarasamningum. Ég vil upplýsa það að forustumenn kennarasamtakanna voru spurðir beint í gær á fundi með fjmrh. hvort það mundi liðka fyrir samningum ef þetta frv. yrði dregið til baka. Það fékkst ekkert svar við þeirri spurningu, ekki neitt. Hv. þm. undraðist samþykkt Sambands ísl. sveitarfélaga. Það er ekkert undarlegt við þá samþykkt. Hún byggist á því að Samband ísl. sveitarfélaga er sátt við þá skilyrtu gildistöku sem komin er fram í brtt. frá meiri hluta menntmn., auk þess sem tekið hefur verið tillit til flestra ábendinga sambandsins. Þess vegna er Samband ísl. sveitarfélaga sátt við það að frv. nái fram að ganga.

Hv. þm. nefndi kostnaðaraukann og talaði þar um einsetninguna, að þetta mundi kosta milljarða kr. Sú skylda hefur verið lögð á sveitarfélögin með lögunum frá 1991, það er ekkert nýtt. Breytingin er eingöngu sú að nú segir í frv. að það skuli einsetja skólana en ekki bara stefnt að því. Tíminn sem sveitarfélögin hafa til þess að sinna þessari skyldu er sá sami og í gildandi lögum.

Hv. þm. þótti ömurlegt að fylgjast með vinnubrögðum meiri hlutans. Ég ætla að viðurkenna ákveðin mistök sem ég hef gert og þau eru þessi: Að fallast á að umræðu skyldi frestað sl. þriðjudagskvöld þegar 2. umr. stóð yfir. Að eyða tveimur dögum í það að tala við fulltrúa stjórnarandstöðunnar í hv. menntmn. og forustumenn kennarasamtakanna í von um að ná samkomulagi. Vegna þessa og hversu naumur tími er til þingloka þá er það hægurinn hjá fyrir stjórnarandstöðuna að taka þetta mál í gíslingu og það er það sem er verið að gera með málþófi hér og með málþófi í nótt. Ég hlýt að sjá eftir þessu, ég hélt að ég væri að tala við sæmilega sanngjarnt fólk, en lengi skal manninn reyna.

[12:30]

Frsm. 1. minni hluta menntmn. (Kristín Ástgeirsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hvað er hæstv. menntmrh. að fara? Við áttum fund á þriðjudagskvöldið. Síðan þá hef ég ekki átt orðastað við hæstv. menntmrh. Ég er fulltrúi Kvennalistans í menntmn. og fer með þetta mál á okkar vegum. Við höfum ekki talað eitt orð saman. Hvað er hæstv. menntmrh. að fara með því að hér hafi verið málþóf? Þessi umræða er rétt að byrja og hún hefur aðeins staðið í örfáar klukkustundir áður. Ég mótmæli svona fullyrðingum. Það hefur ekkert verið við okkur talað og ég ítreka að það er vilji hér til þess að ná samkomulagi. Við erum búin að vera að bíða eftir þessu plaggi sem hæstv. menntmrh. ætlaði að skrifa á þriðjudagskvöldið. Hvar er það? Hver er viljinn til þess að reyna að ná einhverju samkomulagi hér?

[12:31]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Ég sagði, hæstv. forseti, að það væri verið að taka þetta mál í gíslingu með málþófi. Það var gert í nótt þó að ekki væri verið að tala um þetta mál. Það vita allir. Það vita allir hvers vegna menn röðuðu sér á mælendaskrá í málum sem komu þessu máli ekkert við en

voru á dagskrá í gærkvöldi og í nótt. Ef hv. þm. ætlar að halda því fram að það hafi ekki verið vegna þessa máls þá ætla ég að biðja þingmanninn að gera það hér á eftir úr þessum ræðustól.

Það er beðið eftir plaggi frá mér. Það plagg var kynnt á fundi hv. menntmn. í gærmorgun. Ég hef yfirfarið það plagg að nýju og ég óskaði eftir því við formann þingflokks Sjálfstfl. í gærkvöldi að hann kynnti það fyrir formönnum þingflokka vegna þess að ég treysti mér ekki til þess að breyta því frá því sem það var kynnt á fundi hv. menntmn. í gærmorgun. Það er plaggið.

[12:32]

Frsm. 1. minni hluta menntmn. (Kristín Ástgeirsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Á fundi okkar á þriðjudagskvöldið var talað um yfirlýsingu sem við gætum öll staðið að. Slík yfirlýsing hefur ekki verið undir okkur borin. Ég *sá að vísu á fundi menntmn. í gær bréf eða orð á blaði* sem við fengum rétt að sjá en síðan var tekið til baka og ég leit þannig á að það þyddi að menntmrh. ætlaði ekki að gera tilraun til þess að ná samkomulagi.

Þær umræður sem áttu sér stað í nótt eru vissulega tengdar umræðum um grunnskóla og það var auðvitað verið að bíða þess að eitthvað gerðist í málinu, gefa tíma og svigrúm til þess að vinna í málinu en það gerðist ekki neitt. Ég veit ekki betur en þingflokksformenn hafi komið þeim skilaboðum til hæstv. menntmrh. í nótt að enn væri tími til þess að koma orðum á blað og reyna samkomulagsleið. Enn hefur ekkert heyrst. Enn hefur ekkert verið talað við kennara og á greinilega ekkert að gera það. Fyrir utan það er ekkert óeðlilegt við það að menn ræði nýgerða kjarasamninga og þau kjarasamningsmál sem eiga að hafa forgang í þinginu í stað þess að vera að eyða tíma í þetta handónýta frv.

[12:33]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. 15. þm. Reykv. spurði úr pontu lögmætra spurninga. Hann spurði að því hvort leikurinn frá 1989 og 1990 yrði leikinn hér aftur. Hver var sá leikur, hv. þm.? Hann var fólginn í því að tveir þingmenn stjórnarandstöðunnar, Svavar Gestsson og Ólafur Ragnar Grímsson, tóku undir kröfur kennara um mikla launahækkun og bættu um betur. Þeir gerðust ráðherrar skömmu seinna, menntmrh. og fjmrh. Þá sneru þeir dæminu við, vildu ekki semja við kennara, köstuðu framhaldsskólakennurum út í sex vikna verkfall, gerðu tímamótasamning við kennara og sviku hann með bráðabirgðalögum. Ég get fullvissað þingmanninn um það að þessi hörmulegi atburður mun ekki endurtaka sig nú, fyrst hann spurði spurningarinnar.

[12:34]

Frsm. 1. minni hluta menntmn. (Kristín Ástgeirsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta eru ekki sambærileg mál sem við erum að ræða en það sem ég átti við með þessum samanburði er það að ég held að áhrifin kunni að verða svipuð. Rétt eins og kennarar í Hinu íslenska kennarafélagi voru sviptir samningum, samningsrétti og umsömdum launahækkunum, þá á að þvinga yfir kennara ástandi og lögum sem þeir eru ósáttir við. Ég held að þetta muni valda óánægju innan kennarastéttarinnar og hafa slæm áhrif á skólastarfið rétt eins og aðgerðir hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar, Svavars Gestssonar og fleiri höfðu á sínum tíma.

[12:35]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. 15. þm. Reykv. nefndi alþingi götunnar. Hvað er alþingi götunnar? Er það það að stéttarfélög gera kröfur? Nei, að sjálfsögðu ekki. Það sem er alþingi götunnar er það þegar þingmenn í stjórnarandstöðu gera sig hér inni að fulltrúum krafna kennaranna, berjast fyrir kröfum kennaranna sem stjórnarandstæðingar og þegar þeir hafa svo tækifæri til að standa við þær þá bregaðst þeir. Þetta, hv. þm., er alþingi götunnar.

[12:35]

Frsm. 1. minni hluta menntmn. (Kristín Ástgeirsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tel mig vera fyrst og fremst að berjast fyrir því að mál hafi eðlilegan framgang, að mál séu vel unnin og vel ígrunduð og menn viti hvað þeir eru að gera. Í þessu máli vita menn það ekki. Það er ekki vitað hvernig haldið verður á réttindamálum kennara. Það er ekki vitað hver kostnaður verður við þetta frv. og réttindamálin og hvernig sveitarfélög eiga að taka á því. Ég hefði talið eðlilegt að þetta lægi allt saman fyrir þegar pakkinn yrði afgreiddur í heild. Það hefðu verið hin eðlilegu vinnubrögð og ég er mjög ósátt við það hvernig hér er staðið að málum og ég harma að það skuli farið svo illa með ýmsar góðar hugmyndir sem er að finna í þessu frv. Þessi meiri hluti sem hér situr er einfaldlega búinn að eyðileggja þetta mál með sínum vinnubrögðum.

[12:37]

Árni Johnsen *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir segir að það sé vilji til þess hjá stjórnarandstöðunni að gera einhvers konar viljayfirlýsingu til þess að ná þessu máli fram. Þó segir þingmaðurinn á hitt borðið að frv. sé gerónýtt. Samt getur hv. þm. ekki leynt því að henni líkar margt í frv. og kjarni frv. er góður að hennar mati, það hefur komið fram. Þetta eru miklar andstæður, það er mikið bil þarna á milli. Þessi viljayfirlýsing liggur fyrir, hún er klár, hefur verið klár frá því að málinu var lokið í menntmn. vegna þess að það er endanlega í höndum kennara hvort frv. tekur gildi eða ekki. Það byggist á orðinu samkomulag. Og ef ekki verður samkomulag við kennara þá tekur frv. ekki gildi. Það er þetta sem málið snýst um. Það er rammasta pólitík að blanda þessu saman við kjaradeilu kennaranna nú. Og það var forvitnilegt að fylgjast með því í menntmn. hvernig sú pólitík kom inn í myndina. Ég kem kannski að því síðar í umræðunni.

[12:38]

Frsm. 1. minni hluta menntmn. (Kristín Ástgeirsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er rétt hjá hv. þm. Árna John-

sen að ég er sátt við ýmsa efnisþætti þessa frv. en ég tel að með vinnubrögðum sínum sé meiri hlutinn á hinu háa Alþingi búinn að eyðileggja þetta mál. Hann er einfaldlega búinn að eyðileggja þetta mál. Þetta mál er hápólitískt. Það er hápólitískt mál hvernig við rekum okkar skólakerfi en það þarf að vera sátt um það og þetta hlýtur hv. þm., sem er gamall kennari, að vita. Skólastarf er viðkvæmt og menn hljóta að skilja það að við getum ekki rekið skólastarf í einhverju styrjaldarástandi. Það verður að ríkja um það sátt. Það liggur ekkert samkomulag fyrir. Það er alveg ljóst að kennarar sætta sig ekki við þær tillögur sem meiri hlutinn hefur lagt fram. Það sem við erum að leggja áherslu á vegna framtíðar skólastarfs í landinu er það að málið nái afgreiðslu í sæmilegri sátt við kennara. Kannski ekki að þeir felli sig við allt en það sé sæmileg sátt og þeir telji sig nokkuð örugga um framtíðina.

[12:39]

Árni Johnsen *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alveg rétt, þetta er hápólitískt mál og því miður hefur stjórnarandstaðan gert það að hápólitísku og tortryggilegu máli. Það er vandi málsins.

Í fjárln. fyrir tæpum tveimur vikum á lokastigi byrjaði hv. þm. Svavar Gestsson að leggja fram pólitískar hótanir. Daginn eftir komu forsvarsmenn kennara og merkilegt nokk, með sömu hótanir í sömu röð. Það var forvitnilegt. Það er oft sem forustumenn kennara hafa lent í pólitískum gildrum og ég ætla ekki að fjalla um það nánar í stuttu andsvari. En í þessu máli er það einborinn misskilningur að ætla þessa tortryggni í garð kennara. Hún er röng og hún er ósanngjörn.

Frumvarpið sem við erum að ræða opnar dyr inn í nýja tíma og nýja möguleika fyrir nemendur og það opnar kannski fyrst og fremst nýja möguleika fyrir kennara til að fá betri laun. Það er mikið mál og það er sannfæring mín að þetta frv. skapi nýjan farveg. Virðulegi forseti, það er mun hyggilegra að ganga til samkomulags út af því verklagi, fyrirkomulagi sem frv. byggir á, og vinna þannig tíma til betri kjara fyrir kennara.

[12:41]

Frsm. 1. minni hluta menntmn. (Kristín Ástgeirsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að við ættum að tala varlega úr þessum ræðustól þegar kjarasamningar eru á jafnviðkvæmu stigi og þeir eru og við ættum ekki að vera að kynda undir frekari deilum um þetta mál. Mergurinn málsins er þessi: Það verður að nást samkomulag um það hvernig á málum verði haldið og það gengur ekki að ætla að þvinga þetta mál í gegn. Þetta er ég búin að segja margsinnis. Menn verða einfaldlega að læra af reynslunni og þetta er enn eitt dæmið um samskipti ríkisvaldsins við sína starfsmenn sem við höfum því miður allt of mörg og vond dæmi um. Þessu verður að linna og menn verða að komast inn á þá braut að vinna málin í sátt, hvort sem þar er um að ræða skólakerfið eða heilbrigðiskerfið.

[12:42]

Frsm. meiri hluta menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Málið er í algerum hnút, sagði hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir áðan. En hvers vegna? Það er vegna þess að stjórnarandstaðan er að reyna að koma í veg fyrir afgreiðslu málsins og blandar saman efni þess og viðkvæmum kjarasamningum. Og þar með er frv. ekki lengur neitt aðalatriði í málflutningi þessa fólks, virðist vera.

Þetta frv. var lagt fram í þinginu í haust. Það hefur alltaf legið fyrir að það væri ætlunin að afgreiða það og það var ekkert seinna vænna, það er komið að þinglokum. Það er búið að fá mikla umfjöllun í hv. þingnefnd. Það er gengið til móts við gagnrýni Sambands ísl. sveitarfélaga og kennarasamtakanna með tillögum meiri hluta nefndarinnar sem varða gildistökuákvæðið og ég fullyrði það að samþykkt frv. nú mun skapa festu fyrir þá vinnu sem ólokið er, einmitt hvað varðar lífeyris- og réttindamál kennara og tekjustofnafrv.

[12:43]

Frsm. 1. minni hluta menntmn. (Kristín Ástgeirsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er svo þegar frumvörp eru lögð fram þá er ætlast til þess að þau séu rædd, unnin og verði að lögum en hér hefur einfaldlega ekki gefist nægilegur tími til þess að vinna verkið að mínum dómi. Það kemur enn einu sinni hér fram að við séum að tengja þetta mál kjarasamningum. Ég eyddi löngum tíma í mínu máli til að sýna fram á það að þetta mál er nátengt kjarasamningum. Það er það vegna þess að það er verið að gera kjarasamninga til lengri tíma. Það er ekki bara verið að gera kjarasamninga til þriggja mánaða. Og inn í þá samninga kemur þessi breyting. Það er svo augljóst mál að ég skil ekki af hverju meiri hlutinn vill ekki horfast í augu við það.

Að við séum að reyna að stöðva þetta mál þá er ég ítrekað búin að tala um og leggja áherslu á að menn reyni að komast að samkomlagi um þetta mál jafnvel þó að það sé svona illa unnið. Það verður engu tapað við það að málið frestist. Það verður kallað saman þing í vor og það verður þing í haust og vegna gildistökunnar sem er frestað til 1. ágúst 1996 þá er nægur tími til þess að vinna málið. Og af hverju liggur svona á? Af hverju liggur svona á að knýja þetta mál í gegn með allt í uppnámi, með kennarasamtökin á móti málinu sem eiga að vinna eftir þessum lögum? Ég spyr hv. þm. sem er fyrrv. kennari: Finnst henni þetta skynsamlegt? Heldur hún að þetta hafi góð áhrif á skólastarf í grunnskólum landsins?

[12:45]

Frsm. meiri hluta menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hér er á ferðinni mikið framfaramál í skólamálum og ég tel skynsamlegt að frv. verði lögfest núna. Stjórnarandstaðan hefur kosið að gera það að sérstöku bitbeini. Það er mergur málsins. Það er einfaldlega ekki hægt að ganga lengra en meiri hluti menntmn. hefur gert í þeim skilyrðingum sem við höf-

um sett inn í okkar brtt. Það er ekki hægt að koma með inn í þær efnisleg atriði væntanlegra frumvarpa.

[12:46]

Frsm. 1. minni hluta menntmn. (Kristín Ástgeirsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er hárrétt hjá hv. þm. að auðvitað eigum við ekki að ákveða hér hvert verður innihald einhverra frumvarpa sem menn munu samþykkja í framtíðinni. En við getum gefið yfirlýsingar. Við getum heitið því að standa við samninga og rýra ekki kjör kennara svo framarlega sem hér verður ekki hrun í efnahagslífinu eða eitthvað slíkt. Það er það sem málið snýst um og það er það sem við höfum verið að reyna að ræða á undanförnum dögum, en það heyrist ekkert frá hæstv. menntmrh. Ég hef ekki fengið neina skýringu á því hvers vegna ekkert gerðist eftir fundinn á þriðjudagskvöldið og síðan kom þetta litla bréf sem lagt var fram í menntmn. Hvað var það sem gerðist? Ræddi hann við kennara? Er það alveg ljóst að kennarar sætti sig ekki við einhvers konar samkomulag? Ef við gerðum tilraun til þess að skrifa slíkt plagg. Það eru þessi vinnubrögð meiri hlutans sem valda því að þetta mál er í hnút.

[12:47]

Frsm. 3. minni hluta menntmn. (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ég ætla að byrja mál mitt á því að fara yfir þróun þessa máls núna að undanförnu og jafnframt að lýsa *því yfir að ég er aldeilis gáttaður á málflutningi* hæstv. menntmrh. áðan nema þessi málflutningur sé til marks um það að hann hafi gert það upp við sig að málið komist ekki í gegnum yfirstandandi þing og hann líti þess vegna á þessa umræðu sem alvörulausar orðaskylmingar og ekkert annað. Eins og hann talaði áðan er ekki nokkur leið að skilja hlutina öðruvísi en svo að hann líti þannig á að hann sé úti í horni með þetta mál og það verði ekkert hægt að þróa það áleiðis. Árásir hans og stjórnarliða á stjórnarandstöðuna í undanförnum ræðum eru alveg ótrúlegar af stjórnarliði sem ætlar að þoka málum áfram. Ég les ræðu hæstv. ráðherra, formanns nefndarinnar, hv. 3. þm. Suðurl. og 5. þm. Norðurl. e. þannig að í þeirra huga liggi málið þannig að það komist ekki í gegn, þeir séu ákveðnir í að ekki sé hægt að ná því áleiðis og þess vegna rótist þessir þingmenn með þessum hætti vegna þess að þeir séu með þessu fyrst og fremst að búa til vopn í pólitískar skylmingar frekar en í efnislegar umræður um þessi mál.

Ég verð að segja líka eins og er að ég held að það hefði verið skynsamlegra af hæstv. menntmrh. að tala ekki um það hvernig þessir hlutir hafa gengið fyrir sig síðustu dagana. En ég ætla að gefnu tilefni að fara lauslega yfir það.

Hvað hefur gerst í málinu í þessari virðulegu stofnun og hvaða tilefni er til þess að vera að tala um málþóf? Fyrsta daginn töluðu hverjir? Þá töluðu framsögumenn nefndarhlutanna. Og hverjir? Hv. þm. Tómas Ingi Olrich og hæstv. menntmrh. sem svaraði. Aðrir voru það ekki. Það er málþófið sem komið er af stað í þessu máli. Það mjög athyglisvert hvernig hv. þm. Tómas Ingi Olrich hagaði *máli sínu þegar* þetta mál fór af stað, en um það mál mun ég fjalla síðar í ræðu minni. En hvað svo? Síðan er um það talað að reynt sé að lenda þessu máli eins og kostur er með yfirlýsingum þannig að unnt sé að koma málinu áleiðis og ég segi fyrir mitt leyti að ég hef alltaf verið tilbúinn til þess að halda þannig á málinu enda hefur stjórnarliðið meiri hluta og getur ráðið ef það vill. Niðurstaðan er sú að menn hittast á fundi í þingflokksherbergi Sjálfstfl. í fyrrakvöld, fulltrúar allra aðila þessa máls, m.a. kennaranna. Og niðurstaða þessa fundar er hver? Hún er sú að hæstv. menntmrh. tali við kennarana. Hvað hefur hann gert? Hann hefur ekki haldið áfram þessum viðræðum við kennarana síðan. (**Menntmrh.:** Þetta er rangt.) Hann hefur ekki gert það og hann hefur ekki leitað eftir neinum samtölum m.a. við stjórnarandstöðuna. (**Menntmrh.:** Síðast í hádeginu í gær.) Menntmrh. hefur aldrei sest niður til þess að ræða við kennarana nema til að tilkynna þeim að hann geti ekki talað við þá og það eru ekki samningaviðræður. (**Menntmrh.:** Líka rangt.) Það er því yfirgengilegt að setja hlutina upp eins og hæstv. menntmrh. gerði hér áðan og það gengur ekki.

En hann gerði annað. Það fór af stað undirskriftasöfnun í stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga til þess að reyna að halda þannig á málunum að kennararnir yrðu keyrðir út í horn með ríkinu og með stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga. Og það er ótrúlegt til þess að vita að í fyrrakvöld var borin út boðseðill um fund í menntmn. þar sem stendur að á þann fund komi fulltrúar Sambands ísl. sveitarfélaga. Þannig var, er mér kunnugt um, að a.m.k. þrír stjórnarmenn í Sambandi ísl. sveitarfélaga fréttu fyrst af því morguninn eftir að til stæði að gefa álit á fundi menntmn. um þessi mál. Ég spyr: Er hér um að ræða pólitískan leik Sjálfstfl., formanns Sambands ísl. sveitarfélaga annars vegar og menntmrh. hins vegar til þess að koma kennurunum út í horn? Og ég spyr, hæstv. forseti: Er það eðlilegt að kennarar treysti væntanlegum viðsemjendum sem haga sér svona? Er þetta góð byrjun á samskiptum kennarastéttarinnar í landinu annars vegar og sveitarfélaganna og ríkisvaldsins hins vegar? Ég segi nei.

Síðan gerist það að þessi mál eru aldrei tekin fyrir í allan gærdag, ekki í gærkvöldi og það er ekki af neinu öðru en því að menntmrh. var settur út í horn *með sitt mál — ekki af okkur heldur af öðrum stjórn*arliðum sem vildu frekar taka önnur mál fyrir. Þannig að það að ráðast að stjórnarandstöðunni með þeim hætti sem hæstv. ráðherra gerir talandi um það að hún sé að halda málinu í gíslingu þessa dagana er fullkomlega ósanngjarnt sem ég veit að hæstv. menntmrh. viðurkennir þegar hann skoðar inn í sitt eigið hugskot. Það er fullkomlega ósanngjarnt.

Auðvitað eru þessir hlutir þannig, ég er a.m.k. þeirrar skoðunar að það væri að mörgu leyti auðveldara og þægilegra ef það væri hægt að lenda þessu máli í sæmilegum friði, m.a. með hliðsjón af þeirri stöðu sem kennararnir í landinu standa frammi fyrir að öðru leyti þessa daga. Það er og hefur verið mín skoðun og hef-

ur margoft komið fram í samtölum við hæstv. menntmrh. og einnig opinberlega. Þess vegna og með hliðsjón af því að hann veit að stjórnarandstaðan hefur verið tilbúin til þess á annan sólarhring að setjast niður til viðræðna er það eins ósanngjarnt og hugsast getur að tala með þeim hætti sem hæstv. menntmrh. leyfir sér að tala áðan, bendir til þess að hann vilji ekki samkomulag, hann sé ákveðinn í því að líta þannig á að stjórnarandstaðan hafi stoppað þetta mál og þannig eigi að þróa það inn í hið pólitíska vopnabúr á Íslandi næstu vikna í aðdraganda alþingiskosninganna.

Svo kemur hv. þm. Árni Johnsen, 3. þm. Suðurl., og segir frá því að ég hafi í menntmn., sá sem hér stendur, haft uppi hótanir gagnvart einhverjum á tilteknum fundi í nefndinni og það hafi bara verið eins og við manninn mælt. Daginn eftir hafi bara kennararnir — hvað gerðu kennararnir? Þeir komu með sömu hótanir. Þvílík svívirða. (**ÁJ:** Í stafrófsröð.) Quod erat demonstrantum. Það sem sanna átti er það að undirritaður stjórni kennarastéttinni. Ég vil segja við hv. þm. Árna Johnsen sem er mjög farinn að ókyrrast af eðlilegum ástæðum: Það er misskilningur. Kennarar hafa alveg fulla burði til þess að taka sínar ákvarðanir án þess að ég komi þar neins staðar nærri. En þessi málflutningur hv. þm. Árna Johnsen lýsir fyrst og fremst þeirri skoðun sem hann hefur á kennarastéttinni á Íslandi. Hann lítur þannig á að hún láti stjórnast en hún stjórni sér ekki sjálf. Hann lítur þannig á að þar sé um að ræða nytsama sakleysingja sem aðrir stýri en taki ekki sjálfstæðar ákvarðanir. Ég hef satt að segja sjaldan heyrt nokkurn þingmann tala af jafnmikilli lítilsvirðingu, að ég segi ekki fyrirlitningu, um eina stétt og hv. þm. Árni Johnsen gerði hér áðan og er maður þó ýmsu vanur frá honum í þessari virðulegu stofnun.

Ég held að það sé nauðsynlegt, hæstv. forseti, að koma þessum hlutum alveg á hreint og það er best að fara yfir aðeins fleiri mál. Hvað er verið að tala um hér? Það er verið að tala um það, eins og stendur í brtt. meiri hlutans að lög þessi öðlist þegar gildi og komi að fullu til framkvæmda 1. ágúst 1996 enda hafi Alþingi þá samþykkt lög um réttindi og lífeyrissmál ríkisráðinna kennara o.s.frv. og breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga o.s.frv. Hvað þýðir þetta? Hv. 4. þm. Norðurl. e. sagði áðan að þetta þýddi bersýnilega það að lögin kæmu ekki til framkvæmda fyrr en 1. ágúst 1996. Því mótmælir hæstv. menntmrh. síðan mjög harkalega í sinni ræðu. En ég spyr ráðherrann: Hvenær taka lögin gildi? Hvaða partur af lögunum tekur hvenær gildi? Hugsar hann sér kannski að einn partur taki gildi í apríl, annar í maí, þriðji í júní, fjórði í júlí o.s.frv.? Hvers lags lagasetningarvinnubrögð eru það sem menn eru að tala um? (**KÁ:** Allt í reglugerð.) Ef það er ekki skýrt hvað Alþingi er að fara í þessu máli þá verður að endurskrifa þetta bráðabirgðaákvæði. Alþingi getur ekki gengið frá lögum öðruvísi en að tala skýrt. Það verður að vera skýrt í lögum hvað það er sem Alþingi er að ákveða í hverri einustu grein, í hverju einasta gildistökuákvæði og þessi ótrúlega teygja sem er í frv. á sér engan sinn líka.

Hæstv. menntmrh. hefur vitnað til þess að í gildandi grunnskólalögum frá 1991 sé líka ákvæði til bráðabirgða. Það er rétt. Það er líka. En þar er nákvæmlega tiltekið hvað tekur gildi á hverjum tíma. Og í grunnskólalögunum frá 1974 var líka ákvæði til bráðabirgða. En þar var miklu skýrar búið um hnútana en ætlunin er að gera hér. Af þessu tilefni verð ég að spyrja hæstv. menntmrh. og biðja hann um að stafa það algerlega skýrt ofan í löggjafarsamkomuna: Hvað af frv. á að taka gildi hvenær nákvæmlega, stig fyrir stig, ef þetta yrði samþykkt? Mér heyrist reyndar að með málflutningi sínum sé stjórnarliðið búið að taka ákvörðun um að það vilji ekki fá þetta mál í gegn. Mér sýnist að frammistaðan, m.a. gagnvart kennurunum og stjórnarandstöðunni síðustu daga, ræðuhöldin hér að undanförnu, bendi til þess að stjórnarliðið hafi tekið um það ákvörðun að það þýði ekkert að vera að berjast um með þetta mál og þessar umræður séu bara sýndarmennska af hálfu stjórnarliðsins af því að hér sé bara verið að búa til vopn til þess að hafa í kosningabaráttunni.

Ef ég veit rétt, hæstv. forseti, þá stóð til að gera hlé á fundinum um kl. 1. Þannig stendur á að það hentar mér ágætlega að gera hér hlé á ræðu minni og kaflaskil í henni. Spurning er hvort það væri hugsanlegt, hæstv. forseti.

(**Forseti** (GHelg)**:** Forseti hafði hugsað sér eftir nákvæmlega eina mínútu að spyrja hv. þm. hvort hann ætti mikið eftir af ræðu sinni.)

Hvað segir forsetinn um að spyrja þingmanninn um það núna?

(**Forseti** (GHelg)**:** Og nú spyr forseti: Á hv. þm. mikið eftir af ræðu sinni?)

Svarið er já, forseti.

(**Forseti** (GHelg)**:** Þá vildi forseti fara þess á leit við hv. þm. að hann frestaði ræðu sinni þar til kl. 1.30.)

Þingmanninum er ljúft að verða við þessari ósk forseta. [Fundarhlé. — 12:59]

Virðulegi forseti. Ég held að það sé kannski nauðsynlegt að átta sig á því að það hefur ekki verið nógu vel unnið í þeim málum sem við erum hér að tala um. Ég hef oft áður farið yfir tilurð átján manna nefndarinnar þar sem voru valdir sérstakir menn að undirlagi menntmrh. sem hann réði einn í raun og veru, en það má segja að þessu hafi verið haldið áfram allan tímann. Það hefur verið mjög sérkennilegt hvernig á þessu máli hefur verið haldið gagnvart stéttarsamtökum og gagnvart sveitarfélögum líka. Fyrir því eru ákveðin rök. Hæstv. menntmrh. hefur haft í því máli ákveðin rök. Hans rök hafa verið þau að rétt sé að byrja á því að afgreiða lögin um grunnskóla, síðan eigi að fara í viðræður við kennarana og sveitarfélögin, kennarana um réttindamálin og sveitarfélögin um tekjustofnana. Ég hef alltaf verið ósammála þessari aðferð og talið að það væri rétt að hefja þríhliða viðræður, mér liggur við að segja samningaviðræður, allra þeirra aðila sem hér er um að ræða, þ.e. kennaranna, sveitarfélaganna og ríkisins þannig að hægt sé að taka á þessum málum í heild og leysa þau öll í einum punkti. Ég held að það sé mikið affarasælla að fara þannig í hlutina en að

stilla sveitarfélögunum upp við vegg eins og hér er í rauninni ætlunin að gera eða stilla kennurunum upp við vegg eins og hér er í rauninni ætlunin að gera.

Það er nú einu sinni þannig að við erum komin nokkuð seint á 20. öldina og það tíðkast í seinni tíð að haft sé samráð og reynt að lenda málunum í samráði, friði og lýðræðislega þannig að menn taki ekki við fyrirskipunum ofan frá eins og gerðist fyrr á öldinni eða þeirri síðustu, jafnvel fyrir 1874 í landinu, þá frá Danakonungi. Það er liðin tíð sem betur fer þannig að ég held að í grundvallaratriðum hafi hæstv. menntmrh. alltaf verið á rangri leið í þessu máli og þess vegna er ekkert að undra að hann eigi mjög erfitt að koma málinu áfram í þessari virðulegu stofnun eins og sakir standa.

Það er ekki stjórnarandstöðunni að kenna að mínu mati. Það er fyrst og fremst því að kenna að það hefur verið haldið rangt á málum og aðferðafræðin hefur í grundvallaratriðum verið röng. Það hefur verið farið vitlausu megin í hlutina.

Hæstv. menntmrh. og talsmenn málsins af hálfu Sjálfstfl., og reyndar Alþfl., líka tala mikið um að það sé mikið framfaraspor í skólamálum að koma skólunum til sveitarfélaganna. Ég er satt að segja ekki þessarar skoðunar. Ég tel að það komi skólamálum ekkert endilega mjög mikið við hverjir skrifa launatékkana. Aðalatriðið er það að þeir séu skrifaðir í samræmi við kjarasamninga á hverjum tíma. Aðalatriðið er auðvitað það starf sem fer fram í skólunum og hvernig það er af hendi leyst. Og ég tel að sú reynsla sem aðrir þjóðir hafa af því að flytja skólann til sveitarfélaganna sé ekki nægilega góð. Ég hef samt sem áður ekki sett mig upp á móti því að það væri kannað mjög rækilega að skólinn yrði fluttur til sveitarfélaga. Það vill svo til að ég er kosinn á þing í þessu kjördæmi, Reykjavík, þar sem þannig háttar til að það væri að mörgu leyti mjög eðlilegt og heppilegt að rekstraraðili væri einn og sá sami og það er alveg vitað að Reykjavíkurborg ræður prýðilega við það.

En það er öðruvísi í litlu sveitarfélögunum. Og ég hef aldrei skilið af hverju menn hafa ekki staldrað við þá hugsun og skoðað það sérstaklega að skólinn verði fluttur og það kannað t.d. hvernig það kemur út í Reykjavík, Kópavogi, Akureyri, Hafnarfirði áður en menn skella þessu yfir allt landið í einu. Ég hef oft talað fyrir því að það væri skynsamlegra að vinna þannig að breytingum í skólamálum að hlutirnir væru unnir stig af stigi, þróaðir áfram jafnvel með tilraunaverkefnum á afmörkuðum svæðum eða í afmörkuðum skólum. Ég tel að skólastarf sé með þeim hætti að það þurfi að halda utan um það af vandvirkni og nákvæmni og þar eigi menn ekki að flaustra að neinu. Mér finnst þetta flausturslegt eins og staðið er að þessu máli, virðulegi forseti, fyrst og fremst vegna þess að það á eftir að ganga frá samningum við rekstraraðilann og það á eftir að ganga frá samningum við kennarana.

Hvernig ætli þetta hafi verið í öðrum löndum sem hafa verið að flytja skólann til sveitarfélaganna? Sl. sumar birtist fréttaþáttur í Ríkisútvarpinu frá Sigurbjörgu Árnadóttur, fréttamanni Ríkisútvarpsins í Finnlandi. Hún fór mjög rækilega yfir það hvernig farið hefði í grunnskólum í Finnlandi við flutninginn yfir til sveitarfélaganna. Hver er reynslan þar? Getum við eitthvað lært af þeirri reynslu? Ég held að það sé nauðsynlegt fyrir þingmenn stjórnarflokkanna að gera sér alveg grein fyrir því áður en ég fer yfir það að athugasemdir okkar stafa ekki af einhverjum illvilja heldur af því að við viljum að fjallað sé málefnalega um málið og það sett í almennt, rökrænt samhengi. Þá er rétt að spyrja: Hvernig hefur þetta gengið annars staðar? Hvernig t.d. í Finnlandi? Sigurbjörg Árnadóttir rakti það rækilega í fréttaþætti, ég held að það hafi verið í júlímánuði í fyrra, þar sem hún sagði t.d., með leyfi forseta:

„Ríkissjóður hefur einnig minnkað fjárútlát sem hugsuð voru til skólamála um 4,4 milljarða marka, eða tæpa 60 milljarða ísl. króna á síðustu þremur árum, og fyrirhugað er að lækka útgjöldin enn frekar á næsta ári, eða um 26 milljarða kr. Afleiðingar af þessari stefnu eru m.a. þær að 800 grunnskólum hefur verið lokað í Finnlandi á síðustu tveimur árum sem er sjöundi hver grunnskóli landsins.“ Sjöunda hverjum grunnskóla Finnlands er lokað á tveimur árum vegna þess hvernig að þessum hlutum er staðið. Nú er þetta ekki vegna þess að í sveitarfélögunum séu illvirkjar í skólamálum eða þar séu menn sem ekki skilja að skólar eru mikilvægir. En aðstæður sveitarfélaganna eru mismunandi eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon rakti mjög rækilega í morgun. En niðurstaðan í Finnlandi er sú að þegar þetta verkefni er alfarið flutt til sveitarfélaganna þá er byrjað á því að hagræða og færa saman einingar og er svo sem ekkert nema gott um það að segja ef hófs er gætt í þeim efnum. En niðurstaðan er sú að það hafa verið lagðir niður í Finnlandi um 800 grunnskólar á tveimur árum eða sjöundi hver grunnskóli Finnlands. Það er vegna þess að peningarnir sem lagðir eru fram í þessi verkefni eru ekki lengur merktir skólum heldur er þeir bara teknir sem ákveðin summa og fluttir yfir til sveitarfélaganna sem síðan ákveða sjálf hvernig er varið. Og eins og ég sagði stendur mjög misjafnlega á fyrir þeim. Í Finnlandi hefur t.d. verið mjög mikið atvinnuleysi þannig að menn hafa orðið að grípa til sérstakra aðgerða þess vegna og það bitnar á mörgu og sjálfsagt öllu og það bitnar líka á skólanum. Það sem við erum að segja hér er það að þetta geti rýrt stöðu og möguleika skólanna til jöfnunar lífskjara.

Hvað er það sem er svo skorið niður fyrst eftir að skólarnir hafa verið sameinaðir, eins og í Finnlandi þar sem lagður var niður sjöundi hver skóli? Það er byrjað á því að útiloka tómstundastarf í skólum. Það hefur dregist gífurlega saman. Skólasálfræðingar eru sjaldséðir sem og sérkennarar segir í þessum fréttapistli. Og síðan segir, með leyfi forseta:

„Sífellt fleiri nemendur eiga við verulega námserfiðleika að etja þar sem ekki er unnt að sinna einstaklingnum sem skyldi.“

Kennslustundum hefur sums staðar fækkað alveg upp í 20%. Kennarasamtökin í Finnlandi hafa auðvitað fjallað um þessi mál og hafa miklar áhyggjur af þessu eins og náttúrlega allir og ég er sannfærður um

að það hafa stjórnvöld í því landi líka og einnig menntmrh. Kennarasamtökin hvetja foreldra til þess að standa betur á verði um málefni skólanna og krefjast þess að ríkisvaldið taki aftur við öllum rekstri og ábyrgð á skólamálum. Þetta er niðurstaðan eftir tiltölulega mjög stuttan tíma í Finnlandi.

Ég hef stundum notað í sambandi við þetta mál að menn eigi að hinkra. Það eigi ekki að vera með þennan asa og þessi læti og alla vega ekki þennan fyrirgang sem er á síðustu dögum þingsins. Ég tel að t.d. reynslan frá Finnlandi, reynslan frá Noregi, reynslan frá Svíþjóð, sem ég gæti út af fyrir sig farið yfir líka, sýni það að menn eigi að skoða þessa hluti mjög vandlega.

Í þeim lögum sem ríkisstjórnin er að tala um að setja er gert ráð fyrir því að girða fyrir ákveðna hluti sem greinilega er unnt að taka öðruvísi á í Finnlandi. Það er meiningin að setja tilteknar reglur t.d. um aðalnámsskrá grunnskóla. Það er meiningin að setja tilteknar reglur varðandi starfsemi skólanna að ýmsu öðru leyti. Það er því bersýnilegt að það er ætlunin að þó að verkefnið fari til sveitarfélaganna, þá verði þau að uppfylla ákveðnar lágmarkskröfur. Það er alveg örugglega ætlun hæstv. menntmrh. og ríkisstjórnarinnar. Vandinn er hins vegar sá, og það er það sem menn stóðu frammi fyrir í Finnlandi, að eftir að sveitarfélögin hafa haft þetta verkefni um tíma þá segja þau sem svo: Hvers lags eiginlega verkefnatilflutningur er þetta þar sem við ráðum of litlu? Ríkið ræður aðalnámsskránni, ríkið ræður öllum heildarbúnaði skólanna og ríkið ákveður grunnkerfið. Þess vegna sögðu sveitarfélögin við ríkið í Finnlandi: Við viljum fá þetta til okkar líka, þið eigið ekki að vera að ráðskast með þessa hluti. Og niðurstaðan varð sú, eins og venjulega við svona aðstæður í vestrænum þjóðfélögum, okkar þjóðfélögum, að ríkið gefur eftir og það slakar á og þannig þróast þessir hlutir.

Ég held því í alvöru talað og í fullri einlægni að menn séu ekki á réttri braut að því er varðar framtíðarþróun skólans. Og ég tel að reynslan frá Finnlandi m.a. sýni okkur það ákaflega vel.

Í þessari umræðu sem staðið hefur yfir undanfarna daga hefur m.a. verið fjallað nokkuð rækilega ekki aðeins um reksturinn og sveitarfélögin heldur líka sérstaklega um réttindamál kennaranna. Mér finnst stundum satt að segja að talað sé um það eins og eitthvert algert smámál og sumir hv. þm. stjórnarliðsins eru að reyna að gera ummæli okkar tortryggileg en lengst hefur gengið í þeim efnum hv. þm. Tómas Ingi Olrich, setjandi hlutina upp eins og við meinum ekki það sem við erum að segja, þann málflutning sem við erum að flytja. Ég er sannfærður um að hann þekkir talsvert til í þessum efnum en ég tel ástæðulaust að heyja rökræður í þessum sal á þeim grundvelli að menn gefi sér það fyrir fram að viðkomandi hafi svo að segja ekkert af viti til málanna að leggja eins og hv. þm. gerir aftur og aftur í ræðustól skírskotandi til síns langa ferils sem kennari sem vonandi og vafalítið hefur verið farsæll ferill.

Varðandi hins vegar réttindamál kennaranna, af hverju er það sem kennararnir eru að tala um þessi réttindamál? Hvað er það sem menn eru fyrst og fremst að ræða um? Hvernig stendur á því að kennararnir segja ekki bara já, takk og amen um leið og sagt er sveitarfélög? Ætli það sé einhver þvergirðingsháttur, inngróinn í kennarastéttina? Eða ætli það sé vegna þess að einhverjir vafasamir þingmenn hafi skipað þeim að haga sér svona eins og hv. þm. Árni Johnsen var að gefa í skyn hér í morgun? Nei, auðvitað er það vegna þess að kennararnir hafa áhyggjur af sínum kjörum og hafa það að gefnu tilefni, ekki aðeins frá liðnum árum, en líka frá seinni árum, t.d. því, af hverju getur ekki hæstv. menntmrh. sagt hvernig hann gæti hugsað sér að tryggja þessi kjaramál kennaranna? Af hverju getur hann ekki sagt í fyrsta lagi: Við munum reyna að standa þannig að málum að kennarar haldi það sem kalla má áunnin réttindi. (**Menntmrh.:** Ég hef sagt það.) Áunnin réttindi, þá er ég ekki einasta að tala um þau réttindi sem falla til á þeim degi þegar kennarinn flyst frá ríkinu til sveitarfélaga, heldur líka þau réttindi sem því fylgja, þar á meðal svokölluð 95 ára regla og svokölluð ráðningarfesta sem hluti af kennurum nýtur. Af hverju má ekki alveg segja þetta fullum fetum? Það er dálítið skrýtið og það er tortryggilegt, hæstv. forseti, að hæstv. ráðherra skuli ekki þora að segja þetta alveg fullum fetum í yfirlýsingu til kennara.

Í öðru lagi tel ég að það sé nokkuð sérkennilegt að hæstv. menntmrh. skuli ekki treysta sér til að segja við kennarana: Og ég mun beita mér fyrir því að aðrir kennarar njóti sambærilegra kjara og hinir þegar eftir tilfærsluna. — Með þeim einföldu rökum að auðvitað verða laun kennara ekki lækkuð, nóg er nú samt, og með þeim rökum í öðru lagi að auðvitað hljóta starfsmenn skólanna að vera á sömu kjörum í grófum dráttum næstu 5, 10 eða 15 árin. Hvort sem menn byrjuðu hjá ríkinu eða byrjuðu hjá sveitarfélögunum síðar þá hlýtur málið að liggja þannig að þegar fram í sækir þá verði menn í grófum dráttum ráðnir á svipuðum kjörum.

Og ég segi alveg eins og er, hæstv. forseti, ég tel að það að menntmrh. fæst ekki til að gefa þessar yfirlýsingar afdráttarlaust skapi eðlilega tortryggni hjá kennarastéttinni um það að það sé í raun og veru ætlunin að gera eitthvað annað en sagt er. Ég held að það sé mjög nauðsynlegt að menn átti sig á því að alveg frá því í fyrrakvöld hefur hæstv. menntmrh. verið að velta því fyrir sér hvernig þessum hlutum mætti fyrir koma. Niðurstaðan er enn þá engin, því miður. Staðan er því miður enn þá þannig að það er engin lending komin í þetta mál og þess vegna er það þannig að yfirlýsingin sem gert er ráð fyrir að lögfesta í ákvæði til bráðabirgða tekur ekki af skarið um neitt eins og er. Og ekki segja í framhaldi af þessu eins og hæstv. ráðherra gerði í morgun eða hv. formaður menntmn.: Auðvitað getum við ekki ákveðið hvað stendur nákvæmlega í lögum sem verða sett á Alþingi eftir nokkur ár. Það er fullkomlega klárt mál. En það er væntanlega hægt að láta það koma fram hver er hinn pólitíski vilji þingsins í þessu sambandi þannig að þeir stjórnmálaflokk-

ar sem hér eiga fulltrúa, Framsfl., Kvennalistinn, Alþfl., Sjálfstfl., Alþb., standi að því að gefa yfirlýsingu, pólitíska yfirlýsingu, af því tagi sem menn hafa verið að ræða um og ég er hér m.a. að nefna. Það er beinlínis tortryggilegt að menn skuli ekki fást til þess að gefa slíka yfirlýsingu eða a.m.k. að ræða það nákvæmlega hvernig í þessa hluti er farið. (**JGS:** Af hverju ekki Þjóðvaki líka?) Já, ég bið nú hv. þm. afsökunar, sérstakur talsmaður Þjóðvaka hér í salnum, hv. þm. Jóhannes Geir Sigurgeirsson. Það er reyndar búið að stilla upp fyrir norðan. Hann er reyndar á Framsóknarlistanum þessi samt sem áður, ég tek það nú fram til öryggis. (**JGS:** Alþb. sá um hitt.) Alþb. sá um þetta að einhverju leyti já, og veitir ekki af góðu fólki hjá Þjóðvaka sem hefur gott uppeldi og góðan félagslegan og flokkslegan bakgrunn.

Varðandi kjör kennaranna ætla ég að fara yfir nokkur atriði til þess að menn átti sig aðeins á því um hvað er hér verið að tala svona í grófum dráttum. Í fyrsta lagi er verið að tala um þá ráðningaraðferð sem um hefur verið að ræða að því er varðar grunnskólakennara, sem eru ýmist skipaðir starfsmenn ríkisins og hafa ráðningarfestu, samkvæmt lögum nr. 38/1954, eða eru ráðnir með skriflegum samningi, sbr. lög nr. 97/1974. Síðan getur verið um að ræða lausráðna kennara, sem ná fastráðningu eftir tveggja ára starf. Það er alveg ljóst að þetta er eitt af þeim atriðum sem kalla á lagabreytingu og í greinargerð sem kennarasamtökin hafa sent frá sér þá hafa þau ekki sagt: Við viljum að þetta verði alveg eins og það hefur alltaf verið, heldur hafa þau bara sagt, með leyfi forseta:

„Verði af flutningi grunnskóla til sveitarfélaga þarf með kjarasamningum að tryggja kennurum óbreytta ráðningarfestu eða semja um önnur jafnverðmæt kjör, enda verði ekki með lögum skipað fyrir um ráðningarfestu kennara. Vert er í þessu sambandi að benda á lög nr. 77/1993, um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti, sem eru í raun og veru EES-lög."

Það sem menn eru að tala um hér er ekki að því verði lýst yfir að kennarar hafi nákvæmlega sömu ráðningarfestu og þeir hafa í dag, þeir sem skipaðir eru samkvæmt lögunum frá 1954 eða ráðnir samkvæmt lögunum frá 1974, heldur eru þeir að tala um að það verði samið um önnur jafnverðmæt kjör. Af hverju má ekki segja það að menn vilji semja um önnur jafnverðmæt kjör? Er eitthvað á móti því? Það er tortryggilegt að neita því. Það vekur upp þær spurningar að menn vilji ekki semja um hlutina með venjulegum hætti.

Annar þáttur sem snertir kennara eins og aðra opinbera starfsmenn er réttur til biðlauna. Það er auðvitað mjög mikilvægur réttur og það er alveg ljóst að ef skólinn verður fluttur til sveitarfélaganna þá verður að taka á því máli. Þá þarf að gera það t.d. með lögum þar sem reynt er í fyrsta lagi að tryggja kennurum eftir atvikum rétt þeirra til biðlauna og í öðru lagi verður að semja við nýjan atvinnurekanda, þ.e. sveitarfélögin. Orðrétt í greinargerð kennara, með leyfi forseta: „... um hliðstæð réttindi eða jafnverðmætar kjarabætur sem koma í stað þeirra, enda verði ekki sett sérstök lög um þetta efni við flutning grunnskólans til sveitarfélaganna." Hvað eru menn að biðja um? Eru menn að biðja um það að núverandi réttarstaða kennarastéttarinnar verði nákvæmlega kóperuð frá því sem hún er núna, ráðningarfestuákvæðin verði fest í lög nákvæmlega eins og þau eru núna og biðlaunarétturinn verði tengdur ráðningarfestuákvæðunum nákvæmlega eins og það er núna? Nei, það er ekki verið að tala um það. Það er verið að tala um það hér að tryggja kennurum eftir atvikum rétt þeirra til biðlauna frá ríkinu, enda verði störf þeirra lögð niður í skilningi 14. gr. laga nr. 38/1954, en í öðru lagi verði samið við nýjan atvinnurekanda um hliðstæð réttindi eða jafnverðmætar kjarabætur.

Er þetta óbilgirni? Er þetta þvergirðingsháttur, frekja, er þetta ósanngjarnt? Er ekki eðlilegt að stéttarsamtök vilji að svona mál séu a.m.k. rækilega skoðuð í tengslum við þessar hugsanlegu breytingar? (**Gripið fram í:** Er ekki verið að skoða það?) Það er nefnilega verið að skoða hlutina, en staðreyndin er hins vegar sú, hv. þm., að menn hafa ekki treyst sér til þess að gefa fyrirheit um það að á þessum málum verði tekið. Það er í raun og veru stóri vandinn sem menn standa hér frammi fyrir og það er það sem hefur hleypt hlutunum í vanda. Það er fullkomið verkleysi sem ríkir í þessum málum, mikið frekar en illvilji. Ég tel að það sé enginn illvilji, en það er verkleysi, það er eitthvað loppið við þetta, enda er kalt, en menn eiga samt ekki að vera loppnir inni í þessu húsi.

Þriðja atriðið er síðan ráðning kennara í lausar stöður. Um það þyrfti að setja tiltekin ákvæði og í greinargerð frá Hinu íslenska kennarafélagi og Kennarasambandi Íslands, sem ég er með hér í höndunum, dags. 21. feb. 1995, er farið nákvæmlega yfir það hvernig þetta mætti gerast.

Í fjórða lagi er það veikinda- og barnsburðarleyfisréttur og um það segir svo í greinargerð kennaranna, með leyfi forseta:

„Flytjist grunnskólinn til sveitarfélaga er mikilvægt að tryggja kennurum a.m.k. jafngóðan veikinda- og barnsburðarleyfisrétt og þeir hafa nú. Þá verður að gæta þess að sá tími sem þeir hafa starfað í þjónustu ríkisins verði metinn í því réttindakerfi sem samið verður um við sveitarfélögin, þ.e. samanlagður starfstími hjá ríki og sveitarfélögum."

Hér er með öðrum orðum verið að fara fram á það að þeir fái svipaðan eða jafngóðan veikinda- og barnsburðarrétt eins og nú er gert ráð fyrir. Af hverju má ekki segja þetta? Af hverju má ekki slá því föstu að ríkisstjórnin vilji fyrir sitt leyti beita sér fyrir því að þetta verði svona? Hvað er verið að fela? Af hverju má ekki gera kennarastéttinni í landinu grein fyrir þessum þætti?

Í fimmta lagi eru það svo lífeyrismálin. Um þau hefur verið rætt sérstaklega og þau eru mjög flókin. Í þessari greinargerð, sem ég er með hér fyrir framan mig, segir svo, með leyfi forseta:

„Flytjist grunnskólinn til sveitarfélaga er mikilvægt að tryggja þeim kennurum sem hingað til hafa safnað réttindum í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins áfram-

haldandi aðild að þeim sjóði. Rof á réttindavinnslu þeirra sem verið hafa lengi í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins getur reynst þeim afar dýr. Ef til vill er eina raunhæfa lausnin sú að allir kennarar við grunnskólann, sem uppfylla núgildandi skilyrði um aðild að LSR, fái aðild að sjóðnum í framtíðinni þrátt fyrir að grunnskóli færist til sveitarfélaganna, ella má annars gera ráð fyrir afar mismunandi lífeyriskjörum kennara í framtíðinni."

Þetta er auðvitað vandinn og spurningin er þá sú: Hæstv. ráðherra hefur sagt að hann sé tilbúinn til þess að beita sér fyrir því að menn missi ekki þann rétt sem þeir hafa á þeirri stundu hjá ríkinu þegar skólinn flyst yfir. Hins vegar hefur hann ekki verið tilbúinn til þess að lýsa því yfir að menn haldi örugglega réttindatengdum atriðum eins og t.d. 95 ára reglunni og þar af leiðandi er það sem menn telja að þær yfirlýsingar eða drög að yfirlýsingum sem hæstv. ráðherra var að tala um í hádeginu eða í morgun, séu nægjanlega skýr.

Þá má auðvitað segja að þessi lífeyrismál séu í mörgum þáttum. Í fyrsta lagi eru það þeir kennarar eða þeir starfsmenn sem hafa verið hjá ríkinu og byrja ekki nýtt starf hjá nýjum atvinnurekanda. Þeir halda sínu kerfi eins og verið hefur og það er einfalt mál. Í öðru lagi eru það þeir sem hafa unnið sér tiltekinn rétt hjá ríkinu, flytjast yfir til sveitarfélaganna og hefja töku lífeyris eftir að þeir eru komnir í vinnu hjá sveitarfélaginu. Síðan semur viðkomandi sveitarfélag, segjum eftir nokkur ár, um kjör kennara á viðkomandi svæði. Hvernig verður þá farið með lífeyrisrétt þessa kennara? Verður það þannig að lífeyrisréttur hans skerðist, breytist eða aukist í samræmi við samninginn á viðkomandi svæði eða verður tekið á því með einhverjum öðrum hætti? Þá segir hæstv. menntmrh. að menn geti svo sem sagt sem andsvar við þessu: Jú, þetta er til í dæminu, en hitt er miklu líklegra að menn komi sér saman um eitt heildarkerfi í þessu sambandi. En af hverju er það þá ekki sagt? Er þá ekki skynsamlegra að segja það núna að ríkisstjórnin eða þeir flokkar sem eru hér á Alþingi muni beita sér fyrir því að kennararnir hafi þessi réttindi áfram og að þeir muni beita sér fyrir því að á þessum málum verði tekið með heildstæðum hætti? Vegna þess að það er næstum að segja útilokað að hugsa sér það að það verði tekið þannig á lífeyrismálum kennaranna að þau verði mismunandi eftir sveitarfélögum í landinu. Það er næstum að segja útilokað mál. Af hverju þá ekki að segja það bara fullum fetum? Það verður þá tekið á þessu sem einni heild. Spurningin er hins vegar um það hvað sveitarfélögin segja við því. Af hverju er ekki rætt við sveitarfélögin og samið við þau um þessi atriði? Og þá kem ég að því sem ég hef margoft sagt áður að auðvitað ættu menn að reyna að taka á þessu heildstætt.

Í sjötta lagi er það svo sjálfur samningsréttur kennaranna sem menn eru að ræða um. Í greinargerð kennarasamtakanna segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Verði ákveðið að færa grunnskólann til sveitarfélaganna er ekkert sem knýr á um breytingar á samningsréttarlögum varðandi samningsrétt samtaka kennara gagnvart sveitarfélögum. Við óbreytta félagsskipan gætu kennarafélögin samið hvort í sínu lagi eða sameiginlega. Það gagnast ekki hagsmunum kennara að lögbundið verði að stéttarfélögum kennara sé skylt að semja sameiginlega við sameiginlega nefnd, samninganefnd sveitarfélaganna. Líklegt má telja að sveitarfélögin ákveði að mynda eina sameiginlgea samninganefnd gagnvart stéttarfélögum grunnskólakennara og er þeim það heimilt. Það gæti knúið á um það að stéttarfélög grunnskólakennara gerðu hið sama."

Þetta er allt saman rétt og þetta er hlutur sem er í raun og veru sáraeinfalt að njörva niður og ganga frá.

Síðan eru auðvitað ýmis önnur atriði, hæstv. forseti, eins og réttur til fyrirframgreiddra launa og yfirfærsla ýmissa réttinda við starfslok hjá ríki, t.d. orlof, starfsaldur til launa og veikindaréttar.

Nú er það þannig, hæstv. forseti, að það hefur ekki borið mjög brátt að að menn ætluðu hugsanlega að flytja grunnskólann til sveitarfélaganna. Það er ekkert alveg nýtt, það gerðist ekki í fyrradag alla vega. Menn hafa verið að tala um það lengi. En af hverju hefur þá ekki verið farið í þessi mál, ekki í einhverjum lokuðum nefndum sem ráðuneytið er að skipa heldur inni í tilteknu samningsferli? Hvers lags verkleysi er það að vera með þessi mál í lausu lofti eins og þau eru núna? Það er verið að skapa tortryggni, ég segi að óþörfu, í þessu máli. Og ég tók eftir því að hv. þm. Tómas Ingi Olrich viðurkenndi í ræðu sinni fyrir nokkrum dögum að auðvitað væri heppilegra að þessi mál hefðu getað verið samferða í einum punkti og ég er honum hjartanlega sammála um það. Ég held að þannig hefðu menn átt að reyna að halda á málinu. En það var ekki reynt að halda þannig á málinu af því að hæstv. ráðherra kaus frekar þessa röð á málum eins og hann kallar það. Mér finnst það vitlaus röð. Hún er öfug vegna þess að það á ekki að raða hlutum þannig upp að það sé eins og verið að stilla mönnum upp við vegg, hæstv. forseti.

Í þeim umræðum sem fram hafa farið um þessi mál hefur mjög margt komið fram sem er óhjákvæmilegt fyrir mig að svara. Ég hef setið hér undir stórfelldum árásum frá einstökum þingmönnum, aðallega hv. þm. Tómasi Inga Olrich og svo frá hæstv. menntmrh., um þessi mál, þannig að ég neyðist til að svara einhverju af því. Ég ætla ekki að eyða miklum tíma í það, en mér finnst ég eiginlega neyddur til þess að fara aðeins yfir þau mál.

Áður en ég vík að því ætla ég aðeins að víkja að umsögn Þroskahjálpar, sem barst sennilega með seinni skipunum trúi ég, um grunnskólafrv. Hún er dagsett 21. feb. 1995. Hér segir í umsögn Þroskahjálpar, með leyfi forseta:

„Landssamtökin Þroskahjálp hafa kynnt sér breytingartillögur meiri hluta menntmn. við frv. til grunnskólalaga og hafa sannfærst um að þær athugasemdir sem samtökin gerðu í september 1994 eigi því miður allar við í dag. Skulu þær helstu því endurteknar ef það gæti orðið til þess að hv. nefndarmenn gætu stuðlað að því að þær næðu fram að ganga."

Nú er það að koma yfir mig, hæstv. forseti, sem ég

átti síst von á, að ég sakna Alþfl., en svo má nú brýna deigt járn að bíti. Það er enginn hér. Það er spurning hvort það væri hægt að ... (**ÓÞÞ:** Söknuðurinn verður meiri í framtíðinni.) Já, hann gæti farið vaxandi. Hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson er yfirleitt gleggri en aðrir menn hér og kemur mér ekki á óvart. En það er spurning hvort hæstv. forseti gæti gert viðvart menntamálanefndarmanni Alþfl., ef hún væri í húsinu. Ég mundi krefjast viðveru hennar að sjálfsögðu ef hún væri í húsinu, það væri gott ef hún gæti litið inn. Mér þætti afar vænt um að sjá eins og einn alþýðuflokksmann. Ég er ekki að biðja um fleiri. (**Gripið fram í:** Ég hafði ekki tekið eftir því að þeir væru ekki hér.) Þingmaðurinn hafði ekkert tekið eftir þessu. Já, en þetta venst. Það er það sem þjóðin huggar sig, þetta mun venjast, einnig eftir kosningar. Hér segir áframhaldandi, með leyfi forseta:

„1. Landssamtökin Þroskahjálp eru því fylgjandi að ábyrgð og rekstur grunnskóla séu verkefni sveitarfélaga að því tilskildu að sameining minnstu sveitarfélaganna nái fram að ganga og tekjustofnar til fjármögnunar fylgi með verkefninu.

Samtökin hafa bent á þá leið að Jöfnunarsjóði sveitarfélaga verði heimilað að veita fjármagni til þess að mæta umframkostnaði í einstökum sveitarfélögum sem hlýst af því að veita fötluðum námstilboð við hæfi í heimaskóla.

2. Landssamtökin Þroskahjálp telja að réttur fatlaðra barna til náms í heimaskóla sé ekki nægjanlega tryggður í frv. Til dæmis er vandséð hvernig ráðuneyti menntamála geti úrskurðað þeim í hag um rétt til náms í heimaskólum, án þess að hafa einhverja stoð í lögum til að vísa til.

3. Landssamtökin Þroskahjálp hafna ekki rekstri fámennra sérdeilda séu þær hluti af skólahverfum. Fatlaður nemandi skal þá tilheyra almennum bekk þó aðstæður kalli á stuðning sérdeilda. Samtökin hafna hins vegar alfarið því að sveitarfélög fái heimild til að stofna sérskóla og vara sérstaklega við þeim hugmyndum um safnskóla sem fram eru settar í athugasemdum við 38. gr. frv.

4. Landssamtökin Þroskahjálp hafa margoft bent á að í frv. er hvergi minnst á sérkennslu" — því orði er útrýmt í frv. eins og menn vita — „og leitt að því líkum að fyrir nefndinni sem frv. samdi hafði vakað að boða með þeim hætti „heildstæða skólastefnu". Þó samtökin séu sammála þeirri hugmyndafræði sem „heildstæð skólastefna" byggir á telja þau ekki að þeim tímamótum hafi verið náð í íslensku skólakerfi að hægt sé að tryggja öllum nám undir merkjum þeirrar stefnu.

Þá er það skoðun samtakanna að sá tími sem fer í hönd, þ.e. flutningur á rekstri grunnskólans til sveitarfélaga, sé ekki heppilegur til að taka upp veigamiklar stefnubreytingar í menntunarmálum fatlaðra barna.

Foreldrar fatlaðra barna hafa haft þær væntingar að með nýjum grunnskólalögum yrði stigið mikilvægt skref til að hægt væri að tryggja markvissa uppbyggingu varðandi það að öll fötluð börn fengju kennslu við hæfi í heimaskóla. Frv. eins og það er í dag tryggir það ekki. Því skora Landssamtökin ..." — Ég vil nú gera hlé á lestri, hæstv. forseti, og fagna sérstaklega hv. 11. þm. Reykn. og held svo áfram lestri mínum: „Frv. eins og það er í dag tryggir það ekki. Því skora Landssamtökin Þroskahjálp á Alþingi að endurskoða einstakar greinar þess til að tryggja með afgerandi hætti rétt fatlaðra barna til náms við hæfi í heimaskóla.

Virðingarfyllst, f.h. Landssamtakanna Þroskahjálpar.

Ásta B. Þorsteinsdóttir formaður, Friðrik B. Sigurðsson framkvæmdastjóri."

Hver ætli hafi verið ástæðan fyrir því, hæstv. forseti, að ég kallaði í hv. fulltrúa Alþfl. í menntmn.? Ekki var það einasta að mér þætti alltaf gaman að því að sjá einn og einn alþýðuflokksmann, ef þeir eru ekki allt of margir. Það var líka að hér talar einn af helstu frambjóðendum Alþfl. í þeim kosningum sem nú eru að fara í hönd, ef ég þekki rétt. Ég held að það sé alveg nauðsynlegt að þeir alþýðuflokksmenn geri sér glögga grein fyrir því að það er engin sátt um þessa stefnu sem hér er verið að boða gagnvart fötluðum og sérkennslu t.d. meðal jafnaðarmanna á Íslandi, hvar í flokki sem þeir standa. Ég er alveg sannfærður um það að í Alþfl. og það segi ég af því að ég þekki þar aðeins til, eru afar skiptar skoðanir um þá nálgun sem gert er ráð fyrir í þessu frv.

Ég tók eftir að hv. þm. Árni Johnsen sagði hér í dag að kjarninn í frv. væri réttur og þetta væri allt saman tryggt o.s.frv. Þetta er óskaplega mikil retórík í raun og veru. Staðreyndin er sú að gallinn við frv. er aðallega að á undanförnum áratugum eða allt frá árinu 1907, hefur ríkið, hefur þjóðin í gegnum Alþingi tekið á sig að bera ábyrgð á menntun barna í þessu landi og skólagöngu með einum eða öðrum hætti. Nú eru menn að tala um að það gildi út af fyrir sig lög fyrir lýðveldið Ísland um grunnskóla, en að framkvæmdaaðilar þeirrar sameiginlegu stefnu þjóðarinnar, þingsins, verði hverjir? Verði sveitarfélögin. Og spurningin er þá fyrst og fremst um það, geta sveitarfélögin framfylgt þessari stefnu? Ekki hvort þau vilja það, þau vilja það örugglega. Geta þau framfylgt þessari stefnu? Það er mismunandi af fjárhagslegum ástæðum og það er sérstaklega alvarlegt að því er varðar sérkennsluna.

Núna segja talsmenn stjórnarliðsins: Já, en þetta er tryggt. Það stendur í frv. að það eigi alveg að vera gengið frá þessum hlutum. Í tiltekinni grein er sagt að það sé skylt að halda þessu uppi. Það er alveg rétt, það stendur þar. Vandinn er hins vegar sá að það eru takmörk fyrr því hvaða lagakvaðir ríkið getur lagt á sveitarfélögin samkvæmt lögum, samkvæmt almennri stefnu, samkvæmt hefð og m.a. alþjóðasáttmálum sem við erum aðilar að, þ.e. Evrópusáttmálanum um starfsemi sveitarfélaga. Þess vegna er ekki hægt að halda því fram að það sé öruggt mál að sveitarfélögin verði að framkvæma hlutina eins og stendur í þessu lagafrv. jafnvel þó það verði að lögum. Það er í raun og veru hinn alvarlegi vandi.

Hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir, sem nú situr á forsetastóli, spurði fyrr nokkrum dögum: Já, en hvað á að gera ef sveitarfélög uppfylla ekki þær kröfur sem gerð-

ar eru í lögunum? Þá var henni óðar tekið þannig að hún væri sérstaklega að vantreysta sveitarfélögunum. Auðvitað snýst málið ekkert um það. Auðvitað snýst málið fyrst og fremst um það að þeir þingmenn sem hér hafa spurt og talað, vilja sjá þessum málum farborða.

Við höfum hér, hæstv. forseti, á Íslandi verið að byggja upp á undanförnum árum tiltölulega mjög öflugt og gott þjónustukerfi við fatlaða í landinu. Við höfum fylgt stefnu blöndunar í bekki í skólum landsins. Það hefur gengið alla vega, m.a. vegna þess að bekkirnir hafa oft verið allt of stórir hjá okkur og það hefur líka gengið alla vega vegna þess að við höfum kannski ekki átt nægilega mikið af sérmenntuðu fólki til að annast þau verkefni sem hér hafa verið uppi. En við höfum þó verið með vissa viðleitni í þessa átt. Kennaraháskóli Íslands hefur verið með námskeið og menntun sérkennara í gangi á undanförnum árum. Svo gerist það allt í einu á árinu 1995 að þetta er allt saman strikað út. Það er hvergi minnst á sérkennslu í frv. Það er ekki vegna þess að ríkisstjórnin, að sögn, ætli að leggja niður sérkennslu, það er ekkert svoleiðis uppi, heldur vegna þess að hún telur að það sé í raun og veru vitlaust að nálgast hlutina þannig. Hún segir: Hvað er sérkennsla? Enginn veit hvað er sérkennsla og gefur sig út í retórík og orðaleikfimi af þessari sortinni.

En þrátt fyrir það er það nú þannig, hæstv. forseti, að þeir sem hér eiga um að véla, þ.e. í þessu tilviki samtökin Þroskahjálp, hafa miklar áhyggjur af því hvernig þetta er gert. Það er ekki vegna þess að samtökin Þroskahjálp vantreysti eitthvað sérstaklega sveitarfélögunum og það er ekki vegna þess að þeir sem eru í Þroskahjálp hafi tekið við einhverjum fyrirskipunum frá vafasömum þingmönnum, eins og hv. þm. Árni Johnsen heldur að þetta gangi yfirleitt fyrir sig. Það er ekki þannig heldur hafa menn sem eru í Þroskahjálp og forustu þeirra samtaka raunverulegar áhyggjur af þessu máli og það er alveg á hreinu að það hefur ekki verið gengið frá málinu þannig að það sé nægjanlega tryggt.

Þess vegna vil ég segja það í allri vinsemd um leið og ég hvet auðvitað menntmrh. aðallega til að hinkra með þetta mál og vera ekkert að flýta sér með það, þá held ég að jafnvel þó að ríkisstjórnin reyni að koma málinu hér á leiðarenda á þessu þingi, sem hún getur auðvitað því að hún ræður. Ef ríkisstjórnin fer ekki með þetta mál í gegnum þingið þá er það vegna þess að hún tekur ákvörðun um að láta það ekki fara í gegnum þingið. Hún ræður hérna, hún hefur hér meiri hluta, a.m.k. til 8. apríl nk., vonandi ekki lengur. En ef hún tekur ákvörðun um að fara með málið í gegnum þingið þá segi ég við hæstv. menntmrh.: Þá verður að búa betur um þessa sérkennslu. Þetta er ómögulegt. Þetta gengur ekki eins og þetta er.

Ég hef háð nokkrar orðasennur við hv. þm. stjórnarliðsins um þetta mál. Þeir hafa ekki fengist til þess að hlusta á mig og það er svo sem ekkert við því að segja. Það verður hver að búa um sig eins og hann vill í þessum efnum. En ég held þó að þessi málflutningur sem við höfum haft uppi, bæði ég og aðrir talsmenn stjórnarandstöðunnar í menntmn., hafi fengið stuðning núna frá Landssamtökunum Þroskahjálp, stuðning sem menn verða að hlusta á.

Ég tók eftir því um daginn að hv. þm. Tómas Ingi Olrich vildi meðhöndla „kennarasamtökin", innan gæsalappa, eins og þrýstihóp utan úr bæ. Ég ber virðingu fyrir þrýstihópum vegna þess að þeir eru oft og tíðum að tala fyrir hagsmunum sem eiga gildi og eiga stoð og undirstöðu úti í þjóðfélaginu. Á sama hátt bið ég um að það sé hlustað á Landssamtökin Þroskahjálp, ég bið um það í þessu máli. Það skiptir máli. Hér er fólk sem kann og veit. Og sérstaklega beini ég þessu til þingmanna Alþfl. sem hafa þarna ákveðin tengsl, eins og ég hef áður rakið og spyr þá: Ætla þeir virkilega ekki að hlusta á þessar raddir, þessa sérfróðu einstaklinga sem af velvilja, þekkingu og rökum koma þessum sjónarmiðum á framfæri? Ég fer fram á það í allri vinsemd að þingmenn Alþfl. skoði sinn hug áður en þeir fylgja Sjálfstfl. á leiðarenda í þessum undarlega leiðangri sem hér stendur yfir.

Í umræðum, hæstv. forseti, um málið að undanförnu hafa síðan komið fram fjölmargar athugasemdir og m.a. að því er varðar málflutning okkar þingmanna Alþb. t.d. og annarra sem hafa haft athugasemdir að gera við þetta mál. Ég ætla ekki að fara yfir allt það, mér finnst eiginlega ekki taka því að vera að fara yfir persónulegar árásir eins og hafa verið uppi aðallega af hálfu hv. 5. þm. Norðurl. e. Ég tel satt að segja það ekki þjóna neinum tilgangi. Þingmaðurinn er þeirrar skoðunar sem hann lýsti varðandi undirritaðan og það er kannski bara best fyrir hann að vera þeirrar skoðunar, a.m.k. ef hann ætlar að vera áfram í Sjálfstfl. Það er alveg ástæðulaust að vera neitt að hrófla við því. Auk þess efast ég um að þingmaðurinn vilji hafa aðra skoðun en þá sem hann hefur á mér þannig að það er kannski best að leyfa þingmanninum bara að vera í friði.

Ég vil þá aðeins víkja að einstökum atriðum sem hafa komið fram í dag. Það er þá fyrst það sem hæstv. menntmrh. hefur fullyrt, að jafnrétti til náms sé betur tryggt í þessu frv. en í gildandi lögum. Hann sagði þetta. Betur tryggt jafnrétti til náms en í gildandi lögum. Ég segi alveg eins og er að það er nauðsynlegt að hæstv. menntmrh. rökstyðji þetta aðeins nánar. Ekki er þetta í samræmi við þau ummæli sem fram koma frá Landssamtökunum Þroskahjálp. Ég held að allir sjái að þetta er ekki rétt. Aðaláhyggjuefnið af frv. er að það tryggi ekki nægilega vel jafnrétti til náms og ég held að það sé alveg nauðsynlegt að hæstv. menntmrh. rökstyðji þetta. Í hverju er það fólgið að þetta frv., ef að lögum verður, tryggi betur jafnrétti til náms? Ef hæstv. ráðherra getur bent mér á það þá mun ég taka því með ánægju. (**Menntmrh.:** Hvar er það í gildandi lögum?) Þetta var alveg prýðilegt frammíkall og nú finnst mér ástæða til þess að þakka hæstv. ráðherra fyrir þetta. Þannig háttar til að hæstv. menntmrh. Íslands, sem var ráðinn í vinnu snemma í maí 1991, er ekki búinn að skilja það, með leyfi forseta, enn þá hvar jafnréttisákvæðin eru í gildandi lögum. Ég ætla að fara yfir það.

Í gildandi lögum eru ákvæði um að það séu tiltekn-

ar skyldur sem eigandi skólanna, þ.e. ríkið, hafi. Ríkið er að leggja skyldur á sjálft sig og það er eins og kunnugt er auðveldara að leggja skyldur á sjálfan sig en að leggja skyldur á aðra og það er fráleitt að gera ráð fyrir því að ríkið geti lagt skyldur á sveitarfélögin á sama hátt og það leggur skyldur á sjálft sig í gildandi lögum. Það er alveg ótrúlegt að hæstv. menntmrh. Íslands skuli ekki hafa gert sér grein fyrir því að á þessu tvennu er grundvallarmunur. Það er ekki hægt að fyrirskipa sveitarfélögunum á sama hátt í þessu efni og ákveðið er í lögum að fyrirskipa ríkinu að gera því að ríkið er að leggja skyldur á sjálft sig. (**StB:** Hvernig tókst þingmanninum að uppfylla skyldur sínar þegar hann var ráðherra?) Það tókst mjög vel, sérstaklega t.d. að því er varðar sérkennsluna, að því er varðar þau börn sem sérstaklega þarf að hugsa um til þess að tryggja jafnréttið. Það tókst ákaflega vel og það eru engar deilur um það í landinu þannig að þetta frammíkall var nú bara svona nokkurn veginn eins og þingmannsins er von og vísa. (**StB:** Fólkið hristir hausinn á þingpöllunum, sýnist mér.) Fólkið hristir hausinn á þingpöllunum, er það tilfellið já? Mér sýnist að menn séu nokkuð stöðugir til höfuðsins á þingpöllunum, eiginlega allir, ég veit ekki hvaða þingpalla þingmaðurinn sér. Það er þá helst að forsetinn hafi hrist hausinn, hann er sá eini sem blasir við þingmanninum. Já, þetta var nokkuð fróðlegt, þessar líkamsrannsóknir á áheyrendapöllum sem hv. 1. þm. Vesturl. stundar hérna. Er ekki sniðugra hjá honum að fara upp ef hann þorir?

Virðulegi forseti. Þetta grundvallaratriði sem hv. 1. þm. Vesturl. botnar ekkert í og hæstv. menntmrh. er alveg meginmálið í þessu sambandi að það er allt annar hlutur hvort verið er að leggja skyldur á sjálfan sig, þ.e. ríkið í þessu tilviki, eða hvort ríkið er að leggja skyldur á sveitarfélögin. Sveitarfélögin eru mismunandi, geta þeirra er mismunandi, fjárhagsleg geta þeirra er mismunandi og möguleikar þeirra til að uppfylla kröfur eru mismunandi. Auk þess er það þannig að samkvæmt lögum, samkvæmt hefðum og samkvæmt Evrópusáttmálanum um sjálfstæði sveitarfélaga eru takmörk fyrir því hvað ríkið getur fyrirskipað sveitarfélögunum að gera.

Það er auðvitað ótrúlegt að reyndir sveitarstjórnarmenn eins og hv. 1. þm. Vesturl. skuli kalla fram í með þeim hætti sem hann gerir því að það er bersýnilegt að hann gerir sér ekki grein fyrir því grundvallaratriði sem hér er á ferðinni. Hvað er hér á ferðinni? Það sem er hér á ferðinni er það að ríkið ætlar að setja lög um skólaskyldu og um fræðsluskyldu þannig að það sé skylt að veita öllum börnum landsins tiltekna þjónustu. En hann ætlar ekki að ganga þannig frá því að ríkið inni þetta af hendi, heldur að sveitarfélögin geri það, annar aðili en sá sem hér á fulltrúa. Og þó svo að það sé skiljanlegt að sveitarstjórnarmenn sem sitja í sveitarstjórninni í Stykkishólmi og á Alþingi á sama tíma rugli af og til saman sinni eigin rullu þá er ekki hægt að ætlast til þess af öðrum, hæstv. forseti.

En að hæstv. menntmrh. skuli ekki átta sig á þeim grundvallarmun sem felst í jafnréttismöguleikum gildandi laga af því að þau eru á vegum ríkisins og þessa frv. er alveg ótrúlegt. Mér fannst satt að segja eins og frammíkall hæstv. menntmrh. svipti eins og tjaldi frá sviði sem ég hélt að væri ekki til. Ég held þess vegna að það sé nauðsynlegt fyrir hæstv. menntmrh. að skýra aðeins betur orðin: betur tryggt jafnrétti til náms en í gildandi lögum. Ég vil fá skýringu á því.

Síðan segir hæstv. ráðherra: Ég fullyrði að ekkert frv. hefur verið eins vel undirbúið og þetta. Það getur út af fyrir sig verið. Ég þekki ekki hvernig önnur frv. þeirrar ríkisstjórnar sem nú situr hafa verið undirbúin í smáatriðum. En ef þetta er best þá er það ferlegt hjá hinum. Ég þekki þetta nokkuð vel t.d. í hv. iðnn. Þar hefur ekki alltaf verið mjög vel um hlutina búið en við höfum ekki fengið svona gríðarlega stór frv. þar eins og þetta og það að byrja á því við undirbúnings máls að segja við svo að segja alla aðila sem málið skiptir, byrja á því að segja við sveitarfélögin: Bíðið þið, ykkur kemur þetta ekkert við. Byrja á því að segja við kennarana: Bíðið þið, ykkur kemur þetta ekkert við. Byrja á því að segja við stjórnarandstöðuna: Bíðið þið, ykkur kemur þetta ekkert við. Þetta er ekki sniðugur undirbúningur. Það getur vel verið að þá megi ganga frá málum í þröngum herbergjum stjórnarflokkanna með þessum hætti, en það er alveg útilokað að setja hlutina þannig upp að þetta frv. hafi verið sérstaklega vel undirbúið. Hvernig er þetta frv. undirbúið, hæstv. forseti, miðað við fyrri grunnskólalög sem sett hafa verið hér á landi? Hvernig er þetta miðað við grunnskólalögin 1991 þegar um var að ræða ekki einasta breiða samstöðu á Alþingi, sem náðist að lokum, heldur úti í þjóðfélaginu hjá öllum þeim aðilum sem hlut áttu að máli? Og það er náttúrlega kostulegt að sá ráðherra sem ákvað að eyðileggja þann grunn skuli núna koma mörgum árum seinna og fullyrða að ekkert frv. hafi verið eins vel undirbúið og þetta.

Hv. þm. Petrína Baldursdóttir sagði fyrr í dag orðrétt, með leyfi forseta: „Lögin taka ekki gildi nema réttindamál kennara liggi fyrir.“ Þetta er allt annað en stendur hér. Hæstv. menntmrh. lítur þannig á að lögin tæku gildi um leið og þau yrðu samþykkt ef þau yrðu samþykkt á morgun. Þar með liggja réttindamál kennaranna ekki fyrir. Ef það er svona misskilningur vaðandi uppi í stjórnarherbúðunum að menn viti ekkert hvað þeir eru að samþykkja að því er varðar þessa hluti, þá eru málin býsna alvarleg. Þess vegna fer ég fram á það að hv. þm. Petrína Baldursdóttir geri grein fyrir því hvað hún á við þegar hún segir að lögin taki ekki gildi nema réttindamál kennara liggi fyrir.

Hv. þm. Sigríður Anna Þórðardóttir sagði fyrr í dag að þau væru stórkostlegar umbætur í þessu frv. Hún hefur sagt þetta aftur og aftur við fjölmiðla. Það eru engar skólaumbætur í þessu frv., ekki neitt. Hv. þm. nefndi að það væri gert ráð fyrir miklu eftirliti í frv. Það er út af fyrir sig rétt. Það er talað um eftirlit og eftirlit með eftirliti og eftirlit með sjálfsmati. Það eru alveg óskapleg tíðindi og ánægjuleg að innleiða í skólana þennan eftirlitsiðnað sem er aðalframlag núv. ríkisstjórnar til atvinnumála í seinni tíð. Það eru allir að hafa eftirlit með öllum og er það frægast í sjávarútveginum eins og hv. 1. þm. Vestf. þekkir, kostar morð-

fjár fyrir sjávarútveginn að halda uppi þessum eftirlitsiðnaði. Nú á að innleiða þetta í skólunum líka, eftirlit með eftirliti og sjálfsmati. En það stendur ekkert um það og veit enginn um það hvernig þessir hlutir eiga að fara fram og hvað á að gera við þessar skýrslur um eftirlit og sjálfsmat og eftirlit. Hv. þm. Tómas Ingi Olrich hefur haldið því fram að það væri það allra merkilegasta í frv. að það ætti að koma á þessu sjálfsmati. Það er út af fyrir sig athyglisvert, en það stendur hvergi í frv. hvernig það á að gerast og ég segi að þurfti ekki og þarf ekki að breyta grunnskólalögum til þess að koma á kerfisbundnu sjálfsmati í skólakerfinu. Það þarf ekki þannig að þessi sérstaka framför sem felst í hugsanlegu sjálfsmati skólanna er engin forsenda þessara lagabreytinga, það er misskilningur, hæstv. forseti.

Ég heyri það líka að einstaka þingmenn eru fagnandi yfir þessari miklu prófafjölgun sem gert er ráð fyrir í þessu frv. Það er sagt að hv. 1. þm. Norðurl. v., Páll Pétursson, hafi sagt: Ég fagna þessum samræmdu prófum og ég er ósammála þeim sem leggjast gegn samræmdum prófum. Ég veit ekkert um hverja hann var að tala, en ég segi fyrir mig, ég hef aldrei lagst gegn samræmdum prófum. Spurningin er bara hvernig að hlutunum er staðið. Ég hef aldrei talið að það að fjölga stórkostlega samræmdum prófum sé í sjálfu sér lausn á einu eða neinu. Ég hef talið að samræmd próf ættu að vera til að einhverju, mjög takmörkuðu leyti en auk þess ætti að vera um að ræða virk könnunarpróf til þess að fylgjast með því hvernig skólarnir standa sig og m.a. hvernig einstakar námsgreinar standa innan skólanna. Það eru ekki próf sem eru tekin í lok 10. bekkjar heldur af og til eftir því sem tilefni gefast til í skólastarfinu. Þessi óskaplega trú á það, eins og kom fram hjá þessum hv. þm. og reyndar fleirum, að það að hafa samræmd próf og láta liðið lesa rækilega og utan að helst fyrir 10. bekk sé einhver lausn á öllum málum og bjargi aðallega vanda framhaldsskólans, sem menn eru að tala um hérna, er bara misskilningur. Það liggur ekki þannig.

Það er rétt sem hér hefur verið sagt að mótin á milli grunnskóla og framhaldsskóla eru ekki einfalt mál að koma fyrir. Og það er líka rétt að á því máli hefur lítið verið tekið. En það er nauðsynlegt að hafa það samt sem áður í huga að til að taka á þeim málum þarf ekki heldur lagabreytingu. Það er hægt að taka á þeim málum sem snúa sérstaklega að unglingsárunum og skilunum á milli grunnskóla og framhaldsskóla. Það er hægt að taka á þeim málum með skipulegum hætti, t.d. á vegum Rannsóknastofnunar uppeldismála, fræðslustjóra og annarra þeirra aðila sem til eru í landinu. Það þarf ekkert að búa til nein lög út af því.

Ef þetta þrennt eru þannig hinar faglegu forsendur fyrir þessu frv., þá er það óþarfi. Það er alveg á hreinu. Ég get meira að segja upplýst að það er hægt að fjölga samræmdum prófum að óbreyttum lögum. Það er nú hætt við, það er meira að segja hægt og færa þau til og alla vega. Það er því ekkert í þessu frv. sem hjálpar til varðandi skólaþróunaratriði sem þessir þingmenn eru að tala um en ég tel að séu hins vegar að því er prófin varðar að talsverðu leyti á misskilningi byggð.

Ég tek hins vegar undir það sem hv. þm. Páll Pétursson sagði að það hefur verið unnið klaufalega í aðdraganda þessa máls. Það er ekki nokkur leið að halda öðru fram.

Hæstv. menntmrh. sagði svo fyrr í dag að það væru mistök hjá honum að eyða tveimur dögum í að tala við fulltrúa stjórnarandstöðunnar. Ef hann hefur ekki gert annað í tvo daga en að tala við fulltrúa stjórnarandstöðunnar þá er hann verkasmár verð ég að segja því að hann hefur eiginlega ekkert talað við fulltrúa stjórnarandstöðunnar. Hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir fullyrti að ráðherrann hefði aldrei vikið að sér orði. Það sem hefur farið okkur í milli telst ekki í mjög mörgum mínútum og ég hygg að sama eigi við um aðra fulltrúa stjórnarandstöðunnar í hv. menntmn. Ég held því að þetta hljóti að vera einhver misskilningur hjá hæstv. ráðherra. Og vera að tala um málþóf í sambandi við málflutning okkar er líka rangt og beinlínis ósanngjarnt.

Hvað er hér uppi? Við höfum talað fyrir okkar nefndarálitum. Það hefur síðan verið veist sérstaklega að okkur, og ekki síst þeim sem hér stendur, af einstökum þingmönnum Sjálfstfl. Er hæstv. menntmrh. að hvetja til þess að mönnum verði bannað að svara fyrir sig hér? Er það það sem hæstv. ráðherra vill? Vill hann kannski hafa Alþingi eins og átján manna nefndina? Velja þá inn sem eru já-bræður og já-systur og segja halelúja og amen við öllu því sem ráðherranum dettur í hug? Er það það kerfi sem menn vilja, átján manna nefndar kerfið, lokað, þar sem enginn mátti vita hvað var að gerast? Er það það sem verið er að biðja um á Alþingi líka? Ég segi: Nei takk, ég vil ekki það kerfi. Ég ræði við ráðherra og svara fyrir mig eins og ég hef rétt til í þessari stofnun og reyndar skyldu samkvæmt lögum landsins.

Við umræður í upphafi málsins var farið nokkuð rækilega yfir skólastefnuna og hvernig hún hafði þróast. Þar flæddu náttúrlega um borð og bekki þessi óskaplegu reiðiyrði sem Sjálfstfl. er svo haldinn af núna, þessi ofboðslega vonska í liðinu, hæstv. forseti. Það er dálítið skrýtið. Ég hélt að menn væru glaðir í bragði að stunda hér löggjafarstörf og væru senn að renna sér út til kjósendanna eftir nokkra daga. Hvaða óskapleg illska er þetta í íhaldinu, með leyfi forseta? Ég spyr. Það má ekki yrða á þá, þá koma undir eins hróp og köll eins og: Þetta er nú nöturlegt eða fleipur hjá þingmanninum og til vansa að tala svona, að ég tali ekki um ýmis önnur orð sem fuku hér um sali. Hæstv. menntmrh. sagði reyndar við þann sem hér stendur, sem ég frábið mér alveg, ég tel það næstum að segja atvinnuróg. Hann segir: Ef hann læsi frv. Ef ég læsi frv. þá mundi ég ekki tala eins og ég geri. Ég segi við hæstv. menntmrh.: Ég les mín frumvörp í mínum nefndum. Þó að ég viðurkenni það að ég les ekki hvert einasta frv. sem hér kemur á borð í þaula þá kann ég þetta alveg sæmilega. Mér finnst að árásir af þessu tagi sýni hvað samviskan er erfið hjá þessum mönnum. Þeim finnst þetta óþægilegt og þeir eru að reyna að ýta rökum út af borðinu með árásum af þessu tagi.

Ég vil sérstaklega víkja að einstökum svörum hæstv. menntmrh. í síðustu ræðu sem hann flutti um þetta mál. Eitt af því t.d. sem ég er afar óánægður með og vil ræða aðeins nánar við hann er þetta: Félmrn. á að gefa út reglugerð um það hvaða peningar eiga að fara úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til litlu sveitarfélaganna og til sérkennslunnar og sérstakra verkefna þar. Félmrn. Ég hef sagt sem svo: Ég hef talsverða trú á félmrn., ég þekki þar dálítið til, en mér finnst ekki að félmrn. eigi að fjalla um menntamál. Hæstv. menntmrh. hefur aftur á móti sagt hvað eftir annað: Það er auðvitað menntmrn. sem ræður þessi þannig séð að félmrn. er ekkret að ráða þessum hlutum en það gefur út reglugerðir. Ég teldi að það væri miklu heppilegra að menntmrn. annaðist þetta verk og ég held að þetta verði ekki til að auka skilvirkni í stjórnkerfi Stjórnarráðs Íslands að láta félmrn. vera með hluta af skólakerfinu í landinu eins og þarna er ætlunin að gera. Menn mega ekki upplifa þetta þannig að ég sé að gagnrýna sérstaklega eða víkja að núv. félmrh. Það kemur ekki málinu við. Ég er að segja að mér finnst óeðlilegt að félmrn. sé með parta af skólamálunum. Og mér finnst að hæstv. menntmrh. hafi ekki svarað mér nægilega vel í því sambandi.

Eitt atriði sem hæstv. menntmrh. nefndi hér á dögunum er það að hann og þeir félagarnir hafi tekið nákvæmt tillit til athugasemda Sambands ísl. sveitarfélaga. Út af fyrir sig er ýmislegt komið inn af athugasemdum Sambands ísl. sveitarfélaga, en um það mætti hins vegar margt segja hvort það er rétt hjá ráðherranum að allt hafi verið tekið inn. Ég held að það sé ekki hægt að halda því fram. Ég held þvert á móti að það séu fjölmörg atriði sem vantar og auðvitað sérstaklega það að ekki er búið að ganga frá tekjustofnamálinu. Það er dálítið skrýtið af sveitarfélögunum að segja að í trausti þess að gengið verði frá tekjustofnamálinu, þá föllumst við á málið eins og sagt er að hafi verið gert samkvæmt bréfi sem barst inn á menntmálanefndarfund í gærmorgun frá stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga. En eitt atriði nefndi Samband ísl. sveitarfélaga sem ég vil spyrja hæstv. ráðherra sérstaklega um og hann sagði við umræðu á dögunum að væri hugsanlegt að taka inn og það er varðandi fjölda í bekk. Það er ekki gert ráð fyrir því í frv. eins og það lítur út, og ég vil endurtaka það: Er hæstv. menntmrh. enn þeirrar skoðunar að hann telji koma til greina að taka inn ákvæði varðandi fjölda í bekk?

Ég vil þessu næst víkja að því sem fram kom í umræðum á dögunum varðandi sérstaklega það að allt í einu skolaði því inn í umræðuna að Sjálfstfl. hefði verið mjög áhrifalítill um stjórn menntamála á Íslandi eftir 1970, held ég. Hv. þm. Tómas Ingi Olrich talaði um það að menntun hefði hrakað á Íslandi eftir 1970 og hann færði fyrir því tiltekin rök. Hann sagði að þá hefði átt sér stað það sem hann kallaði hernám kennslufræðinnar á kostnað faggreinanna. Og hann vitnaði þar í ákveðna franska könnun sem François Mitterrand lét gera, ekki aðeins á skólamálum heldur á öðru þáttum fransks þjóðlífs eftir 1980 að hann komst til valda. Út af fyrir sig tel ég að þessi umræða eigi alveg heima í þessu samtali, ég tel það vera. Spurningin er hins vegar sú hvort (**ÓÞÞ:** Kennslumál í Frakklandi almennt eða bara þetta sérstaka atriði?) Ég er bara að segja það, hv. þm., að mér finnst ekkert óeðlilegt þó að þessi mál séu dregin hér inn því að ég tók eftir því að einn og einn þingmaður var að hafa það á hornum sér að hv. þm. Tómas Ingi Olrich var að ræða þessi mál. Mér fannst það misskilningur. Mér fannst þetta eiga hér erindi og ég tel að það sé út af fyrir sig góðra gjalda vert að menn fari yfir grundvallaratriði skólastarfsins og þá játa ég það alveg fullkomlega á mig að ég er enginn sérfræðingur á því sviði. Ég hef þó lesið eitthvað dálítið af doðröntum um þau mál og ég hef reynt að skilja þetta af bestu getu og fara yfir þessi mál bestu getu.

Ég þekki nægilega vel til umræðu til að vita það að þetta atriði sem hann nefndi varðandi hlutfall kennslufræðinnar annars vegar og faggreinanna hins vegar er mjög umdeilt atriði. Ég held satt að segja að það sé kannski ekki okkar hlutverk að gerast dómarar í því máli. Auðvitað getum við verið þeirrar skoðunar að það hallist aðeins á af og til, en ég held að við getum ekki sem stjórnmálamenn ákveðið hvar á að draga línuna. En ég vil a.m.k. frekar treysta þeim sem starfa í skólunum fyrir því. Og mér fannst dálítið koma fram í máli hv. þm. að hann ætlaðist til þess að stjórnvöld tækju á öðrum hlutum en ég vil að stjórnvöld taki á. Ég er ekki þeirrar skoðunar að stjórnvöld eigi að skipta sér af einstökum atriðum í faglegum áherslum skólanna. Ég tel að það eigi að stuðla að sjálfstæði skólanna og sjálfstæði kennaranna eins og kostur er. Ég er andvígur því að einhver pólitíkus, hver sem hann er, ákveði hlutföll milli annars vegar kennslufræðinnar og hins vegar faggreinanna. Við getum ekki sem stjórnmálamenn skrifað það niður hvernig þessi hlutföll eiga að vera. Það eru aðrir sem eiga að fjalla um það samkvæmt lögum, reglum og venjum. Hv. þm. Tómas Ingi Olrich gagnrýndi þann sem hér stendur fyrir það, hann orðaði það svona, með leyfi forseta: Hann glímdi alls ekki við þau vandamál sem snerta innra starf, sjálfsmat og samstillingu skólastiganna. Efnislega var það nokkurn veginn svona. Út af fyrir sig tel ég að menntmrn. eigi að vera vakandi þáttur í umræðu um þessi mál líka en ráðuneytið á ekki að taka ákvörðun um einstök atriði í þeim efnum. Og ég segi það líka, ég tel að það sé hægt á grundvelli gildandi laga að taka á þessum málum. Ég tel að það þurfi ekki breytingu á lögum til þess að fara yfir innra starf skólanna. En ég tek undir það með hv. þm. og hef reyndar oft sagt það sjálfur. Hér er um að ræða að mörgu leyti eitt mikilvægasta, flóknasta og að mörgu leyti erfiðasta mál skólanna á Vesturlöndum um þessar mundir, að menn ræði sig í gegnum þetta. En þá er eitt ráð sem ég kann í þessu sambandi í fullri vinsemd. Mér fyndist skynsamlegra ef menn ætla að ræða sig í gegnum þetta að kennararnir séu í grófum dráttum sáttir við farveginn sem málin eru að fara í. Núna er það þannig að ég óttast að hæstv. ráðherra haldi þannig á málum að verið sé að veikja möguleikana á því að taka faglega á þessum málum eins og ég teldi rétt að gera og ég tel víst

að hv. þm. vilji gera.

Hv. þm. nefndi það líka í máli sínu að það væri, eins og hann orðaði það, ótrúleg sjálfumgleði þingmannsins varðandi störf að skólamálum á síðasta kjörtímabili, þ.e. þess sem hér stendur. Þingmaðurinn verður auðvitað að meta það. Ég kann ekki að meta það, mér er málið of skylt til þess. En ég get þó sagt það alveg eins og er að ég tel að við það starf sem þar var unnið hafi ég lagt mitt fram eins og ég gat til þess að ná m.a. viðræðum við kennara og aðra aðila skólans um almenna stefnumótun í skólamálum til lengri tíma. Ég held að það sé alveg óumdeilt að það hefur ekki verið gerð viðlíka tilraun til þess áður þó svo að að sjálfsögðu séu skiptar skoðanir um árangurinn af þeirri tilraun. En ég tel að sú tilraun hafi verið gerð og hún hafi skilað sér inn í skólana og sé að skila sér enn þá í þeirri umræðu sem uppi er um skólamál á Íslandi í dag. Ég get ekki neitað því að mér þykir vænt um að hafa átt hlut að því að þróa þá umræðu af stað og ég teldi að það væri misskilningur, jafnvel af pólitískum andstæðingum mínum, að gera lítið úr því sem þá var reynt að gera vegna þess að ég er sannfærður um að allir sem komu að því máli gerðu það af heilum hug.

Ég vil einnig segja það að árásirnar á mig á sama tíma fyrir það að ég, og reyndar ekki aðeins undirritaður heldur fleiri, höfum reynt að taka upp ýmis þau sjónarmið sem fram hafa komið hjá kennurum tel ég mér til hróss frekar en hitt. Ég tel að það sé skylda okkar að reyna að fara yfir mál með sanngjörnum hætti og ég tel að það sé ekki skylda okkar í menntmn. eða annars staðar að víkja málum frá af því að þau komi frá þessum hópi frekar en öðrum. Það er satt að segja dálítið skrýtið í þessari stofnun, virðulegi forseti, að hlusta á það gerast aftur og aftur. Hér eru menn tilbúnir til þess að búa til alls konar battarí, stjórnir með samtökum iðnaðarins, með samtökum atvinnurekenda, hérna liggja fyrir heilu pöntunarlistarnir frá VSÍ og ASÍ um niðurstöður síðustu kjarasamninga, hérna liggja fyrir lög í lagasafninu með aðild t.d. Landssambands útvegsmanna og fiskframleiðenda í landinu og guð veit hvað, út og suður. Hérna liggja fyrir alls konar lög t.d. um samráð og samvinnu bæði við þjóðkirkjuna og innan þjóðkirkjunnar. Allt okkar lagasafn er fullt af ákvæðum af þessu tagi. Síðan gerist það að það kemur hér þingmaður og segir að það sé einn hópur sem megi sérstaklega passa sig á, það eru kennarar. (**TIO:** Hvenær hefur þingmaðurinn sagt þetta, með leyfi?) Ég skil ekki þessa uppsetningu. Vegna þess að þingmaðurinn gagnrýndi það mjög harðlega harðlega að ýmsir þingmenn hefðu tekið upp þær hugmyndir og áherslur sem fram hafa komið í breytingartillögum kennara við grunnskólafrv. (**TIO:** Hvenær sagði ég þetta sem þú hafðir eftir mér?) Hvað eftir annað í þeirri ræðu sem hér er um að ræða og það er leiðinlegt ef þingmaðurinn vill ekki kannast við það. (**TIO:** Þingmaðurinn er með hótanir.)

Staðreyndin er sú að aftur og aftur reyndi hv. þm. að gera lítið úr talsmönnum stjórnarandstöðunnar vegna þess að þeir væru að reyna að taka á þessu máli. Menn tala um þetta frv. eins og það sé fullkomið, burt séð frá þessu með sveitarfélögin. Aðalgallinn er auðvitað ramminn, hann er vonlaus eins og hann er. En fyrir utan það nefndi ég í minni ræðu á dögunum 64 atriði sem ég tel að væri óhjákvæmilegt að breyta í þessu frv. eins og það lítur út og þar er um að ræða efnislegar, þýðingarmiklar breytingartillögur sem meiri hlutinn í menntmn. hefur því miður ekki viljað hlusta á.

Hv. þm. fór rækilega yfir þau átök sem urðu vorið 1989. Ég segi alveg eins og er, ég tel það ekki vera besta kaflann í minni pólitísku sögu, ég viðurkenni það. Og hv. þm. orðaði það þannig að ég væri stoltur af þessu og hreytti því í mig. Ég get ekki sagt það að ég sé stoltur af því. Ég hefði gjarnan viljað að á þeim hlutum hefði verið öðruvísi tekið, bæði í aðdraganda og í lendingunni. (**TIO:** En þú tókst þannig á þessu.) Ég gerði það að sjálfsögðu og ekki einasta gerði ég það, heldur stóð ég við það alls staðar vegna þess að ég hef það fyrir sið jafnvel þó um sé að ræða verk sem ég er ekkert mjög ánægður með þá legg ég þau fyrir mína kjósendur og hef alltaf gert. Þannig liggja þeir hlutir og hv. þm. Tómas Ingi Olrich skal núa einhverjum öðrum því fyrr um nasir en mér að ég þori ekki að kannast við þau pólitísku verk sem ég hef staðið að um ævina.

Varðandi þau atriði að öðru leyti sem fram komu í ársum hv. þm. Sjálfstfl. í því málþófi sem þeir hafa stundað hér ætla ég að láta mér í léttu rúmi liggja. Ég ætla ekki að fara yfir það. (**Landbrh.:** Ég hef nú aldrei nefnt málþóf.) Nei. Hver talaði núna? Afskaplega var þetta kunnugleg og skemmtileg rödd sem hér kallaði fram í. Hver var það nema hv. 2. þm. Norðurl. e., hæstv. samgrh. og landbrh., sem er einhver allra harðasti maður í umræðum í þinginu þegar því er að skipta. Ég býð hann alveg sérstaklega velkominn í salinn og þykir vænt um að sjá hann nú sem endranær og truflar hann mig hvergi í málflutningi mínum, heldur þvert á móti eflist ég til dáða þegar ég sé þennan hæstv. ráðherra. (Gripið fram í.) Nei, ég segi það nú ekki, það er ekki svo. Enda er það óþarfi að bæta miklu við það að mati hæstv. menntmrh. hygg ég að minnsta kosti.

Nei, virðulegi forseti. Þegar þetta frv. er skoðað blasir við í fyrsta lagi að það hefur ekki verið gengið frá málefnum gagnvart sveitarfélögunum. Tekjuhliðin á þessu dæmi er óljós. Í öðru lagi hefur ekki verið gengið frá kjaramálum kennara að því er varðar kaup, að því er varðar lífeyrisréttindi og að því er varðar einstök önnur réttindi, biðlaun og fleira þess háttar. Það er í þriðja lagi ljóst að það er ekki nægilega vel fyrir sérkennslunni séð og það er auk þess augljóst að þetta frv. er ekki hluti af neinni heildarmenntastefnu. Þess vegna segi ég við hæstv. menntmrh. sem er alla jafna rólyndismaður og lætur ekki smámunina hagga sér: Ég skora á hæstv. menntmrh. að hinkra, ekki þessi læti. Fara yfir þessi mál betur á næstunni vegna þess að ef það verður farið með málið í gegn núna sem ráðherrann auðvitað getur, það er hann sem ræður og stjórnarliðið, ef það verður farið með málin í gegn núna þá er hætt við því að það verði að taka þau upp aftur á þinginu í maí vegna þess hvernig hefur verið staðið að

málinu. Ég held að menn þurfi að gera sér grein fyrir því að jafnvel þó að frv. verði að lögum núna þá væru menn að taka um það ákvörðun að taka málið fyrir á nýjan leik á maíþinginu eða á haustþinginu af því að málið er í uppnámi. Það er ekki búið. Það er illa undirbúið þannig að það borgar sig að hinkra. Ég skora á hæstv. menntmrh. að hlusta nú einu sinni á mín ráð. Ég hugsa að ég gefi honum ekki miklu fleiri það sem eftir er af þessu kjörtímabili en ég ætla að reyna núna, hæstv. forseti.

[14:50]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ræða hv. 9. þm. Reykv. var í takt við það sem hefur verið í málflutningi hv. þingmanna Alþb. En það sem vakti sérstaka athygli mína af því sem hv. þm. Svavar Gestsson sagði var tvennt. Í fyrsta lagi sagði hann að nú mætti fara að kanna hvort hugsanlega mætti og væri unnt að flytja grunnskólann til sveitarfélaganna. Ég vil spyrja: Hvar hefur hv. þm. verið? Það hafa átt sér stað miklar viðræður á milli aðila og það hafa starfað nefndir sem kennarasamtökin hafa tekið þátt í til þessa undirbúnings og það hafa starfað nefndir sem fulltrúar sveitarfélaganna hafa starfað í til þess að vinna mjög eindregið að þessum flutningi. Þess vegna kemur mjög mikið á óvart að hv. þm. skuli tala með þessum hætti núna.

Í annan stað vil ég vekja athygli á því sem hann sagði að það kæmi til greinan að þessi tilflutningur ætti sér stað t.d. til sveitarfélaganna eins og til Reykjavíkurborgar eða stærri sveitarfélaga. Þetta sagði hv. þm. hér í umræðunum áðan. Á hvaða leið er Alþb.? Vill Alþb. að þessi flutningur eigi sér stað til hluta sveitarfélaga í landinu? Það væri mjög fróðlegt að vita og heyra hvort þetta væri allsherjarafstaða Alþb. til flutnings grunnskólans.

[14:52]

Frsm. 3. minni hluta menntmn. (Svavar Gestsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er ágætt að fá sýnishorn af rökrænni umræðu í þessari stofnun og vera minntur á það hvað er auðvelt að halda uppi pottþéttri, rökréttri umræðu. Þetta var allt saman útúrsnúningur hjá hv. þm. Það sem ég sagði var það að ... (**StB:** Lestu ræðuna þá aftur.) Það er nú erfitt, það er eftir að prenta hana, það er þó nokkurt verk að skrifa þessa ræðu út, hv. þm. En það sem ég sagði var ósköp einfaldlega að það væri kannski skynsamlegt, ef hv. þm. vill hlusta á mig, það hefði kannski verið skynsamlegt að fara fyrst í það að semja við stærstu sveitarfélögin um þessi verk og láta þau þróast þannig hægt og bítandi. Með öðrum orðum, ég er að ráðleggja þingmanninum að fara í þessa hluti út frá efnisaðstæðum á hverjum stað og hverjum tíma og leyfa hlutunum að taka tíma. Það ætti hann að vita og þekkja sem reyndur og traustur íhaldsmaður eins og ég.

[14:53]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. staðfesti það sem ég sagði. Hann er reiðubúinn til þess að standa fyrir því í þinginu að það verði gerð tilraun. Tilraunin felst í því að leyfa flutning grunnskólans til sumra sveitarfélaga og ég get ekki séð annað en það liggi þar með fyrir, þetta er hugmynd, þetta er tillaga sem lögð er fram núna í þessari umræðu. Ég held að það muni verða einkennilegt upplitið á alþýðubandalagsmönnunum sem hafa unnið mjög drengilega og af miklum heilindum á vettvangi sveitarstjórnanna við það að undirbúa þessa tilfærslu sem er mjög vandasöm og ég hef ekki heyrt annað hjá þingmönnum í Alþingi en það sé ríkur vilji til þess að flutningur grunnskólans eigi sér stað og til þess verði vandað. Það verði vandað til þess með þeim hætti að sveitarfélögunum verði tryggðar tekjur og það verði samið við grunnskólakennara þannig að þeir geti unnið sín viðkvæmu og vandasömu störf við eðlilegar aðstæður.

[14:54]

Frsm. 3. minni hluta menntmn. (Svavar Gestsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alveg nákvæmlega rétt hjá hv. þm., það þarf að vanda sig við málið. Til þess að vanda sig við málið þarf að ganga frá samningum við kennarastéttina í landinu og það þarf að ganga frá samningum við sveitarfélögin. Það er það sem þarf að gera. En það hefur hins vegar ekki verið gert og það er kannski aðallega þess vegna sem málið er komið í þann hnút sem Sjálfstfl. hefur kosið að reka það í hér í þessari virðulegu stofnun.

[14:55]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Sá ágæti þingmaður sem hér var að ljúka ræðu sinni taldi að ég hefði hnjóðað í kennarasamtökin og kallað þau þrýstihóp úti í bæ. Þessi ágæti þingmaður hefur sýnt það á þessu kjörtímabili að í hvert skipti sem viðkvæmar kjaradeilur standa uppi gerist hann talsmaður launþegahópanna sem eiga í viðkvæmum kjaradeilum og talar máli þeirra og talar til þeirra hér á þingpöllum eins og þeir vilja heyra. Hann segir við þessa kjarahópa nákvæmlega það sem þeir vilja heyra. Þetta gerði hann líka árið 1988 þegar hann var þingmaður, þá talaði hann í stjórnarandstöðu líka máli launþeganna. Síðan gerðist hann menntmrh. ásamt kollega sínum Ólafi Ragnari Grímssyni, sem gerðist fjmrh., og þá fékk hann tækifæri til þess að standa við orðin. En hvað gerðist þá? Hann sveikst aftan að kennarastéttinni með því að semja við hana fyrst um tímamótasamning og ógilda svo samninginn. Og nú enn eins og hann hafi enga fortíð í málinu þá vill hann gera þá kröfu til fólksins í landinu að hann sé tekinn trúanlegur sem sérstakur málsvari kennarastéttarinnar. Hv. þm. er það ekki og getur aldrei orðið það eftir þessa reynslu. Hann verður það aldrei í augum þess kennara gamla sem hér stendur.

[14:56]

Frsm. 3. minni hluta menntmn. (Svavar Gestsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. 9. þm. Reykv. lætur sér það í léttu rúmi liggja þó að hann verði það aldrei í augum þess manns sem áður var í þessum ræðustól. Ég hef satt að segja engar áhyggjur af því.

Það sem er kannski aðalvandinn hjá honum er það,

hæstv. forseti, að hv. þm. sagði í umræðum um mál með leyfi forseta:

„Það er í þessu máli veikleiki sem er fólginn í því að ekki er hægt að segja að fyrir liggi nákvæmar upplýsingar um það hvernig tekjustofnum sveitarfélaga verður háttað, hvernig skipting skatttekna verði breytt í samræmi við þau nýju verkefni sem sveitarfélögin hafa tekið að sér.“ Síðan segir hér með leyfi forseta: „Það verður að ganga frá þessum málum áður en gildistakan getur átt sér stað.“

Það er þessi veruleiki sem við núna stöndum frammi fyrir að það á ekki að ganga frá þessum málum áður en gildistakan á sér stað. Það er þess vegna sem hv. þm. reynir að breiða yfir sína eigin erfiðleika með fortíðarumræðum af því tagi sem hann hóf hér áðan.

[14:57]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er rétt að ég hef sagt það hér og stend við það að ég hefði kosið að það hefði verið hægt að ganga frá réttindamálum kennara og tekjuskiptingarmálum gagnvart sveitarfélögunum jafnhliða þessu máli en til þess gefst ekki tími. Hitt er annað mál að ég hefði ekki kosið það, virðulegi forseti, að gera mig hér sem alþingismaður að talsmanni kennara þó að ég komi úr stéttinni. Ég tek þá þessum málefnum eins og alþm. er skylda en það var þessi hv. þm. sjálfur, hv. þm. Svavar Gestsson, sem gerði sér far um það að gera sig hér að talsmanni kennarastéttarinnar eins og hann hefur gert sig hér hvað eftir annað að talsmanni þeirra launþegahreyfinga sem í þessu þjóðfélagi eiga í erfiðum kjaradeilum ríkisvaldið. Hann er hins vegar ekki eins sannfærandi talsmaður launþeganna þegar hann er kominn inn í ríkisvaldið og talar þeim megin við borðið. Hann hefur þennan myndbreytingarhæfileika kamelljónsins að skipta um lit.

[14:59]

Frsm. 3. minni hluta menntmn. (Svavar Gestsson) *(andsvar)*:

Ég tel alveg óhjákvæmilegt, hæstv. forseti, að vekja athygli á því að ég á kost á því að svara rækilega fyrir mig síðar í umræðum og mun gera það úr því að hv. 5. þm. Norðurl. e. vill endilega reka umræðuna áfram með þeim hætti sem hann gerir. Ég upplifi þetta satt að segja mjög sterkt þannig að það sé ekki undirritaður sem endilega er að reyna að kenna mönnum hér heldur mikið frekar hv. þm. Tómas Ingi Olrich. Og ég verð að hryggja hann með því að þær stjórnmálaskoðanir sem hann hefur mun hann ekki geta kennt mér. Ég efast a.m.k. um það en hann má halda áfram að reyna, hv. þm.

[14:59]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Til þess að verða ekki sakaður um málþóf þá ætla ég að segja strax að ég mun halda stutta ræðu en andsvarstíminn dugir mér ekki. Þess vegna bað ég um orðið.

Hv. þm. Svavar Gestsson kvaðst undrast mjög málflutning okkar stjórnarliða. Hvers vegna? Hvers vegna undrast hann okkar málflutning? Hann undrast hann vegna þess að hann er óvanur því svona á lokadögum þings að stjórnarliðar svari sífelldum árásum stjórnarandstæðinga. Það er ætlast til þess að við sitjum þegjandi undir ruglinu sem kemur frá hv. stjórnarandstæðingum og ef við skyldum nú voga okkur að svara þá erum við sakaðir um málþóf og að vilja koma í veg fyrir að þau mál sem við erum sjálfir með og viljum fá afgreidd hljóti afgreiðslu. Þetta er ástæðan fyrir því að hv. þm. er undrandi á því að við skulum leyfa okkur að svara öllu ruglingu sem kemur fram í málflutningi hv. stjórnarandstæðinga. Sem sagt, ef við leyfum okkur að tala þá er það kallað málþóf og að við séum að koma í veg fyrir að þau mál sem við erum sjálfir að berjast fyrir nái fram að ganga. Við eigum sem sagt að þegja til þess að spilla ekki fyrir framgangi okkar eigin mála.

Hv. þm. taldi að samþykkt Sambands ísl. sveitarfélaga, sem kynnt var í hv. menntmn., væri einhver pólitísk leikflétta Sjálfstfl. og Sambands ísl. sveitarfélaga. Ég bíð nú eftir andsvörum frá stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga við svona málflutningi. (**GÁ:** Ef hún kemur.) Ég trúi því að því verði svarað sem þarna hefur verið sagt. Mér þætti út af fyrir sig fróðlegt að vita af því að ég trúi því að hv. þm. Svavar Gestsson eigi sæmilegan aðgang að framkvæmdastjóra Sambands ísl. sveitarfélaga, fyrrv. varaþm. Alþb., hvort hann, framkvæmdastjóri Sambands ísl. sveitarfélaga, sé hér í einhverri pólitískri leikfléttu með Sjálfstfl. Það væri fróðlegt að vita það. En ég bíð eftir viðbrögðum frá stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga og ég trúi ekki öðru en þau viðbrögð hljóti að koma nú þegar í dag. Ég vænti þess. (**GÁ:** Talaðu við litlu sveitarfélögin.)

Síðan kom þessi gamla saga frá hv. þm. Svavari Gestssyni og það er ekki í fyrsta skipti sem hann segir hana. Það er sagan frá Finnlandi. Það er alveg sama hversu oft ég fer yfir það mál. Samt skal haldið áfram að segja þessa sögu til þess að hræða hv. alþingismenn frá því að greiða atkvæði með flutningi grunnskólans til sveitarfélaga. (**SvG:** Varstu búinn að heyra þetta áður?) Ég var búinn að heyra þetta áður, já. Það er nú einmitt það. Ég skal reyna að fletta því upp í þingtíðindum og finna gamlar ræður þingmannsins einmitt um þetta.

Það sem gerðist í Finnlandi var að grunnskólinn var fluttur yfir til sveitarfélaganna en með allt öðrum hætti en hér er verið að leggja til, með allt öðrum hætti. Það var gert þannig að ríkisstjórnin, fjárveitingavaldið í Finnlandi, skammtar peningana til sveitarfélaganna til þess að reka grunnskólann og það var fjárveitingavaldið í Finnlandi sem skar niður fjárveitingar til rekstrs grunnskólans hjá sveitarfélögunum. Það er ekki ætlunin að gera hér. Hér fá sveitarfélögin aukna hlutdeild í staðgreiðslunni til þess að geta staðið undir þessum rekstri. Það er þveröfugt farið að. (**SvG:** Það liggur ekkert fyrir um það.) Liggur ekki fyrir um það? Það er beinlínis sagt hér í frv. (**SvG:** Nei.) Nei, það er ekki búið að samþykkja það, það er einmitt það. Og það er það sem þið eruð að reyna að koma í veg fyrir.

Í öðru lagi voru öll samræmd próf felld niður við

flutning grunnskólans til sveitarfélaganna í Finnlandi. Öll samræmd próf voru felld niður í fullkomnu ósætti við kennarasamtökin í Finnlandi og það hefur verið krafa kennarasamtakanna að samræmd próf yrðu tekin upp í Finnlandi.

Í þriðja lagi ætla ég að nefna að það hefur ekkert eftirlit verið uppi af hálfu ríkisvaldsins í Finnlandi með framkvæmd grunnskólalaganna eftir að skólarnir voru færðir yfir til sveitarfélaganna. Það er ekki ætlunin að gera svo hér. Þvert á móti er talað um eftirlit sem hv. þm. Svavar Gestsson fer háðsyrðum um. Vegna hvers? Vegna þess að hann hefur ekkert viljað hafa neitt eftirlit yfirleitt með framkvæmd grunnskólalaga. Það hefur m.a. komið fram í því að hann afnam próf í tveimur greinum meðan hann var menntmrh. (**SvG:** Svakalegt.) Já, það var það. Það er einmitt það. Og það er eitt af því sem menn verða að skilja, ég geri að vísu ekki kröfu til þess að hv. þm. geri það, en ég geri ráð fyrir að ýmsir aðrir muni skilja það að þegar svona grundvallarbreyting á sér stað eins og þegar grunnskólinn er fluttur að fullu og öllu yfir til sveitarfélaga, þá breytist auðvitað viðfangsefni ráðuneytisins m.a. að því er tekur til eftirlits með því að skólalöggjöfinni sé framfylgt. Eitt með öðru sem þar þarf að hafa uppi eru samræmd próf og við leggjum til í frv. að þau verði tekin upp, ekki bara við lokapróf úr 10. bekk heldur einnig í 4. og 7. bekk. Svo talar hv. þm. um það sem einhverja allsherjarlausn sem hann hefði fundið upp að það eigi ekki að vera að tala um þessi samræmdu próf heldur könnunarpróf. Það er einmitt það sem við leggjum til í þessu frv. og er eitt með öðru sem bendir til þess að hv. þm. sé alls ekkert nógu vel lesinn í frv. Hann þyrfti að lesa betur. Það sem við erum að gera hér er alger andstæða við það sem gert var í Finnlandi og það er ástæðan fyrir því hvernig hefur farið fyrir málefnum grunnskólans í Finnlandi að það hefur verið ranglega staðið að verki.

Síðan talar hv. þm. um réttindamál kennara og af hverju ég geti ekki lýst því yfir að kjör kennara, lífeyrisréttindi, ráðningarkjör og annað slíkt verði með sama hætti og er í dag. Ég get ekki lýst því yfir vegna þess að það er nefnd að störfum sem er að fara yfir öll þessi mál. Grunnurinn að starfi þeirrar nefndar er nefndarálit sem skilað var í apríl sl., nefndar sem ég skipaði og í sátu fulltrúar frá menntmrn., fjmrn., samtökum kennara og samtökum sveitarfélaganna. Það er grunnurinn að starfi þeirrar nefndar sem nú er að vinna og það er ekki góð stjórnsýsla ef ætlast er til þess að ráðherrar fari hér og nú að segja þessari nefnd fyrir verkum, hvernig hún eigi að starfa. En ég spyr hins vegar að gefnu tilefni: Hvað er það sem hv. þm. Svavar Gestsson er reiðubúinn til að lýsa yfir í sambandi við þessi mál? Ég spyr hann hvað hann væri tilbúinn að segja sem ráðherra. Ég veit alveg hvað hann er tilbúinn til að segja sem stjórnarandstæðingur, það fer ekkert á milli mála, ekki neitt. Hann tekur undir það, eins og hv. þm. Tómas Ingi Olrich var að rekja, hann tekur undir allt sem samtök úti í bæ vilja fá fram. Hann hefur alltaf gert það meðan hann er í stjórnarandstöðu og jafnvel meðan hann er sem ráðherra þó að hann ógildi það á eftir. Það er einmitt málið.

Hv. þm. sagði að það væri ekkert nýtt að talað væri um flutning grunnskólans til sveitarfélaga. Nei, það er vissulega rétt, það er ekkert nýtt. Og það voru stigin þar geysilega stór skref með verkaskiptalögunum 1989 sem tóku gildi 1. jan. 1990, en þar var ekki stigið þetta skref sem við erum að stíga núna. Og af hverju ætli það hafi ekki verið stigið? Það var vegna þess að hv. þm. sem þá var menntmrh. vildi það ekki og það kemur fram, það gengur eins og rauður þráður í gegnum allan hans málflutning hér að hann vill ekki að það sem eftir er hjá ríkinu af málefnum grunnskólans fari yfir til sveitarfélaganna. Það er bara þannig. Hann virðist heldur ekki skilja að það er meira en að taka bara þá einu ákvörðun að grunnskólinn skuli fara til sveitarfélaganna. Það þarf að gerbreyta allri grunnskólalöggjöfinni til þess að það verði gert og þess vegna er það sem frv. er með þeim hætti sem það er.

Það er alveg rétt að þessi umræða komst ekki á neitt skrið fyrr en á þessu kjörtímabili. Það sem ríkisstjórnin er að gera er í fyrsta lagi að verða við sífelldum og margítrekuðum beiðnum sveitarfélaganna um að fá þennan síðasta þátt grunnskólans yfir til sín. Í öðru lagi er hún að standa við ákvæði í málefnasamningi ríkisstjórnarinnar. Það er það sem verið er að gera.

Hv. þm. bað svo um að það yrði sérstaklega hlustað á það sem samtökin Þroskahjálp hafa fram að færa. Það er sjálfsagt að hlusta á það sem samtökin Þroskahjálp biðja um. En þá kem ég að því sem margsinnis hefur komið fram í máli hv. þm. Svavars Gestssonar og raunar fleiri stjórnarandstæðinga og það er það sem varðar sérkennsluna. Það er eins og sérkennslan í gildandi grunnskólalögum sé eitthvert töfraorð, það snúist allt um sérkennslu. Það er rétt það er ekki talað um sérkennslu í þessu frv. En málefni þeirra sem eiga erfitt með nám sökum námsörðugleika, tilfinningalegra eða félagslegra eins og segir í 37. gr. frv., eða fötlunar, þessir aðilar eiga rétt á sérstökum stuðningi í námi. Og það er eins og vegna þess að ekki sé talað um sérkennslu þá sé þessi starfsemi öll að hrynja til grunna. Hvers konar málflutningur er þetta eiginlega? Það er alveg með ólíkindum að menn skuli vera að gera þetta tortryggilegt með þeim hætti sem gert er hér í hverri ræðunni á fætur annarri. (**SvG:** Ertu að tala um Landssamtökin Þroskahjálp?) Ég er að tala um þau ákvæði í frv. sem eiga að tryggja þeim sérstaka aðstoð sem þurfa á henni að halda. Það eru alveg ótvíræð ákvæði um það í frv. (**SvG:** Ráðherrann er að tala um Landssamtökin Þroskahjálp.) Þetta er enn eitt sem bendir til þess að hv. þm. sé illa lesinn í frv. þótt hann hafi átt sæti í menntmn. sem hefur haft frv. til meðferðar síðan í byrjun nóvember.

Ég held að ég sé nú ekki að elta ólar við allt það sem hv. þm. sagði. Ég bendi bara á ákvæði 37. og 38. gr. varðandi þann sérstaka stuðning í námi sem þeir eiga rétt á sem á honum þurfa að halda.

Þá er gert að umræðuefni gildistökuákvæðið í 57. gr. og það virðist eitthvað fara á milli mála, ef frv. verður samþykkt núna, hvort það öðlast gildi þá þegar eða ekki fyrr en 1. ágúst 1996. Það á ekkert að vera

neitt deilumál. Það segir beint í 57. gr. að lög þessi öðlist þegar gildi. Hins vegar er skilyrði komið fram frá hv. menntmn. og þetta skilyrði er tvíþætt. Það er annars vegar að sett hafi verið löggjöf um breytingu á tekjustofnum sveitarfélaga og hins vegar um lífeyrisréttindi kennara. Það eru skilyrðin fyrir því að endanleg yfirfærsla eigi sér stað 1. ágúst 1996. Ef ekki tekst að afgreiða þá löggjöf fyrir þann tíma, þá frestast þessi síðasti þáttur sem er sá að kennarar verði starfsmenn sveitarfélaga. Þetta er ekkert flóknara en þetta. Hv. þm. bað mig svo um hins vegar að stafa það yfir löggjafarsamkomunni, eins og ég held að hann hafi orðað það, hvaða ákvæði frv. öðluðust gildi nú þegar eða einhvern tíma á tímabilinu. Ég hef sagt það áður að ég get ekki sagt það í smáatriðum. Það fer eftir ákvæðum í reglugerð sem menntmrh. fær heimild til þess að setja. Við sjáum ekki út yfir þetta og það skal engan undra um svo flókið mál sem þessi yfirfærsla er. En meginatriðið er þetta að lögin öðlast gildi.

Ég skal nefna eitt atriði sem mér finnst sjálfsagt að færist yfir til sveitarfélaganna fyrir 1. ágúst 1996 og það eru ráðningar kennara fyrir það skólaár. Ég sé ekki neitt vit í því að það atriði sé alfarið í hendi ráðuneytisins að ráða kennara fyrir skólaárið 1996–1997 og þessir sömu aðilar, sem ríkið væri þá á ráða, fæðust nánast daginn eftir yfir til sveitarfélaganna. Þetta finnst mér að eigi að koma til framkvæmda fyrir 1. ágúst 1996 svo að ég nefni nú bara eitt veigamikið atriði. Og þess vegna er það m.a. sem það er ekki hægt að segja í þessum lögum að þau skuli öðlast gildi í ágúst 1996, ekkert atriði skuli taka gildi fyrr. Þetta vona ég nú að menn skilji þegar það er stafað fyrir þá.

Ég veit ekki hvort það eru svo sem mörg fleiri atriði sem ég þyrfti að nefna. Hv. þm. nefndi það að hann kynni ekki að meta það að félmrn. ætti eitthvað að hafa með skólamál að gera. Það er ekki verið að færa neitt vald yfir til félmrn. um skólamál. Undir félmrn. heyra sveitarfélögin og undir félmrn. heyrir stjórnunarlega Jöfnunarsjóður sveitarfélaga. Og það sem verið er að tala um er að hluti af þeirri fjármálalegu yfirfærslu, sem á sér stað til sveitarfélaganna vegna þessa nýja viðfangsefnis, fer yfir í jöfnunarsjóðinn einmitt til þess að jafna hina ólíku aðstöðu sveitarfélaganna. Hin fámennari sveitarfélög sem hafa litla tekjustofna fá einmitt framlög úr þessum jöfnunarsjóði. Og það er ekki menntmrn. sem ákveður hver þau framlög eigi að vera. Það er viðfangsefni sveitarfélaganna sjálfra að ráða fram úr því og ég treysti þeim mætavel til þess.

Hv. þm. spurði svo um ákvæðið um fjölda í bekkjum. Já, ég er alveg tilbúinn til að athuga það enn þá, en mér sýnist að Samband ísl. sveitarfélaga sé fallið frá þeirri ósk sinni að það verði kveðið á um hámarksfjölda í bekkjum. Ég hef lýst því áður að ég sé alveg tilbúinn til þess að athuga það mál betur og sú yfirlýsing mín stendur. En ég held að sveitarfélögin séu hins vegar búin að átta sig á því að það er ekkert skynsamlegt fyrir þau að vera að njörva þetta niður eins og það er í gildandi lögum, en það kann þó vel að vera að það sé skynsamlegt að hafa eitthvert hámarksákvæði og hafa þarna svigrúm og meira svigrúm heldur en er í gildandi lögum. Það er ég alveg tilbúinn að athuga.

Svo aðeins í lokin, hæstv. forseti. Það er talað um að ég hafi lítið aðhafst og lítið talað við stjórnarandstöðuna. Það er alveg rétt að ég hef svo sem ekki átt marga fundi með þeim á þessum tveimur dögum. Það er alveg rétt, en það er rangt að ég hafi ekki talað við forsvarsmenn kennarasamtakanna. Það gerði ég síðast í hádeginu í gær á nokkuð löngum fundi og mér er alveg ljóst og ég þarf ekkert fleiri fundi með þeim, mér er alveg ljóst hvað þau samtök vilja eða forusta þeirra í sambandi við yfirlýsingar um þeirra lífeyrisréttindi og það eru yfirlýsingar sem ég treysti mér ekki til þess að gefa. Ég gæti sagt hér ýmislegt hvað mér þykir líklegt að verði niðurstaðan í starfi þeirrar nefndar sem nú vinnur að þeim málum, en slíkar bollaleggingar hafa enga þýðingu. Það eru ekki lög og ég er alveg viss um að það yrði snúið út úr því öllu sem ég segði, ég veit það alveg nákvæmlega. En ég þykist alveg vita hvernig sú lausn verður og ég fullyrði það að menn eru þar ekki á neinn hátt að reyna að klekkja eitthvað á kennurum framtíðarinnar, ef ég má orða það svo. Þeir munu öðlast þau réttindi sem verða fullnægjandi fyrir þá og menn eiga að láta af því að gera þetta svona tortryggilegt eins og sífellt er hér verið að gera í ræðum hv. stjórnarandstæðinga.

[15:17]

Frsm. 2. minni hluta menntmn. (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. menntmrh. sagði áðan að það væri ætlast til að hann sitji þegjandi undir ruglingu frá stjórnarandstæðingum. Þar sem ég er stjórnarandstæðingur og hef talað í þessu máli, er reyndar frsm. 2. minni hluta hv. menntmn., þá efast ég ekkert um að hann er m.a. að tala um mig. Ég frábið mér slíkar ásakanir, að ég hafi verið með eitthvert rugl þó ég hafi fært fram rök gegn þessu frv. Og ég vil halda því fram að hæstv. menntmrh. hafi með ræðu sinni hér áðan endanlega komið í veg fyrir það að grunnskólafrv. verði samþykkt nú á þessu þingi.

[15:18]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það var nú efnislega þetta sem ég var að segja, að ef við leyfðum okkur að svara stjórnarandstæðingum þá væri það túlkað sem málþóf af okkar hálfu og að við værum með því að koma í veg fyrir að þau mál sem við erum að berjast fyrir að fái hér afgreiðslu hljóti afgreiðslu. Það er nákvæmlega þetta sem hv. þm. var að staðfesta.

[15:19]

Frsm. 2. minni hluta menntmn. (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég geri ekki athugasemdir við það þó að hæstv. menntmrh. tali í þessari umræðu, að sjálfsögðu ekki, því að ég hef borið fram fyrirspurnir til hans og eins til hv. formanns menntmn., sem hún hefur reyndar ekki svarað enn þá. En mér finnst það lítilsvirðing af hæstv. menntmrh. að vera með slíkar alhæfingar hér í umræðunni, að ef stjórnarandstæðingar

bera fram rök gegn máli sem hann ber ábyrgð á þá séum við með rugl og ég mótmæli því.

[15:20]

Frsm. 3. minni hluta menntmn. (Svavar Gestsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir þau svör sem hann veitti við þeim spurningum sem ég bar fram, en það komu fram nokkur atriði í hans máli sem ber að flokka undir svör. Ég skildi ráðherrann þannig að hann væri fyrst og fremst reiður, ævareiður, og hann er bersýnilega aðallega reiður út í stjórnarflokkana sem veita honum slakan stuðning í þessu máli og reynir að skamma okkur stjórnarandstæðingana í sambandi við að umræðan um málið tekur einhvern tíma. Staðreyndin er sú að reiði hans og sárindi beinast fyrst og fremst að stjórnarflokkunum sem eru að ýta þessu máli til hliðar, eða þannig skil ég hans málflutning, eins og hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir, að það sé í raun og veru uppgerður hugur hjá ráðherranum að málið fari ekki mikið lengra.

Ég ætla ekki að svara einstökum atriðum í ræðu hans núna, enda er ekki tími til þess, ég hef hér tvær mínútur. En ég ætla að segja þetta: Ráðherrann sagði: Ég get ekki sagt um það hvað tekur gildi. Og hann sagði: Það verður sett í reglugerð það sem tekur gildi. Ætlar Alþingi Íslendinga að afsala löggjafarvaldinu í hendurnar á framkvæmdarvaldinu algerlega með opnum hætti eins og hér er verið að tala um? Og hann sagði annað: Það má setja það í reglugerð hvernig að því verður staðið að kennararnir hætti að vera ríkisstarfsmenn og verði sveitarfélagastarfsmenn 1996. (**Menntmrh.:** Þetta er rangt.) Ætlar hann að reka kennarana með reglugerð frá og með haustinu 1996? Hvað átti ráðherrann við? Það er alveg óhjákvæmilegt að hann skýri það hvað hann átti við og ég ráðlegg honum að hafa almennilegt gildistökuákvæði í frv. ef hann ætlar að láta það fara í gegnum þingið.

[15:21]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er eins og fyrri daginn. Það er reynt að snúa út úr því sem ég er að segja. Ég sagði beinum orðum að það sem síðast öðlaðist gildi í þessari löggjöf væri að kennararnir yrðu starfsmenn sveitarfélaga 1. ágúst 1996. Það segir beint í frv. að þá komi það endanlega til framkvæmda. Hvers konar málflutningur er þetta? Skilur hv. þm. ekki hvað stendur í frv.? Þetta stendur alveg skýrum stöfum þannig að það þarf ekkert reglugerðarákvæði um það hvenær kennararnir verða starfsmenn sveitarfélaga. Það er alveg ljóst. Það er hins vegar ekki alveg nýtt að það séu skilyrt gildistökuákvæði í frumvörpum. Þegar grunnskólalögin voru sett 1974 þá var þetta ákvæði, með leyfi hæstv. forseta:

„Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda svo fljótt sem aðstæður leyfa í hverju skólahverfi að dómi menntmrn."

Það er ekkert smá svigrúm sem menntmrn. fékk 1974. Það er rýmra heldur en verið er að gefa heimildir til í þessu frv.

[15:22]

Frsm. 3. minni hluta menntmn. (Svavar Gestsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég verð að þakka hæstv. ráðherra fyrir einkar skýr svör, þó að hann sé afar pirraður bersýnilega á því að maður skuli yfirleitt dirfast að ávarpa hann. Hann lét það koma fram hvernig hann skildi þetta og hann staðfesti minn skilning, sem er sá að hann ætlar að setja reglugerð um það hvernig kennarar verða starfsmenn sveitarfélaganna frá og með 1. ágúst 1996. Með öðrum orðum, hann ætlar að reka kennarana frá ríkinu með reglugerð.

Umræðu frestað.

Vátryggingastarfsemi, frh. 1. umr.

Stjfrv., 402. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 644.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:24]

Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, DO, EH, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GJH, GHelg, HG, IBA, JÁ, JE, JGS, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

23 þm. (AÓB, ÁMM, BBj, EgJ, EKJ, FI, GÁS, GunnS, HÁ, HBl, IP, JóhS, JBH, JHelg, JónK, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, SigG, SighB, StG, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Stjórnarskipunarlög, frh. 2. umr.

Frv. GHH o.fl., 297. mál (mannréttindaákvæði). — Þskj. 389, nál. 758, brtt. 759.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:25]

Brtt. 759,1 samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GJH, GHelg, HG, IBA, JÁ, JE, JGS, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

19 þm. (AÓB, ÁMM, EH, EgJ, EKJ, FI, GÁS, GunnS, HÁ, HBl, IP, JóhS, JBH, JHelg, JónK, ÓRG, ÓÞÞ, PP, StG) fjarstaddir.

1. gr., svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GJH, GHelg, HG, IBA, JE, JGS, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF,

MB, ÓE, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
18 þm. (AÓB, ÁMM, EgJ, FI, GÁS, GunnS, HÁ, HBl, IP, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JónK, ÓRG, ÓÞÞ, PP, StG) fjarstaddir.

Brtt. 759,2 samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GJH, GHelg, HG, IBA, JE, JGS, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
21 þm. (AÓB, ÁMM, EH, EgJ, FI, GE, GÁS, GunnS, HÁ, HBl, IP, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JónK, ÓRG, ÓÞÞ, PP, StG, SJS) fjarstaddur.

2. gr., svo breytt, samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GJH, GHelg, HBl, HG, IBA, JÁ, JE, JGS, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
16 þm. (AÓB, ÁMM, EgJ, FI, GÁS, GunnS, HÁ, IP, JóhS, JBH, JHelg, JónK, ÓRG, ÓÞÞ, PP, StG) fjarstaddir.

Brtt. 759,3 samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GJH, GHelg, HG, IBA, JÁ, JE, JGS, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
19 þm. (AÓB, ÁMM, EgJ, EKJ, FI, GÁS, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, IP, JóhS, JBH, JHelg, JónK, ÓRG, ÓÞÞ, PP, StG) fjarstaddir.

3. gr., svo breytt, samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GJH, GHelg, HBl, HG, IBA, JÁ, JE, JGS, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
16 þm. (AÓB, ÁMM, EgJ, FI, GÁS, GunnS, HÁ, IP, JóhS, JBH, JHelg, JónK, ÓRG, ÓÞÞ, PP, StG) fjarstaddir.

4.–5. gr. samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GJH, GHelg, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JGS, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
14 þm. (AÓB, ÁMM, EgJ, FI, GÁS, GunnS, HÁ, JóhS, JBH, JHelg, JónK, ÓRG, ÓÞÞ, StG) fjarstaddir.

Brtt. 759,4 samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GJH, GHelg, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JGS, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
13 þm. (AÓB, ÁMM, EgJ, FI, GÁS, GunnS, HÁ, JóhS, JBH, JHelg, ÓRG, ÓÞÞ, StG) fjarstaddir.

6. gr., svo breytt, samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GJH, GHelg, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JGS, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
13 þm. (AÓB, ÁMM, EgJ, FI, GÁS, GunnS, HÁ, JóhS, JBH, JHelg, ÓRG, ÓÞÞ, StG) fjarstaddir.

Brtt. 759,5 samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GJH, GHelg, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JGS, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
14 þm. (AÓB, ÁMM, EgJ, FI, GÁS, GunnS, HÁ, JóhS, JBH, JHelg, JVK, ÓRG, ÓÞÞ, StG) fjarstaddir.

7. gr., svo breytt, samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GJH, GHelg, HBl, HG, IBA, IP, JE, JGS, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
15 þm. (AÓB, ÁMM, EgJ, FI, GÁS, GunnS, HÁ, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, ÓRG, ÓÞÞ, StG, SJS) fjarstaddir.

Brtt. 759,6 samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GJH, GHelg, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JGS, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
13 þm. (AÓB, ÁMM, EgJ, FI, GÁS, GunnS, HÁ, JóhS, JBH, JHelg, ÓRG, ÓÞÞ, StG) fjarstaddir.

8. gr., svo breytt, samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GJH, GHelg, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JGS, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
14 þm. (AÓB, ÁMM, EgJ, FI, GÁS, GunnS, HÁ, JóhS, JBH, JHelg, ÓRG, ÓÞÞ, StG, SJS) fjarstaddir.

Brtt. 759,7 samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GJH, GHelg, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JGS, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
12 þm. (ÁMM, EgJ, FI, GÁS, GunnS, HÁ, JóhS, JBH, JHelg, ÓRG, ÓÞÞ, StG) fjarstaddir.

9. gr., svo breytt, samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GJH, GHelg, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JGS, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
12 þm. (ÁMM, EgJ, FI, GÁS, GunnS, HÁ, JóhS, JBH, JHelg, ÓRG, ÓÞÞ, StG) fjarstaddir.

Brtt. 759,8 samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GJH, GHelg, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JGS, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
13 þm. (ÁMM, EgJ, FI, GÁS, GunnS, HÁ, JóhS, JBH, JHelg, ÓRG, ÓÞÞ, StG, SJS) fjarstaddir.

10. gr., svo breytt, samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GJH, GHelg, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JGS, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
13 þm. (ÁMM, EgJ, FI, GÁS, GÁ, GunnS, HÁ, JóhS, JBH, JHelg, ÓRG, ÓÞÞ, StG) fjarstaddir.

Brtt. 759,9 samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁ, GJH, GHelg, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JGS, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
14 þm. (ÁMM, EgJ, FI, GuðjG, GÁS, GunnS, HÁ, JóhS, JBH, JHelg, ÓRG, ÓÞÞ, StG, SvG) fjarstaddir.

11. gr., svo breytt, samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, DO, EH, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GJH, GHelg, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
12 þm. (ÁMM, BBj, EgJ, FI, GÁS, GunnS, HÁ, JóhS, JHelg, ÓRG, ÓÞÞ, StG) fjarstaddir.

Brtt. 759,10 samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, DO, EH, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GJH, GHelg, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
1 þm. (BBj) greiddi ekki atkv.
11 þm. (ÁMM, EgJ, FI, GÁS, GunnS, HÁ, JóhS, JHelg, ÓRG, ÓÞÞ, StG) fjarstaddir.

12. gr., svo breytt, samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GJH, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
14 þm. (ÁMM, EgJ, EKG, FI, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, JóhS, JHelg, ÓRG, ÓÞÞ, StG) fjarstaddir.

Brtt. 759,11 samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GJH, GHelg, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
12 þm. (ÁMM, EgJ, FI, GÁS, GunnS, HÁ, JóhS, JHelg, ÓRG, ÓÞÞ, SP, StG) fjarstaddir.

13. gr., svo breytt, samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GJH, GHelg, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
11 þm. (ÁMM, EgJ, FI, GÁS, GunnS, HÁ, JóhS, JHelg, ÓRG, ÓÞÞ, StG) fjarstaddir.

Brtt. 759,12 samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GJH, GHelg, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
12 þm. (ÁMM, EgJ, FI, GÁS, GunnS, HÁ, HBl, JóhS, JHelg, ÓRG, ÓÞÞ, StG) fjarstaddir.

14. gr., svo breytt, samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GJH, GHelg,

HBl, HG, IBA, IP, JE, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.
13 þm. (ÁMM, EgJ, FI, GÁS, GunnS, HÁ, JÁ, JóhS, JHelg, ÓRG, ÓÞÞ, StG, ÖS) fjarstaddir.

15. gr. samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GJH, GHelg, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
11 þm. (ÁMM, EgJ, FI, GÁS, GunnS, HÁ, JóhS, JHelg, ÓRG, ÓÞÞ, StG) fjarstaddir.

Brtt. 759,13 (ný 16. gr.) samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GJH, GHelg, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
12 þm. (ÁMM, EgJ, FI, GÁS, GunnS, HÁ, JóhS, JHelg, ÓRG, ÓÞÞ, StG, SJS) fjarstaddir.

17. gr. samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GJH, GHelg, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
11 þm. (ÁMM, EgJ, FI, GÁS, GunnS, HÁ, JóhS, JHelg, ÓRG, ÓÞÞ, StG) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 51 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GJH, GHelg, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, MF, MB, ÓE, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
12 þm. (ÁMM, EgJ, FI, GÁS, GunnS, HÁ, JóhS, JHelg, KE, ÓRG, ÓÞÞ, StG) fjarstaddir.

Framleiðsla og sala á búvörum, frh. 1. umr.

Frv. EgJ o.fl., 362. mál (útflutningur kindakjöts, lágmark greiðslumarks o.fl.). — Þskj. 588.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:33]
Frv. vísað til 2. umr. með 52 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GJH, GHelg, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
11 þm. (ÁMM, EgJ, FI, GÁS, GunnS, HÁ, JóhS, JHelg, ÓRG, ÓÞÞ, StG) fjarstaddir.

Frv. vísað til landbn. án atkvgr.

Vog, mál og faggilding, frh. 1. umr.

Frv. efh.- og viðskn., 419. mál (reglur um öryggi vöru). — Þskj. 683.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:33]
Frv. vísað til 2. umr. með 51 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GJH, GHelg, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
12 þm. (ÁMM, EgJ, EKJ, FI, GÁS, GunnS, HÁ, JóhS, JHelg, ÓRG, ÓÞÞ, StG) fjarstaddir.

Einkanúmer á ökutæki, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÁJ o.fl., 345. mál. — Þskj. 566.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:34]
Till. vísað til síðari umr. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GJH, GHelg, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
15 þm. (ÁMM, EgJ, FI, GÁS, GÁ, GunnS, HÁ, JóhS, JHelg, ÓRG, ÓÞÞ, StG, SJS, SvG, ÖS) fjarstaddir.

Till. vísað til allshn. án atkvgr.

Merking þilfarsfiskiskipa, frh. fyrri umr.

Þáltill. GHall og GuðjG, 383. mál. — Þskj. 614.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:34]
Till. vísað til síðari umr. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GJH, GHelg,

HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

15 þm. (ÁMM, EgJ, FI, GÁS, GÁ, GunnS, HÁ, JóhS, JHelg, ÓRG, ÓÞÞ, StG, SJS, SvG, ÖS) fjarstaddir.

Till. vísað til samgn. án atkvgr.

Glasafrjóvgunardeild Landspítalans, frh. fyrri umr.

Þáltill. IP o.fl., 387. mál. — Þskj. 623.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:35]

Till. vísað til síðari umr. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GJH, GHelg, HBl, HG, IBA, IP, JE, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

16 þm. (ÁMM, EgJ, FI, GÁS, GÁ, GunnS, HÁ, JÁ, JóhS, JHelg, ÓRG, ÓÞÞ, StG, SJS, SvG, ÖS) fjarstaddir.

Till. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Stjórn fiskveiða, frh. 1. umr.

Frv. JÁ og SJS, 292. mál (úthlutun aflaheimilda, krókaleyfi, fullvinnsla og afli utan kvóta). — Þskj. 384.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:35]

Frv. vísað til 2. umr. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GJH, GHelg, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

14 þm. (ÁMM, EgJ, FI, GÁS, GÁ, GunnS, HÁ, JóhS, JHelg, ÓRG, ÓÞÞ, StG, SvG, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Menningar- og tómstundastarf fatlaðra, frh. fyrri umr.

Þáltill. MF o.fl., 416. mál. — Þskj. 670.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:36]

Till. vísað til síðari umr. með 51 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GJH, GHelg, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

12 þm. (ÁMM, EgJ, FI, GÁS, GÁ, GunnS, HÁ, JóhS, JHelg, ÓRG, ÓÞÞ, StG) fjarstaddir.

Till. vísað til félmn. án atkvgr.

Fyrning skulda og annarra kröfuréttinda, frh. fyrri umr.

Þáltill. JÁ og MF, 417. mál. — Þskj. 673.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:36]

Till. vísað til síðari umr. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GJH, GHelg, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

13 þm. (ÁMM, EgJ, FI, GÁS, GÁ, GunnS, HÁ, JóhS, JHelg, ÓRG, ÓÞÞ, StG, SJS) fjarstaddir.

Till. vísað til allshn. án atkvgr.

Menningarráð Íslands, frh. fyrri umr.

Þáltill. VS o.fl., 399. mál. — Þskj. 639.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:37]

Till. vísað til síðari umr. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GJH, GHelg, HBl, IBA, IP, JÁ, JE, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, MF, MB, ÓE, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

14 þm. (ÁMM, EgJ, FI, GÁS, GÁ, GunnS, HÁ, HG, JóhS, JHelg, KE, ÓRG, ÓÞÞ, StG) fjarstaddir.

Till. vísað til menntmn. án atkvgr.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 1. umr.

Stjfrv., 437. mál (iðgjöld til lífeyrissjóða, tapað hlutafé o.fl.). — Þskj. 733.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:37]
Frv. vísað til 2. umr. með 51 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GJH, GHelg, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
12 þm. (ÁMM, EgJ, FI, GÁS, GÁ, GunnS, HÁ, JóhS, JHelg, ÓRG, ÓÞÞ, StG) fjarstaddir.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Vísitala neysluverðs, frh. 1. umr.

Stjfrv., 443. mál (heildarlög). — Þskj. 760.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:38]
Frv. vísað til 2. umr. með 51 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GJH, GHelg, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
12 þm. (ÁMM, EgJ, EKJ, FI, GÁS, GunnS, HÁ, JóhS, JHelg, ÓRG, ÓÞÞ, StG) fjarstaddir.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Vaxtalög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 445. mál (verðtrygging sparifjár og lánsfjár). — Þskj. 762.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:38]
Frv. vísað til 2. umr. með 51 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GJH, GHelg, HBl, IBA, IP, JÁ, JE, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
12 þm. (ÁMM, EgJ, FI, GÁS, GunnS, HÁ, HG, JóhS, JHelg, ÓRG, ÓÞÞ, StG) fjarstaddir.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks, frh. 1. umr.

Stjfrv., 447. mál (heildarlög). — Þskj. 765.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:39]
Frv. vísað til 2. umr. með 52 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GJH, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
11 þm. (ÁMM, EgJ, FI, GÁS, GunnS, JóhS, JHelg, ÓRG, ÓÞÞ, StG, TIO) fjarstaddir.

Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Atvinnuleysistryggingar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 448. mál (réttur opinberra starfsmanna, greiðslur bóta, EES-reglur). — Þskj. 766.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:39]
Frv. vísað til 2. umr. með 53 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GJH, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
10 þm. (ÁMM, EgJ, FI, GÁS, GunnS, JóhS, JHelg, ÓRG, ÓÞÞ, StG) fjarstaddir.

Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Vörugjald af ökutækjum, frh. 1. umr.

Stjfrv., 438. mál (gjaldhlutfall, gjaldflokkar, hópferðabílar o.fl.). — Þskj. 742.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:40]
Frv. vísað til 2. umr. með 51 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GJH, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
12 þm. (ÁMM, EgJ, FI, GÁS, GunnS, JóhS, JHelg, ÓRG, ÓÞÞ, StG, SJS, SvG) fjarstaddir.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Staðfesting ákvörðunar EES-nefndarinnar, frh. fyrri umr.

Stjtill., 435. mál. — Þskj. 727.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:41]

Till. vísað til síðari umr. með 52 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GJH, GHelg, HÁ, HBl, IBA, IP, JÁ, JE, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

11 þm. (ÁMM, EgJ, FI, GÁS, GunnS, HG, JóhS, JHelg, ÓRG, ÓÞÞ, StG) fjarstaddir.

Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

[Fundarhlé. — 15:42]

Útbýting þingskjala:

Leiðtogafundur á Þingvöllum árið 2000, 183. mál, nál. allshn., þskj. 816.

Nýting landkosta, 23. mál, nál. allshn., þskj. 814.

Ráðherraábyrgð, 34. mál, nál. allshn., þskj. 815.

Staða og þróun jafnréttismála, 454. mál, skýrsla félmrh., þskj. 818.

Tóbaksvarnalög, 312. mál, nál. heilbr.- og trn., þskj. 811; brtt. heilbr.- og trn., þskj. 812.

Umferðaröryggismál, 203. mál, nál. allshn., þskj. 813.

Norðurlandasamningur um baráttu gegn mengun sjávar, fyrri umr.

Stjtill., 449. mál. — Þskj. 767.

[16:28]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um staðfestingu Norðurlandasamnings um samvinnu í baráttu gegn mengun sjávar af völdum olíu og annarra skaðlegra efna.

Með þessari þáltill. fer ríkisstjórnin þess á leit að Alþingi heimili staðfestingu samnings milli Danmerkur, Íslands, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um samvinnu í baráttunni gegn mengun sjávar af völdum olíu eða annarra skaðlegra efna. Samningur þessi var undirritaður í Kaupmannahöfn 29. mars 1993, en samningurinn er birtur sem fskj. með þáltill. þessari.

Að lokinni þessari umræðu legg ég til að samningnum verði vísað til hv. utanrmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samningur um verndun mannréttinda og mannfrelsis, fyrri umr.

Stjtill., 450. mál. — Þskj. 768.

[16:29]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um fullgildingu á samningsviðauka nr. 11 með samningnum um verndun mannréttinda og mannfrelsis varðandi eftirlitskerfi samningsins.

Þessi þáltill. er borin fram til að afla heimildar fyrir ríkisstjórn til að fullgilda fyrir Íslands hönd samningsviðauka nr. 11 frá 11. maí 1994 við samninginn um verndun mannréttinda og mannfrelsis en sá samningur var gerður 4. nóv. 1950. Ásamt fyrri viðaukum er samningur þessi á Íslandi nefndur mannréttindasáttmáli Evrópu, sbr. lög um mannréttindasáttmála Evrópu, nr. 62/1994, en samningsviðauki nr. 11 varðar endurskipulag á eftirlitskerfi mannréttindasáttmálans.

Að því er íslenska löggjöf varðar var mannréttindasáttmáli Evrópu samþykktur sem lög á Íslandi með lögum nr. 62 frá 19. maí 1994. Áður en samningsviðauki þessi kemur til framkvæmda þarf því að breyta þeim lögum þannig að samningsviðauki nr. 11 verði hluti af þeim. Hins vegar var ekki talin ástæða að svo stöddu til að gera breytingar á lögunum um mannréttindasáttmála Evrópu meðan ekki liggur ljóst fyrir hvenær samningsviðaukinn öðlast gildi. En eins og að framan er rakið má búast við að það verði vart fyrr en eftir 2–3 ár. Nauðsynlegt er hins vegar að fullgilda samningsviðauka þennan af Íslands hálfu sem allra fyrst til þess að láta í ljós vilja Íslands til þess að breyting verði sem fyrst á dómsmálastofnun mannréttindasáttmálans. (**HG:** Virðulegi forseti. Það heyrist ekki í ræðumanni.)

Virðulegi forseti. Samningsviðaukinn fylgir hjálagður á þskj. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að málinu verði vísað til hv. utanrmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda, 2. umr.

Stjfrv., 190. mál (fjárfesting í erlendum verðbréfum, víkjandi skuldabréfum o.fl.). — Þskj. 212, nál. 726.

[16:31]

Frsm. efh.- og viðskn. (Jóhannes Geir Sigurgeirsson):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti á þskj. 726 við frv. til laga um breyting á lögum nr. 95/1980, um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda, með síðari breytingum, frá efh.- og viðskn.

Við umfjöllun um málið fékk nefndin Snorra Olsen, deildarstjóra í fjmrn., á sinn fund. Nefndin mælir með að frv. verði samþykkt óbreytt. Undir þetta rita allir nefndarmenn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tryggingagjald, 3. umr.

Stjfrv., 236. mál (sérstakur gjaldflokkur). — Þskj. 714, frhnál. 725.

[16:33]

Frsm. efh.- og viðskn. (Jóhannes Geir Sigurgeirsson):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir brtt. á frhnál. á þskj. 725. Það er um breyting á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum.

Breytingin felst í því að lög þessi taki gildi 1. apríl 1995 og komi til framkvæmda við staðgreiðslu tryggingagjalds frá þeim tíma og við álagningu tryggingagjalds á árinu 1996 á gjaldstofn ársins 1995. Þó skal 2. gr. gilda um skil launaframtala frá og með árinu 1995.

Undir þetta frhnál. skrifa allir nefndarmenn nema Finnur Ingólfsson og Steingrímur J. Sigfússon, sem voru fjarstaddir við afgreiðslu málsins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Framleiðsla og markaðssetning vistvænna og lífrænna afurða, 2. umr.

Frv. GHH o.fl., 398. mál. — Þskj. 638, nál. 739.

[16:34]

Frsm. landbn. (Egill Jónsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti landbn. sem er lagt fram á þskj. 739 um átaksverkefni um framleiðslu og markaðssetningu vistvænna og lífrænna afurða.

Eins og virðulegum þingmönnum er kunnugt þá var þetta frv. flutt fyrir fáum dögum og flm. voru formenn þingflokkanna svo að um málið er að þessu leyti víðtæk samstaða. Landbn. undirritar nefndarálit einróma og athugasemdalaust.

Eins og nefndarálitið ber með sér gerir nefndin tillögur um tvær breytingar á frv. Það er í fyrsta lagi að fjölgað verði um einn í stjórn átaksverkefnisins og hann komi frá VOR sem eru landssamtök bænda í lífrænum búskap. Í 2. brtt. er kveðið skýrara á um texta 3. gr. frv. þar sem sagt er, með leyfi forseta:

„Með lífrænni framleiðslu í lögum þessum er átt við þá framleiðslu er fellur undir 6. gr. laga nr. 162/1994, um lífræna landbúnaðarframleiðslu“ og þar með hefur komist á traust samband um markmið þessa frv. og þess frv. sem hér er til vitnað og við höfðum afgreitt fyrr á þessum vetri.

Ég lýk svo máli mínu, virðulegi forseti.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Refsiákvæði nokkurra skattalaga, 3. umr.

Stjfrv., 319. mál. — Þskj. 719, brtt. 738.

[16:38]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir brtt. frá efh.- og viðskn. Sú brtt. er ekki stórkostleg, einungis tæknilegt atriði sem felst í því að lög þessi öðlist þegar gildi við samþykki þeirra en í frv. var gert ráð fyrir því að þau tækju gildi 1. jan. sl.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Endurgreiðsla oftekinna skatta og gjalda, 2. umr.

Stjfrv., 406. mál. — Þskj. 652, nál. 747.

[16:39]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti efh.- og viðskn. vegna frv. til laga um endurgreiðslu oftekinna skatta og gjalda. Nefndin hefur allmikið fjallað um þetta mál og frv. var samið af fjmrn. og flutt af ráðherranum í ljósi þeirrar umræðu sem fór fram í nefndinni. Nefndin gerir þess vegna ekki neinar tillögur um breytingu á frv. og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Réttur til endurgreiðslu af ofteknum sköttum, 2. umr.

Stjfrv., 407. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 653, nál. 748.

[16:40]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. efh.- og viðskn. vegna frv. til laga um breytingu á lögum er varða rétt til endurgreiðslu og vaxta af ofteknum sköttum og gjöldum. Um þetta mál er það sama að segja og það sem var hér til umræðu á undan að þetta málefni hefur fengið mikla umfjöllun í efh.- og viðskn. og í samráði við fjmrn. var frv. samið og flutt af fjmrh. Nefndin gerir því ekki neina tillögu um breytingu á frv. og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Markaðssetning rekaviðar, síðari umr.

Þáltill. JVK o.fl., 53. mál. — Þskj. 53, nál. 740.

[16:42]

Frsm. landbn. (Egill Jónsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. landbn. á þskj. 740. um nýtingu og markaðssetningu rekaviðar. Tillagan var flutt af þeim hv. þm. Jónu Valgerði Kristjánsdóttur, Sigurði Hlöðvessyni og Stefáni Guðmundssyni, en hún var lögð fram á þskj. 53.

Eins og fram kemur í nál. landbn. þá hefur nefndin gert breytingar við texta tillögunnar sem hljóðar þá þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að beina því til ríkisstjórnarinnar að koma á fót starfshópi á vegum landbúnaðarráðuneytis til að gera tillögur um nýtingu rekaviðar og markaðssetningu afurða frá rekaviðarvinnslu. Starfshópurinn skili niðurstöðum og tillögum fyrir árslok 1995."

Undir nál. rita allir landbúnaðarnefndarmenn nöfn sín. Þannig legg ég til að málið verði afgreitt og samþykkt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Jarðalög, 2. umr.

Stjfrv., 106. mál (EES-reglur o.fl.). — Þskj. 109, nál. 746.

[16:45]

Frsm. landbn. (Egill Jónsson):

Virðulegi forseti. Landbn. hefur afgreitt frá sér álit varðandi frv. til laga um breytingar á jarðalögum og er það álit lagt fram á þskj. 746. Frv. sjálft var hins vegar lagt fram hér fyrr í vetur og þá í annað sinn því það var ekki útrætt á síðasta þingi. Landbn. leitaði þá umsagnar um málið og þær voru hafðar til hliðsjónar þegar málið var aftur yfirfarið í landbrn. og landbn. ítrekaði reyndar þessar umsagnir við þá aðila sem hún hafði leitað til. Eins og fram kemur í áliti nefndarinnar og brtt. hefur nefndin gert fjórar brtt. við frv, en þær eru út af fyrir sig ekki efnismiklar og skýra sig sjálfar. Við fyrri umræðu málsins í þinginu fór fram mikil umræða og eftir því var leitað við landbn. að hún færi ítarlega yfir málið til að álitamál sem frv. kann að bera með sér yrðu skýrð frekar.

Til þess að fá sem skýrasta mynd af því ritaði ég Tryggva Gunnarssyni hæstaréttarlögmanni bréf með nokkrum spurningum þar sem þessi álitamál voru sérstaklega upp tekin og fylgir svar Tryggva Gunnarssonar hér með sem fylgiskjal. Að öðru leyti skýrir nál. fullkomlega þær brtt. sem hér eru lagðar til og vísa ég sérstaklega til þeirra.

Landbn. hefur svo undirritað nál. og eftirtaldir nefndarmenn með fyrirvara, þ.e. hv. þm. Ragnar Arnalds, Jóhannes Geir Sigurgeirsson, Kristín Ástgeirsdóttir og Guðni Ágústsson. Að öðru leyti er álit nefndarinnar án fyrirvara. Þannig að fram komnar tillögur leyfi ég mér, hæstv. forseti, að leggja til að verði samþykktar.

[16:48]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Ég ætla í örfáum orðum að gera grein fyrir mínum fyrirvara við afgreiðslu þessa frv. Hann lýtur að því að þau ákvæði sem varða samninginn um hið Evrópska efnahagssvæði og tengjast verslun með bújarðir taka ekki gildi fyrr en í árslok 1996. Að mínu mati er það fljótræði að vera að afgreiða þessi lög núna. Fram að þeim tíma þýða þau ekkert annað fyrir okkur en hugsanlegt óhagræði varðandi viðskipti með jarðir hér innan lands en skipta engu máli gagnvart rétti útlendinga út af EES-samningnum *á þessu tímabili. Ég hefði kosið að tíminn hefði verið* notaður til að skoða þetta betur og það er að mínu mati óæskilegt að setja inn í jarðalög ákvæði sem hugsanlega þrengja möguleika íslenskra aðila með viðskipti með bújarðir. Það sem þyrfti að vera til staðar er neyðarréttur og hann staðfestur í lögum sem hægt væri að grípa til ef menn sæju fram á að ágengni erlendra aðila í jarðnæði hér væri orðin þannig að við því þyrfti að bregðast.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Útsendingar sjónvarps og útvarps til fiskimiða, síðari umr.

Þáltill. GuðjG o.fl., 172. mál. — Þskj. 186, nál. 741.

[16:51]

Frsm. menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir nál. um till. til þál. um útsendingar sjónvarps og útvarps til fiskimiða frá menntmn.

Nefndin hefur fjallað um þingsályktunartillöguna sem kveður á um að kannaðir verði kostir til að bæta útsendingar sjónvarps og útvarps til fiskimiða. Málið var áður flutt á 116. og 117. löggjafarþingi.

Nefndin fékk á fund sinn til umfjöllunar á 117. löggjafarþingi Harald Sigurðsson, aðstoðarframkvæmdastjóra fjarskiptasviðs Pósts og síma, og Eyjólf Valdimarsson, framkvæmdastjóra tæknideildar Ríkisútvarpsins. Þá studdist nefndin við umsagnir frá 117. þingi frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Ríkisútvarpinu, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Slysavarnafélagi Íslands og útvarpsráði. Einnig studdist nefndin við gögn frá Ríkisútvarpinu og Pósti og síma. Þess ber að geta að til menntamálanefndar hefur einnig verið vísað öðru máli um skylt efni, þingsályktunartillögu um dreifingu sjónvarps og útvarps, 301. máli, en nefndin hefur ekki fjallað um það mál þar sem umsagnir liggja ekki fyrir.

Menntamálanefnd bendir á að ítrekað hefur verið fjallað um þetta efni á Alþingi og fram hefur komið

mikill áhugi á málefninu. Skýr afstaða þingmanna kemur fram í samþykkt Alþingis frá 11. maí 1988 þar sem segir:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta nú þegar gera kostnaðar- og framkvæmdaáætlun um að útsendingar Ríkisútvarpsins, þ.e. hljóðvarps og sjónvarps, náist hvar sem er á landinu og á helstu fiskimiðum við landið.

Áætlunin miðist við að hægt verði að framkvæma þetta verkefni fyrir árslok 1991."

Fram kom í umfjöllun menntamálanefndar að á undanförnum árum hafa verið kannaðir möguleikar og kostnaður við útsendingar til alls landsins og helstu fiskimiða og niðurstaða slíkrar athugunar var m.a. kynnt menntamálaráðherra í árslok 1991. Nefndin telur nauðsynlegt að fram fari ítarleg könnun á þeim kostum sem til greina koma varðandi framangreindar útsendingar þannig að sem fyrst liggi fyrir hvort finna megi viðunandi lausn og leggur því til að tillagan verði samþykkt.

Menntmn. stendur einróma að þessu nál.

Útbýting þingskjals:

Heyrnar- og talmeinastöð Íslands, 455. mál, stjfrv. (heilbrrh.), þskj. 820.

[16:54]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Út af fyrir sig fagna ég því að þessi tillaga hafi hlotið afgreiðslu frá hv. menntmn. og verði samþykkt. Hitt er annað mál að það er búið að samþykkja svona tillögu hér áður og vitnað til þess í nál., þ.e. ályktun Alþingis frá 11. maí 1988, sem hv. frummælandi var að kynna hér áðan.

Það er ekki vansalaust að ekki skuli vera búið að koma dreifikerfi sjónvarpsins á þann rekspöl að það nái til allra heimila í landinu, en a.m.k. í mínu kjördæmi eru nokkur heimili sem ekki fá enn þá notið sjónvarps. Ég tel að það hefði mátt knýja fastar á heldur en gert er í þessari tillögu, þ.e. það vantar ekki áætlanir, það vantar ekki kannanir, það vantar eitthvað dálítið af peningum og viljann til að gera hlutina. Og ég treysti því að þó að þessi tillaga verði ekki samþykkt að þá drífi menn nú í því að ganga frá þessu máli. Það er ekki vansalaust að hafa þetta ástand eins og það er.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Varðveisla arfs húsmæðraskóla, síðari umr.

Þáltill. KÁ o.fl., 40. mál. — Þskj. 40, nál. 750.

[16:56]

Frsm. menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 750 um till. til þál. um varðveislu arfs og eigna húsmæðraskóla frá menntmn.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna sem kveður á um að skipuð verði nefnd er kanni hvernig best megi varðveita arf gömlu húsmæðraskólanna í landinu.

Í umfjöllun sinni studdist nefndin við fjölmargar umsagnir þar sem fram komu gagnlegar upplýsingar og ábendingar.

Menntamálanefnd telur verðugt verkefni að kanna hvernig best megi varðveita muni þeirra húsmæðraskóla sem nú hafa verið lagðir niður. Tillagan hlaut jákvæðar undirtektir í framangreindum umsögnum og leggur nefndin til að hún verði samþykkt.

Menntmn. stendur einróma að þessari afgreiðslu málsins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Útbýting þingskjals:

Reynslusveitarfélög, 456. mál., skýrsla félmrh., þskj. 822.

Úttekt á kjörum fólks er stundar nám fjarri heimabyggð, síðari umr.

Þáltill. GunnS o.fl., 132. mál. — Þskj. 138, nál. 751.

[16:57]

Frsm. menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 751 um till. til þál. um skipan nefndar er geri úttekt á kjörum og stöðu fólks er stundar nám fjarri heimabyggð frá menntmn.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna sem gerir ráð fyrir að ríkisstjórnin skipi nefnd er geri úttekt á kjörum og stöðu fólks er stundar nám fjarri heimabyggð og geri tillögur er tryggi því sambærileg kjör og réttindi við námsfólk er stundar nám í heimabyggð.

Við umfjöllun sína studdist nefndin við umsagnir frá Tækniskóla Íslands, Sambandi iðnmenntaskóla, stúdentaráði Háskóla Íslands, Bandalagi íslenskra sérskólanema, Háskólanum á Akureyri og sameinuðu bændasamtökunum Búnaðarfélagi Íslands og Stéttarsambandi bænda.

Framangreindar umsagnir voru afar jákvæðar og töldu allir umsagnaraðilar að fyllsta ástæða væri til að kanna stöðu fólks er stundar nám fjarri heimabyggð. Nefndin telur mikilvægt að nemendum séu, svo sem kostur er, tryggðar jafnar aðstæður til náms og leggur til, með vísan til framangreinds, að tillagan verði samþykkt með svohljóðandi breytingu: Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að láta fara fram úttekt á kjörum og stöðu fólks er stundar nám fjarri heimabyggð. Sérstaklega verði athugað:

1. Hvort námsfólk, er stundar nám fjarri heimabyggð, verði af réttindum og félagslegri þjónustu ef það heldur lögheimili í heimabyggð og Lánasjóður íslenskra námsmanna taki sérstakt tillit til slíkra aðstæðna.

2. Hvaða kostnaður hlýst af dvöl nemenda sem stunda nám í grunn- og framhaldsskólum og búa í

heimavistum eða leiguhúsnæði fjarri heimabyggð.

Menntmn. stendur einróma að þessari afgreiðslu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Rannsóknarráð Íslands, 2. umr.

Frv. TIO o.fl., 136. mál (skipan ráðsins). — Þskj. 142, nál. 763.

[16:59]

Frsm. menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 763 um frv. til laga um breytingar á lögum nr. 61 frá 1994, um Rannsóknarráð Íslands, frá menntmn.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið sem kveður á um breytingu á skipan fulltrúa í Rannsóknarráð Íslands. Annars vegar er kveðið á um að fulltrúar Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands tilnefni í ráðið auk þeirra sem lögin gera ráð fyrir. Hins vegar er kveðið á um að menntamálaráðherra skuli gæta þess við skipan í ráðið að jafnvægi sé á milli vísinda og tækni og að sjálfstæði ráðsins sé tryggt svo að það fái sinnt lögbundnu eftirlitshlutverki sínu.

Við umfjöllun um málið studdist nefndin við umsagnir frá Skógrækt ríkisins, Seðlabanka Íslands, Alþýðusambandi Íslands, Veðurstofu Íslands, Iðntæknistofnun, Bandalagi háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna, Samtökum iðnaðarins, Rannsóknarráði Íslands, Hafrannsóknastofnun, Þjóðminjasafni Íslands, læknaráði Landspítalans, læknaráði Borgarspítalans, Háskóla Íslands, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, Rannsóknastofnun landbúnaðarins og Háskólanum á Akureyri.

Þær breytingar, sem kveðið er á um í frumvarpinu, eru gerðar til að tryggja áhrif atvinnulífsins enn frekar. Menntamálanefnd vill leggja áherslu á að samþykkt frumvarpsins felur ekki að neinu leyti í sér gagnrýni á störf þess Rannsóknarráðs sem nú situr. Með vísan til framangreinds leggur nefndin til að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi breytingum:

Í fyrsta lagi við 2. gr., þ.e. gildistökuákvæði sem orðist þá svo: Lög þessi öðlast þegar gildi.

Í öðru lagi bætist við ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi: 1. gr. laga þessara kemur að fullu til framkvæmda þegar starfstími þess Rannsóknarráðs, sem nú situr, rennur út.“ Menntamálaráðherra skipar þegar tvo fulltrúa í Rannsóknarráð Íslands samkvæmt tilnefningum Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands og jafnmarga til vara og skal sú skipan gilda uns 1. gr. laga þessara kemur að fullu til framkvæmda. Nánar skal kveðið á um fyrirkomulag tilnefningar framangreindra samtaka í ákvæðum í reglugerð sem ráðherra setur.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vörugjald af olíu, 2. umr.

Stjfrv., 337. mál. — Þskj. 534, nál. 773, brtt. 771.

[17:02]

Frsm. efh.- og viðskn. (Jóhannes Geir Sigurgeirsson):

Virðulegur forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 773 um frv. til breytinga um vörugjald á olíu frá efh.- og viðskn. Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á fund nefndarinnar þá sem upp eru taldir hér í þingskjalinu og umsagnir frá þeim aðilum sem þar eru nefndir sömuleiðis.

Þetta mál var til umfjöllunar á allnokkrum fundum nefndarinnar og hefur auk þess verið í umræðu hér á Alþingi, ef ég man rétt, bæði í formi fyrirspurna og í umræðum um skattamál á öllum þingum þessa kjörtímabils. Það hefur legið fyrir um nokkurn tíma að óhjákvæmilegt er að breyta innheimtu vegagjalds af dísilbílum frá þungaskatti yfir í gjald á olíu. Fyrir því eru margvíslegar orsakir og ég ætla einungis að nefna hér tvær.

Ökumælar þeirrar gerðar sem notaðir hafa verið eru að verða illfáanlegir og varahlutir í þá ófáanlegir vegna þess að við erum reyndar eina þjóðin í Evrópu og það eru sárafáir aðilar sem búa enn við þetta kerfi enn þá, alls staðar annars staðar er gjaldtakan komin inn í olíuna. Ég nefni einnig að sérstaklega flutningabílstjórar hafa kvartað mjög undan slæmri samkeppnisstöðu þeirra sem hafa greitt skilvíslega sitt mælagjald þar sem það liggur fyrir að undanskot í þessu eru mikil og kerfið er þannig að það hefur ekki tekist að fá einn einasta aðila dæmdan þó vitað hafi verið um svindl á mælunum.

Nefndin gerir allnokkrar brtt. sem tilgreindar eru á þskj. 771. Olíufélögin gerðu verulegar athugasemdir við frv. og það hefur verið komið til móts við óskir þeirra í nánast öllum atriðum. Það er einnig ljóst að hér er um veigamikla kerfisbreytingu að ræða og þess vegna kemur nefndin m.a. með þá brtt. að gildistökunni er frestað. Henni er frestað til 1. jan. nk. og aðilum málsins ætlað að nota þann tíma til að vinna að þeim reglugerðum sem óhjákvæmilega þarf að setja til að hrinda þessu máli í framkvæmd.

Þá vill nefndin undirstrika mjög rækilega það sem kemur fram í nál., að það er ekki ætlast til þess að þessi breyting hafi í för með sér kostnaðarauka fyrir rekstur atvinnubifreiða með dísilhreyfla í landinu. Efh.- og viðskn. leggur til í tillögum sínum að það verði sett á fót nefnd þar sem verði m.a. fulltrúar Samtaka landflutningamanna, Bílgreinasambandsins, FÍB, sameinaðra bændasamtaka, LÍÚ og Samtaka iðnaðarins. Nefndinni verði ætlað í samvinnu við ráðuneytið að vinna að setningu þeirra reglugerða sem nauðsynlegar eru. Í öðru lagi er nefndinni ætlað að meta hvort sú upphæð sem hér er lagt til að verði lögfest varðandi olíugjaldið sé rétt, en það er verulegum vandkvæðum bundið að reikna það út og nokkuð ljóst að það mun ekki liggja endanlega fyrir fyrr en komin er nokkur reynsla á þetta nýja kerfi einfaldlega vegna þess að það

eru ekki til nógu nákvæmar tölur um heildarnotkun dísilolíu á dísilbíla.

Neytendur, bæði sérleyfishafar, hópferðabílstjórar og flutningabílstjórar, segja að eyðslan sé vanáætluð. Við ætlumst til þess að nefndin sem sett verði á laggirnar til að skoða þetta fari í sumar og fram á haustið ofan í saumana á þessu og ef það reynist svo að gjaldtakan sé of há þá verði það lækkað á haustþinginu. Það sem við leggjum hins vegar mesta áherslu, verði þetta frv. samþykkt, er að hér er þá búið að taka hina stefnumarkandi ákvörðun.

Við bendum einnig á að það þurfi að skoða hagsmuni sérstaklega hópferða- og sérleyfishafa og leigubíla. Það er vegna þess að svo er með þessa aðila að þeir eru undanþegnir virðisaukaskatti og fá þess vegna ekki innskatt endurgreiddan, en þessi breyting þýðir það að þeir verða að borga virðisaukaskatt af olíugjaldinu sem verður þá hærra heldur en áður var. Þetta þarf að skoða og á því að taka ef þetta sýnir sig að vera íþyngjandi fyrir þessar greinar.

Þá vil ég nefna það að nefndin hefur skoðað nokkuð þann kost að lita þá olíu sem ekki er gjaldskyld og það er sjónarmið nefndarinnar að eins og við sjáum það þá sé þar um að ræða kost sem sé það dýr að það sé vandséð að hann verði tekinn upp hér á landi, ekki í því formi sem hann er í dag, þ.e. sem þýðir sérstakar blöndunarstöðvar og tvöfalt dreifingarkerfi. Það er hins vegar að koma ný tækni þar sem er blandað frá dælu sem er mun ódýrari og ef væri tekin hér upp litun þá tel ég að það væri mun vænlegri kostur að sú aðferð yrði tekin upp.

Ég vil leggja á það áherslu að þessi breyting sem hér er lögð til með endurgreiðslukerfi kemur ekki á nokkurn hátt í veg fyrir það að litun verði tekin upp aftur og er í raun forsenda þess og getur verið fyrirboði þess að litun verði tekin upp ef menn telja það rétt.

Virðulegur forseti. Ég vil einnig nefna að í efh.- og viðskn. er í gangi frv. um vörugjald á bifreiðar. Þar er m.a. lögð til lækkun á vörugjaldi á hópferðabíla og að mati nefndarinnar er algerlega nauðsynlegt að sú breyting nái einnig fram að ganga í tengslum við þetta til þess m.a. að mæta því ef þetta íþyngir þeim bílum eitthvað sem það raunar á ekki að gera og einnig að mæta því að það var farið nokkuð illa með þessa aðila fyrir rúmu ári síðan þegar ákveðið var á síðustu stundu að 14% virðisaukaskattur færi ekki á hópferðabílana en menn í þeirri grein voru búnir að fara í fjárfestingar haldandi það að þeir fengju virðisaukaskattinn endurgreiddan.

Virðulegur forseti. Undir þetta nál. skrifar sá sem hér stendur, form. og frsm., hv. þm. Vilhjálmur Egilsson, Guðjón Guðmundsson, Steingrímur J. Sigfússon, Finnur Ingólfsson, Guðmundur Árni Stefánsson og Ingi Björn Albertsson með fyrirvara. Kristín Ástgeirsdóttir og Sólveig Pétursdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samkeppnisstaða innlendrar framleiðslu, síðari umr.

Þáltill. FI o.fl., 56. mál. — Þskj. 56, nál. 743.

[17:13]

Frsm. iðnn. (Svavar Gestsson):

Virðulegur forseti. Á þskj. 743 er nál. iðnn. um till. til þál. um að tryggja samkeppnisstöðu innlendrar samkeppnisstöðu og er á þessa leið, með leyfi forseta:

„Nefndin hefur fjallað um tillöguna og fékk um hana umsagnir frá Samtökum iðnaðarins, Verslunarráði Íslands, Múrarasambandi Íslands, Meistarafélagi húsgagnabólstrara, Meistarafélagi Suðurlands og Meistarafélagi húsasmiða.

Nefndin telur að með tillögunni sé hreyft mjög mikilvægu og tímabæru máli. Í þessu sambandi vill nefndin sérstaklega vekja athygli á umsögn Samtaka iðnaðarins um málið sem birt er sem fylgiskjal með áliti þessu. Í umsögn Samtaka iðnaðarins koma fram mörg þýðingarmikil áhersluatriði sem lúta að samkeppnisaðstöðu innlendrar framleiðslu og sem nefndin telur eðlilegt að ríkisstjórnin taki til skoðunar. Í trausti þess að ríkisstjórnin taki málið í heild til gaumgæfilegrar athugunar leggur nefndin til að tillögunni verði vísað til ríkisstjórnarinnar."

Undir þetta rita fyrirvaralaust allir nefndarmenn í hv. iðnn.

Eins og fram kemur í nál. er birt með fylgiskjal frá Samtökum iðnaðarins um þessi mál, þ.e. um samkeppnisstöðu innlendrar framleiðslu. Það er afar merkilegt skjal og vel unnið af Samtökum iðnaðarins. Ég hygg að sjaldan hafi verið í samfelldu máli tekið betur á þessu verkefni sem er að tryggja samkeppnisstöðu innlendrar framleiðslu einmitt á þeim tímum þegar við búum við vaxandi erlenda samkeppni á öllum sviðum.

Í þessu bréfi frá Samtökum iðnaðarins segir svo, með leyfi forseta:

„Við teljum að mörkun og framsetning innkaupastefnu ríkisins og setning laga um framkvæmd útboða hafi verið mikilvægt framfaraspor. Reglurnar eru skýrar og lög um framkvæmd útboða eru mjög auðskilin. Reynsla okkar og okkar félagsmanna er að leikreglur fyrir innkaup ríkisins séu til fyrirmyndar, en skort hefur á að framkvæmdin sé í samræmi við lög og reglur." — Þetta er satt að segja býsna mikið sagt. Hér segir enn fremur, með leyfi forseta: „Ber þar til að reglurnar virðast ekki vera ljósar ýmsum þeim er bera ábyrgð á rekstri stofnana eða jafnvel ráðuneyta eða það sem öllu alvarlegra er þegar mönnum eru ljósar reglurnar en telja sig ekki þurfa að hlíta þeim. Helsta brotalöm reglnanna er að ekki hefur verið borið við að beita þeim refsiákvæðum sem þó eru fyrir hendi. Fjármálaráðuneytinu er heimilt að veita stofnunum leyfi til innkaupa, jafnframt hefur ráðuneytið vald til að svipta stofnanir leyfinu. Okkur vitanlega hefur ekkert slíkt leyfi verið gefið. Valin hefur verið hin milda leið, þ.e. að kynna reglurnar, en ekki hefur verið beitt nægilegri ákveðni þegar stofnanir hafa vikið frá hinni mörkuðu stefnu.

Við útboð opinberra mannvirkja er brýnt að reglur og vinnubrögð séu samræmd. Engin samræming er á útboðum sveitarfélaga. Verulegt misræmi er á aðferðum og viðmiðunum frá einu útboði til annars hjá sama sveitarfélagi. Að okkar mati er ekkert sem bendir til annars en að sveitarfélög geti aðlagað sín útboðsmál að útboðsstefnu ríkisins."

Þá er vikið að nauðsyn þess að setja í byggingarreglugerð ákvæði sem tryggja stöðu og möguleika íslenskrar íslenskrar iðnaðarframleiðslu og síðan er farið nokkrum orðum um það að á síðustu missirum hefur borið mjög á óraunhæfum tilboðum í verk vegna verkefnaskorts.

Þá er einnig fjallað ræki lega um þá spurningu hvort rétt væri að skipa úrskurðarnefnd er skeri úr um ágreiningsmál varðandi hönnun, útboð og tilboð þegar um er að ræða innlenda og erlenda framleiðslu.

Síðan er hér gerð tillaga sem ég ætla að fara yfir að lokum, með leyfi forseta. Samstarfsnefnd er hún köllu ð í skjalinu þar sem segir:

„Engin mótuð stefna er til varðandi hlutverk opinberra innkaupa í nýsköpun og þróun iðnaðar. Hjá öðrum þjóðum er þetta markviss þáttur í opinberum innkaupum. Þetta þarf alls ekki að vera í mótsögn við þau markmið að velja „ódýrustu" lausnina. Í þessu getur falist betri og hagkvæmari lausn þegar til lengri tíma er litið þar sem tekið er mið af þjónustu, viðhaldi og aðgengi að framleiðanda. Þjóðhagslegur ávinningur er einnig umtalsverður bæði í formi gjaldeyrissparnaðar og í tekju- og útflutningsmöguleikum á þeim lausnum sem þróaðar eru. Umfang opinberra innkaupa er slíkt að fyrirtæki sem fá tækifæri til að þróa sértækar lausnir fyrir hið opinbera eiga oft í kjölfarið mjög góða möguleika á almennum markaði. Glöggt dæmi um þetta er framleiðsla á bókahillum fyrir Þjóðarbókhlöðuna. Fjölmörg slík tækifæri eru ónýtt, t.d. innan samgöngumála, upplýsingatækni, hitaveitna og heilbrigðismála. Við gerum að tillögu okkar að skipuð verði samstarfsnefnd hins opinbera og framleiðenda. Nefndinni verði ætlað að vera í senn skapandi og leiðbeinandi vettvangur er beiti sér fyrir bættu verklagi og hagkvæmari innkaupum ríkisins ásamt því að nýta innkaupin betur til heilbrigðrar atvinnusköpunar."

Þar með lýkur þessu ágæta bréfi frá Samtökum iðnaðarins sem birt er með sem fylgiskjal.

Það verður að segja eins og er að það eru liðin allmörg ár síðan að reynt hefur verið af hálfu ríkisstjórnarinnar að taka á málum af þessu tagi með samfelldum hætti. Ég hygg að það hafi verið gert í iðnaðarráðherratíð hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar að farið var samfellt yfir þessi mál en síðan hafa þessi mál aðallega birst í þáltill. af margvíslegu tagi og mörgum ræðum og miklum frómum óskum í þessari stofnun án þess að því væri fylgt eftir. Hér er hreyft fínum tillögum frá Samtökum iðnaðarins og ég skora á iðnrn. og iðnrh. að fylgja þeim tillögum eftir með því að hrinda þeim í framkvæmd því það er hægt.

Sú tillaga sem hér er lagt til að verði vísað til ríkisstjórnarinnar er flutt af allmörgum þingmönnum Framsfl. undir forustu Finns Ingólfssonar og eins og ég sagði áðan þá er nál. samþykkt af öllum nefndarmönnum í hv. iðnn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, 2. umr.

Stjfrv., 339. mál (eftirlitsmenn, greiðslur úr ofanflóðasjóði). — Þskj. 536, nál. 792, brtt. 793.

[17:20]

Frsm. félmn. (Gísli S. Einarsson):

Frú forseti. Ég mæli hér fyrir nál. frá félmn. um frv. til laga um breytingu á lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 28/1985.

Nefndin hefur fjallað um þetta viðamikla mál á nokkrum fundum og fengið til sín fjölda viðmælenda. Frá félagsmálaráðuneyti þau Berglindi Ásgeirsdóttur ráðuneytisstjóra, Húnboga Þorsteinsson skrifstofustjóra og Önnu Guðrúnu Björnsdóttur deildarstjóra. Enn fremur komu Ólafur Proppé og Björn Hermannsson frá Landsbjörg, Júlíus Sólnes, Árni Jónsson og Guðrún Ólafsdóttir frá neyðarnefnd Verkfræðingafélags Íslands, Sólveig Smith, Ester Unnsteinsdóttir og Ingimundur Magnússon frá Björgunarhundasveit Íslands, Eiríkur Greipsson og Kristján Jóhannesson frá Flateyri og Helgi Hallgrímsson vegamálastjóri. Þá komu umsagnir frá hreppsnefnd Flateyrarhrepps, Verkfræðingafélagi Íslands og Björgunarhundasveit Íslands, svo og álit starfshóps sem skipaður var til að yfirfara frumvarp til laga um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum. Einnig var stuðst við umsagnir er bárust á 116. löggjafarþingi um frumvarp til laga um sérstaka fjáröflun til varna gegn ofanflóðum og um breytingu á kostnaðarhlutfalli sveitarfélaga, 485. mál á þskj. 833, frá Flateyrarhreppi, Almannavörnum ríkisins, Vestmannaeyjabæ, Viðlagatryggingu Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Bíldudalshreppi, Ísafjarðarkaupstað, Veðurstofu Íslands, Seyðisfjarðarkaupstað, Neskaupstað, Tálknafjarðarhreppi og Siglufjarðarkaupstað.

Lagðar eru til eftirtaldar breytingar á frumvarpinu:

1. Lagðar eru til breytingar á 1. gr. þar sem leitast er við að efla tengsl athugunarmanna við Veðurstofu Íslands og tryggja að þeir fái nauðsynlega starfsþjálfun. Ljóst er að athugunarmennirnir koma til með að hafa mikið samband við Veðurstofuna þar sem þeir munu starfa samkvæmt faglegum fyrirmælum hennar. Með hliðsjón af því er lagt til að lögreglustjóri skuli hafa samráð við Veðurstofu við ráðningu athugunarmanns. Einnig er lagt til að lögreglustjóri skuli hafa samráð við sveitarfélög í umdæminu. Ekki þóttu rök til að gera ákveðnar menntunarkröfur til athugunarmanna, hins vegar er nauðsynlegt að þeir fái starfsþjálfun sem eðlilegast er að Veðurstofa annist. Enn fremur er lagt til að lokamálsliður 1. gr. falli brott enda ekki þörf á honum þar sem það kemur skýrt fram í 2. gr. frumvarpsins að umræddan kostnað skuli greiða að fullu.

2. Lagt er til að tvær nýjar greinar komi í frumvarpið.

Með breytingum á 7. gr. laganna verði skýrt kveðið á um það að sá valkostur sé fyrir hendi að húseignir verði keyptar í staðinn fyrir að reisa varnarvirki fyrir þær. Heppilegast þykir að málsmeðferð verði með sama hætti og nú er varðandi varnarvirki, sbr. 7. og 8. gr. laganna, þannig að það sé sveitarstjórnar að hafa frumkvæði og gera tillögur um hvora leiðina skuli fara en Almannavarnir ríkisins og félagsmálaráðherra taki endanlega ákvörðun um það. Við þá ákvörðunartöku þarf að huga bæði að öryggis- og kostnaðarsjónarmiðum. Ef kaup á húseignum eiga að geta komið í staðinn fyrir byggingu varnarvirkja þarf að vera fyrir hendi eignarnámsheimild sem unnt er að beita ef ekki næst samkomulag um kaup eða kaupverð. Um framkvæmd eignarnáms færi samkvæmt lögum um það efni, nr. 11/1973.

Sú breyting sem lögð er til að gerð verði á 7. gr. laganna felur í sér að sá möguleiki sem er til að kaupa húseignir, samkvæmt 11. gr. gildandi laga, verði dreginn fram með ótvíræðum hætti. Jafnframt er lögð áhersla á að meta beri alla kosti til að tryggja öryggi íbúanna. Ef niðurstaðan er sú að varnarvirki eða aðrar varnaraðgerðir séu ekki hagkvæmasti kostur heldur sé hagkvæmara að kaupa húseignir er það sveitarfélaga að gera tillögu þar að lútandi til stjórnar ofanflóðasjóðs. Ofanflóðasjóður yrði þá að taka afstöðu til tillagna um hagkvæmni kaupa á húseignum fremur en annarra aðgerða sem og þess verðs sem sveitarfélagið hygðist semja um við húseigendur.

Áhersla er lögð á að sveitarfélagið nái samningum við húseigendur og hljóta þar að vera lagðir til grundvallar heildarhagsmunir sveitarfélagsins. Félagsmálanefnd lítur svo á að sé slíkt lagt til grundvallar sé eðlilegt að sveitarfélagið geri samninga um mismunandi greiðslur eftir því hvort verið sé að greiða fjárhæð vegna þess að viðkomandi hyggist byggja að nýju innan sveitarfélagsins eða hvort viðkomandi ætli sér að kaupa annað húsnæði. Nefndin álítur því sanngjarnt að sveitarfélög geti lagt til grundvallar sem viðmiðun að sé eiganda húseignar, sem keypt er vegna varnaraðgerða, úthlutað lóð undir nýtt hús í sama sveitarfélagi, skal greiða fyrir eignina vátryggingarfjárhæð viðlagatryggingar (brunabótamat) og skal greiða fjárhæðina eftir því sem byggingarframkvæmdum miðar. Að öðrum kosti skal greiða samkvæmt fasteignamati. Enn fremur er eðlilegt að litið verði við slíkt uppgjör til 3. gr. laga um brunatryggingar, nr. 48/1994, sbr. 2. gr. laga nr. 150/1994.

Einnig er lögð til breyting á 9. gr. laganna þar sem lögð er áhersla á skyldur og ábyrgð sveitarfélaga í viðhaldi varnarvirkja.

Lagðar eru til nokkrar breytingar á 2. gr. Í fyrsta lagi á samkvæmt frumvarpinu að greiða allan kostnað vegna staðbundinna athugana úr ofanflóðasjóði. Það á bæði við um launakostnað og annan rekstrarkostnað enda sé um eðlilegan og nauðsynlegan kostnað að ræða. Lagt er til að ráðherra skuli setja nánari reglur um greiðslur á þessum kostnaði. Er gert ráð fyrir að í þessum reglum verði kveðið á um hvernig standa skuli að fjárhagslegri umsýslu í kringum athugunarmennina og störf þeirra. Þannig verði settar samræmdar reglur um greiðslur til þeirra og hvernig verði staðið að ráðningu þeirra. Einnig þarf að setja samræmdar reglur um greiðslur á öðrum rekstrarkostnaði, t.d. um greiðslur fyrir afnot af tækjum og búnaði. Í þessu sambandi er á það bent að skv. 2. mgr. 11. gr. laganna, eins og hún hljóðar samkvæmt frumvarpinu, ákveður félagsmálaráðherra úthlutun úr ofanflóðasjóði að fengnum tillögum Almannavarna ríkisins. Af þessu ákvæði leiðir að lögreglustjórar verða að leggja kostnaðaráætlanir fyrir Almannavarnir og fá samþykki þess og félagsmálaráðherra áður en þeir geta gengið frá samningum um athuganir sem hafa kostnað í för með sér.

Í öðru lagi er í 3. tölul. fyrri efnismgr. 2. gr. kveðið á um kaup á tækjum og búnaði til rannsókna og eftirlits. Samkvæmt frumvarpinu er greint á milli rannsóknartækja, sem nýtast sem eftirlitstæki til að auðvelda snjóflóðaspár og mat á skammtímahættu, sem greiða skal að fullu, og tækja og búnaðar, sem sérstaklega er aflað til rannsókna á snjóalögum með tilliti til snjóflóðahættu sem greiða má allt að 90%. Við nánari skoðun þykja ekki rök til þess að greina með þessum hætti þarna á milli heldur sé eðlilegra að heimilt verði að greiða úr ofanflóðasjóði allt að 100% af kostnaði við kaup á hvers konar rannsóknar- og eftirlitstækjum og búnaði sem aflað er sérstaklega til rannsókna og eftirlits með ofanflóðahættu, en ekki eingöngu snjóflóðahættu eins og frumvarpið í núverandi mynd og lögin gera ráð fyrir. Það er Almannavarna ríkisins í samráði við ofanflóðanefnd, sbr. 4. gr. laganna, að gera tillögur til félagsmálaráðherra um hvers konar tæki og búnað greitt verði fyrir og að hve miklu leyti. Með búnaði er ekki eingöngu átt við búnað í tengslum við rannsóknartæki heldur einnig nauðsynlegan útbúnað fyrir athugunarmennina, svo sem öryggis- og fjarskiptatæki.

Í þriðja lagi verði breytingar á 4. tölul. sem gera það unnt að greiða fyrir að húseignir séu fluttar af hættusvæði.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þessum breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali, þskj. 793. Þar eru breytingartillögurnar. Ég sé ekki ástæðu, frú forseti, til þess að fara sérstaklega yfir þær. Þær eru hér til staðar, en undir þetta nefndarálit og tillögur rita eftirtaldir þingmenn: Gísli Einarsson, Guðrún Halldórsdóttir, Einar K. Guðfinnsson, Guðjón Guðmundsson, Kristinn H. Gunnarsson, með fyrirvara, Jón Helgason, Sigbjörn Gunnarsson, Eggert Haukdal og Jón Kristjánsson, allt hv. þm. í félmn. Ég legg til að málið hafi síðan eðlilegan framgang.

Umræðu frestað.

Útbýting þingskjals:

Framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum, 430. mál, nál. umhvn., þskj. 821.

Atvinnuréttindi vélfræðinga, 3. umr.

Stjfrv., 315. mál (STCW-reglur o.fl.). — Þskj. 648.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Atvinnuréttindi skipstjórnarmanna, 3. umr.

Stjfrv., 316. mál (STCW-reglur o.fl.). — Þskj. 703.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vitamál, 3. umr.

Stjfrv., 306. mál (lög um vitamál og lögskráningu sjómanna). — Þskj. 778.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vegalög, 3. umr.

Stjfrv., 314. mál (stofn- og viðhaldskostnaður girðinga). — Þskj. 454.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Viðlagatrygging, 3. umr.

Stjfrv., 239. mál (skíðalyftur o.fl.). — Þskj. 787.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Bókhald og ársreikningar, 3. umr.

Frv. efh.- og viðskn., 418. mál (viðurlög og málsmeðferð, breyting ýmissa laga). — Þskj. 680.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Veiting ríkisborgararéttar, 3. umr.

Stjfrv., 354. mál (síðara stjfrv.). — Þskj. 788.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Listmenntun á háskólastigi, 3. umr.

Stjfrv., 277. mál. — Þskj. 790.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skoðun kvikmynda, 3. umr.

Stjfrv., 219. mál (heildarlög). — Þskj. 791.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Kosningar til Alþingis, 2. umr.

Frv. GHH o.fl., 442. mál (óbundið þingsæti, kjörskrá o.fl.). — Þskj. 757, nál. 804.

[17:34]

Frsm. allshn. (Björn Bjarnason):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir áliti allshn. á þskj. 804. Nefndin hefur fjallað um málið og mælir með samþykkt þess.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Neyðarsímsvörun, 2. umr.

Stjfrv., 335. mál. — Þskj. 532, nál. 802, brtt. 803.

[17:34]

Frsm. allshn. (Björn Bjarnason):

Hæstv. forseti. Allshn. hefur fjallað um þetta mál og gerir grein fyrir áliti sínu á þskj. 802 og breytingartillögum á þskj. 803.

Nefndin er sammála um það sem kemur fram í álitinu og í breytingartillögunum og vísa ég til þingskjalanna um efni máls. Fjarverandi við afgreiðslu málsins var Ólfur Þ. Þórðarson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Mengunarvarnabúnaður í bifreiðar ríkisins, síðari umr.

Þáltill. GE og PBald, 16. mál. — Þskj. 16, nál. 794.

[17:35]

Frsm. umhvn. (Kristín Einarsdóttir):

Frú forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti umhvn. á þskj. 794 um þáltill. um eldsneytissparnaðar- og mengunarvarnarbúnað í bifreiðar ríkisins. Hér er um að ræða tillögu sem flutt er í annað sinn og hefur umhvn. fjallað um málið. Hún telur mikilvægt, eins og fram kemur reyndar í tillögunni, að markvisst verði unnið að því að minnka útblástur koldíoxíðs, m.a. úr bifreiðum og skipum. Í gögnum sem nefndinni bárust, m.a. frá Noregi, fengum við upplýsingar um að hliðstæður búnað og kveðið er á um í greinargerð með tillögunni sé notaður þar í ferjur.

Nefndin telur eðlilegt að umhvrn. beiti sér fyrir athugunum á því hvort rétt sé að taka í notkun hér á landi búnað af því tagi sem tillagan gerir ráð fyrir og með vísan til þess leggur nefndin til að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Áhafnir íslenskra kaupskipa, 2. umr.

Stjfrv., 317. mál. — Þskj. 461, nál. 801.

[17:37]

Frsm. samgn. (Pálmi Jónsson):

Hæstv. forseti. Samgn. hefur fjallað um frv. þetta um áhafnir íslenskra kaupskipa og rætt það á allnokkrum fundum sínum.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á fund til sín Svein Snorrason hæstaréttarlögmann, Helga Jóhannesson, lögfræðing í samgönguráðuneyti, Einar Hermannsson, framkvæmdastjóra Sambands íslenskra kaupskipa, Pál Hjartarson frá Siglingamálastofnun, frá Sjómannafélagi Reykjavíkur Jónas Garðarsson, Birgi Björgvinsson og Erling Guðmundsson, Helga Laxdal, formann Vélstjórafélags Íslands, Guðjón Á. Kristjánsson, formann Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Guðlaug Gíslason, framkvæmdastjóra Stýrimannafélags Íslands, Guðjón Ármann Eyjólfsson, skólastjóra Stýrimannaskóla Íslands, og Björgvin Jóhannsson, skólastjóra Vélskóla Íslands. Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Sjómannafélagi Reykjavíkur og Sjómannasambandi Íslands.

Þá bárust nefndinni ýmsar umsagnir frá hagsmunaaðilum, m.a. frá þeim aðilum sem nefndin kvaddi forsvarsmenn sömu félaga á sinn fund.

Frv. þetta er tengt tveimur öðrum frv. sem liggja fyrir á hv. Alþingi og eru komin til 3. umr. um skipstjórnarréttindi og um vélstjórnarréttindi.

Frv. hefur mikla þýðingu að því leyti að Íslendingar hafa ekki gerst aðilar að alþjóðlegum samningi sem 103 þjóðir hafa undirritað, eða um 93% þeirra þjóða sem stunda siglingar. Þessi samningur er nú til endurskoðunar og standa líkur til þess að hann verði undirritaður að nýju nú með vorinu. Þar sem við Íslendingar höfum ekki gerst aðilar að þessum samningi höfum við átt mjög undir högg að sækja og þurft eiga það upp á náð vinveittra þjóða að íslenskir skipstjórnarmenn og íslenskir sjómenn hafi fengið að starfa um borð í erlendum kaupskipum. Enn fremur liggur við borð að ef Íslendingar gerast ekki aðilar að þessum nýja samningi, sem undirritaður kann að verða í vor, þá töpum við einnig réttindum fyrir okkar íslensku skip í erlendum höfnum.

Frv. hefur því mikla þýðingu til þess að tryggja hagsmuni okkar og réttindi, bæði íslenskra sjómanna og skipa okkar í erlendum höfnum.

Upp kom við meðferð málsins mikil tortryggni á frv. af hálfu fulltrúa Sjómannafélags Reykjavíkur sem töldu að með frv. væri verið að raska gerðum kjarasamningum og því vildu fulltrúar Sjómannafélags Reykjavíkur ekki una. Nefndin hafði eigi áhuga fyrir því að blanda sér í kjaramál þessarar þýðingarmiklu stéttar, sjómannastéttarinnar, og lýsti sig reiðubúna til þess að breyta frv. Að lokum varð um það samkomulag við formann Sjómannafélags Reykjavíkur, Jónas Garðarsson, og í því samkomulagi tóku einnig þátt hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson, 16. þm. Reykv., og Guðjón A. Kristjánsson, forseti Farmanna- og fiskimannafélags Íslands.

Með breytingu á frv. lýstu þessir aðilar allir að þeir gætu sætt sig við frv. og með því að það tryggir þá hagsmuni, sem ég hef lýst, telur nefndin afar nauðsynlegt að það nái afgreiðslu á þessu þingi og leggur til að frv. verði samþykkt með tveimur breytingum:

Í fyrsta lagi að við 1. gr. frv. bætist ný málsgrein er orðist svo:

„Lög þessi skulu á engan hátt skerða ákvæði kjarasamninga eða önnur samningsbundin réttindi þeirra er lög þessi taka til.“

Í öðru lagi að 6. gr. frv. falli brott.

Með þessum breytingum er afdráttarlaust úr því skorið að ótti ýmissa félagsmanna Sjómannafélags Reykjavíkur um að hér væri verið að raska eitthvað kjarasamningum þeirra er tilefnislaus. Nefndin leggur einróma til að frv. verði afgreitt með þessum tveimur breytingartillögum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vegtenging um utanverðan Hvalfjörð, síðari umr.

Stjtill., 429. mál (breyting á samningi). — Þskj. 700, nál. 799.

[17:42]

Frsm. samgn. (Pálmi Jónsson):

Hæstv. forseti. Samgn. hefur fjallað um till. til þál.

um vegtengingu við utanverðan Hvalfjörð. Nefndin hefur fengið á sinn fund Jón Birgi Jónsson, ráðuneytisstjóra í samgrn., sem skýrði efni tillögunnar og tilefni hennar en efni hennar er það að Alþingi veiti heimild til hæstv. samgrh. og fjmrh. með að undirrita samning við Spöl hf. um vegtengingu um utanverðan Hvalfjörð, sbr. 2. gr. laga nr. 45/1990.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem slík heimild er veitt af Alþingi. Raunar er hér farið fram á að veita slíka heimild í þriðja sinn og er orsök þess að nokkrar breytingar hafa verið á þeirri samningsgerð sem er í gangi um þetta mál en talið er nauðsynlegt að til þess að samningar í því horfi sem þeir eru nú strandi eigi, verði veitt heimild til þess að undirritað samning eða taka ábyrgð á samningum í því formi sem þeir eru og kynnt er með greinargerð frv.

Nefndin leggur til að tillaga þessi verði samþykkt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Iðnþróunarsjóður, 2. umr.

Stjfrv., 426. mál (framlenging laga). — Þskj. 697, nál. 800.

[17:44]

Frsm. iðnn. (Gísli S. Einarsson):

Frú forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um Iðnþróunarsjóð frá iðnn. á þskj. nr. 800. Þetta álit er álit um bráðabirgðaaðgerð. Í skjalinu stendur:

„Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk á sinn fund til viðræðna um það Þorkel Helgason og Finn Sveinbjörnsson frá iðnaðarráðuneytinu. Þeir lögðu áherslu á að með frumvarpinu væri verið að framlengja starfsemi Iðnþróunarsjóðs til bráðabirgða meðan verið væri að endurskoða skipan fjárfestingarlánasjóða atvinnuveganna og fjármögnun nýsköpunar í atvinnulífinu."

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með smábreytingum.

Undir þetta rita hv. þm. Svavar Gestsson, með fyrirvara, Gísli S. Einarsson, Sigríður A. Þórðardóttir, Páll Pétursson, með fyrirvara, Kristín Einarsdóttir, með fyrirvara, Guðjón Guðmundsson og Guðmundur Bjarnason.

Ég legg þetta fram á venjulegan máta.

[17:46]

Kristín Einarsdóttir:

Frú forseti. Ég gerði fyrirvara við þetta nefndarálit vegna þess að ég tel að þarna sé um nokkuð óvenjulegan gerning að ræða þar sem gert er ráð fyrir að 250 millj. kr. eða allt að því verði veitt sem áhættulán eins og kemur fram í a-lið 1. tölul. brtt. og til að taka þátt í kostnaði við skilgreind þróunarverkefni. Ég tel að á vissan hátt sé óeðlilegt að þriggja manna stjórn, sem iðnrh. skipar án tilnefningar, hafi með að gera að veita lán sem þessi og taka þátt í kostnaði. Þar sem hér er um bráðabirgðaráðstöfun að ræða og búið er að þrengja mjög möguleika þessara sjóðstjórna til þess að deila út fé mun ég styðja að þessi breyting verði gerð á lögum um Iðnþróunarsjóð.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lyfjalög, 2. umr.

Stjfrv., 403. mál (refsiákvæði o.fl.). — Þskj. 645, nál. 805.

[17:47]

Frsm. heilbr.- og trn. (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti á þskj. 805, um frv. til breytingar á lyfjalögum, nr. 93/1994, frá heilbr.- og trn.

Nefndin hefur fjallað um málið sem kveður á um að þrenns konar breytingar á ákvæðum lyfjalaga, nr. 93/1994.

1. Um er að ræða breytingu á refsiákvæðum laganna.

2. Kveðið er á um bann við auglýsingum.

3. Um er að ræða heimild frá heilbr.- og trmrh. um setningu reglugerðar um framleiðslu og markaðssetningu efna sem gjarnan eru notuð við ólöglega framleiðslu ávana- og fíkniefna, sbr. tilskipun 92/109 frá EBE.

Við umfjöllun um málið fékk nefndin á sinn fund Dögg Pálsdóttur, skrifstofustjóra í heilbr.- og trn. Nefndin mælir með að frv. verði samþykkt óbreytt. Sólveig Pétursdóttir og Guðrún J. Halldórsdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir þetta skrifar Gunnlaugur Stefánsson formaður, Tómas Ingi Olrich, Ingibjörg Pálmadóttir, Guðmundur Hallvarðsson, Margrét Frímannsdóttir, Finnur Ingólfsson og Sigríður A. Þórðardóttir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Viðlagatrygging Íslands, 2. umr.

Stjfrv., 384. mál (álag á iðgjöld). — Þskj. 618, nál. 806.

[17:50]

Frsm. heilbr.- og trn. (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti á þskj. 86 um frv. til laga um breytingu á Viðlagatryggingu Íslands, nr. 55/1992, frá heilbr.- og trn.

Nefndin hefur fjallað um frv. sem kveður á um að á árunum 1995–1999 verði innheimt 10% álag á iðgjald Viðlagatryggingar Íslands og að tekjur á álagningu renni í ofanflóðasjóð sbr. lög um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 28/1985. Nefndin fékk á sinn fund vegna málsins Dögg Pálsdóttur, skrifstofustjóra í heilbr.- og trn. Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með eftirfarandi lagatæknilegri breytingu:

Í stað 11. gr., 1. og 3. málsl., efnismgr. 1. gr. komi 10. gr.

Sólveig Pétursdóttir og Guðrún J. Halldórsdóttir voru fjarverandi afgreiðslu málsins. Undir málið skrifa Gunnlaugur Stefánsson formaður, Tómas Ingi Olrich, Ingibjörg Pálmadóttir, með fyrirvara, Finnur Ingólfsson, með fyrirvara, Margrét Frímannsdóttir, með fyrirvara, Guðmundur Hallvarðsson og Sigríður A. Þórðardóttir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Norðurlandasamningur um baráttu gegn mengun sjávar, frh. fyrri umr.

Stjtill., 449. mál. — Þskj. 767.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:54]

Till. vísað til síðari umr. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, HG, IP, JGS, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, MB, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

19 þm. (ÁJ, GB, GÁS, GJH, HÁ, IBA, JÁ, JE, JóhS, JBH, JHelg, KE, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SP, ÖS) fjarstaddir.

Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Samningur um verndun mannréttinda og mannfrelsis, frh. fyrri umr.

Stjtill., 450. mál. — Þskj. 768.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:54]

Till. vísað til síðari umr. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JE, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

13 þm. (ÁJ, EH, GÁS, GJH, JÁ, JóhS, JBH, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SP) fjarstaddir.

Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda, frh. 2. umr.

Stjfrv., 190. mál (fjárfesting í erlendum verðbréfum, víkjandi skuldabréfum o.fl.). — Þskj. 212, nál. 726.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:55]

1. gr. samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JE, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

12 þm. (ÁJ, GÁS, GJH, JÁ, JóhS, JBH, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SP) fjarstaddir.

2.–4. gr. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JE, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

13 þm. (ÁJ, EKJ, GÁS, GJH, JÁ, JóhS, JBH, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SP) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 51 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JE, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

12 þm. (ÁJ, GÁS, GJH, JÁ, JóhS, JBH, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SP) fjarstaddir.

Tryggingagjald, frh. 3. umr.

Stjfrv., 236. mál (sérstakur gjaldflokkur). — Þskj. 714, frhnál. 725.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:56]

Brtt. í frhnál. 725 samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JE, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

12 þm. (ÁJ, GÁS, GJH, JÁ, JóhS, JBH, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SP) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JE, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
13 þm. (ÁJ, EKJ, GÁS, GJH, JÁ, JóhS, JBH, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SP) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 824).

Refsiákvæði nokkurra skattalaga, frh. 3. umr.

Stjfrv., 319. mál. — Þskj. 719, brtt. 738.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:57]
Brtt. 738 samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JE, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
12 þm. (ÁJ, GÁS, GJH, JÁ, JóhS, JBH, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SP) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JE, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
12 þm. (ÁJ, GÁS, GJH, JÁ, JóhS, JBH, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SP) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 825).

Framleiðsla og markaðssetning vistvænna og lífrænna afurða, frh. 2. umr.

Frv. GHH o.fl., 398. mál. — Þskj. 638, nál. 739.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:58]
1. gr. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, JE, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, MB, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
15 þm. (ÁJ, EKJ, GÁS, GJH, IP, JÁ, JóhS, JBH, KE, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SP) fjarstaddir.

Brtt. 1 í nál. 739 (ný 2. gr.) samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, HG, IBA, IP, JE, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, MB, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
14 þm. (ÁJ, GÁS, GJH, HÁ, JÁ, JóhS, JBH, KE, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SP) fjarstaddir.

Brtt. 2 í nál. 739 samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JE, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, MB, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
13 þm. (ÁJ, GÁS, GJH, JÁ, JóhS, JBH, KE, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SP) fjarstaddir.

3. gr., svo breytt, samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, JE, JGS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, LMR, MB, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
17 þm. (ÁJ, EKJ, GÁS, GJH, IP, JÁ, JóhS, JBH, JVK, KE, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SP, TIO) fjarstaddir.

4.–6. gr. samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JE, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
12 þm. (ÁJ, GÁS, GJH, JÁ, JóhS, JBH, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SP) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, MB, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
16 þm. (ÁJ, EKJ, FI, GÁS, GJH, JÁ, JE, JóhS, JBH, KE, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SP) fjarstaddir.

Markaðssetning rekaviðar, frh. síðari umr.

Þáltill. JVK o.fl., 53. mál. — Þskj. 53, nál. 740.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:00]

Brtt. í nál. 740 (ný tillgr.) samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JE, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, MB, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

14 þm. (ÁJ, FrS, GÁS, GJH, JÁ, JóhS, JBH, KE, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SP) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JE, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

12 þm. (ÁJ, GÁS, GJH, JÁ, JóhS, JBH, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SP) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 827).

Jarðalög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 106. mál (EES-reglur o.fl.). — Þskj. 109, nál. 746.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:02]

1. gr. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JE, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

13 þm. (ÁJ, EKJ, GÁS, GJH, JÁ, JóhS, JBH, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SP) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JE, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, PP, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

16 þm. (ÁJ, EKJ, FI, GÁS, GJH, JÁ, JóhS, JBH, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, RA, SP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1 í nál. 746 samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JE, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

15 þm. (ÁJ, EKJ, GuðjG, GÁS, GJH, JÁ, JóhS, JBH, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SP, ÖS) fjarstaddir.

3. gr., svo breytt, samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JE, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

16 þm. (ÁJ, EKJ, GuðjG, GÁS, GJH, JÁ, JóhS, JBH, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SighB, SP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 2 í nál. 746 samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JE, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

15 þm. (ÁJ, GuðjG, GÁS, GJH, JÁ, JóhS, JBH, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SighB, SP, ÖS) fjarstaddir.

4. gr., svo breytt, samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JE, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP.

17 þm. (ÁJ, EKJ, GuðjG, GÁS, GJH, JÁ, JóhS, JBH, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SighB, SP, VE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 3 í nál. 746 samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JE, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

17 þm. (ÁJ, GuðjG, GÁS, GJH, GunnS, JÁ, JóhS, JBH, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SighB, SP, SvG, ÖS) fjarstaddir.

5. gr., svo breytt, samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JE, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

15 þm. (ÁJ, GuðjG, GÁS, GJH, JÁ, JóhS, JBH, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SighB, SP, ÖS) fjarstaddir.

6.–9. gr. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JE, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.
17 þm. (ÁJ, FrS, GuðjG, GÁS, GJH, JÁ, JóhS, JBH, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SighB, SP, SJS, ÖS) fjarstaddir.

10. gr. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, JE, JGS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
18 þm. (ÁJ, GuðjG, GÁS, GJH, IP, JÁ, JóhS, JBH, JVK, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SighB, SP, SvG, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 4 nál. 746 (ný grein, verður 11. gr.) samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JE, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP.
17 þm. (ÁJ, GuðjG, GÁS, GJH, GunnS, JÁ, JóhS, JBH, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SighB, SP, TIO, ÖS) fjarstaddir.

11.–15. gr. (verða 12.–16. gr.) samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JE, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
17 þm. (ÁJ, GuðjG, GÁS, GJH, JÁ, JóhS, JBH, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SighB, SP, SJS, SvG, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, HG, IBA, IP, JE, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

18 þm. (ÁJ, EKG, GuðjG, GÁS, GJH, HÁ, JÁ, JóhS, JBH, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SighB, SP, SvG, ÖS) fjarstaddir.

Útsendingar sjónvarps og útvarps til fiskimiða, frh. síðari umr.

Þáltill. GuðjG o.fl., 172. mál. — Þskj. 186, nál. 741.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:06]
Tillgr. samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JE, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
12 þm. (ÁJ, GÁS, GJH, JÁ, JóhS, JBH, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SP) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JE, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
12 þm. (ÁJ, GÁS, GJH, JÁ, JóhS, JBH, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SP) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 829).

Samkeppnisstaða innlendrar framleiðslu, frh. síðari umr.

Þáltill. FI o.fl., 56. mál. — Þskj. 56, nál. 743.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:07]
Till. í nál. 743 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JE, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
12 þm. (ÁJ, GÁS, GJH, JÁ, JóhS, JBH, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SP) fjarstaddir.

Endurgreiðsla oftekinna skatta og gjalda, frh. 2. umr.

Stjfrv., 406. mál. — Þskj. 652, nál. 747.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:07]

1. gr. samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JE, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

12 þm. (ÁJ, GÁS, GJH, JÁ, JóhS, JBH, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SP) fjarstaddir.

2.–5. gr. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JE, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

13 þm. (ÁJ, GHall, GÁS, GJH, JÁ, JóhS, JBH, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SP) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HG, IBA, IP, JE, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

14 þm. (ÁJ, GHall, GÁS, GJH, HBl, JÁ, JóhS, JBH, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SP) fjarstaddir.

Réttur til endurgreiðslu af ofteknum sköttum, frh. 2. umr.

Stjfrv., 407. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 653, nál. 748.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:09]

1. gr. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HG, IBA, IP, JE, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

15 þm. (ÁJ, GHall, GÁS, GJH, HBl, JÁ, JóhS, JBH, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SP, ÖS) fjarstaddir.

2.–4. gr. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HG, IBA, IP, JE, JGS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StG, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

17 þm. (ÁJ, GHall, GÁS, GJH, HBl, JÁ, JóhS, JBH, JVK, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SP, SvG, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HG, IBA, IP, JE, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

14 þm. (ÁJ, GÁS, GJH, HBl, JÁ, JóhS, JBH, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SP, ÖS) fjarstaddir.

Varðveisla arfs húsmæðraskóla, frh. síðari umr.

Þáltill. KÁ o.fl., 40. mál. — Þskj. 40, nál. 750.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:10]

Tillgr. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HG, IBA, IP, JE, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

15 þm. (ÁJ, EgJ, GÁS, GJH, HBl, JÁ, JóhS, JBH, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SP, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HG, IBA, IP, JE, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

14 þm. (ÁJ, GÁS, GJH, HBl, JÁ, JóhS, JBH, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SP, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 830).

Úttekt á kjörum fólks er stundar nám fjarri heimabyggð, frh. síðari umr.

Þáltill. GunnS o.fl., 132. mál. — Þskj. 138, nál. 751.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:11]

Brtt. í nál. 751 (ný tillgr.) samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JE, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StG, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

14 þm. (ÁJ, GÁS, GJH, JÁ, JóhS, JBH, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SP, SvG, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JE, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StG, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

14 þm. (ÁJ, GÁS, GJH, JÁ, JóhS, JBH, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SP, SvG, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgreidd sem ályktun Alþingis (þskj. 831).

Rannsóknarráð Íslands, frh. 2. umr.

Frv. TIO o.fl., 136. mál (skipan ráðsins). — Þskj. 142, nál. 763.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:12]

1. gr. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JE, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StG, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

15 þm. (ÁJ, EgJ, GÁS, GJH, JÁ, JóhS, JBH, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SP, SvG, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1 í nál. 763 (ný 2. gr.) samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, JE, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StG, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

16 þm. (ÁJ, EKG, GÁS, GJH, IP, JÁ, JóhS, JBH, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SP, SvG, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 2 í nál. 763 (nýtt ákv. til brb.) samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, JE, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StG, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

15 þm. (ÁJ, GÁS, GJH, IP, JÁ, JóhS, JBH, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SP, SvG, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, HG, IBA, JE, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StG, SJS, StB, TIO, VE, ÞorstP.

18 þm. (ÁJ, GB, GÁS, GJH, HÁ, IP, JÁ, JóhS, JBH, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SP, SvG, VS, ÖS) fjarstaddir.

Vörugjald af olíu, frh. 2. umr.

Stjfrv., 337. mál. — Þskj. 534, nál. 773, brtt. 771.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:14]

1. gr. samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, IBA, JE, JGS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

20 þm. (ÁJ, BBj, GÁS, GJH, GHelg, HG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JVK, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SP, StG, SvG, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 771,1 samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, JE, JGS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StG, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

17 þm. (ÁJ, BBj, GÁS, GJH, IP, JÁ, JóhS, JBH, JVK, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SP, SvG, ÖS) fjarstaddir.

2. gr., svo breytt, samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, IBA, JE, JGS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StG, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
19 þm. (ÁJ, BBj, FI, GÁS, GJH, HG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JVK, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SP, SvG, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 771,2 samþ. án atkvgr.
3. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.
Brtt. 771,3 (4. gr. falli brott) samþ. án atkvgr.
Brtt. 771,4 samþ. án atkvgr.
5. gr. (verður 4. gr.), svo breytt, samþ. án atkvgr.
Brtt. 771,5 samþ. án atkvgr.
6. gr. (verður 5. gr.), svo breytt, samþ. án atkvgr.
Brtt. 771,6 samþ. án atkvgr.
7. gr. (verður 6. gr.), svo breytt, samþ. án atkvgr.
Brtt. 771,7 samþ. án atkvgr.
8. gr. (verður 7. gr.), svo breytt, samþ. án atkvgr.
9. gr. (verður 8. gr.), samþ. án atkvgr.
Brtt. 771,8 samþ. án atkvgr.
10. gr. (verður 9. gr.), svo breytt, samþ. án atkvgr.
Brtt. 771,9 samþ. án atkvgr.
11. gr. (verður 10. gr.), svo breytt, samþ. án atkvgr.
Brtt. 771,10 samþ. án atkvgr.
12. gr. (verður 11. gr.), svo breytt, samþ. án atkvgr.
13.–21. gr. (verða 12.–20. gr.) samþ. án atkvgr.
Brtt. 771,11 samþ. án atkvgr.
22. gr. (verður 21. gr.), svo breytt, samþ. án atkvgr.
Brtt. 771,12 (nýtt ákv. til brb. I) samþ. án atkvgr.
Brtt. 771,13 samþ. án atkvgr.
Ákv. til brb. II, svo breytt, samþ. án atkvgr.
Brtt. 771,14 (nýtt ákv. til brb., verður ákv. til brb. II) samþ. án atkvgr.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JE, JGS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.
16 þm. (ÁJ, DO, GÁS, GJH, JÁ, JóhS, JBH, JVK, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, SP, ÖS) fjarstaddir.

Mengunarvarnabúnaður í bifreiðar ríkisins, frh. síðari umr.

Þáltill. GE og PBald, 16. mál. — Þskj. 16, nál. 794.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:20]
Till. í nál. 794 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, MB, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StG, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
15 þm. (ÁJ, DO, GÁS, GJH, JóhS, JBH, KE, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SP, SvG, ÖS) fjarstaddir.

Vegtenging um utanverðan Hvalfjörð, frh. síðari umr.

Stjtill., 429. mál (breyting á samningi). — Þskj. 700, nál. 799.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:21]
Tillgr. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ*, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JGS, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, MB, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StG, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
1 þm. (JE) greiddi ekki atkv.
16 þm. (ÁJ, DO, GÁS, GJH, JóhS, JBH, JHelg, KE, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SP, SvG, ÖS) fjarstaddir.
[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði ekki að greiða atkvæði.]

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EH, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JGS, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, MB, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StG, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
2 þm. (GÁ, JE) greiddu ekki atkv.
18 þm. (ÁJ, DO, EgJ, GB, GÁS, GJH, JóhS, JBH, JHelg, KE, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SP, SvG, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 834).

Iðnþróunarsjóður, frh. 2. umr.

Stjfrv., 426. mál (framlenging laga). — Þskj. 697, nál. 800.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:22]

1. gr. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, JÁ, JE, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, MB, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP.

18 þm. (ÁJ, GB, GÁS, GÁ, GJH, IP, JóhS, JBH, KE, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, SP, VS, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1 í nál. 800 samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JGS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, LMR, MB, PP, PJ, PBald, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

17 þm. (ÁJ, EKG, EKJ, GÁS, GJH, JóhS, JBH, JVK, KE, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RA, RG, SP, ÖS) fjarstaddir.

2. gr., svo breytt, samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, IBA, IP, JÁ, JE, JGS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, LMR, MB, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

15 þm. (ÁJ, GÁS, GJH, HG, JóhS, JBH, JVK, KE, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SP, ÖS) fjarstaddir.

3.–5. gr. samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, MB, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

14 þm. (ÁJ, EKJ, GÁS, GJH, JóhS, JBH, KE, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 2 í nál. 800 samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, IBA, IP, JÁ, JE, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, MB, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

14 þm. (ÁJ, GÁS, GJH, HG, JóhS, JBH, KE, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SP, ÖS) fjarstaddir.

6. gr., svo breytt, samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JGS, JHelg, JónK, JVK, KÁ, LMR, MB, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

15 þm. (ÁJ, EKJ, GÁS, GJH, JóhS, JBH, KHG, KE, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SP, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JGS, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, LMR, MB, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

14 þm. (ÁJ, FI, GÁS, GJH, JóhS, JBH, KHG, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SP, ÖS) fjarstaddir.

Áhafnir íslenskra kaupskipa, frh. 2. umr.

Stjfrv., 317. mál. — Þskj. 461, nál. 801.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:24]

Brtt. 1 í nál. 801 samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JGS, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, LMR, MB, PP, PJ, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

18 þm. (ÁJ, EH, EKG, GÁS, GJH, GHelg, JóhS, JBH, KHG, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PBald, RA, RG, SP, ÖS) fjarstaddir.

1. gr., svo breytt, samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JGS, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, LMR, MB, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

15 þm. (ÁJ, EH, GÁS, GJH, JóhS, JBH, KHG, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PBald, RA, SP, ÖS) fjarstaddir.

2.–5. gr. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JGS, JHelg, JVK, KÁ, KE, LMR, MB, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

19 þm. (ÁJ, EKG, GuðjG, GÁS, GJH, JE, JóhS, JBH, JónK, KHG, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PBald, RA, SP, StG, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 2 í nál. 801 (6. gr. falli brott) samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JGS, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, LMR, MB, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StG, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

15 þm. (ÁJ, GÁS, GJH, JóhS, JBH, KHG, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PBald, RA, SP, SvG, ÖS) fjarstaddir.

7.–18. gr. (verða 6.–17. gr.) samþ. án atkvgr.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JGS, JHelg, JónK, JVK, KÁ, LMR, MB, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

14 þm. (ÁJ, GÁS, GJH, JóhS, JBH, KHG, KE, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SP, ÖS) fjarstaddir.

Atvinnuréttindi vélfræðinga, frh. 3. umr.

Stjfrv., 315. mál (STCW-reglur o.fl.). — Þskj. 648.

[18:26]

Pálmi Jónsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Hér við þessa atkvæðagreiðslu hef ég verið beðin að koma á framfæri tiltekinni yfirlýsingu. Svo vill til að í 2. gr. þessa frv. er kveðið á um stærðarmörk eða afl véla þannig að á skipi með 75–220 kw. vél þarf einn vélgæslumann sem má vera hinn sami og skipstjóri, eins og þar segir, en vafi hefur þótt leika á um þau skip sem hefðu vélar með 220,5 eða 220,8 kw. afl. Ég lýsi því yfir að það er afdráttarlaus skilningur nefndarinnar að þessi ákvæði eigi við skip með allt að 221 kw. vél. Þetta er í rauninni staðfest í greinargerð frv. en til að taka af öll tvímæli vegna þess að þetta mun einhvers staðar vera deilumál þá þykir mér rétt að taka þetta fram hér.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JGS, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, LMR, MB, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

14 þm. (ÁJ, GÁS, GJH, JóhS, JBH, KHG, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, SP, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 837).

Atvinnuréttindi skipstjórnarmanna, frh. 3. umr.

Stjfrv., 316. mál (STCW-reglur o.fl.). — Þskj. 703.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:28]

Frv. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, FI, FrS, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JGS, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

16 þm. (ÁJ, ÁMM, EKJ, GHH, GÁS, GJH, JóhS, JBH, JHelg, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SP, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 838).

Neyðarsímsvörun, frh. 2. umr.

Stjfrv., 335. mál. — Þskj. 532, nál. 802, brtt. 803.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:29]

Brtt. 803,1 samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JE, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

1 þm. (GHelg) greiddi ekki atkv.

14 þm. (ÁJ, BBj, GÁS, GJH, JÁ, JóhS, JBH, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SP, ÖS) fjarstaddir.

1. gr., svo breytt, samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GunnS, HÁ, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

17 þm. (ÁJ, ÁMM, BBj, GÁS, GJH, GHelg, HBl, JóhS, JGS, JBH, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SP, ÖS) fjarstaddir.

2. gr. samþ. án atkvgr.

Brtt. 803,2 samþ. án atkvgr.

3. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.

Brtt. 803,3 samþ. án atkvgr.
4. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.
5. gr. samþ. án atkvgr.
Brtt. 803,4 samþ. án atkvgr.
6. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.
Brtt. 803,5 samþ. án atkvgr.
7. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.
8. gr. samþ. án atkvgr.
Brtt. 803,6 (9. gr. falli brott) samþ. án atkvgr.
Brtt. 803,7 samþ. án atkvgr.
10. gr. (verður 9. gr.), svo breytt, samþ. án atkvgr.
11. gr. (verður 10. gr.) samþ. án atkvgr.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.
15 þm. (ÁJ, EKJ, GB, GÁS, GJH, JóhS, JBH, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SP, StG, ÖS) fjarstaddir.

Kosningar til Alþingis, frh. 2. umr.

Frv. GHH o.fl., 442. mál (óbundið þingsæti, kjörskrá o.fl.). — Þskj. 757, nál. 804.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:33]
1. gr. samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StG, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
14 þm. (ÁJ, FrS, GÁS, GJH, JóhS, JBH, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SP, SvG, ÖS) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.
13 þm. (ÁJ, GÁS, GJH, JóhS, JBH, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SP, ÖS) fjarstaddir.

3.–22. gr. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, IBA, IP, JÁ, JE, JGS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, LMR, MB, PP, PJ, PBald, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StG, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.
19 þm. (ÁJ, EKG, FI, GÁS, GJH, HG, JóhS, JBH, JVK, KE, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RA, RG, SP, SJS, ÖS) fjarstaddir.

Ákv. til brb. I–II samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JGS, JHelg, JónK, JVK, KÁ, LMR, MB, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.
15 þm. (ÁJ, GÁS, GJH, HÁ, JóhS, JBH, KHG, KE, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SP, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, MB, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.
13 þm. (ÁJ, FrS, GJH, JóhS, JBH, KE, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SP, ÖS) fjarstaddir.

Lyfjalög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 403. mál (refsiákvæði o.fl.). — Þskj. 645, nál. 805.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:35]
1. gr. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HG, IBA, IP, JE, JGS, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, MB, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.
17 þm. (ÁJ, EKG, EKJ, GJH, HBl, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, KE, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SP, ÖS) fjarstaddir.

2.–4. gr. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JE, JGS, JónK, JVK, KÁ, LMR, MB, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.
17 þm. (ÁJ, EKJ, GÁS, GJH, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, KHG, KE, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SP, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JGS, JHelg, JónK, KÁ, KE, LMR, MB, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.
13 þm. (ÁJ, GJH, JóhS, JBH, JVK, KHG, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SP, ÖS) fjarstaddir.

Viðlagatrygging Íslands, frh. 2. umr.

Stjfrv., 384. mál (álag á iðgjöld). — Þskj. 618, nál. 806.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:36]
Brtt. í nál. 806 samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.
13 þm. (ÁJ, EKJ, GJH, JóhS, JGS, JBH, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SP, ÖS) fjarstaddir.

1. gr., svo breytt, samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, IBA, IP, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.
16 þm. (ÁJ, FI, GJH, HG, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SP, ÖS) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.
13 þm. (ÁJ, EKJ, GJH, JóhS, JGS, JBH, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SP, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, IBA, IP, JE, JHelg, JónK, JVK, KHG, KE, LMR, MB, PP, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.
18 þm. (ÁJ, EgJ, EKJ, GJH, HG, JÁ, JóhS, JGS, JBH, KÁ, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, RA, SP, ÖS) fjarstaddir.

Vitamál, frh. 3. umr.

Stjfrv., 306. mál (lög um vitamál og lögskráningu sjómanna). — Þskj. 778.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:37]
Frv. samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.
12 þm. (ÁJ, GJH, JE, JóhS, JBH, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SP, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 841).

Vegalög, frh. 3. umr.

Stjfrv., 314. mál (stofn- og viðhaldskostnaður girðinga). — Þskj. 454.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:38]
Frv. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.
13 þm. (ÁJ, EgJ, GJH, JE, JóhS, JBH, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SP, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 842).

Viðlagatrygging, frh. 3. umr.

Stjfrv., 239. mál (skíðalyftur o.fl.). — Þskj. 787.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:38]
Frv. samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.
14 þm. (ÁJ, ÁMM, EgJ, GJH, JE, JóhS, JBH, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SP, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 843).

Bókhald og ársreikningar, frh. 3. umr.

Frv. efh.- og viðskn., 418. mál (viðurlög og málsmeðferð, breyting ýmissa laga). — Þskj. 680.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:39]
Frv. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, IBA, JGS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StG, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.
18 þm. (ÁJ, GB, GJH, HG, IP, JÁ, JE, JóhS, JBH, JVK, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SP, SJS, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 844).

Veiting ríkisborgararéttar, frh. 3. umr.

Stjfrv., 354. mál (síðara stjfrv.). — Þskj. 788.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:39]
Frv. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.
15 þm. (ÁJ, GB, GÁ, GJH, JE, JóhS, JBH, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SAÞ, SP, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 845).

Listmenntun á háskólastigi, frh. 3. umr.

Stjfrv., 277. mál. — Þskj. 790.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:40]
Frv. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JGS, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.
15 þm. (ÁJ, GB, GÁ, GJH, JE, JóhS, JBH, JHelg, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SP, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 846).

Skoðun kvikmynda, frh. 3. umr.

Stjfrv., 219. mál (heildarlög). — Þskj. 791.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:40]
Frv. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, JÁ, JGS, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.
15 þm. (ÁJ, GÁ, GJH, IP, JE, JóhS, JBH, JHelg, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SP, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 847).
[Fundarhlé. — 18:41]

Út af dagskrá voru tekin 29.–30., 36.–39., 41., 61.–72. mál.

Fundi slitið kl. 21:05.

---

106. FUNDUR

föstudaginn 24. febr.,
kl. 9 síðdegis.

Dagskrá:

1. Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda, stjfrv., 190. mál, þskj. 212. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
2. Framleiðsla og markaðssetning vistvænna og líffrænna afurða, frv., 398. mál, þskj. 826. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
3. Jarðalög, stjfrv., 106. mál, þskj. 828. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
4. Endurgreiðsla oftekinna skatta og gjalda, stjfrv., 406. mál, þskj. 652. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
5. Réttur til endurgreiðslu af ofteknum sköttum, stjfrv., 407. mál, þskj. 653. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
6. Rannsóknarráð Íslands, frv., 136. mál, þskj. 832. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
7. Vörugjald af olíu, stjfrv., 337. mál, þskj. 833. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
8. Iðnþróunarsjóður, stjfrv., 426. mál, þskj. 835. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
9. Áhafnir íslenskra kaupskipa, stjfrv., 317. mál, þskj. 836. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
10. Neyðarsímsvörun, stjfrv., 335. mál, þskj. 839. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

11. Kosningar til Alþingis, frv., 442. mál, þskj. 757. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

12. Lyfjalög, stjfrv., 403. mál, þskj. 645. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

13. Viðlagatrygging Íslands, stjfrv., 384. mál, þskj. 840. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

14. Stjórnarskipunarlög, frv., 297. mál, þskj. 817. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

15. Eftirlit með skipum, frv., 453. mál, þskj. 775. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

16. Hitaveita Suðurnesja, stjfrv., 427. mál, þskj. 698. — 1. umr.

17. Grunnskóli, stjfrv., 126. mál, þskj. 131, nál. 666, 674, 675 og 678, frhnál. 795, brtt. 667 og 796, till. til rökst. dagskrár 676. — Frh. 2. umr.

18. Umferðaröryggismál, þáltill., 203. mál, þskj. 229, nál. 813. — Síðari umr. *Ef leyft verður.*

19. Nýting landkosta, þáltill., 23. mál, þskj. 23, nál. 814. — Síðari umr. *Ef leyft verður.*

20. Ráðherraábyrgð, þáltill., 34. mál, þskj. 34, nál. 815. — Síðari umr. *Ef leyft verður.*

21. Leiðtogafundur á Þingvöllum árið 2000, þáltill., 183. mál, þskj. 205, nál. 816. — Síðari umr. *Ef leyft verður.*

22. Stjórnarskipunarlög, frv., 451. mál, þskj. 769, nál. 848, brtt. 855. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

23. Framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum, stjfrv., 430. mál, þskj. 704, nál. 821. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

24. Stofnun Vilhjálms Stefánssonar á Akureyri, þáltill., 139. mál, þskj. 146, nál. 823. — Síðari umr. *Ef leyft verður.*

25. Leigubifreiðar, stjfrv., 329. mál, þskj. 499, nál. 734, brtt. 735. — Frh. 2. umr.

26. Fólksflutningar með langferðabifreiðum, stjfrv., 332. mál, þskj. 514, nál. 736. — Frh. 2. umr.

27. Vöruflutningar á landi, stjfrv., 333. mál, þskj. 515, nál. 737. — Frh. 2. umr.

28. Varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, stjfrv., 339. mál, þskj. 536, nál. 792, brtt. 793. — Frh. 2. umr.

29. Tóbaksvarnalög, stjfrv., 312. mál, þskj. 447, nál. 811, brtt. 812. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

30. Greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks, stjfrv., 447. mál, þskj. 765, nál. 849. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

31. Atvinnuleysistryggingar, stjfrv., 448. mál, þskj. 766, nál. 850. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

32. Húsnæðisstofnun ríkisins, stjfrv., 338. mál, þskj. 535, nál. 851, brtt. 852. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

33. Bjargráðasjóður, stjfrv., 371. mál, þskj. 600, nál. 853. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

34. Lánasjóður sveitarfélaga, stjfrv., 370. mál, þskj. 599, nál. 854. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

35. Náttúruvernd, stjfrv., 123. mál, þskj. 128, nál. 640 og 656, brtt. 641. — Frh. 2. umr.

36. Embættisfærsla umhverfisráðherra, þáltill., 138. mál, þskj. 145, nál. 624 og 649, brtt. 650. — Síðari umr.

37. Hvalveiðar, stjtill., 420. mál, þskj. 688. — Fyrri umr.

38. Umgengni um auðlindir sjávar, stjfrv., 431. mál, þskj. 706. — 1. umr.

39. Opinber fjölskyldustefna, stjtill., 422. mál, þskj. 692. — Fyrri umr.

40. Áfengislög, stjfrv., 269. mál, þskj. 318. — 1. umr. 41. Útflutningstryggingaráð, stjfrv., 446. mál, þskj. 764. — 1. umr.

Útbýting þingskjala:

Aðild að alþjóðastofnunum og alþjóðasamningum, 262. mál, svar utanrrh., þskj. 807.

Atvinnuleysistryggingar, 448. mál, nál. félmn., þskj. 850.

Bjargráðasjóður, 371. mál, nál. félmn., þskj. 853.

Framleiðsla og markaðssetning vistvænna og líffrænna afurða, 398. mál, þskj. 826.

Greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks, 447. mál, nál. félmn., þskj. 849.

Húsnæðisstofnun ríkisins, 338. mál, nál. félmn., þskj. 851; brtt. félmn., þskj. 852.

Iðnþróunarsjóður, 426. mál, þskj. 835.

Jarðalög, 106. mál, þskj. 828.

Kostnaður ríkissjóðs við Ár fjölskyldunnar, 377. mál, svar félmrh., þskj. 808.

Laun forstöðumanna ríkisstofnana, 168. mál, svar fjmrh., þskj. 809.

Launaflokkar og yfirvinna starfsmanna ríkisins, 300. mál, svar fjmrh., þskj. 810.

Lánasjóður sveitarfélaga, 370. mál, nál. félmn., þskj. 854

Neyðarsímsvörun, 335. mál, þskj. 839.

Rannsóknarráð Íslands, 136. mál, þskj. 832.

Stjórnarskipunarlög, 297. mál, þskj. 817.

Stjórnarskipunarlög, 451. mál, nál. sérnefndar, þskj. 848; brtt. JóhS, þskj. 855.

Viðlagatrygging Íslands, 384. mál, þskj. 840.

Vörugjald af olíu, 337. mál, þskj. 833.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Of skammt var liðið frá síðustu umræðu og/eða útbýtingu þskj. í 1.–15., 18.–24. og 29.–34. dagskrármáli. — Afbrigði samþ með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EH, EKG, EKJ, GHH, GuðjG, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IP, JÁ, JBH, JónK, JVK, KE, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP.

26 þm. (ÁJ, DO, EgJ, FI, FrS, GE, GB, GHall, GÁS, GJH, IBA, JE, JóhS, JGS, JHelg, KHG, KÁ, MF, MB, PP, RA, SP, StG, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda, 3. umr.

Stjfrv., 190. mál (fjárfesting í erlendum verðbréfum, víkjandi skuldabréfum o.fl.). — Þskj. 212.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:12]
Frv. samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EH, EKG, EKJ, GHH, GE, GuðjG, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IP, JÁ, JBH, JónK, JVK, KE, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP.
26 þm. (ÁJ, DO, EgJ, FI, FrS, GB, GHall, GÁS, GÁ, GJH, IBA, JE, JóhS, JGS, JHelg, KHG, KÁ, MF, MB, PP, RA, SP, StG, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 858).

Framleiðsla og markaðssetning vistvænna og lífrænna afurða, 3. umr.

Frv. GHH o.fl., 398. mál. — Þskj. 826.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:13]
Frv. samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EH, EKG, EKJ, GHH, GE, GuðjG, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IP, JÁ, JBH, JónK, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP.
28 þm. (ÁJ, DO, EgJ, FI, FrS, GB, GHall, GÁS, GÁ, GJH, IBA, JE, JóhS, JGS, JHelg, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, MB, PP, RA, SP, StG, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 859).

Jarðalög, 3. umr.

Stjfrv., 106. mál (EES-reglur o.fl.). — Þskj. 828.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:14]
Frv. samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, GHH, GE, GuðjG, GJH, GHelg, GunnS, HBl, HG, IP, JÁ, JónK, JVK, KE, LMR, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP.
28 þm. (ÁJ, EgJ, FI, FrS, GB, GHall, GÁS, GÁ, HÁ, IBA, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, KHG, KÁ, MF, MB, ÓÞÞ, PP, RA, SighB, SP, StG, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 860).

Endurgreiðsla oftekinna skatta og gjalda, 3. umr.

Stjfrv., 406. mál. — Þskj. 652.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:15]
Frv. samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EH, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GHelg, GunnS, HBl, HG, IP, JÁ, JBH, JónK, JVK, KE, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP.
26 þm. (ÁJ, DO, EgJ, FrS, GB, GHall, GÁS, GÁ, GJH, HÁ, IBA, JE, JóhS, JGS, JHelg, KHG, KÁ, MF, MB, PP, RA, SP, StG, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 861).

Réttur til endurgreiðslu af ofteknum sköttum, 3. umr.

Stjfrv., 407. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 653.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:16]
Frv. samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GJH, GHelg, GunnS, HBl, HG, IP, JÁ, JBH, JónK, JVK, KE, LMR, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP.
25 þm. (ÁJ, EgJ, FrS, GB, GHall, GÁS, GÁ, HÁ, IBA, JE, JóhS, JGS, JHelg, KHG, KÁ, MF, MB, ÓÞÞ, PP, RA, SP, StG, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 862).

Rannsóknarráð Íslands, 3. umr.

Frv. TIO o.fl., 136. mál (skipan ráðsins). — Þskj. 832.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:16]

Frv. samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GHelg, GunnS, HBl, HG, IP, JÁ, JBH, JónK, JVK, KE, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP.

25 þm. (ÁJ, EgJ, FrS, GB, GHall, GÁS, GÁ, GJH, HÁ, IBA, JE, JóhS, JGS, JHelg, KHG, KÁ, MF, MB, PP, RA, SP, StG, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 863).

Vörugjald af olíu, 3. umr.

Stjfrv., 337. mál. — Þskj. 833.

[21:17]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er talsverður hraði á afgreiðslu mála þessa dagana þannig að þegar þetta mál var til 2. umr. í dag þá var ég stödd á öðrum fundi og komst ekki í umræðuna um það. Ég vildi samt sem áður koma á framfæri ákveðnum athugasemdum í sambandi við þetta vörugjald.

Það sem ég vildi segja er að vissulega eru menn sammála um það að núverandi kerfi er ekki nógu gott og hefur það sýnt sig á undanförnum árum að það hefur verið þar verulegt svindl og jafnvel undanskot frá *því að greiða þungaskatt af olíu. Samt sem áður er það* líka staðreynd að eftirlitið hefur aukist nokkuð, sérstaklega síðasta árið, vegna þess að Vegagerðin yfirtók eftirlitið með mælunum. Þó er þar enn þá pottur brotinn því kærur sem lagðar eru fram um svik í þessu þungaskattskerfi ná ekki fram. Þess vegna hefur einmitt verið almennur áhugi á því að innheimta þennan þungaskatt í olíunni sjálfri.

Nú lítur út fyrir það að með þessu frv. eigi ekki að gera það sem upphaflega var rætt um þegar innheimtu þungaskatts yrði breytt, þ.e. að þá yrði um litaða olíu að ræða. Það er alveg hægt að búast við því að það verði veruleg undanskot í þessu nýja kerfi ekki síður en var í þungaskattskerfinu sem við búum við í dag. Þessi breyting kostar allmikið og það er spurning hvort við verðum eitthvað betur sett en áður ef ekki er hægt að fylgjast með því að þau undanskot sem þetta átti að koma í veg fyrir verði ekkert minni en áður var. Það hefur alltaf verið talað um það og í löndunum í kringum okkur er notuð lituð olía. Nú hefur að vísu komið í ljós á þeim stutta tíma sem sem hv. efh.- og viðskn. hafði til að fjalla um þetta mál, að hin svokallaða litaða olía er mjög mengandi og í sumum löndum eru menn farnir að sjá áhrif af því. Ég tel að þegar hér hefur verið talað um það á hinu háa Alþingi að við breyttum þessari innheimtu þungaskatts þá hafi menn í raun og veru alltaf verið að hugsa um það að kerfið yrði skilvirkara og það yrði skilvirkara með því að það væri hægt að sjá mismun á því hvort fólk væri að kaupa litaða olíu eða ólitaða eftir því til hverra hluta hún ætti að notast.

Síðan er ýmislegt að athuga í þessu frv. líka. Olíunotkun á bíla er stórkostlega vanmetin í forsendum þessa frv. og það gildir í raun um alla stærðarflokka bifreiða og þetta raskar öllu því mati sem hér er lagt á. Það má hugsanlega vinna það betur í framhaldinu, en það bendir einmitt til þess að það þyrfti að vinna frv. betur áður heldur en það er samþykkt. Þetta sem hér á að nota, þ.e. sem nokkurs konar endurgreiðslukerfi aftur, að þeir sem kaupa olíuna með þessu gjaldi geti fengið það endurgreitt svipað og virðisaukaskattsskýrslur gefa fólki kost á að fá endurgreiddan innskatt, en það eru aðeins Danir sem hafa notast við slíka aðferð og þeir eru núna að leggja hana niður og þá ætlum við á sama tíma að fara að taka hana upp.

Það er einnig bent á það frá samtökum landflutningamanna að fólksflutningar koma alveg sérstaklega illa út úr þessari breytingu. Það segir hér í bréfi sem ég hef frá landflutningamönnum, að hvorki leigubifreiðar né hópferðabifreiðar séu í þessu virðisaukaskattskerfi *og virðisaukaskattur sem lendir ofan á hlut* þungaskatts í olíuverðinu fæst ekki endurgreiddur. Það leiðir til hækkunar á rekstri þessarar þjónustu í verulegum mæli og sú hækkun mun leiða til hækkunar fargjalda. Þetta hljóti að vera verulegt áhyggjuefni og *menn velta því fyrir sér hvernig eigi* að leysa það, hvort almenningur muni þurfa að bera þennan kostnað með virðisaukaskatti á þungaskattinn í olíunni, hvort hann muni þá þurfa að bera hann í auknum kostnaði leigubifreiða til dæmis eða fólksflutningagjalds.

Ég tel að það séu mjög margir gallar á frv. og hafi, eins og oft vill verða á síðustu dögum þingsins, ekki unnist nægur tími til að skoða það hvort þetta er rétt til þess að ná betri innheimtu á þungaskattinum. Í nál. frá efh.- og viðskn. segir í 9. lið, með leyfi forseta:

„Lagt er til að gildistöku laganna verði frestað um hálft ár eða til 1. janúar 1996. Til samræmis er ákvæðum til bráðabirgða breytt á sama hátt. Nefndin telur frestun á gildistökunni nauðsynlega svo að nægur tími gefist til að undirbúa framkvæmdina.“ — Við erum nú farin að verða nokkuð vör við eitthvað slíkt hér þegar verið er að afgreiða frumvörp. — „Í þessu sambandi leggur nefndin einnig til að inn í frumvarpið verði tekið nýtt ákvæði til bráðabirgða sem mælir fyrir um skipun sérstakrar samráðsnefndar sem hafi það hlutverk að vera til ráðgjafar um undirbúning og framkvæmd laganna.“ — Um undirbúning laganna. Er þá ekki búið að undirbúa þessi lög og þaðan af síður búið að undirbúa framkvæmdina? Hvers konar vinnubrögð eru það á hinu háa Alþingi að hér er lagt til að skipuð sé nefnd sem á að undirbúa og vinna að þessum lögum eftir að þau eru sett hér í einhverjum hraða?

Mér finnst því vera mjög einkennilega staðið að því

að afgreiða þetta mál og vildi koma á framfæri þeim athugasemdum. Ég tel að þetta frv. hafi ekkert erindi í gegnum þingið á þessu stigi, það eigi eftir að skoða þetta mál miklu betur og vinna það betur. Þó vil ég samt sem áður leggja áherslu á að ég tel að það þurfi að vinna að því að þetta sé gert með þessum hætti, en ég tel að undirbúningurinn að því sé alls ekki nógu góður, enda kemur það greinilega fram í nál.

Umræðu frestað.

Iðnþróunarsjóður, 3. umr.

Stjfrv., 426. mál (framlenging laga). — Þskj. 835.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:28]

Frv. samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IP, JÁ, JBH, JónK, JVK, KE, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP.

23 þm. (ÁJ, EgJ, FI, FrS, GHall, GÁS, IBA, JE, JóhS, JGS, JHelg, KHG, KÁ, MF, MB, PP, PBald, RA, SP, StG, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 864).

Áhafnir íslenskra kaupskipa, 3. umr.

Stjfrv., 317. mál. — Þskj. 836.

[21:29]

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Í þeim asa og þeim sérkennilegu vinnubrögðum sem hér hafa verið höfð í frammi í dag, þegar tugir mála eru afgreidd sem lög frá Alþingi, fer ekki hjá því að tími gefst ekki til þess að skoða hvert einasta mál eins og vert væri og þó að sú sem hér stendur þykist reyna að lesa flest þingmál í gegn þá er það auðvitað misvel gert. Það mál sem hér er til umræðu, frv. til laga um áhafnir íslenskra kaupskipa, er þess eðlis að ég vil lýsa því yfir hér að ég mun ekki greiða því atkvæði hér við 3. umr. Ég held að þetta mál þarfnist nánari skoðunar, enda kemur það í ljós að samtök sjómanna eru hrædd við þetta frv. Það eru afar sérkennilegir hlutir hér í skýringum við einstakar greinar frv. og nægir, hæstv. forseti, að lesa setningu eins og þessa, með leyfi hæstv. forseta: „Í frv. þessu“ — þetta er um 3. gr. — „er ekki kveðið á um lágmarksfjölda skipstjórnar- og vélstjórnarmanna á íslenskum kaupskipum að öðru leyti en því að á hverju skipi skuli vera skipstjóri.“ — Það er nú mesti munur að það skuli þó a.m.k. vera tryggt.

Ýmislegt annað er hér að sjá eins og 6. gr., en hún var reyndar, ef ég man rétt, felld niður, sem betur fer, en þar var kveðið á um að einstakir skipverjar geti gegnt störfum bæði á þilfari og sem aðstoðarmenn í vélarrúmi. Ég held að þetta mál þurfi einfaldlega miklu betri skoðun og er ekki að tilefnislausu að samtök sjómanna eru óróleg út af frv. ef að lögum verður.

Ég hlýt nú enn einu sinni þegar málefni sjómanna ber á góma hér að auglýsa eftir þeim manni sem á þingi situr vegna þess að hann hefur verið í forustu fyrir sjómannasamtökum, hv. 16. þm. Reykv., Guðmundi Hallvarðssyni. Hvar er hann í hvert einasta skipti sem málefni sjómanna eru á dagskrá á hinu háa Alþingi? Sjómenn hafa ekki átt marga málsvara í þessari virðulegu stofnun og er alveg lágmark að þeir sem hingað hafa verið kjörnir vegna stöðu sinnar í samtökum sjómanna hirði um að fylgjast með afgreiðslu þeirra mála. Ég vildi í allri vinsemd taka það fram, hæstv. forseti, að ég hef í dag gert það sem ég hef getað til að greiða fyrir hverju þingmálinu á fætur öðru, bæði stjórnarfrv. og frv. einstakra þingmanna og ekki síst stjórnarþingmanna, því málefni stjórnarandstöðunnar hafa ekki mikið komið út úr nefndum enn sem komið er. En ég held að það geti ekki verið til of mikils mælst að fara þess á leit við hæstv. forseta og hv. formann samgn., sem ég treysti öðrum mönnum betur, og ég vil taka það fram, til að vinna vel mál úr þeim nefndum sem hann stýrir, að þessu máli verði frestað þó ekki væri nema til morguns þannig að okkur gæfist tími til að skoða það ofurlítið betur.

Ég segi fyrir mig, ég kysi að hafa aðeins tíma til að heyra sjálf í forustumönnum sjómanna. Ég hafði spurnir af því að þeir hefðu haft samband við nefndarmenn og lýst áhyggjum sínum og ég tel það vera skyldu okkar þingmanna að ganga úr skugga um hvort einhver ástæða er fyrir þeim ótta. Ég vil sem sagt, hæstv. forseti, fara þess á leit að málinu verði frestað um sinn og okkur gefist kostur á að skoða það ofurlítið nánar. Vel má vera að ég hafi rangt fyrir mér, það sé engin ástæða til að óttast, en þegar verið er að setja lög sem eru svo þýðingarmikil sem þetta frv. þá hlýtur það að vera skylda hvers einasta þingmanns að vera nokkuð viss um að hann sé ekki að gera sjómannastéttinni í þessu tilviki skaða með samþykkt frv. Ég óska því eftir að málinu verði frestað til morguns.

[21:33]

Frsm. samgn. (Pálmi Jónsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fresta afgreiðslu þessa máls. Það er líka mikið í húfi. Ef þetta mál nær eigi fram að ganga þá eigum við það á hættu að íslenskum skipverjum um borð í erlendum skipum verði hent frá borði og við eigum það á hættu að íslensk skip missi réttindi sín í erlendum höfnum. Ég skýrði frá því í dag að samkomulag var gert við fyrrv. formann Sjómannafélags Reykjavíkur, sem gat því miður ekki verið hér í kvöld, en tók þátt í afgreiðslu málsins við 2. umr., auk þess sem forseti Farmanna- og fiskimannasambandsins var á þeim fundi. Áður hafði verið rætt við alla helstu hagsmunaaðila í þessu máli.

Það sem hv. þm. sagði um mönnun eða þau ákvæði

frv. sem lúta að mönnun skipa, þá er hvarvetna um lágmarksmönnun að ræða en ekki hámarks. Þannig að það eru fullar heimildir samkvæmt frv. að hafa fleiri um borð í skipi heldur en lágmarksmönnun segir til um ef samningar lúta að því. Og ákvæði sem við settum inn í frv. í brtt. sem afgreidd var við 2. umr. taka af allan vafa um það að kjarasamningar halda gildi sínu umfram þessi lög og önnur samningsbundin réttindi sem sjómenn hafa aflað sér.

[21:35]

Guðrún Helgadóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að hv. 2. þm. Norðurl. v. hafi misskilið orð mín. Ég er ekkert að óska eftir því að stöðva þetta mál, ég er aðeins að óska eftir því að fá nokkra klukkutíma til þess að skoða það ofurlítið nánar. Ég hef oft og tíðum sinnt ofurlítið málefnum sjómanna, ég hef talið mér það skylt þó ekki væri nema vegna uppruna míns og það eru ekki svo margir sem gera það hér, að ég á erfitt með að taka afstöðu til máls sem ég hef alvarlegar efasemdir um. Ég er einungis að biðja um að fá tíma til að eyða þeim efasemdum og þá mun ég að sjálfsögðu greiða fyrir að þetta frv. verði að lögum ef engin ástæða er til að óttast það sem í því stendur. En ég er ekki nógu sannfærð til þess að greiða þessu frv. atkvæði við 3. umr. og ég fæ ekki séð hvers vegna það er til svo mikils mælst að málinu verði frestað til morguns. Hér eiga eftir að fara fram atkvæðagreiðslur á morgun og ég mun ekki á nokkurn hátt setja fjötur á þetta mál ef ég fæ tíma til að skoða það nánar. Ég vildi að ég sæi í hugskot þeirra hv. þm. sem hér sitja. Ég er ekki alveg sannfærð um að þeir hafi allir skoðað þetta mál mjög nákvæmlega. Það má vel vera að við eigum ekkert að vera að hafa áhyggjur af því hvernig við greiðum atkvæði á hinu háa Alþingi. Ég geri það eins og ég hef alltaf gert og ítreka þá beiðni mína að fá að skoða þetta mál til morguns.

Umræðu frestað.

Neyðarsímsvörun, 3. umr.

Stjfrv., 335. mál. — Þskj. 839.

[21:38]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég sakna þess að í salnum skuli ekki vera hæstv. fjmrh. Hæstv. fjmrh. varð frægur fyrir þau ummæli sín á sínum tíma sem urðu að slagorði „Báknið burt" og hefur nú staðið í því, eins og allir vita, að selja stofnanir ríkisins. En nú hafa hlutir snúist á þann veg að „ein stofnun á dag kemur skapinu í lag" og ég er ekki alveg viss um að við séum alltaf að velja ódýrustu leiðina. Það eru engar deilur um það að það þarf að hafa neyðarnúmer og verða ekki. Slökkviliðið hefur séð um þetta að miklu leyti í Reykjavík ásamt Vara og lögreglustöðvar eru með sólarhringsvakt úti um land sem hafa tekið á móti þessum skilaboðum þar þegar menn hafa þurft að hafa samband við þær.

Ég er sannfærður um að það verður hvergi sparnaður hjá þessum stofnunum þó að það verkefni sé af þeim tekið sem hér er verið að færa til nýrra aðila. Ég er sannfærður um að það verður vel unnið hjá þessum nýju aðilum að því að leysa það verkefni sem þeir fá með nýrri stofnun. En ég sakna hæstv. fjmrh. vegna þess að mér finnst að það komi stundum fram eins og ágætur fjmrh. Sjálfstfl. á sínum tíma, Albert Guðmundsson, orðaði svo vel, að ríkissjóður ætti fáa vini. Og þegar menn á seinustu dögum þingsins eru að stofna nýjar og nýjar stofnanir þá spyr maður: Er virkilega þörf á því að gera þessa hluti? Er það fullreynt að ekki sé hægt að leysa þessi mál án þess að fá nýjar stofnanir? En nú er hæstv. fjmrh. fjarverandi og ég ætla ekki að flytja hér langa ræðu um þetta mál. Málið er í eðli sínu gott, við viljum allir að hægt sé að hringja í neyðarsíma, en það er ekkert sem kemur í veg fyrir það að þetta sé stillt annars vegar inn á lögreglustöðvar, hins vegar inn á slökkviliðið hér ef menn vilja spara peninga. En það getur verið að það hafi enginn áhuga á því að spara peninga.

[21:41]

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Ég held að það sé mjög nauðsynlegt að koma á neyðarsímsvörun einhvern veginn með þeim hætti sem verið er að leggja til hér og ég held að það sé mjög brýnt að styðja það. Allir höfðu ákveðnar skoðanir á því, sem komu að þessu í nefndinni, á hvern hátt þetta mætti gerast best. Þar sem ég gat ekki komið því á framfæri í 2. umr. þá vil ég nota tækifærið hér og segja að að mörgu leyti hef ég talið það heppilegt að einn aðili héldi utan um þetta og hafði þá sérstaklega í huga Slysavarnafélag Íslands sem ég veit að hefur mjög gott net út um landið og ýmis sveitarfélög hafa mælt með því. En ég held að sú niðurstaða sem hér hefur fengist geti leitt til mjög góðrar lausnar þar sem við nýtum alla þá bestu krafta sem kostur er á hér á landi og hafa komið að þessu og byggja á reynslu í þessum málum, því það er töluverð þekking fyrir hendi og það er að sjálfsögðu þessara aðila að sjá til þess að það verði gert með þeim hætti sem best er. Ég trúi því að það verði hægt að ná góðu samkomulagi og sátt á grunni þeirra laga sem vonandi verða hér samþykkt um neyðarsíma, en hér er fyrst og fremst um afskaplega gott og þarft mál að ræða og þar af leiðandi vona ég að þingið greiði fyrir því.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Kosningar til Alþingis, 3. umr.

Frv. GHH o.fl., 442. mál (óbundið þingsæti, kjörskrá o.fl.). — Þskj. 757.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lyfjalög, 3. umr.

Stjfrv., 403. mál (refsiákvæði o.fl.). — Þskj. 645.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Viðlagatrygging Íslands, 3. umr.

Stjfrv., 384. mál (álag á iðgjöld). — Þskj. 840.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:45]
Frv. samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, GHH, GE, GuðjG, GJH, GHelg, HBl, HG, IP, JBH, JónK, JVK, KE, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP.
28 þm. (ÁJ, ÁMM, EgJ, FI, FrS, GB, GHall, GÁS, GÁ, GunnS, HÁ, IBA, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, KHG, KÁ, LMR, MB, PP, RA, SP, StG, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 876).

Neyðarsímsvörun, frh. 3. umr.

Stjfrv., 335. mál. — Þskj. 839.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:45]
Frv. samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, GHH, GE, GuðjG, GJH, GHelg, GunnS, HBl, HG, IP, JBH, JónK, JVK, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP.
1 þm. (ÓÞÞ) greiddi ekki atkv.
25 þm. (ÁJ, EgJ, FI, FrS, GB, GHall, GÁS, GÁ, HÁ, IBA, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, KHG, KÁ, MB, PP, RA, SP, StG, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 873).

Kosningar til Alþingis, 3. umr.

Frv. GHH o.fl., 442. mál (óbundið þingsæti, kjörskrá o.fl.). — Þskj. 757.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:46]
Frv. samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, GHH, GE, GuðjG, GJH, GHelg, GunnS, HBl, HG, IP, JBH, JónK, JVK, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP.
25 þm. (ÁJ, EgJ, FI, FrS, GB, GHall, GÁS, GÁ, HÁ, IBA, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, KHG, KÁ, MB, PP, RA, SP, StG, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 874).

Lyfjalög, frh. 3. umr.

Stjfrv., 403. mál (refsiákvæði o.fl.). — Þskj. 645.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:46]
Frv. samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, GHH, GE, GuðjG, GJH, GHelg, GunnS, HBl, IP, JBH, JónK, JVK, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP.
26 þm. (ÁJ, EgJ, FI, FrS, GB, GHall, GÁS, GÁ, HÁ, HG, IBA, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, KHG, KÁ, MB, PP, RA, SP, StG, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 875).

Stjórnarskipunarlög, 3. umr.

Frv. GHH o.fl., 297. mál (mannréttindaákvæði). — Þskj. 817.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Eftirlit með skipum, 1. umr.

Frv. samgn., 453. mál (innflutningur skipa eldri en 15 ára). — Þskj. 775.

[21:47]

Frsm. samgn. (Pálmi Jónsson):

Hæstv. forseti. Frv. þetta er flutt af samgn. að höfðu samráði við samgrn. og ýmsar stofnanir sem hagsmuna eiga að gæta í sjávarútvegi. Frv. er samið af Siglingamálastofnun ríkisins og er tiltölulega einfalt. Það felur það í raun aðeins í sér að verið er að leggja til að fellt sé niður aldurshámark á innflutningi fiskiskipa sem er miðað við 15 ár í gildandi lögum.

Eins og fram kemur í greinargerð frv. hefur sú þróun átt sér stað bæði að því er varðar fiskiskip og kaupskip að gerð þeirra er önnur og það efni sem þau eru smíðuð úr er sterkara en áður. Sjóhæfni þeirra og styrkleiki miðast ekki eins og áður var við aldur held-

ur aðra hluti og ætla ég ekki að rekja það í löngu máli en að þessu er vikið í greinargerð frv. og skýrt nokkuð þar.

Ég vil geta þess að allir þeir aðilar sem spurðir voru álits á því hvort rétt væri að flytja slíkt frv. mæltu með því utan einn en það var Landssamband ísl. útvegsmanna sem mælti gegn því að þessi aldursregla yrði afnumin. Það var þó ekki á þeirri umsögn að skilja að öryggisatriði réðu um þá afstöðu samtakanna heldur önnur atriði sem lúta að stærð fiskiflotans og nýtingu fiskstofnanna hér við land eða á nálægum miðum.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara um þetta frv. mörgum orðum. Samkvæmt frv. yrði skip, sem keypt væri eða leigt frá útlöndum til skráningar hér á landi, að hafa verið smíðað í samræmi við reglur sem eru viðurkenndar flokkunarreglur hér og það skip yrði að fullnægja íslenskum lögum og reglum um styrkleika, búnað og haffæri og slík skoðun yrði að fara fram áður en heimild yrði að flytja skipið inn.

Að lokinni skoðun og mati á skipinu áður en það er flutt inn tæki siglingamálastjóri ákvörðun um það hvort hann mælti með að skipið yrði flutt inn og skráð hér á landi eða ekki.

Þessar reglur sýnast vera mjög afdráttarlausar og Siglingamálastofnun og siglingamálastjóri treystu sér fullvel til þess að meta þessi tilvik öll í samræmi við þær reglur sem eru settar í þessari lagagrein.

Hæstv. forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum. Ég mun heldur ekki óska eftir því að frv. þetta gangi að nýju til nefndar, það er flutt af nefnd og nefndin leggur til að það verði samþykkt á þessu þingi.

[21:51]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Það litla frv. lætur ekki mikið yfir sér og hv. formaður samgn. hafði ekki mörg orð um það. Það er flutt af samgn. en ég vildi samt að það kæmi hér fram að ég var ekki á þeim fundi þar sem ákveðið var að leggja þetta fram af hálfu nefndarinnar og hafði því ekki tækifæri til þess að ræða það eða spyrja neitt frekar út í það.

Samgn. hafa borist umsagnir um þetta sem að vísu eru flestar jákvæðar en þó ein mjög neikvæð frá Landssambandi ísl. útvegsmanna. Ég verð að segja að ég hef vissar efasemdir um það að við eigum að rýmka þetta ákvæði og tek þar undir athugasemdir landssambandsins um að það sé staðreynd að íslenski fiskiskipaflotinn sé miklu stærri en æskilegt væri og þess vegna hafa þeir efasemdir um að það sé rétt að rýmka þessi ákvæði meira. Í dag er þetta ákvæði 15 ár um skip sem leyft er að flytja inn. Þrátt fyrir að sjómannasamtökin og vélstjórafélögin eru þessu samþykkt hef ég vissar efasemdir um þetta fyrst og fremst vegna þess að við skulum leyfa hærri hámarksaldur á skipum til innflutnings á sama tíma og við erum með þróunarsjóð sem á að úrelda skip. Hann er að úrelda skip sem eru margfalt yngri en þau skip sem hér á að fara að leyfa að flytja inn.

Á þessu stigi mun ég ekki leggjast gegn því að frv. fari í gegn en ég tel að það hefði þurft að athuga það betur en eins og oft vill verða hér á síðustu dögum þingsins að þá gefst ekki nægur tími til þess. Ég er ekki tilbúin til að taka afstöðu til þess hvort þetta sé rétt á þessu stigi en hef miklar efasemdir um það.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Hitaveita Suðurnesja, 1. umr.

Stjfrv., 427. mál (eignaraðilar og eignarhlutföll). — Þskj. 698.

[21:54]

Iðnaðarráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Frú forseti. Þetta frv. er flutt vegna þess að Keflavík, Njarðvík og Hafnahreppur, eigendur Hitaveitu Suðurnesja, hafa verið sameinuð í eitt sveitarfélag og því er nauðsynlegt að gera breytingu á lögum um Hitaveitu Suðurnesja, nr. 100/1974.

Í frv. er lagt til að upptalning laganna á eignaraðilum og eignarhlutföllum þeirra taki mið af hinu nýja sameinaða sveitarfélagi. Jafnframt er gert ráð fyrir því að hið sameinaða sveitarfélag eigi þrjá fulltrúa í stjórn Hitaveitu Suðurnesja og þrjá til vara.

Í 11. gr. laganna er kveðið svo á um að stjórn Hitaveitu Suðurnesja geti ekki skuldbundið eignaraðila nema að fengnu samþykki a.m.k. fimm þeirra. Þar sem eignaraðilum hefur fækkað er því lagt til að nægjanlegt sé að samþykki fjögurra sé leitað.

Þar sem heimild 13. gr. laganna um stækkun raforkuvers í Svartsengi hefur verið fullnýtt þykir rétt að fella greinina niður í heild sinni.

Ég vil aðeins taka fram, virðulegi forseti, að frv. þetta til breytingar á lögum um Hitaveitu Suðurnesja er flutt sem samkomulagsmál fyrir eignaraðila.

Ég legg til að málinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:57]

Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, BBj, DO, EKG, EKJ, GHH, GE, GuðjG, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IP, JÁ, JBH, JónK, JVK, LMR, MF, ÓE, ÓÞÞ, PJ, PBald, SalÞ, SigG, SighB, StB, TIO, VS, ÞorstP.

29 þm. (ÁJ, ÁMM, EH, EgJ, FI, FrS, GB, GHall, GÁS, IBA, JE, JóhS, JGS, JHelg, KHG, KÁ, KE, MB, ÓRG, PP, RA, RG, SAÞ, SP, StG, SJS, SvG, VE, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til iðnn. án atkvgr.

Eftirlit með skipum, frh. 1. umr.

Frv. samgn., 453. mál (innflutningur skipa eldri en 15 ára). — Þskj. 775.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:58]

Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, GHH, GE, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, IP, JÁ, JBH, LMR, MF, ÓE, ÓÞÞ, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StB, TIO, VS, ÞorstP.

3 þm. (AÓB, GJH, JVK) greiddu ekki atkv.

28 þm. (ÁJ, EgJ, FI, FrS, GuðjG, GB, GHall, GÁS, HG, IBA, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, MB, ÓRG, PP, RA, SP, StG, SJS, SvG, VE, ÖS) fjarstaddir.

Leigubifreiðar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 329. mál (heildarlög). — Þskj. 499, nál. 734, brtt. 735.

Fólksflutningar með langferðabifreiðum, frh. 2. umr.

Stjfrv., 332. mál (aldurshámark bifreiðastjóra). — Þskj. 514, nál. 736.

og

Vöruflutningar á landi, frh. 2. umr.

Stjfrv., 333. mál (aldurshámark bifreiðastjóra). — Þskj. 515, nál. 737.

[21:59]

Petrína Baldursdóttir:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Pálmi Jónsson, formaður samgn., gerði í fyrradag grein fyrir brtt. samgn. við frv. til laga um leigubifreiðar. Í nál. kemur fram fyrirvari minn við þær brtt. og vil ég í örfáum orðum gera grein fyrir í hverju hann er fólginn.

Fyrirvari minn er fólginn í því atriði er snertir breytingar sem gerðar eru við 7. gr. í frv. Á þskj. 735 í 3. tölul. þar sem rætt er um breytingu á 7. gr. er það b-liður sem ég hef haft fyrirvara á. Í b-lið er talað um að nýr málsl. bætist við 7. gr. er orðist svo, með leyfi forseta:

„Þó er heimilt að framlengja atvinnuleyfi til eins árs í senn allt til 75 ára aldurs leyfishafa ef hann telst hæfur til að stunda leiguakstur á grundvelli hæfnisprófs og læknisskoðunar eftir því sem nánar er ákveðið í reglugerð."

Eins og kom fram í máli hv. þm. Pálma Jónssonar, formanns samgn., skal meginreglan vera sú að atvinnuleyfi bifreiðastjóra falla úr gildi við 70 ára aldur. Brtt. gerir hins vegar ráð fyrir því að hægt sé að víkja frá þessari meginreglu til eins árs í senn, allt til 75 ára aldurs á grundvelli hæfnisprófs og læknisskoðunar. Þarna er verið að framlengja atvinnuleyfi. Það eru mjög skiptar skoðanir um það ákvæði hvort menn skuli hætta akstri atvinnubifreiða við ákveðin aldursmörk eða ekki. Ég hefði viljað láta ákvæði frv. gilda án þess að hægt væri að veita þessa undantekningu frá meginreglunni.

Gildandi lög um leigubifreiðastjóra gerðu ráð fyrir að eftir ákveðinn aðlögunartíma skyldi meginreglan vera að atvinnuleyfi leigubifreiðastjóra félli úr gildi við 71 árs aldur leyfishafa. Þetta umdeilda ákvæði laganna var ekki komið til framkvæmda þegar menn ætluðu sér að breyta því. Ég er í grundvallaratriðum á móti því að atvinnubílstjórar, hvort sem um er að ræða leigubifreiðastjóra, vöruflutningabifreiðastjóra eða hópferðabifreiðastjóra stundi atvinnuakstur eftir 70 ára aldur. Ég mun ekki fara út í efnisumræðu hvers vegna ég er mótfallin því en ég vil hins vegar geta þess að þar eiga öryggissjónarmið stóran hlut að máli. Ég vil einnig geta þess að á grundvelli þess að mjög mikilvægt er fyrir atvinnubifreiðastjóra að afgreiða þetta frv. hér á þessu þingi tók ég þá afstöðu að gera ekki grundvallarágreining í samgn. Alþingis um þetta aldursákvæði. Ég tel að menn hafi með því að skilyrða atvinnuleyfin eftir 70 ára aldur við hæfnispróf og læknisskoðun verið að koma á móts við þær gagnrýnisraddir sem uppi hafa verið við hámarksaldur atvinnuleyfishafa.

Markmið frv. er að fella úr gildi lögbundna skyldu aðild fólksbifreiðastjóra, vörubifreiðastjóra og sendibifreiðastjóra að stéttarfélögum. Þetta eru nauðsynlegar breytingar á lögunum til samræmis við niðurstöðu Mannréttindadómstóls Evrópu vegna kæru Sigurðar A. Sigurjónssonar á hendur íslenska ríkinu.

Ég vil aðeins undirstrika að þrátt fyrir að ég sé ekki sátt við þær breytingar sem lagðar eru til við undantekningu frá meginreglunni um aldursákvæði atvinnuleyfishafa mun ég ekki standa í vegi fyrir afgreiðslu frv.

[22:03]

Björn Bjarnason:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að tefja fyrir afgreiðslu þessa mikilvæga máls. Ég fagna því að samstaða hefur náðst í hv. samgn. um þær tillögur sem hér liggja fyrir og vil þakka nefndinni fyrir gott starf, sérstaklega formanni hennar fyrir það hvernig hann hefur haldið á málinu og komið þessu viðkvæma máli í það horf sem við okkur blasir og náðst hefur víðtæk samstaða um.

Ég fagna því sérstaklega sem fram kemur í brtt. nefndarinnar og lýtur að því að menn geti stundað akstur til 75 ára aldurs að uppfylltum þeim skilyrðum sem getið er í brtt. nefndarinnar og tel að með þessu sé komið til móts við okkur sem höfum viljað hrófla við þessu ákvæði og að nefndin hafi staðið þannig að því máli að frá mínum bæjardyrum séð er það alveg fullnægjandi og mun ég heils hugar standa að því að samþykkja þetta frv.

Varðandi brtt. nefndarinnar að öðru leyti vil ég aðeins geta þess sem kemur fram í 3. mgr. 7. gr. þar sem

mælt er fyrir um það að ráðherra sé heimilt að fela félögum bifreiðastjóra þar sem meiri hluti bifreiðastjóra á svæðinu eru félagar að annast framkvæmd á veitingu undanþága í samráði við umsjónarnefnd að hvetja hæstv. ráðherra til að huga vel að samkeppnisreglum og þeim reglum sem settar hafa verið um samkeppni og stöðu félaga þegar hann beitir þessari heimild sinni þannig að ekki komi til frekari ágreinings um þessi mál. Það hefur verið nóg að gert vegna hinna gölluðu laga sem sett voru árið 1989 og hafa leitt til málaferla fyrir Mannréttindadómstóli Evrópu eins og við vitum. Ég tel mjög brýnt að Alþingi afgreiði þetta mál og þau mál sem því tengjast nú fyrir þinglok því eins og kom fram í 1. umr. málsins standa Íslendingar illa að vígi í Evrópuráðinu fyrir það hve dregist hefur að koma málum í það horf sem samrýmist dómi Mannréttindadómstóls Evrópu og við munum ljúka því máli með farsællega og getað staðið rétt frammi fyrir samaðilum okkar að Evrópuráðinu ef við samþykkjum frv. nú með þeim hætti sem það liggur fyrir.

[22:06]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Þau frv. sem er verið að ræða hafa nú valdið allmiklum óróa úti í þjóðfélaginu. Einmitt þess vegna voru þau rædd mjög vel í hv. samgn. og einkum það frv. sem hér er fyrst og fremst verið að leggja fram, þ.e. frv. um leigubifreiðar og síðan eru önnur frv. með til þess að samræma raunverulega aldursmarkið á öðrum bifreiðastjórun, þ.e. þeim sem eru með fólksflutninga og vöruflutninga. Ég ætla því frekar að einbeita mér að því að ræða hér aðeins um frv. til laga um leigubifreiðar. Það frv. var lagt fram í fyrra og varð þá ekki útrætt vegna þess að okkur fannst vanta samræmingu einmitt við bifreiðastjóra á fólksflutningabifreiðum og vörubifreiðum. Það var einnig ágreiningur um hvert aldursmarkið skyldi vera, hvort það skyldi hækka eða hvort samræming yrði á því í öllum þessum atriðum.

Einnig er verið að gera nauðsynlegar breytingar til samræmis við niðurstöðu Mannréttindadómstóls Evrópu einmitt vegna kæru Sigurðar A. Sigurjónssonar á hendur íslenska ríkinu.

Þess vegna er verið að bregðast við því sem orðið hefur í sambandi við þetta sérstaka mál. Auðvitað eru enn þá uppi ákveðnar deilur um það hvort hér sé nægilega langt gengið, hvort þetta sé í þá frjálsræðisátt sem til var ætlast. En ég tel að við höfum gengið nokkuð langt til að reyna að ná samkomulagi í hv. samgn. Við fengum fulltrúa allra þeirra hagsmunasamtaka sem er um að ræða til að ræða málið við okkur. Ég verð að hrósa hv. formanni nefndarinnar fyrir það að hann gerði allt sem hann gat til að ná sem bestri niðurstöðu í þetta frv.

Það er einu sinni svo að þegar verið er að setja lög á Alþingi þá er auðvitað aldrei hægt að gera það þannig að öllum líki og ég geri ráð fyrir að enn þá verði einhverjir sem ekki eru fullkomlega ánægðir með þær breytingar sem eru gerðar á lögum um leigubifreiðar. En við stöndum í því að við verðum að taka afstöðu til þess að gera það sem okkur finnst eðlilegast og muni þjóna sem flestum og muni þjóna almannahagsmunum.

Auðvitað eru alltaf deilur um það hvar eigi að vera takmarkanir á fjölda bifreiða, hverjir eigi að hafa um það að segja og til hverra skuli skjóta því máli til úrskurðar. En ég ætla ekki að fara neitt nánar út í það. Ég stend að því að ljúka þessu frv., sem nú er komið til 3. umr., eins og aðrir samgöngunefndarmenn. Ég vil einnig gera grein fyrir því að í sambandi við aldursákvæðið sem er sett inn brtt. um að það sé heimilt að framlengja atvinnuleyfi í eitt ár í senn allt til 75 ára aldurs leyfishafa þá má einnig segja að það sé ákveðið samkomulag. Við kvennalistakonur teljum að þetta eigi að miðast við 70 ár vegna þess að við teljum að hliðstæðar reglur þurfi að gilda og gilda um starf hjá þeim flestum sem eru á vinnumarkaði, þeir þurfa að hætta störfum í hæsta lagi 70 ára gamlir. Hér er um að ræða atvinnustétt sem ber ekki einungis ábyrgð á sjálfri sér heldur einnig á fólkinu sem er verið að keyra í leigubifreiðum eða hópferðabifreiðum. Við teljum að ekki sé hægt við þær aðstæður að hafa þetta algerlega opið eins og raunar hefur verið t.d. bæði hjá vöruflutningabifreiðastjórum og hópferðabifreiðastjórum. Þess vegna varð að samkomulagi að það yrði hægt að framlengja þetta atvinnuleyfi til eins árs í senn allt til 75 ára aldurs ef leyfishafi telst hæfur til að stunda akstur bifreiða á grundvelli hæfnisprófs og læknisskoðunar. Um það þarf síðan að kveða nánar á í reglugerð. Eins og ég sagði hefði ég heldur viljað að þetta hefði bara verið miðað við 70 ár. Sú ákvörðun var tekin að gera það með lögunum sem sett voru árið 1989 en hér er þó verið að finna samkomulagsleið. Ég held að þetta sé gott spor í rétta átt og það verði ekki lengra komist að þessu sinni.

[22:13]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég ætla að gera athugasemd við eitt atriði sérstaklega í sambandi við þessa lagabreytingu sem ég tel að horfi til rangrar áttar. Það er það ákvæði sem er að finna í brtt. samgn. við ákvæði til bráðabirgða, a-lið, þar sem segir:

„Þrátt fyrir ákvæði 5. tölul. 3. gr. skulu þeir sem stunda akstur leigubifreiða við gildistöku laga þessara og hafa verið undanþegnir reglunni um hámarksaldur halda atvinnuréttindum sínum óskertum til 1. janúar 1996."

Sú skýring sem fylgir um þetta atriði í nál. er svohljóðandi:

„Loks er lagt til að ákvæði til bráðabirgða verði gert skýrara hvað snertir að þeir aðilar sem verða 71 árs á yfirstandandi ári missi við það réttindi sín, eins og gert er ráð fyrir í gildandi lögum, nema þeir hafi ekki sætt aldurstakmörkunum en þá helst leyfið til ársloka 1995. Fyrrgreindir aðilar geta þó haldið akstri áfram til 75 ára aldurs standist þeir læknisskoðun og hæfnispróf á grundvelli 7. gr."

Þegar mál þetta var til umfjöllunar og lög voru sett árið 1989 var þetta eitt af þeim ákvæðum sem þar var breytt frá fyrra horfi en áður höfðu ekki gilt aldurstakmörk. Eftir mikla vinnu í þingnefnd þar sem ég starf-

aði varð þetta niðurstaðan og sættust menn á þetta og það var í góðu samkomulagi við hagsmunaaðila að þessu var breytt og tekið fyrir það, sem að mínu mati var óeðlilegt, að þarna væru ekki á takmarkanir. Auðvitað eru aldursmörk álitaefni og ég vil inna framsögumann og formann samgn., hv. 2. þm. Norðurl. v., eftir því hvaða rök séu fyrir því að draga þessi aldursmörk við 75 ára aldur sem er fimm árum ofar en almenn starfslok eru í þjóðfélaginu. Hér er um að ræða stjórn á tækjum og flutning á fólki þar sem reynir mjög á öryggi og aðstæður í samfélagi okkar almennt. Það sýnist ekki sérstök þörf á því þar sem um leyfisveitingar er að ræða og fyrst verið er á annað borð með íhlutun í þessi efni þá sé verið að færa þetta til annars horfs en er í gildandi lögum.

Ég tel nauðsynlegt að það komi mjög skýrt fram af hálfu nefndarinnar hvaða rök hún telur fyrir þessu. Mér finnst þetta ekki hafa verið rökstutt sem skyldi í nál. en verð þó að viðurkenna, virðulegur forseti, að ég hlýddi ekki á framsögu formanns nefndarinnar, var ekki í þingsal þegar hann mælti fyrir málinu við 2. umr. og bið velvirðingar á því og má vera að hann hafi þá í rauninni skýrt málið af nefndarinnar hálfu hvað þetta snertir.

Mér er það ljóst að það geta verið ástæður til þess að samræmis sé gætt í þessum efnum við aðrar starfstéttir eða aðra sem starfa að hliðstæðum málum eins og leigubifreiðaakstri og þá er auðvitað að taka á því. En fyrst hér er verið að setja skilgreind mörk þá finnst mér að það vanti skýr rök fyrir því hvers vegna þau eru einmitt dregin við 75 ára aldur, að vísu með ákveðnum takmörkunum og eftirliti varðandi heilsufar þeirra sem í hlut eiga og er það til bóta frá því sem ella var.

Hér var um að ræða atriði sem var auðvitað umdeilt á sínum tíma og sársaukafullt fyrir einhverja. Mér er kunnugt um það að t.d. hv. 3. þm. Reykv. hefur lagst í nokkurn víking fyrir því sjónarmiði að það beri að rýmka þessi mörk, skrifað um það margar blaðagreinar ef ég man rétt og haft mikinn áhuga á því. Það er sennilega verið að láta undan sjónarmiðum sem ég segi ekki að séu ekki gild út af fyrir sig, þ.e. eigi fullan rétt á sér að fram komi en mér finnst þetta ekki vera skynsamlegt. Ég held að það sé ekki mikill stuðningur hjá hagsmunaaðilum, þeim sem við leigubifreiðaakstur fást að breyta þessu og vera að taka þetta ákvæði upp með þessum hætti. Þetta verður til þess að þeir verða færri sem komast inn í stéttina eða hljóta leyfi og ég held að það séu ekki mikil rök fyrir því. Hér er um að ræða vandasamt starf og erfitt. Það er alltaf erfitt fyrir hvern sem er að ganga úr starfi, það vitum við, en ég vildi gjarnan heyra fyrir þessu ljósari rök en ég hef heyrt.

[22:19]

Frsm. samgn. (Pálmi Jónsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. 4. þm. Austurl. hlýddi ekki á mína ræðu eins og hann sagði sjálfur og skal ég reyna í stuttu andsvari að svara því sem hann spurði sérstaklega um. Aðalreglan er óbreytt að starfslok eru við 70 ára aldur. Það er aðalregla og meginregla. Í tillögum nefndarinnar er gert ráð fyrir þeirri undanþágu að heimilt sé að framlengja atvinnuleyfi til eins árs í senn allt til 75 ára aldurs leyfishafa ef hann telst hæfur til að stunda leiguakstur á grundvelli hæfniprófs og læknisskoðunar eftir því sem nánar er kveðið á um í reglugerð, eins og segir í tillögunni. Ég tók það fram að reglugerð yrði að setja þannig að þetta hæfnipróf yrði raunverulegt og ekki um neinar afgreiðslur að ræða eftir hendinni.

Það má kannski segja að það séu engin sérstök vísindi í því að nefna 75 ára aldur. Ég nefndi að það hefði allt eins komið til greina að hæfnipróf hæfist fyrr en við 70 ára aldur. Það má vera að sú breyting verði gerð þegar reynsla kemur á þessi mál. En þetta varð niðurstaða nefndarinnar, átta nefndarmenn styðja þetta og skrifa undir nál. án fyrirvara en einn nefndarmanna hafði fyrirvara varðandi þessa grein eins og sá nefndarmaður hefur lýst.

Varðandi a-lið í bráðabirgðaákvæði þá lýtur það að þeim bifreiðastjórum sem ekki hafa til þessa verið undanþegnir, verið háðir aldursmörkum, þ.e. vörubifreiðastjórar, sendibílstjórar og fólksflutningabifreiðastjórar fá þennan aðlögunartíma til ársloka í ár og er stuttur aðlögunartími.

[22:21]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. 2. þm. Norðurl. v. fyrir hans skýringu á sjónarmiðum nefndarinnar að þessu leyti. Það er athyglisvert að það kemur fram að í rauninni er hér ekki byggt á mikið öðru en tilfinningu ef svo má segja. Það er huglægt mat sem gengur gegn því sem er varðandi almenn starfslok. Þá er verið að tala um það sem gildir í opinberum störfum og þar sem er hlutast til um það hvenær starfslok eru en hér er um leyfisveitingar að ræða eins og fram hefur komið.

Það sem reynt var 1989 þegar þetta var innleitt var einmitt að skapa með sanngirni aðlögunartíma sem miðaði við það að þeir sem höfðu leyfi og voru komnir á þessi aldursmörk fengu aðlögunartíma. Mig minnir það vera allt til 75 ára aldurs, svipað og bráðabirgðaákvæðið sem vísað var til tekur fram.

Mér finnst miður að það er verið að brjóta þetta upp. Ég hélt það væri í rauninni komin sú reynsla á þetta að menn mundu við una. Eins og ég segi eru alltaf ákveðin sárindi að með löggjöf sé verið að hlutast til um efni af þessum toga en það er líka mjög ófarsælt að vera að hringla með lagasetningu af þessu tagi á Alþingi eftir að ákvarðanir eru teknar. Ég hef ekki enn heyrt gild rök fyrir þessum breytingum.

[22:23]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Ég vildi gjarnan víkja örfáum orðum að því að mér finnst það að mörgu leyti athyglisvert sem hér er verið að gera, þ.e. að skapa möguleika til að menn geti starfað lengur í þeirri grein sem hér er til umfjöllunar en heimilt hefur verið hingað til. Ég virði út af fyrir sig ágætlega að þau sjónarmið sem komu fram hjá hv. síðasta ræðumanni og það hafa ver-

ið ákveðnar reglur og venjur um þetta í okkar þjóðfélagi. Þetta er hins vegar ekkert flokkspólitískt mál heldur fyrst og fremst helgast af viðhorfum manna til þeirra breytinga sem hugsanlega eru í okkar þjóðfélagi. Mér fannst þess vegna úr því að umræður fóru inn á þennan farveg óhjákvæmilegt að láta það koma hér fram að mér hefur á síðari missirum verið æ meira hugsað til þess að kannski höfum við Íslendingar og erum einum of afdráttarlausir í því hvar við drögum aldursmörk gagnvart störfum. Við höfum almennt fylgt þeirri reglu að menn hættu þátttöku í störfum og jafnvel trúnaðarstörfum og á öðrum sviðum milli 65 og 70 ára en blessunarlega lifum við á tímum þar sem heilsa manna er mun betri en hún var áður og menn halda bæði andlegri og líkamlegri heilsu lengur en áður tíðkaðist.

Ég hef tekið eftir því að ýmsar þjóðir, t.d. Bretar og Bandaríkjamenn, svo ég nefni tvær, að ógleymdum náttúrlega Japönum og Kínverjum, hafa falið fólki sem er komið töluvert yfir sjötugsaldur, jafnvel yfir áttræðisaldur, en er í fullu andlegu og líkamlegu fjöri margháttuð trúnaðarstörf og þetta gefst vel. Fólk hefur mikla reynslu og það hefur möguleika á því að miðla af þeirri reynslu og allt er þetta farsælt. Við sjáum þetta í ýmsum stjórnunarstörfum, við sjáum þetta m.a. á þjóðþingum ýmissa landa, við sjáum þetta í atvinnulífinu og á ýmsum öðrum sviðum. Hér hafa t.d. verið óskráðar reglur á vettvangi stjórnmálanna að menn hyrfu þaðan fyrir sjötugt. Ætli það sé ekki bara leitun á mönnum ef þeir eru þá fleiri en sá ágæti þingmaður sem er nú að hætta þingmennsku, hv. þm. Matthías Bjarnason, sem gegna störfum eftir að hafa náð þeim aldri.

Við tókum þá ákvörðun innan Alþb. á sínum tíma að fela fyrrv. þm. Lúðvík Jósepssyni að sitja fyrir okkur í bankaráði Landsbankans sem hann gerði til dauðadags á liðnu ári og gerði það með miklum sóma og miklum krafti og ég held að það sé samdóma álit allra sem sátu með honum í bankaráði að hann hafi frekar skarað fram úr yngra fólki í bankaráðinu en hitt að hann væri þar einhver eftirbátur. Og þó menn eigi ekki í önnum þingsins að vera að rifja upp persónulegar lífreynslusögur þá má ég til með að segja það hér að það er með eftirminnilegri atvikum frá síðari árum þegar allt í einu kom upp á þessu kjörtímabili að ríkisstjórnin ætlaði að grípa inn í fjárhagsmálefni Landsbankans með því að setja nokkra milljarða í bankann. Við þingmenn munum allir að það mál kom allt í einu upp árla morguns og það var langur vinnudagur hjá öllum á vettvangi stjórnmálanna og í bankanum og þegar komið var undir kvöldmat þá kom fulltrúi okkar í bankaráðinu, átti eftir tvö ár í áttrætt ef ég man rétt, og hitti mig og formann þingflokksins og hélt yfir okkur u.þ.b. eins og hálfrar klukkustundar nákvæman og ítarlegan fyrirlestur um málið og rakti það svo ljóslega að allt lá það skýrt og opið fyrir á eftir. Þetta varð mér umhugsunarefni um það að aldurinn segir kannski ekki allt um hæfni manna og eiginleika til þess að gera sig gildandi.

Hér um að ræða bara afmarkað frv. og það er eðilegt að menn setji kannski spurningarmerki við það en mér fannst hins vegar rétt að lýsa þeim viðhorfum mínum að ég er fylgjandi því að þetta nái fram að ganga og finnst að við ættum með opnum huga að skoða betur hvernig við getum nýtt starfskrafta fólks í okkar þjóðfélagi þótt að það hafi náð þeim aldri þegar sem löglegt er að menn fari að þiggja eftirlaun samkvæmt landsins lögum. Að öðru leyti ætla ég ekki að blanda mér í þessar umræður en vildi að þessi sjónarmið kæmu hér fram.

[22:30]

Kristín Einarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Mig langar til að spyrja hv. 8. þm. Reykn. hvort hann telji þá rétt að taka það almennt upp í öllum störfum í þjóðfélaginu að menn verði settir í próf og læknisskoðun til þess að athuga hvort þeir eigi að gegna störfum áfram og þar með víkja almennt frá þeirri reglu að menn hætti störfum um sjötugt. Ég er alveg sammála honum í því að það eru mjög margir sem geta mjög vel starfað áfram eftir að þeir eru orðnir sjötugir en mér finnst að við verðum að hafa einhverja almenna reglu á þessu sviði og þess vegna tel ég mjög hæpið að byrja á því að breyta þessum reglum að því er varðar bílstjóra til fólksflutninga, eins og hér er verið að gera ráð fyrir, þar sem ekki er hægt að velja þegar pantaður er leigubíll, sem í þessu tilfelli er verið að ræða um, hvort bílstjórarnir eru ungir eða gamlir. Maður verður bara að gjöra svo vel. Þess vegna er það athugunarefni í ljósi þess sem hv. þm. sagði hvort við ættum að breyta almennt þeirri reglu í þjóðfélaginu að fólk hætti á vinnumarkaði um sjötugt.

[22:31]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er kannski ekki með svo fastmótaða stefnu í þessum málum að ég sé búinn að gera það upp við mig hvort það eigi að setja einhver ákvæði um læknisskoðun eða annað. Ég var bara að lýsa því viðhorfi mínu, sem hefur orðið mér hugleiknara á síðustu missirum, að þessi venja og þau viðhorf sem ríkt hafa í okkar þjóðfélagi séu kannski ekki alveg í takt við þær breytingar sem hafa verið að gerast.

Varðandi leigubílstjóra sérstaklega þá get ég lýst því yfir að því eldri sem leigubílstjórarnir eru í New York, þar sem ég kem stundum, þeim mun skemmtilegri finnst mér þeir almennt vera því þeir hafa frá svo mörgu að segja og muna borgina þegar þar var annars konar mannlíf en er í dag.

Það er líka með skemmtilegri endurminningum frá síðari árum þegar ágætur fyrrv. forseti neðri deildar, ef ég man rétt, sem var í eina tíð þingmaður fyrir Sósíalistaflokkinn og varð síðan leigubílstjóri og keyrði fram á háan aldur, keyrði mig einu sinni sem oftar og við ræddum um stjórnmálin og störf hans á þinginu einum 30 árum áður eða svo. Hann virtist nú vera jafnfær að flytja mig eins og að stjórna störfum þingsins hér á sínum tíma.

[22:33]

Kristín Einarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil taka það fram að ég er ekki að

segja það að ég telji endilega að ég mundi vilja velja yngri bílstjóra til að keyra mig um bæinn því það gæti verið mikið verra en endilega að velja þá eldri. Ég er bara að tala um að almennt færð þú ekki að velja. Það er það sem ég er að tala um í þessu tilviki. En ég er ekki síður að tala um þetta út frá almennum sjónarmiðum. Ég er fylgjandi því að starfslok geti verið sveigjanleg. *Ég vil að fólk geti líka hætt fyrr.* Það eru mjög margir sem gjarnan vilja það. En ég er að tala um að það er svolítið sérkennilegt að taka það upp í einu máli en hafa ekki almenna stefnu í þessum málum. Það er það sem ég geri athugasemd við t.d. í þessu tilviki, ekki það að ég geti ekki verið fylgjandi því að starfslok geti verið sveigjanleg. Það ætti að taka það upp víðar. En það er dálítið sérkennilegt að byrja einmitt á þessu. Það er fyrst og fremst það sem ég geri athugasemd við.

[22:34]

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Það er dálítið sérkennilegt að þegar komið er að lokum þessa kjörtímabils þá skuli sú sem hér stendur telja sig eiga erindi í ræðustól, sem ekki hefur ekki tíðkast á þessu kjörtímabili og ekki þarf að skýra fyrir hv. þm. hver ástæða er fyrir. Það er kannski enn þá sérkennilegra að það var einmitt hv. 8. þm. Reykn. og orð hans áðan sem urðu til þess að ég stóðst ekki þá freistingu að koma í ræðustól og segja nokkur orð, kannski fyrst og fremst til að taka undir hvert einasta orð sem hann sagði og þakka honum fyrir þessa ræðu. Ég held að í þau ár sem við höfum átt samveru á Alþingi þá sé þetta í fyrsta sinn sem ég hef komið í ræðustól til að taka undir orð hv. 8. þm. Reykn.

Ég tíðkaði það áður, áður en ég tók við því embætti sem ég hef haft á þessu kjörtímabili, að fara oft í ræðustólinn og eiga orðastað við hv. þm., sérstaklega þegar hann var svo lipur iðulega að minnast á flokkinn minn sem heitir Sjálfstfl. og ég veit að hann man vel. En nú stóðst ég ekki mátið því mér fannst hann tala af svo mikilli visku og víðsýni og umfram svo marga aðra hér að ég varð að taka til máls og taka undir orð hans. Þetta mál hefur verið eitt af mínum áhugamálum og ég hef verið stuðningsmaður þess því ég hef þá afstöðu til aldurs fólks að hann sé svo afskaplega afstæður. Það eru ekki árin sem segja hvenær maður verður gamall eða hver er ungur. Það er heilsan, andleg og líkamleg heilsa, sem ræður því.

Auðvitað verður að vera til viðmiðun sem fólk getur notað og farið eftir en meginmálið er að hver einstaklingur hafi möguleika til að halda sjálfsvirðingu sinni og fá tækifæri til að njóta og nota hæfileika sína, hvort sem það er til starfa eða á öðrum vettvangi, svo lengi sem heilsa hans andleg og líkamleg leyfir. Það er einmitt það sem mér finnst þetta frv. vera að gera, það sem *snýr* að *þessari starfsstétt sem eru leigubílstjórar.*

Þetta mátti ég til með að segja. Og þótt það sé nú kannski ekki beint skylt þessu máli — og forseti hafi stundum slegið í bjöllu jafnvel þegar hv. 8. þm. hefur farið svolítið út fyrir mörkin og talað um eitthvað annað en það sem var beint á dagskránni — en hann minntist á stjórnmálamenn. Ég verð nefnilega líka að taka undir það. Mér finnst fráleitt að stjórnmálamenn eða þeir sem eru í stjórnmálum séu settir út af sakramentinu bara af því að þeir eru orðnir þetta gamlir, 60 ára, 65 ára, 67 ára eins og sú sem hér stendur, þá megi hún ekki starfa þó starfsþrek hennar sé jafngott og það var kannski fyrir 10 árum. Ég vil nota tækifærið til að segja þetta á þessum stað af því að það kemst til skila með því móti.

Að öðru leyti er ég mjög ánægð með að þetta frv. fær þennan framgang. Af því hann minntist á japanska og kínverska stjórnmálamenn þá má líka bæta við bandarískum, ráðherrunum sem Clinton hefur sér til aðstoðar og eru yfirleitt komnir yfir sjötugt. Það eru þeir sem gegna veigamestu embættunum í Bandaríkjastjórn.

[22:38]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það er dálítið erfitt að taka upp þráðinn eftir ræðu og innlegg frá virðulegum forseta þingsins í þessu efni sem var að taka svo hlýlega undir með formanni þess flokks sem ég starfa í. Ekki ætla ég að fara að vinna gegn því að þetta frv. nái fram að ganga, það hefur ekki verið í mínum huga þannig að menn skulu ekki hafa áhyggjur af því. En út af fyrir sig er það efni sem hér er rætt allrar umræðu og umhugsunar virði. Ég vil taka undir með hv. 10. þm. Reykv. sem talaði áðan, Kristínu Einarsdóttur, um það að menn þurfa í sambandi við þessi efni að reyna að skapa einhverjar almennar viðmiðunarreglur og hafa almenn sjónarmið og það er kannski ekki sérstaklega kjörið að byrja á fólki í þjónustustörfum þar sem er um jafnvandasöm verkefni að ræða og hér til þess að breyta reglu sem annars er almenn viðmiðunarregla.

Ég vil líka taka undir með mönnum um að það væri kannski betra að það væri meiri og almennari virðing *fyrir efri árum, fyrir þeim sem eru á eftir árum en raun* ber vitni. Ég held að það hafi farið frekar á hinn veginn á þessari öld að því hafi hrakað. En öllu má vissulega ofgera einnig í þeim efnum og mismunandi sjónarmið geta átt rétt á sér að þessu leyti. En við skerum okkur kannski dálítið úr í seinni tíð með það að virðingin fyrir aldri og reynslu er ekki mjög mikil og við heyrum það oft, bæði í stjórnmálaumræðu og þess utan, hve mikið er höfðað til og skírskotað til hins unga og uppvaxandi og ég tala nú ekki um hins nýja því allt á að vera nýtt, helst splunkunýtt af nálinni til þess að vera gjaldgengt. Það er grunntónninn í áróðri í sambandi við stjórnmál m.a. og á auðvitað nokkuð til síns máls því auðvitað er lífið eitt samfellt ferli sem endar þó á einn veg sem betur fer og það þarf að líta á það í heild sinni.

En það sem fékk mig til að biðja hér um orðið var það að ég vildi aðeins koma fáeinum atriðum á framfæri sem snúa að þessu umræðuefni. Það er þá kannski sérstaklega það sem varðar þann vanda sem nútímasamfélög í okkar hluta heimsins eiga við að glíma í mjög vaxandi mæli sem heitir atvinnuleysi og er að verða eitt af því sem ógnar öryggi og friði í samfélögunum. Þannig að þeir sem um stjórnvölinn halda og

hafa kannski ekki haft mjög þungar áhyggjur af því, sumir hafa sakað menn um það sem ráða ríkjum að vilja hafa á stundum hæfilegt atvinnuleysi svona sem aðhald á vinnumarkaðinn, en nú er svo komið að það eru eiginlega flestir í þeim kór að vara við alveg inn í innstu búr Evrópusambandsins t.d., þar sem menn eru farnir að óttast þá stöðu og þróun sem er í gangi að sífellt fjölgar þeim sem ekki fá vinnu. Það eru nú að verða um 20 millj. manna í ríkjum Evrópusambandsins sem þannig er komið fyrir. Það hafa engir trú á því, hvorki hagspekingar né stjórnmálamenn sem eru að spá í þessi efni, að uppsveifla í hagkerfi á klassíska vísu, miðað við það sem verið hefur á þessari öld t.d., muni breyta nokkru teljandi í þessum efnum. Í raun hefur þetta verið að dýpka eða réttara sagt hefur þeim verið að fjölga stig af stigi sem ekki fá vinnu. Menn hljóta að velta því fyrir sér hvernig verður við þessu brugðist.

Hvernig verður við þessu brugðist? Þar hafa menn misjöfn sjónarmið og finna misjafna sökudólga fyrir þessu ástandi. Ég ætla ekki að fara að ræða það hér, en eitt er það sem í vaxandi mæli er flutt inn í umræðuna og það er nauðsynin á því að deila vinnunni sem fyrir hendi er. Að láta það ekki gerast að þjóðfélagið skiptist upp í þá sem hafa vinnu og hina sem eru atvinnulausir og það blasir við að þeir fylli þann flokk ævina út jafnvel, samanber þann gífurlega fjölda æskufólks í Evrópu sem býr við þetta hlutskipti. Ætli atvinnuleysi ungra í Evrópusambandinu sé ekki nálægt 30% allvíða, jafnvel meira.

Þá kemur upp m.a. spurningin sem tengist því sem við erum að ræða hér: Höfum við ráð á því að lengja starfstímann í hina áttina til mikilla muna? Eða eigum við að stefna að því að greiða fyrir því að þar geti orðið á eðlileg skipti, þ.e. að menn geti horfið að öðru en launavinnu einni saman? Auðvitað er æskilegt að geta haft sveigjanleika í þessum efnum, það er æskilegt. En ég er þeirrar skoðunar að það eigi að greiða fyrir því að fólk finni sér viðfangsefni þegar árin færast yfir, finni sér viðfangsefni, skapandi störf við annað en hefðbundna launavinnu og það eigi að greiða fyrir því þannig að þeim fækki sem yngri eru að árum og hafa ekki verkefni á vinnumarkaði.

Það eru þessi sjónarmið sem ég vildi koma hér á framfæri og tel að eigi að vera til umhugsunar í sambandi við efni eins og þau sem við erum að ræða hér. Þetta getur einnig átt við varðandi stjórnmálamenn. Auðvitað er það svo að fjöldi fólks, og fer fjölgandi, heldur ágætu bæði andlegu og líkamlegu þreki langt fram eftir ævi, langt fram yfir þau mörk sem við erum hér að tala um sem betur fer. En það á ekki endilega að fylgja sögunni að það séu skapaðar einhverjar nýjar reglur að því leyti að þeir eigi að geta setið í störfum á opinberum vegum eða annarra miklu, miklu lengur. Ég held að það eigi að leita eftir öðrum leiðum til þess að menn fái verðug viðfangsefni á meðan líf og kraftar endast.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Umferðaröryggismál, síðari umr.

Þáltill. SJS, 203. mál. — Þskj. 229, nál. 813.

[22:49]

Frsm. allshn. (Björn Bjarnason):

Hæstv. forseti. Hv. allshn. hefur fjallað um þessa þáltill. og liggur álit hennar fyrir á þskj. 813. Nefndin leggur til að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar og er sammála um það, en Kristinn H. Gunnarsson var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Nýting landkosta, síðari umr.

Þáltill. JHelg o.fl., 23. mál. — Þskj. 23, nál. 814.

[22:50]

Frsm. allshn. (Björn Bjarnason):

Hæstv. forseti. Nefndin hefur fjallað um þessa þáltill. og gerir grein fyrir áliti sínu á þskj. 814. Nefndin leggur til að tillögunni verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ráðherraábyrgð, síðari umr.

Þáltill. SvG, 34. mál. — Þskj. 34, nál. 815.

[22:51]

Frsm. allshn. (Björn Bjarnason):

Hæstv. forseti. Nefndin hefur fjallað um þessa þáltill. og gerir grein fyrir áliti sínu á þskj. 815. Nefndin telur að það beri að vísa þessu máli til ríkisstjórnarinnar og gerir tillögu um það í áliti sínu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Leiðtogafundur á Þingvöllum árið 2000, síðari umr.

Þáltill. JHelg o.fl., 183. mál. — Þskj. 205, nál. 816.

[22:51]

Frsm. allshn. (Björn Bjarnason):

Hæstv. forseti. Nefndin hefur fjallað um þessa tillögu og gerir grein fyrir áliti sínu á þskj. 816. Leggur nefndin til að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stjórnarskipunarlög, 2. umr.

Frv. GHH o.fl., 451. mál (endurskoðun ríkisreikninga, kjördagur). — Þskj. 769, nál. 848, brtt. 855.

[22:52]

Frsm. stjórnarskrárnefndar (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá stjórnarskrárnefnd um þetta frv.

Nefndin hefur fjallað um frv. og mælir með samþykkt þess. Eins og kunnugt er er þetta efniseinfalt frv. en það urðu nokkrar umræður í nefndinni um bráðabirgðaákvæði þess og spurninguna um það hvort rétt væri að breyta 45. gr. stjórnarskrárinnar í stað þess að vera með bráðabirgðaákvæði eins og hér er lagt til í frv. Niðurstaðan varð sú að ekki hefur gefist tími til þess að kanna það mál til hlítar og því er lagt til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum, 2. umr.

Stjfrv., 430. mál. — Þskj. 704, nál. 821.

[22:54]

Frsm. umhvn. (Kristín Einarsdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti umhvn. um frv. til laga um stuðning við framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum. Þetta frv. var lagt fram í vikunni og eru örfáir dagar síðan var mælt fyrir því. Umhvn. ákvað að vinda sér strax í málið og reyna að athuga hvort ekki tækist að afgreiða það á þeim stutta tíma sem við höfðum og fékk til fundar við sig nokkra aðila sem getið er um í nefndaráliti. Það er skemmst frá því að segja að nefndin er sammála um að mæla með því að frv. verði samþykkt óbreytt en leggur þó áherslu á að styrkveitingar til sveitarfélaga samkvæmt frv. taki til allra framkvæmda sem eru styrkhæfar samkvæmt 3. gr. þótt þær séu að hluta til greiddar af öðrum en sveitarfélögum, enda séu þær áfangi í heildarlausn á fráveitumálum sveitarfélaga sbr. 7. gr. en þar er tekið fram að skilyrði fyrir fjárstuðningi er að framkvæmdin sé áfangi í heildarlausn á fráveitumálum sveitarfélaga.

Undir nefndarálitið skrifa allir nefndarmenn í umhvn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stofnun Vilhjálms Stefánssonar á Akureyri, síðari umr.

Þáltill. HG o.fl., 139. mál. — Þskj. 146, nál. 823.

[22:55]

Frsm. umhvn. (Kristín Einarsdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti umhvn. sem er á þskj. 823, um till. til þál. um stofnun Vilhjálms Stefánssonar á Akureyri. Þetta er annað þingið sem umhvn. hefur þessa þáltill. til meðferðar. Breyting á henni er óveruleg frá því á síðasta þingi en hún felst fyrst og fremst í því að núna er lagt til að stofnunin eða miðstöðin, sem talað er um að verði komið á fót, verði kennd við Vilhjálm Stefánsson.

Umhvn. leggur til breytingu á tillögunni og vil ég, með leyfi forseta, lesa hana upp en hún er svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa að sett verði á fót á Akureyri stofnun eða miðstöð um heimskautamálefni sem kennd verði við Vilhjálm Stefánsson og hafi það hlutverk að stuðla að sem öflugustum rannsóknum innlendra aðila á norðurslóðum og alþjóðlegri þátttöku í þeim málum er varða heimskautasvæðið.

Stofnunin eða miðstöðin, sem heyri undir umhvrn., verði að stofni til kostuð af íslenska ríkinu en leiti sem víðast fjárhagsstuðnings við einstök verkefni. Hún skal m.a. annast ráðgjöf um norðurmálefni og eiga samstarf við erlenda og innlenda háskóla og rannsóknastofnanir.

Sett verði á fót undir forustu umhvrn. föst samvinnunefnd um norðurmálefni, skipuð fulltrúum þeirra innlendu stofnana sem hafa með höndum verkefni er tengjast heimskautarannsóknum. Samvinnunefndin velji auk formanns nefndarinnar, sem umhvrh. skipar án tilnefningar, tvo úr sínum hópi í stjórn þessarar stofnunar eða miðstöðvar.

Miðað er við að starfsemin hefjist í ársbyrjun 1997."

Undir þetta álit umhvn. skrifa allir nefndarmenn sem sæti eiga í umhvn. og leggja til að Alþingi samþykki þessa tillögu svo breytta.

[22:58]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Enn sakna ég hæstv. fjmrh. því að sú hugsun sem sótti á mig fyrr í kvöld að ein stofnun á dag kæmi skapinu í lag virðist ekki duga á þessum drottinsdegi. Hér er komin ný stofnun, stofnun Vilhjálms Stefánssonar á Akureyri.

Nú er það svo að rannsóknir á norðurslóðum eru vafalaust mikið alvörumál og ekki dreg ég úr því eftir að hæstv. umhvrh. urðu á þau mistök að láta hirða hvítabjörn af vestfirskum sjómönnum þar sem grunur leikur á að hann hafi talið að þar væri á ferðinni bangsi besta skinn og þess vegna hafi þessi mistök orðið. En það er reglan að einhverjar upplýsingar séu gefnar um það til hvaða kostnaðar er verið að stofna því að við erum á þessum kvöldum, seinustu kvöldum sem þing starfar á hverjum vetri, að semja fjárlög framtíðarinnar. Og ég vænti þess að hv. talsmaður utanrmn., umhvn., ég biðst afsökunar á þessum mistökum að hafa

flokkað þetta undir utanríkismál þar sem allt Norður-Atlantshafið er lagt undir, en ég vildi gjarnan fá upplýsingar um kostnað. Mér er ljóst að sá mæti maður sem hér á að minnast er alls góðs maklegur þótt liðinn sé. En það er nú einu sinni svo að það væri fróðlegt að vita um hvaða kostnað menn eru að tala því að þegar við samþykkjum tvær stofnanir sama daginn þá erum við óvenju framsækin og það er ekki víst að það sé hægt að breyta þeim öllum í hlutafélög og selja þær með hagnaði þó að einkavæðingarnefnd sé til staðar og þess vegna óska ég eftir þessum upplýsingum.

[23:00]

Frsm. umhvn. (Kristín Einarsdóttir):

Herra forseti. Þetta atriði var að sjálfsögðu rætt innan nefndarinnar en það er nokkuð erfitt að gera sér nákvæmlega grein fyrir hver kostnaðurinn gæti orðið. Nefndin miðar við að þarna sé ekki um umfangsmikla starfsemi að ræða, þ.e. ekki mannfrek stofnun. Það er talað um litla stofnun. En ég ætla að benda hv. þm. á að það var rætt sérstaklega í nefndinni og kemur fram í nál. að það eru miklar líkur á því og hefur sýnt sig að að erlendir aðilar hafa mikinn áhugi á því að styrkja slíka stofnun. Þess vegna bendum við á það í nál., ef ég má lesa það, með leyfi forseta:

„Rétt er að við undirbúning málsins, á vegum stjórnvalda, verði haft samráð við þá sem láta sig varða rannsóknir á norðurslóðum og athugað með hugsanlegan stuðning erlendis frá við þessa stofnun eða miðstöð."

Það hefur sýnt sig að mjög margir hafa áhuga á rannsóknum á norðurslóðum. Þetta er mjög mikilvægt svæði og margar íslenskar stofnanir, við getum nefnt háskólana bæði á Akureyri og í Reykjavík og aðrar stofnanir, hafa stundað rannsóknir á þessu sviði. Það er verið að tala um að þessi stofnun sjái um samstarf og samvinnu á þeim rannsóknum sem stundaðar eru nú þegar þannig að ekki fari fram umfangsmiklar rannsóknir hjá þessari miðstöð. Auk þess er gert ráð fyrir því að það verði kannað hvort þetta tengist ekki hugsanlega öðrum stofnunum eins og t.d. Náttúrufræðistofnun Íslands á Akureyri eða einhverjum öðrum stofnunum sem fyrir eru. Það er því ekki mjög gott að gera sér nákvæmlega grein fyrir kostnaðinum en á það var lögð áhersla af okkar hálfu að um lítil umsvif væri að ræða hjá sjálfri stofnuninni. En það útilokar auðvitað ekki mikil umsvif ef mikið fjármagn bærist til stofnunarinnar og þá er ég ekki síst að hugsa um fjármagn frá erlendum aðilum í þessu sambandi.

[23:03]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Kristínu Einarsdóttur fyrir hennar skýringar en þær hefðu eiginlega kallað á nærveru utanrrh. því það er sem sé komið í ljós að hér er um blandað mál að ræða. Hann er ekki viðstaddur til að geta upplýst okkur um það hvort í skjalasafni utanrrn. sé að finna mikið af bréfum frá erlendum aðilum sem hafa áhuga á að taka þátt í því sem hér er verið að leggja til. Ég hef aftur á móti fengið skýringar á því hver hugsunin er í þeim málum að hér er ekki rætt um það hvað stofnunin kosti vegna þess að menn eru ekki með það á hreinu um hvaða stærð af stofnun er að ræða og að menn eru með hugmyndir við erlenda styrki sem er út af fyrir sig ekkert nema gott um að segja ef það á eftir að ganga eftir.

[23:04]

Frsm. umhvn. (Kristín Einarsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vildi benda hv. þm. á að á bls. 9 í tillögunni sem er á þskj. 146, sjálfri till. ekki nál., er tekið dæmi um hugsanlegan kostnað en þá er gengið út frá ákveðinni stærð. Hins vegar er ekki endilega víst að niðurstaðan verði að það sé rétta stærðin. Þá er talað um í þeim útreikningum sex stöðugildi, en það var hins vegar rætt um innan nefndarinnar að það væri ekkert sem krefðist endilega einmitt þeirrar stærðar, það gæti jafnvel verið minna. Við reiknum með þeirri stærð og tökum mið af ákveðinni stærð á húsnæði, 200 m^2 gólfrými, en þetta er bara dæmi af því að það er ekki búið að gera sér nákvæmlega grein fyrir hvað húsnæði verður stórt sem þarf. Auk þess töldum við að það þyrfti að kanna hvort ekki væri hægt að nota annað húsnæði sem fyrir væri í tengslum við aðrar stofnanir. Þá er talað um að um væri að ræða alls um 25 millj. kr. veltu ef eingöngu væri greitt úr ríkissjóði og ekkert annað kæmi til. En þá var reyndar talað um þessi sex stöðugildi sem var hins vegar ekki talað um að væri endilega nauðsynlegt og væri kannski í stærra lagi. Það mætti mjög vel hugsa sér t.d. tvö stöðugildi til að byrja með og svo yrði að sjá til hvað þörfin væri mikil.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Útbýting þingskjala:

Almenn hegningarlög, 423. mál, nál. allshn., þskj. 867.

Ályktanir 116. löggjafarþings, 458. mál, skýrsla forsrh., þskj. 866.

Fréttaflutningur af slysförum, 115. mál, nál. allshn., þskj. 872.

Greiðsla á bótum til þolenda afbrota, 411. mál, nál. allshn., þskj. 868; brtt. allshn., þskj. 869.

Hitaveita Suðurnesja, 427. mál, nál. iðnn., þskj. 877.

Lúganó-samningurinn um fullnustu dóma í einkamálum, 328. mál, nál. allshn., þskj. 870.

Norðurlandasamningur um baráttu gegn mengun sjávar, 449. mál, nál. utanrmn., þskj. 878.

Samningur um verndun mannréttinda og mannfrelsis, 450. mál, nál. utanrmn., þskj. 879.

Staðfesting ákvörðunar EES-nefndarinnar, 435. mál, nál. meiri hluta utanrmn., þskj. 880.

Stjórnarskipunarlög, 457. mál, stjfrv. (forsrh.), þskj. 865.

Stofnun Vilhjálms Stefánssonar á Akureyri, 139. mál, nál. umhvn., þskj. 823.

Tjáningarfrelsi, 295. mál, nál. allshn., þskj. 871.

Vernd Breiðafjarðar, 206. mál, nál. umhvn., þskj. 856; brtt. umhvn., þskj. 857.

Verndaðir vinnustaðir, 260. mál, svar félmrh., þskj. 881.

Varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, frh. 2. umr.

Stjfrv., 339. mál (eftirlitsmenn, greiðslur úr ofanflóðasjóði). — Þskj. 536, nál. 792, brtt. 793.

[23:09]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Eins og kemur fram í áliti nefndarinnar og brtt. þá stendur nefndin sameiginlega að breytingum á frv. og skilar af sér sameiginlegu nál. Þó skrifa ég undir álitið með fyrirvara og ætla hér að gera grein fyrir í hverju hann er fólginn.

Ég vil aðeins víkja að því áður en ég kem að því atriði sem mér fannst standa upp úr að mörgu leyti í umfjöllun nefndarinnar um þetta mál sem er heimsókn gesta okkar til umfjöllunar um málið og þá kannski fyrst og fremst Björgunarhundasveitar Íslands sem er lítt þekktur félagsskapur en sem kom rækilega fram í dagsljósið í janúar sl. við leit í snjó eftir snjóflóð. Það var afar fróðlegt að fá upplýsingar um starfsemi þeirrar sveitar og þá þýðingu sem starf hennar hefur í þessum björgunarþætti málsins. Enn fremur var afar fróðlegt að fá upplýsingar um það hvernig að sveitinni er búið fjárhagslega og greinilegt að þörf er á að Alþingi og aðrir sem málið vilja láta til sín taka geri þar verulega bragarbót á. Það þarf kannski ekki að fara mörgum orðum um gildi þess að þjálfa hunda til leitar að fólki. Ég hygg að mönnum sé það öllum orðið ljóst en gildið er þvílíkt að það jafnast á við margar hendur manna. Það kom fram í þeim upplýsingum sem komu fram í nefndinni að um níu útkallshæfir leitarhundar eru á landinu á vegum þessarar sveitar en þyrftu að vera mun fleiri ef vel ætti að vera.

Til þess að unnt sé að gera átak í þessum efnum þarf meira fjármagn og því nefni ég þetta atriði að ég vil minna menn á að hafa það í huga á næsta hausti við afgreiðslu fjárlaga að Alþingi muni eftir þessari sveit og starfsemi og láti eitthvað til hennar rakna á þeim tíma.

En víkjum að þeim fyrirvara sem ég hef við afgreiðslu málsins. Hann er við eitt atriði þess, hvernig standa eigi að uppkaupum á fasteignum þegar sveitarstjórn hefur komist að þeirri niðurstöðu að betra sé að leitast eftir því að kaupa upp húseignir fremur en að leggja í kostnað við að koma upp vörnum við þau sömu hús. Þetta er að mínu mati ákaflega eðlileg breyting og hefur reyndar verið að nokkru leyti opin í gildandi lögum en er áréttuð með sérstakri brtt. til þess að taka af öll tvímæli um það að þessi valkostur á að vera við höndina og fullgildur í samanburði við aðra valkosti sem menn hafa einblínt á fram til þessa. Þetta er verulegt hagsmunamál fyrir íbúa þeirra staða þar sem hætta er á snjóflóðum og skriðuföllum. Samkvæmt mati fróðra manna um það efni er talið að um 500–600 íbúðarhús séu á hættusvæði eins og það er skilgreint nú. Menn óttast að í kjölfar þess að hættumat verði endurskoðað kunni þessum húsum að fjölga. Með strangari kröfum til hættumats og íbúðarhúsa gætu orðið allt að 1.000 til 1.100 hús sem féllu inn á þessi svæði. Það er því greinilegt að í náinni framtíð verður eitthvað um það að sveitarfélög velja þann kost að kaupa upp íbúðarhúsnæði fremur en að leggja í kostnað við varnarvirki. Það er hins vegar ómögulegt að segja á þessari stundu í hve miklum mæli það kann að verða. En af tölunum sem ég hef nefnt er ljóst að það verða umtalsverðar fjárhæðir.

Það skiptir því miklu máli að ganga frá í lagasetningu sæmilega skýrum reglum um hvernig að þessum uppkaupum verður staðið og að þær séu þannig úr garði gerðar að sem mestar líkur séu á því að um þær verði þokkaleg sátt hjá þeim sem við þær eiga að búa.

Í brtt. á þskj. 793 er í 2. tölul. gerð grein fyrir tillögu nefndarinnar hvað þetta varðar. Að mínu mati gengur brtt. of skammt því ég hefði kosið að setja í tillöguna fyllri ákvæði til þess að lýsa þeirri hugsun sem er síðan reynt að skýra betur í nál. Að mínu mati gengur lagatextinn ekki nægilega langt til þess sem er skaði því þegar farið verður að vinna eftir lögunum þá verður það lagatextinn sem ræður úrslitum og túlkun á honum en ekki nál. Þó svo að það geti verið til stuðnings við að móta túlkunarreglur þá getum við ekki haldið því fram með neinni vissu að það sem við setjum í nál. og ætlum að verða praktíserandi lagaframkvæmd nái fram að ganga.

Eins og menn sjá sem lesa brtt. þá er gert ráð fyrir að fyrirkomulagið verði þannig að um samninga sé að ræða í öllum meginatriðum á milli sveitarfélags annars vegar og eiganda íbúðarhúsnæðis hins vegar, eða eins og segir, með leyfi forseta, í 2. tölul. á þskj. 793:

„Náist ekki samkomulag um kaup á húseign er sveitarstjórn heimilt að taka eignina eignarnámi.“

Þessi setning segir okkur það að um tvennt sé að ræða. Annars vegar að aðilar nái samkomulagi, ef ekki þá verði um eignarnám að ræða. Lagatextinn segir ekkert meira þannig að hann hefur ekki að geyma nein frekari fyrirmæli til þess sem á að kaupa fasteignina, hvaða verð löggjafinn ætlast til að greitt verði eða haft verði til viðmiðunar og með hvaða hætti staðið verði að því.

Það má kannski frekar átta sig á því sem nefndarmenn eru að meina með því að lesa nefndarálitið. Þar kemur það fram að ætlunin er að framkvæmdirnar verði þannig að ef íbúðareigandinn ætlar að byggja að nýju þá skuli greiða honum fjárhæðina eftir vátryggingarfjárhæð viðlagatryggingar eða svonefndu brunabótamati. Ef seljandinn ákveður hins vegar að byggja ekki í sveitarfélaginu þá eigi verðið að vera samkvæmt fasteignamati. Nál. gerir þannig ráð fyrir því að um bein fyrirmæli sé að ræða um verð í báðum tilvikum, þegar um er að ræða sölu á fasteign og ætlunin að kaupa aðra, hvort heldur er í sama sveitarfélagi eða annars staðar. Hinn kosturinn er þá að byggja í sama sveitarfélagi.

Ég held að þessi skilningur komist ekki til skila í lagatextanum þannig að ég hef verið á þeirri skoðun að ætli menn að tryggja að þetta verði framkvæmdin þá verði að bæta lagatextann sem gerir einvörðungu ráð fyrir samkomulagi en ekki beinum fyrirmælum um verð. Ég held að nauðsynlegt sé að styrkja lagatextann

vegna þess að staða seljandans er afar slæm í frjálsum samningum eins og gert er ráð fyrir í lagagreininni. Hann er búinn að fá þann dóm að íbúðarhús hans sé ekki íbúðarhæft til frambúðar og honum beri því í raun að rýma það og náist ekki samkomulag milli hans og sveitarfélags breytir það því ekki að hann verður eftir sem áður að flytja úr húsinu af því að væntanlega er ekki rétt að leyfa honum að dvelja í því, a.m.k. ekki yfir vetrarmánuðina.

Ef menn ætla sér að hafa fyrirkomulagið algjörlega frjálsa samninga þá held ég að staðan sé þannig að það halli á þann sem á að selja og því þurfi að setja inn ákvæði til þess að rétta hans hlut. Það gæti verið sá texti sem menn eru með í nál. sem er nokkuð skýr og ég get tekið undir þar sem eru í raun bein fyrirmæli um viðmiðun í báðum tilvikum.

Ég tel að við ættum að ganga þannig frá því að lagafyrirkomulagið væri það að fyrst væri um að ræða val. Sá sem selur, sá sem á íbúðarhúsnæðið, ætti valið og það væri skýrt að hann gæti valið um það að byggja í sínu sveitarfélagi eða hann gæti ákveðið að kaupa. Ef honum er tryggður valrétturinn þá held ég að sú aðferð sem nál. lýsir geti gengið í öllum meginatriðum. En ég hef sett fram þá skoðun að þá þyrftu menn að bæta úr í lagatextanum.

Í þessu felst ekki að það hafi verið neinn ágreiningur um efni á milli mín og annarra nefndarmanna, það má segja að það hafi verið ágreiningur um það að hve miklu leyti væri nauðsynlegt að lýsa þessu í lagatexta.

Ég vil svo velta upp nokkrum atriðum sem menn verða að hafa hugsað til enda þegar menn ganga frá löggjöf af þessu tagi því það er hægt að ímynda sér ýmsa möguleika sem geta komið upp og við þurfum að vera búin að sjá við þeim þannig að niðurstaðan verði ekki óréttlát í þeim tilvikum. Þannig mætti hugsa sér hvort lagatextinn nái því sem við ætlum í tilvikum eins og því þegar um er að ræða nýbyggt hús sem eigandinn hefur byggt og byggingarkostnaðurinn nokkuð þekkt stærð og á húsinu hvílir skuld að verulegu leyti fyrir byggingarkostnaði.

Ef ekki eru styrk fyrirmæli í lagatexta heldur einungis byggt á frjálsum samningum og markaðsverð væri tiltölulega lágt í viðkomandi sveitarfélagi þá gæti eigandi hússins staðið frammi fyrir því að verða að flytja úr því og geta ekki nýtt sér það og stendur til boða að selja það fyrir verð sem er miklu lægra en nemur byggingarkostnaði og jafnvel miklu lægra en nemur áhvílandi skuldum. Það held ég að enginn ætli sér að gera af þeim sem leggur þetta til en þessi staða gæti komið upp ef ekki er þeim mun tryggilegar gengið frá þessum hlutum í lagatexta.

Önnur spurning sem menn gætu staðið frammi fyrir er hvort við erum ásátt um að í þeim tilvikum þegar viðkomandi vill selja sitt hús til sveitarstjórnarinnar og ætlar að byggja á nýjan leik í sama sveitarfélagi þá eigi hann í þeim tilvikum að fá andvirði brunabótamats þess húss sem hann lætur af hendi.

Ef hann ákveður að byggja miklu minna hús en hann á og byggingarkostnaðurinn verður miklu minni þá spurðu menn: Hvað á að gera þá? Út af fyrir sig má segja að svörin sem menn komu með voru mismunandi. Ég vil svara þessu fyrir mitt leyti að það á að vera val þess sem lætur húsið af hendi. Mér sýnist það vera eðlilegasta niðurstaðan. Það er hans val hvort hann byggir jafnstórt hús og jafndýrt eða hvort hann byggir minna hús og andvirðið rennur þá til hans enda hvort sem er hans eign sem hann er að láta af hendi.

Fleiri möguleikar eru hugsanlegir líka sem menn þurfa að vera búnir að sjá fyrir en ég ætla ekki að rekja frekar en orðið er. Ég nefni þetta til þess að beina athyglinni að því að við þurfum að þaulhugsa þetta þannig að við séum búin að sjá við sem flestum möguleikum sem upp geta komið. Ef okkur tekst ekki nægilega vel til þá geta þessir hlutir valdið verulegri óánægju þannig að það er hyggilegast að reyna að vanda sig sem mest strax í upphafi. En engu að síður er ég á þeirri skoðun að við eigum að afgreiða málið nú og því stend ég að þeirri tillögu sem hér liggur fyrir, hún er betri en það sem fyrir er, þó ég vilji vekja athygli á því að ég tel að menn eigi að gera betur. Við getum líka alltaf bætt úr síðar og það kemur þing eftir þetta þing, t.d. næsta haust, sem gæti þá tekið á úrlausnarefnum sem upp hefðu komið og okkur yfirsést núna. En ég hvet til þess að menn íhugi þetta atriði og leiti í sameiningu að bótum á þessu ákvæði í frv. eða brtt.

Ég ætla sjálfur ekki að fara að standa að því að flytja sjálfstæða brtt. Ég legg mikið upp úr því að menn verði samferða í þessu máli en þykir rétt að benda á þetta atriði sem er afar viðkvæmt og nauðsynlegt að menn vandi sig sem mest við lagasmíð sem á að taka á þessu, þ.e. uppkaupum á fasteignum þegar það er talinn vænlegri kostur eða ódýrari en að koma upp varnarvirkjum.

[23:28]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég hefði kosið að frsm. og form. félmn. væri viðstaddur til að hlýða á mál mitt, ef hann er í þinghúsinu.

(**Forseti** (GunnS)**:** Forseti verður að tilkynna að hv. 4. þm. Vesturl. virðist ekki vera í Alþingishúsinu núna en ef hv. ræðumaður óskar eftir því að ég geri ráðstafanir til þess að hann komi í hús þá mun ég verða við þeirri ósk.)

Virðulegi forseti. Ef hv. þm. er í nágrenninu, þá væri æskilegt að honum yrði gert viðvart því hér er um mjög mikilsvert mál að ræða sem varðar marga og ég hef viss atriði sem ég vildi aðeins fá skýrð hér hjá talsmanni nefndarinnar, aðaltalsmanni nefndarinnar. En ég ætla að hefja mál mitt, virðulegur forseti, með von um að það skýrist fljótlega hvort hv. þm. er nærri.

Ég vil þá fyrst þakka hv. þingnefnd fyrir þá vinnu sem hún hefur lagt í þetta mál, ég veit að þingmenn sem skipa nefndina hafa ekki talið það eftir sér, svo mikilsvert mál sem hér er um að ræða. Ég tek undir margar af þeim breytingum sem eru lagðar til á þskj. 793 þó að þær taki ekki til allra atriða sem ég gerði ábendingar um þegar ég ræddi þetta mál við 1. umr.

Ég vil aðeins koma að þeim efnisatriðum sem mér

sýnist að hefði mátt athuga betur og vil þá fyrst nefna það sem segir í 6. tölul. 2. gr. í frv. sjálfu þar sem gert er ráð fyrir því að greiða megi allt að 60% af kostnaði við viðhald varnarvirkja. Mér finnst óvarlegt að leggja upp með svo mikla kvöð á sveitarfélög í sambandi við viðhald varnarvirkja því allt veltur á því, ef þau eru reist, að sé þeim við haldið og þar má fjárskortur ekki draga úr. Þegar um er að ræða 90% í stofnkostnaði eða allt að því skv. 5. tölul. þessarar greinar sem greiða megi og á því hefur ekki verið gerð breyting þá finnst mér þetta hlutfall í lægra lagi þó að ég skilji vel að það er reynt að stilla kostnaði ofanflóðasjóðs eða viðlagatryggingar í ákveðið hóf miðað við þetta.

Ég vil ekki gera lítið úr því að ábyrgð sveitarfélaganna þarf að vera mikil að því er snertir að fylgjast með og taka ákvarðanir sem snerta það jafnnnáið og hér er um að ræða. Sú breyting sem gerð er t.d. b-lið í 2. tölul. brtt. um að sveitarstjórn beri ábyrgð á viðhaldi varnarvirkja tel ég mjög eðlilegt og til frekari skýringar en hefði kosið og talið koma til álita að hækka þetta hlutfall að því er snertir viðhaldið þannig að ekki komi til þess að það bresti eða sé ekki fullnægjandi hugsanlega af kostnaðarlegum ástæðum.

Við erum að fást hér við geysilega vandasamt mál sem hefur orðið mönnum skýrara nú eftir áföll yfirstandandi vetrar en sem eru ekki ný af nálinni. Ég fór í ræðu minni við 1. umr. dálítið yfir það hvernig þessi mál hafa komið hér við á Alþingi öðru hvoru frá því að snjóflóð ollu stórtjóni bæði á mannslífum og mannvirkjum í Neskaupstað fyrir röskum 20 árum síðan og hvernig Alþingi þá tók á málum og reyndar Rannsóknaráð ríkisins í sérstakri úttekt. En hraðinn í viðbrögðum þeirra aðila sem um eiga að fjalla hefur ekki verið eins og ástæða hefði verið til, en um það er ekki að sakast nú. Mestu skiptir að horfa til framtíðar og meta þá stöðu sem fyrir liggur og taka ákvarðanir í samræmi við það.

Ég held að menn standi frammi fyrir verulega erfiðu mati í sambandi við spurninguna um það hvar skal reisa varnarvirki og hvenær á að koma til álita að kaupa fasteignir og flytja til byggð. Þar sýnist mér að eftir því sem fram kemur í þessu frv. þá sé það í fyrsta lagi í höndum sveitarfélaganna að meta það, en hins vegar þurfi ofanflóðasjóður að taka afstöðu til tillagna þar að lútandi frá sveitarfélögunum. Þetta verður kannski enn vandasamara með tilliti til þess að við vitum það að varnarvirki sem eiga að verja byggð verða seint það örugg að fullkomið öryggi náist þannig að þeir sem í hlut eiga með eignir sínar og íverustaði, íveruhús, geta eftir sem áður þurft að rýma við vissar aðstæður og verið undir að búnir. Það er vel þekkt frá nágrannalöndum, Noregi, Sviss, löndum sem hafa glímt við þennan vanda og varið miklum upphæðum til byggingar varnarvirkja, að þar þarf eftir sem áður að vera vakt og varúð og þar þarf að taka á málum út frá öryggissjónarmiðum, m.a. með rýmingu við vissar aðstæður. Mér segir því hugur um, án þess að vilja slá nokkru föstu í því efni, að það geti reynt meira á þau ákvæði sem fjallað er um og orðað er með nýjum hætti í brtt., tölul. 2, a-lið, þ.e. að tryggja öryggi íbúa gagnvart ofanflóðum með því að kaupa húseignir í stað annarra varnaraðgerða. Og það segir sig sjálft að þar er um verulegan kostnað að ræða, en hann þarf ekki endilega að vera meiri heldur en sá sem felst í því að koma upp sæmilega tryggum varnarvirkjum því að þar getur einnig verið um mjög verulegar upphæðir að ræða.

Ég tek eindregið undir það sem fram kom hjá hv. 5. þm. Vestf. í sambandi við skilgreiningar í þessum efnum. Mér finnst að lagatextinn hefði þurft að vera ljósari að þessu leyti og að atriði sem er að finna m.a. í skýringum í nál. á þskj. 792, hluta af því hefði gjarnan mátt færa inn í sjálfan lagatextann. Það kann að vera að það sé gert ráð fyrir svigrúmi til reglugerða í sambandi við þessi efni og hef ég það þó ekki alveg á hreinu og vildi inna frsm. eftir því hvort gert sé ráð fyrir og að hve miklu leyti sé gert ráð fyrir að settar yrðu reglugerðir um ákvæði 7. gr. væntanlegra laga sem um þetta fjalla og hversu rúmar slíkar heimildir þá séu.

Ég vil einnig spyrja um það varðandi þetta atriði hvernig beri að skilja það sem segir í nál. á bls. 2, með leyfi forseta, þar sem er orðað þannig — það er best að ég lesi efnisgreinina:

„Áhersla er lögð á að sveitarfélagið nái samningum við húseigendur og hljóta þar að vera lagðir til grundvallar heildarhagsmunir sveitarfélagsins. Félagsmálanefnd lítur svo á að sé slíkt lagt til grundvallar sé eðlilegt að sveitarfélagið geri samninga um mismunandi greiðslur eftir því hvort verið sé að greiða fjárhæð vegna þess að viðkomandi hyggist byggja að nýju innan sveitarfélagsins eða hvort viðkomandi ætli sér að kaupa annað húsnæði."

Síðan er nánar um þetta fjallað og gert ráð fyrir tvenns konar viðmiðun eins og rakið hefur verið og lesa má í nál. Spurning mín til nefndarinnar og til frsm. fyrir hennar hönd er sú: Hvað er átt við þegar vísað er til þess hvort viðkomandi ætli sér að kaupa annað húsnæði? Er það skilyrt við viðkomandi sveitarfélag eða er það opið? Þetta finnst mér þurfa að vera ótvírætt og mér finnst orðanna hljóðan ekki það skýr að ekki megi lesa á tvo vegu í það efni.

Ég held að þetta sé kannski það sem mestu skiptir að fá skýrt hér, þ.e. spurningin um reglugerðarheimildina og það sem snýr að kaupum á húsnæði. Ég vek hins vegar athygli á því að á ofanflóðasjóð og þá sem ráða fyrir honum er lagður verulegur vandi, stórt viðfangsefni og vandi, sem er að meta óskir og tillögur sveitarfélaga í sambandi við framkvæmdir, varnarvirki eða varúðaraðgerðir með því að kaupa upp fasteignir. Þar komum við auðvitað að kostnaðarþættinum, sem vísað er til í mati fjmrn. í fskj. með frv. og fyrir liggur á dagskrá þessa fundar í frv. um viðlagatryggingu þar sem gert er ráð fyrir tekjuöflun til Viðlagasjóðs með hækkun á iðgjöldum á næstu fimm árum sem nemi rúmlega 50 millj. kr. á ári eða alls 250 millj. kr. á umræddu tímabili. Mér segir svo hugur um að hér séu menn með aðeins lítið brot af því fjármagni sem óhjákvæmilegt verði að verja í sambandi við aðgerðir sem lög þessi heimila. Ég efast ekkert um að Alþingi

Íslendinga sé reiðubúið til þess að bregðast við með breytingu á lögum um tekjuöflun ef á reynir, en ég held að það ætti að vera mönnum ljóst að þarna er um langtum meira verkefni að ræða heldur en þessar tölur gefa til kynna og ætla ég þó ekki að fara að reiða fram neinar upphæðir hér. Ég hef þær að sjálfsögðu ekki á takteinum, en ég gæti margfaldað þessa tölu með allháum stuðli ef ég segði það sem í mínum huga býr í þessum efnum.

Ég held hins vegar að það sé nauðsynlegt jafnhliða því sem hér eru teknar ákvarðanir um þessi efni, að menn mikli samt ekki um of fyrir sér þá vá sem um er að ræða. Hún er til staðar. Hún er ein af mörgum hættum sem við búum við í landi okkar og það er auðvitað skylt að bregðast þar við, en menn mega ekki fyllast bölmóði umfram ástæður eða efni af þeim sökum. Þetta segi ég einfaldlega vegna þess að viðfangsefnin eru mörg, hætturnar eru margar að varast og við megum ekki einblína á einhverja eina þó að auðvitað sé hún okkur ofarlega í huga vegna þeirra áfalla sem orðið hafa á þessum vetri og sem reyndar tölur segja okkur til um í missi mannslífa á þessari öld og fyrri öldum á Íslandi. Þetta er eitt af því sem fylgir því að búa í norðlægu landi og í fjöllóttu landi, eitt af því sem tengist norðurslóð og mætti þess vegna tengja þeirri þáltill. um Stofnun Vilhjálms Stefánssonar sem rædd var hér fyrir skömmu, sem varðar einmitt aðstæður á norðlægum slóðum í víðri merkingu og þar getum við litið til reynslu nágranna okkar sem hafa gert meira af meiri efnum og kannski af meiri framsýni líka í þessum málum.

Ég vildi síðan nefna það, virðulegur forseti, að ég tel að það sem skipti allra mestu máli fyrir utan þær varnir sem hér eru ræddar, sé að taka raunsætt á skipulagsmálum framtíðar. Þar er vafalaust í flestra huga einlægur ásetningur til að það megi verða. Ég minnti á það við 1. umr. málsins hvernig þetta hefði blasað við í minni heimabyggð fyrir 20 árum eða svo og hvað ýmsum þóttu það í rauninni harðir kostir sem sú nefnd sem ég starfaði í eftir það áfall, hversu harðir þeir kostir voru sem reiddir voru fram í sambandi við skipulagsatriði og kröfur um það að ekki yrði byggt á svæðum sem væri eðlilegt að meta sem hættusvæði. Þetta þrengir auðvitað kosti byggðarlaga sem búa við þessar aðstæður. En það er ekkert fávíslegra heldur en ætla að bjóða þeim miklu náttúruöflum sem hér er við að fást birginn og þess vegna skiptir það öllu máli að auka þekkingu okkar á því sem hér er við að fást og hætta ekki til með mannvirkjagerð meira en ýtrasta nauðsyn krefur.

Það mat sem fram hefur farið og fer í endurskoðun víða í sambandi við hættur af snjóflóðum er vissulega allvandasamt og krefst þess að við séum frekar varúðarmegin heldur en hinum megin við strikið. Ég gat þess við 1. umr. málsins að mér fyndist nauðsynlegt eða skynsamlegt í öllu falli að tengja hættumat og meðferð þess með traustum hætti skipulagslegum ákvörðunum og færa saman staðfestingu á hættumati og skipulagsákvörðun, þ.e. að flytja þá ákvörðun sem nú er í lögum um varnir gegn snjóflóðum frá 1985 yfir í skipulagsfarveginn sem hluta af okkar skipulagslöggjöf eða ákvörðunum sem lúta að skipulagi. Mér finnst ekki skynsamlegt að vera með það mat inni í ráðuneyti félagsmála á sama tíma og skipulagsmál eru nú vistuð í ráðuneyti umhverfismála og Skipulagi ríkisins og felst ekki í því nokkurt minnsta vantraust á því fólki sem hefur verið að fást við þau mál á vegum félmrn. til þessa. Mér finnst það hins vegar einboðið að þarna verði gerð breyting á fyrr en seinna varðandi þetta og sé ekki að það séu nein skýr rök fyrir því að halda þessu sér á parti eins og nú er gert þar sem þessu er fyrir komið í 3. gr. laga nr. 28/1985.

Virðulegur forseti. Ég ætlaði ekki að orðlengja þetta frekar þó að margt mætti um málið segja. Ég vil ítreka þakkir til þingnefndarinnar fyrir það að hún hefur lagt alúð við þetta og lagt hér fram tillögur um málið. Og þó að ég hafi gefið hér ábendingar þá styð ég margt af því sem hér er lagt til og í rauninni allar tillögur sem eru í rétta átt, en mér finnst að varðandi vissa þætti og þá kannski sérstaklega það sem snýr að 7. gr., 1. mgr., og orðað er í brtt., hefði mátt vera fyllra og þar þurfi að ganga sem best frá túlkunum og hvernig á að útfæra þau ákvæði í reynd sem þar eru orðuð.

[23:50]

Frsm. félmn. (Gísli S. Einarsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vil þakka hv. 4. þm. Austurl. fyrir mjög góða yfirferð yfir þetta mál og þetta nál. Hér er eins og hefur komið fram í ræðum manna mjög viðkvæmt mál. Þetta er mikið nákvæmnisverk og það er ugglaust þannig að menn þurfa að gera það mjög vel upp við sig hvernig þeir skila svona málum frá sér. Ég viðurkenni að það getur verið um göt að ræða þar sem betur sjá augu en auga. En ég sný mér að þeim spurningum sem beint var til mín. Það var spurt um reglugerðarákvæði. Það er ekki gert ráð fyrir reglugerðum heldur að það megi lesa út úr þessum texta þær ábendingar sem til þarf til að leysa þau mál sem upp kunna að koma.

Ég vil vitna til þess sem hér er í nál. að lögð er áhersla á að sveitarfélagið nái samningum við húseigendur og það er litið til þess að til grundvallar hljóti að vera heildarhagsmunir viðkomandi sveitarfélags. Hins vegar ef aðili sem í hlut á ætlar sér að flytja í burtu þá eru settar inn mögulegar lausnir um hvernig það skal gert og er vitnað til brunatryggingarlaga nr. 48/1994, sem voru sett núna rétt í lok desember, og það er viðmiðunin sem menn hafa, ásamt fasteignamati á viðkomandi stað. Það var líka ljóst að það gat verið mjög örðugt að segja til um í hverju tilviki. Það yrði að taka tillit til þess hvort sá sem á hús byggði það í upphafi eða keypti það af öðrum á gangverði eða fasteignaverði. Þetta voru atriðin sem helst var gert ráð fyrir í okkar umfjöllun.

Ég vona að þessi svör séu nægjanleg.

[23:53]

Félagsmálaráðherra (Rannveig Guðmundsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir þau orð að þakka nefndinni fyrir vinnu við þetta frv. Ég vil jafnframt taka undir orð hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar,

bæði í ræðu hans hér og margt af því sem hann orðaði í málflutningi sínum við fyrri umræðu þessa máls. Þá kom fram að þingmaðurinn hefur, reyndar frá fyrri tíma, aflað sér mjög mikillar þekkingar á ýmsu sem lýtur að öryggismálum vegna skriðufalla og ofanflóða og gat miðlað okkur af ýmsu því sem hann hafði viðað að sér um þessi mál. Ég tek undir það að það er bæði erfitt að fá fullkomið öryggi með varnarvirkjum og einnig hitt, að við megum ekki vera of upptekin af því miðað við í hvernig landi við búum og býst við að við séum bæði mótuð af okkar heimabyggðum í því efni.

Ég kem hérna upp fyrst og fremst til að árétta það að lögð er áhersla á það í frv. og reyndar í brtt. nefndar að reyna að hafa nokkuð hreinar línur fyrir sveitarfélög að styðjast við, en jafnframt að tryggja það að ákvörðun sem tekin er, er tekin í heimabyggð og þó sé með traustum stuðningi ríkisvalds, þá er ákvörðunin heima og þetta ræddum við líka reyndar við fyrri umræðu málsins.

En varðandi það að taka raunsætt á skipulagsmálum til framtíðar sem er mjög mikilvægt og tengja þessi mál skipulagsákvörðun, þá lít ég svo á að þar eigum við að gera það sem skynsamlegt er, fara í skoðun á þessum hlutum, athuga hvar þessum málum er best fyrir komið og hvort það hafi e.t.v., eins og hefur verið vikið að, hreinlega farist fyrir að flytja ofanflóðasjóð og ofanflóðavarnir með til umhvrn. Ég hef ekki kynnt mér hvort það var rætt á sínum tíma, en óháð því þá er mjög mikivægt að skoða það núna. Það var ekki nauðsynlegt að mínu mati að skoða það samhliða þessu frv., en ég hef rætt það við umhvrh. að það sé mál sem við í ríkisstjórn eigum að ræða og skoða með hvaða hætti eigi að taka á og það verður gert í framhaldi af þessu máli.

[23:55]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir viðbrögð og einnig frsm. nefndarinnar, sem ég vona að heyri mitt mál. Ég hef því einu við að bæta góðar undirtektir af hálfu þeirra við mínar ábendingar að ég held að það sé skynsamlegt að gera ráð fyrir reglugerðarheimild varðandi 7. gr. í lögum. Ég bið þingnefndina um að íhuga það og vænti að hv. 4. þm. Vesturl. heyri eða fái það sjónarmið flutt til sín, að nefndin athugi það milli umræðna hvort ekki sé rétt að setja inn í 7. gr. sérstaklega eða almennt við lögin séu ekki þar heimildir fyrir reglugerð. Það skiptir afskaplega miklu að um sé að ræða samræmd vinnubrögð og það sé farið ofan í saumana með þeim hætti sem reglugerð gerir kleift, auðvitað á grundvelli þeirra lagaákvæða sem við ætlum að ganga frá hér.

Umræðu frestað.

Útbýting þingskjals:

Virðisaukaskattur, 459. mál, frv. efh.- og viðskn., þskj. 882.

Umferðaröryggismál, frh. síðari umr.

Þáltill. SJS, 203. mál. — Þskj. 229, nál. 813.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [00:00]

Till. í nál. 813 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, HG, JBH, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SvG, TIO, ÞorstP.

29 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, EgJ, FI, FrS, GHall, GÁS, GJH, HÁ, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, MB, ÓÞÞ, PP, RA, SP, StG, SJS, StB, VS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Nýting landkosta, frh. síðari umr.

Þáltill. JHelg o.fl., 23. mál. — Þskj. 23, nál. 814.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [00:00]

Till. í nál. 814 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, HBl, HG, IP, JBH, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SvG, TIO, ÞorstP.

27 þm. (ÁRÁ, ÁJ, EgJ, FI, FrS, GHall, GÁS, HÁ, IBA, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, JVK, MB, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SP, StG, SJS, StB, VS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Ráðherraábyrgð, frh. síðari umr.

Þáltill. SvG, 34. mál. — Þskj. 34, nál. 815.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [00:01]

Till. í nál. 815 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, HBl, HG, IP, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SvG, TIO, ÞorstP.

25 þm. (ÁRÁ, ÁJ, EgJ, FI, FrS, GHall, GÁS, HÁ, IBA, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, MB, ÓÞÞ, PP, RA, SP, StG, SJS, StB, VS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Leiðtogafundur á Þingvöllum árið 2000, frh. síðari umr.

Þáltill. JHelg o.fl., 183. mál. — Þskj. 205, nál. 816.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [00:02]

Till. í nál. 816 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, HBl, HG, IP, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SvG, TIO, ÞorstP.

25 þm. (ÁRÁ, ÁJ, EgJ, FI, FrS, GHall, GÁS, HÁ, IBA, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, MB, ÓÞÞ, PP, RA, SP, StG, SJS, StB, VS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Stjórnarskipunarlög, frh. 2. umr.

Frv. GHH o.fl., 451. mál (endurskoðun ríkisreikninga, kjördagur). — Þskj. 769, nál. 848, brtt. 855.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [00:02]

1. gr. samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, HBl, HG, IP, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SvG, TIO, ÞorstP.

24 þm. (ÁRÁ, ÁJ, EgJ, FI, FrS, GHall, GÁS, HÁ, IBA, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, MB, ÓÞÞ, PP, SP, StG, SJS, StB, VS, VE, ÖS) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, GHH, GB, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, HBl, HG, IP, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, TIO, ÞorstP.

28 þm. (ÁRÁ, ÁJ, EgJ, FI, FrS, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HÁ, IBA, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PP, SP, StG, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÖS) fjarstaddir.

3. gr. samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, HBl, HG, IP, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, TIO, ÞorstP.

28 þm. (ÁRÁ, ÁJ, EgJ, FI, FrS, GHall, GÁS, HÁ, IBA, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, SP, StG, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 855 kölluð aftur til 3. umr.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, GHH, GE, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, HG, IP, JBH, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StB, SvG, TIO, ÞorstP.

1 þm. (GJH) greiddi ekki atkv.

26 þm. (ÁRÁ, ÁJ, EgJ, FI, FrS, GuðjG, GB, GHall, GÁS, HÁ, IBA, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, MB, ÓÞÞ, PP, SP, StG, SJS, VS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum, frh. 2. umr.

Stjfrv., 430. mál. — Þskj. 704, nál. 821.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [00:05]

1. gr. samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, GHH, GE, GB, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, HBl, HG, IP, JBH, JónK, JVK, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StB, TIO, ÞorstP.

26 þm. (ÁRÁ, ÁJ, EgJ, FI, FrS, GuðjG, GHall, GÁS, HÁ, IBA, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, KHG, MB, ÓÞÞ, PP, SP, StG, SJS, SvG, VS, VE, ÖS) fjarstaddir.

2.–11. gr. samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, GHH, GB, GJH, GHelg, GunnS, HBl, HG, IP, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, MF, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StB, TIO, ÞorstP.

29 þm. (ÁRÁ, ÁJ, EgJ, EKJ, FI, FrS, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, HÁ, IBA, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, KE, MB, ÓÞÞ, PP, SP, StG, SJS, SvG, VS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, GHH, GE, GB, GÁ, GJH, GunnS, HBl, HG, IP, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StB, TIO, ÞorstP.

26 þm. (ÁRÁ, ÁJ, EgJ, FI, FrS, GuðjG, GHall, GÁS, GHelg, HÁ, IBA, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, MB, ÓÞÞ, PP, SP, StG, SJS, SvG, VS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Stofnun Vilhjálms Stefánssonar á Akureyri, frh. síðari umr.

Þáltill. HG o.fl., 139. mál. — Þskj. 146, nál. 823.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [00:07]

Brtt. í nál. 823 (ný tillgr.) samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, HBl, HG, IP, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StB, TIO, ÞorstP.

25 þm. (ÁRÁ, ÁJ, EgJ, FI, FrS, GHall, GÁS, HÁ, IBA, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, MF, MB, ÓÞÞ, PP, SP, StG, SJS, SvG, VS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, HBl, HG, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StB, ÞorstP.

27 þm. (ÁRÁ, ÁJ, EgJ, FI, FrS, GHall, GÁS, HÁ, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, MF, MB, ÓÞÞ, PP, SP, StG, SJS, SvG, TIO, VS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 886).

Leigubifreiðar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 329. mál (heildarlög). — Þskj. 499, nál. 734, brtt. 735.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [00:08]

1. gr. samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, HBl, HG, IP, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RA, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StB, TIO, ÞorstP.

25 þm. (ÁRÁ, ÁJ, EgJ, FI, FrS, GHall, GÁS, HÁ, IBA, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, MB, ÓÞÞ, PP, RG, SP, StG, SJS, SvG, VS, VE, ÖS) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, HBl, HG, IP, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RA, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StB, TIO, ÞorstP.

25 þm. (ÁRÁ, ÁJ, EgJ, FI, FrS, GHall, GÁS, HÁ, IBA, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, MB, ÓÞÞ, PP, RG, SP, StG, SJS, SvG, VS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 735,1 samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, HG, JBH, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RA, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StB, TIO, ÞorstP.

28 þm. (ÁRÁ, ÁJ, EgJ, FI, FrS, GHall, GÁS, GJH, HÁ, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, MB, ÓÞÞ, PP, RG, SP, StG, SJS, SvG, VS, VE, ÖS) fjarstaddir.

3. gr., svo breytt, samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, HBl, HG, IP, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RA, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StB, TIO, ÞorstP.

25 þm. (ÁRÁ, ÁJ, EgJ, FI, FrS, GHall, GÁS, HÁ, IBA, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, MB, ÓÞÞ, PP, RG, SP, StG, SJS, SvG, VS, VE, ÖS) fjarstaddir.

4.–5. gr. samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, HBl, HG, IP, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RA, RG, SigG, SighB, SAÞ, StB, TIO, ÞorstP.

25 þm. (ÁRÁ, ÁJ, EgJ, FI, FrS, GHall, GÁS, HÁ, IBA, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, MB, ÓÞÞ, PP, SalÞ, SP, StG, SJS, SvG, VS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 735,2 samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, HBl, IP, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StB, TIO, ÞorstP.

25 þm. (ÁRÁ, ÁJ, EgJ, FI, FrS, GHall, GÁS, HÁ, HG, IBA, JÁ, JE, JóhS, JGS, MF, MB, ÓÞÞ, PP, SP, StG, SJS, SvG, VS, VE, ÖS) fjarstaddir.

6. gr., svo breytt, samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁ, GJH, GunnS, HBl, HG, IP, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StB, TIO, ÞorstP.

28 þm. (ÁRÁ, ÁJ, EgJ, EKJ, FI, FrS, GHall, GÁS, GHelg, HÁ, IBA, JÁ, JE, JóhS, JGS, MF, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PBald, SP, StG, SJS, SvG, VS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 735,3.a samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, HBl, HG, IP, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RA, SalÞ, SigG, SighB, StB, TIO, ÞorstP.

25 þm. (ÁRÁ, ÁJ, EgJ, FI, FrS, GHall, GÁS, HÁ, IBA, JÁ, JE, JóhS, JGS, MB, ÓÞÞ, PP, RG, SAÞ, SP, StG, SJS, SvG, VS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 735,3.b samþ. með 33:2 atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, IP, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, LMR, ÓE, ÓRG, PJ, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StB, TIO, ÞorstP, ÖS.
nei: HG, PBald.
6 þm. (GJH, KÁ, KE, MF, RA, RG) greiddu ekki atkv.
22 þm. (ÁRÁ, ÁJ, EgJ, FI, FrS, GHall, GÁS, HÁ, IBA, JÁ, JE, JóhS, JGS, MB, ÓÞÞ, PP, SP, StG, SJS, SvG, VS, VE) fjarstaddir.

7. gr., svo breytt, samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, GHH, GuðjG, GB, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, HG, IP, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, MF, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StB, TIO, ÞorstP, ÖS.
1 þm. (GJH) greiddi ekki atkv.
25 þm. (ÁRÁ, ÁJ, EgJ, FI, FrS, GE, GHall, GÁS, HÁ, IBA, JÁ, JE, JóhS, JGS, KE, MB, ÓÞÞ, PP, RA, SP, StG, SJS, SvG, VS, VE) fjarstaddir.

Brtt. 735,4 samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, HBl, HG, IP, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StB, TIO, ÞorstP, ÖS.
23 þm. (ÁRÁ, ÁJ, EgJ, EKJ, FI, FrS, GHall, GÁS, HÁ, IBA, JÁ, JE, JóhS, JGS, MB, ÓÞÞ, PP, SP, StG, SJS, SvG, VS, VE) fjarstaddir.

8. gr., svo breytt, samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, GHH, GE, GuðjG, GB, GHelg, GunnS, HBl, HG, IP, JBH, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StB, TIO, ÞorstP, ÖS.
25 þm. (ÁRÁ, ÁJ, EgJ, FI, FrS, GHall, GÁS, GÁ, GJH, HÁ, IBA, JÁ, JE, JóhS, JGS, JVK, MB, ÓÞÞ, PP, SP, StG, SJS, SvG, VS, VE) fjarstaddir.

9.–11. gr. samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, HG, IP, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StB, TIO, ÞorstP, ÖS.
23 þm. (ÁRÁ, ÁJ, EgJ, FI, FrS, GHall, GÁS, HÁ, HBl, IBA, JÁ, JE, JóhS, JGS, MB, ÓÞÞ, PP, SP, StG, SJS, SvG, VS, VE) fjarstaddir.

Brtt. 735,5 samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, HG, IP, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StB, TIO, ÞorstP, ÖS.
24 þm. (ÁRÁ, ÁJ, EgJ, FI, FrS, GHall, GÁS, HÁ, HBl, IBA, JÁ, JE, JóhS, JGS, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PP, SP, StG, SJS, SvG, VS, VE) fjarstaddir.

12. gr., svo breytt, samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, HG, IP, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StB, TIO, ÞorstP, ÖS.
23 þm. (ÁRÁ, ÁJ, EgJ, FI, FrS, GHall, GÁS, HÁ, HBl, IBA, JÁ, JE, JóhS, JGS, MB, ÓÞÞ, PP, SP, StG, SJS, SvG, VS, VE) fjarstaddir.

Brtt. 735,6 samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, HG, IP, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓRG, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StB, TIO, ÞorstP, ÖS.
24 þm. (ÁRÁ, ÁJ, EgJ, FI, FrS, GHall, GÁS, HÁ, HBl, IBA, JÁ, JE, JóhS, JGS, MB, ÓE, ÓÞÞ, PP, SP, StG, SJS, SvG, VS, VE) fjarstaddir.

Ákv. til brb., svo breytt, samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, HG, IP, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StB, TIO, ÞorstP, ÖS.
23 þm. (ÁRÁ, ÁJ, EgJ, FI, FrS, GHall, GÁS, HÁ, HBl, IBA, JÁ, JE, JóhS, JGS, MB, ÓÞÞ, PP, SP, StG, SJS, SvG, VS, VE) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 41 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, HG, IP, JÁ, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StB, TIO, ÞorstP, ÖS.
22 þm. (ÁRÁ, ÁJ, EgJ, FI, FrS, GHall, GÁS, HÁ, HBl, IBA, JE, JóhS, JGS, MB, ÓÞÞ, PP, SP, StG, SJS, SvG, VS, VE) fjarstaddir.

Fólksflutningar með langferðabifreiðum, frh. 2. umr.

Stjfrv., 332. mál (aldurshámark bifreiðastjóra). — Þskj. 514, nál. 736.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [00:16]
Brtt. 1 í nál. 736 samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, IP,

JÁ, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StB, TIO, ÞorstP, ÖS.
1 þm. (HG) greiddi ekki atkv.
23 þm. (ÁRÁ, ÁJ, EgJ, FI, FrS, GHall, GÁS, HÁ, HBl, IBA, JE, JóhS, JGS, MB, ÓÞÞ, PP, PBald, SP, StG, SJS, SvG, VS, VE) fjarstaddir.

1. gr., svo breytt, samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, HG, IP, JÁ, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StB, TIO, ÞorstP, ÖS.
22 þm. (ÁRÁ, ÁJ, EgJ, FI, FrS, GHall, GÁS, HÁ, HBl, IBA, JE, JóhS, JGS, MB, ÓÞÞ, PP, SP, StG, SJS, SvG, VS, VE) fjarstaddir.

Brtt. 2 í nál. 736 samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, HG, IP, JÁ, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StB, TIO, ÞorstP, ÖS.
22 þm. (ÁRÁ, ÁJ, EgJ, FI, FrS, GHall, GÁS, HÁ, HBl, IBA, JE, JóhS, JGS, MB, ÓÞÞ, PP, SP, StG, SJS, SvG, VS, VE) fjarstaddir.

2. gr., svo breytt, samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, HG, IP, JÁ, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StB, TIO, ÞorstP, ÖS.
23 þm. (ÁRÁ, ÁJ, EgJ, FI, FrS, GHall, GÁS, HÁ, HBl, IBA, JE, JóhS, JGS, MB, ÓÞÞ, PP, SighB, SP, StG, SJS, SvG, VS, VE) fjarstaddir.

3. gr. samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, HG, IP, JÁ, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StB, TIO, ÞorstP, ÖS.
22 þm. (ÁRÁ, ÁJ, EgJ, FI, FrS, GHall, GÁS, HÁ, HBl, IBA, JE, JóhS, JGS, MB, ÓÞÞ, PP, SP, StG, SJS, SvG, VS, VE) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 40 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, HG, IP, JÁ, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StB, TIO, ÞorstP, ÖS.
1 þm. (EKJ) greiddi ekki atkv.
22 þm. (ÁRÁ, ÁJ, EgJ, FI, FrS, GHall, GÁS, HÁ, HBl, IBA, JE, JóhS, JGS, MB, ÓÞÞ, PP, SP, StG, SJS, SvG, VS, VE) fjarstaddir.

Vöruflutningar á landi, frh. 2. umr.

Stjfrv., 333. mál (aldurshámark bifreiðastjóra). — Þskj. 515, nál. 737.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [00:19]
Brtt. 1 í nál. 737 samþ. með 35:2 atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁ, GHelg, GunnS, IP, JÁ, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, LMR, ÓE, ÓRG, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StB, TIO, ÞorstP, ÖS.
nei: HG, PBald.
4 þm. (GJH, KÁ, KE, MF) greiddu ekki atkv.
22 þm. (ÁRÁ, ÁJ, EgJ, FI, FrS, GHall, GÁS, HÁ, HBl, IBA, JE, JóhS, JGS, MB, ÓÞÞ, PP, SP, StG, SJS, SvG, VS, VE) fjarstaddir.

1. gr., svo breytt, samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁ, GHelg, GunnS, IP, JÁ, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StB, TIO, ÞorstP.
1 þm. (HG) greiddi ekki atkv.
26 þm. (ÁRÁ, ÁJ, EgJ, FI, FrS, GHall, GÁS, GJH, HÁ, HBl, IBA, JE, JóhS, JGS, MF, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PP, SP, StG, SJS, SvG, VS, VE, ÖS) fjarstaddir.

2.–3. gr. samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, HG, IP, JÁ, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StB, TIO, ÞorstP, ÖS.
23 þm. (ÁRÁ, ÁJ, EgJ, FI, FrS, GHall, GÁS, HÁ, HBl, IBA, JE, JóhS, JGS, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PP, SP, StG, SJS, SvG, VS, VE) fjarstaddir.

Brtt. 2 í nál. 737 samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, HG, IP, JÁ, JBH, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StB, TIO, ÞorstP, ÖS.
23 þm. (ÁRÁ, ÁJ, EgJ, FI, FrS, GHall, GÁS, HÁ, HBl, IBA, JE, JóhS, JGS, KHG, MB, ÓÞÞ, PP, SP, StG, SJS, SvG, VS, VE) fjarstaddir.

Ákv. til brb., svo breytt, samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, HG, IP, JÁ, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StB, TIO, ÞorstP, ÖS.
22 þm. (ÁRÁ, ÁJ, EgJ, FI, FrS, GHall, GÁS, HÁ, HBl, IBA, JE, JóhS, JGS, MB, ÓÞÞ, PP, SP, StG, SJS, SvG, VS, VE) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 41 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, HG, IP, JÁ, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StB, TIO, ÞorstP, ÖS.

22 þm. (ÁRÁ, ÁJ, EgJ, FI, FrS, GHall, GÁS, HÁ, HBl, IBA, JE, JóhS, JGS, MB, ÓÞÞ, PP, SP, StG, SJS, SvG, VS, VE) fjarstaddir.

Um fundarstjórn.

Afgreiðsla sjúkraliðafrv. úr nefnd.

[00:21]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Ég geri mér grein fyrir því að það er nokkur vandi á höndum vegna þess að við erum stödd í miðjum fundi en þingi er engu að síður að ljúka og tilkynnt hefur verið í fjölmiðlum að því eigi að slíta í þjörtu á morgun. Samkvæmt venju í fundarsköpum hefði kannski verið eðlilegra að kveðja sér hljóðs í upphafi þingfundar um störf þingsins en þar eð ekki er kostur á því þá taldi ég óhjákvæmilegt að kveðja mér hljóðs vegna fréttar sem flutt var í Ríkisútvarpinu á miðnætti, fyrir 20 mínútum eða svo, um það að fulltrúar Sjálfstfl. í heilbr.- og trn. hefðu lagst gegn því að stjfrv. um starfsréttindi sjúkraliða væri afgreitt út úr nefndinni.

Það þarf ekki að lýsa því í þessum sal að háð var hér 7 vikna sjúkraliðaverkfall og við fylgdumst með því í atkvæðagræðslu um fjárlagafrv. síðustu nóttina fyrir jól að ráðherrar voru í símanum að ljúka þeim samningum svo að heilbrigðisstofnanir gætu tekið til starfa á ný. Hæstv. heilbrrh. mælti fyrir frv. í byrjun þessarar viku og mæltist eindregið til þess að frv. yrði afgreitt. Ég man ekki hans orðalag nákvæmlega en ég held að efnislega hafi það verið á þá leið. Ég held að það sé nokkuð einstakt í þingsögunni að þegar ráðherra mælist eindregið til þess að frv. sé afgreitt með þeim hætti sem heilbrrh. gerði og frv. tengist lausn langvarandi verkfalls þá skuli þingmenn annars stjórnarflokksins allir sem einn í þeirri nefnd sem málið fer til leggjast gegn því að málið sé afgreitt en það kom fram að einungis formaður nefndarinnar, þingmaður Alþfl. sem nú situr hér á forsetastól, og þingmenn Alþb. á fundinum mæltu með því að málið yrði tekið út úr nefndinni.

Við erum að afgreiða ýmis önnur frumvörp sem tengjast kjarasamningum, nýgerðum kjarasamningum Alþýðusambandsins og Vinnuveitendasambandsins og það hefur verið farið fram á það af hæstv. forsrh. að þau frumvörp yrðu afgreidd hér og stjórnarandstaðan hefur tekið vel í það. En svo gerist það greinilega hér í kvöld að það frv. sem hér er tengt lausn á langvarandi verkfalli sjúkraliða er stöðvað í heilbr.- og trn. af þingmönnum Sjálfstfl. Ég ætla ekki að efna til umræðu um þetta hér og nú en vil biðja ráðamenn þessara mála að hugleiða þetta mál í nótt og kanna það hvort ekki er rétt með nýjum degi að breyta þeirri ákvörðun sem tekin var í nefndinni. Ef þetta verður ekki gert þá gefst auðvitað tækifæri til þess að ræða þetta á morgun en ég trúi því ekki fyrr en fullreynt verður að þetta verði niðurstaðan málsins.

[00:25]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti. Af þessu gefna tilefni vil ég taka fram að þetta mál er töluvert öðruvísi vaxið en þau mál önnur sem við ræðum hér nú í tengslum við nýgerða kjarasamninga. Þannig var að forustumenn og talsmenn sjúkraliða óskuðu sérstaklega eftir því að þetta mál yrði lagt fram sem stjfrv. Það var áréttað af þremur ráðherrum sameiginlega, ekki einu sinni heldur oftar, að á það væri hægt að fallast en jafnframt margtekið fram að í þeirri yfirlýsingu fælist ekkert um það hver afgreiðsla málsins kynni að verða hér á þinginu. Þetta gat ekki farið á milli mála. Engu að síður óskuðu þessir talsmenn sjúkraliða eindregið eftir því að málið yrði lagt fram á þinginu þó að margítrekað væri að ekkert yrði hægt að segja fyrir um það hvaða afgreiðslu málið fengi hér í þingsalnum.

Ég átti fund í morgun sem formaður BSRB hafði milligöngu um með honum og talsmönnum sjúkraliða. Þar kom fram að talsmenn sjúkraliða höfðu lagt þann skilning í þetta mál að það að mál yrði lagt fram sem stjfrv. og ekki væri hægt að segja neitt fyrir um afgreiðslu þess þýddi það að menn lofuðust til þess að málið gengi til 3. umr. og atkvæðagreiðslu. Þessir ágætu fulltrúar höfðu enga ástæðu til þess að skilja málið svo. En það má vera að ókunnugleiki þeirra á störfum þingsins hafi leitt til þess að þeir hafi skilið málið svo. En það var ekkert tilefni gefið til þess af hálfu ráðherra að málið yrði skilið með þessum hætti.

Ég fyrir mitt leyti get sagt það að ég var, óháð þessari yfirlýsingu um stjfrv., efnislega sammála því að það væri rétt að greiða þessu frv. atkvæði, sá ekki annmarka á því. En ég gat ekkert sagt fyrir um vilja þingsins í þeim efnum. Við höfðum ekki borið okkur saman við þingflokkana að neinu leyti til áður en þessi yfirlýsing var gefin og það var fulltrúum sjúkraliða gert algerlega ljóst en þeir kusu eingöngu þetta að málið er lagt fram sem stjfrv. þó að því fylgdu engar aðrar skuldbindingar. Þetta vildi ég taka fram vegna þess að ég heyrði að vísu ekki fréttirnar kl. 12 en ég heyrði hins vegar að fréttamaður Ríkisútvarpsins, Guðrún Eyjólfsdóttir, hafi sagt í dag, ekki eftir sjúkraliðum heldur fullyrt að því hefði verið lofað að málið yrði afgreitt hér í þinginu. Það er rangt, algerlega rangt.

[00:28]

Guðrún J. Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Þegar við í heilbr.- og trn. í kvöld ræddum frv. til laga um sjúkraliða þá voru margir fletir sem komu fram og var reynt að finna leið til þess að allir gætu sameinast um þessi mál. Þegar við síðan í stjórnarandstöðunni sáum það að formaður ákvað að taka málið ekki út úr nefndinni þá báðum við um sérstaka bókun um það að við hefðum litið svo á að þetta

væri mál stjórnarflokkanna og við mundum ekki hindra það að málið fengi framgang, alls ekki, en það væri þeirra mál að ákveða þetta því þetta væri loforð stjórnarinnar. Ég hef því miður ekki bókunina við höndina en það getur verið að aðrir sem með okkur voru hafi það og munu sjálfsagt gera grein fyrir því, en ég vil taka það fram að þetta var mál stjórnarflokkanna og við stóðum ekki gegn því að þetta mál væri tekið út úr nefnd.

[00:29]

Gunnlaugur Stefánsson:

Hæstv. forseti. Í tilefni af orðum hv. þm. Guðrúnar J. Halldórsdóttur um það að ég hafi ákveðið í lok umræðunnar í hv. heilbr.- og trn. um frv. til laga um sjúkraliða að taka málið ekki út þá lýsti ég þeirri afstöðu minni strax í upphafi fundarins um að það væri ósk mín að frv. yrði tekið út úr nefndinni, samþykkt í nefndinni óbreytt, að leggja til við þingið að það yrði samþykkt óbreytt. Síðan óskaði ég eftir því að hv. nefndarmenn mundu lýsa afstöðu sinni til frv. Það tók einn hv. þm. undir þessa afstöðu mína og tillögu, einn hv. þm. Aðrir hv. þm. tóku allir til máls og lýstu ýmsum hugmyndum sínum til málsins, en ekki um það að taka undir það að afgreiða málið með þeim hætti sem ég óskaði eftir. Hv. þm. Guðrún J. Halldórsdóttir lýsti því yfir á fundinum að hv. þm. treysti sér ekki til að standa að afgreiðslu frv. óbreyttu. Í lok fundarins harmaði ég það að ekki hefði verið hægt að taka frv. út úr nefndinni, lýsti því að aðeins einn hv. þm. hefði tekið undir afstöðu mína og að mitt mat væri að það væri ekki samstaða um málið og um það urðu umræður og niðurstaða að það var ekkert samkomulag og það harma ég því mér þótti brýn ástæða til að þetta mál kæmi til afgreiðslu hér á þinginu og yrði afgreitt óbreytt eins og það yrði lagt fyrir af hálfu hæstv. ríkisstjórnar.

[00:32]

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Frú forseti. Það vill svo til að ég heyrði fréttir Ríkisútvarpsins sem hæstv. forsrh. vitnaði til og ég get staðfest að það kom fram í þeim fréttum sú fullyrðing fréttastofu að því hefði verið lofað af hálfu ríkisstjórnarinnar að umrætt frv. yrði afgreitt á Alþingi. Þessi fullyrðing fréttastofu Ríkisútvarpsins er röng og mér finnst eðlilegt að fréttastofa Ríkisútvarpsins leiðrétti sjálf sínar röngu fullyrðingar því ég get staðfest að það er allt rétt sem hæstv. forsrh. sagði. Við áttum samtöl við forustumenn sjúkraliða, við hétum því að leggja umrætt frv. fram sem stjfrv. sem þýddi að sjálfsögðu það að við ráðherrarnir lýstum því yfir að við mundum greiða frv. atkvæði. En við tókum það sérstaklega fram að við gætum ekki gefið nein fyrirheit um að frv. yrði afgreitt og ég nefndi það aukreitis í öðru samtali við forustumenn sjúkraliða að það var alveg ljóst að frv. sætti mikilli andstöðu á þingi. Það vissum við frá fyrri tíð að þetta yrði stutt vetrarþing og af þeim ástæðum gætum við engin fyrirheit gefið um afgreiðslu málsins.

Ég óskaði hins vegar eftir því þegar ég mælti fyrir frv., það er rétt hjá hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni, að frv. fengist afgreitt vegna þess að alveg eins og hæstv. forsrh. er ég sannfærður um að það frv., ef afgreitt hefði verið, hefði verið rétt spor. Ég fylgi því sjálfur og hefði greitt því atkvæði. En það er auðvitað þingið sem ræður og ég fékk þær upplýsingar eins og komu fram hjá formanni nefndarinnar hér áðan að meiri hluti heilbr.- og trn. hefði ekki verið reiðubúinn til að afgreiða frv. Það hefðu aðeins verið tveir hv. þingmenn í nefndinni hefðu verið reiðubúnir til þess.

[00:34]

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Mig langar til að leggja fram bókun sem við lögðum fram í hv. heilbr.- og trn., Finnur Ingólfsson, Ingibjörg Pálmadóttir og Guðrún J. Halldórsdóttir, um þetta mál og er hún svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Til að fá úr því skorið hvort frv. til laga um sjúkraliða, mál nr. 386 á þskj. 620, væri hluti af þeim kjarasamningi sem ríkisvaldið gerði við sjúkraliða um sl. áramót var óskað eftir að forsrh., fjmrh. og heilbr.- og trmh. mættu til fundar til nefndarinnar.

Þar sem forsrh. og fjmrh. komust ekki til fundarins bar formaður nefndarinnar skilaboð frá þeim. Í þeim skilaboðum kom fram að lagafrv. væri stjfrv. og lofað hefði verið að leggja það fram á Alþingi sem slíkt. Það þýddi hins vegar ekki að lofað hefði verið að frv. yrði samþykkt sem lög frá Alþingi. Þessari afstöðu forsrh. og fjmrh. var heilbrrh. sammála. Það kom fram hjá formanni Sjúkraliðafélagsins, Kristínu Á. Guðmundsdóttur, að loforð ráðherrans hefði verið að leggja frv. fram sem stjfrv. og fá það afgreitt á Alþingi. Skilningur formanns á loforðum ráðherra um afgreiðslu frv. var sá að það yrði samþykkt sem lög frá Alþingi. Af þessu má ráða að aðilar leggja ekki sama skilning í þau fyrirheit sem gefin voru við samningagerðir um framgang frv.

Stjórnarandstaðan hefur jafnan talið það skyldu sína að stuðla að því að stjfrv. sem tengjast gerð kjarasamninga næðu fram að ganga. Nú ber hins vegar svo við að deila stendur um það hverju hafi verið lofað. Undirrituð ætlar ekki að blanda sér í þá deilu. Það verður því að vera á ábyrgð stjórnarflokkanna hvaða afgreiðslu málið fær í heilbr.- og trn. Alþingis."

Þetta var sú bókun sem við lögðum fram og mér fannst rétt að lesa hér.

[00:36]

Guðrún J. Halldórsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég vil mótmæla því sem hv. 5. þm. Austurl., Gunnlaugur Stefánsson, sagði að ég hefði lýst því yfir að ég treysti mér ekki til að standa að þessu frv. eins og það væri. Það sem ég gerði, af því að ég sá að það væri ekki samstaða í nefndinni, var að koma með tillögu sem væri hugsanlega hægt að sættast á um. Hitt sagði ég aldrei að ég gæti ekki staðið að þessu frv. en mér fannst eins og málin væru komin að það væri ykkar mál sem eruð í stjórninni eða fylgið stjórninni að málum, hvernig þið afgreidduð það mál sem var ykkar eigið frv. En það er ekki rétt að ég hafi lýst því yfir að ég gæti ekki staðið að þessu. Þetta var

það sem ég reyndi að gera en það virðist vera mjög hættulegt í þessu máli yfirleitt að segja orð um það. Ef maður segir eitthvað og reynir að koma með eitthvað til sátta þá er strax snúið út úr fyrir manni og reynt að gera það eins sóðalegt og hægt er.

[00:38]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Lausnir á langvarandi verkföllum á Íslandi eru afar viðkvæmt mál. Lagasetningar í tengslum við kjarasamninga eru auðvitað þess eðlis að þegar forustumenn ríkisstjórna taka lagafrv. sem meginhluta lausnar á langvarandi kjaradeilu þá skilja allir venjulegir borgarar þessa lands það að á bak við slíka niðurstöðu sé fyrirheit um stuðning. Nú segir hæstv. heilbrrh. að það hafi legið í orðum ráðherranna þessa nótt þegar við sáum þá tala hér í hliðarherbergjum við forustumenn sjúkraliða að ráðherrarnir ætluðu allir að greiða frv. atkvæði, sagði hæstv. heilbrrh. hérna áðan. Ráðherrarnir allir gáfu fyrirheit um að greiða frv. atkvæði, sagði hæstv. heilbrrh. hérna áðan. Þekkja menn einhver dæmi um það hér í þingsögunni að allur ráðherrabekkurinn stilli sér upp á eina lund í atkvæðagreiðslu, þá séu völdin tekin af þeim af fulltrúum eins stjórnarflokksins í viðkomandi nefnd? Ég fullyrði: Það er ekkert slíkt dæmi til, ekkert slíkt dæmi. Og að ætlast til þess að við trúum því hér að þegar heilbrrh. lýsir því yfir að öll ríkisstjórnin hafi ætlað að greiða frv. atkvæði þá séu fulltrúar Sjálfstfl. í nefndinni allt í einu orðnir svo valdamiklir að þeir taki málið í sínar hendur og þar með sé málið bara svona einfalt. Það getur ekki verið rétt lýsing á málinu vegna þess að það er í mótsögn við allar þær venjur sem hér hafa tíðkast, það er í mótsögn við allt það sem við þekkjum hér í þinginu um samvinnu stjórnarþingmanna og ríkisstjórnar.

Við sem ekki hlustuðum á það samtal sem hér er vitnað til getum auðvitað ekki gerst dómarar í því hvað var sagt og hvað var ekki sagt. En yfirlýsing um það að allir ráðherrar ríkisstjórnarinnar hafi ætlað að greiða frv. atkvæði er auðvitað jafngildi þess að stjórnarflokkarnir standi á bak við frv. Slíkur er máttur ráðherra í atkvæðagreiðslu hér í þinginu. Það er því alveg ljóst að það hafa einhverjir þeir hlutir gerst í þessu máli sem gera það að verkum að allir fulltrúar Sjálfstfl. í nefndinni hafa komið í veg fyrir það að málið sé afgreitt út úr nefndinni, hafa komið í veg fyrir það að ráðherrarnir fengju að greiða því atkvæði vegna þess að það sagði hæstv. heilbrrh. hérna áðan að eitt væri þó ljóst í þessu máli að ráðherrarnir hefðu allir gefið fyrirheit um að greiða því atkvæði. En nú eru fjórir fulltrúar Sjálfstfl. í nefndinni búnir að koma í veg fyrir það að sú atkvæðagreiðsla ráðherranna fái að birtast hér í salnum.

[00:42]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson heldur því fram að eitthvað hafi gerst í hv. heilbr.- og trn. og það er alveg ljóst að eitthvað hefur gerst. Eitt af því sem til að mynda hefur gerst þar er það að þingmenn og fulltrúar stjórnarandstöðunnar hafa ekki treyst sér til þess að fylgja fulltrúa Alþfl. í nefndinni sem hefur lýst því yfir að hann er reiðubúinn til þess að afgreiða málið út. Það er alveg ljóst að það eru fulltrúar stjórnarandstöðunnar sem hafa ekki treyst sér til þess að afgreiða þetta mál. Og ég vil, virðulegi forseti, í tilefni af ræðu hv. þm. Ingibjargar Pálmadóttur inna hana og Framsfl. eftir því í ljósi þessarar loðnu yfirlýsingar sem hér var flutt af hálfu Framsfl.: Hver er afstaða Framsfl. og hv. þm. til þessa frv.?

[00:42]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er komið hér upp afar sérkennilegt mál. Gefið hefur verið loforð í tengslum við kjarasamninga vegna verkfalls sem hafði staðið í 7 vikur hjá mjög fjölmennri kvennastétt þessa lands. Við höfum núna undanfarna daga verið að afgreiða 5 frumvörp sem eru lögð fram í tengslum við kjarasamninga á hinum almenna vinnumarkaði. Það var strax orðið við því að leggja þau fram í þingi og það er verið að ljúka við að afgreiða þau hér. En þetta frv. sem var lagt fram í tengslum við kjarasamninga stórrar kvennastéttar hefur stoppað hér. Er þetta e.t.v. í hnotskurn lýsingin á því hvernig yfirleitt er farið með kvennastéttir í landinu? Er þetta líka niðurstaðan af skýrslunni sem við vorum að ræða um daginn? Mér finnst rétt að vekja athygli á þessari hlið málsins.

En hvað varðar það sem hæstv. umvhrh. sagði áðan þá hefur það komið skýrt fram í umræðum hjá þeim sem hafa tekið til máls af hálfu minni hlutans í hv. heilbr.- og trn., þ.e. fulltrúum Kvennalistans og Framsfl., að þær ætluðu ekki að standa gegn því að málið yrði tekið út úr nefndinni. En þær settu bókun fram þar sem þær lýstu því yfir að það væri betra að vinna málið betur og leggja fram brtt. En meiri hluti nefndarinnar treystir sér ekki til að afgreiða málið út. Það eru sjálfstæðismenn sem eru að stoppa þetta mál í þinginu og þeir verða að viðurkenna það.

[00:45]

Heilbrigðisráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Jafnþingreyndur maður og hv. 8. þm. Reykn. veit það að þegar mál er flutt sem stjfrv. þá er það eðli máls að ráðherrar í ríkisstjórninni munu fylgja málinu þannig að sú yfirlýsing sem hæstv. forsrh. gaf, að málið yrði flutt sem stjfrv., þýðir að ráðherrar munu styðja það.

Við megum hins vegar ekki gleyma forsögu málsins og forsagan var sú að það var gerð tilraun til þess að afgreiða frv. til laga um sjúkraliða á síðasta þingi. Um það náðist ekki sátt á Alþingi og málið gekk ekki til afgreiðslu. Það var því sett í nefnd þar sem reynt var að ná samkomulagi. Það samkomulag náðist ekki vegna þess að það var andstaða við frv., bæði frá félögum ófaglærðs starfsfólks í heilbrigðisþjónustu og frá hjúkrunarfræðingum. Ég lofaði hins vegar að beita mér fyrir því að reyna að ná frv. út úr nefndinni svo hægt væri að flytja það sem stjfrv. Það náðist út úr nefndinni með meiri hluta nefndarmanna gegn mótmælum fulltrúa Hjúkrunarfélags Íslands og með hjásetu fulltrúa ófaglærðra starfsmanna í heilbrigðisþjónustu sem áttu sæti í nefndinni. Það var því alveg ljóst að það var mikil andstaða við frv. og að sú andstaða mundi ör-

ugglega koma fram þegar heilbr.- og trn. færi að fjalla um málið. Þess vegna sögðum við hæstv. forsrh. að við gætum ekki tryggt að málið yrði afgreitt á Alþingi þó svo það yrði lagt fram sem stjfrv. Ég held að þetta hljóti mönnum að vera alveg ljóst og það var nákvæmlega þetta sem gerðist. Það er ekki mitt hlutverk að skýra frá því hvaða upplýsingar heilbr.- og trn. fékk frá þeim aðilum sem hún fékk til umsagnar. Það er hennar að gera það en það hefur augsjáanlega komið fram mikil andstaða við málið.

Ég ítreka þá skoðun mína að ef málið hefði komið til atkvæða þá hefði ég greitt því atkvæði, ekki bara vegna þess að ég hafði samþykkt að þetta yrði flutt sem stjfrv. heldur er ég sjálfur þeirrar skoðunar að sú breyting sem átti að gera á lögum um sjúkraliða sé rétt en það er alveg ljóst að málið er í höndum Alþingis og það er alveg ljóst í mínum huga að það voru fleiri sem voru andvígir því að afgreiða málið en bara sjálfstæðismenn eins og látið hefur verið í veðri vaka. Það voru aðeins tveir fulltrúar í heilbr.- og trn. sem tilbúnir voru að leggja til á fundi nefndarinnar í dag að málið gengi til atkvæða eins og það hafði verið lagt fyrir þingið.

[00:48]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Mér sýnist að hvað þetta mál varðar hafi verið gefin fyrirheit. Þeir sjúkraliðar sem hafa við mig rætt hafa staðfest að þeir hafi aldrei fengið fyrirheit um það að málið yrði að lögum. Ég hygg að þeir hafi fengið fyrirheit um það sem hér kemur fram í bókun og haft er eftir formanni þeirra, að það yrði afgreitt á Alþingi. Það fannst mér þeir fulltrúar sem ég hitti í gær staðfesta við mig.

Nú vill svo til að það hlýtur að vera skylda þingsins þegar svo stórt fyrirheit hefur verið gefið að þingmenn fái að lokum kost á því að greiða atkvæði um þetta mál. Það leikur grunur á því að stjórnarandstaðan muni styðja málið. Það er vissa fyrir því að heilir tíu ráðherrar hafi lýst því yfir að þeir ætli að styðja málið. Mér kæmi á óvart ef stjórnarliðinn, hv. þm. Eggert Haukdal, mundi ekki gera það einnig þannig að þarna eru einir 38 í hópnum sem eru alla vega tilbúnir að ganga til atkvæðagreiðslu um málið. Og mér finnst að þegar svona fyrirheit eru gefin, þá geti ekki þröngur hópur stjórnarliða stöðvað að málið fari út úr nefndinni og komi til þingsins á nýjan leik til lokaafgreiðslu. Ég vil því biðja hv. nefnd að funda á nýjan leik og fara yfir það hvort þeir vilji ekki vera svo heiðarlegir að gefa þinginu kost á því með atkvæðagreiðslu og það sjáist hvar hver og einn þingmaður stendur í málinu. Ég veit að þessir hæstv. ráðherrar ráða það miklu hér, alla vega þegar eitthvað liggur við, að þeir láta ekki stöðva mál fyrir sér. Það er klárt í mínum huga. Þess vegna hljóta þeir að snúa upp á hendurnar á sínum mönnum og segja þeim að afgreiða málið út og það komi hér til afgreiðslu. Ég er sannfærður um að það var heiðarlega sagt af ráðherrunum fyrir jólin að þeir gáfu sjúkraliðunum þá von að málið kæmi hér til afgreiðslu. Meira sögðu þeir ekki, þeir tryggðu þeim ekki stuðning við málið en þeir lofuðu því að það yrði afgreitt frá þinginu og það eiga menn að standa við. *Hæstv. forseti.* Það er óásættanlegt annað en málið fái meðferð hér.

[00:51]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég sat þennan fund hv. heilbr.- og trn. vegna þess að fulltrúi okkar alþýðubandalagsmanna var ekki til staðar og ég verð að segja alveg eins og er að ég sá ekki annað en formaður nefndarinnar hefði rétt fyrir sér í því að það væri ekki meiri hluti fyrir afgreiðslu málsins því það kom fram hjá fjórum þingmönnum Sjálfstfl. á fundinum að þeir teldu að það ætti ekki að afgreiða málið og það kom skýrt fram frá öðrum fulltrúa Framsfl. að hann ætlaði að sitja hjá í þessu efni þannig að formaður átti engan annan kost en hætta við að afgreiða málið á þessum fundi.

Ég vildi að þetta kæmi hér fram. Ég lagði það til ásamt formanni nefndarinnar að málið yrði afgreitt, hreinlega af þeim ástæðum að það lá fyrir að þannig var litið á, a.m.k. frá hendi sjúkraliða, að þarna væri á ferðinni mál sem tengdist beinlínis lausn kjarasamninganna. Það er þess vegna mjög mikilvægt, og ég tek undir með þeim sem það hafa sagt hér í kvöld, að auðvitað er eðlilegt að málið verði afgreitt frá þinginu. Það er enginn bundinn af því með hvernig hann greiðir atkvæði ef málið kemur til afgreiðslu þingsins. Það verður auðvitað að fara eins og fara vill með það. En það er ekki eðlilegt að málið dagi upp í nefnd, ekki mál sem kemur til meðferðar þingsins eins og hér hefur gerst.

Ég vil líka taka það fram vegna þeirrar yfirlýsingar sem var lesin upp frá framsóknarmönnum sem sátu þarna og kvennalistakonum að sú yfirlýsing kom ekki fram á fundinum sjálfum. Það kom fram að þau ætluðu að búa til einhverja yfirlýsingu, en ég heyrði hana ekki fyrr en nú og ég held að hún hljóti að hafa verið samin alfarið eftir að fundinum lauk. Ég ætla ekkert að setja út á þá yfirlýsingu, en ég vildi bara að að kæmi fram að hún var ekki rædd á fundinum og kom ekki þar fram.

Ég vona að hv. formaður nefndarinnar treysti sér til þess að skoða það hvort ekki sé hægt að fá málið til afgreiðslu í sölum þingsins.

[00:54]

Tómas Ingi Olrich:

Virðulegi forseti. Þessi umræða um afgreiðslu úr heilbr.- og trn. er mjög athyglisverð. Það er alveg hárrétt að fjórir þingmenn Sjálfstfl. voru mótfallnir því að afgreiða þetta mál úr nefnd. Það höfðu komið fram mjög eindregnar upplýsingar um það að málið væri mjög gallað. Flestallir sem um málið fjölluðu á fundum nefndarinnar sáu á því annmarka og sjálfstæðismenn voru þeirrar skoðunar að það þyrfti annaðhvort að vinna meira í málinu, alla vega væri ekki hægt að afgreiða það út á þessu stigi málsins.

Hins vegar er alveg ljóst að aðrir nefnarmenn gátu afgreitt málið ef þeir vildu. Þeir gátu tekið höndum saman við fulltrúa Alþfl. í nefndinni og fulltrúa Alþb. Fulltrúar Framsfl. og Kvennalistans gátu afgreitt málið ef þeir vildu, en þeir kjósa frekar núna að láta líta

svo út sem þetta hafi strandað á Sjálfstfl. og gera sig byrsta hér til þess að fría sig frá málinu. En það liggur alveg ljóst fyrir að það var afskaplega auðvelt fyrir þennan nýja meiri hluta sem hafði myndast þarna að afgreiða málið ef menn vildu það. En að sjálfsögðu var það meginástæðan að menn vildu það ekki. (**GÁ:** Var ekki ríkisstjórnin sprungin þá?) Þannig að hv. þm. Guðni Ágústsson misskilur þetta ef hann heldur að Framsfl. hafi ekki getað tekið þetta mál út. Hann gat það ef hann vildi en hann kaus ekki að gera það.

[00:56]

Ingibjörg Pálmadóttir:

Vissulegi forseti. Hér hefur orðið mikil umræða um þetta sjúkraliðafrv. og það er mjög eðlilegt. Hæstv. forsrh. og hæstv. heilbrrh. lýstu best þeim ágreiningi sem er í málinu. Hæstv. umhvrh. spurði sérstaklega um afstöðu þess sem hér stendur og ég þakka honum sérstaklega fyrir það að veita mér þann heiður að ég fái sérstaklega að tala frá eigin brjósti um það, nú tala ég ekki fyrir hönd alls Framsfl. heldur frá mínu eigin brjósti. Það kom ávallt fram í nefndinni, ég kom alltaf hreint fram með það, að ég ætlaði ekki að stöðva þetta mál. Það mátti renna í gegnum nefndina mín vegna, en ég mundi koma með brtt. við 5. gr. frv. Það var alla tíð ljóst. Og það er ekki í fyrsta skipti sem ég hef haft það í huga að koma með brtt. en því miður hefur stjórnin fellt þær brtt. oftar en ekki. Það er því orðið sérstakt núna ef tekið er tillit til þeirra tillagna sem ég legg fram. Ég vildi að þetta kæmi hér fram vegna þess að ég var sérstaklega spurð.

Mér fannst dálítið sérstakt það sem hv. 3. þm. Vesturl. sagði um þetta mál. Hann kom á fund í nefndinni í fyrsta skipti, við erum búin að ræða þetta á þrem fundum, hann ræddi ekkert efnislega um málið. Hann taldi bara eðlilegt að það rynni út úr nefndinni og það var hans álit og allt í lagi með það. En mér hefði þótt eðlilegra að hann færi efnislega yfir það. Hæstv. umhvrh. talaði um að það hefðu verið loðin svör sem við gáfum hér þrjú, Finnur Ingólfsson, ég sem hér stend og Guðrún J. Halldórsdóttir. Ég ætla að endurtaka það sem við sögðum í okkar bókun:

„Stjórnarandstaðan hefur jafnan talið það skyldu sína að stuðla að því að stjórnarfrumvörp sem tengjast gerð kjarasamninga næðu fram að ganga."

Nú hefur það komið fram hjá hæstv. heilbrrh. að þetta hafi ekki tengst kjarasamningum og það var sú yfirlýsing sem hann gaf í hv. heilbr.- og trn. (**ÓRG:** Ekki tengst kjarasamningum?) (**Gripið fram í:** Nei.) Þannig að ef það tengist kjarasamningum þá hlýtur ríkisstjórnin að vera bundin við að standa við það (**Gripið fram í:** Og Framsfl. ...) og þá hlýtur ríkisstjórnin að vera bundin við að standa við gefin loforð. (**KE:** Hefur hún ekki meiri hluta, ríkisstjórnin?)

[00:59]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Mér blöskrar alveg það sem hæstv. ráðherrar leyfa sér að bera á borð fyrir Alþingi í þessum efnum. Að segja það, eins og hæstv. heilbrrh. segir, að stjfrv. þýði það að ráðherrar styðji frv. Hefur það verið venjan hér á Alþingi? Þetta eru blekkingar og falsanir við það fólk sem hæstv. ráðherrar hafa talað við vegna þess að það er viðtekin venja á Alþingi að ef um stjfrv. er að ræða þá er það stjórnarmeirihlutinn sem ber frv. hér í gegn. (**StB:** Þarf þá nokkuð að ræða það?) Það er viðtekin venja að leggja stjfrv. fyrir í þingflokknum og það vita hv. þm. Annað er bara blekkingar og mér blöskrar að heyra þennan málflutning stjórnarliðanna. Og þegar hv. þm. Tómas Ingi Olrich segir svo að það eigi að bera málið í gegn í samvinnu við stjórnarandstöðuna á þingi þá fer nú skörin að færast upp í bekkinn.

Hvers konar málflutningur er þetta sem er stundaður hérna? Ég hef orðið vitni að ýmsu þau tíu ár sem ég hef verið á þingi, en þetta er eitthvað það aleinkennilegasta sem ég hef orðið vitni að í þessum efnum. Ætla svo að fara að vísa einhverri ábyrgð á stjórnarandstöðuna á þessu klúðri, hér koma hæstv. forsrh. og hæstv. heilbrrh. hver á eftir öðrum og segja að stjfrv. þýði það að ráðherrar styðji frv. (Gripið fram í.) Það er von að mönnum blöskri.

[01:01]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Við vitum það öll að þetta mál, þ.e. frv. um sjúkraliðana, er umdeilt mál og þess vegna hlýt ég að spyrja hvers vegna og hvernig á því standi að þetta frv. kom svona seint inn í þingið og hvers vegna það gerðist að hæstv. heilbrrh. mælti ekki fyrir málinu fyrr en í síðustu viku þings vegna þess að ef eitthvað er ljóst, þá er það það að þingið og nefndir þingsins þurfa meiri tíma til þess að skoða svona umdeild og erfið mál. Nú hef ég ekki haft tækifæri til þess að fylgjast með störfum nefndarinnar í þessu máli en ég held að það sé alveg ljóst og okkur hljóti öllum að vera það ljóst að komi þetta mál ekki inn í þingið þá veldur það miklum vanda. Þetta mun vekja óróa og uppnám meðal sjúkraliða því að það er alveg ljóst að þeir líta svo á að þetta sé hluti af þeirra kjarasamningi og málið snýst um það að tryggja stöðu sjúkraliða sem stéttar í heilbrigðiskerfinu. Það hefði þurft að leggja meiri vinnu í það að reyna að skilgreina verksvið og hvernig á að skipta verkum milli hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða, en ég fæ ekki betur séð en við séum komin í mikinn vanda og ég held að nefndin hljóti að setjast aftur yfir þetta mál og reyna að finna einhverja lausn. Ekki veit ég hvort það kemur til verkfalls aftur en þetta mun skapa mikla óánægju meðal sjúkraliða sem hafa brýst mjög á um það að fá þetta mál afgreitt. Ég skora á hv. formann nefndarinnar að gera aðra tilraun til þess að finna lausn á þessu máli.

En ég vil taka það fram að hér hefur verið mikið álag undanfarna daga og ég efast um að þingflokkar hafi haft tíma til þess að fara ofan í þetta mál. Það hefur rignt yfir okkur bréfum frá hjúkrunarfræðingum og sjúkraliðum og þetta er mál sem þarf að fara vel ofan í. Ég treysti mér ekki til þess á þessari stundu að svara því hvort það tekst en það er auðvitað hinn lýðræðislegi meiri hluti sem á að taka afstöðu til málsins á endanum.

[01:04]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Það kemur mér nokkuð spánskt fyrir sjónir í níu manna nefnd þegar tveir greiða atkvæði með einhverju máli, þrír sitja hjá og fjórir eru á móti, þá sé málið fallið vegna þess að þrír sitji hjá. Ég hélt að þetta væri auðvelt reikningsdæmi fyrir hv. þm. Tómas Inga Olrich sem talaði áðan og sem hefur jafnframt verið menntaskólakennari. Ég hélt að þetta væri bara ósköp auðvelt reikningsdæmi.

Í öðru lagi er ég að heyra það núna á síðasta degi þingsins að það sé allt í lagi að það myndist nýr meiri hluti í nefndum þingsins. Það eru alveg ný sannindi fyrir mér en það er gott að vita það.

[01:05]

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Ég get sagt hv. síðasta ræðumanni að það hefur margoft myndast nýr meiri hluti í hv. allshn. þannig að það er ekkert nýtt.

Hæstv. forseti. Ég hef margoft talað fyrir því hér að níu manna þingnefndir eigi ekki að taka atkvæðisréttinn af þeim 54 öðrum þingmönnum sem sitja á Alþingi. Mitt erindi hér upp er því fyrst og fremst það að biðja hæstv. forseta að túlka fyrir mig þá athöfn sem hér fer fram. Eftir að 1. umr. um mál er lokið þá greiðum við atkvæði um það að vísa málinu til 2. umr. og nefndar og ég vil biðja hæstv. forseta að útskýra það fyrir þingheimi hvað það þýðir þegar þingheimur greiðir atkvæði um það að vísa máli til 2. umr. Í mínum huga þýðir það það að mál eiga að koma aftur inn í þingið. Það liggur í orðanna hljóðan og það er nákvæmlega það í mínum huga sem þingið er að greiða atkvæði um, að öll mál eigi að koma út úr nefndum þingsins í þingsali þar sem hinir 54 þingmennirnir fá að taka afstöðu til tiltekins máls. Og ég óska eftir því að hæstv. forseti túlki þetta fyrir okkur hinum þingmönnunum.

[01:07]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Ég hef fylgst með þessari umræðu af áhuga og vil eiginlega biðja hv. 5. þm. Norðurl. e. að endurtaka það sem hann sagði úr ræðustól áðan, hvort ég hafi virkilega heyrt rétt að hv. þm. hafi verið að saka stjórnarandstöðuna um það að fylgja ekki fram og koma ekki stjfrv. í gegnum Alþingi. Hv. þm. var að því áðan og ég man aldrei eftir því að þetta hafi gerst áður. Ég man eftir því að þingflokksformaður Sjálfstfl. hafi oft kallað allt liðið niður á þingflokksfund vegna þess að einn eða tveir þingmenn klikkuðu í atkvæðagreiðslu. Svo er það allt í einu upp á teningnum núna að hv. þm. Sjálfstfl. er að saka stjórnarandstöðuna um að koma ekki stjfrv. í gegnum þingið.

Hvert er eðli stjfrv. og hvert er eðli þess þingræðiskerfis sem við störfum eftir? Ég vil leyfa mér að spyrja hv. þm. að því. Og ég vil inna hv. þm. eftir því hvernig hann teldi að starf Alþingis mundi fara fram ef hlutirnir ættu að ganga fram eftir þessum nótum.

Það er oft og tíðum sagt að þingmönnum beri ekki skylda til að hlýða nokkru öðru en eigin samvisku eftir að þeir eru kosnir á þing en þó vitum við öll að hér ganga störf eftir ákveðnum leikreglum og ein af þeim leikreglum er sú að séu hér flutt stjfrv. er það hlutverk stjórnarþingmanna en ekki stjórnarandstöðu að fylgja því fram.

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):

Í tilefni fyrirspurnar hv. 5. þm. Reykv. vil ég vekja athygli hv. þm. á 27. gr. þingskapa þar sem kveðið er á um afgreiðslu þingmála og er svar við spurningu hv. þm.

[01:10]

Tómas Ingi Olrich:

Virðulegi forseti. Í samræmi við þá spurningu sem hér var varpað fram af hv. 6. þm. Norðurl. e. þá er það rangt hjá honum að ég hafi verið að saka stjórnarandstöðuna um að fylgja ekki fram stjfrv. Það hefur komið skýrt fram í kvöld að þingmenn stjórnarflokkanna voru óbundnir af þessu frv. Það hafði verið kynnt fyrir þeim með þeim hætti sem forsrh. hefur skýrt í dag og þeir tóku afstöðu til málsins í samræmi við þær upplýsingar sem komu fram á nefndarfundum (**GÁ:** Hvenær eruð þið bundnir..) og þegar afstaða var tekin til málsins (Gripið fram í.) — Það væri gott, hæstv. forseti, ef ég fengi frið til þess að fjalla um málið hér.

(**Forseti** (GunnS): Forseti mun nú stilla til friðar og óska eftir því að hv. þm. auðsýni frið á fundinum.)

Það er að sjálfsögðu þannig að sá sem hér stendur hefur aldrei sakað stjórnarandstöðuna um að hafa ekki komið þessu máli út úr nefnd. Hann hefur aðeins bent á þá einföldu staðreynd að ef stjórnarandstaðan hefði viljað taka efnislega afstöðu til málsins og verið því hlynnt að það næðist út úr nefnd, m.a. til þess að greiða fyrir einhverjum kjarasamningum, þá hefði hún getað gert það. En stjórnarandstaðan kaus að gera það ekki, alla vega kusu nokkrir þingmenn að gera það ekki og þingmennirnir vilja svo fría sig frá þeirri ábyrgð núna.

Það er alveg ljóst mál að fulltrúi Kvennalistans gat stutt málið út úr nefnd ef hún vildi. Hún tók þá afstöðu til málsins að það væri ekki rétt að gera það og hlýtur þá að bera ábyrgð á því.

Hv. 6. þm. Norðurl. e. hlýtur að átta sig á því að menn geta tekið, jafnvel hann, efnislega afstöðu til máls og greitt atkvæði samkvæmt sannfæringu sinni.

[01:12]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegi forseti. Þetta er nokkuð lærdómsrík umræða sem hér fer fram. Það er greinilega mikill feluleikur í kringum þetta mál. Í fyrsta lagi er það að talsmenn ríkisstjórnarflokkanna reyna að gefa það í skyn, koma þeirri túlkun til almennings og þeirra sem í hlut eiga, að þeir séu stikkfrí, aðeins ráðherrarnir hafi lofað að bera málið fram og styðja það en allt hitt liðið geti haldið að sér höndum. Þetta er ekki eðlileg túlkun máls. Svona er ekki litið á stjfrv. almennt séð.

Hitt er svo alveg jafnljóst að það sætir tíðindum ef flokkar eða fulltrúar í stjórnarandstöðu notfæra sér ekki þann möguleika að koma máli inn í þingið til afgreiðslu þótt gegn vilja stjórnarflokkanna sé. Það sæt-

ir tíðindum og í því felst ákveðin afstaða. Fram hjá því komast menn ekki. Eftir stendur að fulltrúar tveggja flokka leggja þetta til en hafa ekki fengið tilskilinn stuðning til þess innan nefndarinnar. Þannig liggur málið einfaldlega. Og ábyrgðin er ekkert minni hjá þeim sem eru stjórnarandstöðumegin innan nefnarinnar en hafa ekki kosið að mynda þar meiri hluta með fulltrúa annars stjórnarflokksins til þess að fá málið inn í þingið. Þetta held ég að ætti að vera sæmilega ljóst eftir þennan langa málfund um þetta efni.

[01:14]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Málflutningur hv. 5. þm. Norðurl. e. áðan var afar sérstakur og ég ætla að rifja hér upp eitt atvik frá afgreiðslu fjárlaga. Hv. þm. Matthías Bjarnason gerði athugasemd við nál. meiri hluta fjárln. Það varð þvílíkt uppistand að hv. þm. Geir Haarde bað um hlé á fundi og kallaði þingflokkinn til fundar hér niðri og þingstarf var allt í upplausn það sem eftir var þess kvölds. Ef túlkun hv. þm. Tómasar Inga Olrich er rétt, að almennir þingmenn séu ekkert bundnir af stjfrv., almennir stjórnarþingmenn, þá er svo komið að hv. þm., ásamt öðrum þingmönnum Sjálfstfl., er kominn í hóp með hv. þm. Eggert Haukdal, hv. þm. Inga Birni Albertssyni og hv. þm. Matthíasi Bjarnasyni, sem hafa ekki talið sér á þessu kjörtímabili skylt að fylgja eftir stjfrv. Og við getum svona aðeins velt því fyrir okkur hvernig þingstörf hefðu gengið fyrir sig þetta kjörtímabil ef mál hefðu þannig gengið fram. Ég hefði ekki grátið það því að það hefði þýtt að hæstv. ríkisstjórn hefði ekki lifað af fyrsta veturinn og farið hefði fé betra.

[01:16]

Guðrún J. Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég er nú komin í stólinn, til að benda á eitt, virðulegi forseti, það að þetta mál var aldrei borið undir atkvæði í nefndinni hjá okkur þannig að ég sé ekki að það sé búið að afgreiða þetta mál úr nefndinni. Hitt er annað mál að það barst auðvitað út hvernig fundinum hefði lokið í dag og við gerðum þessa bókun, sem fræg er orðin, þegar við sáum að málið mundi ekki fara út úr nefndinni í kvöld. En ég get ekki séð af hverju er verið að ásaka fólk fyrir atkvæði sem það hefur aldrei greitt.

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):

Forseta hafa orðið á mistök. Það er einungis tvisvar sinnum sem heimilt er að ræða fundarstjórn forseta og bið hv. þm. um að virða þá reglu. (**GJH:** Ég þakka hæstv. forseta fyrir hvað hann var liðlegur.) Njóti hv. þm. vel.

[01:18]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Það er rétt sem hér hefur komið fram að þau frv. sem verða að stjfrv. fá auðvitað sérstaka meðferð. Hér í þingsalnum og þinghúsinu býst ég við að formenn þingflokka stjórnarflokkanna séu hv. þm. Geir Haarde og Sigbjörn Gunnarsson. Það væri fróðlegt að þeir vitnuðu hér með hvaða hætti þeir lögðu þetta mál fyrir sína þingflokka og hver voru þau fyrirheit eða hvað lögðu þeir fyrir sína menn? Var það ekki meining hv. þingflokksformanna að málið fengi þinglega meðferð og að lokum afgreiðslu án þess að fyrirheit lægi fyrir um að það yrði að lögum óbreytt og kynni málið í heild sinni að falla. Því ég er sannfærður um það að sjúkraliðar eru mjög ósáttir ef málið fær ekki afgreiðslu hér á þingi. Ég fann það í gær á þeim sem ég ræddi við að þeir voru ekki vissir um úrslit því að þeir höfðu aðeins þessi níu atkvæði ráðherranna í stjórnarliðinu trygg og töldu sig þó eiga fleiri þar einnig. Mig langar því til að þessir lykilmenn í störfum þingsins gefi hér skýringu á því hvernig þeir lögðu málið fyrir og til hvers þeir ætluðust af sínum mönnum.

[01:20]

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Ég bað forseta áðan um að úrskurða fyrir mig hvaða túlkun forsetaembættið hefði á því þegar máli væri vísað til 2. umr. og mér fannst svar hæstv. forseta frekar magurt þar sem hann vitnaði eingöngu til greinarnúmers í þingsköpunum en gerði enga tilraun til að útskýra málið frekar. Hæstv. forseti vitnaði til 27. gr. þingskapa og ég ætla að leyfa mér að lesa þá grein, en þar stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Þegar máli hefur verið vísað til nefndar til athugunar tekur hún ákvörðun um málsmeðferð og getur þá jafnframt falið einum nefndarmanni að vera framsögumaður málsins. Framsögumaður skal þá fyrir hönd nefndarinnar vinna að athugun málsins, gera tillögu um afgreiðslu þess og drög að nefndaráliti þegar hann hefur lokið athugun sinni."

Hér stendur að að lokinni afgreiðslu máls eigi að gera drög að nefndaráliti þegar athugun hefur verið lokið. Í mínum huga þýðir það að það er verið að afgreiða mál út úr nefnd því að menn gera ekki drög að nefndaráliti eða nefndarálit yfirleitt nema mál sé afgreitt út úr nefnd. Þannig að ég ítreka fyrirspurn mína: Hver er túlkun hæstv. forseta á þeirri grein sem hæstv. forseti vitnaði í sjálfur að væri svar við fyrirspurn minni, hvað það þýddi þegar máli væri vísað til 2. umr.? Það er mín skoðun að það þýði það að mál á að koma aftur hér inn í þing og ræðast öðru sinni. Ég get ekki séð annað en samkvæmt 27. gr., sem hæstv. forseti vitnaði hér í, þar sem það er beinlínis sagt berum orðum að það skuli gera drög að nefndaráliti að lokinni athugun, að þá megi skilja það á þann hátt að málið skuli koma aftur inn í þing. Ég óska eftir því að forsetaembættið svari með skýrum hætti hvað það þýðir þegar Alþingi greiðir atkvæði um það að vísa máli til 2. umr.

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):

Í tilefni af fyrirspurn hv. 5. þm. Reykv. þá vitnar forseti aftur til fyrra svars síns, er forseti vísað til 27. gr. og til frekari áréttingar vill forseti lesa niðurlag þeirrar greinar sem hljóðar svo:

„Ef nefndarmaður gerir tillögu um að athugun máls sé hætt og það afgreitt frá nefndinni er formanni skylt að láta ganga atkvæði um þá tillögu á þeim fundi sem

hún er borin fram. Tillagan telst því aðeins samþykkt að meiri hluti nefndarmanna greiði henni atkvæði."

[01:22]

Sigbjörn Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Aðeins vegna spurningar hv. þm. Guðna Ágústssonar þá vil ég taka fram að þó að ekki sé það venja að upplýsa hvað gerist á þingflokksfundum þá er mér hins vegar ljúft og skylt að skýra frá því að þegar málið var tekið fyrir á þingflokksfundi Alþfl. þá var það samþykkt einum rómi að frv. skyldi lagt fram og það þýðir auðvitað í megindráttum eða þýðir einfaldlega að þingflokkurinn muni styðja frv.

[01:23]

Geir H. Haarde:

Virðulegi forseti. Ef ekki væri hér alvarlegt mál á ferðinni þá mætti kannski segja sem svo að margt er sér til gamans gert á síðustu nóttu kjörtímabilsins og síðasta næturfundi þessa þings. (**Gripið fram í:** Þetta er nú ekkert grín.) En ég vil gjarnan svara hv. 5. þm. Suðurl. vegna þess að hann beindi til mín fyrirspurn og inn í það blandast nokkur mikilvæg atriði sem ég hélt satt að segja að honum væru kunn um meðferð þingmála á vegum ríkisstjórna því hann hefur verið viðloðandi þetta þing og þessa stofnun nokkuð lengi og hans flokkur aðili að ríkisstjórn um 20 ára skeið samfellt.

Auðvitað er það þannig að stjfrv. koma ekki fram í nafni ríkisstjórnar nema um þau hafi áður verið fjallað í þingflokkum ríkisstjórnarinnar. En stjfrv. eru misjafnlega mikilvæg. Sum eru þess eðlis að þau eru það sem kallað er „kabinett"-spursmál á erlendum tungumálum, þ.e. ríkisstjórnir standa eða falla á grundvelli þess hvort slík mál ná fram að ganga. Síðan hafa auðvitað einstakir þingmenn sinn rétt, eins og öllum er kunnugt, samkvæmt stjórnarskrá. Í sumum málum ganga mál þannig fram frá þingflokkum að við þau eru ekki gerðar athugasemdir. Í öðrum málum, eins og til að mynda í þessu, áskilja einstakir þingmenn sér rétt til þess að flytja brtt. eða fylgja þeim eða hafa fyrirvara um afstöðu sína til málsins. Í þessu máli var það þannig hjá okkur í okkar þingflokki.

En þá kem ég kannski að kjarna málsins: Vegna hvers var það? Vegna hvers er það að að menn hafa haft fyrirvara um þetta mál? Á ég að segja ykkur það? (**Gripið fram í:** Já, já.) Það er vegna þess að um þetta mál er mikill ágreiningur hjá þeim sem til þessa máls þekkja. Hæstv. heilbrrh. hefur rakið það að þegar þetta mál kom hér fram í fyrra dundu yfir þingmenn mótmæli annars vegar frá ófaglærðu fólki, sóknarkonum og Alþýðusambandinu og hins vegar frá faglærðu fólki, hjúkrunarfræðingum og öðrum hjúkrunarstéttum. Það er vegna þess að þessi ágreiningur er óleystur sem einstakir þingmenn þessa flokks sem ég starfa í gerðu þennan fyrirvara og það er vegna þess sem ekki hefur tekist samstaða um þetta mál í nefndinni. (**Gripið fram í:** Hvað margir?) En ég spyr: Hv. 2. þm. Vesturl. er sjálf hjúkrunarfræðingur. Hver er hennar afstaða í þessu máli? (Gripið fram í.) Ætlar hún að skýla sér á bak við þessa bókun sem segir ekki neitt? (**Gripið fram í:** Ég er búin að segja það, þú hefur ekki verið hér við ...) Ætlar Framsfl. að skýla sér á bak ...

(**Forseti** (GunnS)**:** Ég óska eftir því að hv. þm. sýni stillingu og hv. ræðumaður ljúki máli sínu af því að tíma er lokið.)

(**IP:** Ég boðaði brtt., hv. þm.) Ja, hún gengur væntanlega út á það að breyta hinni umdeildu grein. (**IP:** Já, nákvæmlega ...) Það er nefnilega það. (Forseti hringir.) Ég á rétt á að kveðja mér hljóðs aftur, forseti. Ég hef bara talað einu sinni.

[01:27]

Eggert Haukdal:

Virðulegi forseti. Þessi umræða gaf hv. 6. þm. Norðurl. e. tækifæri til þess að víkja orðum sínum að mér, að ég hefði hagað mér þannig á þessu kjörtímabili að styðja ekki frv. þessarar ríkisstjórnar. (Gripið fram í.) Þetta er gersamlega rangt, þó að í einstaka tilfellum hafi ég haft sjálfstæða skoðun. Það vill nú svo til í flokki hv. þm. Jóhannesar Geirs að þegar sá flokkur er í ríkisstjórn, þá hefur þar aldrei nokkur þingmaður burði til að hafa sjálfstæðar skoðanir í máli. Þetta vildi ég láta koma hér fram.

En varðandi það sem hv. þm. Ingi Björn sagði hér þá hefur hann algerlega lög að mæla. Þetta mál á bara að koma hér inn í þingið og til atkvæða. Og hv. 6. þm. Norðurl. e., Jóhannes Geir, mætti minnast þess að hann, bæði í fyrra og aftur núna, liggur á málum í nefnd, frv. um lánskjör og ávöxtun sparifjár, sem hefur meirihlutafylgi hér í hv. Alþingi ef hann hefði drullað því frá sér hér inn í þing. Svo að þessi umræða gefur tilefni til ákaflega margs.

[01:29]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Nú finnst mér farin að færast nokkuð skörin upp í bekkinn þegar hv. formaður þingflokks Sjálfstfl. kemur og fer að skilgreina stjfrv. Þá er komið í ljós að það eru til tvenns konar stjfrv., mikilvæg stjfrv., þau sem sprengja ríkisstjórnir og svo svona eitthvert rusl og smotterí sem er einskis virði og skiptir engu máli hvernig fer fram. Það er verið að bera upp á okkur framsóknarmenn að við séum flokkshollir, en mér er ljúft og skylt að vitna um það að við vorum alveg klárir á því þegar við vorum í ríkisstjórn hvað voru stjfrv. og hvað ekki og hvað það gilti að vera búinn að samþykkja stjfrv. í þingflokknum. En auðvitað er þetta bara dæmi um stjórnarfarið sem hefur verið undanfarið hjá þessum stjórnarflokkum því að það hefur verið alveg með eindæmum og þetta er náttúrulega góður endir á þessum farsa sem verið hefur í stjórnarfarinu á þessu kjörtímabili.

[01:30]

Geir H. Haarde:

Virðulegi forseti. Ég vildi bara halda áfram mínum útskýringum frá því áðan, virðulegi forseti.

Það er eitt sem skiptir máli í þessu sambandi. Auðvitað ganga stjfrv. fyrir stjórnarflokkana áður en þeim er útbýtt á Alþingi. En í þessu tilfelli, þegar var verið að ganga frá þessum kjarasamningi, þá gáfu ráðherrarnir þetta fyrirheit án þess að hafa áður haft tækifæri til þess að bera það undir sína þingflokka og auðvitað

var það ekki síst þess vegna sem þeir gátu ekki gefið fyrirheit um að málið yrði endanlega afgreitt á Alþingi heldur gátu þeir eingöngu gefið fyrirheit um að málið yrði lagt fram í nafni ríkisstjórnarinnar og það var síðan fallist á það af hálfu stjórnarflokkanna.

Hv. þm. Guðni Ágústsson spurði líka að því hvort það ætti ekki að felast í því þingleg meðferð að málið yrði lagt fyrir þingið. Auðvitað er það þingleg meðferð þegar mál fer til nefndar og nefndin síðan tekur afstöðu til þess hvort hún afgreiðir málið eða ekki. Það er hin þinglega meðferð, en það er ekki þar með sagt að nefndin þurfi að afgreiða mál frá sér. Og allar getgátur í þá átt að öll mál beri að afgreiða úr nefndum eru auðvitað fjarstæðukenndar, eins og menn vita sem lesa þingsköpin öðruvísi heldur en skrattinn Biblíuna.

[01:32]

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Hér hafa komið fram furðulegar hugmyndir að mínu mati um stjfrv. og satt að segja undrast ég þá lýsingu sem hv. 8. þm. Reykv. var að gefa á vinnubrögðum í kringum þetta frv. um sjúkraliða. Ég hef alltaf skilið það svo og þann tíma sem Framsfl. var í ríkisstjórn var það talið nauðsynlegt til þess að ráðherra gæti lagt fram stjfrv. að þau væru lögð fyrir þingflokka stjórnarinnar og hefðu fengið þar stuðning, að öðrum kosti varð ráðherra að leggja það fram eigin nafni. Í þessu tilfelli hefði hæstv. heilbr.- og trmrh. þurft að leggja fram frv. í sínu nafni. Það er sú regla sem ég þekkti og hef þekkt og ég hef aldrei heyrt fyrr flokkun milli merkilegra og ómerkilegra frv. Það er að sjálfsögðu rétt að einstakir þingmenn innan stjórnarflokka hafa gert fyrirvara um stuðning sinn, en ég hef alltaf skilið það svo að það þyrfti að liggja fyrir að meiri hluti þingflokks stjórnarliðs styddi stjfrv.

Nú kom það hins vegar fram hjá hv. 8. þm. Reykv. að það sem gerðist er það að hæstv. forsrh. og hæstv. heilbrrh. gáfu þetta fyrirheit án þess að hafa haft samráð við sína flokka og þá virðist það hafa gerst að hæstv. forsrh. hefur alls ekki fengið stuðning í sínum flokki. Þingflokkur Sjálfstfl. fylgir alls ekki hæstv. forsrh. og það finnst mér vera ærin tíðindi nú á síðasta degi Alþingis þegar það kemur skýrt fram að þingflokkur Sjálfstfl. er hættur að styðja hæstv. forsrh.

[01:35]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Það hefur komið fram í þessum umræðum af hálfu talsmanna Sjálfstfl. að málið hafi ekki verið fullunnið í nefndinni að þeirra mati, það liggur fyrir og kom mjög glögglega fram, m.a. í máli hv. 5. þm. Norðurl. e., að þetta mál er mikið ágreiningsefni og þetta mál er mjög viðkvæmt að því leytinu að þetta er ágreiningsefni milli starfsstétta. Þetta er ágreiningsefni milli heilbrigðisstétta og þetta er ágreiningsefni milli annars vegar heilbrigðisstétta og hins vegar ófaglærðra starfsstétta sem vinna innan heilbrigðisstofnana. Þannig að það liggur fyrir að þetta mál er mjög vandmeðfarið. Þetta er ekki einfaldlega þannig, eins og mér hefur fundist sumir láta liggja að, að þetta mál sé einfalt að því leytinu að hér sé bara verið að fjalla um hagsmuni einnar stéttar inni á sjúkrahúsunum því að þetta mál snertir um leið starfssvið og starfskjör þar með annarra heilbrigðisstétta. Þess vegna mega menn ekki tala með þeim hætti að hér hafi bara verið að takast á viljinn um það hvort hægt væri að leysa mál gagnvart sjúkraliðum eða viljinn um það að leysa það ekki, vegna þess að málið er einfaldlega flóknara. Málið er eins og þeir vita sem hafa kynnt sér það flóknara að því leytinu að það er verið að takast þarna á um hagsmuni fólks þar sem þessir hagsmunir fara ekki að öllu leyti saman.

Annað atriði hefur líka komið fram mjög glögglega í þessari umræðu, sem hv. 4. þm. Austurl. dró fram, og það er sú staðreynd að það lá fyrir að ef stjórnarandstaðan hefði kært sig um þá gat hún auðvitað sameinuð ásamt fulltrúa Alþfl. í heilbr.- og trn. knúið fram þetta mál. (**Gripið fram í:** Hún kærði sig ekki um það.) En hún kærði sig bara ekki um það, það er alveg rétt. Hún kærði sig ekki um það þannig að niðurstaðan varð þessi sem við þekkjum. (Gripið fram í.) Það er ekki undarlegt að hv. þm. Guðni Ágústsson sé orðinn órólegur þegar verið er að benda á svo augljósa hluti. Honum líður illa undir þessu. En þetta eru bara einfaldlega staðreyndirnar. Og ég veit að þó að hv. þm. sé stundum laginn við að hlaupa frá hlutum þá getur hann ekki hlaupið frá staðreyndum og þetta eru þær. (**GÁ:** Þetta er ómerkilegt.) Staðreyndirnar eru ekki mjög ómerkilegar, hv. þm. (**GÁ:** Farðu yfir þær.) Ég var að fara yfir þær og ég vil biðja hv. þm. um að reyna að hlusta, tala minna en hlusta aðeins meira. Það kæmi örugglega mjög að gagni í þessari umræðu. (**GÁ:** Ekki þessa ræðu.)

Málið snýst einfaldlega um tvennt. Það hefur ekki verið skorið úr ágreiningsatriðum í mjög viðkvæmu máli annars vegar og hins vegar hitt sem hv. 4. þm. Austurl. dró svona rækilega fram hérna áðan og skiptir mjög miklu máli, að ef stjórnarandstaðan hefði sameinuð viljað standa að því að knýja þetta mál fram þá liggur það fyrir að hún hafði til þess afl, en hún beitti því ekki og það er kjarni þessa máls.

[01:39]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Mér finnst þetta æðidapurleg umræða og ég verð að segja það alveg eins og er að það hlýtur að vefjast fyrir a.m.k. einhverjum stjórnarliðum hvort það sé bara yfirleitt hægt að taka að sér að flytja frv. og að það skuli enda með þessum hætti, að taka að sér að flytja stjfrv. og að endalok þess skuli vera með þeim hætti sem við erum hér að fara yfir. Ég held að það sé ekki hægt að víkja sér undan þeirri ábyrgð og varpa því yfir á stjórnarandstöðuna. Ég verð að segja alveg eins og er að það er ekki svo langt síðan þessi deila stóð yfir að það þurfi að segja okkur það að stjórnarliðið hefði ekki getað tekið afstöðu til málsins þannig að því hefði verið tryggður framgangur í þinginu. Var eitthvert vandamál að ná sambandi, gátu ráðherrarnir ekki náð sambandi við sitt fólk? Var þetta bara allt saman í plati? Til hvers voru menn að leggja fram þetta frv.? Ég tel a.m.k. að lágmark hefði verið að

menn hefðu tryggt frv. framgang hér í þinginu án þess að einstakir þingmenn væru bundnir af því að greiða því atkvæði og það er það sem gerist, að það er ekki gert, því er ekki tryggður framgangur. (Gripið fram í.) Það er ekki staðið við þetta. En það er ekkert hægt að neita því að auðvitað hefði stjórnarandstaðan eins og málið stóð í kvöld getað tryggt málinu framgang, þ.e. að það kæmist inn í þingið, en það var ekki gert. Ég held að það séu allir hlutir orðnir skýrir og klárir í þessu efni og við verðum bara að horfast í augu við það að stjórnarliðar hafa ekki tryggt málinu þann framgang sem sjúkraliðar hljóta að hafa getað gert kröfu til að væri, a.m.k. að málið kæmi hér til afgreiðslu í þinginu.

Svo ætla ég að segja vegna orða hv. 2. þm. Vesturl., að ég hafi ekki fjallað efnislega um málið. Það er kannski ekki mikil ástæða til að fjalla efnislega um þetta mál einfaldlega vegna þess að það var einungis ein veigamikil breyting í frv. frá því sem fyrir var, enda stendur í athugasemdum við allar greinarnar að þær séu óbreyttar frá síðustu. Og eina veigamikla breytingin í frv. sem þarna er á ferðinni er sú breyting sem hv. þm. var að lýsa yfir að hann ætlaði að leggja til að yrði felld út úr frv. (Gripið fram í.) Með brtt. (Gripið fram í.) Þannig að það var ekki mikil ástæða til að fjalla efnislega um málið á þessum fundi í kvöld. Aðalatriðið var að taka afstöðu til þess hvort það ætti að koma til afgreiðslu í þinginu og það fór eins og það fór.

[01:42]

Guðmundur Bjarnason:

Virðulegur forseti. Það fer kannski að verða nóg rætt um þetta mál að sinni. Það er í raun alveg sjálfsagt að mál af þessu tagi geti komið aftur inn í þingið til umfjöllunar við 2. umr. Ég tel að sú bókun sem gerð var í kvöld í nefndinni eða send nefndinni af hálfu þriggja fulltrúa stjórnarandstöðunnar lýsi fyrst og fremst þeim kjarna málsins að það er auðvitað engin samstaða um þetta mál af hálfu stjórnarliðanna, þeirra sem hafa lofað að beita sér fyrir málinu, eins og jafnan er gert í sambandi við mál sem tengjast kjarasamningum og það er kjarni málsins. Það er kjarni málsins, hv. þm. Einar Guðfinnsson.

Kjarni málsins er sá sem kom reyndar líka fram hjá hæstv. forsrh. hér áðan, þegar hann sagði að þetta mál væri með nokkuð öðrum hætti heldur en þau mál sem nú liggja fyrir þingi, ég hygg þrjú, sem tengjast nýgerðum kjarasamningum aðila á vinnumarkaði og stjórnarandstaðan hefur auðvitað í þeim málum lýst því yfir að hún sé tilbúin til að vinna með stjórnarliðinu í því að þau fari hér í gegn. Það er ekki víst að menn séu alveg sammála hverri einustu efnisgrein þeirra frv., að stjórnarandstaðan geti ekki haft ákveðnar skoðanir á einstökum efnisatriðum þeirra frv., eins og kann að vera með þetta frv. hérna sem við erum núna að ræða og má þó varla ræða efnislega af því að við erum að ræða fundarstjórn forseta.

En það má kannski vera að það sé hægt að benda á það að sýndarmennskan er töluverð í kringum málið, eins og kom fram hjá hv. þm. Jóhanni Ársælssyni nú í lokin og má taka undir nánast allt sem kom fram í hans ræðu. Sýndarmennskan er auðvitað sú að þetta eru allt saman óbreyttar greinar, utan ein efnisbreyting varðandi 5. gr. frv. þar sem fjallað er um það að sjúkraliðar megi starfa með læknum, ljósmæðrum og sjúkraþjálfurum. Það er efnisbreytingin sem hefði náttúrlega átt að koma mjög skýrt fram. Það er efnisbreyting sem hv. þm. Ingibjörg Pálmadóttir hefur lýst sig andvíga og það er ekkert nýtt í því. Það hefur legið fyrir allan tímann og ef það þýðir að það er því andstaða hennar við þetta frv. þá bara er það það. Þá liggur það líka fyrir, hæstv. heilbr.- og trmrh., sem var hér aðeins að ganga um sali áðan og vekja á þessu athygli.

Framsfl. hefur svo sem ekki fjallað um þetta mál sérstaklega á sínum þingflokksfundum eða tekið til þess efnislega afstöðu. En það er alveg klárt mál að það er engin andstaða hjá þingflokki Framsfl. að þetta mál komi til umræðu í þinginu og atkvæðagreiðslu og afgreiðslu. Það er engin andstaða við það. Það er fyrst og fremst verið að draga það fram og benda á það með þessari bókun og með afstöðu fulltrúa Framsfl. í nefndinni hvernig stjórnarliðið hefur í raun svikið í þessu máli, hvaða blekkingarleik það hefur leikið og hvað málið er í raun mikil sýndarmennska. Það er kjarni málsins.

[01:45]

Lára Margrét Ragnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil ekki taka þátt í þessum orðaleik eins og hann hefur farið fram undanfarinn klukkutíma. Ég vil hreinlega segja frá því starfi sem ég hef sinnt í nefndinni frá því að ég hóf þessa umræðu. Ég kom þarna að mig minnir á annan fund nefndarinnar sem fjallaði um þetta mál og það var ljóst strax þá að kalla þurfti miklu fleiri til viðræðna. Það var ljóst að umsagnir bæði frá hjúkrunarfræðingum og Sóknarfólki voru neikvæðar og ýmsum öðrum heilbrigðisstéttum en það var líka ljóst að það er ekki eining meðal sjúkraliða um lausn þessa máls og þess vegna fengum við til fundar við okkur í gær þrjá sjúkraliða sem sögðu frá sinni skoðun. Eftir þennan fund taldi ég ljóst að það þyrfti að kalla mun fleiri til til þess að gefa umsagnir um þetta mál og það væri engan veginn fullunnið.

Ég var þeirrar skoðunar að það þyrfti dágóðan hóp sem kæmi að þessu máli (**ÓRG:** Má ekki beita sömu aðferðum við ASÍ-frv. sem eru hér inni?) Ég hef ekki komið að þeim í nefndum. En alla vega vil ég halda því fram að þarna hafi þurft talsvert mikla vinnu til viðbótar til þess að geta lokið þessu máli og mér þótti það mjög leitt hversu mikið af neikvæðum umsögnum voru þarna en jákvæð umsögn var bara ein og það var frá forustu þessa fagfélags en ekki öðrum. (**ÓRG:** Hverjir báðu um umsagnirnar? Þingmenn Sjálfstfl.)

(**Forseti** (GunnS)**:** Ég vil biðja hv. þingmenn að sýna hv. ræðumanni virðingu og hætta samtölum eða frammíköllum.)

Ég vil einnig segja það að í kvöld áður en kom að þessari ákvörðun formanns um að hætta þessu starfi í nefndinni þá komu fram hjá öllum nema einum nefndarmanni upplýsingar um að það væru ýmiss konar

vandkvæði við að koma þessu máli út úr nefndinni. Það var sitt hvor skoðunin. Það var ekki komin fram að mínu mati fram sú vinna sem þyrfti til til þess að taka afgerandi ákvörðun innan nefndarinnar og formaður mat það svo að vinnan fram undan yrði það mikil að það væri ekki möguleiki að ljúka þessari vinnu fyrir þinglok. Ég virði þá skoðun formanns.

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):

Þá er umræðum um fundarstjórn forseta lokið og forseti vill geta þess til fróðleiks að þetta voru samtals 36 ræður sem fram fóru um fundarstjórn forseta og forseta sýnist ekki ástæða til að koma með neinar athugasemdir eða skýringar við þær spurningar sem fram komu um fundarstjórn forseta.

Grunnskóli, frh. 2. umr.

Stjfrv., 126. mál (heildarlög). — Þskj. 131, nál. 666, 674, 675 og 678, frhnál. 795, brtt. 667 og 796, till. til rökst. dagskrár 676.

[01:50]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Þetta stóra mál er nú rætt við sérstæðar aðstæður að mér finnst, komið fram á miðja nótt þegar loksins gefst færi á nýjan leik. Ég hef verið þeirrar skoðunar að í því ágæta frv. sem hér er búið að vinna séu um margt góð atriði sem horfa til bóta þegar til framtíðar er litið. Ég efast ekkert um þá vinnu sem farið hefur fram í sjálfu sér þó að ég álíti, hæstv. forseti, að betra hefði verið að fleiri aðilar hefðu komið að þessu máli og allir þingflokkar hefðu þar haft aðgang að. En hitt er annað mál að þetta frv. er í mínum huga dautt fallið við þær aðstæður sem nú blasa við í þjóðfélaginu. Það stendur yfir harðvítug kennaradeila og það er enginn vafi á því að ef menn herða á framgangi þessa frv. og reyna að lögsetja það þá harðnar sú deila. Ég hefði talið eðlilegt að ríkisstjórnin við þessar aðstæður mundi beita sér að því að finna lausn á þessari erfiðu deilu sem vissulega bitnar á námsfólki fyrst og fremst.

Það er margt sérstætt við þetta frv. og mér finnst að ég hafi aldrei séð á þeim tíma sem ég hef setið á Alþingi að menn settu fram brtt. við þetta frv. með þeim hætti sem gert er. En ég er með, hæstv. forseti, í höndunum brtt. frá meiri hluta menntmn. þar sem segir að lög þessi öðlist þegar gildi og komi að fullu til framkvæmda 1. jan. 1996. Ekkert þarf í sjálfu sér að vera eðlilegt við þetta. En síðan kemur: enda hafi Alþingi þá samþykkt breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga og skiptingu skatttekna milli ríkis og sveitarfélaga með tilliti til þeirra auknu verkefna er sveitarfélög taka að sér samkvæmt lögum þessum.

Sem sé, það er ákveðið að lög taki gildi en það er sett að skilyrði að áður skuli hafa verið sett önnur lög og náð öðrum árangri. Þetta segir mér allt um það, hæstv. menntmrh., að þó að frv. sé um margt ágætt, þá eru vinnubrögð ríkisstjórnarinnar í þessu máli auðvitað fyrir neðan allar hellur. Það var það öllum ljóst þegar farið var í þessa vinnu að hún var viðkvæm og ég er í engum vafa að menn hafa byrjað á vitlausum enda í sjálfu sér. Í stað þess að byrja á því að klára réttindamál kennaranna þannig að þeir gætu vegna sinna kjarasamninga og réttindamála verið rólegir og eins að tryggja með hvaða hætti tekjustofnar yrðu færðir frá ríki til sveitarfélaganna. Mér sýnist að þetta hvort tveggja sé í rauninni óunnið verk, hæstv. menntmrh. Og þetta eru kannski aðalatriðin sem hefði þurft að klára í upphafi og síðan frv. og lagasetningin í framhaldi af því þegar samstöðu var náð.

Ég minnist þess, hæstv. menntmrh., að þegar hér fór fram viðkvæmur verkefnaflutningur frá ríki til sveitarfélaga 1987/1988 þá gerðist það hér í þinginu vegna þess að ósamstaða var um málið að allir sáu að viturlegt var að fresta því í eitt ár og vinna málið og það var reyndar gert og öllum til hagsbóta og stóðu menn sáttir að málinu að lokum. Nú er ég ekkert að segja að það þurfi að fresta þessu máli um langa hríð. En það gæti verið hyggilegt að fara yfir viðkvæmu þættina í málinu, gefa sér lengri tíma og klára þá málið á vorþingi því að hvað lagasetninguna varðar þá truflar það ekki málið, þannig að það ríkir ekki samstaða um þetta mál. Það er rangt að það ríki samstaða um þetta mál.

Í fyrsta lagi eru kennarafélögin óróleg undir þessum kringumstæðum. Þau hafa sent frá sér bréf, síðast í gær, sem staðfestir það. Bréfið er skrifað til hæstv. menntmrh. og hefur verið dreift til þingmanna. Þar segir, með leyfi forseta, á þá leið að eftirfarandi atriði valdi óróa hjá kennarafélögunum:

„Stjórnir Kennarasambands Íslands og Hins íslenska kennarafélags ítreka hér með þá fyrirvara sem kennarafélögin hafa sett varðandi frv. til laga um grunnskóla. Í umsögn kennarafélaganna um frv. til laga um grunnskóla er þess krafist að a.m.k. ári áður en af flutningi grunnskóla verði verði ríki og sveitarfélög búin að tryggja eftirfarandi:

1. Fjárveitingar til sveitarfélaga þannig að þau geti staðið undir kostnaði af skólastarfi grunnskóla í samræmi við núverandi grunnskólalög án þeirra ákvæða um skerðingu sem nú eru í gildi, auk þess að tryggja fjármagn til frekari þróunar grunnskólans.

2. Að ekki dragi úr stoðkerfi skólanna svo sem starfsemi fræðsluskrifstofa, ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu, starfsemi Námsgagnastofnunar og tilboðinu um endurmenntun fyrir kennara.

3. Öruggan rekstrargrundvöll sérskólanna með tilliti til þess að nemendur geti notið allrar nauðsynlegrar þjónustu óháð búsetu.

4. Öll samningsbundin og lögbundin réttindi kennarastéttarinnar og að einn viðsemjandi fari með samningsumboð fyrir öll sveitarfélög sameiginlega.

Ekkert af þessu hefur verið tryggt“ segir síðan. Og síðar segir, með leyfi forseta:

„Þau skilyrtu lagaákvæði sem eru í brtt. meiri hluta menntmn. tryggja á engan hátt:

1. Rétt kennara og skólastjóra til aðildar að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins.

2. Óbreytt ráðningarréttindi kennara og skólastjóra hjá nýjum vinnuveitanda.

3. Að víðtæk sátt náist um flutninginn milli hlutaðeigandi aðila, ríkis, sveitarfélaga og Samtaka kennara."

Þarna stendur það klárt að þeir aðilar, kennararnir, sem nú á að færa að fullu yfir sem starfsmenn sveitarfélaganna óttast um sinn hag og það hlýtur að verða hæstv. menntmrh. erfiðara að leysa hina viðkvæmu kennaradeilu við þær aðstæður þegar menn hrinda þessu máli áfram með þessum hætti. Þess vegna hlýtur það að vera mjög skynsamlegt að fresta málinu og taka við að reyna að leysa hina alvarlegu kennaradeilu.

En það eru ekki bara kennararnir einir sem eru ósáttir í þessu máli. Ég er sannfærður um, hæstv. menntmrh., að mörgum sveitarstjórnarmönnum líður ekki vel eins og er þó að það hafi gerst að samtök sveitarfélaga hafi verið beygð í þessu máli og sagst mundu fallast á, að málið færi fram, þá er ég viss um það og hef rætt það við ýmsa forsvarsmenn minni sveitarfélaga að þeir telja að málinu sé ekki fullnægt hvað litlu sveitarfélögin varðar og vilja sjá það klárt hvernig að skuli staðið hvað fjármagnið og tekjustofnana varðar þannig að þar er enginn allsherjarfriður eða samkomulag.

Ég veit enn fremur að fleiri samtök sem að þessu máli þurfa að koma eru ekki sátt við meðferð málsins og *það snýr að þeim sem halda utan um málefni fatl*aðra. Þau sjá ekki fyrir sér hvernig fötluðum verður tryggð menntun í smærri skólum. Þroskahjálp hefur látið fara frá sér erindi sem ég hef undir höndum og ætla ég ekki að þreyta þingheim með lestri á því en í lokin segir, með leyfi forseta:

„Foreldrar fatlaðra barna hafa haft þær væntingar að með nýjum grunnskólalögum yrði stigið mikilvægt skref til að hægt væri að tryggja markvissa uppbyggingu varðandi það að öll fötluð börn fengju kennslu við hæfi í heimaskóla. Frv. eins og það er í dag tryggir það ekki. Því skora Landssamtökin Þroskahjálp á Alþingi að endurskoða einstakar greinar þess til að tryggja með afgerandi hætti rétt fatlaðra barna til náms við hæfi í heimaskóla."

Þarna liggur það klárt fyrir að einn aðilinn enn, sem heldur um einhvern viðkvæmasta þáttinn, lýsir því yfir að gagnvart fötluðum hefur ekki verið komið til móts við óskir þeirra og sveitarfélögin hljóta vissulega að hafa miklar áhyggjur af því ef svo er. Það er kannski kjarni þessa máls hversu sveitarfélögin eru misstór, misvel stæð. Eftir því fer hvort þau ráða við þann verkefnaflutning sem hér á að eiga sér stað.

Ef ég sný mér að þessu frv., hæstv. menntmrh., þá vil ég kannski segja það fyrst að vissulega boðar það betri tíð með blóm í haga. Það er auðvelt fyrir fólk sem hefur gengið hart að skólakerfinu íslenska í fjögur ár, svelt það að fjármagni, skorið skólana niður, *stöðvað það jafnrétti sem hér hefur verið til náms*, að koma í lok kjörtímabils og segja: Allt það vonda sem við gjörðum höfum við gleymt. Nú viljum við biðjast fyrirgefningar og við viljum koma í gegnum þingið nýjum grunnskólalögum með allt öðrum fyrirheitum nema það verða ekki við sem borgum brúsann heldur sveitarfélögin.

Ég hef á undanförnum vikum hitt marga námsmenn og þeim ber öllum saman um það að jafnrétti til náms hefur verið eyðilagt í tíð þessarar ríkisstjórnar og fjögur ár hafa á margan hátt verið raunatími í skólum landsins. (**KHG:** Dapur er norðanvindur íhaldsins.) Og það er kannski sorglegt að þurfa að skamma hæstv. menntmrh., Ólaf G. Einarsson, því að engin leið er að setja ábyrgðina á hæstv. ráðherra einan. Hann hefur setið í þeirri nöturlegu stöðu að fara með þennan málaflokk undir skilningslausri ríkisstjórn sem hefur gengið þessa leið. En það kann vel að vera að hæstv. ráðherra eigi að sætta sig við það eitt að hafa látið semja þetta ágæta frv. Það er ástæðulaust að leggja metnað sinn svo í að gera þetta að lögum ef það á ekki að taka gildi í bráð. Frv. eitt getur haldið uppi nafni ráðherrans, að í lok mesta þrengingartímabils í skólalífi landsmanna um áratuga skeið hafi menn lagt fram ágætt frv. sem auðvitað verður að vinna í á næsta þingi.

Það er eitt sem ég vil ræða sérstaklega við hæstv. menntmrh. hvað frv. varðar. Ég hef farið yfir hvað gildistakan er einkennileg. Það er annað atriði sem ég vil sérstaklega minnast á þegar búið er að færa grunnskólann alfarið yfir á hin misstóru, misauðugu sveitarfélög og þau þurfa að berjast við að framfylgja lögum sem eru mun strangari á allan hátt en verið hafa. Það er hvernig á að fylgjast með og framfylgja þessum lögum ef þau verða sett. Hver er eftirlitsþátturinn? Jú, eftirlitsþátturinn verður hjá menntmrn. og hæstv. menntmrh. en við skulum segja að einhver sveitarfélög á einhverju tímabili sjái að þau geta á engan hátt framfylgt þessum nýju lögum eða hreinlega ákveða að vera ekkert að verja öllu þessu fjármagni í menntun, segja sem svo að þau vilji fremur malbika götur í sínu byggðarlagi eða efla atvinnulíf og stytta skólann og skerða. Hvernig ætlar hæstv. menntmrh. að koma í veg fyrir svona aðferðir?

Hvað skoðanir þess sem hér stendur varðar þá hef ég aldrei verið sannfærður um að málefni grunnskólans ættu alfarið að fara yfir á sveitarstjórnarstigið. Ég tel að ríkisvaldið verði að bera mikla ábyrgð á menntun þjóðarinnar. Ég hygg að samvinna ríkis og sveitarfélaga með einhverjum hætti hafi víða reynst vel. Í þeim efnum væri ekkert óeðlilegt að ríkið bæri laun kennara þó að sveitarfélögum væri kannski gert að hagræða og spara. Ég vil því láta þá skoðun koma fram fyrir utan hitt að ég hefði talið það mjög mikilvægt vegna þess hversu sveitarfélögin í landinu eru misstór. Þau eru allt frá því að vera 50 manns eða þar undir í nokkrum og upp í mjög stór sveitarfélög eins og Reykjavík. Þau eru því mjög misvel undir þetta verkefni búin.

Við framsóknarmenn höfum margrætt þessi mál í okkar þingflokki og gert athugasemdir við nokkur atriði. Okkur finnst að óeðlilega mikið sé dregið úr áhrifum kennara í stjórn skóla, ekki gert ráð fyrir fjöldatakmörkunum í bekkjardeildir, of mikil áhersla lögð á samræmd próf, og skal þeim beitt niður í 4. bekk, sérfræðiþjónusta og sérkennsla er illa skilgreind,

ekki er kveðið á um að hægt sé að grípa til aðgerða ef sveitarfélag uppfyllir ekki ákvæði laga og reglugerða um grunnskólann, eins og ég gat um áðan, hlutverk skólanefnda er of umfangsmikið með tilliti til lítilla sveitarfélaga og flutt eru verkefni frá fræðsluskrifstofu til menntmrn.

Þetta eru þau stóru atriði sem flokkurinn hefur gert athugasemdir við og nefndarmennirnir, hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir og Jón Kristjánsson, hafa tíundað sérstaklega.

Hæstv. forseti. Hér hafa orðið harðar deilur um þetta mál og stjórnarliðar og þar á meðal hæstv. menntmrh. hafa kallað hverja ræðu málþóf og meira að segja haft uppi þau stóru orð, sem komu mér á óvart, að hann hefur kallað flestar ræður sem fluttar hafa verið um málið rugl í málflutningi. Hafa menn þó jafnan verið að vitna í þann ágreining sem um málið er hjá kennarafélögum, af hálfu sveitarfélaganna og séraðila sem ég hef hér minnst á eins og Þroskahjálp.

Það er búið að ræða þetta mál fram og til baka í sjálfu sér þannig að ég veit ekki hvort ég á að fara að rekja einstakar greinar frv. við þessar aðstæður. Ég tel það í rauninni ástæðulaust. En ég vil leggja áherslu á það að hæstv. menntmrh. og formaður menntmn. meti meira við þessar aðstæður þegar stendur yfir alvarlegasta deila um kjaramál á milli kennara og ríkisins og börnin hafa verið send heim, að það sé miklu meira atriði að setjast yfir það þunga verkefni að ná skólunum í gang á nýjan leik og sátt við kennarana. Hitt sé svo framhaldsverkefni að fara yfir frv. á vorþingi og þá liggi þau atriði fyrir sem ég gat um áðan að væru einkennileg og hefði sennilega ekki sést í þingsögunni að lög væru sett með þessum hætti.

Þetta held ég að væri drengskaparbragð af hálfu hæstv. ráðherra heldur en ætla í þröngri stöðu og tímaleysi að knýja þetta mál fram og sem yrði kannski til þess að hnútur kennaradeilunnar yrði svo harður að skólastarf vetrarins væri fyrir bí. Það er margt sem bendir til þess að svo gæti farið. Ég er með í höndunum fréttir úr dagblöðum í dag sem rauninni staðfesta það. Þar kemur t.d. fram að þó að sveitarfélögin hafi ákveðið að segja fyrir sitt leyti að frv. mætti ganga í gegnum þingið, þá er þó Vilhjálmur Vilhjálmsson sá drengur að hann segir frá því í viðtali, með leyfi forseta:

„Vilhjálmur sagði að sveitarfélögin hefðu alla tíð lagt áherslu á að þessi tilflutningur ætti sér stað í sátt við sveitarfélögin og kennara."

Að þau yrðu gerð í sátt, hæstv. menntmrh., við sveitarfélögin og kennara. Það er skoðun formanns íslenskra sveitarfélaga. Og nú liggur fyrir að það er í raun ekki sátt við sveitarfélögin því að litlu sveitarfélögin hafa lýst áhyggjum og í ofanálag hafa þau, eins og Samband sveitarfélaga á Norðurl. v., fjallað um málið og segja á þá leið, með leyfi forseta:

„Þar sem ekki hefur tekist að ganga frá málefnum kennara, kostnaðarliðir eru óljósir og hugmyndir um tekjur og jöfnunaraðgerðir ekki fullmótaðar leggur stjórn Sambands sveitarfélaga á Norðurl. v. til að niðurfærslu grunnskólans til sveitarfélaganna verði frestað þar til niðurstaða er fengin."

Hver var að tala um að það væri samstaða sveitarfélaga? Öll sveitarfélög á Norðurl. v. ályktа með þessum hætti. Það er eitt kjördæmi sem kemst að þeirri niðurstöðu, nákvæmlega því sama og margir þingmenn hafa haldið fram í þessari umræðu, að við þessar aðstæður yrði að fresta málinu. Síðan segir:

„Sveitarstjórnarmenn hafa lýst sig reiðubúna til að taka við þessu verkefni, en óttast nú mjög að þeir fjármunir sem til þarf muni ekki fylgja þar sem ríkisvaldið heldur uppteknum hætti við að brjóta gerða samninga á sveitarfélögum í landinu."

Hvað eru menn að rifja upp? Auðvitað hafa menn staðið frammi fyrir því að þrátt fyrir fyrirheit fyrir einum 5–6 árum og verkefnaflutning frá ríki til sveitarfélaga þá hefur ríkisvaldið trekk í trekk leyft sér að leggja á sveitarfélögin sérstaka skatta. Hér í þingsölum hafa menn sagt: Sveitarfélögin eru svo rík. Það hefur verið lögguskattur og ég man nú ekki lengur hvað þeir heita allir, en þannig hefur verið gengið á gerða kjarasamninga við sveitarfélögin svo ég er ekkert hissa á því þó að þau vilji ná þessu fram með ákveðnari hætti. (**Gripið fram í:** Treysta ekki ríkisstjórninni.) Þau þurfa í sjálfu sér ekki að treysta þessari ríkisstjórn lengi enn. Hún er á förum innan skamms. Hún á ekki eftir að starfa nema í um það bil sex til sjö vikur þannig að hennar tími er búinn og ég er sannfærður um það að þjóðin hlýtur að velja sér aðra flokka til að stjórna landinu eftir 8. apríl. Það á ekki bara við um hvernig farið hefur verið með málefni skólans eða skólanna og námsfólksins, heldur á svo mörgum öðrum sviðum.

Það er nú svo, hæstv. menntmrh., að það er bullandi ágreiningur um þetta mál hvað sem menn segja. Það snýst í sjálfu sér ekkert um þau góðu markmið sem sett eru fram í frv. hæstv. ráðherra. Það er framtíðin. En það verður að fylla víxilinn út áður en málið fer í gegnum þingið. Það verður að ganga klárt frá því hvernig fer með málefni kennaranna, hvernig fer með þeirra lífeyrisréttindi og þeirra laun, hvernig fer með tekjustofnana sem eiga að koma til sveitarfélaganna, hvernig geta þau staðið jafnfætis um allt land, litlu og stóru sveitarfélögin í þessu þunga verkefni og hvernig það verður tryggt að þroskaheftir sitji við það borð sem þeir gera nú og náðst hefur mikill árangur í landinu. Það eru þessi atriði sem ráða því, hæstv. menntmrh., að þetta frv. getur ekki gengið öllu lengra á þessu þingi.

Það má segja sem svo að menn hafa engu tapað þó það stoppi því þeir eiga ekkert að fá fyrr en eftir rúmt ár eða tvö. Þeir eiga ekkert að fá fyrr þannig að menn hafa engu tapað. Því er rétt að nota þetta ár til að fullkomna þetta verk. Ég býst við því og vona það að þó að hér komi nýir herrar að þeir muni ekki fleygja þessu ágæta frv. hæstv. menntmrh. því að margt er ágætt í því. Ég hygg að þetta frv. muni halda nafni hans uppi meðan landið er byggt. Hans verður minnst fyrir þetta frv. en hann á að láta sér það nægja (**Gripið fram í:** Já, sem frv.) því hann klúðrar hinu öllu ef hann ætlar að ryðja því í gegnum þingið. (Gripið fram í.) Þá

klúðrar hann samningum við kennara, þá klúðrar hann sáttinni við sveitarfélögin o.s.frv. Ég held að hæstv. menntmrh. hafi sýnt það í verki að hann vill fyrirgefa öll vondu verkin sl. fjögur ár með því að hafa þó getið af sér gott afkvæmi undir þessum átján manna hópi í frumvarpsformi. (**ÓRG:** Hvað heldur þingmaðurinn að land verði lengi byggt?) Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson spyr hversu lengi þingmaðurinn haldi að landið verði byggt. Ég verð að játa það að ég hef þá trú að Ísland búi yfir þeim auðæfum að það verði byggt að eilífu. (**ÓRG:** þannig að ráðherrans verður minnst að eilífu.) Það kann að vera að ráðherrans verði minnst að eilífu í fyrsta lagi fyrir tvennt, annars vegar fyrir að hafa verið ráðherra á þessum fjóru, mögru árum þegar skólarnir voru skornir niður, þegar jafnrétti til náms var ekki lengur fyrir hendi, að hæstv. ráðherra verði minnst fyrir það og svo fyrir hitt að hafa þó í lok tímans iðrast, þvegið hendur sínar og lagt fram þokkalegt frv. Því það er sannarlega mikils virði í pólitík að menn viðurkenni mistök sín og iðrist. Það hefur kannski ekki verið hin sterka staða hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar að kunna svo mjög að iðrast (**GJH:** O, jú, hann hefur séð eftir mörgu.) þó hann hafi kannski með sjálfu sér séð eftir ýmsu. (**KHG:** Ráðherrann má ekki mikið iðrast í dag.)

Ég ætla að hlífa þingmönnum við því að fara út í einstakar greinar þessa frv. Ég tel að við ræðum fyrst og fremst um málið út frá þessu atriði: Getum við afgreitt það eins og það stendur vegna ástandsins í skólunum í dag? Ég tel svo ekki vera og skora því á hæstv. menntmrh. að lýsa því yfir að hann falli frá því að afgreiða þetta mál og því verði frestað til vorþingsins.

Umræðu frestað.

Varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, frh. 2. umr.

Stjfrv., 339. mál (eftirlitsmenn, greiðslur úr ofanflóðasjóði). — Þskj. 536, nál. 792, brtt. 793.

[02:29]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Ég þarf í sjálfu sér ekki að flytja langt mál um það frv. sem hér liggur fyrir eða þær brtt. sem hv. félmn. leggur fram við 2. umr. vegna þess að við 1. umr. ræddi ég allnokkuð um þetta þingmál. Ég vildi aðeins byrja þó á þeim þætti sem hv. 4. þm. Austurl., Hjörleifur Guttormsson, vék að áðan þegar hann vakti athygli á því að að mörgu þyrfti að hyggja varðandi skipulagsmálin á snjóflóðavörnunum. Og ég er sammála hv. þm. um það að ég held að þau mál séu alls ekki í þeim farvegi sem þau ættu að vera og alls ekki í jafngóðu ástandi og þau ættu að vera og mjög margt af því sem við uppgötvuðum núna í vetur hefur fært manni heim sanninn um að það þyrfti að breyta mjög mörgum þáttum. Það var hins vegar niðurstaða félmn. Alþingis að það væri ekki tóm til þess núna að fara í þá nauðsynlegu vinnu. Það er að mjög mörgu að hyggja, þetta er ekki einfalt mál, og þess vegna hefði ekki verið skynsamlegt allra hluta vegna að reyna að fara ofan í skipulagsmálin og það varð því niðurstaða félmn. að einbeita sér að öðrum hlutum.

Það atriði sem að sjálfsögðu hefur orðið hvað mest til umfjöllunar er sú nýbreytni sem kemur fram í frv. að þar er skýrt frekar frá núgildandi lögum að sá valkostur sé fyrir hendi að húseignir verði keyptar í staðinn fyrir að reisa varnarvirki fyrir þær. Þessi mál hafa verið talsvert mikið rædd og hlutu mjög mikla umfjöllun í hv. félmn. Niðurstaða nefndarinnar varð sú sem birtist í brtt. nefndarinnar og hefur þegar verið gerð grein fyrir af hv. frsm., hv. formanni félmn., Gísla S. Einarssyni.

Það má auðvitað segja sem svo að það sé dálítið álitamál hversu langt eigi að ganga í sjálfri lagasetningunni og hversu langt eigi að ganga í því að setja niður reglur frá upphafi til enda um hvernig eigi að fara með þetta mál. Það er auðvitað ljóst að þetta er býsna viðkvæmt og enginn vafi á því að í framkvæmdinni munu koma upp álitaefni og hugsanlega einhver deiluefni. Engu að síður varð það niðurstaða nefndarinnar að gera þetta eins og hér er gert að setja fram almennar en þó skýrar meginreglur til þess að styðjast við en fjalla síðan frekar um málið í því nál. sem hér fylgir. Það er að sjálfsögðu ekki tilviljun að nál. hvað þetta mál áhrærir er býsna ítarlegt einfaldlega vegna þess að þarna þarf að skoða málin frá víðu sjónarhorni vegna þess að tilvikin geta verið svo margvísleg. Þess vegna held ég að það hafi verið rétt niðurstaða nefndarinnar að hafa reglurnar í senn almennar en skýrar, hafa meginlínurnar skýrar til þess að vinna eftir en reyna síðan að kveða nánar á um, eins konar leiðsögn fyrir þá sem eiga að framkvæma lögin, í sjálfu nefndarálitinu. Eins og ég segi kann það að vera álitamál hversu mikinn hluta af sjálfri framkvæmdinni ætti að binda í lög en þetta varð sem sagt niðurstaða nefndarinnar.

Ég vil líka benda á að það munu koma upp tilvik sem erfitt er að sjá fyrir núna þegar við erum að setja þessi lög og ég efast ekki um að þegar að framkvæmdinni kemur munu koma upp tilvik þar sem ekki getur verið um annað að ræða en eins konar einstaklingsbundið mat. Hins vegar get ég vel tekið undir það sem fram kom í máli, að ég hygg, hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar, sem ég er farinn að vitna allmikið í, að það kunni að vera rétt að skerpa þetta mál með einhvers konar reglugerðarheimild ef þess gerist sérstaklega þörf. Mér er ekki alveg ljóst hvort þá þurfi að setja þessa reglugerðarheimild í lögin eða hvort það leiði af eðli þessarar lagasetningar að hægt sé að skýra hana betur með reglugerð.

Ég vek líka athygli á því að hér erum við að tala um síðasta úrræðið. Meginreglan er sú að leita allra annarra lausna áður en farið er út í uppkaup. Þessi uppkaup eru í sjálfu sér gífurlega stór ákvörðun og menn skulu ekki ætla það að með þessu sé félmn. Alþingis að opna allar gáttir. Menn eru einfaldlega að segja: Ef ekki er hægt að leysa málin með öruggum og ódýrari hætti þá er það síðasta úrræðið að sveitarfé-

lagið geri tillögu til stjórnar ofanflóðasjóðs um uppkaup á fasteignum. Þetta er sem sagt síðasta úrræðið þegar ekki eru aðrir kostir til staðar.

Ég vil líka vekja athygli á því að gert er ráð fyrir því í brtt. að hægt sé að beita eignarnámsheimildum og eignarnámsheimildirnar styðjist við mjög skýr lög. Þar gildir að til staðar er sérstök matsnefnd sem skipuð er þar til kvöddum mönnum undir forustu löglærðs manns með dómararéttindi, að ég hygg, sem á að vinna þetta mál. Ég held því að á vissan hátt sé séð fyrir réttaröryggi þess fólks sem hér um ræðir.

Aðalatriðið finnst mér þó að það hefur komið fram mjög skýrt, bæði í nál. sjálfu en einnig í þessum umræðum sem hafa átt sér stað, að vilji bæði nefndarinnar og alþingismanna sem hafa talað er mjög skýr. Hann er skýr að því leytinu að allir hafa tekið undir það sem er efnisatriði nál. og hlýtur þess vegna að teljast mjög ákveðin leiðsögn fyrir þá sem munu annast þessa framkvæmd. Ég held að hvernig sem á málin er litið, jafnvel þó að við bættum einhverjum atriðum í lagatextann sjálfan, þá hlýtur samt sem áður framkvæmdin að verða með þeim hætti, vegna þess að tilvikin verða svo mörg og margvísleg, að nál. hlýtur alltaf að skoðast sem mjög mikilvægt gagn þegar menn fara að koma að framkvæmdinni sjálfri.

Virðulegi forseti. Ég ætla mér ekkert að fjölyrða mjög mikið um þetta mál, ég tel ekki ástæðu til þess. Ég tel að það liggi nokkuð skýrt fyrir og tel raunar að um það sé býsna góð samstaða í þinginu og það hefur verið mikill vilji til þess að reyna að ná sem bestri samstöðu um þetta mál vegna þess að það er í sjálfu sér ekki pólitísks eðlis á þann hátt að það þurfi að skapast um það einhver pólitískur ágreiningur milli stjórnmálaflokka. Ég vil segja að með þessu máli er gríðarlega mikið fylgst og það er knýjandi hjá býsna mörgum sem búa við þessar aðstæður. Mér er t.d. kunnugt um það að í kvöld var haldinn fundur íbúa Hnífsdals, þ.e. þeirra íbúa Hnífsdals sem búa við þær aðstæður að ekki virðist vera hægt að verja byggðina með neinum skynsamlegum hætti með hefðbundnum varnarvirkjum. Þar verður, að því er best verður séð, ekki hægt að leysa málin öðruvísi en hreinlega með uppkaupum á eignum og ég álít að það mál muni verða auðvitað eitt af því fyrsta sem komi til álita þegar þessi lög verða samþykkt.

Sú staða er komin upp í því hverfi að fólk býr við svo mikið óöryggi að það hreinlega óttast að búa í húsum sínum. Þessi ótti fer því miður vaxandi og ég get ekki séð að til sé nein önnur lausn á því máli en sú að skapa þessu fólki öryggi að nýju. Ég hef þær fréttir af þessum fundi Hnífsdælinganna í kvöld að þar hafi hugur allra sem töluðu staðið til þess að búa áfram í sínu sveitarfélagi á Ísafirði og langflestir töldu að lagaákvæði í þeim dúr sem við erum hér að fjalla um mundi verða til þess að þeir kysu fremur að byggja sér hús á Ísafirði en að kaupa fasteignir innan eða utan sveitarfélagsins ef þetta verður niðurstaða Alþingis. Ég held þess vegna að þessi litlu viðbrögð sem ég er hér að greina frá, sem eru frásagnir annarra sem á þessum fundi voru, gefi til kynna hvernig fólk muni bregðast við ef lög af þessu taginu yrðu samþykkt.

Ég vil ítreka, vegna þess að ég tel nauðsynlegt að það komi skýrt fram, að það er vilji löggjafans að hér sé um að ræða síðasta úrræðið þegar ekki er hægt með öðrum skynsamlegum hætti að tryggja öryggi fólksins. Þetta verður auðvitað matsatriði hverju sinni. Það er gert ráð fyrir því að sveitarfélögin hafi þarna ákveðna frumkvæðisskyldu, að sjálfsögðu á grundvelli mats hinna fróðustu manna, en endanleg ákvörðun verði hins vegar í höndum stjórnar ofanflóðasjóðs.

Virðulegi forseti. Það væri hægt að fjalla um þetta mál nokkru ítarlegar en ég hef gert. Ég hef hins vegar kosið að einbeita eingöngu mér að því atriði sem mest var rætt í félmn. og lýsa því að innan nefndarinnar var mjög góð eining. Menn voru mjög sammála þar. Það var einungis meiningarmunur um það hve langt ætti að ganga í sjálfri lagasetningunni, en ég tel það þó ekki vera aðalatriði. Mér finnst aðalatriðið vera sú hugsun sem bæði kemur fram í lagatextanum, sem menn eru sammála um, sem kemur fram í nál., sem menn eru sammála um, og sem hefur komið fram í umræðunum í kvöld. Þess vegna held ég það að þegar við brjótum þetta mál til mergjar að lokum, þá sé það niðurstaðan að þingið sé sammála um hvernig þessum málum eigi að skipa og sé sammála um það hvernig framkvæmdin eigi að vera og þess vegna sé það alveg óhákvæmilegt að þeir sem um málin munu fjalla að lokum og þeir sem munu taka þessar ákvarðanir að lokum hljóti að styðjast fyrst og fremst og nær eingöngu við þá leiðsögn sem kemur fram í nál. Þess vegna er ég ekki svo kvíðinn fyrir því þó að ekki hafi verið gengið lengra í því að lögfesta nál. Ég tel sem sagt að fyrir þessu sé séð og ég tel raunar að það þurfi líka að vera ákveðið svigrúm fyrir einstaklingsbundið mat vegna þess að tilvikin sem upp koma eru svo margvísleg. Ég vil hins vegar varpa því fram hvort þarna eigi með beinum lagafyrirmælum að opna á reglugerðarheimild eða hvort þessi lagatexti nægi eins og hann er í dag. Mér er það ekki alveg ljóst, en ég vil fyrir mína parta lýsa því yfir að ég er tilbúinn til þess ef menn kjósa og telja nauðsynlegt að slík reglugerðarheimild sé fest nánar í lögin, en það er mér sem sagt ekki fullkomlega ljóst.

[02:42]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég er mjög ánægð með það að þetta frv. skuli vera að koma hér til lokaafgreiðslu. Ég vildi aðeins í viðbót við það sem hér hefur verið sagt í kvöld benda á það sem mér finnst vera nokkuð ósamræmi í. Það segir í 2. lið brtt. með frv., með leyfi forseta:

„Á eftir 1. mgr. 7. gr. laganna kemur ný málsgrein er orðast svo:

Sé hagkvæmara talið, til að tryggja öryggi íbúa gagnvart ofanflóðum, er sveitarfélagi heimilt að gera tillögu um að kaupa húseignir í stað annarra varnaraðgerða sem ofanflóðasjóður fjármagnar að hluta eða öllu leyti samkvæmt þessum lögum. Um greiðslur til sveitarfélaga vegna slíkra kaupa fer skv. 4. tölul. 1. mgr. 11. gr."

Í 4. málsl. 11. gr. segir að það megi greiða allt að 90% af kostnaði við undirbúning og framkvæmdir við varnarvirki. Kostnaður við kaup á löndum, lóðum og fasteignum telst með framkvæmdakostnaði. Síðan segir í lok 2. liðs brtt.: „Náist ekki samkomulag um kaup á húseign er sveitarstjórn heimilt að taka eignina eignarnámi."

Síðan er skýring á þessari grein í nál. og þar segir, með leyfi forseta:

„Nefndin álítur því sanngjarnt að sveitarfélög geti lagt til grundvallar sem viðmiðun að sé eigandi húseignar, sem keypt er vegna varnaraðgerða, úthlutað lóð undir nýtt hús í sama sveitarfélagi, skal greiða fyrir eignina vátryggingarfjárhæð viðlagatryggingar (brunabótamat) og skal greiða fjárhæðina eftir því sem byggingarframkvæmdum miðar. Að öðrum kosti skal greiða samkvæmt fasteignamati. Enn fremur er eðlilegt að litið verði við slíkt uppgjör til 3. gr. laga um brunatryggingar, nr. 48/1994, sbr. 2. gr. laga nr. 150/1994."

Það sem hér er vitnað til er í greinargerð með 2. lið brtt. Mér finnst þetta ekki alveg nægilega skýrt og ég hlustaði ekki alveg nógu vel á það sem hv. þm. Einar Kristinn Guðfinnsson var að tala hér um áðan, en hann var að ræða um að það þyrfti hugsanlega að setja í reglugerð eitthvað sem væri í greinargerð og það getur hugsanlega verið að það hafi verið þetta sama sem hann hefur verið að nefna. Hann kinkar kolli svo að líklega hefur það verið það sama en ég hef þá hlustað ekki alveg nógu grannt, enda klukkan að verða þrjú að nóttu og maður kannski farinn að missa aðeins athyglina.

Ég vildi einmitt benda á það að í þessari greinargerð er vísað til brunatryggingar og nefnd tvenn lög í því sambandi. Þau seinni eru lög sem voru samþykkt í lok desember á síðasta ári. Það vill svo til að sú sem hér stendur gagnrýndi einmitt mjög þá lagasetningu. Þá var verið að breyta lögum um brunatryggingar sem voru frá 6. maí 1994, þeim var sem sagt breytt aftur um hálfu ári seinna, þ.e. 30. des. 1994. Það sem þar var verið að gera var að breytt var 3. gr. laganna um brunatryggingar sem einmitt er verið að vitna til í þessari greinargerð. Þar segir, með leyfi forseta:

„Vátryggjanda er heimilt að veita undanþágu frá byggingarskyldu að höfðu samráði við skipulagsyfirvöld gegn því skilyrði að 15% dragist frá bótafjárhæðinni. Frádrætti þessum skal ekki beitt ef endurbygging er eigi heimil af skipulagsástæðum eða öðrum ástæðum sem tjónþola er ekki sjálfrátt um. Hafi ákvörðun verið tekin um að veita undanþágu frá byggingarskyldu og telji vátryggjandi brunabótamat húseignar greinilega hærra en markaðsverð húseignar er vátryggjanda heimilt að miða bótafjárhæð við markaðsverðið viðkomandi húseignar. Rísi ágreiningur um bótafjárhæð skal málinu skotið til gerðardóms sem ráðherra setur nánari ákvæði um í reglugerð, sbr. 5. gr. þessara laga."

Í þessari grein segir, sem mikið var rætt við umræðurnar um brtt. rétt fyrir áramótin, að ef vátryggingandi telur brunabótamat húseignar hærra en markaðsverðið þá sé vátryggjanda heimilt að miða bótafjárhæðina við marksverð. Þá erum við eiginlega komin að kjarna málsins, þ.e. ef tekin er sú ákvörðun að greiða út húseignir samkvæmt lögum um snjóflóð og skriðuföll þá er komið að því að meta hvort eigi að greiða brunabótamat eða markaðsverð. En síðan segir í greinargerð með frv. sem hér er á dagskrá, að það skuli gert samkvæmt fasteignamati og þá erum við komin með enn þriðja viðmiðunarverðið.

Nú er að vísu stundum þannig að fasteignaverð og markaðsmat getur verið nokkuð svipað. Það er þó ekki það sama og það getur verið breytilegt. Þess vegna finnst mér þetta ekki vera nógu skýrt. Það er ekki kveðið á um þetta í lögunum. Þetta er aðeins nefnt í greinargerð og þetta stangast á við þá grein sem vitnað er til. Það er sagt í greinargerð með brtt. við frv. sem við erum að ræða að það sé eðlilegt að við uppgjör á þessum málum sé litið til 3. gr. laga um brunatryggingar, nr. 48/1994, sbr. 2. gr. laga nr. 150/1994 sem ég var að enda við að lesa. Þess vegna finnst mér að um þetta þurfi að kveða nokkuð skýrar á en hér er gert og hvort það er hægt með reglugerðarsetningu, þá vantar heimildina fyrir þeirri reglugerðarsetningu í frv. sem er verið að ræða og á að verða að lögum.

Það er líka sagt í greinargerð með þessum hugmyndum að ef niðurstaðan verður sú að varnarvirki eða aðrar varnaraðgerðir séu ekki hagkvæmasti kosturinn heldur hagkvæmara að kaupa húseignir er það sveitarfélagsins að gera tillögur þar að lútandi til stjórnar ofanflóðasjóðs og það sé lögð áhersla á að sveitarfélagið nái samningum og þar hljóti að verða lagðir til grundvallar heildarhagsmunir sveitarfélagsins. Ég lít svo á að þetta sé ekki rétt orðað því að ég mundi halda að það yrði að vera litið til hagsmuna húseigenda sem jafnframt væru heildarhagsmunir sveitarfélagsins. Mér finnst ekki vera kveðið nógu skýrt á um það að þetta sé samningsatriði sem eigi að gerast með tilliti til hagsmuna þeirra sem við þetta búa. Nú getur verið að þeir fari ekki alltaf saman við hagsmuni sveitarfélagsins. Þarna finnst mér stangast nokkuð á.

Ég viðurkenni fúslega að það hefur verið reynt að gera eins vel og mögulegt hefur verið við þetta frv. og það er vissulega mikils virði að það skuli koma fram hér og þær brtt. sem hafa verið gerðar eru til þess að koma til móts við það fólk sem núna býr við þær aðstæður að geta ekki búið í húsum sínum vikum og jafnvel mánuðum saman og það er alveg nauðsynlegt að koma einhverju skikki á það hvernig með þau mál skuli fara. Fólk getur ekki lengur búið við það óöryggi að vera sífellt í húsum sem það getur ekki sofið óruggt í heila nótt. Það er ekki hægt að sætta sig við það til lengdar.

Í brtt. er einnig komið inn á eitt í viðbót. Það er einmitt í sambandi við það ástand sem nú varir t.d. í Súðavík. Í greinargerð með brtt. segir að í þriðja lagi verði breytingar á 4. tölul. sem geri unnt að greiða fyrir að húseignir séu fluttar af hættusvæði. Það er einmitt eitt af því sem verið er að ræða um í sambandi við uppbygginguna í Súðavík að hægt sé að flytja gömul hús á öruggari stað og gera íbúunum þar með kleift að búa í þeim áfram. Ég veit að það fólk sem á hlut að

máli hefur verið að velta því fyrir sér hvort þetta væri mögulegt og hverjir mundu þá hugsanlega standa straum af þeim kostnaði því að sveitarfélagið sjálft er ekki í stakk búið til þess að taka á sig miklar skuldbindingar eða fjárútlát miðað við þær aðstæður sem þar eru. Ég mundi halda að þessi grein sem vísar til 4. tölul. í brtt. ætti einmitt við í þessu tilfelli. Það er skýrt í greinargerð og á þá við 4. tölul. 2. gr. í upphaflega frv. þar sem segir að greiða megi allt að 90% af kostnaði við undirbúning og framkvæmdir og þá telst þessi flutningur sem sagt líka vera hluti af því.

Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu. Ég vil, eins og ég sagði í upphafi lýsa ánægju með að frv. skuli vera komið fram og ég vænti þess að það leysi nokkuð vanda allra þeirra sem í dag standa frammi fyrir miklum erfiðleikum út af snjóflóum og hættu á snjóflóðum. Ég vænti þess að við ljúkum þessu máli þannig að þeir megi betur við una.

[02:54]

Jón Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Ég á sæti í hv. félmn. og vann að skoðun þessa frv. Ég var ekki viðstaddur lokaafgreiðslu málsins en ég vil láta það koma fram við þessa umræðu að ég styð þetta mál og tel ýmis ákvæði sem í frv. eru til bóta og taka á mikilvægum þáttum í þessum vandasama málaflokki.

Það hefur einkum verið rætt við 2. umr. málsins um ákvæðin, sem getið er í greinargerð, um uppkaup eigna og ákvörðun um varnarvirki sem er langerfiðasti þáttur þessa máls. Ég get tekið undir það sem kom fram í ræðu hv. 4. þm. Austurl. fyrr í kvöld um að þörf sé á því að setja heimild til reglugerðar í frv. fyrir lokaafgreiðslu þess því að ég get tekið undir það að orðalag í greinargerðinni er kannski ekki alveg nógu skýrt varðandi greiðslur fyrir húseignir ef t.d. hagar þannig til að fólk vill flytja í annað sveitarfélag. Það hefur verið vitnað til laga um brunatryggingar en jafnframt er vitnað til þess að það eigi að greiða eftir fasteignamati, en hvenær er greitt eftir fasteignamati og hvenær eftir markaðsverði kemur ekki nógu skýrt fram í þeirri greinargerð sem hér liggur fyrir. Ég styð þess vegna að það verði skoðað milli umræðna hvort ekki er til bóta að taka heimildarákvæði um reglugerð inn í frv.

Auðvitað tekur þetta frv. ekki á öllum vanda varðandi þessi mál og stjórnsýsla þessara mála þarfnast að sjálfsögðu frekari skoðunar. Skipulagsþáttur frv. er, eins og komið hefur fram, undir félmrn. en skipulagsmál heyra undir umhvrn. Það þarf því að halda áfram vinnu að þessum málum þó að þessi ákvæði í frv., sem eru mjög til bóta, verði samþykkt, sem þau vonandi verða, á Alþingi.

Ég vil ljúka máli mínu með því að taka undir orð hv. 4. þm. Austurl. varðandi það að vissulega er alltaf áhætta í því fólgin að búa í þessu landi, en engu að síður verður að koma til móts við það fólk sem býr við mesta hættuástandið í þessum efnum. Þetta frv. er spor í þá átt en auðvitað þarf að halda áfram á þeirri braut og reyna að búa sem best um í þessum málum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Útbýting þingskjala:

Alþjóðasamningar um varnir gegn mengun sjávar og Siglingamálastofnun ríkisins, 294. mál, nál. umhvn., þskj. 885.

Hollustuhættir og heilbrigðiseftirlit, 293. mál, nál. umhvn., þskj. 883; brtt. umhvn., þskj. 884.

Tekjuskattur og eignarskattur, 437. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 890; brtt. efh.- og viðskn., þskj. 891.

Vaxtalög, 445. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 892.

Vísitala neysluverðs, 443. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 893.

Vörugjald af ökutækjum, 438. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 894.

Greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks, 2. umr.

Stjfrv., 447. mál (heildarlög). — Þskj. 765, nál. 849.

[03:00]

Frsm. félmn. (Gísli S. Einarsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 849 frá félmn. um mál sem fjallar um greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks. Þetta mál er í tengslum og samræmi við nýgerða kjarasamninga og felur í sér rýmkun á greiðslum Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks.

Málið er mjög skýrt á álitinu og undir það rita allir hv. nefndarmenn félmn. og ég legg til og mælist til að málið fari hefðbundna leið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Atvinnuleysistryggingar, 2. umr.

Stjfrv., 448. mál (réttur opinberra starfsmanna, greiðslur bóta, EES-reglur). — Þskj. 766, nál. 850.

[03:01]

Frsm. félmn. (Gísli S. Einarsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. frá félmn. á þskj. 850 um frv. til laga um breyting á lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 93/1993, með síðari breytingum.

Þetta mál er einnig tengt nýgerðum kjarasamningum. Það er góð samstaða í nefndinni um þetta frv. og mælir hún með samþykkt þess. Enn fremur hvetur hún til þess að lög um atvinnuleysistryggingar og reglur um Atvinnuleysistryggingasjóð verði endurskoðaðar í heild sinni.

Undir nál. ritar hv. félmn. öll án fyrirvara og ég legg til að málið fari hefðbundnar leiðir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Húsnæðisstofnun ríkisins, 2. umr.

Stjfrv., 338. mál (félagslegar íbúðir, kaupskylda, forkaupsréttur og endursala). — Þskj. 535, nál. 851, brtt. 852.

[03:03]

Frsm. félmn. (Gísli S. Einarsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. frá félmn. á þskj. 851 um frv. til laga um breyting á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 97/1993, sbr. lög nr. 12/1994. Nefndin leggur til eftirfarandi breytingar á frv.:

1. Lögð er til breyting við 4. gr. að verkalýðsfélög hafi áfram fulltrúa í húsnæðisnefnd og að formaður nefndarinnar verði kjörinn af sveitarstjórn. Með þessu móti er komið til móts við hugmyndir um að auka vægi sveitarstjórna í húsnæðisnefnd en um leið tryggð þátttaka verkalýðsfélaga í nefndinni svo sem verið hefur.

2. Lagt er til að 6. gr. verði breytt þannig að kveðið verði á um að ábyrgð á úthlutun félagslegra íbúða á vegum sveitarfélags til einstaklinga sé í höndum húsnæðisnefndar.

3. Á 9. gr. er lögð til sú breyting að fallið verði frá því að festa í lög heimild húsnæðismálastjórnar að færa lán milli lánaflokka. Gert er ráð fyrir óbreyttri framkvæmd þar sem tilfærsla milli lánaflokka hefur verið heimiluð í undantekningartilvikum.

4. Í 25. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að vextir, sem hefðu verið hækkaðir með tilliti til tekna, gætu lækkað ef tekjur færu á ný undir tekjumörk. Lögð er til breyting sem felur í sér nýja tilhögun á vaxtabreytingum hjá einstaklingum vegna tekna en hún felur í sér að færri sæta vaxtahækkun en nú er.

5. Eru lagðar til breytingar á 26. gr. sem fela í sér smávægilegar lagfæringar, en í þeim breytingum felast ekki efnisbreytingar.

Nefndin mælir með að frv. verði samþykkt með þessum breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þskj. sem er nr. 852. Undir þetta rita með fyrirvara hv. þm. Jón Helgason, Guðrún J. Halldórsdóttir, Jón Kristjánsson, Kristinn H. Gunnarsson. Aðrir undirrita nál. án fyrirvara.

Ég mælist til, herra forseti, að þetta mál fari hefðbundnar leiðir.

[03:05]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Hv. félmn. hefur reynt að vinna að þessu máli af kostgæfni á þeim skamma tíma sem hún hefur haft til þess. Það kom fram við 1. umr. málsins að frv. var auðvitað allt of seint fram komið. En þar sem flest þessi ákvæði sem eru í frv. eru til bóta og horfa í rétta átt, hafa nefndarmenn lagt metnað sinn í að koma frv. frá sér núna fyrir þinglok.

Fyrirvari minn veit að 25. gr. frv. þar sem gert er ráð fyrir að vextir sem hefðu verið hækkaðir með tilliti til tekna gætu lækkað ef tekjur færu á ný undir tekjumörk. Lögð er til breyting sem felur í sér nýja tilhögun á vaxtabreytingum hjá einstaklingum vegna tekna en hún felur í sér færri sæta vaxtahækkun en nú er.

Við teljum að þetta ákvæði tryggi ekki nægilega að vextir geti lækkað ef aðstæður breytast snögglega hjá fólki eins og þær gera nú þar sem atvinnuástand er svo ótryggt og tekjur mismunandi eins og nú er. Við teljum að þetta ákvæði tryggi það ekki nægilega og fyrirvarinn veit að þessu ákvæði hvað mig snertir.

Að öðru leyti styðjum við fulltrúar Framsfl. í nefndinni þetta frv. sem hér liggur fyrir.

[03:08]

Guðrún J. Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég get tekið undir orð síðasta ræðumanns, hv. þm. Jóns Kristjánssonar. Þótt nokkur þrýstingur sé á störfum þingsins nú þá hefur nefndin reynt að vinna af kostgæfni í þessu máli. Við lítum svo á, bæði ég og aðrir nefndarmenn, að þessi tillaga sé í heildina til þó nokkuð mikilla bóta. Það er aðeins í 25. gr., sú breyting sem þar er á, að við teljum, ég er sammála fyrri ræðumanni um það, að þar er þess ekki nógu vel gætt að fólk sem komið er í hærri tekjumörk og greiðir vexti samkvæmt því, ef tekjur lækka aftur þá er þess of langt að bíða að það geti fengið lækkun, þ.e. það getur þurft að bíða í þrjú ár eftir því. Þetta er galli sem ekki hefur tekist að finna lausn á, en það eru líkur til að það séu ekki svo margir sem lendi í þessum hremmingum að vera allt í einu hækkaðir upp í efri mörk og missa svo tekjurnar strax aftur eftir það. Því álít ég að það sé vel þess virði að styðja þetta frv. í heild, en aðeins með þessum eina litla fyrirvara — kannski er ekki rétt að segja litlum — eina fyrirvara, að þarna hefi mátt setja undir lekann með því að fólk gæti snúið sér til Húsnæðisstofnunar og fengið endurmat fyrr. Að öðru leyti styð ég þetta frv. heils hugar.

[03:10]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það gengur nú svo glatt með þingstörfin að ég var ekki alveg tilbúinn er forsetinn gaf mér orðið, ég þurfti að leita að skjölum mínum og fann reyndar ekki öll, en þó svona það helsta, frv. og nál. ásamt brtt.

Eins og fram kemur í nál. stendur nefndin að því að afgreiða þetta mál í gegnum þingið þótt á síðustu stundu sé og það án þess að gera miklar breytingar á efni frv. Það má segja að það sem veldur því að um þetta mál hefur tekist þokkaleg samstaða eða a.m.k. þokkaleg samstaða um að þetta mál verði borið í gegnum þingið á síðustu stundum þinghalds er auðvitað aðdragandi málsins, sem er nokkuð langur og ítarlegur. Nefndarskipan var hrundið af stað á sínum tíma og tók fyrir sem athugunarefni reynsluna af lagabreytingunum árið 1990 á hinum félagslega þætti í húsnæðislöggjöfinni. En eins og þingmönnum mun að sjálfsögðu vera kunnugt voru gerðar mjög miklar breytingar á þeim kafla laganna og eðlilegt að mörgu leyti að tekið yrði út að nokkrum árum liðnum eða þremur árum, svo að nákvæmlega sé það tiltekið, hver reynslan hefði orðið af þeirri breytingu.

Að vísu skyggði það örlítið á nefndarstarfið að þar var hafður hinn hefðbundni háttur á með skipan nefndarinnar, hinn hefðbundni háttur um samráðsvettvang

sem verið hefur í tíð núv. ríkisstjórnar, að einungis skyldu að vinnunni koma fulltrúar stjórnarflokkanna ásamt tilheyrandi embættismönnum þeim til stuðnings. Það er auðvitað ljóður á starfi af þessu tagi, bæði í þessum málaflokki og reynar öðrum, hversu mjög stjórnarflokkarnir eru þjáðir af því að vilja loka stjórnarandstöðuflokkana frá því að koma að málum á undirbúningsstigi og ætlast svo til þess að þeir geri sem minnst vart við sig þegar málið kemur fram hér á Alþingi. Við höfum reyndar dæmi um það annað en þetta, einmitt prýðilegt dæmi til stuðnings þessu sjónarmiði, sem er auðvitað grunnskólafrv. og aðdragandinn að því, nefndarskipunin og vinnan í því máli, sem er auðvitað með endemum og satt að segja ekki því máli mjög til framdráttar.

Hins vegar vil ég segja um niðurstöðuna úr þessari nefnd sem ég gat um og skipuð var í október 1993, að þátt fyrir ágalla á skipaninni og skorti á samráði þá vann nefndin nokkuð vel að sínu verki og skilaði skýrslu. Við höfum auðvitað haft aðgang að skýrslunni og getað þannig undirbúið okkur nokkuð fyrir væntanlega lagasetningu, þó við vissum ekki nákvæmlega hvað mundi verða lagt hér fram í frumvarpsformi af tillögum þeim og ábendingum sem komu fram úr þessu umrædda nefndarstarfi. En einmitt það og að frv. byggir á þeirri skýrslu hefur gert það að verkum að við höfum getað á þeim tíma sem til umráða var unnið málið með sómasamlegum hætti að mínu mati og gert okkur stjórnarandstæðingum kleift að standa að því að hjálpa málinu hér í gegn. Þannig að það má segja að undirbúningur málsins geri þarna gæfumuninn því ég verð að segja að mér finnst að nefndinni hafi verið ætlaður afar skammur tími til að vinna málið. Að vísu var málið lagt fram í þinginu laust fyrir áramót en kom ekki til nefndar fyrr en fyrir fáeinum dögum og nefndinni var ætlaður afar skammur tími og satt að segja óeðlilega skammur tími, til að vinna það. Þingmenn eiga auðvitað að kosta kapps um að venja ráðherra af vinnubrögðum sem þessum og það verður ekki gert með öðru móti en að þingmenn setja ráðherrum stólinn fyrir dyrnar og venji þá af vinnubrögðum af þessu tagi. Vonandi að þingmenn taki það til betri athugunar á næsta kjörtímabili og láti ekki ráðherra vaða svo mjög uppi sem raun ber vitni á þessu yfirstandandi kjörtímabili.

En hvað um það, nefndarmenn höfðu haft þennan fyrirvara sem ég gat um og voru því sæmilega búnir til þess að taka málið og vinna það á skömmum tíma, þó ég vilji láta það koma fram að þrátt fyrir að ég standi að því að fylgja málinu eftir í þinginu þá tel ég að við hefðum getað unnið verkið betur. Mér finnst ég ekki hafa unnið það eins vel og ég hefði átt að gera, m.a. vegna þess hversu knappur tíminn var. Enn fremur vil ég líka láta koma fram að í starfi nefndarinnar á þeim fundum sem við tókum málið fyrir fengum við nokkra gesti til þess að spyrja þá út úr um efni málsins og fá skoðun þeirra á breytingunum. Og þrátt fyrir að þeir hefðu haft skamman tíma til þess að vinna úr frv. sína álitsgerð þá komu ákveðnir hlutir skýrt fram sem mér finnst ástæða til að nefna hér og eru sagðir til þess að menn líti ekki svo á að með þessari lagasmíð nú sé einhverjum endanlegum áfanga náð í endurskoðun laganna. Þvert á móti vil ég meina að við séum með málið í þeim farvegi að það þurfi að yfirfara lögin öllsömul og hugsa suma þætti þeirra upp á nýtt.

En það kom fram, sem mér þótti mjög athyglisvert, hjá mönnum sem vinna við að framkvæma lögin sú almenna athugasemd að lögin væru mjög óskýr hvað varðar skiptingu á ábyrgð á milli ríkisins og sveitarfélaga. Það þótti mér mjög athyglisvert að heyra því það var eitt af meginatriðunum með lagabreytingunum 1990 að færa verkefni frá ríkinu til sveitarfélaganna, að færa verkefnin í húsnæðismálum frá ríkisstofnuninni yfir til hvers og eins sveitarfélags.

Það er greinilegt að frumvarpshöfundar á þeim tíma hafa ekki hugsað það mál nógu vel og ekki skilgreint verkefni hvors aðila um sig nægilega vel til þess að það væri ásættanlegt. Niðurstaðan hefur eiginlega orðið sú, samkvæmt ábendingum þessara aðila, að lögin séu of óskýr hvað þetta varðar og sérstaklega hvað varðar ábyrgðina. Og ef ég hef skilið þetta rétt þá hefur í reynd framkvæmdin orðið þannig að sveitarfélög hafa fengið meira að segja um framkvæmd tiltekinna atriða án þess að bera ábyrgð til fullnustu á móti þeim íhlutunarrétti. Það brýtur auðvitað gegn meginbreytingunum sem menn voru með í huga árið 1990, að samhliða því að flytja verkefni þá ættu menn líka að vera að flytja ábyrgð á verkefninu yfir til þess aðila sem fær verkefnið til sín. Það er hins vegar algjör stjórnsýslulegur bastarður að flytja verkefnið frá einum stað til annars en skilja ábyrgðina að nokkru leyti eftir. Það kann ekki að leiða til annars en ófarnaðar þegar horft er til lengri tíma. Þetta atriði, þessi almenna athugasemd sem kom svo sterkt fram gerir það auðvitað að verkum að það er nauðsynlegt að hugsa þetta atriði, löggjöfina, upp á nýtt og skilgreina nákvæmlega hvert atriði stig af stigi. Menn geta haft mismunandi skoðanir á því hver eigi að vinna hvað, hve mikið eigi að vera hjá sveitarfélögunum, hve mikið hjá ríki. Það er allt á sínum stað, mismunandi sjónarmið um það atriði. En þegar menn hafa gert það upp við sig hvernig þeir vilja skipta verkum þá eiga menn að draga línuna og semja lögin þannig að þetta sé alveg skýrt og saman fari úrlausn verkefnisins og ábyrgðin á því.

Það er hins vegar af eðlilegum ástæðum dálítið flókið því ef menn vilja flytja ábyrgð þangað, þar sem ákvörðunin er tekin, þá þýðir það að menn verða að flytja fjármagnið. Það verður ekki gert öðruvísi en að fjármagnið verði þá flutt frá ríkisstofnuninni, Húsnæðisstofnun, yfir til einstakra sveitarfélaga. Og þrátt fyrir allan velvilja minn í garð sveitarfélaga þá efast ég um að það sé fær leið að færa verkefnið svona. Þannig að ég hef löngum talað fyrir því að menn reyndu að koma á samstarfsvettvangi milli ríkisins og sveitarfélaga og þá helst á þann veg að menn breyttu Húsnæðisstofnun, notuðu hana sem þennan samstarfsvettvang þar sem bæði ríkisaðilar og sveitarfélagaaðilar kæmu að stjórnun og stjórnuðu í gegnum þennan sameiginlega vettvang og skiptu honum kannski upp eftir lands-

hlutum. Þannig væri tiltölulega auðvelt að teikna upp stjórnskipulag sem gæti gengið, væri skýrt afmarkað og færu saman verkefni og ábyrgð og báðir aðilar kæmu að, yrði raunverulegur samráðsvettvangur. Ég held að menn ættu að skoða þetta í verulegri alvöru.

Að öðru leyti en svona almennt um þetta, eins og ég hef rakið og kom fram í umsögnum fróðra manna og ég læt hér fylgja og geri þessar skoðanir að mínum, því ég hef sjálfur sýslað nokkuð með þessi verkefni og þekki þau nokkuð vel og má kannski segja að þessi sjónarmið séu mín að verulegu leyti og ég geti haft almennan fyrirvara við þessa löggjöf út frá þessum sjónarmiðum, þá vil ég segja um einstök efnisatriði í þessu frv. að þar er flest tæknilegs eðlis sem er verið að setja niður og er greinilega unnið í samvinnu manna sem hafa það sem daglegt verkefni að útfæra og vinna eftir þessari löggjöf. Þannig að þeir þekkja þetta greinilega út og inn og mér sýnist að það þurfi ekkert að efast um að þar séu menn að breyta því sem þarf til betri vegar og hef ekki neinar efasemdir um flest atriðin í þessum breytingum. Það eru ekki mörg atriði sem þarf að taka pólitíska afstöðu til. Þó eru fáein og ég vil nefna þau.

Ég vil fyrst segja að ég harma að ekki skuli hafa náð fram að ganga sú breyting sem er í frv. sjálfu um auknar heimildir til að færa á milli lánaflokka, samkvæmt 9. gr. frv. Það er í *mínum huga kannski sú* breyting sem menn þyrftu að huga að í alvöru, að gera kerfið sveigjanlegra eftir einstaklingum þannig að einstaklingarnir geti fært sín lán úr einum lánaflokki yfir í annan eftir breytilegum aðstæðum. En í dag eru heimildirnar til þess að fara með lán á milli lánaflokka *afar þröngar og raunar ekki almennar heimildir* heldur undanþáguheimildir, sem gerir málið býsna snúið oft á tíðum. Við sem höfum starfað við þessa stofnun vitum að oft er þörf á því að geta sýnt sveigjanleika því það er þægilegra viðureignar að geta leyst úr vanda tiltekinna einstaklinga með því að breyta lánskjörum og fyrirkomulagi á lánunum sem hvíla á íbúðinni fremur en að flytja viðkomandi einstakling úr íbúðinni yfir í aðra íbúð sem hefur þá þessa tilteknu gerð lána sem þörf er á eða á við í það og það skiptið. Þetta hef ég oft orðað þannig að við eigum að ákvarða lánskjörin út frá einstaklingnum sjálfum, högum hans, en ekki að raða einstaklingum inn í steypuna. Það er ekki íbúðin eða steypan sem á að ráða því hvernig við röðum fólkinu inn, við eigum að láta kjör og hagi einstaklinganna ráða kjörum á lánunum. (Gripið fram í.) Já, ég vona að mönnum þyki þessi hugsun heldur til bóta og ég tala fyrir henni þar sem ég hef tök á og vonandi tekst að afla henni stuðnings á næstunni, næstu árum skulum við segja, þannig að hún verði tekin upp sem almenn regla sem ég vona. Þetta náði því miður ekki fram að ganga og skal ekkert fjölyrt um það. Ég kýs fremur að standa að því að flytja þetta mál áfram en að gera þetta atriði að ágreiningsefni og láta það ágreiningsefni svo verða til þess að stranda öðrum þáttum málsins.

Þá vil ég svo aftur nefna annað atriði sem ég er ekki verulega sáttur við og er kannski fyrst og fremst ástæðan fyrir því að ég set fyrirvara undir mitt nafn á nál. og það er breytingin í 25. gr. frv., breytingin á því ákvæði sem átti að gera það kleift að lækka vexti á lánum þegar kjör viðkomandi einstaklings versnuðu frá því sem þau höfðu verið þegar ákveðið var að hækka vextina. Og í takt við þann anda sem ég rakti áðan varðandi það að það ætti að vera hægt að flytja lán á milli flokka eftir högum einstaklinga eða viðkomandi aðila, þá er ég að sjálfsögðu þeirrar skoðunar að menn eigi að geta fært vexti upp og líka niður eftir því sem hagir hvers eiganda eða leigjanda breytast. Þannig að ég sé eftir þessari tillögu í frv. og finnst að sú tillaga, sem ég reyndar stend að að flytja ásamt öðrum, vera lakari en hin. Ég ætla ekkert að skjóta mér undan því að taka ábyrgð á þeirri brtt., en ég lýsi skoðun minni til hennar og því að þessi breyting er helsta ástæðan fyrir því að ég set fyrirvara við álit mitt, svo það komi skýrt fram að ég hafi ekki verið fyllilega sáttur við allt sem hér er á blöðum.

Þá vil ég líka geta þess sem mér finnst hafa breyst til betri vegar, því auðvitað er það líka þannig að í meðförum nefndarinnar breyttist frv. til betri vegar. Þar vil ég fyrst og fremst geta breytingarinnar á 4. gr. frv., um skipan fulltrúa í húsnæðisnefndir. Í frv. hafði verið gert ráð fyrir því og var lagt til aðýta út fulltrúum verkalýðshreyfingarinnar úr húsnæðisnefndunum og *fækka í nefndunum eða gera það mögulegt að fækka í* nefndunum allt niður í þrjá. Niðurstaðan úr vinnu nefndarinnar og samkomulagsumleitunum víðar varð sú að hafa fyrirkomulagið þannig að húsnæðisnefndirnar skyldu verða ýmist sjö manna eða fimm manna. Í fimm manna húsnæðisnefndum yrðu tveir frá verkalýðshreyfingunni og í sjö manna húsnæðisnefndum yrðu þrír úr verkalýðshreyfingunni. Þar er komið verulega til móts við þau sjónarmið sem ég hef sett fram og e.t.v. fleiri og ég hygg að það megi fullyrða að svo hafi verið, að fleiri settu fram þessi sjónarmið og ég er fyllilega og prýðilega sáttur við þessa niðurstöðu, að halda í raun óbreyttri skipan húsnæðisnefndarinnar og finnst ekki nema sjálfsagt að samþykkja á móti þá brtt. frá núverandi skipan að formaður húsnæðisnefndar verði ævinlega kosinn af sveitarstjórn.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að fjölyrða meira um þetta mikla frv. Það er óvanalegt að þurfa ekki lengri tíma til að fjalla um frv. til laga um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, svo stórt mál sem það er, í geysimörgum greinum, en það skýrist m.a. vegna þess sem ég gat um að margt af þessu, kannski býsna margt, er í raun og veru tæknilegs eðlis þannig að ég tel óþarfa að rekja það lið fyrir lið.

Ég vil svo að lokum geta um eitt atriði sem ég gleymdi áðan sem er í frv. og ég styð og lýsti yfir strax við 1. umr. málsins og það er lækkunin á afskriftarprósentu í íbúðum þeim sem byggðar eftir gildistöku laganna frá 1980, en sú afskriftarprósenta hafi verið ákveðin á sínum tíma 1,5% með lögunum frá 1990. Að vísu var í þeim lögum gert ráð fyrir að það *mætti lækka afskriftina um helming eftir 20 ára eign*arhald, en núna er tekin upp sú regla að hafa 1% öll árin. Þannig að breytingin er bæði til hækkunar og

lækkunar, en á heildina litið og miðað við meðaleignarhaldstíma er hún til lækkunar og þar af leiðandi til verulegra bóta fyrir þann sem á íbúðina og eðlilegt og sjálfsagt að styðja þessa breytingu.

Virðulegur forseti. Ég hef þá lokið við að gera í stuttu máli grein fyrir afstöðu minni til þessa máls og ég vil svo að lokum færa formanni nefndarinnar þakkir fyrir samstarfið við vinnu þessa máls og öðrum nefndarmönnum í félmn.

[03:33]

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Við 1. umr. þessa máls gerði ég að umtalsefni sérstaklega 25. gr. þessa frv. og það var að gefnu tilefni vegna þess að efnislega voru þar atriði sem við kvennalistakonur höfðum flutt í sérstöku frv. sem er til meðferðar í félmn. og hefur ekki farið þaðan út mér vitanlega. Ég gladdist mjög að sjá þessa grein þarna, en því miður upplýstist það í umræðunum hjá hæstv. félmrh. að þá þegar hafði hún í hyggju að leggja til við nefndina væntanlega að þarna yrðu á þær breytingar í stórum dráttum sem nú hafa séð dagsins ljós.

Það er að mörgu leyti dálítið sérkennilegt við þessa breytingu við 25. gr. að hún felur í sér bæði jákvæða og neikvæða þætti. Jákvæðu þættirnir eru þeir að það eru fleiri ár tekin til viðmiðunar þegar taka skal afstöðu til hækkunar heldur en er bæði í núgildandi lögum og eins í upphaflegu greininni eins og hún er í frv. Vondu fréttirnar eru hins vegar þær, sem hefur komið fram í hverri einustu ræðu þeirra nefndarmanna sem hafa gert grein fyrir sínum fyrirvörum, að þarna er því miður allt að þriggja ára bið eftir endurskoðun til lækkunar aftur ef hagir fólks breytast á nýjan leik og það er verr í stakk búið að mæta hækkuðum vöxtum. Ég verð að lýsa ákveðinni undrun á því að þetta skuli ekki hafa fengist lagað hér. Hitt er annað mál að hvort sem litið er á greinina eins og hún er í frv. eða í brtt. þá er þetta vissulega mikil bót frá núverandi fyrirkomulagi og það er auðvitað það sem skiptir meginmáli. Þar af leiðandi er betra að sjá það með þessum hætti en ekki. En ég ítreka það að þarna hefði verið mjög ánægjulegt að sjá þetta efnisatriði 25. gr., eins og hún er í frv., fá að standa.

En við þessu er ekkert að gera og ég verð að lýsa sérstakri aðdáun minni á starfi félmn. að þessu frv. og raunar þeim undirbúningi sem málið hefur fengið vegna þess að þegar 1. umr. fór hér fram kom það fram í umræðunni að það voru ekki margir sem gerðu sér vonir um að það mundi ganga upp að afgreiða þetta annars ágæta frv. á svo undraskömmum tíma. En það tókst og það sést líka að það hefur verið unnið vel í málinu. Auðvitað hefði meiri tími og betri yfirlega sjálfsagt skilað enn betra frv., en í grundvallaratriðum held ég samt sem áður að það hafi tekist eins vel til og hægt var miðað við aðstæður að þessu undanskildu. Raunar verð ég að taka undir það líka með hv. síðasta ræðumanni, hv. 5. þm. Vestf., að tilfærsla sú sem er á milli lánaflokka og lögð var til í síðari efnismálsgr. 9. gr. er hugmynd sem hlýtur að vera það sem koma skal og ég vona sannarlega að við munum sjá það í framtíðinni. En þar sem ég kom ekki að því máli og hef ekki kynnt mér það sérstaklega þá er ég ekki í stakk búin til að fara um það mál fleiri orðum.

Ég vil þakka hv. félmn. sérstaklega fyrir hennar starf að þessu og það að koma þessu máli hér áfram í þó þetta góðri sátt. Þar af leiðandi styð ég frv. sem ég hefði viljað sjá í ögn öðrum búningi og gera það í ljósi þess að þarna er samt sem áður verið að gera svo jákvæðar breytingar að þær skipta meira máli heldur en það að stíga skrefið til enda. En ég vona að í framtíðinni muni fólk ekki þurfa að bíða í þrjú ár eftir leiðréttingu ef það stendur skyndilega illa að vígi eftir að hafa verið metið upp í vöxtum.

Það er eitt lítið atriði í viðbót sem mér finnst ástæða til að koma á framfæri og gerði grein fyrir við 1. umr. og það segir okkur mest um það hvað tímar geta breyst snögglega að þegar þetta atriði var sett inn, möguleiki á endurmati á vöxtum, þegar breytingar voru gerðar á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins árið 1990, held ég að það hafi verið, þá sat ég í félmn. og þá hvarflaði ekki sú hugsun að nokkru okkar sem unnum að því á þeim tíma að það gæti verið þörf á slíku ákvæði. Þá var það venjulega svo hjá fólki að það var fyrst og fremst gert ráð fyrir að hagur fólks batnaði, atvinnuleysi hafði ekki stungið sér niður eins og hefur verið á þessu kjörtímabili og þessi hugsun var fólki á þeim tíma blessunarlega fjarri. En þannig hafa tímarnir breyst og ég held að við verðum að fylgjast vel með og hlusta vel á það sem er að gerast.

Að svo mæltu vona ég að þetta frv. verði að lögum, þrátt fyrir þessa ókosti, áður en þing lýkur störfum nú.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Bjargráðasjóður, 2. umr.

Stjfrv., 371. mál (EES-reglur). — Þskj. 600, nál. 853.

[03:41]

Frsm. félmn. (Gísli S. Einarsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. frá félmn. um frv. til laga um breytingu á lögum um Bjargráðasjóð, nr. 51 frá 26. maí 1972, með síðari breytingum.

Nefndin fjallaði um málið og fékk á sinn fund Húnboga Þorsteinsson frá félmrn. og frá Sambandi ísl. sveitarfélaga Þórð Skúlason og Magnús Karel Hannesson.

Nefndin mælir með að frv. verði samþykkt óbreytt og hv. félmn. ritar öll undir álitið. Ég mælist til að málið gangi hefðbundna leið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lánasjóður sveitarfélaga, 2. umr.

Stjfrv., 370. mál (EES-reglur, lántökur). — Þskj. 599, nál. 854.

[03:42]

Frsm. félmn. (Gísli S. Einarsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 854 um frv. til laga um breytingu á lögum um Lánasjóð sveitarfélaga, nr. 35 frá 29. apríl 1966, með síðari breytingum.

Nefndin fjallaði um málið og fékk á sinn fund Húnboga Þorsteinsson frá félmrn. og frá Sambandi ísl. sveitarfélaga Þórð Skúlason og Magnús Karel Hannesson.

Nefndin mælir með að frv. verði samþykkt óbreytt og undir þetta ritar öll hv. félmn.

Herra forseti. Ég vil gjarnan fá að nota þetta tækifæri, vegna þess að ég hef hér fengið tækifæri fyrir hönd félmn. til að mæla fyrir fjölmörgum málum sem nefndin hefur af miklum dugnaði og elju tekið fyrir á undanförnum tíu dögum, til að þakka nefndinni sérstaklega gott samstarf við mig sem formann félmn. Ég vil þakka fyrir bæði góð ráð og leiðbeiningar. Hér kom fram áður í umræðunni að um skamman tíma hefði verið að ræða til umfjöllunar. Þá má segja að hvert mál þurfi ákveðið ferli og frá áramótum hefur þinghaldið aðeins verið fimm vikur sem ræður því að hratt hefur verið unnið síðustu tíu daga. En ég vil ítreka, herra forseti, sérstakar þakkir til allra hv. þm. sem hafa unnið í félmn. að þessum málum sem hér hafa flest litið dagsins ljós í dag ásamt og með hinu viðamikla máli sem fjallar um snjóflóð og er lagafrv. varðandi snjóflóð og skriðuföll.

Herra forseti. Ég hef lokið máli mínu og mælist til þess að málið fái eðlilegan framgang.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tóbaksvarnalög, 2. umr.

Stjfrv., 312. mál (heildarlög). — Þskj. 447, nál. 811, brtt. 812.

[03:45]

Ingi Björn Albertsson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Í ljósi þess að hér voru menn að störfum langt fram eftir nóttu — í fyrradag ætti maður kannski að segja — nei, í gær, og nú er klukkan orðin fimmtán mínútur í fjögur að nóttu til og það er gert ráð fyrir almennum fundi í þinginu klukkan hálfellefu í fyrramálið og nefndarfundum, a.m.k. hjá þeim sem hér stendur, kl. níu í fyrramálið, þá hlýt ég að inna hæstv. forseta eftir því hvers lags meðferð þetta er eiginlega á hv. þm. Að ætla þeim að standa hér fram undir morgun og hefja núna þunga umræðu sem augljóst er að mun standa lágmark til kl. 7–8 í fyrramálið og ætla mönnum síðan að fara á fund klukkutíma seinna, þá hlýtur maður að velta fyrir sér bara almennum mannréttindum.

Ég held að það sé til í landslögum lagabókstafur um það að menn eigi rétt og heimtingu á ákveðinni lágmarkshvíld á sólarhring. Ég spyr hæstv. forseta að því hvort ekki sé eðlilegt að hv. Alþingi geri tilraun til að virða landslög og gefi mönnum tíma til að hvílast eins og öðrum vinnandi mönnum í þessu landi. Ég tel, og hæstv. forseti veit það ósköp vel, að þetta mál sem nú á að fara að taka til umræðu taki meira en nokkrar mínútur. Það er mál sem kallar á mikla umræðu. Þess vegna er, eins og ég sagði áðan, alveg augljóst að þetta mun nánast renna saman við þann fund sem á að vera í fyrramálið, mun nánast renna saman. Þannig að ég hlýt að spyrja forseta að því: Hversu lengi hyggst forseti halda þessum fundi áfram? Er virkilega meiningin að láta sólarhringana renna saman og brjóta með því hin svökölluðu vökulög, brjóta þau á alþingismönnum? Að sjálf löggjafarsamkoman, sem á að setja lög fyrir þjóðina, standi fyrir því að brjóta landslögin sjálf? Við erum auðvitað nú þegar búin að því, en það er þó hægt að laga skaðann örlítið þannig að þeir þingmenn sem þó eru að sinna þingskyldum sínum fái sinn lögbundna hvíldartíma.

Ég vil spyrja hæstv. forseta að því: Þeir þingmenn sem ekki eru hér til staðar nú, hafa þeir fjarvistarleyfi? Ef svo er ekki þá óska ég eftir því að þeir hv. þm. verði kallaðir út því það er náttúrlega engin hemja að hér séu sárafáir þingmenn, misvel á sig komnir, sitjandi í þingsalnum. Á meðan aðrir liggja heima og steinsofa þá er okkur ætlað að vinna hér fyrir þá. Ég fer fram á það, ef það á að halda hér fundi áfram, að Alþingi Íslendinga verði kallað út og menn sinni sínum störfum.

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):

Forseti vill af tilefni fyrirspurnar hv. 5. þm. Reykv. segja það að forseti sat á fundi með þingflokksformönnum ekki alls fyrir löngu og þar varð m.a. samkomulag um það að reyna að ljúka umræðu um þetta mál. (**Gripið fram í:** Hvað merkir þetta m.a.?) Í tilefni af fullyrðingu hv. 5. þm. Reykv., að fundur væri í nefnd kl. 9 í fyrramálið þá er forseta kunnugt um það að hv. efh.- og viðskn. er á fundi kl. 12 um hádegi, en er ekki kunnugt um neinn nefndarfund kl. 9 í fyrramálið. Þannig að það eru þær upplýsingar sem forseti hefur um nefndastarfið.

[03:49]

Ingi Björn Albertsson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Það er kannski ekki nema von að hv. þm. sé farið að förlast svolítið. Það er hárrétt hjá hæstv. forseta að fundur í hv. efh.- og viðskn. er kl. 12 en ekki kl. 9. Hann var kl. 9 í morgun eða í gær reyndar, þannig að ég ruglaðist aðeins í því. En það breytir auðvitað ekki meginþætti minnar gagnrýni á þau vinnubrögð og það vinnuálag sem hér er sett á örfáa þingmenn á meðan aðrir liggja heima og sofa á sínu græna eyra og hafa það huggulegt. Það er auðvitað engin hemja að ætlast til þess að menn séu að vinna hér núna fram til kl. 7, 8 eða 9, jafnvel kl. 10 í fyrramálið. Ég veit ekki hvað aðrir þingmenn tala mikið, en ég þarf að tala töluvert í þessu máli og mér er ætlað að

vera kominn hér á fund kl. hálfellefu í fyrramálið. Ég spyr: Eru þetta mannréttindi á Íslandi? Ég spyr: Stenst þetta þá nýju stjórnarskrá sem við vorum að ræða hér í gær? Ég efast um það.

Ég óska eftir því að fundi verði slitið, honum verði slitið, vegna þess að þetta er auðvitað engin hemja. Ég verð að segja það hæstv. forseti og ég hef sagt það áður úr þessum ræðustól, að þingflokkur Sjálfstfl. og þingflokksformaður hans semur ekki fyrir mína hönd. Ég vil upplýsa það að á þingflokksfundi hjá Sjálfstfl. í síðustu viku kom það fram að þeir litu ekki á mig sem sinn fulltrúa. Það er því staðfest af þeirra hálfu líka að þeir semja ekki fyrir mína hönd. Þannig að ég er ekki aðili að slíku samkomulagi sem hæstv. forseti vitnaði í áðan.

Ég ítreka beiðni mína til hæstv. forseta um að hann fresti fundi eða slíti fundi og gefi mönnum kost á því, því eftir því sem mér skilst þá er síðasti dagur þingsins á morgun og síðasti dagur kjörtímabilsins, að menn séu ekki keyrðir hér í gegnum sólarhringana saman, örfáir þingmenn, eins og nú er ætlunin að gera. (Gripið fram í.) Það er mikið þrek í krötum heyrist hér kallað fram í. (**Gripið fram í:** Ég sagði okkur.) Okkur. Hv. frammíkallandi á kannski við mig og sig sjálfan. (Gripið fram í.) Ég efast ekki um það. En það er ekki málið. Það er prinsippið sem hér er um að ræða og þegar menn ætla að halda fundi þannig að sólarhringarnir ná saman þá er það engin hemja. Þá er verið að brjóta á mönnum réttindi og það tel ég að sé ekki sæmandi hinu háa Alþingi.

[03:53]

Frsm. heilbr.- og trn. (Tómas Ingi Olrich):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. um frv. til tóbaksvarnarlaga frá heilbr.- og trn. Þetta er 312. mál. Hér er um að ræða allviðamikið mál sem um var nokkur ágreiningur. Nefndin leggur til breytingar á þessu frv. sem gerðar eru tillögur um á sérstöku þskj. og ég mun nú fara hér yfir helstu breytingar sem gerðar eru á málinu.

Í fyrsta lagi er lagt til að í 7. gr. verði einungis gert ráð fyrir samráði við fjármálaráðuneyti. Óeðlilegt þykir að tiltaka Áfengis- og tóbaksverslun sérstaklega í ákvæðinu, ekki síst í ljósi þess að gera má ráð fyrir að í náinni framtíð verði gerðar breytingar á einkasölu verslunarinnar, með hliðsjón af ákvæðum EES-samningsins.

Í öðru lagi leggur nefndin til að í 8. gr. verði kveðið á um bann við innflutningi, framleiðslu og sölu á fínkornuðu neftóbaki, auk munntóbaks eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Fram kom í umfjöllun nefndarinnar að þess væru dæmi að neysla fínkornaðs neftóbaks hefði valdið alvarlegum skaða á unglingum sem neyttu þess í óhófi. Þá kom fram að hlutfall nikótíns í hinu fínkornaða neftóbaki væri margfalt hærra en í grófkornuðu neftóbaki af þeirri tegund sem Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins hefur framleitt og selt um áratuga skeið. Því er ekki lagt til að takmarkanir þær, sem kveðið er á um í ákvæðinu, taki til þeirrar tegundar neftóbaks. Þá er lagt til að takmarkanir þær, sem tilgreindar eru í síðari málsgrein, taki ekki til þeirra tegunda tóbaks sem fela í sér minni skaðsemi en þær sem fyrir eru.

Í þriðja lagi eru nokkrar breytingar lagðar til á 11. gr. Í fyrsta lagi er lagt til að felld verði á brott sú takmörkun í 1. mgr. sem kveður á um að ekki megi auglýsa varning sem beri heiti eða auðkenni tóbakstegunda í vörumerki sínu. Nefndin telur að of langt sé gengið með slíkri takmörkun. Breytingar, sem lagðar eru til á b-, c-, og e-lið, eru af sama toga, en í e-lið er reyndar lagt til að fellt verði brott ákvæði sem kveður á um að tóbaki skuli þannig komið fyrir á útsölustöðum að það beri ekki fyrir augu viðskiptavina. Þá er lagt til að í 2. mgr. 11. gr. verði sérstaklega kveðið á um að bannað sé að sýna tóbaksneyslu í tónlistarmyndböndum. Við umfjöllun um málið í heilbrigðis- og tryggínganefnd kom fram að í auknum mæli hefði borið á neyslu tóbaks í slíkum myndböndum og að hætta væri á að það hefði hvetjandi áhrif á tóbaksneyslu unglinga. Að lokum er lögð til breyting á 3. mgr. þannig að umfjöllun í fjölmiðlum um einstakar vörutegundir verði einungis bönnuð ef hún er skaðleg. Með því vill nefndin leggja áherslu á að ekki sé ætlunin að koma í veg fyrir umfjöllun um skaðsemi tiltekinna tegunda tóbaks.

Í fjórða lagi er lagt til að 3. mgr. 12. gr. verði felld brott þar sem hún er talin óframkvæmanleg. Því til stuðnings má nefna að fjölmargir unglingar starfa að sumarlagi á sölustöðum þar sem höndlað er með tóbak og telur nefndin útilokað að lögfesta þá takmörkun sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Í fimmta lagi er lagt til að 13. gr. falli brott þar sem ákvæðið er talið fela í sér óeðlilega miklar hömlur á atvinnufrelsi manna. Í því sambandi má nefna að ákvæðið gæti t.d. komið í veg fyrir sölu tóbaks á bensínstöðvum og myndbandaleigum. Þá er algengt í fámennum byggðarlögum að í sama húsnæði sé rekin smásala og þjónusta af ýmsu tagi og útilokað þykir að leggja höft á slíka starfsemi eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

Í sjötta lagi er lagt til að í 3. tölul. fyrri málsgreinar 15. gr. verði tekið fram að bann við tóbaksreykingum taki ekki til hjúkrunar- og dvalarheimila þar sem fólk dvelur langtímum saman, enda þótt þar sé veitt heilbrigðisþjónusta af einhverju tagi. Í því sambandi má nefna hjúkrunar- og dvalarheimili aldraða og sambýli fyrir fatlaða einstaklinga. Ekki mun hafa verið ætlunin að ákvæðið næði til slíkra stofnana, en nefndin telur nauðsynlegt að skýrt sé kveðið á um þetta atriði í ákvæðinu.

Í sjöunda lagi er lagt til að sú takmörkun, sem gert er ráð fyrir varðandi reykingar í flugi í fyrri málsgrein 17. gr., taki einungis til innanlandsflugs. Enda þótt Flugleiðir hafi nýlega tekið ákvörðun um að banna reykingar í millilandaflugi þykir ekki rétt að takmarka rétt flugfélaga um ókomna tíð að þessu leyti. Í því sambandi má benda á að slíkt bann næði einnig til erlendra flugfélaga sem fljúga hingað til lands.

Í áttunda lagi er lagt til að fræðsla sú, sem kveðið er á um í 2. tölul. 20. gr. fyrri málsgreinar, verði ekki takmörkuð við ríkisfjölmiðla. Nefndin telur eðlilegt að

yfirvöld beiti sér fyrir fræðslu í öllum fjölmiðlum.

Í níunda lagi er lagt til að felld verði brott úr 26. gr. heimild til að beita varðhaldi séu sakir miklar eða brot ítrekað. Nefndin telur nægilegt að gera ráð fyrir að refsingar verði í formi sekta.

Í tíunda lagi er lagt til að gildistöku í 29. gr. verði frestað til 1. janúar 1996. Nauðsynlegt þykir að gefa þeim sem lögin varða með einum eða öðrum hætti aðlögunartíma. Á það ekki síst við tóbaksinnflytjendur. Í samræmi við breyttan gildistökutíma er lagt til að ákvæði til bráðabirgða III, sem kveður á um aðlögunartíma fyrir tiltekna staði, verði fellt brott.

Í ellefta lagi er lagt til að ákvæði til bráðabirgða II verði fellt brott þar sem það er óþarft í ljósi þeirrar breytingar sem lögð er til á 8. gr. frumvarpsins.

Í tólfta lagi er lagt til að ákvæði til bráðabirgða III verði fellt brott þar sem lagt er til að lögin öðlist ekki gildi fyrr en 1. janúar 1996.

Í þrettánda lagi er lagt til að ákvæði til bráðabirgða IV falli brott þar sem það er talið óþarft, m.a. í ljósi þess að Flugleiðir hafa þegar bannað allar reykingar í flugi félagsins til Bandaríkjanna.

Í fjórtánda og síðasta lagi er lagt til að ákvæði til bráðabirgða V verði fellt brott þar sem fjármálaráðherra hefur þegar lögum samkvæmt fullt svigrúm til að ákvarða verðhækkanir á tóbaki, sbr. 3. gr. laga nr. 63/1969, um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf.

Þess ber að geta að hv. þm. Sólveig Pétursdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir nál. rita hv. þm. Tómas Ingi Olrich frsm., Gunnlaugur Stefánsson form., Ingibjörg Pálmadóttir, Guðmundur Hallvarðsson, Margrét Frímannsdóttir, Finnur Ingólfsson, með fyrirvara, Sigríður A. Þórðardóttir og Guðrún J. Halldórsdóttir.

Virðulegi forseti. Ég hef nú lokið við að gera grein fyrir þeim breytingum sem hv. heilbr.- og trn. hefur gert á frv. til tóbaksvarnalaga. Ég vil taka það fram að þó að verulegur ágreiningur væri innan nefndarinnar um frv. sem slíkt þá tókst nefndinni að ná saman um þessar breytingar. Sú vinna sýnir að það var mikill vilji til þess að reyna að koma þessu frv. í gegnum þingið og ég vil leyfa mér að vænta þess að hv. þm. sýni þessari vinnu skilning og meti það líka hversu mikilvægt þetta mál er. Eins og fram hefur komið í umræðunni í þinginu þá snertir þetta mjög mikið heilsugæslu í landinu og þá ekki síst þau örlög sem margt ungt fólk sem hefur ánetjast þessari nýju tegund af neyslu hlýtur. Ég vil því hvetja til þess að þetta frv. verði samþykkt.

[04:01]

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hef hlýtt með athygli á framsöguræðu hv. þm. Tómasar Inga Olrich. Nú er þetta þingmaður sem hefur hér öðrum fremur staðið og barist fyrir frelsi einstaklingsins til athafna og ákvarðana á sem flestum sviðum.

Ég tek undir það með hv. þm. að auðvitað ber að sporna gegn neyslu á óhollum efnum en hins vegar óttast ég mjög þegar ég sé þetta frv. og vil spyrja hv. þm. t.d. um 2. gr. frv. þar sem segir, með leyfi forseta: „Það er réttur hvers manns að þurfa ekki að anda að sér lofti sem mengað er tóbaksreyk af völdum annarra.“ Þýðir ekki svona ákvæði sett í lög að við stöndum hér frammi fyrir óþolandi lögregluríki? Ég sé að undir þetta skrifa þingmenn sem hafa leyft sér að reykja tóbak í kaffistofu þingsins. Ég gæti hugsað mér samkomu eins og þær gerast bestar á Íslandi þar sem 50% fólksins leyfir sér að reykja. Hvað þýðir lagasetning af þessu tagi? Þýðir hún ekki gífurleg átök, vinnu fyrir lögmenn, kærur og baráttu?

Nú er það svo, hv. þm., að mér hefur heyrst að það sé almennt álitið að fullkomin boð og bönn hafi jafnvel í sumum tilfellum neikvæð áhrif. Ég sé t.d. að í frv. er lagt til að banna algerlega innflutning og notkun á fínkorna tóbaki. Hvaða hunda þarf til þess t.d. í tolli ...

(**Forseti** (GunnS): Ég verð að benda hv. þm. á að nú er tíminn liðinn.)

Hæstv. forseti. Ég hafði ekki tekið eftir og biðst ég afsökunar á því en ég lýk spurningunni. Ég var að spyrja um fínkorna tóbakið. Hvernig hyggst formaður nefndarinnar koma í veg fyrir innflutning á því?

[04:04]

Frsm. heilbr.- og trn. (Tómas Ingi Olrich) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. sem spurðist fyrir um hvernig sá sem hér stendur hygðist koma í veg fyrir innflutning á fínkorna tóbaki hefur misskilið hlutverk þingmannsins. Ég er ekki í lögregluhlutverki og hef ekki hugsað mér að vera það þó að ég flytji hér þingmál. Ég geri ráð fyrir því að hv. þm. skilji að það er verið að banna innflutning á þessari tóbakstegund. Frv. gerir ekki neinar sérstakar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir smygl ef það er það sem hann veltir fyrir sér. Það eru engin ákvæði um það.

Að sjálfsögðu er sá sem hér stendur mikill fulltingismaður frelsis á öllum sviðum. En það er einu sinni svo að þeir sem eru fulltingismenn frelsis átta sig nú einmitt á því að frelsi einstaklingsins er takmarkað við það að hann gangi ekki á frelsi annarra. Og það sem þetta frv. gengur út frá er einmitt réttur manns til þess að þurfa ekki að lifa við þá mengun sem aðrir menn skapa sem reykja. Þar af leiðandi er þessi grundvallarregla sem er mjög mikilvæg að sjálfsögðu byggð á frelsinu. Það er frelsi til þess að þurfa ekki að búa við kúgun frá öðrum sem kjósa það að reykja en lifa í samfélagi við fólk sem kýs að reykja ekki. Ég held því að hv. þm. hljóti að átta sig á því að í þessu frv. er ekki í sjálfu sér neitt sem gengur í bága við frelsishugsjónina sem slíka.

Það var spurt hvort þetta mundi ekki leiða til mikils lögregluríkis. Ég held satt best að segja að hv. þm. þurfi ekki að ferðast víða til þess að átta sig á því að til þess að gera framsækinn löggjöf á Íslandi hefur leitt til þess að hér standa menn í þessum efnum í sambandi við þessa neyslu miklu framar en aðrar þjóðir. Tóbaksneysla háir gífurlega mikið Evrópuþjóðunum og þeim mun meir sem sunnar dregur. Tóbaksauglýsingar og framleiðendur ganga núna berserksgang í Aust-

ur-Evrópu og eru að mynda þar gífurlegt neyslumynstur.

[04:06]

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég gerði mér grein fyrir því að hv. þm. var ekki í lögregluhlutverki þó að hann gæti vissulega gerst lögregluþjónn, svo glæsilegur maður sem hv. þm. er. (**TIO:** Ég þakka fyrir. Ég mun hafa það í huga.) Ef illa færi í kosningum þá væri það ekkert slæmt hlutverk og margur mundi taka mark á hv. þm. En auðvitað er það svo með löggjafann að hann hlýtur í hverju tilfelli að velta fyrir sér: Með lögum skal land byggja en með ólögum eyða. Og hann hlýtur að spyrja sig áður en hann setur ný og ný lög. Aðalatriðið er að hafa þau fá og þeim sé framfylgt.

Ég hef séð hvað t.d. ungt fólk varðar, vakandi baráttu sem felst í öðru en að setja lög til þess að hafa áhrif. Ég get nefnt því til stuðnings mörg dæmi hvernig okkur tókst á tímabili með áróðri inn á heimilin, í gegnum börnin og unglingana, í gegnum t.d. tóbakið, að ná verulegum árangri og kynni það stundum að vera heppilegra því að íslenska þjóðin er einhvern veginn þannig gerð að séu henni settar mjög þröngur skorður þá rís hún oft til mikillar andstöðu.

Ég geri mér grein fyrir þessum atriðum frelsisins. Auðvitað eigum við ekki að ganga á frelsi annarra. En ég lýsi samt yfir því að ég óttast eins og 2. gr. að hún sé það fortakslaus og kalli víða á stríð á milli manna, kærur o.s.frv. Ég vil spyrja hv. þm. hvort hann hafi ekki skoðað þá grein vandlega og hvernig hann hugsi sér þá að henni verði framfylgt því að það er atriði sem þingmaðurinn hlýtur að hafa velt fyrir sér.

[04:09]

Frsm. heilbr.- og trn. (Tómas Ingi Olrich) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Nú er það svo að 2. gr. frv. snýr eiginlega málinu við. Það hefur verið þannig lengst af að þeir sem ekki hafa viljað búa við reykingar annarra hafa orðið að sætta sig við þær. Hefur það, hv. þm., kostað stríð á Íslandi? Nei. Þeir sem hafa ekki viljað reykja en hafa orðið að þola reykingar annarra hafa sýnt tillitssemi. Ég kannast ekki við þessa lýsingu á íslensku þjóðinni sem hv. þm. er að lýsa hér.

Íslendingar eru tillitssöm þjóð og á sama hátt eins og þeir sem hafa ekki viljað reykja og hafa orðið að þola reykingar hafa gert það í friði við reykingamennina þá mun þetta snúast við og reykingamennirnir munu sýna hinum skilning. (**GÁ:** Á hvað löngum tíma? Þeir munu virða lögin og ég er ekki í nokkrum vafa um það að ef hv. þm. reykir þá mun hann bara sýna lögunum virðingu og draga úr reykingum sínum.

Ég vil taka það sérstaklega fram að mikilvægir þættir í þessu frv. eru annars vegar að með því að draga úr reykingum er verið að draga úr því fordæmi sem reykingarnar skapa. Hv. þm. hefur mikla trú á fræðslu og ég er honum sammála um það, það er sérstaklega kveðið á um aukna fræðslustarfsemi í þessu frv. þannig að nú getur þingmaðurinn tekið gleði sína og stutt þetta mál því að ég held að það fari mjög heim og saman við hans áherslur í tóbaksvarnamálum.

Útbýting þingskjala:

Fólksflutningar með langferðabifreiðum, 332. mál, þskj. 888.

Greiðsla á bótum til þolenda afbrota, 411. mál, þskj. 915.

Húsnæðisstofnun ríkisins, 338. mál, þskj. 907.

Leigubifreiðar, 329. mál, þskj. 887.

Varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, 339. mál, þskj. 906.

Vegáætlun 1995–1998, 308. mál, nál. minni hluta samgn., þskj. 895; brtt. minni hluta samgn., þskj. 896.

Vernd Breiðafjarðar, 206. mál, þskj. 914.

Vöruflutningar á landi, 333. mál, þskj. 889.

[04:11]

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Hér er á ferðinni stjfrv., 312. mál á þskj. 447. Ég veit ekki hvaða skilgreiningu þetta stjfrv. fær eftir þær útskýringar sem hv. þm. Geir H. Haarde, þingflokksformaður Sjálfstfl. gaf fyrr á fundinum um stjfrv. Allténd tel ég útilokað að þessi umræða geti farið fram án þess að hæstv. ráðherra sem með þennan málaflokk fer sýni þinginu þá virðingu að vera viðstaddur umræðuna, ekki bara það að sýna þinginu virðingu og því máli sem hann hyggst sjálfur berjast fyrir að fá hér í gegn heldur einnig því að virða ræðumenn og þá sem við hann vilja spjalla og fyrir hann leggja spurningar. Ég óska þess vegna eftir því að hæstv. heilbrrh. verði kallaður til fundarins og ég óska einnig eftir því að hæstv. utanrrh. verði kallaður til fundarins vegna þess að ég þarf að eiga orðaskipti við hann hvað varðar þátt EES sem ég tel snúi að þessu máli og þeim samningi sem við höfum gert um EES. Ég fer fram á það og óska eftir svari úr forsetastól hvort hæstv. ráðherrar eru í húsinu. Séu þeir ekki í húsinu þá óska ég eftir að fá að gera hlé á ræðu minni uns hæstv. ráðherrar virða Alþingi þess að vera viðstaddir þau mál sem þeir leggja áherslu á að koma í gegnum þingið og þau mál sem heyra beint undir þá. Það er lágmarkskrafa og krafa sem hefur hingað til verið orðið við þannig að ég óska eftir svari úr forsetastól hvort hæstv. ráðherrar eru í húsinu og ef ekki að ræðumaður fái þá að gera hlé á ræðu sinni uns hæstv. ráðherrar sjái sér fært að sinna þingstörfum.

(**Forseti** (GunnS)**:** Forseti vill upplýsa hv. ræðumann um það að hvorki hæstv. heilbrrh. né hæstv. utanrrh. virðast vera í Alþingishúsinu núna á þessari stundu. Forseti vill spyrja hv. ræðumann hvort hann gæti flutt þann hluta ræðu sinnar er ef til vill sneri ekki sérstaklega að þætti þessara tveggja hæstv. ráðherra á meðan forseti kannar hvort tök séu á því að kalla þessa ráðherra til fundar.)

Ég þakka hæstv. forseta fyrir þessi svör. Ég get vel samþykkt það að gefa hæstv. ráðherra einhvern tíma til að koma til þings og get tekið fyrsta klukkutímann í það að fara yfir önnur svið þessa máls sem kalla kannski ekki á beinar spurningar til hæstv. ráðherra. Ég geri þess vegna ráð fyrir því að eftir klukkutíma eða

svo verði hæstv. ráðherrar komnir til fundarins og í trausti þess hyggst ég halda áfram með ræðu mína og bið því hæstv. forseta að gera ráðstafanir til að kalla hæstv. ráðherra til staðarins. (**Utanrrh.:** Gott kvöld.) Gott kvöld, hæstv. ráðherra.

Hæstv. forseti. Ég hyggst skipta ræðu minni nokkuð upp. Ég hyggst eyða inngangnum í það að fara yfir 1. umr. málsins, hvað hv. þm. höfðu um málið að segja þá. Síðan hyggst ég fara yfir frv. eins og það var lagt fram, síðar yfir umsagnir sem borist hafa, síðan yfir nál. og þær brtt. sem fram hafa komið og síðan almennt um fræðslu og áróður og hvernig ég tel að mætti taka á því.

Ég vil fyrst harma það nánast ofbeldi sem þingheimur er beittur, þeir 20 þingmenn sem sinna sínum þinglegu skyldum og eru í húsinu, þeir voru 20 rétt áður en ræðumaður fór í ræðustól. Ég harma það ofbeldi sem við erum beittir af forsetadæminu. Við erum búnir að vera á fundi frá því snemma í morgun og voru á fundi í þinginu, ef man rétt, til þrjú í fyrrinótt eða eitthvað slíkt og gott ef við vorum ekki til hálfþrjú eða þrjú nóttina þar áður einnig. Þetta nær auðvitað engri átt fyrir þessa samkomu sem á að vera skapandi fyrir leikreglur í þjóðfélaginu en stendur sig ekki betur en svo að hún þverbrýtur á sínum eigin starfsmönnum eða þingmönnum eða hvað sem á að kalla þá. Þetta finnst mér afar leitt að þurfa að upplifa. Menn hafa að vísu látið ýmislegt yfir sig ganga, en þegar komnir eru tveir næturfundir í röð til kl. þrjú á næturna og nú eiga fundir að ná saman. Þessi fundur mun fara sennilega alla leiðina í það að renna saman við þann fund sem byrjar kl. hálfellefu í fyrramálið. Þetta harma ég og ég tel raunar vanvirðingu við þetta mál. Það lítur helst þannig út að menn séu hreinlega að fela eitthvað, þetta sé ekki alveg eins gott og menn vilja láta. Enda hef ég heyrt í nokkrum hæstv. ráðherrum og þeirra álit á þessu máli er ekki mikið og er þá vægt til orða tekið. Maður furðar sig auðvitað á því miðað við þá afstöðu sem fram hefur komið hjá hæstv. ráðherrum hvernig í ósköpunum þetta mál fór í gegn hjá ríkisstjórninni því þeir ráðherrar sem ég hef talað við hafa allir undantekningarlaust sagt að þetta væri bara rugl. (Gripið fram í.) Ráðherrarnir hafa sjálfir sagt þetta og þá hlýtur maður að velta því fyrir sér: Hvernig fer svona mál í gegn hjá ríkisstjórninni? Og auðvitað kallar þetta á það að maður ætti að biðja um hæstv. forsrh. til að fá skýringar á því hvers vegna svona mál er lagt fram þegar ráðherrarnir utan ráðustóls virðast hafa nákvæmlega enga trú á frv.

Öll eigum við það sameiginlegt að við viljum draga úr reykingum og neyslu á tóbaki. En það sem kemur hér fram er mjög erfitt að sætta sig við og menn hljóta að spyrja sig: Hvernig í ósköpunum fara svona mál í gegn hjá ríkisstjórn? Auðvitað ættum við að fá hæstv. forsrh. hér upp til þess að gera okkur grein fyrir því.

Að vísu kom fram ný skilgreining á stjórnarfrumvörpum fyrr á fundinum, sum sem gátu fellt ríkisstjórn og önnur sem gáfu veiðiheimild, menn fengu frítt spil. Það er afar einkennileg túlkun á stjórnarfrumvörpum sem fara í gegnum þingflokka og eiga að vera samþykkt þar. Og samþykki þingflokka á að þýða að þingflokkurinn styður málið. Það verður því greinilega að hafa í framtíðinni einhvers konar fyrirvara með. Stjórnarfrumvörp eru annaðhvort stjórnarfrumvörp eða stjórnarfrumvörp með fyrirvara. Það gefur þá þingheimi til kynna hvernig staðan er, hversu alvarlegt málið er að mati stjórnarflokkanna. Þannig virðist það vera með þetta mál hér.

Ég er hér með þingsköp Alþingis vegna þess að ég fór í þingskapaumræðu um stjórn fundarins fyrr á þessum fundi. Mín túlkun á 27. gr. er sú að eftir 1. umr. um mál, hvort sem það eru frumvörp, stjórnarfrumvörp eða frumvörp frá einstaka þingmönnum, stjórnarþingmönnum eða stjórnarandstæðingum, eða þingsályktunartillögur frá stjórnarþingmönnum eða stjórnarandstæðingum, eru atkvæði greidd tvisvar, annars vegar að vísa máli til nefndar og hins vegar að vísa máli til 2. umr. Mín meining er sú að þegar við vísum máli til 2. umr. þá beri máli að koma út úr nefnd. Það liggur í orðanna hljóðan. Málið á að koma út úr nefnd. (**IP:** Það er komið út úr nefnd.) Þegar þessi umræða fór fram, hv. þm. Ingibjörg Pálmadóttir, vorum við að ræða um mál sjúkraliða og ef ég man rétt, þá er það mál ekki komið út úr nefnd (**IP:** Það er rétt.) þrátt fyrir að Alþingi Íslendinga hafi greitt því atkvæði að málið skyldi koma til 2. umr. Þá hlýtur maður að spyrja sjálfan sig: Til hvers er verið að greiða atkvæði um að vísa máli til 2. umr.? Er þetta ekki algerlega merkingarlaust? (**IP:** Eru ekki 300 frumvörp inni í nefndum?) Nú skal ég ekki segja hvort það eru 300 frumvörp inni í nefndum. En það er hins vegar alveg ljóst að þeir níu þingmenn sem sitja í þingefnd hafa ekki rétt til þess að taka atkvæðisréttinn af hinum 54. Þess vegna ber að afgreiða málið úr nefnd og Alþingi ber að taka afstöðu til mála. Þess vegna fagna ég því að þetta mál er komið út vegna þess að öll mál eiga að koma út og síðan ræðum við þau og greiðum atkvæði eftir okkar skoðun. Það er því mjög gott að þetta mál er komið út og þannig vil ég hafa það með öll mál. Og menn eiga ekkert að vera feimnir við það þó að það sé stundum kannski erfitt að hafa aðra afstöðu en meiri hlutinn, þá eiga menn ekkert að vera feimnir við það og eiga að gera það, það er okkar skylda. Við samþykkjum eið sem skuldbindur okkur til að fara eftir sannfæringu okkar. Það kom að vísu fram hjá einum hv. þm. fyrr á fundinum að það væri kannski ekki alltaf sem það væri en það kæmi nokkrum sinnum fyrir og það var auðvitað merkileg yfirlýsing.

Hæstv. forseti. Ég hyggst ræða þetta mál eins og ég fór hér yfir áðan. Ég ætla að byrja á því að fara aðeins yfir umræðunar sem fóru fram þann 31. jan. sl. og reyndar furðulegt miðað við þá áherslu sem hæstv. ráðherra leggur á þetta mál hversu seint hann leggur málið fram. Núna er 25. febr. Það er rétt rúmlega þrjár vikur síðan hann mælti fyrir málinu og þetta er í raun inni síðasti dagur þingsins. Ef ráðherra lá þetta mikið á og lagði svona mikla áherslu á að fá þetta mál í gegn því í ósköpunum lagði hann það ekki fram fyrr vegna þess að málið var nýframlagt þegar var mælt fyrir því. Það var ekki þannig að það hefði verið lagt fram í

október/nóvember eða eitthvað slíkt og það hefði beðið einhverra hluta vegna eins og stundum skeður. Nei. Það lá í ráðuneytinu og var ekki lagt fram fyrr en 31. jan. og þá með því offorsi að það eigi að vinna það nánast á tíu tveim, eins og sagt er á íþróttamáli, og mönnum er meira að segja meinað um umsagnaraðila í nefndinni.

Menn hljóta að velta því fyrir sér hvers vegna í ósköpunum ráðherrann kom ekki fyrr fram með málið. Ég held að það sé vegna þess að innst inni sé ráðherrann ekkert mjög sáttur við þetta mál. Það held ég að sé ástæðan og sú ræða sem hæstv. ráðherra flutti með þessu máli og það hvernig hann talaði við 1. umr. ber glögg merki þess að hann var langt frá því að vera sannfærður um ágæti þessa máls. Hann talaði m.a. um það að ákveðnir þættir mættu hugsanlega bíða og aðrir væru vafasamir og hann biðlaði til hv. nefndar að vinsa út úr því en koma í guðs bænum einhverju út. Og ég skal fúslega viðurkenna það að hv. nefnd hefur gert breytingar til batnaðar á þessu frv. Sumar breytingarnar sem hv. nefnd gerir ganga ekki upp en flestar eru til batnaðar og því ber auðvitað að fagna. Það var því mjög merkilegt að hlusta á hæstv. ráðherra þegar hann mælti fyrir frv. við 1. umr.

Hæstv. ráðherra fór yfir helstu nýmæli frv. og sagði m.a. þegar hann var búinn að fara yfir þau, með leyfi hæstv. forseta:

„Eins og heyra má á þessari upptalningu er mjög víða komið við og hertar mjög allar reglur um meðferð tóbaks, sölu tóbaks, tóbaksreykingar og verðlagningu tóbaks. Alveg er ljóst að sumar af þessum reglum eru þess eðlis að það er ekki líklegt að þær fái stuðning á hinu háa Alþingi, ...“

Strax í innganginum koma efasemdirnar fram hjá hæstv. ráðherra. Hann er að mæla fyrir frv. og hann segir eftir kannski tvær mínútur eða svo að hann hafi miklar efasemdir um að það njóti stuðnings hins háa Alþingis. Þannig byrjar framsagan fyrir þessu máli. Og er nema von að menn velti því fyrir sér hvaða hugur er að baki málinu? Er þetta sýndarmennska númer eitt, tvö og þrjú? Eða er verið að þjóna einhverjum tilteknum aðilum? (**Gripið fram í:** Það er ekki sýndarmennska hjá heilbrrh.) Nei, það er auðvitað með ólíkindum ef svo væri. Ég mundi seint trúa því að slíkur maður færi með sýndarmennskufrv. fram enda ætla ég ekki að taka þá staðhæfingu mér í munn. En sá grunur hlýtur að læðast að manni að eitthvað sé ekki alveg eins og það á að vera þegar framsaga fyrir stjórnarfrumvarpi byrjar á þennan hátt. (**Gripið fram í:** Þetta er hógvær ráðherra.) Já, hæstv. heilbrrh. er nú þekktur fyrir það að vera hógvær. Það má kannski segja annað um hæstv. iðnrh.

Svo ég haldi áfram, þetta var nú inni í miðri setningu reyndar, en hún byrjaði svona, með leyfi forseta:

„Alveg er ljóst að sumar af þessum reglum eru þess eðlis að það er ekki líklegt að þær fái stuðning á hinu háa Alþingi, þó aðrar séu þannig að þær séu sums staðar komnar í framkvæmd nú þegar og enn aðrar þannig að þær ákvarðast við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni.

Þó bið ég hv. þm. að hafa það í huga að sá árangur sem náðist til að draga úr tóbaksnotkun og tóbaksreykingum fyrir nokkrum árum síðan er nú á undanhaldi.“

Þetta er hárrétt hjá hæstv. ráðherra. Sá árangur sem náðist hér fyrir nokkrum árum er á undanhaldi. Hann birtist að vísu ekki í aukinni neyslu á tóbaki vegna þess að hún er minni heldur en hún hefur verið t.d. sl. ár. En ég stoppa við þennan punkt vegna þess að þetta er hárrétt. Þetta er á undanhaldi og hvers vegna skyldi það nú vera? Það er vegna þess að það hefur verið slakað á fræðslunni og áróðrinum. Það er fyrst og fremst vegna þess. Nú er ég ekki að segja að það hafi kannski verið í magni og menn hafi ekki verið jafnduglegir og áður, en eitthvað hefur farið úrskeiðis og sennilega það að hann hefur ekki verið eins markviss og hann var fyrir nokkrum árum. Sá áróður og fræðsla sem fór hér fram fyrir nokkrum árum, nú man ég ekki hvort það var fyrir 10 árum eða 7 árum eða 8 árum, hann var mjög merkjanlegur sá árangur sem náðist þá. Mjög merkjanlegur. Á sama hátt er mjög merkjanlegt núna hversu mikið hefur verið slakað á eða hversu ómarkviss áróðurinn hefur verið. Ég veit ekki hvort það er en annað hvort er það því það er ljóst og ég tek undir þær fullyrðingar, að neysla á tóbaki er sennilega að aukast hjá ungu fólki og það er slæmt. Þannig að ég ítreka að til þess að draga úr notkun á tóbaki á fyrst og fremst að beita fræðslu og áróðri, enda hefur reynslan sýnt okkur að boð og bönn hafa ekkert að segja.

Aðeins seinna í ræðu sinni segir hæstv. heilbrrh.: „Mér er það ljóst að það má búast við að nefndin geri allverulegar breytingar á frv., ef hún fellst á að reyna að afgreiða það, en það verður þá svo að vera.“

Vafinn er alls staðar uppi. Ef nefndin treystir sér til þess að afgreiða málið þá yrðu allverulegar breytingar á frv. Nefndin treystir sér til þess að afgreiða málið, það liggur hér fyrir. Svo er það vafalaust matsatriði hvort allverulegar breytingar hafa verið gerðar á málinu. Ég er ekki viss um að menn mundu túlka þetta sem allverulegar breytingar, það er matsatriði. Þær eru allnokkrar, en hversu verulegar skal ég ekki segja. Það eru enn þá umdeilanleg atriði þarna inni sem valda því að í það minnsta sá sem hér talar getur ekki fallist á að standa að slíkri lagasetningu þó að ég standi að hugsuninni sem er að baki þessu öllu.

Hæstv. ráðherra segir áfram, með leyfi forseta:

„En ég hvet nefndarmenn eindregið til þess að reyna að ná samstöðu um það að afgreiða einhverja þætti þessa máls því sannleikurinn er sá að það er löngu orðið tímabært að gera sérstakt átak til þess að draga úr tóbaksneyslu og þá reykingum meðal beggja kynja ...“

Það er enn það sama, það er hvatt til þess að ná samstöðu um einhverja þætti málsins. Síðan segir ráðherrann að það sé orðið tímabært að draga úr tóbaksneyslu og auðvitað erum við öll sammála því, og beggja kynja, segir hæstv. ráðherra. Þetta eilífa kynjatal. Auðvitað á bara að draga úr reykingum, punktur og basta, þar inni eru auðvitað bæði kynin.

Þetta var í örstuttri framsögu hæstv. ráðherra, sem

ég hygg að hafi tekið svona tvær, þrjár, fjórar mínútur. Inni í þessari framsögu er vafinn svo mikill að hann blasir við og það er biðlað til nefndarmanna: Reynið að taka þetta frv. sem ég er hundóánægður með. Reynið að taka þetta frv. og reynið að búa til eitthvað vitrænt, komið einhverju frá ykkur svo ég geti sýnt eitthvað. — Þá fer að vakna aftur spurningin um sýndarmennskuna. Hún vaknar aftur, hún er svolítið áleitin. Komið með eitthvað, ég þarf þess, það eru að koma kosningar, ég þarf að sýna þessa fögru ásjónu. Það er það sem blasir við — gefið mér eitthvað í guðs bænum, ég veit þið verðið að breyta þessu mikið, ég veit að þetta er ekki nógu gott, en hérna, takið þetta plagg og gerið eitthvað gott úr því, hjálpið mér. Og það er auðvitað það sem nefndin hefur gert. En til þess að nefndin gæti gert það varð að henda einum nefndarmanni út úr nefndinni, það er sá sem hér stendur. Hann hafði verið beðinn að taka sæti í nefndinni fyrir ákveðinn fulltrúa Sjálfstfl. í nefndinni og gerði það og átti að mæta áfram. (Gripið fram í.) En af því að hv. þm., sá sem hér stendur, óskaði eftir frekari upplýsingum, óskaði ekki eftir því að tefja málið, óskaði eftir því að vinna málið eins og vinna á það í nefndunum og að það væri talað við hagsmunaaðila beggja megin striksins, þá var honum hent út. Þingflokkur Sjálfstfl. ræddi það sérstaklega og gerði um það ályktun, væntanlega, að sá sem hér stendur væri ekki fulltrúi flokksins, sem var auðvitað afar merkilegt.

Þannig að málinu var í raun og veru þröngvað út. Það fékk ekki eðlilega meðferð. Ég mun fara yfir það nánar einhvern tímann í morgunsárið eða svona undir hádegið kannski hvernig það mál gekk fyrir sig, hverja ég vildi ræða við, hverja ég taldi eðlilegt að ræða við um það frv. sem hér liggur fyrir. En til þess að koma málinu út með þeim bægslagangi sem raun ber vitni þá varð að henda einum nefndarmanni út. Þetta eru vinnubrögð Sjálfstfl., ekki stalínista eða fasista eða eitthvað slíkt, þetta eru vinnubrögð Sjálfstfl. En ég mun koma að því seinna, hæstv. forseti.

Hv. þm. Jóna Valgerður Kristjánsdóttir talaði á eftir hæstv. ráðherra og sagði ýmislegt. Hv. þm. sagði m.a., með leyfi forseta:

„Ég held aftur á móti að þessu þurfi að breyta, það þurfi að afnema áhrif tóbaks og áfengis á framfærsluvísitöluna. Ég veit að framfærsluvísitalan er byggð á neyslukönnun. Ég tel bara ekki rétt að hún sé það. Hún á að endurspegla þörfina á framfærslunni en ekki óþarfa og heilsuspillandi vöru eins og t.d. tóbak."

Ég er alveg sammála hv. þm. Jónu Valgerði að auðvitað á tóbak ekki að vera inni í framfærsluvísitölunni, það er með ólíkindum að slíkt sé. Það er staðreynd að 25–30% þjóðarinnar neytir tóbaks en restin, 70–75%, þarf að burðast með það inni í framfærsluvísitölunni. Þetta er auðvitað í hæsta máta óeðlilegt þannig að ég tek heils hugar undir með hv. þm. og tel að menn ættu að einhenda sér í það að taka tóbakið út úr framfærsluvísitölunni og auðvitað ætti að taka áfengið þaðan líka. Það er engin hemja sú neyslustýring kannski, ég veit ekki hvort nota má það orð, en það er alla vega gert ráð fyrir því með því að hafa þetta inni í framfærsluvísitölunni vegna þess að inni í henni eiga að vera helstu nauðsynjar heimilanna. Þannig á að mæla framfærsluvísitöluna og helstu nauðsynjavörur heimilanna eiga að vera þar inni. Með þessu er verið að viðurkenna það að tóbak og áfengi eru meðal helstu nauðsynjavara heimilanna og það er auðvitað rangt. — Maður ætti e.t.v. að óska eftir efnahagsráðherra til að ræða hér um vísitölur.

Síðan segir hv. þm., með leyfi forseta, en hún er að vitna til þáltill. um íslenska heilbrigðisáætlun sem var samþykkt á Alþingi 19. mars:

„Það má einnig minna á það að síðasta setningin í þessari ályktun er, með leyfi forseta:

„Útiloka ber áhrif innflytjenda á útsöluverð tóbaksvara" og það kemur ekki alveg heim og saman við þá stefnu hæstv. ríkisstjórnar að afnema einkaleyfi Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins á innflutningi ..."

(**Forseti** (GunnS)**:** Forseti biður hv. þm. afsökunar á að hann grípur inn í ræðu hv. þm. Forseti vill spyrja hv. þm. um það hvort hv. þm. er reiðubúinn að fresta ræðu sinni.)

Hv. þm. er reiðubúinn til þess, hæstv. forseti.

(***Forseti*** (GunnS)**:** *Þá frestar hv. 5. þm. ræðu sinni.*)

Hæstv. forseti. Má ég inna eftir því hvort þetta mál verður fyrst á dagskrá fundarins klukkan hálfellefu í fyrramálið. Ef svo er ekki þá hyggst ég kannski ná í hálftíma aukasvefn.

(**Forseti** (GunnS)**:** Forseti getur ekki sagt fyrir um það nú hvernig dagskrárröðun verður í fyrramálið að öðru leyti en því að það var og er fyrirhugað að hefja hér umræður klukkan hálfellefu um vegamál.)

Umræðu frestað.

Út af dagskrá voru tekin 35.–41. mál.

Fundi slitið kl. 04:42.

---

107. FUNDUR

laugardaginn 25. febr.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, stjfrv., 339. mál, þskj. 536, nál. 792, brtt. 793. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

2. Greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks, stjfrv., 447. mál, þskj. 765, nál. 849. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

3. Atvinnuleysistryggingar, stjfrv., 448. mál, þskj. 766, nál. 850. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

4. Húsnæðisstofnun ríkisins, stjfrv., 338. mál, þskj.

535, nál. 851, brtt. 852. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

5. Bjargráðasjóður, stjfrv., 371. mál, þskj. 600, nál. 853. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

6. Lánasjóður sveitarfélaga, stjfrv., 370. mál, þskj. 599, nál. 854. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

7. Vegáætlun 1995–1998, stjtill., 308. mál, þskj. 428, nál. 755 og 895, brtt. 756 og 896. — Síðari umr.

8. Grunnskóli, stjfrv., 126. mál, þskj. 131, nál. 666, 674, 675 og 678, frhnál. 795, brtt. 667 og 796, till. til rökst. dagskrár 676. — Frh. 2. umr.

9. Tóbaksvarnalög, stjfrv., 312. mál, þskj. 447, nál. 811, brtt. 812. — Frh. 2. umr.

10. Eftirlit með skipum, frv., 453. mál, þskj. 775. — 2. umr.

11. Stjórnarskipunarlög, frv., 451. mál, þskj. 769, brtt. 855. — 3. umr.

12. Framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum, stjfrv., 430. mál, þskj. 704. — 3. umr.

13. Leigubifreiðar, stjfrv., 329. mál, þskj. 887. — 3. umr.

14. Fólksflutningar með langferðabifreiðum, stjfrv., 332. mál, þskj. 888. — 3. umr.

15. Vöruflutningar á landi, stjfrv., 333. mál, þskj. 889. — 3. umr.

16. Áhafnir íslenskra kaupskipa, stjfrv., 317. mál, þskj. 836. — Frh. 3. umr.

17. Vörugjald af olíu, stjfrv., 337. mál, þskj. 833. — Frh. 3. umr.

18. Vernd Breiðafjarðar, stjfrv., 206. mál, þskj. 232, nál. 856, brtt. 857. — 2. umr.

19. Almenn hegningarlög, stjfrv., 423. mál, þskj. 693, nál. 867. — 2. umr.

20. Greiðsla á bótum til þolenda afbrota, stjfrv., 411. mál, þskj. 659, nál. 868, brtt. 869. — 2. umr.

21. Lúganó-samningurinn um fullnustu dóma í einkamálum, stjfrv., 328. mál, þskj. 497, nál. 870. — 2. umr.

22. Tjáningarfrelsi, þáltill., 295. mál, þskj. 387, nál. 871. — Síðari umr.

23. Fréttaflutningur af slysförum, þáltill., 115. mál, þskj. 118, nál. 872. — Síðari umr.

24. Hitaveita Suðurnesja, stjfrv., 427. mál, þskj. 698, nál. 877. — 2. umr.

25. Norðurlandasamningur um baráttu gegn mengun sjávar, stjtill., 449. mál, þskj. 767, nál. 878. — Síðari umr.

26. Samningur um verndun mannréttinda og mannfrelsis, stjtill., 450. mál, þskj. 768, nál. 879. — Síðari umr.

27. Staðfesting ákvörðunar EES-nefndarinnar, stjtill., 435. mál, þskj. 727, nál. 880. — Síðari umr.

28. Hollustuhættir og heilbrigðiseftirlit, stjfrv., 293. mál, þskj. 385, nál. 883, brtt. 884. — 2. umr.

29. Alþjóðasamningar um varnir gegn mengun sjávar og Siglingamálastofnun ríkisins, stjfrv., 294. mál, þskj. 386, nál. 885. — 2. umr.

30. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 437. mál, þskj. 733, nál. 890, brtt. 891. — 2. umr.

31. Vaxtalög, stjfrv., 445. mál, þskj. 762, nál. 892. — 2. umr.

32. Vísitala neysluverðs, stjfrv., 443. mál, þskj. 760, nál. 893. — 2. umr.

33. Vörugjald af ökutækjum, stjfrv., 438. mál, þskj. 742, nál. 894. — 2. umr.

34. Virðisaukaskattur, frv., 459. mál, þskj. 882. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

35. Vog, mál og faggilding, frv., 419. mál, þskj. 683. — 2. umr.

36. Hvalveiðar, stjtill., 420. mál, þskj. 688. — Fyrri umr.

37. Opinber fjölskyldustefna, stjtill., 422. mál, þskj. 692. — Fyrri umr.

38. Umferðaröryggi, stjtill., 425. mál, þskj. 695. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:
Halldór Blöndal landbrh.

Tilkynning um utandagskrárumræðu.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):
Forseti vill tilkynna að kl. 13.30 í dag fer fram utandagskrárumræða og verður hæstv. fjmrh. til andsvara. Það er hv. 1. þm. Norðurl. v., Páll Pétursson, sem óskar að ræða um kennaraverkfallið. Þessi umræða fer fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapalaga og stendur í hálfa klukkustund.

Vegáætlun 1995–1998, síðari umr.

Stjtill., 308. mál. — Þskj. 428, nál. 755 og 895, brtt. 756 og 896.

[10:33]

Frsm. meiri hluta samgn. (Pálmi Jónsson):
Hæstv. forseti. Samgn. hefur á undanförnum vikum haft til athugunar till. til þál. um vegáætlun fyrir árin 1995–1998. Nefndin hefur ítrekað fengið á sinn fund starfsmenn Vegagerðarinnar þá Helga Hallgrímsson vegamálastjóra og Jón Rögnvaldsson aðstoðarvegamálastjóra og hafa þeir veitt nefndinni mikilvæga aðstoð við vinnslu málsins og athugun á því. Ég tel ástæðu til þess að flytja starfsmönnum Vegagerðarinnar og sérstaklega vegamálastjóra og hans starfsmönnum sérstakar þakkir fyrir þá lipurð í starfi og samstarfi sem þeir hafa sýnt samgn. að þessu sinni og er það ekkert nýtt. Svo hefur löngum verið um starfsmenn Vegagerðarinnar að þeir hafa veitt þingnefndum mikla aðstoð og við þá hefur verið hverju sinni hægt að hafa gott samstarf og ævinlega auðvelt til þeirra að leita. Ég vil að þessu sinni flytja þeim ágætu mönnum sem þar eru nú í forsvari þakkir fyrir þeirra starf í því að aðstoða nefndina við að athuga þetta mál og vinna það í hvívetna.

Á síðasta Alþingi voru samþykkt ný vegalög og er sú vegáætlun sem hér er til meðferðar sú hin fyrsta sem tekur mið af hinum nýju lögum. Lögin hafa m.a.

áhrif á það hvaða vegir teljast þjóðvegir og annað er lýtur að flokkun þjóðvega. Þetta veldur talsverðum breytingum á uppsetningu vegáætlunar, þ.e. á gjaldahlið hennar. Starfshættir við afgreiðslu tillögunnar af hálfu samgn. hafa verið með nokkuð hefðbundnu sniði. Starf nefndarinnar er í fyrsta lagi fólgið í því að kanna alla liði þeirrar tillögu sem til meðferðar er, bæði tekjuhlið og gjaldahlið. Síðan er það starf nefndarinnar að afgreiða og taka ákvörðun um tillögur nefndarinnar eða meiri hluta hennar um skiptingu á fjárveitingum til stórverkefna og brúa, svo og skiptingu á fé milli kjördæma. Undir þennan sama lið má nefna að samgn. þarf að taka ákvörðun um t.d. skiptingu á fé til *höfuðborgarsvæðisins eða móta tillögur um það hversu* mikið það fé á að vera til þess að hægt sé að vinna málið áfram með sambærilegum hætti og gert hefur verið jafnan, þ.e. að þingmenn hvers kjördæmis fyrir sig fá málið í sínar hendur og skipta eða gera tillögur um skiptingu á fé innan hvers kjördæmis.

Að þessu sinni var slíkt starf með hefðbundnum hætti. Þingmenn kjördæma skiptu eða gerðu tillögur um skiptingu á fé innan hvers kjördæmis fyrir sig. Á þessu var þó ein undantekning, að þingmenn stjórnarandstöðunnar í Austurlandskjördæmi standa ekki að þeim tillögum um skiptingu fjár sem þar var til ráðstöfunar á einstök verkefni. Meiri hluti samgn. hefur tekið upp þær tillögur sem hv. þm. stjórnarflokkanna á Austurlandi, hv. 3. þm. Austurl. og hv. 5. þm. Austurl., *hafa skilað til nefndarinnar og fellir þær tillögur* inn í sínar brtt.

Í meðferð þessa máls hafa ekki verið gerðar aðrar breytingar á tekjuhlið áætlunarinnar en þær er lúta að verðlagshækkunum milli áranna 1995 og 1996. Er þar gerð tillaga um að áætla verðlagshækkun milli þessara ára og gildir verðlagshækkunin út tímabilið til loka, en að þessu sinni var tekin ákvörðun um að styðjast við að verðlag gæti hækkað um 3% milli þessara ára og tekjuöflun áranna 1996–1998 hækkuð sem þessu nemur. Sömu verðlagsforsendur gilda að sjálfsögðu fyrir gjaldahlið tillögunnar.

Í nóvembermánuði sl. ákvað ríkisstjórnin að gera tillögur til Alþingis um að verja 3.500 millj. kr. til svokallaðs framkvæmdaátaks í vegamálum. Þess fjármagns er áætlað að afla á fimm árum en ráðstafa því á fjórum árum, þ.e. á því áætlunartímabili sem vegáætlunin tekur til og er stærsta hlutanum af þessu fjármagni ráðstafað á fyrsta ári. Helmingi þessa fjármagns er aflað með hækkun markaðra tekjustofna en hinn helmingurinn er framlag úr ríkissjóði. Til að brúa bilið milli fjáröflunar ráðstöfunar fjárins verður aflað lánsfjár árin 1995, 1996 og 1997, en það lánsfé síðan endurgreitt á árunum 1998 og 1999.

Samkvæmt tillögum hæstv. ríkisstjórnar fól þetta einnig í sér að þessu fjármagni skyldi skipt milli kjördæma að meginhluta til eftir íbúatölu og höfuðborgarsvæðið meðhöndlað sem eitt kjördæmi við þá skiptingu. Á þessa skiptingu fjármagnsins hefur komið fram nokkur gagnrýni af hálfu hv. minni hluta í samgn., þ.e. frá fulltrúum stjórnarandstöðunnar, en sú gagnrýni styðst að mínum dómi ekki við sérstaklega sterkar rök-semdir. Það er ekkert nýtt að fjármagni, sem aflað er til viðbótar við almenna vegaféð, sem rennur til vegaframkvæmda samkvæmt sérmerktum tekjustofnum Vegagerðarinnar, sé ráðstafað með öðrum hætti heldur en hinu venjubundna vegafé. Raunar má segja að það sé regla fremur en hitt að því sé ráðstafað með afbrigðilegum hætti

Það fyrsta sem ég man eftir um ráðstöfun fjármagns af þessu tagi er raunar frá því áður en ég kom hingað á Alþingi eða fyrir um 30 árum. Það var þegar aflað var sérstaks fjármagns úr svokölluðum flóttamannasjóði Evrópu sem varið var til framkvæmda á Vestfjörðum samkvæmt svokallaðri Vestfjarðaáætlun sem hv. þm. og fyrrv. forseti sameinaðs Alþingis átti stóran hlut að að komst til framkvæmda. Síðan tóku við ýmsar landshlutaáætlanir í vegamálum. Má þar nefna bæði Norðurlandsáætlun og Austurlandsáætlun. Aflað var sérstaks fjármagns til þess að leggja í slitlagsframkvæmdir eða varanlega vegagerð á Reykjanesbraut og á Austurvegi. Það var tekið frá sérstakt fjármagn utan skiptingar til þess að leggja að hluta til í Borgarfjarðarbrú og aflað var sérstaks fjármagns utan við Vegasjóð en til vegagerðar á svokölluðum hafísvegi á norðausturhorni landsins, sem ég hygg að hafi náð allt frá Raufarhöfn til Vopnafjarðar.

Öll þessi dæmi eru rakin til þess að sýna að það er ekkert sérstakt við það að því fé, sem ríkisstjórn á hverjum tíma aflar til þess að auka vegaframkvæmdir *í landinu umfram það sem sérmerktir* tekjustofnar Vegagerðarinnar hafa bolmagn til að standa undir, er gjarnan ráðstafað með öðrum hætti en þeim sem hefðbundnar skiptitölur á milli kjördæma gefa tilefni til. Fleiri dæmi mætti nefna um þessi efni á síðari árum sem ég hirði ekki upp að telja. Þetta sem ég hef rakið sýnir fram á það að þessi gagnrýni er í hæsta máta máttlaus af hálfu þeirra sem hafa kosið að skipa sér í minni hluta hv. samgn. og skila sérálíti.

Í þessari tillögu er gert ráð fyrir því að fé til stórverkefna byggist á endurskoðaðri skilgreiningu um þann vegaflokk sem nefndin hefur fjallað um. Skilgreiningin sem rakin er í nál. meiri hluta nefndarinnar á þskj. 755 er þannig að ég held að það sé tilefni til þess að rekja það hér.

Það eru í fyrsta lagi jarðgöng og þar er greitt af óskiptu vegafé, framkvæmdafé Vegagerðarinnar, 80% kostnaðar, en af fé hlutaðeigandi kjördæmis eða kjördæma 20%.

Í öðru lagi er um að ræða stórbrýr og vegi þvert á firði. Þar er greitt af óskiptu vegafé 62,5%, en af fé hlutaðeigandi kjördæmis 37,5%. Lágmarkskostnaður framkvæmda til þess að ná því að vera tekinn í þennan flokk stórverkefna er samkvæmt áætlun 130 millj. kr.

Í þriðja lagi er um að ræða áfanga á hringvegi milli kjördæma. Þar er greitt af óskiptu vegafé 70% kostnaðar, en af fé hlutaðeigandi kjördæmis eða kjördæma 30%. Lágmarksframkvæmdakostnaður samkvæmt áætlun skal vera 800 millj. kr. til þess að tekið sé inn í þennan flokk stórverkefna.

Í fjórða lagi er um að ræða tengingu þéttbýlisstaða

í eitt atvinnu- og þjónustusvæði og greiðist þá af óskiptu 70%, en af fé kjördæma 30%. Lágmarksframkvæmdakostnaður samkvæmt áætlun við þennan vegaflokk er 400 millj. kr.

Í fimmta lagi er áfangi til að tengja byggðasvæði, sem er með meira en 5.000 íbúa, við meginvegakerfi landsins. Þá er sama regla eins og tíðast er um skiptingu milli hins almenna vegafjár og kjördæmisfjár, þ.e. 70% af óskiptu en 30% af fé hlutaðeigandi kjördæmis. Lágmarksframkvæmdakostnaður samkvæmt þessari áætlun er 600 millj.

Þessi fimmti liður sem hér hefur verið upp talinn er nýr og var tekin ákvörðun um það af meiri hluta samgn. að gera tillögu um að honum sé bætt í stórverkefnalið að þessu sinni. Undir þessa skilgreiningu fellur Djúpvegur úr mynni Lágadals út í Hestfjörð og er lagt til að veitt verði nokkru fjármagni, um 250 millj. kr., til framkvæmda á þessari leið á áætlunartímabilinu. Er þá jafnframt áætlað fyrir mótframlagi frá hlutaðeigandi kjördæmi, þ.e. Vestfjarðakjördæmi, til þess að unnt verði að endurbyggja allt að 50 km af þeim vegi.

Af þeim mannvirkjum sem undir þessa stórverkefnaflokka falla eru Vestfjarðagöng langstærst. Áætlað er að því verki verði svo langt komið að unnt verði að taka göngin öll í notkun á komandi hausti og að gerð þeirra ljúki að fullu á árinu 1996. Meiri hluti nefndarinnar leggur til að fjárveitingar til verksins dreifist á árin 1995–1997 auk lítillar fjárveitingar á árinu 1998 og verður því nauðsynlegt að afla tiltekins lánsfjár til verksins á milli áranna 1996 og 1997.

Þá er lagt til að á áætlunartímabilinu verði varið 510 millj. kr. af stórverkefnaflokki til framkvæmda í Gilsfirði við Gilsfjarðarbrú. Áætlað er að þessi fjárhæð, að viðbættum mótframlögum frá Vesturlands- og Vestfjarðakjördæmi, nægi til þess að ljúka verkinu á áætlunartímabilinu. Gerð verður framkvæmdaáætlun í samræmi við þessar fjárveitingar sem hér er lagt til að teknar verði upp og verður þar að taka tillit til takmarkana vegna arnarvarps og ýmissa annarra umhverfissjónarmiða.

Fjárveitingar til tengingar á milli Norður- og Austurlands miðast við að því verkefni geti lokið um aldamót og er þá reiknað með að fjárveitingar haldist svipaðar. Fjárveitingar til Jökulsár á Dal eru til að greiða kostnað við að ljúka því verki sem nú stendur yfir og þá er lagt til að á árunum 1996–1998 verði varið nokkrum fjármunum til að halda áfram rannsókn vegna hugsanlegra jarðganga á Austurlandi. Loks er lagt til að á árinu 1998 verði veitt byrjunarfjárveiting til að hefja framkvæmdir við endurbyggingu vegarins um Búlandshöfða á Snæfellsnesi.

Rétt er að víkja að einni vegaframkvæmd sem ekki er í þessari vegáætlun, en það snertir mál sem við vorum að fjalla um á hv. Alþingi í gær og það er tenging um Hvalfjörð. Með samningi frá 1991 við þáv. hæstv. ríkisstjórn öðlaðist Spölur hf. rétt til að annast gerð jarðganga undir fjörðinn. Spölur hf. hefur síðan unnið að undirbúningi framkvæmda og fjármögnun þeirra. Tilboð í verkið liggur fyrir en samningurinn um fjármögnun er ekki enn tilbúinn. Ekki er að fullu vitað hvenær framkvæmd við jarðgangagerðina muni hefjast.

Nauðsynleg vegagerð til tengingar göngunum sunnan og norðan fjarðar er á verksviði Vegagerðar ríkisins. Þetta eru dýrar framkvæmdir, kostnaður metinn á 700–800 millj. kr. og eru stórverkefni samkvæmt hefðbundinni skilgreiningu um jarðgöng. Vegna áðurnefndrar óvissu um framkvæmdatíma ganganna er ekki tekin afstaða til fjármögnunar vegtenginga í þeim tillögum sem hér eru gerðar um skiptingu fjár samkvæmt þessari vegáætlun. Taka þarf til sérstakrar afgreiðslu þegar framkvæmdaáform Spalar hf. liggja ljós fyrir og ákvörðun er tekin um að hefja verkið, að afla þá sérstaks fjár til þessara framkvæmda.

Við afgreiðslu vegáætlunar fyrir árin 1993–1996 var kostnaður vegna rekstrar flóabáta tekinn inn í vegáætlun í fyrsta sinn. Jafnframt voru þá skilgreindar þær ferjuleiðir sem starfrækja skyldi og hvert væri meginmarkmið með ferjurekstrinum. Þar var miðað við að ferjuleiðir yrðu hinar sömu og notið höfðu styrks undanfarin ár og reksturinn með sama sniði og verið hafði. Ferjurekstur á Ísafjarðardjúpi var þá einnig óbreyttur samkvæmt vegáætluninni, þ.e. þjónusta við þau byggðarlög sem ekki höfðu aðrar samgöngur.

Í fjárlögum 1994 var veitt fé til smíði ferjubryggja við Ísafjarðardjúp, 19 millj. kr. Þegar sú fjárveiting lá fyrir samþykkti samgn. fyrir sitt leyti á sl. vetri að hafinn yrði undirbúningur að framkvæmdum og stefnt að rekstri bílferju á Djúpinu. Samþykkt nefndarinnar var ekki lögð fyrir Alþingi, enda ekki sérstök þörf þar eð augljóst var að rekstur bílferju mundi ekki hefjast fyrr en að lokinni þeirri endurskoðun vegáætlunar sem hér er komin á lokastig og því tækifæri til að breyta skilgreiningu á ferjurekstri á Ísafjarðardjúpi áður en afgreiðslu þessarar áætlunar lyki.

Í fjárlögum 1995 var aftur veitt fé til ferjubryggja við Ísafjarðardjúp. Heildarkostnaður við gerð ferjubryggja og nauðsynlegrar aðstöðu við þær var áætlaður 75–80 millj. kr. Þegar samþykkt samgn. var gerð lágu ekki fyrir neinar fjárveitingar til vegaframkvæmda við Ísafjarðardjúp eða í Ísafjarðardjúpi. Með auknu fjármagni til vegaframkvæmda samkvæmt ákvörðun hæstv. ríkisstjórnar á sl. hausti opnuðust á hinn bóginn möguleikar til þess að veita fé til Djúpvegar með endurskoðun þessarar áætlunar. Það er skoðun meiri hluta samgn. að gott vegasamband sé, þegar til lengri tíma er litið a.m.k., farsælli lausn á samgöngumálum Vestfirðinga við Djúp en rekstur á bílferju. Hvarvetna í nálægum löndum er verið að færa samgöngur af sjó yfir á vegi á landi ef slíks er kostur og stendur í rauninni til boða. Hefur sú þróun staðið lengi og ekki annað sjáanlegt en hún muni halda áfram. Í ljósi þessa leggur meiri hluti samgn. nú til að bætt verði nýrri skilgreiningu við stórverkefni sem áður er vikið að, þ.e. þeirri er vegurinn um Djúp fellur undir. Samkvæmt tillögum nefndarinnar er veitt 250 millj. kr. af liðnum stórverkefni á árunum 1995–1998 til vegarins og til viðbótar kemur og framlag Vestfjarðakjördæmis sem er um 80 millj. kr.

Með ákvörðunum um að fella Djúpveg undir stórverkefni og þeim fjárveitingum sem hér er gert ráð fyrir til þess verkefnis telur meiri hluti samgn. að rök fyrir rekstri á bílferju á Ísafjarðardjúpi af hálfu hins opinbera séu á brott fallin. Í samræmi við þetta er skilgreining ferjurekstrar á Ísafjarðardjúpi ekki breytt frá því sem var í síðustu vegáætlun, þ.e. að einungis verði gert ráð fyrir að fluttir verði farþegar og fragt til þeirra byggðarlaga sem ekki hafa aðrar samgöngur.

Þess má geta í þessu sambandi, þó ekki snerti þá áætlun sem hér er verið að fjalla um, að að mati Vegagerðarinnar er talið að Fagranesið sem nú annast ferjusiglingar á Djúpinu henti ekki jafn vel til smærri flutninga eins og minna skip. Minna skip mundi henta betur og yrði ódýrara í rekstri og er áætlað af hálfu Vegagerðarinnar að spara megi 10–12 millj. kr. á ári ef ódýrara skip eða minna skip væri notað til þeirra flutninga.

Eins og kunnugt er standa yfir samningar af hálfu Slysavarnafélags Íslands fyrir hönd Slysavarnaskóla Íslands og Djúpbátsins hf., sem er eigandi Fagranessins, um hugsanlega leigu á Fagranesinu til Slysavarnaskólans. Hér verður ekkert um það mál sagt, enda ekki á verksviði samgn. né Alþingis að annast slíka samninga við einkaaðila, en verði af þeim samningum þá er gert ráð fyrir því að skipið verði staðsett að meginhluta á Ísafirði. Þar verði heimahöfn þess, þar verði það meginhluta vetrar og til taks hverju sinni sem þarf að mæta erfiðleikum í samgöngum eða neyðartilvikum eins og títt hefur verið að þurft hefur að gera nú á þessum harða vetri og jafnframt að skipið verði til taks í Djúpi til siglinga að sumarlagi um 5–8 vikur til þess að mæta þeim þörfum sem þar eru á mesta ferðamannatíma ársins.

Frá þessu er einungis sagt hér, ekki þannig að það snerti afgreiðslu nefndarinnar eða að það sé á verksviði nefndarinnar, heldur hefur þetta verið í umræðu á síðustu vikum og meiri hluti nefndarinnar gerir sér vonir um það að þau mál öll leysist farsællega.

Ég tel ástæðu til þess að vekja á því athygli að þær tillögur sem hér liggja fyrir og skýrðar eru í nál. meiri hluta samgn. og koma fram í brtt. meiri hlutans fela í sér mikið átak í samgöngumálum landsmanna. Í fskj. sem birt er með nál. meiri hlutans kemur fram að á þessu áætlunartímabili er verið að verja til samgöngumála, þ.e. til ráðstöfunar til vegaframkvæmda, brúargerða, til viðhalds og annarra rekstrarliða Vegagerðarinnar um 27,5 milljörðum kr. Þar kemur til viðbótar um 1.800 millj. kr. sem ætlað er til að styrkja ferjurekstur landsmanna.

Þetta eru stórar fjárhæðir. Þetta er meira fé en verið hefur verið á nokkru áætlunartímabili á síðari árum. Ég verð að segja það sem mína skoðun að þetta er afar mikilvægt til þess að geta komið áfram þeim miklu stórframkvæmdum sem verið er að vinna og til þess að geta ráðist að verkefnum sem eru brýn og ekki hefur verið sinnt sem skyldi á undanförnum árum. Meðal þeirra sem þar má nefna eru stórframkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu sem orðnar voru ákaflega brýnar en eins og öllum hv. alþingismönnum er kunnugt þá hefur umferðarþungi á höfuðborgarsvæðinu vaxið miklu örar en gert hafði verið ráð fyrir samkvæmt áætlunum. Umferðarhraði hefur vaxið. Slysahætta hefur einnig farið vaxandi og því miður eru slys allt of tíð.

Ég lýsi því yfir sem skoðun meiri hlutans að það hafi verið óhjákvæmilegt að ráðast í verulegar framkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu til þess að mæta þessum vanda því ef sá vandi væri látinn halda áfram að hlaðast upp þá væru það miklir erfiðleikar að ráða bót á honum á næsta áætlunartímabili og þeir erfiðleikar í umferð á þessu svæði ófyrirsjáanlegir sem mundu verða á þessu tímabili ef ekki væri svo myndarlega hætti brugðist við þessu máli eins og hér er gert.

Ég tek eftir því að þessu er í rauninni ekki mótmælt í nál. hv. minni hluta. Með nál. meiri hlutans eru birt fleiri fskj. Þar eru birt fskj. sem sýna skiptingu fjármagns milli kjördæma. Í fyrsta lagi samkvæmt hinni almennu skiptireglu Vegagerðarinnar, sem einnig er birt með fskj., á hvern hátt er byggð upp, og í annan stað þeirri skiptireglu sem stuðst er við samkvæmt átaksverkefninu og sækir að meginhluta grunn sinn í höfðatölureglu.

Ég tel að þessi gögn eigi að auðvelda hv. alþingismönnum og almenningi skilning á því hvernig þessu fé er skipt og hvaða undirstöðugögn er stuðst við til þess að ná þeim niðurstöðum sem hér eru gerðar tillögur um.

Ég tel ekki ástæðu til að rekja í þessum ræðustól hvaða helstu aðrar stóru framkvæmdir er gert ráð fyrir að vinna á þessu áætlunartímabili samkvæmt tillögum meiri hluta nefndarinnar en ég vek athygli á því að þar er víðast hvar um gríðarlega þýðingarmikil verkefni að ræða og sannast sagna verður seint í okkar stóra, strjálbyggða og að ýmsu leyti torfæra landi unnt að fullnægja þeim þörfum sem menn sjá hvarvetna blasa við augum til samgöngubóta því verkefnin eru þar svo gríðarlega mikil. Ég vil þó láta það koma fram að ég tel að við Íslendingar höfum unnið stórvirki á þessum sviðum á undanförnum árum og sú áætlun sem hér liggur fyrir og þær tillögur sem hún hefur inni að halda bæta um betur í þessum verkefnum vegna þess að hér er verið að verja meira fé en tíðkast hefur á síðari árum til þess að mæta þessum vanda, mæta þessum þörfum og ráðast að þessum þýðingarmiklu verkefnum.

Ég tel það heldur miður, ég segi það hreint út, að ekki skyldi takast að hv. samgn. stæði sameiginlega að þeim brtt. sem hér liggja fyrir og stæði sameiginlega að einu nál. Það er óvenjulegt. Venjan hefur verið sú að samgn., áður fjárveitinganefnd eða fjárln., hefur staðið sameiginlega að því að gera tillögur til Alþingis um ráðstöfun á því fé sem hverju sinni er varið til vegaframkvæmda í landinu. Að þessu sinni tókst það ekki og ég leyfi mér að segja því miður. Það er e.t.v. því undarlegra sem hér er verið að fjalla um tillögur sem fela í sér meira fjármagn til vegaframkvæmda heldur en löngum hefur tíðkast.

Ég hef nokkuð undrast það að hv. minni hluti samgn. hafi tekið sér ærinn tíma til þess að semja sitt nál. því ég hafði eigi barið það augum fyrr en um leið

og ég gekk upp í ræðustólinn og er ekki búinn að lesa það vandlega en er það þó ekki nema ein síða og tveimur línum betur.

Hv. minni hluti hefur tekið sér eina þrjá daga til þess að semja þetta viðamikla nál. og eftir því sem ég best fæ séð er niðurstaðan engin. Hv. minni hluti leggur ekki til að vegáætlun sé samþykkt, hv. minni hluti leggur ekki til að tillögunni um vegáætlun sé vísað frá, hv. minni hluti gerir engar tillögur um það að vegáætlun sé felld og hv. minni hluti tekur ekki fram að hann ætli sér að sitja hjá. Það kemur ekkert fram í nál. um það hver afstaða minni hlutans er utan það að þeir flytja eina brtt. Að öðru leyti kemur ekkert fram um það hver vilji hv. minni hluta er.

Ég tel að eftir að hafa haft svo langan meðgöngutíma að þessu nál. þá hefði mátt ætla að hv. minni hluti hefði komist að einhverri niðurstöðu í áliti sínu. Það er óvenjulegt, eins og ég sagði áður, að nefnd geti eigi staðið saman að áliti og tillögum um framkvæmdir í vegamálum en það er því óvenjulegra að hv. minni hluti skuli skila séráliti þegar niðurstaða hans er engin.

Þrátt fyrir það að hv. minni hluti hefði kosið að flytja þá brtt. sem hér er á þskj. 896 þá hefði verið í lófa lagið að skila sameiginlegu nál. Það hefði verið í lófa lagið fyrir hv. minni hluta að skrifa undir nál. með fyrirvara og hefði hann haft fulla heimild til þess að flytja þá brtt. sem er á þskj. 896. Ég tel því að þetta vinnulag sé í hæsta máta óvenjulegt og óeðlilegt og ekki til eftirbreytni.

Ég tel, hæstv. forseti, ekki ástæðu til að fjalla um þetta mikilvæga mál í lengra máli. Ég vil í lok máls míns, þrátt fyrir að leiðir hafi skilið í hv. samgn. um afstöðu til þessa máls, eða um afgreiðslu þess, ekki um afstöðu, því eins og ég sagði áður kemur afstaða hv. minni hluta ekki fram í nál. þessu. En þrátt fyrir að leiðir hafi skilið að þessu leyti þá vil ég hér, þar sem þessu hv. Alþingi er að ljúka, flytja samstarfsmönnum mínum í samgn. þakkir fyrir ágætt samstarf, mikið umburðarlyndi við mig sem formann oft á tíðum í starfi nefndarinnar og mikið og árangursríkt starf á því þingi sem nú er senn að ljúka. Ég vil jafnframt láta þess getið að ég vil flytja starfsmanni nefndarinnar þakkir sem hefur ræktað starfið af mikilli samviskusemi og af mikilli skarpskyggni við þau mál sem honum hafa verið falin til þess að taka til athugunar fyrir nefndina.

Að þessum orðum mæltum leyfi ég mér, hæstv. forseti, að leggja til að þessi tillaga verði samþykkt með þeim breytingum sem meiri hluti nefndarinnar leggur til.

Útbýting þingskjals:

Áhafnir íslenskra kaupskipa, 317. mál, þskj. 836.

[11:12]

Frsm. minni hluta samgn. (Stefán Guðmundsson):

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi máls míns færa starfsmönnum Vegagerðarinnar þakkir fyrir ánægjulegt samstarf, það er ástæða til að gera það, það hefur verið gott í allan vetur. Þeir hafa brugðist vel við að veita allar upplýsingar sem beðið hefur verið um, ekki aðeins meiri hluta nefndarinnar heldur ekki síður minni hluta nefndarinnar. Ég færi þeim ágætar þakkir fyrir þeirra störf og samstarf og ekki síður þakka ég ágætt samstarf og liðlegheit starfsmanns nefndarinnar.

Ég hlýt að harma það að hæstv. samgrh. skuli vera sjúkur í dag þegar jafnstórt mál er á dagskrá og hér er nú og ég velti því fyrir mér þegar ég sé að enginn af hæstv. ráðherrum ríkisstjórnarinnar, eins og þeir sóttust þó eftir því að komast í ráðherrastólana, skuli sitja hér inni við umræðu um þetta mál. Það hlýtur að vekja athygli okkar.

Ég veit satt að segja ekki hver það er sem svarar fyrir hæstv. samgrh. en svo sannarlega mun hann hér í allan dag þurfa að veita þingheimi og þjóðinni skýringar á því máli sem hér er til umræðu. Ef einhver hefur haft vilja til þess og skilning á því að við þyrftum að hafa þessa umræðu á skikkanlegum nótum þá kom hv. formaður samgn. í veg fyrir það. Hans ræða áðan var ekki til þess fallin að liðka fyrir umræðum um þetta mál. Slíkar voru fullyrðingar hans að mér raunverulega blöskraði vegna þess að ég er búinn að starfa með þessum ágæta þingmanni býsna lengi og ég kannaðist ekki við þessa tóntegund sem þarna kom fram.

Hv. þm. og talsmaður vék að því mjög sterklega í máli sínu að það væri mikið fjármagn sem færi til vegagerðar og þess vegna ætti hann erfitt með að skilja hvernig á því stæði að minni hluti nefndarinnar gæti ekki skrifað undir það álit sem hann samdi. Það er ósköp einfalt svar við því að það er hyldýpi, hv. þm. Pálmi Jónsson, á milli skoðana minni hlutans, stjórnarandstöðunnar á Alþingi, og skoðana meirihlutaflokkanna á Alþingi um meðferð þessa fjár. Það er hyldýpi í skoðunum okkar. Menn eru að kasta fyrir róða reglu sem viðhöfð hefur verið í mörg, mörg ár í fullri sátt. Ég man ekki satt best að segja hvernig það var þegar hæstv. frsm. meiri hlutans var ráðherra, hvaða reglur voru þá í gildi, hvort þær voru svo óréttlátar að það þurfi að kasta þeim nú fyrir róða. Mér er ekki grunlaust um það að þessi ágæti þingmaður hafi oftar en einu sinni komið hér upp og talað fyrir og lofsungið þá skiptireglu sem Vegagerðin hefur unnið eftir og full sátt verið um hjá þingmönnum.

Hv. þm. Pálmi Jónsson gerir einnig lítið úr tillögum okkar minni hlutans og segir að þær séu ómerkilegar og reyndar hafi honum ekki gefist tími til þess að lesa þær og bætti svo við að þær væru reyndar engar. Ég sá það að hv. þm. og formaður nefndarinnar var þó með gleraugun þannig að hann hefði getað séð að það er flutt sérstök tillaga við þetta mál af nefndinni sem skýrir það af hverju við áttum ekki samleið. Það veit hv. þm. og formaður samgn. að það er illt að þurfa að liggja undir slíkum orðum eins og komu fram í upphafsorðum hans áðan vegna þess að enginn á að vita það betur en hann, formaður þessarar nefndar, hver hefur haldið starfi nefndarinnar uppi á liðnum vetri. Það eru ekki samþingmenn Pálma Jónssonar og það eitt er öruggt. Þeir sem hafa setið í allan vetur með hv. þm. á fundum eru fulltrúar stjórnarandstöðunnar. Ég

hefði gaman af því ef hv. þm. Pálmi Jónsson vildi koma hér upp á eftir mér og mótmæla því sem ég segi. Það væri fróðlegt fyrir okkur sem erum búin að sitja nánast hvern einasta fund samgn. með hv. þm. Pálma Jónssyni. — Ég sé að hann brosir og nikkar til mín og samþykkir þar með að það sé rétt sem ég er að segja.

Hv. þm. segir líka að öllu samstarfi við meiri hluta nefndarinnar hafi verið hafnað af minni hlutanum. Að öllu samstarfi hafi verið hafnað og það hafi engin ástæða verið til þess. Auðvitað var ástæða til þess vegna þess að hv. þm. og meiri hluti nefndarinnar hafnaði því að hlusta á röksemdir okkar og tillögur, var ófáanlegur til að fallast á þær. Ég ræddi persónulega við hæstv. samgrh. og reyndi að ræða við hann um það hvort hægt væri að leiðrétta þá hluti sem við höfðum verið að tala um þannig að við gætum staðið saman í þessu máli. Það var vitavonlaust verk að reyna að ná sáttum um þetta mál við hæstv. samgrh. Ég hafna því þess vegna alfarið að minni hluti nefndarinnar hafi ekki gert allt sem hann gat til þess að reyna að ná sáttum í málinu en við beygjum okkur ekki, hv. þm. Pálmi Jónsson, í duftið fyrir tillögum samgrh. og ríkisstjórnarinnar í þessum efnum þar sem kjördæmum landsins hefur aldrei verið jafnmismunað og nú. Við féllumst ekki á það og vorum ófáanlegir til þess. En einstakir og nógu margir stuðningsmenn þessarar ríkisstjórnar hafa fallið í þá gryfju.

Virðulegi forseti. Minni hluti samgn. flytjur nál. og brtt. eins og ég hef vikið að og ég tel rétt að lesa það nál., virðulegi forseti, en í því segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Minni hluti samgöngunefndar gerir miklar athugasemdir við afgreiðslu meiri hlutans á vegáætlun fyrir árin 1995–1998.

Sérstakt framkvæmdaátak í vegagerð. Minni hlutinn telur að þörf sé á verulegu átaki í uppbyggingu samgöngumannvirkja á höfuðborgarsvæðinu. Að mati minni hlutans hefði verið eðlilegra við ríkjandi aðstæður að tiltaka ákveðna fjárhæð fyrir höfuðborgarsvæðið af því fé sem renna á til þessa sérstaka framkvæmdaátaks í vegamálum en skipta því er eftir stóð milli kjördæma landsins eftir þeirri almennu skiptireglu sem Vegagerðin hefur beitt undanfarin ár. Þess í stað ákvað ríkisstjórnin að tillögu samgönguráðherra að miða skiptingu fjármagns vegna þessa sérstaka átaks við íbúafjölda í kjördæmum landsins, þó þannig að höfuðborgarsvæðið væri álitið sérstakt kjördæmi í þessum skilningi. Minni hlutinn harmar það að ekki hafi tekist samkomulag í nefndinni og við samgönguráðherra um farsælli lausn í málinu.“ — Minni hlutinn harmar það, hv. þm. Pálmi Jónsson, að ekki hafi náðst samkomulag við meiri hlutann og hæstv. samgrh. í þessu máli eins og við reyndum æ ofan í æ meðan þetta mál var á dagskrá.

„Mikið hefur verið látið með þá fjárhæð, 3,5 milljarða kr., sem ríkisstjórnin segir að eigi að verja í þetta átak á næstu árum. Ef málið er skoðað kemur í ljós að þessi fjárhæð stenst engan veginn þar sem verið er að færa hluta af mörkuðum tekjustofnum til vegagerðar yfir í ríkissjóð sem lánar þá svo aftur út til sérstaks framkvæmdaátaks í vegamálum. Hinar raunverulegu auknu tekjur til vegagerðar eru því mun minni en framangreind fjárhæð segir til um.

Stórverkefnasjóður. Við umfjöllun um vegalögin í nefndinni í fyrra kom fram að gert yrði ráð fyrir áframhaldandi ferjurekstri við Ísafjarðardjúp, sbr. ákvæði til bráðabirgða, og að lagt yrði fram fjármagn til uppbyggingar ferjubryggja í því sambandi. Það er dæmigert fyrir alla framgöngu ríkisstjórnarinnar á þessu kjörtímabili að nú, tæpu ári seinna, er lagt til að ferjurekstur þar verði nánast aflagður en í staðinn verði Djúpvegur gerður að stórverkefni. Minni hlutinn telur afar óeðlilegt að blanda saman þessum tveimur málum, þ.e. Djúpvegi annars vegar og ferjurekstri við Djúp hins vegar. Það eigi að vera ákvörðun heimamanna en ekki Vegagerðarinnar hvort þeir telja rök fyrir áframhaldandi rekstri á ferju eftir að átak hefur verið gert í vegamálum.“

Við víkjum aðeins að Hvalfjarðargöngunum en þar segir: „Verði af gerð jarðganga undir Hvalfjörð þarf 800 millj. kr. til lagningar tengivega að göngunum. Hvergi er gert ráð fyrir því fjármagni í vegáætlun þótt allar líkur séu á að hefjast verði handa við þær framkvæmdir þegar næsta haust.

Samhliða áliti þessu leggur minni hluti nefndarinnar fram breytingartillögur við vegáætlun sem gerð er grein fyrir á sérstöku þingskjali.“

Undir nál. rita Stefán Guðmundsson, Jóhann Ársælsson, Guðni Ágústsson og Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, allur minni hluti samgn.

Það er deginum ljósara að það sem mestu hefur valdið í þessum ágreiningi og átökum okkar um skiptingu vegafjár er sú uppfinning að breyta skiptireglunni og fara inn á höfðatölueglu.

Ég vil enn og aftur taka það skýrt fram vegna orða hv. þm. Pálma Jónssonar áðan að í upphafi í okkar nál. er skýrt tekið fram að minni hlutinn telur að þörf sé á verulegu átaki til uppbyggingar samgöngumannvirkja á höfuðborgarsvæðinu. Um þetta erum við öll sammála. Um þetta atriði er öll nefndin sammála. En okkur greinir á um framkvæmdina og meðhöndlun þess fjár sem út af stendur. Við flytjum því hér tillögur. Það er ljóst og óhætt að segja frá því hér og kom reyndar fram í máli hv. þm. Pálma Jónssonar um óánægju í Austurlandskjördæmi þar sem þingmenn Austurlands, stjórnarandstöðuþingmennirnir, gengu af fundi og tóku ekki þátt í afgreiðslu þessa máls. En það vil ég segja hv. þm. Pálma Jónssyni að það eru fleiri en hv. þm. Hjörleifur Guttormsson og Halldór Ásgrímsson af landsbyggðarfólkinu í dag sem eru óánægðir með þessa skiptitölu sem fundin hefur verið upp, svokallaða höfðatölureglu. Ég hef trú á því að hv. þm. Pálmi Jónsson verði ekki kominn marga kílómetra inn í kjördæmi sitt þegar hann finnur andúð fólks á þessum vinnubrögðum. (**GÁ:** Hann varðar ekkert um kjósendurna.) Þó hv. þm. Pálmi Jónsson láti senn af þingmennsku þá veit ég það að honum verður áfram annt um íbúa síns gamla kjördæmis, það er mér ljóst, og þess vegna mun honum svíða sárar þegar hann finnur andúð fólks á þessari skiptitölureglu. (Gripið fram í.)

Já, ég skal koma að því síðar, hv. þm.

Í þeirri brtt. sem minni hlutinn flytur á þskj. 896 erum við að reyna af veikum mætti að leiðrétta það ósamræmi sem komið hefur upp á milli kjördæma miðað við þá reglu sem menn hafa ákveðið að leika eftir. Tillaga okkar byggist einfaldlega á því að ekkert kjördæmi fái minna fjármagn til framkvæmda en það hefði fengið samkvæmt eldri skiptitölureglunni. Það er meginhugsunin í þeirri tillögu sem við hér flytjum að ekkert kjördæmanna fari verr út úr þessum skiptum en það hefði fengið ef gamla skiptitölureglan hefði verið viðhöfð.

Við erum hér að tala um að heimild verði veitt til lántöku upp á 297 millj. kr. sem verði nýtt á þessum fjórum árum. Það mundi þýða að á þessu ári mundi hlutur Vesturlands hækka um 15 millj. kr., hlutur Vestfjarða um 35 millj. kr. og hlutur Austurlands um 42 millj. kr. Árið 1996 fengi Vesturland í sinn hlut 9 millj., Vestfirðir 40, Austurland 42 millj. kr. Árið 1997 fengi Vesturland 14 millj., Vestfirðir 21 millj. og Austurland 34 millj. Og árið 1998 fengi Vesturland 9 millj., Vestfirðir 14 millj. og Austurland 23 millj. kr.

Þetta eru þær tölur sem reiknaðar hafa verið út fyrir okkur og mundu leiðrétta það, eins og ég hef sagt áður og vil ítreka enn og aftur, að jafna hlut kjördæmanna við þær leikreglur sem meiri hlutinn og hæstv. samgrh. hafa fundið upp til að leika eftir. Ég vil trúa því að þingmenn hér inni verði nægjanlega margir til að samþykkja þessa tillögu og hafi skilning á því réttlæti sem hér er reynt að koma fram.

Það er rétt að víkja aðeins nánar að þessu sérstaka átaksverkefni sem varð til þess að við fyrst og fremst náðum ekki saman í þessu máli. En áður en ég vík að því þá vil ég undirstrika að auðvitað er það fleira sem kemur til. Við finnum til með því að það vantar verulega mikið fé, bæði í tengivegi og safnvegi. Það er átakanlegt hvað þessa vegaflokka skortir mikið fjármagn. Það er nánast ógerningur að lagfæra þessa vegi með þeim tækjum sem Vegagerðin hefur í dag vegna þess að allt efni og ofaníburð vantar í þessa vegi. Það er ekki stætt á því lengur en að taka á þessu máli og auka verulega hlut þessara vegflokka með framkvæmdafé. Það er óásættanlegt annað en að verða við því.

Ég hefði líka viljað fara yfir framkvæmdir til brúa, viðgerða og breytinga á brúm á þjóðvegi 1 vegna þess að það er öllum ljóst sem keyra þennan þjóðveg að einhverjar almestu slysagildrurnar á þjóðveginum í dag eru þessar hættulegu brýr, einbreiðu brýr. Á þessu máli verður að taka, en því miður er allt of lítið gert af því af hálfu samgrn. að þrýsta á og gera kröfur til þess að á þessum málum verði tekið.

Hv. þm. Pálmi Jónsson fór ítarlega yfir vegáætlunina þannig að ég þarf ekki að gera það í löngu máli og mun ekki gera, nema ég fari í það síðar í dag ef ástæður verða til þess. Hann minntist á stórverkefnin og það er rétt að stórverkefni var tekið inn í við Djúp sem er Djúpvegur, sem, ef ég man rétt, mun kosta um 1,2 milljarða að byggja upp.

Hv. þm. vék einnig að jarðgöngum undir Hvalfjörð. Eftir þeim fréttum sem við höfum fengið af því þá er trú manna að framkvæmdir hafi ekki verið nær því en nú að geta hafist og þá trúlega í haust. En ef svo yrði að framkvæmdir við jarðgöng mundu hefjast í haust þá þarf hvorki meira né minna af vegafé en 800 millj. kr. til þess að leggja strax í þær framkvæmdir sem þarna eiga að fara fram. Það er upphaf verksins, vegtenging að jarðgöngunum. Þess vegna vil ég spyrja hv. þm. og frsm. meiri hlutans: Hvar í vegáætluninni er gert ráð fyrir þessum 800 millj. kr. sem meiri hluti nefndarinnar, Vegagerðin og ríkisstjórnin eru öll með miklar væntingar um að þessar framkvæmdir geti hafist í haust? Ég vænti þess að sá sem leysir hæstv. samgrh. af, hæstv. ráðherra Þorsteinn Pálsson, skýri okkur frá því hvernig með þessar 800 millj. kr. verður farið.

Hv. þm. og frsm. meiri hlutans sagði einnig að þær hugmyndir og ákvarðanir núna um skiptitölureglunni á þessu sérstaka átaksverkefni upp á 3,5 milljarða væri ekkert nýtt mál og væri ástæðulaust fyrir okkur í minni hlutanum að gera verður út af og vitnaði í fjárveitingar sem fyrr hafa verið veittar sem sérstakt átaksfé. Ég verð að segja hv. þm. það að þær tilvitnanir sem hann kom með eru alls ósambærilegar og ef eitthvað er þá styðja þær einmitt þann ágreining sem við gerum út af þessu máli.

En upphaf þessa máls, með þessa 3,5 milljarða og þetta sérstaka átaksfé, var það að hæstv. forsrh. lagði til að 3,5 milljörðum yrði veitt sem sérstakt átaksverkefni til vegagerðar á fjórum árum. Reglan sem hann var með og lagði fram var á þann veg að helmingur fjárins færi til Reykjavíkur, hinn hlutinn færi í önnur kjördæmi landsins. Ekki þó til Reykjavíkur heldur til Stór-Reykjavíkursvæðisins eða höfuðborgarsvæðisins, svo ég komi því nú rétt frá mér, held ég að hann hafi orðað það.

Það var síðan ríkisstjórnin að tillögu hæstv. samgrh., Halldórs Blöndals, sem breytti þessari reglu frá því að hæstv. forsrh. hafði lagt hana fram og gerði tillögu um að höfðatölureglan yrði látin gilda sem auðvitað mismunar alveg herfilega milli kjördæma. Ég vil taka það hér fram vegna þess að menn hafa gert mikið úr þessu átaki sem ber auðvitað að þakka, að fá 3,5 milljarða til framkvæmda í vegamálum, þá megum við ekki gleyma því að hvorki meira né minna en 1,7 milljarðar kr. af þessu fjármagni eru teknir beint af orkugjaldi bifreiða, af bifreiðaeigendum — 1,7 milljarðar. Ný skattlagning á bifreiðaeigendur. Þannig að það er ekki eins og þessir peningar hafi dottið af himnum ofan. Nei. Teknir beint úr vasa bifreiðaeigenda — 1,7 milljarðar. Afgangurinn tekinn að láni sem mun auðvitað síðar verða til þess að skerða framkvæmdafé til vegamála.

Ég verð að segja það, hv. frsm. Pálmi Jónsson, vegna þess að hann vék að því hvort hlutur Norðurl. v. mundi eitthvað lagast við þær hugmyndir sem minni hlutinn leggur fram. Það er nú svo að þegar maður er að vinna í þingnefndum og hér á Alþingi þá er ekki ætíð hægt að vera svo staurblindur að maður sjái ekkert út fyrir sitt eigið kjördæmi. Þannig er vitaskuld ekki

hægt að vinna í nefnd. Hins vegar get ég sagt það að strax þegar þessar hugmyndir komu fram frá hæstv. forsrh. þá lét ég reikna það út fyrir mig hvernig þetta kæmi út miðað við landið allt, miðað við það að helmingur fjárins hefði farið á höfuðborgarsvæðið og hinn helmingurinn farið út á land. Ég fékk þetta reiknað út fyrir mig eftir þeirri reglu að höfuðborgarsvæðið, suður fyrir Straum, fengi 50% fjárins, en hinn hlutinn, 50%, skiptust á milli kjördæma samkvæmt núgildandi reiknireglu. Þar kemur nefnilega fram, ef þessi aðferð er skoðuð, að það hefur í mínum huga, a.m.k. þau ár sem ég er búinn að starfa og lengst af verið í samgn., hefur það aldrei sannað mér betur heldur en hversu skiptitölureglan sem Vegagerðin hefur unnið eftir er rétt og réttmæt vegna þess að ef það hefði verið gert og sú skiptitala verið notuð þá kemur það ljóslega fram að hlutur þeirra kjördæma landsins sem langverst eru sett samgöngulega séð, sem eru Austfirðir, Vestfirðir og Vesturland, hefðu fengið langmesta leiðréttingu eftir þessari reglu. Langmesta leiðréttingu. (**Gripið fram í:** Að ógleymdu höfuðborgarsvæðinu.) Hv. þm., ég var að vitna til þeirra leiða sem hæstv. forsrh. stakk upp á. Að höfuðborgin fengi helminginn af öllu fénu og hinu yrði skipt út. Það var hugmynd hæstv. forsrh. og því lét ég reikna þetta út fyrir mig til þess að sjá hvernig þetta skiptist og þá kemur það svona út, að það er stóraukin hlutdeild þessara kjördæma með vegafé.

Auðvitað var það þessi leið sem menn áttu að fara. Ef samgn. hefði fengið að vera í friði og fengið að vinna þetta mál þá fullyrði ég það — eða ég fullyrði ekki en ég trúi ekki öðru en að menn hefðu farið þessa leið. En því miður greip hæstv. núv. samgrh. í taumana og breytti reglunni á þann veg að höfðatölureglan skyldi gilda sem mismunar kjördæmum alveg herfilega eins og ég hef áður sagt. Enda kom það í ljós strax og starfsmenn Vegagerðarinnar komu á fund nefndarinnar til þess að fara yfir þessi mál og þessar hugmyndir voru komnar fram, þá var strax — ég man ekki hvort það var á öðrum fundi eftir að þessi hugmynd kom fram, þá komu starfsmenn Vegagerðarinnar með leiðréttingu á þessum reiknitölureglum og þar segir:

„Skipting fjár á kjördæmi. Fjármagn til almennra verkefna og bundið slitlag í stofnbrautum skiptist á kjördæmi eftir eldri reglum. Fjármagn til framkvæmda vegna atvinnumála frá 1992, 450 millj., skiptist eins og í gildandi vegáætlun." — Síðan segir: „Fjármagn til framkvæmdaátaks" — þessar 3.500 millj. kr. títtnefndu „skiptist samkvæmt íbúatölu. Við skiptingu þess er höfuðborgarsvæðið tekið sem ein heild þó í tveimur kjördæmum sé og því reiknaður skattur sem einu kjördæmi. Á árinu 1995 skal þó fyrst tekið frá fjármagn af þessum lið til Vestfjarða og Austurlands að því marki að heildarfjármagn þessara kjördæma verði hið sama og í gildandi vegáætlun." — Og síðan segir: „Því sem þá er eftir skipt milli annarra samkvæmt íbúatölu þeirra."

Sem sé, þá er enn og aftur höggvið að hinum kjördæmunum og það væri gott ef hv. frsm. nefndarinnar og þingmaður Norðurl. v. veitti þessu athygli, að þá er enn vegið að þessum kjördæmum. En hver skyldi ástæðan hafa verið fyrir þessum breytingum? Það sáum við þingmenn auðvitað sem vorum hér í húsinu. Við sáum hvað hér fór fram í hliðarsölum þinghússins. Það var verið að versla í þessu máli. Þetta var sú verslun sem fór fram og varð til þess að meiri hluti náðist í samgn. þingsins til þess að leggja þetta fram. Það eru ekki vinnubrögð að mínu skapi og ég harma hvernig að þessu öllu hefur verið staðið.

Þessi tillaga okkar um leiðréttingu er upp á 297 millj. kr. á fjórum árum og ég bað og reyndi að ræða um það við hæstv. samgrh. hvort hann gæti orðið við ósk okkar um það að reyna að leiða þetta mál saman þannig að við gætum náð samstöðu. Því hafnaði hann. En hún þýðir ekki stóra upphæð, hún er rétt um 1% af fjármagninu sem við erum að skipta, til þess að náðst hefði sátt og samstaða um skiptingu þessa vegafjár. Það er allt og sumt. Það er auðvitað réttlætismál hvað svo sem einhverjum kjördæmum líður, þá er það sanngirnismál þegar út í þetta er farið að reyna að sjá svo til að ekkert af kjördæmunum fái minna fjármagn til framkvæmda en þau hefðu fengið samkvæmt eldri skiptitölureglunni. En þarna er þeim greinilega mismunað, þessum þremur kjördæmum, Vestfjörðum, og er þó ekki á bætandi samgöngumálin þar, Austfjörðum, ég tala nú ekki um samgöngumálin þar, ástand þeirra, og Vesturlandi. Þetta er sú tillaga sem minni hlutinn reyndi trekk í trekk að leiða hér fram til að það gæti orðið sátt um afgreiðslu vegamála. Svo kemur hv. þm. og frsm. nefndarinnar í frumræðu sinni og heldur hér yfir okkur ræðu með alls kyns ónotum og dylgjum og heldur að það verði til þess að liðka fyrir framgangi þessa máls í dag. Það vil ég segja honum, virðulegi forseti, áður en ég lýk máli mínu, að það er misskilningur hjá hv. þm., hann kom því aðeins svo fyrir að hér verður umræðan miklu lengri heldur en annars hefði þurft að verða.

[11:48]

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Ég vil byrja á því að harma að það skuli vera staðið að þessu máli með þeim hætti sem raun ber vitni. Mér fannst ræða frsm., hv. þm. Pálma Jónssonar, afar ómálefnaleg og mér fannst hann rifja upp fortíðina með þeim hætti að það verður ekki hjá því komist að leiðrétta ýmislegt af því sem hann sagði.

Það er staðreynd að hér hefur ríkt bærilegt samkomulag á Alþingi um skiptingu vegafjár í gegnum tíðina og menn hafa fundið þar upp ákveðna skiptireglu sem er búin að gilda mjög lengi og ekki hefur verið mikill ágreiningur um, þ.e. skiptiregla sem tekur tillit til kostnaðar við vegagerðina, ástands veganna og arðsemi veganna. Það má að sjálfsögðu deila um það hvað þessir þættir eigi að vera gildir, en það hefur verið gert ráð fyrir því að vægi hvers þeirra væri einn þriðji.

Það fór fram mikið nefndarstarf fyrir nokkrum árum þar sem áttu sæti fulltrúar allra flokka og þessi nefnd skilaði af sér og það var lagt fyrir á þingi 1990–1991. Þar skiluðu áliti þingmenn frá öllum flokkum, m.a. frá Sjálfstfl. Þar var fulltrúi hæstv. núv. samgrh., Halldór

Blöndal, og páv. bæjarstjóri og nú hv. þm. Sturla Böðvarsson. Þó að þessi till. til þál. hafi ekki náð samþykki á því þingi þá skiluðu þessir aðilar af sér til þingsins í formi till. til þál. Ég veit ekki betur en um það hafi í lokin náðst prýðileg samstaða milli flokkanna, jafnvel þó að nokkrar fréttir hafi borist af því að núv. hæstv. samgrh. hafi verið heldur úrillur á nefndarfundum og eitthvað gert af því að skella hurðum. (**StG:** Bara töluvert.) Bara töluvert segir hv. þm. Stefán Guðmunsson, sem einnig átti sæti í nefndinni.

En hvað um það, þessi niðurstaða fékkst og það var lagt fyrir þingið og um það ríkti bærileg sátt á milli flokkanna. Ég satt best að segja hélt að um þetta væri nokkuð gott samkomulag. Nú er það svo ef maður lítur til þessarar þáltill. sem var lögð fram á þinginu 1990–1991 og lítur á þær framkvæmdir sem menn reiknuðu með á öðru tímabili, þ.e. árunum 1995–1998, þá eru það nokkurn veginn alveg sömu framkvæmdirnar að krónutölu og gert er ráð fyrir í þeirri vegáætlun sem nú er til umfjöllunar, þ.e. ef það er framreiknað. Ég tek það fram að þetta eru mínir útreikningar og það er ekki víst að þeir séu nákvæmir upp á milljón, að þá er samkvæmt þessari þáltill. reiknað með framkvæmdum upp á 13,3 milljarða en samkvæmt því sem nú er til umræðu upp á 13,5 milljarða.

Munurinn er hins vegar sá að þá var gert ráð fyrir því að stofnbrautir, þ.e. almenn verkefni og bundin slitlög, væru 5,3 milljarðar, en samkvæmt því sem nú hefur verið lagt fram er gert ráð fyrir að almenn verkefni séu 3 milljarðar. Það vill nú svo til að stórverkefnin eru nokkurn veginn þau sömu, þar munar ekki nema 50 millj. Það er hins vegar minna á höfuðborgarsvæðið, sem nemur einum 800 millj., en síðan er það sem mestu máli skiptir að svokallað framkvæmdaátak er upp á tæplega 3,6 miljarða. Ég er ekki að halda því fram að það megi engu breyta í þessu, en ef við lítum á þessar tölur, annars vegar 5,3 milljarða og hins vegar 3 milljarða, þá er þar um ansi mikinn mun að ræða.

Samkvæmt þeirri skiptiprósentu sem gildir þá á Austurland um 22% og ef við lítum á þennan mun upp á 2.400 millj. þá hefði það kjördæmi fengið samkvæmt gömlu reglunni út úr því fjármagni tæplega 530 millj. en fær samkvæmt þeirri tillögu sem hér liggur fyrir tæplega 180 millj. Þannig að munurinn er 350 millj.

Mér skilst á hv. formanni nefndarinnar að við eigum að vera mjög sáttir við þetta. Þetta sé allt saman vel útfært og vel hugsað og alveg í samræmi við allar venjur og öll störf hér fyrr á Alþingi þó það sé í hróplegri andstöðu við nál. sem sömu flokkar skiluðu hér og hv. samgrh., sem því miður er veikur nú, stóð að. Svo eru menn undrandi á því að það skuli ekki allir vilja samþykkja þetta. Menn eru undrandi á því að það skuli vera einhver reiði yfir því að meiri hluti nefndarinnar og meiri hluti Alþingis skuli ekkert tillit vilja taka til athugasemda. Ekkert. Svo kemur hv. formaður nefndarinnar hér með alls konar ásakanir, væntanlega til að greiða fyrir þinglokum og til að greiða fyrir því að þetta mikilvæga mál nái fram að ganga. Mér skilst á honum að það eigi eingöngu að vera meiri hlutinn eða réttara sagt hæstv. samgrh. sem hér á að ráða. Þingið á að bukka sig eins og mér sýnist að þingmenn stjórnarmeirihlutans hafi gert í þessu máli. Það er kannski eðlilegt að hæstv. samgrh. sé orðinn veikur eftir allt saman.

Nú er það svo að því er t.d. haldið fram að því er mitt kjördæmi varðar að það hafi ýmislegt annað komið til. Það hafi komið til stórverkefni milli Norðurlands og Austurlands. Það er rétt. Það var gert ráð fyrir því þegar síðasta áætlun var hér til umfjöllunar að það yrði tekið til athugunar hvort ekki væri rétt að ráðast í þann veg og jafnvel þá að fresta jarðgöngum sem ákveðið var og lagt var til í þessari sömu þáltill. af þessum sama hv. þm. og núv. samgrh., Halldóri Blöndal, að það yrði byrjað á jarðgangaframkvæmdum á Austurlandi á þessu tímabili, 1997–1998. Með leyfi forseta, þá stendur í nál. sem skilað var 1993 eftirfarandi:

„Í tillögum nefndarinnar hefur verkefnum verið raðað í þrjá áfanga. Áfangi eitt, sem tekur til jarðganga sem tengja Norðfjörð, Seyðisfjörð og Hérað, hefur þegar komið inn í langtímaáætlun um vegagerð. Þar er reiknað með upphafi framkvæmda í lok annars tímabils, þ.e. árið 1998. Áætlað er að rannsóknir og undirbúningur kosti um 120 millj. kr. og taki 3–4 ár. Strax árið 1995 þarf því töluverða fjármuni til að standa undir kostnaði við boranir og fleira og þarf að gera ráð fyrir því í vegáætlun til næstu fjögurra ára. Áfangar tvö og þrjú rúmast ekki innan langtímaáætlunar sem nær fram til ársins 2002. Hins vegar þarf á þessum tíma að reikna með kostnaði við rannsóknir, einkum á jarðfræði, til að koma þeim verkefnum á svipað stig og gildir um áfanga eitt í dag."

Það liggur sem sagt hér fyrir að ef í þessar framkvæmdir ætti að ráðast samkvæmt því sem ætlað var þá þyrfti að koma til fjármagn til rannsókna strax á árinu 1995.

Nú er alveg skilningur fyrir því hjá mér að það sé eðlilegt að þessum framkvæmdum seinki eitthvað miðað við ástand þjóðarbúsins. Ég geri mér grein fyrir því að hér er um gífurlegt verkefni að ræða sem er eðlilegt að taki nokkurn tíma. En ég vil benda á að það eru ýmis önnur verkefni sem eru í kjördæminu og hv. þm. Egill Jónsson hefur flutt till. til þál. þar sem skorað er á hæstv. samgrh. að sjá til þess að þeim verkefnum verði lokið fyrir næstu aldamót. Það eru verkefni upp á u.þ.b. 3 milljarða til þess að ljúka við hringveginn á Austurlandi. Hvað ætli hæstv. samgrh. hafi sagt um þennan hringveg? Hann sagði í umræðum 1991 utan dagskrár þegar hann var að svara mér vegna yfirlýsinga að því er varðar norðausturveg. Þar segir hann eftirfarandi, með leyfi forseta, þegar hann er að tala um norðausturveg:

„Fram á næstu öld skal það bíða að þeirra dómi að sómasamlegar samgöngur komist á milli Norðurlands og Austurlands. Nei, mér dettur svo sannarlega ekki í hug, hæstv. forseti, að taka þau ummæli mín til baka. Slíkt er með öllu óþolandi og dæmi um það að smásjónarmið ráði ef menn vilja ekki, á þeim áratug sem nú fer í hönd, ljúka við hringveginn. Ég hefði viljað

setja mér háleitari markmið í þeim efnum, en alveg er fráleitt að geyma hluta hans til næstu aldar."

Já, hæstv. forseti. Þetta voru stór orð og í reynd vel mælt af nýjum samgrh., að það væri ekki einungis ólíklegt að það gæti tekist að ljúka við hringveginn á þessari öld heldur væri það fráleitt. Síðan kemur þingmaður Sjálfstfl. í Austurlandskjördæmi og skorar á ráðherrann, þrátt fyrir þessa yfirlýsingu, að sjá til þess að ljúka hringveginum. Hvað gerist næst? Síðan er lögð hér fram vegáætlun. Er hún í þeim anda? Nei, hún er ekki í þeim anda. Ef andi hennar á að ríkja þá get ég reiknað með því að hringveginum verður lokið að því er varðar Austurland svona einhvern tímann um 2010, kannski 2015. Svo koma menn hér og segja að þetta sé allt saman eðlilegt. Hvers konar sjónhverfingar eru þetta? Reikna menn með því að það sé alveg sama hvað sagt er og alveg sama hvað gert er og alveg sama hvaða samningar hafa gilt á milli flokka í þessum málum, það sé bara hægt að valtra þessu áfram eins og ekkert hafi í skorist? Og koma svo hér upp á síðasta degi þingsins með alls konar dylgjur um það.

Ég ætlaði mér ekki, hæstv. forseti, að hafa hér langt mál en ég vil þó segja það að sú tillaga sem minni hlutinn flytur gerir miklu minna en að leiðrétta það sem var ætlunin að gera samkvæmt því verki sem allir flokkar stóðu að og skiluðu af sér 1990–1991. Hún kemur ekki nema að litlu leyti til móts við það. Þar er t.d. gert ráð fyrir því að hlutur Austurlands sé leiðréttur um 140 millj. en hefði í reynd átt að leiðrétta hann um 350 millj. Þá er gjarnan sagt að á móti sé kominn vegurinn yfir Fjöllin sem í sannleika sagt, miðað við þær tölur sem hér eru til skipta, eru lítil efni á að leggja fyrir það kjördæmi. En það er vegur sem menn hafa mikinn áhuga á. Hæstv. samgrh. heldur að hann sé einn um það. En það vill bara svo illa til að hæstv. samgrh. er eingöngu áhugamaður um þann veg en er alveg nákvæmlega sama um aðra vegagerð í fjórðungnum. Ef maður fer að tala um þetta við hann þá er hann strax kominn upp á Öxarfjarðarheiði og fer að tala um hana. Ég hef a.m.k. ekki náð neinu sambandi við þann mann þannig að að því leytinu til skiptir það litlu máli hvort hann er í salnum eða ekki. Ég ætla ekki að gera kröfur um að hann sé sóttur veikur í rúmið því ég sé ekki að það breyti nokkrum hlut. En í þessum anda ætla menn að keyra þetta mál áfram og mér heyrist á formanni nefndarinnar að hann sé afar stoltur yfir því verki og hverfi stoltur frá þinginu að geta komið þessu máli áfram með þessum hætti.

Ég skora á hv. þm. að skoða þetta mál einn ganginn enn og líta á það málefnalega, líta á tölurnar og líta á verkefnin. Hér er ekki verið að gera tillögu um það að skera niður í öðrum kjördæmum, það náttúrlega þýðir ekki að fara að vinna með þeim hætti þegar búið er að deila út þessu fé enda eru verkefnin alls staðar mikil og þau blasa alls staðar við, hvort sem er á höfuðborgarsvæðinu, Norðurlandi, Austurlandi eða annars staðar. En það þarf að vera einhver sanngirni í skiptingunni og menn þurfa að taka tillit til fólksins alls staðar í landinu. Það var þess vegna sem þessi regla var sett upp. Það var vegna þess að hún var hlutlaus og tók tillit til landsins alls og með því voru menn að draga úr átökum á milli landshluta. Nú hefur verið fundin upp alveg ný regla sem gengur út á það að ef eitt ákveðið kjördæmi er fjölmennt þá skal dreifbýlið í því kjördæmi fá meira vegafé. En ef eitt ákveðið kjördæmi er fámennt þá á dreifbýlið í því kjördæmi sennilega ekkert að fá og af þessu eru menn stoltir.

Hæstv. samgrh. leyfir sér að halda því fram að þeir sem eru á móti slíku hljóti að vera á móti því að setja vegafé í auknum mæli í hans kjördæmi. Hann kemst nú ekki lengra, hæstv. ráðherrann. Hann hefur ekki meiri yfirsýn yfir landið eða áhuga á því að skapa eitthvert jafnvægi og einhvern frið um þessi mál. En það er enn þá tími til þess. Ég geri ráð fyrir því að það gerist ekki í ræðustól á Alþingi og ég harma það hvað meiri hluti Alþingis hefur haft lítinn áhuga fyrir að líta á málið málefnalega. Það hefur t.d. verið sagt við mig að skiptihlutfallið á Austurlandi sé svona hátt vegna þess að það séu komin einhver feiknaleg jarðgöng inn í skiptihlutfallið og það sé nú nokkuð vafasamt. Það er ekkert vafasamt, það er m.a. í anda þeirrar þáltill. sem hér var flutt af öllum flokkum. Í þeirri tillögu er sagt að á öðru tímabili skuli varið til Austfjarðaganga 448 millj. og á þriðja tímabili 1.551 millj. Þar var líka sagt að til Vestfjarðaganga ætti að verja 1.496 millj. á fyrsta tímabili og 1.064 millj. á öðru tímabili.

Ég veit ekki betur en við þingmenn Austurlands höfum stutt það af fullri einurð að í Vestfjarðagöngin yrði farið og það væri eðlilegt að það verk gengi á undan verkefnum á Austurlandi. En nú á að snúa þessu öllu við og án þess að svo mikið sem hafa fyrir því að ræða það einu sinni við þingmenn kjördæmisins hvort það séu eðlileg skipti að fara í stórverkefni á Fjöllunum í staðinn fyrir stórverkefni í göngum. Það má vel vera að við hefðum komist að þeirri niðurstöðu. En hæstv. samgrh. taldi enga ástæðu til þess að tala um það við okkur. Svo eigum við víst bara að vera nokkuð ánægðir með þetta allt saman og ánægðir með þessi samskipti. Það vill bara svo til að langlundargeðið hjá okkur, a.m.k. stjórnarandstöðunni, er ekki lengur fyrir hendi. Við teljum að búið sé að brjóta niður það sem búið var að byggja upp og búið var að koma sér saman um með slíkum hætti að ekki verði lengur við það unað.

Ég sé það að þeir hv. þm., stjórnarliðar, sem skrifuðu undir nál. um till. til þál. sem síðan var flutt hafa ekki tekið verk sitt alvarlega. Þá munar ekkert um að breyta þessu öllu saman undir forustu ráðherrans og sennilega vill ráðherrann heldur ekkert standa við það enda skilst mér að hann hafi skrifað undir þetta nál. heldur ófús og lítur svo á að þar með sé hann ekkert bundinn af því lengur. En það er ekki sú regla sem á að gilda í samstarfi á Alþingi og samstarfi milli flokka og síst í vegamálum. Ég hélt að það væri einhver áhugi á því að standa þannig að vegamálunum að það gæti verið um það bærilegur friður.

Virðulegur forseti. Ég veit ekki hvernig þessu máli á að ljúka hér. Mér skilst að hæstv. ríkisstjórn hafi áhuga á öllum öðrum málum sem hafi meiri forgang en þetta og ég geri mér ekki grein fyrir því hvernig menn

hugsa sér það. Ég segi fyrir mitt leyti að ég tel mikilvægt að ljúka vegáætlun en ég býst hins vegar við því að það muni svo sem ekkert gerast þó að hún bíði fram á það þing sem kemur saman eftir kosningar. Mér skilst að það sé þegar búið að bjóða út þau verkefni sem stendur til að ráðast í á þessu ári, t.d. á höfuðborgarsvæðinu, og það sé gert með hliðsjón af fjárlögum og væntanlega fyrst hægt var að bjóða út þau verk þá er sjálfsagt hægt að gera það með sama hætti að því er varðar önnur verkefni. Það er verst að hæstv. samgrh. skuli ekki vera hér til þess að skýra það út fyrir okkur hversu mikilvægt það er að ljúka þessu máli. En ég vil að það sé alveg ljóst að það getur enginn reiknað með því að þessu máli ljúki í einhverjum friði eins og til þess er stofnað og að því er staðið og síst eftir ræðu hv. þm. Pálma Jónssonar sem hafði framsögu fyrir meiri hlutanum.

[12:12]

Eggert Haukdal *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég kem aðeins inn í andsvör af því að ég er að hverfa hér á braut. Erindi mitt inn í þessa umræðu er fyrst og fremst að vekja athygli á því að Suðurland fer illa út úr skiptum. Það hefði átt rétt á því, t.d. um Þingvallaveg sem er vegur þjóðarinnar fyrst og fremst, að þar væri komið til móts við Suðurlandskjördæmi að því leyti sem ekki er gert. Það er í öðru lagi vikurvegur sem er bráðaatriði á Suðurlandi að tryggja. Gífurleg útflutningsframleiðsla fer um þessa vegi, það eru 70–80 millj. sem koma inn í þungaskatti á ári hverju. Þessi mál hafa legið á ríkisstjórnarborði og það er ekkert komið til móts við okkur í þessum efnum og verður þess vegna að leggja eingöngu til þessara vega af vegafé. Ég vildi mega vekja athygli á þessum hlutum.

Því ber hins vegar að fagna að vel hefur gengið á ýmsan hátt í vegamálum að undanförnu. Það ber að fagna fjármagnsútvegun forsrh. sem m.a. kom til góða fyrir Suðurland en hæstv. samgrh. skar vegáætlun niður með því að taka ferjur og flóabáta þarna inn og leggja það eingöngu á vegafé. Það áttu að koma tekjur þar á móti. Það var hinn eðlilegi vettvangur og þar er niðurskurður um 600 millj. Hvernig stæði hæstv. samgrh. ef hæstv. forsrh. hefði ekki dregið hann að landi í þessum efnum?

Þetta vildi ég láta hér koma fram. Ég fagna að sjálfsögðu því sem vel er gert. Það horfir ýmislegt vel en það þurfti miklu meira fjármagn á þá vegáætlun sem hér er verið að ganga frá til fjögurra ára og misskiptingin milli kjördæma er langt í frá viðunandi.

[12:14]

Halldór Ásgrímsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vil fyrst og fremst þakka hv. þm. fyrir að taka undir með mér í gagnrýni á hæstv. ríkisstjórn og mér þykir verst að hann skuli sjá þetta svona seint. Að hann skuli vera að átta sig á því á síðasta degi þingsins hversu slæma ríkisstjórn hann er búinn að styðja allt kjörtímabilið. Það er kominn tími til að hv. þm. átti sig á þessu og átti sig á því hvernig samgrh. er búinn að vinna allt kjörtímabilið. Ég hef ekki orðið var við neina gagnrýni hjá hv. þm. á samgrh. fyrr en nú á síðasta degi þingsins. En batnandi mönnum er best að lifa og ég óska honum góðrar ferðar um vegi Suðurlands.

[12:15]

Eggert Haukdal *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef með ýmsum hætti gagnrýnt ríkisstjórn en einn maður fær litlu ráðið og þokað þegar þingmeirihluti er mikill. Það út af fyrir sig þekkist ekki þegar hv. Framsfl. er í ríkisstjórn. Þá kemur það aldrei fyrir að einstakir þingmenn þess flokks hafi uppi nokkur mótmæli. Þeir þegja alltaf þunnu hljóði og hafa sjaldnast sjálfstæðar skoðanir og fylgja að sjálfsögðu ráðandi mönnum. Þetta er það sem er kostur við okkur sjálfstæðismenn að við höfum oft burði uppi með að hafa sjálfstæðar skoðanir og reyna að koma þeim fram og það hef ég gert. Ég er að sjálfsögðu ekki sáttur við hæstv. samgrh. og tók fram áðan hvernig staða hans væri í vegamálum ef forsrh. hefði ekki dregið hann að landi. En ég legg áherslu á þennan mikla mismun milli þessara tveggja ágætu stóru flokka, annars vegar er sjálfstæði okkar sem tilheyrum Sjálfstfl. oft og tíðum, en sjálfstæðið er minna hjá flokksbræðrum hv. 1. þm. Austurl.

[12:17]

Halldór Ásgrímsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég veit ekki hvort það hefur mikið upp á sig að vera sjálfstæður eins og hv. þm. og mótmæla í tíma og ótíma og fá engu ráðið eins og mér heyrist á honum. Það hefur náttúrlega lítið upp á sig nema hann vilji koma því til skila til kjósenda á Suðurlandi hvað þetta sé vont allt saman. En mér heyrist á hv. þm. að nú sé hann tilbúinn til að flytja vantraust á hæstv. samgrh. og það eru nýju fréttirnar í málinu. Hann hefur hingað til aðeins verið tilbúinn að styðja vantraust á hæstv. utanrrh. og hann lýsir yfir miklum stuðningi við hæstv. forsrh. en ég heyri á honum að hann er búinn að fá alveg nóg af hæstv. samgrh. og mér skilst á honum að nú sé hann tilbúinn að flytja vantraust á hann en það er bara orðið of seint, hv. þm.

[12:18]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það mál sem við ræðum hér, till. til þál. um vegáætlun til fjögurra ára, skiptir landsmenn miklu. Það er eðlilega mikill áhugi á þessu. Ekki síst á það við landsbyggðina þar sem vegalengdir eru meiri og vegir almennt í lakara ástandi að því er slitlag varðar a.m.k. en hér á þéttbýlissvæði. Ég vil þó segja í upphafi míns máls að ég sé engum sérstökum ofsjónum yfir því að gert sé átak til úrbóta á höfuðborgarsvæðinu til þess að leysa erfiðustu vandamál umferðar hér en geta þess þó jafnframt til umhugsunar að kannski væri ástæða til þess fyrir þetta svæði hér, höfuðborg okkar og þéttbýlið sem tengist henni, að leita annarra lausna til lengri tíma litið í samgöngumálum en tefla fyrst og fremst á einkabíla eins og hér er gert og reyna að líta til þess sem skást hefur verið gert í nágrannalöndum þar sem reynt er að taka þessi mál öðrum tökum og koma upp og búa að almenningssamgöngum með þeim hætti að þær geti verið

raunverulegur kostur til hliðar við einkabíl í öðrum mæli en raun hefur orðið á hér. Það er ekki framtíðarstefna á aðalþéttbýlissvæðum landa og á ekki heldur við hér að ekki sé unnt að nota almenningssamgöngur í meiri mæli en gert er. Ég held að við getum lært nokkuð t.d. af nágrönnum okkar, Dönum, í þessu efni, Kaupmannahafnarsvæðinu og hvernig þar er tekið á málum einnig að því er varðar fjárhagslega stýringu að því er snertir umferð einkabíla inn í hjarta miðbæjar þar. Þó ætla ég ekki að ræða það sérstaklega og ég ítreka það að tel að það sé mjög eðlileg krafa að til þessa svæðis verði varið meira fjármagni eins og er sannarlega gert í þessari áætlun og eins og minni hluti nefndar hefur ekki gert breytingartillögur um.

Ég vil hins vegar, virðulegur forseti, koma að nokkrum atriðum almenns eðlis til áherðingar þess sem ég sagði við 1. umr. þessa máls en þá gagnrýndi ég margt af því sem varðar hinn almenna ramma þessa verks og fyrst af öllu það að ekki er allt sem sýnist í uppsetningu málsins að því er varðar fjármagn sem ríkisstjórnin er að státa sig af að sé dregið inn til vegamála. Það er reynt að láta líta svo út sem hér sé um 3.500 millj. kr. að ræða á tímabilinu sem sé aukning á vegafé en þegar betur er að gáð er hægt að draga meira en milljarð kr. frá þessari upphæð vegna þess sem dregið er í land að öðru leyti. Hér er að nokkru leyti verið að taka með annarri hendinni það sem gefið er með hinni. Við nefndum það hér og því var ekki neitað og ekki hrakið við 1. umr. málsins að í raun væru það 2.355 millj. kr. sem kæmu sérstaklega til viðbótar á þessu tímabili.

Í öðru lagi vil ég nefna að það er ekki eðlilegt að ríkisstjórn sem er væntanlega að renna sitt síðasta skeið í aðdraganda kosninga, a.m.k. er fullkomin óvissa um framtíð hennar, sé að leggja áherslurnar og ráða megináherslunum í sambandi við vegamál til næstu fjögurra ára, fyrir komandi kjörtímabil. Ég er ekki að álasa þessari ríkisstjórn sérstaklega í því efni. Það er verið að fylgja hér hefð og leiðbeiningu í lögum að þessu leyti. En þetta eru ekki góð vinnubrögð. Það er að sjálfsögðu eðlilegra að móta stefnu í upphafi kjörtímabils, á fyrsta þingi kjörtímabils, af þeim sem við taka þannig að þeir geti komið sínum áherslum að í sambandi við þessi efni með öðrum hætti en felst í endurskoðun að tveimur árum liðnum. Ég vil jafnframt nefna það í þessu sambandi að í þeirri þál. sem hér liggur fyrir er réttilega á það bent að það verkefni bíði að móta langtímaáætlun sem leggja á til þriggja tímabila, samtals til 12 ára fram í tímann og það sé verkefni næsta þings. En við erum nú þegar á þessu þingi að móta stefnu um þriðjunginn af þessu tímabili. Og auðvitað á langtímaáætlun að koma á undan stefnumótun um hvernig eigi að skipta fé innan tímabilsins. Þetta minnir því nokkuð á valinkunna bræður sem við þekkjum úr þjóðsögunum, Bakkabræður. Þau vinnubrögð eru Bakkabræðraaðferð sem hér eru notuð í sambandi við stefnumótun og okkur til lítils sóma á Alþingi Íslendinga að standa þannig að málum.

Ég tel að næsta ríkisstjórn sem við tekur þurfi, jafnhliða því sem langtímaáætlun er mótuð til lengri tíma, að endurskoða vinnubrögðin í þessum málum til framtíðar þannig að menn séu ekki að vinna meira og minna út frá skammtímasjónarmiðum eins og þetta mál liggur fyrir. Þetta varðar t.d. stórframkvæmdir í vegamálum eins og jarðgangagerð sem ég kem hér að síðar.

Þá tel ég einnig að við mótun þessa máls og í þeim búnaði sem vegáætlun nú liggur fyrir sé stefnt til verulegra vandræða með því að vera í auknum mæli að búta niður fjárveitingar í einstaka sérflokka þannig að upphæðirnar til almennra framkvæmda sem eftir standa og varða vegakerfið almennt eru orðnir smáaurar, orðnar óverulegar upphæðir miðað við það sem er í sérmerkt verkefni sem heita ýmsum nöfnum, höfuðborgarsvæði, stórverkefni, framkvæmdaátak vegna atvinnu og sérstakt framkvæmdaátak sem er tengt höfuðborgarsvæðinu öðru fremur en síðan skipt eftir höfðatölureglu varðandi landið í heild. Og enn er verið að bæta við sérstökum flokki í þessum efnum eins og fram hefur komið, áfanga til að tengja byggðasvæði sem er að bætast við og kom fram í framsöguerindi meiri hluta nefndarinnar.

Það er ekki skynsamlega að verki staðið að vera að kljúfa þetta niður með þessum hætti. Það kemur í veg fyrir það að menn geti litið sæmilega heildstætt á verkefnin sem við blasa og haft þann sveigjanleika í því sem eðlilegur væri. Það er að sjálfsögðu réttmætt að leggja áherslur og alveg óhjákvæmilegt að taka út úr almennri skiptingu stærstu átaksverkefni eins og t.d. jarðgangagerð. Um það þurfum við ekki að deila. En þegar svo er komið að hin almennu verkefni eru í raun orðinn minni hluti og verulegur minni hluti framkvæmdafjár til skipta þá er stefnt í verulegt óefni.

Þá vil ég nefna það næst, virðulegur forseti, að vinnubrögðin í sambandi við deilingu þessa fjár sem hér er til skipta eru afar ranglát að þessu sinni og það sætir furðu að mínu mati að þingmenn af landsbyggðinni eins og hv. 2. þm. Norðurl. v., vel vinnandi þingmaður sem er að ljúka sínum ferli eftir langa og farsæla setu á Alþingi, þá tala ég almennt þó að ég hafi ekki verið hv. þm. sammála í öllum málum en oft átt með honum góða samleið og þar á meðal í ríkisstjórn, skuli standa að því hér sem frumkvæðisaðili og formaður samgn. að skipta fjármagni í einum af þessum framkvæmdaþáttum eins og raun ber vitni og ég mun koma frekar að.

Ég er satt að segja mjög undrandi á því að hv. þm. skuli ekki hafa beitt sínu afli, sem er talsvert þegar hann vill svo við hafa, til þess að koma í veg fyrir að mínu mati óréttmæt vinnubrögð gagnvart einstökum kjördæmum í sambandi við skiptingu fjár. Í framsöguræðu fyrir meirihlutaáliti samgn. hafði hv. þm. nokkuð stór orð að mínu mati í garð minni hlutans sem er að reyna að koma fram með aðrar áherslur til þess að draga úr því sárasta í þessum efnum og ég vil í raun enn trúa því að það geti verið möguleiki á því að fá undirtektir og stuðning við það hér, m.a. frá hv. 2. þm. Norðurl. v., til þess að gera hér á leiðréttingu og teldi að það væri mjög verðugt hlutverk fyrir hann hér, e.t.v. á sínum síðasta þingdegi á Alþingi Íslendinga, eftir

langa og dygga setu hér fyrir sitt kjördæmi og landið sem heild, að gerast sáttasemjari í þessu máli og reyna að hafa áhrif á hæstv. samgrh. sem nú er risinn úr rekkju og ég býð sérstaklega velkominn til fundar. En hann hafði fjarvist fyrr á fundinum og er gott að hann skuli einnig vera hingað kominn og ætti að greiða fyrir því að það verði hægt að líta á þetta mál áður en umræðu lýkur.

Það sem hér er um að ræða hefur vissulega verið rætt hér bæði af frsm. minni hluta nefndarinnar sem og af hv. 1. þm. Austurl. En það sem við okkur blasir, þingmönnum þriggja kjördæma í landinu, er það að verið er að hafa fjármagn af þeim miðað við skiptingu samkvæmt höfðatölureglu sem nemur á fjórða hundrað millj. kr. Þar af er Austurland með 141 millj. í mínus á tímabilinu og það munar um minna í vegaframkvæmdir í kjördæmi þar sem vegakerfið er ekki í betra ástandi heldur en raun ber vitni.

Hér er reiknað á grundvelli þeirrar skiptiprósentu sem verið hefur í gildi á undanförnum árum og þokkaleg sátt hefur verið um en verið er að ganga gegn með því að láta höfðatölureglu ráða í sambandi við skiptingu fjármagns í þeim flokki. Og Austurland hefur ekki meira í það að leggja hlutfallslega að íbúatölu en 4,9% á sama tíma og okkar skiptiprósenta er sú hæsta í einstökum kjördæmum, ef ég man rétt, nálægt 22% eða milli 21 og 22%, svolítið mismunandi eftir árum. Og önnur kjördæmi sem þarna eiga í hlut eru Vestfirðir með 110 millj. samkvæmt þessum útreikningi og Vesturlandskjördæmi með 46 millj. Er það sæmilegt, virðulegur forseti, að ætla að afgreiða þetta mál með þessum hætti, að hér sé meiri hluti landsins, bæði í kjördæmum talið og að ekki sé nú talað um höfðatölu, sem telur sig fá þokkalega úrlausn mála á meðan farið er með þessi kjördæmi og þar af a.m.k. tvö og ég býst við öll þrjú, sem eru með stærsta verkefnið óleyst í vegamálum innan sinna marka. Hér er verk að vinna fyrir hv. 2. þm. Norðurl. v. að bæta úr þessu, þessum stóra ágalla á málinu áður en umræðunni lýkur og ég skora á hv. formann meiri hluta samgn. að líta á þetta mál með minni hlutanum fyrr en seinna til þess að greiða fyrir því að málið fái þokkalega afgreiðslu í þinginu og um það geti verið þolanleg sátt.

Hv. frsm., 2. þm. Norðurl. v., nefndi það alveg réttilega að yfirleitt hafa þingmenn reynt að ná saman um vegáætlun, megináherslur og skiptingu vegafjár. Við þingmenn Austurl. sem erum í stjórnarandstöðu treystum okkur ekki til þess og lái oss hver sem vill, að fara að standa að skiptingu fjár miðað við þessa niðurstöðu. Það breytir engu þó bent sé á það að ekki sé verið að draga úr því sem áður var gert ráð fyrir með vegáætlun sem verið hefur í gildi til þessa. Það breytir engu. Það gildir einnig um önnur kjördæmi. Það er sú mismunun sem er látin bitna á þessum kjördæmum sem við erum hér að gagnrýna og gera kröfu um að verði leiðrétt.

Varðandi Austurlandskjördæmi sérstaklega og tengsl þess við önnur kjördæmi vil ég segja nokkur orð. Ég ætla ekki að fara að ræða í neinum smáatriðum þá skiptingu sem stjórnarþingmenn, hv. 3. þm. Austurl. og hv. 5. þm. Austurl., hafa leitt til lykta á grundvelli tillagna Vegagerðar ríkisins. Við gengum frá því borði, þingmenn Framsfl. á Austurlandi og sá sem hér talar, af ástæðum sem ég hef þegar greint frá. Og það þarf nokkuð til að við stöndum ekki að málum. Við höfum margt mátt þola á undanförnum árum og tekið þátt í mörgu þegar aðrir hafa verið að hlaupa þar frá að axla ábyrgð og það jafnvel á tíma þegar þeir hafa haft ítök um landsstjórnina.

Við höfum látið það yfir okkur ganga eins og þingmenn fleiri kjördæma, að ríkisstjórn hefur gripið inn í hefðbundin vinnubrögð í vegamálum eins og gerðist sumarið 1992 með því að ákveða verulegar framkvæmdir sem voru undir merkjum atvinnuaukningar, að bæta úr atvinnuástandi og varið var talsverðu fjármagni til. Þá var það ríkisstjórnin sem gerði um það tillögur og stjórnarliðar sem fengu að sjá þær en stjórnarandstöðuþingmenn komu þar ekkert nærri, höfðu engin tækifæri til að hafa þar áhrif á. Við létum okkur samt hafa það að líta á endurskoðun vegáætlunar og láta það ekki verða til þess að standa ekki að því sem hefur verið reynt af þingmönnum kjördæmanna, þangað til nú, að þetta er útilokað af okkar hálfu eins og málin liggja nú fyrir og þarf í rauninni ekki að hafa um það fleiri orð.

Í sambandi við stöðu mála á Austurlandi þá blasir við hvert verkefni þar er að vinna í sambandi við uppbyggingu vega og þarf í rauninni ekki annað heldur en vísa til þeirrar tillögu sem hv. 3. þm. Austurl. lagði inn í þingið í vetur, sem má líta á sem einhvers konar bænaskrá til núverandi forustu í vegamálum, ákall um það að fá leiðréttingu mála varðandi vegakerfið á Austurlandi og getið var um fyrr í umræðum. Þar eru stór svæði þar sem ekki er búið að koma bundnu slitlagi á vegi á stofnbrautum. Og þó að ég hafi það ekki nákvæmlega hér þá held ég að það sé um það bil helmingur af vegakerfinu hjá okkur á Austurlandi sem enn er ekki klætt bundnu sitlagi, eitthvað nálægt því og það segir mönnum nokkuð um það hvert verkefni þar er að vinna og það munar um á annað hundrað millj. á þessu tímabili eða 140 millj. sem um er að ræða þegar litið er á þörfina.

Ég vil einnig koma því hér að, virðulegur forseti, að það er álitaefni hvort það eru réttar áherslur sem lagðar eru til næstu ára eins og í pottinn er búið, að fara að ráðast í uppbyggingu vegar miðað við að gera hann að megintengingu milli Norður- og Austurlands eins og hæstv. samgrh. hefur markað stefnu um og knúið fram og er að festa í sessi hér enn frekar með þessari vegáætlun. Ég held að það hljóti að vera mörgum umhugsunarefni eins og ástandið er á vegum innan byggða á Austurlandi, hvort menn hafi ráð á því að fara í þá tengingu og leggja þar til það fjármagn, þó ekki sé nema 30% af framkvæmdafé af vegafé kjördæmis. Þar með er ég ekki að segja að það blasi ekki við þörfin á því að bæta þar úr. En því máli tengist einnig það álitaefni, sem rætt hefur verið í þinginu í sambandi við sérstaka till. til þál. sem ég hef flutt ásamt hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni, um athugun á vegasambandi milli Norður- og Austurlands, þar sem

við höfum viljað fá rækilega skoðun á því hvort ekki sé réttmætt að ársvegurinn, meginvetrarleiðin á milli landshlutanna, fylgi byggðunum á Norðausturlandi, þannig að menn slái tvær flugur í einu höggi að byggja upp byggðaveginn með ströndinni og yfir heiðar á Norðausturlandi, sem eru viðráðanlegar og bæta þannig samgöngur og þurfa ekki að reka tvo vegi yfir hávetrinn eins og stefnt er að með núverandi stefnu. Það er ekki skynsamleg ráðstöfun á peningum miðað við þá miklu þörf sem uppi er og það er ekki skynsamleg stefna gagnvart byggðarlögunum á Norðausturlandi.

Ég hef sagt það, virðulegur forseti, og endurtek það einnig hér að inn í þetta mál kemur spurningin um tengingu milli Héraðs og Vopnafjarðar með jarðgöngum því að sjálfsögðu þarf slík tenging að koma til þess að um sé að ræða öruggan vetrarveg. Og það eru að sjálfsögðu aðrar forsendur sem skapast í því máli ef menn líta á uppbyggingu vegasambands sem vetrarleiðar milli landshlutanna með ströndum fram um Vopnafjörð heldur en ef menn eru með þá áherslu sem nú er að fá framgang fyrir tilstilli núv. hæstv. samgrh., að byggja upp með forgangi leiðina yfir fjöllin sem er á löngum köflum í 600 metra hæð og jafnvel þar yfir.

Ég vil þá einnig nefna það, virðulegur forseti, sem tengist vegaframkvæmdum á Austurlandi og það er spurningin um jarðgangagerð. Það má með rétti segja að það mál snerti ekki fyrst og fremst þá áætlun sem við ræðum hér um eða snerti hana ekki með beinum hætti, en þó. Síðasta ár þessa tímabils var gert ráð fyrir að yrði fyrsta framkvæmdaárið í jarðgöngum á Austurlandi. En hér eru í rauninni aðeins smáupphæðir sem eru settar á blað, smáupphæðir til rannsókna á jarðgöngum án þess þó að nokkrar áætlanir liggi þar að baki og fullkomlega ónógt fjármagn ef menn gera ráð fyrir því að unnt væri að ráðast í jarðgangagerð fyrir aldamót og bjóða verk út. Þetta blasir við í þessu plaggi og það er óhjákvæmilegt að nefna það hér í umræðu um þessa áætlun.

Ég minni á það, virðulegur forseti, að um það er samstaða á Austurlandi og við það er stuðningur í mínum flokki eins og það var stuðningur þar 1988 þegar ákvarðanir voru undirbúnar og síðan teknar varðandi jarðgangagerð á Vestfjörðum. Við unum því illa að það sé verið að ýta þessum áherslum til hliðar að því er varðar Austurland. Við höfum notið stuðnings Vestfirðinga, milli þeirra landshluta sem búa að mörgu leyti við svipuð skilyrði. Það hefur verið gott samstarf og góður skilningur þar á milli manna. Auðvitað þurfum við á því að halda að fá stuðning annarra og skilning á þeim aðstæðum sem byggðarlögin búa við í þessum landshlutum og það á að vera eitt af verkefnunum í vegamálum að hafa í gangi samfellda jarðgangagerð í landinu sem ákveðinn þátt og leggja til slíkra framkvæmda vissan hlut af því fjármagni sem við höfum til ráðstöfunar.

Það má vissulega nefna fleiri þætti, virðulegur forseti, sem tengjast þessu og ég vil aðeins koma að brúarframkvæmdum í þessu sambandi. Það er að skapast hjá okkur víða í vegakerfinu erfitt ástand vegna þess að brúarframkvæmdir hafa orðið út undan í sambandi við uppbyggingu vegakerfisins. Það er eðlilegt sjónarmið og eðlileg freisting að reyna að nota peningana til þess að gera vegina bærilega til umferðar með því að byggja þá upp og leggja þá bundnu slitlagi. Sú áhersla er mjög skiljanleg. En okkur alþingismönnum ber að mínu mati að líta á málið út frá heildarsýn og taka þá með í reikninginn að brýrnar eru hluti af vegunum og þurfa að hafa ákveðið burðarþol og þurfa að standast ákveðnar lágmarksöryggiskröfur umferðarlega séð, en það gera þær ekki margar hverjar. Þar er að finna miklar slysagildrur og þar tefla menn á tvísýnu í sambandi við burðarþol víða á landinu. Það eru þannig að skapast höft í tengingu milli landshluta eins og í tengingu Austurlands sunnan jökla til Suðurlands vegna þess að á þeirri leið eru nokkrar brýr sem ekki standast í raun þær kröfur sem eðlilegt væri að gera nú, hvað þá til framtíðar litið. Þetta er eitt af því sem þarf að skoða og breyta að mínu mati og það væri ekkert fráleitt að festa um ákveðið skeið, ef menn eru á annað borð að hólfa sundur vegaféð, að festa ákveðið hlutfall í framkvæmdum til brúargerðar til þess að menn sinni því verkefni eins og þörf er á.

Ég er þá ekki, virðulegur forseti, að vísa til þeirra aðstæðna sem vakin hefur verið athygli á af minni hálfu og fleirum og geta skapast á veginum sunnan jökla við Jökulsárlón á Breiðamerkursandi. Að vísu þurfa menn kannski ekki að hafa stórar áhyggjur af því þessa dagana þegar Jökulsá stendur uppi eða lokast hefur milli strandar og lóns eins og við höfum séð og heyrt af. En þarna hefur verið og er í gangi þróun sem getur leitt til mikilla erfiðleika og getur kostað mikið fjármagn að bregðast við og leysa og það er góðra gjalda vert að Vegagerð ríkisins hefur í auknum mæli núna síðustu árin beint sjónum sínum að þessari þróun og vonandi taka menn á því verkefni í tæka tíð ef sú þróun heldur áfram sem þar hefur verið í gangi um langt skeið eftir að jöklar tóku að hopa að ráði.

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að eyða öllu meiri tíma í að ræða þetta mál að sinni, en það má vera að ég sjái mig tilknúinn til þess að koma hér aftur ef ekki verða einhver viðbrögð við áskorunum okkar þingmanna Austurlands og talsmanns minni hluta samgn. sem mælti fyrir brtt. sem kynnt hefur verið til að leiðrétta það sem við teljum vera óhæfu í sambandi við þetta mál. Ég vil ítreka áskorun mína um það og vænti að við fáum liðsinni frá þeim sem þurfa að koma hér til, þar á meðal frá þeim sem styðja stjórnina og eru þingmenn á Austurlandi, sem þurfa auðvitað að koma til liðs til þess að fá leiðréttingu á þessu óréttlæti ef einhver von á að verða til þess að þar verði einhver bót á ráðin áður en þetta mál verður leitt til lykta hér á Alþingi.

[12:49]

Egill Jónsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er gott til þess að vita að hv. 4. þm. Austurl. er að vaxa þrek því eins og menn vita treysti hann sér ekki til þess að taka þátt í umfjöllun um vegáætlun í þingmannahópnum og það út af fyrir sig er mikilvægt að hann skuli vera að ná sér út úr þeirri tilvistarkreppu sem hann var þá í.

Að því er varðar það sem kemur hér fram um hlut Austurlands í vegáætlun þá er um það að segja og ég mun koma betur að því síðar í dag, að hlutur Austurlands hefur ekki á nokkurn hátt verið fyrir borð borinn nema síður sé og í vegamálum á Austurlandi hafa nást fram á þessari áætlun meiri framkvæmdir heldur en áður hefur verið. Og það er mikill misskilningur ef menn halda að það sé eitthvað sérstaklega vegið að hlut Austurlands í þessum efnum. Austurland og Vestfirðir fá skerðingarnar sem koma fram í skiptiprósentunni til baka í gegnum stórverkefnasjóðinn, og meira en það. Þessu mun ég lýsa betur síðar í umræðunum í dag. En það er satt að segja afar sérkennilegt að hv. síðasti ræðumaður heldur sig enn þá við vegáætlunina eins og hún var lögð fram, en fjallar ekki um vegáætlunina eins og hún var hér afgreidd. Í umræðunni hafa verið gerðar mjög mikilvægar breytingar sem stórbæta hlut Austurlands og gera hann raunar afar góðan þegar litið er til landsins í heild sinni og þetta mun ég rökstyðja síðar í umræðunni í dag.

[12:51]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég fæ auðvitað engu breytt um það að hv. 3. þm. Austurl. er ánægður og stoltur yfir því verki sem hann ber ábyrgð á með öðrum stjórnarliðum og alveg sérstaklega með hv. 5. þm. Austurl., Gunnlaugi Stefánssyni, í sambandi við mótun þessa máls. Það er dálítið sérkennilegt að hv. þm. skuli vera eins harðánægður og hér kom fram þegar það blasir við að í samanburði á skiptingu fjár milli kjördæma samkvæmt þeirri reglu sem hv. þm. stendur að með ríkisstjórninni að leiða yfir okkur þá skortir um 140 millj. kr. á að Austurland haldi sínum hlut eftir að búið er að færa upp að ákveðnu lágmarki miðað við verkefnið samkvæmt vegáætlun. Þetta blasir við hverjum manni. En ég veit að hv. þm. verður ekki skotaskuld úr því síðar í umræðunni að reyna að sveipa þetta mál þoku, enda hefur hann mikla þörf á því ætli hann sér ekki að reyna að leggja okkur lið sem erum að reyna að fá leiðréttingu á þessu ójöfnuði. En það ætti að vera verkefni hv. þm. ásamt öðrum talsmönnum kjördæmisins og leita liðsinnis við þá sem þurfa að koma til, þar á meðal sá sem hefur forustu fyrir þessu máli, hv. 2. þm. Norðurl. v., sem ég hef verið að beina áskorunum til að liðsinna okkur til þess að láta það nú verða sitt síðasta verk á þingi að draga úr því misrétti sem hér er verið að leiða yfir þrjú kjördæmi sérstaklega.

[12:53]

Egill Jónsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er hárrétt sem hv. síðasti ræðumaður gat hér um að stjórnarþingmennirnir af Austurlandi bera ábyrgð á þessari skiptingu. Þeir bera ábyrgð á þeim ákvörðunum sem hér eru teknar. Þeir báru ábyrgð á því við síðustu gerð vegáætlunar að það var breytt um áherslur í vegamálum á Austurlandi, flýtt ýmsum mjög mikilvægum framkvæmdum og það er alveg hárrétt að þetta er á ábyrgð stjórnarliðsins. Það er á byrgð stjórnarliðsins að t.d. tengiveginum til Norðurlands var flýtt þannig að nú gera áætlanir ráð fyrir því að það verði búið að byggja hann um sama leyti og átti að hefja þær framkvæmdir. Þetta er auðvitað á ábyrgð okkar stjórnarþingmannanna og eins og kom fram hjá síðasta ræðumanni að þessar ákvarðanir hafa m.a. verið teknar í andstöðu við hann. Þetta eru bara staðreyndir málsins.

[12:55]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það sætir dálitlum tíðindum að hv. 3. þm. Austurl. er að koma hér til þess að hæla sér yfir verkum og vinnubrögðum ríkisstjórnarinnar sem gekk fram hjá stjórnarandstöðunni 1992 þegar allir voru sammála um að það væri ágætt mál að auka fjármagn til vegaframkvæmda og braut þær hefðir og vinnubrögð sem hafa verið í góðu gildi um árabil. Á þeim tíma varð ég ekki var við að hv. þm. væri sérstaklega stoltur yfir þeim verkum, að ganga í þau verk með ríkisstjórninni. Ég held að ég eigi ýmislegt bókað um það úr hans máli á þeim tíma. Ég held að það sé ekki skynsamlegt sem hér er verið að innleiða, að ætla að skipta þinginu upp eins og hér er verið að gera af ríkisstjórninni með þeim vinnubrögðum sem hér eru innleidd og sem hv. þm. ber ábyrgð á. Það getur vel verið að hann haldi að hann fái gott orð í eyra fyrir þetta á Austurlandi. Ég á ekki von á því. Ég held að þegar menn sjá hvað hér blasir við, hvernig hér er haldið á máli, þá verði það ekki þær kveðjur sem hv. þm. geti vænst af því fólki sem hefur trúað honum fyrir umboði á Alþingi.

Umræðu frestað. [Fundarhlé. — 12:57]

Útbýting þingskjala:

Skipulags- og byggingarlög, 460. mál, stjfrv., þskj. 897.

Vátryggingastarfsemi, 402. mál, nál. meiri hluta allshn., þskj. 898.

Þróun umhverfismála á Íslandi, 461. mál, skýrsla umhvrh., þskj. 899.

Umræður utan dagskrár.

Kennaraverkfallið.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Eins og tilkynnt hafði verið hefst nú utandagskrárumræða sem fer fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapalaga. Málshefjandi er hv. 1. þm. Norðurl. v., Páll Pétursson. Efni umræðunnar er kennaraverkfallið. Hæstv. fjmrh. verður til andsvara.

[13:30]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Verkfall kennara hefur nú staðið á aðra viku. Ég beini máli mínu til hæstv. fjmrh. og reyndar ríkisstjórnarinnar allrar: Hvað ætlar ríkisstjórnin að gera til að leysa þetta verkfall?

Ríkisstjórnin gumar af því að það ríki vinnufriður í landinu. Þrátt fyrir það eru kennarar í verkfalli og fjöldi nemenda sem gengur atvinnulaus fyrir bragðið.

Ég tel að ríkisstjórnin geti ekki setið með hendur í skauti.

Nú er það svo að sjaldan veldur einn þá tveir deila og ég ætlast alls ekki til þess að ríkisstjórnin gangi umyrðalaust að ýtrustu kröfum kennara. En ég ætlast til þess að ríkisstjórnin sýni vilja til samkomulags og ég ætlast líka til þess að kennarar sýni sanngirni og samkomulagsvilja. Því miður virðist þetta mál vera í sjálfheldu og það verður að koma því á hreyfingu. Hagsmunir kennara eru mikilvægir, hagsmunir ríkissjóðs eru líka mikilvægir, en hagsmunir 60 þúsund nemenda yfirgnæfa allt annað í þessu máli. Ríkisstjórn og kennarar eru að leika sér með framtíð 60 þúsund nemenda því það eru nemendur sem eru fórnarlömbin í deilunni. Það er framtíð nemenda sem er í húfi. Nú bíða þeir í óvissu. Verður 10. bekkingum gert kleift að ljúka grunnskólaprófi í vor? Verður stúdentsefnum gert kleift að ljúka sínum áfanga í vor eða verða þeir fyrir töfum? Tafir í námi og tilheyrandi vonbrigði geta haft áhrif á alla framtíð nemenda á viðkvæmum aldri.

Það má segja það með nokkrum rétti að nemendur séu í nokkurs konar gíslingu hjá ríkisstjórn og kennurum og ríkisstjórnin verður að hafa frumkvæði að lausn þessarar deilu. Deilur leysast ekki með stympingum. Deilur leysast með því að menn séu tilbúnir að velta upp nýjum og nýjum kostum og því miður hefur þessi deila borið of mikinn keim af stympingum og þráa.

Ríkisstjórnin hefur líka verið með óþarfa ögranir, tilgangslausar örgranir í garð kennara. Hér hefur hæstv. menntmrh. verið að þráast við að fá lögfest grunnskólafrv. í blóra við kennara. Ríkisstjórnin felur frv. um réttindamál kennara og hleypir hvorki stjórnarandstöðu né kennurum í það. Ég tel að ríkisstjórnin eigi að stinga grunnskólafrv. niður í skúffu og það mundi liðka fyrir samningum. Ríkisstjórnin á að hefja endursamningu á leynifrv. um réttindamál kennara og vinna það í samráði við kennara og stjórnarandstöðu. Og ríkisstjórnin á að bjóða kennurum sæmileg boð um launahækkanir í stíl við það sem um hefur samist á vinnumarkaði og taka síðan upp viðræður um sérkjör kennara með það fyrir augum að leysa deiluna. Nemendur eiga heimtingu á að verkfallinu ljúki sem allra fyrst svo þeir fái lögboðna kennslu. Þetta verkfall hefur staðið of lengi og því verður að ljúka sem allra fyrst. Það hefur þegar valdið fjölda fólks miklum óþægindum og nemendum skaða.

[13:34]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Á fundi samningsaðila 8. feb. lagði samninganefnd ríkisins fram tillögu um kjarasamning og fleira. Tillagan fól í sér að auk þess að semja um launabreytingar hliðstæðar þeim sem almennt verða á vinnumarkaði geri aðilar samkomulag *um sérmál kennara, vinnutíma* o.fl. Á fundi samningsaðila 11. feb. gerði samninganefndin nánari grein fyrir tillögum sínum, bæði hvað varðar áhrif á starfsemi skólanna og kjör kennara. Samkvæmt tillögunni er gert ráð fyrir að unnt verði að fjölga dögum í virkt starf nemenda, kennslu, próf o.fl., um allt að 2–12 daga á ári, mismunandi eftir skólastigum og núverandi ástandi. Lenging þessi næðist með því að færa starfsdag í grunnskólanum að hluta til út fyrir kennslutímabilið og nýta að öðru leyti til þessara starfa frídaga nemenda svo sem 1. des., öskudag, þriðjudag eftir páska o.s.frv. Í framhaldsskólanum næðist fjölgun daga með því að afnema núverandi samningsákvæði sem takmarka skólastarf við 34 vikur á ári. Í samræmi við framangreindar breytingar lagði samninganefndin til að viðverudögum kennara fjölgaði um 8–10 daga þar af 5–8 daga utan árlega starfstímans.

Meta mætti breytingar þessar til hækkunar á launafjárhæð grunn- og framhaldsskóla um 500 millj. kr. en launakostnaður þess er nú 7 milljarðar kr. SNR, samninganefnd ríkisins, gerði einnig tillögu að breyttu starfsskipulagi og fleira samkvæmt framangreindu sem ég hef minnst á og að það verði bætt með breytingu á grunnlaunum og það gæti verið u.þ.b. 7% að jafnaði. Tillögur þessar voru ræddar við samninganefnd kennara. Mat þeirra var að til þess að komið yrði á breytingum þeim sem SNR miðaði við þyrftu kjarabreytingar kennara að vera langtum meiri en rúmast gæti innan 500 milljónanna.

Það var í framhaldi af þessu sem breytt var tilboði ríkisins í framhaldi af fundi ráðherra með forustumönnum kennara. Síðan var reynt, laugardag og sunnudag, 19. og 20. febr., að breyta tilboði ríkisins og koma til móts við hugmyndir kennara og á sunnudaginn síðasta var lögð fram útfærsla á tillögunni og þar með var upphæðin orðin 740 millj. kr. sem hefði verið 10,6% hækkun launaútgjalda umfram það sem gerist á almennum vinnumarkaði en eins og allir vita hefur þegar verið samið þar þannig að það kemur ekki í veg fyrir að hægt sé að semja við kennara.

Samninganefnd kennara hafnaði þessum tillögum einnig og mér sýnist nú, virðulegur forseti, að staða málsins sé þessi: Á borði kennarafélaganna liggja nú tillögur að nýjum kjarasamningi sem ganga út frá því að unnt verði að breyta starfsskipulagi skóla í samræmi við eindregnar óskir skólayfirvalda og foreldra. Breytingar þessar mundu fela í sér bætta nýtingu á skólaárinu og tíma nemenda og kennara til hagsbóta fyrir skólastarfið, nemendur og aðstandendur þeirra.

Tillögur þessar fela í sér verulegar kjarabætur til kennara umfram það sem samið hefur verið um á vinnumarkaði en eru réttlætanlegar vegna þessara breytinga sem fela í sér aukið vinnuframlag kennara og þær auknu kröfur sem gerðar hafa verið til starfs þeirra á undanförnum árum. Sýnt hefur verið fram á að kjarabreytingar þessar eru meiri en rakið verði beint til aukins vinnutíma kennara.

Tillögur þessar mundu fyrst og fremst hækka grunnlaun kennara. Að gerðum þessum breytingum verða launakjör fyllilega sambærileg við launakjör annarra hópa ríkisstarfsmanna í störfum þar sem gerðar eru svipaðar kröfur um menntun. Meðaldagvinnulaun háskólamenntaðra kennara innan BHMR yrðu svipuð eða hærri en meðaldagvinnulaun annarra í bandalaginu og meðaldagvinnulaun félaga í KÍ í eðlilegu samræmi við þau með tilliti til mismunandi krafna um menntun.

Tillögur þær sem SFR hefur lagt fram fyrir hönd fjmrh. í nánu samráði við menntmrh. fela í sér verulega aukningu á útgjöldum til skólamála á næstu árum. Þær eru til marks um vilja stjórnvalda til þess að á næstu árum verði varið auknu fé til að bæta skólastarf hér á landi.

Við þetta má svo bæta að nýlega var lagt fram á Alþingi í tengslum við kjarasamninga á almennum vinnumarkaði frumvörp um skattamál, verðtryggingamál og fleiri mál, eins og húsnæðismál, sem auðvitað koma kennurum til góða eins og öðrum í þjóðfélaginu. Því miður get ég, virðulegur forseti, ekki sagt hér og nú hvenær samið verður. En ég tel að samninganefnd ríkisins, menntmrh. og sá sem hér stendur höfum gert það sem í okkar valdi stendur til þess að leysa þessa deilu og það er sannarlega von mín að hún leysist sem fyrst enda bitnar þetta ótímabæra verkfall fyrst og fremst á skólabörnum, unglingum og aðstandendum þeirra.

[13:39]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. málshefjanda fyrir að taka upp þetta mál. Það er ekki seinna vænna að ræða áður en þing fer heim þá grafalvarlegu stöðu sem uppi er í þessari deilu. Það er óhjákvæmilegt að gagnrýna í fyrsta lagi harðlega vinnubrögð hæstv. ríkisstjórnar í sambandi við þetta mál.

Hæstv. ríkisstjórn hegðar sér þannig og gengur fram með yfirlýsingum sem ekki er hægt að túlka öðruvísi en þannig að ríkisstjórnin líti í raun svo á að kennarar og út af fyrir sig einnig opinberir starfsmenn hafi ekki sjálfstæðan samningsrétt, það þurfi ekki að ræða við þá um þeirra sérmál, það sé samið annars staðar fyrir þeirra hönd. Auðvitað getur þetta ekki gengið svona. Ríkið, hvorki sem vinnuveitandi né stjórnvald, getur hegðað sér þannig gagnvart fjölmennum stéttum í landinu.

Hvað ætlar hæstv. fjmrh. að gera? Hvað ætlar hæstv. ráðherra að gera? Það eru ekki mikil svör að lesa hér upp gömul tilboð sem löngu er búið að hafna. Hvað ætlar hæstv. forsrh. að gera? Hvað segir hæstv. forsrh. um stöðuna? Ætlar hæstv. forsrh. að sitja þegjandi undir þessari umræðu og senda þingið heim við þær aðstæður að 5.000 manna stétt er í verkfalli? Það verður að koma hreyfingu á þetta mál. Það er öllum ljóst að það er í pattstöðu eins og er. Skólarnir á Íslandi verða ekki reknir án kennara. Ég held að það sé alveg nauðsynlegt að ríkisstjórnin átti sig á því.

Það þekkja það væntanlega engir betur en kennarar sjálfir hversu viðkvæmt það er að beita verkfallsvopninu við aðstæður eins og þeir búa við. Þannig að ummæli af því tagi sem hér hafa fallið að þeir séu í þessari deilu að misnota sér börn í baráttu sinni eru ekki sæmandi nokkrum manni. Ég skora á hæstv. ríkisstjórn að koma hreyfingu á þetta mál. Einhver verður að stíga skref og það er ríkisstjórnarinnar að gera það núna að stíga nógu stórt skref til að koma aftur hreyfingu á málið.

[13:42]

Kristín Einarsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. 1. þm. Norðurl. v. fyrir að hefja þessa umræðu hér. Nú þegar hefur verkfall kennara haft veruleg áhrif í þjóðfélaginu og mun auðvitað hafa miklu meiri áhrif ef það stendur mikið lengur. Það er aðeins búið að standa í eina viku en veruleg áhrif hefur það þó haft. Það hefur ekki aðeins áhrif á skólastarf og nemendur heldur hefur það mjög víðtæk áhrif út um allt þjóðfélagið og ríkisstjórninni virðist vera alveg sama. Það var ekki hægt að heyra annað í máli hæstv. fjmrh. áðan en að honum væri nákvæmlega sama líka. Hann las upp tilboð sem við erum löngu búin að heyra og það virðist bara eiga að koma með það enn þá einu sinni. Síðan hjakka þeir hérna áfram með grunnskólafrv. sem er ekkert annað en að hella olíu á eld.

Það er því alveg með ólíkindum hvernig ríkisstjórnin hefur hagað sér í þessu máli og alveg furðulegt ef hún ætlar sér að halda áfram með þessum hætti. Ég lýsi fullri ábyrgð á hendur ríkisstjórninni á því í hvers konar hnút þetta verkfall er komið. Það hlýtur að vera þeirra skylda gagnvart fólkinu í landinu, gagnvart nemendum og foreldrum að gera eitthvað raunhæft í málinu þannig að þetta mál leysist hið fyrsta.

[13:43]

Sigbjörn Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það er full ástæða til að ræða hér í stuttri utandagskrárumræðu þá alvarlegu launadeilu sem stendur yfir og það verkfall sem þjóðin stendur frammi fyrir þessa dagana.

Það er svo að þetta verkfall snertir hvert einasta heimili í landinu með einum eða öðrum hætti. Það bætir okkur hins vegar ekki og lægir ekki þær deilur sem hér eru að snúa málinu upp í pólitískar deilur eins og hv. síðasti ræðumaður gerði.

Hv. þm. Páll Pétursson hóf þessa umræðu og talaði af sanngirni að mínu mati. Hann bað deiluaðila að stíga skref í þá veru að samningar mættu nást. Á því er mikil þörf. Í morgun kom lítið barn og gekk að hæstv. félmrh. á götu fyrir utan þinghúsið og sagði: Ráðherra, þessa deilu verður að setja niður, það verður að leysa verkfallið. Ég vona að þessi litla stúlka gangi einnig til kennara og forustumanna þeirra og biðji um að þessi deila verði sett niður. Vegna þess að það þarf tvo til og við eigum öll, hvert fyrir sig, að leggjast á sveif til að þessi deila leysist. Við þurfum ekki endilega að blanda umræðum um grunnskólafrv. þar inn í. En það er hægt að ná sáttum í þessari deilu og það verða allir að leggjast á eitt með það.

[13:45]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti. Ég tel að hv. þm. Páll Pétursson hafi hafið þessa umræðu af mikilli gætni og sanngirni sem ekki er auðvelt í stöðu eins og þessari á síðasta degi þings þegar viðkvæm deila stendur yfir við fjölmenn samtök. Ég deili öllum þeim áhyggjum sem hv. þm. hafði vegna velferðar þeirra sem eiga að njóta þeirrar þjónustu sem kennarar veita í skólum landsins. Ég hef áður nefnt það að ég óttaðist að ef málið félli í verk-

fallsfarveg þá yrði það ekki til þess fallið að flýta fyrir lausn deilunnar. Reyndar mun það nú vera svo að ekki sé hægt að nefna nein eða a.m.k. fá dæmi um það að verkfall hafi flýtt fyrir lausn deilna og því miður er það einnig svo að á 20–30 ára bili er mjög erfitt að finna dæmi þess að verkfall hafi í raun bætt kjör ef tekinn er saman ávinningur kjarabaráttunnar og kostnaður við verkfallið. Allt er þetta afskaplega erfitt. Það er afar erfitt að finna dæmi þessa. Ég yrði mjög þakklátur ef þeir þingmenn sem fussa úti í sal með tilþrifum gætu bent á slík dæmi en þau eru ekki fyrir hendi.

Ég fullyrði það að ríkisvaldið mun gera allt sem í þess valdi stendur til að leysa þessi dæmi. Ég veit að við eigum kannski ekki létt með að fá ráð frá þingmönnum Alþb. sem hér sitja í salnum og hafa áhuga á málinu. Þeir hafa að vísu drjúga reynslu frá 1989 um hvernig eigi að umgangast kennara en ég á ekki von á því að við munum fara eftir þeirra tillögum í þeim efnum. Þar var ekki um mjög farsæla lausn mála kennaranna að ræða. En ég vil þó undirstrika að þó að ríkisvaldið vilji teygja sig eins langt og það mögulega getur þá getur ríkisvaldið ekki leyft sér að teygja sig með þeim hætti að það raski almennri stöðu á launamarkaði. Það hygg ég að enginn þingmaður sem vill láta taka sig alvarlega geri kröfu um.

[13:47]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég efa að það dugi að skamma kommúnistana eina í þessum efnum til lausnar á þessu máli. Morgunblaðið birti í leiðara í vetur þær upplýsingar að sennilega væri það mestu mistök sem nokkur stjórnmálamaður hefði gert á þessari öld þegar Winston Churchill sendi herflota inn Dardanellasundið. Næst á eftir var Matthías Á. Mathiesen tekinn fyrir. Það var nú ekki tekið fram hvort hann væri næstmesti stjórnmálamaður aldarinnar en þau mistök að láta opinbera starfsmenn hafa verkfallsrétt voru sett sem mikið áhyggjuefni og við hliðina á því tiltæki að senda herskipaflotann inn Dardanellasundið. Ég sé að hæstv. forsrh. kinkar kolli og kannast vel við þennan leiðara.

Nú er það svo að þar kom hvergi fram hvernig ætti að leysa þetta mál en mér finnst að það þurfi að endurskoða eitt og annað í verkfallsrétti opinberra starfsmanna og verkfallsrétti almennt. Við þurfum að fara yfir okkar vinnulöggjöf og ég ætla að segja það að þetta minnir mig dálítið á það þegar ég las bókina Jón miðskipsmaður í gamla daga og Jón var skoraður á hólm. Hann átti tryggan þjón sem neitaði því alfarið að Jón mundi berjast og niðurstaðan varð sú að einvígið varð þríhyrnt. Svo var dregið um hver átti að skjóta á hvern og Jón átti að skjóta á þjóninn. Hér höfum við komið upp kerfi þar sem kennarar stöðva það vissulega að börnin fái kennslu, síðan er leiðangur sendur í fjmrn. til að herja á fjmrh. og svo eru mestu hugsuðir Sjálfstfl. sendir í sjónvarpsþátt til að skjóta á formann kennarasambandsins og bera það á hann að hann sé að níðast á litlu börnunum.

Ég held að þetta verði ekki leyst með þessum hætti. Ég tek undir þau ummæli sem hv. þm. Páll Pétursson viðhafði í upphafi þessarar umræðu.

[13:50]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Skólarnir í landinu, grunnskólinn, er einhver stærsta stofnun og sennilega fjölmennasta þegar nemendur eru meðtaldir í öllu landinu og það skiptir miklu fyrir framtíð þjóðarinnar og framtíð okkar barna að starfsemi þar geti farið fram með reglubundnum og góðum hætti. Hluti af því er að búa því fólki sem vinnur á þessum stað þannig kjör og umhverfi að það geti rækt störf sín þokkalega og finni að það njóti sæmilegrar sanngirni frá vinnuveitanda sínum. Ég held að það hafi verið um langa hríð svo að kennarastéttin í landinu, jafnt í grunnskólum sem í framhaldsskólum, hafi ekki notið þeirra réttinda í samskiptum við vinnuveitandann sem skyldi. Ég held að börnin okkar eigi það inni hjá stjórnvöldum í landinu að þau ráði bót á þessu. Það verkfall sem nú stendur yfir er auðvitað hneisa, að það skuli hafa verið látið skella á, að það skyldi ekki vera leyst áður en til þess kom. Verkfallsrétturinn og umbúnaðurinn um hann að því er varðar kennarastéttina er meingallaður og það bitnar á samtökum kennara.

Það frv. sem hér hefur verið til umræðu daga og nætur um hríð á Alþingi Íslendinga er ekki þannig í stakk búið að það sé líklegt til þess að leiða til lausnar á þessu máli. Það er því hluti af lausn þessa máls að hæstv. menntmrh. og ríkisstjórnin öll sjái að sér í þessum efnum. Það er ekki réttmætt að setja kennara undir lög þar sem óljóst er í mörgum grundvallaratriðum hvernig að þeim verði búið í framhaldinu. Ríkisstjórnin ber ábyrgðina, við þingmenn hljótum að knýja á um það að þingið verði ekki sent heim með þetta mál í þeirri kyrrstöðu og við þær aðstæður sem nú ríkja í skólum landsins.

[13:53]

Guðrún J. Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er þannig að í hvert skipti sem stétt sem hefur umönnun eða eftirlit með öðrum þegnum samfélagsins, einkum og sér í lagi þeim sem eru yngri eða minna mega sín á einhvern hátt, neyðist til að fara í verkfall þá brennur það alltaf fyrst og fremst á þeim sem eiga að njóta þjónustunnar. Þetta er staðreynd sem við rekum okkur alltaf á og er sorgleg og þýðir þar af leiðandi að það brennur á öllum þeim sem að samningamálum koma að leysa málin alltaf sem fyrst og til heilla þeim sem eiga að fá úrlausn sinna mála, þ.e. þeirra sem eru í það og það sinnið að sækja rétt sinn.

Þegar kennarar fara í verkfall er það láglaunastétt sem fer í verkfall. Þetta er láglaunastétt vegna þess að hún hefur alltaf haft viss gylliboð um framtíð sína. Hún á að eiga örugga vinnu og örugga elli. En núna stendur kennarastéttin frammi fyrir því að sennilega er hvorugt öruggt meðan grunnskólamálin eru á svo óryggislausum og óefndum grunni sem hann er í dag. Þess vegna standa málin afskaplega tæpt. Við erum að fara heim og við getum ekki farið heim, við verðum að vera hérna þangað til búið er að leysa þetta mál. Við getum ekki farið.

Þegar ég hætti sem kennari á vegum ríkisins þá

fluttist ég til Reykjavíkurborgar og ég þekki þetta mál þar af leiðandi vel. Ég fékk að vita að ég gæti ekki flutt lífeyrissjóðinn minn með mér, ég yrði að eiga hann inni. Nú stend ég t.d. og spyr: Hvað verður um minn lífeyrissjóðsrétt? Og allir standa og spyrja um það sama: Hvað verður um okkar framtíð? Hvaða rétt eigum við núna? Það verður að leysast, hæstv. ríkisstjórn, áður en þessi sólarhringur er runninn.

[13:55]

Guðmundur Bjarnason:

Hæstv. forseti. Eins og fram hefur komið hjá hv. öðrum þingmönnum sem hafa talað þá er þetta algjörlega óviðunandi ástand sem við búum nú við. Það er ekki heldur ásættanlegt að hæstv. ríkisstjórn hrósi sér af því að það sé vinnufriður í landinu meðan verkfall er með þeim afleiðingum sem verkfall kennara hefur fyrir bæði nemendur og fjölskyldur, fjölmargar barnafjölskyldur í landinu, meðan það ástand ríkir.

Því miður er það svo og kannski oftast í vinnudeilum að þær bitna á þriðja aðila, nú á nemendum og heimilum, stundum á sjúklingum eða einhverjum enn öðrum. En ég tel að ríkisstjórnin verði að sýna meira frumkvæði í þessu máli og beita öðrum vinnubrögðum og ég harma yfirlýsingu hæstv. fjmrh. áðan, ef hún er altæk, um að hann ásamt hæstv. menntmrh. og samninganefnd ríkisins hefðu gert það sem í þeirra valdi stæði til þess að leysa þessa deilu. Þá er því miður ekki von á góðu ef svo er.

Ég held að það verði að koma til meira frumkvæði. Ég tel með ólíkindum að eyða tíma Alþingis dögum saman í það að ræða þetta grunnskólafrv. sem hefur vissulega gert kjaradeiluna erfiðari. Hvað rök sem eru fyrir því í sjálfu sér þá er það staðreynd að grunnskólafrv. sætir andstöðu meðal samtaka kennara og þá herðir það auðvitað á deilunni. Réttindamálin eru í óvissu vegna þeirrar verkaskiptingar sem fram undan er milli ríkis og sveitarfélaga og þann pakka verður að opna. Það verður að ræða það mál tengt þessum kjarasamningum ef við eigum að ná lausn.

Þjóðarsátt í kjaramálum hefur verið afar mikilvæg og hún hefur stuðlað að stöðugleika í þjóðfélaginu en þjóðarsátt á einum tíma getur ekki gilt til eilífðar og hún getur ekki heldur komið í veg fyrir það að tekið sé á leiðréttingum í kjaramálum og að réttindamál einstakra stétta séu tekin til endurskoðunar. Ríkisstjórnin verður því að sýna frumkvæði í þessu sambandi en kennarasamtökin verða auðvitað einnig að leggja sig fram um að ná lendingu í þessu erfiða og viðkvæma deilumáli sem svo brýnt er að leysa án tafar.

[13:57]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Um leið og ég þakka hv. 1. þm. Norðurl. v. fyrir að taka upp þessa umræðu vil ég mótmæla orðum hans um það að kennarar séu að leika sér með framtíð 60.000 nemenda. Það er fyrst og fremst óábyrg afstaða stærsta atvinnurekandans í landinu, ríkisvaldsins, sem hefur skapað þessa deilu. Fjmrh. hefur lýst því yfir fyrir hönd ríkisstjórnarinnar að það sé ekki til nein launastefna hjá hæstv. ríkisstjórn og það eigi að bíða eftir niðurstöðum á markaðinum áður en menn setjast niður við samningaborðið. Þetta leyfir stærsti atvinnurekandinn í landinu sér að hafa sem afstöðu til launamála og kjaramála hjá kennurum og öðrum opinberum starfsmönnum sjálfsagt líka. Í staðinn fyrir að beita sér fyrir þríhliða viðræðum vegna þeirra framtíðaráforma að færa grunnskólann yfir á sveitarfélögin þar sem yrði tekið á þessum vandamálum sem liggja á bak við það að ekki er hægt að leysa þessa kjaradeilu þá hjakka menn hér á ónýtu grunnskólafrv. sem allir vita að búið er að setja ákvæði inn í sem þýða að frv. kemur ekki til framkvæmda fyrr en á miðju næsta ári og menn geta ekki viðurkennt að það þurfi að breyta um stefnu, draga þetta frv. til baka, ná samningi við kennara um kaup og kjör sem vísar á framhaldsviðræður þar sem menn taka á þessum framtíðarvandamálum.

Hér er haldið áfram og öllu hleypt í uppnám, enginn veit hvernig þetta endar, af einhverjum misskildum metnaði hæstv. menntmrh. sem virðist núna vera eina ástæðan fyrir því að menn geta ekki farið í annan farveg með þetta mál.

Það getur ekki verið um neinn varanlegan samning við kennara að ræða við þessar aðstæður. Það eru alveg hreinar línur. Það hlýtur að þurfa að semja um þau mál sem snúa að þeim atvinnurekanda sem á að taka við ef sú stefna sem menn hafa lýst yfir að eigi að taka við með því að skólar færist yfir á sveitarfélögin verður ofan á.

[14:00]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég þakka fyrir þessa umræðu. Ég hafði að vísu vonast eftir því að meira kæmi fram sem til nýlundu mætti telja hjá hæstv. fjmrh. Hann rakti tilboð ríkisins, við þekkjum þau. Það þýðir ekkert að vera að stympast með tilboð sem búið er að neita. Þá þarf að sýna hugkvæmni og gera nýtt tilboð. Það liggur fyrir að þessar 740 millj. í því formi sem þær voru boðnar duga ekki til, þá verður að fitja einhvers staðar annars staðar upp. Það þýðir ekkert að vera að eyða tímanum í þá hluti sem menn átta sig á að ganga ekki upp.

Ég tel að hæstv. forsrh. verði að höggva á þennan hnút. Honum ber að lýsa því yfir að grunnskólafrv. sé fryst í bili, bjóða kennurum til alvarlegra viðræðna um frv. um réttindamál kennara og reyna að koma samkomulagi á. Dagar ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar eru senn taldir. Að vísu ef marka má skoðanakannanir er hætta á því að núv. stjórnarflokkar missi ekki meiri hluta sinn í næstu kosningum og guð hjálpi okkur þá. En það er ekki sómasamlegt fyrir hæstv. forsrh. að fara úr Stjórnarráðinu og ganga til kosninga með allt í öngþveiti og þess vegna tel ég að það sé skylda hans sem höfuðs ríkisstjórnarinnar að beita sér fyrir lausn málsins.

Ég er ekki að biðja hæstv. forsrh. um að fara að gefa út einhverja ábyrgðarlausa kosningavíxla, þá yrði hans skömm lengi uppi, heldur að sýna ráðsnilld og leysa málið.

[14:02]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þessa umræðu í dag. Ég vil fyrst láta það koma fram að það hefur aldrei verið sagt að samningar við opinbera starfsmenn ættu að bíða eftir samningum almenna vinnumarkaðarins. Það hefur hins vegar verið sagt að inn í slíkan samning yrði þá að taka þær hækkanir sem kæmu á almenna vinnumarkaðnum, það væri ekki hægt að semja um það fyrir fram. Það er dálítið annar handleggur.

Ég ætla ekki að fjalla um verkfallsréttinn, en það er vissulega umhugsunarefni þegar hann varð til á sínum þá bitnaði hann á vinnuveitendunum fjárhagslega en í þessu tilviki bitnar hann fyrst og fremst á þriðja aðila.

Ég vil einnig að það komi hér fram að ég ræddi ítarlega við forustumenn kennara um fyrirhugað verkfall 5. jan. Þá voru aðeins tveir, þrír dagar liðnir inn á laust samningstímabil og verkfall hafði verið undirbúið frá því á haustmánuðum. Ég benti þeim á hversu hættulegt þetta gæti verið enda hefur það komið í ljós og ég bendi á að það er eina stéttin sem hefur efnt til verkfalla af hálfu opinberra starfsmanna á nýju lausu tímabili.

Það vekur athygli hér í dag hverjir tóku þátt í þessum umræðum. Það voru hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon og hv. þm. Guðmundur Bjarnason, ráðherrar í síðustu ríkisstjórn, en þeir þögðu hv. þm. Svavar Gestsson og Ólafur Ragnar Grímsson. Kannski vegna þess að þeir gerðu á sínum tíma tímamótasamning eftir verkfallið 1989 við HÍK og beittu bráðabirgðalögum síðar til þess að taka þennan samning til baka. Þess vegna þegja þeir hér í dag.

Ég held, virðulegi forseti, að við leysum þetta mál ekki hér. Við leysum það væntanlega með almennum kauphækkunum eins og aðrir hafa fengið í þjóðfélaginu og til viðbótar þurfum við að breyta vinnutímanum og ná þannig fram þeirri leiðréttingu sem við öll keppumst að með því að bæta um leið skólastarfið í landinu.

Ég vænti þess að á næstu dögum geti samningsaðilar unnið að því báðir að leysa þessa viðkvæmu deilu.

Útbýting þingskjala:

Athugun á einstökum ákvæðum skaðabótalaga, 462. mál, skýrsla allshn., þskj. 900.

Vörugjald af olíu, 337. mál, brtt. efh.- og viðskn., þskj. 901.

Eftirlit með skipum, 2. umr.

Frv. samgn., 453. mál (innflutningur skipa eldri en 15 ára). — Þskj. 775.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum, 3. umr.

Stjfrv., 430. mál. — Þskj. 704.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Leigubifreiðar, 3. umr.

Stjfrv., 329. mál (heildarlög). — Þskj. 887.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fólksflutningar með langferðabifreiðum, 3. umr.

Stjfrv., 332. mál (aldurshámark bifreiðastjóra). — Þskj. 888.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vöruflutningar á landi, 3. umr.

Stjfrv., 333. mál (aldurshámark bifreiðastjóra). — Þskj. 889.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Áhafnir íslenskra kaupskipa, frh. 3. umr.

Stjfrv., 317. mál. — Þskj. 836.

[14:08]

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég óskaði eftir fresti á afgreiðslu þessa máls í gærkvöldi til þess að ég gæti skoðað það ögn betur því af nógu var að taka í gær. Ég hef nú gert það og rætt við nokkra forustumenn íslenskra sjómanna sem telja að óhætt sé að hleypa þessu máli í gegn. Ég er hins vegar jafnóánægð með það og ég var fyrir ýmsar sakir. Ég tel að hér sé allt miðað við að mönnunarnefnd eigi að tryggja lágmarksmönnun, lágmarksöryggi og annað slíkt. Með því sem verið hefur að gerast með íslenska kaupskipaflotann, þ.e. það eru

örfáir aðilar sem ráða honum eingöngu, ég treysti því fólki ekki til þess að tryggja öryggi og velferð íslenskra sjómanna en úr því að forustumenn sjómannasamtakanna hafa ekki miklar áhyggjur af þróun þeirra mála, þá ætti ég kannski ekki að hafa það þannig að ég hef tekið þá ákvörðun um að sitja hjá við afgreiðslu þessa máls, hæstv. forseti.

[14:09]

Guðmundur Hallvarðsson:

Virðulegi forseti. Í því máli sem hér er til umræðu þykir mér rétt að geta nokkurra atriða sem varða þetta frv. svo og fara aðeins inn á þær umræður sem urðu hér í gærkvöldi.

Í fyrsta lagi er þess að geta að þegar þetta frv. var samið og samgrh. kallaði aðila til þess, þá tók því miður enginn fulltrúi undirmanna samtakanna þátt í undirbúningsvinnu við frv. Þar voru tvö ákvæði einkum sem menn höfðu athugasemdir við. Annað var 6. gr. frv. sem gekk út á það að hásetar ættu að vinna jafnt í vél sem á þilfari og þegar hefðu öðlast þá pappíra sem gert er ráð fyrir samkvæmt alþjóðastöðlum og alþjóðasamþykktum um öryggi og vinnutilhögun áhafna á kaupskipum, þá er gert ráð fyrir því að þeir fengju pappíra sem titluðu þá vélaverði. Þá skarast verulega kjarasamningsákvæði annars vegar vélstjóra og hins vegar Sjómannafélags Reykjavíkur. Þessir aðilar væru þá orðnir félagsmenn vélstjórafélagsins sem unnu bæði á dekki og í vél. Þarna var því ákvæði komið inn í með sérkennilegum hætti. Sem betur fer var það tekið út.

Í annan stað var síðan bætt við 1. gr. afar mikilsverðu nauðsynjamáli, þar sem segir, með leyfi forseta: „Lög þessi skulu á engan hátt skerða ákvæði kjarasamninga eða önnur samningsbundin réttindi þeirra er lög þessi taka til."

Þegar íslensk skip og erlend koma hér í höfn og íslensk í erlenda höfn þá er búið að ganga frá ákvæðum Alþjóðasiglingamálastofnunar og samþykktum frá 1987 þess efnis að siglingamálastofnanir viðkomandi landa hafi rétt til að fara um borð í skipin vegna eftirlitsþátta, fylgjast með öryggisbúnaði skipsins, svo og einnig til að athuga hvort þeir aðilar sem bera ábyrgð á siglingu skipsins hafi tilskilda pappíra. Og hvers vegna skyldi þetta vera orðið? Það er vegna þess að það hefur gerst víða í Austurlöndum að aðilar hafa getað keypt sér réttindapappíra. Þeir hafa getað keypt sér pappíra sem stýrimenn eða vélstjórar og þar af leiðandi hefur oft mátt rekja ýmis alvarleg slys á olíuskipum og skipum sem hafa verið að flytja ýmsan hættulegan varning til þess að menn hafa ekki kunnað að sigla skipi og því hefur farið sem fór. Þess vegna er þetta hafnareftirlit með réttindum manna og búnaði skipa tekið upp sem er mikið nauðsynjamál.

Hins vegar er ástæðan fyrir því að mjög liggur á að taka þetta frv. til afgreiðslu sú að nú er sífellt farið að þrengja meira að og gera meiri kröfur um að þessir pappírar séu til staðar hjá íslenskum áhöfnum kaupskipa eins og öðrum og því er þetta mjög brýnt mál. Ég tel að með þeim tveim breytingum sem gerðar hafa verið á frv. sé það mjög ásættanlegt.

Það sem ég vildi svo aðeins koma inn á, virðulegi forseti, eru hin almennu störf þingsins og umræður einstakra þingmanna. Í gærkvöldi fékk ég heimild til þess af sérstökum ástæðum að fara af fundi og ég vildi spyrja forseta hvort það sé mjög algengt, eðlilegt og venjulegt að einstakir þingmenn komi í ræðustól og geri athugasemdir við það þó að þingmaður sé ekki til staðar eins og hv. þm. Guðrún Helgadóttir gerði í gærkvöldi. Hún sagði, með leyfi forseta:

„Ég held að þetta mál þurfi einfaldlega miklu betri skoðun." — Þ.e. þetta mál um áhafnir íslenskra kaupskipa. — „Og það er ekki af tilefnislausu að samtök sjómanna eru óróleg út af þessu frv. ef að lögum verður."

Það er ekki rétt. Það var aðeins Sjómannafélag Reykjavíkur sem gerði athugasemdir við það. Hin samtök sjómanna voru ekkert óróleg vegna þess að það voru þau sem sömdu þetta frv. En síðan heldur hv. þm. áfram:

„Ég hlýt enn einu sinni þegar málefni sjómanna ber á góma hér að auglýsa eftir þeim manni sem á þingi situr vegna þess að hann hefur verið í forustu fyrir sjómannasamtökum, hv. 16. þm. Reykv., Guðmundi Hallvarðssyni. Hvar er hann í hvert einasta skipti sem málefni sjómanna eru á dagskrá á hinu háa Alþingi?"

Forseti. Er algengt að þingmenn tali svo þó að þeir sem ekki eru í salnum, að þingmaður úr ræðustól skuli hafa slíkt hátterni og slíkan talanda sem þennan? Það er mér gersamlega óskiljanlegt og þó ekki því að þetta er ekki í fyrsta skiptið. Þetta er nákvæmlega eins og þegar stýrimaðurinn bókaði í dagbókina að skipstjórinn væri fullur í dag. Skipstjórin bókaði þá hæsta dag að það væri merkilegt að stýrimaðurinn væri edrú þennan daginn. En þetta eru slík vinnubrögð, það er svo óþolandi hvernig þessi hv. þm. talar úr ræðustól að ég er hissa á því að forseti skyldi ekki hafa sett ofan í við þennan þingmann hvernig hann talar. Síðan heldur þingmaðurinn áfram:

„Sjómenn hafa ekki átt marga málsvara í þessari virðulegu stofnun og það er alveg lágmark að þeir sem hingað hafa verið kjörnir vegna stöðu sinnar í samtökum sjómanna hirði um að fylgjast með afgreiðslu þeirra mála."

Ég vildi í allri vinsemd, ég vil taka það fram, hæstv. forseti, að ég hef í dag gert það sem ég hef getað til að greiða fyrir hverju þingmáli á fætur öðru. Það gerði hún líka vegna þess að hún greiddi atkvæði líka með frv. og þeim breytingum sem gerðar voru á því, en kemur síðan upp í 3. umr. og fer þá að efast. Það er svo sem ekkert um það að segja, en það sem hér var sagt í minn garð er skítlegt.

[14:17]

Guðrún Helgadóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hvað ætli það hafi oft komið fyrir að hv. þingmenn hafi verið minntir á það að þeir hafa þingskyldur. Þingmenn skulu sækja fundi þingsins og það kemur ekki mál við mig þó að hv. þm. hafi fengið leyfi ef það leyfi var ekki kynnt í þinginu. Þess var aldrei getið að hv. 16. þm. Reykv. væri ekki viðstaddur vegna þess að hann hefði leyfi.

Það er hins vegar ósköp eðlilegt að hv. þm. móðgist þegar minnt er á þetta því að þetta er ekki í fyrsta skipti, hæstv. forseti, þegar málefni sjómanna hafa verið hér á dagskrá að hv. 16. þm. Reykv. hefur verið víðs fjarri og það er mjög bagalegt vegna þess að það eru ekki margir sem þekkja vel málefni sjómanna.

Hins vegar vil ég aðeins segja þetta, þennan síðasta dag sitjandi þings: Tvisvar eða þrisvar í gær var minnt á það að þingmenn væru fjarverandi. En að þingmaður af kvenkyni skuli voga sér að minna á að karlmaður sem situr á þingi sé ekki á þingi, það er móðgun. Ég man ekki betur en það hafi verið kvartað yfir fjarveru ótal þingmanna í gær, en það voru þingmenn af karlkyni sem sögðu það. Ég tek þetta ekki nærri mér. Hins vegar er það alkunna, að hvað eftir annað höfum við átt í deilum, hv. 16. þm. Reykv. og ég, og ef tími gæfist til væri gaman að lesa úr þingtíðindum vitleysurnar sem hv. þm. fór með í sambandi við umræðurnar sem fram fóru um skip íslenska kaupskipaflotans sem sigla undir hentifána. Það voru ekki liðnir sex mánuðir frá þeirri umræðu þegar hv. þm. þurfti að éta það allt ofan í sig á þingi Farmanna- og fiskimannasambandsins. (**GHall:** Hvað þurfti ég að éta ofan í mig?) Þau ósannindi sem hv. þm. fór með. En hér gefst ekki tími til að fara ofan í það. En ég vil bara segja þetta: Annað eins hefur verið sagt í þingræðu og það að það væri bagalegt að ákveðinn hv. þm. sæti ekki þá þingfundi sem hann á að sitja.

[14:19]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alveg rétt sem síðasti ræðumaður kom hér inn á. Það er þingleg skylda. En það vill bara svo til að í umræðunni um breytingu á 1. gr. frv. um áhafnir á kaupskipum, í atkvæðagreiðslunni, er þessi þingmaður ekki til staðar, hann greiðir ekki atkvæði, hann er fjarverandi (**GHelg:** Hann var ekki fjarverandi, hann sat ekki í sætinu.) en kemur síðan á eftir of seint. Það er dálítið annað að koma hér og bera á mig sakir í einhverjum getgátum og nefna ekki dæmi. Það er jafnskítlegt og þetta sem stendur hér, haft eftir þér í gær á prenti, og það er bara verið að fara í kringum heitan graut eins og köttur þegar verið er að draga úr því sem þú hefur sagt.

(**Forseti** (SalÞ): Ekki ávarpa í persónu.)

Virðulegi þingmaður. Þú segir hér, ég ætla að endurtaka það. (**GHelg:** Það er búið að biðja þingmanninn vera ekki alltaf að ávarpa í 2. persónu.) „Ég hlýt nú enn einu sinni þegar málefni sjómanna ber á góma að auglýsa eftir þeim manni sem á þingi situr ...“

Ég kalla eftir því hvort það séu hin venjulegu vinnubrögð alþingismanna að haga sér svona eins og hér hefur sést á prenti og ég held, hv. þm. Guðrún Helgadóttir, að þú ættir að óska eftir því að þetta verði afmáð út úr þingtíðinum.

(**Forseti** (SalÞ): Ekki ávarpa í 2. persónu.)

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti biður hv. þingmenn að reyna að halda ró sinni á þessum síðasta þingdegi. Af því að því var beint til forseta hvort þetta væri venjulegt, þá er það það eina sem forseti getur sagt að það er það ekki. Það er ekki venjulegt að vera með svona upplýsingar úr ræðustóli, en það er að sjálfsögðu á ábyrgð viðkomandi þingmanns og það verður hver og einn þingmaður að meta það við sig hvað honum þykir smekklegt í þeim efnum eða ekki.

Hv. 14. þm. Reykv. óskar að bera af sér sakir og gerir hún það með því að byrja á því að segja hvaða sakir það eru sem hún vill bera af sér.

[14:21]

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég ætla að bera af mér þær sakir sem forseti ber mig hér. Það vill svo til að ég var sjálf forseti þessa þings í þrjú ár og ég sá aldrei ástæðu til að gera við það athugasemd þó að hv. þm. kvörtuðu yfir því að formenn nefnda sætu ekki umræður um þá málaflokka sem þeir áttu að fjalla um. Þetta kom fyrir hvað eftir annað. Þetta kom fyrir margsinnis í gær og ég lýsi furðu minni yfir þeim orðum hæstv. forseta að það sé eitthvað óvenjulegt að yfir slíku sé kvartað. Það er bara þvert á móti alvanalegt.

[14:22]

Sturla Böðvarsson:

Hæstv. forseti. Vegna þessarar snörpu umræðu sem hv. tveir þm. Reykv. hafa átt þá vil ég segja vegna þess sem kom fram í garð hv. 16. þm. Reykv. að ég sem á sæti í hv. samgn. fylgdist mjög vel með því hversu grannt hv. 16. þm. Reykv. Guðmundur Hallvarðsson fylgdist með því máli sem hér er til umfjöllunar og reyndi með ýmsum hætti að leggja sig fram um það að ásættanleg lausn fengist á þessu mikilvæga máli fyrir íslensku sjómannastéttina. Þess vegna finnst mér það í fyllsta máta óeðlilegt að hv. 16. þm. Reykv. Guðmundur Hallvarðsson sé gerður eitthvað tortryggilegur í þessari umræðu.

Þetta vildi ég að kæmi hér fram. Að öðru leyti lýsi ég stuðningi við það frv. sem hér er til umræðu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vernd Breiðafjarðar, 2. umr.

Stjfrv., 206. mál. — Þskj. 232, nál. 856, brtt. 857.

[14:24]

Frsm. umhvn. (Kristín Einarsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti umhvn. á þskj. 856 og breytingartillögum þskj. 857 við frv. til laga um vernd Breiðafjarðar.

Nefndin fékk þetta frv. til umfjöllunar í lok nóvember og hef fjallað um það síðan, aðallega núna síðustu daga þingsins þar sem nefndin var upptekin við ýmis önnur störf og átti ekki mikinn tíma til að sinna þessu fyrr en núna síðustu tvær vikur.

Nefndin leggur til nokkrar breytingar við frv. og er gerð grein fyrir þeim á þskj. 856. Í því þskj. er einnig gerð grein fyrir þeim sem komu til fundar við nefndina og þeir sem fengu frv. til umsagnar og leggur

nefndin til að frv. verði samþykkt með breytingartillögum.

Breytingartillögurnar eru nokkrar. Sumar eru eingöngu orðalagsbreytingar til þess að gera ákvæðin skýrari, en við 2. gr. er efnisleg breytingartillaga þar sem við leggjum til að svæðið sem verndað er við Breiðafjörð verði stækkað örlítið. Við leggjum til greinin orðist svo, með leyfi forseta:

„Ákvæði laganna taki til allra eyja, hólma og skerja á Breiðafirði ásamt grunnsævi, fjörum og strandlónum í innfjörðum og innri hluta fjarðarins sem markast af línu dreginni frá Ytranesi á Barðaströnd við fjörðinn norðanverðan í Hagadrápssker um Oddbjarnarsker, Stagley og Höskuldsey í Vallabjarg að sunnanverðu."

Þetta er örlítil stækkun til vesturs bæði að norðanverðu og sunnanverðu við fjörðinn. Með þessu móti koma inn að norðanverðu tvö sjávarlón, Hagavaðall og Haukabergsvaðall og að sunnanverðu Tunguós við Mávahlíð og Hálsvaðall sem einnig munu þá teljast til svæðisins. Einnig mun Kaldrani teljast til svæðisins, sem þegar er á náttúruminjaskrá. Nefndin kannaði tillögu sem barst frá Náttúruverndarráði og eftir nokkra athugun og umræður við staðkunnuga menn féllst nefndin á að leggja til að þetta svæði yrði stækkað með þessum hætti.

Í 4. gr. er lögð til breyting að því er varðar fjölda manna í Breiðafjarðarnefnd. Gert er ráð fyrir í greininni að sex menn séu í nefndinni sem er ráðherra til ráðgjafar um málefni er lúta að framkvæmd laganna en við leggjum til að það verði fjölgað í nefndinni um einn og að fulltrúi Vestur-Barðastrandarsýslu bætist þar við en það hafði ekki verið gert ráð fyrir því samkvæmt frv. Okkur þykir eðlilegt að fulltrúi Vestur-Barðastrandarsýslu eigi einnig aðild að nefndinni, ekki síst eftir að búið er að stækka svæðið enn þá lengra inn í þá sýslu.

Einnig leggjum við til að Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur á Vestfjörðum og Vesturlandi, sem munu væntanlega koma þó síðar verði, tilnefni sameiginlega einn aðila í stjórn í staðinn fyrir að reiknað var með að Náttúrufræðistofnun Íslands tilnefndi einn í stjórn. Sameiginlega munu þannig þessir þrír aðilar tilnefna saman einn aðila, en eins og þingmenn vita er eingöngu búið að stofna náttúrustofur á Vestfjörðum en ekki á Vesturlandi þannig að til að byrja með verða það Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofa á Vestfjörðum sem tilnefna sameiginlega einn mann í þessa stjórn.

Síðan leggjum við til að brott falli úr 4. gr. reglugerðarheimild og það verði ein reglugerðarheimild í lögunum í 5. gr. Þetta er ekki efnislegt heldur eingöngu orðalag og til að gera ákvæðin gleggri.

Við leggjum einnig til að í stað orðsins „vörsluáætlun" í frv. komi: verndaráætlun, sem einnig er orðalagsbreyting en skýrara og betra orð að því er við teljum.

Aðrar breytingar sem við gerum tillögu um að því er 5. og 6. gr. varða eru orðalagsbreytingar, en efnisbreyting er síðan í 7. gr.

Eins og fram kemur í frv. er gert ráð fyrir að heimilt verði að starfrækja náttúrurannsóknastöð með ríkisaðild á Breiðafirði. Þarna var gert ráð fyrir sérstakri heimild sem ekki féll að því skipulagi sem nú þegar er til staðar í landinu að því er varðar náttúrurannsóknir samkvæmt lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, nr. 60/1992. Við teljum miklu eðlilegra að þetta falli inn í það kerfi sem fyrir er og leggjum þess vegna til að 7. gr. orðist eins og segir í 7. lið á þskj. 857, með leyfi forseta:

„Með rannsóknum á vegum Náttúrufræðistofnunar Íslands, náttúrustofu Vestfjarða og náttúrustofu á Vesturlandi, sbr. lög nr. 60/1992, skal markvisst unnið að því að auka þekkingu á náttúru Breiðafjarðarsvæðisins til að tryggja sem best verndun þess. Breiðafjarðarnefnd skal í samráði við þessa aðila láta gera áætlun um æskilegar rannsóknir á svæðinu og endurskoða hana reglulega.

Ráðherra getur með reglugerð heimilað framangreindum stofnunum að standa sameiginlega að starfrækslu náttúrurannsóknastöðvar á svæðinu á grundvelli laga nr. 60/1992. Rannsóknastöðin getur leitað eftir fjárstuðningi innlendra og erlendra aðila við starfsemi sína og einstök verkefni."

Ég get skýrt frá því hér að hæstv. umhvrh. hefur upplýst nefndina um að það sé mikill áhugi fyrir rannsóknum á þessu svæði og hafa m.a. komið um það fyrirspurnir frá erlendum rannsóknastöðum að fá aðstöðu til þess að rannsaka þetta svæði þannig að það má jafnvel búast við því að þarna geti farið fram miklar rannsóknir í framtíðinni ef vel tekst til.

Við umfjöllun nefndarinnar vöknuðu ýmsar spurningar um stjórnsýsluskil milli umhvrn. og annarra ráðuneyta, svo sem sjútvrn., landbrn. og samgrn. Nefndin tekur fram að með frv. er ekki verið að leggja til breytingar á lögboðinni umsýslu einstakra ráðuneyta.

Nefndin telur að framkvæmd á grundvelli frv. velti á því að vel takist til um gerð verndaráætlunar sem gert er ráð fyrir og er grunnurinn að þessum lögum, eins og kveðið er á um í 4. gr. frv. Umhvn. leggur áherslu á að sem fyrst verði hafin vinna við gerð slíkrar áætlunar þannig að taka megi tillit til hennar við skipulagsvinnu í framtíðinni. Í því sambandi vill nefndin benda á að æskilegt er að hafist verði handa við gerð svæðaskipulags fyrir Breiðafjörð og aðliggjandi byggðir.

Undir nefndarálit umhvn. skrifa allir níu nefndarmenn umhvn. Ég legg til að þetta frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem umhvn. leggur til á þskj. 857.

[14:33]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegi forseti. Ég vil lýsa ánægju minni með það að þetta mál er komið til afgreiðslu á Alþingi. Hér er um að ræða frv. sem er má segja annað frv., eða önnur lögin eftir að samþykkt verður, sem taka til sérstakrar verndunar á stærra svæði á landi okkar. Löggjöfin um Mývatn og Laxársvæðið frá 1974 er viss hliðstæða við þetta mál. Þó að hér sé kannski ekki gengið eins ákveðið fram í einstökum atriðum og gert var í þeirri löggjöf, þá er hér með þessu frv. verið að

lögvernda stórt svæði sem í hugum Íslendinga er afar mikils virði og ómetanlegt. Eyjarnar á Breiðafirði eru eitt af því þrennu sem við lærðum í æsku að væri óteljandi á Íslandi og þær eru innan vébanda þessa svæðis, en það er einnig strandlengjan um hinn mikla Breiðafjörð.

Ég tel að það hafi tekist á þeim stutta tíma sem nefndin hafði til umráða til að fara yfir þetta mál, sem að vísu var til meðferðar á síðasta þingi einnig en var ekki á forgangslista stjórnvalda, að koma því í þokkalegan búning. Ég vona að þetta verði til framdráttar verndun náttúru þessa svæðis og menningarminja sem er einnig hluti þess í góðri samvinnu við íbúana og þá sem um svæðið fara og það eru margir.

Ég vil nefna í tengslum við þetta mál að ánægjulegt hefur verið að starfa í umhvn., sem er ekki mjög gömul í sögu þingsins, undir forustu núverandi formanns sem er úr stjórnarandstöðu. Þetta er ein af þremur nefndum þingsins þar sem stjórnarandstæðingum er treyst fyrir formennsku. Ég þakka formanni nefndarinnar fyrir ágætt samstarf og ágæta forustu í nefndinni á þessu tímabili. Hún er eins og kunnugt er að ljúka þingferli sínum, a.m.k. í bili, sjálfviljug skulum við segja og býður sig ekki fram. Þannig háttar raunar einnig með annan nefndarmann, sem er búinn að sitja lengur á Alþingi Íslendinga, hv. þm. Jón Helgason sem hefur átt þarna sæti og rækt störf sín mjög vel í þessari nefnd eins og annars staðar í þingstörfum. Ég vil af tilefni þessa máls, og þó að hér eigi eftir að koma ýmis góð mál frá nefndinni, þakka þessum þingmönnum og öllum nefndarmönnum gott samstarf í umhvn. á tímabilinu.

[14:37]

Sturla Böðvarsson:

Hæstv. forseti. Ég lýsi yfir sérstakri ánægju minni með að þetta frv. um vernd Breiðafjarðar skuli vera komið til lokaafgreiðslu. Þegar frv. kom fyrst fram gerði ég ýmsar athugasemdir við það og beitti mér fyrir því að heimamenn kæmu sjónarmiðum sínum rækilega á framfæri. Upphaf þessa máls var að lífríki Breiðafjarðar og náttúrufar og menningarminjar eru með þeim hætti að mjög mörgum þótti ástæða til þess að standa að verki eins og hér er gert, þ.e. að setja löggjöf um vernd þessa svæðis. Hins vegar höfðu menn uppi ýmsar áhyggjur vegna þess að þarna er verið að nýta auðlindir sjávar í Breiðafirðinum og þarna er verið að nýta margs konar hlunnindi, sem eru mikilvæg fyrir íbúana, og hefur reyndar verið gert frá fornu fari. Ýmsir höfðu áhyggjur af því að það gæti farið svo að gengið yrði of langt í því og jafnvel komið í veg fyrir að hægt væri að nýta náttúruauðlindirnar og hlunnindi.

Hins vegar sýnist mér að hér hafi tekist þannig til með þær breytingar, sem hafa verið gerðar á frv., að það eigi ekki að hafa áhyggjur af því að of langt sé gengið heldur hið gagnstæða að það sé mjög skynsamlega að verki staðið. Ég þakka hv. umhvn. og alveg sérstaklega formanni umhvn., hv. 10. þm. Reykv., sem hefur leitt þetta mál farsællega í gegnum þingið. Það er rík ástæða að geta þess við þetta tækifæri.

Þær breytingar sem nefndin hefur gert á frv. eru allar mjög mikið til bóta, svæðið er lítillega stækkað, fært er framar með firðinum og það er allt saman eðlilegt, í það minnsta þeim megin fjarðarins sem ég þekki best til. Ég þekki nánast hvern stein þar sem gert er ráð fyrir að stækka, að Vallabjargi, og ég tel að það sé allt til mikilla bóta.

Hæstv. forseti. Ég lýsi yfir mikilli ánægju minni með frv. og að það skuli vera komið til endanlegrar afgreiðslu.

[14:40]

Frsm. umhvn. (Kristín Einarsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka þeim tveimur hv. þm. sem hér hafa þakkað mér sérstaklega fyrir en þeir verða að gera sér grein fyrir því að það er auðvitað ekki formaðurinn sem ræður öllu um það hvernig nefndarstarf gengur heldur ekki síður aðrir nefndarmenn. Nefndarmenn í umhvn. hafa lagt fram mjög mikla vinnu og ég vil nota tækifærið við afgreiðslu á þessu frv. til að þakka þeim fyrir starfið á öllu kjörtímabilinu. Við vorum að vinna fram á kvöld í gærkvöldi þannig að menn hlupu fram og til baka og hafði ég ekki tækifæri til þess að þakka nefndarmönnum starfið á síðasta fundi nefndarinnar og vil ég þá nota tækifærið og gera það nú. Sérstaklega vil ég þakka nefndarmönnum í umhvn. fyrir starfið síðustu tvö ár sem ég hef verið formaður nefndarinnar. Við höfum verið að afgreiða stór og mikil mál og það hefur oft og tíðum kostað mjög mikla vinnu og ekki síst vegna þess að þau hafa verið mjög illa undirbúin af hálfu umhvrn. og við höfum fengið þau þannig úr garði að við höfum þurft að gera á þeim miklar breytingar og laga þau mikið. Nefndarmenn hafa því oft þurft að mæta á fjölda funda og leggja á sig mikla vinnu. Ég tek fram þó að sjálfsagt bitni mikið á formanni eru það allir nefndarmenn sem taka þátt í slíkri vinnu og vil ég þakka nefndarmönnum fyrir samstarfið. Ég vil þó sérstaklega nota tækifærið og þakka nefndarritara okkar, Ragnhildi Arnljótsdóttur, sem hefur verið mér mjög mikil hjálp og okkur öllum. Það hefur oft mætt mjög mikið á henni einmitt vegna þess að hún hefur orðið að fara í gegnum frv. og laga það sem miður hefur farið og reyna að koma þessu öllu saman í sæmilegt horf. Menn hafa séð á því hve margar brtt. umhvn. hefur oft þurft að gera við frumvörp hversu mikil vinna hefur legið að baki. Því miður er það svo að ráðuneytið virðist ekki kunna að meta það hversu mikið þessi nefnd hefur þurft að leggja á sig í vinnu og hefur oft og tíðum frekar kastað hnútum í nefndina og þykir mér það mjög ómaklegt miðað við hvað nefndin hefur lagt á sig mikla vinnu.

Þetta vildi ég segja, virðulegur forseti, þó að ég eigi eftir að koma aftur í ræðustólinn og mæla fyrir fleiri málum frá umhvn. þá finnst mér rétt að nota tækifærið við afgreiðslu á þessu frv. að þakka nefndarmönnum fyrir samstarfið og fyrir kjörtímabilið. Að öðru leyti lýsi ég því enn og aftur yfir að ég vona að þingið samþykki frv. eins og það liggur nú fyrir og að það verði til góðs í framtíðinni. Ég hef trú á því að þetta muni leiða til þess að lífríki Breiðafjarðar verði sýnd mikil virðing. Ég get tekið undir það með hv. 1. þm.

Vesturl. að ekki er verið að tala um að fólk eigi að flytja út af svæðinu og það eigi ekki lengur að nýta það á hefðbundinn hátt en það verður auðvitað að fara varlega í þeim efnum eins og öðrum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almenn hegningarlög, 2. umr.

Stjfrv., 423. mál (meiðyrði í garð opinbers starfsmanns). — Þskj. 693, nál. 867.

[14:44]

Frsm. allshn. (Björn Bjarnason):

Hæstv. forseti. Nefndin gerir grein fyrir áliti sínu á þskj. 867. Ég vek sérstaklega athygli á því sem þar stendur að í tilefni ábendinga Landssambands lögreglumanna tekur nefndin fram að ekki er litið svo á að með þeim lagabreytingum, sem hér er verið að gera, sé verið að skerða réttarvernd lögreglumanna og verði það raunin sé rétt að málið verði endurskoðað. En nefndin mælir öll með samþykkt frv. og stendur að því sameiginlega.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Greiðsla á bótum til þolenda afbrota, 2. umr.

Stjfrv., 411. mál. — Þskj. 659, nál. 868, brtt. 869.

[14:45]

Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. allshn. á þskj. 868 um frv. til laga um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota og enn fremur meðfylgjandi brtt. á þskj. 869.

„Nefndin hefur fjallað um málið og fékk hún á sinn fund Högna S. Kristjánsson, lögfræðing í dómsmálaráðuneyti, Helga V. Jónsson héraðsdómara, Dögg Pálsdóttur, skrifstofustjóra í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti og Jón H. Snorrason, deildarstjóra í Rannsóknarlögreglu ríkisins.

Markmið frumvarps þessa er að styrkja stöðu brotaþola með þeim hætti að ríkissjóður greiði bætur fyrir líkamstjón og miska sem leiðir af broti á almennum hegningarlögum. Það sama gildi um tjón á munum sem tjónþoli bar á sér þegar líkamstjóni var valdið. Tjónþoli eigi þó ekki rétt á miskabótum þegar um er að ræða brot sem varðar einungis við ákvæði hegningarlaga um ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs.

Í 6. gr. frumvarpsins kemur m.a. fram að það sé skilyrði greiðslu bóta að brot, sem tjón er rakið til, hafi án ástæðulauss dráttar verið kært til lögreglu. Nefndin álítur að almennt skuli við það miðað að brotið verði kært innan sex mánaða frá að það var framið.

Lagðar eru til tvær breytingar á frumvarpinu, annars vegar að bótanefnd eigi ekki aðgang að sjúkraskrám nema með samþykki brotaþola. Hins vegar er lagt til að dómsmálaráðherra veiti Alþingi árlega upplýsingar um þau útgjöld sem lög þessi hefðu í för með sér, ef samþykkt verða, næstu fimm árin í ljósi þess að alls óvíst er hversu mikil þau verða.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með þessum breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali."

Fjarverandi við afgreiðslu málsins voru Ingi Björn Albertsson, Kristinn H. Gunnarsson og Ólafur Þ. Þórðarson en aðrir nefndarmenn undirrita nefndarálitið.

Virðulegi forseti. Ég nota þetta tækifæri til þess að þakka hv. þm. í allshn. fyrir gott samstarf þar sem mikill fjöldi mála hefur verið til umfjöllunar. Enn fremur vil ég fyrir hönd nefndarinnar færa ritara allshn., Rögnu Árnadóttur, sérstakar þakkir fyrir samstarfið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lúganó-samningurinn um fullnustu dóma í einkamálum, 2. umr.

Stjfrv., 328. mál. — Þskj. 497, nál. 870.

[14:47]

Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 870 frá allshn. um frv. til laga um Lúganó-samninginn um dómsvald og fullnustu dóma í einkamálum.

„Nefndin hefur fjallað um málið og fékk umsagnir frá Dómarafélagi Íslands, Seðlabanka Íslands, Neytendasamtökunum, Samtökum iðnaðarins, réttarfarsnefnd og Lögmannafélagi Íslands.

Í ábendingum Lögmannafélagsins kemur m.a. fram að í 3. gr. Lúganó-samningsins sé vitnað til laga um meðferð einkamála í héraði sem leyst hafa verið af hólmi með lögum um meðferð einkamála, nr. 91/1991. Þess ber að geta að samningurinn var gerður 16. september 1988 og tekur því mið af þeim lagaákvæðum sem þá voru í gildi. Hins vegar ber samningsríkjum að tilkynna svissneska sambandsráðinu um allar breytingar sem verða á þeim lögum sem nefnd eru í samningnum, sbr. VI. gr. í bókun nr. 1 við samninginn og hefur nefndin verið fullvissuð um að við það verði staðið af Íslands hálfu.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins."

Fjarverandi við afgreiðslu málsins voru Kristinn H. Gunnarsson, Ingi Björn Albertsson og Ólafur Þ. Þórðarson en aðrir nefndarmenn undirrita nál.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tjáningarfrelsi, síðari umr.

Þáltill. SvG o.fl., 295. mál. — Þskj. 387, nál. 871.

[14:49]

Frsm. allshn. (Björn Bjarnason):

Hæstv. forseti. Álit nefndarinnar liggur fyrir á þskj. 871.

Nefndin fjallaði um málið og er sammála um að verði frumvarp til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum, 297. mál, samþykkt sem breyting á stjórnarskránni sé eðlilegt að ríkisstjórnin láti semja nýja löggjöf um tjáningarfrelsi á grundvelli ákvæða hinnar nýju stjórnarskrár. Með vísan til þessa er lagt til að tillögunni verði vísað til ríkisstjórnarinnar og er nefndin sammála þessari niðurstöðu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fréttaflutningur af slysförum, síðari umr.

Þáltill. GunnS, 115. mál. — Þskj. 118, nál. 872.

[14:50]

Frsm. allshn. (Björn Bjarnason):

Hæstv. forseti. Álit nefndarinnar er á þskj. 872. Þar kemur fram að nefndin hefur gert breytingu við tillöguna og er breytingin svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að skipa nefnd sem leggi grundvöll að samráðsvettvangi hlutaðeigandi aðila um fréttaflutning og upplýsingaskyldu stofnana um slysfarir og harmraunir fólks."

Fjarverandi við afgreiðslu málsins var Jón Helgason en nefndin stendur samhljóða að þessari tillögu.

Ég nota þetta tækifæri til að þakka samnefndarmönnum mínum í allshn. gott samstarf og sérstaklega formanni nefndarinnar. Á þessu kjörtímabili hefur hv. allshn. fjallað um mörg mikilvæg mál og marga merka lagabálka og ég tel að í störfum nefndarinnar hafi tekist vel að koma þessu málum fram á hinu háa Alþingi með þeim hætti að nefndinni sé til sóma. Ég ítreka þakkir mínar og sérstaklega til formanns hvernig hún hafi stjórnað nefndinni á þessu kjörtímabili.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Hitaveita Suðurnesja, 2. umr.

Stjfrv., 427. mál (eignaraðilar og eignarhlutföll). — Þskj. 698, nál. 877.

[14:51]

Frsm. iðnn. (Sigríður A. Þórðardóttir):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir nál. á iðnn. á þskj. 877, um frv. til laga um breyt. á lögum um Hitaveitu Suðurnesja, nr. 100 frá 1974, með síðari breytingum.

Nefndin hefur fjallað um frv. sem felur í sér breytingar sem nauðsynlegt er að gera á lögum um Hitaveitu Suðurnesja í framhaldi af sameiningu Keflavíkur, Njarðvíkur og Hafnahrepps í eitt sveitarfélag. Samkomulag er milli eigenda Hitaveitu Suðurnesja um þær breytingar er felast í frv. Nefndin mælir með samþykkt frv.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Norðurlandasamningur um baráttu gegn mengun sjávar, síðari umr.

Stjtill., 449. mál. — Þskj. 767, nál. 878.

[14:52]

Frsm. utanrmn. (Björn Bjarnason):

Hæstv. forseti. Álit nefndarinnar liggur fyrir á þskj. 878 og leggur hún samhljóða til að þessi tillaga verði samþykkt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samningur um verndun mannréttinda og mannfrelsis, síðari umr.

Stjtill., 450. mál. — Þskj. 768, nál. 879.

[14:53]

Frsm. utanrmn. (Björn Bjarnason):

Hæstv. forseti. Álit nefndarinnar liggur fyrir á þskj. 879 og leggur nefndin samhljóða til að samningurinn verði samþykktur.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Staðfesting ákvörðunar EES-nefndarinnar, síðari umr.

Stjtill., 435. mál. — Þskj. 727, nál. 880.

[14:53]

Frsm. meiri hluta utanrmn. (Björn Bjarnason):

Hæstv. forseti. Álit nefndarinnar liggur fyrir á þskj. 800 og leggur hún samhljóða til að tillagan verði samþykkt.

Þetta mun vera síðasta tillagan sem utanrmn. fjallar um og kemur fyrir þingið. Ég nota tækifærið og þakka samnefndarmönnum mínum í utanrmn. fyrir samstarfið á kjörtímabilinu sem er að líða. Um miðbik þess áttum við marga og tíða fundi um mikilvægt málefni, aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu. Eftir miklar deilur innan nefndarinnar tókst okkur að lokum að ná góðu samkomulagi sem endurspeglast m.a. í þessari tillögu sem við stöndum að, að vísu ekki sameinuð því það er meiri hluti nefndarinnar sem stendur að þessu, en engin deila er um það í nefndinni

að þetta mál nái fram að ganga og samstarf innan nefndarinnar hefur verið mjög gott og ánægjulegt og gagnlegt.

Ég vil láta þess getið, hæstv. forseti, að nefndin hefur látið vinna á sínum vegum hugmyndir um framtíðarskipulag á starfi utanrmn. Greinargerðir liggja fyrir frá ritara nefndarinnar um þau mál, bæði innri störf nefndarinnar, samskipti nefndarinnar við hv. utanrrn. og einnig almennt um alþjóðastarf á vegum Alþingis. Þessar greinargerðir hafa verið lagðar fram í nefndinni og ræddar þar lauslega og einnig greinargerð um meðferð trúnaðarmála í hv. utanrmn. og ég vona að sú vinna, sem unnin hefur verið á vegum nefndarinnar, verði til þess að á nýju kjörtímabili skapist nýjar reglur um starf nefndarinnar. Það er nauðsynlegt því að þetta er fyrsta kjörtímabilið þar sem hv. utanrmn. hefur starfað sem venjuleg þingnefnd, ef svo má að orði komast, og það er brýnt að koma á ákveðnum reglum, t.d. um samskipti hennar við utanrrn., viðveru utanrrh. á fundum nefndarinnar, meðferð skjala og gagnasöfnun og sjálfstæði nefndarinnar við starfsemi og stefnumótun á sviði utanríkismála.

Ég ítreka þakkir mínar til samnefndarmanna fyrir samstarfið og einnig sérstaklega til ritara nefndarinnar, en sú breyting varð á þessu kjörtímabili að Alþingi sjálft tók að sér að annast ritarastörf fyrir utanrmn. eins og aðrar þingnefndir og ráðuneytisstjóri utanrrn. hætti að starfa sem ritari nefndarinnar. Þetta hefur í senn verið samstarf um mikilvæg málefni á vettvangi Alþingis en einnig verið að nokkru leyti brautryðjendastarf í störfum utanrmn. við nýjar aðstæður og ég tel að við nefndarmenn skilum af okkur gögnum um það hvernig við teljum að þessu starfi verði vel haldið áfram og þróist áfram í þá átt að Alþingi verði í aðstöðu til að verða sem virkastur þátttakandi, bæði í mótun utanríkisstefnunnar og einnig að því er varðar alþjóðasamstarf þingmanna sem er sívaxandi eins og við vitum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Hollustuhættir og heilbrigðiseftirlit, 2. umr.

Stjfrv., 293. mál (varnir gegn mengun sjávar, stjórnskipulag, heilbrigðisnefndir o.fl.). — Þskj. 385, nál. 883, brtt. 884.

og

Alþjóðasamningar um varnir gegn mengun sjávar og Siglingamálastofnun ríkisins, 2. umr.

Stjfrv., 294. mál (skipulag mengunarvarna). — Þskj. 386, nál. 885.

[14:57]

Frsm. umhvn. (Kristín Einarsdóttir):

Hæstv. forseti. Enda þótt það sé e.t.v. ekki augljóst af lestri dagskrárinnar að þessi tvö mál eigi saman þá er það svo að þau eru nátengd. Það er vegna þess að þessi tvö mál varða það að verið er að flytja hluta af mengunarvarnadeild Siglingamálastofnunar ríkisins yfir til Hollustuverndar ríkisins og þess vegna þarf að gera breytingar á nokkrum lögum og það er gert hér í tveim frumvörpum. Þess vegna taldi ég rétt að mæla fyrir nál. um þau bæði í einu þar sem þau eru nátengd og vildi ég leggja áherslu á það.

Fyrst mæli ég fyrir nefndaráliti á þskj. 883 og brtt. á þskj. 884 frá umhvn. við frv. til laga um breytingu á lögum nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit. Það frv. felur í sér að breyta Hollustuvernd ríkisins til þess að auðveldara sé að taka við starfsemi mengunarvarnadeildar Siglingamálastofnunar, þ.e. hluta hennar, en ráðuneytið lagði til jafnframt því að gerðar yrðu ákveðnar breytingar aðrar á lögunum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit. Umhvn. ákvað að ekki væri rétt að fallast á að gera þær breytingar allar sem frv. gerði ráð fyrir þar sem talað hefur verið um og boðað af hálfu ráðuneytisins að endurskoða eigi þennan lagabálk og taldi nefndin því eðlilegt að eingöngu yrðu gerðar breytingar nú sem taldar væru nauðsynlegar í tengslum við þennan flutning. Þess vegna leggur nefndin til að 1. og 2. gr. frv. falli brott en þær kveða á um breytingar á lagafyrirmælum að því er varðar hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga. Þar sem nefndin hafði ekki tíma til að fara ofan í það mál sérstaklega töldum við eðlilegt að það yrði geymt til endurskoðunar laganna. Í brtt. nefndarinnar er boðað eða áskipað eins og þar segir að þau eigi að endurskoða í heild innan eins árs frá gildistöku laganna en það er gert ráð fyrir að lögin taki gildi 1. júní 1995.

Ég vil gera stuttlega grein fyrir þessum breytingartillögum en þær eru þó skýrðar á nefndarálitinu og leggur nefndin áherslu á það að sem minnstar breytingar séu gerðar á innra skipulagi á þessu eina ári sem lögin eru til endurskoðunar en telur eðlilegt að það þurfi að gera ákveðnar breytingar. Þess vegna er farin sú leið að fellt er út úr lögunum lögbinding fastra sviða innan Hollustuverndar ríkisins, þ.e. reglugerðarheimild er fyrir því hvernig því skuli skipa. Nú eru þar fjögur svið sem þar starfa en e.t.v. þarf að fjölga sviðunum eða taka þá viðbót sem kemur frá Siglingamálastofnun Íslands og deila henni á önnur svið. Þess vegna taldi nefndin eðlilegt að fallast á að það yrði ekki áskipað í lögum heldur mundi ráðuneytið koma því fyrir eins og best verður á kosið þetta eina ár og það yrði þá skipað í reglugerð. En eins og fram kemur og ég hef sagt nú þegar þá á að endurskoða lögin innan árs frá gildistöku laganna.

Við föllumst einnig á að fækka í stjórn stofnunarinnar. Nú eru sjö menn í stjórn stofnunarinnar en við teljum að það sé róttækt að fækka þeim niður í þrjá nú þegar og frv. gerði ráð fyrir að umhvrn. skipaði tvo og Samband ísl. sveitarfélaga skipaði einn í stjórn þannig að það yrði þriggja manna stjórn stofnunarinnar. Við teljum eðlilegt að leggja til að það verði óbreytt að Alþingi kjósi tvo menn í stjórn stofnunarinnar auk þeirra þriggja sem frv. gerði ráð fyrir þannig að það verði fimm manna stjórn og að þessi stjórn sé skipuð eftir

hverjar reglulegar alþingiskosningar.

Eins og fram kemur af nefndarálitinu skrifar einn hv. þm. undir nefndarálitið með fyrirvara, þ.e. Tómas Ingi Olrich, og það er einmitt vegna þessa ákvæðis sem hans fyrirvari er, þ.e. hann telur að Alþingi eigi ekki að kjósa í stjórn stofnunarinnar. Í því felst hans fyrirvari. Hann leggst hins vegar ekki gegn frv. heldur er það eingöngu varðandi þetta atriði. Öll nefndin er sammála því grundvallaratriði sem verið er að gera að flytja hluta mengunarvarnadeildar Siglingamálastofnunar yfir til Hollustuverndar ríkisins.

Frv. gerði ráð fyrir breytingu að því er varðaði forstjóra og skipun hans. Við teljum rétt að allar endurskoðanir á því bíði og teljum að það verði að halda þeirri skipun áfram sem nú er og ég vil leggja sérstaka áherslu á það sem kemur fram á 2. bls. í nefndaráliti umhvn. og ég vil fá að lesa það, með leyfi forseta:

„Nefndin vill leggja áherslu á að í breytingartillögum nefndarinnar um þetta efni [þ.e. varðandi framkvæmdastjórann] felst ekki efnisleg breyting á skipun framkvæmdastjóra frá því sem er í núgildandi lögum. Því ber ekki að túlka tillöguna á þann veg að skipa beri framkvæmdastjóra til fjögurra ára eftir að breytingar þessar hafa öðlast gildi."

Það er þetta atriði sem við viljum leggja áherslu á þannig að núverandi skipun muni haldast að því er þetta varðar þangað til endurskoðun er lokið.

Aðrar breytingar eru meira og minna orðalagsbreytingar að því er varðar þennan flutning og lagfæringar á lögunum til þess að hægt sé að gera þær breytingar sem ég hef nú gert grein fyrir. Ég tel ekki þörf á því að tíunda þær sérstaklega nema ef þingmenn óska eftir því þar sem ég tel að í nál. komi það skýrt fram hvað átt er við á hverjum stað. Þetta virkar e.t.v. nokkuð flókið þegar horft er á brtt. en þetta er fyrst og fremst til samræmingar við brtt. í 3. tölul., breytingarnar sem nefndin gerir á 4. gr. Ég vona að ekki þurfi að útskýra þetta nánar en ég er auðvitað tilbúin til þess ef þingmenn óska að fara nánar ofan í hverja brtt.

Þá langar mig til að víkja að hinu frv., frv. til laga um breytingar á lögum að því er varðar þrjá alþjóðasamninga, á þskj. 386, 294. mál. Eins og þingmenn sjá þá er þarna aðeins verið að breyta orðinu Siglingamálastofnun ríkisins í Hollustuvernd ríkisins og það er verið að breyta siglingamálastjóri í Hollustuvernd ríkisins þannig að ég tel að það sé nokkuð augljóst hvað þar er átt við. En það er aðeins eitt atriði sem við gerum brtt. um og það er breyting á lögum nr. 20/1986 sem gert er ráð fyrir í II. kafla frv. Við gerum örlitla breytingu á því. Það kom athugasemd m.a. frá Siglingamálastofnun ríkisins sem við teljum rétt að fallast á. Brtt. er um að greinin orðist svo í stað þess sem segir í frumvarpstextanum, með leyfi forseta:

„Að annast mál er varða lög um varnir gegn mengun sjávar og reglugerðir samkvæmt þeim að því leyti sem þau varða skip og búnað þeirra samkvæmt reglum sem umhvrh. setur."

Þetta þýðir að það er tekið alveg ótvírætt fram að Siglingamálastofnun sér um þann þáttinn sem varðar mengunarvarnabúnað og búnað á skipum. Það er það sem verður áfram eftir hjá Siglingamálastofnun, það er sá hluti sem flyst ekki yfir. Ég vil fá að lesa, með leyfi forseta, úr bréfi Siglingamálastofnunar þar sem þetta er skýrt, til að þingmönnum sé ljóst hvað þarna er verið að gera:

„Ástæðan fyrir framangreindri tillögu er sú að lög og reglur um mengunarvarnabúnað skipa, sem getið er í umræddu frv., byggja á alþjóðasamningi frá 2. nóv. 1973 um varnir gegn mengun sjávar frá skipum (MARPOL). Þessi alþjóðasamningur tekur til fjölmargra atriða sem varða smíði og búnað skipa. Ákvæði samningsins eru, að því er varðar sumar gerðir skipa, ekki takmörkuð við mengunarvarnabúnað skipanna heldur taka til fjölmargra annarra atriða svo sem niðurhólfunar og lekastöðugleika. Ákvæðin eru á þann hátt hliðstæð ákvæðum annarra alþjóðasamninga sem Siglingamálastofnun annast framkvæmd á, sbr. 3. og 4. tölul. 2. gr. framangreindra laga um Siglingamálastofnun ríkisins, nr. 20/1986. Af þessum sökum er óeðlilegt að takmarka starfssvið stofnunarinnar, að því er varðar lög og reglur um varnir gegn mengun sjávar, við eftirlit með mengunarvarnabúnaði skipa eingöngu."

Þess vegna fellst nefndin á þessa brtt. svo það sé ótvírætt að það sé áfram hjá Siglingamálastofnun ríkisins þar sem það er talið eðlilegt að verði áfram. Það var raunar ætlunin með þessum brtt. að breyta því ekki en til þess að þetta sé skýrt þá fellst nefndin á þessa brtt.

Að öðru leyti mælum við með að það frv. verði samþykkt með þessari einu brtt. og eins og ég sagði áðan að 293. mál verði samþykkt með þeim brtt. sem nefndin gerir tillögu um og leggur auðvitað áherslu á að endurskoðun laganna verði hraðað svo hægt verði að standa við það að nýtt frv. líti hér dagsins ljós fyrir lok næsta reglulega þings þannig að þingið geti samþykkt ný lög um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Ég vil taka það fram að við leggjum einnig til að það verði ekki áskipað í lögum að þessi lög, ef þau hljóta staðfestingu, verði felld inn í heildarlög vegna þess að okkur var sagt að þetta væri mikil vinna og kostaði mikla peninga að gera það og við teljum eðlilegt að það verði gert þegar heildarendurskoðun er lokið. En ég lít svo á að ég sé búin að mæla fyrir þessum brtt. en tek það fram, virðulegur forseti, að ég vil gjarnan svara fyrirspurnum ef eitthvað er óljóst að því er varðar þessa brtt. sem við leggjum til þar sem ég hef farið nokkuð hratt yfir sögu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Útbýting þingskjala:

Gjald af áfengi, 256. mál, nál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 902.

Tollstofn hjá OECD-löndunum, 341. mál, svar fjmrh., þskj. 819.

Vísitala neysluverðs, 443. mál, brtt. SJS, þskj. 903.

Tekjuskattur og eignarskattur, 2. umr.

Stjfrv., 437. mál (iðgjöld til lífeyrissjóða, tapað hlutafé o.fl.). — Þskj. 733, nál. 890, brtt. 891.

[15:12]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir brtt. og nál. efh.- og viðskn. vegna frv. til laga um breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt og breytingu á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda með síðari breytingum.

Þetta lagafrv. tengist nýgerðum kjarasamningum og felur í sér lækkun og ívilnun í sköttum á nokkrum sviðum. Nefndin mælir með samþykkt frv. en leggur til nokkrar breytingar á frv.

Í fyrsta lagi leggur nefndin til að það verði gerð sú breyting að þeir sem búa í svokölluðum almennum búsetaíbúðum eigi rétt á vaxtabótum með sambærilegum hætti og almennt gildir þannig að vaxtabæturnar taki einnig til þeirra lána sem tengjast búsetahlutanum sjálfum.

Í annan stað eru gerðar breytingar á gildistökugreininni þannig að 1. gr. frv. taki gildi frá og með tekjuárinu 1994 og við álagningu skatta á árinu 1995, en í 1. gr. frv. er fjallað um að hlunnindi starfsmanna af ferðum til vinnu sem farnar eru með hópferðabifreiðum séu ekki skattskyld.

Enn fremur eru tæknilegar breytingar á ákvæði til bráðabirgða þar sem dagsetningar höfðu skolast til í frv. sjálfu.

Nefndin kallaði á sinn fund fulltrúa samningsaðila og auk þess fulltrúa opinberra starfsmanna og niðurstaða nefndarinnar var að mæla með samþykkt frv. Undir nál. rita þó með fyrirvara hv. þm. Jóhannes Geir Sigurgeirsson, Kristín Ástgeirsdóttir, Ingi Björn Albertsson, Steingrímur J. Sigfússon og Finnur Ingólfsson, en aðrir nefndarmenn standa að málinu án fyrirvara.

[15:15]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Ég ætla í örfáum orðum að skýra frá ástæðum fyrirvara okkar framsóknarmanna við afgreiðslu þessa frv. Það er skoðun okkar að það beri að liðka fyrir þessari lagasetningu hér þar sem hún tengist nýgerðum kjarasamningum. Við vorum hins vegar ekki nógu sáttir við útfærslu frv. gagnvart skattlagningu hlunninda launþega sem eiga um langan veg að fara og annaðhvort er ekið á bíl í eigu vinnuveitandans eða fara á milli á annan hátt, til að mynda ef menn kjósa frekar að kaupa fyrir þá ferðir með áætlunarbílum, en það er ljóst að þau hlunnindi verða skattlögð áfram eins og hér er lagt til. Ég geri mér hins vegar fulla grein fyrir að hér er um að ræða nokkuð viðkvæmt mál og þarfnast nánari skoðunar þannig að við leggjumst ekki gegn því að þessum áfanga verði náð núna.

Sömuleiðis lýtur fyrirvari okkar framsóknarmanna að því að við erum þeirrar skoðunar að það hefði mátt skoða hvernig þær 2.200 millj. sem það kostar þegar það er komið til framkvæmda að fullu að draga frá lífeyrisgreiðslur áður en til staðgreiðslu kemur, hvort ríkissjóður hefur þá stöðu núna að geta slakað þessu út og hvort hefði ekki verið betra að nýta þessa fjármuni í annað sem hefði verið til meiri tekjujöfnunar. Fulltrúi ASÍ skýrði þetta ágætlega fyrir okkur í nefndinni í gær, að hér er um að ræða prinsippatriði sem verkalýðshreyfingin hefur lagt mikla áherslu á. Út af fyrir sig virði ég þá afstöðu, en það er hins vegar alveg ljóst að þarna er um að ræða kjarabót sem hækkar prósentvís í hlutfalli við það sem laun hækka.

[15:17]

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Ég er með fyrirvara við það frv. sem hér er til umræðu og sá fyrirvari snýr að 1. gr. sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Reki vinnuveitandi hópferðabifreið til að flytja starfsmenn sína til og frá vinnu teljast hlunnindi starfsmanna af slíkum ferðum þó ekki til skattskyldra tekna."

Það sem hér er á ferðinni að mínu viti er mikil mismunun fyrir launþega í landinu þar sem gert er ráð fyrir því að einungis þeir sem reka bifreið af tiltekinni stærð, þ.e. hópferðabifreið fyrir lágmark 10 manns, njóti slíkra hlunninda eins og hér er um getið. Það er hægt að benda á dæmi þess t.d. á stórum vinnustað eins og í álverinu, að þar geta verið tveir verktakar, undirverktakar, að störfum. Annar er nógu stór til þess að reka slíka hópferðabifreið fyrir 10 manns og þá njóta starfsmenn þess verktaka þessara hlunninda. Síðan getur verið annar verktaki sem er kannski með 5–6 manns í vinnu og getur því ekki rekið slíka bifreið og þeir starfsmenn mundu ekki hljóta þau hlunnindi sem hér um ræðir. Hér er um æpandi mismunun að ræða milli launþega sem ég tel ófært.

Fulltrúar launþegahreyfingarinnar komu á fund efh.- og viðskn. í gærkvöldi og voru inntir eftir þessu, en því miður höfðu þeir ekki haft tök á því að kynna sér þetta mál þannig að þeir gátu ekki gefið afstöðu sína upp þó að þeir almennt teldu að mikil mismunun færi falin í hlunnindamálum almennt í launasamningum, utan fulltrúi ASÍ sem tók undir það að þetta væri ekki eðlilegt. Ég hef því leyft mér að undirbúa brtt. við þessa grein. Hún er að vísu ekki tilbúin en henni verður dreift síðar á fundinum, þar sem gert er ráð fyrir því að þeir sem reki bifreið til að koma starfsmönnum sínum til eða frá vinnu að þeir starfsmenn þess vinnuveitanda njóti slíkra hlunninda og einnig þeir sem fá greitt gjald til þess að komast til og frá vinnu. Þannig er t.d. með mjög stóran hóp launamanna hjá varnarliðinu. Þar starfa sennilega um 200 manns sem fá greitt svokallað rútugjald til þess að koma sér í vinnu og það er að fullu skattlagt á meðan þeir aðilar sem hafa tök á því að reka hópferðabifreið yfir tiltekinni stærð, þeirra starfsmenn njóta þessara hlunninda.

Þetta er auðvitað í hróplegu ósamræmi við t.d. það frv. til stjórnarskipunarlaga sem hér hefur verið rætt um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins þar sem segir að konur og karlar skuli njóta jafns réttar í hvívetna. Þannig að mér þykir eðlilegt að þessi breyting sé gerð á þessari grein og Alþingi móti ekki þá stefnu að mismuna þegnum sínum þó að það hafi komið hér fram

um stjórnarskipunarlögin að inni í þeim er gert ráð fyrir því furðulega nýmæli, ef ég má orða það svo, að viðurkenna jákvæða mismunun kynjanna. Ég hef reyndar aldrei vitað til þess fyrr að löggjafarþing með opin augu og opnum huga taki þá stefnu að mismuna kynjum.

[15:22]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég skrifa undir þetta nál. efh.- og viðskn. með fyrirvara eins og fleiri hv. þm. og vil gera lítillega grein fyrir honum. Hann snýr sérstaklega að 1. gr. og ég get tekið undir það sem hér hefur þegar komið fram í umræðunni, að það er okkar skoðun að frágangurinn á því máli sé alls ekki með þeim hætti sem æskilegt væri. Vissulega er þarna verið að koma til móts við gagnrýni sem sett hefur verið fram á það fyrirkomulag sem í gildi er að telja ferðir til og frá vinnu, jafnvel þó að þær séu á vegum vinnuveitanda og við sérstakar aðstæður sökum þess að menn eigi langt að sækja vinnu, til tekna eða hlunninda og hafa komið upp mörg dæmi í nefndinni um hversu ankannalega það geti komið út. Til að mynda að ef fyrirtæki eru sameinuð eða starfsemi breytist með einhverjum þeim hætti að það er bersýnilega hagstætt viðkomandi aðilum en kallar á flutning á starfsmönnum til og frá heimili og vinnustaðar að þá skuli það allt í einu eiga að fara að teljast sérstök hlunnindi og fríðindi fyrir viðkomandi starfsmenn sem áður gátu kannski sótt vinnu í sínu nánasta umhverfi. Ýmis slík dæmi hafa komið upp, til að mynda þar sem fiskvinnslufyrirtæki eða önnur slík hafa sameinast milli byggðarlaga og einhver hluti starfsmanna býr við þær aðstæður að þurfa að færa sig á milli.

Þarna hefði að mínu mati þurft að útbúa annaðhvort nánari reglur í lagagreininni sjálfri eða ganga frá því með heimildarákvæðum að fjmrh. væri heimilt að undanþiggja slík ferðalög eftir nánari reglum sem settar væru. Okkur er að vísu ljóst að þarna þarf að vanda sig gagnvart öllum skilgreiningum og þetta er nokkuð flókið tæknilegt úrlausnarefni að leysa þannig að vel fari. En það er ekki hægt annað en hafa á þann fyrirvara að frágangur málsins eins og hann er hér er engan veginn nógu góður. Í honum getur falist veruleg mismunun og mjög óréttmæt í raun og veru, svo sem eins og á grundvelli þess eins hversu stór bifreiðin er sem flytur fólk til og frá vinnustað.

Að öðru leyti er þetta frv. einn af mörgum fylgifiskum kjarasamninga og ég hef þegar gert grein fyrir okkar viðhorfum í þeim efnum við 1. umr. málsins og hef þar ekki mörgu við að bæta. Í því felast nokkrar lagfæringar. Í brtt. á þskj. 891 felast nokkrar lagfæringar sem allar eru sjálfsagðar og vil ég þá sérstaklega nefna 1. tölul. þar sem tekið er á réttarstöðu þeirra sem búa í almennum kaupleiguíbúðum í búsetaréttarkerfinu og er löngu tímabært að koma þeirra málum í lag og ég fagna því sérstaklega að sú breyting skuli vera höfð hér með.

[15:25]

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Í ljósi þess að það þarf að leggja fram brtt. áður en umræðu lýkur og starfsmaður nefndarinnar er upptekinn á stuttum fundi, eins og hann orðaði það, og þess vegna er brtt. ekki tilbúin, þá óska ég eftir því við hæstv. forseta að umræðunni verði ekki lokið heldur frestað þannig að tóm gefist til þess að leggja fram þá brtt. sem ég minntist á í ræðu minni áðan.

Umræðu frestað.

Vaxtalög, 2. umr.

Stjfrv., 445. mál (verðtrygging sparifjár og lánsfjár). — Þskj. 762, nál. 892.

[15:27]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. og brtt. sem efh.- og viðskn. hefur sent frá sér vegna frv. til laga um breytingu á vaxtalögum, nr. 25/1987. Þetta frv. er stórmál sem felst í breytingu á grunni lánskjaravísitölunnar, sem hefur verið notuð til þess að verðtryggja fjárskuldbindingar hvort sem heldur er sparifé eða lánsfé.

Það hefur verið mikið fjallað um verðtryggingarmálin í Alþingi á undanförnum árum og einn þingmaður, hv. 6. þm. Suðurl., hefur lagt fram frv. allnokkrum sinnum um afnám verðtryggingar. Það frv. hefur ekki náð fram að ganga, enda má segja sem svo að verðtrygging á sparifé leiði almennt séð til lægri fjármagnskostnaðar, sérstaklega þegar verðbólgan er jafnlág og nú er og því væri óhagstætt fyrir lántakendur að sleppa verðtryggingunni þegar svo er ástatt. Þannig geta menn litið á vaxtatölur, borið saman vexti á óverðtryggðum lánum og verðtryggðum kjörum og það er undantekningarlaust þannig núna, þegar verðbólgan er í þessum lægðum, að verðtryggð kjör eru hagstæðari heldur en óverðtryggð.

Það sem verið er að gera með þessu frv. er að breyta grunni lánskjaravísitölunnar þannig að hann miðist eftirleiðis við vísitölu neysluverðs, en um vísitölu neysluverðs er fjallað í frv. sem liggur fyrir þinginu.

Spurninign um það hvernig lánskjaravísitalan eigi að vera samsett getur að sjálfsögðu komið upp og valdið deilum og umræðum, en þegar til lengri tíma er litið má almennt segja að það kannski skipti ekki höfuðmáli hvernig þessi grunnur er samsettur þar sem vaxtaprósenturnar muni þegar til lengri tíma er litið aðlaga sig að þeim grunni sem í gildi er. Þó má segja að vísitala neysluverðs sé að mörgu leyti eðlilegri grundvöllur fyrir verðtryggingu heldur en sá grunnur sem núna er við lýði, þar sem í þeim grunni, í neysluverðsgrunninum, er launaþátturinn eðlilegri hluti, kannski eitthvað um 30% og síðan erlent verðlag kannski annað eins, og þess vegna má segja að þessi grunnur mæli almennar verðbreytingar betur heldur en sá grunnur sem núna er til staðar.

Nefndin hefur fjallað um frv. hv. 6. þm. Suðurl. og

það var ákvörðun nefndarinnar að afgreiða ekki það frv. þrátt fyrir að þingmaðurinn hefði sýnt því mikinn áhuga og þrátt fyrir að ýmsir hv. þm., flm. frv., hefðu skrifað efh.- og viðskn. sérstakt bréf þar að lútandi, sérstakt hvatningarbréf. Ástæðan er einfaldlega sú að afgreiðsla þess frv. og framganga þess máls yrði ekki til bóta, mundi leiða til hærri vaxta og þyngri byrði fyrir heimilin í landinu.

[15:32]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég stend að nál. efh.- og viðskn. á þskj. 892 um þetta mál eins og reyndar öll nefndin. Það er samstaða um það í efh.- og viðskn. að mæla með þessu frv. Ég vil að vísu láta það sjónarmið mitt koma fram að æskilegra hefði verið að menn væru að ná áföngum í því að afnema verðtryggingu fjárskuldbindinga í miklu ríkari mæli heldur en nú horfir til þar sem eingöngu fylgir þessu frv. eða í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, viljayfirlýsing um að þau mál verði skoðuð á næstunni. En það er engu að síður þannig að ég held að fyrir þeirri breytingu sem hér er lögð til séu mörg rök. Það kom fram á fundi efh.- og viðskn. í gær að það er sameiginleg afstaða allra stærstu launamannasamtaka í landinu að mæla með þessari breytingu, jafnt þeirra sem gerðir voru kjarasamningar við á dögunum og hinna sem ekki voru aðilar að þeim samningi, þ.e. stærstu samtaka opinberra starfsmanna. Ég hygg að ástæðan sé ósköp einfaldlega sú að samtök launafólks hafa upplifað það með mjög sterkum hætti á undanförnum árum að sú lánskjaravísitala sem í gildi hefur verið, þar sem launaþátturinn hefur vigtað sérstaklega inn í, hefur í raun verið eins og hengingaról um háls verkalýðshreyfingarinnar í allri hennar kjarabaráttu. Það liggur í augum uppi að ef sá böggull fylgir skammrifi að með launahækkunum, breytingum á launatöxtum, fylgi sjálfkrafa uppfærsla á öllum fjárskuldbindingum þá er það ekki þægileg aðstaða fyrir forsvarsmenn launamanna að berjast fyrir slíkum breytingum. Þannig að sú breyting sem hér er lögð til, að eftirleiðis verði eingöngu miðað við það sem menn ætla að kalla neysluverðsvísitölu, er að þessu leyti tvímælalaust til bóta.

Öllum er auðvitað ljóst að þó að þróunin nú, eins og hún blasir við á næstunni vonandi, sé sú og verði sú að þessi breyting sé til hagsbóta launamönnum í þeim skilningi að laun hækki meira en verðlag í landinu á næstu árum, þá geta þau hlutföll að sjálfsögðu snúist við. Það getur að sjálfsögðu gerst í fyllingu tímans að kaffi, olía og aðrar slíkar vörur taki til við að hækka meira heldur en laun og aftur komi hér dimmir dagar tímabils þar sem hlutföllin snúi þannig að þessi vísitala mæli þá í raun og veru launafólkinu í óhag. En eftir stendur þá a.m.k. þessi þáttur, sem er jákvæður í sjálfu sér, að launabreytingarnar sem slíkar, umsamdar launahækkanir, vigta ekki með beinum hætti inn í verðtryggingargrundvöll fjárskuldbindinganna eins og verið hefur. Engu að síður er það mín skoðun og ég held að ég deili henni með mjög mörgum, þar á meðal þeim flestum sem komu og töluðu á fundum efh.- og viðskn., að æskilegast væri að taka skref í átt til afnáms þessarar verðtryggingar.

Hæstv. forseti. Ég hygg í sjálfu sér að það sé ekki í sjálfu sér tilefni til að hafa um þetta mikið fleiri orð. Við ræddum þetta mál nokkuð við 1. umr. og þar á meðal áhrif þessara breytinga á hugsanlegt vaxtastig í landinu og stöðuna á fjármagnsmarkaði og ég vísa til þess sem ég þar sagði. Ég vil að lokum láta það koma hér fram að það var einróma álit þeirra sérfræðinga á fjármagnsmarkaði sem komu til nefndarinnar að í raun væri afar óæskilegt að gera breytingar af þessu tagi og ég tala nú ekki um endurtekið á viðkvæmum grundvelli verðtryggingar fjárskuldbindinga í landinu eins og hér á í hlut þannig að ég vona svo sannarlega að þetta sé í síðasta skipti sem við þessu verður hróflað og í næsta skipti sem þessi mál koma á dagskrá þá verði það til þess að lögfesta afnám verðtryggingingar á fjárskuldbindingum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vörugjald af ökutækjum, 2. umr.

Stjfrv., 438. mál (gjaldhlutfall, gjaldflokkar, hópferðabílar o.fl.). — Þskj. 742, nál. 894.

[15:37]

Frsm. efh.- og viðskn. (Jóhannes Geir Sigurgeirsson):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir nál. frá efh.- og viðskn. á þskj. 894 um breyting á lögum um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum.

Nefndin hefur fjallað um málið og fékk á fund sinn Snorra Olsen, Jón Guðmundsson og Braga Gunnarsson frá fjmrn.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með þeirri breytingu sem er á sama þskj. og lýtur að því að fjmrh. sé heimilt að endurgreiða hópferða- og sérleyfishöfum og fjármögnunarleigum allt að tveimur þriðju hlutum þess vörugjalds á hópferðabifreiðar fyrir 18 farþega og fleiri sem voru keyptar frá 1. júlí 1993 til 1. mars 1995. Endurgreiðslan skal þó takmörkuð við þann hluta vörugjalds sem ekki hefur verið afskrifaður.

Þetta ákvæði á sér nokkra forsögu og er tilkomið af því að við lagabreytingu um áramótin 1992/1993 var það ákveðið að hópferðaakstur færi inn í virðisaukaskattskerfið. Það var síðan tekið af og átti að taka gildi árinu seinna. Það var aftur tekið af þá með lögum en nokkur hluti rekstraraðila hópferða- og sérleyfisbifreiða hafði í millitíðinni fjárfest og reiknað með því að þeir fengju virðisaukaskattinn endurgreiddan.

Þetta mál hefur verið til umfjöllunar í fjmrn. og í efh.- og viðskn. í samráði við þessa hagsmunaaðila í allan vetur. Þar voru uppi ýmsar hugmyndir, m.a. að þeir fengju eins og skip og flugvélar virðisaukaskattinn endurgreiddan af fjárfestingum. Um það náðist ekki samstaða en þetta er sú lending sem menn náðu og hluti af því frv. sem hér er verið að leggja til að verði samþykkt er að lækka vörugjaldið úr 20 í 5 og sömuleiðis að það verði afturvirkt hvað þetta snertir.

Nokkuð var fjallað um það í nefndinni í tengslum við þetta mál að fyrir tveimur árum síðan var að frumkvæði nefndarinnar sett heimild í lög um að fjmrh. væri heimilt að lækka vörugjald af leigubílum niður í 30%. Nefndarmenn hafa fylgst með framkvæmd þessa og hefur þeim þótt að þær reglur sem um þetta voru settar væru svo strangar að það væru mjög fáir leigubílstjórar sem gætu notið þeirra. Hefur nefndin ítrekað lagt það til við ráðuneytið og ráðherra að því væri breytt. Í umfjöllun um málið fengum við í hendurnar minnisblað undirritað af hæstv. fjmrh. Friðriki Sophussyni þar sem þessum reglum er breytt og viðmiðunartekjurnar sem leigubílstjórar þurfa að hafa lækkaðar úr 1.200 þús. niður í 1.080 þús. eða um 120 þús. Auk þess er heimilað að það verði tekin tvö af þrem síðustu árum þegar þetta er reiknað út þannig að menn geti þá fellt út eitt ár ef það kemur sérstaklega út tekjulega. Það er m.a. gert vegna þess að á það hefur verið bent að ekki þyrfti annað en að menn lentu í alvarlegri vélarbilun eða bilun á bíl þá lækkuðu tekjurnar svo mikið, því þarna er reiknað með nettótekjum, að menn féllu ekki undir þetta.

Ég vil einnig benda á varðandi leigubílstjóra og því hvernig þeir geta endurnýjað sinn flota, sem ég hef margsinnis bent á í þinginu að þeir þyrftu að geta gert, að með þeirri breytingu sem gerð er á vörugjaldinu á bifreiðum með þeim níu flokkum sem eru fyrir dísilbifreiðar þá er flokkurinn 0–1.900 rúmsentimetrar kominn niður í 30% vörugjald þannig að bifreiðar í þeim flokki sem eru hliðstæðar og sömu gerðar og leigubílstjórar eru í dag að nokkru leyti að endurnýja með eru þar með komnar í þennan flokk algjörlega kvaðalaust. Ég bendi einnig á að þetta mál tengist að mínu mati afgreiðslu frv. um olíugjald. Eftir að það er komið til framkvæmda þá á að vera og er sannfæring mín að það verði mun auðveldara fyrir leigubifreiðastjóra að endurnýja sinn bílaflota þar sem miklar líkur eru á að notaðir dísilbílar geti orðið eftirsóttir á markaðnum.

Að öðru leyti vil ég segja það, virðulegur forseti, að verði þetta frv. að lögum ásamt með olíugjaldsfrv. sem hér er verið að leggja til þá verða verulegar breytingar á skattlagningu, bæði á bifreiðaeign við kaup bifreiða og rekstur sem að mínu mati á að geta haft hér heillavænlega þróun og vera í sjálfu sér umhverfisvæn því dísilbílar eru merkilegt nokk mun betri fyrir umhverfið en bensínbílar. Þetta á bæði við á höfuðborgarsvæðinu en ég hef margsinnis sagt að væri mjög æskilegt að það gerðist að bílar sem eru í stöðugri notkun innan borgar, litlir sem stórir séu dísilbílar. Sömuleiðis skiptir það miklu máli fyrir íbúa landsbyggðarinnar, bæði einstaklinga, fyrirtæki og þjónustuaðila sem þurfa nokkuð öfluga bíla sem eru keyrðir mikið, að með þessu þá verður kosturinn dísilbílar mun hagstæðari.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vog, mál og faggilding, 2. umr.

Frv. efh.- og viðskn., 419. mál (reglur um öryggi vöru). — Þskj. 683.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:44]

Of skammt var liðið frá útbýtingu 34. dagskrármáls og brtt. 901, 903 og 904. — Afbrigði samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EKJ, GHH, GE, GuðjG, GB, GHelg, GunnS, IBA, IP, JÁ, JE, JGS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP.

24 þm. (ÁJ, DO, EH, FI, FrS, GHall, GÁS, GÁ, GJH, HÁ, HBl, HG, JóhS, JBH, JVK, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PBald, RG, SighB, SP, VS, ÖS) fjarstaddir.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 2. umr.

Stjfrv., 437. mál (iðgjöld til lífeyrissjóða, tapað hlutafé o.fl.). — Þskj. 733, nál. 890, brtt. 891.

Enginn tók til máls.

Umræðu frestað.

Vísitala neysluverðs, 2. umr.

Stjfrv., 443. mál (heildarlög). — Þskj. 760, nál. 893, brtt. 903.

[15:50]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. frá efh.- og viðskn. vegna frv. til laga um vísitölu neysluverðs. Eins og fram kom við 1. umr. um þetta mál er verið að skipta út gömlu framfærsluvísitölunni og taka upp vísitölu neysluverðs. Hér er fyrst og fremst um það að ræða að vísitalan breytir um nafn. Í stað þess að heita vísitala framfærslukostnaðar heitir hún eftirleiðis vísitala neysluverðs. Að öðru leyti er í frv. verið að auka hina formlegu ábyrgð Hagstofunnar á gerð vísitölunnar og kauplagsnefnd hefur einungis ráðgefandi hlutverk. Í rauninni er nafnið tekið af henni í frv. en eins og kunnugt er bar kauplagsnefnd áður ábyrgð á útreikningi vísitölunnar.

Síðan er í frv. ákvæði um að Hagstofan skuli eigi sjaldnar en á fimm ára fresti að láta gera neyslukönn-

un sem verður þá til grundvallar vísitölunni en Hagstofan hefur á undanförnum árum gert slíka könnun á fimm ára fresti og þar með hefur verið settur nýr grunnur að framfærsluvísitölunni á fimm ára fresti.

Efnislega eru því í sjálfu sér ekki miklar breytingar á ferðinni. Vísitalan mun mæla verðbreytingar með sambærilegum hætti og vísitala framfærslukostnaðar hefur gert hingað til. Nefndin leggur því til að frv. verði samþykkt óbreytt og allir nefndarmenn undirrita þetta án fyrirvara.

[15:52]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég skrifa undir nál. efh.- og viðskn. á þskj. 893 með fyrirvara um afstöðu mína til málsins og þeirra frv. sem hér hafa verið til umræðu og tengjast nýlega gerðum kjarasamningum og vísa ég til þess sem áður hefur verið sagt.

Fyrirvari minn lýtur að síðari mgr. 1. gr. og um þá málsgrein flyt ég brtt. á þskj. 903. Þar er fjallað um nefnd þá sem skuli vera Hagstofunni til ráðgjafar um gerð vísitölunnar, sambærileg þeirri nefnd sem borið hefur ábyrgð á útreikningi framfærsluvísitölunnar fram að þessu en hér er á ferðinni nýtt nafn á sama mælikvarðanum.

Það kom fram á fundum efh.- og viðskn. að Bandalag starfsmanna ríkis og bæja hefur óskað eftir aðild að þessari nefnd og færir fyrir því þau rök að óeðlilegt sé að heildarsamtök opinberra starfsmanna skuli ekki eiga fullmynduga aðild að þessu starfi sem þarna fer fram. Frv. breytir að vísu nokkuð hlutverki þessarar nefndar og má segja að vissulega sé dregið úr vægi hennar því að hún var áður í reynd ábyrg fyrir útreikningi framfærsluvísitölunnar en skv. 1. gr. frv. sem hér er til umræðu þá er hlutverk nefndarinnar meira ráðgefandi og að fylgjast með þessum útreikningum. Engu að síður sýnast öll rök standa til þess að nefndin sé skipuð fulltrúum helstu samtaka launamanna og aðila vinnumarkaðarins og þess vegna legg ég til með brtt. á þskj. 903 að nefndin verði fimm manna í stað þriggja og skipuð eins og áður einum fulltrúa tilnefndum af Hæstarétti, einum af Alþýðusambandi Íslands, einum af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, einum af Vinnuveitendasambandi Íslands og einum af Vinnumálasambandi samvinnufélaganna. Breytingin er sú að til viðbótar fulltrúum Alþýðusambandsins og Vinnuveitendasambandsins koma fulltrúar Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og Vinnumálasambands samvinnufélaganna. Nefndin verður fimm manna í stað þriggja.

Ég tel þetta sjálfsagt mál og ég vonast til að um það geti orðið samstaða að taka þessa brtt. til greina.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Útbýting þingskjals:

Tekjuskattur og eignarskattur, 437. mál, brtt. IBA, þskj. 904.

Virðisaukaskattur, 1. umr.

Frv. efh.- og viðskn., 459. mál (póstþjónusta). — Þskj. 882.

[15:55]

Frsm. efh.- og viðskn. (Jóhannes Geir Sigurgeirsson):

Virðulegur forseti. Ég flyt þetta frv. fyrir hönd nefndarinnar. Hér er ekki um að ræða nefndarálit. Þetta gerum við að beiðni fjmrh. og ef ég les greinargerðina sem þessu litla frv. fylgir, með leyfi forseta:

„Með þessari breytingu á núgildandi ákvæði er lagt til að undanþegin verði frá skattskyldu viss póstþjónusta sem að mestu er sinnt af Póst- og símamálastofnun en ekki fellur undir einkaleyfi stofnunarinnar samkvæmt póstlögum. Af því leiðir að sams konar þjónusta í höndum annarra aðila verður einnig undanþegin skattskyldu.

Þannig verður undanþegin skattskyldu dreifing á árituðum blöðum og tímaritum sem samkvæmt nýlegum úrskurði ríkisskattstjóra er talin vera skattskyld á grundvelli samkeppnissjónarmiða. Undanþága þessi tekur þó ekki til óáritaðra bréfapóstsendinga, t.d. fjöldasendinga.

Einnig er dreifing á bögglapósti og forgangssendingum skattskyld eins og verið hefur þar sem slík dreifing fellur ekki undir einkaleyfi Póst- og símamálastofnunar."

Virðulegur forseti. Þar sem nefnd flytur málið, þá geri ég ekki tillögu um að málinu verði vísað til nefndar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 2. umr.

Stjfrv., 437. mál (iðgjöld til lífeyrissjóða, tapað hlutafé o.fl.). — Þskj. 733, nál. 890, brtt. 891 og 904.

[15:57]

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Ég var í raun búinn að mæla fyrir brtt. á þskj. 904 í fyrri ræðu minni og skal vera afar stuttorður. Við 1. gr. frv. til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt geri ég tillögu um breytingu, þannig að greinin orðist svo, með leyfi forseta:

„Reki vinnuveitandi hópferðabifreið til að flytja starfsmenn sína til og frá vinnu teljast hlunnindi starfsmanna af slíkum ferðum þó ekki til skattskyldra tekna."

Í stað þessa orðalags orðist greinin skv. brtt. á þskj. 994:

„Reki vinnuveitandi bifreið gagngert til þess að flytja starfsmenn sína til og frá vinnu eða greiði gjald vegna ferða í og úr vinnu teljast hlunnindi starfsmanna af slíkum ferðum þó ekki til skattskyldra tekna."

Ástæðan fyrir því að ég legg þessa brtt. fram er sú mismunun sem nefndinni er boðið upp á með greininni eins og hún er í frv. Þar er þetta skilyrt við hópferðabifreið sem skal að lágmarki vera fyrir tíu farþega. Ég rakti í fyrri ræðu minni dæmi um tvo undirverktaka er störfuðu við álverið í Straumsvík. Annar næði tilteknum fjölda, tíu eða fleiri og gæti því rekið slíka bifreið og þá fengju hans starfsmenn þau hlunnindi sem hér um ræðir en annar hefði starfsmenn af tölunni fimm eða sex og gæti þá ekki rekið slíka hópferðabifreið og þá nytu starfsmenn ekki þeirra hlunninda. Þarna væru því starfsmenn sem störfuðu hlið við hlið, jafnvel við sömu vinnu en nytu misjafnra kjara.

Þetta tel ég óviðunandi og þess vegna legg ég fram brtt. sem gerir ráð fyrir því að það sé nóg að vinnuveitandi reki bifreið en ekki hópferðabifreið gagngert til þess að koma mönnum til og frá vinnu.

Einnig er gert ráð fyrir því að þessara hlunninda njóti þeir sem fá greitt gjald til þess að komast í og úr vinnu, en það eru fjölmörg dæmi um slíkt. Ég nefndi áðan sem dæmi starfsmenn hjá varnarliðinu sem eru hátt í 200. Þeir fá greitt svokallað rútugjald en það er skattlagt að fullu á meðan þeir sem hins vegar mundu falla undir ákvæði eins og það liggur núna fyrir nytu hlunninda. Hér er um augljósa mismunun launþega að ræða sem ég tel eðlilegt að hv. Alþingi leiðrétti með því að samþykkja þessa brtt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vörugjald af olíu, frh. 3. umr.

Stjfrv., 337. mál. — Þskj. 833, brtt. 901.

[16:01]

Frsm. efh.- og viðskn. (Jóhannes Geir Sigurgeirsson):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir lítilli brtt. sem er í sjálfu sér ekki efnisleg. Brtt. er á þskj. 901 við frv. til laga um vörugjald á olíu og er breyting á ákvæði til bráðabirgða II að í stað 1. ágúst 1995 í lok 1. mgr. komi: 1. febr. 1996. Þetta lýtur eingöngu að því að það gleymdist að breyta þessari dagsetningu þegar gildistökunni var frestað frá miðju þessu ári til áramóta.

Virðulegur forseti. Ég vil síðan nota þetta tækifæri eins og aðrir formenn nefnda hafa gert hér til þess að þakka samnefndarmönnum mínum fyrir góða samvinnu á þessum vetri. Það hafa legið nokkuð mörg og stór mál fyrir nefndinni sem hafa verið afgreidd og eru orðin eða eru að verða að lögum. Sömuleiðis vil ég þakka nefndarritara, Guðjóni Rúnarssyni, fyrir afar vel unnin störf.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stjórnarskipunarlög, 3. umr.

Frv. GHH o.fl., 451. mál (endurskoðun ríkisreikninga, kjördagur). — Þskj. 769, brtt. 855.

[16:03]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir brtt. á þskj. 855. Það er brtt. við frv. til stjórnarskipunarlaga en hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Við stjórnarskrána bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Efna skal til stjórnlagaþings til að endurskoða stjórnarskrá lýðveldisins Íslands. Um skipan þingsins og störf fer samkvæmt sérstökum lögum. Þingið skal koma saman eigi síðar en 1. júní 1996.

Þegar þingið hefur afgreitt frumvarp til nýrra stjórnarskipunarlaga skal bera það undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar. Meiri hluti atkvæða ræður úrslitum málsins. Nái tillagan samþykki skal hún staðfest af forseta lýðveldisins og er hún þá gild stjórnarskipunarlög."

Tilefni þess að ég flyt þessa brtt. er að fyrr á þessum vetri flutti ég frv. til laga um sérstakt stjórnlagaþing en því fylgdi frv. til stjórnarskipunarlaga til breytinga á stjórnarskránni og síðan frv. til laga um sérstakt stjórnlagaþing þar sem efnisinnihaldið varðandi þetta þing er skilgreint og ákvæði um það í sérstöku frv.

Það var sérstök nefnd sem fjallaði um þetta frv. Nefndin náði ekki samkomulagi um þetta mál. Ég taldi því rétt og eðlilegt að láta á það reyna að flytja brtt. við frv. sem hér á að afgreiða um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands.

Ég tel óþarfa, virðulegi forseti, að fara ofan í efnisrök fyrir því að ég legg til að slíkt stjórnlagaþing verði haldið. Ég flutti um það ítarlega framsöguræðu fyrr á þessum vetri, en hlutverk þessa stjórnlagaþings er að endurskoða stjórnarskrána í heild sinni og ekki síst er kveðið á um það í greinargerð með því frv. að stjórnlagaþing eigi sérstaklega að fjalla um kosningareglur og einnig að stjórnlagaþing eigi að skoða æskilegar breytingar á stjórnkerfinu, svo sem skýrari skil milli framkvæmdar- og löggjafarvalds. Þar er átt við atriði eins og að ráðherrar eigi jafnframt að vera þingmenn og hvort afnema skuli aukafjárveitingar, þar átti að fjalla um aukinn rétt til þjóðaratkvæðagreiðslu, um ráðherrábyrgð og ákvæði um þingrofsréttinn. Ég hef lýst þeirri skoðun minni að ég tel eðlilegra að það sé sérstakt stjórnlagaþing sem fjalli um þetta mál og þess vegna flutti ég þetta frv.

Þetta er efnisinnihald þeirrar brtt. sem ég flyt við frv. til stjórnarskipunarlaga, sem er 451. mál á þessu þingi.

[16:06]

Frsm. stjórnarskrárnefndar (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég skil það mætavel að hv. ræðumaður skuli hafa talið sig þurfa að flytja þessa brtt. vegna þess að hún hefur flutt um þetta sérstakt frv. Hins vegar væri mjög ankannalegt að samþykkja til-

lögu sem þessa í sömu andrá og þingið er að samþykkja tvö frumvörp um breytingar á stjórnarskránni samkvæmt þeim reglum sem um það gilda. Þess vegna kom það ekki til greina af hálfu okkar hinna nefndarmanna í stjórnarskrárnefndinni að fallast á einhverja slíka breytingu, hvað sem líður efni þessarar tillögu. En það er allt annað mál og á að ræðast miklu betur hvort það eigi í framtíðinni að fara út í einhvers konar stjórnlagaþing. Ég hef sjálfur miklar efasemdir um það. Auðvitað gat það ekki komið til greina að gera hvort tveggja, bæði að samþykkja stjórnarskrárbreytingar eftir gömlu reglunni og síðan að fara út í stjórnlagaþing eins og þessi tillaga gengur út á og þess vegna samrýmist þetta ekki og þess vegna tel ég að það eigi að fella brtt. þingmannsins.

[16:07]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get ekki fallist á þá skoðun síðasta ræðumanns að þetta samræmist ekki að samþykkja slíka tillögu um stjórnlagaþing þó að hér sé verið að fjalla um ákvæði í stjórnarskránni sem lúta að kosningalögum og mannréttindaákvæðum. Þetta stjórnlagaþing hefur miklu víðtækari verkefni eins og ég skilgreindi og ég held að það sé alveg ljóst að það hefur verið stigið mjög stutt skref að því er varðar breytingar á kosningareglunum nú. Ég held því að stjórnlagaþing sé miklu betur til þess fallið að fjalla um þessi mál, ekki síst breytingar á kosningareglunum og ég tel að það gangi alveg saman og sé alls ekki ankannalegt, eins og hv. þm. sagði hér áðan, að setja á laggirnar slíkt stjórnlagaþing jafnvel þó að við séum að fjalla um önnur ákvæði í stjórnskránni á þessu þingi.

[16:08]

Frsm. stjórnarskrárnefndar (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að það sé nauðsynlegt að menn geri sér grein fyrir því að hefði leið hv. þm. verið valin hefðum við ekki verið að afgreiða í dag breytinguna um VII. kafla stjórnarskrárinnar. Við hefðum heldur ekki verið að afgreiða það frv. sem hún er nú að gera brtt. við, þ.e. frv. um að leggja niður embætti yfirskoðunarmanna og um að lengja kjörtímabilið um einn mánuð fram til 1999. Við erum að gera þessar breytingar núna á grundvelli gildandi laga. Hefði hennar leið verið valin hefði þessi árangur ekkert náðst. Það er mjög mikilvægt og þá er að sjálfsögðu alger óvissa um það hvað þetta stjórnlagaþing hefði hugsanlega getað gert í því efni og náttúrlega alveg óvíst hvað slík stofnun mundi kosta þjóðina í öðru lagi eða hver árangur af starfi slíks þings yrði yfir höfuð.

[16:09]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Út af orðum síðasta ræðumanns vek ég athygli á því sem fram kemur í greinargerð um þetta frv. um stjórnlagaþingið. Kveðið var á um að stjórnlagaþingið ætti að starfa í sumar og ljúka störfum að hausti og þá yrði málið sett undir bindandi þjóðaratkvæðagreiðslu. Alþingi skyldi rofið og efnt til kosninga. Þetta var sú leið sem ég lagði til þannig að þetta hefði ekkert átt að seinka neitt þessum málum og ég tel að með miklu skynsamari og eðlilegri hætti hefði verið tekið á málinu ef sú leið hefði verið farin.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, frh. 2. umr.

Stjfrv., 339. mál (eftirlitsmenn, greiðslur úr ofanflóðasjóði). — Þskj. 536, nál. 792, brtt. 793.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:13]

Brtt. 793,1 samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JHelg, JónK, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP.

19 þm. (ÁJ, EH, FI, GHall, GÁS, HÁ, HBl, HG, JGS, JBH, JVK, KHG, MF, ÓÞÞ, PBald, RG, SighB, VE, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[16:13]

Gísli S. Einarsson:

Frú forseti. Í umræðum í nótt um breytingartillögur við frv. til laga um breytingu á lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum komu fram fyrirspurnir til félmn. varðandi heimildir til reglugerðar og þar sem sá sem hér stendur hafði ekki svör á reiðum höndum þótti mér rétt nú þegar ég var búinn að kanna málið að gera grein fyrir því að í lögum um snjóflóð og skriðuföll, nr. 28/1985, kemur fram í 14. gr. að félmrh. setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara. Ég segi já.

1. gr., svo breytt, samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JHelg, JónK, KÁ, KE, LMR, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, RA, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP.

20 þm. (ÁJ, EH, FI, GHall, GÁS, HÁ, HBl, HG, JGS, JBH, JVK, KHG, MF, ÓE, PP, PBald, RG, SighB, VE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 793,2 (tvær nýjar greinar, verða 2. og 3. gr.) samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JHelg, JónK, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP.

18 þm. (ÁJ, EH, FI, GÁS, HÁ, HBl, HG, JGS, JBH, JVK, KHG, MF, ÓÞÞ, PBald, RG, SighB, VE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 793,3 samþ. án atkvgr.
2. gr. (verður 4. gr.), svo breytt, samþ. án atkvgr.
3. gr. (verður 5. gr.) samþ. án atkvgr.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 43 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JHelg, JónK, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS.
20 þm. (ÁJ, EH, FI, GÁS, HÁ, HBl, HG, JGS, JBH, JVK, KHG, MF, PJ, PBald, RA, RG, SighB, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks, frh. 2. umr.

Stjfrv., 447. mál (heildarlög). — Þskj. 765, nál. 849.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:17]
1. gr. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JHelg, JónK, KE, LMR, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP.
19 þm. (ÁJ, EH, FI, GÁS, HÁ, HBl, HG, JGS, JBH, JVK, KHG, KÁ, MF, PJ, PBald, RG, SighB, VE, ÖS) fjarstaddir.

2.–6. gr. samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GJH, GHelg, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JHelg, JónK, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, ÓÞÞ, PP, RA, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, SvG, VS, ÞorstP.
24 þm. (ÁJ, EH, FI, GÁS, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, HG, JGS, JBH, JVK, KHG, MF, ÓRG, PJ, PBald, RG, SighB, StG, SJS, TIO, VE, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JónK, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP.
19 þm. (ÁJ, EH, FI, GÁS, HÁ, HBl, HG, JGS, JBH, JHelg, JVK, KHG, MF, PJ, PBald, RG, SighB, VE, ÖS) fjarstaddir.

Atvinnuleysistryggingar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 448. mál (réttur opinberra starfsmanna, greiðslur bóta, EES-reglur). — Þskj. 766, nál. 850.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:19]
1. gr. samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GJH, GHelg, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JHelg, JónK, KÁ, KE, LMR, ÓÞÞ, PP, RA, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, VS, ÞorstP.
26 þm. (ÁJ, EH, EKG, EKJ, FI, GÁS, GunnS, HÁ, HBl, HG, JGS, JBH, JVK, KHG, MF, MB, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RG, SighB, SvG, TIO, VE, ÖS) fjarstaddir.

2.–14. gr. og ákv. til brb. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JHelg, JónK, KÁ, KE, LMR, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP.
19 þm. (ÁJ, EH, FI, GÁS, HÁ, HBl, HG, JGS, JBH, JVK, KHG, MF, ÓE, PJ, PBald, RG, SighB, VE, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JHelg, JónK, KÁ, KE, LMR, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP.
19 þm. (ÁJ, EH, FI, GÁS, HÁ, HBl, HG, JGS, JBH, JVK, KHG, MF, ÓE, PJ, PBald, RG, SighB, VE, ÖS) fjarstaddir.

Húsnæðisstofnun ríkisins, frh. 2. umr.

Stjfrv., 338. mál (félagslegar íbúðir, kaupskylda, forkaupsréttur og endursala). — Þskj. 535, nál. 851, brtt. 852.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:20]
1. gr. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JHelg, JónK, KÁ, KE, LMR, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP.

19 þm. (ÁJ, EH, FI, GÁS, HÁ, HBl, HG, JGS, JBH, JVK, KHG, MF, ÓE, PJ, PBald, RG, SighB, VE, ÖS) fjarstaddir.

2.–3. gr. samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GJH, GHelg, GunnS, IBA, JÁ, JE, JóhS, JHelg, KÁ, KE, LMR, MB, ÓÞÞ, PP, RA, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP.
25 þm. (ÁJ, ÁMM, BBj, EH, FI, GÁS, GÁ, HÁ, HBl, HG, IP, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, MF, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RG, SighB, VE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 852,1 (ný 4. gr.) samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JHelg, JónK, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, ÓÞÞ, PP, RA, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP.
19 þm. (ÁJ, EH, FI, GÁS, HÁ, HBl, HG, JGS, JBH, JVK, KHG, MF, ÓRG, PJ, PBald, RG, SighB, VE, ÖS) fjarstaddir.

5. gr. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JHelg, JónK, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP.
18 þm. (ÁJ, EH, FI, GÁS, HÁ, HBl, HG, JGS, JBH, JVK, KHG, MF, PJ, PBald, RG, SighB, VE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 852,2 samþ. án atkvgr.
6. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.
7.–8. gr. samþ. án atkvgr.
Brtt. 852,3 samþ. án atkvgr.
9. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.

10.–24. gr. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GJH, GHelg, GunnS, IBA, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.
19 þm. (ÁJ, ÁMM, EH, FI, GÁS, GÁ, HÁ, HBl, HG, IP, JBH, JVK, KHG, MF, PJ, PBald, RG, SighB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 852,4 samþ. með 26 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GHelg, GunnS, IBA, LMR, MB, ÓE, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP.

21 þm. (AÓB, GB, GÁ, GJH, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, KÁ, KE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StG, SJS, SvG, VS) greiddi ekki atkv.
16 þm. (ÁJ, EH, FI, GÁS, HÁ, HBl, HG, JBH, JVK, KHG, MF, PJ, PBald, RG, SighB, ÖS) fjarstaddir.

25. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.
Brtt. 852,5 samþ. án atkvgr.
26. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.
27.–30. gr. samþ. án atkvgr.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP.
17 þm. (ÁJ, EH, FI, GÁS, HÁ, HBl, HG, JBH, JVK, KHG, MF, PJ, PBald, RG, SighB, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Bjargráðasjóður, frh. 2. umr.

Stjfrv., 371. mál (EES-reglur). — Þskj. 600, nál. 853.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:25]
1. gr. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
18 þm. (ÁJ, DO, EH, FI, GÁS, HÁ, HBl, HG, JBH, JVK, KHG, MF, PJ, PBald, RG, SighB, SvG, ÖS) fjarstaddir.

2. gr. samþ. án atkvgr.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
17 þm. (ÁJ, EH, FI, GÁS, HÁ, HBl, HG, JBH, JVK, KHG, MF, PJ, PBald, RG, SighB, SvG, ÖS) fjarstaddir.

Lánasjóður sveitarfélaga, frh. 2. umr.

Stjfrv., 370. mál (EES-reglur, lántökur). — Þskj. 599, nál. 854.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:26]
1. gr. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, KÁ, LMR, MB, ÓE, ÓÞÞ, PP, RA, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
19 þm. (ÁJ, EH, FI, GÁS, HÁ, HBl, HG, JBH, JVK, KHG, KE, MF, ÓRG, PJ, PBald, RG, SighB, SvG, ÖS) fjarstaddir.

2. gr. samþ. án atkvgr.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.
17 þm. (ÁJ, EH, FI, GE, GÁS, HÁ, HBl, HG, JBH, JVK, KHG, MF, PJ, PBald, RG, SighB, ÖS) fjarstaddir.

Eftirlit með skipum, frh. 2. umr.

Frv. samgn., 453. mál (innflutningur skipa eldri en 15 ára). — Þskj. 775.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:27]
1. gr. samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, KÁ, KE, LMR, MB, PP, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
22 þm. (ÁJ, EH, FI, GÁS, HÁ, HBl, HG, JBH, JVK, KHG, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PBald, RA, RG, SighB, StG, SvG, ÖS) fjarstaddir.

2. gr. samþ. án atkvgr.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.
16 þm. (ÁJ, EH, FI, GÁS, HÁ, HBl, HG, JBH, JVK, KHG, MF, PJ, PBald, RG, SighB, ÖS) fjarstaddir.

Framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum, frh. 3. umr.

Stjfrv., 430. mál. — Þskj. 704.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:27]
Frv. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.
17 þm. (ÁJ, ÁMM, EH, FI, GÁS, HÁ, HBl, HG, JBH, JVK, KHG, MF, PJ, PBald, RG, SighB, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 908).

Leigubifreiðar, frh. 3. umr.

Stjfrv., 329. mál (heildarlög). — Þskj. 887.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:28]
Frv. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
18 þm. (ÁJ, ÁMM, EH, FI, GÁS, HÁ, HBl, HG, JBH, JVK, KHG, MF, PJ, PBald, RG, SighB, SvG, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 909).

Fólksflutningar með langferðabifreiðum, frh. 3. umr.

Stjfrv., 332. mál (aldurshámark bifreiðastjóra). — Þskj. 888.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:29]
Frv. samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GJH,

GHelg, GunnS, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JHelg, JónK, KÁ, LMR, MB, ÓE, ÓÞÞ, PP, RA, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

2 þm. (JGS, KE) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ÁJ, EH, FI, GÁS, HÁ, HBl, HG, JBH, JVK, KHG, MF, ÓRG, PJ, PBald, RG, SighB, SvG, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 910).

Vöruflutningar á landi, frh. 3. umr.

Stjfrv., 333. mál (aldurshámark bifreiðastjóra). — Þskj. 889.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:30]

Frv. samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, IBA, JÁ, JE, JóhS, JHelg, JónK, KHG, LMR, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

3 þm. (JGS, KÁ, KE) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁJ, EH, FI, GÁS, HÁ, HBl, HG, IP, JBH, JVK, MF, PJ, PBald, RG, SighB, SvG, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 911).

Áhafnir íslenskra kaupskipa, frh. 3. umr.

Stjfrv., 317. mál. — Þskj. 836.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:30]

Frv. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

15 þm. (ÁJ, EH, FI, GÁS, HÁ, HBl, HG, JBH, JVK, MF, PJ, PBald, RG, SighB, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[16:30]

Guðmundur Hallvarðsson:

Virðulegi forseti. Vegna þessa máls vil ég gera grein fyrir atkvæði mínu. Svo nauðsynleg er þessi atkvæðagreiðsla og afgreiðsla þessa máls frá hinu háa Alþingi, að nái þetta ekki fram þá er hætta á að kaupskipafloti Íslendinga muni stöðvast þar sem heimilt verður að kyrrsetja hann í erlendum höfnum ef mönnunarskírteini verða ekki gefin út. Og í annan stað að Íslendingar sem starfa á erlendum skipum nú eða hafa hug á því að sækja um störf á erlendum kaupskipaflota munu ekki fá störf vegna þess að ekki verður hægt að gefa þetta skírteini út sem hér er fjallað um. Með þetta í huga segi ég já.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 912).

Vörugjald af olíu, frh. 3. umr.

Stjfrv., 337. mál. — Þskj. 833, brtt. 901.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:33]

Brtt. 901 samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

17 þm. (ÁJ, EH, EgJ, FI, GÁS, HÁ, HBl, HG, JBH, JVK, MF, PJ, PBald, RG, SighB, SvG, ÖS) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁ, GJH, GHelg, IBA, IP, JÁ, JE, JGS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, PP, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

24 þm. (ÁJ, EH, EgJ, EKJ, FI, GHall, GÁS, GunnS, HÁ, HBl, HG, JóhS, JBH, JVK, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PBald, RA, RG, SighB, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[16:33]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég kýs að gera grein fyrir atkvæði mínu vegna þess að ég átti ekki kost á því að taka þátt í umræðu um þetta mál. Það er ljóst að sú kerfisbreyting sem hér er um að ræða getur verkað mjög íþyngjandi fyrir almenningsvagnafyrirtæki. Breytingin mundi m.a. án sérstakra ráðstafana vera íþyngjandi fyrir Strætisvagna Reykjavíkur um 100 millj. kr. Í frv. og greinargerð þess og í ræðum um málið hefur komið fram að gengið er út frá því að þessi kostnaðarauki verði allur endurgreiddur og á þeim grunni styð ég frv. eins og það liggur nú fyrir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 913).

Vernd Breiðafjarðar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 206. mál. — Þskj. 232, nál. 856, brtt. 857.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:35]

Brtt. 857,1 (ný 1. gr.) samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GJH, GHelg, GunnS, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

1 þm. (GÁ) greiddi ekki atkv.

16 þm. (ÁJ, BBj, EH, FI, GÁS, HÁ, HBl, HG, JBH, JVK, MF, PJ, PBald, RG, SighB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 857,2–8 samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GJH, GHelg, GunnS, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, KÁ, KE, LMR, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

1 þm. (GÁ) greiddi ekki atkv.

17 þm. (ÁJ, EH, FI, GÁS, HÁ, HBl, HG, JBH, JVK, KHG, MF, ÓE, PJ, PBald, RG, SighB, ÖS) fjarstaddir.

2.–9. gr., svo breyttar, samþ. án atkvgr.

10. gr. samþ. án atkvgr.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GJH, GHelg, GunnS, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, ÓRG, PP, RA, SalÞ, SigG, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

1 þm. (GÁ) greiddi ekki atkv.

19 þm. (ÁJ, EH, FI, GÁS, HÁ, HBl, HG, JBH, JVK, KHG, MF, ÓÞÞ, PJ, PBald, RG, SighB, SAÞ, StG, ÖS) fjarstaddir.

Almenn hegningarlög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 423. mál (meiðyrði í garð opinbers starfsmanns). — Þskj. 693, nál. 867.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:37]

1. gr. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GJH, GHelg, GunnS, IBA, IP, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

18 þm. (ÁJ, EH, FI, GÁS, GÁ, HÁ, HBl, HG, JÁ, JBH, JVK, MF, PJ, PBald, RG, StG, SvG, ÖS) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GJH, GHelg, GunnS, IBA, IP, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

14 þm. (ÁJ, EH, FI, GÁ, HÁ, HBl, HG, JÁ, JBH, JVK, MF, PJ, StG, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [16:39]

Svavar Gestsson:

Hæstv. forseti. Þannig háttar til að hér er Alþingi Íslendinga að taka mikilvæga, sögulega ákvörðun og ég vildi ekki að þessi atkvæðagreiðsla gengi svo hratt fyrir sig að menn tækju ekki eftir því hvað hér er að gerast. Hér er verið að fella niður hina alræmdu 108. gr. hegningarlaganna. Ég kvaddi mér hljóðs til þess að lýsa yfir sérstakri ánægju með þessa niðurstöðu um leið og ég vildi gjarnan geta þess að mér þykir vænt um að fá tækifæri til þess og misnota aðstöðu mína til þess að senda Þorgeiri Þorgeirssyni rithöfundi heillaóskir úr þessum ræðustól.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti hyggur að allir geti tekið undir það.

3. gr., a-liður, samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GJH, GHelg, GunnS, IP, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, ÓÞÞ, PP, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

18 þm. (ÁJ, DO, EH, EgJ, GÁ, HÁ, HBl, HG, IBA, JÁ, JBH, JVK, MF, ÓRG, PJ, StG, SvG, ÖS) fjarstaddir.

3. gr., b-liður, samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GJH, GHelg, GunnS, IP, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, ÓÞÞ, PP, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

4 þm. (IBA, KHG, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁJ, EH, FI, GÁ, HÁ, HBl, HG, JÁ, JVK, MF, ÓRG, PJ, StG, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [16:41]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég tók þátt í afgreiðslu þessa máls í hv. allshn. og skrifaði undir nál. með fyrirvara. Það var út af þessari tillögu sem hljóðar svo:

„Hafi ærumeiðandi móðgun eða aðdróttun verið beint að manni sem er eða verið hefur opinber starfs-

maður og móðgunin eða aðdróttunin varðar að einhverju leyti það starf hans, þá skal slíkt brot sæta opinberri ákæru eftir kröfu hans."

Mér fannst satt að segja að það væri fullrausnarlegt að hafa þarna inni orðin „eða verið hefur opinber starfsmaður" og vernda þannig æru þessara manna um aldur og ævi. Þess vegna kýs ég að sitja hjá við þessa grein.

4. gr. samþ. án atkvgr.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 51 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GJH, GHelg, GunnS, IBA, IP, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.
12 þm. (ÁJ, EH, GÁ, HÁ, HBl, HG, JÁ, JVK, MF, PJ, StG, ÖS) fjarstaddir.

Greiðsla á bótum til þolenda afbrota, frh. 2. umr.

Stjfrv., 411. mál. — Þskj. 659, nál. 868, brtt. 869.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:43]
1. gr. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GHelg, GunnS, IBA, IP, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PBald, RA, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.
16 þm. (ÁJ, DO, EH, EKJ, FI, GÁ, GJH, HÁ, HBl, HG, JÁ, JVK, PJ, RG, StG, ÖS) fjarstaddir.

2.–13. gr. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GJH, GHelg, GunnS, IBA, IP, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.
13 þm. (ÁJ, DO, EH, GÁ, HÁ, HBl, HG, JÁ, JVK, KHG, PJ, StG, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 869,1 samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GHelg, GunnS, IBA, IP, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓÞÞ, PP, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.
16 þm. (ÁJ, EH, FI, GHH, GÁ, GJH, HÁ, HBl, HG, JÁ, JVK, KHG, ÓRG, PJ, StG, ÖS) fjarstaddir.

14. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.
15.–20. gr. samþ. án atkvgr.

Brtt. 869,2 samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GJH, GHelg, GunnS, IBA, IP, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.
14 þm. (ÁJ, DO, EH, GÁ, HÁ, HBl, HG, JÁ, JBH, JVK, KHG, PJ, StG, ÖS) fjarstaddir.

Ákv. til brb., svo breytt, samþ. án atkvgr.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 52 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GJH, GHelg, GunnS, HÁ, IBA, IP, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.
11 þm. (ÁJ, EH, GÁ, HBl, HG, JÁ, JVK, KHG, PJ, StG, ÖS) fjarstaddir.

Lúganó-samningurinn um fullnustu dóma í einkamálum, frh. 2. umr.

Stjfrv., 328. mál. — Þskj. 497, nál. 870.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:45]
1. gr. samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GJH, GHelg, GunnS, HÁ, IBA, IP, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓÞÞ, PP, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP.
14 þm. (ÁJ, EH, GÁ, HBl, HG, JÁ, JVK, KHG, ÓRG, PJ, StG, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

2.–5. gr. samþ. án atkvgr.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GJH, GHelg, GunnS, HÁ, IBA, IP, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, ÓÞÞ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

16 þm. (ÁJ, EH, EKJ, GÁ, HBl, HG, JÁ, JVK, KHG, MF, ÓRG, PP, PJ, PBald, StG, ÖS) fjarstaddir.

Tjáningarfrelsi, frh. síðari umr.

Þáltill. SvG o.fl., 295. mál. — Þskj. 387, nál. 871.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:47]

Till. í nál. 871 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GJH, GHelg, GunnS, HÁ, IBA, IP, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

13 þm. (ÁJ, EH, EgJ, GÁ, HBl, HG, JÁ, JVK, KHG, PP, PJ, StG, ÖS) fjarstaddir.

Fréttaflutningur af slysförum, frh. síðari umr.

Þáltill. GunnS, 115. mál. — Þskj. 118, nál. 872.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:47]

Brtt. 872 (ný tillgr.) samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GJH, GHelg, GunnS, HÁ, IBA, IP, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP.

13 þm. (ÁJ, EH, GÁ, HBl, HG, JÁ, JVK, KHG, PP, PJ, StG, VE, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GJH, GHelg, GunnS, HÁ, IBA, IP, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

12 þm. (ÁJ, EH, GÁ, HBl, HG, JÁ, JVK, KHG, PP, PJ, StG, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis. (þskj. 916).

Hitaveita Suðurnesja, frh. 2. umr.

Stjfrv., 427. mál (eignaraðilar og eignarhlutföll). — Þskj. 698, nál. 877.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:49]

1. gr. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GJH, GHelg, HÁ, IBA, IP, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PBald, RA, RG, SalÞ, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

16 þm. (ÁJ, EH, GE, GÁ, GunnS, HBl, HG, JÁ, JBH, JVK, KHG, PP, PJ, SigG, StG, ÖS) fjarstaddir.

2.–6. gr. samþ. án atkvgr.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GJH, GHelg, IBA, IP, JE, JGS, JBH, JHelg, JónK, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓÞÞ, PBald, RA, RG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

18 þm. (ÁJ, EH, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, HG, JÁ, JóhS, JVK, KHG, ÓRG, PP, PJ, SalÞ, SigG, StG, ÖS) fjarstaddir.

Norðurlandasamningur um baráttu gegn mengun sjávar, frh. síðari umr.

Stjtill., 449. mál. — Þskj. 767, nál. 878.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:50]

Tillgr. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GJH, GHelg, IBA, IP, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

15 þm. (ÁJ, EH, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, HG, JÁ, JónK, JVK, KHG, PP, PJ, StG, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, BBj, DO, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GJH, GHelg, IBA, IP, JE, JóhS, JGS, JBH, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓÞÞ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

19 þm. (ÁJ, ÁMM, EH, EgJ, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, HG, JÁ, JHelg, JónK, JVK, KHG, ÓRG, PP, PJ, StG, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 917).

Samningur um verndun mannréttinda og mannfrelsis, frh. síðari umr.

Stjtill., 450. mál. — Þskj. 768, nál. 879.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:51]

Tillgr. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GJH, GHelg, IBA, IP, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

16 þm. (ÁJ, EH, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, HG, JÁ, JónK, JVK, KHG, ÓE, PP, PJ, StG, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GJH, GHelg, IBA, IP, JE, JGS, JBH, JHelg, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

18 þm. (ÁJ, EH, FI, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, HG, JÁ, JóhS, JónK, JVK, KHG, ÓE, PP, PJ, StG, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 918).

Staðfesting ákvörðunar EES-nefndarinnar, frh. síðari umr.

Stjtill., 435. mál. — Þskj. 727, nál. 880.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:52]

Tillgr. samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GHelg, IBA, IP, JE, JGS, JBH, LMR, MB, ÓRG, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

7 þm. (AÓB, GJH, KÁ, KE, ÓÞÞ, RA, SJS) greiddu ekki atkv.

20 þm. (ÁJ, EH, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, HG, JÁ, JóhS, JHelg, JónK, JVK, KHG, MF, ÓE, PP, PJ, StG, SvG, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GHelg, IBA, IP, JE, JGS, JBH, LMR, MF, MB, ÓRG, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

6 þm. (AÓB, GJH, KÁ, KE, ÓÞÞ, SJS) greiddu ekki atkv.

20 þm. (ÁJ, EH, FI, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, HG, JÁ, JóhS, JHelg, JónK, JVK, KHG, ÓE, PP, PJ, StG, SvG, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 919).

Hollustuhættir og heilbrigðiseftirlit, frh. 2. umr.

Stjfrv., 293. mál (varnir gegn mengun sjávar, stjórnskipulag, heilbrigðisnefndir o.fl.). — Þskj. 385, nál. 883, brtt. 884.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:54]

Brtt. 884,1–2 (1. og 2. gr. falli brott) samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GJH, GHelg, IBA, IP, JE, JBH, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

20 þm. (ÁJ, EH, FI, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, HG, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, ÓE, PP, PJ, StG, ÖS) fjarstaddir.

3. gr. (verður 1. gr.) samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GJH, GHelg, IBA, IP, JE, JBH, JHelg, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE.

19 þm. (ÁJ, EH, FI, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, HG, JÁ, JóhS, JGS, JónK, JVK, KHG, PJ, SighB, StG, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 884,3.a samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GJH, GHelg, IBA, IP, JE, JBH, JHelg, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, VS, VE, ÞorstP.

2 þm. (BBj, TIO) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ÁJ, EH, FI, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, HG, JÁ, JóhS, JGS, JónK, JVK, KHG, PP, PJ, StG, SvG, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[16:56]

Tómas Ingi Olrich:

Virðulegi forseti. Með tilliti til aðskilnaðar framkvæmdarvalds og löggjafarvalds tel ég að það sé ekki æskilegt að Alþingi skipi í stjórnir stofnana sem heyra undir framkvæmdarvaldið nema í örfáum einstökum tilfellum. Þarna er hins vegar ekki um nýmæli að ræða. Þetta er staðfesting á gildandi fyrirkomulagi og ég mun sitja hjá við þessa afgreiðslu.

Brtt. 884,3.b–9 samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EKJ, FrS, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GJH, GHelg, IBA, IP, JE, JGS, JBH, JHelg, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

22 þm. (ÁJ, EH, EgJ, EKG, FI, GHH, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, HG, JÁ, JóhS, JónK, JVK, KHG, MF, PJ, StG, SJS, SvG, ÖS) fjarstaddir.

4.–12. gr. (verða 2.–9. gr.), svo breyttar, samþ. án atkvgr.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EKJ, FrS, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GJH, GHelg, IBA, IP, JÁ, JE, JGS, JBH, JHelg, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

19 þm. (ÁJ, EH, EgJ, EKG, FI, GHH, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, HG, JóhS, JónK, JVK, KHG, MF, PJ, StG, ÖS) fjarstaddir.

Alþjóðasamningar um varnir gegn mengun sjávar og Siglingamálastofnun ríkisins, frh. 2. umr.

Stjfrv., 294. mál (skipulag mengunarvarna). — Þskj. 386, nál. 885.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:58]

1. gr. samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKJ, FrS, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GJH, GHelg, IBA, IP, JÁ, JGS, JHelg, KE, LMR, MB, ÓE, ÓÞÞ, PP, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

24 þm. (ÁJ, EH, EKG, FI, GHH, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, HG, JE, JóhS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, MF, ÓRG, PJ, RA, SighB, StG, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. í nál. 885 (ný 2. gr.) samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, FrS, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GJH, GHelg, IBA, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PBald, RA, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

22 þm. (ÁJ, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, HG, JE, JóhS, JBH, JVK, KHG, MF, PJ, SalÞ, StG, ÖS) fjarstaddir.

3.–4. gr. samþ. án atkvgr.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GJH, GHelg, IBA, IP, JÁ, JGS, JBH, JHelg, JónK, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

18 þm. (ÁJ, EH, EgJ, EKG, FI, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, HG, JE, JóhS, JVK, KHG, MF, PJ, StG, ÖS) fjarstaddir.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 2. umr.

Stjfrv., 437. mál (iðgjöld til lífeyrissjóða, tapað hlutafé o.fl.). — Þskj. 733, nál. 890, brtt. 891 og 904.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:00]

Brtt. 904 felld með 28:15 atkv. og sögðu

já: EKJ, GB, GHelg, IBA, JÁ, JGS, JónK, MF, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, SJS, SvG.

nei: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GJH, KÁ, LMR, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP.

4 þm. (FI, HÁ, IP, VS) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁJ, EH, EKG, GÁ, GunnS, HBl, HG, JE, JóhS, JBH, JHelg, JVK, KHG, KE, StG, ÖS) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GHelg, HÁ, IBA, IP, JÁ, JGS, JBH, JHelg, JónK, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

15 þm. (ÁJ, EH, EKG, EKJ, GÁ, GJH, GunnS, HBl, HG, JE, JóhS, JVK, KHG, StG, ÖS) fjarstaddir.

2.–3. gr. samþ. án atkvgr.

Brtt. 891,1 (ný grein, verður 4. gr.) samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ,

FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GHelg, HÁ, IBA, IP, JÁ, JGS, JBH, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

13 þm. (ÁJ, EH, FrS, GÁ, GJH, GunnS, HBl, HG, JE, JóhS, JVK, StG, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 891,2 (ný 4. gr., verður 5. gr.) samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GJH, GHelg, HÁ, IP, JÁ, JGS, JBH, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

15 þm. (ÁJ, EH, EKJ, FrS, GÁ, GunnS, HBl, HG, IBA, JE, JóhS, JVK, ÓRG, StG, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 891,3 samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GJH, GHelg, HÁ, IP, JÁ, JGS, JBH, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

15 þm. (ÁJ, EH, FrS, GÁ, GunnS, HBl, HG, IBA, JE, JóhS, JVK, PBald, StG, SvG, ÖS) fjarstaddir.

5. gr. (verður 6. gr.), svo breytt, samþ. án atkvgr.

6.–8. gr. (verða 7.–9. gr.) samþ. án atkvgr.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GJH, GHelg, HÁ, IBA, IP, JÁ, JGS, JBH, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP.

14 þm. (ÁJ, EH, EKJ, GÁ, GunnS, HBl, HG, JE, JóhS, JVK, PBald, StG, VS, ÖS) fjarstaddir.

Vaxtalög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 445. mál (verðtrygging sparifjár og lánsfjár). — Þskj. 762, nál. 892.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:04]

Brtt. í nál. 892 samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GJH, GHelg, HÁ, IBA, IP, JGS, JBH, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

13 þm. (ÁJ, EH, GÁ, GunnS, HBl, HG, JÁ, JE, JóhS, JVK, ÓRG, StG, ÖS) fjarstaddir.

1. gr., svo breytt, samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GJH, GHelg, HÁ, IBA, IP, JGS, JBH, JHelg, JónK, KHG, KÁ, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP.

14 þm. (ÁJ, EH, GÁ, GunnS, HBl, HG, JÁ, JE, JóhS, JVK, KE, StG, VS, ÖS) fjarstaddir.

2. gr. samþ. án atkvgr.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GJH, GHelg, HÁ, IBA, IP, JÁ, JGS, JBH, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP.

14 þm. (ÁJ, EH, EKJ, GE, GÁ, GunnS, HBl, HG, JE, JóhS, JVK, StG, VS, ÖS) fjarstaddir.

Vísitala neysluverðs, frh. 2. umr.

Stjfrv., 443. mál. — Þskj. 760, nál. 893, brtt. 903.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:05]

Brtt. 903 kölluð aftur.

1. gr. samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁS, GJH, GHelg, HÁ, IBA, IP, JÁ, JGS, JBH, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, MF, MB, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

14 þm. (ÁJ, EH, GuðjG, GÁ, GunnS, HBl, HG, JE, JóhS, JVK, LMR, ÓRG, StG, ÖS) fjarstaddir.

2.–5. gr. samþ. án atkvgr.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 52 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GJH, GHelg, HÁ, IBA, IP, JÁ, JE, JGS, JBH, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

11 þm. (ÁJ, EH, GÁ, GunnS, HBl, HG, JóhS, JVK, PJ, StG, ÖS) fjarstaddir.

Vörugjald af ökutækjum, frh. 2. umr.

Stjfrv., 438. mál (gjaldhlutfall, gjaldflokkar, hópferðabílar o.fl.). — Þskj. 742, nál. 894.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:06]
1. gr. samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, HÁ, IBA, IP, JÁ, JE, JGS, JBH, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.
11 þm. (ÁJ, EH, GJH, GHelg, GunnS, HBl, HG, JóhS, JVK, StG, ÖS) fjarstaddir.

2.–5. gr. samþ. án atkvgr.

Brtt. í nál. 894 (nýtt ákvæði til brb.) samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GJH, GHelg, HÁ, IBA, IP, JÁ, JE, JGS, JBH, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
10 þm. (ÁJ, EH, GunnS, HBl, HG, JóhS, JVK, StG, SvG, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 53 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GJH, GHelg, HÁ, IBA, JÁ, JE, JGS, JBH, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.
10 þm. (ÁJ, EH, GunnS, HBl, HG, IP, JóhS, JVK, StG, ÖS) fjarstaddir.

Virðisaukaskattur, frh. 1. umr.

Frv. efh.- og viðskn., 459. mál (póstþjónusta). — Þskj. 882.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:08]
Frv. vísað til 2. umr. með 55 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GJH, GHelg, HÁ, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.
8 þm. (ÁJ, EH, GunnS, HBl, HG, JVK, StG, ÖS) fjarstaddir.

Vog, mál og faggilding, frh. 2. umr.

Frv. efh.- og viðskn., 419. mál (reglur um öryggi vöru). — Þskj. 683.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:08]
1. gr. samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GJH, GHelg, HÁ, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
9 þm. (ÁJ, EH, GunnS, HBl, HG, JVK, StG, SvG, ÖS) fjarstaddir.

2. gr. samþ. án atkvgr.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 54 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GJH, GHelg, HÁ, IBA, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.
9 þm. (ÁJ, EH, GunnS, HBl, HG, IP, JVK, StG, ÖS) fjarstaddir.

[Fundarhlé. — 17:31]

Útbýting þingskjala:
Alþjóðasamningar um varnir gegn mengun og Siglingamálastofnun ríkisins, 294. mál, þskj. 921.
Frestun á fundum Alþingis, 463. mál, stjtill., þskj. 926.
Hollustuhættir og heilbrigðiseftirlit, 293. mál, þskj. 920.
Tekjuskattur og eignarskattur, 437. mál, þskj. 922.
Vaxtalög, 445. mál, þskj. 923.
Vegáætlun 1995–1998, 308. mál, brtt. meiri hluta samgn., þskj. 905.
Vernd Breiðafjarðar, 206. mál, brtt. KE, þskj. 925.
Vörugjald af ökutækjum, 438. mál, þskj. 924.

Vegáætlun 1995–1998, frh. síðari umr.

Stjtill., 308. mál. — Þskj. 428, nál. 755 og 895, brtt. 756, 896 og 905.

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 905. — Af-

brigði samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EKJ, GHH, GE, GuðjG, GHall, GHelg, HBl, HG, JÁ, JE, JGS, JBH, JHelg, JónK, KHG, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

25 þm. (AÓB, ÁRÁ, ÁJ, DO, EH, FI, FrS, GB, GÁS, GÁ, GJH, GunnS, HÁ, IBA, IP, JóhS, JVK, KÁ, KE, PBald, RA, SighB, SAÞ, SP, VS) fjarstaddir.

[17:51]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Því miður var ég veikur í morgun og hafði ekki af þeim sökum tök á að mæta hér á réttum tíma. Mér hefur á hinn bóginn verið sagt svona ofan af því sem þá var fram haldið og mun auðvitað gera athugasemdir við sitthvað af því við annað tækifæri. En þar sem ég var flm. málsins hér á Alþingi þá held ég að það sé óhjákvæmilegt að ég geri grein fyrir nokkrum atriðum.

Það er í fyrsta lagi svo að þegar ákveðið var að efna til sérstaks átaks í vegamálum þá var reynt að fara hina sömu leið og Vegagerðin hefur sagt mér að hafi verið í umræðu hjá síðustu ríkisstjórn, að hækka verð á bensíni og láta síðan tekjurnar renna til þeirra kjördæma þar sem bensínið seldist. Þessi leið var ekki fær þar sem olíufélögin litu svo á að þar væri um trúnaðarmál að ræða, vildu ekki á það fallast og af þeim sökum var höfðatöluregla valin. Það er skýringin og vona ég að ég meiði engan hv. þm. þó að ég taki fram þær skýringar sem eru hér á tillögugerð á Alþingi.

Ég vil í annan stað segja að þegar tillögur lágu fyrir kom í ljós vegna þess niðurskurðar sem hafði verið, að ákveðin kjördæmi hefðu misst fjármagn og það var ákveðið að jafna það út.

Ég vil sérstaklega taka það fram vegna þeirrar brtt. sem hér liggur fyrir og vegna þess talnaflutnings sem hér liggur fyrir, að ég lagði mig fram um það að Vestfirðingar yrðu ekki út undan í þessari skiptingu og beitti mér fyrir því að samkomulag tækist um það að Djúpvegur yrði gerður að stórverkefni til þess að það yrði í sjónmáli að þeir Ísfirðingar gætu komist leiðar sinnar og að hægt væri að leggja niður ferjurekstur í Djúpi.

Það liggur fyrir nú að umræður um fjármögnun jarðganga undir Hvalfjörð eru að komast á lokastig sem auðvitað hefur í för með sér gífurlegar vegaframkvæmdir sem falla samkvæmt skilgreiningu undir Reykjanes og Vesturland.

Ég vil í þriðja lagi segja varðandi Austurland og ég hlýt að taka það fram, að ég og hv. þm. Egill Jónsson og hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson, hv. 5. þm. Austurl., ræddum þessi mál sérstaklega og það varð að samkomulagi okkar á milli að ég lýsti því yfir hér á ræðustóli að á vegáætlunartímabilinu ættu að nást mikilvægir áfangar á hringveginum milli Norðurlands og Austurlands. Engu að síður verður þar margt ógert og einkum þá á þeim hluta vegarins sem liggur í Austurlandskjördæmi. Ég tel því eðlilegt að við næstu endurskoðun vegáætlunar verði mörk stórverkefnisins tenging Norður- og Austurlands endurskoðuð og verði þá við það miðað að það tengist stórverkefninu við Jökusá á Dal. Jafnframt var það ákveðið við undirbúning þessarar vegáætlunar að 50 millj. kr. væru færðar úr Norðurl. e. til þess að byggja upp veginn fyrir norðan Fellabæ, 50 millj. kr., og var gert ráð fyrir því og sagðist ég mundu beita mér fyrir því, að það fé yrði annað tveggja lagt til Austurlands eða yrði gert upp þegar vegi yfir Möðrudalsöræfi lyki. Ástæðan fyrir því að ég lagði upp úr þessu er sú að reynslan hefur sýnt að vegtenging milli Norðurlands og Austurlands er mjög brýn og fjölmargir menn í atvinnurekstri hafa snúið sér til mín og beðið mig um að gera ráðstafanir til þess að þetta mál mætti vel ganga fram og sá blettur sem ég tala um fyrir utan Fellabæ eða innan, ég kann það nú ekki, er óundirbyggður og nauðsynlegt að snúa sér að honum hið fyrsta.

Þá vil ég í annan stað segja að útflutningsvörur okkar Íslendinga fara æ meira eftir vegakerfinu áður en þær fara í skip eða flugvél til annarra landa. Þetta á t.d. við um mikinn hluta fiskútflutningsins, en þó sérstaklega um útflutning virkurs og annarra jarðefna. Virkurútflutningur hefur farið mjög vaxandi hin allra síðustu ár og útlit fyrir að sú þróun haldi áfram næstu ár. Með hliðsjón af þeirri þróun sem hér er lýst hef ég falið Vegagerðinni að gera úttekt á þeim vegum sem þýðingarmestir eru fyrir útflutningsgreinar og meta þörf fyrir úrbætur á þeim. Og ég vil segja að ég tel þetta mjög þýðingarmikið og brýnt til þess að vegir skerist ekki í sundur og til þess að gjaldeyrisöflunin geti gengið hið besta fyrir sig og skal ekki fyrir fram segja um það hvaða lausn verður valin, en ég legg upp úr því að þessum málum verði sýnd áhersla í framtíðinni.

Ég vil svo að síðustu, herra forseti, aðeins vona að þessi orð mín, sem eru með öllu áreitnilaus, og eru sögð vegna þess að ég gat ekki verið hér í morgun vegna sjúkleika. Ég vona að þingmenn skilji það svo að ég geti skýrt mínar eigin tillögur stuttlega þegar verulega hefur verið að þeim fundið og þegar ég sé að efni þeirra hefur misskilist.

[17:59]

Halldór Ásgrímsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég hafði lofað því að flytja ekki frekari ræður um þessa vegáætlun því að mér skilst að það standi til að ljúka þingi og það á við um þingmenn míns flokks. En hæstv. samgrh. vill greinilega halda áfram umræðu um þessi mál. Auðvitað verður hann að fá að skýra sín sjónarmið, en hann þarf líka einstaka sinnum að hlusta á rök annarra, sem honum er ekki mjög lagið.

Ég vil segja það við hæstv. samgrh. að það sem í vegáætlun stendur skiptir máli. Yfirlýsingar núna um eitthvað sem á að gerast við endurskoðun næstu vegáætlunar er góðra gjalda vert. En hæstv. samgrh. verður að átta sig á því að það er það sem í vegáætlun stendur sem skiptir máli. Það er ekki heimilt að flytja til fjármagn nema það sé gert innan ramma laga og með samþykki þingmanna. Þess vegna finnst mér það vera dálítið skrýtið af hæstv. samgrh. að vera að lýsa yfir ákveðnum vilja að því er varðar endurskoðun

næstu vegáætlunar. Það má vel vera að hann trúi því að hann verði samgrh. þá. Ég skal ekkert neita því að það geti ekki komið fyrir. En hann hefur verið með ýmsar aðrar yfirlýsingar hér á Alþingi, t.d. þá yfirlýsingu að það komi náttúrulega ekki annað til greina en að ljúka hringveginum fyrir aldamót. Ég vona að hæstv. samgrh. geti staðið við það, en núgildandi vegáætlun gerir ekki ráð fyrir því að svo verði. Ég er hins vegar sammála hæstv. ráðherra um það að mörk þessa stórverkefnis verði færð vegna þess að það er eðlilegt og alla tíð verið óeðlilegt að það nái eingöngu að heiðarbrúninni. Þannig að ég vil lýsa yfir ánægju minni með hans afstöðu, en það er ekki hún sem ræður heldur samþykkt Alþingis.

[18:01]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er auðvitað laukrétt sem hv. þm. sagði, að það sem stendur í vegáætlun er það sem skiptir máli og það var það sem ég rifjaði upp. Ég vil annars segja að það er mjög algengt að ráðherrar gefi yfirlýsingar á meðan þeir eru ráðherrar um það hvert þeir vilji stefna í framtíðinni og er ekkert nýtt í því.

[18:01]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta var satt best að segja nokkuð sérkennileg ræða hjá hæstv. samgrh., sérstaklega vegna þess að það hefur flogið fyrir á göngum að það væri verið að reyna að ná einhverri samkomulagslendingu í þessu máli. Hæstv. ráðherra gengur afar illa að átta sig á því hvaða hlutverki hann sem ráðherra samgöngumála á að gegna og hvaða hlutverki ekki og hver staða Alþingis er í þessu sambandi. Það var t.d. ekki mjög heppilegt að hæstv. ráðherra vitnaði í sérstakan fund sem hann hefði átt með stjórnarþingmönnum eins kjördæmis. Það er alveg lýsandi fyrir vinnubrögðin í þessum efnum. Venjan er sú að þingmannahópar kjördæmanna, allir þingmenn, jafnt stjórnar sem stjórnarandstöðu, komi að þessum málum og það vinnulag sem hér hefur verið viðhaft mælir fyrir um slíkt, þ.e. að Alþingi skipti framkvæmdafé niður á einstök verk og það geri þingmannahópar hvers kjördæmis fyrir sig sameiginlega. En það hefur því miður gerst á þessu kjörtímabili að öllum slíkum vinnubrögðum hefur verið kastað fyrir róða og hæstv. samgrh. hefur í raun og veru hegðað sér og talað í þessum málum eins og hann væri einvaldur á 19. öld. En það er eins og kunnugt er þannig að þá trúðu margir einvaldskonungar Evrópu því að þeir hefðu þegið vald sitt frá guði, þeir hefðu þegið vald sitt milliliðalaust og beint frá guði og skulduðu engum reikningsskil gerða sinna nema þeim hinum sama guði. Það er ekki svo með þennan hæstv. samgrh., hann fær kannski að kynnast því eftir nokkrar vikur.

[18:03]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er sérkennilegt ef inni í samkomulagi felst það að þingmenn stjórnarandstöðu geti hellt sér persónulega yfir ráðherra sem ekki hafa haft tök á því að taka þátt í umræðum af eðlilegum ástæðum og talið það brot á samkomulagi þó að hann skýri sitt mál. Ég hef aldrei fyrr kynnst því þegar um fullkomlega eðlileg og lögleg forföll er að ræða, að það sé gert að einhverju árásarefni að maður vilji koma að leiðréttingu þegar maður kemur í þingsalinn, aldrei.

[18:04]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það sem ég gerði hér að umtalsefni var yfirlýsing sú sem hæstv. samgrh. flutti áðan um mál sem hæstv. ráðherra veit vel að er mjög viðkvæmt og varðar tengingu Norðurlands og Austurlands. Og hvað gerir hæstv. ráðherra? Hann eignar sér og tveimur stjórnarþingmönnum úr öðru kjördæminu sérstaka yfirlýsingu um þetta mál í stað þess að ef eitthvert mark væri á slíku takandi og einhver eðlileg vinnubrögð ástunduð þá hefði hæstv. ráðherra átt að funda með öllum þingmönnum beggja kjördæma og ræða málið við þann hóp. Þetta er bara eftir öðru, þau vinnubrögð sem hæstv. ráðherra hefur stundað. Og ég er farinn að velta því fyrir mér hvort það hefði ekki bara verið betra að hæstv. ráðherra hefði haldið sig heima í dag.

[18:05]

Egill Jónsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hlýt að staðfesta það sem kom fram hjá hæstv. samgrh., það samkomulag sem var gert milli hans annars vegar og mín og hv. 5. þm. Austurl. hins vegar. Ég vil að því leyti árétta það alveg sérstaklega að aðrir þingmenn kjördæmisins höfðu gengið frá þessari skiptingu, lýst því yfir að þeir vildu ekki bera ábyrgð á henni, því miður.

Ég vil líka taka það sérstaklega fram að þeim 50 millj., sem um er fjallað í nýrri tillögu, hefur þegar verið ráðstafað í Austurlandskjördæmi og það lá fyrir að það fjármagn væri til staðar þegar þessar ákvarðanir voru teknar. Og rétt til viðbótar við þetta vildi ég líka undirstrika að Austurland þarf ekki að greiða hlutdeild sína í stórverkefninu, sem er ærið djúgt í vöxtum, fyrr en einhvern tíma síðar á tímabilinu. En ef það hefði komið til útgjalda núna þá hefðu þangað farið líklega hartnær 200 millj. kr. neðan úr byggðinni. Þegar þetta allt saman lá fyrir þá var fengin sú niðurstaða sem hér liggur fyrir.

[18:07]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég gekk til þingfundar með það veganesti að hér væri samkomulag í uppsiglingu um þetta mál og ég hafði hugsað mér að taka mig út af mælendaskrá sem ég er á. En það er mjög athyglisvert og alveg lýsandi fyrir þetta mál allt saman að heyra hæstv. samgrh. lýsa því yfir úr ræðustól, án þess að roðna, að hann hafi ráðstafað málum á fundum með tveimur stjórnarþingmönnum af Austurlandi. Þetta er náttúrlega algert brot á þeim vinnureglum sem hafa verið hér í vegamálum og alveg lýsandi dæmi fyrir þau vinnubrögð sem hafa verið undanfarið. Þetta vildi ég að kæmi fram og þetta var erindi mitt í andsvar við hæstv. ráðherra.

[18:08]

Frsm. meiri hluta samgn. (Pálmi Jónsson):

Herra forseti. Frá því hlé var gert á umræðum um þetta mál fyrr í dag hefur verið unnið að því að móta tillögur sem gætu orðið grunnur að samkomulagi um afgreiðslu þessa máls á þessu þingi. Ég ásamt fleirum hef rætt við ýmsa hv. þm. og niðurstaðan varð sú að meiri hluti samgn. flytur tillögur um breytingu á vegáætlun sem birtast á þskj. 905. Þessar tillögur eru ætlaðar til þess að það geti orðið friður um að afgreiða málið hér í þinglokin og vonast ég til að svo megi verða. Tillögurnar fela það í sér að koma til móts við tillögur minni hluta samgn. að verulegu leyti. Þær fela það í sér að færðar eru 100 millj. kr. til Austurlands, 64 millj. kr. til Vestfjarða og 32 millj. kr. til Vesturlands. Þetta gerist með tvennum hætti: Í fyrsta lagi er um að ræða tilfærslu á fé til stórverkefna þannig að ekki er lengur um framlag að ræða sem þessari fjárhæð nemur af hinu almenna vegafé heldur er þetta hluti kjördæmisins og bætir þannig hlut þessara kjördæma um þær tölur sem hér eru nefndar.

Varðandi það sem hér hefur verið sagt um þessar 50 millj. kr. til Austurlands, þá er það rétt að það hafi verið gert þannig að það fé hafi verið lánað til Austurlandskjördæmis og því lánsfé skipt til tiltekinna vega þar, en með þeim hætti er það afdráttarlaust í tillögum nefndarinnar, og vonandi afgreiðslu Alþingis, þannig að þetta sé orðið að fé sem ekki verður frá Austurlandi tekið.

Í öðru lagi er helmingi þessarar fjárhæðar í hverju kjördæmi fyrir sig náð með því að taka það af óráðstöfuðum liðum stofnvega og skiptist eins og í fyrri liðnum, þ.e. 16 millj. til Vesturlands, 32 til Vestfjarða og 50 til Austurlands og eru þessar fjárhæðir færðar óskiptar á verkefni árin 1997 og 1998.

Í þriðja lagi er gert ráð fyrir að óskiptu fé af tengivegum verði ráðstafað að verulegu leyti þannig að 36 millj. kr. samtals komi í hlut fjögurra kjördæma, þ.e. 13 millj. til Suðurlands, 6 millj. til Reykjaness, 9 millj. til Norðurlandskjördæmis vestra og 8 millj. til Norðurlandskjördæmis eystra.

Ég ætla ekki að hafa um þetta fleiri orð. Ég vænti þess vegna þess að hér eru þinglok fram undan og með tilliti til þess samkomulags sem ég tel að hafi náðst um þetta mál þá stytti menn almennar umræður og leitist við að ganga til afgreiðslu á þessu máli.

[18:13]

Frsm. minni hluta samgn. (Stefán Guðmundsson):

Virðulegi forseti. Ég vil fyrir hönd minni hluta samgn. lýsa því yfir að við höfum ákveðið að draga til baka brtt. sem við höfum flutt á þskj. 896. Ég vil segja það að sú brtt. sem liggur fyrir á þskj. 905, flutt af meiri hluta samgn., gengur töluvert að óskum okkar minni hluta samgn. þannig að minni hluti nefndarinnar hefur svo sannarlega ekki erfiðað til einskis í þessu máli og náð því að rétta hlut ákveðinna kjördæma sem verulega hafði verið hallað á. Meginmál er að meiri hluti samgn. hefur séð að sér í þessum málum.

Virðulegi forseti. Þrátt fyrir það að ég sé ekki ánægður með ákveðna þætti vegáætlunar eins og hún liggur nú fyrir, þá mun ég samt greiða henni atkvæði mitt þegar hún kemur til atkvæðagreiðslu.

[18:14]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Kannski er sá endi sem verður á viðskiptum hæstv. samgrh. við þingið við hæfi og í samræmi við það sem hefur verið að gerast á kjörtímabilinu. Það er satt að segja með algerum eindæmum hvernig menn hafa staðið að fjármögnun vegaframkvæmda allt kjörtímabilið. Það hefur verið kuklað í framkvæmdum, einstaka þingmenn stjórnarliða hafa fengið að ráða því hvaða framkvæmdir hafa verið dregnar fram fyrir aðrar og allt hefur þetta verið gert með þvílíkri hentistefnu að það nær út af fyrir sig ekki nokkurri átt. Hæstv. samgrh. á áreiðanlega met, og þó hefur áður verið bent á ýmislegt sem hafi misfarist í stjórnsýslunni, í því að hygla sínu kjördæmi og troða peningum í verkefni sem honum líkar. Þannig hefur þetta verið allt kjörtímabilið og endirinn sem við erum að sjá núna er í samræmi við þetta.

Í haust var talað um framkvæmdaátak á höfuðborgarsvæðinu og menn urðu sammála um það í þinginu að það ætti að gera þetta átak. En hvað gerist þá? Þá finna menn upp aðferð við að skipta því fé sem á að nota í fyrirhugað framkvæmdaátak á höfuðborgarsvæðinu og var kölluð höfðatöluregla. Og hvað gerðist með þeirri höfðatölureglu? Það gerðist það að hæstv. ráðherra náði 140–150 millj. kr. meira í sitt kjördæmi. Það var nákvæmlega það sem gerðist. Það hafði aldrei farið fram umræða um að það þyrfti sérstakt framkvæmdaátak þarna, sú umræða hafði aldrei farið fram. Það kann vel að vera að þetta átak hafi þurft og það komi í ljós við umræðu um það að á slíku átaki þurfi að halda, en sú umræða hefur ekki farið fram. Svo koma hv. frsm. og formaður hv. samgn. hér í morgun og eru að nudda minni hlutanum upp úr því að hann geti ekki tekið afstöðu til mála. Ég held að enginn þurfi að vera hissa á því þó að menn séu óánægðir með hvernig að þessum hlutum hefur verið staðið.

Framkvæmdaátakið sem hér er um að ræða átti að fjármagnast sérstaklega með tekjum af bensíngjaldi. Þegar maður fer að skoða síðan hvernig 3.500 millj. eru fengnar þá kemur í ljós að fyrst eru peningar teknir af almennu vegafé og færðir í ríkissjóð. Síðan eru peningar lánaðir úr ríkissjóði í Vegasjóð. Hér er um að ræða 695 millj. sem eru fyrst færðar í ríkissjóð og síðan eru 1.433 millj. lánaðar út úr ríkissjóði. Og á síðasta ári framkvæmdaáætlunarinnar er gert ráð fyrir endurgreiðslu upp á 217 millj. Ég er að nefna þetta vegna þess að þessar tölur eru settar svona í vegáætlunina til þess að ná upp heildartölunni 3.500 millj. Þetta fjármagn kemur ekki nýtt inn heldur eru búnar til tölur til þess að geta skipt stærri fjárhæð samkvæmt höfðatölureglunni og af því að höfðatölureglan gaf möguleika á því að fá aukið framkvæmdafé til vissra staða á landinu. Þetta snýst ekki um það að menn hafi verið á móti því að framkvæmdaátakið yrði á höfuðborgarsvæðinu, en ég tel ófært annað en menn sjái í gegnum það hvernig menn hafa staðið hér að málum.

Síðan hefur hæstv. ráðherra staðið í því að fá sína menn í kjördæmum, eins og hv. þm. Egil Jónsson o.fl., til þess að fallast á þessar tillögur sínar. Og hvað hefur verið gert til þess? Það hefur verið ýtt að þessum mönnum 50 millj. hér og þar, 20 millj. eða einhverjum öðrum upphæðum og þannig hafa menn fengið niðurstöðu. Þannig standa menn að málum á hv. Alþingi á bak við tjöldin. (**StG:** Hverjir?) Hv. stjórnarliðar. Þeir standa að þessu með þvílíkum endemum að ég get ekki sagt annað en það. Ég ætla ekki að halda hér langa ræðu vegna þess að ég tel betri brag á því að við ljúkum þingstörfum og vegna þess að ég tel mikilvægt að vegáætlun verði samþykkt þannig að menn hafi það plagg til að vinna eftir, þá ætla ég ekki að fara að standa hér í ræðustól og segja frá þeim hlutum sem ég hefði svo gjarnan viljað gera. En ég get ekki annað en bent á það að þetta eru svo gersamlega óþolandi vinnubrögð og ég mun ekki geta staðið að því að samþykkja vegáætlun. Ég mun sitja hjá við afgreiðslu hennar. Við bárum fram tillögu til þess að rétta þetta pínulítið af sem hv. þm. Stefán Guðmundsson gerði grein fyrir að við drægjum núna til baka vegna þess að stjórnarliðar komu til móts við hana að nokkrum hluta. Aðrar brtt. munum við ekki flytja en það er ekki vegna þess að við sættum okkur við þessi vinnubrögð heldur vegna þess hvernig málinu er komið, það er komið í algert óefni. Og ég ætla sannarlega að vona það að enginn hæstv. ráðherra leggi í slíka göngu sem hæstv. samgrh. hefur gert á þessu kjörtímabili og enginn stjórnarmeirihluti láti sig hafa það að vinna með slíkum hætti og hæstv. ráðherra hefur gert og stjórnarliðar hafa látið sig hafa að samþykkja og rétta upp hendurnar með þessum vinnubrögðum sem við höfum séð í gegnum þetta kjörtímabil. Ég segi það enn og aftur: Það er vel við hæfi að menn endi það með þeim eindæmum sem við höfum verið að sjá hérna síðustu dagana.

[18:21]

Egill Jónsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er rétt út frá þeim orðum sem féllu hjá hv. þm. Stefáni Guðmundssyni um að verulega hefði verið réttur hlutur Austurlands þá vildi ég að það kæmi hér alveg skýrt fram í hverju sá hlutur hefur verið bættur. Það hafa komið fram skýringar á öðrum 50 millj. og hinum verður deilt á tvö seinni árin (**StG:** Er þetta andsvar eða ræða, forseti?) þegar búið er að endurskoða vegáætlunina. Þetta er sú afrétting sem hefur fengist og ég er reyndar þakklátur fyrir að það skyldi hafa verið fallist á að millifæra með þessum hætti þessar 50 millj. á árunum 1997 og 1998.

[18:22]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tók eftir því að hv. 3. þm. Austurl. veitti mér andsvar en talaði um efni ræðu hv. þm. Stefáns Guðmundssonar og ég ætla þess vegna ekki að fjalla um það í þeim tíma sem ég hef til andsvars heldur gera það sem ég gleymdi áðan, að nefna eitt til viðbótar sem er full ástæða til að menn taki eftir. Það er að í þeim plöggum sem liggja fyrir um vegáætlun er talað um að enn þá sé í gangi fyrra átakið í samgöngumálum og þar eru nefndar 450 millj. sem í það fari á þessu ári. En það er óvart þannig gert að það er tekið af almennu vegafé en það var samið um þetta átak við verkalýðshreyfinguna á sínum tíma. Þessi tala er greinilega sett í vegáætlun til að slá ryki í augu þeirra manna sem skrifuðu undir þá samninga því að þessir peningar eru ekki til. Þeir eru teknir af almennu vegafé. Þannig hafa menn verið að leika sér í gerð þessarar áætlunar sem við höfum í höndunum og allt er með líkum formerkjum og þetta.

Ég verð að segja það alveg eins og er og ég ætla að hafa það mín lokaorð hér að það verður eitt af aðalverkefnum næsta hæstv. samgrh. sem tekur við af þessum að fara yfir öll þessi mál og reyna að koma þeim í eitthvert vitrænt horf þar sem tekið verði eðlilega á málum og hentistefna verði ekki látin ráða í öllu eins og hefur verið gert á undanförnu kjörtímabili.

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Andsvörum er lokið. Það verður gert hlé á umræðum um 7. dagskrármál.

[18:25]

Hjörleifur Guttormsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegur forseti. Ég átta mig ekki á því hvers vegna er ekki lokið við þessa umræðu. Ég hélt að það væru tilmæli um það að menn frekar styttu mál sitt og það væri hægt að ljúka umræðu um vegamálin í samhengi. Ég vildi heyra rök fyrir því að verið sé að fresta umræðunni. Ég hafði ekki ætlað mér að tala en sá mig tilknúinn til þess að setja mig á mælendaskrá til að koma að örstuttri athugasemd.

[18:25]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég óska eftir því að hæstv. forseti gefi skýringar á því hvers vegna allt í einu er hætt við að ræða 7. málið, vegáætlun, þar sem við þingflokksformenn vorum að koma af fundi með forseta þar sem rætt var um að menn reyndu að ljúka þessu máli. Ég vissi ekki annað en það ætti að klárast svo þar næst væri hægt að taka grunnskólann. Ég mótmæli því, virðulegi forseti, að verið sé að breyta þessu.

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Þær athugasemdir sem hafa komið fram um að haldið verði áfram með 7. dagskrármálið verða teknar til greina og til máls tekur hv. 6. þm. Vestf. Svo það fari ekkert á milli mála, þá ítrekar forseti að til umræðu er 7. dagskrármál.

[18:26]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka virðulegum forseta fyrir þennan úrskurð. Ég tel miklu betra að reyna að ljúka þessu máli svo að störfin geti haldið eðlilega áfram.

Ég hafði ekki hugsað mér að lengja þessa umræðu neitt mikið en ég hef ekki enn þá tekið til máls í umræðu um vegáætlun og það hefur mjög margt verið að gerast í þessum málum. Það sem mér finnst fyrst og fremst þurfa að koma hér fram er það að við í minni

hluta samgn. og mjög margir hv. þm. hér inni höfum mótmælt þeirri reglu sem tekin var upp af tveimur hæstv. ráðherrum, þ.e. þeirri höfðatölureglu sem við köllum svo, þ.e. að skipta vegafé eftir höfðatölureglu.

Við ræddum þetta við 1. umr. málsins og þá var því vísað frá að búið væri að ákveða neitt í þeim efnum. Það yrði auðvitað skoðað, það væri ekkert búið að ákveða, þessu yrði bara skipt þegar búið væri að ræða málið í þinginu og í samgn. Ég vil benda á að það hefur verið til regla sem menn hafa verið ásáttir um. Hún hefur verið í gildi undanfarin ár. Hún hefur ekki valdið ágreiningi. Í þeirri reglu er tekið mið af því hvernig kostnaður vegakerfisis mundi vera, hver kostnaður er við það sem eftir er að gera, hvernig ástandið er og hver umferðin er. Það segir sig auðvitað sjálft að þegar verið er að reikna með umferð, þá hlýtur sú tala að vera hærri eftir því sem fleiri búa á svæðinu. Þar af leiðandi hefði það alveg eins komið þeim kjördæmum til góða sem hér er verið að hygla með því að hafa höfðatölureglu og með meiri sanngirni hefði átt að nota hina fyrri reglu sem ég er að nefna.

Ég tel því að engin rök hafi verið fyrir því að breyta þessari reglu á þessu stigi. Það hefði átt að hafa þetta eins og rætt var um í upphafi og allir þingmenn voru mér sammála um að það væri mjög eðlilegt að gera sérstakt átak í framkvæmdum á höfuðborgarsvæðinu og skipta síðan, þegar búið væri að taka til þess sérstaka verkefnis, öðru fjármagni sem eftir væri með venjulegri skiptireglu á milli annarra kjördæma. Og í samræmi við það höfum við í minni hluta samgn. lagt fram brtt. sem gerðu það að verkum að ekkert kjördæmi fengi minna af framkvæmdaátaksvegafé en hefði verið ef hin eldri skiptiregla hefði verið notuð.

Ég vil einnig gagnrýna það hvernig farið er með tölur í þessari vegáætlun því að það er alveg forkastanlegt hvernig hún er sett upp. Það er verið að setja upphæðir til framkvæmdaátaks inn oftar en einu sinni eins og hv. þm. Jóhann Ársælsson rakti áðan. Það er verið að lána fé úr ríkissjóði og það er verið að taka í ríkissjóð aftur líka úr vegáætlun. Það er því verið að hringla með upphæðir fram og aftur til að slá ryki í augu fólks.

Í öðru lagi vil ég einnig nefna það að mér finnst vanta í þessa áætlun að taka meira tillit til ástands landsvega og safnvega og einnig að taka með í reikninginn meiri framkvæmdir á reiðvegum. Um það hefur einmitt mikið verið rætt við undirbúning þessarar vegáætlunar að taka þyrfti mið af því hversu mikil umferð hesta er orðin um landið og þar á ferðaþjónustan stóran hlut að einnig og hefði þurft að gera því hærra undir höfði og auðvitað jafnframt afla fjár til þess. Það er alveg hægt því að oft hefur verið um það rætt og tillögur lagðar fram um það hér að leggja ákveðinn skatt á t.d. hóffjaðrir eða einhverjar vörur sem reiðmenn nota. Slíkar tillögur hafa komið fram og mér er kunnugt um að mjög margir hestamenn eru því sammála að til þess að gera átak í reiðvegagerð verði farið út í einhverja sérstaka tekjuöflun til þess. Það hefur hins vegar ekki fengist rætt í sambandi við þessa áætlun.

Að lokum get ég ekki látið hjá líða, virðulegi forseti, að nefna aðeins framkvæmdir sem eiga að vera í mínu kjördæmi. Það hefur verið ákveðið að fara út í að skilgreina Djúpveginn sem stórverkefni og það eru menn mjög sáttir við, bæði innan míns kjördæmis og annarra. Það sem ég er mjög ósátt við í þeim málum er, eins og segir í áliti minni hluta samgn., að vera að blanda þeim tveimur málum saman, að fara í stórframkvæmdir á Djúpveg og að hætta rekstri Djúpferju á þeirri sömu stund sem það er ákveðið. Við vitum það og ég hef rakið það áður og ætla ekkert að eyða löngu máli í það að það er nauðsynlegt að hafa þennan möguleika vegna öryggissjónarmiða. Ekki hvað síst nú í vetur hefur það sannast að að reka þurfi þarna ferju þegar veðurfar hefur verið eins og það er nú. Og mönnum til upplýsingar get ég sagt frá því hér að það er ekki einu sinni hægt í dag að moka Breiðadalsheiði á Vestfjörðum heldur verður að semja við Fagranesi um að það sinni þeim byggðum sem vegurinn um Breiðdalsheiði á að þjóna. Nú segja menn kannski: Þetta verður allt í lagi þegar jarðgöngin eru komin. Að sumu leyti verður það það en þó ekki að öllu leyti því að eftir sem áður þarf yfir snjóflóðahættusvæði að fara þó að jarðgöngin séu komin því að Hvilftarströnd, sem leiðin liggur um út til Flateyrar, er mjög hættulegt snjóflóðasvæði. Ég sé því ekki fram á að það sé kominn tími til þess í dag að segja: Það þarf ekki lengur að reka ferju við Ísafjarðardjúp.

Virðulegi forseti. Það sem ég ætla að segja að lokum er að ég tel að það hefði átt að gera langtímaáætlun og raunar eru ákvæði um það í vegalögum að það skuli gert og ég vænti þess að farið verði í þá vinnu mjög fljótlega. Ég tel að það hefði þurft að gerast og einnig að unnið hefði verið að þessari áætlun, sem við erum að ræða, á annan hátt, ekki að framkvæmdir séu fyrst ákveðnar af einum manni eða tveimur og síðan séu alls konar hrossakaup við það að koma málunum svo saman að hægt sé að leggja fram vegáætlun. Og ég vænti þess að betur verði unnið að vegáætlunarmálum í framtíðinni.

[18:34]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það er óþarfi að bæta miklu við það sem fram hefur komið í umræðum af gagnrýni á hæstv. ríkisstjórn fyrir frammistöðu hennar í samgöngumálum. Það er satt best að segja þannig með þau mál farið að það er greinilega stefnt að því að sprengja í loft upp alla möguleika á því í framtíðinni að menn vinni að þeim sem ein heild eins og verið hefur fram til þessa.

Þar vil ég fyrst og fremst vitna til þess vinnulags sem verið hefur á þessu kjörtímabili og ágerst eftir því sem á það hefur liðið, að taka ákvörðun um skiptingu vegafjár í kjördæmum í æ ríkari mæli úr höndum þingmanna kjördæmisins og færa yfir til þingmanna stjórnarliðsins og jafnvel inn á ráðherraborðið. Ef þessi þróun á að halda svipað áfram þá er stutt í að menn eyðileggi með öllu það vinnulag sem verið hefur á undanförnum árum og áratugum hvað þetta varðar og spilli algerlega þeirri samstöðu sem á endanum hefur ætíð náðst um þessi mál eftir því sem ég best veit. Ég hvet

því ríkisstjórnarflokkana og reyndar aðra til þess að láta af þessum tilburðum og halda sig við þau vinnubrögð og þær reglur sem gilt hafa í þessu efni í meginatriðum.

Annað sem hefur líka kveikt þá elda sem hér hafa logað dálítið glatt í dag í umræðum er sú ákvörðun ráðherra með stuðningi stjórnarliðsins að breyta skiptingu vegafjár, hverfa frá þeirri regu sem gilt hefur til annarrar heimasmíðaðrar aðferðar sem á að þjóna þrengri hagsmunum en æskilegt er í þessu tilviki.

Ég vil taka undir gagnrýni á þessi atriði og mér finnst að hæstv. núv. samgrh. hafi með verkum sínum og framgöngu hvað þessi atriði varðar gert heldur slæm verk og hefði betur látið ógert að feta þessa slóð. En ég vil segja að ég hef skilning á stöðu hans við þau skilyrði sem hann hefur þurft að búa á undanförnum árum og sérstaklega æ minni skilnings af hálfu forustumanna síns flokks. Hann hefur verið að mörgu leyti í afar þröngri stöðu.

Þriðja atriðið sem mér finnst hafa einkennt framgöngu núv. ríkisstjórnar og vonandi fráfarandi í þessum málaflokki er sú árátta að eyða fé áður en þess er aflað. Menn þekkja söguna bak við framkvæmdaátakið til þriggja ára sem fjármagnað var að verulegu leyti með lántöku. Enn er gripið til þess ráðs að ráðstafa peningum fyrir væntanlegt lánsfé. Þetta er heldur varhugaverð þróun því að með þessu eru menn ekki bara að eyða því fé sem þeir hafa til vegamála á þeim tíma sem menn eru að skipta upp heldur eru menn einnig að ráðstafa fé áranna þar á eftir, menn eru að eyða lengra fram í tímann en þeir ættu með réttu að gera. Það verður óleyst verkefni þeirra sem við þessum málum taka á næstu árum að greiða úr skuldunum sem búið er að safna upp og safnað verður upp ef þessi áform ná fram að ganga sem eru í núgildandi tillögum.

Ég vil þá víkja örfáum orðum að einstökum ákvörðunum sem liggja fyrir í tillögu að endurskoðaðri vegáætlun. Ég fagna því auðvitað að á þessu tímabili mun ljúka framkvæmdum við jarðgöng á Vestfjörðum sem mun gerbreyta möguleikum Vestfirðinga til sóknar á næstu árum. Þó að það sé að sumu leyti hlálegt fyrir núv. ríkisstjórn þá er það engu að síður staðreynd að sú framkvæmd er sú allra stærsta sem í gangi hefur verið á yfirstandandi kjörtímabili og var tekin af ríkisstjórninni þar á undan.

Þá hillir loks undir það að staðið verði við löngu gefið fyrirheit og jafnvel loforð um að ráðast í þverun Gilsfjarðar og hefur hæstv. samgrh. sagt að hann muni bjóða þá framkvæmd út á þessu ári og þá væntanlega fyrr en seinna ef það á að vera meðan hann helst í embætti. Ég skildi yfirlýsingu hans fyrir nokkrum dögum á þann veg að útboðs yrði að vænta innan fárra vikna.

Þá vil ég víkja að þriðja málinu sem mér er hugleikið í þessari áætlun. Það eru tillögur um að hefjast loks handa við endurbyggingu vegarins um Ísafjarðardjúp. Ég vil láta það koma fram, sem ég hygg að mönnum eigi vera ljóst, að ég er eindreginn stuðningsmaður þess að ráðist verði í þá framvæmd og fagna því að samstaða hefur náðst um að í það verði ráðist þegar á þessu ári. Ég tel að það skipti gríðarlega miklu máli fyrir íbúa á norðanverðum Vestfjörðum að fyrir liggi ótvírætt yfirlýsing og vilji Alþingis um að í þetta verkefni verði ráðist myndarlega á næstu árum. Hitt eru auðvitað nokkur vonbrigði að ekki skuli vera séð fyrir endann á því verki og vanta verulega upp á að menn geri ráð fyrir fjármagni til að ljúka þeim miklu framkvæmdum. Þó vil ég minna á að framkvæmdin í heild er þó ekki meiri en svo að hún er nokkru minni en nemur kostnaði við Herjólf sem gegnir sams konar hlutverki fyrir íbúa í Vestmannaeyjum og þessi endurbyggði vegur mun gegna fyrir íbúa á norðanverðum Vestfjörðum.

Hér hefur verið gert að umræðuefni ákvörðun ríkisstjórnarinnar, og ég endurtek að það var ákvörðun ríkisstjórnarinnar, að tengja framkvæmdir í Ísafjarðardjúpi við framtíð ferjunnar Fagraness. Það er svo sem ekki miklu meira um það að segja en fram hefur komið í fjölmiðlum. Það voru ákveðnir kostir sem menn höfðu úr að velja og menn urðu auðvitað að velja það skásta fyrir hagsmuni þeirra sem menn standa fyrir. Hinu er hins vegar ekki að leyna að tímarnir hafa mjög breyst á síðustu tveimur áratugum og menn verða auðvitað að endurmeta rekstur og þörf fyrir Djúpferju í ljósi breyttra tíma. Ég tel að eftir atvikum sé sá kostur sem ríkisstjórnin valdi hvað þetta varðar ásættanlegur þó að ekki sé hægt að segja að hann sé ekki neinn kjörvalkostur. En mér þykir það laklegt þegar einstakir ráðherrar kjósa að fara fram með yfirlýsingar í þá veru að ætla megi að þeir standi utan við ábyrgð ríkisstjórnarinnar í þessu máli og muni heldur ekki eftir því að það er ákvörðun ríkisstjórnarinnar sem hér hefur hvað harðast verið deilt á að taka upp skiptingu á hluta vegafjár eftir höfðatölureglu sem kemur afar illa fyrir Vestfjarðakjördæmi og munar þar um 110 millj. kr. Auðvitað verður hver og einn að gera upp við sig hvaða ákvörun hann tekur en hitt er ekki líðandi að menn hlaupist frá þeim ákvörðunum sem þeir hafa tekið og þykist ekki kannast við þær né vita af þeim og reyni að koma ábyrgðinni af sér yfir á herðar annarra þingmanna.

Ég vil taka undir þau áminningarorð sem hv. þm. Stefán Guðmundsson setti fram til þingmanna Vestfirðinga í utandagskrárumræðu um framtíð Fagraness að það væri hlutskipti þingmanna að leiða menn saman, fylkja Vestfirðingum bak við sameiginlega niðurstöðu fremur en að sundra fylkingum.

Virðulegi forseti. Að öðru leyti er auðvitað margt í þessari vegáætlun sem er öðruvísi en maður hefði kosið. Það vantar fé til verkefna sem ég hefði viljað sjá að við gætum ráðist í á næstu fjórum árum með sæmilega myndarlega. Sérstaklega finnst mér sárt til þess að vita að hafa ekki meira fé til þess að rjúfa samgöngulega einangrun íbúa í Árneshreppi sem er að verða hvað síðustu íbúar þessa lands sem búa við samgöngulega einangrun meiri hluta ársins á landi og ég veit að allir þingmenn Vestfirðinga hefðu gjarnan viljað hafa meira úr að spila til þess að leysa betur og myndarlegar úr vanda þeirra en við þó reynum að gera. En vonandi tekst okkur eða þeim sem eru að taka við af

okkur að þoka þessu máli áfram þannig að viðunandi lausn fáist í þeim efnum áður en það verður um seinan.

[18:46]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Ég skal ekki lengja þessa umræðu mikið. Ég vil að það komi fram af minni hálfu að ég hef verið ósáttur við vinnubrögð stjórnarflokkanna og ríkisstjórnarinnar á þessu kjörtímabili, hvernig þeir hafa farið með vegaféð og nú síðast reynt að brjóta niður þær reglur sem eru almannareglur og sátt um hvernig fénu skyldi skipt á milli kjördæma og eftir ástandi veganna. Það er auðvitað sorglegt að sjá að stjórnmálamenn skuli ekki fremur vilja styðjast við almennar reglur og ef þeir eru ekki sáttir við þær, leggjast þá yfir þá vinnu að endurskoða þær heldur en vera að því pukri sem hér hefur viðgengist, sérhagsmunapoti sem Sjálfstfl. hefur rekið. Það er óásættanlegt. Ég gat vel stutt það og fannst það sjálfsagt að Reykjavíkursvæðið og höfuðborgin kæmu nú inn sem sérstakt stórverkefni vegna þess að hér eru slæmir umferðartappar sem hafa valdið erfiðleikum og slysum. Það var því mjög brýnt verkefni að verja auknu fjármagni til vegagerðar á Reykjavíkur- og höfuðborgarsvæðinu.

Ég er ekki sáttur við þá stefnu hæstv. núv. samgrh. að vilja helst fara með sem mest af vegafénu eitthvert upp á fjöll. Enda þótt ég sé eldheitur landsbyggðarmaður verðum við að viðurkenna að það er svo mikið ógert víða sem skilar byggðunum miklu að það verður að vera forgangsverkefni. Ég er þakklátur fyrir það að stjórnarliðið varð að hluta að éta málið á ný ofan í sig, þeir ætluðu að svíkja sína minnstu bræður í nokkrum kjördæmum í þessari vegáætlun en hafa nú horfið frá því og rétta hlut þeirra á nýjan leik.

Ég vil segja það sem mína skoðun að eitt stærsta vandamálið núna víðs vegar um landið eru tengivegirnir. Tengivegirnir hafa orðið hornreka í kerfinu. Þeir fá ekki nema 10% af vegafénu. Þetta eru hinir almennu sveitavegir sem eru jafnframt skólavegir, flutningavegir fyrir vörur og þjónustu við sveitafólkið og vegir sem fólk í vaxandi mæli keyrir kvölds og morgna til og frá vinnu. Því er afar brýnt fyrir Alþingi Íslendinga að móta stefnu þar sem menn næðu árangri í því að byggja þessa vegi upp með meiri hraða.

Svo að ég víki að Suðurlandi fannst mér það aumingjaskapur af þessari hæstv. ríkisstjórn að gera sér ekki grein fyrir því að þar er hafin mikilvæg ný þróun í útflutningi á dýrmætu efni sem er vikurinn frá Heklu og vegirnir þola ekki þá flutninga. Þeir flutningar hafa nú mjög margfaldast og fara fram á stórum „treilerum“ sem vegirnir þola ekki. Við getum að vísu í gegnum þessa áætlun varið á næstu fjórum árum 170 millj. til þessara vega en það þyrftu að vera 300 millj. og hefði helst þurft að gera í gær til þess að þessi atvinnustarfsemi skilaði hagnaði og gæti magnast. Mér finnst sorglegt að það skyldi ekki nást fram að þetta yrði gert á vegum ríkisins að sérstöku stórverkefni vegna sérstöðu málsins og enn fremur í ljósi þess að engin slík stórverkefni eru á ferðinni á Suðurlandi.

Sakir þess samkomulags sem hér er búið að ná um að ljúka þinginu ætla ég ekki að lengja umræðuna en miðað við það að stjórnarliðar hurfu í raun aftur til baka í þær reglur sem verið hafa að hluta þannig að þrjú kjördæmi voru ekki skert og enn fremur aukning í nokkur önnur, þar á meðal Suðurland upp á 13 millj., sætti ég mig við þessa niðurstöðu og mun styðja vegáætlun. Ég fagna því líka að það næst fram á Suðurlandi að Gjábakkavegur eða vegurinn frá Þingvöllum á Laugarvatn, Hvítártenging eða áætlun um tenging á Hvítarbrú við Bræðratungu og Suðurstrandarvegur verða allir gerðir að stofnvegum.

Ég ætla ekki að orðlengja þetta meira. Kemur betri tíð og nýir menn til valda og ég vænti þess að vegáætlun megi endurskoða eftir tvö ár með það að markmiði að við náum enn þá meiri árangri í því að byggja upp góða vegi á Íslandi.

[18:52]

Kristín Einarsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að hafa mörg orð við þessa umræðu en vil þó nefna aðeins örlítið. Ég verð að lýsa ánægju minni með það að menn sem hér hafa talað í dag virðast vera sammála um að það þurfi að gera sérstakt átak í vegamálum á höfuðborgarsvæðinu og um það snýst ekki deilan. Deilan snýst fyrst og fremst um það hvaða aðferð er notuð til að komast að því hvernig skipta á fénu og ég skil það mjög vel og tek undir það sem hér hefur verið sagt varðandi það hvernig staðið var að þessum málum.

Ég hefði miklu frekar viljað að það væri reynt að standa að þessu með þeim hætti sem hæstv. forsrh. nefndi fyrst, þ.e. að það yrði ákveðinn hluti til höfuðborgarsvæðisins og síðan yrði því sem eftir yrði dreift eftir þeim reglum sem hafa verið í gildi og ég held að flestir séu sammála því sem hér hafa gagnrýnt þessa ákvörðun og vil ég taka undir það. Mér þykir gott að heyra að menn eru almennt ekki ósammála því að aukið fé fari til höfuðborgarsvæðisins.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um það í heildina. Við nokkrir þingmenn Reykjavíkur tókum þátt í fyrir hönd okkar þingflokka að reyna að skipta þessu ásamt Vegagerðinni niður á ákveðin svæði og í þeim efnum var tekið tillit til samkomulags sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu, þ.e. þeirrar forgangsröðunar sem þau höfðu þá gert.

Ég vil hins vegar gera litla athugasemd við nöfn á þeim vegum sem verið er að nota í vegáætluninni. Þegar ég fór að fletta tók ég eftir því að það er til Nesbraut í Reykjavík og ég fór að velta því fyrir mér hvar hún væri. Ég hélt mig þekkja sæmilega vel til Reykjavíkur en fór svo að lesa betur og þá tók ég eftir því að þarna er verið að tala um ákveðna leið í Reykjavík. Þetta sama gildir um Reykjanesbraut. Það er allt í einu orðið allt annað en ég lít á sem Reykjanesbraut í Reykjavík. Mér þykir mjög slæmt að nöfn eins og þessi, sem eru okkur alls ekki kunnug, skuli tekin upp. Ég tel miklu eðlilegra þegar verið er að finna út einhverjar leiðir eins og þetta séu það jafnvel kallaðar leiðir eða eitthvað annað en ekki braut vegna þess að við erum t.d. vön að kalla Miklubraut Miklubraut þannig að þegar talað er um Nesbraut þá heldur mað-

ur að um venjulega götu sé að ræða. Ég vil aðallega gera athugasemdir við þetta og tel að það eigi í samráði við yfirvöld í Reykjavík eða eftir atvikum þingmenn Reykjavíkur að finna önnur nöfn á þessar leiðir sem þarna er verið að reyna að skilgreina í vegáætlun.

Annað ætlaði ég ekki að segja að svo komnu máli við þessa umræðu, hæstv. forseti. Ég vona að það verði tekið tillit til þessara athugasemda og að Vegagerðin sé ekki að nefna götur og leiðir innan Reykjavíkur án samráðs við Reykvíkinga.

[18:56]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég skal virða aðstæður og hafa það í heiðri að hafa ekki langt mál þó að margt mætti um þetta mál segja og það er afar óheppilegt að standa frammi fyrir því að málið sé til afgreiðslu á elleftu stundu og rúmlega það og geta í raun og veru ekki haft hér eðlileg skoðanaskipti um jafnmikilvægan málaflokk og þetta er.

Ég vil í fyrsta lagi fagna því að það hefur náðst nokkur árangur í því að brjóta á bak aftur þau áform sem meiri hlutinn hafði uppi varðandi það að keyra málið í gegn í ágreiningi við stjórnarandstöðuna og þingmannahópa einstakra kjördæma. Sú brtt., sem er nú flutt af meiri hluta samgn., sem meiri hluti samgn. hefur í raun verið þvingaður til að flytja, er til bóta og það er réttlætismál að reyna að hafa í heiðri ákveðna skiptingu milli kjördæmanna. En það, hæstv. forseti, er eiginlega það eina sem ég get fagnað í þessu máli. Það er þó sá sigur sem hefur unnist hér í dag og endurspeglast í þessari tillögu. Að öðru leyti hlýt ég þvert á móti að harma það hvernig þessi málaflokkur er orðinn útleikinn eftir fjögurra ára valdatíma núv. hæstv. samgrh. Allt sem áður hét samstaða í þessum efnum er gersamlega fyrir bí og nú logar þessi málaflokkur orðið í ágreiningi og illdeilum meira en eiginlega nokkur annar sem til umfjöllunar er hér á þinginu. Það er mikil afturför og sorgleg því að lengi var það svo að um vegáætlanir ríkti hvað mest samstaða af flestum málum sem hér voru til umfjöllunar. Það er sorglegt að horfa upp á það hvernig þessi mikilvægi málaflokkur hefur á einu kjörtímabili orðið fórnarlamb þessara vinnubragða.

Hér er til að mynda uppsetningin á málum þannig að ég efast um að margir eigi auðvelt með að átta sig á því hvað hér er á seyði. Hafa menn prófað að fletta þessu skjali, þessari vegáætlun og reyna að fá botn í það hvað þarna er að gerast, þar sem verkefnin eru sett upp á mörgum síðum og fer það eftir því hvað hæstv. ráðherra hefur kosið að skíra hin einstöku átök sín og verkefni?

Ég verð að segja alveg eins og er líka, hæstv. forseti, að mér er til efs að annað eins endemis þingskjal hafi birst eins og forsíðan á þessari vegáætlun, þar sem annars vegar er fært í ríkissjóð á hverju ári nokkur hundruð millj. kr. en þrem línum neðar á sama blaði er framlag úr ríkissjóði, nokkur hundruð millj. kr. á hverju ári. Hvað á svona lagað að þýða? Hvers konar skollaleikur er hér á ferðinni? (**ÓÞÞ:** Það er atvinnuleysi í landinu.) Staðreyndin er auðvitað sú að með þessum æfingum er hæstv. ráðherra að ná fé út úr almennu vegaframkvæmdunum, koma því inn í þennan gæluverkefnaflokk sinn og koma því þannig fram hjá hefðbundinni skiptireglu milli kjördæma. Til þess er leikurinn gerður. Og það væri gaman að vita hvað þeir hjá Ríkisendurskoðun, þeir heilögu menn, segja um svona bókhaldskúnstir.

Ég vil segja, hæstv. forseti, örstutt um framkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu, af því að þær tengjast þessu máli, að mér finnst dálítið merkilegt að menn fjalli um það eins og þetta sé í fyrsta sinn sem eigi að ráðast í einhverjar framkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu. Svo er ekki. Og þetta er ekki einu sinni í fyrsta sinn sem verkefnin hér eru skilgreind sérstaklega. Það er búið að vera í vegáætlun síðan 1989. Þá var tekinn upp í vegáætlun verkefnaflokkurinn höfuðborgarsvæðið, sem var einn af þremur verkefnaflokkum í stórverkefnum til viðbótar við jarðgöng og brýr. Á sama kjörtímabili var gerð upp skuld Vegasjóðs eða ríkisins við borgina upp á rúmlega einn milljarð kr. sem fyrri ríkisstjórnir höfðu skilið eftir. Þannig að á þeim tíma var tekið mjög á þessum málum. Það hefur auðvitað öllum verið ljóst, sem einhverja nasasjón hafa haft af vegamálum, að það hlaut að bíða mikið verkefni hér og miklar framkvæmdir á þessu svæði og um það hefði að mínu mati aldrei þurft að verða neinn ágreiningur ef eðlilega hefði verið að því unnið, því það eru auðvitað allir réttsýnir menn sammála um að það verður að ráðast í miklar framkvæmdir hér m.a. til þess að útrýma ýmsum slysagildrum o.s.frv. En það eru þessar æfingar þar sem hæstv. ráðherra hefur á kjörtímabilinu ráðskast með þessi mál, í raun og veru ómerkt vegáætlun aftur og aftur, sest með blöð á hnjákollunum og farið að skipta vegafé sem á að vera verkefni Alþingis og síðan er mönnum stillt upp við vegg hér og standa frammi fyrir gerðum hlut og meiri hlutinn lætur handjárna sig trekk í trekk hér á þinginu. Þetta eru auðvitað alveg ömurleg vinnubrögð, hæstv. forseti.

Það var þess vegna mjög dæmigert þegar hæstv. ráðherra kom hér í stólinn áðan, beljandi um fund sem hann hefði átt með tveimur stjórnarþingmönnum í dag til að ganga frá tilteknum hlutum þessa máls. Það er mjög lýsandi og dæmigert fyrir vinnubrögðin eins og þau hafa verið þó að í lögum standi að slíkt sé verkefni Alþingis, að skipta vegafé niður á einstakar framkvæmdir og reyna að ná um það einhverri samstöðu. Þannig að þetta er, hæstv. forseti, auðvitað stórkostlega ámælisvert og ég harma það, ég endurtek það, ég harma það hvernig er búið að leika þennan málaflokk því að það var mikil gæfa á meðan svo var að um hann var hér mikil þverpólitísk samstaða og vegáætlanir voru aftur og aftur afgreiddar einróma eftir mikla og faglega vinnu í þingmannahópunum og í samstarfi við Vegagerðina.

Að lokum vil ég taka það fram, hæstv. forseti, að ég hef tekið þátt í því ásamt öðrum þingmönnum Norðurl. e. að skipta því vegafé sem þar er til skiptanna til einstakra framkvæmda og til þess að það sé alveg á hreinu þá er ég aðili að þeirri skiptingu og ber á henni

pólitíska ábyrgð þó að ég sé ákaflega ósáttur við margt annað sem í málinu liggur. En ég vil hafa þá hluti á hreinu og samkomulag er samkomulag og að því leyti til stend ég að þessu plaggi að ég hef tekið þátt í þessari skiptingu. Ég er að sjálfsögðu ekki ánægður með ýmislegt sem þar er á ferðinni frekar en eins og gengur, en þarna hefur náðst málamiðlun sem ég stend að og ætla ekki að hlaupa frá. En að öðru leyti, hæstv. forseti, eins og mér hefur vonandi tekist að gera hér grein fyrir, er óánægja mín slík með þetta plagg að ég treysti mér ekki til að bera á því ábyrgð og mun sitja hjá við vegáætlun í heild sinni.

[19:03]

Ragnar Arnalds:

Virðulegi forseti. Ég er einn af mörgum þingmönnum sem neyðast til þess hér undir lokin að lýsa megnri óánægju með þá vegáætlun sem við erum að samþykkja hér til næstu fjögurra ára.

Ég er í fyrsta lagi mjög óánægður með það hversu lítið fé gengur til sveitaveganna á landinu og er að því leyti algerlega sammála hv. þm. Guðna Ágústssyni sem einnig nefndi þetta sama atriði. Það er ekki ætlað til þessara svonefndu tengivega nema 154 millj. kr. á árinu 1995 og eitthvað álíka síðan á næstu árum þar á eftir og þetta er svo smávaxin upphæð að ef svo heldur áfram þá tekst ekki að ljúka þeim verkefnum sem óhjákvæmilegt er að sinna á sviði sveitavega á skemmri tíma en 40 árum. En mér er sagt að þessir vegir endist ekki í 40 ár, þeir endast í miklu skemmri tíma og þar af leiðandi má segja að sveitavegakerfið sé að rýrna frá ári til árs vegna þess að það næst ekki einu sinni upphæð til þess að halda í við þá eyðingu sem á sér stað á hverju ári.

Í öðru lagi er ég mjög ósáttur við það hvernig fé til stofnvega er skipt. Ég vil að vísu taka það fram að ég tel reikniregluna gamalkunnu mjög eðlilega þar sem tekið er tillit til í fyrsta lagi kostnaðar, í öðru lagi ástands vega og í þriðja lagi umferðar um vegi. Þetta þrennt er tekið saman og deilt með þremur og þannig fengin út ákveðin hlutfallstala sem er síðan látin gilda um einstök kjördæmi. Þetta eru sanngjörn, eðlileg og gamalgróin vinnubrögð sem ég virði og hef alltaf virt. En ég verð hins vegar að vekja á því athygli að það er ekki nema lítið brot af því fé sem gengur til stofnvega sem er úthlutað eftir þessari gömlu, góðu reglu. Við getum sagt að til stofnvega gangi núna um 3.200 millj. kr. á árinu 1995, en þar af er ekki nema rétt um 1.300 millj. sem úthlutað er eftir gömlu skiptireglunni. Hér áður fyrr var nær eingöngu úthlutað eftir henni, en það hefur orðið þessi breyting að það er farið að taka út fyrir sviga einstök stórverkefni, þar á meðal auðvitað höfuðborgarsvæðið. Það verður alltaf minna og minna sem verður til skipta í hin almennu verkefni og eins og menn sjá af þessum tölum þá er hlutfallið núna orðið þannig að tveir þriðju hlutar af fé til stofnvega eru teknir út fyrir sviga og úthlutað sérstaklega en aðeins einn þriðji gengur til stofnveganna eftir þessari gömlu, góðu og sanngjörnu skiptireglu. Kannski væri viss sanngirni í þessu ef það væri þá svo að það væru stórverkefni í öllum kjördæmum en það er ekki. Það er mjög misjafnt hvernig á stendur um það og þær skilgreiningar sem fyrir hendi eru á stórverkefnum eru mjög undarlegar og hæpnar að ekki sé meira sagt.

Þegar núv. hæstv. ráðherra telur þörf á því að taka eitthvert nýtt stórverkefni út fyrir sviga þá er bara búin til ný regla um þessi stórverkefni og hún sniðin þannig að hún passi utan um viðkomandi verkefni og þannig verður vafalaust haldið áfram. Í dag eru þetta orðnar fimm undantekningareglur og við getum alveg átt von á því að þær verði orðnar 10 að fáum árum liðnum og að það fé sem á að ganga til stofnvega skiptist þá nokkurn veginn allt út frá svona sérverkefnaformúlum. Ég vil láta það koma hér fram að ég tel að þessi vinnubrögð séu algerlega óviðunandi, enda er það staðreynd að þessi sérverkefni og skilgreiningar á þeim eru oft og tíðum ákaflega illa rökstuddar.

Ég minni á það hér að Siglufjarðarvegurinn er mikið haft á þjóðvegakerfinu á Norðurlandi vestra. Þar þarf ekki aðeins að hækka veginn verulega til þess að ná honum upp úr snjó heldur þarf líka á köflum að finna nýtt vegstæði. En það hefur ekkert fé verið fáanlegt til þess að ljúka þessari vegagerð á undanförnum árum og það er fyrirsjáanlegt að á næsta áætlunartímabili tekst ekki að ljúka þessu verkefni og það tekst ekki að byggja þar upp veg sem getur talist fullnægjandi. Þó er það nú svo að frambjóðendur Sjálfstfl. hafa heitið kjósendum sínum fyrir norðan að þeir ætli að ljúka þessu verkefni á svo sem einu eða tveimur árum, en á sama tíma eru þeir að ganga frá vegáætlun sem ekki gerir ráð fyrir því að þetta klárist einu sinni á fjórum árum. Ég tel að öll þessi vinnubrögð séu mjög forkastanleg og mín tillaga er sú að öll vegagerðarverkefni séu skoðuð upp á nýtt, það sé metinn kostnaður við þau, ástand veganna hringinn í kringum landið og umferðarþunginn, allt sé þetta tekið með inn í myndina og reynt að skipta þá á nýjan leik miðað við landið í heild.

Ég hef spurt vegamálastjóra að því hvort þetta hafi verið gert, hvort dæmið hafi verið reiknað út á þennan veg, en það hefur ekki verið gert heldur einungis farin sú leið að byrja á almennu reglunni eins og var gert hérna fyrir 10–20 árum, þá var bara almenna reglan í gildi og síðan alltaf að taka ný og ný stórverkefni út fyrir sviga þar til þau eru orðin meiri hlutinn af öllu fénu sem verið er að eyða.

Nei, virðulegi forseti. Þetta eru vinnubrögð sem eru algerlega óviðunandi og ég hvet eindregið til þess að hér verði gerbreyting á á næsta kjörtímabili. Ég vil taka það fram að ég hef langoftast greitt atkvæði með vegáætlun hvort sem ég hef verið í ríkisstjórn eða utan stjórnar, en ég treysti mér ekki til að gera það að þessu sinni og mun sitja hjá í mótmælaskyni við þau vinnubrögð sem hér hafa verið tíðkuð.

[19:11]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Um leið og ég þakka forseta sem stýrði fundi áðan, þegar ég gerði athugasemd við fundarsköp, fyrir að tryggja að umræðunni var haldið áfram um vegamálin þá ætla ég að mæla hér nokkur orð. Ég hafði ekki ætlað mér að taka til máls, en vegna ræðu

hæstv. samgrh. áðan og því sem bætt var við af hv. 3. þm. Austurl. þá sá ég mig knúinn til þess að koma hér örfáum athugasemdum á framfæri sem varða þeirra mál sérstaklega.

Það liggur nú fyrir að fram er komin brtt. á þskj. 905 þar sem fæst allveruleg leiðrétting á því sem gagnrýnt var hér fyrr við umræðuna og ég hafði um nokkur orð í ræðu minni í morgun. Þetta ber að virða að það er viðleitni í þessa átt. Þó að þetta gangi ekki til fullnustu til móts við brtt. minni hlutans þá er hér veruleg bót fengin með þessari tillögu sem þarna liggur fyrir. Ég rek það fyrst og fremst til hv. 2. þm. Norðurl. v., formanns samgn., sem tók á málinu og kannaði hvort ekki væri hægt að verða við eindregnum óskum og áskorunum okkar stjórnarandstæðinga og ég hef ekki ástæðu til annars en gefa honum gott orð fyrir það. Hitt er svo miklu lakara þegar ráðherra samgöngumála kemur hér af tilefni þessarar brtt. og hefur uppi þann lestur sem menn heyrðu frá hæstv. ráðherra áðan. Það er allsérkennilegt og opinberar í raun inni enn betur en nokkur stjórnarandstæðingur hafði reynt að koma á framfæri í sínu máli hvers konar vinnubrögð hafa verið höfð í sambandi við þessi mál, skiptingu vegafjárins. Þó að þarna væri ekki um hina stóru drætti að ræða í máli hæstv. ráðherra þá sýndi sig í þessu sem hann lagði þarna inn varðandi skiptingu á þessu fé samkvæmt brtt. meiri hluta samgn. hvernig staðið er að málum þar á bæ og það sem hæstv. ráðherra var að segja að hann hefði setið á fundi með tilteknum þingmönnum Austurlandskjördæmis til þess að fjalla um það hvernig farið yrði með það fé sem meiri hluti samgn. er þarna að færa til samkvæmt brtt.

Ég vil taka það fram að við þingmenn Austurl. sem nú erum í stjórnarandstöðu sóttum fundi með Vegagerð ríkisins til að byrja með og fórum yfir mál og það er ekki rétt sem gefið var til kynna af hv. 3. þm. Austurl. í umræðu fyrr í dag að við hefðum ekki viljað líta á málin. Það var nú síður en svo. En síðan urðu það eðlilega okkar viðbrögð þegar ljóst var hvernig fara átti með vegafé til okkar kjördæmis að við treystum okkur ekki til þess að standa frekar að skiptingu fjárins. Þegar hins vegar leiðrétting er fram borin af meiri hluta samgn. sem gengur allverulega til móts við okkar gagnrýni og okkar sjónarmið þá hefðu auðvitað hin eðlilegu viðbrögð verið og vinnubrögð átt að vera að kalla til þingmanna kjördæmisins og kanna það hvort þeir að fenginni þessari leiðréttingu vildu huga að þátttöku, vildu standa að þátttöku á skiptingu innan kjördæmisins. Ó, nei. Það er ekki gert. Það er kallað á tiltekna þingmenn, stuðningsmenn stjórnarliðsins, og síðan ætla þeir sér ásamt ráðherrum að túlka það í hvaða vegakafla og til hvaða framkvæmda þessu fjármagni, sem meiri hluti samgn. leggur til, á að ráðstafa.

Það er dálítið talað um gruggug vinnubrögð víða um lönd, kennd við mafíu á stundum. Það er ekki alveg laust við, *virðulegur forseti, án þess að ég ætli að* fara að leggja það að jöfnu, að manni detti þetta í hug þegar maður horfir á starfshætti af þessum toga. Það er satt að segja mjög raunalegt þegar þannig málafylgja er komin inn á Alþingi Íslendinga eins og þetta sem ég er hér að rekja. Ég vil hins vegar í þessu samhengi benda á framsöguræðu eða það mál sem hv. 2. þm. Norðurl. v. flutti þegar hann mælti fyrir brtt. nefndarinnar. Þar kvað við allt annan tón heldur en hjá hæstv. ráðherra, að ekki sé talað um hv. 3. þm. Austurl. Þar var það alveg skýrt tekið fram að þetta fjármagn, 100 millj. kr. en ekki 50 millj., eins og hv. 3. þm. Austurl. talaði um, 100 millj. kr. væru færðar til Austurlandskjördæmis, afdráttarlaust að þetta sé orðið fé sem ekki verði af Austurlandi tekið. Eitthvað á þá leið tók hv. þm. til orða. Og það auðvitað gerist ekki að ráðherra, hvað þá einstakir stjórnarliðar, ætli sér að fara að ráðstafa vegafé með þeim hætti sem tilburðir voru uppi um í tengslum við umræðuna og kom fram í þeirra máli.

Virðulegur forseti. Ég tel að við höfum fengið fram leiðréttingu sem skiptir máli. Það er uppskeran úr okkar málafylgju hér, stjórnarandstæðinga. Það er vel svo langt sem það nær. Það er hins vegar langt frá því að breyta þeirri afstöðu að ekki er að mínu mati hægt að leggja nafn sitt við þessa vegáætlun í heild jafnóeðlilega og að henni hefur verið staðið í hinum stærri greinum, fyrir utan það sem hér hefur verið rætt varðandi einstök kjördæmi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Grunnskóli, frh. 2. umr.

Stjfrv., 126. mál (heildarlög). — Þskj. 131, nál. 666, 674, 675 og 678, frhnál. 795, brtt. 667 og 796, till. til rökst. dagskrár 676.

[19:19]

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Þar sem mig vanhagar ekki um þau skjöl sem ég geri ráð fyrir að hér sé verið að bíða eftir þá vil ég endilega nýta þann tíma og koma þeim örfáu atriðum sem ég hafði beðið um orðið út af á framfæri.

Varðandi þetta frv. eða þá kerfisbreytingu sem hér er verið að gera þá er ýmislegt sem er út af fyrir sig alveg ljómandi gott í þessu frv. en flest af því er einnig í núgildandi lögum og gallinn hefur verið sá að þeim hefur ekki verið framfylgt. Nú er ætlast til þess að sveitarfélögin geri það og það er að sjálfsögðu mjög erfitt mál. Og þó að ég sé í sjálfu sé sammála þeirri grundvallarhugsun að sveitarfélögin taki við þessum málaflokki þá þýðir ekki að kasta honum til sveitarfélaganna fyrr en búið er að sjá við því að það sé búið að búa þeim það umhverfi að þau séu í stakk búin til að taka við þessum málaflokki og þar eru of margir lausir endar.

Það sem ég hef við þetta frv. að athuga er ekki aðallega það sem stendur í því heldur aðallega það sem vantar í það, það sem skortir á til þess að þetta sé fullburða. Í fyrsta lagi er ekki tekið á því hvernig hlutverk fræðsluskrifstofu verður leyst af hólmi. Það er mjög mikilvægt hlutverk sem fræðsluskrifstofum er nú

ætlað og því miður er þetta í lausu lofti enn þá. Það er ekki tryggt fjármagn til þessa mikilvæga hlutverks og það er rétt að benda á það að fræðsluskrifstofur hafa verið í alvarlegu fjársvelti að undanförnu. Þessum málaflokki er nú hent yfir á sveitarfélögin og miðað við að þetta sé það allt og sumt sem þarf á að halda. Ég held að það dugi að nefna sérkennslu, sálfræðiþjónustu og aðra þjónustu sem fræðsluskrifstofu er sérstaklega ætlað og einnig vil ég nefna alla þá aðila sem standa að þjónustu við fatlaða, því þar vantar því miður töluvert mikið upp á að útfærsla sé í lagi. Það er ekki tryggð þjónusta fyrir fatlaða sem búa úti á landi og á stundum er vísað til sérskóla sem aðeins er að finna á höfuðborgarsvæðinu. Hér er því ekki tekið á vandanum.

Sú grein sem ég vil líta á sem besta við þetta frv. er 36. gr. frv. en þar er tekið á því sem sem betur fer hefur verið sýnt í framkvæmd nú þegar og það er kennsla nýbúa. Þetta er ljómandi gott. Hins vegar vil ég vekja athygli á því að það eru fleiri en nýbúar sem þurfa að fá sérstaka þjónustu vegna þess að þeirra móðurmál er ekki viðurkennt í núverandi skólakerfi alveg eins og þarf að vera og í þeirra hópi eru heyrnleysingjar. En það er mjög mikilvægt og það er ekki bara í 36. gr. heldur víðar sem þarf að huga betur að því að fá þeirra sérstöku stöðu innan skólakerfisins viðurkennda. Ég sakna líka sérstaklega ákvæðis um hámarksfjölda nemenda í bekki.

En þessar athugasemdir eru aðeins það sem mér finnst bráðnauðsynlegt að komi fram. Við kvennalistakonur höfum hins vegar ákveðið eins og áreiðanlega fleiri hér að greiða fyrir þessu máli með því að lengja ekki umræðuna vegna þess mikilvæga samkomulags sem orðið hefur við kennara nú í dag og verður vonandi til þess að greiða fyrir samningum við þá því það er alveg ljóst að hluti af þeim vanda sem hefur verið við að glíma í samningaviðræðum við kennara hefur verið vegna þeirra óvissustöðu. Þar af leiðandi fagna ég því út af fyrir sig að höggvið skuli hafa verið á þennan hnút og þeir ekki skildir eftir í þessari óvissu sem þetta frv. bauð upp á óbreytt og ég held að það hljóti að geta orðið til góðs núna. Hitt er annað mál líka að ef það er eitthvað sem getur orðið til þess að létta róðurinn í þessari erfiðu vinnudeilu sem núna er og kemur við flestar fjölskyldur þar sem börn og unglingar eru nú án kennslu og án þeirrar mikilvægu þjónustu sem þessi kennsla er þá er það að sjálfsögðu af hinu góða.

Ég hef ekki fleira um þetta mál að segja í bili þótt full ástæða væri til þess að fara ítarlegar út í þetta og ég vonast til þess að það verði hægt með tíð og tíma að leysa úr þeim augsýnilegu ágöllum sem eru á þeirri tilhögun sem núna er verið að færa yfir okkur án þess að leyst hafi verið þau vandamál sem fylgja. En ég geri ráð fyrir því að stjórnarmeirihlutinn hafi tryggt þessu máli brautargengi og þar af leiðandi geri ég ráð fyrir að þessi kerfisbreyting verði. Það verður þá stjórnmálamanna framtíðarinnar að taka á þeim vanda sem upp kemur.

Útbýting þingskjala:

Grunnskóli, 126. mál, frhnál. menntmn., þskj. 927; brtt. menntmn., þskj. 928.

Kennsla í iðjuþjálfun, 91. mál, nál. menntmn., þskj. 929.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 927. — Afbrigði samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, FI, FrS, GHH, GE, GHelg, HÁ, HBl, JÁ, JGS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, SJS, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

23 þm. (ÁMM, EH, EKG, EKJ, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GJH, GunnS, HG, IBA, IP, JE, JóhS, JBH, JVK, KE, ÓÞÞ, SighB, StG, StB) fjarstaddir.

[19:27]

Frsm. meiri hluta menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frhnál. á þskj. 927 um frv. til laga um grunnskóla frá menntmn. og brtt. á þskj. 928 við frv. til laga um grunnskóla frá Sigríði Önnu Þórðardóttur, Árna Johnsen, Birni Bjarnasyni, Kristínu Ástgeirsdóttur, Ólafi Þ. Þórðarsyni, Petrínu Baldursdóttur, Svavari Gestssyni, Tómasi Inga Olrich og Valgerði Sverrisdóttur.

Menntamálanefnd hefur komið saman til fundar um málið eftir að það var tekið til 2. umr. Á fundinum var lögð fram eftirfarandi yfirlýsing:

„Ríkisstjórnin telur mikilvægt að víðtæk sátt takist um flutning grunnskólans milli hlutaðeigandi aðila, ríkis, sveitarfélaga og samtaka kennara.

Ríkisstjórnin hefur gefið samtökum kennara fyrirheit um að þær breytingar verði gerðar á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins sem tryggi kennurum og skólastjórnendum sem rétt hafa átt til aðildar að þeim sjóði að þessi réttindi þeirra verði eigi lakari eftir breytinguna.

Þá hefur ríkisstjórnin einnig heitið samtökum kennara því að sett verði sérstaklega í lög ákvæði er tryggi framangreindum hópi kennara og skólastjórnenda, eftir því sem við getur átt, óbreytt réttindi eftir flutning grunnskólans.

Stjórnmálaflokkarnir munu beita sér fyrir því meginmarkmiði að kennarar fái jafngild kjör og réttindi eftir að yfirfærslu er lokið."

Nefndin leggur til breytingar á 57. gr. frv. sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali. Breytingarnar eru þríþættar. Í fyrsta lagi er lagt til að skýrt verði kveðið á um stöðu réttinda- og lífeyrismála kennara við tilflutning grunnskólans. Í öðru lagi er lagt til að kveðið verði á um að fyrir liggi breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga og skiptingu skatttekna milli ríkis og sveitarfélaga. Í þriðja lagi er lagt til að lögin komi ekki að fullu til framkvæmda fyrr en 1. ágúst 1996.

Ég ætla að leyfa mér að lesa brtt. en hún er svohljóðandi:

„Lög þessi öðlast þegar gildi og koma að fullu til framkvæmda 1. ágúst 1996, enda hafi Alþingi þá samþykkt:

a. Breytingu á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins sem tryggi öllum þeim kennurum og skólastjórnendum við grunnskóla, sem rétt hafa átt til aðildar að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, aðild að sjóðnum.

b. Lög um ráðningarréttindi kennara og skólastjórnenda við grunnskóla sem tryggi þeim efnislega óbreytt ráðningarréttindi hjá nýjum vinnuveitanda. Komi upp ágreiningur milli samtaka kennara og sveitarfélags um form eða efni ráðningarréttinda getur hvor aðili um sig óskað gerðardóms í málinu.

c. Breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga og lögum um skiptingu skatttekna milli ríkis og sveitarfélaga með tilliti til þeirra auknu verkefna er sveitarfélög taka að sér samkvæmt lögum þessum.

Jafnframt falla úr gildi ákvæði laga nr. 49/1991 eftir því sem ákvæði þessara laga koma til framkvæmda fram til 1. ágúst 1996 en þá falla lög nr. 49 frá 1991 að fullu úr gildi.

a. Í stað ártalsins „1995“ í 2. mgr. komi: 1996.

b. Í stað ártalsins „1995“ í 3. mgr. komi: 1996.“

Með þessari brtt. er komið til móts við fyrirvara bæði Sambands ísl. sveitarfélaga og kennarasamtakanna. Það hefur náðst samstaða um það í þinginu að greiða fyrir þessu mikilvæga máli þannig að það fái hér farsæl málalok. Og ég vil nota þetta tækifæri sérstaklega til þess að þakka nefndarmönnum í menntmn. fyrir þá vinnu sem þeir hafa lagt á sig og fyrir þann samkomulagsvilja líka að greiða fyrir málinu á síðustu klukkutímum þingsins.

[19:32]

Frsm. 2. minni hluta menntmn. (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Við 1. umr. um grunnskólafrv. lét ég koma fram að ég mundi ekki beita mér gegn því að þetta mál næði fram að ganga ef það mætti gerast í samkomulagi við sveitarfélögin og samtök kennara. Málið var afgreitt frá hv. menntmn. í fullkominni andstöðu við Samband ísl. sveitarfélaga og samtök kennara. Þess vegna og einnig vegna þess að málið fékk ekki nægilega umfjöllun í menntmn. fluttu stjórnarandstöðuþingmenn í menntmn. tillögu til rökstuddrar dagskrár, þeir hv. þm. eru ásamt þeirri sem hér stendur, hv. þm. Svavar Gestsson, Kristín Ástgeirsdóttir og Jón Kristjánsson. Með vísan til þess að nú hefur náðst samkomulag við áðurnefnda aðila með framlagningu á þeirri brtt. sem dreift hefur verið á þskj. 928 og flutt er af öllum fulltrúum í hv. menntmn. þá drögum við frávísunartillöguna til baka.

Þrátt fyrir þetta er rétt að ítreka að við framsóknarmenn höfum eftir sem áður efnislegar athugasemdir við frv. og koma þær m.a. fram í nefndaráliti 2. minni hluta menntmn. Auk þess gerum við athugasemdir við meðferð málsins í hv. menntmn. Ég ítreka það sem kemur fram í nefndaráliti 2. minni hluta að breytingartillögur meiri hluta menntmn. eru til bóta en þar sem mjög mörg atriði eru óljós og önnur bókstaflega pólitískt röng að mati okkar framsóknarmanna þá munum við sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Ég vil að síðustu segja það að ég er þeirrar skoðunar að stjórnarandstaðan í hv. menntmn. hafi með málatilbúnaði sínum komið í veg fyrir það að hæstv. ríkisstjórn setti kennaraverkfallið í mjög alvarlegan hnút með öllum þeim afleiðingum sem það hefði haft fyrir okkar þjóðfélag og fyrir menntun í landinu.

[19:35]

Frsm. 3. minni hluta menntmn. (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ég stend að þeirri tillögu sem flutt hefur verið á vegum hv. menntmn. varðandi réttindamál kennara og tekjustofna sveitarfélaga sem hér hefur verið kynnt og ég tel mikið ánægjuefni að tekist hefur að ná samstöðu um þá tillögu.

Í umræðu um málið að undanförnu hefur það fyrst og fremst verið gagnrýnt að það vantaði tvær undirstöðuforsendur fyrir þessu máli, þ.e. stuðning sveitarfélaganna annars vegar og réttindamál kennaranna sérstaklega hins vegar. Nú hefur tekist mjög vel að mínu mati að ná samstöðu um það síðarnefnda og eftir að forustusveit kennarasamtakanna tók um það ákvörðun á fundi með menntmn. og hæstv. ráðherrum fyrr í dag að líta svo á að fyrirvarar í ákvæði til bráðabirgða væru fullnægjandi, þá er alveg ljóst að sú meginundirstaða sem vantaði fyrir afgreiðslu málsins er komin.

Það breytir hins vegar ekki því að í frv. sem slíku eru veigamikilir gallar að *mínu mati*. Þeir eru í fyrsta lagi verðandi sérkennsluna og stuðningskennsluna. Þeir eru í öðru lagi varðandi fjölda í bekkjum sem ég tel að þurfi að takmarka. Þeir eru í þriðja lagi varðandi stöðu lítilla skóla í dreifbýli. Þessir þættir eru í rauninni allir mjög veigamiklir og ég vil áskilja okkur alþýðubandalagsmönnum fullan rétt til að taka þessi mál upp strax á næstu þingum, enda er ljóst að þau lög sem hugsanlega verða samþykkt síðar á þessum sólarhring munu ekki koma til framkvæmda að fullu, eins og það er orðað, fyrr en frá og með 1. ágúst 1996. Þangað til er tími, þangað til eru tvö þing og þangað til er hægt að taka á þessu máli.

Það sem ég vil sérstaklega undirstrika af okkar hálfu er sá skilningur okkar á þessum málum að við teljum að þjóðin hafi og muni með setningu grunnskólalaga taka samfélagslega ábyrgð á menntun barna í landinu og ekki sé hægt að ýta þeirri ábyrgð yfir á herðar sveitarfélaganna. Í rauninni hljóti þessi ábyrgð að liggja hjá þjóðinni, þinginu eða ríkinu, eða hvernig sem menn vilja orða það. Þessi samfélagslega ábyrgð er að mínu mati ekki nægilega vel skilgeind í frv. eins og það lítur út núna og ég áskil okkur einnig rétt til að taka á því máli alveg sérstaklega.

Ég vil láta það koma fram, hæstv. forseti, að ég tel að það að málið afgreiðist núna sé engu að síður mikilvægt. Það er mikilvægt vegna þess að núna stendur yfir kjaradeila kennara. Það skiptir miklu máli að búið sé þannig að málum að það verði unnt eins auðvelt og fljótt og kostur er að lenda þeirri deilu. Það er alveg ljóst, hæstv. forseti, að í afgreiðslu málsins hér felst

engin ákvörðun um lausn kjaradeilunnar sem slíkrar en það er líka ljóst að afgreiðsla málsins hér auðveldar málið og allt andrúmsloft á milli þeirra aðila sem hafa deilt að undanförnu og ég tel mikilvægt að stjórnarandstaðan leggi fyrir sitt leyti lóð á þá vogarskál. Ég tel það fagnaðarefni fyrir okkur sem höfum starfað í stjórnarandstöðu, alla vega vil ég segja það fyrir mig, að geta átt þann litla hlut að þessu máli.

Ég vil einnig segja það, hæstv. forseti, að ég tel að það sé mikill árangur sem felst í þessari lendingu og segi það líka að það hefði verið hægt að ná þessari lendingu fyrir löngu. Það er það skrýtna við þá lendingu að henni hefði verið hægt að ná fyrir löngu. Hún er hins vegar árangur af umræðum bæði hér á Alþingi og úti í þjóðfélaginu og umræðum í menntmn., umræðum í þessari stofnun. Ég tel að þessi lending sýni að það er ekki tilgangslaust, m.a. fyrir stjórnarandstöðu, að halda þétt á sínum málum þegar um er að ræða jafnmikilvægt grundvallaratriði og grunnskólafrv. er.

Ég vil lýsa því yfir fyrir mitt leyti að ég tel að þó að við styðjum þetta ákvæði til bráðabirgða sem greint var frá varðandi gildistökuna, þá munum við einnig sitja hjá að því er varðar frv. að öðru leyti eins og það lítur út, en hins vegar tel ég að flestar þær brtt. sem fluttar eru séu til bóta og við munum styðja þær, hæstv. forseti.

Að öðru leyti er ekki meira um þetta mál að segja, en ég vona satt að segja að það hafi jákvæð áhrif á þá deilu sem nú er uppi þó að enginn hafi í rauninni gefið nein bindandi fyrirheit um slíkt.

[19:40]

Frsm. 1. minni hluta menntmn. (Kristín Ástgeirsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég vil eins og aðrir sem hér hafa talað fagna því að náðst hefur samkomulag varðandi þá fyrirvara sem hér hafa verið til umræðu undanfarna daga við frv. um grunnskóla. Það hafa fallið þung og stór orð í umræðunni og við stjórnarandstæðingar vorum mjög ósátt við það hvernig að málum var staðið, en nú hefur náðst samkomulag. Það er einlæg von mín að það verði til þess að liðka fyrir kjarasamningum og ég held að sú óvissa sem kennarar sáu fram undan varðandi breytingu á grunnskólanum sé nú aðeins minni en hún var og þeir telji tryggt að þeir nái ásættanlegum samningum um sín réttindamál og þau lög sem sett verða á næstu árum verði þeim að skapi.

Þó að þetta samkomulag hafi náðst og við munum að sjálfsögðu greiða atkvæði með því þá vil ég halda því til haga, sem hefur margsinnis komið fram í umræðunni, að það eru gallar á frv. og það er sá stóri galli að við höfum ekki heildarmynd af því hvað þetta frv. þýðir, hver kostnaðurinn verður fyrir sveitarfélögin og hver útkoman verður í réttindamálunum. Ég hefði talið rétt að þetta lægi allt saman fyrir þegar þessi mál væru afgreidd og ég hefði svo sannarlega kosið að öðruvísi væri staðið að málum.

Þá vil ég einnig minna á að það eru ýmsir þættir í frv. sem hefði þurft að skoða mun betur og ég hef margnefnt í umræðunni. Það eru þættir eins og sérkennslan og sérkennslupólitíkin, hvað á að verða um fræðsluskrifstofurnar og þeirra verkefni, samsetning skólanefnda, áhrif kennara, eftirlitsskylda ráðuneytisins o.fl. sem er mjög óljóst í frv. Niðurstaðan af því er sú, hæstv. forseti, að við kvennalistakonur munum styðja einstakar greinar frv. og einstakar brtt., sem við teljum vera mjög til bóta í skólastarfi almennt, en að öðru leyti munum við sitja hjá við afgreiðslu málsins.

[19:43]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki við þetta tækifæri að ræða frekar einstök efnisatriði þessa frv. Ég tel mig hafa gert það fyrr í umræðunni en ég þakka öllum þeim sem undanfarna sólarhringa hafa tekið þátt í að ná samkomulagi um afgreiðslu grunnskólafrv. Sérstaklega vil ég þakka fulltrúum þingflokkanna í hv. menntmn. og ég þakka líka sérstaklega hæstv. forsrh. og svo forustumönnum kennarasamtakanna og hæstv. fjmrh. fyrir þeirra hlut í þessu samkomulagi.

Að sönnu hafa verið nokkuð harðar umræður um frv. að undanförnu og mér er vel ljóst að ekki er sátt um öll ákvæði þess þótt samkomulag hafi orðið um afgreiðslu þess nú vegna nýrra ákvæða í 57. gr. frv., gildistökugreininni, ákvæða sem varða einkum lífeyrisréttindi kennara.

Þótt samþykkt þessa frv. snerti ekki beint þær kjaradeilur sem nú eru uppi milli kennara og ríkisins, þá læt ég í ljós þá von að þessi sáttagerð verði til þess að greiða því götuna að farsæl lausn finnist á þeim deilumálum.

Ég ítreka þakkir til þeirra sem hér hafa komið að máli.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:47]

Till. til rökst. dagskrár 676 kölluð aftur.

1. gr. samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, JBH, LMR, MB, ÓE, ÓÞÞ, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

19 þm. (AÓB, GB, GÁ, GHelg, HG, IP, JÁ, JGS, JónK, KHG, KE, MF, ÓRG, PP, RA, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

13 þm. (EH, FI, GÁS, GJH, GunnS, HÁ, HBl, IBA, JE, JóhS, JHelg, JVK, KÁ) fjarstaddir.

2.–8. gr. samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, IBA, JBH, LMR, MB, ÓE, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

22 þm. (AÓB, FI, GB, GHelg, HG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, RA, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (EH, GÁS, GJH, GunnS, HÁ, HBl, JE, JVK) fjarstaddir.

Brtt. 667,1 samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, HG, IBA, JÁ, JBH, KHG, KÁ, LMR, MF, MB, ÓE, ÓÞÞ, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

16 þm. (AÓB, FI, GB, GÁ, HÁ, IP, JóhS, JGS, JHelg, JónK, KE, ÓRG, PP, RA, StG, VS) greiddu ekki atkv.

9 þm. (EH, EKJ, GÁS, GJH, GHelg, GunnS, HBl, JE, JVK) fjarstaddir.

9. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GHelg, IBA, JBH, LMR, MB, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

22 þm. (AÓB, FI, GB, GÁ, HÁ, HG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

9 þm. (EH, GÁS, GJH, GunnS, HBl, JE, JVK, PP, RA) fjarstaddir.

10. gr. samþ. með 31:1 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, IBA, JBH, LMR, MB, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
nei: KHG.

24 þm. (AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, KÁ, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

7 þm. (EH, GÁS, GJH, GunnS, HBl, JE, JVK) fjarstaddir.

Brtt. 667,2 samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GHelg, HG, IBA, JÁ, JBH, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

13 þm. (AÓB, FI, GB, GÁ, HÁ, IP, JóhS, JGS, JHelg, JónK, PP, StG, VS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (EH, EKJ, GÁS, GJH, GunnS, HBl, JE, JVK) fjarstaddir.

11. gr., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GHelg, IBA, JBH, LMR, MB, ÓE, ÓÞÞ, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

23 þm. (AÓB, FI, GB, GÁ, HÁ, HG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, PP, RA, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

7 þm. (EH, GÁS, GJH, GunnS, HBl, JE, JVK) fjarstaddir.

Brtt. 667,3 samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GHelg, IBA, JBH, LMR, MB, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

24 þm. (AÓB, FI, GB, GÁ, HÁ, HG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

7 þm. (EH, GÁS, GJH, GunnS, HBl, JE, JVK) fjarstaddir.

12. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GHelg, IBA, JBH, LMR, MB, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

24 þm. (AÓB, FI, GB, GÁ, HÁ, HG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

7 þm. (EH, GÁS, GJH, GunnS, HBl, JE, JVK) fjarstaddir.

13.–18. gr. samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, IBA, JBH, LMR, MF, MB, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

23 þm. (AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, HG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (EH, GÁS, GJH, GunnS, HÁ, HBl, JE, JVK) fjarstaddir.

Brtt. 667,4 samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GHelg, IBA, JÁ, JBH, KHG, LMR, MF, MB, ÓE, ÓÞÞ, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

17 þm. (AÓB, FI, GB, GÁ, HÁ, IP, JóhS, JGS, JHelg, JónK, KÁ, KE, ÓRG, PP, RA, StG, VS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (EH, GÁS, GJH, GunnS, HBl, HG, JE, JVK) fjarstaddir.

19. gr., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GHelg, IBA, JGS, JBH, LMR, MB, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

23 þm. (AÓB, FI, GB, GÁ, HÁ, HG, IP, JÁ, JóhS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

7 þm. (EH, GÁS, GJH, GunnS, HBl, JE, JVK) fjarstaddir.

Brtt. 667,5 samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GHelg, HG, IBA, JÁ, JBH, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
14 þm. (AÓB, FI, GB, GÁ, HÁ, IP, JóhS, JGS, JHelg, JónK, PP, RA, StG, VS) greiddu ekki atkv.
7 þm. (EH, GÁS, GJH, GunnS, HBl, JE, JVK) fjarstaddir.

20. gr., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GHelg, IBA, JBH, KHG, LMR, MB, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
22 þm. (AÓB, FI, GB, GÁ, HÁ, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, KÁ, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.
8 þm. (EH, GÁS, GJH, GunnS, HBl, HG, JE, JVK) fjarstaddir.

21.–24. gr. samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, IBA, JBH, LMR, MB, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
25 þm. (AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.
7 þm. (EH, GÁS, GJH, GunnS, HBl, JE, JVK) fjarstaddir.

Brtt. 667,6 samþ. án atkvgr.
25. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.
26. gr. samþ. án atkvgr.
Brtt. 667,7 samþ. án atkvgr.
27. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.
28.–29. gr. samþ. án atkvgr.
Brtt. 667,8 samþ. án atkvgr.
30. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.
Brtt. 667,9 samþ. án atkvgr.
31. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.
32. gr. samþ. án atkvgr.
Brtt. 667,10 samþ. án atkvgr.
33. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.
34.–35. gr. samþ. án atkvgr.
Brtt. 667,11 samþ. án atkvgr.

36. gr., svo breytt, samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GJH, GHelg, HG, IBA, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
12 þm. (FI, GB, GÁ, HÁ, IP, JHelg, JónK, ÓÞÞ, PP, RA, StG, VS) greiddu ekki atkv.
5 þm. (EH, GÁS, GunnS, HBl, JE) fjarstaddir.

37.–54. gr. samþ. án atkvgr.
Brtt. 667,12 samþ. án atkvgr.
55. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.
56. gr. samþ. án atkvgr.
Brtt. 667,13.a–b kölluð aftur.
Brtt. 667,13.c samþ. án atkvgr.
Brtt. 667,13.d kölluð aftur.
Brtt. 796 kölluð aftur.

Brtt. 928 samþ. með 58 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GJH, GHelg, HÁ, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
5 þm. (EH, GÁS, GunnS, HBl, JE) fjarstaddir.

57. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.
Ákv. til brb. samþ. án atkvgr.
Fyrirsögn frv. og kaflafyrirsagnir samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 58 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GJH, GHelg, HÁ, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
5 þm. (EH, GÁS, GunnS, HBl, JE) fjarstaddir.

Vegáætlun 1995–1998, frh. síðari umr.

Stjtill., 308. mál. — Þskj. 428, nál. 755 og 895, brtt. 756, 896 og 905.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:58]
Brtt. 896 kölluð aftur.

Brtt. 905 við brtt. 756 samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, IBA, IP, JE, JBH, JHelg, JónK, LMR, MB, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
14 þm. (AÓB, GJH, HG, JÁ, JóhS, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, RA, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.
5 þm. (EH, GÁS, GunnS, HBl, JGS) fjarstaddir.

Brtt. 756, svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, IBA, IP, JE, JGS, JBH, JHelg, JónK, LMR, MB, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

14 þm. (AÓB, GJH, HG, JÁ, JóhS, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, RA, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

4 þm. (EH, GÁS, GunnS, HBl) fjarstaddir.

Tillgr., svo breytt, samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, IBA, IP, JE, JBH, JHelg, LMR, MB, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

16 þm. (AÓB, GJH, HÁ, HG, JÁ, JóhS, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, RA, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

7 þm. (EH, EgJ, EKJ, GÁS, GunnS, HBl, JGS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, IBA, JE, JGS, JBH, JHelg, LMR, MB, ÓE, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

18 þm. (AÓB, GJH, HÁ, HG, IP, JÁ, JóhS, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

4 þm. (EH, GÁS, GunnS, HBl) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [20:02]

Jón Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Þær brtt. sem hafa verið samþykktar við vegáætlun eru til bóta og leiða m.a. til þess að Vesturland, Vestfirðir og Austurland fá bættan hlut frá því sem var. Hins vegar stendur eftir að upp hefur verið tekin skiptiregla sem ég get ekki sætt mig við og því sit ég hjá við lokaafgreiðslu málsins.

Till. afgreidd sem ályktun Alþingis (þskj. 931).

Út af dagskrá voru tekin 9. og 36.–38. mál.

Fundi slitið kl. 20:03.

---

108. FUNDUR

laugardaginn 25. febr.,
að loknum 107. fundi.

Dagskrá:

1. Varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, stjfrv., 339. mál, þskj. 906. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

2. Greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks, stjfrv., 447. mál, þskj. 765. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

3. Atvinnuleysistryggingar, stjfrv., 448. mál, þskj. 766. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

4. Húsnæðisstofnun ríkisins, stjfrv., 338. mál, þskj. 907. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

5. Bjargráðasjóður, stjfrv., 371. mál, þskj. 600. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

6. Lánasjóður sveitarfélaga, stjfrv., 370. mál, þskj. 599. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

7. Eftirlit með skipum, frv., 453. mál, þskj. 775. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

8. Vernd Breiðafjarðar, stjfrv., 206. mál, þskj. 914. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

9. Almenn hegningarlög, stjfrv., 423. mál, þskj. 693. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

10. Greiðsla á bótum til þolenda afbrota, stjfrv., 411. mál, þskj. 915. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

11. Lúganó-samningurinn um fullnustu dóma í einkamálum, stjfrv., 328. mál, þskj. 497. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

12. Hitaveita Suðurnesja, stjfrv., 427. mál, þskj. 698. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

13. Hollustuhættir og heilbrigðiseftirlit, stjfrv., 293. mál, þskj. 920. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

14. Vátryggingastarfsemi, stjfrv., 402. mál, þskj. 644, nál. 898. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

15. Alþjóðasamningar um varnir gegn mengun sjávar og Siglingamálastofnun ríkisins, stjfrv., 294. mál, þskj. 921. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

16. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 437. mál, þskj. 922. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

17. Vaxtalög, stjfrv., 445. mál, þskj. 923. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

18. Vísitala neysluverðs, stjfrv., 443. mál, þskj. 760. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

19. Vörugjald af ökutækjum, stjfrv., 438. mál, þskj. 924. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

20. Virðisaukaskattur, frv., 459. mál, þskj. 882. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

21. Vog, mál og faggilding, frv., 419. mál, þskj. 683. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

22. Grunnskóli, stjfrv., 126. mál, þskj. 930. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

23. Kennsla í iðjuþjálfun, þáltill., 91. mál, þskj. 93, nál. 929. — Síðari umr. *Ef leyft verður.*

Athugasemdir um störf þingsins.
Afgreiðsla frv. um tóbaksvarnir.

[20:13]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Rétt áðan vorum við að greiða atkvæði um grunnskólafrv. og þar hafði náðst breið samstaða um lausn á því mikla deilumáli. Menn hafa lagt sig mjög í líma við það að ná samkomulagi á Alþingi um afgreiðslu mála. Nú sé ég það að á dagskrá þessa fundar er ekki tóbaksvarnafrv. sem hefur verið til umræðu og á dagskrá á undanförnum fundum. Ég vil lýsa yfir miklum vonbrigðum með það að ekki skuli vera meiningin að afgreiða þetta mál. Mér finnst að þetta frv. eigi að fá að koma til lýðræðislegrar afgreiðslu eins og önnur mál sem lögð eru fram á hinu háa Alþingi. Það er búið að afgreiða málið út úr nefnd og það er ljóst að þetta mál er því miður að stöðvast vegna andstöðu sem er gegn því. Ég harma þetta sérstaklega vegna þess að hér er um mikið þjóðþrifamál að ræða.

Ég vil geta þess að ég var á ráðstefnu í morgun þar sem verið var að fjalla um heilsu kvenna og það er alveg ljóst að hér á landi þarf að gera mikið átak í því að berjast gegn reykingum kvenna og draga verulega úr þeim vegna þess að nýjustu vísindarannsóknir segja það að nikótín sé miklu meira eitur en menn hafa trúað hingað til. Mér finnst það ábyrgðarhlutur að stoppa þetta mál á Alþingi.

[20:15]

Tómas Ingi Olrich:

Virðulegi forseti. Í því andrúmslofti samstöðu sem er komið í þinginu nú undir lokin verð ég einnig að taka undir með hv. síðasta ræðumanni að mér finnst mjög miður að ekki skuli hafa náðst samstaða um þetta mál en það strandar aðeins á einum þingmanni. Ég vil geta þess sérstaklega að það var búið að vinna mikið í þessu máli, þetta er mikið þjóðþrifamál sem hér er á ferðinni þannig að það vekur spurningar fyrir þingheim hvort eðlilegt sé að ótakmarkaður ræðutími sé nýttur með þessum hætti.

[20:16]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. 15. þm. Reykv. fyrir að vekja athygli á því að þetta mál er ekki á dagskránni. Ég tek eindregið undir með henni og hv. 5. þm. Norðurl. e. að það er mjög slæmt, svo ekki sé dýpra í árinni tekið, ef þetta mál á ekki að fá hér framgang. Hér er um að ræða stórt hagsmunamál heilsufarslega séð og framfaraspor sem ég held að njóti stuðnings yfirgnæfandi meiri hluta á þinginu og væntanlega í vaxandi mæli meðal þjóðarinnar. Ég vænti þess að það verði athugað að taka þetta mál fyrir og leitað samkomulags um það við þann eða þá fáu sem hafa viljað bregða fæti fyrir frv. hvort það geti ekki komið fyrir þingið áður en því verður frestað.

[20:17]

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Orðum mun vera beint að mér í þessu tilfelli. Ég vil aðeins í upphafi fá að svara þeim þrem hv. þm. sem hér hafa talað. Í fyrsta lagi hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur og þá óska ég eftir að hún útskýri frekar hver þau ólýðræðislegu vinnubrögð eru sem hún talaði um hér áðan þar sem hún krafðist lýðræðislegrar afgreiðslu málsins. Ég skal fara aðeins betur yfir afgreiðslu málsins rétt á eftir.

Ég vil einnig biðja hv. þm. Tómas Inga Olrich að færa orðum sínum stað þegar hann talar um að ótakmarkaður ræðutími sé nýttur með þessum hætti. Ég vil minna þingmanninn á að 2. umr. stendur yfir og það hefur verið flutt ein ræða fyrir utan framsögu fyrir nál. Sú ræða stóð í 40 mínútur og vil ég biðja þingmanninn að líta yfir sögu þingsins og yfir hversu langar ræður hafa yfirleitt verið.

Síðan kom hv. þm. Hjörleifur Guttormsson og gagnrýndi á svipuðum nótum. Hv. þm. sem fyrir örfáum dögum undir málinu náttúruvernd, hygg ég að það hafi heitið á þskj., talaði í fimm tíma. Eru þessir þingmenn sammála um það að þessar 40 mínútur séu misnotkun á ræðutíma? Ég bið menn aðeins að færa orðum sínum stað.

Nú ætla ég aðeins að fara yfir gang þessa máls. Það var mælt fyrir málinu 31. jan., fyrir rétt rúmum þremur vikum. Það kom til 2. umr. í dag. Það var flutt stutt framsaga fyrir nál. af varamanni í heilbr.- og trn. og það var einn þingmaður sem talaði. Það var sá sem hér er. Hann talaði í 40 mínútur og þá frestaði hann ræðu sinni að beiðni forseta. Síðan hefur málið verið á dagskrá í allan dag. Sá sem hér stendur ræður ekki störfum þingsins, hann ræður ekki hvenær málin eru tekin fyrir. Hann gat ekki klárað sína ræðu vegna þess að málið var aldrei tekið fyrir. Hvað eru þessir hv. þm. eiginlega að gagnrýna? Eru þeir að gagnrýna þessar 40 mínútur?

Ég bið velflesta hv. þm. að líta í eigin barm. Ætli þeir hafi aldrei farið yfir 40 mínútna markið? Mig minnir að stundum sé talað um eitt „hjörl" og mér er sagt að það séu 45 mínútur. (**Gripið fram í:** Nei, það eru þrjú, það er kortér.) Ég bið menn aðeins að gæta sín hvað þeir eru að tala um. Ég við biðja hv. þm. Tómas Inga Olrich sem talar af heilagleik að líta í eigin barm varðandi sjúkraliðamálið til að mynda eða störf hans í hv. menntmn. þar sem fyrir tveimur og þremur árum lá fyrir frv. um sjóð fyrir unga afreksmenn þar sem 26 þingmenn voru á skjalinu. Og hvað gerði hv. nefnd? Hún misbauð þinginu ár eftir ár með því að hleypa málinu ekki út þó að greinilegur meiri hluti væri fyrir því.

[20:21]

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Ég sakna þess að þetta mál, tóbaksvarnalög, skuli ekki vera á dagskrá þingsins. Hv. heilbr.- og trn. afgreiddi þetta mál samhljóða út úr nefndinni eftir töluvert mikla vinnu. Ég lagði þá vinnu á mig að hlusta á hv. þm. Inga Björn Albertsson flytja sína ræðu í nótt til klukkan að verða fimm. Á þessum 40 mínútum var hann ekki kominn með neinar tillögur um efnislegar breytingar. Það mundi því trúlega taka hann alllangan tíma að ná því. Það var enginn annar á mælendaskrá. Ég hefði talið rétt að leyfa honum að klára sitt mál og ég var alveg tilbúin að hlusta á hann þó að það væru margar klukkustundir en því miður var

þessu máli frestað í nótt. En ég spyr hv. þm.: Er hv. þm. ekki tilbúinn til að gera grein fyrir sínum brtt. í stuttu máli? Ég er alveg viss um að þingmenn eru tilbúnir að hlýða á mál hans og taka til greina hans brtt. Ég efast ekki um það. Hér er um mikið þjóðþrifamál að ræða, hér er um forvarnamál og heilbrigðismál að ræða. Hér er verið að tala um að banna innflutning á fínkorna neftóbaki sem hefur valdið miklum skaða. Ég spyr hv. þm. Inga Björn Albertsson: Er hann tilbúinn til þess að ræða þetta í þinginu í stuttu máli?

[20:22]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Dagur er að kvöldi kominn og það er orðið áliðnara en áformað var að slíta fundi. Það er samkomulag um þinglokin. Sjálfsagt gætum við öll tiltekið einhver mál sem við hefðum viljað fá afgreidd á þessu þingi en ekki hljóta afgreiðslu. Ég sé ekki annað en að við eigum og okkur sé mestur sómi að því að halda það samkomulag sem gert hefur verið, láta staðar numið við það sem samkomulag er orðið um og reyna að hætta þessu kjörtímabili með sæmilegum hætti.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Of skammt var liðið frá síðustu umr. allra mála á dagskrá. — Afbrigði samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁ, GJH, GHelg, HÁ, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓRG, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

9 þm. (ÁRÁ, EH, GuðjG, GÁS, GunnS, HBl, ÓE, ÓÞÞ, SvG) fjarstaddir.

Varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, 3. umr.

Stjfrv., 339. mál (eftirlitsmenn, greiðslur úr ofanflóðasjóði). — Þskj. 906.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:24]

Frv. samþ. með 57 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GJH, GHelg, HÁ, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

6 þm. (EH, GÁS, GunnS, HBl, PP, SvG) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 932).

Greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks, 3. umr.

Stjfrv., 447. mál (heildarlög). — Þskj. 765.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:25]

Frv. samþ. með 58 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GJH, GHelg, HÁ, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

5 þm. (EH, GÁS, GunnS, HBl, SvG) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 933).

Atvinnuleysistryggingar, 3. umr.

Stjfrv., 448. mál (réttur opinberra starfsmanna, greiðslur bóta, EES-reglur). — Þskj. 766.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:25]

Frv. samþ. með 57 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GJH, GHelg, HÁ, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

6 þm. (EH, GÁS, GunnS, HBl, PP, SvG) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 934).

Húsnæðisstofnun ríkisins, 3. umr.

Stjfrv., 338. mál (félagslegar íbúðir, kaupskylda, forkaupsréttur og endursala). — Þskj. 907.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:26]
Frv. samþ. með 58 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GJH, GHelg, HÁ, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
5 þm. (EH, GÁS, GunnS, HBl, SvG) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 935).

Bjargráðasjóður, 3. umr.

Stjfrv., 371. mál (EES-reglur). — Þskj. 600.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:26]
Frv. samþ. með 58 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GJH, GHelg, HÁ, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
5 þm. (EH, GÁS, GunnS, HBl, SvG) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 936).

Lánasjóður sveitarfélaga, 3. umr.

Stjfrv., 370. mál (EES-reglur, lántökur). — Þskj. 599.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:27]
Frv. samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GJH, GHelg, HÁ, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
9 þm. (EH, GÁS, GunnS, HBl, PJ, RA, SJS, SvG, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 937).

Eftirlit með skipum, 3. umr.

Frv. samgn., 453. mál (innflutningur skipa eldri en 15 ára). — Þskj. 775.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:27]
Frv. samþ. með 56 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GJH, GHelg, HÁ, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
1 þm. (JVK) greiddi ekki atkv.
6 þm. (EH, GÁS, GunnS, HBl, StG, SvG) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 938).

Vernd Breiðafjarðar, 3. umr.

Stjfrv., 206. mál. — Þskj. 914, brtt. 925.
[20:28]

Frsm. umhvn. (Kristín Einarsdóttir):
Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir brtt. við þetta frv. sem er á þskj. 925. Brtt. er þannig tilkomin að þegar ég var að undirbúa brtt. við frv. til laga um vernd Breiðafjarðar, eins og það hafði verið samþykkt frá umhvn., þá fór ég nokkuð geyst í að leggja til verndun því ég hafði einnig tekið með grunnsævi sem ekki var meiningin. Þess vegna flyt ég þessa brtt. sem er raunverulega sú brtt. sem umhvn. ætlaði að leggja fram og þess vegna er hún flutt í mínu nafni en í raun stendur öll umhvn. að baki þessari brtt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:29]
Brtt. 925 samþ. með 55 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GJH, GHelg, HÁ, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
2 þm. (GÁ, JBH*) greiddu ekki atkv.
6 þm. (EH, GÁS, GunnS, HBl, StG, SvG) fjarstaddir.
[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

Frv., svo breytt, samþ. með 55 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GJH, GHelg, HÁ, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR,

MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
1 þm. (GÁ) greiddi ekki atkv.
7 þm. (EH, FI, GÁS, GunnS, HBl, MB, SvG) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 939).

Almenn hegningarlög, 3. umr.

Stjfrv., 423. mál (meiðyrði í garð opinbers starfsmanns). — Þskj. 693.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:30]
Frv. samþ. með 56 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GJH, GHelg, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
7 þm. (EH, GÁS, GunnS, HÁ, HBl, RA, SvG) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 940).

Greiðsla á bótum til þolenda afbrota, 3. umr.

Stjfrv., 411. mál. — Þskj. 915.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:31]
Frv. samþ. með 57 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GJH, GHelg, HÁ, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
6 þm. (EH, GÁS, GunnS, HBl, PP, SvG) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 941).

Lúganó-samningurinn um fullnustu dóma í einkamálum, 3. umr.

Stjfrv., 328. mál. — Þskj. 497.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:31]
Frv. samþ. með 57 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GJH, GHelg, HÁ, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
6 þm. (EH, EKG, GÁS, GunnS, HBl, SvG) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 942).

Hitaveita Suðurnesja, 3. umr.

Stjfrv., 427. mál (eignaraðilar og eignarhlutföll). — Þskj. 698.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:32]
Frv. samþ. með 56 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
7 þm. (EH, EKG, GÁS, GJH, GunnS, HBl, SvG) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 943).

Hollustuhættir og heilbrigðiseftirlit, 3. umr.

Stjfrv., 293. mál (varnir gegn mengun sjávar, stjórnskipulag, heilbrigðisnefndir o.fl.). — Þskj. 920.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:32]
Frv., svo breytt, samþ. með 56 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GJH, GHelg, HÁ, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS,

JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
1 þm. (ÓÞÞ) greiddi ekki atkv.
6 þm. (EH, EKG, GÁS, GunnS, HBl, SvG) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 944).

Vátryggingastarfsemi, 2. umr.

Stjfrv., 402. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 644, nál. 898.

[20:33]

Frsm. meiri hluta allshn. (Björn Bjarnason):

Hæstv. forseti. Álit nefndarinnar liggur fyrir á þskj. 898 og þar kemur fram að meiri hluti allshn. mælir með því að þetta frv. verði samþykkt.

[20:33]

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Um þetta frv. var lítið fjallað í hv. allshn. og það litla sem var þó um það fjallað þá gat ég því miður ekki verið viðstödd, það voru nú ekki nema svo sem tíu mínútur. Þar af leiðandi er ég ekki í stakk búin til að taka afstöðu til þessa máls þó að það sé eflaust alveg skaðlaust að það fari í gegnum þingið.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:34]
1. gr. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GHelg, HÁ, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, KHG, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
4 þm. (AÓB, JVK, KÁ, KE) greiddu ekki atkv.
9 þm. (EH, EKJ, GÁS, GÁ, GJH, GunnS, HBl, JE, SvG) fjarstaddir.

2.–4. gr. samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GJH, GHelg, HÁ, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, KHG, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
4 þm. (AÓB, JVK, KÁ, KE) greiddu ekki atkv.
6 þm. (EH, GÁS, GÁ, GunnS, HBl, SvG) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 54 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, KHG, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
3 þm. (AÓB, JVK, KÁ) greiddu ekki atkv.
6 þm. (EH, GÁS, GJH, GunnS, HBl, SvG) fjarstaddir.

Alþjóðasamningar um varnir gegn mengun sjávar og Siglingamálastofnun ríkisins, 3. umr.

Stjfrv., 294. mál (skipulag mengunarvarna). — Þskj. 921.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:36]
Frv. samþ. með 58 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GJH, GHelg, HÁ, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
5 þm. (EH, GÁS, GunnS, HBl, SvG) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 945).

Tekjuskattur og eignarskattur, 3. umr.

Stjfrv., 437. mál (iðgjöld til lífeyrissjóða, tapað hlutafé o.fl.). — Þskj. 922.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:36]
Frv. samþ. með 56 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GJH, GHelg, HÁ, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JGS, JBH, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
7 þm. (EH, GÁS, GunnS, HBl, JóhS, JVK, SvG) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 946).

Vaxtalög, 3. umr.

Stjfrv., 445. mál (verðtrygging sparifjár og lánsfjár). — Þskj. 923.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:37]
Frv. samþ. með 58 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GJH, GHelg, HÁ, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
5 þm. (EH, GÁS, GunnS, HBl, SvG) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 947).

Vísitala neysluverðs, 3. umr.

Stjfrv., 443. mál (heildarlög). — Þskj. 760.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:37]
Frv. samþ. með 56 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GJH, GHelg, HÁ, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
7 þm. (EH, GÁS, GunnS, HBl, JE, ÓÞÞ, SvG) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 948).

Vörugjald af ökutækjum, 3. umr.

Stjfrv., 438. mál (gjaldhlutfall, gjaldflokkar, hópferðabílar o.fl.). — Þskj. 924.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:38]
Frv. samþ. með 58 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GJH, GHelg, HÁ, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
5 þm. (EH, GÁS, GunnS, HBl, SvG) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 949).

Virðisaukaskattur, 2. umr.

Frv. efh.- og viðskn., 459. mál (póstþjónusta). — Þskj. 882.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:38]
1. gr. samþ. með 58 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GJH, GHelg, HÁ, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
5 þm. (EH, GÁS, GunnS, HBl, SvG) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 58 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GJH, GHelg, HÁ, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
5 þm. (EH, GÁS, GunnS, HBl, SvG) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 54 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GJH, GHelg, HÁ, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
9 þm. (EH, EgJ, EKJ, GÁS, GunnS, HBl, JGS, SJS, SvG) fjarstaddir.

Vog, mál og faggilding, 3. umr.

Frv. efh.- og viðskn., 419. mál (reglur um öryggi vöru). — Þskj. 683.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:39]
Frv. samþ. með 58 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GJH, GHelg, HÁ, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
5 þm. (EH, GÁS, GunnS, HBl, SvG) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 950).

Grunnskóli, 3. umr.

Stjfrv., 126. mál (heildarlög). — Þskj. 930.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:40]
Frv. samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, IBA, JBH, LMR, MB, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
27 þm. (AÓB, FI, GB, GÁ, GJH, GHelg, HÁ, HG, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StG, SJS, VS) greiddu ekki atkv.
5 þm. (EH, GÁS, GunnS, HBl, SvG) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 951).

Kennsla í iðjuþjálfun, síðari umr.

Þáltill. KE o.fl., 91. mál. — Þskj. 93, nál. 929.

[20:41]
Frsm. menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir):
Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 929 um till. til þál. um kennslu í iðjuþjálfun frá menntmn. Nefndin hefur fjallað um málið og fékk um það fjölmargar mjög jákvæðar umsagnir. Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:41]
Tillgr. samþ. með 58 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GJH, GHelg, HÁ, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
5 þm. (EH, GÁS, GunnS, HBl, SvG) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 58 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GJH, GHelg, HÁ, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
5 þm. (EH, GÁS, GunnS, HBl, SvG) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 952).

Fundi slitið kl. 20:42.

---

109. FUNDUR

laugardaginn 25. febr.,
að loknum 108. fundi.

Dagskrá:

1. Vátryggingastarfsemi, stjfrv., 402. mál, þskj. 644. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
2. Virðisaukaskattur, frv., 459. mál, þskj. 882. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
3. Frestun á fundum Alþingis, stjtill., 463. mál, þskj. 926. — Ein umr. *Ef leyft verður.*
4. Stjórnarskipunarlög, frv., 451. mál, þskj. 769, brtt. 855. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
5. Stjórnarskipunarlög, frv., 297. mál, þskj. 817. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)

Lok þingsetu Matthíasar Bjarnasonar – kveðjur.

[20:57]
Ólafur Þ. Þórðarson:
Herra forseti. Í tilefni þess að hv. 1. þm. Vestf. og aldursforseti þessa þings lætur af störfum ætla ég að segja hér örfá orð.

Það eru tímamót þegar þingmaður sem starfað hefur í 32 ár á löggjafarsamkomu þessarar þjóðar leggur frá sér hin pólitísku vopn. Ég hef kynnst hv. þm. sem allt of skæðum pólitískum andstæðingi í sókn og vörn og játa það hér, en ég hef líka kynnst honum sem samherja í breiðfylkingu vestfirskra þingmanna þegar við þurftum að vinna að málum fyrir Vestfirði og það samstarf var oftast nær gott. Ég ætla fyrir hönd Vestfirðinga að þakka honum fyrir hans störf og minnast á ljóðlínur í þýðingu Magnúsar Ásgeirssonar sem eru á þessa leið:

Allir miklir menn oss kenna,
mestu tign er fært að ná.
Eigum þegar aldir renna
einhver spor við tímans sjá.

Hv. þm. skilur eftir sig spor í stjórnmálasögu þessa lands, en hann skilur eftir sig mörg spor í stjórnmálasögu Vestfirðinga og fyrir það vil ég sérstaklega þakka honum aftur eins og ég hóf mál mitt í upphafi. Hann hefur aðeins átt við eitt vandamál að glíma á seinni árum í sinni pólitísku baráttu og af því að hann glettist nú stundum leyfi ég mér að gera það líka.

Ákveðinn hópur — ekki úr þingliði Sjálfstfl. — ákveðinn hópur sjálfstæðismanna, hefur tekið upp á því að kalla hann framsóknarmann. Við höfum ekki tekið því illa og hann hefur ekki alltaf borið hönd fyrir höfuð sér. En ég endurtek þakkir mínar.

[21:00]

Matthías Bjarnason:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. 2. þm. Vestf. fyrir hlý orð í minn garð. Það er stór dagur að ljúka þingmennsku eftir svona langan tíma og ég hef auðvitað margs að minnast. En fyrst og fremst ætla ég að minnast þess sem hefur vel farið og er gott. Ég hef eignast marga góða vini, ekki aðeins í mínum eigin flokki — þá á ég ekki við Framsfl. heldur Sjálfstfl. — og sömuleiðis einnig í öðrum flokkum. Ég vil endurtaka þakkir mínar til hv. þm. og allra þeirra sem maður hefur átt samstarf við á liðnum áratugum og ég minnist fyrst og fremst með hlýju og þakklæti fyrir þá samveru.

Afbrigði um dagskrármál.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Þannig háttar til með þrjú dagskrármál þessa fundar að leita þarf afbrigða um að þau megi koma á dagskrá og til afgreiðslu þar sem of skammt er liðið frá útbýtingu eða 2. umr.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:01]

Afbrigði samþ. með 58 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GJH, GHelg, HÁ, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

5 þm. (EH, GÁS, GunnS, HBl, SvG) fjarstaddir.

Vátryggingastarfsemi, 3. umr.

Stjfrv., 402. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 644.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:02]

Frv. samþ. með 56 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GJH, GHelg, HÁ, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

7 þm. (EH, GÁS, GunnS, HBl, MB, PJ, SvG) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 953).

Virðisaukaskattur, 3. umr.

Frv. efh.- og viðskn., 459. mál (póstþjónusta). — Þskj. 882.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:03]

Frv. samþ. með 58 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GJH, GHelg, HÁ, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

5 þm. (EH, GÁS, GunnS, HBl, SvG) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 954).

Frestun á fundum Alþingis, ein umr.

Stjtill., 463. mál. — Þskj. 926.

[21:03]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti. Ég ber fram till. til þál. um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar. Tillagan er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að veita samþykki til þess að fundum þingsins verði frestað frá 25. febr. 1995."

Tillagan skýrir sig sjálf.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:04]

Till. samþ. með 58 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GJH, GHelg, HÁ, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

5 þm. (EH, GÁS, GunnS, HBl, SvG) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 955).

Stjórnarskipunarlög, frh. 3. umr.

Frv. GHH o.fl., 451. mál (endurskoðun ríkisreikninga, kjördagur). — Þskj. 769, brtt. 855.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:05]

Brtt. 855 felld með 53:2 atkv. og sögðu

já: JE, JóhS.

nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GJH, HÁ, HG, IBA, IP, JÁ, JGS, JBH, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

3 þm. (AÓB, GHelg, JVK) greiddu ekki atkv.

5 þm. (EH, GÁS, GunnS, HBl, SvG) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 57 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GJH, GHelg, HÁ, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

6 þm. (EH, EKJ, GÁS, GunnS, HBl, SvG) fjarstaddir.

Frv. til stjórnarskipunarlaga samþ. (þskj. 956).

Stjórnarskipunarlög, frh. 3. umr.

Frv. GHH o.fl., 297. mál (mannréttindaákvæði). — Þskj. 817.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:06]

Frv. samþ. með 58 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GJH, GHelg, HÁ, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

5 þm. (EH, GÁS, GunnS, HBl, SvG) fjarstaddir.

Frv. til stjórnarskipunarlaga samþ. (þskj. 957).

Tilkynning um þingrof.

[21:07]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti. Forseti Íslands hefur ritað svofellt bréf:

„Forseti Íslands gjörir kunnugt:

Þar eð Alþingi, er nú situr, 118. löggjafarþing, hefur samþykkt tvö frumvörp til stjórnarskipunarlaga um breytingar á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33 17. júní 1944, ber samkvæmt 79. gr. stjórnarskrárinnar að rjúfa Alþingi nú þegar og stofna til almennra kosninga að nýju, og samkvæmt 122. gr. laga um kosningar til Alþingis, nr. 80 16. október 1987, að ákveða kjördag.

Samkvæmt þessu veiti ég forsrh. hér með umboð til þess í mínu nafni að rjúfa Alþingi og boða til nýrra kosninga sem ákveðst að fram skuli fara laugardaginn 8. apríl 1995.

Gjört í Hafnarfirði, 25. febrúar 1995.

Vigdís Finnbogadóttir.

Davíð Oddsson.

Forsetabréf um þingrof og almennar kosningar til Alþingis."

Samkvæmt þessu umboði er Alþingi hér með rofið og ákveðið að almennar kosningar til Alþingis fari fram laugardaginn 8. apríl nk.

Þinglausnir.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Háttvirtir alþingismenn. Ég mun nú gefa yfirlit yfir störf 118. löggjafarþings.

Þingið stóð yfir frá 1. okt. til 30. des. 1994 og frá 25. jan. til 25. feb. 1995. Þingfundardagar urðu alls 77. Þingfundir hafa verið 109.

Þingmál og úrslit þeirra:

Lagafrumvörp voru samtals 184. Stjórnarfrumvörp voru 116 og þingmannafrumvörp 68.

81 stjórnarfrumvarp var afgreitt sem lög en óútrædd stjórnarfrumvörp eru 35.

13 þingmannafrumvörp urðu að lögum en 53 þingmannafrumvörp eru óútrædd.

Af 184 frumvörpum urðu alls 94 að lögum. Tvö frumvörp til stjórnarskipunarlaga voru afgreidd.

Þingsályktunartillögur voru alls 80.

Stjórnartillögur voru 14 og þingmannatillögur 66.

17 tillögur voru samþykktar sem ályktanir Alþingis, átta var vísað til ríkisstjórnarinnar, einni var vísað frá með rökstuddri dagskrá og 54 eru óútræddar.

Skýrslur voru samtals 22. Beiðnir um skýrslur frá ráðherrum voru fjórar og bárust skýrslur við tveimur. 20 aðrar skýrslur voru lagðar fram.

Fyrirspurnir voru 173. Svör bárust við 166 fyrirspurnum. Munnlegar fyrirspurnir voru 87 og var þeim öllum svarað nema fimm. Beðið var um skrifleg svör við 86 fyrirspurnum og bárust svör við öllum nema tveimur.

Alls voru til meðferðar í þinginu 463 mál. Þar af hlutu 292 þingmál afgreiðslu og tala prentaðra þingskjala var 957.

Eins og sjá má af því yfirliti, sem ég hef lesið, hefur þetta þing staðið skemur en hin fyrri reglulegu þing á þessu kjörtímabili. Engu að síður hafa verið samþykkt á þinginu mörg merk mál auk þeirra mála sem þingið hefur á verksviði sínu árlega, svo sem fjárlög og aðrar ráðstafanir í ríkisfjármálum.

Það mál sem nýlega hefur verið samþykkt, frv. til stjórnarskipunarlaga, mun eflaust verða talið meðal merkustu mála þessa þings, ekki síst fyrir þá samstöðu sem um það hefur skapast og vegna þess að það felur í sér réttarbót fyrir landsmenn alla. Það er sérstaklega ánægjulegt að Alþingi skyldi þannig standa við þau fyrirheit sem gefin voru á Þingvöllum 17. júní í fyrra á hátíðarfundinum á Lögbergi sem verður okkur alþingismönnum minnisstæður.

Í tilefni af 50 ára afmæli lýðveldisins var haldin sýning í Alþingishúsinu, sú fyrsta sem Alþingi hefur staðið fyrir. Markmið hennar var að færa þingið og starfsemi þess nær fólkinu í landinu. Það tókst með afbrigðum vel því að alls komu 12 þús. gestir hingað í Alþingishúsið meðan á sýningunni stóð. Sýningin var þannig unnin að hún stendur til boða skólum og stofnunum sem vilja kynna sér sögu og starf Alþingis.

Þessi fundur er síðasti fundur Alþingis á þessu kjörtímabili. Þetta kjörtímabil hefur verið óvenjulegt að mörgu leyti. Það er hið fyrsta eftir að skipan Alþingis var breytt og deildir lagðar niður og Alþingi tók að starfa í einni málstofu. Á þessu kjörtímabili hafa þingmenn, þingflokkar og stjórn þingsins verið að móta nýjar hefðir í þingstarfinu. Fyrir mig sjálfa sem forseta Alþingis hefur það verið áhugavert og krefjandi starf. Ég er þeirrar skoðunar að forseti Alþingis eigi að draga sig sem mest út úr flokkspólitískri baráttu og standa utan við hana. Ég tók ákvörðun um að starfa með þeim hætti í þessu embætti og tel að það styrki forseta í starfi. Þetta hefur hins vegar í för með sér að sá þingmaður sem forsetastarfi gegnir tekur pólitíska áhættu og nýtur ekki alltaf skilnings umbjóðenda sinna í þessu starfi og á því þarf að ráða bót.

Ég tel að ekki leiki vafi á því að margt hafi færst til betri vegar á þessum tíma. Starfsaðstaða þingmanna hefur batnað og störf Alþingis orðið skilvirkari. Mér er þó ljóst að margt má enn bæta, bæði vinnuaðstöðu þingmanna og ekki síður störf Alþingis í þingnefndum, þingflokkum og hér á fundum þingsins. Það bíður þeirra fulltrúa sem kjörnir verða í næstu kosningum að halda því starfi áfram.

Ég get þó ekki látið hjá líða að nefna það enn að mjög er þarft að breyta umræðuforminu á Alþingi. Það þarf að stytta umræður og gera þær hnitmiðaðri en þær eru núna. Það þarf einnig að verða breyting á samskiptum stjórnarmeirihluta og stjórnarandstöðu. Stjórnarandstaða hefur mikil völd við þinglok og úrslit mála mjög undir henni komin. Hún þarf að fara gætilega með þau og virða þann meiri hluta sem er í þinginu á hverjum tíma. Ríkisstjórn á hverjum tíma verður einnig að sýna sanngirni, virða rétt þingsins til þess að fjalla um mál á þeim tíma sem það telur þurfa, knýja ekki á um afgreiðslu mála úr nefndum fyrr en þau hafa verið vel og gaumgæfilega unnin. Ég sé fyrir mér agaðri vinnubrögð hér í þingsalnum við afgreiðslu þingmála, afmarkaðan umræðutíma þar sem öll sjónarmið fá að koma fram, en síður að vegist sé á með orðum þegar mál eru komin til afgreiðslu í þingsalnum. En jafnframt þarf að skapa frjálslegan ramma utan um almenna pólitíska umræðu, bæði stutta og snarpa sem og yfirgripsmeiri umræður af því tagi.

Það hefur vakið athygli mína að í þeim miklu önnum sem verið hafa síðustu daga hafa nánast undantekningarlaust öll nefndarálit verið samhljóða. Á því kann ég enga skýringu en ég vil af þessu tilefni segja það sem mína skoðun að æskilegt er að ágreiningur um mál verði í vaxandi mæli útkljáður í þingnefndum en síður í umræðum í þingsalnum.

Konum á Alþingi hefur fjölgað á síðustu árum. Þær eru þó enn aðeins um fjórðungur þingheims og það hlutfall þurfum við að bæta. Hitt er ljóst að Alþingi er ekki vinnustaður sem hentar konum vel né öðrum sem meta þátt fjölskyldunnar í daglegu lífi. Þær gríðarlegu annir sem eru hér í desembermánuði og við þinglok að vori eru slíkar að erfitt er fyrir konur og raunar foreldra yfirleitt með börn að leggja slíka vinnu á sig. Það er trú mín að með fleiri konum á Alþingi breytist vinnulag þingsins þannig að álag í störfum þess verði jafnara en nú er. Ein leið til þess að ná þessu markmiði væri t.d. að skipta störfum Alþingis í nokkrar vinnulotur og að þingið fengi rýmri tíma til þess að fjalla um viðamikil mál en raun er á, bæði að þau mættu liggja lengur fyrir þinginu en nú er og ríkisstjórn kæmi fyrr fram með mál en venja hefur verið á undanförnum árum.

Sagt er að Alþingi eigi að vera þjóðarspegill, þverskurður af þjóðinni. Því er ég samþykk og tel farsælast að í þessum sal sitji jafnan jafnt ungir með ferskar hugmyndir sem og þeir sem búa yfir þekkingu og reynslu, og endurnýjun þarf að eiga sér stað.

Við lok þessa kjörtímabils munu margir alþingismenn hverfa af þingi. Nokkrir þingmenn, sem setið hafa hér lengi, hafa ákveðið að bjóða sig ekki fram við kosningarnar sem í hönd fara. Aðrir eiga ekki afturkvæmt hingað í þessa sali eins og gengur.

Ég get ekki látið hjá líða að þakka aldursforseta Alþingis, hv. 1. þm. Vestf., Matthíasi Bjarnasyni, fyrir störf hans í þinginu í þau 32 ár sem hann hefur átt hér sæti. Þá vil ég þakka tveimur varaforsetum þingsins sem ekki verða í framboði, þeim hv. 2. þm. Norðurl.

v., Pálma Jónssyni, 6. varaforseta, sem setið hefur á þingi í 28 ár og hv. 10. þm. Reykv., Kristínu Einarsdóttur, 5. varaforseta, sem átt hefur sæti á Alþingi í 8 ár. Við þau hef ég átt gott samstarf í forsætisnefnd þingsins sem og við aðra forsætisnefndarmenn sem ég vil þakka öllum fyrir samstarfið og öll störf við stjórn þingsins.

Þá vil ég færa sérstaklega þakkir fyrrv. forseta sameinaðs Alþingis, Jóni Helgasyni, hv. 2. þm. Suðurl., fyrir störf hans í þágu Alþingis.

Nýrrar forsætisnefndar bíða mörg verkefni, bæði í starfsháttum þingsins og þá ekki síður við það að taka á húsnæðismálum Alþingis sem eru orðin mjög brýn úrlausnar. Að því máli hefur verið unnið skipulega á undanförnum mánuðum og þess er að vænta að fyrsta uppskera af því starfi komi í ljós í vor og sumar.

Ég vil að lokum þakka alþingismönnum öllum samstarfið sem hefur verið ánægjulegt í hvívetna. Oft hefur þó hvinið í. En ég hverf úr þessum stóli sátt við alla og á góðar minningar um störf mín sem forseti Alþingis. Þar sem ég er ein af þeim sem nú láta af þingmennsku vil ég þakka þingmönnum, sem ég hef verið samtíða á Alþingi, þau rúmlega 15 ár sem ég hef setið á þingi. Ég hef nefnt það áður að hér er gott að starfa, hér er góður andi í þessari virðulegu stofnun og hér er stofnað til vinatengsla þvert á öll flokksbönd.

Þá vil ég færa fréttamönnum þakkir fyrir samstarfið. Við höfum reynt að bæta aðstöðu þeirra í Alþingishúsinu. Það er afar þýðingarmikið fyrir Alþingi að almenningur í landinu eigi kost á því að fylgjast sem best með því sem hér er að gerast hverju sinni.

Jafnframt þakka ég hæstv. ríkisstjórn fyrir samstarfið og forustumönnum stjórnarandstöðuflokkanna. Ég þakka skrifstofustjóra og starfsfólki Alþingis umburðarlyndi í minn garð, ánægjulegt og mikið samstarf á þessu þingi og á undanförnum árum. Ég óska alþingismönnum góðrar heimferðar og heimkomu og árna ykkur öllum heilla. Þeim sem nú leggja út í kosningabaráttuna óska ég alls hins besta og bið þá að fara fimlega með vopn sín.

Landsmönnum öllum óska ég árs og friðar.

[21:21]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Hæstv. forseti. Fyrir hönd okkar alþingismanna þakka ég hæstv. forseta fyrir hennar hlýju orð og góðar óskir okkur til handa. Við erum nú að ljúka störfum á þessu kjörtímabili. Fyrir mig hefur þetta verið afar lærdómsríkt tímabil í lífi mínu og trúlega má segja það um fleiri sem tóku sæti á Alþingi í fyrsta skipti árið 1991.

Margir þeir sem hér eru inni ganga nú til kosningabaráttu og leita eftir endurkjöri. Um aðra er vitað að þeir hyggjast nú hætta hér störfum og þannig standa mál með hæstv. forseta sem nú lýkur hér farsælu starfi til margra ára sem þingmaður Reyknesinga.

Ég vil sérstaklega þakka hæstv. forseta, frú Salome Þorkelsdóttur, fyrir störf hennar sem forseti þingsins sl. fjögur ár. Hún hefur sinnt því starfi af mikilli reisn og trúmennsku og sýnt það svo að ekki verður um villst að á það ber að líta sem eitt merkasta og viðamesta embætti þjóðarinnar. Jafnframt hefur glæsileiki hennar og persónutöfrar ásamt virðulegri framkomu notið sín vel í embætti forseta Alþingis.

Við alþingismenn erum stoltir af því að hafa átt þess kost að njóta starfskrafta hennar og það verður sjónarsviptir af brotthvarfi hennar úr þingsölum. Ég er þess fullviss að hún á eftir, þó í öðru formi verði, að sinna mikilvægum störfum í þágu lands og þjóðar þar sem reynsla hennar og þekking á landsmálum fær notið sín.

Það reynir mikið á þingmenn þessa dagana en ekki síður á starfsfólkið sem er óþreytandi að leysa öll þau mál sem upp koma hverju sinni í störfum þingsins. Því vil ég færa öllu starfsfólki þingsins innilegar þakkir okkar þingmanna fyrir frábærlega vel unnin störf í þágu þingsins í vetur og þolinmæði við okkur þingmenn. Hvar sem starfsvettvangur þingmanna verður í framtíðinni óska ég þeim velfarnaðar og fjölskyldum þeirra og þakka þeim fyrir góða samvinnu.

Að lokum óska ég hæstv. forseta og fjölskyldu hennar allra heilla í framtíðinni. Ég vil biðja hv. þingmenn að taka undir þessi orð mín með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Ég þakka hv. 6. þm. Vestf. fyrir hin hlýju orð hennar í minn garð og fjölskyldu minnar og hv. þingmönnum fyrir að taka undir þær óskir með því að rísa úr sætum, — svo og fyrir að færa mér þennan fallega blómvönd. Ég þakka kærlega fyrir.

[21:24]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

„Forseti Íslands gjörir kunnugt:

Að ég, að tilskildu samþykkis Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta fundum Alþingis, 118. löggjafarþings, frá 25. febrúar 1995.

Gjört í Hafnarfirði, 25. febrúar 1995.

Vigdís Finnbogadóttir.

Davíð Oddsson.

Forsetabréf um frestun á fundum Alþingis."

Samkvæmt þessu umboði og með tilvísun til samþykkis Alþingis lýsi ég hér með yfir því að fundum Alþingis, 118. löggjafarþings, er frestað.

Leyfi ég mér að óska hv. alþingismönnum og starfsmönnum þingsins, svo og landsmönnum öllum, allra heilla.

Fundi lauk kl. 21:25.

Ragnar Arnalds 5329, 5335, 5344, 5353, 5354, 5374, 5823.
Salome Þorkelsdóttir 5633.
Sigbjörn Gunnarsson 5231, 5673, 5748.
Sigríður A. Þórðardóttir 5207, 5208, 5216, 5502, 5520, 5570, 5571, 5572, 5573, 5765, 5828, 5851.
Sólveig Pétursdóttir 5040, 5041, 5206, 5207, 5763, 5764.
Stefán Guðmundsson 5113, 5115, 5116, 5262, 5386, 5723, 5811.
Steingrímur J. Sigfússon 4996, 5074, 5117, 5127, 5129, 5160, 5164, 5165, 5181, 5182, 5187, 5189, 5230, 5279, 5290, 5417, 5423, 5424, 5426, 5427, 5474, 5476, 5477, 5489, 5500, 5501, 5502, 5503, 5747, 5773, 5775, 5779, 5809, 5810, 5821.
Sturla Böðvarsson 4997, 5004, 5006, 5175, 5177, 5545, 5758, 5761.
Svavar Gestsson 5026, 5029, 5082, 5086, 5104, 5208, 5212, 5214, 5215, 5447, 5453, 5454, 5455, 5456, 5457, 5521, 5545, 5546, 5547, 5553, 5554, 5576, 5792, 5794, 5830.
Tómas Ingi Olrich 5507, 5517, 5518, 5546, 5547, 5666, 5670, 5703, 5706, 5707, 5801, 5839.
Valgerður Sverrisdóttir 5552, 5829.
Vilhjálmur Egilsson 5123, 5377, 5568, 5771, 5774, 5778.

Leiðréttingar.

Í 11. hefti, 3001. dálki, 24. lína að ofan. Í stað 1. júní 1992 standi: 1. júní 1991.

Í 16. hefti. Neðst í dálki 4816 standi: Umræðu frestað.